Alþingi 1995

ÞINGSETNINGARFUNDUR

mánudaginn 2. okt.

Þingsetning.

Árið 1995, mánudaginn 2. október, var hundrað og tuttugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og áttunda aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og fimmta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Vigfús Þór Árnason steig í stólinn og lagði út af Lúk. 7:11–17.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.
2. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
3. Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.
4. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
5. Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
7. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
8. Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.
9. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
10. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
11. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
12. Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
13. Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv.
14. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
15. Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.
16. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
17. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
18. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.
20. Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
21. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
22. Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.
23. Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
24. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
25. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
26. Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.
27. Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
28. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
29. Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl.
30. Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.
31. Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
32. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
33. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
34. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
35. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.
36. Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.
37. Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.
38. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
39. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
40. Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.
41. Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
44. Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
45. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.
47. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
48. Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.
49. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
51. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
52. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.
53. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
56. Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
57. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.
58. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
59. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
60. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

[14:07]

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 20. september 1995 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 1995.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 1995."

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Í síðasta sinn á þessu kjörtímabili hef ég sett Alþingi Íslandinga. Á þeirri stund þykir mér við eiga að tilkynna

þingi og þjóð að ég mun ekki gefa kost á mér til endurkjörs í embætti forseta Íslands. Ég bið yður nú að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni, sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki, að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég aldursforseta, Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

[14:09]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Ég býð alla háttvirta alþingismenn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá von að störf þessa þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Minning Davíðs Ólafssonar.

[14:10]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Davíð Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður og seðlabankastjóri, andaðist í Landakotsspítala 21. júní síðastliðinn. Hann var á áttugasta aldursári.

Davíð Ólafsson var fæddur í Bakkagerði í Borgarfirði eystra 25. apríl 1916. Foreldrar hans voru hjónin Ólafur Gíslason verslunarstjóri þar, síðar framkvæmdastjóri í Viðey, og Jakobína Davíðsdóttir húsmóðir. Hann stundaði nám við Menntaskólann í Reykjavík, lauk stúdentsprófi 1935. Á árunum 1935–1939 nam hann hagfræði við háskólana í Kiel og München í Þýskalandi og lauk hagfræðiprófi í Kiel 1939. Hann var síðan forseti Fiskifélags Íslands og fiskimálastjóri 1940–1967. Bankastjóri Seðlabanka Íslands var hann 1967–1986.

Á Davíð Ólafsson hlóðst fjöldi starfa jafnframt þeim föstu störfum sem nefnd voru og hann sinnti ríflega hálfan fimmta áratug og verður fátt eitt talið hér. Hann var í stjórn Bjargráðasjóðs 1940–1967, í stjórn Hlutatryggingasjóðs sjávarútvegsins, síðar Aflatryggingasjóðs, 1949–1967. Í bankaráði Framkvæmdabanka Íslands var hann 1961–1966 og í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966–1968. Formaður stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands var hann 1967–1986 og formaður stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins 1969–1986. Hann var í sendinefnd Íslands á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Róm 1955 um verndun lífrænna auðæfa hafsins og í sendinefnd Íslands á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf 1958 og 1960 um réttarreglur á hafinu. Hann var fyrsti stjórnarformaður Stofnunar Sigurðar Nordals á árunum 1984–1988.

Davíð Ólafsson sat á Alþingi á kjörtímabilinu 1963–1967. Hann var á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og hlaut sæti landskjörins þingmanns. Undir lok kjörtímabilsins í apríl 1967 afsalaði hann sér þingmennsku vegna skipunar í starf seðlabankastjóra. Kjörtímabilið 1959–1963 var hann varaþingmaður Reykvíkinga og tók tímabundið sæti á öllum þingum tímabilsins, átti því sæti á átta þingum alls.

Davíð Ólafsson var að loknu háskólanámi kvaddur til ábyrgðarstarfa fyrir íslenskan sjávarútveg. Hann brást ekki því trausti sem honum var sýnt, um það bera vitni þau miklu aukastörf sem honum voru falin á langri starfsævi. Hann átti ekki lengi setu á Alþingi en vann hér sem annars staðar af alúð og samviskusemi, gjörhygli og réttsýni. Löngu fyrr hafði gætt áhrifa hans á störf Alþingis vegna nefndarstarfa að undirbúningi lagafrumvarpa og ráðgjafar við undirbúning ráðstafana í efnahags- og sjávarútvegsmálum. Vegna mannkosta sinna auðnaðist honum að ljúka árangursríku starfi um ævidagana. Í hléum frá annasömu starfi stundaði hann ferðalög. Hann var forseti Ferðafélags Íslands hátt í áratug, stundaði göngur, ferðaðist víða og varð gjörkunnugur byggðum og óbyggðum landsins. Síðustu æviárin vann hann að rannsóknum á sögu landhelgismála Íslands um miðbik þessarar aldar.

Ég vil biðja þingheim að minnast Davíðs Ólafssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[14:16]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Ég óska eftir tilnefningu.

Forseta hefur borist tilnefning um 1. þm. Reykn., Ólaf G. Einarsson. Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Ólafur G. Einarsson er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins er einn í kjöri er það ætlun forseta að láta fara fram að þessu sinni kosningu með atkvæðagreiðslukerfinu. Kerfið hefur verið stillt þannig að jafna má til leynilegrar atkvæðagreiðslu. Töflurnar á veggjunum hér til beggja hliða munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um minni tölvunnar sem við nýtum okkur við atkvæðagreiðsluna. Þeir sem kjósa Ólaf G. Einarsson ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði.

Þar sem þessi tilhögun er nýmæli var hún borin undir fráfarandi forsætisnefnd og formenn þingflokka og voru ekki gerðar athugasemdir við að hafa þennan háttinn á. Ég bið hv. alþingismenn að gera viðvart nú þegar ef einhverjir þeirra una ekki við þessa tilhögun sem ekki hefur verið reynd hér áður á Alþingi. Komi fram mótmæli frá einhverjum hv. þm. fer fram skrifleg kosning.

Þar sem ekki virðast vera gerðar athugasemdir við þennan hátt á kosningunni hefst nú atkvæðagreiðslan.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Ólafur G. Einarsson**, 1. þm. Reykn., hlaut 52 atkvæði, fimm þingmenn greiddu ekki atkvæði.

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Samkvæmt þessu er Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn., rétt kjörinn forseti Alþingis. Ég bið hann að taka við fundarstjórn um leið og ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í störfum.

[14:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstv. aldursforseta, Ragnari Arnalds, árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. alþingisþingmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta Alþingis. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við alla alþingismenn á því þingi sem nú fer í hönd eins og á síðasta þingi.

Ég nefndi í ávarpi mínu á þingsetningarfundi í vor að ég teldi að bæta þyrfti svipmót þingsins. Í því sambandi lagði ég áherslu á að við þyrftum að bæta okkar eigin starfshætti og þá ekki síst umræður á þinginu, enda ráða umræður í þingsal miklu um þá ímynd sem almenningur hefur af störfum Alþingis. Alþingismenn brugðust mjög vel við þessum orðum mínum og tóku tillit til þeirra. Mikilvægt er að okkur takist á því þingi, sem nú fer í hönd, að viðhalda þeim góða starfsanda sem einkenndi síðasta þing og mun ég sem forseti gera mér far um að svo megi verða. Ég heiti á alla alþingismenn um gott samstarf í þeim efnum sem öðrum.

Ég varpa í þessu sambandi fram þeirri hugmynd hvort mætti á þessu þingi stíga eitt veigamikið skref í þá átt að skipuleggja þinghaldið betur, t.d. með því að þingmenn sameinist um að flytja aldrei lengri ræður hverju sinni en sem nemur t.d. hálfri klukkustund, þó með nokkrum eðlilegum undantekningum. Ég er þá að tala um samkomulag milli þingmanna en ekki lagaboð.

Starf alþingismanna verður sífellt fjölþættara, bæði á innlendum vettvangi og í alþjóðlegu samstarfi. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir þingmenn að skipuleggja störf sín vel, og má þá ekki gleyma fjölskyldum þeirra sem líka þurfa og eiga að fá sinn tíma. En hér ráða þingmenn ekki einir för. Ríkisstjórn hverju sinni þarf að ætla Alþingi rúman tíma til að afgreiða þau mál sem hún leggur fram og vill fá afgreidd. Ég hef því óskað eftir samkomulagi við ríkisstjórnina um framlagningarfrest mála á haustþingi og vorþingi og hefur hæstv. forsætisráðherra lýst sérstökum stuðningi við þessi áform.

Um þessar mundir blása fremur naprir vindar um Alþingi og vísa ég þá til þeirrar hörðu gagnrýni sem alþingismenn hafa mátt sitja undir um kjaramál sín. Vegna þessa tel ég óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um málið hér og nú. Alþingismenn hafa að sönnu ávallt verið í erfiðri stöðu þegar kjaramál þeirra hafa verið til umræðu, en hafa líklega aldrei sætt jafnharðri gagnrýni og síðustu vikurnar. Málflutningur sumra hefur þar farið út fyrir velsæmismörk og þingmenn kallaðir þeim nöfnum sem ekki er hægt að taka sér í munn hér við þetta tækifæri eða á þessum stað. Verst er þó að fjölmiðlar, sem hafa meiri áhrif á skoðanamyndun í þjóðfélaginu en aðrir og bera því mikla ábyrgð, hafa ekki greint nægilega vel frá og á stundum ýtt undir rangfærslur með óvandaðri umfjöllun um málið.

Þeir sem mest hafa farið í þessari umræðu ættu að íhuga að Alþingi er ekki kjarafélag og að þau starfskjör, sem lög ákveða alþingismönnum og Kjaradómur og forsætisnefnd ákvarða nánar, eru ekki sérstaklega miðuð við hvað þeim kemur sem hér sitja núna. Þau eru almennur rammi um þá mikilvægu lýðræðislegu starfsemi sem þingmennskan er.

Svo virðist sem sumir gagnrýnendur hafi ekki kynnt sér hin nýju lög um þingfararkaup og þingfararkostnað. Þá virðist það útbreidd skoðun, og henni haldið að fólki, að þingmenn sitji í Kjaradómi, fái greidda yfirvinnu, fái greitt fyrir setu í nefndum þingsins og séu að bera laun sín saman við laun þingmanna í öðrum löndum o.s.frv. Allt er þetta misskilningur.

Endurskoðun laganna um þingfararkaup, sem að stofni til voru frá árinu 1964, var orðin mjög tímbær. Nýju lögin voru tiltekt, byggð á því að hafa alla hluti ljósa, gagnsæja og á yfirborðinu. Lögunum var líka víðast fagnað er þau voru samþykkt í júní sl. En nú þegar orð hafa breyst í gerð verður annað upp á teningnum. Kostnaðargreiðslurnar sem mest hefur verið deilt á komu í stað áþekkrar greiðslu áður. Engu að síður vill forsætisnefnd ekki standa í stríði við þjóðina um þessi mál og hefur því ákveðið í samráði við formenn þingflokka að flytja frumvarp um breytingar á lögunum sem taka mið af þessari gagnrýni.

Ég lýk orðum mínum um launa- og kjaramál þingmanna með því að hvetja fólk til þess að gefa sér tíma til að íhuga gaumgæfilega eðli og umfang þeirra starfa sem þingmenn hafa með höndum. Þá mun það öðlast annan og betri skilning á hlutverki og starfskjörum alþingismanna.

Vinnuumhverfi þingmanna markast ekki eingöngu af launa- og starfskjörum þeirra. Í ávarpi mínu í vor nefndi ég að ég teldi það meðal mikilvægustu verkefna nýrrar forustu þingsins að koma húsnæðismálum þess í viðunandi horf. Einn þáttur í þessum efnum eru endurbætur þær er standa yfir á húsum í eigu Alþingis við Kirkjustræti. Á fjárlögum þessa árs er veitt fé til að lagfæra ytra byrði þeirra. Eins og þingmenn hafa séð er þeim framkvæmdum nú lokið og hafa allar áætlanir staðist. Þessu verki þarf að halda áfram, ljúka framkvæmdum innan húss og ganga frá tengibyggingu milli húsanna. Ég lýsi sérstakri ánægju með að þessum gömlu og virðulegu húsum við Kirkjustræti skuli hafa verið forðað frá niðurrifi, það hefði orðið menningarlegt slys. Þessi hús sóma sér vel sem skrifstofur fyrir alþingismenn og starfsfólk Alþingis og bæta nokkuð þá bágu aðstöðu sem margir þingmenn og starfsmenn búa við. Það er nú svo að sú aðstaða, sem sumum alþingismönnum og starfsmönnum er búin hér, teldist ekki boðleg á hliðstæðum vinnustöðum.

Á síðustu árum hefur markvisst verið unnið að því að kynna almenningi störf Alþingis. Mikilvægur þáttur í því kynningarstarfi hefur verið að taka á móti gestum í Alþingishúsinu og er nú orðin veruleg aðsókn frá skólum og félagasamtökum að fá að koma hingað og fræðast um húsið og störf þingsins. Það var því í þessum anda sem forsætisnefnd ákvað að minnast þess 1. júlí sl. að 150 ár voru þá liðin frá því hið endurreista Alþingi kom fyrst saman. Alþingishúsið var þá opið almenningi. Ánægjulegt var hversu aðsókn var mikil. Eitthvað á annað þúsund manns komu í þingshúsið þennan dag og má segja að þá hafi verið þröng á þingi. Ég þakka alþingismönnum er gátu verið hér í Alþingishúsinu þennan dag og frætt gesti um störf þingsins og vinnuaðstöðu. Sömu þakkir flyt ég starfsfólki þingsins er undirbjó og tók þátt í að gera þennan dag jafnánægjulegan og raun bar vitni. Það var alveg ljóst að mörgum þótti til þess koma að ganga inn í Alþingishúsið. Fyrir þá var það sérstæð stund að koma í fyrsta sinn í þinghúsið. Ég hafði það á tilfinningunni að fólk hafi litið á Alþingi sem lokaðan stað og að húsið væri aldrei opið almenningi. Ég tel því að dagar sem þessi séu til þess fallnir að efla tengsl þingsins við þjóðina og það getur aðeins orðið Alþingi og starfinu hér til góðs.

Mér er hugleikið að efla tengsl þingsins og almennings enn frekar og nefni þá þingsetningarathöfnina. Með endurreisn Alþingis fyrir 150 árum komst á sú venja sem einkennt hefur þingsetningarathöfnina síðan. Samkvæmt 42. gr. til-

skipunarinnar um endurreisn Alþingis skyldi halda opinbera guðsþjónustu áður en Alþingi væri sett. Að henni lokinni gengu alþingismenn til fyrsta þingfundar. Þetta hefur verið í föstum skorðum og eðlilegt að við virðum þær hefðir og venjur sem um þessa athöfn hafa myndast enda mikilvægur þáttur sögulegrar arfleifðar okkar.

Mér hefur hins vegar þótt að þingsetningarathöfnin mætti skipa meiri sess í þjóðlífinu. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi er þessi hátíðlega athöfn of lokuð. Guðsþjónustan er eingöngu sótt af þingmönnum, æðstu embættismönnum Stjórnarráðsins auk fulltrúa erlendra ríkja og starfsfólki þingsins og nokkrum öðrum gestum. Ég vil tengja almenning betur setningarathöfninni og gera hana þannig að stærra þætti í þjóðlífi okkar. Í öðru lagi þykir mér ekki síður mikilvægt að hlúa að þeirri arfleifð er tengir okkur við hið forna Alþingi á Þingvöllum og þar með sögu okkar sem þjóðar, enda eru Alþingi og Þingvellir tengd órofa böndum. Til þess að glæða lífi þau tengsl sem eru milli Alþingis og Þingvalla og til að gefa almenningi færi á þátttöku í þessari athöfn varpa ég fram þeirri hugmynd að setning Alþingis fari fram á Þingvöllum.

Eins og kunnugt er voru mjög skiptar skoðanir um það meðal landsmanna á síðustu öld hvort aðsetur hins endurreista Alþingis skyldi vera á Þingvöllum eða í Reykjavík. Til að forðast allan misskilning tek ég fram að ég er ekki að leggja til að aðsetur Alþingis verði flutt til Þingvalla. Ég er einvörðungu að tala um þingsetningarathöfnina og þá viðburði er efna mætti til í tengslum við hana. Aðstæður gera það að verkum að óhentugt er að þingsetning á Þingvöllum fari fram 1. október. Heppilegra væri að hún færi fram að sumri, t.d. fyrsta laugardag í júlí, sem ekki víkur mjög frá hinum forna þingsetningardegi. Hin nýja skipan, að Alþingi situr allt árið, gerði þessa nýbreytni auðveldari, en á fundinum mætti auk sjálfrar þingsetningar, sem er í höndum forseta Íslands, kjósa forseta, varaforseta og fastanefndir, en fresta síðan fundum þingsins til 1. október. Þingsetning á Þingvöllum kallar ekki á miklar framkvæmdir þar. Eðlilegt væri að athöfnin færi fram undir beru lofti líkt og áður tíðkaðist. Athöfn sem þessi, sem almenningur sækti, gæti orðið að viðburði í þjóðlífinu. Í tengslum við hana væri fleira gert en að setja þingið. Í þessu sambandi minni ég á að þegar Alþingi var háð á fyrstu öldum Íslandsbyggðar voru Þingvellir ekki aðeins samkomustaður þar sem forustumenn þjóðarinnar settu lög og kváðu upp dóma heldur flykktist þangað fjöldi fólks frá öllum landshornum. Þingið varð því þjóðarsamkoma. Aðstæður á Þingvöllum eru til þess fallnar að þar megi efna til þjóðarsamkomu árlega. Ég hvet til þess að alþingismenn, og almenningur allur, ræði þessa hugmynd enda þarfnast hún góðs undirbúnings ef okkur á að takast að gera slíkan dag að einhverju meira en þingsetningardegi. Ég ætla að til slíkrar venju mætti stofna á Þingvöllum um aldamótin. Þá hljótum við að minnast þess einmitt þar að 1000 ár verða liðin frá því að samþykkt var á þingfundi á Þingvöllum að kristni skyldi lögtekin svo sem sögur okkar herma.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að trúa mér fyrir þessu embætti. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alþingismenn.

Fundi frestað kl. 14:33.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

þriðjudaginn 3. okt.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og tryggingnefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
Guðmundur Bjarnason landbrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá húsverndarnefnd Reykjavíkur.
Erindi frá landsþingi Grænlands.
Erindi frá læknaráði Landspítalans.
Erindi frá starfsmönnum Guðmundar Runólfssonar hf., Grundarfirði.
Erindi frá starfsmönnum Hraðfrystihúss Grundarfjarðar.
Erindi frá Verkamannafélaginu Árvakri á Eskifirði.
Erindi frá verkalýðsfélögum á Snæfellsnesi.
Erindi frá Starfsmannafélagi Neskaupstaðar.
Erindi frá Starfsmannafélaginu Sókn, Reykjavík.
Erindi frá starfsmönnum við uppbyggingu Loðnuvinnslunnar hf. á Fáskrúðsfirði.
Erindi frá starfsmönnum Portlands hf., Þorlákshöfn.
Erindi frá starfsmönnum Krossavíkur hf., Akranesi.
Erindi frá starfsfólki Rækjuness hf., Stykkishólmi.
Erindi frá Öryrkjabandalagi Íslands.
Undirskriftarlistar vegna gildistöku skaðabótalaganna.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög, 1. mál, stjfrv., þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 1996, 2. mál, stjfrv., þskj. 2.
Útvarpslög, 3. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 3.
Fæðingarheimili Reykjavíkur og þjónusta við sængurkonur, 4. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 4.
Málefni ferðaþjónustu, 5. mál, fsp. SJS, þskj. 5.
Græn símanúmer, 6. mál, fsp. EKG, þskj. 6.
Samræmd próf, 7. mál, fsp. SvanJ, þskj. 7.
Endurskoðun á verksviði sýslumannsembætta, 8. mál, fsp. EKG, þskj. 8.
Einsetnir skólar, 9. mál, fsp. EKG, þskj. 9.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 28. sept. 1995:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv."

Kjörbréf Ástu B. Þorsteinsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur eigi áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 9. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til þingstarfa.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal nú fara fram kosning sex varaforseta. Samkomulag er milli þingflokka um að kjósa að þessu sinni einungis fjóra varaforseta. Ef enginn hreyfir andmælum lítur forseti svo á að samþykkt séu afbrigði frá þingsköpum um að kosning fimmta og sjötta varaforseta fari ekki fram að svo stöddu. Forseti lítur svo á að það sé samþykkt.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
2. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
3. varaforseti: Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
4. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforseta á þessu þingi eins og á hinu nýliðna þingi.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.
Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

3. Félagsmálanefnd.
Einar K. Guðfinnsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Kristján Pálsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Magnús Stefánsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

4. Fjárlaganefnd.
Sturla Böðvarsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni Johnsen (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðni Ágústsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A).

6. Iðnaðarnefnd.
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),

Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Árni R. Árnason (A).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Árni Johnsen (A).

9. Samgöngunefnd.
Einar K. Guðfinnsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Egill Jónsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Árni Johnsen (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Árni R. Árnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Vilhjálmur Egilsson (A).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A).

Varamenn:
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Hjálmar Árnason (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A).

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti mun í framhaldi af kjöri fastanefnda beita sér fyrir því sem fyrr að gerð verði áætlun um fundatíma nefndanna. Ætlun forseta er að slík fundaáætlun liggi fyrir á morgun miðvikudag og geti nefndirnar þá komið saman til síns fyrsta fundar samkvæmt þeirri áætlun frá og með næstu viku nema nefndarformenn óski að halda fundi í nefndum í þessari viku og verður þá til þeirra funda boðað sérstaklega.

Sætaskipun.

[13:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Sætaúthlutun fer þannig fram að þingmenn verða kvaddir hingað að forsetaborði með nafnakalli til að draga sér sæti. Verður nú hlutað um sæti þingmanna og fyrst þingmanna dregur sér sæti Kristín Ástgeirsdóttir.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:
2. sæti hlaut Gunnlaugur M. Sigmundsson.
3. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir.
4. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
5. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
6. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
7. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson.
8. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson.
9. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
10. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
11. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
12. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.
13. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
14. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
15. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
16. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
17. sæti hlaut Sturla Böðvarsson.
18. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
19. sæti hlaut Árni Johnsen.

20. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
21. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
22. sæti hlaut Guðný Guðbjörnsdóttir.
23. sæti hlaut Svavar Gestsson.
24. sæti hlaut Árni R. Árnason.
25. sæti hlaut Árni M. Mathiesen.
26. sæti hlaut Hjálmar Jónsson.
27. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
28. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
29. sæti hlaut Jón Baldvin Hannibalsson.
30. sæti hlaut Ágúst Einarsson.
31. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
32. sæti hlaut Stefán Guðmundsson.
33. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
34. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
35. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
36. sæti hlaut Guðni Ágústsson.
37. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir.
38. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
39. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
40. sæti hlaut Egill Jónsson.
41. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
42. sæti hlaut Ragnar Arnalds.
43. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
44. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
45. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
46. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
47. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
48. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
49. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson.
50. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
51. sæti hlaut Kristján Pálsson.
52. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
53. sæti hlaut Geir H. Haarde.

Fundi slitið kl. 13:58

---

2. FUNDUR

miðvikudaginn 4. okt.
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).

Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).

[20:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund en fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Þjóðvaki, Alþfl., Framsfl., Alþb. og óháðir og Samtök um kvennalista. Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð og Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., og Þorsteinn Pálsson sjútvrh. í þeirri síðari. Fyrir Þjóðvaka talar Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv., í fyrri umferð en Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða: Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn., Ásta B. Þorsteinsdóttir, 9. þm. Reykv., og Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., í fyrri umferð, en Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. tala Halldór Ásgrímsson utanrrh. og Ingibjörg Pálmadóttir heilbr.- og trmrh. í fyrri umferð en Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf., í þeirri síðari. Fyrir Alþb. og óháða tala í fyrri umferð Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., en þeirri síðari Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., og Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í fyrri umferð en Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

[20:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nýtt löggjafarþing er að hefjast. Þessi aldagamla stofnun er enn að hefja störf í þjóðarþágu. Hugsanlegt er að einhverjum þyki undarlega tekið til orða þegar fullyrt er að Alþingi sé komið saman með þeim einlæga ásetningi að setja þjóðarhagsmuni öðrum kröfum ofar og það sé ekkert nýtt. Það er nefnilega sú undarlega staða uppi að til eru þeir menn sem nefna Alþingi naumast á nafn án þess að láta þess getið í leiðinni að þar sitji almennt séð illviljaðir andstæðingar þjóðarinnar og skiptir þá minnstu máli úr hvaða pólitíska ranni þeir komi. Það sé sameiginlegt keppikefli þeirra allra meira og minna að gera þjóðinni grikk. Jafnvel menn sem eru taldir gegna svo ábyrgðarmiklum stöðum að þeim eru skömmtuð fjórföld eða fimmföld laun alþingismanna láta sig ekki muna um að líkja þessari stofnun við samfélag bófa og þjófa.

Ég geri þessar öfgar að umtalsefni þótt mér sem öðrum þingmönnum sé fullljóst að Alþingi þarf ekki að hafa stærstar áhyggjur af þess háttar ábyrgðarlausu tali. Hins vegar skiptir máli að yfirbragð þinghaldsins og sá háttur starfa þess sem helst snýr að almenningi endurspegli þá miklu vinnu og þau vönduðu störf sem hér eiga sér stað frá morgni til kvölds. Það verður aldrei hjá því komist að hlutur málstofunnar í störfum þingsins verði mest áberandi út á við og hætta er á vegna eðlis hennar að umræður á þeim vettvangi geti gefið skakka mynd af öllu því sem hér fer fram. Sem betur fer benda mörg ótvíræð merki til þess að hinn ómerkilegi áróður gegn Alþingi nái ekki eins langt inn í þjóðarvitund og í fljótu bragði virðist. Þannig er hin almenna þátttaka í alþingiskosningum, sem er einhver sú mesta í veröldinni, auðvitað talandi tákn þess að Íslendingar líta á þessa stofnun sem eina sína mikilvægustu og vilja hafa sín áhrif á það hverjir hér sitja.

Mjög margir hafa einlægan áhuga á að fylgjast grannt með störfum þingsins. Þeir sömu munu sjá að á þessu þingi koma fram fjölmörg athyglisverð mál og að þingið mun kosta kapps um að efla þjóðarhag og menningu lands á alla lund.

Herra forseti. Í stefnuræðu minni 18. maí sl. var þess getið að þótt alllangan tíma muni taka að vinna sig út úr sjö ára stöðnunarskeiði sé bati að verða á flestum sviðum efnahags-

lífsins. Ekkert bendir til að þarna hafi verið tekið of sterkt til orða. Hagvöxtur á Íslandi verður um eða yfir 3% á þessu ári annað árið í röð. Sá vöxtur er sambærilegur við það sem þekkist hjá iðnríkjunum og mestu máli skiptir að við höfum forsendur til að tryggja áframhaldandi hagvöxt og þar með að efla og treysta atvinnulífið í landinu og bæta lífskjör allrar þjóðarinnar. En þótt efnahagsástandið sé þannig jákvætt eru forsendurnar brothættar og við verðum öll að gæta að okkur.

Efnahagslegur stöðugleiki og varfærni í ríkisfjármálum eru forsendur framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og þar með atvinnuöryggis. Þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér í gengismálum, peningamálum og ríkisfjármálum miða öll að því að treysta þennan grundvöll.

Ríkisstjórnin vill virkja framtak einstaklinganna í þágu aukinnar verðmætasköpunar og stuðla að hagræðingu í íslensku atvinnulífi hvort sem er í opinberum rekstri eða einkarekstri. Sumir óttuðust að sá jákvæði blær sem var á þjóðhagsáætlun á sl. hausti væri meira í ætt við óskhyggju en raunveruleika og til voru þeir sem kölluðu hana kosningalegan fagurgala. En framvindan á því ári sem nú er alllangt gengið hefur nær algerlega verið í takt við þá þjóðhagsáætlun, reyndar örlítið hagstæðari. Hagvöxtur verður þannig töluvert meiri en þá var gert ráð fyrir en verðbólga, viðskiptajöfnuður og atvinnuleysi svipað því sem þá var reiknað með. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á hvern mann mun aukast um 3,5% á þessu ári og tæp 6% á tveimur árum. Er sú kaupmáttaraukning nokkuð umfram vöxt þjóðartekna. Hefur ekki lengi orðið meiri kaupmáttaraukning ef frá eru talin árin 1986 og 1987 en ávinningurinn þá var byggður á fölskum forsendum og hrundi með braki og brestum.

Þótt þjóðhagsáætlun sem lögð hefur verið fram á þinginu bendi til að hagvöxtur á árinu 1996 verði nokkru minni en í ár getur margt orðið til þess að breyta þessum horfum til hins betra. Þannig er enn óvissa um stækkun álversins við Straumsvík og er slík stækkun því ekki innifalin í þjóðhagsáætlun. Ákvörðun af eða á um stækkun álversins mun liggja fyrir á þessu ári.

Ekki er heldur loku fyrir það skotið að aukin hagræðing í atvinnulífinu muni skila nokkuð meiri ávinningi en menn treysta sér til að reikna með á þessari stundu. Þjóðhagsáætlunin er því sett fram með varfærnum hætti og hagvöxtur á næsta ári gæti orðið svipaður og í nágrannalöndunum ef okkur tekst að halda vel á spilunum.

Ríkisstjórnin hefur það meginmarkmið í stjórnun peningamála að stuðla að stöðugu verðlagi og hornsteinn þeirrar stefnu er að gengi krónunnar raskist ekki. Meðalgengi krónunnar hefur ekki riðlast nú um tveggja ára skeið og er sú gengisfesta táknræn fyrir öryggi í þjóðarbúskapnum.

Ríkisstjórnin samþykkti nú í haust hugmyndir Seðlabanka Íslands um nýja gengisskráningarvog sem væri raunsærri og meira í tengslum við vöru- og þjónustuviðskipti Íslands við umheiminn en hin fyrri gengisskráningarvog. Áformar bankinn að tryggja að þau tengsl rofni ekki og verði því gengisvogin endurskoðuð árlega miðað við viðskipti landsins út á við. Það blandast engum hugur um að stöðugleikinn í gengismálum hefur átt verulegan þátt í því að lækka verðbólgu í landinu og myndar þann trausta ramma fyrir atvinnustarfsemi á íslandi sem menn finna fyrir nú. Engin minnsta ástæða er til þess að hverfa frá þeim stöðugleika sem er í gengismálum enda er afgangur á viðskiptum við útlönd og raungengi og verðbólga í sögulegu lágmarki.

Nokkur vaxtahækkun varð á fyrstu mánuðum þessa árs, ekki síst á skammtímamarkaði. Á því eru allmargar skýringar, svo sem erlendir vextir, óróleiki í tengslum við kjarasamninga og verkfall í upphafi árs. Einnig skapar kosningabarátta og óvissa um ríkisstjórnarmyndun jafnan óróleika á markaði. Skammtímavextir tóku síðan að lækka á miðju þessu ári og eru vextir því enn mun lægri en þeir voru fyrir vaxtaaðgerðir þáv. ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands haustið 1993. Öllum sérfræðingum ber saman um að áform ríkisstjórnarinnar um að draga úr halla ríkissjóðs á þessu ári og framtíðaráform í þeim efnum muni leiða til lækkunar vaxta auk þess sem nokkur vaxtalækkun hefur þegar orðið erlendis. Markmiðin í ríkisfjármálum speglast glöggt í því fjárlagafrv. sem fjmrh. hefur lagt fram og ljóst er að niðurstaða þess er í fullu samræmi við stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Þar er höfuðáherslan lögð á að skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og aukinnar atvinnu án þess að verðlag fari úr böndum og jafnframt að halda áfram að lækka erlendar skuldir þjóðarinnar.

Þessi stefnumörkun nær ekki fram nema henni sé fylgt eftir með aðgerðum á fjölmörgum sviðum. Það er hægt að færa efnahagsleg rök fyrir því að ríkissjóð megi reka með halla tímabundið, ekki síst á tímum samdráttar og vaxandi atvinnuleysis. Hér á landi hefur stórfelldur hallarekstur ríkisins frekar talist til reglu en undantekningar.

Nú þegar kaupmáttur almennings mun fara vaxandi og afkoma þjóðarbúsins batnar er áríðandi að tryggja jafnvægi í fjármálum ríkisins. Við þingmenn hljótum, hvar í flokki sem við stöndum, að geta náð sátt um það markmið að safna ekki skuldum þegar hagvöxtur er tekinn að glæðast á ný. Við skulum muna að jafnvægi í ríkisfjármálum er ekki aðeins hagfræðilegt hugtak heldur forsenda þess að fjárfesting í atvinnulífinu aukist, vextir lækki og störfum fjölgi. Við erum með öðrum orðum að ræða um þau sameiginlegu markmið að bæta lífskjör allra heimila í landinu.

Á næsta ári munu heildarútgjöld ríkissjóðs lækka nokkuð að raungildi og hlutfall útgjalda af landsframleiðslunni mun lækka umtalsvert og mun ekki hafa verið lægri í átta ár. Þetta er mikill árangur. Tekjur munu aukast nokkuð en þó mun heildarskattbyrðin minnka vegna þess að hlutfall tekna af landsframleiðslu mun lækka frá síðasta ári. Reyndar hefur skattbyrðin ekki verið lægri á þá mælistiku mælt frá árinu 1987. Unnið er að ýmsum umbótum í skattamálum í samræmi við stefnumál ríkisstjórnarinnar. Hafinn er undirbúningur að heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu, ekki síst með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins. Verða fyrstu skrefin í þá átt stigin þegar á næsta ári.

Á sl. vori mótaði ríkisstjórnin langtímastefnu um nýtingu þorskstofnsins á grundvelli undirbúningsvinnu Hafrannsóknastofnunar og Þjóðhagsstofnunar. Sérfræðingar þessara stofnana telja að sú langtímastefna eigi að tryggja þjóðinni hámarksafrakstur á þorskstofninum á ókomnum árum. Þótt talið sé að klak þorsks á síðasta vori hafi heppnast þokkalega er ekki við því að búast að snögg umskipti verði varðandi leyfilegan þorskafla á komandi árum heldur er gengið út frá hægt vaxandi aflaheimildum frá ári til árs. Fiskveiðistjórnunin mun áfram byggjast að mestu á aflahlutdeildarkerfi en jafnframt verður gerð úttekt á mismunandi leiðum við fiskveiðistjórnun og eru niðurstöðurnar nýttar við þróun hennar.

Þjóðfélagsumræðan á Íslandi virðist gjarnan verða sveiflukenndari en víðast hvar annars staðar, a.m.k. í nálægum löndum. Stundum er eins og svartnættið grípi þjóðina fyrirvaralítið og þá ekki síst fjölmiðla og dökkna þá flestir

litir litrófsins undraskjótt.

Það vakti athygli margra er einstakir fjölmiðlar, jafnvel þeir sem vilja láta taka sig alvarlega, byrjuðu skyndilega að hamra á því að lífskjör Íslendinga væru mjög bágborin í samanburði við aðrar þjóðir og landflótti væri geigvænlegur. Í rauninni þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta landflóttatal því að óyggjandi tölur liggja fyrir um það atriði og sýna þær að oft áður hafa fleiri flutt af landi brott umfram þá sem hingað flytja en gerst hefur upp á síðkastið. Því fer ekki milli mála að meintur landflótti hefur veriðýktur stórlega af hvaða ástæðum sem það er gert.

Samanburðurinn á lífskjörum er annað mál. Engu var líkara en að lífskjör á Íslandi hefðu breyst til hins verra á hálfu ári. Spurt var hvað hefði orðið af efnahagsbatanum. Virtist viðkomandi fjölmiðill undrandi á því að þriggja prósentna hagvöxtur hefði ekki í einni svipan bætt fyrir sjö ára stöðnun í íslensku efnahagslífi og það lífskjaratap sem óðaverðbólga í tvo áratugi hafði valdið. Rétt er að hafa í huga að flókið er að bera saman lífskjör einstakra þjóða. Vissulega er hægt að skoða verð á einstökum vörutegundum og þá fást auðvitað niðurstöður í samræmi við þann þrönga mælikvarða. Vín og rósir gefa t.d. allt aðra mynd í slíkum samanburði en húsnæði og heilsugæsla, svo dæmi sé tekið. Slíkur samanburður er því meira í samræmi við áróðurslega tilburði en eiginlegar úttektir og er því afar varasöm aðferð svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Heildarmælikvarðar, svo sem landsframleiðsla á mann og einkaneysla, segja ekki heldur alla söguna en gefa þó miklu skýrari mynd af lífskjörum en sá villandi samanburður sem ég gerði að umtalsefni. Á slíka mælikvarða eru lífskjörin yfir meðaltali annarra iðnríkja. Þannig er landsframleiðsla á mann árinu 1993 um sjö prósent meiri en að meðaltali í OECD-ríkjunum. Frá þeim tíma hefur hagvöxtur og kaupmáttur aukist ívið meira en að meðaltali í aðildarríkjum OECD. Tilraunir til að meta þjóðarauð landa sýna einnig hagstæðar niðurstöðutölur fyrir Ísland. Þannig birti Alþjóðabankinn nýlega niðurstöður sínar um auðugustu ríki heimsbyggðar að mati bankans og mat bankans var byggt á mannauði, náttúruauðlindum og fjármunaeign þjóða. Skemmst er frá því að segja að Ísland lenti í sjöunda sæti í þeirri athugun bankans og er samkvæmt því í hópi auðugustu þjóða heims, til að mynda auðugra en sjálf Bandaríki Norður-Ameríku, mælt á þennan mælikvarða.

Upp á síðkastið hefur vísitala neysluverðs hækkað tölulvert, ekki síst vegna hækkunar á matvöruverði. Hafa ýmsir dregið þá ályktun af þessari þróun að verðbólga væri að fara úr böndum. Sú ályktun er fráleit. Matvælaverð getur sveiflast allmikið eins og löng reynsla er fyrir, bæði eftir árstíðum og tíðarfari, og einmitt slíkir þættir skýra hækkun vísitölunnar að undanförnu. En þegar á allt er litið má ætla að vísitala neysluverðs hækki minna á þessu ári en reiknað var með í byrjun árs. Almennt var reiknað með að vísitalan mundi hækka um 2–2,5% en flest bendir nú til þess að hækkunin verði innan við 2%. Gert er ráð fyrir að sama vísitala hækki um 2,5% á næsta ári og því fer ekki milli mála að verðlagsþróunin hér á landi verður hagstæðari en víðast hvar annars staðar bæði á þessu ári og á hinu næsta.

Herra forseti. Um langt skeið fór störfum fækkandi hér á landi. Þeirri þróun hefur nú verið snúið við og störfum fjölgar á ný. En nýju fólki á vinnumarkaði hefur einnig fjölgað og þess vegna hefur enn ekki tekist að draga úr atvinnuleysinu. Gangi efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fram mun störfum halda áfram að fjölga á þessu kjörtímabili og grundvöllur atvinnulífsins að styrkjast. Engu að síður verður að grípa til fjölmargra aðgerða af hálfu ríkis og sveitarfélaga til að mæta vandamálum þeirra sem við atvinnuleysi búa. Nauðsynlegt er að efla vinnumiðlun og endurskoða lög um hana.

Félmrh. hefur þegar skipað nefnd til að endurskoða atvinnuleysisbótakerfið. Tilgangurinn er að styrkja stöðu þeirra sem þess kerfis eiga að njóta en jafnframt er leitast við að koma í veg fyrir misnotkun þess. Stefnt er að því að efna starfsmenntun enda er atvinnuleysi mest meðal ófaglærðs fólks. Þá er þýðingarmikið að endurskoða þær samskiptareglur sem gilt hafa á vinnumarkaði og laga þær að því sem gildir í helstu samkeppnis- og viðskiptalöndum okkar. Íslenskt atvinnulíf verður að búa við sams konar skilyrði og aðrir þótt nauðsynlegt sé að taka sérstakt tillit til séríslenskra aðstæðna. Ekki er vafi á því að stöðugleikinn í landinu, traust gengi, lækkandi vextir og vinnufriður, mynda frjóan jarðveg fyrir blómstrandi atvinnulíf.

Markaðsaðstæður orkufreks iðnaðar eru nú mjög góðar og eru þar allmörg mál á döfinni sem sum hafa verið rædd opinberlega en önnur eru á undirbúningsstigi. Það er þó álit flestra að vaxtarbroddur atvinnulífsins felist í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum. Þangað sé flest störf að sækja og mesta verðmætasköpun og einmitt í slíkum fyrirtækjum fá nýjar hugmyndir fyrr flug en í hinum stærri. Þegar er hafið átak í eflingu slíkra fyrirtækja, m.a. með öflun upplýsinga um aðgang að tækifærum á Evrópska efnahagssvæðinu og með gerð tillagna um bætt rekstrarumhverfi, einföldun laga og reglugerða og skilvirkari samskipti við stjórnvöld. Það er álit ríkisstjórnarinnar að rekstur ríkisins á bankastofnunum með sérstökum stuðningi og ívilnunum við þær samrýmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Ríkisvaldið mun því leitast við að laga sig að breytingum á fjármagnsmarkaðnum og breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög. Markmiðið er fyrst og fremst að jafna samkeppnisstöðu í rekstri banka. Það er mat ríkisstjórnarinnar að samkeppni fjármálastofnana á jafnréttisgrundvelli stuðli að lækkun vaxta og þar með bættu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu. Þá knýja alþjóðlegir samningar sem Íslendingar eru aðilar að á um að rekstrarformi bankanna verði breytt. Engin ákvörðun hefur hins vegar verið tekin um sölu á hlutafé í ríkisbönkum. Stjórnarflokkarnir hafa enga ályktun gert um slíka sölu og lokaorðið í þeim efnum er auðvitað hjá Alþingi. Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið dragi sig út úr hefðbundinni lánastarfsemi á fjármagnsmarkaði en verði þess í stað virkur þátttakandi í stuðningsaðgerðum við nýsköpun atvinnulífsins.

Herra forseti. Þeir sem fylgjast með alþjóðlegri umræðu verða þess mjög varir að menntamál hafa þar verið fyrirferðarmeiri en stundum endranær og samhengi mennta og lífskjara er hvarvetna í brennidepli. Íslenskir stjórnmálaflokkar lögðu allir áherslu á gildi menntunar í kosningabaráttunni og stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar endurspeglar þessar áherslur. Afkoma og staða íslensku þjóðarinnar verður ekki tryggð nema hún sé vel menntuð og geti nýtt sér öll tækifæri til auðsköpunar.

Stundum gleymist að telja menntun, rannsóknir og vísindi með þegar dregin eru fram þau atriði sem mestu skipta við framkvæmd langtímastefnu í efnahags- og atvinnumálum. Þess vegna er eðlilegt að líta á framlög til slíkra mála sem fjárfestingu. Reyndar má færa fram allgóð rök fyrir því að slík fjárfesting sé ekki síður til þess fallin að skila arði

en þeir fjármunir sem lagðir eru til hefðbundinna atvinnugreina. Góð menntun er þannig besta tryggingin fyrir því að íslenska þjóðin standist samkeppni og geti skarað fram úr á alþjóðamarkaði. Við hljótum að setja okkur það mark að námskröfur á Íslandi séu á borð við þær sem bestar þyki á heimsmælikvarða. Slíkar kröfur er hægt að gera þótt um leið sé hugað sérstaklega að því sem íslenskt er. Við megum ekki draga úr kröfum um þekkingu á íslensku, íslenskri sögu og íslenskum bókmenntum. Þann arf ræktar enginn nema við sjálf. Við eigum að búa svo að okkar námsmönnum að þeir standist samkeppni um aðgang að bestu háskólum veraldar. Við göngum hins vegar ekki að því gruflandi að hér mun aldrei myndast sambærileg aðstaða á öllum sviðum og gerist í stærstu mennta- og vísindastofnunum heimsins. Því er mikilvægt fyrir okkur að eiga tök á alþjóðlegu samstarfi, ekki síst á evrópskum vettvangi og þeir samningar sem við höfum þegar gert tryggja okkur slík tækifæri.

Skipulega er unnið að því að flytja grunnskólann frá ríki til sveitarfélaga í samræmi við grunnskólalög og hefur verið haft náið samráð við fulltrúa allra þeirra aðila sem mestra hagsmuna eiga að gæta. Stefnt er að því að ný lög um framhaldsskóla verði afgreidd á þessu þingi svo óvissa um þetta mikilvæga skólastig verði sem allra minnst. Í framhaldi af því þarf að huga að almennri löggjöf um háskólastigið. Þannig þykjast menn sjá fyrir endann á heildarendurskoðun laga um íslenska skólakerfið og verður næsta stórverkefni á sviði menntamála að endurskoða námskrár og jafnframt að nýta nýja tækni til upplýsingamiðlunar til hins ýtrasta í skólakerfinu.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er að vernda náttúru landsins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar, vinna að endurheimt þeirra náttúrugæða sem búseta hefur raskað, draga úr mengun og stuðla um leið að skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda en forðast sóun hráefna og orku svo nokkuð sé nefnt.

Ríkisstjórnin mun leitast við að skapa sem best skilyrði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög til frumkvæðis og aukinnar þátttöku í umhverfisvernd. Hún vill ná víðtækri samvinnu við sveitarfélög og samtök einstaklinga og fyrirtækja um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum til næstu aldamóta sem miða að því að gera Ísland að umhverfislegri fyrirmynd. Huga verður að því að láta umhverfisgjöld standa undir kostnaði við förgun úrgangs til að draga úr myndun hans og styrkja endurnýtingu og endurvinnslu og tryggja viðunandi umhverfisvernd.

Herra forseti. Ríkisstjórnin ákvað í stefnuyfirlýsingu sinni sl. vor að búvörusamningur skyldi tekinn til endurskoðunar, ekki síst með tilliti til þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir en allir flokkar lýstu því yfir fyrir kosningar að á þeim vanda yrði að taka. Búvörusamningum er nú lokið. Í samningunum er leitast við að tryggja hagkvæmari framleiðslu, vinnslu og sölu sauðfjárafurða til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Rekstrarskilyrði sauðfjárframleiðslunnar munu breytast á samningstímanum til að tryggja tekjugrundvöll sauðfjárbænda. Hagkvæmni í greininni verður aukin með uppkaupum og tilfærslum og sauðfjárbændur verða studdir til að hætta búskap kjósi þeir það. Tilfærslur verða gerðar á beingreiðslum svo frekari hagræðing geti átt sér stað í greininni og ekki síst stefnt að því að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við markmið umhverfisverndar. Hinn nýi búvörusamningur er gerður til þess að treysta grundvöll sauðfjárræktarinnar en um leið til að laga hann að breyttum neysluþáttum þjóðarinnar og auka frelsi í verðlagningu í greininni. Ljóst er að stuðningur ríkisvaldsins við þessa grein landbúnaðarins mun minnka nokkuð á samningstímanum. Ábyrgð framleiðenda á eigin málum er aukin en heildarmarkmiðið er að tryggja að sauðfjárbúskap megi stunda með lífvænlegum hætti í framtíðinni í góðri sátt við landið og neytendur afurðanna.

Herra forseti. Í áratugi börðumst við Íslendingar fyrir rétti strandríkja til stærri fiskveiðilögsögu. Forustuhlutverk Íslendinga í þeirri baráttu er almennt viðurkennt. Á síðari hluta áttunda áratugarins varð 200 mílna efnahagslögsaga að veruleika með hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sá sáttmáli hefur nú öðlast gildi þótt ýmsar þjóðir, svo sem Norðmenn, hafi fyrir sitt leyti ekki staðfest hann.

Í sumar var lögð síðasta hönd á úthafsveiðisamning Sameinuðu þjóðanna. Ólíkt landhelgisbaráttunni þar sem Ísland gekk fram fyrir skjöldu sem strandríki hlaut stefna stjórnvalda í úthafsveiðimálum að taka nokkurt mið af hagsmunum bæði strandríkja og úthafsveiðiríkja. Umfram allt þurftum við þó að taka mið af hag þjóðar sem á alla tilveru sína undir sjávarútvegi.

Íslendingar hafa lengi stundað úthafsveiðar. Nokkurt hlé varð þó á þeim veiðum m.a. vegna þess að unnt var að sækja aukinn afla á Íslandsmið eftir því sem landhelgin stækkaði en Íslendingar hafa sótt á úthafið á ný. Augljóst er að Íslendingar verða að eiga þess kost að sinna slíkum veiðum til að tryggja lífskjör sín í framtíðinni því að auðlindin á heimamiðum er takmörkuð og sveiflukennd hversu vel sem menn reyna að standa að fiskveiðistjórnun. En um leið og þetta hefur verið sagt þarf að undirstrika að við hljótum að leitast við að gæta jafnvægis milli hagsmuna okkar sem úthafsveiðiríkis og strandríkis. Fiskveiðar skipta okkur miklu meira máli en flesta aðra. En engu að síður þurfum við að sýna sanngirni í kröfum okkar um kvóta á svæðum sem liggja að lögsögu annarra ríkja. Þá höfum við augljósa hagsmuni af ábyrgri umgengni um auðlindina jafnt á svæðum utan eigin lögsögu sem innan. Þar er orðstír okkar sem fiskveiðiþjóðar og umhverfisverndarmanna í húfi.

Allra þessara þátta hefur verið gætt í stefnumótun Íslands, þar á meðal í þeim deilum sem við höfum átt í við Norðmenn og Rússa. Í hinum nýgerða úthafsveiðasamningi felst nokkur leiðsögn í átt til ábyrgrar fiskveiðistjórnunar og ásættanlegt tillit er að okkar mati tekið til allra sjónarmiða. Þess er oft getið að heimur minnkandi fari og samskipti einstakra einstaklinga, fyrirtækja og ríkisstjórna landa á milli verði æ nánara. En þessi miklu samskipti geta einnig gert hagsmunagæslu þjóðarinnar út á við flóknari en áður vegna nýrra tækifæra, þarfa eða aðstæðna og eru úthafsveiðamálin gott dæmi um hvernig við höfum þurft að bregðast við slíkum úrlausnarefnum. Annað dæmi er varnarsamstarf við Bandaríkin sem hefur verið lagað að breyttum aðstæðum um leið og varanlegir öryggishagsmunir þjóðarinnar og bandamanna hennar á Norður-Atlantshafi hafa verið tryggðir.

Miklar hræringar eru í öryggismálum Evrópu. Atlantshafsbandalagsríkin standa frammi fyrir afdrifaríkum ákvörðunum svo sem um stækkun bandalagsins til austurs. Þær krefjast festu og góðs undirbúnings og kalla á þátttöku og ábyrgð allra bandalagsríkjanna. Íslendingar eru hlynntir stækkun Atlantshafsbandalagsins en vilja þó að allrar varfærni sé gætt. Af hálfu íslenskra stjórnvalda er grannt fylgst með þróun viðskiptamála vestan hafs og samskiptum Evrópu og Ameríku á því sviði og er stefnt að því að efla

viðskipti við Ameríkuríkin. Í Asíu opnast viðskiptatækifæri þótt nokkurn tíma muni taka að nýta þau svo um muni. En það verk er hafið og hafa íslenskir einkaaðilar og ríkisvaldið komið að því máli. Í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er unnið að því auka pólitískt samráð við Evrópusambandið á þeim grundvelli sem samningurinn mótar. Verkefnin nú eru að nýta sem best trausta stöðu okkar í Evrópumálum. Rækta þarf enn frekar þau tengsl sem við höfum, forn og ný, og hafa okkur sem mest í frammi með þeim ríkjum sem við eigum bestu samleið með.

Eitt af einkennum samtímans er að sífellt fleiri mál verða ekki leyst án yfirgripsmikilla milliríkjasamninga og samræmingastefnu fjölda ríkja. GATT-samningurinn um aukið frelsi í milliríkjaviðskiptum, sem er Íslendingum hagfelldur, er dæmi um þetta. Framkvæmd samningsins hefur hins vegar valdið deilum hér á landi og orðið tilefni til gagnrýni á stjórnvöld. Ekki hefur borið á þess háttar deilum annars staðar. Segja má að réttmæt gagnrýni hafi komið fram um einstök smávægileg tæknileg atriði í framkvæmd samningsins. Þau atriði hafa verið leiðrétt og verða leiðrétt hvenær sem þau koma upp. Að öðru leyti hefur gagnrýnin að mestu leyti verið óréttmæt. Hún hefur verið byggð á fölskum væntingum um markmið og áhrif GATT-samningsins á innflutning og verðlag búvöru. Þær væntingar hafa verið búnar til af mönnum sem ætíð vissu betur eins og sést á skrifuðum ræðum þeirra og greinum. Staðreyndin er sú að GATT-samningurinn hvað varðar búvöru er framkvæmdur í grundvallaratriðum eins hér á landi og annars staðar er gert. Hvergi var stefnt að því að umturna innflutningsstefnu um búvörur á skömmum tíma. Íslensk stjórnvöld eru því ekki að bregðast skuldbindingum sínum í GATT eða vinna þvert á ætlun annarra aðildarríkja samningsins. Auðvitað gætum við einhliða ákveðið að fara ekki eftir GATT-samningnum og gengið miklu hraðar fram en önnur ríki í átt til breytinga á innflutningi búvara. Vafalaust mætti færa einhver efnahagsleg skammtímarök fyrir því að svíkja bændur varðandi þá stefnu sem mótuð var og þeim kynnt. Síðasta ríkisstjórn lagði mikið upp úr því að bændur og samtök þeirra styddu heils hugar aðild okkar að GATT-samningnum. Því er ótrúlegt að einhver geri þær kröfur nú að komið sé aftan að þessum aðilum við framkvæmd samningsins og gengið þvert á það sem sagt var þá þegar ákvörðun um hann stóð yfir. Ég fullyrði að það stóð ekki til af hálfu síðustu ríkisstjórnar að ganga fram með þeim hætti og núverandi ríkisstjórn mun ekki fremur en hin fyrri standa þannig að verkum enda er ekki meirihlutavilji á þessum vettvangi fyrir slíkum vinnubrögðum. Ég er sannfærður um að meginþorri almennings vill ekki ganga hraðar fram í breytingum en bændastéttin getur risið undir. Með GATT-samningnum var ákveðið að fella niður bannreglur og auka fjölbreytni en aldrei var talað um að ganga af landbúnaði neins ríkis dauðum eins og sumir vilja nú vera láta. Meginatriðið er að á næstu árum verða verulegar breytingar á íslenskum landbúnaði og rótttækar breytingar á innflutningi búvara. Þessar breytingar eru í senn æskilegar og óumflýjanlegar, bæði fyrir bændur og neytendur og verða að gerast í sátt við þessa aðila. Þeir sem vilja efna til heiftar og illinda á milli þeirra sem standa þurfa saman eru ekki að vinna gott verk.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég nefndi í upphafi ræðu minnar að þeir sem þjóðin hefur valið til að fara með mál sín á þjóðþinginu þrá að láta gott af sér leiða. Þeim sviður þegar þeim er brigslað um að taka eigin hag fram yfir þjóðarhag. Það verður tekist á og deilt á því þingi sem nú er nýhafið. Ekki vegna þess að þingmenn vilji ekki vel heldur vegna þess að þeim sýnist sitt hverjum um markmið og aðferðir. Í þessu eru þingmennirnir og þjóðin eins. Við viljum að þjóðin fylgist grannt með okkur og við förum fram á að hún fái óbrenglaða mynd af störfum okkar. Okkur kemur ekki til hugar að víkjast undan endanlegum dómi þjóðarinnar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar, hlýtur þjóðin að spyrja eftir þessa ræðu. Svarið er að ríkisstjórnarflokkarnir hafa enga stefnu nema þegar kemur að niðurskurði á velferðarkerfinu eða einkavæðingu í þágu fjármagnseigenda. Sjálfstæðisflokkurinn hefur dregið Framsóknarflokkinn á asnaeyrunum eða hann svikið sína kjósendur nema hvort tveggja sé. Kjörorð framsóknarmanna í kosningabaráttunni var Fólk í fyrirrúmi. En nú hafa þeir sýnt sitt rétta andlit. Fólkið er ekki í fyrirrúmi, heldur sauðkindin. Afnumið er að bætur atvinnulausra, öryrkja og gamla fólksins hækki í samræmi við verðlags- og launaþróun. Annað gildir um sauðkindina, þar er allt verðtryggt. Sjúklingar skulu nú greiða fyrir aðgerðir á sjúkrahúsum. Auk þess á að taka upp sérstakt gjald fyrir fólk á biðlistum eftir aðgerðum. Með öðrum orðum virðist eiga að fara að selja aðgang að biðlistaaðgerðum á sjúkrahúsum og einkavæða í heilbrigðiskerfinu. Boðað er einnig að skerða lífeyri heimavinnandi fólks og öryrkja sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóð. Og ekki er látið þar við sitja. Bætur tryggingaþega skornar niður um tvo milljarða króna, Framkvæmdasjóður fatlaðra um 150 millj. og framlög til húsnæðismála um 1.300 millj. kr. Skattbyrði einstaklinga eykst og samdráttur í fjárfestingum fjölgar atvinnulausum um 1000 manns. Í því máli sem heitast brennur á þjóðinni, kjaramálunum, hefur ríkisstjórnin enga skoðun. Ráðherrarnir hafa ekki enn áttað sig því eftir hveitibrauðsdagana að það hefur orðið trúnaðarbrestur milli þeirra og þjóðarinnar. Hæstv. forsrh. sagði ekki orð um kjaramálin áðan eða kjarastefnu ríkisstjórnarinnar annað en að barma sér mjög yfir hvað fjölmiðlar væru vondir og ósanngjarnir í kjaramálaumræðunni. Forsrh. sagði þó í febrúar sl.: Það er ekki vafi í mínum huga að þessir samningar sem ná til langstærsta hluta vinnumarkaðarins, þess hluta sem lýtur lögmálum þjóðarteknanna meira en aðrir, verða algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra samninga. Algerlega fordæmisskapandi, sagði forsrh. þá. Nú nokkrum mánuðum síðar gerir hann lítið úr málinu og er með yfirlýsingar sem hljóta að kynda undir átökum á vinnumarkaðnum. Inntak kjarasamninganna í febrúar var krónutöluhækkun, ekki prósentuhækkun launa, þannig að þeir fengju mest sem lægst hefðu launin. En nú nokkrum mánuðum síðar virðist þessi jafnlaunastefna gleymd og grafin. Lægst launaða fólkið sem fékk 1.000 kr. meira á mánuði en aðrir í febrúar á nú bara að una því þótt hálaunaaðallinn hjá hinu opinbera hækki um allt að 100.000 kr. á mánuði. Hækkun sem ein og sér jafngildir tveggja mánaða launum tekjulægstu hópanna. Siðferðiskennd þjóðarinnar hefur verið misboðið og hún sættir sig ekki við að ríkisstjórnin ætli bara að láta eins og ekkert sé og treysta á að þetta sé eins og hvert annað dægurmál sem fólkið í landinu gleymi óðar. Það má öllum vera ljóst að sáttmálinn sem gerður var við fólkið í landinu hefur verið rofinn. Það hljóta allir að sjá að úrskurður Kjaradóms er stefnumarkandi en honum ber að hafa hliðsjón af launa-

stefnunni á vinnumarkaðnum, ekki móta hana eins og segir í lögunum. Verði úrskurðurinn látinn standa og sú ákvörðun látin ganga yfir að tugir þúsunda króna gangi til þeirra betur settu hjá hinu opinbera eru dagar þjóðarsátta á enda. Ný kjarastefna hefur orðið til í landinu. Kjarastefna sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á ætli hún að skila auðu í þessu máli. Það eru þá skýr skilaboð til þjóðarinnar frá ríkisstjórninni um að þjóðarbúið þoli launahækkanir sem margir hljóta að fagna. Það er lítilsvirðing við launafólk í landinu og fádæma sjálfumgleði ráðamanna að halda að láglaunafólkið sætti sig við að þjóðarsáttin nái bara til þeirra. Þessi kjaradómur hefur líka enn staðfest þær ógöngur sem lífeyrismál þjóðarinnar eru í. Lífeyrisréttindi ráðherra geta hækkað um 30.000 kr. á mánuði vegna þessa úrskurðar, þannig að hann getur nú numið allt að 200.000 kr. eftir úrskurð Kjaradóms. Þessi 30.000 kr. hækkun á mánuði til ráðherra eftir sex ára starf er ekki óalgeng mánaðargreiðsla lífeyrisþega eftir að hafa greitt í 25 ár í lífeyrissjóð.

Það er skoðun þingflokks Þjóðvaka að forréttindasjóði sem færa hæstu embættismönnum, bankastjórum, alþingismönnum og ráðherrum margfaldan lífeyri á við aðra, beri að leggja niður og munum við flytja um það tillögu á Alþingi. Himinháar lífeyrisgreiðslur til forréttindastétta í þjóðfélaginu sem eru úr öllu samhengi við það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum verður að afnema. Hvaða réttlæti er í því að bankastjórar ríkisbankanna fái 350.000 kr. á mánuði í lífeyri eftir fimm ára starf sem bankastjórar meðan algeng lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru um 38.000 kr. eftir 25 ára starf og enn minna í almennu lífeyrissjóðunum?

Góðir áheyrendur. Það er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af því sem er að gerast í íslensku þjóðfélagi. Samhjálp, jöfnuður, samstaða með alþýðu fólks: hinum siðferðilega mælikvarða hugsjónanna hefur verið vikið til hliðar fyrir græðgi og kaldri gróðahyggju þar sem hver er sjálfum sér næstur. Það hefur orðið alvarlegur trúnaðarbrestur milli fólksins í landinu og ráðamanna. Kornið sem nú fyllir mælinn eru allt að 100.000 kr. launahækkanir til æðstu ráðamanna þjóðarinnar og sérlög um skattfríðindi sem Þjóðvaki einn flokka mótmælti í vor og þjóðin einum rómi gerir nú kröfu um að gangi til baka. Á meðan er 1.000 kr. rétt að láglaunafólki í nafni einhverrar láglaunastefnu og jafnlaunastefnu og ráðist með fullum þunga í fjárlagafrumvarpinu að kjörum atvinnulausra, öryrkja og sjúkra. Þarf okkur að undra á því þótt mikil reiðialda hafi gripið um sig í þjóðfélaginu? Skattskráin í ár sýnir að algengar mánaðartekjur ráðamanna í þjóðfélaginu eru á bilinu 400–800 þús. Þessara sömu manna og réttu láglaunafólki svo örlátlega 1.000 kr. aukalega í síðustu kjarasamningum. Kjör láglaunafólks eru í hrópandi ósamræmi við það að Ísland er sett á bekk með ríkustu þjóðum heims. Og hvar er auðurinn? Er hann hjá verkafólki, iðnaðarmönnum, námsmönnum, umönnunarstéttum á spítölum og í skólum, eða verslunar- og skrifstofufólki? Nei, hann liggur hjá þeim sem hafa komið sér vel fyrir í skjóli valdsins, hvort sem eru æðstu embættismenn eða forsvarsmenn atvinnulífsins.

Hæstv. forsrh. staðfesti í ræðu sinni hér áðan að Ísland væri í hópi auðugustu þjóða heims, auðugra en sjálf Bandaríki Norður-Ameríku, sagði forsrh. Það er þyngra en tárum taki að þess skuli ekki sjást stað í kjörum hins almenna launamanns. Þessi auður leitar aðeins í vasa þeirra betur settu í þjóðfélaginu. Kannski eins og vínið og rósirnar sem forsrh. nefndi í samanburðarfræði sinni um lífskjörin.

Það er líka nöturlegt að svo skuli komið hjá einni auðugustu þjóð heims að lág laun séu notuð sem helsta aflið til þess að fá útlendinga til að fjárfesta hér á landi. Það er ekki síst nýsköpun í atvinnumálum og aukin framleiðni atvinnuveganna sem þjóðin þarf á að halda. Íslenskt þjóðfélag lýsir sér í hnotskurn í því að atvinnuleysi hefur aukist. Eftirvinna hefur dregist saman hjá þeim sem hafa vinnu. Kjör hafa versnað hjá lág- og millitekjufólki en batnað hjá hálaunahópunum. Allt of margir þurfa að lifa af launum sem eru við hungurmörk. Fullvinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita á náðir félagsmálastofnana. Öryrkjar og atvinnulausir verða sífellt stærri hluti þjóðarinnar. Stöðu þorra launafólks á almennum vinnumarkaði svipar æ meir til þrælahalds nútímans. Landflótti er orðinn vaxandi vandamál. Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis er orðið að þjóðarböli.

Hvar er vonin? Vonin um öfluga atvinnuuppbyggingu og lífvænleg kjör handa börnum okkar í framtíðinni? Liggur hún í að vinna í frystihúsum í Hirtshals eða slá upp fyrir húsum í Norður-Noregi? Nei, framtíðarsýn okkar er önnur. En til þess verður að ráðast í breytingar. Án breytinga hjakkar allt í sama farinu og sjálfumgleði ráðamanna mun halda áfram.

Góðir áheyrendur. Sjávarútvegur er í ákveðinni kreppu og þar má ekki mikið út af bera. Þjóðvaki vill koma á veiðileyfagjaldi sem renni til þjóðarinnar en ekki örfárra kvótaeigenda eins og nú gerist. Auk þess þarf allur fiskur að fara gegnum fiskmarkaði og rýmka þarf heimildir útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi. Sömuleiðis er nauðsynlegt að kanna samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs með tilliti til þess gífurlega styrkjakerfis sem sjávarútvegur bæði í ESB-löndunum og Noregi búa við. Þetta eru skynsamlegar tillögur, en stjórnin hefur unnið það eitt í sjávarútvegsmálum að klúðra með óskiljanlegum hætti hagsmunum okkar við rækjuveiðar á Flæmska hattinum.

Landbúnaðarmálin hafa verið í samfelldri vitleysu hjá ríkisstjórninni. Þingmenn Þjóðvaka bentu ítrekað á í vor að útfærsla GATT-samningsins fæli í sér ofurtolla og verið væri að verðleggja innfluttar landbúnaðarvörur út af markaðnum. Slíkt væri bæði fjandsamlegt neytendum, bændum og skattgreiðendum. En allt kom fyrir ekki. Öllu var stjórnað eftir hagsmunum fortíðarinnar.

Nýi búvörusamningurinn er af sama toga. 12 milljarðir eru lagðir á skattgreiðendur næstu árin í sauðfjárrækt eingöngu, sem er sama fjárhæð og kostar að reka alla grunnskóla og framhaldsskóla landsins. Sú stefna sem Þjóðvaki hefur boðað í þessu máli, er stefna sem svarar bæði kröfum neytenda og bænda, enda hafa t.d. sunnlenskir bændur knúið á um svipaðar hugmyndir.

Íhaldssemin er einn helsti þrándur í götu breytinga. Ástæðan er sú að hagsmunir of margra felast í því að viðhalda ríkjandi ástandi. Það er ein meginástæða stöðnunar og kyrrstöðu í þjóðfélaginu og þess, að róttækar og nauðsynlegar þjóðfélagsumbætur ná ekki fram að ganga. Það á við um atvinnulífið svo sem sjávarútveg, landbúnað, erlenda fjárfestingu og aðlögun vegna breytinga í alþjóðlegu umhverfi, svo ekki sé minnst á breytingar á lífeyriskerfinu eða á kjördæmaskipaninni.

Góðir Íslendingar. Því er ekki að leyna að þær skoðanakannanir sem birst hafa að undanförnu um fylgi flokkanna hafa valdið okkur Þjóðvakafólki vonbrigðum. Auðvitað verða þær okkur tilefni til að staldra við og spyrja hvort við höfum ekki svarað þeim væntingum sem kjósendur gerðu til okkar. Til hvers ætlast kjósendur? Við höfum reynt að fylgja málum okkar fram í samræmi við þær áherslur sem við

kynntum í kosningabaráttunni. Vissulega er tilvist í stjórnarandstöðu oft erfitt hlutskipti, ekki síst þegar ný samtök eru að hasla sér völl, þá er við því að búast að skiptist á skin og skúrir. Og þó okkur hafi hingað til e.t.v. ekki tekist að komast í gegnum þagnarmúrinn, þá munum við halda áfram því dropinn holar steininn. Við höfum miklu aðhaldshlutverki að gegna og við munum halda áfram að vinna að uppstokkun flokkakerfisins og sameiningu jafnaðarmanna í voldugt bandalag sem breytt gæti valdahlutföllum á Íslandi til frambúðar og það mun takast.

Á umliðnum áratugum hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að umbreyta flokkakerfinu og sameina jafnaðarmenn og félagshyggjufólk í eina breiðfylkingu sem gæti boðið Sjálfstfl. byrginn og tekið forustuna í landsmálum. Krafan um slíkan valkost þar sem kjósendum væri boðið upp á sameinaða jafnaðarmenn og félagshyggjufólk andspænis hinni gömlu, þreyttu hagsmunapólitík Sjálfstfl. og Framsfl. vex fiskur um hrygg þessa dagana og vikurnar. Uppstokkun flokkakerfisins og aukin völd og áhrif kvenna á stjórnmálasviðinu er forsenda nauðsynlegra breytinga í þjóðfélaginu. Það er einfaldlega vegna þess að konur hafa meiri hagsmuni af breytingum og sjá í þeim meiri þjóðfélagsumbætur og breytingar á stöðu sinni í þjóðfélaginu en karlarnir gera. Kvennabaráttan er ógnun við ríkjandi ástand. Fleiri konur í valdastöðum er krafa um breytingar. Fleiri konur í fremstu forustu stjórnmálanna þýðir einfaldlega atlögu gegn ríkjandi ástandi því ég tel að þær muni gera kröfu til breytinga og muni ekki vernda óbreytt ástand.

Góðir Íslendingar. Launastefna sem mótuð var af launafólki árið 1990 var keypt því verði að launafólk tók á sig skatta af atvinnurekstrinum sem ber nú lægstu skatta í Evrópu. Og í síðustu kjarasamningum niðurgreiddi ríkið launin um fjóra milljarða fyrir atvinnurekendur. Þessi láglaunastefna gengur ekki lengur. Hún dregur niður sjálfsvirðingu fólks. Hún er líka orðið efnahagsvandamál þegar fólk getur hvorki keypt vörur né þjónustu atvinnulífsins. Niðurgreiðsla launa og slök kjör geta ekki verið til frambúðar verðið fyrir stöðugleikann því að þannig átti þetta ekki að vera.

Nú er komið að fyrirtækjunum sem mörg hver skila miklum hagnaði og greiða litla skatta að auka sína framleiðni og skila henni í launaumslög fólksins. Væri ekki líka ástæða fyrir verkalýðshreyfinguna að skoða breytingar á skipulagi kjaramála, sameina til að mynda opinbera starfsmenn og launafólk á almennum vinnumarkaði í sama starfsgreinafélag sem síðan yrði lögformlegur aðili um kaup og kjör með vinnustaðinn sem grunneiningu. Koma síðan á atvinnulýðræði þannig að starfsfólk fengi fulltrúa í stjórn fyrirtækja. Og ekki veitir af að hreinsa til í verktakavinnunni þannig að stemmt verði stigu við misnotkun á verktakafyrirkomulagi í þeirri mynd að launafólk sé í reynd skyldað til að gerast verktakar og þar með svipt ýmsum félagslegum réttindum. Sameinaðir þurfa jafnaðarmenn og félagshyggjufólk líka að ráðast gegn tvöfalda launakerfinu á vinnumarkaðnum sem felur í sér sporslur og fríðindi til þeirra betur launuðu, sem heldur niðri kjörum láglauna- og millitekjuhópa. Sameiginlega þurfum við líka að sporna við því, sem íhaldsöflin hér og víðar gæla við, að taka á atvinnuleysinu með því að fara bandarísku leiðina og fjölga lægst launuðu störfunum og hlutastörfunum sem og að draga úr réttindum og kjörum launafólks á vinnumarkaðnum.

Skattamálin verður einnig að taka til gagngerðrar endurskoðunar og lækka tekjuskatt á millitekjuhópum auk þess sem hækka þarf vaxta- og barnabætur og einstæðir foreldrar og tekjulág heimili verða að geta nýtt sér ónýttan persónufslátt barna sinna. Þetta væru raunverulegar kjarabætur sem skiluðu sér til launafólks.

Góðir Íslendingar. Forseti Alþingis sagði nú við setningu þingsins að naprir vindar léku nú um þessa virðulegu stofnun. Herra forseti, það næða líka naprir vindar um mörg heimili landsins þar sem atvinnuleysið hefur knúið dyra og fullvinnandi fólk á ekki fyrir framfærslu barna sinna. Þess vegna hriktir nú í stoðum þjóðfélagsins. Þegar við blasir að jafnlaunastefnan og þjóðarsátt hefur verið brotin á bak aftur af hálaunahópum þjóðfélagsins. Það þarf þjóðarsátt um nýjar leikreglur, þar sem gefið verður upp á nýtt og þjóðarkökunni skipt með öðrum hætti en nú er. Um annað verður aldrei sátt eða friður í landinu. — Góðar stundir.

[21:26]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ný ríkisstjórn hefur setið að valdastólum í tæpa sex mánuði. Eðlilegt er að spurt sé *tíðinda því að landsmenn eru að sönnu litlu nær um* það nú en á fyrstu dögum nýrrar stjórnar hvað það er sem þessi ríkisstjórn ætlar sér í hinum stóru málum þjóðarinnar. Stefnumiðin hafa verið óskýr og eftir höfðinu dansa limirnir þannig að ákaflega hefur þetta verið verklítil ríkisstjórn.

Það er og ekki að undra þegar til þess er litið að hina raunverulegu, pólitísku stefnumörkun vantar fullkomlega bæði í stjórnarsáttmála og innan stjórnarflokkanna sjálfra. Þeir forðast framtíðina en binda sitt trúss við fortíð og núið, óbreytt ástand. Það er sannarlega áhyggjuefni þjóðar, þjóðar sem hefur fyrir eigin atorku og kraft komist í gegnum erfiða tíð kreppu og samdráttar og vill horfa með bjartsýni fram á veg, nýta það góðæri sem við getum skapað okkur ef við þorum og viljum. Það hefur því þegar komið í ljós og mun enn frekar koma á daginn hversu miklu munar hvaða máli það skiptir að áhrifa Alþfl. gætir ekki lengur við stjórn landsins. Öll stefnumörkun til framtíðar, öll framtíðarsýn sem Alþfl. hefur ævinlega haft að leiðarljósi og gætti mjög við landsstjórnina síðustu tvö kjörtímabil undir forustu jafnaðarmanna, er ekki að finna á stjórnarheimilinu í dag. Það virðist því allt benda til þess því miður, að þessi helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsfl. verði með svipuðum hætti og fyrr hefur verið þegar þessir flokkar renna á annað borð saman í eina sæng og sporin hræða.

Hver man ekki eftir viðskilnaði helmingaskiptastjórnar Framsóknar og Sjálfstfl. 1974–1978, þegar kjósendur gáfu þeim flokkum reisupassann svo um munaði í kosningum í lok þess kjörtímabils. Svipað var uppi á teningnum eftir samkrull þessara flokka 1983–1987. Ekki glæsilegur viðskilnaður það.

Og enn á ný eru þessi öfl runnin saman við ríkisstjórnarborðið og því ekki furða þótt ugg setji að mörgum.

Forsrh. flutti hér ákaflega áferðarfallega og um margt hljómþýða ræðu í upphafi þessa kvöldfundar eins og raunar vænta mátti úr þeirri áttinni. En að sama skapi var ákaflega lítið handfast þar að finna þegar hismið hafði verið skilið frá kjarnanum. Það var þó hárrétt í ræðu hæstv. forsrh. að við Íslendingar höfum gengið í gegnum þrengingar efnahagskreppu eins og raunar margar nágrannaþjóðir okkar. En með samstilltu átaki þjóðar og stjórnvalda hefur okkur tekist að komast í gegnum erfiðleikatímabilið. Alþfl., einn stjórnmálaflokka, var aðili að ríkisstjórn öll þessi erfðu ár og var í meginhlutverki þeirrar varnarbaráttu. Það er vissulega ekki

óskastaða neinna stjórnmálaflokka að vera við stjórnvölinn þegar á móti blæs. Það er sjaldnast til vinsælda fallið en þó nauðsynlegt verk sem þarf að vinna. Miklu eftirsóknarverðara er að láta til sín taka með vindinn í bakið og þegar allar aðstæður eru hagstæðar. Og nú eru mestu erfiðleikarnir að baki og með öruggum og markvissum vinnubrögðum er betri tíð fram undan, möguleikar á góðæri sem til hafa orðið vegna þess að við fórum ekki á taugum og misstum ekki allt úr böndum á tímum erfiðleika og þrenginga.

Alþfl. er stoltur af verkum sínum í vörninni. Hann hefði gjarnan viljað vera þátttakandi í sókn til bættra lífskjara nú þegar möguleikar eru á slíku en það kemur í hlut núverandi stjórnarflokka að njóta ávaxtanna af árangri umliðinna kjörtímabila. Þeirra eru möguleikarnir. En hvort þeir nýta þá til hagsbóta fyrir íslenskt launafólk, íslenska þjóð, er svo allt önnur saga.

Það eru raunar fyrir hendi sterkar vísbendingar um það að núverandi stjórnarflokkar ætli að fara á hraða skjaldbökunnar inn í nýja tíð og láta möguleika hagstæðra ytri skilyrða fram hjá sér fara, láta möguleikana á góðærinu fljóta fram hjá. Nágrannaþjóðir okkar eru þegar komnar á blússandi ferð. Fjárfestingar þar aukast og hagvöxtur fer upp á við. Því miður er því ekki þannig farið hér á landi. Hér er skjaldbökustjórn við völd og óðurinn til kyrrstöðunnar sá söngur sem hæst hljómar.

Góðir landsmenn. Lítum aðeins á loforð og efndir í íslenskum stjórnmálum. Ég átti von á því að nú þegar lægi það fyrir í smáatriðum hvar þessi 12 þúsund nýju störf yrðu til sem Framsfl. lofaði fyrir kosningarnar í vor. Nei, engar vísbendingar enn þá um störfin 12 þúsund. Hins vegar er að finna í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar nákvæma áætlun um það hvernig ríkisvaldið sjálft ætlar að fækka störfum á almennum vinnumarkaði. Þeir sjálfstæðismenn og framsóknarmenn ætla nefnilega að skera niður framlög til fjárfestinga, svo sem samgöngumála, félagslegra íbúðabygginga og á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar um hvorki meira né minna en 1,9 milljarða kr. á næsta ári. Þeim fjölgar ekki beinlínis störfunum með þeirri ráðstöfun heldur þvert á móti fækkar til mikilla muna, sennilega um ein 1.500 talsins. Nei, loforðin um 12 þúsund störfin frá því í vor eru eins og rispuð og illa farin hljómplata sem var notuð of mikið í samkvæmi gærkvöldsins, í aðdraganda síðustu kosningar og eigandinn, formaður Framsfl., hefur sett út í óskutunnu. Þetta heitir á mæltu máli svikin kosningaloforð. Eða hvar eru störfin 12 þúsund, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson?

Sama er að segja um þennan eina milljarð sem Framsfl. lofaði að veita á ári hverju til nýsköpunar í atvinnulífi. Hvar er hann? Týndur og tröllum gefinn. Svo vildi Framsfl. fyrir kosningar veita hugmyndaríku fólki áhættulán til nýsköpunar í atvinnulífinu. Hvar er þann nýja lánaflokk að finna? Hann er öllum hulinn. E.t.v. upplýsir Finnur Ingólfsson, hæstv. viðskrh., þjóðina um það við tækifæri hvar hann er falinn.

Einnig lofaði Framsfl. að reisa heimilin við, koma með umfangsmiklar aðgerðir til að mæta erfiðleikum margra skuldsettra heimila í landinu. Eru þær aðgerðir e.t.v. fólgnar í lækkun barna- og ekki síst vaxtabóta sem ríkisstjórnin hefur boðað? Eða er þær að finna í hækkun verðbólgu og vaxta sem ýmsir efnahagssérfræðingar sjá handan við hornið? Hvar eru bjargráðin fyrir heimilin í landinu sem vilja og þurfa að lækka skuldirnar? Hvar eru þau, hæstv. félmrh. Páll Pétursson?

Virðulegi forseti. Það er gjarnan talað um virðingu Alþingis. Og satt er það, hún er mikilvæg í lýðræðisþjóðfélagi. Hitt er þó ekki síður nauðsynlegt að þjóðin geti tekið mark á stjórnmálamönnum. En því miður er það svo að allt of margir stjórnmálamenn tala með tungum tveimur, einni röddu fyrir kosningar og oft annarri eftir þær. Hverjum hefði til að mynda til hugar komið að það yrði meginmarkmið Ingibjargar Pálmadóttur, núv. hæstv. heilbrrh., í íslenskum stjórnmálum að láta þá Íslendinga alla sem sökum heilsubrests þurfa á sjúkrahús, greiða aðgangseyri, innritunargjald burt séð frá efnum þeirra og félagslegum aðstæðum? Þessi sama kona gagnrýndi ráðherra síðustu ríkisstjórnar harðlega fyrir sparnað í heilbrigðismálum og taldi þá gerlegt að gera svo öllum líkaði. Hún lofaði á báðar hendur, en nú er öldin önnur. Nú gengur hún lengra í niðurskurði en nokkru sinni fyrr hefur verið gert. Enginn er óhultur. Mæðra- og feðralaun skulu lækka og bætur í almannatryggingakerfinu til þess fólks sem hvað höllustum fæti stendur eru skornar þvers og kruss. Já, þær eru svæsnar, öfugmælavísurnar, sem þjóðinni er boðið upp á. Þegar hlustað er annars vegar eftir hástemmdum loforðum þáv. stjórnarandstöðuþingmanns Ingibjargar Pálmadóttur fyrir síðustu kosningar og svo aftur grimmilegar niðurskurðaráætlanir sömu konu en nú í sæti heilbrrh. eftir kosningar. Getur þjóðin tekið mark á slíkum stjórnmálamönnum?

Og Sjálfstfl., þessi málsvari frelsis, mannúðar og umbóta, eins og hann kallar sig í aðdraganda kosninga, hvar er hann staddur núna tæpum sex mánuðum eftir þær? Þessi flokkur frelsis og samkeppni snýr GATT-samningnum á hvolf og í stað aukinnar samkeppni, vöruúrvals og lækkaðs vöruverðs þá eru efndirnar tollamúrar, bönn og hindranir og með þeim afleiðingum að matvælaverð er hér enn í hæstu hæðum. Og nýskipan landbúnaðarmála í loforðum Sjálfstfl. birtist í nýjum búvörusamningi sem festir í sessi fátækt og erfiðleika íslenskra bænda en um leið eitt hæsta búvöruverð til neytenda sem þekkist á byggðu bóli. Já, þær eru merkar umbæturnar hjá þeim sjálfstæðismönnum eða hitt þó heldur.

Og stjórnarsinnar sameina svo sálirnar um helmingaskiptafyrirkomulagið, um kyrrstöðuna þegar þeir sl. vor festu enn frekar í sessi gatslitið og ónýtt kvótakerfi sem löngu er ljóst að aldrei verður nein þjóðarsátt um.

Alþfl. segir kyrrstöðunni stríð á hendur. Við viljum stokka upp og gjörbreyta landbúnaðarkerfinu, einnig stjórn fiskveiða. Við viljum að silfur hafsins, þorskurinn í sjónum, verði sameign allrar þjóðarinnar en ekki örfárra útvaldra. Við viljum lækka matvöruverð, fara neðar með vextina, stórauka fjárfestingu og þá ekki síst fjárfestingu erlendra aðila hérlendis. Við viljum umræðu um Evrópusambandið á dagskrá. Alþfl. er ekki og verður ekki flokkur yfirboða eða gylliboða. Hann er sjálfum sér samkvæmur hvort heldur hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Við munum vera heiðarleg í stjórnarandstöðu, en halda stjórnarflokkunum við efnið, koma þeim úr sporunum. Þrátt fyrir drjúgan þingmeirihluta Framsfl. og Sjálfstfl. er núv. ríkisstjórn veik í eðli sínu því markmiðin hennar vantar.

Virðulegi forseti. Við viljum takast á við verkefnin en ekki hlaupa frá þeim. Við viljum nýta möguleikana sem góður árangur af störfum Alþfl. á umliðnum árum hefur skapað. Við getum fangað góðærið, aukið hér velmegun ef rétt er að verki staðið. Við jafnaðarmenn viljum bæta lífskjör og nú er það hægt. Núna er það hægt. Við viljum einfaldlega nota tækifærin sem fram undan eru en ekki glata þeim. — Góðar stundir.

[21:37]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þingheimur og þjóð hafa nú hlýtt á stefnuræðu forsrh. Þeirrar ræðu hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu nú þegar ríkisstjórnin hefur haft tækifæri til að móta með hvaða hætti hún hyggst efna loforðin sem voru gefin kjósendum í vor. Það ríkti bjartsýni í íslensku þjóðlífi þegar menn gengu til kosninga. Loforðin gengu yfir þjóðina, en ekkert í orðum forsrh. gefur þó til kynna að þau loforð hafi menn hugsað sér að efna.

Það vekur óneitanlega athygli að forsrh. hefur lítið minnst á velferðarmálin eða heilbrigðismálin í stefnuræðu sinni, mál sem þó brenna heitt á þjóðinni nú. En það sem hæstv. forsrh. lætur ósagt í stefnuræðu sinni birtist með illþyrmilegum hætti í fyrsta fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Hagvextinum sem átti að gagnast atvinnuuppbyggingu í landinu og efla velferð þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu, virðist hafa verið ráðstafað annað. Það dylst engum að við þurfum að fara vel með takmarkaða fjármuni og að fyllstu aðgæslu og aðhalds er þörf á öllum sviðum í opinberum rekstri. Því þarf að forgangsraða verkefnum og fjármunum ríkisins. Við höfum nú séð forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar. Það verður fróðlegt t.d. fyrir þolendur ofbeldisafbrota að fylgjast með því hvort Alþingi er sammála ríkisstjórninni í því að fresta gildistöku laga sem tryggja bætur til þeirra sem hafa orðið öryrkjar af völdum ofbeldis. Ætli þessu fólki finnist það réttlætanlegt að ríkisstjórnin spari 60 millj. kr. á næsta ári í bótagreiðslum til þeirra á sama tíma og varið er 150 millj. kr. til þess að gera enn eina tilraunina til þess að selja lambakjöt erlendis? Hvers konar ríkisstjórn er það sem forgangsraðar á þennan hátt?

Og enn er forgangsraðað. Sjúkrahúsin í Reykjavík eru í heljargreipum. Samdráttur í legurými á Ríkisspítölum er kominn út fyrir öryggismörk. Fjárhagsvandi spítala hefur leitt til lokana á sérhæfðum deildum sem veita læknismeðferð sem ekki er völ á annars staðar hér á landi. Þar er um að ræða einu taugalækningadeildina á landinu og einu sérhæfðu deildina til meðferðar á brunasárum. Þannig er verið að draga verulega úr gæðum heilbrigðisþjónustu, nokkuð sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

Það skilja allir að hagræðingar í heilbrigðis- og velferðarmálum er þörf, en slíkt verður að gerast af sanngirni og raunsæi. Hæstv. heilbrrh. hefur sýnt að hún hefur vilja til að skoða mál frá nýjum hliðum og okkur ber vissulega skylda til þess að skoða allar hugmyndir með opnum huga. En það skýtur óneitanlega skökku við eftir þá umræðu sem hefur farið fram um hlutverk sjúkrahúsanna í landinu að sjá að það eru engar nýjar eða frumlegar hugsanir um forgangsröðun verkefna eða í sparnaðarleiðum í fjárlagafrv. Og án þess að vilja etja saman landsbyggðinni og þéttbýlinu, þá vekur það furðu að stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu sem þjóna öllu landinu er enn á nýjan leik gert að spara stærstu upphæðirnar á meðan landsbyggðarsjúkrahúsin sleppa við stærsta skellinn. Við verðum að hlúa að sérhæfðu sjúkrahúsunum og forgangsraða verkefnum innan þeirra. Og nú er auk þess komið að því að setja börnin í forgang.

Það umhverfi sem börn og fjölskyldur þeirra þurfa í veikindum barna er hvergi til á íslenskum sjúkrahúsum. Það er brýnt hagsmunamál fyrir þjóðina að búa vel að sjúkum börnum og unglingum. Vonandi ber ríkisstjórnin gæfu til að setja velferð barna á Íslandi framar í forgangsröðun sína og hefja hið fyrsta byggingu barnaspítala. Þannig getur Sjálfstfl. staðið við fyrri loforð og skuldbindingar og Framsfl. e.t.v. búið til eitthvað af þessum 12 þúsund störfum sem hann lofaði kjósendum í vor.

Það er ljóst við lestur fjárlagafrv. að sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar felast að mestu í því að leggja meiri álögur á fólk. Það hefði verið meiri reisn yfir því að viðurkenna að kostnaðarhlutdeild sjúklinga, öryrkja og barnafjölskyldna er komin upp á hættuleg mörk og viðurkenna að í sumum tilvikum hefur verið gengið of langt í tekjutengingu og kostnaðarþátttöku fólks í útgjöldum til heilbrigðismála. Með fyrirhuguðu innritunargjaldi við innlagnir á sjúkrahús er verið að vega verulega að afkomu sjúklinga og öryrkja.

Framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hefur verið skert stórlega í ár. Þetta er alvarlegasta atlagan sem hefur verið gerð að Framkvæmdasjóði fatlaðra til þessa. Það kastar þó fyrst tólfunum þegar ríkisstjórnin ákveður að afnema tengingu trygginga og örorkubóta við vísitölu og almennar launabreytingar. Fram að þessu hefur ríkt hér sátt um að jafna kjör fatlaðra eins og nokkur kostur er. Þeir hafa hingað til átt skjól í samningum sem verkalýðshreyfingin gerir við stjórnvöld hverju sinni. Þannig hafa mannúðar- og jafnréttissjónarmiðin endurspeglast í velferðarkerfi okkar fram að þessu.

Með aðgerðum sínum er ríkisstjórnin ekki bara að skerða kjör öryrkja. Hún er að ræna þá mannlegri reisn og innleiða á ný ölmusuhugsun fortíðarinnar. Nú verður öryrkjum og ellilífeyrisþegum skammtað úr hnefa sem þurfalingum af því sem verður afgangs á fjárlögum hverju sinni. Hvar eru nú sjónarmið mannúðar og virðingar?

Virðulegi forseti og góðir áheyrendur. Við setningu Alþingis sl. vor sagði hæstv. forsrh. að það ríkti þjóðarsátt um velferðarkerfið. Sú þjóðarsátt er nú rofin. Var það þetta sem Framsóknarflokkarnir kölluðu betra Ísland? — Ég þakka áheyrnina.

[21:44]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Hæstv. forsrh. hefur nú kynnt þegnum sínum stefnu ríkisstjórnarinnar. Fátt kom á óvart í ræðu forsrh., enda hefur ríkisstjórnin vanþóknun á nýmælum. Eins og kunnugt er stendur íslenska þjóðin frammi fyrir margvíslegum vandamálum. Atvinnuleysi er landlægt, laun lág, verð á neysluvöru með því hæsta sem þekkist og afkoma fyrirtækja slök.

Því miður er ekki að heyra á máli hæstv. forsrh. að ætlunin sé að blása til sóknar. Þvert á móti skal varðveita óbreytt ástand og hlúð af alúð að sérhagsmunahópum. Ræða forsrh. er hryggilegt dæmi um skort á framtíðarsýn og djörfung á tímum þegar slíkra kosta er þörf. Til að gæta alls sannmælis verður þó að benda á að ekki eru allir meðlimir ríkisstjórnarinnar jafnilla haldnir af doða. Hæstv. menntmrh. hefur með eftirtektarverðum hætti markað brautina fram á við. Hann vill hervæða þjóðina.

Í nýafstaðinni kosningabaráttu lagði Alþfl. til að kvótakerfið í landbúnaði yrði afnumið. Undir þessar hugmyndir Alþfl. hafa málsmetandi bændur á Suðurlandi tekið, ekki til þess að gleðja hin tifandi hjörtu okkar krata heldur hitt að þeir eru búnir að gera sér grein fyrir því að landbúnaðarstefna Jónasar frá Hriflu, hugmyndafræðings núverandi stjórnarflokka, hefur fyrir löngu gengið sér til húðar. Það er hreint með ólíkindum að Sjálfstfl., hinn meinti talsmaður frjálsra viðskipta, skuli verja með oddi og egg hið miðstýrða sovétfyrirkomulag sem stjórnkerfi og landbúnaðarframleiðsla öll

óneitanlega er.

Nú nýverið var undirritaður í landbrn. samningur um breytingu á núgildandi búvörusamningi um framleiðslu sauðfjárafurða. Hann felur í sér að á næstu fimm árum muni ríkissjóður verja sem nemur 12 þúsund millj. kr. til sauðfjárræktar, samningur sem eykur útgjöld ríkissjóðs um 1.500–2.000 millj. kr. miðað við gildandi búvörusamning. Árangurinn af útgjöldum er enginn. Bændur munu áfram hjakka í sama farinu. Því er eðlilegt að aðrir framleiðendur í landbúnaði eins og kartöflubændur og garðyrkjubændur, sem áttu erfitt uppdráttar, spyrji sem svo: Munum við fá sams konar styrki?

Herra forseti. Ríkisstjórn sem hefur efni á að eyða fjármunum á þennan hátt getur ekki rökstutt frestun á gildistöku laga um greiðslu bóta til þolenda afbrota. Hvernig á lögmaður, sem ég ræddi við í gær, að útskýra fyrir fórnarlambi ofbeldisverks að útgjöld sem nema tugum ef ekki hundruðum þúsunda kr. verða ekki endurgreidd? Lögmaðurinn hafði hvatt til að lagt yrði út í kostnað í trausti þess að hann fengist endurgreiddur. Á meðan renna 12 þúsund millj. til sauðfjárræktar. Hvers konar gildismat liggur eiginlega til grundvallar þeirri forgangsröðun almannafjár, sem fylgdi því frv. til fjárlaga, þar sem m.a. er lagt til að leggja aukin gjöld á sjúklinga, afnema vísitölutengingu bótagreiðslna, miða afslátt eftirlaunaþega við 70 ár í stað 67 og mun hærri fjárhæð renni til sauðfjárframleiðslu en sem nemur framlögum til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri samanlagt. Háleit orð hæstv. forsrh. um menntun sem fjárfestingu virka heldur hjákátleg í þessu samhengi.

Það er fráleitt svo að Alþfl. vilji leggja niður landbúnað á Íslandi heldur beinist gagnrýni okkar að þeirri leið sem stjórnvöld hafa valið til að ná því markmiði að hér sé við lýði öflugur landbúnaður, landbúnaður sem framleiðir úrvalsvörur. Núverandi kerfi er bændum fjandsamlegt, neytendum og skattgreiðendum. Það er kerfið sem menn vilja leggja niður.

Herra forseti. Upplýsingaöld er gengin í garð. Nútímatækni í boðskiptum og upplýsingamiðlun mun á komandi árum hafa gríðarleg áhrif á þróun atvinnuveganna hér á landi, jafnvel svo mikil að jafna megi við nýja iðnbyltingu. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld, ætli þau að tryggja áframhaldandi velferð og hagsæld þegnanna, móti stefnu í þessu mikilvæga máli. Vöxtur og framgangur atvinnuveganna mun á næstu árum taka í veigamiklum atriðum mið af því hvernig til tekst í þessu efni. Við hljótum því að fara að fordæmi annarra þjóða og undirbúa þjóðina undir þessar breytingar. Upplýsingasamfélagið er staðreynd. Það mun verða rauði þráðurinn í atvinnustefnu framtíðarinnar. Sem dæmi um breytingar sem hafa átt sér stað má nefna að mörg evrópsk fyrirtæki eru farin að láta færa sitt daglega bókhald hjá fyrirtækjum í Asíu. Fjarlægðir eru ekki lengur vandamál. Í því liggja möguleikar okkar. Á þessa byltingu minnist forsrh. ekki. Óvíst er að hún hafi komist á dagskrá frekar en önnur framfaramál.

Herra forseti. Eins og við mátti búast eyddi hæstv. forsrh. litlum tíma í að fjalla um utanríkismál enda hefur hann illan bifur á útlendum hugmyndum. Ekki er minnst einu orði á ríkjaráðstefnu ESB, sem er á næsta leiti en niðurstöður hennar geta skipt okkur talsverðu máli. Það þarf þó ekki að koma á óvart.

Á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva nú nýverið var þeirri spurningu velt upp í ljósi þeirra styrkja, sem Evrópusambandið og Norðmenn veita sjávarútvegsfyrirtækjum sínum, hvort sú stund gæti runnið upp að íslenskur sjávarútvegur verði ekki lengur samkeppnisfær við sjávarútveg þessara þjóða. Spurningunni var ekki svarað þar og verður ekki svarað hér. En á það var bent að nauðsynlegt sé að ræða þessa hluti því að sú staða gæti komið upp að við hefðum ekki nema um tvennt að velja: annaðhvort að styrkja íslenskan sjávarútveg með fjárframlögum eða að ganga í Evrópusambandið. Þó ekki væri nema í þessu ljósi tel ég nauðsynlegt að Íslendingar ræði Evrópusambandið og að hinn pólitíski fundarstjóri, hæstv. forsrh., setji málið á dagskrá.

Góðir landsmenn. Það er ljóst eftir að hafa hlustað á stefnuræðu forsrh. að ábyrgð stjórnarandstöðunnar er mikil. Hennar mun bíða að vinna það þrekvirki að draga núv. ríkisstjórn upp úr hjólförum stöðnunar og afturhalds. Í það verk munum við alþýðuflokksmenn einhenda okkur. — Góðar stundir.

[21:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin setti fram í stjórnarsáttmála helstu markmið sem stjórnarflokkarnir voru sammála um að ættu að hafa forgang á þessu kjörtímabili. Hæstv. forsrh. hefur sett fram fyrir okkar hönd á greinargóðan hátt hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir. Verkefnalisti ráðuneyta verður gefinn út innan skamms og í gær var lagt fram fjárlagafrv. sem markar tímamót í íslenskum stjórnmálum. Stefnuræðan, verkefnalistinn og fjárlagafrv. bera stefnumálum og framtíðarsýn þeirra flokka, sem að ríkisstjórninni standa, ljóst vitni. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að tryggja framtíð velferðarkerfisins, eflingu menntunar, baráttuna gegn atvinnuleysi ásamt því að létta skuldabyrði heimilanna.

Átak í þessum málum á sér sameiginlegan upphafspunkt, hallalaus fjárlög. Allar aðgerðir ríkisvaldsins eru bæði marklitlar og máttlausar nema hinn fjárhagslegi grunnur sé traustur. Hlutverk stjórnvalda er að sjá til þess að einstaklingum og atvinnulífi séu búin skilyrði til vaxtar og þroska án þess að gengið sé á möguleika komandi kynslóða til velsældar í landinu. Stefnu ríkisstjórnarinnar sem endurspeglast í fjárlagafrv. verður best lýst með því að þar er gengið eins langt og hægt er í þjónustu við þegnana á sama tíma og fullt tillit er tekið til framtíðarhagsmuna. Ríkisstjórnin ætlar sér að ná tökum á ríkisfjármálunum og eyða fjárlagahallanum.

Jöfnuður á ríkissjóði mun leiða til lækkunar raunvaxta og aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu. Þessi fjárfesting er forsenda hagvaxtar og aukinnar atvinnu. Aukinn hagvöxtur og aukin atvinna er forsenda bættrar afkomu heimilanna á komandi árum. Áframhaldandi halli á ríkissjóði leiðir til hærri raunvaxta og mikils samdráttar í fjárfestingum atvinnulífsins. Hagvöxtur minnkar þá og atvinnuleysi eykst. Aukin skuldasöfnun ríkissjóðs leiðir þjóðina inn í vítahring sem erfitt eða ómögulegt verður að brjótast út úr. Komandi kynslóðir þyrftu þá að horfast í augu við vaxandi atvinnuleysi og minnkandi tekjur.

Herra forseti. Sú dökka mynd sem blasir við ef ríkisstjórnin grípur ekki til aðgerða er að halli ríkissjóðs yrði 11 milljarðar 1996 og 16 milljarðar árið 1999. Skuldir ríkisins ykjust um um það bil 70 milljarða á kjörtímabilinu og vaxtagjöldin ein yrðu 18 milljarðar á síðasta ári kjörtímabilsins. Afleiðingar alls þessa yrðu hrikalegar fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Raunvextir rjúka upp og hrun yrði í fjárfestingum atvinnulífsins, hagvöxtur lítill sem enginn, tekjur minnka og atvinnuleysi gæti aukist til muna. Vonandi vill

enginn bera ábyrgð á slíkri stefnu. Vaxandi atvinnuleysi og tekjumissirinn, sem af því leiðir, orsakar fjöldagjaldþrot og skuldabaggar komandi kynslóða yrðu óbærilegir.

Velferðarkerfið endurspeglar réttlætiskennd þjóðarinnar og þessi sama réttlætiskennd krefst þess að samneyslan í dag verði ekki greidd af börnum okkar á morgun. Aðhald og ábyrgð í ríkisrekstri hafa óhjákvæmilega í för með sér að fjárveitingar til ýmissa mála verða minni en margir hefðu viljað. Þegar skorið er niður rísa upp þrýstihópar um ýmis nauðsynjamál og reyna að tryggja aukinn hlut til þeirra mála sem þeir bera fyrir brjósti. Ef undan verður látið verða göfug markmið að engu og hrunadansinn hefst á ný.

Sá hópur sem ekki heyrist í en á mesta kröfu og réttmætasta eru kynslóðirnir sem erfa eiga landið. Framtíðin á sér fáa málsvara. En nú hvílir sú skylda á stjórnmálamönnum og öðrum sem hafa forræði yfir fjármálum ríkisins og auðlindum þjóðarinnar að gæta betur að sér í ákvörðunum sem nú þarf að taka en varða langa framtíð. Við verðum að taka sameiginlega ábyrgð á framtíðinni.

Herra forseti. Það er rétt að Framsfl. sagði í kosningabaráttunni að það þyrfti að skapa 12.000 störf fyrir aldamót enda er atvinnuleysið ósamrýmanlegt hugmyndum okkar um félagslegt réttlæti. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar verða til þess einar og sér að 9.200 ný störf verða til á almennum vinnumarkaði til aldamóta samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar. Sérstakar aðgerðir og erlend fjárfesting geta skilað einhverjum þúsundum starfa til viðbótar svo að það er líklegt að hægt verði að ná þessu markmiði ef vel og skipulega er unnið. Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa greinilega enga trú á því að þetta geti gerst og hvetja fólk hér nánast til þess að flytja úr landi, tala um skjaldbökuríkisstjórn. Það er svo skrýtið með skjaldbökuna að hún mun víst geta lifað í ein 200 ár. Það getur ríkisstjórnin ekki. En ég ætla að vona að sú stefna ríki í 200 ár að afstaða gagnvart framtíðinni sé ábyrg og menn hrúgi ekki upp skuldum hvað sem því svo líður að kratar komist í boðað stríð og geti breytt þorski í síld.

Nýr búvörusamningur milli bænda og ríkisstjórnar kemur í veg fyrir hrun byggðarinnar í sveitum landsins sem hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar á alla þjóðfélagsgerðina. Á sama tíma og dregið er úr útgjöldum ríkisins er bændum hjálpað til sjálfsbjargar og þeim gert kleift að framleiða landbúnaðarvörur á hagkvæmari hátt sem tryggir neytendum lægra verð og hvetur til útflutnings. Ríkisstjórnin leggur áherslu á veg hagnýtrar menntunar og rannsókna. Kennslustundum verði fjölgað og skólastarf bætt enda er menntun undirstaða allra framfara. Með traustri menntun í landinu tökum við ábyrga afstöðu gagnvart framtíðinni.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar leiða til aukins kaupmáttar og lægri vaxta sem verður til mikilla hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Sérstakar ráðstafanir fyrir fjölskyldur í greiðsluerfiðleikum eru í burðarliðnum eins og Framsfl. lagði áherslu á í kosningabaráttunni, það er rétt og hefur verið rifjað hér upp, og sett var fram í stjórnarsáttmála. Þannig hefur Framsfl. í mjög góðu samkomulagi við hinn stjórnarflokkinn lagt drögin að efndum á þeim atriðum sem bar hæst í kosningabaráttunni, bæði af hálfu Sjálfstfl. og Framsfl.

Herra forseti. Öflug viðskipti Íslands við umheiminn hafa verið ein af meginforsendum velferðar í landinu. Alþjóðasamningar sem við erum aðilar að gefa okkur öll þau sóknarfæri sem við þurfum til að tryggja framhald góðrar lífsafkomu. Sívaxandi alþjóðleg samkeppni leggur mikla ábyrgð á herðar íslensku atvinnulífi, bæði hvað varðar aukna verðmætasköpun og markaðsstarf. Árangur í því starfi skilar sér fljótt í meiri hagvexti og minna atvinnuleysi. Það er sameiginlegt verkefni allra þeira sem starfa að því að tryggja hagsmuni Íslands á erlendum vettvangi að hafa eflingu íslensks atvinnulífs að leiðarljósi og þar með að leggja sitt af mörkum til atvinnuskapandi starfsemi. Það er sá boðskapur sem ég flutti ræðismönnum Íslands á fjölmennri ráðstefnu sem nú stendur yfir hér á landi. Þar verður einnig að koma til virkara samstarf ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja sem að þessum málum koma. Verið er að efla og samhæfa markaðsstarfsemi utanrrn., Útflutningsráðs, Ferðamálaráðs og markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Sérstök áhersla verður lögð á að auka þjónustu og tengsl utanrrn. við útflutningsfyrirtækin og beita utanríkisþjónustunni meira á þeim vettvangi.

Í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands til Kína var í utanrrn. undirbúin vandleg dagskrá fyrir íslenskt viðskiptalíf. Það er mál manna að vel hafi tekist til. Svipuð tækifæri verða notuð í framtíðinni á sama hátt. Það er mikil ástæða til að þakka forseta Íslands fyrir frábæra frammistöðu og góðan málflutning í þessu tilviki sem og öðrum á erlendum vettvangi.

Það er ljóst að auðlindir þær sem við byggjum helst afkomu okkar á eru takmarkaðar. Varðveisla þeirra verður að mótast af framsýni og skynsemi. Liður í því er að gæta réttmætra hagsmuna Íslands við veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum. Framtíðarlausn í þeim málum verður einungis fengin með samningum og að því er nú unnið af fullri festu. Úthafsveiðisamningurinn mun þar koma að góðum notum. Þetta er flókið mál sem þarf að taka á af gætni. Við verðum að nýta okkur alla möguleika sem við höfum á alþjóðavettvangi til að tryggja hagsmuni okkar bæði hvað varðar utanríkishagsmuni, viðskipti og öryggismál, enda þessir málaflokkar samofnir. Við eigum margvíslega möguleika og það er engin ástæða til að óttast einangrun.

Mikill órói hefur að undanförnu verið í þjóðfélaginu vegna launahækkana til alþingismanna. Ýmislegt í máli þessu hefur verið heldur klaufalegt en vonandi tekst að finna þá lausn á málum sem er í samræmi við réttlætiskennd okkar sjálfra og þjóðarinnar. Hitt er annað mál að ýmsar spurningar hafa vaknað sem kalla á svör. Stjórnendur fyrirtækja, flestir verkalýðsforingjar, alþingismenn, ráðherrar og fjölmargir aðrir aðilar hafa margföld laun á við þá sem lakast eru settir, það er staðreynd. En hverju er um að kenna að ekki hefur tekist að gera lægstu launin mannsæmandi? Hvernig stendur á því að launamunur er svo mikill sem raun ber vitni? Er það Alþingi að kenna? Hefur verkalýðshreyfingin e.t.v. brugðist? Vilja atvinnurekendur hafa þetta svona? Auðvitað bera allir mikla ábyrgð. En málið er miklu flóknara en margir vilja vera láta. Ég tel að stjórnmálamenn, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur eigi að setjast niður að ráða ráðum sínum. Ekki til að semja um krónur eða prósentur, heldur til að reyna að finna siðferðilegan grunn sem kjarasamningar framtíðarinnar gætu byggt á. Er t.d. hægt í samfélagi frjálsra samninga að setja einhverjar þær leikreglur sem tryggja aukið réttlæti í launamálum? Geta allir aðilar máls fallist á að einungis verði um fastar krónutöluhækkanir að ræða næstu árin? Það verður erfitt að finna réttu svörin. Það verður meira að segja erfitt að finna réttu spurningarnar en tilraun þarf að gera.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Framsóknarflokkurinn telur að þessi ríkisstjórn sé á réttri leið og í ríkisfjármálum eru raunar ekki aðrar leiðir færar. Við tökum því fulla ábyrgð

á þeirri stefnu sem hér hefur verið kynnt og teljum að með því höfum við framtíðina að leiðarljósi.

[22:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Oft er talað um að ný ríkisstjórn eigi sér sína hveitibrauðsdaga. Hveitibrauðsdagar þessarar ríkisstjórnar sem nú leggur fram sitt fyrsta fjárlagafrv. voru fáir. Sá raunveruleiki sem við blasir gerði það að verkum að strax þurfti að hefjast handa við bústörfin til að forða alvarlegum uppskerubresti. Það sem við mér blasti í heilbr.- og trmrn. var að fjárlög ráðuneytisins voru byggð á sandi og í málaflokkinn vantaði einn milljarð til að endar næðu saman. Þessi blákalda staðreynd kallaði á skjót viðbrögð, viðbrögð sem koma víða niður og eru engan veginn sársaukalaus. Ég hef lagt til að áður boðuðum nýframkvæmdum verði frestað því það er ekki skynsamlegt að byggja ný hús þegar ekki er fé til að reka þá starfsemi sem fyrir er. Sífelldar sumarlokanir deilda koma þungt niður á sjúklingum og lengja biðlista eftir mikilvægum aðgerðum. Þrátt fyrir að þrem milljörðum meira sé áætlað á fjárlögum fyrir árið 1996 en áætlað var fyrir árið 1995 gefur það ekki svigrúm til nýrra framkvæmda þar sem laun hafa hækkað umtalsvert innan málaflokksins. Um heilbrigðis- og tryggingamál hefur lítill friður ríkt af margvíslegum ástæðum. Hér er mikið verk að vinna og ég tel allra mikilvægast að ná sem viðtækastri sátt.

Í upphafi kjörtímabilsins var hörð rimma milli stétta innan heilbrigðisþjónustunnar og þau átök beindust mjög að heilbrrn. Við höfum náð starfsfriði með samningum og samráði við viðkomandi aðila og það er vel. Lyfjaverð hefur lækkað tvo sl. mánuði, bæði hlutur ríkisins, en ekki síður hlutur sjúklinga. Þetta er samvinnuverkefni lækna, lyfsala og ráðuneytis sem tekist hefur vel. Ýmsar aðgerðir sem boðaðar eru með fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar vekja ekki sérstaka hrifningu. En miklar væntingar eru innan heilbrigðisþjónustunnar sem lýsa sér best í því að fyrstu vikur mínar í embætti fékk ég nýjar beiðnir um þjónustu og framkvæmdir upp á 32 nýja milljarða.

Í þeim aðgerðum sem boðaðar eru í fjárlagafrv. er reynt eftir megni að komast hjá að þær bitni á sjúklingum og þjónustu í heilbrigðiskerfinu.

Gert er ráð fyrir að auka enn samvinnu milli sjúkrahúsa, sérstaklega á Stór-Reykjavíkursvæðinu og auka þannig hagkvæmni. Einnig eru tillögur um að auka samvinnu sjúkrastofnana á landsbyggðinni með einni yfirstjórn í hverju kjördæmi. Sú breyting getur átt sér stað um áramótin 1997 og er þegar hafinn undirbúningur að þeirri vinnu.

Á næstu dögum mun ég kynna áætlun varðandi forvarnir, reglugerð um forvarnasjóð var samþykkt í ríkisstjórn í morgun en um 25–30 millj. verður ráðstafað til sérstakra átaksverkefna. Í heild yrði því varið 50 millj. kr. til áfengis- og vímuefnavarna. Ég tel það mikilvægt því auk þess að forða fjölskyldum og heimilum frá mikilli ógæfu eykur fátt hagvöxt okkar meira en ef okkur tekst að sporna gegn þeirri vá sem áfengis- og vímuefnavandinn er.

Aðrir mikilvægir forvarnaþættir verða teknir föstum tökum. Ég vil sérstaklega nefna mikilvægi þess að auka fjármagn til rannsókna á giktsjúkdómum en afleiðingar þess sjúkdóms kosta samfélagið um átta milljarða króna árlega. Þá verður átak gert til að kynna skaðsemi reykinga og aðstoða fólk sem vill hætta að reykja.

Undanfarið hefur verið mikil umræða um nauðsyn þess að forgangsraða innan heilbrigðisþjónustunnar með markvissum hætti. Ég hef ákveðið að verða við sameiginlegri áskorun læknaráðs Landspítala og Borgarspítala og setja af stað vinnu við að skoða leiðir til markvissrar forgangsröðunar sem sátt geti náðst um í þjóðfélaginu. Einnig er að hefjast vinna við forgangsröðun framkvæmda innan þess málaflokks, enda er ljóst að við erum a.m.k. á sumum sviðum búin að fjárfesta of mikið. Ég stefni að því að leggja framkvæmdaáætlun fyrir Alþingi næsta haust.

Ég hef hér á undan eingöngu rakið þá þætti er varða heilbrigðis- og tryggingamál, en þau taka til sín um 40% af fjárlögum íslenska ríkisins.

Vert er að minna á að þriðji stærsti útgjaldaliður ríkisins á eftir heilbrigðis-, trygginga- og menntamálum er vaxtakostnaður. En það eru 12% fjárlaga, 14 milljarðar kr., sem fara í vaxtagreiðslur. Því er til mikils að vinna að ná niður þeim kostnaði og það kæmi sér vel að eiga þá peninga til frekari þjónustu í heilbrigðismálum. Velferðarkerfið verður ekki rekið með lánum til framtíðar.

Ég geri mér vel grein fyrir því að í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er margt sem auðvelt er að gagnrýna. Aðalatriðið er að í þessu fjárlagafrv. er ekki ætlunin að íþyngja sjúklingum með nýjum gjöldum á heilsugæslu eða sérfræðiþjónustu heldur verður jafnaður sá munur sem er í dag hjá sjúklingum sem greiða háar upphæðir fyrir sína læknisþjónustu og þeirra sem ekkert greiða. Við munum tryggja að enginn þurfi að hugsa sig um tvisvar til að fá nauðsynlega læknishjálp vegna fjárskorts.

Virðulegi forseti. Ég minntist á hveitibrauðsdaga hér í upphafi. Sá sem tekur lán fyrir hveitibrauðsdögum á ekki mikið öryggi í framtíðinni. Það er staðföst trú mín að með því að koma fjármálum ríkisins á traustan grunn munum við tryggja velferð til framtíðar.

[22:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það mun vera svo að Davíð Oddsson forsrh., hafi hér flutt okkur fyrr í kvöld sína sjöundu stefnuræðu á rúmum fjórum árum. Þetta voru tvær ræður árið 1991, síðan ein hvert árið 1992, 1993 og 1994 og nú aftur tvær á þessu ári. Þetta er mikið af stefnuræðum og væntanlega mikið af stefnum.

Af þessu merka tilefni varð ég mér úti um þetta hugverkasafn og er með það hér. Það væri of mikið að segja að ég hafi lesið það mér til gamans en ég lagði það á mig og það var merkilegt fyrir margra hluta sakir, m.a. vegna þess að í gegnum þessar stefnuræður birtist ákveðið ferli, ákveðinn hringur. Þannig er, eins og menn muna, að á árunum 1991, 1992 og að miklu leyti árið 1993 sá hæstv. forsrh. Davíð Oddsson ekki annað en svart. Stefnuræðurnar fjalla að mestu leyti um fortíðarvanda, um sjóðasukk og um Framsóknarflokkinn. Hvað hann sé og hafi verið lengi spilltur og slæmur flokkur. En svo ber svo til í ræðunni 1994 að það birtir skyndilega upp og hæstv. forsrh., sem ekkert hafði séð nema myrkur í mörg ár, sér allt í einu við sjóndeildarhringinn bjarta rönd og hún gengur upp yfir himininn og hæstv. forsrh. talar um efnahagsbata og góðæri í hvers manns ranni. Svo langt var gegnið að í ræðunni um haustið 1994 segir á bls. 4 ef ég man rétt, að nú sé svo komið að öll þjóðin skynji efnahagsbatann nema stjórnarandstaðan. „Öll þjóðin skynjar efnahagsbatann," sagði hæstv. forsrh. haustið 1994. En þá var orðið stutt í kosningar eins og einhverjir muna. Síðan koma tvær ræður í ár. Í vor og aftur nú. Og þá er

svo merkilegt að það er aftur farið að draga úr þessu. Nú er efnahagsbatinn orðinn brothættur. Nú verður hagvöxturinn því miður minni á næsta ári en áður var ætlað. Og nú er atvinnuleysið, sem mikið var talað um að væri á niðurleið fyrir kosningar, því miður vaxandi. Það er að vísu ekki talað mikið um fortíðarvanda enda er forsrh. nú orðið málið skylt. Og það er af einhverjum ástæðum, mér óskiljanlegum, ekkert talað illa um Framsóknarflokkinn í þessum ræðum en að öðru leyti er það alveg ljóst að það er byrjaður nýr hringur hjá hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni. Fingurnir hafa aftur færst upp af hvítu nótunum upp á þær svörtu. Þannig er nú það.

En hvar er svo stefnan í þessari stefnuræðu? Hvar eru úrræðin gagnvart helstu vandamálum líðandi stundar? Hvar er leiðsögn þjóðarinnar í baráttunni við atvinnuleysið? Hún er ekki í stefnuræðunni. Hvar er stefnan varðandi bág lífskjör og vanda heimilanna sem Framsóknarflokkurinn taldi að væri hrunin fyrir kosningar? Ekki orð um það hér í stefnuræðunni. Hvar er til að mynda leiðsögnin í efnahagsmálum varðandi okurvextina? Ekkert um það í stefnuræðunni. Enda er þessi stefnuræða meira og minna innantómt blaður. Það er ekkert slíkt í henni. Og gott dæmi um það er hvernig hæstv. forsrh. afgreiðir þá umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu undanfarið um bág lífskjör og yfirvofandi landflótta. Lítum aðeins á það. Á bls. 4 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðfélagsumræðan á Íslandi virðist gjarnan vera sveiflukenndari en víðast hvar annars staðar, a.m.k. í nálægum löndum." — Það er nú ekki fullyrt að þetta sé sveiflukenndara heldur en kannski einhvers staðar fjær okkur. — „Stundum er eins og svartnætti grípi þjóðina fyrirvaralítið og þá ekki síst fjölmiðla og dökkna þá flestir litir litrófsins undraskjótt. Það vakti athygli margra er einstakir fjölmiðlar, jafnvel þeir sem vilja láta taka sig alvarlega" — jafnvel þeir. Skyldi það vera Morgunblaðið sem vill láta taka sig alvarlega? — „byrjuðu skyndilega að hamra á því að lífskjör Íslendinga væru mjög bágborin í samanburði við aðrar þjóðir og landflótti væri geigvænlegur."

Morgunblaðið svarar hæstv. forsrh. í dag með frétt um að brottfluttum fjölgi jafnt og þétt og hafi aldrei verið fleiri mánuð eftir mánuð núna síðsumars og í haust. Hátt á þriðja hundrað manns umfram þá sem flytja til landsins fara úr landi á mánuði hverjum. Það er svar Morgunblaðsins. Og með svipuðum hætti afgreiðir hæstv. forsrh. samanburð á lífskjörum hér og í öðrum löndum. Nöldur í fjölmiðlum. Hvað eru fjölmiðlar líka að fjalla um fréttir sem koma sér illa fyrir ríkisstjórnina? Jafnvel ábyrgir fjölmiðlar sem vilja láta taka sig alvarlega. Er þá þessi stefna í stjórnarsáttmálanum? Eru úrræðin þar? Eru efndirnar þar? Nei. Að vísu er gefið mjög snöfurmannlegt loforð á fyrstu blaðsíðu stjórnarsáttmálans. Það er svohljóðandi: Með aðgerðum sínum á kjörtímabilinu hyggst ríkisstjórnin gera landsmönnum kleift að ganga bjartsýnir og með reisn inn í 21. öldina. Þetta er myndarlegt loforð. Að vísu er ekkert sagt hvernig á að standa við það. Manni dettur í hug að þarna hafi Framsóknarflokkurinn loksins náð að koma marki sínu á stjórnarsáttmálann og þetta hafi hrotið niður á blaðið áður en kosningaloforðaæðið var runnið af Framsóknarflokknum í vor. Loforðið um að landsmenn geti gengið uppréttir inn í 21. öldina er eina loforðið sem eitthvað munar um í þessu plaggi og eiginlega það eina bitastæða.

Herra forseti. Hvar er Framsóknarflokkurinn? Ég lýsi eftir Framsóknarflokknum. Hann fór að heiman frá sér daginn eftir stjórnarmyndun klæddur í gráan selskinnsjakka og hefur ekki sést síðan. Hvar eru efndirnar á kosningaloforðum Framsóknarflokksins? Hvar eru hrikalegustu, myndarlegustu, stórtækustu kosningaloforðin sem gefin hafa verið, sennilega á öldinni? Við þekkjum þetta, góðir þingmenn, en það sakar ekki að minna á hvernig þetta var. Brýnustu verkefni stjórnmálanna fram til aldamóta, atvinna fyrir alla, og hvað var sagt? Það var sagt: Við munum. Þar eru engir fyrirvarar. Við munum skapa 12.000 ný störf. Er það upphafið að efndunum, hæstv. utanríkisráðherra, að fækka þeim með niðurskurði á fjárlögum um 1.000? Á að fjölga störfunum með því að byrja á því að fækka þeim? Það er út af fyrir sig hugmyndafræði. Hvað var sagt um húsnæðismálin? Hvar eru efndir framsóknarmanna á húsnæðismálunum? Endurreisn heimilanna, það var hvorki meira né minna sem Framsókn lofaði. Við munum, var sagt fyrir kosningar, setja lög um greiðsluaðlögun, við munum grípa til víðtækra skuldbreytinga sem fela í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt, og takið nú eftir, skuld sé lækkuð eða fryst. Framsóknarflokkurinn gaf fólkinu í landinu jafnvel fyrirheit um niðurfellingu skulda í húsnæðiskerfinu. Hvar eru efndirnar? Hefur einhver fengið lánin sín lækkuð nýlega? Ég bið þá að gefa sig fram við mig á skrifstofu minni eða hringja í mig næstu daga.

Herra forseti. Það er ekki svo mikið sem fyrirheit um efndir í stefnuræðu forsrh., í stjórnarsáttmálanum eða fjárlögunum. Það eina sem hæstv. félmrh., Páli Pétursyni hefur dottið í hug, hvort sem það snjallræði kom yfir hann í göngum á Auðkúluheiði eða annars staðar er að lengja í húsbréfalánunum hennar Jóhönnu. Lengja í hengingarólinni. Það er það sem er á döfinni fyrir utan það að einhverjir nýir þingmenn hjá Framsókn hafa verið settir í nefndir. Það breytir ekki stöðu fólks varðandi vanskil á húsnæðislánum þó ágætir þingmenn fari í nefndir. (**Gripið fram í:** Þeir hafa þá komið fram.)

Nei, herra forseti, að svo miklu leyti sem um stefnu er að ræða er hún hér í fjárlagaframvarpinu. Þetta eru samdráttar-, niðurskurðar- og afturhaldsfjárlög. Þetta eru heftbundin kyrrstöðuafturhaldsfjárlög helmingaskiptaríkisstjórnar. Ef það er eitthvað sem þessi ríkisstjórn er um þá er hún um óbreytt ástand á Íslandi. Þá er hún um stöðnun, uppgjöf gagnvart atvinnuleysinu og þeim erfiðleikum sem hér hefur verið við að glíma. Það vottar ekki fyrir framsækinni stefnumótun, tillögugerð eða fjárveitingum í nokkru tilliti sem eru til þess fallin að taka á vandamálum íslensku þjóðarinnar. Kveðjurnar sem ýmsir fá í þessu frumvarpi eru líka athyglisverðar eins og aldraðir, öryrkjar og atvinnulausir sem hafa um langt árabil búið við þá tryggingu að bætur þeirra eða lífeyrir fylgja launaþróun í landinu. Nú boðar hæstv. forsrh. að einhver von sé um að kaupmáttur aukist, laun hækki. Hvað er þá gert? Þá á að taka þessa tryggingu úr sambandi og skerða þennan lífeyri. Þar hefur ríkisstjórnin fundið hóp sem hún getur þjarmað að. Ég, herra forseti, hvet til víðtækrar samstöðu í þjóðfélaginu gegn þessari ríkisstjórn. Róttæk stjórnmálaöfl, verkalýðshreyfingin, samtök aldraðra, samtök öryrkja og önnur félagsmálasamtök, sem bera hag almennings fyrir brjósti, eiga að berjast gegn þessari stefnu. Við eigum að sýna ríkisstjórninni að við viljum ekki að fólk þurfi að kaupa sig inn á sjúkrahúsin. Það er ekki stefna sem við viljum hafa á Íslandi. Við sættum okkur ekki við uppgjöf gegn atvinnuleysinu, bág lífskjör og landsflótta. Það sem þarf að koma til er uppbyggingarstefnan, er sóknarstefnan og það þarf að telja kjark í fólkið í landinu til þess að takast á við þessi vandamál en spila ekki á svörtu nóturnar eins og

hæstv. forsrh. vill nú gera. Fyrir þessu mun Alþb. berjast af fullum krafti á næstu mánuðum og ég skora á ykkur sem flest að ganga í lið með okkur. Ísland er ríkt land og Ísland er gott land. Við höfum alla möguleika á því að halda áfram að byggja upp og þróa það velmegunar- og velferðarsamfélag sem við viljum sjá hér í landinu. Herra forseti, það er að mínu mati aðeins spurning um tíma hvenær skapast á nýjan leik pólitískar forsendur til þess á Íslandi að halda slíku starfi áfram.

[22:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við höfum fengið að heyra stefnu ríkisstjórnarinnar hér í kvöld. Ræða hæstv. forsrh. var tiltölulega hugljúf og margt í henni sem hægt er að taka undir. Hún var vel flutt, fas hæstv. forsrh. og viðmót orðið nokkuð agað, jafnvel hlýlegt á köflum. En ræðan sjálf var hins vegar ekki merkileg og sagði svo sem ekki mikið um stefnu ríkisstjórnarinnar. Í henni voru engin markverð nýmæli og lítil framtíðarsýn. Satt að segja lýsti hún metnaðarlausri ríkisstjórn sem virðist hafa stöðnun að leiðarljósi. En það var vissulega gott að heyra forsrh. enn og aftur boða að stefnt sé að hallalausum fjárlögum. Um það markmið geta allir verið sammála. En við skulum minnast þess að þetta er fimmta árið í röð sem sami hæstv. forsrh. boðar að ríkissjóður verði rekinn hallalaus innan tíðar. Lái mér hver sem vill fyrir að taka hæfilega mikið mark á boðskap forsrh. Þrátt fyrir slæma reynslu verður hann samt sjálfur borubrattari með hverju árinu sem líður, með hverri nýrri stefnuræðunni sem flutt er. En sagði hann ekki hér áðan orðrétt, með leyfi forseta: „Á næsta ári munu heildarútgjöld ríkissjóðs lækka nokkuð að raungildi og hlutfall útgjalda af landsframleiðslunni mun lækka umtalsvert og ekki hafa verið lægra í átta ár. Þetta er mikill árangur." Þetta er mikill árangur, sagði hæstv. forsrh. rétt eins og tölurnar í frumvarpi til fjárlaga væru niðurstöðutölur úr ríkisreikningi. Mér þykir rétt að minna hann á að ekki er um neinn árangur að ræða enn þá nema ef vera skyldi það þrekvirki að hafa sett þessa áætlun á blað og boða hana hér. Hingað til hafa áform hæstv. forsrh. í ríkisfjármálum brugðist og þess vegna finnst mér hann fullfljótur á sér að fullyrða að árangur hafi nú þegar náðst. En eins og ég sagði var fátt bitastætt í ræðunni og lítið um nýmæli eða ferska hugsun enda líklega til of mikils mælst að búast við frískleika af þessari hæstv. ríkisstjórn.

Enn einu sinni eru málefni orkufreks iðnaðar á dagskrá. Og einu sinni enn er sagt að vaxtarbroddur í atvinnulífinu felist í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum. Þangað sé flest ný störf að sækja og mesta verðmætasköpun. Undir þessi orð er hægt að taka og vonandi reynast þau sannari nú en oft áður. Það hefur áður verið stefna stjórnvalda og þar með síðustu ríkisstjórnar sem hæstv. forsrh. leiddi einnig að auka veg lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ekki síst í fiskvinnslu. Nýir markaðir hefðu opnast og möguleikar okkar til að nýta þá áttu að aukast. Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda hafa möguleikar til að koma slíkum rekstri á fót ekki aukist. Aðgangur er t.d. mjög takmarkaður að áhættufjármagni. Sá sem ætlar í nýjan atvinnurekstur verður að eiga veð í steinsteypu, eiga kvóta eða ríka ættingja sem geta lánað til þess að fá þá fyrirgreiðslu sem að þarf til að koma rekstrinum af stað. Í þessum efnum hafa ríkisbankarnir ekki fylgt yfirlýstri stefnu stjórnvalda. Ég hef reyndar verið hugsi yfir því hvert markmiðið er með því að reka tvær bankastofnanir með sérstökum stuðningi ríkisins ef þær eru á engan hátt bundnar af því að styðja stefnu stjórnvalda. Velta má fyrir sér hvort ekki verði réttara að reka hér aðeins einn öflugan ríkisbanka sem fylgir stefnu stjórnvalda hverju sinni og að ríkið einbeiti sér frekar að nýsköpun í atvinnulífinu, t.d. með því að stofna öflugan áhættulánasjóð atvinnulífsins sem verulega er þörf fyrir ef takast á að endurreisa atvinnulífið og útrýma því mikla atvinnuleysi sem við búum við. Því miður er ekkert í stefnu ríkisstjórnarinnar sem bendir til þess að á atvinnuleysinu verði tekið, þvert á móti. Eflaust eru margir þeirra sem nú eru án vinnu og jafnvel á leið úr landi að hugsa til þess að ákveðinn og metnaðarfullur Framsóknarflokkur talaði fyrir kosningar um 12.000 störf og boðaði stefnu þar sem fólk væri í fyrirrúmi. En þessi sami flokkur er nú metnaðarlaus og bíður upp á sömu gömlu úrlausnirnar sem þýða í raun að þeir sem minnst hafa verða að bera meira. Hæstv. forsrh. sagði reyndar að það þyrfti ekki að fara mörgum orðum um þetta landflóttatal. Landflóttinn væri að stærstum hluta tilbúningur fjölmiðla. Því til staðfestingar sagði hann orðrétt, með leyfi forseta, að óyggjandi tölur liggi fyrir um það atriði og sýna þær að oft áður hafa fleiri flutt af landi brott umfram þá sem hingað flytja en gerst hefur upp á síðkastið. Því fer ekki á milli mála að meintur landflótti er ýktur stórlega, sagði hæstv. forsrh. Þetta er merkileg fullyrðing og fróðleg. Ég hvet hæstv. forsrh. að skoða tölur sínar vel því að þær ættu að hringja varúðarbjöllum í huga hans. Það er rétt að landflóttinn hefur verið svipaður þrisvar áður. Fyrst árin 1969 og 1970 á síðustu árum viðreisnarstjórnar sem Sjálfstæðisflokkurinn fór fyrir, næst árin 1976 og 1977 þegar að hér ríkti stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar undir forustu Sjálfstæðisflokksins og loks árið 1989 eftir að samstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknar- og Alþýðuflokks hafði sett atvinnulífið í rúst og hrökklast frá. Þetta er afrekalistinn sem hæstv. forsrh. minnti á og ætti að vera honum til varnaðar í stað afsökunar. Ég get ekki betur séð en að á bresti landflótti þegar að Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með forustu í ríkisstjórn í einhvern tíma. Varla er það afleiðing af góðri stjórn efnahagsmála.

Virðulegi forseti. Það sem mér fannst merkilegast í ræðu hæstv. forsrh. áðan var það sem hann sagði ekki. Tóku menn t.d. eftir því að hann nefndi varla á nafn verkefni tveggja ráðuneyta sem fara þó með tvo mjög stóra og mikilvæga málaflokka, þ.e. heilbr.- og félmrn. Það var ekkert um úrlausnir í húsnæðismálum, ekkert um skuldastöðu heimilanna, ekkert um jafnréttismál, ekkert um málefni fatlaðra, aldraða eða öryrkja, ekki orð um stefnuna í heilbrigðismálum eða um almannatryggingakerfið. Vissulega kom ein setning um það markmið að bæta lífskjör allra heimila í landinu, að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi aukast nokkuð á þessu ári og því næsta. Það er rétt að halda þessu til haga. En hvað segja þessi orð um það hvers við megum vænta? Nánast ekki neitt. Frumvarpið til fjárlaga, sem lagt var fram í gær, segir okkur hins vegar meira um þessi mál enda birtist þar hin raunverulega stefna ríkisstjórnarinnar. Þar sjáum við að ef kaupmáttur lægstu launa hækkar mun sú hækkun að einhverju leyti hverfa í greiðslu fyrir þjónustu til heilbrigðisstofnana. Það á enn að skera niður framlög heilbrigðisstofnana stefnulaust. Ekki er búið að skilgreina hlutverk hverrar stofnunar fyrir sig og taka ákvörðun samkvæmt því um það hvers konar þjónustu hver stofnun á að veita. Heildarstefna til einhverra ára hefur ekki verið sett, enn er skorið niður af handahófi og flatt sem engum árangri mun skila til lengri tíma litið, aðeins skaða þessar

stofnanir og þá þjónustu sem þær veita. Eina stefnumið á þessu sviði sem sjáanlegt er í frumvarpi til fjárlaga fyrir utan það að auka þjónustugjöldin er ætlun ríkisstjórnarinnar að einkavæða sérhæfðar deildir sjúkrahúsanna. Að dómi ríkisstjórnarinnar virðist það ekki vera samfélagslegt verkefni að bjóða sérhæfða læknishjálp á sjúkrahúsum landsins. Þetta er *ný hugsun að „há-effa" sjúkrahúsin svo að ég noti nú málfar* sumra framsóknarmanna og dæmi hver fyrir sig um ágæti hennar. Það er engu líkara en að hæstv. heilbrrh. hafi gengið í björg þeirra sjálfstæðismanna og ég verð að viðurkenna að ég sakna hennar úr okkar hópi.

Frv. sýnir að það á að skerða bótagreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega og ef ríkisstjórnin fær að ráða skulu þær ekki lengur fylgja almennum launabreytingum. Þessi skerðing kemur til viðbótar annarri skerðingu sem gerð var á styrkjum til þessa hóps með nýlegri reglugerð.

Það er ekki verið að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur og ég spyr því hvaða fólk eigi að vera í fyrirrúmi að dómi þeirra framsóknarmanna. Ég hef í höndum fjöldamörg bréf frá öryrkjum þar sem þeir lýsa fjárhagsstöðu sinni og þeirri tekjuskerðingu og útgjaldaaukningu sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Lífsafkoma þessa fólks er erfið og það sama má segja um stóran hóp aldraðra sem einnig fá að kenna á hnífnum og hugmyndir eru um að hækka aldursmark þeirra sem njóta afsláttar á lyfjakostnaði og læknishjálp. Aukin gjaldtaka fyrir innlagnir á sjúkrahús og fyrir einstakar aðgerðir mun bitna af fullum þunga á þessum hópum sem og öðrum sem búa við lág laun í þjóðfélaginu. Á þessa hópa og aðgerðir sem bitna á þeim var ekki minnst í ræðu hæstv. forsrh.

Ég sagði áðan að stefna ríkisstjórnarinnar væri hugmyndalaus. Það er hún reyndar ekki. Það þarf alveg sérstakt hugmyndaflug og reyndar sérstakt hugarfar til að finna sífellt nýjar leiðir til að taka frá þeim sem minnst hafa og það virðist ríkisstjórnin hafa gert ef marka má frv. til fjárlaga því að þar kemur hin raunverulega stefna fram.

Á skuldastöðu heimilanna var heldur ekki minnst í ræðu hæstv. forsrh. Var það mál þó oft á dagskrá að mig minnir hjá öðrum stjórnarflokknum á síðasta kjörtímabili og í kosningum í vor en þá hafði Framsfl. stefnu.

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst um stefnu eða stefnuleysi ríkisstjórnarinnar. Ég segi ekki að það hafi verið miklar væntingar gerðar til hennar. En ég átti þó von á að hér birtust einhver úrræði varðandi vaxandi atvinnuleysi og versnandi afkomu þeirra sem lægst hafa launin, að tekið yrði með einhverjum hætti á misskiptingu tekna í þjóðfélaginu og misrétti kynja á því sviði. Þessi von beindist skiljanlega ekki að Sjálfstfl. en miðað við málflutning framsóknarmanna sl. fjögur ár og í kosningabaráttunni gerði ég mér nokkrar vonir um breytingar. Ræða forsrh. gerði þessar vonir að engu. Hann staðfesti þó í ræðu sinni að nóg væri til skiptanna. Hér væru lífskjör yfir meðaltali annarra iðnríkja og Ísland sjöunda auðugasta ríki heims, auðugra en sjálf Bandaríki Norður-Ameríku, fyrirmyndin sjálf. Meðaltölin segja ekki alla söguna hér frekar en í Bandaríkjunum. Þessar upplýsingar staðfesta, og það ætti ríkisstjórnin að hafa í huga, að hér á landi ríkir ójöfnuður sem brýnt er að lagfæra. Á það minntist hæstv. forsrh. hins vegar ekki. Alþb. er sammála því markmiði að ná fram hallalausum ríkisrekstri. Við erum hins vegar ósátt við þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið að þessu marki, ósátt við þann ójöfnuð sem hér ríkir, ósátt við atvinnuleysið, ósátt við stefnuleysið. Við munum leggja okkar tillögur fram, tillögur sem miða að jöfnuði og réttlæti í þjóðfélaginu. — Ég þakka fyrir áheyrnina.

[22:34]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Á síðasta ári kom út bók eftir þekktan breskan sagnfræðing, Theodore Zeldin, sem heitir Persónuleg saga mannskyns. Tilgangur bókarinnar er að öðlast nýja sýn á framtíðina með því að skoða fortíðina í nýju ljósi. Upphafskaflinn, eins og reyndar allir 25 kaflar bókarinnar, hefst á viðtali við nútímamanneskju sem á sér drauma og bakþanka og upplifir hindranir sem eiga sér djúpar sögulegar rætur. Rætt er við Júlíönu, 51 árs, sem hefur verið þjónustustúlka á einkaheimili í Frakklandi frá 16 ára aldri eins og móðir hennar. Júlíana eignaðist barn 16 ára, gifti sig og eignaðist átta önnur börn sem hún hafði lítinn tíma til að sinna. Hún einangraðist frá systkinum sínum og vinum og sagði engum frá ofbeldishneigð eiginmannsins gagnvart sér og börnunum. Vinnan var flótti frá heimilinu en enginn hafði bent henni á aðrar brautir í lífinu þrátt fyrir verulega óhamingju. Henni finnst hún hafa tapað í lífinu, að hún hafi ekki lifað almennilegu lífi, ekki sem sjálfstæð manneskja. Aldrei hafði verið hlustað á hana, og hún upplifði sig sem þræl eða eign annarra. Það er nákvæmlega þetta sem viðurkennt er opinberlega að gerist með þræla, en einhvern veginn er sú hugsun ekki jafnsjálfsögð þegar við heyrum slíka sögu. Við vísum gjarna til þess að hver sé sinnar gæfu smiður eða að við örlögin sé að sakast.

Bókarhöfundur skoðar mannshugann sem athvarf fyrir aldagamlar hugmyndir sem rétt eins og frumur líkamans endurnýjast og úreldast með mismunandi hraða. Allir viðmælendur höfundar eru konur þó að hann sé að skrifa um sögu mannkynsins. Ástæðan er sú að honum finnst að margar konur líti á lífið með mjög ferskum augum og að sjálfsævisögur margra þeirra séu frumlegasti hluti nútímabókmennta. Mannkynssagan sé of bundin við karla og að ný sýn á framtíðina sé ómöguleg nema að tekið sé mið af öllu mannkyni, báðum kynjum. Zeldin kallar á nýja sýn á söguna, stjórnmálin og framtíðina.

Hér í kvöld höfum við hlustað á stefnuræðu hæstv. forsrh. Því miður er hún afar hefðbundin og ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á framtíðinni á ferskan hátt út frá sjónarmiðum jafnréttis og kvenfrelsis. Kannski er ekki við öðru að búast þegar um er að ræða stefnuræðu ríkisstjórnar afturhaldssaflanna í íslensku þjóðfélagi, ríkisstjórn þeirra flokka sem hafa staðið vörð um hefðbundna og rótgróna hagsmuni á flestum sviðum.

Athyglisverðastur finnst mér undirtónninn í ræðunni, nefnilega sá að hér sé allt í blóma en samt verði almenningur að lifa við helmingi lægri laun en í nágrannalöndunum. Efnahagsbatinn, sem að langstærstum hluta má rekja til aflans úr Smugunni, á ekki að fara til almennings. Þótt 6.000 manns gangi nú um atvinnulausir verður ekki séð að neinar úrbætur séu í augsýn. Viðurkennt er þó að helsti vaxtarbroddur atvinnulífsins sé í smáfyrirtækjum eins og Kvennalistinn hefur boðað í 12 ár.

Reiði almennings í kjölfar launahækkana til æðstu embættismanna er mjög skiljanleg þar sem á yfirborðinu hefur verið rekin sú launastefna að hækka lægstu launin mest. Háttsettir aðilar á öllum sviðum samfélagsins virðast ávallt halda sínu enda ná venjulegir kjarasamningar ekki til þeirra *nema að hluta og sporslurnar svokölluðu geta verið ansi* drjúgar. Það er löngu tímabært að stokka upp allt launakerfið

í landinu þannig að öll laun séu sýnileg og uppi á yfirborðinu. Það höfum við kvennalistakonur lagt til hér á Alþingi, nú síðast á vorþinginu í þeim tilgangi að opinbera og ráðast gegn því óþolandi launamisrétti sem tíðkast á milli kynja og að því máli vinnum við áfram.

Fólk verður að fara að átta sig á því að það er hrópandi mótsögn á milli þess hversu þjóðartekjur okkar eru háar og launastigsins í landinu.

Stóra verkefnið í íslenskum stjórnmálum hlýtur að vera að finna skýringar á því hvers vegna íslenskir launamenn eru aðeins hálfdrættingar á við launamenn í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við, þrátt fyrir háa landsframleiðslu. Og ég tala nú ekki um ef höfð er í huga skoðun Alþjóðabankans að við séum sjöunda ríkasta þjóð heims.

Flestir eru sammála um að skýringarnar liggi í mistökum stjórnmálamanna og annarra ráðamanna. Stórfelld fjárfestingarmistök hafa átt sér stað með aðstoð ríkisbankanna. Nægir sem dæmi að nefna offjárfestingar í virkjunum, laxeldi og í allt of stórum fiskiskipastóli, með vaxtabyrði sem er að sliga ríkissjóð. Á meðan stjórnmálamenn hafa ekki kjark til að taka þjóðhollar ákvarðanir sem stríða gegn sérhagsmunahópum, hvort sem þeir eru á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, í velferðarkerfinu eða hjá peningavaldinu yfirleitt, þá verður kökunni misskipt og launastigið í landinu allt of lágt miðað við þjóðarauð. Því miður virðist núverandi stjórn ekki líkleg til að taka á þessu misrétti, heldur viðheldur hún því. Nægir að nefna framkvæmdina á GATT-samningnum, sem snúist hefur í andhverfu sína eins og frægt var í sumar þegar verðið á grænmeti var hærra en nokkru sinni fyrr.

Í stefnuræðu forsrh. kom fram ýmislegt góðra gjalda vert um menntamál þó að útfærslur séu óljósar. Ég er svo sannarlega sammála því sjónarmiði að framlög til menntamála séu skynsamleg fjárfesting til framtíðar. Samkvæmt fjárlagafrv. á samt að lækka framlögin til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um heilar 80 milljónir frá síðasta ári og áfram á að neyða Háskóla Íslands til að fjármagna rekstur sinn að hluta með dulbúnum skólagjöldum sem kölluð eru skrásetningargjöld, til að geta talist lögleg. Þá stendur til að skerða fjárveitingar til Rannsóknarráðs Íslands og Nýsköpunarsjóðs námsmanna allverulega. Þá verður fróðlegt að fylgjast með hvort fé fæst af fjárlögum háskólans til að koma á laggirnar námi í kvennafræðum næsta haust eins og nú stendur loksins til. Þessi nýja námsbraut mun aðeins kosta eina milljón, sem byggist á því að verulega er byggt á námskeiðum sem fyrir eru. Kvennafræði hafa verið kennd í velflestum háskólum erlendis í allt að 25 ár og nú er tækifærið til að raungera þá viðamiklu undirbúningsvinnu, sem ég og fleiri hafa unnið að á undanförnum árum.

Lítið er fjallað um börnin okkar í stefnuræðunni eða hvernig búið er að barnafjölskyldum, sem nú flytjast úr landi í meira mæli en áður í hærri laun og mun betra bótakerfi á velflestum sviðum. Nú á enn að skerða bótagreiðslur eða að fresta því alfarið að greiða þær út.

Einn af veiku hlekkjunum í okkar velferðarkerfi er fæðingarorlofið, sem Kvennalistinn hefur mjög látið til sín taka hér á Alþingi. Nú er nauðsynlegt að taka upp sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs og tryggja það að foreldrar sinni saman börnum sínum í níu mánuði eftir fæðingu, og geti tryggt þau tilfinningabönd sem myndast við ungabörn á fyrsta æviárinu og mun ég beita mér fyrir því á þessu þingi.

Á nýafstaðinni ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína var samþykkt merkileg framkvæmdaáætlun um mannréttindi kvenna. Þar náðust fram í fyrsta skipti ýmis ákvæði um mannréttindi stúlkubarna. Þótt íslensk stúlkubörn þurfi ekki að líða sömu hörmungar og stallsystur þeirra víða úti í heimi, þ.e. umskurð, svelti eða menntunarleysi, þá verðum við að tryggja það að við getum horft beint í augu þeirra með jafngóðri samvisku og í augu drengjanna okkar eins og Gro Harlem Brundtland komst að orði í lokaræðu ráðstefnunnar. Það má ekki mismuna stúlkum hvort sem er í kennslubókunum eða á vinnumarkaðnum og kynferðislega misnotkun og allt ofbeldi og vanrækslu á börnum verður að uppræta með öllu.

Í menntakerfum Evrópusambandsins eru þegar komin upp vandamál samfara því að þjóðríkið sem meginhugtak sjálfsmyndar skipar annan sess en áður. Þetta birtist ekki síst í menntakerfinu þar sem æ vaxandi hluti skólabarna í hverju landi finnur sig ekki þar sem áherslan er á eitt þjóðerni og eitt tungumál. Menningarlegur margbreytileiki er staðreynd og þá opnast um leið augu fólks fyrir því hve ráðandi öfl halda oft einstrengingslegri mynd af veruleikanum að fólki, ekki síst í kennslubókunum sem gjarna eru nokkrum árum á eftir tímanum í hverju landi. Þótt ég sé sammála forsrh. um að við megum ekki draga úr kröfum um þekkingu barna á menningararfinum, ekki síst vegna rannsóknar minnar á þekkingu barna og unglinga á íslenskri menningu, þá bendir fjölþjóðleg rannsókn Sigríðar Valgeirsdóttur til að það sé helst á sviði myndmáls og tæknilæsis sem þekking íslenskra unglinga er ekki í fremstu röð. Óháð samskiptum okkar við önnur lönd ber okkur að virða menningu allra þeirra barna sem eru í okkar skólum og líklegt er að fjöldi erlendra barna fari vaxandi ef EES-samningurinn hefur tilætluð áhrif á flæði fólks á milli landa.

Virðulegi forseti. Ég er sammála áðurnefndum sagnfræðingi, Theodore Zeldin, að þörf sé á nýrri sýn á söguna, framtíðina og stjórnmálin. Nauðsynlegt er að taka mið af reynslu og breyttri stöðu kvenna ekki síður en karla. Stjórnmálin þurfa að vera í takt við stöðu nútímamanneskjunnar í öllum sínum margbreytileika og byggjast á raunverulegu lýðræði. Það er sannfæring mín að sterkt afl undir forustu kvenna geti komið með nýja sýn í íslenskum stjórnmálum. Það afl má ekki vera á kafi í hagsmunatengslum og það þarf að tryggja hér samfélag þar sem jafnrétti og jöfnuður ríkir. Allir minnihlutahópar hvort sem þeir kallast konur, innflytjendur, samkynhneigðir eða fatlaðir njóti mannréttinda eins og aðrir. Menningarlegur margbreytileiki getur vel þrifist með sterkri íslenskri menningu. Við verðum að opna augun og lokast ekki af í þjóðhverfum hugsunarhætti fortíðarinnar. Við höfum vonandi öll meðtekið boðskapinn frá kvennaráðstefnunni í Kína um að mannréttindi séu algild og nái jafnt til allra. Ég vil gjarnan taka þátt í og móta slíkt afl sem hefði kvenfrelsi, jafnrétti, menningarlega víðsýni, náttúruvernd og samábyrgð að leiðarljósi rétt eins og Kvennalistinn gerir nú. Þetta afl þarf að vera sterkt ef við eigum að komast upp úr þeim hjólförum sem íslensk stjórnmál eru nú í.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég þakka áheyrnina.

[22:47]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti, góðir áheyrendur. Stefnuræða forsrh. einkenndist sannarlega ekki af neinu neistaflugi og skapaði ekki þá tiltrú að nú mundi sköpum skipt í þjóðfélaginu. Hún var á hefðbundnum nótum, eins konar hanastél hefðbundinna

hátta. Uppskriftin er: Drjúgur kafli um efnahagsmál, dálítið um atvinnumál og loks viðskipti við umheiminn. Hanastél þetta var svo eins og önnur hanastél kryddað af skvettu af hinu og þessu, örfáum orðum um umhverfismál og nokkuð mörgum reyndar um menntamál sem var bragðmesti kaflinn. Það var lítið annað nýstárlegt í þessu hanastéli nema ef vera skyldi ergelsi vegna umfjöllunar fjölmiðla um lagasetningu alþingismanna á sl. vori um sérstök kjör sér til handa, lagasetningu sem hlaut að kalla á hörð viðbrögð í þjóðfélaginu. Orð utanrrh. um sama efni hér áðan voru ólíkt skynsamlegri. Hitt er svo hárrétt hjá hæstv. forsrh. að þessi umfjöllun mun líklega ekki hafa mikil áhrif til lengdar. Kjósendur eru ekki alltaf sjálfum sér samkvæmir og þeir munu sjálfsagt standa með sínum mönnum þegar til kastanna kemur. Samkvæmt skoðanakönnunum síðustu vikna virðast þeir helst vilja refsa þeim sem stóðu gegn stærstu vitleysunni í þessari umdeildu lagasetningu.

Ég saknaði margs úr umfjöllun forsrh. um atvinnumál sem einkum snerust um hefðbundnar greinar, fiskveiðar sem eru auðvitað aðeins einn þáttur sjávarútvegs, landbúnað og stóriðju sem er enn og aftur draumaverkefni ráðamanna. En hann minntist t.d. ekki einu orði á ferðaþjónustu, þá atvinnugrein sem hefur sýnt mesta grósku á undanförnum árum og á samt enn mikla möguleika til áframhaldandi sköpunar starfa og öflunar dýrmæts gjaldeyris sem ekki veitir nú af þegar fiskunum fækkar í sjónum. Af fróðleiksfúsum ferðamönnum er hins vegar nóg í heiminum. Hér á Íslandi höfum við margt að bjóða sem önnur lönd hafa ekki. Við þurfum að móta framtíðarstefnu í ferðamálum og taka þar mið af þeirri staðreynd að jarðhitinn og sérstakt umhverfið, hreint loft og tært vatn eru ómetanlegar auðlindir í heimi sívaxandi mengunar. Við gætum jafnvel auglýst landið okkar sem öndunarvél umheimsins ef rétt væri á málum haldið. Náttúran og varðveisla umhverfis er forsenda áframhaldandi grósku í ferðaþjónustu og fleiri greinum. Því miður bendir fátt til þess að ríkisstjórnin geri sér fulla grein fyrir ábyrgð ríkisvaldins í þessu efni en kvennalistakonur munu áfram sem hingað til reyna að vinna þessari grein það gagn sem þær mega.

Nú er vitaskuld ekki hægt að grípa á öllum málum í einni ræðu sem takmarkast af tilsettum tíma. En stefna ríkisstjórnarinnar birtist víðar en í stefnuræðu forsrh. eins og margsinnis hefur komið fram í kvöld. Hún birtist ekki síst í fjárlagafrumvarpinu sem okkur barst í hendur fyrst í gær. Frá sjónarhóli kvenna er sú stefna lítið fagnaðarefni. Þar er það staðfest svart á hvítu að ekki er ætlun ráðherranna að gera neitt stórátak til eflingar mannréttindum kvenna. Ég kalla það ekki stórátak þótt þar sé nefnt í greinargerð að fjrmh. ætli að taka jafnrétti karla og kvenna í kjaramálum til sérstakrar skoðunar án þess að það sé skýrt frekar á nokkurn hátt. Augljóslega er áfram saumað að ýmsum þáttum velferðar sem skipta konur afar miklu máli. Ljóst er að fram undan eru átök um áherslur þar sem brýnt er að gæta hagsmuna láglaunafólks, einstæðra foreldra, aldraðra, öryrkja, atvinnulausra og annarra sem bera skarðan hlut frá borði. Ég ætla þó að leyfa mér að gleðjast yfir því hér og nú að í fjárlagafrumvarpinu er að finna örlítinn vott þess að baráttan fyrir bættri meðferð fórnarlamba nauðgara skilar smám saman árangri. Í því er sem sagt lagt til að ákveðinni upphæð verði varið til að kosta lögfræðiþjónustu við neyðarþjónustu vegna nauðgana. Smátt en mjög mikilvægt atriði. Þannig eru hægt og bítandi að komast í framkvæmd hinar ýmsu tillögur nefndar sem skipuð var fyrir 11 árum að frumkvæði Kvennalistans til að gera tillögur að úrbótum í þessum efnum. Hitt er sárara að fá það staðfest sem fréttist fyrir nokkrum dögum að ríkisstjórnin vill fresta gildistöku laga um bótagreiðslur ríkisins til þolenda afbrota. Þessi lög sem eiga að taka gildi 1. jan. nk. og ná jafnframt til brota sem framin voru eftir 1. jan. 1993 eru sem björgunarhringur fyrir þá sem verða fyrir tjóni af mannavöldum en slíkt tjón er jafnan örðugt að fá bætt úr hendi afbrotamannsins. Þessi lagasetning er því mikilvæg réttarbót fyrir þolendur ofbeldisbrota og fyrirrætlun ríkisstjórnarinnar um frestun er eins og enn eitt hnefahöggið framan í það fólk.

Við munum ræða fjárlagafrumvarpið nánar næstu daga. Í þeim umræðum mun ég m.a. krefjast svara um þetta mál og þá enn fremur um áhrif frestunar á afturvirkni laganna ef af frestun verður sem Kvennalistinn mun beita sér gegn eftir mætti.

Virðulegi forseti. Þögn forsrh. um mannréttindi kvenna í þessari stefnuræðu er vægast sagt æpandi. Konur í öllum flokkum og á öllum sviðum þjóðlífsins kalla eftir skilningi, viðurkenningu og aðgerðum. En forsrh. landsins heyrir ekki þótt hátt sé kallað. Formaður stærsta flokks landsins heyrir ekki og hann sér eitthvað illa líka. Hann virðist að minnsta kosti ekki hafa séð opið bréf formanns jafnréttis- og fjölskyldunefndar Sjálfstæðisflokksins sem birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum en þar var lýst eftir viðhorfum formannsins til jafnréttis. Því hefur ekki enn verið svarað og því var ekki svarað í stefnuræðunni. Þannig mega konur þessa lands enn einu sinni kyngja vonbrigðum sínum. Þrátt fyrir vaxandi umfjöllun um mannréttindi kvenna um rétt þeirra til sambærilegra launa og aðstæðna á við karla um aðgerðir gegn ofbeldi, um nauðsyn þess að auka áhrif og völd kvenna sér forsrh. ekki ástæðu til að víkja að þessum málum einu orði í stefnuræðu sinni nú fremur en fyrr. Og maður spyr sig: lásu hinir ráðherrarnir ekki stefnuræðuna? Þeir eru þó alltént búnir að heyra hana nú. Eru þeir virkilega sammála þessum áherslum? Hvað með ráðherra jafnréttismála? Og er eina konan sem titluð er herra svo önnum kafin í skurðstofu heilbrigðisráðuneytisins að hún hefur ekki tíma til að minna oddvita sinn á kvennabaráttuna? Reyndar hlýt ég að gera þá játningu að ég átti ekki von á miklu. Ég átti ekki von á öðru en að núverandi ráðherrar myndu bíða aðgerðarlitlir eftir hugarfarsbreytingunni sem þeir uppgötvuðu fyrir nokkrum vikum að þjóðin þyrfti á að halda. Stefna stjórnvalda í þessum málum mun ekki breytast fyrr en konur koma að stjórn landsins. Ekki bara ein og ein, heldur margar saman. Raunverulegur árangur næst ekki fyrr en konur halda um stjórnvölinn. Það er nákvæmlega reynsla annarra þjóða sem náð hafa lengra en við í því að jafna stöðu kynjanna og við höfum einnig glöggt dæmi þess hér í næsta húsi þar sem konur taka til hendinni við stjórn borgarinnar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:56]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú er lokið fyrri umferð umræðunnar og hefst þá hin síðari. Fyrstur tekur til máls fyrir hönd Sjálfstfl. hv. 2. þm. Norðurl. v., Hjálmar Jónsson.

[22:56]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti, góðir tilheyrendur. Það er mikið að gerast í þjóðfélaginu þegar stöðugleiki ríkir, þá er hægt að horfa til framtíðar, vinna að framtíðinni, að umbótum, að framförum. Kaupmáttur vex, hagvöxtur eykst, hagur atvinnuveganna er

allgóður og greinilega töluvert batnandi. Í þjóðhagsspánni, sem lögð var fram hér í þinginu í gær, er tekið fram að hinar góður horfur séu að meira að segja varlega fram settar. Niðurstaðan er því sú að ríkisstjórninni, þinginu og þjóðinni miðar gangan til meiri hagsældar vel. Ytri skilyrði eru öll eða flest til staðar, það er bjart fram undan. En svo skyndilega er maður barinn í höfuðið. Raunveruleikinn kemur vaðandi utan af Ingólfstorgi með reiði, með óánægju, með andúð. Þegar útifundurinn fjölmenni og magnþrungni var haldinn hér fyrir utan átti ég leið á nefndarfund upp í Arnarhvoli og ég gekk Austurstrætið. Út undan mér heyrði ég og sá hvar barn hnippti í móður sína og sagði: Þarna er einn þeirra. Blessað barnið hafði svo sem áttað sig á því hverjir væru skúrkarnir í samfélaginu.

Herra forseti. Ég tek vel eftir þessari óánægju og tek hana alvarlega. Það eru ástæður fyrir því að slíkt bylgja andúðar og nánast heiftar kemur upp. Og hverjar eru þær ástæður? Heiðvirðum launamanni gremst hvernig undanskot á sköttum og skyldum viðgangast, hvernig hlutar tekna, jafnvel stór hluti er falinn. Hvernig neðanjarðarhagkerfi þrífst án þess að við verði ráðið. Ef fólk fær á tilfinninguna að hið háa Alþingi sé af hinu sama sauðahúsi er auðvelt að láta reiðina ólga. Er þá ekki einu sinni hjálp í þessu liði sem er kosið til að stjórna málum og þoka þeim til betri vegar?

Herra forseti. Margir hv. þm. hafa minnst á það í kvöld að við erum sjöunda ríkasta þjóð heimsins. Allir landsmenn eiga að geta búið við góðan hag. Enginn skal fá mig til að trúa því að það sé ekki hægt. En til þess þarf sameiginlegt átak, almennt breytt hugarfar. Mundu eftir því, áheyrandi minn, að neðanjarðarhagkerfið, svarta atvinnustarfsemin, gerviverktakinn, undanskotin viðgangast vegna býsna almennrar þátttöku. Kannski þekkir þú eitthvað til þessa að spilað sé á svörtu nóturnar. Það þarf tvo til að nótulaus viðskipti séu stunduð. Ef þú tekur þátt í slíku ertu að segja að aðrir eigi að bera þínar byrðar. Kerfið, bótakerfið, tryggingakerfið, félagskerfið, allt á það að vera fyrir þá sem þurfa. Enginn ætti að hugsa um það hvort það borgi sig að vinna eða vera á bótum. Skattbyrðin er svona þung, m.a. vegna þess að það greiða ekki allir það sem þeim ber.

Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Við höfum sameiginlegt verk að vinna. Við berum öll ábyrgðina. Ýmiss konar undanskot valda því að ríkissjóður verður af 8–11 milljörðum kr. á ári hverju. Hvað væri hægt að bæta margt í menntun, heilsugæslu, í hækkun ellilífeyris svo dæmi séu tekin ef allt það skilaði sér? Hver eru skilaboð fólksins frá útifundinum? Ég held að þau séu þessi. Stjórnmálamönnum hefur á undanförnum árum ekki tekist að koma í veg fyrir alls kyns óhæfu og ósóma sem skekkir kjörin og mismunar fólki í landinu. Þar sem ekki ríkir réttlæti ríkir ekki heldur friður.

Herra forseti. Á allra næstu árum þarf að verða breyting á þessu. Það á ekki að vera að hægt að tala um sérstaka láglaunahópa og láglaunasvæði á landinu. Lagfæringar á þessu eru kynntar í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég nefni nokkur atriði. Þeirra er getið í fjárlagafrv. og eru stórmál, tímamótamál. Lífeyriskerfinu verður breytt þannig að allir landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda. Tekjuskattskerfið verður endurskoðað og gert gagnsærra. Atvinnuleysistryggingakerfið er í endurskoðun, aðeins nokkur mál af mörgum sem vinna er hafin við.

Till. til þál. var lögð fram í kvöld á þessum fundi og bíður framsögu fyrsta flutningsmanns. Þingmenn úr öllum flokkum flytja tillöguna sem ætla ríkisstjórninni með hjálp sérfróðra aðila í þjóðfélaginu að leita leiða og finna leiðir til að bæta skattheimtu ríkis og sveitarfélaga. Fleiri munu fylgja á eftir. Bættur hagur á að koma öllum vel. Ég vænti sýnilegs árangurs áður en kjörtímabilið er hálfnað. Þá hafi samhentir stjórnarflokkarnir unnið gott verk, hvattir og brýndir til verka af gagnrýninni stjórnarandstöðunni og umfram allt í sátt við þjóðina. — Góðar stundir.

[23:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur um margt verið athyglisvert að hlýða á málflutning stjórnarandstöðunnar í gær eftir að fjárlagafrv. kom fram og hér í umræðunni í kvöld. Í gær sögðu þeir um fjárlagafrv. að þeir væru sammála meginstefnunni. Ágreiningurinn var nú ekki meiri en sá að þeir voru sammála meginstefnunni. En þeir belgdu sig þessi lifandis ósköp þegar þeir fóru að telja þjóðinni trú um að þeir hefðu bara viljað ná markmiðunum með öðrum hætti. Hvað sögðu þeir í því efni? Jú, þeir voru á móti því að skera svona mikið niður í fjárfestingu. Þeir vildu skera meira niður í rekstri. Hvers vegna? Vegna þess að þannig fækkaði störfunum ekki eins mikið.

Hvernig á nú að skilja þessi orð? Vita þeir ekki, talsmenn stjórnarandstöðunnar, að á bak við framlög til skólamála eru störf kennara? Á bak við framlög til lögreglunnar eru störf lögreglumanna og á bak við framlög til sjúkrahúsanna eru störf lækna og hjúkrunarfræðinga. Ég held satt best að segja að þeir viti þetta og þeir viti meira en þeir láta í veðri vaka um þessi efni. En hvernig á þá að skilja þessi ummæli? Vilja þeir fækka þessum störfum? Vilja þeir fækka læknum og hjúkrunarfræðingum? Vilja þeir fækka kennurum og lögreglumönnum? Er það hin nýja stefna hv. þm. Ögmundar Jónassonar að skera niður útgjöld á þessum mikilvægu þjónustusviðum? Ég held satt best að segja að það sé heldur ekki stefna þeirra.

Þá hlýtur maður að koma að þeirri spurningu: Hver er stefnan eftir allar þessar upphrópanir? Hæstv. heilbrrh. markaði þá skýru og skynsömu stefnu við mótun fjárlaganna í sumar að stöðva fjárfestingar á sviði heilbrigðismála til þess að þurfa ekki að skera jafnmikið niður í rekstri og tilfærslum til tryggingganna. Ef maður hefði skilið málflutning stjórnarandstöðunnar í gær rétt var boðskapur þeirra sá: Byggið þið fleiri sjúkrahús. Skerið þið meira niður af framlögum til sjúkrahúsanna og tryggingabótanna. En þeir meintu þetta ekki enda komu þeir hér hver á fætur öðrum í dag og sögðu: Við erum alveg hneykslaðir niður í tær, að þið skuluð vera að skera niður í heilbrigðiskerfinu og á ýmsum öðrum sviðum í ríkisrekstrinum þó að sá niðurskurður hefði orðið miklu meiri ef farið hefði verið að óskum þeirra í gær að eyða meiru í fjárfestingu og skera meira niður í rekstri. Hvaða ályktanir getur maður dregið af þessum málflutningi? Ég get ekki dregið af honum aðrar ályktanir en þær að á bak við hann er engin hugsun, á bak við hann er engin stefnumörkun. Þetta er botnlaus málflutningur og markleysa með öllu. Það er auðvitað grátlegt fyrir þá þrjá krataflokka sem skipa sér hér í stjórnarandstöðu með Kvennalista.

En hver er nú árangurinn af þeirri ríkisfjármálastefnu sem mótuð hefur verið? Hann kom fram strax í dag. Vextir af skammtímabréfum ríkissjóðs lækkuðu um 0,5% vegna þess að ríkisstjórnin náði við framlagningu þessa fjárlagafrv. þeim markmiðum sem sett voru. En svartagallsraus talsmanna krataflokkanna og Kvennalistans heldur hér áfram.

Þeir sjá engan árangur. En þessi árangur kom fram strax í dag.

Þannig er um málflutning stjórnarandstöðufokkanna á öllum öðrum sviðum. Það hefur verið eins og rauður þráður í gegnum ræður þeirra. Stöðnun, stöðnuð ríkisstjórn, stöðnun í þjóðlífinu, stöðnun í atvinnulífinu. En hvað segja nú þeir mælilkvarðar sem segja okkur nokkuð til um það hvort þjóðfélagið er í stöðnun eða framför?

Hver er hagvöxturinn í þjóðfélaginu? Er hann ekki að aukast um meira en 3% á þessu ári? Er það stöðnun? Hver hefur verið aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann? Er það ekki um rúmlega 3%, lítið eitt meira en hagvöxturinn? Er það stöðnun? Hver er fjárfesting atvinnuveganna? Hefur hún ekki verið að aukast um 13% á þessu ári og eru ekki horfur á að hún muni aukast á næsta ári um 10%? Er það stöðnun? Nei, atvinnulífið á Íslandi er í sókn. Auðvitað getum við gert betur og auðvitað þurfum við að gera betur. *En þeir sem ganga svo á svig við raunveruleikann í íslensku* þjóðfélagi eru staðnaðir sjálfir. Þeir sem tala eins og hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert um fjárlagafrv. eru staðnaðir.

Þessir þrír flokkar hafa verið að tala um það í 50 ár að ég held að þeir sameinast. Þeir héldu sameiningarfund í sumar og hver varð niðurstaðan af honum? Þeir fundu ekkert mál til að sameinast um. Er nokkuð annað dæmi betra um pólitíska stöðnun en málflutningur þessara þriggja krataflokka og Kvennalistans? Ég held ekki. Íslenskt þjóðfélag er hins vegar í framför og sókn. Skilaboðin frá iðnaðinum í dag voru gróska, meiri vöxtur en áður. Staðan í sjávarútveginum er hagnaður þrátt fyrir minni afla, sókn á erlenda markaði. Það eru framfarir í íslensku þjóðlífi hvað sem um svartsýni og stöðnun stjórnarandstöðunnar er að segja.

[23:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Ágætu tilheyrendur. 21. sept. sl. birtist viðtal *við einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar í vikublaði* hér í bæ þar sem mynd af ráðherranum prýddi forsíðu undir fyrirsögninni „Það þarf að aga þessa þjóð.“ Við nánari lestur kemur í ljós að ráðherrann segir þessi orð ekki sjálfur en hefur augljósa velþóknun á þeim sem eru hans skoðanalegu jábræður varðandi það áhugamál hans að hernaður fyrir Íslendinga hefði þau jákvæðu aukaáhrif að aga þjóðina. Ráðherrann segir jafnframt að pólitískir andstæðingar hafi reynt að gera þetta mál tortryggilegt eða hlægilegt.

Nú er ég pólitískur andstæðingur ráðherrans en ætla þó hvorugt að gera því mér finnst hugmyndin um herinn og sú niðurstaða að þurfa að aga þessa þjóð fyrst og fremst dapurleg. Kannski af því að hún sýnir svo ótrúlega lítinn skilning í þeirri lífsbaráttu sem er háð í landinu á hverjum degi og þá ekki síður vegna þeirrar bullandi vanþekkingar sem hugmyndin um agann afhjúpar gagnvart okkar sérstæðu íslensku herskyldu sem er sjómennskan þar sem stór hópur manna leggur sig daglega í hættu og fjarvistir frá fjölskyldu til að tryggja þá efnahagslegu velferð sem er undirstaða sjálfstæðis okkar, að ég tali ekki um alla þá sem eru og hafa verið mánuðum saman í víking og landvinningum á fjarlægum miðum til að efla og bæta hag þjóðarinnar og tryggja stöðu okkar í samningum um þær auðlindir.

Sá hagvöxtur sem við höfum notið í fyrra og í ár og gumað er af í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar á rót sína að rekja til þessara veiða og sjómenn okkar hafa sýnt það á fjarlægum miðum að þeir eru í fremstu röð. En hvernig hafa þau stjórnvöld sem guma af hagvextinum síðan stutt við þá sem hafa verið í þessum víking? Hvernig hafa þau unnið úr landvinningunum?

Á meðan íslenskir sjómenn voru að skapa okkur stöðu til að semja síðar um veiðar eins og í Smugunni hugsuðu íslensk stjórnvöld alvarlega um að banna þær veiðar. Því var afstýrt þá. En nú liggur í loftinu samningur um veiðar í Smugunni langt undir okkar veiðireynslu og á sama tíma gerist það á vettvangi NATO að sóknarmark er sett á rækjuveiðar á Flæmska hattinum. Andvaraleysi íslenskra stjórnvalda gagnvart framtíðarhagsmunum okkar er slíkt að á þeim fundi er íslenska sendinefndin skipuð einum manni sem er auk þess látinn sitja hjá. Við hefðum eins getað sent borðfána, segja íslenskir útgerðarmenn.

Hver er staða okkar til að mótmæla eftir þessa frammistöðu? Hvers lags klúður er þetta? Það er vissulega vandmeðfarið að verja í senn hagsmuni strandríkis og úthafsveiðiríkis *og þess að stunda veiðar á úthafinu í kröftugri sókn* sem sjómenn okkar gera og að vera málsvarar veiðistjórnar í nafni fiskverndar. Þess vegna má ekkert bregðast. Þess vegna á að beita okkar færasta liði til þess að tryggja hagsmuni okkar. Aðrir verða ekki til þess, ekki lengur. Þeir kaldastríðsáratímar eru liðnir þegar lega landsins ein og sér tryggði stöðu okkar. Nei, nú reynir á okkur sjálf með nýjum hætti sem fullvalda og sjálfstæða þjóð. Þá verðum við öll að berjast saman en ekki þannig að sjómennirnir séu í landvinningum mánuðum og árum saman en stjórnvöld klúðri síðan hugsanlegri vinningsstöðu. Þetta eru utanríkismál okkar, ekki varalið og her. Ég hlýt að spyrja enn: *Finnst mönnum stjórnvöld* ekki aga þjóðina nægjanlega? Ekki einasta búum við við óblíða náttúru heldur hafa stjórnvöld búið svo um hnúta að lífskjörin eru þannig að fólk með fagþekkingu, m.a. sérhæft fiskvinnslufólk, flýr nú land sakir þess að víðast í okkar nágrannalöndum eru þau kjör sem vinnandi barnafólki eru boðin mun betri en hér. Þegar ég er að tala um kjör er ég *ekki einasta að tala um kaupið*. Nei, ég er líka að tala um hið félagslega öryggisnet fjölskyldnanna. Þess vegna flýr fólkið líka sem er ófaglært og atvinnulaust. En kaupið eitt er þó ærið tilefni.

Eitt af því sem fylgdi með í umfjölluninni um launa- og starfskjör alþingismanna er samanburður við það sem gerist í öðrum löndum sem við gjarnan berum okkur saman við. Um tíma skildist þjóðinni að réttlæting á hækkun launa þingmanna og ráðherra fælist aðallega í þeirri staðreynd að kjör þingmanna í nágrannalöndunum væru betri. Auðvitað var það tilefni enn meiri ólgu meðal launafólks því að það er þeirrar skoðunar að sá þjóðarhagur sem skammtar því lífskjörin sé jafnframt sá þjóðarhagur sem helstu ráðamenn þjóðarinnar hljóti að búa við og taka tillit til þegar röðin kemur að kjörum þeirra.

En landflóttinn raskar ekki ró ríkisstjórnarinnar þegar litið er til stefnuræðunnar. Það svífur yfir vötnum að svo megi böl bæta að benda á annað verra. Fólk hefur flúið land áður og þetta með lakari lífskjörin eru bara ýkjur vondra manna.

Það hefur stundum verið talað um það að menn greiði atkvæði með fótunum eða hvað voru þeir tæplega 600 sem fluttu af landi brott bara núna í september að hugsa? Þeir vissu líklega ekki svo að ég endurtaki hér orðrétt skýringar hæstv. forsrh. í ræðunni hér að framan, með leyfi forseta, „að heildarmælikvarðar svo sem landframleiðsla á mann og einkaneysla segja ekki heldur alla söguna en gefa þó miklu skýrari mynd af lífskjörunum heldur en sá villandi

samanburður sem ég gerði að umtalsefni."

Þessi huggunarorð lýsa einkar næmum skilningi ríkisstjórnarinnar á stöðu mála. Jú, vissulega fluttu til landsins á sama tíma 335 manns eða u.þ.b. helmingur hinna brottfluttu. Brottflutningurinn í september samsvarar því að eitt þorp á landsbyggðinni þurrkist út. Og gott fólk. Nettóstaðan er sú að um síðustu mánaðamót hafa rúmlega 1.000 manns flutt frá landinu það sem af er þessu ári umfram þá sem komu. Allt síðasta ár voru það 800 þannig að allt bendir til þess að straumþunginn aukist. Niðurstöður sem fengnar eru með því að bregða mismunandi mælistikum á hinar ýmsu stærðir efnahagslífsins breyta engu þar um.

En sjáum við þá merki þess að verið sé að takast á við vandann? Þann vanda að fólk vantar trú á framtíðina? Þann vanda að íslenskt atvinnulíf er ekki samkeppnisfært? Bendir nýgerður búvörusamningur eða útfærsla íslenskra stjórnvalda á GATT-samningnum til þess að framtíðin og lífskjör launafólks hafi verið höfð að leiðarljósi? Hvað með fjárfestingar og annan uppgang en þann sem við njótum vegna úthafsveiðanna? Hvar er íslenskur sjávarútvegur að fjárfesta? Jú, hann fjárfestir í útlöndum.

Við breyttar aðstæður hafa íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi leitast við að ná nýjum og áhugaverðum viðskiptasamböndum og haslað sér völl á nýjum mörkuðum. Liður í því er samvinna við erlend fyrirtæki sem fyrir eru í greininni eða að hafa þá þekkingu sem okkar fólk þarf til að ná betri árangri í hörðum heimi samkeppninnar. En það samstarf fer ekki fram á Íslandi. Áhrifin berast hingað einungis óbeint því að erlend fyrirtæki mega ekki hasla sér völl á Íslandi í þessari grein, hvorki ein né í samvinnu við íslensk fyrirtæki. Í stað þess að þau séu staðsett á Íslandi og örvi íslenskt atvinnulíf verða þau að starfa erlendis því við viljum ekki að fyrirtæki með aðild útlendinga hversu lítil sem hún er séu íslensk. Þar fer fram þróunarstarf. Þangað safnast unga fólkið með metnaðinn og þekkinguna.

Ég hlýt líka að spyrja: Er ekki kominn tími til landvinninga á Íslandi? Er það ekki ótrúlega hrokafull og gamaldags forgangsröðun að fresta ákvæðum um greiðslu skaðabóta til þolenda ofbeldisverka en nota háar upphæðir til kaupa á nýjum ráðherradrossíum?

Góðir áheyrendur. Þessi ríkisstjórn, sem getur setið fram undir aldamót, ætlar að staðsetja sig kirfilega hérna megin aldamótanna. Það verða aðrir að taka að sér að verða hin nýja aldamótakynslóð, boðberar nýrra tíma hvort sem er í íslensku atvinnu-, efnahags- eða stjórnmálalífi.

Góðir landar mínir. Það er sannarlega verk að vinna. Takk fyrir.

[23:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Undir lok umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra leiði ég hugann að því hvort þessi skoðanaskipti undir augliti þjóðar, um stefnu og áform ríkisstjórnar, skili sér til þeirra er heima sitja. Hvort okkur alþingismönnum takist það ætlunarverk að kryfja til mergjar stefnu eða stefnuleysi stjórnvalda og hvort umræða af þeim toga er til þess fallin að stuðla að endurheimt virðingar Alþingis. Það er brýnt að við alþingismenn höfum það markmið að leiðarljósi í öllum störfum okkar.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur átt makindalega hveitibrauðsdaga. Í sumar hefur hvergi örlað á gjörðum sem sýna framsýni eða kraft og ekkert bólar á efndum þeirra kosningaloforða sem Framsóknarflokkurinn gaf kjósendum sínum í vor af miklu örlæti.

Þegar atvinnuleysi náði hámarki í júlí dró félagsmálaráðherra athyglina með nýstárlegum hætti frá þeirri óþægilegu staðreynd. Hann lokaði á atvinnuleyfi útlendinga og bauð atvinnulausum lausnir í verbúðum fjarlægra byggðarlaga.

En nýju 12.000 störfin láta á sér standa og forseti Alþýðusambandsins gagnrýnir harkalega að fjárfestingar minnka og að störfum mun fækka um 1.500. Það urðu hátt á þriðja þúsund ný störf til á síðastliðnu ári og búast mátti við áþekkri fjölgun á þessu ári að óbreyttu. Framsóknarflokkurinn notar sem afsökun vegna fækkunar starfa að það verði samt til um 1.700 ný störf á næsta ári auk þess sem markmiðið sé hallalaus fjárlög. Það markmið hefur legið fyrir í fjögur ár. Nýju störfin sem Framsóknarflokkurinn boðaði umfram það sem fyrir lá gáfu til kynna stórhuga áform um sértæka atvinnuuppbyggingu. Unga fjölskyldufólkið, sem á samdráttartímum hafði baslað við að koma yfir fjölskylduna þaki og stóð í skuldabasli, trúði á boðskapinn um endurreisn heimilanna. Kosningaloforð og málflutningur gáfu fyrirheit um nýjar aðgerðir og jafnvel digra sjóði til að breyta skuldastöðu heimilanna.

Aukið lánshlutfall til fyrstu íbúðakaupa er hið besta mál en það snýr eingöngu að nýjum kaupendum. Hugsanleg lenging húsbréfalána snýr einnig að nýjum lántakendum og því er allsendis ósvarað hvernig ríkisstjórnin fer með vaxtabætur vegna lengingar lána og aukinna vaxtagreiðslna. Ekkert gerist enn þá í stóra kosningamálinu að laga skuldastöðu heimilanna umfram það sem gert var í stjórnartíð Alþýðuflokksins þrátt fyrir að nú er heilt ár liðið frá því Framsóknarflokkurinn hóf þann boðskap.

Þjóðin veit að allt tal um erfiða skuldastöðu heimilanna hljóðnaði eftir kosningar og stóru orðin „12.000 ný störf og endurreisn heimilanna" standa nú eftir sem háðulegt minnismerki um yfirboð og óábyrga aðferð til að komast til valda.

Ríkisstjórn verður að hafa framtíðarsýn og leita leiða til nýrrar uppbyggingar og betri afkomumöguleika fyrir þjóð sína. Hvatinn að þeirri áherslu sem Alþýðuflokkurinn hefur lagt á alþjóðasamninga og alþjóðaviðskipti er meðal annars tækifærin til atvinnuuppbyggingar og möguleikar á erlendri fjárfestingu sem þeim fylgja ásamt þeirri staðreynd að þeir bjóða upp á lægra vöruverð, bætta afkomu og valfrelsi á öllum sviðum.

Yngri kynslóðin gengur með opnum huga móti framtíð þar sem hlið grannríkja standa opin bæði hvað varðar menntun og atvinnu. Nemendur og kennarar flykkjast til Evrópu til að taka þátt í náms- og kennsluáætlunum Evrópusambandsins. Iðnaðarmenn nýta sér frjálsan aðgang að evrópskum vinnumarkaði. Þetta fólk kemur heim með ný viðhorf, nýja þekkingu og tekst á við framtíðarverkefni sem við ætlumst til að verði þá til staðar hér heima.

Við eigum á hverjum tíma að skoða það með opnum huga hvernig hagsmunum okkar er best borgið. Það sjónarmið Alþýðuflokksins hefur verið gjarnan rangfært. Enginn mundi nú kasta samningnum um Evrópska efnahagssvæðið fyrir róða og í dag kemur þrýstingurinn á aukna Evrópusamvinnu úr jarðvegi atvinnulífsins. Það eru framkvæmdaöflin í þjóðfélaginu, forustumenn í sjávarútvegsfyrirtækjum og iðnrekendur sem hefja nú raust sína í spurn: Hvert skal stefna? Hvert skal stefna? En frá stjórnvöldum berst ekkert svar enda var þessi ríkisstjórn ekki mynduð um framtíðarsýn, hún var fyrst og fremst mynduð um sérhagsmuni. Hæstv. forsrh. sagði

í ræðu sinni að réttmæt gagnrýni á GATT-samkomulagið um tolla og viðskipti sé eingöngu á smávægileg tæknileg atriði. Þetta er ekki rétt. Hin harða gagnrýni hefur verið á stefnu stjórnvalda og framkvæmd, á ofurvernd innlendrar framleiðslu sem ýtt hefur undir hækkanir á innlendum búvörum í sumar. Í samanburði á framkvæmd samningsins hér og í nágrannalöndum okkar má ekki gleyma því að aðrar þjóðir höfðu þá þegar náð fram lækkun á verði búvara langt niður fyrir það sem við búum við og því ekki jafnbrýnt fyrir þær að gera átak í verðlækkun í framkvæmd fyrsta áfanga samningsins. Hjá okkur er framkvæmd GATT-samningsins að snúast upp í andhverfu sína.

Varfærni í ríkisfjármálum sem forsenda framfara má ekki breytast í stöðnun. Sá skortur á framtíðarsýn sem birtist okkur í stefnuræðu forsrh. ber í sér þá hættu. Ég tek undir falleg orð um að vel menntuð þjóð tryggi stöðu íslensku þjóðarinnar og gefi tækifæri til auðsköpunar. Við vorum líka öll sammála um það í vor að nú þegar við hefðum brotist út úr efnahagsþrengingum yrði að snúa vörn í sókn í menntamálum og standa við stóru orðin um að fjárfesta í menntun. Þessa sér ekki stað í fjárlagafrv. Það er samtrygging þessara stjórnarflokka að standa vörð um úrelt framleiðslukerfi í landbúnaði. Ég mundi vilja sjá brot af slíkri samtryggingu í þágu æsku þessa lands.

Æska landsins hefur vaxið úr grasi á miklum umbrota- og þrounartímum þar sem mörgum gömlum gildum hefur verið kastað fyrir borð. Streita og félagsleg þressa af ýmsu tagi hefur valdið því að margt ungmennið hefur bognað undan álaginu. Ofbeldi og vímuefnaneysla meðal unglingaa hefur færst í vöxt og hefur vakið angist foreldra og ótta með þjóðinni. Það er brýnt að leita allra leiða til að finna skýringar og svör við því hvers vegna slíkt þjóðarmein nær að festa rætur og að kosta öllu til svo vinna megi bug á því.

Góðir landsmenn. Þjóðlíf okkar byggir fyrst og fremst á fjölskyldunni. Hún er sá hornsteinn sem við vísum til þegar rætt er um farsæld og framtíð þjóðar. Þess vegna er það ótrúleg staðreynd að stjórnvöld hafa aldrei mótað opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Við fulltrúar Alþýðuflokksins í þessari umræðu höfum hvert um sig vikið að ákvæðum fjárlaga og málefnum er snerta fjölskylduna og hagi hennar. Hvert þeirra um sig sértækt og unnið í hinum ýmsu ráðuneytum án þess að yfirsýn fáist yfir hvaða breytingum ákvarðanirnar samanlagt valdi í umhverfi fjölskyldunnar. Öflug fjölskyldustefna og aukin réttindi fólks með fjöskylduábyrgð á vinnumarkaði er lykill að jafnri stöðu kvenna og karla og undirstaða launajafnréttis. Það er skoðun okkar og hluti af þeirri framtíðarsýn sem við höfum boðað að stjórnvöld eigi að marka opinbera fjölskyldustefnu sem taki á heildstæðan hátt til þeirra þátta sem mesta þýðingu hafa fyrir hagi og aðstæður íslenskra fjölskyldna og að hagsmunir fjölskyldunnar verði viðurkenndur sjónarhóll við lagasetningu og ákvarðanir hins opinbera. Þessari stefnu munum við framfylgja með tillöguflutningi hér á hv. Alþingi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[23:27]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á því þjóðfélagi sem við lifum í. Ný tækni leysir eldri vinnuaðferðir af hólmi og miklar sviptingar hafa átt sér stað í atvinnulífi okkar. Hefðbundin gildi hins kapítalíska þjóðfélags þar sem eignarhald á fasteignum, vélum og fjármagni vörðuðu leiðina til auðlegðar víkja nú fyrir nýjum gildum þar sem þekking og lifandi hugsun skipa hinn æðsta sess. Þekking og hraði skipta nú öllu máli við sköpun verðmæta. Þeir sem ekki ná að tileinka sér gildi hins nýja tíma eiga á hættu að verða undir í baráttunni. Áhrif slíkra byltinga eru ekki sársaukalaus. Fyrirtæki jafnt sem einstaklingar sem þekkja ekki sinn vitjunartíma daga uppi rétt eins og nátttröll við sólarupprás. Breyttum áherslum í atvinnulífi fylgir umrót hjá mörgum fjölskyldum. Eiga sumir um sárt að binda á sama tíma og aðrir hafa hafist til nýrrar og áður óþekktrar auðlegðar.

Mörgum sem átt hafa þess kost að fylgjast með breytingum, sem átt hafa sér stað í nálægum löndum, þykir sem nokkuð skorti á að íslenskt þjóðfélag sé tilbúið að takast á við þau nýju tækifæri sem upplýsingaöldin veitir. Á Íslandi verður að eiga sér stað breyting hugarfarsins ef við eigum ekki að daga uppi. Við okkur blasir sú staðreynd að kjör hér á landi eru verri en í nálægum löndum. Atvinnuleysi hefur aukist samhliða því að ný tækni gerir það að verkum að færri hendur þarf til að vinna verkin. Ef ekkert er að gert stefnum við í þjóðfélag eins og við sjáum sums staðar í Evrópu þar sem einungis 2/3 þegnanna hafa atvinnu. Slík þróun er okkur ógeðfelld og hana verður að stöðva. Um það erum við sammála.

Ég get ekki leynt því að mér þykir aðilar vinnumarkaðarins hafa brugðist í þessum efnum. Þeir hafa ekki skynjað vitjunartíma sinn, ekki uppfrætt félagsmenn sína um þau tækifæri sem felast í nýjum áherslum og nýrri nálgun að bættum kjörum heldur staðið í árvissu þrefi um löngu úrelta launataxta.

Ef skapa á ungu fólki framtíð í landinu þarf að temja sér ný vinnubrögð. Íslenskt atvinnulíf verður að geta boðið upp á fjölbreytni í störfum og kjör sem eru á við það sem best gerist í nálægum löndum. Leiðin að þessu marki felst ekki í að bítast innbyrðis heldur að allir leggist á eitt við að stækka þá heild sem er til skiptanna.

Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd eins og margoft hefur verið nefnt hér í kvöld að það þarf að skapa 12.000 ný störf á komandi árum á þessu kjörtímabili. Sú aukning verður öll að eiga sér stað í atvinnulífinu. Starfsmönnum hins opinbera hefur fjölgað svo mikið síðustu árin að lengra verður ekki gengið á þeirri braut. Opinberum starfsmönnum mætti í raun fækka án þess að þjónusta við landsmenn minnki og þannig skapist svigrúm til þess að bæta kjör þeirra sem eftir eru. Ég hygg þó að slíkar aðgerðir verði vart gerðar nema samfara aukinni eftirspurn eftir vinnuafli, t.d. með tilkomu nýrrar stóriðju.

Við framsóknarmenn höfum lagt fram áætlun um að koma á fót öflugum nýsköpunarsjóði sem væri þess megnugur að leggja fram áhættufé til stofnunar nýrra fyrirtækja, sem byggja á þeim tækifærum sem þekking og mannvit þjóðarinnar býr við og sem boðið geta starfsmönnum sínum kjör sem nútímamaður gerir með réttri kröfu til að hafa.

Á síðasta vetri velti ég upp þeirri hugmynd að leggja hlut íslenska ríkisins í járnblendi-, sements- og steinullarverksmiðju, kísilgúrvinnslu og áburðarverksmiðju í eitt hlutafélag sem hefði frumkvæði að því að hér yrðu reist ný fyrirtæki á sviði orkufreks iðnaðar. Slíkt fyrirtæki yrði án efa lyftistöng íslenskum iðnaði. En þá þarf einnig að huga að starfsaðstöðu smærri fyrirtækja. Draga verður úr óþarfa skriffinnsku og afskiptum ríkisvalds af atvinnulífinu. Mörg ákvæði í lögum og reglugerðum, sem atvinnulífinu er gert að lifa eftir, eru íþyngjandi fyrir atvinnulífið og stór þáttur

í því að halda hér uppi hærra vöruverði en gerist í nálægum löndum auk þess að minnka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi.

Framsóknarmenn hafa sett fram hugmyndir um skattalegar aðgerðir til að örva nýsköpun og nýjar fjárfestingar og móta hugmyndir um vöxt ferðaþjónustu með því að aflétta opinberum gjöldum af tilteknum þáttum ferðaþjónustunnar. Að þessum málum verður örugglega unnið á þessu kjörtímabili.

Við verðum að endurskoða gamla, steinrunna vinnulöggjöf. Við þurfum að minnka miðstýringu, koma í veg fyrir að einstakir hópar geti haldið þjóðfélaginu í gíslingu vikum sama meðan kjarabarátta er háð. En allar aðgerðir til að bæta kjör hins vinnandi manns eru til lítils ef hér verður áfram hallarekstur á ríkissjóði sem kallar á stóraukna skattbyrði á komandi árum. Því er það að við verðum að taka til í rekstri hins opinbera, ná jöfnuði í ríkisfjármálunum og það á næstu tveimur árum. Það er einlæg von mín að víðtæk samstaða og skilningur náist með þjóðinni á nauðsyn þeirra aðgerða sem fram undan eru í stað þess að alið sé á sundurþykkju og tortryggni í garð tiltekinna þegna eða landshluta. Mér þykir þannig miður hve margir þéttbýlisbúar virðast hafa gleymt uppruna sínum og sýna lítinn skilning á aðstæðum þeirra sem í dreifbýli búa. Gera verður kröfu til þess að íbúar í þéttbýli sýni skilning á því að staðhættir í dreifbýli eru erfiðari og lífsbaráttan harðari en í þéttbýli.

Á næstunni hefur þeim áfanga verið náð að vetrareinangrun byggða á norðanverðum Vestfjörðum verður rofin með tilkomu jarðganga. Þetta er merkur áfangi í samgöngusögu þjóðarinnar allrar. Af ástæðum sem ég nefndi áðan er rétt að árétta að jarðgöngin á Vestfjörðum eru ekki gerð fyrir Vestfirðinga eina heldur eru þau eðlilegur hluti af því samgönguneti sem þjóðfélaginu ber að veita þegnum sínum.

Ekki má gleyma því þótt þessum áfanga sé náð að enn vantar mikið á að Vestfirðir búi við sama öryggi í samgöngum og aðrir landshlutar. Stórfelldar endurbætur á veginum frá Ísafirði í Hrútafjörð ásamt Gilsfjarðarbrú eru á áætlun. Að þeim málum verður að vinna ötullega á komandi árum ef unnt á að vera að tala um raunverulegan vilja til að jafna aðstöðu fólks í þessu landi.

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Við stöndum frammi fyrir mörgum erfiðum úrlausnarefnum á kjörtímabilinu. Engu að síður lít ég með bjartsýni til komandi ára. Ég hef trú á að vilji og styrkur sé fyrir hendi til að búa þjóðfélagið undir að nýta tækifæri nýrrar aldar með það að leiðarljósi að bæta hag hins vinnandi manns og jafna aðstöðu án tillits til búsetu. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[23:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Sjaldan hefur reiðin verið jafneindregin og djúpstæð og í haust. Hún hefur beinst gegn öllum stjórnvöldum og sérstaklega þó afleiðingum stjórnarstefnunnar. Hún beinist gegn þeim stjórnvöldum sem svíkja bókstaflega allt sem stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir kosningarnar í vor. Reiðin er svo mögnuð að full ástæða er til að vona að hún breytist í svarrandi brimöldu sem þurrkar burtu misrétti samfélagsins hvar sem það birtist.

Eitt af því sem vekur reiði er leyndin. Það er einmitt leyndin sem eitrar og vekur grunsemdir. Fólk spyr: Af hverju fær Kjaradómur ekki að birta yfirtíðina sem hann hefur dæmt fólki að undanförnu? Af hverju fæst kjaranefnd ekki til að birta niðurstöður sínar? Af hverju hefur fjmrn. neitað sjálfum forseta Alþingis um upplýsingar um launakjör æðstu embættismanna í fjórar vikur þrátt fyrir kröfu Verkamannasambandsins um að leggja spilin á borðið? Leyndin vekur skuggalegar grunsemdir.

Þjóðin bregst svona hart við vegna þess að lífskjörin hafa verið sprengd niður á steinaldarstigið. Það er vegna þess að atvinnuleysi hefur aldrei verið meira um háþjargræðistímann. Í ágústmánuði voru 6.000 manns á atvinnuleysisskrá. Nú ætlar ríkisstjórnin að auka atvinnuleysið á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. með því að bæta við 1–2 þúsund manns og 2.400 manns eru flúin úr landinu frá ársbyrjun 1993. Hér vantar með öðrum orðum 10.000 atvinnutækifæri auk þeirra sem munu bætast við á vinnumarkaðnum á næstu árum.

Þjóðin bregst svona hart við vegna þess að stjórnarherrarnir hafa svikið kosningaloforðin. Framsfl. spilaði á atvinnuleysið í kosningabaráttunni. Framsfl. lék sér tillitslaust að tilfinningum fólks sem býr við vonleysi í afkomu sinni. Staðreyndin er sú að það hefur ekkert verið gert frá því að ríkisstjórnin tók við í atvinnumálum. Það hefur ekkert gerst nema það að fimm framsóknarmenn hafa fengið vinnu í Stjórnarráðinu og fimm sinnum fimm framsóknarmönnum hefur verið troðið í ráð og nefndir. Einu atvinnutækifærin sem fundist hafa þar fyrir utan eru í útlöndum eins og formaður Framsfl. er reyndar yfirleitt í seinni tíð. Þau atvinnutækifæri eru á Jótlandsheiðum. Þangað flytja Íslendingar núna sjálfviljugir undan ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Það fóru 520 manns úr landinu í septembermánuði, 130 á viku, 26 manns á hverjum virkum degi hverfa úr landi. Í dag gætu hafa farið 26 einstaklingar. Í kvöld eru 3–6 fjölskyldur í landinu að pakka niður til að koma búsmunum sínum fyrir. Þannig er komið fyrir íslensku þjóðinni undir stjórn Sjálfstfl. fyrst með Alþfl., svo með Framsfl. Hver er framtíðarsýnin sem þessir stjórnarflokkar hafa skapað þjóðinni? Hún er myrkrið í gámi.

Fólkið er líka reitt vegna þess að batinn sem Sjálfstfl. lofaði þjóðinni fyrir kosningar hefur ekki skilað sér til hennar og sést hvergi í fjárlagafrv. að sjálfsögðu.

Þar er ekki minnst á einstæða móður í Grafarvogi sem baslar áfram með börnin sín og þarf að borga skatta af 70 þús. kr. á mánuði.

Þar er ekki minnst á unga fjölskyldu í Hafnarfirði sem byggði þar íbúðarhús, er með 250 þús. kr. á mánuði samtals og ræður samt ekkert við húsið en situr uppi með 6% affallabréfin frá Jóhönnu, formanni Þjóðvaka.

Fólk er líka reitt vegna þess, virðulegi forseti, hvernig komið hefur verið fram við aldraða og öryrkja þar sem kerfið er nú orðið svo fullkomið eftir aðfarir Alþfl. á síðasta kjörtímabili að fólk er að borga í jaðarskatta jafnvel yfir 100%. Í skýrslu sem send hefur verið þingmönnum um lífeyrissjóði kemur þetta m.a. fram. Þar er nefnt dæmi um einstakling sem býr einn og hefur á bilinu 22–27 þús. kr. á mánuði. Dæmi er nefnt um að hann hækki um 1.000 kr. á mánuði. Hvað gerist þá? Hann fer í 65 þús. kr. á mánuði. Og samstundis hækka opinber gjöld hans um 1.420 kr. á mánuði. Kaupið hans lækkar við að hækka.

Fólk er líka reitt vegna þess, virðulegur forseti, að aldraðir og öryrkjar hafa verið hlunnfarnir sérstaklega að undanförnu. Niðurstaða heilbrrn. varð sú að aldraðir og öryrkjar fá ekki sömu krónutölu og aðrir. Þeir fengu færri krónur en allir aðrir af því að það var ákveðið að reikna prósentuna í krónutölunni út frá 70 þús. kr. á mánuði en ekki 48 þús. kr. á mánuði. Hjón sem eru bæði lífeyrisþegar hjá almannatryggingum fá hvort um sig aðeins 1.621 kr. í lífeyrishækkun á mánuði þegar

kjarasamningar áttu að skila hinum lægst launuðu 3.700 kr.

Í fjárlagafrv. sem birt var í dag er því svo lýst yfir að það eigi áfram að skerða kjör þessa fólks, það eigi að höggva á tenginguna við verðlagsþróun sem hér hefur verið um áratuga skeið. Á sama tíma verður fólk enn að taka verðtryggð lán en verðtrygging tryggingabóta þeirra sem allra minnst mega sín í þjóðfélaginu verður afnumin. Niðurskurðarhnífur Sighvats Björgvinssonar er eins og gömul ryðbredda við hliðina á blikandi niðurskurðarsveðjum Framsfl. Þar er engu eirt. Byggingarsjóður verkamanna er skorinn mjög harkalega niður undir forustu hæstv. félmrh. og Framkvæmdasjóður fatlaðra er að verða að engu.

Fólk er líka reitt, hæstv. forseti, vegna þess hvernig sjávarútvegsstefnunni hefur verið framfylgt, hvernig sjávarútvegur og fiskimiðin og aðgangur að þeim er að færast á fárra manna hendur, hvernig fiskveiðistjórnin er að reka trillurnar á sjó í vitlausu veðri, hvernig slysum á sjó fjölgar beinlínis vegna þess hvernig fiskveiðireglukarlarnir stjórna landinu eins og fram kom á ráðstefnu um öryggismál sjómanna núna nýverið.

Herra forseti, fólk er líka reitt vegna þess hvernig komið hefur verið fram við láglaunabændur í þessu landi, ekki síst sauðfjárbændur. Sauðfjárbændur eru hnepptir í fjötra ofstjórnar og fátæktar, verr en flestir aðrir landsmenn. Hin nýju drög að búvörusamningi laga á engan hátt kjör þessa fátæka fólks. Þvert á móti bendir margt til þess að kjör þess fólks eigi enn eftir að versna, að það verði sveltistefna Framsfl. sem svæli bændur burt úr sveitum landsins.

Herra forseti. Síðasta ríkisstjórn vann markvisst að því að tala kjarkinn úr þjóðinni. Sú svartsýni grúfir enn yfir vötnunum og það er niðamyrkur inni gámunum sem flytja búslóðirnar á hverjum degi frá Íslandi á Jótlandsheiðar. Bjartsýni fólks blikar ekki lengur í því auga sem virðir framtíðina fyrir sér. Framtíðarlandið er gámur. Þannig hefur ríkisstjórn Sjálfstfl., fyrst með hjálp Alþfl. og nú Framsfl., farið með þjóðina. Við í þingflokki Alþb. og óháðra munum í vetur beita okkur gegn því þjóðfélagslega ranglæti sem hér hefur verið rakið. Við munum flytja tillögur um atvinnumál sem meginverkefni okkar í vetur. Við vonum að það takist að flytja svo mál okkar að heyrist um allt land. Þeir sem kalla saman alþingi götunnar eiga vísa liðsmenn í okkur. Svo mikið er víst. — Góðar stundir.

[23:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Á nýafstaðinni kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking bar að til tíðinda að í pontu steig prinsinn af Svasílandi. Hann var þannig búinn að um mitti sér hafði hann bundið dúk svo klauf myndaðist á hliðinni. Á efri hluta líkamans bar hann annan dúk, skrautlegan mjög, þannig að hann lagðist yfir aðra öxlina. Að öðru leyti var maðurinn nakinn nema hvað hann hafði tyllt einni fjöður á höfuð sér. Vopn sín hafði hann skilið eftir heima.

Kuflum klæddar múslimakonurnar frá Íran, sem sátu rétt hjá mér, grúfðu sig yfir borðin til að komast hjá því að horfa á þetta birtingarform karlmennskunnar, enda nánast um dauðasynd að ræða samkvæmt Kóraninum. Við vestrænu konurnar glenntum upp augun enda maðurinn hinn gjörvulegasti. Prinsinn sem ku eiga fjórar konur talaði fagurlega um mömmu sína og ömmu, um nauðsyn þess að búa litlu stúlkunum betri framtíð og þörfina á því að auka hlut kvenna í stjórnkerfinu, jafnt í ríkisstjórn sem sveitarstjórnum. Þetta var hjartnæm ræða en eftir að hafa hlustað á umræður um fátækt kvenna í Afríku, barna- og mæðradauða, útbreiðslu alnæmis meðal ungra stúlkna, algert réttleysi afrískra kvenna hvað varðar arf, eignir og börn og viljaleysi stjórnvalda til að taka á málum varð ég sannfærð um að ræða prinsins af Svasílandi væri innantómur fagurgali fluttur á hátíðarstundu.

Herra forseti. Myndin af prinsinum kom upp í huga mér við lestur stefnuræðu hæstv. forsrh. því að ekki fæ ég betur séð en að ríkisstjórnin gangi um hálfnakin og stefnulaus, kyrjandi sinn fagurgala um efnahagsbata og að allt sé á réttri leið í anda Sjálfstfl. Það er nefnilega ekki sama hvert horft er og hvað er skoðað eða hvort sá sem hlustar tilheyrir þeim sem njóta batans eða hinum sem finna ójöfnuðinn brenna á sér og finnst að aldrei hafi verið meiri þörf á að stokka upp spilin og gefa upp á nýtt. Það stendur ekki til ef marka má stefnuræðuna. Gott ef blikur eru ekki á lofti í framkvæmdum og atvinnumálum svo ekki sé minnst á tryggingakerfið þar sem ekkjur og sjúklingar liggja vel við höggi rétt einu sinni.

Stefna ríkisstjórnar á ekki að snúast um það eitt að reka ríkissjóð með eða án halla. Stefna ríkisstjórnar á að snúast um líf fólksins í landinu, almannahag, það að skapa þegnunum góðar aðstæður jafnt í einkalífi sem atvinnulífi og búa vel að atvinnuvegunum. Stefna ríkisstjórnar á að snúast um það að horfa til framtíðar og hún á að ákveða hvert skuli halda, að sjálfsögðu í góðri sátt við umbjóðendur sína. En í stefnuræðu kvöldsins er ekkert horft á hin alvarlegu vandamál mannlífsins á Íslandi, þau sem munu hafa afgerandi áhrif á þróun og framtíð okkar. Það var engin tilraun gerð til að greina stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Það var ekki skilgreint hver eru mikilvægustu viðfangsefni samfélags okkar. Enn einu sinni er staldrað við hallann á ríkissjóði, vexti og vísitölur, kaupmátt og niðurskurð. Ekki svo að skilja að þau atriði í þjóðarbúskapnum skipti ekki máli. En stóru spurningarnar eru margar sem bíða svars. Hvaða stöðu eigum við að taka okkur í samvinnu við aðrar þjóðir í heimi sem breytist hratt? Um margt er staða okkar óljós.

Norræn samvinna sem hefur verið okkur gífurlega mikilvæg er að breytast og mun eflaust minnka. Mér þótti eins og fleirum athyglisvert að fylgjast með því á kvennaráðstefnunni í Kína hvernig staða þeirra Norðurlanda sem nú eru komin inn í Evrópusambandið hefur breyst. Allt í einu er rödd Svíþjóðar þögnuð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En Svíar hafa um árabil beitt sér mjög í alþjóðaumræðu. Nú talar sú þjóð sem fer með formennsku í ráðherraráðinu fyrr hönd allra aðildarríkjanna. Norðmenn gátu hins vegar beitt sér verulega og munaði mjög um þá rödd.

Ég er sannfærð um að á næstu árum verður tekist á um aðild Íslands að Evrópusambandinu og við eigum að fara í gegnum þá umræðu málefnalega en gagnrýnið. Ekkert hefur breytt þeirri skoðun minni að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan Evrópusambandsins og að stóra spurningin sé sú í hvers konar samfélagi við viljum lifa og hvort við viljum sjálf ráða okkar för eða gangast undir ólýðræðislegt tilskipunarveldi karlanna í Brussel. Svo réttlætis sé gætt vil ég þó geta þess að Evrópusambandð stóð sig vel í þeirri styrjöld hugmyndanna sem háð var á kvennaráðstefnunni í Peking milli múslimaríkjanna og Vatíkansins í Róm annars vegar og þjóða Vestur-Evrópu, Ástralíu, Nýja-Sjálands og Norður-Ameríku hins vegar. Þeirri styrjöld er þó engan veginn lokið og ég hygg að fátt muni ráða meiru um framtíð mannkynsins hér á jörð en það hvaða sjónarmið ráða för varðandi mannréttindi, þjóðfélagsskipan og skiptingu lífsgæðanna þegar við höldum af stað inn í nýja öld.

Ég minntist áðan á hin alvarlegu vandamál sem við stönd-

um frammi fyrir og þær stóru spurningar sem við þurfum að svara. Hvernig ætlum við að skapa því fólki vinnu sem mun streyma út á vinnumarkaðinn á næstu árum? Hvernig ætlum við að vinna bug á atvinnuleysinu? Hvernig ætlum við að stöðva þann fólks- og atgervisflótta sem greinilega er hafinn frá landinu? Hvernig ætlum við að reka gott velferðarkerfi sem kallar á æ meira fjármagn þannig að það þjóni þeim sem þurfa aðstoðar við? Þessum spurningum er ekki auðsvarað, en það þarf skipulagningu, áætlunargerð, nýjar hugmyndir og áherslur, t.d. í málefnum atvinnulausra, í þá veru að borga fólki fyrir að mennta sig, skapa og reyna nýjungar í stað þess að borga því fyrir að gera ekki neitt. Það þarf að styðja þá með lánum og styrkjum sem eru að leita fyrir sér í rekstri lítilla fyrirtækja og enn einu sinni minni ég á að í löndum Evrópu og Ameríku hafa konur verið leiðandi við stofnun nýrra fyrirtækja.

Herra forseti. Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um kjör þingmanna er mér ofarlega í huga sú atvinnu- og launastefna sem hér ríkir, bæði af hálfu ríkisins og atvinnulífsins. Sú stefna er ekki í neinu samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Umræðan að undanförnu sýnir og sannar að uppstokkunar er þörf. Íslenskur vinnumarkaður einkennist af löngum vinnudegi, lítilli framleiðni, lágum grunnlaunum, launamisrétti sem einkum bitnar á konum, sífelldum vinnudeilum og nánast alræðisstjórn karla. Það er eitthvað mikið að og ef svo heldur fram sem horfir munu æ fleiri Íslendingar leita betri lífskjara erlendis og þeir sem verið hafa í námi í öðrum löndum snúa ekki heim. Lausnirnar eru til. Þær felast í bættri menntun fólks, breyttu hugarfari, nýjum stjórnunarháttum og bættum vinnubrögðum.

Íslenskir atvinnurekendur ættu að vera leiðandi afl í þróun vinnumarkaðarins með starfsfólki sínu, enda þeim í hag eins og samfélaginu öllu að bæta starfsanda og kjör. Atvinnurekendur ættu að bjóða upp á menntun, m.a. til að auka framleiðni, endurskoða vinnutímann, skapa sveigjanleika, bæta stjórnunarstíl sinn, tengja saman fjölskyldu- og atvinnulíf og nýta þá vannýttu auðlind sem er að finna í krafti, hugviti og menntun kvenna. Alþjóðabankinn hefur nýlega bent á að ekkert ríki sem vill þróast í átt til betri lífskjara megi láta hjá líða að beina fjármagni til kvenna í mun ríkara mæli en hingað til vegna þess að reynslan sýnir að það skilar sér margfalt til samfélagsins alls. En það er nú eitthvað annað en að íslensk stjórnvöld og atvinnurekendur séu að feta sig eftir nýjum brautum. Íslenskir atvinnurekendur leggjast hart gegn breytingum af nánast hvaða tagi sem er, samanber tilskipanir Evrópusambandsins um vinnutíma. Rannsóknir hafa leitt í ljós að íslenskir atvinnurekendur hafa lítinn sem engan áhuga á menntun starfsfólks síns og finnst ekki að góð menntun og árangur í námi skipti máli þegar fólk er ráðið til starfa. Íslenskir atvinnurekendur þverbrjóta jafnréttislögin og komast upp með það. Þarna er á ferð hugarfar einhvers staðar aftan úr öldum sem stendur samfélaginu fyrir þrifum. Ég spyr hvort íslenskt atvinnulíf ætli að verða eftir á 19. öldinni þegar við hin höldum inn í 21. öldina.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki heldur staðið sig sem skyldi. Á þeim bæ ríkir sama karlaveldið sem annars staðar sem horfir þögult á launamisrétti kynjanna og semur endalaust um steypuvinnu og brúarsmíði fyrir karlana til að draga úr atvinnuleysinu en gleymir konunum sem eru þó um helmingur félagsmanna og meiri hluti hinna atviunnulausu. Verkalýðshreyfingin skynjar svo sannarlega reiði, erfiðleika og vonbrigði félagsmanna sinna sem horfa á aðra bera mun meira úr býtum, en þeirri reiði þarf að beina í farveg umbóta, réttlætis og jafnréttis í stað þess að ráðast eingöngu á Alþingi sem gerði áratuga gömul starfskjör alþingismanna sýnileg í lögum, lagði niður eina skattlausa greiðslu og tók upp aðra. Það er m.a. það sem ekki má eins og sannaðist vorið 1992 þegar Kjaradómur gerði tilraun til að gera launakjör æðstu embættismanna ríkisins sýnileg, lækkaði suma og hækkaði aðra, en sú breyting var kveðin niður með útifundum og bráðabirgðalögum svo feluleikurinn gæti haldið áfram. Það getur tæplega verið stefna íslenskrar verkalýðshreyfingar að viðhalda launakerfi sem byggist upp á duldum greiðslum, sporslum til karla, leynisamningum, lágu grunnkaupi og misrétti sem fyrst og fremst bitnar á konum. Eigum við ekki að fá alla þætti málsins upp á borðið, horfast í augu við staðreyndirnar, skoða hver eru hin raunverulegu laun í landinu, fyrir hvað er borgað og hverjum og stokka upp launakerfið. Hverjir hafa hag af því að viðhalda óbreyttu ástandi? Er það ríkisvaldið? Eru það vinnuveitendur? Eru það ákveðnir hópar launafólks? Er það verkalýðsforustan? Svo mikið er víst að það er ekki þeim konum í hag sem fylla hópa hinna lægst launuðu.

Herra forseti. Nú hefur það gerst að við íslenskar konur höfum fengið nýtt verkfæri í hendur í baráttu okkar fyrir kvenfrelsi og bættum hag. Það tæki er framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í málefnum kvenna sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að framfylgja. Þegar staða íslenskra kvenna er borin saman við það sem gerist meðal annarra þjóða kemur í ljós að hvergi í heiminum er formleg staða kvenna betri. Við búum við lagalegt jafnrétti á flestum sviðum og er boðið upp á þá menntun og heilsugæslu sem aðrir verða að láta sér nægja að dreyma um. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að víða er pottur brotinn. Hlutfall kvenna á þingi og í sveitarstjórnum er mun lægra hér en á hinum Norðurlöndunum. Launamisréttið er mikið og meira en gerist meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við, enda flokkað sem mannréttindabrot hjá Sameinuðu þjóðunum. Karlstýring vinnumarkaðar og verkalýðshreyfingar er yfirþyrmandi og fátt um konur í þeim stofnunum sem stýra út- og innstreymi fjármagns. Íslenskar konur búa við heimilis- og götuofbeldi og því miður er afstaðan til mannréttinda stúlkubarna ekki alltaf til fyrirmyndar, t.d. þegar kynferðislegt ofbeldi og misnotkun eiga í hlut. Flest af þessu má bæta með breyttu hugarfari, upplýsingum, umræðum, menntun og reyndar lagabreytingum á ýmsum sviðum.

Nú þegar nokkrir dagar eru þangað til íslenskar konur minnast þess að 20 ár verða liðin frá víðtækustu vinnustöðvun kvenna sem um getur, jafnt inni á heimilum sem úti í samfélaginu, er tækifæri til að kynna framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna og strengja þess heit að Ísland verði raunverulega í fyrsta sæti þeirra þjóða sem tryggja konum jafnan rétt og jafna stöðu á við karla. Nú reynir á okkur konur að fylgja áætluninni eftir og stjórnvöld að standa við fögru orðin, ef ríkisstjórnin ætlar ekki að haga sér eins og prinsinn af Svasílandi, standa hálfnakinn frammi fyrir þjóðinni með sína einu konu og láta frá sér fara innantómt kurteisishjal sem ekkert mark er á takandi.

Í lokaræðu sinni á kvennaráðstefnunni í Peking sagðist Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, bera þá von í brjósti að við sem nú teljumst til stjórnvalda stæðum okkur svo vel í að bæta heiminn og að tryggja góða framtíð bæði drengja og stúlkna að við verðskulduðum þá ótakmörkuðu tiltrú og traust sem skín úr augum nýfæddra

barna. Undir þau orð vil ég taka. Einnig hér er verk að vinna. Tími orðanna er liðinn, tími aðgerðanna er runninn upp. — Góða nótt.

Útbýting þingskjals:
Lyfjalög, 21. mál, stjfrv., þskj. 21.

Fundi slitið kl. 23:57

3. FUNDUR

fimmtudaginn 5. okt.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Lyfjalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:37]

Útbýting þingskjala:
Aðstoð við ættleiðingar, 18. mál, fsp. ÖS, þskj. 18.
Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 15. mál, þáltill. RG og BH, þskj. 15.
Bætt skattheimta, 20. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 20.
Færslur aflaheimilda, 19. mál, fsp. GuðjG, þskj. 19.
Glasafrjóvgun, 17. mál, fsp. ÖS, þskj. 17.
Hvalveiðar, 22. mál, fsp. GuðjG, þskj. 22.
Hækkun tryggingabóta, 24. mál, fsp. SvG, þskj. 24.
Jarðhitaréttindi, 12. mál, frv. HG o.fl., þskj. 12.
Málefni Menntaskólans í Reykjavík, 23. mál, fsp. KÁ, þskj. 23.
Opinber fjölskyldustefna, 16. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 16.
Orka fallvatna, 11. mál, frv. HG o.fl., þskj. 11.
Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, 13. mál, frv. ÖS og SAÞ, þskj. 13.
Réttur til launa í veikindaforföllum, 10. mál, frv. HG og BH, þskj. 10.
Seðlabanki Íslands, 14. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 14.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda o.fl.

[10:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Í bréfi frá allshn. er tilkynnt að á fundi nefndarinnar 3. okt. hafi Sólveig Pétursdóttir verið kjörin formaður nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir varaformaður.

Tilkynnt hefur verið með bréfi að þingflokkur Kvennalistans hafi þann 3. okt. kosið Guðnýju Guðbjörnsdóttur sem formann þingflokksins og Kristínu Halldórsdóttur sem varaformann.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 5. október:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Arnþrúður Karlsdóttir fréttamaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Finnur Ingólfsson,
7. þm. Reykv., iðn.- og viðskrh."

Kjörbréf Arnþrúðar Karlsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því nú samkvæmt 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Arnþrúður Karlsdóttir, 7. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Arnþrúður Karlsdóttir hefur undirritað drengskaparheitið og er boðin velkomin til starfa.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 21. mál (gildistaka ákvæða um stofnun lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [10:37]
Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, GHH, GE, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, KHG, KÁ, KH, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SF, StB, SvanJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

31 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GMS, HÁs, HBl, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓRG, ÓÖH, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

[10:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Ekki þarf að hafa langan formála vegna þessa frv. Í lok 117. löggjafarþings voru samþykkt ný lyfjalög. Ákveðið var

að fresta gildistöku tveggja kafla laganna til 1. nóv. 1995 svo að tóm gæfist til að meta áhrif verulegra breytinga sem gerðar voru á fyrirkomulagi lyfjadreifingar hér á landi með þessum nýju lögum. Þær breytingar áttu að mestu leyti rætur að rekja til skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum. Þeir kaflar sem ákveðið var að fresta gildistöku á voru annars vegar VII. kafli laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi og hins vegar XIV. kafli laganna um lyfjaverð.

Eins og hv. þingmenn muna voru skiptar skoðanir hér á Alþingi um það fyrirkomulag varðandi lyfjadreifingu annars vegar og lyfjaverð hins vegar sem hin nýju lög gera ráð fyrir. Þess vegna var til málamiðlunar ákveðið að fresta gildistöku umræddra tveggja kafla til að tóm gæfist til að meta að öðru leyti áhrif framkvæmdar nýrra lyfjalaga á lyfjadreifingu og lyfjanotkun í landinu. Í þeim tilgangi skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd hinn 29. júlí 1994 sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka. Nefndinni var ætlað að skila ráðherra skýrslu fyrir 1. sept. 1995.

Hinn 26. apríl sl. óskaði ég eftir því við nefndina að hún hraðaði störfum og skilaði skýrslu um stöðu mála fyrir 1. júlí 1995. Meiri hluti nefndarinnar tjáði mér að hann telji að áhrifa lyfjalaganna sé ekki enn farið að gæta í þeim mæli að hægt sé að meta áhrif þeirra. Ástæða þessa er m.a. sú að dregist hefur að setja ýmsar reglugerðir sem fylgja áttu lögunum um nánari útfærslu og framkvæmdir. Þessi dráttur stafaði m.a. af því að vinnan að undirbúningi þessara reglugerða var mun umfangsmeiri og tímafrekari en ráðgert var í fyrstu. Það er því mat nefndarinnar að áhrifa nýrra lyfjalaga og EES-samningsins á lyfjanotkun og lyfjakostnað almennings og hins opinbera hér á landi fari fyrst að gæta að einhverju marki á næsta ári. Ég lagði því fram á 119. löggjafarþingi frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, þar sem gerð var tillaga um að gildistökukafla yrði frestað til 1. júlí 1996. Samkomulag varð um að fresta afgreiðslu frv. nú til haustþings. Því legg ég fram að nýju frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Frv. er að því er frestunina varðar óbreytt frá því frv. sem lagt var fram í vor. Því til viðbótar er að finna í frv. tillögur um breytingar á lögum er lúta stjórnsýslulegri meðferð mála.

Í 1. og 2. gr. frv. er lagt til að 4. og 10. gr. laganna verði breytt. Breytingin með 1. gr. frv. snertir 4. gr. laganna og snýr að verkaskiptingu milli ráðuneytis og lyfjanefndar við afgreiðslu mála. Í stað þess að ráðuneytið afgreiði þau mál sem þar um ræðir, þ.e. markaðsleyfi og alls kyns umsóknir um leyfi vegna lyfja, eins og kveðið er á um í lögunum nú, er gert ráð fyrir að þessi verkefni flytjist til lyfjanefndar. Ákvarðanir lyfjanefndar verða kæranlegar til ráðuneytis.

Í 2. gr. frv. er gerð breyting á orðalagi í 10. gr. þannig að opnað er fyrir það að heilbr.- og trn. geti falið aðilum utan ráðuneytisins að gefa út sérlyfjaskrá.

Í 3. og 4. gr. eru þær breytingar sem voru í frv. því sem ég lagði fram í vor og ég minntist á. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þessar tvær greinar. Þó er rétt að taka fram að í 3. gr. er dagsetningunni 1. júní 1995 breytt í 1. júlí 1996. Hér er í raun um leiðréttingu að ræða í meðförum Alþingis, þegar frestun umræddra kafla var samþykkt, láðist að leiðrétta þessa dagsetningu til samræmis.

Ég get ekki skilið við þetta mál án þess að fara nokkrum orðum um kostnaðarmat fjmrn. Þar er minnst á 100 millj. kr. sparnað sem talið var að unnt yrði að ná á árinu 1995 vegna nýrra lyfjalaga. Þessi sparnaður er alls óviss, enda varð niðurstaðan sú að við lokaafgreiðslu fjárlaga 1995 var fallið frá því að ná sparnaði í lyfjakostnaði með þessum aðgerðum. Í lokamálsgrein kostnaðarmatsins er því haldið fram að ef frv. þetta verður að lögum muni líklega ekki nást fram frekari lækkun á álagningu lyfja í smásölu nema stjórnvöld beiti sér til þess með öðrum aðgerðum.

Í þeim tveimur köflum sem hér er enn frestað gildistöku á eru engin ákvæði sem hafa áhrif á lækkun álagningar lyfja í smásölu. Samþykkt þessa frv. mun því engu breyta um það atriði. Athugasemdir þessar í kostnaðarmati eru því óskiljanlegar og vekur furðu að slíkar órökstuddar staðhæfingar skuli settar fram í kostnaðarmati sem á að vera hlutlaus skoðun á kostnaðaráhrifum lagafrv.

Ég vil á hinn bóginn láta koma fram að heilbr.- og trmrn. vinnur stöðugt að því að stemma stigu við sívaxandi lyfjaútgjöldum. Í sumar gengu í gildi reglugerðir um svokallað viðmiðunarverð lyfja. Þessar reglur gengu að fullu í gildi 1. ágúst sl. Reynslan af framkvæmd þeirra hefur þegar sýnt að þessar nýju reglur skila verulegum sparnaði í útgjöldum til lyfjamála. Þessar aðgerðir eru sérstaklega jákvæðar og mikilvægar því að þær geta lækka lyfjaútgjöld sjúklinga um helming meira en þær lækka lyfjaútgjöld sjúkratrygginga. Hér er því um mikilsverða aðgerð að ræða til að létta undir með sjúklingum með háan lyfjakostnað.

Hæstv. forseti. Ég læt hér með lokið umfjöllun minni um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Jafnframt leyfi ég mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. afgreitt til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[10:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt um frv. sem hér liggur fyrir með því að vitna í prófessor í lögum, Sigurð Líndal, en þegar leitað var álits hans á boðaðri frestun á gildistöku þessara laga sagði hann svo, með leyfi forseta:

„Lög í réttarríki eiga að vera stöðug og það er eitt af frumatriðum réttarríkis að menn hagi sér á þennan hátt en ekki hinn. Þetta er eitt grunnatriða við lagasetningu og siðferðilegur mælikvarði á þau. Svona lagasetning er því alveg ótæk."

Þetta segir einn af virtustu lagaspekingum landsins og það er sá dómur sem hann fellir yfir þessu frv. hæstv. heilbrrh. sem er að verða að eins konar þráhyggju í kolli hæstv. ráðherra og í ráðuneytinu.

Herra forseti. Þetta frv. felur í sér afar sérkennilegan málatilbúnað svo ekki sé meira sagt. Það er satt að segja fátítt ef ekki einsdæmi að ríkisstjórn leggi fram mál þar sem boðuðu rekstrarumhverfi heillar atvinnugreinar er gjörbreytt á síðustu stundu sem stríðir gegn öllum viðteknum hefðum um framkvæmd laga; sem rýrir traust manna á stöðuglyndi löggjafans og sem virtasta dagblað landsins kallar í senn forneskju og siðleysi. Þetta frv., herra forseti, byggir nefnilega ekki á neinum rökum og það hefur enga pólitíska undirstöðu nema duttlunga eins tiltekins ráðherra og að því leyti til, herra forseti, er þetta mál algjörlega sérstakt.

Ég skil þess vegna mætavel, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. lagði ekki í það að mæta forvera sínum, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, í kappræðu í Ríkisútvarpinu í gær þar sem þetta mál átti m.a. að koma til umræðu. Ég leit satt að segja á flótta hennar frá því sem skynsemisvott sem er sorglega sjaldgæft að finna nú á þessum síðustu dögum á meðal ráðherra Framsfl.

Herra forseti. Aðferðin sjálf við að taka þetta mál á dag-

skrá er raunar í stíl við málið sjálft. Þó hæstv. ráðherra sé búinn að tala um það út og suður í fjölmiðlum að hún leggi ofurkapp á að fá málið á dagskrá sem fyrst í þinginu, þá er undirbúningur ráðuneytisins að málinu ekki betri en svo að það tókst ekki að leggja það fram í tæka tíð þannig að það þurfti að taka það hér með afbrigðum til umræðu í dag. Auðvitað er það svo að hæstv. ráðherra er í mikilli tímaþröng með málið vegna þess að staðreyndin er sú að ríkisstjórnin treysti sér ekki til þess að koma málinu fram á vorþingi. Vissulega er það líka hefð að þingheimur veiti afbrigði til þess að koma málum á dagskrá, herra forseti. En það er afar óvenjulegt, a.m.k. miðað við mína tiltölulega stuttu þingtíð, að pólitísk deilumál séu með þessum hætti tekin á dagskrá með afbrigðum þegar hæstv. ráðherra hefði verið í lófa lagið með sæmilega vönduðum vinnubrögðum að koma þessu máli til þings í tæka tíð. Ég tel að það fari ekki vel á því að þingið verðlauni sleifarleg vinnubrögð af þessu tagi með því að sýna óhóflegt umburðarlyndi eins og mér þykir þingið hafa sýnt í dag. Það er þess vegna sem ég greiddi ekki atkvæði með því en sat þó hjá til þess að leyfa ráðherranum að fá málið til umræðu.

Þetta, herra forseti, er því miður ekki eina dæmið um afskaplega óvönduð vinnubrögð sem tengjast þessu máli og sem ég vona og þykist raunar fullviss að sé ekki forsmekkurinn að því sem koma skal því að öðru leyti hef ég ekkert upp á þennan hæstv. ráðherra að klaga um vinnubrögð. En ég ætla að halda mig við það sem ég kalla lakleg vinnubrögð hæstv. ráðherra í þessu tiltekna máli sem sýnir það að hún hefur ekkert að byggja á, engin rök nema bara sína eigin duttlunga og þráhyggju til þess að standa við eitthvað sem hún sagði í kosningabaráttunni. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En þetta er hins vegar eina málið sem hæstv. ráðherra hefur ekki gjörskipt um skoðun á ef marka má þá drætti sem fram koma í fjárlagafrv. sem við ræðum væntanlega á morgun.

Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að það væri aðallega tvennt sem gerði það að verkum að það væri nauðsynlegt að fá frestun á þessu máli. Og það er í fyrsta lagi, segir hæstv. ráðherra, að það eigi eftir að setja reglugerðir vegna þess að vinnan hafi öll reynst tímafrekari og það hafi ekki gefist tóm til þess að setja þessar reglugerðir. Þá spyr ég, herra forseti: Er ekki ráðherra verkstjóri í sínu ráðuneyti? Að sjálfsögðu er málið svo. Og auðvitað er það ráðherrann sem á að sjá til þess að vinnan í ráðuneytinu sé ekki með þeim hætti að hún tefji framgang mála eins og þessara, komi í veg fyrir það að menn sem eru búnir að verja umtalsverðum tíma, atgervi og fjármunum til þess að laga sig að þessu breytta rekstrarumhverfi, að forsendunum fyrir þeirra lífsbaráttu sé ekki svipt undan þeim á síðustu dögum vegna þess að ráðherrann hefur ekki unnið heimavinnuna sína, vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekki stjórn á sínum starfsmönnum. Herra forseti. En jafnvel þó þetta væri rétt, þá skulum við aðeins kanna hvaða reglugerðir þetta eru.

Gerum okkur grein fyrir því að frv. sem við erum að ræða hér lýtur eingöngu að smásölu lyfja og þær reglugerðir sem er verið að vinna að og sem ekki hefur tekist að koma fram af því að ráðherrann hefur ekki haft nægilega stjórn á sínum mönnum, það eru eftirtaldar reglugerðir:

Reglugerð um framleiðslu lyfja og reglur um góða framleiðsluhætti. — Kemur það eitthvað við smásölu á lyfjum?

Reglugerð um heildsölu lyfja. — Er það smásala?

Reglugerð um klínískar lyfjatilraunir. — Hvað kemur það við apótekarafrelsi?

Reglugerð um skráningu og/eða veitingu markaðsleyfa fyrir náttúrulyf, hómópatalyf, bætiefni, svo sem vítamín og steinefni. — Og hvaða vörur eru undanþegnar ákvæðum um skráningu og markaðsleyfi? Það er kannski helst þessi eina reglugerð og ráðuneytið hefur haft heilt sumar til þess að vinna hana.

Og síðan er það reglugerð um litarefni í lyfjum.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að sú röksemd sem hæstv. ráðherra flytur máli sínu til stuðnings stenst einfaldlega ekki próf veruleikans. Þær reglugerðir sem eftir er að vinna koma þessu máli ekki við og jafnvel þó að þær kæmu málinu við, þá er það skylda ráðherrans að sjá til þess að það sé unnið að þeim í tíma. Það hefur hún bersýnilega ekki gert eftir því sem hún segir sjálf.

Í öðru lagi, herra forseti, kemur það fram líka í framsögu hæstv. ráðherra að sú þverpólitíska nefnd, sem skipuð var til þess að kanna afleiðingar hinna nýju lyfjalaga á markaðinn, hefur ekki getað unnið sitt starf.

Þá er rétt að upplýsa að það hefur komið fram í fjölmiðlum að ráðherrann óskaði eftir því snemma á ferli sínum að nefndin hraðaði störfum sínum. Þetta kemur m.a. fram í samtali við Þóri Haraldsson, aðstoðarmann heilbrrh., í Morgunblaðinu miðvikudaginn 27. sept. þar sem hann segir að ráðherra hafi óskað eftir því í vor að nefndin hraðaði störfum svo að niðurstaða hennar gæti legið fyrir 1. júlí. Síðan segir, með leyfi forseta: „Við því hafi nefndin ekki getað orðið og því hafi heilbrrh. óskað eftir að lengja frestinn á gildistöku umræddra ákvæða.“ Með öðrum orðum: Hér er það aðstoðarmaður heilbrrh. sem segir: Ástæðan fyrir frestuninni er sú að nefndin gat ekki unnið verkið.

Það hefur líka komið fram í fjölmiðlum, herra forseti, að þessi nefnd hélt fund 14. júní og ég held að hún hafi ekki haldið fund síðan. Hæstv. ráðherra hefur sagt í viðtali við Viðskiptablaðið, eða látið að því liggja, að það hafi verið vegna fjarveru manna en nú sé að koma þing og það séu margir alþingismenn í nefndinni og þess vegna gefist tóm til þess að kalla hana saman. Hvað les ég út úr þessu? Ég les út úr þessu að hæstv. ráðherra hafi skyndilega raknað — ég vil ekki segja úr rotinu heldur vaknað upp af sælum draumi þegar leið að þingbyrjun og gert sér grein fyrir því að það hafði engin vinna farið fram í nefndinni. Hún hefði einfaldlega gleymt að reka á eftir þessari vinnu.

Herra forseti. Ég minnist þess að það hefur komið fyrir að ráðherrar sem ekki hafa verið ánægðir með störf sinna nefnda hafa einfaldlega slegið þær af og það jafnvel á sínum fyrstu dögum í ráðuneytinu. Ég get ekki dregið aðra ályktun en þá að ástæðan fyrir þessu frv. sé fyrst og fremst sú að það er sleifarlag í ráðuneytinu. En að er líka vert að vekja eftirtekt á því, herra forseti, að ég sé ekki betur en að ráðherrann sé tvísaga og það sem kemur fram í greinargerð með frv. stangist á við það sem ráðherrann gefur sem ástæðu fyrir þessu frv. í viðtali við Viðskiptablaðið. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Markmið með frestun gildistöku framangreindra kafla lyfjalaga var að skapa svigrúm til þess að meta hvaða áhrif gildistaka annarra kafla laganna hefði, þannig að gera mætti breytingar á reglum VII. og XIV. kafla ef ástæða þætti til í ljósi reynslunnar.“

Þarna er ráðherrann sem sagt að búa til röksemd í greinargerðinni sem segir þetta: Ef reynslan af framkvæmd laganna eins og þau eru í dag gefur tilefni til breytinga, þá breytum við lögunum. Ég þarf að vinna tíma til þess. En hvað

segir hæstv. ráðherra í viðtali við Viðskiptablaðið? Þar spyr blaðamaður ráðherrann, með leyfi forseta:

„En skil ég þig ekki rétt, Ingibjörg, að fyrir þér vaki að breyta lögunum? Þú vilt jafnvel taka upp frv. að einhverju leyti?“ — Eins og ráðherrann segir í greinargerðinni. Og hvert er svar ráðherrans, herra forseti? Það er svohljóðandi:

„Nei, það er ekki rétt skilið.“ Þannig að ég velti því þá fyrir mér, hver er hin raunverulega orsök fyrir þessu frv.? Ég finn hana ekki. Þær röksemdir sem ráðherrann hæstv. hefur sjálf uppi á einum stað hrekur hún með eigin orðum og vopnum á öðrum stað. Það sem aðstoðarmaður ráðherrans segir í samtölum hrekur hún sjálf í greinargerð. Og það er þess vegna sem ég segi það, herra forseti, að þetta frv. byggist ekki á rökum. Það er tilefnislaust vegna þess að eina tilefnið eru duttlungar sem búa í kolli hæstv. ráðherra og það þykir mér miður.

Herra forseti. Það er ekki úr vegi að fara örfáum orðum um það hvað það frv., sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði fram, fól í sér á sínum tíma. Þeir tveir kaflar sem hér eru til umræðu eru VII. og XIV. kafli. VII. kaflinn felur það í sér, og það eru gildandi lög, að þann 1. nóv. á að fella úr gildi 300 ára gamalt skömmtunarkerfi á lyfsöluleyfum. Við tókum í arf frá kónginum í Kaupmannahöfn sérstakt kerfi sem gerði það að verkum að það var kóngurinn sem úthlutaði leyfum til apótekara. Þegar hann var tekinn af Þjóðverjum í Kristjánsborgarhöll og við tókum okkur lýðveldi, þá færðist þetta vald yfir til forsetans. Og í dag er það svo að það þarf sérstakt leyfi forseta til þess að menn geti sett upp apótek.

Þessu vildi hv. þm. Sighvatur Björgvinsson breyta og það var Alþfl. sem ruddi nýju kerfi brautina með góðri aðstoð Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili. Samkvæmt því kerfi, sem á samkvæmt gildandi lögum að hefjast hinn 1. nóv., þá getur hver sem er sem uppfyllir ákveðin skilyrði laganna sett upp apótek ef honum býður svo við að horfa. Ráðherrann hefur ekki lengur vald til þess að takmarka stofnun apóteka. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það urðu deilur um þetta mál á hinu háa Alþingi. En það tókst að lokum bærileg sátt um málið miðað við efni og aðstæður og það er kannski við hæfi að rifja upp ádeiluefnin sem menn fundu þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kynnti fyrst sínar hugmyndir.

Eitt af því sem var vel haldið á lofti af andstæðingum þessara hugmynda var að hagsmunum neytenda væri ekki nægilega vel borgið vegna þess að samkeppnin mundi draga úr faglegum kröfum samkeppnisaðilanna til sjálfs sín. Þessu var svarað með því að það voru settar mjög strangar faglegar kröfur til leyfishafa sem ég tel einsýnt að gæti í hvívetna mjög vel hagsmuna neytendanna. Í aðalatriðum fólu þær í sér að umsækjandinn þarf verslunarleyfi eða samning við aðila sem hefur slíkt leyfi. Hann þarf að hafa þriggja ára starfsreynslu, en þó var ráðherra heimlað að víkja frá því ef almannahagsmunir kölluðu til að mynda í fámennum byggðarlögum þar sem lyfsala var ekki fyrir hendi, en til þess að tryggja enn frekar hina faglegu vinnu af hálfu hinna nýju apóteka, þá var lögfest að samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins þyrfti að liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar gæti hafist. Og þeir aðilar sem til að mynda hafa nú afráðið að hasla sér völl á grundvelli þessara gildandi laga hafa einmitt unnið sína undirbúningsvinnu afskaplega vel og í nánu samráði við eina af undirstofnunum hæstv. ráðherra. Og ég skýt því inn í, herra forseti, að ég sé ekki betur heldur en hæstv. ráðherra hafi með þeim hætti í gegnum eina af undirstofnunum sínum lagt blessun sína ef ekki með beinum þá með óbeinum hætti yfir starfsemi þeirra manna sem hún ætlar núna að ryðja um koll.

Það kom líka fram í umræðum um þær hugmyndir sem Alþfl. setti fram að þetta fyrirkomulag þjónaði e.t.v. ekki nægilega vel hagsmunum smærri byggðarlaga. Ýmsir gerðu því skóna að á mjög smáum markaðssvæðum gæti samkeppnin hreinlega rústað þeim lyfjabúðum sem kynnu að verða settar upp eða væru fyrir hendi, en undir þetta, herra forseti, var líka skotið byttu vegna þess að samkvæmt þeim lögum, sem að lokum voru samþykkt, hefur ráðherrann heimild til þess að takmarka fjölda lyfjabúða í heilsugæsluumdæmum. Því held ég, herra forseti, að það hafi verið komið til móts við öll sjónarmið þeirra sem voru andstæð þessum breytingum og það var komið til móts við sjónarmið hæstv. núv. heilbrrh. að því leyti til að gildistöku þessara kafla var frestað. En það eru samt sem áður lög í gildi. Lögin segja að þetta nýja fyrirkomulag eigi að taka upp 1. nóv. Þetta hefur verið svona hátt á annað ár. Og er eitthvað óeðlilegt við það að menn sem eru í þessari atvinnugrein taki mið af almennum ramma laganna og leggi út í fjárfestingar eins og menn hafa gert? Að sjálfsögðu ekki. Og að sjálfsögðu hlýtur ríkið að vera skaðabótaskylt og með þessum duttlungum hæstv. ráðherra tel ég að hún sé að baka ríkinu skaðabótaskyldu og ég túlka a.m.k. orð prófessors Sigurðar Líndals í þá veru að þar sé hann líka sömu skoðunar.

Til hvers var þá, herra forseti, upphaflega lagt í þessa sjóferð? Það mætti kannski rifja það upp, ekki síst fyrir hv. þingmönnum Sjálfstfl. sem í orði kveðnu a.m.k. eru talsmenn frjálsrar samkeppni. Ég lít nefnilega svo á, herra forseti, og það er ágætt að hv. þm. Árni Mathiesen hlusti á þau orð mín, ég lít svo á að afgreiðsla þessa máls hér í þinginu sé í rauninni prófsteinn á þá fullyrðingu að Sjálfstfl. sé orðinn eins konar Framsfl. þar sem andstæðingar frjálsrar samkeppni eru smám saman að ná yfirhöndinni og í rauninni sé lítill eða enginn munur á þessum tveimur flokkum. Það mætti kannski rifja upp fyrir hv. þingmönnum Sjálfstfl. hvers vegna menn vilja yfirleitt stuðla að aukinni samkeppni á markaði. Reynslan er ólygnust og hún sýnir það án tvímæla, að aukin samkeppni leiðir í senn til lægra vöruverðs og bættrar þjónustu fyrir neytendur. Það kann að vera að í sumum tilvikum geti þessi aukna samkeppni dregið úr kröfum samkeppnisaðilanna til sjálfs sín, en eins og ég hef rakið hér fyrr í minni tölu, þá er búið að skjóta undir það, það er búið að gera strangar, faglegar kröfur til þessara aðila. Í þessu tilviki mundi aukin samkeppni leiða til þess að þjónustan batnar, það hefur komið fram hjá þeim mönnum sem hyggjast hasla sér völl á grundvelli gildandi laga. Þeir ætla að taka upp nýjungar. Lyf til að mynda hafa ætíð verið sveipuð hálfgerðri dulúð í augum neytandans m.a. vegna þess að hann hefur verið fjarlægur lyfjafræðingum. Hann er hulinn að hurðarbaki. Eitt af því sem þessir ungu menn sem ætla að setja upp fyrirtæki á grundvelli þessara laga munu gera er einmitt það að veita mér og ykkur, neytendunum í landinu, aðgang að lyfjafræðingnum, gefa neytandandum kost á að ræða við hann, spyrja út í kosti og galla lyfjanna. Það skiptir máli. Margvíslegar aðrar nýjungar hafa líka í för með sér bætta þjónustu. En það sem skiptir kannski ekki minnstu máli er það, herra forseti, að þetta gerir það að verkum að neytandinn vinnur sigur á tvennum vígstöðvum. Aukin samkeppni mun lækka kostnað hans af lyfjum beint og líka óbeint vegna þess að hún dregur úr kostnaði ríkisins. Þetta er aðall frjálsrar samkeppni og það var Sjálfstfl. sem hefur áratugum saman talið sig fulltrúa

frjálsrar samkeppni. Og er það hann sem ætlar á þessum dögum að beygja sig undir duttlunga hæstv. heilbrrh., beygja sig undir afdönkuð markaðssjónarmið Framsfl. og éta sína eigin sannfæringu?

Ég minni á það, herra forseti, að þeir þingmenn sem sitja í þessum sölum sóru stjórnarskránni eiða. Í stjórnarskránni segir að menn eigi að fylgja sinni sannfæringu. Ætla þeir að rjúfa þennan eið og sverja Framsfl. hollustueiða? Ætla hinir ungu og frjálslyndu þingmenn Sjálfstfl. að beygja sig undir ok Framsfl. en láta stjórnarskrána róa?

Herra forseti. Ég minnist þess að hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur hvað eftir annað flutt með glæsilegum hætti röksemdir fyrir gildi aukinnar samkeppni. Hv. þm. Pétri Blöndal beinlínis skolaði á fjörur þingsins vegna málafærslu sinnar á vettvangi frjálsrar samkeppni. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefur aftur og aftur í þessum stól mótmælt fyrirhugaðri lagasetningu, sem m.a. fyrri ríkisstjórn átti þátt í, vegna þess að henni þótti þar dregið úr frjálsri samkeppni.

Herra forseti. Ég á bágt með að trúa því að þetta verði það sem Sjálfstfl. framtíðarinnar ætlar að berjast fyrir og ég hef aðeins drepið á það sem biblían, hin daglega biblía Sjálfstfl. sagði um þetta mál. Og af því að hv. þm. Árni M. Mathiesen gengur svo vasklega hérna fram hjá mér, herra forseti, þá langar mig til þess að rifja upp fyrir honum og öðrum hv. þm. Sjálfstfl. hvað það var sem sagði um nákvæmlega þetta mál í ritstjórnargrein Morgunblaðsins, hvaða einkunn er það sem *útvörður samkeppninnar á Íslandi, Morgunblaðið, virtasta* dagblað landsins, gefur þeim mönnum sem ætla að samþykkja þetta gerræði. Það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir því að hún vilji enn fresta gildistöku þess lagaákvæðis sem veitir frelsi til reksturs lyfjabúða. Alþingi getur ekki komið í bakið á þeim sem byggt hafa fjárfestingar á gildandi lögum og ákvæðum þeirra með því að breyta öllum forsendum á síðustu stundu. Það er einfaldlega siðleysi. Það verður að teljast óhugsandi að stuðningsmenn frjálsra viðskipta á Alþingi taki þátt í slíkum leik."

Herra forseti. Ætla hv. þingmenn Sjálfstfl. að taka þátt í þeim gráa leik? (**Gripið fram í:** Hvað segir Alþýðublaðið?)

[11:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var býsna góð ræða hjá hv. formanni heilbr.- og trn. En hann er greinilega splunkunýr í málinu. Hann er fyrst að koma að því núna og hefur greinilega lítið fylgst með því. Hann vitnar hér í prófessor Sigurð Líndal og Sigurður Líndal segir réttilega: „Lög í réttarríki eiga að vera stöðug." En hvernig er nú þetta ágætis frv. og lög frá Alþfl.? Fyrri hluti þessa lagabálks var samþykktur á Alþingi í júní 1994. Hvað hefur þurft að breyta þeim lagabálki oft? Þrisvar sinnum á þessum tíma. Er það stöðugleiki? Nei. Við ætlum að ganga frá þessu máli þannig að það sé stöðugt, við erum að ganga frá lagabálki í mjög viðkvæmu máli þannig að við getum búið við þau lengi.

Hann kom víða við í ræðu sinni og sagði m.a. að starfsfólk innan heilbrrn. hafi unnið illa og því hafi ekki verið stjórnað nægilega vel. Ég ætla að segja hv. þm. það að þegar ég kom í ráðuneytið, þá var þessi reglugerðarsmíð öll eftir. Það er búið að smíða hana alla eftir að ég kom í ráðuneytið.

En ég ætla líka að minna hv. þm. á af því að hann minntist ekkert á hvernig lögin eru uppbyggð. Þau eru nefnilega bæði með höftum og frelsi og það er nú kannski flóknasti þáttur málsins. Fyrst er í lögunum boðað frelsi og svo koma höftin. Það þarf að sjálfsögðu að sækja um leyfi til heilbrrn. og heilbrrn. á að fá umsögn sveitarstjórna. Þá er talað um að það eigi að vera viss fjarlægð milli apóteka og viss fjöldi á bak við hvert apótek. Og af því að það er talað hér um vissa aðila sem eru búnir að fjárfesta mikið varðandi ný apótek, þá hafa þessir aðilar ekki sótt um tilskilin leyfi svo að það komi nú skýrt fram. En ég ræði betur við hv. formann í heilbr.- og trn. síðar í dag.

[11:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær breytingar sem hæstv. heilbrrh. segir að hafi verið gerðar þrisvar sinnum, hvers vegna voru þær? Man hæstv. ráðherra hvers vegna þær voru gerðar? Þær voru m.a. gerðar vegna mistaka Alþingis. Það þurfti að leiðrétta mistök sem urðu hér. Engar breytingar hafa verið gerðar á þessum lögum sem eru jafnróttækar og þær sem hér eru lagðar til vegna þess að þær gerbreyta starfsumhverfi heillar stéttar. Þær kollvarpa fyrirætlunum manna sem hafa varið tíma, atgervi og miklum peningum í að laga sig að þeim lögum sem eru í gildi í landinu.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um græningjahátt *minn í heilbrigðismálum, þá er það alveg hárrétt hjá hæstv.* ráðherra að ég kem nýr að þessu máli. En ég er snöggur að læra. Menn verða að virða mér grænkuna til vorkunnar og með fullri vinsemd við hæstv. ráðherra, þá vil ég láta þess getið að það er einmitt sama tillit sem hefur fleytt henni í gegnum brimskaflana hér og meðal þjóðarinnar.

[11:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu var á dagskrá á vorþingi og fóru fram um það nokkrar umræður. Þar lýsti ég þeirri skoðun minni að rétt væri að styðja frestun á gildistöku kaflanna um verðlagningu lyfja og veitingu lyfsöluleyfa. Ekki höfðu þá, þ.e. 7. júní sl., komið fram nema örfáar reglugerðir af *þeim sem við Íslendingar skuldbundum* okkur að setja er við gerðumst aðilar að EES-samningnum. Á síðasta þingi var ákveðið að fresta gildistöku þessara tveggja kafla til 1. nóvember 1995, þar sem ástæða þótti til að kanna áhrif breytinga á lyfjalögunum. Meðal þeirra ákvæða sem ástæða þótti til að kanna sérstaklega voru t.d. áhrif lyfjaauglýsinga á lyfjanotkun landsmanna og einnig á lyfjaverð. Nefnd var sett á laggirnar til að kanna þessi áhrif en hún hefur ekki getað sinnt því starfi vegna þess að reglugerðir voru ekki komnar fram í sumar hjá ráðuneytinu og þó nokkrar hafa enn ekki verið settar. Reglugerðin um lyfjaauglýsingar var ekki sett fyrr en í júní sl. svo að áhrifa hennar, þ.e. áhrif lyfjaauglýsinga á lyfjanotkun og lyfjaverð, er ekki farið að gæta enn, svo stutt er frá því að hún tók gildi. En ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Það er spurning hvort heilbrrn. hafi unnið heimavinnuna sína í þessum málum. A.m.k. hefur orðið ótrúlega mikill dráttur á því að reglugerðir í þessu máli hafi komið frá ráðuneytinu sem er eins og komið hefur fram hér í umræðunni ástæðan fyrir því að fresta þarf gildistöku laganna. Og ég gagnrýni þessi vinnubrögð hverjum svo sem um er að kenna.

En varðandi þetta reglugerðafargan sem kemur í kjölfar lagasetninga, þá langar mig til að minnast aðeins á og taka til umræðu verklag þingsins í þeim efnum. Það hefur komið mér á óvart að þingmenn og Alþingi sem löggjafarvaldið í

landinu skuli ekki fylgjast með og fjalla um þær reglugerðir sem settar eru til frekari útfærslu þeirra laga sem samþykkt eru hér. Mér þættu það eðlileg vinnubrögð að reglugerðir væru kynntar í viðkomandi fagnefndum svo að þingmenn geti kynnt sér þær. Það eru eðlileg vinnubrögð og ég tel að Alþingi ætti að íhuga hvort ekki sé ástæða til að kynna reglugerðir í viðkomandi nefndum. Ef sá háttur hefði verið viðhafður í þessu máli hefði verið auðveldara að taka á því hér þar sem þessi lög kalla á mjög mikla reglugerðarsetningu.

En aftur að lagabreytingunni. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að koma að varðandi hana og þar er komið að þeim atriðum sem hæstv. ráðherra nefndi hér áðan, þ.e. að í lögunum eru bæði höft og frelsi. Með nýrri tilhögun á veitingu lyfsöluleyfa þarf lyfsali eða eigandi apóteks ekki að afsala sér eigninni þegar leyfið fellur úr gildi. Hann getur samið við lyfjafræðing sem fær lyfsöluleyfi til að reka apótekið hans. Þetta veldur því að það er ekkert sem ýtir undir að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð fari saman.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir verði umsagnaraðili að leyfisveitingu og taka eigi tillit til fjarlægðar frá næstu lyfjabúð, fjölda íbúa á svæðinu og jafnvel umsagnar fleiri aðila. Það er spurning að hve miklu leyti á að takmarka þessi leyfi og spurning hvort að eigi ekki að gefa þau alveg frjáls. Ég er hlynnt því að aflétt verði þeirri einokun sem ríkt hefur hér í lyfsölumálum. Það þarf að sjá til þess að það lénskerfi sem ríkt hefur haldist ekki. Lyfsala á ekki að ganga í erfðir. Þetta verður að koma í veg fyrir. Það þarf að koma í veg fyrir að ákvæði um leyfisveitingar verði þrengd. Ef það tekst ekki er verr af stað farið en heima setið.

Í lögunum er kveðið á um það að lyfsalar hafi ákveðnar skyldur við viðskiptavini sína. Þeim ber að veita þeim ákveðna þjónustu. Nú fá lyfsalar greidda ákveðna prósentu af sölu lyfja. Ég teldi réttara að þeir fengju greitt fyrir þjónustu en ekki prósentu af sölu. Í Bretlandi er t.d. greitt fast verð fyrir afgreiðslu hvers lyfseðils en ekki prósenta af lyfjaverði. Það er óeðlilegt að lyfsalinn hafi hag af háu lyfjaverði. Það ætti að greiða fyrir lyfjameðferð sambærilega og greitt er fyrir sérfræðiþjónustu í heilbrigðiskerfinu.

Ég styð frestun á ákvæðum um verðlagningu lyfja og veitingu lyfsöluleyfa á þeirri forsendu að margar lyfjareglugerðir eru ekki komnar fram og áhrifa þeirra, sem nýlega tóku gildi, er ekki farið að gæta. Né heldur er farið að gæta þeirra greina laganna sem þegar hafa tekið gildi. Ég álít að það liggi ekki svo mjög á í þessu máli. Ég styð þessa frestun í trausti þess að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í máli mínu. Heldur hefði ég viljað sjá frá ráðuneytinu að þessar reglugerðir bærust en að sjá þann boðskap um niðurskurð og skerðingu til þeirra sem minnst mega sín sem getur að líta í fjárlagafrv. því sem kom á borð þingmanna nú í þingbyrjun.

[11:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það mætti ætla við að hlýða á hæstv. heilbrrh. að það mál sem hér um ræðir sé nýtt af nálinni og hefði fengið hér tiltölulega litla umfjöllun á hinu háa Alþingi og þyrfti þess vegna að gaumgæfa miklum mun betur. Það er auðvitað fjarri öllum sanni. Mér er til efs að önnur löggjöf hafi fengið ítarlegri og lengri umræðu á hinu háa Alþingi á umliðnu kjörtímabili en einmitt frv. til lyfjalaga. Það var rætt á fleiri en einu og fleiri en tveimur þingum og niðurstaðan varð svo á vordögum 1994 eftir maraþonumræður að þingið afgreiddi þetta frv. sem lög frá hinu háa Alþingi.

Einnig er rétt að taka það fram að niðurstaðan varð samkomulag milli þáv. stjórnarflokka og þáv. stjórnarandstöðu. Það var með öðrum orðum tekið tillit að verulegu leyti til ábendinga og óska þáv. stjórnarandstöðu, m.a. þáv. hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur og hv. þm. Finns Ingólfssonar og fleiri hv. þm. Framsfl. sem létu nokkuð til sín taka við þessa umræðu. Með öðrum orðum, það er rangt sem haldið hefur verið fram í fjölmiðlum nú upp á síðkastið að þetta mál hafi verið þvingað í gegn eins og sagt var. Það er með öllu ósatt.

Hæstv. heilbrrh. hefur látið svo um mælt að þetta hafi verið tekið hér út með töngum á sínum tíma og þess vegna þurfi nú að sporna við og gefa sér tíma og rúm. Ég vísa til þess sem ég sagði áðan, virðulegi forseti, að þetta er ósatt. Þetta mál var mjög vel gaumgæft, fékk ítarlega umræðu og það er fullkomlega fráleitt að menn ætli að byrja á stafrófinu hér upp á nýtt.

Auðvitað er líka full ástæða til þess að staldra alveg sérstaklega við hlut annars stjórnarflokksins, Sjálfstfl., í fráfarandi ríkisstjórn í þessu efni. Flestir hv. þm. hans studdu þetta frv. af heilum hug og lögðu mikið á sig til þess að það næði fram að ganga. Sérstaklega vil ég nefna til sögu hv. þáv. og raunar núv. formann þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Geir H. Haarde sem lagði sig mjög fram um að frv. næði fram að ganga og yrði að lögum frá Alþingi. Það kemur mér því satt að segja ákaflega mikið á óvart ef satt er að þingflokkur Sjálfstfl. hafi skyndilega kúvent í þessu máli og látið það yfir sig ganga og samþykkt það að hæstv. heilbrrh., ráðherra Framsfl., fengi til þess leyfi að leggja málið fram með þeim hætti sem hér um ræðir. Ég vil a.m.k. leita eftir svörum við því hvað hafi í raun breyst í hugum hv. þm. Sjálfstfl., þingmanna á borð við hv. þm. Árna M. Mathiesen, hv. þm. Sturlu Böðvarsson sem gerir það að verkum að þeir hafa núna á haustdögum 1995 fengið allt í einu allt aðra sýn þegar kemur að frelsi varðandi lyfjaverð og lyfsöluleyfi. Hvað hefur breyst á þessu eina og hálfa ári sem gerir það að verkum að þeir ganga í björg með Framsfl. til þess að þæfa þetta mál og tefja á alla lund?

Það er síðan alveg sérstakur kapítuli, virðulegi forseti, öll sú málsmeðferð sem hér er lögð á borð fyrir hið háa Alþingi og sá misskilningur sem æ ofan í æ má lesa úr yfirlýsingum hæstv. heilbrrh. er alveg skelfilegur fyrir stjórnsýslu þessa lands. Það er endurtekið hér æ ofan í æ að aðeins hluti löggjafarinnar hafi verið samþykktur. Með leyfi forseta vil ég vísa til viðtals í Viðskiptablaðinu þar sem hæstv. ráðherra svarar því orðrétt þannig:

„Í fyrsta lagi er þetta frumvarp samþykkt í tveimur áföngum." Frv. var auðvitað samþykkt í einum áfanga, það er gildandi löggjöf í gangi, það er hins vegar bráðabirgðaákvæði um að einstakir þættir löggjafarinnar taki gildi á mismunandi tímum. Þetta er auðvitað allt annar hlutur, hæstv. ráðherra. Með öðrum orðum, það eru gildandi lög í landinu og ráðherrum eins og fólki almennt ber auðvitað að lúta þeim lögum og vinna samkvæmt þeim. Það er rauði þráður málsins og grundvallaratriði í allri umræðunni og það skiptir bara nákvæmlega ekki nokkru máli hvort ríkisstjórn eða ráðherra hafi uppi áform um það á einhverju stigi máls, á einhverjum tímum, að hugleiða breytingar á þessum lögum. Það hefur bara nákvæmlega ekkert lagalegt gildi. Eða er það skoðun hv. þm., virðulegi forseti, og Alþingis að um leið og einstakir ráðherrar láta sér það um munn fara að þeir íhugi nú að gera ákveðnar breytingar á tilteknum lögum í landinu sé það ígildi þess og ávísun á það að fólk í landinu, þingmenn þar á

meðal, fari að laga sig að óljósum hugmyndum sem ráðherra frá einum tíma til annars hafi um það að breyta lögunum? Það mál sem hér um ræðir er einmitt mjög lærdómsríkt í því sambandi því að eins og ég gat um hér í upphafi tók það dálítinn tíma að gera þær breytingar sem hin nýja löggjöf felur í sér. Þyddi það þá í raun 1991 eða 1992 þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þá ráðherra heilbrigðismála, lagði *þetta mál fram fyrst að allir ættu að fara að laga sig eftir* þeim nýja veruleika sem birtist í frv. hæstv. ráðherra á þeim tíma? Nei, auðvitað ekki. Það eru gildandi lög í landinu og þau breytast ekki fyrr en Alþingi hefur gert þær breytingar. Fyrr breytist nákvæmlega ekki neitt, hæstv. heilbrrh., nákvæmlega ekki neitt og þér ber auðvitað skylda til þess að vinna samkvæmt þessum lögum. Ég hlýt að gera kröfu til þess að þú einhendir þér nú þegar strax í dag við að ljúka nauðsynlegum reglugerðum sem þessi löggjaf kallar á, þegar ákveðnir kaflar hennar taka gildi 1. nóv. nk. Þú gerir hinu háa Alþingi nákvæma grein fyrir því á hvaða stigi þessi vinna er *í hinu háa ráðuneyti þannig að þessir kaflar taki gildi* miðað við þau lög sem gilda í landinu. Eða er það þannig, hæstv. heilbrrh., að þessi vinna hafi öll verið sett á ís? Ber að skilja það svo að vegna þess að hæstv. heilbrrh. hafi komið til hugar að fresta gildistöku þessara ákveðnu kafla hafi öll vinna verið lögð niður í hinu háa ráðuneyti?

Margnefnd nefnd þverpólitískra aðila var eitt af þeim samkomulagsatriðum sem upp komu við afgreiðslu lagafrv. á vordögum 1994. Hún hefur ekki komið saman frá 14. júní sl. og raunar aðeins einu sinni komið saman frá því að ríkisstjórnarskipti urðu. Þá hafi nefndin haldið raunar á *tíð fyrri ríkisstjórnar, fyrri ráðherra haldið eina 4–5 fundi.* Þeir voru gagnlegir. Að vísu er mér sagt að flokkssystkin hæstv. heilbrrh. hafi ævinlega vantað til þeirrar fundarsetu og það kunni sennilega að skýra að hæstv. heilbrrh. fái ekki fullgildar upplýsingar um það hver áhrif EES, hver áhrif þessara laga, séu á þróun mála á íslenskum lyfjamarkaði. Það kunni að vera hin eina sanna skýring.

Meginmálið er það, virðulegi forseti, og það hlýtur að vera grundvallaratriði í allri umfjöllun um þetta mál að við ræðum það út frá gildandi lögum í landinu og engu öðru. Aðeins til undirstrikunar á því hversu hæstv. heilbrrh. virðist *ókunnugt um hvað það er í raun sem henni ber að vinna* eftir frá einum tíma til annars þá segir hún í nefndu viðtali við Viðskiptablaðið að ríkisstjórnin hafi samþykkt að gera breytingar á þessum lögum á haustdögum meira að segja. Ekki aðeins hún sjálf heldur líka ríkisstjórnin og þá sé að allt í einu orðið ígildi þess að landsmenn, íbúar í landinu, eigi að laga sig að nýjum veruleika á haustdögum. Svona er þetta bara ekki, hæstv. heilbrrh. Svona ganga mál ekki fyrir sig.

Það er fleira athyglisvert í viðtali Viðskiptablaðsins við hæstv. heilbrrh. sem þörf er á að staldra eilítið við. Hæstv. heilbrrh. fór yfir það í stuttu andsvari áðan að í lögunum *er kveðið á um ákveðin skilyrði, ákveðnar umsagnir sem* sveitarstjórnum beri að veita þegar umsóknir um lyfsöluleyfi eru annars vegar. Hún kemur aðeins inn á það í þessu nefnda viðtali. Hún segir, með leyfi forseta: „ En þá koma þau skilyrði sem gert er ráð fyrir, þ.e. að viss fjöldi standi að baki hverju apóteki. Niðurstaðan var sú að hvert apótek þyrfti u.þ.b. 5.000 manns." Ég staldraði við þegar þegar ég las þetta og hugsaði með sjálfum mér hvar þessa tölu væri að finna í gildandi lögum. Ég finn hana ekki. Það er ekkert aukatekið orð um það að þessi tala skuli vera 5.000 manns. Hver hefur ákveðið það, hæstv. heilbrrh., að þessi viðmiðunartala skuli vera 5.000 manns? Hvaðan hefur sú tala komið? Hver hefur stungið henni inn í koll hæstv. heilbrrh.? Hér segir eingöngu í lagatexta, með leyfi forseta: „Við mat umsóknar skal m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð."

Hæstv. heilbrrh. *kallaði áðan fram í og óskaði eftir* að ég skýrði það nánar hvar hún hefði sagt að þetta mál hefði verið tekið út með töngum á vordögum 1994. Það hittist þannig á að ég er með þetta nefnda viðtal og ég vil upplýsa ráðherra hvar hún sagði þetta ef hún man það ekki sjálf. Þar segir, með leyfi forseta: „Þegar þetta frumvarp var samþykkt frá Alþingi og átti að taka gildi 1. nóvember, þá var því þröngvað fram."

En hæstv. ráðherra veit auðvitað langtum betur því að eins og ég gat um hér áðan var þetta samkomulagsmál eftir maraþonumræður sem tóku langan tíma á liðnu kjörtímabili.

Það er líka *athyglisvert og til umhugsunar sérstaklega* fyrir þingmenn Sjálfstfl. hvort þeir eru sammála því mati hæstv. ráðherra sem fram kom hér í inngangi hennar og framsöguerindi um þessa frestunartillögu þar sem hún gerir lítið úr og nánast ekki neitt úr umsögn fjmrn. um hin fjármálalegu áhrif þessara breytinga sem nú verða 1. nóvember nk. Eru sjálfstæðismenn sammála túlkun hæstv. ráðherra um að þetta frelsi í viðskiptum, þetta ákveðna frelsi til ákvörðunar lyfjaverðs, þetta ákveðna frelsi til opnunar lyfjabúða, hafi engin áhrif. Þeir trúðu því og töldu það á liðnu kjörtímabili. En eru þeir líka núna sammála hæstv. ráðherra um að mat *fjármálaskrifstofu fjmrn. sé að engu hafandi?*

Það er annað merkilegt í því sambandi. Ég rak augun í það *í framlögðum fjárlögum*, frv. til fjárlaga, að tillögu hæstv. heilbrrh. er einmitt gert ráð fyrir umtalsverðum sparnaði vegna þeirrar nýbreytni sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gerir ráð fyrir. Með öðrum orðum, þar er sagt orðrétt í frv. til fjárlaga, með leyfi forseta:

„Einnig er talið að samhliða innflutningur lyfja, þ.e. heimild til að flytja inn lyf hvaðanæva að af Evrópska efnahagssvæðinu, muni leiða til aukinnar samkeppni og lægra lyfjaverðs."

Að vísu vantar nú verðmiðann á þetta hvað hæstv. ráðherra reiknar með að taka inn á þessu í sparnaði en þetta segir okkur auðvitað það að í einu orðinu vill hæstv. heilbrrh. njóta góðs af samkeppninni samkvæmt gildandi lögum á heildsölustiginu og ætlar sér að nýta það til að ná fram sparnaðarmarkmiðum síns ráðuneytis og allt gott og blessað um það. Þegar kemur hins vegar að smásölunni er allt í einu kúvent. Þá má allt í einu ekki láta reyna á þessa samkeppni sem mun sannarlega leiða til lægra verðs til neytenda og lægri útgjalda af hálfu hins opinbera. Ég spyr beint: Hver er eðlismunur á þessu tvennu? Hvers vegna vill hæstv. heilbrrh. *ná fram sparnaði og hagræðingu fyrir ríkissjóð og neytendur* á heildsölustigi en kúvendir og neitar að leyfa þeim að njóta þess sama þegar kemur að smásölustigi? Er hæstv. heilbrrh. að vernda hagsmuni einhverra, hagsmuni einhverra örfárra apóteka eða lyfsala? Eða hvað er hér á ferð? Hvað er það sem kemur í veg fyrir það að lyfjanotendur njóti lækkunar á verði lyfja á smásölustiginu? Lækkunin hefur þegar komið fram á heildsölustiginu og auðvitað eðlileg krafa þess fólks sem þarf að neyta lyfja að það njóti þess sama þegar kemur að sölu út úr búð.

Hæstv. heilbrrh. gerði það að umtalsefni að það væri merki þess að *gildandi löggjöf hefði verið illa unnin* að á henni hefðu þrisvar verið gerðar breytingar. Hæstv. ráðherra

veit miklum mun betur og veit í hverju þær breytingar hafa verið fólgnar. Það er algert smámál, mál á borð við það sem finna má í hennar eigin frv., nú 2. gr., þar sem gerð er tillaga um að í stað orðanna „gefur heilbr.- og trmrn. út", þá komi: „annast heilbr.- og trmrn. útgáfu á". Eru breytingar á þessum toga merki þess að löggjöfin hafi verið illa unnin, hæstv. ráðherra? Auðvitað er það ekki. Hér eru menn hins vegar að laga sig að breyttum veruleika og ekkert óeðlilegt við það að þeir betrumbæti það smálega sem betur má fara þegar að nýrri framkvæmd kemur.

En meginmálið er auðvitað, virðulegi forseti, hvort menn eru að tala um form og málsmeðferð eða hvort menn eru hér að tala um efni máls. Með öðrum orðum, er það hugmynd hæstv. heilbrrh. ef hún fengi þessa frestun samþykkta á hinu háa Alþingi, að gera grundvallarbreytingar á löggjöf okkar, að fara aftur í gamla farið? Ég spyr þá enn og aftur: Er Sjálfstfl. með í þeirri för? Er tilgangurinn með þessari frestun sá að gera þarna grundvallarbreytingar og stíga nokkur skref aftur á bak inn í fortíðina? Þetta verður að liggja algerlega klárt fyrir. Hún reynir að svara þessu í margnefndu viðtali í Viðskiptablaðinu og segir orðrétt þegar hún er spurð um það hvort hér sé um að ræða frestun til þess að gera á þessu stórar efnisbreytingar. Þar segir, með leyfi forseta: „Ég er ekki að tala um neinar grundvallarbreytingar." Hvað þýðir þetta svar, hæstv. heilbrrh.? Hvaða vinnu ætlar hún að inna af hendi á vetrardögum í þessu máli þannig að löggjöfin megi breytast til batnaðar að hennar áliti? Hvaða breytingar eru það? Á að taka upp skömmtunarkerfið á nýjan leik? Á ákvörðun um verð á lausasölulyfjum að vera bundið í nefnd og á að loka á það frelsi? Svör við þessu atriði verða auðvitað að koma fram.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er senn að ljúka. Ég beini lokaorðum mínum sérstaklega til hæstv. forseta og árétta það sem ég hef hér sagt áður í þá veru að það þarf að vera mjög skýrt í hugum fulltrúa framkvæmdarvaldsins sem vinna í skjóli Alþingis, hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar, samkvæmt hvaða lögum þeir vinna frá einum tíma til annars. Þeir vinna ekki samkvæmt eigin órum eða eigin löngunum eða eigin vonum heldur ber þeim að vinna samkvæmt því einu sem gildir á hverjum tíma, þ.e. gildandi lögum, og í gildandi lögum segir þar kvitt og klárt að 1. nóv. nk. skuli vera frelsi í verðlagningu lausasölulyfja og 1. nóv. nk. skuli einnig aflétt skömmtunarkerfi því sem gilt hefur um úthlutun leyfa til afhendingar lyfja. Flóknara er málið ekki og ég treysti því, virðulegi forseti, að hið háa Alþingi fylgist með því að hæstv. ráðherra vinni í samræmi við gildandi lög.

[11:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt að þingmenn og ráðherrar vinna samkvæmt lögum. Hv. þm. talaði hér rétt eins og við værum dómstóll og lögin, sem þingmenn ættu að fara eftir, væru óumbreytanleg. Þess vegna erum við hér í störfum að við setjum lög og breytum lögum. Hv. þm. hefur tekið þátt í því með mér að breyta lögum. Gallinn við þessi lög og þessa málsmeðferð í upphafi var sá að því miður var heilbrn. dálítið mislagðar hendur varðandi úrvinnslu þessa frv. Þess vegna þurfti iðulega að gera á því smávægilegar breytingar. Aldrei datt mér í hug að segja: Þetta eru bara lög, við störfum samkvæmt þeim. Auðvitað breytum við lögum ef við þurfum á því að halda.

Meginatriðið í þessu sambandi er að réttaróvissan sé ekki til staðar. Í vor var málum þannig komið að fyrir lá að meirihlutavilji var í þinginu til þess að samþykkja þessa frestun. Það lá líka fyrir að nokkrir ágætir og vaskir þingmenn höfðu um það orð, ekki vil ég segja hótanir, að standa í tali langt fram á sumar ef menn ætluðu sér að knýja þennan meirihlutavilja fram. Meiri hlutinn varð við því af tillitssemi við ákafan minni hluta um að halda ekki umræðunni áfram en það var líka gert með því skilyrði af hálfu meiri hlutans og það var tilkynnt úr þessum ræðustól þannig að engin óvissa væri hjá hagsmunaaðilum að þessu yrði breytt á haustþingi. Það lá algerlega fyrir. Hér er um að ræða formbreytingu og hæstv. heilbrrh. er ekki að kynna neitt annað hér en nákvæmlega það sem við sögðum þingi og þjóð sl. vor. Það er út í hött að fara að hringla með það á nýjan leik. Hér erum við eingöngu að tala um þessa þætti, betrumbæta orðalag eins og oft þurfti að gera hér forðum tíð varðandi þetta sama mál en atriðið er eingöngu varðandi frestunina og það var tilkynnt sl. vor þannig að enginn gengur að því gruflandi að það stóð til.

[11:40]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var að sönnu fróðlegt og ánægjulegt að hæstv. forsrh. skyldi koma inn í umræðuna og ég hefði kosið það að sumu leyti að hann hefði látið í ljósi, kannski með gleggri hætti, efnislega afstöðu sína og gert þingheimi grein fyrir því hvers vegna honum hefði snúist hugur í efnisatriðum til þessa stóra máls. Það gerði hann því miður ekki en staldraði hins vegar við annan veigamikinn þátt sem ég gerði einnig að umtalsefni í ræðu minni, nefnilega það hvaða lög gilda í landinu frá einum tíma til annars.

Hann notaði, með leyfi forseta, orðalagið „að hringla með". Áður í umræðunni hefur verið vitnað til ágæts lagaprófessors, Sigurðar Líndals. Gott ef sá sami Sigurður hafi ekki á einhverjum tíma verið prófessor hæstv. ráðherra uppi í háskóla. Hann notar nákvæmlega þetta sama orðalag í viðtali við Viðskiptablaðið og segir: „Óviðunandi að hringla með lög". Hann segir einnig, með leyfi forseta: „Ég hef ekki kynnt mér málið mjög vel en mitt bráðabirgðasvar yrði að óviðunandi er að vera að hringla með lög. Lög í réttarríki eiga að vera stöðug. Það er eitt af frumatriðum réttarríkis að menn eigi að haga sér á þennan hátt en ekki hinn."

Eftir stendur þessi spurning og það er auðvitað stór spurning sem Alþingi þarf að svara, ekki í þessu eina máli heldur til lengri framtíðar. Ef það er yfirlýst stefna ríkisstjórnar á einum tíma um að breyta tilteknum lögum ber þá fólki í þessu landi að fara að haga sér samkvæmt því? Eða með öðrum orðum, eru tvenn lög í gildi á sama tíma? Þetta er auðvitað grundvallaratriði. Ég nefndi það sem dæmi áðan að það tók langan tíma að koma í gegn þeirri löggjöf eins og hæstv. forsrh. er kunnugt um. Bar þá þeim aðilum sem fylgdist með og höfðu hagsmuni af þeim breytingum í mínus eða plús að fara að laga sig að því strax 1991 eða 1992 þó að löggjöfin hafi ekki verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi fyrr en vorið 1994. Þetta er auðvitað grundvallarspurning og ég skil hana eftir hér fullkomlega opna. Mín skoðun er sú að það geti aldrei gilt nema ein lög í landinu hverju sinni.

[11:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það hárrétt hjá prófessor Sigurði að það er æskilegt að lög séu sem stöðugust. Það er æskilegt fyrir almenning. En við tökum nú öll þátt í því

og það hefur hv. þm. einnig gert á hverju einasta hausti að segja við almenning í landinu: Þrátt fyrir það, við notum það orðalag, að þessi lög segi þetta, þessi lög segi þetta og svo teljum við upp ein 30–40 lög. Þrátt fyrir það að þau segi þetta og þrátt fyrir það hefði mátt búast við að fá þessa og hina peningana samkvæmt þessum lögum, þá ætlum við að gera þetta með þessum tiltekna hætti. Hvað hefur hv. þm. oft tekið þátt í því? Jafnoft og ég þannig að hann er ekkert heilagri maður í þeim efnum en ég.

Ekkert er óeðlilegt við það og það gerist jafnan þegar frumvörp eru til meðferðar í þinginu að hagsmunaaðilar hefji undirbúning, lagi sig að því og trúi því að þau frumvörp nái fram að ganga ef meiri hlutinn hefur kynnt sér það og þeir byrja að laga sig að því. Þeir eiga út af fyrir sig engan rétt vegna þess. Það var afar þýðingarmikið fyrst við létum undan háværum minni hluta um að láta ekki vilja meiri hlutans ná fram að ganga hér sl. vor, að við segðum þeim sem hagsmuna kynnu að hafa að gæta að við mundum afgreiða þetta næsta haust til þess að menn mundu ekki búa við falskar væntingar og falskan rétt.

Hv. þm. spyr um efni máls. Hann talar um lög. Hér er til umræðu þetta frv. Það er ekki um efni máls. Það er um tímasetningu og hv. þm. á þá að ræða um efni frv. sem er um tímasetningu en ekki um efni máls og ekki hefur verið gefið til kynna varðandi þetta frv. um annað en það snúist um þessa tímasetningu og hún var tilkynnt. Allir aðilar hvorum megin borðsins sem þeir kynnu að hafa staðið vissu að það var áform meiri hluta þingsins sem búið var að kjósa — að voru ekki kosningar eftir — stjórnar sem búið var að mynda, að þessu yrði frestað til 1. júlí 1996. Þeir höfðu því um það nokkuð örugga vissu að það yrði gert þrátt fyrir að lagabókstafurinn stæði til hins og hann mundi auðvitað þetta standa ef honum yrði ekki breytt. Þess vegna var eðlilegt að vara þingheim og þjóð við. Það hefur verið gert og hæstv. heilbrh. er að vinna nákvæmlega að málinu með þeim hætti sem hann á að gera.

[11:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig merkileg umræða sem hér fram fram um lagaskýringar, á hvaða stigi máls fólk í landinu á að gera sér það í hugarlund hvenær lög kunni að breytast. Við skulum segja sem svo, virðulegi forseti, að þetta frv. til frestunar nái ekki fram að ganga og hér verði ekki þingmeirihluti fyrir þessu frv. ellegar þinginu gefist ekki tóm og tækifæri til þess að ljúka umræðu og umfjöllun um það. Hvers eiga þeir þá að gjalda sem settu allt í stóra stopp á vordögum vegna þess að þeir trúðu yfirlýsingum hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórnar um það að 1. nóv. yrði fresturinn framlengdur? Það má eins snúa þessu máli á þennan veg.

Ég held að við séum, virðulegi forseti, komnir út á býsna hálan ís og það megi toga þetta lengi og teygja þegar við erum komin með ígildi tvennra laga um sömu efni í gildi á sama tíma. En merkilegast var nú kannski það og ég vil eyða örfáum sekúndum í það að hæstv. forsrh., leiðtogi ríkisstjórnarinnar, lýsti því mjög skýrt og skorinort yfir að tillagan snerist ekki um efni máls heldur eingöngu að fresta gildistíma um nokkra mánuði á tilteknum köflum tiltekins lagafrv. Mér hefur hins vegar skilist á hæstv. heilbrrh. að hún hafi á þessu allt annan skilning. Hún ætli að nýta þennan frest sem gerst til þess að taka á efni málsins og taka skref aftur á bak þannig að það er auðvitað alveg ljóst að hið háa Alþingi þarf að fá um það skýr svör hvor túlkunin er rétt. Er hér verið að tala um formsatriði, meðferð máls eða er verið að undirbúa stórfellda breytingu á þessum kafla löggjafarinnar? Hæstv. heilbrrh. hefur talað í þá veru.

[11:48]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vék að mér í ræðu sinni og spurðist fyrir um afstöðu mína til þess máls sem hér er til umræðu. Vegna þess vil ég segja það að breytingar sem voru gerðar á lyfjalögum voru til þess ætlaðar að ná fram frjálsari viðskiptum og lækkun í lyfjakostnaði. Slík markmið eru afar mikilvæg fyrir okkur og það er alveg ljóst að við verðum að leita allra leiða til þess að haga skipulagi lyfjasölu í landinu með þeim hætti að kostnaður verði sem allra minnstur, bæði fyrir neytendur og ríkissjóð. Þess vegna er afar mikilvægt að löggjöf sé vönduð og vel úr garði gerð og undirbúin þannig að hægt sé að framkvæma hana.

Á vorþingi var frestun til umfjöllunar hjá þingflokkum sem nú er komið fram sem frv. Það lá alveg ljóst fyrir að stjórnarflokkarnir teldu nauðsynlegt að nokkur frestun yrði á því að lögin tækju gildi. Að vísu voru þar nokkuð skiptar skoðanir en það lá alveg fyrir. Afstaða mín var sú að það yrði að fallast á frestun á gildistöku laganna og rökin sem ég tók í þeim efnum voru að heilbrrn., sem hv. þingmenn Alþfl. báru þá ábyrgð á, hafði ekki unnið með þeim hætti að undirbúningi þessa máls að gildistaka gæti orðið. Það er alveg nauðsynlegt að þetta komi fram í umræðunni og hæstv. heilbrrh. getur væntanlega staðfest að heilbrrn. hafði ekki undirbúið málið. Það hafði ekki unnið heimavinnuna sína þannig að lögin gætu tekið gildi eins og til stóð. Afstaða mín til þessa máls byggist á þeim upplýsingum.

[11:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var auma yfirklórið, hv. þm. Sturla Böðvarsson.

[11:50]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun ættleiðingalaga, 29. mál, fsp. ÖS, þskj. 29.

Geymsla forngripa á byggðasöfnum, 28. mál, fsp. ArnbS, þskj. 28.

Jafnréttisáform, 27. mál, fsp. KÁ, þskj. 27.

Samningsstjórnun, 26. mál, fsp. KÁ, þskj. 26.

[11:51]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst þessi umræða orðin nokkuð skrýtin á köflum. Ég tala ekki um ósköpin þegar fyrrv. hæstv. ráðherrar koma og tala eins og hér hafi það aldrei gerst áður að lögum verði breytt, hvað þá að gildistökuákvæði sé frestað. Ég held að það sé jafnvel dæmi þess að gildistökuákvæði hafi verið frestað án samþykkis Alþingis. Jafnvel hægt að finna dæmi þess. Við erum ekkert að ræða um hvað þetta mál snýst heldur fyrst og fremst að hnjóða í hvert annað. Það er svo sem hægt að taka þátt í því að rifja upp með hvaða hætti þessi svokallaða samþykkt var gerð á sínum tíma sem hæstv. núv. heilbrrh. tók þátt í ásamt mér og fleiri í páv. minni hluta heilbr.- og trn. um það að stofna nefnd þar sem gerð yrði úttekt á áhrifum lyfjalaganna og sérstaklega þeim ákvæðum sem við yrðum að taka inn í lyfjalög vegna EES-samningsins. Þau ákvæði voru og eru níu. Það er skráning á markaðsleyfi lyfja, þar með talin ónæmislyf sem eru bóluefni, eitur eða sermi

og efni sem valda ofnæmi, geislavirk lyf, náttúrulækningalyf og hómópatalyf. Merking lyfja og lyfseðla með lyfjum, prófanir á lyfjum, klínískar prófanir á lyfjum, litarefni í lyfjum, heildsala lyfja, upplýsingar og kynningar á lyfum, góðir framleiðsluhættir lyfja, GPN-reglur, samhliða innflutningur lyfja. Þessar breytingar eru auðvitað mismunandi áhrifamiklar en sumar hverjar hafa veruleg áhrif. Auk þessa höfðum við í heilbr.- og trn. fengið tugi umsagna um lyfjalögin, mjög misvísandi. En þó sagði meiri hlutinn að ekkert færði okkur heim sanninn um að lyfjalögin og samþykkt þeirra hefði í för með sér að lyfjaverð mundi lækka.

Minni hluti heilbr.- og trn. lagði fram nefndarálit þar sem við fórum fram á að þessi nefnd sem átti að vinna að úttekt á áhrifum lyfjalaganna yrði stofnuð, hún yrði sett á laggirnar og það var gert. Að því var gengið. Hvert var hitt skilyrðið í þeim samningum sem gerðir voru við hv. þm. Guðmund Árna sem var þáv. hæstv. heilbrrh.? Það var frestun á gildistökuákvæði. Þangað til hvenær? Þangað til þessi nefnd hefði skilað störfum sínum. Nú hefur nefndin ekki lokið störfum einfaldlega vegna þess að reglugerðir, sem átti að vinna eftir, voru ekki til, ekkert frekar nú í sumar en áður. Áhrifin af breytingunum voru alls ekkert ljós þannig að nefndin hefur ekki getað lokið störfum og skiptir í raun og veru engu máli þótt hún hefði hist hálfsmánaðarlega á meðan hún hefur ekki þau gögn sem til þarf til að vinna úr. Hún gat svo sem komið saman hálfsmánaðarlega í eitthvert kjaftasnakk en fyrst og fremst þurfti hún að fá gögn til þess að vinna úr og þau gögn liggja ósköp einfaldlega ekki fyrir. Því finnst mér eðlilegt að hæstv. heilbrrh., sem stóð að þessu samkomulagi á sínum tíma og lagði mikið upp úr því að þessi nefnd yrði sett á laggirnar, sé sjálfri sér samkvæm og flytji þess vegna frv. um frekari frestun þar til þessi nefnd hefur lokið störfum og hún getur unnið úr þeim gögnum sem til þarf.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að lög eiga að vera stöðug og markmið lagasetninga eiga að liggja fyrir. En það var mjög margt í lyfjalögum sem var gagnrýnt af nánast öllum þeim aðilum sem umsagnir sendu. Þess vegna var ekki síst ástæða til þess að fylgjast með framkvæmdinni og taka þetta rólega, einn og einn kafla fyrir í einu og skoða áhrifin og framkvæmdina. Það er enn full ástæða til þess að skoða nokkra kafla eins og samtengingu faglegrar og fjárhagslegrar ábyrgðar og stærð svæða. Einn hv. þm. nefndi það hér áðan að það væri óskiljanlegt hvernig það hefði komið inn í koll hæstv. heilbrrh. að 5.000 manns ættu að vera á bak við hverja lyfjabúð. Hver einasti maður sem vann í heilbr.- og trn. þegar þetta frv. var afgreitt þekkir þessa tölu og hún er í umsögnum eða a.m.k. í nefndarálitum. Ég er alveg sannfærð um það að hv. þm. Guðmundur Árni, sem er fyrrv. heilbrrh., þekkir þessa tölu og samsetninguna jafnvel miklu betur en við hin því að þetta er talan sem kom frá heilbrrn. á sínum tíma. Það er þannig. Þess vegna finnst mér þessi umræða vera orðin mjög sérkennileg.

Það þarf að skoða fjöldann á bak við hverja lyfjabúð og tenginguna við sveitarstjórnirnar. Við röktum það við umræður um lyfjalögin á sínum tíma hvernig þessi tenging við sveitarstjórnirnar gæti orkað tvímælis þegar til ákvörðunar kæmi því að á litlum svæðum er oft mikil tenging á milli reksturs lyfjabúða og heilsugæslustöðva og sveitarstjórnanna. Það þyrfti að skoða þetta mun betur.

Ég vil aðeins minna á það ef einhver hv. þm. er búinn að gleyma því að miklar umræður urðu um þessa lagasetninguna. Þær urðu vegna þess að lagasetning var með þeim hætti að það voru mjög mörg atriði sem við vildum að væru tekin fyrir og þeim yrði breytt. Okkur þótti þetta á þeim tíma hæpin lagasetning og studdumst þar við mikinn fjölda umsagna sem nefndinni bárust.

Heilbr.- og trn. vann mikið að þessu máli á sínum tíma. Hæstv. heilbrrh. kom að þeirri vinnu og stóð eins og við hin í þáverandi nefnd að þeirri niðurstöðu sem fékkst. Frestun og það frv. sem hún leggur hér fram er í fullu samræmi við þá niðurstöðu og ráðherrann sjálfum sér samkvæm. Allt í kringum lyfjalögin og framkvæmd hefur verið hálfgert klúður, vantað reglugerðir, þurft að breyta lögum og það er svo sem ágætt þegar við finnum veikleikann að taka þá á honum. En ég tel fulla ástæðu til þess að fresta gildistökunni enn um sinn, fá niðurstöðu þeirrar nefndar sem samið var um að færi í þessi störf að skoða framkvæmdina, fá þá niðurstöðu og síðan að skoða gildandi lög út frá því og þá kafla sem eftir eiga að taka gildi.

[11:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að rifja aðeins upp forsögu þessa máls til þess að við getum áttað okkur á því hvað hér er á ferð. Það frv. sem er til umræðu og kemur í framhaldi af frv. sem var flutt á vorþingi felur í sér enn þá lengri frestun á gildistöku ákveðinna kafla lyfjalaga, en frv. til lyfjalaga sem var afgreitt á vorþingi 1994 og hafði þá verið lengi til umfjöllunar í þinginu og í þingnefnd fól í sér gífurlegar breytingar á meðferð lyfja hér á landi og sölu lyfja og öllu því sem þar kom að. Upphaflega er málið saman sett úr tveimur þáttum, þ.e. annars vegar breytingar sem þurfti og þarf að gera vegna EES-samningsins. Þar erum við að ræða um enn eitt dæmið þar sem sá samningur krefst verulegra breytinga á fyrirkomulagi sem tíðkast hefur hér á landi og því ekki að undra að ýmsir aðilar hafi viljað fá tíma til þess að gera sér grein fyrir hvað þær breytingar þýddu og hvort þær væru nauðsynlegar í því formi sem þáv. ríkisstjórn lagði til.

Við fengum annað dæmi um þetta hér á vorþinginu sem voru áfengislögin þar sem fullyrt hafði verið að engar breytingar þyrfti að gera, en síðan kom í ljós að Eftirlitsstofnun EFTA taldi að það fyrirkomulag sem hér hafði tíðkast stæðist ekki EES-samninginn. Þetta mál tengist því sama að það fyrirkomulag sem hér hefur verið er ekki með þeim hætti sem hefur tíðkast á Evrópska efnahagssvæðinu og víða erlendis er allt annað form á lyfjasölu heldur en hér, en það er auðvitað ekki saman að jafna miðað við það dreifbýli sem hér er og þær samgöngur sem hér eru. Það er ekki sama hvort við erum að tala um stórborgir og þéttbýl lönd eins og Holland eða Frakkland eða ríki eins og Ísland þar sem menn þurfa að taka tillit til landsbyggðarinnar og tryggja þar ákveðna öryggisþjónustu. Og það er auðvitað sá þáttur málsins sem vakti hvað mesta umræðu hér veturinn 1993–1994. Það var einmitt hvaða áhrif þessi löggjöf mundi hafa á lyfjaverslun úti á landi. Það var einn stærsti þáttur þeirrar gagnrýni sem fram kom á þetta frv., en eins og hér hefur fram komið, þá var það líka mjög margt annað. Og það er hinn þátturinn sem snýr að þessu máli sem er auðvitað sú einkavæðingarhugsun sem er í þessu máli öllu saman og vissulega er ýmislegt réttlætanlegt í því, en (**GÁS:** Er engin einkavæðing í lyfjaiðnaði núna?) Jú, jú. Ég var að segja það, hv. þm., ég var að rekja það að það eru tveir þættir sem einkenna þetta mál, þ.e. inntak þess, þ.e. þær breytingar sem þarf að gera vegna EES-samningsins og hins vegar ákveðnar hugmyndir

um einkavæðingu í lyfjaverslun og það eru ekki síst þeir þættir sem vakið hafa hvað mesta gagnrýni. En það voru líka ýmsir aðrir þættir sem leiddu til þess að það var mjög hörð andstaða hér á Alþingi við þetta frv. sem endaði með því, vorið 1994, að það var gert samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það annars vegar að setja á laggir nefnd sem skyldi fara yfir lögin og áhrif þeirra og hins vegar var gert samkomulag um að fresta gildistöku ákveðinna kafla.

Eins og fram hefur komið hér, þá gengur afar hægt að vinna nauðsynlegar reglugerðir þannig að lögin eru ekki komin í raun til framkvæmda og sú nefnd sem við gerðum samkomulag um á sínum tíma hefur ekki úr neinu að moða. Og ef ég skil málið rétt, þá vil ég taka það fram strax að ég tek mér allan rétt til að skoða þetta mál upp á nýtt í ljósi þeirrar umræðu sem nú hefur orðið, en ég skil málið þannig að það er auðvitað ekki hægt að framkvæma lögin fyrr en þessar reglugerðir liggja fyrir og við hljótum að spyrja: Hvernig stendur á því að þessi reglugerðarsmíði tekur þetta langa tíma? Af hverju fær það mál ekki forgang í heilbrrn. ef það reynist satt sem fram hefur komið að ríkið sé nánast að verða skaðabótaskylt gagnvart þeim sem hafa verið að búa sig undir að breyta sínum rekstri eða fara út í rekstur vegna þessara laga sem menn hafa búist við að gengju í gildi? Það er auðvitað óviðunandi að það dragist svona lengi að fá niðurstöðu í mál af þessu tagi. Það er algerlega óviðunandi og ég skora á hæstv. heilbrrh. að ýta nú við því fólki sem er að vinna reglugerðirnar. Eða hvað er svona flókið í þessu? Það væri gaman að fá það upplýst á hverju stendur. Hvað er svona flókið?

Það er auðvitað ljóst að það er afskaplega þungt í krötum vegna þessa máls. Þetta var mikið baráttumál þeirra og þeir voru mjög ósáttir við það hvernig málið þróaðist og hvernig það var í rauninni stöðvað. En þetta mál er þannig vaxið, m.a. vegna þess öryggisþáttar sem snýr að lyfjasölu. Lyf eru ekki eins og hver önnur vara. Það þarf að gæta varkárni. Þau þurfa að vera örugg. Það eru mörg lyf þess eðlis að þau mega ekki liggja á glámbekk eða vera þar sem auðvelt er að nálgast þau fyrir þá sem ekki þurfa á þeim að halda en það eru ýmsir sem ásælast ýmiss konar lyf og þarna er auðvitað um hluti að ræða þar sem þarf sérfræðiþekkingu til að meðhöndla og er auðvitað ekki hægt að fjalla um sem slíka. En menn eru að leita leiða til þess að spara í lyfjasölu, reyna að finna leiðir til að lækka verð á lyfjum og vissulega þarf að gera það. En mér finnst að menn séu alltaf að nálgast þessi mál frá öfugum enda og menn eigi að spyrja: Hvers vegna öll þessi lyfjanotkun? Hvað er það sem veldur? Hvers vegna nota Íslendingar svona mikið af róandi lyfjum og svefnlyfjum og reyndar lyf af ýmsu tagi. Hver er orsökin? Menn eiga að leita orsakanna en ekki vera sífellt að glíma við afleiðingarnar.

Eins og málið blasir við mér núna, herra forseti, þá fæ ég ekki betur séð en það verði ekki hjá því komist að veita þennan frest sem hér er beðið um. Það er spurning hvort hann þarf að vera þetta langur og við þurfum að skoða það í hv. heilbr.- og trn., en það er ljóst að reglugerðirnar verða að liggja fyrir áður en til framkvæmdar kemur og áður en nefndin getur lagt eitthvert mat á lögin og það er auðvitað spurning, hvað ætlum við að gera við það mat? Verður hjá því komist að hafa fyrirkomulagið með þessum hætti? Er hægt að breyta því á einhvern hátt? En aðalatriði málsins er auðvitað það að það þarf að tryggja öllum landsmönnum eðlilegan aðgang að lyfjum og það fyrirkomulag lyfsölu þarf auðvitað að vera með eðlilegum og sanngjörnum hætti og ég er vissulega tilbúin til þess að skoða alla þætti málsins.

En það er eitt atriði í þessu frv. sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega út í. Spurningin varðar 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um það að heilbr.- og trmrn. geti falið aðilum utan ráðuneytisins að annast alfarið útgáfu á sérlyfjaskrá og kemur hér fram að slíkt fyrirkomulag tíðkist m.a. á öðrum Norðurlöndum. Mér þætti fróðlegt að vita hvaða aðilar það eru sem gætu annast slíka sérlyfjaskrá. Það þurfa auðvitað að vera faglegir aðilar og það þurfa jafnframt að vera þeir sem ekki eiga beinna hagsmuna að gæta og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða aðilar eru það hér á landi sem gætu annast slíka skráningu? Auðvitað gætu hugsanlega verið einhver fyrirtæki eða stofnanir sem treystu sér til þess og leituðu sér faglegrar ráðgjafar, en ég sé það ekki á þessari stundu hvaða aðilar eru til þess færir hér á landi þó að vissulega sé ástæða til þess að flytja þetta verkefni eins og ýmislegt annað frá ráðuneytinu.

En að lokum, hæstv. forseti, ef svo er komið að meðferð þessa máls í ráðuneytinu og sú frestun sem orðið hefur á gildistöku þessara lagagreina, ef hún er farin að skaða einstaklinga, ef meðferð málsins hefur verið með þeim hætti að röng skilaboð hafa verið send út í samfélagið og menn standa frammi fyrir því að hafa fjárfest eða undirbúið starfsemi í þeirri trú að þessir lagakaflar mundu taka gildi innan tíðar, þá erum við auðvitað í vondum málum. Og ráðuneytið hlýtur að gera allt sem í þess valdi stendur til að hraða afgreiðslu þessa máls, þ.e. smíði reglugerða, þannig að þessi dráttur valdi ekki einstaklingum tjóni.

[12:11]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Málflutningur hv. þm. Alþfl. hefur um flest verið fyrirsjáanlegur. Þó hefur komið á óvart málflutningur þeirra hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Guðmundar Árna Stefánssonar þar sem þeir hafa talið að framlagning og flutningur þessa frv. sé merki um allt aðra sýn mína á þennan málaflokk, breyttar hugmyndir mínar um þessi málefni og prófsteinn á afstöðu mína til frjálsrar verslunar. Mér kemur þetta mjög á óvart því að ég taldi satt að segja að hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Guðmundur Árni Stefánsson ættu að þekkja mig að öðru heldur en því að vera sífellt að skipta um skoðun og það sérstaklega í grundvallarmálefnum eins og hér um ræðir. Sérstaklega sárnar mér nú við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hann skuli hafa uppi málflutning sem þennan því að ég var nú andlegur leiðsögumaður hans þegar hann uppgötvaði frjálslyndari hlið sálar sinnar.

Hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni ætti kannski enn frekar að vera grundvallarafstaða mín kunnug svo lengi sem við höfum skipst á orðum um pólitík.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. heilbrrh., þá eru í þessu frv. bæði frelsi og höft, en málflutningur minn hefur einmitt verið í þá átt að auka frelsið enn meira heldur en hæstv. heilbrigðisráðherrar Alþfl. á síðasta kjörtímabili treystu sér til þess að leggja til. Því kemur mér það á óvart að tillaga um frestun á framkvæmd þessara þátta um átta mánuði skuli vera grundvöllur ásakana um það að ég hafi skipt um skoðun. Það hefur reyndar hvergi komið fram að gera eigi efnislegar breytingar á þessum lögum, enda mundi ég snúast gegn þeim tillögum ef fram kæmu.

Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að ég hef þó nokkrar áhyggjur af þessu frv. sem hér er til umræðu og vil ég nú rekja það í nokkrum atriðum. Þegar málið var afgreitt á 117. löggjafarþingi ef ég man rétt, þá var um það

samkomulag hvenær þessir tilteknu kaflar ættu að taka gildi. Það varð um það samkomulag við afgreiðslu frv. Það var milli þáv. stjórnarflokka og stjórnarandstöðunnar. Og ég hef ekki séð að það hafi orðið slíkar breytingar á samsetningu hv. Alþingis að það sé grundvöllur til að skipta um skoðun um það hvenær þessir kaflar taki gildi. Ég hefði talið að hv. þingmenn væru enn þá bundnir af þessu samkomulagi þrátt fyrir það að fram hafi farið alþingiskosningar í millitíðinni.

Ég hef einnig áhyggjur af því að starf nefndar, sem átti að athuga áhrif EES-samkomulagsins á lyfjaverð og lyfjakostnað í landinu, hefur verið afar lítið og nánast ekkert nú síðustu mánuði og ég undrast það mjög að svo hafi verið.

Í þriðja lagi finnst mér mjög einkennilegt hver sá dráttur hefur verið á vinnu ráðuneytisins að reglugerðarsmíð í samræmi við þessi lög. Það hefur komið fram og má reyndar vera augljóst að hæstv. heilbrrh. uppgötvaði þetta í aprílmánuði þegar hún tók við starfinu í hinu háa ráðuneyti. En síðan eru liðnir sex mánuðir og að má gera ótrúlega margt á sex mánuðum. Ég hef einnig áhyggjur af því hverjar afleiðingar það hefur ef framkvæmd þessara laga verður frestað, hvaða fordæmi það skapar og það sem nefnt hefur verið að það skapi ríkissjóði skaðabótaábyrgð. En starf nefndarinnar, sem átti að athuga áhrif EES-samkomulagsins, hefur ekki verið mikið, hvorki eftir að hæstv. heilbrrh. tók við né í tíð hæstv. forvera hennar. Drátturinn á vinnunni við smíð reglugerðanna var bæði fyrir og eftir það að ný ríkisstjórn tók við völdum. Það hefur reyndar legið ljóst fyrir að frá því að lögin voru samþykkt hafi þurft að gera talsvert mikilvægar og viðamiklar breytingar á lögum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að gera hefði þurft þessar breytingar vegna mistaka Alþingis. En voru það ekki alveg eins mistök í ráðuneytinu og mistök þáv. hæstv. heilbrrh.? Ef hann heldur enn við það að þessi mistök hafi verið gerð af hálfu Alþingis voru það þá ekki mistök sem hv. fyrrv. form. heilbrrn. ber stærsta ábyrgð á? Af þessu framansögðu má vera ljóst að tafir á vinnslu málsins, mistök í lagasetningunni, mistök í frumvarpssmíðinni í upphafi má að töluverðu leyti rekja til veru Alþfl. í heilbrrn. þannig að málflutningur þeirra er kannski ekki alveg samhljóða niðurstöðu minni. En að þessu öllu samandregnu er ljóst að ég hef áhyggjur af þessu frv. og ég vil að það komi fram að ég hef í engu skipt um skoðun. Ég vildi ganga lengra en hæstv. heilbrigðisráðherrar Alþfl. treystu sér til þess að ganga og ég er enn þá þeirrar skoðunar að við eigum að gera það.

Þegar frv. var afgreitt frá þingflokki mínum hafði ég um það fyrirvara vegna þess að ég var ekki þá og hef ekki enn þá verið sannfærður um að það sé rétt og nauðsynlegt að fresta því að þessir kaflar laganna taki gildi.

[12:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni M. Mathiesen telur sér það til tekna að hafa verið andlegur gúru minn þegar ég uppgötvaði hina frjálslyndu hlið sálar minnar. Ég vil nú upplýsa hv. þm. um það að hún er gegnheil, frjálslyndið smitar þar út í hvern krók og kima. Hins vegar er það jafnan svo að þegar meistarinn sleppir hendi sinni af lærisveinunum geta veður orðið válynd en mér líður snöggtum skár eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm. vegna þess að hún staðfestir að það er til dugur í a.m.k. einum hv. þm. Sjálfstfl. og má vel vera að það sé von á fleirum. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi málsins. En það sýnir a.m.k. að það er einn maður sem ætlar ekki að sverja Framsfl. hollustueiða í Sjálfstfl. sem ætlar að standa við það sem hann hefur sagt. Hv. þm. hefur lýst því hér að hann hafi gert fyrirvara við samþykki sitt, fyrirvara við afgreiðslu þingflokksins þegar hann samþykkti frv. hæstv. heilbrrh. Hann hefur jafnframt sagt að hann telji þingmenn bundna af samkomulagi sem var gert í tíð fyrri ríkisstjórnar og af því er einungis hægt að draga þá ályktun að hv. þm. muni greiða atkvæði gegn því frv. sem hæstv. heilbrrh. keyrði fram af svo miklu offorsi. Þetta finnst mér skipta verulegu máli, herra forseti. Það var líka athyglisvert að hv. þm. Árni M. Mathiesen tók í flestum atriðum undir þann málflutning sem m.a. ég og fleiri þingmenn Alþfl. hafa haft uppi í dag varðandi sleifarlag hæstv. heilbrrh. þegar hann kemur að verkstjórn í málinu.

Hann undrast seinagang nefndarvinnunnar sem hæstv. heilbrrh. virðist hafa sleppt lausri á bithaga ráðuneytisins án smala og hann spyr líka: Hvernig stendur á seinaganginum á reglugerðarvinnunni? Það er alveg ljóst, herra forseti, að a.m.k. einn af hinum yngri og frjálslyndari talsmönnum Sjálfstfl. undrast vinnubrögð samstarfsflokksins í málinu. Ég á þá ósk heitasta til Sjálfstfl. og honum til handa að hann hlusti meira á það sem hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur að segja í þessum málum og öðrum.

[12:21]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í ræðu sinni áðan minntist hæstv. heilbrrh. á mjög jákvæð áhrif reglugerðar um svokallað viðmiðunarverð lyfja eða „prís referens-kerfi". Ég lýsi ánægju minni yfir því að hæstv. heilbrrh. skyldi hafa lokið því verki að gefa þá reglugerð út en hún hafði verið í vinnslu í eitt og hálft ár í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og hafði verið boðað að mundi taka gildi á þessu ári. Hæstv. heilbrrh. lauk því verki og hún staðfesti í orðum sínum hér áðan að sú reglugerð hafi skilað tilætluðum árangri og er það sjálfsagt í fyrsta skipti sem við hæstv. heilbrrh. höfum orðið sammála um aðgerðir í lyfjamálum og ég er mjög ánægður yfir því að hún skyldi fylgja í mín fótspor.

Hins vegar verð ég að segja eins og er að af þeim „samlede værker" sem við hana eru kennd í tíð síðustu ríkisstjórnar átti ég nú von á öðru en það yrði hennar fyrsta verk í sambandi við lyfjamálin að leggja til að ákvæðum um frjálsa samkeppni í lyfjaverslun yrði frestað. Ég hélt að hún mundi taka til hendinni til þess að leiðrétta bág kjör gamla fólksins, barnafólksins, sjúklinganna og þeirra sem hún var þeirrar skoðunar á síðasta ári að hefðu ekki lengur efni á að kaupa sér lyf en það hefur hæstv. heilbrrh. ekki gert. Þetta er hennar fyrsta verk.

Sú umræða sem hér hefur farið fram um aukið frjálsræði í lyfjaverslun minnir mig á umræðu sem fór fram fyrir nokkrum árum þegar til stóð að vinna þá óhæfu að heimila almennum matvörukaupmönnum að versla með mjólkurvörur. Þá var skipulagið þannig að ef t.d. reykvískir borgarar ætluðu að kaupa sér í matinn urðu þeir að fara í sérstakar verslanir til að kaupa sér mjólk, sérstakar verslanir til að kaupa sér brauð og sérstakar verslanir til að kaupa sér aðra matvöru. Hvað mjólkurverslunina varðar var þetta ákveðið með einokunarfyrirkomulagi. Öðrum var bannað að versla með þessa mikilvægu vöru. Síðan tóku menn sig til og ákváðu að gera þá breytingu að auka frjálsræði í verslun með mjólkurvörur og heimila almennum matvöruverslunum að versla með þá viðkvæmu vöru. Andmælendahóparnir risu upp hver um annan þveran. Þeir lögðu m.a. áherslu á að þetta væri svo viðkvæm vara að almennum matvörukaupmönnum væri

ekki treystandi til þess að sjá um að verslun með hana yrði eðlileg. Sérstaklega yrði þetta hættulegt gagnvart börnunum því að börn drykkju mikla mjólk eins og allir vita og það væri eiginlega heilsufarsleg vá gagnvart börnum þessa lands ef einokunarkerfi mjólkurverslananna yrði aflétt. Það var svo gert og allir vita niðurstöðuna af því. Það er ekki um það deilt lengur. En umræðan um aukið frjálsræði í lyfjaverslun á Íslandi hefur verið mjög þessu markinu brennd.

Hæstv. heilbrrh. hefur m.a. haldið því sjálf fram í viðtali í útvarpi að það sem fyrir mér hafi vakað með þeim tillögum sem ég gerði, studdur af fyrrv. ríkisstjórn, hefði verið að láta alls konar sjoppur hefja verslun með lyf og lyfseðilsskyldar vörur. Þar talaði hún gegn sinni eigin sannfæringu því að hún veit það að í þeim lögum sem nú hafa verið sett og eru í gildi eru gerðar strangari kröfur til þeirra sem hugsa sér að versla með lyf heldur en var í lögum áður fyrr. Það er síður en svo að sú breyting, sem hér er verið að gera og var gerð af hinu hv. Alþingi, sé þess eðlis að draga úr öryggi lyfjaverslunar heldur þvert á móti. Hins vegar er gert ráð fyrir því að fella niður þær girðingar sem reistar hafa verið utan um þessa verslun í því skyni að fá fram aukna samkeppni sem er öllum til góðs, ekki síst sjúklingunum. Menn gætu ímyndað sér ef sá háttur væri t.d. hafður á í matvöruverslun sem verslar með þýðingarmiklar vörur ekkert síður en lyfjaverslun, að t.d. í Breiðholti mætti bara vera ein matvöruverslun, í Vesturbænum ein, í miðbænum ein, í Grafarvoginum ein, í Mosfellsbæ ein. Hvað halda menn að verðið á matvöru yrði í landinu ef slíkt kerfi væri í gildi? Slíkt kerfi er í gildi í lyfjaverslun og hér er verið að gera tillögur um að breyta því.

Hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. hafa sagt að heilbr.- og trmrn. hafi kastað höndum til gerðar þess frv. sem hér var afgreitt á Alþingi vegna þess að því hefði nokkrum sinnum verið breytt síðan. Bráðabirgðalög um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 voru gefin út þann 28. júlí 1994. Í þeim bráðabirgðalögum segir, með leyfi forseta:

„Heilbr.- og trmrh. hefur tjáð mér, að við þingmeðferð lyfjalaga, nr. 93/1994, hafi verið ákveðið að fresta gildistöku VII. kafla laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi og XIV. kafla laganna um lyfjaverð til 1. nóvember 1995 ... Á hinn bóginn láðist að framlengja gildistíma sambærilegra ákvæða í IX. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984, um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæða í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu ... Því ber brýna nauðsyn til að breyta 45. gr. lyfjalaga“ o.s.frv. með hliðsjón af því sem að framan var rakið.

Hvernig geta menn kennt heilbr.- og trmrn. um að þessar breytingar skyldi hafa þurft að gera með þessum hætti? Ástæðan var einfaldlega sú að Alþingi yfirsást að þessar breytingar þyrfti að gera jafnhliða frestuninni og heilbr.- og trmrh. lagfærði það.

Með sama hætti kom fram í heilbr.- og trn. að hún var andvíg því að heimilaðar yrðu sjónvarpsauglýsingar á svokölluðum lausasölulyfjum og nefndarmenn tóku það fram að kæmi í ljós að einhver vafi ríkti á því banni síðar óskaði nefndin eftir því að það yrði þá fest í lögum að slíkar auglýsingar í sjónvarpi væru bannaðar. Það kom í ljós að það orkaði tvímælis hvort hægt væri að banna slíkar auglýsingar án skýrra lagafyrirmæla og því var farið að þeirri tillögu nefndarmanna að lögum væri breytt með þessum hætti. Er það vegna handabakavinnubragða heilbr- og trmrn.? Auðvitað ekki.

Ég vildi gjarnan að hæstv. forsrh. heyrði þau orð mín ef hann er enn í þinghúsinu. Það skiptir talsvert miklu máli hvort menn eru að gera slíkar breytingar eins og ég hef nefnt til þess að leiðrétta annars vegar mistök sem orðið hafa við afgreiðslu Alþingis eða að ná fram vilja þingnefndar ótvírætt í lögum sem hún hefur þó sjálf látið hjá líða að gera. Það eru talsvert öðruvísi breytingar, virðulegi forseti, en þær að gerbreyta með stuttum fyrirvara starfsumhverfi heillar atvinnugreinar eins og nú er verið að gera.

Við skulum þá aðeins líta á rökin sem komið hafa fram frá hæstv. ráðherra um nauðsyn þess að fresta lengur en til 1. nóvember tveimur köflum í gildandi lögum, en hæstv. ráðherra segir m.a. að ástæðan sé sú að ekki sé búið að ljúka við samningu reglugerða sem verið er að vinna að. Og nú bið ég hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að hlusta. Það hefur verið gefið upp af heilbr.- og trmrn. hvaða reglugerðir þetta eru. Þetta er í fyrsta lagi reglugerð um framleiðslu lyfja og reglur um góða framleiðsluhætti. Sú reglugerð varðar XII. kafla gildandi lyfjalaga um framleiðslu lyfja og ég spyr, er hæstv. ráðherra að gera tillögu um að gildistöku þess kafla verði frestað af því það vanti reglugerðina? Nei. Hún er að gera tillögu um það að XIV. kafla og VII. kafla sé frestað. Hvað varðar þessi reglugerð þá kafla? Ekki neitt. Reglugerð nr. 2, sem enn er ókomin, er reglugerð um heildsölu lyfja. Sú reglugerð varðar XI. kafla laganna um innflutning og heildsölu lyfja. Er hæstv. ráðherra að gera tillögu um það að þeim kafla skuli frestað af því að reglugerðin er ekki enn til? Svarið er nei. Hún er ekki gera það. Kemur þessi reglugerð eitthvað við þeim tveimur köflum í lögunum sem hún gerir tillögu um að frestað verði lengur? Svarið er nei. Þriðja reglugerðin sem enn er ókomin, er reglugerð um klíníska lyfjatilraunir. Sú reglugerð varðar IV. kafla umræddra laga, þ.e. flokkun lyfja, staðfesting lyfja, forskrift og skráning sérlyfja. Varðar sú reglugerð þá tvo kafla laganna sem hæstv. ráðherra vill fresta lengur? Svarið er nei. Þessi reglugerð kemur þeim ekkert við. Í fjórða lagi er ókomin reglugerð um skráningu og/eða veitingu markaðsleyfa fyrir náttúrulyf, hómópatalyf, bætiefni, svo sem vítamín og steinefni og hvaða vörur eru undanþegnar ákvæðum um skráningu og markaðsleyfi. Fjallar þessi reglugerð um efni þeirra kafla laganna sem beðið er um að frestað verði lengur? Svarið er nei. Síðasta reglugerðin sem er ókomin er reglugerð um litarefni í lyfjum. Varðar hún ákvæði gildandi laga um frjálsa verðlagningu lausasölulyfja eða um aukna samkeppni í smásölu? Svarið er nei. Engin af þeim reglugerðum sem ókomnar eru samkvæmt upplýsingum heilbrrn. sjálfs varðar þá kafla laganna sem beðið er um frestun á. Ef hæstv. ráðherra hefur svona miklar áhyggjur af framkvæmd laganna vegna þessara reglugerða sem óframkomnar eru, af hverju leggur hún þá ekki til að þeir kaflar laganna sem þessar reglugerðir varðar sé frestað? Af hverju leggur hún til að köflum eða tveimur köflum í lögunum sem koma þessari reglugerð nákvæmlega ekkert við sé frestað? Á því er engin haldbær skýring, á því hefur hún ekki sett fram neina skýringu því að hún er einfaldlega ekki til. Hæstv. ráðherra segir líka að hún hafi nokkrar áhyggjur og vilji fá að sjá framþróun auglýsinga, frjálsra auglýsinga um lausasölulyf. Þess vegna vilji hún fresta VII. og XIV. kafla laganna. Auglýsingar eru í VI. kafla umræddra laga sem fjallar um auglýsingu lausasölulyfja. Og ég spyr, ef hæstv. ráðherra hefur svona miklar áhyggjur af framkvæmd þess kafla, af hverju leggur hún þá ekki til að honum sé frestað frekar en einhverjum allt öðrum köflum. (**Heilbrrh.:** Hvaða kafla?) Hvaða kafla? Hæstv. ráðherra hlýtur að vita

það, hann hlýtur að þekkja lögin, hann hlýtur að vita um aðra kafla laganna heldur en bara þá kafla sem að virðast varna honum svefns. Þannig að hæstv. ráðherra hlýtur að lenda í erfiðleikum með að útskýra að þau áhyggjuefni sem hæstv. ráðherra hefur, varða alla aðra kafla í lyfjalögunum en þá sem hann vill fresta. En niðurstaða ráðherrans er að hann vill fresta þeim köflum sem áhyggjur hans varða ekki nokkurn skapaðan hlut en halda í gildi þeim köflum lyfjalaganna sem að ýmist heilbrrn. hefur ekki lokið samningu reglugerðar við eða valda hæstv. ráðherra sérstökum áhyggjum.

Hæstv. ráðherra tengir líka þessa tillögu sína því að hún eigi eftir að fá álit nefndar sem var sett til þess fyrst og fremst að kynna sér hvaða áhrif EES-samningarnir m.a. um aukið frelsi til innflutnings og til innflutnings fram hjá einkaumboðsmannakerfinu hafa haft. Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra. Ef reynslan verður sú að væntingar EES-samningsins um samhliða innflutning lyfja ganga eftir, hvaða áhrif hefur það á VII. og XIV. kafla lyfjalaga um frelsi í smásöluverði og um frjálsa verðlagningu á lyfjum í lausasölu? Hefur það einhver áhrif, þ.e. ef EES-væntingarnar ganga eftir, hyggst ráðherra þá gera einhverja breytingu á þessum köflum eða hefur það einhver áhrif á þessa kafla? Auðvitað ekki. Ef EES-væntingarnar ganga ekki eftir, þ.e. áhrifin verða ekki þau sem menn vonast til, hvaða þýðingu hefur það fyrir þá tvo kafla sem hæstv. ráðherra vill fresta? Það er ekki heil brú í röksemdafærslu hæstv. ráðherra fyrir beiðninni um frestun. Í þeirri röksemdafærslu er ekki heil brú, þannig að það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt, þetta eru hreinir duttlungar í höfði hæstv. ráðherra. Út af fyrir sig getur maður vel skilið það. Miðað við þau ummæli sem hún hafði um þetta frv. á sínum tíma að þá langar hana þó ekki væri nema til þess að geta dregið eitthvað í gildandi lögum um einhverjar vikur eða daga. Það er svona til þess að sætta hana sjálfa við það, að það skuli hafa verið samþykkt lög um verslun með lyf á Íslandi sem hún er ekki sátt við. Og frestur er á illu bestur, ekki satt, og fyrir því þarf hæstv. ráðherra svo sem ekki að hafa nein rök.

En það er annað, ég vil þá ljúka máli mínu, virðulegi forseti, með því að kíkja hér aðeins í fjárlögin. Hér segir á bls. 325: „Áformað er að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 880 millj. kr. Þar af eru áform um að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni 330 millj. af rekstri hjúkrunarheimila, lyfjaútgjöld sjúkratrygginga verði lækkuð um 330 millj. kr. í kjölfar nýlegra reglna um viðmiðunarverð lyfja og að ekki fari saman greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar og skráning nýrra lyfja til sölu á innlendum markaði." Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því í fjárlögunum fyrir næsta ár að þessi ákvæði séu í gildi um að ekki fari saman greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar og skráning nýrra lyfja til sölu á innlendum markaði.Til þess að þetta geti orðið þarf hæstv. ráðherra lagaheimild. Og það vill svo til að lagaheimildin fyrir þessu er í 41. gr. gildandi lyfjalaga í XV. kafla um lyfjaverð. Hæstv. ráðherra er að óska eftir því við þingið að það fresti framkvæmd þessarar greinar, jafnvel þannig að það sé ekki ljóst ef hægt er að ráða í hennar mál, hvort þessi grein fái nokkurn tímann lagastoð. En á sama tíma boðar hún sjálf í greinargerð með fjárlagafrv. í kafla um heilbrigðis- og tryggingamál að það sé gert ráð fyrir því að þetta ákvæði í 41. gr. sé gildandi allt fjárlagaárið. Það er afskaplega kristilegt að lifa með því hugarfari að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir. En mér er spurn, urðu ráðherranum á sinnaskipti? Og í hvora átt eru þau sinnaskipti? Þegar hún lagði fram frestunarfrv. sitt hér í morgun hafði hún þá skipt um skoðun frá þeirri skoðun sem hún hafði þegar gengið var frá greinargerð heilbr.- og trmrn. í fjárlagafrv. eða sást henni yfir það þegar hún lagði fram frv. sitt til breytingar á lyfjalögum í morgun að þar var hún að gera breytingar eða leggja til á Alþingi að gerðar yrðu breytingar á áformum sem hún sjálf hafði skrifað undir að hún hefði uppi í fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Ég sé engin rök fyrir því að fresta gildistöku þessara tveggja kafla í gildandi lyfjalögum aðra en duttlunga hæstv. ráðherra. Hæstv. forsrh. sem var eins konar aðstoðarráðherra heilbrigðismála hér áðan og kom til að hjálpa ráðherra sínum og það er fallega gert, er nú að vísu farinn úr húsi þannig að ég haga þá orðum mínum eitthvað svolítið öðruvísi en heldur en ég ella myndi gert hafa ef aðstoðarráðherrann hefði verið við. En ég verð nú bara að segja eins og er að ég tel alveg nóg að láta eftir svona duttlungum, já svona fram undir áramótin, en að bregða á það ráð að fresta gildistöku um aukið frelsi í lyfsölu og frjálsri verðákvörðun lausasölulyfja í átta mánuði út af örökstuddum duttlungum hæstv. ráðherra, það finnst mér of langt gengið. Og mér finnst nú að ábyrgari Sjálfstæðismenn ættu að skoða málið í því samhengi.

[12:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er orðin ágætis umræða um þetta mál og við höfum, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, oft rætt þessi mál. Og mér hefur alla tíð verið ljóst að hv. þingmenn Alþfl. myndu ekki sætta sig við frestun, þó svo að full rök séu fyrir frestun gildistöku þessara laga. Og það er ekkert sem hér hefur komið fram sem kemur mér neitt á óvart. Þetta hefur allt saman verið rætt, margsinnis. Og alla tíð hefur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talað um lyf bara eins og skyr og rjóma og það sé enginn munur á sölu þessara vara. Það er heldur ekkert nýtt. Það sem er kannski nýtt í umræðunni og ég vil aðeins koma hér inn á, svona í blárestina, varðandi margumræddar reglugerðir er að ég tel að þeir aðilar sem vinna að þessari reglugerðarsmíð innan heilbrrn. vinni mjög vel og eins hratt og mögulegt er. Margar reglugerðarsmíðanna eru þess eðlis að það þarf að bíða eftir tilskipunum frá EES. En þær eru sem sé að koma ein af annarri. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. síðasti ræðumaður Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan, að þær eru mjög misveigamiklar varðandi frestunartillöguna. Margar eru mjög veigamiklar, t.d. kafli varðandi auglýsingu á lyfjum sem tók gildi í júní sl. skiptir miklu máli (**SighB:** Ekki fyrir þá kafla frv. sem þú ...) Það skiptir mjög miklu máli einmitt fyrir þá kafla og nú ætla ég að rökstyðja það. Um leið og við erum að auka frelsi varðandi auglýsingu á lausasölulyfjum erum við jafnframt að auka frelsi á sölu lyfja og það hlýtur að magna auglýsingarnar. Þess vegna er mjög gott að taka skrefin hægt. Reglugerð um auglýsingar tók fyrst gildi í júní. Varðandi samhliða innflutning þá skiptir það líka máli varðandi gildistöku laganna. Og líka varðandi markaðsleið. Og það kemur fram í frumvarpi frá hv. fyrrv. ráðherra, Sighvati Björgvinssyni, svo ég lesi það bara orðrétt: „Markmiðið með frestun gildistöku framangreindra kafla lyfjalaga er að skapa svigrúm til þess að meta hvaða áhrif gildistaka annarra kafla laganna hefur." Og það eru einmitt áhrif þessara kafla og þessarar reglugerðar sem við erum að meta. Það kemur mér á óvart ef þessir átta mánuðir skipta svo miklu máli í hugum hv. alþýðuflokksmanna að þeir eru ekki tilbúnir til að standa við sín eigin orð varðandi

þetta mál. Við höfum ekki boðað veigamiklar breytingar á lögunum, en við viljum fylgjast með áhrifum reglugerðanna og mig undrar að menn skuli ekki hafa þolinmæði til þess.

Margar spurningar hafa komið hér fram og sumar hafa svarað sér sjálfar. Eiginlega flestar. Kristín Ástgeirsdóttir bar fram spurningu áðan varðandi 2. gr. frv. Það er auðvelt að svara henni en í athugasemd við 2. gr. segir svo:

„Hér er lögð til breyting á 10. gr. laganna sem fjallar um útgáfu sérleyfaskrár. Kveðið er á um að heilbr.- og trmrn. geti falið aðilum utan ráðuneytisins að annast alfarið útgáfu á slíkri skrá en slíkt fyrirkomulag tíðkast m.a. á öðrum Norðurlöndum."

Því er til að svara að lyfjanefnd mun semja textann. Þetta er spurning um útgáfu, maður getur falið öðrum útgáfu.

Einnig fram í máli Kristínar að hún hefði áhyggjur af því að vissir aðilar í þjóðfélaginu hefðu fjárfest vegna þess að þeir búast við að þessi lög taki gildi 1. nóv. Í lögunum *stendur að það skuli fá leyfi heilbrrn. og heilbrrn. skuli fá* umsögn frá viðkomandi sveitarfélagi varðandi leyfið. Það hefur enginn aðili enn þá fengið þetta leyfi þannig að þetta er allt saman skýrt og mér finnst á þessari stundu að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta.

[12:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af síðustu orðum hæstv. heilbrrh. langar mig að varpa fram lítilli spurningu. Hæstv. ráðherra segir: Það hefur enn þá enginn fengið leyfi samkvæmt nýju lögunum. En mig langar til þess að spyrja hana: Hefur einhver óskað eftir því?

[12:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir að ég kom í ráðuneytið hefur enginn sótt um leyfi en það kann að vera að einhver hafi sótt um leyfi áður en ég kom í ráðuneytið.

[12:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur komið fram í ræðum mínum og þingmanna Alþfl. og raunar fleiri þingmanna í dag efasemdir um það að ráðherrann hafi yfirsýn yfir þetta flókna mál. Ég held að það hafi verið staðfest núna með svari ráðherrans. Ég varpaði fram einfaldri spurningu: Hefur einhver sótt um slíkt leyfi? Svar ráðherrans, áreiðanlega samkvæmt bestu vitund, ég dreg það ekki í efa, var nei. En mér er kunnugt um það að í síðustu viku var ítrekuð fyrirspurn aðila sem vildu hefja rekstur á grundvelli gildandi laga um hvað yrði gert við slíka umsókn. Svarið var einfalt, sama svar og þeir fengu í fyrra eða í vor, ég veit ekki hvenær, en í síðustu viku fengu þeir svarið: Slík umsókn verður endursend.

Það er alveg augljóst að ráðherrann veit ekki hvað er að gerast í hennar eigin ráðuneyti í þessum málum. Ég dreg ekki eitt einasta augnablik í efa að ráðherrann greindi frá samkvæmt bestu vitund. En málið er einfaldlega þetta: Þetta staðfestir það sem við höfum verið að halda fram hér í dag með ærnum rökum. Yfirsýn hæstv. ráðherra skortir í málinu. *Hún veit ekki alveg hvað hún er að gera.* Það speglast í því að hana skortir rök og það speglast í því að hún veit ekki hvað fer fram í ráðuneytinu í tengslum við þetta mál.

[12:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasta ræða hv. þm. var alveg óskiljanleg. Hann spyr einfaldrar spurningar og fær svör við spurningunni og þá snýr hann út úr, út og suður bara til að eiga síðasta orðið.

Nú hefur hv. þm. tækifæri til að koma einu sinni enn til að hafa allra síðasta orðið.

[12:51]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eftir svar hæstv. heilbrrh. við andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar ætla ég ekki að segja mikið. Ég ætla að biðja hæstv. ráðherra enn um að svara þessum þremur spurningum:

Í fyrsta lagi er það rétt sem hún segir að það eru ýmsar þýðingarmiklar reglugerðir enn ófrágengnar. Ég ætla ekki að *kenna henni eða öðrum um það.* Allar þær reglugerðir, sem eru fram komnar, varða aðra kafla laganna en VII. kaflann og XIV. kaflann sem hún er að biðja um frest á. Hvernig getur það verið rökstuðningur fyrir fresti á VII. kafla laganna og XIV. kafla laganna að reglugerðir eru ekki fram komnar um atriði sem varða alla aðra þætti þessara laga en fresta á? Ég vil fá rök fyrir því en þau hef ég ekki fengið. Það þýðir ekkert að segja: Það er bara svona. Það er bara ekkert svona því ef eitthvert samhengi væri í málflutningi ráðherrans ætti ráðherrann auðvitað að gera tillögu um það að fresta gildistöku þeirra kafla laganna sem enn er óvissa um en ekki einhverra allt annarra. Væri t.d. vit í því að hæstv. ráðherra breytti tillögu sinni og gerði ráð fyrir því að fjárlögum yrði frestað vegna þess að það ríkti svo mikil óvissa um ýmsa þætti lyfjalaga? Það eru alveg jafnmikil rök fyrir því, virðulegi forseti, vegna þess að hennar eigin áætlanir í fjárlagafrv. um sparnað *í lyfjakostnaði gera ráð fyrir því að í gildi séu í* lyfjalögum ákvæði sem hún er núna að biðja um fá frestun á. Ég vil því fá svar við því hvaða rök eru fyrir því að fresta VII. *og* XIV. *kafla lyfjalaganna að reglugerðir skulu* ekki enn fram komnar sem allar varða aðra kafla í þeim lögum.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra. Það er rétt að það liggur ekki enn þá frammi nein niðurstaða. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra yrði við á meðan ég legði fram spurningarnar áður en hún fer að leita upplýsinga um svarið, að ekki liggur enn fyrir reynslan af EES-samningunum. Það er alveg rétt. En ég spurði hana hér áður en ég fékk ekki svar við því. Gerum ráð fyrir því að reynslan af því sé annaðhvort verri eða betri en menn hafa áformað af EES-ákvæðum lyfjalaganna sem hæstv. ráðherra hefur áhyggjur af og nefnd var sett á fót á sínum tíma til þess að fylgjast með áhrifum. Það getur bara tvennt gerst í því ferli: Annaðhvort er reynslan af því betri eða svipuð eins og menn gerðu ráð fyrir eða hún er verri. Nú skulum við segja sem svo að það séu liðnir átta mánuðir og að búið sé að fresta þessu í átta mánuði eins og hæstv. *ráðherra vill og það liggi fyrir niðurstaða nefndarinnar, hún* sé á annan hvorn þennan veg, hún getur ekki orðið öðruvísi. Hvaða áhrif hefur það á þá kafla laganna sem hæstv. ráðherra er nú að biðja um frestun á? EES-ákvæðin og samkomulagið um samhliða innflutning og fleira varða nákvæmlega ekki neitt skipulag lyfjaverslunar í landinu sjálfu og ekki heldur neitt ákvörðun um frjálsa verðsamkeppni á lausasölulyfjum. Þess vegna vil ég fá svar við þeirri spurningu: Hvaða áhrif getur þetta nefndarstarf haft á þá kafla lyfjalaganna sem nú á að fresta? Hvaða breytingar verða gerðar á þeim ákvæðum

sem verið er að fresta? Ef reynslan er betri en menn gera ráð fyrir eða ef hún er verri en menn gera ráð fyrir? Ef reynslan hefur engin áhrif á þessa tvo kafla laganna eða ráðherra getur ekki svarað þeim spurningum, hvernig getur hæstv. ráðherra notað starf nefndarinnar sem rökstuðning fyrir því að fá viðbótarfrestun á þessum ákvæðum ef hún getur ekki svarað því hvaða áhrif reynslan af starfi nefndarinnar gæti hugsanlega haft á ákvæði þessara laga?

Í þriðja lagi spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. ráðherra: Fyrst gert er ráð fyrir því í fjárlögum í kaflanum um hennar eigin ráðuneyti að hægt verði að ná árangri í því að draga úr lyfjakostnaði með því að taka ákvörðun um það á grundvelli laga að heimilt sé að ekki fari saman að samþykkja ný lyf til notkunar í landinu og að Tryggingastofnun ríkisins taki þátt í að greiða þau, hver eru rökin fyrir því að fresta því ákvæði sem er að finna í 41. gr. lyfjalaganna? Hvað kemur það því máli við sem hún hefur verið að ræða í þessu sambandi? Ef fallist verður á tillögu hæstv. ráðherra mun hún þá ekki sjá til þess að samsvarandi breytingar séu gerðar á fjárlögum? Hæstv. ráðherra hlýtur að sjá samhengið í þessu og ég vil fá svar við því frá hæstv. ráðherra hver séu rökin fyrir því að fresta framkvæmd 41. gr. Hvernig kemur það mál við reynslunni af samhliða innflutningi lyfja og hvað kemur sú grein því málinu við að þær reglugerðir sem eru enn óútgefnar af ráðherra varða aðra þætti lyfjalaga?

Ef ég fæ ekki skýr svör við þessum þremur spurningum ítreka ég það sem ég sagði áðan að þetta eru duttlungar hæstv. ráðherra. Þetta er leið til þess að geta náð þó ekki væri nema einhverri frestun fram á lögum sem hún var á móti en hverju er hún nær? Ef það er meginatriðið í máli ráðherrans að fá þá fram einhverja frestun af hverju þarf það þá endilega að vera átta mánaða frestun? Er þá ekki bara prýðilegt að miða gildistökuna við næstu áramót þegar fjárlögin eiga að taka gildi sem byggja á því að 41. gr. laganna sé ekki frestað?

[12:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hygg að ljóst sé á því hvernig röð ræðumanna skipast hér að það verður ekki sá þingmaður sem hér stendur sem mun hafa síðasta orðið heldur hæstv. ráðherra og fer vel á því. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir í umræðunum að henni þyki þetta góð umræða sem hér hefur farið fram. Gott og vel. Má vel vera að mál hafi skipast þannig með einhverjum hætti í höfði hennar að hún geri sér betur grein fyrir því að sá málflutningur, sem hún hefur haft uppi fyrir því frv. sem hér er til umræðu, stenst ekki. Það eru engin rök sem hafa komið af munni hæstv. ráðherra sem styðja þessa breytingu.

Herra forseti. Ráðherrann er eiginlega orðinn þrísaga um það hvað er í vændum. Í greinargerð með frv. segir alveg skýrt að það eigi að meta hvaða áhrif gildistaka annarra kafla laganna hefði þannig að gera mætti breytingar á reglum VII. og XIV. kafla í framhaldinu á því. Í viðtali við Viðskiptablaðið segir ráðherra hins vegar að það sé ekki rétt skilið að hún vilji taka upp frv. að einhverju leyti eins og spurningin var orðuð. Og síðan í umræðunum hér í dag þá kemur það fram hjá hæstv. ráðherra, svo ég vitni orðrétt í hana: „Við höfum ekki boðað veigamiklar breytingar." Sem sagt, það eru engar breytingar boðaðar, það er boðuð upptaka í greinargerð en það eru samt ekki veigamiklar breytingar. Og ég held, vegna þeirrar óvissu sem hefur skapast í kjölfar málflutnings og aðgerða ráðherrans sem tengist þessu frv., þá sé nauðsynlegt að við fáum það fram hérna hvaða breytingar það eru sem hún hefur í bígerð. Ég held að það sé eðlileg ósk, m.a. með hagsmuni þeirra aðila að leiðarljósi sem hafa nú þegar lagt í umtalsverðar fjárfestingar á grundvelli gildandi laga.

Herra forseti. Ef ég mætti staðnæmast örlítið meira við þetta margnefnda viðtal við hæstv. ráðherra og fyrirsögn þess: „Hræðist lyfjaauglýsingar". Og þegar maður les viðtalið og rekur sig í gegnum spurningar blaðamannsins þá kemur í ljós að það sem vefst líka fyrir blaðamanninum er það sama og hefur vafist fyrir mjög mörgum þeirra sem hafa talað hér í dag, rökin fyrir þessu frv. finnast ekki. Og þar kemur að lokum að þegar hann hefur elt ráðherrann uppi þá segir hann, með leyfi forseta, þegar blaðamaðurinn spyr hvaða áhrif þetta séu: „Ja, t.d. áhrif af auknu frelsi varðandi auglýsingar og auknu frelsi varðandi verðlagningu á lausasölulyfjum".

Nú er það svo, hæstv. heilbrrh., að lyfjaauglýsingar á lausalölulyfjum hafa verið heimilar samkvæmt lögum síðan 1. júní 1994. Þ.e. hátt í tvö ár þá hefur verið heimilt að auglýsa lyf. Þetta ætti að vera tími sem ráðuneytið hefur væntanlega notað til að reyna að meta áhrif þessara auglýsinga og þess vegna langar mig til að varpa fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Hvaða áhrif telur hæstv. ráðherra eða ráðuneytið að þetta aukna auglýsingafrelsi hafi haft á markaðinn? Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum að skyggnast inn í hugarheim ráðuneytisins í þessum efnum þar sem við kynnum e.t.v. að finna þar eitthvert strá sem við gætum haldið í og skilið betur gerðir ráðherrans.

Herra forseti. Það spannst hérna að mér þótti athyglisverð umræða í dag millum hæstv. forsrh. og hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um það hvort ætti að gilda, lögin eða yfirlýsingar ráðherra.

Nú er það svo að þessi umræða spannst af því að þegar ráðherrann hæstv. var spurður í fjölmiðlum um það hvort þarna væri ekki verið að ganga á stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi manna, þá svaraði ráðherrann því til að menn hefðu getað gengið að þessu sem vísu vegna þess að það hefði komið yfirlýsing frá hæstv. viðskrh. og raunar yfirlýsingar í tvígang frá ríkisstjórninni um það að þessum lögum ætti að breyta.

Það er náttúrlega alveg ljóst eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson rakti að orð ráðherra eru ekki lög. Ég ætla ekki að gera hæstv. heilbrrh. upp þann valdhroka að hún sé þeirrar skoðunar, ég tel einfaldlega að þarna hafi verið einhver rangskilningur á ferðinni hjá hæstv. ráðherra. En hitt er það sem ég vil að komi hér skýrt fram að þeir aðilar sem hafa fjárfest í fyrirtækjum á grundvelli gildandi laga höfðu ærna ástæðu til að telja að það kynni að vera að ekki væri meiri hluti fyrir því frv. sem hér liggur fyrir. Hvers vegna? Vegna þess að á sumarþinginu treysti ríkisstjórnin sér ekki til þess að koma málinu í gegn. Þá vildi nú svo til að það voru ekki mjög margir til andsvara, það voru ekki margir fleiri en sá sem hér stendur. Eigi að síður var það þannig að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að koma málinu í gegn og það er auðvitað eðlilegt að álykta sem svo að þeir aðilar sem hafa fjárfest í rekstri á grundvelli laganna hafi ætlað að það væru vomur á Sjálfstfl., vegna þess, eins og hv. þm. Árni M. Mathiesen sagði hér í dag, þá var það geirneglt af hálfu Sjálfstfl. í tíð síðustu ríkisstjórnar að hann mundi standa að þessum tímasetningum. Hv. þm. Árni M. Mathiesen lýsti því reyndar yfir að hann teldi að allir þingmenn væru bundnir af þessu og ég túlka orð hans þannig að hann sé a.m.k. þeirrar

skoðunar að Sjálfstfl. sé bundinn af þessu.

Ef hv. þm. Árni M. Mathiesen, sem tilheyrir Sjálfstfl., er þessarar skoðunar, er þá eitthvað skrítið þó menn út í bæ telji að það leiki einhver vafi á afstöðu Sjálfstfl.? Má ég líka benda á það, herra forseti, að það eru örfáir dagar síðan hv. þm. Geir H. Haarde var í viðtali í Morgunblaðinu og sagðist gera ráð fyrir því að þingflokkurinn mundi staðfesta ákvörðun sína frá því í vor. Gera ráð fyrir því, hann var ekki alveg 100% viss. Ég tel herra forseti, að þetta séu nægilegar forsendur af hálfu stjórnarflokkanna til þess að gefa mönnum meira en það sem heitir á engilsaxnesku „reasonable doubt". Ég held að þarna hafi menn verið að gefa því undir fótinn að Sjálfstfl. fylgdi ekki málinu. Það er eðlilegt. 40% þjóðarinnar hafa trú á Sjálfstfl., ég er að vísu ekki í þeirra hópi, en eigi að síður þá telur stór hluti þjóðarinnar að það sé eitthvað að marka Sjálfstfl. Sjálfstfl. í tíð síðustu ríkisstjórnar var andstæður því sem hæstv. heilbrrh. er að leggja til.

Eftir ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesen tel ég að það leiki enn meiri vafi á þessu. Það er alveg ljóst að hv. þm. Árni M. Mathiesen rær ekki einn á báti. Með honum eru aðrir menn og traustir í rúmi eins og t.d. hv. þm. Kristján Pálsson, sem nú gengur kokhraustur í salinn. Hann er einn af þeim sem hafa í nýafstaðinni kosningabaráttu lýst miklu fylgi við aukna samkeppni. Þannig að ég tel, herra forseti, að það séu miklar líkur á því að með þessu fljótræði sé hæstv. heilbrrh. að baka ríkinu talsverða skaðabótaábyrgð.

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. var í fleygum ummælum hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur lýst hér í umræðunum í gær sem ráðherranum á skurðstofunni. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hæstv. heilbrrh. bíður afskaplega erfitt verkefni. Hún hefur ekki úr nægum fjármunum að moða og það er ekki bara hennar vandamál heldur þjóðarinnar allrar. Hún hefur neyðst til þess að leggja í ýmsar sparnaðaraðgerðir sem ég veit að hún er í hjarta sínu á móti en telur sér óhjákvæmilegt að ráðast í. Og það er einmitt þess vegna sem ég er svo hissa á því að sjá hæstv. heilbrrh. fleygja burt hugmyndum sem leiða til sparnaðar hjá ríkinu sem nemur 100 millj. kr. á ári. Það er ekki lítil upphæð, 100 millj. kr. sem hæstv. heilbrrh. telur að hún geti fleygt rétt sí svona út um gluggann.

Ég var mikill stuðningsmaður hæstv. núv. heilbrrh. á síðasta þingi þegar hún barðist og hafði nokkurn árangur í málefnum glasafrjóvgunardeildar Landspítalans. Nú er ég einn af þeim sem telja mikinn siðferðilegan vafa leika á því að menn þurfi að greiða fyrir þá þjónustu sem þeir óhjákvæmilega verða að leita til að reyna að leita þeirra leiða sem eru færar að þeirri lífshamingju sem felst í því að eignast barn. Það er allt í lagi fyrir þingmenn eins og mig, sem hef ágæt laun og sem fara stöðugt hækkandi, en það eru ekki allir eins velsettir og þingmenn og ráðherrar. Það eru ýmsir í þessu þjóðfélagi sem einfaldlega eiga erfitt, sem eru atvinnulausir, sem búa við lág laun sem ég og hæstv. heilbrrh. og margir fleiri bera einhverja ábyrgð á, þetta fólk á alveg nákvæmlega sama rétt til þessarar lífshamingju og aðrir. Nú er hæstv. heilbrrh. að hækka gjaldið þar um 100%. (**Heilbrrh.:** Það er ekki ákveðið.) Það hefur komið fram í umræðum af hálfu ríkisstjórnarinnar og það ekki hægt að lesa annað út úr fjárlagafrv. en að þar eigi að taka 24 millj. í viðbót, það á að hækka gjaldið um 100%. Með öðrum orðum, hér er hún að fleygja út um gluggann upphæð, sparnaði sem gæti mætt þessari hækkun í fjögur ár. Þar þykir mér skjóta skökku við. Mér þykir það líka skjóta skökku við að hún skuli nú standa að því að aftengja hækkun örorkubóta við hækkun verðlags, mál sem henni var mjög annt um á síðasta kjörtímabili, þegar hún gæti með því að samþykkja þær hugmyndir sem Alþfl. lagði fram náð sem svarar tvöföldum árlegum sparnaði við það mál. En hún vill heldur, herra forseti, slátra lambi fátæka mannsins til að búa nauðstöddum apótekurum átta mánaða veislu.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst það vera allt önnur Ingibjörg sem nú talar heldur en á fyrri tíð þegar ég sat hér í sölum og dáðist oft á tíðum að því hversu rösklega hún tók á málum. Ég vil ekki segja að það sé umskiptingur í sæti hæstv. heilbrrh., en mér finnst hún hafa breyst mjög til hins verra. Og ég vænti þess að hún staldri nú aðeins við og velti því fyrir sér hvort ekki sé mál að linni.

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að ítreka það að ef Sjálfstfl. ætlar sér að samþykkja þetta frv. þá er staðreyndin einfaldlega þessi: Ef Sjálfstfl. ætlar að verða til þess að ná því í gegn sem Morgunblaðið kallar í senn forneskju og siðleysi þá er komin enn ein sönnunin um umskipti sjálfstæðismanna úr frjálslyndum flokki markaðshyggjumanna yfir í eitthvað illa skilgreint afbrigði af tímafirrtum Framsóknarflokki. Og þá hljóta menn líka að skilja að útfærsla GATT og óttinn við að ræða Evrópusambandið er ekki bara tilviljun heldur pólitísk stefna þar sem viðhorfum neytenda er hampað í orði en þeim er hafnað á borði.

[13:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það sem vekur náttúrlega mesta athygli í þessari umræðu er að mér sýnist allir vera sammála frestun gildistöku þessara laga nema alþýðuflokksmenn. Það eru náttúrlega nægileg rök til að fresta. (**Gripið fram í:** Ekki Árni Mathiesen.) Hér hefur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýst áhyggjum sínum vegna 41. gr. þessara laga sem er svohljóðandi:

„Ráðherra ákveður að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni."

Hv. þm. hefur áhyggjur af því að þessi grein frestist. En það eru ákvæði innan almannatryggingarlöggjafarinnar sem gera það að verkum að það sakar ekki. Þannig að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins er bundin þeim lögum varðandi skráningu nýrra lyfja. Þannig að áhyggjur hans eru óþarfar gagnvart þessu atriði. (**SighB:** Er þá greinin óþörf?) Svo spyr hv. þm. Sighvatur Björgvinsson einnig að því að hvaða niðurstöðu ég telji að þverpólitísk nefnd komist að lokum. Ég þyrfti ekki að bíða eftir niðurstöðu nefndarinnar ef ég vissi það nákvæmlega. Ég hef margsinnis hér fært rök fyrir því að það sé ástæða til þess að ganga hægt og taka skrefin hægt og rólega áður en við förum í fullt frelsi varðandi lyfsölu.

Ég hef ekki boðað grundvallarbreytingar en ég tel ástæðu til að fara varlega og fylgjast með áhrifum þeirra reglugerða sem hér hafa margsinnis verið ræddar.

Mig langar til að koma inn á það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér áðan. Hann segir það bara eins og heilagan sannleika að það sé hægt að spara 100 millj. kr. á ári með því að opna ótal lyfjaverslanir. (**ÖS:** Ég las það í þínu eigin plaggi.) Það er ekki plagg frá heilbrrn. Alls ekki. Það kemur frá fjmrn. Þannig að það fellur um sjálft sig. (**Gripið fram í:** Fellur það um sjálft sig af því að það kemur frá fjmrn.?) Það fellur um sjálft sig að það sé hægt að spara 100 millj. kr. eingöngu með því að opna á einu ári svo og svo

margar lyfjaverslanir. Það hafa verið færð rök að því hér. En nú er Sighvatur orðinn kátur og hress, enda er hann farinn að kvarta um það í fjölmiðlum að hann sé ekki nógu nálægt mér og við tölum ekki nógu mikið saman í fjölmiðlum o.s.frv. Nú hefur hann tækifæri og nú er maðurinn kominn í gott form og ég vona að ég geti veitt honum andsvar hér á eftir. Ég læt hann ekki bíða lengur.

[13:15]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var stórkostleg yfirlýsing að af því að málið kemur frá fjmrn. þá falli það um sjálft sig. (**Heilbrrh.:** Að það komi frá heilbrrn.) Þá væntanlega, virðulegi forseti, getum við sparað okkur að mæta hér á morgun þegar á að ræða fjárlög ríkisins því þau koma náttúrlega frá fjmrn. og hljóta þá að vera fallin um sjálf sig.

Þau koma náttúrlega frá fjmrn. og hljóta að vera fallin um sjálf sig. En það er dálítið gaman að lesa það sem hér stendur frá fjmrn. því að þar er það sagt að þessi frestun kosti 100 millj. kr. eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að segja. En hæstv. heilbrrh. segir að það sem komi frá fjmrh. falli um sjálft sig.

Virðulegi forseti. Ég spurði þriggja spurninga (**Gripið fram í:** Þú sagðir það aldrei.) Ég hélt að ég væri sæmilega skýr í málflutningi en það hefur ekki enn komist til skila til hæstv. ráðherra að ég bað um svar við þremur spurningum. Hún svaraði engri þeirra. Hún svaraði því einu til að 41. gr. í þessu frv. væri óþörf því að sambærileg ákvæði væri að finna í almannatryggingalögum og af hverju er þá hæstv. ráðherra að flytja þessa grein? Af hverju fellir hann hana ekki bara niður fyrst þetta er hvort eð er til í almannatryggingalögum? Og hvar í almannatryggingalögum er þetta ákvæði? Ég minnist þess ekki að almannatryggingalög hafi gefið heimildir til þess að Tryggingastofnun ríkisins tæki ekki þátt í greiðslu lyfja sem hafa verið samþykkt til nota á íslenska heilbrigðismarkaðnum ef það má orða það svo. Ég stóð í þeirri trú að það þyrfti sérstaka lagasetningu til þess og hún væri í lyfjalögunum sem ég var að benda áðan á en það getur vel verið að ég hafi ekki haft rétt fyrir mér. Þá vil ég fá betri upplýsingar um málið frá hæstv. heilbrrh. En ég ítreka það. Ég spurði þriggja spurninga, hæstv. heilbrrh. Nú spyr ég í þriðja sinn. Vill hæstv. ráðherra vera svo vinsamlegur að svara?

[13:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að árétta fyrirspurn hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég bið um upplýsingar um það hvort í almannatryggingalöggjöf sé að finna heimild sem kemur í stað 41. gr. núgildandi lyfjalaga. Og ef svo er, hvers vegna er þá ekki tillaga af hálfu hæstv. ráðherra að fella þessa grein út úr lyfjalögum? Hún er þá óþörf. Ég bið um svör.

Í öðru lagi vil ég fá svör við því líka og ég bið um það, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé viðstaddur. — Herra forseti. Ég get fengið mér sæti á meðan.

(**Forseti** (RA): Hæstv. ráðherra gengur í salinn.)

Ég þakka fyrir, herra forseti.

Ég vil fá skýrt svar við því eftir hvaða löggjöf er unnið í heilbrn. að undirbúningi gildistöku VII. og XIV. kafla laga um lyfjalög og hvað þýðir það fyrir einstaklinga sem sækja um lyfsöluleyfi á grundvelli þeirra laga? Hverjar viðtökur fá þeir? Hverjar viðtökur hafa þeir fengið? Og að lokum: Eftir hvaða lögum vinnur hæstv. ráðherra í þessum efnum?

Hæstv. heilbrrh. svarar því til hér að það sé þverpólitísk nefnd sem eigi að athuga og gaumgæfa áhrif af EES-samningi, það eigi að nýta næstu átta mánuði til þess að gaumgæfa reynslu af því. Hún svarar því til í margnefndu viðtali í Viðskiptablaðinu að meðal annars skuli nefndin gaumgæfa áhrif af auglýsingum og einnig auknu frelsi í verðlagingu lausasölulyfja. Hvernig í veröldinni á þessi nefnd að gaumgæfa reynsluna af því að ráðherrann er á sama tíma að biðja hér þingheim um að fresta gildistöku þeirra ákvæða? Hvaða reynslu á þessi nefnd að hafa af frelsi í verðlagningu lausasölulyfja þegar þau ákvæði eiga ekki að taka gildi? Hvers konar hundalógík er þetta, hæstv. ráðherra? Er von að spurt sé.

Meginatriðið, virðulegi forseti, er það að þessi málatilbúnaður er allur með slíkum ólíkindum að langt þarf að fara aftur í tímann til þess að finna einhverja hliðstæðu.

[13:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr: Eftir hvaða lögum er unnið í heilbrrn.? Það er að sjálfsögðu unnið eftir núgildandi lögum.

Menn hafa efast um að heimild sé í almannatryggingalöggjöfinni fyrir því að Tryggingastofnun geti skoðað ný lyf sem koma inn á markaðinn og stöðvað að þau fari inn þannig að Tryggingastofnun greiði þau. Það er í löggjöfinni og það er í 36. gr. löggjafarinnar þannig að þingmenn geta lesið sig til um það. En mér finnst umræðan vera komin algerlega út á kaldan klaka hjá hv. þm.

Menn hafa viðurkennt það margsinnis í ræðustól og í lagatexta að þeir séu tilbúnir að skoða áhrifin af þessum reglugerðum sem við erum margsinnis búin að tala um. En nú virðast menn svo hræddir við það að sjá hver áhrifin verða. Hvað veldur þessum mikla óróa hjá Alþfl.? Hvað veldur þessum óróa? (**KÁ:** Fortíðarvandi.) Það kann að vera rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að það sé einhver fortíðarvandi sem kvelur. Ég skal ekki segja um það. Svona útúrsnúningar út og suður eins og hér hafa gengið varðandi fjmrn. og heilbrrn. o.s.frv. Þetta er auðvitað bara til að skemmta skrattanum. Aðalatriðið er þegar þessi lög taka gildi að við þurfum ekki að breyta þeim margsinnis næstu mánuði eins og gerðist með fyrri hluta þessa lagabálks í tíð Alþfl.

[13:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki að undra þó að ráðherrann þreytist á umræðunni. Það gera menn nú gjarnan þegar vondan málstað er að verja og enn og aftur verð ég að biðja hæstv. forseta að sækja hæstv. ráðherra og hafa hann inni í salnum.

Ég hef náttúrlega á því fullan skilning, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra þurfi að sækja sér aðstoð í hliðarherbergi og lesa sig til enda með prýðilegt starfsfólk í heilbrrn. En það breytir því og ekki að enn og aftur glöggva ég mig ekki á því algerlega, hæstv. ráðherra, hvernig nefnd sem á að gaumgæfa áhrif gildandi laga eigi að skoða aukið frelsi varðandi verðlagningu lausasölulyfja á næstu átta mánuðum þegar hæstv. heilbrrh. fer þess á leit við hið háa Alþingi að fresta gildistöku þess frelsis. Ég segi aftur: Hvers konar hundalógík er þetta? Er von að menn staldri við og velti því fyrir sér hvernig þessi málatilbúnaður er allur til kominn og á sama hátt: Er það ærleg og einlæg skoðun hæstv. heilbrrh. að umsögn fjmrn., fjárlagaskrifstofu um þetta tiltekna frv.

sé bull og þvættingur og ekki takandi mark á því? Ef svo er hlýtur maður líka að spyrja: Hvers vegna er í veröldinni er þá lagt til í fjárlagafrv., sem liggur nú fyrir þinginu og verður til umræðu á morgun, að þegar eigi njóta ávaxtanna af samkeppni á innflutningssviði lyfjanna sem fjárlagaskrifstofan og fjmrn. fer líka hér orðum um? Er með öðrum orðum allt í lagi að taka mark stundum þegar það hentar en þegar það gengur í berhögg við duttlunga hæstv. ráðherra er það bara bull og þvættingur. Þetta þarf náttúrlega þjóðin að vita og þinginu þætti væntanlega líka vænt um það, virðulegi forseti, að fá einhverja skýringu á því þó að ekki sé ég bjartsýnn á það.

[13:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega endalaust hægt að taka hlutina úr samhengi eins og síðasti ræðumaður er að gera hér. Þó hann komi með eitthvað úr Viðskiptablaðinu, sem hlýtur að vera uppselt eftir alla þá auglýsingu sem það hefur fengið hérna í dag, þá erum við að tala um það að við höfum aukið frelsið varðandi auglýsingu á lyfjum. Við höfum gert það. Við ætlum ekki að ganga öll skrefin jafnhratt. Um leið og við erum að auka frelsi varðandi auglýsingar erum við líka að gefa frelsi varðandi kostnað á lausasölulyfjum eða verðlagningu á lausasölulyfjum þannig að það sé ekki hægt samtímis að auglýsa t.d. útsölu á lausasölulyfjum. Við ætlum að taka þessi skref eins hægt og við höfum möguleika til að vanda vinnuna.

Einu sinni enn varðandi umsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. Það kom fram í ræðu minni, bæði í morgun og eins í vor, að ég dreg verulega í efa að ríkið geti hagnast innan ársins um 100 millj. bara með því einu að opna lyfsölur um bæinn. Og ég er ekki ein um að draga það í efa. (**GÁS:** Það gengur í samkeppni við heildsölulögin, innflutninginn.) Það er bara allt annar handleggur. Það kann vel að vera á einhverju tímabili, á einhverjum mörgum árum að ríkissjóður hagnist á samkeppninni í frelsinu en alls ekki á einu ári. Það dettur fáum í hug.

Ég held að ég hafi þessi orð mín ekki fleiri í bili því að nú er orðið samtal á milli mín og hv. þm. Guðmundar Árna og það er ekki góður svipur á því.

[13:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gerist nú framstygg mjög yfir þeim spurningum sem til hennar er varpað. Þó er nú svo að það hefur verið siðvenja í þessum sölum að hv. þm. hafa átt kost á því að spyrja hæstv. ráðherra út úr um ýmis mál ef það mætti verða til þess að greiða fyrir þingstörfum og meðferð mála í nefndum.

Áður en ég kem að spurningu minni langar mig samt að geta þess að hæstv. ráðherra orðaði það svo að ég væri að skemmta skrattanum með því að reyna að reka fleyg á milli hennar og fjárlagaskrifstofu fjmrn. Ég held að enginn sé jafnríkt í hlutverki þess skemmtikrafts sem hefur skemmt skrattanum og einmitt hæstv. ráðherra. Það hefur auðvitað ekki gerst áður hér að einn ráðherra lýsir vanþóknun og fyrirlitningu á störfum annars en það er í rauninni það sem hæstv. heilbrh. hefur gert. Hún hefur sagt að það sé ekkert að marka þessa útreikninga fjárlagaskrifstofu fjmrn.

Nú vill svo til að ég er svolítið kunnugur því hvernig svona vinna fer fram og það er ekkert eintal sálarinnar uppi í fjmrn. Ef ráðherra fagráðuneytisins er ósammála því mati sem kemur fram hjá fjmrn. gerir hann viðkomandi skrifstofu grein fyrir því og menn reyna síðan að vega og meta rök. Mér sýnist að í þessu tilfelli hafi það ekki verið gert eða þá rökfærsla hæstv. ráðherra hafi verið svo léttvæg eins og hér í dag að það hefur ekki verið tekið mark á henni í fjmrn. Ef svo er skil ég vel særindi hennar.

Ég varpaði fram einni spurningu. Það hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra, bæði hér í sölum og eins í fjölmiðlum, að það er fyrst og fremst einn þáttur sem hún hefur tínt til sem þarf að meta varðandi framtíð þessara mála sem um er vélað í frumvörpum hennar. Það eru auglýsingarnar. Nú er það svo að frá 1. júní 1994 hefur verið frelsi um auglýsingar á lausasölulyfum. Ég er alveg sannfærður um að ráðherra sem vinnur verk sín jafn vel og hæstv. heilbrrh. hlýtur að hafa látið kanna eða hefur vinnu í gangi til þess að reyna að meta það hvernig þetta auglýsingafrelsi hefur haft áhrif á markað fyrir lausasölulyf. Ég varpaði áðan fram spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún gæti sagt mér það hvernig hún og ráðuneytið meti þessi áhrif. Ef hún getur það ekki þá skil ég það vel, kann vel að vera að hún hafi það ekki við höndina. En mér þætti fróðlegt og það yrði til aðstoðar við þessa umræðu ef maður skildi hugsunarháttinn varðandi þann þátt. Menn hljóta að draga einhvern lærdóm af honum varðandi hina kaflana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 13:31

---

4. FUNDUR

föstudaginn 6. okt.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 21., frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 1., 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 32. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 32.

Fjáraukalög 1994, 45. mál, stjfrv., þskj. 45.
Fjáraukalög 1995, 44. mál, stjfrv., þskj. 44.
Flutningur ríkisstofnana út á land, 46. mál, fsp. HjÁ, þskj. 46.
Grunn- og framhaldsskólar, 41. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 41.
Innheimta á opinberum gjöldum, 42. mál, fsp. JóhS, þskj. 42.
Kaup á eignum, 35. mál, fsp. KÁ, þskj. 35.
Lánsfjárlög 1996, 43. mál, stjfrv., þskj. 43.
Málefni fatlaðra, 40. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 40.
Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, 31. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 31.
Réttarstaða barna með langvinna sjúkdóma, 38. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 38.
Sogsvirkjanir, 36. mál, fsp. ÖS, þskj. 36.
Sala ríkiseigna, 34. mál, fsp. KÁ, þskj. 34.
Skaðabætur til bænda við Þingvallavatn, 37. mál, fsp. ÖS, þskj. 37.
Stimpilgjöld, 33. mál, fsp. KÁ, þskj. 33.
Tilraunasveitarfélög, 39. mál, fsp. ÁBÞ, þskj. 39.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa bréf þar sem tilkynnt er:

1. Á fundi félmn. var Kristín Ástgeirsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

2. Á fundi samgn. var Einar K. Guðfinnsson kjörinn formaður nefndarinnar og Magnús Stefánsson varaformaður.

3. Á fundi menntmn. var Sigríður Anna Þórðardóttir kjörin formaður nefndarinnar og Hjálmar Árnason varaformaður.

4. Á fundi utanrmn. var Geir H. Haarde kjörinn formaður nefndarinnar og Ólafur Ragnar Grímsson varaformaður.

Fjárlög 1996, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1996. Í ræðu minni í dag mun ég í fyrsta lagi fjalla um ástand og horfur í ríkisfjármálum ekki síst þegar horft er fram á veginn næstu árin. Niðurstaðan af þeirri umfjöllun er sú að ríkisstjórn og Alþingi geti ekki vikið sér undan því að grípa nú þegar til róttækra aðgerða til að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum.

Í öðru lagi og í beinu framhaldi mun ég gera nokkra grein fyrir efnahags- og ríkisfjármálastefnu ríkisstjórnarinnar og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til á næstu árum til að ná markmiðum hennar. Að lokum fjalla ég um það hvernig þær aðgerðir sem m.a. birtast í þessu fjárlagafrv. munu þegar fram líða stundir styrkja atvinnulífið, auka kaupmátt launafólks og þannig stuðla að bættum lífskjörum almennings í landinu.

Það fer ekkert milli mála að íslenskt efnahagslíf er smám saman að rétta úr kútnum eftir langvinnt erfiðleikatímabil. Verðbólga er ein sú minnsta í heiminum. Tekist hefur að snúa þrálátum halla og viðskiptajöfnuði í afgang. Þetta þýðir að erlend skuldasöfnun hefur verið stöðvuð og raunskuldir fara nú lækkandi ár eftir ár. Þá hafa vextir lækkað verulega frá því sem áður var en það stuðlaði að aukinni fjárfestingu fyrirtækja og léttari vaxtabyrði heimila. Í kjölfarið hefur hagvöxtur tekið við sér og störfum á vinnumarkaði fer nú aftur fjölgandi. Allt eru þetta jákvæðir þættir í efnahagslífinu sem mikilvægt er að treysta enn frekar.

Gagnstætt því sem við þekkjum frá fyrri tíð stafar batnandi afkoma þjóðarbúsins nú ekki af sérstakri uppsveiflu í sjávarútvegi. Skýringarnar eru aðrar. Allt frá miðjum síðasta áratug hefur íslenskt efnahagslíf gengið í gegnum miklar skipulagsbreytingar. Lykilorðið í þessari þróun er aukið frelsi í viðskiptum, jafnt með vörur, þjónustu hvers konar og fjármagn. Á öllum sviðum hefur hömlum verið aflétt og höftum, boðum og bönnum verið ýtt út af borðinu. Auk þess hefur af hálfu stjórnvalda verið gripið til ýmissa aðgerða til að laga rekstrarskilyrði atvinnulífsins að því sem best gerist í helstu samkeppnislöndunum. Þessi þróun hefur skapað nýjar forsendur fyrir atvinnulífið í landinu. Auknu frelsi fylgir vaxandi samkeppni inn á við sem út á við. Fyrirtækin hafa því þurft að taka sér tak, hagræða og endurskipuleggja reksturinn. Þessar breytingar hafa ásamt stöðugleika í efnahagslífinu lagt grunninn að öflugra atvinnulífi í framtíðinni.

Þótt margt hafi þannig þokast í rétta átt að undanförnu eru enn ýmis vandamál óleyst. Þetta birtist í því að hagvaxtarhorfur hér á landi næstu árin eru lakari en í nágrannalöndunum. Það stafar m.a. af því að fjárfesting í atvinnulífinu hefur enn ekki tekið nægilega við sér. Hér gætir í senn áhrifa hárra vaxta þótt þeir hafi lækkað nokkuð á undanförnum árum og erfiðleika við að afla fjármagns á hlutabréfamarkaði. Afleiðingin er sú að hagvöxtur verður minni en ella og störfum fjölgar ekki nægilega mikið til að taka við því nýja fólki sem kemur inn á vinnumarkaðinn árlega.

Meginskýring hárra vaxta er að fjármagna þarf hallarekstur ríkis og sveitarfélaga með lántökum. Auknar lántökur þessara aðila á innlendum markaði þrengja svigrúm fyrirtækja til að afla sér lánsfjár til fjárfestinga. Afleiðingin verður sú að vextir hækka. Ekkert bendir til þess að halli ríkissjóðs minnki á næstu árum ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða. Þvert á móti eru horfur á að hallinn fari ört vaxandi, m.a. vegna fjölgunar ellilífeyris- og bótaþega en hún kallar á aukin útgjöld á næstu árum. Hér er komið að kjarna málsins. Til að komast út úr þessari sjálfheldu þarf að stöðva hallarekstur ríkisins. Það er lykillinn að auknum hagvexti, fjölgun starfa og bættum lífskjörum í framtíðinni. Að þessu leyti má segja að íslenskt efnahagslíf sé nú á krossgötum. Ef ekkert er aðhafst blasir við áframhaldandi og vaxandi hallarekstur ríkisins. Í kjölfarið munu vextir hækka og fjárfestingar fyrirtækja minnka. Við þær aðstæður mun ekki draga úr atvinnuleysi.

En það er önnur og dekkri hlið á þessari framtíðarsýn. Með því að halda áfram að reka ríkissjóð með halla hlaðast upp skuldir sem komandi kynslóðir þurfa að borga. Það er að mínu viti fullkomlega óábyrgt að standa þannig að málum. Með batnandi efnahag getum við ekki með nokkru móti réttlætt sífelldan hallarekstur og haldið áfram að senda börnum og barnabörnum okkar reikninginn. Hallareksturinn gerir hvort tveggja í senn að draga úr hagvexti og kalla á

hækkun skatta vegna skuldasöfnunar. Þannig erum við með áframhaldandi hallarekstri að þrengja hag komandi kynslóða með tvöföldum þunga. Annars vegar með lakari lífskjörum og hins vegar með hærri sköttum. Okkur verður að lærast að taka ábyrgð á framtíðinni, ekki að skuldsetja hana. Við höfum einfaldlega ekkert val í þessum efnum og það er meginboðskapur þessa fjárlagafrv.

Ríkisstjórnin er staðráðin í að bregðast við þessum vanda og grípa til þeirra aðgerða sem hún telur nauðsynlegar til að treysta hagvöxt, tryggja atvinnu og bæta lífskjör almennings. Fyrr í þessari viku voru hér á Alþingi umræður um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þannig að ég mun aðeins í stuttu máli nefna nokkur áhersluatriði efnahagsstefnunnar, einkum þau er varða ríkisfjármál.

Meginmarkmiðið er að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og fjölgun starfa. Lítil verðbólga og sambærilegir vextir og í helstu samkeppnislöndum stuðla að auknum fjárfestingum og nýsköpun í atvinnulífinu og er því forsenda þess að störfum fjölgi. Því er mikilvægt að draga úr lánsfjárþörf ríkisins.

Ríkisstjórnin telur það forgangsverkefni að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á ráðdeild um leið og stoðir velferðarinnar verða treystar. Í þeim tilgangi er brýnt að stöðva að sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs. Unnið verður að ýmsum skipulagsbreytingum til að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til heilbrigðis- og menntamála einstakra atvinnugreina og opinberra framkvæmda.

Í stefnuyfirlýsingunni segir að áfram verði unnið að nýskipan í ríkisrekstri með auknum útboðum, sameiningu stofnana, þjónustusamningum, breyttu launakerfi og aukinni ábyrgð stjórnenda. Stefnt verður að meiri hagkvæmni við opinberar framkvæmdir og ríkisrekstur gerður einfaldari og skilvirkari. Aðstöðumunur verður jafnaður þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og arðsemiskröfur verða gerðar til ríkisfyrirtækja. Lögð verður fram áætlun um verkefnasvið einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða, ríkisfyrirtækja og stofnana, sem eru í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt er áhersla lögð á að treysta rekstrarskilyrði atvinnuvega og stuðla að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetingu. Mótuð verður heildarstefna um upplýsingatækni og upplýsingamiðlun í því skyni að bæta framleiðni og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Lög um erlenda fjárfestingu verða endurskoðuð til að laða að erlent fjármagn og atvinnustarfsemi.

Fjárlagafrv. endurspeglar þær áherslur í efnahagsmálum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þessi stefna kallar á aðgerðir á mörgum sviðum. Einna mikilvægast er að draga úr halla ríkissjóðs og ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum. Ábyrg og traust ríkisfjármálastefna er forsenda þess að vextir geti lækkað, fjárfesting í atvinnulífinu taki við sér og hagvöxtur komist á skrið og störfum fjölgi. Þetta er kjarninn í stefnunni sem fjárlagafrv. byggir á og ætlað er að bæta lífskjör heimilanna í landinu. Markmið fjárlagafrv. er að minnka halla ríkissjóðs um helming á árinu 1996 og ná jafnvægi árið 1997. Árið 1996 er áætlaður halli tæplega fjórir milljarðar kr. Gangi þessi áform efir verður það minnsti halli á ríkissjóði í tólf ár en árið 1984 var síðast afgangur á rekstri ríkissjóðs. Til að ná þessu markmiði þarf að beita ýtrasta aðhaldi í útgjöldum. Við fjárlagagerð ársins 1996 hefur einkum verið litið til lækkunar tilfærsluframlaga hvers konar og framkvæmda, einkum á sviði samgangna. Nýjar aðgerðir til að draga úr rekstrarútgjöldum krefjast lengir undirbúnings. Til þess verður horft við fjárlagagerð 1997 og er undirbúningur þegar hafinn.

Á gjaldahlið er megináhersla lögð á að halda aukningu útgjalda í skefjum. Í þessu skyni er dregið úr sjálfvirkni í vexti útgjalda einkum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Jafnframt er aðhaldi beitt í rekstri stofnana ríkisins. Loks eru framlög til fjárfestinga lækkuð. Þrátt fyrir aðhaldssama útgjaldastefnu aukast framlög til ýmissa málaflokka, t.d. til eflingar skólastarfi vegna aukinnar kennslu.

Ég legg áherslu á að þó nokkuð dragi úr framkvæmdum á vegum ríkisins þýðir það ekki minni umsvif í efnahagslífinu þar sem minni lánsfjárþörf ríkisins eykur svigrúm atvinnulífsins til fjárfestingar. Stefna ríkisstjórnarinnar sem birtist í fjárlagafrv. stuðlar að aukinni atvinnu og fjölgun starfa. Um þetta vitna allar tölur. Skoðum þetta eilítið nánar. Lítum fyrst á fjárfestinguna. Hvað gerist? Jú, á tveimur árum eykst fjárfesting í atvinnulífinu um 25%, um fjórðung að raungildi. Þetta eru engar smátölur því þetta þýðir 10 milljarða kr. viðbótarfjárfestingu í þjóðarbúinu. Þótt framkvæmdir dragist saman hjá ríkinu eru það smámunir miðað við þetta eða vel innan við tvo milljarða á sama tíma. Eins verður að hafa í huga að fjárfestingar ríkisins voru óvenju miklar síðustu ár vegna sérstakra átaksverkefna í þeirri efnahagslægð sem við vorum í. Leiðin til að skapa atvinnu er ekki að ríkið sogi til sín meira og meira fjármagn. Til að fjölga störfum þarf að skapa skilyrði til fjárfestinga í atvinnulífinu. Á samdráttartímum getur verið réttlætanlegt að auka fjárfestingar hins opinbera. Hinu má ekki gleyma að meiri fjárfesting ríkisins leiðir oftast til nýs rekstrar og aukinna útgjalda sem þrengja aftur að möguleikum atvinnulífsins. Að öllu samanlögðu er talið að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 verði u.þ.b. 124 milljarðar kr. og verði nokkurn veginn óbreytt í krónum talið frá áætlun þessa árs. Hins vegar lækka útgjöldin að raungildi um 2–3% eða sem nemur rúmlega þremur milljörðum kr. Hlutfall útgjalda af landsframleiðslu lækkar því umtalsvert eða rúmlega 1% og hefur ekki verið lægra síðan 1987.

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var undirritaður samningur um sauðfjárframleiðslu en sá samningur er samningur um breytingar á samningi landbrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda frá 11. mars 1991. Ég legg áherslu á að þessi samningur er samningur til breytinga á þeim samningi. Verði þessi samningur samþykktur af Bændasamtökum Íslands mun ég flytja brtt. við þetta frv. þess efnis að um það bil 200 millj. kr. hækkun verði á lið 04-805 sem nefnist Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

Miklar umræður hafa orðið um þennan samning og sýnist sitt hverjum um ágæti hans. Af því tilefni tel ég rétt að drepa á nokkur atriði sem snerta samninginn.

Í fyrsta lagi hefur það verið gagnrýnt að verðtryggingarákvæði sé í samningnum en hann er til fimm ára. Í því sambandi er rétt að minna á að í gamla samningnum eru sams konar ákvæði og ekki þótti rétt að gera breytingar á því þar sem samningurinn er til langs tíma ef t.d. er miðað við kjarasamninga sem bæði fela í sér hækkanir á samningstímabilinu og verða lausir ef verðlag breytist umfram ákveðin mörk. Það skal tekið fram að gefnu tilefni að verðbótaákvæði þess samnings voru sett inn í hann með fullri vitund og í þökk aðila vinnumarkaðarins.

Í öðru lagi má ekki gleyma því að með nýja samningnum eru gerðar verulegar breytingar sem ættu að skila sér í lægra verðlagi til neytenda. Frjáls verðlagning á framleiðslu og vinnslustigi eykur samkeppnishæfni framleiðslunnar. Fjárhagsleg ábyrgð á ráðstöfun vaxta og geymslugjalds og ullarniðurgreiðslna færist til bænda. Verulegt átak verður gert til að stækka búin og þróa framleiðsluvöruna. Skilið er á milli stuðnings ríkisins og framleiðsluskyldunnar og aðgangur að markaði er því óháður stuðningi þannig að öllum er frjálst að framleiða á innanlandsmarkaði. Ábyrgðin á framleiðsluskipulaginu er færð frá ríkinu til bænda.

Í þriðja lagi vil ég benda á að framlög ríkisins til sauðfjárræktar voru 17,6 milljarðar á fimm ára tímabilinu 1991–1995 en verða 11 milljarðar á fimm ára tímabilinu 1996–2000. Á árinu 1991, en það var síðasta árið með gamla fyrirkomulaginu, var varið 4,5 milljörðum króna til sauðfjárframleiðslu en fjárhæðin verður tveir milljarðar árið 2000. Þannig verður stuðningur í lok áratugarins fast að 60% lægri en hann var í upphafi hans.

Ég vil enn fremur geta þess að í samningnum eru ákvæði þess efnis að hluti samningsins eða hann allur sé til endurskoðunar ef viss skilyrði eru fyrir hendi. Þannig eru tölurnar í samningnum viðmiðunartölur sem geta hækkað eða lækkað og ég vil taka það sérstaklega fram að ef innanlandsneyslan dregst saman er sérstakt ákvæði í samningnum þess efnis að hægt sé að endurskoða hann eftir tvö ár og taka tillit til innanlandsneyslunnar þannig að beingreiðslur geta hækkað eða lækkað eftir atvikum eftir því hvernig innanlandsneyslan þróast á samningstímabilinu en þetta er sams konar ákvæði og var í þeim samningi sem nú er í gildi.

Herra forseti. Tekjuhlið fjárlagafrv. markast af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að þyngja ekki skattbyrði. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar rétt innan við 120 milljarða kr. árið 1996. Þar af nema skatttekjur tæplega 112 milljörðum kr. Tekjurnar aukast um tæplega 6 milljarða frá árinu 1995 eða sem nemur almennum verðbreytingum og hagvexti. Tekjuaukninguna má alfarið rekja til meiri kaupmáttar launafólks í kjölfar kjarasamninga sem birtist í aukinni neyslu og fjárfestingu almennings. Hlutfall tekna af landsframleiðslu lækkar hins vegar lítillega frá því í ár og hefur ekki verið lægra síðan 1987. En árið 1987 var stundum kallað skattlausa árið ef einhver skyldi hafa gleymt því.

Því hefur verið haldið fram að þetta fjárlagafrv. feli í sér hækkun skatta. Þetta er ekki rétt eins og tölurnar sem ég nefndi sýna. Í frv. er hins vegar verið að bregðast við skattalækkun sem kom til framkvæmda fyrr á þessu ári og enn frekari skattalækkun á næsta ári. Hér er ég að tala um þá ákvörðun að gera greiðslur launafólks í lífeyrissjóði skattfrjálsar. Þessi ákvörðun var tekin undir þeim formerkjum að hér væri réttlætismál á ferðinni þar sem annars væri um tvísköttun að ræða. Hvað sem um þær röksemdir má segja var á það fallist en því var skilmerkilega og afar skýrt komið á framfæri við aðila vinnumarkaðarins að hér væri um svo mikla kerfisbreytingu að ræða að hún kallaði óhjákvæmilega á aðra tekjuöflun. Þetta var alveg skýrt og það var forsendan fyrir því að fyrri ríkisstjórn féllst á þessa aðgerð. Og ég vil taka það fram að fyrir kosningar var mjög skýrlega sagt frá þessu bæði af minni hálfu og eins af forustumönnum Alþfl. sem þá átti aðild að stjórnarsamstarfi með Sjálfstfl. Þess vegna er ekki hægt að koma núna, nokkrum mánuðum síðar, og tala um þessa tekjuöflun sem sérstaka skattahækkun. Það gengur auðvitað ekki upp því þetta tvennt hangir saman. Ég vil líka benda á að skattleysismörkin hækka á næsta ári þrátt fyrir að persónuafsláttur verði óbreyttur í krónum talið. Ástæðan er auðvitað sú að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda jafngildir í reynd lækkun tekjuskattshlutfallsins um rúmlega 1,5% þegar það er að fullu komið til framkvæmda en það er ígildi hækkunar skattleysismarka. Ég vek líka sérstaka athygli á því að skattleysismörkin á næsta ári verða hærri en þau hefðu orðið miðað við að þau hefðu fylgt almennum verðlagsbreytingum en það stafar sem fyrr segir af skattfrelsi lífeyrisiðgjalda.

Eins hefur því verið haldið fram að sérstaklega sé verið að ráðast á launafólk þegar tekna er aflað í stað þeirra sem ríkið verður af. Þetta er auðvitað ekki rétt heldur. Því að tekjutapinu er mætt með tekjuöflun sem skipt er á milli fyrirtækja og einstaklinga. Þegar upp er staðið og breytingarnar að fullu komnar fram er launafólkið betur sett en áður. Þess ber þó að geta að skattar á fyrirtæki hljóta að sjálfsögðu að rýra getu þeirra til að hækka laun að sama skapi. Aðalatriðið er hins vegar það að skattbyrðin er ekki að þyngjast samkvæmt frv. Þvert á móti lækka skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu og það er óumdeilt vona ég.

Þegar rætt er um tekjuöflun næsta árs vil ég geta þess að samráðsnefnd um olíugjald sem skipuð var fulltrúum hagsmunaaðila og stjórnvalda komst í gær að þeirri niðurstöðu að fresta bæri gildistöku laga um vörugjald af olíu um tvö ár og taka upp litun gjaldfrjálsrar olíu innan þess tíma. Ástæðan er sú að Danir hafa nú nýlega þróað hagkvæma aðferð við að lita olíu sem vert er að athuga nánar. Ég tel því rétt að málið verði undirbúið betur og fylgst með þróuninni í Danmörku. Frv. um frestun gildistöku laganna verður væntanlega lagt fram á Alþingi á næstu dögum ef ríkisstjórnin samþykkir og þingflokkar stjórnarflokkanna en samþykkt þess hefur ekki áhrif á tekjuáætlun frv. Þungaskattskerfið mun að sjálfsögðu verða í gildi á biðtímanum en gerðar verða lagfæringar á lögunum, m.a. til að styrkja eftirlit.

Ég vil nefna að lokum, virðulegi forseti, varðandi tekjumálin að samhliða fjárlagagerðinni hefur verið unnið að ýmsum umbótum í skattamálum. M.a. er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp á næsta ári og unnið er að heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess. Ég vík nánar að því atriði síðar.

Herra forseti. Fyrir efnahagslífið og atvinnulífið er afar mikilvægt að minni rekstrarhalli dregur úr lánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári. Jafnframt er áætlað að lánsfjárþörf ríkisfyrirtækja, opinberra lánasjóða og sveitarfélaga verði minni en á þessu ári. Hvort tveggja stuðlar að lægri vöxtum en ella. Gert er ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og opinberra lánasjóða verði minni en verið hefur í meira en áratug. Til að undirstrika þetta enn frekar er gert ráð fyrir að lánsfjárþörfin á næsta ári verði innan við fjórðungur þess sem hún var árið 1991.

Í fjárlagagerð hér á landi hefur hingað til einkum verið horft til eins árs í senn og til ráðstafana sem skila sér á fjárlagaárinu. Í nágrannaríkjunum hafa hins vegar um nokkurt skeið verið settar fram áætlanir um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára að gefnum tilteknum forsendum um þjóðhagshorfur. Þessar áætlanir hafa nýst stjórnvöldum til að marka stefnu í ríkisfjármálum til lengri tíma.

Þrátt fyrir að þessar áætlanir hafi ekki lagagildi styrkja þær trúverðugleika efnahagsstefnunnar út á við og stuðla að meiri stöðugleika. Gildi slíkra áætlana er því ótvírætt. Ég

tel sterklega koma til álita að treysta þessa áætlanagerð enn frekar í sessi með lagasetningu og bindandi ákvörðunum ríkisstjórnar og Alþingis.

Þá má geta þess einnig að í sumum ríkjum hefur verið rætt um að fjárlög séu gerð til tveggja ára í senn og verður fróðlegt að fylgjast með þróun mála í þeim efnum á næstu missirum og árum.

Fyrr á þessu ári lagði ég fram í ríkisstjórn drög að áætlun í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Áætlunin var unnin í fjmrn. í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Í henni eru sýndar niðurstöður athugana á hugsanlegri þróun efnahagsmála fram til ársins 1998. Á næstu árum er búist við að heldur hægi á hagvexti hér á landi miðað við það sem nú er nema gripið verði til sérstakra aðgerða til að örva efnahagslífið. Lykilatriði í þessu samhengi er að ríkisfjármál verði tekin föstum tökum og rekstrarhalla snúið í afgang. Að öðrum kosti stefnir í umtalsvert minni hagvöxt en í nágrannalöndunum, hækkun vaxta og minni fjárfestingar. Við slík skilyrði fjölgar störfum engan veginn nóg til að taka á móti nýju vinnuafli og draga úr atvinnuleysi. Niðurstöður langtímaáætlunarinnar staðfesta einnig að eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í því að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og lægri vexti. Forsenda fyrir því er að dregið verði úr halla ríkissjóðs með ströngu aðhaldi að ríkisútgjöldum.

Mikill og þrálátur hallarekstur hins opinbera er eitt meginvandamál og viðfangsefni hagstjórnar í OECD-ríkjunum og reyndar víða um heim. Um það eru menn sammála á alþjóðavettvangi enda eru helstu skilaboð frá alþjóðaefnahagsstofnunum til stjórnvalda að taka fjármál ríkis og sveitarfélaga föstum tökum og nýta þannig uppsveifluna í efnahagslífinu sem best. Það er enn fremur til marks um hve víðtæk samstaða virðist vera að skapast um megináherslur í efnahagsmálum að í sameiginlegri greinargerð samtaka launþega og atvinnurekenda í Evrópusambandinu eru aðgerðir til að ná tökum á hallarekstri hins opinbera taldar forsenda þess að skapa fleiri störf og minnka atvinnuleysið. Þetta er athyglisverð staðreynd í ljósi þeirrar umræðu sem hefur orðið um frv. þetta á síðustu dögum.

Virðulegi forseti. Með því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Útgjöldum er haldið í skefjum og sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gengur til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári. Þessu starfi þarf að halda áfram á næstu árum. Fyrr í ræðu minni vakti ég athygli á nokkrum áhersluatriðum í ríkisfjármálum sem fram kom í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og vinna þarf að á næstunni. Vinna er nú þegar hafin vegna margra þessara verkefna og önnur í undirbúningi. Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir nokkrum þeirra.

Ýmislegt í skatta- og útgjaldamálum ríkisins ber enn merki um fyrri verðbólgutíma. Sjálfvirk verðuppfærsla ýmissa bóta og afsláttarliða í takt við vísitölubreytingar er dæmi um þetta. Með auknum stöðugleika í verðlagsmálum eru ekki lengur rök fyrir þessari sjálfvirkni. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að öll ákvæði laga og reglna sem fela í sér beina tengingu útgjalda og tekna við breytingu á vísitölum og launum verði afnumin en þess í stað verði ákvarðanir um breytingar teknar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Í framhaldi af þessu hefur ríkisstjórnin ákveðið að á næsta ári verði helstu afsláttar- og bótaliðir skattkerfisins óbreyttir. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir að gjaldskrár verði hækkaðar og sama gildir um þá skatta og gjöld sem hafa verið tengd verðvísitölu eins og bifreiðaskatt, bensíngjald og nefskatt í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þetta gildir því hvort tveggja um afsláttar- og bótaliði annars vegar og um skatta og gjaldskrár hins vegar.

Sömu grundvallarbreytingar eru gerðar gjaldamegin í almannatryggingakerfinu. Sjálfvirk tenging við laun er afnumin. Í staðinn er gerð sú mikilvæga breyting að svokallaðar eingreiðslur sem hingað til hafa verið ákveðnar í tengslum við gerð kjarasamninga hverju sinni eru felldar inn í grunnfjárhæðir tryggingabótakerfisins. Þetta þýðir að bótafjárhæðir hækka í flestum tilvikum meira um næstu áramót en annars hefði orðið. Jafnframt þýðir þetta og það vil ég sérstaklega undirstrika að eingreiðslurnar verða varanlegar. Ekki þarf lengur að semja um þær í kjarasamningum. Þeirri óvissu er því eytt. Ég vænti þess að þessi aðgerð verði metin að verðleikum enda þýðir hún að bótafjárhæðirnar verða hærri í upphafi árs 1997 en ella hefði orðið.

Eins og ég hef áður nefnt ber fjárlagafrv. og fjárlagagerðin sem slík merki þess að horft er til lengri tíma en eins árs í senn. Dæmi um þessa langtímahugsun er að nú þegar er hafinn undirbúningur að fjárlagagerð ársins 1997 hvað varðar sparnað og aðhald í rekstri. Í þessu sambandi vil ég nefna að sérstök nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hefur gert tillögur um ýmsar skipulagsbreytingar og hagræðingu í rekstri á næstu árum. Á næstunni hefst vinna við að útfæra þessar tillögur á vegum ráðherranefndar um ríkisfjármál þar sem farið verður ofan í saumana á því hvernig unnt er að spara í rekstri ríkisins. Niðurstöður þessarar athugunar verða væntanlega lagðar fram í frumvarpsformi til afgreiðslu á vorþingi.

Virðulegur forseti. Þótt fyrirhugað sé að spara sérstaklega í rekstri er ástæða til að benda á að á undanförnum árum hefur verið tekið á ýmsum rekstrarþáttum ríkisins og samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að áfram verði haldið á sömu braut. Þannig hefur verið gerð krafa um tiltekna hagræðingu í rekstri mörg undanfarin ár sem nemur um það bil 2% á ári að meðaltali. Þetta hefur skilað sér í umtalsverðum rekstrarsparnaði. Jafnframt hafa verið í gangi sérstakar hagræðingaraðgerðir á sjúkrahúsum og í skólum svo að dæmi séu tekin. Þessar aðgerðir og ýmsar fleiri hafa skilað sér í sparnaði í rekstri sem hleypur á milljörðum króna á ári. Lausleg athugun fjmrn. bendir til þess að rekja megi 11–12 milljarða árlegan sparnað til aðgerða á undanförnum árum til að draga úr lögbundnum útgjöldum og útgjaldasjálfvirkni.

Loks vil ég enn á ný nefna tengslin milli fjárfestingar og rekstrar sem birtast í því að um leið og ákveðið er að fjárfesta í byggingu er í reynd tekin ákvörðun um aukinn rekstur. Með því að hamla gegn fjárfestingum af þessu tagi er jafnframt verið að sporna við auknum rekstrarkostnaði í framtíðinni.

Eins og ég hef áður nefnt er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir að taka tekjuskattskerfið til sérstakrar endurskoðunar, m.a. með það að markmiði að lækka jaðarskatta. Ástæðan fyrir auknum jaðaráhrifum á undanförnum árum er sú krafa að skattbyrði eigi að hækka með hækkandi tekjum og margs konar bætur skuli fyrst og fremst skila sér til hinna tekjulægstu. Oft er þetta gert í nafni félagslegs réttlætis. Með því að tekjutengja einnig endurgreiðslu námslána og fleiri þætti getur það gerst hér á landi sem er alþekkt í nágrannalöndunum að fólk vilji ekki afla viðbótartekna eða reyni að afla þeirra í svartri atvinnustarfsemi. Skatta- og bótakerfi sem leiðir til slíkrar niðurstöðu þarf að breyta.

Ég hef nú þegar óskað eftir tilnefningu ýmissa aðila í nefnd til að vinna að þessu verkefni. Nefndin á að skila tillögum fyrir árslok 1996. Það er ljóst að þetta verkefni er býsna umfangsmikið og því verður ekki lokið á örfáum vikum eða mánuðum ef eitthvert hald á að vera í tillögunum. Þess vegna þarf að stefna að því að tillögurnar geti verið lögfestar næsta haust og komið til framkvæmda á árinu 1997 og slíkt ætti að takast.

Ég vil hins vegar í þessu sambandi nefna að samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að dregið verði úr tekjuskerðingu barnabóta eða réttara sagt barnabótaauka. Þetta jafngildir því að dregið verði úr jaðaráhrifum skattkerfisins og er þannig fyrsta skrefið í átt til almennrar lækkunar jaðarskatta og jaðaráhrifa. Með þessu er jafnframt staða barnafjölskyldna með þunga framfærslubyrði treyst. Þessar tillögur eru enn í mótun en gera má ráð fyrir að jaðarskattur 3–4 barna fjölskyldna geti lækkað umtalsvert og barnabæturnar jafnframt hækkað um allt að 10 þús. kr. á mánuði sé miðað við 200 þús. kr. mánaðartekjur hjóna. Jaðaráhrifin jafngilda allt að 10% lækkun jaðarskatts. Þetta er því mikilvægt framlag til lækkunar jaðarskatta og fyrsta skrefið á þeirri braut sem ég lýsti áðan.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að nefna að nú er á lokastigi sérstök athugun sem ég hef látið gera á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og horfunum á næstu árum og áratugum. Hér er horft til margra þátta, svo sem þróun efnahags og atvinnumála, menntunar, viðskiptareglna og opinberrar stjórnsýslu. Tilgangur athugunarinnar er að leita leiða til að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins, m.a. í ljósi breyttra aðstæðna á alþjóðavettvangi og aukinnar samkeppni frá fjarlægum löndum í Asíu, Austur-Evrópu og víðar.

Að undanförnu hefur skatteftirlit verið hert til muna. M.a. hefur verið skipuð sérstök framkvæmdanefnd á þessu sviði og hafa margar tillögur hennar, t.d. um hert viðurlög við skattsvikum, komist í framkvæmd. Þá hefur sjálfstætt embætti skattrannsóknastjóra styrkt skatteftirlit. Frekari umbætur eru í undirbúningi og munu þær enn styrkja skatteftirlit og draga úr skattsvikum. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði að unnið sé ötullega að því að uppræta skattsvik og tryggja að framtöl byggist á skattalögum. Þess vegna hefur sérstaklega verið unnið að þessum málum og lagðir til þeirra meiri fjármunir en áður. Til marks um árangurinn má geta þess að endurálagðir skattar hafa þrefaldast frá árinu 1992 og hækka úr tæpum 600 millj. í tæpar 1.800 millj. Skatteftirlit og skattrannsóknir ríkisvaldsins beinast að því að bæta skattheimtuna bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Í sumum sveitarstjórnum er áhugi á hertara eftirliti. Í því sambandi finnst mér koma til greina að sveitarfélög leggi þessari starfsemi lið með fjárframlögum til að styrkja eftirlitið. Ég vara hins vegar við nornaveiðum og bendi á nauðsyn þess að skattborgarar hafi jafnan rétt til að skýra framtöl sín og áfrýja úrskurðum á grundvelli skattalaganna.

Í samræmi við ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hef ég skipað sérstaka nefnd til að undirbúa tillögur um úrbætur í lífeyrismálum sem miða m.a. að því að allir landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda, valfrelsi í lífeyrissparnaði verði aukið og innleidd verði samkeppni milli lífeyrissjóða. Þetta er í mínum huga afar mikilvægt og brýnt mál sem nauðsynlegt er að ná sem víðtækastri sátt um.

Þá vil ég nefna að ég hef skipað nefnd til að endurskoða starfsmannastefnu ríkisins. Nýjar hugmyndir í starfsmannamálum fela m.a. í sér að ábyrgð og frammistaða vega þyngra í launakjörum en starfsaldur og að stofnanir fái aukið sjálfstæði í launa- og starfsmannamálum. Núgildandi lög um starfsmannamál ríkisins taka um margt mið af aðstæðum sem ekki eru lengur fyrir hendi og hafa breyst í ýmsum grundvallaratriðum. Þá tel ég einnig mikilvægt að taka jafnréttismál karla og kvenna í kjaramálum til sérstakrar skoðunar. Í erindisbréfi nefndar um starfsmannastefnu ríkisins er sérstaklega kveðið á um að nefndin fjalli um þessi tilteknu mál. Í fjmrn. er einnig unnið að sérstakri athugun í þessu máli og þá er fyrirhuguð kynning meðal ríkisstarfsmanna um stöðu jafnréttismála. Unnið hefur verið að margvíslegum undirbúningi og framkvæmd breytinga á rekstri ríkisins sem miða að því að gera hann einfaldari og skilvirkari og nýta skattfé betur en áður. Útboð framkvæmda og verkefna hafa verið aukin. Gerðir hafa verið sérstakir þjónustusamningar milli nokkurra ríkisstofnana og viðkomandi fagráðuneyta sem fela í sér aukið sjálfstæði stofnana og aukna ábyrgð stjórnenda. Lagt verður fram frv. um heildarendurskoðun á reikningshaldi ríkissjóðs og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga. Í ríkisreikningi fyrir árið 1994, sem lagður var fram á Alþingi fyrir skömmu, er að finna breytingar sem miða að því að gera ríkisreikninginn auðveldari aflestrar fyrir stjórnmálamenn og aðra þá sem leita upplýsinga um fjárreiður ríkisins og ríkisumsvif yfirleitt.

Unnið er að mótun stefnu og starfsáætlunar um tilhögun og notkun upplýsinga frá ríkisstofnunum. Með hagnýtingu nýjustu tækni í rekstri ríkisins má m.a. draga úr tvíverknaði í gagnaöflun, einfalda þjónustu og gera hana markvissari.

Þá vil ég geta þess að í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga hafa verið gefin út óverðtryggð ríkisbréf til fimm ára. Þessi breyting er gerð í ljósi þess efnahagslega stöðugleika sem hér ríkir. Enn fremur verða gefin út verðtryggð spariskírteini til lengri tíma en áður eða allt að 20 ára. Með þessu er komið til móts við þarfir stærstu fjárfestanna á verðbréfamarkaðnum.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum á næstu tveimur árum. Jafnframt verður gripið til aðgerða sem horfa til lengri tíma til að treysta þann grunn sem fjárlagagerð næstu ára mun hvíla á. Meginboðskapur frv. er að ekki sé réttlætanlegt að ríkissjóður haldi áfram að safna skuldum og velta vandanum yfir á komandi kynslóðir. Þess vegna þarf að grípa strax í taumana. Sem betur fer er vaxandi skilningur í þjóðfélaginu á mikilvægi þessarar stefnu, einkum meðal ungs fólks. Brýnt er að skapa víðtækan skilning á því að þetta er eina færa leiðin til að treysta og bæta lífskjörin í landinu og vinna þannig ábyrgri ríkisfjármálastefnu fylgi.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa á undanförnum dögum verið ódeigir við að gagnrýna fjárlagafrv. Allir segjast þeir í orði kveðnu styðja þá stefnu að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. En síðan beina þeir spjótum sínum að sparnaðartillögum frv. og finna þeim flest til foráttu. Þetta er auðvitað ekki trúverðugur málflutningur. Verður því fróðlegt að fylgjast með því í umræðunum hér á eftir hvaða tillögur koma frá stjórnarandstöðunni um sparnað og samdrátt í útgjöldum ríkisins til að ná þeim markmiðum sem þeir þykjast vera sammála um. Þjóðin mun fylgjast mjög gaumgæfilega með þeirri tillögugerð.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ýmsar þeirra aðgerða sem gripið verður til eru ekki til vinsælda fallnar. Það

er einu sinni þannig að það virðist vinsælla að auka útgjöld en að draga úr þeim. Þeir eru fáir, vinir ríkissjóðs, þegar á reynir. Það er hins vegar óábyrgt að hlaupast undan vandanum og hafast ekki að. Það er verkefni stjórnmálamanna að taka ákvarðanir sem horfa til heilla fyrir land og þjóð, ekki aðeins í dag og á morgun, heldur ekki síður fyrir framtíðina. Við verðum að láta skammtímahagsmuni víkja fyrir mikilvægari markmiðum til lengri tíma. Ég tel að við eigum engra annarra kosta völ. Það kann að vera að þessi afstaða eigi ekki upp á pallborðið hjá öllum. Ég er hins vegar sannfærður um að kjósendur morgundagsins, unga fólkið í landinu, styður þessa stefnu og fagnar henni. Með fjárlagafrv. og stefnu ríkisstjórnarinnar tel ég því vera stigið mikilvægt skref í átt til hagsældar og farsældar.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[11:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefði átt að geta þess í upphafi umræðunnar en gerir það nú að samkvæmt ákvörðun forseta er ræðutími tvöfaldur í þessari umræðu. Í því felst að ráðherra hefur allt að einni klukkustund til framsögu, sem hann nýtti sér ekki að fullu, hálftíma í annað sinn og tíu mínútur í þriðja sinn. Aðrir ræðumenn hafa allt að fjörutíu mínútur í fyrra sinn og allt að tuttugu mínútur í síðara sinn.

[11:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu olli miklum vonbrigðum. Fyrst og fremst vegna þess að ég átti von á að hæstv. ríkisstjórn og þeir flokkar sem standa að ríkisstjórninni hefðu meiri metnað til að bera en kemur fram í þessu frv. Þar er ekki um neinar nýjar tillögur að ræða. Ekkert nýtt, gömlu úrræðin sem notuð hafa verið öll þau ár sem hæstv. fjmrh. hefur gegnt þessu embætti. Enn er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Enn er höggvið í kjör og kjaramál sjúklinga og þeirra hópa sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Það var flokkur, sem fór fram fyrir kosningar, fullur af bjartsýni með fullt af ungu fólki í framboði og boðaði bjarta framtíð, fólk í fyrirrúmi. Þessi flokkur á nú aðild að ríkisstjórn, skiptir ráðuneytum til helminga við Sjálfstfl. og hefur engan metnað til að bera lengur. Hann kemur a.m.k. ekki fram í því frv. til fjárlaga sem hér er rætt og ljótt að sjá að einmitt þau ráðuneyti þar sem fólkið á að vera í fyrirrúmi og heyra nú undir þennan ákveðna flokk hafa verið skorin illa niður. Sömu gömlu úrræðin. Framsýnin og bjartsýnin farin, hjakkað í sama farinu, doði aðgerðarleysis hefur lagst yfir Framsfl. Hann var náttúrlega í Sjálfstfl. en hann hefur lagst yfir Framsfl. líka. Þetta er gamaldags frumvarp þar sem beitt er gömlum úrræðum, ekkert nýtt eða ferskt. Það meginmarkmið að ná niður halla ríkissjóðs er gott en aðferðirnar sem nota á til þess að ná þessu markmiði eru gamlar og margreyndar og hafa engu skilað.

Hæstv. fjmrh., sem leggur fram fimmta frumvarp sitt, hefur jafnoft lýst vilja sínum til þess að ná hallalausum ríkisrekstri innan tíðar. Svolítið hefur verið misjafnt hversu langan tíma hann hefur ætlað sér til þess verks, allt frá tveim árum upp í fjögur. En staðreyndirnar tala sínu máli, samanlagður hallarekstur ríkisins síðastliðin fjögur ár er geigvænlegur þannig að göfug markmiðin hafa farið fyrir lítið. Því átti ég von á að sjá hér eitthvað nýtt, einhverjar kerfisbreytingar, ferskar hugmyndir eða markvissa forgangsröðun verkefna. Ekkert slíkt er í þessu frumvarpi. Áfram á að beita flötum niðurskurði án tillits til mikilvægis verkefna, pína fram sýndarmennskuhagræði með flötum niðurskurði á stofnanir. Aðferðir sem alls ekki skila neinum árangri til lengri tíma litið. Ríkisstjórnarflokkarnir, sérstaklega þessi sem lofaði miklu fyrir síðustu kosningar, þessi týndi sem búinn er að gleyma loforðunum. Það var reyndar þannig að forsrh. lét reikna út kostnaðinn við loforðin. (**Gripið fram í:** Alþýðubandalagið.) Það er rangt. Hann tók alla stjórnarandstöðuflokkana, þáv. Framsfl. líka og mig minnir meira að segja að Framsfl. hafi verið með hvað stærstar tölurnar í þeim efnum. En hæstv. forsrh. beitir hins vegar þeirri aðferð, sem hann er búinn að koma inn hjá Framsfl. núna, þ.e. að þegar lagðar eru fram tillögur sé það eins og hrein viðbót við þau fjárlög sem eru í gildi, ekki að eitthvað ætti að fara út á móti eða það ætti að breyta forgangsröðinni heldur var um hreina viðbót að ræða. Það virtist ekki komast inn í hans hæstv. koll að hægt væri að breyta forgangsröðun. Nýjar hugmyndir og nýjar tillögur þurfa ekki endilega að þýða viðbætur. Þær þurfa ekki að þýða að það séu viðbætur heldur aðeins breyting. Framsóknarflokkurinn hefur etið öll loforðin ofan í sig og kokgleypt aðferðafræði Sjálfstæðisflokksins.

Hallalausum fjárlögum á að ná með því að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Skerða bætur lífeyrisþega, auka álögur á sjúklinga undir því yfirskini að það sé verið að jafna greiðslur þannig að allir beri sama kostnað. Það er flatur niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni. Einkavæðing sérhæfðra deilda sjúkrahúsa. Mæðra- og feðralaun með einu barni felld niður. Ekki á að standa við lög um miskabætur til fórnarlamba ofbeldismanna. Minni framlög verða til málefna barna og unglinga, þar er skorið niður um tæpar 20 milljónir, m.a. fjármunir sem renna til þess að fjármagna meðferðarheimili fyrir börn og unglinga. Framlög til framkvæmdasjóða aldraðra og fatlaðra lækkuð um 200 milljónir. Ellilífeyrisþegar, 67 til 70 ára, sem notið hafa afsláttar á lyf og læknisþjónustu skulu nú greiða fullt gjald. Dregið skal úr fjárfestingu hins opinbera sem þó var í lágmarki áður og þar er niðurskurður tæpir þrír milljarðar. Svona mætti lengi telja. Kannast einhver við þessi úrræði? Ef flett er upp í umræðum um fjárlagafrumvarp síðustu fjögurra ára má sjá að hér eru alltaf nákvæmlega sömu úrræðin notuð. Það er næstum því að maður geti reiknað með því að hægt verði að taka sömu stefnuræðuna eða fyrstu ræðu hæstv. fjmrh. og flytja hana bara aftur og aftur eða spila hana hér fyrir okkur af spólu því þetta er svo líkt. Það eru nákvæmlega sömu atriðin sem á að skera niður. Þessar aðferðir við að ná niður ríkissjóðshallanum á að nota þótt þær hafi litlu skilað. Niðurstöðutölur ríkisreiknings sl. þriggja ára segja sína sögu. Árið 1992 var hallinn rúmlega 7 milljarðar. Sú aðferð sem þá var notuð er notuð nú. Árið 1993 rúmlega 9 og hálfur milljarður. Sama aðferðin og notuð var þá er notuð nú. Árið 1994 rúmlega átta milljarðar. Sama aðferðin notuð og nota á núna. Og enn þessi aðferðafræði sem hér birtist. Þetta metnaðarlausa frv. til fjárlaga er alveg með ólíkindum. Niðurskurður á kjörum þeirra verst settu, niðurskurður á fjárfestingu og viðhaldi og svolítið skattafiff. Þetta eru tíðindi fjárlagafrv., þetta eru skilaboð Framsfl. til þess stóra hóps kjósenda sem trúði á fyrirheit Framsfl. og málflutning, hélt að þarna væru allt í einu farnir að blása ferskir vindar sem ekki hafði gerst áður. Hafi örlað á þessum frískleika hjá þeim ungu framsóknarmönnum, sem ganga hér um salina, þá er hann að fullu horfinn. Sjálfstæðisflokkurinn gaf víst bara

eitt loforð ef marka má fréttir í gærkvöld, að sjá til þess að verulegt fjármagn væri sett í samgöngumál. Slík fjárfesting skilar sér margföld til baka, sögðu fulltrúar Sjálfstfl. Þetta loforð er einnig svikið í frumvarpi til fjárlaga. Ríkisstjórnin vill ekki heldur arðsamar framkvæmdir, bara stöðnun.

Forsendur þær sem frumvarpið byggir á eru reyndar frekar ótraustar. Fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin hefur með aðgerðum sínum og tillögum nú stefnt friði á vinnumarkaðinum í stórhættu. Ég trúi því ekki að launafólk í landinu, sem búið er að sýna stjórnvöldum ótrúlegt langlundargeð, taki enn þeim stóru kjaraskerðingum sem í frumvarpinu eru boðaðar. Það er því full ástæða til að efast um að þær forsendur sem frumvarpið byggir á séu traustar. Frumvarpið sjálft gengur af þeim dauðum.

Helstu niðurstöður þjóðhagsáætlunar eru þær að hagvöxtur minnki heldur á næsta ári og er það ekki nema von þegar dregið er verulega úr fjárfestingum. Ofan á það bætast síðan aflaspár. En taka verður fram að forsendur Þjóðhagsstofnunar eru án stóriðju. Hún er ekki með stóriðju inni í sínum spám. Af hverju skildi það nú vera? Eru starfsmenn Þjóðhagsstofnunar farnir að efast um stóriðjudraumana sem þeir hafa orðið að taka inn ár eftir ár eftir ár og aldrei orðið að veruleika? Nú láta þeir þá liggja milli hluta. Taka þá bara inn ef þeir verða að ranveruleika. Verðbólga er áætluð 2,5% á árinu 1996. Atvinnuleysi svipað og í ár. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi sagt í ræðu sinni hér áðan að frv. boðaði ný störf og öflugt atvinnulíf. Ég sé ekki hvernig hægt er að lesa það út úr þessu frv. enda hefur engum tekist það nema forsvarsmönnum þessarar ríkisstjórnar. Gert er ráð fyrir 10% aukningu í fjárfestingu hjá atvinnuvegunum, 13% átti aukningin að vera í ár, en það vegur þó ekki upp samdrátt í fjárfestingu hjá ríki og sveitarfélögum. Sveitarfélögin hafa dregið verulega úr fjárfestingum sínum og það er ekkert sem bendir til þess að þau muni auka þær á næsta ári og það er samhengi þarna á milli. Það er beint samhengi á milli fjárfestinga hjá hinu opinbera og atvinnustigsins í landinu.

Það sem Þjóðhagsstofnun varar helst við að geti breytt þeim forsendum sem hún hefur sett fram er meðal annars: Breytingar á launaþróun næstu mánuði, óróleiki í vaxta- og gengismálum, aukin skuldsetning heimilanna sem nálgast nú hættumörk. Enn hefur engin hv. framsóknarmaður beðið um utandagskrárumræðu um málið. Skuldsetning heimilanna er mun meiri en gerist í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við.

Í stefnuræðu forsætisráðherra gat hann þess að útlit væri fyrir að vextir lækkuðu. Á þessu ári hefur ríkissjóður leitað verulega á erlenda markaði með stóran hluta af lántökum sínum. Með því var ekki eins mikill þrýstingur á innlendan lánamarkað. Því hefði mátt ætla að það hefði stuðlað að lækkun vaxta umfram það sem hefur gerst. Reyndar hækkuðu þeir í upphafi árs en hafa farið aðeins lækkandi. Vextir af verðtryggðum skuldabréfum hafa verið hærri en vextir af óverðtryggðum lánum sem eru á lánamörkuðum í löndum allt í kringum okkur. Erlendar lántökur ríkissjóðs eru allt of miklar og vel ef tekst að draga úr þeim eins og stefnt er að. En ekki er víst að nýjasta tilraun hæstv. fjmrh. að selja óverðtryggð ríkisskuldabréf að nafnvirði um 300 milljónir króna, þar sem meðalávöxtunarkrafa er 10,8%, skili neinum sérstökum árangri. 300 milljónir króna eru aðeins örlítill hluti af lánsþörf ríkisins og segir því lítið um það sem koma skal og að selja þessi skuldabréf á þessum kjörum er svo sem ekkert til að hrósa sér af. Meðalávöxtun 10,8% miðað við 2,5% verðbólgu eins og spáð er í frumvarpinu gefur rúmlega 8% raunávöxtun. Það er ekki hægt að taka þessa aðgerð sem neina vísbendingu um það að hér muni vextir lækka eins og mér fannst koma fram í máli hæstv. ráðherra þegar hann kynnti þessa sölu. Til þess þarf fleira að koma til og eins og ég nefndi áðan og bendir ýmislegt til þess að verðbólga fari vaxandi. Því finnst mér gleði ráðamanna með sölu skuldabréfanna full áköf þó ekki verði meira sagt.

Ríkisstjórnin leggur ofurkapp á þann málflutning sinn að draga eigi úr halla ríkisins og að 1997 verði hér hallalaus fjárlög. Þetta markmið er út af fyrir sig gott og við getum öll sameinast um að stefnt skuli að þessu. Leiðirnar að markmiðinu eins og þær birtast í frumvarpinu eru hins vegar þreyttar og alls ekki líklegar til árangurs. (**VS:** Hvaða leið vill hv. þm.?) Það kemur að því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem var hérna með ýmis úrræði ekki fyrir löngu, fyrir örfáum mánuðum, fær að heyra tillögur mínar og annarra þingmanna Alþb. og óháðra, við munum flytja þær nú við afgreiðslu fjárlaga. Það er engin hætta á öðru. Ég mun reyndar geta þess hér í ræðunni hvaða leiðir ég hefði viljað sjá að hefðu verið farnar. Leiðirnar eru þreyttar og t.d. er lítið sem ekkert tekið á rekstrargjöldum. Ef draga á saman í rekstri er það fyrst og fremst á þeim stöðum þar sem skert þjónusta bitnar á þeim sem minnst hafa eins og í heilbrigðisþjónustunni. Það hefur ekki verið lögð vinna í að skoða rekstur ríkisins, umfang stofnana og starfsemi.

Þjónustusamningar sem gerðir hafa verið vöktu ákveðnar vonir þess efnis að samfara slíkum samningum yrði gerð úttekt á starfsemi viðkomandi stofnunar og borin saman við gildandi lög eða reglugerðir um hana. Síðan athugað hvort aðrar stofnanir væru í raun að sinna sömu verkefnum og jafnframt væri athuguð raunveruleg þörf fyrir verkefnin eða starfsemina. Þetta virðist ekki hafa verið gert. Það er slæmt og dregur úr þeim áhrifum sem samningsstjórnunun gæti haft til hagræðingar í ríkisrekstri. Ljóst er að verkefni skarast milli stofnana ríksins og jafnvel ráðuneyta. Því er nauðsynlegt að gera heildarúttekt á starfsemi stofana ríkisins og meta upp á nýtt hver eru hin samfélagslegu verkefni og hvaða verkefni það eru sem njóta ríkisframlaga en varla er hægt með góðu móti að segja að séu e.t.v. verkefni samfélagsins. Það hefur einnig gerst að einstaka stofnanir hafa á undanförnum árum tekið að sér ákveðin tímabundin verkefni og fengið til þess sérstök framlög á fjárlögum ríkisins. Ég sé að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fylgist af athygli með þessum kafla þar sem ég er að benda á aðrar leiðir eða a.m.k. vandaðri leiðir. Alls ekki er sjálfgefið að framlög stofnana til tímabundinna verkefna hverfi um leið og verkefninu er lokið. Það virðist vera tilhneiging til þess að fjárveitingin sé þá komin inn í fasta grunnfjárveitingu til viðkomandi stofnunar. Hér er um innbyggða sjálfvirka hækkun fjárlaga að ræða. Ef til vill er þetta vegna þess að viðkomandi stofnanir þurfa ekki að skila greinargerð um stöðu verkefna eða framgang. Ég vænti þess að verkefnavísar stofnana ríkisins ættu þó að að auðvelda eftirlit með stöðu verkefna og einnig samanburð á því hvort stofnanir eru að fást við sömu eða sambærileg verkefni og hvort verkefnasvið þeirra skarist og þar sé hægt að spara. Ég er eftir átta ára setu í fjárlaganefnd sannfærð um að þannig er þetta í dag. Það er hægt að fara enn frekar í verkefni og fjárlög hverrar stofnúnar og marka starfsvið hennar umfram það sem gert er í dag. Ég get nefnt tvo litla liði á fjárlögum undanfarin ár sem sýna ef til vill hvað við er átt. Þeir sýna þetta kannski í hnotskurn þó þetta sé að vísu litlir liðir. Báðir

hjá sama ráðuneyti — það er ef til vill óréttlæti í því að taka eitt ráðuneyti umfram annað — en ég tek þetta bara sem dæmi um það sem er að gerast innan stofnana og ég held reyndar ráðuneyta ríkisins einnig.

Árið 1992 var sérstakur fjárlagaliður á safnlið umhvrn. sem heitir Stefnumörkun í umhverfismálum. Hann er búinn að vera þarna fastur síðan árið 1992 og búið að veita 8,4 millj. til að marka stefnu í umhverfismálum. Nú er samkvæmt frv. gert ráð fyrir 3,5 millj. kr. til viðbótar sem samanlagt gerir um 12 millj. kr. á þessum árum síðan 1992. En það bólar ekkert á þessari stefnu eða stefnumörkun. Hún hlýtur að verða mikil þegar hún loksins birtist. Þetta er búinn að vera fastur fjárlagaliður síðan 1992. Það væri mjög fróðlegt að fá að vita um framvindu þessa máls og til hvers þessi fjárlagaliður hefur verið notaður. Stefnumörkunin og þessi mikla vinna fer nú e.t.v. loksins að skila sér. Við þetta má síðan bæta að umtalsverðum upphæðum hefur verið varið til annars konar stefnumörkunar á sviði umhverfismála. Í fjárlögum ársins 1992 var liður undir heitinu Stefnumörkun í fráveitumálum og kostaði þá tæpar 7 millj. kr. á árabilinu 1992–1994. Það er auðvitað gott og blessað en við þurfum að velta fyrir okkur hverju þessar fjárveitingar hafa nú skilað. Ég veit ekki betur en að stefnan í fráveitumálum komi fullmótuð frá Brussel með EES-samningnum.

Ég er sammála því að það þurfi að setja fjármagn í undirbúning mála og stefnumótun. Það er ekkert að því. En það er dálítið fáránlegt þegar sami liður birtist ár eftir ár eftir ár á fjárlögum ríkisins án þess að maður sjái nokkuð móta fyrir greinargerð um það í hvað peningarnir hafa farið. Ég er ansi hrædd um að ef allir þessir liðir eru lagðir saman, hvort sem þeir eru í ráðuneytum eða einstökum stofnunum sem heyra undir ráðuneytin, geti verið um verulegar fjárhæðir að ræða. Þess vegna teldi ég rétt að leggja í þá vinnu að fara yfir hverja einustu stofnun. Það tekur auðvitað tíma en engu að síður hefði ég viljað sjá a.m.k. þann metnað hjá núv. ríkisstjórn að það væru teknir svo sem tveir málaflokkar og farið yfir þá og þær stofnanir sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að þeir væru fáir, vinir ríkissjóðs. Það er alveg rétt það er tiltölulega lítill hluti landsmanna sem greiðir skatta í ríkissjóð. Það hljóta að vera þessir fáu vinir ríkissjóðs. Þess vegna væri kannski rétt að þetta fólk sem greiðir skattana sína með skilum væri ekki alltaf það sem yrði fyrir niðurskurðarhnífnum þegar honum er beitt en þannig er það a.m.k. í þessu frv. Hæstv. ráðherra sagði líka að þjóðin mundi fylgjast með þeim sparnaðartillögum sem stjórnarandstaðan kæmi með. Það er ég alveg viss um að þjóðin mun gera. En þjóðin mun líka fylgjast með þeim sparnaðartillögum og hvernig þeim reiðir af sem eru í frv. til fjárlaga og þjóðin mun örugglega bera þær tillögur saman sem eru nú fluttar og þær sem hafa verið fluttar undanfarin fjögur ár og komast að þeirri niðurstöðu að þar sé nú ekki mikill munur. Þar sé ekki mikill munur annar en sá að skerða fjárlög til vegamála sérstaklega og svo annarra stofnframkvæmda og taka þetta sérstaka atvinnuátak sem síðasta ríkisstjórn druslaðist þó við að hafa í gangi, það er farið. Það er á fleiri stöðum sem niðurskurðurinn kemur til með að bitna illa á vinnumarkaðnum og draga saman atvinnuna. Það er lækkun á viðhalds- og stofnkostnaði upp á 3 milljarða, eins og ég sagði áðan þetta eru tæp 20%. Stærsti hluturinn þar er 700 millj. kr. niðurskurður til vegamála, 250 millj. kr. niðurskurður til bygginga heilbrigðisstofnana og 200 millj. kr. niðurskurður á framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þessar tölur, sérstaklega sú síðasta um niðurskurð á framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna, segja lítið um það hvernig hæstv. ríksstjórn ætlar að taka á málefnum Byggingarsjóðs verkamanna eða félagslegu húsnæði yfirleitt. Við höfum séð það núna viku eftir viku og mánuð eftir mánuð að staða þessa félagslega kerfis er hrikaleg. Það er nánast hrunið. Það sinnir ekki lengur þeim þörfum sem það upphaflega átti að gera. Sveitarfélögin eru mörg hver með tugi íbúða sem þau hafa þurft að innleysa og eru óseljanlegar og ekki einu sinni hægt að koma í leigu. Verð á þessum íbúðum er langt yfir því sem gerist á frjálsum markaði. Ég veit dæmi þess að 90 fermetra íbúð seldist í litlu sjávarþorpi úti á landi á 4,5 millj., fullbúin íbúð og með frágenginni lóð á sama tíma og auglýstur var til sölu verkamannabústaður af sömu stærð og að sjálfsögðu fullbúinn en á rúmar 8 millj. Það er ljóst að það verður að taka á þessu kerfi og ég er hrædd um að það gerist ekki öðruvísi en þar komi til hundruð milljóna eða jafnvel milljarða framlög, bein eða óbein af hálfu ríkisins. Með þessum niðurskurði stofnframkvæmda finnst mér reyndar að ríkisstjórnin sé í raun að leggja baráttuna við atvinnuleysið endanlega á hilluna.

Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi á næsta ári verði 4,8% í stað 5% á þessu ári. Fólkið sem býr við þetta atvinnuleysi býr við mikinn vanda og mikla tekjuskerðingu. Það er í þeim hópi þar sem skuldir heimilanna hafa vaxið verulega, fyrst og fremst vegna breytinga á tekjum vegna þess að fólk hefur tapað atvinnu. Varla er minnst á að þetta atvinnuleysi sé vandi í stefnu ríkisstjórnarinnar. Þeirra skoðun er sú að við skulum gera okkur grein fyrir því að atvinnuleysið er til staðar og það verður til staðar. Við verðum bara að taka því og breyta reglum um Atvinnuleysistryggingasjóð miðað við að þetta atvinnuleysi verði til staðar. Ef menn eru ekki tilbúnir til að fara um landið þvert og endilangt í þá vinnu sem býðst, leysa jafnvel upp fjölskyldurnar, þá detta þeir bara út af bótum. Annað getur maður ekki skilið miðað við þau orð sem hæstv. félmrh. sagði í útvarpsviðtali á Rás 2 fyrir ekki löngu að vissulega yrði Framsfl. að athuga þessa tölu, 12 þúsund störf, vegna þess að það hefði komið í ljós að einhver hundruð hefðu ekki viljað fara í fisk. Það þýddi náttúrlega að þá lækkaði þessi tala sem Framsfl. hefði sett fram um einhver hundruð og yrði því að endurskoða hana. Hún er kannski í dag ekki nema 11.280 ef við tökum frá alla þá sem ekki vilja fara hingað og þangað um landið i fiskvinnu.

Skattleysismörkin hafa verið lækkuð og verða lækkuð enn frekar miðað við það sem þau ættu að vera samkvæmt þessu frv. Tryggingagjaldið er hækkað. Persónuafsláttur inn stendur í stað. Þetta á að skila ríkinu um 1,5 milljörðum í tekjur og tekjutenging barnabóta á að minnka eitthvað á móti en við höfum ekki séð nákvæma útfærslu á því enn. Það á að hafa áhrif á jaðarskattinn. Vissulega er jákvætt og þörf á því að á jaðarskattinum sé tekið því það er hópur fólks sem borgar hærri jaðarskatta en gerist annars staðar en á móti á að afnema tengingar í almannatryggingakerfinu við launaþróun. Þetta á að spara ríkinu ásamt öðrum hliðarráðstöfunum allt að 700 millj. kr. á heilu ári. Mæðra- og feðralaun lækka. Það sparar 125 millj. á næsta ári ef þessi ákvörðun nær fram að ganga og eins afsláttur eftirlaunaþega vegna heilbrigðisþjónustu. Hann á að gefa ríkinu heilar 40 millj. Ætli það væru ekki einhverjir safnliðir eins og þeir sem ég nefndi áðan sem hægt hefði verið að fella niður til þess að mæta þessum 40 millj.? Það þarf ekki að tína marga til

þess. Síðan er þessi aukna gjaldtaka á sjúkrahúsunum til þess að jafna aðstöðuna. Þetta eru úrræðin sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað. Þetta eru ferskar tillögur nýrrar ríkisstjórnar.

Það gefst örugglega tími til þess að fara yfir hvert einasta ráðuneyti og málaflokk síðar í umræðunni. En það sem stingur mig sérstaklega er að í frv. er ekkert tekið mið af því sem er raunverulega að gerast í þjóðfélaginu, af fátæktinni, hvernig tekjubilið er að aukast milli þeirra sem mest hafa og hinna sem minnst hafa. Annað sem ég hélt að öllum væri ljóst er að það er nánast ekkert tekið á þeim vanda sem snýr að aukinni fíkniefnaneyslu og afbeldi í þjóðfélaginu. Ef skoðuð eru framlög til löggæslu og þar með náttúrlega fíkniefnalögreglu, hvað sjáum við þá? Það er hækkun til þess að hægt sé að halda í horfinu. Það er skorið niður til meðferðarstofnana sem eiga að sinna börnum og unglingum. Engin úrræði fyrir þá unglinga sem hafa ánetjast eiturlyfjum og farið á braut afbrota, ekkert, ekki neitt. Unglingur er sakhæfur 15 ára gamall og brjóti unglingur, sem er í neyslu, af sér er hann settur inn í þau fangelsi sem við höfum, flestir inn á Skólavörðustíg. Hversu margir hv. þm. hafa haft fyrir því að fara og skoða þann aðbúnað sem bíður þessara unglinga? Þetta eru oft og tíðum óharðnaðir unglingar sem búið er að setja þarna inn. Hvað er til úrbóta? Ekki neitt. Og framlög til meðferðarheimila eru skorin niður.

Forvarnasjóður er ágætur til síns brúks fyrst og fremst vegna þess að þá verður um það að ræða að fjármagn til forvarna fari á einn stað og sé útdeilt þaðan og það verður kannski markvissara forvarnastarf. Hingað til hefur þessu verið deilt á mjög marga aðila, oft og tíðum smáum upphæðum, og þær eru illa nýttar vegna þess að það vantar samhæfingu aðgerða. Vissulega er þetta gott. Ég efast þó um ef tekin eru öll þau framlög sem hafa verið á fjárlögum undanfarinna ára til þessara staða og stofnana og ýmissa félagssamtaka, sem sinnt hafa forvarnastarfi, að þær fjárhæðir sem verið er að tala um að setja í forvarnastarf séu nokkru hærri en þær hafa verið fram að þessu en vonandi verður nýting þeirra betri en verið hefur. Ég hefði viljað sjá að það hefði verið tekið sérstaklega á þeim vanda sem við blasir vegna fíkniefnaneyslu, vegna aukins afbeldis. Það fer ekki fram hjá neinum hv. þm. að í blöðum upp á nánast hvern einasta dag má sjá mynd af einhverjum sem hefur farið hér um götur borgarinnar og barinn sundur og saman. Oftar en ekki er um það að ræða að afbeldismenn séu undir áhrifum einhvers konar ávanaefna. Ef skoðuð er samsetningin í fangelsunum, breytingin sl. 10–15 ár, þá sést þetta mjög glöggt. Þar er nánast orðin undantekning ef menn með styttri dóma eru þar ekki vegna þess að þeir hafa framið afbrot undir áhrifum fíkniefna. Ég hefði gjarnan viljað sjá að á þessu yrði tekið og lögreglan og þá fíkniefnalögreglan hefði fengið framlög til þess að mæta þessum vanda. En svo er nú ekki. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem á að danka eins og svo mörg, mörg önnur.

Heilbr.- og trmrn. fer þó hvað verst út úr niðurskurðinum eða réttara sagt skjólstæðingar þessa ráðuneytis sem og félmrn. Það er það fólk sem þarf að sækja til stofnana þessara ráðuneyta sem helst þarf á því að halda að á þeirra málum sé tekið í dag. Það er ekki gert nema á þann veg að skerða kjör þeirra sem hafa verið skertir undanfarin ár enn meira. Það lýsir ekki miklum metnaði hjá hæstv. ríkisstjórn og litlum breytingum frá því sem verið hefur. Ég hefði viljað sjá það gerast eins og ég hef sagt áður að farið yrði yfir verkefni hverrar einustu stofnunar ríkisins, verkefnin skilgreind, það þjónustustig sem stofnunin á að veita og framlögin ákveðin eftir því og ég er sannfærð um að það þýðir ekki útgjaldaauka. Þvert á móti er ég viss um að það mun leiða af sér sparnað. Ég er líka jafnsannfærð um að á síðustu árum, ekki bara síðustu ríkisstjórnar heldur í mörg, mörg ár áður, hafa ýmis verkefni orðið verkefni samfélagsins án þess að þau eigi í raun og veru að vera það. Við megum gjarnan skoða verkefni stofnana ríkisins út frá breytingum í þjóðfélaginu. Það hefur bara ekki verið gert. Þetta er vinna sem ég vil sjá og í þá veru munu þær tillögur verða sem við munum flytja, að á þessu sé tekið. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra hefði endað sína ræðu á því að segja okkur það að þó að ekki hefði unnist tími til þess með seinfærum framsóknarmönnum að breyta einhverju væri það þó a.m.k. ætlunin að setja nefnd í málið og til þess að fara yfir og skoða hlutverk stofnana ríkisins og skilgreina skýrar en er í dag hver eru hin raunverulegu samfélagslegu verkefni, hvaða verkefni eru það sem við viljum sjá hjá ríki eða hinu opinbera og hvaða verkefni eru það sem þaðan mega gjarnan fara.

[11:57]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það eru aðeins um það bil þrír sólarhringar frá því að grundvöllur að ríkisfjármálum kom til umfjöllunar í fjárln. Mikið vantar á að fyrstu yfirferð sé lokið. Embættismönnum hefur engan veginn unnist tími til að svara ýmsum af þeim spurningum sem þegar hafa verið settar fram þó ekki sé nema rétt liðlega hálfnað að fara yfir efnið. Það hlýtur því að verða þannig að við 2. umr. hljóta að verða bornar fram spurningar sem ekki er komið svar við enn þá og jafnvel spurningar sem hafa ekki enn verið mótaðar. Ég hefði talið, herra forseti, að við hverja umræðu fjárlaga ættu allir ráðherrar að vera viðstaddir ásamt formanni fjárln. sem barðist blóðugum bardaga fyrir formennsku í fjárln. Ég veit reyndar að hann hefur fjarvistarleyfi en skoðun mín er engu að síður sú að hann ætti að vera við umræðuna.

Í upphafi máls míns leyfi ég mér að spyrja spurninga út frá því máltæki að orð skulu standa og þar sem hæstv. samgrh. er ekki við vildi ég spyrja hv. varaformann fjárln. en hann er heldur ekki við og ég ætlaði, herra forseti, að spyrja hæstv. heilbrrh. spurninga en hún er heldur ekki við. (Gripið fram í.) Hún er við. Þær spurningar sem ég hef fram að færa við þau í fjarveru framsóknarráðherra eru hvort þau ætli að láta yfir sig ganga að Gilsfjarðarbrú verði frestað eða framkvæmdin tekin út af verkframkvæmdalista ársins í ár. Ástæðu spurningarinnar þarf ég ekki að rekja. En allir þingmenn Vestfjarða og Vesturlands gáfu fyrirheit um að þetta verk skyldi framkvæmt og út frá máltækinu sem ég nefndi í upphafi að orð skulu standa ítreka ég enn spurninguna og vonast til að hv. varaformaður fjárln., Sturla Böðvarsson, svari spurningunni við umræðuna á eftir. (**StB:** Hvaða spurning er það?) Mér er sönn ánægja að ítreka þá spurningu. Ég spyr varaformann fjárln.: Ætlar hann að láta það yfir sig ganga ásamt og með hæstv. heilbrrh. að verkefnið Gilsfjarðarbrú verði tekið út af listanum og ekki verði unnið að framkvæmdinni í ár? Í kjölfar þess að ég segi að orð skulu standa og þessu hétu allir þingmenn Vestfjarða og Vesturlands. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. og treysti því þá úr því að þess er getið að hún sé í salnum: Ætlar hún að taka út af verkefnalista D-álmu Sjúkrahúss Keflavíkur? Ætlar hún að taka út af verkefnalista hjúkrunarrýmin í Fáskrúðsfirði? Ætla menn að láta það yfir sig ganga að fresta miskabótum til fórnarlamba afbeldisverka eins og nú er gert ráð fyrir í

þessu frv.? Er það virkilega meiningin að þar sem undirritað er að lyfjalög gangi í gildi 1. nóv. að þetta allt saman eigi að fara fyrir bí? Er þá þetta gamla íslenska máltæki, orð skulu standa, einskis virði?

Virðulegur forseti. Við ræðum grundvöll hæstv. fjmrh. fyrir ríkisfjármálum, fjárlagafrv. sem hann leggur fram til umræðna og frekari vinnslu en ekki sem stórasannleik. Hæstv. ráðherra er ekki banginn frekar en fyrri daginn. Auðvitað vill hann trúa því efni sem hann hefur sett fram fyrir alþjóð en mér segir svo hugur um að hann viti betur, að hér sé um að ræða væntingar sem veik stoð er fyrir. En, hæstv. ráðherra, það má lengi lifa í voninni en ekki á henni.

Það plagg sem hér liggur fyrir er byggt á miklum vonum en veikum staðreyndum. Það er fjölmargt sem rennir stoðum undir þá skoðun að almennar forsendur séu óraunhæfar. T.d. er gert ráð fyrir því í frv. að tekjur af úthafsveiðum haldist, þ.e. að úr Smugunni og af Reykjaneshrygg komi sömu verðmæti og voru í ár. Enn fremur er gert ráð fyrir að það veiðist 100 þús. tonn af loðnu í ár. Þess sjást engin merki. Það er gert ráð fyrir 900 þús. tonna veiðum úr loðnustofninum á næsta ári. Engin rök liggja fyrir því að það muni standa. Aðeins þessi atriði í forsendum fjárlaga eru nægjanleg til að draga í efa trúverðugleik frv.

Gert er ráð fyrir minnkun fjárlagahalla niður í 4 milljarða kr. Það er markmið sem ég tel vera göfugt. En m.a. gerir tekjuhliðin ráð fyrir aukinni einkaneyslu og ríkið á að hafa mest af sínum viðbótartekjum upp á 5,5 milljarða af einkaneyslu. Sú neysla á að vera af hálfu einstaklinga og fjölskyldna. Sér hæstv. fjmrh. þess einhver merki? Það er nú reyndar þannig að ástand þessara mála er slíkt í dag að það hafa aldrei farið fleiri til útlanda án þess að hafa til þess peninga. Gjaldeyri er eytt í útlöndum en ekki á heimamarkaði eins og gert er ráð fyrir. Allar flugvélar til allra borga, sem í boði er að heimsækja, eru fullar. Það er alveg ljóst að hvergi sér þess merki að um sparnað sé að ræða til notkunar á heimaslóð. Það fara nefnilega flestir upp á krít á lögmálinu, græða fyrst og greiða svo. Fólk fellur nefnilega fyrir því að það er um hagkvæmar ferðir að ræða samkvæmt auglýsingum og með vörukaupum erlendis megi græða fyrir fari og uppihaldi. Það er reyndar undarlegt lögmál ef unnt á að vera að hagnast á því að eyða fjármunum á þennan hátt.

Virðulegur forseti. Ég hlýt að halda áfram að spyrja hæstv. fjmrh.: Telur hann að samdráttur fjárfestinga ríkis og sveitarfélaga, sem nema munu allt að 5 milljörðum, geti leitt til annars en stórfellds atvinnuleysis? Gerðar eru tillögur um niðurskurð hins opinbera í framkvæmdum og það mun að mínu mati draga úr atvinnutækifærum fyrir byggingarmenn og iðnaðarstéttir. En einkaaðilar munu samkvæmt þjóðhagsspá auka fjárfestingar um 13% á þessu ári og síðan er vonast eftir 10% aukningu á næsta ári. Það er miðað við sl. tvö ár en þá var samdráttur um 25% og hvar stöndum við þá? Í þessum boðskap felast því ekki fyrirheit um aukin störf í iðnaði heldur þvert á móti því að álitið er að fjárfestingar verði aðallega í tækjum og búnaði og þess vegna skapist tiltölulega fá störf af þeim sökum. Þar á móti kemur að verði um verulegar fjárfestingar að ræða í stóriðju, sem við jafnaðarmenn höfum talið nauðsynlega forsendu fyrir bættum þjóðarhag og fjölgun starfa, horfa mál öðruvísi við. Ég minni bara á það að markaðsskrifstofan var sett á laggirnar undir forustu Alþfl. Helstu forustumenn markaðssetningar á möguleikum stóriðnaðar á Íslandi hafa verið Jón Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. iðnrh.

Kynningarstarfsemi á vegum markaðsskrifstofunnarer nú að bera árangur sem lýsir sér í aukinni eftirspurn eftir möguleikum og aðstöðu til stofnunar stóriðju hér á landi. Áhugi t.d. bandarískra fjárfesta, sem nýlega hefur verið greint frá um byggingu álvers í Hvalfirði eða á Reykjanesi, er bundinn við þann aðgang að mörkuðum sem við Íslendingar eigum fyrst og fremst og ég undirstrika það — fyrst og fremst vegna EES-samninga og þeim aðgangi og þeim möguleikum sem skapaðir voru sérstaklega undir forustu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrv. utanrrh. Ef hlutir skipast á þann hátt sem ég nú hef verið að geta um horfa mál þannig að það er möguleiki að forsendur geti staðist.

Stækkun álvers í Straumsvík mun hafa jákvæð áhrif. Hvert það skref, sem stigið verður á skynsamlegan veg til eflingar iðnaði, mun leiða af sér stöðugleika. Erlend fjárfesting í íslensku atvinnulífi getur haft mest áhrif á afkomu heimilanna og þar með þjóðarinnar á betri veg hvort sem mönnum líkar það eða ekki.

Inn í þetta fléttast auðvitað umræðan um aðild að Evrópusambandinu. Það eru allt of miklar líkur, hæstv. fjmrh., fyrir því að við getum bætt stöðu okkar með aðild til þess að ríkisstjórnin geti leyft sér að taka það málefni út af borðinu eins og hún hugsar sér og hefur raunar gert. Hvernig má það eiginlega vera að menn kasta frá sér þeim markaðsmöguleikum sem eru fyrir íslenska síld á Evrópumarkaði sem aðildarland? Aðgangur að mörkuðum fyrir lax og bleikju er ekki nýttur. Aðgangi að markaði fyrir landbúnaðarafurðir er kastað á glæ. Þrátt fyrir það vita allir að Evrópumarkaðurinn er sá markaður sem hefur best efni á að taka við landbúnaðarafurðum á því verði sem við þurfum að fá fyrir okkar vörur.

Ég vil bara rétt minna á að nýlega var ákveðið að Íslendingar fá aðeins 4.150 tonn í síldarinnflutningsleyfi til Evrópulandanna í stað frjáls aðgangs. 13% tollur á lax gerir það að verkum að við eigum ekki nokkra möguleika í samkeppni við helstu vini okkar, Norðmenn, á þeim markaði og auðvitað fáum við ekki neina aðstoð frá þeim í þessum málum frekar en öðrum. En það er rétt að nefna það að sérstaða Norðmanna er slík að þeir vilja gera norskt enn norskara í einangrunarstefnu sinni á meðan aðrar þjóðir en Íslendingar stefna á sífellt meira og öflugra samstarf á sem flestum sviðum.

Við lifum að sjálfsögðu í landi sem hefur þá kosti og möguleika að hér ætti fólk að geta haft góða afkomu vegna gæðanna og möguleikanna til sölu á afurðum okkar og orku sem felast í náttúru landsins. En, herra forseti. Því miður verður ekki deilt um að verulegar þrengingar eru hjá mörgum. Ég lýsi auðvitað yfir ánægju með það að menn gefi yfirlýsingar um það að þeir ætli að taka á vanda heimilanna og svo er eftir að sjá hvort staðið verði við slíkar yfirlýsingar. Framsfl., annar armur helmingaskiptastjórnar Davíðs Oddssonar, hefur lofað 12 þúsund störfum til aldamóta. Hvernig standa þeir svo við fyrirheitin, hæstv. utanrrh.? Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir fjölgun starfa fram til aldamóta sem nemur helmingi þessarar tölu eða um 1.700 manns á ári. Fróðlegt væri að fá að vita hvernig menn ætla að skapa þau 6.000 störf sem upp á vantar. Ég ætla ekki að leggjast gegn hagræðingu og ráðstöfunum sem geta leitt til minni ríkisútgjalda meðan unnið er á þann hátt að það skerði ekki velferðarkerfið íslenska. Þá á ég við að þeir njóti velferðar sem þess þurfa, þeim sé hjálpað sem á þurfa að halda eða störfum sé hagrætt á þann hátt að ekki komi til lakari þjónustu en verið hefur

á liðnum tímum. En menn geta ekki búist við því að það sé hægt að kasta fram tillögum og fá þær samþykktar bara si svona eins og virðist vera með ýmislegt í framlögðu frv. til fjárlaga. Ég nefni t.d. niðurlagningu sýslumannsembættanna í Bolungarvík og Ólafsfirði. Ef tillögurnar væru unnar í sátt og samlyndi við heimamenn og þingmenn kjördæmanna, og ég er þess fullviss að það hefur ekki verið gert, þá næðu menn árangri. Það atriði að leggja niður þessi embætti er að sjálfsögðu plat til að geta sett fram tölur. Hæstv. dómsmrh. veit að af þessu verður ekki. Því er þetta atriði blekking og svo er auðvitað um fleira í þessu frv. En flest í þessum dúr hefur lítil heildaráhrif og sett fram auðvitað bara til að viðkomandi þingmenn kjördæmanna geti hælt sér af því að hafa náð þessu út af borðinu. Ég sé að hæstv. fjmrh. kinkar kolli og það lít ég á sem samþykki. En vinnubrögð sem hæstv. dómsmrh. hefur tamið sér, sem er að skjóta fyrst og spyrja síðan, eru óþolandi hvort sem hann er í sjávarútvegsstakknum eða dómarakuflinum.

Ég verð einnig að benda á að ekki er sett fram í fjárlagafrv. skilgreind aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn. Ég dreg stórlega í efa að unnt sé að komast hjá henni við þær aðstæður sem við erum með, þ.e. flota sem þarf á miklum breytingum að halda. Ég nefni bara loðnuskipin og þeim verður að breyta ef þeim er ætlað að veiða t.d. síld til manneldis og ég nefni ísfiskstogaraflotann sem er kominn að úreldingarmörkum. Ég tel að það eigi að standa við það sem gert var á síðasta ári í tíð síðustu ríkisstjórnar varðandi aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. fjmrh. sjái ekki til að svo verði.

Herra forseti. Ég tel að auðvitað verði að halda fast um stjórnartaumana. Minn flokkur, Alþfl., hefur ekki hvað síst gengið hart fram í að draga úr víxlhækkunum og sjálfvirkum hækkunum innan ríkiskerfisins. Við erum reiðubúnir til viðræðu um á hvern hátt á að standa að lækkun skulda, ná fram hallalausum fjárlögum og fjölgun starfa en til þess verða stjórnarherrar að leita eftir samstarfi. Við getum ekki sætt okkur við að ráðist sé á þá sem hingað til hafa notið skjóls af gerðum kjarasamningum. Ég á við þá sömu og hv. núv. formaður fjárln. ræddi um að skerða ekki bætur til, þ.e. aldraða og öryrkja. Þetta ræddi hv. núv. formaður fjárln. um við síðustu fjárlagaumræðu. Hann sagði að þetta mætti ekki eiga sér stað. Ég vil undirstrika það að þetta prinsipp hefur aldrei verið brotið fyrr og slíkt er fyrir neðan virðingu okkar allra hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Við verðum að lækka skuldir heimila, en því miður sjást þess hvergi merki. Þær eru að aukast verulega. Það verður auðvitað að lækka skuldir ríkisins en ætlunin er að gera það með samdrætti í fjárfestingum sem leiða til fækkunar starfa. Ég er ekki að mæla með óskynsamlegum fjárfestingum en skoði menn málin vel, geta fjárfestingar leitt til sparnaðar og ég vil bara nefna þar til byggingu barnaspítala sem mun leiða til hagræðingar og sparnaðar.

Herra forseti. Mér eru minnisstæð orð hæstv. núv. landbrh. frá umræðu við síðustu framlagningu fjárlagafrv. þegar hann sakaði menn, þáverandi stjórnarherra, um að stefna í aukið atvinnuleysi, það eru hans óbreyttu orð. Hver varð raunin? Það varð um verulega fjölgun starfa að ræða á milli áranna núna, 1994 og 1995. Því verður ekki á móti mælt að spádómar hv. þm. Framsfl. um kaldakol og skipbrot stóðust ekki fremur en svo margt annað sem þeir láta frá sér fara.

En hvað hefur þá breyst? Það sem gerst hefur er að grundvöllur til að vinna að stöðugleika er eingöngu mögulegur fyrir tilstilli Alþfl. og óþreytandi elju hans í síðustu ríkisstjórn og í ríkisstjórnum. Hann hefur unnið óþreytandi að viðreisn frá efnahagssjúkdómi sem nær alla tíð hefur fylgt ríkisstjórnum Framsfl. eins og veira. Nú eru þó ekki tákn á lofti um að flokkurinn sá hafi náð nokkrum bata í einangrun. Það hefði e.t.v. verið betra að tvöfalda dvöl hans utan stjórnar. Ég vil t.d. benda á að það hefur ekki gefist nógu vel að hafa riðufjárbúin fjárlaus í tilskilinn tíma. Menn í landbúnaðargeiranum telja að það þurfi að tvöfalda tímann. Eins held ég að sé með Framsfl. Verðbólgu vill hann, er ekki alveg fráhverfur henni enn, a.m.k. hluti þingliðsins. Sú bót sem unnt er að merkja er að þeir sjá nú orðið að það verður að takast á við þann vanda sem myndaðist í heilbrigðiskerfinu vegna sjálfvirkniáhrifa og þenslueiginleika sem fyrrv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson barðist við. Þá var m.a. mikil andstaða frá hæstv. núv. heilbrrh.

Ég vil bara minna á það að þegar verst lét fóru þau starfsystkin úr Framsókn, hv. þm., algeru offari gegn hvers konar úrbótaaðgerðum og kölluðu alla til, aldraða, sjúka, fatlaða og vanmegna á hvern hátt sem það nú var, til vitnis um að nú væri verið að leggja heilbrigðiskerfið í rúst. En það er svolítið önnur orðaröð uppi núna. Forgangsröðun, hagræðing, niðurskurður, sársaukafullar aðgerðir, jöfnunargjöld, þetta eru orðin sem nú eru í tísku svo að nokkuð sé nefnt þegar fjallað er um heilbrigðiskerfið og áform framsóknarflokkanna beggja.

En hver er svo forgangsröðin? Hverja ætlar hæstv. ráðherra að skilja eftir? Ég spyr: Hvað felst í orðinu forgangsröðun? Þýðir það ekki að menn ætla að láta einhverja sitja á hakanum? Og því spyr ég enn: Hverjum ætlar hæstv. heilbrrh. að sitja eftir? Eru það aldraðir? Eru það þeir sem eru með hryggskekkju? Eru það þeir sem þurfa að gangast undir mjaðmaaðgerðir? Forgangsröðun, eins og ég sagði áðan, þýðir að það á að láta einhverja sitja á hakanum, en hverjir eiga það að vera? Við þurfum að fá svör við því.

Þessu þarf ekki að fylgja frekar eftir með lýsingum. Allir sjá að ef eitthvað er, þá er gengið harðar fram með niðurskurðarhnífinn og honum beitt gegn lítilmagnanum sem ekki á sér málsvara í núverandi ríkisstjórn.

Nýgerður búvörusamningur hefur verið mikið í umræðu og hann á eftir að koma til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga. Við alþýðuflokksmenn höfum margbent á að kerfið hefur verið að leggja sauðfjárbúskap af. Mér finnst að uppkaupaleið sé eitt af því sem er rétt að vinna að. Við alþýðuflokksmenn höfum hvatt til búsetustyrkja en ekki framleiðslutengdra styrkja. Við höfum verið einir á báti og taldir helstu óvinir bænda. Ég lýsi því enn þá einu sinni yfir úr þessum stóli að við erum óvinir kerfisins en ekki bænda. Það er nú komið í ljós að menn eru farnir að fallast á það að framhjáslátrun hafi verið miklu meiri en viðurkennt er og menn hafa ekki viljað taka tillit til gerbreytinga í neysluháttum Íslendinga.

Ég minnist þess að á undanförnum tveimur þingum hef ég nefnt það að heimaslátrunin væri á bilinu frá 600–800 tonn. Menn hafa hrist yfir því hausinn og sagt það vera vitleysu en hvað er komið á daginn nú? Nú eru menn farnir að tala um að heimaslátrun sauðfjár sé um 1.000 tonn. Þegar á að búa við stjórnkerfi eins og bændum er ætlað gengur þetta ekkert upp.

Ég held að nýgerður búvörusamningur verði tekinn upp eftir mjög skamman tíma, hæstv. fjmrh. Ef árangur á að nást verður að breyta um áherslur í landbúnaði. Við verðum

að setja okkur ný markmið sem lúta kröfum tímans. Ég vil endilega ræða svolítið nánar um þennan búvörusamning sem gerður hefur verið við hæstv. fjmrh. og vona að hann nái því sem ég ætla að ræða um við hann.

Kvótakerfið í framleiðslu verður afnumið samkvæmt samningi og má því segja að framleiðslan verði frjáls. Þó er stefnt að því að fækka sauðfé í landinu um 30.000. Í því skyni á að kaupa upp greiðslumark fyrir 443 millj. kr. og endurúthluta því til þeirra eftirstarfandi bænda sem hafa frá 180–450 ærgilda greiðslumark og geti þeir fengið allt að 10% aukningu á beinum greiðslum. Beingreiðslurnar eru gerðar óháðar framleiðslumagni eða óháðari framleiðslumagni en áður þannig að þær eru greiddar að fullu meðan bóndi framleiðir a.m.k. 60% af ærgildistölu sinni. Þá er gert ráð fyrir að verðlagning sauðfjárafurða verði tekin undan opinberri verðlagningu í áföngum á árunum 1996–1998. Fyrsta skrefið er afnám staðgreiðslunnar og frjáls verðlagning í sláturkostnaði. Samkvæmt þeim gögnum, sem hafa birst, er heildarkostnaður skattgreiðenda — ég óska eftir að menn hlusti — á næstu fimm árum 11 milljarðar kr. Það er 1,5–2 milljörðum hærri upphæð en orðið hefði ef gamli samningurinn hefði verið framlengdur óbreyttur. Og hvernig mun hann virka? Samningurinn byggist á nokkrum andstæðum markmiðum sem munu virka hvert á móti öðru. Um leið og framleiðslan er gefin frjáls á að eyða verulega opinberu fé til að fækka sauðfé. Það á að koma í veg fyrir offramleiðslu með því að gera alla bændur samábyrga fyrir umframframleiðslunni og refsa þeim með útflutningi sem enginn veit hvert á að fara. Að vísu eru nokkrar hömlur á þessu hæstu tvö árin en síðan er ekkert sagt um framhaldið. Þetta ákvæði hlýtur að verka þannig að bændur munu auka við bústofn sinn sem nemur væntanlegri skerðingu vegna sameiginlegs útflutnings. Verði t.d. búist við því að skerða þurfi uppgjör bænda frá sláturleyfishöfum um 20% vegna offramleiðslu hljóta bændur að gera ráð fyrir því við ásetning næsta haust og reyna þannig að sleppa við skerðinguna. Því eru verulegar líkur á því að niðurstaðan verði öfug við sett markmið nema samningnum verði breytt að tveimur árum liðnum sem ég held að verði gert. Þess vegna setti ég það fram að ég tel að samningurinn mundi aðeins lifa skamman tíma ef hann þá kemst á.

Það eru engar framleiðnikröfur í samningnum. Það er ekkert í samningnum sem styður það markmið hans að stuðla að hagkvæmni og auka samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslunnar. Það er alger óvissa um árangurinn af fyrirhuguðum uppkaupum á greiðslumarki og fækkun fjár. Reynslan af því hefur verið ærið misjöfn undanfarin ár. Hafa reyndar verið færð rök að því að niðurstaðan kunni að vera gagnstæð settum markmiðum. Það má alveg eins búast við framleiðslusprengingu verði árangur uppkaupanna lítill. Það eina verkfæri sem getur þvingað framleiðendur til meiri hagkvæmni er samkeppni á frjálsum markaði.

Samningurinn gerir ráð fyrir breytingum í þá veru að þegar afurðastöðvarnar þurfa að semja við smásöluaðilana munu bændur átta sig á því að það hlýtur að vera mjög viðkvæmt gagnvart íslenskum neytendum að selja þeim kjötið á mun hærra verði en neytendum erlendis. Þetta er eitt af meginmálunum, hæstv. fjmrh. Þegar sagt er að verðlagning sauðfjárafurða verði gefin frjáls verður að hafa á því fyrirvara. Það þýðir til að byrja með að hið opinbera muni hætta beinum afskiptum af verðlagningu búvara. Þá munu samtök bænda að líkindum sjálf reyna að taka verðlagninguna í sínar hendur hvort sem sú miðstýring mun halda eða ekki. Verðstýringin fer þannig úr einni skúffu í aðra.

Í samkeppnislögum eru ákvæði sem segja að verðákvörðun á innlendum landbúnaðarvörum falli ekki undir ákvæði laganna. Neytendur munu því ekki horfa fram á alfrjálsa verðlagningu árið 1998 nema frekari lagabreyting komi til og ég spyr hæstv. fjmrh.: Stendur það til? Mér dettur ekki í hug að halda að fyrir þessu sé meiri hluti á Alþingi. Ég trúi því ekki.

Á sama tíma og almenningi er birtur boðskapur fjárlagafrv. að það eigi að aftengja allar verðtryggingabætur almannatrygginga eru fjárframlög samkvæmt þessum samningi að fullu verðtryggð þvert ofan í ákvæði kjarasamninga og þá almennu tilhneigingu í þjóðfélaginu að draga úr verðtryggingarákvæðum. Það er því lítil áhætta tekin í þessum málum.

Núverandi búvörusamningur tók við miklum birgðavanda á árinu 1991 sem er enn þá verið að leysa og það mun kosta 680 millj. kr. næsta ár. Birgðir sem hafa safnast fyrir, um það bil 2.200 tonn, munu kosta okkur 250 millj. kr. á næsta ári. Gamli samningurinn skildi eftir offramleiðsluvanda af þeirri stærðargráðu að það er nauðsynlegt að fækka um 30.000 fjár. Það þyrfti reyndar að fækka mun meira nema ef þeir sem eru að gera þennan samning reikni með að lambakjötsneyslan aukist á næsta ári. Það getur orðið aðeins með auknum útflutningi og þá þurfum við að breyta um markmið í stjórnun landbúnaðarkerfisins.

Samningurinn er skref sem leiðir bændur vonandi út úr blindgötunni. Hann leysir þó ekki vanda sauðfjárbænda nema að litlu leyti. Hann lengir í hengingarólinni og viðheldur því sem ég get hugsað mér að kalla steinaldarkerfi sem er bæði dýrt og eyðir byggðum bænda hægt og örugglega. Skattgreiðendum skilar hann engum sýnilegum ávinningi í bráð. Hvað verður eftir fimm ár er mjög óvíst. Skattgreiðendur fá enn að borga brúsann tvöfalt, annars vegar sem neytendur í formi hás vöruverðs og hins vegar í formi hárra skatta. Þetta kemur hvorki neytendum né þeim sem starfa við landbúnað til góða.

Nýgerður búvörusamningur hefur verið mikið til umræðu eins og ég kom að áðan og ég hélt mig hafa fjallað um málefni þessa búvörusamnings nokkuð ítarlega þannig að hæstv. fjmrh. á að vera ljóst hvað ég er að fara í þessu máli. Ég tel að samningurinn sem var gerður án aðildar aðila vinnumarkaðarins standist ekki, hann sé ekki neinum til góða. Hins vegar viðurkenni ég að það varð að taka á þessum málum.

Því miður er það svo að kvótakerfið, sem við Íslendingar búum við undir forustu frjálshyggjunnar sem birtist okkur sem úlfur í sauðargæru í líki Sjálfstfl., er kannski það óhugnanlegasta sem er staðfest í fjárlagafrv. sem við höfum undir höndum. Miðstýringarkerfi sem gæti gengið sem hemill ef af nógu er að taka og markaðir væru viðtækir. En þegar svo er sem raun ber vitni að það er of lítill afli sem má taka úr sjónum og of margir sem vilja fá hann og of mikill floti til að ná honum gengur slíkt stjórnkerfi ekki upp. Því er þveröfugt farð með landbúnaðinn. Þar eru allt of margir að framleiða allt of mikið fyrir tilverknað miðstýringar á markað sem engan veginn getur tekið við því sem framleitt er. Allt þetta er gert undir stjórn ímyndar frjálshyggjunnar, Sjálfstfl., sem heldur reyndar í sovésku miðstýringuna sem aldrei fyrr. Þess vegna segi ég: úlfur í sauðargæru.

Virðulegur forseti. Ég hef m.a. farið nokkrum orðum um forsendur fjárlagafrv., trúverðugleika frv. og varað við boð-

um og grynningum sem eru ekki nægilega merkt á sjókortinu. Ég hef tekið undir það markmið að draga úr fjárlagahalla og ég hef reyndar bent á hvar samdrátturinn kemur harðast niður. Alþingi Íslendinga, stjórnaraðilar og stjórnarandstaða, reyna að vinna sitt verk af samviskusemi en auðvitað er eðlilegt að okkur greini á um leiðir. Við finnum sárast til með þeim sem lakast eru settir. Þá er ég farinn að ræða um launamálin. Við þurfum að draga allt fram á borðið, leggja spilin á borðið fyrir alþjóð og ef allt kemur þar upp, ekkert gerist á þann veg að þegar ég ræði um laun félaga míns og geri samanburð þá ræði ég um lægstu laun mín og hæstu laun hans. Ef allt er dregið fram á borðið er unnt að ná jöfnuði. Ég held að ójöfnuður í þjóðfélagi okkar sé miklu meiri en áferðarfallegar meðaltalsskýrslur sýna.

Á hvaða vettvangi sem er á að vinna að leiðréttingu og jöfnun kjara þessarar fámennu þjóðar sem með skipulögðu átaki getur auðveldlega komist hærra í röð hinna best settu í heiminum.

Virðulegur forseti. Ég sé að tíma mínum er brátt lokið. Við 2. umr. eins og ég gat um í upphafi óska ég þess að ráðherrar og formaður fjárln. og varaformaður verði viðstaddir svo að hægt sé að leggja fram þær spurningar sem eru vaknaðar og munu vakna við umfjöllun þessa plaggs sem ég er búinn að benda á að er með innbyggðum veikleikum sem þarf að taka á.

[12:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vil gera athugasemdir við á þessu stigi. Annað snýr að aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn en hv. þm. gerði að umtalsefni að það vantaði skipulega aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn í fjárlögum næsta árs. Af þessu tilefni vil ég segja að slíka aðstoð hefur ekki verið að finna á fjárlögum hvorki yfirstandandi árs né fyrra árs en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var þá iðnrh. Hins vegar beitti ríkisstjórnin sér fyrir því á sl. ári að liðka til fyrir skipasmíðaiðnaðinum en í desember sl. urðu umræður hér á þingi og niðurstaða þeirra umræðna varð sú að ekki þyrfti á slíkum fjármunum að halda í ár. Þrátt fyrir það ákvað núv. ríkisstjórnin í vor eða snemmsumars að veita slíka aðstoð en talið er — og þess vegna er ekki að finna orð um þetta í frv. — að hún þurfi ekki að koma á næsta ári vegna breyttra reglna Evrópusambandsins, þess sambands sem Alþfl. þráir nú mest að komast í.

Að hinu leytinu og það er seinna atriðið vil ég nefna það af því að hv. þm. að vonum hældi sínum ágætu flokksmönnum, fyrrv. ráðherra Jóni Sigurðssyni og fjarverandi formanni flokksins, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, og sagði þá að eitt merkilegasta starf sem hefði átt sér stað að undanförnu væri samstarf iðnrn. og Landsvirkjunar, sem hv. þm. Jón Sigurðsson, þáv. ráðherra, hefði beitt sér fyrir. Til þess að það fari nú ekki rangt inn í bækur hér vil ég taka það fram að það var ráðherrann á undan honum sem kom þessu á og stofnaði til þessa samstarfs. Sá var ekki úr Alþfl. þó að hann hafi oft átt ágætt samstarf við Alþfl. Sá ráðherra hét Friðrik Sophusson.

[12:37]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fjármála fyrir upplýsingarnar. Mér var ekki ljóst hver sú upphæð gæti orðið eða hvort þyrfti að gera ráð fyrir upphæð. Þess vegna setti ég þetta fram í þessu formi vegna þess að ég tel að brýn nauðsyn sé á aðstoð við skipaiðnaðinn. En sé það mat ríkisstjórnarinnar að þau mál séu í góðum farvegi verður auðvitað við það að búa. En ég tel að flotinn okkar sé kominn í þá stöðu að það þurfi að gera verulegt átak í viðgerðum og það komi raunverulega ekki til nema með stuðningi eins og gert var í fyrra og ég tel að hafi verið rétt skref.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila við hæstv. fjmrh. um hver á heiðurinn að markaðsskrifstofunni. Mér finnst það bara gott mál ef hæstv. fjmrh. hefur átt hlut þar að máli, jafnvel frumkvæði, og heiður á hann skilið fyrir það og vonandi að hann taki þá ábendingum t.d. varðandi þann samning um búvörur sem var gerður sem ég fór svo rækilega yfir í ræðu minni.

[12:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það skiptir að sjálfsögðu meginmáli í sambandi við umræður um fjárlagafrv. hver eru þau efnahagslegu markmið sem við viljum stefna að. Ríkisstjórnin vill fyrst og fremst stefna að hagvexti og skapa hér skilyrði til þess að hægt sé að auka verðmætasköpunina og fjölga störfum. Ríkisstjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu, sem er í sjálfu sér ekkert óvenjuleg og allir geta komist að, að þessi skilyrði verða ekki sköpuð nema stefnt sé að hallalausum fjárlögum. Lykillinn að því að auka hér hagvöxt og fjölga störfum fyrir vinnufúsar hendur er að takast á við fjárlagahallann. Þetta er meginviðfangsefni Alþingis. Auðvitað geta menn deilt um hvernig á að skipta útgjöldunum og hér hefur stjórnarandstaðan komið fram og gagnrýnt niðurskurð og minnkun útgjalda margvíslega. En það hefur ekki verið eitt einasta atriði nefnt sem mætti þá koma þar á móti nema að fjölga skýrslum og fara í athuganir af ýmsu tagi og má vera að Alþfl. hafi nefnt landbúnaðarmálin. Hann gerir það nú venjulega og er svo sem ekkert nýtt. (**Gripið fram í:** Þannig verður það.) Þannig verður það, já. Það mun ekkert heldur nýtt koma fram í framtíðinni.

Þetta er meginverkefnið og hér hefur verið nefnt í þessari umræðu að Framsfl. hafi lofað því að skapa 12.000 störf fram til aldamóta. Það er rétt að Framsfl. nefndi töluna 12.000 í kosningabaráttunni og taldi það vera meginverkefni næstu ára í stjórnmálabaráttunni. Það væri viðfangsefnið að skapa 12.000 störf. Auðvitað gátum við ekki lofað nákvæmlega 12 þúsund störfum eða 12.001 eða 11.999. En það er viðfangsefnið.

Hér koma menn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og gera lítið úr þessu máli. Hvað er það sem þingmenn stjórnarandstöðunnar vilja? Eru þeir ekki sammála okkur um að þetta er viðfangsefnið? Eða telja þeir að viðfangsefnið sé eitthvað allt annað? Hvað er það sem þeir vilja? (**Gripið fram í:** Við lofuðum ekki 12.000 störfum. Það gerðuð þið.) Það liggur alveg ljóst fyrir að það er meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar að skapa sem flest störf. Það er meginviðfangsefni Framsfl. að skapa 12.000 störf til aldamóta. Hvort það tekst get ég ekki fullyrt á þessu stigi en menn verða að hafa þann metnað, af því að hér talaði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir um metnað, að berjast fyrir því að þetta geti gerst.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út tvö dæmi í sambandi við ríkisfjármálin: Annars vegar það dæmi að halda áfram með hallann á fjárlögunum og hins vegar að ná fram hallalausum fjárlögum. Hvað gerist ef hallinn heldur áfram? Fjárfesting atvinnulífsins mun hrynja, vextirnir munu hækka og engin aukning verður í fjárfestingu í atvinnulífinu. Svo koma menn hér og segja, fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar taka

undir það, að störfum muni fækka verulega vegna minnkandi fjárfestingar hins opinbera. Auðvitað er það rétt að minni fjárfesting hins opinbera hefur þau áhrif að störfin verða ekki jafnmörg. En menn líta á það einangrað. Ef ríkissjóðshallinn verður ekki minnkaður mun störfunum fækka enn þá meira og menn verða að sjá þetta samhengi. Það er gert ráð fyrir því að meðaltalshagvöxtur fram til aldamóta með áframhaldandi halla á fjárlögum verði 1,8% en með því dæmi sem ríkisstjórnin leggur upp með telur Þjóðhagsstofnun að meðaltalshagvöxtur verði 2,7%.

Af því að hér er verið að tala um það sem Framsfl. sagði í kosningabaráttunni er það lykilatriði hjá okkur að ná niður hallanum á ríkissjóði og skapa skilyrði til hagvaxtar. Við töldum möguleika á því hægt væri að skapa skilyrði til hagvaxtar sem næmi 3%. Ég man ekki betur en Alþb. hafi talað um 4–5% sem þýðir þá að Alþb. hefði þurft að ganga miklu harðar fram í ríkisfjármálum ef þeir hefðu ætlað að ná fram útflutningsleiðinni. En það heyrist lítið um hana þegar verið er að tala um fjárlagafrv. Þetta er meginviðfangsefnið. Það er talið að takist að lækka vextina með þeim hætti sem hallalaus ríkisbúskapur á að geta gert geti fjárfesting í atvinnulífinu aukist um 11% að meðaltali fram til aldamóta en annars aðeins um 1,4%. Þetta er skólabókardæmi um að það er ekki nema einn kostur. Við eigum því miður ekki nema einn kost og það þýðir ekkert að vera að rífast um hann. Það er ekki hægt að fara öðruvísi í þetta en ná niður hallanum á ríkissjóði. Svo geta menn deilt um það hvernig á að gera það og menn geta deilt um hvað einhverjir sögðu og hvernig á að skilja það. Þetta er meginviðfangsefnið og þess vegna stöndum við framsóknarmenn af heilum hug að þessu fjárlagafrv. En ég geri mér afar vel grein fyrir því að ýmis vandamál koma upp vegna minnkandi útgjalda. Hinn kosturinn er bara því miður miklu verri og þá segja menn gjarnan að sparnaðurinn komi oft illa við þá sem verst eru settir. Það er mikið til í því. Það er nú því miður þannig að miklu af útgjöldum ríkisins er varið til málaflokka til þess að jafna kjörin í þjóðfélaginu og aðstoða þá sem minnst mega sín. En ef menn skapa ekki skilyrði fyrir auknum hagvexti verður þessi mynd miklu verri og þá þurfa menn að skera niður þjónustuútgjöld til þeirra sem minna mega sín í enn auknari mæli.

Þjóðhagsstofnun spáir því svo að ég upplýsi hv. þm. Gísla S. Einarsson um það — hann er nú ekki lengur í salnum (**StB:** Ég skal taka skilaboð.) Já, hv. 2. þm. Vesturl. ætlar að taka skilaboð til félaga síns. Ég þakka fyrir það og er gott að þingmenn vinna vel saman þó í ólíkum flokkum séu. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því að vinnueftirspurn 1995 sé 124.500 störf en spáin fyrir árið 2000 er 133.700 störf. Spáin er sú að störfunum fjölgi samkvæmt þessu um 9.200, þ.e. ef við getum haldið þessa stefnu og ef Alþingi ræður við það verkefni að samþykkja hallalaus fjárlög á næstu árum. Þá er ekki gert ráð fyrir álveri eða erlendum fjárfestingum öðrum og það er líka ljóst að stöðugleiki og lágir vextir eru forsenda fyrir því að í þessa fjárfestingu verði ráðist. Ég sé enga ástæðu til þess að gefa það upp á bátinn að hægt verði að skapa hér 12.000 störf til aldamóta. Við framsóknarmenn sjáum a.m.k. enga ástæðu til þess að gefa það upp á bátinn þótt Alþfl. og Alþb. vilji gefast upp við það fyrir fram. Þannig að þetta er það viðfangsefni sem við blasir og að því mun ríkisstjórnin vinna.

Út af útgjöldunum vil ég taka undir að það er rétt að framkvæmdir ríkisins dragast nokkuð saman og það er líka rétt að rekstrarútgjöldin lækka ekki mjög mikið. Hins vegar er nauðsynlegt að lækka rekstrarútgjöldin meira á árinu 1997 og það verður ekki létt viðfangsefni því að á bak við þessi rekstrarútgjöld eru störf fólks, er þjónusta við fólkið í landinu þannig að lækkun útgjaldanna að því leytinu til getur þýtt sársaukafullar aðgerðir. Því miður eigum við þar engan annan kost ef við viljum ná fram markmiðinu um aukinn hagvöxt og meiri verðmætasköpun. Ég er t.d. ekki farinn að sjá lífeyrissjóðina í landinu lækka vextina án þess að dragi úr lánsfjáreftirspurn ríkisins. Ég hef ekki séð þennan lífandi áhuga lífeyrissjóðanna í landinu til þess að lækka vextina án markaðsaðgerða. Ég held því að aðilar vinnumarkaðarins hljóti að geta verið sammála ríkisstjórninni um það að forsenda þess að lífeyrissjóðirnir lækki vexti sína er að ríkisútgjöldin minnki nema þeir sem ráða yfir fjármagni lífeyrissjóðanna, sem eru þessir sömu aðilar vinnumarkaðarins, vilji taka þar upp aðra stefnu. Ég er ekki að fara fram á það. Mér finnst það vera ófugmæli þegar aðilar vinnumarkaðarins gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að draga úr útgjöldum og draga úr fjárlagahallanum og halda því jafnframt fram að með því sé verið að fækka störfum. Þetta vita allir hagfræðingar að er rangt og það er leitt til þess að vita að ekki skuli vera hægt að reka umræðuna á málefnalegum grundvelli.

Að því er varðar tekjurnar er gert ráð fyrir því að hækka skatta á móti þeim skattalækkunum sem síðasta ríkisstjórn stóð að í samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Ég vil taka fram að ég og minn flokkur var ekkert sérstaklega hrifinn af þeim skattalækkunum á sínum tíma. En við sögðum í kosningabaráttunni að nauðsynlegt væri að afla tekna á móti þeim tekjum sem töpuðust vegna samninganna á vinnumarkaðnum. Þetta tókum við skýrt fram vegna þess að við gerðum okkur grein fyrir því að ef ætti að takast að ná fjárlagahallanum niður yrði að afla tekna þarna á móti. Það er því alveg í samræmi við þann málflutning sem við höfum haft uppi áður.

Ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. á teknahlið að fjármagnstekjuskattur skili tekjum á árinu 1996 en vonandi mun hann gera það. Þá mun skapast svigrúm til annarra breytinga á skattalögum, t.d. í sambandi við eignarskatta og einnig til þess að hafa áhrif á jaðarskatta. Gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. að allnokkurt svigrúm sé til þess að breyta barnabótum m.a. til þess að hafa áhrif á jaðarskatta. Það er að mínu mati líka nauðsynlegt í sambandi við fjárlögin að skapa nægilegt svigrúm á næstu árum til þess að hægt verði að gera skynsamlega kjarasamninga þegar þeir sem nú gilda renna út. Ekki er óeðlilegt að reikna með því að ríkisvaldið þurfi að koma að því með einhverjum hætti vegna þess að ríkisvaldið hefur bestu tækin til að jafna kjörin í landinu og því þarf að gera ráð fyrir því á síðari stigum að eitthvert fjármagn þurfi að koma til í sambandi við kjarasamninga án þess að það leiði til fjárlagahalla.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa miklu fleiri orð um fjárlagafrv. á þessu stigi. Ég tel að hér sé valinn sá eini kostur sem er í stöðunni. Vonandi tekst um það víðtæk samstaða á Alþingi að samþykkja fjárlögin. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvaða aðrar sparnaðarleiðir koma fram í umræðum eða aðrar tekjuleiðir. Ef ekkert kemur fram í málflutningi stjórnarandstöðunnar sem hefur ekki gert hingað til verður ekki hægt að taka neitt mark á þeim málflutningi.

[12:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. Við gerum ekki lítið úr því að lykillinn að því að skapa störf fyrir vinnufúsar hendur sé hallalaus fjárlög og við alþýðuflokksmenn styðjum áfram markmið um hallalaus fjárlög og að safna ekki skuldum og að verjast vaxtahækkun. Við erum ekki að gera lítið úr þessu þó að okkur sé ekki sama um hvernig verður skorið niður. Nei, við gerum nokkuð lítið úr þessum nýju störfum. Það var nefnilega þannig að við sögðum frá því sjálf fyrir kosningar að það hefðu orðið til 2.000–3.000 störf á sl. ári og allt útlit fyrir það sama í ár. En það var ekki hlustað á þau sjónarmið vegna hinnar heillandi auglýsingar um að það vill enginn verða atvinnulaus og ég vil verða hjúkrunarkona og ég vil verða flugmaður. Það er þetta sem við gerum lítið úr núna þegar ekki sér þess stað að það eigi að gera neitt nýtt og það er hagvöxtur, hæstv. utanrrh., 3% hagvöxtur annað árið í röð. Við getum bara lesið upp úr ræðum framsóknarmanna þegar við vorum sjálf að takast á við þennan vanda við 2,5% tekjuaukningu. Hún er núna samkvæmt fjárlagafrv. 4,8% og það eru skornar niður framkvæmdir upp á 2 milljarða þannig að núv. ríkisstjórn hefur 7,5 milljarða í hendi sem síðasta ríkisstjórn hafði t.d. alls ekki. Auðvitað erum við með heilmikið nesti til þess að ræða við Framsfl. ekki síst um fjárlagaumræðuna í bæði þessari umræðu og síðar. Hæstv. utanrrh., ég minni á það enn og aftur að verið er að lækka framlög til húsnæðismála úr samanlagt 17,9 milljörðum í 17,3 milljarða á sama tíma og lánshlutfall er 70%. Það þarf 700–800 millj. Á sama tíma og talið er að fólk sem að óbreyttu hefði farið í íbúðir í félagslega kerfinu fer yfir í húsbréfakerfið á að breyta lánum til endurbóta til viðgerða á húsnæði sem kallar á meira fé og það er gert ráð fyrir aukinni ásókn í minna fjármagn. Við hljótum að spyrja hvar fjármagnið er sem átti að koma til hjálpar með þegar endurreisnar- og leiðbeiningarstöð fær 12,5 millj. og því er væntanlega varið í stjórnunar- og starfskostnað. Hvar er efnd loforðanna? Það er það sem við munum kalla eftir í þessari fjárlagaumræðu og í umræðunni í vetur aftur og aftur og aftur.

[12:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er af hinu góða að það á að ræða málin mjög mikið hér á Alþingi í vetur og ekki skal ég draga neitt úr því. En rétt er að taka fram að aðalkosningaloforð Framsfl. var að ná fram hallalausum fjárlögum og meiri hagvexti. Ég get ekkert gert að því þó Alþfl. hafi gengið illa að koma stefnumiðum sínum á framfæri þrátt fyrir mun meiri auglýsingar sem þeir lögðu í en við. Mér þykir bara leitt að þetta gekk svona illa hjá ykkur. Það þýðir ekkert að vera að skammast yfir því við okkur þó að við höfum komið okkar málflutningi á framfæri skilmerkilega. Ég skil ekki þessa afbrýðissemi. En aðalatriðið er það að við virðumst vera sammála um það að ná fram hallalausum fjárlögum og ég skil að Alþfl. sé sammála því markmiði að hallinn á fjárlögunum 1996 verði ekki meiri en 4 milljarðar. Ég skil það svo að Alþfl. sé sammála því markmiði að fjárlögin 1997 verði hallalaus. Þetta eru aðalatriði málsins. Ef það er samstaða um það er það hið besta mál. Hins vegar skil ég það mjög vel að það geti verið deildar meiningar um það í hvað útgjöldin eigi að fara þannig að ég skil það þá svo að Alþfl. muni væntanlega koma með breytingartillögur um minni útgjöld í einhverja ákveðna málaflokka og meiri í aðra. Þetta finnst mér vera mjög málefnaleg stjórnarandstaða og ég hlakka til að hafa Alþfl. í stjórnarandstöðu með svo málefnalegum hætti í vetur.

[13:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við munum vissulega verða málefnaleg, en formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., víkur sér snilldarlega undan því sem er málflutningur minn, nefnilega að Framsfl. var með mjög billeg kosningaloforð uppi og ég er ekki að kvarta. Ég er bara að benda á að rök um staðreyndir komust illa til skila í þessum loforðaflaumi og að það stendur á því núna þegar Framsfl. er kominn að kjötkötlunum, er kominn til valda, að hann skili til baka til fólksins því sem hann lofaði svo fallega. Það er það sem ég gagnrýni og kalla eftir og við munum kalla eftir efndunum. Og það er sorglegt að sjá að í þessum fjárlögum er ekki einu sinni gerð tilraun til þess að halda í horfinu með þá stóru þætti sem Framsfl. gerði að málunum sínum, loforðunum sínum gagnvart þjóðinni. Þar er líka skorið niður. Það er þetta sem ég gagnrýni hér í þessari umræðu og við hæstv. utanrrh.

[13:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að hæstv. ráðherrar eiga við erfiðan og ramman reip að draga þar sem eru örðugleikar í ríkisfjármálunum. Satt að segja öfunda ég þá ekki af því hlutskipti að þurfa að reyna að greiða fram úr því, þar eru auðvitað mörg ljón sem þarf að kræka fyrir.

Staðreyndin er hins vegar sú að hæstv. utanrrh. er þungur á skriðinu og þegar hann er loksins kominn af stað á hann oft erfitt með að víkja sér undan. Og hann átti satt að segja í talsverðum erfiðleikum með að víkja sér undan eigin fortíð hér í sinni ræðu áðan.

Það er nefnilega svo að það er ekki rétt hjá honum að meginkosningaloforð Framsfl. hafi verið hallalaus fjárlög. Meginkosningaloforð Framsfl. var að skapa 12 þús. störf. Það er hægt að renna í gegnum allan málflutning forustumanna Framsfl., tína fram auglýsingar flokksins og sýna fram á þetta. Og það var ekki einungis að þeir forustumenn Framsfl. sem höfðu uppi þennan málflutning létu sér nægja að kasta fram loforðum. Þeir sögðu beinlínis að þar lægju að baki útreikningar sem sýndu að ef hagvöxtur yrði 3%, þá væri þetta kleift. Þá yrði kleift að skapa 12 þús. störf fyrir aldamótin. Það blasir við og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. fyrr í dag að hagvöxtur er nú 3% annað árið í röð. Með öðrum orðum er búið að ná þeirri forsendu sem Framsfl. gaf sjálfur fyrir sköpun þessara starfa. Hvernig er svo niðurstaðan? Hvernig eru svo efndir þessara loforða? Efndir loforða Framsfl. eru þannig að forustumenn launþegahreyfinganna í landinu hafa lagt sitt mat á fjárlögin og í stað þess að skapa störf þá er verið að fækka störfum um 900–1.500. Þetta er staðreyndin.

Það þarf líka að leiðrétta það hjá hæstv. utanrrh. þegar hann kemur hér og segir að það sé meginviðfangsefnið að skapa 12 þús. störf. Auðvitað er ég sammála honum um það eins og margt annað að það er viðfangsefni sem við þurfum að einhenda okkur sameiginlega að. Munurinn á mér og honum er hins vegar sá að hann lofaði 12 þús. störfum. Ég lofaði því aldrei. Ég er sammála því að þetta er viðfangsefni en hann ætlaði að færa þau á silfurbakka. Er það nema von að menn spyrji nú, hæstv. utanrrh., hvar eru þessi störf?

[13:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það var meginmálflutningur okkar í kosningabaráttunni að það þyrfti að skapa 12 þús. störf. Ég bið hann að koma með það orðalag mitt í sjónvarpi, blöðum eða annars staðar að ég stæði upp og lofaði nákvæmlega 12 þús. störfum. Annars er það ekkert aðalatriðið. Þetta er viðfangsefnið og um það virðumst við vera sammála. Það vill nú svo til þó að hv. þm. hafi svona óskaplega hátt út af því sem ég botna nú ekkert í. En forsenda þess að það geti tekist er að hér verði hallalaus fjárlög. Þannig að meginforsenda þess að hægt sé að standa við *þennan málflutning í kosningabaráttunni er hallalaus fjárlög*. Það er nú svo einfalt. Það þarf að örva hér fjárfestingu og fá erlenda aðila til að fjárfesta hér á landi og að þessu öllu er verið að vinna.

Það varð nú ekki mikill árangur í þessu sambandi á síðasta kjörtímabili, en ég ætla ekki að fara að ásaka neinn út af því. Við skulum vona að árangurinn verði meiri af því sem nú er að byrja. En *þetta er viðfangsefnið og við skulum bara* spyrja að leikslokum þegar líður nær aldamótunum hvernig gengur. Og þá skulum við sjá þegar upp verður staðið hvernig við stöndum okkur í þessu. Og ég vænti þess að Alþfl. vilji leggjast á þessar árar í stað þess að vera með þennan óskaplega hávaða út af því sem þeir eru sammála okkur um.

[13:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú þrátt fyrir allt talsvert annt um hæstv. utanrrh. og þann flokk sem hann leiðir. Við eigum sameiginlega fortíð sem teygir sig langt aftur eftir þessari öld. Þess vegna er það ekki nema von að ég komi hér upp og mér sé talsvert niðri fyrir þegar ég sé hæstv. utanrrh. leka hér niður undan sínum eigin loforðum.

Staðreyndin er þessi: Framsfl. lofaði 12 þús. störfum. Staðreyndin sem blasir við í dag er sú að hann leggur fram fjárlög þar sem störfum er fækkað um 900–1.500 talsins. Ég vil hins vegar vera sanngjarn við hæstv. utanrrh. og það er alveg hárrétt að hann var sá, ásamt hæstv. félmrh., sem minnst hafði sig í frammi með þessi loforð. Ég minnist þess að þremur dögum fyrir kosningar var gengið á hann í sjónvarpi og hann svona frekar fór að draga úr vegna þess að honum hafði auðvitað ofboðið þau loforð sem aðrir forustumenn og kosningastjórar höfðu gefið fyrir hönd Framsfl.

En ég skal hins vegar verða við þeirri áskorun formanns Framsfl. að leggja fram á síðari stigum þessarar umræðu gögn sem sýna svart á hvítu að þetta var loforð Framsfl.

Að því er varðar síðan það að við þurfum að fá hingað erlendar fjárfestingar, þá erum við sammála um það en hæstv. utanrrh. dettur niður á það plan að segja: Það var nú ekki mikið gert í því í tíð síðustu ríkisstjórnar. Hæstv. utanrrh. Hvaða fréttir erum við að lesa núna? Við erum að lesa að það séu átta fyrirtæki sem vilja kanna möguleika á að reisa hér áliðju. Það fylgir þeim fréttum að það sé vegna öflugs kynningar- og markaðsstarfs fyrrv. ríkisstjórnar. Það er nú staðreyndin, hæstv. utanrrh., sem blasir við þér og mér og öllum þeim sem lesa fjárlagafrv. að við erum núna, íslenska þjóðin og ríkisstjórnin ekki síst, að éta fyrningar síðustu ríkisstjórnar. Það var sá grunnur sem síðasta ríkisstjórn lagði sem gerir það að verkum að þrátt fyrir að þessi ríkisstjórn hafi heykst á því að skera niður útgjöld ríkisins er samt hægt að draga úr fjárlagahallanum vegna þess að veltan í þjóðfélaginu er meiri en áður. Vegna þess m.a. að fyrir tilstilli hv. þm. Sighvatar Björgvinssonar var lagður svo traustur grunnur að iðnaði að síðustu tvö árin hefur útflutningur iðnaðarvarnings frá Íslandi aukist um 20%. Og hæstv. utanrrh., það er með ánægju að ég afhendi þér þennan arf fyrir hönd Alþfl.

[13:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti halda að það væri alveg nóg að Alþfl. væri í ríkisstjórn einu sinni á öld, þá gæti þjóðin lifað á því í 100 ár. (**ÖS:** Framsfl.) Það er nú ekki þannig. Ég sagði ekkert um það. Ég var ekkert að ásaka síðustu ríkisstjórn í þessu sambandi. Ég var bara að benda á þá staðreynd að það var nánast engin erlend fjárfesting á síðasta kjörtímabili. Ég var ekkert að gera lítið úr því að það hefði ekkert verið reynt í því sambandi. Það var ýmislegt gert. Þannig að hv. þm. má ekki vera svona óskaplega hörundssár og viðkvæmur.

En að því er varðar að fjárlagafrv. fækki störfum, þá undrast ég þann málflutning. Ég undrast þann málflutning verkalýðshreyfingarinnar þegar sú spá liggur á borðinu sem sýnir ljóslega að samkvæmt undirstöðuatriðum hagfræðinnar er eina leiðin til að fjölga störfum að minnka ríkisútgjöldin þannig að vextirnir lækki, þannig að atvinnulífið fari út í fjárfestingar.

Ef menn vilja hins vegar lifa hér eingöngu á opinberri fjárfestingu og opinberum rekstri með því að safna skuldum og skapa störf þannig, þá er það rétt til skamms tíma. En sú skuldablaðra mun springa og það getur enginn ábyrgur stjórnmálaflokkur staðið að því. Ég skil því ekki ummæli verkalýðshreyfingarinnar í þessu sambandi og trúi ekki öðru en að þeir eigi eftir að fara betur ofan í þessi atriði og komast að annarri niðurstöðu. Því þessar fullyrðingar standast ekki og ég vonast til að hv. þm. Össur Skarphéðinsson fari nú ekki að taka þessa vitleysu upp.

[Fundarhlé. — 13:11]

[14:04]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrir rúmum sólarhring stóðum við hér og ræddum stefnu ríkisstjórnarinnar eins og forsrh. setti hana fram í stefnuræðu sinni en nú ræðum við stefnuna eins og hún birtist okkur í frv. til fjárlaga sem er auðvitað raunveruleikinn sjálfur. Þetta er mikil bók um mikið efni sem við flest okkar sáum fyrst fyrir þremur dögum.

Mér finnst rétt að nefna það strax og spyrja hæstv. fjmrh. — ef hann má heyra mál mitt sem hann gerir sennilega ekki þar sem hann er í síma hérna í hliðarsal. — Ég var að segja það, hæstv. ráðherra, að mér fyndist rétt að nefna það strax og spyrja hvort það sé rétt sem mér hefur verið sagt að ýmsir aðilar aðrir hafi fengið upplýsingar um efni frv. nokkru áður en það var lagt fram. Samkvæmt mínum heimildum á t.d. forusta Alþýðusambandsins að hafa fengið sérstakan fund um málið tíu dögum áður en frv. var lagt fram og ef það er rétt skýrir það auðvitað snögg viðbrögð þeirra við ýmsu sem þar er að finna og það kann líka að skýra að það voru að birtast fréttir í blöðum fyrir nokkru um einstök atriði frv. svo sem niðurskurð til vegamála o.fl. Sé þetta rétt er það vissulega athyglisvert að við alþingismenn skulum ekki njóta sama trúnaðartrausts og þessir aðilar, ekki einu sinni þeir sem sitja í fjárln. þingsins.

Mín fyrsta spurning til hæstv. fjmrh. er því sú hvort það sé rétt að fulltrúum ASÍ, VSÍ og e.t.v. fleirum hafi verið

kynnt efni þessa frv. áður en það var lagt fram á Alþingi sl. þriðjudag og ef svo er, hvenær var það gert og hvers vegna?

Eins og ég sagði er þetta mikil bók um mikið efni og langur vegur frá því að manni hafi gefist tími til þess að setja sig inn í það í smáatriðum. En ef ég reyni að draga saman í örfá orð það sem kemur í hugann við fyrstu yfirferð set ég í fyrsta lagi sannarlega spurningarmerki við margt í forsendum frv. sem einkennast líklega fremur af óskhyggju en raunsæi. Í öðru lagi er þar fátt að finna sem hleypt geti auknum krafti í atvinnulífið. Í þriðja lagi sé ég ekki betur en þarna sé verið að ávísa á aukið atvinnuleysi og minnkandi kaupgetu þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða. Í fjórða lagi er frv. heill frumskógur tilfærslna og breytinga á milli liða, frysting verðuppfærslna og fleira sem tekur sinn tíma að átta sig á og sjá hvernig þær koma út fyrir viðkomandi. Í fimmta lagi sé ég engin merki þess að menn hafi nokkurn raunverulegan vilja til að taka mark á háværri umræðu og kröfu um mannréttindi kvenna.

Svo að ég víki fyrst að forsendum frv. eru auðvitað talsvert breyttar aðstæður í efnahagsumhverfinu, lítil verðbólga, hagstæður viðskiptajöfnuður, meiri stöðugleiki en áður og bættur hagur fyrirtækja sem ættu að gera auðveldara að spá um þróun mála og gera áætlanir sem hafa möguleika til að standast. Þrátt fyrir þetta er ýmislegt í forsendum þessa frv. sem orkar tvímælis og er ekki rökstutt á sannfærandi hátt. Ég vildi gjarnan geta tekið undir þann bjartsýnistón sem fram kemur í þessum forsendum en hann virkar ekki sannfærandi þegar litið er t.d. til landflóttans sem ekkert lát er á og til skulda heimilanna sem hafa vaxið gríðarlega á undanförnum árum um leið og fyrirtækin hafa verið að grynnka á sínum skuldum. Það er viðurkennt af sérfræðingum að skuldaþol heimilanna nálgast óðfluga efstu mörk og þá muni óhjákvæmilega draga úr eyðslu. Hæstv. ráðherra, þá mun óhjákvæmilega draga úr einkaneyslunni sem er aftur einn grunnþátta þess að hagvöxtur haldi áfram að aukast.

Ef menn vildu gefa sér það að skuldir heimilanna gætu farið lækkandi hlyti það að vera í samhengi við aukinn kaupmátt og vissulega er því haldið fram að kaupmáttur hafi vaxið og muni halda áfram að vaxa. En þá er ekki tekið með í reikninginn að einstaklingar hafa verið látnir taka á sig aukin fjárútlát, svo sem vegna þjónustugjalda, hærri skólagjalda, lyfja- og lækniskostnaðar og vegna þjónustu af ýmsu tagi og ekki er nú aldeilis í bígerð að draga úr slíku né láta þar við sitja heldur á nú að taka gjöld af fólki í auknum mæli. Þar eru áform um víðtækari gjaldtöku fyrir læknisverk, jafnaðargreiðslur vegna biðlistaaðgerða. Það á að lækka mæðra- og feðralaun, svipta ellilífeyrisþega frá 67 ára til sjötugs afslætti af greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf og sitthvað fleira sem við eigum eftir að fá nánari skýringar á. Halda menn virkilega að þetta sé til þess fallið að auka kaupmáttinn?

Nú eru leiðir til þess að auka kaupmátt sem ástæða er til þess að íhuga nú þegar skuldaþol heimilanna er að nálgast efstu mörk, þegar einstaklingar og heilu fjölskyldurnar eru lagðar á flótta úr landi í leit að bærilegri lífskjörum. Slíkt ástand kallar á önnur viðbrögð en birtast í þessu frv. til fjárlaga næsta árs.

Ein leiðin væri uppskurður skattkerfisins sem að vísu er áformað að taka til við á næsta ári. Það er bara of seint fyrir marga sem eru þá þegar flúnir þetta ástand og koma vafalaust ekki aftur í bráð. Búið er að létta sköttum af fyrirtækjunum og bæta skattaumhverfi þeirra og nú er röðin komin að einstaklingunum og þó fyrr hefði verið. Það er hins vegar öðru nær samkvæmt þessu frv. Samkvæmt því á að frysta persónuafsláttinn sem þýðir það að hann hækkar ekki eins og hann á að gera í samræmi við verðlag. En á móti er sagður koma sá ávinningur sem fékkst þegar lífeyrisiðgjöld voru undanþegin skatti. En því í ósköpunum mega almennir skattgreiðendur ekki með nokkru móti hagnast á skattbreytingum eins og afnámi skattlagningar á lífeyrisiðgjöld heldur er alltaf rembst við að taka ávinning á einu sviði til baka á einhverju öðru?

Hæstv. fjmrh. sagði að öllum hefði mátt vera ljóst þegar þetta afnám skattlagningar á lífeyrisiðgjöld var lögfest að það tekjutap yrði bætt upp með öðrum tekjum og vissulega höfðu menn áhyggjur af þeim yfirlýsingum. En ég hygg að menn hafi þá frekar haft eitthvað annað í huga, t.d. tekjur af fjármagnstekjuskatti, en í frv. er ekki gert ráð fyrir þeim tekjum, þær eru enn í blámóðu fjarskans.

Löngu er kominn tími til að bæta hag einstaklinganna á sama hátt og fyrirtækjanna annaðhvort með lægri skattprósentu eða hækkun persónuafsláttar og gera það þá svo að um muni og fyrir því eru sanngjörn rök, bæði félagsleg og hagfræðileg. Það er beinlínis óskynsamlegt að þjarma svo að fólki að það geti mest litlu ráðið um eyðslu sína og ég minni aftur á að einkaneyslan er einn af undirstöðuþáttum hagvaxtar sem er eitt helsta markmið þessarar ríkisstjórnar. Hæstv. ráðherra sagði áðan að meginatriðið í því að efla hagvöxt væri að stöðva hallarekstur ríkissjóðs. En það er ekki síður mikilvægt að hleypa krafti í atvinnulífið og bæta hag einstaklinganna sem er mikilvæg forsenda þess að auka tekjur ríkisins og draga úr hallarekstrinum. Kannski er líka við hæfi að minna á að veruleg hækkun skattleysismarka var eitt af því fáa sem frambjóðendur allra flokka voru sammála um fyrir kosningarnar 1991 en af einhverjum ástæðum reyndust þeir ekki langminnugir um það efni.

Þá er útilokað að líta fram hjá því að launaþróun kann að verða með allt öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir. Launamálin eru í algeru öngstræti og þarf lítið til að upp úr sjóði. Almennt launafólk er búið að taka á sig gífurlegar byrðar á undanförnum árum og hefur reynt að sætta sig við þær í trausti þess að afkomubati fyrirtækjanna og ríkissjóðs skili sér að lokum til þess eins og því hefur alltaf verið sagt. Þetta fólk er orðið yfir sig þreytt og sættir sig ekki við vaxandi launabil og misskiptingu. Mér finnst satt að segja ákaflega ótrúlegt að það reyni ekki að sækja á um leiðréttingu kjara sinna fyrr en gert er ráð fyrir í forsendum þessa frv. Þarna ætti ríkið auðvitað að ganga á undan með góðu fordæmi og marka stefnu um aukinn launajöfnuð, t.d. með því að beita krónutöluhækkunum eins og Kvennalistinn hefur oft lagt til og eins og hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni í fyrradag. Hann var þar að bregðast við launaumræðunni í þjóðfélaginu á allt annan og skynsamlegri hátt en hæstv. forsrh. gerði við sama tækifæri og fannst mér það aðlaðandi hugmynd sem hann nefndi að stjórnmálamenn og aðilar vinnumarkaðarins settust niður saman og reyndu að móta, ef ég man rétt orð hans, siðferðilegan ramma fyrir kjarasamninga í framtíðinni. Það þarf ekkert að undra þótt mér þætti það aðlaðandi hugmynd vegna þess að mjög svipaða hugmynd settum við kvennalistakonur fram í viðræðum um myndun ríkisstjórnar fyrir átta árum.

Hins vegar er kannski ekki beint grundvöllur fyrir slíkt þessa dagana með síðustu ákvarðanir í launamálum hangandi yfir höfðum manna. Slík aðgerð yrði að byggjast á tiltrú og

heilindum en mér finnst sú spá um þróun launamála sem er ein af forsendum þessa frv. ekki sérlega traustvekjandi.

Eitt er mjög skynsamlegt í þessum forsendum, svo að maður sé nú ekki bara á efasemdarnótunum, og það er að menn skuli ekki gera ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum enda *fullkomin óvissa um hvernig þær þreifingar muni ganga.* Sporin hræða vissulega í þessu efni. Hins vegar liggur ljóst fyrir að það verða færri atvinnutækifæri en verið hefur vegna framkvæmda á vegum hins opinbera. Það gefur auðvitað auga leið. Það munar um minna en tveggja milljarða kr. niðurskurð.

Reyndar mætti flytja langan fyrirlestur um framkvæmdir hins opinbera, skynsamlegar og óskynsamlegar sem hafa oftlega allt eins tekið mið af félagslegum aðstæðum eins og fjárhagslegum. *Nú er ég alls ekki að segja að það sé rangt.* Félagslegar aðstæður, byggðasjónarmið og annað verða að vera inni í myndinni. En allt of oft hafa framkvæmdir á vegum hins opinbera, sérstaklega ríkisins, verið allt of dýrar eða óhagkvæmar og ekki verið tekið tillit til þess hvernig þær eru í rekstri. Misvitrir ráðamenn hafa gert fáránlegar kröfur um stærð húsa, hönnuðir hafa leikið lausum hala, hús hafa verið allt of lengi í byggingu o.s.frv. og á þessu öllu þarf að taka og halda vel utan um allar slíkar framkvæmdir. *En nú á ekki að byrja á neinu, jafnvel ekki á húsum sem* þegar hefur verið samið um, jafnvel ekki bráðnauðsynlegum framkvæmdum við byggingu húss sem mundi auka verulega hagkvæmni reksturs og með þessu er ég að vísa til D-álmu Sjúkrahúss Suðurnesja. Sú sorgarsaga verður ekki rakin í þessari atrennu en að sjálfsögðu verður farið ofan í það mál á vettvangi nefndarinnar.

Hvað varðar niðurskurð til vegamála um 500 eða 700 millj., eftir því við hvað maður miðar, þá kæmi mér ekkert á óvart þó að sú upphæð birtist aftur í einhverju átaki á næsta vori. Það er rétt eins og hæstv. ráðherrar vilji hafa skiptimynt uppi í erminni ef þeir þurfa á að halda.

Þessi framkvæmdafrysting mun að sjálfsögðu hafa mikil áhrif á atvinnustigið í landinu og það er ekkert vafamál að verktakar naga nú neglur sínar í skelfingu. Ég skil reyndar ekki með nokkru móti þá trú manna sem staðhæfa hér í greinargerðinni að atvinnulífið muni taka þann kipp á næsta ári að það dugi til að vega upp þann samdrátt sem verður hjá ríkinu, einkanlega í fjárfestingum. Hæstv. fjmrh. studdi þetta m.a. þeim rökum að með minnkandi hallarekstri ríkissjóðs *minnkaði þörf hans fyrir lánsfé og þar með rýmkaði um* á lánsfjármarkaði fyrirtækjunum til hagsbóta. En ég leyfi mér að efast um mikil áhrif þess því að ríkissjóður hefur náttúrlega að undanförnu fyrst og fremst leitað á erlendan lánsfjármarkað. Fyrirtækin eru mjög feimin við að auka umsvif og þau spara við sig mannafla eins og þau frekast geta. Þau eru vissulega farin að auka fjárfestingar, það er rétt. En það er fyrst og fremst í vélum og tækjum, tölvum og tæknibúnaði. Þau eru því frekar að skapa mönnum vinnu í útlöndum en hér á landi og það er nú athugandi t.d. fyrir hæstv. félmrh. sem er áhugamaður á því sviði. Það er heldur aumleg niðurstaða fyrir flokk hans ef *drjúgur hluti þeirra* fjölmörgu starfa sem hann lofaði að skapa verða í útlöndum samanber þetta atriði svo og landflóttann mikla.

Það er því nauðsynlegt að mínu mati að auka með einhverjum hætti kraftinn í atvinnulífinu en það eina sem mér virðist ríkið ætla að gera til þess að stuðla að uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu er aukin áhersla á menntun, rannsóknir og þróunarstarfsemi og það er lofsvert. Það er vissulega lofsvert. Það er mjög mikilvægt og á það höfum við kvennalistakonur ítrekað bent. Það skilar sér til lengri tíma litið og er alveg bráðnauðsynlegt. Ég hygg að hv. 19. þm. Reykv. muni koma eitthvað inn á þetta. Hún mun fjalla síðar í umræðunum um þá þætti sem lúta að menntamálum þjóðarinnar. En ég sé ekkert í þessu frv. sem styður það að atvinnulífið muni taka einhvern kipp á næsta ári nema menn séu að gera ráð fyrir framkvæmdum við álver og virkjanir þó að þeir segist ekki gera það.

Ég hef þá farið yfir nokkra þeirra þátta sem mér virðast einkenna frv. við fyrstu yfirsýn og skýrt ástæðurnar fyrir því að mér finnst þessi smíði standa á hálfgerðum brauðfótum. Nánar að smíðinni sjálfri. Ég nefndi í upphafi að eitt af því sem vekti athygli við fyrstu yfirferð er heill frumskógur tilfærslna og breytinga sem fara þarf gaumgæfilega yfir til að átta sig á því hvaða afleiðingar þær hafa fyrir viðkomandi. *Ég viðurkenni að ég er full tortryggni og án þess að ég sé nú* að gera því skóna að frumvarpssmiðir séu einhverjir óþokkar sem hafa setið við það að finna upp leiðir til þess að þjarma að hinum og þessum í þjóðfélaginu og þá helst hinum minna megandi, sjúkum, öldruðum, öryrkjum, einstæðum mæðrum, ekkjum, námsmönnum, atvinnulausum o.s.frv., þá er það nú svo að allt þetta fólk hefur orðið fyrir barðinu á þeim og verður það að teljast heldur lítill garpsskapur. Það eru miklar hundakúnstir í kringum þessar tilfærslur svo að það *er hreint ekkert einfalt að átta sig á afleiðingum* þeirra en þó má yfirleitt móka að einstaklingarnir fara halloka þegar upp er staðið. (Gripið fram í.) Þó að ég hafi nú nefnt þetta með garpsskapinn, hæstv. ráðherra, þá er nú óþarfi að verða mjög viðkvæmur. Hæstv. ráðherra hefur nú tekið við öðru — eins og reyndar alþingismenn allir.

Ég hef áður nefnt áform um víðtækari gjaldtöku fyrir læknisverk. Þetta er t.d. orðað þannig í greinargerðinni á bls. 324–325 að það eigi, með leyfi hæstv. forseta, „að auka sértekjur sjúkrahúsanna um 104 millj. kr. með því samræma greiðslur notenda fyrir þjónustu sem unnin er utan og innan sjúkrahúsa og endurskoða gjaldtöku fyrir *glasafrjóvganir*". Þessi samræming sem þarna er talað um er að sjálfsögðu samræming upp á við. Það á að fara að taka greiðslu fyrir verk sem ekki hefur áður verið tíðkað en það er ekkert leyndarmál að það hefur verið tilhneiging til þess að létta frekar undir með þeim sem hafa lítil efni með því að þjónusta þá á sjúkrahúsunum svo að það er ekkert vafamál á hverju þessi *samræming* sem svo er kölluð muni bitna fyrst og fremst. Endurskoðun gjaldtöku fyrir glasafrjóvganir mun svo þýða það í raun að gjald *fyrir þá þjónustu* verði hækkað um u.þ.b. 100% ef upplýsingar mínar eru réttar. Nú er hæstv. heilbrrh. því miður ekki við til þess að svara fyrir þessar hugmyndir en hún mun væntanlega verða krufin svara innan tíðar. (**Gripið fram í:** Krafin.) Krafin, afsakið, ég þakka leiðréttinguna. Það er líklega af því að við vorum að ræða heilbrigðismálin sem ég tók óvart svona til orða en ég ætla nú ekki að gerast svo aðgangshörð að ég fari að kryfja hana.

En hvað eru hæstv. ráðherrar eiginlega að hugsa í þessu *efni?* Ég vænti að hæstv. fjmrh. viti eitthvað um þetta. Veit t.d. ráðherra ekki að sumir þurfa að fara oftar en einu sinni í slíka aðgerð og greiða nú þegar *mjög háar fjárhæðir fyrir* þessa þjónustu? Það er þá rétt að spyrja hæstv. fjmrh. um þessar upphæðir, hvernig þessi samræming er hugsuð og hvaða upphæð það er sem þeir geta búist við að þurfa að greiða sem fara í glasafrjóvgun. Ég held að ég hafi heyrt töluna u.þ.b. 200.000 kr. sem yrði eftir að þetta kæmist á.

Þá fengum við það upplýst í fjárln. í gær að það væri áformað að láta fólk greiða eitthvert gjald fyrir svokallaðar biðlistaaðgerðir en eftir væri að útfæra það nánar. Hér virðist mér helst um að ræða t.d. bæklunaraðgerðir en eins og allir vita er fjöldi manna langtímum saman á biðlista eftir slíkum aðgerðum. Sumir verða fyrir miklu tekjutapi meðan þeir bíða auk þeirra þrauta sem þeir verða að þola og ætla menn nú virkilega að fara þar á ofan að leggja á greiðslur vegna þessara læknisaðgerða? Allt er þetta heldur óljóst og óhjákvæmilegt að kalla eftir nánari skýringum.

Þá hlýt ég að benda á þá fyrirætlun að lækka mæðra- og feðralaun en í greinargerðinni er sagt, með leyfi hæstv. forseta, að til að „vega upp á móti lækkun þessari er fyrirhugað að draga úr tekjutengingu barnabótaauka í skattkerfinu". Það dæmi þarf auðvitað að fá svart á hvítu svo að menn hafi það alveg á hreinu hverjir tapa því að einhverjir tapa örugglega.

Þá hafa menn e.t.v. tekið eftir eftir því sem stendur neðst á bls. 317 að gert er ráð fyrir að spara 40 millj. kr. með því að hætta að veita ellilífeyrisþegum á aldrinum 67–70 ára afslátt á greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf. Það er reyndar orðað á svolítið annan hátt í greinargerðinni en þetta er það sem það merkir og þetta eru nú áherslurnar, hæstv. ráðherra.

Loks vil ég benda á athyglisverðan lið í öllum þessum sparnaðaráformum sem hefur aldeilis gríðarlegan sparnað í för með sér eða heilar 5 millj. kr. sem eiga að sparast við það að fella niður ekkjulífeyri. Reyndar virðist tilgangurinn ekki vera þessi mikli sparnaður í raun heldur skýrist hann með hreint yndislegri athugasemd á bls. 327, með leyfi hæstv. forseta. Þar er sagt svo:

„Með þessari breytingu er komið á fullt jafnræði milli kynja gagnvart bótagreiðslu vegna fráfalls maka." Verður mér nú sem stundum áður hugsað til ágætrar persónu í bók eftir Guðrúnu Helgadóttur, rithöfund og fyrrv. forseta Alþingis, en sú persóna fann til mikillar hlýju vegna eigin göfgi og varð að orði við tvíburabróður sinn: „Nú erum við aldeilis góðir." Þetta er sem sagt hægt að gera í nafni jafnréttis þó að menn sjái enga leið til að taka á ýmsu misrétti á hinn veginn eins og t.d. launamisrétti kynjanna. Þó er nú greinilega mikill og einlægur vilji til að taka á því máli sérstaklega eins og sést ef litið er yfir lista yfir nokkur verkefni sem talin eru upp sem áhersluatriði og framtíðarverkefni í ríkisfjármálum og hæstv. ráðherra fór nokkuð í það hér áðan. Þá upptalningu er að finna á bls. 242–243 í greinargerð frv. og 7. liðurinn í þeirri upptalningu hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnréttismál kynnt. Fjmrh. hefur ákveðið að taka jafnrétti karla og kvenna í kjaramálum til sérstakrar skoðunar. Einnig er fyrirhuguð kynning meðal ríkisstarfsmanna um stöðu jafnréttismála."

Þetta sýnir náttúrlega mikinn áhuga á málinu. En því miður er minna um útlistun á því hvernig á að nálgast það en um flest önnur verkefni sem þarna eru talin upp. Það er nefnd um sparnað í rekstri. Það á að stofna nefnd til að finna leiðir til að lækka jaðarskatta. Það er fyrir hendi framkvæmdanefnd um hert eftirlit, það er nefnd um endurskoðun lífeyrismála, það er nefnd um nýja starfsmannastefnu og svo mætti áfram telja og allt er þetta harla gott og verkefnin lofsverð. En engin útlistun er á því hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að taka jafnrétti karla og kvenna til sérstakrar skoðunar. Ætlar hann að skoða þetta svona prívat og einhvern tíma í framtíðinni eða er einhver marktæk áætlun að baki þessu? Hvernig ætlar hann að vinna þetta verkefni? Á hvern hátt ætlar hann að taka jafnrétti kvenna og karla til sérstakrar skoðunar? Gætum við fengið svolítið meira að vita um fyrirhugaða kynningu meðal ríkisstarfsmanna? Mér fannst hann ekki skýra neitt af þessu í máli sínu hér áðan.

Nú tók ég eftir því að búið er að dreifa fyrirspurn frá nöfnu minni, hv. 14. þm. Reykv. og ef hæstv. ráðherra hefur ekki svörin núna, er velkomið að bíða með að heyra þau þangað til hann er búinn að ákveða þetta betur og getur skýrt það nánar þegar sú fyrirspurn verður rædd.

Það var ekki ætlun mín að fara mjög nákvæmlega út í mörg atriði í útgjaldahlið frv., aðeins drepa á fáeinu sem ég hef tekið sérstaklega eftir. Við munum væntanlega fá svör við spurningum okkar í störfum nefndarinnar en þó eru hér örfá atriði sem ég vil nefna í 1. umr. um frv. og þá frekast varðandi það sem mér finnst vanta í frv. Þó aðeins örfá atriði.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það — og nú væri ágætt ef báðir hæstv. ráðherrar, sem eru að ræða saman, hlusta því að það varðar þá báða eða jafnvel alla ráðherrana. — Það hefur verið nokkur umræða í þjóðfélaginu að undanförnu, þó að hún mætti vissulega vera meiri, um frammistöðu okkar Íslendinga í málefnum flóttamanna. En við höfum vægast sagt af litlu að státa í því efni. Þó stóð ég í þeirri trú að við ætluðum að reyna að taka okkur á og hefði jafnvel verið stofnað eitthvað sem heitir flóttamannaráð til þess að gera tillögur um betri tök á málinu. Ég hef ekki fundið neitt í frv. sem gæti tengst þessu verkefni og því spyr ég: Er ekki ætlunin að reka af okkur slyðruorðið í þessu efni og er þá hægt að finna þess stað einhvers staðar í frv.?

Það væri út af fyrir sig réttmætt og sjálfsagt að nefna nokkur atriði sem gleðja mann við fyrstu yfirferð yfir frv. en það liggur beinast við að nota þennan stutta tíma til að benda á það sem betur má fara. Þó vil ég ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni með tvennt sem ég rak augun í í kafla 06 um dómsmrn. þar sem annars vegar er um að ræða fjárveitingu til rannsókna á heimilisofbeldi og hins vegar til lögfræðiþjónustu við neyðarmóttöku vegna nauðgana. Það er sjálfsagt að benda á það sem vel er gert þó að hér sé e.t.v. ekki um nægilega háar upphæðir að ræða en það verður að athuga betur og þetta gleður auðvitað okkur kvennalistakonur sem höfum barist fyrir þessum málum frá upphafi.

Hitt er svo afar slæmt og mjög alvarlegt mál að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum vegna framkvæmda laga um bótagreiðslu ríkisins til þolenda afbrota. Þau lög eiga að taka gildi 1. janúar nk. og ná jafnframt til brota sem framin voru eftir 1. janúar 1993. Hér er um mikla réttarbót að ræða fyrir þolendur ofbeldisbrota en það hefur jafnan reynst þrautin þyngri að sækja bætur í hendur afbrotamanna. Áform um frestun á gildistöku þessara laga eru skelfileg tilhugsun fyrir þetta fólk. Ég vakti máls á þessu í umræðum um stefnuræðu forsrh. í fyrrakvöld og kvaðst mundu spyrja að því við þessa umræðu hvort hæstv. dómsmrh. ætlaði virkilega að leggja til við Alþingi að gildistöku laganna yrði frestað og ef svo væri hversu langa frestun menn væru að áætla og hvaða áhrif það hefði á afturvirkni laganna. Ég fann reyndar svarið í morgun en ég var ekki áður búin að skoða svo langt, ég var ekki búin að líta á hinn svokallaða þrátt-fyrir-kafla. Hæstv. ráðherra verður að fyrirgefa mér, það er svolítið langt síðan ég hef setið í þessari nefnd og ég var búin að gleyma því að gá að þessum kafla sem er alltaf mjög athyglisverður en hann er á bls. 403 í frv. Þar kemur fram að ætlunin er að fresta gildistökunni um eitt ár og það á jafnframt að færa til afturvirknina þannig eins og stendur hér á bls. 403, með leyfi hæstv. forseta: „og jafnframt að ákvæði laganna gildi

um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. jan. 1994 og síðar í stað 1. jan. 1993". Hér stendur það svart á hvítu. Og til hvers var verið að gefa fólki von til þess eins að svipta það henni strax aftur? Ég lít mjög alvarlegum augum á þessar fyrirætlanir og mun berjast gegn þeim af öllum mætti.

Þá vil ég taka undir hvert orð sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði í ræðu sinni um aðgerðaleysi gagnvart þeim vanda sem leiðir af aukinni fíkniefnaneyslu og vaxandi ofbeldi.

Þá hlýt ég að gera athugasemd við þá meðferð sem ferðamálin fá rétt eina ferðina. Metnaðarleysi stjórnvalda gagnvart þessari atvinnugrein er hreint með ólíkindum, atvinnugrein, sem hefur fært okkur fjölda nýrra starfa og aflar okkur sífellt meiri gjaldeyris eins og ég benti rækilega á í umræðunum í fyrradag. Flestir hér þekkja væntanlega sorgarsögu fjárveitinga til þessa málaflokks sem aldrei hefur fengið það fé sem honum ber lögum samkvæmt og væri hreinlegra að breyta þeim lögum ef menn eru svona harðákveðnir í að standa aldrei við þau. Þær upphæðir skipta hundruðum millj. sem Ferðamálaráð hefur verið svipt með árlegum niðurskurði í fjárlögum nú í bráðum 20 ár. Þessi meðferð hefur að sjálfsögðu gert ráðinu gersamlega ókleift að sinna lögboðnum verkefnum sínum. Menn geta haft þá skoðun að greinin eigi sem mest að standa á eigin fótum og mér er fullkunnugt um að hún vill það. En það eru ákveðnir þættir sem hið opinbera verður að sinna svo sem ákveðnum samskiptum og upplýsingum og almennri landkynningu hér heima og erlendis og ekki síður að vernda náttúru landsins og búa svo í haginn að henni verði skilað óskemmdri til komandi kynslóðar. Það mikilvæga verkefni verður að vera undir stjórn og að frumkvæði hins opinbera og til þess þarf fé. Það er hættulegt að láta þau mörgu verkefni á þessu sviði danka og bíða árum saman. Náttúran og umhverfið eru undirstaða þessarar atvinnugreinar og reyndar fleiri og það mundi því kallast að drita í nytina sína að skemma þá auðlind. Andvaraleysi í þessum efnum jafngildir að mínu mati skemmdum. Ég mun taka þetta nánar upp á vettvangi nefndarinnar en vona að ráðamenn fari einhvern tíma að taka varnaðarorð mín alvarlega. Ég tek það fram að ég lít ekki á þetta sem eyðslutillögu því að þetta er mál sem við þurfum að sinna til þess að fá það aftur í tekjum.

Hæstv. fjmrh. talaði um bætt skatteftirlit sem hefur skilað árangri og það er vel. Því starfi á að halda áfram. Það væri gott að fá nánari skýringar á orðum hans þar sem hann varaði við nornaveiðum í því sambandi og lagði áherslu á jafnrétti skattgreiðenda til þess að kæra skattlagningu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað átti hann við með þessum orðum?

Loks vil ég spyrja hann um sparnað í rekstri ráðuneyta og ríkistofnana. Það er ekki skýrt á neinn hátt og ég spyr: Hvernig er ætlunin að standa að þeim sparnaði? Hvað t.d. með risnu og ferðakostnað? Hver er hann áætlaður á næsta ári? Ég hef a.m.k. ekki fundið hann í frv.? Hver er hann áætlaður á næsta ári t.d. í ráðuneytunum og eru einhver áform uppi um að lækka hann? Mér er fullkunnugt um að reynt hefur verið að taka á þessu máli en það gengur sjaldnast mjög vel og þess vegna er nauðsynlegt að móta einhverjar reglur sem menn geta farið eftir og er ætlað að fara eftir.

Herra forseti. Það eru fjölmörg atriði sem ástæða hefði verið til þess að ræða og spyrja út í en um mörg þeirra hefur nú þegar verið rætt og verður sjálfsagt síðar í umræðunni og í nefndinni og ég læt því hér staðar numið.

[14:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er kannski fremur svar en andsvar en ég held að það sé nauðsynlegt á þessari stundu og þessu stigi að svara einni fyrirspurn sem kom fram ef það getur liðkað til við framhald umræðunnar og snýr að því hverjum hafi verið kynnt frv. áður en það var lagt fram. Það skal sagt eins og er að frv. hefur engum verið kynnt öðrum en þeim sem þurfa að bera ábyrgð á því, þ.e. stjórnarflokkunum og ríkisstjórninni. Hitt er svo annað mál að það eru tveir aðilar, annars vegar aðilar vinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, og hins vegar Samband ísl. sveitarstjórna sem hafa fengið upplýsingar um það hvaða atriði það eru í frv. sem gætu snert þessa tilteknu aðila sérstaklega. Það er gert á þeim grunni að um sé að ræða trúnaðarmál. Einstökum tölum sem um er að ræða og koma inn í frv. er ekki lýst heldur er fremur fjallað um þau grundvallaratriði sem málið snýst um.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þessi háttur hefur verið hafður á. Þetta hefur oft gerst áður og í reynd er það svo að þessir aðilar og þá kannski einkum og sér í lagi aðilar á vinnumarkaði hafa ætlast til þess að stjórnvöld sýndu þeim þá virðingu ef svo má að orði komast að láta þá vita fyrir fram nokkurn veginn við hverju þeir gætu búist í frv. Ég skal hins vegar viðurkenna að þetta getur skýrt þá fyrirhyggju Alþýðusambandsins að vera búið að svara nokkrum atriðum frv. jafnvel áður en það var lagt fram. En ég hygg að ég geti ekki með góðu móti sakað þá um að hafa brotið trúnaðinn því að fréttastofum var sent blað frá ASÍ, að mér er sagt, nokkrum tímum eftir að frv. var lagt fram hér á Alþingi, einum tveimur tímum seinna. Auðvitað liggur ljóst fyrir að texti þess blaðs sem kemur reyndar ekki út fyrr en í dag hafi verið settur og sleginn inn á tölvur a.m.k. áður en frv. var lagt fram á þinginu. Ég tel mjög mikilvægt að það sé Alþingi sem fyrst sjái frv. en þessi háttur hefur verið hafður á nokkrum sinnum.

[14:42]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin, hæstv. ráðherra. Mér var alls ekki ljóst að það væri hefðbundinn gangur mála að kynna þetta þannig fyrir þessum aðilum. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ekki við hæfi að nefndarmenn í fjárln. njóti ekki sama trúnaðar og fulltrúar þessara aðila. Mér finnst ekki við hæfi að alþingismenn njóti ekki sömu aðstæðna og fulltrúar þessara aðila.

[14:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði á það sem hv. þm. segir um þetta mál en ég vek athygli á því að hér er um að ræða aðila sem telja sig jafnvel hafa gert samninga við ríkisvaldið og það hefði verið talið eðlilegt að kynna slíkum aðilum þau tilteknu efnisatriði sem þau samningsatriði gætu snert. Ég tek skýrt fram að það var ekki verið að kynna þessum aðilum frv. í heild eða einstök önnur atriði frv. Það var ekki gert heldur einungis fjallað án talnaefnis um þau atriði sem gætu snert viðkomandi aðila og hugsanlega gætu snert samninga sem þeir hefðu gert við ríkisvaldið eða atriði sem þessir aðilar þyrftu að fást sameiginlega við. Það kann að vera að sumt í frv. hafi verið kynnt viðkomandi aðilum áður en frv. var lagt fram og kann að vera að einstakir ráðherrar hafi rætt við þá sem hugsanlega lenda í skerðingum vegna frv. á því stigi þegar frv. er í vinnslu. Ég tel að slíkt heyri til góðra vinnubragða og hafi ekkert með það að gera þá kynningu

fyrir hv. þingmönnum fjárln. sem fá að sjálfsögðu frv. um leið og það er lagt fram á Alþingi og ég tek skýrt fram að stjórnarþingmenn fá ekki frv. áður en stjórnarandstöðuþingmenn fá frv. í heild sinni í hendur. Ég vona að þetta skýri það sem hér hefur verið rætt um. Það er ekki hægt að smíða frv. án þess að ræða við fjölda aðila og í sumum tilvikum telst það til góðra mannasiða að ræða við þá sem við höfum gert samninga við.

[14:45]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í fjárlagafrv. birtist stefna stjórnarinnar mun betur útfærð en í svokallaðri stefnuræðu sem við heyrðum hér fyrir nokkrum dögum. Það er þrennt sem vekur athygli í þessu frv. Það er engin ný hugsun í því, það eru engar kerfisbreytingar. Það er afnumið fyrirkomulag bóta eins og var hér áður, þ.e. bóta sem voru tengdar vísitölu og samningum á vinnumarkaði. Þetta er kjararýrnun til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Þetta sýnir forgangsröðun ríkisstjórnarinnar og það má benda á að um leið og þessi venja er afnumin, þá er verðtryggður búvörusamningur til aldamóta. Þetta lýsir betur en margt annað hvaða augum ríkisstjórnin lítur á forgangsmál.

Þetta frv. er samdráttarfrv. Það slær á möguleika aukins hagvaxtar og það eru ekki nýtt tækifæri sem eru vissulega til í okkar efnahagsumhverfi. Það er svo með fjárlagafrv. að það er aldrei betra en þær forsendur sem það byggir á. Þetta frv., eins og reyndar fyrri frumvörp, byggir fyrst og fremst á launastefnunni frá 1990 sem hefur verið kölluð þjóðarsátt. Þessi launastefna var mótuð sameiginlega af launafólki. Stjórnmálamenn komu minnst að mótun þessarar stefnu. Hún var sameiginlegt átak nokkurra aðila innan verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda. Þessi stefna fól í sér að hætt var að mæta kostnaðarhækkunum í sjávarútvegi með sífelldum gengislækkunum. Það var samið um sáralitlar kauphækkanir og ríkisvaldið tók virkan þátt í samningsgerðinni. Þetta dæmi gekk upp, verðbólgan hvarf og langþráður stöðugleiki hélt innreið sína. Þetta var endurtekið við samningaborðið nokkrum sinnum en auðvitað vissu allir að hér var verið að frysta vandamál. Það var fryst staðan fyrir 1990, það var fryst mismunun í launum, visst óréttlæti en menn sættu sig við þetta verð sem menn voru reiðubúnir til að greiða fyrir stöðugleikann.

Á þessu tímabili hefur einnig verið samið um skattalækkanir til fyrirtækja til að styrkja þau í samkeppni. Launafólk tók hærri skatta á sínar herðar og nú síðast greiddi ríkið fjóra milljarða fyrir vinnuveitendur í almennum kjarasamningum. Og síðustu kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru þannig greiddir niður um einn þriðja. Það er þessi launastefna sem átti rétt á sér 1990 sem gengur ekki lengur. Það er eðlilegt að spurt sé: Hver er launastefna ríkisstjórnarinnar um þessar mundir þegar við blasir 20% launahækkun ráðherra? Það blasa við nýir ráðherrabílar. Það blasa við sérstök skattalög fyrir alþingismenn. Það er engin furða þó að almenningur spyrji sig: Hver eru skilaboðin? Það verður að vinna aftur trúnað fólks í landinu en það þarf líka að huga að því af hverju hagur launafólks hefur ekki batnað eins og að var stefnt þegar lagt var upp með þessa stefnu. Ein af ástæðunum og líklega aðalástæðan fyrir því er sú að íslensk fyrirtæki eru með einna lægstu framleiðni í Evrópu þrátt fyrir að greiða einna lægstu skatta fyrirtækja í álfunni. Þetta er ástæðan fyrir lágum taxtalaunum og því að Íslendingurinn verður að vinna langan vinnudag til að hafa í sig og á og í samdrætti í eftirvinnu er þetta ekki auðvelt.

Þjóðarframleiðslan á hverja vinnustund er hérlendis einna lægst í Evrópu og það eru einungis Portúgalar, Grikkir og Tyrkir sem eru fyrir neðan okkur. Fyrir ofan eru 14 þjóðir í Evrópu auk Bandaríkjanna og Kanada. Við erum mjög neðarlega í margvíslegum, alþjóðlegum samanburði og það dugar ekki sem framtíðarstefna.

Láglaunastefnan skal hins vegar að mati ríkisstjórnarinnar varin með öllum tiltækum ráðum. Að vísu ekki gagnvart ráðherrum, en þessi ríkisstjórn ver ekki hagsmuni launafólks né þeirra sem þurfa á öryggi í umhverfi sínu að halda hvort sem er í velferðarkerfi eða á sviði menntamála.

Atvinnuleysi hefur aukist þrátt fyrir gagnstæðar spár stjórnvalda. Það bólar ekkert á nýjum störfum sem lofað var fyrir kosningar og það kemur fram í frv. að störfum fjölgi um 1.700 á næsta ári, en sú þróun er nokkuð í takt við fjölgun landsmanna. 12 þús. störf Framsfl. hafa verið gerð hér að umtalsefni og mér fannst grátlegt að hlusta á hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson segja: Ja, þetta er það sem stefnt var að. Það er stefnt að vissulega mörgu í þessu þjóðfélagi, en þannig var það ekki orðað í kosningabaráttunni, hæstv. utanrrh., þegar frambjóðendur Framsfl. riðu um héruð og lofuðu þúsundum starfa.

Efnahagsstefna stjórnvalda eins og hún blasir við bæði í stefnuræðu forsrh. og í fjárlagafrv. stjórnar hans, þessi efnahagsstefna skapar ekki störf. En það sem verra er, hún myndar ekki umgjörð um fjölgun starfa. Þetta er stefna stöðnunar og óbreytts ástands. Fjárfestingar dragast saman, skuldir heimilanna hafa stóraukist og nema nú yfir 300 millj. Það er ekki reiknað með að ná neinum umtalsverðum fjármunum úr skattsvikamyllunni þar sem tapast 15 milljarðar á ári. Það neðanjarðarhagkerfi sem þar blómstrar er óréttlátt og mannskemmandi.

Skattsvik eitra þjóðfélagið og það verður að taka á þeim í alvöru og það verða að sjást markvissar tillögur um þetta. Skattar millitekjufólks verða að lækka, en það eru hvergi útfærðar neinar tillögur um það í þessu fjárlagafrv. Það eru ýmsir, m.a. Þorvaldur Gylfason prófessor, sem telja að undirrót þess að ekki ríkir sú velsæld sem hér geti verið sé einkum að rekja til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi stöðnun í sjávarútvegi, í öðru lagi stöðnun í landbúnaði og nú er það svo að Þjóðvaki sem stjórnmálaafl hefur lagt fram mótaðar hugmyndir um uppstokkun í báðum þessum málaflokkum, m.a. hvað varðar veiðileyfagjald, atriði í nýjum búvörusamningi og virkari aðlögun að GATT. Ekkert af uppstokkun í þessum málaflokkum er að finna í fjárlagafrv.

Þriðja atriðið sem hefur verið nefnt er skipulag á vinnumarkaði. Þar höfum við lagt fram tillögur, hugmyndir, róttækar hugmyndir. Ekki er að sjá neitt í fjárlagafrv. um það efni.

Í fjórða lagi telja margir að það þurfi að draga úr áhrifum stjórnmálamanna í bankakerfi. Þar höfum við líka lagt fram tillögur, en það er svo sem ekki við því að búast að þessi ríkisstjórn komi með neinar breytingar á þeim vettvangi. Það er eitt sem gleymist í umræðunni um þetta fjárlagafrv., og reyndar oft áður, að umfang opinberra aðila hérlendis er mun minna en í öðrum löndum. Það sýnir samanburður. Það er vikið að þessu í fjárlagafrv. og það er til margvíslegur annar samanburður um þetta innan OECD. Skattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu er hér mun lægra en í Evrópuríkjum og 40% lægra en á Norðurlöndum svo tekinn sé samanburður.

Það er þannig að okkar velferðarkerfi er einfaldlega

miklu minna umleikis en í nágrannalöndunum og það hefur minna umleikis heldur en flestir telja. Fyrirtæki hérlendis greiða mun lægri skatta en fyrirtæki í Evrópu sem hlutfall af landsframleiðslu. Skattþunginn í þessu þjóðfélagi liggur hjá einstaklingunum. 80% af tekjusköttum er frá einstaklingum, langmest af virðisaukaskatti sem er stærsti tekjustofn ríkisins. Það er búið að skattleggja einstaklinga allt of mikið hérlendis. Það er komið að fyrirtækjunum að leggja meira til samneyslunnar í ljósi bættrar stöðu. Þetta hins vegar, hæstv. fjmrh., er ríkisstjórn fyrirtækjanna sem vill ekki eðlilega skattlagningu þeirra svo sé sambærilegt öðrum löndum. Hér er enginn og síst af öllu sá sem hér stendur að tala um það að skattleggja umfram getu. Ég geri mér fulla grein fyrir því að fyrirtæki þurfa að hafa gott svigrúm til athafnasemi og að það er hið versta verk að skattleggja þau um of. En hér er einungis verið að tala um að skattleggja svipað og aðrir. Það dettur þessari ríkisstjórn ekki í hug. Hún veit vel hvaða hagsmuni hún er að verja.

Ástæðan fyrir þessu er það sem ég nefndi áðan með lága framleiðni miðað við önnur ríki. Það verður að auka verðmætasköpunina. Þannig er hægt að hækka laun og gera vinnutíma skaplegan. Það er engin önnur aðferð til í þessu sambandi. Það eru margar ástæður fyrir lágri framleiðni. Ein af þeim getur verið of lítil áhersla á markaðsmál, slök stjórnun, lítil sjálfvirkni í framleiðslu og rannsóknir og þróunarvinna eða að þróunarframlög séu minni heldur en vera skyldi. Menntamál atvinnulífs eru e.t.v. ekki í nógu góðu lagi. Það eru nokkrir af þessum þáttum sem skýra þessa veiku stöðu sem dregur mátt úr lífskjörum hér á landi. Það er ekkert í þessu fjárlagafrv. sem tekur á þessum vanda til að skapa hér verðmæti til framtíðarinnar, ekki nokkur skapaður hlutur. Auðvitað eru þessar skýringar ekki altækar á þessari stöðu fyrirtækja. Það er kannski sagan, þ.e. verðbólgudans framsóknaráratuganna tveggja sem líklega er meginorsök fyrir þessum slappleika í atvinnulífinu sem menn hafa verið að laga núna undanfarin fimm ár. Það verður líka að bæta þessa þætti því annars verður láglaunastefnan hér varanleg. Ef við bætum það ekki, þá getur íslenskt atvinnulíf einungis slegið skjaldborg utan um sig í formi lágra launa. Þannig væri einugis hægt að standa að samkeppni á alþjóðavettvangi og það er þessi framtíðarsýn sem við viljum ekki sjá og þurfum ekki að sjá.

Vitaskuld verða fyrirtækin að vera sterk en þau verða líka að búa við sömu skilyrði og annars staðar hvað varðar þátttöku í samneyslunni. Það þarf að stækka kökuna og það þarf að skipta henni öðruvísi. Við stækkum hana ekki með því að gera Ísland að láglaunasvæði. Eina afleiðingin sem við höfum af fyrri stefnu er landflótti sem blasir fyrst þannig við okkur. Fyrst fara iðnaðarmennirnir, síðan fara menntamennirnir og þetta dregur þrótt úr þjóðlífinu.

Stefna stjórnvalda kemur ekki hvað síst fram í fjárlögunum. Halli þessa árs eru níu milljarðar og nú er gert ráð fyrir að það verði fjögurra milljarða halli á næsta ári. Áætlanir þessa árs röskuðust um marga milljarða og vera má að hið sama gerist nú. Og ef forsendur í launastefnu bresta á einhvern hátt, þá hrynur þetta frv. eins og spilaborg. En frv. endurspeglar vonda efnahagsstefnu, stöðnun, ekki sókn. Hún er vörn fyrir ríkjandi ástand. Stjórnmál eru spurning um forgangsröðun og það er kostur við fjárlagafrv. að þar er hægt að lesa forgangsröðunina. Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar lýsir sér í því að árlega er veitt um 6.000 millj. í styrki til landbúnaðar sem er jafnmikið og fer til reksturs allra grunnskóla á landinu. Þetta lýsir ákveðnu samhengi í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Það sem er hins vegar alvarlegast í fjárlagafrv. er niðurskurður í heilbrigðismálum og fjárfestingu. Áhyggjur verkalýðsleiðtoga eru þær að þeir telja að 1.000 störf glatist. Við sjáum engin merki um fjármagnstekjuskatt í þessu frv. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum tekjum af þeim. Þar er talað um uppstokkun í lífeyriskerfinu og það er ástæða að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað verður um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna? Hver eru réttindi þar? Hvað er með þá forréttindasjóði sem eru við lýði í opinberu lífeyrissjóðskerfi? Ætlar hann sér að taka á því máli og þá með hvaða hætti? Það er engin uppstokkun á stofnunum ríkisvaldsins. Það eru engar sameiningar. Það eru engar stofnanir sem eru slegnar af. Það eru engar stofnanir nýjar sem koma til. Þetta er frv. um óbreytt ástand. Hvað er rætt um starfsmannastefnu, hvernig hún eigi að verða, hvernig á að endurskoða hana? Það væri fróðlegt að fá lýsingar hæstv. fjmrh. á því, en ef markmiðið er að brjóta á einhvern hátt upp hina miðstýrðu launastefnu ríkisins, þá held ég að menn væru að leggja inn á rétta braut. Það er kominn tími til að brjóta upp þetta fyrirkomulag kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði. Það er kominn tími til þess því að hvert kerfi á sér líka sín endalok þótt það hafi reynst vel á öðrum tíma.

Það er ýmislegt þó, það er að vísu ekki margt, sem er ánægjulegt í þessu frv. Hér er lagt upp með langtímahugsun í fjármálum ríkisins til fjögurra ára, dregnar upp útlínur og það eru vinnubrögð sem eru af hinu góða. Ég ætla ekki að leggja mat á þær áherslur sem hæstv. fjmrh. gerir en vinnubrögðin við áætlunargerð eru rétt. Það má svo sem benda á að Þjóðvaki talaði um fyrir kosningar að gera fjárlög til fjögurra ára í senn. Ég veit að fjmrh. setti þetta ekki í fjárlagafrv. til að þóknast okkur. Það hefur sjálfsagt verið unnið að þessu lengur, enda er hér einfaldlega um skynsamlega stefnu að ræða.

Það sem gert er í fjárlagafrv., að afnema verðuppbætur í skatta og bótakerfi, er alvarlegast gagnvart eldra fólki og það er ekkert á móti því, hæstv. fjmrh., að það sé afnumin sjálfvirkni í útgjöldum ríkisins. En hér er afnumin alls staðar öll tenging við kjarasamninga við verðbætur þær sem menn hafa búið við undanfarin ár og ekkert kemur í staðinn. Þetta er aðferð til niðurskurðar upp á þrjá milljarða, sem bitnar fyrst og fremst á þeim sem minna mega sín og það er ámælisvert í þessu fjárlagafrv. Óbreytt fyrirkomulag persónuafsláttar er svik við verkalýðshreyfinguna. Það er alveg augljóst mál. Það var samið um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda í vor. Þar fylgdi tekjutap upp á 1.000 millj. Ríkisstjórnin setur á tryggingagjald, 0,5%, sem skilar milljarði og lækkar síðan í reynd persónuafslátt sem þýðir 1.000 millj. á næsta ári. Sem sagt, lét krónu og náði tveimur í staðinn. Hagfræðingur Alþýðusambandsins, Gylfi Arnbjörnsson, hefur bent á þetta. Þetta er ekki góð aðferðafræði. Þarna er ekki komið vel að þeim aðilum sem menn hafa gert samninga við.

Það er áhyggjuefni að hagvöxtur hér er minni en á Norðurlöndunum, gert ráð fyrir 3,2% hér, 3,7% á Norðurlöndum, á næsta ári 2% hér, 3% á Norðurlöndum. 1% í landsframleiðslu eru tæpir fimm milljarðar. Það skiptir verulegu máli. Þetta er áhyggjuefni að við skulum vera undir nágrannaþjóðunum á þessu sviði. 20% samdráttur í fjárfestingu ríkisins er hins vegar hlutur sem að mínu mati er efnahagslega ekki réttur. Það hefði átt að nýta þá vissu uppsveiflu sem er núna að gefa aðeins, ekki kannski endilega á sviði fjárfestinga.

Það hefði mátt hugsa sér það með skattaívilnunum gagnvart rannsóknum og þróunarvinnu, kannski gagnvart fjárfestingum í atvinnulífinu, gefa aðeins inn bensín til hjálpar þessari uppsveiflu sem er í gangi núna í stað þess að stíga á allar bremsur eins og þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Við þurfum að ná upp fjárfestingu hér á Íslandi, við höfum langan hala að vinna upp og við hefðum getað beitt skattkerfinu á einhvern máta og reyndar ríkinu líka og sjóðum ríkisins til að nýta þessa uppsveiflu mögulega.

Eitt kemur líka fram í fjárlagafrumvarpinu sem er auðvitað áhyggjuefni og það er að atvinnuleysið eykst, það er ekki að minnka. Það sem er verra er að langtímaatvinnuleysi er að aukast. Sífellt fleiri eru atvinnulausir lengur en eitt ár. Að vísu vantar mikið upp á að við séum farnir að nálgast Evrópuþjóðirnar og Norðurlöndin í þessu efni en vítin eru til að varast þau. Hér þarf að hugsa öðruvísi, við þurfum að ná betri tökum á endurmenntun og það að láta þá sem eru atvinnulausir vera með þátttöku að nýsköpun í atvinnulífinu og halda tengslum við vinnumarkaðinn. Ég minni á hugmynd Jóns Erlendssonar, forstöðumanns Upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands sem hefur barist mjög fyrir þessum hugsanahætti í baráttu við atvinnuleysið.

Einnig má benda á að í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru vextir hærri hér en erlendis. Ég er síðasti maður til að tala um að beita einhverju kjánalegu handafli við vexti. Vextir ráðast ekki af slíkri óskhyggju, þeir ráðast af efnahagsstefnu. Ein af ástæðum þess að við erum með hærri vexti hér er óhagkvæmt bankakerfi, pólitískt stýrt bankakerfi en ekki er von á neinni uppstokkun hjá þessum ríkisstjórnarflokkum í því efni og reyndar ekki hjá gamla flokkakerfinu í heild. Staða sveitarfélaga er líka áhyggjuefni sem lítið og ekki nægjanlega er komið inn á í frumvarpinu. Skuldastaða og rekstrarstaða sveitarfélaganna er mjög slæm en hefur að vísu aðeins lagast í ár eins og kemur fram í frv. en ég er smeykur um að þarna séum við með þætti sem við eigum eftir að blæða fyrir verulega síðar. Í fjárlagafrv. er skerðing til Framkvæmdasjóðs aldraða. Það á að breyta lögum til þess og væri ánægjulegt að fá rökstuðning hæstv. ráðherra Framsfl., Ingibjargar Pálmadóttur og Páls Pétursson — ég sé að það er enginn framsóknarmaður hér í salnum (**Gripið fram í:** Ojú.) — fyrirgefið, fullt af framsóknarmönnum í salnum og Friðrik réttir upp höndina, ég geri ráð fyrir að hann taki að sér vörn fyrir Framsfl. um þessar mundir. (**Fjmrh.:** Og fer létt með það.)

Ég hef áhyggjur af því hvort það gangi upp að virðisaukaskattur hækki um 2 milljarða á næsta ári. Það er óvíst. Við vitum um mikil undanskot í þessu, forsendur eru mjög viðkvæmar og ekki má mikið út af bregða. Hér er oft rætt um jaðarskatta og fjmrh. hefur gert þá sérstaklega að umtalsefni, þ.e. skatti af viðbótartekjukrónunni. Þeir eru mjög háir hér en við verðum að gæta okkar á því í þessari umræðu að þegar barnabætur minnka með vaxandi tekjum, þegar félagslega öryggisnetið gliðnar smátt og smátt með vaxandi tekjum, er ósköp eðlilegt að bætur minnki. Óeðlilegt er að tala um skattlagningu í þessu sambandi. Þetta er vitaskuld minnkun á ráðstöfunartekjum en þetta er ekki skattlagning. Það á ekki að blanda þessum hugtökum saman við háa jaðarskatta. Við skulum sameinast um að reyna að finna betra tekjuskattsfyrirkomulag hér sem flestir flokkar vilja en menn verða þá að fara rétt með hugtök.

Það er ámælisvert í frumvarpinu að engir skattar séu á fjármagnstekjur. Eignarskattar skila einungis 3% af tekjum ríkisins sem er einsdæmi. Í öllum löndum í Evrópu eru tekjur af fjármagni vitaskuld skattstofn eins og tekjur af launum. Það er nefnd að störfum eina ferðina enn í þessum efnum en maður sér alvöruleysið í því, ekki er gert ráð fyrir neinum fjármagnstekjum í frumvarpinu á næsta ári. Greiðslur vegna almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga lækka á næsta ári, m.a. vegna afnáma tenginga við vísitölu og samninga. Það er margt sem lækkar líka sem þarf skýringar á. Framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna lækka einnig og væri fróðlegt að fá skýringar hæstv. menntmrh. á því fyrirkomulagi.

Gerum menntamálin aðeins að umtalsefni. Þrátt fyrir hækkun þeirra um 2 milljarða er það að langmestu leyti vegna launabreytinga. Það eru miklir veikleikar í menntamálunum í frumvarpinu, háskólamenntun er í reynd skorin niður. Væri lengi hægt að ræða hvað við Íslendingar búum illa að háskólamenntun hérlendis. Fráfarandi menntmrh., Ólafur G. Einarsson, þótti ekki góður ráðherra menntamála, ég held að flestir hafi verið sammála um það. Ég vonast til þess að hæstv. núv. menntmrh. beri meiri gæfu í embætti sínu en fyrirrennari hans gerði en það sem hann leggur með upp í fjárlögunum núna bendir reyndar ekki til þess. Það er lækkun á framlagi í Kennaraháskóla og lækkun til framhaldsskóla. Það er aðeins hækkun til grunnskóla. Ég fagna hækkun á framlagi til Landsbókasafns enda þótt það sé einungis nálægt því sem stjórn lagði til, en ég ég held að bókakaup séu alltaf af hinu góða. Það lýsir líka forgangsröð ríkisstjórnarinnar að framlög til þróunarmála lækka. Við Íslendingar erum ekki framarlega í aðstoð við þá sem minna mega sín erlendis. Og e.t.v. markast lífsskoðun manna og skil á milli lífsskoðunar manna að verulegu leyti til afstöðu gagnvart slíkum málaflokki. Hvað eigum við að leggja mikið á okkur til að hjálpa þeim sem verr eru staddir annars staðar í heiminum? Nógum tíma eyðum við í að kvarta og kannski er þessi umræða dæmi um það ef fólki í heiminum víða líður miklu verr og það hefur orðið samkomulag í samfélagi þjóðanna að leggja því fólki lið. Við höfum ekki gert það eins og okkur ber og enn erum við að skera niður af því sem við ættum að gera. Þetta er alvarlegt. Þetta er vond stefna. Þetta er ekki bara stefna ríkisstjórnar, það er vond stefna fyrir Íslendinga að hugsa á þessum nótum. Ég fagna því hins vegar að gert er ráð fyrir því í frv. að leggja til fjármagn til að reyna að ná sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna hingað, það er gott mál, en því miður er engin sókn í menntamálum eins og lofað var fyrir kosningar. Frv. til eins árs skiptir kannski ekki öllu máli en það er hugsað til lengri tíma og þar ekki að sjá stórsókn í menntamálum sem á að skapa lífskjör framtíðarinnar. Það eru veruleg vonbrigði.

Í frv. eru 2,5 milljarðar lagðir í nýjan búvörusamning. Hæstv. fjmrh. hækkaði hann rétt áðan um 200 millj. Hann gerði búvörusamninginn aðeins að umtalsefni en því miður er ekki tími til að fara nánar út í það. Þar hefur hæstv. fjmrh. vondan málstað að verja. Ekki er nóg með að öllum GATT-samningnum hefur verið klúðrað frá upphafi til enda og ekki svo sem staðið við neitt og kom þar fram það sem við sögðum fyrir kosningar. Verra er það sem verið er að leggja upp með núna í búvörusamningi því verið er að eyða 14 milljörðum af skattpeningum í sex ár í sauðfjárrækt eingöngu. Ef þetta væri nú varanleg lausn þá væri þetta kannski ekki svo óskynsamlegt. Mér blöskra ekki tölurnar. Þær geta verið háar eða lágar. Það þarf að leysa þetta mannsæmandi, við erum ekki að því með þessum samningi. Fækkun búfjár er of lítil, útflutningur óviss og óhagkvæmur, það er hjakkað í ónýtu og

dýru kerfi. Þetta mun ekki bæta kjör bænda þegar litið er til lengri tíma. Það er ekki tekið á birgðavandamálunum í haust, það er ekki tekið á heimaslátrun, verðlagning gefin allt of seint frjáls og það er verðjöfnun milli útflutningsmarkaðar sem er fráleit aðferðafræði. Að loknum samningstímanum eftir fimm ár stöndum við í nákvæmlega sömu sporum. Við þurfum að gera upp við okkur hvort við ætlum á hverju ári næstu áratugina að eyða u.þ.b. 2–2,5 milljörðum á ári í þessa atvinnugrein. Það er röng stefna og við erum ekki að gera þeim greiða sem í atvinnugreininni eru.

Ekkert er tekið á milliliðavandamálum, sláturkostnaði og öðru slíku. Ekki er tími til að fara út í þessa umræðu en ég vil geta um einn þátt sem mér finnst vera sorglegur. Í vor stóð ég ásamt fleirum að því að aðstoða landbrh. við að taka vel á málaleitan hans að fresta ákvörðun um greiðslumark þannig að honum gæfist ráðrúm til að vinna að tillögugerð. Þá gaf hann þau loforð að samráð mundi vera við þingmenn um slíka tillögugerð. Það var talað við alla í þjóðfélaginu aðra en þingmenn varðandi hinn nýja búvörusamning. Hæstv. landbrh., sem því miður hefur fjarvistarleyfi, sveik þetta fyrsta loforð. Það þykir mér miður vegna þess að ég átti von á öðru frá þeim manni. En ríkisstjórnin getur undirbúið sig undir harða landbúnaðarumræðu á haustdögum og að hluta til vegna þeirra vinnubragða sem hún viðhefur en þó mest vegna þess efnis sem hún leggur fram.

Ekki er nokkur uppstokkun í sjávarútvegsmálum, ekki er einu sinni talað um að reyna að stokka nokkuð upp varðandi starfsemi Fiskistofu sem hefur verið full nauðsyn á, ekki orð eða lína um það í þessu ráðuneyti, stöðnunin er alger.

Í félmrn. eru lækkuð framlög til Byggingarsjóðs verkamanna um rúmar 200 millj. Framlög til barna og ungmenna eru lækkuð. Þarna sést forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Það er veruleg lækkun til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og væri ánægjulegt að fá rökstuðning hæstv. fjmrh., að ég tali nú ekki um hæstv. félmrh. sem er væntanlega einhvers staðar á næstu grösum. Hvers vegna er niðurskurður lagður til í framlögum til vinnumála þegar maður horfir upp á vaxandi atvinnuleysi og ég tala nú ekki um ef maður hugsar um þær áherslur sem voru lagðar upp í kosningbaráttunni? Félagsmál og velferðarmál eru ekki forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar. Það kom e.t.v. ekki á óvart að Sjálfstfl. mundi ekki leggja mjög mikla áherslu á þennan málaflokk en það kemur á óvart miðað við málatilbúnað Framsfl. Það er eitt sem þetta fjárlagafrumvarp gerir, það dregur skýrar víglínur í íslenskum stjórnmálum. Sú atlaga sem gerð er að velferðar- og heilbrigðiskerfinu segir okkur að Framsfl. getur aldrei aftur mætt fyrir kjósendur og sagst vera félagshyggjuflokkur. Fjárlagafrumvarpið er grafskrift Framsfl. sem félagshyggjuflokks.

Talað er um 100 millj. kr. aukasértekjur í heilbr.- og trmrn. Hvað er hér á ferðinni? Þetta þarf hæstv. heilbrrh. að skýra og mig furðar að við 1. umr. fjárlaga skuli þeir ráðherrar, sem þurfa að búast við því að standa fyrir svörum, ekki vera viðstaddir til að taka á málinu. En í heilbrigðisráðuneytinu fann maður loksins fjármagnstekjuskattinn. Þar kom hann. Það á að skerða tekjutengdar lífeyrisbætur. Þar kom hann fram. Og það á að koma frá gamla fólkinu. Það var greinilega ekki tæknilega örðugt að koma við þar. Þetta á að skila 285 millj. og þarna kemur enn og aftur forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Afnám tengingu bóta við launabreytingar. Hvað verður? Þetta er kjaraskerðing. Hvað gerist ef verðbólgan fer eitthvað af stað? Hvað á þetta fólk að gera, hvernig á það að sækja rétt sinn, hvernig á það að sækja það sem það hefur gengið út frá? Er það fólk sem þiggur bætur úr almenna kerfinu harðasti þrýstihópurinn í þjóðfélaginu? Nei, en þetta á að skila 450 millj. Þessi skerðing bóta almannatrygginga nemur 2 milljörðum, samtals 880 sjúkratryggingum og 1.100 millj. í lífeyristryggingar. Það er margt sem gerist í heilbrigðisráðuneytinu, það á að spara í reglum um heimildarbætur, lækka barnabætur og biðlistar í heilbrigðisþjónustunni eru langir og má benda á það að nú eru á annað hundrað manns í brýnni neyðarþörf á svokölluðum neyðarlista.

Ríkisstjórnin virðist ekki skilja að það er víðar í heilbrigðiskerfinu sem ríkir lífshættulegt neyðarástand, hún virðist ekkert átta sig á því. En þá er haldið áfram á sviði sértekna, sjúklingaskatta og að taka upp innritunargjöld, það á að borga fyrir aðgerðir, það á að greiða fyrir biðlistaaðgerðir. Mig langar að vitna í þáv. hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur, sem sagði 13. des. 1994 við afgreiðslu fjárlaga, með leyfi forseta: „... og það er enn boðaður sérstakur skattur á sjúklinga. Þetta eru kallaðar sértekjur í fjárlagafrv. en heitir á mæltu máli bara einfaldlega sjúklingaskattur, nýjar álögur á sjúklinga. ... Enn eru boðaðar nýjar sértekjur á sjúkrahúsunum sem þýðir einfaldlega það, einföld dæmi, að allar kviðspeglanir kosta eftir áramót 14.000 kr.“ Nýjar álögur á sjúklinga, segir hún líka. Þetta eru sönn orð sem hv. þáv. þm. en núv. ráðherra sagði þá. Maður sér þessa kúvendingu sem Framsfl. gekk í en hann fékk fimm ráðherrastóla fyrir og eins og hefur verið bent á áður komust víst hinir í einhverjar nefndir þannig að allir geta unað vel við sitt. En ég er ekki viss um að þeir kjósendur sem trúðu Framsfl. í vor séu jafnánægðir.

Það er lítið lagt til, hæstv. fjmrh. Í skatteftirlit eru óverulegar hækkanir. Þetta er 1,6 milljarðar í heildina og þegar um er að ræða að þarna tapast fé upp á 15 milljarða þá hefði átt að gera meira til.

Ferðamál. Þar lækka framlög og auðvitað er það röng stefna. Þetta er vaxtarbroddur sem hið opinbera á að hlúa að. Það er nákvæmlega það sama, það er ekkert tekið á varðandi orkusölusamninga sem hafa verið gagnrýndir líka á öðrum vettvangi af hálfu borgarstjórans í Reykjavík, sem spyr sig með réttu hvort menn gætu lagt meira fé í þetta eða gert þetta á annan hátt. Hins vegar er slegið upp fundi í hvert skipti sem kemur fax utan úr löndum þar sem spurt er um álver. Þetta er þreytandi umræða. Ég óska þess heitt að við fáum þetta blessaða álver. Í guðanna bænum, hæstv. ráðherra og ríkisstjórn öll, fallið ekki í þá gryfju sem aðrir hafa fallið í að tala í sífellu um álver sem lausn allra vandamála.

Það er fellt í Atvinnuleysistryggingasjóði. Það falla niður bætur til einstaklinga á bótum ef störf eru ekki þegin. Það geta hins vegar, hæstv. ráðherra, verið gildar ástæður fyrir því að störf henta ekki. Þar eru líka frystar bætur. Þar er sparað á atvinnuleysingjunum.

Það er allt á sömu bókina lært hvernig þetta fjárlagafrv. er úr garði gert. Tekjutrygging þeirra sem ekki greiða í lífeyrissjóð er skert. Það er fyrst og fremst heimavinnandi fólk og öryrkjar.

Það er talað um að breyta sérhæfðum deildum í hlutafélög. Hvað er þarna á ferðinni, hæstv. heilbrrh.? Á að einkavæða heilbrigðisþjónustuna? Erum við að stefna hér í bandaríska kerfið sem menn þekkja vel og er alveg hið prýðilegasta heilbrigðiskerfi fyrir þá sem meira mega sín, fyrir þá ríku, en þeir fátæku mega éta það sem úti frýs í því kerfi? Eru menn að stefna í slíkt kerfi hér á landi?

Nei, herra forseti. Þetta frv. er ekki þannig að hægt sé

að fara um það hlýjum orðum. Þetta er vonleysisfrv. Það leiðir til meira atvinnuleysis, minni hagvaxtar en annars staðar, hærri vaxta, meiri greiðsluvanda heimila og verulegrar skerðingar á félagslegri þjónustu. Þetta er einkenni frv. Þetta frv. er ekki frv. félagshyggju- og jafnaðarflokka. Það er það ekki. Með þessu fjárlagafrv. eru að mótast skýrir valkostir í íslenskum stjórnmálum. Það er í sjálfu sér ágætt. Og það sem er e.t.v. mikilvægast núna er að ná samstöðu um kjarastefnu og ég hef ekki trú á því þó að ég skilji svör hæstv. utanrrh. svo að ætlunin sé að reyna að leita að siðferðilegum grunni til viðræðna. Sennilega hafa þeir ekki stöðu til þess í augnablikinu.

Eitt aðalhugtak hjá Þjóðvaka í kosningabaráttunni var orðið trúnaður. Það er orðinn trúnaðarbrestur milli ríkisstjórnarinnar og fólksins í landinu og það verður að taka þessi mál upp með nýjum hætti, með nýrri launastefnu sem getur verið falin í, eins og ég hef bent á, aukningu á framleiðni, kjarasamningum á vinnustöðum, lækkun skatta á millitekjuhópum aukningu atvinnulýðræðis og hið opinbera hætti niðurgreiðslum á almennum vinnumarkaði samhliða því að við höldum við fastgengisstefnuna. Þetta er stefna sem ætti að geta náðst samstaða um. Þetta er einfaldlega skynsamlegt. Þjóðvaki er reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum að betri kjörum og bættum fjárlögum.

Þetta frv. og óvissan um kjaramálin stefnir fimm ára árangri þjóðarsáttarsamninganna í hættu. Það er afrek ríkisstjórnarinnar. Það má ekki gerast. Það vill enginn hverfa til gamla tímans en þessi stjórnarstefna er röng. Gagnrýni á frv. eru einkum þrír þættir:

Í fyrsta lagi stefnir frv. í þá átt að kæfa hagvöxt með samdrætti í fjárfestingum og ekki beint virkri skattastefnu.

Í öðru lagi er engin kerfisbreyting í frv., forsendur veikar, sérstaklega hvað varðar launastefnuna.

Í þriðja lagi er ráðist harkalega á heilbrigðis- og velferðarmál í okkar samfélagi.

Þetta frv. sýnir e.t.v. betur en margt annað að samstaða stjórnarandstöðu gegn núv. stjórnarflokkum er nauðsynleg. Ríkisstjórn á alltaf rétt á að fá tíma til að móta sínar tillögur og koma með þær fram skýrt og skorinort. Það hefur þessi ríkisstjórn gert með fjárlagafrv., slæmu frv. sem byggir á veikum forsendum og því sem verst er, herra forseti, algerum skorti á framtíðarsýn í uppstokkun mikilvægra málaflokka. Hlutverk Þjóðvaka verður að vinna með stjórnarandstöðu að tillögugerð og gagnrýna eða hrósa ríkisstjórn eftir atvikum en þessi ríkisstjórn hefur ekki unnið til hróssins. Þessi ríkisstjórn hefur horfið frá gildum um samhjálp einstaklinga í verulegum atriðum og það eru hin pólitísku skilaboð sem þetta fjárlagafrv. veitir.

[15:27]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykn. flutti hér um margt ágæta og athyglisverða ræðu. Sá hluti ræðunnar sem fjallaði um atvinnulífið þótti mér athyglisverðari en það sem sneri að ríkisfjármálunum, en hann kom inn á nokkra þætti sem ég vildi gera að umtalsefni og spyrja hv. þm. um. Hann ræddi m.a. um lága framleiðni íslenskra atvinnufyrirtækja sem má vafalaust víða til sanns vegar færa. Einnig ræddi hann um nauðsyn þess að hér gilti sambærileg skattaleg meðferð gagnvart atvinnulífinu og í öðrum nærliggjandi löndum. Hann gat þess jafnframt um leið og hann ræddi um lága framleiðni og nauðsyn á sambærilegum sköttum að það þyrfti að auka hlutdeild atvinnufyrirtækja í samneyslunni sem þýðir á mannamáli að það eigi að hækka skatta á atvinnulífið. Þess vegna vildi ég spyrja hv. þm.: Hvaða skatta aðra en veiðileyfisgjald, sem ég veit að hann hefur áhuga á, vill hann leggja á íslenskt atvinnulíf við núverandi aðstæður?

[15:29]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Sturlu Böðvarssonar var um hvort ég sé að tala fyrir skattahækkunum á fyrirtæki og hvaða skatta eigi að hækka. Það er rétt, ég vakti athygli á því að einstaklingar greiða of mikinn hlut til samfélagsins. Fyrirtæki greiða of lítinn hlut. Íslensk fyrirtæki búa við sérstaklega þægilega skattameðferð á tekjuskatti eða tekjum miðað við önnur lönd í kringum okkur. Ein af ástæðunum fyrir því að tekjuskattur gefur lítið í ríkissjóð, það eru ekki nema 4 milljarðar sem fyrirtæki skila í ríkissjóð af tekjuskatti, er vegna þeirrar — og það er lykilhugtak í minni ræðu — lágu framleiðni sem íslensk fyrirtæki hafa skapað.

Ég er að tala um að það er hægt að hækka skatta á íslensk fyrirtæki samhliða þessari bættu stöðu sem þau eru í, en jafnframt verða þau að bæta sinn rekstur sem stuðla að stækkun þessarar köku. Það er þannig sem þetta dæmi gengur upp því að ef það er ekki gert þannig, þá værum við einungis að taka meira, við óbreytt ástand, frá fyrirtækjum. Það gengur ekki, hv. þm. Ég veit það. En hugsunin sem er að baki er að íslensk fyrirtæki breyti í sínum rekstri til að verða samkeppnishæfari og skapi þar með meiri verðmæti, gefandi þessi verðmæti sínum starfsmönnum í formi hærri launa og til ríkisvaldsins sem þarf líka á þeim greiðslum að halda til samneyslunnar.

[15:31]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir svarið sem ég sætti mig prýðilega vel við vegna þess að það kom fram hjá honum að mikilvægast er auðvitað að auka framleiðni fyrirtækjanna, þ.e. að bæta afkomu fyrirtækjanna. Mér heyrðist að hann tæki í rauninni undir það sjónarmið sem við ýmsir stjórnarþingmenn höfum haft uppi um að það sé ekki skynsamlegt að auka skattlagningu á atvinnulífinu heldur gera aukna kröfu til atvinnufyrirtækjanna um að bæta sinn rekstur. Það gerum við ekki með því að hækka álögur opinberra gjalda á fyrirtæki umfram það sem brýn nauðsyn ber til og það verður að nefna það sérstaklega þeim til hróss sem bera ábyrgð á því að það er farið mjög varlega í það að auka útgjöld atvinnulífsins og þannig og því aðeins bætum við hag fyrirtækjanna og um leið möguleika þeirra til þess að hækka laun og bæta afkomu almennings í landinu.

[15:32]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykn. hélt hér mikla ræðu og fór mikinn og er ekkert í sjálfu sér um það að segja. Ræðan var að verulegu leyti málefnaleg. Mér finnst að það hafi þó komið of mikið fram í hans máli að hann telji að Framsfl. sérstaklega sé að fara út í þessar aðgerðir af einhverjum kvikindisskap. Sannleikurinn er sá að þetta eru um margt erfiðar aðgerðir sem verið er að fara út í. Það gerir það enginn að gamni sínu að fara út í slíkar aðgerðir.

Hins vegar erum við svo sannfærð um það að lykillinn að því að skapa fleiri störf og bæta almennt efnahagsástand í landinu sé að koma á jafnvægi í ríkisrekstri. Þess vegna er þetta gert.

Hv. þm. sagði einnig að Framsfl. gæti aldrei aftur mætt fyrir kjósendur og sagst vera félagshyggjuflokkur. Þetta er á ákaflega miklum misskilningi byggt. Framsfl. er og verður félagshyggjuflokkur og eins og ég sagði áðan er farið út í þessar aðgerðir núna vegna þess að við vitum og erum sannfærð um að það sé það besta fyrir þjóðina.

Hann kom inn á 12 þúsund ný störf eins og aðrir hv. þm. og virðist þetta hafa verið ýmsum eitthvað að þurfa að slást við framsóknarmenn sem höfðu þetta að slagorði í kosningabaráttunni. Hann vitnaði rangt í orð hæstv. utanrrh. þegar hann sagði að hann hefði sagt að þetta væri það sem stefnt var að. Hæstv. utanrrh. sagði það ekki. Hann sagði: Þetta er viðfangsefnið og um það erum við öll sammála. Við stefndum að þessu og við erum sannfærð um að þetta næst.

[15:35]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei haldið því fram að Framsfl. væri að stunda pólitík í landinu út af kvikindisskap. Ég hef dregið upp alveg með réttu það sem Framsfl. sagði fyrir kosningar og það sem endurspeglast síðan í efndum í fjárlagafrv. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði: Víst getum við mætt aftur og kallað okkur félagshyggjuflokk.

Það skiptir ekki máli hvað flokkar kalla sig. Það er stefna þeirra sem skiptir máli. Sú stefna sem ég rakti áðan í fjárlagafrv. er ekki félagshyggjustefna. Ég ætla ekki að vorkenna Framsfl. að þetta sé erfitt. En það eru til aðrar leiðir. Það eru til aðrar lausnir. Pólitík snýst um að draga upp aðrar lausnir, aðra valkosti. Framsfl. valdi sjálfviljugur, fékk stuðning kjósenda til að fara í þessa ríkisstjórn og hann situr uppi með hana. Það getur vel verið að hann hafi slæma samvisku af því en það er þeirra að eiga við það. Það sem ég segi hins vegar er að kjósendur áttu ekki von á þessum efndum af hálfu Framsfl. með tilliti til þess sem þeir sögðu í kosningunum og með tilliti til þess að Framsfl. hefur markað sér stöðu í litrófi stjórnmálanna og sú staða er ekki það sem félagshyggju- og jafnaðarmannaflokkar eru. En það eru möguleikar til tekjuaukningar í þjóðfélaginu svo ég komi aðeins inn á þátt sem ég nefndi áðan. Einstaklingarnir hafa verið látnir blæða allt of mikið skattalega. Það er gott að staða fyrirtækjanna hefur batnað, — það er ekki hægt að bíða endalaust, hv. þm. Sturla Böðvarsson varðandi þann þátt — en nú þurfa þau að koma að á sanngjarnan hátt inn í þá samneyslu sem hér ríkir.

[15:37]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bendi hv. þm. á að of snemmt er að tala um efndir. Hverjum dettur í hug að á einu ári sé hægt að lagfæra allt og gera allt sem lofað er í kosningabaráttu? Við þurfum þetta kjörtímabil til þess og við munum standa við það sem við sögðum, það er aðalatriðið. Við vorum svo sanngjörn og málefnaleg fyrir kosningar að í mörgum tilfellum töluðum við um þegar félagslegar aðgerðir voru annars vegar að grípa til aðgerða á síðari hluta kjörtímabilsins og það voru kannski ekki mjög margir sem tóku það sérstaklega fram.

Alltaf er talað um aðrar lausnir og það er ósköp auðvelt að segja aðrar lausnir. Hv. þm. var nú ekki með algjört lausnarorð í ræðu sinni hér áðan ef ég hef heyrt rétt. Svo er talað um fyrirtækin að þau eigi að leggja eitthvað af mörkum líka og það er reyndar svo að fyrirtækin þurfa líka að taka á með hækkun tryggingagjalds.

[15:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að það þyrfti að gefa tíma. Það er í sjálfu sér sanngjarnt. Ég er ekki ósanngjarn í þessum málum. Ég bendi hins vegar á þetta frv. sem hér liggur frammi. Ég skildi orð hv. þm. þannig að allt má nú skoða. Ef hv. þm. er reiðubúinn til þess að skoða fjárlagafrv. ekki í anda þess sem ég sagði heldur í anda þess sem þingmenn Framsfl. sögðu um sömu þætti fyrir ári þá er ég manna fegnastur og skal taka þátt í því að laga fjárlagafrv. þannig að vel fari.

Ég get heitið minni samvinnu við það en ég ætla ekki að rifja upp öll ummæli Framsfl. í kosningabaráttunni en ég held að flestir landsmenn a.m.k. viti að hér er ekki staðið við loforð, ekki er lagt upp með efndir á loforðum, það verður síðar. Ég get ekki fullyrt um það en kannski kemur frv. að ári sem þeir lofuðu fyrir kosningar, ég veit það ekki. Það eina sem ég veit er að svona frv. hefði félagshyggju- og jafnaðarmannaflokkur aldrei lagt fram.

[15:40]

Útbýting þingskjala:

Opinberar framkvæmdir, 48. mál, fsp. PHB, þskj. 48.
Sjálfræðisaldur barna, 47. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 47.

[15:40]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1996. Að lokinni umræðunni um frv. mun það fara formlega til meðferðar í fjárln. þar sem það fer í venjubundna ítarlega umfjöllun. Fyrir fjárln. verða kallaðir fulltrúar ráðuneyta og stofnana til að gera grein fyrir forsendum frv. og þeim athugasemdum sem aðilar kunna að vilja gera við frv. eins og það er hér lagt fram af hæstv. fjmrh. í nafni ríkisstjórnarinnar svo sem eðlilegt er. Að lokinni umræðunni verður frv. því í höndum þingsins og það kemur í hlut fjárln. að undirbúa frv. fyrir 2. og 3. umr. með þeim breytingum sem kunna að verða gerðar á því við meðferð nefnda.

Nauðsynlegt er fyrir hv. þm. að gera sér ljósa grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á þinginu að fjalla vandlega um frv., svo mikil áhrif sem það hefur um alla framvindu á flestum sviðum þjóðlífsins. Umræður og vandleg skoðun er því verkefni okkar ekki sjálfvirk afgreiðsla þó frv. sé bæði vel unnið og vel undirbúið við núverandi aðstæður.

Mikilvægasta markmið frv. er að halla skuli ná niður á næstu tveimur árum. Því markmiði verðum við að ná og eins og fram hefur komið mjög rækilega í umræðunni þá er út af fyrir sig ekki mikill ágreiningur um það hér meðal þingmanna.

Í greinargerð með frv. kemur glöggt fram þegar litið er á áætlanir til lengri tíma hversu nauðsynlegt er að ná jöfnuði í ríkisútgjöldum og það vakti sérstaka athygli mína að hv. 11. þm. Reykn. lagði mikið upp úr þessari langtímaáætlun eins og ég vil gera og vekja sérstaka athygli á en það er algert grundvallaratriði fyrir okkur Íslendinga að skoða ríkisfjármálin til framtíðar, ekki bara skoða næsta ár heldur gera okkur glögga grein fyrir því á hvaða leið við erum og hvaða leiðir við þurfum og verðum að fara.

Á síðasta kjörtímabili var glímt við þetta verkefni, þ.e. ríkissjóðshallann, við mjög erfiðar aðstæður vegna vaxandi atvinnuleysis. Það tókst að hemja ríkisútgjöldin og halda

hallanum niðri án þess að atvinnuleysi færi úr böndum eða gengið væri of nærri þeirri þjónustu sem stofnanir ríkisins veita. Alþingi tók á afgreiðslu fjárlaga með mikilli ábyrgð og veitti fjmrh. þann stuðning sem þurfti til að hemja ríkisútgjöldin og standa fyrir bættu skipulagi í ríkisrekstrinum á mörgum sviðum. Sá árangur skilar sér núna og auðveldar okkur að halda áfram því endurreisnar- og umbótastarfi sem felst í því að gera ríkisreksturinn sem hagkvæmastan og tryggja að skattpeningar nýtist sem best, ekki síst í mennta- og velferðarkerfi okkar.

Breytingar á stofnanaþjónustu ríkisins er ekki auðvelt verkefni. Því hafa þingmenn sem hér hafa setið á Alþingi kynnst vel. Þjónustu sem komið er á er ekki auðvelt að breyta né heldur að skerða þrátt fyrir nauðsynlegan sparnað í ríkisrekstrinum og breyttar forsendur bæði hvað varðar einstakar stofnanir og breyttar aðstæður og forsendur í þjóðfélagi okkar. Gott dæmi þar um eru deilur við hjúkrunarfræðinga á skurðstofum nú nýverið. Þegar fyrirhugaðar skipulagsbreytingar leiddu til uppsagna, sem í raun var verkfall, sem stöðvaði uppskurði og aðgerðir uns undan var látið og fallið frá fyrirhuguðum skipulagsbreytingum. Slíkar aðgerðir starfsmanna sjúkrastofnana eru slæm dæmi um það hvernig starfsmenn stórra sjúkrastofnana hafa stjórnendur í greip sinni og geta komið í veg fyrir nauðsynlegar og eðlilegar breytingar á skipulagi vakta og vinnu með því að beita fársjúkt fólk fyrir vagninn.

Sú deila hlýtur að verða þeim umhugsunarefni sem telja að öll læknisverk eða a.m.k. mjög mikið af læknisverkum eigi að færa á stóru sjúkrahúsin á suðurhorninu þar sem sérstaða sérfræðinga í kjörum blasir við öðru starfsfólki sem vill eðlilega bæta hag sinn og leggur út í það með einhverjum viðlíka hætti og ég nefndi að framan.

En breytingar á rekstri ríkisstofnana í tengslum við gerð fjárlaga verður að lúta tilteknum óskráðum reglum. Í fyrsta lagi verða breytingar á borð við það að leggja niður stofnanir að eiga sér eðlilegan aðdraganda í tíma og í öðru lagi verður að standa við samninga sem gerðir eru af til þess bærum aðilum af hálfu ríkisvaldsins.

Sem betur fer er ekki að finna í frv. dæmi um að óeðlilega harkalega sé gengið fram. Ég vil þó nefna dæmi sem ég tel — svona til umhugsunar fyrir okkur hv. þm. — tæplega standast þær kröfur sem ég vil gera til slíkra breytinga og ég veit að fleiri hv. þm. og ráðherrar hæstv. vilja einnig. Í dóms- og kirkjumrn. er lagt til að leggja niður tvö sýslumannsembætti. Ég dreg ekki í efa tillöguna sem slíka eða tilraunina til sparnaðar ef þá þjónustu sem embættin veita má sækja annað og ég mun ekki leggjast gegn því sem er í frv., fjarri því. En embættum, sem þjóna byggðum sem hafa verið einangraðar, verður að breyta með þeim hætti að ásættanlegur aðdragandi eigi sér stað við þær breytingar.

Þá vil ég nefna riftun samninga sem ég nefndi hér fyrr. Upplýst er að vegna eðlilegs niðurskurðar á framlögum til byggingar sjúkrastofnana hafi verið rift samningum sem gerðir höfðu verið á þessu ári. Riftun samninga er eitt en annað er að leita eftir frestun eða breytingum á samningum vegna breyttra aðstæðna. Ef við ætlum að skapa tiltrú og traust, sem við viljum svo sannarlega gera, þurfum við að vanda þær aðgerðir sem við verðum að ganga til. Ekki síst gagnvart sveitarfélögum sem ríkisvaldið stendur í samningum við um færslu grunnskólans og fleiri mikilvægra verkefna. Riftun skriflegra samninga er ekki farsælt innlegg í þá vandasömu vinnu sem fram undan er og við verðum að vinna á sviði ríkisfjármála og endurskipulagningar á stofnanakerfi ríkisins.

Á vegum fjmrn. og undir forustu hæstv. fjmrh. hefur verið unnið á liðnu kjörtímabili og enn er verið að vinna á mjög faglegan hátt að útgáfu leiðbeiningarrita um nýskipun í ríkisrekstrinum þar sem áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og að sjálfsögðu þarf að leggja ríka áherslu á það í ríkiskerfinu að vinnubrögðin hjá okkur séu vönduð og við beitum þeim bestu aðferðum við endurskipulagningu í ríkiskerfinu sem þekkjast á hinu stjórnunarlega sviði.

Milli stjórnarflokkanna hefur tekist gott og traust samstarf við að undirbúa fjárlögin. Því ber vissulega að fagna og er það augljóst merki þess að á kjörtímabilinu megi ná þeim markmiðum sem flokkarnir hafa hvor um sig og sameiginlega sett sér á næsta kjörtímabili. Í fjárlögum kjörtímabilsins, sem við eigum eftir að fjalla um, mun verða unnið að þeim málum sem stjórnarsáttmálinn nær til. Það ber því að varast að gera ráð fyrir því að öll áform okkar nái fram að ganga við afgreiðslu þessa fyrsta frv. stjórnarflokkanna.

Hæstv. forseti. Ég nefndi það að við verðum að gæta þess að verða ekki of bráð á okkur og ætlast til þess að allt gerist á fyrsta degi eða því fyrsta ári sem við stefnum nú inn í. Í fyrstu verðum við að takast á við hagræðingu og sparnað svo sem gert hefur verið en síðar mun verða tekið til við aðrar hugsjónir okkar. Og ég vil nefna, herra forseti, í stuttu máli og knöppu, helstu áhersluatriði í ríkisfjármálum sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu.

Sjálfvirkni innan ríkisútgjalda, það er gert ráð fyrir því að hún verði afnumin og það verði reynt að taka ákvörðun um hvert eitt atriði, af ábyrgð og festu að sjálfsögðu. Það er lögð rík áhersla á sparnað í rekstri ríkisins. Það er get ráð fyrir því að jaðarskattir lækki og það hlýtur að gleðja einhverja. Skatteftirlit verður hert og það hefur svo sannarlega komið fram í umræðum hér að rík ástæða er til þess. Lífeyrismál á að endurskoða, starfsmannastefnu ríkisins á að móta og ég veit, m.a. vegna þess að hv. 11. þm. Reykn. þekkir vel til starfsmannamála ríkisins, að hann mun leggjast á árar með ríkisstjórninni um að móta starfsmannastefnu sem skiptir vissulega miklu máli. Jafnréttismál verða sett í sérstaka skoðun því að við Íslendingar eigum auðvitað að hafa metnað til þess að hér séu jafnréttismál í heiðri höfð, ekki síst innan ríkiskerfisins. Við viljum efla atvinnulífið og fjölga störfum og ég er sannfærður um að þegar að fjárlög fara að virka þá mun það koma fram að störfum muni fjölga í þjóðfélaginu. Það þarf að styrkja samkeppnisaðstöðu atvinnulífsins og við leggjum ríka áherslu á það ásamt nýskipun í ríkisrekstrinum eins og ég hef komið hér inn á. Sömuleiðis þarf að móta upplýsingastefnu svo kerfið, ríkiskerfið, megi einfalda og koma í veg fyrir tvíverknað í þjónustu og gera ríkisreksturinn og alla þjónustu sem ríkið kostar markvissari.

Virðulegi forseti. Fjárlaganefnd Alþingis hefur nú þegar hafið vinnu við fjárlagafrumvarpið og tekið þar forskot á sæluna með viðtölum og yfirferð af hálfu starfsmanna úr fjmrn. Það er ljóst, að hæstv. fjmrh. hefur lagt mikla vinnu í greinargerð frv. og sú langtímaáætlun sem hæstv. ráðherra hefur látið vinna er mjög mikilvægt innlegg og í raun forsenda þess að markmið frv. megi fram ganga. Okkur ber skylda til að horfa fram á veginn og gæta þess að aðgerðir okkar beri í sér farsæld og framfarir til lengri og skemmri tíma svo að tryggja megi atvinnu og afkomu barna okkar, m.a. með þeim fjárlögum sem hér verða væntanlega afgreidd fyrir jól.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson lagði fram eins konar fyrirspurn eða athugasemd til mín í sinni ræðu hér fyrr í dag varðandi framkvæmdir við Gilsfjarðabrú. Ég vil ljúka minni ræðu með því að svara honum þar um. Ég mun að sjálfsögðu eins og áður vinna að samgöngumálum á Vesturlandi á hinum pólitíska vettvangi. Ég mun hins vegar ekki gera það í gegnum fjölmiðla. Hins vegar vil ég segja honum það að að þessu máli verður unnið, fast og ákveðið. Framkvæmdir við Gilsfjarðarbrú eru á vegáætlun og við munum að sjálfsögðu vinna að málinu og ég vænti góðs stuðnings hans svo að sú framkvæmd megi komast í höfn sem fyrst.

[15:55]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér aðeins upp til að fagna því að hv. 2. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, tekur undir gagnrýni mína varðandi vinnuaðferðir svo sem eins og þær tillögur sem eru í fjárlagafrv. um niðurlagningu sýslumannsembætt-anna og framsetningu þeirra. Það er vonlaust að árangur náist með því að sletta svona löguðu fram án samvinnu við heimamenn og þingmenn kjördæmanna. Ég fagna undirtekt-um við þessa gagnrýni. Ég fagna því einnig að hv. þm. Sturla Böðvarsson tekur undir gagnrýni mína varðandi það að hætta við áform um framkvæmdir sem búið er að skrifa undir og semja um. Ég fagna þessu og tek því svari sem kom hér fram í lokin varðandi Gilsfjarðarbrú á þann veg, að hvorki hann né neinn annar stjórnarþingmanna, láti það fram ganga að hætt verði við þá framkvæmd. Ég trúi því ekki eftir þau fyrirheit sem Vestfirðingum og Vestlendingum sem búa á aðliggjandi svæðum við Gilsfjörð hafa verið gefin. Þingmenn Vesturlands hafa allir sem einn heitið því að standa við þau áform sem þar eru uppi.

[15:57]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að það væru einhverjr sérstakar undirtektir við gagnrýni hv. þm. Gísla S. Einarssonar, sem ég setti fram, heldur voru það almennar hugleiðingar um vilja minn til vinnubragða. Ég hafði satt að segja ekki heyrt þessa gagnrýni hv. þm. Ég þurfti að víkja mér frá úr fundarsalnum þegar hann talaði og það sem hann kann að hafa sagt um þau mál hefur þess vegna farið fram hjá mér. Þannig var ég ekki að taka undir þá gagnrýni sem hann kann að hafa sett hér fram.

[15:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir mig engu hvort verið er að taka undir gagnrýni eða ekki ef menn eru mér á annað borð sammála. Hv. þm. Sturla Böðvarsson var mér sammála í ræðu sinni. Þar sem ég hafði verið að ræða þessi mál á undan honum tók ég því sem svo að hann væri að taka undir gagnrýni mína.

[15:58]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. flutti hér um margt gott mál en mig langar til að gera athugasemd við eitt atriði þar sem hann fór að mér fannst nokkuð hörðum orðum um nýafstaðna deilu skurðstofuhjúkrunarfræðinga við sína yfir-boðara. Það kann að vera að ég hafi eitthvað misskilið þá deilu. Ég taldi málið þannig vaxið að það hefðu verið yfir-boðarar skurðstofuhjúkrunarfræðinganna sem tóku einhliða ákvörðun um breytingar á vinnufyrirkomulagi sem hafði mjög mikil áhrif á þeirra heildarlaun. Þegar það var gert gerðu hjúkrunarfræðingar strax athugasemd við það og létu vita að þar sem þetta hefði slík áhrif á þeirra laun, þá litu þær hreinlega á þetta sem uppsögn á starfssamningi. Viðsemj-endum þeirra mátti því vera ljóst að þær mundu ganga út ef ekki yrði gert neitt frekar í þessum málum. Það var sem sagt ekki talað við skurðstofuhjúkrunarfræðinga fyrr en alveg á síðustu stundu og það er því miður nokkuð algengt að svo fari um deilur af þessu tagi. Mér fannst hv. þm. nokkuð harðorður þar sem hann meira að segja orðaði það svo, eða lét að því liggja, að þarna hefði fárveikum sjúklingum verið beitt fyrir þeirra kjaravagn. Mér þótti þetta harðort og ég leyfi mér að spyrja hv. þm. hvort honum finnist óeðlilegt að launafólk bregðist við þegar svo hart er vegið að þeirra launakjörum.

[16:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði athugasemdir við minn málflutning hér. Mér finnst það mjög alvarlegt mál þegar skurðstofur hátæknisjúkrahúsanna hér á Íslandi hætta að geta veitt þjónustu vegna þess að starfsfólk hefur lagt niður vinnu.

Nú hefur verið um það rætt og komið mikil og hörð gagnrýni einmitt frá stóru sjúkrahúsunum um að það beri að draga úr kostnaði annarra sjúkrahúsa í öðrum landshlutum til að geta aukið starfsemina á hátæknisjúkrahúsunum. Þá hlýt ég að vekja athygli á því að það getur verið stóralvarlegt mál ef allri þessari þjónustu er safnað saman í eina eða tvær stórar stofnanir þar sem starfsmennirnir hafa öll völd og ráð í sínum höndum fremur en að veita þjónustuna víðar þannig að það sé þá e.t.v. hægt með skaplegum hætti að hafa stjórn á hlutunum. Ég tók þetta sem dæmi um þá erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir þegar á að gera breytingar á rekstri og skipulagi. Starfsfólk bregst eðlilega illa við launalækkun. En það er ekki sama hvaða aðferðir eru notaðar og ég vil spyrja hv. þm. hvernig hún býst við að brugðist yrði við ef farið yrði að kröfum starfsmanna Ríkisspítalanna stóru og sjúkrahúsunum á landsbyggðinni yrði lokað. Hver yrðu viðbrögðin?

[16:03]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að það er mjög alvarlegt mál þegar skurðstofunum er lokað. Að sjálfsögðu var veitt bráðaþjónusta eins og alltaf er í slíkum tilvikum. Sjaldan veldur einn þá tveir deila. Sem betur fer náðu deiluaðilar saman, báðir urðu að láta af sínu, en það var ekki fyrr en í óefni var komið sem loksins var farið að ræða málin. Og það er því miður allt of algengt.

Varðandi það síðasta sem hv. þm. nefndi, þá held ég að það sé ekki krafa allra starfsmanna stóru sjúkrahúsanna að leggja niður þjónustu á landsbyggðinni. Ég vona að það hafi ekki verið skilið svo. A.m.k. hef ég ekki kosið að skilja það svo og tek ekki undir það ef einhverjir líta á það sem leið til sparnaðaðar í rekstri ríkisins. Það verður auðvitað að fara að öllu slíku með sanngirni og gát.

[16:04]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir skuli hafa þennan skilning á málinu og ég get ekki séð að við séum ósammála. En vinnudeilur eru erfiðar viðfangs, það er alveg ljóst, og sjaldan veldur einn þá tveir deila. Það var ekki ætlunin að leggja alla ábyrgð á herðar þeirra launþega sem þarna voru að reyna að ná fram rétti

sínum með ofangreindum aðferðum. Ég hef engu að síður gagnrýnt þetta og tel nauðsynlegt að þessir hlutir séu ræddir. Það liggur fyrir að gera þurfi breytingar á ýmsum stofnunum en e.t.v. tekst það ekki vegna þess að sumir hlutar heilbrigðiskerfisins eru ósnertanlegri en aðrir.

[16:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Höfuðmarkmið þessa fjárlagafrv. er að stöðva sjálfvirka útgjaldaþenslu en halli ríkissjóðs nam um 40 milljörðum á síðasta kjörtímabili. Með fjárlagafrv. viljum við skapa áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum. Með fjárlagafrv. viljum við treysta grundvöll atvinnulífsins. Með fjárlagafrv. viljum við leggja grunn að traustara samfélagi hér á Íslandi og varpa ekki ábyrgð skuldasöfnunar á komandi kynslóð, kynslóð sem hefur vart tækifæri til að verja sig. Velferðarkerfi okkar verður veikara með ári hverju ef við tökumst ekki á við skuldasöfnun og fjárlagavanda ríkisins. Við rekum ekki velferðarkerfið með lántökum lengur.

Eins og komið hefur fram eru tekjur samkvæmt fjárlagafrv. áætlaðar um 120 milljarðar. Útgjöld eru áætluð um 124 milljarðar, þ.e. hér er um að ræða um fjögurra milljarða kr. halla. En samkvæmt fjárlagafrv. ársins 1995 er fjárlagahallinn tæplega 9 milljarðar. 4 milljarðar eru minnsti halli á fjárlögum frá árinu 1984. Stefnt er að því að afgreiða hallalaus fjárlög árið 1997. Vissulega er erfitt að þurfa að taka á þessum málum, bæði pólitískt og út frá öðrum forsendum en engu að síður nauðsynlegt og virðast flestir þingmenn sammála um það. Eðlilega er deilt um leiðir en ekki hefur verið bent á mörg önnur úrræði en koma fram í fjárlagafrv. okkar.

En hvers vegna er ríkisstjórnin að fara út í þessar erfiðu aðgerðir? Veltum fyrir okkur hvað gerist ef við tökum ekki á vandanum, bíðum átekta og gerum ekki neitt. Þá nemur halli ríkissjóðs á kjörtímabilinu 50 milljörðum. Skuldir ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu verður yfir 50% árið 1999. Það er hærra hlutfall en Maastricht-samkomulagið gerir ráð fyrir og þó við séum ekki aðilar að Maastricht-samkomulaginu er ljóst að það er mælikvarðinn sem miðað er við þegar lán eru tekin á alþjóðavettvangi. Slíkur skuldahali gerir okkur erfitt fyrir um lántökur erlendis. Hvernig fjármögnum við þá velferðarkerfið?

Vaxtagjöld í lok kjörtímabilsins, ef ekkert er að gert, nema um 18 milljörðum kr., einum milljarði hærri upphæð en varið er til mennta- og menningarmála á árinu 1995. Nú eru vaxtagreiðslur um 12 milljarðar. Vegna skulda ríkissjóðs eru vaxtagjöld þriðji hæsti útgjaldaliður fjárlaga. Þetta kom mér reyndar á óvart sem nýjum þingmanni þegar ég skoðaði fjárlögin að sjá hve mikið við greiðum í vexti. Einungis útgjöld til heilbrigðis- og menntamála eru hærri. Þetta getur ekki talist skynsamleg fjármálapólitík. Mun skynsamlegra væri að verja peningunum til mikilvægari verkefna.

Þó að engar nýjar ákvarðanir yrðu teknar um útgjöld og þau látin þróast afskiptalaust mundi fjárlagahallinn tvöfaldast á kjörtímabilinu. Þá mundi nú aldeilis hrikta í velferðarkerfinu.

Flestir viðurkenna þá grundvallarreglu þjóðfélagsins að við þurfum að skapa tekjur til að geta staðið undir rekstri samfélags okkar. Það skiptir miklu máli að deila útgjöldum réttlátlega milli þegnanna. Það skiptir einnig miklu máli að þátttaka þegnanna í útgjöldum til samneyslu sé sem réttlátust. Höfuðatriðið er að nýta fjármagn og fjárfestingar sem best. Það getum við gert betur, bæði hér á Alþingi sem og í ráðuneytum ríkisins og einnig víðar úti í þjóðfélaginu.

Heilbrigðis- og menntamál eru tveir stærstu útgjaldaflokkarnir. Þessir málaflokkar eru þannig að þeir snerta nær allar fjölskyldur landsins. Við sem á Alþingi sitjum erum væntanlega flest sammála um að samfélagið á að taka sameiginlega á grunnútgjöldum þessara málaflokka. Það er óviðunandi þegar vextir af lánum sem ríkissjóður hefur tekið eru orðnir 12% af heildarútgjöldum fjárlaga eða um 13 milljarðar. Þessi upphæð er svipuð upphæð og varið er til stofnkostnaðar á vegum ríkisins. Það svarar til allrar fjárfestingar ríkisins, byggingar skóla, sjúkrastofnana, vega- og brúargerðar, hafnarmannvirkja og fleira mætti telja. Er ekki mál að skuldasöfnuninni linni? Ímyndið ykkur hvað við gætum gert við þessa peninga í heilbrigðiskerfinu, í mennta- og menningarmálakerfinu, í félagsmálakerfinu og til nýsköpunar í atvinnu svo eitthvað sé nefnt.

Með þessum fjárlögum erum við að renna traustari stoðum undir velferðarkerfi framtíðarinnar þó svo að við vildum gjarnan gera betur á flestum sviðum. En til þess að svo megi verða, þá verðum við að treysta undirstöðurnar. Ef fjárlagafrv. þetta nær fram að ganga, þá lækkar skuldahlutfall ríkisins við útlönd á næsta fjárlagaári úr 49,2% í 46%. Halli fjárlaga verður sá minnsti frá árinu 1984, skatthlutfall lækkar þegar tillit er tekið til aukins skattfrelsis í lífeyrissjóðsiðgjöldum og lánsfjárþörf ríkisins minnkar úr 14% í 11,6% sem eru 2,4% af landsframleiðslu.

Samkvæmt frv. hækka laun samkvæmt kjarasamningum um 3%. Bætur í almannatryggingakerfinu munu hækka samhliða launahækkunum um næstu áramót þrátt fyrir frystingu þeirra á næsta ári. Það er mikilvægt að hafa í huga að gjaldskrá verður einnig fryst, t.d. bensíngjald, bifreiðaskattar, gjaldskrá Pósts og síma, afnotagjald útvarps, vitjanir til lækna o.s.frv. Atvinnuleysisbætur munu hækka um 5%. Vissulega væri æskilegt að geta varið meiri peningum til framkvæmda, til heilbrigðismála, til félagsmála, mennta- og menningarmála eða uppbyggingar atvinnu á Íslandi. En sameiginlegur útgangspunktur þessa eru hallalaus fjárlög.

Til lengri tíma litið mun atvinna og fjárfesting aukast. Fram á það er sýnt í nýrri þjóðhagsspá. Fjárfestingar hjá atvinnuvegunum aukast um 10%, 1.700 störf bætast við á vinnumarkaði á árinu 1996 og 1.800–2.000 störf á ári fram til aldamóta. Þessi spá gleður okkur framsóknarmenn og rennir stoðum undir það viðfangsefni sem við kynntum í kosningabaráttunni í vor. Í þjóðhagsspá er ekki tekið tillit til stóriðjuframkvæmda eða hvort til framkvæmda kemur af hálfu erlendra aðila.

Þeir sem mest kvarta yfir samdrættinum í framkvæmdum ríkisins hljóta annaðhvort að vilja auka lántökur, auka fjárlagahallann eða auka skatta í landinu. Ég er á móti því að auka skattbyrði almennings á Íslandi. Það verður ekki lengra gengið í þeim efnum. Skattbyrði þess fólks í landinu sem greiðir skatta er ærin. Það er ekki eðlilegt að aðeins þriðjungur þeirra sem telur fram til skatts greiði tekjuskatt. Við verðum að ná til þeirra sem svíkja undan skatti og taka þannig ekki þátt í sameiginlegum útgjöldum samfélagsins. Það er talað um að um 10 milljarðar séu hugsanlega í neðanjarðarhagkerfinu.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að innheimta hátekjuskatt, enda er það eðlilegt við þessar aðstæður. Það er einnig gert ráð fyrir að fella fjármagnstekjuskatt inn í tekjuskattskerfið.

Herra forseti. Við Sunnlendingar erum söngelskt fólk. Á góðum stundum drögum við gjarnan fram bláa bók sem

einnig er nefnd Fjárlögin. Þegar sungið er upp úr þeirri bók skiptir miklu máli að menn séu samstilltir og nái samhljómi. En til þess að ná samhljómi verðum við að mæta til æfinga. Raddir þeirra, sem mæta ekki á æfingunum, mæta bara á hljómleikana og hafa hátt, verða hjáróma. Vonandi ná sem flestir þingmenn samhljómi þegar við höfum þreytt æfingar við fjárlagafrv. ársins 1996 og taka ábyrga afstöðu þar sem við tökumst sjálf á við vandann en vísum honum ekki til komandi kynslóða. Þannig leggjum við drög að traustu samfélagi á Íslandi.

[16:16]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Mig langar til þess að taka undir orð hv. 4. þm. Suðurl. þar sem hann hvetur okkur til að taka þátt í kóræfingunni. Ég er mjög glöð með svona ummæli en ég verð að játa að ég sem nýr þingmaður, í fjárlagaumræðu í fyrsta skipti, hef saknað þess hve fáir ráðherrar hafa séð sér fært að taka þátt í þessari sameiginlegu kóræfingu í umræðu. En þeim fjölgar, ég þakka hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt í þessari mikilvægu umræðu, svo ég tali nú ekki um félmrh. sem þarna situr. Ég verð að játa að ég sem er hér að ræða heilbrigðismál sakna sárlega hæstv. heilbrrh. í sölum Alþingis. Én ég vona að félagar hennar í ríkisstjórn beri þau skilaboð sem ég hef hér að færa til hennar.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill upplýsa að von er á hæstv. heilbrrh. innan skamms í þinghúsið).

Ég þakka það. Ég segi aftur að ég sem nýr þingmaður hef lesið fjárlög með öðrum augum en öll hin árin sem ég hef lesið þau. Ég hef reynt að kafa betur á bak við þær tölur og þær upplýsingar sem þar standa og ég verð líka að segja að ég er enn örlítið ráðvillt þegar ég hef farið í gegnum þessi fjárlög því að mér finnst margt þar vera ósagt og margar tölur á huldu og satt best að segja finnst mér þetta líkjast svolitlum leik. En markmið fjárlaganna eru góð. Eins og segir þar er það markmið að skapa skilyrði til hagvaxtar í landinu, aukinnar atvinnu og eins og hæstv. fjmrh. sagði hér í morgun, að renna stoðum undir velferðina. Markmiðið er eins og oftast áður að ná hallalausum fjárlögum. Mér finnst samt skjóta skökku við í þeim bjartsýnistón sem er þegar tekjur ríkissjóðs eru taldar fram og þeim áformum sem birtast okkur í fjárlagafrv. um niðurskurð og aðhald. Ég mun víkja að því aðeins síðar.

Það er áætlað að tekjur ríkissjóðs í ár verði að minnsta kosti 2,3 milljörðum hærri en var gert ráð fyrir í tekjuáætlun ríkisins. Skýringin sem gefin er er fyrst og fremst sú að það eru meiri umsvif í þjóðarbúskapnum og að minnsta kosti 4% kaupmáttaraukning vegna nýrra kjarasamninga. Enn er bjartsýni ríkjandi því það er áframhaldandi útlit fyrir bata í íslensku þjóðlífi. Árið 1996 munu aftur aukast tekjur ríkissjóðs verulega því að spáin er sú samkvæmt fjárlagafrv. að hér muni verða tæplega 6 milljarða kr. tekjuhækkun ríkissjóðs frá árinu í ár vegna aukinna umsvifa þjóðarbúsins. Spáð er að atvinnutekjur á mann hækki um 5% og enn fremur er gert ráð fyrir því að vegna þessara tekjuhækkana muni tekjuskattsgreiðslur einstaklinga og fyrirtækja aukast um hálfan milljarð kr. þannig að bjartsýnistónninn er mikill þegar talað er um tekjuhlið ríkisbúskapsins. Ég geri mér grein fyrir því að ábyrgð stjórnvalda er mikil. Vissulega þarf að fara vel með þetta fé og nota það á skynsamlegan hátt en um leið vil ég ítreka að það þarf að nota það af ábyrgðartilfinningu fyrir þeim sem standa höllum fæti. Ég tek undir margt af því sem hefur komið fram í framsögu hæstv. fjmrh. fyrr í dag um að viss skynsemi er í því að ríkisvaldið dragi úr framkvæmdum, t.d. ef stóriðja verður að veruleika á næsta ári. En ekki þola allar framkvæmdir bið og vissulega þarf að endurskoða markmið ríkisstjórnarinnar um að draga úr framkvæmdum eða stoppa allar framkvæmdir, t.d. ef ekki verður af stóriðjudraumnum á næsta ári. En ég mun víkja að þessu örlítið síðar því að ég tel að undantekningar séu sem menn verði að skoða af fullri sanngirni þegar talað er um að stöðva allar opinberar framkvæmdir á næsta ári.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að ná fram markmiðum sínum um hallalausna rekstur og aðhald í ríkisbúskapnum? Auðvitað hefur vakið athygli allra sem hafa lesið þetta fjárlagafrv. og um það fjallað að það eru enn á ný sömu gömlu aðferðirnar sem eru notaðar og það eru tveir málaflokkar sem liggja vel við höggi í þetta sinn. Ég mun fjalla um það sem ég tel vera mjög alvarlegt í niðurskurði til heilbrigðismála og til félagslegra mála hér á eftir.

Við höfum öll fylgst með því að undanfarin ár hafa verið heilbrigðiskerfinu nokkuð erfið. Það hefur verið mikið aðhald, það hefur verið mikill niðurskurður og það hefur verið gætt hagræðingar í hvívetna og það er svo núorðið að þeir sem best þekkja til telja að niðurskurður á t.d. stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík muni ekki geta gengið lengra án þess að skera niður þjónustu. Við erum vissulega komin að þeim mörkum að þjónusta er skorin niður. Ég hef sagt áður í þingsal, í andsvari við stefnuræðu forsrh., að ástand á sjúkrahúsunum á Stór-Reykjavíkursvæðinu er komið á hættumörk. En eftir þessi undangengnu ár sem voru vissulega átakaár og tekist á um mörg erfið mál í heilbrigðisþjónustunni hefur tiltölulega góð sátt náðst í kjölfar þessara miklu breytinga. Við skulum ekki gleyma því að nánast er búið að leggja niður eitt bráðasjúkrahúsið á höfuðborgarsvæðinu og á undanförnum árum hefur legurými minnkað á t.d. Ríkispítölunum um allt að 12–15% frá því sem áður var.

Mig langar til þess að staldra aðeins við og leiðrétta hv. 2. þm. Vesturl. sem er því miður ekki í salnum en ég vona að hann heyri mitt mál þar sem hann er staddur. Hann vék að þeirri nýafstöðnu vinnudeilu sem hefur verið á Landspítalanum. Ég leyfi mér að tala um þetta mál hér þar sem mér er það skylt, þetta er vinnustaður minn daglega og ég er yfirmaður einmitt á þessari deild. Þetta var mjög erfið vinnudeila, þarna var tekist á um túlkun annars vegar stéttarfélaganna og hins vegar ríkissjóðs eða fjmrn. á því hver réttur starfsmanna væri þegar skipulagsbreytingar væru boðaðar. Sem betur fer get ég upplýst hv. 2. þm. Vesturl. um að það tókst að ná markmiðum þeim sem að var stefnt. Ég sé að hann hefur ekki verið upplýstur um það en sátt tókst um málið og yfirmenn á Ríkisspítölunum náðu flestöllum markmiðum sínum í þessu máli þar sem tókst að breyta vinnutíma starfsmanna og koma þeim vinnutíma á þau öryggismörk sem við teljum vera rétt. Þetta snerist ekki bara um krónur og aura, þetta snerist líka um það að veita þjónustu sem er í samræmi við þau markmið sem við störfum eftir í sjúkrahúskerfinu. En ég legg áherslu á að sátt hefur tekist og markmiðum stjórnenda á Ríkisspítölunum var náð.

Ég er farin að tala um heilbrigðismálin og ég segi aftur að ég sakna heilbrrh. Hugmyndir núverandi hæstv. heilbrrh. hafa vakið væntingar og því er ekki að leyna að mild ásýnd hennar hefur gefið fyrirheit um að aðgerðirnar sem verður gripið til í forgangsröðun ríkisfjármunanna yrðu mildar. Hæstv. heilbrrh. hefur orðið tíðrætt um þjóðarsátt, um að

við verðum að ná þjóðarsátt um forgangsröðun verkefna í heilbrigðismálunum. Ég er henni hjartanlega sammála. En ég held að við ættum að staldra aðeins við og velta því örlítið fyrir okkur í hverju margumrædd forgangsröðun felst. Í rauninni felst hún ekki í öðru en að forgangsraða fólki frá. Um það snýst forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Fjármunum til heilbrigðisþjónustunnar er ráðstafað á hinu háa Alþingi og þegar við tölum um frekari forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni erum við hreinlega að segja að ákveðnir þjóðfélagshópar, ákveðnir aldurshópar eigi ekki að fá þjónustu í sama mæli og aðrir. Telur hæstv. heilbrrh. að við í þessu litla þjóðfélagi munum ná sátt um þetta?

Það er ástæða til að staldra við margt sem er boðað í nýju fjárlagafrv. Ég er viss um að það hefur verið hæstv. heilbrrh. þungbært að leggja fram þetta frv. til fjárlaga. Ég veit að það getur ekki annað en verið svo. Það er margt sem hefur verið boðað á þessum fyrstu mánuðum ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið boðuð heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni og ég er fullviss um að það eru flestir sammála því að það þurfi að endurskoða almannatryggingalöggjöf okkar frá grunni. En auðvitað þarf að gera það vel og það þarf að gera það af sanngirni og það þarf að gera það af þeim aðilum sem eiga að koma að þessu máli. Það er svo skrýtið að það er nýbúið að skipa nefnd, fjölmenna nefnd, sem hefur fengið það verkefni að endurskoða lög um almannatryggingar. En áður en þessi nefnd er kölluð til starfa er búið að endurskoða almannatryggingalöggjöfina. Það er búið með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin boðar núna, með því að kippa stoðum undan afkomu allra bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins. Ég sagði í andsvari við stefnuræðu forsrh. að það er búið að rjúfa þá þjóðarsátt sem hefur ríkt um jöfnuð í samfélaginu ef útreikningar ASÍ um sparnað hjá Tryggingastofnun og sparnað í þessu afnámi á tengingu við verðlag og kaupgjaldsþróun í landinu er rétt en það er skoðun þeirra að það muni sparast 700 millj. kr. með þessum aðgerðum einum saman. Það þýðir auðvitað með öðrum orðum að það er verið að leggja 700 millj. kr. álögur á bótaþega í almannatryggingakerfinu. Hefur náðst þjóðarsátt um þessar aðgerðir? Það var ekkert sem benti til þess í vor þegar við gengum til kosninga að þetta skref yrði stigið. Auðvitað er verið að koma verulega aftan að því fólki sem er háð þessum greiðslum og er í skjóli þeirra samninga sem eru gerðir á almenna vinnumarkaðnum hverju sinni en með þessum aðgerðum er búið að kippa þeim grundvelli undan þessum bótaþegum. Enginn getur sagt mér að þjóðarsátt ríki um svona aðgerðir.

Hvernig hefur hæstv. heilbrrh. svo ætlað að ná fram öðrum sparnaði sem henni er gert á næsta ári? Þetta eru sömu gömlu aðferðirnar þannig að ekkert bólar á þeim nýju hugmyndum sem fólk átti von á eftir að hafa hlýtt á hæstv. heilbrrh. tjá sig um heilbrigðismál frá því að hún tók við embætti. Sjúkrahúsin eiga að spara enn á ný 250 millj. kr. að viðbættum halla á yfirstandandi ári. Enn á ný er höggvið í sama knérunn. Gert er ráð fyrir því að sjúkrahúsin auki sértekjur sínar um 100 millj. kr. Hvernig eiga þau að gera það? Það er sama gamla aðferðin. Það er auðvitað með því að auka álögur á sjúklinga sem sækja þjónustu þessara stofnana. Við getum tekið nokkur dæmi.

Á síðasta þingi talaði hæstv. heilbrrh. mjög fyrir því að efla deild um glasafrjóvganir á Landspítalanum. Hún taldi að við þyrftum að styðja vel við uppbyggingu þeirrar deildar og leggja til hennar aukið fjármagn. Hver meðferð, sem hjón sækja til þessarar deildar í dag, kostar 200 þús. kr. Þar afgreiða hjón 105 þús. kr. fyrir fyrstu meðferð og 60 þús. kr. fyrir aðra meðferð og þeir sem málið þekkja vita það að fólk getur þurft að leita þarna eftir þjónustu í nokkur skipti án árangurs.

Nú kemur fram í fjárlagafrv. að ríkisstjórnin ætlar að auka tekjur Ríkisspítalanna vegna glasafrjóvgunar um 24 millj. Ég les ekki annað úr þessu fjárlagafrv. en að það þýði að það eigi að velta öllum kostnaði vegna þessarar meðferðar yfir á þau hjón sem þurfa nauðsynlega á þessari þjónustu að halda. Þetta eru auknar álögur á hluta þjóðarinnar.

Mörgum hefur orðið tíðrætt um innritunargjaldið á sjúkrahúsin sem í fjárlagafrv. er sagt að sé til þess að jafna álögur á sjúklingahópa og til þess að jafna aðstöðu þeirra lækna sem vinna annars vegar á sjúkrahúsunum og hins vegar úti í bæ. Ég hef aldrei fyrr heyrt nokkra ríkisstjórn hafa hag lækna að leiðarljósi, að það væri talið mikilvægt að jafna aðstöðu þessara manna — og það á að leggja innritunargjöld á sjúklinga til þess að það náist. Og enga smápeninga sem þarna á að ná í, það eru 80 millj. sem Ríkisspítölunum er gert að ná inn með þessum hætti. Aftur 80 millj. kr. aukaálögur á skattborgarana og þá sem standa höllum fæti.

Það er svo skrýtið að það er eins og þeir góðu menn sem hafa skrifað þetta fjárlagafrv. séu raunveruleikafirrtir. Halda þeir að það séu aðrir sjúklingar, önnur tegund af sjúklingum sem sækir t.d. göngudeildir sjúkrahúsanna í dag og svo allt önnur tegund sem leggst inn á sömu spítala? Nei, herra forseti, þetta er sama fólkið. Þetta er sama fólkið sem á að fara að borga fyrir þjónustuna núna aftur. Þegar það er búið að liggja inni á sjúkrahúsunum og borga reikning fyrir sjúkrahúsleguna á þetta sama fólk að borga fyrir hverja komu í göngudeildir þegar fylgja á því eftir til bættrar heilsu. Þarna er verið að skattleggja aftur sama fólkið og var gert síðast. Þetta er að mínu viti siðlaust. Það á sem sagt að leggja á þetta fólk að nú eigi það að fara að greiða aðgangseyri að sjúkrahúsunum.

Ég gæti talað í lengra máli um heilbrigðismálin og hér er aðeins drepið á stærstu málunum sem maður sér við fyrstu sýn í þessum fjárlögum því það er eins og ég sagði áðan, margt mjög hulið í þessum fjárlögum, miklu fremur en í öðrum fjárlögum fram til þessa. Þar er svo margt sem er óskrifað en maður getur lesið á milli línanna ef maður hefur réttu gleraugun á sér.

Ég hef áður nefnt í ræðu minni, herra forseti, að ég hef saknað heilbrrh. hér í sölum Alþingis. Hún hefur eins og áður sagði talað skynsamlega um breyttar áherslur í heilbrigðismálum. Hún hefur talað um einfaldara stjórnkerfi, verkaskiptingu á milli sjúkrahúsanna og að það eigi að láta fjármagn fylgja með sjúklingum. Þetta eru allt athyglisverðar hugmyndir sem vissulega á að skoða með opnum huga. En það verður að gæta fyllstu varúðar engu að síður við að útfæra þessar hugmyndir því að þetta gæti snúist upp í andhverfu sína ef ekki er vel að gáð. Þetta gæti nefnilega snúist upp í það að í stað þess að jafna aðstöðu fólksins á landsbyggðinni yrði þetta til þess að setja á fólk slíka átthagafjötra að það eigi ekki völ á að sækja bestu þjónustu til höfuðborgarinnar þegar á þarf að halda.

Ég sagði áðan að skynsamlegt gæti verið að fresta fjárfrekum framkvæmdum sem kalla á aukið rekstrarfé úr ríkissjóði. Það eru undantekningar á þessum málum engu að síður og ég hef gert að umtalsefni hér áður málefni Barnaspítala Hringsins. Barnaspítali var á stefnuskrá síðustu ríkisstjórnar

og var þar gengið til ákveðinna samninga við Ríkisspítala um að hrinda framkvæmdum af stað. Ekkert varð úr því. Aðstaða veikra barna og aðstandenda þeirra á Íslandi er afleit. Barnaspítali Hringsins starfar í húsnæði sem er ekki hannað fyrir börn. Við gerum okkur öll grein fyrir þessu. Og það sem meira er, ef af þessari framkvæmd yrði væri það ekki bara hagkvæmt fyrir börnin og foreldra þeirra heldur fyrir Ríkisspítalana því að þetta eitt og sér gæti leitt til hagræðingar þar innan veggja. Þessi fjárfesting kallar ekki á aukinn rekstrarkostnað og ef grannt er að gáð mun slík fjárfesting ekki kosta ríkissjóð nema um 350 millj. kr.

Áhugamenn um velferð barna, Kvenfélagið Hringurinn, sem hefur allra best sinnt hagsmunum veikra barna á Íslandi, hefur lagt þessum hugmyndum verulegt fylgi og ekki bara það heldur ætlar að láta fylgja verulega fjármuni með til verksins. Ég vil gjarnan, af því að ég sé að hæstv. heilbrrh. er komin í hús, heita á hana að taka höndum saman með þeim sem láta sig velferð barna varða og beita sér í ríkisstjórninni fyrir því að barnaspítali rísi, ég heiti á hana og ég veit að þó hún sé ein kvenna í ríkisstjórn hlýtur hún að geta talað þessu máli.

Hæstv. heilbrrh. hefur sagt að það vanti alla heildarlangtímaáætlun í heilbrigðismál þjóðarinnar og það er vissulega rétt. Grunnur að þeirri vinnu lá fyrir í vor. Það hefði e.t.v. verið gæfulegra að nota eitthvað af forvinnunni til þess að byggja undirstöður heilbrigðiskerfisins betur og treysta þær, byggja þær á bjargi en ekki á sandi eins og flatur niðurskurður í þessum málaflokki leiðir til. Það þarf auðvitað að vinna að heilbrigðisáætlun í friði og um það þarf að nást þjóðarsátt. Þar er ég henni sammála.

Það er annar málaflokkur sem ég get ekki látið hjá líða að tala um hér í dag við 1. umr. fjárlaga. Við höfum séð hvernig á að rjúfa þjóðarsáttina um tekjutengingu lífeyrisgreiðslna til öryrkja og aldraða. Það er annar málaflokkur sem fær óneitanlega að kenna á niðurskurðarhnífnum að þessu sinni og þar er líka verið að rjúfa þjóðarsátt. Þegar merkur mannvinur og fyrrv. alþm. sá þetta fjárlagafrv. og sá að það ætti að stórskerða framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sagði hann, með leyfi forseta: „Þetta hafa piltarnir í fjmrn. gert." Já, sennilega hafa piltarnir í fjmrn. komið þarna við.

Samkvæmt fjárlagafrv. eru tekjur erfðafjársjóðs áætlaðar tæplega 400 millj. kr. á yfirstandandi ári. Það eru lög sem segja að þessar tekjur skuli renna óskertar í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þarna ætlar ríkisstjórnin að brjóta lög og ekki bara brjóta heldur ætlar hún að ganga lengra en nokkur önnur ríkisstjórn hefur gert frá því að lög um málefni fatlaðra voru sett í að skerða framlög til þessara þjóðfélagshópa. Þarna er aftur á nýjaleik leikinn þessi talnaleikur sem strákarnir uppi í fjmrn. hafa leikið því að það þarf að lesa þessa útreikninga með mörgum gleraugum til þess að sjá hvað að baki þeim býr. Staðreyndin er nefnilega sú þrátt fyrir tölur í frv. til fjárlaga að þegar búið er að draga frá þann rekstrarkostnað, sem er væntanlega búið að skuldbinda sig til þess að taka úr sjóðnum enn á ný og standa við fyrri skuldbindingar sem sjóðurinn hefur gert, eru aðeins rúmar 70 millj. eftir til ráðstöfunar í þágu fatlaðra á næsta ári. Aldrei hefur nokkur ríkisstjórn verið svo skammarleg í meðferð sinni á þessum þjóðfélagshópi að skerða framlög til þeirra með þessum hætti. Ég vona að hæstv. félmrh. hafi ekki vitað hvað hann var að gera. Og ég spyr: Var hann að hugsa eða var hann hugsaður, eins og skáldið sagði, af piltunum í fjmrn.? Ég held að svo hljóti að hafa verið og ég vona að hann af sinni sanngirni sjái sér fært að rétta þetta af og bæta inn í fjárlagafrv. áður en það verður afgreitt frá hinu háa Alþingi þeim tekjum sem verið er að taka af fötluðum, þeim réttmætu, lögboðnu tekjum.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað talað um þær áherslur sem núv. ríkisstjórn hefur lagt og þá forgangsröðun sem hún hefur fundið sér í þessu fjárlagafrv. og það að höggva í sama knérunn en ég veit ekki hvort það er ástæða til að draga fleiri slíkar staðreyndir fram í dagsljósið. En ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að sjá að þessi fjárlög eru með þeim hætti að hið háa Alþingi geti aldrei samþykkt þau. Alþingismenn geta aldrei samþykkt að skerða með þessum hætti kjör þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu. Ég heiti á alla réttsýna menn á Alþingi að forða þeirri ógæfu.

[16:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af Framkvæmdasjóði fatlaðra er það að segja að þetta er nú nákvæmlega ekki eins og það stendur í fjárlögunum vegna þess að söluandvirði Sólborgarhúsanna á Akureyri gengur til Framkvæmdasjóðsins þannig að þar eru milli 80 og 90 millj. til viðbótar.

[16:45]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég bjóst við að þetta yrði tekið með og þetta er hluti af þeim talnaleik sem ég var að tala um rétt áðan. Ég get líka upplýst hæstv. félmrh. að þær tölur sem ég er að kynna eru nákvæmlega þær sem stjórnarnefnd um málefni fatlaðra fékk upplýst á fyrsta fundi sínum í gærmorgun um það ráðstöfunarfé sem sjóðurinn mun hafa með höndum á næsta ári. Þar með tekið inn í framlag vegna sölu vistheimilisins Sólborgar á Akureyri.

[16:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat því miður ekki hlustað á alla ræðu hv. þm. en ég held að það sé bráðnauðsynlegt vegna síðustu orða hennar að það komi mjög skýrt fram að líklega er það svo hér á landi að enginn einn málaflokkur, hefur fengið jafnmikla aukningu fjármuna og málefni fatlaðra á undanförnum árum og áratugum. Þetta verður að koma fram vegna þess að það má ekki skilja við umræðuna með þeim hætti að menn haldi að það sé verið að skera sérstaklega niður hjá fötluðum. Ef flett er upp í frv. á bls. 322 og 323 þá kemur í ljós að að raungildi hafa framlög til rekstrar aukist um 21% frá árinu 1991. Ég vek athygli á því að fjármunir þeir sem notaðir eru til fjárfestingar og rekstrar á þessu sviði hafa aukist frá ári til árs langt fram um aukningu sem er á útgjöldum ríkisins. Enda þótt við séum öll af vilja gerð og ég veit að ég tala fyrir munn allra þingmanna að við viljum að leggja fötluðum lið þá verðum við að átta okkur á því í þessum málaflokkum eins og öðrum að það er ekki endalaust hægt að byggja og fjárfesta og allra síst á grundvelli tekjustofns sem er eins og Framkvæmdasjóður fatlaðra, að hann byggir á erfðafjársjóði þar sem ríkið hefur stundum lagt meira til fatlaðra en erfðafjársjóði nemur. Við verðum að hafa í huga að það þarf að reka líka þær fjárfestingarbyggingar sem ríkið hefur lagt fjármuni til. Ég bið hv. þm. um að skilja það og átta sig á að líklega hefur enginn málaflokkur fengið jafnmikla aukningu einmitt eins og málaflokkurinn um málefni fatlaðra og vissulega eiga þeir það skilið sem njóta þess að fá þessa fjármuni.

[16:48]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær skýringar sem hann var að reyna að gefa í ræðustól um fjárframlög til málefna fatlaðra en ég verð að segja að þessi ummæli valda mér nokkrum vonbrigðum.

Ég átti þess kost að hlýða á hæstv. félmrh. á laugardaginn fyrir viku. Þar kynnti hann fyrir fjölmennri ráðstefnu þau fjárframlög sem hafa runnið til málefna fatlaðra undanfarin 15 ár. Þetta eru vissulega háar tölur. Það eru 4,3 milljarðar sem hafa verið settir í stofnframlög til framkvæmda í þágu fatlaðra á 15 árum. Fleirum hefur brugðið en mér vegna þess að ég hélt í raun að þetta væri mikið meira.

Við getum tekið ýmsa útgjaldaliði ríkisins og borið þá saman við þessi fjárframlög. Við getum leikið okkur með tölur endalaust. En staðreyndin er sú að það er svo sérkennilegt að þegar kemur að þessum málaflokki er þetta eini málaflokkurinn sem alltaf er fjallað um í ljósi fortíðar. Aldrei er litið á þennan málaflokk í ljósi nútímans og í ljósi þeirrar framtíðar sem við erum að byggja hér á landi. Nei, það er alltaf talað um aukin útgjöld í þennan málaflokk en ég skal minna á það og við munum við öll í dag að þessi málaflokkur var byggður upp frá engu og byrjað á þeirri uppbyggingu fyrir 15 árum og þeirri uppbyggingu er langt í frá lokið. Þegar talað er um útgjaldaaukningu vegna málefna fatlaðra þá mótmæli ég því, herra forseti, því að þegar við horfum til næsta árs verður einungis 22 millj. kr. varið í að bæta við rekstri í þágu fatlaðra. Ég er sammála hæstv. fjmrh. að við fáum ekki allt með steinsteypu en hefði ég gjarnan viljað sjá að hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hefði tekist að koma nokkrum krónum í rekstur í þágu fatlaðra á næsta ári.

[16:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég virði að sjálfsögðu áhuga hv. þm. á þessum málaflokki. En ég held að nauðsynlegt sé til viðbótar að segja það hér að í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er varið 330 millj. kr. til þessa málaflokks og þar af fara 205 millj. kr. til stofnkostnaðar. Í frv. fyrir næsta ár er varið 257 millj. til stofnkostnaðar til viðbótar við sölutekjurnar af Sólborg sem eru áætlaðar 80 millj. Og ekki má gleyma því sem ég veit að hv. þm. hefur tekið eftir að í fjáraukalagafrv. sem liggur fyrir þinginu núna er gert ráð fyrir að til viðbótar fari 108 millj. kr. til stofnkostnaðar í málefnum fatlaðra. Ég vil minna á það og það vita allir að lottópeningar fara að nokkrum hluta til Öryrkjabandalagsins. Þegar farið er að draga frá skuldbindingar sjóðsins verð ég að biðja hv. þm. að hafa það í huga að þeir sem hafa skuldbundið sjóðinn fram í tímann eru væntanlega stjórnarmenn í viðkomandi sjóði og það gera þeir að sjálfsögðu á sína ábyrgð. Ég verð að segja það eins og er og ætla að standa við það hvar sem er að íslenska ríkið hefur á undanförnum árum og líklega í áratug, miklu lengur en ég hef verið í fjmrn., staðið með sóma að málefnum fatlaðra og ég held að menn geti verið hreyknir af þeirri uppbyggingu og ég er sannfærður um að þessi málaflokkur og þær aðgerðir sem íslenska ríkið stendur að í þessum málaflokki nýtur stuðnings allra þingmanna. En það eru að sjálfsögðu takmörk fyrir því hve mikið á að byggja yfir fólk þegar við sjáum að við höfum ekki fjármuni til að standa undir öllum þeim rekstri á húsnæði sem við erum að byggja upp á hverjum tíma. Það er eingöngu þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs í þessu andsvari, virðulegi forseti.

[16:53]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega hefði ég áhuga á því að búið sé vel að fötluðum á Íslandi. En ég lít jafnframt á það sem mikilvægt samfélagslegt mál sem á ekki að vera bundið persónulegum áhuga einstaklinga heldur á það að vera viðfangsefni stjórnmálanna á hverjum tíma, líka á hinu háa Alþingi. Ég verð að endurtaka það aftur og aftur ef með þarf að fjárlagafrv. er slík huldubók að það er bara ekki hægt að lesa þessi framlög úr því frv. sem hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. gefa til kynna að verði veitt til málaflokksins.

Til dæmis er hvergi brugðið á það tölum í fjárlagafrv. fyrir 1996 með hvaða hætti og hvar á að taka tekjur til fjármögnunar á 40% framlagi sem heimilt er að taka til reksturs úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Þær tölur eru hvergi reiknaðar inn í fjárlagafrv. fyrir næsta ár þannig að ég leyfi mér að gefa mér það að það fjármagn eigi að taka úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og þar með að skerða framlög til hans til nýframkvæmda. Þegar allar tölur eru lagðar saman og dregnar frá standa eftir 77 millj. kr. til nýframkvæmda á næsta ári.

[16:58]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þm. að sýna biðlund á meðan verið er að fara yfir og kanna ítarlega mælendaskrána þannig að unnt sé að tryggja það að þeir sem hafa óskað eftir að taka til máls á mælendaskránni séu örugglega innan seilingar.

Forseti hefur þá tilkynningu að færa hv. þm. að þessari umræðu verður nú frestað og fleira verður ekki tekið fyrir.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 16:58

5. FUNDUR

mánudaginn 9. okt.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
3. Útvarpslög, frv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
4. Seðlabanki Íslands, frv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Afnám mismununar gagnvart konum, 55. mál, fsp. BH, þskj. 55.

Félagslegar íbúðir á landsbyggðinni, 49. mál, fsp. RG, þskj. 49.

Fjöldi félagslegra íbúða, 50. mál, fsp. RG, þskj. 50.

Kjarasamningar á vegum ríkisins og ríkisstofnana, 57. mál, fsp. SighB, þskj. 57.

Lokunartími veitingahúsa, 54. mál, fsp. AK, þskj. 54.

Mat á umhverfisáhrifum, 58. mál, frv. TIO, þskj. 58.

Skaðabótalög, 51. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 51.

Tekjuskattur og eignarskattur, 59. mál, frv. TIO og StB, þskj. 59.

Úrbætur í fangelsismálum, 52. mál, fsp. AK, þskj. 52.

Úrræði gagnvart síbrotamönnum, 53. mál, fsp. AK, þskj. 53.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Tilkynnt hefur verið með bréfi að á fundi heilbr.- og trn. hafi Össur Skarphéðinsson verið kjörinn formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að loknu fyrsta dagskrármáli, atkvæðagreiðslu, fer fram utandagskrárumræða í hálftíma að ósk hv. 4. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, um stjórn fiskveiða. Hæstv. sjútvrh. verður til andsvara.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 9. okt. 1995:

„Þar sem ég af persónulegum ástæðum get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Þjóðvaka í Reykn., Lilja Á. Guðmundsdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn."

Kjörbréf Lilju Á. Guðmundsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Lilja Á. Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:06]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Lilja Á. Guðmundsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Athugasemd við 53. gr. þingskapa.

[15:07]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti segja þetta við hv. alþm.:

Í 53. gr. þingskapalaga segir svo:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Sl. föstudag hófst þingfundur kl. 10.30 eins og venja er um þingfundi á föstudögum. Þingfundurinn var kynntur í starfsáætlun Alþingis og um hann mátti öllum hv. þm. vera kunnugt. 13 hv. alþingismenn boðuðu forföll þennan dag með venjubundnum hætti, þ.e. létu skrifstofuna vita um forföll sín. Eigi að síður var ekki unnt að halda atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið á fundinum því að einungis um 25 þingmenn voru við upphaf fundarins.

Forseti finnur að því að þingmenn ræki ekki fundarskyldu sína. Forseti hefur þó á því góðan skilning að þingmenn þurfi að sinna brýnum erindum annars staðar en þá ber þeim jafnframt að tilkynna um slíkt.

Þingmönnum til hagræðis hefur komist á sú venja hér í störfum Alþingis að safna atkvæðagreiðslum saman og láta

þær fara fram í upphafi þingfundar, alla jafna. En þegar ekki er heldur hægt að láta atkvæðagreiðslu fara fram á þeim tíma verður að minna á skyldur þingmanna í þessu efni. Forseti væntir þess að hér verði breyting á.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 21. mál (gildistaka ákvæða um stofnun lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Stjórn fiskveiða.

[15:10]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á hinu stutta vorþingi sl. vor var þráfaldlega tekið fram af ýmsum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar að heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða mundi hefjast nú á þessu hausti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði m.a., með leyfi forseta:

„Það má öllum vera ljóst að þessi fjögur atriði sem hér eru tekin fyrir eru hin minni mál þó þannig vaxin að menn vildu ekki geyma þau til haustsins, þau voru þess eðlis. Stóru málin bíða, þau bíða til haustsins þegar menn telja sig hafa tíma til að ræða þau. Þar á meðal, eins og þeir sem hafa fengið verkefnaskrána geta séð, er endurskoðun á heildarlöggjöfinni um fiskveiðar."

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, tímans vegna að rekja frekari ummæli einstakra stjórnarþingmanna um þessi efni sem falla mjög í sama farveg og þau ummæli sem ég hef hér vitnað til en þar gæti ég bæði vitnað til annarra stjórnarþingmanna af Vestfjörðum, stjórnarþingmanna af Vesturlandi og stjórnarþingmanna af Reykjanesi.

Nú kemur það hins vegar í ljós við lestur fylgiskjals með stefnuræðu hæstv. forsrh. að þar á lista um þau frv. sem hæstv. sjútvrh. hyggst flytja er ekki frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þannig er ljóst að hann mun a.m.k. ekki sjálfur hafa neitt frumkvæði að því að þessi mál verði tekin upp á haustþingi eins og þráfaldlega hafði komið fram hjá öðrum en honum á vorþinginu því ég vil taka það skýrt fram að þær yfirlýsingar sem ég hér vitna til fóru aldrei úr munni hæstv. sjútvrh.

Út af fyrir sig gætu menn virt það til vorkunnar að það skyldi ekki gert, að yfirlýsingar stjórnarþingmanna skuli ekki standast ef ekki hefði það gerst að smábátamönnum hafi verið gefin fyrirheit um það í sumar að þeim ágöllum, sem reyndust vera á lögum um stjórn fiskveiða er þá vörðuðu, yrði kippt í lag þegar endurskoðun fiskveiðistefnunnar færi fram nú í haust. Í því sambandi má t.d. nefna eftirfarandi sem fram hefur komið:

Í fyrsta lagi hefur fram komið að smábátar hafi ekki tryggða 86 sóknardaga eins og menn ræddu um heldur aðeins 82.

Í öðru lagi hefur komið fram að gerð voru þau mistök að í gildandi lögum segir að ekki megi færa á milli tímabila fyrr en 1. feb. 1997 en allflestir, þar á meðal hv. þm., stóðu í þeirri trú að þetta mætti gera 1. febr. 1996 en það verður ekki gert nema með breytingu á lögunum.

Ég hef heyrt hv. stjórnarþm. lýsa því yfir að þeir hafi ekki veitt þessu athygli fyrr en löngu eftir að lögin höfðu verið afgreidd og ég hef líka heyrt þá fara með stórar yfirlýsingar um það að þessu verði kippt í lag við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða nú þegar á þessu hausti.

Í þriðja lagi voru miklar heitstrengingar uppi um að með lagabreytingunni væri verið að færa sóknina af vetrartíma yfir á sumarið. Það kemur í ljós við athugun málsins að svo er ekki því að ef jafnað er á mánuðina þá er gert ráð fyrir því að sóknardagar geti verið allt að meðaltali 11 daga í mánuði í mánuðunum sept.–nóv., 7 daga í febr.–apríl, á milli 6–7 daga í maí og júní og 7 daga í júlí og ágúst, þannig að niðurstaðan er þveröfug við það sem sagði. Eins og lögin standa nú er verið að ýta sóknarþunga smábátaveiðinnar yfir á vetrarmánuðina með öllum þeim hættum sem því fylgja. Þá hefur líka komið fram að skilgreining á sóknardegi er ekki sú sama hjá hæstv. sjútvrh. og hjá einstökum þingmönnum í sjútvn. ef miða má við þeirra eigin yfirlýsingar. Og þá liggur ekki fyrir hvernig fara eigi með ef hafinn er róður. Ef smábátur lætur úr höfn en snýr til baka vegna veikinda eða bilunar þá liggur ekki fyrir hvernig fara á með þau tilvik.

Þessum mönnum var lofað því í sumar af mörgum stjórnarþingmönnum að það yrði gerð bragarbót á þessum mistökum sem þeir kölluðu svo nú þegar á þessu haustþingi þegar sjútvrh. legði fram það frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem þessir sömu stjórnarþingmenn lofuðu á vorþingi að lagt yrði fram nú í haust. Nú finnst þetta frv. ekki á frumvarpalista hæstv. sjútvrh. Með öðrum orðum: Hann tilkynnir með stefnuræðu forsrh. að hann hyggist ekki leggja slíkt frv. fram í allan vetur. Ég vil spyrja hann: Er þetta rétt? Hyggst hann ekki leggja umrætt frv. fram og hvernig eiga menn þá að standa við þau fyrirheit sem fjölmargir stjórnarþingmenn hafa gefið smábátamönnum í sumar?

[15:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér er hafin svolítið skringileg umræða þegar hv. 4. þm. Vestf. stendur upp utan dagskrár til þess að kvarta yfir því að á lista ríkisstjórnarinnar um þingmál sé ekki endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Hv. þm. veit manna best að heildarendurskoðun á þeim lögum fór fram á tíma fyrri ríkisstjórnar, lauk með ákveðnum breytingum sem gerðar voru vorið 1994. Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð var tekið fram við stjórnarmyndunina að vinda þyrfti bráðan bug að tilteknum leiðréttingum á þeim lögum og Alþingi afgreiddi þau mál á sl. vori, á vorþinginu sem stóð eftir að núv. ríkisstjórn var mynduð. Það er þess vegna á algerum misskilningi byggt og engin rök fyrir því að fyrir dyrum hafi staðið einhver heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Þau eru hins vegar þess eðlis að það þarf alltaf að koma til þess að á þeim séu gerðar breytingar. Við erum að fjalla hér um löggjöf sem lýtur að viðamestu atvinnustarfsemi í landinu, atvinnustarfsemi sem er háð duttlungum náttúrunnar, atvinnustarfsemi sem menn þurfa stöðugt að vera að fylgjast með að því er lagaramma varðar þannig að það er aldrei hægt að segja fyrir fram um það hvort nauðsynlegt verður að gera á breytingar að fenginni tiltekinni reynslu. Og þó að á lista ríkisstjórnar yfir lagafrumvörp sé ekki endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, þá er það auðvitað fráleitt og barnalegt af hv. þm. að halda því fram

að það feli í sér yfirlýsingu um að það komi ekki til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar að flytja slíkt frv. ef nauðsyn krefur.

Hv. þm. nefndi til að mynda ákveðið atriði sem lýtur að mistökum, að minni hyggju, sem urðu við gerð eða afgreiðslu laganna í vor sem leið, yfirfærslu á milli tímabila varðandi smábátana. Ég hef til að mynda sagt við forustumenn smábátaeigenda að þarna hafi að minni hyggju orðið mistök við afgreiðslu málsins á þingi og þess vegna komi fyllilega til álita að gera þar á breytingar. Og það kunna að vera fleiri atriði sem þarf að skoða að því er smábátana varðar sem við kunnum að vilja gera á breytingar. Þessi löggjöf er þannig lifandi rammi sem getur tekið breytingum frá einum tíma til annars.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Að mestu er byggt á aflahlutdeildarkerfi í sjávarútvegi en banndagakerfi svonefndra krókabáta verður tekið til endurskoðunar."

Hér er lögð alveg skýr stefna um grundvallarþætti fiskveiðistjórnunarkerfisins og endurskoðun að því er krókabátana varðar hefur farið fram. Ég hef aldrei dregið úr því að af minni hálfu var sú niðurstaða um margt gölluð og málamiðlun sem hefði ugglaust mátt vera miklu betri. En hér þurfti að ná málamiðlun og niðurstaðan einkenndist af því. Það er hins vegar skýrt tekið fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að öflugar líffræði- og hagkvæmnirannsóknir séu forsenda skynsamlegrar fiskveiðistjórnunar og eðlilegrar þróunar hennar. Og í samræmi við það var tekið fram í verkefnaskrá sjútvrn. að gerð yrði úttekt á mismunandi leiðum við fiskveiðistjórnun og bornir saman kostir og gallar ólíkra fiskveiðistjórnunarkerfa og niðurstöðurnar yrðu síðan nýttar við þróun fiskveiðistjórnunar. Í samræmi við þetta ákvæði í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er nú verið að undirbúa skipun nefndar sem á að fjalla um þetta mál og ætlun mín er að að því starfi komi fulltrúar helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og allra stjórnmálaflokka í þinginu.

Í verkefnaskránni er einnig fjallað um nauðsyn þess að bæta umgengni um auðlindir sjávar í samvinnu við sjómenn og útvegsmenn og að sett verði löggjöf til að tryggja ábyrga umgengni um auðlindina. Að þessu hefur verið unnið í samvinnu við sjómenn og útvegsmenn og ég geri ráð fyrir því að frv. um þau efni komi hér til meðferðar á Alþingi innan tíðar.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er vissulega gagnlegt að taka þetta hér fyrir og ég fagna þeim ummælum sjútvrh. út af fyrir sig að fjarvera breytinga á lögum um stjórn fiskveiða á forgangslista ríkisstjórnar þarf ekki að þýða að lagfæringar geti ekki orðið á þeirri löggjöf í vetur. Ég vil taka fram vegna orða hæstv. sjútvrh. að hafi einhver mistök verið gerð við lagasetningu hvað þetta varðar hér á Alþingi sl. vor, þá er auðvitað alveg ljóst að ábyrgðin á þeim mistökum ber hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar hér á Alþingi vegna þess að það var málamiðlun stjórnarflokkanna sem hér var lögfest á ábyrgð meiri hlutans í andstöðu við stjórnarandstöðuna þannig að það þarf að vera alveg ljóst hverjir bera hina pólitísku ábyrgð á þeim texta sem lögfestur var. Ég a.m.k. vil algjörlega þvo hendur mínar af því að bera pólitíska eða faglega ábyrgð á þeim lagatexta því að hann var soðinn saman í málamiðlun milli stjórnarflokkanna og lögfestur þannig óbreyttur.

Það er alveg ljóst að það eru tæknilegar ágallar á löggjöfinni varðandi yfirstandandi fiskveiðiár og því þarf að breyta. Það hlýtur þess vegna að þurfa að koma til skoðunar nú á allra næstu vikum að gera breytingar, a.m.k. varðandi ákvæðin um veiðar smábáta sem snúa að yfirfærslu róðrardaga. Mér er kunnugt um að það eru væntanleg erindi til sjútvn. frá forsvarsmönnum smábátaútgerðar fyrir norðan sem telja að af veðurfarsástæðum og öðru slíku komi þessir ágallar löggjafarinnar sérlega illa við útgerð á þeim slóðum. Þessi erindi hljóta menn að sjálfsögðu að taka til skoðunar. Þá stendur fyrir dyrum landsfundur Samtaka smábátaeigenda og það sem þar verður fjallað um og samþykkt hlýtur einnig að koma til skoðunar hér á Alþingi. Ég lít því svo á að þessi mál hljóti að verða hér á dagskrá á allra næstu vikum og ég vona að um það a.m.k. geti tekist pólitísk samstaða, hvað sem ágreiningi um málið líður að öðru leyti, að taka til skoðunar lagfæringu á augljósum tæknilegum ágöllum á löggjöfinni eins og hún er og snýr að yfirstandandi fiskveiðiári.

[15:23]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er nú að koma í ljós sem ég varaði við á Alþingi í vor að þær breytingar sem þá voru gerðar á lögunum um stjórn fiskveiða mundu eyðileggja krókaleyfiskerfið. Talsmenn kvótakerfisins hafa lengi hamast gegn krókaleyfunum og viljað þau feig og því miður virðist draumur þeirra vera að rætast.

Þá varaði ég mjög við því ákvæði laganna að fela Byggðastofnun að úthluta 500 tonnum af þorski og greiddi atkvæði gegn því. Nú hefur það komið á daginn að þetta er óframkvæmanlegt ef það á að fara eftir því sem segir í lögunum, þ.e. að Byggðastofnun skuli árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Það kom nefnilega í ljós að ekkert byggðarlag uppfyllir þetta skilyrði laganna nema Mýrahreppur á fjörðum vestur, en þaðan voru á síðasta ári gerðir út tveir bátar sem drógu að landi 34 tonn að verðmæti 2 millj. kr. Ekkert annað byggðarlag kemst nálægt markmiði laganna. Ég lagði það því til í stjórn Byggðastofnunar að stofnunin skilaði þessu verkefni til hæstv. sjútvrh. en fékk því miður ekki nægan stuðning við þá tillögu þannig að trúlega verður kátt í Mýrahreppi á næstunni.

Á vorþinginu var samþykkt að ráðstafa 5 þús. lestum af þorski til þeirra sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu aflamarks síðustu árin og að þessari viðbót skyldi deilt á öll aflamarksskip nema fullvinnsluskip, þannig þó að engir fengju meira en 10 lestir. Einhvern veginn tókst að klúðra þessari úthlutun þannig að örfáir smábátar fengu ekki neitt og það var skýrt með því að þeir hefðu aukið ýsukvóta sinn. Ég tel þetta ganga þvert á umræðuna í þinginu í vor. 5 þús. tonnin áttu að ganga til þeirra sem hafa orðið fyrir þorskskerðingu, ýsukvóti sem menn hafa eignast og yfirleitt ekki náð að veiða, skiptir þar engu máli. Mér skilst að þetta hafi verið leiðrétt við úthlutun nýs fiskveiðiárs en tel að þessir bátar eigi inni leiðréttingu fyrir úthlutun síðasta fiskveiðiárs. Þar er um nokkra tugi tonna að ræða sem ráðuneytið verður að leiðrétta.

Herra forseti. Það hefur verið skondið að fylgjast með málflutningi hv. þm. Alþfl. um þessi mál í vor og aftur núna. Það rifjast nefnilega upp sú mikla umræða sem varð um þessi sömu mál vorið 1994 þegar tekist var á um mál smábátamanna hér á Alþingi. Þá tóku þessir sömu þingmenn

varla þátt í umræðunum og samþykktu með bros á vör þær breytingar sem þá voru gerðar og gengu allt of skammt fyrir smábátaútgerðina. Ég held að málflutningur þessara hv. þm. væri trúverðugri ef þeir hefðu sömu skoðun hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

[15:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil að það komi strax fram að ég er ættaður úr Mýrahreppi í Dýrafirði þannig að þessi lög hafa kannski ekki að öllu leyti komið illa við allan þingheim. En, herra forseti, hæstv. sjútvrh. segir að það sé á algerum misskilningi byggt að endurskoðun laganna hafi átt að koma til á þessu þingi. Nú er það svo að hæstv. sjútvrh. er þeim ágæta kosti búinn að hann ber virðingu fyrir andstæðingum sínum. Hann þarf hins vegar að temja sér það líka að bera virðingu fyrir samstarfsmönnum sínum og það vill svo til að einn nánasti samstarfsmaður hans í þingflokki sjálfstæðismanna í sjávarútvegsmálum er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er jafnframt talsmaður og fulltrúi hæstv. sjútvrh. í hv. sjútvn. og það var þessi hv. þm. sem lýsti því yfir margsinnis, ítrekað hér í umræðum á vorþinginu að þegar kæmi til hinna stóru mála, þ.e. gjörbyltingar á stjórnkerfi fiskveiða, þá skyldu menn koma vaskir til þings í haust. Þetta voru hans óbreyttu orð. Hann gaf yfirlýsingu um það að hann mundi einhenda sér í það að ná fram gjörbreytingu á stjórnkerfi fiskveiða.

Það er auðvitað mikilvægt að það komi hér fram að þessi hv. talsmaður sjútvrh. í sjútvn. nýtur ekki meira trausts en svo að það er ekkert sem liggur fyrir af hálfu hæstv. sjútvrh. um það að hin stóru orð hv. þingmanns eigi eitthvað að baki sér. Því miður er sagan frá því í vor að endurtaka sig, með hinar digru yfirlýsingar hv. þm. Einars Odds frá því fyrir kosningar, eftir kosningar og hér á vorþinginu, það er ekkert sem býr að baki þeim.

Herra forseti. Það er svo annað sem knýr á um það að lögin verði tekin til endurskoðunar og ég vek athygli á því, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að það kæmi til greina ef nauðsyn krefði. Og nú krefur nauðsyn. Þessi nauðsyn eru eigin orð sjálfstæðisþingmannanna, þar á meðal formanns sjútvn. hér á þingi í vor. (Forseti hringir.) Þá sagði hv. þm. Árni R. Árnason að ef svo færi að þorskafli yrði aukinn, ef kvóti yrði aukinn, þá mundi Sjálfstfl. sjá til þess að lögum yrði breytt þannig að aflahámarki, sem heildarfloti krókabáta má veiða, yrði breytt til samræmis við það. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að það komi til greina á árinu 1997 að þetta verði gert og þá er ekki seinna vænna heldur en lögunum verði breytt í samræmi við það á þessu þingi. Það er ástæðan.

[15:29]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið hér fram hjá fyrirspyrjanda og fleirum að við setningu laganna í vor um smábátana urðu hér mistök. Það er greinilegt að það urðu mistök. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að það sé vilji ríkisstjórnar og vilji sjútvrh., eins og reyndar kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan, að breyta þessum lögum. Ég treysti því og þykist geta treyst því.

Ef menn líta á fjárlagafrv. sem liggur nú fyrir, þá geta menn séð að verulegir fjármunir eru ætlaðir til þess að endurskoða einmitt fiskveiðistjórnarkerfið. Til þess eru ætlaðir verulegir fjármunir. Það var gerð sátt um það meðal stjórnarflokkanna í upphafi að við skyldum endurskoða þetta kerfi, skoða hagkvæmni hinna ýmsu leiða við stjórnun fiskveiða. Á þetta var fallist.

Það hefur alltaf legið fyrir, herra forseti, að það eru miklar deilur meðal sjálfstæðismanna t.d. um það hvern veg við færum best að því að stjórna okkar fiskveiðum. Við erum ákveðnir í að endurskoða þetta og taka það fyrir. Enginn getur fullyrt það hér og nú að hann muni hafa meiri hluta á bak við sig eftir að endurskoðun hefur farið fram. Það væri rangt og það hefur enginn sagt. En við ætlum okkur að berjast fyrir breytingum á stjórn fiskveiða hvernig sem þeirri baráttu lýkur. Endurskoðun fer nú fram og á grundvelli hennar munum við breyta fiskveiðilögum eða ekki, eftir því hver verður ofan á. Ef þau sjónarmið verða ríkjandi að það eigi ekki að breyta þeim, þá er ekkert annað að gera en að hlíta því. Minni hlutinn getur ekkert annað gert. Það liggur fyrir.

[15:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með málshefjanda að það voru nokkur vonbrigði að sjá ekki á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar að til standi að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða eins og nefnt var í umræðunum í vor þótt það hefði kannski ekki beint komið á óvart. Núverandi stjórnarstefna leiðir til þess að eign kvótans færist í hendur æ færri manna. Kvótinn gengur í erfðir og nú er alls ekki tryggt að kvótinn haldist í eigu Íslendinga eins og dæmin sanna. Ég fagna því yfirlýsingu sjútvrh. um að til standi að endurskoða lögin og gera samanburð á mismunandi fiskveiðistjórnunarkerfum og allir þingflokkar fái aðild að þeirri endurskoðun. Það er þjóðarnauðsyn að taka á þeirri mótsögn sem nú er á milli 1. gr. laganna um stjórnun fiskveiða, þ.e. að fiskveiðistofnanir séu í eigu þjóðarinnar, og núverandi stjórnarstefnu. Ný og breytt lög eru þjóðarnauðsyn og endurskoðun þeirra þolir enga bið. Og það er svo sannarlega von mín í ljósi orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að sú endurskoðun sem fyrirhuguð er sé raunveruleg endurskoðun en ekki bara til þess að lægja óánægjuraddirnar í Sjálfstfl.

[15:33]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur ef menn halda að ég eigi erindi hingað upp til að skamma einhverja, en ástæðan er einfaldlega sú að það var fært hér í tal að Byggðastofnun ætti í erfiðleikum með að komast að niðurstöðu í sambandi við úthlutun á vissum afla eða ráðstöfunum í sambandi við smábáta. Það rétta í þessu máli er það að Byggðastofnun á ekki í neinum erfiðleikum með þetta og það hygg ég að sá sem minntist á þetta hafi vel vitað, m.a. vegna þess að tillaga frá honum um þessi efni að vísa málinu frá féll á síðasta fundi með miklum atkvæðamun. Og honum eins og öðrum stjórnarmönnum í Byggðastofnun er fullkunnugt um það að frá þessu máli verður gengið á næsta stjórnarfundi stofnunarinnar. Þannig að allt tal um erfiðleika í þessum efnum er ástæðulaust.

Þetta þótti mér eðlilegt að kæmi hér fram þótt ég hljóti að telja það heldur af hinu verra að meðan menn eru að vinna að afgreiðslu mála í einhverjum tilteknum stofnunum, í þessu tilviki í Byggðastofnun, þá séu þau dregin inn í umræðu af þessum toga.

[15:35]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram hér og það hefur margoft komið fram að það er sérstakur áhugi

hjá okkur framsóknarmönnum í Reykjanesi að hafa áhrif á fiskveiðistjórnunina. Og þið vitið nákvæmlega í hverju okkar áhugi liggur. Við viljum að hlutur smábáta verði aukinn ef þess er nokkur kostur vegna þess að þær veiðar eru að okkar mati vistvænni og gefa af sér betra hráefni heldur en veiðar með stórtækari veiðarfærum. Það er hins vegar alveg ljóst að þetta er ekkert einfalt mál. Við höfum ekki orðið mjög vinsæl fyrir þetta í okkar flokki. Og það er líka alveg rétt að það er erfitt að taka af einhverjum ákveðnum flokki skipa og færa á milli. En til þess gæfist helst tækifæri núna ef kvóti eykst umtalsvert.

Ég vil sérstaklega fagna því og taka undir með Þorsteini Pálssyni, hæstv. sjútvrh., að þótt það felist ekki nein sérstök heildarendurskoðun í einhverju fylgiskjali með fjárlögunum, þá er ekkert lokað í þessu máli.

[15:36]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. þarf ekkert að undrast það að ég skuli spyrjast fyrir um hvað dvelji „Orminn langa". Ég vitnaði í þingræðu fyrr á þessu fundi. Þann 15. júní sagði DV í fyrirsögn: „Einar Oddur Kristjánsson boðar endurskoðun fiskveiðistjórnar í haust." Þannig að það kom mönnum að sjálfsögðu mjög á óvart þegar sú endurskoðun sem boðuð var, og var látið ómótmælt af hæstv. sjútvrh. á sínum tíma, á ekki að fara fram. Það verður þá lítið sem stendur eftir af orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og fleiri félaga hans en það er ekki mitt vandamál.

Ég er ánægður með það að hæstv. sjútvrh. telur koma til greina að leiðrétta þau mistök sem gerð voru við lagasetningu krókaleyfisbáta í sumar. Hann hefur hins vegar látið hjá líða að lýsa því yfir að hann muni hafa frumkvæði um það. Ef það verður ekki, þá er ekki um annað að ræða en gera eins og hv. formaður sjútvn. sagði, að taka málið upp í nefndinni og leiðrétta það þar. Og það verður gert ef frumkvæðið kemur ekki frá hæstv. sjútvrh.

En ég vil láta það koma fram að það var fleira en þetta eina atriði sem sjútvrh. hæstv. nefndi um tímasetninguna 1997 í staðinn fyrir 1996 sem voru mistök við þetta mál. Og það er fleira í framkvæmdinni sem hefur gengið gegn yfirlýsingum stjórnarsinna svo sem að lágmarkssóknardagafjöldi skuli vera 82 í stað 86 sem gengur þvert gegn yfirlýsingum varaformanns sjútvn. úr þessum ræðustól. Það eru því a.m.k. fjögur ef ekki fimm atriði sem þarf að leiðrétta í þeirri afgreiðslu sem gerð var í vor og ég ítreka það að hafi hæstv. sjútvrh. ekki frumkvæði í málinu, þá mun ég gera það í samráði við hv. formann sjútvn. í nefndinni. Frá öðrum nefndarmönnum kemur það ekki, það hefur komu innantóm orð sem ekkert er að marka.

[15:39]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst varðandi þau atriði sem hér hafa verið nefnd og lúta að löggjöfinni um smábáta, þá hef ég tekið það fram hér og reyndar áður í viðtölum við forustumenn smábátamanna að þau atriði þar sem um hrein mistök var að ræða og ýmis önnur sem reynslan kann að sýna mönnum að sé eðlilegt að breyta, þá er ráðuneytið fyrir sitt leyti tilbúið til þess að skoða þau og hafa frumkvæði að því að flytja hér brtt. þannig að það er rangt sem hv. 4. þm. Vestf. segir hér að slík yfirlýsing hafi ekki legið fyrir af hálfu ráðuneytisins.

Hins vegar varðandi fjölda veiðidaganna, þá urðu engin mistök við lagasetninguna um þau efni. Það voru settar alveg skýrar reglur um það hvernig finna ætti út fjölda veiðidaga á hverju ári og lá alveg ljóst fyrir á hvaða forsendum þar væri byggt því að þar eru menn að fjalla um veiðistjórnunina sjálfa, þ.e. hvernig hægt er að takmarka veiðarnar við það heildarmagn sem lögin ákveða.

Það er svo að við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða þá hefur stundum verið tekið fram og það beinlínis lögbundið að þau skuli endurskoðuð fyrir tiltekinn tíma. Það var gert í lögunum 1990. Við endurskoðunina og þær breytingar sem gerðar voru vorið 1994, þá voru engin slík ákvæði sett inn í lögin. Við umfjöllun um lögin sl. vor var flutt tillaga um það að binda í lög skyldu til þess að endurskoða lögin fyrir tiltekinn tíma. Sú tillaga var borin upp og felld hér í þinginu þannig að staðan í þessu máli er alveg skýr. Hitt liggur fyrir að ríkisstjórnin ákvað þegar hún var mynduð að setja af stað vinnu við mat á ýmsum kostum við fiskveiðistjórnun. Hagkvæmnirannsóknir við fiskveiðistjórnun eru alveg jafnmikilvægar og líffræðirannsóknirnar og á þeim grundvelli verður unnið.

Ég vil líka minna á að það er athyglisvert í þessum umræðum af hálfu þingmanna Alþfl., þá er fyrst og fremst verið að tala hér um tæknilegar breytingar á fiskveiðilöggjöf en ekki þörf á grundvallarbreytingum og það er kannski það athyglisverðasta við þessar umræður hér í dag.

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, 1. umr.

Frv. ÖS og SAÞ, 13. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 13.

[15:42]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um réttarstöðu kjörbarna og kjörforeldra þeirra sem ég flyt ásamt hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur. Meginefni frv. er að breyta gildandi lögum á þann hátt að staða kjörbarna og kjörforeldra verði að öllu leyti hin sama og kynforeldra og barna þeirra.

Herra forseti. Það voru hinir fornu stóuspekingar sem sögðu: „Öll erum við jafnir geislar sólarinnar." Sem betur fer hefur það viðhorf yfirleitt birst mjög skýrt í lögum frá hinu háa Alþingi. Mörgum kemur þess vegna nokkuð spánskt fyrir sjónir að lögin gera í nokkrum atriðum greinarmun á réttarstöðu kjörbarna og annarra barna sem fæðast og eru getin af foreldrum sínum. Ég var sjálfur afar undrandi þegar ég kynntist því af eigin raun og hafði litla hugmynd um það frekar en aðrir sem ekki þekkja frumskóg laganna nema að takmörkuðu leyti. Ég er líka sannfærður um að það er ekki í anda þeirrar umhyggju sem einkennir hið íslenska samfélag og ekki síður það örsmáa samfélag sem er að finna hér í sölum hins háa Alþingis.

Í umræðum fyrri ára um mál sem tengjast efni þessa frv. speglast þetta raunar skýrt. Þar er að finna mörg dæmi þess að þingmenn telja rangt að gera greinarmun á börnum eftir því hvort þau eru getin og fædd af sínum foreldrum eða ættleidd. Sama viðhorf má reyndar finna í fjölmörgum lagasetningum frá Alþingi þar sem er víða lögð sérstök áhersla á að að sé enginn munur á rétti þessara tveggja hópa.

Andi flestra laga sem með einhverjum hætti tengjast því efni sem er undir í þessu frv. er ótvírætt í þá veru að réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra eigi að öllu leyti að vera hin sama og kynforeldra og þeirra barna. Ég gæti vísast

nefnt mörg dæmi um það. Ég læt mér nægja að vísa til 15. gr. ættleiðingarlaganna frá 1978, þar sem segir með leyfi forseta:

„Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna."

Í þessum orðum, herra forseti, tel ég að birtist mjög skýr og afdráttarlaus vilji löggjafans. Allt sem ber vott um annað en jafnstöðu þessara tveggja barnahópa er að mínu viti siðferðilega rangt og óverjandi. Ættleidd barn er nákvæmlega jafnelskað og barn sem fæðist af foreldrum sínum og það veitir þeim ekki minni hamingju. Það þarf ekki heldur á minni umhyggju samfélagsins að halda. Þeir sem ættleiða barn meðhöndla það að öllu leyti sem skilgetið afkvæmi sitt og löggjafanum ber að mínu viti að gera hið sama.

Í vaxandi mæli koma kjörbörn frá öðrum heimshlutum. Þau skera sig stundum úr hópnum sakir uppruna síns og ekki síst af þeim sökum er afar mikilvægt að þau bæði viti og þau finni að þau njóta verndar og umhyggju samfélagsins með nákvæmlega sama hætti og börn af íslenskum uppruna. Ef löggjafinn býr hins vegar svo um hnúta að kjörbörn njóta ekki að öllu leyti sama réttar og önnur börn, þá er um leið gefin vísbending um að þau séu ekki jafndýrmæt; þau séu ekki jafnmikilvæg og þar af leiðandi ekki jafnvelkomin og önnur börn. Hvort tveggja er vitaskuld fráleitt. Það er siðferðilega rangt. Það er víðs fjarri inngróinni réttlætiskennd Íslendinga og auk þess í algerri andstöðu við frumatriði kristinnar trúar. Ég þori að fullyrða að slíkt er hvorki vilji almennings, Alþingis né íslensku kirkjunnar.

Herra forseti. Meginbreytingarnar sem við flm. leggjum til varða annars vegar breytingar á lögum um fæðingarorlof og í kjölfar þeirra afleiddar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem aðstoð hins opinbera sem tengist fæðingarorlofi er útfærð. Við leggjum sömuleiðis til veigaminni breytingar á tvennum lögum um lífeyrissjóði, annars vegar um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og hins vegar um Lífeyrissjóð bænda en báðir fela í sér úrelt ákvæði sem mismuna kjörbörnum og foreldrum þeirra um tiltekin réttindi.

Í þessu frv. eru lagðar til breytingar á fernum lögum og því er skipt í fjóra kafla. Ég mun nú í örstuttu máli reyna að gera grein fyrir efni hvers kafla fyrir sig.

Meginhersla frv. birtist þegar í 1. gr. I. kafla. Þar er lögð til sú breyting á upphafsgrein laganna um fæðingarorlof sem í dag hljóðar svo, með leyfi forseta: „Fæðingarorlof samkvæmt lögum þessum merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar." Eins og ég rakti fyrr í minni ræðu, þá er tilgangur þessa frv. sá að ættleiðing skapi sama rétt og fæðing gagnvart aðstoð hins opinbera. Þess vegna leggjum við flutningsmenn til að ættleiðing verði tekin undir skilgreiningu á þeim sem njóta fæðingarorlofs og aftan við 1. gr. verði skotið orðunum: eða ættleiðingar. Í 2. gr. laganna um fæðingarorlof er skilgreindur sá tími sem menn að öðru jöfnu njóta til fæðingarorlofs og er sex mánuðir. Ef þeim foreldrum sem ættleiða er með þessari breytingu okkar bætt við skilgreininguna á þeim sem njóta fæðingarorlofs, þá leiðir af sjálfu að ákvæði 2. gr. laganna um fæðingarorlof ná einnig yfir þá og foreldrar sem ættleiða barn njóti því sex mánaða fæðingarorlofs eða nákvæmlega jafnlangs og kynforeldrar. Í dag er það svo að þeir sem ættleiða geta einungis notið fimm mánaða orlofs. Þetta er að mínum dómi sjálfsögð breyting og jafnframt ein sú mikilvægasta sem felst í þessu frv.

Reglur um fæðingarorlof voru upphaflega lögfestar ekki síst með það fyrir augum að veita foreldrum, einkum móðurinni, gott tækifæri til að skapa sem traustust tengsl milli sín og barnsins í frumbernskunni. Þessi tengsl eru af fjölmörgum sérfræðingum talin vera þau mikilvægustu sem einstaklingurinn myndar á lífsleiðinni og raunar hafa æ fleiri rannsóknir leitt í ljós að sé þeim að einhverju leyti áfátt, þá getur það leitt til ýmiss konar vandkvæða síðar á lífsleiðinni. Og það má geta þess að einmitt þessar niðurstöður vísindalegra rannsókna hafa blásið byr í segl þeirra heima og erlendis sem vilja lengja fæðingarorlofið. Þær hugmyndir eru beinlínis rökstuddar með nauðsyn þess að treysta þessi tengsl í frumbernsku barnsins milli þess og foreldranna. Og ég hygg að það þurfi ekkert að rökstyðja það í ítarlegra máli að þessi nánu tengsl í upphafi lífsgöngunnar eru ættleiddu barni ekki síður nauðsynleg en því barni sem er fætt og alið upp af móður sinni. Sumir mundu jafnvel halda því fram að kjörbörnum væri nauðsyn á því að vera lengur með móður sinni í frumbernsku, einkum vegna þess að a.m.k. nú á tímum tekur kjörmóðir í fæstum tilvikum við barninu algerlega nýfæddu. En það er á engan hátt verið að leggja slíkt til, herra forseti. Einungis að kjörforeldri fái sama stuðning hins opinbera til að vera með sínu nýja barni í upphafi samvista þeirra og kynforeldrar.

Í 2. gr. þessa frv. er fjallað um breytingu á 3. gr. laganna um fæðingarorlof. Samkvæmt 3. gr. laganna um fæðingarorlof er verðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir fæðingu. Móðir sem ættleiðir barn hefur ekki átt kost á því að hefja töku orlofsins fyrr. Eigi að síður er það staðreynd að í vaxandi mæli koma kjörbörn úr fjarlægum löndum, oft úr fjarlægum heimsálfum og eins og ættleiðingarferillinn er í dag, þá þurfa verðandi kjörforeldrar að fara í langar ferðir og oft og tíðum að dvelja lengi í upprunalandi barnsins. Í Kólumbíu til að mynda er samkvæmt þarlendum lögum fjögurra vikna dvöl algert lágmark. Yfirleitt er það 6–8 vikur. Í Brasilíu getur það farið upp í þrjá mánuði. Kostnaðurinn við ættleiðingar er því gríðarlegur sökum mikils vinnutaps og mikils ferðakostnaðar og það er þess vegna sanngirnismál og raunar í anda þess jafnréttis sem þetta frv. byggir á að við flm. leggjum til að þær mæður sem ættleiða barn eigi kost á því að hefja töku fæðingarorlofsins fyrr.

Herra forseti. II. kafli þessa frv. fjallar um þær breytingar á lögum um almannatryggingar sem leiða af þeim breytingum á fæðingarorlofinu sem ég hef þegar rakið. En í 9. gr. laganna um fæðingarorlof er mælt fyrir um að útfærsla fæðingarorlofsins skuli sýnd í lögum um almannatryggingar.

Áður en ég kem að 4. gr. langar mig að ræða sérstaklega 5. og 6. gr. vegna þess að þar kemur þessi útfærsla á fæðingarorlofinu fram. Gert er ráð fyrir því að í 15. gr. laganna um almannatryggingar, sem fjallar um fæðingarstyrk, þá taki hann einnig yfir frumættleiðingu og í stíl við 2. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir því að ef barn er sótt til útlanda til ættleiðingar, þá sé hinni verðandi móður heimilt að hefja töku styrksins við upphaf ferðarinnar. Sömuleiðis er til samræmis við þann megintilgang laganna að um algera jafnstöðu sé að ræða meðal ættleiðandi foreldra og hinna sem fæða sín börn eftir hefðbundnum leiðum, þá leggjum við til að í 1. málsl. 5. mgr. 15. gr. laganna um almannatryggingar sé sérstaklega tekið fram að ef fleiri en eitt barn eru ættleidd í einu, þá lengist orlofið sem svarar einum mánuði. Það á nú þegar við þegar fleiri en eitt barn fæðast í einu.

16. gr. laganna um almannatryggingar fjallar um fæð-

ingardagpeninga og þær breytingar sem við leggjum til eru samsvarandi þeim sem ég hef nú þegar rakið.

Herra forseti. Ég hljóp yfir 4. gr. vegna þess að ég vildi fyrst ljúka þeim lagabreytingum sem tengjast fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum, en 4. gr. laganna leggur til breytingu á 14. gr. laganna um almannatryggingar. Sú grein fjallar um barnalífeyri og þar er þess getið að barnalífeyrir skuli greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annaðhvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Það er hins vegar svo að kjörbörn skapa ekki nákvæmlega sama rétt. Í lögunum segir, með leyfi forseta:

„Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðenda nema barnið hafi verið á framfæri hans a.m.k. tvö síðustu árin áður en lífeyrisréttur gat stofnast." *Síðan kemur eftirfarandi setning sem mér sjálfum finnst beinlínis móðgandi gagnvart þeim sem ættleiða og hljóðar svo, með leyfi forseta:* „Heimilt er Tryggingaráði að stytta þennan frest ef sýnt þykir að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt."

Þarna er sem sagt verið að gera því skóna að það kunni að vera ákvörðunarvaldur hjá einhverjum foreldrum að þau eigi bætur í vændum. Ég tel að það sem kemur fram í þeim setningum sem ég las upp feli í sér skýra mismunun gagnvart kjörbörnum miðað við þau börn sem eru alin upp af kynforeldrum sínum og ég tel að það sé með engu móti hægt að verja hana. Þegar lögin voru endurskoðuð 1993, þá tel ég að *það hafi hreinlega verið slys að þessu var ekki kippt út.* Það er engin krafa gerð um það í þessum lögum að barn þurfi að fæðast meira en tveimur árum fyrir dauða foreldris til þess að skapa slíkan rétt og þess vegna er með engu móti hægt, herra forseti, að gera þetta skilyrði gagnvart kjörbörnum.

Skyld þessari breytingu á almannatryggingalögunum eru síðan tvær veigaminni breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og lögum um Lífeyrissjóð bænda, en í 12. gr. fyrrnefndu laganna og 11. gr. síðarnefndu laganna er m.a. fjallað um makalífeyri. Báðar greinarnar fyrirskipa að láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka, þá fái maki lífeyri til 18 ára aldurs barnsins án *tillits til hjúskapartíma.* Hins vegar er tekið sérstaklega fram að sami réttur skapist ekki gagnvart kjörbarni ef: Í fyrsta lagi ættleiðing gerist eftir 60 ára aldur sjóðfélaga. Í öðru lagi, ættleiðing fer fram eftir að sjóðfélagi missir starfsorku sína og í þriðja lagi: Ættleiðing á sér stað innan árs áður en sjóðfélagi fellur frá. Samkvæmt þessu er alveg skýrt að kjörbörn hafa ekki sömu lagalegu réttarstöðu *og önnur börn að því er varðar þessar tvær lagasetningar.* Ég tel að þessi ákvæði séu mjög augljóslega ranglát og misréttið sem í þeim felst bitnar í senn á eftirlifandi kjörforeldri og kjörbarninu vegna þess að það skaðar óhjákvæmilega efnislega velferð beggja. Hlutverk löggjafans er auðvitað að skapa þegnunum réttlát lög. Þetta eru ranglát lög og þess vegna þarf að breyta þeim.

Ef ég fer nokkrum orðum um þessar þrennar forsendur, þá er hin fyrsta þeirra sem gerir kröfu um það að ættleiðing verði að gerast fyrir 60 ára aldur sjóðfélaga tæknilega óvirk. Í dag er ekki hægt að ættleiða barn nema í fyrsta lagi fari fram mjög nákvæm úttekt viðkomandi sveitarfélags hér á Íslandi á þeim sem ætla að ættleiða og hins vegar framkvæmir viðkomandi stofnun í upprunalandi barnsins líka sína eigin úttekt og það er engum sem er kominn er á þennan aldur kleift að ættleiða barn.

Að því er varðar síðan það að ættleiðing megi ekki fara fram eftir að sjóðfélagi missir starfsorku sína, *þá gildir þetta* ekki um börn sem fæðast eftir að sjóðfélagi missir starfsorkuna. Þarna er því um skýra mismunun að ræða. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að í dag er ættleiðingarferillinn allur annar en hann var fyrir nokkrum áratugum. Eins og ég hef þegar sagt í minni ræðu eru nú fjölmörg tilvik þess að barnið komi úr fjarlægu landi og ættleiðingarferillinn er langur. *Hann getur tekið mörg ár.* Þegar foreldrar hafa tekið ákvörðun um að ættleiða, þá eru þau sennilega að taka mikilvægustu ákvörðun og afdrifaríkustu sem þau taka nokkru sinni á sínum lífsferli. Þessi ákvörðun varðar auðvitað ekki bara þann einstakling sem er aðili að viðkomandi lífeyrissjóði, heldur líka makann. Meðan á þessum biðtíma stendur sem oft er mjög langur, þá er auðvitað vitneskjan um barnið sem í vændum er orðinn órjúfandi hluti af lífi viðkomandi hjóna. Ég tel að það sé algerlega siðferðilega óverjandi að setja þetta skilyrði. Það er alveg ljóst að það er ekki sett gagnvart þeim börnum sem fæðast af uppalendum sínum. Þess vegna verð ég að segja það að ég tel óhjákvæmilegt frá *siðferðilegu sjónarmiði að þetta falli út.*

Herra forseti. Það hefur skapast talsverð umræða á síðustu vikum um kjör og réttindi alþingismanna. Þegar alþingismenn samþykktu lög um eftirlaun sín fyrir allmörgum árum, þá var það tekið mjög skýrt fram í þeim lögum að kjörbörn nytu nákvæmlega sama réttar og sköpuðu sama rétt og þau börn sem voru fædd af uppalendum sínum. Alþingismenn *hafa undirstrikað* það á síðustu vikum að þeir ætlast ekki til þess að um þá gildi öðruvísi lög en aðra þegna landsins. Þess vegna er ég viss um að hið háa Alþingi mun veita þessu frv. skjóta og greiða leið í gegnum þingið.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[15:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hafa forustu um að flytja þetta mál og hef út af fyrir sig engar athugasemdir að gera við málið almennt. Ég tel að það sé sannarlega *tímabært að Alþingi taki á þeim málum* varðandi réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra sem hv. þm. og meðflm. hans hér gerir.

Það er þó eitt minni háttar atriði sem ég vil hér nefna og það er að lagafrv. er sett upp eins og um sé að ræða tæmandi upptalningu á þeim stöðum í lagasafninu þar sem staða kjörbarna og réttarstaða og foreldra þeirra kemur við sögu. Nú kann svo að vera að þetta sé þannig að um sé að ræða tæmandi upptalningu en það getur líka verið að svo sé ekki. Þess vegna finnst mér hugsanlegur hlutur að nálgast málið kannski pínulítið öðruvísi í frv., t.d. með því að segja einhvers staðar að meginprinsipp laganna varðandi réttarstöðu kjörbarna verði skýrt í öllum lögum jafnvel þó að þau séu ekki nefnd í lögum þessum. Fyrir því eru fordæmi. Þá er ég að tala um það efnisatriði sem er aðalatriði málsins og kemur fram á bls. 2 í greinargerðinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með þessu frv. er lagt til að staða kjörbarna og kjörforeldra verði að öllu leyti hin sama í lögum og staða annarra barna og foreldra."

Mér fyndist hugsanlegt að sett yrði inn grein sem innihéldi þetta almenna ákvæði. Þess eru dæmi að slíkar almennar greinar séu settar í lög og heita markmiðsgreinar enda þótt þær feli ekki í sér efnislega nálgun á tilteknum lagagreinum

eða málsgreinum laga. Þetta vildi ég nefna við hv. flm. svona til umhugsunar í fyrsta lagi.

Í öðru lagi er auðvitað spurning hvort þetta mál á að fara til heilbr.- og trn. eða allshn. en það er til umhugsunar, hæstv. forseti.

[16:02]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir ágætar undirtektir við málið. Hann spyr hvort um sé að ræða tæmandi úttekt eða tæmandi yfirlit yfir þau lagafrumvörp sem þyrfti að breyta til þess að ná hinu yfirlýsta markmiði laganna. Því er til að svara að ég notfærði mér hina nýfengnu tækni þingsins og lét gera tölvuleit á öllum þeim orðum sem mögulega tengdust fæðingarorlofi, ættleiðingu á kjörbörnum og öllum orðmyndunum þess. Það var á grundvelli þeirrar úttektar sem þetta lagafrv. var samið. Jafnframt er rétt að það komi fram að leitað var ráða hjá Íslenskri ættleiðingu sem hefur um nokkurra ára skeið barist fyrir því að ná fram sérstökum breytingum, aðallega þeim sem tengjast fæðingarorlofi en einnig ýmsum öðrum.

Þetta vildi ég að kæmi hérna fram. En mér finnst sú hugmynd sem hv. þm. Svavar Gestsson varpar hér fram um sérstaka markmiðsgrein afskaplega góð. Þó vil ég að að komi fram að á 117. löggjafarþingi lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að endurskoðun ættleiðingarlaga stæði yfir. Síðan hefur ekkert heyrst frá því. Þetta var 16. apríl 1994 en ég vænti þess að í slíkum lögum kynni markmiðsgrein af þessu tagi örugglega að eiga heima, en ég sé ekkert því til fyrirstöð að hún komi einnig inn í lög sem þessi.

[16:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að lýsa yfir stuðningi við þetta góða mál sem hér er flutt og er til umræðu. Mér finnst það afar mikilvægt að réttindi barna séu samræmd og að öll börn njóti sama réttar og það er það sem flm. er að leitast við að ná fram með frv. og tekur til nokkuð margra laga.

Hann segir í greinargerð að andi gildandi laga sé ótvírætt í þá veru að réttarstaða kjörbarna og kjörforeldra sé hin sama og kynforeldra og barna þeirra og að öll siðferðileg rök mæli með því en löggjafinn mismuni og auðvitað á það að vera þannig að öll börn njóti sama réttar.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara í gegnum hin ýmsu lög sem hér eru tilgreind en vil þó leyfa mér að nefna það sem snýr að fæðingarorlofi og því sem hefur verið dregin fram hér í umræðunni að þarna er ekki sami réttur. Rannsóknir síðari ára hafa dregið það fram hversu fyrstu ævimánuðir barns eru mikilvægir sem grunnur að framtíð barnsins. Fyrstu mánuðir barns eru mjög mótandi fyrir einstaklinginn og því miklu mikilvægari en áður var talið hvernig aðbúnaður barnsins er. Tilfinningatengsl verða til á fyrstu vikum og mánuðum. Þess vegna er hefur fæðingarorlof fengið allt annað og meira gildi en áður fyrr og þess vegna taka feður nú í mun ríkari mæli en áður þátt í umönnun barns á þessu fyrsta æviskeiði og leitast við að eiga hlutdeild í fæðingarorlofi og taka þátt í umönnun barnsins á þessum fyrsta mikilvæga tíma. Það er mjög mikilvægt að við séum meðvituð um þetta.

Í morgun sat ég þing Barnaheilla ásamt fleiri þingmönnum. Þar voru mjög mörg fróðleg og góð erindi flutt og m.a. var fjallað um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur fullgilt en reyndar ekki lögfest og það er umhugsunarefni fyrir okkur hvort ekki á að fylgja því eftir og gera kröfu um að lögfesta þann mikilvæga sáttmála. En í 2. gr. sáttmálans segir einmitt að öll börn eigi sama rétt og engin mismunun má eiga sér stað. Í skýringu framsögumanns í morgun sem fjallaði um alþjóðlegan sáttmála kom það fram að íslenskir dómstólar eru í úrskurði sínum farnir að taka mið af alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur fullgilt þannig að þrátt fyrir að þeir samningar hafi ekki skilað sér inn í lagasetningu eða lög landsins er tekið tillit til þeirra í umfjöllun og lagaúrskurði. Það styður enn þá frekar að við þingmenn tökum á svona málum og ég vænti þess að frv. verði stutt á þann veg að það verði eitt af þeim málum sem næst fram þó flutt sér af stjórnarandstöðuþingmanni.

Ég hef átt orðaskipti við flm. út af þessu máli og þingmaðurinn segir mér að hann sé að verða svo mjúkur og það er nú þannig að við höfum oft rætt það á Alþingi að þegar málefni fjölskyldunnar og barna komi til umræðu sé það algengt að karlmenn hverfi úr sal og konur sitji einar eftir. Ég fagna því að þeir sem hafa talað á undan mér eru einmitt þeir karlmenn og ég fagna því einnig að það fari að koma fram í ríkari mæli mál um fjölskylduna og hagi barna sem karlmenn flytja. Þannig á þetta að verða og ef karlmenn þurfa að vera mjúkir til að þetta gerist verð ég bara að lýsa því yfir að ég er greinilega afskaplega hrifin af mjúkum mönnum.

Virðulegi forseti. Ég treysti því að þetta mál fái góðan framgang á hinu háa Alþingi.

[16:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna fram komnu frv. um réttarstöðu kjörbarna og mæli með að það fái vandlega meðferð í heilbr.- og trn. Þetta er eitt mjög mikilvægt skref til að laga réttarstöðu barna í landinu. Vissulega þarf að koma víðar við þegar réttarstaða barna almennt er annars vegar. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna að núgildandi lög um fæðingarorlof eru mjög gölluð og þarf að endurskoða, ekki síst til þess að tryggja að báðir foreldrar geti tengst börnum sínum tilfinningaböndum strax á fyrsta ári. Því væri e.t.v. eðlilegra að setja fram almenn ákvæði í þessi lög sem tryggja að réttarstaða kjörbarna sé í hvívetna hin sama og annarra barna en vera má að meðferð í nefnd leiði í ljós annmarka á þeirri leið.

Ég tel það mál sem er til umræðu mjög mikilvægt skref, ekki síst til að við Íslendingar reynum að koma á framfæri þeirri mynd að hér ríki ekki fordómar gagnvart innflytjendum eða kjörbörnum af hvaða ætterni sem þau eru.

[16:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að taka undir þakkir þeirra sem hafa talað á undir mér til flutningsmanna þessa frv. til laga um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra. Mér hefur gramist það sem starfsmanni í framkvæmdarvaldinu hve kjörbörn og foreldrar þeirra hafa staðið höllum fæti, sérstaklega hvað varðar almannatryggingarnar og tel löngu tímabært að hlutur þeirra verði réttur þar og þeir fengju sömu réttindi og aðrir foreldrar og önnur börn.

Vegna umræðna um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna tel ég fulla ástæðu til þess að við íhugum að löggilda þann sáttmála hér og varpa því fram hvort ekki sé full ástæða til þess að farið verði í gegnum þau lög sem varða börn og þau borin saman við þá réttarstöðu sem börn fá í barnasáttmála

Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að. Ég tel þetta mjög brýnt mál og tek undir óskir um að þetta mál fái afgreiðslu á þinginu því að það er mikil réttarbót bæði fyrir hönd kjörbarna og foreldra þeirra.

[16:12]

Útbýting þingskjals:

Brú yfir Grunnafjörð, 56. mál, þáltill. GE, þskj. 56.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 3. mál (Menningarsjóður útvarpsstöðva). — Þskj. 3.

[16:13]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1996, á þskj. 3, 3. mál. Flutningsmenn auk þeirrar sem hér stendur eru hv. þingmenn Kristín Ástgeirsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir.

Þetta frv. felur í sér, verði það samþykkt, að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og er með ákvæði til bráðabirgða um að eignir sjóðsins, séu þær einhverjar, renni til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frv. þetta er samhljóða frv. er lagt var fram á 115. löggjafarþingi og flm. var sú sem hér stendur ásamt fleirum. Núgildandi útvarpslög tóku gildi 1. jan. 1996, en í þeim lögum er fyrst kveðið á um sjóðinn. Reglugerð um hann var síðan samþykkt 11. febrúar sama ár en sjóðnum ekki skipuð stjórn fyrr en 10 mánuðum síðar, í nóvember 1986.

Við setningu útvarpslaga árið 1985 kom skýrt fram í umræðum á Alþingi að tilgangurinn með Menningarsjóði útvarpsstöðva væri tvíþættur. Í fyrsta lagi að létta af Ríkisútvarpinu kostnaði sem það hefði af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þ.e. 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar umfram tekjur, sbr. 11. gr. laga nr. 36/1982, en þessi kostnaður gerði samkeppnisstöðu þess erfiðari gagnvart einkareknum stöðvum sem báru ekki slíkar skyldur, og í öðru lagi að efla innlenda dagskrárgerð sem verða mætti til menningarauka og fræðslu.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem er 10%, sem lagt er á allar auglýsingar í útvarpi bæði hljóðvarpi og sjónvarpi. Af þessu gjaldi greiðist hlutur Ríkisútvarps af rekstrarkostnaði sinfóníuhljómsveitarinnar áður en styrkjum er úthlutað til útvarpsstöðvanna. Vegna þessarar tíundar standa ljósvakamiðlar höllum fæti í samkeppni við aðra fjölmiðla á auglýsingamarkaðnum. En eins og kunnugt er hafa auglýsingatekjur mikla þýðingu í rekstri þessara fjölmiðla. Í útvarpslögum og reglugerð nr. 69 frá 1986, um Menningarsjóð útvarpsstöðva, er kveðið á um að framlög úr sjóðnum skuli aðeins veitt útvarpsstöðvum bæði til dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfrar og til kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem að annast dagskrárgerð.

Árið 1991 voru gerðar breytingar á eldri reglugerðum um sjóðinn og var hlutverk sjóðsins skilgreint að nýju þannig að íslenskir framleiðendur dagskrárefnis öðluðust einnig rétt til framlaga vegna innlendrar dagskrárgerðar er verða mætti til menningarauka og fræðslu eins og segir í reglugerðinni og lögunum. Sjóðurinn var sem sagt settur á laggirnar þegar rekstur útvarps var gefinn frjáls og tilgangurinn að losa Ríkisútvarpið eitt undan kostnaði við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands auk þess að efla innlenda menningar- og fræðsludagskrárgerð. Ástæðan var sú að stuðningsmenn sjóðsins óttuðust að menningarefni yrði út undan á einkareknu útvarpsstöðvunum og vildu á þennan hátt tryggja gerð fræðslu- og menningarefnis. Það var einnig mjög skýrt í lögunum um sjóðinn að greiðslur til sinfóníunnar ættu að ganga fyrir veitingu styrkja. Hlutverk menningarsjóðsins og starfshættir voru oft til umræðu í útvarpsráði þau átta ár sem ég átti sæti þar. Enda óþolandi að horfa upp á þá vitleysu sem þar viðgekkst. Engar formlegar úthlutunarreglur voru til fyrir sjóðinn fyrr en í fyrra og takmarkað eftirlit með því að úthlutað fé væri nýtt með tilætluðum hætti. Milljónir hafa farið úr sjóðnum án þess að þær hafi nokkurn tíma skilað sér í dagskrárefni og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá t.d. hæstv. menntmrh. hversu mikið fé úr sjóðnum, til hverra og hvaða verkefna, hafi ekki skilað sér í dagskrá þessarra miðla frá upphafi styrkveitinga. Með því fyrirkomulagi sem komst á eftir reglugerðarbreytinguna 1991 þegar að kvikmyndagerðarmenn gátu fengið úthlutanir úr sjóðnum auk útvarpsstöðva kom það fyrir að stöðvarnar voru að tvíborga fyrir dagskrárefnið. Fyrst með styrkjunum úr menningarsjóðnum, sem voru í raun auglýsingafé þessara stöðva, og síðan aftur með greiðslu fyrir að fá að sýna eða flytja dagskrána. Lýsandi dæmi um þetta er myndaflokkurinn Þjóð í hlekkjum hugarfarsins þar sem framleiðandi hlaut 9 millj. kr. styrk úr Menningarsjóði útvarpsstöðva og Ríkisútvarpið–sjónvarp greiddi síðan 3 millj. kr. fyrir sýningarréttinn. Það þýðir að alls voru greiddar 12 millj. kr. fyrir þættina. Þess má geta að meðalverð fyrir aðkeyptar fræðslumyndir hjá sjónvarpinu er 20.000 kr. á mínútuna og ef miðað er við það að þá hefði verið eðlilegt að greiða fyrir myndaflokkinn 4,9 millj. kr. Það er 245 mínútur sinnum 20 þús. kr. Reyndar hefur einn af okkar færustu kvikmyndargerðarmönnum sagt mér að þessi tiltekni myndaflokkur hefði ekki getað kostað meira en 2 millj. í framleiðslu þannig að þarna hafa 10 millj. farið einhvers staðar á milli laga.

Um áramótin 1994 voru skuldir sjóðsins við ríkissjóð u.þ.b. 175 millj. kr. Má rekja þessar miklu skuldir til þess að allt frá stofnun sjóðsins hefur verið tilhneiging til að greiða styrki án þess að framlag sjóðsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi verið fulluppgert og í þrjú ár, árin 1986, 1989 og 1992 rann ekkert af tekjum sjóðsins til hljómsveitarinnar. Hafa þessar skuldir reyndar nú verið gerðar upp og sinfóníuhljómsveitin hefur fengið sinn hluta úr sjóðnum sl. tvö ár en á þeim tíma var ekki úthlutað úr sjóðnum til dagskrárgerðar. Reyndar var úthlutað nú í haust, nú 3. október, og auglýsing um það birtist í dagblöðum um síðustu helgi.

Þessi sjóður hefur verið Ríkisútvarpinu þungur baggi. Á þeim níu árum sem liðin eru frá stofnun hans hefur Ríkisútvarpið greitt tæpar 400 millj. í sjóðinn en fengið til baka þriðjung í dagskrárgerð. Ríkisútvarpið–hljóðvarp hefur greitt í sjóðinn af auglýsingatekjum sínum rúmar 202 millj. kr. og sjónvarpið rúmar 193 millj. kr. Í staðinn fyrir þessar greiðslur hefur hljóðvarpið frá upphafi fengið til dagskrárgerðar 34,5 millj. kr. en sjónvarpið tæpar 93 millj. Þetta eru um rúm 32% af því sem að Ríkisútvarpið greiddi í sjóðinn.

Það segir sig sjálft að útvarps- og sjónvarpsstöðvar hefðu

haft mun meira dagskrárfé til ráðstöfunar án sjóðsins. Þær mundu einnig fylgja því betur eftir að dagskrárefni, sem greitt hefur verið fyrir, skili sér í dagskrá þeirra. Það er einnig mjög óeðlilegt fyrir útvarps- og sjónvarpsstöðvar að pólitísk kjörin sjóðstjórn úti í bæ ráðstafi hluta auglýsingatekna þeirra til ákveðinnar dagskrárgerðar. Á útvarps- og sjónvarpsstöðvunum er fagfólk sem er fullfært um að framkvæma dagskrárstefnu hvers miðils og leggja á ráðin um dagskrárgerð í samræmi við hana. Það þarf enga þriggja manna pólitíska sjóðstjórn til. Þetta fyrirkomulag er vanvirðing og vantraust á starfsfólk á stöðvunum og mundi flokkast undir miðstýringu. Útvarpsstöðvarnar eiga sjálfar að ákveða framleiðslu sína og nýta til hennar tekjur sínar hvort sem þær eru afnotagjöld eða fyrir auglýsingar. Stöðvarnar ættu síðan að ákveða hvort að þær eigi að framleiða efni sitt sjálfar eða fá sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmenn eða þáttagerðarmenn til þess að vinna það. Ef sá háttur hefði verið hafður á hefði Ríkisútvarpið t.d. haft mun meira dagskrárfé úr að spila eins og ég nefndi áðan ef það hefði t.d. ekki þurft að greiða í sjóðinn og sama gildir reyndar um Stöð 2. Hjá Ríkisútvarpinu–sjónvarpi hefur á undanförnum árum yfir 25% af dagskrárefninu verið unnið af sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmönnum og hlutur þeirra mundi aukast ef sjónvarpið ráðstafaði sjálft tíund þess til menningarsjóðsins. Verði frumvarpið að lögum ætti breytingin því að verða fagnaðarefni fyrir kvikmyndagerðarmenn.

Í umræðum um frumvarp þetta á 115. löggjafarþingi lýstu menn yfir áhyggjum sínum vegna framtíðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem fær 25% af hallarekstri sínum úr sjóðnum. Eins og komið hefur fram í máli mínu hér á undan fékk hljómsveitin ekki greiddan sinn hlut í þrjú ár þótt sú skuld hafi nú verið gerð upp. Sjóðurinn hefur því ekki verið það trygga bakland hljómsveitarinnar sem menn töldu þá. Ég tel ekki eðlilegt né virðingu sinfóníuhljómsveitarinnar samboðið að ljósvakamiðlarnir standi undir rekstri hennar með þessum hætti. Það er mun eðlilegra að ljósvakamiðlarnir hafi frjálsan samningsrétt við hljómsveitina.

Í máli forsvarsmanna Ríkisútvarpsins hefur komið fram að þeir séu reiðubúnir til að gera slíkan samning verði um breytta skipan mála að ræða. Með slíkum samningi fengist drjúgur hluti þeirrar upphæðar sem menningarsjóðurinn greiðir nú. Kæmi til samninga við aðrar stöðvar yrði hlutur ríkissjóðs í rekstri hljómsveitarinnar væntanlega lítill. Það á einnig að vera stolt hverrar menningarþjóðar að reka myndarlega sinfóníuhljómsveit og greiða úr sameiginlegum sjóði það sem upp á vantar við rekstur hennar á hverju ári.

Árið 1988 taldi Ríkisendurskoðun að réttast væri að leggja Menningarsjóð útvarpsstöðva niður þar sem markmiðin með stofnun hans hefði ekki náðst. Hafi það verið rétt þá á slíkt ekki síður við nú. Markmiðin með sjóðnum hafa ekki náðst eins sjá má af því að minna fé er til ráðstöfunar til menningardagskrárgerðar, til menningarauka og fræðslu og sinfónían hefur fengið sinn hlut bæði seint og illa. Engin rök eru fyrir því að halda áfram að færa fé frá Ríkisútvarpinu til Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gegnum Menningarsjóð útvarpsstöðva. Ekki er eðlilegt að ljósvakamiðlarnir standi að rekstri sinfóníuhljómsveitar og nauðsynlegt að finna hljómsveitinni annan tekjustofn. Menningarsjóður útvarpsstöðva átti e.t.v. rétt á sér er hann var stofnaður en aðstæður hafa breyst og það hefur sýnt sig að markmiðin með sjóðnum hafa ekki náðst og því ekki ástæða til þess að hann starfi áfram. Ríkisstjórnin hefur fengið áskorun um að leggja Menningarsjóð útvarpsstöðva niður og sú áskorun er frá forsvarsmönnum ungra sjálfstæðismanna sem nú er stjórnarmaður í sjóðnum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem komið hafa fram óskir um að menningarsjóðurinn verði lagður niður, forsvarsmenn ljósvakamiðlanna hafa lýst þeirri skoðun sinni oftlega opinberlega.

Hæstv. menntmrn. lýsti því yfir í sumar að leggja bæri sjóðinn niður í framhaldi af áskorun hans ungu flokksbræðra. Ég fagna því og vona að hann leggi þessu frumvarpi lið svo að sjóðurinn geti heyrt sögunni til.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. menntmn.

[16:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kannast við að þetta mál hafi verið flutt hérna áður. Mér finnst satt að segja að málið sé ekki alveg nógu undirbúið núna frekar en þá. Það hefur ekkert verið gert í málinu síðan annað en að núv. hæstv. menntmrh. hefur bæst í hóp þeirra sem eru á móti þessum sjóði. Mér finnst örla pínulítið á því í málflutningi hv. flutningsmanns að sjónarmið Ríkisútvarpsins á bak við þann málflutning er dálítið eigingjarnt því að Ríkisútvarpið hefur af eðlilegum ástæðum borið sig illa gagnvart þessum sjóði. Það er eðlilegt sjónarmið vegna þess að Ríkisúrvarpið hefur verið meira og minna eini aðilinn sem hefur borgað í þennan sjóð, hinir hafa vanrækt það og ekki sinnt því sem skyldi. Af þeim ástæðum hefur Ríkisútvarpið talið sig sárt leikið í málinu og ég held að það sé út af fyrir sig alveg rétt. En ég held að það þurfi að skoða málið pínulítið betur og það er tvennt eða þrennt, hæstv. forseti, sem að ég vil nefna.

Í fyrsta lagi að mjög víðtæk samstaða er um það, t.d. hér á Alþingi, og hefur verið meðal listamanna í landinu, dagskrárgerðarmanna í landinu, að það þurfi að vera til sjóður til þess að styrkja metnaðarfull verkefni af ýmsu tagi sem einstakar útvarpsstöðvar vilja leggja í. Mér finnst mikilvægt að stöðvarnar, t.d. einkastöðvarnar sem eru illa á vegi staddar fjárlagslega, geti hugsanlega átt möguleika á því að fá einhvern stuðning úr sjóði af þeim toga sem að hér hefur verið um að ræða. Mér finnst líka mikilvægt að hafa það í huga að þegar að sjóðurinn var stofnaður var hann niðurstaða af pólitískri samkomulagslausn milli Sjálfstfl. og Framsfl. að frumkvæði Framsfl., sérstaklega vegna þess að Framsfl. taldi þá að það væri varasamt að gera rekstur þessarar útvarpsstarfsemi algjörlega frjálsan eins og síðar varð nema gripið væri um leið til ráðstafana til að styrkja innlenda dagskrárgerð. Það voru allir sammála þessu sjónarmiði Framsfl. og mér fannst þá og finnst enn að þetta sjónarmið sé og hafi verið skynsamlegt. Það er líka alveg ljóst að þetta er ekki bara mikilvægt atriði frá sjónarmiði stöðva að svona sjóður sé til, það er líka mikilvægt frá sjónarmiði þeirra sem eru að framleiða dagskrárefni. Það er mjög mikilvægt að þeir séu ekki eingöngu háðir þeim sem eiga stöðvarnar þegar þeir fara af stað heldur geti þeir líka fengið stuðning til þess að framleiða efni af ýmsu tagi án þess að stöðvarnar hafi fengið stuðning til að framleiða efni af ýmsu tagi, án þess að stöðvarnar skrifi endilega upp á það í einstökum tilvikum. Og ég tel að með því að leggja þennan sjóð niður væri verið að gera dagskrárgerðarmenn enn háðari stöðvunum en þegar er. Ég tel nóg að gert í þeim efnum.

Þetta er sjónarmið eitt sem ég vil halda til haga, hæstv. forseti. Það er sem sagt tiltölulega góð samstaða um að það þurfi að vera til dagskrárgerðarsjóður. Og þegar fyrrv. hæstv.

menntmrh. lét endurskoða útvarpslögin þá flutti hann frv. um endurskoðun útvarpslaganna, sem varð reyndar aldrei að lögum, þar sem gert var ráð fyrir því að það yrði til dagskrárgerðarsjóður. Þar var gert ráð fyrir því að það yrði til ákveðinn dagskrárgerðarsjóður sem yrði að vísu fjármagnaður öðruvísi en gert er ráð fyrir með þennan sjóð, þ.e. að menningarsjóðurinn yrði lagður niður en dagskrárgerðarsjóður yrði samstundis stofnaður í staðinn. Það finnst mér allt önnur nálgun. Mér finnst það ábyrg nálgun. Mér finnst það ekki ábyrg nálgun að henda út þessum menningarsjóði án þess að ég sé að saka hv. flm. um ábyrgðarleysi. Ég veit vel að hún ber hag þessara stofnana fyrir brjósti og þekkir þetta vel sem útvarpsráðsmaður um langt árabil. Þetta er sjónarmið eitt.

Í öðru lagi er svo það sjónarmið að Sinfóníuhljómsveit Íslands verður að fá peninga. Og það gengur ekki að henda út peningum sinfóníunnar með þeim hætti sem hér yrði vegna þess að hér er bara talað um að eignir Menningarsjóðs útvarpsstöðva skuli við gildistöku laga þessara renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þ.e. kröfurnar væntanlega eins og þær eru. En rekstrartekjurnar sem sinfónían hefur haft út úr þessu dæmi upp á 20–30 millj. kr. að ég held á ári, þær eru hvergi. Og ég spyr þá, hæstv. forseti: Telja menn líklegt að Alþingi yrði tilbúið til þess að útvega sinfóníuhljómsveitinni tafarlaust þessa peninga, 20–30 millj. kr.? Mitt svar er nei, hæstv. forseti. Vegna þess að það er ævinlega og hefur alltaf verið tregða til þess í þessari virðulegu stofnun að láta sinfóníuhljómsveitina hafa peninga. Það hefur alltaf verið mjög erfitt að berja hér fram fjármuni fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ætla ég ekki í því sambandi að vitna til *þingmannsins sem flutti þá athyglisverðu munnlegu tillögu* að hljóðfæraleikararnir væru þjálfaðir í að spila á fleiri en eitt hljóðfæri, kannski tvö til þrjú, til að einfalda og hagræða í rekstrinum hjá þessari ágætu stofnun.

Þannig að í fullri alvöru, hæstv. forseti, þá vil ég ekki samþykkja svona frv. fyrr en búið er að tryggja sinfóníunni peningana. Hvað mundi sinfónían gera ef hún missti þessa peninga? Hún mundi missa við það væntanlega ja, tíu manns eða svo úr sínu liði. Þar með er sinfónían orðin allt önnur stofnun en hún er í dag og allt of veik til að rísa undir því að vera sinfóníuhljómsveit þjóðríkis. Allt of veik. Hvað myndi þá sinfóníuhljómsveitin gera? Myndi forusta hennar gefast upp við svo búið? Svarið er nei, hún mundi ekki gefast upp. Hún mundi fara út á einkamarkaðinn og reyna að fjármagna sig með þeim hætti. Hún myndi með öðrum orðum grípa til ýmissa ráðstafana af því tagi eins og t.d. það að selja fyrirtækjum sæti eða þá hitt sem væri enn þá verra ef hljóðfæraleikararnir yrðu látnir spila í búningum frá kóka kóla eða Húsasmiðjunni, sem er út af fyrir sig athyglisvert *en væri ekki til fegurðar eða menningarauka að mínu mati.*

Ég held sem sagt að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að Sinfóníuhljómsveit Íslands er viðkvæm stofnun. Hún er ekkert sem maður kastar til rétt sí svona og segir: Þetta bjargast. Það verður auðvitað að viðurkenna það að Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur kannski ekki verið, ja, það hefur ekki verið mikill málflutningur í hennar þágu á pólitískum vettvangi. Ég er búinn að vera örfá ár í stjórnmálum, eins og kunnugt er, og ég man ekki til þess að menn hafi haldið miklar ræður fyrir kosningar um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég man ekki til þess að menn hafi verið að gera sig vinsæla með þeirri stofnun. Satt að segja held ég að það hafi nú frekar verið þannig að menn hafi ekki fjallað mjög mikið um hana. Og það er ekki bara vegna þess að það hafi verið góð sátt um sinfóníuna, sem út af fyrir sig er, heldur er það líka vegna þess að menn hafa talið að það væri kannski ekki sérstaklega til fylgis fallið að vera að rífa upp stórræður í þágu sinfóníuhljómsveitarinnar á þeim tímum kreppu og aðþrengingar og erfiðleika í ríkisfjármálum sem nú eru og alltaf hafa verið reyndar hér í þessu landi. Þannig að af þessum tveimur ástæðum, því að ég vil sjá dagskrárgerðarsjóð og ákvörðun *um hann og hinni að ég vil ekki kasta þessum peningum* fyrir sinfóníuna út um gluggann þá finnst mér málið þannig að ég gæti ekki stutt það eins og það er. Ef frv. kæmi núna til atkvæða eins og það lítur út hér þá mundi ég greiða atkvæði á móti því. Ég er ekkert að skafa utan af því, ég er ekki vanur því, og gerði það heldur ekki síðast þegar um málið var fjallað en þá vorum við fjögur hér í salnum að ræða um þetta mál. En það hefur fjölgað gríðarlega síðan þannig að áhugi á Menningarsjóði útvarpsstöðva hann hefur vaxið um 100% frá síðasta kjörtímabili. En þá var nú hv. þm. líka í öðrum flokki þannig að þannig að það skiptir (**ÖS:** Hvaða flokkur var það?) Við skulum ræða það sérstaklega, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem þekkir svona ferðalög á milli flokka líka. Sem getur oft gefist vel og þingmanninum sé ég líður vel í sínum núverandi flokki. (**ÖS:** Vertu velkominn.) Takk fyrir kærlega en ég býst við að bið verði á því, hv. þm.

Varðandi það að það sé pólitískt kjörin stjórn fyrir menningarsjóðnum þá er hún í sjálfu sér ekkert pólitískt kjörin stjórn. Hún er skipuð af ráðherra, hún er ekki kjörin hér. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að auðvitað er það allt rétt sem hv. þm. sagði um sjóðinn og reksturinn á honum. Þar hafa mönnum verið mislagðar hendur. Það er alveg klárt mál. Og þegar ég kom að þessu máli þann tíma sem ég vann í menntmrn. þá var innheimta á sjóðnum í raun og veru meira og minna í óreiðu að mínu mati. Við fórum í nokkuð mikinn leiðangur, sem hafði það m.a. í för með sér að það þurfti að hóta lokunum á ákveðnum sjónvarps- og útvarpsstöðvum á þessum tíma. Og það bar einhvern árangur. En síðan var þessum hlutum ekki haldið við. Þannig að það er allt rétt að þetta er slæmt. Það hefur illa verið haldið á þessum málum. En það er alveg eins með Menningarsjóð útvarpsstöðva og Alþigi, þó Alþingi sé slakt á köflum og lélegt stundum, að því er þjóðin segir oft, þá er ekki þar með sagt að við viljum leggja það niður. Við viljum laga það. Eins er með þennan sjóð, ég vil laga hann. Ég vil að það verði til dagskrárgerðarsjóður með heiðarlegri, faglegri stjórn og ég vil að sinfóníunni séu tryggðir þessir peningar áður en frv. yrði samþykkt eins og það lítur hér út þó ég vilji að sjálfsögðu þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, 18. þm. Reykv. fyrir það að vekja athygli á þessu máli og láta Alþingi ræða það. Það er mikilvægt og staðreyndin er sú að Alþingi hefur ekki fengist til að ræða þetta mál. Það hefur ekki fengist til að horfast í augu við þann veruleika hvernig Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur í raun og veru verið á undanförnum árum og þá ætla ég ekki að fara út í einstakar úthlutanir úr honum sem væri svo sem kapítuli út af fyrir sig og gæti kannski verið alveg sérstakt skemmtiatriði. En hitt má kannski nefna til fróðleiks að það var geysilega víðtæk samstaða um þá reglugerð sem ég gaf út um þennan sjóð vorið 1991, a.m.k. lýstum við stuðningi við hana báðir, ég og Hrafn Gunnlaugsson, kvikmyndagerðarmaður.

[16:38]

Lilja Á. Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Menningarsjóður útvarpsstöðva er til umræðu hér, þ.e. afnám hans. Þetta hljómar eins og hrópandi mótsögn því eins og við vitum flest sem notum íslenska fjölmiðla þá er ekki um auðugan garð að gresja varðandi íslenskt menningarefni í dagskrám fjölmiðla hér á landi. Hlutverk íslenskra fjölmiðla hlýtur að vera m.a. að veita mótvægi gegn þeim flaumi erlends dagskrárefnis sem flýtur hér út á öldum ljósvakans. Kjarni málsins hlýtur því að vera sá að það þarf að efla innlenda dagskrárgerð og Menningarsjóður útvarpsstöðva á auðvitað fullan rétt á sér út frá því sjónarmiði. Hins vegar hefur reynslan sýnt að sjóðurinn í sinni núverandi mynd hefur ekki gegnt því hlutverki sem til var ætlast við stofnun hans. Í sjóðinn hafa útvarpsstöðvar greitt 10% gjald sem leggst ofan á auglýsingatekjur þeirra. En eins og flestir vita þá þurfa útvarpsstöðvarnar auðvitað á öllum tekjum sínum að halda til dagskrárgerðar.

Í ljósi þessa og einnig þess að ég geri ráð fyrir, þar er ég bjartsýnni en hv. þm. Svavar Gestsson, að það hljóti að verða séð til þess að sinfóníuhljómsveitin komist á fjárlög eða fái tekjur til að halda starfsemi sinni áfram, þá styð ég frv. hv. 18. þm. Reykv.

[16:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hér í umræðunum að ég lýsti þeirri skoðun minni í sumar og er þeirrar skoðunar að Menningarsjóður útvarpsstöðva í núverandi mynd eigi ekki að halda áfram starfsemi sinni. Það ber að breyta þeim starfsháttum sem þar hafa verið og einnig ber að huga að endurskoðun á starfsemi sjóðsins og lagabreytingum sem því tengjast.

Eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þá lagði fyrrv. menntmrh., sem nú er hæstv. forseti Alþingis, fram frv. á sínum tíma sem ekki hlaut afgreiðslu eða meðferð í þinginu. Þar segir í greinargerð, með leyfi hæstv. forseti:

„Meginefni þessa frv. er m.a. að núverandi Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og þeirri kvöð, sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu og einkaútvarpsstöðvum að greiða 10% gjald af auglýsingatekjum til sjóðsins, verði aflétt. Þess í stað verði stofnaður nýr sjóður, dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva, sem hafi að meginstefnu til sama hlutverk og Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur haft, Þó þannig að Ríkisútvarpið hefur ekki heimild til að sækja um eða hljóta framlög úr sjóðnum. Tekjur hins nýja sjóðs verði tollar og/eða vörugjöld, áður aðflutningsgjöld, af innfluttum útvarpsviðtækjum eða hlutum í þau. Þá er einnig gert ráð fyrir að létt verði af dagskrárgerðarsjóðnum þeirri kvöð að greiða hlut Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands."

Þetta voru tillögur sem hér voru lagðar fram á sínum tíma og í sjálfu sér hefur ekki verið tekin ákvörðun um það í menntmrn. á þeim vettvangi þar sem þetta frv. var samið að breyta því. En eins og fram hefur komið er unnið að því að fara yfir þetta frv. sem hér var kynnt og velta fyrir sér breytingum á því. Þegar hafa verið teknar út nokkrar greinar þess og gerðar að lögum hér á þingi fyrr á þessu ári eins og menn muna varðandi myndlykla og þá vernd sem eigendum þeirra var veitt.

Ég tel að það sé skynsamlegt að velta því fyrir sér í hvaða formi á að standa að því að styrkja innlent útvarpsefni og ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði þegar hann ræddi þetta frv. sem hér liggur fyrir að það virðist vera næsta illa undirbúið að ýmsu leyti og ekki nægilega gengið frá ýmsum vandamálum sem hljóta að koma upp ef það yrði að lögum. Það ber því að líta á málið frá dálítið öðrum sjónarhóli og ekki stíga skrefið með þeim hætti sem hér er lagt til. A.m.k. er ég ekki reiðubúinn að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. eins og það er nú og tel að þegar menn endurskoða þessi ákvæði útvarpslaganna þá verði að huga sérstaklega að innlendri dagskrárgerð og velta því fyrir sér hvort það beri að hafa sjóð sem veitir þeim aðilum sem að henni starfa sérstakan stuðning.

Ég vil einnig taka það fram að það hefur verið gengið frá uppgjöri eins og fram hefur komið við Sinfóníuhljómsveit Íslands og það liggja fyrir tillögur í fjáraukalagafrv. sem hér hefur verið lagt fram um það uppgjör og varðandi frágang málsins þannig að í sjálfu sér er sjóðurinn nú þannig staddur að það væri auðvelt að gera þáttaskil í starfsemi hans. Einnig hefur komið fram að nýlega hefur verið úthlutað úr honum þannig að ýmsir hlutir hafa verði gerðir upp og málin skýrð og liggja skýrar fyrir heldur en áður.

Sjóðurinn er tilkominn vegna þess að þegar Ríkisútvarpið missti einkarétt sinn og einokun sína á útvarpsstarfsemi hér á landi þá töldu hv. alþm., og um það var samstaða hér á þingi, að það væri nauðsynlegt að koma á laggirnar slíkum sjóði til þess að vinna að því verkefni sem honum var ætlað lögum samkvæmt.

Ef viðhorf alþingismanna hafa hins vegar breyst á þann veg að þeir telja að það sé óþarft að hafa slíkan sjóð til að stuðla að gerð innlends dagskrárefnis, þá er það lengsta sem hægt er að ganga að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það sem ég hef sagt um þetta er að ég tel að leggja eigi sjóðinn niður í núverandi mynd. Ég hef hins vegar ekki skuldbundið mig að neinu leyti varðandi framhaldið og minni aðeins á að hér liggja fyrir tillögur um niðurlagningu sjóðsins án þess að það sé gengið jafnlangt og flutningsmenn þessa frumvarps leggja til. Ég teldi skynsamlegast í þessu máli að því yrði vísað til menntmn. og síðan tæki nefndin afstöðu til þess á eigin forsendum, en í ljósi þess að það er fullur hugur á bak við þau áform að endurflytja frv. til laga um breytingu á útvarpslögunum þar sem yrði tekin afstaða til þessa máls hugsanlega á annan hátt en í þessu frv. og lokaniðurstaða yrði með hliðsjón af því.

[16:47]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð inn í þá umræðu sem hér hefur farið fram um það frv. sem hér liggur fyrir um niðurlagningu Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Mér fannst afar fróðlegt að heyra orð hæstv. menntmrh. varðandi þetta mál. Sérstaklega fannst mér athyglisvert að heyra hann lýsa því yfir hversu sammála hann var hv. þm. Svavari Gestssyni hvað varðar viðhorf til Menningarsjóðs útvarpsstöðva og slíkra sjóða.

Mér fannst einkar athyglisvert og það hlýtur fleirum en mér að finnast, það viðhorf hans að ef útvarpsstöðvarnar, og þá vil ég sérstaklega tiltaka Ríkisútvarpið, fengju sjálfar að ráðstafa þeim fjármunum sem þær og þá einna helst Ríkisútvarpið hafa sett í þennan sjóð, þá myndu þeir ekki renna til innlendrar dagskrárgerðar. Það mátti skilja orð hæstv. menntmrh. á þann veg vegna þess að hann vænir flm. um það að fyrst þeir vilji að útvarpsstöðvarnar haldi sjálfar þessum peningum, og þar er þá mest í húfi fyrir Ríkisútvarpið,

þá verði þar af leiðandi minna um innlenda dagskrárgerð. Þetta finnst mér afar merkilegt viðhorf og undirstrikar það sem hv. 1. flm. sagði hér áðan: Sjóðurinn og tilurð hans og ekki þá síður hvernig hann hefur verið rekinn er auðvitað bullandi vantrú á það fólk sem af fagmennsku er að reyna að vinna innan þessara stofnana. Mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram og einnig það, að enda þótt menn segi einungis A að þessu sinni í þessu máli, þá er ekki þar með sagt að menn séu ekki tilbúnir til að segja B og C einnig. Þessu máli verður væntanlega vísað til hv. menntmn. og þar fær það umfjöllun. Síðan er auðvitað ekkert eðlilegra en þeir sem hafa af því verulegar áhyggjur, og réttilega að ýmsu leyti, að ekki sé þá til dagskrárgerðarsjóður í landinu eða því að Sinfóníuhljómsveit Íslands fái ekki næg framlög, geri þá til þess viðeigandi ráðstafanir. Og ég vænti þess að slíkar hugmyndir komi fram í hv. nefnd þegar að hún fjallar um frv.

Það er afskaplega mikilvægt, virðulegi forseti, að mál eins og þessi séu tekin á dagskrá hér í sölum Alþingis þannig að viðhorf manna komi fram. Og ég vil endurtaka það, að það var býsna fróðlegt að heyra hver hinn raunverulegu viðhorf hæst. menntmrh. voru í þessu máli.

[16:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekkert vantraust á dagskrárgerðarmenn í Ríkisútvarpinu sem kom fram í mínu máli. Það sem kom hins vegar fram í mínu máli var að ég taldi að menn þyrftu að hugsa sig tvisvar um það, áður en þeir stigju skrefið eins og hv. flm. gera ráð fyrir, hvort athugandi væri að af hálfu hins opinbera væri til sjóður sem styddi innlenda dagskrárgerð. Að leggja þetta út eins og hv. ræðumaður gerði er að sjálfsögðu hreinn útúrsnúningur og ekki til þess fallið að þetta mál fái hér málefnalega afgreiðslu.

[16:51]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir fróðlega umræðu um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Það er mikilvægt að það komi hér fram að að sumu leyti er hæstv. menntmrh. sammála okkur, flm. þessa frv. Hann telur að Menningarsjóður útvarpsstöðva í núverandi mynd eigi ekki rétt á sér og er hlynntur því að rekstri hans verði hætt í núverandi mynd. Það er ekkert í máli okkar sem bendir til þess að við viljum ekki innlenda menningardagskrárgerð sem mesta hér á landi. Þetta frv. er einmitt flutt til að styðja við og auka dagskrárgerðina eins og kom fram í máli mínu þegar ég mælti fyrir þessu frumvarpi. Það er alveg skýrt að útvarpsstöðvarnar fá meira fé til dagskrárgerðar ef sjóðurinn væri ekki fyrir hendi. Og ég trúi því ekki að hv. þm. sjái ekki til þess að Sinfóníuhljómsveit Íslands fái fé af fjárlögum til rekstrar og þurfi ekki að vera upp á ljósvakamiðlana komin með 25% af umframrekstrarfé.

En við skulum láta hæstv. menntmn. um að ræða þetta frv. áfram og ég vona að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að menningarsjóðurinn verði lagður niður í þeirri mynd sem hann er í dag og ég vonast til þess að það verði ekki beðið með það þar til að lokinni endurskoðun útvarpslaga, nema að það verði þá alveg á næstunni, þar sem útvarpslögin hafa verið í endurskoðun frá því að þau tóku gildi fyrir tæpum 10 árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 14. mál (bankaeftirlitið). — Þskj. 14.

[16:54]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Lífeyrissjóðirnir í landinu eru að verða öflugustu fjármálastofnanir landsins, jafnvel mun öflugri en viðskiptabankarnir. Ráðstöfunarfé þeirra er nú um eða yfir 40 þús. millj. kr. á ári og verulegum hluta af þessu fé verja lífeyrissjóðirnir til fjárfestinga og nú í auknum mæli utan lands. Auðvitað skiptir það miklu hvernig með þetta fé er farið því á bak við standa lífeyrisréttindi þeirra þúsunda sem eru félagsmenn í lífeyrissjóðunum og það varðar auðvitað hag þeirra mjög miklu hvernig fjármálaráðstafanir eru hjá lífeyrissjóðum. Það varðar ekki síður hag lífeyrisþega hvernig með fé þeirra er farið, en t.d. hag þeirra sem eiga sparifé inni í bönkum hvernig viðskiptabankar ráðstafa því sparifé.

Þrátt fyrir það að þessir lífeyrissjóðir verði stöðugt þýðingarmeiri á fjármálamarkaðnum og séu nú þegar öflugustu fjárfestar á Íslandi þá er því nú einu sinni svo farið að opinbert eftirlit með starfsemi þeirra er mun minna en opinbert eftirlit með starfsemi t.d. viðskiptabanka eða vátryggingafélaga sem einnig gegna vaxandi hlutverki á þessum markaði. Mér er kunnugt um það frá þeim árum sem ég var í viðskrn. að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sem hefur takmarkað eftirlit með sjóðunum samkvæmt lögum um lífeyrissjóði, gerði athugasemdir við bæði rekstur og fjármálalegar ráðstafanir hjá einstökum sjóðum. Bankaeftirlitið gat ekki fylgt athugasemdum sínum nema mjög takmarkað eftir þar sem það hefur ekki sama rétt til eftirlits með lífeyrissjóðunum og starfsemi þeirra og með viðskiptabönkunum. Bankaeftirlitið getur t.d. tæpast framkvæmt vettvangsskoðanir hjá lífeyrissjóðum með sama hætti og bankaeftirlitið framkvæmir reglulega vettvangsskoðanir hjá sparisjóðum, viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum. Og allir vitum við, hv. alþm., nokkur dæmi þess að ráðstafanir forstöðumanna lífeyrissjóða með fé þeirra hafa vægast sagt verið mjög vafasamar og skapað lífeyrisþegunum og sjóðunum sjálfum veruleg vandkvæði. Mér er kunnugt um nokkur fleiri dæmi sem ekki hafa orðið opinber, m.a. dæmi um viðvaranir til sjóða, og kom síðar í ljós að þeir höfðu farið heldur óvarfærnislega með fé sitt. Þá fer starfsemi hlutabréfasjóða í landinu vaxandi. Þar er einnig um að ræða fjárfestingarsjóði þar sem miklir hagsmunir eru í húfi og sé staða bankaeftirlitsins erfið til að hafa eðlilegt, opinbert eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, þá er hún enn erfiðari til eftirlits með starfsemi hlutafjársjóðanna því að þar er eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins lögum samkvæmt mjög lítið.

Vitað er að nú stendur yfir endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu og einnig hefur verið núna í nokkur ár unnið að endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands sem löngu er orðin brýnt verkefni. Vissulega má segja að það mál sem hér er rætt í þessu frv., að veita bankaeftirliti Seðlabankans lagalega stoð til að gegna eftirliti með fjármálastofnunum eins og hlutabréfasjóðum og lífeyrissjóðum með sama hætti og bankaeftirlitið gerir gagnvart bönkum og sparisjóðum, sé tiltölulega lítilvægt atriði í þeirri endurskoðun sem þarf að fara fram á lífeyrissjóðakerfinu og lögum um Seðlabanka Íslands. Á það er hins vegar að líta, að báðar þessar endurskoðanir á lögum um lífeyrissjóði og starfsemi þeirra og á lögum um

Seðlabanka Íslands hafa í för með sér mörg álitaefni. Lög um Seðlabanka Íslands hafa t.d. verið í endurskoðun í mörg ár án þess að náðst hafi samkomulag milli stjórnarflokka um hvernig skuli flytja það mál til Alþingis. Og ég á ekki von á því að það náist á næstunni samkomulag um umtalsverðar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Með sama hætti er endurskoðun á lífeyrissjóðakerfi landsmanna mikið og stórt verkefni sem margir aðilar þurfa að koma að, ekki síst aðilar vinnumarkaðarins. Sú endurskoðun verður ekki unnin, eða verður a.m.k. ekki lokið, nema í samráði við þá svo miðað við þá reynslu sem hv. Alþingi hefur af slíkum málum má gera ráð fyrir að það taki langan tíma, jafnvel svo árum skipti, að ljúka þeirri heildarendurskoðun og ná þeirri sátt um nýjar tillögur sem þarf að vera í samfélaginu til þess að þær gangi eftir.

Það er alveg ástæðulaust að bíða eftir að slíkum viðamiklum endurskoðunum ljúki til þess að gera breytingar eins og þær sem lagðar eru til á þskj. 14 af okkur hv. alþm. Össuri Skarphéðinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni. Þar er lögð til sú lítilvæga breyting, sem er þó mikilvæg í sjálfu sér fyrir framgang málsins, að bankaeftirliti Seðlabankans verði falið að annast sambærilegt eftirlit með starfsemi annarra fjármálastofnana en sparisjóða og viðskiptabanka eins og bankaeftirlitið veitir nú viðskiptabönkum og sparisjóðum. Með öðrum fjármálastofnunum er fyrst og fremst átt við lífeyrissjóðina og hlutabréfasjóðina eins og áður var á minnst en eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins gagnvart lífeyrissjóðunum er einungis að finna í ákvæðum í lögum um lífeyrissjóði. Þar er eftirlitshlutverkið nánast takmarkað við það eitt að bankaeftirlitið beiti sér fyrir gerð samræmis í reikningshaldi og ársuppgjörum sjóðanna en öllu lengra nær eftirlitshlutverkið ekki og gagnvart hlutabréfasjóðunum er eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins lítið sem ekki neitt.

Auðvitað má segja að æskilegt hefði verið að taka nokkuð stærra skref, t.d. að skoða hvort ekki ætti að sameina bankaeftirlitið og vátryggingaeftirlitið í eina stofnun sem út af fyrir sig þyrfti ekki að vera í tengslum við Seðlabankann því að margt er skylt með þessum tveimur eftirlitsstofnunum og margt er skylt með starfsemi þeirra aðila sem þeir eiga að hafa eftirlit með. Það skref er þó ekki stigið með tillögunum í þessu frv. heldur ítreka ég að aðeins er gerð tillaga um það og meginatriði hennar í 1. gr. er að bankaeftirlit Seðlabankans hafi sams konar eftirlit með starfsemi annarra fjármálastofnana og þá er átt við fyrst og fremst lífeyrissjóði og hlutabréfasjóði eins og bankaeftirlitið hefur nú með viðskiptabönkum og sparisjóðum. Ákvæði 2., 3., 4. og 5. gr. frv. eru eingöngu breytingar til samræmis við þetta þar sem skotið er inn orðunum „aðrar fjármálastofnanir“ eða „annarra fjármálastofnana“ á eftir heitum um innlánsstofnanir, þ.e. viðskiptabanka og sparisjóði þar sem þau heiti koma fram í eftirlitsákvæði laganna um Seðlabanka Íslands.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:03.

6. FUNDUR

þriðjudaginn 10. okt.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frv., 13. mál, þskj. 13. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Útvarpslög, frv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Seðlabanki Íslands, frv., 14. mál, þskj. 14. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
5. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
6. Opinber fjölskyldustefna, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
7. Bætt skattheimta, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
8. Umboðsmenn sjúklinga, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
9. Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.
10. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Eiríki Einari Viggóssyni matreiðslumanni.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna, 64. mál, fsp. KH, þskj. 64.

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, 60. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 60.

Græn ferðamennska, 66. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 66.

Olíuleit við Ísland, 63. mál, fsp. GHall, þskj. 63.

Ólöglegur innflutningur fíkniefna, 62. mál, þáltill. AK o.fl., þskj. 62.

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, 61. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 61.

Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis, 65. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 65.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um utandagskrárumræðu sem ráðgert er að fari fram í dag um kl. 16.30. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og hæstv. heilbrrh. verður til andsvara. Efni umræðunnar er staða geðverndarmála.

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frh. 1. umr.

Frv. ÖS og SAÞ, 13. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 3. mál (Menningarsjóður útvarpsstöðva). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 14. mál (bankaeftirlitið). — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 1. umr.

Frv. HG og BH, 10. mál. — Þskj. 10.

[13:37]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um rétt til launa í veikindaforföllum en það felur í sér breytingar á tvennum lögum. Annars vegar á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, og í öðru lagi um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985. Flm. ásamt mér er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir.

Frumvarp þetta, sem var flutt á 118. löggjafarþingi, varð þá ekki útrætt en fór þó til félmn. Nefndin sendi frv. til umsagnar nokkurra aðila og liggja þær umsagnir fyrir frá þeim tíma. Ég tel þó rétt, virðulegur forseti, að fara nokkrum orðum um frv. og umfjöllun þess á 118. þingi, einnig í ljósi þess að kosið hefur verið nýtt þing og nýir þingmenn hafa komið inn á Alþingi frá því að málið var flutt og vegna þess að ég tel rétt ásamt öðrum flutningsmanni málsins að á þetta mál reyni frekar og þess vegna er það flutt öðru sinni á Alþingi.

Frumvarpið hefur að markmiði einkum tvennt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að tryggja og að nokkru leyti að jafna rétt launþega hér á landi til launa í veikindaforföllum og hins vegar er sérstaklega kveðið á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og lagt til að þeim verði veittur lagalegur réttur til launa eins og um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi þróunar hér á landi og er þá höfð í huga m.a. aukin áhersla á að fyrirbyggja alvarlega sjúkdóma í ljósi framfara í læknisfræði og vegna fjölda nýrra meðferðarleiða í sambandi við sjúkdóma eða vegna fyrirbyggjandi aðgerða.

Eins og ég hef nefnt er kveðið á um rétt launþega til launa í veikindaforföllum í tvennum lögum og til einföldunar er því lagt til í frv. að breyta hvoru tveggja, hinum almennu lögum sem varða rétt verkafólks til launa í veikindaforföllum og sjómannalögunum.

Það hefur átt sér stað nokkurt misrétti milli einstakra hópa launafólks að því er varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist m.a. á því að réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga.

Það má nefna að starfsmenn ríkis og bæja, a.m.k. margir hverjir fá greidd laun í 15 daga vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar og á hver starfsmaður rétt á slíkum greiðslum einu sinni. Sé litið til þessarar þróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa í dag lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða mál af lagafyrirmælum. Hugtökin „sjúkdómur" og „óvinnufærni" í lögunum frá 1979 og frá 1985 hafa verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu og rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum svo dæmi séu nefnd. Síðan er það tæknifrjóvgunin sem ekki er talin geta talist til greiðsluskyldra forfalla enda þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi og er þar um mismunun að ræða miðað við það sem gerist hjá opinberum starfsmönnum.

Frv. tekur á þessum atriðum og gerir ráð fyrir því að tryggður sé réttur launþega til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að það sé gert að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Síðan er tekið sérstaklega á rétti heilbrigðra líffæragjafa. Heilbrigðir líffæragjafar hafa sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, e.t.v. ekki beinlínis að ráði læknis þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annars einstaklings. Sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir á þannig fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Greinar frv. að því er varðar breytingu á almennu lögunum og sjómannalögum eru hliðstæðar og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar frv., sem ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vísa til og tel ekki nauðsynlegt að rekja sérstaklega í framsögu. Ég vil hins vegar víkja að því að flutningur þessa máls á 118. þingi kallaði fram mjög ólík viðbrögð þeirra sem sendu umsagnir um málið til hv.

félmn. Þar skipti mjög í tvö horn. Annars vegar voru það félög launafólks og sjómanna, svo sem Vélstjórafélagið og Bandalag háskólamanna, Alþýðusamband Íslands og sjómannasamtökin, sem töldu að hér væri um mjög mikilvæga réttarbót að ræða og hvöttu eindregið til þess að frv. fengi jákvæða meðferð hér á Alþingi Íslendinga og yrið afgreitt. Hins vegar voru það samtök vinnuveitenda, atvinnurekenda, sem lögðust mjög hart gegn frv. í umsögnum sínum og vöruðu við því og lögðu mjög ákveðið til að frv. fengi ekki framgang hér á Alþingi. Þeir færðu sín rök fyrir því sem ég get ekki deilt með þeim aðilum sem þarna veittu umsagnir um málið. En fróðlegt væri fyrir þingnefnd þá sem nú fær málið til umsagnar að kynna sér þær og fyrir hv. þm. að líta yfir þær. Ég get vísað til ítarlegrar umsagnar Alþýðusambands Íslands og fleiri aðila sem taka undir tillögur frv. og það er líka fróðlegt að sjá rökin frá atvinnurekendasamtökunum sem eru mjög keimlík og alveg ljóst að þessir aðilar hafa með sér náið samráð sem ég ætla ekki að lasta.

Hitt kom svolítið á óvart að fjmrn., sem ekki var sent málið sérstaklega til umsagnar, enda ekki kannski almennt tíðkað af þingnefndum að biðja um formlegt álit ráðuneyta, sá sérstaka ástæðu til að senda umsögn til nefndarinnar og lagðist þar eindregið á sveif með þeim aðilum, þ.e. atvinnurekendasamtökunum, sem mæltu gegn samþykkt málsins og færðu þar fram sín rök við því. Ég ætla að leyfa mér að grípa hér, með leyfi hæstv. forseta, niður í umsögn fjmrn. um málið þar sem að fram kemur að ráðuneytið hefur frumkvæði að því að veita skriflega umsögn til nefndarinnar. Þar segir:

„Tilgreint lagafrumvarp hefur að geyma efnislega sömu breytingar á ákvæðum tveggja mismunandi laga. Í sem stystu máli er fjmrn. ósammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með frv. varðandi það að skilyrðið um óvinnufærni eigi ekki að leggja til grundvallar við mat á því hvort launþegi nýtur réttar til launa í veikindaforföllum. Af hálfu ráðuneytisins hefur hugtakið óvinnufærni ávallt verið lagt til grundvallar því mati. Má sem dæmi nefna að 4. gr. rg. nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gerir sérstaklega ráð fyrir að áður en starfsmaður hefur störf á ný eftir að hafa verið veikur í einn mánuð eða lengur, skuli hann leggja fram heilbrigðisvottorð er sýni að viðkomandi teljist vinnufær.“ Af þessu má ljóst vera að byggt er á óvinnufærnishugtakinu hjá hinu opinbera.“

Það er þó viðurkennt í þessari umsögn að í sambandi við aðgerðir vegna tæknifrjóvgunar hafi ríkið fallist á greiðslur til sinna starfsmanna. Um þetta segir í umsögninni:

„Ráðuneytið vill jafnframt gera athugasemd varðandi ummæli í greinargerð þess efnis að opinberir starfsmenn hafi fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla af völdum tæknifrjóvgunar. Raunin er sú að forföll vegna tæknifrjóvgunar eru almennt ekki viðurkennd sem greiðsluskyld forföll hjá hinu opinbera. Fyrir fáum árum voru tæknifrjóvganir einvörðungu framkvæmdar erlendis og kallaði utanför af því tilefni á langar fjarvistir frá vinnu. Því var af hálfu launaskrifstofu ríkisins (nú starfsmannaskrifstofu fjmrn.) gefin út einhliða ákvörðun í apríl 1989“ — ég kem því að með því að taka eftir ártalinu 1989 — „um tilhögun greiðslu launa vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar. Þar var ákveðið að þeim starfsmönnum sem væru fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar yrðu greidd dagvinnulaun og eftir atvikum vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá í 15 vinnudaga en þó var aðeins heimilað að greiða hverjum starfsmanni laun á þessum forsendum einu sinni. Ekki hefur verið sérstaklega fjallað um greiðslur í forföllum vegna tæknifrjóvgunar eftir að farið var að framkvæma þær alfarið á hérlendum sjúkrastofnunum. Ákvörðunin frá 1989 náði að verða hluti af kjarasamningum bæjarstarfsmannafélaga, annarra en Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.“

Þetta læt ég nægja sem lestur úr umsögn fjmrn. um þetta efni en hér er, eins og fram kemur, viðurkennt að þetta hafi verið ákvarðað svo 1989, sú ákvörðun hafi ekki verið tekin til baka og að hún hafi gengið inn í samninga bæjarstarfsmannafélaga annarra en Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Þannig blasir þessi mismunun við að því er varðar þá hópa sem þarna er um að ræða.

Í þessu sambandi, virðulegi forseti, er fróðlegt að líta á nýlega fallinn dóm þann. 17. mars 1995, í héraðsdómi Reykjaness í máli sem tiltekinn einstaklingur höfðaði gegn Íslenska álfélaginu hf. og gerði þar kröfu um greiðslu bóta upp á nær 110 þús. kr. ásamt dráttarvöxtum vegna læknismeðferðar við tilteknum sjúkdómi og að vinnuveitandi yrði dæmdur til greiðslu á þessu. Í þessu sambandi er fróðlegt að heyra niðurstöðu dómsins, ég tek aðeins smáhluta hér úr forsendum, með leyfi forseta. Þar segir:

Það er mat réttarins að þegar fyrir liggi úrskurður læknis um að starfsmaður sé haldinn sjúkdómi sem leiðir fyrr eða síðar til óvinnufærni og ekki verður ráðin bót á nema að hann fari í læknismeðferð sem geri það nauðsynlegt að hann hverfi frá vinnu á meðan á meðferðinni stendur, þá verði að miða við upphafstíma lögmætra forfalla frá vinnu við það hvenær aðstæður eru til að hann fari á sjúkrastofnun, þ.e. hvenær þar er laust rúm, en ekki sé einblínt á það hvenær hann hnígur niður á vinnustað sem gæti haft í för með sér meira tjón fyrir bæði starfsmanninn og vinnuveitanda að sjúklingur verði fyrir bragðið að liggja óvinnufær heima og bíða eftir rúmi.

Stefnandi fór að ráði læknis eins fljótt til lækninga á heilsugæslustofnunina og hann komst en reyndi jafnframt að vinna alveg fram að þeim tíma, jafnvel þótt hann væri talinn þá nær óvinnufær svo ekki verður séð að hann hafi reynt að svíkjast frá vinnu vegna veikindanna.

Í málinu verður því fallist á að stefnandi hafi skv. 5. gr. laga nr. 19 1979 og vinnusamningi milli stefnda og stéttarfélags stefnanda frá 4. apríl 1990, átt rétt á fullum launum í framangreindum veikindaforföllum frá 3. ágúst til 27. ágúst 1993. Er krafa stefnanda tekin til greina og ber stefnda að greiða honum 109.814, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25 1987, frá stefnubirtingardegi 9. sept. 1994 til greiðsludags, en krafa hans um dráttarvexti miðist við 1. sept. 1993 kom ekki fram fyrr en málflutningi er mótmælt af stefnda og er ekki tekin til efnismeðferðar.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 80. þús. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur. Og dóm þennan kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson, héraðsdómari, og dómsorðið er svofellt:

Stefndi, Íslenska álfélagið hf., greiðir stefnanda, Jóhannesi Gunnarssyni, kr. 109.814 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 9. sept. 1994 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda í málskostnað kr. 80. þús. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Því er þetta tíundað hér, virðulegi forseti, að þessi dómur sker sig nokkuð úr mörgum dómum sem fallið hafa á annan veg í þessum efnum. Nú mun þessum dómi hafa verið áfrýjað til Hæstaréttar og verður fróðlegt að vita hvernig sú niðurstaða verður þegar Hæstiréttur hefur fjallað um málið

og kveðið upp sinn dóm.

Ég vil svo að endingu, virðulegi forseti, segja um þetta mál, að ég vil ekki trúa öðru en eftir að hv. Alþingi hefur litið á málavöxtu og athugað þá stöðu sem uppi er í þessum efnum, að því er varðar möguleika fólks til þess að leita eftir fyrirbyggjandi aðgerðum þó ekki verði það metið óvinnufært með öllu þegar það leitar sér lækninga, þá verði tryggður með lögum réttur til launa á grundvelli laga eins og hér er lagt til. Ég held að rökin að því er sjómenn varðar, séu enn þá ljósari að þessu leyti og mætti þar margt til tína. Ég heiti því á hv. Alþingi að taka þetta mál til efnislegrar og jákvæðrar meðferðar að sjálfsögðu samkvæmt tillögum okkar flm. í þessu máli og legg til að málinu verði að umræðu lokinni vísað til hv. félmn.

[13:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um tvíþætt mál að ræða. Annars vegar lögð fram tillaga að breytingu sem stuðlar að því að jafna rétt launafólks hér á landi til launa í veikindaforföllum og hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, þ.e. heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða.

Nái þetta frv. fram að ganga þá leiðir af því grundvallarbreytingu á lögunum nr. 19/1979, um rétt launafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Gildandi lög byggja á því grundvallarsjónarmiði að atvinnurekendum er skylt að greiða veikindalaun ef starfsmaður verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss. Óvinnufærni launamanns er þannig á áhættu atvinnurekenda. Það er grundvallaratriði laganna að launamaður eigi ekki að geta gert sig óvinnufæran og þannig bakað atvinnurekanda sínum útgjöld. Í umsögnum um þetta frv. þegar það var lagt í fyrra sinn, kemur það fram að nái breytingin fram að ganga þá verði skilyrðið um óvinnufærni í raun fellt út úr lögunum. Af þessu mun leiða að launafólk sem hefur fulla starfsgetu mun geta gert kröfu til veikindalauna. Starfsmaður mun aðeins þurfa að fá upp á það skrifað hjá lækni sínum að aðgerðin sé óhjákvæmileg eða meðferðin sé nauðsynleg, án tillits til þess hvort hann er óvinnufær eða ekki.

Á það hefur verið bent að með frv. er verið að bjóða upp á enn fleiri ágreiningsmál um túlkun en verið hafa og hætta er á því að það leiði til óþarfa ágreinings á milli starfsmanna og stjórnenda þegar gera þarf grein fyrir því að viðkomandi uppfylli skilyrði um að fá að vera heima á launum.

Það eru ýmsar hliðar á þessu máli. Í grg. með frv. er ekkert fjallað um greiðslur atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði í sjúkrasjóði, sbr. 7. gr. gildandi laga. Atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði greiða bæði veikindalaun beint til starfsmanna sinna þegar þeir eru óvinnufærir af völdum sjúkdóma eða meiðsla og að auki 1% af útborguðum launum í sjúkrasjóði stéttarfélags. Starfsmenn eiga því rétt á að fá greiðslur úr sjúkrasjóði þegar veikindalaunarétturinn hefur verið fullnýttur og þegar um er að ræða tilvik sem veita rétt til veikindalauna. Samkvæmt áætlunum hefur umtalsvert fé safnast í sjúkrasjóði stéttarfélaga og er talið að í þeim séu u.þ.b. 1,5 milljarðar.

Annað atriði sem samtök atvinnurekenda hafa bent á sem rök gegn frv. er stærð íslenskra fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki eru flest mjög lítil og greiðslur af því tagi sem hér um ræðir geta orðið þeim þungbærar. Breytingin gæti því enn fremur stuðlað að því að atvinnurekendur leituðu leiða til að komast hjá greiðslum, t.d. með því að knýja launafólk til gerviverktöku. Og það kemur þeim verst sem síst skyldi.

Að mínu mati gildir það sama um þetta málefni og mörg önnur sem snerta samskipti aðila á vinnumarkaði. Það er æskilegast að samtök atvinnurekenda og launafólks semji um sem flesta þætti er snerta kaup og kjör. Samtök atvinnurekenda hafa lýst vilja sínum í að taka upp samningaviðræður um veikindarétt starfsmanna og mér finnst rétt að láta á það reyna hvort ekki tekst að ná viðunandi samningum þar um sem báðir aðilar geti sætt sig við fremur en Alþingi blandi sér í málið með lagasetningu. Ég legg afar mikið upp úr því, herra forseti, að samskipti á vinnumarkaði séu sem greiðust og best og að menn reyni að koma sér saman um hlutina ef þess er nokkur kostur fremur en að beita lagasetningarleiðinni til þess að knýja vilja eða óskir annars aðilans fram á kostnað hins.

Herra forseti. Ég vil að fram komi að ég tel heppilegra að reyna að semja um þetta atriði og vita hvort þar næst ekki niðurstaða sem báðir aðilar eða allir aðilar geta þokkalega unað við og sé réttlát í framkvæmd fremur en að fara í lagasetningu.

[14:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í frv. og kom einnig fram í framsögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar var frv. þetta áður flutt á 118. löggjafarþingi og þá af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni einum og sér. Nú er það endurflutt með smávægilegum breytingum og undirrituð hefur fengið þann heiður að gerast meðflm. að málinu. Ég hafði reyndar kynnst málinu örlítið áður í fyrra starfi mínu sem lögfræðingur hjá Alþýðusambandinu þar sem frv. þetta vakti óneitanlega athygli enda tengist það beinlínis vandamálum hverdagsins á þeim vinnustað.

Ég tel ekki ástæðu til að bæta miklu við framsögu 1. flm. en vil þó benda á nokkur atriði til áréttingar, einkum hvað varðar lögin frá 1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Eins og fram kom í framsöguræðu 1. flm. er það svo að dómstólar landsins hafa túlkað ákvæði laganna nr. 19/1979 á þann hátt að ekki verður lengur við unað. Af þeim túlkunum má ráða að aðeins þeir sem eru óvinnufærir þegar forföll eiga sér stað eiga rétt á veikinda- eða slysalaunum hjá atvinnurekanda. Um leið eru þeir útilokaðir sem eru ekki óvinnufærir þegar forföllin verða. Þetta þýðir að allir þeir sem fara í fyrirbyggjandi aðgerðir að ráði læknis án þess að vera orðnir óvinnufærir missa rétt til launa í forföllum sínum.

Í raun er óvinnufærni ekki alfarið skilyrði fyrir greiðslu veikindalauna samkvæmt lögunum frá 1979 heldur er það skilyrði sett að forföll stafi af sjúkdómi eða slysi. Forföll geta verið af ýmsum ástæðum en ef óumdeilt er að um er að ræða óvinnufærni sem stafar af sjúkdómi eða slysi á viðkomandi rétt til launa í forföllunum. Dómstólar hafa hins vegar lagt hugtakið óvinnufærni til grundvallar niðurstöðum sínum. Jafnvel hefur verið gengið svo langt að fullyrða í niðurstöðu dóms að það væri skilyrði 5. gr. laganna að verkafólk væri óvinnufært vegna sjúkdóms eða slyss en slík túlkun hefur verið dregin í efa af fræðimönnum enda nefnir lagagreinin ekki þetta skilyrði.

Eins og hér hefur verið rakið hafa dómstólar túlkað ákvæðið á þann veg að réttur verkafólks til launa í veikinda- og slysaforföllum er vægast sagt mjög óljós og réttarstað-

an brotakennd. Hugtakið óvinnufærni sem hefur verið lagt algerlega til grundvallar er túlkað svo bókstaflega að fólki er á engan hátt tryggð þau réttindi sem í upphafi var ætlað með lögunum, þ.e. að tryggja launafólki rétt til fjarveru í veikinda- og slysaforföllum.

Í greinargerð með lögum nr. 16/1958, sem voru undanfari laganna frá 1959, og í umræðum um þau lög kemur fram að aðaltilgangur þeirra hafi verið að bæta kjör launafólks, verkafólks, hvað varðar uppsagnarfrest og rétt til launa í veikinda- eða slysaforföllum. Staðan í dag er hins vegar eins og ég sagði áðan mjög óljós og á engan hátt sanngjörn enda segja dæmin úr hinu raunverulega lífi okkur að mikið misræmi sé á milli fólks, jafnvel þeirra sem eru hrjáðir af sama sjúkdómi.

Við getum tekið sem dæmi þann sem fer í hjartaþræðingu. Dómstólar hafa talið að sá sem fer í hjartaþræðingu skuli ekki fá greidd veikindalaun nema hann sé óvinnufær þegar hann fer í aðgerðina. Við getum tekið sem dæmi mann sem hefur greinst með kransæðastíflu á háu stigi sem krefst lagfæringar. Læknir segir manninum að án þræðingar geti hann verið í bráðri hættu og ráðleggur honum að fara strax í aðgerðina. Starfsmaðurinn á ekki rétt á launum í forföllum sínum vegna þessa þar sem hann var ekki óvinnufær þegar hann fór í aðgerðina. Sé hann hins vegar svo „heppinn" að hafa dottið niður á eldhúsgólfinu heima hjá sér og hafa verið borinn á skurðarborðið á hann rétt á veikindalaunum.

Við getum tekið fleiri fáránleg dæmi. Kona sem varð óvinnufær vegna skurðaðgerðar á endajöxlum fékk ekki veikindalaun í forföllum sínum þar sem hún var vinnufær þegar hún fór í aðgerðina. Aðgerð á kjálka til að rétta tennur og bit var ekki talin stofna rétt til veikindalauna. Af tannlækni var aðgerðin talin fyrirbyggjandi og gerð af heilsuverndarástæðum. Kona sem fór í æðahnútaaðgerð var ekki talin eiga rétt á launum í fjarveru sinni frá vinnu þar sem hún var ekki talin hafa sýnt fram á óvinnufærni áður en hún gekkst undir aðgerðina.

Dæmi eins og þau sem hér hafa verið nefnd úr bláköldum raunveruleikanum mætti lengi telja upp. Sér hver heilvita maður að í slíkum lögum er ekkert réttlæti. Slík lög eru bara ólög á meðan þau eru túlkun á þennan veg enda er staðreyndin sú að réttindi launafólks varðandi launa- og slysaforföll á almennum markaði hafa verið í gífurlegri óvissu og verður að segjast eins og er að ekki hefur verið auðvelt að ráðleggja fólki að leggja mál sín í slíkum tilfellum fyrir dómstóla.

Það hlýtur að vera hlutverk löggjafans að taka af skarið í þessum efnum og gera lögin þannig úr garði að þau verði eðlileg og skýr. Eina leiðin til að meta hvort forföll séu nauðsynleg er að fara að mati læknis í þeim efnum. Ég fagna því niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness í máli starfsmannsins hjá Íslenska álfélaginu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði til hér áðan í framsögu sinni, ekki síst vegna þess að þar er viðurkennt að rétt sé að leggja faglegt mat læknis til grundvallar.

Læknir sá sem ráðleggur manni að fara í aðgerð er betur til þess fallinn en nokkur annar að meta hvort aðgerðin sé nauðsynleg eða ekki enda hlýtur mat fagmannsins í þeim efnum í flestum tilfellum að vera rétt. A.m.k. eru fáir aðrir útvaldir til að meta slíkt og allra síst atvinnurekendur sjálfir.

Virðulegi forseti. Ég hvet þingheim til að skoða þetta þjóðþrifamál vel og vendilega og greiða fyrir því að launafólk geti sofið rótt yfir því hvort það lifi það af að detta niður á gólfinu heima hjá sér í stað þess að fara að ráði læknis og fara í fyrirbyggjandi aðgerð. Eins og launin eru hjá allt of mörgum í þjóðfélaginu getur það skipt sköpum hvort fólk fær fráföll sín greidd eða ekki og ég veit þess dæmi að fólk hefur hikað og jafnvel hætt við að fara í aðgerðir vegna vitneskju um launaleysi í slíkum forföllum. Það er ekki á hremmingar sjúkra bætandi sem þurfa ekki aðeins að leggja út í verulegan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu heldur þarf fólk líka að leggja niður fyrir sig hvort það hefur efni á því að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir. Þjóðfélagslegur skaði af slíku ástandi er öllum ljós og fáránleikinn orðinn alger þegar leggja þarf út í stórfelldan kostnað vegna lækninga sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir með fyrirbyggjandi aðgerðum. Það má segja að eins og réttarstaða launafólks er í dag í þessum efnum er ekki beinlínis verið að hvetja fólk til forvarna.

Frv. nær til annars réttlætismáls sem eru fjarvistir frá vinnu vegna glasafrjóvgunar en þær hafa ekki verið taldar falla undir greiðsluskyld forföll jafnvel þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi. Í sama orðinu er líffæragjöf sem samkvæmt orðum frv. veitir skýlausan rétt til launa í forföllum svo fremi sem önnur skilyrði laganna eru uppfyllt. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir áðan að hann hefði áhyggur af því að fólk taki upp á því að fara í stríðum straumum til að láta tína úr sér líffærin og gefa þau í þeim tilgangi að fá greidd laun í veikindaforföllum. Ég er undrandi á þessari afstöðu hæstv. félmrh. Ég tel að engin hætta sé á slíku ástandi. Ég hef meiri trú á launafólki en svo.

Hæstv. félmrh. hefur líka tileinkað sér ýmis önnur rök atvinnurekenda í máli þessu og eins og kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er þetta mál ekki nýtt og hefur lengi verið deilt um það milli aðila vinnumarkaðarins en hæstv. félmrh. taldi rétt að um þetta ættu aðilar vinnumarkaðarins að semja sín á milli. Vissulega er mjög gott að aðilar vinnumarkaðarins semji um sem flest mál sín á milli sem heyra undir þeirra verksvið. En ég get fullyrt að þessar reglur væru ekki til og ekki neitt í þá veru ef beðið hefði verið eftir jáinu frá atvinnurekendum. Því miður er það báköld staðreynd.

Varðandi sjúkrasjóðina, sem komið var inn á hér áðan hjá hæstv. félmrh., þá er þeim ætlað samkvæmt lögum og reglum þar um að taka við þegar greiðsluskyldu atvinnurekenda lýkur samkvæmt lögum. Lögunum var ætlað að tryggja þeim sem forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa laun í forföllum sínum í tiltekinn tíma. Sjúkrasjóðunum er síðan ætlað samkvæmt lögum nr. 55/1980 að taka við þegar greiðsluskyldu atvinnurekenda lýkur.

Eins og lögin frá 1979 eru í dag og með hliðsjón af þeim túlkunum sem um það hafa gengið er réttarstaðan mjög óljós. Greiðsluskylda atvinnurekenda er óljós og dómaframkvæmd misvísandi sem gerir það að verkum að ákveðinn hluti fólks er í tómarúmi, á hvorki rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði né launa frá atvinnuveranda og slíkt ástand er algerlega óviðunandi.

Virðulegi forseti. Ekki verður lengur búið við þessa óreiðu í málefnum þess launafólks sem þarf að vera frá vinnu vegna veikinda eða slysa. Alþingi Íslendinga á að sýna sóma sinn í því að taka á þessum málum og þótt fyrr hefði verið.

[14:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er komið inn á mjög merkt mál og á margan hátt er það rétt sem síðasti ræðumaður sagði að það

er ákveðin óvissa og ákveðið tómarúm í þessu máli en ég er ekki sannfærður um að þetta sé rétta leiðin sem hér er lagt til að sé farin. Hér er verið að leggja enn meiri álögur á fyrirtæki landsins sem eru mörg hver mjög illa undir það búin vegna smæðar að taka á sig svona áhættu. Áhættan felst í því að kannski einn af þremur til fjórum starfsmönnum veikist eða fari í fyrirbyggjandi aðgerð sem er báðum til hagsbóta en getur riðið litlum fyrirtækjum að fullu.

Á Íslandi eru ein tvö kerfi ef ekki fleiri sem taka á þessum málum. Við erum með sjúkrasjóðina þar sem 1% af launum allra Íslendinga renna til. Ég bendi á til samanburðar að inn í lífeyrissjóðakerfið renna 10%. Sjúkrasjóðirnir voru settir á með mjög skömmum fyrirvara og að því er mér skilst hafa þeir mjög veikt hlutverk. Það er ekki búið að skilgreina hlutverkið og það væri miklu nær að setja lög um það hvað sjúkrasjóðirnir eigi að gera við þessa 1,5 milljarða sem þar hafa safnast upp. Það er ekki eðlilegt að sjúkrasjóðir safni peningum. Í lífeyrissjóðum, sem eru að safna upp til ellinnar, *er eðlilegt að það verði uppsöfnun en í sjúkrasjóði á ekki* að vera uppsöfnun eins og er í dag. Miklu nær væri að láta sjúkrasjóðina, sem eru í vörslu verkalýðshreyfingarinnar, borga þessi slys eða tjón sem hér er verið að fjalla um en láta veikburða lítil fyrirtæki standa undir þessu.

Við verðum að fara að horfa til þess að það eru fyrirtækin sem standa undir öllu velferðarkerfi okkar. Þau borga launin, þau borga skattana að miklu leyti og við verðum að fara að gæta þess að leggja ekki meiri byrðar á þau en þau þola.

[14:13]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls þátttöku í umræðunni. Enda þótt þau sjónarmið séu mjög ólík sem fram hafa komið er gott að þau komi fram hér við 1. umr. málsins.

Mér þótti mjög athyglisvert að hæstv. félmrh. sá ástæðu til þess að vera við umræðuna og það tel ég lofsvert. Það er ágætt að hann skuli tjá hug sinn til málsins á þessari stundu. Hitt þótti mér jafndapurlegt að heyra málflutning hæstv. ráðherra í sambandi við þetta frv. og þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Satt að segja kom mér verulega á óvart að hæstv. ráðherra skyldi sjá ástæðu til þess við 1. umr. að taka af skarið með þeim hætti um niðurstöðu sína varðandi málið eins og hann gerir og að koma í rauninni með þeim hætti skilaboðum af hálfu ríkisstjórnarinnar til stuðningsmanna hennar á Alþingi, a.m.k. meintra stuðningsmanna, varðandi það hvernig þeir eigi að taka á þessu máli við frekari umfjöllun. *Það er að sjálfsögðu góður réttur hæstv. ráðherra að* koma slíkum skilaboðum á framfæri. En það er líka mjög athyglisvert að tækifærið skuli notað hér með þessum hætti.

Ég vil rifja það upp að þegar lögin um rétt verkafólks til launa í veikindaforföllum voru sett 1979. Þá áttum við hætsv. núv. félmrh. samleið varðandi þá lagasetningu, vorum stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar sem stóð að þeim réttarbótum. Þær voru reyndar margar fleiri réttarbæturnar sem þá voru lögfestar fyrir launafólkið í landinu. En síðan hefur nokkurt vatn runnið til sjávar og það hafa orðið nokkrar breytingar á þeim flokki sem hæstv. félmrh. hefur starfað fyrir á Alþingi um áratugi. Ég tel að þær lýsi sér nokkuð vel í þeim sjónarmiðum sem hér koma fram af hálfu hæstv. ráðherra að hann skuli sjá ástæðu til þess að taka hér einhliða undir sjónarmið atvinnurekenda í þessu máli sem vafalaust hafa hnippt í hæstv. ráðherra svo hann stæði nú vaktina í þessum efnum og kæmi sjónarmiðum jafnt Vinnumálasambands samvinnufélaga sem Vinnuveitendasambandsins á framfæri hér við Alþingi og varaði þingheim við að fallast á þær réttarbætur og þá ótvíræðu túlkun eða réttara sagt þann úrskurð sem þarf að fella á Alþingi varðandi túlkun á þessum lögum þar sem þau hafa verið mistúlkuð. Dómar hafa fallið sem sýna að lögin halda ekki og þurfa þess vegna skýringa við og skýrari fyrirmæla af hálfu Alþingis. Og ég hafði satt að segja vænst þess og haldið að hæstv. félmrh. væri sá sem *vildi frekar hlífa heldur en höggva í sambandi við þetta efni.* Ég hef reynt hæstv. félmrh. í ýmsum efnum sem réttsýnan mann. Alveg sérstaklega af þeim sökum kom mér á óvart hvernig hann tók hér til orða og gekk nú nánast það langt, eins og fram kom í ágætu máli hér hjá hv. 12. þm. Reykv., að láta liggja að því að menn fari að stunda sölu líffæra sem eins konar gróðaveg eins og heyrst hefur að sé ástundað af mafíu í löndum þar sem enginn fær notið réttar eða réttlætis í samskiptum við opinbera aðila. Þetta var leitt til að vita. Ég vil ekki trúa því, virðulegur forseti, að þetta sé hugur manna *almennt hér á Alþingi sem hér er verið að túlka.*

Varðandi það sjónarmið sem hv. 16. þm. Reykv., Pétur H. Blöndal, kom hér fram með um fyrirtækin í landinu, fyrirtækin í landinu með stórum staf, þá eru það auðvitað hin skýru rök sem atvinnurekendasamtökin hafa borið fram í þessu máli og liggja m.a. fyrir í umsögnum frá 118. þingi, sem ég er ekki að ætlast til að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi farið yfir eða kannist við, en þau eru nákvæmlega sama eðlis. Í bakgrunni blasir við það sjónarmið að starfsmaðurinn er í raun ekki hluti fyrirtækisins. Það er eigandinn, það er fjármagnið sem að baki liggur en það er ekki starfsmaðurinn. Er ekki heilbrigður starfsmaður, sem reynir að halda starfsgetu sinni, m.a. með fyrirbyggjandi aðgerðum, að gæta hagsmuna þeirra sem hann vinnur fyrir og ætlar að helga starfskrafta sína? Hvers konar siðfræði er það sem hér liggur til grundvallar? Er fyrirtækið bara kapítalið? Hvað um sjómanninn sem dregur björg í bú á Íslandsmiðum og leyfir sér það að *bregðast við aðsteðjandi vanda og veikindum sem geta kom*ið hvenær sem er í úthaldi? Með tilheyrandi kostnaði fyrir útgerðina. Hann á ekki að hafa rétt til að leita sér lækninga við yfirvofandi sjúkdómi sem fyrir liggur að mati læknis. Það er vísað til þess að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um þetta atriði. Þá sem mæla fyrir því hvet ég eindregið til að lesa umsagnir atvinnurekendasamtakanna um þetta mál sem hér er flutt frá 118. þingi og sjá þá samningsstöðu. Þegar ríkisvaldið kemur fram með hæstv. félmrh. sem talsmann að þessu sinni og með hæstv. fjmrh. sem sérstakan umsagnar*aðila með skriflegri umsögn að eigin frumkvæði í félmn. á* 118. þingi þá sjá menn samningsstöðuna.

Það kemur auðvitað ekki sérstaklega á óvart að það fari að sjást í hárin undan sauðargærunni hjá þeim fulltrúum sem tekið hafa saman í meiri hluta hér á Alþingi Íslendinga og ætla hér að ráða og setja lög á þessu kjörtímabili. Það hefur sést í úlfshárin fyrr í slíku samstarfi, hæstv. forseti. Og ég á von á því að það eigi eftir að koma fleiri í ljós heldur en þau sem birtast í þessum umræðum og ummælum sem hér hafa fallið. Ég held að það sé full ástæða fyrir vinnandi fólk á Íslandi að taka eftir þessu þó þetta þyki kannski ekki mjög stórt mál sem hér er á ferðinni. Í mínum huga er þetta stórt mál, prinsippmál, og þeim kann að fjölga í samskiptunum við það ríkisvald og meiri hluta sem það styðst við hér á Alþingi Íslendinga ef menn ætla að ganga fram með þeim hætti sem viðtökurnar við þessu frv. fá hér hjá hæstv. félmrh. og fleiri starfsmönnum þessa meiri hluta.

[14:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerir mér upp skoðanir. Ég sagði aldrei að fyrirtæki væri kapítal. Ég sagði eingöngu að þessar reglur gætu komið litlu fyrirtæki illa. Það sagði ég og annars ekki neitt. Það er hagur fyrirtækisins að starfsmenn séu vel tryggðir. Ekki spurning. Ég tók undir sjónarmið sem komu fram í frv. að auðvitað þurfum við að horfa á launþega. Auðvitað þurfum við að horfa á fólkið sem þarf að fara í hjartaþræðingu og annað slíkt. Ég tók meira að segja fram að það væri hagur beggja að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir. Engu að síður getur það komið litlum fyrirtækjum mjög illa. Þar tala ég ekki sem fulltrúi fjármagns eða neitt slíkt. Ég ætla að biðja hv. þm. að gera mér ekki upp þær skoðanir. Ég sagði að það gæti komið litlu fyrirtæki illa, fimm til sex manna fyrirtæki, að missa starfsmann úr vinnu vegna fyrirbyggjandi aðgerðar. Auðvitað eiga menn að vera tryggðir einhvers staðar, t.d. í þessum frægu sjúkrasjóðum sem fyrirtækin eru látin borga 1% í og enginn veit hvað á að gera við. Það er ekki tekið á því hér í frv. og ég lagði til að menn litu heldur á þetta með það í huga að breyta lögunum um sjúkrasjóðina en ekki að bæta enn meiri álögum á fyrirtækin. Ég ætla að biðja menn að fara ekki að gera mér upp skoðanir.

[14:24]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að gera neinum upp skoðanir en hér var það dregið fram sem andmæli af hv. þm., gegn því að lögfesta þau ákvæði sem hér eru lögð til að það gæti komið sér illa fyrir hin minni fyrirtæki í landinu. Það er dregið hér fram, það sjónarmið er alveg skýrt. Ég tel það ekki rök í þessu máli. Ég tel að eðlileg viðbrögð minni fyrirtækja og fyrirtækja almennt í landinu séu að tryggja sig gagnvart slíku. Eru ekki fyrirtækin í landinu að tryggja sig gagnvart margs konar áföllum? (**PHB:** Með sjúkrasjóðunum.) Ég held að þau eigi að leita sér trygginga gagnvart slíku og taka sér til fyrirmyndar þá sem framsæknari og framsýnni eru í þessum efnum heldur en íslensk atvinnurekendasamtök og leita þeirra leiða. Og ég vil ekki, virðulegur forseti, trúa því að þessi sjónarmið eigi hér almennt fylgi. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hv. þm. að lesa umræður sem fóru fram hér á sínum tíma þegar þetta mál var fyrst borið hér fram. Þar komu m.a. fram þingmenn úr Sjálfstfl. sem töldu þetta eðlilega og sjálfsagða réttarbót. Ég nefni núv. 10. þm. Reykv., Guðmund Hallvarðsson, sem dæmi um þingmenn sem stóðu í fæturna og stóðu á rétti launafólks í þessum efnum. (**GHall:** Og hafa ekki breytt um skoðun.)

[14:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að ræða gamalt deilumál. Eðlilegar deilur um það hvar mörkin séu, hvað hver skuli borga. Það er rétt að þingheimur viti það vegna ummæla annars flm. að það stendur til, hefur staðið til og er opið og hefur verið opið árum saman frá hendi atvinnurekendasamtakanna á Íslandi að ræða allan heildarpakkann sem varðar sjúkratryggingar og réttindi starfsmanna. Það hefur aldrei staðið á því að taka það upp í heild.

En ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst ömurlegt og slæmt að vita til þess þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnar í ummæli og álitsgerð atvinnurekenda að þá má skilja orð hans svo að þar fari úlfarnir. Þar sjáist í úlfahárin ef einhver fylgjandi ríkisstjórnarinnar eða hæstv. ráðherra sé sammála þeim. Það er ömurlegt að þetta skuli gerast hér á löggjafarþinginu. Vinnuveitendur og samtök þeirra eru hluti vinnumarkaðarins. Það ásamt launþegunum er sá mótor sem dregur þessa þjóð og heldur henni uppi. Ég held að okkur mundi farnast betur ef við ætluðum bæði vinnuveitendum og launþegum full heilindi í öllum þeirra málflutningi.

[14:27]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá liggur það alveg ljóst fyrir hvar mótorinn er að finna, hverjir það eru sem draga vagninn, þessa þjóð. (**EOK:** Atvinnulífið.) Það var fyrrv. formaður Vinnuveitendasambandsins sem tók það að sér að vera þessi mótor og benda á það hér með sínum ummælum að þar væri mótorinn að finna. Það er ekki fólkið sem starfar við fyrirtækið, það er ekki driffjöðrin. Og hv. þm. ætlaði mér að líkja samtökum atvinnurekenda við úlfinn í þessu sambandi. Það voru ekki mín orð. Aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur sem og viðsemjendur þeirra, launafólkið í landinu, það á hvort tveggja sinn rétt og sín sjónarmið og tekst á. En það er nú því miður að úlfana er að finna nær okkur í þessu efni heldur en úti í bæ. Það sem gerst hefur m.a. er að þeir sem voru einu sinni í reiptoginu öðrum megin við borðið í hinum frjálsu samskiptum atvinnurekenda og launafólks hafa tryggt sér seturétt, hæstv. forseti, á Alþingi Íslendinga, sem þeir hafa reyndar rétt til. En þeir eru hérna og hafa af því sumir hverjir tvöfaldan starfa. Ekki hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem hér talaði, ég er ekki að nefna að hann hafi tvöfaldan starfa af því eða að hann sé báðum megin við að störfum. En það eru líka fulltrúar hér sem eru báðum megin að störfum, bæði á Alþingi Íslendinga og sem beinir starfsmenn atvinnurekendasamtaka í landinu. Þetta liggur auðvitað fyrir og þetta er mjög fróðlegt fyrir menn að hafa í huga þegar mál af þessum toga eru rædd hér á Alþingi.

[14:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það mjög skýrt fram að það væru bæði launþegar og atvinnurekendur sem sköpuðu þennan mótor. Það er útilokað að nokkur hér í salnum hafi misskilið það. Það er útilokað. En það er vert að minnast þess að sjónarmiðin eiga rétt á sér eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á. Og atvinnurekendur hafa komið með sín sjónarmið vegna þess að það er eðlilegt að það séu einhvers staðar takmörk. Við verðum að setja takmörkin einhvers staðar. Hvar á að borga og hvar á ekki að borga? Það liggur fyrir. Það segir í lögunum að sjúkrasjóðunum beri að taka við þar sem skyldum atvinnurekenda hættir, það liggur fyrir.

[14:31]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um eitt getum við hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson áreiðanlega verið sammála og það er það sem hann sagði hér. Það eru takmörkin sem þurfa að vera skýr. Það er okkar að draga þessi mörk hér á Alþingi Íslendinga þegar sú löggjöf sem sett hefur verið er það óljós að það er ekki farið eftir henni á þann hátt sem til stóð af löggjafanum þegar lögin voru sett.

[14:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel alveg óþarfa fyrir hv. 4. þm. Austurl. að vera með einhverja Rauðhettukomplexa. Ég er hvorki úlfur hvað þá að hann þurfi að vera hræddur um að ég gleypi

sig. Það kann að vera að ég hafi nokkurt magarúm en ekki fyrir svo mikinn mann sem hv. 4. þm. Austurl. (**Gripið fram í:** Ertu þá Rauðhetta?)

Niðurstaða mín var sú að aðilar vinnumarkaðarins ættu að reyna að semja um þetta ágreiningsatriði. Það er nefnd að störfum um samskiptareglur á vinnumarkaði. Þessari nefnd veitir forustu mjög hæfur starfsmaður í félmrn., Gylfi Kristinsson. Ég hef fylgst nokkuð með starfi nefndarinnar og mér sýnist að það fari vel fram. Það er góður andi í þessum samskiptum og viðræðunum miðar mjög lukkulega áfram. Ég vakti hins vegar í þessari stuttu tölu minni áðan athygli á eindreginni andstöðu annars aðilans, þ.e. vinnuveitenda. Ég er á móti því í viðkvæmum efnum eins og þessum að keyra yfir annan. Ég væri einnig á móti því að vinnuveitendur keyrðu yfir verkalýðshreyfinguna ef því væri að skipta. Ég vil stuðla að samkomulagi ef nokkur leið er að ná því. Það var ekki hnippt í mig af vinnuveitendum. Sannarlega ekki. Enda er ég nú ekki viðkvæmur eða fljótur að kippast við jafnvel þótt einhver sé að ýta við mér.

Ég hef aldrei haldið því fram, herra forseti, að menn færu að láta tína úr sér líffæri atvinnurekendum til bölvunar eins og mér fannst koma fram hérna í einni ræðunni. Ég vil að menn reyni að semja en ef ekki tekst að koma mönnum saman um sanngjarna lausn þá tel ég að hægt sé að athuga lagasetningarleið. En ég vara við því að einstakir þingmenn séu að grípa inn í mál á viðkvæmu stigi beinlínis í því skyni að hleypa þeim upp.

Ef ég yrði vitni að því að vinnuveitendur t.d. ætluðu að beita verkalýðshreyfinguna óbilgirni þá gæti ég sem félmrh. hæglega hugsað mér að beita mér fyrir lagsetningu til að rétta hlut verkalýðshreyfingarinnar. Og ef verkalýðshreyfingin sýndi mikla óbilgirni þá gæti ég jafnframt hugsað mér að leysa mál með lagasetningu. En á meðan málið er í skikkanlegum og góðum farvegi og nefndin um samskiptreglur á vinnumarkaði er á góðri siglingu þá tel ég óheppilegt að hleypa því góða samstarfi upp með vanhugsuðum inngripum af hálfu Alþingis.

[14:36]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra er kannski farinn að átta sig á því að hann hafi lagt helst til mikið inn í þetta mál í upphafsræðu sinni og er nú í síðari ræðu að reyna að draga í land og gerast hinn föðurlegi aðili sem ætlar að tryggja hið endanlega réttlæti ef aðilar vinnumarkaðarins geta ekki komið sér saman. Það er sá svipur sem hann vill nú hafa á máli sínu. Ég virði það út af fyrir sig hæstv. ráðherra til betri vegar að hann skuli þó reyna að draga með vissum hætti í land frá sinni fyrri eindregnu afstöðu þar sem hann lagði öll sín lóð á atvinnurekendavogarskálina í þessu máli. Nú gerir hann mikið úr því að einn vel verki farinn starfsmaður hans ráðuneytis sé að störfum í nefnd og muni leitast við að tryggja hið endanlega réttlæti í þessum efnum. Við eigum að bíða eftir því.

Ég, virðulegur forseti, hef mikla trú á góðum embættismönnum. En ég held að meira skipti þó að þeir sem eiga að ráða ferðinni séu rétt þenkjandi og hlaupi ekki inn í mál með þeim hætti sem hæstv. félmrh. gerði hér í fyrri ræðu sinni varðandi þetta mál. Ég er því ekki sérlega bjartsýnn eftir síðari ræðu ráðherrans þó hann reyndi að breiða yfir orðin frá hinni fyrri.

[14:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. 4. þm. Austurl. veit af löngum kynnum okkar og löngu og góðu samstarfi þá er ég afar friðsamur maður og forðast deilur í lengstu lög. Í þessu máli hef ég alltaf viljað leita samningaleiðarinnar og reyna samninga á meðan einhver von er að þeir takist.

Hvað varðar ábendingar hv. þm. um það sem hann kallar rétta hugsun þá hrökk ég dálítið við. Ég veit ekkert hvað er rétt hugsun og ég held að það sé óheppilegt að menn bíti sig í það að eitthvað sé rétt hugsun. Það hefur farið illa fyrir ríkjum sem hafa verið byggð á þeirri stjórnmálaskoðun að þeirra hugsun væri rétt og öll önnur hugsun röng.

[14:39]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Varðandi orð hv. þm. Péturs H. Blöndals hér áðan um sjúkrasjóðina þá vil ég ítreka það sem ég tók fram í framsögu minni áðan að sjóðunum er ætlað eins og reglurnar eru nú í dag að taka við að lokinni skyldu atvinnurekenda samkvæmt lögum frá 1979. Þannig eru reglurnar í dag.

Það er vissulega varasamt að leggja of miklar álögur á fyrirtækin í landinu en það eru líka takmörk fyrir þeim álögum sem hægt er að leggja á launafólk. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að skella lengi skollaeyrum við neyð launafólks. Á síðustu árum hefur verið létt álögum af fyrirtækjum en einstaklingarnir sem starfa hjá fyrirtækjunum hafa þurft að herða sultarólina. Allt í nafni aukinnar atvinnu og stöðugleika. Þetta hefur launafólk vissulega verið tilbúið til að gera. Það er hins vegar algerlega óásættanlegt að þetta sama fólk búi við þvílíkt öryggisleysi sem raun hefur verið á þegar að erfiðum tímum kemur.

Það var minnst hér áðan á sauðargæru. Af því tilefni vil ég taka fram að það reynir að jafnaði ekki á túlkanir á lögunum frá 1979 hjá þeim atvinnurekendum sem virða starfsfólk sitt sem manneskjur. Það eru aðeins svörtu sauðirnir sem neita og þeir eru því miður of margir. Þessir aðilar hafa notað sér glufur í landslögum til að fara í kringum hlutina og þær glufur þarf að fylla upp í. Og það er Alþingis að gera það.

Hæstv. félmrh. vísaði hér áðan líka til nefndar um samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins og að þar væri verið að vinna að þessum málum. Ég vil taka það fram og ég vona að hæstv. félmrh. sé að hlusta, að sú nefnd hefur ákveðið að miða starf sitt við samskipti aðilanna sín á milli, enda er það hlutverk hennar samkvæmt skipunarbréfi. Hér erum við að tala um einstaklingana sem standa berskjaldaðir frammi fyrir örlögum sínum þegar í harðbakkann slær.

Hæstv. félmrh. lét líka að því liggja að einstakir þingmenn væru að grípa inn í mál á viðkvæmu stigi. Er ráðherrann að mælast til þess að einstakir þingmenn þegi á meðan nefndirnar fjölmörgu sem hafa verið skipaðar af ríkisstjórninni eru að klára sín mál? Ég vil bara svara fyrir mína parta að það mun ég ekki gera.

[14:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hvað frv. um rétt til launa í veikindaforföllum varðar þá er það rétt eins og kom fram hjá hv. 1. flm., Hjörleifi Guttormssyni, að á síðasta þingi fór ég yfir þessi mál og lýsti þeim vanda sem blasir við mörgum launþegum hvað áhrærir rétt í veikinda- og slysatilfellum. Ég hef ekki breytt um skoðun varðandi þetta mál en vildi þó

aðeins geta þess að gefnu tilefni vegna orða hæstv. félmrh. að þessi mál eru mjög flókin og vandmeðfarin. Þó menn greini hér á um það hver sé mótor eða prímus mótor þá ætla ég ekki að blanda mér í þá umræðu. Hitt er annað mál að orðið óvinnufærni hefur oft á tíðum valdið miklum vanda og úlfúð og deilum á milli launþegahreyfingarinnar og atvinnurekenda. T.d. er mjög algengt að sjómaður sem hefur slasast og hefur aldrei stundað neitt starf nema sjómennsku sé útskrifaður frá læknum sem vinnufær til léttra starfa. Og hvaða störf skyldu það vera? Sjómaður sem hefur kannski ekki stundað önnur störf í 30 ár og þekkir ekki annað er hæfur til að fara í skrifstofustörf að mati lækna. Við þekkjum líka dæmi um að læknum geta verið mislagðar hendur við það ábyrgðarmikla starf að vega og meta það hvort viðkomandi launþegi sé vinnufær eða óvinnufær og að hve miklu leyti. Oft er þetta mikill vandi fyrir lækninn sem vill t.d. forðast að spila á kerfið, sem því miður eru dæmi um, þó ekki mörg. Hann vill samt sem áður firra sig því að viðkomandi aðili sé flokkaður annað en það sem hann getur um, þ.e. að hann sé vinnufær að hluta til.

Mér sýnist þegar litið er yfir þetta frv. og kannski völlinn allan sem snýr að veikinda- og slysarétti launþega — að málið sé nokkuð stærra heldur en hér kemur fram. Að hluta til get ég tekið undir það með félmrh. að auðvitað væri best ef aðilar gætu sest niður og fundið flöt á þessu máli. Það sem hins vegar skyggir þar á er það að verkalýðshreyfingin hefur um langt árabil viljað taka þetta mál upp og finna flöt á því. En það hefur einhverra hluta vegna ekki náðst samkomulag um það.

Með sama hætti eru líka vinnuveitendur mismunandi vel tryggðir gagnvart veikindum eða slysum sinna starfsmanna. Það er kannski líka hlutur sem þyrfti að skoða. Ég get t.d. bent á að útgerðarmenn fiskiskipa eiga rétt á endurgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjómaður slasast og er frá störfum t.d. í tvo mánuði. Þá sækir viðkomandi vinnuveitandi staðgengilslaunin upp í Tryggingastofnun. En útgerðarmaður kaupskips nýtur ekki þess sama. Ég er hins vegar ekki kunnugur þeim reglum sem gilda um atvinnurekstur í landi en ég hygg að þar séu ýmsar reglur til sem valda innbyrðismismunun í kerfinu.

Allt er þetta hið vandræðalegasta mál og vandmeðfarið en ég held að nú þurfi aðilar að taka á sig rögg. Ég tek undir það sem kom hér fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Það eru auðvitað takmörk fyrir þeim álögum sem fólk sem lendir í veikindum eða slysum getur á sig tekið. Það getur t.d. tekið dómstóla langan tíma að dæma um þann rétt sem viðkomandi aðili á eftir slys. Það eru jafnvel dæmi til þess að sjómenn, sem hafa slasast, eru lengi frá vinnu og í málaferlum um langt árabil, lendi í slíkum ógöngum að það hafi kostað þá hjónabandið og nánast allar þeirra eignir.

Dómskerfið er allt of seinvirkt hér á landi varðandi réttarstöðu slasaðra launþega. Það er hlutur sem líka þarf að skoða. En eins og þessi mál blasa við mér með tilliti til þess að vinnuveitendur hafa mismunandi stöðu gagnvart kröfu á þriðja aðila ef um slys eða veikindi er að ræða og launþegar hafa mismunandi vægi varðandi réttarstöðu þegar um óvinnufærni er að ræða, þá held ég að það sé rétt að skoða þessi mál nánar. Flm. hefur hvatt þingmenn til að kynna sér þær umsagnir sem komið hafa fram varðandi þetta mál og það mun ég vissulega gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

[14:48]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að beiðni hæstv. félmrh. og með samþykki hv. 1. flm. er 5. og 6. dagskrármálið tekið út af dagskrá, en verður væntanlega á dagskrá nk. fimmtudag.

Bætt skattheimta, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

[14:48]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. sem flutt er af þeim er hér stendur ásamt eftirtöldum hv. þm.: Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðjóni Guðmundssyni, Guðna Ágústssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Hjálmari Jónssyni, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Lúðvíki Bergvinssyni, Magnúsi Stefánssyni, Stefáni Guðmundssyni og Ögmundi Jónassyni.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að skipa þegar í stað nefnd er hafi það verkefni að koma með tillögur um leiðir til að bæta skattaskil til ríkis og sveitarfélaga. Þá verði nefndinni falið að kanna hvort grípa þurfi til einhverra aðgerða þannig að skattstofn einstaklinga verði tengdari tekju- og eignamyndun þeirra en nú er.

Nefndin verði skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, ASÍ, BSRB, VSÍ, Neytendasamtökunum, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins og Félagi löggiltra endurskoðenda. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar eigi síðar en 1. febr. 1996."

Samkvæmt orðanna hljóðan felur tillagan í sér skipan nefndar er taki á tveimur þáttum. Annars vegar bætt skattaskil til ríkis og sveitarfélaga og ég undirstrika og legg áherslu á skattaskil því hér er ekki verið að ræða um auknar skattálögur. Hins vegar er nefndinni ætlað að birta tillögur til úrbóta á því sem almennt er talið óeðlilegt misræmi á milli uppgefinna tekna til skatts annars vegar og mikilla eigna og tekjumyndunar hins vegar. Nú kunna einhverjir að spyrja hvers vegna tillaga með þessu efni sé fram borin. Um langa hríð hefur umræða í þjóðfélaginu verið hávær um þessa þætti. Þannig virðist almennt þekkt að löglegir skattar skili sér illa til ríkissjóðs. Ekki er það bara almannarómur, heldur er það líka staðfest af tveimur skýrslum. Önnur er frá árinu 1986 og var birt hér á Alþingi en hin var lögð fram í fjmrn. árið 1993. Athygli vekur að niðurstöður beggja þessara skýrslna eru keimlíkar. Þar kemur fram að á bilinu 8 til 11 milljarðar skila sér ekki til ríkissjóðs og niðurstöður beggja skýrslna eru svipaðar. Það segir okkur m.a. að árangur af bættri skattheimtu og skattskilum hefur lítill orðið á þessu tímabili.

Allir eru sammála um að halla ríkissjóðs þurfi að ná niður. Það sé m.a. grundvöllur að bættum lífskjörum og aukinni atvinnu hérlendis. Fyrir þinginu liggur m.a. fjárlagafrv. sem hefur þetta að markmiði. Sé hins vegar rétt að u.þ.b. 10 milljarðar skili sér ekki til velferðarkerfisins þá má ná enn betri árangri í því að rétta af halla ríkissjóðs. Hætt er við að þessir óinnheimtu milljarðar kæmu sér vel í menntamálum, innan heilbrigðiskerfisins eða í nýsköpun atvinnulífs svo dæmi séu tekin.

Vert er að minna á að hluti af óinnheimtum skatttekjum ríkissjóðs hefur verið greiddur af almenningi, neytendum sjálfum, en ekki skilað sér á áfangastað til ríkissjóðs í rekstur velferðarkerfisins. Með sanni má segja að þar sé um hreinan þjófnað að ræða. Langtímaáhrif þess eru m.a. auknar álögur á ríkissjóð, skarð í velferðarkerfið, sem um síðir lendir á þeim sem síst skyldi. Þær fela með öðrum orðum í sér hrópandi óréttlæti.

Samkvæmt tillögunni er nefndinni ætlað að skila til hæstv. fjmrh. tillögum um skilvirkar leiðir til úrbóta. Segja má að lengi hafi verið um þessa þætti talað en þeim mun minna gert. Tillagan felur í raun í sér að tími aðgerða sé upp runninn.

Síðari hluti tillögunnar felur í sér að sömu nefnd er ætlað að skoða hvort ekki sé brotalöm í sambandi annars vegar skattstofns einstaklinga og hins vegar tekju- og eignamyndunar þeirra. *Háværar raddir heyrast og hafa lengi heyrst í* samfélaginu um að fjölmargir einstaklingar borgi hverfandi lítið í opinber gjöld en eigna- og tekjumyndun þeirra virðist vaxa í öfugu hlutfalli við opinberar tekjur. Ég hygg að allir hv. þm. kannist við sögur og dæmi þessa. Enda er það svo að réttlætiskennd hins almenna launþega er freklega misboðið. Spurningin er raunar sú hvort fyrir því sé pólitískur vilji á hinu háa Alþingi að gera á þessum viðkvæmu málum bragarbót. Segja má að tími aðgerða sé kominn, nóg sé talað. *Nefndinni er ætlað að skila ábendingum um úrbætur* þannig að hæstv. fjmrh. geti gert Alþingi grein fyrir þeim fyrir 1. febr. á næsta ári. Í framhaldi af því getur svo Alþingi brugðist við. Þá reynir á hinn pólitíska vilja í þessu margrædda og umdeilda máli í samfélagi okkar. Við búum við skattalög í þessu landi. Við búum líka við skattaeftirlit í þessu landi. Lög og eftirlitskerfi sem ætlað er að ná til allra landsmanna á jafnréttisgrundvelli. En samt eru það einungis 30%, eða u.þ.b. þriðjungur launþega sem stendur undir tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti. Von er að þessum 30% svíði skattálögur sínar þegar þau samtímis vita af grönnum sínum velstæðum en skattlausum. Er réttlæti fólgið í því að einungis 30% leggi sitt til samneyslunnar meðan aðrir að því er virðist í góðum álnum, komist hjá sömu skattheimtu en nýta sér í engu minna mæli alla þjónustuna? Er nokkurt réttlæti fólgið í því að sum fyrirtæki standi skilvíslega skil á öllum skattalegum *fjármunum meðan önnur fyrirtæki láta það hjá líða*? Hvað um samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja? Hvað veldur öllu þessu? Eru það lögin? Er það framkvæmdin? Um það viljum við fá skýr svör fyrir 1. febrúar á næsta ári.

Við boðum ekki lögregluríki né heldur persónunjósnir, við biðjum um gagnsætt og skilvirkt skattakerfi en umfram allt réttlátt skattakerfi.

Virðulegi forseti. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir skipan níu manna nefndar með einum fulltrúa frá áðurgreindum aðilum. Þar með má segja að flest þau samtök og sérfræðingar er hagsmuna eiga að gæta, beinna eða óbeinna, komi að málinu og ætti ekki að þurfa frekari skýringa við. Hins vegar er nefndinni ætlað að hafa á sínum snærum starfsmann og jafnframt að kalla til sín ýmsa aðila er gagn má hafa af.

Virðulegi forseti. Markmið þeirrar þáltill. er hér liggur fyrir er að efla annars vegar skattaskil til ríkis og sveitarfélaga þannig að rekstur velferðarkerfis okkar verði styrktur frekar í sessi. Þá er ekki síðra markmið að leita leiða til að gera skattalöggjöf á Íslandi réttlátari en nú virðist vera. Með samþykki þessarar þáltill. gefst hv. alþm. kostur á að leggja sitt af mörkum til úrbóta á því sem kalla má umdeilt og óréttlátt skattkerfi. Svonefnt skattasvindl og óréttlát innheimta skatta er dauðans alvarlegt mál. Ranglæti og óheilindi á þessu sviði grefur um sig í þjóðarvitundinni og heggur um leið nærri rótum þjóðfélagsins. Það er von mín að verði tillagan samþykkt megi Alþingi fá ábendingar hæfustu einstaklinga um leiðir til að koma eðlilegri skipan á þessi mál. Þá reynir á pólitíska vilja hins háa Alþingis. *Á vinningurinn er augljós.* Ég nefni nokkur atriði.

Ríki og sveitarfélög gætu náð til sín þeim tekjum sem þeim ber samkvæmt gildandi lögum og um leið styrkt rekstur sinn á öllum sviðum og þar með skapað skilyrði fyrir bættum efnahag og þjónustu við þegna landsins. Skattalöggjöfin gæti orðið réttlátari og um hana væri ríkari sátt en við þekkjum í dag. Síðferði á þessu sviði er eitt brýnasta verkefni okkar með framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í huga. *Undanskot sumra fyrirtækja á sviði skatta hefur áhrif á* samkeppnishæfni annarra. Raunhæfar tillögur nefndarinnar um skilvirkari innheimtu jafnar þann aðstöðumun.

Herra forseti. Að þáltill. þessari standa þingmenn allra flokka. Ég tel það vera teikn um þverpólitíska samstöðu og jafnframt að það feli í sér pólitískan vilja hv. alþm. til að bæta skattkerfi okkar með réttlæti og jöfnuð í huga. Hér er um hagsmuni einstaklinga sem þjóðar að ræða.

Ég leyfi mér því að vonast til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[14:59]

Útbýting þingskjals:

Stuðningur Landsvirkjunar við fiskirækt, 67. mál, fsp. ÖS, þskj. 67.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmenn sjúklinga, fyrri umr.

Þáltill. ÁÞ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

[14:59]

Flm. (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Virðulegi forseti. Stjórnvöld hafa á síðustu árum orðið meðvitaðri um að auðvelda beri borgurum leiðir til þess að fá fjallað um mál er snerta samskipti þeirra við stjórnsýslu eða þjónustustofnanir. Stofnun embættis umboðsmanns Alþingis er gleggsta dæmið um að stjórnvöld hafi viðurkennt þessa þörf. Þá hefur með stofnun embættis umboðsmanns barna verið stigið mikilvægt skref í þessa veru og væntanlega munu öll börn eiga öflugan talsmann þar.

Það hefur verið nokkuð misjafnt hver stefnan í réttindagæslu borgaranna hefur verið, t.d. í okkar næstu nágrannalöndum. Í Danmörku er starfandi umboðsmaður danska þjóðþingsins eins og kunnugt er. Með breytingum á lögum um þetta embætti hefur valdsvið umboðsmannsins verið víkkað þannig að nú er það á hans færi að taka við umkvörtunum í samskiptum borgaranna við önnur stjórnsýslustig en ríkisvaldið, þar á meðal þjónustustofnanir sveitarstjórna. Þótti slík breyting nauðsynleg í kjölfar breytinga á skipan sveitarstjórnarmála og tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Svíar hafa tekið aðra stefnu og skipað sérstakan umboðsmann fyrir ýmsa viðkvæma minnihlutahópa. Þannig er þar í landi starfandi sérstakur umboðsmaður barna, umboðsmaður innflytjenda og nú fyrir skömmu tók til starfa umboðsmaður fatlaðra. Þá hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verið

stofnað embætti umboðsmanns fatlaðra.

Virðulegi forseti. Sjúkrastofnanir erlendis hafa í vaxandi mæli skipað sérstaka talsmenn eða umboðsmenn til stuðnings sjúklingum sem telja sig hafa fengið ófullnægjandi þjónustu eða telja sig hafa orðið fyrir vanrækslu starfsfólks. Umboðsmenn sjúklinga starfa nú í yfir helmingi allra heilbrigðisstofnana í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum er verið að gera tilraunir með svipað fyrirkomulag.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess áður en lengra er haldið að hv. þm. Kvennalistans hafa á 112., 116. og 117. löggjafarþingi flutt frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu á þá leið að trúnaðarmenn sjúklinga skuli starfa við sjúkrahús. Þannig hefur ekki óskyld hugmynd komið áður til umræðu hér á Alþingi og er það vel. Það mál hefur hins vegar ekki enn fengið afgreiðslu þingsins. Þó svo að mál það sem hér er mælt fyrir sé skylt, þá er hlutverk umboðsmanns sjúklinga eins og hér er lagt til hugsað með nokkuð öðrum hætti en fyrrgreind tillaga Kvennalistans.

Á tímum hagræðingar og niðurskurðar í heilbrigðisþjónustunni er enn mikilvægara en áður að hagsmuna sjúklinga sé gætt í hvívetna. Nauðsynlegt er að tryggja sjúklingum upplýsingar um réttindi sín og auðvelda þeim að leita réttar síns eða koma kvörtunum á framfæri, telji þeir á sér brotið. Kvartanir vegna þjónustu sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana má oft rekja til lélegra boðskipta og skorts á upplýsingum. Þar er þeim sem minna mega sín, svo sem börnum, öldruðum og fötluðum, sérstök hætta búin. Þar getur umboðsmaðurinn gegnt mikilvægu hlutverki sem réttindgæslumaður sjúklinganna.

Virðulegi forseti. Rétt er í þessari umræðu að vekja athygli á stöðu fjölmargra aldraðra sem ljúka ævinni á öldrunardeildum sjúkrahúsanna vegna skorts á hjúkrunarheimilum eða heimaþjónustu sem þó gæfi þeim möguleika á ævikvöldi sem meiri reisn væri yfir. Það er óhætt að fullyrða að sá aðbúnaður, sem mörgum öldruðum býðst, stenst engan veginn ákvæði ýmissa mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt og nægir þar að nefna alþjóðlegan samning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1966. Í samningi þessum er m.a. kveðið á um að enginn skuli sæta ómannlegri eða vanvirðandi meðferð og allir eigi rétt til einkalífs og þess að fá að vera í næði. Það er alveg ljóst að vegna manneklu og fjárskorts þarf oft að beita þvingandi aðferðum gagnvart öldruðum sem dvelja á öldrunardeildum í því skyni að tryggja öryggi þeirra. Og ekki er hægt að segja að aðbúnaður á öldrunardeildum tryggi öldruðum næði.

Hlutverk umboðsmanns væri m.a. að vekja athygli á slíku og benda á leiðir sem auka gæði þjónustu við þennan hóp og tryggja að þeir geti endað ævi sína með virðingu og reisn og að réttur þeirra til frelsis og öryggis sé tryggður.

Virðulegi forseti. Fatlaðir sem og geðfatlaðir eru minnihlutahópar sem oft eiga í erfiðleikum með að gæta hagsmuna sinna. Mikilvægt er að heilbrigðisstofnanir gæti jafnræðis gagnvart þessum hópum og það sé tryggt að allir sem eigi við sama heilbrigðisvanda að etja fái sambærilega meðferð og séu þannig jafnir fyrir lögum. Þetta er ekki síst mikilvægt á tímum umræðu um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni. Umboðsmaður sjúklinga hefði það hlutverk m.a. að tryggja það að umræða um jafnræði allra sjúklinga ásamt siðfræðilegum viðmiðunum væri haldið vakandi þannig að komið væri í veg fyrir mismunun og ranglæti í meðferð á sjúkra- og heilbrigðisstofnunum.

Virðulegi forseti. Fjöldi umkvartana sjúklinga til landlæknisembættisins sýnir að vandinn í samskiptum sjúklinga og starfsfólks er sannarlega fyrir hendi. Kvartanir voru 252 árið 1993, 275 árið 1994 og voru orðnar 196 þann 15. september sl. Tilefni kvartananna var m.a. meint röng meðferð, ófullnægjandi meðferð, samskiptaörðugleikar, ófullnægjandi upplýsingar og trúnaðarbrot. Þótt þessar tölur séu nokkuð sláandi er ástæða til að ætla að fjölmörg önnur tilvik sem telja má að geti orkað tvímælis í meðferð eða framkomu rati ekki rétta leið þar sem margir sjúklingar vita ekki af rétti sínum til þess að kvarta eða þeim leiðum sem þeim eru færar. En þá má með nokkrum rétti segja að landlæknir sé umboðsmaður sjúklinga á landsvísu.

Það hefur hins vegar verið gagnrýnt af samtökum sjúklinga, t.d. hagsmunasamtökum þeirra sem telja sig hafa orðið fórnarlömb mistaka og kallast Lífsvon, að það sé óeðlilegt að landlæknisembættið, sem á að hafa eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustunnar í landinu og bera ábyrgð á gæðum hennar, sé jafnframt í hlutverki hagsmunagæsluaðila sem tekur við umkvörtunum sjúklinga, metur þær og dæmir. Þetta samræmist ekki góðum stjórnsýsluháttum og getur skapað óvissu um réttarstöðu sjúklinga.

Margir sjúklingar telja enn fremur að ef þeir vilja ræða um umkvörtunarefni sín sé mjög oft lokað á þá umræðu innan stofnana og fyrir marga er það of stórt skref að stíga að kvarta formlega við landlæknisembættið.

Virðulegi forseti. Í ljósi þessa teljum við það mikilvægt að á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum starfi umboðsmenn sjúklinga sem hafi það hlutverk að gæta þess að fullt tillit sé tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa sjúklinga og að fylgst sé með því að sjúklingum sé ekki mismunað og að jafnræðis sé gætt. Þeir taki við umkvörtunum, meti þær og aðstoði sjúklinga við að koma þeim á framfæri, stuðli að því að umhverfi sjúkrahúsanna sé sjúklingum og aðstandendum þeirra vinsamlegt og hafi milligöngu um að leysa samskiptamál og deilumál. Umboðsmenn sjúklinga gegna því mikilvægu hlutverki í því að efla þjónustugæði heilbrigðisstofnana.

Virðulegi forseti. Það er almennt mat þeirra fræðimanna sem hafa fengist við að kanna áhrif þess að umboðsmenn sjúklinga starfi við heilbrigðisstofnanir að tilvist þeirra dragi úr öllum þeim vandamálum sem upp koma í samskiptum sjúklinga og starfsfólks og þeir eiga að geta haft milligöngu um mál er varða samskipti sjúklinga við alla starfshópa sjúkrastofnana. Þeir gætu einnig að höfðu samráði við sjúklinga eða forráðamenn þeirra vísað málum til annarra aðila, svo sem siðanefndar sjúkrahúsa, læknaráða, yfirmanna lækninga- og hjúkrunarsviða eða annarra þeirra sem hafa með málefni sjúklinga að gera, þar á meðal landlæknis og umboðsmanns Alþingis.

Virðulegi forseti. Í þáltill. okkar fjöllum við ekki sérstaklega um menntun umboðsmanna en það gefur auga leið að viðkomandi þarf að hafa annaðhvort menntun og þekkingu á heilbrigðismálum eða að vera löglærður. Þá gefur það auga leið að öðrum störfum innan veggja stofnana getur viðkomandi ekki sinnt jafnframt því að vera réttindagæslumaður sjúklinga.

Virðulegi forseti. Flm. þessarar tillögu telja eðlilegt að umboðsmenn sjúklinga starfi við öll stærri sjúkrahús og í hverju heilsugæsluumdæmi, en telja þó rétt í upphafi, þar sem um nýbreytni í þjónustu við sjúklinga á Íslandi yrði að ræða, að slíku starfi verði komið á fót við Ríkisspítalana til reynslu.

Virðulegi forseti. Það er von okkar að þáltill. okkar fái jákvæða umfjöllun hér á Alþingi og að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn. Alþingis til frekari umfjöllunar.

[15:12]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir efni þessarar tillögu sem hv. 1. flm. hefur skýrt rækilega í sinni framsöguræðu. Og það þarf engan að undra að við tökum undir efni þessarar tillögu því að hún er mjög samhljóma eða hliðstæð því þingmáli sem þingkonur Kvennalistans hafa ítrekað flutt hér á Alþingi, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem hv. 1. flm. gat um hér áðan. Reyndar vakti það athygli og svolitla undrun okkar kvennalistakvenna að svo virtist sem hv. flm. vissu ekki eða myndu ekki eftir þessu frv. sem þó hafði þrisvar sinum verið til umfjöllunar á Alþingi og það kom reyndar á ljós við eftirgrennslan að svo var, flm. vissu ekki af þessu frv. Það var flutt eins og kom fram hér áðan á 112., 116. og 117. löggjafarþingi en þá var Alþfl. í ríkisstjórn og þangað er kannski að sækja skýringuna á því að þeir skyldu ekki muna eftir frv. Því miður er það nú svo að þingmenn stjórnarflokka veita ýmsum þeim þingmálum sem þingmenn stjórnarandstöðu flytja hér á hv. Alþingi litla athygli. Þeir kalla nógu stíft eftir athygli þingmanna stjórnarandstöðunnar gagnvart því sem stjórnarflokkarnir hafa fram að færa, en þeirra athygli er oft víðs fjarri þegar þingmál stjórnarandstæðinganna eru til umfjöllunar. En það er auðvitað með ólíkindum að þetta þingmál Kvennalistans skuli hafa farið fram hjá öllum hv. flm. því að þar eru í hópi tveir fyrrv. heilbrigðisráðherrar sem hefðu átt að kynna sér þetta þingmál og taka vel og vandlega eftir því.

Ég sagði að þetta þingmál væri hliðstætt og samhljóma því frv. sem flutt var af þingkonum Kvennalistans undir forustu Önnu Ólafsdóttur Björnsson sem þá sat á þingi, en það er vissulega blæbrigðamunur þarna á. Í því frv. var lagt til að það yrðu starfandi trúnaðarmenn sjúklinga við sjúkrahús sem yrðu talsmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum. Þeir mundu afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Og trúnaðarmaður skyldi efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra og fleira er talið upp sem kannski ekki er ástæða til að tíunda frekar en mjög nauðsynlegt er að þeir sem fjalla um þetta þingmál í nefnd viti af þessu þingmáli og hafi það til samanburðar. Það var ítrekað flutt eins og áður segir og var breytt smám saman, m.a. í samræmi við ábendingar sem fram komu frá starfsfólki sjúkrahúsa því að þetta var unnið nokkuð í samvinnu við þá. Mig langar til upplýsingar aðeins að vitna í greinargerðina með þessu þingmáli, með leyfi virðulegs forseta. Þar stendur m.a.:

„Eins og skipulagi sjúkrahúsa er nú háttað þykir mörgum, bæði starfsfólki stofnana, sjúklingum og aðstandendum þeirra að heppilegt væri að koma á einhvers konar kerfi trúnaðarmanna fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra, líkt og trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum. Starfssvið þessara aðila yrði án efa mjög vítt og mundi þurfa að mótast í samvinnu sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa. Hlutaðeigandi yrði ætlað annað hlutverk en það sem þegar er í höndum félagsráðgjafa og presta sjúkrahúsa, m.a. að leita svara við spurningum sjúklinga og aðstandenda þeirra um læknisfræðilega meðferð, liðsinna sjúklingum og aðstandendum þegar þeim þykir skorta skýringar eða upplýsingar um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru um málefni þeirra. Einnig væri það hlutverk trúnaðarmanns að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra í öllum þeim margvíslegu málum sem upp kunna að koma í mannlegum samskiptum á sjúkrahúsum. Þar koma oft upp viðkvæm mál þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir. Slíkt reynir mjög á fólk, bæði líkamlega og andlega.

Á nokkrum sjúkrahúsum er nú þegar vísir að slíkri starfsemi. Dæmi er um að geðhjúkrunarfræðingar hafi það hlutverk að styðja sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk sjúkrahúss og hefur það gefist mjög vel. Þessi þjónusta er þó takmörkuð við þá sjúklinga og aðstandendur sem sérstök ástæða þykir til að sinna."

Ég minni á þetta við 1. umr. og það dregur ekkert úr stuðningi mínum við það þingmál sem hér er komið fram komið og ég tel allra góðra gjalda vert og vona að fái vandaða umfjöllun í nefnd. Ég tel að það væri vel þess virði að gera eins og sagt er í niðurlaginu, að starfi af þessu tagi verði komið á fót t.d. við Ríkisspítalana til reynslu.

[15:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir efni þeirrar tillögu sem er rædd í þingsölum. Það er mjög brýn nauðsyn á bættri þjónustu við sjúklinga og þá sem þurfa að nýta sér þjónustu heilbrigðiskerfisins. Hvort það er umboðsmaður eða trúnaðarmaður finnst mér ekki skipta svo miklu máli en sjúklingar, aldraðir og fatlaðir sem þurfa á samskiptum við velferðarkerfið að halda þurfa meiri aðstoð en þeir fá í dag.

Félagsráðgjafar, sem hafa verið í þessu þjónustuhlutverki á sjúkrastofnunum, eru allt of fáir og þeir starfa ekki á heilsugæslustöðvum. Tíðar breytingar í velferðarkerfinu á þeim reglum sem gilda, hið flókna kerfi sem menn búa við í velferðarþjónustunni gerir það að verkum að það verður að aðstoða fólk þegar það hefur misst starfsgetuna til þess að afla sér upplýsinga og ná þeim rétti sem þeir eiga.

Oft hefur verið sagt um velferðarkerfið að til þess að geta nýtt sér þann rétt sem er fyrir hendi í kerfinu þurfi menn að vera fullfrískir þannig að umræðan, sem hefur reyndar komið áður fram, er nauðsynleg. Þeir sem missa heilsuna og eru á sjúkrastofnunum þurfa á velferðarkerfinu að halda um framfærslu og þess vegna þurfa þeir að þekkja kerfið til þess að vita hvert þeir eiga að leita.

Það kemur fram í greinargerð með málinu að landlæknisembættið tekur við kvörtunum vegna samskipta við sjúkrastofnanir en það er hægt að kvarta víðar og það sýnir hversu flókið og ruglingslegt þetta kerfi er. Hægt er að kvarta til tryggingaráðs yfir því hvernig meðferð málaleitan fólks fær hjá Tryggingastofnun, t.d. ef er fólki synjað um ákveðnar bætur eða fyrirgreiðslu hjá stofnuninni. Þær kvartanir hafa líka aukist mjög mikið og ýta undir það sjónarmið sem fram hefur komið hér að nauðsyn er á þjónustuaðilum sem þessum fyrir sjúklinga.

Kvartanir voru fyrst settar í lög árið 1990 og það ár barst 31 kvörtun til tryggingaráðs en þeim hefur sífellt fjölgað og árið 1994 bárust Tryggingastofnun 268 kvartanir frá viðskiptavinum stofnunarinnar. Og það sem af er þessu ári, til 6. okt. sl., hafa 247 kvartanir borist til Tryggingastofnunar.

Einnig er hægt að setja fram kvartanir vegna meðferðar á sjúkrastofnunum, það er til sjúkratryggingannaef menn telja að þeir hafi orðið fyrir slysi eða mistökum á sjúkrastofnun, sem kallað er meint slys eða mistök á sjúkrastofnun Frá 1990–1995 hafa 150 slíkar kvartanir borist sjúkratrygginga-

deild og það sem af er þessu ári hafa slíkar tilkynningar verið 36. Bara þessar upplýsingar sýna hversu mikil nauðsyn er á því að sjúklingar hafi málsvara inni á þessum stofnunum, hvort sem er á sjúkrastofnunum eða á heilsugæslustöðvum. Það verður að bæta þjónustu við þá sem minna mega sín og þurfa að notfæra sér heilbrigðiskerfið.

Vegna þeirrar umræðu, sem varð áðan um áhugaleysi stjórnarþingmanna á málefnum sem stjórnarandstaðan er að vekja athygli á í þingsölum, vil ég að það komi fram að inni í þingsalnum núna er enginn hv. þm. úr flokki hæstv. heilbrrh. og aðeins tveir úr hinum stjórnarflokknum þannig að það er ástæða til þess að vekja athygli á þessu. Það þarf að tryggja að heilsubrestur komi ekki í veg fyrir að þjóðfélagsþegnar geti nýtt sér þau úrræði og þann rétt sem þeir eiga samkvæmt gildandi lögum og þess vegna vona ég að tillagan fái góða umræðu í heilbr.- og trn. og málið fái vonandi afgreiðslu á þessu þingi.

[15:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð sem komu fram í framsögu fyrir þessu máli og vil í upphafi máls míns koma inn á athugasemd sem kom frá hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, um mál sem áður hefur komið fram hjá Kvennalista, áþekkt því sem hér er flutt. Má segja að sú breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem þar er lögð til, sé að einhverju leyti áþekk þeirri sem við erum að fjalla um enda þótt ég líti svo á að það sé samt um nokkuð annars konar tillögu að ræða. En ég fellst á það að þetta séu lík mál og mér þykir leitt að við þess vegna skyldum ekki geta haft samráð við Kvennalistann um þetta mál.

En aðeins út af orðum þingmanns um að e.t.v. sé það vegna þess að stjórnarliðar viti ekki nægilega um hvað kemur fram á þinginu má ég til með að veita andsvar við því vegna þess að ég hef verið stjórnarliði í sex ár og hef haft mikla viðveru og langa setu í þingsal og borið bæði mikla umhyggju og virðingu fyrir Alþingi og hef litið svo á að ég hefði nokkuð góða yfirsýn yfir það sem hér kæmi fram og trúlega barið augum flestar tillögur sem hafa komið hér á borð. Hitt er svo annað mál að það eru ekki bara stjórnarandstæðingarnir sem búa við það að mál þeirra sem þingmanna komast á dagskrá hv. Alþingis dagstund sem þessa og hverfa síðan til nefndar án þess að koma frekar til umfjöllunar þings, falla í dvala í þingnefndinni og fá í mesta lagi umfjöllun þar og koma sjaldan þaðan út. Það er ekkert síður hlutskipti þeirra sem sinna þingstörfum á vegum stjórnarflokkanna og jafnvel í enn þá ríkari mæli. Auðvitað er það svo að þegar mál hafa komið fram á liðnum árum án þess að ná fram og hafa jafnvel breyst er það ekki óalgengt að mál komi fram er líkjast einhverju sem áður hefur verið á dagskrá eða tengjast öðrum málefnum og það höfum við líka öll búið við. Þetta vil ég gjarnan að fram komi vegna þeirrar athugasemdar sem kom frá Kvennalistanum.

Ég lít svo á að þetta mál sé afar mikilvægt og hefur verið vísað til þess hversu margar kvartanir hafa komið fram og hafa borist til landlæknisembættisins á liðnum árum. Við vitum að það er einungis brot af því sem upp kemur hjá sjúkrastofnunum sem kemur inn á borð landlæknisembættisins, hvað þá heldur að þau fari lengra en það er alltaf nokkuð um það að slík mál gangi enn þá lengra en til næsta yfirvalds og þannig hafa mál bæði farið fyrir dómstóla og til Hæstaréttar og einnig til umboðsmans Alþingis. Í nýlegri skýrslu frá umboðsmanni Alþingis eru fimm mál sem varða heilbrigðisstofnanir án þess að ég ætli að fara nánar inn á það.

Auðvitað er mjög mikilvægt að einstaklingur, sem mundi sinna starfi eins og þessu, sé til þess bær að vísa málum til annarra aðila hvort heldur er til siðanefndar sjúkrahúsa, læknaráða eða yfirmanna sviða eða annarra sem hafa með málefni sjúklinga að gera eins og hér hefur komið fram. En það sem er afar mikilvægt er að starf sem þetta, sem hér er gerð tillaga um, verði mjög vel skilgreint, þ.e. að umboðsmaður hafi óumdeilda og viðurkennda stöðu á viðkomandi stofnun og það vægi sem nauðsynlegt er til að leiða til lykta ágreiningsmál og að gæta réttar sjúklings þegar um slíkt er að ræða. Við vitum að mál sem varða réttarstöðu eða það þegar einstaklingur telur að á sér sé brotið eru einhver viðkvæmustu mál að takast á við. Það þekkjum við öll.

Ég er með blaðaúrklippu þar sem fjallað er um gagnrýni sem hefur komið fram hjá forseta Hæstaréttar á læknaráð. Hann telur að það komi til greina að læknaráð verði ekki umsagnaraðili fyrir dómstólum með vísun til þess að læknaráð sé að gæta hagsmuna stofnunar og að í þessu máli sé jafnvel verið að fjalla um hagsmuni annarra aðila. Það kom fram í máli framsögumanns að landlæknisembættið hefur einmitt þetta tvískipta hlutverk sem er svo vandasamt. Það ætti einmitt að vera mjög sanngjörn krafa að í umfjöllun um þessa þætti komi inn í umfjöllun málanna umboðsmaður eða sterkur tengiliður sem er til þess fær að fjalla um réttindamál.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu en hún hefur verið mjög vel skýrð af hálfu frsm. Ég tek undir að það er mikilvægt að þegar málið fer til nefndar og til umfjöllunar þar fylgi jafnframt sú tillaga sem vísað var hér til sem kom fram frá Kvennalista þannig að þau áhersluatriði, sem þar eru og er ekki að finna í þessari tillögu, geti þá komið jafnframt til skoðunar ef þetta mál fær umfjöllun og verður e.t.v. ályktunarhæft frá þingnefnd.

[15:30]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni með flutning þessarar tillögu sem er svipaðs efnis og frv. sem Kvennalistinn hafði flutt hér áður. Alltaf hefur verið nauðsyn á því að annaðhvort upplýsingafulltrúi eða umboðsmaður, hvort nafnið sem yrði fyrir valinu, væri ráðinn til starfa. Heilbrigðiskerfið og tryggingakerfið eru svo flókin og illskiljanleg. Ég hef reynt það á undanförnum árum að nægjanlega mikið álag er á t.d. foreldra langtímaveikra barna og fatlaðra við að þurfa að fást við sjúkdóma og erfiðleika ýmsa, t.d. fjárhagslega, þó ekki bætist við illskiljanlegt tryggingakerfi þar sem starfsmenn vísa hver á annan til að leysa úr spurningum sem eru einfaldar en verða flóknar þegar farið er með þær í Tryggingastofnun ríkisins og þaðan vísað á svæðisstjórn um málefni fatlaðra og svo til baka aftur. Þetta eru reynslusögur sem fjöldi fólks getur sagt frá.

Ég er sammála því að það er ekki eðlilegt að landlæknisembættið eigi að gegna því hlutverki að taka á móti þessum kvörtunum. Ég hef hins vegar efasamdir um að slíkur umboðsmaður eða trúnaðarmaður ætti að vera launaður starfsmaður við sjúkrahúsin, falla undir heilbrrn., eða vera á launaskrá viðkomandi sjúkrahúss. Ég held að það væri jafnvel eðlilegra að þetta væri embætti sem heyrði ekki undir heilbrrn., að minnsta kosti ekki undir þá sjúkrastofnun sem því ætti að sinna.

Þegar hv. þm. var að flytja framsöguna og talaði um nauðsyn þess að til væri umboðsmaður sjúklinga var mér hugsað

til fjárlagafrv. núna þar sem kemur fram að hugsanlega eigi að einkavæða sérhæfðar deildir sjúkrahúsanna. Við lestur þess þá flaug það í gegnum huga minn að nú væri kominn tími til að Kvennalistinn endurflytti það frv. sem hann áður hafði flutt um trúnaðarmann. Hafi einhvern tímann verið nauðsyn á því að gæta hagsmuna sjúklinga og aðstandenda er það núna ef hluti þessara ljótu hugmynda, sem eru æðimargar og birtast í frv. til fjárlaga, verða að veruleika. Það er nauðsynlegt að einstaklingur eða einstaklingar gegni því hlutverki að taka á móti kvörtunum og ekki síður að skýra út réttindi þeirra sjúklinga sem hlut eiga að máli, sérstaklega þegar um meint mistök eða slys er að ræða á sjúkrastofnunum. Við urðum áþreifanlega vör við það í heilbr.- og trn. á sl. ári þegar fulltrúar frá samtökum sjúklinga, sem töldu sig hafa orðið fyrir mistökum og/eða slysum við læknisaðgerðir, komu á fund nefndarinnar að fæstir höfðu gert sér grein fyrir því að þeir ættu nokkurn rétt fyrr en löngu eftir að heim var komið og þá var það oft vegna þess að viðkomandi aðili hafði verið erlendis og lesið um réttarstöðu sjúklinga þar. Hér er enga fræðslu að fá og ekki hægt að sækja þessar upplýsingar neins staðar. Félagsráðgjafar, sem eru á launaskrá hjá sjúkrahúsunum og eiga að sinna þessu starfi, hafa yfirleitt miklu meira en nóg að gera og geta ekki sinnt nema broti af þeim málum sem koma upp hverju sinni. En ég fagna því að þetta mál er tekið upp. Hins vegar hefði ég viljað sjá að þessi starfsmaður væri ótengdur sjúkrahúsunum eða þeim stofnunum sem um er verið að fjalla. Ég held að það væri eðlilegra að það væru engin bein tengsl þar á milli.

[15:35]

Flm. (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég byrja á að þakka öllum þeim sem hafa tekið til máls hér í dag um þetta mikilvæga mál. Um leið og ég fagna því og tek undir gagnrýni hv. þm. Kristínar Halldórsdóttir vil ég segja þetta: Ég vona að okkur verði virt það til vorkunnar að þetta mál hafi haft á sér annan blæ og þess vegna höfum við ekki tengt það svo beint við fyrra mál Kvennalistans fyrr en okkur var bent á það. Við tökum þær athugasemdir að sjálfsögðu fyllilega til greina. Ég fagna enn fremur stuðningi þingmanna Kvennalistans við þetta mikilvæga mál.

Það hefur verið drepið á ýmis atriði sem hafa verið ákaflega mikilvæg. Mig langar til þess að koma að umfjöllun um eitt þeirra sem er Tryggingastofnun ríkisins og samskipti sjúklinga og öryrkja við þá stofnun. Það er rétt sem hér hefur komið fram að kærumálum fjölgar ört gagnvart Tryggingastofnun og er ástæða til að staldra við meðferð þeirra mála og gott að þetta skuli vera rætt í þessu samhengi og í samhengi við réttindi sjúklinga almennt. Tryggingaráð á lögum samkvæmt að vera úrskurðaraðili um ágreiningsmál við Tryggingastofnun ríkisins. En svo er málum einnig háttað þar innan veggja að tryggingaráð er ekki bara úrskurðaraðili heldur fjallar tryggingaráð að verulegu leyti um samskiptamál sjúklinga við stofnunina og er í rauninni ákvörðunaraðili í mörgum mjög mikilvægum málum sem sjúklingar beina til Tryggingastofnunar. Þannig hefur tryggingaráð tekið sér tvíþætt hlutverk. Í fyrsta lagi að ákveða með hvaða hætti Tryggingastofnun á að svara viðskiptavinum stofnunarinnar og í öðru lagi ef sjúklingar og þeir sem leita þangað sætta sig ekki við þá afgreiðslu mála er tryggingaráð jafnframt úrskurðaraðili í málinu. Það hljóta allir að sjá að þetta eru í hæsta máta mjög óeðlileg vinnubrögð. Ég fagna því að þetta hafi komið til umræðu í dag þannig að hið háa Alþingi verði meðvitað um þetta óréttlæti og þá einkennilagu réttarstöðu sem sjúklingar eru settir í gagnvart þessari mikilvægu stofnun.

Mig langar til að taka undir orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um mikilvægi þess að skoða hvort ekki væri rétt að umboðsmaður sjúklinga væri algjörlega sjálfstæður og óháður þeirri stofnun sem hann vinnur hjá. Í starfi mínu á heilbrigðisstofnunum höfum við margoft rætt þetta atriði. Auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta en ég vil taka undir þetta sjónarmið og ég tel mjög mikilvægt að þetta mál fái góða umfjöllun í heilbrn. og þetta atriði verði tekið sérstaklega til umfjöllunar. Að öðru leyti held ég að ég fjalli ekki frekar um málið en endurtek þakkir mínar fyrir þær jákvæðu umræður sem hafa farið fram. En ég verð enn fremur að játa vonbrigði mín um leið og þau eru hversu fáir hv. þm. stjórnarliða eru hér viðstaddir. En ég þakka þó að einn skuli hafa treyst sér til að sitja við umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 31. mál. — Þskj. 31.

[15:40]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja. Tillagan er á þskj. 31. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega tilraunum Frakka og Kínverja með kjarnavopn að undanförnu. Sérstaklega mótmælir Alþingi endurteknum tilraunasprengingum Frakka í Kyrrahafi. Alþingi hvetur franska þjóðþingið og frönsku ríkisstjórnina til að hætta við frekari kjarnorkutilraunir í óþökk svo til allrar heimsbyggðarinnar og sérstakri óþökk þjóða við Kyrrahaf.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir aðgerðum sem þrýsti á frönsk og kínversk stjórnvöld að breyta um stefnu og hætta við frekari kjarnorkutilraunir."

Herra forseti. Ekki er ástæða til að rökstyðja þessa tillögu með mörgum orðum. Ég hygg að efni hennar þyki svo sjálfsagt hér um slóðir að við hljótum að vera samferða þeim þjóðum og þeim fjölmörgu þjóðþingum sem hafa mótmælt kröftuglega að undanförnu kjarnorkutilraunum Kínverja og Frakka. Þessar tilraunir hafa vakið mótmælaöldu sem hefur farið um nánast allan heiminn og það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með fréttum að undanförnu.

Tillagan beinist sérstaklega að Frökkum að því leyti til að þeirra framganga í þessu máli er að mörgu leyti enn ámælisverðari en Kínverja. Það stafar ekki síst af því að Frakkar framkvæma tilraunir sínar fjarri eigin landi í mikilli óþökk þeirra þjóða sem búa í viðkomandi heimshluta, þ.e. þjóðanna í og í kringum Kyrrahafið. Þetta ber einnig upp á tíma þegar vaxandi andstaða er við kjarnorkutilraunir og kjarnorkuum-

svif nánast af hvaða tagi sem er og þess gætir víða um heim. Þegar litið er til þess hvernig staða þessara mála er á alþjóðavettvangi er þessi tímasetning kjarnorkutilraunanna í raun og veru með öllu óskiljanleg og ber þar margt til. Í fyrsta lagi má nefna að nú hefur náðst samkomulag um framlengingu samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, MPT-samningsins svonefnda, og þar hafa áralangar samningaviðræður um framlengingu samningsins sem ella hefði runnið út nú á þessu ári eða hinu næsta borið þann árangur að áfram verður í gildi bann við frekari útbreiðslu efnavopna.

Það liggur í hlutarins eðli að þegar önnur ríki en kjarnorkuveldin semja um slíkar takmarkanir og undirgangast þær leggur það kjarnorkuveldunum sjálfum enn ríkari siðferðisskyldur á herðar að brjóta ekki á bág við almenningsálitið í heiminum með framgöngu sinni á þessu sviði.

Í öðru lagi og enn furðulegri er framganga Frakka og Kínverja í þessu máli í ljósi þess að nú hafa viðræður í Genf um tilraunabann, algert tilraunabann skilað þeirri niðurstöðu að flestöll meiri háttar ríki hafa skuldbundið sig til að undirrita samning um varanlegt bann við tilraunum með kjarnorkuvopn á árinu 1996. Í viðræðum um svonefndan CTBT-samning hefur þessi árangur náðst. Þess vegna er með öllu óskiljanlegt í raun og veru hvað kjarnorkuveldin, og þá ekki síst Frakkar sem eru að taka þessar tilraunir upp á nýjan leik, ætla sér að vinna með því að framkvæma þessar tilraunir í ljósi þess að þeir hafa undirgengist að skrifa undir samning um varanlegt bann við tilraunum með kjarnorkuvopn þegar á næsta ári.

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að staldra aðeins betur við framkomu Frakka í garð þeirra þjóða sem búa við Kyrrahafið. Ég er ekki viss um að öllum sé ljóst hversu freklegt brot á stefnu stjórnvalda á þeim slóðum framganga Frakka er. Það kemur bæði til af því að þjóðirnar við Kyrrahaf hafa um alllangt skeið verið bundnar af samningi sem þær hafa gert sín í millum og verið að afla viðurkenningar á alþjóðavettvangi um að Suður-Kyrrahafið sé kjarnorkuvopnalaust svæði. Þetta er samningur kenndur við Rarotonga og er frá 9. áratugnum og er í fullu gildi hvað viðhorf stjórnvalda á þessum slóðum snertir. Auðvitað er þessi framkoma Frakka freklegt brot á anda og ákvæðum þess samnings þó það liggi að vísu fyrir að þeir sem slíkir hafi ekki undirritað hann eða viðurkennt að hegða sér samkvæmt honum.

Þá má einnig nefna að margar þjóðir við Kyrrahaf hafa sjálfkrafa og einhliða lýst yfir kjarnorkuvopnaleysi og ber þar hæst Nýja-Sjáland sem með sérstökum lögum frá árinu 1987 lýsti allt nýsjálenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust. Þau lög eru sömuleiðis í fullu gildi og þessi framganga Frakka freklegt brot á anda þeirra laga.

Það mætti einnig minna á þá tímasetningu sem þetta fellur saman við, svo sem eins og 50 ára afmæli þess að kjarnorkusprengjum var varpað á Hiroshima og Nagasaki, hörmungaratburður sem hefur nýlega verið rifjaður upp um alla heimsbyggðina og liggur í hlutarins eðli að reiði manna í garð Frakka vegna þessarar framgöngu er síst minni af þeim sökum. Það fer í raun og veru engan veginn saman við þá fullyrðingu Frakka sjálfra að þessum tilraunum fylgi engin hætta og þær séu með öllu skaðlausar umhverfinu að þeir skuli eftir sem áður velja að framkvæma þær í fjarlægri heimsálfu en ekki á sínum heimaslóðum þar sem þeir ættu þá við sig sjálfir ef eitthvað færi úrskeiðis.

Ég hef, herra forseti, aflað m.a. gagna frá Nýja-Sjálandi og samtökum eyþjóða við Kyrrahaf í þessu máli sem ég hef beðið skrifstofu Alþingis að fjölfalda og dreifa á borð þingmanna. Það er því miður allt á erlendum tungumálum en vonandi er þingmönnum einhver akkur í þeim upplýsingum. Þar koma m.a. fram mótmæli nýsjálenska þingsins og nýsjálensku ríkisstjórnarinnar við tilraunasprengingum bæði Frakka og Kínverja og þar eru á ferðinni bókuð mótmæli samtaka Kyrrahafsríkja við þessari framgöngu.

Að lokum, herra forseti, er það svo að þessa tillögu ber ekki að skoða sem gagnrýni á framgöngu íslenskra stjórnvalda á nokkurn hátt í þessu máli, heldur þvert á móti sem stuðning við þá framgöngu. Utanrrh. hefur fyrir hönd íslenskrar ríkisstjórnar og íslenskra stjórnvalda í tvígang eða þrígang mótmælt þessum tilraunum, í fyrsta skipti þegar Kínverjar sprengdu kjarnorkusprengju 17. ágúst, þá sendi utanrrn. fréttatilkynningu þar sem því var mótmælt. Í öðru lagi þegar Frakkar sprengdu í fyrra sinn á nýjan leik í Polynesíu eða Kyrrahafinu og því var mótmælt, samanber fréttatilkynningu nr. 69 frá 6. sept., og að síðustu þegar Frakkar sprengdu nú í annað sinn og miklu mun öflugri sprengingu í byrjun október, þ.e. nú fyrir nokkru síðan. Þá var í þriðja sinn send fréttatilkynning frá utanrrn. þar sem þessum tilraunasprengingum var mótmælt og ítrekað að afstaða íslenskra stjórnvalda væri hin sama og annarra á Norðurlöndum, að við værum þessum tilraunum algerlega andvíg og við hvettum Frakka og Kínverja til að hætta við þær. Eftir stendur eftir sem áður að fjölmörg þing hafa í eigin nafni mótmælt með ýmsum hætti þessum sprengingum og ég tel fulla ástæðu til þess að Alþingi Íslendinga geri um það sérstaka samþykkt og sérstaka ályktun og feli um leið ríkisstjórninni að beita sér áfram á alþjóðavettvangi gegn þessari framgöngu Frakka og Kínverja.

Ég tel einnig að það sé þá rétt að mótmæli frá Alþingi Íslendinga séu send franska þjóðþinginu sérstaklega því að það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að ábyrgð þess er einnig mikil í þessu sambandi. Og þannig mundi það væntanlega styrkja og undirstrika andstöðu Íslendinga við þessi áform að bæði ríkisstjórn og Alþingi væru sameiginlega andvíg þeim og hefðu um það ályktað.

Ég fagna svo þeirri samstöðu sem náðst hefur um flutning þessarar tillögu, en meðflm. ásamt mér eru þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstfl. sem því miður er þarna ekki í hópnum, en ég vona að það þurfi ekki að þýða að ekki geti eftir sem áður tekist breið pólitísk samstaða um að mótmæla þessum kjarnorkutilraunum og gef mér í reynd að svo hljóti að vera því að ég get ómögulega komið auga á nokkra efnisástæðu, herra forseti, fyrir því að svo sé ekki, þ.e. að um það hljóti ekki að verða alger samstaða á Alþingi Íslendinga að við séum sem vopnlaus smáþjóð og andvíg öllum kjarnorkuumsvifum gersamlega mótfallin þessum tilraunum og tökum þar með afstöðu ásamt þá hina sömu og flestar þjóðir hafa í reynd tekið að hvetja viðkomandi aðila, viðkomandi þjóðir eindregið til þess að hætta við þessi áform.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[15:51]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og segir í greinargerð með þessari tillögu er í rauninni óþarft að rökstyðja hana með mörgum orðum svo sjálfsögð og þörf sem öll andmæli gagnvart þessu athæfi eru. Og ég ætla ekki að hafa mörg orð um tillöguna.

Ég vildi þó nota tækifærið til þess að koma hérna á

framfæri ályktun frá samráðsfundi Kvennalistans 26. ágúst 1995. Ég er hrædd um að hún hafi lítt ratað inn í fjölmiðla eins og reyndar hafa orðið örlög ansi margra ályktana og skilaboða sem við K kvennalistakonur höfum reynt að koma á framfæri í gegnum fjölmiðla, en eins og kunnugt er höfum við engan slíkan fjölmiðil sem getur verið okkar málpípa. Þessi ályktun hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Samráðsfundur Kvennalistans haldinn 26. ágúst 1995 mótmælir harðlega fyrirhuguðum kjarnorkusprengingum Frakka á Mururoa í Kyrrahafi. Kvennalistinn krefst þess að frönsk stjórnvöld falli frá áformum sínum og virði vilja íbúanna á svæðinu. Jafnframt mótmælir Kvennalistinn kjarnorkusprengingum Kínverja sem eru vægast sagt dapurlegur forleikur að kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking sem háð er undir yfirskriftinni: Jafnrétti, þróun, friður. Nýafstaðnar kjarnorkusprengingar Kínverja og fyrirhugaðar tilraunir Frakka eru stórhættulegt fordæmi sem mun torvelda samninga um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Það verður mun erfiðara fyrir þjóðir heims að takmarka frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna þegar ríki á borð við Frakkland og Kína haga sér með þessum hætti. Við vitum að aldrei aftur má beita kjarnorkuvopnum og því eru allar frekari tilraunir með þau ógnun við framtíð mannkynsins og lífið á jörðinni og því ber að hætta þeim þegar í stað."

Þetta hefur sennilega ekki borist til eyrna yfirvalda í Kína né Frakklandi en það er líklegra að þeir heyri ef Alþingi Íslendinga ályktar með þeim hætti sem hér er lagt til og stuðningur okkar kvennalistakvenna kemur einnig fram í því að ein okkar er hér meðflm. Það er að mínum dómi mjög við hæfi að Alþingi álykti sérstaklega og sendi franska þinginu slíka ályktun þó að stjórnvöld séu þegar búin að senda sín mótmæli og það oftar en einu sinni, en framkoma Frakka er eins og segir hér í greinargerðinni sérstaklega ósvífin í ljósi þess að þeir framkvæma tilraunirnar í Kyrrahafi fjarri Frakklandi í mikilli óþökk eyþjóðanna á þeim slóðum. Þetta er auðvitað frekleg árás á réttindi þeirra sem næst standa til þess að fá að vera laus við þá ógn og hættu sem fylgir tilraunum af þessu tagi og manni hlýtur að detta í hug tilvitnun í fræga bók: „Það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra" eða kannski ætti maður að snúa því við og segja: Það sem þér viljið ekki að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér heldur ekki gjöra þeim. En það er auðvitað aldrei of seint að iðrast og bæta ráð sitt og vonandi væri tillaga eða ályktun af þessu tagi lóð á þær vogarskálar.

Ég vildi sem sagt ítreka stuðning okkar. Ég tel brýnt að þessi tillaga komist sem fyrst til umfjöllunar í hv. utanrmn. og fái þar vonandi bæði fljóta meðferð og einlægan stuðning.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

[15:57]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak á þskj. 32. Flm. ásamt mér eru hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Össur Skarphéðinsson. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum."

Hér er um endurflutning á tillögu að ræða sem lögð var fram seint á síðasta þingi en varð eigi útrædd. Henni fylgir óbreytt greinargerð frá því sl. vor, enda er staða mála því miður sú, herra forseti, að ef eitthvað er, þá hefur ástandið enn versnað í Írak og allar sömu forsendur því fyrir hendi og sömu rök að mínu mati og okkar flm. fyrir því að taka ástand mála á þessum slóðum til skoðunar og viðskiptabannið eða a.m.k. framkvæmd viðskiptabannsins til endurskoðunar.

Það ber að taka það fram í byrjun að þessa tillögu ber ekki að skoða sem almennt þannig séð að við sem að henni stöndum séum andvíg því að beita stjórnmálalegum eða viðskiptalegum aðgerðum í alþjóðasamskiptum ef svo ber undir. Þvert á móti er tekið fram í greinargerð að auðvitað hafa slíkar aðgerðir iðulega skilað miklum árangri og væntanlega er þar nærtækast og einna stærst að nefna þátt viðskiptahindrana og pólitískrar einangrunar í því að ráða niðurlögum hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Um það deila fáir að pólitísk einangrun á alþjóðavettvangi og ákveðnar viðskiptahindranir áttu stóran þátt í því að knýja hvíta minni hlutann í Suður-Afríku til að láta af sinni illræmdu einangrunar- og aðskilnaðarstefnu.

Sömuleiðis er það alveg ljóst að það er nauðsynlegt að kappkosta að beita friðasamlegum aðferðum við lausn deilumála á alþjóðavettvangi. Tillagan er því enn síður innlegg í þá átt að við teljum að slík deilumál beri fremur að leysa með vopnavaldi heldur en með stjórnmálalegum og friðsamlegum aðgerðum. En þetta breytir ekki hinu að vaxandi umræða er nú um það að beiting slíkra viðskiptalegra aðgerða verði á hverjum tíma að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum og mannúðarsamningum. Hið alþjóðlega samfélag geti ekki horft aðgerðarlaust upp á það að afleiðingarnar af beitingu slíkra tækja, aðgerða eða ráðstafana eða hvað við kjósum að kalla það eins og viðskiptabann eða viðskiptaþvinganir eru, slíkar aðgerðir brjóti í bága við eða gangi gegn yfirlýstum og samþykktum markmiðum um mannréttindi og viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum. Og það er í þeim anda sem þessi tillaga er flutt og leggur það til að íslensk stjórnvöld taki það mál upp á alþjóðavettvangi og beiti sér fyrir endurskoðun á málinu í því samhengi.

Það er ljóst, herra forseti, að alveg frá því að Persaflóastríðinu lauk hafa verið að koma fram upplýsingar um skelfilegt ástand mála í Írak. Það er ljóst að lífskjör almennings, a.m.k. þess hluta almennings sem lakast er settur, eru afar bágborin og aðstæður allar hinar hörmulegustu. Og þar fer margt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn þar sem mikil misskipting hefur viðgengist, langvinnur styrjaldarrekstur því að næst á undan Flóastríðinu stóðu Írakar í langvinnri og blóðugri styrjöld við nágranna sína, Írana, og síðan hefur alþjóðlegt viðskiptabann, nánast algert viðskiptabann á landið í kjölfar Flóastríðsins leitt til þess að í landinu er mikill vöruskortur og í raun er efnahagskerfi landsins hrunið. Því miður er það svo að fórnarlömb þessa ástands, enn sem komið er a.m.k., eru ekki þeir sem þetta var ætlað að beinast gegn, þ.e. valdhafar í landinu. Harðstjórn landsins, harðstjórn Saddams Husseins virðist ef nokkuð er fastari í sessi en áður. Það er almenningur og ekki síst börn í

landinu sem eru hin eiginlegu fórnarlömb. Og þetta sést best á því að ríkisstjórn Saddams Husseins hefur enn sem komið er þverskallast með ýmsum hætti við því að veita fulltrúum Sameinuðu þjóðanna fullnægjandi upplýsingar um umsvif sín á sviði kjarnorku- og eiturefnaiðnaðar eða hernaðar.

Það er líka ljóst að þeim takmörkuðu matvælum og fjármunum sem til skipta eru í landinu er alls ekki ráðstafað með það að leiðarljósi að lina þjáningar þeirra sem lakast eru settir, heldur hefur yfirstéttin í landinu og herinn forgang að matvælum, lyfjum og eldsneyti og afleiðingarnar eru enn meiri hörmungar almennings. Við slíkar aðstæður og ég tala nú ekki um þegar þær hafa ríkt um árabil í einu landi, þá verða menn að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og ég held að siðferðisleg ábyrgð hins alþjóðlega samfélags að horfa upp á þetta ástand vara öllu lengur sé að verða óbærileg. Menn verði þá að horfast í augu við það að þarna séu saklaus fórnarlömb að þjást og ekki bara þjást heldur láta lífið svo tugum þúsunda og jafnvel hundruðum þúsunda skiptir. Það má því kannski segja að viðskiptabannið sem slíkt sé að verða fullt eins mannfrekt og styrjaldarrekstur inn sjálfur var áður.

Þá hljóta að koma til skoðunar aðgerðir sem mundu viðhalda stjórnmálalegum þrýstingi og í einhverjum mæli kannski efnahagslegum þrýstingi á Írak og íröksk stjórnvöld en losa þannig um hömlur og a.m.k. opna möguleika á matvæladreifingu og öðru slíku til landsins þannig að þar þyrftu menn ekki að líða beina hungursneyð eða láta lífið sökum þess að lyf og læknishjálp eru ekki fyrir hendi í landinu.

Hvað Íslendinga varðar, þá er það þannig að við berum sameiginlega ábyrgð á ástandi mála með öðrum þjóðum heimsins sem fullgilt hafa ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann og það höfum við gert. Sú auglýsing sem í gildi er um þetta efni af Íslands hálfu og ég hef undir höndum er dags. 28. apríl 1992. Haldi einhverjir annað er best að eyða þeim misskilningi, en við Íslendingar berum fulla pólitíska ábyrgð í samfélagi þjóðanna á þessu ástandi því að við höfum fyrir okkar leyti fullgilt með auglýsingu viðskiptabannið á Írak þó svo að það kunni litlu að skipta hvað varðar bein viðskipti milli landanna. Þótt þau hafi ekki verið umtalsverð, hvorki á fyrri tíð og enn síður nú upp á síðkastið, þá berum við í stjórnmálalegu tilliti ábyrgðina til jafns við aðra í þeim skilningi að við höfum fullgilt þessa sérstöku ályktu og berum þar af leiðandi á henni ábyrgð.

Ég tel líka, herra forseti, að við eigum samkvæmt hefð okkar að leggja áherslu á friðsamlegar aðgerðir og mannúðarstefnu í alþjóðastjórnmálum og ég held að endurskoðun viðskiptabannsins á Írak og reyndar þessara mála í heild á alþjóðavettvangi séu einmitt slíkt verkefni. Þótt hér sé aðallega til umræðu það neyðarástand sem nú er í Írak af þessum ástæðum, þá er síður en svo þar með sagt að ekki sé ástæða til að skoða stöðu fleiri sambærilegra mála. Það má vissulega velta því fyrir sér hvort viðskiptabönn sem nú er verið að reyna að beita á Balkanskaga séu að skila tilætluðum árangri, hvort viðskiptaþvinganir gegn Líbýu séu hinu alþjóðlega samfélagi til mikils sóma svo að ekki sé nú talað um áratuga langt viðskiptabann Bandaríkjamanna á Kúbu sem staðið hefur þeirri þjóð fyrir þrifum og heft framþróun í landinu um áratuga skeið. En eins og menn vita, þá var yfirgnæfandi meiri hluti allra utanríkisviðskipta Kúbu við stóra grannann í norðri, Bandaríkin, en á þau var klippt með viðstkiptabanni sem nú hefur varað um áratuga skeið og auðvitað haft afgerandi áhrif á þróun og framvindu mála í því landi. Þar er að vísu um tvíhliða deilu milli viðkomandi ríkja að ræða þannig að hið alþjóðlega samfélag er ekki ábyrgt með sama hætti og það er í þessu tilviki.

Herra forseti. Ég vona að þessi tillaga fái skjóta meðhöndlun í hv. utanrmn. Þetta er mál sem ekki þolir bið í þeim skilningi að vandinn brennur á saklausum fórnarlömbum á degi hverjum sem hér eru til umfjöllunar í þessari tillögu. Einhverjir kynnu að segja að það eigi ekki að vera og sé ekki endilega forgangsmál í íslenskum stjórnmálum að ræða hér um stöðu mála í Írak og viðskiptabann á Írak eða þá tillögu sem hér var til umfjöllunar næst á undan og varðar mótmæli við kjarnorkusprengingum Frakka ekki síst hinum megin á hnettinum í Suður-Kyrrahafi. En það er nú einu sinni svo að jafnvel þótt rödd okkar Íslendinga sé ekki mjög sterk og við höfum ekki umtalsverð áhrif í stjórnmálalegu eða viðskiptalegu tilliti til að breyta framgangi þessara mála, þá breytir það engu um siðferðislega skyldur okkar og siðferðislga ábyrgð sem fullvalda þjóðar í samfélagi slíkra. Okkur ber að taka svona mál til skoðunar, hafa á þeim skoðun og taka afstöðu í samræmi við það og það leysir okkur ekki undan siðferðilegum skyldum í alþjóðastjórnmálum þó að við séum smáríki. Þess vegna held ég að það sé jafnrétt og skylt að taka mál af þessu tagi hér til umræðu og umfjöllunar á Alþingi Íslendinga eins og það er á þingum hinna stærri þjóða sem meiru kannski ráða í krafti stærðar sinnar um framvindu mála.

Ég leyfi mér því að vona að lokum, hæstv. forseti, að hv. utanrmn. þó það fari lítið fyrir henni í þingsalnum um þessar mundir eins og reyndar hv. þingmönnum yfirleitt þó að á því séu ánægjulegar undantekningar sýnist mér úti í salnum, þá viti það ekki á það að þessi mál muni endilega mæta skilningsleysi þegar þau koma til meðferðar í hv. utanrmn. og gjarnan vildi ég sjá að þessar tillögur fengju þar umfjöllun og afgreiðslu á allra næstu vikum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli 1. flm. þessarar till., þá er ég meðflm. að þeirri þáltill. að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabann á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Frá upphafi Sameinuðu þjóðanna hefur viðskiptahindrunum verið beitt í um það bil 10 skipti til þess að knýja ríki til aðgerða eða aðgerðaleysis. Viðskiptabönnin hafa verið misvíðtæk. Þannig náði viðskiptabann gegn fyrrum Júgóslavíu aðeins til vopnasölu og viðskiptabann gegn Suður-Afríku tók aldrei til nauðsynjavara, ferða- og samgöngumála. Viðskiptabann gegn Írak er hins vegar mjög almennt, nær bæði til inn- og útflutnings og til almenningsamgangna þannig að í Írak er nú heil þjóð í gíslingu.

Nú er svo komið í landinu að þar er tilfinnanlegur skortur á matvælum, lyfjum og öðrum nauðsynjavörum. Börn og fullorðnir deyja úr hungri eða hörgulsjúkdómum og sjúkrahúsin geta ekki sinnt hlutverki sínu vegna skorts á lyfjum og öðrum aðbúnaði. Hinar efnahagslegu þrengingar hafa ýtt þjóðinni aftur til svartra miðalda, framfarir og bjartsýni sem einkenndu þjóðina fyrir örfáum árum er orðin fjarlæg endurminning. Almenn menntun sem komin var á hátt stig hefur þurft að víkja fyrir baráttunni við hungurvofuna.

Í ljósi þróunar sem hefur átt sér stað í Írak frá innrásinni í

Kúveit vakna vissulega efasemdir um réttlætingu viðskiptabanns yfirleit. Ef markmiðið með viðskiptabanni var að knýja stjórnvöld til að hverfa frá Kúveit, þá má segja að aðgerðirnar hafi skilað tilætluðum árangri fyrir löngu og ekkert réttlæti að viðhalda ástandinu af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Hafi tilgangurinn hins vegar verið sá að refsa stjórnvöldum fyrir innrásina í Kúveit, bitnaði refsingin á röngum aðila, þ.e. fólkinu í landinu, hópi fólks sem ekki kom nálægt hinu refsiverða athæfi.

Samkvæmt íslenskum refsirétti er það meginregla að mönnum verði ekki refsað nema þeir hafi brotið af sér og aðeins þeim brotlega verði refsað. Þá verður að vera samræmi á milli refsingar og hins refsiverða verknaðar. Viðskiptabannið gegn Írak hefur leitt til þess að fjölskyldum, ættbálkum og íbúum heila bæjarfélaga hefur verið refsað fyrir brot eins af þegnum samfélagsins. Það er í andstöðu við réttarvitund og réttarvenjur siðaðra þjóða og er í hrópandi andstöðu við þau mannúðarsjónarmið sem Genfarsáttmálinn og niðurstöður Nürnberg-réttarhaldanna byggðust á.

Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna gegn írösku þjóðinni eru brot á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, enda beint samband milli viðskiptabannsins og brota á grundvallarmannréttindum þegnanna í Írak, svo sem réttindum til lífsins, frelsis, reisnar og skoðana. Vegna þeirra grunnsjónarmiða sem nútímaréttarríki byggir á, á almennt viðskiptabann gegn fátækum þjóðum aldrei rétt á sér. Hafi öryggisráðið hins vegar ekki önnur þvingunarúrræði ber því að hlíta þeirri meginreglu að beita ekki refsiaðgerðum lengur en þörf krefur og þá aðeins í þeim tilgangi að binda endi á refsivert athæfi. Þegar búið var að hrekja herlið Íraka frá Kúveit og landið búið að endurheimta fullveldi og sjálfstæði er ekki lengur um refsivert framferði að ræða og því átti að aflétta refsiaðgerðunum tafarlaust. Það var ekki gert, heldur setti öryggisráðið fram ný skilyrði, skilyrði um stríðsskaðabætur og kröfur um eyðingu allra tortímingarvopna í Írak. Og það er eðlilegt að menn deili um þessi viðbótarskilyrði.

Ísland er aðili að Sameinuðu þjóðunum og samþykkti á sínum tíma viðskiptabannið auk þess sem við höfum gert ráðstafanir til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann með birtingu auglýsingar nr. 160/1992, um fullgildingu þess. Með hliðsjón af þróun í Írak og almennum mannúðarsjónarmiðum eru brostnar forsendur fyrir viðskiptabanninu og nú er mál að linni.

Íslendingar hafa með starfi sínu hjá Sameinuðu þjóðunum sýnt að tekið er mark á þeim. Nú ættu Íslendingar að ganga á undan og berjast gegn viðskiptabanninu og stuðla þannig að því að harmleiknum í Írak ljúki.

[16:14]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni og einmitt undirstrika það að ég er sammála að langmestu leyti þeirri umfjöllun sem hér kom fram hjá hv. þm. um þessi mál svona almennt séð. Tillagan beinist einnig ekki síður að því að meðferð þessara mála á alþjóðavettvangi almennt verði tekin til endurskoðunar og ég vísa þar til sömu sjónarmiða og hér komu fram í síðustu ræðu að þeirri skoðun vex nú held ég óumdeilanlega fylgi að það samræmist ekki viðurkenndum og samningsbundnum mannúðarsjónarmiðum eins og þau eru túlkuð og skilgreind í dag bæði í mannréttindasáttmála og yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og sambærilegra samninga á evrópskum vettvangi og að beita almennum viðskiptatakmörkunum þar sem fórnarlömbin eru fyrst og fremst þriðju aðilar, ekki þeir sem að frömdu refsiverðan verknað, brutu af sér eða menn eiga sökótt við. Þess vegna ber að gera mjög skýran greinarmun á því hvers eðlis viðkomandi viðskiptatakmarkanir eru. Ég tel til að mynda fullkomlega eðlilegt á meðan að deilur standa við íröksk stjórnvöld um einhverja eftirleiki af Flóastríðinu þá gildi afdráttarlaust og altækt vopnasölubann á Írak enda flest annað sem þeir þurfa á að halda um þessar mundir en að eyða þeim litlu peningum sem lausir eru í landinu í vopnakaup. Reyndar held ég að vopnasölubann og reglur um vopnaviðskipti í heiminum þurfi að taka til gagngerrar endurskoðunar og eitt mesta siðleysið sem viðgengst í þessum efnum sé sú blóðmjólkun á þriðja heiminum sem felst í vopnasölu iðnríkjanna þangað.

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir að þessi mál þarf að taka til endurskoðunar almennt. Þó að tilefni tillöguflutnings hér sé kannski fyrst og fremst ástand mála í Írak sem er óþolandi er það síður en svo að ekki sé ástæða til þess að skoða þetta víðar. Ég vil að lokum segja, herra forseti, að það er skaði að enginn af talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar skuli vera hér til að tjá sig um afstöðu núv. ríkisstjórnar í málinu, ég er ekki viss um að hún hafi komið fram áður því að atkvæðagreiðslur og afstaða Íslands í þessu sambandi mun hafa verið mótuð í tíð fyrri ríkisstjórnar. Nú hafa orðið stjórnarskipti eins og kunnugt er og nýr maður tekinn við embætti sem hæstv. utanrrh. og mér léki satt best að segja hugur á að vita hvort að það er óbreytt staða í þeim efnum að ríkisstjórn Íslands styðji viðskiptabannið á Írak eins og staða mála er þar í dag. Er það svo að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hafi engar efasemdir um að bera pólitíska og siðferðislega ábyrgð á því að standa áfram að viðskiptabanninu? Eða hefur Ísland breytt eitthvað um stefnu, hafa menn tekið það upp að beita sér gegn þessu á alþjóðavettvangi? Sé svo, hefur það að minnsta kosti farið hljótt eins og fleira hefur gert undanfarna mánuði. Ég vona að fyrr en seinna komi eitthvað fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um afstöðu hennar í þessum efnum en mikilvægast væri þó að fjalla einfaldlega um þessa tillögu vafningalaust í hv. utanrmn. og afgreiða hana sem allra fyrst þannig að vilji Alþingis mætti koma í ljós og þá verði framganga ríkisstjórnar að sjálfsögðu í samræmi við það fyrr en síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:19]

Umræður utan dagskrár.

Staða geðverndarmála.

[16:31]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og forseti hafði getið um hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 18. þm. Reykv., Ásta R. Jóhannesdóttir, og beinir hún máli sínu til hæstv. heilbrrh. um stöðu geðverndarmála. Umræðan er skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

[16:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í dag er alþjóðadagur geðheilbrigðis og því ærin ástæða til að vekja enn máls á málefnum geðsjúkra og aðstandenda þeirra. Í vor voru mál þeirra einnig til umræðu

á þinginu. Nú eru enn blikur á lofti í geðverndarmálunum. Í dagblöðum í dag eru vakin athygli á stöðu mála, læknar og annað fagfólk bendir á hið slæma ástand í málefnum heilbrigðisþjónustu og búsetumálum þessa hóps. Í Alþbl. er forsíðufrétt um að skrifstofur Geðhjálpar séu lokaðar vegna fjárskorts á meðan beðið sé eftir svari um styrki frá hinu opinbera.

Í grein eftir prófessor Tómas Helgason, forstöðulækni Geðdeildar Landspítalans, í Morgunblaðinu í morgun kemur fram að geðsjúkdómar eru sjúkdómar ungs fólks og að 70% sjúklinga á geðdeild Landspítalans 1993 hafi verið undir 50 ára aldri. Hann segir í greininni, með leyfi forseta: „Einnig eru dánarlíkur þeirra sem fá geðsjúkdóma auknar einkum í byrjun og eru þeir aðalorsök sjálfsvíga meðal ungs fólks. Vegna þess hve sjúkdómarnir eru algengir meðal ungs fólks verður öryrkjahópurinn stór, um fjórðungur þeirra sem fá fullan örorkulífeyri hefur geðtruflun sem aðalástæðu til örorkunnar."

Heilbrigðisnefnd Alþingis heimsótti geðdeildir Landspítalans í haust og kynnti sér ástandið. Þar kom fram að aðsókn að geðdeildum hefur aukist um 20–30% á árunum 1991–1994 meðan dregið hefur verið úr kostnaði og starfsmannahaldi. Þar kom einnig fram að hættuástand er ríkjandi í heilbrigðisþjónustu við geðfatlaða hér á landi. Ekki er boðlegt hvernig langvarandi niðurskurður og sumarlokanir komu niður á sjúklingunum, aðstandendum, starfsfólki spítalans og allri þjónustunni. Lokanir hafa haft þær afleiðingar að þurft hefur að vísa sjúklingum frá sem komið hafa að næturlagi, vaktir eru undirmannaðar, starfsfólk iðulega í slysahættu og undir ómannlegu álagi. Barna- og unglingageðdeild Landspítalans hefur ekki farið varhluta af niðurskurðinum undanfarin ár. Nú er svo komið að milli 30 og 40 börn bíða fyrsta viðtals og getur biðin varað allt að átta mánuðum. Mörg þessara barna búa við óviðunandi aðstæður og er sjúkdómurinn oft kominn á alvarlegt stig þegar röðin er loksins komin að þeim. Oft verður að útskrifa börn sem að varla eru hæf til að útskrifast vegna þess að um bráðadeild er að ræða og ekki hægt að fylgja meðferðinni eftir vegna skorts á fagfólki.

Í heimsókn þingmannanna kom fram að sárlega vantar sérhæft starfsfólk á göngudeild barna- og unglingageðdeildarinnar. Engin sparnaður er í því að skera niður þjónustu við geðsjúk börn. Mörg þeirra sem fá ekki læknishjálp leiðast út í vímuefnaneyslu og afbrot. Það á sérstaklega við um ofvirk börn. Þessir einstaklingar geta því orðið mjög dýrir samfélaginu síðar að ógleymdri óhamingju og vanlíðan sem þeir valda sjálfum sér og öðrum. Sparnaður í heilbrigðiskerfinu og ríkisrekstri er oft rökstuddur með því að við megum ekki varpa skuldum yfir á börnin okkar og komandi kynslóðir. En er okkur stætt á því að varpa þessum vanda yfir á komandi kynslóðir og þeim vanda, sem þeir sem ekki fá læknisþjónustu nú, munu skapa á lífsleiðinni? Ég segi nei, við erum með því að vísa mun stærri vanda á framtíðina.

Þessi mál voru til umræðu á fundi Barnaheilla í gær og þar kom Valgerður Baldursdóttir, yfirlæknir á barna- og unglingageðdeildinni, með mjög alvarleg dæmi um hvernig einstaklingar sem fá ekki þjónustu á réttum tíma sem börn verða samfélaginu mjög dýr síðar meir sem ógæfufólk sem veldur bæði sjálfum sér og öðrum skaða og samfélaginu mikil útgjöld.

Í löndum sem við viljum bera okkur saman við, svo sem á Norðurlöndum, er miðað við að heilbrigðisyfirvöld nái að veita 1–2% barna þá þjónustu sem veitt er á barnageðdeildum. En hér á landi náum við til 0,01% barna. Það kom reyndar fram hjá Valgerði á fundinum í gær að Svíar og Norðmenn teldu sig þurfa að sinna 2% þessa aldurshóps með þjónustu barna- og unglingageðdeilda miðað við þau þjónustuúrræði sem að þeir bjóða þessum hópi sem er mun meiri en hér. Þetta er óþolandi ástand á þjónustu við sjúk börn og unglinga og eins og Valgerður orðaði það á fundi Barnaheilla í gær um barna- og unglingageðdeildina: Við náum aðeins að sinna þeim sem koma til okkar með „rauðum neyðarflöggum."

Herra forseti. Ég ætla að bera fram nokkrar spurningar í framhaldi af máli mínu til hæstv. heilbrrh. Hvernig mun hæstv. ráðherra bregðast við því ástandi sem nú ríkir á barna- og unglingageðdeild Landspítalans? Er hann tilbúinn að eyrnamerkja viðbótarfjárveitingu til deildarinnar nú á fjárlögum? Er hann tilbúinn að láta gera rannsókn á því hverjir fá þjónustu á barna- og unglingageðdeildinni og hverjum er vísað annað?

Hyggst ráðherrann beita sér fyrir úrbótum í þjónustu fyrir þau börn sem ekki fá þjónustu á barna- og unglingageðdeildinni, þ.e. börn sem eru í sorg, börn sem hafa orðið fyrir áföllum og börn sem hafa verið misnotuð kynferðislega? Mun barna- og unglingageðdeildin verða fyrir áframhaldandi niðurskurði eins og aðrar deildir á Landspítalanum eins og lítur út fyrir í fjárlagafrv.? Og að lokum, telur hæstv. ráðherra að um raunverulegan sparnað sé að ræða í niðurskurði á þjónustu við þennan hóp?

[16:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sl. þrjú ár hefur Alþjóðasamband um geðheilbrigði með stuðningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar beitt sér fyrir því að 10. okt. væri alþjóðadagur geðheilbrigðis um allan heim. Fjölmörg lönd í flestum heimsálfum hafa tekið áskorun samtakanna og lýst því yfir að 10. okt. væri alþjóðadagur geðheilbrigðis í viðkomandi landi. Ísland hefur ekki verið þátttakandi formlega í þessu átaki fyrr en nú. Ég hef undirritað yfirlýsingu samtakanna um að 10. okt. 1995 sé alþjóðadagur geðheilbrigðis á Íslandi. Var prófessorum í geðlækningum, Geðlæknafélagi Íslands og Geðverndarfélagi Íslands falið að annast undirbúning þessa dags. Í yfirlýsingunni sem send var fjölmiðlum er vitnað til þess að hugtakið heilbrigði felur ekki aðeins í sér líkamlegt heilbrigði heldur einnig heilbrigði hugar og tilfinninga. Það sem stefna ber að er samkvæmt yfirlýsingunni að eftirfarandi atriði séu viðhöfð: Að auka skilning almennings á geð- og tilfinningatruflunum og efla sem best heilbrigði geðs og tilfinninga. Að skapa virðingu fyrir réttindum þeirra sem greindir eru með geð- og tilfinningatruflanir. Að efla forvarnastarf sem hefur það að markmiði að draga úr hættu á tilfinningatruflunum hjá þjóðfélagshópum sem eru viðkvæmastir fyrir slíkri röskun. Að bæta gæði og auka framboð geðheilbrigðisþjónustunnar um allan heim.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun, sem samþykkt var á Alþingi árið 1991, er rætt um geðheilbrigði með umræðu um sérfræðiþjónustu sérstaklega. Þar segir svo í 24. gr. m.a.: Sérstök áhersla skal lögð á að geðheilbrigðisþjónusta verði veitt á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga miðist við að þeir geti sinnt geðsjúklingum. Gera skal ráð fyrir að geðdeildir í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðið heilsugæslusvæði. Áhersla verði lögð á að sjúklingum með

langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum og njóti þar geðlækna-þjónustu. Aldraðir og geðsjúklingar sem þurfa á dvöl að halda á stofnunum verði vistaðir eins og unnt er á almennum hjúkrunardeildum.

Á heilbrigðisþingi árið 1995, sem haldið var í lok janúar, var m.a. fjallað um geðheilbrigði og mikilvægi þess að færa sér í nyt forvarnir á því sviði jafnt sem öðrum sviðum heilbrigðis. Þar kom fram að fagfólk í heilbrigðisþjónustunni hefur vaxandi áhyggjur af andlegri líðan þjóðarinnnar og þá sérstaklega barna og unglinga og ungs fólks. Heilbrigðisþing er heilbrrh. til ráðgjafar og ég hef skipað nefnd til að vinna úr þeim fjölmörgu tillögum sem fram komu á heilbrigðisþingi og mun hún skila tillögum sínum til mín fljótlega.

Allt þetta er rakið hér til að sýna að víða mætti betur gera í geðheilbrigðisþjónustunni og þörf er að því að vinna að þeim markmiðum sem Alþjóðasamband um geðheilbrigði leggur til að verði höfð að leiðarljósi í dag og í framtíðinni. Áherslumar eru þannig að mikilvægt er að sem flestir komi að málinu. Þannig má benda á að fyrsta markmiðið, að auka skilning almennings á geð- og tilfinningatruflunum, er markmið sem næst ekki nema með öflugum stuðningi fjölmiðla og jákvæðri og opinskárri umræðu um þessi mál. Heilbr.- og félmrn. hafa nýverið efnt til samstarfs til að skoða betur hagi þeirra sem búa við einhverja atferlistruflun og eru ekki á stofnunum. Hér eftir fara svör við þeim fjórum spurningum sem lagðar hafa verið fram um geðþjónustu við börn og unglinga og ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp. Það er víða úrbóta þörf, það er rétt hjá hv. þm.

Spurt er hvernig ráðherra mun bregðast við ástandi á barna- og unglingageðdeild. Deildin hefur glímt við mikinn vanda undanfarin ár þar sem þörfin á þjónustu hennar hefur verið meiri en deildin hefur getað sinnt svo vel sé. Bent hefur verið á að fjöldi legurýma er meiri en víða en að sama skapi hefur ekki reynst kleift að veita fullnægjandi göngudeildarþjónustu og stuðning við börn og unglinga og fjölskyldur þeirra heima. Ræðst þetta að nokkru leyti af landfræðilegum aðstæðum á Íslandi þar sem oft getur verið um langan veg að sækja í slíka þjónustu og því nauðsynlegt að fá innlögn fyrir einstaklinginn. Til að tryggja að deildin væri skipulögð á sem allra hagkvæmastan hátt og í samræmi við þá þörf sem er fyrir þjónustu hennar voru ráðnir til að gera ítarlega úttekt á þjónustunni nokkrir sérfræðingar, m.a. barnalæknir og doktor í félagsvísindum sem er rektor við norræna heilsuháskólann í Gautaborg. Í úttektinni er m.a. lagt til að göngudeildarstarfsemi verði aukin, legurýmum og legudögum verði fækkað og þar með fáist möguleikar til að breyta skipulagi deildarinnar. Nú er verið að skoða þessa skýrslu sem er nýkomin og mun hún væntanlega hafa áhrif á þróun þessarar þjónustu.

Spurt er að því hvort fé til þjónustunnar á barna- og unglingageðdeildinni sé eyrnamerkt. Ekki er um sérstaka fjárveitingu að ræða til barna- og unglingageðdeildar Landspítalans heldur nýtir deildin að hluta fjármagn sem veitt er til Ríkisspítalanna. Það verður svo áfram. En ég vil benda á að það er mikilvægt að efla þessa einingu og tengja hana betur öðrum deildum ríkisspítalanna.

Ég get ekki svarað fleiri spurningum í þessari umferð en vonandi kemst ég að hér á eftir til að svara þeim.

[16:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er umhugsunarefni að á þessum degi, geðheilbrigðisdegi, skuli starfsfólk í þessum hluta heilbrigðisþjónustunnar segja að það sé flaggað rauðum neyðarfánum. Reyndar vil ég segja það í upphafi að mér finnst vel til fundið að gera einn dag á ári hverju að sérstökum geðheilbrigðisdegi og ætti sá dagur að geta orðið tilefni þess að vekja athygli á þessum málaflokkum. Margir hafa notað þetta tilefni í fjölmiðlum í dag, starfsfólk í geðheilbrigðisgeiranum, læknar, sálfræðingar og annað starfsfólk og aðstandendur sjúklinga hafa látið að sér kveða, vakið athygli á því sem vel hefur verið gert á liðnum árum í uppbyggingarstarfi sem fram hefur farið en þegar horft er til líðandi stundar vekur athygli að það er tvennt sem sker sig úr.

Bent er á að í samanburði við þau ríki sem við helst berum okkur saman við er okkar hlutur til geðheilbrigðismála mun rýrari en almennt gerist. Það er annað sem stingur í augu og það er þrátt fyrir þetta sætir þessi hluti heilbrigðisþjónustunnar miklum niðurskurði. Tómas Helgason prófessor, yfirmaður geðdeildar Landspítalans, bendir á í grein sinni í Morgunblaðinu að börn og unglingar verði utan gátta og Valgerður Baldursdóttir, sem er yfirlæknir á barna- og unglingageðdeild Landspítalans, segir að stöðunni hjá börnum og unglingum megi líkja við kreppu. (Forseti hringir.) Það er slæmt til þess að vita hvað tíminn er naumur en mig langar til að nefna að í dag hafði ég samband við hjúkrunarforstjóra á geðdeild Landspítalans og spurði hvað henni væri efst í huga á þessum degi. Hún sagði: „Mér er efst í huga niðurskurður. Á minni deild hefur verið lokað sjö rúmum frá sl. vori." Það eru sjö einstaklingar, það eru miklu fleiri aðstandendur og ég held að við ættum öll að hjálpast að til þess að sjá til þess að á næsta geðheilbrigðisdegi verði ekki flaggað rauðum fánum í þessum geira.

[16:48]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til þess að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að vekja máls á málefnum geðsjúkra á hv. Alþingi í dag, á degi geðheilbrigðis og dettur mér ekki annað í hug en hv. þm. gangi gott eitt til með þessari umræðu. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að taka áskorun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að undirrita yfirlýsingu þess efnis að 10. okt. skuli verða alþjóðadagur geðheilbrigðis hér á landi. Þessi gjörningur er í mínum huga fyrst og fremst táknrænn og hugsaður til þess að vinna gegn fordómum og viðurkenna geðsjúkdóma sem veikindi.

Aðbúnaður geðsjúkra hefur tekið miklum framförum hér á landi á síðustu 2–3 áratugum. Þó búa geðsjúkir að einhverju leyti við einangrun enn þann dag í dag. Sú meðferð sem þekktist á fyrri hluta aldarinnar í þjóðfélagi okkar er blettur á þjóðfélaginu sem ég ætla ekki að hafa fleiri orð um.

Eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. er verið að vinna úttekt á vegum heilbr.- og trmrn. ásamt félmrn. á því hvaða afleiðingar það hefur fyrir einstaklinga sem haldnir eru þessum sjúkdómi ef þeir eru útskrifaðir of fljótt af stofnunum. Ég hlýt að vekja athygli á því, ekki síst í tilefni af síðustu ræðu, að þjónusta stofnana ríkisins í ár er fyrst og fremst á ábyrgð fyrrv. ríkisstjórnar þótt hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi fengið það erfiða hlutverk að reyna að sníða þjónustu að núgildandi fjárlögum. Þetta segi ég m.a. vegna þess að hér var áðan talað um að flaggað væri rauðum neyðarfánum.

[16:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er við hæfi að málefni geðfatlaðra og staða geðverndarmála komi til umræðu á Alþingi á alþjóðadegi geðheilbrigðis. Þó að þessi mál séu mjög brýn og vissulega í ólestri eftir lokun geðheilbrigðisdeilda í sumar virðist helst verið að gagnrýna að ekki sé nægilegt fjármagn veitt til þessa málaflokks sem ég get vissulega tekið undir. Við veitum hlutfallslega mun minna fé til þessa málaflokks en t.d. er gert annars staðar á Norðurlöndum.

Ég vil vekja athygli á því að í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 kemur fram að einstaklingar sem þjást af geðkvillum eða eiga við tilfinningaleg vandamál að stríða séu jafnbornir til þeirrar virðingar og réttinda sem eru undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Því er stundum haldið fram að á Íslandi sé algengara en í nágrannalöndunum að börn og fullorðnir þjáist af geðrænum vandkvæðum. Mér vitanlega eru ekki til rannsóknir því til stuðnings. Tíðnin hér virðist vera svipuð og í nágrannalöndunum, þ.e. að um 20% íbúafjöldans eiga við einhver geðræn vandkvæði að stríða og það alvarleg að meðferðar er þörf enda þótt alvarlegir geðsjúkdómar þjái mun færri sem betur fer. Með bættum geðlyfjum og framförum í geðrænni meðferð hefur sem betur fer tekist að fækka fólki á sjúkrahúsum en um leið er meiri þörf á stuðningi á göngudeildum og á stuðningi í atvinnulífinu og hjá fjölskyldum þessa fólks. Þau 15–20% barna og fullorðinna, sem eiga í tilfinnanlegum vandkvæðum, þurfa að fá góða aðhlynningu til þess að ástand þeirra lagist. Því miður búa of mörg börn hér við erfiðar uppeldisaðstæður og því er mjög mikilvægt að til komi auknar fjárveitingar, ekki síst til barna- og unglingageðdeildarinnar sem þarf að koma á sérhæfðri meðferð m.a. fyrir börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi, andlegu, líkamlegu og kynferðislegu. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég er alveg rétt að ljúka máli mínu, en ég vil að lokum geta þess að hið óhóflega vinnuálag sem hér viðgengst á fjölskyldum eykur tíðni þessa vandamáls, svo og atvinnuleysi. Þess vegna er mjög mikilvægt að dreifa atvinnunni á alla því að það eru öfgarnar sem eru slæmar og það þarf að auka fé til þessa málaflokks.

[16:54]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og menn á undan mér þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að hafa vakið þessa utandagskrárumræðu um málefni geðsjúkra og geðfatlaðra á þessum fyrsta alþjóðadegi sem minnst er þessara mála á Íslandi. Um leið vil ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þennan alþjóðadag þar sem sérstök athygli verður vakin á stöðu þessa hóps í þjóðfélaginu, bæði á Alþingi og með öðrum hætti.

Mörg okkar áttum þess kost í gær að sitja þing Barnaheilla þar sem var tekið á málefnum barna almennt og þar komu málefni barna og unglinga með geðheilbrigðisvandamál mjög til umfjöllunar. Það var fjallað m.a. um ástand mála á sjúkrahúsum á barna- og unglingageðdeildinni sem er orðin 25 ára gömul og hefur ekki náð að þróast í takt við breyttar áherslur í þessum málum og hefur enn fremur þurft að sæta miklum lokunum eins og reyndar aðrar heilbrigðisstofnanir.

Það hefur verið minnst á fyrirlestur Valgerðar Baldursdóttur barnalæknis á barna- og unglingageðdeildinni þar sem hún vakti athygli á stöðu barna með geðræn vandamál. Ég mun ekki endurtaka það hér en þó langar mig til þess að staldra við einn hóp sem ekki hefur verið talað um, hvorki í gær á málþingi Barnaheilla né hér í sal Alþingis og það eru bæði börn og fullorðnir, þroskaheftir með miklar atferlistruflanir og geðræna sjúkdóma. Þessi hópur hefur hvergi átt í hús að venda og hefur reyndar sætt þeirru skammarlegu meðferð að margar heilbrigðsstofnanir hafa synjað honum um meðferð og inntöku þar til þess að sinna honum. Ég vona að hæstv. heilbrrh. sjái sér fært að beita sér þannig að þessi hópur verði með í umræðunni. (Forseti hringir). Ég mun reyna að stytta mál mitt og ljúka því mjög hratt. Ég verð samt að játa það að ég saknaði þess í dag að hæstv. félmrh. skuli ekki vera til staðar. Málefni geðfatlaðra eru vissulega heilbrigðismál en þau eru ekki síður félagslegs eðlis og ég mun vonandi fá tækifæri til að víkja að því síðar hér á eftir.

[16:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. alþm. fyrir að taka þetta mál upp hér. Það hefur verið farið yfir það ástand sem ríkir á sjúkrahúsum landsins þar sem flatur niðurskurður hefur bitnað illa á þjónustu við geðsjúka. En það sem mig langaði, virðulegi forseti, til að vekja athygli á við umræðuna er staða þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða og eru ekki á hjúkrunarstofnunum og þeir sem þurfa á sálfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa að halda þar sem ekki er um neina þátttöku tryggingakerfisins í þeim kostnaði sem sjúklingar þurfa að bera. Svo virðist sem sjúkdómar þessa fólks séu ekki viðurkenndir sem slíkir.

Áþreifanlegt dæmi um þetta eru börn eða unglingar sem beitt hafa verið ofbeldi hvers konar og þurfa af þeim sökum að leita aðstoðar sálfræðings um lengri eða skemmri tíma. Þau fá litla eða enga endurgreiðslu frá Tryggingastofnun ef aðstoðin er utan þjónustu sjúkrahúsa eða göngudeilda. Foreldrar þessara barna sem oft og tíðum eru bundin heima við umönnun og eftirlit með sjúklingunum eiga ekki rétt á umönnunarbótum vegna þessa og þó reynir e.t.v. ekkert síður á möguleika foreldra til umönnunar barns sem á við sálræn vandamál að stríða en ef um líkamlegan, sýnilegan sjúkdóm er að ræða. Ofan á þetta allt saman er ætlun ríkisstjórnarinnar að fresta greiðslu dæmdra miskabóta til þolenda hvers konar ofbeldis, bóta, sem oftar en ekki þarf að nýta til greiðslu fyrir aðstoð vegna afleiðinga ofbeldis. Ég vil því skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir því að þolendur ofbeldis og aðrir þeir einstaklingar sem eiga við langvarandi geðræn eða sálræn vandamál að stríða fái eðlilegar greiðslur frá Tryggingastofnun og foreldrar þeirra barna og unglinga sem eiga við sömu vandamál að stríða eigi möguleika á umönnunarbótum sem auðvelda þeim að veita börnum sínum þá umönnun og umhugsun sem til þarf.

[16:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og aðrir vil ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að hafa tekið upp þetta mál hér á þessum degi. Ég verð hins vegar að segja, herra forseti, að mér finnst aðfinnsluvert að þegar hæstv. ráðherra kemur og heldur sína ræðu hagar hún ræðunni með þeim hætti að henni gefst ekki tóm til að svara þeim mikilvægu spurningum sem þingmenn hafa spurt hæstv. ráðherra. Sérstaklega á þessum degi og ekki síst út frá ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur er það brýnt að við náum að ræða við ráðherrann hvort hann ætlar sér að skera enn frekar niður þjónustu við barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur kom fram að staðan í dag var að öllu leyti Alþfl. að kenna. Gott og vel, herra forseti. Ég vil ekki skorast undan þeirri ábyrgð. Við eigum sök á því eins og aðrir sem sátu í síðustu ríkisstjórn að ekki var betur gert í þessum málum en raun ber vitni í dag. Það þýðir hins vegar ekki fyrir hv. fulltrúa Framsfl. að koma hingað og ásaka Alþfl. um þennan niðurskurð þegar fyrir liggur að samkvæmt fjárlagafrv. á enn frekar að þrengja að. Ekki er hægt að lesa annað út úr fjárlagafrv. en það. Um það var spurningin sem hv. þm. varpaði fram til hæstv. ráðherra en ráðherrann hagaði ræðu sinni þannig að henni gafst ekki tóm til að svara henni. Það er nauðsynlegt að það komi fram *hvað ráðherrann er að hugsa í þessum efnum.*

Herra forseti. Framsfl. háði kosningabaráttu undir eftirfarandi kjörorði: Fólk í fyrirrúmi. Er það að hafa fólk í fyrirrúmi að ætla núna að þrengja enn frekar að barna- og unglingageðdeild Landsspítalans sem að fjölmargir þingmenn hafa komið inn á í þessari umræðu?

Herra forseti. Ráðherrann sagði að mikil þörf væri á úrbótum í málefnum þessarar mikilvægu deildar. Eru það einu úrbæturnar sem að hún sér að ætla að skera enn frekar niður fjármagn til deildarinnar? Er það þannig sem okkur birtist, herra forseti, hvernig á að efna kjörorðið: Fólk í fyrirrúmi? Það er alveg ljóst að ungt fólk og börn sem eiga við geðræna erfiðleika að stríða eru ekki í þessu fyrirrúmi samkvæmt fjármálafrumvarpinu.

[17:01]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. málshefjanda, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, fyrir að vekja máls á þessu efni einmitt í dag og ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að sýna málinu þann áhuga að gera þennan dag að alþjóðadegi geðheilbrigði. Ég lýsi því yfir að ég tel að okkur beri skylda til þess að sinna þessum málaflokki af engu síðri kostgæfni en öðrum málaflokkum innan heilbrigðisgeirans. Mér finnst hins vegar leiðinlegt að hv. þm. vilja gera þessa umræðu og þennan málaflokk að einhvers konar pólitísku reiptogi og því miður fer hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir þar fremst í flokki þegar hún talar um það að fyrrv. hæst. ríkisstjórn beri mesta ábyrgð á því hvernig ástandið er í þessum málaflokki.

Ég verð að segja að ég hef á síðustu sex mánuðum sem þessi nýja ríkisstjórn hefur setið ekki orðið var við það að ráðherra hennar flokks í heilbrigðisráðuneytinu hafi gert einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta þar úr. En ég er hins vegar sannfærður um að hæstv. heilbrrh. mun í starfi sínu sinna þessum málaflokki af alveg sömu kostgæfni og *öðrum málaflokkum innan heilbrigðisgeirans.*

[17:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem að hafa tekið þátt í þessari umræðu í dag. Það hefur komið fram hjá hæstv. heilbrrh. Ingibjörgu Pálmadóttur, að hún tók áskorun alþjóðaheilbrigisstofnunarinnar og undirritaði yfirlýsingu um að dagurinn í dag, 10. október, yrði alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur og það er vel. En nú langar mig til að skora á hana að leysa strax úr þeirri brýnu neyð sem ríkir í geðheilbrigðismálum hér á landi og ekki síst í málefnum barna og unglinga sem eiga við geðrænan vanda að stríða. Ég efast ekki um það að hv. þm. hér taka undir það og ég vona að hún taki jafn vel í þá áskorun og hina.

Hæstv. ráðherra gafst ekki kostur á að svara nema fyrstu spurningu minni en ég vona nú að það verði leyst úr því á eftir. Í svari hennar kemur fram að það verður ekki viðbótarfjármagn til geðdeildarinnar en það á samt að auka göngudeildarþjónustuna. Ef það kemur ekki meira fé til þessa málaflokks og þessarar deildar leyfi ég mér að efast um að um aukna þjónustu verði að ræða. Aftur á móti eru nefndir og ráð og úttektir í gangi og það er gott og nauðsynlegt en þessi mál þola enga bið. Það er ágætt að skrifa undir markmið og yfirlýsingar en það er ekki nóg, það verða fylgja athafnir í kjölfarið.

Hæstv. heilbrrh. Í lok umræðunnar geri ég orð prófessors Tómasar Helgasonar í Morgunblaðinu í dag að mínum: Geðvernd framtíðar er að veita þessu fólki góða samfellda þjónustu núna.

[17:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég lýsti því í ræðu minni áðan, hv. form. heilbr.- og trn. hefur trúlega tapað af því — hann kom of seint — hvernig væri unnið að undirbúningi þessara mála. (**Gripið fram í:** Þú svaraðir ekki spurningunni). Ég er að svara spurningum, hv. þm. Og það er verið að undirbúa endurreisn barna- og unglingageðdeildarinnar. En þróun þessara mála er þannig almennt í heilbrigðisþjónustunni að það á líka að veita meiri þjónustu heima fyrir. Við erum að fækka innlögnum og veita meiri þjónustu heima fyrir. Þess vegna var mjög gott það innskot sem kom áðan frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það hefur heldur ekki verið nógu gaumur gefinn að því að þeir einstaklingar sem þurfa á aðstoð að halda og ekki lagðir inn á sjúkrahús fái þá fyrirgreiðslu sem þeir eiga samkvæmt lögum.

Ég vona að umræðan verði til þess að við tökum höndum saman og gerum þetta að forgangsverkefni og ég held að það sé besta svarið við þeim spurningum sem hafa komið fram.

Við vitum að það er þörf á úrbótum og ég vona að við vinnum að því saman. Það er ekki eyrnamerkt fjármagn til þessara deilda frekar en annarra deilda en við skiljum þörfina á því að þarna komi meira fjármagn en hefur verið.

Og ég ætla að ljúka máli mínu með þessum orðum.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 17:07.

---

7. FUNDUR

miðvikudaginn 11. okt.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis, beiðni um skýrslu, 65. mál, þskj. 65. *Hvort leyfð skuli..*

2. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 10. mál, þskj. 10. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Bætt skattheimta, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Umboðsmenn sjúklinga, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur bréf frá landbn. þar sem tilkynnt er að Guðni Ágústsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Egill Jónsson varaformaður.

Einnig hefur borist bréf frá iðnn. um að iðnn. hafi kjörið Stefán Guðmundsson formann nefndarinnar og Guðjón Guðmundsson varaformann.

Frá umhvn. hefur borist bréf um að hún hafi kjörið Ólaf Örn Haraldsson formann og Gísla S. Einarsson varaformann.

Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]
Beiðni leyfð með 44 shlj. atkv.

Réttur til launa í veikindaforföllum, frh. 1. umr.

Frv. HG og BH, 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Bætt skattheimta, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umboðsmenn sjúklinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁÞ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 31. mál. — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:39.

8. FUNDUR

miðvikudaginn 11. okt.
að loknum 7. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Fæðingarheimili Reykjavíkur og þjónusta við sængurkonur, fsp. ÁRJ, 4. mál, þskj. 4.
2. Hækkun tryggingabóta, fsp. SvG, 24. mál, þskj. 24.
3. Réttarstaða barna með langvinna sjúkdóma, fsp. ÁÞ, 38. mál, þskj. 38.

Til samgönguráðherra:

4. Málefni ferðaþjónustu, fsp. SJS, 5. mál, þskj. 5.

Til menntamálaráðherra:

5. Málefni Menntaskólans í Reykjavík, fsp. KÁ, 23. mál, þskj. 23.
6. Geymsla forngripa á byggðasöfnum, fsp. ArnbS, 28. mál, þskj. 28.

Til félagsmálaráðherra:

7. Tilraunasveitarfélög, fsp. ÁÞ, 39. mál, þskj. 39.
8. Málefni fatlaðra, fsp. ÁÞ, 40. mál, þskj. 40.

Fæðingarheimili Reykjavíkur og þjónusta við sængurkonur.

Fsp. ÁRJ, 4. mál. — Þskj. 4.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. til hæstv. heilbrrh. um málefni Fæðingarheimilis Reykjavíkur og sængurkvenna hér á höfuðborgarsvæðinu, reyndar á öllu landinu. Þann 9. sept. sl. ályktaði borgarráð Reykjavíkur um málefni Fæðingarheimilisins og skoraði á þingmenn Reykjavíkur og heilbrrh. að tryggja fé til reksturs Fæðingarheimilisins til að unnt sé að reka þar heimili sem sé sá valkostur fyrir fæðandi konur sem Fæðingarheimili Reykjavíkur er ætlað að vera.

Þann 22. mars 1994 var undirritaður leigusamningur milli borgarstjórans í Reykjavík og stjórnarnefndar Ríkisspítalanna um rekstur fæðingarheimilis í fasteignum Reykjavíkurborgar. Ekki er greidd leiga fyrir umræddar fasteignir.

Nú um nokkurt skeið hafa Ríkisspítalarnir ekki rekið Fæðingarheimilið þar sem því hefur verið lokað. Reyndar virðist ástandið í málefnum sængurkvenna allslæmt. Í sumar var ekki aðeins Fæðingarheimili Reykjavíkur lokað heldur einnig dagdeild og hluta meðgöngudeildar fæðingardeildarinnar á Landspítalanum. Til stóð að opna þessar deildir aftur um áramót en nú hafa heyrst raddir um að svo verði ekki, a.m.k. ekki hvað varðar Fæðingarheimilið. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

„Hvenær er áætlað að rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkur hefjist að nýju eftir lokun og hvaða áform eru um rekstur heimilisins í framtíðinni?"

Þau tímabil sem Fæðingarheimilið hefur verið lokað hafa konur ekki átt neitt val um það á hvernig stofnunum þær fæða börn sín. Í því tilviki vil ég nefna að um 90% fæðinga eru eðlilegar og stór hluti kvenna sem fæða eðlilega vilja eiga val. Í framhaldi af því spyr ég hæstv. ráðherra:

„Telur ráðherra eðlilegt að allar konur á höfuðborgarsvæðinu fæði börn sín á hátæknisjúkrahúsi eins og verið hefur undanfarna mánuði?"

Síðan vegna umræðna um mikil þrengsli á fæðingardeildinni og ekki síst á þeim tíma sem deildir eru lokaðar eins og nú, spyr ég hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurninga:

„Hvað getur fæðingardeild Landspítalans sinnt mörgum fæðingum á ári?

Hver hefur þróunin verið hvað varðar fjölda fæðinga á fæðingardeild Landspítalans undanfarin ár?

Hversu margar sængurkonur hafa þurft að liggja á göngum fæðingardeildar Landspítalans frá því að Fæðingarheimilinu var lokað?"

Nú í tæpt ár hefur Landspítalinn boðið barnshafandi konum upp á nýja þjónustu sem kallast „meðganga, fæðing, sængurlega", skammstafað MFS, þar sem konum sem fæða eðlilega er boðið upp á sérstakt eftirlit á meðgöngu auk fæðingar og sængurlegu við heimilislegar aðstæður. Þetta er þjónusta sem væri tilvalin á Fæðingarheimilinu en ætti síðar heima í dýru rými hátæknisjúkrahúss. Því spyr ég:

„Hversu margar konur hafa nýtt sér hina nýju MFS-þjónustu fæðingardeildar Landspítalans og telur ráðherra að slík þjónusta eigi heima á hátæknisjúkrahúsi?"

[13:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er: „Hvenær er áætlað að rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkur hefjist að nýju eftir lokun og hvaða áform eru um rekstur heimilisins í framtíðinni?"

Svarið er: Fyrri hluta ársins 1995 voru þrír kostir í boði fyrir fæðandi konur í Reykjavík. Þær gátu fætt við hinar hefðbundnu aðstæður í fæðingardeild kvennadeildar Landspítalans, á Fæðingarheimili Reykjavíkur eða á MFS-einingu kvennadeildar. MFS-skammstöfunin stendur fyrir meðganga, fæðing, sængurlega. Við einingunа starfa ljósmæður og sinna konum í eðlilegri meðgöngu, fæðingu og sængurlegu.

Nýting á Fæðingarheimili Reykjavíkur var fremur lítil fyrri hluta ársins. Lokað var vegna sumarleyfa hinn 16. júlí sl. og síðan ákveðið að halda lokuninni áfram út þetta ár vegna sparnaðar.

Seinni hluta ársins hafa gefist tveir kostir fyrir fæðandi konur, þ.e. MFS-eining og fæðingardeildin. Verið er að endurskoða allan rekstur kvennadeildar Landspítalans. Ég hef verið að kanna ýmsar leiðir til að tryggja að konum gefist áfram kostur á að velja. Verið er að skoða hvort MFS-eining geti flutt í Fæðingarheimili Reykjavíkur. Áætlað er að mæðraeftirlit kvennadeildar flytji á fyrstu hæð Fæðingarheimilisins og á hluta annarrar hæðar. Með þessu er húsnæði Fæðingarheimilis Reykjavíkur fullnýtt til þjónustu fyrir verðandi foreldra. Jafnframt þessari breytingu velta menn fyrir sér möguleikum á því að skipta sængurkvennadeild kvennadeildar annars vegar í létta deild fyrir konur sem hafa fætt eðlilega og þyngri deild sem sinnti konum sem farið hafa í keisaraskurð, ættu erfiða fæðingu að baki eða glímdu við læknisfræðileg vandamál.

Markmið með öllum þessum breytingum er að rekstrarkostnaður verði innan ramma fjárlaga og að þjónustan verði fjölbreytt gæðaþjónusta.

Síðan er spurt: Telur ráðherra eðlilegt að allar konur á höfuðborgarsvæðinu fæði börn sín á hátæknisjúkrahúsi? Svarið er: Eins og fram hefur komið hefur íslenskum konum staðið til boða að fæða á svokallaðri MFS-einingu sem er ekki hluti af hátækniþjónustu enda þótt hún sé staðsett á hátæknisjúkrahúsi. Bent skal á að á fæðingardeild Landspítalans fara ekki eingöngu fram hátæknifæðingar svokallaðar. Margs konar þjónusta er í boði og er markmiðið að hver fæðandi kona velji sjálf hvaða leið hún vill fara í fæðingu. Undirbúningur MFS-einingarinnar hófst fyrir um það bil tveimur árum. Fyrstu konurnar komu til skráningar og mæðraeftirlits í júní 1994, en fyrsta MFS-fæðingin var í nóvember á síðasta ári. Margar konur hafa lýst ánægju sinni með þá leið sem hér er verið að þróa. Þær telja sig hafa fengið nýjan valkost við fæðingu og búa við mikið öryggi.

3. Hvað getur fæðingardeild Landspítalans sinnt mörgum fæðingum á ári? Árið 1993 fóru fram 3.129 fæðingar á fæðingardeild Landspítalans. Gert er ráð fyrir að með þeim breytingum sem nú er verið að gera á sængurlegu geti deildin sinnt fleiri fæðingum. Er þar átt við styttingu sængurlegunnar þar sem konur dvelja frekar heima í sængurlegu en áður og aukningu á heimaþjónustu ljósmæðra. Talið er að deildin geti annað 3.200–3.400 fæðingum á ári.

4. Hver hefur þróunin verið hvað varðar fjölda fæðinga á fæðingardeild Landspítalans undanfarin ár? Um stöðuga fjölgun fæðinga á fæðingardeild Landspítalans hefur verið að ræða undanfarin ár. Á það bæði við um fjölda fæðinga á deildinni og fjölda fæðinga sem hlutfall af öllum fæðingum á Íslandi. Má sem dæmi nefna að árið 1980 voru fæðingar 2.248 á fæðingardeildinni eða 49,9% fæðinga á Íslandi. Árið 1990 voru þær 2.784 eða 58,6% fæðinga á Íslandi, en árið

1994 voru fæðingarnar 2.883 og voru þá orðnar 65,3% allra fæðinga á Íslandi.

5. Hversu margar sængurkonur hafa þurft að liggja á göngum fæðingardeildar Landspítalans frá því að Fæðingarheimili var lokað? Svarið er: Engin.

6. Hversu margar konur hafa nýtt sér hina nýju MFS-þjónustu fæðingardeildar Landspítalans og telur ráðherra að slík þjónusta eigi heima á hátæknisjúkrahúsi? 6. október sl. hafði 201 kona skráð sig í MFS-þjónustu en 12 konur í viðbót hafa pantað slíka þjónustu. 91 fæðing hefur nú þegar átt sér stað á MFS-einingu, en eins og komið hefur fram áður er nú verið að kanna hvort hagkvæmt reynist að flytja MFS-einingunа yfir í húsnæði Fæðingarheimilis Reykjavíkur. Svo virðist sem konum þyki þessi kostur ákjósanlegur og virðist nálægðin við þær deildir Landspítalans sem bjóða upp á hátækniþjónustu ekki hafa nein neikvæð áhrif á afstöðu kvenna. Með hinni nýju MFS-einingu er leitast við að mæta væntingum og óskum þeirra kvenna er kjósa að fæða börn sín við heimilislegar aðstæður og án þess að gripið sé til læknisfræðilegra úrræða við fæðinguna.

Ég læt þessu lokið í bili þó svarið hafi verið lengra, en tíminn er búinn.

[13:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Af svörum hæstv. ráðherra má ráða að ákvörðun hafi verið tekin um lokun Fæðingarheimilisins til áramóta. Hér er um mjög misráðna ákvörðun að ræða að minni hyggju. Ég vil rifja það upp að opnun Fæðingarheimilisins á sínum tíma byggði í fyrsta lagi á því að auka valkosti fæðandi kvenna og í annan stað var einnig um hagræðingarátak að ræða, þ.e. gefa kost á ódýrari úrlausnum. Þetta er ígildi sjúkrahótels ef svo má segja, bæði um að ræða valkost fyrir konur sem taka þá ákvörðun að fæða sín börn á þessum stað og einnig hitt að þarna gefst kostur á því að konur sem fæða á kvennadeild Landspítalans geti á öðrum eða þriðja degi fært sig um set í öllu heimilislegra umhverfi og lokið þar sinni legu. Þar er minna lagt upp úr sérfræðikostnaði, þarna er reksturinn ódýrari á hvert rúm og þess vegna hygg ég að þegar upp verði staðið, hafi ákvörðun hæstv. ráðherra um að loka Fæðingarheimilinu kostað ríkissjóð mun meiri peninga heldur en hitt, þ.e. ef þessi valkostur hefði verið til staðar áfram.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin við spurningum mínum. Það kom ekki greinilega fram í svörum hæstv. ráðherra hvenær Fæðingarheimilið yrði opnað aftur, en ég fagna því ef það tekst að opna það fyrr en um áramót og það verði boðið upp á þessa þjónustu sem nú er á Landspítalanum sem kallast MFS-þjónusta. En það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra segir að nýting hafi verið lítil á Fæðingarheimlinu vegna þess að þegar Fæðingarheimilið var opnað aftur, þá var gert ráð fyrir að þar yrðu um 300 fæðingar en þegar því var lokað í sumar höfðu þegar átt sér stað þar 200 fæðingar þannig að það er ekki rétt að þar hafi verið lítil nýting miðað við það sem áætlað var.

Varðandi sængurkonur á göngunum á fæðingardeild Landspítalans, þá er það ekki rétt að engin sængurkona hafi þurft að liggja úti á gangi. Ég veit til þess að konur hafa þurft tímabundið að liggja á göngunum þegar álagið hefur verið sem mest á þeim núna þegar deildir voru lokaðar og á meðan Fæðingarheimilið er lokað. Þannig að það er ekki rétt. Og ef það hefur verið minna um það, þá er það e.t.v. vegna þess að þær eru útskrifaðar fyrr en ella, eins og kom reyndar fram hjá hæstv. heilbrrh., sængurlegan er orðin styttri. Ég er sannfærð um það að það er hægt að reka Fæðingarheimilið á hagkvæman hátt og tel ástæðu til þess að hjúkrunarfræðingum eða ljósmæðrum eða fagfólki verði gefinn kostur á að reka heimilið sem verktakar. Og ég er sannfærð um að þeir sem hafa áhuga á að fylgja þessari hugmyndafræði eru tilbúnir til að gera það.

Ég vil aftur minna á það að stór hluti fæðinga er eðlilegur og þeim konum á að gefast kostur á því að fæða við heimilislegar aðstæður eins og á Fæðingarheimilinu.

[13:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem ég kom með eru frá kvennadeild Landspítalans. Vegna þess að þær voru rengdar hér, þá vil ég að það komi fram hvaðan þær koma. Ég vil líka að það komi enn einu sinni fram að það er verið að endurskoða rekstur kvennadeildarinnar og hluti fæðinga mun að öllum líkindum flytjast yfir á Fæðingarheimilið, þar á meðal nýja MFS-einingin, eins og ég minntist á áðan. Að öðru leyti tel ég að hér hafi verið upplýst allt sem þarf að upplýsa. Menn hafa rætt um það að þeim dögum fækkar sem fæðandi konur liggja inni en það er vegna stórbættrar þjónusta heima fyrir. Ljósmæðurnar fylgja konunum heim. Það má ekki gleymast, það skiptir máli. Þetta er val þessara kvenna. Þjónustan hefur aukist.

Réttarstaða barna með langvinna sjúkdóma.

Fsp. ÁÞ, 38. mál. — Þskj. 38.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn sem ég hef beðið hæstv. heilbrrh. að svara um réttarstöðu barna með langvinna sjúkdóma og spurning mín er þessi: Hver eru áform ráðherra um úrbætur á réttarstöðu þessara barna?

Á síðustu árum hafa foreldrar langveikra barna, m.a. barna með krabbamein, barna með sykursýki og flogaveiki svo fátt eitt sé talið, vakið athygli á bágri réttarstöðu þessara barna og fjölskyldna þeirra. Foreldrafélög hafa bent á mýmörg dæmi sem sýna réttleysi þeirra gagnvart ýmsum ákvæðum laga um almannatryggingar, t.d. hvað varðar mat Tryggingastofnunar á rétti þeirra til umönnunarbóta, en mörg þessara barna eru metin til mjög lágra umönnunarbóta þrátt fyrir að þeim fylgi veruleg umönnun af hálfu foreldra.

Þá hefur Foreldrafélag krabbameinsveikra barna bent á réttleysi foreldra til veikindaleyfis í langvarandi veikindum barnanna, en eins og hæstv. ráðherra er væntanlega kunnugt um hafa þeir eins og aðrir útivinnandi foreldrar aðeins sjö daga fjarvistarleyfi á 12 mánaða tímabili. Gefur það auga leið að í alvarlegum veikindum þurfa þessir foreldrar á mun lengri fjarvistum að halda. Auk þess er því um verulega tekjuskerðingu fyrir þessar fjölskyldur að ræða sem bætist ofan á þá sorg og þá erfiðleika sem fylgja veikindum barnanna.

Foreldrar barna með sykursýki hafa margítrekað bent á mismunandi málsmeðferð Tryggingastofnunar á málefnum þessara barna og þær virðast oftar háðar tilviljunum frem-

ur en markvissum vinnubrögðum sem byggja á lagalegum réttindum. Þá hafa foreldrar barna sem hafa phenylketonuríu bent á að mismununá sér, en þetta er meðfæddur efnaskiptagalli, sem veldur því að þessi börn þurfa alla ævi að lifa á sérstöku fæði, og það er mjög kostnaðarsamt fyrir foreldra að kaupa þetta fæði.

Aðrir foreldrarhópar hafa bent á þann mismun sem felst í því að langtímaveik börn fá ekki niðurgreiddan lækniskostnað eða sérfræðilækniskostnað umfram það sem greitt er öðrum barnafjölskyldum þar sem börnin eru ekki metin til örorku.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var borin fram og samþykkt hér á Alþingi þál. um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna á þá leið að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu þessara barna. Þessi nefnd var skipuð af fyrrv. heilbrrh. og hefur nú lokið störfum. Fyrirspurn mín er því á þá leið hvort hæstv. heilbrrh. hefur kynnt sér niðurstöður nefndarinnar og í framhaldi af því: Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að koma að þeim tillögum sem nefndin leggur til í framkvæmd og hyggst ríkisstjórnin leggja í það fjármagn á næsta ári að bæta úr stöðu þessara barna?

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin er svohljóðandi: Hver eru áform ráðherra um úrbætur á réttarstöðu barna með langvinna sjúkdóma?

Eins og fram kom hjá hv. þm. var í lok 116. löggjafarþings hinn 7. maí 1993 samþykkt þál. um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna. Þál. var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna og aðstandenda þeirra, einkum með tilliti til almannatrygginga. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar heilbr.- og trmrn., Tryggingastofnunar, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og annarra hliðstæðra samtaka." Þál. var send heilbr.- og trmrn. með bréfi Alþingis, dags. 19. maí 1993. Í kjölfar tilnefningar frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, umhyggjufélagi til stuðnings sjúkum börnum. Tryggingastofnun ríkisins skipað heilbr.- og trmrh. 21. okt. 1993 nefnd sem falið var að gera tillögur í samræmi við efni þáltill. Í nefndinni áttu sæti Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbr.- og trmrn., formaður Ingibjörg H. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins, Jóhanna Guðbrandsdóttir, gjaldkeri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og Guðrún Ragnar, barnahjúkrunarfræðingur og formaður Umhyggju þáverandi.

Nefndin hóf störf 10. jan. 1994 og skilaði heilbr.- og trmrh. áliti 2. mars 1995. Nefndin hagaði störfum sínum þannig að annars vegar aflaði hún upplýsinga um réttarstöðu langsjúkra barna hér á landi og í helstu nágrannalöndum. Hins vegar aflaði nefndin upplýsinga hjá foreldrahópum langsjúkra barna og gaf þeim kost á að lýsa viðhorfum sínum til réttarstöðu þessa hóps, einkum með hliðsjón af því hvað þeir teldu að betur mætti fara. Nefndarálitið hefur að geyma ítarlega samantekt á réttarstöðu langsjúkra barna, lýsingu á réttindum aðstandenda langsjúkra barna á Norðurlöndum, samantekt á athugasemdum fulltrúa ýmissa foreldrahópa sjúkra barna ásamt tillögum nefndarinnar til úrbóta. Í fskj. I með nefndaráliti er samantekt yfir helstu sjúkdóma sem hrjá börn og afstöðu foreldrafélaga. Í fskj. II er stutt samantekt um afstöðu skólakerfisins til langsjúkra barna.

Heilbrrh. hefur látið dreifa ljósriti þessa nefndarálits til allra þingmanna til fróðleiks og kynningar. Í kjölfar nefndarálitsins greip þáv. heilbrrh. til eftirfarandi aðgerða:

Hann ritaði Tryggingastofnun ríkisins bréf og vakti athygli stofnunarinnar á þeim athugasemdum sem gerðar voru við þjónustu stofnunarinnar, framkvæmd greiðslu umönnunarbóta og margvíslega skriffinnsku sem foreldrar töldu vera óþarfa í samskiptum við stofnunina.

Mér er kunnugt um að Tryggingastofnun ríkisins brást skjótt við. Forstjóri stofnunarinnar hefur haldið fundi með fulltrúum Foreldrafélags langsjúkra barna með það fyrir augum að bæta þjónustu stofnunarinnar við þennan hóp. Ritaði menntmrh. bréf og vakti athygli hans á því hvað fulltrúar foreldra langsjúkra barna hafa beint miklum kvörtunum til skólakerfisins. Mér er ekki kunnugt um viðbrögð menntmrn. vegna þessa.

Ráðherra skipaði nefnd með fulltrúum frá heilbr.- og trmrn., landlækni, Læknafélags Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samtökum heilbrigðisstétta og Neytendasamtökunum sem falið var að kanna hvort setja þurfi sérstök lög um réttindi sjúklinga. Nefndinni var sérstaklega falið að ræða ítarlega við fulltrúa sjúklingahópa til að kynnast viðhorfum þeirra til réttinda sjúklinga og hvernig þau verða best tryggð.

Ég hef nýlega óskað eftir því við formann nefndarinnar að starfi nefndarinnar verði hraðað miðað við það sem upphaflega var áætlað því að ég hef í hyggju að leggja fyrir Alþingi í byrjun næsta árs frv. til laga um réttindi sjúklinga. Ég hef óskað eftir því að þar verði sérstaklega fjallað um réttindi langsjúkra barna.

Þá hefur heilbr.- og trmrn. verið að undirbúa samræmingu á réttindum langsjúkra barna annars vegar og fatlaðra barna hins vegar. Í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, í IX. kafla er sérstaklega fjallað um málefni barna og fjölskyldna sérstaklega og þessum aðilum tryggður ákveðinn réttur.

Í umræddu nefndaráliti var á það bent í tillögum til úrbóta að óeðlilegt misræmi virtist vera milli réttarstöðu fatlaðra sjúkra barna annars vegar og langsjúkra barna hins vegar. Af þessum sökum er nú í undirbúningi í ráðuneytinu samræming á þessum réttindum. Ég hef lagt áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað svo sem kostur er.

Eins og ég hef áður sagt er í fyrrnefndu nefndaráliti lagðar fram margvíslegar tillögur til úrbóta. Er ég kom í heilbr.- og trmrn. hafði fyrrv. heilbrrh. þegar ákveðið viðbrögð við nokkrum þessara tillagna. Ég ákvað að sú vinna héldi áfram með þeim hætti sem þegar hefur verið ákveðið að öðru leyti en því að ég hef óskað eftir því við nefndina sem fjallar um sjúklinga að hún ljúki störfum ekki síðar en fyrir áramót.

[14:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst vegna þess að sú þáltill. sem hér hefur verið nefnd var á sínum tíma flutt af mér og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og við höfum fylgst mjög vel með því nefndarstarfi sem átti sér stað og þeim tillögum til úrbóta sem síðan hafa komið frá ráðuneytinu. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau viðbrögð sem hún hefur sýnt síðan hún tók við þessu ráðuneyti. Ég hef átt samtöl við fulltrúa flestra þeirra foreldrasamtaka sem þarna eiga hlut að máli og mér sýnist að það sé ánægja á flestum sviðum með að tekið verði á þessum málum. Þau dreifast að vísu yfir á fleiri ráðuneyti því að hluti af þessum málum fellur að því er

mér skilst undir endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra.

Mig langar líka til að þakka Alþfl. sérstaklega fyrir það að hleypa inn af og til varamönnum sem sýna heilbrigðismálum svona mikinn áhuga og hefði gjarnan viljað sjá samsvarandi áhuga á síðasta kjörtímabili.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir greinargóð svör um það sem verið er að framkvæma í málefnum langsjúkra barna innan heilbrrn. og að hún skuli hafa látið þetta mál fá þann forgang og stuðlað að því að þarna hafi skapast samfella í þeirri vinnu sem fram fór og það er ánægjulegt að sú vinna muni halda áfram.

Það voru samt sem áður einstaka spurningar sem ráðherra svaraði ekki af þeim sem ég beindi til hennar. Ég fagna því sérstaklega að það eigi að leggja fram frv. um réttindi sjúklinga, það er þarft mál og gott. Ef það verður samþykkt á yfirstandandi þingi sé ég ekki við lestur fjárlagafrv. að mikið svigrúm skapist til þess að bæta úr málum í þá veru sem nefndin hefur lagt til að verði gert. Ég beindi sérstakri spurningu til hæstv. ráðherra um það hvort vænta megi að ríkisstjórnin leggi í það sérstakt fjármagn á næsta ári að bæta úr réttarstöðu þessara barna.

Auk þess hefði ég gjarnan viljað heyra um það skýrari svör hvort hæstv. félmrh. hefur haft áform um það í samráði við heilbrrh. að hefja vinnu við þessa endurskoðun á félagslegum réttindum þessara barna því vissulega tengist það fleiri ráðuneytum en heilbrrn. Síðast en ekki síst hefði ég gjarnan viljað heyra svör um það hvort ráðherra hefði áform um í samræmi við það nefndarálit sem liggur fyrir að breyta réttarstöðu þessara langveiku barna á þann veg að þau verði hugsanlega metin til örorku þannig að þau njóti og muni koma til með að njóta réttinda sem fötluð börn njóta.

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er verið að undirbúa lagasetningu um langsjúk börn. Verði breytt lögum varðandi langveik börn þá verður að sjálfsögðu farið að lögum og það kann að kosta meiri peninga en stendur í fjárlögum. En ég fullyrði að það verður góð samvinna milli mín og félmrh. um þessi málefni.

Geymsla forngripa á byggðasöfnum.

Fsp. ArnbS, 28. mál. — Þskj. 28.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Í III. kafla þjóðminjalaga er fjallað um fornminjar og er þar gerður greinarmunur á fornleifum annars vegar og forngripum hins vegar sem fjallað er um í 26.–28. gr. laganna. Í 26. gr. er fjallað um hvernig fara skuli með ef forngripir finnast. Þá hljóðar 3. mgr. 26. gr. svo, með leyfi forseta: „Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjaráð úr.“ 7. gr. þjóðminjalaga hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.“ Í 4. mgr. 7. gr. segir enn fremur, með leyfi forseta: „Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung.“ Að lokum, með leyfi forseta, hljóðar 2. mgr. 4. gr. svo: „Á hverju minjasvæði skal starfa einn minjavörður. Hlutverk minjavarða er að hafa umsjón með menningarminjum og fornleifavörslu, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu eða fornleifafræði.“

Í hinum tilvitnuðu greinum kemur ótvírætt fram hlutverk og skyldur byggðasafna við byggðarlög og landsfjórðung. Einnig virðist skýrt að hlutverk minjavarða er m.a. skráning og eftirlit með fornminjum. Í 26. gr. er gert ráð fyrir að forngripir skuli varðveittir m.a. í byggða- eða minjasöfnum. Hins vegar er einnig gert ráð fyrir að upp geti risið ágreiningur um það hvar forngripir skuli varðveittir og sker þá þjóðminjaráð úr.

Ég spyr því hæstv. menntmrh.:

„Hvaða reglur gilda um það hvenær heimilt er að geyma forngripi í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni skv. 26. gr. þjóðminjalaga?

Telur ráðherra eðlilegt að styrkja starfsemi viðkomandi byggðasafna með því að heimila þeim geymslu á forngripum sem finnast í nágrenni þeirra?“

Fyrirspurn mín er ekki síst tilkomin vegna þeirra forngripa sem fundust nú nýverið í landi Eyrarteigs í Skriðdal. Komið hefur fram mjög ákveðinn vilji starfsmanna Minjasafns Austurlands til að fá að varðveita í minjasafninu þá muni er fundust í kumlinu. Einnig hefur bæjarráð Egilsstaðarbæjar ályktað um málið og styður heils hugar starfsmenn safnsins í viðleitni þeirra. Það hlýtur að teljast styrkur fyrir staðbundið minjasafn að varðveita og hafa til sýnis fyrir almenning svo merkilega gripi sem hér um ræðir. Það hlýtur einnig að vera umhugsunarefni hvort ekki er rétt að fornminjar verði til sýnis sem næst uppruna sínum til þess að hægt sé að gera sér betur grein fyrir menningu og sögu héraðanna. Ég tel því nauðsynlegt að um þetta efni komi fram álit hæstv. menntmrh., sem fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu.

[14:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: Hvaða reglur gilda um það hvenær heimilt er að geyma forngripi í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni skv. 26. gr. þjóðminjalaga?

Samkvæmt þessari grein þjóðminjalaga eru allir forngripir, þ.e. lausar fornminjar 100 ára eða eldri, eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef kemur upp ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi hefur þjóðminjaráð úrskurðarvald. Engar ákveðnar reglur hafa verið mótaðar um það hvenær forngripir eru geymdir í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Einstaka safngripir úr safnkosti Þjóðminjasafns Íslands hafa verið lánaðir í lengri eða skemmri tíma á ákveðnar sýningar eða til safna. En eingöngu tvö dæmi eru þess að forngripir sem komið hafa upp við fornleifauppgrefti séu varðveittir annars staðar en í Þjóðminjasafni Íslands. Í menntmrn. er stefnt að því að móta reglur um þetta efni í samráði við starfsmenn þjóðminjavörslunnar.

Í öðru lagi er spurt: Telur ráðherra eðlilegt að styrkja

starfsemi byggðasafna með því að heimila þeim geymslu á forngripum sem finnast í nágrenni þeirra?

Ekki er óeðlilegt að starfsemi byggðasafna verði styrkt með því að heimila þeim þegar svo ber undir að geyma forngripi sem finnast í nágrenni þeirra. Þar yrði formlega um langtímalán á forngripum úr safnkosti Þjóðminjasafns Íslands til viðkomandi minjasafns að ræða.

Til þess að geta fengið forngripi til varðveislu þyrfti að setja byggðasöfnunum ákveðin og ströng skilyrði, t.d. um húsakost, sýningaraðstöðu og faglega getu þeirra til að annast slíka gripi sem margir hverjir eru þjóðargersemar.

[14:14]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Hæstv. ráðherra hefur svarað fyrirspurninni. Ég les út úr svari ráðherra ótvírætt jákvæðar undirtektir við því að geyma megi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fornminjar á minjasöfnum eða byggðasöfnum í landinu og ég tel það raunar vera sjálfsagt mál og í anda laganna sem kveða beinlínis á um að slíkt sé heimilt.

Í því tilviki sem er tilefni þessarar fyrirspurnar liggur það fyrir að aðstæður allar til vörslu á nýlega fundnum fornminjum eru ákjósanlegar í Minjasafni Austurlands á Egilsstöðum sem hefur verið svo lánsamt að fá einnig starfsmenn sem eru vel færir um að sinna þessu verki, auk minjavarðar, sem aðstoðar söfnin almennt á Austurlandi.

[14:15]

Tómas Ingi Olrich:

Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og ráðherra fyrir svörin. Ég vil í þessu sambandi minna á ályktun þingsins um safn þjóðminja á Hólum sem var samþykkt fyrir nokkrum árum og undirstrika það í örstuttu máli að hlutur þjóðminja í þróun og starfsemi safna úti á landi hefur ekki verið nógu mikill og þar af leiðandi ekki nógu mikill í þróun ferðaþjónustunnar í heild. Auk þess ber að geta þess að áhugi sveitarfélaga á safnastarfsemi hefur verið mjög mikill víða um landið og það væri því mjög skynsamlegt að heimila varðveislu þjóðminja á söfnum landsins, að gefnum skilyrðum að sjálfsögðu, til þess að virkja þennan áhuga sveitarfélaganna í þágu þjóðminjavörslu. Ég legg því áherslu á að ég tel að þetta sé bæði nauðsynlegur þáttur í almennri stefnumörkun í ferðaþjónustunni og einnig til þess að ýta undir virkari starfsemi í vörslu þjóðminja svo að hægt væri að virkja áhuga sveitarstjórnarmanna og landsbyggðarinnar í þessum efnum.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör og les það út úr svörum hans að hann telji þetta varða uppbyggingu og styrkingu minja- og byggðasafna. Það er einkum þrennt sem ég tel mikilvægt varðandi uppbyggingu minjasafna. Í fyrsta lagi hafa þessi söfn ótvírætt menningargildi og í öðru lagi vil ég nefna gildi fyrir ferðaþjónustu. Eins og fram hefur komið er verið að taka í notkun glæsilegt safnahús á Egilsstöðum og hvað þær minjar er fundust í Skriðdal varðar á það að vera svo búið að geta varðveitt slíka hluti.

Í lögunum er kveðið á um úttekt þjóðminjaráðs á safnahúsum þannig að væntanlega yrðu gerðar þær kröfur og þau skilyrði uppfyllt sem þjóðminjaráð setur varðandi húsnæði. Einnig eru gerðar faglegar kröfur til minjavarða. Þessum þáttum hefur auðvitað verið misjafnlega fyrir komið og ég tel það ákaflega mikilvægt að sem mest af þessum munum og minjum sé varðveitt sem næst uppruna sínum. Og með tilvísan til þess get ég enn nefnt dæmi um einkennilega ráðstöfun. A.m.k. er það svo í augum heimafólks á Seyðisfirði. Þegar Póstur og sími flutti í nýtt hús á Seyðisfirði gaf stofnunin gamla húsið eða hið svonefnda Wathneshús til tækniminjasafns á Austurlandi. Í þessu húsi var fyrsta símstöðin á landinu og þar kom sæstrengurinn frá Evrópu í land fyrst á Íslandi. En Póstur og sími valdi síðan að rífa út allar innréttingar, tæki og tækni sem tengdust upphafi símans hér á landi úr upprunalega húsinu og flytja það til Hafnarfjarðar í hús sem ekki er í neinu samhengi við sögu símvæðingar hér á landi og ætlar að byggja þar upp símaminjasafn.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til hæstv. menntmrh. og tel mikilvægt að þessi sjónarmið hafi komið hér fram á hinu háa Alþingi.

[14:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þau ummæli sem hér hafa komið fram í umræðunum. Þau hníga í sömu átt og svar það sem ég gaf að það sé eðlilegt að fornminjar séu geymdar og hafðar til sýnis á heimaslóðum, ef aðstæður leyfa, eða í sem nánustu tengslum við það umhverfi þar sem þær fundust. Í þeim anda vænti ég að þær reglur verði settar sem um var rætt í svari mínu, þannig að góð samstaða náist um það að hrinda málinu í framkvæmd með þeim hætti.

Tilraunasveitarfélög.

Fsp. ÁÞ, 39. mál. — Þskj. 39.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. til félmrh. um tilraunasveitarfélög og spyr hvað líði samningum við þau fjögur sveitarfélög sem hafa óskað eftir því að vera tilraunasveitarfélög og yfirtaka þjónustu við fatlaða. Þessi sveitarfélög eru: Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar og Vesturbyggð. Telur hæstv. ráðherra að samningar um tilflutning á þjónustu við fatlaða verði frágengnir í öllum sveitarfélögunum fjórum þann 1. jan. 1996 eða eru einhverjar þær blikur á lofti sem geta leitt til þess að það markmið náist ekki? Og ef svo er, á hverju stranda þá samningar?

Því er ekki að leyna að álit margra sem að þessum málefnum starfa er það að ef af tilflutningi þessarar þjónustu á að verða um áramótin, verða samningar að liggja fyrir nú á allra næstu dögum og hefðu í raun þurft að hafa legið fyrir fyrir nokkru síðan. Því er afar brýnt að fá svör við því hverju fólk má búast við, á hverju það megi eiga von 1. jan. nk. Það er brýnt bæði fyrir skipuleggjendur þjónustunnar og ekki síst fyrir notendur hennar, þ.e. þá fatlaða sem í umræddum sveitarfélögum búa.

Á undanförnum fjórum árum hefur verið unnið markvisst að því af stjórnvöldum og hagsmunasamtökum fatlaðra að færa sem flest velferðarverkefni sem tengjast fötluðum til sveitarfélaganna. Við höfum talið þetta vera hluta af því jafnrétti sem við stefnum að hér í samfélaginu og teljum það eðlilegt að sveitarfélög standi að velferðarþjónustu við þennan hóp íbúa eins og aðra. Því er okkur það brýnt að það

verði ekkert gert sem geti lagt stein í götu þeirrar þróunar sem við höfum vonast eftir að sjá.

Ég endurtek spurningu mína: Eru einhverjar þær blikur á lofti sem gætu leitt til þess að þessi mál gengju ekki eftir?

[14:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Lögin um reynslusveitarfélög eru nr. 82/1994. Samkvæmt heimild í þeim valdi þáv. félmrh. í lok júní á síðasta ári á grundvelli umsókna 12 sveitarfélög til að verða reynslusveitarfélög, þ.e. Reykjanesbæ, Hafnarfjörð, Garðabæ, Reykjavík, Borgarbyggð, Snæfellsbæ, Dalabyggð, Vesturbyggð, Akureyri, Neskaupstað, Hornafjarðarbæ og Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögunum um reynslusveitarfélög er félmrh. heimilt að að fela reynslusveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða, en hliðstæð heimild var reyndar fyrir í lögum um málefni fatlaðra. Það sem liggur að baki þessari heimild er sú trú að það geti haft bæði hagræðingu og bætta þjónustu í för með sér að ábyrgð á málaflokknum færist yfir á eina hendi, þ.e. til sveitarfélaga, í stað þess að bæði ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á þjónustu við fatlaða eins og nú er.

Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda, þá sóttu fjögur reynslusveitarfélög um þetta verkefni, Reykjavík, Vesturbyggð, Akureyri og Vestmannaeyjar, en áður en reynslusveitarfélag getur yfirtekið þjónustu við fatlaða þarf það að útfæra á hvern hátt það muni veita þjónustuna og hvernig skipulag þjónustunnar verður samþætt stjórnkerfi þess. Reglur hvers reynslusveitarfélags um þetta munu verða í formi sérstakrar samþykktar sveitarfélagsins sem þarf að hljóta staðfestingu félmrh. og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Að undanförnu hafa sveitarfélögin unnið að útfærslu hugmynda sinna um yfirtöku málaflokksins. Jafnframt hafa átt sér stað viðræður milli þeirra og félmrn. um fjármögnun. Hefur félmrn. lagt fram drög að samningum sem sveitarfélögin hafa til skoðunar og sum skilað inn svörum. Það er gert ráð fyrir því að fljótlega muni skýrast hvort samkomulag muni nást milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun. Ég vona svo sannarlega að samkomlag náist og ég vænti þess að þetta mál sé í eðlilegum farvegi. Til að hraða verkefninu enn frekar hef ég ákveðið að bæta vinnukrafti í reynslusveitarfélagaverkefnið og fékk í morgun mjög hæfan og duglegan mann til þess að taka að sér þar tímabundið starf.

[14:26]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Það er afar brýnt að ekkert komi fram sem tefji það að verkefnatilflutningur varðandi málefni fatlaðra geti átt sér stað með eðlilegum hætti til sveitarfélaganna. En því miður, virðulegi forseti, tel ég ástæðu til þess að ætla að sú stefnubreyting sem fram kemur nú í fjárlögum varðandi málefni fatlaðra geti haft veruleg áhrif á framvindu þessara mála og torveldað að samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga í þessu máli. Það er verið að skerða framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra um 150 millj. kr. Það var samstaða um það hér á Alþingi 1991 þegar sú stefna var mörkuð að setja fleiri verkefni yfir á Framkvæmdasjóðinn, að setja það sem skilyrði að tekjur erfðafjársjóðs rynnu óskertar í sjóðinn. Nú hefur orðið veruleg breyting þar á. Við erum með biðlista af fötluðum, 500–600 manns, sem bíða eftir búsetuúrræðum. Þetta mun færast yfir á sveitarfélögin á sama tíma og verið er að skerða sjóðinn þannig að það er ástæða til að spyrja um það, hvort þessi stefnubreyting muni ekki hafa áhrif á framvindu þessara mála.

[14:27]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu og stóru máli. Það er að sönnu rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að áhyggjur eru nokkrar af því hvort raunverulegur vilji sé af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að hrinda þessu stóra máli í framkvæmd. Því vil ég þakka það að svo virðist sem hæstv. félmrh. sýni raunverulegan áhuga og ætli að klára það mál.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að nefna það hér í þessari umræðu, þó að það eigi ekki við þessa tilteknu fyrirspurn, að opinberar hugmyndir heilbrrh. um fyrirkomulag heilsugæslu á landinu ganga fullkomlega þvert á anda laganna um reynslusveitarfélög sem kveða á um að flytja verkefni á vettvangi heilsugæslu til reynslusveitarfélaga. Nýjar hugmyndir ráðherrans ganga hins vegar í allt aðrar áttir, nefnilega að auka miðstýringu þar sem sveitarfélögin sem slík koma hvergi nærri. Það er kannski ekki síst á þeim vettvangi sem maður hafði áhyggjur, en það er þó fagnaðarefni að einhver hæstv. ráðherra Framsfl. ætlar að fylgja lögum í landinu.

[14:28]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þær spurningar sem hér voru fram bornar. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort í þeim 10% sem talin er vera aukning á framlögum til málefna fatlaðra sé ekki um að ræða tilfærslur frá heilbr.- og trmrn. upp á 65,5 millj. sem áður komu til vegna 37 einstaklinga á Kópavogshæli. Hér er um tilfærslu að ræða en ekki beina hækkun.

[14:29]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á málaflokknum reynslusveitarfélög sem var mjög til umræðu við sameiningu sveitarfélaga á sl. ári. Mjög mörg merkileg verkefni munu fara til sveitarfélaganna og ég hef fylgst með þessu verkefni í gegnum formann nefndarinnar, Gunnar Hilmarsson. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá honum og nefndinni, þá verður staðið við að sveitarfélögin fái þau verkefni sem þeim var lofað og voru forsendan fyrir því að mörg sveitarfélög fóru út í sameiningu. Og eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá hæstv. félmrh. þá verður einnig af hans hálfu staðið við allt það sem þar hefur verið sagt þannig að ég hef fyllstu ástæðu til þess að ætla það að þetta mál sem önnur verði efnd á þann hátt sem lofað var af fyrrv. félmrh. sem beitti sér hart í samningamálum á sínum tíma og eins af þeim sem tekur við þeim málaflokki í dag.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið og fagna því innilega að aukinn kraftur skuli hafa verið settur í þetta mál. Hins vegar er mér samt ekki fyllilega rótt eftir þau svör sem ég hef fengið. Ég hef til að mynda haft fregnir af því og hef mjög sterk rök fyrir því að Reykjavíkurborg muni ekki taka að sér þetta verkefni sem tilraunasveitarfélag 1. jan. nk. ef fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram á Alþingi, verður ekki breytt. Það eru alveg skýrar línur frá félagsmálayfirvöldum borgarinnar. Það þarf því að breytast mikið ef þetta verkefni á að verða að veruleika. Það sama gildir um félagsmálayfirvöld á Akureyri en þær fréttir koma þaðan að verði þetta frv. samþykkt á Alþingi í óbreyttu

formi muni Akureyrarbær ekki taka við málefnum fatlaðra.

Ég vil einnig fá að nefna að þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í málefnum fatlaðra á síðustu áratugum er uppbyggingu þar þó engan veginn lokið og því verður að gera *nákvæma raunhæfa fjárhagsáætlun um það hvernig á* að standa að áframhaldandi uppbyggingu. Um það þarf að nást góð samvinna milli ríkis og sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðra um það hvaða þjónustu eigi að flytja og hvaða fjármagn eigi að flytja. Það verður aldrei of oft undirstrikað að *kostnaðarliðurinn má ekki gleymast, það verður* að tryggja sveitarfélögunum tekjustofna til að standa straum af auknum útgjöldum vegna nýrra verkefna. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hefur verið náð sátt við sveitarfélögin um það hvernig eigi að fjármagna framtíðaruppbyggingu sem er enn þá ólokið í þessum *málaflokki og að lokum, hefur verið* haft samráð við fulltrúa hagsmunaaðila í þessu brýna máli?

[14:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Málefni fatlaðra fá á næstu fjárlögum samkvæmt fjárlagafrv. 2 milljarða 99 millj. og 200 þús. Það er hækkun um 183 millj. og það kann að vera sú stefnubreyting sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að tala um. Það er hækkað milli ára um 10% (Gripið fram í.) til málefna fatlaðra. Það hækkar um 10% og það er meira en verðbólgan. Af þessum 183 millj., sem hækkunun er, fara 65,5 millj. beinlínis út af yfirtökunni á Kópavogshælinu. Það er hægt að segja að það sé millifærsla frá heilbrrn.

Ég er ráðinn í því að reyna að klára þetta verkefni, þ.e. ég get náttúrlega ekkert fullyrt um það að samningar takist en það er ekkert sem hefur komið fram sem ég veit um sem bregður fæti fyrir það og einmitt í því skyni — af því að tíminn er að styttast — er ég að setja aukinn kraft í verkefnið og réði í morgun fyrrv. sveitarstjóra á Súðavík, Jón Gauta Jónsson, sem við í félmrn. þekkjum af einstökum dugnaði til þess að aðstoða okkur við þetta verkefni á næstu vikum.

Mér brá nokkuð við að heyra fregnir af því að Reykjavíkurborg ætlaði ekki að ganga til samninga. Ég bíð eftir svörum frá forráðamönnum Reykjavíkurborgar. Ég tel að það séu bærir aðilar til þess að svara fyrir sig þar og þurfi ekki að leita til hv. 9. þm. Reykv. um það efni. Ég ætla bara að biðja hv. þm. jafnvel þó að þeir séu veiðibráðir að vera ekki að reyna að sprengja þetta verkefni upp.

Málefni fatlaðra.

Fsp. ÁÞ, 40. mál. — Þskj. 40.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Það má segja að þessi fsp. mín sé tengd þeirri fyrstu mjög náið en hún varðar áform hæstv. félmrh. um endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra. Ég get upplýst það, og ég reikna með að ráðherra sé kunnugt um að það eru ákvæði í núgildandi lögum um málefni fatlaðra að þau skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku. En lögin tóku gildi 2. júní 1992. Í þessu sama ákvæði er sagt að lögin skuli endurskoðuð með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40 frá 1991. Nú þegar hafinn er undirbúningur að endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og ríkisstjórnin hefur boðað að frv. um breytt lög verði lagt fram á þessu Alþingi vil ég spyrja hæst. félmrh. hvort einhver undirbúningur er hafinn á endurskoðun laga um málefni fatlaðra, ekki síst vegna þess að í títtnefndu ákvæði laga um málefni fatlaðra segir að endurskoðunin skuli m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Því er það vandséð að hægt sé að endurskoða önnur lögin án þess að vinna að endurskoðun þeirra síðarnefndu samhliða.

[14:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi upplýsti eru í bráðabirgðaákvæði II í lögunum um málefni fatlaðra kveðið svo á að þau skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra og þau eru frá 19. maí 1992 — með hliðsjón af *endurskoðun laga um félagsþjónustu* sveitarfélaga, sem eru nr. 40 frá 1991.

Hugmyndin sem bjó að baki var sú að innan fjögurra ára frá gildistöku laganna yrði m.a. stefnt að því að auka ábyrgð sveitarfélaga um málefni fatlaðra. Í athugasemdum frv. var tekið fram að rétt þyki að þessu atriði verði sérstakur gaumur gefinn við endurskoðun laganna, m.a. með hliðsjón af þróun sveitarfélaga, einkum þeirri sameiningu sveitarfélaga sem kunni að eiga sér stað á tímabilinu. Þá hugsuðu menn sér að fjögur ár væri hæfilegur tími í þessu sambandi.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40 frá 27. mars 1991, segir að þau lög skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Hugmyndin að baki var sú að rétt væri að meta reynsluna af þeim nýju lögum innan fimm ára gildistíma. Með undirbúning frv. *til laga um málefni fatlaðra þótti rétt að endurskoðun* þeirra laga yrði samferða endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum til bráðabirgða í lögunum um málefni fatlaðra og í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga þarf endurskoðun beggja þessara laga að hefjast á fyrri hluta árs 1996.

Ég er þegar farinn að undirbúa endurskoðun þessara laga og er kominn í stellingar til að setja þá vinnu í gang en ég hef viljað doka að taka hitt skrefið fyrst því að þetta er tengt, þ.e. að sjá fyrir endann á reynslu sveitarfélaga, hvort að þær vonir sem ég bind við reynslusveitarfélagaverkefnið ganga upp áður heldur en farið er að ganga í hitt verkefnið. En að sjálfsögðu reyni ég að standa við þau ákvæði sem eru í þessum lögum og ég mun að sjálfsögðu leita víðtæks samráðs um málið við marga aðila.

[14:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að það er mjög brýnt að fram fari samhliða endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra. Við höfum auðvitað bundið vonir við að hægt væri að efla lögin um félagsþjónustuna og koma á hér heilsteyptri félagsmálalöggjöf og hverfa frá sérlögum sem við höfum t.d. um málefni aldraða og fatlaðra en ég sé ekki miðað við þá stöðnun sem mér finnst koma fram hjá ríkisstjórninni í þessum málaflokkum að það sé á næsta leiti.

Ég vil nota tækifærið af því að ég gat ekki gert athugasemd við ræðu hæstv. félmrh. áðan um fsp. um málefni fatlaðra að hæstv. ráðherra fór með villandi upplýsingar þegar hann talar um 180 millj. kr. aukningu í þennan málaflokk. Hér er um að ræða töflur sem eru settar upp á mismunandi verðlagi, verðlagi hvers árs, en ráðherra leyfir sér að draga

þetta bara frá og fá út úr þessu 180 millj. þegar við erum ekki að tala um sambærilegt verðlag. Hér er því um enga aukningu að ræða og mér finnst alvarlegt þegar að ráðherra fer fer í ræðustól með svona villandi tölur sem sýnir enga raunaukningu í þessum málaflokki.

[14:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér fannst koma fram áðan í máli hæstv. ráðherra að hann talaði í öðru orðinu um að bíða eftir þeirri reynslu sem fengist af reynslusveitarfélögunum í heilt ár og í hinu að vera í startholunum með endurskoðun laganna um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðra. Ég vil því spyrja hvort það væri ekki eðlilegt að fresta gildistöku þessa endurskoðunarákvæðis um að minnsta kosti eitt ár til þess að geta byggt á þeirri reynslu sem fæst og vera ekki með endurskoðun samhliða og þurfa síðan jafnvel að breyta lögunum aftur eftir að reynslan liggur fyrir og reynslusveitarfélögin hafa starfað í eitt ár. Það þarf minnsta kosti að gefa þeim eitt ár til þess að marktæk reynsla fáist, jafnvel lengri tíma.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):

Herra forseti. Ég byrja á að þakka ráðherra aftur fyrir að reyna að svara spurningum mínum. Jafnframt þakka ég þeim hv. þm. sem að hafa látið sig málið varða og sýnt því þá umhyggju sem málinu ber. Ég er samt því miður ekki rórri en þegar ég kom í pontu áðan því að ég hef staðfestan grun um það að verulegur hnútur sé kominn í þessi mál varðandi tilfærslu verkefna til sveitarfélaganna. Það er ekki verið að hleypa neinu í loft upp en þeir sem eiga að taka við þjónustunni hafa auðvitað af því áhyggjur að það eigi að setja þennan viðkvæma málaflokk yfir á herðar þeirra, nánast berstrípaðan fjármagni og það eru ekki bara þeir sem eiga að taka við þjónustunni, það eru líka þeir sem eiga að njóta hennar sem að hafa áhyggjur af því. En ég fagna því að endurskoðun laga um málefni fatlaðra er á dagskrá í félmrn. en ég tek aftur skýrt fram að ég tel að miðað við þá áherslu sem hefur verið lögð á það að velferðarmál flytjist til sveitarfélaga, þá líka velferðarmál fatlaðra, að þessi tvö mál verði unnin samhliða í ráðuneytinu. Ég undirstrika að það hefur verið eindregin krafa frá hagsmunasamökum fatlaðra að þessi leið verði farin en það hefur jafnframt verið mjög skýrt tekið fram af hálfu þeirra að það megi alls ekki verða til þess að þjónusta við þennan viðkvæma þjóðfélagshóp verði skert að neinu leyti. Við vitum það öll sem höfum talað í dag að grundvöllur þess að vönduð þjónusta verði í boði er fjármagn. Því skora ég á hæstv. félmrh. að hann beiti sér þannig í málinu að allt þetta fari saman, endurskoðun laganna, nauðsynlegt fjármagn og undirbúningur að þessu viðkvæma verkefni.

[14:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Fyrst um athugasemd hv. 13. þm. Reykjavíkur, Jóhönnu Sigurðardóttur. Mér finnst dálítið örðugt að rökræða við hv. þm. þessa dagana. Hún talar um stöðnun í málaflokknum. Það er algert rangmæli. Það er veruleg aukning á fjármagni til málaflokksins og fyrirhuguð er aukin þjónusta við fatlaða á næsta ári. Varðandi athugasemd hv. 5. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, þá misskildi hún mig e.t.v. eitthvað. Ég talaði um að ég vildi sjá hvort að samningarnir tækjust. Ef að svo illa færi að samningar tækjust ekki og sveitarfélögin vildu ekki taka við þessum málaflokki þá verður að hugsa málið með nokkuð öðrum hætti. Ég reiknaði með því að standa við þetta fjögurra ára ákvæði, þ.e. að koma endurskoðuninni á á réttum tíma. Ég óttast að þarna séu atriði sem komi inn í þessa endurskoðun sem þoli ekki bið, þ.e. að óskynsamlegt sé að fresta að því leyti til. Á hinn bóginn er auðvitað hárrétt hjá 5. þm. Suðurl. að það væri gott að vera búinn að fá einhverja reynslu af hvernig þetta virkaði svo framarlega að samningar takist.

Ég vil taka fram að þessi málaflokkur verður ekki settur berstrípaður af fjármagni til sveitarfélaganna. Sveitarfélögunum stendur til boða að fá viðbótarfjármagn til þess að reka þennan málaflokk, þ.e. þeim stendur það til boða að fá hliðstætt eins og þau hafa fengið á þessu ári og þau ættu að geta gert sér verulega mikið úr því með samrekstri á sinni þjónustu sem þau reka nú í dag og því sem að þau taka við.

Út af dagskrá voru tekin 2., 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 14:48.

---

9. FUNDUR

fimmtudaginn 12. okt.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Opinber fjölskyldustefna, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
2. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
3. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.
5. Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
6. Ólöglegur innflutningur fíkniefna, þáltill., 62. mál, þskj. 62. — Fyrri umr.
7. Græn ferðamennska, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Menningar- og tómstundarstarf fatlaðra, 71. mál, þáltill. MF, þskj. 71.

Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, 72. mál, þáltill. LG og ÁRJ, þskj. 72.

Styrkveitingar úr Menningarsjóði útvarpsstöðva, 69. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 69.

Tekjur ríkissjóðs af skráningu flugvéla og kaupskipa á Íslandi, 70. mál, fsp. GHall, þskj. 70.

Tollalög, 68. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 68.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Tilkynnt hefur verið með bréfi að á fundi efh.- og viðskn. í dag hafi Vilhjálmur Egilsson verið kjörinn formaður nefndarinnar og Ágúst Einarsson varaformaður.

Enn fremur hefur verið tilkynnt að á fundi sjútvn. í gær hafi Steingrímur J. Sigfússon verið kjörinn formaður nefndarinnar og Árni R. Árnason varaformaður.

Opinber fjölskyldustefna, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[10:34]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 16 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Eins og fram kemur í greinargerð er tillagan efnislega samhljóða tillögu sem undirrituð flutti sl. vetur í nafni ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Tillagan er jafnframt unnin á vegum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar. Ég vek athygli á að sú nefnd er ein stærsta nefnd sem hefur verið sett á laggir af hálfu opinberra aðila og ætla má því að um tillöguna sé breið pólitísk samstaða í þjóðfélaginu þar sem fulltrúar í nefndinni koma frá fjölda ólíkra félagasamtaka og stofnana.

Milli þáv. stjórnarflokka náðist sátt um að till. þessi til þál. yrði flutt á Alþingi. Hún var lögð fram á þinginu í febrúar og komst nokkrum sinnum á dagskrá þingsins án þess þó að fást rædd. Ég tel að full þörf sé á því, virðulegi forseti, að íslensk stjórnvöld móti sér stefnu í málefnum fjölskyldunnar.

Á hátíðarstundu er því gjarnan haldið fram að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins og kjölfestan í lífi mannsins. Það virðist liggja í augum uppi að stjórnvöld móti opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar því enginn einn stjórnvaldshafi, ráðherra eða ráðuneyti ber ábyrgð á málefnum fjölskyldunnar öðrum fremur. Hagsmunir fjölskyldunnar virðast hvorki vera viðurkenndur sjónarhóll við lagasetningu né við ákvarðanir og afgreiðslur stjórnsýslunnar. Hins vegar hafa opinberir aðilar leitast við að marka stefnu í ýmsum málaflokkum sem vissulega hafa áhrif á aðstæður og afkomu fjölskyldunnar svo sem í heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum.

Sjónarmið heildarsýnar eru framandi í umræðu um velferðarkerfið þar sem aldrei hefur verið gerð tilraun til þess að meta það í heild sinni og leggja dóm á hvernig einstakir þættir þess spila saman. Þaðan af síður hefur verið gerð tilraun til að greina áhrif velferðarkerfisins á fjölskylduna með tilliti til þeirra verkefna sem henni er ætlað að sinna í nútímaþjóðfélagi.

Hið opinbera velferðarkerfi hefur orðið til í tímans rás og grundvöllur þess var lagður við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja. En örar breytingar í samfélaginu kalla á viðbrögð.

Í þessari tillögu er lögð áhersla á að heimilunum sé gert kleift að annast uppeldi og umönnun barna þannig að þau fái notið öryggis og tækifæra til að þroska eiginleika sína.

Farsæl fjölskyldustefna byggir á jafnrétti kvenna og karla og sameiginlegri ábyrgð þeirra á verkefnum fjölskyldunnar. Óneitanlega bendir ýmislegt til þess að konur beri enn sem fyrr meiri ábyrgð á heimli og börnum sem og öðrum fjölskyldumeðlimum sem þurfa á ummönnun að halda.

Sl. vetur kom út skýrsla um launamun kynjanna og sú skýrsla sýnir okkur ótvírætt að það ríkir ekki jafnrétti milli kvenna og karla á vinnumarkaði. Sem kunnugt er hafa konur um 78% af dagvinnulaunum karla og þegar tekið er tillit til aukagreiðslna hafa þær einungis 70% af launum karla. Enn lækkar hlutfallið ef miðað er við jafnaðarkaup, þá eru konurnar með 68% af launum karla.

Þó ekki sé alveg ljóst hvað býr að baki má reikna með að fjölskylduábyrgð hafi töluverð áhrif. Þátttaka kvenna á vinnumarkaði er hátt hlutfall og vinnudagur Íslendinga langur. Konur axla enn fremur mun meiri ábyrgð á fjölskyldulífi en karlar og þær eru í eilífri baráttu við að samræma vinnudag utan heimilis verkefnum fjölskyldunnar, ekki síst umönnun barna. Enn er litið á þessi mál sem einhver einkamál kvenna.

Í rannsóknarniðurstöðum í umræddri skýrslu, en þær byggðu m.a. á ítarlegum viðtölum við starfsmenn, kom fram að konur væru álitnar ótryggari starfskraftur og væru því síður ráðnar til starfa en karlar. Þetta var einkum skýrt með því að konur dyttu út af vinnumarkaði vegna barneigna, væru meira fjarverandi vegna veikinda barna. Almennt séð virðast barneignir minnka líkur á að konur sæki um stöðuhækkun en þær auka líkur á að karlar sæki um stöðuhækkun.

Í skýrslunni segir enn fremur, með leyfi forseta: „Almennt virðist gengið út frá því að konur sjái um börn og heimili, karlarnir sjái fyrir fjölskyldunni og þurfi því hærri laun. Svo virðist sem sjaldgæft sé að hjón ræði það hvernig þau skipti tíma sínum milli fjölskyldu og heimilis. Þegar börnin fæðast þróast það einfaldlega þannig að konurnar sjá um börnin og karlarnir vinna fyrir fjölskyldunni þó þeir þurfi oft að fá aðstoð eiginkvenna sinna til að endar nái saman."

Þessi tilvitnun bendir ekki til þess að jafnræði ríki milli kvenna og karla innan fjölskyldunnar og það er ljóst að ekki er um sameiginlega ákvörðun hjóna að ræða þegar konan tekur á sig ábyrgðina á umönnun barna og oft og tíðum aldraða.

Það er mikilvægt að jafnrétti kvenna og karla sé haft í brennidepli þegar fjölskyldustefna er mótuð, m.a. með tilliti til réttar barna til að eiga samneyti við feður sína og má nefna gildi þess sem aukinn réttur feðra til fæðingarorlofs hefði að öllum líkindum á skiptingu verka innan veggja heimilisins. Svo er einnig rétt að hnykkja á mikilvægi þess að náið samstarf og vel skipulagt sé milli heimila og skóla og ekki síður að samspili atvinnulífs og fjölskyldulífs sé gaumur gefinn af mikilli alvöru. Það er þekkt að við skerum okkur úr meðal Evrópuþjóða með miklu ósamræmi milli vinnudags foreldra og skóladags barna.

Virðulegi forseti. Tillögunni er ætlað að stuðla að því að stjórnvöld á báðum stjórnsýslustigum marki opinbera fjölskyldustefnu sem taki á heildstæðan hátt til þeirra atriða sem hafa öðrum fremur þýðingu fyrir hagi og aðbúnað íslenskra fjölskyldna. Þannig felst í ályktuninni hvatning til ríkisstjórna

og sveitarstjórna að leggja fram stefnu eða skýr áform um með hvaða hætti megi búa í haginn fyrir fjölskylduna.

Tillagan skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta kafla hennar er áhersla lögð á mikilvægi fjölskyldunnar sem grunneiningu samfélagsins. Bent er á nokkrar grundvallarforsendur sem stefnumótun um málefni fjölskyldunnar þarf að taka mið af og líklegt er að almenn sátt ríki um. Enn fremur er lögð áhersla á hinar mismunandi gerðir fjölskyldna og að stjórnvöld geri ekki upp á milli þeirra.

Markmið fjölskyldustefnu er að styðja og styrkja fjölskylduna í verkefnum sínum og þrátt fyrir að áherslur hljóti að vera breytilegar frá einum tíma til annars eru vissar meginforsendur sem eðlilegt er að gengið sé út frá:

Að stuðlað sé að því að fjölskyldan geti rækt það hlutverk að vera vettvangur tilfinningatengsla.

Að fjölskyldum sé gert kleift að annast uppeldi og umönnun barna svo þau fái notið öryggis og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta.

Að borin sé virðing fyrir rétti einstaklinga innan fjölskyldna, ekki síst barna, og gagnkvæmum skyldum þeirra.

Að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti kvenna og karla og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan heimilanna.

Þau viðfangsefni sem fjallað er um í II. kafla eru fæst ný þó sjaldan hafi verið gerð tilraun til að fjalla um þau frá sjónarhóli heildarsýnar. Þau eru hugsuð sem leiðsögn en ber ekki að líta á þau sem tæmandi úttekt. Minna verður jafnframt á að nánari útfærsla þeirra og framkvæmd er háð stjórnmálalegum ákvörðunum. Þau sextán atriði sem talin eru upp í II. kafla lúta einkum að því að styrkja fjölskylduna til að sinna verkefnum sínum ekki síst hvað varðar börn. Þau lúti að því að treysta farsæld fjölskyldunnar, einkum öryggi og afkomu og víkja að stuðningi við fjölskyldur sem verðskulda að þeim sé gefinn gaumur vegna þarfa fyrir sérstakan stuðning, svo sem fatlaðir og aldraðir eða vegna þess að staða þeirra er veik og hana þarf að styrkja, svo sem nýbúar og samkynhneigðir.

Önnur viðfangsefni taka til þeirra þátta sem einkum ógna velferð fjölskyldunnar eða einstakra fjölskyldumeðlima, svo sem vegna samskiptaerfiðleika, ofbeldis eða fíkniefnaneyslu. Þau snúast um að efla skilning á mikilvægi fjölskyldunnar, virðingu fyrir ólíkum fjölskyldugerðum og þörf fyrir rannsóknir í fjölskyldumálum.

Til að styrkja stöðu fjölskyldunnar eru í III. kafla lagðar fram tvær tillögur um aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Í fyrsta lagi að undirbúin verði lagasetning um stofnun fjölskylduráðs og í öðru lagi tillaga um að stofnaður verði sjóður um fjölskylduvernd. Sú tillaga sem stendur að baki fjölskylduráðinu er að stjórnvöld á hverjum tíma hafi aðgang að ráðgjafarnefnd sem sé þeim til ráðuneytis í málefnum fjölskyldunnar. Því er einnig ætlað að hafa frumkvæði að því að vekja athygli á æskilegum úrbótum er varða fjölskylduna og viðhalda umræðu um stöðu hennar í samfélaginu. M.a. að hvetja einkaaðila og félagasamtök til að láta málefni fjölskyldunnar til sín taka og stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Ég legg sérstaka áherslu á að fjölskylduráðinu er ætlað að gera tillögu að framkvæmdaáætlun í fjölskyldumálum í samráði við einstök ráðuneyti, sambærilega við þá sem gerð hefur verið í jafnréttismálum. Ráðinu er þannig ætlað að hafa heildarsýn yfir málefni fjölskyldunnar og er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða því eins og fyrr er getið deilast verkefnin ýmist á ólík ráðuneyti eða milli ríkis og sveitarfélaga.

Stofnun sjóðs sem hafi það hlutverk að stuðla að og styrkja þróunarverkefni og rannsóknir á sviði fjölskyldumála er mjög tímabær. Afar fáar rannsóknir á sviði fjölskyldumála hafa verið gerðar á högum fjölskyldna. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á þetta atriði í tilmælum sínum til aðildarríkjanna á Ári fjölskyldunnar.

Landsnefnd um málefni fjölskyldunnar varði verulegum hluta þess fjármagns sem nefndin hafði til ráðstöfunar til viðamikillar rannsóknar á aðstæðum íslenskra barnafjölskyldna. Niðurstöður rannsóknarinnar liggja nú fyrir og vil ég vekja sérstaka athygli á þeirri merkilegu skýrslu sem komin er út og ber nafnið Barnafjölskyldur, samfélag, lífsgildi og mótun. Þeir sem hafa unnið þessa viðamiklu og afargóðu skýrslu eru Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson.

Virðulegi forseti. Einstöku þættir velferðarkerfisins beinast gjarnan að tilteknum málum eða afmörkuðum hópum, t.d. nemendum, fötluðum, öldruðum eða sjúkum. Fjölskyldan verður því oft eins konar afgangsstærð og réttur hennar er í reynd afleiddur af þeim markhópi sem um ræðir hverju sinni. Hinar bannhelgu línur sem dregnar eru á milli einstakra þátta velferðarkerfisins, á milli landamæra ráðuneyta, á milli ríkis og sveitarfélaga, byrgja heildarsýn. Þetta kemur niður á sveigjanleika og getu til að mæta nýjum og breytanlegum þörfum fjölskyldna. Auk þess geta aðgerðir stjórnvalda á einu sviði auðveldlega valdið ófyrirséðum og óheppilegum breytingum á öðrum sviðum. Og því höfum við öll kynnst.

Þegar velferð fjölskyldunnar er ekki yfirlýst markmið hins opinbera verður opinber umræða um fjölskylduna rýr þar sem farvegur fyrir þá umfjöllun er ekki fyrir hendi.

Það er allt of sjaldan spurt áleitinna spurninga um verkefni fjölskyldunnar og enn síður er leitað svara við þeim með þeim hætti að hið opinbera geti mótað aðgerðir sínar í samræmi við þau svör. Úr þessu er ætlað að bæta með flutningi þáltill. þessarar.

Virðulegi forseti. Í könnuninni um barnafjölskyldur segir, með leyfi forseta: „Nýleg norræn rannsókn sýnir hins vegar að breytt viðhorf karla til föðurhlutverks og heimilisábyrgðar kemur fram í raunverulega breyttri forgangsröðun karla. Þessar breytingar eru ekki hvað síst raktar til þeirra aðstæðna að karlmaðurinn verður í vaxandi mæli að laga sig að breyttum kröfum vinnumarkaðarins til kvenna, eiginkvenna og mæðra í ábyrgðarstöðum.“ Og enn fremur, með leyfi forseta: „Á Norðurlöndum hafa jafnréttismál og hagsmunamál kvenna og barna verið lengi á döfinni og hefur m.a. fjöldi rannsókna í félagsvísindum á síðustu árum átt sinn þátt í að draga fram í dagsljósið nýja þekkingu og skilning á þessum efnum.

Þetta hefur haft áhrif á hugmyndafræðilega afstöðu í samfélaginu. Það hefur einnig verkað sem þrýstingur á stjórnvöld sem hafa brugðist við með aðgerðum sem hafa auðveldað almenningi að breyta lífsmynstri sínu og samskiptaháttum í samræmi við breyttar forsendur.“

Virðulegi forseti. Ég tel það vel við hæfi að lagður sé grunnur að stefnu í málefnum fjölskyldunnar í framhaldi af Ári fjölskyldunnar sem yrði þannig upphaf að áframhaldandi verkefnum og liður í samfelldri þróun, þróun sem við þurfum sárlega á að halda hér á landi.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til félmn.

[10:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á vorþinginu svaraði ég fyrirspurn frá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Einn liður fyrirspurnarinnar hljóðaði þannig hvort ráðherra hygðist fylgja eftir tillögum landsnefndar um mál fjölskyldunnar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja fjölskylduna.

Ég svaraði þessu fimmtudaginn 1. júní og sagði þá, með leyfi forseta: „Ég hef ekki tekið ákvörðun um hvort tillagan verður flutt óbreytt. Ég mun fara nákvæmlega yfir hana og hafa samráð við ýmsa aðila og m.a. nýtt jafnréttisráð. Það kann að vera að eitthvað vanti og það kann líka að vera að einhverju sé ofaukið. En ég hef áhuga á því að flytja mál af þessu tagi og þá í því skyni að það verði ályktun Alþingis, ekki bara að leggja það fram rétt fyrir kosningar þegar vonlaust er að það nái afgreiðslu.

Ég get upplýst að mér er sérstök ánægja að flytja mál af þessu tagi því að Framsfl. hefur fortíð í málefnum fjölskyldunnar. Fyrsta tillagan um málefni fjölskyldunnar, sem flutt var á Alþingi, var flutt árið 1980. Það var tillaga um fjölskyldúvernd og flm. voru þáv. hv. þm. Haraldur Ólafsson og Alexander Stefánsson. Síðan fluttu þeir ásamt hv. þm. Níelsi Árna Lund á þinginu 1981–1982 tillögu um stefnumörkun í fjölskyldumálum. Hvorug þessi tillaga náði afgreiðslu. Þessir brautryðjendur hafa kannski verið á undan sinni samtíð og vonandi tekst mér að framkvæma ætlunarverk þeirra þó það sé hálfum öðrum áratug síðar.''

Ég setti síðan í gang vinnu við þetta verkefni og hún er í góðum gangi. Því kom mér það mjög á óvart að sjá þskj. 16 á borði mínu hér um daginn og er tillagan, stjórnartillaga sem lögð var fram rétt fyrir kosningar af þáv. hæstv. félmrh. Rannveigu Guðmundsdóttur, orðin að þingmannamáli. Ég tel að það sé einstakt í viðskilnaði ráðherra við embætti sitt að taka með sér gögn úr ráðuneytinu og unnin fyrir ráðuneytið og leggja þau fram í eigin nafni vitandi það að málið yrði flutt af eftirmanni í ráðherraembætti. Ekki nóg með það. Í félmrn. var til ræða, samin af einum ágætum starfsmanni ráðuneytisins, og var það framsöguræða sem aldrei var flutt með þessari stjórnartillögu. Nú er hluti af henni kominn í Alþingistíðindin orðréttur. Að vísu með nokkrum innskotum þannig að ekki kem ég til með að flytja þá ræðu. Það er óþarfi. Ég játa það alveg hreinskilnislega að mér finnst og fannst þessi tillaga, strax og ég las hana þegar hún var lögð fram, ekki nógu metnaðarfull. Í henni er ofmikið um marklausar klisjur og væmið snakk. Það er engin heildarstefna í þessari tillögu. Það eru engar áþreifanlegar aðgerðir. Og það eru áþreifanlegar aðgerðir sem þarf til ef móta á fjölskyldustefnu að einhverju gagni. Það verður að taka á öllum þáttum. Fjölskyldan verður að hafa tekjur til að lifa mannsæmandi lífi. Fjölskyldan hefur ekki tekjur nema með því móti að atvinnulífið sé í sæmilega góðum gangi. Atvinnulífið verður ekki í góðum gangi nema hagvöxtur sé í þjóðfélaginu. Og hagvöxtur verður ekki í þjóðfélaginu ef menn t.d. reka ríkissjóð með stórfelldum halla. Fjölskyldan þarf húsnæði. Þess vegna þurfa húsnæðismál að vera í lagi. Fjölskyldan verður að búa við fjárhagslegt öryggi til þess að geta þrifist. Þess vegna er brýnt að taka á skuldum heimilanna. Fjölskyldan þarf að hafa öryggi. Bæði efnahagslegt öryggi og eins þurfa börnin að vera í öruggu umhverfi. Það er ákaflega mikilvægt að foreldrarnir geti farið að heiman til vinnu sinnar örugg með það að börnin fari sér ekki að voða. Það er afar mikilvægt að nægilegt framboð sé af leikskólum, það sé samfelldur skóladagur, einsetning skólanna og lengd viðvera. Fjölskyldan þarf að hafa festu í lífinu. Það er að vísu ekki allt á valdi ríkisins að skapa það, þetta er samvinnuverkefni margra aðila, sveitarstjórnir þurfa að koma að þessu. Hér í Reykjavíkurborg hefur á síðustu missirum verið unnið gott starf í þessa átt.

Heilbrigðismál þurfa að vera í lagi. Og nóg framboð af umönnunarstofnunum. Það þarf að huga að velferð fatlaðra. Það þarf að huga að jafnrétti. Einstaklingarnir verða að fá tækifæri til að ná sér á strik. Það þarf að ryðja hindrunum úr vegi fyrir jafnréttinu. Það þarf að gæta að umferðaröryggi. Fjölskyldan þarf að geta komið saman og átt samverustundir á heimilinu. Menn eiga ekki að þurfa að vera í endalausri spennu og þeytingi. Svona mætti lengi telja.

Ég vil reyna að taka af alvöru á þessum málum. Mér nægir ekki væmið kjaftæði á prenti. Ég tel líka að hjónabandið eða sambúðin sé eitt af þessum atriðum. Ég hygg að það sé mikilvægt fyrir börn að alast upp, ef skilyrði eru til, með báðum foreldrum. En það verður líka að haga því til þar sem svo er ekki, að börnin njóti sem bestra skilyrða. Það er mikilvægt að einstaklingarnir í fjölskyldunni skynji sig sjálfa sem hluta af heild í litlu samfélagi og leggi sig fram. Það er líka mikilvægt að fjölskyldurnar í landinu, hver einasti einstaklingur, skynji sig sem hluta af þjóðinni og vilji vinna henni.

Ef við viljum, herra forseti, reyna að vinna að markvissri fjölskyldustefnu, þá eigum við að reyna að uppræta rótleysi og firringu og allt annað sem leiðir af því. Ég hefði margt fleira að segja um fjölskyldustefnu, herra forseti, eða hvernig ég sé hana fyrir mér. En tíminn leyfir það ekki og því læt ég máli mínu lokið.

[10:58]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að þrátt fyrir að ég átti einmitt von á að viðbrögð félmrh. yrðu með þessum hætti, útúrsnúningar og allt að því dylgjur, þá var ég þó að vona að í þessu máli myndi hann koma mér á óvart og bregðast öðruvísi við. Vegna orða hans um að það sé lítið að marka plagg sem er sett fram stuttu fyrir kosningar þá ætti honum ekki að koma á óvart áhugi minn á að hrinda fram stefnu í fjölskyldumálum. Það er mál sem ég hef áður tekið þátt í að vinna að á heildstæðan hátt með góðu félagshyggjufólki í Kópavogi á árum þegar þar var rekin kannski sú fyrsta heildstæða fjölskyldustefna sem komið hefur fram hér á landi og einmitt í nánu samstarfi við þáv. félagsmálastjóra og síðar aðstoðarmann minn, Braga Guðbrandsson. Það þarf engan að undra að ég gaf þessu máli algeran forgang þegar ég kom í félmrn. en þar átti ég stuttan stans.

Sjónarmið landsnefndar um mál fjölskyldunnar voru afar mikilvæg og þess vegna var þetta mál unnið í nánu samráði ráðherra, aðstoðarmanns, sem var formaður landsnefndar, og landsnefndarinnar og mikið tillit tekið til sjónarmiða landsnefndarinnar og þau höfð að leiðarljósi.

Ræðan sem ég flutti hér er unnin upp úr efni sem ég og aðstoðarmaður minn voru búin að taka saman. Það er ekki ræðan sem við unnum saman í félmrn. og það var ég og aðstoðarmaður minn sem settum saman þá ræðu sem hefði verið flutt ef ég hefði haft þann tíma sem ráðherra hefur þegar hann flytur slíkt mál. Þetta eru því mjög ósanngjarnar aðfinnslur og ekki smekkleg viðbrögð.

Orð ráðherrans eru um að þetta sé ekki nógu metnaðarfull tillaga og engar áþreifanlegar aðgerðir í frammi. Það segir

mér og væntanlega þingheimi að sú fjölskyldustefna sem hann kemur verði ekki af þessum toga. Af minni hálfu er það afar mikilvægt að nákvæmlega það sem unnið var í samvinnu við landsnefndina verði skoðað í nefnd og fjallað um af þingmönnnum. Þess vegna flyt ég tillöguna.

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu læt ég ekki hanka mig á einhverjum ósiðlegum vinnubrögðum og sá reyndi þingmaður sem hér hefur talað hlýtur að vita að það er mjög algengt að ráðherrar sem hafa verið með sérstakt áhugamál í ráðuneyti sínu flytja mál sem þingmenn og ég kannaði að mörg fordæmi eru fyrir því.

[11:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er búinn að vera hér við hús býsna lengi og ég man ekki eftir tilviki sem þessu fyrr. Ég hef að vísu ekki farið skipulega í gegnum það en ég hygg þó að það hafi ekki gerst áður nema vitað væri að viðkomandi ráðherrar mundu ekki flytja málið.

Ég man eftir tillögum sem unnar voru í iðnrn. í ráðherratíð hv. 4. þm. Austurl. sem eftirmaður hans vildi ekki flytja en voru síðan flutt af hv. 4. þm. Austurl. sem þingmannamál. Það er allt annað mál, það er allt annars eðlis.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur hvort hún hafi tekið með sér fleiri gögn úr ráðuneytinu, hvort þau plögg sem ég er að vinna með frá fyrri tíð í ráðuneytinu séu e.t.v. væntanleg hér sem þingskjöl.

[11:03]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu var ég í þingsal þegar hæstv. félmrh. svaraði fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur á vorþingi og hef fengið útskrift af þeirri ræðu. Þar kom fram að það var alls ekki vilji ráðherrans að leggja þessa tillögu fram óbreytta en það er hún sem ég hef lagt áherslu á að komi til umfjöllunar Alþingis. Ég get fullvissað ráðherrann um það að ég hef ekki tekið einhver gögn úr félmrn. sem mér ber ekki að hafa undir höndum.

[11:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. fémrh. hér áðan er ein furðulegasta ræða sem ég hef heyrt í minni tíð á hv. Alþingi. Mér fannst leggjast lítið fyrir hæstv. félmrh. Hann eyddi löngum tíma í máli sínu í að velta fyrir sér hver ætti frumburðarréttinn að þessu máli um fjölskyldustefnu. Það eru margir sem hafa komið að þessu máli, hæstv. ráðherra, bæði aðilar vinnumarkaðarins og félagasamtök og hafa lengi unnið að þessu. Mér finnst ekkert að því þó að fyrrv. félmrh. flytji þetta mál inn á þing. Hún flutti þetta hér sem ráðherra og fylgir því eftir nú hér sem óbreyttur þingmaður. Ég verð satt að segja að lýsa furðu minni á ummælum ráðherrans þegar hann talar um væmið kjaftæði á prenti sem er afrakstur stórs hóps fólks sem hefur komið að þessu máli. Ég hugsa að það hafi verið fulltrúar 30 félagasambanda og aðila vinnumarkaðarins sem komu að þessu máli. Síðan leyfir ráðherrann sér að telja upp hvað eigi að gera fyrir fjölskylduna. Ég spyr ráðherrann að því hvernig er þetta frv. fjárlaga, fyrsta frv. ráðherrans? Er það metnaðarfullt gagnvart fjölskyldunni eins og ráðherra ræddi um að fjölskyldustefna ætti að vera? Nei. Það er það ekki. Þetta er árás á fjölskylduna í landinu. Að leyfa sér að tala hér um velferð fatlaðra. Hvernig er gengið frá málefnum fatlaðra í kaflanum varðandi félmrn.? Ég verð að segja það að mér blöskrar málflutningur ráðherrans og hann ætti að snúa sér að því í því frv., sem hér liggur fyrir, að reyna að lagfæra þau atriði sem snúa að fjölskyldunni og eru bein árás og atlaga að fjölskyldunni í landinu. Mig furðar þetta og mér finnst lítið leggjast fyrir félmrh. í þessu máli.

[11:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf nú náttúrlega ekki að deila um hver á frumburðarréttinn. Ég vakti athygli á því hver leiddi málefni fjölskyldunnar fyrst inn í þingsali 1980. Það var hv. þm. Haraldur Ólafsson og hv. þm. Alexander Stefánsson. Við þurfum ekki að deila um það.

Fjárlagafrv. er ekki árás á fjölskyldurnar í landinu. Fjárlagafrv. markast af því að verið er að reyna að koma ríkisfjármálunum í eðlilegt og sæmilegt horf. Það er undirstaða hagvaxtar og undirstaða þess að atvinnulífið í landinu gangi og fjölskyldurnar í landinu búi við batnandi hag.

Hvað varðar málefni fatlaðra er þeim vel sinnt í þessu frv. og til þess málaflokks er hækkun um 10% frá fjárlögum síðasta árs.

[11:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki saman að jafna að tala um einhverja tillögu sem var flutt fyrir 15 árum sem var einföld tillaga um að það skyldi móta fjölskyldustefnu eða þá tillögu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flytur sem er ítarleg og útfærð tillaga um hvernig staðið skuli að mótun fjölskyldustefnu. Það er allt annað. Vegna orða ráðherrans hér áðan varðandi frv. til fjárlaga þá mundi ég nú sem minnst tala um það nema að ráðherrann ætli sér að breyta því í þá átt að það skili sér til fjölskyldunnar.

Hann talaði áðan um að fjölskyldan ætti að hafa nægar samverustundir saman á heimili sínu þegar hann var að lýsa fjölskyldstefnu sinni. Það er alveg ljóst að það verður ábyggilega nægur tími til þess að hafa samverustundir á heimili sínu vegna þess að þetta frv. boðar ekkert nema atvinnuleysi þannig að fólk mun hafa nægar stundir til að vera saman á sínu heimili, það er alveg ljóst nema ráðherrann breyti þá um stefnu.

[11:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það tekur því að vera að þæfa þetta við hv. 13. þm. Reykv. lengur. En hv. 13. þm. Reykv. hefur lesið fjárlagafrv. með undarlegu hugarfari. Hún sér ekkert nema svart. Ég kenni í brjósti um hv. þm. fyrir alla þessa svartsýni og ég tel að frv. stuðli alls ekki að atvinnuleysi. Þvert á móti á það að bæta atvinnulíf og fjölga störfum í þjóðfélaginu.

[11:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frumkvæði sem hv. 1. flm. tillögunnar sýnir með flutningi hennar svo snemma þannig að við getum haft tíma til þess að ræða þetta mikilvæga mál ítarlega og fjalla um það í nefnd svo við þurfum ekki að bíða hér í margar vikur eða mánuði eftir að hæstv. félmrh. flytji tillögur sínar. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að þingið taki sér góðan tíma til þess að fjalla um þetta mál og löngu orðið tímabært að hér sé mörkuð heildarstefna í málefnum fjölskyldunnar.

Þessi tillaga hefur vissulega átt sér töluvert langan aðdraganda og hefur verið unnið að henni um þó nokkurn tíma, a.m.k. tvö ár í félmrn. Ég held að það væri verðugt

verkefni í kjölfar Árs fjölskyldunnar að því yrði fylgt eftir með því að Alþingi mundi á þessu þingi samþykkja mótun opinberrar fjölskyldustefnu. Það er alveg ljóst að við þurfum ekki síður á því að halda að móta hér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar eins og við mótum stefnu t.d. í vegamálum eða flugmálum. Það er alveg ljóst að heildarsýn hefur vantað í málefnum fjöskyldunnar og það er alveg ljóst að niðurskurður gegnum árin, sem beinst hefur að fjölskyldum í landinu, hefur oft verið mjög illa ígrundaður og bitnað mjög harkalega á fjölskyldum. Mér finnst einmitt að tillagan taki mjög vel á því máli vegna þess að inntak hennar er að ná fram heildarsýn varðandi fjölskylduna og einmitt að taka á því sem oft er í fjárlagagerðinni í gegnum tíðina, þ.e. að enginn er ábyrgur fyrir samræmingu eða stefnumótun og hvernig aðgerðir ríkisstjórna eða einstakra ráðuneyta koma niður á fjölskyldunni, t.d. í skattamálum, í skólamálum, í heilbrigðismálum, félagsmálum.

Við höfum um það dæmi mörg hver hvernig það hefur komið niður á fjölskyldunni að þessa heildarsýn hefur vantað. Það væri t.d. fróðlegt gagnvart frv. til fjárlaga, sem við erum að ræða, að fá fram nákvæma úttekt á því hvernig einstaka þættir í þessu fjárlagafrv. hafa áhrif á fjölskylduna og einstaka meðlimi hennar. Hæstv. ráðherra talaði áðan um svartsýni mína gagnvart fjárlagafrv. Það er ekki bara ég ein heldur er það heildarsamtök launafólks sem lýsa verulegum áhyggjum sínum af þessu frv. til fjárlaga gagnvart fjölskyldum í landinu.

Ég gerði það einu sinni þegar mér fannst ansi langt gengið þegar ég var í ríkisstjórn að taka saman áhrif sparnaðartillagna sem voru þá uppi á borði á einstaka þjóðfélagshópa. Ég tóku saman hvernig einstaka þættir hefðu áhrif á börnin, á námsmenn, á sjúklinga, á aldraða, á fatlaða, atvinnulausa, konur, landsbyggðina og afkomu fjölskyldunnar í heild. Þetta er plagg upp á 5–6 síður þar sem ég sýndi fram á hvað ríkisstjórnin væri að gera með sínum tillögum. Þar kom fram að þetta væri um hálfur milljaður sem beint kom niður á börnunum með alls konar aðgerðum sem þá voru á döfinni. Varðandi fjölskylduna í heild voru þetta um 2–3 milljarðar. Sem betur fer var töluvert mikið af þessu dregið til baka og það þarf að taka frv. til fjárlaga rækilega í gegn og sýna fram á hvaða áhrif þetta hefur á fjölskyldurnar í landinu. Ég er alveg viss um að það mun ekki koma út úr því sá sparnaður sem menn ætla sér eða ríkisstjórnin ætlar sér. Ég held að það sé alveg ljóst. Ef það er rétt sem ASÍ heldur fram að um eitt þúsund manns muni missa vinnu sína hjá hinu opinbera eru það 500–600 millj. bara í aukin útgjöld hjá Atvinnuleysistryggingasjóði einum og sér. Það er ekki reiknað með því í þessu frv. þannig að menn skyldu gæta að öllu hvað hér er verið að gera. Það er alveg ljóst þó að það heyrist í einstaka ráðherrum um að það þurfi að efla hér forvarnir hefur allt of lítið verið gert af því í gegnum árin að leggja áherslu á forvarnir sem er alveg ljóst að mun spara gífurlega bæði í heilbrigðis- og félagsmálum. Það kom fram í þessari bók um barnafjölskyldur, sem hér hefur verið vitnað í, að fjölskyldan sé eins konar afgangsstærð í þjóðfélaginu og réttur hennar sífellt fyrir borð borinn. Ég held að það sé alveg rétt sem hér kemur fram, virðulegi forseti.

Það er alveg ljóst þegar við skoðum bara hvernig heilbrigðismálin og félagsmálin spila saman að heilbrigðisþjónusta hér er miklu dýrari en hjá öðrum þjóðum hvort sem við berum okkur saman við Norðurlöndin eða önnur OECD-lönd og miklu minna er látið til félagsmála en í þessum löndum þannig að þarna munar verulegu. Við erum langt á eftir t.d. hvernig tekið hefur verið á barnaverndarmálum, slysavörnum og vímuefnavörnum, þar erum við langt á eftir og þurfum að taka okkur á í því efni.

Virðulegi forseti. Það kemur kannski ekki nægjanlega fram í þessari tillögu en mér finnst að það sé eitt ráðuneyti sem eigi að bera alfarið ábyrgð á þessum málaflokki og það eigi að vera félmrn. Á undanförnum árum hefur félmrn. í vaxandi mæli orðið ráðuneyti fjölskyldumála og mér finnst að það eigi að verða slíkt og heita ráðuneyti fjölskyldumála og fara með þennan málaflokk og hafa samræmingu og heildaryfirsýn um hvað er að gerast sem lýtur að fjölskyldunni.

Við sjáum alveg fyrir okkur að það hefur allt of lítið verið gert af því að skoða hvernig stjórnvaldsaðgerðir hafa áhrif á fjölskylduna. Við getum spurt okkur: Af hverju hafa hjónaskilnaðir aukist verulega að undanförnu? Af hverju þurfa 500–600 börn að ganga gegnum skilnað foreldra sinna á hverju ári? Af hverju hefur ofbeldi og vímuefnaneysla vaxið mjög hröðum skrefum í þjóðfélaginu á umliðnum árum? Af hverju hafa sjálfsvíg aukist mjög í þjóðfélaginu? Að þessu verðum við öll að spyrja okkur. Er það eitthvað sem við erum að gera á hv. Alþingi sem orsakar þetta? Herðum við svo að fjölskyldunni að það bitnar verulega á henni og börnunum? Ég held að það sé alveg ljóst að við þurfum að spyrja okkur þessara spurninga. Ég held að sú veigamesta stefnmótun sem hér þarf að gera og bíður okkar þingmanna sé að móta stefnu í fjölskyldumálum. Síðan er það ráðherrann sem fer með þennan málaflokk sem er að agnúast út í það, herra forseti, að hér skuli vera komin inn á borð tillaga þannig að þingmenn geti nú farið loksins að fjalla um mótun fjölskyldustefnu. Þetta er alveg furðulegt, virðulegi forseti. Við þurfum að taka þetta líka út frá ábyrgð sveitarfélaganna. Þetta er ekki bara það sem snýr að ríkisvaldinu hvernig atlaga hefur verið gerð að fjölskyldunni. Ég held að við verðum bara að viðurkenna það á mörgum sviðum. Við þurfum líka að skoða ábyrgð sveitarfélaganna, félagsþjónustu sveitarfélaganna sem í mörgum tilvikum er ábótavant. Við getum ekki komið okkur saman í þessari stofnun og hjá sveitarfélögunum um að sameina sveitarfélögin þannig að þau geti veitt fjölskyldunum öfluga félagsþjónustu og ég held að það bitni mjög víða á félagsþjónustu víðs vegar um landið.

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur átt frumkvæði að því að við getum nú fjallað um þetta mál og það er von mín að það megi verða til þess að þinginu ljúki ekki nema við höfum mótað skýra stefnu í fjölskyldumálum þar sem inntakið verður m.a. að það verði ábyrgð á þessum málaflokk í einu ráðuneyti. Ég nefni bara, virðulegi forseti, málefni fatlaðra. Þegar þau voru sundurtætt í mörgum ráðuneytum og enginn bar ábyrgð var mjög slæmt ástand í þessum málaflokki. Um leið og einn aðili varð ábyrgur eins og félmrn. í málefnum fatlaðra — það er líka hægt að taka málefni barna — þá breyttist þetta mjög mikið. Sama mun vera gagnvart fjölskyldunni þegar einn aðili verður ábyrgur fyrir þessu máli. Það er inntakið í þeirri fjölskyldustefnu sem ég skora á þingmenn að samþykkja.

[11:19]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Innlegg hv. 13. þm. Reykv. í þessa umræðu er mjög mikilvægt. Ég vil gjarnan geta þess að í þessari þáltill. er fjölskylduráð hugsað einmitt á sama meiði og kom fram hjá þingmanninum. Að einn aðili hugi að málum innan

fjölskyldunnar og gæti verið fyrsti vísir einmitt að því að eitt ráðuneyti bæri ábyrgð á málefnum fjölskyldunnar. Við hv. þm. höfum oft rætt það hversu mikilvægt það væri að við kæmum upp einu fjölskylduráðuneyti. Ég vil af því tilefni einnig nefna það vegna þess að stjórnsýslan er skipt að ég hef sjálf haft þá skoðun að í hverju sveitarfélagi ætti að vera eins konar fjölskyldustofnun, þjónustustofnun fjölskyldunnar sem sæi um og hefði yfirsýn yfir málefni fjölskyldunnar. Ég er sannfærð um það að bara heitið félagsmálastofnun hrekur fólk víða frá og afstýrir því að fólk leiti eftir eðlilegri þjónustu, samskiptum, leiðsögn hjá þeim aðilum sem starfa einmitt á félagsmálastofnunum og væru mjög mikilvægir starfsmenn slíkrar fjölskyldustofnunar sveitarfélaga.

[11:20]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Síðla árs 1991 var skipuð 30 manna landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994 en eitt af meginverkefnum nefndarinnar samanber skipunarbréf hennar var að leggja fram tillögur þar sem lagður yrði grunnur að mótun opinberrar stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Landsnefndinni var einnig falið að undirbúa Ár fjölskyldunnar 1994 á Íslandi. Óskað var eftir tilnefningum ýmissa félagasamtaka og stofnana um skipun nefndarinnar og var markmiðið með stofnun svo fjölmennrar nefndar að ná til sem flestra samtaka og stofnana sem láta sig fjöskyldumál varða.

Sú tillaga sem áðan var mælt fyrir er afurð landsnefndarinnar um Ár fjölskyldunnar 1994 þannig að segja má að talsverð breidd sé a bak við hana. Sl. vor bar opinbera fjölskyldustefnu á góma vegna fyrirspurnar hér á þinginu til núv. félmrh. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir upplýsti í þeim umræðum eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það sem hér hefur komið fram er að uppi voru áform á ári fjölskyldunnar um að það starf endaði með tillögu um fjölskyldustefnu. Þetta hafði ekki gerst þegar ég kom í félmrn. í nóvember sl. en málið var gert að forgangsmáli hjá mér og aðstoðarmanni mínum, Braga Guðbrandssyni, formanni landsnefndar, í janúar. Tillaga þar að lútandi var afgreidd af landsnefnd áður en þing kom saman í lok janúar. Það dróst að málið kæmi inn í þing eins og hér hefur komið fram og er umhugsunarefni að þegar það loks komst á dagskrá var það ávallt síðasta málið þrátt fyrir þrýsting."

Þetta þykir mér mjög athyglisvert. Alþfl. fór með félmrn. í átta ár og þrátt fyrir þrýsting og mikinn vilja að þeirra sögn komst málið ekki á dagskrá. Af þessu má ljóst vera að fyrrv. félmrh. hafði ekki aðstöðu til þess að koma málinu áfram í fyrrv. ríkisstjórn enda má segja að þegar málum er fyrst varpað fram skömmu fyrir kosningar er ólíklegt að ná árangri nema virkilegur vilji sé fyrir hendi. Þessi vilji var greinilega ekki meiri en svo að á þessu þingi er tillagan endurflutt af nokkrum stjórnarandstöðuþingmönnum en hún er efnislega samhljóða fyrri tillögu félmrh.

Varðandi innihald tillögunnar vil ég segja að ég tek undir að það sé brýnt að stjórnvöld móti opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Tillagan hljómar að einhverju leyti á sama hátt og stefna okkar framsóknarmanna en í ályktun flokksins segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fjölskyldan er kjölfesta í lífi einstaklinganna og þannig grundvallareining í samfélaginu. Það er því mikilvægt að vel sé að henni búið svo að hún nái að gegna hlutverki sínu sem best." Einnig segir: „Framsóknarmenn leggja því áherslu á eftirfarandi: Að styrkja jákvætt viðhorf þjóðfélagsins gagnvart fjölskyldunni. Að sérstakt átak verði gert til að styðja og upplýsa unga foreldra um foreldraábyrgð. Að hjón eigi kost á fræðslu í samskiptum hjóna og þróun hjónabands. Að kennsla í meðferð fjármuna og fjármálastjórn heimilanna verði tekin upp í skólakerfinu. Að styrkja þann þátt fjölskyldunnar er lýtur að miðlun menningarverðmæta, þjálfun og þroska einstaklinga. Að þjóðfélagsgerðin geri ráð fyrir að tími til samvistar fjölskyldumeðlima sé fyrir hendi. Að stjórnvöld og aðrar stofnanir þjóðfélagsins hlúi sérstaklega að barnafjölskyldum og hvetji til aukinnar ábyrgðar foreldra, uppalenda og þjóðfélagsins alls á velíða og velferð barna."

Hin íslenska fjölskylda hefur breyst á margan hátt í aldanna rás. Í dag er staða hinnar íslensku fjölskyldu að mínu mati sú að foreldrar hafa of lítinn tíma til að vera samvistum við börn sín. Af hverju er tíminn of lítill? Jú, ein ástæðan er mikið vinnuálag vegna tiltölulega lágra launa og rangrar forgangsröðunar. Ofurkapp er lagt á að eignast veraldleg gæði oft á kostnað andlegra gæða eins og uppbyggilegs fjölskyldulífs. Landsnefnd um mál fjölskyldunnar lýsti áhyggjum sínum yfir þeirri staðreynd að samverustundir barna og foreldra eru fáar. Rannsóknir sýna að 37% 6 og 8 ára barna í Reykjavík eru vikulega án umsjá fullorðinna eða að meðaltali í 8,5 klukkustundir á eigin ábyrgð.

Rannsóknir hafa einnig sýnt aðra athyglisverða staðreynd en hún er sú að hlutfall giftra og sambýlisfólks án barna fer vaxandi. Skýringar á því geta verið margar en manni býður í grun að ein skýringin gæti verið sú að ekki er hlúð nægilega vel að fjölskyldumálum.

Stjórnvöld hafa að sjálfsögðu mikla ábyrgð gagnvart fjölskyldunni. Fjölmargar stjórnvaldsaðgerðir hafa bein eða óbein áhrif á afkomu og velíðan fjölskyldnanna. Þrátt fyrir það virðast hagsmunir fjölskyldna ekki vera almennt viðurkenndir sjónarhorn við lagasetningu né við ákvarðanir og afgreiðslu opinberrar stjórnsýslu. Það er því brýnt að stjórnvöld móti stefnu eða áætlun í málefnum fjölskyldunnar.

Fram hefur komið fyrr á þinginu að hæstv. félmrh. Páll Pétursson er jákvæður gagnvart mótun opinberrar fjölskyldustefnu og hefur hann nú þegar beitt sér í því máli. Hefur ráðherrann skipað starfshóp til að yfirfara og endurskoða tillögu til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Í starfshópnum eru ásamt þeirri sem hér stendur hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félmrh., sem jafnframt er formaður hópsins. Hópurinn mun yfirfara þau fjölmörgu gögn sem landsnefndin um mál fjölskyldunnar 1994 tók saman, þáltill. og fleira sem viðkemur málinu. Hópurinn hefur nú þegar hafið störf og mun hraða störfum sínum eftir megni og er það von mín að þar takist vel til.

Varðandi fram komna þáltill. sem við erum að ræða um hér í dag finnst mér afar einkennilega að henni staðið. Það er alveg ljóst að það var búið að vinna þetta mál af landsnefndinni og í ráðuneytinu nánast til fullnustu. Það hefur líka verið upplýst af hæstv. félmrh. að ræða sem búið var að undirbúa í ráðuneytinu hafi verið flutt að einhverju leyti í framsöguerindi. Þetta finnst mér afar einkennilegt. Reyndar þekki ég ekki hvað viðgengst á hinu háa Alþingi en mér hefur verið sagt af einum fyrrv. ráðherra Alþb. að svona framkoma sé afar óeðlileg. Mál séu ekki lögð fram af fyrrv. ráðherra nema það hafi komið yfirlýsing um það að núv. ráðherra muni ekki gera svo. Þetta minnir á það að ef maður vinnur í áhaldahúsi og hættir þá taki hann með sér hjólbörurnar og skóflurna og fer.

[11:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur auðvitað að valda vonbrigðum að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem er tiltölulega nýkomin á þing, skuli hlaupa í sama farið og hæstv. félmrh. og grípa til þess óyndisúrræðis að drepa þessu máli á dreif á þeim grundvelli að þetta mál eigi ekki hér heima vegna þess að nú sé forræði þess á hendi Framsfl. í félmrn. Með öðrum orðum, full af afbrýðissemi og einhvers konar óskilgreindri öfund yfir því að það skuli vera annarra flokka þingmenn sem taka frumkvæði í þessu máli. Þetta er auðvitað ekkert annað en afbrýðissemi og það svarar okkur hv. þm. engu í þessum efnum þegar það liggur fyrir að sú tillaga, sem hér er lögð fram, er afrakstur 3–4 ára vinnu fjölmargra aðila, fulltrúa 30 hópa og félagasamtaka. Málið er með öðrum orðum mjög vel ígrundað og það svarar nákvæmlega engu um efni málsins að hæstv. félmrh. skuli nú setja á nefnd til þess að fara í gegnum þetta plagg hér og nú. Það á auðvitað að vera verkefni félmn. þingsins. Hún er fullfær um að sinna því og við þurfum enga nýja þriggja manna nefnd af hálfu hæstv. fémrh. til þess að gera það með fullri virðingu fyrir væntanlegum formanni þeirrar nefndar. Við erum fullfær um það á hinu háa Alþingi að fara efnislega í gegnum það mál. Það er hér á þskj. og hv. fémn. getur farið í gegnum það og við skulum ljúka þessum málum og helst fyrir jól.

[11:29]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alþfl. var með félmrn. í átta ár og þar voru unnin afar mikilvæg mál á þeim tíma og ég minni á það sem má kallast fyrsta skref að fjölskyldustefnu sem félagsleg þjónusta sveitarfélaga. Um það mál sem við erum að ræða hér var fjallað í landsnefnd sem var kosin 1991. Þessi mál voru þar til stöðugrar umfjöllunar, hins vegar var ekki búið að vinna tillöguna um áramót þegar að ég kom þar að og þær staðreyndir hef ég dregið fram. Þegar svo breið samstaða næst um mál eins og gerðist á sl. vetri um þetta mál, hefði verið mögulegt að ná þál. fram og gegnum þingið í febrúar.

En ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, eftir að hafa hlustað á ráðherra og hv. þm. Framsfl. að það hefði sennilega ekki verið unnt. Ég vil taka það fram að Bragi Guðbrandsson var aðstoðarmaður minn og persónulegur ráðgjafi. Hann var ekki embættismaður í ráðuneyti. Hann og ég unnum ræðu sem ég hugðist flytja ef ég hefði náð þessu máli á dagskrá hér eða fengið að mæla fyrir því. Það varð ekki, ég hef sjálf unnið miklu styttri ræðu til þess að flytja við þetta tilefni, að sjálfsögðu um sama mál.

Virðulegi forseti. Ef starfsmaður hættir í starfi og tekur með sér verkfæri sem vinnustaðurinn á, þá er það þjófnaður.

[11:31]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vitnaði hér áðan í ónafngreindan ráðherra Alþýðubandalagsins því máli sínu til stuðnings að vinnubrögð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur væru óeðlileg í þessu máli. Mér þykir það öllu óeðlilegra að vitna hér í ónafngreinda þingmenn máli sínu til stuðnings og ég held að það séu ekki mörg fordæmi fyrir slíkum málflutningi hér í þingsölum.

[11:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi varla mínum eigin eyrum hér í þingsölum. Að maður skuli þurfa að hlusta á slík hnútuköst og dylgjur. Ég fæ ekki séð að þessi umræða komi að nokkru gagni fyrir fjölskyldurnar í landinu. Og ég er undrandi á slíkum málflutningi. Það hefur komið í ljós að þetta mál er þrautunnið. Hver svo sem vann það, þá er þetta vel unnið þingmál. Hæstv. félmrh. ætti auðvitað að fagna því og koma málinu í framkvæmd, honum væri sómi að því.

[11:33]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að eins og hæstv. félmrh. hefur sagt og upplýst hefur verið hér, þá verður farið yfir öll gögn sem til eru í þessu máli. Hins vegar vill bæði hann og við sem erum aðilar að þessari ríkisstjórn fá tækifæri til að skoða þessi gögn nákvæmlega. Við vitum ekki hver niðurstaðan verður. Það má vel vera að að meginhluta verði hún svipuð og þessi tillaga. Við vitum það ekki. Mér finnst eðlilegt að við fáum tíma til þess að fara yfir þetta mál.

[11:34]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fram sé komin á Alþingi tillaga um mörkun opinberrar fjölskyldustefnu í framhaldi af Ári fjölskyldunnar. En legg jafnframt á það áherslu að til slíkrar stefnu þarf að vanda vel ef hún á að gera sitt gagn. Ég hef á undanförnum árum kynnt mér hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndunum og í örstuttu máli virðist mér að það megi flokka nágrannalöndin í þrennt að þessu leyti.

Í fyrsta lagi eru til lönd þar sem engin slík stefna er til og mjög fáar aðgerðir til að styrkja fjölskylduna. Ástæðan er sú ríkjandi afstaða að fjölskyldan sé friðhelg, hún sé einkamál og eiginlega handan vettvangs stjórnmálanna. Þetta á t.d. við í Bandaríkjunum og Englandi þar sem beinar aðgerðir varðandi fjölskylduna eru fyrst og fremst til hjálpar ölmusufólki.

Í öðrum löndum, t.d. í Danmörku, eru mjög margar fjölskyldupólitískar aðgerðir í gangi og þær beinast að fjölskyldum almennt, ekki bara að þröngum hópi sem verst er staddur. Þessi lönd hafa þó enga yfirlýsta eða skýra stefnu í málinu þannig að aðgerðir verða ómarkvissar. Ég tel okkur alveg tvímælalaust í þessum hópi. Við erum með ýmsar aðgerðir í gangi en það er engin skýr stefna.

Í þriðja lagi eru til lönd þar sem bæði eru markvissar aðgerðir í gangi og skýr markmið. Ég vil nefna Svíþjóð sem dæmi um slíkt land sem setti fyrst fram skýra fjölskyldustefnu árið 1968 sem hafði það að meginmarkmiði að styrkja fjölskylduna í breyttu þjóðfélagi, þjóðfélagi þar sem jafnrétti kynjanna ríkir.

Ég tel að í dag sé mjög mikilvægt að reyna að stíga skref í þessa síðastnefndu átt og jafnframt sé mjög mikilvægt að viðurkenna margbreytileika fjölskyldunnar og viðurkenna það t.d. að um 10% íslenskra fjölskyldna eru fjölskyldur einstæðra foreldra.

Á lýðveldistímanum hefur lifandi fæddum börnum á ævi hverrar konu fækkað úr 5 í 2,2 og það fer í vöxt að einhleypingar stofni eigið heimili, þ.e. þeir búa ekki jafnlengi hjá foreldrum og áður var. Ég vil einnig nefna, að árið 1993 voru 9,3% fjölskyldna fjölskyldur einstæðra foreldra og þar af 8,4% einstæðra mæðra. En þrátt fyrir hærri fæðingartíðni hér en í nágrannalöndunum og hlutfallslega fleiri einstæða foreldra þá eru útgjöld hins opinbera sem renna til barnafjölskyldna hlutfallslega mun minni heldur en á öðrum Norðurlöndum. Ástæðan er vafalaust að hluta til sú, að okkar

velferðarkerfi er almennt veikara en þar. En einnig er vert að hugleiða hvort staða kvenna á ekki einnig sinn þátt í því. Og þá vil ég benda á að þótt atvinnuþátttaka kvenna sé óvenjulega mikil hér, þá er launamunur kynjanna meiri en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum, en hér fá konur aðeins um 65% af launum karla. Þessi mikla atvinnuþátttaka ein og sér hlýtur líka að kalla á aukna þörf fyrir samfélagslega þátttöku, t.d. í uppeldi barna og aðstoð við einstæðar mæður. Fjöldi einstæðra mæðra gerir þessa þörf enn augljósari.

Oft er fjölskyldan skilgreind út frá einstaklingnum og einstaklingum sem eiga sameiginlegt heimili, deila efnahag og tilfinningum og eru skuldbundnir siðferðilega í gagnkvæmri hollustu. Vil ég í því sambandi benda á skilgreiningu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar sem hér kom til umræðu áðan. Með því að skilgreina fjölskylduna á heimasviði þá er tilhneiging til þess að gera hana að málefni kvenna. Kvennalistinn er afl sem vill breyta þessum hefðbundnu hugmyndum um að fjölskyldan sé mál kvenna og atvinnulífið vettvangur karla. Kvennalistinn vill samfélag þar sem bæði konur og karlar eru virk í fjölskyldulífi, atvinnulífi og við mótun samfélagins, samanber stefnuskrá samtakanna. Til að stuðla að því höfum við í Kvennalistanum flutt á Alþingi fjölmargar tillögur og mál sem miða að því að þjóðfélagið viðurkenni breytta stöðu kvenna jafnt í fjölskyldunni sem atvinnulífi. Þess vegna þurfa hugmyndir okkar um fjölskylduna að breytast og við þurfum að búa mjög vel að henni við þessi nýju skilyrði. Kvennalistinn hefur stundum verið gagnrýndur fyrir það að setja kvenfrelsi og stöðu kvenna og barna á oddinn í sinni stjórnmálabaráttu en ekki fjölskylduna, hornstein samfélagins. Þótt þessi gagnrýni sé oft byggð á misskilningi þá er það engin tilviljun að Kvennalistinn sem kvenfrelsisafl setur kvenfrelsi á oddinn í sinni stjórnmálabaráttu. Og ástæðan er m.a. sú að fjölskyldan er ein af þeim stofnunum samfélagsins sem viðheldur tvöföldu vinnuálagi kvenna. Innan veggja fjölskyldunnar í skjóli friðhelginnar á sér því miður oft stað ýmislegt sem er ekki uppbyggilegt fyrir einstaklinga hennar nema síður sé. Þótt við séum oft með þá fögru mynd af fjölskyldunni í huga sem haldið er að okkur í amerískum bíómyndum, þá er það staðreynd að innan fjölskyldunnar eiga sér stað langflest voðaverk og ofbeldisverk sem framin eru á Íslandi og þar eru því miður mjög mörg börn brotin niður á sál og líkama vegna vanrækslu eða misbeitingar og einnig konur. Fjölskyldan er samt sem áður langáhrifamesta stofnunin hvað varðar líðan og starfshæfni fólks og því er óendanlega mikilvægt að henni séu búin þau skilyrði að hún verði í raun vettvangur tilfinningatengsla og athvarf frá erli daglegs amsturs úti í þjóðfélaginu. Að hún verði í raun staður þar sem konur, karlar og börn njóta virðingar og styrkjast í samveru sinni hvert við annað.

Þetta er auðvitað óendanlega mikilvægt fyrir uppeldi og uppvöxt barna og það þarf ekki að koma neinum á óvart að fjölskylduaðstæður skipta meginmáli. En munum einnig að þó að það sé fylgni á milli uppeldisaðstæðna og þess hvernig börnum vegnar í lífinu og fólki almennt, þá er það ekki alltaf foreldrum að kenna eða fjölskyldunni ef illa fer. Stundum getur fólk ekki sinnt sinni foreldraábyrgð vegna lágra launa eða of mikils vinnuálags eða vegna þess að atvinnuleysi foreldra hrjáir fjölskylduna og kemur í veg fyrir það að hún geti sinnt sínum störfum.

Það er því almennt mjög erfitt að ná samstöðu um stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar af því að megnið af stefnumörkun í þjóðfélaginu snertir fjölskylduna eins og fram hefur komið hér í þessari umræðu, hvort sem það er á sviði uppeldis- eða skólamála, félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála, skattamála, launamála, allt eru þetta aðgerðir sem snerta fjölskylduna. Pólitískst séð hefur málefnum fjölskyldunnar verið komið fyrir með mismunandi hætti í nágrannalöndum okkar eins og ég sagði áðan. Sums staðar eru til sérstök ráðuneyti fjölskyldumála, eða sérstök ráðuneyti kvennamála en annars staðar t.d. í Austurríki hefur verið reynt að hafa málefni fjölskyldunnar í sérstakri deild í forsrn. Ég tel mjög mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel um leið og þessi tillaga og fái mjög vandaða yfirferð í félmn. Hið pólitíska hnútukast sem þegar hefur komið fram í umræðunni um þessa tillögu gerir mig því miður ekki bjartsýna um að þessi tillaga fái farsæla framgöngu.

Virðulegi forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Það er von mín að á Alþingi Íslendinga verði tekin upp breytt vinnubrögð, að góð mál fái hér framgöngu óháð því hvort sem þau koma úr stjórn eða stjórnarandstöðu. Því miður er valdahroki stjórnvalda of mikill til þess og á því verður að vera breyting. Alþingi Íslendinga á hvorki að vera sandkassi né skylmingavöllur heldur vettvangur fyrir málefnalega og þjóðholla umræðu.

[11:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Tillagan sem hér er til umfjöllunar var undirbúin og endurunnin, eins og margoft hefur komið fram, í landsnefnd um Ár fjölskyldunnar. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm., Rannveigar Guðmundsdóttur, var sú nefnd þverfagleg og þverpólitísk og hana skipuðu á þriðja tug manna sem komu víðs vegar að úr samfélaginu. Ég tók sæti í nefndinni snemma árs 1993 og starfaði með henni allt til loka. Það verður að segjast eins og er að í nefndinni var alger samstaða um þörfina á mótun opinberrar fjölskyldustefnu og um þær tillögur sem hér eru kynntar. Fulltrúar í nefndinni voru almennt sammála um það að án slíkrar stefnu væri á engan hátt tryggt að fjölskyldan gæti sinnt því hlutverki sem við ætlumst öll til af henni: að vera hornsteinn samfélagsins, vettvangur tilfinningatengsla og uppspretta lífsgilda, svo að sótt séu í smiðju þau orð sem um fjölskylduna hafa verið viðhöfð.

En við Íslendingar eigum enga opinbera fjölskyldustefnu. Við teljum okkur búa í velferðarþjóðfélagi. Íslendinga eiga hlutfallslega flest börn ef samanburður er gerður við Norðurlöndin, en við verjum um leið hlutfallslega minnstu fé til félags- og heilbrigðismála. Ekki aðeins það heldur höfum við Íslendingar aldrei átt neina heildstæða fjölskyldustefnu þrátt fyrir það að við tölum sífellt um fjölskylduna sem hornstein samfélagsins. Það er undarlegur hornsteinn. Nær væri að segja að fjölskyldan sé hornreka samfélagsins ef marka má þá athygli sem hún fær í stefnumótun. Viljum við þrátt fyrir breytta tíma enn í dag líta á fjölskylduna sem einkamál þeirra sem þar eru eða viljum við tryggja öryggi hennar og farsæld betur og búa til heildarstefnu um hana? Að sjálfsögðu viljum við taka síðari kostinn.

En vandamálið er ekki svo einfalt að það snúist einungis um vilja. Hér er um flókið mál að ræða sem krefst fjárfrekrar endurskipulagningar víðs vegar í stjórnkerfinu. Staðreyndin er sú að þjónustukerfi hins opinbera og stofnanir þess hafa verið skipulagðar miðað við tiltekin viðfangsefni eða afmarkaða hópa í þjóðfélaginu, svo sem sjúklinga, nemendur, fatlaða, aldraða og fíkniefnaneytendur, svo dæmi séu tekin. Einstök viðfangsefni heyra síðan undir mismunandi ráðu-

neyti eftir því hvers konar viðfang viðkomandi er talinn vera og í hverjum flokki vandamála fyrir sig er svo mótuð ákveðin stefna. Hins vegar vantar heildarstefnuna og það vantar heildartengingu málaflokkanna. Í stað þess að vandamálin séu leyst á heildstæðan hátt er hver að pukra með sitt viðfang óháð umhverfinu að öðru leyti. Verkaskipting ráðuneyta er óljós auk þess sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er óljós líka í málaflokkum er lúta að fjölskyldunni.

Það er ánægjulegt til þess að vita að hæstv. félmrh. sé að vinna að því að móta stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Á máli hans hér áðan heyrðist mér þó ekki að hann ætli sér að gera nokkrar þær breytingar á þeim málum sem máli skipta fyrir fjölskylduna sem slíka. Hann telur nauðsynlegt að huga að ýmsu eins og t.d. jafnrétti, hjónabandinu, umferðaröryggi og dagvistarmálum. Hann ætlar líka að uppræta ráðaleysi í þjóðfélaginu. Hann lýsir tillögum landsnefndar um mál fjölskyldunnar sem innantómum klisjum. Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt jafnmargar innantómar klisjur og þær sem komu fram í máli hæstv. félmrh. áðan. Hvar ætlar hæstv. ráðherra að finna snillinga til að móta slíka stefnu eins og hann hefur í huga? Landsnefndina skipuðu fjölmargir þeir færustu einstaklingar sem við eigum á sviði þessara mála og í öllum tilvikum var leitað faglegrar ráðgjafar. Það þekki ég. Ég ætla ekki að láta eftir mér að segja upphátt þau orð sem mér koma í hug við málflutning eins og þann sem hér hefur heyrst frá hæstv. félmrh.

Ég vil í lokin hvetja hæstv. ráðherra til að ergja sig ekki vegna þess að hv. þm. og fyrrv. ráðherra Rannveig Guðmundsdóttir hafði dug til þess að fytja þessa tillögu á sínum stutta ráðherraferli.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á áðan hafa fjömargir komið að þessu máli, þar á meðal hún sjálf í sinni ráðherratíð, og ekki grætur hún frumkvæði Rannveigar. Ég ætla rétt að vona að sú mikla vinna sem fram fór í landsnefnd um mál fjölskyldunnar komi ekki til með að týnast vegna einhvers ergelsis eins og þess sem kom fram áðan hjá hæstv. ráðherra. Það er einmitt þess vegna sem ég ákvað að vera meðflm. að þessu máli því það yrði sorglegt ef slík vinna mundi týnast niður. Ég tek undir þau orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er undarleg staða að hæstv. ráðherra félagsmála skuli sitja hér og ergja sig yfir sig yfir því að svo mikilvægu máli sé hreyft í þingsölum í stað þess að fagna því og taka undir þann málflutning.

[11:50]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Margt hefur verið sagt hér í dag um málefni fjölskyldunnar. Málflutningurinn hefur fyrir mig sem nýkomna á Alþingi verið hinn undarlegasti og ég ætla að leyfa mér að reyna í nokkrum orðum að beina sjónum okkar aftur að því málefni sem er til umræðu, þ.e. viðfangsefnið málefni fjölskyldunnar, í stað þess að láta eftir mér að vera með hnútukast um þetta mikilvæga málefni.

Mig langar þó til þess að byrja á því að hrósa þeirri ríkisstjórn sem vann að undirbúningi að Ári fjölskyldunnar eftir þeirri áskorun sem Sameinuðu þjóðirnar sendu til sinna aðildarríkja. Ég held að það sé einsdæmi hversu vel var staðið að því að undirbúa þetta ár og hversu mikil breidd var sett í þann vinnuhóp sem fékk það verkefni. Mér er kunnugt um að t.d. í nágrannalöndum okkar hafi ekki verið farið eins að og satt að segja hafa t.d. fulltrúar minnihlutahópa þar í landi ekki fengið að koma að þessari vinnu með sama hætti og gert á Íslandi.

Ég vil enn fremur fá að þakka hæstv. fyrrv. félmrh. og alþm., Rannveigu Guðmundsdóttur, ásamt þeim sem eru meðflytjendur að þáltill. fyrir þetta frumkvæði. Við vitum öll að það hefur sárlega skort heildarsýn á aðbúnað og kjör fjölskyldunnar. Við vitum það líka að lágar tekjur og langur vinnudagur hefur haft veruleg áhrif á stöðu fjölskyldunnar á undanförnum árum og svo mikil áhrif í neikvæða átt að ástæða er til að hafa áhyggjur af því.

Margsinnis hefur verið bent á það að stjórnvaldsaðgerðir á hverjum tíma þurfa að taka mið af því að heildarsýn fáist á afleiðingar þeirra aðgerða og það er einmitt það sem heildstæð fjölskyldustefna gæti gert. Hún gæti komið því til leiðar að þegar stjórnvöld taka ákvarðanir á einum stað sé tryggt að það hafi ekki neikvæð áhrif á kjör og aðbúnað fólks á öðrum stað eins og svo oft vill verða, því miður.

Virðulegi forseti. Sú stefna hefur verið mörkuð á undanförnum árum að færa velferðarverkefnið til sveitarfélaganna. Það er hluti af þeirri breyttu sýn sem við lítum á velferðarmálin í dag. Það er ekki lengur litið á það sem ölmusu í garð þeirra sem minna mega sín að sveitarfélögin hugi að kjörum og bæti aðbúnað þeirra. Þetta er hluti af þeirri nýju velferðarsýn sem hefur skapast á undanförnum árum og endurspeglast m.a. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaganna. Þegar verið er að vinna að dreifstýringu og færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga er ekki síst mikilvægt að einhvers staðar sé yfirsýn á kjörum fjölskyldunnar þannig að slys hljótist ekki af í stjórnsýslukerfinu. Við skulum aðeins staldra aftur við kjörin sem fjölskyldurnar búa við í dag. Við skulum horfa á skólamálin, við skulum taka til atvinnuþátttöku kvenna, við skulum taka til það, sem margoft hefur verið bent á, að samverustundum foreldra og barna fer stöðugt fækkandi vegna þeirrar miklu atvinnuþátttöku sem báðir foreldrar þurfa að leggja á sig til þess að framfleyta fjölskyldunni.

Við vitum það líka að t.d. hefur skólakerfið alls ekki mætt þessu breytta þjóðfélagsmunstri og það er mikið ósamræmi í skólakerfinu annars vegar og þeim tilboðum sem skólinn gerir börnum og fjölskyldum og þeim raunveruleika sem þessar fjölskyldur búa í.

Við skulum líka staldra við þá háu slysatíðni sem er á börnum á Íslandi. Við höfum nýlega heyrt tölur um að við eigum heimsmet t.d. í drukknunarslysum á ungum börnum. Þetta allt hlýtur að vekja okkur til umhugsunar og við verðum meðvituð um að það sé þörf á að taka á þessum málum á vandaðan hátt.

Það er líka mjög mikilvægt að við viðurkennum það að íslenska fjölskyldan er mjög fjölbreytileg. Það er sérstaklega mikið álag á fjölskyldum t.d. ungra barna í dag. Erfið kjör, erfitt fyrir þessar fjölskyldur að koma yfir sig mannsæmandi húsnæði og lifa af launum. Við skulum viðurkenna það líka að það ríkir ekki jafnrétti í garð ákveðinna þjóðfélagshópa. Þar eru fatlaðir, samkynhneigðir og fleiri sem eiga langt í land með að ná jafnri stöðu á við aðra í þjóðfélaginu.

Við skulum líka huga að öldruðum sem búa við oft og tíðum skelfilegan aðbúnað og við skulum líka muna það að munstrið í umönnun aldraðra hefur breyst á undanförnum árum. Þar sem áður var í ríkum mæli fjölskyldan sem annaðist aldraða, þá hafa stofnanir átt að taka við þessu hlutverki í kjölfar breyttrar atvinnuþátttöku kvenna.

Við vitum það líka að stofnanir og hjúkrunarheimili fyrir aldraða eru af skornum skammti og því er aldraða fjölskyldan oft í mikilli neyð sem þarf að hafa yfirsýn yfir til þess að gera einhverjar raunhæfar úrbætur á. Við skulum líka

muna það að vegna þessarar miklu atvinnuþátttöku beggja hjóna í dag, þá hafa fjölskyldutengsl breyst mjög á undanförnum árum. Við Íslendingar hrósuðum okkur alltaf af því hversu náin við vorum í fjölskyldum og hversu góð og öflug sambönd fjölskyldna voru á Íslandi. Þetta er því miður að breytast og þarna þarf líka að huga vel að hvernig við getum snúið þessari óheillavænlegu þróun við. Við skulum líka muna það að félagsleg tengsl þeirrra sem þurfa að annast annaðhvort fatlaða, sjúka eða ung börn eru oft mjög erfið og afkoma þeirra mjög bágborin. Við skulum því endilega vera þess meðvituð að þarna þarf að gera heilmikið ef einhver bjartsýni á að fá að ríkja í lífi þessa fólks.

Virðulegi forseti. Það voru Sameinuðu þjóðirnar sem bentu aðildarríkjum sínum á að það þurfti að huga sérstaklega að fjölskyldunum og í þeim tilgangi var ákveðið að alþjóðlegt ár fjölskyldunnar skyldi verða árið 1994. Sumarið 1991 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á landsnefnd sem átti að undirbúa þetta.

Það hefur komið fram í máli allflestra sem hér hafa tekið til máls í dag að mikil breidd var í þeim hópi sem fékk þetta verkefni. Þar voru aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar verkalýðshreyfinganna, þar voru fulltrúar fyrir hagsmunahópa af ýmsu tagi, sjúklinga, aldraða. Það má því gefa sér það að allt þetta fólk sem býr yfir þekkingu á nær öllum sviðum mannlífsins hafi komið þeim skilaboðum og þeirri sérfræðiþekkingu í þetta starf sem á þurfti að halda.

Það hefur oft verið vakin athygli á því að mikilvæg og góð mál ná ekki fram að ganga vegna þess að ekki ríkir sú samfella sem þarf oft að vera á milli ríkisstjórna. Þegar ein ríkisstjórn fer frá þá detta mörg góð mál niður án þess að fá afgreiðslu. Það er því ljóst að mikilvæg forvinna sem oft er búið að vinna glatast að miklu leyti. Mér finnst það miður. Þetta góða plagg, till. til þál., er unnið á vandaðan og yfirvegaðan hátt af öllum sem þarna þurfa að koma að máli. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það væri sorglegt ef þetta góða mál fengi ekki framgöngu á hinu háa Alþingi og ég vona að fólk geti látið af flokkadráttum í þessu máli og horft á mikilvægi málsins í stað þess að horfa til einhverra flokkadrátta í svona brýnu velferðarmáli fyrir okkur öll.

[12:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir það frumkvæði sem hún hefur haft að því þarfa máli sem við ræðum hér í dag. Fyrir mér hafa þessar umræður að mörgu leyti verið afskaplega gagnlegar. Þáltill. sem hv. þm. flytur ásamt nokkrum öðrum, m.a. mér, felur það í sér að mótuð verði opinber fjölskyldustefna þar sem að er lögð sérstök áhersla á að styrkja fjölskylduna sem einingu.

Þær tillögur sem fylgja í köflum með þáltill., herra forseti, eru afrakstur mikils starfs þar sem tugir manna hafa komið að. Um hverja einustu af þessum tillögum skapaðist samstaða í þeim hópi sem vann þetta verk. Ég dreg því þá ályktun að um þetta mál ríki í rauninni þverpólitísk samstaða. Ég held að enginn stjórnmálaflokkur á Íslandi geti verið á móti því að hið opinbera móti sér skilvirka fjölskyldustefnu.

Þess vegna hryggir það mig, herra forseti, að hæstv. félmrh. og einn hv. þm. úr hans flokki skuli sjá ástæðu til þess að draga þetta ágæta mál niður í lágkúrulegt flokkaþras, ég get ekki kallað það annað. Ég held að það sé alveg ljóst að málið er þess eðlis að það er brýn þörf á að það nái fram að ganga. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir benti á það, sem er hárrétt, að vinstri höndin veit ekki alltaf hvað hin hægri gjörir. Við erum að framkvæma ákveðnar aðgerðir á einu sviði sem e.t.v. vinna gegn yfirlýstum markmiðum okkar á öðrum sviðum. Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir gerði að umræðuefni að Íslendingar búa við hærri slysatíðni heldur en allar aðrar þjóðir. Ef við berum til að mynda saman Svíþjóð og Ísland þá blasir við sú staðreynd að tvöfalt fleiri börn miðað við höfðatölu leita aðstoðar slysavarðstofu hér á landi miðað við það sem gerist í Svíþjóð. Allir eru auðvitað hræddir við þetta, þetta eru ógnvænlegar staðreyndir. Það er líka staðreynd að dauðsföll barna af slysförum og alvarleg meiðsl eru miklu meiri hér á landi en hjá nágrannaþjóðunum. Það eru allir á móti þessu. Hæstv. félmrh., ég og hver einasti þingmaður viljum að eitthvað sé gert gegn þessu. Eigi að síður er það svo að flestir flokkar hafa átt aðild að ákvörðunum sem hafa dregið úr því að hægt sé að vinna öflugt gegn þessari vá. Við höfum auðvitað öll borið með vissum hætti ábyrgð á því að launaþróun hér á landi hefur verið þannig foreldrar geti ekki sinnt eftirliti með börnum sínum sem skyldi.

Mér þótti líka forvitnilegt, herra forseti, að heyra, sem mér fannst vera nokkrar þverstæður í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, sem talaði um að það þyrfti að styrkja fjölskylduna sem grunneiningu en eigi að síður var ekki hægt að skilja mál hennar, eða ég skildi það ekki öðruvísi en svo að hún teldi líka að fjölskyldan væri sú eining þjóðfélagsins sem viðhéldi kvennakúgun auk þess sem ýmislegt annað miður fagurt gerðist innan veggja hennar.

Mér þætti vænt um, herra forseti, ef það væri hægt að fá nánari útskýringu á því hvernig þessi tvö markmið ríma, annars vegar að styrkja fjölskylduna en hins vegar að uppræta a.m.k. þann þátt hennar sem viðheldur þessari kúgun.

Herra forseti. Það er nú svo að minnihlutahópar eiga að ýmsu leyti erfitt uppdráttar. Í fæstum tilvikum eiga þeir hér á landi mikinn fjölda á bak við sig, þeir hafa ekki afl fjöldans og það er kannski þess vegna sem okkur hættir oft til að sofna á verðinum yfir velferð þeirra. Þess vegna er mér sérstaklega annt um það að til framkvæmda komi þeir hlutar þáltill. þar sem ýmsum minnihlutahópum er gefinn sérstakur gaumur.

Í II. kafla tillögunnar er til að mynda rætt um að það þurfi að styðja betur við fjölskyldur nýbúa, veita þeim stuðning sem nauðsynlegur er til þess að þeir geti fest rætur í íslensku samfélagi. Þetta er orðið mjög nauðsynlegt að mínu viti. Við höfum tekið á móti hópum flóttamanna sem sannarlega hafa aukið litríki okkar smáa samfélags. Þeir hafa fært með sér hefðir og nýbreytni og má sannarlega segja að þeir hafi auðgað mannlífið. En stuðningur okkar við þá hefur að mínu viti verið skammarlega lítill. Við fylgjumst lítið með þeim eftir að þeir eru komnir til landsins og gerum of lítið til þess að hjálpa þeim að ná tökum á okkar eigin tungu og við vitum ekki alltaf hvernig þeim reiðir af.

Ég vil, herra forseti, nota þetta tækifæri til þess að hrósa hæstv. félmrh. sérstaklega fyrir það að hann hefur nú tekið ákvörðun um það að hleypa nýjum hópi flóttamanna til landsins. Hann á lof skilið fyrir það. Fyrir þá dirfsku sem sannarlega í því felst. En það brýnir fyrir okkur nauðsyn þess að við þurfum með einhverjum hætti í opinberri fjölskyldustefnu sem væntanlega verður niðurstaðan einhvern tímann í framtíðinni að taka sérstakt mið af þörfum þessa hóps. Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að í tillögu okkar er jafnframt gert ráð fyrir því að opinber fjölskyldustefna eigi að beinast að því að uppræta misrétti í garð fjölskyldna samkynhneigðra. Þetta er raunar í stíl við þær tillögur sem er að finna í skýrslu um stöðu samkynhneigðra sem unnin

var í kjölfar samþykktar Alþingis og var birt fyrir nokkrum missirum. Í ályktun Alþingis um það mál var kveðið upp úr með það, herra forseti, að hið opinbera ætti, með leyfi forseta: „að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi". Þar var jafnframt talað um aðgerðir til að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi. Það er hins vegar staðreynd að fjölskyldur samkynhneigðra hafa verið litnar hornauga. Þær njóta ekki sama lagalega réttar og aðrar fjölskyldur. Það má hins vegar minna á það að hugmyndin um mennina sem jöfn börn guðs er grundvöllur kristninnar og það er skammt síðan að sagði í texta frá biskupnum yfir Íslandi að fátt væri jafnógeðfellt og fjarlægt frumatriðum kristinnar trúar og útskúfun þeirra sem eru öðruvísi en fjöldinn. Það eiga allir að hafa frelsi til þess að leita hamingjunnar með þeim hætti sem þeir sjálfir kjósa. Við getum auðvitað leitað hamingjunnar með ólíkum hætti enda er verðmætamatið misjafnt og það finnst enginn einn mælikvarði á það sem við köllum hamingju. Það er einmitt þess vegna sem við þurfum frelsi til þess að leita hennar. Og fjölskyldan er að verulegu leyti uppspretta hamingjunnar og þangað leita menn bæði til að deila sorg og gleði. Samkynhneigðir eiga nákvæmlega sama rétt á þessari sömu hamingjuleit og aðrir og þess vegna tel ég nauðsynlegt og afar mikilvægt fyrir réttindabaráttu þeirra að opinber fjölskyldustefna beinist einnig að því að uppræta aldalanga fordóma í garð þeirra fjölskyldna.

Herra forseti. Þegar við tölum stundum um það fjálglega hér á Alþingi og þegar ríkisstjórnin tekur undir að nú þurfi að efla atvinnulífið, þá tala menn líka mikið um nauðsyn þess að fjárfesta í rannsóknum. Rannsóknirnar eru grunnur eflingar atvinnulífsins, segjum við mjög oft, en fjölskyldan er að þessu leyti ekkert öðruvísi en atvinnulífið. Ef við tökum um það meðvitaða ákvörðun að efla fjölskylduna þá er okkur sá kostur vænstur að grafast fyrir um hvernig það væri best gert, hvaða meðul duga best til að styrkja hana. Það kostar vissulega fjármagn og á því verður að vera skilningur. Þetta viðhorf speglast einmitt í þáltill. sem við flytjum hér í dag. Þar er gert ráð fyrir því að það verði veitt fjármagn til þess að rannsaka þætti fjölskyldunnar, rannsaka m.a. þau mein sem hrjá hana. Einungis þannig getum við fundið hin réttu meðul til þess að lækna það sem er að.

[12:08]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að hann hafi fundið mótsögn í mínum málflutningi, að ég hafi annars vegar viljað styrkja fjölskylduna og hins vegar bent á að innan veggja fjölskyldunnar eigi sér oft stað ákveðin kúgun, þá vil ég ítreka það að ég held að þetta hafi verið réttur skilningur hjá þingmanninum en ég held að þetta sé ekki óleysanlegur vandi. En hann er því miður staðreynd nú í okkar þjóðfélagi. Ef við lítum á tölur um hvort sem er heimilisofbeldi eða morðmál þá eiga þau sér langoftast stað innan fjölskyldunnar. Mín skoðun og skoðun Kvennalistans almennt er sú að ef allir einstaklingar fjölskyldunnar eru virtir, hvort sem það eru börnin, konurnar eða karlarnir, í atvinnulífinu eða í skólanum og líður vel í því sem þeir eru að gera, þá aukist líkurnar á því að innan fjölskyldunnar skapist sú uppbyggilega heild og það tilfinningathvarf sem við viljum öll að fjölskyldan sé. Ég held því að meðan búið er eins illa að fjölskyldunni og nú er, þá er þetta því miður staðreynd. Þess vegna er grundvallaratriði að í fjölskyldustefnu sé gengið út frá jafnrétti kynjanna eins og Svíar höfðu vit á að gera 1968. Ég vil því nota tækifærið, því að mér láðist að geta þess áðan, að ég fagna því að í þessari tillögu er ein fosenda hennar að það eigi að ganga út frá jafnrétti kynjanna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan fjölskyldunnar.

[12:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður yfir því að fá staðfestingu á því að ég skildi mál hv. þm. rétt. Það sem ég var hins vegar að velta fyrir mér var þetta: Hún segir að það sé vissulega staðreynd að það viðgangist kvennakúgun og ýmislegt miður fagurt innan fjölskyldunnar. Það þurfi hins vegar að uppræta það og hún telur að það sé hægt ef sérhver meðlimur fjölskyldunnar virði annan. Þetta held ég að sé rétt hjá hv. þm. En það var einmitt þessi ályktun sem ég dró á meðan ég hlustaði á hana sem varð mér tilefni þess að ég gat um þennan kafla þingmannsins í ræðu minni. Ég dreg þá ályktun að það sem hún sé að segja sé að það þurfi viðhorfsbreytingu. En ég minnist þess að þegar varaform. Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Friðrik Sófusson, sagði þetta einmitt hér í umræðunum í fyrra, þá réðust a.m.k. sumir hv. þm. Kvennalistans á hann fyrir nákvæmlega þetta. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að styrkja fjölskylduna sem grunneiningu og ekki síst á þeim tímum vaxandi agaleysis og upplausnar sem ég þykist kenna merki um í þjóðfélaginu. Fjölskyldan er í mínum huga eins konar grunnskóli undir lífið. Þar eru mönnum innrættar þær óskráðu siðareglur sem við beitum í okkar daglega samneyti við annað fólk, siðareglur sem grundvallast á hollustu, heilindum og drenglyndi. Það er einmitt þegar það brestur sem við sjáum afleiðingar agaleysisins og upplausnarinnar og það er einmitt þá sem hinar svokölluðu félagslegu erfðir birtast vel, þegar röng viðhorf, röng frá mínum sjónarhóli a.m.k., ná að færast á milli kynslóða, frá foreldri til barns og síðan kannski enn lengra fram í tímann. Það er þetta sem við höfum séð gerast í stórborgum úti í heimi þar sem upplausnsin er orðið gríðarlegt vandamál og e.t.v. mesta þjóðfélagsmeinið.

[12:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég taka fram að það er alls ekki nóg að það verði viðhorfsbreyting. Til þess að öllum einstaklingum fjölskyldunnar líði vel og beri virðingu gagnvart öðrum, þá þarf þeim líka að líða vel úti í þjóðfélaginu. Konur þurfa reisn og finna að þeirra laun séu jafnhá og karla, þær þurfa að njóta sömu virðingar og hafa sömu völd og karlar. Til þess að börnum líði vel þá þarf skóladagurinn að vera lengri, það þarf miklu betri umönnun í kringum fjölskylduna, þ.e. í þeirra skólastarfi og leikskólum og annars staðar. Það er því ekki bara hugarfarsbreyting sem þarf. Um leið og fólki líður betur í sínu daglega lífi þá kemur það fram við hvert annað eins og fólk. Það kannast allir við söguna af verkamanninum sem fer heim og lemur hundinn sinn af því að það var komið illa fram við hann í vinnunni. Það er akkúrat það ástand sem ríkir núna. Fólki líður illa í sínu daglega lífi, konur njóta ekki fullra mannréttinda úti í þjóðfélaginu á meðan launamisrétti og annað viðgengst og þess vegna t.d. taka þær frekar fæðingarorlof heldur en karlar af því að þeirra laun eru lægri og þar af leiðandi verður verkaskiptingin á heimilunum ekki jöfn. Það er meira en hugarfarsbreyting sem þarf að koma til, það eru aðgerðir.

[12:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst af þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta mikilvæga mál að þingmenn sýna málinu mikinn áhuga og það er ljóst, eins og einn ræðumaður sagði áðan, að það virðist vera mikil samstaða um það. Þessi umræða hefur nú staðið í tæpa þrjá tíma en það sem vissulega hefur skyggt á umræðuna er upphaf hennar þegar hæstv. félmrh. var með hnútukast um uppruna þessa máls og hver ætti frumburðarréttinn að því. Það leiðir hugann kannski að ýmsu sem maður hefur kannski ekki velt fyrir sér. Auðvitað er það rangt hjá hæstv. ráðherra að þetta sé í fyrsta skipti að þingmaður sem verið hefur ráðherra flytur inn á þingið óbreytt frv. sem undirbúið hefur verið í ráðuneytinu. Við höfum dæmi um það. Ég get t.d. nefnt frv. til laga um ferðaþjónustu sem Steingrímur J. Sigfússon flutti óbreytt sem þingmaður en hann hafði einnig flutt það þegar hann var ráðherra og það gerði enginn athugasemd við það. Þetta er bara eitt dæmi sem hér kemur upp í hugann, þau eru til fleiri. Þannig að það leiðir auðvitað hugann að því hvernig þessu er háttað milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, hvort það sé einu sinni svo að mál sem unnin hafa verið í ráðuneyti séu bara einkaeign þeirra ráðherra sem fer með ráðuneytið. Hvort þar með sé tekinn réttur af fyrrv. ráðherrum sem hafa lagt mikla vinnu í undirbúning að ákveðnu máli og þeim hreinlega bannað að flytja málið inn á þingið þegar þeir koma hér inn sem óbreyttir þingmenn.

Það leiðir auðvitað hugann að þingsköpum. Þetta mál sem mig minnir að hafi farið í nefnd þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, þá sem ráðherra mælti fyrir því á þingi, ætti að vera þar áfram og vinnast þar áfram. Það ætti ekki að þurfa að endurflytja þau, og það á við um fleiri mál. Ég held að það flýtti fyrir málum og kæmi kannski í veg fyrir ýmsan tvíverknað. Enda var það upplýst af hæstv. ráðherra hér í vor þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti málið að hann væri ekki viss um að hann mundi flytja þetta í þeim búningi sem það var þá. Og auðvitað á það að vera réttur þingmanna sem hafa verið ráðherrar að geta flutt málið inn í þingið í þeim búningi sem þeir vilja en þurfa ekki að bíða eftir því að viðkomandi ráðherra á hverjum tíma þóknist að gera það. En að þessu frátöldu finnst mér umræðan hér hafa verið málefnaleg og það þarf auðvitað að gera meira af því að ræða almennt um málefni fjölskyldunnar. Hún virðist eingöngu vera í sviðsljósinu þegar verið er að ræða fjárlagagerð og niðurskurð vegna fjárlaga en síður að það sé farið í djúpar, heilsteyptar umræður um stöðu fjölskyldunnar og málefni hennar.

Það er auðvitað víða sem við komum að málefnum fjölskyldunnar, ekki bara í velferðarmálunum. Það eru ýmsir aðrir málaflokkar sem snerta málefni fjölskyldunnar eins og bæði umhverfis- og skipulagsmál, skattamál og fleiri þættir. Þannig að allt hnígur þetta að því sama; það er nauðsynlegt að hafa heildaryfirsýn yfir þennan málaflokk, móta þar heildstæða stefnu og fela einu ráðuneyti ábyrgðina á honum. Og mér finnst tímabært að hugleiða, og vel má vera að maður hugleiði þá kannski einhvern flutning hér á Alþingi í þá veru, að gera það að skyldu í sambandi við fjárlagafrv. á hverjum tíma að gefið sé yfirlit yfir hvaða áhrif einstaka þættir fjárlaga og í niðurskurði fjárlaga hafa á fjölskyldurnar. Bæði á einstaka meðlimi fjölskyldna og fjölskyldurnar í heild sinni. Er einhver sparnaður í því að ráðast í ýmsar aðgerðir sem oft er verið að gera? Mér finnst að það vanti inn í fjárlagafrv. að fá mat um það hvaða áhrif einstaka þættir hafa fyrir fjölskylduna.

Maður veltir því t.d. fyrir sér, eins og áður er nefnt, hvaða áhrif sú stefnubreyting sem raunverulega er boðuð í fjárlagafrv. hafi fyrir fjöskyldurnar. Nú er t.d. mjög óljóst hvað er að gerast í heilbrigðismálunum í fjárlagafrv. Það er talað um innritunargjöld inn á spítala. Sumir tala um það að nú eigi að fara að taka upp tillögur um að fólk geti keypt sig út af biðlistum á spítölum. Þetta fær maður allt mjög óljósar upplýsingar um. Fjárlagafrv. er loðið frá upphafi til enda, til þess gert að þingmennirnir hafi sem minnsta vitneskju um hvað framkvæmdarvaldið ætlar raunverulega að gera. Það er verið að fela hitt og þetta í fjárlögunum sem snýr að heimilunum í landinu og niðurskurði. Þannig að ég tel að það sé tímabært að skoða það að það verði skylda að hafa greinargerð með fjárlögunum sem lýsi nákvæmlega hvaða áhrif einstaka þættir hafi á fjölskyldurnar í landinu.

Ég minntist á það í minni fyrri ræðu að ég hef sjálf tekið saman slíka greinargerð við fjárlagagerð fyrir nokkrum árum. Ég er sannfærð um að það varð til þess að ýmislegt fór út af borðinu, menn sáu þarna svart á hvítu hvaða áhrif þetta hafði á fjölskyldurnar. Það er nú einu sinni þannig við fjárlagagerð, að þar veit enginn ráðherra hvað annar er að gera. Einn ráðherrann fær bara svo og svo háa fjárhæð sem hann á að skera niður og hinn fær hina fjárhæðina og svo veit enginn hvað hver er að gera. Það er ekki fyrr en við sjáum fjárlagafrv. í heild sinni að menn geta kannski farið að íhuga hvernig þessir þættir spila saman.

Ég minnist þess þegar heilbrrh. á sínum tíma var með sparnaðaraðgerðir sem fólust í því að hækka meðlagsgreiðslur. Það kom í ljós að í því var enginn sparnaður fólginn. Það var verið að hækka meðlagsgreiðslur úr 7 í 10 þús. kr. Meðlagsgreiðendur réðu ekki við þetta. Þetta kom út sem aukin útgjöld hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga sem nú er verið að glíma við að ég held í félmrn. Þannig að menn verða að horfa á þetta meira í heild sinni og menn verða að horfa miklu meira en áður til þess hvað það getur sparað að setja peninga í forvarnamál í þjóðfélaginu. Við erum langt á eftir öðrum þjóðum í því efni. Það er til skammar hvernig við stöndum að barnaverndarmálum. Það eru smápeningar sem við setjum í þessi mál. Það varð töluverð aukning þegar þessi málaflokkur fór yfir til félmrn., en hvergi nærri nóg. Við erum í þessu litla landi okkar með barnaverndarnefndir í hverju sveitarfélagi sem hafa ekki á að skipa fagfólki til að fjalla um þessi mál. Við látum lítið til barnaverndarmála. Síðan erum við að óskapast yfir því að hér sé að aukast ofbeldi og það er talað um unglingavandamál og miðbæjarvandamál o.s.frv. Eigum við ekki að líta aðeins í eigin barm og sjá hvernig við vinnum hér á hv. Alþingi? Það er nefnilega ýmislegt sem hægt er að breyta og hægt að ná fram miklum sparnaði í. Ég er alveg sannfærð um að ef við létum meira í forvarnastarf, félgsmálin, slysavarnir og vímuefnavarnir þá mundum við spara mikið í okkar dýra heilbrigðiskerfi. Og við eigum að hætta að líta alltaf á þær mælistikur sem við notum þegar við erum að meta velgengni og auð í þjóðfélaginu, þ.e. viðskiptahalla, ríkisfjárlagahalla eða viðskiptajöfnuð. Þannig metum við þjóðarauðinn en við lítum kannski minna á mannauðinn. Það er það sem við þurfum að gera, við verðum að líta á það hvernig við hlúum að fjölskyldunni og hvaða áhrif einstaka stjórnvaldsaðgerðir hafa á fjölskyldurnar eða hvernig þær spila saman í heild sinni. Og við þurfum auðvitað að skoða hvað er að gerast í

þjóðfélaginu þegar fullvinnandi fólki á vinnumarkaðinum er gert að þurfa í sívaxandi mæli að leita á náðir félagsmálastofnana, bara til þess að eiga fyrir framfærslunni, bara til að geta framfleytt börnum sínum.

Ég er því sannfærð um það og það skulu vera mín lokaorð hér, virðulegi forseti, að það mun geta breytt miklu í þessu þjóðfélagi ef við mótum fjölskyldustefnu þar sem við höfum heildarsýn yfir alla þætti og hugum að fjárlagafrv. út frá öðrum sjónarhornum heldur en við höfum gert, þ.e. metum áhrifin af því sem við erum að gera hér í einstaka ráðuneytum og hvernig það spilar inn á fjölskyldurnar.

[12:24]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu merkilegt mál, þ.e. að móta opinbera fjölskyldustefnu. Þetta er ákaflega víðtækt hugtak og í sjálfu sér er þetta lífið sjálft. Því það eru ekki mörg mál sem ekki er á einhvern hátt hægt að tengja fjölskyldunni. Fjölskyldur geta verið af mörgum toga eins og hér hefur komið fram og það er mjög mikilvægt að þær séu viðurkenndar sem slíkar.

Það hefur verið sagt í þessari umræðu að fjölskyldan eigi að vera vettvangur tilfinningatengsla og það væri mikilvægt ef svo væri. Ég sótti námskeið sl. vor hér heima, sem var reyndar norrænt, og það fjallaði m.a. um listina að tala saman. Það er í sjálfu sér ekki alltaf einfalt. Því miður eru allt of margir sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig og opna sig gagnvart öðru fólki og líður þess vegna illa. Hamingja fólks byggist mjög mikið á því að því líði vel heima og að það geti talað við sína nánustu.

Ég ætla ekki að hafa hér mörg orð, hæstv. foseti, um þetta mál en mig langar að koma inn á einstaka atriði sem hafa verið nefnd. Það eru m.a. sameiginleg ábyrgð foreldra. Hún er ekki til staðar í dag, a.m.k. ekki hér á landi. Við höfum ekki náð fram jafnrétti þó við séum á góðri leið hvað það snertir. Á meðan við höfum ekki náð fram jafnrétti þá er sameiginleg ábyrgð foreldra ekki til staðar. Ég hef stundum leyft mér að segja að mér finnst að á meðan við höfum ekki náð jafnrétti inni á heimilunum þá eigi stúlkur bókstaflega að ræða sameiginlega ábyrgð foreldra áður en ákvörðun er tekin um það að fjölga sér. Eitt af því sem hefur verið hvað erfiðast konum á vinnumarkaði að mínu mati er það að bera svona mikla ábyrgð á fjölskyldunni, á uppeldi barnanna.

Ég hef líka haldið því fram að mikilvægast af öllu sé öryggið. Það er að börnin finni öryggi heima. Þótt ekki sé hægt að sinna þeim allan daginn verða þau að finna sig örugg heima hjá fjölskyldunni, hvernig sem hún er svo samansett.

Mér finnst það hafi verið að gerast mjög góðir hlutir t.d. hér í Reykjavík núna upp á síðkastið, að það skuli vera hægt að fara með börn sem eru að byrja í skóla í skólann kl. 8 á morgnana og þau séu örugg til klukkan 4 á daginn. Þetta er nýtt og reyndar kom mér á óvart að þetta skuli vera svona gott.

Þó ég tali um öryggi þá er ég ekki að tala um ofverndun því það getur líka verið vandamál. Þegar maður ber saman ýmislegt í dag miðað við það sem var fyrir nokkrum áratugum, þegar maður var sjálfur að alast upp, þá finnst mér að sumu leyti þurfa að hafa í huga að ofvernda ekki börn. Það er nokkuð sem veldur því að börn hafa síður frumkvæði og það setur hugmyndafluginu hömlur. Börn þyrftu að geta fengið að týnast stundum í sínum hugarheimi en auðvitað innan þeirra marka sem eru eðlileg, þannig að þau séu ekki í hættu.

Það hefur komið hér fram hjá mörgum hv. ræðumönnum að það þurfi að taka af alvöru á þessum málum og ég vona og veit það að hæstv. félmrh. ætlar sér að taka af alvöru á þeim og ég mun styðja hann í því af öllum mætti.

Hér hefur líka verið nefnt að það fjárlagafrv. sem nú liggur frammi, þótt það sé nú kannski ekki beinlínis til umræðu, sé sérstaklega andsnúið fjölskyldunni. Ég get alveg tekið undir að það er ekki allt jákvætt þar hvað snertir fjölskylduna þegar til skamms tíma er litið. En stjórnvöld bera mikla ábyrgð á velferð fjölskyldna framtíðarinnar. Við skulum hafa það í huga að í dag eru 6,3 á vinnumarkaði á móti hverjum 67 ára og eldri, en ef fram fer sem horfir þá verður hlutfallið árið 2030 3,3 á móti hverjum. Þó að ég búist ekki við að við sem erum í pólitík í dag verðum þá hér til staðar þá er þetta mál sem við verðum að hafa í huga og velta því fyrir okkur hvernig við ætlum þá að standa undir velferðarkerfinu. Það má einnig nefna það að ef sú stefna gengur fram, sem stjórnvöld hafa um að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum sem muni leiða til lækkunar vaxta, þá þýðir það líka stóra hluti fyrir fjölskyldurnar. Lækkun vaxta um eitt prósentustig gæti þýtt fyrir fjögurra manna fjölskyldu, sem skuldar 5 millj. kr., 40–50 þús. kr. Það eru líka peningar. Fyrir utan það að skuldir þjóðarinnar eru komnar á það stig að maður hefur ákveðnar áhyggjur af því. Þetta skiptir líka máli. Og þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var hér áðan að tala um að það þyrfti að gera úttekt á því hverju sinni þegar fjárlagafrv. er lagt fram hvaða afleiðingar það hefur fyrir fjölskyldurnar, þá er að sjálfsögðu ekkert nema gott um það að segja, en það þarf þá líka að líta til lengri tíma.

Þetta var það sem ég vildi koma að í þessari ágætu umræðu sem hér fer fram um þetta mikilvæga málefni.

[12:32]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka Valgerði Sverrisdóttur fyrir hennar innlegg. Ég vil í fyrsta lagi taka undir orð hv. þm. um nauðsyn þess að gera sér grein fyrir ábyrgðinni á því að stofna fjölskyldu og að sú ábyrgð er oft og tíðum helsti þröskuldur kvenna á vinnumarkaði, þ.e. sú ofurábyrgð sem konur bera í þessum málaflokki. Mig langaði í því tilefni að benda á hluta af efni tillögunnar, nánar tiltekið lið 2.6, þar sem segir, með leyfi forseta, um að meginviðfangsefni fjöskyldustefnu skuli vera:

„Að stuðlað sé að fjölskylduáætlunum, m.a. með fræðslu og ráðgjöf um stofnun heimilis, ábyrgð foreldra, kynlíf, barneignir og getnaðarvarnir."

Það má vísa til fleiri atriða í tillögunni sem einmitt benda á þetta og leggja áherslu á mikilvægi þess að báðir foreldrar beri ábyrgð á barnauppeldi og heimilisrekstri.

[12:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það sem er hvað merkilegast við þessa umræðu er í raun það sem ekki heyrist og ekki sést. Í fyrsta lagi er það auðvitað hin æpandi þögn annars stjórnarflokksins og viðveruleysi hans við þessa umræðu. Þá á ég auðvitað við Sjálfstfl., með fullri virðingu, herra forseti, að hann skuli ekki láta svo lítið að sitja hér við þessa umræðu, hvað þá að taka þátt í henni. Það segir okkur býsna mikið og ég held að það sé óhjákvæmilegt að láta þau orð falla að það áhugaleysi er ekki nýtt af nálinni. Við urðum þess mjög áþreifanlega vör í stjórnarsamstarfi á liðnu kjörtímabili að áhuginn þar á bæ var ekki mjög mikill þegar þessi mál bar á góma. Hæstv.

félmrh. og þeir framsóknarmenn mega þá vita að hverju þeir ganga í þeim efnum.

Hitt er líka jafnáberandi, og nú bið ég hæstv. ráðherra að hlusta, að spurningunni um það hver er afstaða Framsfl. og hæstv. ráðherra til þessarar þáltill. sem slíkrar, hefur ekki verið svarað efnislega í þessari umræðu þótt hæstv. ráðherra hafi tekið til máls og tveir hv. þm. Framsfl. Fremur hafa þeir valið þá leið að fjalla um aðdraganda málsins og hina formlegu hlið þess og látið það fara í taugarnar á sér að fyrrv. félmrh., núv. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, skuli fara með þetta mál fram. Hafa verið með nöldur, vil ég segja, svo ég noti nú þekkt orðalag í því sambandi. Hæstv. ráðherra hefur dottið niður í þann fúla pytt að vera að nöldra yfir því hvernig þetta stóra mál ber hér að á hinu háa Alþingi. Ég nota þetta orðalag sérstaklega vegna þess að honum er sjálfum tamt að nota það.

Mér finnst þetta vera fullkomið aukaatriði í þessu máli. Hér eigum við fyrst og síðast að fjalla um efnislega hlið þess og þess vegna árétta ég það og spyr hæstv. ráðherra beint: Hver er hans efnislega afstaða til þeirra tillagna sem hér er að finna? Er það eitthvað sem stingur sérstaklega í augu sem hann telur ástæðu til að skoða nánar og jafnvel breyta? Og er hann sérstaklega ánægður með eitthvað sem hér er að finna í þessari tillögu? Ég vil líka nota tækifærið og varpa þeirri sömu spurningu til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur í ljósi þess að hún er nú að taka upp þennan þráð í ráðuneytinu í umboði hæstv. ráðherra í nefnd sem ætlar að fara sérstaklega ofan í þessi mál. Þetta er nauðsynlegt að þingheimur fái að vita til þess að menn geti síðan áttað sig á því undir hvaða formerkjum þessi mál á að vinna í ráðuneytinu í þessari nefnd stjórnarflokkanna. Ég vil líka láta það koma hér fram og spyrja eftir því alveg sérstaklega: Hvaða tímamörk eru þessu nefndarstarfi sett, þ.e. þessari nýju nefnd sem skipuð er af framkvæmdarvaldinu og er að hefja núna störf? Ég vil taka það fram að ég vænti þess að sú nefnd vinni þetta mál af miklum heilindum og krafti og dugnaði og hef ekki ástæðu til að ætla annað. En það er mikilvægt að við fáum það hér að vita hvort þetta eigi að vera nefnd sem sé að störfum jöfnum höndum út þetta kjörtímabil og menn fái eitthvað frá henni undir lok þess eða hvort við eigum von á einhverjum afrakstri úr hennar ranni, jafnvel á haustdögum eða fyrir áramót. Ég vil undirstrika það og hvetja hæstv. ráðherra og þá framsóknarmenn sérstaklega til dáða í þessum efnum. Ég man eins og aðrir eftir aðdraganda síðustu kosninga þar sem fólkið var í fyrirrúmi og fjölskyldan þá einkanlega, endurreisn heimilanna og allt þetta sem ég þarf ekki að endurtaka hér aftur og aftur og þeim framsóknarmönnum var mjög tamt á tungu þá dagana. Þannig að ég segi það af einlægni að ég ber auðvitað fyllsta traust til þess að menn vinni þetta mál hratt og vel en ég skýt því engu að síður að hvort það sé ekki skynsamlegt að íhuga það að fara eilítið hraðar yfir sögu. Þá segi ég einfaldlega að við setjum þessa till. til þál., sem ég vil undirstrika að er tillaga til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að marka opinbera fjölskyldustefnu, hvort þessi ágæta nefnd stjórnarflokkanna hlaupi ekki yfir þann millikafla þar sem hann er þegar kominn og nýti þá grunnvinnu sem hér er til þess að hefja það starf sem tillagan felur í sér, þ.e. að marka þessa opinberu fjölskyldustefnu og fari ekkert að fara að búa til enn aðra tillögu sem álykti um að ríkisstjórnin skuli fara að hefja mörkun opinberrar fjölskyldustefnu, að menn taki þetta bara í einni ferð. Ég er fullviss um það að fulltrúar annarra stjórnmálaflokka, ef þeir væru um það beðnir, væru tilbúnir og kaldir og klárir í slíka vinnu einn, tveir og þrír ef svo ólíklega vildi til að óskað væri aðstoðar úr þeirri áttinni.

Þetta var nú um pólitíska hlið málsins og hina formlegu hlið. Hún hlýtur að taka einhvern dálítinn tíma í þessari umræðu vegna hinna nöldursömu viðbragða hæstv. félmrh. sem að mínu áliti voru fullkomlega ástæðulaus. Ég hef fulla trú á því að hann sé áhugamaður um málið og í ljósi þess á hann auðvitað að fagna þessu frumkvæði og hætta öllu nöldri.

Um efnistatriði málsins er það að segja að ég get vel tekið undir það sem sumir hafa hér sagt að þótt þessi grunnvinna sé vel af hendi leyst og ýmsar fróðlegar upplýsingar að finna í þessari ágætu till. til þál., þá er hér ekki neinn stórasannleik að finna. Hér er við það miðað að þingið og aðrir aðilar sem nærri málinu koma vinni áfram á þessum grundvelli. Ég sakna þess til að mynda eilítið í þessu sem gamall sveitarstjórnarmaður að menn fari öllu glöggar og nánar í það mikilvæga hlutverk sem sveitarstjórnirnar gegna í þessum málum öllum. Þær eru náttúrlega lykillinn að velferð fjölskyldunnar í ljósi þess að þau eru með verkefni sem vega jafnþungt og raun ber vitni, framfærsluskylduna, barnaverndina. Menn voru að vona að frumheilsugæslan kæmi heim í hérað, sem framsóknarmenn virðast nú að vísu vera að klúðra þessa dagana og vikurnar. Þannig hefði ég gjarnan viljað sjá nánari útfærslu á því. En tími minn leyfir það í raun ekki að fara nánar í efnisatriði þessa máls þó að það væri full ástæða til þess að gera það mjög rækilega.

Ég vil bara rétt í bláendann, virðulegi forseti, benda á það að málið er gífurlega margþætt eins og margir hafa hér komið inn á og í ljósi þess vek ég athygli hv. þm. á því að á borð þingmanna var verið að dreifa til að mynda frv. til laga frá hæstv. félmrh. sem lýtur beinlínis að þeirri umræðu sem við erum hér að fara í gegnum. Þar er verið að ræða um gagnkvæma framfærsluskyldu sambýlisfólks. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég styð þetta mál heils hugar. Það er löngu kominn tími til þess að á því verði tekið sérstaklega. En þetta er svona dæmi um það að hér á borðum okkar þingmanna eru hverju sinni mál sem snerta með beinum hætti þennan stóra málaflokk, sem við erum hér að fjalla um.

[12:42]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að það komi hér fram af því að ég er ekki viss um að hv. þm. Guðmundur Árni hafi verið í salnum áðan þegar ég upplýsti um viðkomandi nefnd sem er að störfum. Hún hefur haldið einn fund og ég treysti mér ekki til þess að segja hér og nú hver niðurstaða hennar verður, alls ekki. Mér þykir það líka óeðlilegt að það sé farið eitthvað rækilega ofan í það hvernig þessari tillögu verður hugsanlega breytt. Ég er ekki vön þeim vinnubrögðum.

Mig langar líka að upplýsa að ég er ekki formaður þessarar nefndar og ekki yfirvofandi formaður heldur. Formaður er Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður ráðherra. Ég er einn af hinum svokölluðu kolamokurum í þessari nefnd. Hvenær nefndin á að skila af sér get ég ekki sagt, en hæstv. félmrh., Páll Pétursson, sem hefur mikinn áhuga á að þetta mál fái farsælan endi eins fljótt og auðið er, hefur beðið nefndina um að hraða störfum sínum.

[12:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar upplýsingar en heyrði

og hlustaði grannt eftir ræðu hv. þm. hér áðan. Það er gott að heyra að nefndin ætlar að hraða störfum þó að nefndarmaður lofi engu um hversu mikið mark verður tekið á þeirri grunnvinnu sem hér liggur fyrir. Að vísu gat hv. þm. um það hér áðan í sinni fyrri ræðu að það gæti allt eins farið svo að tekið yrði að verulegu leyti tillit til þessa og hugsanlega ekki. En hvað sem því líður vonum við hið besta í því sambandi og ég óska þessari ágætu nefnd alls hins besta þó að ég hefði viljað sjá hv. þm. í formennsku fyrir þessari nefnd þannig að við þingmenn gætum þá elt hana uppi hér í þingsölum en þyrftum ekki að hlaupa til aðstoðarmanns ráðherra til þess að fá um þetta upplýsingar. En þetta er nú svona.

Ég nefndi það áðan að fjarvera Sjálfstfl. væri sérstaklega áberandi í þessari umræðu. Ég varð þess líka var hér áðan að ég var dálítið aleinn um tíma í salnum af öðru kyninu, að undanskildum virðulegum forseta og hæstv. ráðherrum sem eru að gegna hér skyldustörfum og hafa skyldusetu nánast. Þess vegna býð ég sérstaklega velkominn Jón Kristjánsson til fundarins.

[12:45]

Lilja Á. Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tel mig knúna til að taka þátt í þessari umræðu. Þó hélt ég satt að segja að við værum búin að tala nógu lengi um aðbúnað fjölskyldunnar hér á landi og allan þann vanda sem að henni steðjar. Ég get því tekið undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að tími framkvæmda hlýtur að vera kominn og það fyrir löngu. Því fagna ég þessari ályktun og vil þakka flm. hennar.

Ég vil enn fremur bæta því við að ég tala sem kennari og auðvitað móðir. Sem kennari finnur maður mjög greinilega hver vandamál fjölskyldunnar eru vegna þess að það leynir sér ekki þegar barnið kemur inn í skólastofuna ef því líður illa eða á í einhvers konar erfiðleikum. Og enn einu sinni virðist eiga að skera niður þá sérfræðiþjónustu sem skólanum er boðið upp á, hún er a.m.k. ekki aukin. Það er nefnilega þannig með flest hegðunarvandamál sem koma fram hjá börnum í skólum, og það er oft jafnvel við upphaf skólagöngu, að ef á þeim er tekið strax þá eru þetta yfirleitt mál sem hægt er að leysa en sé það ekki gert og kennarinn skilinn eftir, og hann hefur engan til þess að leita til, er oft aleinn með þessi vandamál sem upp koma, þá getur vandamálið þróast og það vex oft með barninu. Því eldra sem barnið verður, því stærra verður vandamálið.

Ég þekki málið líka sem móðir og vil í því sambandi vísa til tillagna sem nefnd á vegum Reykjavíkurborgar hefur komið með þar sem það er m.a. lagt til að sjálfræðisaldur unglinga á Íslandi verði hækkaður upp í 18 ár. Ég get ekki séð annað en að það sé mjög góð tillaga. Við getum velt því fyrir okkur hvernig það er að vera foreldri framhaldsskólanema og geta ekki einu sinni haft samband við skólann og spurt um það hvernig mætingu unglingsins er háttað vegna þess að þegar unglingurinn er orðinn 16 ára þá er hann sjálfráður og þá hafa foreldrar ekki leyfi til þess.

Það er annað sem mér dettur oft í hug. Það er eins og það komi foreldrum alltaf á óvart þessi gangur lífsins að barnið vex og þroskast, þegar það verður unglingur, þá er eins og það gerist allt í einu og mjög óvænt og foreldrar virðast stundum eiga mjög erfitt með að átta sig á því hvernig þeir eigi að taka á þeim málum sem upp koma í tengslum við það. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt að tekin verði upp almenn fræðsla til foreldra. Það er löngu tímabært að allri þeirri þekkingu sem fyrir hendi er um þroska einstaklingsins sé komið til þeirra sem sjá um að ala einstaklinginn upp, til foreldranna. Þessum þætti virðist vera mjög ábótavant hjá okkur.

Það er af svo mörgu að taka í sambandi við mál fjölskyldunnar, en það sem mér er efst í huga er unga fólkið og ekki síst það unga fólk sem komið er á þann aldur að geta farið að flytja að heiman. Það er oft mjög erfitt fyrir þetta fólk að flytjast að heiman vegna þess að aðstæður allar eru mjög erfiðar, sérstaklega fyrir ungt fólk sem ekki á einhverja vel stæða að og það eru nú langflestir í okkar þjóðfélagi. Þetta unga fólk, eins og stúdentar hafa margoft bent á, er bæði að glíma við þung og erfið námslán og þar að auki er mjög erfitt að fá húsnæði og það er mjög dýrt.

Ég ætla bara að endurtaka það sem ég sagði hér í upphafi að ég fagna því að þessi þáltill. er komin. Hún er stórt skref í þá átt að bæta hag fjölskyldunnar og ég vona að á þessum málum verði tekið af festu og úrbætur fari að sjá dagsins ljós.

[12:51]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 74. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 74.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 75. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 75.

Mannanöfn, 73. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 73.

[12:51]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þær umræður sem hér fara fram um málefni fjölskyldunnar eru þarfar og ég fagna því að þær eru á málefnalegum nótum sem og sú tillaga sem hér kemur fram. Í henni eru margar þarfar ábendingar varðandi þessi mál. Í þessari umræðu hefur verið rætt um hlutverk ríkisvaldsins í málefnum fjölskyldunnar, hlutverk sveitarfélaga og hlutverk einstaklinga. Ég vildi aðeins víkja að þessu nánar.

Ég velti því fyrir mér hvað ríkisvaldið getur gert í málefnum fjölskyldunnar. Það er að vekja athygli á þessum málum, leiða umræðuna og reyna að skapa þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að fjölskyldan geti lifað mannsæmandi lífi og gera það sem í valdi ríkisvaldsins stendur til þess. Í samræmi við þetta hefur blandast inn í umræðuna fjárlagafrv. fyrir næsta ár og þáttur þess í málefnum fjölskyldunnar, hvernig það snýr að fjölskyldunum í landinu. Ég vil í þessu sambandi benda á það að í fjárlagafrv. er verið að reyna að horfa til lengri tíma og hefði verið þörf á því fyrr, að horfa til lengri framtíðar og ég er ekki að undanskilja minn flokk og sjálfan mig eða mína samstarfsmenn í því efni. Það hefur oft skort á langtímastefnumörkun. Við erum í fjárlagafrv. að reyna að horfa fram til næstu aldamóta a.m.k. og gera okkur grein fyrir því hvernig málið muni líta út frá þeirra sjónarhorni sem þá eiga að taka við og erfa það efnahagslega umhverfi sem hér er.

Það eru miklar byrðar sem eru lagðar á fjölskyldurnar í landinu ef við þurfum að greiða meiri vexti eftir fjögur ár heldur en við notum í allt menntakerfið í landinu. Það er ljóst að við verjum ekki velferðarkerfið margumtalaða með því og þess vegna tekur fjárlagafrv. á ýmsum málum, mörgum á sársaukafullan hátt í bili, en það er til þess að reyna að skapa lífvænlegt umhverfi í framtíðinni. Það er ekkert gamanmál ef lánskjör Íslendinga út á við verða þannig í framtíðinni að við njótum verri kjara vegna mikillar skuldsetningar. Það kemur við fjölskyldurnar, leggur á þær auknar byrðar, dregur niður lífskjörin. Þetta eru meginlínur varðandi fjárlagafrv.

en auðvitað eru mörg, mörg fleiri atriði sem skipta máli þar sem litið er til skemmri tíma.

Hlutverk sveitarfélaga í málefnum fjölskyldunnar er gífurlega mikið og vaxandi og innan tíðar munu sveitarfélögin taka yfir allt grunnskólakerfið í landinu, en grunnskólinn er einmitt vinnustaður barnanna meiri hluta ársins þannig að það skiptir miklu máli hvernig að honum er búið. Það er unnið að því að þessi tilflutningur geti gengið nokkuð þokkalega fyrir sig og það sé bærilega fyrir því séð og það skiptir mjög miklu máli fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Ég sagði áðan að það væri hlutverk ríkisvaldsins að hafa fordæmi, leiða þessa umræðu, sjá um ráðgjafarþjónustuna á þessu sviði. Og það eru mörg atriði, sé ég, í þessari tillögu sem benda fram á veginn í þeim efnum og þessi mál verða vafalaust tekin til umræðu bæði hér á Alþingi, í nefnd og í meðferð félmrn. á málinu, en ég heyri að þar er vinna í gangi að þessum málum.

Ég sagði að þetta fordæmi ríkisvaldsins, þessi umræða í þjóðfélaginu væri mikilvæg einmitt til þess að beina sjónum einstaklinganna að fjölskyldunni þannig að fjölskyldan geti notið öryggis heima fyrir og hver einstaklingur sé þess meðvitaður að búa vel að fjölskyldu sinni. Ég held að það liggi í sál hvers einstaklings að gera það, en það er margt sem truflar á þeirri leið. Það eru breyttar aðstæður, kynslóðirnar búa ekki saman á heimilinu eins og áður var. Það er vík milli vina og langt á milli fjölskyldumeðlima þannig að öryggi stórfjölskyldunnar er ekki fyrir hendi lengur í íslensku þjóðfélagi. Þetta eru breyttar aðstæður sem þarfnast umræðu, þarfnast forustu ríkisvaldsins að leiða þá umræðu og þess vegna er þarft að þessi mál séu tekin fyrir, bæði á Alþingi og á vegum framkvæmdarvaldsins. Ég vona svo sannarlega að sú vinna sem í gangi er í þessu efni verði árangursrík en ég tel að það sé mjög ófrjó aðferð í þessu efni að hengja sig í einstök atriði fjárlaga líðandi stundar. Við verðum líka að líta yfir lengri tíma í þessu efni og við leysum ekki öll mál í þessu efni með auknum framlögum úr ríkissjóði þó að vissulega væri gott að geta lagt til þessara mála sem mesta peninga.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þá miklu deilu sem mér skilst að hér hafi staðið um ættfræði þessarar tillögu í morgun. Ég held að það sé áhugaverðara að breyttu breytanda að ræða efni hennar. Ég mundi láta mér nægja að segja við hæstv. félmrh. að það sé sama hvaðan gott kemur og það eigi ekki að þurfa að vera mikið deiluefni hvernig þörf mál koma hér fyrir Alþingi. Aðalatriðið er að þau komist hér inn og hér á dagskrá.

Það sem mig langar að taka sérstaklega upp í sambandi við þessa tillögu, og horfa fram hjá ættfræðinni, er það að ég held að opinber fjölskyldustefna muni aldrei felast fyrst og fremst í einhverri samþykkt eða þál. eða einhverjum öðrum slíkum lögfestum ramma sem settur verður niður, getur verið góðra gjalda vert sem slíkt, heldur fyrst og fremst í aðstæðum, kjörum og högum fjölskyldnanna í landinu eins og þær eru á hverjum tíma og eru markaðar af stjórnvaldsathöfnum. Þar birtist hin eiginlega fjölskyldustefna. Þess vegna er ég eins ósammála og framast er unnt að vera ósammála hv. síðasta ræðumanni sem taldi ekki ástæðu til að vera að hengja sig í einhver einstök atriði í fjárlagafrv. varðandi fjölskyldustefnu. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Ef eiginleg fjölskyldustefna stjórnvalda birtist einhvers staðar á hverjum tíma þá gerir hún það m.a. í fjárlagafrv., í skattatillögum og öðrum slíkum stjórnvaldsákvörðunum sem marka aðstæður og kjör fjölskyldnanna í landinu.

Herra forseti. Ég hafði gaman af því að hv. þm. Jón Kristjánsson væri fundinn, að það væri haft upp á honum. Það er dálítið um það að menn séu að auglýsa eftir framsóknarmönnum þessa dagana. Hér vantar meinlega einn, þ.e. síðasta ræðumann sem á að sýna öðrum í umræðunni þann sóma að hlýða á svör þeirra.

Ég, herra forseti, hef t.d. mikið skoðað og velt fyrir mér einum þætti þessa máls sem ég vil nefna hér og það eru skattlögin, skattaleg útkoma fjölskyldnanna í landinu. Við erum þar stödd í herfilegum ógöngum. Fyrst og fremst varðandi tekjutengingu bótagreiðslna og allt of há jaðaráhrif skattkerfisins eins og þau bitna á barnafjölskyldunum sérstaklega. Ég hef skrifað og rætt talsvert um þessi mál að undanförnu og ég trúi því ekki að menn ætli að fara í gegnum þessa umræðu um fjölskyldustefnu án þess að inna eftir áformum stjórnvalda að þessu leyti. Hvar er nú hæstv. félmrh.? Hvar er hæstv. fjmrh., sem fyrir síðustu kosningar talaði einmitt fjálglega um nauðsyn þess að draga úr jaðarsköttum og tekjutengingu í bótakerfinu. Það er fjölskyldustefna að láta ekki barnafjölskyldurnar í landinu sitja með allt upp í 75% jaðarskatta á stóru tekjubili.

Það er líka fjölskyldustefna þó undir öfugum formerkjum sé, hv. þm. Jón Kristjánsson, að leggja á skólagjöld. Skólagjöldin bitna á barnafjölskyldunum. Það er líka fjölskyldustefna þó undir öfugum formerkjum sé að draga úr þátttöku ríkisins í kostnaði fjölskyldna vegna tannlækninga barna. Það er líka fjölskyldustefna þó það sé vitlaus og ranglát fjölskyldustefna. Það er fjölskyldustefna að hækka lyfjakostnað barnafólks þó það sé öfug og vitlaus fjölskyldustefna. Við áttum samleið í því hér á síðasta kjörtímabili, ég og hv. þm. og hæstv. núv. félmrh. að gagnrýna ýmislegt sem páv. ríkisstjórn gerði af þessu tagi. Hvar er gagnrýni framsóknarmanna á þá hluti nú? Það þýðir ekki að afgreiða hlutina með svo einföldum hætti að segja okkur að það þurfi að draga úr halla ríkissjóðs því það eru fleiri aðferðir tiltækar að afla tekna heldur en þær að beita sífellt íþyngjandi aðgerðum, m.a. gagnvart barnafjölskyldum.

Herra forseti. Ég held að ef menn vilja ræða hér opinbera fjölskyldustefnu af einhverju viti þá eigi ekki síst að líta til þessara þátta. Og ef ég á að leyfa mér að setja fram einhverja gagnrýni eða benda á það sem mér finnst vera veikleiki í þessari tillögugerð þá hefði ég viljað sjá fjallað um þessa þætti með myndarlegri hætti en þeim einum sem gert er í tölul. 2.4 á bls. 2 í II. kafla tillögunnar. Mér finnst að það mætti gera þessum þáttum hærra undir höfði, að hinum efnislegu aðstæðum fjölskyldnanna, efnahag, kjörum, skattalegri meðferð barnafjölskyldna, o.s.frv. væri gefið meira vægi í þessari áætlanagerð um fjölskyldustefnu. Ég er með þessu síður en svo að gera lítið úr gildi þess að mótuð sé opinber fjölskyldustefna sem ákveðinn rammi í þessum efnum og ef t.d. tekst að ná um það sæmilegri sátt að ákveðinn siðferðislegur grundvöllur sé þar lagður sem menn vinni út frá. En það leysir ekki stjórnvöld undan því á hverjum tíma að þau bera mikla ábyrgð á því hver hagur fjölskyldunnar er með ákvörðunum sínum varðandi tekjur og gjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga o.s.frv.

Ég fagna því að þessi mál skuli vera komin hér á dagskrá

og vona að það gefist tími til að vinna dálítið rækilega í þessum málaflokki hér á þinginu, nógur var áhuginn á sl. vetri, áður en gengið var til kosninga, um að endurreisa heimilin og allt það. Fóru þar fremstir í flokki með vasklegu yfirlýsingum hv. frambjóðendur Framsfl. sem margir náðu kjöri. Við skulum því ætla að það muni ekki skorta á góða liðsmenn úr þeirri átt. Ættfræði einhverrar þáltill. er mönnum engin afsökun í þeim efnum. Við getum hvenær sem er breytt formi þingmála eða tekið þau fyrir með nýjum hætti. Aðalatriðið er að efni málsins njóti sannmælis og menn reyni að átta sig á því hvort þeir geti orðið sammála um einhverja hluti eða ekki og hvort þeir vilji eitthvað gera en drepi því ekki öllu á dreif með einhverju rifrildi um einskisverða hluti eins og það hvernig mál eru tilkomin.

Ég held að vissir þættir sem snúa að stöðu fjölskyldunnar nú séu þannig að á þeim sé mjög brýnt að taka. Og ég held satt best að segja að um það sé tiltölulega mikil sátt í þjóðfélaginu. Að það geti t.d. ekki gengið að barnafjölskyldur með heildarheimilistekjur á bilinu 120–200 þús kr. beri kannski 75% jaðarskatt, það bara geti ekki gengið. Það kerfi sé svo gjörsamlega gjaldþrota og vitlaust að engu tali tekur. Og eins og þetta er núna ef fjölskyldur njóta t.d. annaðhvort vaxtabóta eða húsaleigubóta, eru með barnabótaauka vegna tveggja eða þriggja barna, eru að borga tekjutengdar afborganir af námslánum og svo koma þar til viðbótar kannski ýmis flöt útgjöld, þá er dæmið svona og þetta getur ekki gengið. Afleiðingin er m.a. sú að þetta fólk er að gefast upp og flýja land. Og þó það megi til sanns vegar færa að menn hafi stundum horft framan í sambærilegan landflótta í tölum talið á undanförnum árum þá er mér til efs að hann hafi áður verið af jafnalvarlegum toga og sá sem nú er í gangi. Sem sagt þeim að fjölskyldufólkið sem við megum síst við að missa úr landinu er að gefast upp. Það er vegna þess að aðstæður þess eru ekki nógu góðar í landinu og fjölskyldustefna hlýtur að snúast um að bæta þær, bæta þær með beinum efnislegum aðgerðum.

[13:41]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var allsnöfurmannleg ræða hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. En það var því miður svo að það voru dálitlar þversagnir í henni og rak sig eitt á annars horn. Hann talaði annars vegar um útgjöld ríkissjóðs og talaði svo gegn því að hemja útgjaldaaukningu og kvartaði síðan yfir skattbyrðinni. Það er alveg rétt að það er ekki svigrúm í aukinni skattlagningu hér á landi eins og horfir nú. Þess vegna verða menn að horfa á þessa hluti í samhengi og horfa á nauðsynina að halda utan um útgjöldin. Auðvitað vegna fjölskyldunnar. Þetta er ekkert flóknara með ríkissjóð heldur en heimilin í landinu. Það þarf að halda utan um útgjöldin ef það er ekki svigrúm til að auka tekjur. Þetta er ekki flóknara en það. Og eins og ég sagði áðan er það nauðsynlegt fjölskyldunnar vegna að koma böndum á útgjöld ríkissjóðs og reka hann hallalausan. Það er best fyrir fjölskyldurnar í landinu þegar til lengri tíma er litið og gefur svigrúm til þess að varðveita velferðarkerfið og koma í veg fyrir óhóflegar skattahækkanir.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafna því alfarið að í mínu máli hafi komið fram einhverjar miklar þversagnir varðandi viðhorf til ríkisfjármála. Staðreyndin er sú, hv. þm., að það er verið að þrengja að fjölskyldunum í landinu með ýmsum ráðstöfunum, m.a. í fjárlagafrv. og ekki síst þar. Það er af þeim ástæðum greinilega sem Framsfl. vill ekki ræða það mál, talar út í loftið og út um gluggann og biðst undan því að það sé rætt um hin efnislegu atriði sem hér eru á ferðinni og varða lífskjör fólksins í landinu með vísan til þess að til lengri tíma litið sé það í þágu fjölskyldunnar að reka ríkissjóð hallalausan o.s.frv. Auðvitað er það svo. En er það þá orðin niðurstaða Framsfl. að það séu engin önnur ráð til í landinu til að ná niður hallanum á fjárlögum en þau að kreppa að fjölskyldunum, t.d. barnafólkinu? Staðreyndin er sú og það sem ég er að benda á hér er að t.d. núverandi álagning og tekjutenging í skattkerfinu veldur því að við tiltölulega lágar heimilistekjur er nánast horfinn allur skattalegur munur á barnafjölskyldum og fjölskyldum einhleypra eða fólks sem ekki hefur börn. Er þar ekki möguleiki á að dreifa byrðunum öðruvísi þó við rekum ábyrga stefnu í ríkisfjármálum? Er hv. þm. Jón Kristjánsson t.d. þeirrar skoðunar að það sé sanngjarnt að fimm manna fjölskylda, sex manna fjölskylda, með um eða innan við 200 þús. kr. heimilistekjur sé í skattalegu tilliti meðhöndluð nánast eins og tveir einstaklingar með sömu tekjur, hjón sem eiga ekki börn?

Ég held að þetta sé kolbrjálað kerfi og þarna sé hægt að dreifa byrðunum öðruvísi án þess að það þurfi að hafa áhrif á hvaða markmið við setjum okkur í ríkisfjármálum þannig að hlutirnir komi réttlátar út og um það snýst málið. Ég held að barnafjölskyldur, sem eru nú að reyna að kljúfa það að koma sér upp húsnæði og borga af námslánum sínum, séu fangar í þessari tekjutengingargildru og þar getum við lagað stöðu þeirra, fært þær byrðar annað án þess að það þurfi að koma niður á markmiðum okkar um að reka ríkissjóð með ábyrgð. Ég er í grundvallaratriðum ósammála hv. þm. og mótmæli því að í máli mínu áðan hafi falist einhverjar óleysanlegar þverstæður af þessum toga.

[13:46]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna ummælum hv. 4. þm. Norðurl. e. því að það vill nú svo til að ég er alveg sammála seinni orðum hans og ef hann hefur lesið stjórnarsáttmálann og áform ríkisstjórnarinnar hefur hann getað lesið það þar að það á að skoða þessa jaðarskattlagningu og tekjutengingarnar og þá tekjutengingargildru sem hann talar sérstaklega um. Ég fagna orðum hans og væntanlegum stuðningi við þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru í þessu efni.

Ég tók fram í andsvari mínu að ekki væri svigrúm til aukinnar skattlagningar og í mörgum tilfellum hefur verið of langt gengið eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. bendir réttilega á.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. dró mjög skyndilega í land og féll frá allri gagnrýni á mín ummæli hér áðan því að ég sagði nákvæmlega það sama í andsvari mínu og ég sagði í ræðu minni. Það var útgangspunktur míns máls að það þyrfti að gera ráðstafanir m.a. í gegnum skattkerfið til að laga aðstæður fjölskyldufólks. Ég held að við þurfum ekki að verða neitt ósammála um það að þar séu ýmsar leiðir færar til þess að færa hlutina til og koma til móts við þá sem eru í mestum erfiðleikum án þess að það þurfi á nokkurn hátt að tengjast markmiðum okkar um að hemja útgjöld ríkisins eða ná þar árangri.

Út af fyrir sig er rétt að það eru gefin viss fyrirheit í stjórnarsáttmálnum en það örlar ekki á efndum á þeim. Það ljótasta er kannski það að það á að skerða persónufrádráttinn í reynd

um nokkurn veginn jafngildi þess sem nemur skattfrelsi 4% iðgjaldagreiðslna í lífeyrissjóð samkvæmt fjárlagafrv. Það eru efndirnar á þeim þætti málsins. Það er dálítið merkilegt að heyra hina hógværu framsóknarmenn koma og ræða af miklum raunaþunga um ábyrgð og erfiðar aðstæður og hvað þetta hafi allt orðið óskaplega erfitt síðan í vor. Mikið lifandis ósköp hafa mennirnir orðið að ganga í gegnum á þessum mánuðum miðað við hvað þeir voru bjartsýnir og fullir á trú á það að þeir gætu leyst allan vanda fyrir nokkrum mánuðum. Þetta hefur verið meira sumarið fyrir Framsfl. að vera kominn að þeirri niðurstöðu að allt sé þetta svo óskaplega erfitt og þungt í vöfum og geta ekki vísað til nokkurs hlutar nema einhverra fyrirheita í stjórnarsáttmála. Það er t.d. þannig varðandi jaðarskattlagninguna að það er til mjög einföld aðferð til að taka á því máli og hún er ósköp einfaldlega að setja þak á jaðarskattsprósentuna. Það er spurning um pólitík hvort menn þora það eða eru tilbúnir til þess. Menn þurfa ekki að skjóta sér þar á bak við einhver óljós fyrirheit sem eigi að skoða einhvern tíma seinna á kjörtímabilinu. Það er hægt að gera ýmislegt í þessum efnum strax ef vilji er fyrir hendi. Ég trúi því ekki að Framsókn hafi misst svo gersamlega móðinn á þessum sumarmánuðum að hún sé ekki tilbúin til þess að skoða það með okkur hér að taka einhver skref í þessa átt áður en fjárlagafrv. og álagningu skatta verður lokið á þessu þingi.

[13:50]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við erum að ræða hérna í dag er sennilega það stærsta eða með þeim stærri sem við ræðum. Þetta er málefni fjölskyldunnar og í huga okkar sjálfstæðismanna er fjölskyldan hornsteinn þjóðfélagsins og það ber að vernda hana. Skattaleg staða fjölskyldunnar er ekki góð í dag. Menn tala um jaðarskatta og þeir eru tilkomnir vegna þess að menn hafa verið að reyna að bæta stöðu fjölskyldunnar með barnabótum og barnabótaauka en vegna þess hversu dýrt það er hafa menn tengt það tekjum þannig að eingöngu þeir sem hafa mjög lágar tekjur fá þessa barnabótaauka. Það sama á við um öflun húsnæðis, þ.e. vaxtabæturnar. Menn eru þar að tengja þær tekjum vegna þess að þetta er hreinlega of dýrt. Það er ekki hægt að gefa þetta allt saman frjálst. Það mundi auka halla ríkissjóðs um fleiri milljarða.

Af þessum sökum horfum við upp á svokallaða jaðarskatta, þ.e. það sem fólk heldur eftir af hverjum þúsundkalli sem það vinnur sér til viðbótar er orðið óeðlilega hátt og má líta á það sem aðför að fjölskyldum sem eiga mörg börn.

Ég er alveg sammála síðasta ræðumanni, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að stefna stjórnvalda kemur fram mjög víða, að sjálfsögðu líka í fjárlagafrv., og stefnan þar er að ekki skuli bara hugsað um fjölskylduna núna heldur fjölskyldu framtíðarinnar því að við Íslendingar ætlum að búa hér á Íslandi áfram. Það skiptir verulegu máli því að ég ætla að vona að við ætlum allir að búa hér áfram. (Gripið fram í.) Þá skiptir miklu máli að við séum ekki að reka ríkissjóð með geigvænlegum halla ár eftir ár sem er ekkert annað en skattar barnanna sem við þykjumst ætla að vernda í dag. Það er fjölskyldustefnan. Það er mjög mikilvægt að við gætum að hallanum.

Tengdir hallanum eru líka vextirnir. Vextirnir fara upp þegar hallinn á ríkissjóði er mikill og það kemur niður á húsnæðisöflun þessa sama fólks því að það vill nú svo til að fjölskyldur þurfa að búa í íbúðum. Hallinn er því mjög mikið mál. Það er mjög mikið atriði að ná honum niður. Þá komum við nefnilega að tekjunum eða gjöldunum. Annaðhvort skerum við niður gjöldin og þá er spurningin: Hvað eigum við að skera niður? Það hefur reyndar reynst erfitt. Eigum við að auka tekjurnar, þ.e. auka skattlagninguna? Það vill svo til að stærsti hluti skattgreiðenda er einmitt fjölskyldufólk þannig að við erum þarna í ákveðnum vanda.

Svo er það fleira sem kemur til. Fjölskyldan er mjög mikið háð tekjum. Ég ætla ekki að lýsa fyrir ykkur þeirri stöðu sem er á þeim heimilum þar sem atvinnuleysi er. Það er ekki jákvætt fyrir fjölskylduna. Það er ekki jákvætt fyrir börnin þegar heimilisfaðir eða heimilismóðir er atvinnulaus. Það er mjög slæmt og ég neita að viðurkenna það sem eitthvert náttúrulögmál að atvinnuleysi eigi að vera til. Atvinnuleysið er í mínum huga skipulagsvandi og ekkert annað. Það þarf að leysa þann vanda og til þess að auka atvinnuna þarf að auka fjárfestinguna. Ég hef sagt þetta áður. Fjárfestingu þarf að auka, sem sagt, aukning fjárfestingar í atvinnulífinu er um leið fjölskyldustefna þannig að það kemur fram mjög víða hvernig við ætlum að vernda fjölskylduna.

Við búum á Íslandi við allt of lág laun. Ég hef sagt það mörgum sinnum að við erum með allt of lág laun og það kemur líka niður á fjölskyldunni. Það er ekki gott fyrir fjölskylduna þegar heimilisfaðirinn eða heimilismóðirin þarf að vinna myrkranna á milli og getur ekki átt samneyti við börn sín. Það er mjög slæmt og þessu þarf að breyta. Því verður ekki breytt nema hér á landi rísi upp fyrirtæki sem eru arðbær og gróðavænleg, sýni gróða og geti borgað há laun. Það þarf að snúa frá þeirri stefnu að öll fyrirtæki séu rekin á núlli og helst fyrir neðan það. Við þurfum að lofa þá menn sem skila fyrirtækjum sínum með hagnaði og gróða. Það er líka fjölskyldustefna því þau geta þá borgað mannsæmandi laun og þeir sem eru með mannsæmandi laun þurfa ekki að vinna myrkranna á milli. Þetta kemur mjög víða fram og það sem er aðalatriðið í mínum huga er ekki það hvernig eigi að dreifa tekjunum heldur þurfum við öll saman að vinna að því að stækka kökuna. Það er fjölskyldustefna að stækka kökuna sem við öll lifum af, þ.e. atvinnulífið.

[13:55]

Útbýting þingskjals:

Húsnæðismál sýslumannsembættisins á Seyðisfirði, 77. mál, fsp. HG, þskj. 77.

[13:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir þessar umræður sem hér hafa orðið. Þar hefur margt verið spaklega sagt, reyndar ekki allt. En ég mun fara fram á það við þá ágætu nefnd sem ég hef sett til starfa og beðið að hraða störfum sínum að kynna sér umræðurnar. Einn nefndarmanna hefur fylgst gaumgæfilega með þeim en hinir hafa e.t.v. ekki gert það. Að sjálfsögðu verður sú vinna sem unnin hefur verið af félmrn. eða á vegum félmrn. og landsnefndarinnar höfð til hliðsjónar og lögð til grundvallar við þá tillögugerð sem við ætlum að vinna að.

Mig langar samt til að drepa á örfá atriði sem hafa komið hér fram í umræðunum. Hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, talaði um hve mikil vandræði væru í málefnum fjölskyldunnar og hún sá eins og venjulega allt svart. En hvers vegna voru þá málefni fjölskyldunnar ekki flutt með skilmerkilegri hætti inn í þingið öll þau sjö ár sem hún sat í stóli félmrh.? Mér skilst að málefni fjölskyldunnar hafi verið öll þau sjö ár afgangsstærð í þjóðfélaginu.

Hún stakk upp á því að færa málefni fjölskyldunnar til

félmrn. Ég er henni sammála að því leyti til að ég tel að fjölskyldumálefni eigi að svo miklu leyti sem hægt er að eiga heima í félmrn. en það er stjórnskipulega torvelt að flytja þau þangað öll. Ég sé ekki betur en þá yrði að taka öll ráðuneytin og leggja undir félmrn. og ég treysti mér ekki til þess að stinga upp á því vegna þess að hvert einasta ráðuneyti kemur með einum eða öðrum hætti að málefnum fjölskyldunnar.

Hún talaði um að smæð sveitarfélaganna hindraði skilvirkni og þá þjónustu sem sveitarfélögin þyrftu að veita. Ég tel að hv. þm. hafi farið offari í tilraunum sínum við að sameina sveitarfélög og tilraunin mistókst vegna klaufalegra vinnubragða hjá hv. þm. meðan hún var ráðherra. Hins vegar hef ég voðalega gaman af því að heyra hv. 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur hæla hvor annarri eins og þær hafa gert í morgun. Það finnst mér vera skemmtilegt. Það hafa þær ekki alltaf gert upp á síðkastið.

Um höfundarréttinn að framsöguræðu þeirri sem flutt var hér þá þarf ég ekkert að velkjast í vafa. Nú veit ég ekkert um samskipti þeirra Braga Guðbrandssonar og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur en ég er með í höndum drög að framsöguræðu með till. til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðstöðu til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Hún er merkt Ingibjörgu Broddadóttur, 20. febr. 1995, og úr þessari ræðu voru orðréttir kaflar fluttir hér áðan og það er ekkert nema gott um það að segja.

Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir talaði um undarlegan málflutning og sannarlega eru orð dýr. Hv. þm. fleipraði um það í ræðustóli á Alþingi í gær að yfirtaka Reykjavíkur og Akureyrar sem reynslusveitarfélaga á málefnum fatlaðra væri komin í strand. Ég bar það til baka í ræðustól. Mig rak samt í rogastans þegar fréttastofa sjónvarpsins kemur með þetta tilefnislausa slúður í fréttum kl. 11 í gærkvöldi. Ég hef rætt við bæði borgarstjórann í Reykjavík og Guðrúnu Ágústsdóttur, sem fer með þessi mál fyrir hönd borgarstjórnar, og þessu er alls ekki svo farið. Þetta mál er í góðum gangi og í mikilli vinnslu á milli félmrn. og Reykjavíkurborgar. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur að ganga frá þessum málum eða slíta samningum við félmrn. en ekki hlutverk hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði um vinnuhraða nefndarinnar. Ég hef beðið nefndina að hraða störfum eins og ég bið allar nefndir sem ég skipa. Ég vonast eftir því að tillaga um mótun fjölskyldustefnu verði afgreidd á þinginu í vetur.

Hann spurði um afstöðu framsóknarmanna til tillögunnar. Tillagan verður skoðuð. Ég vonast til að geta lagt fram metnaðarfyllri tillögu sem verður a.m.k. að hluta til unnin upp úr þessari áður en langt um líður.

Það var hárrétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að það er náttúrlega fleira fjölskyldustefna en orð á blaði, það eru verkin sem tala. Það eru verkin sem skipta máli. Ég get upplýst í stikkorðastíl hver sú fjölskyldustefna hefur verið sem ég hef reynt að reka þann tíma sem ég hef verið í félmrn. Við erum að vinna að úrbótum í húsnæðismálum. Við erum að reyna að skapa úrræði til að bregðast við vanda þeirra sem eru á kafi í skuldum. Við erum að setja upp leiðbeiningarstöð um fjármál heimilanna. Það er unnið að samningu frv. um skuldaaðlögun. Ég held að það sé heppilegra en að keyra fólk í gjaldþrot. Það er unnið að lausn á vanda meðlagsgreiðenda. Það er reynt að hjálpa fólki til að fá vinnu og það hefur orðið töluverður árangur af því. Það er búið að ráða 200 manns af atvinnuleysisskrá í fiskvinnslu síðan það mál fór af stað. Það er ekki smávægilegur sparnaður fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, það eru 134 millj. á ári. Ég tel að það besta sem hægt er að gera fyrir atvinnulaust fólk sé að hjálpa því að fá vinnu. Það er verið að reyna að koma betri skipan á atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlanir. Það er nefnd að störfum sem á að reyna að koma betra formi á samskipti aðila á vinnumarkaði. Við erum að vinna að jafnréttismálum. Það á að endurskoða jafnréttisáætlunina. Það er verið að leita leiða til að jafna launamun karla og kvenna. Svona mætti lengi telja. Það er að fara í gang endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra.

Herra forseti. Ég gæti haldið svona lengi áfram en tími minn er þrotinn og því verð ég að hætta.

[14:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræður félmrh. verða alltaf sérkennilegri því oftar sem hann kemur í ræðustól. Hann vildi halda því fram að sú sem hér stendur, sem var ráðherra félagsmála í sjö ár, hefði ekki neitt gert. Hann hefur þá greinilega verið út á þekju og ekki fylgst með því sem var að gerast í félmrn. enda held ég að hann hafi ekkert gert það í gegnum tíðina fyrr en allt í einu að hann var sjálfur kominn í stól félmrh. Auðvitað veit ráðherrann að málefni fatlaðra gjörbreyttust þegar tekið var hressilega á því máli, sem ekki veitti af, 54% raunaukning var við þennan málaflokk á sjö árum sem ráðherra félagsmála er nú að skera niður og stefna í hættu reynslusveitarfélögum. Það var tekið á atvinnumálum kvenna þegar konur komu í þetta ráðuneyti. Sett var löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem aldrei hafði verið tekið á og um félagsþjónustu sveitarfélaga sem er fyrsti vísir að félagsmálalöggjöf. Nú er starfsmenntun í atvinnulífinu skorin niður, það er líka skorið niður í atvinnumálum kvenna, það er skorið niður í málefnum fatlaðra, það er skorið niður í félagslega íbúðakerfinu. Þetta er fjölskyldustefna Framsfl. í hnotskurn. Hún birtist í fjárlögunum eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Það er fjölskyldustefna Framsfl. Þegar búið er að skera svona mikið niður eins og hefur verið gert t.d. í félmrn. verður því miður erfitt að ná þessu upp. Það er verið að fara aftur í fortíðina í þessum málaflokki. Auðvitað er það hlutverk félmrh. að standa vörð um heimilin í landinu, passa upp á það þegar aðrir ráðherrar fara fram úr sjálfum sér og eru með atlögu að heimilunum í landinu. Hann hefur ekki gert það í þessari fjárlagagerð. Hæstv. ráðherra hefur ekki gert það en það var oft mitt hlutskipti þegar ég var í ríkisstjórn. En það er ekki bara ég sem er með svartagallsraus út af fjárlögunum, það veit hæstv. ráðherra. Hvað sagði miðstjórn ASÍ í gær. Fjárlagafrv. er ögrun við heimilin í landinu. Svo talar þessi hæstv. ráðherra fjálglega hér um fjölskyldustefnu. Mér finnst þessi orð ekki fara vel í munni ráðherrans.

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert að bera brigður á það að fyrirrennari minn í ráðuneytinu, hv. 13. þm. Reykv., hafi viljað vinna af góðum hug og haft hin bestu áform á prjónunum. En vinnulagið var einhvern veginn þannig hjá henni að það komst lítið af því í verk. Hvers vegna er allt í ólagi í málefnum fjölskyldunnar að hennar dómi úr því að hún var búin að sinna þessu embætti í sjö ár?

Ég veit ekki hvort ég á að fara að þreyta ykkur á því að fara yfir rugl hennar um fjárlögin. Ég held hún sé ekki hagsýn

í fjármálum. Hún heldur þráfaldlega fram röngum staðhæfingum um ákveðna þætti fjárlaga til málefna fatlaðra. Hlutur félmrn. til málefna fatlaðra er hækkaður um 10% á fjárlögum 1996 frá árinu í ár. Það tel ég vera býsna góðan árangur. Ég er ekki í illindum sýknt og heilagt við samstarfsmenn mína. En það var einmitt vinnulag hv. þm. þegar hún var ráðherra, þá fyrst gat hún opnað munninn þegar hún þurfti að standa í deilum við samherja sína hvort sem heldur var innan flokks eða í ríkisstjórn. Það eiga nýfengnir samherjar hennar eftir að reyna áður en kjörtímabili lýkur, það er ég viss um.

[14:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þarf stundum að standa í deilum við samráðherra sína til að verja málefni fjölskyldunnar. Ég vona ef hæstv. ráðherra ber þann hug til málefna fjölskyldunnar eins og hann lýsir hér í ræðustól þá eigi hann eftir að finna fyrir því að hann þurfi stundum að standa í deilum við samráðherra sína og ég segi eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þegar hann var að ræða við heilbrrh. nýlega í sjónvarpi að ráðherrann Ingibjörg hefði tekið upp úr ruslakörfunni ýmislegt sem hann hefði kastað í hana frá fjmrn., það er nákvæmlega það sama að gerast með hæstv. ráðherra Pál Pétursson. Ég þurfti að lemja á fjmrn. til þess að þeir væru ekki að ráðast á fatlaða og félagslega íbúðakerfið en nú taka þeir þetta allt upp úr ruslakörfunni aftur þegar Páll er kominn með ráðuneyti og það fer auðvitað í höfn í þinginu undir forustu hans.

[14:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það ekkert keppikefli að standa í deilum við samstarfsmenn mína. Ég reyni að rökræða við þá, ég reyni að fá þá á mína skoðun og engar deilur hafa verið í gangi milli mín og hæstv. fjmrh. um gerð fjárlagafrv. Við erum nákvæmlega sammála um það að reyna að afgreiða þessi fjárlög með ekki meira en fjögurra milljarða halla. Það er okkur báðum keppikefli, mér ekki síður en honum. Ríkisstjórnin ber öll ábyrgð á stjórn landsins þetta kjörtímabil. Ég þarf ekkert að kvarta undan samskiptum við hæstv. fjmrh. vegna þess og ég bendi á að til málefna fatlaðra hefur verið hækkað um 10% og þrátt fyrir allt tal um aðhald og allt tal um niðurskurð verður félmrn. afgreitt með hér um bil nákvæmlega um sömu tölu í frv. eins og það var afgreitt í síðustu fjárlögum.

[14:11]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kann því illa að vera ásökuð um að fara með fleipur. Ég er ekki vön að sitja þegjandi undir slíkum ásökunum og ég mun heldur ekki gera þaðhér. Ég átti þess ekki kost vegna annarra starfa í gærkvöldi að hlusta á ellefufréttir sjónvarps. Hins vegar vil ég endurtaka það sem ég hef sagt á hinu háa Alþingi, í fjölmiðlum og annars staðar og get endurtekið það enn einu sinni fyrir hæstv. félmrh.

Málefni og samningar við sveitarfélögin, sem ætluðu að taka að sér verkefni í þjónustu við fatlaða, hafa verið í uppnámi. Þau hafa verið í uppnámi vegna þess að í fjárlagafrv. er beinn niðurskurður til málefna fatlaðra. Það er ein meginástæðan fyrir því að þessi samningagerð fór í uppnám. Hæstv. félmrh. sat á fjölmennu þingi hjá hagsmunasamtökum fatlaðra á föstudagskvöldið fyrir tæpri viku og hlustaði á nákvæmlega sömu orð og ég gerði eða ég vona að eyru hans hafi numið það. Þar sagði félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar að sem betur fer væri ekki búið að slíta þessum samningum en það væri alveg ljóst að yrðu ekki breytingar á fjárlagafrv. frá því það var kynnt og þar til það verður samþykkt yrði ekkert af þessari yfirtöku. Ég bið hæstv. félmrh. að láta það vera að segja að ég fari með fleipur í þessu máli. Við vitum það öll sem höfum lesið þetta fjárlagafrv. að það er verulegur niðurskurður til málefna fatlaðra. Það þarf enginn að segja mér annað. Það er leikið með staðreyndir, óendanlega. Það er verið að leggja niður Sólborg sem stofnun fyrir þroskahefta á Akureyri. Sólborg var seld til menntmrn. fyrir 80 millj. kr. Þessum peningum er búið að ráðstafa fyrir fram í að kaupa nýtt húsnæði fyrir þá sem þarna bjuggu. Þannig að þetta er engin aukning. Sama gildir um Kópavogshælið. Þetta er talnaleikur, hæstv. félmrh.

[14:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg að verða uppgefinn á því að ræða fjárlagafrv. við þessa hv. þm. vegna þess að það er eins og þær séu ekki læsar. Það er eins og þær kunni ekki prósentureikning. (Gripið fram í.) Hv. þm. fullyrti að málefni fatlaðra væru í uppnámi og ríkissjónvarpið hljóp með þetta fleipur hennar eins og það væru einhverjar staðreyndir. Það er sannarlega ekki. Ég get fullyrt það eftir viðtal mitt við bæði borgarstjórann í Reykjavík og Guðrúnu Ágústsdóttur borgarfulltrúa að hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur ekkert umboð frá Reykjavíkurborg til að slíta samningum um málefni fatlaðra. Þaðan af síður hefur félagsmálastjórinn í Reykjavík umboð til þess að gera það. Það er málefni kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar að semja við félmrn. Og þó hv. þm., sem hefur farið hér mikinn undanfarna daga, vilji hleypa þessu máli upp þá er það bara ekki á hennar valdi.

[14:15]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta skal vera stutt. Ég hef aldrei talið það vera mitt umboð að slíta samningaviðræðum og hef ekki gert neitt í þá áttina. Þar hefur ríkisstjórnin verið einfær um að hleypa málum í uppnám. Ég er að lýsa staðreyndum og ég vona að hæstv. félmrh. sýni þann manndóm að játa að þessi orð hafa fallið og þau eru ekki fleipur.

[14:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Hv. þm. hefur farið með ósannar fullyrðingar æ ofan í æ, umboðslaus.

Herra forseti. Hvenær kemur hv. þm. Jón Baldvin heim?

[14:16]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu og vegna ítrekaðra orða um metnaðarlaus orð á blaði, þá vil ég geta þess að því flytjum við tillögur að orð eru til alls fyrst.

Ég þakka þingmönnum góðar undirtektir og efnislega umræðu að mestu um þetta mikilvæga mál. Við ræðum allt of sjaldan um mál fjölskyldunnar vítt og breitt hér í þingsal og það er fremur fátítt að hún sé í brennidepli umræðunnar. Ég vek athygli á að þegar Alþingi samþykkir ályktun þá er það viljayfirlýsing um á hvern hátt Alþingi óskar að framkvæmdarvald geti haldið á málum. Það gildir einnig um þessa tillögu. Ég nefndi það í framsöguræðu hér að þau 16 atriði sem tilgreind eru í II. kafla tillögunnar eru eins konar forskrift um til hvaða þátta mótun fjölskyldustefnu tekur. Það er síðan stjórnvalda að marka stefnuna. Það er sérlega

brýnt að slík forskrift Alþingis liggi fyrir svo unnt sé að hafa samfellu í stjórnarathöfnum óháð því hvaða flokkar mynda ríkisstjórn þótt áherslur út af fyrir sig séu mismunandi og á ólíka þætti eins og við höfum öll rekið okkur á.

Mörg þeirra atriða sem þarna eru tilgreind lúta að verkefnum á sveitarstjórnarstiginu og tillagan er í raun hvatning til beggja stjórnsýslustiga um að móta stefnu.

Ég þakka þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. RG og BH, 15. mál. — Þskj. 15.

[14:18]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar á þskj. 15 um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981."

Virðulegi forseti. Ég er vissulega spennt að heyra hvort það telst eðlilegt að þingmenn hafi skoðun á því hvort fullgilda eigi slíka samþykkt. Ég vil einnig í upphafi máls míns, virðulegi forseti, vekja athygli á að fskj. um samþykkt nr. 156 og tillögur nr. 165 sem er útfærsla á samþykktinni voru ekki prentuð með þáltill. í upphafi. En úr því hefur nú verið bætt, þingmönnum til glöggvunar. Og ég vil láta þess getið að ég sneri mér til starfsmanns félmrn. sem ljúflega lét Alþingi í té þessi gögn.

Á liðnum árum hefur oft verið rætt um gildi þess fyrir Ísland að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156. Það hefur verið ályktað um þetta mál. Fyrirspurn hefur verið lögð fram á hv. Alþingi og samstarfsnefnd félmrn. um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur tekið spurninguna til efnislegrar umfjöllunar. Samþykktin tekur til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum og þeirra framfæri þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu.

Ákvæði samþykktarinnar taka einnig til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum nánum vandamönnum sem greinilega þarfnast umönnunar þeirra eða forsjár. Samþykktin tekur til allra greina atvinnulífsins og allra flokka starfsmanna. Það sjónarmið sem liggur til grundvallar er að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum og skal sérhvert aðildarríki setja það markmið í stjórnarstefnu að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð sem er í atvinnu eða óskar að vera það, að framfylgja þeim rétti sínum án þess að verða fyrir mismunun, að svo miklu leyti sem það er mögulegt án árekstra milli atvinnupóls og fjölskylduábyrgðar.

Þess er getið að samþykktinni megi framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða þessum aðferðum sameiginlega eða hverjum öðrum hætti í samræmi við landsvenju og jafnframt að framkvæma megi hana í áföngum ef nauðsyn beri til með tilliti til aðstæðna í landinu.

Í samþykktinni er lögð áhersla á ráðstafanir sem gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð mögulegt að hagnýta rétt sinn á frjálsu vali á atvinnu og að taka tillit til þarfa þeirra er varða kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi, að taka tillit til þeirra í skipulagningu sveitarfélagsins og að þróa eða styrkja þjónustu á vegum hins opinbera eða einkaaðila í sveitarfélaginu svo sem barnagæslu og fjölskylduhjálp. Stjórnvöld eru hvött til að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að upplýsingum eða fræðslu sem leiðir til víðtækari almenns skilnings á meginreglunni um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum, á vandamálum starfsfólks með fjölskylduábyrgð og að skapa það almenningsálit sem að leiðir til þess að undinn verði bugur á þessum vandamálum.

Sú grein samþykktar nr. 156 sem helst hefur valdið ágreiningi um hvort fullgilda skuli hér á Íslandi er 8. gr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjölskylduábyrgð sem slík skal ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs." Í þessu ákvæði, að fjölskylduábyrgðin skuli ekki vera ástæða til uppsagnar starfs, felst ákveðið starfsöryggi fyrir fjölskyldufólk, ekki síst þegar harðnar á dalnum í atvinnumálum. Þótt samþykkt nr. 156 sé frá árinu 1981 var hún á vissan hátt endurvakin þegar það var ákveðið á 251. fundi stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að gera sérstaka úttekt á þeirri samþykkt og tillögunni sem byggir á samþykktinni. Þetta mun hafa verið á árinu 1991 og var gert í tilefni af yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um að árið 1994 skyldi verða gert að ári fjölskyldunnar. Markmið stjórnarnefndar með úttektinni var að vekja athygli aðildarríkjanna á samþykktinni og hvetja þau til að minnast árs fjölskyldunnar með fullgildingu hennar.

Í skýrslu frá Vinnumálaþinginu í Genf 1993, kom fram, að 19 af 154 aðildarríkjum stofnunarinnar hefðu fullgilt alþjóðasamþykkt 156 en eingöngu 71 ríki skiluðu upplýsingum.

8. gr. kveður á um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs en á Íslandi þarf atvinnurekandi ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar. Milli launþegasamtakanna og Vinnuveitendasambands Íslands er ágreiningur um gildi þess að fullgilda samþykktina. ASÍ sendi félmrh. tilmæli í mars 1992 um að samþykktin yrði tekin fyrir á fundi samstarfsnefndar félmrn. og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Málið hafði oft áður verið reifað af fulltrúum launþegahreyfingarinnar í nefndinni. Í febrúar 1994 beindi stjórn BSRB því erindi til samstarfsnefndar að hún beitti sér fyrir fullgildingu samþykktar og telur hún það verðugt verkefni á alþjóðlegu Ári fjölskyldunnar. Erindi Alþýðusambandsins er ítrekað í mars 1994 og einnig beindi landsnefnd um Ár fjölskyldunnar þeim tilmælum til félmrh. að Íslandi fullgilti samþykktina.

Vinnuveitendasambandið hefur hins vegar talið að fullgilding væri óþörf. Annars vegar liggur því fyrir það sjónarmið að fullgilding samþykktar 156 skapi góðan bakhjarl við stefnumörkun hins opinbera í málefnum fjölskyldunnar, verndi launafólk sem ber fjölskylduábyrgð og sé hvatning til stjórnvalda að auðvelda konum að vera á vinnumarkaði eða koma þangað aftur til virkrar þátttöku eftir tímabundna fjarveru.

Hins vegar er svo sjónarmiðið að fullgilding sé óþörf, hægt sé að ná þessum markmiðum eftir allt öðrum leiðum,

svo sem stefnu fyrirtækja í starfsmannamálum. Stuðningsmenn þess sjónarmiðs telja að samþykktin sem slík gæti orsakað að atvinnurekendur yrðu ófúsari til að ráða fjölskyldufólk til starfa, t.d. konur. Afstaða atvinnurekenda byggir sjálfsagt á þeirri grundvallarreglu á íslenska vinnumarkaðnum, að atvinnurekandi þurfi ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar og að með fullgildingu á þessari samþykkt væri horfið frá þeirri reglu. Má þó benda á þá undantekningu að barnshafandi konur njóta sérstakrar verndar í lögum gegn uppsögn.

Grundvallarregla þessi er vægast sagt umdeilanleg. Í sumar átti ég orðaskipti við starfsmannastjóra hjá stóru fyrirtæki sem hafði að fyrra bragði orð á því hve vörn starfsmanna gagnvart uppsögn væri veik. Unnt væri að kalla til sín starfsmann og segja honum upp störfum án ástæðu og hreinlega „af því bara". Hann spurði hvers vegna í ósköpunum rétti starfsmanna væri ekki búinn lagalegur rammi og ég spyr hið háa Alþingi hins sama.

Þegar kannað er hvort aðstæður á Íslandi séu í samræmi við efni samþykktar nr. 156 kemur í ljós að stefna fyrirtækja um málefni starfsmanna með fjölskylduábyrgð er nokkuð sveigjanleg. Það er samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins um greiðslur til starfsfólks vegna veikinda barna og það er unnið að því að jafna stöðu kynja á vinnumarkaði. Framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í jafnréttismálum bæta mjög stöðu starfsfólks og benda má á að það hafa verið sett lög um starfsmenntun í atvinnulífinu sem fjölga tækifærum vinnandi fólks, ekki síst kvenna, til menntunar.

Þá er ástæða til að minna á það að flestöll sveitarfélög hafa unnið markvisst að uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn og að ýmsum úrræðum fyrir fjölskylduna þannig að þessi atriði mörg hver gera það fyllilega kleift að fullgilda samþykktina.

En það er skuldbindingin sem felst í 8. gr. samþykktarinnar sem kemur í veg fyrir það. Eins og áður sagði á aðildarríki samþykktarinnar að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík verði ekki gild ástæða uppsagnar. Miðað við aðstæður hér á landi telst fullgild trygging, annaðhvort ákvæði í kjarasamningum eða lagasetning. Það má því ráða það af afstöðu samtaka atvinnurekenda fram að þessu að stjórnvöld verði að setja lög til að hrinda í framkvæmd ákvæði 8. gr.

Það er hægt að setja ný lög varðandi þessi ákvæði og lög sem almennt tækju til uppsagnar starfsmanna en þegar ég leitaði eftir því við starfsmann í ráðuneytinu hvar annars staðar þetta ákvæði gæti átt heima, þá var talið að það væri unnt að setja ákvæðið sem slíkt inn í lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla.

Virðulegi forseti. Það hefur oft verið vísað til þess að á skorti að vestræn ríki hafi fullgilt samþykktina og því fari fjarri að það sé ástæða fyrir Ísland að verða eitt þeirra fáu. Við því vil ég segja þetta: Bandaríkin og Danmörk staðfesta sjaldan samninga af þessum toga. Bandaríkin vegna eðlis ríkjabandalags og sjónarmiða um íhlutun í ákvörðun ríkis innan Bandaríkjanna og Danmörk vegna þess að löggjafinn hefur ekki afskipti af vinnumarkaði í Danmörku eins og hinum Norðurlöndunum. Þar eru eiginlega engin lög varðandi vinnumarkaðinn, aðilar vinnumarkaðsins sjá um það sem snýr að vinnumarkaðnum sjálfir.

Hins vegar staðfestir Danmörk ötullega allt sem snýr að mannréttindum og langt umfram það sem Íslandi gerir. Það er einnig ástæða til að benda á að Norðurlönd hafa staðfest u.þ.b. 70–80 samþykktir frá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni meðan Ísland hefur staðfest 18 samþykktir. Svíþjóð, Noregur og Finnland fullgiltu á sínum tíma þá mikilvægu samþykkt sem hér er til umræðu.

Virðulegi forseti. Norðurlönd eru öðrum Evrópuríkjum fyrirmynd um margt það sem snýr að lýð- og mannréttindum. Það er hlutverk sem við höfum verið stolt af. Við konurnar vitum að í löndum heims er litið til Norðurlandanna í virðingu vegna þeirra réttinda sem þar hafa áunnist í jafnréttisbaráttunni. En við vitum líka að af Norðurlöndunum erum við Íslendingar aftast á merinni hvað varðar jafna stöðu og jafnan rétt kvenna. Ég treysti því að karlar og konur með jafnréttishugsjón að leiðarljósi sameinist um öll hugsanleg skref sem fært geta stöðu okkar sem næst því sem þekkist hjá grönnum okkar á Norðurlöndum. Þessi tillaga er eitt slíkt skref.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu verði máli þessu vísað til félmn.

[14:30]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Hér til umræðu er till. til þál. um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur þegar rakið forsögu þessa máls að nokkru leyti og gert grein fyrir efni samþykktarinnar og hef ég í sjálfu sér litlu við það að bæta. Ég lagði fram fsp. til hæstv. ráðherra í vor um þetta mál en að því er ég best veit hefur ekki verið tekin ákvörðun um að fullgilda samþykktina og því er hún lögð fyrir þingið.

Þótt 1. flm. hafi gert nokkra grein fyrir málinu tel ég þó rétt að benda á nokkur atriði ásamt því að vekja frekar athygli á þeirri sögu sem býr að baki tilraunum samtaka launafólks til að fá samþykktina fullgilta en það verður að segjast eins og er að sú saga fer að líkjast nokkurs konar tragikómedíu svo að ég noti lýsandi útlenskt orð yfir fyrirbærið.

Samþykktin um fjölskylduábyrgð lýtur að því að tryggja starfsfólki með fjölskylduábyrgð aukið starfsöryggi en það má segja að Íslendingar séu mjög aftarlega í þeim efnum er samanburður er tekinn við Norðurlöndin. Með starfsöryggi er átt við það að fólk sé verndað á einhvern hátt gegn því að vera sagt upp vinnu án lögmætrar ástæðu. Á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. hinum almenna hluta hans, er það svo að vilji atvinnurekandi segja fólki upp þá þarf hann einungis að gera það á formlega réttan hátt, þ.e. skriflega og með tilteknum fyrirvara, en honum er ekki skylt að gefa upp ástæðu uppsagnar.

Í sumum tilvikum eru settar skorður við uppsögnum, svo sem þegar þungaðar konur eða foreldrar í fæðingarorlofi eiga í hlut og þegar um trúnaðarmenn er að ræða en þessu fólki má ekki segja upp nema mjög knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Þá ber atvinnurekanda á grundvelli nýlegra laga þar um að fara að ákveðnum leikreglum við hópuppsagnir sem felast aðallega í tilkynningarskyldu til vinnumálayfirvalda og stéttarfélaga.

Á Norðurlöndum og í fleiri löndum Evrópu gilda allt aðrar reglur í þessum efnum. Öll löndin í Skandinavíu byggja á þeirri meginreglu að til þess að uppsögn sé gild skuli vera lögmæt ástæða fyrir henni og slík ástæða þarf yfirleitt að vera byggð á sök starfsmanns eða rekstrarlegum ástæðum fyrirtækis. Reglur um starfsöryggi eru því nokkurs konar leikreglur sem atvinnurekendum er skylt að fara eftir við

uppsagnir og byggja á því að rétturinn til vinnu sé mannréttindi sem megi ekki svipta fólk að geðþótta. Reglurnar vernda þannig fólk fyrir uppsögnum af ástæðum eins og afskiptum af verkalýðsmálum, fjölskylduástæðum eða persónulegri óvild svo að dæmi séu nefnd og þær hvetja atvinnurekendur til að taka á vandamálum sem upp koma á vinnustaðnum í stað þess að reka þá sem falla ekki í kramið eins og því miður vill stundum brenna við.

Því miður er það svo að það fólk sem hefur ábyrgð á fjölskyldu verður oft fyrst fyrir barðinu á uppsögnum og í flestum tilvikum eru það konur sem bera þessa ábyrgð. Getum við tekið sem dæmi fólk sem þarf að vera mikið frá vegna veikinda barna sinna, að ekki sé minnst á þá sem eiga börn sem þjást af alvarlegum og ólæknandi sjúkdómum. Slíkt fólk býr við verulega skerta samkeppnisstöðu á vinnumarkaði en hefur þó öðrum fremur mikla þörf fyrir að halda vinnu sinni enda geta slík veikindi verið kostnaðarsöm af ýmsum orsökum. Margir eiga aldraða foreldra inni á heimilunum sem þurfa aðhlynningar við og í sumum tilfellum getur verið um sjúka maka að ræða sem krefjast aðhlynningar sinna nákomnu á ákveðnum skeiðum.

Það er rétt að taka það fram að við það verður að miða í svona tilfellum að starfsmaðurinn geti alla jafna sinnt starfi sínu, þ.e. að hann sé á vinnumarkaði þannig að sá sem ekki getur komið aftur til starfa og hefur helgað sig alfarið aðhlynningu sjúks aðstandanda mundi ekki teljast þurfa vera á vinnumarkaði og á því ekki rétt á að halda starfi sínu út á það. Ég minni líka á að fólk sem býr við erfiðar fjölskylduaðstæður á hvorki meiri né minni rétt til launa í fjarveru en hver annar. Einungis er verið að tala um að það eigi ekki að gjalda fyrir slíka fjarveru með starfi sínu.

En víkjum nú að raunasögunni um tilraunir samtaka launafólks til að fá samþykktina sem hér um ræðir fullgilta. Þegar nefndin um Ár fjölskyldunnar tók til starfa var rætt á vettvangi samtaka launafólks hvað skyldi gera í tilefni ársins. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í landsnefndinni gerðu það að meginmarkmiði á árinu að þrýsta á um fullgildingu samþykktarinnar en eins og fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þá hafði þetta verið gamalt baráttumál a.m.k. hjá Alþýðusambandinu og ég hef grun um líka að einhverju leyti hjá BSRB og hafa verið gerðar margar tilraunir til að taka málið upp í nefndinni sem fjallar um þessi mál. Fullgildingar samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fara fram eftir skoðun í svokallaðri þríhliða nefnd aðila vinnumarkaðarins og félmrn. Það hefur vægast sagt gengið mjög treglega að fá samþykktirnar fullgiltar og ástæðan fyrir tregðu til fullgildinganna hefur fyrst og fremst verið sú að fulltrúi atvinnurekanda í nefndinni hefur lagst gegn fullgildingu. Afstaða hans hefur ráðið. Þarna er um þriggja manna nefnd að ræða, svokölluð þríhliða nefnd, og fulltrúi ráðuneytisins hefur ekki viljað vera oddamaður í málinu. Þannig hefur ráðuneytið komist upp með það að firra sig pólitískri ábyrgð á þessu máli og ég tel að svona ástæða sé á engan hátt í samræmi við það sem hugmyndir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar byggja á varðandi þríhliða samstarf.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar voru nokkur ráðherraskipti í félmrn. eins og kunnugt er en tilmælum var komið til þeirra ráðherra sem þar sátu um aðgerðir í starfsöryggismálum og varðandi fullgildingar samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en það er fyrst þegar hv. þm. og 1. flm. þessarar tillögu gegndi embættinu að málið var sett fram sem tillaga um fullgildingu. Því miður náði hún ekki fram að ganga en það væri Alþingi Íslendinga til mikils sóma að taka á þessu máli og samþykkja fullgildinguna. Því miður er orðspor okkar varðandi fullgildingar samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ekki fagurt en á meðan Norðurlöndin hafa meðaltal fullgildinga í kringum 70 og mörg þeirra nálgast um það bil 100 fullgildingar þá höfum við fullgilt 18 samþykktir. Því þarf að breyta og því legg ég til að þingið samþykki þessa tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ólöglegur innflutningur fíkniefna, fyrri umr.

Þáltill. AK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

[14:37]

Flm. (Arnþrúður Karlsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 62 um hert viðurlög við innflutningi á fíkniefnum. Auk mín eru flutningsmenn eftirtaldir þingmenn: Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson, Stefán Guðmundsson, Magnús Stefánsson og Guðni Ágústsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir hertum viðurlögum við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum til landsins. Meðal annars verði kannað hvort tilefni sé til að þyngja ákvæði 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hámarksrefsingu við broti, úr 10 árum í 16 ár. Jafnframt verði leitað annarra úrræða til þess að stemma stigu við innflutningi á fíkniefnum, svo sem að brotamenn verði undir eftirliti þar til dómur gengur í máli þeirra."

Hér á landi gildir sú meginregla samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, að engum manni skuli refsað án þess að refsing sé ákveðin í lögum. Því eru skyldur löggjafans miklar í þjóðfélagi sem er stöðugum breytingum undirorpið. Hér á landi hefur sú breyting orðið á að fíkniefnaneysla hefur farið sívaxandi undanfarin ár. Ný og áður óþekkt efni hafa komið fram á sjónarsviðið og aldur neytenda færist neðar og neðar.

Sú hlið vandans sem snýr að innflutningi og dreifingu fíkniefna verður sífellt skipulagðari og erfiðari viðureignar. Þannig má segja að um skipulagða brotastarfsemi sé að ræða. Afleiðingin er augljós. Fíkniefnarannsóknir verða flóknari, tímafrekari og margfalt dýrari.

Fíkniefni berast hingað til lands fyrst og fremst frá Hollandi en þar eru fíkniefni lögleg. Vandinn hér á landi er langmestur í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en fer vaxandi úti á landsbyggðinni. Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur aðeins 14 starfsmenn og það gefur auga leið að menn á þeim bæ hafa ekki tök á að sinna öllum þeim málum sem þeir vita um sökum manneklu og fjárskorts. Samt sem áður er árangur góður í herbúðum þeirra.

Úrræði Vesturlanda gagnvart þessum vágesti hafa jafnan verið þau að þyngja viðurlög við broti ásamt því að beita markvissu forvarnastarfi. Þess skal getið að hæstv. núv. samgrh., Halldór Blöndal, var nægilega framsýnn til þess að leggja fram þingmannafrv. á árinu 1985 um hert viðurlög við fíkniefnabrotum en frv. dagaði hins vegar uppi í nefnd.

Tilgangur þessarar tillögu er sá að reyna að stemma stigu við þeirri þróun sem hefur átt sér stað hér á landi á

allra síðustu árum og missirum. Einkum er miðað að því að reyna að koma í veg fyrir innflutning ólöglegra fíkniefna. Varnaðaráhrifin verða gerð mun ljósari með hertum viðurlögum, þyngri dómum og möguleikum á að umræddir brotamenn verði hafðir undir eftirliti þar til dómur gengur í máli þeirra. Þá er jafnframt markmið að vekja athygli á nauðsyn á heildstæðri forvarnastefnu.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík vinnur nú að sérstakri könnun á þeim einstaklingum sem koma við sögu fíkniefnamála og fyrstu tölur sýna að á meðal kannabisneyenda er að finna börn allt niður í 11 ára aldur. Sú staðreynd kemur Alþingi Íslendinga við. Sömuleiðis kemur það Alþingi við að lögreglumenn verða varir við mun meiri fíkniefnaneyslu á meðal framhaldsskólanema nú en nokkru sinni áður. Nýtt og áður óþekkt efni er komið í umferð hér á landi, ecstacy eða alsæla, og mun það vera langalgengasta efni sem finnst á meðal framhaldsskólanema. Sem dæmi má nefna að lögreglan lagði hald á 22 alsælutöflur í fyrra en hefur lagt hald á 532 stykki það sem af er árinu.

Það er alvarleg staðreynd að fíkniefnaneysla unglinga og barna nái allt niður í 11 ára aldur. Hassneysla hefur aukist verulega á allra síðustu árum, einkum á meðal 15 og 16 ára unglinga. Ástæða er til að nefna í þessu sambandi að ekki eru aðeins neytendur í þessum aldurshópi þar sem í sl. mánuði, þ.e. núna í september, játuðu fjórir unglingspiltar að vera sölumenn fíkniefna í Reykjavík og það var aðalstarfið. Þetta er aðeins hluti vandans í fíkniefnamálum á Íslandi í dag sem ég hef rakið hér og fleira bætist við.

Eitt stærsta fíkniefnamál, sem hefur komið upp á Íslandi á þessu ári, kom upp á Keflavíkurflugvelli í fyrrakvöld. Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík lagði hald á eitt kg af amfetamíni og tvö kg af hassi og mér er sagt að eitt kg af amfetamíni þýði í raun þrjú kg þegar búið er að blanda það og það er komið í sölu. Jafnframt er mér tjáð að tvö kg af hassi þýði á milli 5–6 þúsund neysluskammtar fyrir stórneytendur en hvorki meira né minna en 20 þúsund skammta fyrir svokallaða byrjendur. Áætlað söluverð þessarar sendingar er rúmlega 20 millj. íslenskra króna. En við fáum væntanlega að heyra meira af þessu máli í fjölmiðlum næstu daga. Það fer ekki á milli mála að hér eru alvarlegir hlutir að gerast.

Innflutningur, sala og dreifing fíkniefna, einkum til barna og unglinga, er glæpur sem líkja má við tilraun til manndráps. Auk þess er ásetningur til staðar í nær öllum fíkniefnasmyglmálum. Verknaðurinn er fullframinn, menn eru einfaldlega staðnir að verki. Þeir eru með efnin í fórum sínum svo ekki verður um villst.

Undirrót fíkniefnainnflutnings og dreifingar er gróðavonin. Menn ætla að hagnast, verða ríkir, jafnvel vellauðugir. Þeir ætla að verða vellauðugir á því að flytja inn eiturefni til handa æsku þessa lands. Það eitt og sér kallar á viðbrögð yfirvalda.

Það þarf varla að fara mörgum orðum um þá ógæfu og þann persónulega harmleik sem neytendur verða fyrir með því að ánetjast fíkniefnum. Afleiðingarnar eru skelfilegar. Í starfsskýrslu lögreglunnar í Reykjavík fyrir árið 1994 kemur fram að það veki sérstaka athygli hversu margir þeirra sem komu við sögu fíkniefnadeildar lögreglunnar voru atvinnulausir og hversu stór hluti þeirra var á framfærslu félagsmálakerfisins og Tryggingastofnunar ríkisins. Sambærilega niðurstöðu er að finna í nýrri skýrslu dr. Helga Gunnlaugssonar, lektors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, en hann gerði rannsókn á þeim einstaklingum sem komu við sögu fíkniefnalögreglunnar á tímabilinu 1987–1992. Dr. Helgi komst að eftirfarandi niðurstöðu, með leyfi forseta:

„40% þeirra sem fíkniefnalögreglan hafði afskipti af árið 1990 sögðust vera atvinnulausir og tæp 40% til viðbótar sögðust tilheyra ófaglærðri verkalýðsstétt. Þetta bendir nokkuð ótvírætt til þess að það fólk, einkum unglingar, sem ánetjast fíkniefnum, heltist úr lestinni við nám og verði undir í lífsbaráttunni. Einnig er það vitað samkvæmt niðurstöðum úr fjölmörgum erlendum rannsóknum sem og þeim íslensku heimildum sem ég nefndi hér áðan að stór hluti þeirra afbrota sem framin eru eru fíkniefnatengd á einhvern hátt. Þetta er aðeins dæmi um þann félagslega vanda sem fíkniefnaneyslan leiðir til og þá er ónefnt það heilsutjón sem augljóslega fylgir í kjölfarið."

Í 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er kveðið á um 10 ára hámarksrefsingu vegna alvarlegri fíkniefnabrota. Slíkt þak á refsirammanum bindur hendur dómara og það verður ekki dæmt þyngra en refsiramminn heimilar hverju sinni, svo mikið er víst. Því er nauðsynlegt að dómi flutningsmanns að rýmka þetta ákvæði a.m.k. í 16 ára hámarksrefsingu. Það mun gefa dómurum meira svigrúm því að engin tvö mál eru eins.

Einnig fælist í því sú leiðbeiningarregla að dómar í fíkniefnamálum ættu að þyngjast. Ef litið er til Norðmanna í þessu efni hafa þeir 21 árs hámarksrefsingu vegna innflutnings á fíkniefnum og hefur á það ákvæði reynt í stóru heróínsmygli. Við getum líka spurt okkur að því hvenær við Íslendingar þurfum að takast á við heróíninnflutning. Erum við þá sátt við að dómstólar hafi bundnar hendur við 10 ára hámarksrefsingu? Neytendur heróíns hafa nú þegar komið við sögu lögreglunnar hér á landi.

Þá er einnig mikilvægt að önnur úrræði komi til, svo sem þau að menn séu hafðir undir eftirliti þar til dómur gengur í máli þeirra. Staðreyndin er sú að oft hefur það gerst að brotamenn í fíkniefnamálum sem og reyndar öðrum hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í nokkrar vikur og ganga síðan lausir þar til dómur er upp kveðinn. Þess eru dæmi að menn hafa einfaldlega komið sér úr landi í millitíðinni og því hafa þeir hinir sömu komist hjá refsingu og enn aðrir hafa haldið áfram iðju sinni. Til þess að hægt sé að hafa brotamenn sem hér um ræðir undir eftirliti þurfa að koma til ný réttarfarsleg úrræði. Það særir réttarvitund almennings ef vægt er á þessum málum tekið eða látið hjá líða að bregðast við í tíma. Það eru borgaraleg réttindi þegna þessa lands að mönnum sé refsað í eðlilegu hlutfalli við alvarleika brots.

Þeir sem ætla af fullum ásetningi að auðgast með því að tortíma börnum framtíðarinnar verðskulda hörð viðbrögð samfélagsins. Yfirvöld hafa þá skyldu að koma til móts við vilja almennings í þessum málum. Ég treysti hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar til þess að hlýða því kalli.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

[14:49]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að fá að þakka flm. þessarar till. til þál. fyrir að hreyfa við svo brýnu máli sem innflutningur á fíkniefnum er. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Arnþrúðar Karlsdóttur að það særir réttsýnt fólk að horfa upp á það að þeir sem hafa heill og hamingju barna að féþúfu skuli geta komist hjá því að sæta viðhlítandi refsingu fyrir það athæfi. Ég held að þetta sé mjög brýnt mál og sjálfsagt þarf að ræða það frá fleiri en einni hlið og er gott

að það skuli vera komið á dagskrá á Alþingi.

Ég held að við þurfum að horfa á fleiri hliðar málsins. Auðvitað er þetta einn angi af því að taka á þeim sem eru með ólöglegan innflutning á fíkniefnum en við skulum heldur ekki gleyma því að það þarf að horfa á fleiri þætti samhliða. Það þarf að skoða stöðu barna í samfélaginu. Það þarf að efla fræðslu í skólum. Manni segir svo hugur að þær aðferðir sem hafa verið viðhafðar til þess að fræða ungmenni hafi á einhvern hátt brugðist ef skoðuð er aukning á þessum vímuefnavanda sem við vitum að er til staðar.

Mig langar líka til þess í þessu samhengi, virðulegi forseti, að taka til umræðu möguleika heilbrigðisstofnana við að meðhöndla börn og ungmenni eins og kom fram í málflutningi hv. þm. eða allt niður í 11 ára gömul. Ég held að við verðum að skoða hvaða möguleikar eru innan heilbrigðisstofnana til þess að takast á við þennan vanda. Því miður er staðreyndin sú að það er hvergi í okkar annars um margt góða heilbrigðiskerfi möguleiki á því að meðhöndla 11 ára gömul börn vegna fíkniefnaánetjunar. Sá staður finnst hvorki á heilbrigðisstofnunum né öðrum meðferðarstofnunum

Það hefur verið gerð tilraun með meðferðarúrræði á Tindum. Í það hefur verið lagt verulegt fjármagn. Ef ég man rétt er búið að leggja 150 millj. kr. til þess að byggja upp þjónustuúrræði á Tindum. Það er tími til kominn að menn staldri við og meti þann árangur sem þar hefur náðst og reyni að læra af reynslunni þar til þess að móta einhverja stefnu til framtíðar. Staðreyndin er því miður sú að í þeim niðurskurði, sem við búum við í heilbrigðiskerfinu í dag, er sífellt verið að búa til úrræði og loka þeim jafnvel jarnharðan þannig að það fæst engin festa eða skynsamur rekstur og því er árangurinn kannski eins og hann er.

Ég held að við þurfum að fara í öðruvísi fræðsluátak en við höfum gert hingað til til þess að stemma stigu við því að börn og ungmenni ánetjist þessum hörðu og mannskemmandi fíkniefnum en við skulum ekki síður muna það að við höfum verið hér í allan dag að ræða um fjölskyldustefnu. Hvað er betra en að stjórnvöld móti ákveðna fjölskyldustefnu og framfylgi henni? Ætli það sé ekki eitt af því besta sem við getum gert til þess að forða börnum og ungmennum frá þessum vanda og voða?

Ég vil ljúka máli mínu og þakka hv. þm. fyrir hennar framlag til þessara mála. Þar talar hún af mikilli þekkingu og ég vona að Alþingi beri gæfu til að taka þessi mál til einhverrar alvöruumræðu á hinu háa Alþingi.

[14:54]

Pétur H. Blöndal:

Forseti. Hér er hreyft mjög alvarlegu máli og ég get tekið undir hvert einasta orð sem flm., hv. þm. Arnþrúður Karlsdóttir, gat um í ræðu sinni. Því miður er það svo að þessi tillaga gengur kannski of mikið í þá átt að auka refsingar og það eru skiptar skoðanir um það hvort refsingar í þessum málum beri þann árangur sem ætlað er en þó er ég sammála flm. í því að refsingar eru of mildar hér á landi.

En það er fleira sem þarf að gera. Ég er sammála síðasta ræðumanni, hv. þm., um að það þarf að auka forvarnir. Við samþykktum í vor breytingar á áfengislögum sem leiddi til þess að 1% af sölu áfengis fer í forvarnasjóð sem þýðir að fé til forvarna er tvöfaldað úr 20 millj. í 40 millj. og þar sé ég aðalvonina í baráttu við þennan vágest. Með því að uppfræða unglingana um þá hættu sem steðjar af áfengi og fíkniefnum býðst einasta vonin til þess að laga það ástand sem við horfumst í augu við, að við erum að missa margt af okkar yngsta fólki í þessa vá.

Flm. gat þess í ræðu sinni og með réttu að oft rekur gróðafíknin menn áfram til að flytja inn fíkniefni en þó hygg ég að það sé alls ekki alltaf. Það er nefnilega fíknin sjálf sem rekur menn til þess að flytja inn og stunda verslun með fíkniefni. Ég fullyrði að flestir glæpir, sem eru framdir nú á dögum hér á landi, eru vegna fíkniefna þar sem fólk er ánetjað þessari fíkn og þarf að afla peninga til þess að geta keypt eiturlyf og það leiðist út í bæði innbrot, jafnvel rán, jafnvel morð og innflutning á eiturlyfjum til þess að ná í eiturlyf til þess að svala fíkn sinni. Þetta er nefnilega vítahringur sem við erum komin í og við verðum að stemma stigu við þessum vágesti.

Ég vil þakka flm. þessa tillögu því að hérna er hreyft við mjög mikilsverðu máli.

[14:57]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir efni þessarar tillögu og þakka hv. 1. flm. fyrir að bera það inn á Alþingi og fyrir mjög upplýsandi og vandaða framsöguræðu. Ég hef engu við það að bæta sem hún sagði í ræðu sinni. Hún rakti í stórum dráttum þá skuggalegu þróun sem hefur orðið í innflutningi og neyslu þessara efna, sem er auðvitað mjög stórt vandamál í nútímaþjóðfélagi okkar, og við verðum að bregðast við á sem flestan máta því eins og komið hefur fram í þessum umræðum þarf að beita sér á fleiri en einu sviði. Hér er tekið á einu af þessum málum. Ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður að ég er ekki búin að mynda mér skoðun á því hvort þetta er nákvæmlega leiðin til þess að hræða menn frá þeim voðaverkum að flytja inn fíkniefni og reyna að hagnast á sölu þeirra. Við höfum dæmi um annan málaflokk sem ég get nefnt hér eins og ofbeldisverk, fyrir nauðganir, samkvæmt lögum er heimilt að dæma menn í allt að 16 ára fangelsi, en það er aldrei gert. Það er aldrei dæmt í svo langan tíma fyrir slík verk. Það er raunar miklu styttri tími sem er algengt að menn þurfi að sitja inni fyrir þau verk.

Hins vegar dregur það ekkert úr því að það er kannski betra að hafa þennan tíma lengri. Það kann að vera að það hræði einhverja og ég tala nú ekki um ef dómarar litu til þess sem eitthvað alvarlegri brota ef refsiramminn er víðari. Það er a.m.k. mjög þarft og gott að bera þetta mál inn til þess að það fái umfjöllun í nefnd og þeir sem um þau fjalla úti í þjóðfélaginu geti sagt skoðun sína á þessum málum, sent umsagnir til Alþingis og það verði þá til þess að það verði frekar tekið á þeim málum og þau rædd áfram. Það er óhugnanlegt hvað við höfum núna á fáum árum færst æ lengra inn í þennan skelfilega heim og það vita margir hvað þetta kemur við æ fleiri einstaklinga og fjölskyldur og veldur miklu böli. Ég vildi bara taka undir þessa tillögu og þakka hv. flm. fyrir að bera hana fram.

[15:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka flm., þetta er þarft mál og gott að það skuli vera tekið fyrir á þingi og í framhaldi af fyrri umræðu hér í dag um fjölskyldumál, því eitt það versta sem fjölskyldur getur hent er að fíkniefnaneyslan færist inn á heimilin. Mig langar til að taka undir það sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði hér áðan. Það er umdeilanlegt hvort það sé rétt að hækka refsinguna í sextán ár. Það er nú einu sinni svo hjá dómstólum hér á landi að dómarar nota refsirammann yfirleitt lítið. Lengsta fangelsisrefsing sem ég man eftir er sjö ár í svokölluðu stóra fíkniefnamáli. Það er því umdeilanlegt hvort að þar felist einhver leiðbeining fyrir

dómara því að þeirra er að kveða á um refsinguna. Eins vil ég benda á að í tillöguflutningnum er lagt til að brotamenn verði undir eftirliti þar til að dómur gengur í máli þeirra.

Það er nú einu sinni svo að það er dómara að kveða á um sekt eða sýknu og það getur verið erfitt að hafa þá undir eftirliti þar til dómur gengur. En ég vil lýsa ánægju minni með tillöguna, þetta er eitt mesta böl sem yfir þjóðina dynur. Það er þó einn þáttur í þessu sem sjaldan eða kannski aldrei hefur verið nefndur. Það er ákveðin peningaþörf í samfélaginu til að fjármagna afbrot. Hún er vissulega til staðar. Eftir að svokölluð debetkort voru tekin í notkun hefur eðli brota breyst. Áður fyrr voru menn meira í því að falsa ávísanir og þótt það sé út af fyrir sig afleitt að menn séu að falsa ávísanir og það sé lögbrot, þá er nauðsynlegt að benda á að eftir að debetkortin komu til þá hefur það gert brotamönnum mun erfiðara um vik að fjármagna sína neyslu. Þið hafið orðið vör við það í fjölmiðlum að innbrot og rán eru að verða mun algengari en þau voru. Og það er vitaskuld bara afleiðing af því að þörfin fyrir fjármögnun er söm og áður en henni hefur verið beint í annan farveg og þetta er mjög alvarlegt mál.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, þótt þetta sé í raun og veru efni í langt mál. En ég vil þakka flm. fyrir að bera þetta mál fram á Alþingi.

[15:04]

Flm. (Arnþrúður Karlsdóttir):

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls í umræðunni og mig langar aðeins til þess að taka undir með hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur sem kom inn á það hér áðan það þyrfti að efla fræðslu í skólum. Ég er henni mjög sammála og lagði reyndar áherslu á það í mínum málflutningi að ég væri um leið að vekja athygli á heildstæðri forvarnastefnu í landinu þótt það hafi ekki komið sérstaklega inn í þessa tilteknu tillögu, það á nú reyndar ekki heima þar. En þá var ég auðvitað markvisst að vekja athygli á nauðsyn þess. Ég velkist því ekki í vafa um hvað það er áríðandi að fræðsla verði aukin til muna um þessi málefni innan skólanna. Það er bara spurning um hvað má byrja neðarlega.

Hv. þm. Pétur Blöndal gerði að umræðuefni gróðasjónarmiðið, að það væri ekki allsráðandi, heldur fíknin. Ég tek undir það og þakka honum þann áhuga sem hann sýndi málinu.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir velti því fyrir sér hvort refsihæðin skipti öllu máli og vísaði þar til nauðgunarmála, en þar er líka kveðið á um 16 ára hámarksrefsingu þótt hún hafi ekki sýnt sig í verki. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að það hefur áhrif ef skilaboð frá löggjafarvaldinu inn í dómstólana eru skýr, það er vilji löggjafans að það verði dæmt þyngra. Og ég trúi því að þetta sé okkar leið til að koma þessum skilaboðum á framfæri. Ég vil sömuleiðis þakka henni fyrir áhuga á þessu máli.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson efaðist jafnvel um að það væri framkvæmanlegt að hafa menn undir eftirliti. Ég er ekki að gera því skóna að réttast væri að elta menn horna á milli. En það ætti að vera hægt að grípa til réttarfarslegra úrræða í ákveðnum tilvikum eins og það að setja menn í farbann. Það er auðvitað voðalegt að þegar forsendur gæsluvarðhalds eru brostnar, þá ganga menn lausir og það er ekkert hægt að gera til þess að stöðva þá í því að koma sér úr landi.

Ég nefndi þetta stóra mál sem kom upp í fyrradag. Ég hlýt að mega spyrja að því og við getum öll spurt okkur þess: Hverjir áttu að fá þessa 20 þús. nýju hassskammta sem áttu að koma til landsins og í umferð í dag? Við hljótum að þurfa að hafa úrræði, lögreglumenn og dómstólar verða að hafa góð úrræði. Og það er okkar sem sitjum á Alþingi að reyna að sjá einhverja leið út úr því.

En ég vil sem sagt þakka innilega fyrir góðar undirtektir og vona að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita þessu máli brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Frv. TIO, 58. mál (markmið laganna o.fl.). — Þskj. 58.

[15:07]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 63 1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Lögin um mat á umhverfisáhrifum, eru mjög mikilvæg lög og voru nýjung þegar þau voru sett á sínum tíma. Það er ekki komin mikil reynsla á þessi lög en þó er komin nokkur reynsla á þau og ég tel að sú reynsla varpi ljósi á að við vinnslu málsins á sínum tíma á Alþingi, þá hafi orðið mistök í tveimur mikilvægum atriðum sem snerta markmið með setningu laganna. Og því hef ég lagt fram þetta frumvarp sem er í fjórum greinum og snertir einkum og sér í lagi markmiðsgrein laganna, aðrar breytingar eru að miklu leyti afleiðing af þeirri breytingu sem þar er sett fram.

Ég mun ekki lesa lagafrumvarpið yfir, það liggur fyrir á þingskjali, en ég mun koma hér inn á atriði sem að koma fram að sumu leyti í grg. en vera þó nákvæmari en grg. í vissum þáttum.

Það er ljóst að þegar maður lítur á grg. með frv. sem þá hét frv. til laga um umhverfismat að tilgangurinn með setningu þessa lagabálks var sá að koma í veg fyrir umhverfisröskun og spjöll.

Það kom reyndar ekki fram í sjálfu frumvarpinu en þar var þess getið að markmið laganna væri í raun og veru að fram færi umhverfismat. Hið raunverulega markmið laganna kom þar af leiðandi ekki fram í markmiðskafla þeirra. Það var vikið að þessu grundvallaratriði í athugasemdum með frv. en mat á umhverfisáhrifum er að sjálfsögðu ekki markmið laganna, heldur er það verkfæri sem löggjafinn fær framkvæmdarvaldinu til þess að koma í veg fyrir umhverfisspjöllin. Það var aldrei ætlunin að lögin um mat á umhverfisáhrifum yrðu einhvers konar hömlur á framkvæmdum. Það var ekki meiningin að koma í veg fyrir breytingar t.d. á gróðurfari. Og það kemur nokkuð skýrt í ljós þegar skoðaðar eru afleiðingar af annarri breytingu sem gerð var á hinu upphaflega frv. en þá voru í vinnslu nefndarinnar felldar brott skilgreiningar á hugtökum. Það kom fram mjög skýrt í máli framsögumanns umhverfisnefndar á þeim tíma, en það var undirritaður, að þegar skilgreiningarnar voru felldar brott þá var það gert vegna þess að sérstakra skilgreininga var ekki talin þörf. Það var talið að þessi hugtök skýrðu sig sjálf. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að skilgreining á hugtakinu framkvæmdir, féll niður. Í upphaflegu frv. stóð í 2. gr. svo: Að með framkvæmdum væri átt við gerð bygginga og annarra mannvirkja svo og breytingar á þeim

eða viðbætur, landröskun og vinnsla jarðefna. Það er ljóst að ef að þessi skilgreining hefði verið í frv. þá hefðu t.d. framkvæmdir sem flokkast undir landgræðsluverkefni ekki verið meðal þeirra framkvæmda þar sem beita á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það er alveg ljóst.

Ástæðan fyrir því að þessi skilgreining á framkvæmdum var felld burt úr hinu upphaflega frv. var ekki efnisleg. Hún var ekki til þess gerð að víkka þetta hugtak. Það kom skýrt fram í framsögu með þessu máli. Tilgangur laganna er þar af leiðandi ekki að koma í veg fyrir breytingar á umhverfinu. Það er þar af leiðandi ekki í samræmi við tilgang laganna um mat á umhverfisáhrifum að fella undir þessi lög ýmsar framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, efla gróðurlendi og hefta jarðvegseyðingu. Um slík verkefni er fjallað í sérstökum lögum um Landgræðslu ríkisins, lögum nr. 17/1965 og lögum um Skógrækt ríkisins sem eru nr. 3/1955. En þar er þessum stofnunum beinlínis ætlað það hlutverk að verja og efla gróðurlendi og hefur löggjafinn ætlað þessum stofnunum að hafa forustu um endurheimt landgæða og eflingu þeirra. Það er að sjálfsögðu grundvallarmunur á því að meta spjöll sem verða í náttúrunni við t.d. virkjanaframkvæmdir, vegagerð eða við uppsetningu förgunarstöðva fyrir eitraðan úrgang annars vegar og hins vegar að leggja mat á breytingar sem verða á landi við uppgræðslu. Með ræktun örfoka lands og friðun er verið koma af stað gróðurframvindu sem með skynsamlegri landnýtingu leiðir til ástands sem verður að telja eðlilegt miðað við aðstæður hverju sinni. Þær aðgerðir eiga því í raun og veru ekkert sameiginlegt með lögum um mat á umhverfisáhrifum sem fyrst og fremst er ætlað að fjalla um röskun og spjöll á umhverfi af völdum framkvæmda.

Bæði uppgræðsla og friðunarframkvæmdir hafa í för með sér miklar breytingar og í raun og veru röskun á því gróðurlendi sem fyrir er. Það er alveg ljóst að þegar Hornstrandir voru friðaðar þá varð þar mikil röskun á því gróðurlendi sem þar var. Í raun og veru má segja, að stórir hlutar Íslands hafi verið ofnýttir þannig að það gróðurlendi sem þar er nú eru aðeins leifar þess gróðurlendis og afleiðing ofnýtingar.

Og þá vaknar sú spurning hvort það á að standa vörð um slíkt gróðurlendi. Sú spurning vaknar líka hvort lögunum um mat á umhverfisáhrifum er t.d. ætlað að vega og meta það hvort friðun lands veldur röskun á náttúrunni og hvaða mælikvarða er hægt að nota við slíkt mat. Ég tel að það sé ekki mögulegt á grundvelli laganna um mat á umhverfisáhrifum áður en gripið er til uppgræðslu og friðunaraðgerða, svo dæmi sé tekið, að leggja mat á eftirtalin atriði. Í mörgum tilfellum er það pólitísk ákvörðun hvort það gróðurlendi sem fyrir er ber að varðveita eða ekki ætti í raun heima hér í þessum sal en síst af öllu meðal embættismanna. Það er heldur ekki hægt að leggja mat á það hvort uppgræðslan telst æskilegri en upprunalegt gróðurástand landsins. Það er í mörgum tilfellum einnig pólitísk ákvörðun og það er afskaplega erfitt á grundvelli þessara laga að ákveða hvernig á að meta gróðurframvinduna sem verið er að setja í gang vegna þess að það er sameiginlegt með uppgræðsluverkefnum og friðun að ekki er verið að skapa neitt ástand, það er verið að hleypa af stað gróðurframvindu sem fer svo eftir einhverjum lögmálum náttúrunnar eða nýtingunni. Það er afskaplega erfitt að leggja mat á það líkt og menn geta lagt mat á það að vegagerð hafi áhrif á umhverfi hvort það er æskileg niðurstaða eða ekki að hleypa af stað uppgræðsluverkefni eða t.d. friðunarverkefni. Þetta nefni ég vegna þess að í þjóðfélaginu eru nú deilur um það á hvern hátt eigi að standa að uppgræðslu og náttúruvernd. Menn skipast mjög í fylkingar eftir því hvernig menn vilja standa að þessu og það er ekkert óeðlilegt við það. Það á að útkljá slíkar deilur eftir eðlilegum leiðum ef þær verða þá á annað borð útkljáðar. En þær deilur eiga ekki að verða til þess að grafa undan tiltrú manna á nauðsyn þess að meta hættu á röskun umhverfis og tjóni af völdum framkvæmda eins og gert er samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum.

Deilur um landgræðslu og náttúruvernd á að leysa með pólitísku samkomulagi, ef hægt er, um markmið og starfshætti Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Það horfir ekki til framfara, hvorki á sviði náttúruverndar né landgræðslu eða skógræktar, að gera Skipulag ríkisins að stefnumótandi aðila í landgræðslu- eða skógræktarmálum með því að gefa þeirri stofnun eins konar úrskurðarvald um það hvers konar gróður er æskilegur, hvaða ástand gróðurlendis skal varðveita, ef á annað borð er hægt að nota slíkt orð um gróðurlendi, eða almennt hvers konar stefna skuli mörkuð í landgræðslu- eða skógræktarmálum.

Við framkvæmd laga um umhverfismat hefur komið í ljós að framkvæmdarvaldið hefur talið ástæðu til þess að beita heimildarákvæði laganna vegna landgræðsluverkefna. Hefur því til stuðnings verið vitnað sérstaklega í nefndarálit umhvn., en litið hefur verið fram hjá þeirri staðreynd að nefndin hafnaði því að fella skógrækt og landgræðslu undir framkvæmdir sem lögum samkvæmt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Það er hins vegar mjög hætt við að þessi beiting heimildarákvæðisins hafi fordæmisgildi um framkvæmd laganna. Þess vegna telur flutningsmaður nauðsynlegt að taka af tvímæli að því er varðar markmið laganna og þrengja heimildarákvæði 6. gr. jafnframt.

Með flutningi þessa frv. gengur flm. út frá því að með þessari breytingu verði landgræðsla og skógrækt ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar finnst þeim sem hér stendur sjálfsagt að innan þeirra stofnana sem lögum samkvæmt eiga að sinna uppgræðsluverkefnum og skógræktarverkefnum verði sá þáttur sem lýtur að því að meta hvaða árangri skuli náð og á hvaða svæði skuli leggja áherslu að sá þáttur verði styrktur og má vissulega kalla það einhvers konar innra umhverfismat þeirra stofnana.

Fyrir utan breytingarnar á markmiðslýsingunni eru gerðar breytingar á 4. og 6. gr. laganna í þá veru að kveðið er á um að meta skuli hugsanlegan skaða á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi. Það þýðir að það nægi að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á einhvern þessara þátta en ekki alla þrjá þættina eins og raunar mátti segja að væri skilyrði í gildandi lögum.

Loks er verið að bæta við 6. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli rökstyðja ákvörðun sína um að framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þannig að forsendur fyrir því að þörf sé talin á matinu komi skýrt fram. Talin er full þörf á að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða, en ákvæði 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um rökstuðning eru hér fyllri.

Ef ég dreg saman röksemdir mínar þá tel ég að ekki hafi tekist að kveða skýrt á um markmið laganna um mat á umhverfisáhrifum og það hafi leitt til þess að lögin hafi verið notuð í öðrum tilgangi en upphaflegt markmið var með setningu laganna og með því að kveða skýrar á um markmið laganna sé hægt að koma í veg fyrir að þeim verði beitt til

þess að vernda einhvers konar óbreytt ástand í náttúrunni. Að þeim verði beitt beinlínis til að koma í veg fyrir röskun sem flokkast undir spjöll á umhverfi.

Mál þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu í nefnd. Ég flyt það nú óbreytt og mælist til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. umhvn.

[15:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. flm. þessa frv. hefur gert ítarlega grein fyrir viðhorfum sínum til þessa máls sem hér er flutt og bætt við greinargerðina sem frv. fylgir ítarlegum útskýringum í framsöguræðu sinni. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um frv. efnislega á þessu stigi en mér er þó ljóst að það sem hér er lagt til og verið er að gera er að kveða þannig á um í sambandi við hvaða verkefni eða framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum að það séu fyrst og fremst valin þau verkefni og þær framkvæmdir sem gætu valdið spjöllum eða gætu talist á einhvern hátt hafa neikvæð áhrif eða neikvæðar afleiðingar með því að breyta orðalagi úr „umtalsverð áhrif" sem er það orðalag sem er í gildandi lögum í „umtalsverða röskun".

Fari maður í einhvern orðaleik eða íslenskuleik er kannski rétt að segja að áhrif geti verið bæði jákvæð og neikvæð. En röskun er alla jafna túlkuð sem neikvæð áhrif. Hv. flm. bendir mér svo á að ég hafi ekki enn lesið síðari hluta þessarar setningar þar sem fjallað er um spjöll þar sem er auðvitað enn þá fastar að orði kveðið þegar verið er að tala um þær breytingar sem kunna að verða á umhverfinu við ákveðnar framkvæmdir eða ákveðin verkefni sem verið er að ráðast í. Þetta hygg ég að sé grundvallaratriðið í þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Hvaða áhrif sem það kann svo að hafa á einstök verkefni og þá sérstaklega með tilliti til þeirra þátta sem hv. framsögumaður nefndi ítrekað í framsöguræðu sinni og kemur fram í greinargerð, þ.e. ýmissa verkefna sem geta fallið undir hvers konar verndun gróðurlendis eða uppgræðslu eða endurheimt landgæða eða hvað sem við viljum kalla það, þá eru það einkum þau verkefni sem ég álít að sé verið að tala um hér að eigi síður að falla undir mat á umhverfisáhrifum. Það sé fyrst og fremst um ýmiss konar aðrar verklegar framkvæmdir.

Hv. flm. þekkir auðvitað aðdraganda þessa máls mjög vel. Hann sat í umhvn. þegar málið var þar til umfjöllunar og fór ítarlega yfir frv. og hefur gert grein fyrir þeim vinnubrögðum og því verklagi sem þar átti sér stað og telur að jafnvel hafi verið um að ræða mistök af hálfu nefndarinnar við endanlega afgreiðslu málsins. Ég ætla á þessu stigi ekki að leggja neinn dóm á það en vil þó aðeins benda á það sem hann lætur koma mjög skýrt fram í greinargerð sinni að það hafi komið ábendingar til nefndarinnar um að það væri eðlilegt að framkvæmdir við framræslu votlendis, landgræðsla og skógrækt yrðu felldar undir ákvæði laganna en nefndin ekki talið rétt að gera það og Alþingi síðan fallist á tillögu nefndarinnar. En þó hafi komið fram í áliti nefndarinnar ef ég má vitna orðrétt til greinargerðar frv., með leyfi forseta:

„Í nefndaráliti kom fram að nefndin væri sammála um að nauðsynlegt væri að skipulega væri unnið að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig gæti verið ástæða til að fram færi mat á umhverfisáhrifum eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist yrði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda er heimild til þess í 6. gr. laganna."

Ég vildi aðeins láta það koma skýrt fram að mér virðist að nefndin hafi haft þessa hugsun að það gæti þrátt fyrir það að við teljum almennt að endurheimt landgæða, verndun gróðurs eða uppgræðsla séu jákvæð verkefni sem hafi jákvæð áhrif á náttúru landsins og umhverfi okkar og það umhverfi sem við viljum búa okkur í landi okkar þá kunni það að vera að í sumum tilvikum sé rétt að slík verkefni séu skoðuð af öðrum aðilum heldur en þeim sem eiga að framkvæma.

Nú er það ljóst eins og fram kom í framsöguræðu flm. að þær stofnanir, sem hér er fjallað mest um, þ.e. annars vegar Landgræðsla ríkisins og hins vegar Skógrækt ríkisins, hafa auðvitað það verkefni sjálfar að vinna vel undirbúning að framkvæmdum sínum og ég hygg að jafnan, kannski alltaf séu gerðar skýrslur eða álitsgerðir um það þegar ráðist er í viðamikil verkefni þegar viðkomandi stofnanir telja að um sé að ræða stórframkvæmdir. Þá spyr ég en læt nefndinni, eða öðrum sem fá frv. til umfjöllunar að öðru leyti, eftir að skoða það nánar hvort ekki geti verið eðlilegt að einhvers konar athugun fari fram á þeim skýrslum og þeim undirbúningi sem a.m.k. þessar tvær stofnanir hafa gert við undirbúning sinna stóru verkefna þegar um það er að ræða.

Ég hef átt viðræður í sumar við fulltrúa Landgræðslu ríkisins um ákveðið verkefni, sem unnið hefur verið að, og reyndar rætt það mál einnig við fulltrúa hjá Skipulagi ríkisins sem sjá um mat á umhverfisáhrifum. Í því tilviki voru menn nokkuð sammála um að þar væri um svo stórt og viðamikið mál að ræða að það væri eðlilegt að Landgræðslan semdi um það ítarlega skýrslu, sem hefur verið gert, og sú skýrsla yrði síðan tekin til skoðunar. Um það er í rauninni ekki ágreiningur. En hitt er svo sjálfsagt að löggjafinn ákveði það og taki þá af skarið með það ef hann telur að það eigi yfir höfuð ekki að setja slíka vinnu í gang. Ég segi aftur að ég held að það sé til umhugsunar að einhver aðili komi að skoðun á slíkum stórum framkvæmdum og það geti verið með öðru hugarfari en því að velta fyrst og fremst fyrir sér hvort áhrifin séu röskun eða spjöll. Áhrifin geta auðvitað verið margvísleg. Þau eru útlitsleg og þau hafa áhrif, þau eru þess eðlis að þau breyta umhverfinu. En vissulega er einnig rétt sem kom fram hjá hv. flm. að við sjáum ekki á fyrsta stigi og kannski ekki þó við reynum að líta nokkuð fram í tímann hver áhrif af verndun gróðurlendis eða friðun svæða verða vegna þess að eins og fram kom, þá er það svo mikill ferill sem settur er af stað sem maðurinn ræður ekki við ef hann ætlar ekki að skipta sér af. Ef hann ætlar að láta náttúruna sjálfa ráða eina, þá er erfitt að spá í það hvað gerist á löngu árabili.

Þetta vildi ég láta koma fram sem hugleiðingar í sambandi við umfjöllun og umræðu um þetta frv. sem ég tel sjálfsagt og eðlilegt að gangi til hv. umhvn. til frekari skoðunar, en vildi aðeins þó bæta við og minna á að í lögum um mat á umhverfisáhrifum, sem eru reyndar nýleg lög, komu til framkvæmda 1. maí 1994, þá eru þar ákveði um að lögin skuli tekin til endurskoðunar í tengslum við endurskoðun á skipulagslögum og endurskoðun á byggingarlögum og á næstu dögum verður vonandi tilbúið frv. í umhvrn. um endurskoðun byggingar- og skipulagslaga sem kemur þá til umfjöllunar á þinginu fljótlega í framhaldi af því og síðan vonandi til afgreiðslu á þinginu í vetur. Það er ekki gert ráð fyrir því að lög um mat á umhverfisáhrifum séu felld inn í þetta frv., þau eru áfram sjálfstæð lög. En að fenginni nokkurri reynslu, kannski tveggja ára reynslu, þ.e. á næsta þingi hér frá, er sjálfsagt að þau séu tekin til ítarlegrar og gagngerðrar endurskoðunar og hugsanlega þá felld að byggingar-

og skipulagslögunum, hvort sem mönnum finnst nú að þau eigi heima þar í sama lagabálki eða sem sjálfstæð lög áfram, það verður reynslan auðvitað að skera úr um og álit hv. þm. og löggjafans þegar sú endurskoðun hefur farið fram.

Hinu gleymdi ég áðan sem ég ætlaði að láta koma fram líka í sambandi við verkefni á vegum skógræktar og landgræðslu. Það geta auðvitað verið fleiri aðilar en opinberir aðilar sem fást við verkefni og jafnvel stór verkefni af þessu tagi. Og þá er auðvitað eðlilegt að fylgst sé með því hvernig þeir standa að málinu og hvaða verkefni þeir eru að ráðast í. En þá getur það auðvitað orðið verkefni annaðhvort skógræktarinnar eða Landgræðslu ríkisins að vera eftirlitsaðili með þeim sjálfstæða einstaka aðila. En eftir stendur hitt hvort það sé ekki líka ástæða til að fylgjast með þeim stóru verkefnum sem þessar ágætu opinberu stofnanir eru oft að ráðast í, eða ráðist er í á vegum þeirra.

Ég held þó að það væri útilokað að viðhafa þau vinnubrögð að Skógræktin og Landgræðsla ríkisins gætu aldrei fengist við sín lögboðnu verkefni og skyldur öðruvísi en það væri háð eftirliti eða mati einhverra annarra stofnana. Þar yrði að vera eitthvert mat á stærð verkefna hverju sinni.

[15:34]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans undirtektir við þetta mál. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er nokkuð flókið mál og vandmeðfarið. Hins vegar vil ég undirstrika það af því að hæstv. ráðherra vitnaði í greinargerð nefndarinnar, nefndarálit með mjög viðamiklum brtt. umhvn. á sínum tíma, þá er það augljóst mál að þegar nefndin komst að þeirri diplómatísku niðurstöðu, ef ég má orða það svo, að hún liti svo á að í vissum tilvikum gæti verið ástæða til að grípa til mats á umhverfisáhrifum eða til hliðstæðs undirbúnings, þá speglar þetta að sjálfsögðu ágreining innan nefndarinnar um þetta atriði. Sumir nefndarmenn vildu að þessar framkvæmdir færu alltaf í mat á umhverfisáhrifum. Aðrir töldu að það væri útilokað og það náðist samkomulag um þetta orðalag. En hitt er hins vegar alveg ljóst að það varð niðurstaða í nefndinni um það að landgræðsluverkefni færu ekki inn á lista yfir framkvæmdir sem alltaf skyldu háðar umhverfismati.

Ég vil aðeins segja það hér að þegar hæstv. ráðherra lýsir því yfir að það sé ekki óeðlilegt að eftirlitsaðili taki afstöðu til þess hvort verkefni af ákveðinni stærðargráðu á sviði landgræðslu falli innan ramma laganna um mat á umhverfisáhrifum, þá skiptir miklu máli hvort sá eftirlitsaðili er lögbundinn eftirlitsaðili samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hvort það er einhver annar eftirlitsaðili. Sannleikurinn er sá að ef maður les nákvæmlega yfir lagabálkinn um mat á umhverfisáhrifum, þá er mjög erfitt að sjá að það sé hægt að beita þeim lögum á landgræðsluverkefni. Fyrir það fyrsta, hvernig á Skipulag ríkisins með sínum reglum ellegar í sambandi við reglugerð sem ráðherra gefur út eða samkvæmt viðmiðunarreglum, sem Skipulag ríkisins kemur sér upp sjálft, hvernig á það að leggja mat á það hvort upphaflegt gróðurlendi er meira virði heldur en áform um uppgræðslu? Og svo að ég gangi lengra þá kom til tals á vissum stöðum þegar talað var um friðun Breiðafjarðar að krefjast þess að það mál færi í mat á umhverfisáhrifum. Og þá spyr maður líka: Hvernig getur Skipulag ríkisins sett sér viðmiðunarreglur sem eiga að gera því kleift að segja hvort það gróðurlendi sem nú er á Breiðafirði sé rétthærra heldur en eitthvert hugsanlegt ástand gróðurs eftir 20 ára friðun? Hvernig á að vera hægt að leggja mat á slíka hluti? Það hlýtur að vera mjög erfitt. Og ef maður les í þaula textann í lögunum um mat á umhverfisáhrifum, þá gerir maður sér fyllilega grein fyrir því að mat af þessu tagi yrði afar erfitt því að þarna stangast á í raun og veru sjónarmið sem á vissan máta má segja að eigi að fjalla um hér. Og ef það er ágreiningur um hvort það eigi að taka heilu landsvæðin undir í landgræðslu, þá er eðlilegra að slík meiri háttar áform komi til afgreiðslu og umræðu hér, t.d. í formi þáltill., og hér verði sá eðlilegi umræðuvettvangur um mál af þessu tagi sem pólitísk umræða er almennt.

En ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans undirtektir. Mér finnst þær mjög eðlilegar, mjög fagmannlegar og ég vil vona að í hv. umhvn. Alþingis verði málefnalegar umræður um þetta því að þetta er vandamál sem ég hygg að væri æskilegt að við reyndum að komast að samkomulagi um, ef það yrði þá til þess að málefni af þessu tagi færu í eðlilegri farveg heldur en mér sýnist að stefni í samkvæmt gildandi lögum.

[15:38]

Útbýting þingskjals:

Mengun af brennisteinssamböndum, 78. mál, fsp. HG, þskj. 78.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO og StB, 59. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 59.

[15:39]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Flm. þessa frv. eru undirritaður og hv. þm. Sturla Böðvarsson. Frv. er svohljóðandi:

1. gr. Við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég mun ekki fara, virðulegi forseti, yfir greinargerðina. Ég tel að hún skýri sig sjálf, en mun aðeins fara örfáum orðum um ástæðurnar fyrir því að þetta mál er flutt.

Þjóðarauður Íslendinga er að langmestu leyti bundinn í íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Þetta íbúðar- og atvinnuhúsnæði er metið að núvirði á um 1.200 milljarða kr. Ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir þá eru þessar eignir hlutfallslega ungar og eftir mikið byggingarskeið sem hófst eftir síðari heimsstyrjöldina hefur viðhaldsþörfin farið vaxandi. Það hefur komið fram í úttektum sem gerðar hafa verið á viðhaldsþörf húsnæðis á Íslandi að því fer víðs fjarri að viðhaldsþörfinni sé sinnt. Með öðrum orðum, þessi þjóðarauður Íslendinga er að grotna niður og það á sama tíma og verkefni byggingariðnaðarins eru ónóg. Það er atvinnuleysi í greininni, en það er einnig mikið um að viðhaldsverkum í henni sé sinnt á svörtum markaði sem þýðir í raun að ríkissjóður verður af tekjum. En það hefur einnig þá afleiðingu að þeir

aðilar sem stunda sína atvinnustarfsemi í samræmi við lög og reglur, borga skatta og skyldur af sinni atvinnustarfsemi, njóta verri stöðu í samkeppni við svarta markaðinn, eins og er náttúrlega lögmál í öllum slíkum óheiðarlegum viðskiptum.

Það er því ekki nóg með það að þeir sem reka sína byggingarstarfsemi í samræmi við lög og reglur búi nú við ónóg verkefni, heldur eru þeir einnig í erfiðri samkeppnisstöðu vegna þess að mikill hluti af viðhaldsverkefnum er á svörtum markaði. Það er því mjög mikils virði ef hægt er með ásættanlegum aðferðum að ýta undir viðhaldsverkefni þannig að þessu brýna vandamáli verði sinnt, en jafnframt að reyna að kalla þessa starfsemi upp á yfirborðið ef svo má að orði komast.

Hér er um mikla fjármuni að ræða. Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði, þá ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera um 24 milljarðar og þar af má áætla að viðhaldskostnaður húsnæðis í einkaeign sé á bilinu 14–15 milljarðar. Ef það væri hægt að örva þessa starfsemi með skattalagabreytingum, þá væri hægt að kalla fram inn á þetta svið atvinnulífsins milljarða til að skapa verkefni. Viðhaldsmarkaðurinn er nú áætlaður á bilinu 5–7 milljarðar kr. en eins og ég sagði áðan er þörfin sennilega nær því að vera helmingi meiri.

Það mál sem hér er lagt fram varðar þar af leiðandi afslátt af sköttum vegna viðhaldsverkefna. Eins og áður kom fram er hér um að ræða þann hluta byggingariðnaðarins sem er talið að skili sér einna verst í framtöldum tekjum. Það má reikna með því að af hverri milljón sem til viðhaldsvinnu er varið falli til ríkissjóðs sem skatttekjur um 250 þús. kr. Ef afslátturinn getur numið um 100 þús. kr. á milljón, þá mundi ríkissjóður ekki skaðast af slíku máli þegar á heildina er litið, ef tillagan leiðir til betri skattskila. Og ég legg áherslu á þetta vegna þess að þeir flokkar sem styðja ríkisstjórnina hafa einsett sér að draga ekki úr tekjum ríkissjóðs. Þessi tillaga miðar ekki að því að rýra tekjur ríkissjóðs heldur að kalla upp á yfirborðið viðskipti sem hafa því miður verið um of á svörtum markaði og bæta þar af leiðandi tekjustreymi til ríkissjóðs á sama tíma og mönnum er gert auðveldara að sinna brýnum viðhaldsverkefnum.

Virðulegi forseti. Um leið og ég lýk máli mínu vil ég leggja til að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 15:46.

10. FUNDUR

mánudaginn 16. okt.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en umræða hefst vill forseti minna á reglurnar sem gilda um þessar umræður. Fyrirspyrjandi má tala þrisvar, tvær mínútur í fyrsta sinn en eina mínútu í annað og þriðja sinn. Ráðherra hefur sama rétt til svara, fyrst tvær mínútur, síðan í eina mínútu í annað og þriðja sinn.

Til að hafa betri stjórn á þessari umræðu hefur forsn. ákveðið í samráði við formenn þingflokka að fyrirspyrjendur komi sér á mælendaskrá skriflega með lítilli nótu sem þeir koma til forseta í byrjun fundar.

Ráðherrar eru allir viðstaddir, eða áttu að vera, og munu koma í salinn, nema hæstv. heilbrrh. sem hefur fjarvistarleyfi.

Sýslumannsembættin í Bolungarvík og Ólafsfirði.

[15:03]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. vegna vinnu við fjárlagagerð sem ég tel mig þurfa að fá upplýsingar um frá honum. Samkvæmt fjárlagafrv. 1996 ætlar hæstv. ráðherra að leggja niður sýslumannsembættin í Bolungarvík og í Ólafsfirði. Það var einnig ætlan á fjárlagaárinu 1994 að leggja niður nokkur embætti og það fórst fyrir.

Ætlar hæstv. ráðherra að standa við þær tillögur sem gert er ráð fyrir varðandi þessi embætti núna fyrir árið 1996 eða eru áætlanir ráðuneytis hans og e.t.v. kannski fleiri ráðuneyta í fjárlagafrv. ekki marktækar?

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar að leggja niður tvö sýslumannsembætti. Það er gert í sparnaðarskyni til að fjárlög dómsmrn. séu innan þess ramma sem því var gert að hlíta. Það eru fyrir því ákveðin rök að það má spara og hagræða í skipulagi sýslumannsembættanna í landinu og því var lagt til af okkar hálfu að þetta yrði gert. Ákvörðun er um að fylgja fjárlagatillögunum eftir með sérstöku frv. sem flutt verður varðandi þær ráðstafanir sem gera þarf vegna þeirra breytinga sem fjárlagafrv. mælir fyrir um og krefjast breytinga á öðrum lögum.

[15:06]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég skil svar hans þannig að hann ætli sér að leggja niður sýslumannsembættið í Bolungarvík og hann ætli sér að leggja niður sýslumannsembættið í Ólafsfirði. Þakka þér fyrir skýr svör.

Birting upplýsinga um kjaramál.

[15:06]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Fyrir utan að gleðja hæstv. félmrh. með nærveru minni vil ég beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. varðandi birtingu upplýsinga um kjaramál. Fyrirspurnirnar eru tvær.

Í fyrsta lagi: Er hæstv. fjmrh. reiðubúinn að birta upplýsingar um laun æðstu embættismanna ríkisins, þ.e. birta hinn svonefnda leynilista sem upplýst hefur verið að m.a. hafi verið afhentur Kjaradómi og er ein af forsendum Kjaradóms?

Í annan stað: Er hæstv. fjmrh. reiðubúinn til að gera vandaða og tölulega grein fyrir þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið undir forustu hæstv. fjmrh. að undanförnu eftir hina almennu kjarasamninga í febrúar?

Ég tek skýrt fram að hvorug spurningin snýst um einstaklinga. Það er ekki verið að fara fram á birtingu upplýsinga um kaup einstakra einstaklinga heldur að sjálfsögðu almennar upplýsingar um hæstu laun á tekjubilum. Rökstuðningurinn fyrir þessu er mjög einfaldur. Hæstv. forsrh. hefur farið þess formlega á leit við forsvarsmenn Kjaradóms að forsendur hans verði birtar. Í framhaldi af því hefur hæstv. félmrh. tekið undir að birta eigi þessar upplýsingar sem ég er að spyrja um.

Í þriðja lagi þá er það svo að menn eiga nú þegar mikil umræða fer fram um kjaramál ekki að stunda þau samanburðarfræði út frá röngum og villandi upplýsingum, það á að mínu mati að leggja spilin á borðið. Það getur ekki orðið til ills, það getur aðeins orðið til upplýsinga vegna þess að þá er um þetta fjallað á grundvelli staðreynda. Þess vegna olli það mér vonbrigðum þegar fullyrðing eins og sú er höfð á eftir hæstv. fjmrh. að þessi listi verði alls ekki birtur. Ég tek fram að ekki er beðið um upplýsingar um einstaklinga heldur almennar upplýsingar sem varða vitræna, rökþétta umræðu um kjaramál í landinu.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að það hefur ekki tíðkast hingað til af hálfu fjmrh., hvorki þeim sem hér stendur né forvera hans, að birta einstaklingsbundnar upplýsingar um laun og gildir það held ég jafnt um þá sem á undan mér sátu, þar á meðal hv. fyrirspyrjanda.

Í öðru lagi vil ég segja að ég kannast ekki við að einhver leynilisti sé til og þessi leynilisti hafi verið sendur Kjaradómi. Ég hygg að þetta byggi á þeim misskilningi að það er auðvelt og hægt að tína út launagreiðslur til einstakra ríkisstarfsmanna eftir nöfnum og það er enginn vandi að raða þeim í röð með nútímatækni. Þess vegna gætu verið til upplýsingar um 2 efstu, 20, 30 og 2.000 og 15.000 efstu. Hér er ekki á ferðinni einhver einn leynilisti heldur eru menn að fjalla um upplýsingar um þá sem fá hæst greidd laun hjá ríkinu. Þetta vil ég að komi fram. Það getur vel verið að einhver listi hafi verið sendur Kjaradómi en þá hefur það verið gert af starfsmannaskrifstofu ríkisins og væntanlega farið með það sem trúnaðarmál.

Í öðru lagi varðandi kjarasamningana kemur fram í greinargerð fjárlagafrv., og ég hygg að flestir hv. þm., a.m.k. þeir sem hafa verið hér á hinu háa Alþingi í haust og haft tækifæri

til að lesa greinargerð frv., hafi tekið eftir því að í greinargerð frv. er nokkuð ítarlega fjallað um það sem hv. fyrirspyrjandi gerði hér að umtalsefni en það eru niðurstöður kjarasamninga sem ríkið hefur frá því í febrúar. Að sjálfsögðu er hægt að gera þær upplýsingar fyllri en ég vil taka fram að enn hefur ekki verið samið við alla opinbera starfsmenn.

Ég vona að þessi svör nægi hv. fyrirspyrjanda.

[15:11]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég tek skýrt fram að ekki er beðið um umræddar upplýsingar af neinni kerskni eða óeðlilegri forvitni heldur einfaldlega vegna þess að það er mikið í húfi. Forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa haft uppi fullyrðingar um að kjarastefnan, sem mynduð var í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og síðustu ríkisstjórnar, hafi verið brotin á bak aftur. Hvort það er rétt fullyrðing eða ekki fæst ekki útkljáð nema með því að birtar séu hlutlægar, sannar og tæmandi upplýsingar um það mál. Það nægir ekki að vísa til almennrar greinargerðar í fjárlagafrv. Það duga ekki heldur svör fjmrh. um að hann kannist ekki við neinn leynilista. Það sem verið er að biðja um er þetta:

Er fjmrh. reiðubúinn til að birta upplýsingar um raunverulegar tekjur, greiddar af launaskrifstofu ríkisins til hæstu hópa embættismanna ríkisins? Er fjmrh. reiðubúinn að gera grein fyrir lið fyrir lið hverjum einstökum kjarasamningi til þeirra hópa sem verið er að tala um að hafi sprengt þennan launaramma? Er það rétt eða ekki? Hin versta niðurstaða í því máli er að láta mönnum eftir getsakir og láta menn ræða þetta í tómarúmi og á grundvelli misskilnings.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Það er svo, virðulegur forseti, að einn af flokksbræðrum hv. þm. hefur þegar á hinu háa Alþingi lagt fram fyrirspurn, sem er að finna á þskj. 57, og varðar annan lið þess er hv. þm. spurðist fyrir um, þ.e. um kjarasamningana. Ég mun að sjálfsögðu eins og lög gera ráð fyrir svara þeirri fyrirspurn þannig að ég hygg að okkur gefist tækifæri til þess síðar að ræða um kjarasamningana enda eru þær fyrirspurnir sem hv. þm. var með hér áðan innifaldar í þeirri fyrirspurn sem þar kemur fram.

Varðandi greiðslur til einstakra embættismanna ætla ég ekki að útiloka það að hægt sé að setja fram lista þar sem ekki koma fram nöfn, eins og hv. þm. benti á að sé auðvitað ekki viðeigandi, og reyna með þeim hætti að gefa til kynna hvaða starfsstéttir hjá hinu opinbera fá hæst laun. En þá ber þess að geta að starfsmannaskrifstofa ríkisins, fjmrn., greiðir aðeins út þau laun sem ríkissjóður greiðir en það geta að sjálfsögðu verið hærri laun sem viðkomandi starfsmenn fá, til að mynda ef þeir sitja í bankaráðum, svo tekið sé dæmi, eða nefndum sem eru utan við A- og B-hluta ríkissjóðs.

Forsendur Kjaradóms og laun embættismanna.

[15:14]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín tengist þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Mig langar til að segja í upphafi að það er engu líkara en menn séu að tala um helgustu mannréttindi þegar á að reyna að koma í veg fyrir að upplýsingar séu látnar í té um hæstlaunaða fólkið hjá ríkinu. En þess hefur verið krafist af fjölmörgum, þar á meðal samtökum launafólks, að allar forsendur Kjaradóms verði birtar. Í því sambandi hefur verið talað um lista yfir tekjuhæstu starfsmenn ríkisins. Það hefur verið haft eftir hæstv. fjmrh. að ekki komi til greina að birta slíkan lista. Nú segir hæstv. ráðherra að hann útiloki ekki að slíkt verði gert

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því að listinn verði birtur þar sem starfsheiti komi í stað nafna.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það þarf ekki að koma mönnum á óvart að laun embættismanna ríkisins séu nokkuð sérstök og samanburður á launum þeirra og til að mynda ráðherra sé nokkuð sérstakur. Þegar Kjaradómur kvað upp sinn fyrri úrskurð 1992, þá fólst í úrskurðinum m.a. tilraun dómsins til þess að lækka tiltekna embættismenn og embættisheiti niður fyrir ráðherra. En þessu var síðan öllu breytt með bráðabirgðalögum þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat og síðan á þinginu sjálfu eins og menn vita þannig að þessi munur hélst áfram. Það var haft á orði að þar væri lyft loki af potti og menn urðu að setja lok yfir þann pott eins fljótt og þeir gátu aftur þegar þessi umræða var uppi. Ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh. að það eigi ekki að birta lista með nöfnum einstaklinga en það út af fyrir sig, eins og hann nefndi, hægt að finna aðrar leiðir til þess að þessar tölur komi fram.

Ég hef séð slíkan lista og bað reyndar sérstaklega um slíkan lista af því að ég vildi gjarnan sjá til að mynda hvar forsrh. væri á listanum. Þá var mér sagt að 100 manna listi dygði ekki til þess að forsrh. kæmist á blað sem er út af fyrir sig athyglisvert. Og mér er óhætt að segja það hér að á 250 manna slíkum lista komast aðeins tveir eða þrír ráðherrar á blað. Slíkur listi er til og forsrh. sem undirritar eiðstaf og trúnað getur haft slíkan lista í sínum fórum þó að hann sé ekki birtur opinberlega.

En ég tel reyndar líka að það sé ljóst að Kjaradómur hafði ekki slíkan lista þegar hann kvað upp sinn úrskurð eftir því sem ég best veit. Ég hef hins vegar borið fram þau tilmæli að Kjaradómur birti þær forsendur sem hann hefur fyrir sínum niðurstöðum og get tekið undir sjónarmið forustumanna launþegahreyfingarinnar í þeim efnum. Ég veit ekki annað en Kjaradómur muni koma saman og taka þau tilmæli fyrir.

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég vil aðeins segja að það er nauðsynlegt að þessi mál verði rædd við síðara tækifæri þar sem við ræðum þær upplýsingar sem fram kunna að koma. En mig langar að segja að ég hef engar sérstakar áhyggjur af því þótt það kynni að vera rétt að hæstv. forsrh. sé ekki efstur á umræddum lista. Menn eru að setja það upp sem eitthvert stórt siðferðilegt vandamál að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni skuli ekki tróna efst á þessum lista. Það sem mér finnst alvarlegt í þessu máli er að upplýsingum skuli haldið leyndum. Og ég legg ríka áherslu á að þær verði birtar fyrir þinginu og þær hljóti umræðu hér í þingsalnum.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er heldur ekkert vandamál fyrir mig að forsrh. tróni ekki efstur á þessum lista. Hins vegar hygg ég að það sé almennt í umræðunni að mönnum þyki ekkert óeðlilegt að þeir sem mesta ábyrgð bera hjá ríkisvaldinu beri

jafnframt hæstu launin. Ég hygg að menn telji það ekkert óeðlilegt. Ég held að það sé einmitt misskilningur í gangi víða í þjóðfélaginu, bæði varðandi laun ráðherra sem menn halda kannski að séu hærri en þau eru innan ríkiskerfisins og laun þingmanna. Ég heyri iðulega m.a. góða og vandaða fréttamenn segja við mig: „Svo hafa þingmenn náttúrlega laun fyrir öll sín nefndarstörf." Ég hef heyrt vandaða fréttamenn segja þetta. Ég hef leiðrétt þetta en ég hef ekki séð það í fréttum. Það ganga sem sagt ýmsar sögur um launakjör þessara manna sem þurfa að vera ljós. Ég vil að launakjör ráðherra og þingmanna séu algerlega ljós, klár og skýr og ég vil ekki að það sé neinn misskilningur í gangi varðandi þau laun.

Verkfall leikara hjá Ríkisútvarpinu.

[15:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í sex og hálfan mánuð hafa leikarar í Félagi ísl. leikara verið í verkfalli gagnvart Ríkisútvarpinu. Það þætti nú mörgum langt verkfall, en þar er skemmst frá að segja að hvorki hefur gengið né rekið í samningaviðræðum. Þetta tel ég vera til mikils skaða fyrir flutning listræns efnis hjá Ríkisútvarpinu og unnendum leiklistar til mikils ama. Og af því tilefni langar mig til að beina spurningum til hæstv. menntmrh.: Hefur hann kynnt sér inntak deilunnar milli leikara og Ríkisútvarpsins og hyggst hann beita sér til lausnar málinu þar sem þessi þáttur Ríkisútvarpsins heyrir undir hans ráðuneyti?

[15:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get verið stuttorður í svari mínu við þessari spurningu. Ég hef ekki kynnt mér inntak þessarar deilu. Málið hefur ekki komið á mitt borð. Ég lít þannig á að þetta sé málefni sem Ríkisútvarpið eigi að leysa sjálft og sé innanhúsmál þar. Það hefur ekki verið sent erindi um það til mín og ég hef ekki í hyggju að skipta mér af málinu.

[15:20]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég harma það að hæstv. menntmrh. þyki ekki vera ástæða til að kynna sér þetta mál og kanna það sérstaklega hvort þarna er eðlilega að verki staðið gagnvart þessu stéttarfélagi og þessari ríkisstofnun. Ég skil í sjálfu sér það sjónarmið að auðvitað á stofnunin að leysa málið en þegar það dregst svona úr hófi að taka á málinu, þá er vissulega ástæða til þess að kanna það. Ég man nú ekki betur en síðasta hæstv. menntmrh. hafi þótt ástæða til ýmiss konar afskipta af Ríkisútvarpinu. Og þó að þau hafi um margt verið óeðlileg, þá finnst mér ekki óeðlilegt að hæstv. núv. menntmrh. kynni sér hvað þarna er á ferð og hvort ekki er með einhverjum hætti hægt að liðka fyrir lausn þessarar deilu.

Norsku- og sænskukennsla.

[15:21]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Foreldrar barna sem stunda nám í norsku og sænsku á grunnskólastigi eru nú mjög uggandi vegna þeirra frétta að ekki sé ráðgert að veita fé til þessarar kennslu á fjárlögum 1996. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvort það sé ætlunin að hætta norsku- og sænskukennslu í grunnskólanum eða mun fjárveitingar að vænta til þessa verkefnis.

Það er ljóst að um 20 ára skeið hefur verið boðið upp á slíka kennslu í stað dönskukennslu. Það hefur ekki verið um algerlega frjálst val nemenda að ræða. Það hafa verið sett skilyrði fyrir því að þeir hafi haft grunn í þessum tungumálum. Um þessar mundir eru um 400 nemendur í þessu námi og hér er því um mjög stórt mál að ræða. Foreldrar þessara barna munu halda fund í kvöld í Norræna húsinu vegna þess að þau óttast þetta mjög og sambandsþing Norræna félagsins ályktaði um þetta mál á fundi sínum í gær en í þeirri ályktun er yfirvofandi brottfalli norsku- og sænskukennslu mótmælt.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, þá er óljóst hver eigi að borga fyrir áframhaldandi kennslu, hvort það eigi að taka fé af ráðuneytinu eða af fræðslustjórum landsins eða hvort það eigi að greiða þetta yfirleitt, en mér skilst að þetta sé um 8 millj. kr. á landsvísu sem þessi kennsla kostar. Nú þegar ljóst er að ríkið þarf að semja við sveitarfélögin um fjármagn vegna tilflutnings grunnskólans til sveitarfélaganna tel ég mjög óæskilegt að ekki sé tryggilega gengið frá fjármagni í áframhaldandi sænsku- og norskukennslu. Og því spyr ég: Er ætlunin að hætta kennslu í norsku og sænsku alveg eða minnka hana verulega á næsta ári? Ef svo er ekki, hvernig á þá að tryggja fé til áframhaldandi kennslu?

[15:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það eru engin áform uppi um það að hætta kennslu í sænsku og norsku. Þvert á móti hefur verið tekin ákvörun um það eins og menn vita að danska verði áfram fyrsta erlenda tungumálið sem lært er í íslenskum skólum og á þeirri forsendu hefur verið veitt kennsla í norsku og sænsku og það eru ekki áform uppi um að hætta því.

Varðandi kostnað við þessa kennslu, þá er það rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að um það mál hafa verið viðræður á milli fræðsluyfirvalda og menntmrn. og tengst fjárveitingum. Það voru fundir um það mál fyrir nokkrum mánuðum og rætt um það hvernig þessu yrði best fyrir komið á þessum vetri. Yfirleitt hefur þetta gengið upp, tel ég, í fræðsluumdæmunum að leysa úr og sinna þessu verkefni eins og ber. Hér hins vegar á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík sérstaklega hafa komið upp vandamál vegna fjárskorts. Ég lít þannig á að eftir viðræður mínar við fræðslustjórann í Reykjavík og aðkomu menntmrn. að málinu, þá hafi verið leyst úr þessum vanda núna í vetur.

Varðandi framhaldið er það rétt sem fram kom hjá fyrirspyrjanda að það er verið að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna og ég tel sjálfsagt og eðlilegt að kostnaður við þessa kennslu verði tekinn inn í þá samninga sem fara fram milli ríkisins og sveitarfélaganna um tilflutning á fjármunum sem því tengjast.

[15:25]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég hefði kannski viljað fá aðeins skýrari svör ef það er möguleiki af því að nú þykist ég vita að það er ekki búið að tryggja algerlega fjármagnið til Reykjavíkur og alls ekki til Reykjaness. Þar er langstærsti kostnaðurinn því að þar eru langflestir nemendurnir. Mér skilst að þetta séu um 6–7 millj. á þessu svæði en það sé ekki búið að tryggja nema hugsanlega 4,5 millj. í þessa kennslu. Það hefði því verið ágætt að vita hvort þessi kennsla verður alveg trygg bæði í Reykjavík og Reykjanesi sem og á öllu landinu.

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og ég sagði, þá var um þetta rætt af hálfu ráðuneytisins við fræðsluyfirvöld og fræðslustjóra fyrir nokkrum mánuðum og málin lögð upp með þeim hætti sem menn voru sammála um á þeim tíma og lá alveg ljóst fyrir þegar skólahaldið hófst hér í haust. Það hafa komið upp og hefur verið rætt við mig um sérstök vandamál hér í Reykjavík en ekki á öðrum stöðum þannig að ég þekki þau mál ekki og get ekki svarað nákvæmlega.

Gilsfjarðarbrú.

[15:27]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. samgrh. um brú yfir Gilsfjörð. Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir að þetta verk væri hafið og útboðsgögn áttu að vera tilbúin um mánaðamótin maí/júní 1995. Fyrirheit um að útboð færi fram sl. sumar hafa verið svikin. Allir þingmenn Vesturlands og Vestfjarða á kjörtímabilinu 1991–1995 lýstu yfir stuðningi eða gáfu fyrirheit um þessa framkvæmd. Það var, eins og ég sagði áðan, ákveðið að hefja framkvæmdina sl. sumar og í síðasta lagi í haust. Spurning mín til hæstv. samgrh. er þessi: Hvenær ætlar hæstv. ráðherra að láta útboð fara fram? Hvenær á að byggja Gilsfjarðarbrú?

[15:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þegar vegáætlun var samþykkt, þá var þessi hv. þm. einn af mínum dyggu stuðningsmönnum hér í þinginu og ég minnist þess ekki að hann hafi óskað eftir því að ég tæki það fram í sambandi við vegáætlun að Gilsfjarðarbrú yrði boðin út á einhverjum ákveðnum tíma. Þetta er algjör hugarburður þingmannsins, ég held að hann hafi dreymt þetta, svei mér þá. (**GE:** Fyrirheit.) Fyrirheit í draumi, eitthvað því um líkt. Það er ekki tekið fram og hefur aldrei verið tekið fram í sambandi við vegáætlun í hvaða mánuði einstök verk eigi að bjóast út. Ég minnist þess ekki. Þannig að eitthvað hefur hv. þm. ruglast í ríminu.

Hitt er rétt að Gilsfjarðarbrúin hefur ekki verið boðin út. Ég man ekki hvort það eru tveir mánuðir síðan útboðsgögn voru tilbúin eða svo. Verkið dróst vegna þess að málið var sett í umhverfismat eins og menn muna og það var ágreiningur um vegarstæðið eins og ég býst við að hv. þm. muni einnig. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að þunginn af þessari framkvæmd falli til á árunum 1997 og 1998 og það er gert ráð fyrir því að brúin verði tekin í notkun á haustdögum 1997. Sumir hafa látið sér detta í hug september. Ég sé ekki að það skipti máli hvort það er september eða október út af fyrir sig. Það er auðvitað gaman að nefna dag og klukkustund hvenær hægt sé að aka yfir veg. En því fer víðs fjarri að um einhverja seinkun á þessu verki sé að ræða, það veit hv. þm.

Ég hef á hinn bóginn orðið var við það að verið er að reyna að gera þetta mál tortryggilegt, af hvaða sökum veit ég ekki. En þeir sem muna lengra aftur vita að það var fyrst með þeirri vegáætlun sem nú er í gildi á þessum fjórum árum sem gert var ráð fyrir því að eitthvert fé að marki færi til þessarar framkvæmdar og það var lagt fram hér í þinginu að minni tillögu. Þannig að aðrir menn hafa ekki gengið vasklegar fram í þeim efnum.

[15:30]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Hann boðaði það nánast að hann ætlar að mæta í september 1997 með skærin á borðann á Gilsfjarðarbrú, en ég spurði hvenær útboð eigi að fara fram og hvenær verkframkvæmd eigi að hefjast og ég vek athygli á því að það kom ekki svar við þeim spurningum.

[15:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er algengt um vegaframkvæmdir að menn hyggja fyrst og fremst að verklokum en það er ekkert launungarmál að á þessu ári fór snjómokstur mjög fram úr áætlun. Það hefur verið talað um ríflega 400 millj. kr. svo að það er auðvitað ekki nema eðlilegt að reynt sé að haga framkvæmdum þannig að eitthvað fáist upp í þá umframeyðslu af því fé sem er til ráðstöfunar á þessu ári. Ég er sannfærður um að Vestfirðingar skilja það vel, bæði í Reykhólahreppi og annars staðar því að það reyndi m.a. mjög mikið á það í þeim hreppi að nægileg tæki og nægilegt fjármagn væri til staðar vegna snjómoksturs og ég tala nú ekki um annars staðar í Vestfirðingafjórðungi þannig að hér er haldið algerlega eðlilega á málum. En eins og ég sagði áðan, það er verið að reyna að gera þetta mál tortryggilegt með óvenjulegum hætti og ég hef ekki orðið var við það að menn séu annars staðar á landinu uppi með málflutning af því tagi sem hv. þm. var með hér áðan.

[15:32]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Mér þykir slæmt ef hæstv. samgrh. svíður undan þessum orðum. Ég vil þakka fyrir að hann gaf hér fyrirheit um að brúin yrði komin 1997 og hann væntanlega mættur til að opna hana. En ég hef ekki enn fengið svör við hvenær framkvæmdin hefjist. Heimamenn og þeir sem búa í aðliggjandi byggðum að Gilsfirði telja þetta heilagt mál. Við sem vorum þingmenn Vestfjarða og Vesturlands gáfum fyrirheit um að staðið yrði við það sem lofað var og það var að hefja framkvæmdina í ár og útboð skyldi fara fram á miðju sumri og það hefur ekki staðist.

[15:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessum hv. þm. og öðrum þingmönnum er vel kunnugt að það er mjög algengt að fé sé fært til inn á vegáætlun til þess að flýta verklokum ef þannig stendur á og þar fram eftir götunum. Það er einmitt gert ráð fyrr því í sambandi við Gilsfjarðarbrúna að taka hana í notkun haustið 1997 og hnika til fjárveitingum til vegamála til þess að það megi takast því að verulegt fjármagn fer til þessarar framkvæmdar á árinu 1998 sem sá hv. þm. sem hér talaði núna stóð að að yrði gerð. Ég hygg að ég geti líka fullyrt að hann hafi ekki viljað fara hraðar en aðrir þingmenn í kjördæmi hans í því að leggja til hliðar kjördæmisfé til framkvæmdarinnar.

Fundi slitið kl. 15:33.

11. FUNDUR

mánudaginn 16. okt.
að loknum 10. fundi.

Dagskrá:

1. Opinber fjölskyldustefna, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Ólöglegur innflutningur fíkniefna, þáltill., 62. mál, þskj. 62. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 58. mál, þskj. 58. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 59. mál, þskj. 59. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands.

Erindi frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Tilkynning um dagskrá.

[15:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að ætlunin er að setja nýjan fund að loknum þessum fundi og taka þá tyrir tvö mál sem útbýtt hefur verið, þ.e. frv. til laga um breyting á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað og svo þáltill. um afnám Kjaradóms og kjaranefndar, hvort tveggja ef leyft verður.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lög um félagslega aðstoð.

[15:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli á lagasetningu sem fór fram á þingi 1993 um jólaleytið þegar almannatryggingalögum, nr. 67/1971, var skipt upp í tvenn lög, lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð samfara gildistöku EES-samningsins. Þá var grein um endurhæfingarlífeyri færð úr almannatryggingalögunum yfir í lög um félagslega aðstoð. Í greinargerð með frv. kom fram að sú grein sem færð var yfir í félagslegu aðstoðina væri samhljóða grein úr lögum um almannatryggingar og ætti ekki að hafa neinar breytingar í för með sér. Þannig fór þessi lagabreyting gegnum þingið og var samþykkt. Síðan kom í ljós þegar þessi grein var komin yfir í lög um félagslega aðstoð að hún var ekki óbreytt heldur hafði fallið út hluti af setningu sem gerir það að verkum að lífeyrisþegar, sem eru á endurhæfingarlífeyri að ná sér eftir slys og sjúkdóma og reyna að ná sinni starfsorku aftur, missa tengdar bætur, fá aðeins tekjutryggingu og grunnlífeyri, samtals 37 þús. kr. óháð því hvort þeir eru með fjölskyldu eða börn á framfæri.

Þetta ákvæði í lögum um félagslega aðstoð kom nú til framkvæmda 1. okt. þannig að þeir sem eru í þeirri stöðu að vera að ná starfsorku sinni aftur fá engar aðrar bætur frá tryggingunum heldur en þessar 37 þús. kr. Ég tel að þarna hafi orðið mistök í afgreiðslu þingsins og hef því lagt fram lagafrv. sem er búið að dreifa hér á borðin um að greinin verði færð aftur til fyrra horfs eins og hún var í almannatryggingalögunum nr. 67/1971. Eins og kom fram í máli hæstv. forseta þá á að leita afbrigða á næsta fundi við að taka tvö mál fyrir á dagskrá. Þar sem ég tel þetta mál ekki síður mikilvægt en þau mál sem á að fara að taka fyrir með afbrigðum í þinginu fer ég fram á að þetta mál, sem varðar þá sem minnst mega sín í samfélaginu og hafa þegar orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu og eiga að lifa á tekjum undir hungurmörkum, verði tekið fyrir og það verði leitað afbrigða til að fá þessi mistök leiðrétt.

[15:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur heyrt þessar óskir hv. þm. og mun taka það til athugunar áður en næsti fundur verður settur.

[15:38]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 80. mál, frv. ÁRJ, þskj. 81.

Flutningur ríkisstofnana út á land, 46. mál, svar forsrh., þskj. 80.

Höfundalög, 86. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 87.

Kjaradómur og kjaranefnd, 85. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 86.

Rannsóknir í ferðaþjónustu, 76. mál, þáltill. TIO o.fl., þskj. 76.

Rennslistruflanir í Soginu, 83. mál, fsp. ÖS, þskj. 84.

Ríkisreikningur 1991, 87. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 88.

Ríkisreikningur 1992, 88. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 89.

Veiðar og rannsóknir á smokkfiski, 82. mál, fsp. KPál, þskj. 83.

Veiðar og rannsóknir á túnfiski, 81. mál, fsp. KPál, þskj. 82.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 84. mál, frv. ÓE o.fl., þskj. 85.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm., Hrafn Jökulsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Rannveig Guðmundsdóttir
formaður þingfl. Alþfl."

Kjörbréf Hrafns Jökulssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á

Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Hrafn Jökulsson, 6. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hrafn Jökulsson hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa.

Opinber fjölskyldustefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG og BH, 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Ólöglegur innflutningur fíkniefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. AK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Frv. TIO, 58. mál (markmið laganna o.fl.). — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO og StB, 59. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:44.

---

12. FUNDUR

mánudaginn 16. okt.
að loknum 11. fundi.

Dagskrá:

1. Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 84. mál, þskj. 85. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Kjaradómur og kjaranefnd, þáltill., 85. mál, þskj. 86. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
3. Félagsleg aðstoð, frv., 80. mál, þskj. 81. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

[15:50]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Leitað er afbrigða um að dagskrármálin þrjú megi koma fyrir. Ef ekki er hreyft andmælum verður afbrigðanna leitað fyrir öll málin þrjú í einu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:52]
Of skammt var liðið frá útbýtingu allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 84. mál (skattskylda starfskostnaðar). — Þskj. 85.

[15:53]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að borist hefur bréf frá þingflokki Þjóðvaka þar sem óskað er eftir að ræðutíminn við 1. umr. frv. um þingfararkaup og þingfararkostnað verði tvöfaldur og verður svo gert.

[15:53]

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup og þingfararkostnað. Að flutningi þessa frv. standa forsn., þ.e. hæstv. forseti og varaforsetar, og formenn þingflokka annarra en þingflokks Þjóðvaka sem stóð ekki að flutningi frv. um þingfararkaup og þingfararkostnað á vorþinginu.

Aðdragandi þessa máls hefur ekki farið leynt, hvorki utan þings eða innan. Ég vil þó taka sérstaklega fram að þetta þingmál fjallar einungis um skattalega meðferð almenns starfskostnaðar alþingismanna en ekki um launamál þingmanna og enn síður um kjaramál almennt, úrskurði Kjaradóms eða efni kjarasamninga á því ári sem er að líða. Ég vænti þess að önnur tækifæri gefist í þinginu til umræðna

um þær hliðar þessara mála.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um þá breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað að ákvæði 16. gr. laganna um skattalega meðferð þingfararkostnaðar er ekki látið ná til 9. gr., þ.e. fastrar greiðslu starfskostnaðar.

Í 2. mgr. 9. gr. laganna segir að endurgreiða skuli alþingismönnum annan starfskostnað en þann sem tilgreindur er sérstaklega í lögunum samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur en jafnframt sé heimilt að greiða þennan kostnað sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum.

Í reglum, sem forsætisnefnd setti 28. ágúst sl., var ákveðið að nýta þessa heimild laganna til að greiða alþingismönnum fasta fjárhæð, 40 þús. kr. á mánuði. Sú ákvörðun var tekin með hliðsjón af því hversu sjálfstætt alþingismenn starfa. Það þótti heppilegt að þeim gæfist kostur á að fá greidda *fasta fjárhæð mánaðarlega sem væri áætluð tala og gengi* til greiðslu starfskostnaðar án beinna afskipta skrifstofu Alþingis. Þetta fyrirkomulag greiðslna og skattaleg meðferð þeirra hefur tíðkast hjá þjóðþingum víða um heim. En fyrirkomulagið og einkum skattalega meðferðin vakti tortryggni og hefur því verið ákveðið að flytja frv. þar sem gert er ráð fyrir að ákvæði 16. gr. um skattalega meðferð þingfararkostnaðar, þ.e. hins almenna starfskostnaðar, nái ekki til þessara greiðslna.

Í lögunum, sem sett voru sl. vor, var það nýmæli að þar er í fyrsta sinn staðfest í 9. gr. að endurgreiða beri alþingismönnum ýmsan kostnað sem óhjákvæmilega fellur til í tengslum við störf þeirra. Hér er um að ræða kostnað við fundahöld, ráðstefnur, námskeið, bóka- og tímaritakaup og fleiri útgjöld sem fylgja starfi þingmanna. Áður en hin nýju lög um þingfararkaup og þingfararkostnað voru sett þótti ekki nægilega skýrt að hvaða marki bæri að endurgreiða kostnað sem ég nefndi nú.

Þeir sem að frumvarpinu stóðu töldu eðlilegt að undanskilja greiðslu þessa skattskyldu þar sem starfskostnaðurinn, eins og hann er skilgreindur í lögunum, væri almennt frádráttarbær hjá vinnuveitanda og því ekki framtalsskyldur hjá *þeim sem stofnaði til kostnaðarins. Hins vegar var talið* að skýrar heimildir skorti til að draga kostnaðinn frá við álagningu tekjuskatts ef hann væri greiddur viðkomandi beint þar sem alþingismenn teljast ekki einyrkjar eða verktakar í skilningi skattalaga þótt segja megi að starf þeirra sé á margan hátt ekki ósvipað þeim sem þá stöðu hafa. Þannig væri ekki verið að skapa alþingismönnum rétt umfram aðra með hinni skattfrjálsu greiðslu starfskostnaðar heldur hefði þessi háttur í för með sér mikið hagræði í framkvæmd.

Til nánari skýringar á þessu skal vitnað til greinargerðar ríkisskattstjóra frá 20. sept. sl. um skattalega meðferð starfskostnaðar en þar er meginreglan í þessum efnum orðuð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Því má segja að samkvæmt skattalögum gildi sú regla að í þeim tilvikum þar sem það liggur fyrir að greiðsla frá launagreiðanda til launamanns feli ekki í sér endurgjald fyrir vinnuframlag heldur sé um að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði í þágu launagreiðanda þá hafi ekki verið talið að um skattskyldar tekjur sé að ræða hjá launamanninum."

Enn fremur segir í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá meginreglu sem að framan er getið þykir mega lesa úr 2. mgr. 30. gr. skattalaganna, auk ákvæða í A-lið 1. mgr. 30. gr. sem fjalla um einstök tilvik. Einnig er hér horft til þess hvað persónufrádrátturinn á að standa fyrir. Í nokkrum tilvikum hefur verið farin sú leið að miða frádráttarheimild við fyrir fram ákveðnar matsreglur og verður að telja að þar ráði miklu hagsmunir skattframkvæmdar, þ.e. mikilvægi skilvirkni í skattframkvæmd. Ákvæði í nýjum lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað verður að telja að byggi á svipuðum meiði, þ.e. það eru skilvirknissjónarmið sem ráða því að notast er við staðlaðar frádráttarreglur enda ekki ágreiningur um tilefni greiðslunnar, þ.e. þeim er ætlað að mæta kostnaði sem launþeginn verður fyrir vegna starfs síns."

Þetta er úr greinargerð ríkisskattstjóra sem hann sendi frá sér 20. sept. sl.

Þrátt fyrir það sem sagt er hér að framan er lagt til með frv. að horfið verði frá sérstakri skattameðferð starfskostnaðar alþingismanna. Eftir breytinguna sem lögð er til í frv. geta *alþingismenn valið um það eftir sem áður að framvísa reikn*ingum fyrir starfskostnaði sínum eða fá greidda ákveðna fjárhæð mánaðarlega.

Að lokum þykir mér rétt að minna á að jafnhliða því sem ákvörðun var tekin um þátttöku skrifstofu þingsins í almennum starfskostnaði á sl. vori féllu niður greiðslur til alþingismanna úr kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness en þessar greiðslur höfðu um áratuga skeið, ef ekki á að tala um jafnvel enn lengri tíma — því að þessar greiðslur eru miklu eldri en minni elstu þingmanna — verið greiddar sem dvalarkostnaður yfir þingtímann og þær voru aldrei skattlagðar samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda enda er það meginregla í íslenskum skattarétti að dagpeningar eru ekki skattlagðir nema þeir fari út fyrir óhæfileg mörk. Þeir verða að vera innan hæfilegra marka og rétt er að minna á að upphæðir, sem þingmenn nutu, voru ávallt langt fyrir neðan þau mörk sem ríkisskattstjóri hafði sett.

Ég tel líka rétt að minna á að ekki er stór munur á þeim fjárhæðum sem áður voru greiddar af þessu tagi og nefndust dvalarkostnaður um þingtímann og svo aftur þeim nýju 40 þús. kr. greiðslum sem nú hafa verið ákveðnar. Það er ekkert launungarmál að með því að skipta á þessum greiðslum, *fella niður hinar eldri greiðslur og taka upp nýjar greiðsl*ur í staðinn sem skilgreindar voru á annan hátt, var verið að framkvæma ákveðna jöfnunaraðgerð milli þingmanna úr Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum og þingmanna úr öðrum kjördæmum. Það var eðli þessara breytinga að jafna.

Því hefur verið fleygt í umræðu um þessi mál að eðlilegra væri að afnema öll ákvæði í lögunum um skattalega meðferð á greiðslu starfskostnaðar en eins og kunnugt er þá er það ákvæði í lögunum að greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6. og 7. gr. er framtalsskyld en ekki skattskyld. Af þessu tilefni þykir mér rétt að benda á að skattaleg meðferð á greiðslu húsnæðiskostnaðar og ferðakostnaðar skv. 6. og 7. gr. breyttist alls ekki neitt á sl. vori þegar þessi ákvæði voru sett inn í lögin. Það er ekki víst að allir utan þings geri sér grein fyrir því en auðvitað er það staðreynd málsins að það varð engin efnisleg breyting hvað skattalega meðferð snertir á þessum greiðslum þótt ákvæðin væru sett inn í lögin. En ástæðan til þess að þessi ákvæði voru sett inn í lögin með frv. þingflokksformanna á sl. vori var sú að á sl. áratug gerðist það að þingmenn lentu í því um skeið að skattmeðferð á þessum kostnaði var ekki eins í öllum skattumdæmum hvað varðar sköttun á húsnæðiskostnaði. Í sumum skattumdæmum var þess krafist að þingmenn skiluðu rekstraryfirliti yfir kostnað sinn af rekstri íbúðar í kjördæmi á þingtímanum og kæmi fram munur á þeim kostnaði sem þingmenn gerðu

þannig grein fyrir og svo aftur þeim greiðslum sem þeir fengu frá Alþingi var sá munur skattlagður. Þetta gerðist hins vegar einungis í sumum skattumdæmum en í öðrum skattumdæmum voru þessar greiðslur áfram skattfrjálsar.

Mismunandi skattaleg meðferð þessa kostnaðar leiddi síðan til málaferla sem lauk með úrskurði ríkisskattanefndar um miðjan síðasta áratug og úrskurðurinn var einfaldlega á þá leið að allar húsnæðisgreiðslur til alþingismanna ættu að vera skattfrjálsar samkvæmt almennri reglu skattalaga. Með því að tiltaka skattfrelsi þessara greiðslna í lögunum vildu menn koma í veg fyrir að þessi saga endurtæki sig. Ákvæðin um ferðakostnað og húsnæðisgreiðslur og skattalega meðferð þeirra greiðslna eru því látin standa áfram óbreytt til þess að koma í veg fyrir þá óvissu sem af því gæti leitt ef þessi ákvæði væru formlega afnumin með lögum enda er að sjálfsögðu ekkert útilokað ef Alþingi afnæmi þessi ákvæði, tæki þau formlega út úr lögunum, að þá opnaðist sá möguleiki að einstakir skattstjórar kynnu að gagnálykta út frá þeirri staðreynd og það gæti þá aftur valdið á nýjan leik mismunandi skattalegri meðferð þessara greiðslna.

Ég vil að vísu taka það fram að mér dettur ekki í hug að halda að alþingismenn næðu ekki að lokum rétti sínum með nýjum úrskurði ríkisskattanefndar eða ríkisskattstjóra ef þannig færi. En flutningsmönnum þessa frv., forsætisnefnd og formönnum þingflokka, þykir óþarfi að afgreiðsla þessa máls verði til þess að valda nýjum misskilningi um skattalega meðferð þessara greiðslna og því er ekki gerð tillaga um að breyta frv. að þessu leyti.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði máli þessu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[16:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að geta þess sem mér þykir miður að Alþingi skyldi þurfa að taka þetta mál á dagskrá með afbrigðum. Það ber ekki vott um þau vönduðu vinnubrögð sem menn hafa verið að gera hér að umtalsefni, bæði í vor og aftur nú í haust. Eins og menn minnast var sú löggjöf sem nú stendur til að breyta einmitt tekin á dagskrá og keyrð í gegnum þingið með afbrigðum í vor. Við hefðum að mínu mati ekki þurft að taka málið á dagskrá með afbrigðum einnig nú. Það eru líklega þrjár vikur frá því að forsætisnefnd náði um það samstöðu hvaða leið yrði farin varðandi breytingar á lögunum og í rauninni hefur ekkert breyst síðan. Ég vildi koma þessu á framfæri, herra forseti, vegna þess að ég tel þetta ekki til fyrirmyndar varðandi vinnubrögð Alþingis, sérstaklega ekki þar sem um er að ræða mál sem þegar hafa staðið miklar deilur um og hefði þess vegna þurft virkilega að vanda undirbúning á og hefði þurft að bera hér að með öðrum hætti.

Vegna þess að sá sem mælti fyrir breytingunum eða því frv. sem hér liggur fyrir, hv. þm. Ragnar Arnalds, fór aðeins í söguna, vil ég einnig gera það. Eftir að farið var að undirbúa þingstörfin í vor á vettvangi þingflokksformanna var fljótlega reifuð sú hugmynd að haldið yrði áfram þeirri vinnu sem hafin var um endurskoðun laga um þingfararkostnað og menn vildu þá gjarnan stefna að því að lögfesta þær breytingar á vorþinginu. Þá þegar voru til drög sem voru kynnt. Niðurstaða okkar í þingflokki Þjóðvaka var svo að taka ekki þátt í þeirri vinnu þar sem breytingar á lögunum um þingfararkaup og þingfararkostnað gæti ekki orðið forgangsmál á því þingi. Þar lágu fyrir eins og menn þekkja stórmál eins og GATT og breyting á lögum um stjórn fiskveiða og auðvitað bjuggumst við við því eins og fleiri að tekið yrði á málum þeirra sem búa við sérstaka erfiðleika vegna tekjutaps eða atvinnuleysis.

Það var einnig svo að í þeim drögum sem þá voru kynnt voru atriði sem við hefðum kosið að hafa betra tóm til að skoða. Frv. um breytingar á lögum um þingfararkaup var því flutt í vor í samkomulagi hinna þingflokkanna en þegar það kom til umfjöllunar og afgreiðslu töluðu þingmenn Þjóðvaka og greiddu atkvæði gegn þeim ákvæðum sem fjalla um ótilteknar kostnaðargreiðslur til alþingismanna og ráðherra og skattfrelsi þeirra.

Hv. þm. Ágúst Einarsson, fulltrúi Þjóðvaka í efh.- og viðskn., sem fjallaði um málið, sagði m.a. í minnihlutaáliti sínu, með leyfi forseta:

„Það orkar mjög tvímælis að greiðslur ákveðnar af forsætisnefnd séu ekki skattskyldar og þar með óháðar skattalegu mati ríkisskattstjóra. Þingflokkur Þjóðvaka leggst eindregið gegn þessu ákvæði frv."

Hann var eini nefndarmaðurinn sem skilaði séráliti. Í umfjöllun um málið var einnig varað við því að í frv. væru ákvæði sem væru til þess fallin að auka á tortryggni fólks varðandi tilgang þessarar lagasetningar, þ.e. að ekki væri einvörðungu um svokallaðar lagfæringar að ræða heldur flyti sitthvað með, einkum varðandi hinar óskilgreindu kostnaðargreiðslur þar sem forsætisnefnd hefði í hendi sér hversu há sú upphæð væri á hverjum tíma. Það má segja að forspá okkar um viðbrögð þjóðarinnar þá er hún áttaði sig á málinu hafi gengið eftir. Eftir að Kjaradómur hafði kveðið upp úrskurð sinn og forsætisnefnd Alþingis birt niðurstöður sínar varðandi framkvæmd áðurnefndra laga skall stormurinn á. Auðvitað með einhverju moldviðri eins og gengur en skilaboðin voru skýr. Þjóðin vill ekki forréttindi alþingismanna og ráðherra. Þeir eiga að vera undir sömu skattalögum og aðrir. Sá þjóðarhagur sem skammtaði svigrúmið í kjarasamningum þorra launafólks hlyti að vera sá sami þjóðarhagur og alþingismenn, ráðherrar og æðstu embættismenn þjóðarinnar byggju við. Og sú varð niðurstaða forsætisnefndar Alþingis í samráði við formenn þingflokka að afnema bæri skattfrelsi þingmanna af hinum nýju greiðslum vegna ótiltekins starfskostnaðar. En þangað til sú lagabreyting á sér stað fá þeir þingmenn sem það kjósa 40 þús. kr. skattfrjálsar á mánuði.

Í samræmi við viðhorf skattfrjálsra greiðslna af þessu tagi ákváðu nokkrir þingmenn, þar á meðal þingmenn Þjóðvaka, að afsala sér þeim greiðslum. En það er, herra forseti, að mínu mati afar slæmt ef kjörum fólks á sama vinnustað er svo komið að hluti starfsmanna getur af ýmsum ástæðum ekki tekið við launum sínum og þá er ég að tala um laun í skilningi laganna um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, um skattskyldar tekjur en til þeirra teljast samkvæmt nefndum lögum, með leyfi forseta: biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki.

Nú liggur loks fyrir frv. til laga um boðaða breytingu. En, herra forseti. Þó skattfrelsið af 40 þúsund kallinum verði afnumið með lögum þegar þingið telur henta standa enn í lögunum ákvæði um skattfrelsi af greiðslum eins og húsnæðis- og dvalarkostnaði og ferðakostnaði þingmanna og ráðherra. Eða eins og segir í því frv. sem fyrir liggur, með leyfi forseta:

„Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6. og 7. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur."

Í 6. og 7. gr. eru einmitt þessar greiðslur, ferðagreiðslur og dvalarkostnaðargreiðslur, sem ég gat um og verða áfram skattfrjálsar. Það er bent á það til réttlætingar að sambærilegar greiðslur hafi áður verið skattfrjálsar samkvæmt úrskurði skattstjóra og því sé hér ekki í raun um mikla breytingu að ræða. En ég hlýt þá að spyrja, herra forseti: Var það þá ekki alveg ásættanlegt fyrirkomulag því ef þetta frumvarp verður að lögum í þessum búningi þá verða áfram í gildi sérstök skattalög eða skattákvæði fyrir þingmenn og ráðherra? En það er jú það sem við erum að reyna að breyta með því frv. sem að hér liggur fyrir.

Þess var getið hér áðan að gallinn á slíku gæti verið sá að ekki væri eins tekið á málum í öllum skattumdæmum. Mér finnst það ekki vera réttlæting á því að setja sérstök skattalög hvað varðar þessa þætti fyrir alþingismenn eða ráðherra. Ef fólkið í landinu þarf, vegna þess að löggjöf er óskýr, að búa við mismunandi túlkanir eftir því hvar það býr á landinu þá verða þingmenn að sæta því sama. Ég sé ekki að það séu nokkur rök fyrir því að þingmenn búi til sérstök lög fyrir sjálfa sig til að sleppa undan því að þurfa að sæta úrskurði vegna laga sem eru svo óskýr að þau eru túlkuð með mismunandi hætti eftir skattumdæmum. Og það er meginástæðan fyrir því að sú sem hér stendur er ekki einn flutningsmanna þess frv. sem hér liggur fyrir.

Auðvitað styðjum við það skref sem hér er stigið til leiðréttingar en var ekki ásættanlegt að hafa áfram sama fyrirkomulag, þ.e. að þingmenn og ráðherrar byggju við sömu skattalög og aðrir? Og eftirláta síðan skattstjóra að úrskurða um skattskyldu svo sem verið hafði. Það hefur ekki tekist að sannfæra mig um að það væri ekki besti kosturinn. Og ég mun leggja fram breytingartillögu í þá veru að öll skattfrelsisgreinin fari út úr lögunum, þ.e. öll 16. gr.

Það eru, herra forseti, einnig hugsanlega fleiri atriði sem þyrftu að fá nákvæmari skoðun í meðförum nefndarinnar því hraðinn á málinu í gegnum þingið í vor var slíkur að ekki gafst tóm til vandaðrar skoðunar.

Það er gjarnan vísað til þess að önnur þjóðþing hagi málum með þessum eða hinum hætti. Menn hafa sagt eins og í réttlætingarskyni að hjá ýmsum þjóðþingum sé sá háttur hafður á sem gerð var tillaga um hér í vor og síðar varð að lögum, þ.e. skattfrelsi á sambærilegar greiðslur. Menn hafa sagt að þetta fyrirkomulag greiðslna og skattaleg meðferð hafi tíðkast hjá ýmsum þjóðþingum en, herra forseti, þó að það sé út af fyrir sig prýðilegt að vita að það tíðkast hjá ýmsum þjóðþingum þá er nauðsynlegt að það komi jafnframt fram að hjá öðrum þjóðþingum er það líka svo að allar greiðslur til þingmanna eru skattskyldar. Og við verðum auðvitað að haga okkur í samræmi við það umhverfi sem við búum í. Það er afar slæmt ef aðgerðir eða aðgerðaleysi alþingismanna og ráðherra í eigin kjaramálum vekja slíka tortryggni og reiði með þjóðinni sem við höfum orðið vitni að á undanförnum vikum. Það ætti að mínu mati að ýta undir það nú þegar lögunum verður breytt að þá verði það gert með það að markmiði að þau verði öllum skiljanleg. Að ekki þurfi langa útskýringu á flóknum texta til að þjóðin geti áttað sig á því við hvaða kjör fulltrúar hennar á hinu háa Alþingi búa og ekki einungis hvað varðar krónurnar því þær eru ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að ekki verði um tiltekin lögbundin forréttindi að ræða.

[16:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem einn flutningsmanna þessa frv. vil ég ítreka eftirfarandi atriði sem varða afstöðu mína og okkar kvennalistakvenna til þessa máls. Eins og ég og fleiri kvennalistakonur bentum á sl. vor við setningu þeirra laga sem nú er verið að breyta, þá fannst mér óeðlilegt, að þingið gæfi höggstað á sér með því að greiða út starfskostnað sem heildargreiðslu án reikninga og að þessi greiðsla væri ekki skattlögð.

Þó að þetta hafi verið hugsað sem kostnaðargreiðsla þá er ljóst að fyrir þá sem bera minnstan kostnað af ráðstefnum eða öðru því sem undir greinina tilheyrir, þ.e. kostnað vegna fundahalda, námskeiða, bóka- og tímaritakaupa og fleira þess háttar, er þetta skattfrjáls launagreiðsla og ekki hægt að líta hana öðrum augum. Því tel ég sjálfsagt og eðlilegt að umrædd greiðsla sé skattskyld og því styðjum við kvennalistakonur þetta frv. Hins vegar er ljóst að hér er verið að viðhalda því kerfi sem einkennir launakerfi ríkisins almennt. Hið svokallaða sporslukerfi sem eykur og viðheldur launamisrétti í samfélaginu og eykur líka hinn alræmda launamun kynjanna.

Því teljum við að það frv. sem hér liggur fyrir sé aðeins ásættanlegt fyrsta skref til að breyta því fyrirkomulagi sem nú tíðkast vegna starfskjara alþingismanna. En ég vil í því sambandi sérstaklega benda á niðurlag greinargerðarinnar sem fylgir með frv. en þar er skýrt tekið fram að sú leiðrétting sem hér er gerð sé eingöngu fyrsta skrefið og það verði að skoða þessi mál í mun stærra samhengi.

Við kvennalistakonur vildum gjarna sjá mun meiri breytingar þar sem eftirfarandi meginsjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi.

Í fyrsta lagi að um starfskjör alþingismanna gildi nákvæmlega sömu skattareglur og um aðra og í því ljósi tel ég að 16. gr. laganna um þingfararkaup og þingfararkostnað sé alveg óþörf.

Í öðru lagi þá verði alveg ljóst að aðeins einn aðili fjalli um laun þingmanna og það verði ekki þingmenn sjálfir. Í 9. gr. laganna um þingfararkaup og þingfararkostnað eru mörkin á milli launa og starfskostnaðar óskýr og það er óásættanlegt að bæði Kjaradómur og forsætisnefnd ákvarði um kjör sem túlka má sem laun. Því er þessi lagabreyting nú eingöngu sjálfsagt og eðlilegt fyrsta skref en engin frambúðarlausn. Vonandi er þetta því ekki eina skrefið sem til stendur að taka varðandi þessi mál á þessu þingi.

Í þriðja lagi verður að endurskoða þetta svokallað sporslukerfi kostnaðargreiðslna, ekki bara hjá alþingismönnum heldur í þjóðfélaginu yfirleitt. Öll laun og starfskjör ættu að verða sem sýnilegust þannig að ljóst sé hvað eru laun og hvað kostnaður og raunverulegu laun fólks séu uppi á yfirborðinu og að sjálfsögðu skattskyld. Eingöngu þannig verður hægt að taka á því launamisrétti sem viðgengst í þjóðfélaginu ekki síst þeim launamun kynjanna sem að hefur nú verið kortlagður betur en áður og mjög brýnt er að taka á.

Þær upplýsingar sem við þingmenn höfum nú fengið í sambandi við meðferðina á kostnaðargreiðslum í ríkiskerfinu yfirleitt benda til að að verulegu leyti séu kostnaðargreiðslur skattfrjálsar. Og því verður alls ekki séð hvers vegna Alþingi setur ákvæði um sérstakt skattfrelsi sér til handa þar sem aðrir virðast geta fengið slíkar greiðslur án þess að um það gildi sérstök lög.

Kostnaðargreiðslur í launakerfi ríkisins eru verulegar upphæðir og því sýnist mér að þessi gögn og þessi umræða bendi til að það þurfi allsherjarendurskoðun að fara fram á skattalegri meðferð á kostnaðargreiðslum.

Þær upplýsingar sem liggja frammi um greidd laun hjá hinu opinbera hafa sannfært mig um að það er mjög brýnt mál að launakerfi ríkisins verði stokkað upp í heild sinni eins og við kvennalistakonur höfum lagt til á fyrri þingum og munum vinna frekar að á þessu þingi. Það þarf sem sagt bæði að breyta þeim farvegi sem launa- og starfskjör alþingismanna eru í og að stokka upp launakerfi ríkisins almennt. Feluleiknum verður að linna og hin raunverulega launastefna ríkisins verður að vera öllum ljós. Það hlýtur að vera þeim til hagsbóta sem verstu kjörin hafa og það hlýtur einnig að koma vel fyrir þá sem verða að hafa allt sitt á þurru eins og alþingismenn. Þjóðin vill að alþingismenn séu undir sömu skattalögum og aðrir og það finnst mér mjög eðlileg krafa. Að því ber að vinna og því fagna ég því skrefi sem hér er stigið en betur má ef duga skal.

[16:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Auk þess sem ég hef ýmsar efnislegar athugasemdir fram að færa við það frv. sem hér er til umræðu þá tel ég óhjákvæmilegt miðað við aðdraganda þess að ræða málið í víðara samhengi við kjaramálin í landinu. Ég held að það sé alveg ljóst að sú umræða sem verið hefur í þjóðfélaginu á undanförnum vikum um kjaramálin sýni að kjaramálin í heild í landinu eru komin í miklar ógöngur og það er orðið brýnt að koma þeim í nýjan farveg ef að komast á hjá miklum óróleika og kannski stríðsástandi á vinnumarkaðnum næstu vikurnar og mánuðina.

Við vitum að 1990 var gerður kjarasáttmáli við fólkið í landinu þar sem inntakið var að frysta launahækkanir og að láglaunahópar fengju fyrst og fremst launahækkanir, væri til þess svigrúm.

Virðulegi forseti. Þar sem ég tel fulla ástæðu til að ræða þessi mál í nokkru víðara samhengi og þetta frv. gefur tilefni til þess að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. verði viðstaddir þessa umræðu, fór ég þess reyndar á leit við meginforseta þingsins að svo yrði.

(**Forseti** (GÁ)**:** Það er upplýst að þeim hefur verið gert viðvart og skal forseti ítreka það.)

Á þá ræðumaður sem hér stendur að bíða þar til þeir koma í salinn?

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég sé að hæstv. fjmrh. er hér við umræðuna en forseti mun gera hæstv. forsrh. viðvart.)

Virðulegi forseti. Sú þjóðarsátt sem ég nefndi hér áðan í máli mínu var gerð í fullkomnu samkomulagi við verkalýðshreyfinguna til þess að þjóðin næði sér þá sameiginlega út úr þeim efnahagsþrengingum sem við vorum komin í og að atvinnulífið fengi svigrúm til að rétta úr kútnum. Það vita auðvitað allir að það á enginn eins mikinn þátt í þessari þjóðarsátt og þeir sem verst hafa kjörin í landinu. Það var ekki nóg með að fólkið sætti sig við frystingu launahækkana heldur tók launafólk á sig auknar byrðar frá atvinnulífinu í formi skattahækkana. Það er því ekkert annað en blaut tuska framan í launafólk í landinu þegar hálaunahóparnir í þjóðfélaginu brjótast út úr þessari þjóðarsátt með mörgum tugum þúsunda launahækkana til sjálfra sín á sama tíma og í kjölfar þess að framlengd var sáttin við almennt launafólk um hóflegar kjarabætur. Það hljóta allir skynsamir menn að sjá í hendi sér að meðan sú sátt hefur verið gerð við launafólkið að lægstlaunaða fólkið fái 1.000 kr. á mánuði umfram 2.700 kr. til annarra á mánuði þá er það auðvitað hrein ósvífni að bjóða launafólki upp á að hæstu launuðu embættismenn þjóðarinnar fái allt að 100.000 kr. í launahækkun á mánuði.

Ég minni á og bið hæstv. fjmrh. að hlusta, að með fjárlagafrv. segir um þessa kjarasamninga frá því í febrúar sl., með leyfi forseta:

Í febrúar sl. voru undirritaðir kjarasamningar milli stærstu landssambanda ASÍ og vinnuveitenda. Með því var lagður grunnur að öðrum kjarasamningum, öðrum samningum í landinu. Samningarnir eru til tveggja ára eða til ársloka 1996. Þessi orð í greinargerð fjárlagafrv. hlýtur að verða að líta á sem stefnu ríkisstjórnarinnar í kjaramálum. Því sætir það furðu að ríkisstjórnin hafi í raun enga skoðun á því sem gerst hefur í kjaramálum í þjóðfélaginu með nýlegum úrskurði Kjaradóms og sérlögum um skattfrelsi þingmanna sem hér er á dagskrá sem nú á að afnema að hluta til með þessu frv. sem hér er til umræðu. Ég tel að menn fari vissulega villir vega ef þeir halda að sú aðgerð, sem hér er boðuð með þessu frumvarpi, nægi ein og sér til að koma í veg fyrir uppnám á vinnumarkaðnum á næstu vikum. Það er auðvitað fádæma hroki hjá ríkisstjórninni að halda því fram að úrskurður Kjaradóms eigi í engu að breyta þeim sáttmála sem gerður var við meginþorra launafólks með kjarasamningunum í febrúar sl.

Vinnuveitendasambandið og ríkisstjórnin geta auðvitað reynt að ríghalda í að það sé aðeins ef verðlagsákvæði í kjarasamningum fara úr böndum sem yrði tilefni til uppsagnar kjarasamningi. En það er fleira sem kemur til, virðulegi forseti, og hefði mér þótt ástæða til þess að hæstv. forsrh. sé við þessa umræðu vegna þess að hæstv. ráðherra hlýtur að hafa áhuga á því hvort tilefni eða forsendur séu til þess að segja upp kjarasamningunum hér í landi sem getur auðvitað sett allt í bál og brand í þjóðfélaginu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að forsrh. hafði gert ráð fyrir því að verða upptekinn til kl. 5 en mun koma svo fljótt sem hann getur hér í húsið og vera við umræðuna.)

Virðulegi forseti. Ég tel nú eiginlega ástæðu til að fresta mínu máli ef að hæstv. ráðherra er ekki í húsinu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hér er umræðan á byrjunarstigi og þegar hafa nokkrir hv. þm. talað og hæstv. forsrh. kann að koma á hverri stundu þó mér sé tjáð ...)

Virðulegi forseti. Ég vænti þess þá að hæstv. fjmrh. sé þá til svara.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. fjmrh. situr hér í sæti sínu og hlýðir á umræðuna.)

En ég var að vitna til þess, virðulegi forseti ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti mun gera forsrh. viðvart um þær hörðu óskir hv. þm. að hann komi hér sem allra fyrst.)

Ég var í máli mínu að vitna til þess að það væri fleira en verðlagsákvæði kjarasamninganna sem menn þyrftu að líta til þegar þeir væru að vega og meta hvort væru forsendur fyrir að segja upp kjarasamningunum. Ég vitna til þess sem fram kemur í bók Láru Júlíusdóttur, sem hún gaf út í janúar sl., um stéttarfélög og vinnudeilur. Í einum kaflanum er fjallað um hvaða áhrif samningsbrot hefðu á gildandi kjarasamninga. Þar er talað um brostnar forsendur sem eru ekki skráðar og hvað friðarskyldan á vinnumarkaði felur í sér. Mér finnst þetta mjög athyglisvert ákvæði sem ég tel ástæðu til þess að rifja upp hér.

Þar stendur, með leyfi forseta: „Þegar talað er um brostnar forsendur í samningarétti er hins vegar átt við forsendur sem

ekki eru skráðar eða ekki sérstaklega teknar fram við kjarasamningsgerðina. Hugtakið brostnar forsendur er skilgreint sem þær hvatir eða ástæður sem liggja að baki samningagerð og hafa ekki verið gerðar að skilyrði við samningsgerðina.

Talið er að reglur um brostnar fosendur geti átt við um kjarasamninga undir ákveðnum kringumstæðum." Ég tel *einmitt að þannig kringumstæður séu nú til staðar.*

Áfram segir hér, með leyfi forseta: „Til að hægt sé að byggja riftun kjarasamninga á reglunum um brostnar forsendur verður þó að gera ríkari kröfur en gerðar eru um samninga einkaréttarlegs eðlis og þarf að vera um verulegan forsendubrest að ræða. Telja verður að samningsaðilar kjarasamninga eigi að hafa alla möguleika á því að kynna sér aðstæður við kjarasamningsgerðina, kalla til þá sérfræðinga sem til þarf og þeir megi gera ráð fyrir ýmsum ófyrirséðum atvikum sem upp kunna að koma á samningstíma. Jafnframt ber á það að líta að kjarasamningur er ekki tvíhliða samningur heldur er honum ætlað að gilda í lögskiptum ótiltekins fjölda fólks."

Áfram segir um brostnar forsendur kjarasamninga, með leyfi forseta: „Falli kjarasamningur niður vegna brostinna forsendna fellur friðarskyldan niður. Gildir þetta jafnt um brottfall kjarasamninga vegna forsendna sem samið hefur verið um í kjarasamningunum sjálfum og eins vegna reglna samningsréttarins um ósamningsbundin atriði sem eru veruleg forsenda samningsins."

Ég held að þetta, virðulegi forseti, sé mikið innlegg í þá umræðu sem fram fer í þjóðfélaginu hvort forsendur kjarasamninga séu brostnar. Alla vega er ljóst, virðulegi forseti, að friðarskylda launafólks, sem gerð var með febrúarsamningunum, hefur ekkert gildi lengur. Menn verða að horfast í augu við þann blákalda veruleika sem við blasir að sáttmálinn sem gerður var við fólkið í landinu hefur verið rofinn og það hefur orðið til ný kjarastefna í landinu. Þetta eru skýr skilaboð til þjóðarinnar um það frá ríkisstjórninni að þjóðarbúið þolir launahækkanir. Auðvitað hljóta margir að fagna því því að þessi skilaboð fela það í sér að hver eigi bara að ná þeim kjarabótum sem hann best getur. Afstaða ríkisstjórnarinnar til kjaramálanna nú er staðfesting þess að jafnlaunastefnan og þjóðarsáttin hefur verið látin lönd og leið. Það er deginum ljósara að verði sú ákvörðun látin standa að tugir þúsunda króna gangi til þeirra betur settu hjá hinu opinbera að þá eru dagar þjóðarsáttar taldir.

Því var haldið fram í Morgunblaðinu nýverið að kjarasamningar við launafólk í febrúar sl. hafi ekki gefið fyrirheit um tiltekna launaþróun og þar er vitnað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana. Það má vera að það hafi ekki staðið skrifað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en það fór ekki á milli mála hvaða skoðun oddviti ríkisstjórnarinnar hafði á málinu. En í Morgunblaðinu 22. febr. er eftirfarandi haft eftir Davíði Oddssyni, hæstv. forsrh., með leyfi forseta: „Það er ekki vafi í mínum huga að þessir samningar, sem ná til langstærsta hluta vinnumarkaðarins, þess hluta sem lýtur lögmálum þjóðarteknanna meira en aðrir, verða algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra samninga."

Virðulegi forseti. Það er mjög erfitt að halda ráðherrunum í salnum. Þeir hafa ekki meiri áhuga á kjaramálunum í þjóðfélaginu en svo að það er mjög erfitt að halda þeim í salnum. Það er ekki einn einasti ráðherra hér inni.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hv. þm. Forseti tekur undir kröfu þingmannsins og væntir þess að hæstv. fjmrh. verði við þessa umræðu. Þess er óskað).

Ég bið hæstv. forseta að stoppa þá klukkuna á meðan ég bíð eftir því að hæstv. ráðherra þóknist að koma í salinn.

Ég var að vitna til þess að það væri nauðsynlegt að einhverjir ráðherranna í ríkisstjórn væru viðstaddir umræðuna. Við erum að tala um kjaramálin og hæstv. fjmrh. er til að mynda ábyrgðarmaður kjarasamninganna hjá hinum opinbera markaði og hlýtur að hafa áhuga á að taka þátt í umræðum um þessi mál. Ég var að lýsa því yfir að hæstv. forsrh. sagði að febrúarsamningarnir væru algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra kjarasamninga á vinnumarkaðnum og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé sammála forsrh. um að *þessir kjarasamningar hafi verið fordæmisskapandi.* Hæstv. forsrh. ætti auðvitað að þurfa að skýra sín ummæli í þessum ræðustól nú þegar þetta frv. er tekið á dagskrá, frv. sem á og er lagt fram til þess að stuðla að því að lægja þær öldur á vinnumarkaðnum sem m.a. sú lagasetning sem samþykkt var sl. vor um þingfararkaup alþingismanna hefur valdið.

Forsrh. sagði að febrúarsamningarnir væru algerlega fordæmisskapandi og maður spyr hvað hafi breyst þegar það er skoðun forsrh. nokkrum mánuðum síðar þegar fyrir liggja verulegar hækkanir til æðstu embættismanna þjóðarinnar að það hafi ekki fordæmisgildi fyrir aðra kjarasamninga í landinu. Hæstv. forsrh. og reyndar hæstv. fjmrh. og fleiri hafa haldið því fram að kjarabætur sem Kjaradómur úrskurðaði til æðstu embættismanna þjóðarinnar hafi verið svo háar af því að þessir aðilar hafi ekki fengið kjarabætur um langan tíma eða frá 1989. Það er ekki rétt. Eftir að úrskurður Kjaradóms var felldur úr gildi með lögunum 1992 úrskurðaði dómurinn aftur þetta sama ár æðstu embættismönnunum 1,7% hækkun sem var til samræmis við almenna kjaraþróun á vinnumarkaðnum. Eftir það tóku síðan ný lög um Kjaradóm gildi í árslok 1992 en á grundvelli þeirra laga hefur nú verið kveðinn upp umdeildur úrskurður um launabætur til æðstu embættismanna. Það stenst varla að dómurinn taki í forsendum sínum mið af þeirri launaþróun sem orðið hefur *á vinnumarkaðnum frá 1989 og ógildir þar með* úrskurð Kjaradóms frá 1992 sem tekið hafði mið af undangenginni launaþróun.

Það má líka líta á, hæstv. fjmrh., þessi mál í öðru ljósi. Vegna þess að þegar bornar eru saman launahækkanir til ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna frá því 1. febr. 1989 fram til 1. sept. 1995 kemur eftirfarandi í ljós. Ég held að nauðsynlegt sé að málin séu skoðuð í því ljósi af því því hefur ítrekað verið haldið fram af hæstv. fjmrh. og forsrh. að launahækkunin hafi verið svo há vegna þess að þingmenn og ráðherrar og æðstu embættismenn, sem Kjaradómur úrskurðar laun fyrir, hafi ekki fengið neinar hækkanir á þessu tímabili. Ef reiknuð er út launahækkun þingmanna frá 1. febr. 1989 til 1. sept. 1995 þá hafa þau hækkað um 47% á þessum tíma. Laun ráðherra hafa hækkað um 60% á sama tíma en lágmarkslaunin í landinu hafa hækkað á þessu tímabili um 42% á móti 60% til ráðherra og 47% til þingmanna. En lágmarkslaunin í landinu hafa hækkað um 42% og hækkun til elli- og örorkulífeyrisþega á þessu tímabili hefur aðeins verið 35%. Ef tekin er meðaltalshækkun ASÍ-félaga þá er hún 37% eða aðeins rúmlega helmingur þeirra launahækkana sem t.d. ráðherrar hafa fengið í prósentum talið. Það er rétt að undirstrika að í þessum samanburði eru ekki teknar með hinar umdeildu 40 þús. kr. sem hér eru til umræðu. Þannig er að það er sama hvort litið er á þessu rúmlega sex ára tímabili til prósentuhækkana eða krónutöluhækkana, þetta eru verulegar umframkjarabætur til æðstu embættismanna

þjóðarinnar.

Ef við lítum á þennan samanburð frá 1. febr. 1989 til 1. sept. 1995, reiknað út í krónum talið, hafa þingmenn hækkað á þessum tíma um 62 þús. kr., ráðherrar um 130 þús. kr. og til samanburðar hafa lágmarkslaun hækkað um 13.700 kr. frá 1989. Meðaltalshækkun ASÍ-félaga er 24 þús. kr. Það er sama hvorri aðferðinni er beitt, krónutöluhækkun eða prósentuhækkun. Þetta eru verulegar hækkanir umfram það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum. Þarf nokkurn að undra þó það sé reiðialda í þjóðfélaginu og þó að verkalýðsfélag eftir verkalýðsfélag sé nú að undirbúa að segja upp kjarasamningum af því að þjóðarsáttin hafi verið brotin.

Það má vissulega taka þennan samanburð við láglaunafólkið og aðra ASÍ-félaga út frá öðrum sem Kjaradómur úrskurðar laun hjá en bara þingmönnum og ráðherrum. En það er alveg sama hvaða hóp maður tekur, niðurstaðan er harla svipuð í öllum tilvikum, þ.e. að láglaunafólkið eða ASÍ-félagarnir hafa fengið minna á þessu tímabili heldur en þeir sem Kjaradómur úrskurðar laun fyrir. Af þessu er ekki hægt að sjá að þau rök standist að svo langt sé síðan þingmönnum, ráðherrum og æðstu embættismönnum hafi verið úrskurðaðar launahækkanir að það réttlæti nú launahækkanir til þeirra langt um fram það sem gerist á almenna vinnumarkaðanum. Og til að öllu sé til haga haldið þá er auðvitað rétt að undirstrika það að þingmenn eru lægstir í launum af þeim sem Kjaradómur ákveður laun fyrir. Það er vissulega ljóst að ef beitt er samanburðarfræðinni þá eru ráðherrar og sérstaklega þingmenn undir því sem gerist hjá mörgum sem gegna ýmsum stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera. Það er líka staðfest í þeim leyniskjölum sem ganga nú um og sem hæstv. forsrh. vitnaði í áðan að ráðherrar eru langt undir því sem gerist hjá æðstu embættismönnum.

En málið er að það er ekki það sem skiptir máli í þessu samhengi, í þeirri stöðu sem komin er upp á vinnumarkaðnum. Við þessar aðstæður getur það ekki réttlætt hækkanir hjá æðstu embættismönnum ríkisins, ráðherrum eða þingmönnum að einhverjir aðrir sem ekki ættu að hafa hærri laun en þeir, hafi hærri laun og þess vegna eigi þingmenn, ráðherrar og aðrir embættismenn að fá hærri laun. Það mál kæmi einfaldlega til skoðunar og yrði úrlausnarefni ef farið yrði í það nauðsynjaverk að grisja frumskóg kjaramálanna og fá allar heildarlaunagreiðslur upp á borðið og stokka kjaramálin í landinu í heild upp á nýtt út frá þeirri forsendu. Þá kæmi þessi samanburðarfræði vissulega upp á borðið. Eða það sem menn hafa verið með, einhver samanburðarfræði um hvað þingmenn hafa hér og í öðrum löndum, er auðvitað út úr öllu korti í þessari umræðu sem nú er.

Það er líka alveg rétt að það er misskilingur í gangi um kjör þingmanna. Margir halda vissulega að þingmenn fái eitthvað fyrir nefndastörf o.s.frv. Undir það skal ég taka. Það er spurning hvort ekki sé ástæða til þess að taka heildarkjör þingmanna og þau verði öll skattskyld, falli bara inn í launin og verði skattskyld og hugsanlega að það verði tekið upp, eins og er hjá öðrum stéttum, að það sé greitt bara fyrir eftirvinnu samkvæmt stimpilklukku. Þá þyrfti ekki að vera nein tortryggni eða leynihjúpur yfir kjörum þingmanna. En menn mega ekki missa sig í þá samanburðarfræði sem nú hefur verið að þingmenn, ráðherrar og einhverjir embættismenn séu miklu lægra launaðir heldur en aðrir sem að þeir eigi að bera sig saman við og þess vegna sé þessi launahækkun réttlætanleg.

Við verðum að horfa á málin út frá því hvort jöfnunarstefnan og þjóðarsáttin hafi verið rofin og hvort það sé rétt að hálaunahóparnir hafi brotist út úr þeirri þjóðarsátt sem t.d. var gerð með kjarasamningunum í febrúar sl.

Ég tel að það ástand sem að nú hefur skapast sé um margt líkt því sem gerðist 1992 en þá greip hæstv. forsrh. mjög röggsamlega inn í þann úrskurð sem flestir töldu að leitt gæti til mikilla átaka á vinnumarkaðnum. Þá ritaði hæstv. forsrh. bréf til formanns Kjaradóms þar sem sagði m.a., með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Ljóst er að niðurstaða Kjaradóms stangast í veigamiklum atriðum á við þá launaþróun sem orðið hefur á hinum almenna launamarkaði og er ekki í takt við framvindu íslensks efnahagslífs um þessar mundir. Það er mat ríkisstjórnarinnar að hinn nýfallni kjaradómur sé til þess fallinn að skapa mikinn óróa í þjóðfélaginu og gæti hæglega rofið þá samstöðu sem náðst hefur um að þjóðin vinni sig sameiginlega út úr þeim efnahagslegu þrengingum sem nú er við að glíma. Því beinir ríkisstjórnin því eindregið til Kjaradóms að hann taki úrskurð sinn þegar til endurmats eða kveði upp nýjan úrskurð sem ekki sé líklegur til að hafa þær afleiðingar sem að framan er lýst." Undir þetta ritaði hæstv. forsrh.

Aðgerðir ríkisstjórnar 1992 með setningu bráðabirgðalaga leiddu síðan til þess að friður skapaðist á vinnumarkaðnum sem hefur verið forsenda þess stöðugleika sem við höfum búið við. En núna, undir svipuðum kringumstæðum, telur forsrh. og hæstv. ríkisstjórn, enga ástæðu til þess að aðhafast neitt í málinu og engar ástæður eða forsendur fyrir því að febrúarsamningarnir séu lausir. Það er rétt að skoða það ögn nánar. Inntak kjarasamninganna í febrúar sl. var krónutöluhækkun en ekki prósentuhækkun launa, þannig að þeir fengju mest sem að lægst hefðu launin. Halldór Ásgrímsson, núverandi utanrrh., staðfesti þetta og sagði þá um þá kjarasamninga: „Ég vænti þess að það standist", sagði hæstv. utanrrh. þá, „ að launahækkanirnar muni fyrst og fremst ganga til þeirra sem hafa lægri launin." Morgunblaðið, stærsta blað landsins, sagði um það leyti, í febrúar, að það ætti öllum að vera ljóst að þessir samningar væru stefnumarkandi. Það væri hægt að vitna til fleiri aðila eins og formanns VSÍ, sem tók undir að þetta væru stefnumarkandi kjarasamningar.

En ef við lítum núna á forsendur Kjaradóms, og ég fagna því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn, að þegar litið er til nýrri laga um Kjaradóm og þau ákvæði sem honum er gert að byggja forsendur sínar á þá kemur í ljós að í lögunum er dómnum m.a. falið að taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Og þegar litið er til lögskýringa, sem eru afar athyglisverðar, með þessu ákvæði í frv. um þennan nýja kjaradóm þá kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Afar brýnt er að varðveita þann stöðugleika og samstöðu um hann sem næst á vinnumarkaðnum á hverjum tíma. Því þykir rétt að setja ákvæði þar sem tilgreint er í öðrum málslið um að taka beri tillit til þeirrar þróunar sem er í kjaramálum á vinnumarkaðnum þannig að ekki sé hætta á að úrskurður Kjaradóms raski kjarasamningum þorra launafólks og stefni þar með stöðugleika í efnahagslífinu í hættu. Jafnframt felur ákvæðið í sér að Kjaradómi ber, standi þannig á, að taka tillit til launa og kjarabreytinga á vinnumarkaði sem stafi af batnandi afkomu þjóðarbúsins þó svo að breytingarnar eigi sér ekki stoð í kjarasamningum. Kjaradómi ber þannig að hafa hliðsjón," hæstv. ráðherra, „ af launastefnunni á vinnumarkaðnum en ekki móta hana." En ekki móta hana. Þetta var lögskýring frá Alþingi. Lögskýring frá Alþingi um þetta

ákvæði.

Maður spyr sig, getur það verið að kjaradómurinn sé svo stefnumarkandi að Kjaradómur hafi ekki haft hliðsjón af launastefnunni á vinnumarkaðnum heldur hafi hann mótað hana. Við skulum skoða það aðeins nánar. Það má spyrja hvort kjaradómurinn hafi virt þessar forsendur þegar almenna launaþróunin var að miða við krónutölu sem gæfi þeim lægstlaunuðu hærri bætur en ekki að miðað við prósentuhækkun. Kjaradómur hefur miðað við prósentuhækkun. Og það er ekki síst ástæða til spyrja vegna þess að forsrh. hafði, eins og ég lýsti áðan, greint frá því að kjarasamningarnir væru algerlega fordæmisskapandi. Hún er líka áleitin sú spurning þegar því er velt fyrir sér hvort rétt sé að segja upp kjarasamningum, að fram hefur komið að Kjaradómur, sem kvað upp sinn úrskurð 8. sept., vissi ekki af 40 þús. kr. sérstakri skattlausri greiðslu sem forsn. hafði þá ákveðið bæði fyrir ráðherra og þingmenn með reglum 28. ágúst eða 10 dögum áður en dómurinn kvað upp sinn úrskurð. Og maður spyr, hefði úrskurður Kjaradóms litið öðruvísi út ef hann hefði haft vitneskju um þessa fjárhæð?

Annað mikilvægt atriði þarf einnig að upplýsa í forsendum Kjaradóms sem er lykilatriði til viðbótar fleiru þegar metið er hvernig hálaunahóparnir hafa brotist út úr þjóðarsáttinni. Spurningin er þessi: Var í forsendu Kjaradóms metið sem hækkunartilefni, sem hækkunartilefni til æðstu embættismanna, sérstakar bætur sem einvörðungu hafa gengið til þeirra lægstlaunuðu? Hafi Kjaradómur stuðst við launavísitölu Hagstofunnar, sem felur einnig í sér hinar sérstöku kjarabætur til þeirra allra lægstlaunuðu, þá vaknar vissulega sú spurning hvort krónutöluhækkunin til lægstlaunaða fólksins hafi síðan verið metin hlutfallslega sem hækkunartilefni til þeirra sem Kjaradómur úrskurðar laun fyrir. Þetta er lykilatriði að upplýsa hvort sérstakar láglaunabætur hafi verið dæmdar af Kjaradómi sem sérstakt hækkunartilefni til hálaunahópanna.

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort þetta hafi verið skoðað sérstaklega þegar menn í fjmrn. eru að meta það hvort að forsendur kjarasamninga séu brostnar. Það gengur auðvitað ekki ef Kjaradómur neitar að afhenda allar forsendur fyrir þessum hækkunum eins og kjaranefnd hefur gert. Ég tel því mjög brýnt við meðferð þessa máls á Alþingi að hv. efh.- og viðskn., sem væntanlega fær þetta frv. til umfjöllunar, kalli til sín formann Kjaradóms til þess að upplýsa að minnsta kosti tvennt:

Í fyrsta lagi, voru sérstakar láglaunabætur notaðar sem hækkunartilefni til hálaunahópanna og hluti kjarabótanna til þeirra sé vegna sérstakrar krónutöluhækkunar til lægstlaunaða fólksins sem síðan hafi verið metin hlutfallslega sem hækkunartilefni til hálaunahópanna sem Kjaradómur úrskurðar laun?

Í öðru lagi, þá tel ég að nefndin hljóti að spyrja formann Kjaradóms að því, ef það hefur verið upplýst á sínum tíma og Kjaradómur hefur vitað um þessa sérstöku 40 þús. kr. greiðslu til þingmanna og ráðherra, hefði Kjaradómur vitað um þá fjárhæð, hefði það breytt úrskurði dómsins? Hefði það breytt úrskurði dómsins? Og telur Kjaradómur tilefni til þess að endurskoða dóminn í ljósi þessara greiðslna?

Ég held að það sé ljóst, virðulegi forseti, að um það getur aldrei orðið friður á vinnumarkaðnum að þjóðarsáttin eigi bara að gilda um láglaunafólkið og á meðan leiki aðrir, þeir sem betur hafa það, lausum hala og fái margfaldar kjarabætur á við þá verst settu. Málið snýst líka um kjarastefnu ríkisstjórnarinnar og ég fagna því að hæstv. forsrh. er hér í salnum og ég vil spyrja hann: Hefur kjarastefna ríkisstjórnarinnar eitthvað breyst? Og þá mætti spyrja, því þessi sami forsrh. sem nú er var einnig 1992 þegar hliðstæður úrskurður Kjaradóms kom, að þá taldi forsrh. ástæðu til þess að beita sér í málinu. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. sérstaklega að því af því að hæstv. ráðherra sagði hér í febrúarsamningunum, sem ég held nú að allir hafi tekið undir, að kjarasamningarnir í febrúar væru fordæmisskapandi, væru algjörlega fordæmisskapandi fyrir aðra í þjóðfélaginu. Hefur kjarastefnan þá breyst, vil ég líka spyrja hæstv. forsrh., frá því að þessi sami hæstv. forsrh. sagði í bréfi til formanns Kjaradóms 1992, að úrskurður dómsins þá stangaðist í veigamiklum atriðum á við þá launaþróun sem orðið hafði á hinum almenna vinnumarkaði. Þá sagði hæstv. forsrh. að þessi nýfallni kjaradómur 1992 væri til þess fallinn að skapa mikinn óróa í þjóðfélaginu og gæti hæglega rofið þá samstöðu sem náðst hafði um að þjóðin vinni sig sameiginlega út úr þeim efnahagsþrengingum sem við er að glíma.

Auðvitað hefur þessi úrskurður og þessi kjaramálaumræða og úrskurður Kjaradóms leitt hugann að mörgu öðru, náttúrulega líka þeim ógöngum sem lífeyrismálin eru komin í. Þegar þessi úrskurður Kjaradóms hækkar lífeyri ráðherra eða þeirra sem hafa gegnt ráðherrastöðu í sex ár, um heilar 30.000, sem er svipuð fjárhæð og er algengur lífeyrir á hinum almenna markaði. Og það mætti auðvitað hafa hér langa sögu um ýmsa samanburðarfræði í launamálum. Hver launakjör bankastjóra eru, ýmislegt sem væri hægt að upplýsa hér sem er auðvitað langt umfram það sem þingmenn og ráðherrar hafa, ef við værum yfirleitt í þeirri samanburðarfræði. En eins og ég sagði, virðulegi forseti, þá megum við ekki missa okkur í hana vegna þess að þetta mál snýst á þessari stundu um allt annað.

Og það er auðvitað ljóst, herra forseti, að það þingmál sem hér er til umræðu varðandi skattalega meðferð á kjörum þingmanna, er hluti af þeim óróa, svo vægt sé til orða tekið, sem er nú á vinnumarkaðnum. Það er ljóst af viðbrögðum heildarsamstaka launafólks og einstakra verkalýðsfélaga, sem segjast ætla að segja upp kjarasamningum, að þetta frv., þó það sýni ákveðna viðleitni þingsins, að það eitt og sér mun ekki lægja þær ófriðaröldur sem eru í þjóðfélaginu vegna kjaramálanna.

Vissulega er það svo að þingmenn geta kvartað yfir sínum launum samanborið við hópa og einstaklinga eða stéttir sem sambærilegar geta talist. Þingmenn verða líka einfaldlega að búa við það að hækkanir til þeirra eru miklu viðkvæmari og eldfimari en til annarra stétta í þjóðfélaginu enda hefur orðið verulegur vandræðagangur oft og tíðum á hækkunum til þingmanna. Og ég verð að segja að það orkar vissulega tvímælis í hvaða farveg þau eru komin með nýjum lögum um þingfararkaup frá því í vor. Þótt í þeim lögum sé að mestu tekið á því sem snýr að kostnaði þingmanna vegna þingsetu þá er í lögunum einnig ákvæði um beinar kauphækkanir til til þingmanna eins og beinar launauppbætur til forsætisnefndar, nefndaformanna og formanna þingflokka. Þannig er það í reynd að Kjaradómur og að hluta til forsætisnefnd ákveður bein laun þingmanna. Sú tilhögun leiðir til þess að það er ekki einn aðili eins og Kjaradómur sem hefur heildaryfirsýnina yfir beinu launakjörin og metur sínar ákvarðanir út frá því, heldur líka forsætisnefndin. Þannig er ákvörðunin um beinar launagreiðslur í höndum tveggja aðila. Það getur skapað ákveðið misræmi og ákveðna tortryggni. Og þar koma ekki

bara til sérstakar launauppbætur vegna nefndaformennsku, starfa í forsætisnefnd og þess háttar, heldur er ljóst að ýmsir í þjóðfélaginu, eins og verkalýðshreyfingin, efa að 40 þús. kr. greiðslan sé starfskostnaður og fullyrða jafnvel að hún sé bein launahækkun. Það vekur t.d. upp þá spurningu sem ég beini til hæstv. forseta: Hvers vegna var ekki tekið á því í þessu frv. að 40 þús. kr. greiðslan nái ekki til ráðherra sem fá starfskostnað greiddan í sínu ráðuneyti? Ætli ráðherra t.d. að þiggja greiðsluna án þess að leggja fram reikninga er erfitt að líta á þetta sem annað en beina launahækkun til ráðherranna. Spurningin er af hverju ekki var tekið sérstaklega á því í frv. sem hér er fjallað um að starfskostnaðurinn næði ekki til ráðherra. Það hefði eytt ákveðinni tortryggni.

Í annan stað gilda sérlög um skattalega meðferð á starfskostnaði þingmanna þegar 16. gr. er ekki að fullu hreinsuð út. Og áfram stendur í þessum sérlögum að húsnæðiskostnaður og ferðakostnaður skuli lúta sérstökum lögum og vera óháð skattalegu mati ríkisskattstjóra. Þessar greiðslur hafa verið háðar skattalegu mati ríkisskattstjóra sem væntanlega, ef ákvæðið félli út úr lögunum, myndi þá endurúrskurða þessar greiðslur varðandi skattalega matið með sama hætti og áður. Meðan þessi ákvæði eru skilin eftir í 16. gr. þá gilda áfram sérlög, óháð skattalegu mati ríkisskattstjóra um greiðslur á ákveðnum starfskostnaði alþingismanna. Sé þetta skilið eftir, en 40.000 kr. verði skattskyldar, vekur það enn frekari tortryggni um að sú greiðsla sé starfskostnaður með líkum hætti og ferða- og dvalarkostnaður. Mér er því óskiljanlegt af hverju forsætisnefnd hefur ekki lagt það til að 16. gr. félli öll út og að þessi starfskostnaðargreiðsla næði ekki til ráðherra.

Það er eitt sem væri fróðlegt að fá upplýsingar um og býr ekkert annað að baki en að fá upplýsingar frá hæstv. forseta. Þar á ég við gildistímann á framkvæmdinni. Þótt gildistími framkvæmda á ýmsum ákvæðum laganna frá því í vor hafi verið í höndum forsætisnefndar, en samkvæmt reglum forsætisnefndar frá því 28. ágúst var framkvæmdin ákveðin frá 1. sept. sl., þá var sú skýring gefin á skattfrjálsri greiðslu til þingmanna og ráðherra um síðustu mánaðamót að ekki væri hægt að koma í veg fyrir hana með vísan í 77. gr. stjórnarskrárinnar. Margir héldu því þó fram að forsætisnefnd gæti með einfaldri breytingu á reglum sínum frestað greiðslunni, t.d. þar til þau lög hafa tekið gildi sem við erum nú að fjalla um og kveða á um skattskyldu þeirra. Og þegar litið er á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar sem okkur þingmönnum Þjóðvaka var tjáð að væri ástæðan til þess að ekki var frestað þessari skattalegu greiðslu í september þá segir þetta ákvæði í stjórnarskránni svo, með leyfi forseta:

„Skattamálum skal skipa með lögum." Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

Það hefur vafist fyrir mörgum, m.a. Sigurði Líndal prófessor, eins og kom fram í útvarpi fyrir nokkrum vikum, hvernig hægt væri að beita þessu ákvæði stjórnarskrárinnar í þessu tilviki. Ákvæði um gildistöku framkvæmdarinnar var ákveðið með einföldum reglum forsætisnefndar og hefði því átt að vera hægt að fresta henni með breytingu á gildistöku þessa ákvæðis af forsætisnefnd án atbeina Alþingis. Ég beini því til forseta að hann skýri, bara svona í upplýsingaskyni, samhengið á milli þessa ákvæðis í stjórnarskránni og þess, að ekki var hægt að fresta þessari umdeildu ákvörðun um síðustu mánaðamót. Það gæti haft þýðingu fyrir fleiri mál í þinginu. Við þekkjum það vel að þrátt fyrir ákvæði um framkvæmd ýmissa ákvæða sem fela í sér réttar- eða kjarabót fyrir fólk, er þeim iðulega frestað hér á hv. Alþingi. Við höfum mörg dæmi. Nýjasta dæmið er að fresta greiðslum til þeirra sem urðu fyrir ofbeldi 1993 en eins og fram kemur í greinargerð í fjárlagafrv. á að fresta þeim um eitt ár. Við höfum því ýmis dæmi um slíka frestun þannig að mér finnst fróðlegt að fá skýringu hæstv. forseta á því, hvernig hann sér samhengi þarna á milli með því að vitna í stjórnarskrána.

Herra forseti. Það er líka ástæða til að minnast á það ákvæði í lögum um þingfararkaup frá því í vor sem fjallar um fæðingarorlof sem ekki er neitt breytt í þessu frv. Nokkrar umræður spunnust um það í sumar að verið væri að veita þingmönnum rétt á fæðingarorlofi umfram það sem aðrir hefðu, en þetta ákvæði laganna er orðað svo:

„Alþingismaður á rétt á fæðingarorlofi þann tíma sem lög eða kjarasamningar opinberra starfsmanna ákveða."

Þarna er ekki gerður greinarmunur á hvort þingmaður er karl eða kona. Og eins og ákvæðið er orðað í lögunum er ljóst að allir þingmenn, karlar og konur, eiga rétt á fullu fæðingarorlofi. Þannig er réttur feðra sem eru þingmenn meiri en í öðrum stéttum. En það er líka engu að síður ljóst af greinargerð með frv. frá því í vor og ræðu 1. flm. að það var ekki hugmyndin að gera rétt feðra sem eru alþingismenn betri heldur en annarra. Og forsætisnefnd hefur í reglum sínum tekið mið af þeirri túlkun. Engu að síður stendur lagabókstafurinn um umframrétt til alþingismanna og reglur forsætisnefndar geta ekki tekið af þann rétt sem samkvæmt bókstafnum er tryggður í sjálfum lögunum. Það er brot á lögunum ef forsætisnefnd er að rýra með reglum þann rétt sem fólk á samkvæmt þeim. Mér sýnist því að ef menn vilja færa þetta til samræmis við það sem er, sem ég er ekkert sérstaklega að mæla með, þá verði að breyta lögunum. Auðvitað væri ágætt að þetta stæði og aðrir gætu komið á eftir og fengið rétt byggðan á þessum lögum. En ef það er meiningin að þingmenn hafi ekki rétt umfram aðra, þá verður að breyta lögunum. Og ég beini því til forseta hvort það hafi ekki verið skoðað sérstaklega og hvort ástæða sé ekki til þess að breyta þessu þar sem hver og einn þingmaður getur byggt rétt sinn á lögunum og lagabókstafnum sem slíkum. Þar hafa reglur forsætisnefndar ekkert gildi á meðan lagabókstafurinn stendur.

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi verið ýmis ákvæði í þessum lögum frá því í vor sem ástæða hefði verið til þess að skoða nokkuð betur, en þetta frv. um þingfararkaup fór nokkuð hratt hér í gegnum þingið. En því ber vissulega að fagna að hið umdeilda skattfrelsi er tekið út úr lögunum með frv. þótt ekki sé gengið nægjanlega langt í því efni. Og eftir stendur áfram hin opna heimild forsætisnefndar sem ekkert þak er á. Forsætisnefnd getur hvenær sem er með einfaldri ákvörðun án þess að nokkurn tíma komi til kasta þingsins hækkað eða lækkað greiðslur. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki hafi komið til greina að setja eitthvert þak á heimildarákvæðið um greiðslu á starfskostnaði. Ég veit ekki hvort forsætisnefnd er nokkur greiði gerður með því að hafa slíkt opið ákvæði inni í lögunum.

Ég held að þó margt megi um þetta ræða, þá sé ein niðurstaða sem hægt er að draga af þessari umræðu um kjaramál sem verið hefur í þjóðfélaginu á um liðnum vikum. Hún knýr á um sem aldrei fyrr að það verði að ráðast í heildaruppstokkun á öllum kjaramálum í landinu. Og ég tel, virðulegi

forseti, og veit að hæstv. forsrh. getur tekið undir það, a.m.k. í hjarta sínu þótt hann viðurkenni það ekki, að það verður aldrei friður eða sátt í þjóðfélaginu um kjaramálin nema á því sé tekið með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

[17:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða um fæðingarorlofið, það hef ég gert áður, en ég tel að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. að lögin gefi meiri rétt heldur en var áður hjá alþingismönnum.

Það sem var athyglisvert við ræðu hv. þm. var hve mikill tími fór í að ræða um niðurstöðu Kjaradóms . Af því tilefni held ég að sé nauðsynlegt að láta það koma fram að þeir sem hafa kynnt sér niðurstöðu Kjaradóms og skoðað tímasetningar frá árinu 1989 sjá að það er auðvitað út í bláinn að fara að miða við 1. febr. 1989, en þá hafði Kjaradómur verið að leiðrétta laun alþingismanna í tvö undanfarandi ár. Þetta segi ég hér til að menn átti sig á því hver aðalvandinn er í raun og veru. Aðalvandamálið er það að Kjaradómur úrskurðar allt of sjaldan. Þannig að þegar úrskurðurinn kemur, þá er hann ekki í neinum takti við síðustu kjarasamninga sem gilda venjulega ekki nema í miklu styttri tíma.

Þetta er þó ekki það aðalatriðið sem ég ætlaði að nefna, heldur hitt að hv. þm. sat í ríkisstjórn og ég reyndar líka á þeim tíma sem við settum ný lög. Og hv. þm. var aðili að því stjfrv. sem þá var lagt fram. Í þessu stjfrv. var gert ráð fyrir því að nú skyldi Kjaradómur taka tillit til almennrar launaþróunar að auki við önnur viðmið sem tiltekin eru í lögunum. Ef hv. þm. vill nú að notuð séu lög til að koma í veg fyrir það að niðurstaða Kjaradóms haldi gildi sínu, þá verður hv. þm. hér í ræðu sinni að segja öðrum hv. þm. hvað hún vill fá í staðinn. Það er alveg ljóst að það fæst ekki nokkur maður til að starfa í Kjaradómi ef hann má eiga víst að í hvert sinn og úrskurður kemur fram frá dómnum, þá komi Alþingi og breyti niðurstöðunni. Þess vegna verður hv. þm. að koma hér og svara því mjög skýrt: Hvað vill hv. þm. að komi í staðinn? Eiga alþingismenn að ákveða laun sín sjálfir?

[17:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það þjóni engum tilgangi að við séum að karpa um fæðingarorlofið. Ég tel að sú nefnd sem fjallar um málið hljóti að taka á því. Ég hef leitað til lögfróðra manna og þeir hafa sagt að á meðan orðalagið er slíkt í lögunum, þá sé þarna um að ræða umframrétt til þingmanna. Og það þarf auðvitað að skoðast sérstaklega.

Ég tel, virðulegi forseti, að það eigi að miða við 1. febr. en ekki 1. mars. Það hafði komið til töluverð hækkun til þeirra sem Kjaradómur úrskurðar fyrir í febrúarmánuði og hana hlýtur að eiga að taka með. Sá samanburður sem ég gerði hér sýnir fram á það svart á hvítu, hvort sem um er að ræða prósentutölu eða krónutölu, að þeir embættismenn sem Kjaradómur úrskurðar fyrir hafa fengið hækkanir langt um fram það sem er að gerast á almenna markaðnum, hvort sem miðað er við láglaunahópa eða þá sem tóku hækkanir samkvæmt almennum ákvæðum, að ekki sé minnst á elli- og örorkulífeyrisþega. Og hvað á að gera? spyr hæstv. ráðherra. Menn hljóta fyrst að reyna að átta sig á því hvað ríkisstjórnin vill gera. Telur ríkisstjórnin að forsendur kjarasamninganna haldi þegar verið er að miða hér við prósentuhækkun en ekki launahækkun og þeir sem Kjaradómur úrskurðar fyrir fá hækkanir langt um fram aðra? Ef hún telur það, þá hljóta allir að leika lausum hala í þjóðfélaginu vegna þess að þá hefur þjóðarsáttin verið brotin á bak aftur. Ég held að það sé deginum ljósara. Við hljótum a.m.k. að verða að átta okkur á hver stefna ríkisstjórnarinnar er í kjaramálum áður en við hugleiðum t.d. það, hvort rétt væri að koma með inn á Alþingi lög um að fella úr gildi úrskurð Kjaradóms.

Ég nefndi í máli mínu hér áðan af því að spurt var um það hvað ég vildi gera í þessu efni, að ég tel vel koma til álita að fella allar heildargreiðslur til þingmanna inn í launakjörin sem slík og þær séu allar skattskyldar. Ég nefndi einnig að horfa til þess að þingmenn fengju greitt fyrir eftirvinnu sem er mikil hjá þingmönnum. Það mætti t.d. skoða þá leið. En þessi mál eru komin í ógöngur og menn þurfa bara að setjast yfir það hvað er eðlilegasta leiðin í þessu efni.

[17:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að hlusta á svör hv. þm. því í raun og veru komu þau alls ekki fram. Það er dálítið sérstakt að hlusta á hv. þm. Þjóðvaka segja það aftur og aftur að þeir séu tilbúnir til að styðja löggjöf sem ríkisstjórnin beiti sér fyrir til að breyta niðurstöðu Kjaradóms. Þeir ætla að bíða eftir því að athuga hvað ríkisstjórnin hyggist gera. Er það svo að hv. þm. Þjóðvaka ætli að gera þetta í fleiri málum? Ætla þeir að bíða eftir ríkisstjórninni með stefnumótun sína, bíða þar til ríkisstjórninni þóknast að koma fram með sína stefnu? Eða gildir þessi ofurást eða ofurtraust á ríkisstjórninni í fleiri málaflokkum en þessum?

Ég spurði hv. þm. einnar spurningar. Hún var afskaplega einföld. Ef hv. þm. vill ekki hlíta kjaradómsniðurstöðunni, en Kjaradómur starfar samkvæmt lögum sem hv. þm., þá sem ráðherra í ríkisstjórn, barðist fyrir að lagt yrði fram hér frv. á sínum tíma og samþykkti það, hvernig vill hún þá fá fram niðurstöðuna? Vill hún að þingmenn ákveði laun sín sjálfir eða vill hún einhverja aðra leið? Eða ætlar hún bara að svara eins og hún svarar alltaf að hún ætli að bíða eftir því hvað ríkisstjórnin vilji gera og þá skuli hún koma fram með sín sjónarmið. Það væri þá líka fróðlegt að vita hvort hún ætli að gera það í fleiri málum.

[17:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram hér í máli mínu að ég dreg mjög í efa þær forsendur sem Kjaradómur byggir á. Ég veit vel að ég átti aðild að þeirri lagasetningu en ég kom í ræðustól áðan og lýsti hvað fram kom í frv. um Kjaradóm sem var settur á sínum tíma. Lögskýring um það hvernig hann ætti að vinna. Þar er talað um að Kjaradómi beri að hafa hliðsjón af launastefnu á vinnumarkaðnum. Ekki að móta hana. Ég dreg í efa að Kjaradómur hafi farið eftir þeirri forskrift sem þingið gaf honum. Það er það sem ég hef verið að halda fram og það þarf að skoða nákvæmlega. Ég hef svarað því hvað þingmenn Þjóðvaka vilja gera. En ríkisstjórnin og hæstv. ráðherrar koma sér aftur og aftur hjá því. Það er alveg sama hvaða umræða það er, hvort það er um fjárlög, stefnuræðu forsrh. eða kjaramálin að þeir reyna að frýja sig ábyrgð á því hvernig kjaramálin þróast í landinu. Hæstv. ríkisstjórn kemst bara ekkert upp með það. Hún verður náttúrlega að sýna hvaða línur hún ætlar að leggja í þessu stóra máli. Hæstv. ráðherra hlýtur að vera það ljóst að það er að skapast hér stríðsástand á vinnumarkaðnum og ríkisstjórnin skilar bara auðu og telur sig ekki þurfa að koma fram með neina stefnu í kjaramálum. Mér er þetta algerlega óskiljanlegt. Ég veit að ég get ekki knúið ráðherrann

í þessum ræðustól til að svara því hvaða stefnu hann hefur en ég vænti þess að verkalýðshreyfingin muni fyrr en síðar fá ráðherrana til þess að segja það skýrt og skorinort hvaða stefnu þeir hafa í kjaramálum. (Gripið fram í.) Þeir komast ekki upp með annað.

[17:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þetta ætti að verða okkur tilefni til að taka kjaramálin í landinu í heild sinni til rækilegrar skoðunar.

Það er áhyggjuefni að kjaramisrétti á Íslandi skuli vera að aukast og það er enn meira áhyggjuefni að Alþingi skuli leggja blessun sína yfir ákvarðanir sem ganga bersýnilega í þá átt. Hins vegar verð ég að viðurkenna að ég er orðinn svolítið þreyttur á þessu tali um að nú skyndilega með þessum ákvörðunum sé þjóðarsátt rofin. Ég skal skrifa upp á að það hafi verið gerðir samningar árið 1990 sem ég er reiðubúinn að kenna við þjóðarsátt. Það er ekki einhlítt, það gera ekki allir. Þar myndaðist mjög víðtæk samstaða í þjóðfélaginu en samkvæmt mínum kokkabókum var þeirri þjóðarsátt sagt upp vorið 1991. Ég á a.m.k. erfitt með að sjá að skattahækkanir á einstaklinga, skattalækkanir á fyrirtæki, sjúklingaskattar, hækkun á vöxtum í húsnæðiskerfinu og þar fram eftir götunum hafi verið gert í sátt við þjóðina. Því fer fjarri.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Þjóðvaka og talsmanns Kvennalista hér áðan um gagnrýni á skattalega meðferð þingfararkostnaðarins. Ég tek undir að sú grein í frv. þarf að víkja. Hins vegar verð ég að segja að hvorki þær breytingar á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, sem hér eru boðaðar, né sú gagnrýni sem hér hefur verið sett fram af hálfu Þjóðvaka og Kvennalista ganga nógu langt að mínu mati. Með þeirri ákvörðun að skattleggja margfrægar 40 þús. kr. er í raun verið að viðurkenna að þar er um launahækkun að ræða, a.m.k. að hluta til.

Nú er það svo að launakjör þingmanna eiga lögum samkvæmt að ráðast af ákvörðunum Kjaradóms en ekki af ákvörðunum þings. Hér eru menn því komnir inn á mjög grátt svæði. Mér sýnist reyndar að málið sé komið inn í einn allsherjarrembihnút. Sá hnútur verður ekki leystur með þeim hætti sem hér er boðað. Þetta er að mínu mati hálfkák. Það þarf miklu róttækari breytingar á skipan þessara mála en tillögu um slíkar breytingar set ég fram í þáltill. sem verður til umræðu hér á eftir

[17:23]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Til mín hefur verið beint örfáum fyrirspurnum sem ég skal reyna að svara auk þess sem nokkur atriði í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur gefa mér tilefni til að segja örfá orð.

Í fyrsta lagi nefndi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að Kjaradómur hefði ekki vitað af 40 þús. kr. greiðslunni sem ákveðin var af forsn. á grundvelli 9. gr. laganna um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Hún spurði — ég veit að vísu ekki hvort fyrirspurninni var beint til mín — hvort Kjaradómur kynni að hafa komist að annarri niðurstöðu ef hann hefði vitað um þessa 40 þús. kr. greiðslu. Mín skoðun er sú að í sjálfu sér átti vitneskja til eða frá um þessa upphæð eða aðra ekki að skipta máli fyrir Kjaradóm þegar hann var að fella úrskurð sinn um laun alþingismanna. Þetta segi ég vegna þess að ég lít ekki á þetta sem laun. Það er beinlínis rangt að halda því að fólki, eins og margir hafa gert, að hér sé um launagreiðslu að ræða. Þetta er greiðsla á starfskostnaði og ekkert annað. Ég tek það fyllilega trúanlegt að Kjaradómi hafi ekki verið kunnugt um þessar 40 þús. kr. þótt forsn. hafi kveðið upp úrskurð sinn eða samþykkt reglugerðina 28. ágúst en Kjaradómur kvað upp sinn úrskurð 8. sept. ef ég man dagsetningar rétt.

Hitt er annað mál að mér sýnist óþarfi að gera þetta að einhverju stóru máli í umræðunni. Þegar frv. var til meðferðar hér á vordögum þá vissu menn vel um það að þær upphæðir sem voru þarna á kreiki voru á bilinu 30–40 þús. kr. Þetta átti því ekki að koma mönnum svo mjög á óvart að forsn. komst að þessari niðurstöðu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði líka að beinar launagreiðslur væru nú í höndum tveggja aðila. Þetta er rangt. Beinar launagreiðslur til þingmanna eru eingöngu í höndum Kjaradóms. Þá kem ég enn og aftur að því að starfskostnaður er ekki launagreiðsla, hann er greiðsla fyrir útlögðum kostnaði. Það er fullkominn aðskilnaður sem ríkir milli viðfangsefna forsn. og Kjaradóms í þessum efnum.

Þá nefndi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að ráðherrar ættu að njóta þessara starfsgreiðslna. Og ef ég hef skilið hv. þm. rétt þá spurði hún hvort það hafi ekki komið til álita í forsn. að undanskilja ráðherrana þessari greiðslu. Engin ákvæði eru í lögunum sem heimila forsn. að segja sem svo að einhver tiltekinn hópur þingmanna, í þessu tilviki ráðherrar, eigi ekki að njóta tiltekinna greiðslna sem forsn. er gert að úrskurða um. Til þess gat því ekki komið að áliti forsn. og með vísun til laganna að forsn. gæti ákveðið að ráðherrar nytu ekki þessara starfsgreiðslna.

Þá minntist hv. þm. á gildistíma úrskurðar forsn. sem er 1. sept. og spurði hvort forsn. hefði ekki getað frestað framkvæmdinni á greiðslunum. Svar mitt er að forsn. taldi sér það ekki heimilt. Hins vegar beitti forsn. sér fyrir því að 40 þús. kr. greiðslan var ekki innt af hendi fyrr en um mánaðarmótin sept./okt. þótt það sé viðtekin venja að fastar greiðslur séu greiddar fyrir fram eins og laun hjá hinu opinbera. Forsn. taldi hins vegar að hún gæti ekki frestað greiðslunni sem hún var búin að ákveða og taldi sig ekki hafa heimild til að leggja á þetta staðgreiðsluskatt. Ég vona að um það sé heldur ekki ágreiningur.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að ræða neitt sérstaklega um ákvæði laganna eða reglnanna um fæðingarorlof. Mér er kunnugt um ágreining sem er uppi um það efni og þykir ekki ólíklegt að um það mál getum við rætt sérstaklega við annað tækifæri. Það er vafalaust rétt lögskýring hjá hv. þm. að reglur ýta ekki til hliðar ákvæðum laga. Ég er alveg sammála þeirri lögskýringu. Það kann að þurfa að athuga það betur hvort menn vilja breyta reglunum eða hvort menn vilja breyta lögunum. Það er nokkuð sem þarf að ræða betur og við annað tækifæri.

Þá spurði hv. þm. hvort ekki hefði komið til álita að setja þak á þetta ákvæði um greiðslu starfskostnaðar. Forsn. gerir það einmitt í reglum sínum. Ef hv. þm. hefur átt við að þetta þak ætti að vera í lögunum þá held ég að það sé hæpið að setja einhverja fasta upphæð í lögin. Mér sýnist að það verði að ákveða það í forsn. og það var einmitt það sem hún gerði. Þakið er 40 þús. kr. og þeir hv. þm. sem velja þann kostinn að skila reikningum en þiggja ekki föstu greiðsluna að frádreginni staðgreiðslunni geta skilað reikningum allt upp í 40 þús. kr. á mánuði eða 480 þús. kr. yfir árið en ekki meira. Það er þakið sem forsætisnefnd hefur einmitt sett.

Forsætisnefnd mun án efa taka þetta mál allt til endurmats

að loknu þessu þingi. Á grundvelli reikninga sem verða lagðir fram kann að verða breyting á þessari upphæð. Ég held að þetta sé eðlilegt ákvæði eins og það er að forsætisnefndinni sé falið það viðfangsefni að ákveða upphæðina.

[17:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykn. hélt því fram að það væri rangt sem ég sagði áðan að það væru raunverulega tveir aðilar, bæði Kjaradómur og forsætisnefnd að hluta til sem ákvæðu bein launakjör þingmanna. En í lögum um þingfararkaup stendur t.d. að varaforsetar skuli fá greitt 15 þús. álag á þingfararkaup. Er þetta nokkuð annað en launahækkun?

Sama gildir um formenn þingnefnda og formenn þingflokka. Þetta er álag á þingfararkaup sem hlýtur að teljast til launa og er gefið upp til skatts sem slíkt þannig að ég fæ ekki séð annað en það séu tveir aðilar sem ákveða launin.

Varðandi það að forsætisnefnd hafi ekki haft neina heimild til þess að kveða upp úr um það að þessi starfskostnaður rynni ekki til ráðherra á þessum forsendum að þeir fá starfskostnað greiddan í ráðuneytum vil ég minna á að ákvæðið um 9. gr. um starfskostnaðinn, um þessar 40 þús. kr. greiðslur, er ekkert frábrugðið öðrum ákvæðum eins og t.d. varðandi húsnæðis- og dvalarkostnað og ferðakostnað. Þar er talað um alþingismenn án þess að undanskilja ráðherra og sama gildir í 9. gr. Alveg eins og þeir eru að undanskilja ráðherra því að fá greiddan húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnað geta þeir undanskilið að ráðherra fái greiddan þennan beina starfskostnað.

Hv. þm. og virðulegi forseti svöruðu ekki þeirri spurningu minni hvert væri samhengið varðandi það að fresta ekki 40 þús. kr. greiðslunni í sl. mánuði vegna þess að þegar við spurðumst fyrir um þetta í Þjóðvaka voru svör forsrh. að vísa til 77. gr. stjórnarskrárinnar sem mér ásamt ýmsum lagafróðum finnst mjög sérkennilegt að sé eitthvert haldreipi í. Það er einfaldlega það sem ég var að spyrja um hvernig væri samhengið þar á milli.

[17:34]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég hef misheyrt í fyrri ræðu hv. þm. en ég leit svo á að þingmaðurinn hefði verið að tala um laun og að launin væru í höndum tveggja aðila. (**JóhS:** Álag á laun.) Álag á laun er ekki í höndum forsætisnefndar. Það eru lögin sem við samþykktum á vorþinginu sem segja að það skuli greiða tilteknum hópi þingmanna, formönnum þingflokka og formönnum fastanefnda, 15% álag á kaupið. Það er ekki forsætisnefndin, það er misskilningur hjá (**JóhS:** Það eru fleiri aðilar.) Já, en lögin segja þetta þannig að það er misskilningur. Lögin ákveða að þessir aðilar skuli hafa 15% álag á þingfararkaup sem Kjaradómur ákvarðar þannig að þar er ekki verið að fara með veggjum. Kjaradómur veit alveg nákvæmlega hvað þessir aðilar fá í laun. Það er alveg ljóst.

Svo aðeins frekar um ráðherrana. Ég get ekki séð að forsætisnefndin hafi heimild til þess að undanskilja ráðherrana. Þeir eru alþingismenn, svo einfalt er það, þannig að við höfum enga heimild til þess að undanþiggja þá þessari greiðslu.

Samhengið við stjórnarskrárákvæðið sem rætt var fyrir nokkrum vikum var það að forsætisnefndin hefur enga heimild til þess að leggja staðgreiðsluskattinn á 40 þús. kr. Hún hefur ekki skattlagningarvaldið og skattlagning verður heldur ekki gerð afturvirk eftir breytingu sem við gerðum á stjórnarskránni á sl. vori. Það var það sem við vorum að tala um í þessu samhengi þegar 40 þús. kr. voru greiddar út fyrir septembermánuð.

[17:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega ekki einungis Kjaradómur sem fjallar um beinar laungreiðslur, það er alveg ljóst. Þingið hefur sett lög um þingfararkaup sem fela ekki bara í sér greiðslur fyrir útlagðan starfskostnað heldur líka beinar launagreiðslur til þingmanna þannig að það eru tveir aðilar sem slíkir sem ákvarða launin sem ég tel ekki góða latínu.

Hv. þm. sagði að forsætisnefndin hafi ekki haft heimild til þess að úrskurða að ráðherrar fengju ekki þessa 40 þús. kr. greiðslu af því að þeir væru alþingismenn. En virðulegi forseti, það stendur líka í lögum um þingfararkaup að húsnæðis- og dvalarkostnað og ferðakostnað skuli greiða alþingismanni. Hvernig stendur á því að forsætisnefnd kemst þá hjá því að greiða ráðherrunum þetta vegna þess að það er ekki neitt öðruvísi orðað varðandi alþingismanninn í 6. og 7. gr. fremur en 9. gr.

Ég hef nú fengið skýringuna varðandi stjórnarskrárákvæðið en ég sé ekki að það hefði breytt því að forsætisnefnd hefði verið í lófa lagið að fresta gildistökunni um einhvern óákveðinn tíma vegna þess að það var hún sjálf sem ákvað gildistökuna en ekki lögin sem slík.

[17:38]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um 7. gr., ferðakostnaðinn, er það að segja að ráðherrar njóta þeirrar sérstöðu að hafa bifreið til umráða og þeir hafa aldrei þegið hina föstu greiðslu, ferðakostnað þingmanna. Það er sú einfalda skýring á því að ráðherrar fá ekki greiddan fasta ferðakostnaðinn.

Varðandi 6. gr. veit ég ekki betur en sú venja hafi viðgengist um árabil að ráðherrar njóta eins og aðrir framlaga vegna húsnæðiskostnaðar þannig að þetta er ekkert sambærilegt sem við erum að tala um. 6. gr. á við ráðherra, 7. gr. ekki vegna þess að þeim er lögð til bifreið og 9. gr. á hins vegar við ráðherra vegna þess að þeir eru jafnframt alþingismenn.

[17:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var svo sannalega kominn tími til að við færum að ræða um þann mikla storm sem leikið hefur um samfélagið vegna niðurstöðu Kjaradóms og vegna þeirrar ákvörðunar forsætisnefndar hvernig farið skyldi með ýmsar þær greinar sem var breytt eða nýjungar sem voru teknar upp á vorþingi.

Mig langar til að byrja á því að rifja það upp að það frv. sem var lagt fram í vor og síðan afgreitt með nokkrum breytingum á sér býsna langan aðdraganda. Það er langt því frá að þessar breytingar hafi orðið til á einhverjum skyndifundum hér undir vorið heldur eru um það bil tvö ár síðan ég sá þetta frv. fyrst og það er búið að margfara í gegnum það með hinum ýmsu þingflokksformönnum, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Á liðnum vetri var þetta frv. að mestu leyti tilbúið þó að síðan yrðu gerðar á því ýmsar breytingar.

Eins og þetta mál horfir við mér fannst mér ákaflega mikil og brýn þörf á því að það væri tekið á þingfararkaupslögunum enda voru þau orðin mjög úrelt um margt og þau mismunuðu þingmönnum mjög illilega. Við þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness fundum ekki síst fyrir því hve kjör þingmanna voru mismunandi. Það er sérstaklega ein

greiðsla sem er sjaldan minnst á í þessari umræðu allri en það voru dagpeningar eða dvalarkostnaður landsbyggðarþingmanna sem fengu 1.700 kr. á dag yfir þingtímann til þess að halda sér hér uppi. Sú greiðsla er áratugagömul eftir því sem mér er tjáð og á rætur að rekja til þess tíma þegar karlarnir sem sátu hér á þingi bjuggu á Hótel Borg og keyptu sér þar mat á hverjum degi. En síðan hafa tímarnir breyst og þarna var um að ræða greiðslu sem á engan hátt var hægt að réttlæta.

Síðan var ýmislegt varðandi ferðakostnað og lögheimili þingmanna sem okkur fannst vera orðið til vansa og þurfti að leiðrétta vegna þess að það bauð upp á ákveðinn misskilning og manni fannst það svona jaðra við misnotkun en það var þá allt saman lögum samkvæmt. Þessu var öllu saman breytt og mjög til bóta að mínum dómi en í staðinn var tekin upp ein ný greiðsla, starfskostnaður þingmanna, sem forsætisnefnd úrskurðaði síðan að skyldi nema 40 þús. kr. á mánuði. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, þó að ég ætli að styðja þá breytingu sem hér er lögð til að ég er ekki sátt við þessa niðurstöðu. Ég er ekki sátt við að menn skuli í rauninni vera að viðurkenna að þarna sé um laun að ræða vegna þess að þetta er kostnaðargreiðsla. Ég kannast ekki við það hjá fyrirtækjum eða hinu opinbera að fólk þurfi að greiða skatt af þeirri upphæð sem það leggur út fyrir tilteknum kostnaði. Til þess að taka dæmi um það um hvað við erum að tala var boðið upp á á síðustu dögum septembermánaðar og fyrstu 10 dögum þessa mánaðar ýmsa fundi og ráðstefnur og reyndar var boðið upp á eitt mjög spennandi námskeið sem ég hygg að nokkrir þingmenn muni sækja hjá Endurmenntunarstofnun Háskólans. Aðeins á 10 dögum var um kostnað að ræða sem nam 47 þús. kr. Hefðu þingmenn ætlað að sækja þetta allt hefðu þeir fyrir lagabreytinguna þurft að borga þetta allt úr eigin vasa en núna er þó verið að veita þingmönnum ákveðna upphæð til þess að standa undir þessum kostnaði sem hefur farið gífurlega vaxandi. Ef menn fylgjast með þeim fundarboðum og ráðstefnum, sem dynja á manni á hverjum einasta degi, væri það auðvitað að æra óstöðugan að ætla að sinna því öllu og það gera nú fæstir. Þarna er um mikinn og vaxandi kostnað að ræða sem ég hygg að þeir nýju þingmenn, sem eru nú að hefja störf, eigi eftir að kynnast fyrir utan ýmsan annan kostnað sem fylgir þessu starfi en fylgir ekki öðrum störfum.

Það hefur verið talað mikið um launahækkanir og Kjaradóm og ég hef veifað mínum launaseðlum framan í ýmsa þingmenn en þeir sýna það eftir að ég kom inn á þing 1991 og þar til dómur Kjaradóms féll í september hækkuðu mín laun um 4% á síðasta kjörtímabili. Það var 4% hækkun sem Kjaradómur dæmdi okkur þingmönnum eftir að úrskurður hans hafði verið tekinn úr gildi með bráðabirgðalögum sem ég rifja upp að við kvennalistakonur mótmæltum. Við mótmæltum því hvernig að þeim málum var staðið. Ég vil minna á í þessu samhengi að þetta er í þriðja skipti sem ég geng í gegnum svona launastorm eða hvað maður á að kalla þetta, þar sem Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið, sem telur sig hafa einhverja hæstaréttardómarastöðu varðandi öll launamál í landinu og hafa hvað eftir annað komið í veg fyrir að einstakir hópar nái leiðréttingu sinna launa. Þetta er stefna sem gengur ekki upp.

Hvernig á það að ganga upp í hagkerfi sem er sæmilega frjálst að það sé hægt að halda öllum launakjörum í einhverjum böndum og þjóðarsáttum og guð má vita hverju, en allt annað leikur lausum hala? Þetta gengur ekki. Enda er það ekki þannig. Það er ekki þannig. Það hafa ýmsir hópar fengið hækkanir langt umfram þetta og eru margir feimnir við að birta þær niðurstöður. Ég minni nú bara á þá samninga sem voru gerðir í álverinu fyrr á þessu ári. Þeir voru ekki upp á 9,5%. Þar voru hækkanir langt umfram það. Ég minni líka á löngu þarfar leiðréttingar til hjúkrunarfræðinga, meinatækna og fleiri hópa, sem hefur þó tekist að ná fram leiðréttingum. Ég vil minna á það að ef einhver hópur í þessu samfélagi þarf á leiðréttingu sinna launa að halda þá eru það t.d. kennarar. Það eru allir sammála um að launakjör kennara séu algjörlega út úr kortinu. Það þarf að stokka upp launakerfið. Það þarf að breyta þessum stiga. En á meðan Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið eru við það heygarðshorn sem þessi samtök eru við nú þá gerist auðvitað ekki neitt. Það gerist ekki neitt ef þeir ætla að halda uppteknum hætti og berja niður allar breytingar. Og það var auðvitað það jákvæða við kjaradóm 1992, sem m.a. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir stóð að að afnema, að Kjaradómur gerði tilraun til að gera þetta kerfi sýnilegt. Það bara sagði það blákalt: Launakjör opinberra starfsmanna eru svona og sýndi það sem m.a. kemur fram í þeim gögnum sem við höfum fengið í hendur og hér hefur verið nefnt í umræðunni, að þingmenn eru þar langsamlega neðstir, langsamlega neðstir í þeim hópi sem Kjaradómur dæmir laun.

Ég hef látið þá skoðun í ljós og tala þar af minni reynslu, að mér hafa ekki þótt launakjör þingmanna vera viðunandi. Þau hafa skánað verulega núna. Það er auðvitað vegna þess að við erum ekki að vinna í því umhverfi sem félagar Alþýðusambandsins eru að vinna í og eiga þeir þó sannarlega skilið að fá launahækkanir og launaleiðréttingar. Við erum að vinna innan um aðra hópa. Við erum að vinna með ráðuneytisfólki sem hefur miklu hærri laun en við, við erum auðvitað í samanburði við ýmsa hæstlaunuðu hópa þjóðfélagsins. Og fyrst ég nefndi nú þessa hæstlaunuðu hópa þá finnst mér stundum sérkennilegt þegar verið er að tala um þingmenn sem hálaunahóp þegar laun þingmanna ná ekki einu sinni hátekjuskatti. Laun þingmanna ná ekki hátekjuskatti. Hvað eru há laun? Ég vildi gjarnan kalla þær upplýsingar fram. Hver eru hin raunverulegu laun í samfélaginu? Við þurfum að fá það upp á borðið.

Það á að búa vel að þingmönnum. Það eiga allir að hafa efni á því að bjóða sig fram til þingmennsku og það er ákveðið áhyggjuefni að ýmsir þeir sem kostur væri að fá hingað inn á þing telja sig ekki hafa efni á því vegna þess að þeir verða fyrir svo miklum launalækkunum. Fólk tók sæti hér á þingi í vor sem varð fyrir verulegum launalækkunum. Þetta segir okkur hvernig ástandið er í okkar launamálum. Þar ríkir mikill feluleikur og það er engum til góðs að halda þeim leik áfram og þess vegna þarf að fara út í það verk að stokka upp launakerfið, ekki síst hjá ríkinu, sem ber þar auðvitað ákveðna ábyrgð.

Við megum ekki gleyma því — og það snertir ríkisstarfsmenn líka — að við erum komin í þá stöðu að við erum ekki lengur einangrað vinnusvæði. Við erum komin í samhengi við evrópskan vinnumarkað og íslenskur vinnumarkaður er kominn í samkeppni, m.a. við vinnumarkað í Danmörku, eins og dæmin sýna nú undanfarnar vikur og mánuði þegar fólk flýr landið og leitar sér betri kjara í öðrum löndum. Þetta verða menn að horfast í augu við. Ég trúi því ekki að íslenskur vinnumarkaður komist upp með það mikið lengur að halda launanum svona niðri eins og hefur verið gert í nafni þjóðarsáttar og jafnvægis og hvað menn nú kalla

þetta allt saman. Ég held að sú stefna gangi ekki lengur og það sé löngu kominn tími til að fara að viðurkenna frelsi í kjarasamningum. Viðurkenna frjálsan samningsrétt og frelsi í kjarasamningum. Það frelsi á ekki síst að snúa að þeim sem lægst hafa launin og ég margítreka það að kjör hinna lægstlaunuðu eru algerlega óviðunandi en það hjálpar engum að draga aðra niður, það hjálpar þeim ekki að draga aðra niður eða að öðrum hópum sem m.a. eiga þess kost að fara úr landi og leita sér að vinnu annars staðar sé haldið niðri og það er áhyggjuefni. Það er áhyggjuefni að t.d. íslenskir vísindamenn skili sér ekki heim aftur, það er mikið áhyggjuefni sem við þurfum auðvitað að horfast í augu við.

Mín niðurstaða er því sú, hæstv. forseti, eins og væntanlega hefur komið fram í mínu máli, að ég er heldur óhress með þessa umræðu alla saman og við þingmenn getum eflaust horft þar í eigin barm og höfum kannski ekki hagað okkur nógu vel í þessu máli, hefðum kannski getað vandað okkur meira. En það breytir því ekki að það þurfti að taka á þessum lögum og það þarf enn að fara í gegnum þau og skoða þau *því ég spyr: Ef ástæða er til þess að skattleggja* þessa greiðslu, þessa starfskostnaðargreiðslu, hvað þá með aðrar skattfrjálsar greiðslur sem þingmenn fá? Er þar um að ræða kostnað eða er þar um að ræða eitthvað annað? Og ég spyr þá þingmenn sem hafa afsalað sér því að fá þessa 40 þús. kr. greiðslu og vilja fá að leggja fram reikninga: Ætla þeir líka að afsala sér skattfrjálsri greiðslu vegna ferðalaga, ótilgreindra ferðalaga innan kjördæmis? Ætla þeir líka að afsala sér dagpeningum vegna ferðalaga innan lands, fyrir ótilgreindan dvalar- og gistikostnað? Ég spyr: Hver er munurinn á þessu? Það er að vísu tilgreint í lögunum að það megi velja um tvær aðferðir varðandi starfskostnaðargreiðsluna. En ég vil lýsa því hér, bara hvað mig sjálfa varðar, að ég hef hugsað mér að halda mjög nákvæmt bókhald yfir allan þann kostnað sem snýr að mínu starfi hér á næstu mánuðum. Ég hef ekki gert það upp við mig hvort ég afsala mér þessari 40 þús. kr. greiðslu. *Ég ætla að skoða hver þessi kostnaður er* í raun og veru. En ef ég geri það, ef ég afsala mér þessari greiðslu og bið um að fá að skila reikningum þá gildir það að sjálfsögðu líka um aðrar skattfrjálsar greiðslur. Það gildir líka um þær. Því ef það er verið að halda því fram að ég og aðrir séum að stinga hér einhverju í vasann sem við eigum ekki skilið þá gildir það líka um ferðakostnað. Því það er eins með hann, að hann er stundum meiri og stundum minni.

Ég veit það mjög vel hvaða kostnaður fylgir mínu starfi innan Reykjavíkurkjördæmis, því þessir ákveðnu ferðapeningar innan kjördæmis eru ekki til þess að keyra í og úr vinnunni, þeir eru til þessa að mæta þeim auknu ferðalögum sem fylgja þessu starfi. Og vegna þess að ég keyri ekki bíl sjálf og þarf að taka leigubíla eða strætisvagna og hjóla reyndar í sparnaðarskyni og til umhverfisverndar, þá veit ég nákvæmlega hver þessi kostnaður er. Hann er ákaflega misjafn á milli mánaða. Mér finnst að það þurfi að vera samræmi í þessu og ég er ekki sátt við að menn ætli sér að skila inn reikningum fyrir þessa greiðslu en ekki aðrar. Ég sé engan mun á þessum greiðslum, ekki nokkurn, þó að greiðslurnar varðandi ferðakostnað og ýmislegt annað eigi sér langa sögu. Þannig að við þingmenn þurfum að vera samkvæm sjálf okkur. Það á allt að vera opið sem snýr að launakjörum þingmanna. Allt. Það á allt að vera á borðinu. Og við sem stóðum að samningu þess frv. sem var samþykkt í vor töldum okkur vera að því. Við töldum okkur vera að gera þetta allt saman sýnilegt. Taka inn í lög það sem hafði verið praktíserað árum og áratugum saman þannig að þetta væri allt saman ljóst. Það hefur aldrei verið mín skoðun eða mín hugmynd að það væri verið að taka upp einhverjar *sérstakar reglur fyrir þingmenn. Það átti ekki að vera þannig* og það er ekki þannig, enda eru þessar lagagreinar í samræmi við túlkanir ríkisskattstjóra og það var leitað samráðs við ríkisskattstjóra varðandi þessa starfskostnaðargreiðslu þannig að við töldum okkur vera að gera þetta allt saman sýnilegt og það væri bara einfaldara og skýrara að binda þetta í lög. En svo sannarlega hefur reynslan kennt okkur að það er greinilega ekki það sem er leyfilegt í þessu samfélagi og kann vel að vera að það sé miklu réttari leið að þetta sé þá allt á valdi ríkisskattstjóra. En þá skulum við líka setja það allt í vald ríkisskattstjóra.

[17:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um að allt eigi að vera opið og við eigum að kalla hlutina réttum nöfnum. Við eigum að kalla *launahækkanir launahækkanir* og við eigum að kalla tilkostnað tilkostnað og ef hann á að vera frádráttarbær frá skatti þá eigum við að reiða fram reikninga fyrir honum.

Hins vegar verð ég að segja það að mér finnst þetta tal um launakerfi ríkisins harla villandi. Það er gjarnan fullyrt og maður hefur oft heyrt þetta einmitt frá þingmönnum og talsmönnum Kvennalistans að launakerfi ríkisins sé hrunið og svo er að skilja á þeirra málflutningi að þar sé allt útbíað í sporslum. Ég er sannfærður um að þetta á við rök að styðjast í efri hluta launakerfisins og mér finnst vera mjög brýnt að við fáum rækilega úttekt á því, úttekt á þóknunargreiðslum sem eru við lýði í hinu opinbera launakerfi, enda hafa verið færð fyrir því rök og sýnt fram á það að þessar greiðslur valdi kjaramisrétti, kynjabundnu kjaramisrétti, og á því ber að taka. Staðreyndin er hins vegar sú að þorri opinberra starfsmanna er á einföldum launatöxtum og vandinn er sá að þessir launataxtar eru allt of lágir. Það er vandinn. Síðan er það og á að vera okkur sameiginlegt úrlausnarefni, að finna út hvernig við fáum úr þessu bætt.

Það sem er líka alvarlegt er að það fólk sem er á lægstu launatöxtunum er jafnframt fólkið sem hefur minnstu yfirvinnuna og það er jafnframt fólkið sem hefur engar sporslur. En það að kalla það að gera hlutina sýnilega, þegar þeir sem hafa aðstöðu til að skammta sér sjálfir, sjálftökuliðið, hvort sem það eru dómararnir eða þeir sem standa ofarlega í launakerfinu, þegar Kjaradómur, sem jafnan hefur verið tæki forréttindahópa til að færa sér umframlaunakjör hjá ríkinu, stimplar misréttið inn í launataxtana og inn í allt réttindakerfið, þar með talin lífeyrisréttindin, að það sé að gera hlutina sýnilega. Ég kalla það að það sé að stimpla misréttið inn og það á ekki að gera.

[18:00]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um greiningu hans á launakerfi ríkisins. Það er alveg hárrétt að þessar ýmsu greiðslur tíðkast fyrst og fremst í efri hluta launastigans en hvað erum við þá að tala um? Allar þær aukagreiðslur sem koma ekki inn í sjálfan launastigann skapa auðvitað mikla blekkingu. Þær sýna kjör sem eru ekki raunveruleikanum samkvæmt og þetta er auðvitað hluti af þessum blekkingaleik. Það má aldrei segja hvað fólk hefur raunverulega í laun. Það er hárrétt að stórir hópar ríkisstarfsmanna, t.d. kennarar, eru auðvitað bara á töxtum og yfirvinnu og allt hreint og

klárt hvað það varðar.

Tökum sem dæmi ýmsa verkfræðinga og tæknifræðinga í þjónustu ríkisins sem eru á býsna góðum kjörum. Ætlum við að svipta þá þessum greiðslum? Er það rétta leiðin og til hvers leiðir það? Ríkið er í samkeppni við almennan vinnumarkað og hefur reyndar farið þessar leiðir m.a. til þess að ná í fólk í vinnu fyrir ríkið en auðvitað líka til þess að halda þessum stóru hópum niðri.

Ég treysti mér ekki til þess að segja nákvæmlega um það hver launamunur á að vera í landinu. Hann er allt of mikill, ég get svo sannarlega tekið undir það. En leiðin til þess að endurskoða þetta er auðvitað sú að fara í uppstokkun á öllu kerfinu og ekki síst að hækka umsamin laun, sjálfan launakostnaðinn.

[18:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má kalla hlutina fínum nöfnum, að það þurfi að stokka upp allt launakerfið. Það þarf einfaldlega að hækka þessa lágu launataxta, svo einfalt er það mál; samhengi hlutanna sem skiptir máli. Árið 1992 þegar Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn um launakjör alþingismanna voru launakjörin hækkuð úr tæplega 180 þús. í 240 þús. kr. Á sama tíma hafði verið þröngvað upp á almenning launahækkunum upp á 1,7% og á sama hátt hefur núna — ekki neinni þjóðarsátt eins og mönnum er tíðrætt um — verið þröngvað upp á almenning kjaranauðung sem mælist í örfáum krónum. Þegar Kjaradómur kemur á sama tíma og tekur höndum saman við hv. Alþingi um að færa þingmönnum kjarabætur upp á tugi þúsunda kr. vaknar reiði í landinu. Það er þetta samhengi hlutanna sem okkur ber að skoða. Ef við gerum það ekki munum við aldrei skilja hvers vegna almenningur er reiður.

[18:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég skilji það jafn vel og aðrir þingmenn hvers vegna almenningur er reiður og mér finnst reyndar að tími sé löngu til kominn að fólki fari að rísa upp í kjarabaráttu og reyna að krefjast þar einhvers réttlætis. En varðandi þennan dóm Kjaradóms minni ég á að gerð var mikil breyting á Alþingi árið 1991. Alþingi var breytt á þann veg að það fór að starfa allt árið. Það hefur haft í för með sér — og reyndar ýmislegt sem er að gerast í okkar samfélagi, aukin erlend samskipti, EES-samningurinn o.fl. — að vinnuálag hefur aukist alveg gríðarlega á þingmönnum. Þess var farið á leit við Kjaradóm áður en hann felldi sinn dóm 1992 að hann tæki tillit til þessara breytinga og þessarar auknu vinnu.

Enda þótt ég hafi ekki þennan dóm við höndina tel ég að hann hafi m.a. tekið tillit til þess í sínum dómi og við höfum nú verið mjög ósátt við það mörg að ekki hefur verið tekið neitt tillit til þessara breytinga. Breytingunni frá 1992 var snúið til baka með bráðabirgðalögum og síðan hafa launin hækkað um 4% á þremur árum fyrir utan þá hækkun sem núna varð. Auðvitað verður að vera eitthvert samhengi í hlutunum en það verður líka að taka tillit til vinnutíma og vinnuaðstæðna fólks. Ekki trúi ég því að verkalýðsleiðtoginn sjálfur taki ekki undir það að auðvitað á að borga fólki fyrir ef það leggur á sig aukna vinnu. Það var það sem gerðist í þessari stofnun, vinnuálag hefur aukist gífurlega.

[18:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. að hún var fremur ósátt við það sem fram kemur í þessu frv. að 40 þús. kr. greiðslan skuli vera skattskyld ef frv. þetta verður að lögum. Hún taldi ekki vera neinn mismun á varðandi þennan tiltekna starfskostnað og húsnæðis- og dvalarkostnað þingmanna og þá ferðakostnað og hún talaði um að þetta ætti allt að vera háð skattalegu mati ríkisskattstjóra. Það er einmitt það sem ólgan hefur verið um í þjóðfélaginu að það skuli gila sérlög varðandi ýmsa þætti í greiðslum til þingmanna. Með því frv. sem er til umræðu á einungis að afnema þetta að hluta til, þessi umdeilda 16. gr. er ekki hreinsuð út heldur stendur eftir að það eru þingmenn sem ákvarða að húsnæðis- og dvalarkostnaður og ferðakostnaður skuli ekki vera skattskyldur.

Ég spyr hv. þm. hvort hann sé tilbúinn til þess að styðja okkur sem erum annarrar skoðunar og teljum að það eigi að hreinsa alveg út 16. gr. og að þetta eigi allt að vera háð skattalegu mati ríkisskattstjóra alveg eins og þingmaðurinn orðaði það hér áðan. Er hv. þm. tilbúinn að styðja brtt. þar að lútandi að hreinsa algerlega út þessa 16. gr. þannig að allt, húsnæðiskostnaður, dvalarkostnaður, ferðakostnaður og þessi sérstaka 40 þús. kr. greiðsla verði háð skattalegu mati ríkisskattstjóra?

[18:08]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því tilefni að hér hefur verið talað um sérlög á þingmenn minni ég á að það eru til fleiri stéttir eða hópar sem um gilda sérstök skattalög eða skattafríðindi. Ég minni þar t.d. á sjómenn. Það kunna að vera fleiri hópar sem njóta slíkra sérstakra lagagreina en varðandi 16. gr. áskil ég mér allan rétt til þess að skoða það mál í heild. Ég var að rekja það áðan að mér finnst ekki vera samræmi í þessum málum með þeirri breytingu eins og hér er verið að gera. Ég tel að ekki eigi að greiða skatt af kostnaðargreiðslum þar sem um er að ræða beinan útlagðan kostnað. Ef fólk leggur út í ákveðinn kostnað á ekki að greiða skatt af því eftir á.

Ég vil áskilja mér allan rétt til þess að skoða alla meðferð þessara mála. Ég er ekki reiðubúin til þess að styðja slíka breytingu á morgun. Ég vil fá að vita hvað það þýðir. Ég vil fá að skoða alla þá þætti sem lúta að starfskjörum þingmanna áður en ég tek afstöðu til þess hvort þessi grein eigi sérstaklega öll að falla út og þetta allt að vera háð mati ríkisskattstjóra sem kemur auðvitað vel til greina en við þurfum bara fyrst og fremst að gefa okkur tíma til þess að skoða þetta og vita hvað við erum að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjaradómur og kjaranefnd, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 85. mál. — Þskj. 86.

[18:10]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég flyt till. til þál. um að leggja niður Kjaradóm og kjaranefnd. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að undirbúið verði frumvarp til laga um að leggja niður Kjaradóm og kjaranefnd og kosin sjö manna nefnd til þess að annast þá vinnu. Gert verði ráð fyrir að

laun þeirra sem Kjaradómur úrskurðar um verði ákveðin af Alþingi að fenginni tillögu launanefndar sem starfi á ábyrgð Alþingis. Laun þeirra sem kjaranefnd úrskurðar um verði ákveðin í kjarasamningum stéttarfélaga. Nefndin taki saman skýrslu um reynsluna af störfum Kjaradóms og kjaranefndar með nákvæmu yfirliti yfir kjör allra þeirra sem þar heyra *undir með skírskotun til almennrar launaþróunar í landinu.* Hún skili tillögum sínum svo snemma að unnt verði að afgreiða nýskipan þessara mála fyrir lok yfirstandandi þings.

Í kjölfarið taki Alþingi laun og starfskjör embættismanna og alþingismanna til endurskoðunar í samræmi við þá kjarastefnu sem stjórnvöld fylgja gagnvart almenningi."

Í greinargerð sem fylgir þessari tillögu segir m.a.:

„Eins og nú háttar til úrskurðar Kjaradómur um laun ýmissa æðstu embættismanna ríkisins, þar á meðal dómara og ráðherra, svo og alþingismanna. Kjaranefnd ákvarðar laun ýmissa annarra embættismanna sem stéttarfélög semja ekki fyrir.

Á undanförnum árum hefur oft komið fram hve ófullnægjandi þessi skipan er. Þannig hefur það ítrekað vakið mikla reiði í þjóðfélaginu þegar Kjaradómur hefur kveðið upp úrskurði um margfaldar kjarabætur til skjólstæðinga sinna á við þær sem almennt launafólk hefur þurft að sætta sig við. Svo rammt hefur kveðið að þessu að stjórnvöld hafa séð sig knúin til að setja lög á úrskurð Kjaradóms. Þetta hefur það í för með sér að lögin ná ekki þeim tilgangi sem þeim var ætlað að þjóna.

Mörg rök mæla gegn þeirri hugsun sem Kjaradómur og kjaranefnd byggist á. Þannig er í hæsta máta óeðlilegt að Hæstiréttur skipi aðila í Kjaradóm sem m.a. tekur ákvörðun um eigin launakjör, þ.e. kjör dómara.

Það hlýtur einnig að vera grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi að tengja pólitískt vald annars vegar og ábyrgð hins vegar. Mikilvægt er að tryggja að sá sem tekur pólitíska ákvörðun þurfi jafnan að standa reikningsskil gerða sinna. Þetta á ekki síst við um ákvarðanir um kjaramál sem eru pólitísk í eðli sínu. Þegar kjaramál eru annars vegar er enginn *endanlegur sannleikur til. Þar eru aðeins skoðanir og viðhorf.*

Í þeim undantekningartilvikum þar sem því verður ekki við komið að stéttarfélög semji um kjörin er nauðsynlegt að tryggja að pólitískt ábyrgur aðili standi að baki öllum ákvörðunum; hann standi og falli með gerðum sínum í þessu efni sem öðru.

Þegar lögin um Kjaradóm og kjaranefnd voru endurskoðuð árið 1992 mótmæltu samtök opinberra starfsmanna og bentu á að þau væru fylgjandi því fyrirkomulagi sem væri við lýði annars staðar á Norðurlöndum þar sem launakjör réðust almennt í kjarasamningum en laun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara með lögum. Hér er lagt til að farið sé eftir þessu áliti. Síðan verði það þingsins að taka kjaramál ráðherra, dómara og æðstu stjórnenda, svo og alþingismanna, til endurskoðunar í samræmi við þá launastefnu sem meiri hluti Alþingis hefur tekið þátt í að knýja fram gagnvart almennu launafólki í landinu. Í þeirri endurskoðun verði einnig tekið á starfskjörum og séð til þess að alþingismenn sæti sömu skattalegri meðferð og aðrir landsmenn."

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa framsögu lengri en aðeins árétta að ég tel að sú umræða sem hefur farið fram í dag um kjör og starfskostnað alþingismanna sé dæmigerð fyrir umræðu þar sem menn eru að reyna að taka á afleiðingum í stað þess að ráðast að rótum vandans. Ég tel að við þurfum að gera róttæka breytingu á skipan þessara mála. Ég tel að við séum komin í óefni. Við erum búin að hnýta harðan rembihnút sem okkur ber að leysa og ég tel að þessi tillaga sem hér er sett fram geti stuðlað að því að svo verði.

[18:15]

Útbýting þingskjals:

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, 92. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 94.

[18:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af þessari þáltill. Hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti þeirri skoðun sinni hér í umræðum í vor að hann vildi frekar fara þá leið að Alþingi ákvarðaði sjálft sín laun og tæki hina pólitísku ábyrgð. En ég var að velta fyrir mér ákveðnu framkvæmdaatriði varðandi þessa tillögu, ef maður gæfi sér það að það væri meiri hluti á hinu háa Alþingi til þess að breyta nú til og fara aftur inn á þá braut sem hér var farin á árunum áður þegar Alþingi úrskurðaði sjálft um sín laun og allt varð vitlaust hvert einasta skipti sem það ákvað eitthvað, rétt eins og verður nú þegar Kjaradómur á í hlut. Það sem ég var nú að velta fyrir mér var það ef Alþingi færi að úrskurða um laun þeirra sem Kjaradómur úrskurðar um nú, hvort það stríði ekki gegn stjórnarskránni. Og þá verður mér hugsað til dómara, hæstaréttardómara. Samræmist það stjórnarskránni og kenningunni um þrískiptingu ríkisvaldsins, ef Alþingi færi að ákvarða laun hæstaréttardómara og dómara, auk þess að ákveða sín eigin laun? Nú veit ég ekki hvernig þeim málum var háttað áður en Kjaradómur kom til sögunnar, hverjir það voru sem ákváðu laun hæstaréttardómara og sem sagt annarra dómara í landinu, vegna þess að það er auðvitað grundvallarhluti af skipan okkar stjórnkerfis að dómsvaldið skuli vera óháð og það er hlutverk Alþingis að hafa eftirlit bæði með dómsvaldinu og framkvæmdarvaldinu og auðvitað dómsvaldins að fylgjast með því að löggjafinn og framkvæmdarvaldið fari að lögum og rétti. En ég velti því *fyrir mér hvort þetta gangi upp með þessum hætti. Ég dreg* það stórlega í efa.

Ég held að það sé vissulega ástæða til þess að fá fram þessa umræðu sem hér er verið að vekja með þessari tillögu og að fara í gegnum það hvernig með þessi mál skuli farið, en ég held þó að ef ekki er hægt að fela nokkuð óháðum dómstóli að fara með þessi mál, þá veit ég nú ekki hverjum á að fela þetta. Ég held að það yrði alla vega eins og staðan er núna, að þá væri það nánast óbærilegt fyrir Alþingi að eiga að bera ábyrgð á sínum launahækkunum. Ég veit ekki með hvílíkum ósköpum það myndi enda, en þannig er tilhögunin í mörgum ríkjum. Það er þannig t.d. í Englandi. Þar er það þingið sjálft sem að ákveður sín laun og við höfum verið að lesa um það í blöðum að undanförnu að þýska þingið hefur verið að taka ákvarðanir um launahækkanir til þýskra þingmanna, sem mér skilst nú reyndar samkvæmt síðustu fréttum að efri deild þar væri að fella eða væri búin að fella.

Ég vildi einungis vekja máls á þessu atriði vegna þess að það er ekkert einfalt hvernig með þessi mál skuli farið og þetta er ekki bara spurning um hina pólitísku ábyrgð og hver eigi að bera hana. Ég er í sjálfu sér sammála þeirri hugsun að auðvitað á Alþingi að bera þarna ákveðna ábyrgð eins og að það auðvitað gerir. Það auðvitað ber ábyrgð á þessum málum. En hvaða aðrar leiðir eru færar í þessu máli það treysti ég mér ekki til að segja um á þessari stundu, en það

er virkilega ástæða til þess að skoða þær leiðir sem að önnur þing hafa farið.

[18:20]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft stóru máli og hefði af ýmsum ástæðum verið æskilegt að þingmenn hefðu haft betri tíma til að skoða það áður en það var tekið til umræðu. Enda þótt hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi greint frá skoðun sinni og stefnu þeirra samtaka sem hann veitir forustu í vor, þá er ekki þar með sagt að það hafi endilega vakið menn til þeirrar umhugsunar að þeir væru tilbúnir til þess að tjá sig um málið svo viðhlítandi sé með svo stuttum fyrirvara.

Það kom fram í umræðum um frv. um þingfararkaup í vor, að við þingmenn Þjóðvaka erum á því að Kjaradómur eigi að sjá um alla þætti launagreiðslna alþingismanna, þ.e. að kjör alþingismanna eigi öll að ráðast á einum stað. Ég held að sú umræða sem hér hefur farið fram í dag undirstriki í rauninni mikilvægi þess að það sé ekki um skörun að ræða, að það sé alveg ljóst þegar ákvarðanir um launakjör alþingismanna eru teknar að menn hafi allt sem þarf að hafa uppi á borði hjá sér og með þeim hætti verði a.m.k. meiri skynsemi í málinu og minni ástæða til tortryggni.

Varðandi dómstólinn og eins og hér er rakið í grg., að Alþingi hafi þurft að taka aftur ákvarðanir hans, þá starfar dómstóllinn auðvitað eftir þeirri löggjöf sem hér er sett og Alþingi verður þá einfaldlega að setja það skýra löggjöf að dómstóllinn geti dæmt eftir henni svo ásættanlegt sé. Auðvitað koma alltaf upp atvik þar sem menn geta vefengt forsendur eins og gert er núna, en því skýrari sem löggjöfin er þeim mun einfaldara ætti þetta mál að vera. Og þar sem Alþingi ber ábyrgð á þeirri löggjöf sem hér er sett þá hlýtur Alþingi jafnframt að bera óbeina ábyrgð á þeirri niðurstöðu sem dómstóllinn kemst að.

Umræða um þetta mál er vissulega þörf og ég hefði kosið, eins og ég sagði hér í upphafi, að við hefðum haft betri tíma til þess að fara í umræðu um þetta mál. Þó að ég sé ekki sammála þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, vegna þess að niðurstaða okkar er sú, að minnsta kosti áður en ítarleg umræða hefur þá farið fram, að launin eigi að vera á einum stað og það sé hjá Kjaradómi, þá hefði þessi umræða verið afskaplega þörf sem hluti af umfjöllun um launamál alþingismanna og þá ekki síður ein og sér.

Herra forseti. Hafi ég verið á þeirri skoðun fyrir að Kjaradómur ætti að sjá um laun alþingismanna þá hef ég sannfærst enn frekar um það eftir að úrskurður forsn. var birtur og eftir að hafa upplifað þá umfjöllun og þá meðferð á málinu sem síðan hefur orðið. Ég held að það sé afskaplega óæskilegt að alþingismenn, sem þurfa að takast á við mörg og flókin verkefni, þurfi að vera vikum saman uppteknir af sínum eigin kjaramálum.

[18:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstvirtur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð til viðbótar þeim sem að ég hafði hér áðan þegar ég fylgdi tillögu minni úr hlaði. Það er rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á, að á sínum tíma voru launakjör alþingismanna ákvörðuð með lögum og þá varð allt vitlaust. Og enn hefur allt orðið vitlaust. Þess vegna fundu menn upp þetta snjallræði að búa til Kjaradóm, sem er svona afsökun úti í bæ. Það hefur nú verið spurt af öðru tilefni reyndar hvort það sé til nokkuð sem heitir að vera óháður. Alla vega er ég viss um að það er ekki til neitt sem heitir óháður dómstóll af þessu tagi. Það hefur komið á daginn að ákvarðanir Kjaradóms hafa gengið þvert á almenna launastefnu í landinu á undanförnum árum. Viðbrögð stjórnvalda hafa verið með ólíkum hætti. Eitt sinn sagði hæstv. forsrh. þegar hæstaréttardómurum var úthlutað litlum 100.000 kr. kjarabótum, að hann deildi ekki við dómarann. Í annað skipti voru sett lög á Kjaradóm. Nú er talað um það í blöðum að ríkisstjórnin íhugi eða öllu heldur hæstv. forsrh., að hann sé að velta því fyrir sér hvort til greina komi að láta eitthvað af þeim kjarabótum sem Kjaradómur hefur úrskurðað ekki koma til framkvæmda um næstu áramót. Hæstv. forsrh. er að velta þessu fyrir sér. (**Gripið fram í:** Hverju?) Hvort eitthvað af þeim kjarabótum sem Kjaradómur hefur úrskurðað eigi að koma til framkvæmda við næstu áramót. Í annað skipti rifjaði ég upp, hæstv. forsrh., að þá sagði sami hæstv. ráðherra að hann deildi ekki við dómarann. Þá var nýbúið að úrskurða hæstaréttardómurum 100.000 kr. kjarabótum, búið að festa það inn í launataxtann og allt það réttindakerfi sem að dómarar búa við. Í annan tíma voru sett lög á Kjaradóm.

Ég er að rifja þetta upp til að benda á í hvílíkt óefni þessi mál eru komin. Síðan erum við búin að ræða það í allan dag hvað séu laun og hvað séu ekki laun. Það er búið að benda á að þingflokksformenn hafi fengið launahækkun hér sl. vor. Aðrir segja að þetta sé ekki launahækkun, þetta sé starfskostnaður. (**Gripið fram í:** Þetta eru tvímælalaust laun.) Þetta eru tvímælalaust laun. (**Gripið fram í:** Þetta er hækkun á launum.) En nú er það Kjaradómur sem á að ákvarða laun, þá er gengið þvert á lögin um Kjaradóm væntanlega. (**Gripið fram í:** Það verður að endurskoða lögin.) Hér hafa komið fram gagnstæð sjónarmið og gagnstæðar skoðanir um þessi efni og það er ljóst að við erum komin inn í eina allsherjarmótsögn. Úr þeirri mótsögn er búið hnýta fastan rembihnút. Þann hnút verður að leysa. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum jafnan að tryggja kerfi þar sem að baki pólitískri ákvörðun sé jafnan pólitísk ábyrgð. Að menn standi jafnan reikningsskil gerða sinna.

Þess vegna er ég að leggja til róttæka breytingu á þessum málum. Við tölum um það að þingið eigi ekki að bera ábyrgð á eigin launakjörum. Ég er að segja að menn eigi að axla ábyrgð af þeim ákvörðunum sem þeir taka og það er engin lausn á þeim málum að búa til einhverja vélræna formúlu eins og menn vilja negla inn í starfsreglur Kjaradóms og segja síðan: Þetta kom mér ekkert við. Auðvitað kemur það okkur öllum við hvernig þessum málum er skipað og þegar allt kemur til alls þá berum við öll sameiginlega ábyrgð á mönnum, á hæstv. ríkisstjórn, sem semur við tugþúsundir eintaklinga og skapar öðrum tugþúsundum starfskjör og lífsskilyrði í landinu.

Þess vegna er ég að segja: Við eigum að taka ábyrgð á þeirri stefnu sem knúin er fram gagnvart launafólki í landinu, almenningi í landinu og við eigum að ganga alla leið, að standa reikningsskil gerða okkar alla leið og ekki búa til einhverja ódýra afsökun úti í bæ hverju nafni sem hún kann að nefnast.

[18:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg sagt út af fyrir sig að mér finnst sú hugsun sem hv. þm. reifar vera heldur geðfelld. Að þingmenn eigi að bera ábyrgð á þessu sjálfir. En þegar maður les sér til um þær umræður sem hafa átt sér stað þegar að sá veruleiki var, þegar þingmenn báru ábyrgð á þessu sjálfir, þá verður maður hikandi vegna þess að gagnrýnin í

þjóðfélaginu var gríðarlega mikil á það kerfi. Þar væru menn dómarar í eigin sök og hversu góðir og réttsýnir menn sem þeir væru þá gerðist það um þá eins og alla aðra, að þeim færi ekki vel að vera dómarar í eigin sök. Sú hugsun sem hv. þm. reifar hins vegar fellur vel að minni hugmyndafræði um að menn eigi að bera ábyrgð sjálfir á öllum slíkum gjörðum. Við sjáum Kjaradóm. Í Kjaradómi reynum við að setja lög og reglur um það með hvaða hætti hann eigi að vinna. Eftir að Kjaradómur hefur fellt úrskurð sinn þurfum við að gá hvort þeir hafa farið nákvæmlega að þessum lögum. Þá tölum við rétt eins og lögin séu svo skýr og glögg að við þyrftum engan Kjaradóm, skrifstofan gæti fært þetta út. Ef lögin eru svo skýr og glögg að það þurfi ekkert mat þurfum við engan Kjaradóm, þá mundi skrifstofan færa þetta út. En það verður alltaf mat og þá lendum við í vandræðunum. Þá kemur upp þessi ólga í þjóðfélaginu.

En varðandi það sem ég sagði að menn deildu ekki við dómara þá hygg ég að ég hafi verið að svara þá þegar Hæstiréttur skrifaði mér á sínum tíma bréf sem forsrh. og fól mér eins og það var orðað eða nokkurn veginn efnislega a.m.k., að skaffa peninga til að borga þá yfirvinnu sem þeir ættu inni lögum samkvæmt. Þá hugsaði ég með mér — þó að ég hafi nú lokið mínu lögfræðiprófi 1976 og búinn að gleyma mörgu af því sem ég lærði þá og veit ekki hversu vel ég lærði það þá — að ég ætla ekki að segja að Hæstiréttur hafi minna vit á þessu en ég svo ég tók mið af því. En kannski hefur meira að segja Hæstiréttur ekki verið góður dómari í eigin sök þá.

[18:31]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara í langa umræðu um þetta mál. Ég hef á tilfinningunni að við séum að gera mjög einfalt mál flókið. Það er ekki mjög flókið þegar verið er að stimpla inn í launataxtana almennt þær kjarabætur sem samið er um á milli fjmrn. og almenns launafólks sem starfar á vegum ríkisins. Og það er ekkert flókið að stimpla þær sömu breytingar inn í launataxta þingmanna. Það eina sem ég er að óska eftir að menn geri er að reyna að vera sjálfum sér samkvæmir. Ég vil meina að hæstv. ríkisstjórn sé ekki sjálfri sér samkvæm í þeirri kjarastefnu sem hún þröngvar upp á almenning í landinu og því sem hún lætur viðgangast gagnvart sjálfri sér, hæstv. ráðherrum, alþingismönnum, embættismönnum, dómurum sem hafa fengið stimplað inn í sín launaumslög og inn í sín kjör tugþúsundir króna á sama tíma og öðrum hefur verið skammtað úr hnefa. Þetta er mergurinn málsins. Þetta er mjög einfalt mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. ÁRJ, 80. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 81.

[18:34]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Eins og kom fram í máli mínu fyrr í dag þar sem ég fór fram á að þetta mál yrði tekið fyrir með afbrigðum í dag er svo komið að þegar lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, voru tekin til umræðu árið 1993 um jólaleytið og þeim skipt upp í tvenn lög, lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð, tel ég að mistök hafi orðið í þinginu þegar grein um endurhæfingarlífeyri var færð yfir lög um félagslega aðstoð.

Í athugasemdum um einstakar greinar frv. um félagslega aðstoð sem kom fyrir þingið var sagt svo um 8. gr. sem er grein um endurhæfingarlífeyri að hún væri að öllu leyti samhljóða 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar. Það var sem sagt verið að færa grein um endurhæfingarlífeyri í heilu lagi yfir í félagslega aðstoð. Síðan hefur komið á daginn að hluti úr setningu hefur fallið út úr greininni sem gerir það að verkum að þeir sem eru í endurhæfingu eftir slys eða sjúkdóm fá verulega skertar bótagreiðslur frá Tryggingastofnun miðað við þessa lagagrein. Núna 1. okt. kom fram úrskurður heilbr.- og trrn. um að þessi lagagrein skuli vera túlkuð til hins ýtrasta þannig að sá sem er í viðurkenndri endurhæfingu skuli einungis njóta tekjutryggingar og grunnlífeyris. Það þýðir að sá sem er í endurhæfingu eftir slys eða sjúkdóm, jafnvel inni á sjúkrastofnun, t.d. inni á Grensásdeild eða á Reykjalundi, fær grunnlífeyri sem er 12.921 kr. og tekjutryggingu 24.439 kr. Þetta er óháð því hvort hann sé með börn á framfæri, hvort hann beri kostnað af því að hann er fatlaður og ætti að öðrum kosti rétt á bensínstyrk. Hann fær ekki uppbót ef hann þarfnast umönnunar o.s.frv.

Fyrir 1. okt. sl. áttu þeir sem voru í endurhæfingu á þennan hátt rétt á sömu bótagreiðslum frá Tryggingastofnun og 75% öryrkjar. Þegar greinin um endurhæfingarlífeyri var sett inn í almannatryggingalögin frá 1989 þótti þetta mikil réttarbót fyrir þá sem voru að reyna að ná aftur starfsorku eftir slys og sjúkdóma vegna þess að þessar bætur voru úrskurðaðar í stuttan tíma í einu, oftast þrjá mánuði og síðan áfram og aldrei lengur en í 18 mánuði. Sá sem fær endurhæfingarlífeyri getur líka verið inni á stofnun án þess að missa bætur en það geta 75% öryrkjar ekki því að þegar 75% öryrki er búinn að vera í fjóra mánuði inni á stofnun undanfarna 24 mánuði missir hann bæturnar sínar. Hann fær engar greiðslur en á kannski rétt á vasapeningum. Endurhæfingarlífeyrisþeginn heldur aftur á móti bótunum.

Við þessa breytingu gerist það að þeim sem er í endurhæfingu er ætlað að lifa á rúmum 37 þús. kr. á mánuði, honum og fjölskyldu hans og börnum. Ef hann er með meðlagsgreiðslur koma meðlagsgreiðslurnar af fullum þunga á lífeyrisþegann fyrir hvert einasta barn. Með þeirri breytingu sem varð 1. okt. þarf hann að greiða fulla greiðslu fyrir læknisþjónustu. Hann þarf að borga fullt verð fyrir lyf og nýtur ekki þeirra hlunninda sem öryrkjar hafa. Sama gildir um öll hlunnindi sem tengd eru bótaflokkum. Ég get nefnt sem dæmi að hann þarf að borga afnotagjaldið af Ríkisútvarpinu, 2.000 kr. á mánuði sem hann hefði ekki þurft ef reglurnar hefðu gilt eins og þær voru fyrir 1. okt. því þá hefði hann sem umönnunarþurfi fengið uppbót vegna umönnunar.

Hann hefði líka fengið bensínstyrk ef hann þarf að komast á milli og er hreyfihamlaður. Þessi réttur fellur niður núna 1. okt.

Ég ætla að bera saman hvernig greinarnar voru, hvernig greinin um endurhæfingarlífeyri var í lögum nr. 67/1971 sem þingmenn töldu sig vera að samþykkja óbreytta um jólin 1993, 2. mgr. 12. gr. laga, um endurhæfingarlífeyri. Hún hljóðar svo:

„Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkra-

húsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur."

Þegar greinin er komin inn í lög um fjárhagslega aðstoð hljóðar hún svo:

„Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur."

Hér er hluti af setningu fallinn út og rétturinn til tengdra bóta ekki lengur inni í greininni. Þrátt fyrir það að þetta hafi verið samþykkt svona um jólin 1993 og lögin tóku gildi um áramót hefur framkvæmd laganna verið eins og eftir gömlu almannatryggingalögunum. Endurhæfingarlífeyrisþegar hafa haldið tengdum bótum enda eru það lágmarskupphæðir fyrir lífeyrisþega til þess geta framfleytt sér. Fyrir þá sem þekkja ekki almannatryggingakerfið þá er það brotið upp þannig að því er skipt niður í marga, litla bótaflokka þar sem sérstakar reglur gilda um hvern og einn. Það gerir fólki líka erfiðara fyrir að sækja um það sem það á rétt á því að það kerfi er orðið svo flókið. En með þessari breytingu er ég sannfærð um að þingmönnum hafi orðið á mistök og ef einhverjir þingmenn eru hér í salnum, sem sátu á þingi 1993 og telja sig hafa ætlað að skerða þennan hóp, oftast ungt fólk sem lent hefur í slysum eða lent hefur í sjúkdómum og er í endurhæfingu, vil ég að að þeir gefi sig fram hér. Var það meiningin með lögunum 1993 að skerða þessa lífeyrisþega niður í 37 þús. kr. á mánuði og láta þá ekki njóta barnalífeyris ef þeir eru með börn á framfæri? Var það meiningin? Mér þætti fróðlegt að heyra það frá þeim þingmönnum sem sátu á þingi 1993 en ég sé að þeir eru ekki margir hér í salnum.

Með þeirri breytingu sem lögð er til núna er verið að vísa þessum hópi beint á félagsmálastofnanir, fólki sem er að reyna að ná starfsgetu sinni aftur, komast aftur út í samfélagið til þess að sjá fjölskyldu sinni farborða, það er verið að vísa þeim á sveitarfélögin. Ég vil benda á að það er enginn sparnaður í svona vinnubrögðum. Þó það sé kannski sparnaður tímabundið fyrir heilbrigðiskerfið er það aukinn kostnaður i félagslega kerfinu á móti.

Ég hef verið spurð að því varðandi þetta mál hvers vegna er fólk bara ekki metið beint á 75% örorku. Er það ekki eina rétta leiðin? Það er hvort eð er óvinnufært. Menn vita hvernig það er að fá framan í sig eftir að vera búinn að vera veikur eða slasaður að maður er metinn 75% öryrki og það er yfirleitt gert í tvö ár. Það hefur oft haft þau áhrif að fólk gefst upp og það heldur áfram að vera á 75% örorkunni. Það hefur verið kannað í Tryggingastofnun að þeir sem eru metnir á 75% örorku eru áfram á örorkunni. Aftur á móti fara þeir sem eru metnir á endurhæfingarlífeyri frekar út af bótakefinu og út í samfélagið aftur. Það hefur sýnt sig. Mér er spurn: Hver ákvað að nota þessa glufu í kerfinu til að spara? Ég trúi því ekki að það hafi verið gert af ásetningi. Það þarf auðvitað að svara þessu. Ég veit að heilbrrh. hafði ekki tök á að koma hér til þess að svara þessari spurningu. En ég er með bréf þar sem kemur fram að það er ákvörðun hæstv. heilbrrh., sem er því miður ekki hér til þess að svara, þar sem það er ákvörðun ráðuneytisins að þessi hópur skuli ekki njóta nema grunnlífeyris og tekjutryggingar eftir 1. okt., 37 þús. kr. Það væri fróðlegt að fá svör við þessu.

Það er annað sem ég vil leggja áherslu á. Þetta kom til framkvæmda 1. okt. sl. og þeim sem hafa verið metnir á endurhæfingarlífeyri eftir það hefur verið synjað um tengdar bætur. Því fólki hefur verið synjað sem hefur verið metið eftir það. Þess vegna er mjög mikilvægt að þetta mál verði afgreitt fljótt þannig að þetta fólk fái réttarbætur, fái þá aðstoð úr velferðarkerfinu sem velferðarkerfið ætlaðist til þegar reglurnar voru settar og þingmenn töldu sig samþykkja óbreytt þegar lögin um félagslega aðstoð voru tekin til afgreiðslu eina jólanóttina fyrir tveimur árum.

Það kom fram í máli manna áðan um launakjörin að lífeyrisþegar eru ekki of sælir af þeim launum sem þeim eru ætluð úr tryggingakerfinu. Meðan almennir launamenn á vinnumarkaði hafa hækkað um marga tugi prósentna frá 1989 kom fram að lífeyrisþegar hafa aðeins hækkað um 35% varðandi grunnlífeyri og tekjutryggingu. Er ekki nóg að þurfa að takast á við það að reyna að ná starfsþreki aftur eftir áfall eða slys og veikindi þó að maður þurfi ekki að fara bónleið til sveitarfélagsins til þess að fá framfærslu fyrir sig og fjölskyldu sína? Mér finnst þetta vera mikið sanngirnismál sem þarf að leiðrétta fyrir 1. nóv. og að þessir einstaklingar fái það sem þeir ættu að eiga rétt á eftir það. Við erum að flýta í gegn málum um launakjör þingmanna. Þetta mál er ekki síður mikilvægt. Þingmenn lifa alveg af sínum launum en fólk sem lendir í þessu getur ekki séð sér og sínum farborða með 37 þús. kr., það vitum við öll. Þingmenn ættu að geta sett sig í spor þessa fólks.

Mér finnst það vera að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur að spara á þessum hópi sem allra minnst má sín í samfélaginu. Ég trúi því ekki að það hafi verið vilji nokkurs einasta þingmanns. Ég krefst þess að málið verði tekið fyrir í þinginu og afgreitt áður en við förum í þinghlé í næstu viku þannig að þessi leiðrétting geti komið til endurhæfingarlífeyrisþega strax 1. nóv.

[18:49]

Valgerður Sverrisdóttir:

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í dag hefur hæstv. heilbrrh. fjarvistarleyfi og er upptekinn við störf í kjördæmi sínu. Mér þykir nokkuð sérkennilegt að hv. þm. skuli endilega hafa viljað taka málið á dagskrá að hæstv. ráðherra fjarstöddum en það er nú þegar gert og hún hefur mælt fyrir málinu.

Mér fannst hún tala í nokkrum ásökunartón og ég veit ekki hvern hún var að ásaka sérstaklega. Ég vona að það hafi ekki verið hæstv. heilbrrh. því að hún hefur látið koma fram í fréttum nú um helgina þegar þetta mál varð að fréttaefni að hún mundi strax fara að vinna í málinu og láta athuga í heilbr.- og trmrn. hvað þarna hafi gerst og hvort þarna sé ekki um mistök að ræða sem þurfi að leiðrétta og gekk það langt að hún talaði um að mæta hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur jafnvel á miðri leið og sýndi þannig mikinn samstarfsvilja við hv. þm. um það að taka á þessum málum. En ég hef náð símasambandi við hæstv. ráðherra meðan hv. þm. mælti fyrir þessu máli og hún hefur tjáð mér að þegar sé hafin vinna í ráðuneytinu til þess að koma þarna á bótum og leiðréttingum þannig að ég held að það sé ekki áhyggjuefni að það verði ekki unnið af heilindum í því að finna úrbætur sem séu ásættanlegar.

[18:50]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir orð hennar og fagna því ef vinna er farin af stað í ráðuneytinu til þess að leiðrétta þessi mistök. Ég vil að það komi fram, vegna orða hennar, að ástæðan fyrir því að ég ákvað að mæla fyrir þessu frv. nú er að það hefði ekki fengist

tekið á dagskrá fyrir þinghlé í næstu viku nema það yrði mælt fyrir því núna þannig að ef þetta ætti að verða að lögum fyrir 1. nóv. eru síðustu forvöð að taka málið fyrir.

Varðandi það að hæstv. heilbrrh. sé tilbúinn að mæta þeirri sem hér stendur á miðri leið í þessu máli þá er engin mið leið í málinu. Það er bara þannig. Það er engin mið leið. Það þarf lagabreytingu til að leiðrétta þessi mistök þannig að það fólk sem á hvað bágast, sem er í endurhæfingu vegna slysa og sjúkdóma, fái sömu fyrirgreiðslu og 75% öryrkjar frá Tryggingastofnun ríkisins og það þarf lagabreytingu því að það féll út setningin þar sem þessi réttur var fyrir hendi úr lögunum 1993. Ég fagna því mjög ef hæstv. heilbrrh. er tilbúinn að leiðrétta þetta. En ég ítreka að það þarf lagabreytingu og það þarf að leiðrétta kjör þessa fólks fyrir 1. nóv. Þessi mál þola enga bið. Þeim er þannig háttað. Ég efast ekki um að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir getur skilið það og sett sig í spor þess fólks sem lendir í þessu núna og fær ekki þessar greiðslur eftir 1. okt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:53.

---

13. FUNDUR

þriðjudaginn 17. okt.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 84. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kjaradómur og kjaranefnd, þáltill., 85. mál, þskj. 86. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Félagsleg aðstoð, frv., 80. mál, þskj. 81. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lánsfjárlög 1996, stjfrv., 43. mál, þskj. 43. — 1. umr.
5. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
6. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
7. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Landssamtökunum Þroskahjálp.
Erindi frá Þróunarfélagi Íslands.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun ættleiðingarlaga, 29. mál, svar dómsmrh., þskj. 90.

Habitat-ráðstefnan 1996, 91. mál, fsp. KÁ, þskj. 93.

Heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins, 90. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 92.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frh. 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 84. mál (skattskylda starfskostnaðar). — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kjaradómur og kjaranefnd, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 85. mál. — Þskj. 86.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ, 80. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Lánsfjárlög 1996, 1. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 43.

[13:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til lánsfjárlaga sem er 43. mál þessa þings. Lánsfjárlög eru nú sem fyrr mótuð af niðurstöðum fjárlagafrv. og þeirri efnahagsstefnu stjórnvalda sem það byggist á.

Í upphafi máls míns vek ég athygli á nokkrum almennum atriðum sem varða stöðu fjármagnsmarkaðarins einkum með tilliti til umsvifa ríkissjóðs. Því næst mun ég fjalla um einstök efnisatriði þessa frv.

Horfur í ríkisfjármálum fyrir árið 1996 benda til að nettólántökur ríkissjóðs lækki enn á næsta ári. Nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar eru áætlaðar 11,6 milljarðar kr. eða 2,5 milljörðum kr. lægri en á yfirstandandi ári. Lánsfjárþörf þessara aðila hefur ekki verið minni í meira en áratug. Til að undirstrika þetta enn frekar er gert ráð fyrir að lánsfjárþörfin á næsta ári verði innan við fjórðungur þess sem hún var árið 1991. Þá er áætlað að lánsfjárþörf sveitarfélaga lækki einnig á næsta ári en samanlagt stuðlar þetta að lægri vöxtum en ella.

Vextir ríkisverðbréfa í frumsölu hafa lengst af verið mótandi um vaxtastigið. Á undanförnum missirum hafa vextir eftirmarkaðarins í auknum mæli orðið leiðandi í þessum efnum. Má í því sambandi geta þess að í febrúar 1995 hækkaði ávöxtunarkrafa spariskírteina um 0,3% þegar stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar og boðið var sérstakt vaxtaálag þeim sem skipta vildu út eldri spariskírteinum fyrir

ný. Ávöxtunarkrafan hefur smám saman farið hækkandi á Verðbréfaþingi Íslands og má rekja það bæði til dræmrar eftirspurnar fjárfesta eftir lengri bréfum og þess að Seðlabanki Íslands hefur hækkað kaupkröfu sína og er hún nú 5,8% - 5,9%. Á sama tíma og sala verðtryggðra spariskírteina dalaði glæddist sala verðbréfa með erlenda gengisviðmiðun, svokallaðra ECU-tengdra spariskírteina. Ávöxtun þessara bréfa tók mið af þeim vöxtum sem sambærilegar erlendar útgáfur bera. Upp á síðkastið hefur heldur dregið úr sölu þessara bréfa og er það skiljanlegt þar sem vextir á spariskírteinum með innlendri vaxtaviðmiðun hafa hækkað.

Vextir óverðtryggðra skammtímaverðbréfa ríkissjóðs fóru hækkandi framan af ári en hafa heldur sveigst niður á við að undanförnu. Vextir óverðtryggðra bréfa til þriggja ára hafa farið lækkandi frá því að útboð þeirra hófst í maí. Þeir eru nú 9,5% en urðu hæstir 9,9%. Sala þessara bréfa hefur verið alljöfn frá því hún hófst. Nýlega voru óverðtryggð verðbréf til fimm ára fyrst boðin til kaups. Í fyrsta útboði þeirra var tekið tilboðum með ávöxtunarkröfunni 10,8%. Verður það að teljast vel viðunandi í ljósi þess að íslenskur fjármagnsmarkaður hefur ekki reynslu af óverðtryggðum fjárskuldbindingum til svo langs tíma. Ætla verður að þessir vextir geti lækkað þegar festa og tiltrú á efnahagsstöðugleika vex enn frekar. Hitt er jafnljóst að ríkisbréf og ríkisvíxlar sækja vaxtaviðmiðun einnig til útlanda.

Vextir ríkisvíxla, þriggja, sex og tólf mánaða voru í lok árs 1994 í stórum dráttum sambærilegir við það sem er erlendis. Vextir á þriggja mánaða víxlum eru nú 6,99% og hafa hækkað úr 6,27% þegar þeir voru lægstir í janúar. Lausafjárstaða innlánsstofnana er nú mun betri og rýmri en hún var fyrir ári en það gefur tilefni til að ætla að sala ríkisvíxla geti gengið vel næstu mánuðina eins og undanfarna tvo mánuði. Nettósala ríkisvíxla í janúar til september 1995 er um 5 milljarðar kr. og lætur nærri að víxilskuldir ríkissjóðs sé nú eins og þær voru að hámarki eða 19,6 milljarðar kr.

Mig langar, virðulegi forseti, til að vekja næst athygli á nýjum markaðsverbréfum ríkissjóðs en í tengslum við gerð kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum í vor gaf ríkisstjórnin fyrirheit um að Alþingi setti lög um breytingu á vaxtalögum þar sem vísitala neysluverðs kæmi í stað lánskjaravísitölu en samningsaðilar töldu að hlutur launa í lánskjaravísitölu væri of hár. Jafnframt var lýst yfir að draga skyldi úr verðtryggingu og var hafin sala þriggja ára óverðtryggðra ríkisbréfa með útboði í maí á þessu ári en sala sambærilegra tveggja ára bréfa hafði legið niðri frá haustinu 1994. Sala þriggja ára ríkisbréfa hefur verið allgóð og nemur alls að nafnverði 1,5 milljörðum kr. fram til septembermánaðar. Til þess að efla markað fyrir óverðtryggð bréf er hafin sala á fimm ára óverðtryggðum ríkisbréfum. Á sama tíma fellur niður sala fimm ára verðtryggðra spariskírteina. Brotið er blað í sölu ríkisverðbréfa þar sem nú eru í fyrsta sinn um langt skeið boðin til sölu svo löng óverðtryggð verðbréf eins og reyndar hefur áður komið fram.

Þá er að nefna nýlega ákvörðun um að hefja sölu 20 ára verðtryggðra spariskírteina en þau ættu sérstaklega að höfða til lífeyrissjóðanna sem þurfa að fjárfesta til lengri tíma á móti skuldbreytingum sínum. Sala þeirra nam í fyrsta útboði 472 millj. kr. við ávöxtunina 5,95. Þessi ávöxtun hefur síðan farið lækkandi á Verðbréfaþingi Íslands og er nú um 5,86. Áfram verður boðið upp á 10 ára spariskírteini eins og gert hefur verið hingað til þó svo að samhliða standi til að bjóða til sölu ný 10 ára jafngreiðsluskírteini ríkissjóðs sem getur hentað þeim sem kjósa að hafa árlegar tekjur af verðbréfaeign sinni. En eins og allir vita þá hafa ríkisverðbréf til lengri tíma, svokölluð spariskírteini, verið seld með þeim hætti að áfallnir vextir hafa ekki komið til útborgunar fyrr en á greiðslulokadegi, þetta eru svokölluð kúlubréf. En með þessum hætti kæmu til greiðslu vextir árlega en ýmsir fjárfestar hafa áhuga á slíkri eign.

Á bls. 3 í athugasemdum með frv. er kafli um lánsfjáreftirspurn innlendra aðila þar sem töflunni er skipt í ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Það er einkum þrennt sem vekur athygli í þessari töflu.

Í fyrsta lagi er það minni vöxtur í lántökum heimilanna en þær jukust um 4,6% á fyrri helmingi þessa árs í samanburði við 5,5% á sama tíma í fyrra. Samdrátturinn er í lántökum til fasteignakaupa sem kemur m.a. fram í minni útgáfu húsbréfa.

Í öðru lagi hafa lántökur fyrirtækja haldið áfram að dragast saman en þau hafa nýtt batnandi rekstrarafkomu m.a. til að greiða niður erlendar skuldir.

Í þriðja lagi virðast sveitarfélög vera að minnka lántökur sínar en þær voru mjög miklar á árinu 1994.

Við afgreiðslu fjárlaga árið 1995 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði allt að 36 milljarðar á árinu. Frjáls sparnaður hefur hins vegar orðið talsvert minni en talið var eða tæpir 7 milljarðar í stað 13 milljarða. Þessi samdráttur kemur fram í aukinni einkaneyslu umfram vöxt í þjóðartekjum á þessu ári. Jafnframt skýrir þetta að hluta til erfiðleika við sölu ríkisverðbréfa. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að peningalegur sparnaður sé í samræmi við áætlun fjárlaga næsta árs.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 32 milljarðar kr. á árinu 1996 eða 6,7% af landsframleiðslu, en á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að sama hlutfall sé 6,2% og kemur það fram í töflu á bls. 3.

Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 23,4 milljarðar króna og hinn frjálsi um 8,7 milljarðar. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að betra samræmi verði á milli breytinga í einkaneyslu og þjóðartekjum og skýrir það aukningu í frjálsum sparnaði á milli ára. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því ber að skoða niðurstöður með fyrivara. Þetta segi ég hér að fenginni reynslu. Ég man þó sérstaklega eftir árinu 1991 þar sem gífurleg skekkjumörk komu fram, jafnvel sem skiptu tugum milljarða, en sem betur fer hefur áætlanagerð í þessum efnum snarlega breyst frá þeim tíma og minni líkur er á svo stórfelldum skekkjum nú. En þess ber að geta að það eru margar breytur, það eru margir áhrifavaldar sem að geta valdið því að verði lítils háttar breyting í efnahagsmálum að þá getur sparnaður dregist mjög snögglega saman og eins aukist af öðrum ástæðum.

Heildarlántökur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða, eru áætlaðar 59,3 milljarðar á næsta ári, afborganir 47,7 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, er eins og ég nefndi í upphafi, áætluð 11,6 milljarðar kr. en það er 2,5 milljörðum kr. lægri fjárhæð en á þessu ári. Heildarlántökum er ekki skipt milli innlendra og erlendra lána frekar en undanfarin ár. Má það rekja til aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa þar sem vaxta- og gengisþróun ræður miklu um hvernig leitað er á fjármagnsmarkaði. Nú geta erlendir aðilar, t.d. keypt ríkisbréf útgefin hér á landi og innlendir aðilar erlend ríkisverðbréf hömlulaust.

Það sem hefur gerst á undanförnum árum er í raun það að ríkissjóður hefur leitað talsvert út fyrir landsteinana eftir lánum enda er ríkissjóður sem slíkur góður lántakandi og fær yfirleitt lægri vexti en aðrir innlendir aðilar, en á sama tíma hafa bæði fyrirtæki og þó einkum opinberar stofnanir, sveitarfélög, leitað á innlenda markaðinn og skapað sér þannig rými og stundum til þess að greiða niður erlend lán, einkum þegar vaxtakjör voru með þeim hætti.

Þetta er eðlileg þróun og þess vegna er ekki rétt að gera sérstaklega mun á innlendri og erlendri lántöku í lánsfjáráætlun. Það sem auðvitað skiptir öllu máli er að þjóðarbúið sé að greiða niður skuldir sínar erlendis á meðan ekki er verið að fjárfesta mikið í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Þetta er mergurinn málsins, þetta hefur verið að gerast á undanförnum árum og þetta endurspeglast í viðskiptajöfnuði við önnur lönd. En nú er gert ráð fyrir því að þriðja árið í röð, á næsta ári, þá verði viðskiptajöfnuðurinn hagstæður. Hitt er svo annað mál að um leið og veður skipast þannig í lofti að hingað til landsins koma erlendir aðilar með fjárfestingu sem skapar atvinnu til lengri tíma þá getur það auðvitað gerst að viðskiptajöfnuðurinn snúist við og það myndist viðskiptahalli, en sá viðskiptahalli er að sjálfsögðu réttlætanlegur þegar verið er að nota peningana í arðsamar framkvæmdir sem koma til með að gefa störf og skapa tekjur bæði fyrir einstaklinga og okkur öll sameiginlega í ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er í sjálfu sér ekki langt eða flókið. Það er sett upp með hefðbundnum hætti og skiptist í lántökur ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, ýmis ákvæði um lánsfjármál og loks gildistökuákvæði. Ég sé ekki ástæðu til þess hér í minni framsöguræðu að fjalla nánar um einstakar greinar frv. Ég bendi hins vegar á að hv. efh.- og viðskn., sem fær málið til meðferðar, mun að sjálfsögðu kalla til sín fjölmarga aðila til þess að fjalla um einstakar greinar frv. og sannreyna þær tölur sem þar koma fram.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið það helsta sem fram kemur í þessu frv. en mun að sjálfsögðu taka þátt í umræðum sem fara fram á eftir, svara spurningum sem varða frv., en leyfi mér að fara fram á að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[13:51]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. 1. umr. um þetta frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996 gefur ekki að mínu mati tilefni til langra eða ítarlegra umræðna. Ég geri ráð fyrir því að málið sé þannig vaxið að skynsamlegra sé að það fái vandaða umfjöllun í nefnd áður en ítarleg umræða fer fram eftir tiltölulega lauslega skoðun að svo stöddu.

Það eru þess vegna örfá atriði sem ég vildi nefna sem varða þetta mikla mál. Hið fyrsta varðar lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða. Í ljósi þess hversu skuldsett íslenska þjóðin er, opinberir aðilar, sveitarfélög, atvinnulíf og heimili og í ljósi þess hversu greiðslubyrði vaxta og afborgana er þungbær þegar við horfum til framtíðar, þá ber að segja það eins og er að það er jákvætt og lýsir jákvæðri þróun sem fram kemur hér í þessu frv. að það er um að ræða umtalsverða lækkun á hreinni lánsfjárþörf ríkisins. Eins hæstv. fjmrh. vék að þá er hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán upp á rúmlega 50 milljarða að frádregnum afborgunum eldri lána upp á tæplega 48 milljarða, þá er hrein lánsfjáröflun 11,5 milljarðar sem er 2,5 milljörðum kr. lægri fjárhæð heldur en á yfirstandandi ári. Þetta er jákvæð þróun. Sumum kann að þykja þetta of lítið í ljósi þess að við erum þó þrátt fyrir allt með verstu erfiðleikana, þ.e. samdrátt í þjóðarframleiðslu, að baki. Engu að síður tek ég undir það með hæstv. fjmrh. að þetta eru merki um þróun í rétta átt. Oft hefur verið á það bent þar á móti að fjármögnun húsnæðislánakerfisins væri í vaxandi mæli að verða baggi á ríkissjóði. Það hefur verið svo á undanförnum árum. Hins vegar er það svo á yfirstandandi ári, að mér skilst, að útgáfa nýrra verðbréfa til fjáröflunar fyrir húsnæðislánakerfið er þrátt fyrir allt 2 milljörðum kr. lægri heldur en verið hefur og er kannski ástæða til þess að biðja hæstv. fjmrh. í þessari almennu fyrstu umræðu að fara nokkrum orðum um það því ég tók ekki eftir því að hann hefði gert það í framsöguræðu sinni.

Að því er varðar vaxtaþróunina þá má segja það kannski almennum orðum að vextir eru óeðlilega háir á Íslandi miðað við hlutlægar efnahagslegar forsendur. Það eru uppi væntingar um lækkun vaxta, en af því tilefni er kannski ástæða til þess að segja það hér úr þessum ræðustól að horfur á því hvað raunverulega gerist á fjármagnsmarkaði í þeim efnum munu mjög ráðast af því sem gerist hér á hinu háa Alþingi við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga.

Í fjárlagafrv. er því að sjálfsögðu slegið föstu að innbyggður halli í ríkisfjármálum er viðvarandi og núverandi hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til þess að stíga þar afdráttarlaus skref á komandi ári. Það er þó nokkur óvissa um forsendur fjárlaga. Að mörgu leyti eru þær veikar og jafnframt er veruleg óvissa um það hvernig meiri hlutinn hér á hinu háa Alþingi stendur að afgreiðslu fjárlaga, hvort hann stendur þó við þau tiltölulega takmörkuðu og hófsömu markmið sem þarna eru sett eða hvort sú afgreiðsla fer jafnvel að einhverju leyti enn úr böndunum á bögglauppboði. Það mun skipta sköpum um það hvað gerist með frekari þróun vaxta og ég geri ráð fyrir því að markaðarnir bíði átekta til þess að skoða hverju þar fram vindur.

Að því er varðar framboð og eftirspurn eftir lánsfé stærstu lántakenda í þjóðfélaginu þá fór hæstv. fjmrh. nokkrum orðum um það. Sú mynd er þannig að flestir aðilar í þjóðfélaginu eru að reyna að taka sig á. Fyrirtækin hafa á undanförnum árum verið að nota tækifærið vegna bættrar afkomu til þess að bæta skuldastöðu sína og draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Heimilin hafa jafnvel dregið úr henni líka. Sveitarfélögin eru að því er virðist samkvæmt þessum upplýsingum að reyna að stöðva öfugþróun sem verið hefur á fjármálum þeirra. Ríkið sker sig hins vegar úr, það er eini aðilinn þar sem eftirspurn eftir lánsfé fer vaxandi.

Nú er það svo að hæstv. fjmrh. hefur að undanförnu hælt sér af því að viðleitnin í ríkisfjármálum hafi verið eindregin í þá átt að ná tökum á sjálfvirkri útgjaldaþenslu en þar hafi aðrir legið eftir. Sérstaklega hafa þar verið nefnd til sögunnar annars vegar sveitarfélögin auk þess sem margir aðrir hafa lýst þungum áhyggjum yfir skuldasöfnun sveitafélaga. En þessar upplýsingar benda til þess að ef nokkuð er þá þurfi ríkissjóður að gera betur heldur en hér er fram komið ef við ætlum að meina eitthvað með þeim yfirlýstu markmiðum að ná fram raunverulegri lækkun vaxta og fjármagnskostnaðar.

Að lokum virðulegi forseti, vil ég vekja athygli á einum þætti þessa máls sem birtist í grg. með frv. á bls. 4. Þar er verið að víkja að mati á peningalegum sparnaði. Þar kemur það fram að frjáls sparnaður hefur hins vegar orðið verulega minni en áætlað var áður eða tæpir 7 milljarðar kr. í stað 13 milljarða. Þetta er út af fyrir sig áfall. Við vitum að fjárfesting í þessu þjóðfélagi er í sögulegu lágmarki. Við vitum jafnframt að íslenska þjóðfélagið sker sig

úr í samanburði við önnur þjóðfélög í kringum okkur, að hér er því sem næst engin erlend fjárfesting, engin erlend þátttaka áhættufjármagns við uppbyggingu atvinnulífs. Það er eðlilegt að sparnaður dragist saman á því tímabili þegar þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa farið minnkandi ár frá ári á undanförnum árum. En það voru hins vegar nokkrar væntingar við það bundnar að þegar umskiptin urðu upp úr árunum 1993–1994 varðandi efnahagsbata og í kjölfar aðgerða til þess að koma á aukinni hagræðingu og hreinsa til í efnahagslífinu að þá mundi innlend sparnaðarviðleitni taka við sér. Það er einkenni á íslenska fjármagnsmarkaðnum að sparnaður, innlendur sparnaður, er að langmestu leyti nánast í formi skyldusparnaðar eða kerfisbundins sparnaðar. Það er vantrauststmerki á framtíðina að það skuli vera þvílík umskipti til hins verra að því er varðar frjálsa sparifjármyndun í þjóðfélaginu sem hér er lýst. Það ásamt því að fjárfesting er í lágmarki, þetta tvennt eru kannski þær vísbendingar í þessu frv. sem í fljótu bragði eru þess eðlis að þær lýsa ekki bjartsýni á framtíðina.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti, en treysti því að um þetta verði betur fjallað í hv. efh.- og viðskn.

[14:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir ræðu hans sem ég tel nú að sé stuðningsræða við þá stefnu sem kemur fram í þessu frv. og reyndar í fjárlagafrv., enda er skammt síðan við vorum samherjar í baráttunni fyrir því að draga úr ríkisútgjöldum og ná niður halla íslenska ríkisins. Þegar rætt er um skuldasöfnun ríkisins held ég að það sé nauðsynlegt að hafa það í huga að ef áform ríkisstjórnarinnar ganga eftir á næsta ári þá gerist það í fyrsta skipti um margra ára skeið, líklega 8–9 ára skeið, að skuldir ríkissjóðs fara lækkandi í hlutfalli landsframleiðslu. Það þýðir að raunskuldaaukningin er minni heldur en aukning landsframleiðslunnar. Það er í fyrsta skipti frá því 1987 og það er auðvitað árangur þótt hann sé ekki nægur. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram.

Varðandi sparnað heimilanna og almennan sparnað í landinu, þá fjallaði ég um það nokkuð í minni ræðu. Það hefur komið í ljós að einkaneyslan hefur vaxið og það er reyndar þannig að þrátt fyrir að kaupmátturinn sé að vaxa verulega á þessu ári og miklu meira en áætlanir benda til, þá hefur einkaneyslan aukist talsvert meira heldur en það. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera áhyggjuefni ef slíkt heldur áfram. En menn þurfa sem sagt að skoða saman allar þessar tölur til þess að sjá raunverulega þá þróun sem er að eiga sér stað og ef menn skoða síðan spár fyrir næsta ár þá kemur í ljós að nokkuð mun draga úr einkaneyslunni í staðinn sem vonandi leiðir til meiri sparnaðar heimilanna heldur en verið hefur á undanförnum árum.

Það er þetta tvennt sem ég tel nauðsynlegt að komi fram á þessu stigi, en vil annars ítreka þakkir til hv. þm.

[14:02]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sannast sagna hreinn óþarfi af hæstv. fjmrh. að þakka mér einhverjar stuðningsyfirlýsingar. Hann er ekki að opinbera neitt ríkisleyndarmál þegar hann segir að við höfum verið bandamenn á umliðnum árum í viðleitni til þess að koma böndum á ríkisfjármál og að við höfum verið bandamenn og samstarfsmenn í því að reyna að koma í veg fyrir sjálfvirka útgjaldaþenslu ríkisins. Vissulega, þakkað væri nú. Hér talar fyrrv. fjmrh. og hæstv. núv. fjmrh. má gjarnan rifja það upp að í fyrrv. ríkisstjórn naut hann að sjálfsögðu skjóls bæði af ráðherrum okkar Alþfl. sem og þeim ráðherrum sem áður höfðu gegnt embætti fjmrh. og er dálítið óvenjulegt hversu margir þeir voru. Enda mæddi tiltölulega lítið á honum ef við berum það saman í sögulegu samhengi við hlutskipti fjmrh. í ríkisstjórnum almennt. Yfirleitt var það svo að það voru ráðherrar Alþfl. sem mest voru í skotlínunni og framlínunni þegar kom að því að draga saman í ríkisfjármálin miklu fremur en fjmrh. Og má vera að hann sakni þeirra daga eitthvað eða eigi eftir að finna fyrir viðbrigðunum því að hann er í öðrum félagsskap nú.

Kjarni málsins er þessi: Að sjálfsögðu erum við samstarfsmenn og ættum að vera það sem hér erum á Alþingi Íslendinga í því að reyna að koma stjórn á ríkisbúskapinn vegna þess að undir því eru önnur markmið komin, þ.e. undir árangri í þeirri viðleitni eru önnur markmið komin. Ef við viljum bæta hér lífskjör til frambúðar, ef við viljum örva fjárfestingu og nýsköpun, ef við viljum örva hagvöxt, þá þurfum við að ná niður fjármagnskostnaði og vaxtakostnaði. Og ef við viljum bæta hag almennings og fjölskyldna, bæði með því að draga úr atvinnuleysi sem og með því að bæta lífskjör eftir langt og erfitt þrengingaskeið, þá er það ekki síst undir því komið að okkur takist annars vegar að ná niður vöxtum og svo hins vegar að hafa stöðugleika í verðlagi og ná niður okurverði á lífsnauðsynjum. Ég er bandamaður allra sem einlæglega og af alvöru og festu beita sér fyrir því að við náum þessum markmiðum.

[14:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. taki það ekki illa upp þó ég enn ítreki þakkir mínar fyrir ræðu hans, sem mér finnst vera mjög góð og er eins og töluð út úr mínu hjarta. Ég skal líka þakka honum fyrir það skjól sem hann veitti mér í síðustu ríkisstjórn, það er mjög þakkarvert og allan þann stuðning sem kom frá hans flokksmönnum. En ég verð að sannfæra hann jafnframt um það að í núv. ríkisstjórn eru ekki bara fjórir fjmrh. eins og voru í raun í síðustu ríkisstjórn, því þeir voru fjórir sem höfðu verið fjmrh., heldur eru allir ráðherrar í núv. ríkisstjórn fjmrh. Þess vegna mæðir ekki eingöngu á fjmrh. heldur á allri ríkisstjórninni og hún ætlar sér að fylgja fram þeirri stefnu sem ég held að njóti mjög víðtæks skilnings og stuðnings meðal þjóðarinnar, en það er sú stefna að koma hér á jafnvægi í ríkisfjármálunum sem allra fyrst, enda er það forsenda fyrir því að við getum bætt lífskjörin í þessu landi, eins og hv. þm. gat réttilega um í sinni ræðu.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það liggur við að maður sé feiminn að koma í ræðustólinn eftir þessar ástarjátningar hér áðan og miklu þakkarræður. Það var eins og færi smá viðreisnarsöknuður um loftið í orðaskiptum þeirra, hæstv. fjmrh. og hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþfl.

Ég get tekið undir það að öðru leyti með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að það er kannski ekki tilefni til margra orða hér við 1. umr. þessa frv. Það lætur ekki mjög mikið yfir sér. Það sem ég ætla að nefna eru fyrst og fremst ein þrjú efnisatriði sem varða lántökur einstakra aðila. Ég vil segja um stöðu efnahagsmálanna og ríkisfjármálanna almennt að þar eru auðvitað ýmis veikleikamerki sýnileg, þó

að hér sé reynt að gera lítið úr því í greinargerð og framsöguræðu. Þar fer kannski fremst sú staðreynd að fjárfestingar eru ískyggilega litlar nú ár eftir ár á Íslandi, þannig að þær eru með því lægsta sem þekkist meðal aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Það sem verra er þó er að þetta er ekki ávísun á að það sé að safnast upp fjármagn í landinu á móti heldur þvert á móti eru ýmsir aðilar samtímis að safna skuldum. Menn geta út af fyrir sig bent á að fyrirtækin hafa nú tvö ár í röð eða svo náð að lækka þær lítillega, enda veitti ekki af. Þá verða menn að muna eftir út frá hvaða viðmiðunarpunkti sú viðmiðun er tekin, þ.e. út frá óheyrilegum skuldum til að mynda sjávarútvegsins eins og þær voru orðnar hér fyrir tveim til þrem árum síðan þegar sú þróun hófst að fyrirtækin fóru að ná þeim eitthvað niður.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að nefna vextina, sem eru allt of háir og standa hér allri fjárfestingu og nýsköpun fyrir þrifum og eru klafi á skuldsettu atvinnulífi og skuldsettum heimilum. Vaxtastigið í landinu er allt of hátt og því verður að ná niður.

Viðskiptaafgangurinn er því miður að hverfa þessa mánuðina og allt bendir til þess að þegar upp verður staðið við lok þessa árs verði afgangurinn af viðskiptunum við útlönd orðinn sáralítill því að sá jákvæði jöfnuður sem var þar á fyrri hluta ársins er að eyðast upp núna þessa mánuðina og svo mætti áfram telja.

Í heildina tekið er hér hægagangur í efnahags- og atvinnulífinu, viðvarandi atvinnuleysi, of lítil fjárfesting og ýmis fleiri alvarleg veikleikamerki. Þessum staðreyndum verður ekki eytt með yfirborðskenndri umfjöllun í greinargerð frv. til lánsfjárlaga eða efnisrýrum framsöguræðum.

Ég vek athygli á því út frá töflu sem hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni í sinni framsögu, ef ég tók rétt eftir, eða í töflunni á bls. 3 í frv. má lesa að stefnt er í þá ískyggilegu stöðu að skuldir heimilanna í landinu fari fram úr skuldum atvinnulífsins. Og ef svo heldur sem horfir þá eru líkur á að þessar línur skerist við lok þessa árs eða einhvern tíma á hinu næsta og þá verða heimilin orðin skuldsettasti aðili þjóðfélagsins ef þau eru tekin sem hópur, skuldsettari en atvinnulífið sjálft og það segir sína sögu um þá þróun sem hér hefur verið að eiga sér stað eða öfugþróun kannski á síðustu árum. Skyldi það nú ekki vera svo, herra forseti, að þessi þróun sé ekki tilviljun, að þarna séu að mælast með beinum hætti þær breytingar sem fylgt hafa hægri stefnunni hér á undanförnum árum, þ.e. stórkostlegar auknar álögur á almenning, flutningur skattbyrði af fyrirtækjum yfir á heimili og fjölskyldur, svo nemur milljörðum kr. eins og kunnugt er. Menn geta vissulega sagt að það hafi verið nauðsynlegt að bæta starfsskilyrði atvinnugreinanna og fyrirtækjanna, en við hljótum að setja spurningarmerki við þá aðferð að flytja þær byrðar allar saman einhliða yfir á almennt launafólk, yfir á heimilin með þeim afleiðingum sem hér blasa við. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst hæstv. fjmrh. vera að reyna að komast fullbillega frá þessum staðreyndum. Hvað segir hæstv. fjmrh. um þá staðreynd að skuldir heimilanna í landinu stefna nú á fjórða hundrað milljarða kr. og fara innan skamms, ef að líkum lætur, fram úr skuldum atvinnulífsins? Ég held að það verðskuldi eins og nokkrar mínútur af athygli hæstv. fjmrh. að ræða þessar dapurlegu staðreyndir við okkur.

Ég tel einnig í þriðja lagi, herra forseti, að orðalag varðandi fjármögnun húsnæðiskerfisins sé satt best að segja tæplega boðlegt. Það vita allir sem eitthvað hafa fylgst með þessum málum að þar hafa orðið miklar sviptingar á undanförnum missirum og lýsa sér aðallega í því að á öndverðu sl. ári hættu pappírar Húsnæðisstofnunar með öllu að seljast og það var svo að Húsnæðisstofnun stefndi í þrot. Hún kom ekki út sínum bréfum og varð alfarið háð ríkissjóði með fjármögnun. Og hvernig skyldi þetta vera afgreitt í greinargerð með þessu lánsfjárlagafrv.? Það er á bls. 6, hv. þm., ef menn vilja taka eftir. Þar er aldeilis ekki verið að skafa utan af hlutunum eða hvað í orðalagi. Það er sagt hér, með leyfi forseta:

„Stefnt er að því að Húsnæðisstofnun hefji aftur bein viðskipti við fjárfesta áður en langt um líður".

Þetta segir mér satt best að segja ekki mjög mikið. Svo er sagt hér síðar að ríkissjóður hafi tekið að sér þessa fjármögnun og þá megi einnig nefna það að útgáfa húsbréfa hafi verið í við minni það sem af er árinu en áætlað var, þ.e. að það hafi reynst minni þörf fyrir húsbréf eða eftirspurn eftir þeim. Svo segir: „Þetta kann þó að breytast síðari hluta árs þar sem félmrh. hefur lagt fram tillögur um að lánstími húsbréfa verði lengdur í allt að 40 ár, en talsverð óvissa er um hvaða vaxtakröfur markaðurinn gerir til slíkra verðbréfa. Þegar allt kemur til alls er gengið út frá því að eftirspurn eftir húsbréfum verði eins og heimilt er samkvæmt lánsfjárlögum fyrir 1995, eða um 13 milljarðar kr."

Þetta er satt best að segja, herra forseti, ákaflega loðið orðalag og segir ekki mikið, nema þá helst að það vísi í einhvern ágreining milli fjmrn. og félmrn. um þessi mál, eða hvað er verið að gefa í skyn? Af hverju er félmrh. allt í einu dreginn þarna til sögunnar með þessum hætti og síðan bætt við að það fylgi því hins vegar mikil óvissa hvað verði um vaxtakröfu á markaðnum þegar slík bréf koma til sögunnar? Ég leyfi mér að inna nánar eftir því hvert er mat fjmrn. á þessum hlutum. Er hægt að lýsa eitthvað aðeins inn í þá þoku sem þarna er sett fram í textanum? Er fjmrn. þeirrar skoðunar að það muni verða óheyrileg afföll eða allt of háir vextir á þessum bréfum? Metur fjmrn. það svo að það sé ef til vill beinlínis óskynsamlegt að fara út í lengingu þessara lána? Hvernig metur fjmrn. almennt möguleika Húsnæðisstofnunar til þess að komast aftur inn á markaðinn og ná í gang viðskiptum með sín bréf? Þetta orðalag sem þarna er á ferðinni segir okkur bókstaflega ekki neitt. Þannig að ef hæstv. fjmrh. treystir sér til að veita einhverjar frekari upplýsingar um málið þá væri það æskilegt, þó að að öðru leyti geti þeir hv. þm. sem eiga sæti í hv. efh.- og viðskn. að sjálfsögðu farið betur yfir málin þar, en ég tel ekki óeðlilegt við 1. umr. að einhverjar almennar vísbendingar komi fram. Og þessi frágangur eða þessi umfjöllun um mjög stóran þátt í ríkisfjármálunum og á innlenda peningamarkaðnum, í raun og veru þann stærsta þar sem er fjármögnun húsnæðislánakerfisins, að því séu gerð eitthvað gleggri skil hér.

Þá eru, herra forseti, að lokum tveir efnisþættir sem varða lántökur einstakra aðila. Það er í öðru lagi batteríið Þróunarsjóður sjávarútvegsins, sem ég hef kallað samdráttar- og niðurskurðarsjóð sjávarútvegsins. Því í raun og veru snýst þessi sjóður um það að bera fé á menn til þess að draga saman í sjávarútvegi, að skuldsetja sjávarútveginn um marga milljarða kr. fram í tímann til þess að reyna að draga úr veltu og umsvifum í greininni eins og þau eru í dag og er að mínu mati einhver heimskulegasta ráðstöfun sem lengi hefur verið uppi í þessum efnum fyrir utan þá ótrúlegu forræðishyggju og miðstýringu sem í því felst að treysta ekki útgerðarmönnum og útvegsmönnum sjálfum fyrir því að taka ákvarðanir

um það hvaða skip þeir eigi að hafa í rekstri og hvaða skip ekki og hvaða fiskvinnslustöðvar standi undir sér, hverjum þeirra sé hægt að finna verkefni og hverjum ekki.

Ég hef oft áður, herra forseti, spurt út í það hvað Sjálfstfl., flokkur einkaframtaksins og frelsi einstaklinganna til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í atvinnumálumálum eins og öðru, ætli að halda lengi verndarhendi sinni yfir þessari forræðishyggju. Hvaðan kemur mönnum sú speki að einhver sjóður eða stjórnvöld séu betur til þess fallin að meta það hvort einhver skip gætu fundið verkefni, t.d. á fjarlægum miðum eða einhverjar fiskvinnslustöðvar nýst til einhverrar verðmætasköpunar eða ekki? Hér er enn gert ráð fyrir því að reka þetta batterí áfram með umtalsverðum lántökum eða upp á um 850 millj. kr. ef ég hef lesið rétt, á næsta ári og setja það á herðar greinarinnar í framtíðinni sem skuldir. Með öðrum orðum, það er verið að skuldsetja þá sem eru á lífi eða verða það á komandi árum innan greinarinnar í þessu sambandi. Mér er það mikið umhugsunarefni, herra forseti, hversu lengi menn ætla að viðhalda þessari vitleysu. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hefur þetta mál komið til skoðunar af hálfu fjmrn. sérstaklega? Auðvitað eru ýmsar ástæður fyrir því að hagsmunagæsluaðilar í sjávarútvegi og sjóðakóngar, þeir sem eiga hagsmuna að gæta í formi lánveitinga til greinarinnar vilji viðhalda þessu kerfi því að þarna eru þeir einfaldlega að ná fjármunum út úr greininni með þessum hætti. Því miður fer minnst af þessu til sjávarútvegsins sjálfs heldur ganga þessir fjármunir til rekstraraðila framtíðarinnar sem þarna eru á ferðinni, þeir ganga auðvitað til ýmissa aðila sem sjávarútvegurinn skuldar þessa peninga í dag. Það væri fróðlegt að heyra það hvort fjmrn. eða hæstv. fjmrh. hafi litið eitthvað á þetta mál sérstaklega eða þetta sé bara gersamlega mött ávísun sem gangi þarna yfir á milli ráðuneyta.

Að síðustu, herra forseti, er það gamall kunningi, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og veit ég ekki hvers sá mæti maður á að gjalda að þetta skuli vera nefnt eftir honum eins og fjármálunum er þar komið. Er það meiningin að láta ný fjögur ár líða þannig að þetta verði haft afvelta áfram eða hvað er þarna á ferðinni? Það á auðvitað að taka lán einu sinni enn til þess að endurlána og fjármagna halla og afborganir eldri lána. En hvað þýðir það? Það er verið að velta boltanum á undan sér. Ég sé ekki að þarna sé verið að vísa í neina tilraun til þess að taka á málum. (Gripið fram í.) Standi það til að einkavæða tapið er það náttúrlega nýbreytni. Það hefur verið venjan að einkavæða og gefa gróðafyrirtækin en láta ríkið sitja uppi með tapið þannig að það væri nýbreytni ef menn fyndu formúlur á því að einkavæða tapið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég lýsi náttúrlega eftir þeim einkaaðilum sem eru tilbúnir til þess að taka þetta að sér. En staðreyndin er sú að þessi bygging var tekin í notkun í aprílmánuði 1987 og það lá svo mikið á að opna hana fyrir kosningarnar af þáverandi toppum Sjálfstfl. að það var unnið dag og nótt. Sumir veggir voru hlaðnir upp þrisvar, það varð brjóta þá niður tvisvar áður en þeir komust á réttan stað í byggingunni af því að það lá svo mikið á, það var ekki tími til að mæla fyrir þeim. Þessi vitleysa kostaði ómældar fjárhæðir, hundruð millj. ef ekki milljarða kr. og það er nógu mikið hneyksli hvernig að því var staðið. Hitt er náttúrlega enn hörmulegra að sjá þetta veltast síðan undan mönnum sem stækkandi snjóbolta og engin tilraun gerð til þess að taka á því. Hvað var mönnum að vanbúnaði, t.d. í síðustu ríkisstjórn, þegar menn áttu alla þá ráðherra þar sem til þess þurfti að taka eitthvað á þessu? Hvernig stendur á því að þetta kemur hér enn á ný í þessum búningi? Um þetta fóru fram umræður hér bæði fyrir tveimur árum og síðan aftur á síðasta ári ef ég man rétt og þá þóttust menn vera eitthvað að undirbúa það að taka á þessu. Það voru gerðar skýrslur, það átti að reyna að finna tekjustofna úr þjónustunni sjálfri til að standa undir þessu en hér er sem sagt enn á ný verið að lengja í snörunni eða velta boltanum á undan sér með þessum hætti.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um þetta. Nú sé ég að hæstv. fyrrv. utanrrh. ókyrrist í salnum, herra forseti, og það kann að vera sökum þess að honum renni blóðið til skyldunnar, hafandi borið ábyrgð á þessu sulli í ein átta ár og það er fróðlegt að fá hann inn í skoðanaskipti um þetta og mjög gagnlegt og ég fagna því að hv. þm. hefur beðið um orðið.

Það síðasta sem ég ætlaði að nefna í þessu sambandi er atriði sem oft áður hefur borið á góma og ég heyrði nefnt í fjölmiðlum fyrir nokkru síðan og það var spurningin um hvort stjórnskipulegri stöðu þessa rekstrar í flugstöðinni verður breytt. Núv. hæstv. samgrh. er loksins kominn á þá skoðun eins og reyndar fleiri hafa verið sem því embætti hafa gegnt að það væri náttúrlega eðlilegast að samgrn. færi með þetta mál og færi með forræði fyrir þessum samgöngumannvirkjum í landinu eins og öðrum slíkum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. eftir því hvort það gæti orðið einhver liður í endurskipulagningu og lausn þessara mála að þetta færðist þangað til og hvort hæstv. fjmrh. gæti stutt það að ef til þess kæmi að það yrði einnig hluti af því að taka á málum varðandi Flugstöð Leifs Eiríkssonar að fela e.t.v. samgrh. forræði fyrir málinu og þá kannski velta vandanum yfir á hann að taka á þessu. Ég sé ekki að mikill skaði sé skeður þó menn reyndu það því að það er búið að láta utanríkisráðherrana og fjármálaráðherrana glíma við þetta árangurslaust í mörg herrans ár. Út úr því hefur ekkert komið þannig að ég held að það gæti varla verið verra a.m.k. að prófa þá skipun mála.

Um þessi atriði, herra forseti, óska ég að hæstv. fjmrh. tjái sig.

[14:22]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að einstökum atriðum í þessari lánsfjáráætlun, Þróunarsjóði og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég hafði almennt gert ráð fyrir því að við 1. umr. ræddu menn stefnumarkandi atriði en ekki einstök verkefni en hann spurði sérstaklega: Hvað var mönnum að vanbúnaði í tíð fyrri ríkisstjórnar að koma með lausnir á viðvarandi fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hvort það gæti ekki verið leið til lausnar að breyta verkaskiptingu ráðuneytanna með því að færa verkefnið yfir til samgrn. Í ljósi þess að sl. sjö ár var ég ábyrgur fyrir þessum rekstri er rétt að upplýsa það einu sinni enn að í tíð síðustu ríkisstjórnar var fimm sinnum gerð að því atrenna með formlegum tillögum við ríkisstjórnarborð að fá samstöðu um lausn á fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og tókst aldrei. Meginástæðan fyrir því var sú að hæstv. samgrh. í fyrrv. ríkisstjórn lagðist ævinlega gegn öllum þessum tillögum og öllum útfærslum hverjar sem þær voru, þar á meðal þegar á það var fallist að ef hæstv. samgrh. gæti sætt sig við aðgerðir til að leysa fjárhagsvandann væri á það fallist að færa þetta undir samgrn. Þannig að meira að segja sú tillaga dugði ekki til.

Kjarni málsins er sá að það er auðvitað til vansa að þetta hefur verið látið dankast svona lengi. Staðreynd er það líka að tekjur verða til í rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem samgöngumannvirkis og þjónustumannvirkis sem gætu staðið undir vöxtum og afborgunum af öllum þessum bygg-

ingarkostnaði og er þó allt satt sem fram kom hjá hv. þm. um það hvernig til þess var stofnað. Kjarninn er hins vegar sá að fyrir utan það að bróðurparturinn af þessu rennur einfaldlega sem tekjur í ríkissjóð er um að ræða markaða tekjustofna til annarra framkvæmda í þágu samgöngukerfisins. Það er ekki hægt að segja: Ríkissjóður verður að hafa sínar tekjur. Síðan skulu vera markaðir tekjustofnar til annarra þátta samgöngukerfisins innan lands en jafnframt synjað um allar tillögur um annaðhvort gjaldtöku, sparnað eða breytingar á rekstri. Þannig hefur málið staðið. Það náðist aldrei pólitískt samkomulag um það og þess vegna er ástæða til þess að taka undir með hv. þm. og beina þeim spurningum til fjmrh.: Eru menn eitthvað nær einhverri niðurstöðu um að leysa þennan viðvarandi margra ára vanda?

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki mörgu við að bæta annað en þakka hv. þm. fyrir svörin. Þetta voru fróðlegar upplýsingar og reyndar ekki að öllu leyti nýjar. Við höfum áður heyrt að gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að leysa þennan fjárhagsvanda. Ég hafði ekki tölu á þeim. Það er mjög gagnlegt að fá það fram að fimm sinnum hafði verið gert á það áhlaup að stokka upp fjármálin hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar en allar hafi þær tilraunir orðið árangurslausar. Þar á meðal hafi verið boðið upp á verslun um það að ef samgrn. eða ferðamálin og sú tekjumyndun sem vissulega er fyrir hendi og er umtalsverð innan geirans yrði nýtt til að standa straum af þessum skuldum fengi samgrn. forræði fyrir mannvirkinu í kaupbæti. En sá kaupbætir hefur greinilega ekki dugað. Væntanlega hefur tillögupakkinn verið eitthvað ókræsilegur að mati hæstv. samgrh.

Það er auðvitað líka skaði, herra forseti, að við skulum ekki hafa hæstv. samgrh. nálægt oss til að ræða þessi mál. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gera kröfu til einhverrar umtalsverðrar efnislegrar umræðu um einstaka þætti hér en þegar á ferðinni eru hundruð millj. kr. lántökur til sérgreindra aðila er ekkert óeðlilegt við það að spurt sé um það við 1. umr. Ég tek þess vegna undir það og ítreka að ástæða er til þess að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefur um þetta efni að segja og hver staða málsins er því að það er satt best að segja ekki boðlegt að leggja upp í nýtt kjörtímabil ef ekkert á að taka á þessum vanda. Við þekkjum nokkur svona dæmi sem hafa verið afvelta árum saman ef ekki áratugum saman öllum til skammar sem að því hafa komið. Annað frægt dæmi eru náttúrlega ónefnd skip sem smíðuð voru í röð og hverra lán hafa verið látin hlaðast upp og það er sennilega komið eitthvað á annan áratug. Það stefnir í áratuginn með Flugstöð Leifs Eiríkssonar sáluga þannig að við skulum fara að skoða þessi mál.

[14:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að taka inn örfá efni en ég held að það sé ágætt að taka eingöngu Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrst hún ber á góma. (**SJS:** Hana ber á góma.) Hana ber á góma, ætlaði ég að segja. Ég biðst afsökunar á því. (**SJS:** Leifur var karlkyns.) Já, já, Leifur var karlkyns, getum við verið sammála um, held ég örugglega. Að vísu er hv. þm. sjálfsagt öruggari í þeim efnum en ég eftir síðustu reynslu. En án gamans vil ég staðfesta að ég er sammála fyrrv. utanrrh. og fyrrv. samgrh. um að það þarf að taka á þessum vanda sem er búinn að búa með okkur í mörg ár. En markmiðið hlýtur að vera að reksturinn á þessari stöð standi undir afborgunum og lánum og lauslegir útreikningar sýna okkur að það þurfi að vera hægt að ná framlagi sem svarar til 300 millj. á ári og það er unnið að því núna á milli ráðuneytanna þriggja, fjmrn., samgrn. og utanrrn. að finna lausn á þessu máli. Það veit hv. þm., fyrrv. utanrrh. Jón Baldvin, að ég hef fyrir mína parta alveg getað hugsað mér að málið færi yfir til samgrn. en aðalatriðið í mínum huga er að það fáist viðunandi lausn á þessu máli og að því er stefnt og ég hygg að það eigi að geta tekist samkomulag um það á næstunni.

Að sjálfsögðu kemur til greina að nota einkavæðingu í rekstri ýmissa fyrirtækja innan flugstöðvarinnar. Það hefur verið gert víða annars staðar og skilað ágætum árangri og það er líka alveg ljóst að það verður ekki hægt að ná þessum fjármunum til þess að greiða niður byggingarkostnaðinn á þeim tíma sem það þarf að gera án þess að nota einhverjar tekjur sem koma af farþegum og jafnvel að hækka leigugreiðslur þeirra sem eru til húsa í flugstöðinni eins og Fríhafnarinnar.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Óskaplega er þetta eitthvað þokukennt allt og erfitt. Ég er ekki viss um að það sé réttur útgangspunktur í þessu að það eigi að stefna að því afdráttarlaust að ganga þannig frá þessu máli að út úr rekstrinum í Keflavík eða skattlagningu farþega sem þar fara í gegn, í fluginu eða ferðaþjónustunni, komi allir þeir fjármunir sem til þess duga að hvort tveggja reka mannvirkið og borga niður skuldirnar. Það eru óheyrilegir peningar, einfaldlega vegna þess að þetta mannvirki varð allt of dýrt á sínum tíma. Síðan hafa þær skuldir hlaðið upp á sig. Það sem ég er fyrst og fremst að lýsa eftir er einhver niðurstaða í málinu. Ég gæti alveg séð fyrir mér að hún yrði því miður að vera á þann veg að einhver tiltekinn hluti greiðslubyrðanna komi úr ríkissjóði. Það er beinlínis óskynsamlegt að ganga svo langt í skattlagningu þarna eða hækka svo leigutekjur að allir flýi út úr húsinu. Eftir því sem ég best veit er leigan það há nú þegar að menn kveinka sér undan því að reka þarna pínulitla bása. Meira að segja Landsbankinn og Póstur og sími væla undan því að húsaleigan sé svo há að þeir geti varla haldið opnum smákrubbum. Það er ekki aðalatriðið í mínum huga að þvinga fram lausn sem þýðir hækkun á húsaleigu eða meiri skattlagningu eða sérstakan Leifs Eiríkssonar skatt á flugfarþega til landsins sem væri ekki góð auglýsing. Ég held að það sé aðalatriði að menn verða hreinlega að ná niðurstöðu sem gengur upp. Ef hún yrði t.d. á þann veg að einn þriðja eða helming af þessum stofnkostnaði yrði að greiða úr ríkissjóði en afgangurinn kæmi af rekstrartekjum er það þó niðurstaða, þá eru menn loksins að taka á málinu. En að velta því svona á undan sér er gersamlega glórulaust.

[14:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil áhyggjur fyrrv. samgrh. af þessu máli sem hann hefur sjálfsagt haft frá þeim tíma sem hann sá um samgöngumálin. Ég hef sagt að unnið sé að lausn þessa máls og ég tel að það sé óþarfi að hafa þessar miklu áhyggjur af því að flugstöðin sem slík og reksturinn, sem þar fer fram, geti ekki staðið undir greiðslu af lánum. Það tekur að vísu nokkurn tíma. Það gæti þurft að taka 20–30 ár en búast má við því að stöðin standi það af sér og hún þurfi ekki að afskrifast á styttri tíma.

Ég tel einnig að eðlilegt sé að skattur sem fellur nú á

farþega og er notaður til þess að byggja flugvelli út um allt land komi a.m.k. að hluta til til þess að greiða niður þessa flugstöð og ég veit að þar erum við sammála, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Sá skattur er á farþega sem fara um Keflavíkurflugstöðina. Það þarf ekki að taka mikið brot af honum. Það gæti verið innan við 20% en nýjustu hugmyndir sem ég hef séð benda til þess að hægt sé að ná út úr rekstri flugstöðvarinnar um það bil 300 millj. ef menn standa vel að þessu og ég veit að hv. þm., fyrrv. utanrrh., mun kannast við slíkar tölur. Að vísu þarf að breyta rekstrinum og gera hann fjölbreyttari og nýta möguleika til þess að hækka leigu á starfsemi sem þarna fer fram með svipuðum hætti og gerist í samsvarandi starfsemi annars staðar.

Ég held að það þurfi ekki sem betur fer að fara í sameiginlega sjóði landsmanna til þess að ná viðbótarfjármunum en auðvitað neyðumst við til að gera það ef við getum ekki náð því með þessum hætti. Aðalatriðið er þó, virðulegi forseti, að á þinginu virðist vera dugleg og góð samstaða um að á þessu máli verði tekið og ég er sannfærður um að sú ríkisstjórn sem nú situr lætur ekki undir höfuð leggjast að gera það og ítrekar að ráðuneytisstjórar þessara þriggja ráðuneyta eru um þessar mundir að ræða þessi mál.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek auðvitað fullgilt að núv. ríkisstjórn hafi á því hug að leysa þetta mál og sé með sína bestu og einna hæstlaunuðu menn, ráðuneytisstjórana, í nefnd um það efni og það er gott. (**Fjmrh.:** Flugumferðarstjórana.) Nei, ekki flugumferðarstjóra þó að þeir kunni örugglega líka á þessi mál. Þeir hafa nóg að gera við að stjórna flugumferðinni. Ég er ekki viss um að málið liggi þannig að við getum lengt þetta í 20–30 ára lán og borgað svo af þeim. Ég held nefnilega að það styttist í þann tíma að það þurfi að fara í framkvæmdir og úrbætur í þessum stað. Staðreyndin er að flugstöðin er að verða of lítil á mestu álagstímum og í öðru lagi er hún svo fáránlega hönnuð frá byrjun að hún rúmar ekki neitt innanlandsflug sem þyrfti að vera hægt að auka og tengja við millilandaflugið í Keflavík. Ef eitthvað væri þyrfti að vera hægt á næstu árum að horfa til þess að þarna yrðu frekari framkvæmdir og frekari uppbygging. Það kostar þá líka peninga þannig að ég held að flugstöðinni veitti ekkert af því að hafa eitthvað af tekjum sínum til slíkra hluta ef menn ætla að gera alvöru úr því að sækja fram í ferðaþjónustunni, sem er mjög mikilvægt, og þar er Keflavík og Keflavíkurflugvöllur alger miðpunktur.

Ég held að sú lausn hæstv. fjmrh. að krukka í flugvallarskattinn, þ.e. fara inn á hina mörkuðu tekjustofna flugmálaáætlunar og stela meiru af þeim í rekstur í staðinn fyrir að nota það til uppbyggingar í flugmálum, sé ekki góð leið. Ég veit ekki betur en í fjárlagafrv. sé þegar búið að ræna drjúgum hluta af þeim eða 190 millj. kr. í rekstur á næsta ári þannig að það er nú að verða lítið eftir. Það mál skulum við ræða betur þegar fjárlögin koma á dagskrá á eftir.

En ég segi það að lokum að það er fullur vilji af minni hálfu og væntanlega annarra þingmanna til þess að takast á við þessi mál. Ég hef lengi saknað þess að menn reyndu að gera það en með það í huga að reyna að nýta betur og spila úr þeim möguleikum sem þarna geta verið á svæðinu til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar í tengslum við millilandaflugið úr Keflavík. Ég held að sá háttur megi ekki týnast í einhverri skattlagningar- og álögugleði af hálfu hæstv. fjmrh.

[14:36]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 94. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 96 .

[14:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu kunnuglegt mál því að það er einu sinni svo að lánsfjárlögin eru með svipuðum hætti ár eftir ár og ekki ýkjamiklar breytingar. Hér er einmitt eitt af þeim frumvörpum sem teljast til þess pakka sem við afgreiðum á hverju hausti með fjárlögum, ráðstöfunum í ríkisfjármálum og skattafrumvörpum sem við erum ekki farin að sjá hér enn þá þegar kemur að tekjuöflun ríkisins og væri nú ástæða til þess að brýna hæstv. fjmrh. til að koma snemma með þau frumvörp inn á hið háa Alþingi þannig að við þurfum ekki að líta þau augum í fyrsta skipti í desember eins og hefur viljað brenna við ár eftir ár.

Það frv. sem hér er til umræðu endurspeglar greinilega að heldur er ástand mála að skána. Hinn margrómaði efnahagsbati er að sýna sig að hluta til í lántökum ríkisins en þó er ekki allt sem sýnist og það er ekki sama hvaða aðili er skoðaður. Ef við horfum á skuldastöðuna í heild þá er hún auðvitað mjög alvarleg og við Íslendingar sem þjóð skuldum býsna mikið. Í fjárlagafrv. segir um erlendar skuldir þjóðarbúsins, með leyfi forseta:

„Mikil umskipti hafa orðið á erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins á síðustu árum. Á árunum 1987–1993 hækkuðu erlendar nettóskuldir okkar úr 40% af landsframleiðslu í rúm 54%. Greiðslubyrði erlendra lána sem hlutfall af útflutningstekjum tvöfaldaðist á sjö árum og náði hámarki, tæplega 35% árið 1994. Þessi þróun hefur hins vegar snúist við og á síðustu árum hafa erlendar skuldir okkar lækkað verulega. Spár gera ráð fyrir að árið 1996 verði hrein erlend skuldastaða komin niður í 46% af landsframleiðslu og að greiðslubyrði erlendra lána nemi 23% af útflutningstekjum.

Erlendar skuldir einstakra geira þjóðfélagsins hafa þróast með mismunandi hætti. Erlendar skuldir lánastofnana og fyrirtækja hafa lækkað verulega á sama tíma og erlendar lántökur opinberra aðila hafa aukist. Þetta má fyrst og fremst rekja til þess að á síðasta ári leitaði ríkissjóður fremur á erlenda markaði en innlenda eftir lánsfé til að treysta í sessi þá vaxtalækkun sem orðið hafði. Lágir vextir leiddu síðan til þess að lánastofnun hjá fyrirtæki tóku lán í auknum mæli á innlendum markaði."

Þetta er athyglisverð lýsing á þeirri þróun sem hefur átt sér stað og auðvitað er vert að spyrja hvað liggur þarna á bak við. Það er staðreynd að tekjur ríkisins hafa aukist umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Veltan er að aukast í samfélaginu en við vitum líka að miklar skuldir hvíla á öðrum aðilum og þá verður mér ekki síst starsýnt annars vegar á sveitarfélögin og hins vegar heimilin í landinu. Það er mjög athyglisvert að lesa það sem segir í fjárlagafrv. um stöðu sveitarfélaganna en þar segir, með leyfi forseta:

„Afkoma sveitarfélaga hefur versnað mjög mikið á tiltölulega skömmum tíma. Árið 1990 voru sveitarfélögin rekin með afgangi, en frá þeim tíma hefur staðan gjörbreyst og hallinn aukist ár frá ári. Á árinu 1994 nam hallinn 7 milljörðum kr., eða sem samsvarar 22% af tekjum. Til samanburðar var halli ríkissjóðs sama ár innan við 7% af tekjum. Í kjölfar þessa hallarekstrs er fjárhagsstaða margra sveitarfélaga orðin mjög slæm. Því hafa mörg sveitarfélög gripið til sparnaðar- og aðhaldsaðgerða á árinu 1995. Spáð er að tekjur

aukist um rúmlega 2 milljarða króna á árinu og gjöld lækki um tæplega 2 milljarða kr. og hallinn verði þannig rúmir 3 milljarðar króna."

Þetta eru allt mjög athyglisverðar tölur og spurningin er sú hvernig samspilið er þarna á milli því að það er staðreynd að ríkið hefur velt ákveðnum byrðum yfir á sveitarfélögin. Sveitarfélögin í landinu eru að taka við sífellt fleiri verkefnum. Þau hafa auðvitað orðið fyrir barðinu á atvinnuleysinu og við sjáum þetta á mjög athyglisverðan hátt í Reykjavík þar sem staða borgarinnar er með þeim hætti að það er nánast enginn afgangur til framkvæmda hjá borginni heldur fer allt í rekstur og afborganir af lánum sem Sjálfstfl. tók til þess að koma upp glæsihöllum sínum í borginni og við erum að súpa seyðið af. Á meðan ríkissjóður er heldur að laga sína stöðu fer ástandið enn versnandi hjá sveitarfélögunum. Ég hef spurst reglubundið fyrir um það hjá Reykjavíkurborg hvort þar á bæ verði menn varir við þennan margrómaða efnahagsbata og ég fæ alltaf sama svarið sem er nei. Eins og kom nýlega fram í fréttum aukast beiðnir um félagslega aðstoð jafnt og þétt hjá Reykjavíkurborg sem segir okkur að atvinnuleysi vegur ákaflega þungt hjá mörgum heimilum og skapar mikla erfiðleika og þarna er ekki samhljómur á milli. Á meðan ástandið skánar hjá ríkissjóði hafa fyrst og fremst heimilin í landinu tekið á sig þá efnahagslegu erfiðleika sem hér hafa verið. Þetta speglast einmitt í þessu frv. þar sem gerð er grein fyrir skuldum hinna stóru aðila í samfélaginu. Að vísu er athyglisvert að lántökur ríkisins hafa aukist í krónum talið þó að heildarstaðan sé að skána, þ.e. að þessar skuldir séu ekki eins þung byrði á ríkissjóði og áður var. Sveitarfélögin hafa dregið saman seglin í lántökum sínum og eru að reyna að rétta sína stöðu en það þýðir auðvitað um leið að sveitarfélögin verða að draga saman í framkvæmdum sem eykur atvinnuleysið og gerir sveitarfélögunum erfiðara um vik að taka á því alvarlega ástandi.

Fyrirtækin hafa líka dregið úr lántökum sínum og við vitum að mjög mörg fyrirtæki hafa verið að hagræða í rekstri sínum og greiða niður skuldir en við vitum líka jafnframt að fjárfestingar í atvinnulífinu hafa verið í sögulegu lágmarki eins og Seðlabankinn orðaði það í sínum skýrslum í fyrra og það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. fjmrh. hvort eitthvað sé að rofa til í þeim efnum, hvort menn verði eitthvað varir við auknar fjárfestingar. Við höfum nýlega heyrt gleðileg tíðindi af samningum Íslenskra sjávarafurða við Rússa og menn eru sífellt meira að leita út fyrir landsteinana að verkefnum og verða auðvitað að gera það þegar þröngt er um hér heima þannig að maður spyr sig hvað er á bak við svona tölu að fyrirtækin hafi dregið sínar lántökur saman um 7,2%. Er það vottur um bætta stöðu og betri rekstur eða er þetta einfaldlega samdráttur?

Síðan eru það skuldir heimilanna sem enn aukast um 4,6% í janúar til júní á þessu ári. Þótt þar hafi dregið úr aukningu eða hægt á henni, ef svo má að orði komast, þá eru þetta samt gífurlegar upphæðir og mjög athyglisvert að sjá það sem síðasti ræðumaður benti hér á áðan, að skuldir heimilanna í landinu eru að nálgast skuldir fyrirtækjanna. Á meðan fyrirtækin í landinu skulda 313,7 milljarða kr. í júní 1995 þá skulda heimilin 305,1 milljarð kr. Þetta eru auðvitað gífurlegar upphæðir og Seðlabankinn hefur margsinnis vakið athygli á versnandi skuldastöðu heimilanna sem er í beinu samhengi við atvinnuleysið í landinu, samdrátt í yfirvinnu og auðvitað þá láglaunastefnu sem hér hefur verið rekin um árabil og veldur nú mikilli ólgu í samfélaginu eins og við þingmenn höfum orðið varir við.

Við hljótum auðvitað að velta fyrir okkur hvað býr að baki þessum tölum og hvernig ber t.d. að túlka það að heimilin eru ekki að auka skuldir sínar í jafnríkum mæli og áður. Það er sérstaklega bent á það hér að eftirspurn eftir húsnæðislánum hefur dregist saman. Hvað þýðir það? Er það vegna þess að fólk treystir sér ekki í húsnæðiskaup? Er það vegna þess að að einhverju leyti er búið að metta markaðinn eða hvað liggur þarna að baki? Það er ekki gott að átta sig á því án þess að það fari fram rækileg skoðun á því. Þetta tengist nú því sem ég ætla að taka fyrir hér á eftir sem er Byggingarsjóður verkamanna þar sem nú eru boðuð ýmis tíðindi.

Það eru líka mjög athyglisverðar upplýsingar sem koma fram í greinargerð frv. um sparnað heimilanna sem hefur orðið miklu minni en gert var ráð fyrir, þ.e. frjáls sparnaður heimilanna, 7 milljarðar í stað 13 milljarða. Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann og hans ráðuneyti kunni einhverjar skýringar á þessu eða hvort þeir átti sig á því hvað þarna er á ferð. Var þetta einfaldlega ofáætlun hjá ráðuneytinu og þeim sem voru að spá í þessi spil? Eða hvað liggur þarna að baki? Ég þykist vita það að heimilin í landinu eigi yfirleitt lítinn afgang til þess að leggja til hliðar, því miður. Þetta er auðvitað eitt af því sem þarf að reyna að bæta.

Ég ætla þá að koma að þremur atriðum varðandi þessar lántökur. Reyndar er það eitt atriði sem mig langar að minnast á á undan, það varðar þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum fjármagnsmarkaði og þau áhrif sem hin óhefta samkeppni við erlendan markað hefur haft. Það kom fram þegar Seðlabankinn gerði efh.- og viðskn. grein fyrir þróuninni fyrr á þessu ári og á sl. ári að töluvert útstreymi varð úr landinu fyrstu mánuðina eftir að frelsið komst á en síðan dró úr því. Ég hef skilið það svo að þarna væri bara sæmilegt jafnvægi. En mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvernig hann sér þessa þróun, áhrif þessa frelsis? Hafa þau orðið eitthvað öðruvísi en menn reiknuðu með eða er þetta allt í góðu gengi? Við þurfum auðvitað að fylgjast grannt með fjárstreymi inn og út úr landinu því að það getur haft mikil áhrif á efnahagslífið ef streymi fjármagns út úr landinu verður óeðlilega mikið.

Þá ætla ég að víkja hér að þremur atriðum varðandi einstakar lántökur. Ég vil fyrst taka undir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í fjárlagafrv. er bent á það, sem reyndar kom mjög skýrt fram í fyrra, að rekstrarhallinn á flugstöðinni er það mikill, að fyrirtækið eða stofnunin á engan veginn fyrir afborgunum og skuldum. Maður spyr sig: Hvernig á þetta dæmi að ganga upp? Hvað ætla menn að gera til að reyna að koma rekstrinum í eitthvert horf? Ég held að það geti varla verið leið að hækka leigu mikið í stöðinni eða að þar sé mikið fé að finna, a.m.k. við fyrstu sýn.

En það sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í þessari umræðu er það sem snýr að húsnæðismálunum og þá sérstaklega Byggingarsjóði verkamanna. Það kemur fram að lántökur Byggingarsjóðs verkamanna verða samkvæmt frv. fimm milljarðar, sexhundruð og sextíu millj. kr. á næsta ári. Lántökur eru með nokkuð svipuðum hætti og verið hefur. En jafnframt á að skera mikið niður lán til nýrra íbúða. Það á að fækka allverulega lánum til félagslegra íbúða. Við þingmenn Reykjavíkur, þar með talinn hæstv. fjmrh., við hljótum að setja spurningarmerki við þessa þróun og þurfum auðvitað að átta okkur á því hvort ákveðin óráðsía og skipulagsleysi sem átt hefur sér stað úti á landsbyggðinni eigi að bitna á

Reykjavík. Á það að koma niður á láglaunafólki í Reykjavík, þótt íbúðir standi auðar úti á landi? Þýðir þetta að hér verði dregið verulega úr byggingu félagslegra íbúða? Þetta þurfum við, þingmenn Reykjavíkur, að hafa vel í huga þegar við skoðum stöðu Byggingarsjóðs verkamanna.

Það sem einkum tengist lánsfjárlögunum er auðvitað það að Byggingarsjóði verkamanna hefur, eins og öðrum sjóðum og stofnunum sem hér koma við sögu, verið ýtt lengra og lengra út á lánamarkaðinn á meðan framlag ríkisins hefur verið skorið niður. Á þessu ári á beint framlag ríkisins til sjóðsins að nema 400 millj. kr. og það kom fram á fundi félmn. í gær að viðstöddum fulltrúum Húsnæðisstofnunar, að það stefnir í algjört óefni hjá Byggingarsjóði verkamanna og hann verður kominn í mjög mikla erfiðleika upp úr næstu aldamótum nema að gripið verði þar til sérstakra aðgerða. Það sem nefnt var í því samhengi var annaðhvort að auka beint framlag ríkissjóðs eða hækka vextina. Miðað við ástandið og tilgang þessa sjóðs þá held ég að það komi ekki til greina að hækka vexti meira en gert hefur verið og því hljótum við að spyrja hvað núverandi ríkisstjórn ætli sér með þennan sjóð og hvernig henni er stætt á því að skera svona niður framlögin til hans þegar útlitið er jafndökkt og það er. Þarna er málefni sem virkilega þarf að taka á.

Ég vil líka aðeins minnast á Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem telst nú ekki til minna sérgreina í þessum efnum. En það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. varðandi þróun sjóðsins og auðvitað verður það kannað í hv. efh.- og viðskn. Það var spáð illa fyrir honum í upphafi og það er ekki hægt að átta sig á því af þeim upplýsingum sem hér koma fram hvort allt er með tilætluðum hætti varðandi rekstur hans. Gegnir hann hlutverki sínu eða ekki? Hér á að taka lán upp á 850 millj. kr. til að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. ef hann getur svarað því: Hver er spáin varðandi þennan sjóð? Búast menn við svipuðum lántökum á næstu árum eða er reiknað með að þær fari sífellt vaxandi? Hverju spá menn varðandi sjóðinn og hvernig er staða hans? Það var sagt þegar verið var að setja hann á stofn að hann ætti ekkert í heimanmund annað en skuldir og daufar framtíðarvonir en hvernig hefur þetta mál þróast?

Það er ýmislegt fleira, hæstv. forseti, sem vert væri að ræða í þessu samhengi en tíminn er útrunninn og það mun væntanlega verða hér frekari umræða við 2. umr. um þetta mál.

[14:57]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðheyrt að hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, hefur ekki átt erindi inn fyrir Elliðaár nýlega, né heldur að hv. kvennalistaþingmenn telji sig eiga þangað erindi. Tilefni þessara orða minna er að ég vildi heyra nánari skýringar hjá hv. þm. á því þegar hún segir að óráðsía og ráðdeildarleysi landsbyggðarinnar muni valda vandræðum og bitna á íbúum höfuðborgarsvæðisins vegna þess að íbúðir á landsbyggðinni seljist ekki. Ég vildi biðja hv. þm. að gefa nánari skýringar á þessu. Er það óráðsía og ráðdeildarleysi þegar fiskstofnarnir dragast saman og atvinna minnkar í sjávarbyggðunum og íbúðaverð lækkar og þær verða nánast óseljanlegar? Einhverjir vildu nú selja. Er það ef til vill óráðsía og ráðdeildarleysi sem þessu veldur? Ég vildi fá nánari skýringar hjá hv. þm. og það væri fróðlegt að fá að vita hvort þetta er samþykkt niðurstaða Kvennalistans.

[14:59]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur fram í fjárlagafrv. og hefur reyndar margsinnis komið fram í máli hæstv. félmrh. að í lok síðasta árs voru 115 félagslegar íbúðir óseldar úti á landi. Nú vill svo til að ég átti sæti í stjórn verkamannabústaða hér í Reykjavík um nokkurt árabil og þekki þessi mál nokkuð vel af eigin raun. Ég veit að það hefur verið mjög langt í frá að Reykjavík hafi getað uppfyllt þá þörf sem hér er fyrir félagslegt húsnæði. Hins vegar veit ég líka, og nú bið ég þingmanninn að hlusta vel, að víða úti á landi hafa og hefur verið byggt félagslegt húsnæði umfram þarfir án þess að þar hafi verið raunverulega kannað hver þörfin var. Það hefur verið altalað, ég ætla bara að láta það fjúka hér, að sveitarstjórnunum hafi verið meira í mun að halda uppi vinnu í sínu sveitarfélagi heldur en að þær væru beinlínis að sinna þörf fyrir félagslegt húsnæði. Hins vegar er það rétt sem fram kom hjá þingmanninum að félagslegar íbúðir hafa víða orðið mjög dýrar. Auk þess sem víða er ekki þörf fyrir þær, þá eru þær svo dýrar að fólk ræður ekki við kaup á þeim, verð á þeim er ekki í neinu samræmi markaðsverð á öðru húsnæði á þessum stöðum. En því miður þá er það staðreynd að það hefur verið byggt umfram þarfir.

[15:01]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig mikið umhugsunarefni að hv. þm. telji sig geta kveðið upp þann úrskurð og dóm hér í þinginu að sveitarstjórnarmenn hafi haft meiri áhuga á því að byggja en að koma upp húsnæði yfir tekjulágt fólk. Ég tel þessa afstöðu mjög óábyrga. Ég þekki ekki nokkurn sveitarstjórnarmann, og þekki ég þó ýmsa, sem hafa vísvitandi staðið fyrir íbúðarhúsabyggingum án þess að þeir ættu von á því að um þær væri sótt. Í reglum og lögum er gert ráð fyrir því að félagslegar íbúðir séu byggðar að undangenginni athugun.

Hins vegar er það þannig, eins og fram kom í ræðu minni hér áðan, að vegna atvinnuástandsins þá skipast oft skjótt veður í lofti úti á landi og ekki síst í sjávarbyggðunum. Varðandi það að fram hafi komið hjá hæstv. félmrh. að íbúðir hafi ekki selst, þá held ég að það séu nú kannski fleiri skýringar á því en að ekki sé eftirspurn eftir þeim. Það eru kannski ýmsir sem telja hag sínum betur borgið með því að fá þessar íbúðir á leigu fremur en að festa fjármuni sína í þeim. Ekki síst þegar áróðurinn gegn þessum byggðum er nú með þeim hætti eins og fram kemur hjá hv. þm. Ef hamrað er á því nógu lengi að þar sé óbyggilegt og dreginn kjarkur úr fólki, þá má kannski búast við því að fólk leiti fyrr en síðar þeirra kosta að flytja.

Hæstv. forseti. Ég tel algerlega órökstutt það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði hér. Og þótt hún vísi þar til orða hæstv. félmrh. þá eru forsendurnar fyrir því að félagslegar íbúðir hafa ekki selst svo margar, að ekki er hægt að draga þá ályktun að það sé vegna óráðsíu.

[15:03]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að ég sé hér með einhvern áróður gegn byggðum úti á landi. Að mínum dómi á fólk að búa þar sem það vill búa eða getur búið ef það kærir sig um. En spurningin snýst auðvitað um það hvernig við Íslendingar ráðstöfum þeim peningum sem við höfum til umráða. Og ég fullyrði það enn og aftur og ég gæti nefnt ákveðin dæmi um sveitarstjórnir sem hafa gengið á fund

stjórnar Húsnæðisstofnunar eins og grenjandi ljón og heimtað að fá peninga til húsnæðisbygginga sem ekki hefur verið þörf fyrir. Ég ætla ekki að upplýsa ... (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að þingmaðurinn upplýsi það?) Nei, ég ætla ekki að gera það, af því að ég hef ekki skriflegar upplýsingar, ég hef þær frá fulltrúum í stjórn Húsnæðisstofnunar. En ég vil upplýsa þingmanninn um það að hv. félmn. ætlar að kynna sér sérstaklega stöðuna í félagslega húsnæðiskerfinu. Og ég býðst til þess að veita honum þær upplýsingar sem við fáum þegar þar að kemur. En allt tengist þetta því hvernig við nýtum okkar peninga. Og við hljótum að viðurkenna það, bæði sú sem hér stendur og hv. þm. Sturla Böðvarsson, að þar hefur ekki alltaf verið farið skynsamlega með. Við höfum fjárfest að ýmsu leyti óskynsamlega og minnir þar margt á hvernig menn fóru að ráði sínu í Færeyjum. Ég minni þar t.d. á hafnir og heilsugæslustöðvar og ýmislegt sem hefði mátt samnýta miklu betur en við gerum. Það sama gildir um félagslegt húsnæði. Það er rétt sem fram er komið að það á að fara fram könnun í sveitarfélögum á þörfinni en þær kannanir hafa bara ekki farið fram. Það er frekar undantekning en regla að sveitarstjórnir kanni hver þörfin er. (**StB:** Það er greinilegt að þingmaðurinn hefur ekki mikla hugmynd um hvað hann er að tala.) Jú, ég hef töluverða þekkingu á því. En ég vona að það sé rétt sem fram kemur hjá þingmanninum að í hans kjördæmi sé þetta allt í sóma.

[15:06]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra, 79. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 79.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, 89. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 91.

[15:06]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá ræðumönnum sem talað hafa á undan mér við þessa umræðu, er e.t.v. ekki ástæða til að setja á langar ræður við 1. umr. um frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir. Það mun ganga til efh.- og viðskn. til nánari meðferðar og skoðunar á þeim einstöku atriðum sem í því felast. Eigi að síður vildi ég leggja örfá orð inn í þessa umræðu um þau meginmarkmið sem þetta frv. felur í sér. En auðvitað er þetta frv. nátengt frv. til fjárlaga sem verður hér til umræðu síðar í dag, eða framhald þeirrar umræðu.

Það er lykilatriði í þessu frv. að það gerir ráð fyrir minnkandi lánsfjárþörf ríkisins. Ég vil leggja mikla áherslu á þetta markmið og að það gangi eftir. En auðvitað er þetta markmið og það er afar áríðandi að málum verði stýrt á þann veg að lánsfjárþörf ríkisins minnki á næsta ári. Það er forsenda fyrir því að vextir geti lækkað og að það verði rúm á fjármagnsmarkaði fyrir atvinnulífið í landinu, til atvinnuuppbyggingar. Og það er ein mesta kjarabót fyrir almenning í landinu miðað við þá skuldsetningu sem er hjá heimilunum. Ég tek undir það markmið að vextir geti lækkað. Þýðing þess fyrir heimilin og fyrir atvinnulífið í landinu er afar mikil svo ekki sé meira sagt.

Hv. 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, kom inn á þetta atriði í ræðu sinni í upphafi þessarar umræðu. Ég get tekið undir flest af því sem hann sagði. Ég fagna því að sjálfsögðu að mér heyrðist að það væri góður skilningur hjá ræðumanni fyrir þessum markmiðum. En það var eigi að síður svolítill efatónn í ræðu hans um að þessi markmið mundu nást og hæstv. fjmrh. væri e.t.v. í verri félagsskap nú en hann var á síðasta kjörtímabili, hefði minna skjól heldur en af hans breiðu herðum síðast. Ég vil láta það koma fram og tala þar fyrir munn þingflokks okkar, að það er staðfastur ásetningur okkar að stýra málum á þann veg að lánsfjárþörf ríkissjóðs fari hlutfallslega minnkandi og að það markmið sé raunhæft. Í ljósi þess var sú stefnumarkandi ákvörðun tekin á síðasta vori að ná halla ríkissjóðs niður í áföngum á tveimur árum. Það hefði auðvitað mátt hugsa sér að reiða það hátt til höggs að reyna að ná þessum halla niður á einu ári, en það er betra að ná þessu markmiði í áföngum heldur en að það náist ekki því að það rýrir traust á efnahagsstefnunni. Þess vegna vil ég segja það að við framsóknarmenn viljum gera það sem í okkar valdi stendur til að raða málum í forgangsröð á þann veg að markmiðið varðandi minnkandi lánsfjárþörf ríkissjóðs náist. Það er nú svo að íslenskur lánsfjármarkaður er lítill og viðkvæmur fyrir sveiflum þannig að hallarekstur ríkissjóðs hefur bein áhrif á vaxtastigið í landinu. Eins og svo margoft hefur verið rakið er þjóðhagslegur sparnaður íslensku þjóðarinnar minni heldur en gerist og gengur í okkar helstu viðskiptalöndum. Það er vissulega áhyggjuefni að sparnaðarmarkmið skuli ekki hafa staðist. Það veldur einnig erfiðleikum í þessu efni að það hefur farið saman verulegur hallarekstur ríkissjóðs og vaxandi hallarekstur sveitarfélaga þannig að hallatölur sveitarfélaganna eru orðnar umtalsverð stærð inn á íslenskan lánsfjármarkað. Það er mjög áríðandi að snúa þessari þróun við til þess að auka trú á íslensku efnahagslífi þannig að vextir fari lækkandi til hagsbóta bæði fyrir heimilin í landinu og atvinnulífið í landinu. Þar fara hagsmunir einstaklinga og fyrirtækja saman.

Það er ekki létt verk að standa að þessu og það hefur reynst nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem ekki eru vinsælar í þjóðfélaginu. En þetta er nauðsynjaverk og grundvöllur fyrir því sem koma skal. Því miður hefur það verið þannig að opnunin á íslenskum fjármagnsmarkaði og tenging við erlenda markaði hefur ekki laðað að sér fjárfestingu og það er halli á fjármagnsviðskiptum við útlönd. Það er nauðsyn að breyta þessu og frv. er þáttur í því og þess vegna er það svo nauðsynlegt að markmið þess standist.

Ég vil aðeins leggja eitt orð inn í þá umræðu sem hefur verið hér um Byggingarsjóðs verkamanna. Í athugasemdum við 4. gr. segir að lagt sé til að honum verði heimiluð lántaka að fjárhæð 5,6 milljarðar á árinu 1996 en lántökur sjóðsins voru áætlaðar samtals 6,6 milljarðar á árinu 1995 og ráðgert sé að veita lán til 230 nýrra íbúða og 850 endursöluíbúða. Þetta er að vissu leyti stefnubreyting, ég viðurkenni það. En ég tel að það sé rétt að leggja áherslu á það að lána til kaupa á íbúðum fremur en að leggja ofuráherslu á nýbyggingar eins og hefur vissulega verið gert á undanförnum árum. Ég er ekki að lasta það í sjálfu sér en ég held að það þurfi að spyrna við í þessum efnum og ræða um framtíð þessarar starfsemi og hvaða áherslur koma notendum best.

Það er vissulega þannig að félagslega íbúðakerfið úti á landi hefur lent í ógöngum og þar, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl., hafa auðvitað miklu fleiri þættir í efnahagslífinu áhrif á heldur en þeir að sveitarstjórnarmenn úti á landi hafi verið of ákafir að byggja. Það hefur því miður verið þannig að fólki hefur fækkað úti á landsbyggðinni og íbúðir hafa staðið auðar af þeim sökum.

Ég viðurkenni það að hér er um vissa stefnubreytingu að ræða, að leggja áherslu á kaup á íbúðum, en ég tel að það sé rétt áhersla meðan mál sjóðsins eru athuguð. En ég veit að hæstv. félmrh. hefur vilja á því að skoða þessi mál

sérstaklega og vinnur að því.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta mál að sinni. Erindi mitt hér upp var eingöngu að undirstrika það markmið frv. að draga úr lánsþörf ríkissjóðs og þann ásetning okkar framsóknarmanna að stuðla að því að þau markmið standist.

[15:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa 1. umr., sem eðli máls samkvæmt fjallaði fyrst og fremst um þá stefnu sem kemur fram í lánsfjárlögum og reyndar þá í fjárlagafrv. einnig. Hv. nefnd sem fær málið til meðferðar mun að sjálfsögðu fjalla ítarlegar um einstaka þætti og ég bið hv. þm. að virða mér það til vorkunnar að ég mun ekki svara ítarlega einstökum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint, enda er nægur tími til þess að glöggva sig betur á efni frv. í hv. efh.- og viðskn. Það eru þó örfá atriði sem ég vildi nefna.

Í fyrsta lagi hefur nokkuð verið rætt um skuldir heimilanna. Það er út af fyrir sig rétt að skuldir heimilanna munu vaxa á yfirstandandi ári og því næsta, en spáin er hins vegar sú að vöxturinn verði minni heldur en hann hefur verið. Þegar þessi tala er skoðuð verða menn einnig að hafa í huga bæði kaupmátt ráðstöfunartekna, en þó einkum og sér í lagi einkaneysluna og hvernig hún hefur þróast. Það kemur nefnilega í ljós þegar litið er á tölur sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út, bæði fyrir þetta ár og næsta ár, að einkaneyslan hefur vaxið talsvert mikið, sem þýðir að heimilin eru að eyða mun meiru heldur en áður hafði gerst. Bæði er það að kaupmátturinn hefur vaxið, en eyðslan er umfram það. Þegar litið er á þessar tölur verður maður sem sagt að gæta þess að horfa á þær í samhengi.

Þegar litið er síðan á hinn kerfisbundna sparnað, þá mega menn ekki heldur gleyma því að hann á að verulegu leyti rót að rekja til lífeyrissjóðakerfisins og eigendur þess fjármagns eru að sjálfsögðu heimilin í landinu. Það er ekki fært upp í bókhaldi heimilanna sem eign. Þetta eru útgjöld, iðgjöld til lífeyrissjóðanna. Þar fer hins vegar mikil ávöxtun fram og oft eru það heimilin sjálf sem taka lán hjá lífeyrissjóðum og öðrum sem taka aftur lán hjá lífeyrissjóðunum, eins og t.d. Húsnæðisstofnun ríkisins, og sú ávöxtun eykur enn eignir heimilanna hjá lífeyrissjóðunum. Þegar talað er um eyðslu, skuldir og sparnað verða menn því að líta á allar tölurnar í senn og sem betur fer hefur það gerst hér á landi að sparnaður í lífeyrissjóðum er talsverður og meiri en gengur og gerist í sambærilegum kerfum annars staðar. Því er fyrir að þakka að við höfum byggt upp lífeyrissjóði annars staðar en hjá hinu opinbera með þeim hætti að það eru ekki gegnumstreymissjóðir heldur sjóðir sem byggjast upp og standa síðan undir verulegum hluta fjárfestingarinnar og jafnvel einkaneyslu og annarri neyslu, svo að ekki sé minnst á samneysluna sjálfa og halla sem er á hjá opinberum aðilum. Þetta þurfa menn að hafa í huga.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi síðan um húsnæðiskerfið, einkum um húsbréfakerfið, og varpaði til mín tveimur spurningum. Önnur var sú, ef ég man rétt, hvort ég teldi það takast að koma húsnæðisbréfum, sem eru bréf sem Byggingarsjóður ríkisins, Húsnæðisstofnun, selur á markaði, hvort það tækist að koma þeim á markað, en eins og fram kemur í texta þessa frv. og fleiri frumvarpa og er alkunna, þá hefur ríkissjóður tekið lán og endurlánað Húsnæðisstofnun að undanförnu.

Þessu get ég ekki svarað öðruvísi en svo að það er ætlun okkar að reyna þetta og við teljum góðar líkur á því að það takist, en við munum að sjálfsögðu taka enga þá ákvörðun sem á að standa til eilífðarnóns. Þetta er dálítið sem við verðum að fá að leika af fingrum fram. Ég á heldur von á því að þetta takist og þá dregur auðvitað úr lánum ríkissjóðs en aukast að sama skapi lán til annarra aðila á vegum ríkisins.

Hin spurningin var um ávöxtunarkröfu húsbréfanna ef lánstíminn væri lengdur í 40 ár eða meðallánstími þá væntanlega í 20 ár því að það verður að taka tillit til þess að það er útdráttarkerfi á þessum bréfum. Samkvæmt lögmálinu ætti ávöxtunarkrafan að breytast eitthvað, en mér er kunnugt um að það liggur fyrir álit frá, ef ég man rétt, einum af sérfræðingum Seðlabankans, sem hefur bent á að það þurfi ekki nauðsynlega að gerast, og í raun og veru getur enginn svarað þessari spurningu nema markaðurinn sjálfur. Þess vegna held ég að bæði ég og hv. þm. verðum bara að bíða og sjá hvernig markaðurinn tekur þessum nýju bréfum. Þau eru nokkuð sérstaks eðlis einmitt vegna útdráttarfyrrkomulagsins. Sumir hafa haldið því fram að þau séu lakari kostur á ýmsan hátt heldur en bréf sem eru til 15, 20, 25 ára eins og sum önnur bréf sem t.d. lífeyrissjóðir geta fjárfest í og aðrir þeir sem vilja fjárfesta til lengri tíma. Öðruvísi get ég ekki svarað þessari spurningu. Ég hygg að það sé sama hvert hv. þm. leitar, hann fengi ekki öðruvísi eða betri svör við þeim.

Ég hygg að á bak við þessa spurningu hafi legið sú meginspurning hvort ekki væri einhver ágreiningur á milli stjórnarflokkanna í þessum efnum. Ég verð að hryggja eftir atvikum eða gleðja hv. þm. með því að svo er ekki. Menn eru sammála því að gera þessi bréf fjölbreyttari og ég tek það fram að það er verið að stytta þau líka. Það er bæði verið að stytta þau og lengja. Ég vil bæta því við að það er um það gott samkomulag á milli fjmrn. og félmrn. að kanna það á næstunni hvort ekki sé hugsanlegt að koma þessum bréfum úr ríkisábyrgð og þá væntanlega með þeim hætti að ríkið og lánastofnanir, jafnvel Húsnæðisstofnun að auki, komi sér saman um einhvers konar ábyrgð, jafnvel húsbanka — ég ætla ekkert að lýsa því frekar því málið er auðvitað lítið sem ekkert rætt — þannig að ekki verði um hreina ríkisábyrgð að ræða.

Þetta kerfi var þannig hugsað í upphafi, þegar fyrstu tillögur komu fram, ef ég man rétt, þá var það Kjartan Jóhannsson, þingmaður Alþfl., sem var einn aðalhöfundur þessarar hugmyndar, sem reyndar er ekki ný af nálinni því þetta kerfi þekkist í nálægum löndum. Þar hafa menn farið þá leið að stofna „hypotek" eða húsbanka, koma þessu út úr ríkisumsjánni. Því það er vitað að erlendir lánardrottnar Íslands eða íslenska ríkisins líta talsvert til ábyrgða og ekki síst ef ábyrgðir eru á lánum sem veð er fyrir í húseignum þá þykja það ekki með allra tryggustu lánum víða annars staðar. Reyndar er það svo hér að þetta eru sjálfsagt allra tryggustu veð sem til eru. En vegna reynslu sem til hefur orðið bæði í Bandaríkjunum og reyndar víðar þá horfa fyrirtæki eins og Moody's og Standard & Poor, sem gefa einkunnir fyrir lánshæfni ríkja, fyrirtækja, á slíkar ábyrgðir þegar verið er að meta lánshæfni. Þess vegna teldi ég það æskilegt að við losuðum okkur frá þessari ríkisábyrgð á nýjum útgefnum bréfum og þá þarf auðvitað að tryggja að það leggist til hliðar fjármagn sem gæti staðið undir þeim öryggiskröfum sem slíkt kerfi þarf á að halda.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir ræddi síðan um fjárfestingar hér á landi og um útflutning og innflutning á fjármagni.

Því miður get ég ekki á þessari stundu gefið upplýsingar um það hvernig þróun hefur verið á þessu ári um útflutning á fjarmagni vegna fjárfestinga íslenskra aðila erlendis. Þó hygg ég að nokkuð hafi dregið úr henni miðað við sl. ár. Það var gert ráð fyrir því að íslenskir fjárfestar, til að mynda lífeyrissjóðir, mundu vilja breyta samsetningu eigna sinna og fara til útlanda og það er ekkert við því að segja. Eignir Íslendinga, ekki síst lífeyrissjóða, erlendis geta gert okkur heilmikið gagn, geta jafnað út áhættuna og það er auðvitað sjálfsagt fyrir íslenskan almenning sem á þessa lífeyrissjóði að gera slíkt. Ég hygg hins vegar að það hafi heldur dregið úr þessu á yfirstandandi ári, ekki síst vegna þess að vextir hafi verið í hærra lagi upp á síðkastið hér á landi og þá er ekkert óeðlilegt að fjárfestar vilji frekar fjárfesta í eignum eða bréfum hérlendis.

Ég bendi hins vegar á að frelsi í fjármagnsflutningum hefur gert það að verkum að fyrirtæki sem ekki þykja mjög stór, eru náttúrlega stór á íslenskan mælikvarða, hafa fengið erlent fjármagn til landsins og nýleg dæmi tvö eru annars vegar Olís og hins vegar Stöð 2. Á okkar mælikvarða eru þetta ekki neinar smáupphæðir því hér er líklega um að ræða 3–4 milljarða kr. sem verið er að festa fé í íslenskum fyrirtækjum.

Ég vil eingöngu nota tækifærið og segja: Það er lífsnauðsynlegt fyrir íslenska fjármagnsmarkaðinn og reyndar fyrir lífskjör okkar hér á landi að okkur takist að fá hlutdeild í því alþjóðlega fjármagni sem er til í heiminum. Það lýsir í raun og veru trú fólks og fjármagnseigenda og þeirra sem fara með fjármagn annarra, sem auðvitað eru bankar og verðbréfafyrirtæki annars staðar, á efnahag viðkomandi ríkja þegar sóst er eftir að fjárfesta í þeim ríkjum. Þess vegna skiptir afar miklu máli að Ísland verði eitt þeirra ríkja, eitt þeirra landa, sem alþjóðlegir fjárfestar hafa áhuga á. Og ef við fáum einn eða tvo þá er mikil von til þess að slíkir aðilar hafi áhuga á fjárfestingum víðar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Ég held satt að segja og hef sagt það oft áður, þannig að það á ekki að vekja undrun þó að ég segi það enn einu sinni, að við ættum að vara okkur á því að múra ekki of mikið ákveðnar atvinnugreinar inni og hugsa sem svo, sem er allt of ríkt í Íslendingum: Við skulum leyfa útlendingum að koma hingað og fjárfesta í því sem að við teljum að sé heldur hæpið en halda hinu algerlega hjá okkur. Það er nefnilega þannig að þessir aðilar sem eru að fjárfesta eru engir kjánar, þetta er ekki fólk sem að gera þetta af einhverri góðsemi við okkur, það er að minnsta kosti þá liðin tíð ef fólk gerir það, þeir koma hingað til að ávaxta sitt fé. Og ef þeir gera það ekki með áhættufjármunum eins og ég er hér að lýsa, með því að fjárfesta hér, þá eru þeir að sjálfsögðu tilbúnir til að lána okkur fjármuni. En slíka fjármuni þarf ávallt að greiða til baka hvort sem fyrirtækjum hér á landi gengur vel eða illa.

Þetta segi ég hérna vegna þess að ég tel að frelsi á fjármagnsmarkaði hér og opnum út á við sé mjög mikilvægt tæki til þess að leggja grunn að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis sem aftur á að geta skapað störf, bætt efnahagslífið og lífskjörin í landinu.

Því miður get ég ekki nákvæmlega sagt um Þróunarsjóðinn hvernig hann kemur til með að starfa á næstunni. Ég vil eingöngu rifja upp það sem ég hygg að allir viti. Annars vegar það að Þróunarsjóðurinn tók yfir skuldbindingar, gamlar skuldbindingar, sem að ríkið átti að greiða erlendis. Ef ég man rétt var það í kringum einn milljarður. Síðan var hugmyndin að Þróunarsjóðurinn tæki lán og notaði þá fjármuni á næstunni bæði sem framlög, eins og kemur fram í texta frv., til einstakra fyrirtækja, en einnig til þess að greiða niður eldri lán. Ég minni á að Þróunarsjóðurinn hefur tekjustofn og þegar litið er kannski til 15, 20 næstu ára þá eiga fjármál sjóðsins og eigið fé hans að vera í jafnvægi. En þar sem ég veit að þetta er ekki fullnægjandi svar um sjóðinn þá bið ég hv. þm. um að afla sér frekari upplýsinga í nefndinni, enda, ef ég man rétt, á hv. þm. sæti í efh.- og viðskn.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, vonast ég til að ég hafi svarað einhverjum af þeim spurningum sem að til mín hefur verið beint, en vænti þess að umræður megi halda áfram í nefndinni þegar hv. Alþingi hefur þóknast að senda þetta mál til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1995, 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga ársins 1995. Frv. hefur verið lagt fram á þskj. 44 og er 44. mál þingsins.

Fyrst vil ég láta þess getið að verið er að athuga betur nokkur mál sem kann að reynast nauðsynlegt að leggja fyrir þingið og fjárln. á síðari stigum. Þau mál snúa flest að ráðstöfunum til að leysa rekstrarvanda nokkurra stofnana. Ég vil þó sérstaklega nefna eitt atriði sem leiðir af nýgerðum búvörusamningi milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna vegna stuðnings við sauðfjárframleiðendur. Í þeim samningi er gert ráð fyrir 250 millj. framlagi úr ríkissjóði til að taka á þeim birgðavanda, á þremur árum reyndar, sem myndast hefur á undanförnum árum í kjölfar minnkandi markaðar fyrir kindakjöt innan lands.

Nú er talið að birgðir innan greiðslumarks, þá er ekki verið að tala um umsýslukjötið svokallaða, geti orðið um 2.000 tonn í lok þessa verðlagsárs, jafnvel hefur verið talað um ívið hærri tölu, án sérstakra aðgerða. Samningurinn miðast við að varið verði 150 millj. kr. til þessa verkefni í ár og mun ég flytja brtt. við þetta frv. ef Alþingi fellst á nýja búvörusamninginn, en það mun sjást þegar móttökur búvörulagafrv., sem lagt verður fram í dag, sjást, sem vonandi verða sem allra fyrst, því það liggur mjög mikið á því að fá afgreiðslu þessa máls því bændur bíða auðvitað eftir því að sjá hver úrslit þingsins verða, en Bændasamtökin samþykktu þennan búvörusamning um síðustu helgi eins og öllum er kunnugt.

Það er fyrirhugað að verja þessum 150 millj. kr. að hluta til til markaðsaðgerða innan lands með sölu á dilkakjöti og að hluta til til markaðsstuðnings við útflutning, hvort tveggja til að ná niður birgðum. Á þessu stigi er ekki fullljóst hvernig þessari upphæð verður skipt, en um það verður að sjálfsögðu náið samráð á milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna.

Í grg. með frv. eru veittar skýringar á þeim útgjaldatilefnum sem leitað er heimilda fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að ræða um einstök atriði eða tildrög mála að þessu sinni heldur mun ég fjalla um meginatriðin í endurskoðaðri áætlun um ríkisfjármálin eins og þau koma fram í frv.

Í þjóðhagsáætlun sem lögð var til grundvallar fjárlögum

ársins 1995 var gert ráð fyrir bata á flestum sviðum efnahagslífsins eftir langvinna efnahagslægð. Í samræmi við þær spár var gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfnartekna heimilanna mundi aukast og atvinnuleysi mundi lækka frá árinu 1994. Talið var að efnahagsbatinn myndi vega upp áhrif ýmissa skattalækkana og styrkja tekjuhlið ríkissjóðs. Við setningu fjárlaganna var tekjuaukinn nýttur að hluta til þess að draga úr halla á ríkissjóði og að hluta til aðgerða í atvinnumálum með sérstöku framkvæmdaátaki í vegagerð.

Á þeim tíma ríkti hins vegar nokkur óvissa um áhrif kjarasamninga á ríkisfjármálin þar sem flestir kjarasamningar voru lausir í byrjun ársins 1995. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að niðurstaða samninganna yrði í takt við áætlaðan hagvöxt og að samningarnir mundu þannig samrýmast áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og stefnumiðum ríkisstjórnarinnar um minni halla á ríkissjóði. Miðað við þessar forsendur voru fjárlög ársins 1995 afgreidd með 7,4 milljarða kr. halla.

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1995 hefur nú verið endurmetin og er talið að greiðsluhalli ríkissjóðs verði um 8,9 milljarðar kr. á árinu. Greiðsluhalli ríkissjóðs er að sjálfsögðu sá halli sem myndast samkvæmt uppsettum fjárlögum þar sem eingöngu er horft á sjóðstreymi en ekki skuldbindingar. Gangi þetta eftir verður frávikið frá fjárlögum um 1,5 milljarðar kr. eða sem svarar til um 1,4% af tekjuáætlun fjárlaga. Frávik gjalda og tekna frá fjárlögum eru nokkru meiri en ganga til beggja átta og mun ég hér á eftir geta þeirra helstu. Ég vek athygli á að yfirlit um helstu frávikin er að finna á bls. 26 í grg. með frv.

Flest bendir nú til þess að efnahagsbatinn verði meiri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Þannig var í fjárlögum reiknað með að einkaneysla gæti aukist um 2,5% frá árinu 1994 og að hagvöxtur á mælikvarða vergrar landsframleiðslu yrði um 2,1%. Nú er hins vegar talið að aukning einkaneyslu milli ára verði 4,5% og að hagvöxturinn verði 3,2%. Einnig eru horfur á að ráðstöfunartekjur á mann aukist um 5,5% í stað 2,8% í áætlun fjárlaga. Þessi auknu umsvif í efnahagsstarfseminni hafa skilað ríkissjóði viðbótartekjum af virðisaukaskatti og öðrum veltutengdum sköttum, en einnig af tekjusköttum vegna betri afkomu fyrirtækja og heimila. Þá er útlit fyrir að vaxtatekjur og arðgreiðslur verði talsvert hærri en reiknað var með í fjárlögum. Á móti verður ríkissjóður af talsverðum tekjum vegna niðurfellingar á tekjuskatti af lífeyrisgreiðslum sem ákveðin var í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á árinu. Að samanlögðu er nú áætlað að tekjur ársins 1995 verði 114,4 milljarðar kr. eða um 2,3 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum.

Ef við lítum aðeins á gjaldahliðina þá er gert ráð fyrir heldur meiri breytingum. Horfur eru á að útgjöldin verði um 123,3 milljarðar kr. eða 3,8 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum. Nærri 2 milljarðar kr. af útgjaldaaukanum skýrast af áhrifum kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu. Eru þá talin með útgjöld vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að svonefndar eingreiðslur almannatrygginga skyldu greiddar í samræmi við ákvæði kjarasamninga ASÍ og VSÍ sl. vor. Í annan stað má rekja tæplega hálfan milljarð af viðbótarútgjöldum til nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar og Alþingis eftir afgreiðslu fjárlaga, svo sem varðandi rekstrarvanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, aðstoð við íbúa Súðavíkur í kjölfar snjóflóða o.fl. Í þriðja lagi hafa útgjöldin aukist um 550 millj. kr. vegna sparnaðaráforma í sjúkratryggingum sem ekki hafa gengið eftir. Loks nema önnur ný útgjaldatilefni af ýmsum toga alls um 1100 millj. kr. Í því sambandi má t.d. nefna 330 millj. kr. aukningu vaxtagjalda og svipaða hækkun vegna uppgjörs á mörkuðum tekjum framkvæmdasjóða aldraðra og fatlaðra. Á móti þessu koma nokkur tilefni til lækkunar sem alls nema um 800 millj. kr., þar af eru 425 millj. kr. launagreiðslur sem féllu niður í verkfalli kennara fyrr á árinu. Í því sambandi má þó geta þess að ríkið hefur fallist á að fjölga kennslustundum tímabundið og munu þær falla til bæði nú í haust og eins fyrri part næsta árs.

Nýjar fjárlagaheimildir sem leitað er eftir með frv. vegna framangreindra útgjaldatilefna nema þannig alls um 3,3 milljörðum kr. Að auki er í frv. lagt til að fjárveitingar gildandi fjárlaga verði hækkaðar sem nemur ýmsum óhöfnum heimildum í árslok 1994, en jafnframt lækkaðar sem nemur umframgjöldum á árinu 1994.

Þetta er kannski dálítið flókin framsetning eins og þeir þekkja sem hafa lesið grg. þessara frv. Ég veit ekki hvort mér gefst tækifæri til þess hér síðar að fara örlítið betur í gegnum það. En nettóbreytingin, og það er hún sem skiptir máli, nemur 1,5 milljörðum kr. Nýjar heimildir ársins 1995, að viðbættum breytingum vegna greiðslustöðu í árslok 1994, verða þannig alls 4,9 milljarðar kr. í frv.

Gert er ráð fyrir því að í lok ársins 1995 hafi á sama hátt myndast afgangsheimildir og umframgjöld sem leitað verði staðfestingar á með frv. til fjáraukalaga ársins 1996. Hins vegar er talið að í ár verði gengið á slíkar óhafnar heimildir ráðuneyta sem nema um hálfum milljarði kr. einkum vegna meiri nýtingar á fjárveitingum til viðhalds og stofnkostnaðar. Í greiðsluáætlun ársins 1995 er þess vegna reiknað með að greidd heildargjöld í árslok aukist um 3,8 milljarða kr. frá fjárlögum og verði alls 123,3 milljarðar kr. eins og áður er getið.

Það er kannski ástæða til þess hér að staldra aðeins við og minna á að ástæðan fyrir því að menn færa skuldbindingar og inneignir yfir áramót er sú að með því vildum við ná betri tökum á ríkisrekstrinum. Það hefur sem betur fer tekist. Það er ekki sama hvatning og áður að eyða öllu því sem að hægt er að eyða rétt fyrir árslok né heldur gerist það nú að fyrirtækjum og stofnunum ríkisins sem spara sé hegnt með því að það sé tekið af fjárveitingum næsta árs. Að sama skapi gerist það hins vegar að þau fyrirtæki og þær stofnanir sem fara yfir fjáralagaheimildir geta búist við því að þær þurfi að endurgreiða þá fjármuni á næsta ári eða næstu árum. Þetta hefur haft verulega þýðingu að sjálfsögðu fyrir ríkisfjármálin og orðið til þess að auðveldara er fyrir menn að horfa til lengri tíma en eins árs í senn og er það vissulega mikill kostur.

Ef litið er til hagrænnar skiptingar ríkisútgjaldanna er fyrst að nefna að nú er áætlað að rekstrarkostnaður verði um 1,3 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum. Viðbótarútgjöldin stafa að stærstum hluta af auknum launagjöldum ríkissjóðs í kjölfar nýrra kjarasamninga. Launahækkanir á árinu eru taldar leiða til um 850 millj. kr. útgjalda umfram forsendur fjárlaga. Mest munar um kjarasamninga kennara, en kostnaður af þeim er metinn á 545 millj. kr. Á móti vegur að launagreiðslur að fjárhæð 425 millj. kr. féllu niður á meðan verkfall kennara stóð yfir eins og ég hef minnst á áður. Samkvæmt þessu aukast launaútgjöld nettó um 430 millj. kr. til viðbótar við þær 800 millj. kr. sem þegar hefur verið gert ráð fyrir á launa- og verðlagsmálalið fjárlaganna.

Af öðrum málum vega þyngst um 240 millj. kr. vegna

rekstrarhalla hjá stofnunum heilbrrn. og um 100 millj. kr. vegna stofnana utanrrn.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru taldar verða 48 milljarðar kr. í ár eða alls um 1,6 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hefur þá verið tekið tillit til 370 millj. kr. lækkunar sem skiptist á nokkra tilfærsluliði. Af einstökum tilefnum til hækkunar munar mest um 1.300 millj. kr. auknigu bótagreiðslna í lífeyristryggingum og 280 millj. kr. í atvinnuleysistryggingum vegna kjarasamninga. Á launa- og verðlagsmálalið fjárlaga hafði þegar verið gert ráð fyrir 560 millj. kr. til að mæta þessum hækkunum og nema viðbótarútjöldin því um einum milljarði kr.

Í annan stað eru horfur á að umframútgjöld sjúkratryggginga verði 550 millj. kr. vegna ýmissa sparnaðar- og aðhaldsaðgerða sem áformaðar voru í fjárlögum en gengu ekki eftir eða hafa ekki gengið eftir hingað til. Þá má nefna að 210 millj. kr. eru vegna uppgjörs á mörkuðum tekjum Framkvæmdasjóðs aldraðra sem gert er ráð fyrir að renni til að leysa úr fjárhagsvanda ýmissa sjúkrastofnana. Vextir verða um 12,6 millj kr. eða rúmlega 300 millj. kr. hærri en reiknað var með við setningu fjárlaga. Skýrist þetta einkum af aukinni skammtímalántöku erlendis.

Varðandi vextina verður að segja frá því að eftir því sem stærri stokkur er tekinn til styttri tíma, þá hækka vextirnir því þá falla þeir til jafnóðum eða innan ársins. En á greiðslugrunni gerist það að lán til lengri tíma hleður upp vöxtum sem ekki eru síðan greiddir fyrr en þegar viðkomandi lán kemur til greiðslu. Á yfirstandandi ári var um það að ræða að ríkið þurfti að greiða verulega stórt lán en slíkt mun halda áfram á næstu árum, enda eru skuldir ríkisins háar eins og margoft hefur komið fram. Það ætti að vera hv. þm. umhugsunarefni þegar íslenska ríkið fer að greiða 13 milljarða í vexti. Þeir peningar verða ekki notaðir til annarra hluta og þetta er afleiðing af uppsöfnun skulda og rýrir auðvitað getu þjóðarinnar, ríkisins, ríkissjóðs til þess að standa undir ýmsum þeim kosntaði sem við erum vön að láta eftir okkur. Þess vegna hlýtur það að vera keppikefli að draga sem allra mest úr skuldunum og fyrsta skilyrðið til þess að það geti gerst er að sjálfsögðu að draga úr halla ríkissjóðs og síðan þegar honum hefur verið eytt að greiða niður skuldir.

Það hefur einnig komið fram þegar minnst er á þetta atriði og kom fram fyrr í umræðum í dag að það gerist nú á næsta ári, gangi þessi áform eftir, að í fyrsta skipti í 8 eða 9 ár mun það gerast að skuldir íslenska ríkisins, bæði erlendar og innlendar, munu lækka í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Er það auðvitað annars vegar vegna þess að gert er ráð fyrir minni skuldsetningu en áður, en einnig vegna hins að hagvöxtur er heldur meiri en hefur verið á undanförnum árum.

Viðhald og stofnkostnaður verður um 600 millj. kr. umfram forsendur fjárlaga eins og nú horfir. Um það bil helmingur fjárhæðarinnar stafar af kostnaði við snjómokstur Vegagerðarinnar. Afgangurinn skýrist að mestu af því að aðstoð við fyrirtæki á Vestfjörðum var heimiluð með fjáraukalögum undir lok síðasta árs en kemur ekki til greiðslu hjá Byggðastofnun fyrr en í ár.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja aðeins að lánahreyfingum ríkissjóðs. Lakari rekstrarafkoma en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum hefur í för með sér að lánsfjárþörf ríkissjóðs eykst um 1,5 milljarða kr. Þá er útlit fyrir að endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði 500 millj. kr. hærra en ætlað var þar sem heimildir sjóðsins fluttust milli ára. Hér kemur a.m.k. að hluta til skýring sem hefði verið gott að muna eftir í lokaræðu við fyrra mál sem hér er á dagskrá í dag.

Önnur aukning hreinnar lánsfjárþarfar er um 7,5 milljarðar kr. og stafar nær öll af því að ríkissjóður hefur þurft að hafa milligöngu um lántökur fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins eins og kunnugt er. Þessi endurlán hafa hins vegar engin áhrif á heildarlántökur opinberra aðila.

Líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að með frv. verði gerðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum þessa árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða í lok síðasta árs. Þessar ráðstafanir hafa ýmist verið nefndar yfirfærslur eða flutningur heimilda milli ára. Kann það orðalag að hafa leitt til nokkurs misskilnings um tilhögun þeirra sem stundum verður vart við í umfjöllun fjölmiðla og jafnvel hjá opinberum aðilum. Virðist því ekki vera vanþörf á að árétta meginatriðin í fyrirkomulagi þessara ráðstafana Alþingis.

Í frv. til síðari fjáraukalaga ársins 1994 eftir að endanlegt greiðsluuppgjör hafði farið fram var leitað eftir heimildum vegna allra umframgreiðslna ráðuneyta á því ári. Í fskj. með frv. voru jafnframt kynntar tillögur um hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs með tilliti til óhafinna fjárveitinga og umframgjaldaliða í lok liðins árs. Á því stigi voru tillögurnar einungis til kynningar og voru ekki hluti af heimildarákvæðum frv. Þar sem fjárveitingar fjárlaga ársins 1994 gilda aðeins fyrir það ár verður hins vegar að afla nýrra heimilda fyrir breytingum á fjárveitingum ársins 1995 vegna greiðslustöðu liða í lok síðasta árs.

Í 2. gr. frv. sem hér liggur fyrir, frv. til fyrri fjáraukalaga ársins 1995, eru þær tillögur fluttar í einu lagi undir launa- og verðlagsmálalið fjmrn. og koma þannig til ákvörðunar á Alþingi á sama hátt og aðrar heimildir frv. Í reynd eru fjárheimildir því ekki yfirfærðar eða fluttar milli ára af hálfu framkvæmdarvaldsins, heldur ákvarðar Alþingi breytingar á gildandi fjárlögum með hliðsjón af greiðslustöðu liða í lok liðins árs og að fengnum tillögum fjmrh. Hefur þetta fyrirkomulag líkt og í mörgum öðrum löndum aukið ráðdeild í ríkisrekstrinum og stuðlað að agaðri fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana eins og ég vék fyrr að í mínu máli.

Þegar menn líta á þetta, og þetta kann að vera framandi fyrir suma hv. þingmenn, er eðlilegast að líta á bls. 46 og 47, þ.e. fskj. 1 í frv., en þar er listi yfir breytingar á framlögum 1995 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1994. Ef við lítum á fyrsta dálkinn þar sem segir: Rekstur óhafið, þá er verið að leita þar viðbótarheimilda 1995. Síðan dregst frá næsti liður, rekstur umframgjöld. Það eru atriði sem við teljum að viðkomandi stofnanir og liðir eigi að bera sjálfir og síðan koma viðbæturnar í næstu tveimur dálkum, þ.e tilfærslur og viðhald, þannig að í raun og veru til þess að fá samtöluna, þá leggur maður dálkana saman, þann 1., 3. og 4 en dregur dálk nr. 2 frá. Þannig fæst samtala sem er í síðasta dálkinum. Vona ég að þetta hafi komist mjög vel til skila til þeirra mestu áhugamanna um ríkisfjármál sem hér sitja og hlýða á mál mitt að þessu sinni. Þetta mál þekkja hv. fjárlaganefndarmenn mjög vel, enda fjalla þeir um einstaka liði frv. og venjan er sú að gera ekki þessa liði að umtalsefni við 1. umr. heldur fremur í nefndinni og við síðari umræðu málsins.

Heildartölur vegna þessara ráðstafana í frv. eru þannig að í fyrsta lagi er lagt til að framlög til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 1995 verði aukin um 603 millj. kr. vegna afgangsheimilda liðins árs, en að rekstrarfjárveitingar skerð-

ist á móti um 597 millj. kr. vegna umframgjalda liðins árs þannig að þessar tölur jafnast nokkuð út.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að afgangur á tilfærslulaframlögum síðasta árs sem nemur 363 millj. kr. komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög. Og í þriðja lagi nemur heimild til viðhalds og stofnkostnaðar tæpum 1.200 millj., nánar tiltekið 1.193 millj. kr. vegna óhafinna fjárveitinga ársins 1994. Þetta er auðvitað sýnt eins og ég gat um áðan á fskj. nr. 1 með frv.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok máls míns leggja til að frv. verði vísað til hv. fjárln. að lokinni 1. umr. málsins og síðan til 2. umr.

[15:56]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til fjáraukalaga hið fyrra eins og fram kom áðan og það er auðvitað álitamál hversu mikla þýðingu það hefur að fara um það mörgum orðum. Í rauninni má segja að slík umræða jaðri við sýndarmennsku því flestallar breytingar sem hér eru lagðar til eru þegar orðnar. Við stöndum í flestum greinum frammi fyrir orðnum hlut, greiðslur hafa þegar farið fram.

Það væri auðvitað út af fyrir sig kraftaverk ef svo tækist til við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni að þau fengju staðist í öllum atriðum og vitanlega þarf að leita samþykkis Alþingis fyrir breytingum á fjárlögum. Og við höfum auðvitað áður séð stærri tölur heldur en nú er hér að finna. En staðreyndin er engu að síður sú að Alþingi fær í raun engu ráðið um margar og kannski flestar þessara breytinga. Að vísu hefur það þegar lagt blessun sína yfir sumar þeirra með samþykkt laga eða lagabreytinga, t.d. í tengslum við kjarasamninga. Þar má nefna sem dæmi þá lagabreytingu sem þurfti til þess að lífeyrisiðgjöld mættu dragast frá tekjuskattsstofni.

Breytingar á tekjuhliðinni eru allnokkrar sem skýrist ekki síst af bættum hag fyrirtækjanna. Þannig skila tekju- og eignarskattar fyrirtækjanna nær hálfum milljarði meira en ætlað var og er þó framlag þeirra af þessum lið óhæfilega lítill í raun í samanburði við tekju- og eignarskatta einstaklinganna sem skila þrefalt hærri upphæð en fyrirtækin í ríkissjóð og hækka um rúmlega hálfan milljarð frá áætlun fjárlaga. Þá niðurstöðu má auðvitað rekja að stærstum hluta til þeirra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu og minnir okkur á þá staðreynd sem sjaldan er haldið á lofti þegar verið er að sækja á um kjarabætur, t.d. starfsmenn ríkisins, að launahækkanir til ríkisstarfsmanna hafa vitanlega ekki hreinan útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð, heldur fær hann auknar skatttekjur á móti, bæði í beinum og kannski ekki síður í óbeinum sköttum. En svo sem búast mátti við hækka útgjöldin meira en tekjurnar og þar koma aftur áhrif kjarasamninganna við sögu, en einnig er skýringanna að leita í því að áform um sparnað hafa ekki gengið eftir. Minni ég þar sérstaklega á það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra hér áðan um sparnaðar- og aðhaldsaðgerðir sem voru áformaðar í sambandi við sjúkratryggingar og fleira sem ekki gengur eftir og ætla ég út af fyrir sig ekki að harma það því að það mundi hafa komið meira við þá sem þeirra njóta en bærilegt hefði verið.

Svo hefur ríkisstjórnin ákveðið ýmislegt sem ekki hafa verið til heimildir fyrir og þar er eitt og annað umhugsunarvert. Ég vil þá fyrst gera athugasemdir við 45 millj. kr. aukna fjárveitingu til æðstu stjórnar ríkisins þar sem um er að ræða framlag til mannvirkjagerðar á Bessastöðum. Þar hangir nú reyndar við sú gulrót að með þessari aukafjárveitingu á þessu ári lækki fjárþörf á næsta ári um sömu upphæð. Nú má það vera bæði satt og rétt að með þessu sé í raun verið að ná fram ákveðinni hagkvæmni við þær framkvæmdir sem þarna standa yfir. Framkvæmdir hjá hinu opinbera eru oftlega því marki brenndar að þær miðast við óraunhæfar áætlanir og eru unnar á allt of löngum tíma og sú virðist því miður raunin með framkvæmdirnar á Bessastöðum. En e.t.v. er rétt að geyma umræður um þetta mál þangað til borist hefur yfirlit um það en kallað hefur verið eftir því í fjárln.

Það verður að segjast hér og nú að kostnaðurinn við þessar framkvæmdir er með ólíkindum að mínu mati og sama má raunar segja um endurbætur á ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu sem fram kemur í næsta lið. Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram í fjárln. nemur heildarkostnaður við þær framkvæmdir, þ.e. endurbætur á lóð, endurbætur á húsinu utan sem innan svo og endurnýjun húsbúnaðar, rúmlega 84 millj. kr. eða nákvæmlega 84 millj. 140 þús. og 207 kr. Þar hafa allir þættir farið verulega fram úr áætlun nema lóðaframkvæmdirnar sem reyndust verulega ofmetnar. Þessar endurbætur stóðu yfir í hálft annað ár og er út af fyrir sig ekki svo slæmt því að því miður hafa þær oft tekið allt of mikinn tíma. Hvort sem um er að ræða nýframkvæmdir á vegum ríkisins eða endurbætur er það því miður svo að þær taka yfirleitt allt of langan tíma með tilheyrandi óhagkvæmni. Ég hef að vísu ekki forsendur til þess að meta þessar framkvæmdir og þann kostnað sem þær hafa haft í för með sér en mér finnst hann hár mjög hár. Hvorar tveggja þessara framkvæmda, bæði á Bessastöðum og við ráðherrabústaðinn, vekja upp spurningar um hvort hér sé nægilegt aðhald og hagsýni viðhöfð svo sem menn vilja hafa í fyrirrúmi við framkvæmdir almennt á vegum ríkisins.

Ýmsir athyglisverðir liðir eru skrifaðir á menntmrn. í þessu frv. og vil ég þar t.d. gera Lánasjóð ísl. námsmanna að umtalsefni. Hér er lagt til að framlag til sjóðsins verði lækkað um 30 millj. kr. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni þegar útgjöld ríkisins verða minni en ætlað var en fögnuðurinn verður nú kannski minni þegar skyggnst er á bak við tillöguna því að hætt er við að hún sýni í raun of mikið aðhald eða of strangar reglur sem þýða að það hefur verulega þrengt að námsmönnum og komið illa við marga, t.d. einstæðar mæður og námsmenn utan af landi og líka komið illa við marga sem stunda nám erlendis. Mér hefur ekki gefist ráðrúm til að afla mér ítarlegra gagna en það mun ég gera í tengslum við fjárlagavinnuna þessar vikurnar. Ég hef hins vegar fengið á mitt borð dæmi um lánþega við nám í Bandaríkjunum og þar er rakinn sá kostnaður sem er samfara náminu og hvað þessum námsmanni, sem er reyndar kona og hefur einnig fyrir barni að sjá, er ætlað til framfæris umfram allra ýtrustu nauðþurftir eins og húsaleigu, rafmagn og hita, þ.e. þegar búið er að taka tillit til þess sem beinlínis fer til skólakostnaðarins. Ég tel að þetta dæmi og mörg önnur sýni að núverandi úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna styðjist við eitthvað annað en raunveruleikann. Ég tel algerlega óhjákvæmilegt að þær verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar og væri ágætt að fá það upplýst hvort sem það yrði núna eða við nánari umfjöllun hvort verið er að endurskoða þessar reglur og hverjir koma að því og hvað þar sé þá haft til hliðsjónar.

Þá vil ég gjarnan spyrja nánar út í liðinn Ýmis fræðistörf, þar sem m.a. er tekið svo til orða í skýringum á bls. 35 að þar er leitað eftir 12 millj. kr. aukafjárveitingu og það eru tvö tilefni. Það var vegna fransk-íslenskrar orðabókar þar sem þurfti að ganga til samninga við nýjan útgefanda og það kom

til gjaldþrots og fleira í því efni og erfitt að sjá við því. En hér stendur, með leyfi forseta:

„Í annan stað er stefnt að því að grynnka á halla sem myndast hefur á útgáfu Iðnsögu Íslands undanfarin ár til þess að gera menntamálaráðuneytinu betur kleift að stýra útgjöldunum eftirleiðis í samræmi við heimildir fjárlaga enda hafa orðið ritstjórnarskipti í verkinu.“ Af þessu tilefni spyr ég: Hvenær hófst ritun Iðnsögu Íslands, hverjir hafa unnið það verk, hvernig er það launað og hver hefur kostnaðurinn verið og hvenær er áætlað að því ljúki? Kannski má spyrja í þessu sambandi hvort fleiri atvinnugreinar eru með þessum hætti teknar til umfjöllunar í ráðuneytunum og njóta greiðslna til þess að um þær greinar verði skrifuð saga. Ef hæstv. fjmrh. hefur ekki þessar upplýsingar á takteinum er velkomið að leggja þær fram á sérstöku þskj. og ræða síðar.

Hjá utanrrm. væri fróðlegt að fá að vita hvaða kostnað ráðuneytið hafði upp á 2,3 millj. kr. vegna heræfingarinnar Norður-Víkingur, sem fram fór fyrr á árinu, en það virðist hafa komið þeim ráðuneytismönnum jafnmikið á óvart og öðrum því að þeir höfðu ekki gert ráð fyrir þeim útgjöldum við afgreiðslu fjárlaga. Þá vekur vitanlega athygli hvernig útgjöld vegna utanríkisþjónustunnar þenjast út og sparnaðaráform verða að engu og virðist eiga að láta gott heita. Þannig er einfaldlega sagt í skýringum á bls. 36 að farið er fram á aukna fjárheimild upp á 69,3 millj. kr. Það eru uppsöfnuð umframgjöld fastanefnda og sendiráða sem eru sögð nema um 50 millj. kr. en þau skýrast eins og segir hér, með leyfi forseta: „Þau skýrast að mestu af því að sparnaðaráform í fjárlögum undanfarinna ára hafa ekki gengið eftir.“ Og í niðurlaginu er síðan sagt: „Með viðbótarframlaginu yrði allur halli þessara stofnana jafnaður og þar með gert ráð fyrir að starfsumfang þeirra á komandi árum haldist í hendur við þær fjárveitingar sem markaðar verða í fjárlögum.“ En mér virðist nú að þessum lestri ljóst að menn hafi gefist upp á tilraunum til sparnaðar í rekstri sendiráða og má reyndar búast við einhverju skrautlegu á næstu árum, t.d. þegar hafin verður bygging sendiráðs í Berlín þar sem að menn eru nú þegar búnir að eyða 86 millj. kr. í lóðakaup. Ég endurtek 86 millj. kr. eða reyndar heldur hærri upphæð en sem nemur kostnaði við endurnýjun ráðherrabústaðarins sem ég gerði að umtalsefni hér áðan. Það skal upplýst að lóðin sú er keypt í félagi við hin Norðurlöndin svo að dýr mundi Hafliði allur eða lóðin öll. Nú eru menn farnir að spá og skipuleggja og hanna og til þessa fara væntanlega um 24 millj. kr. á næsta ári samkvæmt hugmyndum manna og þá er nú eftir að byggja og flytja og mér segir svo hugur að við eigum eftir að heyra háar tölur úr því dæmi ef þessi leið verður farin til enda án fyrirstöðu. Ég segi þetta til varnaðar og mér finnst ástæða til þess að fylgjast vel með þessu og athuga hvort hér er eðlilega að málum staðið.

Ég sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir við eða spyrja um neitt sérstakt í kaflanum um félmrn. Liðir þess eru skýrðir ef að frá er talinn liðurinn Félagsmál, ýmis starfsemi, þar sem verið er að fara fram á 3 millj. kr. viðbótarframlag og það er vegna aðgerða til að draga úr launamun karla og kvenna. Ég hef þegar lagt fram fyrirspurn á sérstöku þskj. og reikna með að fá svar við því innan tíðar hvað á að gera við þá risaupphæð til þess að jafna launamun karla og kvenna. Sama má í sjálfu sér segja um heilbr.- og trmrn. og önnur sem fylgja í kjölfarið. Ég hef engar sérstakar spurningar fram að færa í sambandi við þau en ítreka aðeins það sem ég sagði í upphafi að í flestum tilvikum er verið að leita eftir samþykki Alþingis við fjárveitingar sem hafa þegar farið fram og þess vegna er í rauninni um formsatriði að ræða.

Umræðu frestað.

Fjárlög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[16:12]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við höldum nú áfram umræðunni um fjárlög ársins 1996 og þó að hæstv. fjmrh. hafi setið fyrir svörum í allan dag að þá er ástæða til að bjóða hann velkominn heim af fundi Alþjóðabankans. Ég vona að hann hafi þar tekið þátt í eða orðið vitni að umræðunni um aukin fjárframlög til kvenna og til atvinnumála kvenna í heiminum því að á kvennaráðstefnunni í Kína fyrir rúmum mánuði hafði forseti Alþjóðabankans uppi fögur orð um það að veita auknu fjármagni til kvenna og ég vona að það hafi komið til umræðu á þessum fundi og vonandi að hæstv. fjmrh. geti upplýst okkur um þær umræður og hvað er fram undan í þeim efnum og ekki síst ef að við gætum nú einhvers notið hér á landi.

Hæstv. forseti. Með því frv. sem hér er komið fram er hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, að leggja fram sitt fimmta fjárlagafrv. Í upphafi umræðunnar og upphafi frv. er því lýst yfir að eitt meginmarkmið ríkisstjórnarinnar sé að ná hallanum á ríkissjóði niður á tveimur árum. Mér varð hugsað til þess þegar ég sá þessa setningu að nú hlýtur að koma fram tillaga um það að hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, fái bjartsýnisverðlaun Bröstes því að hann setti fram nákvæmlega sömu skoðun og sömu ósk og áætlun fyrir fjórum árum við upphaf hinnar nýju viðreisnarstjórnar eða Viðeyjarundursins. Þá fór það þannig að á þeim fjórum árum sem að sú stjórn sat við völd náði hallinn á ríkissjóði tæpum 40 milljörðum kr. Það áform að ná ríkissjóðshallanum niður á tveimur árum snerist upp í andhverfu sína og hallinn jókst með hverju árinu sem leið þar til á síðasta ári þess kjörtímabils að heldur fór að draga úr. Hér er svo ótrúleg bjartsýni á ferðinni að ég veit ekki hvað hæstv. fjmrh. sér út um sína glugga. Það er alla vega heiður himinn. En ég held að það sé ekki ástæða til svo mikillar bjartsýni. Ég vona svo sannarlega að það takist að ná niður hallanum á ríkissjóði en ég held að þessi tveggja ára áætlun sé helst til mikil bjartsýni og ég veit svo sem ekki hverjum er greiði gerður. Auðvitað á ríkisstjórnin að setja sér markmið og reyna að beita ströngu aðhaldi í sínum rekstri, en ég held og hygg að þetta sé einum um of.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað bendir til þess sérstaklega að þetta takist nú þrátt fyrir að við erum að horfa upp á ákveðinn efnahagsbata? Trúir hann því virkilega að það takist að ná ríkissjóðshallanum niður á tveimur árum miðað við þróun undanfarinna ára því að þá hafi hallað undan fæti og tekjusamdráttur ríkisins orðið mikill og meiri en menn höfðu vænst og atvinnuleysi fór vaxandi með hverju árinu hefur ekki birt það mikið til í efnahagslífinu og staða ríkissjóðs er ekki með þeim hætti að miklar líkur séu á að þetta takmark náist þó að eitthvað kunni að stefna í þá átt?

Í fjárlagafrv. eru býsna athyglisverðar vangaveltur um stefnumörkun í ríkisfjármálum og hugmyndir um að sýna fjárlög til lengri tíma, að horfa ekki bara svona eitt ár í senn eins og hér hefur verið gert, ég hygg frá því að Alþingi

Íslendinga fékk fjárlagavaldið. En það er auðvitað mjög þarft að menn geri sér grein fyrir því hvað er fram undan, hvaða reikningar falla á ríkissjóð á komandi árum, hvað sú þjóðfélagsþróun sem er fyrirsjáanleg í útgjöldum og kostnaði ríkisins boðar. Því vil ég fagna því að þessi umræða er hafin í fjárlagafrv. og hún gefur auðvitað kost á því að ræða um markmið og leiðir í efnahagsmálum. Hér eru m.a. athyglisverðar vangaveltur um það sem þeir kalla kynslóðareikninga sem er auðvitað það að menn gera sér grein fyrir því að eyðsla samtímans kemur niður á framtíðinni og það kemur að því að það þarf að borga alla þessa reikninga. Því er ekki að leyna að það eru ýmsar tifandi tímasprengjur í okkar kerfi. Ég nefni þar t.d. lífeyrismálin sem eiga eftir að verða gífurleg byrði á ríkissjóði og í rauninni veit enginn hvernig á að leysa í framtíðinni. Dettur mér þá í hug þegar ýmsir fræðimenn og hagfræðingar Alþýðusambandsins eru að tíunda hin miklu lífeyrisréttindi alþingismanna að mér segir svo hugur um að þegar ég kemst á elliár ásamt ýmsum fleiri þingmönnum sem hér eru verði kannski ekki orðið mikið eftir í þessum sjóðum eða ég hygg að það verði búið að breyta þessu kerfi öllu saman þegar þar að kemur. En það er auðvitað framtíðarmúsik að velta því fyrir sér hvernig þau mál muni öll fara.

Annað slíkt dæmi og kannski langsamlega stærsta spurning sem við stöndum frammi fyrir í efnahagslífi okkar, ekki bara á næstu árum heldur akkúrat hér og nú er hvernig við eigum að reka velferðarkerfi okkar sem lítur þannig út og allar líkur benda til að öldruðum muni fjölga jafnt og þétt. Það þýðir að þeir sem eru fullvinnandi og borga sína skatta þurfa að standa undir allri þeirri þjónustu sem við eigum auðvitað að veita öldruðum, sjúkum og öryrkjum og hvernig ætlum við að gera þetta? Hvernig ætlum við að reka þetta kerfi? Hvaða þjónusta er nauðsynleg? Hvað er eðlilegt að einstaklingarnir borgi sjálfir? Hvað ræður þetta litla samfélag okkar við? Og þá auðvitað sú spurning: Er hægt að reka þetta kerfi á skynsamlegri hátt? Ég ætla að koma aðeins betur að því á eftir.

Á síðasta ári gerði ég að umræðuefni við fjárlögin og þetta fjárlagadæmi allt saman þær forsendur sem Þjóðhagsstofnun gefur sér varðandi áætlanir fyrir næsta ár. Mér sýnist að við séum í sömu sporum og þá að menn séu að gefa sér að það verði veiðar í Smugunni og síldveiðar verði svo og svo miklar, loðnuveiðar allverulegar og þorskveiðar svona með svipuðum hætti og verið hefur og allt er þetta auðvitað með ákveðnu spurningarmerki um það hvort það gengur eftir. Það þarf ekki mikið út af að bregða til þess að þessar forsendur bresti. Hins vegar eru ákveðin batamerki og ýmislegt jákvætt að gerast eins og sá vöxtur sem hefur verið í ferðaþjónustu og vöxtur sem heldur áfram. Iðnaðurinn er að rétta úr kútnum og útflutningur á ýmsum sviðum að aukast. Íslensk fyrirtæki eru í sífellt auknum mæli að leita að möguleikum í öðrum löndum og er þegar farið að skila árangri. Ég held að við getum sagt sem svo að sá samdráttur sem við höfum gengið í gegnum á undanförnum árum hafi leitt til þess að menn hafa leitað nýrra leiða, menn hafa endurskipulagt rekstur fyrirtækja og menn hafa leitað nýrra leiða en betur má ef duga skal.

Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar verður atvinnuleysi mjög svipað og verið hefur, ívið minna er þeirra spá. Það má geta þess að það kom fram á fundi okkar í félmn. í gær þar sem við vorum að ræða við fulltrúa frá vinnumálaskrifstofunni að allra nýjustu tölur yfir atvinnuleysi í september virðast benda til þess að það sé heldur að draga úr því miðað við september á síðasta ári og það er auðvitað mjög ánægjulegt ef svo er. En hvort það er varanlegur bati er ekki gott að segja. Við þurfum að taka okkur verulega á í því að skapa störf í samfélaginu og að styrkja og styðja þá sem eru að leita að nýjum möguleikum og það þarf að gera miklu betur.

Það er bent á það í fjárlagafrv. að á þessu ári hafi orðið til 1.600 ný störf og það er ákveðin breyting sem átt hefur sér stað að störfum er tekið að fjölga á ný eftir mikinn samdrátt. Þetta er auðvitað enn eitt batamerkið en við horfum samt upp á að mörg þúsund manns, ég hygg að það séu allt að 6.000 manns, ganga um atvinnulausir og sú staðreynd er mjög athyglisverð að atvinnulaus ungmenni í Reykjavík, fólk á aldrinum 16–24 ára, eru um 800. Það eru um 800 ungmenni, fólk á skólaaldri og fólk sem er að koma úr skólum og er að leita sér að vinnu, sem fær ekki vinnu við sitt hæfi. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál sem þarf að taka sérstaklega á. Það eru reyndar uppi hugmyndir um sérstök verkefni á því sviði en niðurstaða mín er sú eftir að hafa gluggað í fjárlagafrv. að í rauninni sé vinna ríkisstjórnarinnar hvað varðar aðgerðir gegn atvinnuleysinu allt of handahófskennd og þar þurfi að gera miklu betur en stendur til. Það lýsir sér m.a. í því að ríkisstjórnin ætlar að treysta á að það sé það mikill bati úti á vinnumarkaðinum að ríkisvaldið geti leyft sér að draga saman seglin í framkvæmdum og skera m.a. niður framlög til vegamála og til ýmissa annarra þátta. Ég dreg stórlega í efa að það sé tímabært að draga úr framkvæmdum ríkisins og ríkisvaldinu ber skylda til þess að halda uppi vinnu þegar ástandið er jafnalvarlegt og raun ber vitni. Við megum ekki sætta okkur við atvinnuleysi. Við megum ekki venjast því að þúsundir manna gangi um atvinnulausar og ríkisvaldinu ber með sveitarfélögunum að eiga ákveðið frumkvæði með því að draga úr atvinnuleysinu og grípa til allra hugsanlegra ráða og ekki síst þeirra sem duga til langframa. Þar verður mér að sjálfsögðu fyrst og fremst starsýnt á menntun og þá möguleika sem þar felast vegna þess að greining á tölum og hinum atvinnulausum sýnir að þar er fyrst og fremst um ófaglært fólk að ræða. Þá spyr maður auðvitað: Eru til möguleikar annars staðar og hvað er hægt að gera til þess að nýta þá?

Auðvitað eru þeir til og ég vil í því samhengi minna á hugmyndir Jóns Erlendssonar um þá gífurlegu möguleika sem felast í tölvutækninni sem auðvelda alla upplýsingaöflun og leita að alls konar möguleikum sem er að finna í atvinnumálum.

Hæstv. forseti. Í fjárlagafrv. eru rakin ýmis helstu markmið og áherslur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og þar er margt mjög athyglisvert og margt sem vekur spurningar. Margt lítur vel út við fyrstu sýn en þegar farið er að kafa á bak við kemur annað í ljós. Á bls. 242 í frv. eru talin upp nokkur slík atriði sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir og þar er byrjað á því að nefna það að nú eigi að afnema sjálfvirkni í ríkiskerfinu sem þýðir það að hækkanir á útgjöldum og í sköttum og bótum sem hingað til hafa orðið nokkuð viðstöðulaust verði teknar úr sambandi. Þetta er vissulega atriði sem vert er að ræða og allar þær vísitölutengingar sem tíðkast og sem leiða til þess ef það verður hækkun á ákveðinni vöru í samfélaginu eða jafnvel á innfluttri vöru þá verður þetta til þess að hækka öll lán í landinu. Þetta er auðvitað kerfi sem nær ekki nokkurri átt. Verður mér þá hugsað til þingmannsins Eggerts Haukdals sem horfinn er hér úr þessum sölum og flutti frv. um það að taka þessa vísitölu úr

sambandi ár eftir ár og hlaut aldrei fylgi, sérstaklega ekki í sínum eigin flokki.

En bak við það áform um að afnema þessa sjálfvirkni felst auðvitað að þetta bitnar á öryrkjum og gömlu fólki og ýmsum fleirum sem hingað til hafa fengið hækkanir sem tengst hafa m.a. kjarasamningum og því þegar verið er að uppreikna þessar upphæðir.

Ég er ekki að segja það eins og ég var að rekja hér að þetta sé eitthvað sjálfsagt. En mér finnst í rauninni miklu nær að fara ofan í þessar bætur og skoða hverjir fá bætur og hvaða bætur. Mér verður þar hugsað t.d. til barnabóta sem er kannski viðkvæmt mál og auðvitað grundvallarspurning hvort allir foreldrar eigi að fá barnabætur eða hvort ákveðinn hóp af foreldrum munar í raun og veru nokkuð um þessar 1.500 eða 2.000 kr. sem verið er að senda þeim. Ég þekki einmitt dæmi um fólk sem spyr: Hvað er verið að senda mér 1.500 kr. tvisvar á ári, fullvinnandi og vellaunuðu fólki meðan verið er að skerða bætur til öryrkja og ellilífeyrisþega? Það er auðvitað miklu nær að skoða tekjutengingar sem tengjst þessu en ráðast á hinn endann og vera að skerða hjá þeim sem verst standa.

Þá kemur ríkisstjórnin hér að sparnaði í rekstri. Þar verður að segjast eins og er að velflest þau sparnaðaráform sem ríkisvaldið hefur lagt út í, þ.e. hin stærri áform, hafa meira og minna runnið út í sandinn. Það er einmitt alltaf verið að sækja þessar stóru upphæðir í aukafjárlögum eins og við sáum dæmi um hér áðan. Að vísu eru dæmi um töluverðan niðurskurð á ýmsum póstum og m.a. hefur orðið verulegur niðurskurður í landbúnaðarmálum. En ýmis sparnaðaráform sem hafa verið áætluð, og þar er ég sérstaklega að hugsa um tryggingamálin, hafa ekki tekist. Þau hafa einfaldlega ekki tekist og á hverju einasta ári kemur beiðni um aukafjárveitingu upp á allt að milljarð kr. vegna þess að sparnaður hefur ekki tekist. Í skýringum í fjárlagafrv. og í því frv. til aukafjárlaga sem hér liggur fyrir er einmitt víða verið að rekja það að beðið er um fjárveitingar vegna þess að sparnaður náðist ekki fram.

Því miður eru menn oft með mjög óraunhæfar hugmyndir um það hvað hægt er að spara. Þar vil ég sérstaklega koma að heilbrigðiskerfinu og enn á ný að tíunda þá skoðun mína að verulegum og varanlegum sparnaði í heilbrigðiskerfinu verði ekki náð öðruvísi en að stórauka forvarnir. Það er eina leiðin til að ná fram verulegum og langvarandi sparnaði að nálgast málið frá þeirri hlið að spyrja hvernig er hægt að draga úr aðsókn að heilbrigðiskerfinu. Það er ekki gert með því að hækka lyfin og loka deildum heldur með því að bæta heilsu landsmanna. Það er leiðin. Ég get boðað það hér að ég hef í huga að leggja fram till. til þál. með hugmyndum um það til hvaða aðgerða eigi að grípa til að ná þessum sparnaði. Það er þegar búið að skera niður í heilbrigðiskerfinu til hins ýtrasta og m.a. stóru sjúkrahúsin hér í Reykjavík hafa sagt það hvað eftir annað að lengra verði ekki gengið, lengra verði ekki gengið í rekstrinum og þar horfir víða til mikilla vandræða. Við horfum t.d. í sumar upp á lokanir á geðdeildum Landspítalans sem leiddi til þess að heilbr.- og trn. fór þangað í heimsókn og kynnti sér stöðu mála. Þar er auðvitað verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Það er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur þegar þessi sparnaður bitnar beint á sjúklingum. Hér á auðvitað enn einu sinni að höggva í sama knérunn. Nú á að taka upp innritunargjöld á sjúkrahúsum og það eru sjúklingar, ekkjur og öryrkjar sem verða fyrir þessari ríkisstjórn eins og þeirri fyrri þegar á að leita leiða til sparnaðar.

Og maður spyr: Eru ekki til aðrar leiðir? Er ekki hægt að spara annars staðar? Það verður að segjast eins og er að það er ekki alls staðar feitan gölt að flá. Ég tel t.d. að þó ýmsir séu að benda á menntakerfið þá komi ekki til greina að spara meira í íslensku menntakerfi heldur en gert hefur verið heldur þarf þar að auka fjárveitingar vegna þess að í gegnum aukna og bætta menntun liggur leiðin til betra þjóðfélags og til þess að bæta ástandið í ríkisfjármálum. Það stefna allar þjóðir að því að auka og bæta menntun í sínu samfélagi og það er sú leið sem við eigum að fara. Þetta þýðir að sjálfsögðu að það er erfitt að skera niður. En ég vil þó benda á það sem ég hef margoft gert og tengist forvörnum í heilbrigðiskerfinu, að slys í okkar samfélagi, bara slys, kosta samfélagið 10 milljarða kr. á ári, 10 milljarða. Það er öllum ljóst að það er mjög margt hægt að gera í slysavörnum til að draga úr þessum gríðarlega kostnaði og því ógurlega tjóni sem samfélagið allt verður fyrir. Minni ég þar ekki síst á slys á börnum.

Hæstv. forseti. Það eru ýmis mál sem ég vildi taka til umræðu en margt af því má bíða betri tíma. Ég hafði t.d. hugsað mér að ræða aðeins um búvörusamninginn og þá miklu peninga sem fara til landbúnaðar og munu fara. En ég ætla að geyma mér það enda getur svo farið að breyting á búvörulögunum verði hér til umræðu á morgun eða hinn.

Það væri líka ástæða til að fara miklu nánar ofan í þá miklu skattlagningu sem fram undan er hjá sjúklingum og hvað þessar breytingar þýða fyrir öryrkja og ekkjur. Eitt af því sem ég er t.d. alveg tilbúin að skoða eru ekknabætur. Mér er sagt að það sé búið að afnema bætur til ekkna á öllum Norðurlöndunum og kannski er þetta eitt af þessu sem tilheyrir fortíðinni. En það þarf þó að skoða það mjög rækilega hvað þetta þýðir. Hvað er þetta stór hópur og hvaða hópur? Erum við að tala um sjómannsekkjur eða hvað erum við að tala um? Ég sé að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sperrir eyrun. Hann þekkir eflaust vel þá hlið sem snýr að sjómannastéttinni. Sem betur fer hefur dregið mjög úr sjóslysum með bættu öryggi og betri skipum. En þetta er einmitt eitt af því sem þarf að athuga rækilega.

Hæstv. forseti. Ég vil, ekki síst af því að hæstv. heilbrrh. situr hér, aðeins nefna eitt mál sem mér er mjög annt um og það er fyrirhuguð hækkun á glasafrjóvgunum, þ.e. að þeir sem fá að fara í glasafrjóvgun þurfa hugsanlega að borga helmingi meira eftir að þessi fjárlög ganga í gildi, þ.e. 200 þús. kr. í staðinn fyrir 100 þús. kr. Þarna er auðvitað spurningin um það hvernig þessi sérstaka aðgerð í heilbrigðiskerfinu er flokkuð. Flokkast það undir sjúkdóm að geta ekki eignast börn eða er þarna um að ræða aðgerð sem sjálfsagt er að borga fyrir eins og ýmislegt sem fólk er látið borga fyrir í heilbrigðiskerfinu eins og fegrunaraðgerðir af ýmsu tagi? Ég verð að játa það að eftir að hafa átt fund með því fólki sem tengist þessum málum þá skipti ég algerlega um skoðun á þessum málum. Ég hafði verið þeirrar skoðunar að þetta væri eitt af því sem fólk þyrfti bara að sætta sig við í lífinu og það væri oft býsna óeðlileg áhersla á það í okkar samfélagi að það gæti enginn lifað lífinu nema eiga börn. En það var mjög raunalegt að heyra margar þær sögur sem þetta unga fólk, fyrst og fremst mjög ungt fólk, hafði að segja um þær raunir sem það gengur í gegnum og það gríðarlega sálræna álag sem þessu fylgir. Þannig að mér finnst nú sannast að segja alveg nóg að gert að fólk borgi 100 þús. kr. fyrir slíka aðgerð. Ég hef reyndar líka heyrt það sjónarmið frá þeim

sem vel þekkja til í þessum málum að sumir séu tilbúnir til að greiða meira ef það verður til þess að bæta þá þjónustu sem þarna er veitt, ef það verður til þess að deildin verður stækkuð og betur að henni búið þannig að hún geti sinnt fleiri aðgerðum. En mín skoðun er sú að hér sé um mjög mikla og mjög óeðlilega hækkun að ræða og tengist einmitt þessari spurningu: Hvernig skilgreinum við aðgerð af þessu tagi?

Það liggur fyrir að árangur í glasafrjóvgunum er mun betri hér á landi heldur en víðast hvar annars staðar og það hefur verið bent á það að þarna sé einmitt tækifæri til þess að veita öðrum en Íslendingum þjónustu og það sé þá fólk sem sé reiðubúið til að borga þá þjónustu fullu verði. Vissulega þarf að kanna þá möguleika. Það gerist auðvitað ekki öðruvísi en að betur verði búið að þessari deild. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh.: Er hún ákveðin í því að láta þessa hækkun ganga fram eða er hún reiðubúin til að skoða málið? Finnst henni sanngjarnt að þessi hópur fólks borgi svona háa upphæð fyrir þessa aðgerð? Hvað er það sem réttlætir svona mikla hækkun? Þetta er 100% hækkun.

Að síðustu, hæstv. forseti. Eins og ég nefndi þá væri ástæða til þess að fara mun ítarlegar út í ýmis mál hér. Ég get ekki yfirgefið þennan ræðustól án þess að minnast á þau áform hæstv. dómsmrh. að hætta við að greiða brotaþolum, þeim sem orðið hafa fyrir kynferðislegum afbrotum, að hætta að ganga í ábyrgð fyrir þær bætur sem þeir eiga að fá. Ég hlýt að skora á hann að hætta við að hætta — sem sagt að þessar bætur verði greiddar. Þetta er mikið og þarft mál og ekki síst ef maður hefur í huga allar þær hörmungar sem þarna búa að baki.

Að lokum tvennt sem ég vil beina til hæstv. fjmrh. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði leiddur í lög og fari að skila ríkissjóði tekjum á næsta ári. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær hann væntir þess að sú nefnd sem verið hefur að störfum skili af sér og býst hann við því að þetta nái nú fram að ganga þó það sé gert ráð fyrir því í fjárlagafrv.? Er málið þannig statt? að líkur bendi til þess að svo verði eða eigum við að horfa upp á það hér enn eitt árið að þessum skatti verði frestað?

Önnur spurning til hæstv. fjmrh.: Það kemur fram í þessum markmiðum fjmrn. að hæstv. fjmrh. og hans ráðuneyti hefur hug á að hefja ýmiss konar nýskipan í ríkisrekstri og hann ætlar á morgun að svara mér spurningum um samningsstjórnun og þann árangur sem það form hefur skilað. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað líður annarri uppstokkun í ríkisrekstrinum? Ég sakna þess að það er ákaflega lítið um tillögur um slíka uppstokkun og ég minni þar enn á t.d. embætti húsameistara ríkisins og ýmislegt fleira sem setja má spurningarmerki við. Það vekur auðvitað ekki síst athygli að nú er orðið fátt um einkavæðingaráform. Og þó ég sé ekki sérstaklega að auglýsa eftir slíkum áformum þá þykir mér nú Bleik brugðið þegar hæstv. fjmrh. er hættur að gera ráð fyrir nokkur hundruð milljónum í einkavæðingu. Það kann að vera að það hafi farið fram hjá mér í frv., ég er ekki búin að lúslesa það nógu vel, en ég spyr hæstv. fjmrh.: Hver er stefna þessarar ríkisstjórnar í einkavæðingarmálum? Hvað ætlar hún sér miklar tekjur vegna einkavæðingar á næsta ári fyrir utan áformin um ríkisbankana, sem ég reikna ekki með að verði ekki seldir á næsta ári þó hugsanlega takist að breyta þeim í hlutafélagabanka. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar í þeim efnum?

Ég ætla að láta önnur mál bíða hér til 2. umr. og ýmissa mála sem hér munu verða á dagskrá á næstu dögum og vikum.

[16:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir mjög málefnalega og góða ræðu. Hún spurði hér nokkurra spurninga sem ég ætla að svara. Hún spurði um innritunargjöldin. Þegar innritunargjöld verða sett á verður sérstakt tillit tekið til öryrkja og tekjulágs fólks. Hún spurði hér um glasafrjóvgunardeildina. Ég vil minna á það sérstaklega hér að það er verið að byggja upp þessa deild og í fjárlagafrv. er ætlað til þess verkefnis 21 millj. kr. fyrir utan þær 24 millj. sem eiga að fara á þessu ári. Um mánaðamótin mars/apríl verður deildin orðin mjög fullkomin og þá á að fækka á biðlistum. Hér er talað um sérstakt gjald, nýtt gjald. Það kostar í dag fyrir hvern einstakling 105 þús. kr. að fara í þessa aðgerð og endurtekin aðgerð kostar 60 þús. kr. Raunverulega kostar aðgerðin 250–280 þús. kr. með lyfjagjöf. Það er ætlunin að hækka gjaldið á fyrstu aðgerð en taka síðan tillit til þeirra sem þurfa að fara oftar en einu sinni. Það er ekki rétt að hver aðgerð eigi að kosta 200 þús. kr. eins og kom fram í máli hv. þm.

Ég vil taka undir með hv. þm. þegar hún talar hér um forvarnir. Það er gert ráð fyrir sérstakri upphæð í þessu fjárlagafrv. til forvarna varðandi áfengi og vímuefni. Og þá verða lagðar til þess málaflokks 50 millj. kr. og það er hægt að gera sérstakt átak í þessum efnum fyrir þá fjárhæð.

Varðandi ekkjulífeyri þá er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að hann mun falla niður. Það eru um 5 millj. kr. á ári. En þær sem eru nú þegar komnar á ekknabætur munu halda þeim áfram. En í staðinn fyrir ekkjulífeyri kemur framlenging á dánarbótum og þá er það jafnt fyrir ekkla og ekkjur.

Að öðru leyti vil ég minna á það að í fjárlagafrv. ársins 1994 var gert ráð fyrir 46 milljörðum til þessa málaflokks en fyrir árið 1995 49 milljörðum.

[16:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi svör. Ég veit að í henni á ég bandamann hvað varðar forvarnir. Ég hef eins og ég nefndi hér áðan í huga að koma hugmyndum mínum og okkar kvennalistakvenna á framfæri hvað það varðar. Hún nefndi hér sérstakt átak í forvörnum hvað varðar áfengi og fíkniefni. Og það er auðvitað mjög ánægjulegt og veitir ekki af en það þarf líka átak á miklu fleiri sviðum. Ég held einmitt að þessi upphæð sýni að forvarnirnar kalla á svolítið fé en þetta er svo fljótt að skila sér í betri heilsu, færri slysum og ýmsu fleiru að ég held einmitt að þetta sé leiðin. Hæstv. fjmrh. á að ýta undir það og styðja það að þessi leið sé farin.

Varðandi ýmsar þær upplýsingar sem fram komu í máli hæstv. heilbrrh. þá kalla þær auðvitað á nána skoðun á meðferð viðkomandi mála, t.d. glasafrjóvganir. Eins og ég nefndi er þetta spurningin um það hvernig aðgerðir af því tagi eru flokkaðar. Er þetta sjúkdómur og er eðlilegt að fólk greiði fyrir aðgerðir af þessu tagi? Það er mál sem þarf auðvitað að skoða. Og eins og ég segi, mér finnst vera farið mjög bratt í að hækka þessa upphæð.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að koma síðar að ýmsum efnisatriðum í ræðu hv. þm. en það eru tvö, þrjú sem ég

tel ástæðu til að svara strax í þessu andsvari. Í fyrsta lagi um ríkisrekstur og einkavæðingu þá kom það skýrt fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún hyggst gera áætlun um verkefni á sviði einkavæðingar og áhersla er lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna og fjárfestingarlánasjóða. Þetta á einnig við um stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila og það verður unnið að sölu þessara fyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Þannig að þessi ríkisstjórn mun fylgja fram einkavæðingarstefnu samkvæmt þeirri áætlun sem á eftir að birta.

Í öðru lagi var spurt um fjármagnstekjuskatt. Ég veit ekki betur en að sú nefnd sem þar er að störfum og Kvennalistinn á aðild að sé að störfum á lokastigi og ég á von á því að það komi álit í þessum mánuði eða í síðasta lagi þeim næsta og að því loknu fer álitið til ríkisstjórnarinnar sem mun þá hafa hitann í haldinu. Við gerum ekki ráð fyrir í sjálfu frv. að það komi tekjur á næsta ári enda er hugsanlegt að tekjunum verði varið til skattalækkunar á öðrum sviðum. Það verður að skoðast betur ef svo fer, og mætti þá skoðast af nefnd sem starfar á næsta ári og fer reyndar af stað núna í lok þessa mánaðar undir forustu Ólafs Davíðssonar í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og lýkur störfum í lok næsta árs.

Þegar spurt er hvort þetta fjárlagafrv. standist, vil ég benda á nokkur atriði. Í fyrsta lagi er gengið út frá því að kjarasamningar séu út næsta ár þannig að það er ekki sú óvissa fyrir hendi. Það veit engin hvort það næst fram. Ríkisstjórnin hefur góðan meiri hluta og hún hefur skuldbundið sig til að eyða þessum halla á tveimur árum. Loks ætla ég að minna á það að í fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga árið 1994 kom í ljós að hallinn á fjárlögum það árið var tveimur milljörðum lægri en í fjárlögum þessa árs. Þannig að það er ekkert einsdæmi að árangur náist og hefur stundum í raun orðið betri heldur en áætlanir voru þegar fjárlög voru samþykkt.

[16:53]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru ánægjuleg tíðindi ef hallinn er ekki eins mikill og áætlað hafði verið en nóg er nú samt þegar litið er yfir feril hæstv. fjmrh.

Ég hef að sjálfsögðu lesið stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar og mér er það ljóst að hún hefur einhver áform um einkavæðingu á sinni könnu. En miðað við hvað hæstv. fjmrh. var galvaskur þegar hann hóf sinn feril og ætlaði að ná 1.500 millj. kr. á sínu fyrsta ári í einkavæðingu þá þykja mér það nokkur tíðindi þegar hann hefur sitt annað kjörtímabil og er þá búinn að leggja niður öll áform um að ná inn einhverjum peningum að sinni. Enda er líklega verið að skoða hvað vænlegt er í þeim efnum. En að öðru leyti þakka ég honum fyrir þær upplýsingar sem hann veitti hér og við sjáum hvað setur, hvort honum tekst að ná fjárlagahallanum niður á tveimur árum sem ég hef vissulega miklar efasemdir um.

[16:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri efasemdir hv. þm. En ég get bætt því við að við reynum auðvitað að læra af reynslunni. Ég held hins vegar, og það skiptir kannski mestu máli og er þá sama í hvaða flokki við erum, að við eigum ekkert val lengur í þessum efnum. Við getum ekki lengur skuldsett þessa þjóð fram í tímann. Við getum ekki lengur eytt um efni fram, ríkissjóður getur það ekki. Því með því erum við að skattleggja börnin og barnabörnin fyrir því sem við erum að eyða í dag. Þess vegna er þetta ekki spurning um neitt val. Þetta er ekki spurning um það að efast. Þetta er einungis spurning um það að við verðum að ná niður hallanum á ríkissjóði og byrja að borga niður skuldirnar. Vegna þess að það rýrir lífskjör afkomenda okkar ef við gerum það ekki strax og það rýrir möguleika þess fólks líka til að borga skuldir okkar til baka. Þetta verðum við að hafa í huga og það er verkefnið sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir. Það er þetta verkefni sem ríkisstjórnin hefur tekið að sér og það er þetta verkefni sem ríkisstjórnin ætlar að leysa.

[16:55]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hæstv. fjmrh. er mikil alvara í sínum áformum og ég vona svo sannarlega að þau gangi eftir og ég get tekið undir það að sú skuldasöfnun sem hér hefur átt sér stað á undanförnum árum og áratugum er auðvitað af hinu illa og það þarf að snúa við blaðinu. Það sem ég er fyrst og fremst að efast um og horfi þar á reynslu undanfarinna ára er að menn settu upp ýmsar áætlanir fyrir rúmum fjórum árum og ætluðu sér að ná fjárlagahallanum niður á tveimur árum. Þá blésu aðrir vindar og óhagstæðir þannig að dæmið snerist algjörlega við. En ég held að a.m.k. eins og nú horfir þá bendi margt til þess að það gæti tekist betur núna. En spurningin er auðvitað líka sú hversu hratt á að fara í að greiða niður skuldirnar. Það veltur mjög mikið á atvinnuástandinu og atvinnuleysinu, hvort er betra að borga niður skuldirnar erlendis eða að nota einhvern hluta af þeim peningum til að halda uppi vinnu í landinu. Ég mundi velja síðari kostinn ef ég væri í sporum hæstv. fjmrh. Vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem þetta viðvarandi atvinnuleysi hefur á samfélag okkar og öll samfélög sem eiga við það að stríða.

[16:57]

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 96. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 100.

[16:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti vænt um að forseti gerði hæstv. samgrh. viðvart um að ég vildi gjarnan fá hann hér til umræðunnar síðar og eiga við hann orðastað en ég fagna nærveru hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir utan fjmrh. sem ég ætla líka að beina spurningum til.

Það er nú kannski nærtækt, herra forseti, að byrja aðeins á þessu með ríkisbúskapinn sem hér var tilefni orðaskipta áðan og þá ekki síst í ljósi þeirra karlmannlegu yfirlýsinga sem hæstv. fjmrh. gaf að nú yrði aldeilis brotið blað og tekið á þessum málum. Hæstv. fjmrh. er auðvitað að fara fram á traustsyfirlýsingu eða að fara fram á umboð til að glíma við þetta verkefni annað kjörtímabil. Þá er fróðlegt að skoða útkomuna á því sem er liðið. Það er nú svo að oft er þrasað um upphafspunkt í svona viðmiðunum og gjarnan er það árið sem kosningar fara fram á eða er látið tilheyra þeim sem á undan var. Það er valin sú leið hér í fjárlagafrv. í töflu á bls. 251. Þar eru einmitt teknar saman, að vísu því miður á verðlagi hvers árs, hallatölurnar eða rekstrarafkomutölur ríkissjóðs á hverju ári fyrir árin 1992 til og með áætlun um halla ársins 1995. Þetta er samanlagt á verðlagi hvers árs 33 milljarðar kr. Og uppreiknað þá væntanlega 34, 35

eða 36 milljarðar. Þetta er nú niðurstaðan af kjörtímabilinu 1992–1995 ef við köllum það kjörtímabil í fjárlagaskilningi. Væntanlega er niðurstaðan að verða nokkuð endanleg því við teystum því að áætlunin fyrir yfirstandandi ár sé nokkuð nákvæm.

Um þetta þarf ekki að þrasa. Þetta eru staðreyndir sem hæstv. fjmrh. verður að horfast í augu við. Þær röksemdir sem hann flutti hér um mikilvægi þess að ná tökum á ríkisbúskap og safna ekki skuldum á reikning barnanna okkar eru ekki nýjar af nálinni. Hæstv. fjmrh. hefði getað viðhaft nákvæmlega sömu orð árið 1991 og 1992. Það var jafnrétt eins og það er rétt í dag. En þetta er samt útkoman og er þá ekki hin pólitíska ábyrgð hæstv. fjmrh. orðin nokkur? Takandi mark á hans eigin orðum hafandi sullað svona saman skuldum á reikning framtíðarinnar allt sl. kjörtímabil, 7–9 milljarða á ári hvert einasta ár. Lægsta talan er 7,1 milljarður óframreiknað frá 1992 og sú hæsta tæpir 10 milljarðar. Svona er þetta nú.

Ég taldi rétt, herra forseti, í ljósi hreystiyrða hæstv. fjmrh. hér áðan um betri tíð í þessum efnum að minna hann á ferilinn. Það sem fyrir liggur eru tölulegar staðreyndir en ekki einhver áform og fyrirheit út í loftið. Því miður hræða sporin í þessum efnum og hæstv. fjmrh. má takast mikið betur upp á komandi árum ef hann á að komast í burtu frá þessari arfleifð sinni.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég gera að umtalsefni þátt sem varðar forsendur fjárlagafrv. og lítið hefur farið fyrir umræðum um það ég hef heyrt. Það er væntanleg álagning skatta á landsmenn á næsta ári. Ég sé ekki betur en að hér sé verið að boða í forsendum fjárlagafrv. varðandi álagningu tekjuskatts stórfellda skattahækkun. Þ.e. í þeim skilningi að í gegnum lækkun á skattfrelsismörkum á að taka til baka að fullu áformað skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Þannig að þegar upp er staðið þá verði landsmenn engu betur settir þrátt fyrir hina samningsbundnu úrlausn varðandi það að afnema nú tvísköttun í formi skattlagningar á iðgjöldum launamanna í lífeyrissjóðum. Hvað gerir ríkisstjórnin? Jú, hún ætlar væntanlega að standa við þau loforð og þau samningsbundnu fyirheit sem hún gaf í tengslum við kjarasamninga um það. En þá svíkur hún það bara með því að hækka skattleysismörkin á móti. Þegar upp er staðið eru menn því nákvæmlega jafnsettir. Eða hvað, hæstv. fjmrh.? Hvað þýðir orðalagið efst á bls. 252: „Skattleysismörk verða því svipuð og þau hefðu orðið ef persónuafsláttur hefði hækkað í takt við verðlag og skattfrelsi lífeyrisiðgjalda hefði ekki komið til sögunnar"?

Þetta er eins skýrt og það getur verið og mér finnst nokkur sérkennilegt miðað við þá ólgu sem verið hefur um kjaramál og fleira í þjóðfélaginu að undanförnu að þetta mál skuli ekki hafa orðið að meira hitamáli en nú er. Þetta er sérkennileg efnd á loforði að lýsa því yfir í texta að það verði svikið með þessum hætti strax á fyrsta ári.

Einnig finnst mér, herra forseti, athyglisvert að hér er talað um að sérstakur hátekjuskattur, 5% hátekjuskattur, verði framlengdur um eitt ár. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í öðru lagi: Er það samkomulag stjórnarflokkanna um að þessi skattur verði eingöngu lagður á í eitt ár? Er búið að semja um það á milli stjórnarflokkanna að sérstök skattalækkun hátekjufólks komi til framkvæmda að ári liðnu? Er það það sem felst í þessum texta? Er það framlag Framsfl. í skattamálum á kjörtímabilinu? Ég veit ekki betur en Framsfl. hafi stutt álagningu hátekjuskatts á síðasta kjörtímabili. En er þar nú einmitt fundinn hópurinn sem þarf að létta af sköttum, þ.e. einstaklingar með yfir 225 þús. kr. á mánuði eða eru það 250? Hvort sem heldur er. Þetta er nokkuð athyglisvert í ljósi aðstæðna almennt og þeirrar miklu áherslu sem hæstv. fjmrh. leggur á að ná tökum á ríkisbúskapnum og halla fjárlaganna niður að þarna skuli vera boðaðar skattalækkanir á hátekjufólki. E.t.v. verður svo fallið frá þessu, þetta er e.t.v. eitthvert viðkvæmnismál fyrir hæstv. fjmrh. og hann hefur fengið að setja þetta fram svona, að þetta verði fellt niður á næsta ári og síðan þar næsta og síðan þar næsta o.s.frv. En til hvers er þá verið að þessum skollaleik?

Hér er í forsendum fjárlagafrv. enn talað um upptöku olíugjalds í stað þungaskatts. Eru þau áform ekki afslegin eða hvað? Er ekki samræmi á milli annars vegar fjárlagafrv. og hins vegar þess sem boðað er annars staðar? Ég veit ekki betur en að í efh.- og viðskn. hafi menn verið undir það búnir að það kynni að þurfa að fresta þessari álagningu olíugjaldsins. (**Fjmrh.:** Það kom mjög skýrt fram í framsöguræðunni að þessu yrði breytt.) Já, já, þannig að textinn er... (**Fjmrh.:**... hv. þm. hefur hugsað um það.) Nei, það var ekki svo mjög en þetta hefur bara farið fram hjá mér. Ég biðst forláts á því, en það er gott að þetta komi fram. Það er þá allt í lagi að vekja athygli á þessu aftur. Það er sem sagt ósamræmi á milli textans í fjárlagafrv. og þeirrar framkvæmdar sem er fyrirhuguð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og það er það sem ég hafði rekið augun í. Þannig að ég tel alveg ástæðulaust að skamma mig fyrir skort á athygli. Ég hef ætlað að festa augun á þessum þætti.

Ég tel einnig ástæðu til að nefna hér áform ríkisstjórnarinnar varðandi fleira sem lýtur að skattamálunum og þá vil ég sérstaklega nefna jaðarskattamálið fræga því ég sé ekki annað en skattlagning fólks almennt og þar með talið auðvitað barnafólks og þeirra sem eru með húsnæðisskuldbindingar muni þyngjast vegna þeirra álagningaforsendna sem ég hef hér gert að umtalsefni miðað við það sem menn höfðu bundið vonir við, þ.e. þeir mundu njóta í formi hærri skattfrelsismarka skattfrelsi inngreiðslna í lífeyrissjóði. Nú á að taka það af mönnum þannig að ekki verður það til að mynda jaðaráhrif í skattkerfinu. Það er hins vegar með óljósu orðalagi boðað hér einhvers staðar að það verði eitthvað sem sé fyrirhugað ef ég man orðalagið rétt, að tekjuskerðing barnabótaaukans verði eitthvað minnkuð strax á næsta ári. Ég hef ekki séð á þessu neina útfærslu og ég spyr hæstv. fjmrh. að því: Liggur það fyrir? Um hvaða upphæðir er þar að ræða? Og þá í öðru lagi hvernig sú útfærsla verður. Verður dregið úr tekjuskerðingunni jafnt á barnabótaauka vegna þriðja og fjórða barns o.s.frv. eða verður þar einhver önnur framkvæmd á sem til að mynda kemur frekar til góða stærri fjölskyldunum eða eitthvað í þeim dúr sem manni fyndist sanngjarnt?

Það er einnig ljóst að það er verið að draga hér verulega úr fjárfestingum ríkisins. Það er a.m.k. upp á 2 milljarða kr. sem fjárfestingarnar lækka. Ég kem kannski nánar að einstökum þáttum þar síðar eins og samgöngunum, en það vekur óneitanlega mikla athygli að við þessar aðstæður og þetta atvinnuástand í þjóðfélaginu skuli ríkisstjórnin bregðast við með þessum hætti að skera sérstaklega niður fjárfestingarnar og uppbygginguna í landinu. Nú er flestra manna mál að hún sé hættulega lítil. Við Íslendingar leggjum hættulega lítið í fjárfestingu í atvinnulífinu í uppbyggingu í undirstöðuþáttum samfélagsins, í „infrastrúktúrinn" eins og stundum er sagt. Og auðvitað er uppbygging á vegum ríkisins hluti af því, til að mynda í samgöngukerfinu. Það er hluti af þeim

undirstöðum efnahagslífsins í landinu sem þurfa að vera fyrir hendi og þurfa að byggjast upp. Þarna er ríkisstjórnin fyrir sitt leyti að skera niður svo nemur 2 milljörðum kr. og það hefur bein áhrif á atvinnuástandið til hins verra. Og maður hlýtur að spyrja: Hefur eitthvað breyst til hins verra? Hefur eitthvað breyst — það liggur við að maður segi til bölvunar, en það má víst ekki hér; til hins verra skulum við segja. Og þá er spurningin þessi: Hefur eitthvað breyst? Af hverju voru menn að leggja milljarða í atvinnuátak á árunum 1992 og 1993 þegar atvinnuleysið var kannski 3% og 4% ef það er ekki ástæða til að gera það nú? Er eitthvað skárra að búa við 5% atvinnuleysi í dag en það var þá? Ég skil ekki röksemdafærslurnar fyrir þessu. Ef eitthvað er, þá er atvinnuleysið núna verra og meira en nokkru sinni fyrr og auk þess orðið langvarandi, búið að standa í mörg ár. Þá er allt í einu bara hætt, engin verkefni í viðbót, engin framkvæmdaátök heldur þvert á móti dregið úr fjárfestingum hins opinbera. Það nemur líklega um 1.000–1.500 störfum í landinu á næsta ári og er þá vægt reiknað því að inn í það eru ekki tekin í sjálfu sér nein umtalsverð margfeldisáhrif.

Þetta eru umhugsunarverðar staðreyndir, herra forseti, og maður spyr sig auðvitað að því hvort það sé virkilega orðið svo að menn séu búnir að sætta sig við atvinnuleysi, menn séu bara búnir að gefast upp og sætta sig við það. Þegar atvinnuleysið fór vaxandi í tíð fyrri ríkisstjórnar, hægri stjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar sem innleiddi atvinnuleysi á Íslandi, þá var þó viðleitni í gangi til að beita sér gegn því með fjárveitingum bæði ríkis og sveitarfélaga og sameiginlegum átaksverkefnum þessara aðila. Nú virðast menn bara gefast upp og hætta og þarna er farið alveg í þveröfuga átt.

Á bls. 257 er fjallað um almennar forsendur og efnahagshorfur hér á landi, herra forseti, og þar er komið að þeirri alvarlegu staðreynd að hinn jákvæði viðskiptajöfnuður er að hverfa vegna þess að útflutningstekjurnar hafa hætt að vaxa á nýjan leik en einkaneyslan eða neyslan og innflutningurinn hefur aukist og er að éta upp afganginn sem var á viðskiptum við útlönd. Og það versta er að þessi aukna eyðsla er ekki fjárfesting, heldur fyrst og fremst neysla heimilanna í landinu. Sú neysla er fjármögnuð með lánum vegna þess að það kom fram í umræðum hér fyrr í dag um lánsfjáráætlun í töflu sem þar fylgir með að skuldaaukning heimilanna er fyrst og fremst vegna neyslulána í dag, ekki vegna fasteignalána. Það er hin hliðin á þessari auknu eyðslu að hún er tekin að láni þannig að það er ekki hægt að fagna henni á þeim grundvelli að heimilin eða fjölskyldurnar séu þarna að eyða meiru fyrir eigið aflafé. Það er ekki svo því miður. Enda vaxa skuldir heimilanna hratt og stefna fram úr skuldum atvinnulífsins innan fárra mánaða. Þetta eru umhugsunarverðar staðreyndir og ástæða til að nefna þær hér í tengslum við umfjöllun um þetta mál.

Þá, herra forseti, langar mig til að víkja aðeins að umfjöllun í frv. um málefni lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Og þá væri gaman að hæstv. heilbrrh. heiðraði okkur með nærveru sinni. Staðreyndin er auðvitað sú að í þessu frv. eru stórpólitísk tíðindi af ýmsu tagi hvað varðar þá útreið sem lífeyristrygginga- og sjúkratryggingakerfið á að fá af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er hart að þurfa að trúa því en maður fer að sakna Alþfl. í þessum ráðuneytum. (Gripið fram í.) Ja, það liggur við að maður segi það í alvöru. (Gripið fram í.) Það er alveg satt, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það er nú bara þannig þegar maður horfir á hvað Framsfl. ætlar að gera í þessu frv. til viðbótar því sem kratar voru búnir að gera. Það er ekki þannig að það sé verið að bakka með niðurskurðinn og fantaskapinn sem þeir beittu sér fyrir, alþýðuflokksmenn, sem gengu um eins og flær í glervörubúð, heldur bætir Framsókn um betur í hverju tilvikinu á fætur öðru þannig að jafnvel hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem varð frægur að endemum eins og kunnugt er af fyrstu mánuðum í sínu umdæmi, er byrjaður að blikna pínulítið við hliðina á hæstv. núv. ráðherra.

Við skulum, herra forseti, ekki fara með dár og spé heldur fara aðeins yfir það sem Framsókn er að gera því að þetta er alvörumál. Það er líka mjög merkilegt hvað þeir eru fundvísir á hið smáa eins og til að mynda það sem ég mun koma að síðar, að þeir hafa fundið ekkjur sem markhóp til þess að fjandast á og þar finna þeir 5 millj. Aðalmálið er það að hér er boðuð sú stórpólitíska breyting á lífeyriskerfinu að afnema þá sjálfvirku tryggingu sem lífeyrisþegar og bótaþegar, atvinnulausir, öryrkjar og ellilífeyrisþegar hafa haft í þessu landi. Þeirra kjör fylgdu launakrónunni á almennum vinnumarkaði. Þetta létu kratarnir í friði. Það bryddaði að vísu á þessu í forsendum fjárlagafrv. í þeirra tíð, en það var kveðið í kútinn. En hér er þetta sett inn ekki bara sem áform heldur sem beinhörð staðreynd og það er ekkert verið að dulbúa hvað eigi að gera. Þetta er ekki kerfisbreyting. Þetta er skerðing. Því að strax á fyrsta ári breytinganna á lífeyrir að lækka um mörg hundruð millj. Það er að vísu sagt að þetta sé til þess að afnema sjálfvirkni en hver hlustar á slíkt þegar bein afleiðing af breytingunni er skerðing á þessum lífeyri? Þannig að menn skulu bara tala um það eins og er. Hér er verið að ráðast á þennan hóp sérstaklega og það er ekki reynt að dulbúa það hvað þarna er á ferðinni því að það er ekki minnst einu orði á það hvaða viðmiðun eigi að koma í staðinn. Hvernig ætla menn að mæla ef menn afnema þessa tengingu? Hver þarf þá eða skal lífeyririnn vera í landinu? Á það að byggjast á einhverjum könnunum á framfærslukostnaði þessa hóps eða hvernig á að ákveða þetta? Nei, það á bara að setja inn einhverja slumptölu í fjárlögin og það er hún sem á að ráða. Og svo verður það bara að hafa sinn gang hvort þetta fólk á fyrir mat eða ekki. Það er sú stefna sem hér er verið að boða og þetta er auðvitað alveg með ólíkindum.

Hér er margt fleira eins og lækkun mæðra- og ferðalauna, það eru breyttar reglur um útgreiðslu svonefndra heimildarbóta og margt fleira sem þarna kemur til. Í fimmta og síðasta lagi er hér á bls. 327 gert ráð fyrir að spara heilar 5 millj. kr. með því að fella niður ekkjulífeyrinn. Enn koma ekkjurnar blessaðar til sögunnar. En nú í öðru samhengi en því sem mest hefur verið rætt hér á undanförnum árum þegar að Sjálfstfl. hamaðist á því hversu mikill fjandskapur fælist í skattlagningu þáverandi ríkisstjórnar gagnvart ekkjum og hin fræga umræða var hér um ekknaskattinn. Sjálfstfl. tók ekkjurnar alveg sérstaklega upp á arma sína, bar þær á höndum sér og stofnaði hreyfingu úti í þjóðfélaginu til að verja þær. Það voru haldnir fundir á Hótel Borg og varaþingmaður Sjálfstfl. fór fyrir þeirri miklu fylkingu, þekkt söngkona í bænum. Það voru ekkjur Sjálfstfl. Hvað kom svo í ljós? Það kom í ljós að ekkjur Sjálfstfl. voru helstu stóreignamenn bæjarins. Það voru þær sem Sjálfstfl. vorkenndi og dulbjó undir heitinu ekkjur. En hér eru hinar eiginlegu ekkjur á ferðinni. Og þar er Sjálfstfl. með allt annað viðhorf. Þar er hægt að taka 5 millj. Já, litlu verður Vöggur feginn. Og svo er sú snilld sett hér inn að þær konur sem verði ekkjur eftir 1. jan. 1996, muni ekki eiga rétt á þessum bótum. Þannig að ef karlarnir deyja fyrir áramót þá verður þetta í lagi. (**Gripið**

fram í: Það er þá best að flýta sér.) Já, það er víst best.

Það er ótrúlegt að sjá þessa texta hér á prenti. Og að það skuli vera Sjálfstfl., sérstakur vinur ekknanna, sem stendur fyrir þessu. Að vísu í gegnum Framsfl. Það er með þessa ríkisstjórn eins og þá síðustu, Sjálfstfl. hefur sérstakt lag á því að láta framsóknarmennina eða samstarfsmennina ganga í skítverkin og niðurskurðinn. Og etur þeim á foraðið. Hæstv. utanrrh. viðurkenndi hér í ræðu í dag að Sjálfstfl. hefði ekkert þurft fyrir þessu að hafa því að Alþfl. hefði alltaf farið á undan í niðurskurðinum.

Það er auðvitað margt fleira hér með miklum ólíkindum. Þegar kemur að sjúkratryggingunum má í rauninni fara yfir þann þátt mála með svipuðum hætti. Þar er lið fyrir lið farið yfir þessa hópa og reitt af þessum hér og hinum þar. Þar er til að mynda verið að tala um smámuni eins og þá að afsláttur eftirlaunaþega á greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf á að hækka úr 67 ára aldri í sjötugt. Þetta er lítið dæmi um þann naglaskap sem þarna er á ferðinni. Það á með öðrum orðum að reyna að pína fólk til þess að bera þennan kostnað sjálft ef það vill fara á eftirlaun á þeim aldri sem það hefur rétt til og á þá vonandi einhvern sæmilegan lífeyri til. Nei, þá skal það samt bera þennan kostnað í þrjú ár þangað til það verður sjötugt. Og ég spyr: Af hverju ekki sjötíu og tveggja ára eða sjötíu og þriggja og hálfs? Hvaða kúnstir eru þetta? Af hverju er þetta ekki miðað við þau mörk sem eðlileg eru, eða hinn viðurkennda eftirlaunaaldur í landinu? Þetta er með miklum ólíkindum. Og svo koma hlutir eins og þeir að í sjöunda og síðasta lagi er ráðgert að 10 millj. kr. sparist með því að hætt verði að greiða fyrir sjónpróf og endurtengingar vegna fyrri ófrjósemisaðgerða. Er það einhver sérstakur hópur sem er betur staddur en aðrir sem njóta einhverra sambærilegra greiðslna í kerfinu? Er búið að athuga það? Eru sjónskertir eitthvað betur staddir fjárhagslega til að bera þetta heldur en fólk sem býr við annars konar erfiðleika og fær sambærilegan stuðning í kerfinu? Hvaða vísindi eru á bak við þetta? Engin. Þetta er bara geðþóttaniðurskurður þar sem menn bera einhvers staðar niður. Það vottar ekki fyrir faglegum rökstuðningi eða áherslum hér af neinu tagi. Ég held að hæstv. heilbrrh. skuldi okkur það að fara aðeins betur yfir þessa hluti og útskýra það fyrir okkur í hverju þessi mikla lífsspeki framsóknarmanna er fólgin. Að ráðast þarna á garðinn.

Svo kemur að sjúkrastofnununum, herra forseti, og þar er hinn frægi sjúkrahúsaskattur á ferðinni, 200 millj. kr. Og hver er nú röksemd hæstv. heilbrrh. sem ég hef heyrt borna fram í þessu efni? Það þarf að jafna samkeppnisskilyrðin milli einkageirans og stofnana. Það er ekki sanngjarnt að fólk sem leitar til einkageirans þurfi að borga meira en það sem fer inn á stofnanir og þess vegna eðlilegt að menn greiði einhvern skatt. En þetta þóttist ég nú hafa heyrt, hæstv. heilbrrh. Er þetta ekki nærri lagi? (**Heilbrrh.:** Nei, nei.) Nú jæja. Hin djúpa speki, hin nýja heilbrigðisspeki Framsóknar verður þá vonandi útskýrð hér á eftir. En ég segi að þetta er vitlaus speki og stefna. Það á ekki að skattleggja fólk fyrir að fara inn á sérhæfðar heilbrigisstofnanir eins og sjúkrahús. Menn gera það ekki að gamni sínu. Það er engin hætta á því. Menn streyma ekki þangað inn einu sinni í viku eða tvisvar í mánuði til að láta taka úr sér botnlangann eða eitthvað þar fram eftir götunum. Ég þekki engan mann sem gerir slíkt að gamni sínu. Og þetta er ósköp einfaldlega innleiðing á kostnaði fyrir fólk án tillits til efnahags sem felur í sér mismunun. Það endar þannig, hæstv. heilbrrh. Spyrðu Bandaríkjamenn, hæstv. heilbrrh., ef þú ert í vafa um hver þróunin verður. Því í næsta frv. og þar næsta frv. þá verður þetta hærra og hærra og áður en menn líta við þá er gjaldtakan orðin þannig að hún er farin að mismuna fólki stórkostlega. Auk þess er það vitlaust frá sjónarhóli heilbrigðisþjónustunnar og skynsamlegrar nýtingar á uppbyggingunni þar að ýta þjónustunni út af sjúkrastofnununum. Því hvert fer hún þá? Hún gufar ekki upp. Hún fer út í einkageirann sem er miklu dýrari. Og ef það er eitthvað sem er ástæða til þess að hafa áhyggjur af þá er það einmitt það, að það er búið að svelta sjúkrastofnanirnar svo, stóru og sérhæfðu stofnanirnar, að þær geta ekki einu sinni nýtt þann tækjakost sem þær hafa. Á sama tíma er verið að byggja upp einkastofur úti í bæ og eyða tugum og jafnvel hundruðum millj. í uppbyggingu á jafnvel fullkomnum röntgendeildum. Þetta er glórulaust á meðan dýrustu og sérhæfðustu tæki landsmanna, t.d. á deildum Landspítalans, eru ekki fullnýtt af því að það er búið að þjarma svo að rekstrinum þar. Menn mega ekki láta vinna yfirvinnu til að nýta þessi tæki sem kosta sum tugi og jafnvel hundruð millj. kr. En á sama tíma eru menn með samninga úti í bæ að byggja upp fullkomnar stofur, rannsóknastofur og röntgenstofur og jafnvel litla spítala og eru með óútfylltar ávísanir á Tryggingastofnun ríkisins til að láta hana borga reikningana. Er þetta þjóðhagslega hagkvæmt? Er þetta skynsamlegt? Það er jafnvel verið að kaupa núna á vegum einkaaðila inn í landið tæki sem eru svo dýr að það var stórátak að kaupa fyrsta tækið sinnar tegundar inn á Ríkisspítalana fyrir nokkrum árum. Hver borgar reikningana? Halda menn að peningarnir komi af himnum? Ef hæstv. heilbrrh. væri að taka á þessum málum þá skyldi ég styðja hæstv. ráðherra en ekki í svona vitleysu. Að þjarma þarna að stofnunum sem að búið er að byggja upp. Fjárfesta í. Kaupa til tæki og fá svo erfiðustu verkefnin til að leysa þau hvort sem er, því öllum vandamálunum er vísað þangað. Einkageirinn fleytir bara rjómann ofan af. Tekur einföldustu aðgerðirnar og þær rannsóknir sem ekki eru mjög flóknar. Sendir hinar inn á Ríkisspítalana, þannig að ríkið situr áfram uppi með erfiðustu verkefnin og kostnaðinn. Og þetta er glórulaus stefna.

Ég held að í þessum áherslum og breytingum á lífeyristryggingunum og sjúkratryggingunum, sé alveg stórhættuleg og vitlaus pólitík á ferðinni. Og það er ömurlegt að sjá Framsfl. standa fyrir þessum hlutum undir því yfirskini að það þurfi að sýna ábyrgð í ríkisfjármálum. Auðvitað, nema hvað? En þarf að gera það með því að reita fáeinar milljónir af sérstökum völdum hópum með veika stöðu í heilbrigðiskerfinu eða sjúkratryggingakerfinu? Er það eina ráðið? Er svo komið á Íslandi að eina aðferðin til að ná endum saman í ríkisbúskapnum sé að þjarma að þessu fólki? Er það skoðun Framsóknar? Er það það sem hún uppgötvaði eftir kosningar, hún Framsókn? Hún sagði okkur það að minnsta kosti ekki fyrir þær. (**Gripið fram í:** Fólk í fyrirrúmi.) Þetta er fólk í fyrirrúmi já. Ég þakka hv. þm. Þetta var gott framm íkall. Þetta er stefnan fólk í fyrirrúmi í praxís, eins og hún er eftir kosningar hjá Framsókn. Og ég vona að hæstv. heilbrrh. komi og útskýri enn betur fyrir okkur á eftir í hverju þetta felst.

Ég vil svo spyrja hæstv. ráðherra um eitt atriði enn sem varðar heilbrigðismálin sérstaklega og það er sú mikla speki að skera á allar fjárfestingar nánast í heilbrigðiskerfinu eins og það sé eitthvað sem staðist geti til frambúðar. Ég heyrði einhvern mikinn speking, gott ef það var ekki bara leiðarahöfundur, hæla ráðherra fyrir þessa snilld. Að hæstv.

heilbrrh. hefði fyrstur manna áttað sig á því að það þyddi ekkert að vera að byggja upp hluti nema það væri hægt að reka þá. Það er út af fyrir sig sjónarmið. En halda menn að heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði rekin til langframm án þess að þar verði einhver endurnýjun? Einhver fjárfesting og einhver uppbygging? Auðvitað ekki, það er enginn maður svo vitlaus að láta sér detta það í hug. Og hvað þýðir þá ef menn stöðva allt slíkt í eitt ár, tvö ár, þrjú ár? Það þýðir að vandinn safnast upp og verður enn meiri þegar reynt verður að taka á honum að nokkrum árum liðnum. Það þýðir að mannvirki drabbast niður, tækin ganga úr sér og við þurfum að ráðast í enn stærra átak til þess að halda hér nútímalegri, þróaðri og uppbyggðri heilbrigðisþjónustu þegar frá líður. Auðvitað er það hneyksli að það skuli ekki eiga að fara nema 74 millj. kr. í allt viðhald á Ríkisspítölunum. Við þekkjum alveg afleiðingar þess að skera það niður. Við vitum öll hvað það þýðir. Það þýðir að innan fárra ára hafa safnast þarna upp mikil verkefni sem verður að ráðast í og kosta þá hundruð millj. kr. á ári. Þetta er vitlaust. Og sérstaklega vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. um uppbyggingu á Barnaspítala Hringsins. Er það svo að hæstv. heilbrrh. sé búinn að slá það mál af og það sé búið að ákveða að svíkja þann samning varanlega? Eða hvað er þarna á ferðinni? Því að nýframkvæmdir, framlag sem þar átti að vera upp á hundrað og einhverjar millj. kr. er fellt niður. Satt best að segja held ég að það sé ákaflega dapurlegt ef þau áform sem búið er að vinna lengi að og safna til miklu fé af hálfu áhugasamtaka úti í þjóðfélaginu og miða við í áformum Landspítalans eða Ríkisspítalanna varðandi nýtt húsnæði og endurskipulagningu starfsemi þar á bæ, ef þau verða nú slegin af. Það eru mikil vonbrigði fyrir alla þá sem þekkja eitthvað til starfsemi þessarar stofnunar ef þetta á að fara svona. Aðstaða barnadeildarinnar er algjörlega ófullnægjandi. Það er ekki til á Íslandi húsnæði sem er byggt upp sérstaklega með þarfir barnalækninga í huga heldur er sú starfsemi sett upp í deildum sem ætlaðar voru fyrir fullorðið fólk og er þess vegna hvorki sniðin að börnunum né foreldrum þeirra eða öðrum þeim sem þurfa að njóta þessarar þjónustu. Að vísu er á þessu sú undantekning að á Akureyri er að fást úrlausn á þessum málum. En það leysir ekki þörfina hér sem er mikil og ég ítreka það, hvað ætlar hæstv. núv. heilbrrh. sér að gera í málefnum Barnaspítala Hringsins?

Og þá, herra forseti, ætla ég nú að snúa frá þessum dapurlega kafla um heilbrigðis- og tryggingamálin og Framsfl. Sú útreið sem Framsfl. fær þarna er tæpast ræðandi um ógrátandi. Ég verð að játa að ég skil ekki það metnaðarleysi og þann aumingjaskap af Framsfl. að láta nota sig svona undir því yfirskini að menn þurfi að ná árangri í ríkisfjármálunum. Auðvitað, en þarf hann að birtast í þessu? Og það er von að hæstv. fjmrh. glotti því hann fær ekki pólitísku óvinsældirnar af því að ganga svona fram. Heldur aumingja heilbrrh. hæstv.

En þá, herra forseti, ætla ég að hverfa frá þessu og fá stórvin minn, samgrh. hér í salinn ef hann er hér á lóðinni. (**Gripið fram í:** Já, hann er í húsinu.) Vonandi eru góðar samgöngur hér um húsið svo að hann komist til viðræðnanna. Því miður er lítið skemmtilegra að ræða þessi mál við hæstv. samgrh. þótt þar sé kannski ekki beinlínis verið að níðast á sjúkum og lífeyrisþegum. En þar eru mikilvægir málaflokkar líka á ferðinni og þeir fá satt best að segja alveg skelfilega útreið í þessu frv., málaflokkar hæstv. samgrh. Er hæstv. samgrh. kannski upptekinn við borðaklippingar einhvers staðar? (**Gripið fram í:** Ja, nú kann ég ekki að svara.) Það gæti nú verið, að samgrh. væri einhvers staðar að klippa borða. Nei, hér kemur hæstv. samgrh. og það er alveg óhjákvæmilegt að hann sé hér aðeins við umræðuna og geri okkur nú þann heiður og þann sóma að svara svolítið fyrir sína málaflokka.

Og þá fyrst um vegamálin. Hvað þau varðar hefur hæstv. samgrh. farið býsna mikinn undanfarin ár. Hann hefur haldið því fram að hann væri að auka framkvæmdir í vegamálum með miklum glæsibrag, sem er að nokkru leyti rétt. Ég hef hins vegar gjarna bent á að þetta kynni að reynast hæstv. ráðherra skammgóður vermir vegna þess að stór hluti framkvæmdanna var framkvæmdur fyrir lántöku.

Nú kann að vera að hæstv. ráðherra hafi aldrei reiknað með því að vera samgrh. nema í fjögur ár. Sagan segir að hæstv. ráðherra hafi orðið mjög hissa á því að verða ráðherra og þar af leiðandi kannski ekki ætlast til þess beinlínis að það yrði nema í fjögur ár og þá hefði þetta allt saman gengið vel hjá hæstv. ráðherra því þá hefðu aðrir þurft að borga lánið. En nú kemur að vandanum. Nú er veislan búin og nú er komið að skuldadögunum og nú ætlar hæstv. fjmrh. að hirða í ríkissjóð hátt í milljarð kr., slagar upp í milljarð kr. í skuldirnar og framkvæmdirnar eru skornar niður að sama skapi. — Hæstv. samgrh. þoldi þetta ekki, hann spýttist úr salnum þegar hann ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann hlustar.)

Ég veit það ekki, hæstv. ráðherra er alla vega farinn. (**Samgrh.:** Ég heyri þína ljúfu rödd.) Það er gott. Og hvað ætli leiði af þessu, hæstv. samgrh.? Það þýðir að það verður að taka upp vegáætlun, hún endist þá ekki betur en þetta, sem var afgreidd á þinginu í fyrra, og hæstv. ráðherra kemur með pakka í vegamálum sem þýðir niðurskurð upp á hátt í milljarð kr.

Það þarf í sjálfu sér ekkert að segja meira um þetta, herra forseti. Þetta er svona. Það er allt að koma fram sem við sögðum á síðasta kjörtímabili, að það yrði skammgóður vermir að byggja þá upp framkvæmdir á lántökum sem ætti síðan að fara að endurgreiða og það er reyndar gengið hraðar í það en við áttum von á því að hátt á sjöunda hundrað millj. kr. eiga að renna beint í ríkissjóð af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar á næsta ári. Og fyrir utan ýmis önnur útgjöld og annað sem rýrir þennan pott sem er til skipta í framkvæmdum, þá verður auðvitað niðurstaðan sú að þarna verður um stórfelldan niðurskurð á framkvæmdum í vegamálum að ræða, stórfelldan niðurskurð. Það þarf því að taka upp nýja vegáætlun og út úr henni hverfa framkvæmdir fyrir hundruð millj. kr. Þetta kemur upp úr pokunum núna strax eftir kosningarnar, eftir að samgrh. er búinn að fara um landið og klippa á borða. Það hefur ekki mátt taka svo í notkun minnsta vegarspotta eða brú yfir læk að ráðherra væri ekki mættur þar og opnaði hann a.m.k. tvisvar eða þrisvar. Sagan segir að hæstv. ráðherra hafi náð því að klippa þrisvar sinnum á borða á norðurleiðinni frá Reykjavík til Akureyrar. Fyrst klippti hann á borða í Öxnadalnum sumarið 1993. Svo keyrði hann Botnastaðabrekkuna, sem hann tók upp á að kalla svo, en venjulegir menn kalla Bólstaðarhlíðabrekku, og klippti þar á borða. Það var númer tvö. Síðan afhjúpaði hann minnisvarða uppi á Öxnadalsheiði og klippti þar á borða skömmu seinna um haustið og það var númer þrjú. Þannig að það var þreföld vígsla á þeirri framkvæmd og ýmsar brýr á Austurlandi hafa líka verið hressilega vígðar að sögn.

Nú er þessari veislu hins vegar lokið, herra forseti, og það er heldur dapurlegt satt best að segja þegar menn koma

svona í bakið á sjálfum sér. Og eina afsökunin eða skýringin sem ég kann á því, get getið mér til, er sú að hæstv. ráðherra hafi aldrei ætlað að vera ráðherra nema í fjögur ár. Það hafi orðið slys að hann endaði í samgrn. aftur.

En því miður eru það ekki bara vegamálin sem fá þarna dapurlega útreið. Hafnaframkvæmdir eru skornar verulega niður og það er lakara að miklu, því ég held að við hv. þm. sem eitthvað þekkjum til þeirra mála höfum allir verið sammála um það að þar hafi menn kannski stundum gengið einna lengst á undanförnum árum í því að skerða framkvæmdir sem voru lífsnauðsynlegar og óumflýjanlegar og tengjast beint sjálfri undirstöðu verðmætasköpnarinnar í landinu, sjávarútveginum. Það er þess vegna ákaflega dapurlegt ef nú á að halda á nýja leið í sömu átt, að skerða þessar framkvæmdir. Það skal að vísu viðurkennt að það var haldið uppi allmyndarlegu framkvæmdastigi lengst af á síðasta kjörtímabili í hafnamálum og ég hef enga dul dregið á það, en það er jafnslæmt eftir sem áður ef það á núna að minnka.

Þá að síðustu, herra forseti, innan þessa samgöngugeira og það sem langljótast er, það eru flugmálin. Það er ósköp einfalt, það er bara til ein lýsing á því sem þar gerist. Flugmálaáætluninni er slátrað gersamlega. Henni er slátrað með því að hæstv. samgrh. virðist hafa látið beygja sig til þess að afsala sér í ríkissjóð svo til öllum tekjum flugmálaáætlunar. Það á að hirða 190 millj. kr. af mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar í rekstur á næsta ári. Við stóðum í hörðum slag í fyrravetur um að lækka þá áformaða skerðingu úr 70 millj. í 40 millj. Það hafðist með barningi fyrir jólin af því að stjórnarþingmenn þurftu að komast heim, að lækka þetta niður og hún var varin sem þessu nam. En nú á að fara þarna í 190 millj. kr., sem þýðir að framlög til framkvæmda á flugvöllum lækka um 150 millj. frá því sem verið hefði, 150 millj., og það er verulegur hluti af þeim heildarframkvæmdum sem þar eru, en eftir standa þá um 200 millj. kr.

Þetta er ekki bara grimmilegur niðurskurður í málaflokki þar sem mikil þörf er á framkvæmdunum, því það er enn mikið verk óunnið við uppbyggingu flugsamgangna og menn eru í miðjum klíðum að ganga frá flugbrautum úti um allt land og reyna að koma þeim í viðunandi horf, leggja þar bundið slitlag o.s.frv., þetta er sýnu verra vegna þess hvernig þessi tekjustofn er til kominn. Hann er skattur á flugfarþegana og ekki síst þá sem fljúga innan lands og bera óheyrilega há flugfargjöld nú þegar. Um það var mikil umræða þegar ríkisstjórnin ætlaði að leggja virðisaukaskatt á farseðla í innanlandsflugi, það var líka barið niður loksins eftir mikinn slag í þinginu.

En ég spyr: Hvar eru þingmenn landsbyggðarinnar nú? Hvar eru framsóknarmennirnir í þessum slag? Ætla þeir að kyngja því að tekjustofnar flugmálaáætlunar, sem eru ekki síst skattur á flugfarþegana af landsbyggðinni, verði hirtir í ríkissjóð? Er það skattstofn að leggja gjaldtöku ofan á næstum 20 þús. kr. farseðil frá Vopnafirði til Reykjavíkur? Er sanngjarnt að það skuli kosta fólk, sem t.d. þarf til lækninga frá Vopnafirði til Reykjavíkur, 20 þús. kr.? Það er minna heldur en hægt er að hoppa á til Dublin í verslunarferð, er það ekki, og lifa þar á hóteli í vellystingum praktuglega fyrir svipað verð eða minna. En þetta fólk á engan annan kost. Ef það ætlar að nýta sér margs konar þjónustu sem hvergi er að finna nema hér, þá verður það að taka flug, t.d. sjúkt, gamalt fólk. Það sest ekki upp í bíl og keyrir í einum spretti frá Vopnafirði til Reykjavíkur. En fargjaldið kostar 20 þús. kr. Er þetta skattstofn? Er sanngjarnt að taka þann tekjustofn sem var búinn til með álögum á þennan rekstur og hirða hann í ríkissjóð? Ég segi nei. Það væri þá skárra að fella þessa gjaldtöku niður og lækka framkvæmdirnar sem því nemur og láta fólkið njóta þess í lægri fargjöldum að minna verður byggt upp í flugsamgöngum á Íslandi á næstu árum.

Þetta er argasta svívirða og hneyksli og ekkert minna og ég fagna því að hv. fyrrv. þm., Matthías Bjarnason, skuli ekki þurfa að sitja hér undir þessu. Ég fagna því að hann skuli ekki þurfa að horfa upp á flokksbræður sína og -systkini gera þessa hluti hér á þinginu eða boða þá. Því það er nú einu sinni svo að það var í hans ráðherratíð sem þessi flugmálaáætlun var samþykkt og hann beitti sér manna harðast fyrir því að taka upp þessa fjármögnun, enda stóð hann líka dyggilega vörð um það að henni væri varið til framkvæmda í flugmálum á meðan hann sat hér á þingi. Þetta er mikil hneisa og köld kveðja til hans meðal annarra sem hér er boðuð í þessu fjárlagafrv., sem er satt best að segja heldur lélegt plagg, herra forseti, og eiginlega varla þess virði að ræða um það í 40 mínútur þó að ég hafi gert það samt.

[17:38]

Útbýting þingskjals:

Landgræðsla, 93. mál, frv. HG o.fl., þskj. 95.

[17:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki sammála hv. síðasta ræðumanni um það að þetta fjárlagafrv. sé lélegt plagg. Það verður að segja eins og er að með hverju fjárlagafrv. sem birtist eru þingmönnum gefnar gleggri upplýsingar í greinargerð um ýmsa hluti sem full ástæða er til þess að menn kynni sér og varpa skýru ljósi á ýmsar staðreyndir í ríkisfjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég tel því ekki að þetta plagg sé gagnslaust eða lítils virði. Hins vegar mættu þeir höfundar í fjmrn. takmarka sig nokkuð meira en þeir gera því það er gjarnan að menn tví- og þrítaka sömu hlutina í grg. og textinn er kannski ekki alltaf upp á það besta, eins og stendur hér í upphafskafla frv., þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Meginákersla er lögð á að skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og aukinnar atvinnu án þess að stofna í hættu stöðugleika í verðlagi og frekari lækkun erlendra skulda."

Ég vissi nú ekki fyrr að menn væru hræddir um að frekari lækkun erlendra skulda gæti átt sér stað, en það mætti lesa úr þessu fjárlagafrv. og er það vissulega athyglisverð stefnuyfirlýsing.

Þá fannst mér líka mjög athyglisvert sem segir hér á bls. 245, með leyfi forseta:

„Mikill hallarekstur á ríkissjóði hefur verið í brennidepli efnahagsumræðunnar á alþjóðavettvangi undanfarin ár."

Ég vissi ekki heldur, virðulegi forseti, að meginatriði alþjóðlegrar umræðu um efnahagsmál hafi verið ríkissjóðurinn hans Friðriks Sophussonar og meginatriðið í allri alþjóðlegri umræðu væri ríkissjóðshallinn á Íslandi.

(Forseti (ÓE)**:** Hæstv. fjmrh.)

Hæstv. fjmrh. En það eru nokkur tíðindi sem þetta fjárlagafrv. segir og þess vegna er ég ekki alveg sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í því að þetta sé gagnslaust plagg og vænti ég þess að fjmrh. skýri okkur þá frá niðurstöðum um þessa miklu alþjóðlegu umræður um hallann á ríkissjóði sem hann hefur væntanlega tekið þátt í.

Það hefur komið fram og ég er sammála því hjá hæstv. fjmrh. að markmiðið með því fjárlagafrv. sem hér er lagt fram er að ná tökum á fjármálum ríkissjóðs og ég er líka

sammála hæstv. fjmrh. í því að það er forsenda fyrir því að hagvöxtur geti orðið hér á Íslandi, vextir farið lækkandi og dregið verði úr atvinnuleysi. Það er ekki nokkur vafi á því að ef ríkisstjórn getur gert eitthvað til þess að ná árangri í uppbyggingu atvinnulífs til lækkunar vaxta og til aukins hagvaxtar, þá er það að ná tökum á ríkisfjármálunum. Þannig að okkur greinir ekki á um þau markmið sem hæstv. ríkisstjórn setur sér í þessu frv. Ég hef hins vegar ekki eins mikla trú á því og hæstv. fjmrh. að frv. sé þess eðlis að það sé líklegt að hann nái þessum markmiðum sínum.

Í fyrsta lagi bendi ég á, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. fyrr í þessari umr., að þær forsendur sem frv. byggir m.a. á í tekjuspám sínum eru afskaplega veikar. Þar er gert ráð fyrir 30 þús. tonna afla úr Smugunni þó svo að menn viti nú að það sé verið að semja við Norðmenn um mun minni afla. Þá er einnig gert ráð fyrir því að loðnuveiðin verði á vertíðinni um eða yfir ein millj. tonn þó svo menn hafi ekki fundið möguleika á þeirri veiði enn. Þessar tekjulegu forsendur fjárlagafrv. eru því vægast sagt mjög veikar.

En þrátt fyrir það að menn reikni með því að þetta gerist og gangi eftir hvort tveggja, þá er samt aðeins spáð 2% hagvexti á næsta ári, sem er mun minni hagvöxtur heldur en orðið hefur á þessu ári. Það sýnir mjög einfaldlega að þrátt fyrir að ríkisstjórnin spenni væntingarboga sína eins hátt og framast er kostur þá eru ekki horfur á því að hagvöxtur á Íslandi á næsta ári verði neitt í líkingu við það sem menn vonuðust eftir fyrir aðeins hálfu ári síðan né heldur neitt í líkingu við það sem honum er spáð í helstu viðskiptalöndum okkar. Það er því ljóst að þó að allar væntingar séu settar í hámark þá verður ekki sá efnahagsbati á næsta ári sem menn eru að gera sér vonir um nema einhver búhnykkur verði á árinu, sem ég sannarlega vona að geti orðið, eins og t.d. með tilkomu álversframkvæmda, sem ég tel að séu um það bil 90% líkur á. Þannig að þær væntingar styrkja forsendur fjárlagafrv. þó að það sé ekki tekið fram í frv., e.t.v. nálægt því sem Smuguveiðarnar og loðnuveiðarnar gætu gefið, en munu að öllum líkindum ekki gefa.

Ef við lítum aðeins á hvað auðkennir þetta fjárlagafrv. þá er það í fyrsta lagi athyglisvert að tekjurnar samkvæmt tekjuspánni eru mjög að vaxa á næsta ári umfram það sem þær hafa vaxið á sl. fjórum árum. Ef ég man rétt þá spáir fjárlagafrv. því að tekjur ríkisins á næsta ári vaxi um eitthvað á sjötta milljarð kr. Á undanförnum fjórum árum hafa tekjur ríkissjóðs aðeins vaxið um rúmlega 2 milljarða kr. á ári þannig að af þessu má sjá að tekjuforsendur fjárlagafrv. eru nú til muna betri heldur en þær hafa verið. Og hver er ástæðan fyrir því? Ástæðan fyrir því er sú að þrátt fyrir allt tókst síðustu ríkisstjórn að skila þokkalegu búi eftir alla þá erfiðleika sem hún varð að takast á við. Einmitt þess vegna getur það gerst nú að tekjurnar geta vaxið svo mikið eða um það bil tvöfalt meira heldur en var í forsendum fjárlagafrv. sl. fjögurra ára. Þetta er í fyrsta lagi það sem einkennir þetta fjárlagafrv., að tekjuspáin fyrir næsta ár er mun jákvæðari fyrir ríkissjóð heldur en hún hefur verið sl. fjögur ár.

Í öðru lagi er það einkennandi fyrir þetta fjárlagafrv. að ekki er gjaldamegin tekist á við meginvanda í ríkisfjármálunum, sem er rekstur ríkisstofnana. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrv. að á næsta ári verði náð umtalsverðum árangri til þess að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins þrátt fyrir öll stór orð hæstv. fjmrh. frá liðnum árum um að þetta væri meginviðfangsefnið og meginvandinn í ríkisfjármálum. Það er sagt einhvers staðar í grg. frv. að því sé frestað um eitt ár að takast á við þetta viðfangsefni og það megi ekki vænta tillagna um þann þátt ríkisfjármála fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1997. Þetta er atriði númer tvö sem auðkennir þetta fjárlagafrv. Það er ekki tekist á við rekstrarvanda ríkisins í þessu frv.

Það þriðja sem einkennir þetta frv. er sá mikli niðurskurður á verklegum framkvæmdum sem frv. gerir ráð fyrir. Ég veit alveg í hvaða tilgangi sú tillaga er gerð. Sú tillaga er gerð í þeim tilgangi að búa til pakka sem á síðan að selja verkalýðshreyfingunni þegar hún hefur viðræður við ríkisstjórn í framhaldi af þeim atburðum sem orðið hafa nú upp á síðkastið og þeirri óánægju sem orðið hefur í landinu með takmarkaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til atvinnusköpunar. Þrátt fyrir að það séu mörg gagnrýnisverð atriði í fjárlagafrv. þá var þetta fyrsta atriðið sem forseti Alþýðusambands Íslands gagnrýndi. Hann gagnrýndi ekki þann mikla niðurskurð sem á sér stað í tilfærslum í tryggingakerfinu og í heilbrigðiskerfinu, hann gagnrýndi hinn mikla niðurskurð í verklegum framkvæmdum og hann byggði þá gagnrýni sína á því að þar með væru menn að draga saman í atvinnulífinu en ekki auka framboð starfa. Það má alveg lesa í það mál og ég þekki líka af langri og ágætri samvinnu við ýmsa þá sem nú sitja í þessari ríkisstjórn og þá má alveg geta í eyðurnar. Það sem menn ætla sér að gera er einfaldlega að þessum niðurskurði verklegra framkvæmda upp á um það bil 2 milljarða kr. sem er í þessu frv. á að skila til baka í viðræðum við verkalýðshreyfinguna, það á að nota þennan málamyndaniðurskurð til þess að bjóða sem dúsu fyrir verkalýðshreyfinguna í þeim viðræðum sem fram undan eru. Og hvað stendur þá eftir af niðurskurðinum gjaldamegin í frv.? Þá stendur bara eitt eftir. Það er sá niðurskurður sem þar er boðaður í tilfærslum, þ.e. í tryggingakerfinu og í heilbrigðiskerfinu. Það sem er því einkennandi fyrir þetta frv. er að menn fá þarna mikinn tekjuauka, menn takast ekki á við rekstrarvanda ríkisins og eini niðurskurðurinn sem eftir mun standa í þessu frv. eru þær aðgerðir sem hæstv. heilbrrh. verður að taka á sig.

Það er líka ýmislegt athyglisvert sem kemur í ljós ef skoðað er það sem segir í fjárlagafrv. um tekjumálin. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í frv. að tryggingagjald fyrirtækja verði hækkað um 0,5% án þess að tryggingagjaldið sé samræmt, en það er vitað að einmitt það atriði er nú til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA eftir að kæra barst þangað um að með stefnu sinni í skattamálum, hvað þennan skatt verðar, þ.e. tryggingagjaldið, væru íslensk stjórnvöld að mismuna atvinnuvegum. Ég tel að það liggi alveg beint við og sé næstum því óhjákvæmilegt að Eftirlitsstofnun EFTA muni fella þann úrskurð að þetta sé ekki heimilt, þessi mismunun sé ekki heimil, samkvæmt þeim samningum sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Þannig að fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar um að hækka tryggingagjald fyrirtækja um 0,5% án þess að samræma gjaldið í leiðinni munu ekki ganga upp, þessi forsenda fjárlagafrv. mun ekki standast.

Þá er mjög athyglisvert að skoða það sem kemur fram á bls. 274 og 275 í frv. Þar kemur í ljós að megintekjustofn ríkisins sem er virðisaukaskattur, þær auknu tekjur sem af honum hafa orðið og munu verða á næsta ári stafa svo til allar af auknum innflutningi en ekki af aukinni tekjumyndun af innlendri starfsemi, sem nánast hefur staðið í stað. Þegar menn horfa á þetta, hvernig dettur mönnum þá í hug, eins og ríkisstjórnin lætur sér um munn fara, að þess sé að vænta að innlendir fjárfestar í einkageiranum muni fjárfesta

í atvinnulífinu til móts og vel það við þann niðurskurð á framlögum til fjárfestinga sem ríkissjóður boðar með þessu fjárlagafrv.? Þetta er auðvitað algerlega út í hött vegna þess að það kemur fram í spá um tekjur af virðisaukaskatti að það er ekki gert ráð fyrir auknum virðisaukaskatti af innlendri starfsemi á árinu 1996 sem neinu nemur. Það er nánast sama tala, þó heldur lægri en var á fjárlögum árið 1995. Þannig að meginuppistaða tekjuaukningarinnar af virðisaukaskatti stafar af virðisaukaskatti af innflutningi. Með öðrum orðum, innflutningurinn er að stóraukast og hættan sem af því stafar er að sjálfsögðu sú að þeim markmiðum sem þó hafa náðst í efnahagsstjórnun undanfarin ár, þ.e. að dregið var úr miklum halla á viðskiptajöfnuði og Íslendingar fóru að greiða niður skuldir sínar erlendis, sé stefnt í voða með stórauknum innflutningi eins og spáð er.

Þá er líka athyglisvert að skoða það sem fram kemur á bls. 271, að þar er gert ráð fyrir því að skattleysismörkin verði ekki hækkuð um sem nemur verðþróun í landinu og þannig verður sóttur sá kjarabati til launafólks sem fékkst vegna þess að inngjöld til lífeyrissjóða verða undanþegin skatti. Fólk er látið borga það með lækkun skattleysismarka þannig að skattborgararnir sjálfir standa undir þeim byrðum sem af því hljótast fyrir ríkissjóð, sem kannski eðlilegt má telja, en ég vil vekja athygli á þessu.

Ég hef rætt hér nokkuð um tekjuhlið frv. og ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Um gjaldahliðina hef ég einnig rætt nú þegar að verulegu leyti, þ.e. að sá niðurskurður útgjalda sem þar er boðaður mun í reynd fyrst og fremst verða á útgjöldum vegna heilbrigðis- og tryggingamála. En áður en ég skil við tekjukafla fjárlaganna þá vil ég aðeins leggja áherslu á að það náist til framkvæmda sem boðað er í frv., að endurskoða skattalög með tilliti til þeirra háu jaðarskatta sem eru orðnir á Íslandi. Ég vildi gjarnan spyrja fjmrh. að því, ef hann hefur upplýsingar um það, hvort Íslendingar séu ekki að verða komnir í toppsætið í Evrópu hvað varðar upphæð jaðarskatta, ekki síst ef menn líta til tengingar skattkerfisins og bótakerfis trygginga, því þar veit ég að eru dæmi um að jaðarskattar nemi 100%. Það er að segja að fyrir hverja eina krónu sem eldra fólk og öryrkjar á tilteknu tekjubili hafa í tekjur skerðast bætur þeirra um jafnháa fjárhæð og veit ég ekki dæmi til þess nokkurs staðar annars staðar að jaðarskattlagning nái 100%.

Ég tek sem sé mjög undir það sem kemur í fjárlagafrv. um ætlun ríkisstjórnarinnar að endurskoða jaðarskattana, en vildi beina þeim tilmælum til hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. að það yrði gert þannig að skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið verði skoðað saman þannig að það gerðist ekki sem nú á sér stað að jaðarskattaígildið í lífeyrissjóðakerfinu gæti verið 100% fyrir tiltekna hópa. Og ég verð að segja það eins og það er, virðulegi forseti, að afskipti verkalýðshreyfingarinnar af skerðingarkerfinu í lífeyrissjóðs- og bótagreiðslum hafa ekki verið til góðs vegna þess að menn hafa ekki áttað sig á að skoða áhrifin þar af skattkerfinu eins og það virkar þannig að jaðarskattarnir eða jaðarskattaígildið í lífeyriskerfi landsmanna er orðið mjög alvarlegt, orðið mjög hátt, mjög ójafnt og kemur verst við þá sem hafa lægstar tekjurnar. Þetta eru hlutir sem ég veit að hæstv. fjmrh. þekkir, m.a. áhrif þessarar skattlagningar á tekjur þeirra sem njóta sérstakra heimildabóta, en sérstakra heimildabóta njóta aðeins þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem hafa engar aðrar tekjur en tryggingabætur. Afskipti verkalýðshreyfingarinnar af þessum kerfum hafa leitt til þess, ef skattkerfið og tryggingakerfið eru skoðuð saman, að þetta fólk greiðir 100% jaðarskatta og það er sjálfsagt ekki það sem fyrir mönnum hefur vakað.

Aðeins örfá orð um launaþáttinn sem kemur fram í frv. Ég furða mig á því að í þeirri umræðu sem orðið hefur um launamál í landinu þá hafa menn ekki skoðað og ekki verið greint frá því sem segir í þessu fjárlagafrv. um þá launaþróun sem orðið hefur hjá þeim aðilum sem ríkið hefur samið við. Og það sýnir ekki mikinn áhuga hjá fjölmiðlum eða mikinn vilja til að kynna sér mál að það skuli hafa verið þagað um þær upplýsingar sem koma fram bæði á bls. 259 í fjárlagafrv. og aftur á bls. 285. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Talið er að heildarlaunakostnaður í skólakerfinu vegna samninga ríkisins við kennara hækki um tæplega 20%." Með öðrum orðum, samningurinn sem ríkisvaldið gerði við kennara jók launakostnaðinn, sem er ígildi launahækkunar, um 20%.

Þá er rætt um það hér að samið hafi verið við ýmsar hjúkrunarstéttir um heldur meiri launabreytingar en gert var ráð fyrir. Með þessum orðum, heldur meiri launabreytingar en gert var ráð fyrir, eru menn að tala um launahækkanir á bilinu 15–19%?

Þá segir hér líka um þriðja hópinn, sem eru ýmis aðildarfélög ASÍ. Þar hafði ríkið gengið inn í samninga sem gerðir hafa verið á hinum frjálsa vinnumarkaði, svo sem eins og við Sókn, Iðju og Einingu. Við getum bætt við Rafiðnaðarsambandinu. Þar var líka gengið inn í samninga sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu gert og þessir samningar hafa falið í sér launahækkun um eða kringum 20%.

Á bls. 285 er sagt að samningar ríkisins við félög innan ASÍ hafi hækkað laun félagsmanna þeirra um tæplega 15% að meðaltali. Og nú spyr ég: Getur ríkið gert svona samninga við aðildarfélög ASÍ án þess að forustumenn ASÍ viti af því? Auðvitað ekki. Hvernig í ósköpunum stendur þá á því að þeir vakna fyrst til vitundar um að það sé eitthvað annað að gerast í kjaramálum heldur en þeir hafi óskað eftir þegar Kjaradómur fellir kjaradóm um rétt innan við 10% kauphækkun til æðstu embættismanna. Hvernig stendur á því? Það má segja að skýringin geti verið sú að þarna hafi bara verið reynt að færa laun t.d. rafiðnaðarmanna sem starfa á vegum hins opinbera til samræmis við laun rafiðnaðarmanna á hinum almenna markaði. En hvað var sagt þegar Kjaradómur ætlaði að gera þetta sama fyrir alþingismenn og ráðherra árið 1992 og útifundir voru haldnir hér á Austurvelli til þess að mótmæla því að kjarasamningar þessara hópa ríkisstarfsmanna yrðu færðir til samræmis við það sem borgað væri á hinum almenna markaði? Urðu ekki viðbrögð bæði ríkisstjórnar og Alþingis eftir þær áskoranir verkalýðshreyfingarinnar þau að fallast á að þetta væri ekki eðlilegt og að fella kjaradóminn úr gildi? Nú hafa menn verið að gera nákvæmlega þetta sama gagnvart félögum innan ASÍ og fjmrh. upplýsir það hér að með þessu hafi menn verið að hækka kaup um og yfir 20%. Og þá segir enginn neitt. Hvaða samhengi er nú í þessum málflutningi? Ég minni enn á þá kröfu sem kom fram á útifundi á Ingólfstorgi um að Alþingi setti lög til að koma í veg fyrir að hækkanir yrðu meiri en það sem almennir launamenn hefðu fengið, 2.500 til 3.700 kr. á mann. Og ég vildi spyrja þá sem stóðu fyrir þeim fundi: Hvað eruð þið að biðja um? Eruð þið að biðja um að Alþingi setji almenn launalög þar sem sagt verði: Allir þeir samningar, þar á meðal samningar við ykkar félagsmenn, sem gerðir hafa verið um allt að 20% kauphækkun skuli felldir úr gildi og ákveðið með lögum að enginn sem þiggur kaup sitt samkvæmt þessum samningum

skuli fá meira en 2.500 til 3.700 kr. á mánuði og sama skuli gilda um þá sem enn eiga ósamið. Eruð þið að biðja um þetta? Eða eruð þið bara að biðja um það að Alþingi setji lög um að alþingismenn og ráðherrar skuli ekki fá meiri kauphækkun en hitt standi? Það er mjög eðlilegt að svona sé spurt. Það hefur ekki verið gert og því leyfi ég mér að gera það hér og vænti þess að fá einhver svör við því. Því ég vænti þess, virðulegi forseti, að menn séu ekki svo tvöfaldir í roðinu að segja að þessir samningar eigi að gilda fyrir alla en svo séu sumir og þar á meðal þeirra eigin félagsmenn að því leytinu til jafnari en aðrir að það sé allt í lagi þó þeir fái tífalda hækkun en hún megi bara ekki ganga til stjórnmálamanna.

Það sem segir um heilbr.- og trmrn. væri full ástæða til að ræða nokkuð hér í þessum umræðum en ég ætla að spara mér það. En ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að mér sýnist satt að segja að eins og frá frv. er gengið þá sé nánast eini niðurskurðurinn sá sem heilbr.- og trmrh. þarf að bera. Sá niðurskurður sem henni er ætlað að bera er mjög alvarlegur og mjög sársaukafullur og hreint ekki í samræmi við þann málflutning sem hv. framsóknarmenn hafa haft hér uppi sl. fjögur ár.

Hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, sagði t.d. á fyrsta þingi síðustu ríkisstjórnar að Framsfl. hafi alltaf lagt áherslu á að hlífa þeim sjúku, öryrkjum og gamalmennum með því að auka ekki álögurnar á þann hóp. Er það það sem þeir eru ekki að gera núna? Hæstv. iðnrh. sagði við sama tækifæri, með leyfi forseta: „Ég ætla að nefna hér eitt sláandi dæmi. 48 ára gamall karlmaður, þriggja barna faðir, sem hefur verið óvinnufær síðan í júlí 1992 hefur í sjúkradagpeninga á mánuði 28.560 kr. Hann þarf að greiða vegna blóðfitulyfja sem breyting varð á við síðustu reglugerð 8.400 kr. á mánuði. Önnur lyf sem hann þarf að hafa vegna ýmissa kvilla kosta 4.900 kr. Hann þarf að heimsækja sérfræðing tvisvar í mánuði, það kostar 4.300 kr. Til viðbótar þessu hafa útgjöld hans vegna breytinga á tannlækningum aukist um 2.300 kr. á mánuði. Þessi maður hefur 8.860 kr. til að lifa af með þrjú börn. Hann þarf að fara í aðgerð hjá sérfræðingi í maí og það mun kosta 8.150 kr., kostaði áður 3.000 kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann það nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða gagnvart þessum manni?“ Hvað hefur Framsfl. gert fyrir þennan mann? Hvað er Framsfl. að gera núna? Er hann að draga úr þessum kostnaði sjúklinganna? Nei, hann er að auka þá. Hann er að gera ráð fyrir að þeir borgi fullu verði aðgerðir innan eða utan spítala og þar að auki innlagnargjald á spítölum.

Það er víðar hægt að bera niður, virðulegi forseti. Það er t.d. mjög athyglisvert hér þar sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason sagði á 118. þingi í umræðum um fjárlög: „Hvar er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar? Er það kannski rétt hjá mér sem ég tel mig hafa séð í greinargerðinni að það ætti að afnema sjálfvirkar hækkanir á bótagreiðslum? Það þýðir sem sagt að lífeyrisþegar þessa lands geti ekki lengur átt það nokkuð öruggt að bætur hins opinbera til þeirra fylgi því sem gerist á hinum almenna markaði. Fylgi því sem gerist í kjarasamningum og þeirri þróun sem að öðru leyti kann að vera í þjóðfélaginu og þeir hafa getað reitt sig nokkuð á að undanförnu.“ Svo mótmælti hv. þm. þessu fyrir hönd Framsfl. Hvað er Framsfl. að gera núna? Nákvæmlega þetta.

Mig langar enn að vitna í orð hæstv. heilbrrh. frá umræðum utan dagskrár 24. febr. 1993. Þar var verið að ræða um svokölluð ferliverk, þ.e. reglugerð sem ég hafði sett um svokölluð ferliverk, en það eru verk sem að mestu leyti eru unnin á sjúkrastofum sérfræðinga hér í Reykjavík og krefjast ekki innlagnar og er greitt fyrir en var ekki greitt fyrir ef viðkomandi lagðist inn á sjúkrahús. Ég setti reglugerð um þessi verk sem kölluð voru ferliverk og jafnframt leiðbeinandi lista sem ég sendi til sjúkrahúsanna um það hvaða verk bæri að skilgreina sem ferliverk án þess að gefa sjúkrahúsunum fyrirmæli um að innheimta samkvæmt þessu. Þau gátu ráðið því sjálf. Þeim var sendur leiðbeinandi listi. Sum þeirra gerðu það en önnur ekki. Hv. þm. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er meira að segja svo langt gengið að á meðan hjúkrunarfræðingur svæfir sjúklinginn er læknirinn jafnvel að reikna út hvað hann fær mikið fyrir þetta ferliverk. En það vill svo til að það eru margir læknar sem hafa svo mikla andstyggð á þessari reglugerð að þeir nýta hana ekki.“

Hvað er nú hæstv. ráðherra að segja við þá lækna sem hafa svo mikla andstyggð á þessu að þeir vilja ekki nýta sér þetta. Hann er að fyrirskipa sjúkrahúsunum öllum að taka þetta upp. Líka þeim sem ekki hafa viljað gera það. Vegna þess að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því í sértekjuáætlun sinni í frv., ef ég skil það rétt, að gefa sjúkrahúsunum fyrirmæli um að það eigi að innheimta þessi ferliverk með nákvæmlega sama hætti og gert er hjá læknum sem reka lækningsstofur sínar út í bæ. Menn eru nú heldur betur komnir í mótsögn við sjálfa sig. En svona til frekari áréttingar þá skilst mér, þótt það sé ekki alveg ljóst í fjárlagafrv., að það eigi bæði að innheimta þessi ferliverk á sjúkrahúsum og innritunargjald. Þ.e. að menn séu ekki með innritunargjaldinu að fella niður innheimtu ferliverkanna heldur eigi að innheimta hvort tveggja. Ég vildi gjarna spyrja hæstv. heilbrrh. hvort það er réttur skilningur. Hvort það er gert ráð fyrir því að innheimta innritunargjald af öllum sem leggjast inn á spítala og þar að auki að innheimta ferliverkagjald af þeim sem fara inn á spítala til aðgerða af því tagi sem undir ferliverk falla. Og hvort það getur virkilega verið að einn og sami sjúklingurinn sem leggst inn á spítala til einhverra aðgerða sem ekki telst vera ferliverk en í leiðinni er gerð aðgerð á honum sem telst vera ferliverk. Á hann þá að borga tvöfalt? Á hann að borga bæði innlagnargjaldið og ferliverkið?

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra að því hvaða rök eru fyrir því sem kemur fram í greinargerðinni að það eigi allt í einu að fara að taka gjald fyrir svokallaðar endurtengingar. Ófrjósemisaðgerðir eru veittar ókeypis en endurtengingaraðgerðir, ef svo ber undir, á að borga fyrir. Hver rök eru fyrir því að tvískipta þessu með þessum hætti? Hvað á gjaldið fyrir endurtengingarnar að vera hátt? Hvað reiknar hæstv. ráðherra með að endurtengingin kosti? Það er nokkuð athyglisvert að um leið og á að taka gjald fyrir endurtengingar þá á að taka gjald fyrir sjónpróf. Mér er spurn hvort það sé eitthvert samhengi þar á milli eða hvort sú gjaldtaka eigi að fara fram í einu lagi eða tvennu lagi og hvort menn fá afslátt af gjaldtökunni ef hvort tveggja gæti nú komið fyrir í einu.

Að lokum vil ég aðeins benda á það að með þeim framkvæmdum sem verið er að gera á glasafrjóvgunardeildinni er m.a. verið að gera það fært að frysta fósturvísa. Það þýðir að endurteknar þungunaraðgerðir, þ.e. umfram þá fyrstu, kosta nú mun minna fé en áður vegna þess að það er hægt að geyma fósturvísana frá fyrstu meðferð til annarrar og þriðju meðferðar. Og konan sem gengst undir meðferðina þarf ekki að fara í gegnum allar þær lyfjagjafir og tilheyrandi sem í dag þarf til þess að endurtaka aðgerðir. Þannig að önnur og þriðja aðgerð, ef kalla má meðferðina það, verður eftirleiðis miklu ódýrari fyrir alla aðila heldur en í dag. Það er því mjög

eðlilegt, það segir sig bara sjálft, að kostnaður hjóna sem þurfa að fara í endurteknar glasafrjóvgunaraðgerðir hlýtur að lækka vegna þess að kostnaðurinn við meðferðina verður svo miklu minni eftir að frysting fósturvísa hefur verið tekin upp. Hver er þá ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að það er gert ráð fyrir að meira en tvöfalda gjaldtöku vegna glasafrjóvgunar eða úr 21 millj. kr., eins og er í dag upp í 45 millj. eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.? Það þýðir einfaldlega að það er gert ráð fyrir þeirri framkvæmd að aðgerðir vegna glasafrjóvgunar verði að mestu leyti bornar af hjónunum sjálfum sem þurfa á meðferðinni að halda en í sáralitlum tilvikum af hinu opinbera. Er það forgangsröðin sem menn eru að tala um?

Ég er sammála hæstv. heilbrrh. um að það er löngu orðið rétt og nauðsynlegt að taka upp forgangsröðun í framkvæmdum í heilbrigðismálum. En ég held að þjóðin geti aldrei tekið upp forgangsröð í þjónustu því að með því að ræða forgangsröð í heilbrigðisþjónustu eru menn ekki bara að tala um hverjir eigi að fá fljótari meðferð en aðrir og öruggari og skjótari, heldur hverjir ekki eigi að fá þær aðgerðir sem til boða standa. Forgangsröðun í löndunum í kringum okkur hefur þýtt ákvörðun um það t.d. að það séu ekki gerðar opnar brjóstholsaðgerðir á körlum eða konum yfir 65 ára aldur. Það hefur t.d. þýtt það að ekki eru gerðar mjaðmaskiptaaðgerðir eða hnjáliðaaðgerðir á fólki yfir sjötugt. Við Íslendingar eigum eina forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu til samkvæmt lögum og hún er sú að það er ekki heimilt að veita ókeypis læknisþjónustu á Íslandi þeim sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi. Þetta er eina forgangsröðunin í lögum sem ég man eftir í svipinn. Það er ekki heimilt að veita ókeypis læknisþjónustu þeim sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi. En þessa forgangsröðun hafa Íslendingar ekki getað virt. Það eru fjölmörg dæmi um að við höfum veitt fólki ókeypis læknismeðhöndlun, meira að segja mjög dýra læknismeðhöndlun, sem ekki hefur notið sjúkratrygginga á Íslandi. Sú þjóð sem ekki getur virt þessa einföldu forgangsröðun, hvernig í ósköpunum halda menn að hún geti tekið ákvörðun eins og þá að ekki skuli gera opna brjóstholsaðgerð á fólki yfir sextugu, ekki skuli gera mjaðmaskiptaaðgerð á fólki yfir sjötugu o.s.frv., vegna þess að staðreyndin er einfaldlega sú að fólk er afskaplega ólíkt og einstaklingur sem er orðinn 70 ára gamall getur átt mörg ár eftir af sínu lífi og getur verið það frískur og hress að hann þoli vel að gangast undir erfiða aðgerð og sú aðgerð geti auðgað síðustu æviár hans meira en flesta grunar. Ég vara mjög við því að menn reyni að leggja út á þessa braut en er hins vegar sammála hæstv. heilbrrh. um að það er nauðsynlegt að forgangsraða í framkvæmd í heilbrigðismálum og hefði betur verið tekið á því máli fyrir 10–15 árum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara frekar út í fjárlagafrv. nú, en ítreka það að ég vil ekki veitast neitt sérstaklega að hæstv. heilbrrh. fyrir þau verk sem hún þarf að vinna í þessu frv. Þau eru mjög erfið, ég geri mér það fyllilega ljóst. Ég vil aðeins segja við hana, hæstv. ráðherra: Mér sýnist alveg áreitnislaust og af fullri sanngirni að það eina sem standi eftir af aðgerðunum á gjaldahlið þessa frv. þegar hæstv. forsrh. verður búinn að selja verkalýðshreyfingunni allan framkvæmdaniðurskurðinn til að friðmælast við hana, þá sé niðurskurðurinn, sem þér, hæstv. heilbrrh., er ætlað að gera nánast það eina sem eftir standi.

[18:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru nokkrar spurningar sem hv. þm. beindi að mér og ég vildi gjarnan fá að svara. Hann talaði um vissan sjúkling sem væri 48 ára gamall og hvað við ætluðum að gera fyrir hann. Við höfum þegar lækkað lyfjaverð til hans og við munum sérstaklega taka tillit til öryrkja og þeirra sem minna mega sín fjárhagslega þegar við erum að skoða þessi innritunargjöld.

Varðandi ferliverkin sem hv. þm. minntist hér á og hans reglugerð var svohljóðandi, að sjúklingur gat legið á sjúkrahúsi og sérfræðingur gat tekið allt að 18 þús. kr. fyrir aðgerð á honum. Ég tel mjög óeðlilegt að sérfræðingur sem er í fullu starfi á sjúkrastofnun geti líka verið verktaki og þessu vil ég breyta. Mér finnst eðlilegra að sjúklingur borgi eina lága upphæð og hún renni þá til sjúkrahússins heldur en til sérfræðinganna sem þar vinna. Það er hugsunin með þessari breytingu.

Hann spurði sérstaklega um svokallaðar endurtengingar og ég vil gjarna fá að svara því. Fólk sem tekið hefur þá ákvörðun að fara í ófrjósemisaðgerð sem samfélagið borgar að sjálfsögðu fyrir, tekur síðar þá ákvörðun að láta endurtengja sig. Það er mjög flókin aðgerð. Það er líkt og og taka tvær makkarónustangir og reyna að sauma þær saman. Mér finnst ekki óeðlilegt að aðili sem tekur slíka ákvörðun greiði eitthvað fyrir aðgerðina. Hvað hún kostar kann ég ekki að segja til um hér á þessari stundu, en mér finnst ekki óeðlilegt að hann greiði eitthvað fyrir aðgerðina.

Varðandi sjónprófin vil ég segja það að Tryggingastofnunin borgar 250 kr. fyrir þau. Sjúklingurinn borgar að mig minnir 1.500 kr. Sem betur fer þarf sjúklingur ekki oft að fara í sjónpróf og mér finnst ekki taka því að senda þennan reikning til Tryggingastofnunar kannski á 5 ára fresti.

Það er þegar búið að slá í bjölluna og ég vil segja bara eitt orð varðandi glasafrjóvgunina. Það er ekki búið að taka ákvörðun um hvað gjaldtakan verður há. Hv. þm. minntist á að önnur aðgerð væri ódýrari, hún kann að vera ódýrari. En ég vil líka minna á það að nú eru komin lyf sem einstaka aðilar þurfa að taka inn vegna ófjósemisaðgerða sem kosta allt upp í hálfa milljón kr. skammturinn.

[18:22]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi: Lyfjaverð hefur lækkað vegna áhrifa reglugerðar um svokallað viðmiðunarverð sem hæstv. ráðherra setti og hafði verið í undirbúningi í eitt og hálft ár. Þannig að ef einhver á heiðurinn af því að lyfjaverð hafi verið lækkað, þá eru það þeir sem undirbjuggu þá reglugerð þó að þeir hafi ekki náð að segja hana. En það er einn hængur á því og hann er sá að ef sjúklingurinn getur ekki nýtt sér ódýrasta samheitalyfið í lyfjaskránni, þá verður hann sjálfur að borga mismuninn. Þannig að það er ekkert víst að þessi 48 ára gamli maður sem hæstv. ráðherra talaði um hafi uppskorið lægra verð en hann þurfti að greiða fyrir. Því að hann verður að borga allan mismuninn ef hann getur ekki nýtt sér lægsta samheitaverðið.

Í öðru lagi, ferliverk. Ég veit ekki betur en í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir því að ferliverk verði innheimt á öllum sjúkrastofnunum samkvæmt reglugerðinni. Ég hef að vísu ekki fengið það staðfest af hæstv. ráðherra, en ég veit ekki betur en svo sé. Ég er hins vegar alveg sammála ráðherranum um að það er ekki æskilegt fyrirkomulag að einn og sami

maðurinn sé bæði starfsmaður á launum hjá sjúkrahúsi og starfi þar líka að einkarekstri. En það er ekki boðað í fjárlagafrv. að því verði neitt breytt. Það eina sem boðað er er það að innheimt verði fyrir ferliverkin á öllum spítalastofnunum með sama hætti og gerist utan þeirra. Þannig að ég vona að hæstv. ráðherra takist á við þann vanda. Sérfræðingar eru víða að störfum fyrir ríkið og hafa tekjur sínar víða að, en hann hefði gjarnan, hæstv. ráðherra, mátt boða það í frv. að það væri ætlunin.

[18:24]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi reglugerðina um viðmiðunarverð lyfja og það að sjúklingar geti ekki nýtt sér það þoli þeir ekki þau lyf sem bera lægsta verð, þá er það þannig að ef læknir ákveður að sjúklingurinn geti ekki nýtt sér það lyf, þá fær sjúklingurinn það lyf sem hann þarf og borgar ekki mismuninn. Ég vil að það komi skýrt fram.

Ég vil líka að það komi skýrt fram að það verða ekki í gangi bæði innritunargjöld á sömu stofnun og svokölluð ferliverk, það er ekki hægt.

[18:25]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ef læknir álítur að sjúklingur geti ekki notað ódýrasta lyfið, þá á hann möguleika á að fá það greitt upp að sama hlutfalli eins og aðrir fá greitt fyrir það ódýrasta hjá Tryggingastofnun ríkisins. En til þess þarf læknir að skrifa upp á fyrir sjúklinginn þannig að hann geti ekki nýtt sér annað. Mér er vel kunnugt um það frá því að ég vann að undirbúningi þessarar reglugerðar að það var gert ráð fyrir því að það yrði ekki í mjög mörgum tilvikum sem til slíks þyrfti að koma.

Í öðru lagi ítreka ég það enn að ég hef fengið upplýsingar um það bæði úr fjmrn. og annars staðar frá að það sé gert ráð fyrir því að innheimta innritunargjöld af öllum sem leggjast inn á sjúkrahús og þar að auki fyrir ferliverk. Ég er mjög ánægður með að heyra því mótmælt af hálfu hæstv. heilbrrh., en þá breytast líka forsendurnar í frv. Þá hljóta menn að verða að draga úr þeim áformum um áhrif þessara aðgerða á sértekjur spítalanna sem frv. gerir ráð fyrir. Í forsendum frv. um sértekjur spítala er gert ráð fyrir þessu hvoru tveggja. Hafi hæstv. heilbrrh. skipt um skoðun og ætli ekki að framkvæma þetta svona, þá verður hæstv. ráðherra tafarlaust að láta hæstv. fjmrh. vita að þau áform sem eru um tekjuöflun af þessum sértekjum spítala munu ekki ganga upp. Og þá spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hvað breytir þessi ákvörðun hennar miklu, hvað lækkar hún mikið áformaðar sértekjur spítalanna? Hvaða áhrif hefur það að hún segir að þær stofnanir sem munu innheimta samkvæmt ferliverkareglugerðinni muni ekki jafnframt innheimta innritunargjöld? Hvaða áhrif hefur það á tekjuspá fyrir sértekjur sjúkrastofnana?

[18:27]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að segja frá því hvernig þessi bók virkar á mig sem nýjan þingmann. Ég verð að segja það að fyrir utan innihaldið þá er uppsetningin á henni að mörgu leyti fremur óaðgengileg þannig að ég hef bent fulltrúum frá ráðuneytinu á það. Víða eru t.d. töflur aftast sem hjálpa manni að breyta verðlagi til núgildandi árs o.s.frv. en hvergi eru neðanmálsgreinar sem vísa fram og til baka í frv. þannig að ég held að það væri ágætis ábending til fjmrh. að reyna að gera þessa bók aðgengilegri fyrir almenning til þess að skilja.

Ég vil byrja á því að taka undir það meginmarkmið þessara fjárlaga að það sé mjög mikilvægt að reyna að ná niður hallanum á ríkissjóði. Ég efa þó mjög að þeim takist að taka þetta stóra skref sem hér er stefnt að, bæði vegna þess að skrefið er stórt og einnig vegna þess að undanfarin ár hefur hinn raunverulegi halli ávallt farið fram úr því sem til stóð. T.d. var árið 1992 áætlað að hallinn yrði 3,7 milljarðar, en reyndist 10,6. Síðasta ár átti hann að vera 6,5 milljarðar en stefnir í 8–9.

En þó að markmiðið að ná niður halla ríkissjóðs sé gott, þá eru leiðirnar sem farnar eru að mínu mati bæði forkastanlegar og í raun hættulegar. Forkastanlegar vegna þess að það er staðfest með þessu frv. að efnahagsbatinn sem hér hefur orðið, aðallega vegna veiðanna í Barentshafi, og hefur skilað sér í auknum útflutningstekjum, aukinni veltu og auknum hagvexti, á ekki að fara til þeirra sem minnst bera úr býtum. Gert er ráð fyrir óbreyttum kjarasamningum þó að ýmsar blikur séu reyndar á lofti um að sú forsenda muni standa. Enda ekki skrýtið því að á yfirborðinu er rekin sú launastefna að þeir lægst launuðu fái mestar hækkanir en í raun bendir margt til að þveröfug launastefna sé í gangi þar sem þeir hærra launuðu fá meira. Þó að ljóst sé að verulega hefur verið þrengt að millitekjuhópunum í þessu þjóðfélagi, fólkinu sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og er með lítil börn, er þó forkastanlegast að þeir sem búa við allra kröppustu kjörin, þ.e. atvinnuleysið, og þeir sem lifa af ellilífeyrisbótum eða örorkubótum eiga enn að herða sultarólarnar. Það á að skerða flestar tegundir bóta með því að aftengja þær frá launavísitölu og því er ekki gert ráð fyrir hækkun bóta eins og hækkun launa á næsta ári.

Þá er sérstaklega ámælisvert að það eigi að fresta greiðslum á bótum til þolenda afbrota um eitt ár og það eigi að hækka aldursviðmiðanir vegna afslátta á lyfjakaupum úr 67 í 70 ár þó að vissulega sé rétt að huga að því að hér í landinu er að myndast tiltölulega stór hópur vel stæðs fólks sem kominn er á efri ár. Það er fólk sem flaut ofan á á verðbólgutímanum og hefur tiltölulega mikið af peningum og auðvitað er ástæða til að þetta fólk greiði til samfélagsins eins og aðrir. Þetta fólk kom sér upp húsnæði á góðum tíma og það greiddi námslán sín á góðum tíma og það þarf að huga að því að það greiði til samfélagsins eins og aðrir. Ég er þeirrar skoðunar að núna sé mikilvægara að huga að því að létta skattbyrðinni af ungu fólki, þeim sem eru að koma sér upp húsnæði, greiða af námslánunum sínum og ala upp börnin sín. Ég held að það fólk sé verulega aðþrengt nú til dags.

Það er einmitt megingallinn á frv. að það skortir í því framtíðarsýn og því er alls ekki ljóst að þær niðurskurðaráætlanir sem hér eru munu standast og hvort þær munu leiða til nokkurs varanlegs sparnaðar í ríkisútgjöldum. Það er t.d. ekki nóg að ætla sér að spara í heilbrigðiskerfinu ef ekki er jafnframt reynt að huga að því að beina peningum í fyrirbyggjandi starf því að annars heldur fólk áfram að veikjast og það með sama tilkostnaði og áður. Það verður einhvern veginn að reyna að brjóta upp þetta kerfi og það er því miður ekki verið að gera það hér. Það sama á við í sambandi við slys. Ég get ekki séð neitt sem sé sérstaklega fyrirbyggjandi að því leyti en það getur vel verið að þetta sé allt á einhverjum leyndum liðum.

Það sama á við um búvörusamninginn. Nú stendur til

að gera búvörusamning við bændur til fimm ára án þess að tryggt sé að staða sauðfjárbænda verði nokkuð betri en nú eftir fimm ár. Það er ekki hægt, hæstv. fjmrh., að sætta sig við endalausar bráðabirgðalausnir án skýrrar framtíðarsýnar. Þetta er fyrsta frv. þessarar ríkisstjórnar og ég hefði gjarnan viljað sjá svolítið háleit markmið og að hverju er stefnt þó að vissulega sé það markmið gott að koma ríkishallanum niður.

Það atriði sem ég vil þó sérstaklega gera að umræðuefni í þessari tölu minni eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir boðaði í ræðu sinni í þessari umferð er umfjöllun um menntamálin. Því miður verð ég að segja að í menntamálunum bólar ekki á þeim krafti sem kosningabaráttan gaf okkur vonir um. Vissulega er rétt að það er dálítil aukning framlags til menntamála og hún er hlutfallslega mest í menntamálum miðað við hin ráðuneytin en þessi aukning skýrist fyrst og fremst af því að á sl. ári var lögbundnum kennslustundum í grunnskólum fækkað. Nú er verið að reyna að borga til baka þá fækkun og einnig á að fjölga viðmiðunarstundum vegna nýsamþykktra grunnskólalaga og einnig koma kjarasamningar kennara þarna inn.

Auðvitað er mjög mikilvægt að vel sé staðið að fjárveitingum til grunnskólans núna þegar stendur til að flytja rekstur grunnskólans yfir til sveitarfélaganna og alger nauðsyn að skapa ekki tortryggni með því að hafa þessar fjárveitingar lágar þannig að ég skil mjög vel og fagna því að það skuli vera aukið fjármagn til grunnskólans. Samt sem áður get ég ekki séð að þarna sé neitt fjármagn t.d. til þess að taka mið af því hvað það kostar að einsetja grunnskólann.

Fyrir utan fjárveitingar til grunnskólans er alls ekki margt sem menntmrh. og þessi ríkisstjórn getur státað sig af. Vil ég þar nefna nokkur dæmi. Fyrst vil ég nefna Háskóla Íslands sem enn einu sinni virðist eiga að reka undir hungurmörkum þannig að há innritunargjöld verða nauðsynlegur hluti af rekstrarkostnaði skólans. Eðlilegra væri að ríkisstjórnin hefði manndóm í sér eða kjark til að viðurkenna þá staðreynd að þetta eru skólagjöld og kalla það skólagjöld og setja lög um slíkt. Hækkunin til háskólans nemur 14,7 millj. kr. og þá er ég að ekki tala um á verðlagi sömu ára heldur bara krónutölu frá því í fyrra og aðalskýringin er laun tveggja prófessora á tilraunastöðinni á Keldum. Á móti er gerð krafa um hagræðingu og það mun að auki ekki vera nægjanlegt fé þarna til þess að taka mið af nýsettum kjarasamningi háskólakennara. Það hlýtur auðvitað að fást leiðrétt, ég ætla ekki hæstv. fjmrh. það að geta ekki staðið við gerða samninga. En það bólar ekkert á fjárveitingum til þess að efla framhaldsnám við háskólann og er ekki hægt að sjá mikinn stuðning nema síður sé til rannsóknarstarfsemi. Framlag í rannsóknarnámssjóð, sem styrkir efnilega námsmenn til framhaldsnáms við háskólann, er skert úr 25 millj. í 20 og framlag í nýsköpunarsjóð námsmanna er einnig skorið niður úr 15 millj. í 10 millj. Framlag í vísindasjóð Rannsóknarráðs er skorið niður úr 25 millj. í 15 millj. Þetta er verulegt áhyggjuefni, virðulegi hæstv. fjmrh. vegna þess að þetta sýnir að ekki er verið að fjárfesta í mannauði og nýsköpun sem hljóta þó að vera helstu vaxtarbroddar framtíðarinnar.

Þá vil ég geta þess að 5 millj. kr. eru ætlaðar til að undirbúa uppeldisháskóla og til að gera úttekt á háskólastiginu. Þessum lið fagna ég innilega því að skýr stefnumörkun sem byggir á staðreyndum þessa skólastigs er mjög knýjandi. En upphafið sýnir að ekki á að ráðast í nein stórvirki á þessu sviði á næsta ári en þessi liður gefur þó von um að markviss vinna sé að fara í gang og því fagna ég.

Ef við lítum til framhaldsskólans er ljóst að hann á að sæta skerðingum á næsta ári. M.a. er áætluð um 3% fækkun á áætluðum kennslustundum. Þá er framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna skorið niður, enda eru lánin sem boðið er upp á orðin það dýr að nemendur standa frammi fyrir því vali að taka námslán eða að koma sér upp húsnæði yfir höfuðið á lífsleiðinni, ég er ekki að ætlast til að þeir geti gert það samtímis. Slíkt getur auðvitað ekki gengið til lengdar og þetta jaðrar að mínu mati við mannréttindabrot og því hljótum við að beita okkur hér þinginu fyrir breyttum reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna en þessi lækkun til LÍN er réttlætt með því að það sé ekki meiri eftirspurn eftir lánsfé.

Ef vísað er til fleiri þátta sem heyra undir menntmrn. vil ég sérstaklega nefna að framlag til Kvikmyndasjóðs er skorið niður. Það er ekki staðið við þau framlög sem eru í gildandi lögum og mér finnst það vera dálítið kaldar kveðjur til kvikmyndagerðarmanna okkar sem hafa verið að gera garðinn frægan úti um öll lönd og hafa staðið sig mjög vel. Mér finnst mjög miður að á svo merkum tímamótum sem þessi listgrein er á skuli ekki vera hægt að standa við lögbundin fjárframlög.

Virðulegi forseti. Ég hef gert að umtalsefni fjárlagafrv. sem fyrir liggur fyrir árið 1996, fyrsta fjárlagafrv. þessarar hæstv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Markmiðið er gott, að ná niður hallanum á ríkissjóði, en leiðirnar eru vondar og væntanlega að verulegu leyti óraunhæfar. Ég nefndi í upphafi að leiðirnar væru ekki bara forkastanlegar heldur einnig hættulegar. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna að verulega er sorfið að þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu með ófyrirséðum afleiðingum, að ekki bólar á neinum aðgerðum til að létta ungu fólki með börn róðurinn nema þeim sem eru allra verst settir, samaber aukinn barnabótaauka, sem ég fagna, en þetta mun skila sér í minni neyslu og minni tekjum af virðisaukaskatti og hafa mannskemmandi áhrif á uppvaxandi kynslóð. T.d. á að skerða mæðra- og feðralaun um 40% eða 125 millj. Hættulegast af öllu er þó að verið er að skerpa andstæðurnar milli ríkra og fátækra í þessu frv. með tilheyrandi viðbrögðum og reiði meðal þeirra lægst settu.

Umræður í þjóðfélaginu um launahæstu menn ríkisins og tekjur alþingismanna sýna hve mikil reiði kraumar undir og tel ég alls ekki ólíklegt að samningum verði sagt upp og allar forsendur þessa frv. kollvarpist. Þetta er óskynsamleg stefna og hlýtur að kalla á sterk viðbrögð jafnaðarmanna í landinu.

Að lokum tek ég fram að á einum stað sá ég minnst á jafnrétti kvenna og karla í þessu frv. og það var þar sem var verið að fella niður ekkjulífeyri til þeirra kvenna sem verða ekkjur eftir 1. janúar 1996. Réttlætingin er sú að það sé verið að jafna niður á við og ná jafnrétti á milli ekkna og ekkla með því að afnema bætur ekkna. Það stendur ekki á því að afnema forréttindi kvenna á þeim örfáu stöðum þar sem þau tíðkast þó að ljóst sé að fullorðnar ekkjur í dag hafa oft verulega minni möguleika en ekklar til þess að afla sér tekna á vinnumarkaði. Það bólar ekki neitt á því að það eigi að stokka upp í launakerfi ríkisins eða draga úr launamisrétti kynjanna. Þetta er frv. sem mun ýta undir atvinnuleysi og meiri ójöfnuð. Þetta er vont frv. sem verður að breyta en þetta er frv. hæstv. ríkisstjórnar, hægri flokkanna í landinu. Því miður njóta þessir flokkar mikils kjörfylgis og því má búast við að stjórnin geti komið þessari stefnu í gegn, knúið þetta frv. í gegnum hið háa Alþingi. Þetta frv. sannfærir mig betur en margt annað um nauðsyn þess að jafnaðar- og kven-

frelsissinnar taki saman höndum og hnekki veldi þessarar ríkisstjórnar.

[18:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. var fyrir nokkurra hluta sakir dálítið athyglisverð. Í fyrsta lagi sagði hv. þm. að það sem kæmi fram í fjárlagafrv. væri stefna hægri flokkanna og undirstrikaði þetta síðan með því að segja að jafnaðar- og kvenfrelsisflokkarnir væru á móti slíkri stefnu. Hv. þm. hefur áður talað fyrir hönd Kvennalistans á þann veg, mjög skýrlega, að Kvennalistinn sé einn af vinstri flokkunum, einn af félagshyggjuflokkunum. Með því hefur hv. þm. opinberað það sem lengi hefur verið vitað að Kvennalistinn hefur smám saman verið að færa sig til vinstri, er einn af þessum vinstri félagshyggjuflokkum og ekkert öðruvísi en þeir og þess vegna er Kvennalistinn að líða undir lok. Það er meginástæðan. Það er einmitt slíkur málflutningur og hér heyrist sem er meginástæðan fyrir því að Kvennalistinn er að líða undir lok.

Hv. þm. kvartaði síðan yfir því að fjárlögin litu ekki út eins og kennslubók í háskólanum og það er alveg rétt. Hins vegar hefur það gerst á undanförnum árum að fjárlögin hafa verið smíðuð með þeim hætti að þau hafa verið tiltölulega aðgengileg fyrir almenning í landinu, jafnvel fyrir háskólakennara og háskólaborgara líka, sem betur fer. En hv. þm. kom upp um sig þegar hún sagði að á einum stað hefði hún séð eitthvað minnst á jafnrétti kynjanna og taldi til eitt dæmi. Þau eru nú reyndar fleiri, meira að segja stallsystur hennar í Kvennalistanum hafa komið auga á fleiri og spurst fyrir um fleiri atriði sem um getur í fjárlagafrv. Eitt af því er m.a. það sem kemur fram á bls. 242 þar sem segir að jafnréttismál verði kynnt og það hefði komið fram í ræðum hér fyrr og þar á meðal í framsöguræðu fjmrh. að ætlunin er að taka sérstaklega á þessum málum, þau verði kynnt stjórnendum ríkisfyrirtækja og sú nefnd sem fer með starfsmannastefnumálin og er nú að störfum á sérstaklega að fara ofan í þau. Að auki er minnst á þessi mál víðar eins og til þess að efna þau loforð sem gefin voru í sambandi við síðustu kjarasamninga. Ég efast ekki um að hv. þm. kemur til þess að koma með góðan og heiðvirðan málstað til þess að gagnrýna þetta frv. en hann verður a.m.k. að kynna sér og lesa frv. áður en ákveðið er og sagt hvað sé að í frv.

[18:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að ég hafi ekki rekist á jafnrétti kynjanna víðar. Kristín Halldórsdóttir var sérstaklega búin að skjalla hæstv. fjmrh. fyrir að nefna jafnrétti kynjanna á einum stað öðrum og ég tek undir það með henni. En ég tók fyrir sérstaklega ákveðna þætti í frv. en las meginpartana og þetta var það aðalatriði sem sló mig því að það virðist ekki standa á því að jafna þegar draga á úr forréttindum kvenna.

Varðandi hægri- og vinstrimennsku veit ég ekki hvort ég á að eyða orði að því hér. En það er náttúrlega alveg ljóst að þessi ríkisstjórn er ekki kvenfrelsisríkisstjórn. Það er alveg ljóst á þessari stefnu og hvort sem við köllum það hægri eða vinstri er alveg ljóst að það er ekki verið að styrkja stöðu kvenna með fjárlagafrv. og með fullri virðingu fyrir hæstv. heilbrrh. er þetta að mestu leyti hefðbundin karlrembustjórn.

[18:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég vildi gjarnan að fleiri kvenmenn væru í þessari ríkisstjórn og ég vil taka undir það með hv. þm. og ég vona að það verði bót á þessu kvenmannsleysi í ríkisstjórninni í framtíðinni. En það var ekki það sem ég ætlaði að ræða um hér. Varðandi mæðra- og feðralaun, sem hv. þm. ræddi um, þá er það þannig að einstætt foreldri á að fá 500 kr. greiddar með einu barni eftir að búið er að borga skatta og það er nær að þessir aðilar fái barnabótaauka en þessar 500 kr. sem vigta nú ekki þungt og þá held ég að við séum að ná til þeirra sem minna mega sín því að mæðra- og feðralaun hafa ekki verið tekjutengd.

Varðandi ekkjulífeyrinn vil ég segja að ekki er nóg að lesa að ekkjulífeyrir verði felldur niður heldur er verið að lengja dánarbætur. Aðilar geta fengið dánarbætur í lengri tíma nú hingað til hefur verið þannig að ég tel að við séum ekki að ráðast sérstaklega á ekkjur heldur erum við þarna að jafna milli ekkla og ekkna.

[18:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef af því áhyggjur hvaða stefna birtist í þessum fjárlögum. Ég hef af því áhyggjur hvað sparnaðaraðgerðirnar bitna á erfiðum sviðum og hvernig höggvið er í kjör þeirra er síst skyldi og þeirra sem við reyndum að verja í samstarfi við Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili. Mér finnst að það séu ótrúlega erfiðar aðgerðir sem gripið er til miðað við það að þegar maður fer yfir fjárlagafrv. eru að miklu leyti settar inn óbreyttar fjárhæðir á útgjöldin í mörgum málaflokkum.

Þegar ég tala um ótrúlega erfiðar aðgerðir ætla ég að nefna t.d. að dregið er úr framlögum til fatlaðra, bætur almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs verða ekki lengur tengdar við kjarasamningana og það er mat ASÍ að þetta minnki greiðslur ríkisins til þessara aðila um 700 millj. kr. Það er líka mat þeirra að óbreyttur persónuafsláttur gefi ríkissjóði einn milljarð á næsta ári miðað við að hann hefði hækkað með tilliti til þróunar en að tekjutapið vegna frádráttar á 2% lífeyrissjóðsiðgjöldin verði hins vegar eingöngu 600 millj. kr. Mig undrar að á tíma batnandi hags sé gripið til slíkra aðgerða og úrræða sem bitna á þessum hópum.

Ég ætla aðeins að leyfa mér, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um tekjurnar. Þær aukast um 4,8% sem mér skilst að þýði um 5,5 milljarða, 4,8% á meðan við vorum á undanförnum árum eingöngu með 2,5% tekjuaukningu á ári að rembast við það sem maður vildi reyna að kalla réttlátar aðhaldsaðgerðir, nógu voru þær erfiðar samt. Ég tel að við séum á margan hátt með þessum tekjum, með þessari aukningu upp á 4,8%, að uppskera árangur undangenginna ára, sérstaklega þegar litið er til þess hagvaxtar sem er að verða núna annað árið í röð. En mér finnst að í raun og veru hafi ríkisstjórnin ekki þurft að taka verulega á og hún hafi freistast til að fara inn í þennan sama útgjaldapakka sem baráttan hefur verið um aftur og aftur.

Ég vil hins vegar segja að ég styð að sjálfsögðu, þó að ég sé í stjórnarandstöðu áfram, að leitast verði við að vera með stöðugleika og vaxtalækkun og hafa það að leiðarljósi en ég bendi á það sem kom fram í Vísbendingu að þar er sett spurning á forsíðu hvort við séum að fara inn í verðbólgu og það væri áhugavert að heyra viðbrögð fjmrh. við því í örfáum orðum.

Til viðbótar því að tekjurnar aukast um 5,5 milljarða nemur að mati ASÍ — svo að ég vitni aftur til þeirra sem hafa gert sérstaka úttekt á þessu — lækkun framkvæmdafjár bæði til viðhalds og stofnframkvæmda um 3 milljörðum. Þá getum við í raun og veru sagt að 8,5 milljarðar hafi verið til ráðstöfunar í tilfærslur til þess að létta álagið sem þarna er verið að bregðast við. Ég tek að sjálfsögðu eftir því að það er haldið áfram með hátekjuskattinn og það styð ég og ég vil líka lýsa því yfir úr þessum ræðustól að ég styð hugmyndirnar um að minnka tekjutengingu hjá ungu barnafólki vegna þess að ég held að allir flokkar hafi verið sammála um það fyrir kosningar að þar þyrfti að taka á og ungt fjölskyldufólk væri að bera allt of þungar byrðar miðað við aðra hópa. Að sjálfsögðu mun skipta máli hvernig útfærsla þessara mála verður, hæstv. fjmrh., og ég minni enn og aftur á það hvað það skiptir miklu máli að útfærslur á slíkum aðgerðum séu skýrar svo oft sem það hefur komið fyrir að takmarkaðir útreikningar hafa birst um efnahags- og viðskiptamál, í skattamálum, varðandi vaxtabætur og annað. Eftir á hafa menn kannski séð að aðgerðin sem slík var allt önnur en útlit var fyrir.

Auðvitað get ég ekki talað um tekjuhlið öðruvísi en minna á fjármagnstekjuskattinn en ég ætla ekki að flytja langa ræðu þannig að ég ætla eingöngu að segja að það hefur verið sjónarmið flokks míns að byrja ekki með fjármagnstekjutengingu á öldruðum eða inni í Tryggingastofnun meðan ekki er búið að útfæra fjármagnstekjuskattinn á tekjuhópana og fólkið með fjármagnseignir og þar með fjármagnstekjur í þjóðfélaginu. Auðvitað er búið að margskoða hvar réttlætið liggi þar og það er auðvelt að segja að það sé ekki eðlilegt að einhverjir, sem hafa milljónir í fjármagnstekjur, fái ýmislegt það sem fátækt launafólk er kannski með skerðingu út af. En það er mjög erfitt að taka upp slíkt prinsippmál fyrst í Tryggingastofnun ríkisins og ég ætla að láta það nægja um þetta mál.

Ég get ekki stillt mig um það, virðulegi forseti, að fá að lesa upp nokkrar setningar af blaði sem er fyrir framan mig:

„...þær staðreyndir sem blasa við mörgum heimila í landinu, þar sem þúsundir fjölskyldna eru að verða gjaldþrota, þá er bara því þannig komið því miður að það blasir við neyðarástand á mörgum heimilum í landinu og það neyðarástand mun skapa margvísleg félagsleg vandamál. Það mun leggja auknar byrðar á félagsmálastofnanir, það mun auka örvæntingu einstaklinganna og það mun skapa sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa.

Á flokksþingi framsóknarmanna var skuldastaða heimilanna eitt stærsta umfjöllunarefni þingsins og þar er tvennt sem við viljum leggja til í núverandi stöðu.

Þríhliða samningur um lífskjarajöfnun felur það í sér að við þurfum að ganga strax til kjarasamninga ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Við framsóknarmenn erum tilbúnir að beita okkur fyrir því að hægt sé að setja 3 milljarða til að ná slíkum samningum." Svo fylgja nánari útfærslur á því hvernig þær skulu fjármagnaðar, hvernig þær skulu nýttar. Til þess að geta tekist á við þann mikla vanda sem er að leysa upp heimilin í landinu þarf að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í endurreisnar- og ráðgjafarmiðstöð. — „Það erum við framsóknarmenn tilbúnir til að gera. 1983 var flotinn stopp. Þá komum við til valda í sjútvrn. og bárum ábyrgð á því að koma flotanum af stað. Nú eru heimilin strand og framsóknarmenn eru tilbúnir til þess að koma heimilunum aftur á flot."

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að lesa meira en ég má til að koma með tvær, þrjár setningar frá hæstv. félmrh. frá því í desember 1994 og þær eru þessar:

„Ástandið í þessum málum er gersamlega óviðunandi. Það er útilokað að ljúka þingi í vetur öðruvísi en að ganga frá þessum málum. Skuldasöfnun heimilanna hefur náttúrlega á valdatíma núv. ríkisstjórnar orðið mjög alvarlegt vandamál. Þessi ríkisstjórn hefur verið að færa til þjóðarauðinn."

Ég ætla ekki að lesa meira þó það væri fróðlegt að lesa upp af þessum tveimur síðum. En ég ætla að nefna það, virðulegi forseti, að í fjárlagafrv. er lagt til að setja upp væntanlega byrjun á endurreisnarstöð heimilanna og til þess eru veittar 12,5 millj. kr. Félagar mínir hafa komið inn í þessa fjárlagaumræðu og mér finnst fullkomlega ástæðulaust að ég ræði nákvæmlega sömu mál og þeir þó ég hefði haft áhuga á að tjá mig um ýmislegt en ég ætla að koma örlítið inn á þann málaflokk sem mér hefur verið hugstæður og ég ætla ekki að krefjast þess að félmrh. mæti á þennan fund til að hlýða á mál mitt enda hef ég ekki átt mjög málefnalega viðræðu við hann úr þessum ræðustóli.

Eitt af því sem að gerist í tengslum við að það hafa orðið stjórnarskipti og skiptir stóru máli fyrir fatlaða og öryrkja er að afnumin eru svokölluð bílalán Tryggingastofnunar til fatlaðra og öryrkja. Þetta er afar stórt mál og því var harðlega mótmælt af öllum hagsmunasamtökum fatlaðra sem létu í ljós miklar áhyggjur yfir því hvernig mál væru að þróast. Petrína Baldursdóttir og Guðrún Helgadóttir gerðu svofellda bókun í tryggingaráði, virðulegi forseti:

„Við greiðum atkvæði á móti tillögunni um afnám bílakaupalána til hreyfihamlaðra. Við teljum engin veigamikil rök hafa komið fram er réttlæti afnám þessara lána. Við teljum ljóst að lán Tryggingastofnunar ríkisins til bílakaupa eru veitt á betri kjörum en almennt gengur og gerist og afgreiðsla þeirra er öruggari. Það er ljóst að ávallt er mikil eftirspurn eftir þessum lánum þrátt fyrir aukið aðgengi að öðrum lánum og meiri samkeppni ríki á fjármagnsmarkaðnum. Það hefur verið þrengt að hag fatlaðs fólks. Við teljum að lengra verði ekki gengið í að skerða rétt þeirra og kjör og að réttara hefði verið fyrir nýkjörið tryggingaráð að beita sér fyrir því að gæta hags þessara skjólstæðinga sinna heldur en að beita sér fyrir því að skerða hag þeirra sem við teljum m.a. felast í þessum bílalánum."

Á sama tíma og þetta er að gerast er jafnframt viðmiðun við laun afnumin af bótum Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs og aftur er það mat ASÍ sem að hefur farið ofan í þessi mál að þar sé um nokkur hundruð millj. að ræða, allt að 700 millj. kr. í minnkuðum útgjöldum ríkisins. Á sama tíma á að vera aukin gjaldtaka og ég hef talið að miðað við frv. sé nokkuð óvisst um framkvæmdina og hvort þessum hópi verði í einhverju hlíft. Um leið og ég gekk hér í húsið af fundi sem ég var á þá heyrði ég heilbrrh. segja frá því, hafi ég skilið hana rétt, að það verði settar reglur þar um og ég treysti því að þannig verði það.

Einn er sá sjóður sem skipt hefur mjög miklu máli í því sem ég vil kalla jafnrétti þegnanna og snýr að fötluðum og það er Framkvæmdasjóður fatlaðra. Það var gert heiðursmannasamkomulag að taka inn í sjóðinn framlög til rekstrar í trausti þess að sjóðurinn yrði ekki skertur. Að erfðafjárskattur rynni í sjóðinn óskertur auk þess sem framlög kæmu frá ríkinu. Það hefur verið sjónarmið aðila samtaka fatlaðra að þetta heiðursmannasamkomulag hafi legið fyrir og þetta var tekið fyrir á þeirra samráðsfundi áður en þeir féllust

á það í góðu samkomulagi að taka ákveðna þætti inn til rekstrar. Ef framlög til liðveislu, viðhalds, aðgengismála og stuðningsfjölskyldna, sem er mjög stórt mál fyrir fjölskyldur mikið fatlaðra barna, yrðu óbreytt frá fyrra ári þá er talið að 100 millj. kr. mundu dragast frá því sem eru heföbundin verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Erfðafjárskatturinn er áætlaður 390 millj. kr. á næsta ári, framkvæmdasjóðurinn fær 237 auk heföbundins framlags vegna fyrri fimm ára áætlunar varðandi sérstaka uppbyggingu fyrir geðfatlaða upp á 25 millj. kr.

Ég veit að því hefur verið haldið fram að sala á Sólborgu á Akureyri til menntamálaráðuneytisins þýði að 80 millj. kr. komi aukalega inn í þennan þátt en ég vil vekja athygli á því ef búið er að taka framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra á liðnum árum til þess að byggja upp og framkvæma fyrir þannig að unnt sé skrifa út af Sólborgu er náttúrlega bara búið að flytja til þjónustu af Sólborgu út á sambýlin og þá vantar uppbyggingu umfram Sólborgu í framhaldinu. Þess vegna er ekki hægt að líta á svo á að þessar 80 millj. eigi eingöngu að fara í greiðslur aftur í tímann eins og mér skilst að sé svar fjmrh. varðandi þetta mál. Ég vil líka nefna það að eftir því sem ég hef fengið upplýst eru skuldbindingar sjóðsins vegna 1996 um 160 millj. og þar af 20 millj. í viðhald á byggingum. Það er mjög mikilvægt vegna þess að á erfiðum tímum verður að vera ákveðið flæði þarna á milli þátta í þágu fatlaðra en það er líka afar mikilvægt að það sem til þess er ætlað standist.

Bent hefur verið á aukningu í málaflokknum og er þá vísað til þess að það er verið að flytja stöðugildi, sem að hafa verið undir heilbrigðisráðuneytinu, yfir í félagsmálageirann. Þau stöðugildi tilheyrðu Kópavogshælinu, sem er þjónustustofnun sem hefur sinnt fötluðum, og þetta er vegna mjög góðra áforma um útskriftir af Kópavogshæli sem hefur verið baráttumál undangenginna ára. Ekki er hægt að segja að verið sé að auka málaflokk fatlaðra þegar stöðugildi, sem þjónuðu fötluðum í heilbrigðisgeiranum, eru tekin af því þetta var heimili þeirra sem þar bjuggu og þeir flytjast á önnur heimili með starfsmönnum sem flytjast þarna frá. Ég hafna því að þarna sé hægt að tala um aukningu.

Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, að sá sparnaður sem dómsmrn. hefur gripið til er fullkomlega óásættanlegur, þ.e. að fresta því að bótagreiðslur verði inntar af hendi til þolenda kynferðislegs ofbeldis. Ég get þess hér úr þessum ræðustóli að þetta er eitt af þeim málum sem ég var stolt af hjá fyrrv. ríkisstjórn. Þetta var eitt af þeim umbótamálum sem ég nefndi þegar ég fór á fundi og talaði um árangur, afrakstur og sjónarmið sem hefðu komið fram og verið hrint í framkvæmd af þessari ríkisstjórn. Mér finnst það sárt að þessu máli verði frestað og ég vona og treysti að ríkisstjórninni snúist hugur. Ég þekki dæmi um unga manneskju sem er algjör öryrki til lífstíðar vegna ofbeldisverka og fjölskylda gerandans er ekki og mun ekki verða borgunarmenn fyrir því sem þarna hefur gerst. Þetta fólk hefur vænst og hefur litið fram til að þessar bótagreiðslur verði inntar af hendi.

Ég fagna því að heilbrrh. er hér. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fjallaði um heilbrigðismál og þess vegna ætla ég ekki að koma mikið inn á þau þó ég hefði haft áhuga á því að fá aðeins umfjöllum um lyfjaútgjöldin en ég mun hiklaust ræða það við flokksbróður minn sem hefur rætt um þau mál þar sem ég var ekki í salnum þegar það kom fram og kynna mér það. En það eru mál sem ég hef miklar áhyggjur af í mínu kjördæmi og það er D-álman í Keflavík og það eru málefni heilsugæslustöðva. Ég ætla ekkert að fara í djúpa umræðu um frestun framkvæmda. Ég ætla að reyna eins og unnt er að vera ekki að éta upp umræður sem þegar hafa farið fram en ég er á þeirri skoðun að forgangsröðun þýði að einhver mál séu svo brýn að þau njóti forgangs umfram það sem annars væri en ekki að forgangsröðun þýði að það eigi að flokka niður í að einhverjir eigi að fá ekkert. Þetta gildir bæði um viðhorf mín varðandi forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og öllum sviðum. Ég hef af því áhyggjur hvernig haldið hefur verið á málum varðandi D-álmuna í Keflavík og vegna þess að bæði ég og heilbrrh. vorum á sama fundi hjá Sambandi sveitafélaga á Suðurnesjum þar sem að menn tóku því mjög illa að þar voru ekki komnar fram einhverjar upplýsingar vil ég gjarnan heyra hvar það mál stendur núna. Þar sem heilsugæslustöðvar eru ekki sundurliðaðar hef ég áhuga á að heyra hvort einnig er búið að hafna öllum áformum um uppbyggingu og endurbætur þar sem verst er ástatt um heilsugæslustöðvar. Mér er engin launung á því og segi að það hér að ég hef litið svo á að ef röðin er komin að einhverri heilsugæslustöð að fá úrbætur þá er það heilsugæslustöð Kópavogs.

Það á að skerða Atvinnuleysistryggingarsjóðinn um 300 millj. en að vísu kemur nú einhvers staðar fram að heildarfjárhæðin aukist. Ég er ekkert neikvæð gagnvart því að þarna fari fram endurskoðun og félmn. hefur fengið formann þeirrar nefndar sem er að skoða sjóðinn á sinn fund og hann hefur farið lauslega yfir það hvert stefnir án þess að þar komi neitt fram enn þá um það hvernig verði tekið á málum. Mér finnst afar gott að það er sérstök fjárveiting fyrir ungt fólk í atvinnuleit en ég hef þann fyrirvara að það er ekki þar með sagt að ég verði hrifin af því hvernig það verður útfært. Ég hef haft þá skoðun að enginn eigi að vera óvirkur á bótum. Ef fólk á ekki því láni að fagna að vera á vinnumarkaði þá á fólk að vera í námi, endurmenntun, á námskeiðum, í einhverju markvissu og vera gildir þegnar þessa þjóðfélags. Á þetta lagði ég áherslu við hæstv. fjmrh. á síðasta ári og við ræddum hversu mikilvægt það væri að innan þessa sjóðs yrði sérstakt fjármagn eyrnamerkt til fræðslu fyrir atvinnulausa. Það er erfitt að sjá hvernig þeim málum er skipað og þess vegna spyr ég fjmrh. núna: Eru eyrnamerktir fjármunir í Atvinnuleysistryggingasjóði til námskeiðahalds og verður framhald á því að sérstakt fjármagn verði veitt til aukinna fræðslunámskeiða eins og gert var út af samningi við aðila vinnumarkaðarins í upphafi þessa árs?

Þrátt fyrir að félmrh. hæstv. er ekki í þessum sal og ég hef ekki kallað eftir honum þá ætla ég að nefna örfá atriði sem lúta að Húsnæðisstofnun og endurtaka upplýsingar sem ég kom með í andsvari við formann Framsfl. í fyrri umræðu. Í fyrra var samanlagt fjármagn til útlána í húsbréfum og lánum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna 17 milljarðar og 930 millj. Núna er samanlagt fjármagn til útlána í húsbréfum og lánum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna 17 milljarðar og 387 millj. Það vantar á sjötta hundrað millj. upp á til að halda sömu fjárhæðum. Þrátt fyrir þetta á að hækka lánshlutfall til fyrstu kaupa upp í 70%, um 5%, og hefur það þegar verið gert. Þegar ég var að skoða þau mál var talið að það þyrfti 700–800 millj. aukalega vegna slíkrar aðgerðar. Ég tek það fram að þessa aðgerð studdi ég og styð. Það er líka talið og félmrh. hefur sagt að fólk sem að óbreyttu hefði sóst eftir íbúð í félagslega kerfinu fari nú yfir í húsbréfakerfið af því að það að fá 70% lán í húsbréfakerfinu verði nægjanlegt til að þeir sem

hefðu þurft íbúð í félagslega kerfinu fari og kaupi sér íbúð á frjálsum markaði.

Samt sem áður er ekki aukið við fjármagnið í húsbréfunum þrátt fyrir að það eigi að draga stórlega úr fjármagni til félagslegra íbúða. Það á að breyta lánum til endurbóta, það á að lækka viðmiðin þannig að fleiri fái og þá þarf meira fé. Ég vona að hæstv. heilbrrh. taki þessar athugasemdir mínar niður fyrir fjmrh. hafi hann upplýsingar um þessi mál.

Með þeim þremur atriðum sem ég hef talið upp er greinilega gert ráð fyrir aukinni ásókn en samt er sett fram minna fjármagn. Hvergi sést fjármagnið sem koma átti til hjálpar nauðstöddum heimilinum. Endurreisnar- og leiðbeiningarstöðin fær 12,5 millj. og væntanlega þannig að hægt sé að ráða einhverja einstaklinga þar til starfa sem er líka gott mál. Með þeirri samvinnu, sem var búið að koma á laggirnar við aðila vinnumarkaðarins, alla þá sem eru í ráðgjafarhlutverki, hefði ég talið að það hefði verið hægt að hrinda þeirri samvinnu á einhvern frekari hátt í framkvæmd á vettvangi ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar en þarna á að koma einhver ný stöð sem ég skil ekki alveg hvernig er. Ég kalla á Framsfl., hvernig þau geti horft hvert framan í annað meðan þau hafi ekki gert neitt í fjárlagafrv. aukalega til að stuðla að því að það verði til ný störf í landinu. Það hefur komið fram að það urðu til yfir 2.000 störf á sl. ári. Það hefur komið fram að það var í pípunum að það yrði með þeim hagvexti sem fram undan var og við höfum bent á það aftur og aftur en þeir töldu þjóðinni trú um að það ætti að búa til ný störf af því að enginn vill vera atvinnulaus. Og auðvitað styð ég markmið um hallalaus fjárlög og að safna ekki skuldum og verjast vaxtahækkun en ég kalla á Framsfl., hvernig horfast þau í augu hvert við annað? (**Gripið fram í:** Yfirleitt bara.) Yfirleitt, með þessi fjárlög. Við skulum þá bara athuga það að ég er að kalla eftir viðbrögðum Framsfl. vegna eigin loforða. Ég er ekki að segja að ég hefði viljað gera endilega það sem þau buðu. Ég fór ekki fram með þessi loforð sjálf í kosningabaráttunni. Ég er kalla eftir hvernig þau ætla að standa að þessu.

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta mér nægja þessa yfirferð og þessar athugasemdir við fjárlögin. Það er of margt óljóst í framsetningunni og ég þekki það af reynslunni að það er margt sem að á eftir að breytast á milli 1. og 2. umr. og þess vegna mun ég kynna mér mjög vel hvernig útskýringar koma á ýmsum þeim þáttum sem ég hef gert athugasemdir við og koma því tvíefldari við 2. umr.

[Fundarhlé. — 19:17]

[20:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur eðlilega margt verið sagt í dag og undanfarna daga en því hefur kannski ekki verið haldið til haga sem mér þykir töluvert mikils um vert en það er hver er þriðji stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs. Það eru vextir. Við greiðum 14 milljarða í vexti. Náum við því niður á skömmum tíma, þá væri það feitur biti fyrir heilbrigðiskerfið. Og af því að alþýðuflokksmenn hafa eins og margir aðrir farið hér vítt um völl, er kannski ekki úr vegi að minna á að það er skilinn eftir einn milljarður í mínus í heilbrigðismálunum miðað við fjárlög í yfirstandandi árs.

Mig langar líka að halda því til haga að ef við náum utan um ríkisútgjöldin eins og gert er ráð fyrir, þá eigum við von á 2% vaxtalækkun. Er nokkuð sem kæmi heimilunum í landinu betur til góða en það? Það er auðvitað spurning sem menn verða að svara hver fyrir sig. En af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er hér inni og hefur spurt nokkurra spurninga þá langar mig til að svara henni svo hún þurfi ekki að bíða í allt kvöld og alla nótt eftir svari. Hún hefur spurt um framkvæmdir og frestun framkvæmda. Hún spurði spurninga varðandi heilsugæsluna og þá sérstaklega í Kópavogi. Því er til að svara að það er búið að bjóða út 1. áfanga varðandi heilsugæslustöðina í Kópavogi. Það er framkvæmd upp á 42 millj. og áætlað er að taka næsta áfanga á næsta ári sem er svipaður að stærð. Þetta er framkvæmd upp á svona rúmlega 110 millj. kr.

Hún benti á að það væri þrengst um heilsugæsluna á Reykjanesi í Kópavogi. Ég vil benda á að það er víða þröngt og vil minnast þar sérstaklega á Mosfellsbæ. Reykjalundur hefur sagt upp leigunni á heilsugæslustöðinni í Mosfellsbæ þannig að við þurfum líka að grípa þar inn í. Hafnfirðingar hafa líka bankað á dyr heilbrrn. og telja nauðsynlegt að fá viðbótarhúsnæði helst fyrir áramót og sömu sögu er að segja um Garðabæ. Þannig að það má víða líta til í kjördæmi hv. þm.

Það er ljóst að við förum ekki í allar þessar framkvæmdir, enda erum við farin að tala um nokkur hundruð millj.

Hún spyr einnig um framkvæmdir í Keflavík. Eins og okkur er báðum kunnugt um er búið að skrifa undir samkomulag um framkvæmdir í Keflavík upp á 130 millj. kr., framkvæmd sem kostar 400 millj. þegar hún kemst í notkun. Ég hef verið að reyna að ná samkomulagi við Suðurnesjamenn um að taka minni áfanga í einu þannig að við fáum nýtanlegan áfanga. Það er skemmst frá því að segja að um það hefur ekki náðst samkomulag og það síðasta sem ég heyrði frá sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum er að þeir vilja fá fund með fjmrh. sem er ekkert óeðlilegt, því að þetta er spurning um peninga. Þetta er spurning um hvort við ætlum að setja í steinsteypu til aldamóta kannski 130 millj. sem ekki koma nokkrum manni að notum fyrr en seint og síðar meir eða hvort það eigi að leggja meira fjármagn í þetta þannig að þetta nýtist einhverjum. Það er spurningin. Og á sama tíma sem menn eru sammála um það að við getum ekki gengið lengra varðandi útgjöld fyrir sjúklinga, þá verðum við auðvitað að hugsa okkur tvisvar um áður en við byrjum hér og þar og alls staðar í einhverjum framkvæmdum sem ekki koma neinum að notum, í bili a.m.k.

Ég held að þetta svari líka fyrirspurn frá hv. þm. Gísla Einarssyni. Við erum að tala um að forgangsraða og þá þurfum við að byrja á að forgangsraða framkvæmdum og endurskoða framkvæmdaliði og fjárfestingar.

Fyrst ég er staðin hér upp, þá langar mig að svara hv. þm. Steingrími Sigfússyni með nokkrum orðum. Hann var með mjög skemmtilega og hressilega ræðu og ég dáist að því hvað hann er hress eftir helgina. Ég held að hann hafi bara aldrei verið hressari því að það stóðu upp úr honum milljarðarnir. (**Gripið fram í:** Milljarðatugir.) Milljarðatugirnar jafnvel. Hann spurði: Af hverju er ekki farið í þessa framkvæmd og hina framkvæmdina o.s.frv. En hann var samt alveg sammála því að það þyrfti að halda utan um fjárlagahallann, hann mætti ekki vera meiri heldur en boðað er.

Hann spurði t.d. að því hvenær ætti að hefjast handa varðandi Barnaspítala Hringsins. Það er ekki rétt hjá honum að hann hafi verið einhvern tíma á fjárlögum. Það hefur ekki verið eyrnamerkt upphæð til Barnaspítala Hringsins. Þetta er framkvæmd sem kostar 800 millj. kr. og ég er alveg viss um það að með þessari framkvæmd slá hjörtu þjóðarinnar,

það er engin spurning. En það er ekki nægilegt. Þegar verður hafist handa varðandi þessa framkvæmd, þá þurfum við að sjá fyrir endann á henni.

Nú er það annars þannig að borgarsjóður lofaði því að 100 millj. yrðu lagðar til þessara framkvæmda, en það var ekki eyrnamerkt betur en svo að þær 100 millj. eru ekki falar í dag, ég hef gengið eftir því. Mér er kunnugt um að Kvenfélagið Hringurinn, sem hefur verið vinveitt þessum barnaspítala í áratugi og byggt þar upp og keypt dýrmæt tæki fyrir stofnunina, hefur þegar safnað um 150 millj. kr. Það er fé sem falt er til framkvæmdarinnar. Sem sagt, mér finnst mikilvægt að þegar við hefjumst handa við framkvæmdina, sem ég tel vera tímaspursmál hvenær við byrjum á, að þá sjáum við fyrir endann á því hvenær við getum lokið henni.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon spurði einnig að því, hvernig á því stæði að gerð er tillaga um það að 67–70 ára fólk greiði fyrir lyf og lækniskostnað eins og ég og þú. Þarna er gert ráð fyrir því að fólk sem er í fullri vinnu — ég endurtek, fólk sem er í fullri vinnu greiði til 70 ára aldurs. En þeir sem aðeins hafa lífeyri séu meðhöndlaðir öðruvísi. (**Gripið fram í:** Er þetta tekjutengt?) Ég held að ég sé búin að svara þessari spurningu nákvæmlega. Þeir sem eru í fullri vinnu og hafa tekjur (Gripið fram í.) Hv. þm. er á mælendaskrá og ég býst við að ég geti fengið að svara henni hér á eftir, en ég held að þetta sé alveg skýrt. A.m.k. fyrir þann sem spurði. Þeir sem eru í fullri vinnu greiða til 70 ára aldurs fyrir lyf og lækniskostnað samkvæmt þessum tillögum.

Ég er búin að svara því oftar en einu sinni í dag varðandi ekkjulífeyrinn og þá lengingu sem verður í staðinn á dánarbótum og mig langar að segja við hv. þm. að hann hefur ekki lesið frv. neitt sérstaklega vel, en ég skil hann svo sem, hann hefur ekki haft svo mikinn tíma. Hann talaði áðan um að það ætti að leggja 200 millj. kr. nýjan skatt á sjúklinga. Það er ekki rétt. Ef hann les frv. betur þá sér hann að gert er ráð fyrir 100 millj. kr. Og nú ætla ég að segja hv. þm. nokkuð sem ég held að honum sé ekki ljóst þótt ég sé búin að segja það nokkrum sinnum hér í dag. Á sama tíma erum við að lækka gjöld, svokölluð ferliverk, en fyrir slíka aðgerð hafa sjúklingar um þriggja ára skeið borgað 18–20 þús. kr. inni á sjúkrahúsi.

Ég held að ég hafi þá svarað þeim helstu spurningum sem fram hafa komið hingað til og á eflaust eftir að svara mörgum spurningum enn.

[20:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin við spurningum mínum en minni á að þar var ein spurning breiðust og hún var hvernig framsóknarmenn afbæru að horfa hver framan í annan út af þeim miklu kosningaloforðum sem færð voru fram í vor og litlar efndir sjást á.

Vegna orða ráðherrans í upphafi um vextina og að vaxtalækkun sé mesta og besta lausnin fyrir heimili í landinu, þá vil ég endurtaka það að ég hef lýst stuðningi við það markmið að viðhalda stöðugleika og afstýra vaxtahækkun. Aftur á móti greinir okkur á um hvar sé í lagi að höggva og af því að það var bent á einhvern skuldahala sem væri verið að hengja á Alþfl. sem ég get í engu svarað um á þessari stundu, þá vil ég bara segja það, að Framsfl. er með forgang á fé og þá er ég að meina loðið fé. Ég vil veita fólki meiri forgang. Þetta er m.a. spurning um það hvernig maður nýtir fjármagn.

Út af fyrirspurnum mínum varðandi Kópavog og Keflavík og það er ekki oft sem ég hef borið upp beinar spurningar varðandi eitthvað í mínu kjördæmi, þá er það svo að það er viðhorf fleiri þingmanna í Reykjanesi en mitt að það sé þrengst um starfsemi heilsugæslunnar í Kópavogi og Keflavík. Og ég er út af fyrir sig ánægð að heyra það að ráðherrann gerir sér grein fyrir því að það er þröngt um víða í Reykjanesi og það er reyndar í mörgum málaflokkum vegna þess að staðreyndin er sú að þéttbýlið hefur mjög oft setið á hakanum gagnvart dreifbýlinu í mörgum tilfellum og mörgum málaflokkum og við erum að súpa seyðið af því núna.

Að lokum, virðulegi forseti, hvað varðar framkvæmdir til m.a. atvinnuuppbyggingar, þá eru margar framkvæmdir í heilbrigðisþjónustunni sem ekki kalla á nýjan rekstur.

[20:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ein spurning sem mér finnst að ég verði að svara betur vegna þess að ég held að hv. þm. hafi ekki náð því almennilega. Hún talaði um að það væri mjög aðþrengt varðandi heilsugæsluna í Keflavík. Ég vil minna á að ég hef boðið það sérstaklega að flýta framkvæmd við heilsugæslustöðina í Keflavík og henni verði lokið árið 1997. Það virðist ekki hafa borist til eyrna hv. þm.

Ég ætla að minna hv. þm. á það vegna þess að hún var sérstaklega að tala um sauðfjárbændur áðan og talaði um að það fé hefði forgang hjá Framsfl., þá ætla ég að minna á að það er verið að lækka fjármagn til sauðfjárbænda miðað við það sem áður var þegar hún studdi hæstv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Og var ráðherra.) Og var ráðherra í ríkisstjórn þar að auki. Þannig að fólk er æðifljótt að gleyma. Og það er von að alþýðuflokkmenn muni ekki hvernig þeir skildu við þótt að það séu sex mánuðir síðan. Og ætlast svo til þess að það verði staðið við allt sem á að gera á fjórum árum á sex mánuðum.

[20:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til fyrir ráðherrann að nota þennan tón. Í fyrsta lagi veit ég allt um tilboð sem Keflvíkingum var gert en kaus að flýta máli mínu áðan með því að rekja það ekki. Ég spurði einungis hvort það væru einhver ný ákvæði komin fram. Svo er ekki. Og ég vil líka benda á það að Alþfl. var mjög meðvitaður um erfiðleika síðasta kjörtímabils, mjög meðvitaður um hvað það kostaði að ná þó þeim árangri sem hafði náðst í vor og það var ekki Alþfl. sem gekk um með yfirboð og loforð. Það var Framsfl.

[20:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins eitt orð í sambandi við framkvæmdina í Keflavík. Ég ætla að minna á það að engu hefur verið rift í þeim samningum.

[20:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekkert svar komið við þeirri lykilspurningu hvernig Framsfl. afber að horfa framan í sjálfan sig í sambandi við heilbrigðismálin og reyndar hvernig hann fer að því yfirleitt, sá ágæti flokkur, að horfa á sjálfan sig í spegli þessa dagana. Og við lýsum enn eftir því.

Í öðru lagi var ég að spyrja hæstv. heilbrrh. út í framkvæmdir á Landspítalalóð og varðandi byggingu Barnaspít-

ala Hringsins. Ég hélt ekki neinu fram um að þar hefðu verið komnar inn fjárveitingar á fjárlögum. Ég var að spyrja eftir samningi sem gerður var í maí 1994 og menn bundu miklar vonir við að væri samningsbundið upphaf að því að farið væri í þessar framkvæmdir. Nú er komið á annað ár síðan samningurinn var gerður og líknarsamtök og fleiri aðilar lofa þarna miklum fjárhæðum inn í þessa framkvæmd, 150 millj. kr. auk þess stuðnings sem borgin hefur hugsað sér að veita. Þótt hann sé kannski ekki á lausu í augnablikinu, þá mætti hugsanlega semja um það að hann skilaði sér síðar inn í framkvæmdirnar. Og mér er til efs að ríkið eigi annað eins tilboð um mikilvægar og brýnar frakvæmdir til að hefja hér í borginni og skapa þar með líka atvinnu og störf í leiðinni. Það er þetta sem ég var að spyrja um.

Varðandi það að ellilífeyrisþegar fái ekki afslátt á lyfjum til 70 ára aldurs, þá væri fróðlegt að heyra hvernig á að flokka þennan hóp í sundur. Verður það ekki býsna mikil skriffinnska að finna út úr þessum hópi einhvern hluta sem er þá í fullri vinnu og hefur tekjur yfir einhverjum viðmiðunarmörkum? Borgar það sig að fara að draga í sundur fólk á aldrinum 67–70 ára til þess að búa þar til tvo flokka, annars vegar sem taka fullan þátt í þessum kostnaði og hins vegar hina. Hvort sjúkrahúsaskatturinn, herra forseti, er 100 eða 200 millj. skiptir ekki öllu máli. Aðalatriðið er það prinsipp sem þar er á ferðinni. Og það er kostulegt að heyra hæstv. ráðherra nota það nú sem röksemd að slík gjaldtaka hafi verið tekin upp á aðra utan sjúkrahúsanna fyrir þremur árum. Af hverjum? Af Alþfl. og þá er Framsfl. á móti því. Það væri nær að fella það niður heldur en nota nú aðgerðir sem menn voru á móti fyrir nokkrum árum síðan sem röksemd fyrir því að bæta því ofan á aðra. Þetta er auðvitað kostulegur málflutningur.

[20:51]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur ekki hlustað nægilega grannt á það sem ég var að segja honum. Ég er að tala um það að á sjúkrahúsum er þessi skattur tekinn af mörgum aðilum sem fara í aðgerð. Ég er að tala um upphæð upp á 18–20 þús. kr. Við fellum þá upphæð niður og almenningur borgar einhverja lága upphæð í staðinn. En það verður sérstakt tillit tekið til öryrkja og tekjulágra.

Hvernig á að flokka 67–70 ára í þá sem vinna og þá sem ekki eru í vinnu? Það er einfalt að sjá hverjir eru í fullri vinnu með ágætar tekjur og hverjir ekki. Mér finnst ekkert óeðlilegt að þeir aðilar sem eru með ágætis tekjur greiði svipað og barnafólk er að gera í dag á meðan við höfum ekki efni á að lækka þetta enn þá meir. Og mig langar að svara honum líka varðandi Landspítalalóðina og samkomulagið frá því í maí 1994. Það er alveg rétt að það var gert samkomulag í maí 1994, en það fylgdu því því miður engir fjármunir og það er auðvitað aðalatriðið. Það er ekkert varið í að gera samninga sem ekki fylgja fjármunir. Og ég hef gengið eftir því við borgarstjórn varðandi þessar 100 millj. sem í upphafi var lofað. Þeir peningar liggja ekki á lausu og munu því miður ekki liggja á lausu þannig að það verður að sjálfsögðu ríkið sem byggir þetta upp og það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt.

[20:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé enginn misskilningur hér á ferðinni varðandi sjúkrahússkattinn. Mér er kunnugt um að hann var tekinn fyrir ýmis ferliverk sem unnin voru á slíkum stofnunum. Einhver hluti fólks greiddi það og þetta var kannski í samræmi við gjaldtöku annars staðar líka. En það er bara ekki þannig að ég taki það gilt sem rök að það finnist einhverjir Sighvatarskattar á einhverja sjúklinga á þessum stofnunum frá fyrri tíð. Það eru bara engin rök fyrir mig. Það er verið að innleiða almenna gjaldtöku, komugjöld, inn á þessar stofnanir sem fólk verður að borga án tillits til efnahags, það er að kaupa sig inn af þessari þjónustu og ég er á móti því. Ég tel það vitlausa stefnu að innleiða slík gjöld og ég hélt að hæstv. ráðherra væri mér sammála. Á móti hverju var Framsfl. að berjast á síðasta kjörtímabili? Þessum Sighvatarsköttum, skólagjöldunum og öllu þessu. Þannig að það er alveg ömurlegt að heyra röksemdafærslu af þessu tagi.

Nú eru skattar og gjöld sem Framsfl. var á móti á síðasta kjörtímabili orðin rök fyrir því að leggja það á enn fleiri. Þetta er ömurlegt, herra forseti. Ekki meira um það.

[20:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að áður en hv. þm. heldur fleiri ömurlegar ræður, þá eigi hann að bíða eftir útfærslunni á þessu. Svo getur hann haldið sínar ömurlegu ræður ef honum finnst það passa.

[20:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé mig tilneyddan til að koma hingað upp út af umræðu um D-álmu sem hefur komið til tals vegna ummæla hæstv. heilbrrh. Hún var á fundi með sveitarstjórnarmönnum og þingmönnum suður í Grindavík fyrir helgina þar sem umræður fóru fram um það hvort staðið yrði við þá samninga sem gerðir voru um D-álmu í mars í vor. Byggingarnefnd sem var stofnuð til þess að vinna eftir þeim samningum sem gerðir hafa verið um byggingu þessarar álmu hefur ekki skilað af sér þeim verkefnum sem gert var ráð fyrir samkvæmt þeim samningum. Það hefur ekki verið staðið við samningana eins og ráð var fyrir gert og eftir því sem ég best veit hefur ráðherra ekki gefið heimildir til þess að hægt væri að vinna samkvæmt þeim.

Ég hef ekki heyrt annað frá hæstv. ráðherra en hún ætli sér að standa við samningana. Ég held ég verði því að biðja hæstv. ráðherra að gefa yfirlýsingu um það hvenær verði gefið leyfi til þess að hefja þær framkvæmdir sem samningurinn gerði ráð fyrir. Það er svo aftur annað mál að í þessum samningi eins og öðrum eru fleiri en einn hæstv. ráðherra sem skrifa undir og það er sama með þá samninga sem voru gerðir fimm árum áður. En það breytir í sjálfu sér engu um þessa stöðu. Þarna var ákvörðun tekin og sveitarfélög samþykktu ásamt hæstv. ráðherrum.

Það er ekki traustvekjandi fyrir þingið og fyrir hæstv. ráðherra ef þeir samningar sem þeir hafa gert geta ekki staðið og við stöndum frammi fyrir því að gera stóra og mikla samninga við sveitarfélög um skólamál og yfirtöku skólamannvirkja sem ég reikna með að sveitarstjórnarmenn ætlist til þess að standi eins og aðrir samningar sem menn gera sín á milli.

[20:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek að það er ekki búið að

rifta neinum samningum. Það skiptir kannski ekki öllu máli hvenær við hefjumst handa við framkvæmdina en við höfum takmarkað fé til hennar. Það er eyrnamerkt 130 millj. til framkvæmdarinnar fram til aldamóta. Framkvæmdin tekur tæplega ár þannig að hvenær fyrsta skóflustungan er tekin getur ekki skipt öllu máli. Það hlýtur að skipta öllu máli hvenær við ljúkum framkvæmdinni. Og við sjáum því miður ekki fyrir endann á því á þessari stund.

[20:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar hæstv. heilbrrh. veldur mér verulegum vonbrigðum. Af orðum hennar að dæma er ekki meiningin að standa við ákvæði þess samnings sem gerður var um að hönnun og útboð færi fram á þessu ári og framkvæmdir hæfust á næsta ári. Ég vil bara ítreka spurningu um það hvort það sé þá meining hæstv. ráðherra að draga upphaf framkvæmda um einhver ár miðað við það sem samningurinn sjálfur gerði ráð fyrir. Það skiptir verulegu máli fyrir framkvæmdina og fyrir þá menn sem starfa að þessu máli. Ég held að ég þurfi kannski ekki að hafa mörg orð um nauðsynina, hún hefur legið fyrir, en ég minni bara á það að þessi framkvæmd er framhald af byggingu sem er mjög gömul og byggð löngu, löngu fyrir þann tíma þegar sá mikli fjöldi manna fluttist suður á sínum tíma og hefur gert mun brýnna en nokkurs staðar annars staðar á landinu að stækka og auka þjónustuna.

[21:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að við munum finna ásættanlega lausn á þessu máli þó hún liggi ekki í augum uppi akkúrat í dag.

[21:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er komið að því að við sjáum vísi að efndum stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram frv. til fjárlaga og þar kennir margra grasa eins og fram hefur komið í umræðunni. Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að það mætti reyndar halda að hæstv. heilbrrh. væri til svara fyrir alla hina hæstv. ráðherrana. Ég er hreinlega alveg hætt að botna upp né niður í þessu. Þarna kemur hæstv. fjmrh. í salinn og ég fagna því. (**Fjmrh.**: Ég hef verið hérna í allt kvöld.) Það er ánægjulegt að heyra að hann hefur verið hér, ég ætlaði nú að biðja forseta um að kalla eftir fjmrh. en það er gott að heyra að hann hefur hér verið að hlusta.

Það getur verið fróðlegt í tengslum við þessa umræðu að líta aðeins yfir stjórnarsáttmála hv. ríkisstjórnar áður en farið er yfir sjálft fjárlagafrv. Ég vil biðja um leyfi forseta til að lesa upp úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar segir m.a.:

„Með myndun ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. hefst ný framfarasókn þjóðarinnar. Undirstöður velferðar verða treystar og sköpuð skilyrði fyrir bættri afkomu heimilanna í landinu."

Og skömmu síðar, með leyfi forseta: „Framtak einstaklinganna verði virkjað í þágu aukinnar verðmætasköpunar. Á þann hátt verður stuðlað að hagsæld, félagslegum umbótum og afkomuöryggi. Vegur menntunar og rannsókna verður aukinn en það er forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu." Enn er komið að menntun og gildi hennar síðar í stjórnarsáttmálanum þar sem segir, með leyfi forseta: „Nýsköpunarsjóður námsmanna verður studdur og þátttaka námsmanna í rannsóknarstarfi verður aukinn." Svo mörg voru þau orð um gildi menntunar og í þennan búning voru loforð stjórnarflokkanna fyrir kosningar klædd í stjórnarsáttmálanum. Einkum voru loforð framsóknarmanna fýsileg fyrir námsmenn og eflaust hafa margir þeirra greitt þeim flokki atkvæði sitt en þeir námsmenn sem það gerðu sitja nú líklega eftir með sárt ennið og sjá það svart á hvítu að flokkurinn ætlar sér ekki einu sinni að reyna að beita sér fyrir því að efna loforð sín. Það kveður því miður ekki við sama tón gagnvart námsmönnum í fjárlagafrv. og glumdi í eyrum þeirra fyrir kosningar. Þaðan af síður er fjarri lagi að þeir sem eiga rétt á greiðslum úr almannatryggingakerfinu og atvinnuleysisbótakerfinu upplifi sömu föðurlegu umhyggjuna og byggt var á fyrir kosningar og sem enn er ítrekuð í stjórnarsáttmálanum þegar þetta fólk með berum augum sá áformin um afnám allra sjálfvirkra tenginga í almannatryggingakerfinu og atvinnuleysisbótakerfinu. Þeir þolendur ofbeldis sem eiga lögum samkvæmt rétt á því að ríkið ábyrgist bótagreiðslur til þeirra eru líklega ekki fullir þakklætis í garð ríkisstjórnarinnar fyrir að ætla að hrifsa af þeim réttarbæturnar sem þeir hafa nýverið fengið. Réttaróvissan er alger hjá því fólki sem hefur farið út í kostnaðarsaman málarekstur í trausti þess að ríkið muni ábyrgjast bótagreiðslurnar þegar að þar að kemur. Hér er um ómetanlegt tjón að ræða fyrir þetta fólk en sparnaður ríkissjóðs er að mínu mati í hlutfalli við það tiltölulega lítill. Hér er um að ræða hóp sem að hefur orðið fyrir gífurlegum áföllum og hefur mikla þörf fyrir uppbyggingu og þær bætur sem því hafa verið dæmdar. Það er nefnilega þannig í raunveruleikanum að nú eru í gangi þó nokkur fjöldi dómsmála sem hafa beinlínis verið höfðuð á grundvelli þessara réttarbóta og við getum verið viss um það að í mörgum tilfellum er greiðslugeta brotamannsins mjög óviss og í mörgum tilvikum algerlega útilokuð. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að bæta þessu fólki það fjárhagslega tjón sem það verður fyrir sökum þessa hringlandaháttar í þeirra helgustu málum? Það væri gaman að heyra svör við því. Ég hef að minnsta kosti ekki heyrt þau enn.

En skoðum frv. svolítið betur. Samkvæmt helstu markmiðum þess segir að á gjaldahliðinni sé megináherslan lögð á að halda aukningu útgjalda í skefjum. Í þessu skyni er dregið úr sjálfvirkni í vexti útgjalda einkum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Jú, á mannamáli heitir þetta það að sjálfvirkar tengingar í almannatryggingakerfinu og atvinnuleysisbótakerfinu við almenna kjarasamninga í landinu eru afnumdar. Í gildandi lögum um almannatryggingar segir að hækka skuli tryggingabætur í samræmi við kjarasamninga verkafólks og í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er tenging við kjarasamninga fiskverkafólks. Um leið og þessir þættir eru aftengdir á að falla frá þeirri hækkun sem yrði með almennum launahækkunum um næstu áramót en samkvæmt henni ætti að hækka að því að mér skilst bætur almannatrygginga um 3,5% og atvinnuleysisbætur um 5,4%. Bæði almanna- og atvinnuleysistryggingar eru komnar til fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar í landinu og þær síðarnefndu voru beinlínis tilkomnar sem ákvæði í kjarasamningi við lausn á sex vikna verkfalli árið 1955. Beintenging við kjarasamninga var alltaf talin eðlileg enda hafa samtök launafólks beinlínis litið svo á að þau væru líka að semja fyrir þetta fólk. Til marks um það má sjá fjölda úrbóta í almannatrygginga- og félagslega kerfinu almennt sem hafa beinlínis komið inn í gegnum kjarasamninga. Það

er með öllu óviðunandi að þeir sem minna mega sín í þessu þjóðfélagi þurfi að vera upp á náð og miskunn stjórnvalda komnir með það hvort þeir fái leiðréttingar á kjörum sínum. Í fjárlagafrv. segir að þarna sé verið að gera breytingar að sjálfstæðri ákvörðun stjórnvalda hverju sinni líkt og tíðkast annars staðar. Nú hef ég ekki kynnt mér það hvernig það er annars staðar í þessum efnum en það virðist ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að minnsta kosti ekki að hækka bæturnar heldur ætlar hún að spara með þessum aðgerðum. Og hún ætlar að spara á kostnað þeirra sem síst mega við því.

Þá er það menntunin og öll lofsyrðin sem um hana voru sögð fyrir kosningar. Ég hóf mál mitt á því áðan að rifja upp loforðin til handa námsmönnum fyrir kosningar. Nú er staðan sú fyrir framtíð Íslands að ungt fólk þarf að velja á milli þess að ganga menntaveginn og kaupa húsnæði. Það eru nokkuð söguleg tíðindi að sú kynslóð sem nú er að koma út á vinnumarkað er sú fyrsta í langan tíma sem þarf að búa við slíka afarkosti á meðan fyrri kynslóðir hafa í samanburði við hana lifað í allsnægtum. Ungt fólk í dag þarf að borga fyrir óreiðu fyrri ára og því er ætlað að borga allan tollinn. Hvers konar þjóðfélag ætlar stjórnvöld að bjóða þessu fólki? Ekki nóg með þetta heldur er í leiðinni verið að tala um mannauðinn sem fólginn er í menntun í öðru hverju orði. Í athugun sem Stúdentaráð Háskóla Íslands lét gera nýverið á möguleikum námsmanna til húsnæðiskaupa kom skýrt fram að fólk sem er að greiða námslán þarf að hafa svimandi háar tekjur til að geta keypt húsnæði. Gerður var samanburður á því hverjar heimilistekjur fólks þurfi að vera til að standast greiðslumat miðað við endurgreiðslukröfur Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrir og eftir breytingar á lögum um sjóðinn árið 1992. Meginniðurstaða samanburðararins er sú að þeir sem greiða hámarksendurgreiðslu samkvæmt nýju lögunum þurfa að hafa að minnsta kosti 30% hærri tekjur, heimilistekjur, en þeir sem endurgreiða eldri lán til þess að standa undir kaupum á sömu eða jafndýrri íbúð. Hver eru viðbrögð fulltrúa ríkisstjórnarinnar í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna við þessum tíðindum? Formaður stjórnarinnar lét hafa eftir sér í blaðviðtali eitthvað á þá leið að það væri eðlilegt að fólk þyrfti að velja og hafna í þessu lífi. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar í stjórninni lagði fram bókun á fundi stjórnarinnar þar sem hann lagði til að stjórnin beindi þeirri ósk til menntmrh. að hann hlutist til um breytingu á vinnureglum Húsnæðisstofnunar. Ég endurtek vinnureglum Húsnæðisstofnunar, við mat á greiðslugetu skuldara fasteignaverðbréfa. Fulltrúar námsmanna í stjórninni mótmæltu þessari fáheyrðu tillögu enda ekki hlutverk sjóðstjórnar LÍN að skora á menntmrh. að hlutast til um að reglum Húsnæðisstofnunar verði breytt. Halda menn virkilega að orsaka vandans sé að leita í vitlausum greiðslumatsreikningum? Nei, hans er að leita í því að greiðslubyrðin er allt of há. Þótt húsnæðiskerfið sé gallað í marga staði tel ég þetta nú full langt gengið. Framkvæmdastjóri lánasjóðsins segir um athugun námsmanna að það virðist svo vera að kerfið sé nægilega aðlaðandi til að fólk hugsi sig tvisvar um áður en það tekur námslán.

Frv. gerir ráð fyrir niðurskurði á styrkjum til innlendra rannsókna og menntunar. Því hefur gjarnan verið svarað til af hálfu ríkisstjórnarinnar að framlögin í heild séu aukin og er í þeim efnum vísað til evrópsks rannsóknarsamstarfs. Hér er vissulega um mjög mikilvægt starf að ræða og það er mjög jákvætt að ríkisstjórnin skuli veita fé til rannsókna á þessum vettvangi. Ég geri hins vegar ráð fyrir að það hafi ekki verið ætlunin að styrkja evrópskt rannsóknarstarf á kostnað þess innlenda enda stöndum við okkur ekki vel í alþjóðlegu rannsóknarstarfi nema að garðurinn sé líka ræktaður heima. Þessu starfi var ekki ætlað að stórveikja innlenda rannsóknarstarfsemi og ef að það er stefna ríkisstjórnarinnar væri fróðlegt að fá að heyra það hreint út sagt. Við getum tekið sem dæmi rannsóknarnámssjóð sem veitir styrki til námsmanna í framhaldsnámi en þar er niðurskurður upp á 5 millj. og í vísindasjóð Rannsóknarráðs er niðurskurður á ríkisframlaginu upp á 10 millj. Og kosningaloforðið sjálft, nýsköpunarsjóður námsmanna, þar er ríkisframlagið skorið niður úr 15 millj. í 10 millj.

Hverju svarar ríkisstjórnin námsmönnum núna? Hverju svarar Framsfl. sem lofaði afnámi eftirágreiðslna námlána og lægri endurgreiðslubyrði námslána? Reyndar voru allir flokkar sammála um það að fyrir kosningar að lækka skyldi endurgreiðslubyrðina en núna er málið í nefnd og guð má vita hversu langan tíma hún tekur sér til að skoða málin. Gaman verður að fylgjast með framgöngu framsóknarmanna sem lofuðu samtímagreiðslu námslána, fyrir þessu baráttumáli í ríkisstjórninni.

Nei, krakkar mínir, við ætlum að reita af ykkur milljónir hér og þar. En við ætlum að nota peningana í búvörusamninginn og fleiri forgangsmál. Ég er hrædd um að mörgum námsmanninum svíði þessi meðferð.

Ég vil í lokin, herra forseti, spyrja hæstv. fjmrh. út í eitt atriði í frv. en það snýst um 7 millj. kr. aukningu til yfirstjórnar fangelsismála. Í skýringum er talað um að það fé eigi að ganga m.a. til sálfræðiþjónustu fanga ef ég skil rétt. Ég er hreinlega forvitin að vita hvort ætlunin sé að bæta við stöðugildum sálfræðinga hjá Fangelsismálastofnun en að því er ég best veit þá er þar aðeins starfandi einn sálfræðingur og væri vel ef ætlunin væri að bæta úr þörfinni á þeim bæ.

Virðulegi forseti. Það sem að kannski er alvarlegast af öllu í þessu frv. er sú staðreynd að þar er ekki að finna neinar lausnir á höfuðvanda þjóðfélagsins í dag sem er atvinnuleysið. Framkvæmdir á vegum ríkisins eru þvert á móti skornar niður og þess í stað er búið að hefja herferð gegn atvinnulausum, þeir skuli í vinnu hvað sem það kostar og eftirlit með misnotkun er stórhert. Þetta er svo sem gott og blessað út af fyrir sig en það gleymist bara að vinnan er ekki til handa þessu fólki og það hlýtur að skrifast á ábyrgð stjórnvalda.

[21:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrirspurn hv. þm. get ég ekki svarað öðruvísi en kemur fram í frv. en ég veit að í hv. fjárln. er hægt að fá fyllri svör. Þar segir að þessar 7 millj. verði notaðar til þess að auka þjónustu við fanga svo sem sálfræðiþjónustu en einnig vegna annars kostnaðar, þ.e. fangaflutninga. Ég á von á því að þarna sé um aukna sálfræðiþjónustu að ræða þó ég geti ekki fullyrt um að nýja stöðu sé að ræða.

Hv. þm. eyddi töluverðu af tíma sínum að ræða um ungt fólk og fólk sem hefur lokið námi og val þess í þessu þjóðfélagi. Ég held því fram að frv. sem við ræðum hér svari heilmiklu um framtíðina fyrir þetta fólk. Í fyrsta lagi er tekin sú ótvíræða stefna í frv. að gefa þessu fólki von með því að lýsa því yfir að við ætlum að hætta að skuldsetja framtíðina. Það er eini möguleikinn til að bæta lífskjörin og gefa nýjum kynslóðum rými í þessu þjóðfélagi og á það er lögð áhersla. Í öðru lagi, sem er líka mikilvægt, er bent á það í þessu frv. að tekið verði að svokölluðum jaðaráhrifum í skattkerfinu sem þýðir að fólk með börn, fólk sem orðið hefur fyrir því

að tekjutengingar ýmiss konar í bóta- og skattkerfinu verða til þess að fólk lækkar jafnvel í launum við það að vinna meira. Þetta tvennt gefur fyrirheit um betri tíð einmitt fyrir þá kynslóð sem hv. þm. ræddi um. Það hefur hins vegar, og það er dálítið sérkennilegt við þessa umræðu hér í dag, ekki komið ein einasta tillaga frá hv. alþýðubandalagsmönnum um það hvernig þeir færu að ef þeir væru beðnir um að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og væri fróðlegt að heyra hvort hv. þm. getur bent á einhverjar aðrar leiðir því að í málflutningi þingmannsins mátti einungis heyra gagnrýni á það sem átti að sparast o.s.frv.

[21:14]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott og blessað að ætla að hætta að skuldsetja framtíðina. Það er löngu kominn tími til þess. En það sem við erum að tala um í þessu frv. er spurningin um það hversu hart sé gengið að þeim tiltekna hópi fólks sem hér er um að ræða, ungu fólki. Það er spurningin um möguleika þessa fólks til að mennta sig í dag, til að kaupa húsnæði í dag og hluta þess til að fá vinnu í dag. Það er ekki rétt sem að hæstv. ráðherra segir að það hafi engar tillögur komið fram hjá Alþb. eða öðrum stjórnarandstöðumönnum í þessari umræðu um einhverjar úrbætur. Fjölmargar tillögur hafa komið fram og ég get bent ráðherranum á til lesningar drög að stjórnarsáttmála vinstri stjórnar sem var lagður fram í vor fyrir kosningar og þau ráð sem þar er bent á hafa fullt gildi enn þann dag í dag.

[21:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins að taka til umræðu fjárlagafrv. 1996. Þegar þetta mál var til umræðu fyrsta sinni hélt hv. þm. Ágúst Einarsson greinargóða yfirlitsræðu um álit okkar þingmanna Þjóðvaka á þessu frv. og taldi þar til nokkra kosti en allmarga galla. Mig langar til að taka sérstaklega til umræðu þann kafla sem mér finnst einna átakanlegastur í þessu fjárlagafrv. og alvarlegastur en það er niðurskurðurinn í velferðarkerfinu, niðurskurðurinn í heilbrigðismálum.

Nokkuð hefur verið rætt um forgangsröðun hér í umræðunni. Ég hefði talið eðlilegra að forgangsraða milli málaflokka hjá ríkisstjórninni en láta niðurskurðinn allan meira og minna bitna á heilbrigðiskerfinu, því velferðarkerfi sem við höfum komið á laggirnar, því öryggisneti sem við höfum komið okkur upp ef eitthvað bjátar á hjá okkur.

Hæstv. fjmrh. sagði fyrr í dag að við yrðum að hætta að skuldsetja börnin okkar. Það er alveg rétt, ég tek undir það, við eigum að hætta að skuldsetja börnin okkar. En við eigum heldur ekki að varpa þeim vanda sem sparnaður og niðurskurður skapar á börnin okkar. Við þurfum að vega og meta í þessum efnum. Maður þarf auðvitað að vera útsjónarsamur í ríkisrekstri, það er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að gæta hagkvæmni. En það gengur ekki að spara alltaf hjá þeim sem veikastir eru fyrir og geta ekki borið hönd yfir höfuð sér, svo sem sjúklingum, öryrkjum og öldruðum.

Spítalagjöldin eða sjúklingaskattarnir hafa verið til umræðu í dag. Það á að auka sértekjur sjúkrahúsanna um 100 millj. með því að samræma greiðslur fyrir sjúkrahúsþjónustu. Það á sem sagt að fara að borga fyrir það að komast inn á sjúkrahús. Ég man eftir því hvað þingmenn mótmæltu því þegar lögð voru á sjúklinga aukin gjöld á síðasta kjörtímabili. Og nú á að setja þetta á allan hópinn. Á síðasta kjörtímabili var farið að borga fyrir heilsugæsluþjónustu. Hefur hæstv. heilbrrh. kannað hversu margir þeirra sem nýta sér þjónustu heilsugæslustöðva geta ekki greitt fyrir þá þjónustu sem þar er veitt? Það er þó nokkur fjöldi fólks hér í Reykjavík sem ekki getur greitt fyrir heimsókn á heilsugæslustöðvar. Það tel ég alvarlegt. Þegar velferðarkerfið er orðið þannig að efnahagur ræður því hvort maður getur leitað sér þjónustu eða ekki þá erum við komin út á rangar brautir. Mig langar að nefna annað atriði sem er dæmi um þetta. Það er mál sem við vorum með til umræðu á geðverndardaginn þegar verið var að ræða ástandið á barna- og unglingageðdeildinni. Þá kom fram að þar eru biðlistar í allt að átta mánuði eftir þjónustu og þrjátíu til fjörutíu börn bíða eftir brýnni þjónustu á barna- og unglingageðdeildinni. En fjölda barna er ekki einu sinni vísað þangað vegna þess að meðferðaraðilar vita að þeir fá ekki þjónustu vegna niðurskurðar og sparnaðar. Þetta fólk fær ekki neina þjónustu fyrir börnin sín nema kaupa hana dýrum dómum úti í bæ hjá sálfræðingum sem velferðarkerfið tekur ekki þátt í að greiða þjónustu hjá og hjá sérfræðingum á stofu sem er dýrt úrræði. Það er farið að skipta máli hvort maður er ríkur eða fátækur hvort maður getur fengið þjónustu fyrir börnin sín sem þurfa aðstoð barna- og unglingageðdeildarinnar. Mér finnst þetta mjög alvarleg braut og mér finnst þetta vera vandi sem við megum ekki koma börnunum okkar í í framtíðinni, hæstv. fjmrh.

Það hefur verið nokkur umræða hér um greiðslur fyrir glasafrjóvganir. Ég ætla ekki að taka frekar þátt í þeim umræðum. Ég er andvíg því að það eigi að fara að greiða meira fyrir þessar aðgerðir en ég ætla að sjá hver útfærsla verður á því áður en ég segi nokkuð meira um það.

Sjálfvirk tenging bóta við launataxta er afnumin og hér er verið að ræða um bætur lífeyrisþega. Þetta tel ég mjög alvarlegan hlut. Lífeyrisþegar hafa alltaf farið verr út úr kjarabótum á launamarkaði heldur en þeir sem eru í atvinnu. Frá febrúar 1989 hafa lágmarkslaun á vinnumarkaði hækkað um 42%, hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., á meðan lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 34,9%. Þarna er verulega minni hækkun á bótum og ég óttast að þarna muni lífeyrisþegar enn bera skarðan hlut frá borði. Afnám eingreiðslna er boðuð einnig í þessu fjárlagafrv. Ég viðurkenni að eingreiðslurnar hafa valdið ruglingi í almannatryggingunum, þær hafa komið inn í bótaflokka og menn hafa ekki getað gert sér fulla grein fyrir því hvað eru eingreiðslur og hvað eru önnur áhrif á bæturnar þá mánuði sem eingreiðslurnar hafa komið. Ég tel kost að jafna þær út. Ég tel það kost. Það er auðveldara fyrir lífeyrisþega að glöggva sig á því hver raunveruleg upphæð bótagreiðslna þeirra er. En ég óttast að lífeyrisþegar verði aftur fyrir tekjumissi sem ég vona þó að verði ekki.

Það á að herða eftirlit með greiðslu heimildarbóta. Ég veit ekki hvað er þar á ferðinni en kem aðeins inn á það aftur á eftir. Það á að nota Framkvæmdarsjóð aldraða í rekstur en sá sjóður átti að fara í framkvæmdir. Á Reykjavíkursvæðinu eru á annað hundrað manns í brýnni neyð á biðlistum eftir hjúkrunarheimilum. Það á að fara að taka fé til að byggja upp hjúkrunarheimili í rekstur, 330 millj. kr. Þá mætti nefna Framkvæmdarsjóð fatlaðra í leiðinni sem hefur margoft komið hér til umræðu. Það á einnig að taka hann í rekstur.

Nú á að lækka útgjöld ríkisins um 50 millj. kr. með því að hætta að endurgreiða sjúkradagpeninga til atvinnurekenda. Mig langar til að gera að umræðuefni, hæstv. heilbrrh., þær smánargreiðslur sem eru sjúkradagpeningar í dag. Þeim sem missir heilsuna og þarf að fara á sjúkradagpeninga og á ekki rétt í sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna er ætlað að lifa af

17.000 kr. á mánuði. Þessar reglur gera það að verkum að það er meiri tilhneiging hjá læknum til að meta fólk á 75% örorku. Það fer frekar inn á bótakerfið heldur en ef sjúkradagpeningarnir væru almennileg greiðsla þannig að fólk geti lifað af henni. Þetta er mjög dýrt fyrir kerfið. Það er líka erfitt fyrir fólk sem á í tímabundnum veikindum að fara inn á örorku því það fer síður út af henni aftur. Það er orðið bótaþegar þegar það er komið inn í kerfið á þennan hátt. Svona hluti þarf að leiðrétta en ekki alltaf að vera að skera niður hjá lítilmagnanum. Þarna er útgjaldaaukning fyrir ríkið innifalin í þessum reglum.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að á undanförnum tíu árum hefur öryrkjum fjölgað um 100%. Einnig leiðir atvinnuleysið, sem hefur verið hér viðvarandi undanfarið, til þess að öryrkjum fjölgar. Þegar menn hafa verið atvinnulausir um tíma missa þeir starfsgetuna og þeir koma inn á velferðarkerfið sem 75% öryrkjar.

Ég get tekið undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur hér fyrr í dag. Ég vil frekar auka aðeins skuldastöðuna og verða pínulítið skuldugri í útlöndum og nota meira fé til að koma í veg fyrir allan þann vanda sem þetta ástand skapar. Það á eftir að verða dýrt. Það á sem sagt að lækka greiðslur til lífeyristrygginganna um 1.115 millj. Þar af 450 millj. kr. sparnaður af því að aftengja bætur til lífeyrisþega. Auðvitað er það ekkert annað en að það eru lífeyrisþegar sem greiða þennan svokallaða sparnað í ríkisfjármálunum.

Fjármagnstekjur eiga að skerða lífeyri. Ég er sammála því. Ég tel ekki ástæðu til að vera að greiða úr sameiginlegum sjóðum til fólks sem er með milljónir á mánuði í fjármagnstekjur. En ég get ekki sætt mig við að það eigi fyrst að taka fjármagnstekjuskatt af gamla fólkinu. Ég treysti því að það verði ekki gengið á undan með það að taka fyrst af gamla fólkinu og síðan geta hinir fjármagnseigendurnir einhvern tímann seint og um síðir farið að borga skatta af fjármagni sínu.

Síðan er makalaus grein í fjárlagafrv. þar sem segir að það á líka að spara á því að ákvæðum almannatrygginga verði breytt þannig að einstaklingar sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóð fái aldrei fulla tekjutryggingu. Hvað þýðir þetta? Auðvitað veit maður að það er fólk sem borgar ekki í lífeyrissjóði og reynir að komast hjá því. En það er líka fjöldi manns sem borgar ekki í lífeyrissjóði vegna þess að þeir eru fatlaðir eða þeir eru heimavinnandi. Á að láta þetta fólk líða fyrir það að það borgaði ekki í lífeyrissjóði þegar það er orðið óvinnufært eða aldrað? Ég spyr hæstv. heilbrrh. Á þessu á að spara 285 millj. kr. Það er ekki bara það að þeir fái ekki fulla tekjutryggingu vegna þess að með fullri tekjutryggingu fylgja tengdar bætur. Lífeyrisþegi sem er ekki með fulla tekjutryggingu fær ekki borgaðan tannlæknakostnað nema að hálfu leyti, hann fær ekki greitt fastagjaldið af símanum o.s.frv. sem eru hlunnindi sem eru tengd þessum bótum. Það er ekki bara verið að skerða tekjutrygginguna, hann er einnig að missa tengdar bætur. Þarna á að spara 285 millj. kr. Síðan koma andstæðurnar í þessu öllu saman og þær eru: Menn eru skertir fyrir að hafa ekki hirt um að borga í lífeyrissjóð, menn eru líka skertir fyrir það að hafa borgað í lífeyrissjóðinn. Þetta er alveg makalaust kerfi. Lífeyrisgreiðslurnar eru teknar af þeim sem búa einir og hafa borgað í lífeyrissjóð og eru með sérstaka heimilisuppbót. Lífeyrisgreiðslurnar, króna á móti krónu fer aftur í ríkiskassann. Hvers konar rugludallakerfi erum við að koma hér á?

Menn eru bæði skertir fyrir það að hafa ekki borgað í lífeyrissjóð og skertir fyrir að hafa borgað í lífeyrissjóð. Þetta er með ólíkindum. Maður gæti haldið að maður væri í Spaugstofunni þetta er svoleiðis makalaust. (Gripið fram í.) Síðan kemur hér ákvæði sem ég þarfnast skýringa á þar sem ég hef ekki komið að þessari fjárlagagerð. Ég ætla að biðja hæstv. heilbrrh. að hlusta vel á mig því ég þarf að fá skýringar á ákveðnum setningum í fjárlagafrv. sem mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja. Það er á bls. 326, fjórða lína að neðan. Þar er fjallað um að spara eigi 250 millj. með sérstökum reglum um útgreiðslu heimildarbóta og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er fyrirhugað að spara 250 millj. kr. með setningu reglna um útgreiðslu svokallaðra heimildarbóta og hefur ný reglugerð um þær þegar verið gefin út. Reglugerðin tryggir stjórnsýsluframkvæmd með tilliti til jafnræðisreglu."

Getur hæstv. ráðherra upplýst mig um hvað hér er á ferðinni? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að spara 250 millj. kr. á þennan hátt? Þetta er mér alveg fyrirmunað að skilja og ég vil gjarnan fá skýringu. Mig skal ekki undra þótt hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafi átt í erfiðleikum með að skilja þetta frv. og átta sig á því. Ég tek undir þá gagnrýni hjá henni.

Síðan er hér 125 millj. kr. sparnaður með því að hætta að greiða feðra- og mæðralaun með einu barni. Ég get alveg tekið undir það að ekki eigi að borga 500 kr. til mæðra með eitt barn, þetta er bara aukin vinna hjá Tryggingastofnum og maður er litlu bættari með fimmhundruðkall á mánuði. Aftur á móti voru mæðra- og feðralaunin ágætis stuðningur við einstæða foreldra á sínum tíma áður en þessu var breytt á síðasta kjörtímabili og meðlagið var hækkað og barnalífeyririnn var lækkaður. Það átti að vera enn einn sparnaðurinn. Og hvaða sparnaður varð úr því? Hann var þannig að það var sparnaður í heilbrrn. en aukin útgjöld í félmrn. Nú stöndum við uppi með vangreidd gjöld þannig að aldrei hefur sést annað eins því menn hafa ekki ráðið við þetta. Þetta þekkir hæstv. heilbrrh. frá því að hún var í stjórnarandstöðu. Þarna er náttúrlega verið að nota aftur rök eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á áðan. Af því að það var búið að skerða þetta í síðustu ríkisstjórn er í lagi að afnema það í þessari.

En ég fagna því þó að þessi stuðningur skuli þó koma í gegnum skattkerfið. Ég tel það eðlilegt og ég veit að það er gert víða á Norðurlöndum og þannig á þetta auðvitað að vera. Stuðningur til einstæðra foreldra á auðvitað að koma í gegnum skattkerfið og á ekki að vera á mörgum stöðum, pínulítið í Tryggingastofnun og pínulítið í skattkerfinu. Það er ekki tvíverknaður heldur þrí- og fjórverknaður að vera með þetta á mörgum stöðum.

Þá er ég komin hér að ekkjulífeyri margumtöluðum og skerðingu á honum. Þar á að spara 5 millj. kr. á ekkjunum. Ég er hissa á hæstv. heilbrrh. að vera að taka á þessu. Það er búið að tekjutengja þetta. Það er búið að taka út allar ekkjur sem einhverjar tekjur hafa. Þær eru fallnar út. Dánarbætur? Auðvitað þarf að auka dánarbætur, hæstv. ráðherra. Auðvitað þarf að hækka þær. En að vera að snúa sér að ekkjunum. Ég get nefnt sem dæmi að hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur voru ekkjur 3% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á síðasta ári, ekkjur sem eru án efa með þennan ekkjulífeyri. Þessi ekkjulífeyrir er reyndar ekki merkilegur, þetta er smánargreiðsla. Ástandið er nefnilega þannig hjá þeim konum sem missa menn sína og eru komnar á þann aldur að þær gætu átt rétt

á ekkjulífeyri, fimmtugar eða eldri, að margar þeirra hafa aldrei farið út á vinnumarkaðinn og hafa ekki tök á því að fara í vinnu. Þær eiga jafnvel ekki rétt á atvinnuleysisbótum. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að framsóknarmönnum finnist fyndið að setja ekkjur út á kaldan klaka en mér finnst það ekki fyndið. Ég sé að hv. þm. í Framsfl. finnst þetta voðalega skemmtilegt. (Gripið fram í.) Mér finnst vera lagst heldur lágt að eiga að spara 5 millj. kr. á ekkjunum, og frá 1. jan. 1996 fá ekkjur þetta ekki greitt.

Það á að lengja greiðslur á dánarbótum sagði hæstv. ráðherra áðan. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort ekki væri réttara að hafa þetta eins t.d. í Noregi að það sé greiddur útfararkostnaður í stað þess að vera að greiða dánarbætur. Dánarbætur eru innan við 13 þús. kr. á mánuði og eru greiddar í sex mánuði. Það væri mun betra fyrir þann sem missir maka að fá eina greiðslu sem fer þá upp í útfararkostnað því að hann er orðinn ótrúlega hár og mörgum óviðráðanlegur og margir hafa orðið að leita til félagsmálastofnunar til að standa straum af þeim kostnaði.

Ég ætla aðeins að snúa mér að sjúkratryggingunum. Á þeim lið á að spara 880 millj. kr. Að spara það í ríkisútgjöldum þýðir auðvitað að sjúklingarnir borga þetta. Það á að aftengja daggjöldin við verðvísitölur. Við vitum alveg hvað það þýðir. Gert er ráð fyrir að lyfjakostnaður hins opinbera minnki um 330 millj. kr. Það á bara eftir að koma í ljós hvort hann gerir það með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í heilbrrn.

Ég verð að koma að þeim atriðum er varða aldraða og afslátt þeirra á lyfjum og læknishjálp. Ég bið hæstv. heilbrrh. að koma og hlýða á það sem ég hef að segja um það.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. heilbrrh. komi í salinn.)

Ég fer að ljúka máli mínu þannig að hún getur fengið kaffisopann þegar ég er búin. Mig langar aðeins að bæta inn í umræðuna um það að nú á að grípa til þeirra bragða til að spara 40 millj. kr. þannig að aldraðir, 67–70 ára, eiga að borga fullt verð fyrir læknisþjónustu og lyf. Þetta er auðvitað aukinn skattur á þennan hóp. Það kom fram í dag að jaðarskattar á öldruðum eru allt að 100% og á stóru bili eru um 70% jaðarskattar á þeim. Það lífeyriskerfi sem við búum við og tekjutengingarnar eru mjög vinnuletjandi. Það borgar sig ekki fyrir nokkurn mann sem er kominn á bætur að fara út á vinnumarkaðinn nema hann sé hátekjumaður, ráðherra eða á hátekjulista ríkisstjórnarinnar því það er verið að taka launin þeirra jafnóðum af þeim með þessum tekjutengingum. Aftur á móti þurfa þeir sem eru verst settir, þeir sem eru með lægstu tekjurnar nú að borga fullu verði fyrir lyf og læknishjálp þegar þeir eru orðnir 67 ára til 70. Mig langar til að vekja athygli hæstv. ráðherra á því að fimmti hver Reykvíkingur sem kemur og fær aðstoð hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur er lífeyrisþegi. Á þetta fólk nú að borga fullt gjald fyrir lyf og læknishjálp? Nei, eiga þeir að borga eins og barnafólk, svo ég vitni í hæstv. ráðherra hér áðan. Hjá barnafólki er hámarkið 100% hærra en hjá lífeyrisþegum fyrir læknisþjónustu. Af því að verið var að tala um að þetta ætti að vera fólk í atvinnu þá má geta þess að fólk sem er með tekjur, sem er við störf og á láglaunabótum, hefur líka þurft leita til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Yfir 20% af þeim sem leita til sveitarfélagsins í Reykjavíkurkjördæmi er fólk sem er í vinnu. Á fólk 67–70 ára að fara að borga fullu verði fyrir þessa þjónustu?

Mig langar til að spyrja um eitt í viðbót. Er eitthvað hæft í því að fólk eigi að fara að kaupa sig út af biðlistum? Á að fara að borga sig inn á aðgerðirnar og út af biðlistunum? Mér finnst forgangsröðunin hjá hæstv. ríkisstjórn vera sérkennileg. Mér finnst mikið á hæstv. heilbrrh. lagt að hún skuli þurfa að taka á sig nánast allan niðurskurðinn. Mér finnst þetta ekki boðlegt. Mér finnst ekki eðlileg forgangsröðun að það eigi allt að fara í niðurskurð í velferðarkerfinu. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á bótagreiðslur til tjónþola afbrota, sem hafa komið til umræðu í dag, og sem á að fresta greiðslum á. Það lýsir forgangsröðinni hjá a.m.k. sumum ráðherrum ríkisstjórnarinnar að þeir geta notað sömu upphæð og átti að fara í að borga tjónþolum til að endurnýja ráðherrabíla sína. Þetta er forgangsröðun þeirra í hnotskurn.

Forvarnir voru aðeins til umræðu í dag. Mig langar til að minnast á það að ég fagna því að það á að gera átak í forvörnum hvað varðar notun áfengis og tóbaks. Það var til umræðu í vor þegar við vorum að afgreiða lög um áfengi og tóbak að sett yrði fé í forvarnir. En ég verð satt best að segja að láta það koma fram að ég hef áhyggjur af forvarnaþættinum í tillögum sem hafa verið lagðar fram í heilbrrn. um nýja skipan mála í stjórn sjúkrastofnana sem er nú til umræðu og hafa verið kynnt fyrir heilbr.- og trn. Því miður sýnist mér að forvarnaþátturinn þar hjá heilsugæslustöðvunum sé ekki tryggður.

Ég vil líka minnast á þann sparnað ef um einhvern sparnað er að ræða, ég veit það ekki, og það er það að það eigi að hætta að veita bílalán til hreyfihamlaðra í Tryggingastofnun ríkisins. (**Gripið fram í:** Búið að taka ákvörðun.) Það er búið að taka ákvörðun um það. Það var gert á fundi hjá tryggingaráði og ég vil mótmæla þessu. Það hefur verið mikil aðstoð og stuðningur við fatlaða að fá þessa fyrirgreiðslu í Tryggingastofnun, þetta hafa verið mjög hagkvæm lán, 1% vextir og verðtryggð til ekki svo langs tíma, endurgreitt af bótum bótaþegans. Það er mjög tryggt að þessi lán skila sér aftur. Tryggingastofnun sér um að taka þetta jafnóðum af bótum lánþega þannig að ég skil ekki svona sparnað. Ég trúi ekki öðru en þetta verði endurskoðað.

Að þessu upptöldu leyfi ég mér að efast stórlega um að markmið ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum, að þessi ríkisstjórn ætli sér að treysta undirstöður velferðarinnar hér á landi, sé sambærilegt markmið. Það lýsir sér í þessu frv.

[21:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykjavíkur, Ásta R. Jóhannesdóttir, fór víða í ræðu sinni og ætla ég rétt aðeins að koma nokkuð inn á fáein atriði.

Það er í fyrsta lagi varðandi það að auka skuldir eilítið. Hér er verið að tala um að auka skuldir ríkissjóðs á næsta ári um 4 milljarða, það eru 16 þús. kr. á hvern einasta Íslending, litlu börnin og gamla fólkið meðtalið. Það eru 32 þús. kr. á hvern vinnandi Íslending og mér finnst það ekkert eilítið. Skuldirnar núna, hinar opinberu skuldir ríkissjóðs, eru 137 milljarðar, sem ég geri ráð fyrir að enginn maður geti ímyndað sér hvað er, ekki geri ég það, en það eru hálf milljón á hvern einasta Íslending, hálf milljón sem hið opinbera skuldar. Þetta eru ógreiddir skattar barnanna okkar. Ég á sex börn. Það eru 3 millj. á börnin mín. Takk fyrir. Það gef ég þeim í arf. Skuldirnar eru 1 millj. á hvern vinnandi Íslending. Ég kalla þetta ekki lítið. Ég kalla þetta uggvænlegt. Erlendar skuldir þjóðarinnar, og við skulum vona að fiskurinn bregðist okkur ekki, eru milljón á hvert mannsbarn. Þær eru 2 millj.

á hvern vinnandi mann. Þetta er heldur ekki eilítið. Það er orðið mjög brýnt að við tökum á þessum vanda. Við verðum að herða sultarólina einhvers staðar. Þetta gengur ekki svona til lengdar.

En það er fleira sem að hv. þm. kom inn á. Hann talaði um lága sjúkradagpeninga. Og hann kom með ótrúlegar upplýsingar um það að örorkulífeyrir ykist við það að sjúkradagpeningar væru lágir. Getur það virkilega verið að þeir sem úrskurða örorkulífeyri taki tillit til þess við úrskurðinn?

[21:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Ég vil benda hv. þm. Pétri Blöndal á það að þeir sem að meta óvinnufært fólk til greiðslu frá Tryggingastofnun vita að þeir lifa ekki á 17 þús. kr. á mánuði. Þess vegna er tilhneiging til þess að meta þá frekar á 75% örorku heldur en á sjúkradagpeningavottorð fyrir 17 þús. kr. á mánuði. Ég leyfi mér að efast um það að hv. þm. (**Gripið fram í:** Eru það ekki eðlileg vinnubrögð?) Auðvitað eru það ekki eðlileg vinnubrögð. Ég teldi það frekar eðlileg vinnubrögð að hafa sjúkradagpeninga þannig að það sé hægt að lifa af þeim. Ég ætla að benda á hv. þm. á það að sjúkradagpeningar eru um rúmar 500 kr. á dag og um 150 kr. á hvert barn. Treystir hann sér til að framfleyta sér og sínum sex börnum á 500 kr. á dag plús 150 kr. á hvert barn? Mér þætti fróðlegt að vita hvernig hann færi að því.

Ég tek undir það að skuldir okkar og vaxtagreiðslur eru uggvænlegar, mér finnst það mjög alvarlegt mál. Mér finnst það líka alvarlegt að mönnum skuli ekki flökra neitt við því að eyða milljörðum til að halda offramleiðslu á kindakjöti gangandi. Og í alls konar greiðslur út og suður. Það er forgangsröðin. En þeir eru alltaf tilbúnir að koma með niðurskurðarhnífinn þegar að velferðin er annars vegar.

[21:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. til fjárlaga því margt af því sem ég hefði viljað segja hefur þegar verið sagt í ágætum ræðum hér fyrr í dag. En mig langar til að byrja á því að vekja athygli á litlum bæklingi sem ég fékk inn um dyralúguna hjá mér fyrir fáum dögum þar sem segir að við eigum að taka ábyrgð á framtíðinni. Þetta er upplýsingarit ríkisstjórnarinnar um stefnu og aðgerðir í efnahags- og ríkisfjármálum. Og hér, auk þess að tala um ábyrgðina á framtíðinni, er skýrt fyrir okkur hver leiðin sé til betri lífskjara. Og ef við flettum áfram þá er talað um áfanga á réttri leið. Einn slíkur áfangi er væntanlega þessi bók hér. Hvernig skyldi hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fara að því að feta sig áfram hina réttu leið með þjóð sína til betri lífskjara? Hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér áðan og vitnaði í miklar skuldir íslensku þjóðarinnar, að einhvers staðar þyrfti að herða sultarólar. Og það er alveg rétt. Það hefur verið gert og það er boðað í þessari bók hér. En hverjir skyldu það vera sem eiga að herða sultarólarnar samkvæmt forskrift hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar? Ég sakna þess hve fáir hæstv. ráðherrar eru hér við þessa umræðu. Enda þótt alvarlegustu hlutirnir sem fram koma í fjárlagafrv. að mínu mati séu þeir sem snerta málaflokk hæstv. heilbrrh., þá finnst mér ósanngjarnt að láta hæstv. heilbrrh. einan axla þá ábyrgð, því að sú ábyrgð er ríkisstjórnarinnar allrar.

Af þeim málum sem ég vildi víkja að hér í mínu stutta máli þá langar mig til að geta sérstaklega um hve alvarlegt ég tel vera að skera á tengslin sem hingað til hafa verið á milli almennrar launaþróunar í landinu annars vegar og bótagreiðslna hins vegar. Og hér erum við að tala um tryggingabætur og við erum að tala um atvinnuleysisbætur. Við erum að tala um skattleysismörkin, því við erum að tala um persónuafsláttinn sem þó að hluta til var bundinn launaþróun. Þetta var eina vörnin sem menn höfðu þar. En ég vil segja það að þetta er ekki bara mjög ranglátt, þetta er líka mjög óskynsamlegt. Vegna þess að ég leyfi mér að fullyrða, hæstv. forseti, að í engum kjarasamningum sem kunna að vera gerðir á næstu missirum eða árum þar sem heildarsamtök launafólks koma að máli, verður þetta látið standa. Ég leyfi mér að fullyrða það. Og ég byggi þetta á yfirlýsingum sem hafa komið fram frá Alþýðusambandi Íslands og ég fullyrði þetta á grundvelli yfirlýsinga sem að hafa verið gerðar af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ég mun á eftir vitna í yfirlýsingar sem fram hafa komið frá þessum stærstu heildarsamtökum launafólks á Íslandi.

Eins og ég hef getið um áður hefur hér verið gerð mjög vel grein fyrir ýmsum liðum fjárlaga sem eru gagnrýnisverðir og ég tel ekki þörf á að endurtaka það. En hins vegar get ég ekki látið hjá líða að benda á ýmislegt sem mér finnst harla undarlegt. Árum saman er búið að hamra á því að hér skuli komið á fjármagnstekjuskatti. Það var fullyrt af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar að þetta stæði til. Í kosningabaráttunni töluðu báðir stjórnarflokkarnir um nauðsyn þessa og hvarvetna í samfélaginu hljómaði og endurómaði þessi krafa, þessi réttlætiskrafa, og í því samhengi bent á að við erum eina ríkið, við erum eina þjóðin í gervöllu OECD þar sem ekki er fjármagnstekjuskattur. Að vísu hefur verið bent á það við umræður í dag að það er nefnd að störfum við að smíða þennan skatt. En engu að síður er ekki gert ráð fyrir honum í þessu fjárlagafrv. nema gagnvart einum hópi og það er gamla fólkið. Það eru lífeyrisþegarnir. Það á að skerða bætur sem þeir fá úr tryggingakerfinu vegna fjármagnstekna. Og nú vil ég taka það skýrt fram, hæstv. forseti, að ég er fylgjandi fjármagnskatti á alla þegna landsins. Hvort sem þeir eru fimm mánaða, fimm ára, fimmtíu ára eða hundrað ára. En mér finnst sannast sagna byrjað á öfugum enda að taka þennan hóp einan og skattleggja hann. Mér finnst það vægast sagt mjög undarleg forgangsröð.

Eins og hér hefur komið fram þá er gert ráð fyrir að spara fjórðung úr milljarði, 250 millj. með því að setja nýja reglugerð um greiðslu heimildarbóta. Heimildarbætur eru t.d. sérstök uppbót á lífeyri fyrir þá sem ekki komast af með tekjur sínar vegna sérstaks kostnaðar. Hér er því verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Sérstakur kostnaður getur t.d. verið mikill lyfjakostnaður og í því sambandi er vert að benda á að þegar kostnaðarþátttaka vegna lyfja var aukin var iðulega bent á að þeir sem þyrftu á aðstoð vegna mikils lyfjakostnaðar að halda gætu t.d. fengið þessa sérstöku uppbót. Nú, fjórum árum síðar, er svo ráðist að þessum möguleika. 125 millj. á að spara með skerðingu á mæðra- og feðralaunum. Og síðan þessi makalausa ráðstöfun að fella niður ekkjulífeyri, 5 millj. þar til að jafna niður á við til ekklanna, þessi stöðuga jöfnun niður á við. En eins og ég gat um áðan þá þyrfti í rauninni að hafa langt mál um allar þær milljónir, allar þær tugmilljónir, hundruð milljóna sem á að spara á kostnað lífeyrisþega, öryrkja og bókstaflega flestra þeirra hópa í þjóðfélaginu sem minnst mega sín. Og að láta sér detta í hug að hækka aldurstakmörk vegna afsláttar eftirlaunaþega á greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf

úr 67 í 70 ár og ætla að spara þannig 40 millj. Það hefur að vísu komið fram í viðtali við heilbrrh. að þetta eigi aðeins við um þá lífeyrisþega sem séu í vinnu. En þarf svo ekki síðar að jafna þetta líka í réttlætisskyni? Ég bara spyr. 330 millj. vegna minni lyfjaútgjalda.

Ég gæti haldið áfram slíkri upptalningu en mig langar til að koma sérstaklega að þeim kerfisbreytingum sem eru boðaðar í heilbrigðiskerfinu. Því að þær þykja mér alvarlegastar. Það er talað um samræmingu á gjaldtöku fyrir ferliverk og innlagnir sjúklinga. Ferliverk eru læknisverk sem að jafnaði eru gerð án innlagnar, annaðhvort á göngudeild eða þá hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Rökin eru þau að þetta sé réttlætismál því að óréttlátt sé að þeir sem lagðir eru inn greiði ekkert fyrir aðgerðir sem aðrir þurfa að greiða fyrir. Spurningin er þó sú hvort næsta samræming í réttlætisátt verði ekki sú að allir sjúklingar á sjúkrahúsum greiði fyrir aðgerðir þar sem það sé óréttlátt að aðeins sumir innlagnarsjúklingar greiði fyrir aðgerðir. Framlög til sjúkrahúsanna eru skorin niður um 200 millj. vegna þessa. Nú spyr ég, hæstv. heilbrrh. Hvað vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn með þessum breytingum sem hér eru boðaðar? Og ég vil spyrja nánar vegna þess að í kaflanum um nauðsynlegar breytingar á almannatryggingalögunum í bandormsyfirlitinu kemur fram að breyta á lögunum til þess að hægt verði að taka upp innritunargjald á sjúkrahús. Það á að selja aðgang að sjúkrahúsunum. Og heyrði ég það rétt hér í umræðu fyrr í dag að undanskilja eigi öryrkja? Heyrði ég rétt? En hvers vegna ekki að undanskilja sjúklinga? Til hvers halda menn að menn séu lagðir inn á sjúkrahús? Það er veikt fólk og við höfnum því að hér sé farið að selja aðgang að sjúkrahúsum. Einnig kemur fram að breyta á lögum um heilbrigðisþjónustu þannig að sjúkrahúsum verði heimilt að stofna hlutafélag um rekstur sérhæfðra deilda. Stofna fyrirtæki. Stofna hlutafélag til að græða á veiku fólki. Þetta er makalaust, segir hæstv. fjmrh. Já þetta er makalaust. Og ég skal segja hæstv. fjmrh. það og allri ríkisstjórninni að þetta er nokkuð sem íslensk þjóð sættir sig ekki við og mun aldrei gera það. Að þið einkavæðið velferðar- og heilbrigðiskerfið með þessum hætti. Við munum krefjast þess að þið gerið grein fyrir því nákvæmlega hvað það er sem að vakir fyrir ykkur.

Í húsnæðismálum er einnig gert ráð fyrir niðurskurði. Það er talað um að lækka framlag til Byggingarsjóðs verkamanna og það eru færð fram rök hvers vegna það er gert. Að þessar íbúðir gangi ekki út. Að vísu gera þær það á höfuðborgarsvæðinu en víða úti á landi gera þær það ekki. Og það eru tilgreind ýmis rök fyrir þessu. En ég spyr hvort dvínandi eftirspurn eftir félagslegu húsnæði geti átt sér þá skýringu að fólk sem þarf á slíku húsnæði að halda hafi ekki lengur efni á því að komast inn í slíkt húsnæði. Og í því samhengi hlýtur að vera áhyggjuefni líka að í fjárlagafrv. er skorið niður það fjármagn sem er ætlað til húsaleigubóta.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í ræðustól áðan. Einhvers staðar þarf að herða sultarólar. En ég leyfi mér að fullyrða að Íslendingar hafna því að það verði sjúkir og aldraðir og öryrkjar sem að herða ólarnar eða að ólarnar séu hertar um þá með þeim hætti sem hér er boðað. Og ég vil að lokum vitna í ályktanir sem nýlega voru samþykktar varðandi það fjárlagafrv. sem hér er til umræðu, annars vegar af hálfu miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og hins vegar stjórnar- og formannafundar BSRB. Í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um fjárlagafrv. segir, með leyfi hæstv. forseta, m.a.:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeirri efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur sett fram í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996. Óhjákvæmilegt er að líta á áherslurnar í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar sem hreina ögrun við launafólk og samtök þess og að stjórnvöld séu að efna til harðrar deilu um efnahagsstefnuna, kjörin og velferðarkerfið. Stefnt er að lækkun skattleysimarka, hækkun skatta og niðurskurði í tilfærslum og fjárfestingum þannig að afleiðingin verður minni kaupmáttur og fækkun starfa á almenna vinnumarkaðnum. Þá stefnir ríkisstjórnin að því að rýra stöðu bótaþega með afnámi tengingar bóta við launahækkanir í kjarasamningum."

Þetta segir m.a. í ályktun sem samþykkt var af miðstjórn Alþýðusambands Íslands 11. okt. Í ályktun sem stjórn- og formannafundur BSRB samþykkti 6. okt. er tekið undir þær hugmyndir sem fram komu hjá hæstv. utanrrh. nýlega að efnt yrði til viðræðna ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um siðferðilegan grunn sem kjarasamningar gætu byggt á til framtíðar. Og þar yrði haft að leiðarljósi í þeim viðræðum að jafna lífskjörin í landinu.

Í ályktun BSRB segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sá tónn sem sleginn er í fyrsta fjárlagafrv. núv. ríkisstjórnar stangast þó á við þessa hugsun og er ljóst að áfram á að skerða kjör öryrkja, aldraðra og almenns launafólks. Þannig mun afnám vísitölu og launatengingar rýra lífskjör lífeyris- og örorkuþega og auka skattbyrði launafólks því fyrirsjáanlegt er að skattleysismörk munu lækka í raun. BSRB mótmælir þeim áformum ríkisstjórnarinnar að láta almennt launafólk, aldraða og öryrkja bera þyngstu byrðar að því að *ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Þetta fólk hefur þegar borið* herkostnaðinn af því að ná verðbólgunni niður og koma á stöðugleika. Íslenska velferðarkerfið er í hættu og mun BSRB leggja áherslu á að verja það. Í frv. er gert ráð fyrir einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og auknar gjaldtökur boðaðar. BSRB hafnar einkalausnum þeirra sem peningana eiga og varar alvarlega við því að gróðasjónarmið verði látin taka völdin í heilbrigðisþjónustunni. Á undanförnum árum hefur smám saman verið grafið undan heilbrigðisþjónustunni og fari svo fram sem horfir hættir hún að vera sameiginleg þjónusta allra landsmanna. BSRB mun aldrei sætta sig við slíka *eyðileggingu á velferðarþjónustunni og hvetur til víðtækrar* samstöðu um að snúa vörn í sókn.

Það er áfellisdómur yfir ríkisstjórninni að í þessu fyrsta fjárlagafrv. hennar er ekkert sem bendir til þess að taka eigi á því varanlega atvinnuleysi sem hér hefur skapast. Ef ríkisstjórninni er alvara að vilja ræða siðferðilegan grunn fyrir kjarajöfnun er nauðsynlegt að taka þegar í stað til endurskoðunar þá þætti fjárlagafrv. sem stefna til aukins ójafnaðar."

Tilvitun lýkur, hæstv. forseti. Ég vil gera þessi lokaorð að mínum en leggja jafnframt á þau mjög ríka og mikla áherslu.

[22:09]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að kveðja mér aftur hljóðs í þessari umræðu en sé mig knúinn til að gera það vegna þess að mér skilst að hæstv. heilbrrh. hafi í annað sinn komið fram með þá fullyrðingu að Alþfl. hafi skilið eftir sig milljarð í óreiðu í heilbrrn. frá því í fyrra eins og hún mun hafa sagt hér áðan.

Ég er hér með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994, það er árið í fyrra. Í grg. frv. um heilbr.- og trmrn. segir orðrétt:

„Greiðslur ráðuneytisins voru 55,3 millj. kr. hærri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 199,7 millj. kr. en óhafnar fjárveitingar voru 144,4.“ Með öðrum orðum eru óhafnar fjárveitingar álíka háar og viðbótarheimildir vegna umframgjalda. Er þetta að skilja eftir sig einn milljarð kr. í óreiðu frá því í fyrra?

Nú skulum við gera ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi mismælt sig. Og ekki átt við árið í fyrra heldur árið í ár, árið 1995. Það liggur hér líka á borðum þingmanna frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995. Og virðulegi forseti, ég vil gjarnan vitna í það sem segir þar um heilbr.- og trmrn.

Þar er lagt til að fjárheimild heilbr.- og trmrn. verði aukin um samtals 2.334,6 millj. kr. Af þessu er 1.330 millj. vegna lífeyristrygginga. Það er skýrt þannig í fyrsta lagi að þar sé um að ræða 630 millj. vegna kostnaðarauka í eingreiðslum vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að þær skyldu greiddar í samræmi við ákvæði kjarasamninga, þ.e. ákvörðun sem ríkisstjórn tók. Er það að skilja eftir sig óreiðu? Í öðru lagi segir: Í annan stað hækka bæturnar skv. gildandi lögum miðað við almennar launabreytingar í landinu. Það er það sem á að afnema í almannatryggingakerfinu eins og boðað er í fjárlagafrv. Þar eru um 700 millj. kr. að ræða. Með öðrum orðum, allt það umframfé sem sótt er um vegna lífeyristrygginga er annars vegar vegna ákvæða í lögum um tengingu bóta við kjarasamninga og hins vegar ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að eingreiðslur skuli vera í samræmi við ákvæði sömu samninga. Um sjúkratryggingar er sagt að þar er farið fram á aukið framlag upp á 550 millj. kr. Hvernig er það skýrt? M.a. með því að sparnaður hafi ekki náðst í sérfræðilækningum þar sem upptöku tilvísanakerfis var frestað. Hver frestaði því? Var það sá sem hér stendur? Nei, það var hæstv. heilbrrh. sem gerði það. Í öðru lagi, virðulegi ráðherra, ég er að lesa hér texta eftir fjmrn. þar sem þetta er skýrt og ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra hafi lesið það þó hann hafi ekki gefið sér tóm til þess að lesa allt það sem segir í grg. fjmrn. með fjárlagafrv. Þarna eru með öðrum orðum um 100 millj. af þessum 550 vegna frestunar tilvísunarkerfis. Aðrar 100 millj. eru skýrðar af fjmrn. með því að ekki hafi náðst fram lækkun lyfjakostnaðar vegna frestunar á gildistökum nokkurra ákvæða nýrra lyfjalaga. Hver ber ábyrgð á því? Hver vill fresta því enn frekar? Hver leggur hér fram frv. þar sem sagt er að verði það samþykkt muni það kosta 100 millj. kr. að mati ríkisins á næsta ári? Það er fjmrn. sem leggur það fram sem fylgiskjal með frv. frá hæstv. heilbrrh.

Síðan kemur að héraðslækni í Reykjavík. Af hverju náðist ekki það takmark? Vegna þess að lagabreytingar sem þurfti að gera til að fella niður fjárveitingar til héraðslæknisins í Reykjavík voru ekki samþykktar af Alþingi eftir að fjárlög voru afgreidd. Sama um héraðslækni á Norðurlandi eystra. Um sjúkrahúsin er það sagt að farið er fram á tæplega 40 millj. vegna sjúkrahússins í Vestmannaeyjum vegna dóms Hæstaréttar. Er það óreiðuskuld frá Alþfl.? Það er rætt um Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur og tekið fram að auknar fjárheimildir séu vegna sérstaks samkomulags sem gert hafi verið við stjórnendur þessara tveggja sjúkrahúsa af fyrrv. ríkisstjórn. Sem fyrrv. ríkisstjórn hafi falið mér og samþykkt að ég gerði og gert ráð fyrir að fjár yrði aflað á fjáraukalögum. Eru það óreiðuskuldir sem fyrrv. heilbrrh. skildi eftir sig?

Svo segir hér hins vegar að lagt er til hvað varðar Framkvæmdasjóð aldraðra að framlag á þessum lið hækki um 209 millj. kr. vegna þess að markaðar tekjur sjóðsins af iðgjöldum, sem er viss prósenta af álagningu staðgreiðsluskatts, hafi verið vanáætlaðar í fjárlögum nokkur undanfarin ár. Og hver var það sem uppgötvaði að ríkissjóður hafði ekki skilað Framkvæmdasjóði aldraðra 209 millj. kr. sem ríkissjóður hafði innheimt af fólkinu í landinu með sköttum sem voru sérmarkaðir framkvæmdasjóðnum? Það var sá sem hér stendur. Það var vegna bréfs frá honum sem þetta var ákveðið, en hvernig er þessu fé er ráðstafað? Því er öllu ráðstafað í fjáraukalögunum til annarra hluta. Litlu broti af því til að greiða kostnað reksturs dagvistunarstofnana.

Það er því algjörlega ósatt að hér sé um að ræða einhver milljarðs króna vanskil af hálfu Alþfl., þegar Alþfl. fór frá í heilbrigðismálum. Og ég kalla eftir því að hæstv. ráðherra leggi þá hér á borðið upplýsingar um það sem ganga þvert á það sem fjmrn. segir í skýringum með frv. til fjáraukalaga. Þá er rétt að hæstv. ráðherra leiðrétti kollega sinn fjmrh., sem leggur fram skýringarnar með þessum hætti. Og ég spyr enn: Eru samskiptin þannig í ríkisstjórninni að hæstv. heilbrrh. lesi ekki það sem frá fjmrn. kemur? Er það afstaða hennar, eins og kom fram í þingræðu hér fyrir nokkrum dögum, að það sem frá fjmrn. kemur falli um sjálft sig? Það voru þau orð sem hún hafði um álit fjmrn. á kostnaðaráhrifum þess að fresta gildistöku lyfjalaganna enn frekar. Þá sagði hún að það væri ekkert að marka vegna þess að það kæmi frá fjmrn. og félli um sjálft sig. Það er þá ekki þörf á því að standa í þessari löngu umræðu um fjárlög ef það er niðurstaða ráðherra Framsfl. að það sem frá fjmrn. komi falli um sjálft sig. Þá er auðvitað þýðingarlaust að ræða fjárlagafrv. frekar en annað sem verður til í þeim húsum.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram til að svara þeim áburði hæstv. ráðherra um að hún hefði tekið við milljarði í óreiðuskuldum frá Alþfl. frá því í fyrra, eins og hún sagði orðrétt.

En fyrst ég er kominn hér upp þá langar mig til að skýra þeim þingmönnum sem á mál mitt hlýða frá því að fyrir næstum því nákvæmlega fjórum árum kvaddi hæstv. núv. heilbrrh. sér hljóðs utan dagskrár til að mótmæla því sem hún kallaði sjúklingaskatta sem fyrrv. ríkisstjórn var þá að leggja á, en kallar núna þjónustugjöld eða sértekjur. Í lok ræðu sinnar sagði hún orðrétt, með leyfi forseta. „Ef sparnaður á að nást í heilbrigðismálum þarf að vinna faglega með fólkinu en ekki á móti fólkinu.“ Nú spyr ég: Þegar hæstv. ráðherra gerir í fjárlagafrv. tillögu um að afsláttur vegna heilbrigðiskostnaðar aldraðs fólks verði fluttur úr 67 í 70 ár, gerði hún það þá í samvinnu við Samtök aldraðra? Við hvaða aðila, við hvaða fólk í þjóðfélaginu hafði hún hið faglega samráð um þessa tillögu sem hún sagði fyrir nákvæmlega fjórum árum síðan að væri forsenda þess að nokkur árangur gæti náðst í sparnaði í heilbrigðiskerfinu? Og ég spyr enn: Við hvaða fólk hafði hæstv. heilbrrh. samráð þegar hún tók ákvörðun um að leggja til innritunargjöld á sjúkrahúsum? Hafði hún samráð við Félag hjartasjúklinga? Hafði hún samráð við Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna? Hafði hún samráð við Krabbameinsfélag Íslands? Við hvaða fólk hafði hæstv. ráðherra samráð fyrst hún er þeirrar skoðunar og er búin að vera í fimm ár að það náist enginn árangur í sparnaði í heilbrigðismálum nema í faglegu samstarfi við fólkið. Þegar hún tók þá ákvörðun að leggja til að skerða elli- og örorkulífeyri með fjármagnstekjum og hvarf þar frá samkomulagi sem gert hafði verið milli fjmrn. og heilbrrn. um að það skyldi ekki gerast nema fjármagnstekjuskattur yrði jafnframt lagður á alla þegna í samfélaginu. Um það

vorum við hæstv. fjmrh. sammála. Það var búið að ákveða í ríkisstjórninni að það kæmi ekki til greina öðruvísi. Þegar hún tók þá ákvörðun að fjármagnstekjuskattur skyldi lagður á gamalt fólk eða ígildi fjármagnstekjuskatts til að skerða elli- og örorkulífeyri þess án þess að fjármagnstekjuskattur yrði lagður á nokkra aðra þjóðfélagsþegna, við hvaða fólk hafði hún þá faglegt samráð? Við Öryrkjabandalagið? Við Samtök aldraðra? Við hvaða fólk, hæstv. heilbrrh., hafðir þú faglegt samráð um þetta sem þú segir sjálf að sé forsenda þess að nokkur árangur geti náðst? Þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. leggur til í fjárlagafrv. að gjaldtaka vegna glasafrjóvgunar sé tvöfölduð úr 21 millj. í 45 millj. var það gert í samráði við Tilveru? (**Heilbrrh.:** Þetta eru vitlausar tölur.) Nei, það eru ekki vitlausar tölur. Tekjurnar í dag eru áætlaðar 21 millj. og það er talið að þær eigi að hækka um 24 millj. Þannig að 24 plús 21 eru 45 a.m.k. samkvæmt þeim reikningi sem ég lærði. En látum liggja milli hluta hvort rétt er lagt saman eða ekki. Meginatriði málsins er við hvaða aðila hæstv. heilbrrh. hafði það faglega samráð sem er forsenda fyrir því að sparnaðartillögurnar nái árangri.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að skuldasöfnun ríkisins er orðin ógnvænleg. Ríkið og stofnanir þess skulda 136 milljarða kr. 48 af þessum milljörðum eru vegna tilrauna til að markaðssetja íslenskt lambakjöt í útlöndum. Og þá er ég að tala um útflutningsbætur, það er að vísu meira en lambakjöt því að þetta var líka á tíð niðurgreiðslna á útflutningsverði á öðrum landbúnaðarafurðum, en að áliti fjmrn. nema þessar fjárhæðir á þeim tíma sem þetta kerfi var í gildi miðað við vísitölu landsframleiðslu á núvirði á verðlagi ársins 1994 48 milljörðum. Eða rúmum einum þriðja af öllum þeim skuldum sem ríkið og ríkisstofnanir hafa safnað á þeim tíma sem eru til lengri tíma en eins árs. Þetta kostaði markaðssetningartilraunin sem ekki hefur skilað neinum árangri. Nú spyr ég hv. þm. Pétur H. Blöndal: Nú stendur til að halda þessu áfram í búvörusamningnum. Ætlar hann að samþykkja það líka? Eða telur hann að það eigi aðrar reglur að gilda um sauðkindina en mannfólkið? Ég verð að segja eins og er að það er fordæmið sem við sáum í sjónvarpinu í kvöld þegar við sáum myndir þar sem verið var að urða frá sláturhúsi úti á landi 156 skrokka af nýslátruðu kjöti sem skattborgarar hafa greitt og enginn markaður er fyrir, ekki einu sinni ofan í loðdýr. Þessu var öllu saman mokað ofan í gryfju, kveikt í og mokað yfir. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki í kjördæmi þingmannsins?) Jú, þetta er í kjördæmi mínu en það er ekki betra fyrir það. (**Gripið fram í:** Nú?) Nei, það er ekki betra, hv. þm. Þú heldur það kannski, virðulegi þingmaður að þetta sé í lagi ef þetta er í kjördæminu þínu, að mat sem greiddur hefur verið af fé skattborgara sé mokað ofan í gryfjur og kveikt í.

Það er verið að segja og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði það áðan að menn verði að herða sultarólina. Eru menn að herða sultarólina þarna? Það er boðað í þessu fjárlagafrv. að ríkisstjórnin hafi tekið þá stefnu að aftengja allar vísitöluviðmiðanir í fjárlagafrv., þar á meðal til gamals fólks og öryrkja. En það er ekki gert í búvörusamningnum. Þar er allt verðtryggt fimm ár fram í tímann. Þannig að það er annað sem er uppi á teningnum þegar kemur að þeim samningi eða þegar kemur að þeim samningi sem gerður var um bindingu elli- og örorkulífeyrisþega við lægstu laun í landinu.

Svo kemst ég ekki hjá því, virðulegi forseti, að ljúka máli mínu með því að vitna enn í orð hæstv. núv. heilbrrh. sem eru mælt árið 1992, þann 13. apríl.

Hún segir: „Sú óvissa sem ríkir almennt víða í heilbrigðismálum er með þeim hætti að útilokað er að sætta sig við hana. Stofnanir í fjársvelti eiga sér aðeins eitt val, þ.e. að draga verulega úr þjónustu við skjólstæðinga sína og þetta á sér stað alls staðar. Stofnunum er að blæða út víðast hvar."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að þær tillögur sem hann stendur að í fjárlagafrv. séu til þess fallnar að stöðva það blóðstreymi eða að veita nýju lífi í rekstur þessara stofnana? Ég held að menn þurfi að hafa samband við fólk í meira mæli heldur hæstv. heilbrrh. hefur gert og standa frekar við það sem hæstv. ráðherra boðaði að hún mundi gera fyrri fjórum árum.

Mér kemur í hug í lokin gömul saga vestan af Ísafirði. Þá var það einnig stjórnmálamaður, að vísu í sveitarstjórnarmálum, sem hafði það jafnoft á orði eins og hæstv. ráðherra að það þyrfti að leita samráðs við fólkið. Það fólk sem viðkomandi leitaði samráðs við var einn maður og hann hét Einar Jóelsson. Ég held að það sé nákvæmlega eins með hæstv. heilbrrh. Þegar hæstv. ráðherra ætlaði að standa við stóru orðin um að hafa nú alltaf samráð við fólkið á faglegum grundvelli þá hafi samráðið ekki náð mikið lengra en upp í fjmrn. Og mér finnst að það samráð hafi verið ansi einhliða. Eins og ég hef áður sagt þá kannaðist ég við flestar þær tillögur sem hér eru fluttar í heilbrigðismálum, þær voru tíndar upp úr ruslafötum heilbrrn., þaðan sem þær virðast eiga afturkvæmt núna.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, og ítreka það að ég ætlaði mér ekki að taka aftur þátt í þessari umræðu. En að hlusta á hæstv. heilbrrh. í annað sinn segjast hafa tekið við milljarðs króna vanskilaskuldum í heilbrrn. frá Alþfl. frá því í fyrra eru ummæli af því tagi að það var ekki hægt að láta þau óleiðrétt.

[22:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel réttara að ég komi hér í andsvari til að ræða sérstaklega eitt mál við hv. þm. af því að hann nefndi mig til sögunnar og það varðar annars vegar fjármagnstekjuskatt og hins vegar fjármagnstekjutengingar í bótakerfinu. Hv. þm. sagði að við hefðum verið sammála um það hvernig farið yrði að, þ.e. ekki yrðu teknar upp slíkar tengingar nema fjármagnstekjuskattur yrði fyrst kominn á. Þetta er að sjálfsögðu alrangt því eins og hv. þm. veit þá var ég alla tíð þeirrar skoðunar að þetta væru tvö aðskilin mál. En niðurstaðan varð hins vegar önnur vegna þess að heilbrrh. hlaut að ráða, þetta voru tillögur frá honum og fjmrh. gerir fyrst og fremst sparnaðarkröfur.

Ég skal skýra af hverju þetta voru tvö aðskilin mál. Það var einfaldlega vegna þess að ef við ætluðum að tengja málin saman þá kæmi þetta fram með tvöföldum þunga á gamla fólkinu. Vegna þess að þá væri það bæði látið borga skattinn og missti líka bæturnar. Þannig sjá menn að þetta eru tvö aðskilin mál. Í öðru lagi sagði hv. þm., sem fer stundum frjálslega með, að það væru ég man ekki hve margir milljarðar sem hefðu farið í markaðssetningu á dilkakjöti. Þar á hann að sjálfsögðu við heildarútflutningsbæturnar.

Að síðustu ætla ég að rifja upp þá sögu þegar minn ágæti vinur var að spara fyrir nokkrum árum í heilbrrn. og kom með sparnaðartillögu upp á 200 eða 250 milljónir, en niðurstaðan varð 200 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð en ekki sparnaður. Þegar ég byrsti mig og varð heldur leiður yfir þessu þá yppti hann öxlum og sagði: „Þú keyptir þetta." Þótt viljinn hafi verið mikill og gangurinn góður þá er það

ekki svo að niðurstaðan hafi alltaf verið í samræmi við þær tillögur sem hv. fyrrv. ráðherra og núv. þm. reyndi þegar hann var heilbrrh. og skorti þó ekki viljann til skera niður og spara.

[22:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það var alltaf vilji hæstv. fjmrh. að skerða elli- og örorkulífeyri með fjármagnstekjutengingu án tillits til þess hvort að fjármagnstekjuskattur yrði tekinn upp í leiðinni. En þar var niðurstaðan í ríkisstjórn að gera það ekki vegna þess að ég stóð gegn því. Það er líka rétt, og ég tók það nú raunar fram og leiðrétti sjálfan mig, að þeir 48 milljarðar sem ég ræddi um voru á tímanum að nokkru leyti notaðar til að þess að greiða niður útflutningsverð á öðrum afurðum landbúnaðar en lambakjöti. En þetta er mesti stuðningur við markaðssetningu á íslenskri afurð erlendis sem ég veit um og ég þekki ekki til að nokkur önnur þjóð hafi veitt jafnmiklum fjármunum til þess að reyna að finna markað fyrir afurð sem hún framleiðir eins og þarna er um að ræða. Það sem er sorglegast við allt saman er að árangurinn varð nákvæmlega enginn. En ég benti á að þessi fjárhæð, 48.000 millj. kr., sem varið var í þessu skyni er rúmur þriðjungurinn af þeim skuldum sem ríkið og ríkisstofnanir hafa safnað erlendis á sama tíma. Þetta er ekkert lítið fé.

Í lokin þá er það rétt að hæstv. fjmrh. keypti tillögu sem sparaði kannski ekki mjög mikið. En ég er líka alveg sannfærður um það að hann er nú, virðulegi forseti, búinn að kaupa margar tillögur sem spara ekki neitt, m.a. tillögu um það að ekki verði staðið við samninga sem hann hefur sjálfur undirritað við sveitarstjórnir í landinu. Ég er líka sannfærður um það að hann hefur keypt þá tillögu frá forsrh. sem mun ekki standast að niðurskurður á framkvæmdum verði 2.000 millj. eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. hefur því keypt miklu stærri sparnaðartillögur sem munu ekki ganga upp en nemur tilllögunni sem hann keypti af mér forðum daga. (Gripið fram í.)

[22:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér skilst að farið sé að halla á þessa umræðu og mig langaði þá til þess að taka til máls og reyna að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hafa verið beint og nefna örfá atriði. Það er nú svo að hér eru ekki allir í þingsalnum, sem hafa tekið þátt í umræðunni, enda stendur þannig á að umræðan fór fram á tveimur dögum og með alllöngu millibili því að það var fyrir 10 dögum eða svo sem fyrri hluti umræðnanna fór fram. Síðan hefur margt gerst sem hefur orðið til þess að ekki eru allir hér í dag þar á meðal heill landsfundur eins stjórnmálaflokks en fyrsta ræðan sem flutt var var flutt af nýkjörnum formanni Alþb. Það er aðeins eitt atriði, þar sem viðkomandi þingmaður er ekki viðstaddur, sem mig langar til þess að nefna úr ræðu hennar en það snertir þjónustusamninga. Ég er henni alveg sammála en hún lagði áherslu á gagnsemi slíkra samninga en saknaði þess að ekki væri mikið fyrir þeim að fara í þessu fjárlagafrv. Ég bendi á að þessu reynslustarfi verður haldið áfram, nokkur reynsluverkefni eru í gangi og næsta verkefni sem við ætlum að feta okkur áfram með er að koma upp svokölluðum verkefnavísum til að fá gleggra yfirlit yfir það sem stofnanir og fyrirtæki ríkisins eru að gera. Vissulega hefði verið spennandi að fjalla um nokkur önnur atriði sem komu fram í ræðu hv. þm. eins og stefnumörkun í umhverfismálum og þess háttar en það verður að bíða betri tíma.

Ég ræddi nokkuð á fyrri deginum um ræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar en minna um þá ræðu sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir flutti þó að af einu tilefni hafi ég staðið upp og gefið andsvar vegna þess að spurt var um það hvort fjárlagafrv. hafi verið kynnt öðrum en hv. þm. áður en það kom á borð þingmanna. Ég vona að því hafi verið svarað.

Hv. þm. ræddi síðan um landflóttann og skuldir heimilanna. Við skulum ekki ganga þess dulin að það hefur auðvitað gerst í þjóðfélagi okkar eins og sumum í öðrum nágrannalöndum, löndum sem við viljum bera okkur saman við, að það hafa verið efnahagslegir erfiðleikar. Við slíka erfiðleika reynir fólk auðvitað að bjarga sér og það gerist með þeim hætti að fólk leitar til þeirra starfa sem það kýs að vinna við og stundum kostar það að fólk þarf að flytja búferlum á milli byggðarlaga, jafnvel á milli landa. Í þessu sambandi bendi ég á að fólk, sem hefur við lakari kjör að búa, vill gjarnan koma hingað til lands. Þetta er afleiðingin af því sem hefur verið að gerast í heiminum að það er miklu meira streymi fólks milli landa. Við megum ekki alltaf halda að það sé eingöngu komið til af hinu illa. Stundum getur það verið gott, stundum er það slæmt. Ég held að því miður hafi það gerst í þessari umræðu allri að þetta hefur verið ýkt stórum. Það hefur verið talað um stórkostlegan landflótta en þegar nánar er litið í tölurnar kemur í ljós að í mörgum tilvikum er um eðlilegar breytingar að ræða. Ég get bent á það t.d. að ég aflaði mér upplýsinga hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og þar er sá háttur hafður á og hefur verið núna um mörg ár og er breyting frá því sem var áður að menn flytja lögheimili sitt frá landinu þegar þeir fara til náms annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta hefur breytt nokkuð búsetuskráningunni á undanförnum árum. Þarna er auðvitað um eðlilega búferlaflutninga að ræða, sem eru sem betur fer oftast tímabundnir. Og þannig er það nú ætíð að flestir sem flytjast héðan vilja gjarnan komast heim aftur en á móti kemur að ýmsir sem að hingað hafa flutt flendast hér og verða í sumum tilvikum bestu Íslendingar. Það má ekki alltaf horfa á þetta með neikvæðu hugarfari.

Vissulega eru hér á landi lægri laun en víðast annars staðar í nágrannalöndunum. Það er satt og menn spyrja stundum spurninga eins og þessara: Hvernig stendur á því að landsframleiðsla á Íslandi er svona mikil en launin svona lág? Þetta er spurning sem menn spyrja. En þegar að menn kanna hlutinn betur kemur hið augljósa auðvitað í ljós. Á Íslandi er landsframleiðslan mikil vegna þess að það vinna margir, atvinnuþátttaka fólks er mjög mikil á Íslandi og hver einstaklingur vinnur mun fleiri stundir en einstaklingar hjá nágrannalöndunum. Ástæðan þess hvað Íslendingar hafa haft miklar tekjur, framleiða mikið eins og það er mælt í landsframleiðslu er einfaldlega sú að þeir hafa lagt miklu meira á sig en aðrar þjóðir. Þetta má ekki gleymast og þess vegna er það ósanngjarnt og í raunar út í bláinn að menn fara síðan að bera saman einingar eins og laun á klukkustund. Það er meira að segja út í bláinn, virðulegi forseti, að bera saman laun þingmanna og þingmanna einhvers staðar annars staðar og allur þessi samanburður.

Þegar við erum að bera saman lífskjör er þetta einn mælikvarði en það eru auðvitað fjöldamargir aðrir hlutir sem koma til þegar við ræðum um lífskjör á Íslandi sem hafa þýðingu og það vita þeir sem hafa dvalist langtímum erlendis að þar kemur til fjöldi annarra þátta sem við kjósum í stað hærri launa. Þetta breytir hins vegar ekki því að það er skylda stjórnvalda, ekki einungis ríkisstjórna, heldur allra

stjórnmálaflokka, launþegasamtaka, samtaka atvinnulífsins, að reyna að bæta lífskjörin því að það er það sem að menn telja vera eftirsóknarverðast að hafa meiri fjármuni handa á milli til að geta keypt sér það sem þeir vilja búa við í lífinu. Það er keppikefli þeirrar ríkisstjórnar, sem hér starfar, og ég tel að það sjáist merki í því fjárlagafrv. sem við erum að ræða hér á landi. En þegar rætt er um landflóttann er gjarnan spurt að því hvert efnahagsbatinn fór. Og jafnvel virðulegastu fjölmiðlar á Íslandi spyrja þessara spurninga rétt eins og hann hafi horfið út um gluggann. Þegar að þessu er spurt er kannski rétt að hafa nokkrar staðreyndir í huga.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar rýrnaði kaupmáttur þjóðartekna, heildartekna þjóðarinnar, um 7,3% á árunum 1991–1993. Það var rýrnun kaupmáttar þjóðartekna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna rýrnaði um 6,7% eða heldur minna. Þetta var á árunum 1991, 1992 og 1993. Þannig hefur minnkandi kaupmáttur þjóðarbúsins ekki komið allur fram í lakari kaupmætti almennings. En til fróðleiks má nefna að árin á undan, árin 1989 til 1991, rýrnaði kaupmáttur heimilanna um 12% en þjóðartekjur lækkuðu einungis um 1%. Þegar maður segir þetta, af því að þetta vísar til ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, verður maður þó að hafa í huga að við upphaf á þessu tímabili var gengi íslensku krónunnar kolvitlaust skráð. Það varð auðvitað að taka á því og það lenti fyrst og fremst á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að taka á því máli og það rýrði lífskjörin eða kaupmátt ráðstöfunartekna gífurlega mikið.

Þetta er sagan og hana verðum við að hafa í huga vegna þess að það er erfitt þegar menn hafa tekið á sig slíka kjararýrnun að sætta sig við það að fá ekki uppsveiflu á nýjan leik. Það er í þjóðareðli okkar, þessi sveiflukenndi búskapur, að þegar við höfum átt slæmar stundir í atvinnu- og efnahagslífinu finnst okkur að þá hljóti sá tími að koma innan tíðar að við getum leyft okkur marga hluti. Því miður er það svo nú að efnahagsbatinn verður tiltölulega hægur, það er allt sem bendir til þess. Ástæðan er sú sem kom m.a. fram í ræðu hv. þm. og í ræðum margra annarra þingmanna að það er ekkert sem bendir til þess að við fáum gífurlega miklu meiri aflaverðmæti úr sjó en við höfum fengið á undanförnum árum. En sem betur fer er það þó nú að gerast að ekki er gert ráð fyrir frekari rýrnum á verðmætum úr sjó, þá er ég að tala um heimamiðin, heldur þvert á móti er talað um að við höfum náð botni og nú megi frekar búast við bjartari tíð þótt að hægt fari í þessu máli.

En þá kem ég að nútímanum, þ.e. frá árinu 1993, og ég er að tala um það hvert efnahagsbatinn fór því að þetta hefur grundvallarþýðingu. Það sem hefur gerst frá árinu 1993 er að þessi þróun sem ég lýsti áðan hefur snúist við og kaupmáttur í dag, kaupmáttur ráðstöfunartekna þegar búið er að taka tillit til skatta, hefur aftur farið að aukast. Þjóðartekjurnar hafa aukist og laun almennings hafa þess vegna hækkað. Á árunum 1994 og 1995 er talað um að kaupmáttur heimilanna aukist tæplega einu prósenti meira en þjóðartekjur eða um 4,6% samanborið við 3,8%. Á næsta ári er talið að þetta bil milli aukningar þjóðartekna og kaupmáttar heimilanna aukist enn og verði orðið um 2%. Þetta þýðir á mæltu máli að efnahagsbatanum hefur verið skilað til fólksins og gott betur. Það lýsir sér m.a. í því sem kom fram ágætlega hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það gengur nokkuð á viðskiptaafganginn. En það er óumdeilt að efnahagsbatanum hefur verið skilað með þessum hætti til fólksins. Hitt er svo annað mál að það hafa ekki allir fengið jafnmikið (**Gripið fram í:** Það er nefnilega það.) og það vita allir einfaldlega vegna þess að sumir hafa því miður verið atvinnulausir, aðrir hafa borið minna úr býtum í kjarasamningum en aðrir. Þetta skulum við viðurkenna. En það er samt sem áður enginn stórkostlegur munur frá því sem áður var. Þeir mælikvarðar sem ég nota eru mælikvarðar sem víðast hvar eru notaðir til þess að mæla hvort kjörin eru að batna eða hvort þau rýrna. Þetta vildi ég að kæmi mjög skýrt fram og kannski hef ég farið í of miklum smáatriðum ofan í þetta en ræða hv. þm. gaf tilefni til en það gaf mér að minnsta kosti tilefni til að segja þetta.

Síðan er minnst á það og það gerði hv. þm. líka og reyndar aðrir að sértekjurnar væru stórkostlega að hækka í þessu frv. Ef ég man rétt hækkar þær eitthvað um 500 millj. kr. Þær hækka um 7–7,5% á sama tíma og launin í frv. hækka yfir 8%. Mest af þessum sértekjum eru sértekjur sem byggjast á launum opinberra starfsmanna. Í raun og veru eru sértekjurnar að hækka minna heldur en efni stóðu til. Ég skal fyllilega viðurkenna að það hefði verið eðlilegt frá mínum sjónarhóli að hækka t.d. hlut þeirra sem eiga viðskipti við heilsugæsluna því ég held að það sé óhollt að taka stór stökk þar eins og víða annars staðar. Þar hefur nánast ekkert hækkað í fjögur ár, svo líða kannski fimm og upp í tíu ár og þá er hækkað næst með einhverju stóru stökki. Það er betra að hækka hægar hlutdeild þeirra sem að þurfa á þjónustunni að halda en að gera það í jafnstórum stökkum og við gerum. Því að valið stendur um það hvort við viljum borga einhvern hluta fyrir þjónustuna eða hvort við viljum ekki fá hana. Þetta er því miður það val sem við stöndum í mörgum tilvikum frammi fyrir, ekki einu sinni hér á landi, heldur líka í mörgum öðrum löndum þar sem svipað stendur á.

Margir þingmenn hafa tekið í sama streng og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og þótt ég beini máli mínu fyrst og fremst til hennar þá er það vegna þess að ég hef valið þau atriði úr ræðu hennar sem aðrir þingmenn hafa jafnframt minnst á og full ástæða er til að komi fram við 1. umr. málsins. Það er minnst á það með réttu að sá skattalegi ávinningur launþega, sem kom fram þegar iðgjöld til lífeyrissjóða verða skattfrjáls, sé tekinn til baka. Þetta er alls kostar rétt. Enda stóð aldrei annað til. Við sögðum það blákalt við samningaviðræðurnar við aðila vinnumarkaðarins. Ég sat þar ásamt foringjum launþega og vinnuveitenda og sagði það blákalt og það var skráð niður og sagt: Við höfum fullan fyrirvara í þessu máli. Af því við teljum að ríkissjóður sé ekki aflögufær. En það sem við gerum hins vegar er það að við reynum að deila þessum sköttum í tvennt, annars vegar á atvinnurekendurinn og hins vegar á þá sem borga tekjuskatt með þeirri frystingu sem þar mun eiga sér stað. Þannig er þessu skipt upp, annars vegar á fyrirtækin og hins vegar á launþegana. Ætla ég þó ekki að mótmæla því að skattar á fyrirtæki og skattar yfirleitt hljóta alltaf að lokum að lenda á einstaklingum þessarar þjóðar því að skattar á fyrirtæki hljóta að rýra möguleika fyrirtækjanna til þess að borga laun. Mér heyrist stundum að ýmsir hv. þm. geri sér ekki mikla grein fyrir því. Þetta er ekki sneið til hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, síður en svo.

Hv. þm. efaðist um að vaxtalækkun sem Seðlabankinn spáir og Þjóðhagsstofnun ásamt fjmrn. nægi til þess að við náum fram því sem að við erum að stefna að í frv. og einnig er efi í hennar huga um það að við munum ná tökum á því að fjölga störfum því að búast megi við því hér á landi að

tæknivæðingin taki til sín nokkuð og það er auðvitað rétt. Það sem hefur verið að gerast í nágrannalöndum okkar er að miklu hægari bati hefur verið í atvinnuleysinu en menn áttu von á meðal annars vegna þess að fyrirtækin hafa verið að tæknivæðast. Og þá segja sumir, er þetta ekki alveg ómögulegt? Á ekki að leggja áherslu á að að útvega störf? En í Evrópu hafa menn sagt: Við viljum vel launuð störf. Og verkalýðshreyfingin í Evrópu hefur sagt: Við viljum ekki hvaða störf sem er. Við viljum vel launuð störf og þess vegna hefur verið lögð mikil áhersla á það í Evrópu að herða á tæknivæðingunni og láta frekar atvinnuleysið liggja til hliðar en halda uppi vel launuðum störfum. Gagnstætt því sem hefur gerst í Bandaríkjunum. Það eru tveir skólar í gangi í OECD, bandarískí skólinn annars vegar sem leysir þetta með hlutastörfum, leysir þetta með lágum launum o.s.frv. og síðan evrópski skólinn þar sem menn byggja kannski á betra bótakerfi og vilja frekar reyna að vera með hálaunað þjóðfélag. Þetta er munur á þessum tveimur stefnum sem svo eru stundum kallaðar.

Vissulega hefði verið fróðlegt að ræða ýmislegt fleira, það hefur fyrr í umræðunni verið minnst á jafnréttismálin og reyndar liggur fyrir fyrirspurn sem er til umræðu á morgun og ég held að ég geymi mér svarið til þess að vera ekki að þjófstarta í kvöld. Hv. þm. minntist á flóttamenn í máli sínu. Ég vil einungis nefna að það mál hefur verið tekið upp í ríkisstjórninni og það hefur verið ákveðið að nota fjármuni af svokölluðum ríkisstjórnarlið til að taka á móti flóttamönnum frá Júgóslavíu þegar á þessu ári og vona ég að það svari fyrirspurn hv. þm.

Hv. þm. Ágúst Einarsson er ekki hér í kvöld og situr reyndar ekki á þingi eins og er þannig að það er eðlilegt að hann sé ekki meðal okkar hérna en hans ræða var að mörgu leyti athygli verð ekki síst fyrir það að áherslur í henni voru að nokkru aðrar en hjá ýmsum öðrum stjórnarandstæðingum sem hafa talað bæði í dag og eins á föstudaginn fyrir rúmri viku.

Ég ætla fyrst og fremst að nefna það atriði þegar hann talaði um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og taka undir það með honum að ég tel að það þurfi að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að huga að breytingum á lífeyri gagnvart nýjum opinberum starfsmannaréttindum. Þetta er ekkert einfalt mál. Þetta er ekki mál sem ríkisstjórnin gerir með handafli og látum. Þetta verður auðvitað að ræða við starfsmenn ríkisins og þegar er farin af stað nefnd til þess að kanna það hvernig við getum komið á sambærilegum réttindum á þessu sviði í þjóðfélaginu sem ég held að það sé mikilvæg forsenda fyrir því að við komumst út úr þessu ati á milli opinberra starfsmanna og annarra starfsmanna því í raun ætti ekki að þurfa að vera nema einn vinnumarkaður hér á landi. Þetta er úrelt og lögin sem lýsa réttindum og skyldum opinberra starfsmanna eru frá 1954, nr. 38 frá 1954, og miðuðust við að það væri enginn verkfallsréttur og enginn samningsréttur opinberra starfsmanna. Við búum enn þá við þessa löggjöf og það sér náttúrulega hvert mannsbarn að það hlýtur að vera kominn tími til þess að endurskoða þessi lög og það er nú í undirbúningi.

Hv. þm. nálgaðist jaðarskattaumræðuna nokkuð með öðrum hætti en aðrir hv. ræðumenn með því að gera mikinn mun á bótum og sköttum. Það er vissulega rétt hjá honum að það er auðvitað munur á því hvort við tekjutengjum bætur eða tekjutengjum skatta. Bætur eru ekki verðlaun fyrir vinnu heldur eru bætur eitthvað sem þjóðfélagið hefur komið sér saman um að láta þá hafa sem minnst mega sín, oftast til þess að það sama fólk geti aflað sér viðurværis og notið þess sjálfstæðis sem hver einstaklingur vill í þjóðfélaginu. En Ágúst Einarsson gerði mun á þessu tvennu og út af fyrir sig er hægt að taka undir það með honum þótt algengast sé þegar menn tala um jaðaráhrif í skatta- og bótakerfinu að menn leggi saman áhrifin sem koma fram í hærri sköttum og lægri bótum. Þannig finna menn t.d. út að jaðaráhrifin séu 70–90% og jafnvel 100% hjá ýmsum örorkubótaþegum. Það er vegna þess að það koma saman tekjur og skattar sem verða til þegar tekjur hækka og hins vegar að menn missa af bótum þegar tekjur hækka sömuleiðis og kemur þess vegna fram með tvöföldum þunga.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir ræddi um nokkur atriði sem mér finnst ástæða til þess að taka upp. Í fyrsta lagi ræddi hún um svokallaða sjálfvirkni eins og reyndar margir aðrir þingmenn, síðast hv. þm. Ögmundur Jónasson og a.m.k. fjórir aðrir þingmenn og réðust að þeirri hugmynd sem kemur fram í fjárlagafrv. að menn ætli að hætta við sjálfvirknina og taka upp sjálfstæðar ákvarðanir þegar ákveðnar eru vissar upphæðir í lögum og jafnvel utan laga. Við skulum aðeins líta betur á hvað þetta snýst um. Í raun snýst þetta um það að við erum að hverfa frá þeim lögum og því kerfi sem var sett upp í miklu verðbólguþjóðfélagi þar sem verðbólgan fór jafnvel upp í 100% en þá varð að verja allt efnahagslega umhverfið með þessum vísitölubindingum. Nú er verðbólgan mjög lítil hér á landi og jafnvel minni en víða annars staðar. Þá er eðlilegt að menn endurskoði þetta, bæði í skattkerfinu, þegar ákvarðaðar eru bótafjárhæðir í lífeyristryggingunum, þegar ákveðin eru daggjöld, þegar nefskattur er ákveðinn en nefskattur sem leggst á fólk er líka vísitölutengdur. Það þarf að hverfa frá því þegar gjaldskrár eru tengdar vísitölu og í raun og veru höfum við verið að hverfa frá vísitölutengingu á lánsfjármarkaðnum líka. Allt þetta er ekki gert af einhverjum skepnuskap heldur er þetta gert vegna þess að við teljum að það sé eðlilegra að hverfa frá þessum bindingum nú þegar ljóst er að verðbólgan hefur horfið en er undirliggjandi eins og vírus því að með því að hverfa frá vísitölubindingunum er líklegra að við viljum sjálf bera ábyrgð á því að koma verðbólgunni ekki af stað áfram.

Þá ræddi hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir um sparnað í rekstri sem hún sagði að hefði runnið út í sandinn. Hv. þm. er ekki við en ég gæti bent á og talið upp hvernig við höfum að minnsta kosti náð þeim árangri að 10–12 milljarðar hafa sparast árlega vegna breytinga sem hafa orðið á undanförnum árum. Síðan sagði hv. þm. eins og svo oft kom fram í umræðunum bæði í dag og á föstudaginn fyrir 10 dögum: Það er verið að ráðast á sjúklinga — reyndar sagði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir það ekki en aðrir bættu því við — það er verið að ráðast á landsbyggðina, það er verið að ráðast á þá sem aumastir eru o.s.frv. Við skulum aðeins líta betur á þessar staðhæfingar. Það er nefnilega þannig að í fjárlögunum eru þrír meginkaflar. Það er rekstur sem er að langmestu leyti laun ríkisstarfsmanna. Það eru tilfærslur sem eru fyrst og fremst tilfærslur til þeirra sem fá bætur úr bótakerfinu og reyndar síðan landbúnaðurinn. Í þriðja lagi er það stofnkostnaður nýs rekstrar en það mætti líka líta á hann sem u.þ.b. 50% laun til þeirra sem vinna við að byggja upp vegi, samgöngumannvirki og byggingar alls konar.

Það sem ég er að reyna að segja er að það er nánast alveg sama ef við reynum að takast á við einhverja stóra liði í fjárlagafrv. Það hlýtur að bitna á einhverjum. Landbúnaðurinn

snýst ekki bara um sauðfé eins og hér var sagt áðan. Það er fólk sem framleiðir þetta kjöt og það eru byggðir sem lifa af því að það sé framleitt kindakjöt á ákveðnum stöðum á landinu. Það er fólk á bak við þetta. Það verður því að taka tillit til þess og menn hafa sjálfsagt gert það í þúsund ár og menn breyta þessu ekki allt í einu. Á einum áratug kemur stuðningur við sauðfjárbændur til með að minnka úr 4,5 milljörðum í 2 milljarða. Það er árangur eða menn verða að líta á það sem árangur og þetta hefur bitnað á þessu fólki og getur ekki annað en bitnað á þessu fólki. Með sama hætti er alveg sama hvar við berum niður, þetta er enginn skepnuskapur og það skiptir engu máli hvað ríkisstjórnin heitir. Í Svíþjóð er jafnaðarmannastjórn. Í Noregi er jafnaðarmannastjórn. Í Finnlandi stjórna jafnaðarmenn ásamt öðrum flokkum. Í öllum þessum löndum eru menn að skera niður velferðarkerfið. **(Gripið fram í:** Það er ekki sama hvernig.) Halda menn, hv. þm. — ég skal endurtaka þetta því ég þekki þetta mjög vel. Í þessum löndum er verið að skera niður velferðarkerfið. Það getur vel verið að þar sé af meiru að taka. Það kann vel að vera. En það er verið að skera niður velferðarkerfið og af hverju halda menn að þetta sé gert? Haldið þið að jafnaðarmenn á Norðurlöndum séu að gera þetta að gamni sínu? Haldið þið að jafnaðarmenn á Norðurlöndunum séu að gera þetta af því að þeim þyki skemmtilegt að taka af sjúklingum? Taka af fæðingarorlofinu, taka af húsaleigubótunum. Nei, það er gert vegna þess að það sjá það alltaf fleiri og fleiri, jafnvel vinstri menn, jafnvel félagshyggjumenn, að það er nauðsynlegt að draga úr útgjöldum ríkisins, ná jafnvægi, hætta að skuldsetja þjóðina því það er frumforsenda þess að við getum bætt lífskjörin til lengri tíma. Það er líka forsenda þess að fólkið, sem þarf að borga þær skuldir sem við höfum verið að setja þjóðina í, hafi nauðsynlegt rými og lífskjör til að geta borgað þessar skuldir með sköttum sem þarf til að borga þær.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti hér langa og að mörgu leyti skemmtilega ræðu, svo ég felli nú svona dóma sem maður ætti kannski ekki að gera. **(Gripið fram í:** Hvað fær hann margar stjörnur?) Hann er alltaf í mínum stjörnuflokki en það er verst að hans eigin flokksmenn dæma hann ekki eins vel og ég geri því mér finnst hann að mörgu leyti ágætur. Þetta var ekki sagt í gamni. Þetta var sagt í fúlustu alvöru. Hann ræddi um skattahækkanir og ég hef nú svarað því. Olíugjaldið kom fram í framsöguræðu minni þannig að ég ætla nú ekki að lesa hana upp aftur. Og varðandi jaðarskattana þá lýsti ég því einnig í framsöguræðu minni að það má gera ráð fyrir því, ef þau áform ná fram að ganga sem nú er verið að tala um, að skattur á fjölskyldu með þrjú börn lækki um 10 þús. kr. Þar er miðað við að foreldrarnir hafi 200 þús. kr. á mánuði. Þetta eru hugmyndirnar þótt þær séu ekki komnar í frv. Margir þingmenn hafa einmitt rætt um þennan hóp af skiljanlegum ástæðum. Þetta er millitekjufólk með börn, fólk á aldrinum 25–40 ára sem skuldar námslán og á erfitt með að ná endum saman af því að það finnur fyrir því ef það bætir við tekjurnar þá fær það mjög lítið brot af þeim tekjum í eigin vasa. Ætlunin er einmitt að líta fyrst og fremst til þessa fólks. Í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir að tekið sé á jaðarskattsmálum og við höfum sæmilegt rými ef t.d. settur verður á fjármagnstekjuskattur. Þá gætum við t.d. hugsað okkur, þótt ég tali þar ekki á grundvelli stjórnarsamþykktar, að það mætti nota eitthvað af þeim peningum til að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins og hjálpa þessu fólki sérstaklega. Það væri hægt

Þetta nefni ég hér vegna þess að menn geta ekki talað eins og það sé verið að ráðast á þetta fólk. Það sem hefur gerst að undanförnu er að við höfum í nafni félagslegs réttlætis sífellt verið að tekjutengja og meira að segja síðast hér í dag sagði einn ágætur hv. ræðumaður, stjórnarandstæðingur: „Ja, ég skil ekki af hverju fólk er að fá til sín barnabætur 1.500 kr. tvisvar á ári.“ Ég er algjörlega sammála. En ef við hugsuðum okkur að við felldum þetta brott, þessar barnabætur, þá sætum við eingöngu með tekjutengdan barnabótaauka eftir sem bitnaði fyrst og fremst á þeim fjölskyldum sem eru með þær meðaltekjur sem við vorum að tala um áðan. Þannig að það þarf auðvitað að stokka þetta upp og skoða þetta allt í heilu lagi og viðurkenna það að við höfum stundum verið svo trúuð á að það væri hægt að stýra í gegnum tekjuskattskerfið til þeirra sem ættu bágast að við höfum alltaf verið að setja tekjutengingar hér og tekjutengingar þar. Þegar skattkerfið er orðið þannig að það er einungis þriðjungur sem greiðir skatta og skatthlutfallið jafnhátt og það er og þegar það gerist jafnframt að persónufrádrátturinn er eins hár og hann er hér á landi þá hljótum við að framkalla einmitt þá ókosti sem ég hef lýst hér.

Virðulegi forseti. Það er reyndar margt fleira sem ég hefði kosið að nefna hér eftir allar umræðurnar, það hefur liðið nokkur tími á milli þeirra. En ég sé að ég kemst ekki yfir fleira. Ég held að að langmestu leyti hafi mér tekist að svara því sem ég taldi ástæðu til að svara og lýk hér máli mínu.

[23:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar í örstuttri athugasemd til að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. talar um niðurskurð á hinum Norðurlöndunum. Segir að þar sé skorið niður til velferðarmála og ekki sé óeðlilegt að við gerum slíkt hið sama. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að hér er ekki um raunhæfan samanburð að ræða, vegna þess að Íslendingar verja mun minna hlutfalli af þjóðartekjum til velferðarmála en aðrar Norðurlandaþjóðir gera. Þannig að hér er ekki um samanburðarhæft dæmi að ræða. Ég legg hins vegar til að við tökum upp umræðu um þessi mál. Þetta er mjög mikilvæg umræða, tökum upp umræðu um þessi mál og förum út í samanburð á Íslandi og hinum Norðurlöndunum að þessu leyti.

Það er svolítið umhugsunarefni að Íslendingar apa gjarnan upp það sem aðrir hafa tekið sér fyrir hendur. Einkum og sér í lagi á þetta við um Norðurlöndin. Og menn fara héðan úr ráðuneytum og spyrjast fyrir um hvað menn séu að gera þar og þeim er sagt að þar séu menn að skera niður. Og þá er viðkvæðið hér: Það skulum við gera líka. En þegar skorið er niður til heilbrigðismála, til velferðarmála almennt, þá er það miklu alvarlegri aðgerð en niðurskurður til slíkra málaflokka í ríkjum eins og Svíþjóð þar sem hlutfallslega miklu meiri verðmætum af þjóðartekjum er varið til þessara málaflokka. Ég vildi bara vekja athygli á þessu.

[23:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að Svíar, sérstaklega Svíar, hafa lagt meira til velferðarmála heldur en við höfum gert á undanförnum árum. Svíþjóð er og hefur verið ein ríkasta þjóð í heimi. Sænskir jafnaðarmenn hafa farið þar með stjórn nánast óslitið um margra áratuga skeið og lagt mikla áherslu á þetta kerfi. Samt sem áður eru þeir að skera niður kerfið hjá sér. Þá segir hv. þm., því er ekki saman að jafna íslenska kerfinu og því sænska. Sannleikurinn er

hins vegar sá sem kom reyndar fram í máli hv. þm. að við höfum leitað mjög mikið fyrirmynda í Svíþjóð og höfum sífellt apað eftir Norðurlöndunum. Og þess vegna hefur það gerst hér á landi að það er undirliggjandi mjög mikill vöxtur í íslenska velferðarkerfinu. Svíar eru eldri þjóð en Íslendingar í svona demógrafískum skilningi, þ.e. að meðalaldur Svía er talsvert hærri heldur en Íslendinga. Þetta kemur til með að breytast hér á landi á næstu áratugum. Þannig að eftir 20–30 ár stæðum við í sömu sporum og Svíar ef við látum ekki staðar numið einhvers staðar. Og það er dyggð að spara í þessum málum eins og alls staðar annars staðar. Þetta hafa meira að segja verkalýðsforingjar í Evrópu skilið og þetta hefur komið fram í þeirra yfirlýsingum og einnig á fundum OECD að það sé númer eitt, tvö og þrjú að ná jafnvægi í ríkisfjármálum því annars erum við að greiða velferð líðandi stundar þeirra einstaklinga sem eru samferðamenn okkur hér í dag með skuldum sem börnin og barnabörnin okkar þurfa að greiða sem skatta eftir nokkra áratugi. Ég segi við ykkur eins og ég hef margoft sagt: Mér finnst þá að það sé val á milli tveggja leiða, þ.e. að við borgum þessa skatta sjálf og stórhækkum þá eða spörum til þess að jafnvægi náist. Og ég held að síðari kosturinn sé mun betri.

[23:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er ekki hægt að fara í ítarlega umræðu þótt full ástæða væri til. Það er ekki dyggð, hæstv. fjmrh., að spara á kostnað öryrkja og þeirra sem eru á sambærilegum bótum. Það er ekki dyggð. Það er líka rangt að alhæfa eins og hæstv. ráðherra gerir um íslenska þjóð þegar hann talar um „okkur" að „við" verðum að skera niður. Það sem hefur gerst á síðustu árum er að sköttum hefur verið létt af fyrirtækjum, fjármagnseigendum hefur verið hlíft. Þeim sem standa betur í þjóðfélaginu hefur verið hlíft en byrðum hlaðið á láglaunafólkið. Það er ekki dyggð.

Ég ætla ekki hæstv. ríkisstjórn að hafa í frammi einhvern sérstakan skepnuskap, svo ég noti orðfæri hæstv. fjmrh. Hæstv. ríkisstjórn fylgir hins vegar ákveðinni pólitík. Og sú pólitík er boðuð í fjárlagafrv. og felur það m.a. í sér að selja aðgang að sjúkrahúsum, stofna hlutafélög um sjúkrastofnanir, til að græða á veiku fólki og sjúku. Þetta er ekki dyggðug stefna, hæstv. fjmrh., þetta er stefna sem íslenska þjóðin hafnar.

[23:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athygli vert þegar hv. þm. talar þá talar hann stundum eins og það sé hægt að leggja endalaust skatta á fyrirtæki og að það muni ekki koma fólkinu í landinu við. (**ÖJ:** Þeir eru lægri hér en nokkurs staðar annars staðar.) Já, sem betur fer og ekki mun af veita. Því það sem er að hér á landi, hv. þm., er að það skortir vinnu handa fólki. Og til þess að fá vinnu handa fólkinu þá þurfum við að hafa fyrirtæki, arðsöm fyrirtæki. Og til þess að hér starfi arðsöm fyrirtæki þurfa skilyrðin að vera nægilega góð þannig að þau fáist til að starfa. Af þeim ástæðum lagði sérstaklega síðasta ríkisstjórn og núv. ríkisstjórn líka áherslu á að reyna að styrkja atvinnulífið til þess að það mætti koma í veg fyrir að atvinnuleysi breiddist út með sama hætti hér og í nágrannalöndunum. Og sem betur fer er atvinnuleysi hér helmingi minna heldur en í nágrannalöndunum og þrisvar til fjórum sinnum minna heldur en í Svíþjóð eða Finnlandi.(**ÖJ:** Það fer vaxandi og misrétti hefur aukist.)

Síðan var rætt um fjármagnstekjuskattinn og hv. þm. veit auðvitað að er verið að skoða hann. Svo er honum alveg í sérstakri nöp við hlutafélög. Að búa til hlutafélög til að græða á sjúklingum. Hvað eru hlutafélög öðruvísi en önnur félög? Geta ekki hlutafélög verið ágæt til þess að ná fram þeim tilgangi sem við viljum ná fram? Ef við getum notað þetta form til þess að ná þeim árangri sem við viljum ná þá er það sjálfsagt. Meira að segja Þjóðviljinn var rekinn með hlutafélagsformi. (**SJS:** Það bætir nú lítið hjá sjúklingum.) Nei, en það lá í orðum hv. þm. að það væri hlutafélagsformið sem væri sett upp til að græða á öðrum. Þjóðviljinn var hlutafélag. Ég sá ekki Þjóðviljinn væri verri fyrir það. Hlutafélög geta nefnilega verið ágæt. Og svo að lokum: Hv. þm. sem nú kallar hér mikið fram í og er ókyrr í sæti sínu, hefur aldrei svarað þeirri spurningu hvar hann vilji skera niður eða spara. (**ÖJ:** Ég hef margoft svarað því.)

[23:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við þurfum að halda þessari umræðu nokkuð lengur áfram því ég held að menn séu nú loksins farnir að ræða kjarna hlutanna hér undir lokin á þessari fjárlagaumræðu.

Ég kem hér aðallega upp til að lýsa mig ósammála því sem fólst í svari hæstv. fjmrh. við fsp. frá hv. 12. þm. Reykv., eins og ég skildi hana, eða umfjöllun um jaðarskatta og spurningu um tekjutengingu bótaliða, sérstaklega barnabóta. Það var spurt hvaða ástæða væri til þess að vera að borga velstæðu fólki yfir höfuð einhverjar barnabætur. Það lá í orðum beggja að mér skildist, hæstv. fjmrh. og hv. þm., að það væri engin ástæða til þess ef tekjur fólks væru yfir einhverju tilteknu marki. Ég er þessu í grundvallaratriðum ósammála. Ég tel að það eigi að gera skattalegan mun á barnafjölskyldum og öðrum fjölskyldum. Og það sé einmitt ósanngjarnt að stilla þessum fjölskyldum upp sem jöfnum eftir að komið er yfir ákveðið tekjubil. Ef menn fella niður með öllu eða eru sífellt að skerða ótekjutengda hluta barnabótanna þá endar það þannig að það er enginn skattalegur munur gerður á kannski 5–6 manna fjölskyldum og tveggja manna fjölskyldum sem engin börn hafa til að framfæra. Það er vitlaust, það er ranglátt. Þess vegna verður annað tveggja að vera fyrir hendi. Einhver umtalsverður ótekjutengdur barnabótahluti eða frádráttur sem barnafjölskyldur fá að nýta sér. Það verður að vera annað hvort. Mér finnst sérkennilegt að heyra hvernig nú er stundum fjallað um þetta í umræðum um skattamál eins og það eigi bara að strika þennan mun algerlega út ofan við einhver mörk. Því er ég ekki sammála. Á meðan ekki er þá farin sú leið að veita barnafjölskyldum að einhverju leyti frádrátt frá skattgreiðslum þá tel ég að það verði að leysa þetta með mismun sem felst í ótekjutengdum barnabótahluta.

[23:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að það sem ég sagði áðan átti a.m.k. að skiljast á þá leið að ég ætti þar við mig persónulega. Ég á nú eins og fleiri hér mörg börn, þar af eitt lítið, og þegar ég fæ 1.500 kr. tékka í hendurnar tvisvar á ári þá skiptir það mig engu máli. Það var það sem ég átti við.

En ég ætla kannski að hryggja en vonandi að gleðja hv. þm. með því að segja að ég skil hans sjónarmið mjög vel og ég held að það séu sjónarmið sem séu ofan á. Það er einmitt af þeim ástæðum sem hv. þm. nefndi sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja af stað starf í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins til að leita lausna á þessu vandamáli. Það

er hárrétt sem hann sagði. Ef við höldum áfram að hverfa frá þessu almenna og setja allt yfir í tekjutengingu þá eyðum við öllum þessum mun og erum farin að misnota tekjuskattinn til svokallaðrar tekjujöfnunar. Vonandi tekst mér að gleðja hv. þm. með því að segja að ég skil hans sjónarmið vel og tel einmitt að það sé með þessi sjónarmið að leiðarljósi sem menn munu nálgast þessi verkefni í sínu starfi því það er áreiðanlega rétt sem ég held að þingmaðurinn hafi meint þegar hann var að segja þetta, að það er þessi hópur með börn sem er skuldsettur, þarf að borga sínar skuldir upp í topp og getur ekki notað verðbólguna því hún er ekki lengur fyrir hendi til hjálpar skuldugu fólki. Það er þetta fólk sem finnur auðvitað mest fyrir þessu í dag og það má ekki gerast að þegar þetta fólk bætir við sig tekjum, þá sé því refsað svo duglega að það borgi sig jafnvel að hætta að vinna. Það viljum við ekki sjá á þessu landi og ég vona að við hv. þm. getum verið sammála um það.

[23:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. Það skyldi nú ekki fara svo að við yrðum bara að mestu leyti sammála hér í salnum um miðnætti ef við héldum áfram að ræða þessi mál. Það kemur sem sagt í ljós að að þessu leyti erum við alveg sammála. Það gengur ekki að eyða út öllum tekjujöfnunaráhrifum í skattkerfinu sem m.a. eiga að valda skattalegri mismunun eða ólíkri meðhöndlun stórra fjölskyldna og smárra. Og við megum ekki ganga svo langt í þessum aðgerðum að fletja þetta allt út, þannig að t.d. barnmargar fjölskyldur með húsnæðisskuldbindingar á baki og ýmsar aðrar erfiðar byrðar séu ofan við einhver, kannski tiltölulega lág tekjumörk sem samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar duga varla til að framfleyta meðalfjölskyldu, séu orðnar skattalega eins settar í öllu tilliti og einstaklingar eða hjónafólk sem ekki hefur börn á framfæri. Það gengur ekki.Ég hef auðvitað skrifað og hugsað mikið um þessi jaðarskattamál á undanförnum árum og lagt ýmislegt til í þeim efnum bæði í ræðu og riti þannig að ég fagna því auðvitað mjög að ríkisstjórnin ætli þá í alvöru að glíma við þessi mál og láta eitthvað gerast og vonandi fyrr en seinna. Það er alveg hárrétt að ég held að við séum í stórkostlegri hættu að leggja byrðar á ákveðna kynslóð, ákveðið bil sem býr við tilteknar aðstæður í landinu og það fólk er einfaldlega að sligast. Það vill nú svo til að ég er sjálfur á þessum aldri og þetta á við um marga kunningja mína því ég er nú svo feiknarlega ungur eins og frægt er að eiga þrjú börn sem ég fæ þessar fínu bætur með og allt það. Ég get auðvitað sagt eins og hæstv. fjmrh., að persónulega kæmist ég af þó þessar ávísanir bærust ekki inn á mitt heimili. Enda er það ekki málið heldur hitt að það er grundvallarprinsippið sem hér er um að ræða að það á að taka í skattalegu tilliti tillit til þess að framfærsla þessara fjölskyldna er meiri heldur en annarra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 23:21.

---

14. FUNDUR

miðvikudaginn 18. okt.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1996, stjfrv., 43. mál, þskj. 43. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Einsetnir skólar, 9. mál, svar menntmrh., þskj. 98.
Náttúruvernd, 95. mál, frv. HG o.fl., þskj. 97.
Samræmd próf, 7. mál, svar menntmrh., þskj. 99.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breyting á lögum um félagslega aðstoð.

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér á Alþingi hefur verið lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. Frv. er lagt fram af hálfu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Í frv. er gert ráð fyrir að tryggja að fólk sem fær endurhæfingarlífeyri njóti jafnframt sömu bóta og örorkulífeyrisþegar.

Heilbrrh. hefur lýst því yfir að hann hafi ritað Tryggingastofnun bréf til að tryggja að endurhæfingarlífeyrisþegar fái umræddar bætur. Þetta gerist hins vegar í kjölfarið á skjalfestum lagatúlkunum ráðuneytisins sem ganga í gagnstæða átt. Það er óeðlilegt að ráðherra geti ávísað á fé úr ríkissjóði með þeim hætti sem hér er gert án þess að fyrir því sé ótvíræð lagastoð.

Ég fæ ekki annað séð, herra forseti, en taka þurfi af allan vafa með lagabreytingu og mælist til þess við forseta þingsins að þingstörfum verði hagað þannig að slík lagabreyting nái fram að ganga fyrir vikulok. Það ætti að reynast auðvelt því að um málið ríkir málefnaleg samstaða í þinginu.

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir mál hv. þm. Ögmundar Jónassonar og þó að flm. frv., hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hafi ekki óskað eftir sérstökum fundi um þetta í heilbr.- og trn., þá er fyrirhugaður fundur á föstudagsmorgun. Ef mál skipast svo að það sé nauðsynlegt að hafa sérstakan fund í nefndinni um þetta mál, þá er ég út af fyrir sig alveg reiðubúinn til að kalla nefndina saman til þess að fjalla um þetta. Ég er sammála hv. þm. um að það er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli í þessu máli.

Lánsfjárlög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjárlög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:36.

15. FUNDUR

miðvikudaginn 18. okt.
að loknum 14. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Málefni ferðaþjónustu, fsp. SJS, 5. mál, þskj. 5.
2. Græn símanúmer, fsp. EKG, 6. mál, þskj. 6.

Til menntamálaráðherra:

3. Málefni Menntaskólans í Reykjavík, fsp. KÁ, 23. mál, þskj. 23.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Hækkun tryggingabóta, fsp. SvG, 24. mál, þskj. 24.

Til fjármálaráðherra:

5. Samningsstjórnun, fsp. KÁ, 26. mál, þskj. 26.
6. Jafnréttisáform, fsp. KÁ, 27. mál, þskj. 27.
7. Stimpilgjöld, fsp. KÁ, 33. mál, þskj. 33.
8. Sala ríkiseigna, fsp. KÁ, 34. mál, þskj. 34.
9. Kaup á eignum, fsp. KÁ, 35. mál, þskj. 35.

Málefni ferðaþjónustu.

Fsp. SJS, 5. mál. — Þskj. 5.

[13:36]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. varðandi stefnumótun og heildarendurskoðun lagaákvæða um málefni ferðaþjónustunnar. Sú er forsaga þessa máls að á næstsíðasta kjörtímabili var unnið mikið starf að þessum málum. Þá starfaði stjórnskipuð nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka og helstu hagsmunaaðila og sú nefnd náði sameiginlegri niðurstöðu og skilaði áliti í formi annars vegar þáltill. um stefnumótun í ferðaþjónustu og hins vegar frumvarpsformi þar sem á ferðinni var heildarendurskoðun lagaákvæða sem varða málefni ferðaþjónustunnar sameinuð í einn lagaramma fyrir þessa starfsgrein.

Framgangur málsins varð sá á þingi veturinn 1991 að málið fór í gegnum neðri deild sálugu sem fundaði í þessum húsakynnum í þá tíð og var til 2. umr. í efri deild, seinni deild, þegar kom að þinglokum en þá brá svo við að upp reis þáv. hv. þm. og núv. hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, og beitti sér af mikilli hörku gegn málinu og náði það ekki fram að ganga sökum tímaskorts í efri deild þessa ágætu marsdaga 1991. Hv. þáv. þm., núv. hæstv. ráðherra, færði m.a. fram til andstöðu við málið að ekki væri nóg að gert í þeim þingskjölum sem þar voru á ferðinni, þáltill. og lagafrv., til að bæta starfsskilyrði ferðaþjónustunnar sem hv. þm. á þeim tíma taldi óviðunandi. Málið náði þar af leiðandi ekki fram að ganga en svo vildi til að skömmu síðar varð sami hv. þm. hæstv. samgrh. og er enn og fer með ferðamál.

Á hans kjörtímabili hinu fyrsta gerðist hins vegar ekkert í málefnum ferðaþjónustunnar að þessu leyti. Engin heildstæð stefnumörkun leit dagsins ljós og engin heildarendurskoðun var gerð, þó löngu tímabær væri, á lagaákvæðum um málefni ferðaþjónustunnar.

Það sem enn verra er að það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann því að hæstv. ráðherra neyddist til að kyngja því að á kjörtímabilinu voru starfsskilyrði ferðaþjónustunnar gerð lakari en ekki betri í formi upptöku virðisaukaskatts á greinina og fleiri íþyngjandi aðgerða. Þetta er afar dapurleg saga, herra forseti, sem nauðsynlegt er að rifja hér upp. Og nú er mál að linni og eitthvað komist af stað í þessum efnum og þess vegna hef ég lagt spurningar fyrir hæstv. ráðherra í byrjun nýs kjörtímabils.

1. Er þess að vænta að mótuð verði stefna í málefnum ferðaþjónustunnar á þessu kjörtímabili? Ef svo er, hvernig hyggst ríkisstjórnin þá standa að slíkri vinnu?

2. Er fyrirhuguð heildarendurskoðun lagaákvæða sem snerta ferðaþjónustuna á þessu kjörtímabili?

Það er óþarft að rökstyðja frekar efni þessara spurninga. Ég vil þó sérstaklega leggja áherslu á það að í gildi eru löngu úr sér gengin lagaákvæði í mörgum lagabálkum um málefni ferðaþjónustunnar sem mjög brýnt er að tekin verði til endurskoðunar. Ég bíð spenntur eftir því að heyra svör hæstv. ráðherra.

[13:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. kvartar yfir því í þingsölum að honum hafi ekki tekist að marka stefnu í ferðamálum meðan hann fór með þau mál sem samgrh. og má þess vænta að þau kjökurhljóð kunni að heyrast oftar. Hér er spurt:

„1. Er þess að vænta að mótuð verði stefna í málefnum ferðaþjónustunnar á þessu kjörtímabili?“ Ég vil í þessu sambandi taka fram að á hinu fyrra kjörtímabili var mörkuð mjög skýr stefna í einstökum þáttum ferðaþjónustunnar, bæði hvað varðar umhverfismál, varðandi menningu og sögu þjóðarinnar, varðandi markaðsmál með ráðstefnuskrifstofu, með því að beinir samningar voru teknir upp, bæði við ferðamálaráðherra Grænlands og Færeyja um samvinnu á sviði ferðamála og fleira mætti til tína sem ekki er spurt um í þessari fsp. en ég veit að hv. þm. þekkir jafn vel og ég því að hann er áhugamaður um þessi mál.

Því er til að svara að það er rétt að nú er að hefjast mjög mikil vinna við að marka það sem stundum er kallað opinber stefna í ferðamálum sem verður í höndum sérstakrar

stýrinefndar sem skipuð hefur verið og í eiga sæti Magnús Oddsson, framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs, formaður, Hildur Jónsdóttir, Magnús Gunnarsson, Ólafur Örn Haraldsson, Tómas Ingi Olrich, Pétur J. Eiríksson, Geir H. Haarde. Er þess að vænta að stefnumörkun geti legið fyrir á öndverðu næsta ári og verður unnið að stefnumörkuninni í góðri samvinnu við ýmsa aðila sem koma að ferðaþjónustunni, fyrirtæki, einstaklinga, áhugamenn og skóla.

Í öðru lagi er spurt: „Er fyrirhuguð heildarendurskoðun lagaákvæða sem snerta ferðaþjónustu á þessu kjörtímabili?" Þessi vinna mun að sjálfsögðu leiða það í ljós að hvaða marki þeir sem koma að verkinu telja nauðsynlegt að breyta lögum sem varða ferðaþjónustuna. Ég vænti þess að ýmislegt sé þar sem lagfæra þurfi, enda margt af þeim lögum sem um þessi mál fjalla frá þeim tíma sem hv. þm. var ráðherra samgöngumála.

[13:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er kominn tími til að hæstv. samgrh. boði það að hann ætli að láta taka málefni ferðaþjónustunnar einhverjum tökum til heildarendurskoðunar á stefnu í ferðamálum. Þetta gerist heilu kjörtímabili eftir að hæstv. ráðherra tók við málefnum samgrn. en þá lá fyrir tillaga sem fólk, tengt öllum þingflokkum á Alþingi, hafði unnið að og lagt fyrir þingið og fullt samkomulag hafði orðið um milli allra flokka í þáv. neðri deild þingsins að afgreiða. Sú stefnumótun sem þarna var lögð fyrir varðaði m.a. tengsl við alla landshluta í sambandi við það kerfi sem hugmynd var að koma upp varðandi málefni ferðaþjónustunnar, upplýsingaöflun og meiri stuðning en hefur verið við ferðamálafulltrúa í landshlutunum. Ég vona sannarlega að sú vinna sem unnin var á árunum 1989 og 1990 komi að einhverju haldi fyrir þá sem nú eru settir til þess að vinna að þessum málum.

[13:44]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. samgrh. að nú standi til að hefja þessa stefnumótunarvinnu varðandi ferðamálin í landinu. Það er alveg rétt að það er mjög nauðsynlegt og gott að þessi stefnumótunarvinna eigi sér stað vegna þess að ferðaþjónustan hefur vaxið mjög hratt hér á landi og hefur vaxið hraðast allra atvinnugreina, ekki síst á síðustu árum, sem kemur ekki alveg heim og saman við þá ófögru lýsingu sem Steingrímur J. Sigfússon, hv. 4. þm. Norðurl. e., dró upp af starfsumhverfi greinarinnar. Það væri náttúrlega með ólíkindum ef þessi atvinnugrein hefði vaxið svo mikið á undanförnum árum ef starfsumhverfi hennar hefði verið jafnslæmt og hv. þm. vildi vera láta. Hann gleymdi auðvitað að geta þess að hér hefur verið jafnvægi í efnahagslífinu, hér hefur verið rétt skráð gengi og hér hefur verið breytt ýmsum sköttum sem voru á þessari grein, greininni sjálfri til hagsbóta.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því sem líka skiptir máli og það er að stefnumótunarvinnan á ekki eingöngu að fara fram á vegum hins opinbera og á vegum samgrn. Stefnumótunarvinnan þarf líka að fara fram úti í umdæmunum og þar hefur hún verið að eiga sér stað og það er auðvitað mjög þýðingarmikið og skiptir miklu máli um framtíðaruppbyggingu atvinnugreinarinnar. Ég held að við megum ekki falla í það far að líta þannig á að þessi vinna eigi eingöngu að fara fram í ráðuneytunum í Reykjavík. Það ber ekki síður að leggja áherslu á það að þessi vinna fari fram úti í umdæmunum hjá því fólki sem starfar í atvinnugreininni.

[13:46]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið kvartað undan því að sú vinna að stefnumörkun sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lét vinna í sínum ráðherradómi hafi ekki náð fram að ganga. Ég vil aðeins taka það skýrt fram að til þess að hægt sé að móta stefnu í ferðamálum, þá verða að sjálfsögðu forsendur stefnumörkunarinnar að vera fyrir hendi, en þessar forsendur voru ekki fyrir hendi á þeim tíma þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var við völd og hann gerði ekkert til að bæta úr þeim.

Hvernig halda menn t.d. að mönnum gengi að marka stefnu í sjávarútvegsmálum ef sjávarútvegurinn styddist ekki við neinar rannsóknarstofnanir á sviði sjávarútvegsmála? Ferðaþjónustan hefur ekki haft neinn stuðning af rannsóknarstarfseminni. Í þann tíð er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var yfirmaður ferðamála, þá var staðan þannig að á sviði Rannsóknarráðs ríkisins, sem stundar hagnýtar rannsóknir, voru engin verkefni unnin á sviði ferðamála. Og sú ágæta stofnun sinnti ekki þessum geira. Það hefur á ýmsum vettvangi verið unnið að því að bæta úr þessu einmitt í tíð núv. samgrh. og þau mál hafa þokast í rétta átt þó að þessir ágætu þingmenn, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og fyrrv. samgrh. hv. þm. Steingrímur Sigfússon, hafi ekki áttað sig á því.

[13:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg bersýnilegt að Sjálfstfl. á í þessu máli í mjög miklum vanda og það er ótrúlegt að hlusta á ræðuhöld hv. þm. Einars Guðfinnssonar og hv. þm. Tómasar Inga Olrich í málinu þar sem þeir reyna að láta hlutina líta þannig út að núv. hæstv. samgrh. hafi gert eitthvað í þessum málum. Staðeyndin er sú að hann hefur ekkert gert og það liggur fyrir að það er engin heildarstefnumótun á þessu mikilvæga sviði.

Þegar hv. þm. Einar Guðfinnsson þakkar hæstv. núv. samgrh. fyrir það að þrátt fyrir þetta hafi verið þróun í ferðaiðnaðinum á Íslandi, þá er þar býsna langt seilst til þess að bjarga ráðherranum fyrir horn í þeirri erfiðu stöðu sem hann er í. Staðreyndin er sú að þessi málaflokkur hefur verið fullkomlega vanræktur af stjórnvöldum og það er ekki ráðherranum að þakka heldur þrátt fyrir ráðherrann og undarleg faðmlög hans við kolkrabbann að þessi grein atvinnulífsins á Íslandi hefur fengið að þróast.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það eru útúrsnúningar að ég hafi í fsp. sérstaklega kvartað undan því að stefnumótun sem ég vann að hafi ekki náð fram að ganga. Ég kvartaði eingöngu undan einu og það var að það hefði ekkert verið gert í þessum efnum í fjögur ár. Það þola sjálfstæðismenn ekki að heyra, en það er sannleikurinn. Og þegar talsmenn Sjálfstfl. eru svo að reyna að skella skuldinni á það að þessum málum hafi ekki verið sinnt á þeim skamma tíma, eða í tvö og hálft ár sem ég var samgrh., þá spyr ég á móti hverjir hafi farið með málin næstu 5–6 árin þar á undan. Eru þeir ekki að vega dálítið ómaklega að flokksbræðrum sínum sem höfðu haldið utan um samgöngumál og ferðamál um langt tímabil þar á undan?

Staðreyndin er sú að þessi mál voru tekin á dagskrá og lögð í þau mikil vinna í tíð þessarar ríkisstjórnar sem hér

hefur verið rætt um. Um það vitna skýrslur og þau störf sem þar voru unnin. Það er heldur dapurlegt að heyra hv. þm. fjalla með þessum hætti m.a. um framlag flokksbróður síns, fyrrv. hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, sem var fulltrúi þingflokks Sjálfstfl. í þessu nefndarstarfi, skrifaði undir álit nefndarinnar án athugasemda og fyrirvara og stóð að því að bera það hér inn í þingið sem fulltrúi síns flokks. Það er heldur löðurmannlegt, satt best að segja, að fjalla um hlutina með þessum hætti sem hér er gert, en kannski er ekki annars að vænta úr þeirri aumingjalegu stöðu sem sjálfstæðismenn neyðast til að fjalla um þessi mál hér.

Ég mótmæli því, ég átel það, sem hæstv. samgrh. upplýsti, að hann hefur skipað nefnd til þess að vinna að þessum málum á þann vanalega hátt Sjálfstfl. eða núv. ríkisstjórnar að í henni sitji eingöngu þingmenn og fulltrúar stjórnarflokkanna. Það er dapurlegt að horfa upp á það að með þessu er í hverju tilvikinu á fætur öðru hafnað þverpólitísku samstarfi um svona mikilvæg hagsmunamál í samfélaginu. Og það er lýsandi fyrir muninn á þeirri nálgun sem var í þessum efnum í tíð fyrri ríkisstjórnar að þá sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka í nefndarstörfum að þessu leyti. Þetta er dæmigert fyrir það hvernig Sjálfstfl. vill vinna að þessum málum, loka þau af í þröngum flokkspólitískum skúffum í náðarfaðmlagi við kolkrabbann. Það er þeirra vinnulag í þessum málum.

[13:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég segi ekki að kolkrabbinn sé hin fagra perla hafsins, en sumir hafa kannski átt í skrítnum faðmlögum við hann núna upp á síðkastið. Eins og hv. þm. heyrðu, þá hefur hv. þm. Steingrímur Sigfússon enn þyngri áhyggjur en aðrir af frammistöðu sinni sem samgrh. og kvartar nú óðum yfir því að fá ekki að koma að stefnumótun í ferðamálum sem honum láðist að gera meðan hann var ferðamálaráðherra. En það er auðvitað svolítið skrítið þegar þingmaðurinn annars vegar spyr hvaða stefnu ég vilji marka í ferðamálum og hvort ég vilji vinna að því og hvaða stefnu ríkisstjórnin hafi í þessum málum og talar svo um að stjórnarandstaðan eigi að koma að því að marka stefnu ríkisstjórnarinnar. Auðvitað hlýtur ríkisstjórnin að marka stefnu í atvinnumálum á sínum forsendum og út frá sinni stefnu og þarf ekki að fara í smiðju til fulltrúa Alþb. í þeim efnum. Satt að segja höfum við sjálfstæðismenn mjög sjaldan þurft að sækja í þá smiðju og þá sjaldan við höfum gert það, þá hefur það ekki gefist vel.

Græn símanúmer.

Fsp. EKG, 6. mál. — Þskj. 6.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum og áratugum í fjarskiptum og símamálum í heiminum, ekki síst á undanförnum allra síðustu árum eins og hvarvetna má sjá merki um. Þetta hefur m.a. leitt til þess að símakostnaður almennings hefur lækkað mjög mikið, einkanlega hér á Íslandi. Ef við berum saman símataxtana hér á landi annars vegar og í löndum OECD hins vegar, þá kemur í ljós, sem ýmsum kemur kannski á óvart, að símakostnaður hér á landi almennt talað er sá lægsti í öllum þessum ríkjum. Þar gildir nánast sama hvar litið er nema e.t.v. þegar skoðaður er símakostnaður milli landa, en þegar á heildina er litið þá er engu að síður niðurstaðan sú að símakostnaður á Íslandi er sá lægsti í ríkjum OECD.

Ég nefndi það áðan að tæknibreytingar hafa orðið miklar í símamálum og fjarskiptamálum og þær eru og verða mjög miklar á næstu árum. Í breska blaðinu The Economist þann 30. september sl. er mjög athyglisverð grein um þessi mál þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að tæknibreytingar í síma- og fjarskiptamálum muni gera það að verkum að bráðlega verði það úrelt að líta þannig á að símakostnaður sé mismunandi milli landa eða milli staða. Miklu nær verði að í framtíðinni muni símakostnaður fyrst og fremst verða innheimtur sem fast afnotagjald vegna þess að tæknibreytingarnar, sem eru fyrirsjáanlegar á næstu árum, munu gera það einfaldlega að verkum að ekki sé tilefni til þess að rukka símakostnað með mismunandi hætti eftir því hvort menn tali staðarsímtal eða milli landsvæða eða milli landa. Allt eru þetta ótrúlegir hlutir sem við erum að sjá gerast á örskömmum tíma.

Íslendingar hafa fylgst vel með að þessu leytinu og símakerfi og símatækni sú sem við búum við er með því besta sem þekkist í heiminum að flestu leyti og þess vegna hefur það leitt af sjálfu sér að við höfum verið að lækka símakostnaðinn, síðast núna í vor þegar greint var frá því þann 15. apríl að símakostnaður yrði lækkaður um sem svaraði 90 millj. kr. fyrir notendur símaþjónustunnar í landinu sem sérstaklega kom til góða íbúum hinna dreifðu byggða eins og allir vita.

Á árinu 1994 var samþykkt þáltill., sem sá sem hér stendur hafði á sínum tíma flutt ásamt nokkrum þingmönnum Sjálfstfl., þar sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á næsta ári yrði komið upp grænum símanúmerum í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins. Tillagan gerir ráð fyrir því að þessum grænu símanúmerum verði komið upp á þessu ári. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. eftirfarandi spurningar:

„Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins?“

[13:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samgrn. hefur látið athuga hvaða ráðuneyti og ríkisstofnanir hafa komið sér upp grænum línum, hver notkun þeirra er og hversu mikill kostnaður felst í því að bjóða upp á slíka þjónustu. 19. sept. á síðasta ári voru 17 ríkisstofnanir og þrjú ráðuneyti með svokallaðar grænar línur. Við athugun sem gerð var af ráðuneytinu nú í október kom í ljós að stofnununum hefur fjölgað um tvær á þessu ári sem bjóða upp á slíka þjónustu.

Í athugun þessari kom það enn fremur fram að notkun viðskiptavina á grænum línum er mjög lítil, bæði hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum. Kostnaðurinn fyrir ráðuneyti eða stofnun við að koma sér upp þessari þjónustu er hins vegar umtalsverður. Segja má að allar helstu stofnanir ríkisins séu þegar búnar að koma sér upp grænum númerum. Má þar nefna Vegagerðina, Húsnæðisstofnun, ríkisskattstjóra, Skipulag ríkisins, Póst og síma, Tryggingastofnun, Byggðastofnun, Brunamálastofnun, Landmælingar, Þjóðleikhúsið, Bifreiðaskoðun, umboðsmann Alþingis, þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og Lánasjóð ísl. námsmanna, Löggildingarstofuna og Landgræðsluna.

Nokkur ráðuneyti hafa komið sér upp slíkri þjónustu: Samgrn., umhvrn. og landbrn., en önnur eiga það eftir. Á ráðuneytisstjórafundum hafa þessi mál verið til umfjöllunar og samþykkt að samgrn. skuli hafa forustu um þessi mál og mun það á næstu vikum setja sig í samband við önnur ráðuneyti og vinna að því að þau hafi komið sér upp grænum símanúmerum nú fyrir áramót.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Svar hæstv. samgrh. var að flestu leyti tæmandi hvað varðaði þessa spurningu. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þál. Alþingis frá 9. maí í fyrra er mjög afdráttarlaus. Þar er einfaldlega sagt að ríkisstjórninni sé falið að sjá til þess að á árinu 1995, sem brátt er liðið, verði komið upp grænum símanúmerum í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins.

Þegar ég mælti fyrir þessari þáltill. á sínum tíma þá tók til máls hæstv. þáv. umhvrh. og greindi frá því að hann mundi þegar í stað sjá til þess að grænum símanúmerum yrði komið fyrir í helstu stofnunum umhvrn. og enn fremur í ráðuneytinu sjálfu og það hefur komið á daginn að það hefur verið gert samkvæmt svörum hæstv. ráðherra. Ég gat ekki áttað mig á því af upptalningu hæstv. ráðherra, hvort það sem hann kallaði helstu stofnanir ríkisins hefðu komið sér upp þessum búnaði, en eitt er ljóst að ráðuneytin hafa einfaldlega ekki fram til þessa hlýtt fyrirmælum Alþingis. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. samgrh. geri þessum ráðuneytum grein fyrir því að þeim ber samkvæmt þessari ályktun Alþingis að koma upp þessum búnaði. Ég tel að það sé ekkert annað en ómerkilegur undansláttur og yfirvarp þegar ráðuneytin segja að samfara þessu sé þvílíkur kostnaður vegna þess að ég minni á að mjög mörg einkafyrirtæki sem hafa miklu minni umsvif og minni fjárráð hafa ekki talið eftir sér að koma upp þessum búnaði sem er mjög mikilvægur liður í því að stíga skref í þá átt að jafna þegar í stað símakostnaðinn í landinu. Ég vil því segja það, virðulegi forseti, að svar hæstv. ráðherra var sumpartinn uppörvandi en um leið dapurlegt fyrir það að mér finnst framkvæmdarvaldið ekki hafa ætlað sér að framfylgja þeirri ótvíræðu þingsályktun sem Alþingi samþykkti samhljóða þann 9. maí 1994.

[14:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á það sem ég sagði áður, að samgrn. mun taka þetta mál upp við önnur ráðuneyti enn fastar en verið hefur og ég vil láta þess getið að þau ráðuneyti sem ég hef haft afskipti af hafa tekið upp þessa grænu línu.

Málefni Menntaskólans í Reykjavík.

Fsp. KÁ, 23. mál. — Þskj. 23.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Á næsta ári verða 150 ár liðin frá því að eini framhaldsskóli landsins sem þá var var fluttur frá Bessastöðum í nýtt húsnæði í Reykjavík. Það húsnæði var reyndar einnig notað til þess að setja fyrsta fund Alþingis 1845 eftir að Alþingi var endurreist.

Nú er það ljóst að Menntaskólinn í Reykjavík, eins og hann heitir nú, er yfirfullur af nemendum og býr við gríðarleg þrengsli eins og reyndar flestir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu og mun vart úr rætast fyrr en hér kemur til nýr skóli sem þegar er hafin bygging á, þ.e. skólinn í Borgarholti. En vegna þessa afmælis og vegna þessa merka húss og þessarar merku menntastofnunar langar mig að spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hvernig hyggjast stjórnvöld minnast þess að á næsta ári verða liðin 150 ár frá því að Latínuskólinn (MR) var *fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur*?

2. Hvaða áform eru uppi varðandi varðveislu og endurbætur á gömlu skólahúsunum?

3. Hvernig er áformað að draga úr álagi á gömlu húsin og leysa húsnæðisvanda Menntaskólans í Reykjavík til frambúðar?"

Því er við að bæta, eins og hér kemur fram, að gömlu húsin sem tilheyra Menntaskólanum í Reykjavík eru með allra merkustu húsum hér í borginni og það er spurning hversu mikið álag svona gömul hús þola, en ég held að það hljóti að vera ósk flestra að þarna verði áfram skólastarfsemi, en það verður auðvitað að vera eitthvert hóf á. Jafnframt því að þarna er merkur áfangi fram undan er vert að velta fyrir sér þessum spurningum.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda spurningarnar, sem voru þrjár. Ég kýs að svara þeim í einu lagi svohljóðandi:

Hinn 24. júlí sl. ræddi ríkisstjórnin um húsnæðismál Menntaskólans í Reykjavík og tengdust umræðurnar m.a. 150 ára afmæli hans á næsta ári. Í fjárlögunum er heimild í 6. gr. til að kaupa hús fyrir MR og er það mál til sífelldrar athugunar.

Mér þykir rétt að hugað verði að því að skipa byggingarnefnd Menntaskólans í Reykjavík með fulltrúum ríkisins og skólans. Auk þess tel ég æskilegt að Reykjavíkurborg eigi aðild að slíkri nefnd.

Hinn 28. júlí sl. var gengið frá bréfi í menntmrn. og sent Reykjavíkurborg þar sem gerð er grein fyrir áformum í húsnæðismálum Menntaskólans í Reykjavík. Er á það bent að skólinn sé í hjarta Reykjavíkur og þess því óskað að Reykjavíkurborg gangi til samninga við ráðuneytið um úrbætur í húsnæðismálum Menntaskólans í Reykjavík, bæði er tekur til skemmri tíma svo og til framtíðar. Því miður hefur ráðuneytinu ekki enn borist svar við þessu bréfi Reykjavíkurborgar, en ég lít svo á að hún sé í hópi þeirra stjórnvalda sem fyrirspyrjandi nefnir í spurningu sinni. Finnst mér sjálfsagt að Reykjavíkurborg sé þátttakandi í uppbyggingu á þessum stað.

Verði af skipun þeirrar nefndar sem ég hef hér getið fellur það undir verksvið hennar að taka á þeim málum sem getið er í tveim síðari spurningum fyrirspyrjanda. Nauðsynlegt er að gera úttekt á húsnæði Menntaskólans með tilliti til húsnæðisþarfar hans og verndunar gömlu húsanna. Í því efni ber að sjálfsögðu að hafa samráð við húsafriðunarnefnd lögum samkvæmt.

Nýlega vour kynntar niðurstöður í hugmyndasamkeppni um skipulag *menntaskólareitsins svonefnda. Mundi nefnd* sú sem eðlilegt er að skipa fara í saumana á þeim tillögum sem þar birtust. Ég tel best að leyst verði úr húsnæðisvanda Menntaskólans í Reykjavík til frambúðar á þeim stað þar sem skólinn er nú og með friðun hinna gömlu húsa. Í þeim anda tel ég skynsamlegt að vinna þetta verk.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég vil taka undir þau sjónarmið að framhaldsskóli verði áfram rekinn á þessum stað en í treka jafnframt að það er mjög brýnt að varðveita húsin og sjá til þess að það verði ekki of mikið álag á þeim, enda eru þau orðin býsna gömul.

Hins vegar vakna ýmsar spurningar varðandi það sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. varðandi samstarfið við Reykjavíkurborg. Nú eru framhaldsskólarnir enn þá á forsjá ríkisins, þ.e. rekstur þeirra, og þessi hús eru eign ríkisins eftir því sem ég best veit og þó að þetta snerti umhverfi borgarinnar, og ég get ímyndað mér að Reykjavíkurborg hafi að sjálfsögðu áhuga á varðveislu þessara húsa og að útlit þeirra verði sem best, þá átta ég mig ekki alveg á því hvert hæstv. menntmrh. er að fara. Er hann að fara fram á það að Reykjavíkurborg leggi fram fé til þessara framkvæmda? Er hann að segja þetta í ljósi þess að fram undan sé meira samstarf ríkis og sveitarfélaga í rekstri framhaldsskólanna eða hvert er hann að fara með þessum spurningum? Ég veit að þetta hefur verið nokkuð til umræðu hjá Reykjavíkurborg, en í rauninni hef ég heyrt þau sjónarmið þaðan að mönnum finnist að ríkið sé á enn einu sviðinu að reyna að seilast inn til sveitarfélaganna og ætla þeim fleiri verkefni. Ég fæ ekki alveg séð að þetta samstarf gangi upp meðan verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er með þeim hætti sem hún er nú.

[14:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í bréfi því sem ég gat um og ritað var Reykjavíkurborg 28. júlí sl. segir svo, með leyfi herra forseta:

„Merk tímamót, aukin þrengsli og nýjar hugmyndir um skipulag kalla á að markvisst verði unnið að því að byggja upp þennan reit í hjarta borgarinnar", þ.e. menntaskólareitinn. „Þess er því óskað að Reykjavíkurborg gangi til samninga við ráðuneytið um úrbætur í húsnæðismálum Menntaskólans í Reykjavík, bæði er tekur til skemmri tíma, svo og til framtíðar."

Þarna er verið að víkja að stað sem er í hjarta Reykjavíkurborgar, eins og kom fram í svari mínu. Ég tek eftir því að það stendur fyrir dyrum ráðstefna á vegum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur nú, ef ég tók rétt eftir, næsta laugardag og væntanlega verður þar mótuð stefna varðandi þátttöku borgarinnar í uppbyggingu og afstöðu borgaryfirvalda til bygginga t.d. á þessum stað.

Varðandi hlut borgarinnar í greiðslu á kostnaði við framkvæmdir þá hlýtur það að vera samningsatriði. Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í kaupum á húsum fyrir Menntaskólann í Reykjavík eins og Amtmannsstíg 2 og það hlýtur að sjálfsögðu alltaf að vera til skoðunar hver hlutur Reykjavíkurborgar er við uppbyggingu á skólahúsnæði eins og þessu. Ég get nefnt það t.d. að á Akureyri er verið að byggja við Menntaskólann á Akureyri, gamlan menntaskóla sem rekinn hefur verið á vegum ríkisins, og þar greiðir Akureyrarbær 40% af byggingarkostnaði. Mér finnst því ekkert óeðlilegt við það að Reykjavíkurborg eigi hlut að þeim framkvæmdum sem ráðast þarf í í þágu Menntaskólans í Reykjavík.

Hækkun tryggingabóta.

Fsp. SvG. 24. mál. — Þskj. 24.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt fsp. til hæstv. heilbrrh. um hækkun tryggingabóta. Eins og kunnugt er voru gerðir kjarasamningar snemma á þessu ári þar sem gert var ráð fyrir því að allir fengju sömu krónutölu í kauphækkun og þegar sú hækkun gekk yfir gerði t.d. Öryrkjabandalagið ráð fyrir því að sama krónutala kæmi til aldraðra og öryrkja og allra annarra. Svo varð þó ekki. Þess vegna flyt ég þessa fsp. sem er svohljóðandi, hæstv. forseti:

1. Á hvaða forsendum byggðist 4.8% hækkun tryggingabóta í mars sl. sem sögð var til samræmis við hækkanir á almennum vinnumarkaði?

2. Hvernig skilaði hækkunin sér í krónutölu á mánuði til tryggingaþega

a. sem höfðu fullan örorkulífeyri

b. sem nutu til viðbótar heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar?

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að ákvarðanir stjórnvalda í þessu efni hafa vakið gífurlega reiði meðal öryrkja í landinu og einnig í samtökum aldraðra. Þannig háttar t.d. til að Sjálfsbjörg á Akureyri sendi opið bréf til Öryrkjabandalagsins og fleiri aðila núna fyrir nokkrum vikum þar sem það kemur fram að aðalfundurinn, með leyfi forseta, beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórna Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar, Landssambands fatlaðra, að þær nú þegar kæri þetta mál til umboðsmanns Alþingis sem brot framkvæmdarvaldsins á skilyrtum ákvæðum löggjafans varðandi tryggingamál lífeyrisþega. Í þessu sambandi er Sjálfsbjörg á Akureyri að vitna til 65. gr. almannatryggingalaga sem kveða á um að bætur hækki í samræmi við breytingar sem verða á vikukaupi. Þegar það var ákveðið að vikukaupslaun hækkuðu um 2.700–3.700 kr. á mánuði var gert ráð fyrir því að sú krónutöluhækkun gengi yfir línuna og það hafa verið miklar kröfur uppi um það að undanförnu að allir fengju þetta. Af einhverjum ástæðum er það þannig að einn hópur hefur verið skilinn eftir og af einhverjum ástæðum er það þannig að það hefur ekki verið mjög mikið um það talað nema af hálfu öryrkjanna sjálfra. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hún sammála þessari ákvörðun? Styður hún þessa ákvörðun, sem ég hygg að hafi verið tekin af fyrrv. ríkisstjórn, af heilbr.- og trmrh. Alþfl., eða er ætlun núv. ráðherra Framsfl. að breyta þessu? Hér er komið mjög illa fram við þá sem hafa allra versta stöðu í þjóðfélaginu sem eru aldraðir og öryrkjar. Ég held að það sé nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að það hefur verið farið verr með þetta fólk en alla aðra af því að það fékk ekki einu sinni 2.700 kr. á mánuði heldur miklu lægri upphæð.

[14:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hinn 21. febrúar sl. voru undirritaðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði. Í tengslum við gerð þeirra gaf fyrrv. ríkisstjórn fyrirheit um að tryggingabætur og fleiri bætur sem ríkið greiðir mundu hækka í samræmi við samninga. Væri því e.t.v. rétt að fsp. þessari væri beint til fjmrh. þar sem hann stóð að þessari samþykkt.

Fyrri fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda er um á hvaða forsendum 4.8% hækkun bóta í mars sl. byggðist. Í mars sl. ákváðu fyrrv. heilbrrh. og fjmrh. að koma til framkvæmda

hækkun bóta vegna áhrifa kjarasamninga frá 21. febrúar sl. og var hún reiknuð 4,8% í samráði við hagfræðinga Alþýðusambands Íslands og greidd þannig út frá 1. mars sl. Fyrir mér lá þegar ég tók við embætti að hækkun þessi hefði ekki fengið formlega afgreiðslu í ríkisstjórn, en þar sem þá var þegar búið að greiða út bætur samkvæmt þessum útreikningi taldi ég ekki fært að breyta honum og ríkisstjórn samþykkti að hækkun bóta vegna kjarasamninga yrði framkvæmd á þennan hátt.

Forsendur fyrir útreikningi þessum voru þær að samkvæmt almannatryggingalögum skuli bótaupphæðir breytast í samræmi við vikukaup í almennri verkamannavinnu. Meðalhækkun launa verkafólks var metin af aðilum vinnumarkaðarins 4,1–4,7% á þessu ári, en 6,9% á samningstímabilinu. ASÍ samþykkti 4,8% hækkun tryggingabóta með hliðsjón af efni kjarasamnings.

Síðari spurning hv. fyrirspyrjanda lýtur að því hvernig hækkunin hafi skilað sér til tryggingaþega. Til einstaklings sem hafði fullan örorkulífeyri hækkuðu bætur um 1.711 kr. á mánuði en nú hefur hann 12.921 kr. á mánuði í örorkulífeyri og 24.439 kr. í tekjutryggingu og hefur alls 37.360 kr. á mánuði. Tekjur þess einstaklings, sem hefur fullan örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót en ekki aðrar tekjur, hækkuðu um 2.336 kr. á mánuði og hefur hann þá 51 þús. kr. í tekjur á mánuði. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að almenna kauphækkunin í krónutölu var 2.700 kr. en er 2.300 kr. hjá þessum hópi.

[14:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar að vekja athygli á að þessar tölur voru upplýstar í umræðum um stefnuræðu forsrh. í vor þar sem sú sem hér stendur vakti athygli á því misrétti sem lífeyrisþegar eru einatt beittir af stjórnvöldum. Og það má koma fram í þessari umræðu að þó svo að bætur lífeyrisþega eigi að fylgja launaþróun á almennum vinnumarkaði hefur svo ekki verið. Lægstu laun hækkuðu um 42% frá febrúar 1989 meðan bætur til lífeyrisþega hækkuðu um 34,9% þannig að hvernig sem á það er litið hafa lífeyrisþegar í hvert einasta skipti sem hækkun hefur orðið á vinnumarkaði alltaf farið aftur úr. Ég ætla að vona að hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. sjái til þess að svo verði ekki framvegis.

[14:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þekki kannski ekki þetta tiltekna mál nákvæmlega, en ég held að það sé nauðsynlegt vegna orða síðasta hv. ræðumanns að upplýsa það, því það mátti misskilja ræðu hv. þm., að við erum að ræða hér um tvo aðskilda hluti: Annars vegar þá lagagrein í almannatryggingalögunum sem segir að bætur skuli greiðast með tilliti til breytinga á launum sem verða á almennum vinnumarkaði. Hér er ekki verið að tala um það. Hér er væntanlega verið að tala um svokallaðar eingreiðslur sem eru greiddar einu sinni. (**ÁRJ:** Það er alls ekki. Þetta er akkúrat ekki það.) Gott og vel. Tíminn er stuttur hérna og reyndar búinn. En það sem ég vildi sagt hafa er að það verður að gera mun á þessu tvennu og ég vildi sérstaklega koma því á framfæri að eingreiðslurnar eru þannig, og ég bið fólk um að íhuga það hér, að á almennum vinnumarkaði geta tveir aðilar komið saman og samið um launahækkanir. Og launahækkanir geta verið þannig að eingreiðslur eiga að koma upp í 60 þús., upp í 80 þús., upp í 100 þús. og síðan á það að vera sjálfgefið *að ríkissjóður greiði til allra bótaþega sams konar upphæð.* Þetta sjá auðvitað allir að getur ekki gengið.

Ég heyri það nú og skil að það er minn misskilningur. Ég biðst afsökunar á því þar sem verið var að ræða annan hlut heldur en ég hélt.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er einmitt nákvæmlega það að það er ekkert sjálfgefið í þessu efni og þess vegna hefur það verið þannig á undanförnum árum að aðilar vinnumarkaðarins hafa um leið gengið frá samningum við viðkomandi ríkisstjórnir. Það virðist hins vegar ekki hafa verið gert í þessu tilviki eftir því sem hæstv. heilbrrh. segir. Það er mjög merkilegt. Og það er líka mjög merkilegt ef það er rétt hjá hæstv. heilbrrh. að þessi tala sem endanlega varð ofan á hafi verið samþykkt af hagfræðingum aðila vinnumarkaðarins. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að það var nákvæmlega það sem ráðherrann sagði. Ráðherrann bar fyrir sig hagfræðinga aðila vinnumarkaðarins, að þeir hafi samþykkt það að örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar fengju lægra kaup en aðrir. Og af hverju er þessi ákvörðun núna öðruvísi en áður? Þess vegna ekki alveg rétt sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði hér áðan. Munurinn er sá að þessi hækkun núna er í fastri krónutölu og það var samið um að hún væri í fastri krónutölu, tiltekin ákveðin upphæð.

Hvað gerðu menn svo þegar þeir fóru að skoða þessa hækkun? Menn veltu því fyrir sér hvert er hlutfallið ef þetta kemur á lægstu laun? Hver eru lægstu laun í þessum töxtum? Hver eru þau? 48 þús. kr. á mánuði. Menn sáu að það yrði mjög há prósenta fyrir örorkulífeyrisþega og aldraða að miða við 48 þús. kr. á mánuði. Hvað gerðu menn þá? Menn miðuðu við almenna vikukaupið sem er 70 þús. kr. á mánuði og píndu þannig niður prósentuhækkunina sem öryrkjar og aldraðir fengu. Þetta er reisnin yfir þessu liði, hæstv. forseti.

[14:21]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu minni áðan þá var búið að ganga frá þessu í fyrri ríkisstjórn. Það var farið að greiða eftir þessum samningum og ég endurtek það að það var í fullu samræmi við það sem fulltrúar ASÍ höfðu samþykkt. (**SvG:** Liggur það fyrir?) Þetta hlýtur að liggja skjalfest fyrir og ég skal finna þau skjöl fyrir hv. þm.

Samningsstjórnun.

Fsp. KÁ, 26. mál. — Þskj. 26.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Þær fyrirspurnir sem ég á í þinginu hafa safnast nokkuð fyrir og ég mun nú eiga eintal við hæstv. fjmrh. það sem eftir lifir þessa fundar nema aðrir blandi sér inn í þær umræður og veri þeir velkomnir í þær.

Ég ætla að beina spurningu til hæstv. fjmrh. varðandi samningsstjórnun og þær spurningar sem ég á eftir að bera fram í dag eru allar sprottnar upp úr frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 vegna þess að það vakna margar spurningar við lestur greinargerðarinnar. Eitt af því sem kemur fram í henni

er það áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum að gera frekari tilraunir til nýskipunar í ríkisrekstri. M.a. kemur fram að það hafa verið gerðir sérstakir þjónustusamningar milli nokkurra ríkisstofnana og viðkomandi fagráðuneyta sem fela í sér aukið sjálfstæði stofnana og auka ábyrgð stjórnenda og það er verið að gera tilraunir með svokallaða samningsstjórnun í nokkrum stofnunum ríkisins.

Nú veit ég að það er ekki komin löng reynsla á þessa samningsstjórnun en mig fýsir þó að vita hvernig þetta gengur, sérstaklega þegar ég sé að fyrirhugað er að halda áfram á þessari braut og því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. fjmrh.:

1. Hver er tilgangurinn með samningum um samningsstjórnun?
2. Hversu margir samningar hafa verið gerðir um samningsstjórnun og við hvaða stofnanir?
3. Hvaða reynsla hefur þegar fengist af samningsstjórnun, jákvæð og neikvæð?
4. Hverju hefur samningsstjórnun skilað fjárhagslega?
5. Hvaða áform eru uppi um frekari samninga um samningsstjórnun?

[14:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að endurtaka fyrirspurnirnar. Þær komu fram í máli hv. þm. og liggja fyrir í þingskjali.

Samningsstjórnun er ein leið af mörgum til að bæta ríkisrekstur og gera hann markvissari og skilvirkari. Hún felst í því að gerður er formlegur samningur milli ráðuneytis og stofnunar þar sem m.a. er kveðið á um áherslur í starfi og árangur sem stofnun skuldbindur sig til að ná, fjárveitingar og aukið sjálfstæði. Segja má að samningurinn tilgreini magn og gæði þeirrar þjónustu sem ráðuneytið kaupir, ef svo má að orði komast, af stofnun og hvað ráðuneytið greiðir fyrir.

Samningurinn skýrir tilhögun samskipta en breytir hvorki ábyrgð ráðherra á rekstri stofnunar gagnvart Alþingi né hefur áhrif á þær stjórnsýsluskyldur sem stofnunin hefur lögum samkvæmt. Þá lýtur hún áfram kjarasamningum sem fjmrh. gerir fyrir hönd ríkisins.

Svar við næstu spurningu: Haustið 1994 var ákveðið að hefja tilraun með þetta stjórnunarform. Nú hafa verið gerðir samningar við eftirfarandi fimm ríkisstofnanir, þ.e. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Vita- og hafnamálastofnun, Geislavarnir ríkisins, Kvennaskólann í Reykjavík og Bændaskólann á Hólum. Gildistími samninganna er til ársloka 1997.

Reynslan af þeim samningum sem gerðir hafa verið er ekki löng og því ekki tímabært að draga of víðtækar ályktanir af þessu nýja formi. Við gerð samnings þarf að skilgreina markmið, áherslur og umfang viðkomandi stofnunar nákvæmlega og finna leiðir til að meta hverju rekstur hennar hefur skilað. Verkefnið hefur aukið faglegan metnað og áhuga starfsmanna stofnana og leitt til aukins skilings og betri samstöðu milli stofnunar og ráðuneytis. Stofnunum gefst tækifæri á að skipuleggja starfsemi sína næstu ár með meiri vissu þar sem í samningunum er tilgreint hvaða fjárveitingar ráðuneyti munu beita sér fyrir að fáist á fjárlögum 1996 og 1997 vegna reksturs þeirra. Ekki er vitað til þess að upp hafi komið vandamál við framkvæmd samninganna og í þeim tilvikum sem samningsaðilar hafa talið nauðsynlegt að bregða frá undirrituðum samningum hefur það verið gert með sérstöku samkomulagi.

Ég skal taka fram að Kvennaskólinn í Reykjavík hefur skilað framvinduskýrslu sem ég held að sé mjög merkilegt framlag og sýnir að það getur verið verulegt gagn af því fyrir skólastofnanir meira að segja að gera slíkan samning.

Þeir samningar sem hafa verið gerðir voru af hálfu ráðuneytanna ekki hugsaðir sem leið til niðurskurðar og sparnaðar í sjálfu sér heldur fremur sem tilraun um nýtt samskiptaform í ríkisrekstri. Sumir samningar fela í sér tímabundna hækkun framlaga til þróunarstarfa og uppbyggingar á aðstöðu. Þá taka stofnanir að sér að leysa ný eða aukin verkefni. Ef samningarnir verða efndir eins og gert er ráð fyrir munu þeir skila sér í betri og meiri þjónustu. Ríkinu er ætlað samkvæmt lögum að kosta ýmsa þjónustu sem almenningi er látin í té. Í lögum og reglugerðum er oft ekki að finna nákvæma skilgreiningu á eðli og umfangi þjónustunnar sem leiðir er til þess að farið er í sumum tilvikum að veita nýja þjónustu án endurmats á þeirri þjónustu sem fyrir er. Í samningum er unnt að útfæra lög og reglugerðir og afmarka þjónustuna betur. Samningar geta veitt fjárveitingavaldinu gleggri upplýsingar um umfang og gæði þjónustunnar sem greitt er fyrir. Með samningsstjórnun verður auðveldara að tryggja að ný starfsemi sé háð samþykki ráðuneytis eða Alþingis og sama gildir auðvitað um ákvörðun um að fella niður eða breyta þjónustu viðkomandi stofnana.

Forsvarsmenn nokkurra stofnana hafa lýst áhuga sínum á að feta í fórspor þeirra stofnana sem gerðir hafa verið samningar við. Einnig hefur verið lögð áhersla á að gera formlega samninga við aðila utan ríkiskerfisins, sem ríkið kaupir þjónustu af. Hér er fyrst og fremst um að ræða ýmis sjálfseignarfyrirtæki. Við gerð þessara samninga verður m.a. byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af samningsstjórnun.

Í samningum verður kveðið á um magn og gæði þjónustunnar, verð hennar, eftirlit með samningum og meðferð ágreiningsmála. Fjárln. Alþingis verður gerð grein fyrir samningunum áður en þeim verður lokið.

Um þessar mundir standa yfir samningar við nokkur sveitarfélög á grundvelli laga um reynslusveitarfélög. Sveitarfélögin taka að sér að leysa ýmis verkefni gegn greiðslum frá ríkinu og á ábyrgð þeirra. Gera þarf samninga um þessi verkefni þar sem kveðið er á um skyldur hvors aðila, þar á meðal um magn og gæði þjónustunnar.

Virðulegi forseti. Eins og heyrist á þessum svörum er hér um að ræða tilraun sem er undir merki nýskipunar í ríkisrekstri, tilraun sem hefur verið gerð annars staðar og skilað ágætum árangri og mér sýnist allt stefna í þá átt hér á landi.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Mér þótti þetta afar athyglisvert sem hann var hér að lýsa. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og við kvennalistakonur að það ætti að auka sjálfstæði ríkisstofnana og gera þær ábyrgari fyrir því hvernig peningar skattborgaranna eru nýttir, ábyrgari en þeir hafa verið hingað til. Þess vegna finnst mér þetta mjög athyglisverð tilraun sem þarna hefur átt sér stað og er verið að gera og er fram undan.

Þá lá ekki í mínum spurningum að það þyrfti að vera um einhvern niðurskurð að ræða eða það væri verið að draga saman fjárveitingar til viðkomandi stofnana heldur kannski fyrst og fremst það að í þessum hugmyndum felst það að nýta peningana betur og kannski öðruvísi og gefa stofnununum tækifæri til þess að nýta sjálfar peningana betur í stað þess hvernig allt hefur verið rígneglt niður í ákveðnum

fjárveitingum til ákveðinna hluta. Við vitum hvernig það er að þeir sem starfa sjálfir við framkvæmd geta haft ýmsar hugmyndir um breytingar sem kannski tekur langan tíma að koma í gegnum stjórnkerfið en þegar ákveðið frelsi er veitt, þá leiðir það kannski af sér ákveðnar nýjungar og nýskipan. Það kemur mér ekki á óvart að Kvennaskólinn í Reykjavík skuli skila af sér skýrslu og að þar sé mönnum annt um að vinna þetta verkefni vel, ég þekki þar til innan dyra. En það verður mjög spennandi að fylgjast með framkvæmd þessara mála og frekari samningum og ekki síst því hvernig sveitarfélögin nýta sér þetta form. Ég vona bara að hæstv. fjmrh. leyfi okkur að fylgjast með þessari nýskipan sem er hin merkasta.

[14:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. fyrir fsp. sem hefur gefið mér tækifæri til þess að lýsa í örfáum orðum hvað í samningsstjórnuninni felst. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir Alþingi og kannski ekki síst þá sem starfa í fjárln. að taka þannig á málefnum ríkisfyrirtækja að líta fremur til verkefna og þjónustu heldur en til stofnananna sem slíkra. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við skynjum stofnanir sem tæki til að koma til skila þjónustu eða til að leysa verkefni. Það gerist nefnilega allt of oft hér á landi, sjálfsagt eins og víða annars staðar, að stofnun verður til við tiltekin skilyrði til þess að leysa tiltekin verkefni. Svo breytast allar aðstæður, en þá hafa opinberar stofnanir, eins og einhver sagði, tilhneigingu til að öðlast eilíft líf. Það gerist gjarnan þannig að af mikilli góðmennsku og trúfestu koma stjórnendur og starfsfólk stofnananna sér saman um það að sækja um, eða jafnvel án þess að sækja um, að breyta verkefni stofnunarinnar hægt og rólega, halda áfram að fá fjárveitingar og gera ýmsa góða hluti, en ekki kannski endilega þá hluti sem beðið var um. Stundum verður þetta þannig að stofnun hæfir ekki nýjum verkefnum rétt eins og þegar maður er að byggja. Þá ræður maður náttúrlega smið eða málara til þess að mála húsið og þegar síðan byggingunni er lokið og maður fer að taka til í garðinum bak við húsið og skipuleggja garðinn þá getur vel verið að það sé betra að ráða garðyrkjumann til að gera það heldur en málara. Hann hefur a.m.k. þá hrífu, skóflu og hjólbörur en er ekki að rembast við þetta með málningarkústinum einum saman. Maður hefur stundum á tilfinningunni, og hef ég kannski litað þetta dálítið sterkt, að einmitt í opinberum rekstri þegar markmiðin eru ekki nægilega skýr og stjórnmálamennirnir kannski ekki alltaf klárir og vel með á nótunum því að þeir koma og fara, að embættiskerfið taki sig til og lagi kannski stofnanir frekar í hendi sér fremur en það sé hugsað út frá þörfum þjóðfélagsins á hverjum tíma. Þess vegna er svo mikilvægt að stjórnmálamennirnir sjálfir geri sér grein fyrir því hvað þeir vilja fá út úr þessum stofnunum, hvaða verkefni á að leysa og hvaða þjónustu erum við að bjóða.

Til viðbótar þessu höfum við því ákveðið að efna til enn einnar nýjungarinnar, sem við köllum verkefnavísa, og það er að kalla fram upplýsingar frá stofnunum um hvað þessar stofnanir séu að gera, í hvaða magni eða gæðum, og að skila slíku inn þannig að þingið geti séð hvað er á bak við tölurnar í fjárlögunum. Má nefna t.d. í sambandi við tollinn hve mörg skip eru tollafgreidd á hverju ári, hvað stendur á bak við þær tölur sem við sjáum í fjárlagafrv., og sumir hafa nú kvartað um að fjárlagafrv. sé ekki mjög aðgengilegt.

Jafnréttisáform.

Fsp. KÁ, 27. mál. — Þskj. 27.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Í kosningabaráttunni sl. vor hafði Sjálfstfl. uppi mörg orð um nauðsyn þess að breyta hugarfarinu til þess að ná fram jafnrétti í okkar landi. Við töldum sumar að það þyrfti meira en breytingu á hugarfari, það þyrfti aðgerðir og það er greinilegt að hæstv. fjmrh. hefur hlustað á slík rök því að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 er að finna ákveðna nýjung í upptalningu á áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Liðurinn heitir Jafnréttismál kynnt og þar segir, með leyfi forseta:

„Fjmrh. hefur ákveðið að taka jafnrétti karla og kvenna í kjaramálum til sérstakrar skoðunar. Einnig er fyrirhuguð kynning meðal ríkisstarfsmanna um stöðu jafnréttismála."

Þetta vakti forvitni mína um leið og ég fagna því að sjá ákvörðun af þessu tagi. Ég ég veit að innan fjmrn. hefur verið komið upp hópi sem er að kanna stöðuna innan ráðuneytisins og væri forvitnilegt að heyra hvort sá hópur hefur skilað áliti eða hvað er að gerast í þeim málum í sjálfu ráðuneytinu, en það sem mig langaði að forvitnast um og kemur fram í fyrirspurninni er það hvernig hæstv. fjmrh. hyggst taka jafnrétti karla og kvenna til sérstakrar skoðunar og hvert verður markmið þeirrar skoðunar.

Það kemur reyndar fram í fjárlagatextanum að það er fyrst og fremst verið að vísa þarna til kjaramálanna en mig langar að biðja hæstv. fjmrh. að skýra það nánar hvað hann vill með þessu markmiði.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fsp. er í tveimur liðum. Fyrst er spurt: Hvernig hyggst ráðherra taka jafnrétti karla og kvenna til sérstakrar skoðunar? Í annan stað er spurt: Hvert verður markmið slíkrar skoðunar?

Ég kýs að svara fyrirspurninni með þeim hætti að gera fyrst grein fyrir því markmiði sem ég tel að athugun á jafnréttismálum eigi að beinast að og síðan vil ég víkja að hvernig áformað er að standa að slíkri athugun.

Á undanförnum árum en þó einkum síðustu missirum hefur mikið verið rætt um stöðu jafnréttismála. Ég tel að þó að margt nýtilegt hafi komið fram, þá hafi a.m.k. ekki náðst full samstaða um það hvaða þættir það eru í jafnréttismálum sem sérstaklega þarfnast athugunar og aðgerða. Ég vil hins vegar láta það koma sérstaklega fram hér sem mína skoðun að kynbundinn launamunur, þ.e. launamunur sem ákvarðast af kynferði en ekki öðrum þáttum, getur aldrei átt rétt á sér í okkar þjóðfélagi. Markmiðið með skoðun ráðuneytisins á þessum málum hlýtur því að taka mið af því. Frá sjónarhóli mínum eru athugunarefni þríþætt:

1. Athugun á launum karla og kvenna sem vinna sambærileg störf. Í því sambandi er nauðsynlegt að líta til stéttarfélagahópa þar sem telja verður að karlar og konur vinni sambærileg störf. Þá þarf að kanna föst laun starfsmanna og önnur laun sem starfinu tengjast. Hluti þess er að meta hver sé munur á starfsframa, vinnutíma og starfsbundnum réttindum kynjanna. Þessi atriði þarf að skoða bæði með tilliti til talnalegra staðreynda og mati á aðstæðum.

2. Þá þarf að skoða hvort skilgreina og afmarka á þá þætti sem sannanlega valda mismunun milli karla og kvenna. Án

þess að vilja fullyrða of mikið um það efni þá held ég t.d. að fæðingarorlof skipti verulegu máli í því sambandi. Því á athugunin m.a. að beinast að því hvaða lögum og reglum þurfi að breyta til þess að ryðja slíkum hindrunum úr vegi. Önnur ábekk atriði kunna að skipta hér máli einnig.

3. Loks þarf að kanna hvort almennt viðhorf til jafnréttismála er annað hjá hinu opinbera heldur en hjá einkaaðilum. Um þetta hefur reyndar nokkuð verið fjallað í skýrslu Jafnréttisráðs og Félagsvísindastofnunar og það voru nokkrar millj. kr. veittar í áframhald þess verkefnis eins og menn vita og kemur fram í fjárlögum.

Þegar efnisþáttunum sleppir þarf að gera grein fyrir því hvernig skuli staðið að þessari skoðun og um það vil ég segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hef ég falið nefnd að fjalla um starfsmannamál ríkisins. Í erindisbréfi nefndarinnar er tilgreint að jafnréttismál skuli koma til sérstakrar skoðunar. Nefndinni er ætlað að skila niðurstöðum fyrir árslok 1996, en áfangaáliti eftir því sem starfinu vindur fram.

Í öðru lagi er nú til sérstakrar athugunar í fjmrn. hvernig hefur verið haldið á jafnréttismálum þar, þ.e. í ráðuneytinu og stofnun á vegum þess. Í því sambandi er m.a. litið til könnunar Félagsvísindastofnunar um jafnréttismál og borið saman hvort fjmrn. sker sig úr þar á einhvern veg. Þessi athugun mun liggja fyrir innan tíðar. Það er reyndar alþekkt fyrirbæri, ekki bara hér á landi heldur einnig í nágrannalöndunum, að fjármál og efnahagsmál eru talin „macho"-mál. Eins og allir vita þá kunna konur ekkert í stærðfræði og skilja ekki tölur. Þess vegna eru það karlmenn sem fara með tölur og spyrja síðan konurnar á eftir: Þið skiljið væntanlega hvað við eigum við? Og það má vel vera að leifar af þessu finnist enn þá í fjmrn. og skyldum stofnunum og það þarf auðvitað að athuga það. Vona ég að það sem ég sagði nú hafi ekki verið tekið hátíðlega eða í alvöru, en samt fylgir gamninu nokkur alvara.

Í þriðja lagi hef ég ákveðið að sérstök kynning fari fram meðal stofnana á jafnréttismálum að því er tekur til launa, starfskjara og fleiri þátta. Þetta eru verkefni sem unnið verður að á næsta ári.

Í fjórða lagi vil ég minna á að núgildandi jafnréttisáætlun rennur út í árslok 1996 og það er mikilvægt að hafinn verði undirbúningur sem fyrst vegna gerðar nýrrar áætlunar og fjmrn. mun að sjálfsögðu vera reiðbúið til samstarfs við félmrn. í því efni.

Mér þykir vænt um þessa fyrirspurn sérstaklega vegna þess að því hefur verið haldið fram í umræðunum að það hafi hvergi verið minnst á jafnréttismál í frv. nema til þess að minnka bætur til ekkna til þess að þær yrðu jafnslæmar og hjá ekklum, en vona ég nú að það hafi runnið upp fyrir fólki að það er fleira í frv. Ég hef þegar nefnt að þar sé einnig gert ráð fyrir því að styrkja áfram þá skoðun sem fór fram á sínum tíma á vegum Félagsvísindastofnunar og Jafnréttisráðs.

[14:42]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Mig langar sérstaklega að koma upp til að fagna mjög hve skýrt ráðherrann tók til orða áðan um að launamisréttið væri eitt alvarlegasta jafnréttisbrotið. En ég vil líka minna á að í gangi er vinna á vegum félmrn. um starfsmat sem tæki til þess að minnka launamun kynjanna. Sú vinna mun skila sér í skýrslu sem er væntanleg bráðlega og við munum einnig koma með tillögur um næstu skref.

Ég hef borið örlítinn ugg í brjósti gagnvart fjmrn., að það væri kannski ekki mjög opið fyrir þeim hugmyndum sem við erum að ræða í þessari starfsmatsnefnd, en eftir að hafa hlustað á málflutning hæstv. fjmrh. þá sé ég að sá uggur í mínu brjósti á væntanlega ekki rétt á sér þannig að ég fagna mjög því sem ég er að heyra úr ræðustóli.

[14:43]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fjmrh. fann einhvern lið í fjárlagafrv. þar sem hann kemur inn á jafnréttismál, en það eru ekki miklir peningar og miklar aðgerðir sem eru fyrirsjáanlegar, verð ég að segja. Ein nefndin hér og þar og mig langar til að spyrja hann hvort hann geti hugsað sér á þessu stigi málsins að gera eitthvað raunhæft til þess að minnka launamun kynjanna, t.d. að verja til þess einhverjum fjármunum.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðum hér. Mér þótti margt athyglisvert koma fram í máli hæstv. fjmrh. þó að ég taki undir það að við konur í landinu bíðum mjög óþreyjufullar eftir aðgerðum, sérstaklega til þess að draga úr launamun kynjanna. Þar er margt sem hægt er að gera fljótt og vel. En það er samt til mikilla bóta að sjá það að ráðuneytin séu sjálf farin að taka annars vegar á sínum innri málum, og hefði nú fyrr mátt vera, og hins vegar það að fjmrn., sem náttúrlega hefur yfirsýn yfir allar launagreiðslur ríkisstarfsmanna og það hvernig fjármunum er varið, skoði þetta allt í samhengi og fylgi eftir þeirri skýrslu sem var unnin af Félagsvísindastofnun að beiðni Jafnréttisráðs og var hvað mest til umræðu í kosningabaráttunni sl. vor. Það er svo sannarlega kominn tími til að ráðuneytin fari að gera eitthvað í þessum málum og fylgja eftir þeirri jafnréttisáætlun sem hefur verið samþykkt á hinu háa Alþingi og er reyndar til endurskoðunar núna. Allt er þetta góðra gjalda vert sem kemur fram varðandi það sem ætlunin er að gera innan ráðuneytisins. Auðvitað hafa verið kallaðar fram margs konar upplýsingar um launamun og um greiðslur, sem renna sérstaklega til karla, og þá ekki síst í ráðuneytunum eins og fjmrn. þar sem margir eru hátt launaðir en þar eru reyndar margar mjög hæfar konur líka og eins það, sem mér þótti nokkuð athyglisvert, að gera könnun á því hvort viðhorfin eru önnur hjá hinu opinbera en hjá einkamarkaðnum. Ég átta mig ekki á því hvort svo er. Mér sýnist, hæstv. forseti, að einkamarkaðurinn þverbrjóti jafnréttislögin og það gerir ríkið líka þannig að hér þarf svo sannarlega að taka á og við munum fylgjast grannt með því hverju fram vindur hjá hæstv. fjmrh. og fjmrn.

[14:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Það var rætt nokkuð í upphafi um aðgerðir, hugarfar og nú síðast um fjármuni. Ég ítreka það sem ég hef stundum sagt áður að ég held að þetta sé að mestu leyti spurning um hugarfar. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að því verði vart breytt nema með aðgerðum og hugsanlega kunna slíkar aðgerðir að kosta einhverja fjármuni en áður en menn setja mikla fjármuni í þessa vinnu held ég að menn verði að vita nákvæmlega hvað þeir ætla að gera.

Ég hlustaði með athygli á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og satt að segja hafði ég ekki vitað nákvæmlega um störfin sem eru á vegum félmrn., en ég vil vegna þess sem kom

fram í máli hennar segja að starfsmat þarf ekki endilega að leysa allan vanda. Það er sums staðar notað, t.d. í Svíþjóð er það notað verulega mikið. Það var notað hjá hinu opinbera á árunum 1970–1978, það var í tísku þá. Það sem skiptir máli er gagnsæið í þessu öllu saman. Það sem skiptir máli er að stjórnendur fyrirtækjanna, t.d. opinberra fyrirtækja, séu sjálfir skýrir á því hver tilgangurinn er með starfi starfsfólksins og að fólkið viti til hvers af því er ætlast þannig að mælikvarðarnir séu skýrir og hver og einn sem er í starfi hjá stofnun eða fyrirtæki viti á hvaða forsendum menn eru t.d. hækkaðir í tign og fái starfsframa. Þetta er það mikilvægasta. Síðan þarf launakerfið að vera með þeim hætti að það sé líka gagnsætt, það sé ekki verið að lauma sporslum hér og hvar, borgað fyrir sumar nefndir en ekki aðrar. Þetta er aðalatriðið í þessu.

Að öðru leyti vil ég enn á ný þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir það að gefa okkur tækifæri til þess að taka forskot á sæluna því að ég veit að þessi mál verða mjög til umræðu á næstunni.

Stimpilgjöld.

Fsp. KÁ, 33. mál. — Þskj. 33.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Síðasta sumar átti sér stað nokkur umræða um stimpilgjöld í blaði allra landsmanna, Morgunblaðinu, þar sem m.a. var spurt hvort gjöld af því tagi séu ekki gamaldags og úreltur skattur. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði mér fyrr í dag að vinnuveitendur hefðu um árabil reynt að fá ríkisvaldið til þess að afnema stimpilgjöld en án árangurs. Við vitum að stimpilgjöld snerta mjög marga landsmenn sem eiga í ýmiss konar viðskiptum en ég hygg að gjöld af þessu tagi eigi rætur að rekja til danska konungsveldisins og séu býsna gömul. Þjónustugjöld eru oftast eðlileg og fólk borgar fyrir veitta þjónustu en mér virðist sem á stundum geti stimpilgjöld verið mjög íþyngjandi fyrir þá aðila sem þurfa að greiða þau. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 kemur fram í 6. gr. að þar eru sex liðir sem hæstv. fjmrh. leitar eftir heimild til þess að fella niður stimpilgjöld og það vekur upp þær spurningar hversu íþyngjandi þau eru.

Mér lék forvitni á að vita hversu miklar tekjur ríkið hefur af stimpilgjöldum og hversu mikið er um það að þau séu felld niður. Er það t.d. í meira mæli en þessar beiðnir fela í sér og eru uppi áform í ráðuneytinu um að fella niður stimpilgjöld? Þetta eru þær spurningar sem eru á þskj. 33. Ég ætla ekki að lesa þær nákvæmlega en bíð spennt eftir svörum hæstv. fjmrh.

[14:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrstu fyrirspurninni: Hversu miklar eru tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldunum það sem af er árinu 1995? er því til að svara að til septemberloka voru tekjur af stimpilgjöldum 1 milljarður 622 millj. 999 þús. 896 kr. eða rúmlega 1.6 milljarðar. Stimpilsektir, þ.e. sem mér skilst að framkallist þegar of seint er komið með skjöl, voru á sama tíma 4 millj. 650 þús. 639 kr.

Í öðru lagi er spurt: Hversu mikið hefur fjmrn. fellt niður af stimpilgjöldum það sem af ársins? Því er til að svara að í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 eru tvær heimildir til niðurfellingar stimpilgjalda sem hafa verið nýttar. Annars vegar hefur stimpilgjald að fjárhæð 771.909 kr., þ.e. um það bil 772 þús. af skuldabréfi sem Spölur hf. hefur gefið út í tengslum við fjármögnun jarðganga. Það er í lið 2.5 í 6. gr. Hins vegar hefur stimpilgjald að fjárhæð 29,5 millj. verið fellt niður vegna veðskulda sem hvíla á B-737 400 flugvél sem Flugleiðir hf. hafa gert leigusamning um, sbr. 6. gr., lið 2.8. Þetta eru samtals 30,3 millj.

Þegar spurt er um áfram að fella niður stimpilgjöld þá er því til að svara að nefnd sem hefur starfað á vegum fjmrn. hefur reyndar útbúið drög að lagafrv. til breytinga á stimpilgjöldum. Stimpilgjöldin eru óneitanlega tekjustofn sem munar talsvert um og ég sé ekki í fljótu bragði að okkur takist að fella þau niður en það má hins vegar gera ýmsar breytingar á stimpilgjöldunum sem ég held að hafi þýðingu. Það sem hefur komið fram í nefndarstarfinu og ég vil nefna hér og geri það að sjálfsögðu alveg án ábyrgðar á því hvort það verður endanlega niðurstaðan er að í fyrsta lagi þarf nauðsynlega að tengja stimpilgjöldin lánstímanum. Það er mjög óeðlilegt að menn borgi aðeins hlutfall af upphæðinni hvort sem skjalið er til eins mánaðar eða til margra ára. Það sjá allir í hendi sér.

Í öðru lagi má kannski breikka stofninn með því að taka stimpilgjald sem er vissulega skattur af eignaleigusamningum og kaupsamningum um lausafé en í þriðja lagi er ástæða til þess að undanþiggja markaðsverðbréf stimpilgjaldi þó þegar af þeirri ástæðu að slík viðskipti geta farið fram annars staðar en á Íslandi. Enginn vandi er að færa þessi viðskipti til.

Þá hefur verið bent á að í vátryggingarsamningum þurfi ávallt að miða stimpilgjaldið við iðgjald og loks þarf að kanna hvort ekki sé ástæða til að stimpilgjald sé ávallt tekið af sölu- og leigusamningum, t.d. með aflaheimildum sem er sívaxandi grein og í raun og veru ekkert öðruvísi en önnur viðskipti.

Þetta er það sem nefnt hefur verið þannig að svarið við fjórðu spurningunni er að það er ekki áformað að fella í heilu lagi niður stimpilgjöld sem gjaldstofn eða skattstofn til ríkisins en fyrirhugað er að breyta stimpilgjöldunum og verða þá væntanlega þau viðhorf sem ég hef nefnt höfð til viðmiðunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara nánar ofan í þessar undanþáguheimildir en það hefur lengi verið svo að það hafa verið inni heimildir í fjárlögum. Sumar þeirra eru úreltar að ég tel eins og heimildir vegna skipasmíða þegar um er að ræða erlend lán sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs en það hefur frá ómunatíð tíðkast að skjöl vegna flugvélakaupa hafa farið inn á 6. gr. Ef ég man rétt er einkum munur í lögum á því hvort menn eru að kaupa flugvélar annars vegar eða skip hins vegar. Ég kann það ekki nægilega vel til þess að fara frekar út í það en vænti þess að þetta hafi svarað fyrirspurnum hv. þm.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Mér þykir það sem kom fram í máli hans mjög athyglisvert, hvað þetta eru miklar tekjur sem ríkið hefur af stimpilgjöldum. Ég hafði hreinlega ekki gert mér grein fyrir því að þetta væri svo há upphæð þó að maður ætti svo sem að geta séð það í hendi sér þegar maður hugsar til allra þeirra viðskipta sem þarna eiga sér stað að þetta eru verulegir fjármunir. Ég skil það sjónarmið að það munar um upphæð af þessu

tagi, 1,6 milljarða kr. þegar við hugsum til fjárlaga íslenska ríkisins (**Fjmrh.:** Það eru bara 9 mánuðir.) Já, það er rétt hjá fjmrh. Við erum bara að tala um fyrstu 9 mánuði þessa árs og væri forvitnilegt að hafa samanburð við allt sl. ár.

Mér þótti líka athyglisvert það sem hann nefndi varðandi nefndina, að menn væru að hugsa um að breikka gjaldstofninn frekar en fara út í það að leggja þetta niður. Ég treysti mér ekki til þess að leggja neitt mat á það hvort menn eru þar á réttri leið eða hvort frekar ætti að fara þá leið að fella þessi gjöld niður og maður spyr sig auðvitað: Er eðlilegt að ríkið taki í sinn hlut gjald fyrir nánast öll viðskipti sem eiga sér stað, t.d. fasteignaviðskipti og annað slíkt, en svo þar á móti er þá rétt að ákveðnir hlutar viðskipta og það sem hæstv. fjmrh. nefndi hér með kvótakaup og slíkt sé undanskilið? Þetta er bara mál sem þarf að skoða nánar og verður forvitnilegt að fylgjast með.

Sala ríkiseigna.

Fsp. KÁ, 34. mál. — Þskj. 34.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Enn leita ég fanga í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 en við lestur 6. gr. vöknuðu hjá mér spurningar um kaup og sölu á ríkiseignum. Á hverju einasta ári er að finna í fjárlagafrv. langan lista yfir fasteignir, jarðir, sendiherrabústaði erlendis og ýmislegt sem ríkið leitar eftir heimildum til ýmist að selja eða kaupa en ég kannast ekki við það að við þingmenn fáum yfirlit yfir það hvað verður um þessar heimildir öðruvísi en kalla eftir þeim upplýsingum sérstaklega. Að vísu er gefin út fasteignaskrá ríkisins og hugsanlega er hægt að finna þetta út með samanburði en mig langaði til þess að fá örlitla innsýn inn í það hvað verður um þessar heimildir og þess vegna lagði ég fram þessar tvær fyrirspurnir á þskj. 34 og þskj. 35. Fyrst eru svohljóðandi spurningar um sölu ríkiseigna, með leyfi hæstv. forseta:

1.Hversu margar eignir ríkisins voru seldar á árinu 1994 og það sem af er árinu 1995:

a. húseignir,

b. jarðir og lóðir,

c. fyrirtæki eða hlutir í fyrirtækjum, og hvaða fyrirtæki áttu í hlut,

d. aðrar eignir?

2. Hversu miklu fé skilaði sala ríkiseigna árið 1994 og það sem af er árinu 1995?

[15:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég held að full ástæða sé til að koma fram með þessa fyrirspurn og hárrétt hjá hv. þm. að það þarf kannski að athuga aftur hvernig standa eigi að 6. gr. heimildum. Fyrir nokkrum árum var reynt að fækka þeim sem allra mest en þær hafa tilhneigingu til þess að öðlast eilíft líf svo að ég endurtaki það sem ég sagði fyrr í dag af öðru tilefni. Ástæðan er auðvitað sú að í mörgum tilfellum vill ríkið hafa möguleika til þess að kaupa. Ég gæti nefnt sem dæmi að Stjórnarráðið vill t.d. hafa möguleika á því að geta keypt með skjótum hætti eignir á ákveðinni torfu bak við Þjóðleikhúsið í Skuggahverfinu. Landspítalinn vill hafa möguleika á því að kaupa húseignir við Eiríksgötu svo að ég nefni annað dæmi og þess vegna eru svona heimildir inni.

Það má heldur ekki gleyma því að stundum eignast ríkið hús vegna ófara fólks. Það eignast talsvert af húseignum eins og bankar og aðrir slíkir vegna þess að fólk hefur ekki getað staðið í skil á sköttum og endað í þeirri sorgarsögu að um uppboð eða sölu hefur verið að ræða. Þess vegna eignast ríkið húsnæði sem það reynir síðan að selja aftur og það gerist algerlega utan við fjárlögin. Það er talið heimilt að ganga þannig frá málum og byggir þannig á almennum reglum sem eru afleiðingar af skattalögum og innheimtumálum ríkissjóðs.

En svörin eru þessi: Árið 1994 voru 37 fasteignir og tvö skip seld á vegum ráðuneytisins eða með samþykki þess og salan skiptist þannig að húseignirnar voru 25, söluverðið 146,6 millj. Jarðir og lóðir voru 12 á 58 millj. Fyrirtæki voru tvö, annars vegar var það hluti ríkisins í Þormóði ramma fyrir 89 millj. 400 þús. og Lyfjaverslun Íslands sem seldist fyrir 201 millj. Þá voru seld tvö skip og var söluverðmæti 107 millj. kr. Þau voru samtals rúmar 600 millj. Það sem af er þessu ári hafa 18 fasteignir verið seldar og þær skiptast þannig að húseignir eru 14, söluverðmæti 94 millj., fjórar jarðir og lóðir. söluverðmæti 23,4 millj. og loks fyrirtækið Lyfjaverslun Íslands eða afgangurinn af því en það sem var selt var 201 millj. á fyrri hluta þessa árs. Samtals eru þetta rúmlega 318 millj. Þetta eru u.þ.b. 920 millj.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða því að ýmsar ríkisstofnanir sjá sjálfar um eignasölu sína án afskipta ráðuneytisins, t.d. ÁTVR, Rarik, Póstur og sími, Byggðastofnun, Framkvæmdasjóður, Iðnlánasjóður o.fl. sem hafa til þess heimildir að ráðstafa sínum eignum, kaupa og selja. Ég hef skrá yfir þessar eignir hér en ég sé ekki ástæðu til þess að birta hana að svo stöddu a.m.k. enda er hún í bland vegna heimilda í 6. gr. og eins vegna sölu á eignum sem ríkið hefur eignast vegna uppboða. Vona ég að þetta svari fyrirspurninni.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör og allt er þetta mjög upplýsandi sem hér kemur fram. Það kom fram í svari hans að árið 1994 hafa eignir verið seldar fyrir 600 millj. og fyrir 318 millj. það sem af er þessu ári og enn væri gaman að vita hvernig þetta er í samanburði við fyrri ár. Ég held að þetta sé nokkuð svipað ár frá ári þó að einkavæðingaráformin komi misjafnlega inn í þetta eftir því hvernig hefur gengið á hverju ári.

Það er svo sem ekki miklu meira um þetta að segja. Þetta er athyglisvert og í rauninni finnst mér að við þingmenn ættum að fá yfirlit á hverju einasta ári hvað verður um þessar eignir og þær heimildir sem verið er að leita eftir í 6. gr. fjárlaga. Ég skil það mjög vel og veit það mjög vel að það er eðlilegt að þær ríkisstofnanir, B-stofnanir eða sem hafa sjálfstæðan rekstur eins og Póstur og sími, annist þetta sjálfar enda er hér fyrst og fremst verið að fiska eftir því sem fer næstum því beint í gegnum ríkissjóð. Ég ítreka þökk fyrir þessi svör.

Kaup á eignum.

Fsp. KÁ, 35. mál. — Þskj. 35.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er komið að síðustu fyrirspurninni og

hefur fjmrh. lagt af mörkum miklar upplýsingar á þessum degi. Þessi fyrirspurn er í beinu framhaldi af hinni síðustu þar sem spurt var um sölu á eignum en hér er spurt um kaup á eignum ríkisins á árinu 1994 og það sem af er ársins 1995. Hér er sama sundurgreining. Það er spurt um húseignir, jarðir, fyrirtæki eða hluta úr fyrirtækjum, aðrar eignir og hversu miklu fé var varið til eignakaupa á árinu 1994 og það sem af er árinu 1995.

Ég veit að það er ýmislegt fram undan, m.a. hjá utanrrn., ekki eingöngu hér á landi heldur líka erlendis og menn eru ár eftir ár með ýmsar hugleiðingar, t.d. að selja sendiherrabústaðinn í New York og víðar er verið að velta fyrir sér slíkum málum. Það er reyndar vert að fylgjast með því hverju fram vindur en ég ætla að bíða svara hæstv. fjmrh. við þessum fyrirspurnum.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þetta er eiginlega hin hliðin á síðustu fyrirspurn. Ég mun koma strax að svarinu. Á árinu 1994 voru samtals 32 fasteignir keyptar fyrir ríkið á vegum ráðuneytisins eða með samþykki þess. Kaupin skiptast þannig: 27 húseignir, kaupverð 532 millj. kr. Sex jarðir, kaupverð 32,9 millj. Það sem af er þessu ári hafa 13 fasteignir verið keyptar, þ.e. 12 húseignir, kaupverð 128,8 millj og ein lóð hefur verið keypt á eina milljón. Samtals 129,8 millj. kr. Til samanburðar má geta þess sem kom fram í síðasta svari að seldar voru eignir á sl. ári fyrir 600 millj., keyptar fyrir 565 millj. Það sem af er árinu voru keyptar eignir fyrir tæplega 130 millj. en seldar fyrir 318 millj. og munar þar mest um Lyfjaverslun Íslands eða 200 millj. Að einkavæðinguni frátalinni stendur þannig á a.m.k. þessum tölum fyrir þessi tvö tímabil að kaup og sala eru nokkurn veginn í jafnvægi. Það kann þó að vera alger hending og ég vil ekki fullyrða að það gerist þannig frá ári til árs.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. um upplýsingar af þessu tagi finnst mér vel koma til greina að það birtist heildaryfirlit yfir kaup og sölu t.d. í fjárlagafrv. og ég skal koma þeirri ósk til starfsmanna ráðuneytisins. Ég efast um að það þjóni tilgangi að birta nöfn kaupenda og seljenda og slíkt af því að sumar upplýsingarnar eru að sjálfsögðu viðkvæmar, ekki síst þegar um er að ræða kaup á eignum á uppboði.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör við þessum spurningum um kaup á eignum. Það er rétt sem fram kemur hjá honum að kaup og sala virðist vera í nokkru jafnvægi og auðvitað er eðlilegt að það sé nokkur hreyfing á þessum hlutum en mig langar þá að spyrja hann hvort hann kunni skýringu á því hvers vegna voru keyptar 6 jarðir á árinu 1994. Er þar um einhvers konar gjaldþrot að ræða eða hvaða ástæða er til þess að ríkið sé enn að kaupa jarðir? Eru þetta bújarðir eða hvað er þarna á ferðinni? Það kemur manni spánskt fyrir sjónir í þeim mikla samdrætti sem er í landbúnaði að ríkið kaupi jarðir nema það sé af einhverjum slíkum orsökum að þær gangi til ríkisins vegna þeirra vandræða sem hafa gengið yfir landbúnaðinn.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður er ég ekki tilbúinn til þess að svara þessari spurningu en mér sýnist mjög fljótt á litið í þeim upplýsingum sem ég hef að a.m.k. í sumum tilvikum sé um uppboð að ræða. Í öðrum tilvikum er um að ræða makaskipti þar sem landspilda kemur á móti annarri eign. Síðan geta verið um að ræða lóðir eða hluti úr jörðum en því miður get ég ekki á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hef svarað því öllu nákvæmar.

Fundi slitið kl. 15:13.

---

16. FUNDUR

fimmtudaginn 19. okt.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Finnur Ingólfsson viðskrh.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun á kosningalöggjöfinni, 103. mál, fsp. SF, þskj. 108.

Gatnagerðargjald, 106. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 111.

Glasafrjóvgun, 17. mál, svar heilbrrh., þskj. 101.

Hjúskaparlög, 107. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 113.

Jarðasjóður, 104. mál, fsp. MF, þskj. 109.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 99. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 104.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 102. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 107.

Mengunarvarnir í flotkvíum, 108. mál, fsp. GHall, þskj. 114.

Úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, 105. mál, fsp. MF, þskj. 110.

Verðbréfasjóðir, 98. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 103.

Verðbréfaviðskipti, 97. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 102.

Verðbréfaþing Íslands, 101. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 106.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 100. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 105.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Reglur um umræðuna eru í 48. gr. þingskapa. Samkvæmt þeim mega þingmenn og ráðherrar tala tvisvar. Sá er fyrir skýrslunni mælir, þ.e. utanrrh., eigi lengur en 30 mín. í fyrra sinn og 15 mín. í síðara sinn en aðrir eigi lengur en 15 mín. í senn.

[10:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fyrstu stefnuræðu minni á hinu háa Alþingi um utanríkismál Íslands verður lögð megináhersla á alþjóðlegt samstarf um sjávarútvegs- og hafréttarmál og viðleitni okkar á alþjóðavettvangi til að tryggja vernd náttúruauðlinda hafsins og skynsamlega nýtingu þeirra. Ég hef helgað þessum málum mikinn hluta starfsævi minnar og þau munu vega þungt í starfi mínu sem utanrrh. Í ræðunni verður enn fremur fjallað um það hvernig tryggja megi hagsmuni Íslendinga í umbreytingunum sem nú standa yfir í stjórnmálum og öryggismálum í Evrópu. Jafnframt verður gerð grein fyrir auknum áherslum í viðskipta- og markaðsmálum. Við mótun utanríkisstefnunnar verður haft að leiðarljósi að tryggja sjálfstæði og afkomu þjóðarinnar og virka þátttöku í samfélagi þjóðanna.

Innan fárra daga, hinn 24. október, fagna Sameinuðu þjóðirnar 50 ára afmæli sínu. Á þessum tímamótum er vert að minnast þess að þátttaka í starfi samtakanna var ein fyrsta ákvörðun hins unga íslenska lýðveldis og jafnframt eitt fyrsta skrefið í þátttöku Íslendinga í alþjóðastjórnmálum. Nú sem fyrr gerir þátttakan í starfi Sameinuðu þjóðanna Íslendingum kleift að leggja sitt af mörkum til velfarnaðar alls mannkyns; til friðar og öryggis, lýðræðis, mannréttinda, umhverfisverndar og þróunarhjálpar. Mér var sérstök ánægja að ávarpa 50. allsherjarþingið 25. sept. sl. og taka undir með þeim sem vilja efla samtökin og búa þau undir viðfangsefni framtíðarinnar.

Fjölmargir leggja nú gjörva hönd á það verk að endurskoða og bæta störf og skipulag samtakanna jafnframt því að leysa aðsteðjandi fjárhagsvanda sem nú ógnar öllu starfi þeirra. Við viljum stuðla að umbótum, hvort sem er í starfi allsherjarþingsins, einstakra stofnana eða öryggisráðsins. Í því skyni þarf sérstaklega að endurskoða reglur um framlög aðildarríkja. Norðurlöndin hafa mótað sameiginlega afstöðu til breytinga á öryggisráðinu þar sem lögð er áhersla á að stærra öryggisráð endurspegli breyttar aðstæður í heiminum og ráðið verði vettvangur virkra og ábyrgra aðildarríkja. Í ræðu minni á allsherjarþinginu var lýst stuðningi við að Þýskaland og Japan fái fast sæti í öryggisráðinu. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur tekið frumkvæði í því að móta nýja stefnu samtakanna með starfsskrám sínum um frið og framþróun. Sameinuðu þjóðirnar hafa síðustu missiri staðið fyrir ráðstefnu um mikilvæg mál sem varða framtíð alls mannkyns, nú síðast um málefni kvenna í Peking þar sem samþykkt var framkvæmdaáætlun í málefnum kvenna fyrir næstu áratugi.

Friðargæsla verður æ umfangsmeiri í starfi Sameinuðu þjóðanna og renna nú um tveir þriðju hlutar útgjalda þeirra til hennar. Ísland greiðir skilvíslega hlutdeild sína í kostnaðinum og hefur lagt til lækna og hjúkrunarfólk til starfa í fyrrverandi Júgóslavíu. Íslenskur læknir er að hefja störf um þessar mundir í heilsugæslusveit norska hersins í Bosníu og tveir íslenskir hjúkrunarfræðingar taka nú þátt í þjálfunarnámskeiði í Noregi með það fyrir augum að fara til starfa í Bosníu.

Leggja ber áherslu á að Íslendingar taki þátt í því starfi Sameinuðu þjóðanna þar sem sérþekking þeirra nýtist best. Þegar er starfræktur hér á landi jarðhitaskóli á vegum háskóla Sameinuðu þjóðanna og unnið er að því að koma á fót sjávarútvegsskóla með sama hætti sem hugsanlega gæti tekið til starfa að tveimur árum liðnum.

Leita verður leiða til að auka samstarf við þróunarstofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðastofnanir og efla þannig starfsemi á sviði þróunarmála. Innan Þróunarsamvinnustofnunar verður lögð áhersla á aðstoð á sviði sjávarútvegs, jarðhita og tækniþekkingar. Einnig ber að hafa þau langtímamarkmið í huga að þróunaraðstoðin geti orðið vísir að frekari viðskiptasamvinnu Íslands og viðkomandi ríkja og jafnframt stuðlað að uppbyggingu efnahagslífs í þessum löndum og eflingu lýðræðis og mannréttinda. Íslendingar hafa undanfarin ár víða miðlað af lýðræðishefð sinni með þátttöku í kosningaeftirliti.

Ekki þarf að hafa mörg orð um framlag Íslands til hafréttarmála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hingað til, svo kunnugt er þingheimi og þjóðinni allri um þau efni. Áfram ber að leggja áherslu á þátttöku í því starfi samtakanna sem varða beinlínis lífsafkomu íslensku þjóðarinnar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl sl. er lýst þeim ásetningi að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að verjast mengun og vernda lífríki hafsins. Þátttaka í slíku samstarfi mun skila sér til komandi kynslóða.

Á alþjóðvettvangi hefur Ísland vakið athygli á afleiðingum mengunar hafsins. Í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hvatti ég aðildarríki til þátttöku í alþjóðaráðstefnu sem á að halda í Washington nú á næstunni um mengun hafsins frá landstöðvum.

Um heim allan er fólk háð fæðuöflun í hafinu og ber nauðsyn til að vernda vistkerfi og lífríki hafsins og nýta auðlindir þess á sjálfbæran hátt. Þetta verður aðeins gert með alþjóðlegu samstarfi. Það hefði því mikla þýðingu fyrir fæðuöflun mannkyns í framtíðinni, ekki síst fyrir þróunarlöndin, ef þjóðir heims tækju höndum saman og kæmu á skynsamlegri stjórnun fiskveiða á úthöfum. Ísland tók virkan þátt í úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York í ágúst og gerð alþjóðasamnings um verndun og stjórnun deilistofna og mikilla fartegunda. Með samkomulaginu hefur verið rennt styrkri stoð undir alþjóðlega fiskveiðistjórnun og rétt þeirra þjóða sem eru mjög háðar nýtingu lífrænna auðlinda. Leitast verður við að efla svæðisbundna samvinnu um þessi mál í framtíðinni.

Sömu grundvallarlögmál gilda um nýtingu hvalastofna og annarra lífrænna auðlinda hafsins. Af Íslands hálfu er vel fylgst með þróun mála innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við munum jafnframt beita okkur fyrir samvinnu um nýtingu sjávarspendýra á Norður-Atlantshafssvæðinu með þátttöku í NAMMCO.

Barátta Íslendinga fyrir yfirráðum yfir efnahagslögsögunni er kunnari en frá þurfi að segja. Okkur ber einnig skylda til að tryggja hagsmuni okkar á fjarlægari miðum og knýja á um að fiskstofnar á Norðurslóðum verði nýttir á skynsamlegan hátt og að sanngirnissjónarmið ráði í stjórnun veiðanna. Það er von okkar að hægt verði innan skamms að leysa ágreining sem staðið hefur milli Íslands, Noregs og Rússlands um þorskveiðar í Barentshafi. Það mundi

auðvelda þessum ríkjum ásamt Færeyjum að snúa sér að stjórnun veiða úr íslensk-norska síldarstofninum. Deilurnar við nágrannaþjóðirnar undirstrika nauðsyn þess að fjölþjóðleg samvinna takist um nýtingu auðlinda á Norðurslóðum. Víða annars staðar má sjá merki vaxandi hörku í deilum um fiskveiðiréttindi, t.d. í málflutningi Evrópusambandsins, og ætti það að vera okkur varúðarmerki.

Íslendingum og Norðmönnum er ekki sæmandi að standa í langvinnum deilum um sameiginleg hagsmunamál. Það er umhugsunarefni að fyrsta og eina skoti sem hefur verið hleypt af að skipun norskra stjórnvalda eftir stríð var beint að íslenskri áhöfn. Bræðraþjóðirnar sem sækja sameiginlegan menningararf til frægasta rithöfundar Íslendinga, afburðalærdómsmannsins Snorra Sturlusonar, verða að geta komið sér saman um nýtingu auðlinda. Snorri Sturluson rétti yfir hafið þá gersemi sem enn í dag er aflvaki metnaðar, uppbyggingar og sóknar. Í anda sameiginlegrar menningar, sem bindur okkur saman, hlýtur að finnast sú sanngirni sem getur leitt til sameiginlegrar niðurstöðu. Í þeirri sanngirni má finna bæði prósentur og tölur og mat á raunverulegum möguleikum beggja þjóðanna til að búa þegnum sínum sómasamlegt líf á grundvelli auðlinda þjóðanna. Íslendingar eru og verða af augljósum ástæðum háðir auðlindum hafsins um ófyrirsjáanlega framtíð.

Kappkosta verður að Íslendingar taki þátt í fjölþjóðlegu samstarfi um auðlindamál í heimshluta okkar. Sjónir manna beinast æ meira að Norðurslóðum. Þegar er hafin í Barentsráðinu fjölþjóðleg samvinna Norðurlandanna og Rússlands á sviði efnahagsmála, tækni, samgangna og vísinda. Lífsafkoma og menningararfleifð frumbyggja svæðisins er sérstaklega höfð til hliðsjónar. Barentssamvinnan veitir auk þess töluverða möguleika á efnahags- og viðskiptasamvinnu sem nýst getur atvinnuvegum á Íslandi.

Næsta skref á þessari braut er fyrirhuguð stofnun Norðurskautsráðsins með þátttöku átta aðliggjandi ríkja. Innan ráðsins verði annars vegar unnið áfram að framkvæmd „umhverfisstefnunnar á heimskautasvæðinu" og hins vegar að „Átakinu um sjálfbæra þróun á heimskautasvæðinu", en í því er lögð áhersla á efnahags-, félags-, heilbrigðis- og menningarmál. Norðurskautsráðið er um margt táknrænt fyrir hinar breyttu aðstæður í alþjóðastjórnmálum. Í Norðurskautsráðinu munu nágrannaþjóðir, sem árum saman fjandsköpuðust hver við aðra, taka höndum saman um sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins og vernd viðkvæmrar náttúru norðurslóða.

Ég hef haft tækifæri til að vinna að stofnun Norðurskautsráðsins innan Norðurlandaráðs og í gær ákváðu norrænu samstarfsráðherrarnir á fundi í Svíþjóð að leggja tillögu um samstarf um málefni norðurskautsins og aukinn forgang þess fyrir Norðurlandaráðsþing í Kuopio í Finnlandi í næsta mánuði sem verður væntanlega samþykkt á þinginu. Fjöldi slíkra hagsmunamála Íslendinga færir mér ávallt heim sanninn um mikilvægi norrænnar samvinnu og þýðingar hennar í framtíðinni. Óþarfi er að fjölyrða um hið umfangsmikla og nána samstarf á milli Norðurlandanna á sviði menningarmála, félagsmála og umhverfismála, sem fram fer í Norðurlandaráði, svo sjálfsagt er það orðið í hugum flestra Norðurlandabúa. Þetta samstarf, sem byggir á sameiginlegum menningararfi og grundvallarviðhorfum, hefur þróast í áratugi þrátt fyrir ólík viðhorf til alþjóðastjórnmála og mismunandi þátttöku í fjölþjóðasamtökum á sviði varnarmála og efnahagssamvinnu.

Ýmsar efasemdir hafa komið fram um framtíð Norðurlandasamstarfsins vegna aðildar Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu. Ég er þeirrar skoðunar að hin nánu bönd Norðurlandabúa, sem tengt hafa ótal einstaklinga, félög og stofnanir í áratugi, séu það sterk að aðild ríkjanna þriggja að Evrópusambandinu fái þau ekki slitið. Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa á markvissan hátt leitast við að eyða óvissu í þeim efnum. Norðurlöndin hafa yfirfarið samstarf sitt á alþjóðavettvangi, sérstaklega hjá Sameinuðu þjóðunum.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 29. sept. sl. voru samþykktar ákveðnar breytingar sem gera þurfti á Helsinki-sáttmálanum, grundvelli hins opinbera norræna samstarfs, til að aðlaga starfshætti Norðurlandaráðs að breyttum aðstæðum. Innan tíðar verður samkomulagið um breytingarnar á sáttmálanum lagt fyrir Alþingi til staðfestingar. Einnig var sú breyting gerð á Helsinki-sáttmálanum að bætt var við hann jafnréttisreglu um það að við lagasetningu á Norðurlöndum skuli ríkisborgarar annarra Norðurlanda njóta sama réttar og ríkisborgarar viðkomandi lands á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Sem kunnugt er var öryggismálasamráð Norðurlanda lengst af lítið. Það helgaðist m.a. af mismunandi afstöðu ríkjanna til öryggismála og hlutleysisstefnu Finnlands og Svíþjóðar. Segja má að nú hafi komist á formlegra samráð Norðurlandanna um öryggis- og varnarmál en áður var með áheyrnaraðild Finnlands og Svíþjóðar að Vestur-Evrópusambandinu, auk þess sem ríkin tvö eiga nú áheyrnaraðild að Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu. Rétt er einnig að minnast á hefðbundið samráð Norðurlandanna á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vínarborg.

Ég hef hér að framan fjallað um fjölþjóðlega samvinnu á Norðurslóðum. Ekki verður nógsamlega ítrekað mikilvægi Norðurlandasamstarfsins í þeim efnum. Það á einnig við um samstarf ríkjanna sem liggja að Eystrasalti. Í Eystrasaltsráðinu liggja einnig saman leiðir Norðurlandanna og nágrannaríkjanna, Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, en þau síðastnefndu höfðu um aldaraðir náin tengsl við Norðurlönd. Ráðið gegnir m.a. því mikilvæga hlutverki að gera þessum ríkjum kleift að bindast samfélagi vestrænna ríkja traustari böndum og aðstoða við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og réttarkerfis. Þar fer einnig fram aðstoð við að koma á eðlilegum viðskiptaháttum, sinna umhverfisvernd, orkumálum og samgöngum.

Það er Íslendingum engin nýlunda að taka þátt í samstarfi í tengslum við þetta innhaf Norður-Evrópu. Þegar á miðöldum var Ísland hluti af verslunarsambandi Hansaborganna sem vel mætti kalla fyrsta Evrópska efnahagssvæðið. Enn eigum við pólitískra hagsmuna og viðskiptahagsmuna að gæta á þessum slóðum. Við viljum taka fullan þátt í starfi Eystrasaltsráðsins og gæta þar hagsmuna okkar eins og í öðru alþjóðlegu samstarfi en jafnframt leggja fram okkar skerf til að koma til móts við óskir hinna nýfrjálsu þjóða. Á þetta sérstaklega við um Eystrasaltsríkin. Allt frá þeim tíma að Ísland og Eystrasaltsríkin urðu sjálfstæð ríki árið 1918 hafa Íslendingar látið sig málefni ríkjanna varða og borið til þeirra hlýjan hug. Öflug þátttaka í Eystrasaltsráðinu rennir stoðum undir sjálfstæði þessara vinaþjóða og stuðlar jafnframt að pólitískum stöðugleika í norðanverðri Evrópu.

Skipan öryggismála í Evrópu er um þessar mundir á krossgötum og unnið er að mótun nýs öryggiskerfis fyrir álfuna. Lykilatriðið er að þeim samtökum sem vinna að mótun þessari takist að ná samstöðu um grundvöll öryggismála

í álfunni sem tryggir frið og stöðugleika til lengri tíma. Á þessum umbrotatímum hefur berlega komið í ljós að enginn getur staðið hjá og hvílir raunar sérstök skylda á þeim þjóðum sem hafa mótaða lýðræðishefð að leggja sitt af mörkum. Á okkur hvílir því mikil ábyrgð til þátttöku.

Umfjöllun um öryggismál í dag takmarkast ekki við hefðbundna þætti varnarmála. Inn í þá umræðu tvinnast vaxandi ógnun svæðisbundinna átaka, hryðjuverkastarfsemi og alþjóðlegrar glæpastarfsemi. Hafa ber í huga að öryggi er samhæfing margra ólíkra þátta, hernaðarlegra og pólitískra, jafnt sem efnahagslegra, samfélagslegra og mannlegra þátta. Friður verður ekki tryggður nema á grundvelli efnahagslegrar velferðar, gagnkvæms trausts og virðingar fyrir mannréttindum. Efla ber starf hinna fjölmörgu samtaka sem vinna að þessu eins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Evrópuráðsins og svæðisbundið samstarf sem brúar skil sem áður voru milli austurs og vesturs.

Evrópuráðsins bíða óþrjótandi verkefni við að treysta mannréttindi og lýðræði í sessi í nýju aðildarríkjunum. Framundan er aðild Rússlands að ráðinu sem ber að fagna. Flest íslensk ráðuneyti láta sig varða störf ráðsins og virk þátttaka þingmanna innan þess er afar mikilvæg.

Þátttaka Íslands í varnarsamstarfi vestrænna ríkja hefur verið grundvöllur farsællar stefnu í utanríkis- og öryggismálum. Öryggi landsins hefur verið tryggt með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningnum við Bandaríkin frá 1951. Leggja ber ríka áherslu á að samstarfið yfir Atlantshafið, sem er og verður sú taug sem tryggir öryggi og stöðugleika í Evrópu. Á þessum grunni mun stefna landsins í öryggis- og varnarmálum hvíla áfram, eins og áréttað er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Þeir flokkar sem standa að núv. ríkisstjórn studdu aðildina að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma þótt ekki væri það ágreiningslaust. Tíminn hefur leitt í ljós að sú ákvörðun var rétt og skipti sköpum fyrir íslenska hagsmuni. Nú er vart til stjórnmálaflokkur á meðal þeirra þjóða sem eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu sem ekki vill treysta og efla starfsemi bandalagsins. Lýðræðisöflin í Austur-Evrópu vilja ganga í Atlantshafsbandalagið til að festa lýðræðið betur í sessi. Frá því við gengum í bandalagið hafa aðstæður gjörbreyst. Nú verðum við að skoða aðild okkar og veru varnarliðsins hér í allt öðru ljósi en fyrir tæpum 50 árum.

Í Bandaríkjunum hefur farið fram aðlögun að breyttum aðstæðum í varnarmálum. Í því skyni hefur verið ráðist í fækkun í liði Bandaríkjamanna í Evrópu. Angi af þessari stefnu er sá samdráttur sem verið hefur á undanförnum árum í umsvifum varnarliðsins hér á landi. Eins og kunnugt er var gerð bókun milli Íslands og Bandaríkjanna í ársbyrjun 1994 um aðlögun varnarsamstarfsins að breyttum tímum. Samkomulagið byggir á traustum grunni varnarsamningsins og er þar áréttaður vilji til áframhaldandi samstarfs. Varnarsamstarfið byggir á því grundvallaratriði að hér verði trúverðugar varnir.

Á þessum óvissutímum þar sem jafnvel fámennir hópar öfgamanna geta valdið usla í rótgrónum samfélögum er það lykilatriði fyrir hverja sjálfstæða lýðræðisþjóð að sýnilegar varnir séu til staðar. Vera varnarliðsins treystir öryggi og stöðugleika á Norður-Atlantshafi og er staðfesting hinna mikilvægu tengsla yfir Atlantshafið. Ástæða er til að kanna hvort ekki megi víkka og dýpka tengsl lýðræðisþjóðanna yfir Atlantshafið umfram hefðbundið varnarsamstarf þeirra, einkum á sviði efnahags- og viðskiptamála.

Atburðarásin í fyrrverandi Júgóslavíu hefur fært okkur heim sanninn um að Atlantshafsbandalagið eitt hefur styrk til að stöðva þær stríðshörmungar sem þar hafa dunið yfir. Með aðgerðum bandalagsins og frumkvæði Bandaríkjamanna til málamiðlunar hefur nú loks fengist sá grundvöllur sem leitt getur til friðar. Allt bendir til að Atlantshafsbandalagið muni halda áfram að gegna lykilhlutverki að lausn þessa hörmulega ástands. Vert er jafnframt að vekja athygli á að ef friðarsamkomulagið verður að veruleika bíður gífurlegt endurreisnarstarf í Bosníu-Hersegovínu.

Mörg ríki telja þó aðeins fulla aðild að Atlantshafsbandalaginu nægja tryggingu fyrir öryggi sínu. Bandalagið hefur staðfest að það sé opið nýjum aðildarríkjum. Í nýbirtri athugun þess á forsendum stækkunar er áréttað að ný aðildarríki fái sömu réttindi og gangist undir sömu skuldbindingar og núverandi aðildarríki. Verið er að kynna samstarfsríkjunum þessa athugun. Skýrslan sjálf og viðbrögð samstarfsríkjanna verða til umfjöllunar á fundi utanríkisráðherra bandalagsins í desember. Næsta skrefið verður væntanlega að meta hvaða ríki koma til greina sem aðildarríki og hvenær þau geti fengið aðild. Það er afar mikilvægt að væntanleg stækkun bandalagsins rýri á engan hátt varnargetu þess og öryggisskuldbindingar gagnvart núverandi aðildarríkjum. Ísland styður markvissa varkára stækkun Atlantshafsbandalagsins. Rétt er að benda á þá staðreynd að Atlantshafsbandalagið hefur áður verið stækkað á farsælan hátt.

Mikilvægt er að tryggja að Rússar telji sér ekki standa ógn af stækkun bandalagsins. Atlantshafsbandalagið leggur því áherslu á öryggismálasamstarf við Rússland. Í tengslum við ráðherrafund bandalagsins í Hollandi í vor var gengið formlega frá aðild Rússa að Samstarfi í þágu friðar og í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra bandalagsríkjanna og Rússlands um frekara samstarf hinna síðastnefndu við bandalagið umfram ramma samstarfsins. Sams konar samráð við Úkraníu er nú að hefjast.

Starf Evrópusambandsins að öryggismálum fer vaxandi. Eitt meginverkefni ríkjaráðstefnu þess sem hefst á næsta ári verður að skilgreina betur sameiginlega utanríkis- og öryggisstefnu sem er ein af þremur meginstoðum Maastrichtsáttmálans. Áhrifamiklum ríkjum í sambandinu er mjög umhugað um að efla samstarf á sviði öryggis- og utanríkismála. Í því sambandi verða skipulagsleg tengsl við Vestur-Evrópusambandið mikilvægt viðfangsefni.

Innan Vestur-Evrópusambandsins fer nú fram grunnvinna við mótun sameiginlegrar varnarstefnu fyrir Evrópusambandið. Skýrsla um þetta verður til umfjöllunar á ríkjaráðstefnu ESB. Skoðanir eru skiptar um það hvernig skipa á þessum málum og vilja sum ríki fella Vestur-Evrópusambandið undir stofnanir Evrópusambandsins en önnur að VES haldist sem sjálfstæð stofnun. Afar mikilvægt er fyrir Íslendinga að fylgjast náið með þessari umfjöllun og koma afstöðu okkar á framfæri innan VES, auk þess að nýta á virkan hátt pólitískt samráð EES-ríkjanna og möguleikana sem hin sameiginlega yfirlýsing EES-ráðsins um pólitísk skoðanaskipti gefur.

Afstaða okkar er mjög skýr. Við hljótum að vinna að því að VES haldist sem sjálfstæð stofnun og verði ekki innlimað í Evrópusambandið sem við eigum ekki aðild að. Við leggjum áherslu á að þróunin innan sambandsins verði til að styrkja það sem Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins.

Ófriðurinn á Balkanskaga ætti að vera okkur þörf áminning um að aldagömul óvild á milli þjóða og trúflokka er

enn við lýði í Evrópu. Tuttugu ár eru nú liðin síðan Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu var ýtt úr vör á Helsinki-fundinum árið 1975. Framlag ráðstefnunnar til afvopnunar í álfunni, bættra samskipta ríkja í austri og vestri og mannréttinda er óumdeilanlegt. Leiðtogafundurinn í desember 1994, þar sem ráðstefnunni var breytt í stofnun, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ákvað að hefja athugun á nýju öryggislíkani fyrir Evrópu og er nú hafin markviss vinna að þessu.

Mikilvægt er að Ísland taki þátt í starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu af fullri alvöru enda er stofnunin eini öryggismálavettvangurinn í Evrópu sem öll ríki álfunnar eiga aðild að. Fylgjast verður vel með á þessum vettvangi sem öðrum sem hafa með öryggismál að gera. Sem kunnugt er var fastanefnd Íslands og fyrirsvari hjá Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu í Vínarborg lokað í árslok 1993. Brýnt er að bæta úr því.

Sem utanríkisviðskiptaráðherra mun ég leggja rækt við að tryggja viðskiptahagsmuni þjóðarinnar og öfluga þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar, Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópska efnahagssvæðisins.

Þegar Ísland gerðist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu var tilgangurinn ekki einungis sá að efla samstarf við þáverandi aðildarríki heldur ekki síður að skapa traustan samstarfsgrundvöll við Evrópusambandið sem nú grundvallast á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hlutverk EFTA hefur þróast á undanförnum árum með gerð samstarfsyfirlýsinga og fríverslunarsamninga. EFTA-ríkin hafa þegar gert fríverslunarsamninga við níu ríki og samningaviðræður standa yfir við Eystrasaltsríkin þrjú. Tilgangurinn hefur ekki síst verið að tryggja að aðgangur fyrirtækja innan EFTA að mörkuðum þessara landa væri ekki síðri en fyrirtækja innan ESB.

Evrópusambandið hefur boðað þá stefnu að efla skuli samskipti landa við Miðjarðarhaf og hefur þegar verið skrifað undir fríverslunarsamninga við Túnis. Undirbúningur samninga ESB við Egyptaland og Marokkó er langt kominn. EFTA-ríkin hafa brugðist við með því að bjóða þessum ríkjum til samstarfs og verður það þróað á næstu mánuðum. EFTA getur einnig orðið styrkur þegar kemur að því að fylgjast með þróun svæðisbundins ríkjasamstarfs annars staðar í heiminum og má þar nefna ASEAN og MERCOSUR. Til greina kemur einnig að auka beint samstarf EFTA við fríverslunarsamtök Mið- og Austur-Evrópuríkja (CEFTA).

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst traustur grunnur samskipta okkar við ESB. Eftir aðild EFTA-ríkjanna þriggja að ESB hefur EES-samstarfið lagst af meiri þunga á íslensk stjórnvöld.

Frá gildistöku EES-samningsins hefur meginhersla verið lögð á samræmingu löggjafar að því sem tíðkast innan ESB og aðlögun samstarfsins vegna aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að ESB. Nú gefst tækifæri til að leggja aukna vinnu í þátttöku í mótun nýrra evrópskra reglna. Af mikilvægum málum sem nú eru til umræðu innan EES og varða Ísland má m.a. nefna að Ísland og Noregur eiga í viðræðum við ESB um afnám heilbrigðiseftirlits á landamærum ESB. Hagsmunir sjávarútvegsins eru mjög miklir. Augljóst hagræði er af því að geta flutt sjávarafurðir á markað ESB án slíks eftirlits. Unnið er að samræmingu upprunareglna EES-samningsins og þeirra fríverslunarsamninga sem Evrópusambandið og EFTA-ríkin hafa gert við Austur-Evrópuríkin. Þegar þeirri samræmingu er lokið geta íslenskir framleiðendur notað aðföng frá Mið- og Austur-Evrópuríkjum án þess að endanleg framleiðsla tapi íslenskum uppruna og mun hún því njóta réttinda EES-samningsins.

Íslendingar eru aðilar að svokallaðri fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins um vísindi og rannsóknir. Fjöldi íslenskra fyrirtækja hafa nýtt sér möguleika þessa samstarfs.

Stækkun til austurs er án vafa eitthvert stærsta og erfiðasta verkefnið sem ESB hefur staðið frammi fyrir til þessa. Spurningin er ekki lengur hvort af henni verður heldur hvenær. Grundvallarmarkmiðið með inngöngu Mið- og Austur-Evrópuríkjanna í ESB er að stuðla að velsæld, friði og stöðugleika í álfunni. Ófriðarbálið í fyrrverandi Júgóslavíu er áminning til Íslendinga sem annarra um að þetta er markmið sem ekki má gleymast í öllum þeim sviptingum og breytingum sem eru að eiga sér stað í Evrópu. Jafnframt er þetta þróun sem hefur sögulega, pólitíska og efnahagslega þýðingu langt út fyrir sambandið sjálft og þau ríki sem knýja á um aðild. Hún varðar því hagsmuni Íslendinga afar miklu, bæði sem Evrópuþjóðar og vegna þess að með hverju nýju aðildarríki að ESB stækkar EES að sama skapi. Íslendingar geta því ekki staðið hjá sem hlutlausir áhorfendur. Við verðum að fylgjast grannt með þróuninni, vega hana og meta og koma okkar sjónarmiðum að þegar það á við. Eðlilegt er því að spyrja hver staða Íslands verður í Evrópu í byrjun 21. aldarinnar. Margir eru þeirrar skoðunar að sækja eigi um aðild að ESB. Það er ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að fara þá leið.

Hvað er það sem helst ber í milli þeirra sem vilja sækja um aðild og þeirra sem ekki vilja það? Þeir sem vilja sækja um aðild segjast, a.m.k. í orði kveðnu, ekki vera tilbúnir að lúta sameiginlegri sjávarútvegsstefnu með tilheyrandi yfirráðum sambandsins yfir auðlindum utan 12 mílna lögsögu. Engin þjóð í Evrópu er tilbúin að afhenda meginauðlind sína undir sameiginleg yfirráð eða samþykkja að stærsta iðngreinin sé rekin undir verndarvæng og styrktarkerfi hins opinbera. Með umsókn við núverandi aðstæður væri gefið til kynna að við gætum sætt okkur við sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins í meginatriðum. Engin vísbending hefur fengist um að Íslendingar gætu losnað undan ákvæðum Rómarsáttmálans í þessum efnum og því er aðildarumsókn órökrétt. Það er hins vegar ljóst að ef breytingar verða í þessum efnum og nýjar vísbendingar koma fram er að sjálfsögðu komin upp ný staða sem þarf að meta þegar þar að kemur. Það er ekki síst þess vegna sem nauðsynlegt er að fylgjast vel með og kynna sjónarmið og hagsmuni Íslendinga. Á þann eina hátt er tryggt að ávallt sé valinn sá kostur sem þjónar best langtímahagsmunum þjóðarinnar.

ESB stendur frammi fyrir þeirri erfiðu spurningu hvernig hægt sé að tryggja stækkun án þess að vega að undirstöðum sambandsins. Ríkjaráðstefnunnar sem hefst á næsta ári bíða því erfið viðfangsefni. Ljóst er að ýmis þeirra málefna sem koma til kasta hennar varða Ísland og ber því að kappkosta að fylgjast náið með framvindu mála og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri.

Ísland og Noregur hafa byrjað viðræður um aðild að Schengen-samningnum og reiknað er með að formlegar viðræður hefjist á næstu vikum. Norðurlöndin þrjú í ESB hafa gert fyrirvara um að lausn finnist varðandi norræna vegabréfasambandið. Ef af aðild Íslands að Schengen verður yrði Ísland hluti af stóru svæði þar sem fólk getur ferðast yfir

innri landamæri án þess að sæta þar nokkru eftirliti, en hins vegar er heimilt, þrátt fyrir afnám landamæraeftirlitsins, að höfðu samráði við önnur aðildarríki, að koma á tímabundinni landamæravörslu á innri landamærum vegna allsherjarreglu og þjóðaröryggis.

Kröftugt markaðs- og kynningarstarf erlendis á íslenskum vörum og þjónustu er veigamikill þáttur í auknum hagvexti og baráttunni gegn atvinnuleysi. Í þessu augnamiði verða ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki að taka upp virkara samstarf sín á milli. Nýta þarf starfslið og aðstöðu utanríkisþjónustunnar á markvissari hátt á viðskiptasviðinu. Lögð verður sérstök áhersla á að auka þjónustu og tengsl utanrrn. við fyrirtæki í útflutningi og gefa útflutningsviðskiptamálum aukið vægi í starfsemi viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins. Nauðsyn ber einnig til að samhæfa og efla markaðsstarfsemi utanrrn., Útflutningsráðs, Ferðamálaráðs, markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar.

Nýlega lauk í Reykjavík ráðstefnu rúmlega 100 kjörræðismanna Íslands. Ákveðið var að kynna þeim atvinnustarfsemi hér á landi með sérstakri áherslu á útflutningsviðskipti, ferðamál og fjárfestingar á Íslandi. Tæplega 50 íslensk fyrirtæki sýndu vörur sínar á ráðstefnusvæðinu og komust ræðismennirnir í tengsl við fyrirtæki og forsvarsmenn atvinnulífsins.

Ég hef áður á þessum vettvangi getið opinberrar heimsóknar forseta Íslands til Kína í lok sumars. Mikilvægt var að nýta þá ferð og koma á fundum með æðstu ráðamönnum kínversks samfélags og forstjórum stórfyrirtækja og fulltrúum íslenskra fyrirtækja á sviði jarðhita, sjávarútvegs, vélaframleiðslu og hugbúnaðar. Að fenginni þessari reynslu hefur verið ákveðið að skipuleggja heimsóknir af þessu tagi með þeim hætti að þær nýtist fyrirtækjum sem best.

Við höfum sett okkur það markmið að efla á erlendri grund kynningu á Íslandi sem eftirsóknarverðum fjárfestingarmöguleika. Þegar hefur verið komið á samstarfi milli fjárfestingarskrifstofu iðnrn. og Útflutningsráðs Íslands og viðskiptaskrifstofu utanrrn. sem ætlað er að stórefla kynningarstarfsemi sendiráðanna á þessu sviði. Jafnframt verður kannað með hvaða hætti unnt er að aðstoða íslensk fyrirtæki sem vilja fjárfesta erlendis eða hefja þar starfsemi.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni leitast við að gera grein fyrir stöðu íslenskra utanríkismála. Við Íslendingar höfum borið gæfu til að búa við pólitískt og efnahagslegt öryggi í ótryggum heimi. Okkur ber skylda til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Það verður aðeins gert með ábyrgri utanríkisstefnu. Við munum leitast við að tryggja hagsmuni Íslands með sem öflugastri þátttöku á alþjóðavettvangi. Þannig mun Íslendingum farnast best í samfélagi þjóðanna.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á nýjan utanrrh. flytja sína fyrstu stefnuræðu. Eins og vænta mátti var þar lögð mikil áhersla á utanríkispólitísk málefni sem tengjast sjávarútvegi og hafinu og það er gott að hafa utanrrh. á Íslandi sem sýnir þeim málum sérstakan áhuga. Að öðru leyti var hér flutt tiltölulega hefðbundin stefnuræða utanrrh. eins og þær hafa verið undanfarin ár. Óþarflega hefðbundin að mínu mati. Það hefði verið ánægjulegt ef ferskari vindar hefðu leikið um þennan málaflokk með tilkomu nýs ráðherra úr nýjum flokki sem fer með utanríkismál. En því var ekki fyrir að fara að mínu mati, að slepptu þessu sem ég hef þegar nefnt, að í ræðunni var með myndarlegum hætti farið yfir ýmislegt sem varðar utanríkispólitíska hagsmuni sjávarútvegsins.

Á bls. 2 er í kafla um auðlinda-, umhverfis- og norðurslóðamál fjallað um deilur okkar við nágranna í norðri og austri um Barentshafið og ég mun koma betur að þeim þætti síðar. Þar segir utanrrh. réttilega að bræðraþjóðum eins og Íslendingum og Norðmönnum sé ekki sæmandi að standa í langvinnum deilum um sameiginleg hagsmunamál. Undir það get ég tekið. En það þarf tvo til að deila og það þarf líka tvo til að semja. Og það er nauðsynlegt að menn hafi í huga að þarna verða engir samningar fyrr en báðir aðilar átta sig á nauðsyn þess að svo verði.

Á þriðju blaðsíðu er fjallað um, í sama kafla og í kafla um Norðurlönd og Eystrasaltssvæðið, undirbúning að stofnun Norðurskautsráðsins og ég vil taka undir með hæstv. ráðherra og fagna framgangi þess máls. Ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar undirbúi þátttöku sína í Norðurskautsráðinu og vil í því sambandi nefna að innan Vestnorræna þingmannaráðsins hefur verið rætt um mögulegt samstarf þeirra þjóða hvað varðar þátttöku í Norðurskautsráðinu og hugsanlegt að það samstarf snerist í vaxandi mæli um slíka samvinnu og sameiginlega þátttöku á komandi árum.

Þá vík ég að kaflanum um þróun öryggismála. Þar eru nefndar til sögunnar, meira og minna í einum hrærigraut, ýmsar ólíkar stofnanir, allt frá Stofnuninni um öryggi og samvinnu í Evrópu og Evrópuráðinu annars vegar og yfir í Atlantshafsbandalagið og skilgetin afkvæmi þess hernaðarbandalags hins vegar. Ég get að sjálfsögðu tekið undir það að við Íslendingar eigum að efla starfsemi okkar innan lýðræðislegra uppbyggðra stofnana sjálfstæðra og fullvalda þjóða, eins og Stofnunarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, þátttöku í Evrópuráðinu o.s.frv. En ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um þær áherslur sem hann leggur á hlut Atlantshafsbandalagsins eða NATO og satt best að segja er hér enn á ferðinni, eins og verið hefur í textum utanrrh. undanfarin ár, vandræðalegur kafli um það sem hér er nefnt aðlögun Atlantshafsbandalagsins, en hefur manna á meðal gengið undanfarin ár undir heitinu „leitin að nýjum verkefnum" fyrir þetta hernaðarbandalag, sem meira og minna hefur verið að vandræðast með sjálft sig undanfarin ár.

Á bls. 5 er líka fjallað um þá miklu óvissutíma sem nú séu uppi og það er dálítið merkilegt að ég minnist þess ekki, hvort sem meira eða minna hefur gengið á, en að það sé ekki þannig í ræðum íslenskra utanrrh. að það séu alltaf miklir óvissutímar. Menn hafa jafnvel í gegnum tíðina þurft að fara svo langt sem austur til Kóreu til að finna óvissutíma til að réttlæta afstöðu sína í utanríkismálum heima á Íslandi. Hér er fjallað um óvissutíma einu sinni enn og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, aðeins að drepa niður í það. Þar segir:

„Á þessum óvissutímum, þar sem jafnvel fámennir hópar öfgamanna geta valdið usla í rótgrónum samfélögum, er það lykilatriði fyrir hverja sjálfstæða lýðræðisþjóð að sýnilegar varnir séu til staðar".

Ég hugsaði með mér: Þarna kemur það. Þarna er komið að hernum menntmrh. En það var nú reyndar ekki. Hér er ekki fjallað um nauðsyn þess að taka upp innlendan her, en röksemdafærslan er sú sama og hæstv. menntmrh. hafði fyrir því að nauðsynlegt væri að setja á stofn innlendan her, að fámennir öfgahópar gætu valdið miklum usla og jafnvel hertekið Seðlabankann. Þess vegna væri nauðsynlegt að hafa varnarsveit til að passa upp á hann. En af einhverjum ástæðum er ekki fjallað um þetta óvænta frumkvæði og þetta liðsinni sem hæstv. utanrrh. fékk við sinn málaflokk frá menntmrh. á dögunum. Það er ekki minnst hér einu orði á

hugmyndir menntmrh. um að taka upp innlendan her og það væri fróðlegt að hæstv. utanrrh. kæmi inn á það í svörum síðar meir, hvernig það mál standi innan ríkisstjórnarinnar. Hefur hæstv. menntmrh. tekið það formlega upp og hver eru viðhorf hæstv. utanrrh.? Nei, þvert á móti er hér því miður um að ræða ósköp hefðbundna, klisjukennda framsetningu íslenskra utanrrh. á þessum kanti til þess að réttlæta óbreytta stöðu mála varðandi veru hersins í landinu og aðild okkar að hernaðarbandalagi.

Þá kem ég næst að kafla um afvopnunarmál, sem mér finnst því miður harla fátæklegur, herra forseti. Ræða ráðherra var ítarleg að ýmsu leyti og auðvitað er ekki hægt að koma þar öllu fyrir, en ég sakna þess að jafnsnautlegur kafli og lítill skuli vera í ræðunni um afvopnunarmál. Það eru fjórar línur á bls. 6 og sennilega tæpar 10 á bls. 7. Það er allt og sumt og þar eru ekki nefndir til sögunnar fjölmargir viðamiklir þættir sem ég hefði talið ástæðu til að koma inn á og ekki síst ástæðu til í umfjöllun um þessi mál hér á Íslandi á þjóðþingi vopnlausrar smáþjóðar. Ég hefði gjarnan viljað sjá hæstv. ráðherra fjalla meira um afvopnunarmál en minna um hernaðarbandalög. Ég nefni þar til að mynda þær viðræður eða þær umræður sem nú fara fram víða um nauðsyn þess að taka upp takmarkanir á vopnasölu og vopnaviðskiptum í heiminum.

Ég er þeirrar skoðunar að eitt allra mikilvægasta verkefnið til þess að reyna að tryggja friðsamlegri framtíð í heiminum sé að ná tökum á mesta siðleysi sem viðgengst í heimnum í dag og það er vopnasala iðnríkjanna og stórveldanna til þriðja heimsins. Það er sú gífurlega upphleðsla vopna og það siðleysi sem felst í því að hinar ríku og velmegandi þjóðir okra á vopnum í viðskiptum við þriðja heiminn. Þessi viðskipti eru eftirlitslaus og sáralitlar upplýsingar eru veittar um það hvað þar fer fram. Þarna hafa menn mikið rætt um nauðsyn þess að breyting verði á, að unnt sé í fyrsta lagi að veita gagnsæjar upplýsingar um vopnaviðskipti og í öðru lagi að takmarka þau þar sem efni standi til og það er víða.

Svo er minnst á Júgóslavíu og það fært fram NATO til tekna að það hafi enginn ráðið þar neitt við neitt fyrr en NATO hafi komið til sögunnar og Bandaríkin með sitt frumkvæði. Ég veit ekki betur en þessir aðilar báðir, ásamt Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum, hafi horft grútmáttlausir á þá styrjöld sem þar hefur farið fram árum saman. Og er það lærdómurinn, er það niðurstaðan að það þurfi meiri vígbúnað og sterkari hernaðarbandalög til þess að stilla til friðar í heiminum? Er það boðskapurinn hér í ræðunni, hæstv. utanrrh.?

Ég tel að lærdómurinn af ástandinu í Júgóslavíu sé fyrst og fremst einn: Hann er sá að þar sem vopnin eru til staðar, þar sem þau hlaðast upp og að öðru leyti eru fyrir hendi stjórnmálalegar, trúarbragðalegar eða landfræðilegar aðstæður og hætta á að þau séu notuð, þá verði þau notuð þannig að lausnin sé ekki meiri vopn og ekki meiri vígbúnaður, heldur afvopnun og reglur um þá hluti. Mér finnst það í raun og veru að snúa hlutunum á haus að nefna ástandið á Balkanskaganum í sömu andrá og til réttlætingar framgöngu þessara aðila á þessu svæði.

Í ræðunni er ekki fjallað sérstaklega um ástand mála á einstökum svæðum. Ég geri ráð fyrir því að það verði viðfangsefni hinnar skriflegu skýrslu þegar hún kemur fyrir þingið eins og venja er seinna á þinginu og þá í ítarlegra máli og ég ætla þess vegna fyrst og fremst að nefna þar tvennt. Það er ástand mála í Írak, þá hungursneyð og þá neyð sem þar er í landinu vegna viðskiptabanns hins alþjóðlega samfélags á þjóðina sem fyrst og fremst bitnar á börnum og almenningi og skora ég á hæstv. utanrrh. að endurskoða afstöðu sína og Íslands til þess máls. Ég minni á þá tillögu sem liggur í utanrmn. um að Íslendingar beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabanninu á Írak verði tekið til endurskoðunar.

Í öðru lagi vil ég nefna málefni Kúrda og af því að mikið er verið að hrósa NATO í þessari ræðu, þá er okkur skylt að taka það mál upp þar sem lýðræðis- og bræðraþjóðin Tyrkir ber þar öllum öðrum fremur ábyrgð á þeim mannréttindabrotum, þeirri sláturtíð sem stendur yfir gagnvart Kúrdum í Tyrklandi og reyndar víðar þar sem sú þjóð eða þær þjóðir búa. Þingmenn Kúrda eru fangelsaðir, kúrdíski verkamannaflokkurinn er ofsóttur og farið með hernaði jafnvel inn í önnur lönd til þess að herja á þessa landlausu þjóð. Það væri Íslendingum nær að taka upp hanskann fyrir ástand mála þar og halda uppi einhverri vörn fyrir þeirra stöðu.

Að síðustu, herra forseti, ætla ég svo aftur að víkja að því sem ég nefndi í upphafi, það er ástand mála í Barentshafinu og samningaviðræður sem nú standa vonandi yfir við Rússa og Norðmenn um þau mál. Ég held að það sé fagnaðarefni að þar virðast loksins vera komnar í gang, að segja má í fyrsta sinn, alvarlegar viðræður og vonandi er það svo að samningsniðurstaða geti orðið þar í sjónmáli innan skamms. Ég segi af tveimur ástæðum vonandi. Auðvitað er það í fyrsta lagi þannig að við höfum enga ánægju af því að standa í slíkum deilum og það er ekki til lengri tíma litið neinum til góðs að slík mál séu óútkljáð. Að hinu leytinu er ljóst að nú eru betri forsendur að mörgu leyti til þess að ganga frá málinu í ljósi þess að niðurstaða hefur náðst í viðræðum í New York um úthafsveiðimál og samningur um úthafsveiðar liggur fyrir. En ég tel ljóst að það verði enginn samningur sem við Íslendingar getum skrifað undir eða staðið að nema réttur okkar sé þar varanlega og vel tryggður og það er kannski sú þróun sem ánægjuleg er þrátt fyrir allt í málinu að viðræðurnar nú eru til marks um það að Norðmönnum og Rússum er loksins orðið ljóst að þeir munu ekki leysa þessa deilu nema semja við Íslendinga um varanlegar veiðiheimildir á þessum slóðum. Og ætli það sé þá ekki þannig að lokum að eitthvað sé að hafast upp úr krafsinu. Þeim mönnum sem lögðust gegn því í byrjun að við færum til þessara veiða væri hollt að hugsa um það. Staðreyndin er sú að hvort heldur sem litið er til aðstæðna sem áður ríktu á þessu hafsvæði eða til úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna, þá eru engar forsendur til annars en að Norðmenn og Rússar viðurkenni veiðimöguleikana á þessu svæði. Það hefur verið sýnt fram á veiðanleika þarna svo að nemur tugum þúsunda tonna af þorski ár eftir ár af íslenskum skipum á þessu alþjóðlega hafsvæði. Norðmenn og Rússar hafa hingað til ekki fallist á að taka þennan veiðimöguleika með í reikninginn þegar útdeilt er veiðiheimildum en það verða þeir að gera og á því á samningurinn að grundvallast. Ég ætla ekki að nefna hér tölur eða fara að öðru leyti inn í einstaka efnisþætti, með tilliti til viðkvæmra aðstæðna í málinu, þar sem þannig háttar nú einmitt til að samningafundur stendur yfir í Moskvu. En ég vil segja um annan þátt þessa máls hvað varðar tengsl samningsniðurstöðu í Barentshafssmugunni við réttarstöðuna á Svalbarðasvæðinu að það er mín skoðun að það komi ekki til greina, þrátt fyrir einlægan vilja okkar til þess að ná þar samningi, að við afsölum okkur með varanlegum hætti nokkrum réttindum á Svalbarðasvæðinu sem leitt gætu af þeirri réttaróvissu sem þar ríkir. Íslendingar eiga með öðrum

orðum að mínu mati að halda áfram til haga þeim fyrirvara sem við gerðum við sjálftöku Norðmanna á þessu svæði þegar við gerðumst aðilar að Svalbarðasvæðinu. Þetta tvennt verður að hafa aðskilið. Eitt er það að við gerum samning við Norðmenn sem taka til nýtingar fiskstofna á þessu hafsvæði og stjórnunar í því sambandi, en hitt er hin varanlega og lagalega réttarstaða á svæðinu og þar getur að mínu mati ekki komið til álita að semja af okkur möguleg réttindi. Ég segi: Það er nóg að hafa einn Jan Mayen-samning. Það er meira en nóg.

Að lokum vil ég svo leggja áherslu á að það er víðar verk að vinna, herra forseti, heldur en að leysa þessa deilu sem snýr að Barentshafinu. Það er afar mikilvægt að ná samningum um norsk-íslensku síldina og stjórnun mála í síldarsmugunni svonefndu til aðgreiningar frá hinni. Það er mikilvægt að við náum árangri í samskiptum við okkar næstu granna. Við þurfum að ná tvíhliða samningum við Grænlendinga um ýmsa stofna eins og rækju, grálúðu og karfa. Við þurfum að ná samstarfi við bæði Grænlendinga og Færeyinga um viss mál sem tengjast hafsvæðunum hér suður undan landinu. Við þurfum að undirbúa hvernig við stöndum að fullnustu og framkvæmd úthafsveiðisamningsins varðandi Reykjaneshrygg og fleiri slík svæði. Það er með öðrum orðum mikið verk að vinna í þessu efni, herra forseti, og mikil þörf á því að íslensk stjórnvöld leggi í þetta tíma og orku. Um þá stefnumótun sem þarna þarf að eiga sér stað þarf eðli málsins samkvæmt að eiga sér stað gott, pólitískt samráð.

[11:22]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á fyrstu skýrslu nýs hæstv. utanrrh. eftir stjórnarskipti um utanríkismál. Af því tilefni vil ég nota tækifærið og árétta óskir mínar til hans um velfarnað í starfi. Við lifum nú tíma sem eru trúlega eitt mest hraðfara breytingaskeið í heiminum frá seinni heimsstyrjöld. Síðan þá hafa Íslendingar sennilega aldrei fyrr átt jafnmikið í húfi, átt jafnmikið undir því að sá sem gegnir embætti utanrrh. hafi til að bera víðsýni á þessar breytingar, skarpskyggni á það hver á að vera hlutur Íslands á þessu breytingaskeiði í samfélagi þjóðanna og ríkan vilja til þess að gæta hagsmuna Íslendinga einarðlega í samskiptum við aðrar þjóðir.

Það gefst enginn tími til þess að fjalla ítarlega um þetta víðtæka málasvið, en ég vil segja það í upphafi að það er tvennt sem vekur athygli mína við málflutning hæstv. ráðherra. Hið fyrra er það að á sl. tveimur kjörtímabilum var tekið það frumkvæði að taka stórar og mikilvægar ákvarðanir um breytingar á stöðu Íslands í hverju stórmálinu á fætur öðru. Það vill svo til að flokkur hæstv. utanrrh., Framsfl., sem hann jafnframt er formaður fyrir, fór hamförum í andstöðu gegn sumum þessara mála. Nú er það hlutverk hæstv. ráðherra að leggja blessun sína yfir þær aðgerðir og að annast framkvæmdina hógværlega.

Annað mál er það að hæstv. ráðherra sagði sjálfur í framsögu sinni að hann hefði varið meginhluta ævi sinnar til þess að hugsa um og gæta hagsmuna Íslendinga á sviði hafréttar og sjávarútvegsmála. Í ljósi þeirra ummæla vekur það athygli mína að umfjöllun hans um þetta mikilvæga málasvið er að mínu mati knappt, yfirborðskennt og skilur eftir stærri eyður heldur en ég hafði átt von á.

Fyrst um þau stóru mál sem sá sem hér stendur hafði að ýmsu leyti frumkvæði að sem utanrrh. sl. 7 ár, þá er rétt að nefna nokkur dæmi. Stærsta málið var að sjálfsögðu aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Flokkur hæstv. utanrrh., Framsfl., á þá sögu að baki að hafa bæði setið hjá við aðild Íslands að EFTA á sínum tíma og hafa klofnað í afstöðunni til Evrópska efnahagssvæðisins, annars vegar helmingur þingflokksins í andstöðu og hinn sat hjá. Það er dapurleg, söguleg staðreynd og lýsir hvorki framtíðarsýn né einörðum vilja til þess að gæta hagsmuna Íslendinga á breytingaskeiði. Þess vegna vekur það óneitanlega athygli að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu er að mati hæstv. utanrrh. helsta haldreipi okkar, bæði að því er varðar samskipti okkar við Evrópusambandið og reyndar einnig samskipti okkar í Norðurlandasamstarfinu við þær þjóðir sem gengið hafa í Evrópusambandið. Það er rétt að halda til haga því sem hæstv. ráðherra segir um þetta efni, með leyfi forseta, orðrétt:

„Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst traustur grunnur samskipta okkar við Evrópusambandið."

Það segir allt sem segja þarf um fyrri málflutning framsóknarmanna í því efni.

Önnur dæmi um stórmál sem vörðuðu breytingar á utanríkisstefnunni og framkvæmd hennar eru sem dæmi: Aukaaðild okkar að Vestur-Evrópusambandinu. Talsmaður Framsfl. í utanrmn., hv. þm. Páll Pétursson, og fyrrv. formaður Framsfl. vöruðu eindregið við því og töluðu reyndar algerlega gegn því, töldu það misráðið og óþarfa.

Þriðja dæmið um stórmál sem við beittum okkur fyrir var að sjálfsögðu stofnaðild okkar að GATT sem átti sér langan aðdraganda og var unnið að á vettvangi a.m.k. þriggja ríkisstjórna. Það mál fékk þann farsæla endi að það varð samstaða um aðildina þótt það verði að sjálfsögðu að minna á að það hafi komið í hlut núv. hæstv. ríkisstjórnar að klúðra mjög framkvæmd málsins.

Fjórða stórmálið var að sjálfsögðu endurskoðun á varnarsamstarfinu við Bandaríkin sem fólst í bókuninni frá byrjun árs 1994. Þar tókst að koma í veg fyrir að þær breytingar yrðu framkvæmdar að Ísland yrði án virkra loftvarna. Það stendur að sjálfsögðu allt óbreytt.

Fimmta stórmálið lýtur hins vegar að hafréttarmálum og lauk með ákvörðun fyrrv. ríkisstjórnar um aðild Íslands að sjálfum Svalbarðasamningnum sem er grundvallaratriði framvegis í deilum þeim sem við eigum í við Norðmenn á sviði hafréttarmála. Ég legg sérstaka áherslu á það að ég sakna þess mjög að í ræðu hæstv. utanrrh. nú þegar við stöndum í alvarlegum en viðkvæmum samningum um þau mál, þá er nánast lítið sem ekkert að því vikið.

Auðvitað má nefna fjölmörg önnur stórmál sem við beittum okkur fyrir í tíð fyrri ríkisstjórna, svo sem eins og frumkvæði okkar að viðurkenningu á sjálfstæði Eystrasaltsþjóðanna sem endaði með aðild okkar Eystrasaltsráðinu og að sjálfsögðu stendur óbreytt. Frumkvæði okkar að því að eiga í fyrsta sinn aðild að friðargæslustörfum í fyrrum Júgóslavíu stendur að sjálfsögðu óbreytt. Opnunin til Kína með stofnun sendiráðs og gerð rammasamninga við Kínverja sem ruddi brautina fyrir auknum viðskiptasamskiptum á þeim risavaxna markaði sem og sú stefnubreyting sem ákveðin var á sviði þróunarsamvinnu með því að einbeita okkur að lykilverkefnum og þá sérstaklega á sviði sjávarútvegs í samstarfinu við Namibíu.

Allt eru þetta dæmi um stórmál sem sum hver voru geysilega umdeild, tóku reyndar meginhluta þingsins, einkum og sér í lagi vegna andstöðu Framsfl. við þau. Önnur eru til

staðfestingar á samhenginu í íslenskri utanríkispólitík sem út af fyrir sig er ánægjuefni. Það er raunverulega kannski aðeins eitt sem fram kemur sem beinlínis er stefnubreyting af hálfu hæstv. utanrrh. en það varðar þá tilraunastarfsemi sem efnt var til á viðskiptasviðinu, að utanríkisþjónustan tæki ákveðið frumkvæði að því að greiða fyrir markaðsetningu og sölu á íslenskum menningarafurðum og menningarverðmætum á erlendum markaði. Það var að mínu mati mjög þarft frumkvæði og ég harma að það var eitt fyrsta verk núv. hæstv. ráðherra að draga það til baka. Það vekur hins vegar athygli mína að nú hefur einkageirinn tekið það mál upp þar sem búið er að stofna fyrirtæki ungra og framtakssamra manna sem hafa skilning á þessu og hafa það sem meginverkefni að markaðssetja og selja íslenskar menningarafurðir, þ.e. íslenska tónlist, íslenskar bókmenntir og íslenska myndlist á erlendum markaði fyrir utan íslenskar kvikmyndir og annað slíkt. Hér er um að ræða verðmæti sem fáir hafa skilning á að eigi erindi á erlendan markað og það er því mjög miður að þeirri tilraunastarfsemi skuli lokið.

Virðulegi forseti. Í rauninni eru tvö stórmál sem ættu að vera rauði þráðurinn í umræðunni. Annars vegar er það að *sjálfsögðu umræðan um samskipti Íslands* við Evrópusambandið og hins vegar er það umræðan um hafréttarmálin í ljósi þess sem gerst hefur í samskiptum okkar við önnur ríki, í ljósi hins nýja samnings um deili- og flökkustofna sem hefur að vísu ekki tekið gildi enn á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í ljósi þeirra gerbreyttu aðstæðna sem við erum í eftir að við tókum loksins ákvörðun um að að gerast aðilar að Salbarðasamningnum. Þetta eru þau mál sem ættu að vera uppistaðan í þeirri umræðu sem hér á að fara fram um hagsmuni Íslendinga í samtíð og framtíð.

Ég hef ekki tíma til þess hér og nú að fjalla mikið um Evrópusambandið en áskil mér rétt til þess að gera það seinna í umræðunni. Ég læt mér nægja að segja að kaflinn um það mál veldur að sjálfsögðu vonbrigðum en ekki meiri en við var að búast vegna þess að hér er sagt að vísu fullum fetum um Evrópusambandið að stækkun Evrópusambandsins til austurs, sem er að leiða til þess að Evrópusambandið verði að allsherjarsamtökum evrópskra lýðræðisríkja á næstu árum, sé mál sem Íslendingar geti ekki látið fram hjá sér varða. „Hún varðar því hagsmuni Íslendinga afar miklu," segir hér, með leyfi forseta, „bæði sem Evrópuþjóðar og vegna þess að með hverju nýju aðildarríki að ESB stækkar EES að sama skapi. Íslendingar geta því ekki staðið hjá sem hlutlausir áhorfendur."

Það er nákvæmlega það sem er stefna núv. hæstv. ríkisstjórnar, það er að sitja hjá sem hlutlausir áhorfendur að þeim atburðum sem setja mest svipmót sitt á breytingarnar í pólitísku, efnahagslegu umhverfi okkar umhverfis, Evrópu, á næstu árum. Rökin fyrir þessu eru gamalkunnug. Þau eru þau að það að leita eftir aðild að Evrópusambandinu feli sjálfkrafa í sér að við afsölum okkur yfirráðum yfir auðlindum. Þessi röksemdafærsla er í fyrsta lagi einfeldningsleg, í annan stað styðst hún við afar hæpin rök og í þriðja lagi lýsir hún afstöðu sem er uppgjöf, biðstöðu og vonleysi. Ég hef ekki tíma til þess að tíunda rök okkar fyrir því að þetta eru ekki veigamiklar röksemdir. Ég læt mér nægja að segja að auðvitað er það miður að hér skuli sitja við völd ríkisstjórn sem er ekkert að aðhafast í þessu stóra máli, sem er ekki að *vinna heimavinnuna sína, sem er ekki að beita stjórnkerfinu* til þess að gera rækilega úttekt á íslenskum þjóðarhagsmunum á hverju einasta sviði í þessu stóra máli og er ekki að greiða götu okkar kerfisbundið í væntanlegum samningum ef af verða. Að þessu leyti er þessi ríkisstjórn vor á Íslandi einsdæmi í heimshluta okkar og það er athyglisvert að hæstv. ráðherra vitnar sjálfur til þess að það er ekki til sú ríkisstjórn í Evrópu, Mið-Evrópu, Austur-Evrópu, Eystrasaltsþjóðirnr sem eru ekki með það sem meginverkefni á verkefnaskrá *sinni að undirbúa og marka stefnu að því er þetta varðar. Hér* er biðstaða, hér sitja menn eins og biðskýli við veginn. Að því mun ég kannski víkja ögn síðar en nú vil ég, með leyfi forseta, segja örfá orð um hafréttarmálin.

Það er söguleg staðreynd að norsk stjórnvöld hafa á undanförnum áratugum með nokkuð framsýnum hætti og kerfisbundið markað sér útþenslustefnu á Norður-Atlantshafssvæðinu. Það gerðu þeir strax með tilkalli til yfirráða yfir austurströnd Grænlands sem varð að máli fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag sem Norðmenn töpuðu að vísu. Það gerðu þeir með því að kasta eign sinni á Jan Mayen upp úr 1930 sem þeim tókst að verulegu leyti. Og það gerðu þeir á árunum 1976–1977 þegar þeir tóku sér einhliða og án samráðs við aðra þann rétt í blóra við ríkjandi þjóðarrétt að lýsa yfir fiskverndarsvæði í kringum Svalbarða, færa það úr 4 *mílum í 200 mílur* og gera að norskri lögsögu. Um þetta má segja að það er að sjálfsögðu harmsefni að íslenskir stjórnmálamenn og stjórnmálaleiðtogar á fyrri tíð voru andvaralausir í þessu, höfðu asklok fyrir himin, sáu ekki út fyrir sína þröngu landhelgi á þeim tíma, fylgdust ekki með, brugðust ekki við, misstu af tækifærinu.

Þessi þróun náði hápunkti með yfirlýsingunni um Svalbarðasvæðið. Hún er grundvöllur lagadeilu milli Íslands og Noregs, ekki milli Íslands og Rússlands vegna þess að Sovétríkin og síðan Rússland hafa algerlega andmælt þessum sjálftökurétti Norðmanna og ekkert ríki hefur raunverulega við nánari skoðun viðurkennt de jure sjálftöku Norðmanna í þessu efni nema Kanadamenn því að Finnar hafa útskýrt að þeirra viðurkenning er ekki raunveruleg viðurkenning á þessum sjálftökurétti.

Í ljósi þessara staðreynda og í ljósi þess að við erum nú aðilar að Svalbarðasamningnum er það mjög alvarlegt mál þegar hæstv. ráðherrar, sjútvrh. og utanrrh., gefa í skyn án þess kannski að segja fullum fetum að ef þeir ná einhverjum samningum, hugsanlega um lítilræði að því er varðar kvóta í Barentshafi, ég tala nú ekki um í Smugunni, séu þeir reiðubúnir til þess að falla frá þeim kröfum sem settar voru fram gegn norskum stjórnvöldum í krafti aðildar okkar að Svalbarðasamningnum, þ.e. reiðubúnir að afsala okkur rétti sem við eigum samkvæmt Svalbarðasamningnum, ekki bara til fiskveiða heldur til nýtingar auðlinda innan 200 mílna í kringum Svalbarða. Það er mál sem ég bið menn um að staldra við og hugleiða því það væri glapræði. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að álasa hæstv. ráðherrum eða gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það að hafa ekki náð samningum við Norðmenn og Rússa um veiðiheimildir í Barentshafinu. Ég var alla tíð við því búinn að það mál yrði harðsótt, torsótt og gæti tekið langan tíma. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við eigum að gefa okkur þann tíma sem þarf og hrapa ekki að skyndilausnum. En hitt væri hrapallegt ef menn gerðust svo lítilþægir að fallast á einhverja smániðurstöðu í því máli en afsöluðu sér síðan þeim stóru hagsmunum sem við eigum af þjóðarrétti fullan rétt á og eigum að gæta, þá yrðum við *komnir í sömu spor* og Kanadamenn sem í fljótræði sínu en út frá allt annarri hagsmunasýn urðu eina þjóðin til þess að afsala sér rétti sínum samkvæmt Svalbarðasamningnum

fyrir þægilegri afstöðu Norðmanna gagnvart þeirra eigin hagsmunum utan kanadísku lögsögunnar.

Við verðum að hafa í huga að Svalbarði er fyrir utan 200 mílna lögsögu Norðmanna. Norðmenn eiga engan rétt á grundvelli landgrunns síns til 200 mílna lögsögu í kringum Svalbarða. Við skulum athuga að þeir hafa aldrei treyst sér til þess að lýsa því yfir að þetta svokallaða 200 mílna fiskverndarsvæði sé hluti af norskri efnahagslögsögu. Það hafa þeir ekki gert. Hvers vegna ekki? Vegna þess að þeir vita það að ef gjörningur þeirra um sjálftöku á 200 mílum í kringum Svalbarða á að hafa einhverja stöðu að þjóðrétti hlýtur það að byggjast á Svalbarðasamningnum sjálfum en ekki á hafréttarsáttmálanum. Svalbarðasamningurinn er 40 þjóða samningur og hann kveður á um réttindi og skyldur. Norðmenn geta ekki túlkað þann samning þannig að hann færi þeim rúmt túlkuð réttindi en neita að viðurkenna skyldur sínar. Ef þeir eiga rétt á 200 mílum kringum Svalbarða er það réttur allra aðildarþjóðanna og hann er ekki bara til fiskveiða, hann er til nýtingaauðlinda og Norðmenn vita það manna best að á því svæði má búast við að séu mjög verulegar auðlindir á hafsbotni og undirbotni í formi olíu og gass og það er auðvitað meginmál Norðmanna. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, þótt ég hafi ekki tíma til að fjalla um þetta frekar — ég áskil mér rétt til að gera það síðar — vara við því eindregið að menn hrapi að því að afsala sér þeim rétti sem þannig var lagður grundvöllur að með þeirri framsýnu ákvörðun í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að Íslendingar gerðust þarna aðilar.

[11:41]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það vekur ævinlega nokkra athygli þegar nýr utanrrh. flytur fyrstu skýrslu sína á Alþingi. Ég þakka honum ágæta skýrslu þar sem er komið víða við um þennan mikilvæga og fjölbreytta málaflokk. Ég tel að skýrslan gefi góða mynd af stöðu mála að því er varðar helstu hagsmunamál Íslandinga og reyndar er þar vikið að ýmsum málum fleirum.

Það er rétt sem komið hefur fram í umræðunni að heimsmyndin hefur verið að breytast með ótrúlegum hraða undanfarin ár. Það hafa orðið gríðarlegar breytingar síðan við ræddum um utanríkismál á þinginu t.d. fyrir sex árum. Öll þekkjum við hverjar breytingarnar eru, hrun kommúnismans í Mið- og Austur-Evrópu, samrunaþróunin í Vestur-Evrópu en þar fyrir utan gríðarlegar breytingar í öðrum heimshlutum sem okkur hættir stundum til að fylgjast ekki með, leggja ekki áherslu á, gríðarlegur uppvöxtur í Asíulöndum en kannski síðast en ekki síst sigur lýðræðisins á ótrúlegustu stöðum víða um heim, sem áður máttu búa við einræði, herforingjastjórnir og annað þess háttar. Þetta eru allt saman gríðarlega mikilvægar breytingar. Allt hefur þetta áhrif á okkar eigin hagsmuni, áhrif á stöðu Íslands, hvert með sínum hætti. Það eru nýir átakafletir í heimsmálunum. Það eru ýmiss konar nýir straumar sem hafa áhrif sem gerðu það ekki með sama hætti áður. Ég vek athygli á auknum áhrifum islams og ég vek athygli á því að átök sem fara nú fram í heiminum eru í miklu ríkari mæli en áður innan ríkja eða innan ríkja sem áður voru ein heild frekar en milli ríkja. Í þessu sambandi kemur auðvitað fyrst í hug ástandið í fyrrum Júgóslavíu og það má nefna Tsétseníu og mörg fleiri atriði sem sumir ræðumanna hafa þegar komið hér að.

Ég hafði ekki hugsað mér að fjalla um þessi mál í þessari stuttu ræðu. Utanrrh. mun vafalaust gera ítarlegri grein fyrir þessu í sinni skriflegu skýrslu en mig langar að víkja að nokkrum atriðum sem fram koma í skýrslunni sem snerta einkum okkar eigin hagsmuni.

Stundum hefur verið sagt að hornsteinarnir í íslenskri utanríkisstefnu séu fjórir: Aðildin að Sameinuðu þjóðunum, hið norræna samstarf, aðildin að Atlantshafsbandalaginu og hin síðari ár hefur verið lögð áhersla á aðild Íslands að alls kyns fríverslunar- og alþjóðaviðskiptasamstarfi. Allt skiptir þetta miklu máli enn í dag þó að margt sé breytt að því er varðar forsendur fyrir þessum þáttum.

Mig langar að víkja örlítið að Sameinuðu þjóðunum eins og hæstv. utanrrh. gerði í upphafi sinnar skýrslu. Sameinuðu þjóðirnar eiga 50 ára afmæli um þessar mundir. Eigi að síður blasir við sú dapurlega staðreynd að aðildarþjóðir samtakanna skulda þeim á fjórða milljarð Bandaríkjadala í skuldbindingum sem þessar þjóðir hafa gengist undir en ekki staðið við. Þetta er auðvitað mjög dapurleg staðreynd. Ég tel að okkur beri skylda til þess hvar sem við höfum til þess áhrif að reyna að knýja á um það að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna standi skil á þeim skuldbindingum sem þær hafa gengist undir í þessu sambandi. Ég held að talan sé 3,4 milljarðar dala í skuld. Ég held að 70 aðildarþjóðir eigi þar hlut að máli og ein aðildarþjóð, Bandaríkin, skuldar um það bil einn þriðja af þessari upphæð. Þetta eru dapurlegar staðreyndir. Okkur ber skylda til þess að vekja á þeim athygli og hvetja til þess að þjóðirnar geri upp skuldir sínar og standi skilvíslega skil á greiðslum sínum í framtíðinni vegna þess að þessi samtök skipta máli. Þau eru ekki bara upp á punt. Það er verið að fela þeim ný og ný verkefni í sambandi við friðargæslu og margs konar þjónustu við hina lakar settu í heiminum. Ef menn eru þeirrar skoðunar að það eigi ekki að fá það fjármagn sem þau þurfa til starfsemi sinnar eiga menn að segja það hreint út að þeir vilji ekki vera þar með eða þá leggja til að þau verði lögð niður.

Hæstv. utanrrh. vék nokkuð í skýrslu sinni að hinu norræna samstarfi. Auðvitað er ástæðulaust að fjölyrða um það í þessum ræðusal hversu mikilvægt þetta samstarf er fyrir okkur Íslendinga. En þó er ástæða til þess að drepa á nokkur atriði í því sambandi vegna þess að þar eru núna á döfinni mjög miklar breytingar. Þær breytingar standa í samhengi við þá þróun sem orðið hefur í Evrópu og aðild Norðurlandanna þriggja að Evrópusamstarfinu.

Sumir hafa haft af því áhyggjur að með því að þrjú Norðurlandanna væru orðin aðilar að Evrópusambandinu værum við hin, Íslendingar og Norðmenn, Grænlendingar og Færeyingar, utan garðs í þessu samstarfi. Það er ekki raunin. Sú vinna sem nú er í gangi á þessum vettvangi beinist einmitt að því að tryggja að allar Norðurlandaþjóðirnar og sjálfstjórnarsvæðin hafi jafna möguleika á að nýta sér samstarfið, njóta þess sem þar er á boðstólum og fá þær upplýsingar og hvað eina annað sem kann að koma frá aðildarlöndum Evrópusambandsins inn í hið norræna samstarf. Það er fullur pólitískur vilji og ásetningur allra Norðurlandanna að viðhalda hinu norræna samstarfi. Ég veit ekki hvort allir gera sér grein fyrir mikilvægi þess fyrir okkur. Ég veit að menn gera það í þessum sal en það er dálítil lenska í þjóðfélaginu að gera lítið úr hinu norræna samstarfi. Ég skora á menn að hætta því. Ég skora á menn að gera sér grein fyrir mikilvægi þess samstarfs sem hefur í gegnum árin opnað okkur margvíslegar dyr og verið okkur mjög mikilvægur bakhjarl í samstarfi okkar við ýmsar aðrar þjóðir.

Ég nefni eitt atriði sérstaklega sem nú er á döfinni en ætla

ekki að ræða þær skipulagsbreytingar sem eru yfirvofandi vegna þess að það gerum við í sérstakri umræðu um það mál. Í skýrslu ráðherrans er vikið að hinu svokallaða Norðurskautsráði sem er á döfinni að stofna með þátttöku Norðurlandanna, Rússlands, Kanada og Bandaríkjanna. Þar verður nýr vettvangur til þess að fjalla um sameiginleg hagsmunamál sem lúta að auðlindanýtingu, verndun umhverfisins og mörgum fleiri atriðum sem hafa því miður setið á hakanum á norðurslóðasvæðinu. Núna gefst vonandi sameiginlegur vettvangur til umfjöllunar um þau og ég fagna því sérstaklega að það virðist vera fullur vilji af hálfu Bandaríkjamanna til þess að taka þátt í þessu samstarfi.

Þriðji þátturinn og þriðji hornsteinninn í utanríkisstefnu Íslands í gegnum árin hefur verið aðildin að Atlantshafsbandalaginu. Um þann þátt hefur verið mikið deilt, bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu. Ég legg ríka áherslu á það sem fram kemur í máli utanrrh. um þann þátt og lýsi auðvitað fullum stuðningi við sjónarmið hans í því máli. Þar eru á döfinni miklar breytingar og það vill þannig til að þau lönd sem áður hafa búið við ofríki kommúnismans og einræðisstjórnanna í austri vilja ganga inn í bandalagið. Þetta skapar auðvitað alveg nýjar forsendur. Þetta kallar á endurmat. Þetta kallar á nýtt hagsmunamat og þetta kallar á mat á því hvernig Rússar bregðist við þessu. Þessi mál eru öll í deiglunni. Hlutirnir gerast hratt á þessum vettvangi eins og víðar í Evrópu og full ástæða er til þess fyrir okkur að leggja lóð okkar á vogarskálarnar til þess að koma til móts við óskir þeirra landa sem þarna eiga hlut að máli en þó þannig eins og fram kemur í skýrslu ráðherrans að eigi sé hróflað við því jafnvægi sem nú þegar er fyrir hendi.

Það er mikilvægt eins og síðasti ræðumaður gat um, hæstv. fyrrv. utanrrh., að það varnarsamstarf, sem hefur verið í gildi og samið hefur verið um við Bandaríkin, haldi áfram óbreytt. Ég geri mér vonir um að í þeim samningum sem eru nú fram undan og þeim viðræðum sem nú fara fram við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um samstarfið á Keflavíkurflugvelli náist samstaða um að framlengja því samkomulagi sem er í gildi og hefur verið undanfarin tæp tvö ár.

Það er merkilegt að þrátt fyrir miklar breytingar í heimsmálum og þrátt fyrir allt sem ég hef rakið í sambandi við breytta stöðu heimsmála er eitt sem hefur ekki breyst og það er útúrboruhátturinn í Alþb. Eitt af því sem kom fram á landsfundi þeirra nú fyrir skemmstu er það að Alþb. er enn að blása í þann gamla lúður að Ísland eigi að fara úr NATO og herinn burt. Ég verð að segja að mér kom þetta nokkuð á óvart miðað við afstöðu fráfarandi formanns flokksins í þessum málum. En það virðist vera eitt af því fáa sem hægt er að sameina flokksmenn í Alþb. um, það er þetta gamla úrelta slagorð og ég segi fyrir mig að þetta er ekki lengur hlægilegt, það er beinlínis raunalegt að Alþb. einn stjórnmálaflokka nánast í Vestur-Evrópu skuli tala með þessum hætti og dæma sig úr leik í alvarlegri umræðu um þessi mál. (Gripið fram í.) Mér finnst þetta dapurlegt. Ég veit að hæstv. fyrrv. utanrrh. er mér sammála, ég var búinn að nefna það, þú varst bara ekki inni. (Gripið fram í.) En það vill þannig til að afstaða Alþb. í þessum efnum skiptir ekki miklu máli, ekki hér á Íslandi og enn síður annars staðar, en þetta er hins vegar gott dæmi um það þegar stjórnmálaflokkur trénast upp og hættir að fylgjast með tímanum.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til þess að víkja að mörgum fleiri þáttum í þessari stuttu ræðu. Ég vil þó að lokum víkja að því sem ýmsir hafa gert hér að umtalsefni og það eru samningarnir við Norðmenn sem nú eru á döfinni. Ég vil láta það koma fram af minni hálfu að ég er eindreginn stuðningsmaður þess að þessar viðræður fari nú fram og lýsi stuðningi við þau samningsmarkmið sem ég veit að hæstv. utanrrh. hefur lagt upp með í þessum viðræðum.

Í Moskvu eiga sér stað í dag og næstu daga mikilvægir fundir um þessi mál. Það er mikilvægt að menn hagi þannig orðum sínum í þessari umræðu að það verði ekki mönnum til trafala sem þar standa í forsvari fyrir íslenska hagsmuni. Ég tel að það sé eins og fram kemur í ræðu og skýrslu ráðherrans ekki sæmandi fyrir Norðmenn og Íslendinga að standa í deilu sem þessari til langframa.

Ég tek líka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að til þess að leysa slík mál þurfa auðvitað báðir nokkuð fram að reiða og leggja á sig. Ég treysti því að um þetta takist að semja. Á þessu máli eru hins vegar fleiri fletir eins og kom fram í máli þess ræðumanns sem ég nefndi og einnig í máli síðasta ræðumanns að því er varðar Svalbarðasáttmálann, túlkunina á honum og það svæði allt. Þar er ljóst að lögfræðin í því efni er mun flóknari en Norðmenn hafa iðulega gefið til kynna enda er það rétt að þeir eiga þar stuðningsmenn fáa á alþjóðlegum vettvangi en ég ætla að neita mér um að ræða þau mál frekar á þessu stigi.

Að endingu ítreka ég það sem ég sagði í upphafi að ég óska utanrrh. til hamingju með sína fyrstu skýrslu um utanríkismál sem ég tel að sé mjög gott og yfirgripsmikið skjal og vænti góðs samstarfs við hann um þessi mál á kjörtímabilinu.

[11:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þátttaka okkar í samfélagi þjóðanna hefur á umliðnum árum orðið æ mikilvægari og mun fara vaxandi á komandi árum. Þar hljótum við ávallt að standa vörð um sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og taka þátt í samfélagi þjóðanna á jafnréttisgrundvelli.

Það er varla nokkrum vafa undirorpið að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og nýir GATT-samningar um viðskipta- og tollamál eru hvað mikilvægustu samningar sem Íslendingar hafa gert fyrir framtíð atvinnu- og efnahagsmála þjóðarinnar þar sem Íslendingar eru háðari utanríkisverslun en flestar aðrar þjóðir. Því veldur vonbrigðum að framkvæmdin á GATT-samningnum hér á landi mun illa skila sér til neytenda eins og að því máli hefur verið staðið en framkvæmdin hefur verið tómt klúður síðustu mánuðina.

Hæstv. utanrrh. benti réttilega á það í ræðu sinni að margir eru þeirrar skoðunar að sækja eigi um aðild að ESB en það sé ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að fara þá leið. Ráðherrann hefur líka margt til síns máls þegar hann segir að engin vísbending hafi fengist um að Íslendingar gætu losnað undan ákvæðum Rómarsáttmálans um sameiginlega sjávarútvegsstefnu og vissulega er hægt að taka undir það að engin þjóð í Evrópu sé tilbúin að afhenda meginauðlind sína undir sameiginleg yfirráð. Við stöndum frammi fyrir því að væntanleg ríkjaráðstefna ESB á næsta ári mun geta haft afdrifaríka þýðingu fyrir þróun í Evrópu næstu árin. Áhrifin af hugsanlegri stækkun bandalagsins til austurs hefur þar veruleg áhrif og fyrir smáþjóð sem okkur verður líka athyglisvert að fylgjast með hvort dregið verði úr rétti aðildarríkja til að beita neitunarvaldi. Íslendingar verða því að fylgjast vel með þessari þróun og kanna vel kosti og galla hugsanlegrar aðildar að ESB en við þurfum að vera reiðubúnir að endurmeta stöðuna í ljósi breyttra aðstæðna hverju sinni.

Verkefni okkar er ekki hvað síst að kynna hagsmuni Íslendinga, ekki síst í sjávarútvegsmálum, og því var fundur utanrmn. með fiskveiðinefnd Evrópuþingsins nú í haust mjög mikilvægur og þyrfti að gera að föstum lið í starfi nefndarinnar. Þar var t.d. mjög mikilvæg yfirlýsing sem fram kom á þeim fundi að ESB mundi ekki ganga til tvíhliða samninga við Norðmenn um veiðar í Smugunni.

Á fundi fulltrúa utanrmn. með sendinefnd Evrópuþingsins sem annast tvíhliða samskipti við Ísland kom fram sú skoðun að ákaflega ólíklegt væri að Ísland fengi undanþágu frá sameiginlegri fiskveiðistefnu ef sótt væri um aðild að ESB. Einnig kom sú skoðun fram hjá þingmanni Evrópusambandsins þegar rætt var um hag Íslands af aðild að Íslendingar ættu ekki að ganga í ESB á meðan fiskveiðistefna þess væri óbreytt. Undir það er vissulega hægt að taka.

Varðandi ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins á næsta ári er eitt af meginviðfangsefnum ráðstefnunnar stækkun bandalagsins til austurs. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig það mál þróast og ljóst að ESB stendur frammi fyrir mörgum umsóknum um aðild frá ríkjum með mjög bágborinn efnahag og kjör hjá fólki. Þar við bætist að styrkjakerfi landbúnaðarins, sem verið hefur Evrópusambandinu mjög þungt fjárhagslega, að stór hluti vinnuaflsins í Mið- og Austur-Evrópu vinnur við landbúnað eða um 25% vinnuaflsins á móti 6% innan núverandi aðilarríkja ESB. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvaða áhrif það hefur á fjárhag eða styrkjafargan Evrópusambandsins vegna landbúnaðarins. Meðal annars vegna þess velta menn því nú fyrir sér hvort niðurstaðan verði sú að aðild Mið- og Austur-Evrópuþjóða gerist í áföngum þannig að full aðild þeirra þurfi ákveðna aðlögun.

Á fyrrnefndum fundi fulltrúa utanrmn. og sendinefndar Evrópuþingsins, sem annast tvíhliða skipti við Ísland, kom fram sú skoðun sem var athyglisverð að fyrst yrði gengið til samninga um aðild við Möltu og Kýpur, Pólland, Slóvakíu, Tékkland og Ungverjaland þrátt fyrir yfirlýsingar framkvæmdastjóra utanríkismála ESB um jafna stöðu allra ríkja sem sækja um aðild.

Þegar litið er til öryggis- og varnarmála er mótun sameiginlegrar varnarstefnu ESB auk fyrirhugaðrar stækkunar sambandsins eitt af þeim mikilvægu málum sem ríkjaráðstefnan mun fjalla um. Í þeim deilum sem þar eru, m.a. um hvort tryggja eigi áframhaldandi sjálfstæði Vestur-Evrópusambandsins eða fella starfsemi VES undir Evrópusambandið, er ljóst að hagsmunir okkar Íslendinga felast í sjálfstæði VES þannig að það ásamt veru okkar í Atantshafsbandalaginu verði áfram meginstoð okkar í varnar- og öryggismálum.

Virðulegi forseti. Á vorþinginu urðu nokkrar umræður um að bandarísk stjórnvöld afhentu dönskum stjórnvöldum formlega svör um kjarnorkuvopn á Grænlandi. Hér var um stefnubreytingu að ræða af hálfu Bandaríkjanna og því töldu ýmsir rétt að utanrrh. mundi knýja á um við bandarísk stjórnvöld að fá formleg svör um hvort í hernaðaráætlun Bandaríkjanna um kjarnorkuvopn væri eða hefði verið gert ráð fyrir kjarnorkuvopnum eða einstökum hlutum úr þeim sem væri flutt til Íslands og þá hvort leitað hefði verið eftir slíku hjá íslenskum stjórnvöldum. M.a. kom fram formleg tillaga frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um þetta efni í utanrmn. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. og óska eftir svörum við því hvort eitthvað hafi verið gert af hálfu íslenskra stjórnvalda eða utanrrn. og ráðherra til að knýja á um og láta reyna á um formleg svör í þessu máli.

Ég vil fara nokkrum orðum um Sameinuðu þjóðirnar. Það hlýtur að vera hagur okkar að efla Sameinuðu þjóðirnar og gera stofnanir þeirra skilvirkari og ábyrgari og ætti það að vera hlutverk Íslands að vera í fararbroddi slíkrar umræðu. Forsenda þess er að við leggjum meira af mörkum til þróunaraðstoðar og til aðstoðar flóttamönnum og er það vissulega fagnaðarefni að við erum nú að bæta hlut okkar í aðstoð við flóttamenn með því að taka árlega við ákveðnum fjölda þeirra.

Virðulegi forseti. Ófriðurinn á Balkanskaga minnir okkur sífellt á, þrátt fyrir verulegan árangur í afvopnunarmálum og nýju umhverfi í þágu friðar í heiminum, hve langt er í land að tryggja frið til einhverrar framtíðar auk mannréttinda og betri heims. Hlutverk okkar sem málsvarar frelsis, lýðræðis og mannréttinda hvar sem er í heiminum er að vera öflugur málsvari fyrir þessum hornsteini sjálfstæðra þjóða hvarvetna á alþjóðavettvangi. Þótt við séum lítil þjóð getum við svo að eftir sé tekið látið rödd þjóðarinnar heyrast á þeim grundvallaratriðum sem frjáls þjóð byggir á. Þó að okkur deili á um ýmislegt eigum við þetta þó sameiginlegt og okkur ber að leggja þennan skerf til aukins friðar og mannréttinda í heiminum.

Virðulegi forseti. Þær hörmulegu afleiðingar sem viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna á Írak hefur haft á írösku þjóðina, konur og börn, hefur leitt til þess að uppi eru alvarlegar vangaveltur um gildi efnahagsþvingana. Menn velta því fyrir sér hver ávinningurinn sé af slíkum aðgerðum sé hann yfirleitt nokkur. Nefnd hafa verið orð eins og þjóðarmorð þegar afleiðingar viðskiptabanns á Írak eru nefndar. Milljónir íraskra barna sem ekki er unnt að koma til aðstoðar deyja, matur, lækningatæki og lyf fást ekki flutt til landsins. Í apríl 1992 var fullgilt af Íslands hálfu viðskiptabann á Írak.

Við Íslendingar eigum ekki og getum ekki setið aðgerðalausir hjá þegar aðgerðir sem við eigum aðild að leiða til slíkra hörmunga óbreyttra borgara og að stórum hluta barna. Á Alþingi er nú til umfjöllunar þáltill. undir forustu Steingríms J. Sigfússonar um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Hæstv. utanrrh. verður fyrir Íslands hönd að beita sér fyrir afnámi viðskiptabannsins og væri fróðlegt að fá fram afstöðu hæstv. utanrrh. í þessu efni nú við þessa umræðu.

Annað mál sem við eigum að láta til okkar taka með afgerandi hætti eru mótmæli vegna kjarnorkutilrauna Frakka í Suður-Kyrrahafi og kjarnorkutilraunir Kínverja. Franska ríkisstjórnin hefur hafið að nýju tilraunir með kjarnorkusprengingar neðan jarðar í Kyrrahafinu þrátt fyrir kröftugleg mótmæli þjóða um allan heim. Erfitt er að meta hvaða áhrif þær munu hafa í framtíðinni en vísindamenn eru uggandi um mögulegar afleiðingar þeirra. Sama gildir um kjarnorkusprengingar Kínverja sem eru í trássi við vilja samfélags þjóða. Með tilliti til þess að á alþjóðavettvangi hafa verið samningaviðræður um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og einnig um bann við frekari útbreiðslu þeirra er enn ríkari ástæða til að mótmæla þessum áformum Frakka.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin fara nokkrum orðum um sjávarútvegsmál í tengslum við þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi. Ástæða er til að fagna úthafsveiðisamningnum sem samþykktur var nýlega á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem er mjög mikilvæg réttarbót fyrir okkur Íslendinga. Mikilvægt er að lögfesta hann sem fyrst og fara að vinna

eftir honum. Samkvæmt honum getum við náð stjórn á veiðum á Reykjaneshrygg. Það er vissulega nauðsynlegt því að Spánverjar eru komnir á þessi mið og ætla að koma með enn fleiri skip á næsta ári. Karfastofnar ganga þarna að nokkru leyti inn og út úr lögsögu okkar og einnig eru veiðar okkar á úthafskarfa mjög mikilvægar. Þarna þarf að nást sem fyrst stjórnun á veiðum.

Mikilvægt er í þessari lotu sem fram undan er að semja um veiðar í Smugunni. Að vísu vinnur tíminn með okkur meðan vel fiskast en ekki til lengdar en þar sem annars staðar verðum við að leggja okkar af mörkum til að tryggja hagkvæma og skynsamlega nýtingu fiskstofnanna. Þarna eru verulegir hagsmunir í húfi en við verðum að horfast í augu við það að úthafsveiðisáttmálinn styrkir frekar stöðu Norðmanna og Rússa í þessu máli. En við eigum tvímælalaust okkar rétt og hljótum að gera kröfu til að fá kvóta í samræmi við veiðireynslu okkar í Smugunni og Barentshafi sem er 30–40 þús. tonn.

Við í Þjóðvaka leggjumst alfarið gegn þeirri hugmynd að inn í þessa samninga blandist veiðar á Íslandsmiðum. Lán í þorskveiðikvóta hjá öðrum, sem á að greiðast með þorskveiðikvóta í landhelgi okkar þegar betur árar, eru jafnvel lakari kostur en erlend lántaka. Hugmyndin um að við veiðum þarna þegar stofninn hjá okkur er í lágmarki og Norðmenn komi hingað þegar þeirra stofn er í lágmarki er vægast sagt mjög vafasamur og gæti hæglega leitt til aukins þrýstings frá ESB um veiðar. Það er engin ástæða til þess að fara þessa leið. Við erum í rólegri uppbyggingu á þorskstofni okkar og eftirlitskerfi okkar er nógu erfitt í framkvæmd þó að við förum ekki að fá fleiri þjóðir til að veiða á Íslandsmiðum. Mikilvægt verkefni er líka að knýja á um samninga um norsk-íslenska síldarstofninn sem allra fyrst. Síldin er að koma aftur eftir langt hlé og þá verður góð umgjörð og skipulag um veiðarnar að vera til staðar. Úthafsveiðisáttmálinn gefur okkur tækifæri til þess að semja um þessa þætti.

Ég vil einnig nefna út af þeim samningum sem fram undan eru um Smuguna og Barentshafið að því ber ekki að leyna að ástæða er til að hafa áhyggjur af því hvaða áhrif það muni hafa á veiðar okkar á þessu svæði ef Norðmenn og Rússar setja reglur um notkun veiðarfæra sem hugsanlega banna t.d. notkun á flottrolli. Það gæti verið það sama og að loka fyrir veiðar okkar á þessu svæði eða draga verulega úr þeim. Þingmenn Þjóðvaka telja rétt að mótmæla niðurstöðu um veiðarnar á Flæmingjagrunni í samræmi við óskir útgerðarmanna sem þekkja þar best til. Veiðar hafa staðið þar stutt yfir og því er e.t.v. hægt að ályktа að niðurstaða vísindanefndarinnar sé ekki sérlega traust. Einnig má benda á að miðað við forsögu NAFO hefði átt að geta fengist frestur á svona ákvörðun sem var algerlega ókynnt. Við teljum því rétt að mótmæla niðurstöðunni um veiðarnar á Flæmingjagrunni en við höfum svigrúm til þess til loka nóvember. Það styrkir vissulega íslenska hagsmuni í þessu efni.

Herra forseti. Það er átakanlegt í utanríkisstefnu okkar hversu litlu fjármagni hefur verið varið til þróunarmála. Þau framlög eru enn skorin niður í fjárlagafrv. Framgangan á þessu sviði er Íslendingum til vansa. Flestar vestrænar þjóðir leggja mun meira til þróunarmála en við, bæði er þróunaraðstoð í víðum skilningi sjálfsögð samhjálp í þjáðum heimi og þannig merki um góða jafnaðarstefnu en einnig er hér um mikilvæg viðskiptasambönd framtíðarinnar að ræða.

Herra forseti. Segja má að utanríkismálin séu í nokkru uppnámi í vestrænum heimi, ekki hvað síst fyrir litlar þjóðir sem eru að fóta sig eftir hrun kommúnismans. Það hefur ekki farið fram alvarleg umræða út frá breyttum forsendum hérlendis. Menn eru oft enn fastir í gömlum hugsunarhætti kalda stríðsins og hafa ekki áttað sig á hinum gerbreyttu aðstæðum. Sérhver þjóð verður að skilgreina hagsmuni sína sjálf. Við eigum þar eftir mikla heimavinnu og segja má að við séum langt frá því að vinna markvisst að því. Í þeirri umræðu væri ekki úr vegi að nýta þekkingu og reynslu manna eins og Ólafs Ragnars Grímssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrv. utanrrh.

Herra forseti. Ástæða er til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær áherslur sem hann leggur á kröftugt markaðs- og kynningarstarf erlendis á íslenskum vörum og þjónustu og að lögð verði sérstök áhersla á að auka þjónustu og tengsl utanrrn. við fyrirtæki í útflutningi og gefa útflutningsviðskiptamálum okkar aukið vægi. Í þessu sambandi er full ástæða til að árétta hvað forseti íslensku þjóðarinnar, frú Vigdís Finnbogadóttir, hefur í forsetatíð sinni unnið mikið kynningarstarf á erlendum vettvangi fyrir íslenska framleiðslu. Skemmst er að minnast ferða forsetans til Kína þar sem grunnur var lagður að mikilvægum viðskiptasamböndum og markaðsstarfi.

Hlutverk markvissrar utanríkisstefnu er vissulega að styðja við íslensk fyrirtæki erlendis. Það getur gerst með ýmsum hætti en það er best gert með meiri fjárveitingum til menntamála. Utanríkisverslun mun aukast verulega á næstu árum og við þurfum sérhæfða menntun á þessu sviði eins og víða annars staðar. Hluti af góðri stefnumörkun eru áform um að fá Háskóla Sameinuðu þjóðanna í sjávarútvegsfræðum til Íslands. Flestar þjóðir tengja utanríkisstefnuna viðskiptum og við höfum ekki gert nóg af því á undanförnum áratugum. Búast má við að Íslendingar muni í vaxandi mæli vinna erlendis og þá er mikilvægt að það sé fyrir íslensk fyrirtæki þannig að verðmætasköpunin muni skila sér til íslensku þjóðarinnar.

Nýlegur samningur Íslenskra sjávarafurða í Rússlandi eru mjög gott dæmi um þetta. Þar er vel að verki staðið. Þetta er verkefni framtíðarinnar og tengir saman skynsamlega efnahagsstefnu og jákvæða utanríkispólitík.

Að lokum þetta virðulegi forseti. Við höfum upplifað mjög örar breytingar á alþjóðavettvangi og margar hverjar mjög jákvæðar. Samstarf okkar og samvinna við aðrar þjóðir verður því að vera í sífelldri mótun og endurmati til að tryggja sem best hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Það er mikilvægur hluti af sýn 21. aldarinnar. Samstarf við aðrar þjóðir fer sífellt vaxandi, ekki bara á sviði efnahags- eða atvinnumála heldur á einnig á sviði mennta-, menningar- og félagsmála. Það er mikilvægt vegarnesti inn í 21. öldina.

[12:10]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans og það tækifæri sem skýrsla hans gefur til að ræða utanríkismál á Alþingi. Staða okkar í samfélagi þjóðanna skiptir verulegu máli og því er ákaflega fróðlegt að sjá hvaða áherslur nýr utanrrh. leggur í ræðu sinni, með hvers konar gleraugum hann skoðar þessa stöðu. Ræðan er greinargott yfirlit yfir stöðu okkar gagnvart Sameinuðu þjóðunum, Norðurlöndum, Eystrasaltssvæðinu og Evrópusambandinu og hvaða sýn hæstv. utanrrh. hefur á þær breytingar sem eru yfirvofandi á alþjóðavettvangi. Hann fer nokkrum orðum um þær helstu alþjóðastofnanir sem við erum aðilar að og er það

ágætt yfirlit en efnislega er staða okkar í samfélagi þjóðanna einkum rædd út frá auðlindum og umhverfismálum, þróun öryggismála, afvopnunarmála, þróunar- og viðskiptamála og einnig er talað um áherslur ráðherra um átak í markaðs- og fjárfestingarmálum. Ráðherra gerir grein fyrir hvers vegna hann kýs að hafa þessar áherslur í fyrstu ræðu sinni sem utanrrh. sem eru m.a. þær að hann hefur mikinn áhuga á sjávarútvegsmálum og mikla reynslu á því sviði og finnst mér það mjög eðlilegt.

Yfirlitið er greinargott en það er hefðbundið og það kom fátt þar á óvart sem ber kannski vott um gott upplýsingastreymi til okkar þingmanna. Því verður ekki séð að samskipti okkar við útlönd breytist mikið á næstunni og þau snúist fyrst og fremst um sjávarútvegs-, öryggis-, umhverfis- og viðskiptamál. Hlutfallslega lítið er þó fjallað um þau mál sem hafa tekið mestan tíma í utanrmn. á þessu kjörtímabili, nefnilega úthafsveiðar okkar í Barentshafi og á Flæmska hattinum enda eru samningamálin um veiðarnar í Barentshafi á viðkvæmu stigi og verulegur ágreiningur er í þjóðfélaginu um stöðu rækjuveiða á Flæmingjagrunni. Þar keppast íslenskir útgerðarmenn við að safna sér veiðireynslu enda er nú mikið um Íslendinga, heilu fjölskyldurnar í borginni St. John á Nýfundnalandi og var ástandinu þar líkt við Strikið í Kaupmannahöfn í mín eyru í gær. Við erum eins og gullgrafarar á úthöfunum sem vissulega hefur komið sér vel fyrir efnahagsástandið þó að efnahagsbatinn hafi eingöngu komið í vasa sumra. En arðrán á auðlindum þar er jafnhættulegt og annars staðar og því er það fagnaðarefni að samningaviðræður virðast vera að nást við stjórnun á þessum veiðum í kjölfar samninganna sem náðust á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York í sumar. Enda þótt við verðum vissulega að gæta okkar hagsmuna í úthafsveiðum fögnum við kvennalistakonur þeirri stefnu að leggja höfuðáherslu á að ná markvissri stjórnun á þessum veiðum og á sjálfbæra þróun fiskstofna. Á því byggist ekki bara efnahagslegt sjálfstæði okkar heldur einnig að við séum virt sem ábyrg þjóð í alþjóðaviðskiptum enda er augljóst að deila okkar í Barentshafi hefur skaðað samskipti okkar bæði við Norðmenn, Rússa og líklega Evrópusambandið líka. Þetta eru mikilvæg mál sem réttlæta þá áherslu sem utanrrh. hefur lagt á þau þó vert sé að minna á að það er óþarfi að hafa tvo sjútvrh. eins og stundum virðist raunin hjá núv. hæstv. ríkisstjórn og það er nauðsynlegt að líta til fleiri þátta utanríkismála en sjávarútvegsmála.

Varðandi deiluna um stjórnun rækjuveiða á Flæmingjagrunni teljum við að íhuga þurfi vandlega hvort nýtt verður heimild til að kæra þá niðurstöðu um sóknarstýringu sem ákveðin hefur verið. Það eru bæði rök með og á móti því en aðalatriðið er að við komum fram sem ábyrg þjóð sem vill ábyrga stjórnun og markvissa uppbyggingu. Og þó að rækjustofninn virðist í mikilli lægð þar núna þá eru vísindagögnin ekki alveg nægilega góð. Ákvörðun um kæru þarf að taka með langtímamarkmið okkar í huga sem ábyrgrar fiskveiðiþjóðar, en ekki með skammtímagróða í huga.

Virðulegi forseti. Okkur er skammtaður naumt tíminn í þessari umræðu svo ég vil nota það sem eftir er af mínum tíma til að ræða um það sem ég saknaði úr ræðu hæstv. utanrrh. og það sem óhjákvæmilega þarf að ræða mjög gaumgæfilega á þessu kjörtímabili, nefnilega tengsl Íslands við Evrópusambandið.

Það var við hæfi að hefja ræðuna á umfjöllun um Sameinuðu þjóðirnar á þessu 50 ára afmælisári samtakanna, þó að það hafi verið mér veruleg vonbrigði að aðeins þremur línum er varið í að ræða um nýafstaðna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Líklegt má telja að hér hefði skipt máli að utanrrh. er karl en ekki kona því að þessi merkilega ráðstefna hlyti að hafa fengið meiri umfjöllun hjá konu. Ég tel að þetta sé í raun móðgun við konur og þá erfiðu mannréttindabaráttu sem þær heyja út um allan heim. Ég vil því nota tækifærið núna og spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hann og ríkisstjórnin hyggst fylgja eftir þeirri framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í Kína og hvort hann hyggst beita sér fyrir því að framkvæmdaáætlunin verði þýdd á íslensku og gerð aðgengileg til dreifingar eða sölu? Einnig vil ég spyrja hann hvort það væri eitthvað eitt umfram annað í framkvæmdaáætluninni sem hann hyggst beita sér fyrir sem utanrrh.?

Ráðherrann kemur inn á Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og áhuga sinn á að efla starfsemi á sviði þróunarmála. Hins vegar eru engin fyrirheit að reyna að auka okkar hlut í þróunaraðstoð sem hefur á undanförnum árum verið skammarlega lítill og á fjárlögum komandi árs er enn fyrirhugaður niðurskurður. Því miður hefur okkar þróunaraðstoð of oft mótast meira af eigin útflutningshagsmunum en raunverulegum skilningi á vandamálum viðkomandi þjóða, þó að vissulega sé gott að við miðlum af okkar reynslu og því sem við eigum nóg af. Nú eru æ fleiri alþjóðastofnanir, t.d. Alþjóðabankinn o.fl., að átta sig á því hve konur í þróunarlöndum gegna mikilvægu hlutverki til raunverulegar hjálpar til sjálfshjálpar og vil ég í því sambandi minna á hið mikilvæga starf UNIFEM, Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til styrktar konum. En á sama tíma og fólk er að átta sig á þessu þá eru Bandaríkjamenn að skera niður framlög sín bæði til Sameinuðu þjóðanna og til þróunaraðstoðar yfirleitt og við virðumst vera að gera það líka. Því er ég ósátt við þær áherslur sem fram koma í ræðu ráðherra um markmið þróunaraðstoðar og vona að aukið fjármagn verði veitt til að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft. Það er siðferðileg skylda okkar sem ríkrar velferðarþjóðar, en jafnframt undirstaða velferðar og áframhaldandi friðar í veröldinni að mínu mati.

En lífið er meira en sjávarútvegur, hafréttarmál og viðskiptatengsl þó að ráðherra hafi kosið að gera þau mikilvægu mál að meginefni sinnar ræðu að þessu sinni. Auk meiri áherslu á málefni kvennaráðstefnunnar í Kína saknaði ég umræðu um stefnu ríkisstjórnarinnar í menningarsamstarfi í víðri merkingu, ekki síst á sviði vísinda, lista og rannsókna eða menntamála.

Þá sakna ég umfjöllunar um stefnu ríkisstjórnarinnar á alþjóðavettvangi til að vinna gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, sem í vaxandi mæli virðast tengjast fíkniefnum nú þegar járntjaldið er fallið.

Þá sakna ég að heyra einhvað frá ráðherranum um það sem virðist vera að gerast á alþjóðavettvangi, að hið svokallaða fjórða vald eða fjölmiðlar eru í vaxandi mæli að taka töluverð völd af stjórnmálamönnum og ég er mjög forvitin að vita hvort það er einhver alþjóðleg umræða í gangi á meðal stjórnmálamanna um hvernig ber að bregðast við því og spyr því: Ætlar utanrrh. að beita sér eitthvað á þeim sviðum sem ég hér nefndi og þá á hvaða vettvangi?

Ég fagna því að ríkisstjórnin hefur fordæmt kjarnorkusprengingar Kínverja og Frakka og vona að Alþingi sjálft fordæmi þessar sprengingar einnig.

Þá er ég komin að tengslum Íslands við Evrópusambandið. Ég fagna þeirri skýru umræðu sem er í þessari ræðu ráðherra um það mál, þó að það sé alveg ljóst að við lifum á breytinga-

tímum og umræðan mótast af því. En það er þó sagt alveg skýrt að það sé ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að sækja um aðild að Evrópusambandinu þar sem umsókn nú, eins og það er túlkað, gæfi til kynna að við sættum okkur við sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins sem óhjákvæmilega. Einnig er undirstrikuð nauðsyn þess að fylgjast vel með þróun Evrópuumræðunnar og stefnt verði að því að velja þann kost sem þjónar best langtímahagsmunum þjóðarinnar. Þessi stefna er algerlega samhljóma stefnu Kvennalistans í þessu mikilvæga máli og við kvennalistakonur leggjum mjög mikla áherslu á það að ef til stefnubreytingar kemur þá verði slík ákvörðun lögð í þjóðaratkvæði.

Ein rökin sem við kvennalistakonur höfum nefnt gegn Evrópusambandsaðild, auk fiskveiðistefnunnar, er sú mikla miðstýring, embættismannavald og karlveldi sem ræður ríkjum í Brussel, þó að vissulega sé einnig hægt að sækja fyrirmyndir til Evrópusambandsins varðandi það sem til bóta horfir í ýmsum félags- og jafnréttismálum.

Hinn dapurlegi dómur sem Evrópusambandsdómstóllinn í Lúxemborg var að fella um að ekki sé heimilt að leyfa mismunun á grundvelli kynferðis í þeim tilgangi að rétta hag kvenna, sýnir karlveldið sem ríkir í þessum dómstól og minnir okkur enn einu sinni á hve dómstólakerfið almennt er íhaldssamt og seint að breytast í takt við gildandi lög og þetta á svo sannarlega við hér á landi. Það var skelfileg sjón að sjá hvern karldómarann á fætur öðrum taka sér sæti í Evrópusambandsdómstólnum og kveða upp þennan úrskurð gegn anda tilskipunarinnar og gegn þeirri trú að raunverulegur vilji sé innan Evrópusambandsins til að vinna að jafnréttismálum kynjanna á vinnumarkaði. Tókuð þið eftir því að það var ekki ein einasta kona í dómstólnum? Þó að þessi dómur muni væntanlega ekki hafa sömu áhrif hér á landi og í Þýskalandi og Noregi, en þau lönd hafa lögtekið ákveðin mismununarákvæði í sín jafnréttislög, þá virðist mér ljóst að þessi niðurstaða muni hafa annað tveggja í för með sér í Evrópu almennt. Annaðhvort verulegt bakslag í jafnréttis- og mannréttindabaráttu kvenna eða tvíefldan kraft til að efla kvennabaráttuna og stöðu kvenna í stjórnmálum, til að takast á við þau afturhaldsöfl sem viðhalda ástandi sem heyrir fortíðinni til. Það er svo sannarlega von mín að það verði hið síðarnefnda og það verði ríkisstjórn Íslands, sem aðeins hefur eina konu innanborðs, til umhugsunar og að konur komist hér til valda og meiri kraftur verði í kvennabaráttunni núna en nokkru sinni fyrr og það verði ekki raunin að fyrir hvert hálft skref sem við stígum fram á við þá þurfum við að stíga hálft aftur á bak eða jafnvel eitt.

Fram undan er 24. okt. og 20 ára afmæli þess dags sem við konur lögðum niður vinnu í einn dag þannig að athygli vakti á alþjóðavettvangi. Minna hefur áunnist á þessum 20 árum en bjartsýnar konur vonuðu, en við megum ekki bugast og því hljóta allar kvenfrelsiskonur að blása í baráttulúðra nú um leið og við hvetjum karlana sem nú sitja við völd í ríkisstjórn Íslands til að taka mið af eftirfarandi klausum sem eru í samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 1979 og heitir „Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum." Þessi samningur var fullgiltur með ályktun Alþingis í júní 1985 rétt fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem þá var haldin í Nairobi.

Virðulegi forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Í þessum samningi segir m.a. að ríkin sem hann hafa fullgilt, með leyfi forseta: „...eru sannfærð um að alger og alhliða þróun lands, velferð í heiminum og málstaður friðarins, krefjast þátttöku kvenna í sem ríkustum mæli og til jafns við karla á hvaða vettvangi sem er." Og í 8. gr. samningsins segir:

„Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja konum til jafns við karla og án nokkurs mismunar tækifæri til að koma fram fyrir hönd ríkisstjórna sinna á alþjóðavettvangi og taka þátt í störfum alþjóðastofnana."

Í þessu sambandi vil ég benda á að núna í haust er það í fyrsta skipti sem við kvennalistakonur fáum ekki tækifæri til að fara til Sameinuðu þjóðanna á vegum Alþingis og er því borið við að okkar atkvæðamagn sé ekki nægjanlegt, en hingað til hefur það dugað og hingað til hefur önnur túlkun gilt en nú í þessu alþjóðasamstarfi. Ég vil sem sagt benda á að þó að við njótum hér jafnréttis og fáum sama tíma og aðrir í umræðu og við gerum það einnig í eldhúsdegi, þá eru allt aðrar reglur notaðar innan þingsins þannig að þáttur okkur kvennalistakvenna í alþjóðastarfi er svo til enginn.

Ég vona að þetta verði hvatning til utanrrh. og ríkisstjórnarinnar og læt það verða mín síðustu orð, herra forseti. En ég vil aðeins í lokin benda utanrrh. á mynd sem birtist í tímaritinu Nordisk kontakt og er af því fræga málverki Edwards Munk Ópið, en hérna er viðkomandi í kvenmannsklæðum og ég vona svo sannarlega að hann hugsi um þessa mynd þegar hann er að ræða á alþjóðavettvangi og þegar hann er að velja fólk til þess að tala á þeim vettvangi.

[12:28]

Hrafn Jökulsson:

Herra forseti. Óneitanlega yljar það manni um hjartarætur að heyra hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson lýsa því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu, ekki síst í ljósi þess að þáv. hv. þm. Halldór Ásgrímsson treysti sér ekki til þess á síðasta kjörtímabili að greiða samningnum atkvæði sitt á þessari virðulegu samkomu.

Samherjar hans í Framsfl. fóru hamförum gegn samningnum. Þeir voru langdvölum í þessu ræðupúlti og fluttu nákvæmar heimsendaspár fyrir hönd íslenskrar menningar, atvinnuvega og mannlífs. En batnandi mönnum er best að lifa og ánægjulegt að hæstv. utanrrh. skuli vera orðin forsöngvari í þeim kór sem nú lofar og prísar ávinning okkar af samningnum um EES. Margt má um blessaðan Framsfl. segja, en víst er að stefnufesta verður honum ekki að fjörtjóni. Eða hvern hefði órað fyrir því þegar liðsmenn núv. formanns Framsfl. hömuðust eins og naut í flagi gegn EES að hann ætti, sem utanrrh., eftir að gefa þingheimi til kynna að aðild að Evrópusambandinu sé engan veginn útilokuð, þótt ekki sé hún á hinni frægu dagskrá ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Orðrétt úr ræðu ráðherra, með leyfi forseta:

„Engin vísbending hefur fengist um að Íslendingar gætu losnað undan ákvæðum Rómarsáttmálans í þessum efnum og því er aðildarumsókn órökrétt. Það er hins vegar ljóst að ef breytingar verða í þessum efnum og nýjar vísbendingar koma fram er komin upp ný staða sem þarf að meta þegar þar að kemur."

Ný vísbending, herra forseti, og þá er maddama Framsókn til í allt. Hvað ætli hæstv. félmrh. finnist um þetta? Honum hefur e.t.v. ekki gefist tóm til að kynna sér efni ræðu hæstv. utanrrh. Eins og alþjóð veit er gamli herstöðvaandstæðingurinn á miklum þönum á herjeppanum sínum að bera út póstinn frá Brussel.

Ég get ekki látið hjá líða að víkja að öðru atriði í ræðu hæstv. utanrrh. Nú er hann ekki þekktur fyrir léttúð af neinu tagi og því er mér ekki ljóst hvort yfirlýsingar hans um

útfærslu GATT-samningsins flokkast undir gamansemi eða óskhyggju. Allténd varð hæstv. utanrrh. með öllu viðskila við veruleikann þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Framkvæmd landbúnaðarsamningsins hér á landi endurspeglar þá sátt sem náðst hefur um málið á Alþingi og er jafnframt í grundvallaratriðum í samræmi við það sem gerist í öðrum löndum."

Framsóknarmenn eru sannarlega miklir sérfræðingar í því að koma miklum misskilningi fyrir í mjög stuttu máli. Það er engin sátt um útfærsluna á GATT, hvorki á Alþingi né annars staðar. Hæstv. utanrrh. hefur verið á faraldsfæti síðustu mánuðina, en hann ætti að gefa sér tóm til að kynna sér skoðanir verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda, kaupmanna og neytenda, á útfærslunni á GATT-samningnum. Íslendingar eru nefnilega einir um þann frama að nota samning um aukna milliríkjaverslun til þess að hækka tollmúra og torvelda innflutning. Þess vegna lækkar matarverð ekki á Íslandi og þess vegna er bændum áfram haldið í kæfandi faðmlagi ofverndar.

Sælir eru einfaldir og sælir eru framsóknarmenn. Sáttin um útfærsluna á GATT er hvergi til nema milli framsóknarmanna, Sjálfstfl. og Framsfl.

Það eru hins vegar tíðindi að þeir þingmenn Sjálfstfl., sem til þessa hafa gefið sig út fyrir að vera frjálslyndir talsmenn neytenda, þegja nú þunnu hljóði. Reyndar er athyglisvert að hvorki hefur heyrst né sést til óbreyttra þingmanna Sjálfstfl. allar götur síðan í vor. Hlutskipti þeirra er harla dapurlegt, tjóðraðir á bás í fjósi Framsóknar með Höllustaðaguðspjallið eitt til sáluhjálpar.

Herra forseti. Það er efamál að nokkurt þjóðþing í Evrópu láti sig utanríkismál jafnlitlu varða og Alþingi Íslendinga. Til marks um það er t.d. sú staðreynd að umræðum um skýrslu hæstv. utanrrh. er þröngur stakkur sniðinn. Þannig fór snöggtum meiri tími þingmanna í að ræða eigin launamál. Fyrstu þingfundir þess nýliða sem hér stendur minntu fremur á fund um kjaramál í stéttarfélagi en samkomu elsta löggjafarþings heims.

Því var nýlega haldið fram í virðulegu dagblaði að sárafáir þingmenn sýni áhuga á því sem fram fer utan landsteinanna og að enn færri búi yfir þekkingu á alþjóðamálum. Getur þetta verið rétt? Ég tók mig til í gærkvöldi og blaðaði í gegnum Alþingistíðindi síðasta vetrar. Niðurstaðan varð þessi: Ógjörningur er að saka hæstv. alþm. um skort á hugkvæmni þegar umræðuefni eru annars vegar. Settar voru á langar tölur um lögreglumál í Kópavogi, skattgreiðslur af útflutningi hrossa, aldurshámark bifreiðastjóra, markaðssetningu rekaviðar og varðveislu arfs húsmæðraskóla, svo dæmi séu tekin af handahófi um þau þjóðþrifamál sem hæstv. þm. tjáðu sig um á rúmlega 4.000 bls. Alþingistíðinda.

En hversu oft ætli þingmenn hafi haft frumkvæði að umræðum um þá tegund utanríkismála sem ekki snertir Íslendinga beint? Hversu oft sáu þingmenn ástæðu til að líta út fyrir landsteinana? Herra forseti, það var hvorki meira né minna en einu sinni allan síðasta vetur. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir flutti ásamt fleirum þáltill. um aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor. Í þessari einu tillögu var fólgið samanlagt framlag þingheims til mótunar íslenskrar utanríkisstefnu. Margir hv. þm. virðast þá aðeins minnast á útlönd þegar þeir taka sér í munn hið skelfilega orð Brussel. Undir slíkum kringumstæðum tekst mörgum pólitískum heimalningi að tala sig upp í ástríðuhita, en að öðru leyti líta þeir svo á að það klagi ekki upp á Íslendinga hvað gerist einhvers staðar í útlöndunum. Þeir gætu þess vegna tekið undir með Bjarti í Sumarhúsum:

Spurt hef ég tíu miljón manns
sé myrtir í gamni utanlands,
sannlega mega þeir súpa hel,
ég syrgi þá ekki, fari þeir vel.

Getur verið að afstaða þingmanna til alþjóðamála markist af þeirri hreppapólitík sem margir hafa þróað upp í hreina listgrein? Í ræðu hæstv. utanrrh. var ekkert, alls ekkert, sem ekki varðaði beint hagsmuni Íslendinga. Að öðru leyti eru aðþjóðamál ekki á dagskrá.

Herra forseti. Síðustu fjögur ár hefur geisað stríð í Evrópu. Litlu ríki í hjarta álfunnar hefur smám saman verið að blæða út. Hæstv. utanrrh. fjallaði einkum um styrjöldina á Balkanskaga í aukasetningum. Ég minnist þess ekki heldur að þingmenn hafi látið sig helför Bosníu miklu varða. Til eru þeir menn sem opinberlega taka undir með Bjarti í Sumarhúsum og segja sem svo: Hvað kemur okkur þetta við? Hvað eigum við að skipta okkur af því þótt einhverjir útlendingar standi í vígaferlum? Þjóðarmorð suður í löndum koma okkur ekki við.

Málefni Byggðastofnunar kunna að vera mikilvægari en sú staðreynd að við höfum í beinni útsendingu horft upp á 250.000 manns slátrað í Bosníu. Og markaðssetning rekaviðar er e.t.v. mikilvægari en mannréttindi á Austur-Tímor.

Á vorþingi var borin fram þáltill. um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir á alþjóðavettvangi afnámi viðskiptabanns á Írak. Þetta var í maí. Í fskj. með tillögunni kom fram að samkvæmt opinberum tölum Sameinuðu þjóðanna deyja 400 börn í Bagdad á dag vegna skorts á næringu og lyfjum. Þetta eru afleiðingar viðskiptabanns sem Íslendingar eiga hlut að. Viðskiptabanninu var ætlað að grafa undan stjórn Saddams Husseins en þess í stað er verið að þurrka heila kynslóð írakskra barna út. Frá því að tillagan var lögð fram á Alþingi má ætla að 60.000 börn hafi dáið í Bagdad. Tillagan var vitanlega ekki afgreidd í vor. Ég veit ekki hvort hún hefur þurft að þoka fyrir umræðum um varðveislu arfs húsmæðraskóla. En þessi tillaga hefur nú verið flutt á nýjan leik, fimm mánuðum og 60.000 lífum seinna.

Hér er komið mál sem utanrrh. Íslands ætti að taka upp á alþjóðavettvangi. Við Íslendingar höfum ekki til þessa lagt stund á þjóðarmorð. Með því að samþykkja viðskiptabann á varnarlausa þjóð erum við hins vegar samsek. Við hljótum að bera ábyrgð á afleiðingunum. Ég heiti á hæstv. utanrrh. að beita sér og bregðast við í þessu máli. Hann ætti þá jafnframt að kynna sér ofsóknir á hendur Kúrdum, bæði í Írak og ekki síður í Tyrklandi. NATO-ríkið Tyrkland hefur myrt þúsundir Kúrda og vinnur skipulega að því að uppræta menningu þeirra. Hafa alþingismenn ekkert við það að athuga að þetta bandalagsríki okkar skuli fangelsa réttkjörna þingmenn fyrir þær einar sakir að halda á loft málstað þessarar hrjáðu þjóðar?

Herra forseti. Við Íslendingar getum í krafti smæðar og lýðræðishefðar haft áhrif á alþjóðavettvangi. Við getum látið rödd okkar heyrast. Við getum verið málsvarar mannréttinda og frelsis af því að sjálf höfum við hreinan skjöld.

Heimsmyndin breytist dag frá degi. Ekki einasta fjölgar smáríkjum ört heldur er það líka að ganga eftir sem Pétur Gunnarsson sagði í ljóði fyrir 20 árum: „Landamæri eru tilbúningur."

Á nýrri öld munu alþjóðamál skipa öndvegi hjá öllum þjóðum sem ætla að vera hlutgengar í veröldinni. Þetta er

staðreynd sem hv. alþm. verða að átta sig á; ætli þeir sér ekki það hlutskipti að daga uppi innan við andlegan túngarð.

[12:41]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það má taka undir með þeim sem við þessa umræðu hafa sagt að þörf væri á því að ræða um alþjóðamál oftar og meira á Alþingi Íslendinga heldur en gert er með formlegum hætti. Ég hef oft bent á þetta og hef á stundum haft frumkvæði að því að einstakir þættir hafa komið hér til umræðu. En um leið og þetta er sagt þá skulum við einnig hafa það í huga að alþjóðamál og innanlandsmál hafa í vaxandi mæli fléttast saman með öðrum hætti heldur en áður var og skilin þarna á milli eru ekki jafnskýr og dagskrá Alþingis hverju sinni ber vott um.

Við erum í raun, með þeim samningum sem við höfum gerst aðilar að og skuldbindingum, þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi bæði í víðasta skilningi með aðild að Sameinuðu þjóðunum en einnig svæðisbundnu og er þar síðast að nefna samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, sem veldur því að umræða um íslenska löggjöf er ekki lengur neitt innanríkismál heldur tengist lagasetningu í Vestur-Evrópu á svæði Evrópusambandsins og það er raunar þetta samband sem ákvarðar lagaþróun á Íslandi í fjölmörgum mikilvægum málum og í rauninni að miklu leyti. Þetta er breyting sem orðið hefur og sem við hér á Alþingi tökum þátt í nauðugir viljugir eftir því hvernig við lítum á þann samning og hvernig hann virkar og það er sú breyting sem hefur orðið hvað afdrifaríkust hér á síðustu missirum, þ.e. eftir að við gerðumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu og þá ræðu sem hann hefur hér flutt, hina fyrstu. Auðvitað get ég tekið undir margt sem þar kemur fram, því það er nú svo að þó okkur greini á milli flokka á Íslandi um þýðingarmikil atriði í utanríkismálum og hvernig á er haldið, án þess að ég ætli að fara að gera það að sérstöku umtalsefni, þá erum við sammála um mörg atriði og miklu fleiri heldur en ágreiningurinn, sem eðlilega er ræddur, ber vott um og ætla ég þó ekki að fara neitt að jafna á þeim metaskálum. Fyrir utan það að Íslendingar hafa orðið aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði, þá er það sem hefur m.a. sett svip sinn á utanríkismálaumræðu og breytingar í umheiminum að undanförnu aðild tveggja Norðurlandaþjóða til viðbótar að Evrópusambandinu í byrjun þessa árs, þar sem Svíar og Finnar bættust í hópinn.

Áhrif þessarar aðildar á okkur Íslendinga hafa orðið talsverð, bæði með beinum og óbeinum hætti og kemur fram á vettvangi Norðurlandaráðs og hins norræna samstarfs sem er að taka breytingum, formlega og óformlega, vegna þess að tvær þjóðir bættust við inn í Evrópusambandið ásamt Dönum sem voru þar fyrir. Þetta eru breytingar sem ekki eru komnar fram nema að takmörkuðu leyti og ég hef of takmarkaðan tíma hér til að ræða þessi mál. En þó ég taki undir það að bindiefnið í norrænu samstarfi er kannski meira en þeir svartsýnustu óttuðust þá er það svo að margar af þeim breytingum sem nú eru að ganga yfir koma óhjákvæmilega til með að veikja norrænt samstarf, hið formlega norræna samstarf, og eru þegar í rauninni innsiglaðar. Aðrar breytingar munu ekki ganga svo langt og þrátt fyrir allt gildi hins opinbera samstarfs þá skulum við vona að almenn tengsl Norðurlandanna haldist og styrkist frekar en hitt í framtíðinni, hin menningarlegu tengsl og annað sem þar að lýtur.

Menn geta hins vegar spurt sig: Hvað hefði gerst ef Noregur hefði orðið samferða hinum löndunum tveimur inn í Evrópusambandið? Hver hefði þá verið staða okkar Íslendinga í þessu sambandi? Það er ástæða til að velta því fyrir sér og menn ættu að hugsa til þess hvaða greiði íslenskum málstað var gerður af hálfu þeirra sem lögðust gegn aðild Norðurlandanna að Evrópusambandinu og sá mikli árangur sem tókst í Noregi þar sem meiri hluti hafnaði aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef Norðmenn hefðu lent inn í Evrópusambandið þá hefði það gengið eftir sem talsmenn stjórnvalda þar héldu fram og notuðu í sínum áróðri að það ætti að færa hið norræna samstarf undir regnhlíf Evrópusambandsins, þar myndi það fara fram fyrst og fremst með óbeinum, óformlegum hætti í samvinnu ríkisstjórna. Þetta gekk ekki eftir. Við Íslendingar stöndum utan við Evrópusambandið og enginn ásetningur er um það eða engin stefna er uppi um það að sækja um aðild og Alþfl. er enn sem komið er eina stjórnmálaaflið á Alþingi sem mælir eindregið með að látið verði á reyna með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Auðvitað veit Alþfl. og formaður þess flokks kannski betur en margir aðrir að það er ekki von til þess að við fáum neinar grundvallarbreytingar fram á Evrópusamningnum, þ.e. Rómarsamningnum, Maastricht-sáttmálanum og öðru því sem er grundvöllur Evrópusambandsins, þar er það allt eða ekkert sem um er að ræða. Það er því fjarstæða að tala um það að með því að sækja um aðild að ESB geti menn látið á það reyna hvaða kostir fást í því sambandi. Kostina þekkja þeir sem kynna sér innihald Rómarsáttmálans og allt það sem honum tilheyrir og geta því metið málin út frá því.

En það er einmitt sá kafli í skýrslu hæstv. utanrrh. sem vekur sérstaka athygli, það er það sem segir um Evrópusambandið. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna í ræðu ráðherrans:

„Með umsókn við núverandi aðstæður [þ.e. að Evrópusambandinu] væri gefið til kynna að við gætum sætt okkur við sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins í meginatriðum. Engin vísbending hefur fengist um að Íslendingar gætu losnað undan ákvæðum Rómarsáttmálans í þessum efnum og því er aðildarumsókn örökrétt. Það er hins vegar ljóst að ef breytingar verða í þessum efnum og nýjar vísbendingar koma fram er komin upp ný staða sem þarf að meta þegar þar að kemur. Það er ekki síst þess vegna sem nauðsynlegt er að fylgjast vel með og kynna sjónarmið og hagsmuni Íslendinga. Á þann eina hátt er tryggt að ávallt sé valinn sá kostur sem þjónar best langtímahagsmunum þjóðarinnar."

Tilvitnun í mál hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, er lokið.

Hér er rétt að staldra við. Ég heyrði að vísu að formanni Alþfl., hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, þótti ekki nóg að kveðið í þessum texta, þótti hann rýr og að menn væru þar undir askloki. Ég verð hins vegar að segja, virðulegur forseti, að mér finnst þessi texti mjög athyglisverður. Það væri gott að fulltrúi Kvennalistans legði einnig við eyru, því ég ætla aðeins að víkja máli mínu að honum. Þessi ummæli ráðherrans fela það í sér að hann setur í rauninni fyrst og fremst þann fyrirvara við að sækja um aðild að Evrópusambandinu að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna breytist að einhverju umtalsverðu leyti. Það er fyrrvarinn. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. að því: Er það svo að verði breytingar á sjávarútvegsstefnunni sem hann metur nógar, er hann þá alvarlega að hugsa um það að leggja til við sinn flokk, við ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga, að nú eigi að láta reyna á

umsókn um aðild? Er það svo? Er þetta mælikvarðinn? Og ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það hryggði mig að heyra á mál þingmanna, nú í stjórnarandstöðu, eins og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan og talsmanni Kvennalistans hér í umræðunni sem töluðu með mjög svipuðum hætti. Talsmaður Kvennalistans sagði að hæstv. utanrrh. hefði raunar verið að flytja stefnu Kvennalistans í málinu að því er varðaði afstöðuna til Evrópusambandsins. Er það svo að Kvennalistinn, sem ég hélt að væri með markaða stefnu gegn því að sækja um aðild að Evrópusambandinu, er það svo að breyting á fiskveiðistefnu Evrópusambandsins geti tekið loku frá dyrum í þeim efnum?

Ég vil hvetja alla sem eru að skoða þessi mál að horfa á heildina. Í mínum huga er það svo að það er svo víðs fjarri því að breyting á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins eigi, það er mitt mat, að breyta nokkru um spurninguna um það hvort Ísland eigi að leita þarna inn. Það eigum við ekki að gera vegna þess hvernig Evrópusambandið er skipað, vegna þess hvernig reglur þess eru og samningar og vegna þess hvernig þróunin innan þess er. Og þó þróun þess sé óljós í mörgum efnum þá er þó alveg ljóst að þar eru sterkir kraftar sem stefna að miklu fastari heild í formi ríkjabandalags, þ.e. að þróa Evrópusambandið yfir í ríkisheild. Það má auðvitað nefna mjög marga þætti í því sambandi. Það eru utanríkis- og öryggismálin sem svo eru kölluð. Og ein spurningin um það er spurningin um Vestur-Evrópusambandið, Vestur-Evrópuherinn og þau samtök sem tengjast honum, þ.e. VES, Vestur-Evrópusambandið, en eins og ráðherra segir réttilega í skýrslu sinni eru skoðanir þar mjög skiptar um það hvort breyta eigi þannig til að þetta verði kjarninn í öryggismálum, í hermálum Evrópusambandsins í framtíðinni.

Virðulegur forseti. Ég sá ástæðu til að víkja hér að þessu sérstaklega og inna hæstv. ráðherra eftir þessum málum og væri þó sannarlega ástæða til að ræða margt fleira í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir og í utanríkismálunum almennt. Ég vil taka undir þá áherslu sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra og í skýrslu hans varðandi norðurslóðir. Ég tel að þar sé þróun í gangi sem er mjög æskileg og jákvæð og þá er ég að tala um Norðurskautsráðið, stofnun þess, svæðisbundin samtök sem auk þess hafa verið mynduð og Íslendingar eru aðilar að eins og að Barentshafssvæðinu. Sjálfur hef ég haft mikinn áhuga á þessum efnum og hér á Alþingi gerðist það á síðasta þingi að samþykkt var að koma upp íslenskri norðurstofnun sem samkvæmt samþykktinni á að styrkja okkar stöðu í þessum efnum og stuðla að sem öflugustum rannsóknum á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðin. Undir þessa stofnun er verið að renna ákveðnum stoðum með fjárveitingum samkvæmt núverandi fjárlögum til undirbúnings. Þetta er mjög jákvætt. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að taka hér upp fleiri þætti þó mikil ástæða væri til, ég geri það kannski síðar í umræðunni og læt hér með máli mínu lokið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:56]

Fundi slitið kl. 13:47.

17. FUNDUR

fimmtudaginn 19. okt.
að loknum 16. fundi.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál — Frh. umr.
2. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 96. mál, þskj. 100. — 1. umr.
3. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr.
4. Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, þáltill., 72. mál, þskj. 72. — Fyrri umr.

Tilkynning um dagskrá.

[13:50]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Eins og hv. þingmenn sjá eru fjögur mál á dagskrá þessa fundar og forseti gerir sér vonir um að umræðu um þau öll megi ljúka á þessum fundi. Ef þörf er á verður fundur í kvöld og ef ekki tekst að ljúka þeim á þessum degi þá verður seinni fundur í fyrramálið.

Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, fyrri umr.

Þáltill. LG og ÁRJ, 72. mál. — Þskj. 72.

[13:51]

Flm. (Lilja Á. Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég tala fyrir till. til þál. um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Flm. eru sú sem hér stendur ásamt Ástu R. Jóhannesdóttur. Tillagan hljóðar svona:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd til að gera tillögu um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Markmið með opinberri fjölmiðlastefnu er þríþætt:

a. að standa vörð um tjáningarfrelsi sem er hornsteinn lýðræðis,

b. að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum,

c. að efla íslenska tungu og menningu.

Tillaga um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1996."

Tjáningarfrelsi og réttur almennings til að hafa aðgang að alhliða, málefnalegum og faglegum upplýsingum er sá grundvöllur sem lýðræðisþjóðfélag byggir á. Í lýðræðisþjóðfélagi gegna fjölmiðlar lykilhlutverki. Það er því oft talað um áhrif og völd fjölmiðla sem „fjórða valdið" auk hinnar formlegu þrískiptingar valds eins og við þekkjum hana í hinum vestræna heimi.

Í lýðræðisþjóðfélagi gegna fjölmiðlar tvíþættu hlutverki. Þeir fræða þjóðfélagsþegnana og veita þeim innsýn í opinber mál, málefni samfélagsins, umheimsins og einstaklinga eftir því sem við á. Þannig geta þegnarnir staðið vörð um lýðréttindi sín. Auk þess veita fjölmiðlar ríkisvaldinu aðhald með því að fylgjast með starfi þess á gagnrýninn hátt og koma í veg fyrir að ríkisvaldið misbeiti valdi sínu.

Undanfarin ár eða áratug hafa átt sér stað ótrúlegar breytingar á sviði fjölmiðlunar og upplýsingatækni. Upplýsinga-

tæknin, sem er oft sögð vera landamæralaus, hefur þegar haft djúptæk áhrif á þjóðfélagið og sífellt fleiri hér á landi hafa aðgang að alþjóðlegu fjölmiðlaefni. Í æ ríkara mæli er litið á upplýsingar sem vöru. Hins vegar er það hið félagslega, pólitíska og fjárhagslega vald sem sker úr um það hvernig upplýsingatæknin er notuð og hvers konar upplýsingum komið er á framfæri. Að þessu leyti boðar upplýsingatæknin í sjálfu sér ekkert nýtt þó að hún hafi mikil áhrif á samfélagið og flestalla einstaklinga þess.

Tækniþátturinn hefur vegið þyngst í þróun fjölmiðlunar undanfarinn áratug og ýmsir hagsmunir en þó sérstaklega pólitískir hagsmunir, sem tengjast framleiðslu og viðskiptum á sviði fjarskipta, útvarps- og tölvutækni sem knýja þessa öru tækniþróun áfram. Þessi nýja tækni hefur opnað áður óþekktar þróunarleiðir og hefur átt stóran þátt í því sem við getum kallað alþjóðahyggju.

Eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpsrekstrar var afnuminn hefur einkareknum útvarpsstöðvum fjölgað hér á landi. Svipuð þróun hefur reyndar átt sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Útvarpsstöðvar reknar af auglýsingafé hafa fest sig í sessi. Af þessum sökum hefur fjölmiðlamarkaðurinn breyst. Hagnaðarsjónarmiðið og auglýsingamennskan hafa orðið meira áberandi. Fjölmiðlun hefur fengið á sig alþjóðlegan blæ og knúið fram sífellt meiri alþjóðahyggju.

Þættir á ensku eru áberandi á sjónvarpsskjáum flestra þjóða og í flestöllum heimshornum. Í kvikmyndahúsum er bandarískur kvikmyndaiðnaður nær allsráðandi. Þriðja heims lönd hafa t.d. gagnrýnt þessa þróun vegna þess að fjölmiðlaefni er framleitt út frá sjónarmiði og gildismati Vesturlanda. Þegar fámenn þjóð eins og Íslendingar flytur inn enskar og bandarískar sjónvarpsmyndir og kvikmyndir er ekki aðeins verið að flytja inn afþreyingu heldur ekki síður gildismat, fyrirmyndir, tísku og lífsstíl.

Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á íslenskt þjóðlíf. Sjóndeildarhringur okkar hefur víkkað, við höfum kynnst menningu annarra þjóða og gildismati. Einangrun okkar hefur verð rofin. Jafnframt hefur íslensk menning fengið samkeppni. Dægurlög og dægurmál hafa fengið stöðugt meira rúm á öldum ljósvakans. Fjölgun útvarpsstöðva hefur ekki haft í för með sér fjölbreytni í efnisframboði. Nýju útvarpsstöðvarnar bjóða nær eingöngu upp á einhæft afþreyingarefni og hið sama gildir um sjónvarpsstöðvarnar eins og Stöð 2. Þar er engilsaxnesk framleiðsla nær einráð. Hin væntanlega Stöð 3 virðist ætla að fylgja svipaðri dagskrárstefnu. Sjónvarpsstöð, sem dreifir svipuðu efni og myndbandaleigur gera, virðist vera sú tegund sjónvarpsstöðva sem gefur mest í aðra hönd. Þetta einhæfa dagskrárframboð hefur mótað viðhorf okkar Íslendinga til sjónvarpsefnis. Við erum best læs á myndmál af engilsaxneskum toga og við virðumst kunna best að meta efni sem er upprunnið þaðan.

Eins og ég vék að áðan hafa tækniframfarir á þessu sviði verið mjög örar og henni hefur fylgt aukin samkeppni. Gæði eða fagmennska á þessu sviði hefur aukist, útsendingarkostnaður hefur lækkað og gervihnattasendingum hefur fjölgað. Með tilkomu FM-senda hefur orðið einfaldara að útvarpa. Víða erlendis hefur þessi aukna samkeppni á fjölmiðlamarkaði haft í för með sér frekari sérhæfingu. Þar má sjá sérstakar rásir fyrir fréttir, tónlist, íþróttir, barnaefni menningu o.fl. Þessi sérhæfing endurspeglast einnig í útgáfu blaða og tímarita.

Ljóst er að það er dýrara að reka útvarp í almannaþágu, þ.e. útvarp sem býður upp á fjölþætt og margbreytilegt efni en að reka útvarps- og sjónvarpsrásir sem sérhæfa sig á einhverju ákveðnu sviði. Frjáls samkeppni milli fjölmiðla er auðvitað forsenda tjáningarfrelsis. Hins vegar er hætt við því að samkeppni um hlustendur og áhorfendur til að ná hylli auglýsenda leiði til þess að dagskrárframboðið verði fábreyttara og einnig á tilteknu sérsviði. Sífellt fámennari hluti þjóðarinnar mun fylgjast með sama miðlinum eða þættinum og þekkingarsamnefnari þjóðarinnar, ef við getum sagt sem svo, mun minnka og hagsmunir einstaklinganna þess vegna verða sundurleitari. Afleiðing þessarar þróunar virðist vera sú að þekking okkar verður sérhæfð og oft sundurlaus. Það verður æ erfiðara að hafa heildarsýn.

Verði þetta hagnaðarsjónarmið alls ráðandi í rekstri fjölmiðla hér á landi er ekki ólíklegt að fræðsluhlutverki þeirra verði ýtt til hliðar en þar með er grundvöllur lýðræðisins í hættu. Eitt af markmiðum fjölmiðlastefnu hlýtur að vera að tryggja almenningi aðgang að vönduðu efni, m.a. með reglum um auglýsingar og að ekki skuli blanda saman auglýsingum og öðrum efnisþáttum.

Við Íslendingar höfum haft ríkisútvarp sem býður upp á dagskrá í anda útvarps í almannaþágu. Fyrirmyndin er fengin frá BBC og kallast þar „Public Service Radio". Þetta hugtak felur einkum þrennt í sér. Í fyrsta lagi að útvarpið skal ná til allra íbúa landsins. Í öðru lagi á það að tryggja almenna þjóðfélagsumræðu í landinu með því að útvarpa opinberri umræðu sem er lykilatriði í lýðræðisþjóðfélagi. Í þriðja lagi skal útvarpið þjóna almenningi með því að bjóða upp á alls konar þætti óháð því hve margir vilja hlusta eða horfa á þá. Með öðrum orðum á útvarp í almannaþágu ekki að bjóða upp á efni sem eingöngu miðast við vinsældir.

Sjónarmið almenningsfræðslu hafa löngum einkennt efni Ríkisútvarpsins ásamt þeirri meginskyldu þess að miðla menningarefni og taka þátt í samfélagsumræðum. Sú þróun, sem hefur orðið á íslenskum fjölmiðlamarkaði, hlýtur að vekja okkur Íslendinga til umhugsunar um það hvers konar fjömiðlun sé æskileg. Þetta er verkefni sem kemur öllum við enda er fjölmiðill á flestum heimilum og fær heiðurssætið inni í stofu hjá mörgum. Undirstaða íslenskrar menningar er sameiginleg reynsla okkar og þekking. Fjölmiðlar gegna mikilvægu sameiningarhlutverki í okkar fámenna þjóðfélagi. Ef framsetning þeirra einkennist af framandi gildum og heföum mun íslensk þjóðmenning standa höllum fæti.

Oft er talað um það að vald fjölmiðla hafi aukist í þjóðfélaginu, ekki síst vegna þess að þeir eru mikilvægasti gluggi okkar að samfélaginu, bæði okkar eigin samfélagi og öðrum fjarlægari. Það er víst að notendum fjölmiðla og tölvutækni fjölgar stöðugt hvort heldur sem þeir nota þessi tæki til afþreyingar, fræðslu eða tjáskipta. Fjölmiðlaþróunin býður upp á gífurlega möguleika. En hún á sér líka neikvæðar hliðar. Virk fjölmiðlastefna getur því skipt sköpum ef við viljum hafa áhrif á þróunina á fjölmiðlamarkaðnum.

Eignasamruni og samþætting fjölmiðafyrirtækja og stýring fjölmiðla í hvaða formi sem er getur haft hættuleg áhrif á tjáningarfrelsi og allt upplýsingaflæði í samfélaginu. Það hlýtur því að vera verkefni hins opinbera að tryggja að fjölmiðlar bjóði upp á fjölbreytt efni. Það þarf m.a. að athuga eignarhald fjölmiðlafyrirtækja og koma í veg fyrir að einn eða fáir sterkir aðilar nái slíkum yfirburðum á markaði að tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði sé ógnað. Það ber einnig að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki því að það er augljóst að slík tenging hefur bein áhrif á tjáningarfrelsið.

Öruggasta leiðin til að tryggja fjölbreytt framboð efnis til dreifingar er því rekstur öflugra og sterkra innlendra fjölmiðla til mótvægis við alþjóðlegan fjölmiðlaiðnað. Kröftugir fjölmiðlar geta einbeitt sér að sjálfstæðri miðlun frétta og menningar.

Opinber stefna í fjölmiðlun ætti að ná yfir bæði prent- og ljósvakamiðla. Af þessu er ljóst að það er mikilvægt að stjórnvöld móti stefnu í þessum málum og því er þessi tillaga lögð fram.

Þeir sem standa að tillögunni eru með nokkur atriði sem nauðsynlegt er fyrir nefndina að hafa til athugunar og ég ætla að lesa upp nokkur þeirra. Það er að gerð verði grein fyrir tækniþróun í greininni og aukinni tilhneigingu til markaðshyggju og alþjóðahyggju í framleiðslu fjömiðaefnis. Að skýrt verði hlutverk og starfsemi fjölmiðla.

Ég ætla að ljúka máli mínu á því að benda á að áhrif fjölmiðla á börn og unglinga eru auðvitað mjög mikil og því er nauðsynlegt að þessi nefnd athugi vel stöðu barna og unglinga í samfélagi okkar og hugi að því hvernig hægt er að vernda börn og unglinga gegn óæskilegu efni fjölmiðla og að þær reglur og bönn sem til eru séu virt og þeim sé fylgt eftir.

[14:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna því að hér fari fram umræður um starfsemi fjölmiðla en hins vegar tel ég mjög varasamt að farið sé inn á þá braut að mótuð sé opinber stefna í fjölmiðlun. Ég tel að þar sé verið að fara inn á svið sem sé mjög vandasamt fyrir opinbera aðila að hafa afskipti af og það kunni að leiða til þess að reistar verði skorður við því frelsi sem ég tel eðlilegt að ríki þegar fjölmiðlun er annars vegar. Ríkisvaldið kemur að fjölmiðlun eins og þið vitið með rekstri Ríkisútvarpsins og einnig eru í gildi almennar reglur um starfsemi fjölmiðla sem tiltölulega góð sátt hefur ríkt um. Í þáltill. sem hér liggur fyrir stendur að það eigi að skipa nefnd sem geri tillögu um mótun stefnu og markmið stefnunnar verði þríþætt:

a. að standa vörð um tjáningarfrelsi sem hornstein lýðræðis,

b. að tryggja almenningi aðgang að alhliða, málefnalegum og faglegum upplýsingum,

c. að efla íslenska tungu og menningu.

Að því er varðar fyrsta liðinn tel ég, herra forseti, að Alþingi hafi með breytingum á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem var hér til umræðu á síðasta og næstsíðasta þingi gert ráðstafanir til þess að standa vörð um tjáningarfrelsið og viðurkennt að það sé hornsteinn lýðræðisins, að stjórnarskránni hafi þegar verið breytt með þeim hætti að vel sé að þessari varðstöðu hugað og að ekki þurfi að setja sérstaka nefnd til þess að fjalla um þetta mál. Það hafi þegar verið gert með viðunandi hætti af þingi og var staðfest af því þingi sem nú situr eftir kosningar.

Varðandi þriðja liðinn „að efla íslenska tungu og menningu" lít ég þannig á að Alþingi hafi með samþykkt sem var gerð á Þingvöllum 17. júní 1994 í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins lagt grunn að stórátaki til að efla íslenska tungu og menningu. Komið var á fót eins og við vitum sérstökum sjóði til að styrkja m.a. átak í þágu íslenskrar tungu og menningar og ef þau markmið nást sem þar voru sett á því máli að vera borgið.

Síðan er það b-liðurinn í tillögunni „að tryggja almenningi aðgang að alhliða, málefnalegum og faglegum upplýsingum." Með því að ætla sér að ríkisvaldið setji reglur um það hvernig unnt sé að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum held ég að við séum komin inn á svið sem eigi ekki að vera á valdi löggjafans eða stjórnvalda að setja reglur um. Auk þess er þróunin í þá átt, hvað sem líður ágætum vangaveltum í greinargerð með þessari tillögu annars vegar sem er rétt hjá tillögumönnum, að samruni á sér stað hjá mörgum stórum aðilum í fjölmiðlaheiminum en á sama tíma aukast möguleikar bæði einstaklinga og smærri fyrirtækja til þess að taka þátt í fjölmiðlun með þeim hætti sem aldrei hefur verið áður. Einn maður á heimili sínu getur stundað fjölmiðlastarfsemi með því að hafa tölvu og síma að vopni sem aldrei hefur verið til áður í sögu mannkynsins. Upplýsingamiðlunin er orðin á þann veg að það er algerlega ógerlegt að ætla sér að setja um það opinberar reglur hvernig að slíku verði staðið og alls ekki unnt að beina athyglinni að einstaka fjölmiðlafyrirtækjum heldur verður að líta á tækniþróunina en hún hefur sem betur fer verið í þá átt að fjölbreytnin hefur aukist og kostir manna til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tæknivæddum þjóðfélögum og vel upplýstum þjóðfélögum eins og því íslenska eru miklu meiri en nokkru sinni áður í sögu okkar.

Að mínu mati er það einnig tímaskekkja að ætla að ályktun um þetta efni sérstaklega og setja niður nefnd til þess að fjalla um þetta í ljósi þeirrar greinargerðar sem hér liggur fyrir. Þar eru setningar eins og þessi: „Opinber stefna í fjölmiðlun ætti að ná bæði yfir prent- og ljósvakamiðla." Ef þessi stefna ætti ekki að ná yfir annað en frétta- og ljósvakamiðla næði hún alls ekki yfir það sem menn eru að tala um núna þegar rætt er um fjölmiðlun og hvernig upplýsingum er komið á framfæri. Ég lít þannig á, herra forseti, að hér sé farið inn á brautir sem er, eins og ég hef rakið, óþarft að fara inn á og Alþingi þurfi ekki að setja niður nefnd og þurfi ekki að fjalla um þetta mál með þessum hætti þar sem þegar sé vel að því staðið. Ég velti því fyrir mér hvað felst í hugtaki eins og „virk fjölmiðlastefna". Hvað er virk fjölmiðlastefna? Ef opinberir aðilar eiga að fylgja slíkri stefnu hvar eru mörkin á milli virkrar fjölmiðlastefnu og ritskoðunar eða annarra hamla sem menn setja á þá sem stunda fjölmiðlun? Við settum á sl. vetri lög um Kvikmyndaeftirlit ríkisins í því skyni að herða ákvæði í lögum varðandi ofbeldiskvikmyndir og annað slíkt og við höfum farið inn á þau svið. Við höfum takmarkað tjáningarfrelsið að því er varðar auglýsingar á tóbaki og áfengi og við höfum gert ýmsar ráðstafanir til þess að takmarka tjáningarfrelsið en ég vara við því að menn fari að móta eitthvað sem kallað er virk fjölmiðlastefna án þess að þeir geri sér glögga grein fyrir því áður en út á þær brautir er farið hvað í slíku hugtaki felst.

Ég tók þátt í því á vettvangi þings Evrópuráðsins að fjalla um málefni er snerta fjölmiðla og innra starf þeirra, siðareglur, eignarhald og hvernig starfsháttum skyldi háttað. Ég tel víst að þessari tillögu verði vísað til nefndar og ég skora á nefndarmenn, sem taka málið til athugunar, að kynna sér þær samþykktir Evrópuráðsins um þessi mál og sjá um hvað menn náðu samstöðu þar að þessu leyti og einnig framhald málsins, kynna sér þær miklu deilur sem urðu síðan bæði meðal blaðamanna og eigenda fjölmiðla vegna þeirrar niðurstöðu sem menn komust að á þingi Evrópuráðsins þar sem mannréttindi eiga að vera höfð að leiðarljósi og ef menn kynna sér þau gögn og framvindu þess máls þá ættu þeir að átta sig á því að erfitt er að fikra sig inn á þessar brautir án

þess að þeir lendi í þeim ógöngum að vera sakaðir um að ætla að leggja hömlur á tjáningarfrelsi og setja ritskoðun á með einum eða öðrum hætti.

Herra forseti. Ég tel að þessi tillaga sé góðra gjalda verð vegna þess að hún kallar á umræður um þessi mál, en ég teldi það ekki til gagns að hún yrði samþykkt á hinu háa Alþingi.

[14:15]

Flm. (Lilja Á. Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu, en það er mikill misskilningur ef hann heldur að þessi tillaga sé sett fram til þess að hindra starf fjölmiðla á einn eða annan hátt, þvert á móti. Ég held að það komi mjög greinilega fram í greinargerðinni með tillögunni og í þeim þrem markmiðum sem tilgreind eru í tillögugreininni að það er einmitt ekki til að hindra eða ritskoða það efni sem almenningi stendur til boða hér á landi. Hitt er ljóst að verði þróunin eins og hún hefur orðið núna undanfarið, að almenningi stendur nánast einungis til boða einhæft tónlistarefni í útvarpsrásum og örfá dagblöð sem eiga íslenskan markað, þá er spurning hvort það sé ekki einhvers konar ritskoðun. Það er alveg ljóst að ríkisvaldið getur eflt upplýsingaflæðið í landinu með því að styðja markvisst við t.d. útgáfu blaða og tímarita og þá vil ég einkum og sér í lagi vísa til dagblaða því að þau gegna mjög mikilvægu hlutverki. Eins og flestallir vita hafa dagblöð sérstöðu. Kostir þeirra eru ótvíræðir og þau gegna meginhlutverki við að koma á framfæri alhliða fréttum, fréttaskýringum, mismunandi skoðunum og skoðanaágreiningi. Hlutverk ríkisvaldsins gæti t.d. verið það að stuðla að því að amenningur hafi aðgang að fleiri og fjölbreyttari dagblöðum en hann hefur í dag. En þá þarf að gæta þess að verðlagningin á þessum blöðum sé þannig að allir geti nálgast þau en ekki bara ákveðinn þröngur hópur fólks. Ég held að mesta hættan í samfélagi nútímans sé sú þróun að það eru ákveðnir hópar þjóðfélagsins, við getum slett og sagt „élite" hópar, sem hafa mjög greiðan aðgang að alls konar upplýsingum á ýmsum tungumálum, en síðan er þó nokkuð stór hópur sem hefur mjög takmarkaðan aðgang að upplýsingum. Þetta finnst mér að hið opinbera ætti að skoða og skipa til þess nefnd. Við flm. berum þessa tillögu ekki fram bara út í bláinn. Hún á sér víða fyrirmynd.. Ég hef einkum og sér í lagi stuðst við norska stefnu í mínum þankagangi hér. Norðmenn hafa mótað opinbera stefnu í fjölmiðlum og virðast átta sig mjög vel á því að þeir eru fámennt þjóðfélag og það þarf að styrkja alla útgáfustarfsemi og alla umræðu á þeirra tungumáli. Ég held einmitt að við þurfum að huga vel að því.

Við erum að eyða púðri í að ræða um tæknileg smáatriði eins og afnotagjald af Ríkisútvarpi. Það er ekki það sem skiptir höfuðmáli, a.m. k. að mínu mati. Það sem skiptir höfuðmáli er hvernig við getum viðhaldið því lýðræði sem við viljum búa við og státum okkur af á hátíðarstundum, en því miður virðist það eingöngu vera á hátíðarstundum. Ég held að það sé mjög brýnt að huga að eignarhaldi fjölmiðla. Hér á landi eru engar reglur til um það. Við skulum líka hafa það í huga að engin stefna á þessu sviði er auðvitað stefna, það er mjög pólitísk stefna. Á þessu máli eru því mjög margar hliðar og ég held að það sé einmitt mjög brýnt að skipa nefnd til að vinna að þessu máli og fá gott fólk til að ræða um mikilvægi fjölmiðlunar og gildi upplýsinga í þessu svokallaða upplýsingaþjóðfélagi okkar. Þróunin er svo ör og það er mjög sárt að hugsa til þess að börn og ungmenni sitja t.d. stundum saman fyrir framan sjónvarpið og taka aðgerðalaus sífellt á móti upplýsingum og öðru efni. Þetta unga fólk er alls ekki virkt. Það er einmitt það sem þeir sem hafa hug á þessu máli eru nú víða að velta fyrir sér. Hvernig er hægt að gera fjölmiðlaneytandann virkan og hvernig er hægt að læra í gegnum fjölmiðlun eða með fjölmiðlaefni? Þannig eru á þessu máli mjög margar hliðar. Ef ég má, með leyfi forseta, ljúka við að fara í gegnum greinargerðina, *þá eru þau atriði sem við viljum benda á t.d. að nefndin* kanni rekstrarskilyrði fjölmiðla hér á landi. Hvernig skiptast auglýsingatekjur milli fjölmiðla? Er sjónvarp helsti auglýsingamiðillinn? Hvernig er unnt að tryggja fjárhagsgrundvöll Ríkisútvarpsins? Könnun á eignarhaldi fjölmiðla.

Eins og ég sagði áðan hafa verið settar reglur um takmarkaða eignaraðild að fjölmiðlafyrirtæki í mörgum öðrum löndum en hvernig eru íslensk lög og reglur? Er tilhneiging til samruna fjölmiðlafyrirtækja hér á landi sem gæti haft áhrif á tjáningarfrelsið? Það var talað um að einokun Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri væri ekki góð fyrir tjáningarfrelsið, en það er spurning hvort það er ekki alveg eins hættulegt fyrir tjáningarfrelsið ef einn fjársterkur aðili er alls ráðandi á markaðnum.

Við viljum einnig að hugað verði að gildandi reglum um auglýsingar í íslenskum ljósvakamiðlum. Eru reglurnar virtar og hafa þær gefið góða raun? Síðan eru það siðareglurnar. Í flestum Evrópulöndum starfa fjölmiðlar eftir ákveðnum siðareglum og víða a.m.k. á hinum Norðurlöndunum taka þeir mið af siðareglum blaðamanna og þannig er það hér. Skoðuð verði lög og reglur um ljósvakamiðlana og einnig lög um Ríkisútvarpið. En eins og hæstv. menntmrh. minntist á, þá er starfandi nefnd til þess að skoða reglurnar um Ríkisútvarpið.

Reglur um Menningarsjóð útvarpsstöðva verði endurskoðaðar og fundin önnur leið til að tryggja rekstrargundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Síðan bendum við á að stuðningur ríkisins við útgáfu fjölmiðlaefnis verði endurskoðaður og hvernig stuðningur ríkisins geti helst orðið til þess að stuðla að fjölbreyttri framleiðslu íslensks fjölmiðlaefnis. Og þá vil ég líka vísa til þess sem ég talaði um áðan, að styrkja t.d. dagblöð eða útgáfustarfsemi víða um landið.

Kanna ætti áhrif fjölmiðla á börn og unglinga. Taka gildandi reglur um auglýsingar nægilegt tillit til barna og unglinga? Hvernig er óbeinum auglýsingum háttað þegar börn og unglingar eru annars vegar? Hver er niðurstaða rannsókna á áhrifum ofbeldis í fjölmiðlum á börn og unglinga? Eru gildandi reglur um aldurstakmarkanir og aðgang að fjölmiðlaefni virtar? Þarf yfirleitt að huga betur að rétti barna og unglinga þegar fjölmiðlar eru annars vegar?

Nefndin skal einnig kanna hvort efla má ljósvakamiðlun í þágu almennings. Hvernig verður það best gert? Á t.d. að skylda einkarekna fjölmiðla eða ljósvakamiðla sem ná til landsins alls að starfa í almannaþágu? Hvernig verður rekstur Ríkisútvarpsins best tryggður og efldur og hvaða skyldur hafa einkareknir fjölmiðlar?

Ég ætla í lokin að vísa til viðtals sem einn af fréttamönnum Ríkissjónvarpsins átti við David Attenborough, þann fræga fjölmiðlamann. Hann talaði einmitt um mismuninn á fjölmiðlum sem starfa í almannaþágu og svo hins vegar fjölmiðlum sem hafa það að aðalmarkmiði að eigendur þeirra hagnist sem mest. Og það lék ekki nokkur vafi á því að hann taldi það mjög mikilvægt að fjölmiðill í almannaþágu fengi sterka stöðu. Ég get ekki annað en tekið undir orð hans því

að það er mjög mikilvægt að það sé meiri breidd í því efni sem ljósvakamiðlar bjóða upp á en verið hefur undanfarin ár.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 100.

[14:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Frv. er flutt á þskj. 100 og er mál nr. 96 á þessu hv. þingi.

Frv. er flutt til að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum í framhaldi af búvörusamningi sem undirritaður var þann 1. okt. sl., um sauðfjárframleiðslu milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna er kveðið á um að taka skuli búvörusamninginn sem samþykktur var 11. mars 1991 til endurskoðunar, sérstaklega með tilliti til þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir.

Til að efna ákvæði starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar hófst ég þegar handa við að koma á endurskoðun á þeim hluta búvörusamningsins frá 1991 sem snertir framleiðslu sauðfjárafurða. Óformlegar viðræður við fulltrúa Bændasamtakanna hófust þegar í lok apríl og 16. maí sl. kynnti ég Bændasamtökunum á formlegan hátt skipan samninganefndar ríkisins vegna hugsanlegra breytinga á gildandi búvörusamningi. Með upphafi á starfi samninganefndanna var unnin á þeirra vegum ástandslýsing í sauðfjárrækt vegna endurskoðunar búvörusamningsins.

Þó svo að fyrir hafi legið að alvarlega horfði með fjárhagslega afkomu sauðfjárbænda sem í reynd hefði átt að vera búið að kalla á ráðstafanir til úrlausnar vanda þeirra var niðurstaða könnunarinnar enn alvarlegri en nokkurn hafði órað fyrir. Hvað varðaði tekjumöguleika sauðfjárbænda kom fram í könnuninni að í stað þess að úthluta til þeirra 8.150 tonna greiðslumarki samkvæmt áætlun búvörusamningsins frá 1991 yrði aðeins unnt að úthluta til þeirra 5.700 tonna greiðslumarki á verðlagsárinu 1. september 1997 til 31. ágúst 1998 samkvæmt þessari áætlun. Af því leiddi 30% samdrátt í bruttótekjum af sauðfjárrækt frá forsendum fyrri búvörusamnings og miklu alvarlegri samdrátt á launalið búsins.

Mér var ljóst af þeirri alvarlegu lýsingu á fjárhagsstöðu sauðfjárbænda sem áðurnefnd úttekt leiddi í ljós að gera yrði nauðsynlegar breytingar á gildandi búvörusamningi sem samningsaðilar næðu saman um og það samkomulag sem tækist yrði að koma til framkvæmda án tafar. Þess vegna lagði ég fram á Alþingi í júní sl. frv. að breytingu á ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða búvörulögunum svonefndu, til að fresta ákvörðun á greiðslumarki til sauðfjárbænda og fékk það samþykkt. Samkvæmt gildandi ákvæðum átti að ákveða greiðslumark sauðfjárbænda fyrir haustið 1996 eigi síðar en 15. september í ár eða hálfum mánuði áður en Alþingi kæmi saman og unnt yrði að breyta gildandi lögum sem hefði leitt til þess að greiðslumark allra bænda hefði þurft að skerða um 17% haustið 1996.

Í frv. lét ég fylgja þá ástandslýsingu sem ég hef áður nefnt til að gera Alþingi grein fyrir hvernig horfði með fjárhag sauðfjárbænda og vitna til þess um nánari skýringar. Vil ég þó sérstaklega minna á þau atriði er varða tekjur bænda. Rakin eru áhrif af samdrætti í markaði kindakjöts og gerð grein fyrir áhrifum hans á tekjur bænda. Niðurstöður hagþjónustunnar eru þær að til greiðslu launa af sauðfjárbúskap árið 1993 hafi verið 770 þús. kr. að meðaltali hjá sauðfjárbændum með bú á bilinu 300–400 kindur og því til viðbótar af öðrum búrekstri hjá þessum aðilum um 160 þús. kr. Þessi útkoma ein og sér ætti að vera óásættanleg fyrir bændur og tilefni til endurskoðunar og lagfæringar á búvörusamningnum. Hins vegar verður afkomumat hagþjónustunnar fyrir þessa sömu bændur enn lakara þegar horft er til ársins 1996 að óbreyttum samningi því þá eru laun þeirra af sauðfjárrækt talin verða um hálfri millj. kr. lægri en árið 1993 eða aðeins um 270 þús. kr. Niðurstaða Alþingis varð sú að heimila frestun á ákvörðun greiðslumarksins fyrir verðlagsárið 1996–1997, þó aðeins til 1. nóv. 1995 svo endurskoða mætti samninginn innan þess tíma. Nú má ljóst vera að þetta frv. verður vart lögfest fyrir næstkomandi mánaðamót, m.a. vegna þess að í næstu viku verður þinghlé. Gæti því þurft að framlengja þennan frest í einhverja daga þannig að ljúka megi afgreiðslu þessa frv. sem hér er nú til umræðu og hugsanlegt að veita frest t.d. til 15. nóv. Til að glöggva sig á því hvað um er að ræða er rétt að rifja upp grundvallarforsendur búvörusamningsins frá 1991 er vörðuðu sauðfjárrækt. En með samningnum var stigið það afdrifaríka skref að útflutningsbætur skyldu aflagðar. Framleiðsla umfram þörf innan lands yrði á ábyrgð bænda og framleiðslan aðlöguð að innanlandsmarkaði.

Til að sauðfjárræktin kæmist í gegnum þessa breytingu á starfsskilyrðum án þess að það ylli fjárhagslegu hruni hjá sauðfjárbændum var ákveðið að ríkissjóður greiddi fyrir 3.700 tonna framleiðslurétt sem færðist við það úr 11.850 tonnum niður í 8.150 tonn. Þessi aðlögun skyldi fara fram í tveimur áföngum og ljúka haustið 1992. Greiðslumark til lögbýla var með lögum ákveðið 8.600 tonn árið 1992 en átti að fara eftir stærð innlenda markaðarins haustið 1993. Það var á því hausti ákveðið 8.150 tonn þannig að ekki kæmi til niðurfærslna á greiðslumarki með hliðsjón af markmiðum samningsins. Þessi ákvörðun leiddi hins vegar til aukningar á birgðum kindakjöts þar sem sala á verðlagsárinu nam aðeins 7.081 tonni en hefði þurft að vera um 500 tonnum meiri hefði markaðsjafnvægi átt að haldast. Það er því strax í byrjun samningsins að undan fer að halla og í dag eru fjárhagsleg vandamál bænda við framkvæmd samningsins orðin svo mikil að ekki verður við unað.

Hæstv. forseti. Ég mun þá víkja aðeins að efnisatriðum samningsins:

Samningur þessi er samkomulag margra ólíkra sjónarmiða og má því segja að enginn óskasamningur hafi náðst eða að samningurinn sé ekki óskastaða eins eða neins. Mér er ljóst að mjög skiptar skoðanir eru um samninginn, jafnvel innan bændastéttarinnar, því hér er um erfið mál og viðkvæm að ræða. Hér er fjallað um atvinnumöguleika heillar stéttar og afkomu þess fólks og auk þess fjölda fólks sem vinnur við úrvinnslu á landbúnaðarafurðum.

Í markmiðum samningsins segir að auka skuli hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárræktarinnar til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur, tekjugrundvöllur sauðfjárbænda treystur, jafnvægi náð milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða og að sauðfjárræktin sé í samræmi við umhverf-

isvernd. Þessum markmiðum hyggjast samningsaðilar ná með því að breyta rekstrarumhverfi sauðfjárframleiðslunnar með frjálsara verðlagskerfi, með uppkaupum og tilfærslum greiðslumarks og með því að styðja sauðfjárbændur sem vilja hætta búskap. Hvað varðar rekstrarskilyrði sauðfjárræktarinnar verða gerðar þrjár grundvallarbreytingar.

Í fyrsta lagi er horfið frá framleiðslustjórnun, enginn kvóti verður á framleiðslunni, hver einstakur bóndi á þess kost að framleiða sem hentar hans starfsgetu og þörfum og skilyrðum jarðarinnar og fær hlutdeild í beingreiðslum samkvæmt sérstökum kvóta óháð framleiðslu.

Í öðru lagi verður verðlagningin gefin frjáls í áföngum. Heildsöluverð verður gefið frjálst þegar á næsta hausti og haustið 1998 fellur opinber verðlagning til bænda niður.

Sauðfjárræktin hefur búið við það verðlagsfyrirkomulag að verð afurðanna er ákveðið með opinberri verðlagningu hvert haust bæði í heildsölu og til bænda. Það hefur leitt til þess í mörgum tilvikum að aðrar kjötafurðir hafa með sveigjanlegri verðlagningu átt betri markaðsmöguleika. Er þar hvort tveggja um að ræða lækkun á tilkostnaði vegna hagræðingar á öllum framleiðslustigum og aðlögun að verði eftir markaðsaðstæðum. Eins og áður var komið inn á hefur samdráttur í neyslu kindakjöts haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu sauðfjárbænda. Sé hægt að snúa þessari þróun til betri vegar með frjálsari verðlagningu mun það styrkja afkomu greinarinnar til lengri tíma litið.

Í þriðja lagi verður innlegg afurða og uppgjör þeirra algjörlega óháð greiðslumarki og beingreiðslum til bænda. Nú er öllum gert kleift að leggja inn alla sína framleiðslu. Til þess að fá beingreiðslur í nýju kerfi þarf aðeins að uppfylla ásetningskröfu sem er 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Beingreiðslum frá ríki fylgja þannig mun minni kröfur en áður var og það mun draga úr þeirri spennu sem einkennt hefur núgildandi búvörusamning en þar var skylda að framleiða ákveðið magn af kjöti til að fá beingreiðslurnar.

Rétt er að rifja upp að þegar búvörusamningurinn frá 1991 var gerður var hætt að greiða niður kílóverð kindakjöts á heildsölustigi en í stað þess teknar upp beingreiðslur á hvert kíló kjöts til bænda. Þær voru jafnháar niðurgreiðslum að meðaltali til að ekki þyrfti að koma til verðhækkunar á kindakjöti. Talið var að með þessu fyrirkomulagi nýttust þessir fjármunir bændum betur og neytendum til verðlækkunar. Með því að aftengja beingreiðslur með þeim hætti sem nú er gert eru þær færðar nær því sem kallað hefur verið grænar greiðslur.

Með afnámi verðlagsákvæða í þrepum á samningstímanum munu bændur í ríkari mæli hafa það í sinni hendi hvernig til tekst að selja framleiðsluna. Bændur munu gera meiri kröfur til afurðastöðvanna. Eins og vikið hefur verið að áður byggist framtíð sauðfjárræktarinnar að stórum hluta á því að það takist að stöðva neyslusamdráttinn. Bregðast þarf við breyttum neysluvenjum og kröfum neytenda um aukið vöruval. Aukið markaðsstarf og vöruþróun kostar mikla fjármuni. Það er því óumflýjanlegt að fækka þarf afurðastöðvum. Þær eru í raun of veikar og vanbúnar svo tryggja megi að sauðfjárafurðirnar skipi áfram þann sess sem þær hafa í neyslu innan lands. Með þeim breytingum sem nú verða gerðar á búvörulögunum mun bóndinn í raun færast nær neytandanum og meiri samkeppni verða milli afurðastöðva. Þannig munu bændur sjá framtíð sinni betur borgið með afurðastöðvum sem tryggt geta sölu afurðanna.

Í eðli sínu er sauðfjárframleiðslan bundin landinu og því órjúfanleg þeirri byggðastefnu sem við höfum. Samningurinn felur í sér viðurkenningu á þessu. Stuðningurinn er ekki lengur alfarið bundinn því að framleiða kjöt. Með ákvæðum um ásetning verður hægt að takast á við önnur verkefni án þess að missa beingreiðslurnar. Sú staðreynd að bændur hafa ekki haft möguleika á því að hverfa í önnur störf á undanförnum árum hefur haft það í för með sér að framleiðslan hefur ekki dregist saman. Kaup og sala á greiðslumarki hefur ekki orðið til þess að hagræðing hafi átt sér stað svo sem vænst var.

Með því ákvæði laganna sem gerir heimilt að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslna ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum, verður hægt að hjálpa bændum við að komast út úr greininni. Það verður lögð áhersla á hagnýt verkefni sem hingað til hefur ekki tekist að vinna. Með atvinnuþróunarverkefnum og starfsþjálfun verður bændum einnig gert kleift að hefja störf á nýjum starfsvettvangi. Þá er enn fremur áformað að draga úr rekstrarvanda sauðfjárbænda með uppkaupum og tilfærslu á greiðslumarki.

Þó svo að unnt verði að bæta markaðshlutdeild sauðfjárræktarinnar er ekki líklegt að markaðurinn verði það stór að allir sem nú stunda sauðfjárrækt geti stundað hana áfram. Því verður sauðfjárbændum gert tilboð um að hætta sauðfjárrækt með greiðsu fyrir greiðslumark og bústofn. Markmiðið er að kaupa upp allt að 30.000 ærgildi í greiðslumarki sem umreiknað til kindakjöts svarar til 550 tonna framleiðslu. Þessum stuðningi verður síðan úthlutað sem rétti til beingreiðslna til þeirra sem byggja afkomu sína aðallega á sauðfjárrækt. Þessi uppkaup munu í því nýja rekstrarumhverfi sem samningurinn leiðir til veita sauðfjárbændum auknar tekjur þó svo þeir auki ekki framleiðslu sína þar sem beingreiðslurnar eru ekki lengur framleiðslutengdar. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði til að ná niður birgðum og aðlaga framleiðsluna að markaðsaðstæðum. Að auki getur átt sér stað hagræðing með tilfærslu greiðslumarks með almennum kaupum og sölu milli manna fram til 1. júlí 1996. Þannig gefst þeim tækifæri sem vilja og telja sig geta tekið þátt í aukinni samkeppni í greininni að stækka við sig. Út allan samningstímann geta menn svo hætt framleiðslu og fengið fyrir það beingreiðslur í tvö ár gegn því að hefja ekki aftur framleiðslu sauðfjárafurða á búinu á samningstímanum.

Hæstv. forseti. Við gerð búvörusamningsins hafa komið fram mismunandi sjónarmið er varða framkvæmd samningsins og áhrif hans á sauðfjárræktina. Mun ég víkja að þeim og gera grein fyrir sjónarmiðum mínum.

Því hefur verið haldið fram að afnám framleiðslukvóta í sauðfjárrækt muni valda framleiðsluaukningu eða jafnvel framleiðslusprengingu. Til að glöggva sig á því er rétt að gera sér grein fyrir núgildandi fyrirkomulagi og hvernig það breytist. Í dag er það svo að hverjum framleiðanda er skömmtuð hlutdeild í innanlandsmarkaði með kvóta sem er líkt hlutfall af innanlandsneyslu frá ári til árs og á sinn upprunalega grunn í markaðshlutdeild á árunum 1986 til 1988. Vilji einhver aðili auka hlutdeild sína í innanlandsmarkaði eru honum aðeins tveir kostir mögulegir. Annar er sá að kaupa sér kvóta en hinn er að framleiða, slátra heima og selja á ólöglegan hátt.

Í nýjum búvörusamningi geta menn lagt allt inn til slátr-

unar og ef þeir fjölga þá fá þeir aukna hlutdeild á innanlandsmarkaði. Þetta ákvæði er talið geta valdið því að allir keppist við að framleiða og fái þannig aukna hlutdeild innan lands. Þessu er til að svara að í fyrsta lagi verður keypt upp greiðslumark og því úthlutað til annarra sem verða áfram í greininni. Í nýju kerfi er ekki sjálfgefið að sá sem fær greiðslumarkið muni auka framleiðsluna því hann þarf ekki að framleiða sem því svarar á meðan hann fer ekki undir 0,6 kindur í ásetningi fyrir hvert ærgildi greiðslumarks.

Í öðru lagi er ásetningskrafan mjög lág til að fá fullar beingreiðslur.

Í þriðja lagi er gefinn kostur á að kaupa sig frá útflutningnum með ásetningi 0,7 kinda fyrir hvert ærgildi. Þetta ákvæði mun í flestum tilfellum draga meira úr framleiðslu hvers og eins sem velur þessa leið en sem nemur því sem áður fór til útflutningsins.

Í fjórða lagi er verð á útflutningskjöti mjög lágt um þessar mundir og það er því ekki mikil hvatning til aukinnar framleiðslu.

Í fimmta lagi mun draga úr framleiðslu ef tekst að fá bændur yfir í hagnýt verkefni með því að draga enn frekar úr ásetningi allt að því að vera fjárlaus en halda fullum beingreiðslum.

Í sjötta lagi eru heimildarákvæði í samningnum sem nota má til tveggja ára og segir að ef aukning verður miðað við ásetning 1994 til 1995 þá má setja alla þá viðbótaraukningu á erlendan markað. Ljóst er að þessa heimild þarf að nýta á þessu hausti og jafnvel einnig því næsta.

Í sjöunda og síðasta lagi verður að telja að frjálst verð og framleiðsla í harðnandi samkeppni letji frekar en hvetji til aukinnar framleiðslu.

Því hefur einnig verið haldið fram að ekki sé tekið á heimaslátrun og svartri sölu. Það er ekki fyllilega rétt því með nýju fyrirkomulagi þar sem öllum er gert kleift að leggja allt sitt kjöt inn til slátrunar í viðurkennd sláturhús er dregið úr hvata til heimaslátrunar og svokallaðrar svartrar sölu. Kvótakerfið sem gaf takmarkaðan aðgang að innanlandsmarkaði sem greiddi helmingi hærra verð en útflutningur hefur gefið að undanförnu hefur beinlínis ýtt framleiðendum út á svarta markaðinn með það kjöt sem annars hefði átt að fara í útflutning, svokallað umsýslukjöt. Í nýja búvörusamningnum er þessu hins vegar svo farið að allir eiga þess kost að koma með framleiðslu sína á markað án takmörkunar en verða hins vegar að taka jafna hlutdeild í útflutningnum hafi þeir ekki undanþegið sig útflutningi með lægra ásetningshlutfalli eins og ég nefndi hér áður og má vitna til 6. mgr. 6. gr. frv. í því sambandi.

Það dregur einnig úr svartri sölu að fyrir hvert kíló kjöts sem yrði selt utan laga og réttar á svokölluðum svörtum markaði minnkaði hlutdeild viðkomandi aðila á innanlandsmarkaðnum. Því tapi varð hann ekki fyrir seldi hann utan réttar samkvæmt ákvæðum eldri samnings en ávinningur af sölu utan réttar er jafn í báðum tilvikum eins og allir hljóta að átta sig á.

Það verður aldrei svo að með þessum lögum verði hægt að koma fullkomlega í veg fyrir að lög verði brotin. En hér er rekstrarumhverfinu breytt þannig að allir sitji við sama borð hvað varðar innlegg og aðgang að innlendum markaði. Heimilt verður auk þess að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

Það er ein af forsendum samningsins að birgðir verði komnar í eðlilegt horf áður en verð verður gefið algerlega frjálst. Til þess að svo megi verða verður gert átak til þess að losa birgðir fyrir þann tíma. Samningurinn felur það í sér að bændur og sláturleyfishafar munu áætla innanlandsþörfina og setja í útflutning það sem umfram er. Þannig halda þeir jafnvægi á milli framleiðslu og sölu á innanlandsmarkaði. Þar verða sauðfjárbændur í samkeppni við aðra kjötframleiðendur sem er hvatningin fyrir þá að selja sem mest innan lands á „réttu" verði og í því formi sem neytandinn biður um. Við getum ekki gert ráð fyrir því að þeir verðleggi sig út af markaðnum í harðnandi samkeppni um neytendur. Sú gagnrýni að með þessu sé verið að gera erlenda markaðsstarfið að engu er ekki rétt því við erum alltaf að tala um tvenns konar söluvarning. Í fyrsta lagi heila og óunna dilka eða skrokka á hráefnismarkaðinn, sem verður alltaf til og í öðru lagi unnar vörur eftir forskrift kaupanda eða undir nýjum formerkjum okkar söluaðila, svo sem vistvæn framleiðsla. Að því mun ég víkja nánar síðar.

Í umræðunni hafa margir farið þá leið að framreikna núgildandi samning, og það meira að segja lengra fram í tímann en hann átti þó að ná, og komist að því að hann hefði orðið ódýrari en sá sem hér er til umræðu. Þetta tel ég ekki alls kostar réttan samanburð við samning, sem allir eru þó í raun sammála um að sé brostinn, samning sem hefði gert stóran hóp bænda gjaldþrota að öllu óbreyttu.

Með frv. er fskj. frá fjmrn., svo sem lög kveða á um, um samanburð á kostnaði sem af þessum samningi muni leiða samanborið við það ef núgildandi samningur væri í gildi á sama tíma eða til ársins 2000. Rétt er að vekja athygli á því sem þar stendur, að ekki er tekið tillit til hugsanlegra lækkana á vaxta- og geymslugjöldum og niðurgreiðslu á ull. Í því samhengi er rétt að rifja upp að til vaxta- og geymslugjalda eru veittar á fjárlögum í ár 290 millj. kr. og 230 millj. til ullarniðurgreiðslna eða samtals 520 millj. Til þessara tveggja liða eru hins vegar aðeins ætlaðar 435 millj. móti 520 á ári síðustu þrjú ár samningsins eða 85 millj. kr. lægri fjárhæð en nú árlega. Sé gerð áætlun út frá þessum tölum má ætla að árin 1995–2000 fari 436 millj. kr. lægri fjárhæð til þessara verkefna en færi miðað við útgjöld ársins í ár.

Þá má enn fremur spyrja að því hvað það mundi kosta ríkissjóð ef hinar síauknu birgðir af kindakjöti innan greiðslumarks, en þær má ekki flytja út samkvæmt ákvæðum núgildandi samnings, héldust annaðhvort óbreyttar eða yrðu seldar með öllum tiltækum ráðum. Um er að ræða birgðir af kindakjöti sem í haust voru nálægt 2.200 tonnum. Því er til að svara að auknar birgðir hljóta óhjákvæmilega að leiða til hækkandi kostnaðar í vöxtum og geymslu sem féllu á ríkissjóð. Ætti að afsetja birgðirnar yrði það ekki gert nema með því að auka söluna tímabundið. Ekki væri unnt að draga úr framleiðslu innan heildargreiðslumarksins tímabundið því í núgildandi lögum segir að við ákvörðun á greiðslumarki skuli byggt á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu 6 mánuði yfirstandandi árs, auk þess sem heimilt sé að taka tillit til líklegrar neysluþróunar á komandi ári, eins og segir í samningnum. Til að afsetja birgðirnar þyrfti því að auka söluna sem leiddi til hærra greiðslumarks. Því er það einfalt reikningsdæmi að aukinn kostnaður ríkissjóðs af 2.200 tonna sölu næmi rúmlega 450 millj. kr. í auknu greiðslumarki. Það er því mögulegt að leiða að því rök að í stað þess að útgjöld samkvæmt hinum nýja samningi muni vaxa um nær milljarð frá því sem eldri samningurinn mundi leiða til yfir sama

tíma, muni kostnaður bænda og ríkissjóðs að áframhaldandi óbreyttum búvörusamningi verða hinn sami eða jafnvel enn hærri. Því verður að fara mjög varfærnislega með ályktanir um kostnaðarbreytingar þar sem ómögulegt er að segja fyrir um þróun þeirra atriða er ráða alfarið niðurstöðunum.

Það hefur hlotið nokkra gagnrýni að fjárhagstölur samningsins skuli vera bundnar við vísitölu neysluverðs. Í því sambandi er rétt að rifja upp hvað fjárhagstölur samningsins fela í sér. Í fyrsta lagi er um að ræða fastan stuðning við framleiðendur sauðfjárafurða 1.480 millj. kr. Þessum fjármunum er ætlað að styðja við framleiðslu sauðfjárafurða og hafa áhrif á verðlag þeirra þannig að neytendum komi til góða. Ég lít svo á að hér sé um viðskiptasamning að ræða og því eðlilegt að annaðhvort séu upphæðirnar bundnar vísitölu eða þá jafnvel vöxtum. Sem dæmi þá er í samningnum gert ráð fyrir að greiðslur til bænda vegna uppkaupa á bústofni og framleiðslurétti þeirra fari fram á árinu 1996 til ársins 1998. Ekki er gert ráð fyrir að þær beri vexti og því kemur verðtryggingin í stað vaxta.

Þá verður að gera ráð fyrir að framlög til vaxta- og geymslukostnaðar og ullarniðurgreiðslna fylgi verðlagi. Að öðrum kosti hefði þurft að gera ráð fyrir endurskoðunarákvæðum á samningstímanum vegna verðlagsbreytinga

Ein af meginbreytingunum sem samningurinn felur í sér kemur fram í 6. gr. frv. og varðar fyrirkomulag við ráðstöfun framleiðslu kindakjöts. Með því að afnema framleiðslukvóta, gefa framleiðsluna frjálsa, auk þess sem verðlagning á heildsölustigi verður frjáls, verður að taka heildstæða ákvörðun um hvernig skuli afsetja framleiðslu hvers árs. Það ætti að vera óþarfi að draga það fram að framleiðsluferill sauðfjárafurða er mjög langur eða um tvö ár. Ákvörðun um framleiðslumagn er tekin að hausti við ásetning, afurðir falla til ári seinna og neysla fer síðan fram allt þar næsta ár. Viðbrögð einstakra framleiðenda við breytingum á markaði eru þess vegna það hægvirk að verði misvægi milli framboðs og eftirspurnar er verð löngu hrunið áður en bóndi fær að gert. Þetta er alkunnugt og á reyndar við um fleiri búvörur en kindakjötið.

Það fyrirkomulag er ákveðið að fyrir slátrun á hverju hausti verði gerð áætlun um framleitt magn kindakjöts út frá upplýsingum um fjölda vetrarfóðraðra kinda og jafnframt ákveðið hvernig haga beri afsetningu kjötsins. Áætlun þessi þarf ekki að vera nákvæmari en svo að nemi mánaðarlegri sölu innan lands því birgðir geta hreyfst til sem því nemur án vandræða. Þær má jafna út milli ára með sumarslátrun sem hæfist fyrr eða með birgðaaukningu mánaðamótin ágúst/september. Öllum sláturleyfishöfum og framleiðendum sauðfjárafurða verði skylt að leggja til kjöt til útflutnings á sama hlutfalli af framleiðslu sinni að undanskildum þeim sem hafa undanþegið sig útflutningi með fækkun fjár. Bændur fá þá sama aðgang hlutfallslega að innlenda markaðnum. Hver afurðastöð mun fyrir sig annast sölu á því magni sem verður afsett innan lands og kaupa það af bændum á því verði sem semst um. Útflutningur og uppgjör hans fer hins vegar fram sameiginlega þannig að unnt verði að greiða bændum sama verð fyrir sömu gæði. Rökin fyrir því má telja fremur einföld, markmiðið að greiða bændum sama verð fyrir sömu gæði. Markmiðið er að nýta á sem bestan hátt takmarkaða markaði erlendis, svo sem útflutningskvóta til Noregs, 500 tonn, útflutningskvóta til ESB, væntanlega 1.350 tonn og útflutningsmöguleika til Bandaríkjanna á vistvænni framleiðslu, svo að nokkuð sé nefnt.

Líklegt er að aðeins þrjú sláturhús hafi sem stendur möguleika á að flytja á þessa markaði. Því þarf að skipuleggja framleiðsluna eftir því. Þó svo að fram fari jöfnun á verði kindakjöts við útflutning þarf það ekki að draga úr hvata útflytjenda til að ná sem bestu verði.

Í fyrsta lagi er um mjög fáa aðila að ræða sem geta flutt út eins og áður er nefnt.

Í öðru lagi fer verðjöfnunin fram einungis milli kjöts sem er sams konar og af sömu gæðum. Það leiðir af sér að vistvæn framleiðsla bæri sérverð og sama ætti við um útflutning á mismunandi árstíma, svo sem um páska og um útflutning á mismunandi skrokkhlutum, svo sem lærum og hryggjum og mismunandi gæðaflokkum. Unnið kjöt í neytendapakkningum yrði meðhöndlað sérstaklega og verðjöfnunin gerð út frá því að það skilaði við sameiginlegt uppgjör einungis meðalútflutningsverði fyrir kjöt í heilum og hálfum skrokkum. Skili vinnslan ekki hærra hráefnisverði en óunnið kjöt, er hún tilgangslaus. Skili hún hærra hráefnisverði fellur mismunurinn til hennar annaðhvort til að bæta eigin hag eða sem útborgun til bænda. Engin íhlutun er þar um.

Hér er því fyrst og fremst verið að koma á nauðsynlegu skipulagi útflutnings og haga því svo að allir sitji við sama borð séu þeir að flytja út vöru sem ekki sker sig úr, hvort sem þeim er gert mögulegt að flytja út til Noregs, ESB eða annarra landa. Meginatriðið er að útflutningur á áætluðu magni verður að fara fram svo að ekki leiði til markaðsröskunar innan lands og að nýttir verði hagkvæmustu markaðirnir.

Í þessu samhengi leyfi ég mér að minna á breytingu á búvörulögum frá 11. maí 1994, þ.e. lög nr. 85/1994, en með þeim lögum er ákveðið að landbrh. fari með yfirstjórn á útflutningi landbúnaðarvara. Því er unnt að hlutast til um útflutning á kindakjöti verði þess þörf.

Töluverð umræða hefur verið í þjóðfélaginu um hagsmuni skattgreiðenda við gerð þessa samnings. Þeir sem lengst ganga í þeim efnum telja að ekki eigi að styrkja landbúnaðinn með beinum greiðslum úr ríkissjóði heldur eigi hann að búa við sama starfsumhverfi og aðrar framleiðslugreinar. Í þessu sambandi er á margt að líta.

Eins og áður hefur komið fram hefur dregið stórlega úr framlögum ríkisins til sauðfjárræktar allt frá því að núgildandi búvörusamningur var gerður. Í áætlun samningsins, sem gerð var um hámarksútgjöld ríkissjóðs fyrir og eftir að núgildandi samningur var gerður, var gert ráð fyrir því að útgjöldin féllu úr 4,5 milljörðum kr. á ári árið 1990 í 2,8 milljarða kr. í ár og er þá miðað við núverandi verðlag. Þar með voru talin útgjöld vegna uppkaupasamninga sem gerðir yrðu og kæmu til greiðslu á þessu ári. Þessi áætlun hefur í öllum megindráttum gengið eftir, því eins og kunnugt er eru á fjárlögum í ár áætlaðir 2,7 milljarðar kr. vegna samningsins um sauðfjárrækt. Mismunurinn felst m.a. í nokkru lægra greiðslumarki eða 7.820 tonnum í stað 8.150 tonna sem miðað var við.

Sé litið til þeirrar áætlunar sem fyrirliggjandi búvörusamningur felur í sér um greiðslur ríkissjóðs fram til ársins 2000 má sjá að þá eru ársútgjöldin áætluð 2 milljarðar kr. Útgjaldalækkun ríkissjóðs á þeim rúma áratug sem hér um ræðir er því gífurleg eða 2,5 milljarðar kr. á ári sem svarar til 55% lækkunar. Sé einungis horft til þeirrar lækkunar sem verður á útgjöldum ríkissjóðs til sauðfjárræktarinnar frá fjárlögum ársins í ár, lækka þau á öðru ári samningsins um 5%, á því þriðja verða þau 20% minni en í ár og hvort tveggja síðustu ára samningsins 24% minni og komin í ríflega 2

milljarða eins og áður er nefnt úr 2,7 sem eru í fjárlögum í dag.

Áhrifa þessa gríðarlega samdráttar mun óhjákvæmilega gæta í afkomu bænda, og hefur gert það, afurðastöðva og annarra sem koma að framleiðslu og vinnslu sauðfjárafurða. Í samanburði við aðrar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við munum við færast enn neðar á listann um styrki til landbúnaðar, en það höfum við verið að gera á undanförnum árum, eins og fram kemur i skýrslu OECD sem gefin var út í sumar. Þar kemur fram að á árunum 1986–1988 vorum við í efsta sæti á listanum eins og þar eru mældir styrkir til landbúnaðar, en erum nú komin niður í fjórða sæti.

Það verður líka að skoða hverjir eru hagsmunir heildarinnar. Fólksflótti úr sveitum miðað við það ástand sem er í atvinnumálum í dag gæti líka komið við buddu skattgreiðenda. Má þar nefna auknar greiðslur í Atvinnuleysistryggingasjóð og hugsanlega auknar greiðslur vegna félagslegra vandamála sem geta fylgt búseturöskun og breytingu á atvinnuháttum.

Framleiðsla íslenskra landbúnaðarafurða er íslensk atvinnustefna og þar nýtum við okkur einnig eigin auðlindir og spörum gjaldeyri. Gleymum ekki heldur því að beingreiðslur til bænda, sem einu sinni voru niðurgreiddar á heildsölustigi, tryggja lægra verð til neytenda.

Virðulegur forseti. Ekki verður við þessa 1. umr. farið ítarlegar í að skýra einstakar greinar frv. en vísað til grg. og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í sjálfu þskj. Ég hef í máli mínu reynt að fara yfir stærstu breytingarnar sem samningurinn felur í sér og rætt þau atriði sem helst hafa hlotið gagnrýni og verið til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu. Tími minn er nú alveg á þrotum, virðulegur forseti. Ég hef því ekki tíma og kannski ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

[14:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á vorþingi var til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og um var að ræða lítið frv. þar sem frestað var ákvörðun um greiðslumark. Þetta frv. var afgreitt á Alþingi á stuttum tíma. Tilgangurinn var að skapa svigrúm til nýrrar samingagerðar við bændur svo taka mætti á þeim vanda sem við blasti og blasir í sauðfjárrækt. Allir nefndarmenn í landbn. voru sammála um að á þessum bráða vanda yrði að taka og voru samstiga í því að greiða fyrir afgreiðslu þessa frv. hér á Alþingi.

Hæstv. ráðherra var nefndinni mjög þakklátur fyrir að afgreiða málið svo fljótt sem raun bar vitni, en nefndarmenn í landbn. fóru fram á það við hæstv. ráðherra að fá að fylgjast með þeirri vinnu sem fram undan væri við samningagerð við bændur vegna þess að við töldum það mjög mikilvægt að um þetta mál næðist sem breiðust samstaða á hv. Alþingi og það væri allra hagur. Því var þessari beiðni beint til hæstv. ráðherra við umræðu um málið í vor. Hæstv. ráðherra svaraði þessari beiðni, með leyfi forseta, á þennan hátt:

„Ég tek líka undir það sem kom fram hjá sumum hv. þm., m.a. hv. 11. þm. Reykn. sem nefndi að það yrði haft samráð við þingið í gegnum landbn. Landbn. fengi að fylgjast með því sem verður unnið að í sumar og fyrir haustið og auðvitað er það bæði sjálfsagt og ég hygg líka nauðsynlegt til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála þegar þing kemur saman hér í haust. Ég mun leggja mig fram um að reyna að eiga sem allra best samstarf við alla hv. þm. sem skipa landbn. sem verða síðan tengiliðir eða upplýsingaaðilar inn í þingflokka sína.“

Svona hljómaði svar hæstv. ráðherra við þeirri beiðni frá nefndarmönnum að fá að fylgjast með þessu starfi. Hins vegar urðu efndirnar þær að ekkert samráð var haft við landbn. Frá því að áðurnefnt frv. var samþykkt var ekkert rætt við nefndina um gerð þessa samnings eða á nokkrum tíma komið til nefndarinnar og málið kynnt eða staða þess. Við sáum því ekkert af samningnum eða gátum gert okkur grein fyrir því hvað hann fól í sér fyrr en örfáum klukkutímum áður en samningurinn var undirritaður. Þá var nefndin kölluð á fund þar sem mættu fulltrúar ríkis og bænda. Samningurinn var kynntur á glærum því að nefndarmönnum í landbn. var ekki treystandi til þess að hafa hann hjá sér þessa fáu tíma sem eftir væru fram að undirritun. Nefndin hafði því engin áhrif á það sem í samningnum stendur, var aldrei kölluð að gerð samningsins né kynnt sú vinna. Allir nefndarmenn mótmæltu þessum vinnubrögðum og rifjuðu upp þau ummæli hæstv. ráðherra sem ég las hér áðan.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, sem jafnframt er formaður landbn., (**ÖS:** Og valinkunnur sómamaður.) og valinkunnur sómamaður, rétt, að þessi framkoma sýnir lítilsvirðingu í garð landbn. og er lítils virtur sá vilji nefndarmanna að ná fram sem bestri og víðtækastri samstöðu um úrlausnir á þeim vanda sem sauðfjárræktendur búa við.

Ég vil í upphafi umræðunnar koma þessum athugasemdum á framfæri og vona að þetta séu ekki þau vinnubrögð sem koma skulu í samstarfi landbn. og landbrn.

Virðulegi forseti. Ég mun í ræðu minni fara aðeins yfir þær greinar sem hér birtast, ekki samninginn sjálfan heldur fyrst og fremst þær greinar sem eru í frv. og það sem snýr að okkar afgreiðslu. Í 1. og 2. gr. frv. er aðeins um að ræða skýringar á því hvað er greiðslumark lögbýlis, heildargreiðslumark, beingreiðslur og vetrarfóðraðar kindur, en í 3. gr., ef við tökum 3. gr. þessa frv., er afdráttarlaust ákvæði þess efnis að hætt verði opinberri verðlagningu sauðfjárafurða 1. sept. 1998. Þetta er afdráttarlaus yfirlýsing án nokkurra fyrirvara. Hins vegar ef maður ber saman frv. og það sem í því stendur við þann samning sem gerður var milli bænda og ríkisvaldsins, þá er í sjálfum samningnum ákveðinn fyrirvari og þar segir, með leyfi forseta:

„Árið 1998 verður horfið frá opinberri ákvörðun afurðaverðs, enda hafi komið til framkvæmda þær aðgerðir sem samningurinn kveður á um til að ná jafnvægi í birgðum sauðfjárafurða.“

Sem sagt, forsenda þess að horfið verði frá opinberri verðlagningu er að jafnvægi verði í birgðum. Ég verð að segja að mér finnst það einkennilegt að þessi varnagli sem er í samningnum sjálfum skuli ekki vera í 3. gr. þessa frv. og það sem verra er, hans er ekki heldur getið í grg. frv., í athugasemdum við einstakar greinar. Það hefði verið fullkomlega eðlilegt að taka þennan varnagla, ef það á að hafa hann inni á annað borð og menn meina eitthvað með þeim samningum sem er verið að undirrita, að þá sé þetta ákvæði inni í frumvarpstextanum sjálfum.

Í 6. gr. frv., 2. mgr., þar sem kveðið er á um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark og er þá talað um mjólkurafurðir, er tilvísun í gildandi samninga landbrh. og Bændasamtaka Íslands. Það er kannski smáatriði en þó finnst mér rétt að koma með þá athugasemd hér að þessi samningur sem gerður var um mjólkurframleiðslu

1991 var gerður af ríki og Stéttarsambandi bænda en ekki Bændasamtökum Íslands og það væri rétt að geta þess í frumvarpstextanum eða þá a.m.k. í grg.

Í 3. mgr. 6. gr. er kveðið á um greiðslu fyrir kjöt á innanlandsmarkað og aftur það sem fer til útflutnings. Fyrir kindakjöt sem flytja þarf á erlendan markað á að gera afurðastöðvum kleift með verðjöfnun að greiða framleiðendum sama verð. Skal uppgjörið miðað við það að sama verð greiðist fyrir kjöt af sömu gæðum þó það fari á mismunandi markaði fyrir mismunandi verð. En fyrir kjöt sem notað er sem hráefni í unna vöru sem fer til útflutnings skal miða greiðsluna við það jafnaðarverð sem fæst fyrir sambærilegt hráefni við útflutning, ekki við þá vöru sem seld er heldur við hráefni sem inn kemur í afurðastöðina. Þetta þýðir að sláturleyfishafar sem vinna kjöt þurfa aðeins að greiða til bænda það jöfnunarverð sem fæst fyrir óunnið kjöt á erlendum mörkuðum allt fram yfir það er hagnaður vinnslunnar. Það gæti því hugsanlega orðið hagur vinnslunnar að selja t.d. einungis 10–15% þess hráefnis sem inn kemur óunnið á tiltölulega lágu verði erlendis til þess að ná sem lægstu skilaverði til bænda. 80–90% færi síðan í vinnslu og selt á mun hærra verði þar sem mismunurinn skilaði sér aðeins til afurðastöðvanna sjálfra, ekki til bænda.

Ég verð að segja að það er fullkomlega óeðlilegt að það skuli ekki vera í fraumvarpstextanum og í samningnum sjálfum gert ráð fyrir því að það séu bein tengsl á milli þess verðs sem fæst fyrir vöruna í hvaða formi sem er og þess verðs sem bændur fá fyrir hráefnið. Ég segi þetta vegna þess að það er ekki síst í ljósi þess að ef ætlunin er að ná í einhverjum mæli inn á erlenda markaði þá verður að leggja mun meiri áherslu á unna vöru og hreinleika vörunnar og þá sérstöðu sem við höfum til framleiðslu á vistvænni eða lífrænni vöru.

Við eigum nokkuð langa sögu af tilraunum til þess að koma óunnu kjöti á markaði og um það verð sem fyrir þessa vöru hefur fengist og um öll tilvik þar sem varan hefur jafnvel aldrei komist lengra en á hafnarbakkann og síðan í urðun. Við verðum að fara að horfast í augu við það að veikleiki okkar liggur í markaðssetningu og í þeirri vöru sem við framleiðum. Við höfum ekki lagt nógu mikla áherslu á vöruþróun og markaðssetningu og það vantar í frv. skýrar kröfur í því efni og skýr markmið. Jafnvel mætti hugsa sér að þeir sauðfjárbændur sem skuldbinda sig til þess að stunda vistvænan og/eða lífrænan búskap nytu einhverrar fyrirgreiðslu umfram aðra og ég heyrði það áðan í ræðu hæstv. ráðherra að hann *nefndi það að hugsanlega gætu þeir sem stunduðu vistvæna* framleiðslu fengið hærra verð fyrir sínar afurðir. Hins vegar er í frv. einungis talað um lífræna framleiðslu. Það er mikill munur á því hvað eru lífrænt ræktaðar afurðir eða vistvænar og það verður að verða skýrt í þeirri lagasetningu sem við erum með hvort það er sem við eigum við. En það er enginn sérstakur hvati í þessu frv., því miður, til þess að fara út í vistvæna eða lífræna framleiðslu. Þó segir, svo öllu sé nú haldið til haga, í grg., með leyfi forseta:

„Við útflutning kindakjöts er gert ráð fyrir að framleiðendur fái sama verð fyrir sömu gæði. Með gæðum er átt við mismunandi gæðaflokka samkvæmt kjötmatsreglum, en einnig getur komið til útflutningur á kjöti sem framleitt er samkvæmt stöðlum um lífræna ræktun og má ætla að skili framleiðendum hærra verði."

Ef ætlunin er að koma á sérstökum stöðlum um vistvæna framleiðslu og möguleika til þess að fá hærra verð fyrir vistvæna framleiðslu þá verður það að koma inn í frv. Það er reynar mikil nauðsyn á að koma á vottunarkerfi fyrir vistvæna og hreina framleiðslu. Við höfum nú orðið vottunarkerfi fyrir lífræna framleiðslu og það hefur þegar skilað töluverðum áhuga hjá erlendum aðilum. Framleiðslan á markaðnum verður að haldast í hendur, það erum við sammála um og okkar möguleikar liggja ekkert síður á erlendum mörkuðum en með því að auka markaðshlutdeild dilkakjöts hér heima. Því hefðum við átt við samningsgerðina að ýta undir þá möguleika og setja skýr markmið í þeim efnum. En því er því miður ekki fyrir að fara í þessu frv. og hvatning til bændanna sjálfra er engin, sama jafnaðarverð fyrir hráefnið, vinnslan hirðir ágóðann ef vel tekst til við að markaðssetja vöruna og jafnvel þó hún fari þá á markað sérstaklega merkt hreinleika. Þó er það nú þannig að þau hús sem hafa fengið viðurkenningu eða mega framleiða til útflutnings hafa fengið verulega fjármuni úr opinberum sjóðum þannig að það væri eðlilegt að þau þyrftu þá á einhvern hátt að koma til móts við þau markmið.

Í 8. gr. frv. er fjallað um markmið í nýjum búvörusamningi. Þau markmið sem þarna eru nefnd eru góðra gjalda verð, en því miður eru ekki miklar líkur til þess að þau náist. *Á undanförnum vikum hefur það komið fram að margir* bændur óttast að framleiðsluhvati felist í samningunum sem muni aftur leiða til þess að eftir 1998 muni verð til bænda fyrir afurðirnar lækka verulega frá því sem er í dag. Í dag eru sláturleyfishafar margir og smáir og fjárhagslega veikburða. Því óttast menn að smásalar á fákeppnismarkaði muni nánast geta hagað verðlagningu að eigin vild í framtíðinni. Hættan er því sú að þessi samningur muni á engan hátt auka samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu og verði ekki til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur, muni ekki treysta tekjugrundvöll þeirra, sem þó hlýtur að vera eitt meginmarkmið samningsins, ekki síst ef horft er til fjárhagsstöðu þeirra í dag og þess bráða vanda sem er hjá þessari atvinnugrein og mikið hefur verið rætt um hér á Alþingi sem og annars staðar.

Þriðja markmiðið er að koma á jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Eins og ég sagði áðan þá er ekkert í þessum samningi sem hvetur til öflugrar markaðssóknar, hvorki innan lands né utan og upphafið lofar ekki góðu eins og sést hefur í fréttum. Kjöti er hent, enn einu sinni eiga skrokkar í heilu og hálfu að fara á útsölu og ekki ljóst hvaða birgðavanda þetta leysir þegar til lengri tíma er litið. En ég vildi gjarnan fá að vita hversu mikið kjöt kemur á þennan útsölumarkað og ef ekki næst jafnvægi milli framleiðslu og *sölu sauðfjárafurða hvað er það þá með ákvæði 3. gr. frv.?* Verður opinberri verðlagningu hætt 1998 eða munu ákvæði í 4. gr. samningsins verða látin gilda ef þetta jafnvægi næst ekki?

Síðasta markmiðið í 8. gr. er að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd. Eftir að hafa lesið frumvarpsgreinarnar *í gegn til að sjá með hvaða hætti tekið er á þessu markmiði* um umhverfisvernd þá er ég engu nær. Því leitaði ég í grg. þar sem einstakar greinar frv. eru skýrðar, en þar segir um 8. gr. að hún þarfnist ekki útskýringar. Vissulega er það rétt að þessi orð „að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd" skilja allir, þ.e. meiningu þeirra, en þó hver með sínum skilningi. Ég get hins vegar alls ekki séð hvað það er í frv. sem segir með hvaða hætti þessu markmiði skuli náð. Engin stefna er í frv. né samningnum þess efnis að dregið skuli sérstaklega úr framleiðslu á illa grónum svæðum. Þvert á móti virðist það eiga að vera algerlega tilviljunarkennt hvar framleiðslan dregst saman. Meira að segja er ýmislegt

sem bendir til þess að þau svæði sem hingað til hafa verið talin betur fallin til sauðfjárræktar en önnur verði illa úti. Það er ekkert tillit tekið til landkosta eða nýtingar lands í frv., hvar sauðfjárræktin byggist upp. Hvaða bændur lifa af þessar aðgerðir er algerlega án tillits til umhverfisverndar og algerlega án tillits til atvinnuástands á þeim svæðum þar sem sauðfjárræktin er stunduð, án tillits til þess hvort hún er jafnvel undirstaða í atvinnu heilu byggðarlaganna. Markmiðin í frv. eru góð en leiðirnar að þeim eru vægast sagt heldur óskýrar.

Í 9. gr. er kveðið á um að beingreiðslumarkið verði 1.480 millj. kr. á ári og taki breytingum með vísitölu neysluverðs. Því hefur oft verið haldið fram að samningurinn tryggði bændum óbreytt fjármagn út samningstímann. Reyndar hafa ýmsir orðið til þess að býsnast heil ósköp yfir þessum greiðslum og verðtryggingunni, jafnvel haldið því fram að hætta eigi nánast öllum stuðningi við þessa atvinnugrein, helst á stundinni, alla vega fyrr en ráðgert var.

Auðvitað er það stefna allra að sauðfjárrækt sem og aðrar atvinnugreinar standi undir sér, en við megum ekki gleyma því að landbúnaður hefur gengið í gegnum gífurlegar breytingar á undanförnum árum og verulega hefur dregið úr framlögum ríkisins til greinarinnar. Ætli láti ekki nærri að 1980 hafi framlög ríkisins til landbúnaðar verið 12–14% af heildarútgjöldum ríkisins en þau eru í dag 3–4% af útgjöldum. Þetta er mikil breyting á ekki lengri tíma og við skulum heldur ekki gleyma því að landbúnaðurinn er verulega styrktur í þeim löndum sem við erum að keppa við. Evrópuþjóðirnar eru flestar með verulega styrki sem greiða niður vöruna, annaðhvort beint á hvern grip eða hektara lands, fyrir utan svokallaðar grænar greiðslur.

Því má heldur ekki gleyma að ef vilji manna er í þá veru að leggja þessa atvinnugrein af á heilum svæðum, þá verðum við að hafa svör við því hvaða atvinna á að koma í staðinn því hér er ekki eingöngu um að ræða störf við landbúnaðinn beint, heldur ýmis störf í þjónustu við landbúnað. Það verður því að reikna dæmið allt til enda og horfa á það í heild sinni. Við búum við verulegt atvinnuleysi og það vandamál yrði mun stærra ef þrengja ætti að í landbúnaði umfram það sem er í dag. Sum landsvæði eru þó háðari en önnur þeirri grein sem hér um ræðir, þ.e. sauðfjárræktinni, og því hefði verið eðlilegt að sjá í þessum samningi, þessu frv. sem hér um ræðir að tekið verði sérstaklega á vanda þeirra sem búa á þeim svæðum.

Virðulegi forseti. Tími minn er að verða útrunninn, en það er ýmislegt annað í þessu frv. sem er full ástæða til þess að ræða. Þetta er einkennileg blanda af markaðshyggju og stýringu. Annars vegar á að leggja af framleiðslustýringuna og verðákvarðanir hins vegar á að stýra útflutningi og því skilaverði sem menn ætla bændum. Stefnan hlýtur að vera sú að vinna sig út úr þessu kerfi þannig að menn geti lifað af framleiðslu sinni, en besta leiðin til þess er aukin markaðssókn og vöruþróun og á því er ekki tekið í frv. eins og ég hef sagt áður. Og það sem verra er, ég er alls ekki viss um að samningurinn sem liggur fyrir leysi vanda margra þeirra bænda sem í dag geta hvorki hætt né haldið áfram, t.d. allra þeirra sem eru með undir 180 ærgilda bú. Þeir hafa mátt þola flatan niðurskurð æ ofan í æ og búa með þann fjölda ærgilda sem gefur þeim mánaðartekjur á bilinu 30–50 þús. Þessum bændum er nú ætlað að sækja sérstaklega um ef þeir vilja stækka búin sín og sanna með skattskýrslum eða öðru að þeir hafi aðalframfærslu af fjáreign sinni sem gefur 30–50 þús. kr. mánaðartekjur. Það getur enginn sýnt fram á það. Flestir þessara bænda eða fjölskyldna stunda aðra vinnu með til þess að drýgja tekjurnar og jafnvel eru dæmi þess að þeir hafi orðið að sækja vinnu um langan veg og dvalið fjarri heimilum um langan tíma. Ég efast hins vegar um að þetta verði það fólk sem mun fara í þessi uppkaup, skila inn jörðum og þeim rétti sem það hefur vegna þess að það stendur þá jafnframt frammi fyrir því að leggja jörð sína í eyði og flytja sig um set og mun þá að sjálfsögðu horfa til þess atvinnuástands sem ríkir í þjóðfélaginu og að hverju er að hverfa. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Að síðustu vil ég aðeins nefna að það á eftir að svara mjög mörgum spurningum, m.a. varðandi Jarðasjóðinn, sem ekkert svigrúm hefur til þess að kaupa þær jarðir sem honum er ætlað. Eins vildi ég gjarnan að ráðherra færi yfir þetta útsöluátak þar sem enn er farin sú leið að pakka súpukjöti í heilum og hálfum skrokkum inn í óásjálega plastpoka og það er okkar ráð til þess að auka markaðinn. Hefur hann virkilega trú á því að þetta muni skila okkur bættum og betri markaði inn í framtíðina?

[15:19]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. „Þegar ég fór fyrst í framboð árið 1991 vildi svo til að ég var að taka til í gömlum kössum hjá mér og rakst þá á dagblöð frá árinu 1968 eða 1969 eða fyrir eitthvað tæplega 30 árum síðan. Það hefði mátt nota sömu fyrirsagnir í blöðin 1991 um landbúnaðarmálin eins og þær voru liðlega 20 árum áður. Vandinn hefur verið ljós um allt of langa hríð án þess að nokkuð væri gert í því að leysa hann."

Þetta var tilvitnun, virðulegi forseti, með leyfi forseta, og höfundurinn Lára Margrét Ragnarsdóttir, þingmaður Sjálfstfl.

Þetta eru þá ummæli hv. þm. Sjálfstfl. um fjögurra ára valdaferil landbrh., Halldórs Blöndals. Vandinn vitaður alla tíð, ekkert gert. Þetta er líka umsögn um valdatíma fyrrv. hæstv. landbrh., keppinautar seinasta ræðumanns, sem hér var að fara úr stólnum, um forustu í Alþb., vandinn þekktur alla tíð, ekkert gert, ekkert aðhafst.

Annað skondið dæmi um ástandið í landbúnaðarmálum undir stjórn framsóknarmanna þriggja flokka á undanförnum árum birtist á baksíðu Morgunblaðsins þann 18. okt. Þriggja dálka fyrirsögn og tilefnið er þetta: Félag eggjaframleiðenda hafði lagt fram lögfræðiálit þar sem segir að Ríkisspítölunum sé óheimilt að reyna að spara sér 600–700 þús. kr. á ári með því að bjóða út og leita eftir lægri tilboðum á eggjum heldur en eitthvert fyrirskipað lágmarksverð einokunarkerfisins. Lögfræðiálitið var um það að slíkt væri algerlega bannað, að leita útboða og leita eftir hagstæðum kjörum, á sama tíma og núv. hæstv. ríkisstjórn, kollegi hæstv. landbrh., er að skera niður útgjöld til heilbrigðismála.

Virðulegi forseti. Ég nefni hérna tvö dæmi: Annars vegar að loksins er eins og einn, kannski tveir, kannski jafnvel þrír, hv. þingmenn Sjálfstfl., sem kosnir voru til þess í þéttbýliskjördæmum m.a. að gæta hagsmuna neytenda gagnvart einokunarkerfinu, hafi nú loksins þorað að fá málið a.m.k. Við eigum eftir að sjá það betur. Hitt er dæmi um það hvernig þetta úrelta kerfi blasir við fólki nú í lok 20. aldar sem forstokkað og blygðunarlaust einokunarkerfi.

Einn hv. þm. Sjálfstfl., hv. þm. Árni Mathiesen, orðaði það reyndar svo í blaðagrein að það væri skrýtið að hæstv. landbrh. væri fyrir hönd ríkisstjórnar að gera einhvern samn-

ing við heila stétt manna, bændur, búvörusamning, og má til sanns vegar færa. Af hverju ekki við aðrar stéttir, hæstv. ráðherra? Á ekki að gera samning við bakara? Á ekki að gera samning við verktaka? Á ekki að gera samning við stéttahópa ef atvinnuvegir eiga í þrengingum? Á þá ekki ríkið að gera samning t.d. um það að tryggja viðkomandi stéttum að kaupa af þeim afurðirnar eða að halda uppi atvinnustiginu án tillits til ríkisútgjalda?

Þessi samningur er réttlættur með því að brýna nauðsyn beri til að gera nú þennan samning. Það er vegna þess að samningurinn sem gerður var seinast, árið 1991, hafði algerlega brugðist. Það eru nákvæmlega sömu rök og voru árið 1991 og hefðu verið árið 1985 eða árið 1970 og eitthvað, vegna þess að vandinn sem menn hafa verið að velta á undan sér er ævinlega sá hinn sami. Um ráðin er það að segja, að þau hafa ævinlega brugðist og um þau má segja að þeim mun verr hafa þau gefist þeirra góðu manna ráð sem þeir hafa komið fleiri saman. Niðurstaðan er ævinlega sú hin sama.

Landbúnaðarstefnunni sem hefur verið rekin má lýsa á einfaldan máta á þennan veg:

Í fyrsta lagi hefur ríkið hefur yfirtekið algerlega starfsgrundvöll greinarinnar. Ríkið réttir fram gríðarlega fjármuni. Fyrir fáum árum voru þeir 12 milljarðar, rúmlega 10% af fjárlögum. Þeir hafa lækkað, m.a. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, en fyrst og fremst lækkað vegna minnkandi neyslu á þessum afurðum sem eru allt of háu verði seldar. En ríkið leggur fram umtalsverða fjármuni og leggur fram umtalsverða vernd. Þessir fjármunir, núna í formi beingreiðslna, sem áður voru framleiðslutengdir, eiga ekki að verða það í framtíðinni og það er partur af því að viðurkenna staðreyndir og verða við þeirri gagnrýni sem við jafnaðarmenn höfum haldið fram. Þessar beingreiðslur hafa að sjálfsögðu verið framleiðsluhvetjandi. Það er afar merkileg staðreynd að þrír fjórðu hlutar af þeim tekjum sem verða til við sölu landbúnaðarafurða á Íslandi koma beint úr vösum skattgreiðenda. Þrír fjórðu hlutar. Það er helmingi hærra heldur en t.d. í þeim löndum Evrópusambandsins þar sem allir viðurkenna að rekin hefur verið galin landbúnaðarstefna árum saman. En hún er helmingi hærri. Stuðningur ríksins við íslenskan landbúnað er helmingi hærri heldur en þar er. Hann er reyndar sá fjórði hæsti sem finnst á byggðu bóli í heiminum, hefur sem sé lækkað úr því að vera í langsamlega hæsta sæti í heiminum. Þetta er framleiðsluhvatning ríkisins.

Síðan kemur mál númer tvö og það er að vegna þeirrar offramleiðslu sem hlýst af þessari framleiðsluhvatningu, þá kemur ríkið með löggjöf um greiðslumark og kvóta og takmarkar þessa framleiðslu þegar menn eru búnir að fjárfesta í búum sínum og bústofni til þess að örva hana sem mest og hafa verið styrktir til þess. Af þessu leiðir að framleiðni í íslenskum landbúnaði og í matvælaframleiðslu hefur farið hríðminnkandi. Framleiðni í mjólkurframleiðslu og í mjólkuriðnaði, hvort heldur vegið er á mælikvarða fjármagns eða vinnuafls, hefur lækkað um 35% á undanförnum árum. Framleiðni í sauðfjárframleiðslu hefur staðið í stað, en staðið í stað frá því að vera einhver hin lægsta sem um getur. Með öðrum orðum, það er búið að gera atvinnugreinarnar gersamlega ósamkeppnisfærar.

Hver er svo hlutur annarra í skiptum við þetta? Hann er sá að matvælaverð er eitthvert hið hæsta á byggðu bóli og afkoma bænda, sem eiga að njóta þessarar stefnu, er einhver hin versta sem sögur kunna frá að greina. Jafnvel svo að meðaltekjur á sauðfjárbú nálgast það að vera það sem nú til dags mættu heita þokkalegar mánaðartekjur á ári. Stór hluti sauðfjárbænda er kominn í þá stöðu í þessu kerfi, sem vinir bænda hafa hróflað upp í kringum þá, að miðað við þá bústærð sem þeir mega hafa þá geta þeir ekki séð fjölskyldu farborða af þeim búrekstri. Það er alveg sama á hvaða kvarða þetta kerfi er metið, það er alveg sama hvar litið er á, út frá hagsmunum bænda, út frá atvinnurekstrarsjónarmiðum þeirra, út frá framlegð og framleiðni, út frá framförum í greininni, út frá sjónarmiðum neytenda gagnvart verðlagi, alls staðar fellur þetta kerfi á prófum. Og eins og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sagði og ég ég vitnaði til í upphafi, þetta kerfi er búið að vera óbreytt áratugum saman. Það var alveg eins þegar seinasti búvörusamningur var gerður. Það var alveg eins þegar lögin 1985 voru sett. Árangurinn er þessi, hann hefur löngu verið þekktur. Sá sem stýrði þessum málum seinast fyrir hönd Sjálfstfl. aðhafðist ekkert og nú kemur hæstv. landbrh. og segir: Ég tók við svo vondu búi að það var neyðarástand og þess vegna þarf ég að gera nýjan samning.

Við erum að tala hér um atvinnugrein sem metin er í stærðarhlutföllum íslenska þjóðarbúskaparins þannig að markaðsverðmæti landbúnaðarafurða á verðlagi ársins 1994 eru 22 milljarðar kr. Íslenska þjóðarframleiðslan er svona að nálgast 400 milljarða. Hlutur landbúnaðarins í vergri landsframleiðslu eru 2,8%. Það er rétt að hafa þau hlutföll í huga.

Eitt af hinum hástemmdu kosningaloforðum Framsfl. fyrir seinustu kosningar var sem kunnugt var að skapa 12 þúsund ný störf til aldamóta. Í ljósi þess að sköpun nýrra atvinnutækifæra byggir á fjárfestingu þá er rétt að hafa það í huga að fjárfesting í okkar þjóðfélagi er í sögulegu lágmarki, hefur aldrei verið lægri. Nýsköpun í íslensku þjóðfélagi í samanburði við þjóðfélögin í kringum okkur bendir til þess að við erum stöðugt að dragast aftur úr og það er stöðnun. Dettur einhverjum í hug að nýsköpun 12 þúsund starfa verði í sjávarútvegi eða í landbúnaði? Nei, það dettur engum í hug. Halda menn að þetta sé skynsamleg notkun á fjármunum áratug eftir áratug? Hafa hv. þm. gert sér grein fyrir því að í nafni blekkingariðju um útflutningsátak þá hefur, frá því að útflutningsbótakerfið var tekið upp, verið varið, reiknað til núvirðis, 48 þús. millj. kr. — 48 milljörðum kr. — í stuðning við útflutning á landbúnaðarafurðum? Vitið þið hver árangurinn er? Hann er nákvæmlega 0,0. Hann er nákvæmlega enginn. Segi og skrifa enginn. Þessum fjármunum, helmingnum af ríkisbúskapnum á ári, tæplega helmingi af skuldasöfnun þjóðarinnar í erlendum skuldum, ekki skuldasöfnun þjóðarinnar, skuldasöfnun opinberra aðila, hefur verið hent út um gluggann með þessu kerfi. Og, nota bene, í fullkomnu árangursleysi. Þessum peningum hefur verið fleygt út um gluggann. Svo eru menn að undrast það að við erum að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Svo eru menn að undrast það að laun á Íslandi eru lág. Svo eru menn að undrast það að lífskjör almennings eru vond. Hver getur undrast það sem hugleiðir hvernig þessir aðilar sem borið hafa ábyrgð á landbúnaðarstefnunni á Íslandi á undanförnum árum og áratugum hafa farið með fé almennings? Og hvenær ætla þessir menn að koma fram fyrir þjóðina og axla einhverja ábyrgð? Hvenær ætla þessir menn að viðurkenna afleiðingar gerða sinna gagnvart þjóðinni, gagnvart bændum sem þeir hafa leitt í fátæktargildru og gagnvart neytendum í landinu?

Herra forseti. Við jafnaðarmenn lýsum ábyrgð á hendur

þessum aðilum og við getum að sjálfsögðu ekki lýst yfir stuðningi við þennan nýja samning frekar heldur en hinn gamla. Hvers vegna ekki? Af nákvæmlega sömu ástæðum og fyrr. Þessi samningur er, virðulegi landbrh., allt of dýr. Fjmrn. metur það svo að hann sé 1.200 millj. kr. dýrari heldur en sá gamli. Aðrir aðilar segja það vanmat og segja að það sé á bilinu 1,5–2 milljarðar sem þessi samningur muni á næstu fimm árum kosta meira en gamli samningurinn. Það er með öðrum orðum verið að bera meira fé í þennan samning.

Það er auðvelt að sýna fram á það að markmiðum þessa samnings, þ.a. aðlögun að skynsamlegum viðskiptaháttum og lausn á offramleiðsluvandanum núna hefði mátt leysa með minni fjármunum. Hvernig? Einfaldlega með því að taka hluta af þeim fjármunum, þeim 6,5 milljörðum sem varið er til þessa ráðuneytis og kerfis þess í sparnaðaraðgerðum án þess að taka á beingreiðslum til bænda, hvorki í sauðfjárrækt né mjólkurframleiðslu. Það er auðvelt að sýna fram á að það er unnt að spara í þessu kerfi upp á um það bil einn milljarð kr. án þess að það bitni á bændum eingöngu með því að gera þá kröfu að stoðdeildakerfi landbúnaðarins beri sinn hluta af byrðunum, en það eru þeir menn sem bera ábyrgð á þessu kerfi.

Í fyrsta lagi er samningurinn of dýr, en í öðru lagi höfum við enga rökstudda ástæðu til þess að ætla að hann takist nokkuð betur heldur en gamli samningurinn. Það eru með öðrum orðum ærnar ástæður til þess að ætla að þessi fjárburður endi með nákvæmlega sama hætti og allur fjárburður þessa kerfis hefur endað á undanförnum árum, þ.e. með fullkomnu árangursleysi. Og hver eru rökin fyrir því? Offramleiðslan er nú á bilinu 2.000–2.500 tonn. Þegar menn taka tillit til þeirrar staðreyndar að bændur hafa í nauðvörn sinni sem þjáningarbræður þessa kerfis orðið að grípa til heimaslátrunar í stórum stíl og farið yfir á svartan markað til þess að bjarga afkomu sinni, þá er offramleiðslan raunverulega miklu meiri heldur en hinar opinberu tölur gefa til kynna.

Í þriðja lagi er það að nefna að neyslan hefur farið síminnkandi og það er engin ástæða til þess að ætla annað en í óbreyttu kerfi muni hún minnka enn, vegna þess að þessi samningur mun ekki leiða til hagræðingar og sparnaðar sem leiðir til lækkandi verðs.

Í fjórða lagi binda þeir vonir við það að uppkaup fyrir rúmar 400 millj. muni draga úr þessari offramleiðslu. Það er rangt, m.a. vegna þess að verulegur hluti af því sem keypt verður upp er notað til endurúthlutunar til annarra á þeirri skynsamlegu hugsun út af fyrir sig að reyna að stækka bú þeirra sem á annað borð munu lifa af í greininni.

Loks er hið undarlega samsektarákvæði um verðlagningu útflutningsafurða, þ.e., ef það verður svo að bændur setja á og það verður áframhaldandi offramleiðsla, þá á að leiða alla undir sömu sök, jafnt þá sem sætta sig við kerfið og fara eftir reglum þess og hina sem ekki gera það og þannig verður afurðasala þeirra verðfelld. Bændur munu að sjálfsögðu, alveg eins og þeir hafa leitað út á svarta markaðinn, sjá við þessu og lái þeim hver sem vill. En heildarniðurstaðan er sú að það eru yfirgnæfandi líkur á því þegar upp verður staðið um miðjan þennan samning 1997–1998, að við verðum þá í sömu sporum þrátt fyrir það að hafa aukið fjárburð í kerfið.

Nú skal það sagt skilmerkilega að yfirlýst markmið samningsins, þ.e. þau að afnema kvótakerfið, hvorki meira né minna, að aftengja beingreiðslurnar framleiðslunni, gera þær óháðar framleiðslunni og ekki framleiðsluhvetjandi og að hætta opinberum afskiptum af verðlagningu eftir árið 1998, þetta er allt saman sótt í stefnuskrá Alþfl., og allt saman afar jákvætt og allt saman mjög skynsamlegt. Gallinn er bara sá að á fyrri hluta samningstímabilsins eru settir varnaglar við því að þetta gerist ekki. Kvótakerfið skal afnumið samkvæmt markmiði síðar en í millitíðinni eru sett slík skilyrði fyrir ásetningi og framleiðslurétti að það kemur ekki til framkvæmda. Beingreiðslurnar skulu að vísu ekki vera áfram framleiðslutengdar, en það er ekki fyrr en 1998 sem hið opinbera ætlar að hætta reglustikureglum sínum um verðlagningu. Í millitíðinni mun það gerast sem ég var að lýsa hér áðan þannig að þegar að því kemur að samningurinn er kominn inn á nýtt samningstímabil, þá munu menn sitja uppi með sama vandann. Og hvernig hefur þetta kerfi þá brugðist við? Nákvæmlega svona. Þá mun landbrh. þess tíma segja: Því miður, forsendurnar brugðust, samningurinn brást alveg eins og núv. hæstv. ráðherra segir um forvera sinn: Gamli samningurinn brást, forsendurnar brugðust. Og halda menn að menn muni þá við slíkar kringumstæður framfylgja ákvæðum um það að afnema kvótakerfið og að afnema verðstýringuna? Segið mér eitthvað skemmtilegra.

Þetta eru rök okkar fyrir því að við höfum enga trú á því eins og staðið er að þessum samningi og þeim málamiðlunum sem þar hafa verið gerðar, að hann skili þeim árangri sem menn eru að búast við eða gera sér væntingar um. Til þess að ná þessum árangri hefðu menn orðið að ganga hreinna til verks. Menn hefðu orðið einfaldlega að segja: Frá og með árinu 1996 er þetta kvótakerfi aflagt. Fyrir því eru öll rök. Það er ekki hægt að ætlast til þess af bændum sem framleiðendum og heldur ekki af vinnslukerfinu að þeir búi sig undir neina samkeppni nema með því að vera leystir undan miðaldaviðjum þessa ofstjórnarkerfis. Þess vegna átti að segja: Þetta kerfi á að afnema. Auðvitað á að afnema framleiðslutengingu beingreiðslnanna, en það vantar annað upp á það. Það á að taka hluta af þeim fjármunum sem varið er til stuðnings landbúnaðinum á þessum tímapunkti og segja: Við erum tilbúnir til að verja hluta af þessu fé til þess að gera samninga við bændur. Um hvað? T.d. við þá sem komnir eru á ellilífeyrisaldur, um það að þeir þurfi ekki að standa upp frá búrekstri, ævistarfi sínu, slyppir og snauðir. Eða að þeir, sem hafa verið neyddir til þess að skerða svo búrekstur sinn að þeir búa á örreitiskotum sem standa ekki undir því að framfleyta fjölskyldu, gætu komist frá því með einhvers konar starfslokasamningum og segja þá strax: Þetta skal standa yfir í tvö eða þrjú ár og við verjum þá þessum fjármunum til þess, vegna þess að ef þetta hefði verið gert, þá hefðu menn a.m.k. haft einhverja von um það að þessum peningum væri ekki eytt til einskis. Það væri raunverulega verið að laga þetta að skynsamlegum framtíðarmarkmiðum.

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til þess að orðlengja mikið meira um þetta. En hins vegar er ástæða til þess að segja fáein orð í fullri alvöru við þann meiri hluta hv. þm., a.m.k. í þremur flokkum ef ekki fleirum, sem hafa áratugum saman sammælst um að verja þetta kerfi. (Forseti hringir.) — Já, virðulegi forseti. Það var eins gott að ræðutíma mínum er lokið. Þeir ættu kannski að geta dregið þessar ályktanir sjálfir, þeir háu herrar.

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski var það út af ósögðu orðunum, þ.e. því sem átti að segja um framsóknarmenn a.m.k. þriggja

flokka. Það var raunar komið fram í ræðu hv. þm. fyrr að það væri við þá að sakast. Það er eins og hv. þm. gleymi því að hann hefur sjálfur átt sæti í tveimur ríkisstjórnum sem hafa farið með landbúnaðarmálin án atbeina Framsfl. Framsfl. var hvorki með landbúnaðarmálin í síðustu ríkisstjórn sem hv. þm. sat í né heldur í ríkisstjórninni þar á undan. Þannig að það er nú svona og svona að tala eins og menn hafi hvergi nærri komið og eigi engan hlut að málum. Hv. þm. talar um það að fjárfesting sé í sögulegu lágmarki. Það er ekki að gerast í dag. Það var þannig, ef ég man rétt, á síðasta ári eitt af alvarlegu málunum í sambandi við ríkisfjármálin og ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar og þá átti þessi ágæti hv. þm. sæti í ríkisstjórninni sem hæstv. utanrrh. og síðan minnir hann okkur öðru hvoru þegar hann hefur tækifæri á fjármuni sem varið hefur verið til útflutningsuppbóta og telur að lítið hafi nýst, en gleymir því líka að geta þess hverjir voru í stjórn þegar útflutningsbótunum var komið á. Það var í tíð svokallaðrar viðreisnarstjórnar þar sem sátu saman Sjálfstfl. og Alþfl. Framsfl. átti ekki aðild að þeirri ríkisstjórn bara svona rétt til þess að hressa upp á minnið hjá hv. þm.

Hann talar um að það væri hægt að spara í kerfinu eitt þúsund millj. kr. án þess að það bitnaði á bændum, án þess að það kæmi við beingreiðslurnar. Í tillögum sem ég hygg að hann sé að vitna til sem birtust í einum fjölmiðlinum í gær, einu blaðinu sem dreift var í hólf okkar þingmanna er gert ráð fyrir því að bændur sjálfir taki þessar eitt þúsund millj. kr. að sér, það sé ekki greitt úr hinum sameiginlega sjóði okkar og kann að vera rétt, þessu megi beina til atvinnugreinarinnar, en það verður ekki gert án þess að hún borgi, það verður ekki gert án þess að það bitni á henni eða komi fram í einhverjum kostnaði þar.

[15:42]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fróðlegt að heyra málsvörn hæstv. landbrh. Hún er einföld. Hún er sú: Alþfl. ber ábyrgð á þessu öllu saman. Og rökin eru þau að hv. þáv. þm. Ingólfur, sem stundum var kenndur við Hellu, náði því fram á viðreisnarárunum fyrir rúmlega 30 árum að koma á útflutningsbótakerfi sem Alþfl. hefur barist fyrir með oddi og egg í ljósi offramleiðsluvandans síðar að koma af og getur stært sig af því að í því tilboði sem gert var árið 1991, þá af hálfu þáv. utanrrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, þá tókst að koma útflutningsbótakerfinu af. Það var afrek út af fyrir sig og skal viðurkennast, því að hvernig værum við stödd ef þetta kerfi væri enn við lýði?

Þessi dæmi af hæstv. ráðherra eru nefnilega til vitnis um það sem ég átti ólokið að segja. Hvenær kemur að því að hv. þm. Framsfl., Sjálfstfl. og reyndar Alþb. fari að viðurkenna ábyrgð sína á þeim óförum sem þeir hafa leitt yfir íslenska bændastétt? Hvenær ætla þeir að viðurkenna það, þessir menn sem bera ábyrgð á löggjöfinni, að við greiddum t.d. atkvæði gegn búvörulöggjöfinni 1985? Það þekkja allir sem verið hafa hér í þingsölum síðan hvernig við höfum í hvert einasta skipti tekist á við þessi mál. Við höfum þó náð þeim árangri að útgjöldin hafa lækkað, við höfum komið útflutningsbótakerfinu fyrir kattarnef. Með aðildinni að GATT standa vonir til þess að þegar fram líða stundir. Þá erum við auðvitað að reka þetta kerfi á flótta. Undanhaldið er hafið. Þeir eru meira að segja farnir að viðurkenna það sem þeir sögðu ekki bændum fyrir kosningar að það ætti að afnema kvótakerfið eða afnema opinbera verðstýringu. Nei, þeir sögðu það ekki fyrir kosningar. Við sögðum það og nú segja þeir allt rétt sem við sögðum fyrir kosningar, en treysta sér ekki til þess að framkvæma það.

En hvenær kemur að því að þeir ætla að segja heiðarlega við íslenska bændur sem rétt er: Þið berið ábyrgð á því að þið hafið blekkt þá áratugum saman. Þið berið ábyrgð á því að hafa leitt þá í fátæktargildru. Þið berið ábyrgð á því að kjör þeirra eru orðin svo léleg að þeir eru varla færir um að framfleyta fjölskyldum sínum. Þið berið ábyrgð á því að afleiðingarnar gagnvart neytendum eru eins og þær eru. Þið berið ábyrgð á því að hafa sólundað fé almennings á Íslandi í botnlausa hít án nokkurs árangurs fyrir nokkurn mann.

[15:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég orðaði það reyndar ekki í fyrri ræðu minni að Alþfl. bæri ábyrgð á þessu öllu saman. Ég minnti aðeins á það að Alþfl. hefði verið þátttakandi í ríkisstjórnum á undanförnum árum og hann hefði kannski átt aðild að þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið af hálfu stjórnvalda á undanförnum árum. Ég hef aldrei sagt að Framsfl. hafi ekki átt og eigi ekki aðild að því stjórnkerfi sem ríkt hefur og ég vil líka viðurkenna og segja það, og það kom reyndar mjög skýrt fram í minni framsöguræðu, að við erum að búa til nýtt kerfi. Við erum að móta stefnu til annarrar framtíðar heldur en verið hefur og við erum að búa til framleiðslukerfi sem er með öðrum hætti heldur en það hefur verið hingað til.

Það kom fram í ræðu hv. þm. að það sé krafa hans að kvótakerfið verði aflagt strax. Ég sé það fyrir mér að þær róttæku breytingar, eins og ég vil kalla þær sem verið er að boða, verði framkvæmdar. Það er hins vegar ekki hægt við þær aðstæður sem ríkja nú í augnablikinu með þær birgðir sem við stöndum frammi fyrir að skella á svokölluðu markaðskerfi eða afnema kvótakerfið skilyrðislaust og án nokkurrar aðlögunar eða aðdraganda árið 1996 eins og hv. þm. sagði. Ég tel að við þurfum að nýta tímann næstu eitt til tvö ár til að komast inn í það nýja kerfi eða þann nýja farveg sem er sannarlega boðaður hér með þessum samningi og frv. Og ég held að það sé mikilvægt að menn tali málefnalega um það án þess í sjálfu sér að vera að ásaka einn eða neinn um það hvernig ástandið er. Það er ekki gott. Það hefði þurft að bregðast við fyrr og ég er sannarlega að reyna að gera það. Núv. ríkisstjórn er að reyna að gera það og takast á við það sem ég held að hefði þurft að gera í tíð fyrri ríkisstjórnar sem hv. þm. átti aðild að.

[15:47]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki nema skylduverk að reka þetta undanhald. Hæstv. landbrh. sagði: Það hefði þurft að bregðast við miklu fyrr. Það var ekki gert af forvera hans, landbrh. Sjálfstfl. Síðan segir hann: Við erum að búa til nýtt kerfi. Í raun og veru felst í þessum fáu orðum sú viðurkenning sem ég var að mælast til að frá honum kæmi. Með öðrum orðum, kerfið sem við bjuggum til, flokkurinn hans, samstarfsflokkurinn hans, og meira að segja sumir aðrir í stjórnarandstöðunni hafa gersamlega brugðist. Loksins. Það er komin viðurkenning á því. Við viljum búa til nýtt kerfi. Það er rétt sem talsmenn Alþfl. hafa sagt. Kvótakerfið er ónýtt og hefur skaðað bændur og neytendur. Það er rétt að stefna að því að afnema það. Það er rétt sem kratarnir hafa sagt, að verðskýring hins opinbera hefur brugðist og við skulum stefna að því að afnema það.

Það er rétt að það á ekki að hvetja til offramleiðslu með því að framleiðslutengja beingreiðslurnar. Það er með öðrum orðum allt rétt í kjarna málsins sem við höfum sagt á undanförnum árum í gagnrýni á þetta kerfi. En þá kemur afsökunin. Það er bara ekki strax. Það er bara ekki hægt að gera þetta, ekki 1996, það verður að vera 1997 og 1998. Það er rangt, hæstv. ráðherra. Það er rangt eins og ég færði sönnur á með rökum mínum hérna áðan að í því millibilsástandi munuð þið klúðra því að unnt sé að ná settum markmiðum. Hin sorglega niðurstaða er að þið viðurkennið í öðru orðinu að ykkur hafi mistekist og að þið berið stóra ábyrgð gagnvart bændum og neytendum á þessu kolúrelta kerfi. En þið eigið eftir að stíga skrefið til fulls og viðurkenna að það þarf að taka á því með róttækari ráðstöfunum. Og það er hægt að gera árið 1996 eftir þeim leiðum sem ég var að lýsa.

[15:49]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald af olíu, 111. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 117.

[15:49]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er, fer þetta frv. auðvitað til landbn. þar sem ég á sæti, eins og menn segja gjarna. Þar gefst að sjálfsögðu góður tími til þess að brjóta það til nokkurs mergjar og ég hlýt að fagna því sérstaklega að landbrh. hefur lýst því hér yfir að tímasetningu í búvörulögunum um ákvörðun greiðslumarks fyrir árið 1996 verði enn frestað. Sjálfur áleit ég að sá tími sem skammtaður var á sl. vori væri of naumur til þessara verka og kemur mér ekki á óvart þó til slíkra breytinga þurfi að koma og þá gefst tími til þess að fara yfir þetta mál af þeirri nákvæmni sem Alþingi ber auðvitað að viðhafa í jafnþýðingarmikilli afgreiðslu og hér er á ferðinni.

Búvörusamningurinn sem í gildi er var gerður árið 1991 og hæstv. landbrh. hefur nú lýst nokkuð tilurð þessa samnings. Þá voru ekki uppi nein sérstök vandamál í hefðbundnum greinum í landinu. Menn voru hins vegar að kljást við það sem ekki hafði tekist þrátt fyrir ákvarðanir búvörulaganna frá árinu 1985 um að losa okkur frá útflutningi í þeim mæli sem þar var gengið út frá. Og meginástæðurnar fyrir því að það hefur ekki tekist eru eins og kunnugt er þær að það hefur ekki enn fundist tekjugrundvöllur í öðrum greinum fyrir þá bændur sem lifað hafa á þessum greinum.

Ég má til að minna á það að þessum búvörusamningi var vel tekið. Það stóðu að honum þrír stjórnmálaflokkar, stjórnarflokkarnir sem þá voru við völd og Sjálfstfl. lýsti a.m.k. óbeint stuðningi við þennan samning. Ég hef áður rakið það að í kosningunum 1991 lýstu frambjóðendur Sjálfstfl. yfir stuðningi við þennan samning og ég tek reyndar undir þau orð hæstv. landbrh. að það bætir ekkert aðstæður núna þótt menn reyni að draga aðra til sektar.

Samningurinn var líka gerður eins og menn muna í framhaldi af þjóðarsátt um verðlag og kjör í landinu og það komu margir aðrir aðilar að þessari samningsgerð heldur en bændur og ríkisvaldið. Þessu mega menn ekki heldur gleyma um þessar mundir. Og var það nokkuð óeðlilegt þótt samningnum væri tekið vel þegar á þessar staðreyndir er litið og þá ekki síst þegar rakið er og rifjað upp fyrsta stefnumið þessa samnings sem er, með leyfi hæstv. forseta: „að stuðla að því að í landinu geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður.“ Það sem var hins vegar gallinn við þennan samning var það að með því að vinna eftir honum eins og auðvitað vera bar, þá var ekki hægt að ná þessum markmiðum. Það sem kom í veg fyrir það voru auðvitað ákvæði 6. gr. samningsins sem bönnuðu útflutning á kindakjöti, þ.e. því dilkakjöti sem var innan hins svokallaða greiðslumarks. Með þeim hætti skapaðist sá vandi sem við stöndum nú frammi fyrir. Eiturnaglinn í þeirri samningsgerð var 6. gr. Og það þurfti reyndar ekki að bíða eftir því hver yrðu viðbrögð því að á fyrsta ári samningsins þegar framleiðslan dróst saman um 10%, þá lækkuðu tekjur sauðfjárbænda um 40% samkvæmt könnun fjárhagskönnunarnefndar. Þegar liðin voru tvö ár af þessum samningi, þá hafði hrokkið upp af ráðstöfunarfé sauðfjárbænda rétt tæpar 600 millj. kr. Hvað síðan hefur gerst liggur ekki fyrir, en ég hygg að fæsta hafi órað fyrir — og sjálfsagt ekki nokkurn einasta mann, enda hefði þá þessi samningur ekki verið gerður — að að þremur árum liðnum frá gerð hans væri búið að sigla sauðfjárræktinni í strand.

Ég sá þetta fyrir við þessa samningsgerð og hafði því mikið við samninginn að athuga. Mér datt raunar ekki í hug að mál gengju jafnhratt fram til ófarnaðar og raun ber nú vitni um. Og ég geri ráð fyrir að afstöðu mína til núverandi samnings beri að skýra með tilliti til þessarar reynslu. Því miður byggir þessi samningur líka í grundvallaratriðum á því að úrelda sauðfjárræktina í landinu þótt margar áherslur séu með öðrum hætti, eins og hæstv. landbrh. hefur lýst og eins og breytingar í frv. til breytinga á búvörulögunum lýsa líka. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að það verði mjög leitað eftir skýringum á ýmsum þeim vafaatriðum sem eru í þessu máli og það get ég fullvissað hæstv. forseta um, sem jafnframt er formaður landbn. Alþingis, að enginn maður væri sælli en ég ef það kæmi í ljós að ég hefði rangt fyrir mér í þeim efnum. Ég vildi að raunin yrði sú. En meðan það liggur ekki fyrir hlýt ég að hafa nokkrar efasemdir um breytingar á búvörulögunum og þessa samningsgerð.

Hér á ég í fyrsta lagi við, svo ég telji þau atriði sérstaklega upp sem mér sýnast á vissan hátt stríða á móti þeim ásetningi sem lagður er til grundvallar, að þær breytingar á greiðslumarki sem hér er kveðið á um, muni leiða til aukinnar framleiðslu og til aukinnar heimaslátrunar. Hvort tveggja felst í þessum breytingum eins og ég fæ best skilið. Og ég verð að segja að þá hafa bændur á Íslandi mikið breyst frá þeim árum sem ég var ráðunautur, en það var ég í rúm 30 ár, ef þeir sjá ekki og fara ekki leiðirnar sem þeim er boðið upp á í þessum efnum til að bjarga sér og sínum.

Með sama hætti hlýtur það að vekja nokkra eftirtekt sem menn hafa haldið æðimikið fram á kynningarfundum og er mjög í sinni hjá sauðfjárbændum að hér sé um mikla sókn í fjármuni að ræða. Samninganefndinni hafi sem sagt tekist að draga mikið fjármagn inn í þessa nýju samningsgerð. Hæstv. landbrh. fór nokkuð yfir þau mál og skýringar hans í þeim efnum get ég gert að mínum skýringum. Það er miklu líklegra að þessi samningsgerð verði til þess að draga úr fjármagni til greinarinnar heldur en að auka það. Og ég er sammála hæstv. landbrrh. að því leyti, eins og mörgu öðru, að það má með mjög skýrum hætti leiða rök að því að hér sé um sparnað að ræða í ríkisútgjöldum en ekki aukningu. Þannig að inn í sauðfjárræktina verða ekki réttir digrir sjóðir út úr þessu fjármagni fram yfir það sem í umferð var. Hins vegar er að ýmsu öðru að hyggja með þetta fjármagn. Og þá skulum við nú sleppa beingreiðslunum sjálfum en þó verð ég að vekja athygli á því sem hér kemur fram í umsögn fjmrn. um frv. til búvörulaga þar sem segir undir tölulið 1, með

leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt 9. gr. frv. eru beingreiðslur bundnar til tveggja ára í stað eins árs áður. Sem fyrr tekur stuðningur ríkisins mið af neyslu kindakjöts innan lands.“ Eins og lagt er nú af stað inn í þennan samning er langlíklegast að það dragi úr þessum beingreiðslum, en í skýringum fjmrn. er því lýst að þær muni taka meira fjármagn til sín.

Það sem að vekur hins vegar enn meiri athygli er fjármagnið sem tilgreint er undir svokölluðum stuðningsgreiðslum. Við þá upptalningu hef ég býsna miklar athugasemdir að gera. Stærsti liðurinn þar er uppkaup upp á 443 millj. kr. Ég hef ekki fram til þessa séð að fjármagn af þessum toga færi til sauðfjárræktarinnar í landinu. Ég hef meira að segja séð mörg blómleg bú sem hafa horfið úr byggð vegna aðgerða af þessum toga, vegna uppkaupa, og fólk af þeim flutt af jörðum sínum yfir í þéttbýlið þar sem það hefur svo starfað síðan. Orðið þar auðvitað góðir borgarar eins og meðan það var til sveita. Þetta fjármagn er þess eðlis að það dreifist um þjóðfélagið og er ekki neinn sérstakur stuðningur við sauðfjárbændur eða þá grein umfram það sem það kemur fyrir annars staðar. Birgðaráðstöfunin er afar mikilvæg ákvörðun og það verður fróðlegt að sjá útfærslur á henni. Það má kannski segja að hún sé í samræmi við yfirlýsingu á málefnasamningi núv. ríkisstjórnar og það hljótum við að kanna alveg sérstaklega þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Átak í útflutningi landbúnaðarafurða verður stutt, sérstaklega á grundvelli nýrra laga um vöruþróun og markaðssókn sem byggist á hreinleika og hollustu afurðanna.“ Það þarf alveg sérstaklega að fara yfir þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum þannig að fyrir liggi hvort ætlast sé til þess að því sé gerð skil í þessum samningi. En ég sé ekki að fyrir því sé sú innstæða sem þörf er á við þetta mikilvæga þróunarstarf. Hins vegar má ekki með neinum hætti vanmeta þetta fjármagn þótt ég verði líka vekja athygli á því að það kindakjöt sem hér er sérstaklega verið að koma á markað er komið úr eigu sauðfjárbænda. Það eru afurðastöðvarnar sem eiga það en ekki sauðfjárbændur, þannig að það kemur nú víðar við heldur en í pyngjunni hjá sauðfjárbændum.

Þá kem ég að tveimur síðustu liðunum. Og þá sýnist mér satt að segja að menn séu nú farnir að fara í nýju fötin keisarans. Hagræðing og vöruþróun upp á 218 millj. kr. Nú er það svo að í bókun 2 í núv. búvörusamningi er kveðið á um að til ekki mjög óskyldra verkefna sé ráðstafað 400 millj. kr. Af þeim hefur ríkisvaldið innt af hendi 90 millj. þannig að enn eru, að ég hygg, útistandandi 310 millj. kr. sem gjaldfalla nú samkvæmt samningnum á næsta ári. Hér er sem sagt gert ráð fyrir 218 millj. kr. á sama tíma og ríkisvaldið hefur ekki innt af hendi til ekki mjög óskyldra verkefna 310 millj. kr.

Það er fjarri því að ég sé hér með einhverjar sérstakar ávirðingar gagnvart hæstv. núv. landbrrh. því hann hefur verið í stjórnarandstöðu sl. kjörtímabil. Það gildir bara einu hverjir það eru sem stjórna, þetta er sannleikur málsins. Og á sér engar málsbætur hverjir sem þar eiga hlut að máli.

Þá komum við að síðasta liðnum sem eru umhverfisverkefni. Mér finnst að sú uppsetning sé alveg dæmalaus. Í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er framkvæmdafé Landgræðslunnar og Skógræktarinnar fært niður um 14,5 millj. kr. Árið 1987 eiga hins vegar að berast til þessara verkefna fyrstu greiðslurnar upp á 15 millj. kr. Alls á þessu tímabili eiga að koma inn í þetta verkefni 75 millj. sem er aðeins hærri tala en fer núna til skógræktarstarfa bænda á Fljótsdalshéraði. Hér er auðvitað um hreina sýndarmennsku að ræða og þetta er eitt af því sem gerir það að verkum að ég hef sérstakar efasemdir um framgang þessa samnings. Það er ekki séð fyrir því að hægt sé að takast á við ný verkefni.

Virðulegi forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. Aðeins örfá orð um útflutningsmálin sem ég hef vitnað til áður. Þar er bæði gefið og tekið. Þeim helstu leiðum sem opnaðar eru í þessari umræðu, er lokað í frv. til breytinga á búvörulögunum. Við náum ekki undir nokkrum kringumstæðum árangri í þessum efnum öðruvísi en að þeir aðilar sem þar hafa áhuga og vilja geti sótt inn á erlenda markaði með fulla hagkvæmni að leiðarljósi. Þeim leiðum er lokað í þessu frv. og ég vænti þess, virðulegi forseti, að þetta verði sérstaklega athugað við meðferð málsins í landbn.

[16:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Egill Jónsson gagnrýndi þann samning sem við höfum hér til umræðu mjög harðlega. Ég var ekki sammála gagnrýni hans í öllum atriðum og hef í sumum atriðum þveröfuga skoðun við hv. þm. Mér sýnist samt á máli hv. þm. að við séum sammála um það að þessi samningur sé óalandi og óferjandi. Við erum nefnilega sammála um það sem er aðalatriðið í þessu. Sem sagt það að breytingar á greiðslumarki samkvæmt samningnum muni leiða til aukinnar framleiðslu. Með öðrum orðum hið nýja fyrirkomulag mun hafa þveröfug áhrif á það sem það átti að gera. Og þar sem þetta er burðarásinn í þessum samningi spyr ég hv. þm. Egil Jónsson: Treystir hann sér til þess að styðja samninginn nema að það sé algjörlega ljóst að breytingarnar muni ekki leiða til aukinnar framleiðslu? En það er merkilegt að hv. þm. Egill Jónsson, sem hefur nú stundum verið talinn til framsóknararmsins í Sjálfstfl., og hef ég ekki nema gott eitt um það að segja, er þarna orðinn sammála þeim sem hafa verið yst til hægri, þ.e. ungu mönnunum, ritara landbn. Sjálfstfl., Markúsi Möller.

[16:14]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála afskaplega mörgum góðum mönnum um þessi mál, bæði ungum sjálfstæðismönnum og öðrum og m.a. hv. síðasta ræðumanni. En framleiðsluaukning í sauðfjárrækt stefnir ekki gegn mínum vilja heldur það gagnstæða. Og ég tek sérstaklega undir það sem að Haukur Halldórsson sagði á nýloknu búnaðarþingi. Hann sagði þar að það væri ekki framleitt of mikið af kindakjöti á Íslandi. En í stað þess að viðhafa umsetningu á þessari vöru þurfum við að hefja sölustarf. Og ég stórefa að við eigum annars staðar meiri möguleika til sóknar í okkar framleiðslugreinum heldur en einmitt þessari framleiðslu. Ég skal rökstyðja það síðar þegar þessi mál verða rædd og ég er sannfærður um það að þar eigum við góða samleið, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

[16:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Annað af fylgiskjölunum sem eru hér með þessu frv. er búvörusamningur sá sem þegar hefur verið undirritaður af hálfu bænda og með fyrirvara af hálfu ráðherra í hv. ríkisstjórn.

Ég verð í máli mínu hér að blanda því nokkuð saman sem kemur fram í þessu frv. annars vegar og búvörusamningnum hins vegar. Svo nátengt og samansúrrað er þetta efni

þótt sums staðar greini reyndar á og ekki sé alveg ljóst við hvað er átt eins og hér kom fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur.

Hér er, eins og ég sagði áðan, verið að fjalla um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum en hins vegar er jafnframt verið að ræða um breytingar á búvörusamningi. Það er verið að ræða um breytingar á kindakjötshluta búvörusamningsins. Menn hafa stundum varið þá miklu fjármuni sem fara til landbúnaðar með þeim rökum að í því fælist viðleitni okkar til að halda landinu í byggð.

Það mun vera eitt af stefnumiðum þessarar ríkisstjórnar, rétt eins og flestra ef ekki allra ríkisstjórna á undan, að reyna að halda landinu sem best í byggð og gera þeim sem starfa í sauðfjárrækt kleift að lifa mannsæmandi lífi, svo vitnað sé orðrétt til formanns Framsfl. í umfjöllun um búvörusamninginn í sjónvarpi hinn 5. október sl. Hann er þá væntanlega sannfærður um að þeim fjármunum sem eiga að fara til uppfyllingar þessa kindakjötssamnings ef þetta frv. verður að lögum sé vel varið, þeir haldi landinu í byggð og geri sauðfjárbændum kleift að lifa mannsæmandi lífi. Ef ég væri sannfærð um það og liti þá væntanlega á milljarðana 11–13 sem fjárfestingu til framtíðar þá væri ég ekki í hópi þeirra sem gagnrýna og draga í efa árangur af nefndum samningi. En það hefur enn enginn sannfært mig um að forgangsröðun til að ná þessum markmiðum, þ.e. að halda landinu í byggð, eigi að vera sú sem hér birtist og meðan svo er, þá hlýt ég að gagnrýna samninginn, bæði tilurð hans og innihald.

Greiðslur vegna búvörusamningsins í heild eru bæði greiðslur vegna mjólkurframleiðslu sem nema nú tæpum 5,7 milljörðum kr. og greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu sem nema á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. um það bil 2,7 milljörðum kr. Þannig hækka framlög vegna búvörusamnings á næsta ári miðað við áform stjórnvalda og þann samning um kindakjötsframleiðslu sem nú liggur fyrir undirritaður af hæstv. utanrrh. og fjmrh. en samþykktur af bændum. Miðað við það sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu, þá kostar þessi breyting á kindakjötshlutanum rúmlega einum milljarði meira en gamli samningurinn hefði kostað og reyndar hafa aðrir, svo sem Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur ASÍ og sérlegur sérfræðingur í málefnum landbúnaðarins, sagt að samningurinn þýddi um tveimur milljörðum meira en sá gamli að óbreyttu. Og þessa peninga telur hann að sé verið að setja í landbúnaðinn til að viðhalda óbreyttu ástandi til að fresta vanda. Formaður búnaðarþings Suðurlands dáðist einnig að samninganefndinni fyrir að hafa náð öllu þessu fjármagni. En það er jafnmerkilegt þegar þetta liggur fyrir að hlusta á ráðherrana leggja svo mikla áherslu á að telja þjóðinni trú um að með þessum samningi sé verið að spara.

Fjmrh. kynnir samninginn þannig að þrátt fyrir allt sé hér um minnkun að ræða og hæstv. landbrh. fullyrðir í viðtali við Ríkisútvarpið hinn 12. okt. sl. að við séum náttúrlega að lækka stuðning hins opinbera til sauðfjárræktarinnar umtalsvert með þessum samningi. Og hér í dag kemur svo fram að hann lítur svo á sem hér sé um viðskiptasamning að ræða og því eðlilegt að allt í honum sé verðtryggt. Og formaður Framsfl. réttlætir samninginn ekki bara með búsetumarkmiðum heldur einnig með því að gífurlegur samdráttur hafi orðið í sauðfjárræktinni. Þá hljótum við sem höfum reynt að fylgjast með landbúnaðarumræðunni að spyrja: Stóð það þá ekki til? Stóð ekki til að draga saman? Var ekki upphaflega til samninga stofnað með það að markmiði? Var ekki markmiðið það sama og nú, að ná jafnvægi á milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða? Eða er það rétt sem stundum er haldið fram að á Íslandi sé hætt við efnahagsráðstafanir þegar þær fara að bíta? Hvaða vandi er það sem nú steðjar að? Er vandamálið ekki enn það sama: Of margir bændur að framleiða of mikið kjöt fyrir of lítinn markað? Við skulum líta á markmið samningsins. Þau eru afskaplega almennt orðuð. Þetta er hugulegur texti um það sem við getum öll verið sammála um, svo sem að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslunnar til hagsbóta fyrir sauðfjárframleiðendur og neytendur. Hver getur ekki skrifað undir það? En það er bara svo fátæklegt sem fylgir þessari fínu setningu í samningnum sjálfum.

Nokkuð hefur verið rætt um það að auka þurfi framleiðni í íslensku atvinnulífi, en það eru engin framleiðnimarkmið í þessum samningi. Það eru engir áfangar í þeim efnum til að stefna að.

Hvar er sá hvati sem fær bændur til að minnka framleiðslu og laga hana fyrst og fremst að innanlandsmarkaði? Hann finnst ekki. Hér er verið setja upp eins konar sóknarkerfi í sauðfjárframleiðslu. Það virðist borga sig fyrir bóndann að framleiða meira. Hann á vélarnar, ræktunina og húsin, fasti kostnaðurinn er fyrir hendi og það borgar sig auðvitað að framleiða meira ef viðbótartekjurnar eru hærri en viðbótarkostnaðurinn. Sóknarkerfi í fiskveiðum er nákvæmlega sama dæmið. Í slíku kerfi borgar sig fyrir einstaka útgerðarmenn að auka sína sókn þó að aukin heildarsókn sé til tjóns, bæði fyrir fiskstofnana og þjóðarbúið og minnki almennt hagkvæmni í greininni. Bóndinn fær alltaf sínar beingreiðslur frá ríkinu samkvæmt sínu greiðslumarki. Hann fær svokallað innanlandsverð fyrir ákveðið hlutfall framleiðslu sinnar og síðan útflutningsverð fyrir það sem út af stendur. E.t.v. nær hann sér í enn annað verð með því að selja á svörtum markaði, en allir veiða úr sama potti, allir veiða úr potti sem er verðjafnaður þannig að allir eiga jafnan rétt og auðvitað munu menn auka sóknina. Og hver segir að svarti markaðurinn verði ekki áfram fýsilegasti valkosturinn fyrir bændur? Þetta er sígilt dæmi um það þegar hagsmunir einstaklinga stangast á við hagsmuni heildarinnar og þó að við vildum að öll dýrin í skóginum væru vinir þá eru þau það bara ekki. Þetta sóknarmark í landbúnaðinum getur haft það í för með sér að árið 2000 þegar samningurinn rennur út, þá verði framleiðslan orðin mun meiri en nú og hvað gera bændur þá? Við því fást engin svör. Framtíðarsýnina vantar. Bændur eiga að haga sér með tilteknum, skynsamlegum hætti fyrir heildina og ekki er reiknað með sjálfsbjargarviðleitni þeirra. Það er merkilegt því að bændur hafa þegar sýnt að þeir eins og aðrar stéttir, geta brugðist við breytingum. Samdráttur hefur vissulega verið mikill og óháður fjárhagslegri stöðu búanna, en bændur hafa flestir brugðist við og snúið sér að öðru með búskapnum. Þeir hafa snúið sér að ferðamennsku og minjagripagerð, kannski í stíl við græna ferðamennsku, þ.e. reynt að byggja á því sem sérstakt er, bæði við það að vera bóndi og við það hérað sem þeir búa í. Og einnig að ýmsum störfum sem til hafa fallið í byggðarlaginu.

Það er rétt eins og gerst hefur í sjávarútvegi við samdrátt í þorskveiði. Menn hafa sótt í annað og sýnt bæði hugkvæmni og útsjónarsemi og þar hafa menn verið að auka framleiðni í greininni. Þar hafa menn líka farið í úreldingu og það þarf líka að gera í landbúnaði. Þeir bændur sem stunda aðra framleiðslu en sauðfjárframleiðslu eru auðvitað áhyggjufullir yfir því að þessi samningur muni skemma fyrir öðrum

búgreinum, hann skekkir alla samkeppni og með auknum skattpeningum er ákveðið hverjir fá meiri séns. Því var krafan um það að allir bændur landsins tækju þátt í atkvæðagreiðslu um samninginn ekki óeðlileg. Staða atvinnugreinarinnar í heild, umfjöllun um hana, ímynd hennar og framtíð er mál þeirra allra.

En aftur að samningnum og lögunum. Það er rétt að hverfa frá því kerfi sem hefur verið í sauðfjárrækt. Það hefur ekki reynst nothæft til að ná þeim markmiðum sem stefnt var að eða e.t.v. hefur verið of auðvelt að komast hjá því að ná markmiðunum. Innan þess samnings sem hefur verið unnið eftir áttu birgðir t.d. ekki að myndast en það hafa þær sannarlega gert og svartur markaður hefur blómstrað. Þess vegna er spor í rétta átt að hafa beingreiðslur ekki jafnframleiðslutengdar og verið hefur. Þar hefði þó átt að ganga lengra með skýrari markmiðum.

Það hefði einnig átt að ganga djarfar til frjálsrar verðmyndunar á afurðum og ekki jafnskilyrt og fram kemur í samningnum. Lagatextinn er reyndar skilyrðislaus.

Í samningnum segir, og einnig í lögunum, að árið 1998 verði verðmyndun frjáls. Orðrétt segir í samningnum: „1998 verður horfið frá opinberri verðákvörðun afurðaverðs, enda hafi komið til framkvæmda þær aðgerðir sem samningurinn kveður á um til að ná jafnvægi í birgðum sauðfjárafurða."

Hverjar eru þessar aðgerðir og hver skyldi nú bera ábyrgð á framkvæmd þeirra? Jú, m.a. verður sett sérstakt fjármagn til þess að greiða niður kjöt á útsölu í haust og reynt verður að ná jafnvægi á innanlandsmarkaði með því að skammta á markaðinn með tilliti til þess hvað menn álíta að hann þoli. En hversu raunhæfar verða slíkar spár? Hvað segir sagan okkur um það og verður þá allt í uppnámi? Hvaða gildi hefur þessi fyrirvari? Það hefði líka átt að stefna að því að framleiðslan væri fyrst og fremst hugsuð fyrir innanlandsmarkað. Það er að mínu mati fráhvarf frá þeirri hugmyndafræði að íslenskt lambakjöt sé gæðavara sem við eigum að stefna að að markaðssetja sem vistvæna að við notum útflutningsmarkaði eins og ruslakistu fyrir allt sem út af stendur, sem eins konar táknræna urðun.

Auðvitað á að hætta niðurgreiðslu vaxta- og geymslukostnaðar. En það að setja til þess sérstakt eyrnamerkt fé, þó svo ráðstöfun þess fjár verði falin bændum, er of lítil breyting. Síðan mun reyna á það, herra forseti, hvort heimamenn, sveitarstjórnarmenn og jafnvel alþingismenn geta setið og horft á það aðgerðalausir að sláturhúsin leggi upp laupana ef um raunverulega samkeppni á milli þeirra verður að ræða eins og gæti orðið og hlýtur að eiga að verða þegar fallið verður frá opinberri verðlagningu slátur- og heildsölukostnaðar haustið 1996. Og við verklokasamninga við bændur þarf líka að hafa í huga á hvaða verði greiðslumarkið hefur gengið á markaðnum að undanförnu því að þar hefur myndast verð sem segir okkur hvaða augum bændur sjálfir líta silfrið, hvernig þeir verðleggja sitt lifibrauð.

Framtíðin byggir á því að okkur takist að stöðva neyslusamdráttinn, segir aðstoðarmaður landbrh. í grein í Bændablaðinu 4. okt. sl. og tekur þannig afstöðu með sauðfjárræktinni. En er þá eitthvað í samningnum sem tryggir lækkun matarverðs? Kannanir sýna að þrátt fyrir að við Íslendingar borðum allra þjóða mest af kindakjöti þá minnkar neyslan ár frá ári. Það er fróðlegt með tilliti til þess að menn eru að reyna að ná hér jafnvægi á markaði að því greiðslumarki sem ríkið kaupir af bændum verður endurúthlutað til þeirra sem ákveðið hefur verið að styrkja sérstaklega, en það eru þeir sem eru með 180–450 ærgilda greiðslumark. Þeir fá þetta viðbótargreiðslumark afhent og þannig ávísun á þau verðmæti óháð annarri stöðu sinni. Hér er ekki verið að tekjutengja eða stuðla að jöfnuði. Og ekki verður séð af því sem fram kemur um endurúthlutun greiðslumarks að hið minnsta tillit sé tekið til umhverfismála eða þess að menn hafi áhuga á því að styrkja frekar sauðfjárrækt á einum stað en öðrum.

Herra forseti. Í vor þegar GATT-samningurinn var til umfjöllunar á Alþingi létu margir í ljós þá von að nýta mætti þann samning til að knýja á um umbætur í landbúnaði, að nota aðlögunartímann skynsamlega til að íslenskur landbúnaður stæði betur þegar að því kemur að samkeppnin frá útlöndum verði beinni og harðari því væntanlega er öllum ljóst að jafnvel þó við vildum þá getum við ekki einangrað landbúnaðinn frekar en annað í okkar þjóðlífi frá utanaðkomandi áhrifum. En það gekk ekki eftir. Það var misskilningur ef fólk hafði látið sig dreyma um að GATT-samningurinn mundi stuðla að lægra matarverði. Og nú bætist nýr kindakjötshluti búvörusamningsins við með viðbótarútgjöldum upp á milljarða sem eru þá ekki á meðan notaðir annars staðar og engin lækkun fyrirsjáanleg á matarkostnaði heimilanna í landinu. Engan skyldi undra þó einhvers staðar sé bölvað bæði upphátt og í hljóði og ekki ótrúlegt að það fólk sem ekki hefur lengi efni á sunnudagslærinu en horfir á kjöt urðað kvöld eftir kvöld í sjónvarpsfréttunum sé í þeim hópi.

Mikil umræða fer nú fram í þjóðfélaginu um kjaramál, enda hefur verið þrengt að fleiri þjóðfélagshópum og starfsstéttum en bændum. Stjórnvöld virðast stundum gleyma því að það er fátækt fólk víðar en í hópi sauðfjárframleiðenda og einnig hinu að krónufjöldinn í launaumslaginu er ekki mælikvarðinn á kjörin heldur hvað þú færð fyrir krónurnar og þá ekki síður hvað þú færð fyrir það sem þú greiðir í skatta. Það er þess vegna miður þar sem hér er um stórmál að ræða í kjaralegu tilliti, bæði varðandi kaupmáttinn og ráðstöfun skatta næstu árin, að þrátt fyrir loforð þar að lútandi frá í vor komi alþingismenn, hv. landbúnaðarnefndarmenn, lítt eða ekki að samningsgerðinni og standa nú frammi fyrir gerðum hlut. Og Alþýðusamband Íslands sem var ein meginstoðin í þeirri víðtæku sátt sem náðist um það hvert stefna skyldi með íslenskan landbúnað í tengslum við þjóðarsáttarsamningana fyrir fimm árum hefur nú slitið stjórnmálasambandi við bændaforustuna. Og saka þau nú bændur og stjórnvöld um að hafa rofið þessa sátt enda hafi þeir ekki heldur fengið að koma að málinu með viðhlítandi hætti. Stjórnvöld og bændaforustan fyrir hönd sauðfjárframleiðenda standa því dálítið ein með þennan samning og ábyrgð þeirra er því þeim mun meiri.

Það er ekkert sem bendir til þess að þessi samningur muni stöðva fólksflóttann úr landinu og þannig stuðla að því að halda landinu í byggð. En eins og staðan er núna ætti það ekki síður að vera áhyggjuefni stjórnvalda en hitt hvort að enn heldur áfram straumurinn úr sveitum í þéttbýli.

Herra forseti. Það er líka kominn tími til fyrir okkur sem þjóð að sætta okkur við það og reyna að lifa með því að það er ákveðin byggðaþróun í landinu og ef til vill höfum við ekki lengur efni á því að kosta jafnmiklu til hér eftir sem hingað til.

Það hefur farið nokkur umræða fram um þann búvörusamning, sem er fskj. þess frv. sem við ræðum nú, úti í þjóðfélaginu. Það er þó býsna erfitt fyrir alþýðu manna að átta sig á því oft og einatt um hvað er rætt. Það er þannig

þegar landbúnaðarmálin koma til umræðu að öll orðræðan er orðin svo flókin og full af tækniorðum að menn þurfa tiltekna sérfræðiþekkingu til að geta verið þátttakendur í umræðunni. Fullt af nýjum orðum koma fram og menn þurfa að tileinka sér ný hugtök. Mér hefur stundum dottið í hug, herra forseti, að þetta væri ein af aðferðum kerfisins til að koma í veg fyrir vitræna umræðu um það sem helst er að gerast og ef til vill brennur heitast á í okkar samfélagi. Ég vona að svo sé ekki, en sá grunur læðist þó að manni þegar maður hefur lengi lesið um verðskerðingarfé, umsýslufé og ærgildi sem nú jafngildir 18,2 kg kjöts við umreikning greiðslumarks eða 3.734 kr. í beingreiðslum á ári. Þannig er hugtakið ærgildi orðið abstrakt, eins konar ECU í íslensku efnahagslífi.

Herra forseti. Það væri heiðarlegra gagnvart landbúnaðinum og landsbyggðinni að leyfa honum að rétta úr kútnum sem einni af alvöru atvinnugreinum frekar en að halda öllu í hálfgerðum kyrkingi í nafni byggðastefnu. Veikt atvinnulíf getur aldrei staðið undir blómlegri byggð. Þeir fjármunir sem fara í þennan samning eru þá teknir úr öðrum verkefnum, þeir eru að minnsta kosti ekki notaðir til annarra hluta á meðan. Í því birtist ákveðin forgangsröðun, forgangsröðun þeirra sem mæla með þessum samningi og forgangsröðun þeirra sem munu samþykkja hann.

[16:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna forfalla talsmanns okkar kvennalistakvenna í þessu mikilvæga máli kemur það í minn hlut að segja hér nokkur orð nú við fyrstu umræðu. Við munum því ræða nánar um efnislega afstöðu okkar til einstakra greina frv. í seinni umræðum um málið.

Mig langar til þess að byrja þessi orð mín á því að vitna aðeins í stefnuskrá Kvennalistans en þar segir eftirfarandi um landbúnaðarmál:

„Kvennalistinn vill að áhrif kvenna á mótun og stjórnun landbúnaðar aukist og verði í samræmi við mikilvægi þeirra fyrir þessa atvinnugrein. Að dregið verði úr yfirbyggingu og miðstýringu landbúnaðarins, milliliðum fækkað og valdið flutt heim í hérað. Að landbúnaður verði rekinn eins og hver önnur atvinnugrein sem taki mið af þörfum markaðarins og óskum neytenda. Að bændur ráði för við þróun landbúnaðar og við nauðsynlegar búháttabreytingar. Að hvatt verði til og stutt verði við vistvæna og lífræna ræktun og grænmetisframleiðslu. Við viljum að beit í byggð og afrétti verði stýrt með tilliti til landgæða og umhverfisverndar."

Ég get ekki séð að þessi samningur muni auka áhrif kvenna í landbúnaði. Ég get ekki séð að landbúnaðurinn muni standa á eigin fótum og taka mið af þörfum markaðarins við lok samningstímabilsins. Og ég get ekki séð nokkurn hvata til að fara út í vistvæna eða lífræna framleiðslu þrátt fyrir augljósa möguleika okkar á því sviði. Og ég get heldur ekki séð að nokkuð tryggi að sauðfjárrækt haldist þar sem landgæði henta best til slíkrar beitar.

Hins vegar er ljóst að bændur hafa sjálfir samþykkt þennan samning þó að einnig sé ljóst að þeir eru ekki einhuga um ágæti hans. Eru það þá nægileg rök fyrir okkur kvennalistakonur til að styðja þennan samning? Ég segi nei, það eru ekki nægjanleg rök að bændur hafi samþykkt þetta sem kost sem var aðeins skárri fyrir þá en núgildandi búvörusamningur, enda kostar hann 2,2 milljörðum meira á fjórum árum en sá gamli. Það skal þó viðurkennt að það eru nokkur skref í rétta átt í þessum samningi. Meðal annars má nefna frjálsan sláturkostnað og afnám á staðgreiðsluskyldu afurðastöðva. Einnig má nefna greiðslu á ullarstyrk. Það sem þó virðist alverst við þennan samning er að alls ekki er tryggt að sauðfjárbændur standi í betri sporum en nú að fjórum árum liðnum. Það virðist enn einu sinni stefnt að því að lengja í hengingaról bænda og halda þeim fjötruðum í kerfi hafta og kvóta sem alls ekki getur talist viðunandi fyrir sjálfstæða bændur með sjálfsvirðingu. Landbúnaðarkerfið hefur verið okkur Íslendingum mjög dýrt í gegnum tíðina. En það skal auðvitað ítrekað að þetta er ekkert einsdæmi hér á Íslandi. En nú er ljóst að ef við ætlum að koma launum í landinu á eitthvert sambærileg stig og tíðkast í löndum með sambærilega þjóðarframleiðslu þá verður að auka framleiðnina á öllum sviðum atvinnulífsins og þar er landbúnaðurinn engin undantekning.

Ég tel eðlilegt að verja fé til að hjálpa bændum til að aðlaga framleiðslu sína að markaðnum. Bæði í magni og að gæðum. Það þarf að auðvelda bændum að hætta störfum og finna sér önnur störf sem því miður er ekki hlaupið að nú í þessu atvinnuleysisástandi. Það væri alls ekkert útilokað að verja einhverju af þessu fé til að skapa ný störf. En það virðist ekki vera ætlunin.

Ég tel alls ekki eðlilegt að verja tæpum 11 milljörðum kr. í þennan samning í samanburði við 8,7 milljarða sem mundu fara í það að framlengja núverandi samning, að verja þessu fé í þeim eina tilgangi að viðhalda óbreyttu ástandi með tilheyrandi offramleiðslu og birgðavanda fram til ársins 2000. Vissulega gæti ástandið lagast en það er alls ekki tryggt með þessum samningi og tilheyrandi frv. að búfé fækki á tímabilinu í takt við eftirspurn. Það er reyndar með ólíkindum í hvaða farvegi þessi mál eru yfirleitt eins og fram hefur komið í ræðum fyrri þingmanna hér í dag. Á meðan við erum að drukkna í kindakjöti, urðum það og kveikjum í því, þá hefur hinn almenni launamaður ekki efni á að kaupa það. Og við sem skár erum sett, eins og alþingismenn, lendum hins vegar í því að fá ekki keypt súpukjöt í ágústmánuði í stórmörkuðum á Reykjavíkursvæðinu af því að allt kjöt er þá skorið í grillkjöt. Það var mín reynsla í sumar þegar að ég ætlaði að bjóða erlendum gesti upp á íslenska kjötsúpu.

Málefni sauðfjárbænda eru í ólestri. Og málefni bænda almennt eru ekki í nógu góðu lagi. Þetta kerfi þarf að bæta og kosta til þess fé en við hljótum að gera þá kröfu að bændur njóti þess ef þeir standa sig vel og geta staðið sjálfstæðir á eigin fótum og að neytendur fái fyrsta flokks vöru á viðráðanlegu verði. Þannig fara hagsmunir allra saman og ég tel ekki að það hafi verið reynt til þrautar að komast út úr núverandi kerfi. Því er mjög mikilvægt að allar hliðar málsins verði skoðaðar í þaula í hv. landbn. og skynsemin sigri í þessu máli. Um þennan samning er verulegur pólitískur ágreiningur, einnig innan stjórnarflokkanna og okkur ber skylda til að skoða alla fleti málsins í stað þess að samþykkja enn einu sinni vonda pólitíska málamiðlun. Þessi samningur hefur verið saminn af stjórnvöldum og bændaforustunni. Stjórnarandstöðunni og verkalýðshreyfingunni hefur verið haldið utan við samningsgerðina og við samningu þessara laga.

Á virkilega að þvinga þessi lög upp á þjóðina í krafti meiri hlutans eða mun verða hlustað á málefnalega gagnrýni úr öllum áttum. Það kemur í ljós á komandi vikum.

[16:45]

Útbýting þingskjala:

Bílalán til öryrkja, 110. mál, fsp. SvG, þskj. 116.

Flutningur höfuðstöðva Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, 114. mál, fsp. HjÁ, þskj. 120.

Löndun undirmálsfisks, 112. mál, fsp. HjÁ o.fl., þskj. 118.

Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, 109. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 115.

Sjóvarnargarðar í Hafnarfirði, 113. mál, fsp. HjÁ, þskj. 119.

[16:46]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða og breytingar á búvörulögum hefur verið til umræðu um nokkurt skeið í þjóðfélaginu. Samningarnir voru, eins og allir vita, undirritaðir 1. okt. sl. af samtökum bænda, hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi landbrh. Í framhaldi af þessum samningi hefur verið lagt fram það frv. sem hér er til umræðu um breytingar á búvörulögum, nr. 99 frá 8. sept. 1993. Ég hef lýst því yfir áður og geri enn að þeir samningar komu mér verulega á óvart og þá ekki hvað síst hvernig þá bar að þinginu þar sem ríkissjóður er, að því mér skilst, skuldbundinn til ársins 2000 að greiða sauðfjárbændum fyrir framleiðslu sína eða framleiðslurétt allt að 11 milljörðum kr. Nú er ekki svo að við séum að byrja hér á einhverjum núllpunkti og greiðslur til bænda að byrja. Þeir hafa verið styrktir með ýmsu móti í áratugi og nema framleiðslustyrkir til sauðfjárbænda og mjólkurbænda ásamt öðrum styrkjum til bænda um 6 milljörðum kr. í fjárlagafrv. næsta árs.

Á 10 árum, þ.e. frá árinu 1987 og til og með næsta árs, verða heildargreiðslur til landbúnaðarins orðnar um 80 milljarðar kr. á verðlagi ársins 1996. 80 milljarðar kr. Þetta þýðir tæpar 18 millj. á þessum tíu árum á hvern bónda sem eru taldir vera um 4.500 í landinu. Til samanburðar eru tekjur á fjárlögum ársins 1996 áætlaðar tæpir 120 milljarðar. Þessir 80 milljarðar gætu þýtt það að hægt væri að kaupa eða verðleggja fyrir það um 8–9 þúsund íbúðir. Það samsvarar öllum íbúðarhúsum á Norðurlandi. Því hefur verið haldið fram af hæstv. landbrh. að greiðslur til sauðfjárbænda séu 25% lægri samkvæmt nýja samningum en í þeim samningi sem hann yfirtekur. Ekki ætla ég að efast um sannleiksgildi þeirra orða hæstv. ráðherra en ef við skoðum þennan stuðning við landbúnaðinn árið 1987 miðað við stuðninginn á næsta ári þá eykst hann um 6,7% með nýja samningnum. Þessar tölur eru teknar úr fjárlögum og því væntanlega skotheldar. Þess ber þó að geta að stuðningurinn við bændur var önnur ár á þessu tímabili mun hærri en árið 1987 svo allrar sanngirni sé gætt. Það eru allir sammála um að sá samningur hafi verið sprunginn og þrátt fyrir allar þessar greiðslur til bænda og góð markmið eru þeir, og þá sérstaklega sauðfjárbændur, nánast orðnir gjaldþrota.

Nýi samningurinn sem hér er til umræðu er einnig skreyttur með góðum markmiðum og ef þau gengju eftir næðist hugsanlega einhver árangur en þó segir formaður Bændasamtakanna, Ari Teitsson, kannski réttilega: Það er ekkert öruggt og ekkert sýnilegt.

Lítum aðeins á þau markmið sem koma fram í 8. gr. frv. og tilheyra nýja samningnum við bændur en þau eru, með leyfi forseta:

„a. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur,

b. að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda,

c. að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,

d. að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd."

Ég get ekki hælt þessum lögum fyrir það að þau séu skiljanleg en þetta skilja þó held ég flestir. Í lögunum eru ýmsar skilgreiningar eins og greiðslumark, heildargreiðslumark, beingreiðslumark og flóknar útskýringar á því hvernig jafna skal verð á útflutningi. Greiðslumark er tiltekinn fjöldi ærgilda eða magn mjólkur fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði, eins og segir í frv. Ef við lítum á c-lið í markmiðum til að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða, hvernig á að ná því markmiði? Í 12. gr. stendur hvernig það á að takast og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á árunum 1995 og 1996 er ríkissjóði heimilt að kaupa greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða, allt að 30.000 ærgildi, og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur."

Í 13. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra úthlutar greiðslumarki sem losnar með samningum um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og um búskaparlok."

Á venjulegri íslensku þýðir þetta að því sauðfé sem keypt er af ríkinu verði úthlutað ókeypis til annarra sauðfjárbænda og beingreiðslunni með. Skilgreining ráðuneytisins á þessu er þó sú að greiðslumarkið í þessu tilfelli þýði beingreiðslumark og þar með flytjist aðeins 10% beingreiðslunnar milli þeirra bænda sem eiga um 180–450 ær. Það þýðir að þeir bændur sem eftir standa fá meiri greiðslur úr ríkissjóði eða sem nemur þeirra hlut af uppkaupum ríkisins án þess að fjölga kindum. Þetta virkar á mig eins og að fá greitt fyrir óunna yfirvinnu. Skilgreining á þessu atriði þarf að vera skýr og afdráttarlaus sem hún er ekki í dag. Hvorug skilgreining er þó góð.

Af þeim sem skoðað hafa markaðsmöguleika á kindakjöti þá er lágmark að fækka vetrarfóðruðum ám um 80 þús. svo eitthvert jafnvægi verði milli framboðs og eftirspurnar. Ein aðalorsök fyrir vanda bænda í dag er offramleiðsla á lambakjöti og birgðavandi upp á 2.000 tonn. Því er nauðsynlegt að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu. Með þessum samningi næst það ekki og ljóst að birgðavandi bænda verður því miður sá sami eftir tvö ár fyrir utan það að enginn veit hvort 30 þús. ær verða falar. Reyndar er einhver smáhreyfing í þá áttina samkvæmt fréttum síðustu kvöld og sláturhúsin brenna uppkaupskjötinu og urða sem er nöturlegt á að horfa.

Lítum nú á markmið a í 8. gr. frv. um að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur. Þetta ákvæði fellur um sjálft sig þar sem ekki næst jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar sem er grundvöllur fyrir b-lið um tekjugrundvöll sauðfjárbænda. Hagkvæmni og samkeppnishæfni byggist væntanlega á því hvort unnt reynist að lækka verð á lambakjöti til neytenda. Ekki er t.d. að sjá í frv. neinar áætlanir um fækkun sláturhúsa eða áætlanir sem sýnilega gætu lækkað þann óheyrilega kostnað sem fylgir því að slátra einni rollu sem er um 156 kr. á hvert kg.

Ef við lítum á útflutninginn samkvæmt upplýsingum frá samtökum bænda sem einnig kemur fram í frv. þá ætla þeir að selja allt umframkjöt næstu ára til útlanda. Markaðsaðstæður á því sviði eru í dag að stærsti og nánast eini markaðurinn sem einhverju skiptir gefur aðeins um 100 kr. í skilaverð til bænda meðan að kostnaður bóndans er talinn vera í það minnsta 250 kr. á kg. Á svarta markaðnum er sagt að bændur fái 320 kr. fyrir kg eða rúmlega fyrir kostnaði. Úflutningi á að haga þannig, sbr. 5. gr. frv., að enginn á helst að hagnast

á góðri vöru heldur á að flytja allt út í einum potti. Í dag selja fisksölufyrirtæki eftir merkjum húsa og kaupandi getur keypt frá ákveðnum framleiðanda. Með því að allir selji úr einum potti er verið að hygla skussanum og sá kraftur sem býr í einstaklingsframtakinu fær ekki að njóta sín. Þessi aðferð er því vonlaus. Með þessa niðurstöðu er ekki hægt að sjá að bændur verði neitt betur staddir eftir tvö ár eða fimm ár en þeir eru nú. Fjöldi áa verður sennilega svipaður og áður og kjötfjallið óseljanlega hefur náð fyrri hæðum. Það sem að mínu mati er þó verst við þessa samninga er að ekki sér fyrir endann á þeirri forsjárhyggju sem hefur drepið allt frumkvæði bænda í dróma. Það var orðað svo af formanni Bændasamtaka Íslands á fundi landbn. í gær að samningurinn væri félagsmálapakki fyrir bændur. Því miður er þetta rétt hjá þeim ágæta manni.

Ég tel nauðsynlegt til að almennt sé hægt að samþykkja áframhaldandi stuðning við bændur að við sjáum einhvern tímann til lands og að styrkjatímabilinu ljúki. Enginn ætlast til þess að það gerist á næsta ári en að það sjái fyrir endann á þessari píslargöngu. Og bændur standi uppréttir og standi undir eigin framleiðslu. Á meðan þeir eru launaðir af ríkinu ættu þeir einnig að lúta sömu ákvæðum um vísitölutengingu bóta og aðrir launþegar. Því ákvæði í 9. gr. frv. þarf að breyta þannig að bændur njóti ekki meiri vísitölutryggingar en aðrir launþegar. Sú var tíðin að bændur voru forustumenn um framfaramál í landinu og skiluðu þegnum þess inn í þá öld sem við lifum á í dag. Ég dvaldist langdvölum í sveit á mínum uppvaxtarárum og kynntist þar þeim dugnaði og ósérhlífni sem einkennt hefur bændur frá örófi alda. Þá voru mörg stórbýli við Ísafjarðardjúp og bændur voru teinréttir.

Herra forseti. Hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, lagði snilldarlega, eins og honum einum er lagið, í lýðveldisávarpi sínu í sumar út frá kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Alþing hið nýja, sem hann orti árið 1840. Eitt erindi þess hljóðar svo:

Traustir skulu hornsteinar
hárra sala;
í kili skal kjörviður;
bóndi er bústólpi
— bú er landstólpi —
því skal hann virður vel.

Þetta kvæði var mér sem unglingi hugleikið og virðing mín fyrir bændum hefur alltaf verið mikil. Forsrh. lagði út frá kvæðinu á þann hátt að staðan hefði breyst þannig að þéttbýlið væri tekið við sem landstólpi af búum og er það að sjálfsögðu réttur skilningur. Breytingarnar sem orðið hafa í landinu eru mjög miklar og það á tiltölulega stuttum tíma sem við jafnvel munum sem komin erum á miðjan aldur. Engan bónda hefði þó órað fyrir því hér áður fyrr og á þessari öld að niðjar þeirra ættu eftir að vera í þeirri aðstöðu að þiggja af ríkinu 80 milljarða kr. í framleiðslubætur á 10 ára tímabili.

Íslenskur sjávarútvegur hefur oft gengið í gegnum miklar þrengingar en ávallt brotist út úr þeim með harðfylgi. Þeir sem trúðu á björgun að utan fóru illa eins og dæmin sanna um þau sjávarpláss sem þágu alla aðstoð og lán sem í boði voru. Þar eru mestu erfiðleikarnir í dag. Sjávarútvegurinn þiggur enga styrki frá ríkinu í dag. Það sáu það kannski einhverjir í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum síðan að sænskur sjávarútvegur fær 11 milljarða í styrki. 11 milljarða. Í flestum Evrópulöndum er sjávarútvegur styrktur eins og landbúnaður. Á Íslandi stendur sjávarútvegurinn undir velferðinni. Þau markmið vildi ég sjá hjá íslenskri bændastétt og forustumönnum þeirra. Meira að segja samtök bænda eru rekin af ríkissjóði og fá þau 205 millj. kr. úr fjárlögum næsta árs.

Herra forseti. Þetta frv. eða samningur virðist ekki ná þeim tilgangi að gera bændur sjálfbjarga heldur tryggja enn einu sinni að fé skattborgaranna renni ótæpilega sem styrkur til ákveðinnar atvinnugreinar án þess að sýnilega komi það fram í verði til neytenda eða bæti kjör bænda. Þessi háttur á úthlutun þjóðarteknanna hefur liðist allt of lengi og verið af sumum nefnd framsóknarmennska.

Herra forseti. Ég vonast til þess að frv. taki verulegum breytingum í meðförum þingsins. Fyrr en ég sé þær breytingar og þær eru ljósar hef ég allan fyrirvara á samþykki mínu fyrir því hér á hinu háa Alþingi.

[16:59]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þeim var ég verst sem ég unni mest, sagði nú ein heiðurskona hér forðum. Þegar ég heyrði hv. þm. Kristján Pálsson, í niðrandi tón, tala um framsóknarmennsku þá kom mér það í hug að nálægt stóð hann mér lengi í Framsfl. og var þar kannski skráður á blað sem einn af meðlimum þess ágæta flokks. Eins sakna ég félaga í stað og undrast á margan hátt málflutning hans hér við þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Var hann ekki í Alþýðubandalaginu?)

Víða hafa spor hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar legið í pólitík og býst hann við að fleiri hafi verið jafnfrjálslyndir og hann sjálfur. (**Gripið fram í:** Hann var óháður.) Hann er enn óháður, hv. þm.

Hér er búið að halda margar ágætar ræður um þetta frv. sem hér liggur fyrir og þarf litlu við það að bæta. Ég get sagt eins og hv. þm. Egill Jónsson: Ég á sæti í landbn. og mun fá málið þar í hendur og fjalla þar um það af mikilli nærgætni og taka tillit til þess sem menn hafa hér sagt þó ég búist ekki við að um miklar breytingar geti verið að ræða á frv. Enda ekki svo auðvelt að sjá aðrar leiðir en þeir hafa komist að sem svo langan tíma hafa setið yfir þessu erfiða máli. Meginniðurstaðan er auðvitað sú að menn binda á þessari stundu vonir við það að búvörusamningurinn muni auka hagkvæmni og samkeppnishæfni í sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur. Og í öðru lagi að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda og að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða og að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, sem hér hefur verið efast um.

Ég er sannfærður um það að sauðfjárbúskapurinn er vírnetið í ákveðnu byggðamunstri á Íslandi og við þurfum talsvert á okkur að leggja til þess að varðveita það vírnet svo að byggðir hrynji ekki í stórum stíl. Fyrir utan hitt að ég tel að við ýmsar aðstæður í veröldinni í dag eigi þessi framleiðsla mikla möguleika ef vel tekst til. Ég geri mér grein fyrir því eins og fleiri að ég veit ekki hvað samningurinn ber í skauti sínu. Ég er ekki sá spámaður að ég treysti mér til þess að spá um það. En ég hygg að það velti mjög á hvernig mönnum tekst að framkvæma hann. Ábyrgðin verður bænda og afurðastöðva og þeim ber að vinna vel að þessum samningi. Það er verið að marka nýja stefnu og nýjar leiðir sem eiga, ef vel tekst til, að geta orðið til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og byggðina.

Áður en þessi samningur var gerður blasti við 20% flatur niðurskurður sem hefði verið rothögg á hundruð bænda og byggðarlög. Stjórnmálamenn og forustumenn bænda vildu koma í veg fyrir þetta högg og lögðust þess vegna í þessa

samningagerð. Ég tel líka að í samningnum sé fólgin ný framtíð, þótt ég geti auðvitað eins og fleiri gagnrýnt ýmis atriði hans. Ég hef aldrei verið sáttur við hvernig lambakjötið hefur á undanförnum áratug eða svo eitt verið fjötrað í ofstjórn reglugerða og laga, hvernig það eitt hefur verið kvótað meðan hinar kjötgreinarnar hafa verið frjálsar. Því hef ég talið nauðsynlegt að hverfa frá því. Ég viðurkenni að það var neyðaraðgerð þegar menn fóru þessar leiðir miðað við tapaða markaði á erlendum vettvangi og þann mikla samdrátt sem við blasti þess vegna. Ég hef oft hugsað um það eftir að ég varð þingmaður að ef menn vildu gera markaðsátak í lambakjöti þá stóð þessi búgrein með þeim hætti að menn máttu ekki taka skerðingargjald til markaðsátaks nema að spyrja hv. þm. Egil á Seljavöllum, þann er hér stendur, eða hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og alla hina sem hér á þinginu eru um leiðir og setja heimildir í lög til þess að fara í aðgerðir. Þetta gat ekki gengið upp. Og ég hef líka sagt það í sambandi við staðgreiðsluverð — og það kom hér glöggt fram í ræðu hv. þm. Egils Jónssonar. Afurðastöðvarnar eiga kjötið, sagði hv. þm. Það er rétt. En ég skildi aldrei það kerfi að það væri hægt að rjúfa bændur frá markaðnum. Landbúnaður er atvinnurekstur og hann verður að vera í snertingu við markaðinn og hann verður að hafa þá þjónustulund að þróa sinn atvinnuveg eftir því sem neytandinn óskar. Ég tel að margir þeir fjötrar sem sauðfjárframleiðslan hefur búið við hafi valdið því að menn hafa fjarlægst markaðinn. Auðvitað gat það ekki gengið upp að afurðastöðvarnar ættu kjötið. Sauðfjárframleiðslan varð að búa við sams konar lögmál og svínakjötið og kjúklingarnir enda mun það vera svo að svínakjöts- og kjúklingaframleiðendur hafa haldið verði sínu upp undir verði lambakjötsins, en hafa haft frelsi til þess að gera tilboð, lækka verð og ná þannig markaðshlutdeild af þessari grein. Þannig að ég fagna því, hæstv. forseti, að þessi samningur boðar vissulega nýjan tíma. Og ég vona að mönnum takist vel til við að framkvæma þennan samning og að margt sem í samningnum er megi ganga upp. En um það ætla ég samt sem áður ekki að fullyrða hér. Samningurinn hefur vissulega kosti og galla.

En hér hefur margt komið fram í umræðum. Auðvitað hafa menn minnst á það hér að landbúnaðurinn á mikla möguleika á Íslandi í dag, miðað við þá þróun sem er að verða í heiminum. Og sumir hv. ræðumenn hafa minnst á það að landbúnaðurinn hér verður að búa við svipaðar aðstæður og gerist í nálægum löndum.

Hér var að frumkvæði hæstv. landbrh. haldin merk ráðstefna á dögunum með fólki sem er í lífrænum samtökum. Og hér var sagt úr ræðustólnum í dag að það væri mikill munur á vistvænu og lífrænu kjöti. Ég hitti þetta fólk sem var á þessari ráðstefnu og það sagði að munurinn væri ekki meiri en svo að annað væri A-kjöt, hitt væri B-kjöt og B-kjöt hefði þann eiginleika að verða síðar meir A-kjöt. Því að vera vistvænn væri byrjun á ákveðinni hugsun sem heimurinn gerði kröfur um um þessar mundir. Og síðan mundu menn feta sig lengra þó það sé mjög flókið. Þannig að mér finnst ekki vera mikill munur á þessum tveimur hugtökum hvað þetta varðar. Fyrir utan hitt að hingað hafa komið margir erlendir menn og þeir líta á lambakjötið okkar, sem verður til hér í hreinni náttúru við einstakar aðstæður, sem einstaka afurð sem hljóti að verða eftirsóknarverð. En ég er þeirrar skoðunar að bændur þurfi að taka markaðssetningu sína á erlendan markað miklu fastari tökum. Þeir þurfa að fá til þess, sölusamtök sjávarútvegsins, t.d. Íslenskar sjávarafurðir eða SH sem þekkja mjög vel til markaðssetningar á úrvalsafurðum. Í Danmörku mun það hafa gerst að fiskframleiðendur vildu auka neyslu á fiski og þeir fóru þá leið í markaðssetningu að fela mjólkurbúunum, sem eru mjög harðvítug í markaðssetningu á gæðavörum, að markaðssetja sínar vörur. Hér eigum við sjávarútvegsfyrirtæki með geysilega reynslu. Þess vegna á landbúnaðurinn ekki að dreifa kröftum sínum í þessu, heldur semja við sjávarútvegsfyrirtæki um að markaðssetja þessar heilnæmu vörur frekar en að gera þetta á mörgum stöðum. Ég viðurkenni að mörg fyrirtæki landbúnaðarins eru þar að gera ákveðna hluti í mörgum tilfellum mjög góða.

Hvað peningahliðina varðar býsnast menn mikið yfir 11–12 milljörðum til aldamóta. Við borgum 12 milljarða í vexti samkvæmt fjárlögum á einu ári, hvað til aldamóta. Við borgum 4 milljarða í atvinnuleysisbætur á hverju ári. Kannski verða það 20–30 milljarðar til aldamóta. Þannig geta nú hinir reikningsglöggu menn tekið fyrir fleiri atriði. Og ég vil segja við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, enginn þekkir Evrópusambandið betur en hann, hv. þm. Hvað skyldi Evrópusambandið setja mörg hundruð milljarða inn í úreltasta landbúnaðarkerfi veraldarinnar sem er í Evrópu? (**JBH:** Helmingi minna en við.) Til þess að geyma korn í hlöðum, farga afurðum o.s.frv. Mér skilst að yfir 50% af fjárlögum Evrópusambandsins renni til landbúnaðarmála. Ég sé það að Evrópusambandið ætlar að setja 400 milljarða íslenskra króna í fjárfestingu í fiskvinnslufyrirtækjum o.s.frv.

Við Íslendingar höfum aflagt útflutningsbætur en við búum við það að nálæg lönd viðhalda þeim. Ég er alveg sannfærður um það að ef menn ætla að halda þessari byggð og halda hér uppi atvinnu þá verður íslenskur landbúnaður að fá að lifa við svipað kerfi og gerist hér í nálægum löndum. Það er grundvallaratriði.

Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og stundum finnst manni nú margt ofsagt úr ræðustól Alþingis. Og sagt með stórum orðum eins og þeim að menn séu að drukkna í kindakjöti. Ég hef nú heyrt að menn drukkni í vatni og drukkni í sjó en að drukkna í kindakjöti hef ég aldrei heyrt fyrr. Hún minntist líka á það, hv. þm., að við urðuðum og brenndum kjöti. Þótt nokkrar gamalær á Hólmavík séu brenndar þá er ekki góður matur að farast þó það sé auðvitað harmsefni í sveltandi heimi að þurfa að farga afurðum. En kannski hafa bændur gert of lítið af því að snyrta kjötið betur og henda því sem hefur í rauninni ekkert að gera inn í geymslur eða á borð neytenda. Menn hafa verið að borga hundruð milljóna í geymslugjöld á kjöti eins og ýmsum útskönkum, bringukollum og spiki sem auðvitað á ekkert að fara á markað. Auðvitað á þessi afurð að fara snyrt á markað til neytenda til þess að hrekkja ekki neytendur o.s.frv. Ég bind vonir við það að þetta frv. og þessi búvörusamningur muni leiða það af sér að það fari fram mikil hagræðing í afurðastöðvum. Ég vil sjá afurðastöðvar landbúnaðarins í sláturhúsunum verða að lifandi vinnustöðum þar sem fé er ekki bara slátrað heldur er kjötið líka verkað og því komið í neytendaumbúðir. Við höfum sé hvað hefur gerst í sjávarútveginum. Þar er engin vertíðarstemmning lengur. Menn fara ekki á vertíð og standa upp í klof í fiski. Menn hafa þróað þennan atvinnuveg með þeim hætti að þar er unnin má segja dagvinna við iðnaðarstörf. Við þurfum að sjá sláturhúsunum fækka og með þeim hætti að þar sé varan fullunnin til neytandans. Það held ég að sé mjög mikilvægt. Og ég er sannfærður um það þegar ég lít yfir staðsetningar sláturhúsa,

að við getum fækkað þeim stórlega.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þennan samning til viðbótar. Ég vona að samningurinn leiði það af sér að sauðfjárræktin standi sterkari á eftir en áður, verði samkeppnishæfari til þess að keppa á innanlandsmarkaði, ekki síst af því að ég hef minnst á það að hún er vírnetið í ákveðinni byggð.

Hins vegar verð ég að harma málflutning margra manna sem setja þjóðfélagsumræðuna aldrei í samhengi. Því að við lifum hvert á öðru. Við erum öll í sama báti. Og það er mér harmsefni að þeir menn, sem ekki hafa getað samið um lágmarkskaup nema upp á 40–50 þús. handa verkafólkinu, skuli vera sérlega fordómafullir út í landbúnaðinn um þessar mundir, aðilar vinnumarkaðarins og ekki síst þeir sem hafa barist fyrir verkalýðinn sem eiga að skilja það að auðvitað er það verkafólk sem tekur við afurðinni frá bændum og fullvinnur hana og þar eigum við frábært fólk að störfum, bæði í mjólkurbúum og í sláturiðnaði. Og menn verða að minnast þess að ef þeir höggva á þessa taug þá verður ekki friðvænlegt á Íslandi.

Ég vil segja við aðila vinnumarkaðarins: Í dag eru 4 milljarðar settir í atvinnuleysisbætur á ári hverju. Er ekki líklegt, ef svo fer að menn ætla að ganga til stríðs við landbúnaðinn og fara að flytja hér meira inn, eins og mér heyrðist vera hótun frá einhverjum verkalýðsforkólfum eða jafnvel hagfræðingi, sem aldrei hefur verið kosinn til neins innan hreyfingarinnar, að það verði til þess að þetta verði ekki 4 milljarðar heldur 6 eða 7 milljarðar? Við Íslendingar þurfum að standa saman og bændurnir eru einn liður, verkafólkið sem vinnur afurð þeirra er þeim jafnmikilvægt og þeir vilja borga því fólki hátt kaup og það fólk hefur ekki brugðist íslenska landbúnaðinum. Því margt það fólk hefur unnið til glæsilegra verðlauna fyrir afurðir á erlendum vettvangi og það gefur okkur fyrirheit um að við eigum hér ýmsa möguleika í því að gera sauðfjárframleiðsluna og landbúnaðinn miklu sterkari en hann er um þessar mundir.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að Alþingi afgreiði þetta mál hratt og vel. Ég tel að það liggi á að afgreiða það frá þinginu því að það er langt liðið á sláturtíð og þess vegna mikilvægt að menn velkist ekki í vafa um það að þingið stendur að þessum samningi sem ríkisvaldið og bændasamtökin hafa náð.

[17:18]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er mikilvægt mál á ferð. Fyrirkomulag heillar starfsgreinar, framtíð heilla byggðarlaga er í húfi og þess vegna þarf að ræða málið ítarlega og fara vel yfir það í hv. landbn., sem fær málið til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu.

Í dag hefur margt jákvætt, margt gott, komið fram í umræðunni, annað lítt grundað eins og gengur. Hitt er þó rétt að sauðfjárrækt á Íslandi er í kröggum þó að vissulega sé margt einnig jákvætt að gerast við hana. Eitt er búvörusamningurinn sem nú er samþykktur af Bændasamtökum Íslands og ríkisstjórninni, en bíður staðfestingar eða umfjöllunar Alþingis réttara sagt.

Á tímabilinu 1991–1995, á síðasta kjörtímabili, lækkuðu ríkisútgjöld til landbúnaðar um 45%, um hálfan fimmta milljarð króna. Það er ekki hægt að segja að það sé ekkert að gerast í rétta átt. Það væri réttara að segja nú að menn greindi frekar á um hraðann í breytingunum sem eru að ganga yfir og það er mikilvægt að vinna að þessari þróun með bændum en setja ekki lög án samráðs við þá sem málið helst varðar.

Menn vita það líka að í flestum löndum er landbúnaður styrktur, ekkert síður í löndum sem henta miklu betur til sauðfjárræktar en okkar land. Okkar stuðningsstig er svipað og í þeim löndum sem við helst viljum bera okkur saman við, hvað sem annað er skrafað. Það er örlítið hærra en meðaltal OECD-ríkjanna. Ég býst við því líka að ef stjórnvöld vildu gera stökkbreytingu og hætta stuðningi við sauðfjárrækt í einu vetfangi, eins og mér heyrist einstaka hv. þm. vilja og vissulega fleiri í þjóðfélaginu, þá mundi það valda alvarlegri byggðaröskun og ýmiss konar félagslegum vandræðum í okkar landi langt umfram það sem við þekkjum og það yrði langt umfram fjárframlögin sem fara á næstu árum til að gera mikilvægar breytingar í framleiðslu sauðfjárafurða.

Við höfum fyrir okkur dæmin. Í Ástralíu var strikað yfir stuðning við landbúnað í einu vetfangi, nánast að segja á einum degi. Það dæmi gæti orðið okkur til alvarlegrar umhugsunar. Þeir sem áttu allt sitt og voru ekki skuldsettir, þeir sem voru með eiginfjárhlutfall upp á 80–90%, þraukuðu, aðrir ekki. Aðrir urðu gjaldþrota og fóru hálfpartinn á vergang. Það er fróðlegt að kynna sér þessa sögu meðal þjóðar sem hætti skyndilega að styðja sinn landbúnað.

En meginmarkmiðið hjá okkur nú með samningnum um framleiðslu sauðfjárafurða er að auðvelda sauðfjárbændum aðlögun að breyttum aðstæðum og markmiðið er einnig það að skapa svigrúm og skilyrði fyrir nýrri atvinnusókn í sveitum landsins. Það skiptir, virðulegi forseti, alla þjóðina máli. Samningurinn er ákveðin niðurstaða, hann er málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða, hann er áfangi á réttri leið og að mínum dómi væri ábyrgðarleysi að stöðva framgang hans, þó að vissulega þurfum við að fjalla og fara vel yfir hann og ígrunda þar margt betur.

Heilt yfir þá felur samningurinn í sér mikla möguleika til meiri hagkvæmni. Á það er líka að líta að þjóðfélagið er um margt breytt. Fram kom í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar að um 80 milljarðar færu til bænda á fáum áratugum og að bændum væri borgað svo og svo mikið. Beingreiðslurnar eru fyrrverandi niðurgreiðslur. Beingreiðslurnar sem fara til bænda eru fyrrverandi niðurgreiðslur fyrir neytendur í landinu. Breytingin er eingöngu sú að það sem var áður greitt á lokastigi er nú greitt á frumstigi beint til bænda. Það er þetta sem við erum að reyna að trappa okkur út úr og eru stigin góð skref til þess þó að, eins og ég segi, margir telji að fara þurfi hraðar.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að umræða verði málefnaleg um þessa þætti. Það er alveg rétt að allt of lengi hafa stjórnvöld ákvarðað verð, allt of lengi hafa tengsl framleiðenda og neytenda verið brengluð. Aðlögun að markaðnum gerist nú í áföngum og ég hygg það nauðsynlegt og sjálfsagt og tel samninginn skref í rétta átt.

[17:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Vissulega verjum við miklum peningum í landbúnaðarkerfið á Íslandi. Eins og hér hefur komið fram er það ekkert einsdæmi. Erlendar þjóðir verja líka miklum peningum til landbúnaðarkerfisins, bæði beint og óbeint, sýnilega og ósýnilega og oft á tíðum er mjög erfitt að átta sig á þessum ríkisstyrk. Það gleymist mjög gjarnan í umræðunni að hluti af þessum ríkisstyrk skilar sér til baka til þjóðarinnar.

Það er mjög gjarnan talað hér um landbúnað eins og einungis sé um hagsmuni bænda að ræða. En landbúnaðurinn hefur mjög mikið gildi fyrir þéttbýli. Ég bendi á það að

þéttbýli vítt og breitt um landið á allt sitt undir landbúnaði. Svo ég tali nú um mitt kjördæmi þá hafa nánast allir þéttbýliskjarnar á Suðurlandi mjög mikla vinnu af því að vinna landbúnaðarafurðir. Hér er um nokkur þúsund ársverk að ræða á landsmælikvarða. Það er dálítið sérkennilegt að kvarta í öðru orðinu um atvinnuleysi og í hinu orðinu að skammast yfir styrkjum til landbúnaðar vegna þess að landbúnaðurinn skapar mikla atvinnu.

Í allri okkar umræðu, t.d. um fjárlögin, er ákveðið lausnarorð, sparnaður, og við getum gjarnan leikið okkur með þetta orð. Það er mjög kostnaðarsamt að vera lítil þjóð og það væri sjálfsagt ódýrara að vera enn þá undir dönsku krúnunni. Ég kýs þó heldur áfram að vera sjálfstæð þjóð. Það væri sjálfsagt ódýrara fyrir okkur að taka upp erlend tungumál eins og ensku og sleppa íslenskunni. Ég kýs þó heldur að halda áfram að tala íslenskuna þó að það sé erfitt að koma eðum og þornum fyrir í tölvubúnaði. Það er líka kostnaðarsamt að reka okkar menntakerfi, sem ég er samt sem áður stoltur af. Við erum að útskrifa fólk úr háskólanum sem ekki fær störf við sitt hæfi, en ég trúi því að þegar fram í sækir þá skili þetta sér.

Herra forseti. Ég trúi því að við eigum mikla möguleika í íslenskum landbúnaði. Í dag höfum við rætt um vistvæna og lífræna ræktun. Þess má til gamans geta að það eru bú í Mýrdalnum sem framleiða nú þegar lífrænt lambakjöt og það verður sett á markaðinn á næstu dögum og þá geta virðulegir þingmenn og aðrir Íslendingar farið í stórmarkaði hér í Reykjavík og reynt þessa vöru. Nýjar rannsóknir sýna að í íslenska lambakjötinu séu Omega-3 sýrur, sem koma í veg fyrir hjartasjúkdóma. Hér eigum við mjög mikla möguleika í framleiðslu, en það sem mistekist hefur í gegnum tíðina hjá okkur, bæði innan lands og erlendis, eru markaðsmálin. Ég trúi því að ef við getum kippt þeim málum í liðinn þá eigum við mikla framtíð fyrir okkur í íslenskum landbúnaði.

[17:28]

Hrafn Jökulsson:

Herra forseti. Hvað er það nú sem einna helst mælir með þessum nýja búvörusamningi? Ég get aðallega komið auga á eitt og það er að hv. þm. Egill á Seljavöllum virðist sáróánægður með hann. Það gefur vissulega ágætar vísbendingar. En það er því miður ekki nóg.

Áður en lengra er haldið langar mig að lesa fyrir ykkur örlítinn kafla um landbúnaðarmál, sem er að vísu ekki nema 53 ára gamalt skrif og er eftir Halldór Kiljan Laxness, sem var lengi mikill áhugamaður um landbúnað eins og alþjóð veit. 1942, Tímarit Máls og menningar, með leyfi forseta:

„Mein íslenska sveitabúskaparins er það að hann er almennt rekinn á grundvelli sem á lítið skylt við landbúnað og enn minna við iðjurekstur í nútímaskilningi og getur í rauninni varla kallast atvinnuvegur í sannri merkingu þess orðs. Ef ætti að flokka hann heyrir hann ef til vill best undir sport eins og þolhlaup eða í besta falli stangaveiði. Landbúnaðarstefna þess stjórnmálaflokks, sem hefur tögl og hagldir í sveitunum undanfarna áratugi, Framsfl., hefur ofureinfaldlega verið sú að gera sveitabúskap á Íslandi að atvinnuvegi fyrir ölmusumenn."

Og skáldið sem sýndi nærmari skilning á íslenskum landbúnaði en samanlagðir framsóknarmenn allra flokka og allra tíma sagði líka:

„Landbúnaður á Íslandi er þannig stundaður að það eru áhöld um fyrir hvors þörfum hann sé miðaður, framleiðandanna eða markaðarins." Þessi orð standa því miður í fullu gildi, 53 árum síðar.

Við sögðum í vor, alþýðuflokksmenn, hvað við vildum gera til þess að reyna að bjarga íslenskum landbúnaði og hífa sveitirnar upp úr þeirri auðmýkingu sem vinir þeirra, framsóknarmennirnir, hafa komið þeim í. Það sem við vildum gera var þetta:

Afnema kvótakerfið. Við vildum hætta að framleiðslutengja beingreiðslurnar. Við vildum taka upp búsetustuðning. Við vildum verja verulegum fjármunum til þess að gera bændum, sem þess óskuðu, kleift að bregða búi. Við vitum að meðalaldur íslenskra bænda er kominn yfir 50 ár. Þetta er einhver elsta stétt í heiminum. Við vitum það líka og höfum heyrt hroðalegar tölur um hvað bændur hafa úr að spila. Það eru dæmi um fjölskyldur sem hafa 20–30 þús. kr. í tekjur á mánuði, fólk sem er hætt að geta sent börnin sín í skóla.

Í kosningabaráttunni heyrðum við líka gamalkunna sönginn, að bændur á Íslandi ættu fyrst og fremst einn óvin. Það var Alþfl. Einhverra hluta vegna sá flokkur sem aldrei hefur með landbúnaðarmálin farið. Allir viðurkenndu að ástandið var skelfilegt og það var þeim að kenna sem aldrei hafði um þessi mál vélað. (**SvanJ:** Sá veldur er varar.) Sá veldur er varar, segir hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Og þá völdum við sannarlega, alþýðuflokksmenn. Því áratugum saman hafa alþýðuflokksmenn og foringjar jafnaðarmanna varað við helstefnunni sem rekin er. Þessi samningur hefur fátt eitt annað sér til ágætis en að hv. þm. Egill Jónsson hefur eitthvað út á hann að setja. Hann er moðsuða sem ... (**SvG:** Þingmaðurinn?) Ég ætla nú að vona að hv. þm. Svavar Gestsson geri mér ekki upp að ég líti á hugmyndafræðinginn frá Seljavöllum sem moðsuðu. Það hefur aldrei hvarflað að mér. Hins vegar er þessi samningur, rétt eins og sú landbúnaðarpólitík sem hér hefur verið rekin, moðsuða. Enda er enginn ánægður. Ekki bændur, ekki neytendur, ekki ASÍ, ekki VSÍ. Það er enginn ánægður. Ekki einu sinni Egill Jónsson. Þá er nú langt til jafnað.

Það kom fram í nýlegri skoðanakönnun Hagvangs að af þeim sem vinna við landbúnaðarframleiðslu vilja 36% að frjáls samkeppni ráði í framleiðslu og sölu á landbúnaðarafurðum meðan aðeins 38% eru því andvígir. Ég hef spurt, en aldrei fengið neitt svar við því, af hverju landbúnaður á Íslandi er eina atvinnugreinin sem hneppt er í fjötra ríkisafskipta og miðstýringar. Af hverju sitjum við uppi með afdankað sovétkerfi í landbúnaði sem er að mergsjúga bændur og fjölskyldur þeirra út um allt land? Hvað er það við landbúnaðinn sem réttlætir að nú, þegar jafnvel Sovétríkin eru hrunin, virðast nokkrir hugmyndafræðingar sem þangað hafa sótt enn þá geta ráðskast með heila atvinnugrein og þar með haldið heilli stétt manna í fjötrum fátæktar.

Það er athyglisvert að ýmsir ágætir þingmenn Sjálfstfl. aðrir en hv. þm. Egill Jónsson eru ekki ánægðir en á öðrum forsendum. Það heyrðum við áðan hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Árni Mathiesen, hv. þm. og landbúnaðarnefndarmaður, hefur líka á opinberum vettvangi lýst bullandi óánægju með þennan samning. Um hann er ekki eining. Ekki í stjórnarflokkunum og ekki í þjóðfélaginu. Það er athyglisvert að skoða viðbrögð t.d. Vinnuveitendasambandsins. Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, segir í samtali við hið ágæta blað Alþýðublaðið 5. okt. sl., með leyfi forseta:

„Það er fullkomlega óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli á árunum 1995–2000 ráðstafa vel á fjórtánda milljarð til að ýta undir sauðfjárrækt. Ég tek undir með Sighvati Björgvinssyni

að ríkisstjórn sem hefur ráð á að haga sér svona getur ekki verið í vandræðum með peninga.“ Og Þórarinn segir: „Þeir beinlínis standa út úr eyrunum á henni.“

Peningarnir beinlínis standa út úr eyrunum á ríkisstjórninni. Kemur það fram í fjárlagafrv.? Kemur það fram í því fjárlagafrv. sem samkvæmt mati forseta ASÍ mun fækka störfum á Íslandi um 900 vegna niðurskurðar á opinberum framkvæmdum? Væntanlega til þess að efna kosningaloforð framsóknarmannanna um störfin 12 þúsund.

Sú landbúnaðarstefna sem rekin hefur verið hér síðustu áratugi er harmsaga. Þessi samningur breytir engu þar um. Hann er framlenging á óbreyttu ástandi. Þar er aðeins komið til móts við málflutning okkar alþýðuflokksmanna en það er samt hálfvelgja, það er moðsuða og það eru allir óánægðir með þennan samning. Við þurfum að stíga skrefið til fulls. Við þurfum að gefa verðmyndun frjálsa, við þurfum að leyfa frjálsa samkeppni, við eigum að hætta að láta ríkið vera með fingurna í landbúnaðinum. Við eigum hins vegar að verja fjármunum til þess að gera bændum kleift að aðlagast og til að hætta, þeim sem það vilja. Og í guðanna bænum, við eigum að forða þeim frá framsóknarmönnum allra flokka, vinum þeirra sem hafa haldið þeim í fjötrum fátækar í öll þessi ár.

[17:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram ítarlegar umræður um frv. þetta sem við höfum verið að fjalla um, um breytingar á búvörulögunum svokölluðu og fylgir samningnum um framleiðslu sauðfjárafurða. Ég vil þakka fyrir þessar umræður. Ég tel að það hafi út af fyrir sig margt komið hér fram sem er fullrar athygli vert, en auðvitað er líka ljóslega komið fram, ekki síst í máli hv. síðasta þingmanns, að menn greinir mjög á um málið. Mönnum sýnist sitt hverjum, það eru skiptar skoðanir og hvort sem menn vilja nú kalla samninginn moðsuðu eða eitthvað annað það skiptir ekki öllu máli. Ég sagði það líka í minni inngangsræðu að samningurinn væri samkomulag ólíkra sjónarmiða, ólíkra viðhorfa og það væri reynt að ná þeirri ásættanlegustu og bestu niðurstöðu sem þeir sem um hefðu fjallað hefðu talið sig geta komist að.

Ég hef þá tilfinningu að viðhorf manna til samningsins sé af nokkuð ólíkum toga. Og reyndar kemur einnig fram í máli sumra hv. þm. eitthvað sem maður gæti kannski kallað svona „haltu-mér-slepptu-mér-stefnu“. Einn hv. þm. sagði að samningurinn væri nokkurs konar blanda af stýringu og markaðshyggju. Og það má sjálfsagt einnig segja að það sé nokkuð til í því. Það er m.a. vegna þess, eins og ég t.d. gerði grein fyrir í inngangsræðu minni og hef látið falla í umræðum um samninginn í þjóðfélaginu að undanförnu, að við þurfum að komast frá ákveðnu ástandi sem ríkir í dag, erfiðu ástandi, birgðastöðu sem við verðum að losa um og að þessu sinni ætla stjórnvöld að veita aðstoð við að breyta stjórnkerfi og stjórnunarformi þessarar atvinnugreinar. Og því miður finnst mér sumir hv. þm. líta algerlega fram hjá þessu. Annars vegar spyrja þeir: Til hvers á þetta að leiða? Til hvers á hitt að leiða? Hver verður niðurstaðan eftir árin fimm eða árið 2000? — Og óska þar með eftir því að samningurinn og stjórnvöld taki á öllum þessum málum og leysi þann vanda sem hugsanlega er við að glíma og kann að verða við að glíma áfram. Á hinn bóginn að segja þeir: Við eigum að hætta öllum þessum afskiptum. Við eigum að gefa þessa framleiðslu algerlega frjálsa strax og hætta að skipta okkur af verðlagsmálum. Og láta þá væntanlega skeika að sköpuðu. — Ætli það mundi leiða til þess að það yrðu þá engir erfiðleikar með markaðssetningu, engir erfiðleikar með birgðasöfnun og við stæðum frammi fyrir nýrri og betri veröld strax á morgun eða a.m.k. ekki seinna en á næsta ári? Ég óttast að svo sé ekki. Ég held að við þurfum þennan samningstíma og mér finnst gæta ofurlítillar óþolinmæði í þessum ummælum. Ég held við þurfum þennan samningstíma sem er fimm ár til þess að búa til nýtt umhverfi, nýja stöðu sem ég ætlast til og vonast til að við stöndum frammi fyrir að fimm árum liðnum. Og það sé í raun, hvað sem hv. síðasti þm. annars kann að álíta og ýmsir aðrir sem hér hafa talað, verið að búa til allt öðruvísi samning en verið hefur.

Mig langar aðeins að segja vegna ummæla og áminninga, við getum jafnvel kallað það ádrepu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hér í upphafi umræðnanna, að lítið samráð eða ekkert hafi verið haft við landbúnaðarnefndina í þingingu og það sé svik á fyrirheitum ráðherra frá því í vor. Málin þróuðust á þann hátt í sumar að við settumst niður við þessa samninga. Þeir gengu því miður lengi framan af allt of hægt. Ég hefði viljað sjá hlutina gerast hraðar og að niðurstaða hefði náðst fyrr. En um tíma má segja að þetta hafi gengið í hægagangi. Síðan komu sumarleyfi hjá embættismönnum og reyndar einnig hjá fulltrúum í samninganefnd bænda og þegar hjólin fóru svo loks að snúast og samningum var svona u.þ.b. að ljúka þá gerðust hlutirnir aftur á móti svo hratt að við gengum í það að undirrita samninginn, eins og menn þekkja hann, á örfáum dögum þegar svo virtist sem menn gætu náð saman um það sem hér er komið á blað. Það réttlætir hins vegar ekki að hafa ekki talað við landbn. Alþingis og ég átti reyndar viðræður við einstaka nefndarmenn af og til í sumar þótt það væri ekki á formlegum fundum. Stjórnarfulltrúarnir í nefndinni fylgdust a.m.k. með framgangi mála og ég ímynda mér að hefði verið fast sótt af hálfu fulltrúa í nefndinni að fá fund og fá að fylgjast með málinu þá hefði verið orðið við því. Það hefur aldrei staðið á því. Ég ímynda mér a.m.k. að slíkum fundarhöldum hefði ekki verið hafnað og til þeirra hefði verið boðað strax og ósk hefði um það borist.

Ég vona hins vegar að það sem hér er sagt, að sumu leyti kannski í afsökunarskyni, leiði ekki til þess að málið eigi ógreiðari gang í gegnum þingið.

Landbn. fær nú nokkurn tíma til að vinna úr málinu og eins og ég nefndi líka í upphafi ræðu minnar áðan, þá þyrfti trúlega að gefa sér tíma fram í nóvember. Það verður ekki unnt að afgreiða málið fyrir mánaðamót þannig að það verður þá nokkur tími til þess að fjalla um málið og fara yfir þær spurningar sem komið hafa fram í umræðum. Ég mun hvorki getað svarað þeim tímans vegna né heldur hygg ég að ég hafi svör við þeim öllum. Hv. nefndarmenn munu geta fengið greiðari og betri svör á nefndarfundunum.

Þó eru nokkur atriði sem mig langar að nefna. T.d. fullyrðing hv. þm. sem ég vitnaði til áðan, Margrétar Frímannsdóttur, um að engin markaðssókn sé í samningnum og ekkert sé gert til þess að bregðast við á því sviði. Hér tel ég að ekki sé rétt með farið. Gert er ráð fyrir rúmum 200 millj. kr. í hagræðingar- og vöruþróunarátak sem ég held að sé afar mikilvægt og geti gefið af sér góða hluti. Við ættum að geta unnið vel fyrir þessa upphæð og vissulega er þörf á því. Það er mikil þörf á því að taka á í vöruþróun þessarar afurðar og ég hygg að hluti af vandanum sé sá að markaðssetningin hefur ekki verið nægjanlega skilvirk. Ég ætla ekki að sakast við neinn um það, en bendi þó á til samanburðar að það

hefur orðið allt önnur þróun í mjólkurafurðum í landinu þar sem við höfum náð verulegum árangri í vöruþróun og þær hafa sannarlega haldið velli á markaði gagnvart öðrum hliðstæðum vörum, t.d. drykkjarvörum svo eitthvað sé nefnt til samanburðar.

Það kom líka fram hjá hv. þm. og fleirum að lítið tillit væri tekið til umhverfissjónarmiða í samningnum þótt það ætti að vera eitt af markmiðum hans og töluvert hefði verið um það talað í umræðunni að leggja ætti áherslu á slíka þætti að þessu sinni. Það er að vísu ekki há tala sem sérstaklega er merkt umhverfisverkefnum á árunum 1997–2000 eða 75 millj. kr. Á hinn bóginn vil ég undirstrika það ákvæði samningsins að bændur geti, ef má orða það svo, keypt sig frá ásetningskröfunni og því að halda sauðfé með því að gera sérstaka samninga við Landgræðslu og Skógrækt eða taka þátt í öðrum umhverfisverkefnum. Þetta held ég að sé afar viðamikill þáttur í samningnum og það sé of lítið úr honum gert, bæði í umræðum og hér og jafnvel úti í þjóðfélaginu. Menn hafa ekki viljað gefa þessu þann gaum sem ég held þó að virkilega sé ástæða til. Ég held að hér sé um að ræða stórt átak og stórt skref í þá átt að gera þennan samning, eins og stundum hefur verið sagt, meira að byggðasamningi, samningi um byggð, atvinnu, og búháttabreytingu frekar en eingöngu samning um sauðfjárframleiðslu. Og það vil ég undirstrika og benda hv. þingmönnum á.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði líka um Jarðasjóðinn. Jarðasjóðurinn á nú nokkra fjármuni en í þessum samningi eru honum ekki falin nein ákveðin verkefni. Hún sagði að hann gæti ekki tekist á við þær skyldur sem á hann væru lagðar. Það eru í rauninni ekki lagðar á hann skyldur, en hann hefur nokkra fjármuni og það verður auðvitað að koma í ljós hvort á það muni reyna að bændur leiti eftir því að Jarðasjóður kaupi af þeim eignir.

Í sambandi við útsöluátak sem nú er á döfinni og fleiri hv. þm. spurðu um , þá er meiningin að verja allnokkrum fjármunum sem tengjast samningnum í að reyna að losa um birgðirnar og létta birgðastöðuna. Það á að fara af stað nú fljótlega og ég hef lagt áherslu á að hluti af því kjöti sem í boði verður í þessu söluátaki verði það sem kallað er snyrt, þ.e. það verði ekki selt með sama útsöluformi og verið hefur. Ég held að nauðsynlegt sé að við hefjum strax það átak að breyta vöruþróuninni. A.m.k. eitthvað af kjötinu verður að fara út á markaðinn með öðrum hætti en verið hefur. Hins vegar er það auðvitað ekki ráðuneytisins eða ráðherrans að ráða þessu. Það er markaðarins sjálfs. Það eru söluaðilarnir, afurðastöðvarnar og bændasamtökin, sem hafa mest um það að segja.

Í þeim viðræðum sem farið hafa fram á undanförnum dögum til undirbúnings þessu, hefur komið fram að menn telja að verðið skipti langmestu máli, það er nauðsynlegt að reyna að hafa það sem allra lægst til þess að söluátakið gangi sem best upp.

Ég harma það, eins og margir aðrir hv. þm. hafa nefnt í umræðunum, að það skuli hafa verið gripið til þess óyndisúrræðis af ákveðinni afurðastöð, eða kannski fleiri, að urða kjöt eða eyða því með einhverjum hætti. Það er sorglegt að horfa upp á það, en ég er þess fullviss að þar hafi verið um að ræða kjöt eða skrokka sem vart hafi verið neysluvara og ómarkaðshæfir til manneldis. Hugsanlega hefði þó mátt nýta þá í loðdýrafóður eða jafnvel mala þá og nýta þá til landgræðsluverkefna eins og komið hefur fram að mætti gera. Allt er betra en að urða kjötið eða eyða því í eldi. Ég vona að við þurfum ekki framar að horfa upp á slíkt.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði um óbreytt ástand í 20–30 ár og við værum að gera sams konar samning nú og áður. Ég undirstrika það sem ég sagði áðan og kom líka fram í ræðu minni í upphafi að ég tel að við séum að gera samning gjörólíkan þeim sem gerðir hafa verið. Það er verið að stíga hér stór og veigamikil skref í átt til frjálsræðis í þessari atvinnugrein. Ég tel að það séu mikilvæg skref og nauðsynleg. Ég held að hv. þm. hafi kallað það undanhald landbrh. eða landbúnaðarkerfisins. En ég fullyrði að hér er verið að horfast í augu við þær staðreyndir að þjóðfélagið er að breytast. Það hefur breyst mikið. Við þurfum að horfast í augu við nýja tíma. Landbúnaðurinn og þeir aðilar aðrir sem þurfa að treysta á markaðsöflin verða líka að horfast í augu við það. Og hér eru stigin stór skref í þá veru að aðlaga landbúnaðinn, sem hefur búið við gjörólíkt stjórnkerfi eða stjórnunarhætti, að nýjum tímum og breyttum viðhorfum.

Ýmsir hv. þm. töldu að endurúthlutun uppkaupanna svokölluðu þýddu aukna framleiðslu og það væri framleiðslusprenging í aðsigi. Ég fór ítarlega yfir slíkt í ræðu minni áðan. T.d. þau viðhorf sem ég tel ríkjandi varðandi framleiðsluhvatann sem sumir telja falinn í samningnum en ég tel að svo sé ekki. Ég tel fjölmörg atriði benda til þess að slíka hættu sé alls ekki að finna í samningnum. Ég ræddi líka ítarlega um útflutningsmálin og hinn svokallaða svarta markað. Tíma míns vegna get ég ekki endurtekið það, en vitna þar til framsöguræðunnar. Ég tel að allt séu þetta mál sem tekið er á í þessum samningi og ef við ætlum að stíga skref til frelsis eða frjálsræðis þá geta menn ekki á sama tíma krafist þess að ríkisvaldið haldi líka utan um hlutina og sjái til þess að þetta gangi upp með öðrum hætti en samningurinn þó gerir ráð fyrir.

Hv. þm. Kristján Pálsson sagðist vona að styrkjakerfinu væri að ljúka. Ég segi enn að þótt skiptar skoðanir kunni að vera um þá fjármuni sem hér er varið í samninginn, þá er verið að stíga skref sem dregur verulega úr stuðningi ríkisvaldsins og það er verulega dregið úr ríkisútgjöldum. Ef við lítum nokkur ár aftur í tímann, þá eru þetta miklir fjármunir og það er haldið áfram á þeirri braut. En ég spyr og læt það þá svo sem eins og vaka í umræðunni hvað menn sjá fyrir sér í þessu. Ég veit ekki hvort menn vilja svara því eða eyða lengri tíma í þá umræðu hér, það er hægt að taka hana aftur við 2. umr. um málið. Halda menn í raun að við komumst á fimm árum frá því að styðja þessa atvinnugrein sem hefur svo lengi notið stuðnings? Allar aðrar þjóðir í kringum okkur hafa stutt sinn landbúnað og ég hygg að þær muni flestar ef ekki allar gera það meira og minna áfram. Ég er ekki þar með að segja að við eigum að búa við óbreytt ástand, en við hljótum að verða að viðurkenna þau skref sem eru stigin og ég tel að þau séu stór.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44.

Enginn tók til máls

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, frh. umr.

[17:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu merkilegt plagg sem er ræða hæstv. utanrrh. Þetta er fyrsta ræða sem hæstv. ráðherra flytur á ferli sínum sem utanrrh. og þess vegna er hún fróðleg vegna þess að hún leggur fram þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hyggst fylgja í utanríkismálum.

Það er hægt að segja það, herra forseti, að margt er ágætt að finna í ræðu hæstv. utanrrh. Annað er miður. Það sem mér þykir gott í þessari ræðu, og segi það sérstaklega út af orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, eru kaflarnir sem fjalla um Atlantshafsbandalagið, en ég er líka ánægður með það hvernig hæstv. utanrrh. fjallar um Evrópska efnahagssvæðið. Það kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra að hann er býsna ánægður með þá stefnu sem var mörkuð í tíð Alþfl. í ríkisstjórn. Og hann er raunar ekki eini maðurinn og ekki fulltrúi eina flokksins sem er ánægður því á nýafstöðnum landsfundi Alþb. var lögð fram tillaga um að Alþb. vildi stefna að því að segja upp þessum samningi. Frá því er skemmst að segja að sú tillaga fékk varla umræðu þegar leið á fundinn og þar með hefur það sannast að stefnan sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson markaði í tíð sinni sem utanrrh. hefur nú náð hljómgrunni hjá öllum flokkum sem eiga sæti á hinu háa Alþingi. Það eru tíðindi og það sýnir að allt það sem við alþýðuflokksmenn sögðum um Evrópska efnahagssvæðið hefur nú, á þeim skamma tíma sem er liðinn frá því að samningurinn tók gildi, verið dæmt satt og rétt af fulltrúum allra þeirra flokka sem hér reyndu að hreyfa himin og jörð gegn samningnum. Ég sé að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hristir höfuðið, en svona er þetta nú samt.

Herra forseti. Það sem mér þykir e.t.v. vera lakast í þessari ræðu hæstv. utanrrh. eru þeir kaflar sem tengjast fiskveiðum Íslendinga á hafsvæðum utan efnahagslögsögunnar. Kem ég þá fyrst að Atlantshafsbandalaginu. Sá kafli sem fjallar um Atlantshafsbandalagið er þess eðlis að ég get svo að segja tekið undir hvert orð og ég er sannfærður um það, herra forseti, að ef fyrrv. formaður Alþýðubandalagsins væri staddur hér þá væri hann nauðbeygður til þess að taka líka undir hvert einasta orð. Ég sé ekki betur heldur en að það sem hér er að lesa sé nákvæmlega það sama og hann var að tala um fyrir eins og einu ári síðan og skapaði nú talsverðar umræður á þeim tíma.

Herra forseti. Ég tel að það sé rétt að Atlantshafsbandalagið hafi sýnt gildi sitt í átökunum á Balkanskaga. Ég tel líka að það sé rétt að verkefnið Samstarf í þágu friðar hafi orðið til þess að treysta stöðugleika í Mið- og Austur Evrópu. Ég tek undir það, og veit það eins og hæstv. utanrrh., að það eru mörg ríki sem telja öryggi sínu best borgið með fullri aðild að Atlantshafsbandalaginu og auðvitað eigum við að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Og þeim þjóðum sem vilja ganga til samstarfs við þær sem eru núna þegar innan Atlantshafsbandalagsins eigum við að rétta höndina.

Það er svo, herra forseti, að það er komið að því á næstu árum að meta með hvaða hætti eigi að stækka Atlantshafsbandalagið. Hæstv. utanrrh. tekur undir stefnu fyrri ríkisstjórnar í þeim efnum. Hann styður markvissa en varkára stækkun Atlantshafsbandalagsins. Nú er það svo, herra forseti, að Íslendingar eru smáþjóð en þeir hafa alltaf haft styrk á alþjóðavettvangi sem er langt umfram það sem stærð okkar sem þjóðar segir til um. Við höfum reynt á alþjóðavettvangi að styðja aðrar smáþjóðir. Undir forustu Alþfl., undir forystu formanns Alþfl., hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, þá stigum við fyrsta skrefið, urðum fyrstir til þess að viðurkenna fullveldi Eystrasaltsþjóðanna. Við eigum að halda því áfram, við eigum að styðja þær eins og hægt er. Við eigum með vissum hætti aðild að frumburðarrétti þeirra sem endurnýjaðra sjálfstæðra þjóða og staðreyndin er sú að ég tel að það sé nauðsynlegt að Íslendingar taki undir viðleitni þeirra til þess að verða fullgildir meðlimir í Atlantshafsbandalaginu. Við eigum með þeim hætti að lýsa yfir þessum skoðunum okkar og reyna að vinna þessu brautargengi á þeim vettvöngum sem að við höfum stöðu til þess að tala máli þeirra á. Þar koma einkum tveir til greina, þ.e. annars vegar Atlantshafsbandalagið sjálft og hins vegar Vestur-Evrópusambandið. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh., ef hann má vera að því að hlýða á mál mitt, hvort hann telji ekki gerlegt að Íslendingar taki í ríkari mæli undir óskir Eystrasaltsþjóðanna um fulla aðild bæði að Vestur-Evrópusambandinu og NATO?

Nú er það svo að þessar þjóðir eiga í rauninni fátt sameiginlegt. Þær hafa ólíka tungu, ólíka menningu og ólíka sögu. Hvað eiga þær sameiginlegt? Landfræðilega stöðu, en líka það að þær voru allar teknar herskildi af hinum hrundu Sovétríkjum án þess að nánast nokkur einasta þjóð risi þeim upp til varnar. Það var enginn sem tók máli þeirra þá. Ég tel að þjóðir Vesturlanda beri nokkra sekt og eigi þeim nokkra skuld að gjalda.

Nú er það svo að það kemur aftur og aftur fram og í æ ríkara mæli að þessar þjóðir óttast um sitt öryggi. Þær hafa tekið upp aukið samstarf í gegnum Eystrasaltsþingið og þær hafa reynt að samræma stefnu sína í utanríkismálum og burðarásinn í því er að þær hafa óskað eftir því að verða aðilar að Atlantshafsbandalaginu og að Vestur-Evrópusambandinu. Þetta er skiljanlegt vegna þess að sagan gefur tilefni til þess. Það er vaxandi óstöðugleiki í Rússlandi og ýmsar yfirlýsingar ráðamanna þar eru ekki til þess fallnar að auka trú þessara þjóða á örugga framtíð. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að taka undir óskir þeirra um aðild að þessum tveimur samtökum. Ég held að við eigum að styðja þetta þar sem við getum og við eigum að virða það að þessar þjóðir telja að þetta sé þeim nauðsynlegt til friðar og öryggis í framtíðinni.

Herra forseti. Ég gat þess áðan að mér þætti að sá hluti ræðu utanrrh., sem fjallaði um þau mál sem tengjast veiðum utan efnahagslögsögunnar, væri sá sem væri lausustu tökum tekinn í greinargerð ráðherrans.

Ég vil segja það, herra forseti, að á síðasta kjörtímabili þá var það stór þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum að berjast eins og hægt var gegn mengun og fyrir aukinni umhverfisvernd á alþjóðavettvangi. Mér þykir það heldur rýrt þegar það er afgreitt hér í einungis fjórum línum. Og þó ég taki undir meginefnið sem þar er þá þykir mér slæmt að sá áfangi, sem við náðum á síðasta kjörtímabili og varðaði baráttuna gegn losun þrávirkra lífrænna efna, fær ekki einu sinni eina setningu. Ég vona að það boði ekki, herra forseti, að hæstv. utanrrh. ætli með einhverjum hætti að draga úr þunganum í þeirri baráttu okkar. En hann svarar því kannski á eftir.

Herra forseti. Þeir hafa þegar orðið að umræðuefni í umræðunni um ræðu hæstv. utanrrh., samningarnir sem nú standa yfir til þess að reyna að ná sáttum um þorskveiðar okkar í Smugunni. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og reyndar einum öðrum þingmanni sem

segja að það sé ekki hægt að kaupa þá samninga því verði að við afsölum okkur réttindum okkar við Svalbarða. Ég segi líka, við þurfum að athuga annað mál í tengslum við þetta. Það hefur komið fram, herra forseti, að til greina komi, samkvæmt fregnum í fjölmiðlum, að það verði sett upp einhvers konar gagnkvæmt tryggingakerfi sem felst í því að við kunnum að þurfa að hleypa öðrum þjóðum í okkar þorskstofn þegar vel árar hjá okkur. Ég vara við þessu, herra forseti. Ég tel að þetta verði okkur ekki hallkvæmt í framíðinni og ég spyr hæstv. utanrrh. hvort þetta sé í rauninni svo, hvort þessar fregnir séu sannar og ef svo er hvort hann telji þá ekki að þetta geti orðið fordæmi gagnvart þeim erfiðu samningum sem við eigum eftir líka um aðra fiskstofna?

Herra forseti. Það sem mér þykir slæmt og vantar í ræðu hæstv. utanrrh. er stefna um stjórn veiða úr íslensk-norska síldarstofninum. Það er nánast ekkert sem kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh. um það hvaða stefnu Íslendingar eiga að fylgja þar. Ég skil það mætavel. Hún hefur aldrei verið lögð fram hér á hinu háa Alþingi. Nú blasir það við, samkvæmt lausafregnum úr fjölmiðlum, að samningar kunni að vera í nánd varðandi þetta mikla deilumál. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Tilefnið er ærið. Þegar við ræddum þetta á vorþingi þá kom það fram að Íslendingar höfðu nánast látið Norðmenn skammta sér úr hnefa það sem þeir sjálfir vildu gefa okkur. Nú er það svo að við eigum ærna sögu í síldveiðum úr þessum stóra stofni. Þegar þær stóðu í hámarki veiddum við fast að helmingi alls afla úr stofninum. Það kom fram í fjölmiðlum í vor að þegar Íslendingar gengu til samninga við Norðmenn um þetta þá voru kröfur þeirra afskaplega lágar, undir 100 þús. tonnum var fullyrt í fjölmiðlum. Hvernig urðu lyktirnar? Vísindanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins taldi að það væri leyfilegt miðað við stærð stofnsins að veiða fast að milljón tonn og þegar Norðmenn höfðu ákvarðað sjálfum sér kvóta, úthlutað Rússum kvóta, þá voru eftir 250 þús. tonn og það var nákvæmlega það sem við, ásamt Færeyingum, ákváðum að taka okkur einhliða. Við nánast tókum við því sem okkur var skammtað. Þetta er auðvitað úr öllum takti við sögu okkar sem tengist veiðum úr þessum stofni og það er afskaplega mikilvægt að við stöndum fast á kröfum okkar í þessum efnum. Á sínum tíma stóð þessi stofn undir þriðjungi alls gjaldeyris sem við öfluðum, stóð undir atvinnu í mörgum byggðarlögum, ekki síst í kjördæmi hæstv. utanrrh. og það er mikilvægt að við höldum fast á þessu.

Því miður sýnist mér eins og þetta sé ekki hið eina sem við þiggjum úr hnefa þegar síldin er annars vegar. Það bárust fregnir um það í gær og í morgun að nú er búið að semja um útflutningskvóta okkar, tollfrjálsan, fyrir síldarafurðir á markaði í Evrópu. Forsaga þess máls er sú að við áttum áður hefðbundna og afskaplega mikilvæga markaði fyrir afurðir tengdum síld í Finnlandi og Svíþjóð. Nú hafa þessar tvær þjóðir gengið í Evrópusambandið. Með því verða miklar breytingar. Áður gátum við flutt síldarafurðir tollfrjálst inn í þessi lönd en þegar þau ganga inn í Evrópusambandið þá skyndilega fer kvótinn úr 0% upp í 10 til 12%. Auðvitað teljum við mikilvægt að það sé tekið tillit til þessara breyttu aðstæðna og við sem gömul viðskiptaþjóð þessara landa fáum sérstök kjör eins og jafnan er gert ráð fyrir.

Á sínum tíma þegar við veiddum mest úr þessum stofni þá vorum við að flytja á þessa markaði eitthvað í kringum 20. þús. tonn. Nú er niðurstaðan sú að við fáum 4.100 tonna kvóta. Það er allt og sumt. Viðmiðunin sem gerð er miðast við þrjú síðustu árin áður en að Finnland og Svíþjóð gengu inn. Það voru hins vegar ár sem voru afskaplega lök fyrir okkur, afskaplega slæm viðmiðunarár. Þau eru hins vegar góð viðmiðunarár fyrir Norðmenn. Og ég segi það, herra forseti, það er alveg ljóst að í framtíðinni munum við veiða miklu meira úr þessum stofni. Við munum eiga möguleika á því að skapa fjölda starfa og Framsfl. ætlaði jú að skapa 12.000 störf fram til aldamóta. Þarna er ærið tækifæri til þess. En það tækifæri var ekki tekið. Við fengum 4.100 tonn. Það er nákvæmlega það sem var á borðum í vor. Við höfum engu náð fram. 4.100 tonn, herra forseti, það er allt of lítið.

Að lokum er það eitt atriði sem mig langar að ræða hérna líka. Það kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh. að hann vill enn á ný efla þátttöku okkar í NAMMCO og vill að Íslendingar beiti sér fyrir samvinnu um nýtingu sjávarspendýra á Norður-Atlantshafssvæðinu með því að taka mjög virkan þátt í NAMMCO.

Herra forseti. Ég held að það blási nýir vindar um hvalveiði víðs vegar um hnöttinn. Ég verð var við það þegar ég hef sjálfur sótt ráðstefnur þar sem þetta ber á góma að t.d. Bandaríkjamenn hafa breytt sinni afstöðu og eru hægt og hægt að breyta henni. Af hverju? Vegna þess að þau nýju viðhorf sem tengjast sjálfbærri þróun kalla á það að við förum í það að nýta stofna og tegundir sem þola nýtingu. Íslendingar hafa ávallt getið sér gott orð fyrir að vinna vísindalega að sínum veiðum, byggja þær á vísindalegum grunni og viðhorfin núna eru breytt. Það liggur fyrir að allar rannsóknir á hvalastofnum og sérstaklega stofnum smáhvela, benda eindregið til þess að það sé gerlegt að veiða talsvert magn af hvölum úr þessum stofnum. Ég held hins vegar að það verði aldrei að veruleika á meðan við erum að einangra okkur innan NAMMCO. Við eigum að segja okkur úr NAMMCO og við eigum að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið. Einungis þar og með þeim hætti tel ég að það sé hægt fyrir okkur að vinna málstað okkar fylgi og ná því aftur að fara að hefja nýtingu þessara stofna.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [18:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [18:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, frh. umr.

[18:19]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem er til umræðu. Í henni er að finna mörg mikilvæg atriði sem ýmsir hv. þm. hafa einmitt gert að umræðuefni og væri vissulega ástæða til að ræða enn frekar.

En þar sem ræðutími okkar er takmarkaður hef ég ákveðið að ræða hér einkum um afmarkað efni, þ.e. aðlögun Atlantshafsbandalagsins, sbr. 6. kafla skýrslunnar, eins og reyndar hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi sérstaklega um hér áðan.

Ég tel mikilvægt að minnast á þau mál enda hefur lítið verið rætt um hugsanlega stækkun NATO á hinu háa Alþingi. Það var í raun alveg furðulegt að heyra hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrím J. Sigfússon, tala um þetta sem vandræðalegan kafla og að þetta sé leit NATO að nýjum verkefnum. Þetta álit hans er algerlega á misskilningi byggt.

Það er staðreynd, rétt eins og hv. formaður utanrmn., Geir H. Haarde, gat áðan um, að vera Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu er einn af fjórum hornsteinum í íslenskri utanríkismálastefnu og framtíð NATO skiptir því afskaplega miklu máli hvað varðar öryggis- og varnarhagsmuni Íslendinga en ekki síst fyrir eflingu lýðræðisþróunar í heiminum.

Í byrjun þessa mánaðar var haldinn haustfundur Norður-Atlantsþingsins, þingmannasamtaka NATO, sem íslenska sendinefndin sótti. En eins og hv. þm. vita eiga aðeins þrír stjórnmálaflokkar aðild að þessum þingmannasamtökum hér á landi, þ.e. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Hvorki Alþb. eða Kvennalisti hafa viljað vera með og það er auðvitað athyglisvert.

Í lokaályktun fundarins var samþykkt áskorun til þjóðþinga og ríkisstjórna aðildarríkja NATO þar sem m.a. er skorað á viðkomandi aðila að hefjast handa við stækkun NATO eins fljótt og hægt er. Með þessu er ekki átt við að opna eigi einhverjar flóðgáttir heldur ber að hafa í huga að þau ríki Mið- og Austur-Evrópu, sem áratugum saman hafa lifað undir járnhæl sovétkommúnismans en starfa nú hörðum höndum að því að treysta í sessi lýðræði og markaðsbúskap, þurfa á öflugum stuðningi Vesturlanda að halda.

Innganga í NATO felur í sér skýr skilaboð um stuðning Vesturlanda við þær pólitísku og efnahagslegu umbætur sem átt hafa sér stað í þessum ríkjum undanfarin ár og sem fyrirhugaðar eru. Á sama tíma kynnu frekari tafir á inngöngu þeirra í bandalagið að verða túlkaðar sem áhugaleysi á málefnum svæðisins, umbótum og stöðugleika og jafnvel að reynast vatn á myllu afturhalds- og öfgaafla.

Virðulegi forseti. Það er einnig rétt að benda á að greina mátti nokkurn áherslumun í störfum þingsins frá því sem verið hefur en á undanförnum árum hefur þingið að mestu einbeitt sér að málefnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Auk spurningarinnar um stækkun bandalagsins til austurs var hins vegar að þessu sinni mikil áhersla lögð á að viðhalda samstarfinu yfir Atlantshafið og á áframhaldandi virka þátttöku Bandaríkjanna í vörnum Evrópu en íslenska sendinefndin lagði einmitt megináherslu á að síðarnefndu atriðin kæmu fram í lokaályktun þingsins. Þessi áhersla kemur einnig skýrt fram í skýrslu hæstv. utanrrh. en þar segir á bls. 4, með leyfi virðulegs forseta:

„Leggja ber ríka áherslu á samstarfið yfir Atlantshafið, sem er og verður sú taug sem tryggir öryggi og stöðugleika í Evrópu."

Þegar stækkun NATO ber á góma er iðulega talað um að taka beri sérstakt tillit til hagsmuna Rússa án þess þó að þeim verði veitt neitunarvald á málefnum NATO. Á sama tíma og fagna ber tilraunum til þess að koma á sérstökum samskiptum við Rússland sem og Úkraínu má þó benda á að rússnesk stjórnvöld hafa á undanförnum mánuðum andmælt hugmyndum um stækkun NATO af sífellt aukinni ákveðni. Vissulega kann aukin harka í utanríkismálum að vera nauðsynleg til að hemja framgöngu öfgasinnaðra afla í rússneskum stjórnmálum. Hins vegar hefur aukin harka í yfirlýsingum rússneskra stjórnvalda gegn stækkun NATO það í för með sér að nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu verða sífellt ákveðnari og ákveðnari um aðild að NATO. Áframhald sömu þróunar gæti gert Vesturlöndum erfitt um vik við stækkun bandalagsins verði ætlunin áfram sú að taka sérstakt tillit til sjónarmiða Rússlands og því mál að hefjast handa við stækkun NATO.

Við framkvæmd stækkunar NATO ber engu að síður að fara með gát. Meta verður hvaða ríki koma til greina sem aðildarríki og hvenær þau geti fengið aðild. Um þetta segir í skýrslunni á bls. 5: „Það er afar mikilvægt að væntanleg stækkun bandalagsins rýri á engan hátt varnargetu þess og öryggisskuldbindingar gagnvart núverandi aðildarríkjum. Ísland styður markvissa en varkára stækkun Atlantshafsbandalagsins." Þetta verður auðvitað að leggja áherslu á.

Þau ríki sem sóst hafa eftir aðild að bandalaginu eru mislangt á veg komin í þjóðfélagslegum umbótum en það samrýmist engan veginn hagsmunum núverandi aðildarríkja NATO að flytja inn óstöðugleikasvæði. Við Íslendingar berum gjarnan hag Eystrasaltsríkjanna fyrir brjósti eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist á áðan. En í þeim löndum gætir einmitt ótta við að þau verði skilin eftir við fyrstu stækkun NATO. Hér ber að ýmsu að gæta. Einhvers staðar verður að byrja. Þau ríki sem ekki fljóta með í fyrstu kunna að túlka það sem kaldar kveðjur en þau ríki sem lengra eru á veg komin í pólitískum og efnahagslegum umbótum kynnu sömuleiðis að undrast að verða loks veitt aðild að NATO samhliða ríkjum sem mun skemmra eru á veg komin. Hér vaknar spurningin um hvort útbúa eigi einhvers konar lista yfir skilyrði sem viðkomandi ríki þurfi að uppfylla vilji þau fá aðild að bandalaginu en slíkur listi kynni að taka til ástands í mannréttindamálum, efnahagsástands, stöðu samskipta við nágrannaríki o.s.frv.

Hættan við að útbúa slíkan lista er sú að ríki er teljist uppfylla umrædd skilyrði telji sig sjálfkrafa geta fengið aðild að NATO. Því verða aðildarríki bandalagsins að meta umsóknir um aðild hverja fyrir sig og taka ákvörðun um hvort veita eigi viðkomandi ríkjum inngöngu út frá mati sínu á því hvort viðkomandi ríki sé reiðubúið að axla ábyrgð fullrar aðildar og hvort núverandi aðildarríki telji aðild viðkomandi ríkis samræmast hagsmunum sínum. Í þessu sambandi skal minnt á að samkvæmt nýlegri skýrslu bandalagsins um málefni stækkunar er tekið fram að ný aðildarríki fái sömu réttindi og takist á hendur sömu skyldur og þau sem fyrir eru líkt og fram kemur í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra. Skuldbinding 5. gr. Atlantshafssáttmálans um að litið verði á árás á eitt aðildarríki sem árás á þau öll gerir NATO erfitt fyrir með að hleypa inn nýjum aðildarríkjum á grundvelli uppfyllingar skýrt tiltekinna skilyrða eingöngu heldur verður að gera ráð fyrir að einstakar umsóknir verði ræddar hver fyrir sig.

Þegar rætt er um að umræða um stækkun og aðlögun NATO fari ekki fram í tómarúmi og að mið skuli tekið af því sem sé að gerast í utanríkis- og öryggismálum í öðrum Evrópusamtökum skal minnt á að ríkjaráðstefna ESB, sem hefst á næsta ári, mun taka hlutverk og eðli Vestur-Evrópusambandsins til endurskoðunar, tengsl þess við ESB og sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu aðildarríkja ESB. Vissulega er æskilegt að hægt sé að hafa samræmi í stefnu umræddra stofnana gagnvart ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Hins vegar getur stækkun NATO ekki verið haldið í gíslingu vangaveltna og tímamarka ESB um framtíðarskipan og stækkun sambandsins. Hugsanleg efling Vestur-Evrópusambandsins er meðal annars hugsuð til þess að efla NATO en ekki til þess að koma í stað þess. Á þetta ber að leggja áherslu. NATO er sú stofnun í öryggismálum Evrópu, sem nýtur mestrar virðingar og trausts og sem nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu vilja fá aðild að, og ekki er hægt að láta duttlunga Evrópusambandsins tefja framgang stækkunar NATO. Um þetta segir m.a. í skýrslunni á bls. 6, með leyfi virðulegs forseta:

„Afstaða okkar er skýr. Við hljótum að vinna að því að VES haldist sem sjálfstæð stofnun og verði ekki innlimað í Evrópusambandið sem við eigum ekki aðild að. Við leggjum áherslu á að þróunin innan sambandsins verði til að styrkja það sem Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins." Þetta hlýtur að teljast mjög mikilvægt.

Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að minna á að í stjórnmálaályktun nýafstaðins landsfundar Alþb. kemur fram að framtíðarsýn Alþb. til utanríkis- og friðarmála mótist af þeirri grundvallarafstöðu að friður, öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar verði best tryggt með því að Bandaríkjaher hverfi á brott, engar erlendar herstöðvar verði leyfðar í landinu og Íslendingar segi sig úr NATO.

Þeir sem styðja slíkar stjórnmálaályktanir eru væntanlega sammála Rússum sem vilja margir hverjir stofna einhvers konar heimsfriðarsamtök í stað Atlantshafsbandalagsins. Einmitt nú þegar NATO hefur nýlega sýnt fram á mikilvægi sitt í öryggismálum álfunnar, ekki síst með aðgerðum sínum í Bosníu og þegar fyrrum ríki sovétkommúnismans keppast við að komast í bandalagið ályktar Alþb. enn og aftur á þennan hátt.

Með tilliti til þeirrar gjörbreyttu heimsmyndar sem við búum nú við hlýt ég að verða að taka undir orð hv. formanns utanrmn. um að þessi stjórnmálaályktun Alþb. sé raunaleg. Varnarbandalagið NATO hefur einmitt verið afar mikilvægt tæki í bráttunni fyrir því að efla lýðræðisþróunina í umheiminum.

Virðulegi forseti. Að síðustu ítreka ég þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu og vænti góðs af störfum hans.

[18:32]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög ánægjulegt að talsmenn Sjálfstfl. í umræðunni, síðast hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, hafa komið á framfæri ályktunum Alþb. á nýafstöðnum landsfundi varðandi afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins og til veru erlends herliðs á Íslandi.

Það vill svo til að við erum stödd á árinu 1995 og ef menn bera saman stöðuna á þessu ári og fyrir 10 árum eða svo þá hljóta menn að spyrja sig: Hvernig stendur á því að þeir, sem báru fram rökin fyrir NATO fyrir 10 árum og auðvitað allt frá upphafi þess bandalags og fyrir dvöl erlends herliðs í landinu studdu tvískiptingu heimsins í tvær valdablokkir sem byggðu á ógnarjafnvægi í vígbúnaði og kjarnorkumálum í stað þess að leggjast á sveif með þeim sem töldu eðlilegt eftir hrun Sovétríkjanna að þessar valdablokkir yrðu lagðar af, hernaðarbandalagið NATO ekki síður en Varsjárbandalagið, hafa ekki fengið stuðning úr röðum þeirra sem hér tala svo eðlilegt og sjálfsagt sem það þó væri?

Ég vek athygli á því að þverstæðurnar koma einmitt fram í málflutningi þessara sömu þingmanna og undrast á afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna, þ.e. að það séu miklir erfiðleikar og mikill vandi á höndum varðandi Atlantshafsbandalagið, að stækka það og opna náðarfaðm þess fyrir fleiri ríkjum. Þessar andstæður eru þarna. Þessi vandi er þarna. Með áframhaldandi tilvist Atlantshafsbandalagsins, sem byggir á kjarnorkuvígbúnaði og áskilur sér réttinn til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, sem vill taka inn viss ríki en hafna öðrum, í því felst stórfeld hætta fyrir öryggismálin í Evrópu. Ég bið hv. alþm. að hugleiða þessi mál af víðsýni og í ljósi þess sem gerst hefur á undanförnum árum.

[18:34]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Á seinasta kjörtímabili dró til stórtíðinda að því er varðaði úthafsveiðar Íslendinga og þróun í hafrétti. Með þessum orðum á ég við það að Íslendingar leituðu út fyrir eigin lögsögu og hófu að reyna fyrir sér á ný með úthafsveiðum. Í annan stað er ég að vísa til undirbúnings samnings, bindandi milliríkjasamnings á vegum Sameinuðu þjóðanna varðandi deili- og flökkustofna. Í þriðja lagi vísa ég til þeirra samningaviðræðna sem voru farnar af stað og áttu af okkar hálfu að snúast um heildarlausn á deilumálum varðandi veiðiréttindi og fiskverndarmál á norðanverðu Atlantshafi.

Í ljósi þess að hæstv. utanrrh. segir í ræðu sinni að hann líti á það sem nánast ævistarf sitt að beita sér fyrir íslenskum hagsmunum á sviði sjávarútvegsmála lét ég það í ljós í ræðu minni áðan að mér þótti tiltölulega lítið fjallað um þessi stóru mál í ræðu hans. Ég sakna þess að ekki skuli hafa verið lögð meiri áhersla á að skýra grundvallaratriði þeirrar stefnu sem við viljum fylgja fram í þessum málum þótt ég ætlist að sjálfsögðu ekki til þess að gerð sé grein fyrir viðkvæmum yfirstandandi samningum.

Ég tók líka skýrt og skilmerkilega fram að ég gagnrýndi ekki hæstv. ráðherra fyrir að hafa ekki náð nú þegar niðurstöðu í þessum samningum. Þar er vissulega við ramman reip að draga, þ.e. hagsmunatogstreita við olíuríkið Noreg og stórveldið Rússland. Í annan stað er ástæða til þess fyrir okkur að huga að því hvort tíminn vinnur með okkur í þessum málum eða hvort nauðsynlegt er af hálfu okkar út frá hagsmunamati okkar að leggja höfuðáherslu á það að hraða þessum samningum. En ég legg á það áherslu út frá mínum bæjardyrum séð að ég gagnrýni það ekki þótt þessir samningar séu ekki í höfn.

En ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til þess að vara við einu og vara mjög sterklega við því. Ég vara við því að íslensk stjórnvöld kaupi hugsanlega samninga sem byggi á skammtímalausn og tiltölulega litlum hagsmunum því dýra verði að afsala okkur langtímahagsmunum sem við höfðum tryggt okkur, m.a. með aðild að Svalbarðasamningnum, og *varða íslenska þjóðarhagsmuni miklu til lengri tíma.* Ég viðurkenni að það setti að mér ugg þegar ég heyrði ummæli hæstv. sjútvrh. og reyndar hæstv. utanrrh. sem túlka mátti

á þá leið að þeir teldu einboðið að við ættum að fallast á skilyrði Norðmanna fyrir samningum eins og þeir hafa lýst þeim fyrir þá hugsanlegu samningsniðurstöðu sem kann að vera í boði.

Hver eru þessi skilyrði? Það er kunnugt að meðal þessara skilyrða eru í fyrsta lagi að Íslendingar verða að una fyrirmælum samningsaðila um að taka veiðiheimildir sínar í Smugunni, takmarkaðar sem þær kynnu nú að vera, annaðhvort að hluta eða öllu leyti. Svarið við því er einfaldlega að það er ekki á valdi þessara þjóða að úthluta veiðiheimildum í Smugunni vegna þess að það veiðisvæði er opið úthaf og þeir hafa ekki ráðstöfunarrétt á veiðiheimildum í því.

Í annan stað er skilyrði af hálfu þessara þjóða að Íslendingar falli frá rétti sínum, sem ein af aðildarþjóðum Svalbarðssamningsins. Um það fjallaði ég nokkuð í ræðu minni hér áðan en þar er um að ræða meginhagsmunina að því er varðar framtíðaraðild Íslendinga að veiðum eða annarri nýtingu auðlinda á Barentshafssvæðinu.

Í þriðja lagi hefur sú krafa verið sett fram að Íslendingar skuldbindi sig til þess ef þeir ná ekki rétti sínum á grundvelli Svalbarðasamningsins að falla frá áðurboðaðri málshöfðun að því er það varðar að láta á það reyna fyrir Haagdómstólnum hver raunveruleg réttarstaða sjálftökusvæðisins norska, þ.e. fiskverndarsvæðisins í kringum Svalbarða, er.

Skilyrðin hafa raunverulega verið nefnd fleiri. Ég nefni ekki fleiri hér en ég endurtek: Ég vara mjög sterklega við því að fallast á þessi skilyrði ef hinn kosturinn er sá að fá til skamms tíma og með óvissum hætti veiðiheimildir sem kynnu að verða langt undir því sem veiðireynsla og fleiri rök okkar standa til. Fremur en gera það vil ég í allri vinsemd beina því til hæstv. utanrrh. að hann hafi mjög í huga í þessum samningaviðræðum að gera tvennt: Í fyrsta lagi að hafa frumkvæði að því að kalla saman sérstaka ráðstefnu aðildarríkja Svalbarðasamningsins. Sú ráðstefna hafi það meginviðfangsefni að fjalla um þjóðréttarlega stöðu fiskverndarsvæðisins, réttindi og skyldur samningsaðildarþjóðanna á grundvelli Svalbarðasamningsins, bæði að því er varðar veiðar innan lögsögu og aðra nýtingu náttúruauðlinda. Þessa kröfu ber auðvitað að styðja þeim rökum að þess eru ekki dæmi að ein einasta aðildarþjóð Svalbarðasamningsins hafi fallist á rök Norðmanna fyrir sjálftökurétti þeirra til norsks fiskverndarsvæðis umhverfis Svalbarða. Þvert á móti. Hver þjóðin á fætur annarri hefur mótmælt formlega sjálftökurétti Norðmanna eða sett fyrirvara um þjóðréttarlega stöðu svæðisins.

Í annan stað ber okkur að sjálfsögðu að áskilja okkur rétt til þess ef samningaviðræður eru með þeim hætti að við teljum okkur ekki ná þeim réttindum sem Svalbarðasamningurinn kveður á um fyrir hönd aðildarþjóða að láta á það reyna fyrir dómstólum ef samningaleiðin reynist ófær.

Þetta er sú stefna sem mótuð var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar þótt ekki hafi verið tímabært þá að láta á það reyna vegna þess einfaldlega að tilraunin til þess að koma á alvörusamningaviðræðum um heildarhagsmuni þessara þjóða á Norður-Atlantshafi var ekki það langt fram komin. Þegar ég tala um heildarhagsmuni er ég að sjálfsögðu ekki að tala bara um veiðar í Smugu. Ég er að tala um Barentshafið í heild, ég er að tala um réttindi samkvæmt Svalbarðasamningnum, ég er að tala um síldarhafið og skiptingu á norsk-íslenska síldarstofninum, ég er að tala um veiðar á úthafinu fyrir utan Reykjaneshrygg og ég er að vísa til rækjuveiða úr stofninum sem er milli Íslands og Grænlands.

Í fyrstu samningaviðræðum okkar við Norðmenn var sú stefna boðuð að við Íslendingar vildum hafa öll þessi mál uppi á borði og freista þess að ná samningum sem væru tilraun til þess að ná fram heildarlausn að því er varðar veiðiheimildir, réttindi og fiskverndarstefnu sem tæki til allra þessara mála. Ég er enn þeirrar skoðunar að það sé rétt stefna í grundvallaratriðum. En til þess að ná því fram verða Íslendingar að áskilja sér þann rétt sinn að geta látið á það reyna, sérstaklega að því er varðar Svalbarðasamninginn, hver er réttarstaða þess svæðis og einnig að áskilja sér rétt til málskots ef samningaleið reynist ófær.

Það er ástæða til þess hér og nú að rifja upp í stuttu máli hvert var upphaf þessarar tilraunar Íslendinga að því er varðar úthafsveiðar. Frumkvæðið kom af hálfu viðskiptaaðila og útgerðaraðila hér heima en af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar var brugðist hart við til þess að veita þeim stuðning á alþjóðlegum vettvangi. Þó ber þess að geta og rifja það upp, af því að það er söguleg staðreynd, að um það bil sem þessar veiðar hófust, þá hafði hæstv. sjútvrh., sem einnig var sjútvrh. í fyrrv. ríkisstjórn, í undirbúningi að setja reglugerð sem hefði svipt íslenska ríkisborgara réttinum til þessara veiða. Það var komið í veg fyrir að það yrði gert með þeim rökum að það styddist ekki við lagastoð vegna þess að íslensk stjórnvöld höfðu ekki þann rétt nema það væri gert á grundvelli laga eða milliríkjasamnings um það, sem ekki var fyrir hendi.

Í samningaviðræðum við Norðmenn verður það að segjast eins og er að af hálfu utanrrn. var haldið fast á þessum hagsmunum og á fyrsta samninganefndarfundinum þar sem voru bæði utanrrh. og sjútvrh. sem og fulltrúar hagsmunaaðila, kom það í hlut utanrrh. að tala þessu máli, en sjútvrh. kaus að sitja hljóður við þær umræður, sem ég harma mjög vegna þess að það var túlkað af hálfu norskra stjórnvalda og af hálfu norskra fjölmiðla sem veikleiki að því er varðar hina íslensku samningsstöðu og vísbending um óeiningu í röðum Íslendinga.

Að því er varðar samninginn um flökkustofna og deilistofna þá er eitt atriði sem skiptir mjög miklu máli til þess að styrkja samningsstöðu okkar. Þessi samningur byggir á hugmyndum um svæðastjórn og vekur þess vegna spurningu um aðgang annarra ríkja en strandríkja að svæðastjórnun og hvaða mælikvarða eigi að leggja því til grundvallar: nálægð við fiskimið, mikilvægi sjávarútvegs í hagkerfi viðkomandi lands. Þar tókst okkur, þrátt fyrir harðvítuga andspyrnu Norðmanna, að ná inn hinu svokallaða íslenska ákvæði, sem kveður á um að taka beri tillit til réttinda og þarfa strandríkja sem byggja efnahag sinn á fiskveiðum eða hafa mikilla hagsmuna að gæta. Það var mikilvægur áfangasigur að ná þessu ákvæði inn.

Það sem á skortir er þetta: Það hefði fyrir löngu átt að vera búið að ná samningum við Grænlendinga um það að koma á svæðisstjórn að því er varðar skipulag á veiðum utan íslensku og grænlensku lögsögunnar á Reykjaneshrygg, ná samkomulagi um kvótabindingu á karfastofnunum þar til þess að styrkja stöðu Íslands og Grænlands annars vegar á þessu svæði og hins vegar að geta notað það í samningum að því er varðar svæðisstjórnina á Barentshafi. Þetta segi ég vegna þess að ég átti frumkvæðið að því í tíð fyrri ríkisstjórnar að við mótmæltum því alveg sérstaklega að tvíhliða nefnd Norðmanna og Rússa yrði viðurkennd innan ramma nýja samningsins sem þessi svæðisstjórn til frambúðar á Barentshafi. Það styrkti þau rök að samkvæmt samningnum ber strandríkjum sem hafa mikla ábyrgð, eiga mikinn

rétt, að leita samninga við aðrar þjóðir og aðrar þjóðir eiga skilgreindan rétt jafnvel á aðild að svæðisstjórnum ef þær fullnægja settum skilyrðum. Það var þess vegna mjög mikilvægt að við hefðum gert þetta, að því er varðar Reykjaneshrygginn, strax. Það hefði styrkt samningsstöðu okkar í þeim samningum sem nú standa fyrir dyrum. Ég verð að segja það að ég harma það, það var mjög miður að sjútvrn. íslenska skyldi ekki hafa lagt mikla áherslu á það þá þegar að ná þessum samningum við Grænlendinga í ljósi þess að þessar tvær grannþjóðir hafa þarna mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Það var einnig mjög miður þegar sá atburður gerðist að bandalagsþjóð okkar, Kanada, varð til þess, án samráðs við Íslendinga, að rjúka til ein þjóða og viðurkenna að fullu og öllu og skilyrðislaust einhliða lögsögu Noregs yfir fiskverndarsvæðinu í kringum Svalbarða og gerast þannig fyrsta þjóðin og eina þjóðin sem afsalaði sér rétti sínum samkvæmt Svalbarðasamningnum, til þess að kaupa þannig stuðning Norðmanna varðandi deilur þeirra Kanadamanna við Evrópubandalagið um veiðar utan þeirra eigin lögsögu. Það var ódrengileg aðgerð af þeirra hálfu. Henni var mótmælt af hálfu utanrrh. og af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. En því miður var það svo að bæði þáv. sjútvrh. og núv., og reyndar hæstv. núv. utanrrh., tóku á þeim tíma að fullkomlega þarflausu eindregna afstöðu með Kanadamönnum í þessu máli og veiktu þannig samningsstöðu okkar Íslendinga að óþörfu.

Þriðja málið sem varðar þessa úthafsveiðistefnu er að sjálfsögðu veiðarnar á Flæmingjahattinum þar sem samtök íslenskra útvegsmanna hafa gagnrýnt sjútvrn. mjög harðlega fyrir að hafa verið óundirbúið og óviðbúið, sent einn embættismann án atbeina annarra á lykilfund þar sem teknar voru örlagaríkar ákvarðanir í því efni. Þetta er mynd af þeim heildarhagsmunum sem við höfum að gæta og það er ástæða til að spyrja: Er það óbreytt stefna núv. ríkisstjórnar að freista þess að ná þessum samningum á heildargrundvelli?

Í annan stað spyr ég: Treystir hæstv. utanrrh. sér til þess að lýsa því yfir að hann muni undir engum kringumstæðum afsala Íslendingum þeim rétti sem Svalbarðasamningurinn kveður á um, bæði til fiskveiðiréttinda og annarrar auðlindanýtingar, og mun hann áskilja sér rétt til þess, ef ekki näst viðunandi samningar af hálfu Norðmanna um að viðurkenna þann rétt okkar samkvæmt samningnum, bæði að leita eftir samstöðu við aðrar samningsþjóðir, sem hafa mótmælt sjálftökurétti Norðmanna eða ekki viðurkennt hann með því að efna til formlegrar ráðstefnu um það mál, eða áskilja sér rétt að halda því til streitu að láta á þetta reyna fyrir dómstólum ef samningaleiðinni er lokað af Norðmanna hálfu? Þetta eru að mínu mati þýðingarmestu og stærstu þættirnir í þessu máli.

Það er ástæða til þess að minna á það að Smuguveiðarnar hafa á tveimur árum fært okkur björg í bú sem svarar rúmlega 6 milljörðum kr. Þær hafa aukið verðmæti íslensks útflutnings, eru stór þáttur af þeim hagvexti sem þó varð eftir langt samdráttarskeið, grundvöllur fyrir aukinni atvinnu, auknu vinnsluvirði o.s.frv. Það eru ekki litlir hagsmunir út af fyrir sig. Samt sem áður er það svo að ef við berum saman annars vegar þau tilboð sem nefnd hafa verið um veiðar í Smugunni í samanburði við þá heildarhagsmuni sem ég var hér að lýsa, þá er niðurstaða mín alveg tvímælalaust sú að það sé grundvallaratriði að ef tiltölulega lítið er í boði eða til skamms tíma þá ber að líta fyrst og fremst á þá heildarhagsmuni sem við höfum að verja og þau réttindi sem við höfum tryggt okkur með aðild að Svalbarðasamningnum og úthafssamningi S.þ. Við megum ekki láta það henda okkur aftur, vegna þess að það hefur gerst áður, þegar við mætum útþenslustefnu Norðmanna á Norður-Atlantshafi, að láta skammtímahagsmuni verða til þess að við viðurkennum varanlega hagsmuni þeirra, sem þeir hafa tekið sér sjálfir án stoðar í þjóðarrétti, sem þeir hafa gert með fiskverndarsvæðinu í kringum Svalbarða og sem þeir gerðu þegar þeir köstuðu eign sinni á Jan Mayen, sem við höfum viðurkennt, þurftum ekki að viðurkenna, áttum ekki að viðurkenna, en gerðum í samningum vegna þess að við vorum óundirbúnir, höfðum ekki heildarsýn og skammtímahagsmunir voru látnir ráða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Það væri vissulega ærið tilefni til að ræða nánar við hæstv. utanrrh. um Evrópustefnu núv. ríkisstjórnar. Það verður hins vegar að bíta í það súra epli að tíminn til þess í þessari umræðu er einfaldlega ekki fyrir hendi, enda má segja að það sem kemur fram í skýrslu ráðherrans gefi ekkert tilefni til mikilla umræðna út af fyrir sig vegna þess að þar er einfaldlega lýst biðstöðu, ekki stefnu.

[18:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma að og ekki vannst tími til í fyrri ræðu minni við þessa umræðu nú þegar við ræðum í upphafi þings um utanríkismálin.

Ég vil fyrst nefna að það er afar eðlilegt að mál sem varða fiskveiðiréttindi og varða norðurslóðir séu fyrirferðarmikil hér við þessa umræðu. Því veldur bæði hagsmunir okkar á þessu sviði og það sem er að gerast og hefur verið að gerast í samskiptum okkar við grannþjóðir á Norður-Atlantshafi. Ég get tekið undir ýmis þau varnaðarorð sem hafa fallið í þessari vandasömu stöðu sem við stöndum í gagnvart nágrönnum okkar í þeim samningaviðræðum sem fram hafa farið eða samningaþreifingum sem fram hafa farið um nokkurt skeið til að leita lausna á þeirri leiðu og viðkvæmu deilu sem við höfum átt í, sérstaklega við Norðmenn.

Ég held að það sé full ástæða til að reyna að horfa langt fram á veginn þegar verið er að meta það hvernig eigi að standa að hugsanlegum samningum og lausn þessara deilna. Við höfum þar vissulega víti til að varast, eins og hv. þm. Jón Hannibalsson kom að hér í sínu máli, að því er varðar þau skref sem stigin voru gagnvart Jan Mayen á sínum tíma og einnig varðandi Jan Mayen-samkomulagið á sínum tíma, að því er varðar fiskveiðiréttindi m.a., sem og að því er varðar Svalbarðann. Vegna þess að hv. þm. kom í sínu máli að útþenslustefnu Norðmanna, sem hann mat að væri yfirveguð og markviss og hefði verið um langt skeið, þá fannst mér hann gleyma einu atriði sem ég vil nefna, þar sem er samningurinn frá 1920 í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, sem færði Norðmönnum í rauninni fótfestuna (**JBH:** Ég ræddi það fyrr í ræðu minni.) eftir fyrra stríðið. Ég tók einmitt ekki eftir því í fyrri ræðu hv. þm. að hann hefði komið sérstaklega að þessu. En á grundvelli þess eru síðan sett lög í Noregi 1925 þar sem Svalbarði er lýstur hluti norska ríkisins samkvæmt þeirri löggjöf. Mér finnst að fyrrv. ríkisstjórn, þó að hún hafi stigið það eðlilega skref að sækja um að Ísland gerðist aðili að Svalbarðasamningnum, þá hafi menn ekki þar um neitt að hælast vegna þess að hæstv. fyrrv. utanrrh., nú þingmaður, Jón Hannibalsson, kom fyrst auga á þetta mál eftir að ýtt hafði verið við stjórnvöldum af útgerðaraðilum sem hófu

veiðar í ágústmánuði 1993, ef ég man rétt, í Smugunni. Það er fyrst í framhaldi af því sem íslensk stjórnvöld fara að átta sig á þeirri staðreynd að Ísland var eitt Norðurlanda ekki aðili að Svalbarðasamningnum.

Ég vissi þetta ekki fyrr en seint í júnímánuði þetta sumar þegar ég fór í fyrsta sinn og reyndar eina, til Svalbarða og komst að þessu. Ég hafði þá ætlað mér að taka málið upp strax og þing kæmi saman, en það gerðust þeir atburðir þá um sumarið sem leiddu til þess að málið var sett á dagskrá og við í framhaldi af því stigum það eðlilega skref að tryggja okkur þau réttindi sem aðild að Svalbarðasamningnum setur okkur.

Ég held að það sé eitt atriði í þessum samningaþreifingum sem þarf að horfa alveg sérstaklega á og það er sú stóra spurning hvort menn eigi að fara að opna með einhverjum hætti meira heldur en gerst hefur fyrir veiðar útlendinga innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég held að reynslan ætti í raun að sýna okkur að það skiptir gífurlega miklu máli að við höldum þar réttinum sem fyllstum í okkar eigin höndum. Það gildir að sjálfsögðu allt annað um flökkustofna, stofna sem fara á milli auðlindalögsögu ríkja, heldur en þá stofna sem við búum einir að og nýtum í okkar eigin lögsögu. Og ég held að menn þurfi að horfa vel á málin áður en þeir fara að gera þá stofna að einhvers konar skiptimynt í sambandi við að skipta á veiðiheimildum milli ríkja.

Einn vandinn sem þessu tengist, virðulegur forseti, er hversu erfitt það er að færa til baka réttindi sem menn hafa náð og að bregðast nógu skjótt við ef sýnilega er hætta á ferðinni vegna ofveiði. Þá er það býsna flókið ef menn eru njörvaðir í alþjóðlegt samstarf að grípa með skjótum hætti til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar kunna að vera. Í rauninni er staðan varðandi sjávarauðlindirnar mjög víða, og einnig á norðurslóðum, með þeim hætti að menn þurfa að gæta sín við hvert fótmál. Hinn of stóri floti sem er víðast hvar, veiðigetan langt umfram það sem hægt er að hleypa hömlulaust fram og sú mikla fjárfesting sem er þar að baki, skapar gífurlegan þrýsting á að nýta auðlindina og menn eru ekki varúðarmegin í þessum efnum. Ef litið er á myndina yfir heiminn þá blasir við að menn eru á brún hengiflugs í þessum efnum. Þrátt fyrir margfalda fjárfestingu í veiðiflota og tilkostnaði við veiðar þá er frekar að heimsaflinn sé að dragast saman heldur en hitt. Við hér á norðurslóðum búum við afar viðkvæmt samhengi í þessum efnum, miklar sveiflur sem tengjast veðurfari og ytri aðstæðum og þurfum að sjálfsögðu, þar sem um sjálfa undirstöðu okkar Íslendinga efnahagslega er að ræða, að gæta okkar alveg sérstaklega vel.

Virðulegur forseti. Hér hefur borið á góma hernaðarbandalagið NATO og menn eru að lýsa undrun yfir því að Alþb. skuli halda við sína stefnu í þeim málum. Stefnu sem það hefur fylgt frá því að þetta hernaðarbandalag var stofnað. Ja, það er nú einkennilegt, virðulegur forseti, ef það eru tíðindi að við skulum andmæla því að vera flæktir í slíkt hernaðarbandalag, að menn skuli undrast það að við andæfum gegn því þegar óvinur þessa bandalags er týndur. Þegar óvinur þessa hernaðarbandalags er týndur og hefur ekki fundist enn, nema það er verið að reyna að vekja hann upp með einum og öðrum hætti með því að vísa á Rússa, ótryggt ástand þar sem og víðar og þá þurfa menn að hafa í höndunum þetta tæki, þetta gamla hernaðarbandalag. En hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, sem talaði hér við umræðuna, vék einmitt að þeirri kreppu sem hernaðarbandalagið NATO er í við þessar aðstæður þegar óvinurinn er týndur. Það eru fleiri og fleiri ríki að óska eftir því að skríða undir pilsfaldinn, þar á meðal undir ógnarhótunina sem NATO heldur samkvæmt sínum samþykktum, að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Það eru fleiri, fleiri ríki og hvernig á að flokka þau?

Þörfin á því að taka öryggismál Evrópu öðrum tökum en að fara eftir gamla kaldastríðssporinu með því að viðhalda hernaðarbandalaginu NATO hefur aldrei verið brýnni. Hættan á því að í Evrópu komi á ný upp tjald, nýtt járntjald á milli ríkja, þar sem Rússland, á því breytingaskeiði sem það býr við, óttast um að vera króað af, að vera króað af, og lýsir ugg sínum vegna hættunnar af einangrun, hættunnar af því að verið sé að byggja upp og draga nágrannaríkin inn í þetta hernaðarbandalag. Ég held að menn ættu aðeins að setja sig inn í þessar aðstæður áður en þeir halda áfram hyllingarsöngnum um hernaðarbandalagið NATO og þá stefnu að draga þar fleiri og fleiri nágrannaríki til austurs inn í það, án þess að vilja ljá máls á því að hleypa Rússunum inn, jafnvel þótt þeir mundu óska. Án þess að ljá máls á því.

Það liggur í rauninni fyrir, a.m.k. heyrist það frá mjög mörgum aðilum, að það komi ekki til greina af hálfu Atlantshafsbandalagsins að taka Eystrasaltsríkin í reynd inn fyrir. Þau bíða. Óskirnar eru þar. En það er mikið hik á því. Og þetta atriði, sem ég ætla ekki að ræða frekar, sýnir þann vanda sem þarna er við að fást, að ætla að skipta Evrópu upp með þessum hætti á nýjan leik. (Gripið fram í.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr um afstöðu Alþb. Ég vænti þess að hann þekki okkar afstöðu. Hann þekkir hana frá því að hann stóð dyggan vörð um okkar afstöðu. Það er ekki langt síðan. Og ég vona að við fáum liðsinni frá hv. þm. þegar farið verður að ræða við hann af nýjum formanni Alþb. um samstarf, fái ötulan stuðning við þetta baráttumál Alþb., sem var ítrekað á nýafstöðnum landsfundi.

Virðulegur forseti. Mannréttindamál eru sem betur fer ofarlega á dagskrá í alþjóðlegri umræðu. Þar er það hins vegar svo að þar gætir mikilla þversagna í meðferð þeirra mála og umræðunni um þau efni. Ég vil leyfa mér hér, virðulegur forseti, að koma að kannski einni stærstu þverstæðunni eins og hún blasir við í umræðunni hér á Íslandi. Það er afstaðan til mannréttindamála í þriðja heiminum, sem við köllum svo og þá alveg sérstaklega í Kína. Við Íslendingar viljum gjarnan taka stórt upp í okkur þegar mannréttindamál eru annars vegar og það er auðvitað rétt og skylt af okkur sem smáþjóð að styðja við þau gildi sem varða almenn mannréttindi með ráðum og dáð. En það vill hins vegar bera við að þegar spurningin er um það að láta eitthvað á þetta reyna þá eru það aðrir hagsmunir sem koma inn í þá mynd. Þar er skemmst að minnast þess sem gerst hefur í samskiptunum við Kína undanfarin ár. Það er alveg ljóst að það er óvíða í veröldinni og ég tala nú ekki um miðað við fólksfjölda, þar sem almenn mannréttindi eru jafngróflega fótum troðin á þann mælikvarða sem við Vesturlandabúar almennt leggjum á það, eins og í Kína þar sem býr um fjórðungur mannkyns. Þrátt fyrir þetta hafa menn lagt á það ofurkapp, af hálfu opinberra aðila á Íslandi, að treysta böndin við Kína, þannig að það er ekkert land sem notið hefur slíkrar athygli og ástríðufullra samskipta af hálfu íslenskra stjórnvalda á undanförnum missirum heldur en einmitt samskipti við Kína. Ég held að þetta sé orðið þannig að það er orðið beinlínis vandræðalegt fyrir móttökuaðilann að taka við hverri sendinefndinni á fætur annarri frá þessu fámenna ríki Íslandi, sem

er alltaf að banka upp á.

Þetta byrjaði, virðulegur forseti, með hæstv. fyrrv. utanrrh., Jóni Hannibalssyni, sem ég held að hafi riðið á vaðið af opinberum aðilum. Hann stofnaði með skjótum hætti til sendiráðs í Peking og heimsótti auðvitað Kína sjálfur af því tilefni og fékk hinar bestu viðtökur, að ég held. Síðan hefur hvert stórveldið á fætur öðru, forsrh. landsins, forseti Íslands, utanrrh. landsins, verið þar í opinberum heimsóknum, og það verður ekki séð að það gangi hnífurinn á milli. Fyrir utan einstaka þingmenn. Ég minni á hv. þm. Árna Johnsen, sem flutti slíkan dýrðaróð hér í þingmáli, skjalfestu, um alla dýrðina austur þar. Eina sem hann gleymdi að nefna var að öll þessi dýrð í efnahagslegu tilliti var undir alsjáandi auga Flokksins, með stórum staf.

Ég er að nefna þetta hér, virðulegur forseti, af þeim sökum að mér finnst að menn þurfi að gæta ákveðinnar samkvæmni í orðum og athöfnum og mér finnst að menn hafi farið rækilega yfir strikið í þessum efnum. Ég er ekki að blanda þessu saman við Ráðstefnuna um málefni kvenna í Peking. Það er að sjálfsögðu allt annað mál, kemur þessu ekkert við og ekkert óeðlilegt við að hún væri haldin og nánast vandræðalegt hvernig einstakir fulltrúar þar voru að tala um að þeir yrðu einmitt í leiðinni að koma á framfæri einhverjum sérstökum mótmælum. Það er bara allt annað mál heldur en samskipti lýðveldisins Íslands við Alþýðulýðveldið Kína, eins og ég held að það sé enn þá kallað.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegur forseti.

[19:11]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get upplýst hv. þm. Hjörleif Guttormsson um það að eina „kreppan“, innan gæsalappa auðvitað, sem hann talar um að sé innan NATO er allur sá fjöldi þjóða sem sækir eftir inngöngu í bandalagið. Hvers vegna eru þau að óska eftir því? Heldur hv. þm. að það sé að tilefnislausu? Þar að auki vil ég upplýsa hv. þm. um að NATO er ekki hernaðarbandalag heldur varnarbandalag og réttast væri þó að lýsa því sem friðarbandalagi eins mikið og það hefur lagt af mörkum til eflingar lýðræðisþróunar í heiminum. (**SvG:** Hallelúja.)

[19:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var skemmtileg ræða. Aldeilis afbragðsgóð ræða. Eina kreppan hjá NATO er sá fjöldi þjóða sem vill komast þar inn, en mér heyrist að það séu bara talsverðar hindranir í vegi að þær fái inngöngu og hv. þm. eyddi miklu af ræðu sinni áðan einmitt til að lýsa þessum stóra vanda. Það væri gott að hv. þm. upplýsti afstöðu sína til þess að hleypa Rússunum inn. Hvað segir hv. þm. um það að hleypa Rússunum inn í NATO? Er hv. þm. reiðubúinn til þess? Eða sér ekki hv. þm. þá þversögn sem er í því að ætla að króa Rússland, sem er að reyna að fóta sig með nýjum hætti, að króa þá af með hernaðarbandalaginu NATO, sem hv. þm. hentar að kalla, ja, vill helst kalla það friðarbandalag og lýðræðisbandalag? Bandalagið sem hefur m.a. innan sinna vébanda Tyrkland, sem við Íslendingar þekkjum nú af ýmsu öðru en lýðræðisást. Ég held að menn ættu að skyggnast með svolítið opnari huga um gáttir í þessu fyrirtæki, í þessu hernaðarbandalagi hinna gömlu nýlenduvelda Evrópu, sem halda þar um þræðina með Bandaríkjunum.

[19:13]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi foresti. Ég ætla bara rétt að vonast til þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson reyni að kynna sér þær breytingar sem hafa átt sér stað að undanförnu í umheiminum. Mér heyrist að ekki sé vanþörf á því. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn á móti Rússum?)

[19:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var einmitt það sem ég var að ræða um, breytingarnar í umheiminum, en hv. þm. virðist ekki hafa tekið mikið eftir þeim. Og ósvarað er minni spurningu: Hver er afstaða þingmannsins til þess að taka Rússland inn í Atlantshafsbandalagið ef formlegar óskir bærust þar um? Hver er afstaða þingmannsins?

[19:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Hún hefur verið málefnaleg. Menn hafa saknað þess að ýmsum málum hafi ekki verið gerð nægileg skil í þeirri ræðu sem ég flutti hér. Sú gagnrýni á að sjálfsögðu við rök að styðjast og ávallt má gera betur í þeim efnum og ég skal koma að því á þeim fáu mínútum sem ég hef hér.

Ég get samt ekki annað en tekið það fram að sú ræða sem hér er flutt lýsir góðu samkomulagi núv. stjórnarflokka um utanríkismál og það hefur vakið athygli mína í dag að afar lítil samstaða virðist vera um utanríkismál meðal stjórnarandstöðunnar á sama tíma og í nánast hverjum einasta fréttatíma er talað um sameiningu þessara afla. Um hvað ætla þessi öfl að sameinast? Um afstöðuna til NATO? Um afstöðuna til Evrópusambandsins? Um afstöðuna til Rússlands? (**Gripið fram í:** Afstöðuna til Framsfl.) Eða afstöðuna til Framsfl.? Það væri náttúrlega út af fyrir sig mikill heiður fyrir Framsfl. ef það einasta sem flokkarnir gætu komið sér saman um væri afstaðan til Framsfl. Það væri alveg nýtt í íslenskri stjórnmálasögu ef flokkur yrði til út á það. En mér heyrist nú að a.m.k. fyrrv. formaður Alþb., sem var eitt sinn í Framsfl., hafi verið að reyna ... (**Gripið fram í:** Hver?) Fyrrv. formaður, Ólafur Ragnar Grímsson, hafi verið að sveigja afstöðu flokksins mjög að afstöðu Framsfl. í utanríkismálum, þar á meðal afstöðuna til NATO. (**Gripið fram í:** Ég var nú í Framsókn líka.) Já, ég man ekki þá tíð og er hræddur um að það hafi verið áður en þú hafir verið kominn til nokkurs þroska eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. (**HG:** Ha, hvað sagðir þú?) Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem einnig hefur sagst hafa verið í Framsfl. en ég er hræddur um að það hafi verið áður en hann hafi verið kominn til mikils þroska. (**Gripið fram í:** Það gæti nú verið, já.)

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og nokkrir aðrir hafa fjallað um það að lítið hafi verið talað um hafréttarmál. Ég vil ekki taka undir það en ég vil þó biðja menn að íhuga það að þessi ræða er flutt við þær aðstæður að við erum í dag og á morgun að reyna að ná til lands í þeim erfiðu deilumálum sem við höfum átt í við Norðmenn og Rússa. Varðandi það sem hér hefur verið sagt í sambandi við Norðmenn og Svalbarða bið ég menn um að minnast þess að við erum ekki að tala um samkomulag við Norðmenn eina. Við erum að tala um samkomulag á milli Íslands, Noregs og Rússlands. Ég veit að hæstv. fyrrv. utanrrh. er vel upplýstur um að það er mismunandi afstaða þessara tveggja ríkja varðandi Svalbarða og tel mig ekki þurfa að fjalla meira um það að þessu sinni. Ég vil líka benda á það að við erum að fjalla um þessi mál við þær aðstæður að það hefur verið samþykktur

samningur um veiðar á úthafinu þótt hann hafi ekki tekið gildi. Þó að Smugan sé úthaf gengur þessi samningur út á það að ná stjórn á þeim veiðum sem þar eiga sér stað og annars staðar á úthafinu. Það er sá munur sem er á þessu máli nú og þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gegndi embætti utanrrh.

Ég veit ekki annað en að tiltölulega góð samstaða hafi verið um það á Alþingi að móta stefnu í þessum málum. Ég ásamt mörgum öðrum þingmönnum í fyrrum stjórnarandstöðu tók þátt í störfum svokallaðrar úthafsveiðinefndar og ég veit ekki betur en að við höfum lagt þar ýmislegt til málanna sem hafi verið gagnlegt í sambandi við stefnumörkun í þessum málum. Ég tel að við eigum að halda áfram að vinna að þessum málum með þeim hætti að náið samráð sé milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þeim og ég veit ekki betur en að við höfum gert okkur far um að reyna upplýsa utanrmn. um málið og úthafsveiðinefndina á hverjum tíma.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að það var mjög bagalegt að ekki skyldi vera samstaða innan fyrrv. ríkisstjórnar í þessu máli. Hér var minnst á samkomulag við Grænlendinga. Það er mál sem oft kom til umræðu á fyrra kjörtímabili og ég tjáði mig oft um. Ég er því sammála að við áttum að hefja viðræður mun fyrr við Grænlendinga um þessi mál. Ég hef gert mér far um að leggja á þetta áherslu og það hefur verið gert. Við höfum átt um það mjög gott samstarf við sjútvrn. Mér er ekki kunnugt um að það sé neinn ágreiningur uppi á milli utanrrn. og sjútvrn. í þeim málum að mikill vilji sé fyrir því að taka upp tvíhliða samstarf milli Íslendinga og Grænlendinga. Það er alveg nýtt fyrir mér. Við höfum átt viðræður við Grænlendinga um þetta mál nokkrum sinnum á þessu sumri en það hefur ekki leitt til niðurstöðu og Grænlendingar vilja bíða átekta í málinu. Ég geri ráð fyrir að jafnvel þótt þær viðræður hefðu verið hafnar fyrr þá hefði niðurstaðan verið svipuð og ég sé því ekki ástæðu í ljósi þess að ásaka einn né neinn í því sambandi.

Að því er varðar nokkrar fyrirspurnir sem hafa verið fluttar og sumir hverjir þeirra hv. þm. sem þær fluttu eru hér ekki viðstaddir þá var í máli nokkurra, komið inn á málefni Íraks þar á meðal í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Nú er það svo að málefnin í Írak eru mikil harmsaga og mér finnst eins og hv. þm. tali oft og tíðum um það að ríki Vestur-Evrópu og önnur ríki í heiminum, sem hafa stutt viðskiptabann á Írak, séu helsti sökudólgur í þessu máli. Ég hef látið útbúa skýrslu um þetta mál sem ég vænti að muni verða send til utanrmn. sem fyrst, þar sem koma fram ýmsar upplýsingar í sambandi við þetta mál. Ástæða er til þess að taka það fram að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ákvað 14. apríl sl. að veita undanþágu til kaupa á olíu og olíuvarningi frá Írak fyrir 1 milljarð bandaríkjadala með 90 daga millibili en áskilið var að andvirði kaupanna mundi renna í sérstaka vörslu sjóðs sem kostaði m.a. hjálparstarf samstarfsáætlunar sérstofnana Sameinuðu þjóðanna í Írak. Þessu tilboði var umsvifalaust hafnað. Öllum tilraunum til þess að reyna að milda þetta mál hefur verið hafnað af þeim manni sem stýrir öllu í Írak, Saddam Hussein, sem hlaut nýlega einróma kosningu landsmanna. Hér er að sjálfsögðu um mjög erfitt mál að ræða, sérstaklega í ljósi þess að þessir aðilar hafa verið að draga fjöður yfir áform sín um framleiðslu eldflauga og annarra langdrægra flauga og þeir hafa reynt að útvega eitur til efnavopnaframleiðslu og samt sagt rangt til um áætlanir á sviði lífefnavopna. Hér er því miður við að eiga ósvífinn harðstjóra sem heldur þjóð sinni í gíslingu og svífst einskis og reynir á engan hátt á alþjóðavettvangi að verja þetta fólk. Við þær aðstæður er því miður ekki hægt að reikna með því að aðrar þjóðir í heiminum geti bjargað þessu fólki. Þessu ástandi verður að sjálfsögðu að linna í Írak.

Hér hefur líka verið komið töluvert inn á málefni Kúrda. Ég hef ávallt haft mikla samúð með Kúrdum og dáðst að þeim í reynd. Þar er ekki eingöngu við Tyrki að eiga heldur líka þessa sömu Íraka og þennan sama Saddam Hussein sem hefur ráðist grimmilegast að þeim, m.a. með gasárásum og reyndar Írani á sínum tíma sem börðu niður sjálfstæði þessarar þjóðar. Við Íslendingar höfum ávallt fordæmt árásir á Kúrda. Síðast í vor vorum við sammála þeirri ályktun sem var samþykkt af Evrópusambandinu og er í reynd fyrsta ályktunin sem Íslendingar og Norðmenn voru aðilar að. Í kjölfar þeirrar ályktunar þá drógu Tyrkir sig til baka.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurðist fyrir um kjarnorkuvopn og þá staðreynd að í sumar var fjallað allnokkuð um hvort hugsanlegt væri að einhvern tímann hafi verið geymd kjarnavopn hér á landi. Rætt hefur verið af hálfu utanrrn. við Bandaríkjamenn um þetta mál. Við höfum sent utanrmn. skýrslu um málið, sem er að vísu stutt, og ég veit af því að sú skýrsla verður tekin fyrir á næsta fundi utanrmn. Ekkert, sem hefur komið fram, gefur ástæðu til að ætla að hér hafi nokkurn tímann verið geymd kjarnavopn. Það er heldur ekkert sem hefur komið fram sem gefur ástæðu til að ætla að Bandaríkjamenn hafi brotið bókstaf eða anda þess samkomulags sem við höfum gert við þá. Það er engin ástæða til að ætla annað en að þeir hafi virt vilja Íslendinga í þessum málum og ekki komið hingað með kjarnorkuvopn. Ég held að ég geti ekki svarað þessu miklu skýrar.

Hv. 19. þm. Reykv., Guðný Guðbjörnsdóttir, kvartaði undan því að kvennaráðstefnunni hefði verið gerð lítil skil og það er alveg rétt en það á svo sem við um margt annað. Þá er rétt að taka fram að við höfum haft frumkvæði um það að boða til ráðstefnu um málefni kvennaráðstefnunnar, þ.e. samráðsfund Norðurlandanna og baltnesku landanna í kjölfar Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna. Sú ráðstefna verður haldin hér á landi 23. og 24. nóv. Sú ráðstefna er haldin til þess að fylgja þessari merku ráðstefnu eftir og reyna að sameina Norðurlöndin í sambandi við það hvernig henni verður fylgt eftir. Ég vænti þess að sú ráðstefna sýni vilja okkar í því að taka niðurstöður þessarar merku ráðstefnu alvarlega. Við munum að sjálfsögðu reyna að vinna úr málinu eftir bestu getu. Þar að auki er rétt að taka fram að komið hefur verið á starfshópum á vegum Sameinuðu þjóðanna alveg nýlega um þessar stóru ráðstefnur sem hafa verið haldnar á undanförnum árum. Hinum svokallaða fjórða starfshópi er ætlað að hafa frumkvæðið að aðgerðum til að tryggja jafnrétti og bætta stöðu kvenna eftir að allsherjarþingið hefur fjallað um niðurstöðu kvennaráðstefnunnar í Bejing. Það er því margt um að vera í þessum málum og við munum eftir bestu getu reyna að fylgja þessari ráðstefnu eftir og ég vænti góðrar þátttöku þeirra þingmanna sem hafa áhuga á þessum málum.

Herra forseti. Ég hef því miður ekki tíma til að fara ítarlega út í allt sem hér var spurt um en ég vildi þó að lokum svara stuttlega hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um Evrópusambandið. Ég tel að það sem sagt er af minni hálfu um það mál sé alveg skýrt. Ég tel ekki rétt að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég hef aldrei viljað útiloka að sá dagur geti ekki komið. Ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson

getur útilokað það. Það er vegna þess hvað hann sér langt fram í tímann og getur fullyrt langt fram í framtíðina alveg eins og hann heldur því fram í dag að allt sem hann og flokkur hans hafi sagt um NATO sé rétt. Allt verið rétt, alveg sama þó allt sé breytt, allt rétt. Það er ekki rétt að við höfum skrifað upp á allt sem Alþfl. sagði um Evrópskt efnahagssvæði. En ég bið menn um að lesa ræður mínar um Evrópskt efnahagssvæði og ég tel að það sem ég sagði í dag sé ekki í nokkurri mótsögn við það sem ég hef áður sagt enda stóð minn flokkur að því á sínum tíma í samstarfi við Alþfl. að hefja viðræðurnar um Evrópskt efnahagssvæði. Ég veit að hæstv. fyrrv. utanrrh. man vel eftir því. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar... (**Gripið fram í:** Þið hlupuð svo frá.) Við hlupum ekkert frá. Það vildi bara svo til að við treystum okkur ekki til að fylgja öllu því sem hæstv. fyrrv. utanrrh. sagði í þeim málum því hann fór oft á tíðum offari, hann fór *nefnilega hamförum í málinu*. Það var því ekki til þess fallið að sameina þjóðina um það mikilvæga mál enda lagði fyrrv. utanrrh. enga áherslu á að sameina þjóðina, hvorki í því máli né ýmsum öðrum.

Ég get út af fyrir sig endurtekið fyrir hv. þm. það sem ég sagði í sambandi við Evrópusambandið, en ég hélt að það væri augljóst að ef þessi mál, að því er varðar sjávarútvegsstefnuna, verða skýrð með öðrum hætti og eitthvað nýtt kemur upp, þá er komin upp ný staða sem þarf að sjálfsögðu að ræða. Hvernig það verður nákvæmlega get ég ekki sagt, en ég get því miður ekki verið jafnsannfærður og hv. þm. um það að allt sem áður var eigi ekki eftir að breytast og menn geti fullyrt eins og hann um alla framtíð bæði að því er varðar Evrópusambandið og NATO.

[19:31]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað ástæða til að gleðjast yfir því að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki á dagskrá sinni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hitt er jafnframt áhyggjuefni þegar það kemur hér fram í fyrstu skýrslugjörð nýs utanríkisráðherra til Alþingis að meginhindrunin sem hann sér fyrir aðild Íslendinga og helsta hindrunin, sé hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins. Og ef henni verði rutt úr vegi, og það ítrekaði hæstv. ráðherra einmitt áðan, ja, þá blasti við alveg ný staða. Hér er sem sagt hæstv. utanrrh. fyrir sína hönd og síns flokks að segja þjóðinni þetta: Við erum alveg til viðræðu um þetta ef þessari hindrun hinnar sameiginlegu fiskveiðstefnu verður rutt úr vegi. Þetta er talsvert annar tónn heldur en forustumaður hins stjórnarflokksins hefur viðhaft, þegar hann valdi þjóðhátíðardaginn til þess að segja Íslendingum að að hans mati værum við að fara 150 ár til baka gagnvart þingræðinu í landinu ef við gengjum inn í Evrópusambandið eins og það stefnir nú. Ég hlýt að harma það að Framsfl. skuli vera opinn þannig í báða enda í þessu máli á sama hátt og hann var í reynd í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði.

[19:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég á fyrst og fremst við ef fram kemur ný stefna frá Evrópusambandinu að því er varðar sjávarútvegsmálin, ef það kemur fram að auðlindir okkar njóti sama réttar innan þess samstarfs og auðlindir annarra þjóða, þetta er okkar meginauðlind, þá er að sjálfsögðu komin upp ný staða. Þá erum við komnir á jafnréttisgrundvöll við aðrar þjóðir. Og ef okkar iðnaður nýtur sömu skilyrða og iðnaður annarra þjóða, þ.e. að okkar iðnaður sé ekki hengdur aftan í styrkjakerfi og forsjá hins opinbera, eins og nú gerist með sjávarútveg innan Evrópsambandsins, þá erum við komnir á jafnréttisgrundvöll og þá getum við farið að tala um hvort og hvenær við eigum að sækja um. Vegna þess að þá erum við komnir í allt aðra stöðu. Svo geta menn rætt um það, sem er ekki tímabært á þessu stigi, hvort að senda eigi þá umsókn eða ekki. Þá koma vissulega inn ýmis önnur atriði sem hv. þm. hefur gert að umtalsefni. En að það komi aldrei til greina, alveg sama hvernig mál þróist, það get ég ekki sagt. Ég vildi óska þess að ég gæti haft sömu sannfæringuna í þessu máli og hv. þm. og séð svona langt inn í framtíðina. *Ekki sáum við fyrir fall Berlínarmúrsins á sínum tíma* og það breyttist mikið í heimsmyndinni við það. En ég sagði líka í minni ræðu að ég vænti þess að meira samstarf gæti tekist yfir Atlantshafið, ekki bara um varnarmál, eins og ég *veit að hv. þm. er á móti, heldur líka um efnahagsmál* og viðskiptamál og þá á ég við meiri tengingu í efnahags- og viðskiptamálum milli Evrópu og Ameríku.

[19:35]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög mikilvægt að hæstv. utanrrh. skuli opna hug sinn með þeim hætti sem hann gerir hér sem utanrrh. Það er mjög mikilvægt fyrir þjóðina að átta sig á því að hann er alveg opinn fyrir því að að þeim skilyrðum fullnægðum sem hann var að mæla hér fyrir væri komin upp alveg ný staða. Ég vil aðeins ítreka það sem kom fram í ræðu minni fyrr í dag, að ég tel að breytingar á fiskveiðistefnunni, að því marki sem hæstv. ráðherra lét liggja að, sem þyrftu að verða, skipta að mínu mati litlu og engu í raun um það að við eigum ekki að stíga skrefið, ekki að hugsa til þess, að stíga skrefið að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það eru allt aðrir þættir sem vega þungt í þessu máli og skípta sköpum fyrir framtíð íslenskrar þjóðar.

Ég minnist þess hins vegar, virðulegur forseti, að hæstv. fyrrv. utanrrh., sem ég leyfi mér að titla hæstv., en í dag hv. þm., er hér meðal vor, Jón Hannibalsson (**Gripið fram í:** Jón Baldvin.) enn þá, já, enn þá. Jón Hannibalsson er hér enn þá. Ég nefni hið upprunalega og rétta nafn mannsins og fer ekkert dult með það, virðulegur forseti. En hann mælti *hérna í viðtalsþætti fyrir kosningar á síðasta kjörtímabili* að það kynni að vera skemmra á milli Framsfl. og Alþfl. heldur en margur hyggur og mér sýnist satt að segja að hv. þm. hafi fengið nokkurn stuðning við það sjónarmið hér í þessari umræðu.

[19:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég segi það nú bara að sú hugsun, sem kom fram hjá hv. þm. í sambandi við alþjóðamál og tengsl Íslands við umheiminn, að við eigum ekkert að hugleiða eitt né neitt í þessum efnum, mundu þýða það að við værum þá með þá stefnu að loka okkur alveg af. Hvernig væri Ísland statt ef við hefðum ekki gengið í NATO og ef við hefðum ekki tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi? Hvers konar líf væri hér á landi ef sú hugsun sem hv. þm. er fulltrúi hér fyrir hefði fengið að ráða ríkjum? (Gripið fram í.) Og hvers konar flokkur verður það þegar verður búið að sameina Alþb., Kvennalistann, Þjóðvaka og Alþfl.? (Gripið fram í.) Er búið að því? Mér heyrist það á nýjum formanni og fyrrv. formanni Alþb., að þetta sé allt saman í góðum gangi, eins og form. Alþfl. mundi vilja segja, eða er verið að blekkja þjóðina með

því að þarna sé í uppsiglingu eitthvert nýtt stjórnmálaafl? En ég held að það sé einmitt gott að það sé vel upplýst í þessari umræðu hvers konar stjórnmálaafl þetta væri. (Gripið fram í.) Nei, ég neitaði öllum viðræðum um þetta mál sem formaður Framsfl. og taldi ekki ástæðu til að taka þátt í því enda veit ég hvað er langt á milli þessara flokka, ekki síst á sviði utanríkismála og ég veit hvað utanríkismál skipta miklu máli fyrir okkar þjóð. Ef menn geta ekki sameinast um þau mál, þá er náttúrulega út í hött að vera að tala um einhverja sameiningu og ég held að það væri þá best ef það væri sagt. Það er ánægjulegt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur í reynd sagt það með frammíkalli að þessar sameiningarumræður séu bara bull, eins og einhver ágætur félagi í flokknum sagði hér í Reykjavík.

[19:39]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ferill Framsfl. í utanríkisviðskiptamálum er þeim flokki ekki til sóma. Þeir voru andvígir aðils Íslands að EFTA og sýndu þar með mikinn skort á framsýni. Þeir leiddu reyndar í upphafi viðræðurnar um aðild Íslendinga að EES en hurfu frá því eftir kosningar þegar þeir fóru í stjórnarandstöðu, söðluðu um. Þeir fóru gjörsamlega offari með öfugsnúnum og ósönnum áróðri í því máli og voru satt að segja, ásamt með sumum alþýðubandalagsmönnum, þeir sem fóru offari í því máli og áttu þá auðvitað með þeim málflutningi, sem reynst hefur ósannur, stærstan hluta að því að sundra þjóðinni. Sjálfum tókst þeim hins vegar ekki að sameina sinn eigin flokk.

Að því er varðar hins vegar hitt málið sem ég ræddi, sem eru hafréttarmálin, þá þarf ekki hæstv. ráðherra að kvarta undan því að honum hafi ekki verið sýndur skilningur að því er varðar hina viðkvæmu samningsstöðu, en ég varaði sérstaklega við því að þeir samningar yrðu til þess að við afsöluðum okkur hinum meiri hagsmunum okkar til lengri tíma sem byggjast á Svalbarðasamningnum og beindi spurningum til hæstv. ráðherra. Hann svarar því til að minna mig á að nú erum við ekki að semja við Norðmenn eina heldur báðar þjóðirnar Norðmenn og Rússa. Einmitt nákvæmlega þess vegna er það svo að við eigum ekki í slíkum þríhliða viðræðum að ljá máls á að samþykkja einhver skilyrði af hálfu Norðmanna um að afsala okkur rétti gagnvart Svalbarðasamningnum. Ég tek orð hæstv. ráðherra á þann veg, skil þau á þann veg að svar hans, þótt loðmullulegt sé, sé á þann veg að slíkt komi ekki til greina í þessum þríhliða samningum.

[19:42]

Hrafn Jökulsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svo sem til of mikils mælst að hægt væri að láta hæstv. utanrrh. fá áhuga á alþjóðamálum á einni síðdegisstund og þess vegna kom mér í sjálfu sér ekki á óvart þótt svör hans við tveimur atriðum, sem ég nefndi m.a. í minni ræðu fyrr í dag, hefðu verið heldur snautleg. Hæstv. utanrrh. segir að alþjóðasamfélagið geti því miður ekki komið „þessu fólki", þ.e. í Írak, til bjargar af því þar er hræðilegt fól á valdastóli sem neitar að ganga að skilmálum alþjóðasamfélagsins, þ.e. Bandaríkjamanna. Hann nefndi til ákveðið tilboð sem Írökum var gert í vor ef Halldór hefði áhuga á alþjóðamálum þá mundi hann vita að það var sýndartilboð sem Írakar hlutu undir öllum kringumstæðum að hafna. Það má spyrja: Er Saddam Hussein eini harðstjórinn í heiminum? Nú vitum við og við sáum hvernig hæstv. utanrrh. fékk beinlínis stjörnur í augun þegar hann var að tala um blessaða Kínverjana sína og maður les það í fjölmiðlum að hann hafi jafnvel látið sér sæma í nýlegri heimsókn að spyrja kínverska ráðamenn hvort hann mætti vinsamlegast eiga viðskipti við lýðræðisríkið Tævan.

Um Kúrda. Þeir eru áreiðanlega himinlifandi að vita af því að hæstv. utanrrh. Íslands ber mikla virðingu fyrir þeim. Það var, samanlögð umfjöllun hans og svar hæstv. ráðherra.

Ég spyr: Nær sú virðing hæstv. utanrrh. til hinna fangelsuðu þingmanna Kúrda, og ef svo er, hvernig hefur hæstv. utanrrh. hugsað sér að láta þessa dásamlegu virðingu sína í té?

[19:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. vill taka mig í kennslustund í utanríkismálum og það er ekkert nema gott um það. Ég les nú einstaka sinnum Alþýðublaðið og hef fyrir því og hef ekkert nema gott um það að segja sem hann er að skrifa og sýnir málum áhuga. En hann verður að eiga það við sjálfan sig ef hann vill helst reyna að gera lítið úr því sem aðrir segja og er ekkert við því að gera. Það er nú svo, hvort sem um er að ræða málefni í Írak eða málefni Kúrda, að við Íslendingar vinnum að þessum málum í félagi annarra þjóða. Við vinnum að þeim með samstarfsþjóðum okkar innan NATO og Norðurlandanna og þessi mál koma oft til umræðu og við Norðurlöndin höfum haldið hópinn í þessum málum og það er ekkert nýtt og ég sé enga ástæðu til þess að breyta þeirri stefnu. Þessi stefna var líka með þessum hætti í tíð fyrrv. utanrrh. Ég ætla ekki að fara að halda því fram að Íslendingar geti verið þeir frelsarar í þessum efnum, þótt fegnir vildu, að við fáum einir og sér snúið þessum málum við. Við verðum að sjálfsögðu að beita áhrifum okkar í samvinnu við þessar þjóðir og breyta um afstöðu í samvinnu við þær. Ég tel mig hafa alveg jafnmikinn skilning á þörfum þessa fólks. Þessi mál hafa verið rædd mjög ítarlega meðal þessara þjóða og þar er fylgst náið með en ég vil hins vegar taka það fram að málefni Íraks eru fyrst og fremst í höndum öryggisráðsins. Það er öryggisráðið sem endurskoðar stefnuna og viðskiptabannið, að ég held á tveggja mánaða fresti. Og við fylgjumst með því og beitum áhrifum okkar í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar.

[19:47]

Hrafn Jökulsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem mikill nýgræðingur í þessum virðulega sal þá verð ég bara að lýsa undrun minni á því að þegar ég ber upp spurningar til hæstv. utanrrh. þá fæ ég ekki svar við einni einustu. Ég fæ að heyra það eitt að hæstv. utanrrh. sé í félagsskap með ýmsum öðrum löndum og þau séu nú alltaf öðru hverju að ráða ráðum sínum og það sé ekki hægt að ætlast til þess að Íslendingar hafi mikið að segja á alþjóðavettvangi. En svörin, til að mynda varðandi hina fangelsuðu kúrdísku þingmenn, létu ekkert á sér kræla í máli hæstv. ráðherra.

Nú, þá verður bara þessum degi í lífi mínu að ljúka án þess að ég fái svör við þessum spurningum. Ég get svo sem ekki ætlast til þess að hæstv. ráðherra fari að rjúka upp til handa og fóta og gerast, eins og hann segir, einhver mannskynsfrelsari. En ég verð að segja að mér finnst þessi afstaða ekki bera vott um mikið sjálfstraust hjá þessum reynda og virðulega stjórnmálamanni. Ég minni hæstv. ráðherra á að þær stundir hafa komið í íslenskri utanríkispólitík þegar við höfum átt frumkvæði á alþjóðavettvangi sem munað hefur

um. Mér er ljúft að rifja það upp fyrir honum við tækifæri, hafi hann verið að fylgjast með einhverju öðru þegar það átti sér stað. En ósköp gæti ég orðið stoltur af hæstv. utanrrh. ef öðru hvoru fréttist af honum á alþjóðavettvangi með drög að sjálfstæðum skoðunum sem hann þyrfti ekki alltaf að bera undir alla þessa vini sína sem sitja á sífelldum fundum og ekkert kemur út úr.

Ég vil ítreka, herra forseti, að það veldur mér náttúrulega vonbrigðum að fá engin svör við spurningum mínum.

[19:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú svo að heimsmálin eru nokkuð flókin. Og þótt þau kunni að vera einföld í augum ritstjóra Alþýðublaðsins þá er það ekki svo. Ég get lýst því yfir að ég tel ekki tímabært að aflétta viðskiptabanni á Írak af ýmsum ástæðum. Ég tel það ekki tímabært. (Gripið fram í.) Ég held að það hafi mátt skiljast af mínum orðum. Ég tel það ekki þjóna þeim hagsmunum sem við erum að berjast fyrir. Ég hef því miður ekki patentlausnir á málefnum Kúrda þó ég styðji þeirra málstað. Ég heyri það að sumir hér inni vildu ganga svo langt að Ísland segi sig úr NATO vegna þess að Tyrkir hafa ekki ávallt komið vel fram við Kúrda og yfirleitt hafi þeir komið illa fram við þá. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það þjóni málstaðnum að koma þannig fram. Ég teldi það afar mikilvægt að því er varðar málefni Kúrda að koma Saddam Hussein frá. (**HJök:** Ætlar þú að gera það?) Ég heyri það að ritstjóri Alþýðublaðsins telur sig geta það ef hann komist í stól utanríkisráðherra. (**ÖS:** Hann hefur trú á þér.) Hann hefur trú á mér, já. Það má vera. En það er eins með málefni Júgóslavíu. Þau eru afar flókin og engin patentlausn í því máli. En við Íslendingar höfum þó stutt aðgerðir NATO því sambandi og fylgt þeim að málum og haft þar viss áhrif þó að það skuli viðurkennt að við höfum ekki alltaf þar afgerandi áhrif. En við höfum gert það. Það hefur ekki verið einróma stuðningur við það hér á landi. En ég er hins vegar sannfærður um það að afskipti NATO af málefnum Júgóslavíu er eina leiðin til að leiða það mál til farsælla lykta.

Fundi slitið kl. 19:52.

18. FUNDUR

mánudaginn 30. okt.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Minnst þeirra er létust í snjóflóðinu á Flateyri 26. okt. sl.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá karlanefnd Jafnréttisráðs.

Minnst þeirra er létust í snjóflóðinu á Flateyri 26. okt. sl.

[15:02]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Í dag, þegar við alþingismenn komum saman til fundar eftir nokkurra daga hlé, er hugur okkar framar öðru bundinn við þá sorgarviðburði sem dundu yfir byggðarlagið á Flateyri aðfaranótt fimmtudags. Eftir mikið hvassviðri og snjókomu dag eftir dag féll snjóflóð með ofurkrafti yfir byggðina, sundraði mörgum íbúðarhúsum og olli tjóni á öðrum. Í snjóflóðinu létust 20 manns.

Þess er skammt að minnast að í janúarmánuði féll snjóflóð á byggðina í Súðavík og létust 14 manns af þess völdum. Snjóflóð féllu víða um land í vikunni sem leið og hafa ásamt stórviðri valdið gífurlegu tjóni á mannvirkjum og búfé. Viðleitni manna til að afstýra slíkum áföllum hefur því miður reynst ófullnægjandi.

Mest harmsefni í áföllunum þessa óveðursdaga er snjóflóðið á Flateyri. Þar brást sá viðbúnaður sem ætlaður var íbúunum til varnar. Nú þarf að treysta öryggi byggðarinnar og reyna eftir föngum að bæta það tjón sem orðið er. Þar mun koma til kasta Alþingis en hæstvirt ríkisstjórn hefur þegar ákveðið fyrstu aðgerðir til hjálpar og endurreisnar og er um þær samstaða allra þingflokka.

Þegar snjóflóðið féll á Flateyri var brugðist skjótt við. Skipulagt var hjálparstarf og stefnt til Flateyrar björgunarliði víða af landinu eftir ýmsum leiðum í tvísýnu vegna óveðurs og ófærðar. Var unnið dag og nótt við að leita þeirra sem grafnir voru í fönninni. Dugnað og ósérhlífni þeirra manna, sem lögðu sig fram við þessi björgunarstörf, ber sérstaklega að þakka og muna. Þökk sé einnig því hjálparliði sem kom til að hjúkra þeim sem lifðu af og veita syrgjendum styrk.

Við minnumst harmi lostin þeirra sem létust í snjóflóðinu á Flateyri. Þar fórst fjölskylda, hjón og þrjú ung börn, konur misstu eiginmenn sína, foreldrar börn sín og börn foreldra. Fjöldi ættingja, vina og samstarfsmanna hefur orðið fyrir miklum missi. Vonandi er syrgjendum einhver huggun í samúð þeirra sem fjær standa og vitneskjunni um að bæði hér á landi og erlendis beinast hugir manna til þeirra í löngun til að styrkja þá í orði og verki. Alþingi biður þeim blessunar sem orðið hafa fyrir þungri sorg.

Ég bið alþingismenn að minnast hinna látnu og votta syrgjendum samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[Fundarhlé. — 15:06]

Varamenn taka þingsæti.

[16:05]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hafa fjögur bréf um innköllun varamanna. Hið fyrsta er dags. 27. okt. 1995 og er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún Helgadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv."

Guðrún Helgadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa.

Þá er bréf frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, dags. 28. október sl., svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstu tveimur vikum leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Þjóðvaka í Norðurl. e., Vilhjálmur Ingi Árnason, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti."

Kjörbréf Vilhjálms Inga Árnasonar hefur þegar verið samþykkt.

Því næst er bréf frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, dags. 27. október 1995, svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstu tveimur vikum leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturl., Þorvaldur T. Jónsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti."

Kjörbréf Þorvalds T. Jónssonar hefur þegar verið samþykkt.

Loks er bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Geir H. Haarde, dags. í dag, svohljóðandi:

„Þar sem Árni R. Árnason, 6. þm. Sjálfstfl. í Reykn., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykn., Viktor B. Kjartansson tölvunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Kjörbréf Viktors B. Kjartanssonar hefur þegar verið samþykkt.

Þar sem Vilhjálmur Ingi Árnason, Þorvaldur T. Jónsson og Viktor B. Kjartansson hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi ber þeim nú að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Vilhjálmur Ingi Árnason, 6. þm. Norðurl. e., Þorvaldur T. Jónsson, 3. þm. Vesturl., og Viktor B. Kjartansson, 6. þm. Reykn., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[16:06]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Vilhjálmur Ingi Árnason, Þorvaldur T. Jónsson og Viktor B. Kjartansson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þeir boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

[16:08]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreyttar lífverur, 117. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 129.

Framleiðsla og sala á búvörum, 120. mál, frv. landbn., þskj. 132.

Færslur aflaheimilda, 19. mál, svar sjútvrh., þskj. 112.

Grunn- og framhaldsskólar, 41. mál, svar menntmrh., þskj. 126.

Lyfjalög, 21. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 128.

Styrkveitingar úr Menningarsjóði útvarpsstöðva, 69. mál, svar menntmrh., þskj. 127.

Sveitarstjórnarlög, 118. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 130.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 119. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 131.

Þjónusta og kynning Egilsstaðaflugvallar, 121. mál, fsp. JónK, þskj. 134.

Fundi slitið kl. 16:09.

---

19. FUNDUR

mánudaginn 30. okt.
að loknum 18. fundi.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 128. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 120. mál, þskj. 132. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

[16:09]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Á dagskrá þessa fundar eru tvö mál. Svo háttar til um þau bæði að of skammt er liðið frá útbýtingu þingskjala. Því ber að leita afbrigða til þess að þau megi taka á dagskrá og til afgreiðslu. Verður þeirra afbrigða nú leitað um bæði málin og hefst nú atkvæðagreiðslan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:09]

Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, GB, IP, JBH, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, PHB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Lyfjalög, 2. umr.

Stjfrv., 21. mál (gildistaka ákvæða um stofnun lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 21, nál. 128.

[16:10]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Umrætt frv. fjallar aðallega um að fresta köflum VII og XIV í gildandi lyfjalögum. Þessir kaflar fjalla annars vegar um frelsi til að stofna lyfjabúðir og lyfsöluleyfi og hins vegar fjallar XIV. kaflinn um lyfjaverð.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, herra forseti, að það hafa staðið harðar deilur í þessum þingsölum um frestunarfrv. hæstv. heilbr.- og trmrh. Í frv. var gert ráð fyrir því að í stað þess að þessir tveir kaflar tækju gildi á miðvikudaginn kemur yrði gildistökunni frestað þangað til 1. júlí 1996.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fékk á sinn fund þá aðila sem hún taldi nauðsynlegt að ræða við til þess að móta sér endanlega skoðun á málinu. Frá því er skemmst að segja, herra forseti, að það tókst samkomulag í nefndinni um það að stytta þennan frest. Í stað þess að umræddir kaflar taki gildi 1. júlí 1996 eins og hæstv. heilbrrh. lagði til hefur nefndin orðið sammála um að leggja til að þess í stað taki kaflarnir gildi 1. mars nk.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að lesa kaflann sem mestu skiptir í nefndarálitinu. Hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki er fyrirhugað að gera breytingar sem hverfa frá þeirri meginstefnu sem mörkuð er í gildandi lyfjalögum er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. en þó með þeim breytingum að VII. kafli lyfjalaga, um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi, og XIV. kafli laganna, er fjallar um lyfjaverð, taki gildi 15. mars 1996 í stað 1. júlí 1996."

Þeir sem harðast börðust gegn frv. hæstv. heilbrrh. óttuðust einkum að tíminn yrði nýttur til þess að leggja fram breytingar á gildandi lögum sem mundu fela í sér fjarlægðartakmörk eða fjöldatakmörk í tengslum við apótek. Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, að rifja upp hvaða meginstefna er mörkuð í lögum að þessu leyti. Í lögunum er að finna ákvæði þar sem drepið er á heimild til þess að setja slíkar reglur sem varða fjölda íbúa bak við hvert apótek og jafnframt fjarlægðir á milli apóteka. Í nefndaráliti minni hluta frá síðasta kjörtímabili var ekkert fjallað um þetta atriði en í nefndaráliti meiri hlutans, sem hefur vitaskuld lögskýringargildi, er skýrt tekið fram að hér sé einungis átt við að slíkar reglur megi setja upp varðandi lyfjaverslanir í dreifbýlinu. Þetta er nauðsynlegt, herra forseti, að komi fram.

Undir þetta nefndarálit skrifa allir nefndarmenn nema Ögmundur Jónasson með fyrirvara.

[16:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir því hvers vegna ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og byrja á því að lýsa mjög eindreginni andstöðu við þær breytingar sem lyfjalögin hafa í för með sér. Ég tel að verið sé að stíga mikið óheillaspor með þessari lagasetningu og get m.a. af þeim sökum ekki skrifað undir nefndarálitið án fyrirvara. Ég hef talið og tel enn að lögin eigi að endurskoða í heild sinni og taka þau upp með rótum.

Ég hef hins vegar sannfærst um að ríkisstjórnarflokkarnir eru staðráðnir í því að hverfa ekki frá þeirri stefnu sem mörkuð er með lyfjalögunum og mun ég ekki leggjast gegn því að frestur á framkvæmd á tilteknum hlutum laganna verði styttur. Ég legg áherslu á að skilyrðin verði eftir sem áður að allar reglugerðir liggi fyrir fullmótaðar og hafi verið kynntar í heilbr.- og trn. áður en sú dagsetning rennur upp sem lögin eiga að taka gildi. Ég mun því ekki leggjast gegn samþykkt þessara laga en sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[16:15]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á sem talsmaður hv. heilbr.- og trn. hefur orðið samkomulag í nefndinni hvað varðar málsmeðferð þessa frv. Eins og hann gat réttilega um eru nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. sammála um að sá frestur, sem hér er gerð tillaga um, verði ekki nýttur til þess að gera efnislegar breytingar á þeim lagatexta sem fyrir liggur og átti að taka gildi á miðvikudaginn, ekki á morgun heldur hinn, heldur eingöngu að þarna yrði gefinn aukinn umþóttunartími fyrir þá hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þetta er auðvitað býsna mikilvægt í þessu máli öllu saman, virðulegi forseti, en auðvitað verður ekki komist hjá því að gera mjög alvarlegar athugasemdir við það í hinu háa Alþingi með hvaða hætti er staðið að verki. Ég árétta að við erum að ræða um tvo kafla lyfjalaga, VII. og XIV. kafla, sem að óbreyttu ættu að taka gildi að morgni hins 1. nóv. nk., að morgni miðvikudags. Síðdegis á mánudegi, 30. okt., fjallar hv. Alþingi um málið í 2. umr. og tekur það væntanlega til 3. umr. síðar í dag og það mun síðan verða verkefni forseta Íslands að gefa út þessi lög á morgun, innan við sólarhring áður en þessir tveir tilgreindu kaflar áttu að hafa lagagildi og allir þeir aðilar sem um ræðir áttu að undirgangast þessa nýju lagasetningu.

Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem er óhjákvæmilegt annað en gera mjög alvarlegar athugasemdir við og ég vil ekki standa svona að verki. Þess vegna mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv. og það geri ég í fyrsta lagi vegna þess sem ég gat um hér áðan og í öðru lagi vegna þess að ég er efnislega ósammála því að menn ætli að lengja frestinn enn frekar.

Eins og kom fram við 1. umr. tel ég nauðsynlegt að rifja upp hvernig það bar til á sínum tíma að þessir tveir tilgreindu kaflar, VII. og XIV. kafli gildandi lyfjalaga, fengu gildistíma síðar en aðrir þættir þáverandi frv. Það var vegna þess að gert var samkomulag milli þáverandi ríkisstjórnarflokka og þáverandi stjórnarandstöðu að standa þannig að verki. Með nýrri ríkisstjórn er hins vegar gengið á svig við það samkomulag og hæstv. heilbrrh. lagði málið fram og væntanlega með fulltingi núverandi stjórnarflokka.

Við 1. umr. um frv. kom fram að ekki voru allir hv. stjórnarþingmenn jafnángæðir með þetta vinnulag og einn þeirra, hv. þm. Árni M. Mathiesen, gerði athugasemdir við það og taldi þetta óráð. Ég segi því að það er nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þess að hæstv. heilbrrh. er ekki viðstaddur umræðuna — mér er hins vegar kunnugt um að lögmæt forföll hamla því að hún geti verið með okkur í dag — en ég tel hins vegar nauðsynlegt að formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., geri það alveg skýrt við umræðuna hér og nú, hvort hann er því sammála sem kemur fram í þessu nefndaráliti að fjögurra mánaða frestur verði ekki nýttur til þess að gera endaskipti á efnisatriðum þessara tilgreindu kafla heldur sé eingöngu um að ræða að þeim verði frestað óbreyttum fram til 1. mars nk. Það er algerlega nauðsynlegt að hv. þingheimur fái um það skýr svör hvort flokkur hæstv. heilbrrh. er þessu sammála. Ég tek hins vegar eftir því og vek á því sérstaka athygli að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er fulltrúi Framsfl. í heilbr.- og trn. og skrifar undir þetta nefndarálit þar sem tekið er skýrt fram að ekki er gert ráð fyrir því að gera á þessum köflum efnisbreytingar á þeim fresti sem um ræðir. Hins vegar tel ég óhjákvæmilegt að fulltrúi framkvæmdarvaldsins — í fjarveru hæstv. heilbrrh. liggur það nær formanni flokksins, hæstv. utanrrh., — skýri mjög vel í þessum umræðum hvað um er að ræða og hver skilningur flokks hæstv. heilbrrh. er í þessum efnum.

Eins og ég gat um hef ég ástæðu til þess að hafa efasemdir um að þetta samkomulag haldi frekar en hið fyrra. Ég minni enn og aftur á að þegar lögin voru samþykkt á vordögum 1994 var það í samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu að þessi frestur var gefinn til miðvikudags. Nú er enn og aftur verið að breyta frestinum. Má vænta þess að það samkomulag haldi eða er eitthvað annað í pípunum? Ég hef mínar efasemdir. Ég sé engin efni til þess að standa að frestuninni eins og gerð er tillaga um. Ég mun hins vegar virða það samkomulag milli þingflokka að teygja ekki á umræðunni en efnisleg afstaða mín er fullkomlega óbreytt og því mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv.

[16:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt athugasemd til að forða misskilningi. Ég sagði áðan að ég hefði sannfærst um að ríkisstjórnarflokkarnir væru staðráðnir í að hverfa ekki frá þeirri meginstefnu sem væri boðuð með lyfjalögunum enda segir í nefndarálitinu að ekki sé fyrirhugað að hverfa frá þessari stefnu. Hins vegar vil ég leiðrétta hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson þegar hann fullyrðir að nefndarmenn hafi verið sammála um það að nota ekki þennan frest til að gera breytingar á lagafrv. Þvert á móti lýsti ég því yfir áðan að ég væri andstæður lögunum í heild sinni og taldi að þau bæri að endurskoða frá rótum.

[16:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér liggur fyrir nefndarálit frá þingnefnd og það er að sjálfsögðu það nefndarálit sem gildir varðandi túlkun þessara laga ef sett verða en ekki skoðun einstakra flokka. Framsfl. stendur að þessu frv. sem stjfrv. og það hefur orðið samkomulag í nefndinni og nánast allir nefndarmenn skrifa undir og mæla með því að lögin verði samþykkt með tiltekinni breytingu og eina breytingin er sú að í stað orðanna 1. júlí 1996 komi orðin 15. mars 1996. Fresturinn er sem sagt styttur og það er þessi túlkun sem skiptir máli og henni er Framsfl. sammála.

[16:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. skýr svör í þessu efni og ef hann leiðréttir mig ekki þá skil ég þau á þann veg að hæstv. ráðherrar Framsfl. séu sammála hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvað varðar meðferð þessa máls. Með öðrum orðum, ekki er ráðgert að gera efnislegar breytingar á þeim fjórum mánuðum sem gefinn er frestur á. Ef þetta er réttur skilningur, og ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi, þá fagna ég því mjög eindregið. Ef hann er hins vegar rangur bið ég hæstv. ráðherra að leiðrétta mig.

[16:24]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér erum við einungis að tala um frestun á tveimur köflum um lyfjaverð og stofnun lyfjabúða. Það stendur í álitinu að það eigi ekki að gera breytingar á þeirri meginstefnu sem mörkuð er í frv. og við erum sammála um það. Hins vegar er ekki rétt að engar breytingar verði gerðar. Það má vel vera að það verði gerðar einhverjar breytingar. Ég get nefnt sem dæmi að það hefur borið á góma í nefndinni að e.t.v. væri rétt að saman fari fjárhagsleg og fagleg ábyrgð hjá þeim sem hafa lyfjaleyfi. Það væri hægt að koma inn á ýmis atriði í þessum lögum sem væru til bóta. En það kemur mér verulega á óvart að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson skuli lýsa því yfir að hann muni ekki samþykkja þessar breytingar og Alþfl. sé klofinn í málinu. Ég taldi að það væri samkomulag um að standa saman að þessum breytingum og stytta frestinn en núna kýs einn þingmaður að kljúfa sig út úr því samkomulagi.

[16:26]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á sama hátt og ég lýsti ánægju minni rétt áðan hlýt ég að lýsa vonbrigðum mínum núna því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir svarar því til að ekki sé um það að ræða að gera breytingar frá þeirri meginstefnu sem er að finna í frv. Hins vegar hafi menn verið að ræða það, til að mynda að tengja saman fjárhagslega og faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúða. Hvað þýðir það í raun? Það þýðir m.a. að hugmyndir eru uppi um að loka á rekstur lyfjaverslunar til að mynda í stórmörkuðum. Það er verið að setja ákveðnar skorður við því. Hérna er um stórmál að ræða. Ég vil fá þetta mál miklu skýrar og kalla eftir viðbrögðum hv. þm. Guðna Ágústssonar. Er skilningur hans sá hinn sami? Erum við í eltingarleik með orð eða eru menn í raun að tala um að gera ekki breytingar heldur eingöngu að fresta þessu og taka þetta óbreytt upp 15. mars eða eigum við von á því í desembermánuði eða janúarmánuði að nýtt frv. komi frá hæstv. heilbrrh.? Það verður að liggja fyrir skýrt og klárt hvað er átt við með þessu og á orðum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur var ekki annað að skilja en að menn ætluðu eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson biður hér um að fara í gegnum þetta frv. efnislega frá a til ö og hugsanlega gera á því breytingar. En það verður að liggja algerlega kýrskýrt fyrir hvað átt er við. Það hlýtur að vera eðlileg krafa og ég bið hv. formann heilbrn. að gera þingheimi ljóst hvernig umræður fóru fram í þessa veru. Hvað þýðir að ekki verði gerðar breytingar á meginstefnu? Þýðir það að það megi róta í þessu fram og til baka eða hvað er við átt?

Hvað varðar samkomulag á milli þingflokka fjallar auðvitað það samkomulag um það eitt að bregða ekki fæti fyrir gang málsins, það að Alþfl. hafi hlaupið frá efnislegri afstöðu sinni til málsins er auðvitað fjarri öllu lagi. Ég veit ekki og hef ekki kannað það gaumgæfilega hvernig hver einstakur þingmaður Alþfl. mun greiða atkvæði. En hér er eingöngu um það samkomulag að ræða að bregða ekki fæti fyrir framgang málsins. Hvað varðar efnislega afstöðu til einstakra þátta þess gegnir auðvitað allt öðru máli.

[16:28]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður hafði orð á því að hann yrði að fá alveg kýrskýrt frá framsóknarmönnum hvaða hugsun þeir væru með í þessu. Ég þykist vita að hv. þm. Guðni Ágústsson hefði svarað því eitthvað á þá leið. Skrifað stendur: Þar sem ekki er fyrirhugað að gera breytingar sem hverfa frá þeirri meginstefnu sem mörkuð er í gildandi lyfjalögum er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. Það er einmitt það sem er alveg kýrskýrt, hv. þm. Guðmundur Árni, að við sjálfstæðismenn lítum svo á hvað varðar lyfjaverslanir að ekki verði sett þau mörk að þær megi ekki standa hlið við hlið, a.m.k. hér á þéttbýlissvæðinu. Hins vegar er það ekki óeðlilegt að sveitarfélögin hafi eitthvað um aptótek úti á landi að segja, þ.e. fjölda þeirra og það er alveg ljóst hjá okkur sjálfstæðismönnum að það er það sem felst m.a. í þessu en ekki að miklar breytingar verði á þessu frv. enda kemur það fram í nefndarálitinu.

[16:30]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Skjótt skipast veður í lofti í umræðunni á hv. Alþingi. Fyrir tæpum mánuði síðan var það prófsteinn á afstöðu mína til frjálsrar verslunar hvort ég samþykkti að gildistöku lyfjafrv. yrði frestað um átta mánuði. Þetta kom fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, hv. form. heilbrn. Nú hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson hins vegar náð samkomulagi í nefnd sinni um að fresta skuli gildistöku tveggja kafla lyfjalaganna um fjóran og hálfan mánuð, til 15. mars.

Ég ætla ekki að hafa svo stór orð að þessi málalok séu dæmi um afstöðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til frjálsrar verslunar. Ég þykist vita að afstaða hans sé óbreytt og að afstaða hans í þessu máli mótist af því að hann vilji með þessu tryggja að lyfjalögin muni ná fram að ganga óbreytt. Það er hins vegar gaman að velta því fyrir sér að 15. mars er frægur dagur í mannkynssögunni og ef mér skeikar ekki minni þá er það dagur sá er Júlíus Sesar var myrtur. Hvort það hefur eitthvert forspárgildi um framgang þessa máls veit ég ekki en við getum velt því fyrir okkur þegar við höfum gengið frá atkvæðagreiðslunni.

Ég hef hins vegar gert athugasemdir við vinnubrögðin í málinu og þær athugasemdir standa. Ég tel að hæstv. núv. heilbrrh. og reyndar líka hæstv. fyrrv. heilbrrh. beri báðir ábyrgð á því að ekki liggja fyrir reglugerðir til að hægt sé að byrja að starfa eftir þessum lögum 1. nóv. eins og til stóð.

Þar sem þetta samkomulag hefur náðst og mér finnst það skipta mestu máli að lyfjalögin nái fram að ganga að fullu mun ég styðja samkomulagið sem hæstv. formaður heilbrn. hefur náð. En ég geri það í þeirri fullvissu að hæstv. ráðherra muni ekki leggja til breytingar á meginstefnu frv. fram að því að þau nái fram að ganga og að þær reglugerðir, sem settar verða, verði í anda laganna. Það verði ekki reynt að sniðganga anda laganna á einn eða neinn hátt og það verði ekki farið að beita mannfjöldatakmörkunum eða einhverjum vegalengdakvarða þegar ákveðið verður hvar megi

setja lyfjabúðir niður. Ég greiði jafnframt atkvæði með þessari málamiðlun í þeirri trú að ekki verði hróflað við þeim þáttum er snerta fjárhagslega og faglega ábyrgð á rekstri apótekanna þannig að ekki verði reynt að hindra á þann hátt að apótek geti verið rekin á þeim stöðum þar sem það er heppilegast og aðgengilegast fyrir almenning að nálgast þau lyf sem hann þarf á að halda.

Ég fagna því hins vegar að það hefur náðst um þetta samkomulag og treysti því að það muni standa af allra hálfu.

[16:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ég vil að gefnu tilefni minna á að hv. þm. ber að forðast að ávarpa viðstadda í annarri persónu. Einnig er alveg ljóst að nefna ber menn fullu nafni.

[16:35]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kýrnar hafa stopult minni en hv. síðasti ræðumaður er snöggtum skýrari en kýr. Þó mundi hann ekki eftir því að þegar við deildum um þetta mál hér fyrir mánuði gaf Alþfl. og talsmenn hans í þeirri umræðu upp skýringu á afstöðu sinni og harðri andstöðu gegn þessari frestun. Við óttuðumst þá að frestinn mundi hæstv. heilbr.- og trmrh. nota til að koma fram með frv. sem fæli í sér skýrar reglur um fjarlægðartakmörk milli apóteka á þéttbýlissvæðinu og jafnframt að ákveðinn fjöldi íbúa þyrfti að vera að baki hverju apóteki. Í nefndinni kom hins vegar skýrt fram hjá fulltrúum sjálfstæðismanna að þeir mundu aldrei fallast á það — og nú svara ég hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Nú hefur það gerst líka að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur staðfest það, ekki bara fyrir sína eigin hönd heldur fyrir hönd Sjálfstfl., að Sjálfstfl. mun ekki fallast á það. Ég tel það vera merk tíðindi. Í því ljósi tel ég að auðvelt sé fyrir okkur að fallast á þennan skemmri frest vegna þess að fyrir liggur að það verður ekki horfið frá þeirri meginstefnu að slík fjarlægðartakmörk verða í versta falli í dreifbýlinu.

[16:36]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Á ræðu hv. síðasta ræðumanns get ég ekki annað heyrt en að við séum fullkomlega sammála um öll efnisatriði. Ég hlýt því að draga þá ályktun að við séum báðir leystir frá prófinu um að þetta mál sé einhver prófsetinn á stuðning okkar við frjálsa verslun.

[16:37]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins að upplýsa hv. þm. Árna M. Mathiesen um að það hefur komið fram að þær reglugerðir sem ósettar eru og hvíla á grunni umræddra lyfjalaga varða alla aðra kafla í lyfjalögunum en þá sem fresta á. Þannig að það að þær reglugerðir skuli ekki vera fram komnar eru engin rök fyrir frestun þeirra tveggja kafla sem hæstv. ráðherra gerir tillögu um frestun á.

Það er hins vegar ekki meginatriði í mínum augum heldur hitt að ég tel að nú sé heilbr.- og trn. búin að taka þá ákvörðun að lögin verði framkvæmd eins og síðasta ríkisstjórn gekk frá þeim. Ég þakka þeim nefndarmönnum Sjálfstfl. sem hafa tekið af öll tvímæli um það. Lögin verða framkvæmd eins og síðasta ríkisstjórn gekk frá þeim, það er mergurinn málsins, það er alveg kýrskýrt. Hvað er þá það eina sem stendur eftir? Það eina sem stendur eftir er bara sauðþráinn. Það er bara sauðþráinn að vilja fá fram frestinn frestsins vegna án þess að hafa nokkur önnur rök fyrir því en þráann þegar ljóst er að engar breytingar verða gerðar.

Það er ekkert óvenjulegt, virðulegi forseti, að Framsfl. haldi sig mjög fast við sauðþráann. Ég hef svo sem engar athugasemdir að gera við það að leyfa ráðherra að fá svolítinn frest ef það kynni að vera að hún bjargaði andlitinu með því. Ég mun ekki greiða atkvæði gegn þessari málamiðlun, mér dettur það ekki í hug, því það er klappað og klárt að lögin verða framkvæmd eins og fyrrv. ríkisstjórn gekk frá þeim. Undir það verður heilbrrh. að beygja sig þrátt fyrir sauðþráann.

[16:39]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki annað séð en að ég og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson séum fullkomlega sammála um þetta mál og það eigi öllum að vera ljóst að framkvæmd laganna verður eins og gengið var frá lögunum af Alþingi á sl. vetri. En ef það eru einhverjar kýr eða einhverjir sauðir sem sjá þetta ekki vegna sjóndepru þá býð ég fram þjónustu mína til þess að bæta þar úr.

[16:39]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að verða sammála frjálslyndum jafnaðarmönnum í afstöðu til þessa máls. Megi verða framhald á því, ekki veitir okkur af. En við náðum sjónarmiðum okkar fram í þessu máli og það er mergurinn málsins.

[16:40]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög merkileg umræða sem á sér stað hér. Ég veit ekki betur en að ég sé búin að skrifa sjálf upp á álit þar sem segir að ekki eigi að víkja frá meginstefnunni í frv. Samt er verið að reyna að núa manni því um nasir að vera sauðþrár. Mig langar að benda hv. þm. Árna M. Mathiesen á að hann kom inn á að það ætti ekki að breyta neinu í þeim köflum sem við erum að fresta. En VII. kafli segir einmitt að það eigi að taka tillit til fjarlægða á milli apóteka og íbúafjölda. Við erum að fresta þeim kafla. Hér segir hv. þm. Árni M. Mathiesen að ekki megi breyta neinu. En það eigi samt ekki að taka tillit til fjarlægðar á milli apóteka og íbúafjölda. Við erum einmitt að fresta því. Þessi málflutningur gengur algjörlega í hring. Það er einmitt þetta sem verður örugglega skoðað. Ég get ekki sagt annað en að það kemur mér á óvart hvernig fólk hér ræðir um þetta mál og að ég tel að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi tekið mjög skynsamlega á þessum málum.

[16:41]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi ekki að útskýra það fyrir hv. þingheimi að verið er að fresta þessum tilteknu köflum laganna en ekki að breyta þeim. Um það hefur umræðan einmitt snúist að það er verið að fresta þeim og það eigi ekki að breyta þeim og samkomulagið gengur út á það að ekki eigi að breyta þeim og það eigi að fara að anda laganna. Andi þessara laga hvað varðar fjarlægðartakmarkanir og mannfjöldann snýr að dreifbýlinu, hann snýr ekki að þéttbýlinu, það höfum við einmitt verið að taka fram í umræðunni, hv. þm. Sjálfstfl. og reyndar hv. þm. Alþfl. líka. Ég ætla rétt að vona að ég hafi skilið það rétt að hæstv. heilbrrh. meini það þegar hann segir í blaðaviðtali að það eigi ekki að gera neinar grundvallarbreytingar á þessum lagabálki þangað til

hann tekur gildi. Það er einmitt það sem þetta snýst um og þess vegna skil ég ekki að hv. þm. Siv Friðleifsdóttur finnist umræðan vera eitthvað skrýtin, ég næ því bara alls ekki.

[16:43]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég var fjarverandi við afgreiðslu málsins í heilbr.- og trn. vil ég lýsa því yfir að ég er samþykk því nefndaráliti sem hér liggur fyrir og þeirri breytingu sem þar er kynnt. Ég tel að hún sé til bóta.

Mér finnst samt nauðsynlegt að rifja lítillega upp forsögu málsins og minna á að sl. vor var búið að ná um það samkomulagi í þinginu að afgreiða málið með þeim hætti sem það var síðan lagt fram nú í haust. En ég ítreka að mér finnst sú breyting sem hér er lögð til vera til bóta.

Ég vil líka rifja upp hver voru meginmarkmiðin með setningu lyfjalaganna 1994. Þau voru að stuðla að auknu frelsi í lyfsölu, betri lyfjadreifingu og meiri samkeppni sem gæti leitt til lækkunar á lyfjaverði. Þetta finnst mér nauðsynlegt að skerpa og ég a.m.k. get sagt það fyrir mig að mér finnst þessi meginmarkmið vera mjög mikilvæg. Í ljósi umræðna sem hafa farið fram varðandi 20. gr. lyfjalaganna, sem fjallar m.a. um að stuðst skuli við íbúafjölda að baki lyfjabúða og fjarlægð frá næstu lyfjabúð, vil ég, til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni, beina spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh.: Eru einhver áform um að setja reglur um íbúafjölda að baki lyfjabúðar og fjarlægð milli lyfjabúða hér á höfuðborgarsvæðinu? Það er skilningur minn og annarra nefndarmanna sem voru í heilbr.- og trn. þegar lyfjalögin voru samþykkt að það hafi ekki verið ætlunin heldur hafi fyrst og fremst verið ætlunin að þetta sneri að landsbyggðinni.

[16:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur það nú gerst, hæstv. forseti við þessa heilbrigðisumræðu að þeir hafa mest talað um kýrnar sem minnst þekkja til þeirra og lagt út af því að vera kýrskýr. Ég vil segja við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson að ég stend heils hugar að þessu frv. og á ekki von á öðru en að þessar tvær greinar taki gildi í fyllingu tímans, 15. mars, enda í mínum huga alltaf vont að vera að hringla með gildistöku laga. Ég vona því að það geti allt saman gengið eftir og óvissu sé eytt.

En hitt vil ég segja við hv. þm. að ég ætla ekki að lofa því hér úr þessum ræðustól að flytja aldrei frv. um lyfjamál, því það er nú einu sinni helgur réttur okkar alþingismanna að hafa vit á því að skipta um skoðun og vilja breyta einhverju í samfélaginu. Þá flytjum oft lítil frv. og biðjum um breytingu á lögum. Þannig að það verður hinn helgi réttur okkar og aðstæður kunna að breytast með þeim hætti í hinum og þessum málum að menn leggja breytingar til. En sem sé, ég vona að þetta mál gangi fram eins og nefndin skilar því nú frá sér.

Hér hefur það verið umræðuefni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að framsóknarmenn væru sauðþráir. Það er rétt og það er einn meginkostur okkar að vera staðfastir, að vera sauðþrár er að vera staðfastur. Það er kannski þess vegna að okkur er trúað til að vinna góð verk í þessu þjóðfélagi. Það er öðruvísi með blessaðan Alþfl. sem alltaf ber hausnum við steininn. Og það sýnir sig að flokkurinn minnkar og minnkar eftir því sem menn halda því áfram lengur og lengur. Ég vona því að þessi gamli vinur minn, Alþfl., læri af hinu fyrra boðorði sem er öllum hollt.

[16:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna fyrri hluta ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar, hvað varðar efnisatriði þess máls sem hér um ræðir, þar sem hann tók af öll tvímæli í þá veru að þessi rúmi fjögurra mánaða frestur yrði ekki nýttur til þess að gera endaskipti á efnisatriðum þessara tveggja kafla lyfjalaga. Það er hins vegar nauðsynlegt að árétta það í þessari umræðu og engum dettur auðvitað í hug að þessi lög frekar en önnur muni gilda óbreytt um ókomna tíð, en ég vil rifja það upp að þessi frestur á gildistíma þessara tveggja kafla var samkomulagsatriði hér á vordögum 1994 og að mörgu leyti var um fyrirmyndarverklag að ræða. Með öðrum orðum, að allir hagsmunaaðilar hefðu nokkuð langan aðlögunartíma að þessum annars róttæku breytingum á þessari tilteknu löggjöf. Þetta er gott verklag hjá hinu háa Alþingi og við eigum að gera þetta e.t.v. oftar, að hafa lengri aðdraganda að slíkum breytingum eins og hér um ræðir. Þess vegna m.a. er það enn alvarlegra en ella að á þessum tíma aðlögunar skuli menn hugsa sér að fara að hræra í málinu. Það gerir það að verkum að íbúar þessa lands munu auðvitað velta því fyrir sér þegar langur aðdragandi, ár eða meira, er að gildistíma tiltekinna laga, hvort að nokkuð sé að marka það eða hvort þess megi vænta að á þessum aðlögunartíma geri Alþingi svo og svo miklar breytingar á viðkomandi lögum. Það er hinn alvarlegi þáttur þessa mál og gerir það að verkum að kannski sjaldnar en ella höfum við svigrúm í tíma og rúmi fyrir almenning að undirbúa sig undir ný lög í landinu. Það er, held ég, nauðsynlegt að hafa mjög alvarlega í huga við þessa umræðu, virðulegi forseti.

[16:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég kom dálítið nálægt þessu máli þegar það var lögfest og hef reyndar síðan nokkuð gert það að umræðuefni á ráðstefnu um málið, sem haldin var í Hveragerði ekki alls fyrir löngu.

Saga þessa máls er náttúrlega með slíkum endemum að það er ekki hinu háa Alþingi til sóma. Margsinnis varð að hræra í gildistöku þessara laga meðan verið var að semja þau og síðan vil ég minna menn á að það varð að setja bráðabirgðalög sumarið eftir til þess að breyta lögum nr. 108 frá 1984 og nr. 76 frá 1982, sem hreinlega hafði gleymst að taka tillit til. Vinnubrögð á borð við þetta eru auðvitað óþolandi.

Það er líka óþolandi fyrir fólkið í landinu að geta ekki treyst lagasetningu á hinu háa Alþingi. Ég var á sínum tíma á móti breytingu á þessum lögum um stofnun lyfjabúða og lyfjadreifingu. Ég taldi enga sérstaka nauðsyn bera til að breyta þeim. En við höfum orðið að lúta því að meiri hlutinn ræður að sjálfsögðu afgreiðslu mála hér á hinu háa Alþingi og lögin voru sett og þau eiga auðvitað að halda.

Einstaklingar í þjóðfélaginu hafa lagt í mikinn kostnað til þess að stofna fyrirtæki sem annast eiga lyfjadreifingu og það fólk hefur líka rétt. Mér er kunnugt um að hæstv. heilbrrh. er til alls vís í þessu máli og ég held að hv. 4. þm. Reykn. hafi orðið sér úti um smá smugu í málinu áðan í sínu máli. Ég treysti því ekki að fresturinn verði ekki notaður til að breyta þessum lögum. Og það sem kemur mér spánskt fyrir sjónir er afstaða hv. sjálfstæðisflokksþingmanna. Hvar er nú ástin á frjálsri verslun? Hvað mundu kaupmenn landsins segja ef ætti að fara að taka til hvar ættu að vera verslanir miðað við fólksfjölda, fjarlægðir og annað slíkt. Annaðhvort er verslun

frjáls eða hún er það ekki. Það er auðvitað ágreiningur um þetta mál í ríkisstjórninni. Við vitum það ósköp vel. Ég vil bara lýsa því yfir hér, hæstv. forseti, að ég treysti ekki að þessi frestur verði ekki notaður til þess að gjörbreyta lögunum. Það er nefnilega annars engin ástæða fyrir þessari frestun, nákvæmlega engin ástæða. Um hana hefur heldur enginn spurt því að allir hv. þm. vita að hér er bara verið að fara í kringum málið.

Ég ætla þess vegna, hæstv. forseti, að greiða atkvæði gegn þessari frestun. Þessi lög áttu að taka gildi á miðvikudaginn. *Við skuldum þeim sem trúðu því að svo verði. Og hvað* sem okkur alþýðubandalagsmönnum sýndist upphaflega um framgang þessa máls, þá ber að virða þau lög sem sett eru, en hræra ekki í þeim fram og aftur svo að stórtjón skapast því fólki sem hefur treyst því að lög frá Alþingi haldi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:56]

1. gr. samþ. með 35:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖS.

nei: GÁS, GHelg.

4 þm. (KHG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖS.

nei: GHelg.

5 þm. (GÁS, KHG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 128 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, HG*, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖS.

nei: GÁS.

4 þm. (KHG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, JBH, KÁ, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

3. og 4. gr., svo breyttar, samþ. með 35:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖS.

nei: GÁS, GHelg.

5 þm. (HG, KHG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, JBH, KÁ, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

5. gr. samþ. með 35:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖS.

nei: GÁS, GHelg.

5 þm. (HG, KHG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, JBH, KÁ, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. landbn., 120. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 132.

[16:59]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Flm. eru landbúnaðarnefndarmenn og samkomulag um málið liggur fyrir í nefndinni.

1. gr. hljóðar svo: Í stað „1. nóvember 1995" í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. 2. gr. laga nr. 99/1995 kemur: 1. desember 1995.

2. gr. hljóðar svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í grg. segir, með leyfi forseta: „Með frv. þessu er lagt til að heimild landbrh. til að fresta ákvörðun um heildargreiðslumark sauðfjárafurða fyrir verðlagsárið 1996–97 verði framlengd til 1. des. 1995, *en samkvæmt lögum nr. 99/1995, sem* samþykkt voru á vorþinginu, náði þessi frestunarheimild til 1. nóv. Samkomulag hefur orðið í landbúnaðarnefnd um að flytja frv. að höfðu samráði við ráðherra. Frestunin er talin óhjákvæmileg þar sem enn hefur ekki verið afgreitt frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, 96. mál (þskj. 100). Það frv. var lagt fram í því skyni að lögfesta nauðsynlegar breytingar vegna ákvæða í samningi um sauðfjárframleiðslu milli landbrh., fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtaka Íslands frá 1. okt. sl. og er það nú til umræðu í landbúnaðarnefnd."

Ég vil segja hér, hæstv. forseti, að síðasta vetur höfðu Bændasamtökin beðið um frest á þessu máli til 1. mars en landbúnaðarnefndarmenn töldu mikilvægt að þessi ákvörðun lægi fyrir miklu fyrr út af bústofninum sem þurfti að skera niður og lögðu því áherslu á að bæði ríkisstjórnin og Bændasamtökin flýttu sér í málinu og næðu samkomulagi um nýjan samning og þess vegna varð 1. nóv. fyrir valinu. Nú liggur það fyrir, eins og ég hef hér rakið, að málið er til meðferðar í landbn.

Hitt er enginn vafi í mínum huga að auðvitað eru aðilar farnir að vinna eftir þessum samningi um uppkaup og fleira. Ég hef fullan skilning á því að Alþingi þurfi góðan tíma til að fara yfir búvörusamninginn og lagatextann. Þó vona ég samt sem áður að við getum á sem skemmstum tíma afgreitt þetta mál og kannski fyrr en dagsetning segir til um, en það verður tíminn að leiða í ljós.

Ég hef þá ekki fleiri orð um þetta, hæstv. forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:04.

20. FUNDUR

mánudaginn 30. okt.
að loknum 19. fundi.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 135. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 120. mál, þskj. 132. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:05]
Of skammt var liðið frá síðustu umræðu beggja mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Lyfjalög, 3. umr.

Stjfrv., 21. mál (gildistaka ákvæða um stofnun lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 135.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:07]
Frv. samþ. með 37:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖS.
nei: GÁS, GHelg.
5 þm. (HG, KHG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. BBj, BH, EOK, FI, FrS, GE, GB, GMS, HjálmJ, IP, JBH, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 136).

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. landbn., 120. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 132.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:08]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:09.

21. FUNDUR

mánudaginn 30. okt.
að loknum 20. fundi.

Dagskrá:

Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 120. mál, þskj. 132. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:10]
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. landbn., 120. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 132.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:12]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VK, VÁ, ÞJ, ÖJ, ÖS.
20 þm. (BBj, BH, EOK, FI, FrS, GE, GB, GMS, HjálmJ, IP, JBH, KH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, SighB, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 137).

Fundi slitið kl. 17:12.

22. FUNDUR

þriðjudaginn 31. okt.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
4. Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, stjfrv., 92. mál, þskj. 94. — 1. umr.
5. Hjúskaparlög, frv., 107. mál, þskj. 113. — 1. umr.
6. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 102. — 1. umr.
7. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 103. — 1. umr.
8. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 106. — 1. umr.
9. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 104. — 1. umr.
10. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 100. mál, þskj. 105. — 1. umr.
11. Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 102. mál, þskj. 107. — 1. umr.
12. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 89. mál, þskj. 91. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Minning Braga Sigurjónssonar.

[13:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Bragi Sigurjónsson, fyrrverandi bankaútibússtjóri, alþingismaður og ráðherra, andaðist í fyrradag, 29. október, í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hann skorti nokkra daga í hálfníræð.

Bragi Sigurjónsson var fæddur 9. nóvember 1910 á Einarsstöðum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Sigurjón Friðjónsson, bóndi, skáld og alþingismaður, og Kristín Jónsdóttir húsmóðir. Hann stundaði nám í Héraðsskólanum á Laugum 1927–1929, lauk kennaraprófi í Kennaraskóla Íslands 1931 og gagnfræðaprófi utan skóla í Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1932. Stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri lauk hann 1935 og stundaði síðan nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands veturinn 1935–1936. Hann var kennari í Reykdælaskólahéraði í Suður-Þingeyjarsýslu 1936–1938, kennari við Gagnfræðaskólann og Iðnskólann á Akureyri 1938–1946 og stundakennari við Gagnfræðaskólann 1953–1954. Á sumrum 1938–1944 var hann bókari hjá Kaupfélagi verkamanna á Akureyri. Árið 1946 varð hann fulltrúi hjá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, starfaði þar við almannatryggingar. Því starfi gegndi hann til 1964. Útibússtjóri Útvegsbanka Íslands á Akureyri var hann 1964–1978.

Bragi Sigurjónsson starfaði mikið og lengi í Alþýðuflokknum. Hann var formaður Alþýðuflokksfélags Akureyrar 1944–1948 og 1951–1956. Í stjórn Alþýðuflokksins var hann 1950–1979. Hann var bæjarfulltrúi á Akureyri 1950–1954 og 1958–1970, var forseti bæjarstjórnar 1966–1970. Í raforkuráði, síðar orkuráði, var hann 1962–1975, fulltrúi á ráðgjafarþingi Evrópuráðs 1967–1973 og formaður tryggingaráðs 1979. Á Alþingi kom hann fyrsta sinn vorið 1957, tók þá sæti varaþingmanns, hafði verið í kjöri í Austur-Húnavatnssýslu. Hann var landskjörinn alþingismaður 1967–1971 og þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra 1978–1979. Á tímabilinu 1971–1978 var hann varaþingmaður og tók þá sæti tímabundið á sjö þingum. Átti hann því sæti á 14 þingum alls auk fyrri hluta þings 1979–1980 en þá var hann ráðherra utan þings og sat á þingi. Hann var forseti efri deildar 1978. Landbúnaðar- og iðnaðarráðherra var hann frá 15. okt. 1979 til 8. febr. 1980.

Bragi Sigurjónsson var af skáldaætt. Margir nánir ættingjar hans fengust við ritstörf, ortu ljóð, sömdu sögur og skráðu ýmsan fróðleik. Sjálfur var hann afkastamikið ljóðskáld, sendi frá sér margar ljóðabækur, samdi smásögur og fékkst við þýðingar í bundnu og lausu máli. Auk þess skrifaði hann fjölda greina í blöð og tímarit, var ritstjóri tímaritsins Stíganda 1943–1949 og vikublaðsins Alþýðumannsins 1947–1964.

Bragi Sigurjónsson var jafnaðarmaður. Hugsjónir jafnaðarstefnunnar voru honum inngrónar. Hann var um áratugi traustur málsvari hennar í ræðu og riti. Hann var mörgum sinnum í framboði við alþingiskosningar fyrir Alþýðuflokkinn, fyrst í Suður-Þingeyjarsýslu 1949, en oftast í Norðurlandskjördæmi eystra, síðast 1978. Hann var stefnufastur og harðskeyttur baráttumaður, fylginn sér og trúr stefnumálum sínum. Hann afsalaði sér forsetastarfi í efri deild 1978 vegna ágreinings um stefnumál stjórnarflokka. Eftir langa og iðjusama starfsævi fékkst hann við ritstörf, aðallega ljóðagerð. Eftir hann liggur fjöldi ágætra ljóða.

Ég bið alþingismenn að minnast Braga Sigurjónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[13:37]

Útbýting þingskjala:

Aðstoð við ættleiðingar, 18. mál, svar heilbrrh., þskj. 133.
Lyfjalög, 21. mál, þskj. 135.

Mannanöfn, 1. umr.

Stjfrv., 73. mál (heildarlög). — Þskj. 73.

[13:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Frv. það til nýrra mannanafnalaga sem ég mæli fyrir er á þskj. 73 og er samið af nefnd sem ég skipaði í ágústmánuði 1993. Í nefndinni áttu sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn., sem var formaður nefndarinnar, Halldór Ármann Sigurðsson, prófessor í málvísindum við

Háskóla Íslands, og Hjálmar Jónsson, þáv. prófastur en núv. alþingismaður.

Ég mælti fyrir þessu frv. í febrúarmánuði sl. en það var ekki afgreitt á því þingi og því er það nú lagt fram á nýjan leik.

Við samningu frv. var tekið mið af lögum um mannanöfn, nr. 37/1991, en jafnframt litið til eldri laga um mannanöfn frá 1913 og 1925 og frv. til laga um mannanöfn sem lögð voru fram á 75. löggjafarþingi og 92. löggjafarþingi. Enn fremur kynntu nefndarmenn sér sögu íslenskrar nafnalöggjafar að öðru leyti og athuguðu nafnalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem ástæða reyndist til. Einkum var þó stuðst við reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 37/1991 og tekið tillit til þeirrar gagnrýni á lögin sem fram hefur komið.

Margt í lögunum frá 1991 um mannanöfn var til verulegra bóta. Reynslan hefur þó leitt í ljós ýmsa vankanta sem nauðsynlegt er að lagfæra. Einkum hafa ákvæði þeirra um eiginnöfn reynst ósveigjanleg og ekki í samræmi við ríkjandi hugmyndir um persónufrelsi. Í lögunum er t.d. ekki gert ráð fyrir svokölluðum millinöfnum, þ.e. nöfnum sem eru kynlaus í þeim skilningi að þau eru gefin báðum kynjum eins og t.d. nöfn sem dregin eru af örnefnum og enda á dal eða fjörð. Sá siður að gefa slík nöfn hafði þó fengið að þróast að mestu afskiptalaust um langa hríð áður en lögin nr. 37/1991 voru sett enda hefur komið í ljós allmikil ásókn almennings í að fá að gefa nöfn af þessu tagi.

Með ákvæðum laganna um uppruna og hefð eiginnafna er enn fremur tekið fyrir það að ný tökunöfn skjóti rótum hér á landi og hefur það ekki gerst áður í sögu íslenskrar tungu.

Að sjálfsögðu er brýnt að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða en hins vegar er yfirleitt farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og upplýsingu en með beinu lagaboði. Nafn manns er einn mikilvægasti þáttur sjálfsímyndar hans og varðar fyrst og fremst einkahagi hans en síður almannahag. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hlýtur að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi takmarkaður. Sumir nafnasiðir eru þó þess eðlis að þeir snerta ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og er réttur löggjafans til afskipta af þeim þá meiri en ella. Þetta á ekki síst við um íslenska kenninafnasiði eins og gerð er rækileg grein fyrir í athugasemdum með frv.

Markmið frv. eru einkum þrjú:

1. Að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er, einkum með því að heimila aðlöguð erlend nöfn jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefðir í íslensku máli og með því að heimila millinöfn.

2. Að jafna nafnrétt manna eftir því sem kostur er m.a. með því að auka rétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar.

3. Að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn.

Helstu nýmæli frv. eru þessi:

Lagt er til að heimilt verði að gefa erlend nöfn að því tilskildu að þau geti tekið íslenska eignarfallsendingu. Með þessu móti er frjálsræði í nafngiftum aukið umtalsvert en um leið tryggt að erlend nöfn lagist að íslenskum beygingarreglum, a.m.k. að nokkru leyti. Lagt er til að millinöfn verði leyfð með ákveðnum takmörkunum þó. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu því með henni er tekinn upp nýr flokkur nafna sem hefur aðra stöðu í nafnakerfinu en bæði eiginnöfn og kenninöfn. Þessi breyting er óhjákvæmileg ef frv. á að svara kröfum tímans eins og rakið hefur verið og vísa má til frekar í athugasemdum með frv.

Gert er ráð fyrir að þeir sem bera ættarnöfn geti eftirleiðis borið þau sem millinöfn ásamt föður- eða móðurnafni. Ættarnöfn hafa breiðst svo hratt út hér á landi á undanförnum áratugum að íslenska kenninafnasiðnum stendur nokkur ógn af. Breytingunni er ætlað að styrkja þennan ævaforna kenninafnasið Íslendinga. Ekki er þó um neina þvingun að ræða því að þeir sem bera ættarnöfn mega gera það áfram kjósi þeir svo. Þó er gert ráð fyrir að menn taki ekki upp ættarnöfn maka sinna sem kenninöfn eftirleiðis en megi taka þau upp sem millinöfn. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu er raktar ítarlega í athugasemdum með frv.

Loks stefnir frv. að því að auka mjög nafnrétt hérlendra manna af erlendum uppruna. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem fá íslenskan ríkisborgararétt með lögum geti haldið nafni sínu alveg óbreyttu kjósi þeir svo og að niðjar þeirra hafi sama nafnrétt og aðrir t.d. til að halda ættarnafni eða nota það sem millinafn.

Nöfn eru ákaflega persónulegt mál og skoðanir manna á því hvaða reglur beri að setja um nafngiftir mjög skiptar sem vonlegt er. Í frv. er leitast við að sætta ólík sjónarmið um þetta efni og stefnt að löggjöf, sem er frjálslynd og svarar kalli tímans, en virðir um leið sérstöðu Íslendinga og rótgrónar nafnhefðir þeirra.

Herra forseti. Með hliðsjón af því að með frv. fylgja ítarlegar athugasemdir þeirrar nefndar sem frv. samdi og nokkrar umræður fóru fram um frv. fyrr á árinu ætla ég að láta nægja að gera grein fyrir þessum höfuðatriðum í frv. á þessu stigi. Það er alveg ljóst að um veigamikið og vandmeðfarið mál er að ræða. Á því kunna menn að hafa ýmsar skoðanir og það er æskilegt og nauðsynlegt að sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar fari rækilega yfir það og gefi hv. þm. kost á að koma fram með sjónarmið sín við meðferð málsins í þinginu. En ég legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[13:45]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum með þessu frv. var það lagt fram á þingi sl. vetur og varð ekki útrætt og er nú endurflutt efnislega óbreytt. Þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir frv. urðu um það nokkrar umræður á þinginu og m.a. hafði ég athugasemdir fram að færa og ætla að ítreka nokkrar þeirra við þessa umræðu þar sem mikil mannaskipti hafa orðið á Alþingi síðan málið var rætt í febrúar sl.

Setning laga um mannanöfn er vandmeðfarið verkefni. Skoðanir manna á reglum um nafngiftir eru mjög ólíkar. Deilur um mannanafnalög og útfærslu þeirra, þ.e. hvaða nöfn skulu leyfð og hver ekki, skjóta oft upp kollinum enda er nafnið hluti af persónu hvers einstaklings og mikilvægur þáttur sjálfsímyndar hans. Afkáraleg nöfn verða þeim sem þau bera í sumum tilfellum til ama og eins veldur það oft leiðindum þegar bannað er að skíra nöfnum sem ekki eru á mannanafnaskrá Hagstofunnar þótt þau hafi verið notuð í viðkomandi fjölskyldu í áratugi og jafnvel aldir.

Við skoðun á mannanafnaskrá sem gefin var út 1991 í framhaldi af samþykkt laga um mannanöfn í mars sama ár og hefur að geyma þau eiginnöfn sem heimil teljast samkvæmt lögunum, kemur t.d. í ljós að nafnið Kalman finnst þar ekki. En þetta fallega nafn hafa menn borið í Borgarfirði í nokkrar

aldir og reyndar er getið um það í Landnámu. Ég er það íhaldssamur að mér finnst fráleitt að svo gamalgróið íslenskt nafn skuli ekki vera á mannanafnaskrá að því að mér er sagt vegna þess að það er skrifað með einu n-i en ekki tveimur. En í sömu mannanafnaskrá eru leyfð nöfnin Kjartan og Natan sem sýnast vera af sama stofni.

Í formála um mannanafnaskrá segir að skráin sé til viðmiðunar við nafngjafir en á engan hátt tæmandi enda er gert ráð fyrir því í lögunum að hún verði endurskoðuð eftir þörfum og gefin út á ný eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Samt er það nú svo að mannanafnaskrá sem að skrifstofa Alþingis útvegaði mér í síðustu viku er orðin rúmlega fjögurra ára gömul svo að ekki virðist nú hafa verið farið eftir þessu ákvæði laganna.

Í þessari mannanafnaskrá þar sem hið gamalgróna nafn Kalman finnst ekki má hins vegar finna nöfn eins og Bertel og Betúel, Edgar og Evert, Húbert og Ívan, Sebastían, Sesar og Tandri. Þar eru einnig stúlknanöfnin Agða og Amanda, Angela og Anja, Bódel og Elna, Elenóra og Helma, Inger og Irpa, Íva og Júdit, Kirstín og Lýdía, Malen og Ninja, Sabína, Tanja og Tatjana. (Gripið fram í.) Og svo er það ósamræmið. Á sama tíma og mannanafnaskrá leyfir nafnið Júdith, skrifað með h-i, er mér kunnugt um stúlku sem fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir u.þ.b. tveimur árum. Hún heitir Martha, skrifað með h-i. Henni var gert að breyta nafni sínu í Marta, hún varð að sleppa h-inu úr nafninu, annars væri það ekki íslenskt. Hvernig á að útskýra það fyrir þessari ungu stúlku að ekki megi skrifa nafnið hennar eins og gert hefur verið síðan hún var skírð, þ.e. með h-i, þegar kannski í næsta húsi býr önnur stúlka sem heitir Júdith, skrifað með h-i. Að maður minnist nú ekki á hin rammíslensku nöfn Amanda, Ninja og Tatjana. Annaðhvort hafa lögin sem samþykkt voru árið 1991 ekki verið nógu vel úr garði gerð eða þá að framkvæmd þeirra og túlkun hefur verið með öðrum hætti en gert var ráð fyrir. Alla vega sá hæstv. dómsmrh. ástæðu til að skipa nefnd til að semja nýtt lagafrv. í ágúst 1993 og það frv. sem við ræðum hér er afrakstur af vinnu þeirrar nefndar.

Í athugasemdum við þetta lagafrv. er greint frá helstu markmiðum nefndarinnar sem samdi frv. og er þar efst á blaði að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er einkum með því heimila aðlöguð erlend nöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli. Árangurinn má svo sjá á bls. 11 í þessu plaggi þar sem talin eru upp nöfn sem verða heimil ef þetta frv. verður að lögum. Þar má finna m.a. stúlknanöfnin Amel og Anetta, Aretta og Apanasía, Benney og Bergetta, Bína og Blín, Dön og Edna, Emelíta, Giddý og Hallý. Og ekki eru drengjanöfnin sem þar eru talin upp síðri. Þar má finna Alf og Bert og Davor og Evan, Gerald og Húgó, Manúel og Mekkínó, Orvar og Preben, Eddý og Mooney, að ógleymdum þeim snilldarlegu nöfnum Skjarpur og Skunnar. Það er að vísu tekið fram í athugasemdum með frv. að ríkjandi smekkur valdi því að litlar sem engar líkur séu á því að stafarunur eins og Skunnar verði teknar upp sem eiginnöfn. En eftir sem áður gerir þetta frv. ráð fyrir því að það verði leyft. En í athugasemdum með frv. segir að orðalag 5. gr. feli ekki í sér nein þrengjandi ákvæði um nafnstofna. Þetta hafi í för mér sér að ýmsar merkingarlausar stafarunur verði heimilir nafnstofnar.

Það er skoðun mín að sum þeirra nafna sem hér hafa verið nefnd og eru talin upp í grg. með frv. og reyndar flest þeirra eigi ekki erindi á nýfædda Íslendinga. Sum þeirra finnst mér brjóta í bága við síðustu mgr. 5. gr. en þar segir að eiginnafn eigi ekki að vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Í athugasemdum við frv. er getið um það að Íslendingar eru eina þjóðin á Norðurlöndum og þótt miklu víðar væri leitað sem hefur tekist að varðveita þann ævaforna sið að menn séu kenndir til föður eða móður og þessi forni kenninafnasiður marki Íslendingum mikla sérstöðu og sé nátengdur tilfinningu þeirra fyrir sögu þeirra, menningu og sjálfstæði. Þetta er auðvitað hárrétt og full ástæða til að leggja á það áherslu. En mér finnst hins vegar skjóta skökku við þessa áherslu á sögu okkar, menningu og sjálfstæði að opna fyrir þá skriðu af erlendum nöfnum sem leyfð verða með samþykkt þessa frv. á sama tíma og gamalgróin íslensk nöfn verða að víkja. Þess vegna tel ég að þetta frv. þurfi endurbóta við og vona að hv. menntmn. taki það til ítarlegrar skoðunar.

Ég vil taka það skýrt fram að þrátt fyrir þá varkárni sem ég vil að ríki gagnvart erlendum nöfnum er ég þó sammála því ákvæði 11. gr. að maður sem fær íslenskan ríkisborgararétt með lögum megi halda fullu nafni sínu óbreyttu og sama gildi um börn manns sem fær íslenskt ríkisfang með lögum og öðlast ríkisfang með honum. Þetta eru sjálfsögð mannréttindi og löngu tímabær.

Í ályktun kirkjuþings frá 1986 segir, með leyfi forseta:

„Mannanöfn hafa breyst mikið. Eldri nöfn jafnvel horfið og ný komið í staðinn. Sum hinna nýju nafna orka mjög tvímælis, eru jafnvel afkáraleg og geta orðið þeim sem að þau bera til ama. Nafnið er hluti af persónu hvers einstaklings, persónu- og tilfinningatengsl hvers manns við nafn sitt eru náin og sterk. Því ber að vanda mjög til nafngjafa".

Herra forseti. Þessi ályktun kirkjuþings á jafn vel við í dag og fyrir níu árum. Það ber að vanda mjög vel til nafngjafa, þess vegna skiptir miklu máli að vel takist til við þessa lagasetningu.

[13:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost árið 1991 sem varaþingmaður að taka þátt í umræðu um það mannanafnafrv. sem þá var samþykkt og þá kom ég fram með breytingatillögu við kenninafnagreinina, sem er núna 8. gr. í þessu frv. Þar stendur að kenninafn sé tvenns konar, föður- eða móðurnöfn. Ég lagði til að það mætti vera bæði móður- og föðurnafn, þannig að íslensk börn geti kennt sig bæði við móður sína og föður. Ég tel þetta óskaplega mikilvægt atriði vegna þess að okkar rótgróna nafnahefð er í föðurlegg og það er afskaplega fátítt að hjónabandsbarn sé kennt við móður. Vegna þess að hefðin okkar er svo sterk má segja að verið sé að lýsa ákveðinni vanvirðingu gagnvart föður að kenna barn við móður. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt jafnréttisatriði að börn geti kennt sig við föður sinn og móður, t.d. að mín dóttir fengi að heita Guðnýjar- og Gísladóttir. Ég lét athuga þetta mál árið 1991 og þá fékk ég það uppgefið að þetta væri ekki hægt vegna þess að það tæki svo marga stafi og tölvukerfi Hagstofunnar réði ekki við það. En þetta stæði allt saman til bóta. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort að hann viti til að þessi athugun hafi átt sér stað.

Ég mun væntanlega fá möguleika til að fjalla um þetta frv. í nefnd og ætla því ekki að segja miklu meira um það að þessu sinni. En ég fagna sérstaklega þriðja markmiði þess, þ.e. að auka nafnrétt erlendra manna sem hér eru búsettir en ég hef verulegan fyrirvara varðandi margt það sem hv. þm. sem talaði á undan mér ræddi og varðar fyrsta markmiðið að gefa erlend nöfn. En ég vil endilega fá svar við fyrirspurn

minni og boða þá breytingartillögu í þessa átt ef það reynist mögulegt.

[13:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afar gott að Alþingi fær tækifæri til breytinga og vonandi góðra lagfæringa á lögunum um mannanöfn en oft hefur verið deilt harðlega hér á þingi um þessi lög og sitt sýnist hverjum í ákvörðunum okkar hér á landi varðandi nöfn fólks. Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að mörgum finnst að við Íslendingar höfum verið með ákveðna tvöfeldni í viðhorfum okkar til nafnamála. Þannig hefur það gerst að útlendingur hefur við það að verða íslenskur ríkisborgari orðið að taka upp nýtt nafn og eftirnafn og ekki mátt bera ættarnafn sitt sem hann hafði áður en hann varð ríkisborgari. Hins vegar hefur hann mjög fljótlega kynnst því að við höfum haft hér ættarnöfn og hinir nýju landar hafa haft leyfi til að bera ættarnafn sem að jafnvel varð til fyrir tiltölulega skömmu. Sjálfri hefur mér ávallt fundist að það væri mikilvægt að halda við þeim íslenska sið að kenna sig við foreldri með -sonur eða -dóttir og hef verið stolt af þessu fyrirkomulagi og er í hópi þeirra sem halda því á lofti sem séríslensku ákvæði og er eitt af því sem mér finnst að við eigum að verja og halda við þó á þann hátt að við tökum tillit til þess að brjóta ekki beinlínis réttindi á þeim sem hingað hafa flutt.

Við höfum verið svo ströng í þeim málum að það hefur ekki verið auðsótt mál hjá foreldrum þar sem annað er útlendingur og hitt Íslendingur að fá að hafa millinafn af erlendum toga og hef ég m.a. kynnst því úr minni fjölskyldu að það hefur verið langt leitað til að fá að taka einfalt danskt nafn sem ágætlega hljómar hér upp sem millinafn á lítilli stúlku danskrar móður. Það hefur verið erfitt að svara fólki skynsamlega sem spyr hvers vegna þetta sé látið viðgangast.

Nú er það svo að í frv. sem ég hef því miður ekki haft tækifæri til að fara gaumgæfilega í gegnum, virðulegi forseti, er verið að taka á mörgum þeirra vandamála sem hafa komið upp á liðnum árum og m.a. er fjallað í 7. gr. um millinafn og m.a. heimild til þess að breyta ættarnafni í millinafn. Það er líka verið að taka á því í 9. gr. að maður sem ber ættarnafn maka síns má bera það áfram o.s.frv. og það er alveg ljóst að við erum að viðhalda þeim sið og rétti sem verið hefur í lögum að sá er ber ættarnafn í dag fær að halda því áfram og væntanlega börnin og barnabörnin o.s.frv. Þrátt fyrir að við höfum haft þá meginstefnu að kenna okkur við foreldri þá höfum við ekki spornað gegn því að ættarnöfn eins og við þekkjum þau blómstri og þeim fjölgi sem það bera.

Ég skil það svo, virðulegi forseti, að í 11. gr. þar sem segir að þeim sem fyrir gildistöku laga þessara hafa fengið íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nöfnum sínum, skuli með leyfi dómsmrh. heimilt að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú saman.

Einnig er í 12. gr. fjallað um að erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending, megi taka upp ættarnafn maka síns, ef til er, eða kenna sig til föður hans eða móður.

Þess vegna, virðulegi forseti, ber ég fram þá spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort þessi breyting, sem tilgreind er í 11. gr., muni valda því að þeim sem koma hingað og gerast íslenskir ríkisborgarar verði nú heimilað að bera þau nöfn sem þeir koma með til landsins og ættarnöfn og hvort það verði þá þannig að þeirra börn og afkomendur muni eftir það ávallt bera þau framandi ættarnöfn. Ég spyr að þessu vegna þess að sjálfri hefur mér alltaf fundist að við ættum að stíga það spor, þó erfitt sé, að þurrka út á einhverju tímabili þessi ættarnöfn sem verið hafa í landinu, halda við þessum gróna íslenska sið, leyfa útlendingum, sem hingað koma með sín nöfn og ættarnöfn, að halda þeim meðan þeir eru á lífi, en að börn og afkomendur þeirra taki upp hinn íslenska sið. Þetta hefur verið, að mínu mati, hin eðlilega íslenska hugsun, en hins vegar hefur hún verið framkvæmd á þann hátt að við höfum verið með þetta sem ég vil kalla ákveðna tvöfeldni. Því ber ég fram þessa fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.

[14:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við höfum rætt þetta frv. á fyrri þingum. Ég hef átt hlut að því og ég treysti því að þingnefndin, hv. allshn., sem væntanlega fjallar um málið, líti á þær umsagnir og ræður sem fluttar voru við 1. umr. á fyrra þingi þannig að menn þurfa ekki að endurtaka hér þau sjónarmið öll sem þar komu fram.

Ég ætla að láta nægja að vísa til þeirra ábendinga sem ég gaf en koma aðeins að einu atriði sem ég held að skipti nokkru og er kannski sú breyting sem er hvað mest áberandi varðandi nafnnotkun í málinu nokkur undanfarin ár, en það er notkun tveggja eiginnafna. Það hefur færst mjög í vöxt að skíra fólk tveimur nöfnum og nota tvö nöfn í heiti manna. Það getur að sjálfsögðu verið ágætt mál og er ekkert við því að segja, en þetta er farið að raska íslenskri nafnhefð að því leyti að ekki er látið fylgja með föður- eða móðurnafn ef einstaklingur ber tvö eiginnöfn. Við verðum vitni að því oft á dag í fjölmiðlum landsins og sjálfsagt stöndum okkur sjálf að því, að kalla þann sem ber eitt eiginafn því nafni og oftast föðurnafni, það getur auðvitað verið móðurnafn einnig, að kalla hann þá fullu nafni, en ef viðkomandi ber tvö eiginnöfn að láta nægja að nefna þau og fellur þá kenninafnið niður. Þetta er afar áberandi og ég veit út af fyrir sig ekki hvernig er eðlilegt að bregðast við þessu, en mér sýnist að hér sé í reynd verið að riðla hefðinni og að seinna eiginnafn sé farið að verða eins konar ættarnafn manna í reynd eða virka með svipuðum hætti.

Ég hef velt því fyrir mér hvort eðlilegt sé að lögleiða, að ef einstaklingur heitir tveimur eiginnöfnum þá sé annað þeirra í reynd aðalnafn. Þannig held ég að þetta hafi verið tíðkað áður fyrr, án þess að vera lögboðið, og varð þá ekki til þess að raska með þeim hætti hinni munnlegu hefð varðandi nöfn manna sem nú er að verða reyndin. Ég vil því hvetja hv. þingnefnd til þess að skoða þetta sérstaklega.

Það má mjög margt um nafngiftir segja og íslenskar reglur að því leyti. Mér, eins og vafalaust öllum hér á Alþingi, er kær íslenska hefðin og við þurfum að leitast við að vernda hana án þess að ganga of langt í íhaldssemi og alveg sérstaklega gagnvart nýbúum eða innflytjendum í landið. Ég hef stundum nefnt það til gamans í þessu sambandi að þegar eiginkona mín, sem er af erlendu bergi brotin, varð íslenskur ríkisborgari, þá varð það í aðdraganda þess að henni var gert að taka íslenskt nafn. Við það var að sjálfsögðu ekkert að athuga. En undir leyfisbréfið frá dómsmrn. rituðu Jón Thors og Baldur Möller og fannst okkur dálítið skemmtileg tilviljun að sjá það.

Að því leyti hvetur þetta dæmi og mörg fleiri til þess að menn sýni nýbúum eðlilega tillitssemi, en reyni hins vegar

með afkomendurnar að festa okkar ágætu hefð sem best má vera í sessi.

[14:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Stundum hefur maður það á tilfinningunni að uppi í dómsmrn. sé færiband þar sem menn starfa við það að framleiða frumvörp sem hæstv. ráðherra les ekki jafn vel og hann ætti að gera. Ég verð a.m.k. að segja það, herra forseti, að hæstv. dómsmrh., sem er annálaður íslenskumaður, hefði aldrei, ef hann hefði lesið þetta frv. í þaula, látið fara frá sér orðskrípi eins og nafnberi. Hér stendur sem sagt nafnberinn Össur Skarphéðinsson og vill eiga orðastað við nafnberann hæstv. ráðherra, Þorstein Pálsson.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er skref í rétta átt. Mig langar aðeins að dvelja við nafnrétt manna af erlendum uppruna. Sá kafli sem fjallar um nöfn erlendra manna sem koma hingað og taka hér upp búsetu er mjög rýmkaður. 11. gr. er góð, en hún er óskýr um einn hóp Íslendinga af erlendum uppruna, þ.e. börn sem hingað eru ættleidd frá öðrum löndum. Mér er ekki ljóst hvort 11. gr. veitir nýjum foreldrum rétt til þess að láta börnin sem þau ættleiða heita upprunalegu nafni sínu.

Nú er það svo að það er lögð talsvert rík áhersla á það þegar menn ættleiða börn að reyna að undirstrika tengslin við upprunaland barnsins. Menn eru t.d. hvattir til þess að kaupa hluti úr heimalandinu og hafa við barnið og spjalla við það um uppruna þess. Það er tvennt sem gamla landið gefur þessum börnum og tvennu vilja margir að börnin haldi sem lengst, það er lífið sjálft og það er nafnið. Ég, til að mynda, svo ég feti í spor annarra hér og fari að segja reynslusögur, vildi láta dóttur mína bera áfram það nafn sem henni var gefið af góðum konum suður í Bogota, láta hana heita millinafninu Marsela. Það var ekki hægt. Ég fann að vísu íslenska nafnið Marsilía sem þar að auki er vestfirskt að uppruna eins og sá nafnberi sem hér stendur.

En mér finnst það ekki koma nægilega skýrt fram, herra forseti, hvort 11. gr., þ.e. 1. og 2. mgr. hennar, veitir okkur foreldrum kjörbarna réttinn til þess að leyfa þeim að halda sínu upprunalega nafni.

Hæstv. dómsmrh. sagði efnislega í sinni ræðu að réttur foreldra til þess að ráða nafni barnsins hlyti að vera afskaplega ríkur gagnvart löggjafanum og ég spyr hæstv. dómsmrh.: Hefði ég þennan rétt að þessu frv. samþykktu?

[14:09]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hv. 15. þm. Reykv. skuli kveinka sér undan því að bera nafn og vera nafnberi þar af leiðandi. Allir vita að hann hefur gengið fram með reisn sem pólitískur krossberi árum saman og aldrei kveinkað sér undan því. Það kemur mér því sannarlega á óvart að hann skuli bera upp þessa umkvörtun í þessari umræðu.

En varðandi fyrirspurn hv. þm. um túlkun á 11. gr. frv. þá lít ég svo á að hún veiti kjörforeldrum ættleiddra barna erlendis frá rétt til þess að skíra þau upprunalegum nöfnum sínum.

Varðandi þá spurningu sem hv. 5. þm. Reykn. bar fram og laut einnig að 11. gr. og hvort hún kynni að hafa áhrif í þá veru að ættarnöfn mundu færast í aukana vegna þess að hér er verið að gefa útlendingum kost á að viðhalda þeim, þá lít ég svo á og það kemur reyndar fram í athugasemdum með frv., að á því geti verið viss hætta ef menn horfa á málið frá því sjónarhorni. Það er auðvitað svo og sú athugasemd á líka við um þær athugasemdir sem hér komu fram af hálfu hv. 4. þm. Vesturl., að það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ef við ætlum að taka ákvarðanir um það að auka frjálsræði í nafngiftum þá kostar það einhverjar fórnir frá þeim takmörkunum sem fyrir voru og menn verða að horfa á efni frv. í því ljósi og ég hygg að hv. 5. þm. Reykn. verði að skoða málið út frá því sjónarmiði.

Varðandi fyrirspurn hv. 19. þm. Reykv., um það hvort athugun hafi farið fram á því tæknilega hvort tölvur geti rýmt þá breytingu að fólki verði heimilað að kenna sig bæði til móður og föður í einu, þá get ég ekki svarað þeirri spurningu. Mér er ekki ljóst hvort sú könnun hefur leitt til einhverrar niðurstöðu. En án þess að ætla að taka afstöðu til álitaefnisins þá finnst mér hins vegar liggja í augum uppi að menn geta ekki látið tæknilegar ástæður eins og þessa koma í veg fyrir að Alþingi taki ákvarðanir í þessu efni og taki afstöðu til álitaefnisins og þá er ég ekki að gera upp eða kveða upp um mína afstöðu í því álitaefni á þessu stigi málsins, en aðeins að segja það að mér finnst að það geti ekki gengið að eitthvert rými í tölvum verði látið ráða því hvernig við á löggjafarsamkomunni komum okkur saman um að haga mannanafnalöggjöfinni.

Herra forseti. Ég vil svo þakka fyrir þær umræður sem hérna hafa farið fram. Þær hafa auðvitað gefið til kynna það sem öllum var ljóst, að um þessi efni eru skiptar skoðanir. Menn hafa mjög sterkar tilfinningar í þessu efni. Hér takast á grundvallarmannréttindi og vilji manna til þess að halda í íslenskar hefðir. Það eru kannski þau meginátök sem birtast þegar gera þarf breytingar af þessu tagi. Hitt hygg ég að sé alveg augljóst að það verður ekki undan því vikist að auka frjálsræði í þessu efni. Gildandi löggjöf er of þröng, setur mönnum of þröngar skorður, bæði frá því sjónarmiði að það hefur verið girt fyrir hefð sem hefur verið að myndast í íslenskum fjölskyldum áratugum og jafnvel öldum saman og eins út frá sjónarmiðum erlendra borgara sem fá íslenskt ríkisfang og út frá hreinum mannréttindasjónarmiðum.

Ég vænti þess að frv. fái ítarlega skoðun og umfjöllun í hv. nefnd.

[14:15]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. beindi þeim orðum til mín að menn yrðu að skoða málið í heild og sætta sig við takmarkanir. Það er nákvæmlega það sem ég var að reyna að segja í minni ræðu áðan, með skýrum hætti, að ég hélt, að ég sætti mig ekki við þær takmarkanir að gamalgróin, falleg íslensk nöfn skuli bönnuð, en á sama tíma skuli tekin hér upp og leyfð alls konar orðskrípi og ónefni sem íslensk nöfn.

[14:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að ég skuli hafa talað svo óskýrt að hugsun mín skuli ekki hafa komist til skila. En það sem ég ætlaði mér að segja var þetta: Að hér er verið að mæla fyrir rýmri reglum, meira frelsi. Það kostar hins vegar að menn þurfa að horfast í augu við að ýmis nöfn, sem menn ella hefðu ekki samþykkt sem íslensk nöfn, verður að viðurkenna ef samræmi á að vera í þeim reglum sem við höfum um þessi efni. Og það var aðeins sú ábending sem ég var að koma á framfæri eða ætlaði mér að koma á framfæri, að um leið og við rýmkum reglurnar, þá koma fleiri nöfn sem viðurkennd íslensk nöfn samkvæmt lögum og sum þeirra kunna að orka

tvímælis eðlilega og vekja upp spurningar. En það er einmitt í þessu sem við getum ekki bæði sleppt og haldið.

[14:17]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna ummælum hæstv. dómsmrh. þess efnis að hann telji að tölvurými hjá þjóðskránni geti ekki ráðið hver sé stefna Alþingis varðandi kenninöfn. Ég fagna þessu vegna þess að árið 1991 flutti ég brtt. og var komin með meiri hluta fyrir henni en var síðan beðin um að draga hana til baka vegna þess að þetta yrði svo mikill kostnaður og tölvurnar mundu ekki ráða við þetta. Ég varð við þeirri beiðni og ég vona því innilega að núna séu málin breytt og þessi yfirlýsing hans muni þá alla vega gefa til kynna að það verði þá ráðist í þann kostnað ef meiri hluti er fyrir tillögunni núna.

En ég vil að lokum ítreka hér að ég tel að nöfn séu óskaplega mikilvægt, persónulegt atriði eins og kirkjan hefur bent á og mjög margir aðilar hafa ítrekað hér. Mér finnst það stundum nálgast mannréttindabrot hvernig íslenska löggjöfin hefur verið í þessu máli og þess vegna fagna ég auknu frjálsræði í þessum efnum.

[14:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri aðeins örstutta athugasemd við 12. gr. Eins og ég vék að í máli mínu þá er ég í hópi þeirra sem vilja gjarnan fylgja eins og unnt er þessari íslensku hefð og hugmyndafræði með dóttir og sonur og því kýs ég að vísa til 12. gr. og umsagnar um hana. Þar er þess getið hvernig ákvæði sem kom inn í síðustu breytingum laganna varð og það kveður á um að erlend eiginkona karls sem er Jónsson má því nefna sig Jónsson og erlendur eiginmaður konu sem er Jónsdóttir má á sama hátt nefna sig Jónsdóttir. Þetta er auðvitað afar undarlegt fyrir Íslending að það hafi verið í okkar lögum að John sem giftist Guðrúnu Jónsdóttur megi heita John Jónsdóttir. Þetta er mjög mikið brot á hugmyndafræðinni á bak við sonur og dóttir.

Nú er búið að breyta þessu og með því orðalagi sem lagt er til þá fær eiginmaður konu sem er Jónsdóttir rétt til að nefna sig Jónsson en ekki Jónsdóttir, þannig að John yrði Jónsson og eiginkona karls sem er Jónsson fær á sama hátt rétt til að nefna sig Jónsdóttir. Það er auðvitað til umhugsunar að um leið og við erum að rýmka þessi lög þurfum við að fara þær leiðir að við í raun og veru brjótum það sem liggur að baki því að kenna sig við föður og móður.

Þetta er athugasemd mín, virðulegi dómsmrh.

[14:21]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins stutt athugasemd út af umræðum um þetta frv. sem ég hef hlustað með athygli á. Það er ljóst að skoðanir eru skiptar og því er afar mikilvægt að hv. þm. nái samstöðu um meginstefnu frv. En því var beint til allshn. að hún fjallaði ítarlega um frv. og það verður auðvitað gert.

Því var enn fremur beint til nefndarinnar að fara yfir ræður og athugasemdir þingmanna frá því í vetur og er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara láta þetta koma fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (alþjóðasamningur um bann við pyndingum). — Þskj. 74.

[14:22]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Þar eru ráðgerðar breytingar á 6. gr. laganna sem taldar eru nauðsynlegar svo að unnt sé að fullgilda alþjóðasamning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, samþykktum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. des. 1984.

Samningur þessi er meðal mikilvægustu mannréttindasamninga sem gerðir hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, en sá eini þeirra sem Ísland hefur ekki gerst aðili að. Hér er um að ræða samning sem verndar ein mikilvægustu réttindi manns að þurfa ekki að þola pyndingar eða aðrar grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Jafnframt eru þar settar reglur um hvernig ríkið skuli framfylgja banni við slíkri háttsemi og uppræta hana. Þess má geta að Ísland er þegar aðili að ýmsum alþjóðasamningum sem geyma ákvæði um bann við pyndingum. Í þessu sambandi má einkum nefna 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem þessi réttindi eru talin meðal ófrávíkjanlegra réttinda.

Einnig er Íslandi aðili að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og loks er rétt að benda sérstaklega á að með breytingum sem gerðar voru á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar á 119. löggjafarþingi með lögum nr. 97/1995, var bætt inn nýju ákvæði, 68. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir í 1. mgr. að engan megi beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð refsingu. Þess ber að minnast að við endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar var ekki síst höfð hliðsjón af áðurnefndum alþjóðalögum, alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands um mannréttindi.

Öll nágrannalönd okkar, þar með talin Norðurlöndin, hafa fullgilt samninginn sem hér er til umræðu. Í ljósi þess að 11 ár eru liðin síðan hann var gerður hefur íslenskum stjórnvöldum borist fyrirspurn frá Sameinuðu þjóðunum um hvers vegna Ísland hafi ekki enn fullgilt hann. Hefur nú loks verið ráðist í að gera tillögu um lagabreytingar sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að fullgilda samninginn af Íslands hálfu.

Ákvæði í öðrum alþjóðasamningum um bann við pyndingum hafa ekki kallað á sérstakar lagabreytingar hér á landi utan Evrópusamningsins um bann við pyndingum, en vegna hans voru sett sérstök lög, nr. 15/1990, og varða störf nefndar sem starfar samkvæmt samningnum. Eftir að hafa kannað efni þessa samnings hefur niðurstaðan orðið sú að þær lagabreytingar sem fullgilding hans kallar á lúti einvörðungu að reglum um refsilögsögu íslenska ríkisins. Breytingar sem ráðgerðar eru í frv. þessu á 6. gr. almennra hegningarlaga hafa það að markmiðið að færa út refsilögsögu íslenska ríkisins í samræmi við skuldbreytingu þess efnis í 5. gr. samningsins. Í 5. gr. samningsins eru talin þau tilvik þar sem aðildarríki að samningnum skal gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að fella undir lögsögu sína pyndingarbrot. Markmið ákvæðisins er að gera refsilöggjöf aðildarríkja mjög rúma til þess að hægt verði að koma lögum yfir þá sem

fremja pyndingarbrot án tillits til brotastærðar eða til þess að hverjum brotið beinist.

Eins og 6. gr. almennu hegningarlaganna hljóðar nú er ekki hægt að saksækja hér á landi mann sem hefur framið pyndingarbrot ef hann er útlendingur og hefur framið brotið utan íslensks yfirráðasvæðis. Í c-lið 1. mgr. 5. gr. og í 2. mgr. 5. gr. eru hins vegar þær skyldur lagðar á aðildarríki að þau víkki út refsilögsögu sína þannig að hún nái til þessara tilvika. Breytingar á 6. gr. almennra hegningarlaga sem eru ráðgerðar í þessu frv. hafa einmitt þetta markmið. Lagt er til að við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, 9. tölul., þar sem refsilögsaga íslenska ríkisins er látin ná til háttsemi sem greinir í samningnum gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Rýmkun íslenskrar refsilögsögu með þessum hætti er sambærileg við ákvæði sem áður hefur verið bætt við 6. gr. almennra hegningarlaga í tilefni af fullgildingu einstakra alþjóðasamninga.

Verði frv. þetta að lögum verður því mikilvæga markmiði náð að hamla gegn því að menn sem framið hafa pyndingarbrot geti komist undan refsingu og fundið griðastað hér á landi vegna reglna sem takmarka refsilögsögu. Loks er ráðgert í frv. að mál samkvæmt þessum tölulið verði aðeins höfðað eftir fyrirskipun dómsmrh. Er þetta í samræmi við aðra töluliði 6. gr. þar sem refsilögsaga íslenska ríkisins er rýmkuð vegna skuldbindinga þess efnis í alþjóðasamningum. Víðtæk refsilögsaga eins og hér er lögð til er í reynd alger undantekning frá þeirri meginreglu að almennt sé ekki hægt að höfða mál gegn útlendingi hér á landi sem hefur framið brot utan íslenskrar refsilögsögu. Er nauðsynlegt að sérstaklega verði vandað til ákvörðunar um saksókn í beitingu á þeirri rúmu refsilögsögu sem ráðgerð er í frv. þessu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:27]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að þetta frv. skuli fram komið. Þó að það feli ekki í sér fullgildingu á alþjóðasamningi gegn pyndingum þá tengist það þeim samningi og það kemur fram í athugasemdum við frv. að utanrrn. mun leggja fram samninginn til fullgildingar á hinu háa Alþingi og kann að vera að það frv. sé fram komið þó að það hafi farið fram hjá mér.

Ég fagna þessu sérstaklega vegna þess að það skiptir mjög miklu máli að Íslendingar standi sig í því að fullgilda samninga af þessu tagi. Því fleiri ríki sem staðfesta þessa samninga, því meiri stuðningur er það við mannréttindabaráttu í heiminum. Það er nú svo að því fleiri ríki sem játa það og viðurkenna hversu mikilvægt er að taka á t.d. pyndingum , þeim mun meiri stuðningur er það við þá sem eru að berjast gegn slíkum refsingum. Því miður er það svo, hæstv. forseti, að pyndingar eru stundaðar í fjölmörgum ríkjum heims. Ég hygg að nánast öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna komist á skrá Amnesty International, m.a. fyrir pyndingar í fangelsum, en Ísland hefur sem betur fer aldrei komist á slíka skrá þó að hér kunni að hafa orðið tilvik, t.d. í fangelsum, sem kannski jaðra við andlegar pyndingar.

Af þessu tilefni vil ég einmitt brýna það fyrir íslenskum stjórnvöldum að vera nú fljót til að staðfesta samninga af þessu tagi og ýmsa þá alþjóðasamninga sem verið er að gera vegna þess að það skiptir máli í alþjóðasamhengi.

Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að sú lagabreyting sem hér er á ferð auðveldar að ná til manna sem hugsanlega mundu leita skjóls hér á landi. Ekki veit ég hvort þess eru dæmi að menn sem hafa verið eftirlýstir í öðrum löndum hafi leitað hér hælis. Það var reyndar eitt slíkt mál á ferð fyrir nokkru sem aldrei hefur fengist niðurstaða í enda viðkomandi maður nú látinn, en það er afar brýnt að við séum aðilar að málum eins og þessu, en þó fyrst og fremst það að við staðfestum þá samninga sem verið er að gera á alþjóðavísu og leggjum þar með okkar af mörkum til betri heims.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég styð það mál sem hæstv. dómsmrh. leggur fram eins og reyndar flest mál sem hæstv. ráðherra kemur að. Þetta mál varðar, eins og hv. síðasti þingmaður sagði, mannréttindi. Pyndingar eru brot á mannréttindum og með þessum breytingum sem hæstv. dómsmrh. leggur til á hegningarlögunum er verið að reyna að setja undir ákveðinn leka í íslenskum lögum.

En mannréttindi varða fleira heldur en bara pyndingar. Það eru fleiri breytingar sem þarf að gera á hegningarlögunum til þess að virða mannréttindi og mig langar að nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðherra um tiltekið atriði.

Fyrir tveimur eða þremur þingum var samþykkt tillaga sem miðar að því að afnema misrétti gagnvart samkynhneigðum. Það eru brotin á þeim mannréttindi eins og menn vita og þeir njóta ekki nægilegrar lagaverndar. Í kjölfar ályktunar Alþingis var sett nefnd á laggir sem skilaði skýrslu með ákveðnum breytingum. Í þessari skýrslu komst meiri hluti nefndarinnar, sem samanstóð af fulltrúum ríkisstjórnarinnar að mestu leyti, að þeirri niðurstöðu að íslensk hegningarlöggjöf veitir samkynhneigðum ekki sérstaka vernd gegn aðkasti og misrétti eins og hegningarlöggjöf t.d. í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að breyta ákvæði 233. gr. í hegningarlögunum til þess að tryggja að ákvæðið næði til samkynhneigðar og tryggja þar með samkynhneigðum sama rétt og slíkir njóta á hinum Norðurlöndunum.

Það var líka niðurstaða nefndarinnar að leggja til að kannað yrði hvort ekki væri rétt að setja í hegningarlögin ákvæði sem kvæðu á um bann við því að neita minnihlutahópum, þar á meðal samkynhneigðum, um kaup á vöru eða þjónustu sem er boðin almenningi í atvinnuskyni. Þessi skýrsla var lögð fyrir þáv. ríkisstjórn og það var samþykkt af ríkisstjórninni að ráðast í þær breytingar sem meiri hlutinn lagði til. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Mun hann á næstunni eða á þessu þingi leggja fram frv. sem miðar að því að tryggja samkynhneigðum þau mannréttindi sem skýrsla ríkisstjórnarinnar segir að nauðsynlegt sé?

[14:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. 15. þm. Reykv. get ég svarað á þann veg að í dómsmrn. hefur verið unnið að gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa til þess að fylgja eftir stefnumörkun þeirrar skýrslu sem hv. þm. vitnaði til. Það hefur haft forgang í því starfi að semja lög um samvist samkynhneigðra og frv. þar um er nú á lokastigi, en önnur stefnuatriði skýrslunnar sem undir ráðuneytið heyra munu svo fylgja í kjölfarið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, 1. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 94.

[14:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um viðurkenningu á fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna og fleira. Í því eru ákvæði sem nauðsynlegt er að lögfesta hér á landi til þess að Ísland geti fullgilt tvo alþjóðlega samninga um endurheimt barna sem futt eru á milli landa án vilja forsjárforeldris og í tilvikum þar sem barn er flutt frá heimalandi sínu áður en útkljáð er hver réttur forsjáraðila þess er.

Samningarnir sem um ræðir eru annars vegar Evrópusamningur um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna sem gerður var í Lúxemborg 20. maí 1980 og hins vegar samningur um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. október 1980.

Markmið þessara samninga er að leysa vandamál sem skapast þegar börn eru flutt með ólögmætum hætti á milli landa eða þeim haldið í öðru landi en heimalandi sínu gegn vilja þess foreldris sem fer löglega með forsjá þess. Þetta á ekki síst við í tengslum við skilnað foreldra sem eru ekki af sama þjóðerni. Á undanförnum áratugum hefur tilvikum fjölgað umtalsvert þar sem annað foreldra flytur barn úr heimalandi sínu eða heldur því erlendis án samþykkis hins forsjárforeldris eða áður en útkljáð er hvort foreldri skulu fara með forsjá þess. Þannig hafa börn lent í þeirri erfiðu aðstöðu að vera bitbein foreldra sinna á milli landa án þess að úrræði hafi verið til staðar til þess að fullnægja rétti hins foreldrisins í landinu sem barnið hefur verið flutt til með ólögmætum hætti. Er samningunum tveimur ætlað að veita slík úrræði.

Þess má geta að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989, sem Ísland er aðili að, gangast aðildarríki undir þá skuldbindingu í 11. gr. að gera ráðstafanir gegn því að börn séu ólöglega flutt úr landi í því skyni að gerast aðilar að alþjóðasamningum sem þegar hafa verið gerðir varðandi þessa aðstöðu. Það má því segja að ákveðnar þjóðréttarlegar skyldur hvíli á íslenska ríkinu að gerast aðili að samningum sem hér eru til umræðu. Ísland er þegar aðili að einum milliríkjasamningi á þessu sviði sem er Norðurlandasamningur frá 6. febrúar 1931, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Gildi hans er hins vegar mjög takmarkað því að auk þess að vera einvörðungu bundinn við Norðurlöndin á hann aðeins við um börn foreldra sem eru eða hafa verið í hjúskap. Þar sem enginn annar milliríkjasamningur hefur gildi gagnvart Íslandi hefur þurft að treysta á samstarfsvilja erlendra yfirvalda og innlend lög í viðkomandi ríkjum ef íslensk börn eru flutt þangað án vilja forsjárforeldris.

Samningarnir tveir, Evrópusamningurinn og Haagsamningurinn, eru prentaðir sem fylgiskjöl með frv. Eins og ráða má af heiti þeirra er efni þeirra nátengt og þykir því eðlileg og nauðsynlegt að ákvæði sem setja þarf hér á landi til þess að unnt verði að fullgilda þá eigi heima í sömu lögum. Á hinum Norðurlöndunum var sami háttur hafður á. Við samningu þessa frv. hefur einkum verið stuðst við dönsku, sænsku og norsku lögin þar sem uppsetning er öll með mjög hliðstæðum hætti. Í greinargerð með frv. er að finna ítarlega samantekt um efni samninganna. Hér verður því aðeins stiklað á stóru í umfjöllun um efni þeirra og megineinkennum þeirra lýst í styttu máli áður en kemur að því að lýsa meginefnisatriðum frv.

Samningarnir tveir geyma fyrst og fremst ítarlegar málsmeðferðarreglur sem beita skal í aðildarríkjunum þegar þeim berast erlendar beiðnir um aðgerðir samkvæmt samningnum og hvaða skilyrði slíkar beiðnir verði að uppfylla. Eins og ég lýsti fyrr er báðum samningunum ætlað að leysa sambærileg vandamál, en þó fela þeir í sér nokkuð mismunandi aðferðir til þess. Evrópusamningurinn er hefðbundinn fullnustusamningur sem hefur í höfuðdráttum það markmið að unnt verði að fullnægja hér á landi ákvörðunum um forsjá eða umgengnisrétt við barn sem teknar eru í öðru samningsríki. Með ákvörðunum er hér átt við dóma og úrskurði frá dómstólum eða stjórnvöldum erlendra samningsríkja, svo og dómsáttir og samninga sem hafa verið staðfestir af þarlendum stjórnvöldum. Haag-samningurinn er á hinn bóginn miðaður við aðstöðu þar sem barn er flutt með ólögmætum hætti hingað til lands án tillits til þess hvort fyrir liggur fullnustuhæf ákvörðun um forsjá. Dæmigert tilvik sem félli undir gildissvið samningsins er ef barn er flutt hingað til lands frá heimalandi sínu í kjölfar skilnaðar foreldra áður en ákvörðun um forsjá þess liggur fyrir í heimalandinu. Með afhendingu barns er ekki tekið tillit til hver er réttur forsjáraðili þess heldur er gengið út frá að það skuli útkljá í búsetulandi þess. Skilyrði afhendingar er að brottflutningurinn sem slíkur sé ólögmætur.

Auk formskilyrða sem beiðnir samkvæmt báðum samningunum verði að uppfylla veita þeir báðir heimild til þess að synja um úrlausn hér á landi vegna ákveðinna aðstæðna. Þar á meðal eru mikilvægar heimildir sem gefa svigrúm til mats á stöðu og högum barnsins og hvað er því í raun og veru fyrir bestu og er afhendingarskyldan samkvæmt samningnum því ekki algerlega undantekningarlaus. Í báðum samningunum er lögð áhersla á að við meðferð beiðni um fullnustu erlendrar forsjárákvörðunar eða með afhendingu barns skuli könnuð afstaða barnsins sjálfs með hliðsjón af aldri þess og þroska. Báðir samningar gilda um börn upp að 16 ára aldri.

Efnisskipan frv. sem ég mæli fyrir er á þann veg að það skiptist í sex kafla. Í I., II., V. og VI. kafla eru sameiginlegar reglur um gildissvið og framkvæmd beggja samninganna á meðan III. kafli geymir sérreglur um beitingu Evrópusamningsins og IV. kafli sérreglur um beitingu Haag-samningsins.

Í I. kafla eru almennar reglur um gildissvið samninganna. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 1. gr. að sérstakar reglur sem Norðurlöndin hafa samið um sín á milli skuli ganga framar beitingu Evrópusamningsins. Þetta getur fyrst og fremst átt við Norðurlandasamninginn frá 1931 um hjúskap, ættleiðingu og lögráð en einnig mun þetta eiga við um alla Norðurlandasamninga á þessu sviði sem Ísland gerist aðili að í framtíðinni.

Í II. kafla frv., 5. gr., er gerð tillaga um að dómsmrn. verði móttökustjórnvald og er hlutverk þess sem slíku nánar lýst í greininni. Reglur um móttökustjórnvald og skyldu aðildarríkja til að tilnefna slíkt stjórnvald eru bæði í Evrópusamningnum og Haag-samningnum. Móttökustjórnvaldi er ætlað að gegna lykilhlutverki við beitingu samninganna. Það tekur m.a. við beiðnum á grundvelli samninganna, veitir beiðanda ýmsa aðstoð sem honum er nauðsynleg vegna fjarveru hans, svo sem öflun upplýsinga og þýðingar úr skjölum og greiðir fyrir því að málsmeðferð hefjist fyrir dómstólum

hérlendis. Einnig á það samvinnu við móttökustjórnvöld í öðrum samningsríkjum.

Í frv. er lagt til að dómsmrn. fari með hlutverk móttökustjórnvalds. Er það eðlileg tilhögun í ljósi þess að í ráðuneytinu er fyrir hendi þekking og reynsla á því sviði sem samningarnir fjalla um og er það í samræmi við tilnefningu móttökustjórnvalda á öðrum Norðurlöndum.

Sérreglur í tengslum við beitingu Evrópusamningsins eru í III. kafla frv., í 6.–10. gr. Þær fjalla einkanlega um skilyrði þess að erlendri ákvörðun um forsjárbúsetu og umgengnisrétt verði fullnægt hér á landi og í hvaða tilvikum er heimilt að synja um fullnustu. Rétt er að benda á að samkvæmt Evrópusamningnum er aðildarríkjum skylt að fullnægja erlendum ákvörðunum um umgengnisrétt með sama hætti og forsjárákvörðunum. Samkvæmt íslenskum barnalögum verður ákvörðun íslenskra stjórnvalda um umgengnisrétt hins vegar ekki fylgt eftir með öðrum hætti en leggja á dagsektir. Að þessu leyti njóta ákvarðanir um umgengnisrétt sem teknar eru í aðildarríkjum að Evrópusamningnum betri stöðu en íslenskar ákvarðanir sama efnis. Í 1. mgr. 10. gr. er gerð tillaga um að sýslumaður geti vegna fullnustu ákvörðunar um umgengnisrétt tekið ákvörðun um inntak réttarins. Með þessu er gert mögulegt að laga erlendar ákvarðanir um umgengnisrétt að innlendum aðstæðum og venjubundinni framkvæmd hér á landi.

Ráðgert er að sérreglur sem varða beitingu Haag-samningsins hér á landi séu í 11. og 12. gr. í IV. kafla frv. Þar er einkum að ræða skilyrði sem beiðni um afhendingu á barni þarf að uppfylla, svo og reglur um við hvaða aðstæður er heimilt að synja um afhendingu barns. Markmið Haag-samningsins er að vernda börn gegn því að þau séu numin brott úr sínu venjulega umhverfi. Er samningsríki skylt að stuðla að því að barni sem hefur verið flutt eða haldið á ólögmætan hátt sé skilað aftur. Við mat á því hvort ólögmætur brottflutningur hafi átt sér stað og hver hefur rétt til að fá barnið afhent skal taka beint mið af lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett þegar það var flutt brott og úrskurðum dómstóla og stjórnvalda þar. Dómari getur óskað eftir því að lögð verði fram yfirlýsing frá yfirvaldi í búsetulandi barnsins um að það hafi verið ólögmætt að fara með barnið eða halda því.

V. kafli frv. geymir sameiginlegar reglur um málsmeðferð hér á landi eftir að beiðnir um fullnustu samkvæmt Evrópusamningnum og afhendingu barns samkvæmt Haag-samningnum berast móttökustjórnvaldi. Að meginstefnu er málsmeðferð beiðni á grundvelli beggja samninga sú sama en með minni háttar frávikum þó. Í ákvæðum þessa kafla eru málsmeðferðarreglur samninganna tveggja lagaðar að íslenskum réttarfarsreglum. Þannig er ráðgert í 13. gr. að erlendar beiðnir sem berast á grundvelli samninganna fari eftir lögum um aðför en þó þannig að beiðni um aðfarargerð sæti alltaf í byrjun meðferð fyrir dómi samkvæmt ákvæðum XIII. kafla aðfararlaga. Með því að krefjast dómsmeðferðar í öllum tilvikum er reynt að tryggja að málsmeðferð verði svo vönduð sem kostur er.

Í 2. mgr. 13. gr. er síðan vísað til sérreglna í barnalögum sem varða framkvæmd forsjárákvarðana. Gengið er út frá því að móttökustjórnvald útvegi beiðanda lögmann til að annast rekstur málsins fyrir dómi. Nánari reglur um beiðnina og fylgigögn með henni er að finna í 14.–16. gr. frv. og má m.a. benda á sérstaka áréttingu í 16. gr. um að þessum málum skuli hraðað svo sem unnt er.

Loks er mikilvægt ákvæði í 17. gr. um að héraðsdómara beri alltaf að kanna afstöðu barnsins sem beiðnin varðar og hefur náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess.

Í 19. gr. eru reglur um kostnaðarmeðferð beiðni á grundvelli samninganna. Í 1. mgr. kemur fram að ríkissjóður greiðir kostnað beiðanda um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum vegna meðferðar máls hér á landi, annan en þann sem leiðir af flutningi barnsins frá landinu. Hér er um að ræða óundanþæga skuldbindingu samkvæmt 3. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins. Hvað varðar reglur um kostnað vegna meðferðar beiðni á grundvelli Haag-samningsins sem kom fram í 2. mgr. ákvæðisins þá er gengið út frá því að heimild í samningnum verði nýtt til þess að gera fyrirvara við skilyrðislausa kostnaðarskuldbindingu ríkissjóðs. Þannig ber beiðandi samkvæmt Haag-samningnum sjálfur kostnað af meðferð hennar ef honum er ekki veitt gjafsókn eftir almennum reglum. Hins vegar ber að gæta að því að óheimilt er að krefja beiðanda um nokkurs konar ábyrgð eða tryggingu til þess að ábyrgjast greiðslu útgjalda og kostnaðar af málsmeðferð. Í reynd greiðir þá ríkissjóður kostnaðinn að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá beiðanda. Af þessu er ljóst að verði frv. þetta að lögum hefur það í för með sér nokkrar kostnaðarskuldbindingar fyrir ríkissjóð. Á hitt er þó að líta að samningarnir verða enn árangursríkari þegar kostnaður stendur því ekki í vegi að beiðandi treystir sér til að nýta sér úrræði sem þeir veita til að endurheimta barn frá erlendu landi sem það hefur verið flutt til.

Einnig ber að hafa í huga að í reynd má ætla að mál sem rekin verða á grundvelli laganna og samninganna tveggja á komandi árum verði fá og kostnaður því varla umtalsverður. Til marks um það má benda á að tiltölulega fá tilvik hafa komið upp á undanförnum árum sem mundu falla undir gildissvið laganna.

Í lokakafla frv., VI. kafla, er safnað saman ýmsum ákvæðum en um efni þeirra vísa ég til athugasemda með frv. Þó er rétt að vekja athygli á efni 21. gr. sem ráðgerir að dómsmrh. geti að kröfu forsjáraðila ákveðið að ólögmætt hafi verið að fara með barn sem er búsett hér á landi í annað land eða halda því þar. Slíkur ólögmætisúrskurður getur haft gildi við beitingu beggja samninga í ríkinu sem barnið er flutt til, t.d. í tilvikum þar sem ekki liggur fyrir formleg ákvörðun um forsjá þótt foreldri sem þar er statt sé réttur forsjáraðili. En þá verður úrskurðurinn sambærilegur grundvöllur fullnustu eins og forsjárákvörðun. Þess má einnig geta að í tilefni af fyrirhugaðri fullgildingu á samningnum var nýrri málsgrein bætt við 39. gr. barnalaga með 2. gr. laga nr. 23/1995 sem kveður á um að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

Herra forseti. Ég hef nú í öllum aðalatriðum gert grein fyrir efni þessa lagafrv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[14:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér er ekki eins farið og hv. 15. þm. Reykv. sem lýsir yfir skilyrðislausum stuðningi við hæstv. dómsmrh., nánast í hvaða máli sem er. Ég vil þó lýsa því yfir að mér þykir þetta mál sem hér er fram komið vera ákaflega merkilegt. Þetta er mjög merkilegt og þarft mál sem hér kemur fram. Ég fagna því alveg sérstaklega enda höfum

við kvennalistakonur á undanförnum árum nokkrum sinnum spurt eftir því hvort ekki væri meiningin að lögleiða þá samninga sem hér var vísað til, ekki síst Haag-samninginn.

Mér hefur ekki gefist kostur á að fara ofan í þetta frv. og einstakar greinar þess en treysti því að allshn. muni skoða málið rækilega og flýta afgreiðslu þess sem mest má verða. Það voru nokkrar spurningar sem vöknuðu í mínum huga þegar ég hlýddi á mál hæstv. dómsmrh. Það kom fram hjá honum að málum hefði fjölgað, þ.e. að forræðisdeilum hefði fjölgað. Ég veit ekki hvort hann hefur handbærar tölur yfir slíkt, þ.e. forræðisdeilur milli ríkja, en það væri fróðlegt að fá að vita hversu mörg slík mál hafa komið inn á borð dómsmrn. t.d. á síðasta ári og hvort hann var þarna fyrst og fremst að tala um Ísland eða almennt. Ég get vel ímyndað mér að með þeim miklu samskiptum sem eiga sér stað milli ríkja og auðvitað hjónaböndum og barneignum fólks af ólíku þjóðerni þá vaxa líka deilumálin jafnframt. Í mjög mörgum tilvikum er um það að ræða að menningarheimar rekast á eins og við höfum orðið áþreifanlega og sorglega vitni að í máli Sophiu Hansen sem staðið hefur um allmörg ár. Það er nú svo að hugmyndir og lög um réttindi foreldra eru ákaflega mismunandi eftir þjóðfélögum. Í Afríku, t.d. er það gegnumgangandi að konur hafa engan rétt til barna sinna. Meðal múslima teljast bæði konur og börn eign karlmannsins meðan við hér á Íslandi búum við tiltölulega sterkan móðurrétt sem á sér nokkuð langa sögu þannig að þarna er um að ræða mál sem rekast mjög hart á hugmynda- og trúarheim fólks.

Mín fyrsta spurning var til hæstv. dómsmrh., að biðja hann, ef hann gæti, gert okkur aðeins grein fyrir því um hve mikla fjölgun er að ræða á málum af þessu tagi þar sem Íslendingar eiga í hlut.

Í öðru lagi væri mjög fróðlegt að fá að vita, ef hann getur svarað því, hvort það hefði haft áhrif á þau tvö forræðismál sem hafa verið hvað mest til umfjöllunar ef við hefðum verið búin að lögleiða þessa samninga. Mér er illa við að nefna nöfn í þessu samhengi, ég get auðvitað gert það en ég held að það hljóti að vera ljóst. Annars vegar hefur verið í gangi mál milli Íslendings og Tyrkja og hins vegar milli íslenskrar konu og bandarísks föður. Sú spurning vaknar í mínum huga hvort það hefði breytt einhverju í þeim tilteknu, erfiðu og sorglegu málum ef við hefðum verið búin að lögleiða þessa samninga sem hér eru á ferð. En ég ítreka það að ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram og vona að það fái sem skjótasta afgreiðslu hér á Alþingi.

[14:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að hér er ákaflega merkilegt mál á ferðinni og mjög mikilvægt að það fái vandaða umfjöllun í allshn. þar sem mér mun gefast kostur á að fara í smáatriðum í gegnum það. Ég hef því miður ekki haft tækifæri til þess enn en vil bara ítreka það sjónarmið mitt, sem ég held að flestir viti, að togstreita um börn í kjölfar hjónaskilnaðar fer ákaflega illa með sálarheill þeirra. Því hljóta skýrar reglur sem eru í gildi á milli ríkja að vera mjög mikilvægar. Við þekkjum hér nokkur dæmi, eins og komið var inn á hjá fyrri hv. þm., um mál sem hafa verið mikið í umræðu á undanförnum árum. Og ég held að það sé alveg ljóst að þessi samningur mun væntanlega breyta meðferð þeirra mála. En aðalatriðið er að það séu skýrar reglur og að það verði komið í veg fyrir togstreitu og óvissu varðandi réttarstöðu bæði foreldra og barna.

[14:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þar sem ég vék að fjölgun þessara mála var ég fyrst og fremst að víkja að þeirri alþjóðlegu þróun sem átt hefur sér stað. Því miður er ég ekki með við höndina neinar tölfræðilegar upplýsingar um breytingar þar á en sjálfsagt er að reyna að afla þeirra upplýsinga fyrir nefndina eftir því sem þær eru tiltækar. Auðvitað er það svo að viðfangsefni af þessu tagi og vandamál verða óhjákvæmilega okkar vandamál líka eftir því sem aðþjóðleg samskipti okkar aukast.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. um áhrif þessara laga á þau tvö mál sem helst hafa verið til umræðu hér á landi að undanförnu vil ég ekki á þessu stigi draga ályktanir. Við erum fyrst og fremst að horfa til framtíðar og setja réttarreglur um mál sem eiga eftir að bera á okkar fjörur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 107. mál (ellilífeyrisréttindi). — Þskj. 113.

[14:56]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Meðflutningsmenn eru hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Í 1. gr. segir svo:

„Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónabandi stóð, skulu þó ekki falla utan skipta."

Með leyfi forseta vil ég lesa hér upp 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaganna. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Réttindi í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár sem hefur ekki endurkaupsvirði samkvæmt kröfu annars makans eða þeirra sameiginlega".

Þetta er kaflinn um verðmæti sem geta fallið utan skipta. Það er nú svo að þetta mál hefur verið um nokkuð langan tíma á Alþingi. Það var fyrst flutt á 112. þingi. Þá var 1. flm. þess Guðmundur H. Garðarsson. Síðan hefur það verið flutt á 113., 115., 116., 117. og 118. löggjafarþingi en hefur ekki náð fram að ganga.

Í greinargerð með þessu frv. segir svo:

Það var sama efnis og þetta frumvarp (þegar þau voru lögð fram á þessum þingum) að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar — og þá í þeirri grein sem ég var að vitna til hér áðan. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr. Er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði

ekki í þessum hópi, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér að með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævinni lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið er frv. um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn en oft hafa umræður og umsagnir um málið snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem er kannski vonlegt. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem í dag tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu, þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur, tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi svo og niðurfelling iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára. Hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp. En fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnun sjóðanna samkvæmt reglugerðum.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frv. þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku.

Með frv. þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir því að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til þeirrar tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis á milli lífeyrissjóða í dag.

Segja má að það sé með ólíkindum hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna. Það má segja líka að með tilliti til þess að á árinu 1993 voru samþykkt ný hjúskaparlög þá skyldi þetta ákvæði verða sett inn í með þeim hætti að þau verðmæti sem hjón ávinna sér með greiðslu í lífeyrissjóð skuli verða sett í lögin með þeim hætti að þau falla utan skipta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þori ekki annað en að segja nokkur orð um þetta mál þar sem flutningsmaður hefur gagnrýnt okkur kvennalistakonur fyrir að veita honum ekki meiri stuðning í þessu máli á undanförnum árum. En ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég á í svolitlum erfiðleikum með þetta mál. Ég skil vel þá hugsun sem býr að baki og ég veit að ef breyting af þessu tagi yrði gerð kæmi það fyrst og fremst konum til góða og ekki síst þeim hópi kvenna sem hafa verið heimavinnandi. Það sem að vefst fyrir mér í þessu máli eru einfaldlega réttindi einstaklingsins. Hver er réttur einstaklingsins? Hvenær og í hversu ríkum mæli er réttlætanlegt að telja vinnuframlag og réttindi fólks á vinnumarkaði hjúskapareign, eða sameiginlega eign hjóna þótt maður sé að horfa til elliáranna? Þetta vefst svolítið fyrir mér þótt ég skilji vissulega þá réttlætishugsjón og hugsun sem fylgir hjá flutningsmönnum.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir upplýsti mig um það hér áðan að einstakir lífeyrissjóðir séu farnir að vinna með þessum hætti þó þetta hafi ekki verið lögleitt. Menn hafa borið því við sem aðalröksemd gegn þessari breytingu að þetta væri ákaflega flókið í framkvæmd eins og fram kom í máli hv. flm. og kemur einnig fram í greinargerðinni. Þess eru dæmi að fólk hefur greitt í marga lífeyrissjóði. Þegar framlag hjóna er lagt saman eru að minnsta kosti tveir sjóðir á ferð og jafnvel fleiri ef bæði hafa greitt í lífeyrissjóði. En við getum svo sem blásið á svoleiðis röksemdir og auðvitað eru til lausnir á öllu slíku ef vilji er fyrir hendi. En ég held að við þurfum að skoða þetta mál rækilega og reyna að létta því oki af hv. 1. flm. að bera þetta fram hér ár eftir ár. Það er verið að vinna að endurskoðun á lífeyriskerfinu og þar hlýtur þetta að koma til skoðunar. Ég ítreka að þetta atriði með réttindi einstaklingsins á móti þeirri hugsun um sameign og samvinnu og hin sameiginlegu réttindi sem fólk er að vinna sínu heimili vefst fyrir mér. Á þessu þarf að finna einhverja lausn.

[15:08]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, lýsti hér sínum innri vandamálum varðandi þetta mál og ég get svo sem að hluta til skilið það vegna þess að hv. þm. hefur villst í feni umsagna lífeyrissjóðanna um þetta mál á umliðnum árum. Þeir sem hafa sent umsagnir til hv. allshn. hafa verið seigir að þvæla málinu í þann farveg að þarna yrði þá að fylgja með líka áunnin réttindi vegna flýtireglna og hafa svo líka tekið fyrir örorkumálin. En það hefur margsinnis komið fram að hér er eingöngu talað um ellilífeyrisréttinn í þessu frv. Ég get alveg tekið undir að það má vissulega draga einhvers staðar mörk varðandi réttindi

einstaklingsins. Er það gert með skilyrtum hætti í hjúskaparlögunum? Kemur það nákvæmlega fram að þótt hjón séu orðin eitt fyrir guðs og manna lögum gildi eitthvað annað um tekjur og eignir þeirra? Ég kannast ekki við það. Þess vegna kom mér mjög spánskt fyrir sjónir að ekki skyldi tekið á verðmætum sem geta fallið utan skipta í nýsettum hjúskaparlögum hvað varðar áunnin réttindi í lífeyrissjóðum. Kvennalistakonur eiga að vita öðrum fremur miðað við þær stefnur og þann skilning sem þær boða á réttindum kvenna að það gerist enn í dag að konur eru heima og hugsa um börnin. Þær eru ekki að afla þeirra tekna sem þarf til þess að framfleyta heimilinu en engu að síður er hlutverk hennar aldeilis ekkert smáhlutverk. Þá spyr maður sjálfan sig: Getur það verið að það vefjist fyrir kvennalistakonum að þau réttindi sem ávinnast í lífeyrissjóðunum vegna vinnu karls sé ekki sameign þeirra hjóna? Þess eru mörg dæmi að hjón hafa skilið á háum aldri og þá hefur karlinn haft lífeyrissjóðinn en konan aðeins ellilífeyrinn. Er það réttlætanlegt? Með þeirri þróun eins og hún er á vinnumarkaðinum í dag er konan jafnvel í launahærri starfi en eiginmaðurinn og ég sé að hér er að minnsta kosti einn þingmaður, sem að býr við það að konan hefur hærri laun en hann og það er víða á vinnumarkaðinum orðið svo. Sú breyting hefur orðið og ég held að það sé bara af hinu góða. Karlmaður gæti alveg lent í þeim sömu sporum að vera heimavinnandi og að við háan aldur yrði hjúskaparslit. Þá stæði hann eftir með ellilífeyrinn en fyrrverandi eiginkona héldi lífeyrissjóðnum.

Þannig að málið er ekki flókið ef að grannt er skoðað og ég held að lífeyrissjóðirnir hafi miklað þetta fyrir fólki með mjög óbilgjörnum hætti. Lífeyrissjóðirnir eru kannski á móti þessu vegna þess að þeir telja að of mikil vinna sé lögð á þá. Þegar þetta frv. var lagt fyrir á fyrri þingum gekk frv. út á það að lífeyrissjóðirnir héldu þessari skráningu hjá sér. Svo er að vísu enn þá en hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. að þessi réttur verði ótvírætt settur inn í hjúskaparlögin en ekki sé skylda lífeyrissjóðanna að annast gæslu eða vörslu þessara áunnu réttinda. Ég þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir að hún vill öll leggja sig fram um það að miklu oki verði af mér létt vegna áralangs göngutíma þessa sérstaka máls og þetta frv. nái nú fram að ganga á hinu háa Alþingi og ég er mjög ánægður með það og vona að svo verði.

[15:13]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað. Þær eru mjög athyglisverðar að mínu mati og ég tel að 1. flm. þessa frv. hafi haft áhrif með tillöguflutningi sínum í þessa veru því að ég var stödd á fundi um daginn þar sem forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna upplýsti það að þeir væru farnir að fara eftir þessu, þ.e. að skipta í ákveðnum tilvikum lífeyrisréttindum milli maka en mér skildist að það væri frekar í þeim tilvikum þar sem um væri að ræða einfalt kerfi, þ.e. þar sem alltaf hefði verið greitt í sama lífeyrissjóð. Ég tel rétt að við fáum nánari upplýsingar um hvað hefur verið framkvæmt í þessum málum og hvað stendur til hjá lífeyrissjóðunum. Það er líka rétt að það stendur til að endurskoða lífeyriskerfið. Þetta hefur verið tekið sérstaklega fyrir í hv. efh.- og viðskn. og ég tel ástæðu til að við höfum líka samráð við þá nefnd og jafnframt fjármálaráðuneytið um hvað er þar að gerast. En ég tel þetta mjög athyglisvert mál og skil vel þau sjónarmið sem hv. 1. flm. mælir sem rök í þessu máli og að sjálfsögðu mun allshn. skoða þetta mál vel og vandlega.

Það er líka rétt sem kom fram áðan að það hafa verið mjög skiptar skoðanir sem hafa komið fram í umsögnum en e.t.v. má ætla að þar sé að verða breyting á. Varðandi hjúskaparlögin, sem var rætt um hér áðan, er auðvitað rétt að það er tryggt jafnrétti í þeim á nánast öllum sviðum hjúskaparréttar. Í nýjum hjúskaparlögum, sem eru nr. 31/1993, er ekki gerður neinn greinarmunur á milli hjóna eins og kemur fram í 2. gr. laganna en þessi lög leystu af hendi tvenn eldri lög, þ.e. lög nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, og lög nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Í síðastnefndu lögunum var um að ræða kynjamismunun í sambandi við ábyrgð á skuldum, sbr. 26. og 28. gr. þeirra laga.

Skattalög gera heldur engan greinarmun á milli kynja. Barnabætur og barnabótaauki til einstæðra foreldra er t.d. alveg óháður því hvort um móður eða föður er að ræða.

Varðandi barnalög þá var það þannig að forsjá barns varð að vera óskipt hjá öðru foreldri en hins vegar samkvæmt núgildandi barnalögum, sem eru frá 1992, þá geta foreldrar samið um sameiginlega forsjá og þar er því um aukið jafnrétti að ræða. Það er helst kannski í lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð þar sem er gerður munur varðandi fæðingarstyrk og fæðingarorlof.

Lífeyrisréttindin eru almennt ekki kyngreind lengur. Það var þannig hér áður fyrr en á síðustu árum hafa nánast allir sjóðirnir fært sig frá ekknalífeyri yfir í makalífeyri. Það hefur tíðkast víða í Evrópu að konum sé greiddur lægri lífeyrir en körlum á þeim grundvelli að dánarlíkur karla séu hærri. Jafnframt hefur réttur þeirra þar, sem vinna hálft starf eða minna, verið lítill sem enginn en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur Evrópusambandið hins vegar blásið til orrustu gegn þessari stöðu mála þannig að það er ljóst að unnið er að jafnrétti á sem flestum sviðum.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þessar hugleiðingar koma fram, en ítreka það að að sjálfsögðu mun allshn. skoða þetta mál vel og vandlega.

[15:18]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni um þetta þarfa mál. Ég veit það og skil að nú þegar eru nokkrir lífeyrissjóðir farnir að taka upp á því að greiða til maka, til beggja aðila enda þó að eignaraðildin sé skráð á þá fyrirvinnu sem greitt er af í lífeyrissjóðinn. Það tel ég hins vegar ekki fullnægjandi vegna þess að í hjúskaparlögunum er talað um það að þessi sameign geti fallið utan skipta. Við hjúskaparslit verður þá að koma afgerandi samhljóða beiðni frá báðum aðilum um að með málið skuli vera farið með þeim hætti að innunninn lífeyrisréttur í viðkomandi lífeyrissjóði komi til skipta. Ég tel að oft og tíðum á þeim sáru stundum, sem eflaust fylgja hjónabandsslitum, séu oft illvígar deilur. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þetta verði með þeim hætti að ekki leiki nokkur vafi á.

Það er líka annað í sambandi við endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði. Það er búið að vera nokkuð lengi og margar nefndirnar hafa verið stofnaðar og þær hafa gert ýmsar hugmyndir og lagt fram tillögur en þær hafa flestar fengið hægt andlát þannig að ég held að það tæki nokkuð langan tíma ef þetta mál ætti eftir að verða í þinginu enn áfram um sinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 102.

[15:21]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er frv. til nýrra laga um verðbréfaviðskipti. Fyrstu lögin um verðbréfamiðlun voru sett 1987 sbr. lög nr. 27/1986 en þá voru verðbréfasjóðir og verðbréfamiðlun nýjung á fjármagnsmarkaði hér á landi. Segja má að lög um þetta efni hafi verið í stöðugri þróun frá þeim tíma, bæði vegna aðstæðna á verðbréfamarkaðnum og í tengslum við réttarþróun í nágrannaríkjum okkar. Í því sambandi eru mikilvægastar breytingar sem leiða af aðlögun íslensks réttar að tilskipun ESB og teknar hafa verið upp í samningum um Evrópskt efnahagssvæði.

Frv. þetta er lagt fram til þess að aðlaga íslenskan rétt að nýjustu tilskipunum ESB á þessu sviði, einkum þó tilskipun um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja, nr. 6/1993, og tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, nr. 22/1993. En í samræmi við samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar ber okkur skylda til að taka meginákvæði þessara tilskipana í íslensk lög fyrir 31. des. 1995.

Að athuguðu máli þótti einfaldara að semja nýtt frv. til laga á þessu sviði fremur en gera viðamiklar breytingar á eldri lögum um þetta efni. En ljóst er að frv. byggir að flestu leyti á gömlum grunni.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að einstökum atriðum þessa frv.

Í I. kafla er fjallað um gildissvið frv. Er ætlað að taka til starfsemi á sviði verðbréfaviðskipta. Í 1. gr. er afmarkað hvaða starfsemi skuli ekki falla undir ákvæði frv. Af ákvæðum 1. gr. er ljóst að það tekur t.d. hvorki til starfsemi vátryggingafélaga né þjónustu endurskoðenda, héraðsdóms eða hæstaréttarlögmanna sem veita þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta enda er slík þjónusta veitt sem liður í víðtækari viðfangsefnum, t.d. félagsskiptum svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Sú starfsemi sem frv. þetta tekur til er skilgreind nánar í 8. og 9. gr. frv. Í frv. er greint milli tveggja helstu tegunda fyrirtækja sem geta stundað viðskipti á sviði verðbréfaþjónustu. Í fyrsta lagi er um að ræða fjárfestingarfyrirtæki sem eiga að stunda starfsemi sem upp er talin í 8. gr. frv., t.d. viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning og stjórnun fjárfestingarsamvals samkvæmt umboði fjárfesta. Í öðru lagi er um að ræða verðbréfamiðlunarfyrirtæki en það eru fyrirtæki sem einstaklingar, er aflað hafa sér þekkingar á verðbréfaviðskiptum, geta stofnað til að veita sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti. Heimildir slíkra fyrirtækja eru þrengri, samanber ákvæði 9. gr. frv., enda er eðlismunur á þjónustu sem þeim er ætlað að veita og þjónustu fjárfestingarfyrirtækja sem ætlað er að starfa á grundvelli heimilda í 8. gr. frv. Verðbréfamiðlunarfyrirtæki eiga þannig fyrst og fremst að starfa að almennri ráðgjöf til almennings um þá valkosti sem hverju sinni eru í boði á verðbréfamarkaðnum, sjálfstætt og óháð einstökum fjárfestingarfyrirtækjum sem hafa umsjón með verðbréfasjóðum. Í 9. gr. er því sú leið opin fyrir þá sem hafa öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar að stofna til slíkra sjálfstæðra verðbréfafyrirtækja sem veita almenningi ráðgjöf á sviði verðbréfaviðskipta.

Í 3. gr. frv. kemur fram að fjárfestingarfyrirtækjum er óheimilt að hefja starfsemi nema þau uppfylli skilyrði frv. og hafi fengið starfsleyfi viðskrh. Jafnframt eru í 3. gr. talin upp þau skilyrði sem fjárfestingarfyrirtæki þurfi að uppfylla. Meðal skilyrða fyrir veitingu starfsleyfis er að fjárfestingarfyrirtæki skuli ávallt vera hlutafélag en verðbréfamiðlunarfyrirtæki mega vera rekin sem einkahlutafélög. Nýmæli í frv. er að eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja eru hertar. Innborgað hlutafé fjárfestingarfyrirtækja, sem vilja starfa samkvæmt ákvæðum 8. gr. frv., skal framvegis ekki nema lægri fjárhæð en 65 millj. kr. en sú krafa er í samræmi við lágmarkskröfur sem gerðar eru í tilskipunum Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Innborgað hlutafé þeirra fyrirtækja sem starfa vilja á grundvelli 9. gr. frv., þ.e. verðbréfamiðlunarfyrirtækja, skal nema a.m.k. 4,5 millj. kr. Þess má þó geta að starfandi fyrirtækjum er ekki skylt að auka hlutafé sitt en hlutafé má þó ekki lækka frá því sem það var við gildistöku þessara laga ef frv. verður að lögum.

Í III. kafla frv. er fjallað um réttindi og skyldur fjárfestingarfyrirtækja. Í 8. og 9. gr. frv. er fjallað um þá þjónustu sem fjárfestingarfyrirtækjum er heimilt að veita eins og ég hef áður vikið að. Í 12.–14. gr. frv. er fjallað um svonefndan virkan eignarhlut hluthafa í fjárfestingarfyrirtækjum í öðrum fyrirtækjum. Samkvæmt ákvæðunum ber hluthafa skylda að tilkynna til bankaeftirlitsins ef hann eignast svo stóran hlut í öðrum félögum að það leiði til virkra yfirráða í þeim félögum. Til að tryggja örugga og heilbrigða stjórn fjárfestingarfyrirtækja er ráðherra veitt heimild að fenginni umsögn bankaeftirlitsins að synja hluthafa eða eignast hlut í öðru félagi sbr. 12. gr. frv. Í 15. gr. frv. er lögð sú ótvíræða skylda á herðar fjárfestingarfyrirtækja að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum og haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar í verðbréfaviðskiptum.

Í 18. gr. frv. er að finna ákvæði sem tekur til innherjaviðskipta eins og það er gjarnan nefnt en samkvæmt greininni er fjárfestingarfyrirtækjum óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin grundvallist á trúnaðarupplýsingum en það hugtak er skilgreint nánar í 25. gr., sbr. IV. kafla frv. Hér er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar sem aðili býr yfir og ekki hafa verið gerðar opinberar og líklegt er að geti haft áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

Í IV. kafla er jafnframt sett ítarleg ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga af því tagi sem hér er um rætt.

Í 20. gr. frv. er kveðið svo á að almennt útboð verðbréfa skuli fara fram fyrir milligöngu fjárfestingarfyrirtækja en með almennu úboði er átt við sölu nýrra verðbréfa sem boðin eru almenningi eða öðrum almennum kaupendum verðbréfa til kaups með opinberri auglýsingu eða sambærilegum hætti. Mikilvægt er að stuðla að því að slík útboð séu falin fyrirtækjum sem starfa undir strangari löggjöf og af fagmennsku við undirbúning útboða, svo sem með því að viðhlítandi upplýsingar liggi fyrir um útgefendur bréfanna o.s.frv.

Um önnur ákvæði III. og IV. kafla tel ég ekki þörf að ræða sérstaklega en segja má að öll miði þau að því að tryggja eftir því sem unnt er heilbrigða stjórn og viðskiptahætti þeirra fjárfestingarfyrirtækja sem ákvæði þessa frv. taka til.

Í V. kafla er fjallað um eigið fjárfestingarfé fyrirtækja. Lagt er til að sett verði ítarleg ákvæði um eigið fé og skal það ekki nema lægri fjárhæð en 8% af áhættugrunni, sbr. 31. gr. frv. Ákvæðum um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja er

ætlað að tryggja að eiginfjárhluta fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana endurspegli ýmiss konar áhættu sem sérhvert fyrirtæki tekur á sig vegna markaðsáhættu verðbréfa og gengisáhættu. Ákvæði þessi eru nú sett í lög vegna strangari krafna sem gerðar hafa verið að þessu leyti í tilskipunum ráðsins, nr. 6/1993, um eiginfjárhluta fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

Hér má geta þess að einnig er nauðsynlegt að aðlaga ákvæði laga er gilda um viðskiptabanka og sparisjóði, svo og laga um aðrar lánastofnanir, að þeim kröfum sem settar eru í þessari tilskipun, en frumvörp um það efni hafa þegar verið samin og koma til umfjöllunar hér á Alþingi á næstu vikum.

Í V. kafla frv. er jafnframt að finna ítarleg ákvæði um útreikning á eiginfjárhlutfalli fjárfestingarfyrirtækja og skal eigið fé samansett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, B og C, eins og um er getið í 31. gr. frv. Þess má geta að í Seðlabanka Íslands hafa nú þegar verið samin drög að reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og verða drögin send efh.- og viðskn. til kynningar.

Í VI. kafla eru ákvæði um ársreikninga og endurskoðun. Við samningu ákvæða þessa kafla hefur verið tekið tillit til orðalags í nýjum lögum um ársreikninga, en ákvæði þess kafla frv. eru þó að stofni til að mestu óbreytt frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Nýmæli er að bankaeftirlitinu er veitt heimild til að láta framkvæma sérstaka endurskoðun á fjárfestingarfyrirtækjum, sbr. ákvæði 38. gr. frv. Nauðsynlegt er talið að hafa slíka heimild í lögum þó svo henni yrði ekki beitt nema sérstakar ástæður væru til.

Í VII. kafla frv. er kveðið á um starfsemi innlendra fjárfestingarfyrirtækja erlendis og eru ákvæði þessa frv. ítarlegri en ákvæði gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Fram að gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta er ekki fyrir að fara samræmdum regum um þetta efni innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og upptöku þeirrar tilskipunar í EES-samningi er réttareiningu náð á þessu sviði innan Evrópska efnahagssvæðisins og samræmdar reglur gilda um þetta efni framvegis. Ákvæði VII. og VIII. kafla frv. taka mið af þessum samevrópsku reglum.

Í VII. og VIII. kafla er byggt á meginreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, um gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa og málsmeðferð þegar stofna á til eða stunda starfsemi í öðrum ríkjum en því er starfsleyfi er upphaflega veitt. Svipuð sjónarmið gilda um starfsemi erlendra fjárfestingarfyrirtækja hér á landi og þegar innlend fyrirtæki vilja hasla sér völl í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í VIII. kafla er kveðið á um starfsemi erlendra fjárfestingarfyrirtækja hér á landi. Ákvæði þessa kafla byggja sem fyrr segir á meginreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, um gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa fjárfestingarfyrirtækja sem staðsetningu hafa í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt frv. er slíkum fyrirtækjum heimilt að veita þjónustu hér á landi með eða án stofnunar útibús, sbr. ákvæði í 43. og 44. gr. frv. Óheimilt er að hefja fyrirhugaða starfsemi fyrr en tilkynning hefur borist til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands frá þar til bærum yfirvöldum í heimaríki þess erlenda fjárfestingarfyrirtækis. Erlend fyrirtæki sem kunna að taka upp starfsemi hér á landi geta þó aldrei veitt víðtækari þjónustu en starfsheimildir þess segja til um samkvæmt því starfsleyfi er það hefur fengið útgefið í sínu heimaríki.

Í IX. og X. kafla frv. eru ákvæði um samruna og slit fjárfestingarfyrirtækja. Nýmæli er að hafa sérstök ákvæði í lögum um verðbréfaviðskipti um samruna og slit fjárfestingarfyrirtækja, en það þykir gefa gleggri mynd að hafa sérstakan kafla um þetta efni í frv. Um samruna og slit fjárfestingarfyrirtækja gilda sem fyrr meginreglur laga um hlutafélög eða einkahlutafélög eftir því sem við getur átt. Ákvæði þessara kafla skýra sig að öðru leyti sjálf.

Í XI. kafla frv. er að finna ákvæði um afturköllun starfsleyfa fjárfestingarfyrirtækja sem gerast brotleg við ákvæði þessa frv., sbr. nánar um skilyrði afturköllunar leyfa í 50. gr. frv. Ákvæðið er ítarlegra en ákvæði um sama efni samkvæmt gildandi lögum og leiðir það af þeim að auknar kröfur eru gerðar til fjárfestingarfyrirtækja. Nýmæli eru í frv. að tillaga um afturköllun starfsleyfis komi frá bankaeftirlitinu. Eðlilegt þykir að frumkvæði að afturköllun komi frá eftirlitsaðila, enda verður að telja hann best fallinn til að hafa yfirsýn yfir starfsemi og starfshætti fjárfestingarfyrirtækja á hverjum tíma.

Í XII. kafla frv. er fjallað um eftirlit með starfsemi fjárfestingarfyrirtækja. Sem fyrr fellur eftirlitið með starfsemi þeirra undir bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Í frv. þessu er kveðið skýrar á um eftirlitið en gert er í gildandi lögum og við gerð frv. hefur einnig verið byggt á fenginni reynslu af framkvæmd eftirlits með verðbréfafyrirtækjum.

Rétt er að vekja athygli á ákvæði í lokamálslið 1. mgr. 53. gr., en þar er bankaeftirlitinu veitt heimild til þess að krefjast upplýsinga frá aðilum sem stunda viðskipti á eins konar gráum svæðum, þ.e. þar sem vafi leikur á hvort viðskiptin falli undir ákvæði þessa frv. eða ekki. Eðlilegt þykir að kveða skýrt á um heimildir bankaeftirlitsins að þessu leyti og byggir ákvæðið jafnframt á fenginni reynslu eftirlitsins.

Í XIII. kafla frv., er ber heitið Ýmis ákvæði, er kveðið m.a. á um að bankaeftirlitinu sé skylt að halda skrá yfir öll þau fjárfestingarfyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi. Skylda þessi tekur til þess að halda skrá yfir innlend og erlend fjárfestingarfyrirtæki sem starfa hér á landi.

Í 56. gr. er að finna almenn ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna fjárfestingarfyrirtækja, ákvæðið tekur einnig til eigenda fjárfestingarfyrirtækja og endurskoðenda og er það nýmæli.

Í XIV. kafla er fjallað um viðurlög við brotum gegn lögum þessum og í XV. kafla er lagt til að felld verði brott gildandi lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, en lögum þessum er ætlað að koma í stað þeirra laga, eins og ég vék að í upphafi máls míns.

Í tveimur ákvæðum til bráðabirgða er að finna ákvæði sem snerta aðlögun starfandi aðila að verðbréfamarkaðnum að ákvæðum þessa frv. Í I. ákvæði til bráðabirgða er kveðið svo á um að fjárfestingarfyrirtækjum sé gert skylt að tilkynna hvaða þjónustu þau hyggist veita samkvæmt 8. gr. þessa frv.

Í II. ákvæði til bráðabirgða er einstaklingum sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar veittur eins árs aðlögunarfrestur að ákvæðum frv.

Herra forseti. Ég hef þá lokið umfjöllun minni um þetta frv. til laga um verðbréfaviðskipti. Með leyfi forseta legg ég til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (EES-reglur). — Þskj. 103.

og

Verðbréfaþing Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 101. mál (EES-reglur). — Þskj. 106.

og

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 104.

[15:37]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Nú hagar svo til með þrjú næstu dagskrármálin að hæstv. viðskrh. hefur óskað eftir því á grundvelli 3. mgr. 63. gr. þingskapa að mæla fyrir 7., 8. og 9. dagskrármálinu í einu. Ef ekki eru andmæli við því eru tekin fyrir 7.–9. dagskrármál.

[15:38]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Með leyfi forseta mæli ég fyrir eftirfarandi þremur frumvörpum: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, svo og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frumástæða þeirra breytinga á lögum sem lagðar eru til í frv. er að með þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögtaka meginefni ýmissa tilskipana Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur í samvinnu við viðskrn. og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands yfirfarið gildandi lög á sviði fjármálaþjónustu í því skyni að ganga úr skugga um að fullnægjandi samræmi sé á milli innlendrar löggjafar og tilskipana Evrópusambandsins. Athuganir ESA hafa leitt í ljós að íslensk löggjöf á þessu sviði er í öllum helstu atriðum í nægilegu samræmi við þær evrópsku tilskipanir sem um þetta efni gilda. Í ljós hafa þó komið einstök atriði sem stofnunin telur nauðsynlegt að breyta til þess að fullkomið samræming sé tryggð þar sem það á við.

Bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA og viðskrn. eru birt sem fskj. með frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Í þessum frv. er einnig að finna breytingar sem þykja nauðsynlegar vegna þróunar hér innan lands, samanber t.d. breytingar sem taka tillit til nýrra laga um hlutafélög og einkahlutfélög.

Herra forseti. Ég vil þá fjalla um þau frv. sem hér eru lögð fram og vil með leyfi forseta fyrst víkja að frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Í 1. gr. frv. er að finna breytingu sem felur í sér samræmingu við nýleg lög um hlutafélög, nr. 2/1995, og einkahlutafélög, nr. 138/1994. Hér er lagt til að einungis verði heimilt að stofna verðbréfasjóði sem hlutafélag, en sú skipan þykir eðlileg með tilliti til þeirrar starfsemi sem hér um ræðir. Breytingin tekur af öll tvímæli um að ekki er unnt að starfrækja verðbréfasjóði sem einkahlutafélög.

Í 2. gr. frv. er að finna breytingu sem varðar stjórnarmenn verðbréfasjóða og hæfniskröfur til þeirra. Breytingin er gerð í samræmi við ákvæði gildandi laga um hlutafélög, en eðlilegt er talið að samræmi sé í löggjöf sem kveður á um þessi atriði, en svipuð ákvæði er að finna í öðrum frv. sem snerta fjármagnsmarkaðinn og hafa verið lögð fram á hinu háa Alþingi.

Í 3. gr. eru einnig breytingar sem rekja má til nýrra laga um hlutafélög, en þar segir að rekstrarfélag verðbréfasjóða verði eingöngu stofnað sem hlutafélag.

Í 4. gr. er lagt til að daglegur stjórnandi rekstrarfélags skuli uppfylla sömu hæfnisskilyrði og framkvæmdastjórum fjárfestingarfélaga er ætlað að uppfylla samkvæmt fram lögðu frv. til laga um verðbréfaviðskipti. Í því frv. er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis skuli auk almennra skilyrða um hæfni, svo sem full lögráð og óflekkað mannorð, uppfylla lágmarkskröfur um þekkingu á verðbréfaviðskiptum. Nánar er fjallað um þetta í áðurnefndu frv. til laga um verðbréfaviðskipti.

Í 5. gr. frv. er að finna ákvæði sem beinlínis kveður á um ábyrgð vörslufyrirtækja á tjóni sem það kann að valda rekstrarfélagi eða eigendum hlutdeildarskírteina af ásetningi eða gáleysi, sbr. ákvæði 5. gr. Breytingin er tilkomin, eins og segir í athugasemdum um þessa grein, vegna ábendingar Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í 6. gr. frv. er lagt til að kvittun fjárfestingarfyrirtækis teljist fullnægjandi sönnun á eignarhlutdeild í verðbréfasjóðum og almenn skylda til þess að gefa út hlutdeildarskírteini er afnumin. Þetta leiðir til þess að auka má hagræði við umsýslu sjóðanna og þessi háttur er í samræmi við þróun pappírslausra verðbréfaviðskipta. Eftir sem áður geta þeir viðskiptavinir, sem sérstaklega óska eftir því, fengið útgefin hlutdeildarskírteini sér til handa.

Þá er lagt til að stimpilgjald af hlutdeildarskírteinum sé afnumið, en með því er jöfnuð samkeppnisaðstaða innlendra og erlendra verðbréfafyrirtækja. Jafnframt hefur verið bent á að slík gjaldtaka feli oftar en ekki í sér tvísköttun þar sem ýmsar eignir verðbréfasjóða eru stimpilgjaldsskyldar.

Í 7. gr. frv. er að finna breytingar sem leiðir af frv. til nýrra laga um verðbréfaviðskipti, en ákvæðin varða fjárfestingar verðbréfasjóða í skráðum verðbréfum og er með því stefnt að auka öryggi í viðskiptum verðbréfasjóða.

Í 8.–10. gr. frv. er að finna breytingar sem leiðir af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA og vil ég því vísa til athugasemda í greinargerð frv. um þær breytingar.

Í 11. gr. er lagt til að rekstrarfélögum verði gert skylt að gefa út útboðslýsingar vegna sérhvers verðbréfasjóðs sem þau annast rekstur á, en af hálfu ESA hefur verið lögð rík áhersla á að ákvæði laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, verði samræmd evrópskum tilskipunum að þessu leyti. Eðlilegt þykir að viðskiptavinum sé tryggður aðgangur að upplýsingum um starfsemi verðbréfasjóða þannig að þau geti betur metið þá fjárfestingarkosti sem standa til boða á hverjum tíma. Ekki verður á annað fallist en að framangreind sjónarmið eigi fullan rétt á sér og því er lagt til að breytt verði ákvæðum 37. gr. laga með þeim hætti sem hér er lagt til í 11. gr. frv.

Herra forseti. Þá vil ég víkja að ákvæðum frv. til laga um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Í 1.–3. gr. frv. er að finna breytingar sem rekja má til breytinga sem nú þegar hafa verið gerðar á lögum, enda eru í vændum samkvæmt þeim frv. sem lögð eru fram á þessu haustþingi og varða fjármagnsmarkaðinn. Þessar breytingar snerta m.a. hæfi stjórnarmanna og breytingar sem leiða af breyttri hugtakanotkun í frv. til nýrra laga um verðbréfaviðskipti.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. eru ástæður þessara breytinga raktar ítarlega og vil ég, með leyfi forseta, vísa til þeirra athugasemda.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um að réttur fyrirtækja til aðildar að skipulegum verðbréfamarkaði séu háðir því skilyrði að hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylli þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru til þeirra samkvæmt þeim lögum sem um starfsemi þeirra gilda. Þetta ákvæði er í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, nr. 6/1993, en um nánari útlistun á kröfum til lágmarkseiginfjár þessara stofnana vil ég að öðru leyti vísa til frumvarps sem var til umfjöllunar hér á haustþingi, samanber t.d. ákvæði frv. til laga um verðbréfaviðskipti, svo og ákvæði væntanlegs frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um verðbréfaviðskiptabanka og sparisjóði. Að öðru leyti skýra ákvæði þessa frv. sig sjálf.

Vil ég að lokum, með leyfi forseta, víkja að þriðja frv., frv. til laga um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frv. þetta er flutt, sem fyrr segir, samhliða öðrum frumvörpum sem gera nauðsynlegar breytingar á íslenskri löggjöf vegna skuldbindinga Íslendinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og vegna athugasemda ESA í kjölfar yfirferðar þeirra á íslenskum lögum sem gilda um fjármálaþjónustu.

Í 1. gr. er að tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, tekin upp nákvæmari ákvæði varðandi umsókn um starfsleyfi og er m.a. kveðið á um að umsókn skuli ávallt fylgja nákvæm lýsing á hvaða starfsemi sé fyrirhuguð eða stunduð og hvernig innra skipulagi lánastofnunar er háttað.

Í 2. gr. frv. er lagt til að leiðrétt verði tilvísun til dagsetningar á gildistöku laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um það lágmark eiginfjárkröfu sem gert er til lánastofnana samkvæmt nýjum tilskipunum ESB um þetta efni. Hér er um að ræða hliðstæðar breytingar og fyrirhugað er að gera varðandi viðskiptabanka og sparisjóði svo að dæmi sé nefnt.

Í 4. gr. eru, eins og fram kemur í athugasemdum, tekin af tvímæli um að endurskoðun og áritun ársreikninga lánastofnana í eigu ríkisins skulu vera með sama hætti og hingað til. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur réttilega bent á að í íslenskri löggjöf vanti ákvæði um starfsemi milli dótturfyrirtækja lánastofnana og er úr þessu bætt í 5. og 6. gr. frv. Sama er að segja um ákvæði 7. gr. frv. sem varðar samstarf bankaeftirlits Seðlabanka Íslands við önnur lögbær yfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu í tilefni af brotum á löggjöf sem gildir um lánastofnanir.

Í 8. gr. frv. er að finna ákvæði sem tryggja á rétt umsækjenda um starfsleyfi, skv. lögum nr. 123/1993, að leita til dómstóla ef synjað er umsókn um starfsleyfi.

Í 9. gr. frv. eru leiðrétt mistök sem áttu sér stað við setningu gildandi laga nr. 123/1993 og varða 3. gr. laga nr. 48/1966, um stofnlánadeild verslunarfyrirtækja. Í 10. gr. frv. eru loks felld á brott ákvæði laga nr. 45/1972, sem ekki er lengur þörf fyrir.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu um frv. þessi og vil ég leggja til að þeim verði vísað að lokinni umræðu til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:48]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með viðskiptum bankastofnum, 123. mál, fsp. VÁ, þskj. 139.

Rekstrarskilyrði smáfyrirtækja, 122. mál, fsp. HjÁ, þskj. 138.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 105.

[15:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, hefur verið í undirbúningi í nokkur ár og er það samið í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, er ætlað að tryggja að til séu almenn lög um öryggi vöru eins og lagt er til í tilskipun ráðs Evrópusambandsins, 59/1992. Meginmarkmið þeirra reglna er að hafa varnaðaráhrif þannig að á markað berist ekki hættulegar vörur.

Í gildi eru ýmis sérlög um eftirlit með einstökum vöruflokkum og ýmis sérákvæði um framkvæmd eftirlits með þeim vörutegundum. Ákvæðum þessa frv. er ekki ætlað að breyta fyrirkomulagi eftirlits að þessu leyti, en skorti ákvæði í sérlög þá eiga ákvæði þessa frv. við eftir því sem við getur átt.

Segja má að tilgangurinn með lagafrv. sé einkum þríþættur. Í fyrsta lagi að setja almenn lög um öryggi vöru. Í öðru lagi að mynda lagalegan grunn um öryggi vöru fyrir þá vöruflokka sem ekki falla undir sérlög. Í þriðja lagi að setja í lög ákvæði um opinbera markaðsgæslu í samræmi við eftirlitsreglur sem leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hinni almennu tilskipun um öryggi framleiðsluvöru.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi almenn lög um öryggi vöru. Ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, hafa náð til ýmissa vöruflokka en nú er þörf á miklu víðtækari heimildum í lögum en áður hefur verið. Þess má einnig geta að á undanförnum árum hafa verið lögfest almenn lög í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu um öryggi vöru. Með frv. þessu er því fylgt eftir réttarþróun sem orðið hefur í ýmsum ríkjum Evrópu.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að einstökum köflum þess frv. sem hér liggur fyrir. Í I. kafla frv., 1. gr., er fjallað um gildissvið þess. Eins og þar kemur fram er ákvæðum frv. ætlað að ná til allra vörutegunda, þó ekki fornmuna eða hluta sem þarf að gera upp áður en notkun þeirra hefst. Þá tekur frv., sem fyrr segir, ekki til þeirra vörutegunda sem nú þegar gilda um ítarleg lög, svo sem um matvæli, lyf o.fl.

Í 2. gr. frv. kemur fram sú grundvallarregla að framleiðendum er skylt að markaðssetja einungis örugga vöru. Stjórnvöldum er ætlað að hafa eftirlilt með því að vörur

uppfylli settar reglur um öryggi vöru, en nánar er kveðið á um eftirlit stjórnvalda í IV. kafla frv. Rétt er að leggja áherslu á að ákvæðum þessara laga, ef að lögum verða, er ætlað að stuðla að því að ekki verði tjón á mönnum eða munum vegna skaðlegrar vöru. Það má minna á að sett voru lög á Alþingi árið 1991 um skaðsemisábyrgð, en þau lög kveða á um bætur fyrir tjón sem kann að verða af því að skaðlegar vörur hafa komist í umferð á markaðnum. Ákvæðum þessa frv. er ætlað að fyrirbyggja að slík aðstaða komi upp og vernd almennings gegn því að á markaðinn berist skaðlegar vörur.

Í II. kafla frv. er að finna ýmsar skilgreiningar. Í 3. gr. er skilgreint hugtakið vara og nær það almennt til allra vörutegunda sem falla undir gildissvið þessa frv.

Í 4. gr. er að finna skilgreiningu á hugtökunum framleiðandi og dreifingaraðili. Skilgreiningar þessar byggja á tilskipunum ráðs Evrópusambandsins um öryggi framleiðsluvöru, 59/1992. Mikilvægt er að það sé alveg ljóst við hvaða aðila er átt, m.a. vegna ýmissa ákvæða sem gilda um ábyrgð á vöru sem markaðssett er.

Í 5. gr. er að finna útskýringar á heildarhugtakinu opinber markaðsgæsla, en samkvæmt ákvæðinu felur opinber markaðsgæsla í sér þann rétt og skyldu sem stjórnvöldum er einum falið, þ.e. að taka stjórnvaldsákvarðanir í sambandi við öryggi vöru sem er á boðstólum hér á landi, svo og aðra starfsemi þeirri sem að markaðseftirliti snýr.

Í 5. gr. er enn fremur útskýrt nánar með hvaða hætti hugtakið markaðseftirlit er skilgreint, en það skiptist í skoðun vöru annars vegar og hins vegar skipulega öflun upplýsinga um þær vörur sem eru á markaðnum hverju sinni. Markaðseftirlit er heimilt að fela löggiltum skoðunarstofum, samanber nánari ákvæði um það í 13. gr. frv.

Í 6. og 7. gr. er rætt um eftirlit, stjórnvöld og skoðunarstofur, en þessi ákvæði skýra sig sjálf.

Loks má nefna að í 8. gr., II. kafla frv., er m.a. að finna ákvæði um hvað skuli teljast örugg vara og helstu meginsjónarmið sem fylgja á við mat á því er að finna í 8. og 9. gr. frv.

Í III. kafla er fjallað nánar um markaðseftirlit og markaðsgæslu. Hlutverk löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu er skilgreint, en lagt er til að stofnunin fari með almennt eftirlit samkvæmt ákvæðum þessa frv. Eftirlit sem fram fer með öryggi vöru samkvæmt sérlögum helst óbreytt, t.d. eftirlit sem fram fer á vegum Hollustuverndar ríkisins á grundvelli laga um matvæli o.s.frv.

Það er hlutverk stjórnvalda að taka stjórnsýsluákvarðanir. Í því felst m.a. að stjórnvöld eiga að tryggja að við töku slíkra ákvarðana sé gætt ákvæða stjórnsýslulaga um málsmeðferð og einnig er það í verkahring stjórnvalda að ákvarða til hvaða réttarúrræða skuli gripið þegar hætta er á að á markað berist hættulegar vörur.

Í 14. gr. frv. er sem fyrr segir kveðið á um að löggildingarstofunni verði falið það hlutverk að vera eftirlitsstjórnvald með þeim vöruflokkum sem falla undir ákvæði þessa frv. Eins og áður hefur verið vikið að munu ákvæði sérlaga sem sett hafa verið um einstaka vöruflokka haldast óbreytt og sama gildir um ákvæði slíkra sérlaga um þau stjórnvöld sem hafa eftirlit með þeim.

Í 15. gr. frv. er þessi stefna stjórnvalda staðfest, en jafnframt er tryggt að önnur eftirlitsstjórnvöld geti beitt ákvæðum þessa frv. ef sérlög hafa ekki að geyma fullnægjandi úrræði eða úrræði sem ganga mun skemur en þau úrræði sem stjórnvöldum er búið samkvæmt þessu frv.

Þá er kveðið á um í frv. að heimilt sé að fela faggiltum skoðunarstofum markaðseftirlit, samanber ákvæði 13. gr. frv. Þetta hefur ýmsa kosti í för með sér eins og nánar er rakið í athugasemdum með frv. En nefna má að mikilvægt er að skýr skil séu milli þeirra aðila sem leggja tæknilegt mat á vöru og hinna sem taka stjórnsýsluákvarðanir um öryggi vöru.

Í V. og VI. kafla er að finna ákvæði um málsmeðferð og réttarúrræði stjórnvalda ef hætta er á að á markaðnum séu hættulegar vörur.

Í V. kafla er áréttað að stjórnvöld skuli í hvívetna gæta ákvæða stjórnsýslulaga þegar þau hafa mál til meðferðar er snerta öryggi vöru. Ástæður geta þó skapast þannig að nauðsynlegt getur verið að grípa til skyndiaðgerða vegna yfirvofandi hættu á að skaðlegar vörur komist í umferð. Í þeim tilvikum verður stjórnvöldum að sjálfsögðu að vera heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir án tafar en taka síðan formlega og endanlega stjórnsýsluákvörðun í málinu, en um þessi atriði er kveðið á um í 19. gr. frv.

Uppfylli vörur ekki þau skilyrði sem gerð eru til vöru þannig að hún teljist vera örugg þá er í frv. lagt til að stjórnvöldum sé heimilt að banna sölu vörunnar eða afturkalla hana tímabundið. Reynist ekki unnt að ganga þannig frá vöru að hún teljist örugg þá er stjórnvöldum heimilt að leggja varanlegt bann við sölu hennar. Í framkvæmd er vart oft gripið til úrræða af því tagi, en nauðsynlegt engu að síður að hafa slíka heimild í lögum til að vernda líf og heilsu manna og koma í veg fyrir hugsanlegt tjón af völdum skaðlegrar vörur.

Í VIII. kafla frv. er kveðið á um að þagnarskylda hvíli á stjórnvöldum um þau málefni sem þau fá vitneskju um í starfi sínu og leynt geta farið vegna viðskiptahagsmuna þeirra sem í hlut eiga. Á hinn bóginn hvílir rík upplýsingaskylda á stjórnvöldum sem eftirlit hafa með öryggi vöru gagnvart almenningi um skaðlegar vörur sem kunna að komast í umferð á markaðnum.

Í 27. gr. frv. er lagt til að heimilt verði að leggja á sérstakt markaðsgæslugjald til að standa undir kostnaði stjórnvalda vegna starfa þeirra að eftirliti með almennu vöruöryggi. Lagt er til í 27. gr. frv. að þetta gjald skuli þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 0,1% af framleiðsluverði innlendrar vöru og 0,1% af cif-verði innfluttra vörutegunda sem falla undir eftirlit samkvæmt þessum lögum, ef að lögum verða.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu er gert ráð fyrir að þetta gjald muni nægja til þess að standa undir þeim kostnaði sem er fyrirséður á þessu stigi máls.

Herra forseti. Ég hef þá rakið meginefni þessa frv. og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 1. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 107.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Frv. því sem endurflutt er með einni breytingu og ég mæli nú fyrir, frv. til laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, er ætlað að koma í stað laga nr. 62/1986, um rétt manna til

að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga. Einnig er frv. ætlað að koma í stað laga nr. 46/1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga. Ástæða þess að ég tel þörf á nýjum lögum um starfsheiti er margþætt.

Í fyrsta lagi kalla tvær tilskipanir ESB sem getið er um í athugasemdum með frv. á breytingar á núgildandi reglum.

Í öðru lagi hefur borist ósk frá Félagi skipulagsfræðinga þess efnis að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað.

Í þriðja lagi óskuðu samtök verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta eftir endurskoðun á lögum nr. 62/1986, aðallega vegna þess mikla kostnaðar sem féll á einstaklinga sem þurfa að sækja um leyfi til að bera starfsheitið verkfræðingur, tæknifræðingur og arkitekt. Þótti sá kostnaður óeðlilegur í ljósi þess að ekki er um starfsréttindi að ræða heldur eingöngu rétt til að bera ákveðið starfsheiti.

Í fjórða lagi hefur ríkt ágreiningur um það hver hafi endanlegt úrskurðarvald um hverjir hafi rétt samkvæmt núgildandi lögum til að bera ákveðin starfsheiti.

Verði frv. þetta að lögum munu þau tryggja að samræmdar reglur gildi um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnrn. auk þess sem uppfylltar verða þær skuldbindingar sem EES-samningurinn leggur á Ísland á þessu sviði.

Í 1. gr. frv. eru taldar upp þær starfsstéttir sem lögin taka til. Hér er um að ræða sömu starfsstéttir og nú eru lögverndaðar, en jafnframt er lagt til að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að réttur til starfsheitis geti stofnast með tvennum hætti: Í fyrsta lagi með útgáfu leyfis af hálfu ráðherra ef menn uppfylla þau skilyrði er koma fram í 3. gr. frv. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti erlend leyfi ef viðkomandi uppfyllir þau skilyrði sem fram koma í 4. gr. frv.

Samkvæmt 3. gr. er það skilyrði fyrir leyfi til þess að nota starfsheiti að umsækjandi hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein. Gert er ráð fyrir að viðkomandi fagfélög setji sér reglur um hvaða nám sem lokið er með prófgráðu teljist vera fullnaðarmenntun í skilningi frv. Ráðherra skal staðfesta reglur félagsins og öðlast reglurnar gildi þegar þær hafa verið birtar. Ráðherra veitir leyfi til þess að nota starfsheiti að fenginni umsögn viðkomandi fagfélags ef umsækjandi að mati hans hefur hlotið tilskilda menntun.

Á grundvelli 4. gr. frv. ber ráðherra að staðfesta starfsréttindi manna sem koma frá öðrum ríkjum innan EES ef menntun þeirra uppfyllir þau lágmarksskilyrði sem koma fram í tilskipunum þeim sem tilgreindar eru í greininni. Hlutverk ráðherra er að sannreyna gildi faglegra vottorða og kanna hvort öllum skilyrðum sé fullnægt. Gert er ráð fyrir því að sett verði reglugerð þar sem þessi atriði verði nánar útfærð. Fellt er niður úr frv. frá 118. löggjafarþingi að ráðherra skuli í þessum tilvikum skylt að leita umsagnar viðkomandi fagfélags þar eð slíkt er talið geta brotið í bága við EES-reglur. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir nauðsynlegu samráði við fagfélög sem hafa sérþekkingu á því námi og störfum sem í boði eru erlendis.

Í 5. gr. frv. er ráðherra veitt heimild til þess að skera úr ágreiningi sem rísa kann um notkun starfsheita. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er ekki ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra manna sem hafa fullgild leyfi til að bera viðkomandi starfsheiti.

Herra forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og það verði með hliðsjón af EES-skyldum afgreitt á haustþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 89. mál. — Þskj. 91.

[16:05]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Þetta er í þriðja sinn sem ég mæli fyrir þessu máli og ég bind, herra forseti, vonir við að hv. samgn. sem þessu máli verður vísað til taki nú á sig rögg og afgreiði málið. Það eru nánast fyrirliggjandi öll gögn sem þarf til að afgreiða málið og ég mælist einnig til þess að til verði kvaddir aðilar sem framleiða steypuefni, svo sem eins og Sementsverksmiðjan, steypustöðvar og þeir aðrir sem búa til fyllingarefni í steinsteypu.

Ásamt mér flytja þetta mál hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson, Magnús Stefánsson, Árni R. Árnason og Guðmundur Árni Stefánsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir aukinni noktun steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem álagsumferð er meiri en 5 þúsund bílar á dag, jafnframt til brúargerðar og á vegi við þéttbýli þar sem umferð er 5 þúsund bílar á sólarhring og meira. Vegagerð ríkisins hafi að markmiði við nýlagningu og endurnýjun slitlags að nota steinsteypu þar sem umferðarþungi og álag er mikið."

Í greinargerð segir m.a.: „Mjög ítarlegar og markvissar rannsóknir hafa verið unnar á síðustu tveimur áratugum á notkun steinsteypu til vega- og gatnagerðar. Fyrir liggur að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð er þung og álag af völdum veðurfars og þungaflutninga er mikið. Í þessari greinargerð er vísað til meðfylgjandi gagna um rannsóknir sem unnar hafa verið og kynntar af Íslendingum. Notkun íslenskra efna til vegagerðar er kappsmál þar sem saman fara atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi þættir auk meiri gæða" — sem er ekki hvað síst það sem menn þurfa að athuga.

„Kostir frá umhverfissjónarmiði eru ótvíræðir. Í stað olíuefna sem gufa upp og menga jarðveg og andrúmsloft eða er komið fyrir í náttúrunni þegar gamalt olíuslitlag er fjarlægt, kemur umhverfisvænt efni alíslenskt, sem er steinsteypa.

Eftirfarandi atriði mæla sérstaklega með steinsteypu til gatna- og vegagerðar:

„Um er að ræða meiri endingu og minna viðhald, ekki síst vegna slits af völdum nagladekkja. Það er minni erlendur kostnaður en kostnaður er háður olíuverði sem á hinn bóginn er um það bil 11% í stofnkostnaði malbiks. Það eru fleiri störf hérlendis við efnisvinnslu, í sementsverksmiðju og steypustöðvum. Um er að ræða sannanlega minni eldsneytisnotkun, einkum vegna harðara yfirborðs steypu og minna vatns í hjólförum. Það er minni efnamengun vegna slitryks og að jafnaði grynnri hjólför og þar af leiðandi minna um slys. Það er minni kostnaður við lýsingu þar sem steypa er ljós en malbik dökkt.

Ég hef aðeins, herra forseti, stiklað á stóru í greinargerðinni, en leyfi mér hins vegar að vitna til orða fyrrv. umhvrh., nú hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem sagði eftirfarandi í umræðu á 118. þingi um þetta mál, með leyfi forseta:

„Frá sjónarmiði umhverfisins þá er alveg ljóst að hún [þ.e.tillagan] hefur marghátttaðan ávinning í för með sér. Þannig liggur fyrir að ef slitlag er gert úr steinsteypu, þá leiðir það til minni notkunar á eldsneyti úr jarðefnum og það eitt og sér felur í sér ávinning fyrir umhverfið. Það er líka alveg ljóst að það er minni efnamengun vegna slitryks og í þriðja lagi liggur það líka fyrir að þau efni sem eru í steinsteypunni eru ekki jafnmengandi og ýmis þau olíuefni sem er að finna í asfaltinu. Bæði þegar asfaltið er lagt og eins þegar það er síðan fjarlægt. Þessir þrír kostir mæla því sterklega með samþykkt þessarar tillögu. Síðan er það auðvitað líka mjög mikilvægt að með því að flytja sig úr asfalti yfir í steinsteypu þá eru menn að flytja sig úr erlendum efnum yfir í innlend efni. Þetta mun auka innlenda framleiðslu, þetta mun skapa störf hér á Íslandi ..."

Svo mörg voru þau orð sem hæstv. fyrrv. umhvrh. hafði um þessa tillögu að segja þegar síðast var mælt fyrir henni.

Ég vil enn fremur með leyfi forseta vitna í orð annars hv. þm., Guðjóns Guðmundssonar, sem gerði að umræðuefni tortryggni í garð steinsteypu þótt Akurnesingar hafi t.d. haft af henni afburða góð reynslu á undanförnum 35 árum. Það sem Guðjón Guðmundsson sagði, með leyfi forseta var þetta: „Annars virðist vera ótrúleg tortryggni og tregða ríkjandi í garð steinsteypunnar hjá yfirstjórn vegamála. Má þar nefna t.d. fyrirhugað slitlag á gólf Vestfjarðaganga en verktaki bauðst til að steypa gólfið á svipuðu verði eða jafnvel lægra en það kostaði að malbika það. Nú eru liðnir nokkrir mánuðir síðan tilboðin voru opnuð en enn hefur ekki fengist svar við því hvort gólfið verður steypt eða malbikað."

Þetta sagði hv. þm. Guðjón Guðmundsson þegar síðast var mælt fyrr þessari tillögu. Ég get upplýst það nú að Vegagerðin hefur ákveðið að taka malbik sem sannanlega er meira mengandi efni og samkvæmt því sem áður sagði, sennilega dýrara heldur en það sem hér er um rætt.

Ég lýsi því hér yfir, herra forseti, að ég mun berjast fyrir þessu máli sem ég lifandi get þótt ég þurfi að flytja það á hverju þingi það sem eftir lifir þessa kjörtímabils. Hér er um mál að ræða eins og t.d. annað mál sem sá sem hér stendur þurfti að berjast fyrir í tvö ár, þ.e. að koma dreifilínum í jarðstreng. Með hörkunni hafðist það að ná 100 millj. til þess verkefnis á ári. Hvað gerir það? Það náðist samkomulag um þetta og ég féll frá því að ganga endanlega frá tillögunni, en henni var vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Nú kemur í ljós að tjón er sennilega á fimmta hundrað millj. sem varð eingöngu í síðasta óveðri. Mönnum má vera ljóst að hér er um að ræða um málefni sem skapar öryggi, t.d. í sveitum landsins, auk þess sem öruggt rafmagn tryggir betri aðstæður, en það skiptir t.d. sköpum á slysstað. Ég álít að það gildi nánast sama tregðulögmálið varðandi raflínurnar þótt það hafi komið glögglega í ljós að það er orðið verulega ódýrara að leggja strengi í jörðu fyrir dreiflínur heldur en vera með þær á staurum.

Það sama hefur verið uppi á teningnum varðandi steinsteypuna. Ég veit að þetta er tregðulögmál sem þarf að komast yfir.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð miklu fleiri. En ég legg til að nú að lokinni umræðu verði málinu vísað til hv. samgn. þar sem ég trúi og treysti á að þetta mál fái endi á þessum vetri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

23. FUNDUR

miðvikudaginn 1. nóv.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Endurskoðun á verksviði sýslumannsembætta, fsp. EKG, 8. mál, þskj. 8.
2. Sjálfræðisaldur barna, fsp. GGuðbj, 47. mál, þskj. 47.
3. Skaðabótalög, fsp. GGuðbj, 51. mál, þskj. 51.
4. Úrbætur í fangelsismálum, fsp. AK, 52. mál, þskj. 52.
5. Úrræði gagnvart sífbrotamönnum, fsp. AK, 53. mál, þskj. 53.
6. Lokunartími veitingahúsa, fsp. AK, 54. mál, þskj. 54.
7. Flutningur höfuðstöðva Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, fsp. HjÁ, 114. mál, þskj. 120.

Til sjávarútvegsráðherra:

8. Hvalveiðar, fsp. GuðjG, 22. mál, þskj. 22.
9. Veiðar og rannsóknir á túnfiski, fsp. KPál, 81. mál, þskj. 82.
10. Veiðar og rannsóknir á smokkfiski, fsp. KPál, 82. mál, þskj. 83.
11. Löndun undirmálsfisks, fsp. HjÁ o.fl., 112. mál, þskj. 118.

Til félagsmálaráðherra:

12. Aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna, fsp. KH, 64. mál, þskj. 64.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Stofnun úrskurðanefnda í málefnum neytenda, 124. mál, þáltill. VÁ og ÁE, þskj. 140.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Kjörbréf Jónasar Hallgrímssonar hefur þegar verið samþykkt. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkominn til starfa á ný.

Tilhögun þingfundar.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Rétt er að vekja athygli hv. alþm. á því að að loknum 23. fundi verður haldinn nýr fundur og þá fara fram atkvæðagreiðslur um 11 dagskrármál. Má gera ráð fyrir því að sú atkvæðagreiðsla verði einhvers staðar á bilinu milli klukkan hálf fjögur og fjögur í dag eftir því hversu langan tíma tekur að afgreiða dagskrármálin á 23. fundi.

Endurskoðun á verksviði sýslumannsembætta.

Fsp. EKG, 8. mál. — Þskj. 8.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Segja má að með nýjum lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði hafi embætti sýslumanna úti um landið fengið nýtt og afmarkað hlutverk. Samkvæmt lögum fara sýslumenn nú hver í sínu umdæmi með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda að því leyti sem hún er ekki falin öðrum eins og segir í 10. gr. laganna.

Landinu er nú skipt í 26 stjórnsýsluembætti auk Reykjavíkurumdæmis. Í lögunum er enn fremur kveðið á um að ekki megi fækka stjórnsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum frá Alþingi.

Því er ekki að leyna að umræða um stöðu sýslumannsembætta hefur verið allmikil á undanförnum árum. Þetta er mestan part eðlilegt vegna þess að hin nýju lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þýddu umtalsverða breytingu á stöðu sýslumannsembættanna og því er ekki óeðlilegt að ýmsar spurningar hafi vaknað.

Þó nokkrar tillögur hafa litið dagsins ljós þar sem kveðið er á um að fækka skuli sýslumannsembættum í landinu. Þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga fyrst og fremst vegna þess að mínu mati að þær hafa ekki verið nægilega vel undirbúnar og hafa ekki tekið mið af þeim raunveruleika sem við blasir víðast hvar úti á landsbyggðinni. Þess vegna tel ég að það hafi verið mjög skynsamlegt þegar núv. hæstv. dómsmrh. setti niður nefnd undir forustu Þorleifs Pálssonar, sýslumanns í Kópavogi, til að gera tillögur um hugsanleg ný verkefni sýslumannsembættanna og breytta og styrkari stöðu þessara embætta.

Það er mín skoðun að skipun þessarar nefndar hafi verið forsenda þess að hægt væri að taka skynsamlega á frekari uppstokkun sýslumannsembættanna og það sem ég tel vera mikilvægast, eflingu þeirrar starfsemi sem þar fer fram núna úti um landið.

Að sjálfsögðu er eðlilegast að reyna að færa verkefni frá miðstjórnarvaldinu í Reykjavík og út á landsbyggðina. Þá sýnist augljóst að sýslumannsembættin séu eðlilegur farvegur til slíks þar sem þessi embætti eru til staðar. Þau byggja á ríkri hefð og þjálfaðri stjórnsýslu. Enginn vafi er á því að breyting á stjórnsýsluumdæmum er ákaflega viðkvæm, ekki bara fyrir þá íbúa sem nýta sér þessa þjónustu heldur vegna þess að í eðli sínu er mjög þýðingarmikið að tiltekin festa sé í stjórnsýslunni í landinu. Ég tek þannig undir orð hv. varaformanns fjárln., Sturlu Böðvarssonar, sem fjallaði einmitt um þessi mál við 1. umr. fjárlaga nú fyrr í haust.

Það er auðvitað tiltölulega auðvelt verk að leggja til einhvers konar kák í uppstokkun sýslumannsembættanna þar sem drepið er niður fæti fjarri stjórnsýslunni. Í hugum þeirra sem nýta sér þessa þjónustu nú er þetta hins vegar mjög alvarlegt mál, ekki síst þegar ekkert er gert til að kynna íbúunum hvað eigi að koma í staðinn. Heildstæð uppstokkun stjórnsýslunnar úti um landið og ekki síður á höfuðborgarsvæðinu þar sem haft er til hliðsjónar að reyna að auka skilvirkni og varanlegan sparnað jafnt fyrir þegnana og ríkissjóð er af hinu góða. En þá verður að gæta þess að þannig sé staðið að málum að skyndiákvarðanir dagsins í dag skaði ekki möguleika á því að taka heildstætt á málum síðar meir. Þess vegna er nauðsynlegt að við alla endurskoðun á þessu sviði sé haft samráð við heimamenn.

Mjög margir hafa bundið miklar vonir við niðurstöður þeirrar nefndar sem ég nefndi hér áðan. Nefndin mun hafa skilað áliti sínu í maí sl. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. tveggja spurninga:

1. Hver var niðurstaða nefndar er ráðherra skipaði til að endurskoða verksvið sýslumannsembættanna í landinu?

2. Má vænta endurskoðunar á starfssviði og hlutverki sýslumannsembættanna í kjölfar þess nefndarálits?

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda skilaði nefnd, sem ég skipaði til að fjalla um verksvið sýslumannsembætta, áliti á sl. vori. Í nefndarálitinu segir m.a. varðandi nokkur helstu áhersluatriði í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Vakin er athygli á því að eftir réttarfarsbreytingu þá er átti sér stað 1. júlí 1992 væru sýslumannsembættin betur í stakk búin en áður að taka að sér aukin verkefni á sviði stjórnsýslunnar. Lagt er til að sýslumannsembættin utan Reykjavíkur hafi áfram með höndum umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins og innheimtu opinberra gjalda. Lögð er áhersla á að ekki verði gerð breyting á stjórnsýslu ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins nema allir þættir stjórnsýslunnar séu skoðaðir í heild. Því er nauðsynlegt að viðkomandi ráðuneyti starfi saman ef gera á breytingar á uppbyggingu stjórnsýslunnar að þessu leyti."

Þótt nefndinni hafi ekki verið ætlað að gera tillögur um fækkun sýslumannsembætta er bent á að einstakir nefndarmenn hafi talið að það væri forsenda fyrir því að fela sýslumönnum aukin verkefni að minnstu embættin væru sameinuð nálægum embættum. En af tillögum nefndarinnar um einstök viðfangsefni sem hugsanlega mætti færa til sýslumannsembættanna vil ég nefna hér nokkur:

Í fyrsta lagi er bent á fyrirtækjaskráningu sem hugsanlega mætti færa til embættanna.

Skattrannsóknir í minni háttar skattamálum, einkanlega að því er varðar eftirlit með svokölluðum vörslusköttum ríkissjóðs, og minni háttar brotum á bókhaldslögum.

Í þriðja lagi er minnst á sáttastörf og smámálameðferð á sviði einkamála.

Í fjórða lagi landskrá fasteigna.

Í fimmta lagi opinbera réttaraðstoð.

Í sjötta lagi úrskurðarvald í forsjármálum.

Þá er vikið að þáttum sem heyra undir dómsmrn. Þar er fjallað um það að fela megi lögreglustjórum í auknum mæli ákæruvald í opinberum málum. Gerir nefndin ráð fyrir því að þetta atriði verði til athugunar í yfirstandandi endurskoðun

þeirra laga. Þá er bent á að fela megi lögreglustjórum aukið rannsóknarvald í opinberum málum.

Að því er varðar verkefni sem heyra undir félmrn. er einkanlega bent á atriði sem tengjast atvinnuleysisskráningu.

Að því er varðar verkefni sem heyra undir landbrn. er bent á tvö verkefni. Annars vegar úttektir jarða samkvæmt ábúðarlögum og hins vegar umsjón með ríkisjörðum.

Ég kynnti efni þessarar álitsgerðar í vor og á fundi ríkisstjórnarinnar 17. okt. sl. var tekin sú ákvörðun að fela hverju ráðuneyti fyrir sig að vinna að flutningi verkefna til sýslumannsembætta á grundvelli þessa nefndarálits eftir því sem þau sæju ástæðu til. Með öðrum orðum var það falið hverju ráðuneyti að meta hvort þau treystu sér til að flytja verkefni á grundvelli þessara tillagna og hafa að því frumkvæði ef niðurstaðan yrði jákvæð. Dómsmrn. lýsti því hins vegar yfir að það væri reiðubúið til samvinnu um öll þau verkefni sem hér eru nefnd.

Að *því sem að dómsmrn. snýr eru lagabreytingar nú í* lokaundirbúningi sem gera ráð fyrir því að flytja verkefni til sýslumanna bæði að því er varðar ákæruvald í minni háttar málum og eins að því er varðar rannsókn refsimála. Hér er um að ræða breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og eins nýja löggjöf um lögreglumál. Einnig er tilbúið frv. um opinbera réttaraðstoð þar sem lagt er til að framkvæmd þeirrar löggjafar verði falin sýslumannsembættum.

Athugun á öðrum þáttum, sem heyra undir dómsmrn. eins og sáttarstörf á sviði einkamála og úrskurðarvald í forsjármálum, er skemur á veg komin.

[13:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er gott að þessu máli er hreyft í formi fyrirspurnar og gagnlegt að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra. Ég tek undir það sem fram kom í svari hæstv. ráðherra að þörf sé á að styrkja sýslumannsembættin og færa til þeirra fleiri verkefni þó auðvitað geti verið álitamál hver þau eigi að vera. Ég held að það sé kannski þörf á því að hafa einbeittari forustu um það að eitthvað gerist á þessu sviði en sjálfdæmi sem hér heyrist að hverju ráðuneyti sé falið í málinu og síðan biðstaða eða sem sagt ekki gengið eftir því innan ákveðinna tímamarka. Ég held líka að allar spurningar um tilfærslu á embættum séu ekki aðeins viðkvæmar heldur líka mikið álitamál og því nauðsynlegt að gott samráð sé haft um það. Ég ætla ekki að fara út í að ræða þar einstakar hugmyndir sem var áður hreyft. Sem betur fer var horfið til baka með það og málið tekið í víðtækari skoðun. Fyrir þinginu liggur fyrirspurn af minni hálfu um betri aðbúnað að *sýslumannsembætti á Seyðisfirði og vænti ég svars við* þeirri fyrirspurn innan tíðar.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þeirri stefnumótun að færa aukin verkefni til sýslumannsembættanna úti um landið og nýta þær stofnanir eða þau embætti betur. Í því sambandi vil ég spyrja hverju það sætir að í fjárlagafrv. eru tekin út úr tvö embætti sem áformað er að leggja niður á næsta ári og hvernig standi á því að það hafi þá ekki verið látið eitt yfir alla ganga í þessum efnum úr því að horfið var frá stórfelldum áformum um niðurlagningu þessara embætta eða fækkun þeirra á síðasta ári eða hvenær sem það nú var uppi. Ég vil jafnframt spyrja hvort ekki sé mögulegt að hæstv. ráðherra sé tilbúinn til samkomulags um að fresta þeim áformum að leggja niður sýslumannsembættin í Ólafsfirði og í Bolungarvík og láta á það reyna hvort ekki sé jafnframt hægt að finna fullnægjandi starfsgrundvöll fyrir þau embætti með því að fela þeim aukin verkefni og nýta þau betur. Ég mótmæli því mjög harðlega til að mynda að sýslumannsembættið í Ólafsfirði sé tekið út úr og þar sé á ferðinni lakari rekstur eða síður þarfur en á við víða annars staðar í landinu. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra eða þeir flokksbræður sem hafa fjallað um þetta mál tækju með í reikninginn að samkvæmt greinargerð fjárlagafrv. sem fyrir liggur, þá á þrátt fyrir það sem hér er sagt um flutning verkefna til embættanna að leggja tvö þeirra niður á næstu árum.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. dómsmrh. fyrir mjög skýr og greinargóð svör við fyrirspurn minni. Svör hæstv. ráðherra styrkja mjög þá skoðun mína að það sé mjög vel gerlegt og raunar skynsamlegt og sjálfsagt að efla sýslumannsembættin úti um landið. Ég held að sú ákvörðun hæstv. ráðherra á sínum tíma að setja niður nefnd til þess að fara yfir þessi mál hafi sýnt og sannað að það er ekki bara þörf á því að þessi sýslumannsembætti séu til staðar heldur er þarna um að ræða beinlínis farveg til þess að færa vald út í héruðin og auka þannig valddreifinguna í landinu og færa störfin út um landið og bæta þjónustuna við fólkið í landinu.

Ég tel að sú stefnumörkun sem fram kemur í nefndarálitinu sem hæstv. ráðherra hefur núna rakið fyrir okkur sýni það og sanni að það sé vel hægt að efla þessi sýslumannsembætti í stað þess að skera þau niður með fremur handahófskenndum aðgerðum eitt og tvö á ári eins og mér *sýndist vera mörkuð stefnan í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.* Ég er þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegast úr því sem komið er að taka um það ákvörðun núna að slá á frest allri frekari uppstokkun sýslumannsembættanna í landinu. Hér er um að ræða ákaflega viðkvæmt mál og stórt mál eins og ég rakti í fyrri ræðu minni áðan og það væri miklu eðlilegra að reyna að sjá fyrir endann á þessari uppstokkun sem lagt er til í nefndinni en vinda sér í einhverjar aðgerðir sem við sjáum ekki alveg fyrir endann á. Þar fyrir utan óttast ég dálítið að með því að færa þetta vald í hendur einstakra ráðuneyta eins og niðurstaðan mun hafa verið í ríkisstjórninni þá kunni það að verða til þess að einstök ráðuneyti reyni að halda utan um sín mál eins og gengur og það verði því miður of lítið úr því sem lagt er til í nefndarálitinu að færa verkefni og völd úr einstökum ráðuneytum til sýslumannsembættanna.

[13:49]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel það vera skynsamlega stefnu almennt að færa ýmis verkefni sem lúta að afgreiðslum og úrskurðum út til undirstofnana og frá ráðuneytum. Það gefur ráðuneytunum betra svigrúm til stefnumótunar og á að geta leitt til öruggari og betri þjónustu við íbúa landsins sem þurfa að sækja til yfirvalda um slíkar ákvarðanir. Sýslumannsembættin eru mjög kjörinn vettvangur til þess að færa mörg af þessum verkefnum til.

Ég tel að það rýri ekki á nokkurn hátt framkvæmd þeirra hugmynda sem koma fram í nefndarálitinu að fela hverju ráðuneyti um sig að koma þeim í framkvæmd. Eðlilega verða ráðuneytin að bera ábyrgð á málaflokkum sínum og hafa forustu um breytingar sem eru hugsanlegar en þingið hefur alveg sömu möguleika á að fylgja þessum hugmyndum eftir

og ekki síðri möguleika þó að hvert ráðuneyti beri ábyrgð á sínum málaflokki.

Varðandi samruna embætta er það rétt sem hér kom fram að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að tvö minni embætti verði sameinuð öðrum, ekki vegna þess að rekstur þeirra hafi verið slæmur heldur vegna þess að það liggur fyrir að það má spara í yfirstjórn með því að sameina sýslumannsembætti. Við verðum líka að hafa í huga að það kemur fram í þessu nefndaráliti að það getur verið forsenda fyrir tilflutningi sumra verkefna að það séu öflug embætti sem fáist við verkefnin. Ég nefni til að mynda úrskurði í forsjármálum sem eru afar viðkvæm mál. Það skiptir máli að embætti hafi nægjanlega sérþekkingu á þessum sviðum til þess að geta fjallað um þau efni þannig að það er alls ekki svo að það sé ósamrýmanlegt heldur þvert á móti fer það saman að hagræða skipulaginu og gera embættin sterkari um leið og við færum aukin verkefni til þeirra.

Sjálfræðisaldur barna.

Fsp. GGuðbj, 47. mál. — Þskj. 47.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Sjálfræðisaldur barna hefur verið tölusett til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu, oftast í tengslum við það að erfiðlega reynist að fá unglinga á aldrinum 16–18 ára í fíkniefnameðferð nema með þvingunaraðgerðum þrátt fyrir vilja og óskir foreldra þó að vissulega megi færa fram frekari rök fyrir hækkun sjálfræðisaldurs sem ná til allra einstaklinga á þessum aldri. Ef grannt er skoðað kemur í ljós að sjálfræðisaldur á Íslandi hefur ekki breyst síðan árið 1281 þegar Jónsbók var lögtekin hér þrátt fyrir gífurlegar þjóðfélagsbreytingar og þá staðreynd að í nágrannalöndunum er skipan mála með allt öðrum hætti. Samkvæmt fyrstu lögræðislögunum sem sett voru hér á landi árið 1917 var 16 ára sjálfræðisaldrinum ekki breytt og samkvæmt núgildandi lögræðislögum frá árinu 1984 er enn miðað við 16 ár. Til samanburðar má geta þess að eftir lok miðalda var sjálfræðisaldur annars staðar Norðurlöndunum hækkaður úr 12 árum í 25 og á seinni hluta 19. aldar var hann hækkaður í 21 ár.

Á árunum 1968–1976 var sjálfræðisaldurinn á Norðurlöndum og í Englandi lækkaður úr 21 ári í 18 ár og þannig mun það vera í langflestum nágrannalöndum okkar að sjálfræðisaldurinn er 18 ár.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989, sem við fullgiltum árið 1992, og er nú kynntur með myndarlegu átaki í sjónvarpinu segir í 1. gr.: „Börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára.“ En samkvæmt íslenskum lögum eru börn börn til 16 ára aldurs og ungmenni fram til 18 ára þegar þau verða lögráða og fá kosningarétt og fleira en eins og við vitum fá þau síðan ekki heimild til þess að kaupa áfengi fyrr en 20 ára. Þó að ungt fólk telji e.t.v. að þau missi réttindi við það að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður má einnig líta á það sem aukið réttaröryggi að forsjárskyldur foreldrar séu framlengdar. Ég er sannfærð um að það eru mun fleiri rök sem mæla með hækkun sjálfræðisaldurs en á móti.

Þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa m.a. leitt til þess að skólaganga ungs fólks er orðin mun almennari og atvinnuleysi 16–18 ára unglinga sem annarra hefur aukist sem veldur því að unglingar eru efnahagslega háðari foreldrum sínum en fyrr. Hækkun forræðisaldurs yrði því viðurkenning á þeim þjóðfélagsbreytingum sem hafa orðið. Um leið yrði staða foreldra gagnvart 16–18 ára unglingum mun skýrari. Ábyrgð hins opinbera gagnvart börnum og foreldrum væri einnig skýrari og einnig bæði varðandi þjónustu við unglinga og ekki síður í bótakerfinu en þá má búast við að krafan um barnabætur til 18 ára aldurs kæmi fljótt upp þó það hljóti að vera sjálfstæð pólitísk ákvörðun hvernig með það mál verður farið.

Ég vil af þessu tilefni beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. á þskj. 47:

„Fyrirhugar ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um hækkun sjálfræðisaldurs barna í 18 ár. Ef svo er, þá hvenær?“

Það væri einnig fróðlegt að vita hvað hæstv. dómsmrh. telur helst mæla með og á móti slíkum breytingum.

[13:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Nefnd sem ég skipaði í mars árið 1993 vinnur nú að gerð frv. til nýrra lögræðislaga og er að því stefnt að leggja nýtt frv. um lögræðislög fyrir þetta þing. Meðal þeirra gagna sem nefndin hefur aflað eru umsagnir um álit ýmissa stofnana og félagasamtaka um það álitaefni sem þessi fyrirspurn snýst um, hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur einstaklinga úr 16 árum í 18 ár. Nefndin óskaði m.a. eftir því að umsagnaraðilar gerðu grein fyrir þeim rökum sem þeir teldu mæla með hækkun sjálfræðisaldurs og þeim rökum sem þeir teldu mæla gegn hækkun sjálfræðisaldurs.

Umsagnar hafa þegar borist frá félagsmálastofnunum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar, Geðlæknafélagi Íslands, félmrn., Sálfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa, barna- og unglingageðdeild Landspítala Íslands og foreldrasamtökum. Í þessum umsögnum kemur fram að mjög skiptar skoðanir eru um það hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár og hefur formaður nefndarinnar tjáð mér að í athugasemdum með frv. til nýrra lögræðislaga muni verða gerð ítarleg grein fyrir þeim rökum sem færð hafa verið fram bæði með og móti hækkun sjálfræðisaldurs. Nefndin hefur enn ekki mótað endanlega afstöðu sína til málsins og ég mun bíða með ákvarðanatöku af hálfu ráðuneytisins um það hvort lagt verður til hækka sjálfræðisaldur þar til nefndin hefur kynnt mér niðurstöður sínar og umsagnir þær sem hún hefur fengið. En ég vil þó benda á að ýmsir þeir sem mæla með hækkun lögræðisaldurs virðast byggja þá skoðun sína á vanda tiltölulega fárra einstaklinga. Frá mínum bæjardyrum séð verður maður að líta á hagsmuni allra ungmenna í landinu þegar afstaða verður tekið endanlega til þessa álitaefnis.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og vonast til að sjá slíkt frv. síðar á þessu þingi eða sem fyrst en ég ítreka að ég er þeirrar skoðunar þótt ég hafi nefnt þennan litla hóp að þetta varði auðvitað alla unglinga í landinu. Í því sambandi vil ég taka fram að ég held að þó að það megi nota uppeldisfræðileg rök fyrir því að það geti verið gott að láta unglinga fá ábyrgð smátt og smátt, þau byrja 15 ára á að verða sakhæf og 16 ára sjálfráða og 18 ára geta þau kosið og 20 ára keypt brennivín o.s.frv., þá virðist þetta valda töluverðum ruglingi á framkvæmd og hugmyndum þeirra um réttarstöðu sína. Það virðist vera ákveðin vanvirðing uppi gagnvart lögunum vegna þess að þau eru ekki alveg í sam-

ræmi við þá lifnaðarhætti sem hér tíðkast. Ég held því að það sé mun vænlegra til að ala ungt fólk upp í að bera virðingu fyrir lögum að hér séu skýrari línur dregnar í þessum efnum og ég tel fyllilega tímabært að við gerum eins og flestar þjóðir í kringum okkur og miðum sjálfræði og lögræði við 18 ár.

Skaðabótalög.

Fsp. GGuðbj. 51. mál. — Þskj. 51.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Á næst síðasta þingi lagði sú sem hér talar fram fyrirspurn til þáv. félmrh. um jafnan rétt kvenna og karla til dæmdra bóta vegna dóms í svokölluðu hundsbitsmáli sem varðaði skaðabætur til barns á grundvelli eldri laga en núgildandi skaðabótalaga. Í svari sem birtist á þskj. 752 á 118. löggjafarþingi segir m.a. að sýnt þyki að fullyrða megi að nýju skaðabótalögin frá 1993 byggi á jafnræði kynja. Þó er ekki alveg ljóst hvort þarna er bara verið að tala um börn eða bæði börn og fullorðna. Síðan hafa nokkrir dómar fallið samkvæmt skaðabótalögunum frá 1993 þar sem konum eru dæmdar lægri skaðabætur en körlum allan sinn aldur á grundvelli þess að kynbundinn launamunur er til staðar í þjóðfélaginu nú þrátt fyrir gildandi jafnréttislög. Einn slíkur dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. júní 1995. Af hálfu stefnanda í því máli var því haldið fram að viðkomandi kona eigi ekki að þurfa að sæta því að bætur hennar verði sjálfkrafa fjórðungi lægri en bætur til karla á sama aldri. Með tilvísun í dóm Hæstaréttar frá 6. jan. 1995, þar sem vísað er til skýrslna kjararannsóknarnefndar sem sýna að tekjur kvenna séu almennt lægri en karla er komist að annarri niðurstöðu með eftirfarandi rökum, með leyfi forseta:

„En til þess að dómstólum verði kleift að dæma konu jafnháar örorkubætur og um karlmann væri að ræða þarf að sýna fram á að kynferði hafi ekki áhrif á framtíðaráætlanir um tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útreikninga á örorkutjóni. Það hefur ekki verið gert í þessu máli."

Það er að mínu mati gjörsamlega óskiljanlegt að heimilt sé að nota kynbundnar upplýsingar um laun á þennan hátt þrátt fyrir gildandi jafnréttislög og nýsamþykktar breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar þar sem skýrt er kveðið á um að kynin eigi að njóta sama réttar í hvívetna. Því legg ég eftirfarandi fyrirspurn til dómsmrn. á þskj. 51:

„Hyggst ráðherra leggja fram frv. um breytingar á skaðabótalögunum sem tryggi að skaðabætur einstaklinga verði óháðar launamun kynjanna? Ef svo er, þá hvenær?"

[14:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Með skaðabótalögum sem samþykkt voru 1993 er það meginregla að bætur fyrir varanlega örorku skuli ákveðnar eftir því sem ætla má að tjón hvers einstaks tjónþola sé. Örorkustig á að miðast við raunverulega skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Bætur fara einnig eftir fyrri tekjum tjónþola sem í hlut á.

Að því er tekjur varðar er haldið í þá meginreglu sem gilt hefur að sníða skal bætur eftir tjóni hvers einstaklings. Þessi regla felur það í sér að bætur verða mismunandi eftir tekjum hvers og eins, hvort sem um er að ræða karl eða konu. Bætur læknis ráðast af tekjum hans án tillits til kyns. Sama máli gildir um tekjur bóndans og hjúkrunarfræðingsins, Sóknarkonunnar og verkamannsins, flugfreyjunnar og flugstjórans. Til frekari skýringar er þess að geta að árslaun skal miða við heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag er tjón varð. Þó skal meta árslaun sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum. Þetta getur t.d. átt við um þann sem var atvinnulaus þegar slys varð eða á næstliðnu ári.

Þegar hins vegar er litið til þess hvernig fari um bætur til barna og annarra tjónþola sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, þá ákvarðast þær bætur samkvæmt skaðabótalögunum á grundvelli miskastigs sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska. Auk barna, en þau eru stór hluti tjónþola, á þetta einkum við um heimavinnandi konur eða karla. Þessar bætur eru nú staðlaðar og gildir sama regla fyrir bæði kyn. Skiptir þá engu hvort tjónþoli er karl eða kona. Við þessar aðstæður koma hugsanlegar fyrri tekjur ekki við sögu. Tjón sem urðu fyrir gildistöku skaðabótalaganna eru hins vegar bætt á grundvelli eldri reglna, þar sem bætur til þessa hóps voru almennt ákvarðaðar eftir tekjuhorfum hvors kyns fyrir sig.

Reynsla af skaðabótalögunum er enn takmörkuð og um sum ákvæði þeirra hefur verið deilt. Ég vek athygli á því að hv. allshn. hafði skaðabótalögin til sérstakrar meðferðar fyrr á þessu ári, fyrst á vetrarþinginu og aftur á vorþinginu. Á vorþinginu ákvað nefndin með sérstöku bréfi að fela þeim Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Gunnlaugi Claessen hæstaréttardómara, sem höfðu að tilhlutan dómsmrn. á árinu 1994 gert athugun á ákvæðum skaðabótalaganna, að taka á ný sérstaklega til athugunar þann margföldunarstuðul sem lögin byggja á. Þeim var einnig falið að yfirfara önnur ákvæði laganna og leggja mat á hvort breyta þurfi einhverjum þeirra og þá hvernig. Var þeim falið að semja frv. til laga um breytingar á skaðabótalögunum ef niðurstöður af athugunum þeirra gefa tilefni til þess ásamt athugasemdum. Nefndin óskaði þess að slíkt frv. yrði afhent í tæka tíð til að leggja megi það fram á Alþingi nú í haust og þess var loks óskað að drög að frumvarpi yrði kynnt nefndinni sérstaklega áður.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er gert ráð fyrir að lögfræðingarnir tveir skili skýrslu sinni nú fyrri hluta þessa mánaðar. Það ræðst svo auðvitað af þeirra niðurstöðum hvaða hugmyndir koma fram um breytingar á lögunum, en umboð þeirra til endurmats á lögunum var býsna víðtækt og ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að fara í slíkt endurmat. Hér er um að ræða mjög mikla grundvallarbreytingu á íslenskum rétti þegar skaðabótaréttur er lögfestur í fyrsta sinn og því þurfum við að fylgjast mjög vel með þróuninni í þessum efnum og laga lögin að fenginni reynslu og í ljósi nýrra viðhorfa. En ég endurtek að þess er að vænta að niðurstöður sérfræðinganna tveggja um endurskoðun á lögunum liggi fyrir í þessum mánuð og væntanlega fyrri hluta þessa mánaðar.

[14:08]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. benti á er allshn. að láta skoða ákveðna þætti hinna nýju skaðabótalaga og ég á von á því að sú nefnd skili áliti mjög fljótlega, jafnvel alveg á næstu dögum. Hv. fyrirspyrjandi á einmitt sæti í allshn. þannig að þar gefst gott tækifæri til að skoða

efni fyrirspurnarinnar. En auðvitað verður að hafa í huga þá grundvallarreglu skaðabótaréttar um að tjónþoli eigi að vera jafnt settur eftir tjón og hann var fyrir tjón, þ.e. að raunverulegt fjártjón sé bætt.

Hins vegar er hægt að skilja fyrirspurn hv. þm. þegar litið er til allra þeirra þátta í löggjöf sem tryggja eiga jafnrétti. Við getum nefnt sem dæmi 3. gr. jafnréttislaga sem bannar mismun á grundvelli kynferðis og sú regla hefur verið í gildi í íslenskum lögum allt frá því að fyrstu jafnréttislögin komu til sögunnar 1976. Breyting var gerð á íslensku stjórnarskránni þar sem lögfest var ákvæði um bann við mismunun á grundvelli kynferðis. Þá hefur Ísland líka fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum og það er ágætt fyrir okkur að hafa þessi atriði í huga og minna á þau.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin þótt ég sé ekki alveg sátt við þau vegna þess að það er vísað í að í skaðabótalögunum sé byggt á tjónþolanum sjálfum. En dómarar virðast stundum þurfa að áætla tekjur og fara þá hiklaust í launaskrár og taka 75% af því sem karlar fá. Þannig velti ég því fyrir mér hvers vegna þeir skoði t.d. ekki hvort viðkomandi býr á Vesturlandi eða Norðurlandi eða hvort skóstærðin er þessi eða hin eða aldurinn þessi eða hinn. Hvað heimilar þeim að taka kynferði út þarna þegar þeir eru að ákvarða þessi laun?

Ég tel sem sagt alveg óhjákvæmilegt að fundin verði leið til breytingar á skaðabótalögunum sem ég vona að komi til fljótlega. Ég vil taka það fram að mér er auðvitað fullkunnugt um að allshn. hefur beðið um að farið verði yfir þessi lög, en mér vitanlega var ekki sérstaklega beðið um að þar yrði tekið á þessu vandamáli og óska eftir því að þeir verði beðnir um að athuga kynbundnar skaðabætur sérstaklega. Ég tel alveg óhjákvæmilegt að það verði fundin leið til þess að breyta þessum dómapraxís sem sérir réttlætiskennd fólks og einnig að því er virðist viðkomandi dómara sem taka fram að í slíkum dómum felist engin viðurkenning á að fengin niðurstaða sé sanngjörn. Það er mjög alvarlegt ef gildandi lög og sú dómaframkvæmd sem viðurkennd er á grundvelli þeirra geta ekki talist sanngjörn og því vona ég að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn geti tekið undir með fyrirspyrjanda um að hér þurfi að koma breytt dómaframkvæmd til með breyttum lögum ef ekki vill betur.

[14:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem fram hefur komið að sérfræðingarnir tveir sem fengu þetta verkefni fengu allvíðtækt umboð til þess að skoða skaðabótalögin og endurmeta einstaka þætti þeirra. Ég get ekki sagt fyrir um niðurstöðu af þeirra starfi en auðvitað er verið að hreyfa hér mjög stórri spurningu. Grundvallaratriði skaðabótaréttarins er það að bæta mönnum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir og ég held að það sé enginn vafi á því að með tilkomu nýju skaðabótalaganna hafi orðið veruleg framför að því er varðar þann mismun sem fyrri dómapraxís sýndi varðandi bætur til karla og kvenna. En ef taka á upp þá spurningu hvort dæma eigi mönnum jafnar bætur án tillits til þess skaða sem þeir hafa sannanlega orðið fyrir, þá er það auðvitað mjög mikil grundvallarbreyting á skaðabótarétti. En ég held að það sé mjög eðlilegt að nefndin ræði einmitt grundvallarspurningar af því tagi þegar nefndarálit sérfræðinganna liggur fyrir.

Úrbætur í fangelsismálum.

Fsp. AK, 52. mál. — Þskj. 52.

[14:14]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um úrbætur í fangelsismálum. Fyrirspurnin er frá Arnþrúði Karlsdóttur sem sat á þingi sem varaþm. Fyrirspurnin er tvíþætt:

1. Hvernig hyggst ráðherra bæta úr skorti á fangelsisrýmí í Reykjavík?

2. Hvað líður fyrirhugaðri byggingu fangelsis við Tunguháls?

[14:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Nú er unnið að endurbótum í fangelsismálum í samræmi við stefnumörkun fangelsismálanefndar frá því í mars 1992 sem staðfest var af ráðuneytinu sem stefnumörkun af þess hálfu og samþykkt af þáv. ríkisstjórn. Meðal brýnustu úrbóta er endurnýjun og smíði nýrra fangelsa. Í þeim efnum er rétt að minna á að í síðasta mánuði var ný fangelsisbygging fyrir afplánunarfanga tekin í notkun á Litla Hrauni. Sú bygging rúmar 55 fanga. En samtímis verður hluti af eldri byggingu tekinn til annarra nota þannig að heildarfangarými í landinu eykst um 35 pláss eða um 30%. Með þessari nýju fangelsisbyggingu minnkar enn fremur álag á fangelsin í Reykjavík þar sem stefað mínu mati nt er að því að draga úr notkun fangelsanna eftir því sem kostur er vegna þess í hvaða ástandi þau eru.

Hvað fyrirhugaða byggingu fangelsis við Tunguháls varðar er það að segja að ráðuneytið hefur á undanförnum árum unnið að því að tryggja sér lóð við Tunguháls með það fyrir augum að byggja þar gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi. Nú hefur lóðin fengist og ráðgert er að hefja undirbúning og hönnun á slíkri byggingu þegar á næsta ári en samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1996 eru áætlaðar 10 millj. kr. til undirbúnings og hönnunarvinnu á næsta ári. Ráðgert er að það fangelsi mæti gæsluvarðhaldsþörf og að hluta afplánunarþörf fyrir Reykjavík og næsta nágrenni. Fangelsinu er ætlað að koma í stað Hegningarhússins við Skólavörðustíg og fangelsisins í Síðumúla en þar eru nú rými fyrir 32 fanga. Þau fangelsi verða lögð niður þegar nýja fangelsið tekur til starfa. En samkvæmt bráðabirgðaáætlun er gert ráð fyrir að nýja fangelsið muni rúma allt að 50 fanga og að því er stefnt að það verði tilbúið til notkunar árið 2000.

[14:17]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir spurningar hans. Mig langar til að skjóta einni spurningu að hæstv. dómsmrh.: Eru einhverjar hugmyndir uppi um nýtingu gamla fangahússins við Skólavörðustíg? Þetta er mjög merkilegt hús. Það var einu sinni notað undir fundarhöld bæjarstjórnarinnar í Reykjavík og ég reikna með að það heyri undir þau hús sem beri að varðveita. Mig langar til að spyrja hæstv. dómrmh.: Hefur hann einhverjar hugmyndir um hvernig ber að nýta þetta hús, sem undir hann heyrir?

[14:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það kom fram í svari hæstv. ráðherra að áætlaðar væru um 10 millj. kr. til hönnunar byggingar fangelsis á Tunguhálsi. Í frv. til fjárlaga eru áætlaðar 55

millj. kr. til fangelsisbygginga sem eiga að fara til byggingar á fjölnota skála við fangelsið á Litla Hrauni. En þessar 10 millj. sem áætlað er að fari til hönnunar fangelsis að Tunguhálsi eru bundnar, að því er mér sýnist, sölu á hlutabréfum í Bifreiðaskoðun Íslands. Verður ekki farið í þessa hönnun ef af þessari sölu verður ekki? Jafnframt langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé fyrirhugað að leggja fram nýtt frv. til laga um fangelsi og fangavist sem hefur verið rætt hér a.m.k. á tveimur síðustu þingum.

[14:19]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. ágæt svör hans. Ég vil engu að síður draga fram þær tillögur sem koma fram hjá nefnd um fangelsismál og vitna hér í skýrslu fangelsismálanefndar til dómsmrh. um stöðu fangelsismála í dag. Tillögur um brýnar úrbætur og stefnumörkun til framtíðar, með leyfi forseta. Þar segir:

„Nefndin leggur til verulegar breytingar á húsakostum og starfsemi fangelsa. Þeim verði komið í mannsæmandi og lögmætt form. Fangelsum verði fækkað frá því sem nú er að vera sex í fjögur. Nýtt fangelsi verði byggt á höfuðborgarsvæðinu. Hagkvæmnisástæður mæla með þeirri staðsetningu. Fangaplássum verði fjölgað úr 117 í 139 og fangelsum skipt í deildir."

Ég vil undirstrika einmitt þessa nauðsyn að fangelsi sé byggt hér í Reykjavík. Það er af þeim augljósu ástæðum að fangelsi í Reykjavík er nær dómstólum, lögreglu, lögmönnum, sérfræðingum í heilbrigðisþjónustu og annarri þjónustu sem tilheyrir slíku fangelsi. Það er líka ljóst að heildarþörf fanga er hvergi mætt með þeirri þó ágætu úrbót sem hefur orðið á Litla Hrauni. Sérstaklega þarf að horfa til skammtímavistunar og gæsluvarðhaldsþarfar sem eðlilegt er að verði hér á höfuðborgarsvæðinu.

[14:21]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst varðandi fyrirspurn um þær 10 millj. sem ráðgert er að verja til hönnunar fangelsisbyggingar hér í Reykjavík á næsta ári þá geri ég ráð fyrir því að við höfum þær til ráðstöfunar þannig að undirbúningur að þeirri framkvæmd geti hafist með þeim hætti sem hér er lagt til.

Varðandi frv. um fangelsi og fangavist þá get ég ekki svarað því á þessu stigi hvenær hægt er að leggja fram frv. um það efni. En eins og hv. fyrirspyrjandi gat um þá hefur það verið til umfjöllunar um nokkurn tíma og ég vona að það verði unnt að hraða því að ganga endanlega frá tillögum þar að lútandi.

Varðandi fyrirspurn sem hér kom fram um notkun á Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þegar það verður lagt niður sem fangelsi er það að segja að ákvörðun hefur ekki verið tekin þar um enn. Því miður verður nokkur bið á því að unnt verði að leggja fangelsisstarfsemi þar niður en húsið er sögufrægt eins og hér kom fram. Hæstiréttur hóf þar að auki störf sín í þessu húsi. En það verður fljótlega hafist handa við að kanna með hvaða hætti megi nota húsið þegar núverandi hlutverki þess lýkur.

Að því er varðar þau atriði sem fram komu hér í máli hv. fyrirspyrjanda að aðalfangelsi ríkisins eigi að vera í Reykjavík þá er rétt að taka fram að þeirri tillögu var hafnað. Það var ákveðið að aðalfangelsi ríkisins skyldi áfram vera á Litla Hrauni. Fyrir því voru fullkomin hagkvæmnirök. Þar hefur fangelsisrekstur farið fram með góðum árangri um langan tíma. Þar er vingjarnlegt umhverfi gagnvart þessari starfsemi og í síðasta mánuði var opnuð ný bygging á grundvelli þeirrar ákvörðunar að þar verði aðalríkisfangelsið. En það breytir ekki þeirri staðreynd að hér er full þörf á og mjög brýn að koma upp nýju gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík og móttökufangelsi. Það er samkvæmt áætlun fangelsismálanefndar unnið að framgangi þess máls.

[14:24]

Útbýting þingskjala:

Bjargráðasjóður, 125. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 143.
Sveitarstjórnarlög, 126. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 144.

Úrræði gagnvart síbrotamönnum.

Fsp. AK, 53. mál. — Þskj. 53.

[14:24]

Þorvaldur Tómas Jónsson:

Virðulegi forseti. Undanfarin missiri hafa fréttir af ýmiss konar afbrotum, þó einkum þjófnuðum og innbrotum verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Dæmi eru um að innbúi úr húsum hafi verið rænt þegar íbúarnir voru erlendis. Einnig eru dæmi um að þjófaflokkar hafi tekið fyrir einstaka bæi á landsbyggðinni og brotist þar inn í mörg eða flest fyrirtæki í sömu ferðinni. Í einstaka tilfellum hafa fórnarlömb þessara þjófnaða, þ.e. eigendur hinna stolnu muna, viðurkennt að hafa keypt þá aftur af þjófunum til að endurheimta eigur sínar. Það virðist sem sagt vera að það sé orðinn atvinnuvegur hjá einhverjum hópi afbrotamanna að ræna hlutum til að selja fyrir peninga, innan lands eða erlendis og jafnvel þeim sem stolið var frá. Þessi afbrotafaraldur hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um það hvað sé hægt að gera til að stöðva þá sem brjóta af sér með síendurteknum hætti og valda þannig einstaklingum, fyrirtækjum og samfélaginu öllu ómældu tjóni. Jafnframt hlýtur töluverður hluti af tíma og kostnaði lögreglunnar að fara í að elta afbrotamenn sem jafnvel eru búnir að fá dóm en bíða afplánunar. Þessa krafta löggæslunnar mætti vafalaust nýta til annarra hluta.

Eins og kom fram í máli og svari hæstv. dómsmrh. við fyrri fyrirspurn eru fangelsisrýmí í landinu nú um 130 og von á frekari úrbótum þar. Samt sem áður munu nú vera 160–170 afbrotamenn sem hafa hlotið dóm en bíða afplánunar.

Þess vegna er þessari fyrirspurn nú, fyrir hönd Arnþrúðar Karlsdóttur, varaþingmanns, beint til hæstv. dómsmrh.:

Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir úrræðum gagnvart síbrotamönnum?

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í íslenskum lögum kemur hugtakið síbrotamaður hvergi fyrir. En almenn hegningarlög og raunar einnig sum sérrefsilög hafa að geyma fyrirmæli um auknar refsingar ef um ítrekuð brot er að ræða auk þess sem heimild er fyrir sérstakri refsiþyngingu þegar um margítrekuð auðgunarbrot er að ræða. Þá er í 67. gr. almennra hegningarlaga sérstök heimild til að beita öryggisráðstöfunum gagnvart mönnum sem vegna slæms andlegs ástands eða undanfarandi breyttni eru líklegir til að fremja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og eru því hættulegir umhverfi sínu. Löggjöf er þannig ekki margorð um síbrotamenn og úrræði gagnvart þeim. Á hinn bóginn gerir réttarvörslukerfið það sem í þess valdi stendur til að stemma stigu við brotastarfsemi þeirra einstaklinga

sem gera það að vana að fremja brot eða beinlínis hafa það að atvinnu sinni.

Þeir sem starfað hafa innan lögreglu þekkja að á hverjum tíma eru ákveðnir brotamenn mjög virkir og koma oft við sögu lögreglu og dómstóla á stuttum tíma. Jafnvel örfáir þessara manna bera þannig ábyrgð á stórum hluta þeirra brota sem framin eru. Það er einnig þekkt staðreynd að fjöldi afbrota, þá sérstaklega fjöldi einstakra tegunda brota, gengur í bylgjum. Stöðugt er unnið að því af hálfu lögregluyfirvalda að bæta aðferðir í baráttunni við brotamenn og finna nýjar leiðir. Í þessu samhengi verður að líta á aðgerðir réttarvörslukerfisins alls sem eina heild sem hefst hjá lögreglu, heldur áfram hjá ákæruvaldi og dómstólum og lýkur í fangelsiskerfinu. Á öllum stigum á þessum ferli hefur verið unnið að úrbótum sem m.a. stuðla að því að stemma stigu við brotastarfsemi síbrotamanna.

Eftir að breytingin var gerð á dómstólakerfinu árið 1992 við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði taka sakamál nú mun styttri tíma en fyrr og má segja að gangur þeirra mála sé nú í mjög góðu horfi. En vegna mikils annríkis lögreglu og ákæruvalds verður í sumum tilvikum of langur dráttur á rannsókn afbrota og útgáfu ákæru. Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur hins vegar verið lögð sérstök áhersla á rannsóknir brota þar sem vanaafbrotamenn koma við sögu. Á fundi sem ég hélt með ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra og lögreglustjórum á höfuðborgarsvæðinu 30. ágúst sl., var rætt sérstaklega um leiðir til að stemma stigu við vaxandi afbrotum í þjóðfélaginu. Sérstaklega var þar rætt um leiðir til að flýta afgreiðslu mála hjá lögreglu og ákræuvaldi.

Á vegum dómsmrn. er nú starfandi nefnd sem vinnur að endurskoðun á frv. til lögreglulaga. Eitt af meginviðfangsefnum þeirrar nefndar er að setja reglur sem tryggt geti skilvirka löggæslu og rannsókn brotamála. Þá er í réttarfarsnefnd unnið að heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála þar á meðal kaflanum um ákæruvald. Reikna má með að í frv. þeim sem þessar nefndir munu skila af sér komi fram nýmæli sem ætlað er að stuðla að einfaldari og skilvirkari ferli brotamála frá lögreglu til dómstóla.

[14:30]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og áðan þakka fyrir að þessu máli sé hreyft hér og get tekið undir það sem fram kom hjá þeim sem flutti fsp. fyrir Arnþrúði Karlsdóttur, að það er vissulega rétt að það virðist vera um að ræða hópa sem stunda skipulögð afbrot eða innbrot. En ég vil líka halda því fram að við búum til — við séum í raun og veru að búa til síbrotamenn einfaldlega vegna þess að mjög margir þessara afbrotamanna sem koma aftur og aftur í fangelsin eru upphaflega ungir fíkniefnaneytendur sem fara út í afbrot, fá dóma eða sektir og eiga í raun ekkert afturhvarf inn í þjóðfélagið, þeim er ekki gert kleift að hefja lífið í þjóðfélaginu aftur og eiga enga aðra leið færa en þá að fara aftur í sinn fyrri félagsskap og þá í afbrotin aftur. Það þarf að auka sálfræði- og félagsráðgjöf langt umfram það sem er í dag. Ég fagna því hins vegar sérstaklega sem kemur fram í frv. til fjárlaga að sérstakur sálfræðingur tekur til starfa við fangelsið á Litla-Hrauni því að fram til þessa hefur aðeins einn sálfræðingur starfað hjá Fangelsismálastofnun ríkisins.

[14:31]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er ugglaust alveg rétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að í mörgum tilvikum hagar svo til að um er að ræða fíkniefnaneytendur sem erfitt er að koma til betri hátta eftir dvöl í fangelsi og vissulega má færa að því rök að það skorti úrræði til þess að leiða þessa ógæfumenn inn á betri vegu eftir að þeir hafa tekið út sína refsingu. En það breytir hins vegar ekki því að það er full þörf á að bæta skilvirkni í löggæslu og hvað varðar ákæruvald í þeim tilvikum sérstaklega þar sem um er að ræða vana afbrotamenn þannig að það sé unnt að koma fram viðurlögum sem skjótast eftir að brot hefur verið framið. Þær skipulagsbreytingar sem verið er að vinna að, m.a. á skipulagi lögreglunnar, miða að því að gera þá starfsemi skilvirkari og fljótvirkari.

Lokunartími veitingahúsa.

Fsp. AK, 54. mál. — Þskj. 54.

[14:33]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um breyttan lokunartíma veitingahúsa. Fsp. er sem áður frá Arnþrúði Karlsdóttur sem sat hér á þingi og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra breyta lokunartíma veitingahúsa til að stemma stigu við ófremdarástandi í miðborg Reykjavíkur um helgar?"

[14:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í septembermánuði sl. skipaði ég sérstaka nefnd sem falið var að gera tillögur um endurskoðun á gildandi lögum um skilyrði fyrir veitingu leyfis til áfengisveitinga og um rekstur skemmtistaða og þar á meðal opnunartíma þeirra. Nefndinni var einnig falið að gera tillögur um eftirlit með áfengi í veitingahúsum og gjaldtöku í því sambandi.

Í nefndina voru skipaðir, auk fulltrúa dómsmrn., fulltrúar frá samgrn., fjmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sambandi veitinga- og gistihúsa og frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum.

Ég tel eðlilegt að skoða þessi mál í heild sinni og taka afstöðu til einstakra þátta þegar þessu nefndarstarfi lýkur og tel ekki rétt að taka opnunartímann einan sér út og gera breytingar þar á fyrr en heildarskoðun á málefnum varðandi rekstur vínveitingahúsa er lokið. Ég á von á því að nefndin muni hraða störfum sínum og þá verður tekin afstaða til álitaefnisins. En ég tek eftir því að fsp. er á þann veg orðuð að það mætti ætla að unnt væri að stemma stigu við ófremdarástandi í miðborg Reykjavíkur með því að breyta lokunartíma vínveitingahúsa. Ugglaust er það nú svo að lokunartími getur haft einhver áhrif í því efni, en ég efast um að breyting af því tagi ein og sér geti stemmt stigu við ófremdarástandi.

[14:36]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. ágæt svör og fagna því að starf að þessu máli er í föstum farvegi með þeirri nefndarskipan sem hæstv. ráðherra gat um. Að sjálfsögðu er fsp. lögð fram í ljósi þess ástands sem öllum er kunnugt að er í miðborg Reykjavíkur. Þar spyrja borgararnir

um öryggi sitt og um þær aðstæður sem þeir hafa til eðlilegra skemmtana. Fjöldi reykvíska heimila og heimila á öllu höfuðborgarsvæðinu horfir til þess með miklum áhyggjum að í miðbænum þrífst margt það sem verst er og við viljum helst frá okkur halda. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að breyting á opnunartíma veitingahúsa er ekki eina ráðið og fagna því ef hæstv. ráðherra vill beita sér, eftir því sem önnur úrræði eru á hans færi, að láta þau einnig koma til umfjöllunar, hvort heldur er hjá þeirri nefnd sem ráðherrann gat um eða með öðrum hætti.

Ég vil sérstaklega taka upp annan þátt sem ekki snýr endilega að öryggi eða uppeldi barna heldur þann þáttinn sem við öll þekkjum, að þetta ástand í miðborg Reykjavíkur er höfuðborg landsins til vansa að mörgu leyti. Það er okkur sjálfum til vansa en það er líka til vansa þegar gesti ber að garði, erlenda ferðamenn eða aðra sem eiga erindi til landsins. Ég held að það sé því brýn þörf á að þetta mál sé skoðað og ef opnunartími veitingahúsa getur þar lagt eitthvað gott til með einhverjum breytingum þá er sjálfsagt að skoða það ásamt öðrum úrræðum.

Flutningur höfuðstöðva Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja.

Fsp. HjÁ, 114. mál. — Þskj. 120.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili skipaði hæstv. forsrh. nefnd til að skoða möguleika á því að flytja ríkisstofnanir af höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Í apríl 1993 skilaði nefndin af sér til hæstv. forsrh. Þar eru reifaðar hugmyndir um flutning ýmissa ríkisstofnana af höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar og skulu þær ekki allar upp taldar hér. Meðal tillagna nefndarinnar er bent á sem fýsilegan kost að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar frá Reykjavík til Suðurnesja. Nefndin færir fyrir því nokkur veigamikil rök og skulu nokkur þeirra nefnd hér.

Í fyrsta lagi er bent á að Landhelgisgæslan eigi að þjóna fiskiskipum og öðrum skipum innan lögsögu okkar Íslendinga á hafi úti og sannarlega er sá floti nær höfuðstöðvum ef höfuðstöðvar eru staðsettar á Suðurnesjum því skipum stafar lítil hætta hér innst í Faxaflóanum. Í annan stað er bent á að hafnarskilyrði á Suðurnesjum eru afskaplega heppileg og í þriðja lagi eru tengsl við flugflota Landhelgisgæslunnar, þar er bent á góða aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, m.a. flugskýli í eigu Flugleiða. Frá því að nefnd þessi skilaði af sér í apríl 1993 hefur lítið gerst í málinu og því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

„Hyggst ráðherra fylgja eftir tillögu nefndar um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina með því m.a. að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja?"

[14:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að í umræddu nefndaráliti eru reifaðar hugmyndir um flutning tiltekinna ríkisstofnana út á land, þar á meðal Landhelgisgæslunnar. Í þessu nefndaráliti er hins vegar ekki að finna gagnagrunn til þess að byggja ákvarðanir um slíka tilfærslu stofnana á, hvorki að því er varðar mat á staðsetningu þeirrar þjónustu sem um er að ræða, kostnað né heldur að því er varðar úttekt á starfsmannamálum. Ég tel þess vegna að þessi skýrsla sé ekki grundvöllur ákvarðanatöku í þessu efni.

Ég minni síðan á að það er mjög skammt um liðið síðan endurbætur voru gerðar á húsnæði Landhelgisgæslunnar og nú er verið að flytja þar inn nýja stofnun í sama húsnæði, sem talið hefur verið að færi mjög vel á að væri í sama húsnæði og Landhelgisgæslan, þ.e. Almannavarnir ríkisins. Það er mikið umhugsunarefni hvort ríkið á að standa á þann veg að málum að leggja í mikinn kostnað við endurbætur á húsnæði og um leið og því er lokið að taka ákvarðanir um að flytja stofnanir í burtu. Ég hygg að það yrði tæplega verjandi, ekki síst á þeim tímum sem við lifum nú þar sem gæta þarf fyllsta aðhalds í rekstri.

Ég er ekki með þessu að segja að það sé útilokað að flytja Landhelgisgæsluna út á land, það getur vel komið til álita. En ég minni þó á í þessu sambandi að mjög mikilvægur og vaxandi þáttur í starfi Gæslunnar er björgunarflugið og það hefur verið skipulagt í mjög náinni samvinnu við læknavakt Borgarspítalans og öryggi þeirrar þjónustu byggist mjög verulega á þeirri samvinnu við sjúkrahúsið.

Ef flytja á Landhelgisgæsluna út frá byggðasjónarmiðum geta ýmsir staðir auðvitað komið til greina og þar á meðal Reykjanes, eins og bent er á í áliti nefndarinnar sem hér var vitnað til. En auðvitað gætu aðrir staðir einnig komið til greina. Ég hugsa að ef menn á annað borð væru að ræða um það að flytja stofnun eins og Landhelgisgæsluna út frá byggðasjónarmiðum þá teldu menn kannski ástæðu til þess að flytja hana lengra eða út fyrir Faxaflóasvæðið. Það má þannig benda til að mynda á að austur á fjörðum er ágætisaðstaða, bæði hafnaraðstaða og með nýjum alþjóðaflugvelli á Egilsstöðum, en þar skortir hins vegar á að unnt sé að koma við sambærilegri læknaþjónustu eins og núna fylgir þyrlurekstri Landhelgisgæslunnar.

Niðurstaða mín er þess vegna þessi að að svo stöddu er ekki fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar.

[14:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. er tvennt sem ég vildi sérstaklega benda á. Það er í fyrsta lagi það, sem menn ekki gera sér grein fyrir, að Landhelgisgæslan hefur aldrei greitt fyrir hafnaraðstöðu í Reykjavík. Það virðast menn ekki líta á, auk þess sem ljóst má vera að ef Landhelgisgæslan yrði flutt út á land, eins og t.d. á Suðurnesin, þá er það alveg heiðskírt að það þyrfti að bæta hafnaraðstöðu og byggja sérstakan viðlegukant eins og Landhelgisgæslan hefur hér í Reykjavík.

Önnur rök sem hafa verið nefnd eru þau að það væri nauðsynlegt að flytja starfsemina til Keflavíkur vegna þess að Flugleiðir sæju um viðhald Fokker Friendship flugvélar Landhelgisgæslunnar, en að betur athuguðu máli kemur í ljós að sú yfirferð Flugleiða á flugvél Landhelgisgæslunnar fer fram á þriggja ára fresti, þannig að þau rök eru ekki sterk heldur. Í þriðja lagi vildi ég endurtaka það sem ég sagði áðan og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að nálægð við Borgarspítalann auk þess sem starfsmenn, bæði þyrlu- og gæsluskipa, búa hér í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu, að með tilfærslu Gæslunnar í annað landsvæði mundi raskast mjög allur hagur starfsmanna Landhelgisgæslunnar.

[14:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Svo vill til að ég átti sæti í þeirri nefnd sem á sínum tíma gerði tillögur um flutning nokkurra ríkisstofnana út á land. Það hefur lítið orðið úr framkvæmdum. Ég vil fá að benda á það við þetta tækifæri að síðan þessar tillögur voru lagðar fram árið 1993 hefur atvinnuástand í Reykjavík versnað mjög og ég verð að viðurkenna það að ég sem þingmaður Reykjavíkur er orðin afar hugsandi yfir flutningi fyrirtækja héðan úr borginni og finnst að við þurfum að skoða þau sjónarmið þegar verið er að meta flutning ríkisstofnana.

Hlutverk þessarar nefndar á sínum tíma var fyrst og fremst að benda á möguleika hvað varðar flutning ríkisstofnana. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh., það var ekki lagt mat á kostnað eða t.d. hvaða óhagræði flutningur hefði fyrir starfsfólk. Það er ljóst að í ríkisstofnunum er mikil andstaða við flutning, það kemur sér auðvitað illa fyrir fólk eins og reyndar reynslan hefur sýnt, þar sem slíkur flutningur hefur átt sér stað. Þarna var auðvitað um framtíðarhugmyndir að ræða, ýmsir möguleikar sem koma til greina og menn verða alltaf að meta það á hverjum tíma hvort vilji er til þess að framkvæma. En möguleikarnir eru til staðar og á sínum tíma kom ekki fram nein andstaða við það hjá starfsmönnum og fulltrúum Landhelgisgæslunnar að flytja á Suðurnes. Þeir sáu engin sérstök vandkvæði því samfara. Ef menn kynna sér rekstur Landhelgisgæslunnar þá er það m.a. þannig að skipunum er lagt tíma og tíma í hinum ýmsu höfnum landsins, en ég tek auðvitað undir það að það þarf að skoða rekstur björgunarstarfsins alveg sérstaklega í þessu samhengi.

[14:48]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil láta þess getið að allsherjarnefnd fór í heimsókn nú á dögunum til Landhelgisgæslunnar og þar voru ýmis mál rædd, m.a. efni þessarar fsp., þ.e. um flutning stofnunarinnar til Suðurnesja. Þá kom fram að þessi flutningur væri ef til vill ekki svo einfalt mál þótt vissulega yrði það miklu hagkvæmara og skipulagslega séð betra að hafa starfsemi Gæslunnar alla á einum stað. Varðandi flutning þá þyrfti að taka svo margt til athugunar, t.d. hafnaraðstöðu. En það var tekið sérstaklega fram við okkur að hún væri mjög góð hér í Reykjavík, eins og reyndar hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti á hér áðan.

Ég vildi bara koma þessum athugasemdum á framfæri í tengslum við þessa fsp., en auðvitað koma hér fjölda mörg önnur sjónarmið til athugunar eins og reyndar aðrir hv. þm. og hæstv. dómsmrh. hafa bent á.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin. Það má ljóst vera að flutningur stórrar og mikilvægrar stofnunar á borð við Landhelgisgæsluna gerist ekki á einni nóttu. Það tekur langan tíma að sjálfsögðu og þarf aðdraganda að slíku máli. En tillögur áðurgreindrar nefndar voru ákveðin vísbending. Hér hafa nokkrir hv. þm. nefnt rök frekar gegn því að af slíkum flutningi geti orðið, m.a. rætt um hafnargjöld, um viðhald á Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar, læknaþjónusta væri bundin við Borgarspítalann og áfram má telja. Auðvitað skipta þessi atriði máli en eru ekki aðalatriði málsins. Hvort greidd eru hafnargjöld eða ekki, um það snýst þetta mál ekki. Það er vitað hvað flugmálin snertir að öruggasti flugvöllur landsins er Keflavíkurflugvöllur, hvort sem fólki líkar betur eða verr. Með fullri virðingu fyrir þeim stórkostlegu læknum sem hafa unnið með Landhelgisgæslunni, þá eru líka læknar á Suðurnesjum.

Með öðrum orðum, þetta er ekki meginatriði málsins. Meginatriði málsins er, eins og fram kom hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, hagkvæmni stofnunarinnar. Það er hagkvæmni stofnunarinnar sem er meginatriðið, um það gaf þessi umrædda nefnd ákveðna vísbendingu og benti m.a. á Reykjanes sem heppilegan hugsanlegan valkost. Svör hér leiða huga minn líka að því hver sé tilgangur með nefndarskipan. Sú nefnd sem ég gat um áðan og forsrh. skipaði á sínum tíma, skilar nokkuð skýrum tillögum til hæstv. ráðherra þá að vinna frekar úr, en þegar síðan svör hæstv. ráðherra eru nokkuð á skjön við tillögur þessarar nefndar þá spyr maður um tilgang með nefndarskipan af þessum toga.

Ráðherra lýsti því yfir að það væri ekki í bráð á döfinni að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar. Ég lýsi vonbrigðum með það en vona að bráð þýði ekki mjög lengi.

Hvalveiðar.

Fsp. GuðjG, 22. mál. — Þskj. 22.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. sjútvrh. er um hvalveiðar. Ég spyr í fyrsta lagi um stefnu ríkisstjórnarinnar í hvalamálum og í öðru lagi hvort ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir því að hvalveiðar verði hafnar að nýju eftir 10 ára hlé og þá með hvaða hætti.

Hvalveiðar og stefnan í hvalamálum voru ítrekað til umræðu á Alþingi á síðasta kjörtímabili og m.a. flutti ég í tvígang till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist að nýju. Þessi tillaga fékk mjög jákvæðar umsagnir frá samtökum útgerðarmanna og sjómanna, smábátaeigendum, ASÍ og sölusamtökum. Í október 1993 skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd til að gera tillögu um stefnu Íslendinga í hvalamálum og hvort hvalveiðar skuli hafnar að nýju og þá með hvaða hætti.

Þessi nefnd, sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka, skilaði skýrslu til hæstv. sjútvrh. í maí 1994. Nefndin komst að einróma niðurstöðu um stefnu Íslendinga í hvalamálum. Þar er m.a. lögð áhersla á að halda beri fast við það sjónarmið að allar lifandi auðlindir sjávar séu nýtanlegar, enda séu veiðar stundaðar á sjálfbæran hátt þannig að ekki sé farið fram úr veiðiþoli hvers stofns til langs tíma litið og að eðlilegt sé að Íslendingar hefji á ný hvalveiðar í atvinnuskyni, þó þannig að farið sé að öllu með gát og gætt heildarhagsmuna Íslands með tilliti til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalaafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna.

Nýlega var haldin í Kanada ráðstefna um þátt sjávarspendýra í lífríki hafsins á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins og vísindanefndar Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar. Ráðstefnu þessa sóttu vísindamenn frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Þar komu enn einu sinni fram niðurstöður rannsókna sem sýna hvað sjávarspendýr í Norðurhöfum taka stóran þátt af lífmassanum á hverju ári. Í Kyrrahafi töldu vísindamennirnir að

heildarfæðuþörf sjávarspendýra væri jafnvel þrefalt meiri en fiskveiðarnar taka. Nýlega var viðtal í útvarpinu við Jóhann Sigurjónsson, forstöðumann sjávarspendýradeildar Hafrannsóknastofnunar, þar sem fram kom að mat íslenskra vísindamanna væri að hvalir hér við land éti kannske fjórar til fimm millj. tonna á ári af krabbasvifdýrum, smokkdýri og fiski. Jóhann taldi að fjórðungur þess, eða um ein millj. tonna, gæti verið fiskur af ýmsu tagi. Allar hníga þessar upplýsingar í sömu átt, áframhaldandi takmarkalaus fjölgun hvala mun leiða til mikilla vandræða fyrir þær þjóðir sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Þess vegna verður að hefja hvalveiðar að nýju og það þolir enga bið. Því spyr ég um stefnu ríkisstjórnarinnar í hvalamálum.

[14:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar í hvalamálum er sú að nýta allar auðlindir sjávar á grundvelli sjálfbærrar þróunar og þar á meðal hvali.

Á síðasta vetri urðu nokkrar umræður um það hvort Ísland ætti að ganga aftur inn í Alþjóðahvalveiðiráðið og þá með fyrirvara um hvalveiðibann það sem samþykkt var af ráðinu árið 1982 í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmd á stefnu Íslands í þessum efnum. Mér þykir rétt að taka það fram af þessu tilefni að engar fastmótaðar reglur að þjóðarétti um lögfræðilega stöðu þeirra ríkja sem gera slíka fyrirvara eða þeirra ríkja sem mótmæla slíkum fyrirvörum eru fyrir hendi og það á heldur ekki við um hvalveiðisáttmálann frá 1946. Alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna er hins vegar að hefja könnun á þessu álitaefni. Það er því ekki hægt að fullyrða að svo stöddu að innganga í Alþjóðahvalveiðiráðið sé fýsilegur kostur fyrir Ísland. Hvernig sem hin lögfræðilega niðurstaða verður er hins vegar ljóst að til þess að hægt sé að ná fram pólitískt viðsættanlegri stöðu innan Alþjóðahvalveiðiráðsins þarf að vera fyrir hendi aðstaða innan þeirrar stofnunar sem að minnsta kosti þolir þá stefnu sem Ísland fylgir í þessum efnum.

Og þegar hugað er að upptöku hvalveiða verður einnig að hafa í huga möguleika okkar til útflutnings á hvalafurðum.Þær raddir hafa stundum heyrst að okkur sé nauðsynlegt að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið til þess að eiga kost á að selja afurðirnar til Japans. Við nánari könnun málsins er ekki að sjá að þetta tvennt sé samtengt, þ.e. að aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu sé skilyrði fyrir sölu afurða. En hér sem víða annars staðar eru hindranir, pólitískar en ekki lögfræðilegar. Og það ber því allt að sama brunni, við þurfum að tryggja pólitíska stöðu okkar gagnvart hvalveiðum og einnig að því er varðar möguleika okkar á að selja hvalaafurðir.

Á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld miðað að því að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar varðandi nýtingu hvala með samstarfi við Færeyjar, Grænland og Noreg innan Norður-Atlantshafssjávarspendýrastofnunarinnar, NAMMCO. Þeir sem þekkja til uppbyggingar þeirrar stofnunar og þess starfs sem unnið er innan vébanda hennar, t.d. varðandi vísindalegar rannsóknir, þurfa tæpast að efast um að með starfi okkar innan NAMMCO sé skapaður nægjanlegur þjóðréttarlegur grundvöllur fyrir hvalveiðar. Þegar hugað er að endurupptöku hvalveiða er hins vegar ekki síður mikilvægt að tryggt sé pólitískt bakland Íslands á alþjóðavettvangi, eins og ég hef áður vikið að. Þetta er ekki síður mikilvægt en að tryggja hina lögfræðilegu stöðu. Þess vegna er mikilvægt að efla samstöðu innan NAMMCO, en því er ekki að leyna að þó að starfið þar hafi skilað verulegum árangri og hafi í reynd verið víkkað verulega út frá því sem upphaflega var ákveðið. Vísindasamstarfið nær nú til stærri hvala, en í upphafi voru áformin fyrst og fremst að vinna að rannsóknum og stjórnun á smáhvölum. En ég get ekki leynt því hér að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með afstöðu Norðmanna að því er varðar störf innan NAMMCO. Þeir hafa að mínu mati ekki veitt því nægjanlegan pólitískan styrk.

Það er alveg kórrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að nauðsyn þess að hefja hvalveiðar eru mjög brýn, ekki bara vegna beinna tekjumöguleika, heldur einnig til þess að tryggja hér eðlilegt jafnvægi í lífríki hafsins. Hann tilgreindi nokkrar tölulegar staðreyndir sem fyrir liggja, en til viðbótar má minna á nýjar athuganir sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar benda til þess að verði hvalastofnar hér við land látnir vaxa upp í þá stærð sem þeir voru í áður en skipulagðar veiðar hófust megi reikna með því að afrakstur þorskstofnsins minnki marktækt og jafnvel um 10% sé tekið mið af langtímaafrakstri stofnsins. Það er því alveg augljóst að hér eru mjög mikilvægir hagsmunir í húfi og mjög brýnt að við getum nýtt auðlindir sjávar á grundvelli reglunnar um sjálfbæra þróun. Ég stefni að því, herra forseti, að flytja till. til þál. á grundvelli þess nefndarálits sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til og þeirra starfa og athugana sem unnin hafa verið síðan það nefndarálit kom fram því að það er nauðsynlegt að Alþingi sjálft taki endanlega ákvörðun í þessu efni og ég vænti þess að það geti orðið innan ekki langs tíma að slík ályktunartillaga komi fram af hálfu þingsins.

[15:01]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að hæstv. ráðherra ætli að flytja þáltill. sem stefni að því að við hefjum hvalveiðar að nýju. Það er auðvitað algerlega óþolandi að vera í þeirri stöðu sem við höfum verið undanfarin ár að hafa ekki heimild til þess að nýta þessi sjávarspendýr vegna þess að öll rök hníga að því að við gerum það.

Sannleikurinn er sá að það er orðið fullreynt innan Alþjóðahvalveiðiráðsins að við munum ná nokkrum einasta árangri þar. Það skiptir ekki nokkru máli hvað við segjum eða hverju við höldum fram eða hvernig við rökstyðjum okkar mál. Þar innan borðs eru einfaldlega aðilar sem hlusta ekki á rök og taka ekki rökum.

Ég vil benda á það að pólitískar aðstæður í Bandaríkjunum hafa verið að breytast mjög mikið og þau öfl sem áður hömuðust mest gegn hvalveiðum á grundvelli misskilinna umhverfissjónarmiða, hafa verið að láta undan síga. Bent hefur verið á það og sýnt fram á að pólitískar aðstæður í Bandaríkjunum, sem mjög miklu máli skipta í þessu sambandi, eru miklu hagstæðari okkur núna heldur en þær hafa verið áður. Ég tel þess vegna að við eigum ekki að bíða lengi eftir að þáltill. er komin fram að taka afstöðu til málsins. Umræðurnar hafa þegar farið fram. Upplýsingarnar liggja fyrir. Við eigum ekki að tvínóna en stefna að því að hefja þessar veiðar strax á næsta ári.

[15:03]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir það að hafa komið með þessa fyrirspurn því að þetta eru orð í tíma töluð. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði, að það væri fagnaðarefni að sjútvrh. flytti þáltill. varðandi þetta mál. Svo mjög höfum við orðið vör við það að hvölum fjölgar óðfluga við Íslandsstrendur og fram hefur komið hjá vísindamönnum hve mjög þeir taka til sín af þeim afla sem

við erum að veiða hér líka. En ég vildi leggja áherslu á það að það væri óskandi að okkur tækist að ná breiðri samstöðu hér á hinu háa Alþingi um þá þáltill. sem væntanleg yrði í þá veru að við gætum hafið hvalveiðar á sumri komanda.

[15:04]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina sem ég tel mjög tímabæra og eiga heima á þessum tíma þegar ljóst er, eins og hér hefur komið fram, að hvölum fer fjölgandi í hafinu og sjómenn bera það að sífellt sé erfiðara, t.d. á nótaveiðum, að komast hjá því að fá smáhvali í næturnar þannig að ekki valdi stórskaða.

Ég vil einnig benda á að það hefur komið fram að hrefnustofninn er á hraðri uppleið og samkvæmt vísindalegum útreikningum um fjölgun hrefnu í höfunum, mun hún jafnvel með sama áframhaldi geta þýtt 10% aukna veiði hrefnu á þorskstofnunum í dag. Það er því í sjálfu sér alvarlegt mál ef hvölum fjölgar eins og allt útlit er fyrir.

Ég tek undir nauðsyn þess að nýta hvalategundir í sjónum og nýta þá tækni og þann flota sem við eigum til þess.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svar hans og fagna því að hann stefnir að því að flytja þáltill. um hvalveiðar. Það kom reyndar ekki fram hvenær sú tillaga er væntanleg og þar sem ég sé að þetta mál er ekki á málaskrá ráðuneytisins sem fylgdi stefnuræðu hæstv. forsrh., þá hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvort hennar sé ekki að vænta á þessu þingi. Ég tel að það sé búið að undirbúa þetta mál mjög vel með nefndarstarfi fulltrúa allra þingflokka á síðasta ári og það var auðvitað mjög mikilvægt fyrir framgang þessa máls að þar skyldi nást fullkomin samstaða með fulltrúum allra floka.

Það er enginn vafi á því að meðal þjóðarinnar er mjög almennur vilji til þess að hvalveiðar verði hafnar að nýju. Það hefur komið skýrt fram í ályktunum fjölda félaga og hagsmunasamtaka og einnig í skoðanakönnunum sem hafa sýnt yfir 80% fylgi þjóðarinnar við að hvalveiðar hefjist að nýju og þessi auðlind verði nýtt á skynsamlegan hátt. Þarna eru enda miklir hagsmunir í húfi. Síðustu árin sem hvalveiðar voru stundaðar af fullum krafti var útflutningsverðmæti hvalaafurða á annan milljarð á ári miðað við núverandi verðlag og veiðar og vinnsla hvals sköpuðu hundruðum manna vinnu. En það er auðvitað rétt hjá hæstv. sjútvrh. að markaðir verða að vera til staðar fyrir afurðirnar.

Andstæðingar hvalveiða hafa farið mikinn gegn þessum veiðum og það er hart fyrir smáþjóð eins og okkur Íslendinga sem ekki hefur bolmagn til að kynna sinn málstað eins og þyrfti meðal þjóða heims, að þurfa að beygja sig fyrir ómerkilegum áróðri svokallaðra umhverfisverndarsamtaka sem sum hver a.m.k. hafa notað hreinar lygar um hvalveiðar okkar og annarra þjóða til að plata fé út úr fólki víða um heim. Og þó að það virðist kannski stundum eina leiðin að gefast upp fyrir þessum áróðri, þá er það líka stórhættulegt, ekki síst fyrir þjóð sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi í jafnríkum mæli og við Íslendingar. Því það er ekki bara að takmarkalaus fjölgun hvala raski lífkeðjunni í hafinu í kringum okkur, heldur geta þessi öfgasamtök krafist þess næst að við hættum fiskveiðum okkar til að taka ekki fæðuna frá hvölunum. Því miður bendir margt til að slík aðgerð sé í undirbúningi eins og skýrt kom fram á fróðlegri ráðstefnu Fiskifélags Íslands um þessi mál sl. vetur. Þess vegna getum við ekki lengur látið reka í þessu máli. Við verðum að spyrna við fæti ef ekki á illa að fara. Við getum ekki og megum ekki láta öfgamenn og lýðskrumara eyðileggja afkomu okkar. Þess vegna verðum við að hefja hvalveiðar að nýju, það þolir enga bið.

[15:08]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég taka það skýrt fram að það er að því stefnt að leggja tillögu fyrir þetta þing sem nú situr. Það er einnig rétt sem hér hefur komið fram að það hefur verið unnið mjög vel að undirbúningi þessa máls og það var mjög mikilvægt að það tókst pólitísk samstaða fulltrúa allra flokka í þeirri nefnd sem skipuð var til þess að leggja á ráðin um framhald málsins.

Það breytir þó ekki þeirri stöðu að við eigum við pólitíska örðugleika að etja og þar á meðal að því er varðar sölu á afurðum og við þurfum að glíma við þá erfiðleika. Ég held hins vegar að það sé rétt eins og hér kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. að það eru ýmis ný sjónarmið að koma fram í þessu efni. Við höfum orðið varir við breytt viðhorf á Bandaríkjaþingi. Það eru líka að koma fram ný viðhorf í Evrópu og gleggri skilningur á þessum málum. Á nýafstöðnum fundi sjávarútvegsráðherra Norður-Atlantshafsríkja var sérstaklega fjallað um nýtingu selastofna. Slík nýting hefur verið bannorð á vettvangi eins og þeim um mörg ár. Kanadamenn lögðu, eins og menn vita, blátt bann við nýtingu sela af tilfinningalegum ástæðum fyrir nokkrum árum, en sjá sig nú tilneydda til að breyta um stefnu. Og það markar veruleg þáttaskil að ráðherrafundur þessara ríkja skyldi marka skýra stefnu í þessu efni.

Næsti fundur sjávarútvegsráðherra Norður-Atlantshafsríkja verður haldinn hér á landi á næsta ári og þá er að því stefnt að taka hvalveiðar til umfjöllunar. Allt sýnir þetta að þróunin er í rétta átt þótt okkur hafi sannarlega fundist að hægt hafi miðað.

Veiðar og rannsóknir á túnfiski.

Fsp. KPál, 81. mál. — Þskj. 82.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. hvort megi með skipulegum hætti kanna þann möguleika hvort veiðar á túnfiski í hafinu við Ísland gætu verið arðbærar. Veiðar á túnfiski eru að ég hygg nokkuð fjarstæðukenndar í augum margra Íslendinga, enda aldrei verið kannað með neinum hætti hvort þær væru mögulegar.

Með aukinni þekkingu Íslendinga á veiðiaðferðum annarra þjóða og útþrá landans til þess að starfa úti í hinum stóra heimi hafa komið upplýsingar til okkar sem benda til þess að túnfiskveiðar séu mögulegar á Íslandi. Þær fréttir að Japanir séu farnir að veiða túnfisk djúpt suður í hafi hafa einnig ýtt undir þær hugmyndir að þarna sé jafnvel nýtanlegur fiskstofn fyrir Íslendinga. Að mati íslensks framkvæmdastjóra og útgerðarfyrirtækis á Flateyjarströndinni sem gerir út á túnfisk, þá eiga Íslendingar að geta veitt túnfisk á línu, en til þess þurfum við sérbyggð skip. Íslenskur skipstjóri hjá FAO telur að auðvelt eigi að vera fyrir Íslendinga að tileinka sér

vinnubrögð við línuveiðar á túnfiski. Sömu sögu segja Íslendingar sem fóru til túnfiskveiða undan ströndum Ekvador á síðasta ári.

Sú spurning hlýtur einnig að vakna hjá okkur að ef Japanir geta veitt túnfisk við Ísland, því getum við það ekki? Heimsafli túnfisks var árið 1992 um 3 millj. tonna og eru tegundirnar „ship jack" og „yellowfin" stærsti hluti veiðarinnar eða 2,5 millj. tonna. Sú túnfisktegund sem veiðist suður af Íslandi heitir „bluefin" eða thunnus thynnus á latínu sem útleggst bláuggi á íslensku. Bláuggi er eina túnfisktegundin sem lifir í tiltölulega köldum sjó eða 12–14 gráða heitum og er hann jafnframt langverðmætastur.

Veiðar á túnfiski eru nokkuð sérhæfðar og getur því þurft sérhæfð skip sem ekki finnast á Íslandi. Bláugga verður að veiða á línu og er línulengdin allt að 100 sjómílur og lagt á tromlu með miklum hraða. Vinnsla og meðferð túnfisks er einnig vandasöm og þarf lausfrysti sem ná allt að 50 gráðu frosti á celsíus. Ekki er hægt að búast við því að íslenskir útgerðarmenn geti farið í tilraunaveiðar á þessari fisktegund án fyrirliggjandi rannsókna og upplýsingaöflunar. Mat fróðra manna um möguleika okkar á túnfiskveiðum er jákvætt, markaðsmöguleikar eru miklir, álit fiskifræðinga er að stofninn sé í hafinu við Ísland og aðrar þjóðir, eins og komið hefur fram Japanir, eru farnir að veiða túnfisk hér við land. Ég tel því að við verðum að kanna okkar möguleika á þessu sviði. Að fara út í samvinnu við aðrar þjóðir eins og Japani gæti verið vænlegur kostur. Að mínu mati gæti hér verið um nýtanlega auðlind að ræða sem réttlætir útgjöld til rannsókna.

Einnig er ástæða fyrir okkur Íslendinga að auka grunnrannsóknir okkar í hafinu utan við fiskveiðilögsöguna almennt. Það er ekki verra að við finnum fiskimiðin utan landhelginnar sjálfir í stað þess að láta aðrar þjóðir gera það samanber karfamiðin suðvestur af Reykjanesi. Ég get einnig ímyndað mér að slík vinnubrögð treystu stöðu okkar í hafréttarmálum um nýtingu aðlinda utan lögsögunnar.

Virðulegi forseti. Af þessum ástæðum hef ég borið fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

1. Hefur af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins eða Hafrannsóknastofnunar farið fram könnun á því hvort túnfiskur sé í nýtanlegu magni innan fiskveiðilögsögu Íslands eða í hafinu suður og suðvestur af landinu?

2. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir styrkveitingum til að kanna veiðimöguleika túnfisks innan og utan landhelginnar?

3. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að sent verði rannsóknaskip til að kanna hugsanleg veiðisvæði túnfisks?

4. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir styrkveitingum til sérútbúinna skipa til tilraunaveiða og vinnslu á túnfiski?

[15:14]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn hef ég óskað eftir áliti Hafrannsóknastofnunar um það atriði sem hv. fyrirspyrjandi vekur máls á og þar segir eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda: Vitneskja er mjög takmörkuð um túnfisk á okkar hafsvæði. Túnfiskur er mjög sjaldséður hér við land þó hann hafi fundist nokkrum sinnum. Á síðasta ári urðu erlend túnfiskskip vör við túnfisk, en þau hafa leitað hafna hér á meðan á úthaldi hefur staðið í Norður-Atlantshafi. Þetta hefur m.a. vakið upp spurningar um hvort túnfisk sé að finna innan íslenskrar lögsögu eða rétt utan hennar. Í ljósi þessa hefur Hafrannsóknastofnun fengið leyfi til að gangast fyrir tilraunaveiðum á næsta ári í samvinnu við erlenda aðila sem sýnt hafa því áhuga. Enn er ekki ljóst hvernig þeim málum lyktar en víst er að Hafrannsóknastofnun hefur hug á að leita allra leiða til að sinna þessu verkefni. Það er enginn vafi á því að þarna kunna að vera möguleikar og því ástæða til að kanna þá til hlítar. Til viðbótar þessu er rétt að taka fram að það er von á fulltrúum frá þeim japönsku útgerðaraðilum sem hér um ræðir til viðræðna um mögulega samvinnu í rannsóknum á næsta ári. En á þessu stigi er ekki unnt að segja fyrir um niðurstöður þeirra athugana.

Þess er líka að geta að sjútvrn. hefur haft til athugunar möguleika á því að við Íslendingar gerðumst aðilar að Túnfiskveiðistofnuninni í Atlantshafi, bæði til þess að eiga þar aðgang að frekari upplýsingum og enn fremur í þeim tilgangi að geta tekið þátt í stjórnunarákvörðunum varðandi túnfiskveiðar á úthafinu hér í Atlantshafinu.

Varðandi vilja af minni hálfu til að verja meiri fjármunum til rannsókna á þessu sviði liggur í augum uppi að hann er fyrir hendi en niðurstaða þess máls ræðst auðvitað af afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Ég veit að hv. fyrirspyrjanda sem stjórnarþingmanni er kunnugt um þær þröngu skorður sem okkur eru settar við fjárlagaafgreiðslu.

[15:17]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það vakti sérstaka athygli mína þegar fjölmiðlar fjölluðu um túnfiskveiðar Japana þá þeir voru hér í Reykjavíkurhöfn og fjölmiðlamenn reyndu að ná tali af þeim til að fá frekari upplýsingar um veiðar og vinnslu og aflamagn að þeir voru þöglir sem gröfin. Á sama tíma hafa skip annarra þjóða, portúgölsk, spönsk og fleiri verið hér að versla við ágætt fyrirtæki, Hampiðjuna, og hafa keypt hér flottroll. Það hefur ekki staðið á því að selja þeim þessi veiðarfæri. En jafnhliða því að þau hafa látið úr höfn þessi erlendu skip til veiða á Reykjaneshrygg þá hafa Íslendingar fylgt með skipunum, bæði til að kenna þeim á veiðarfærin og jafnvel líka að lóðsa þau á þau veiðisvæði sem gæfu mesta möguleikana. Það sýnir nú hvernig menn halda á og ég tel að það sé full ástæða til að við höldum vel á okkar málum. Hins vegar vöktu lokaorð ráðherra athygli mína að Japanir væru væntanlegir hingað á næsta ári til þess að ræða um túnfiskveiðar sínar. Vonandi fáum við þær upplýsingar þótt það sé auðvitað hart eins og réttilega kom fram hjá ráðherra. Við stjórnarþingmenn verðum auðvitað að gæta fjárhagsmála eins og við mögulega getum. Það er hins vegar hart að þurfa að leita til annarra þjóða til að fá aðstoð við að leita að fiski sem er kannski í nálægð okkar fiskimiða.

[15:19]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að hreyfa þessu máli hér á Alþingi. Menn voru nokkuð vantrúaðir þegar það heyrðist í fréttum fyrir nokkrum mánuðum að Japanir væru að veiða túnfisk hér suður af landinu. Margir brostu í kampinn og töldu þetta einhverja vitlausustu frétt sem lengi hefði heyrst. En það virðist nú samt svo að Japanir sæki í vaxandi mæli á þessar slóðir því undanfarnar vikur hafa yfirleitt verið eitt til tvö japönsk veiðiskip hér í Reykjavíkurhöfn. Og þessi sókn Japananna í túnfiskveiðar suður af landinu bendir auðvitað til þess að árangur þeirra af veiðunum sé allgóður. Það er því að mínu áliti full ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að rannsaka möguleika á þessum veiðum. Þarna er um mjög verðmætan

fisk að ræða og kannski gætu veiðar á honum gefið íslenskri útgerð nýja möguleika.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargóð svör og skjót viðbrögð. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju minni með það að hann og Hafrannsóknastofnun skuli þegar hafa haft samband við Japani og gert ráðstafanir til að komast inn í alþjóðasamtök sem geta lýst okkur leiðina í leit okkar. Kannski mun betur heldur en ef við værum einir um hana.

Ég veit það eins og hæstv. ráðherra sagði að það vantar peninga til flestra hluta í dag en þegar kemur að því að reyna að finna leiðir til að efla atvinnulíf og skapa auðæfi sem munu nýtast þjóðarbúinu um ókomna framtíð þá hljótum við að leggjast allir á eitt til að finna þá. Þetta er ekki alltaf spurning um að peningar séu ekki til heldur hvernig þeir eru nýttir. En ég heiti mínu liðsinni til að finna þá og vonast til að við eigum eftir að sjá það í fjárlagaumræðunni.

Veiðar og rannsóknir á smokkfiski.

Fsp. KPál, 82. mál. — Þskj. 83.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um hvernig megi með skipulegum hætti nýta þá möguleika sem að margra mati eru til staðar í hafinu í kringum Ísland. Einn af þeim fiskstofnum sem talinn er nýtanlegur í hafinu er smokkfiskur. Á árunum 1945–1950 voru verulegar göngur smokkfisks í Ísafjarðardjúpi og veiddur með góðum árangri. Ekki er mikið annað sem við höfum gert af því að veiða smokkfísk en hann hefur þótt góður til beitu og eru flutt inn til landsins um 3.000 tonn af honum árlega. Í höfunum eru taldar vera margar tegundir smokkfisks en á Íslandi eru þær átta svo vitað sé. Heimsaflinn er talinn vera um 2,7 millj. tonna árið 1992 og er einhver samdráttur þó í veiðunum á síðustu árum. Í Atlantshafi er það helst við Falklandseyjar sem smokkfiskur hefur veiðst í einhverju magni.

Helstu markaðir fyrir smokkfisk eru í Japan en þeir kaupa og veiða um u.þ.b. 45% af heimsaflanum. Aðrir neytendur eru aðallega Asíuþjóðir, Miðjarðarhafsþjóðir og Bandaríkjamenn. Verð á smokkfiski er misjafnt eftir tegundum en beitusmokkur er t.d. seldur á 70–100 kr. kg en verðið fer eitthvað eftir því hvort hann er veiddur í troll eða á króka.

Sú veiðiaðferð sem skilar mestum gæðum og mestri veiði eru veiðar á króka við ljós. Þær veiðar eru þannig framkvæmdar að mörgum sjálfvirkum færarúllum er raðað eftir endilöngum veiðiskipum sem geta verið um 40–50 metra löng. Mikil lýsing er nauðsynleg við veiðarnar og lýsingin þjónar þeim tilgangi að laða smokkfiskinn að veiðiskipinu og eru notaðar allt að 5.000 vatta perur í þeim tilgangi. Nýjustu gerðir af ljósum eins og halógenljós eru mikið notaðar og það nýjasta eru háþrýst natríalljós en skýrslur sýna að þessi tegund ljósa skilar mestum árangri við veiðarnar. Sagt er að veiðin við Falkland hafi farið allt upp í 30–50 tonn á sólarhring. Smokkur veiddur með þessum hætti er talinn verðmætastur. Veiðar með flottrolli eru einnig mikið stundaðar og fleygir tækninni verulega fram á því sviði. Þar sem það er mögulegt er veitt á króka á nóttunni og með trolli á daginn. Að mínu mati eru til mörg skip í íslenska flotanum sem gætu veitt og fryst smokkfisk til beitu og manneldis ef hann finnst í því magni að veiðarnar beri sig.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Hafrannsóknastofnun eru verulegar líkur fyrir því að smokkfiskur sé í miklu magni suður og suðvestur af landinu sé miðað við það magn tannhvala sem þar sjást og lifa að mestu á smokkfiski. Smokkfiskur er mjög hraðvaxta tegund og talinn vera í miklu magni um allan heim í höfunum. Einnig hafa fiskifræðingar orðið varir við hitaskil djúpt suður af landinu þar sem sjórinn er allt að 20° heitur sem bendir til þess að þar sé mikið líf enda mikið magn tannhvala á þeim slóðum. Einnig hafa borist fregnir af því að smokkfiskur hafi nýlega ánetjast í troll togara innan landhelginnar þannig að einhverjar líkur eru á að hann sé veiðanlegur innan hennar.

Að mati þeirra sem hafa aflað sér upplýsinga um möguleika okkar Íslendinga á þessu sviði þá vantar sárlega rannsóknir í hafinu svo hægt sé með einhverri nákvæmni að segja til um hvaða smokkfiskur sé hér og hvort hann sé í nýtanlegu magni og hver markaðsstaða hans sé. Að leita eftir þekkingu annarra þjóða á þessu hafsvæði er nauðsynlegt ásamt því að gera okkar eigin grunnrannsóknir. Til þessa þarf könnunarleiðangur rannsóknaskipa og jafnvel veiðiskipa. Að mínu mati gæti hér verið um mikilvæga auðlind að ræða sem mætti nýta ef rannsóknir lægju fyrir og útgerðarmenn sæju arð í veiðunum.

Virðulegi forseti. Af þessum ástæðum hef ég lagt fram þessar fyrirspurnir fyrir hæstv. sjútvrh.

[15:26]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég hef óskað eftir áliti Hafrannsóknastofnunar um þá fsp. sem hér er borin fram. Í svari Hafrannsóknastofnunar segir svo:

„Fram að miðjum sjöunda áratug gekk beitusmokkur að landinu og inn á firði vestan lands að jafnaði þriðja hvert ár í veiðanlegu magni. Eftir hafísárin 1965–1971 og breytilegt rennsli Atlantssjávar á Íslandsmið sl. aldarfjórðung hefur aðeins orðið vart við veiðanlegar göngur haustið 1979 og 1984. Sama var upp á teningnum við Noregsstrendur þar sem beitusmokkurinn var árlegur gestur að mjög hefur dregið úr göngum hans þangað.

Síðast varð vart við beitusmokk í verulegu magni 1984 hér við land og fóru þá fram veiðitilraunir með flotvörpu sem ekki gengu alveg upp en gáfu þó vissar vonir um að hægt væri að veiða smokkfisk í vörpu enda er það víða gert. Síðan hefur ekki gefist tilefni til frekari tilrauna í þessa veru fyrr en nú í haust. Í október sl. voru gerðar tilraunir til að veiða smokkfisk á karfamiðum suðvestur af landinu þar sem smokkur hafði ánetjast í troll skipa. Tilraunirnar voru gerðar að frumkvæði Granda hf. og með tilstyrk Hampiðjunnar um borð í frystitogaranum Örfirisey í samvinnu við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar, Hampiðjunnar og Icecon í Reykjavík. Hér var um að ræða beitusmokk og svonefndan kolusmokk.

Tilraunaveiðarnar fóru fram á kantinum út af Grindavíkurdjúpi allt austur í Hornafjarðadjúp, mest á kantinum þar sem er 350–400 faðma dýpi. Alls staðar varð vart við smokkfisk á slóðinni en einna mest út af Öræfa- og Mýragrunni. Í tilraunaleiðangrinum í október var notað sérútbúið troll en aflinn var aldrei meiri en sem svarar 10–15 kg á togtíma.

Nær helmingur aflans var ánetjaður efst í belg. Gerðar voru tilraunir með mismunandi toghraða en ýmislegt benti til þess að mun meira væri af smokkfiski en takmarkaður afli gaf til kynna.

Það var samdóma álit þeirra sem um borð voru í tilraunaveiðiskipinu að veiðarfæri þau sem notuð voru hafi ekki gefið rétta mynd af magni þess smokkfisks sem þarna var. Ekki verður því fullyrt út frá þessari tilraun hvort um veiðanlegt magn var að ræða. Telja verður þetta byrjunarskref og æskilegt að afla þeirrar þekkingar um gerð flottrolls til smokkfiskveiða og reyna frekar og þá hugsanlega víðar og á öðrum tímum árs.

Á djúpslóð sunnan við landið hafa borist fregnir af skipum við karfaveiðar með flottroll sem fengið hafa mikið af kolusmokkfiski í netin. Þetta gerðist 60 sjómílur suður af Surtsey í maí. Svipaðar tegundir hafa fundist ánetjaðar í úthafinu suðvestur af Reykjaneshrygg utan 200 mílna. Ljóst er því að þessi smokkfiskur er víða í úthafinu suður af landinu. Þetta kemur einnig vel heim og saman við mikla gengd tannhvala sem orðið hefur vart á djúpslóð sunnan og suðvestan við landið en þar er oft um hvali að ræða sem að verulegu leyti lifa á smokkfiski. Má því líklegt telja að stofnar smokkfiska djúpt innan og utan íslensku lögsögunnar séu stórir og full ástæða til að kanna það nánar."

Ég vil af minni hálfu taka undir þá niðurstöðu sem hér kemur fram af hálfu Hafrannsóknastofnunar að það er brýnt að gera hér á frekari kannanir og það verður leitast við að stuðla að því að svo geti orðið.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargóð svör. Eins og kom fram hjá honum þá verður mjög víða vart við smokkfisk og þá sérstaklega í troll. Það er samt almennt álit þeirra sem hafa kynnt sér þetta að smokkfiskur sé ekki veiðanlegur með betri hætti en á króka með ljósum. Það er nokkuð undarlegt með smokkfiskinn að hann virðist sækja í ljós þó að hann veiðist helst ekki nema á nóttunni. En þannig er þetta nú samt og þeir sem að hafa náð mestum árangri hafa nýtt sér þessa tækni ásamt því að nota flottroll þegar um mikið dýpi er að ræða og hafa þá notað flottrollið yfir dagtímann.

Ég fagna því að rannsóknir hafa farið fram og að fyrirhugað sé að gera enn frekari rannsóknir. Þetta hlýtur að vera hluti af þeirri viðleitni okkar að auka þekkingu okkar á höfunum og því sem þar er nýtanlegt. Ég fagna því hversu vel ráðherra hefur tekið í það en ég held, þegar við förum að kanna þessi mál, að við höfum því miður ekki sýnt nægjanlega mikla viðleitni til þess að kanna auðæfi hafsins með öðrum hætti en þeim að láta okkar eigin skip sjá um það eða skip annarra þjóða.

Löndun undirmálsfisks.

Fsp. HjÁ o.fl., 112. mál. — Þskj. 118.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. og duga hvorki fleiri né færri en fjórir fyrirspyrjendur. En þeir eru auk þess sem hér stendur, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson og Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Fyrirspurnin er svohljóðandi: „Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir endurskoðun á reglum um löndum undirmálsfisks þannig að heimilt verði að landa undirmálsafla án þess að hann teljist hluti af aflamarki eða úthlutuðum veiðiheimildum?" Ég leyfi mér jafnframt með þessari fyrirspurn að láta fylgja hvatningu, jafnvel áskorun til hæstv. sjútvrh., um að bregðast vel við fyrirspurninni eftir efni hennar. Fyrir því má færa mörg rök. Ég vil nefna þrenn rök hér.

Í fyrsta lagi er það almælt meðal sjómanna að miklu sé hent af undirmálsfiski sem skilar sér þar af leiðandi ekki á land. Svo útbreiddur er þessi rómur meðal sjómanna að ljóst má vera að hér er um verulega mikið magn að ræða. Og það er rangt að henda verðmætum.

Í öðru lagi er það sem er hugsanlega orsök þess sem var fyrst nefnt og má kalla kerfisnauð. Þar er um að ræða það sem ég vil kalla annan af veikustu hlekkjum núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis og má kalla kerfisnauð, þ.e. sjómenn með takmarkaðar aflaheimildir eru neyddir til þess að varpa undirmálsfiski í sjóinn vegna þess að þeir þurfa m.a. að flytja sem mest verðmæti í land. Þar sem minni fiskur gefur minni verðmæti en stærri fiskur skila þeir minni fisknum í sjóinn og flytja einungis þann stærri í land.

Menn hafa velt fyrir sér ýmsum tölum og heyrst hafa tölur um 50–60 þús. tonn sem lentu í sjónum aftur. Gefum okkur að einungis 15 þús. af þessu magni næðist á land og þá gæti verið um að ræða 2 milljarða verðmæti sem aukningu í þjóðarbúið sem skapar fleiri störf, öryggi fyrir sjómenn og umfram allt meira fé til styrktar velferðarkerfi okkar.

Ég nefni í þriðja lagi að hluti af stofnmælingum Hafrannsóknastofnunar á stærðum fiskstofna byggist á löndðum afla. Þegar veiddur fiskur skilar sér ekki allur á land hlýtur það að hafa bein áhrif á mælingar Hafrannsóknastofnunar sem m.a. kann að leiða til þess að það magn sem fiskifræðingar mæla með að verði veitt hverju sinni kann að vera skekkt vegna þess að grunnupplýsingar vantar.

Þó ekki væri nema af þessum þremur ástæðum hlýtur að vera rökrétt að bregðast við og bregðast við fljótt að hætti þeirra sem hér ræddu um hvalveiðimál og því spyr ég um leið og ég hvet hæstv. sjútvrh. hvort að hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir endurskoðun á reglum um þessi mál.

[15:35]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Af þessu tilefni er rétt að rifja upp að á tímabilinu 1984–1986 var allur smáfiskur utan aflamarks og þá urðu menn varir við að nokkur brögð væru að því að skip legðust í smáfisk. Það var að sjálfsögðu ekki talið að unnt væri að búa við það og árið 1987 var ákveðið að allur smáfiskur yrði talinn með í kvóta. Árangur þeirrar ráðstöfunar var sá að magn af smáfiski sem barst í land minnkaði mjög verulega. Því þótti ljóst að reglur um smáfisk yrðu að vera þannig úr garði gerðar að þær hvorki hvettu til úrkasts né sóknar í smáfiskinn. Niðurstaðan var sú að heimila að 2/3 hlutar af smáfiskinum yrðu ekki reiknaðir til aflamarks ef smáfiskur væri ekki meira en 10% af afla hverrar tegundar. Viðmiðunarmörkin sem voru notuð voru 50 sm fyrir þorsk og ufsa, 45 sm fyrir ýsu og 500 g fyrir karfa. Þessi tilhögun tók gildi 1988 og gilti allt til janúar sl. þegar ákvæðið var fellt úr gildi frá og með 1. febr. og hefur allur fiskur reiknast að fullu til aflamarks þótt hann sé undir ofangreindum mörkum.

Þessi ákvörðun var tekin á grundvelli tillagna frá sérstakri samstarfsnefnd sjómanna, útvegsmanna og ráðuneytisins sem falið var að fjalla um umgengni við auðlindir sjávar. Nefndin var skipuð í maí 1994. Í áfangaskýrslu nefndarinnar, sem skilað var í desember á sl. ári, var lagt til að reglan um að hluti undirmálsfisks teljist til kvóta skuli afnumin. Forsendan fyrir þeirri tillögugerð kemur fram í skýrslunni en þar segir að athuganir hafi sýnt að stór hluti eða allt að 70–80% þess fisks, sem landað er sem undirmálsfiski, standist mál. Nefndin taldi ómögulegt fyrir vigtarmenn að fylgjast með því að reglan sé ekki misnotuð og nefnir í áfangaskýrslunni að löndun netafisks sem undirmálsfisks hafi farið vaxandi. Reglan leiðir því í raun til sjálftöku á kvóta og með tilliti til þess var lagt til af hálfu samstarfsnefndarinnar að hún yrði afnumin. Ráðuneytið fór að þeirri tillögu.

Í júnímánuði í sumar óskaði ég eftir því við nefndina að hún tæki til endurmats þær tillögur sem hún hafði áður lagt fram og komu m.a. fram í frv. sem lagt var fram undir lok síðasta kjörtímabils og jafnframt að hún taki til endurmats þá breytingu á reglum um meðferð undirmálsfisks sem ég hef vitnað til. Nefndin hafði það sem forgangsverkefni að endurskoða frv. og tillögur þar að lútandi liggja fyrir í ráðuneytinu og er verið að vinna að lokaendurskoðun á frv. á grundvelli álits samstarfsnefndarinnar en ég vænti þess að endurskoðun nefndarinnar á undirmálsreglunni muni liggja fyrir ekki síðar en um áramót. Sem svar við fyrirspurninni er rétt að taka skýrt fram að nefndinni var falið fyrr á þessu ári að taka tillögur sínar til endurmats og ég á von á því að niðurstaðan komi nú fyrir áramót og ráðuneytið mun þá skoða hana. Ég ítreka að í samstarfsnefndinni eiga sæti fulltrúar sjómannasamtakanna, útvegsmanna, Hafrannsóknarstofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins.

[15:39]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum að í svari ráðherra að ekki skuli vera skýrari stefnumörkun í þessu mikilvæga máli sem varðar brottkast. Ég vek athygli á tillögu þjóðvakamanna varðandi undirmálsfisk sem við lögðum fram í kosningabaráttunni og einnig eftir kosningar, þ.e. að undirmálsfiskur, sem kemur að landi utan kvóta, sé seldur á mörkuðum og andvirðið renni til málefna sjávarútvegsins svo sem slysavarna sjómanna eða hafrannsókna. Útgerðarmenn og sjómenn fengju einungis endurgreiddan kostnað við að koma fiskinum í land. Þessi hugmynd er einföld og tæki á þessu vandamáli brottkasts að hluta því að núverandi fyrirkomulag er ekki nógu gott. Vonandi verður endurskoðunin eins og ráðherra lýsti og að tekið verði alvarlega á þessu vandamáli. Ég vænti þess að samstaða geti orðið um þá hugmynd sem ég gerði grein fyrir því að starfandi menn í greininni hafa fjölmargir tekið undir þessa útfærslu.

[15:41]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir spurningarnar og svörin vil ég segja að ég tel að það hafi verið mistök á sínum tíma að breyta þessum reglum eins og gert var og hæstv. ráðherra rakti. Ég held að reynslan hafi sýnt það og sannað á árinu að þessi breyting á reglugerðinni hefur ekki leitt til þess sem menn höfðu auðvitað vænst, þ.e. að umgengni um lífríki hafsins batnaði. Ég held að það gagnstæða hafi því miður orðið ofan á.

Enginn vafi er á því að þetta frákast á fiski er eitt af mestu og alvarlegustu vandamálunum í íslenskum sjávarútvegi og sögur sjómanna um þetta sanna að þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál. Tvíhöfða nefndin á sínum tíma benti á að það væri mjög alvarlegur annmarki á aflamarkskerfinu sjálfu að það hvetti til þess að fiski væri kastað. Ég hvet þess vegna mjög til þess að horfið sé frá reglunni eins og hún er í dag, þ.e. að undirmálsfiskur sé talinn að fullu inn í kvóta. Það er alveg ljóst mál og reynslan hefur sýnt fram á á þessu ári að þetta leiðir bara til þess að freistingin til þess að kasta fiski verður enn þá meiri en hún var fyrir.

[15:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svör hans og ég fagna því að sett hefur verið í gang nefnd til að finna lausn á þessum vanda. Þetta er mikill vandi. Hér er um að ræða 5–10 millj. kr. á dag sem glatast og ég held að það sé mjög brýnt að finna fljótt og snarlega á þessu lausn sem þó er þannig að hún geti leitt til þess að fiskur komi að landi.

Ég tek undir þær tillögur sem hv. þm. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn., nefndi. Þær geta verið lausn á vandanum og ég held að menn ættu að vinna fljótt og vel að því að finna lausn þannig að þessi afli komi að landi.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og innlegg hv. þm. Ég skil svar ráðherra svo að vænta megi breytinga um og upp úr áramótum, vonandi sem fyrst eftir áramót. Eins og fram hefur komið er ljóst að sjómenn og útgerðarmenn og fólk sem tengist sjávarútvegi er ósátt við fyrirkomulagið eins og það er í dag. Mikil verðmæti lenda í sjónum og mikil ósátt er um þennan þátt í fiskveiðistjórnunarkerfi okkar.

Lausnir hafa auðvitað verið nefndar af fleirum en Þjóðvaka en það er í þeim dúr sem hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi. Ég vil spyrja ráðherra í ljósi þeirrar megnu óánægju um þetta mál og í ljósi þess að vænta má breytinga um og upp úr áramótum hvort svo miklu sé hætt að fella núgildandi reglur þegar í stað úr gildi. Er svo miklu hætt?

[15:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram að úrkast á fiski er eitt það stærsta vandamál sem við eigum við að etja varðandi fiskveiðistjórnun. Sá tími sem hér gefst er hins vegar ekki nægjanlegur til þess að fara yfir öll sjónarmið í því efni. Ég taldi og hef talið mjög brýnt að leiða saman sjómenn og útvegsmenn ásamt sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar til þess að vinna að tillögum sem geta stuðlað að betri umgengni og mun halda áfram að vinna á þeim grundvelli. Þess vegna fól ég samstarfsnefndinni að endurskoða þær tillögur sem hún kom fram með í fyrra og við ákváðum að verða við og framkvæma vegna þess að um þetta hafa orðið miklar umræður.

Ég minni á að fyrri reglan, sem var á margan hátt mjög skýr og góð í framsetningu, virðist hafa leitt til þess, ef niðurstöður samstarfsnefndarinnar eru réttar, að menn hafi í stórum stíl farið í kringum þær og útgerðarmönnum í því tilliti var ekki treystandi til þess að fara að reglunum. Það kemur mönnum auðvitað í koll og þjóðfélaginu í koll þegar

menn fara ekki að settum reglum. Það þurfa menn að hafa í huga í þessu sambandi.

Það er einnig mjög mikilvægt að við búum yfir þeim úrræðum að tryggja það að útvegsmennirnir geti ekki gengið á svig við þær reglur sem settar eru um nýtingu auðlindarinnar. En það er allt of mikið um það að menn vilji hafa lausatök í þeim efnum. Ég get ekki sagt um það fyrir fram hver niðurstaða þessarar endurskoðunar verður en ég taldi nauðsynlegt í ljósi þeirrar umræðu, sem fór fram, að nefndin tæki tillögur sínar í þessu efni til endurskoðunar og ég á von á því að fá niðurstöður af þeirri endurskoðun fyrir lok þessa árs.

Aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna.

Fsp. KH, 64. mál. — Þskj. 64.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Launamisrétti kynjanna hefur löngum verið kvennabaráttukonum þyrnir í augum og er ofarlega í lista yfir þá þætti sem helst standa í vegi fyrir efnahagslegu sjálfstæði kvenna. Skýrslan um könnun á launamyndun og kynbundnum launamun sem kom út í febrúar sl. varpaði mjög sterku ljósi á það mál og olli því að það komst mjög eftirminnilega á dagskrá í kosningabaráttunni. Því fögnuðu að sjálfsögðu allar kvennabaráttukonur og bundu nokkrar vonir við það að öll sú umræða skilaði einhverjum ávinningi sem um munaði. Því var það að sumar okkar vissu ekki alveg hvort þær ættu að fagna eða fussa við þegar þær fréttir bárust að við lausn kjaradeilna fyrr á árinu hefði verið ákveðið að ríkið veitti af rausn sinni fé sem nýtast skyldi til aðgerða til þess að draga úr launamun kynjanna. Vitaskuld er fagnaðarefni og mjög mikilvægt að fá það viðurkennt að þarna sé vandamál sem beri að viðurkenna og taka á en vandamálið er svo stórt að einhvern veginn verkaði þessi upphæð, 3 millj. kr., á mann eins og hálfgerður brandari.

Ég minni á það að kvennalistakonur hafa lagt fram tillögur um aðgerðir og m.a. þá aðgerð að í næstu kjarasamningum verði lögð til hliðar ákveðin upphæð, t.d. 1 milljarður, sem yrði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og þar sem sýnt er að um vanmat sé að ræða. Þetta yrði að gerast á almennum markaði og hjá hinu opinbera. Það er náttúrlega augljóst að slík aðgerð hefur vart verið höfð í huga þegar þessi upphæð, 3 millj. kr., var ákveðin til aðgerða.

Hitt er svo annað mál að oft er mjór mikils vísir og ef vel er með þetta fé farið getur það sannarlega gagnast við einhverjar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að ráðast gegn þessu óréttlæti. Ekkert hefur frést opinberlega um það hvernig þessu fé hefur verið varið eða hvernig áætlað er að verja því og ég fékk ekki svör við fyrirspurnum þegar þetta kom fram í frv. til fjáraukalaga. Þess vegna greip ég til þess að leggja fram fyrirspurn á þskj. 64 til hæstv. félmrh. um það hvernig þeim 3 millj. kr. væri varið sem veittar voru í tengslum við kjarasamninga ASÍ og VSÍ fyrr á þessu ári vegna aðgerða til að draga úr launamun milli karla og kvenna.

[15:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að því að svara þessari fyrirspurn. Eins og fyrirspyrjandi rakti veitti fyrrv. ríkisstjórn 3 millj. kr. vegna aðgerða í sambandi við kjarasamningana til að draga úr launamun karla og kvenna. Það er skemmst frá því að segja að ekki er búið að ráðstafa þessum peningum nema að mjög litlu leyti. Á vegum ráðuneytisins er starfandi nefnd undir forustu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hefur nefndin það verkefni að skoða leiðir til þess að draga úr launamun karla og kvenna. Einkum er nefndin að skoða kynhlutlaust starfsmat sem leiðir af því markmiði. Áformað er að nefndin skili skýrslu til mín á næstu vikum. Starfsmat sveitarfélaganna er eina kerfisbundna starfsmatið sem framkvæmt hefur verið á Íslandi og nefndin taldi mikilvægt að skoða það út frá því hvernig kvennastörfin hafa komið út úr því mati og hefur látið þýða starfsmatið og senda það utan til sérfræðings í gerð kynhlutlauss starfsmats sem rannsakaði starfsmatskerfið út frá sjónarhorni kynhlutleysis og kom með leiðir til úrbóta.

Það er áformað að álitið birtist sem einn viðauki í skýrslu nefndarinnar og þeim hluta þessara 3 millj., sem teknar voru frá í þessu sambandi af síðustu ríkisstjórn, hefur verið varið til þessarar nefndar eða til þess að greiða kostnað sem nefndin hefur stofnað til. Hinum peningunum hefur ekki verið eytt.

Ég hef óskað eftir tillögum frá nefndinni um ráðstöfun þessa fjármagns og nefndin hefur farið fram á að fá að leggja þær tillögur fram í kjölfar útkomu skýrslunnar, þ.e. það er búið að verja einhverjum fjármunum, litlum þó, í nefndarstarfið og síðan kemur nefndin til með að gera tillögur um hvernig afganginum eða meiri hlutanum verði varið. Það er fyrirsjáanlegt að nefndin mun gera tillögur um áframahaldandi aðgerðir til þess að draga úr launamun kynjanna og væntanlega verður fjármununum varið til þess að kosta þessar aðgerðir.

Ég vil ekki taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að þetta sé eitthvert sérmál kvenna. Kynbundinn launamunur er ósómi og við eigum að taka á því máli. Ég tel það mjög brýnt og ástandið eins og það er núna er algerlega óviðunandi. Hins vegar hef ég engan milljarð til þess að verja í þessu sambandi og ég hygg að þetta verði ekki lagað í neinum hvelli. Þetta lagast ekki nema með samstilltu átaki margra aðila. Ríkisvaldið á að ganga þar á undan að mínum dómi. Síðan verða aðilar vinnumarkaðarins að taka þátt í átakinu líka. En þetta átak tel ég að sé alveg óhjákvæmilegt að gera.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að það sé náttúrlega ekki alveg ljóst enn þá hvað verði um þetta fé en ég er ekki í nokkrum vafa um að fundnar verða leiðir til að eyða því þegar skýrslan er komin frá nefndinni sem fjallar um þetta. Ég veit náttúrlega ekki frekar en hæstv. ráðherra hvað það muni kosta að framkvæma starfsmat eða þær aðgerðir sem þarf í framhaldi af því. En mér er alveg ljóst að það mun verða nokkuð kostnaðarsamt og verður sjálfsagt meiri kostnaður en sem nemur þessari upphæð og það þarf þá að finna meira fé til þess.

Vegna orða hæstv. ráðherra um að þetta sé ekki sérmál kvenna þá er ég honum innilega sammála. Þetta er auðvitað mál sem bæði karlar og konur og þjóðfélagið allt á að taka á en vandamálið snýr náttúrlega með beinum hætti að konum því að það er á þær sem hallar en ég fagna svo sannarlega

sívaxandi skilningi hæstv. ráðherra á þessum málum.

Fundi slitið kl. 15:55.

---

24. FUNDUR

miðvikudaginn 1. nóv.
að loknum 23. fundi.

Dagskrá:

1. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, stjfrv., 92. mál, þskj. 94. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hjúskaparlög, frv., 107. mál, þskj. 113. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 102. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 103. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 106. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 100. mál, þskj. 105. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 102. mál, þskj. 107. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 89. mál, þskj. 91. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Mannanöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 73. mál (heildarlög). — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (alþjóðasamningur um bann við pyndingum). — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 94.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 107. mál (ellilífeyrisréttindi). — Þskj. 113.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verðbréfasjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (EES-reglur). — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verðbréfaþing Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 101. mál (EES-reglur). — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 89. mál. — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HG, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VÁ, VE, ÞJ, ÞorstP.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, FrS, GB, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, KPál, ÓRG, SighB, StG, SJS, TIO, VK, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:04.

25. FUNDUR

fimmtudaginn 2. nóv.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Höfundalög, stjfrv., 86. mál, þskj. 87. — 1. umr.
2. Framhaldsskólar, stjfrv., 94. mál, þskj. 96. — 1. umr.
3. Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
4. Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, þáltill., 72. mál, þskj. 72. — Frh. fyrri umr.
5. Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 84. mál, þskj. 85, nál. 121 og 123, brtt. 122. — 2. umr.
6. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 126. mál, þskj. 144. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjala:
Húsnæðismál sýslumannsembættisins á Seyðisfirði, 77. mál, svar dómsmrh., þskj. 141.
Tekjur ríkissjóðs af skráningu flugvéla og kaupskipa á Íslandi, 70. mál, svar fjmrh., þskj. 142.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Varðandi fundarhöld í dag vill forseti taka fram eftirfarandi: Ráðgert er að ljúka umræðum um öll dagskrármálin á þessum fundi. 6. dagskrármálið, sveitarstjórnarlög, verður þó ekki tekið fyrir fyrr en kl. 5. Ljúki umræðum um 1.–5. dagskrármálið fyrir kl. 5 verður gert hlé á fundinum frá *þeim tíma til* kl. 5. Þetta er gert vegna eðlilegra fjarvista nokkurra þingmanna síðdegis í dag. Um kl. 5 má því búast við atkvæðagreiðslum og hugsanlega nýjum fundi. Forseti biður hv. þm. að hafa þetta í huga.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 86. mál (EES-reglur). — Þskj. 87.

[10:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):
Herra forseti. Ég get í sjálfu sér verið stuttorður um þetta mál því það var lagt fram á þingi í vor og kynnt þá og hv. menntmn. tók málið til meðferðar og fjallaði um það en tími vannst ekki til að gefa þinginu álit sitt á frv. En frv. er um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum. Sérstök nefnd á vegum menntmrn. samdi þetta frv. og tekur frv. mið af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með honum skuldbatt Ísland sig til að aðlaga íslensku löggjöfina hinu almenna verndarstigi hugverka í Evrópusambandslöndunum.

Að málinu hefur verið unnið af sérfræðingum og þeir leggja til þær breytingar sem er að finna í frv. Það er samið með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins á sviði höfundarréttar og hliðstæðra réttinda tengdum höfundarrétti. Tilgangur frv. er sá að samræma íslenska höfundalöggjöf ákvæðum þeirra.

Meginefni frv. er að verndartími höfunda er lengdur úr 50 árum miðað við næstu áramót eftir andlát í 70 ár. Listflytjendur og framleiðendur njóta nú þegar 50 ára verndartíma samanber ákvæði laga nr. 57/1992 og er það í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins.

Þá eru og nýmæli í frv. þessu að sé um að ræða verk sem ekki hafa verið birt áður og höfundurinn er ókunnur er höfundarrétturinn látinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins

en birting slíkra verka er talin með öllu óheimil samkvæmt gildandi lögum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja efni frv. frekar eins og ég sagði. Það var kynnt hér í vor. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 96.

[10:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það frv. sem liggur hér fyrir var upphaflega samið af nefnd um mótun menntastefnu sem Ólafur G. Einarsson, þáv. hæstv. menntmrh., skipaði 11. mars 1992. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í janúar 1993 þar sem gerð var grein fyrir helstu hugmyndum hennar og lokaskýrslu skilaði nefndin síðan í júlí 1984. Frv. til laga um framhaldsskóla var lagt fram til kynningar á 117. löggjafarþingi 1993–1994. Í kjölfar umræðna og umsagna voru gerðar nokkrar breytingar á frv. og var það síðan lagt fram aftur nokkuð breytt á 118. löggjafarþingi 1994–1995 en hlaut ekki afgreiðslu.

Eins og menn muna frá síðasta þingi þá snerust umræður um skólamál einkum um grunnskólann og grunnskólafrv. sem lá fyrir á sl. vetri og Alþingi samþykkti síðan 25. febr. sl. Er unnið að framkvæmd grunnskólalaganna nú í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar voru af Alþingi 25. febr. sl.

Ég lít þannig á að þetta frv. til laga um framhaldsskóla sé liður í heildarendurskoðun á þeim lagaramma sem gildir um skólastig okkar. Grunnskólinn hefur þegar fengið formlega afgreiðslu hér á þingi með nýjum lögum. Hér er frv. til laga um framhaldsskóla. Unnið er að því að semja almenna löggjöf um háskólastigið og ýmsa aðra skóla sem þarf að líta til og sífellt þurfa að vera umræður um það hér á landi hvernig við skipum lagaramma utan um skólastarfsemi okkar.

Ég tel að það frv. til laga um framhaldsskóla sem hér liggur fyrir sé gott frv. og að það hafi í þeim meðförum sem það hefur fengið frá því það var lagt fram hér fyrst 1993–1994 tekið þeim breytingum sem eðlilegar eru þegar mál sem þessi eru til umræðu. Ég minni á að mikill áhugi er á því víða að þetta frv. nái fram að ganga. Til dæmis var í samningum aðila vinnumarkaðarins, sem voru gerðir á sl. vetri, sérstaklega hvatt til að þetta frv. til laga um framhaldsskóla yrði samþykkt á hinu háa Alþingi því að aðilar vinnumarkaðarins binda ekki síst miklar vonir við þau ákvæði í frv. sem lúta að starfsmenntun og þátttöku atvinnulífsins í skólastarfi.

Að loknum stjórnarskiptum í vor fól ég alþingismönnunum Sigríði A. Þórðardóttur og Hjálmari Árnasyni að fara yfir frv. og skiluðu þau niðurstöðum sínum með bréfi til menntmrn. í ágúst sl. Síðan hefur málið verið skoðað af embættismönnum í menntmrn. og það fært í endanlegan búning eins og það liggur fyrir á borðum þingmanna.

Ég vek athygli á því að í frv. er að finna þá greinargerð sem upphaflega fylgdi því og er hún birt á bls. 15–24 í frv. eins og það liggur hér frammi og þá sjá menn þau grundvallarviðhorf sem lágu að baki frumvarpssmíðinni og þau sjónarmið sem fram komu í nefndinni um mótun menntastefnu sem vann að þessu starfi.

Í því starfi sem unnið hefur verið síðan má segja að ekki hafi verið hróflað við þeirri grundvallarstefnu sem mörkuð var í upphafi og lá að baki frumvarpsgerðinni. Hins vegar hefur verið tekið á ýmsum atriðum sem menn telja að til betri vegar horfi. Gerð er grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á milli þinga í upphafi athugasemda við lagafrv. og þar eru talin í 17 liðum þau atriði sem hróflað hefur verið við í meðferð frv. áður en það var lagt fram hér og nú. Menn geta þar séð með hvaða hætti hefur verið unnið að þessu máli á undanförnum vikum og mánuðum.

Ég vek sérstaklega athygli á því sem varðar 16. gr. frv. þar sem fjallað er um námsskipan. Sú grein hefur tekið dálitlum breytingum frá því að frv. var lagt fram á þingi sl. vetur. Þar hefur verið skilgreint betur hvernig námsbrautum skuli háttað. Til sögunnar er komin ný braut, listnámsbraut, sem ekki var tíunduð sem sérstök námsbraut í fyrri gerð frv. Einnig vek ég athygli á því að þau ákvæði sem voru í þessari grein og lúta að stúdentsprófi og lokaprófi úr framhaldsskóla hafa verið tekin út úr greininni og færð yfir í 24. gr. frv. þar sem segir: „Lokapróf úr framhaldsskóla, svo sem stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum, er veitt geta rétt til frekara náms“ o.s.frv. Þar er getið um lokaprófin en ekki í 16. gr. eins og áður var.

Þá vek ég athygli á því að í greininni er síðan almennt ákveði þess efnis að stofnun nýrra námsbrauta sé háð samþykki menntmrh. og að menntmrh. setji reglugerð um framkvæmd ákvæða þessara greina. Það er alveg ljóst að þessa grein verður einnig að skoða í samhengi við 17. gr. þar sem fjallað er nánar um námsbrautirnar og hvernig þær skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Síðan er því lýst hvernig þessum greinum er skipt á milli sviða.

Ég tek fram um þetta mál að ég lít þannig á að innan gildandi námskrár og innan þess ramma sem skapaður er hverju sinni með fjárveitingum og þeim reglum sem menntmrn. setur og liggja til grundvallar samþykki menntmrh. er það að sjálfsögðu á verksviði hvers skóla fyrir sig að skipuleggja námsbrautirnar og koma með hugmyndir um það hvernig að þeim málum verði staðið. Það er mikilvægt að menn hugi að þessu og hafi þetta svigrúm skólanna í huga þegar þessi mál eru rædd hér og sú grundvallarskoðun sem lýst er í þessu frv. þannig að svigrúm skólanna er skýrt innan þess ramma sem námskráin setur og innan þess ramma sem fjárveitingar mæla fyrir um og þær reglur sem menntmrn. setur á grundvelli þessara reglna.

Ég vil einnig láta þess getið sérstaklega í þessu sambandi og þegar ég fjalla um þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá því það var síðast kynnt. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða um grundvallarmál, þau hafa verið svo rækilega kynnt á Alþingi áður að ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að rekja forsöguna eða grundvallarsjónarmiðin. Þau eiga að vera þingmönnum skýr og koma einnig mjög rækilega fram í athugasemdum við frv. og liggja þar fyrir. En ég vek athygli á því að ný grein hefur komið inn í frv. og það er 35. gr. þar sem segir:

„Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að stofna í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa fullorðinsfræðslumiðstöð, sbr. 33. og 34. gr. Samstarfsaðilar skulu gera með sér samning um starfsemina. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skal setja í reglugerð.“

Þessi grein er staðgengill fyrir lagabálk sem við samþykktum á Alþingi árið 1992, ef þannig má að orði komast, og fjallaði um fullorðinsfræðslu. Það hefur komið í ljós að

síðan var ekki unnt að hrinda þeim lögum í framkvæmd af ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér. Ekki náðist það samkomulag á milli aðila sem að málinu áttu að koma sem var forsenda þess að unnt yrði að hrinda lögunum í framkvæmd. Þegar við stóðum frammi fyrir því í menntmrn. að ræða hvað til bragðs skyldi taka í ljósi laga sem voru í gildi og skyldna sem hvíldu á ráðuneytinu að endurskoða lögin þá varð það að ráði að leggja til við hið háa Alþingi að þessi lög frá 1992 yrðu felld úr gildi og þessi grein, 35. gr., kæmi í raun í staðinn fyrir þann lagabálk og það yrði unnt að taka á málum með þeim hætti sem hér segir og tryggja fullorðinsfræðslu á grundvelli þessarar greinar.

Ég vek athygli á þessu sérstaklega. Ég tel sjálfur að hér sé um mjög farsæla lausn á viðkvæmu og vandasömu máli að ræða og ég vil skýra frá því að ég ræddi þetta atriði sérstaklega á undirbúningsstigi málsins við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og einnig við fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands, sem eiga aðild að þessu máli lögum samkvæmt, og hef ekki orðið var við andstöðu af þeirra hálfu.

Þarna er farið inn á nýjar brautir og einnig má segja að það sé gert þegar litið er á 41. gr. frv. Ég vil einnig gera hana sérstaklega að umræðuefni þar sem segir:

„Einkaaðilar eða samtök geta stofnað og rekið skóla á framhaldsskólastigi.

Menntmrh. getur veitt slíkum skólum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla og rekstur þeirra að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í reglugerð.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verksamningur milli menntmrh. og rekstraraðila skólans um fjárveitingu, rekstur, stjórnun og eigur eftir því sem við á."

Þarna er farið inn á þá braut að mælt er fyrir um heimild til menntmrn. til þess að veita skólum viðurkenningu á því námi sem þeir hafa að bjóða. Það hafa orðið töluverðar umræður um það í þjóðfélagi okkar á undanförnum árum þegar sífellt fleiri námskeið og sífellt meira nám er í boði, ekki aðeins af hálfu hins opinbera heldur einnig einkaaðila, sem ég tel æskilega og skynsamlega þróun, hvort það ætti að standa þannig að málum að menn sæktu um leyfi til menntmrn. og fengju leyfi til þess að efna til slíkra námskeiða eða bjóða slíkt nám. Sú leið er ekki farin í þessu frv. heldur er þannig tekið á málinu að aðili sem býður upp á námskeið eða nám getur leitað til menntmrn. og óskað eftir viðurkenningu þess á því sem einstaklingurinn eða félag hefur í boði til þess að ráðuneytið segi álit sitt á því og veiti viðurkenningu ef svo ber undir þannig að viðskiptavinirnir hafi þá vissa tryggingu *sem ætti að felast í slíkri viðurkenningu ef þeir telja að* hún sé einhvers virði. Ráðuneytið mundi að sjálfsögðu ekki veita slíka viðurkenningu nema að undangenginni athugun eða undangengnu mati á því sem í boði er. Það er nýmæli í lögum að slík heimild sé fyrir hendi.

Ég vek einnig athygli á því að felld er úr frv. 42. gr. sem var í frv. og laut að Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands. Það þótti ekki eðlilegt að mæla fyrir um það sérstaklega í lögum að athuguðu máli að hafa ákvæði um einkaskóla eins og Samvinnuskólann, sem raunar er orðinn samvinnuháskóli og á frekar heima undir almennum lögum um háskólastigið en í framhaldsskólalögum, það þótti ekki eðlilegt að hafa sérstök lagaákvæði um þessa einkaskóla og tekið er á málinu í 3. mgr. 41. gr. þar sem segir:

„Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verksamningur milli menntmrh. og rekstraraðila skólans um fjárveitingu, rekstur, stjórnun og eigur eftir því sem við á."

Það er á þessum forsendum sem yrði þá samið við þessa skóla um fjárveitingar og gengið frá því á grundvelli samnings hvernig þeir störfuðu eins og þarna segir, rekstur, stjórnun og annað slíkt sem að þeirra málum lýtur. Þetta er málefni sem ég tel að einnig sé samstaða um. Ég ræddi þetta við forustumenn þessara skóla og þeir telja að þessi skipan fullnægi því starfsöryggi sem skólarnir þurfa að hafa. Ekki er ástæða til þess að hafa sérstakar lagagreinar um einkaskóla en hins vegar heimildir til þess að semja eins og þarna er gert.

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að fara frekari orðum um þetta mikla mál. Hér er um gífurlega mikilvægt mál að ræða, sjálft framhaldsskólastigið sem er eitt af mikilvægustu skólastigum okkar og mjög brýnt að þannig sé um hnútana búið að það geti starfað á þeim forsendum sem eru bestar og ég tel að þær forsendur séu mótaðar í þessu frv.

Herra forseti. Ég bað um, og vona að það hafi verið gert, að lögð yrði fram í þingsalnum greinargerð um verkaskiptingu milli framhaldsskólanna. Ég lít á að það sé hluti af þessu máli þó það sé ekki lagasetningaratriði. Þar eru tíundaðir allir framhaldsskólar í landinu og því lýst hvernig verkum er skipt á milli þeirra. Þetta plagg er ekki skuldbindandi fyrir neinn, þetta er lýsing á stöðunni eins og hún er og einnig er það tekið fram þar sem við á hvaða hugmyndir kunni að vera um breytingar. Þetta plagg hefur verið sent skólastjórnendum allra framhaldsskólanna og þeir beðnir um álit á því sem þar kemur fram. Ég tel mjög æskilegt að umræður um það fari fram á sama tíma og Alþingi fjallar um þetta frv. þannig að menn átti sig glögglega á því hvernig verkaskiptingu á milli framhaldsskólanna er háttað, hvar er breytinga þörf að mati menntmrn. og síðan fái ráðuneytið umsagnir um þetta mál og geti fjallað um það á grundvelli viðhorfa sem koma frá skólanum og þá verði auðveldara að taka ákvarðanir sem hafa heildarhagsmuni í huga en ella væri. Ég lít á það sem lið í þessu skipulagsstarfi sem nú fer fram varðandi framhaldsskólann.

Ég vek athygli á því að í 31. gr. frv. er lagt til að komið verði á fót svonefndum kjarnaskólum en kjarnaskóli veitir grunnmenntun til starfa í viðkomandi starfsgrein og hefur með höndum endurmenntun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Kjarnaskóli hefur forgöngu um að þróa markvisst námsefni, námsskipan, kennsluaðferðir og námsmat. Hann aðstoðar aðra skóla sem að einhverju leyti veita menntun á sama sviði og leiðbeinir þeim um skipulag náms, námsefni og kennsluhætti. Kjarnaskóli þarf að uppfylla tiltekin skilyrði hvað varðar húsnæði, búnað og hann þarf að hafa hæfa og vel menntaða stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn. Skólinn þarf að vera það vel búinn að hann geti að öllu leyti séð um menntun á viðkomandi sviði og brautskráð nemendur með fyllstu réttindi sem unnt er að fá í skóla.

Til þess að koma þessum áformum í framkvæmd hafa verið teknar saman í menntmrn. hugmyndir til umræðu um verkaskiptingu milli skólanna. Þessar hugmyndir hafa eins og ég sagði áður verið sendar skólunum til umsagnar og að fengnum umsögnum er ætlunin að ganga frá heildstæðu yfirliti um námsframboð einstakra skóla og verkaskiptingu milli þeirra. Þetta plagg hefur verið lagt fram hv. þm. til glöggvunar.

Ég vil einnig láta þess getið í þessu samhengi að innan framhaldsskólanna er unnið að mati á skólastarfinu, sérstaklega í Kvennaskólanum í Reykjavík sem hefur gert samning við menntmrn., svonefndan stjórnarsamning. Liður í þeim samningi er að gerð verði úttekt á öllu starfi Kvennaskólans og hugmyndin er sú að þessi úttekt og þau gögn sem þar koma fram verði síðan grundvöllur fyrir úttektum á öðrum skólum. Ég hef haft tækifæri til þess að kynnast því nokkuð vel hvernig staðið hefur verið að málum í Kvennaskólanum og m.a. sótt fundi í þeim ágæta skóla um þetta mál og ég tel að þar sé vel að verki staðið og það sé nauðsynlegt að minnast þessa ágæta starfs þegar við ræðum frv. og minnast þess að frv. setur heildarramma utan um skólakerfið. Það liggur fyrir plagg um verkaskiptingu á milli skólanna og í einum af framhaldsskólunum er nú unnið að úttekt á innra starfi skólans sem gæti orðið fyrirmynd að svipuðum úttektum á öðrum skólum og leitt okkur enn frekar inn á þá braut að gera þetta mikilvæga skólastarf markvissara og árangursríkara fyrir þá sem það stunda. Það hlýtur að vera okkur höfuðmarkmið með þessum lagatexta og öllum þessum aðgerðum okkar að skólarnir séu betur í stakk búnir til að veita þá þjónustu sem við viljum að þeir veiti nemendum og unglingum og þar með þjóðinni allri.

[10:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst nefna að mér finnst það til fyrirmyndar að listi er yfir þau atriði í greinargerð frv. sem breytingar hafa verið gerðar á frá því að það var til umfjöllunar í vor.

Ég kem fram í andsvari til þess að bera fram fyrirspurn til menntmrh. Undir 14. lið þessarar upptalningar segir svo:

„35. gr. er ný. Ákvæði greinarinnar gefa framhaldsskólum heimild til að stofna í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur og aðra hagsmuna- og áhugahópa fullorðinsfræðslumiðstöð til þess að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám sem fjallað er um í 33. og 34. gr." Og segir síðan: „Verksvið þeirra fellur að mestu utan hefðubundinna verkefna framhaldsskólanna og með starfsemi þeirra er leitast við að fullnægja þörf fyrir menntun og þjálfun sem ekki er sinnt með öðrum hætti." Síðan segir að þetta hafi gefist vel hjá nágrönnum okkar.

Spurning mín er þessi: Hefur þessi grein og ákvæði hennar í framhaldsskólalögum áhrif á lög um starfsmenntun í atvinnulífinu? Á sínum tíma þegar sett voru lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru um það átök á Alþingi hvort þetta ættu að vera sérstök lög sem heyrðu undir félmrn. eins og hagsmunasamtök á vinnumarkaði lögðu mikla áherslu á eða hvort slík starfsmenntun ætti að falla undir fullorðinsfræðslu. Niðurstaðan varð þá þessi, sem mér finnst mikilvægt, að settur var á laggir sérstakur starfsmenntasjóður og sérstök lög um starfsmennun í atvinnulífinu. Ég fullyrði úr þessum ræðustóli að þessi lög og starfsmenntasjóður hafa haft mikilvægu hlutverki að gegna í endurmenntun og starfsmenntun þeirra sem eru á vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Spurning mín er hvort þetta ákvæði hafi einhver áhrif sem stefnumörkun í aðra átt.

[10:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er tekið sérstaklega á starfsmenntun í þessu frv. og ég man eftir að hv. þm. og ég sátum saman í menntmn. Alþingis og ræddum þetta mál oftar en einu sinni en það er ekki hróflað í sjálfu sér við því með þessu frv. Það er verið að nema út gildi um fullorðinsfræðslu sem komust aldrei til framkvæmda og eru á verksviði menntmrn. þannig að sjálfsögðu er ekki í þessu frv. farið inn á verksvið annarra ráðuneyta eða verið að taka fjöður úr þeirra hatti. Ef að það er gert þarf að nálgast málið með öðrum hætti en gert er í frv.

[11:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrirspurn minni fólst hvort þetta ákvæði, nýtt ákvæði í lögunum, fæli í sér stefnumörkun sem að bryti á bága við það sem áður er ákveðið og ég lít þá svo á að í svari hv. menntmrh. felist að ekki sé verið að fara inn á nýja braut í þeim efnum.

[11:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið til umræðu eitt af stóru málum þessa vetrar. Það var til umfjöllunar á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga enda fékkst menntmn. þá við annað afar stórt mál sem var breyting á grunnskólalögunum. Hér er framhaldsskólafrv. komið og til þess að fá yfirsýn yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í skólamálum vantar auðvitað frv. um háskólastigið og hvað meiningin er að gera þar og hvernig þetta tengist nú allt saman. Það er afar mikilvægt að horfa á allt skólakerfi okkar í heild þegar verið er að móta stefnu til framtíðar.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að íslenska framhaldsskólastigið á við töluverðan vanda að stríða. Sá vandi felst í því að þessi hluti skólakerfisins hefur vaxið alveg gríðarlega á tiltölulega skömmum tíma eða u.þ.b. 25 árum. Það hefur orðið geysileg fjölgun nemenda án þess að námið hafi tekið samsvarandi breytingum. Þess vegna horfum við upp á að það nám sem boðið er upp á í framhaldsskólum landsins er of einhæft og of takmarkað og því býðst stórum hluta nemenda ekki upp á nám við hæfi. Ég lít svo á að það frv. sem hér er komið fram sé ákveðin tilraun til að taka á þessum vanda en ég hef samt ýmsar efasemdir um að sú leið sem hér er farin muni duga. Ég mun koma að því síðar í máli mínu.

Ég vil taka það fram strax að mér sýnist að þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. frá því í fyrra séu allar til bóta. Samt sem áður er sú spurning eftir hvort ekki hefði verið hægt að breyta skólakerfinu í þá veru að auka námsframboð og bæta starfsmenntun án þess að breyta núgildandi lögum. Því hafa samtök kennara m.a. haldið fram og í því felst auðvitað ákveðin gagnrýni á ýmislegt sem verið er að leggja til í þessu frv.

Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum þessa frv., eða þeim stóru línum sem mér finnst skipta máli í þessu frv. Frv. felur í sér ákveðna kerfisbreytingu þó að mestu leyti sé verið að festa í sessi þær tilraunir sem menn hafa verið að gera í skólakerfinu. Það er í raun og veru gengið út frá hugmyndinni um framhaldsskóla sem býður upp á allmargar brautir þó þær séu flokkaðar hér niður í nokkrar meginlínur, þ.e. starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnám og svo almenna braut, almenna námsbraut eins og fram kemur í 16. gr. þannig að hugmyndin byggir auðvitað á því sem fyrir er. Sú stóra spurning, sem vaknar í mínum huga varðandi þetta frv., er sú hvort með þessum breytingum sé verið að taka af skólunum möguleikann til sjálfstæðrar þróunar, möguleikann til þess að reyna ýmsar nýjar leiðir og hvort verið sé að steypa alla framhaldsskóla landsins í sama far. Það er skoðun mín að skólarnir eigi að vera mismunandi og að þeir eigi að hafa sjálfstæði til þess að þróa sig áfram. Þetta

tengist auðvitað þeim breytingum sem er verið að gera á sjálfu kerfinu, á yfirstjórninni og því valdi sem menntamálaráðherra fær varðandi setningu reglugerða, varðandi skipan í skólanefndir og fleira slíkt.

Eins og þetta kerfi lítur út er menntmrh. þar efstur á toppnum. Síðan er skólanefnd yfir hverjum skóla og það er hægt að sameinast um skólanefndir ef sveitarstjórnir kjósa það, ef menn sjá sér hag í því að hafa eina skólanefnd yfir fleiri skólum. Innan skólanna eru kennarafundir og nemendaráð. Síðan kemur þetta mikla kerfi yfir starfsnámsbrautir. Þar er fyrst 18 manna samstarfsnefnd um starfsnám. Síðan er fagnefnd yfir hverju sviði. Þetta er orðið býsna mikið kerfi, starfsgreinaráð, kallast þetta í frv. Nú er ég ekki að segja að þetta sé ónauðsynlegt og að mörgu leyti er mjög æskilegt að kalla sem flesta til samráðs þegar nám er skipulagt en þetta virkar sem ansi mikið stjórnkerfi við fyrstu sýn, sérstaklega yfir starfsnámsbrautunum. Auðvitað þarf hv. menntmn. að skoða vel hvort þetta kerfi sé æskilegt.

Ég vek athygli á einu stóru atriði og spyr hæstv. menntmrh. út í það. Það er þessi hugmynd um aðalnámskrá. Nú er það svo að nám í framhaldsskólum er frjálst val nemenda þó að það sé reyndar svo í okkar samfélagi að nemendur eru undir miklum þrýstingi um að fara í framhaldsnám og því miður er það nú orðið þannig að það þykir enginn maður með mönnum nema hann hafi stúdentspróf. Ég held að það þurfi mjög mikið til að breyta þeirri hugmynd í samfélaginu. Ég hef efasamdir um að það takist að beina námsmönnum inn á nýjar brautir með því að koma upp fleiri og öflugri starfsnámsbrautum, frá bóknáminu og inn í þær greinar, sem er hugsanlega lokið á skemmri tíma. Í ýmsum skólum hefur verið reynt að bjóða upp á skemmri brautir. Að vísu var sá galli á þeim að þeim lauk ekki með neinum formlegu prófi en staðreyndin er sú að allur meginþorri nemenda, sem tekst að komast í gegnum erfiðustu hjalla bóknámsins, keppir að því að ljúka stúdentsprófi. Ég held að þetta sé orðin ákaflega sterk hugmynd í skólakerfi okkar að fólk bara verði að ljúka stúdentsprófi þó að það gefi fólki engin formleg réttindi önnur en þau að halda svo áfram á háskólastig.

Mér finnst erfitt að átta mig á aðalnámskránni í þessu frv. og þessari hugmyndafræði sem hér er á ferð, þ.e. hversu nákvæm á hún að vera? Á hún að fyrst og fremst að vera rammi utan um skólastarfið, lýsing á því hvers konar nám eigi að veita, hvaða kröfur eigi að gera, eða nær hún til þess að skilgreina nákvæmlega hvað beri að kenna og jafnvel hvaða bækur eigi að nota? Skólarnir hafa hingað til haft mikið frelsi í þeim efnum, það kemur reyndar fram í 2. gr. að það setur hver skóli sína skólanámskrá. En í mínum huga eru skilin þarna á milli mjög óljós. Hver semur þessa aðalnámskrá, hvernig verður hún samin, hvernig er það mál hugsað? Ég vildi gjarnan fá skýringu á því hjá hæstv. menntmrh.

Enn eitt stórt atriði sem ég vil koma hér að og finnst mjög vert að ræða er varðandi fornámið. Ég hef miklar efasemdir um að það sé hlutverk framhaldsskólans að gera nemendur hæfa til þess að hefja nám í háskóla. Mín skilgreining er sú að það eigi að útskrifa nemendur úr grunnskólanum þannig að þeir séu hæfir til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Það er bent á það sem mótrök að það sé svo slæmt félagslega að sitja eftir í grunnskóla. Það sé betra að fara yfir í annan skóla en ég spyr: Hvernig virkar það félagslega að vera í fornámsskóla? Hvernig virkar það félagslega að koma inn í framhaldsskóla og ráða þar ekki neitt við neitt eins og því miður eru allt of mörg dæmi um í framhaldsskólunum? Mér finnst þetta vera mál sem virkilega þurfi að velta fyrir sér. Auðvitað á að styðja nemendur og að styrkja til þess að þeir geti haldið áfram námi sem tryggir framtíð þeirra en hvers hlutverk er það? Mundi það ekki treysta og styrkja grunnskóla að verða að sjá til þess að útskrifa sína nemendur með þeim hætti eftir því sem kostur er að þeir geti í raun hafið framhaldsskólanám? Eða á þetta heima í grunnskólunum sem aukanám þar eða á það heima í framhaldsskólunum? Mér finnst þetta vera mál sem er verulega þess virði að velta fyrir sér.

Þá kem ég að því að í þeim breytingum sem hér eiga sér stað, þ.e. sem tengjast kerfisbreytingum — ég fer nú kannski fram og aftur í þessu — sem eru skólanefndirnar. Við komum aftur þar að máli sem var mikið rætt varðandi grunnskólalögin, skipan skólanefndanna. Þar á sér stað veruleg breyting. Fulltrúar kennara og nemenda fara út úr skólanefndunum sem kjörnir skipaðir fulltrúar en í staðinn koma tveir, sem eru skipaðir þar samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna — í staðinn fyrir að það voru þrír í núgildandi lögum —og þrír án tilnefningar „og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum" segir hér í frv., með leyfi forseta.

Ég set stórt spurningarmerki við þetta þó að það sé auðvitað alltaf spurning hvaða áhrif starfsmenn eigi að hafa í stjórnun þeirra stofnana sem þeir vinna við. Ég veit að Skólameistarafélagið hefur gert athugasemd við þetta skipulag. Þeim finnst óeðlilegt að undirmenn þeirra gerist yfirmenn þeirra í skólanefndum. Mér finnst það mikilvæga í þessu máli að skólanefndirnar þurfa að geta unnið mjög faglega. Það þarf að eiga sér stað faglegt starf þegar verið er að taka mikilvægar ákvarðanir og mér finnst þetta vera atriði sem þarf að athuga mjög vel. Það er alveg ljóst að með þessum breytingum er verið að draga verulega úr áhrifum kennara og starfsfólks á mótun skólastefnunnar og við það set ég spurningarmerki.

Þá ætla ég líka að nefna það stóra atriði sem ég gerði hvað stærstar og mestar athugasemdir við í fyrra og það er hið samræmda stúdentspróf. Þar hefur að vísu verið gerð breyting. Í frv. í fyrra var gert ráð fyrir að Rannsóknastofnun uppeldismála sæi um að semja prófin. Nú hefur það verið tekið út úr frv. eins og kemur fram í greinargerð, virðulegi forseti. Þar segir: „Er talið eðlilegt að fleiri geti komið að þessu máli en ein opinber stofnun."

Fyrir það fyrsta hef ég mjög miklar efasemdir um það hvort réttlætanlegt sé og rétt stefna að því að taka upp samræmt stúdentspróf. Mér finnst það einmitt beinast að þessu atriði, að það er verið að steypa öllum skólunum í einn ákveðinn farveg. Það eru ýmsar leiðir til þess að meta kennslu og árangur hennar og eins og málum háttar nú, er kennurum gert með sinni kennslu að uppfylla ákveðin skilyrði. Þeir eiga að kenna vissa hluti og gera það auðvitað og hafa til þess mismunandi kennsluaðferðir og mismunandi námsefni. Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt að taka upp þetta form þó ég skilji þá hugsun að menn vilji tryggja að ákveðnar kröfur séu uppfylltar. Það er auðvitað sú hugsun sem liggur hér á bak við, en mér finnst þetta tengjast því að það sé of mikið verið að steypa skólana í sama mótið.

Tíma mínum er að ljúka en ég þarf rétt að nefna örfá atriði. Í þessu plaggi sem var dreift til okkar þingmanna áðan er minnst á framhaldsdeildir við grunnskóla. Hér í frv. er komið inn á ýmsa möguleika til að stofna einkaskóla og til ýmiss konar samvinnu við atvinnulífið sem mér finnst

allt af hinu góða. Ég fagna því að lögin skuli nú leyfa það áform sem ég ætla einhvern tíma að koma í framkvæmd að stofna kvennamenntaskóla eins og þeir vonandi gerast bestir. Ekkert kemur í veg fyrir það hér en ég vil bara minnast á það atriði að ég hef miklar efasemdir gagnvart því að stofna framhaldsdeildir við grunnskóla. Og vil gjarna spyrja hæstv. menntmrh. um hans stefnu og hugmyndir í þeim efnum. Mín röksemd er fyrst og fremst sú að ég held að því miður sé oft verið að gera nemendum mikinn óleik vegna þess að þeir kennarar, sem hægt er að bjóða upp á í grunnskólum á stöðum þar sem nokkuð langt er í framhaldsskóla, hafa einfaldlega ekki þá menntun sem til þarf.

Þá vil ég líka vekja sérstaka athygli á þeirri greiningu sem kemur fram í þessu plaggi sem dreift var um val nemenda á námsbrautum. Það val, eins og kemur fram á bls. 5, er afar athyglisvert og sýnir hvernig kynin velja sér enn þá nám eftir mjög hefðbundnum leiðum og hefðbundinni hugsun. Þar er 9. liður einmitt mjög sláandi dæmi, iðn- og tæknibrautir. Það kemur ekki fram hvort þetta eru tölur frá því í haust, frá síðasta ári, eða hvað þarna er á ferðinni. En hér kemur fram að 2.444 piltar hafa valið sér iðn- og tæknibrautir, en aðeins 337 stúlkur. Þetta vekur þá spurningu: Upp á hvað er boðið? Hvernig stendur á þessu? (**Menntmrh.:** Það er miðað við október 1993.) Október 1993? (**Menntmrh.:** Það kemur fram í upphafi skjalsins.) Já, ég var bara rétt að fletta, október 1993 kemur fram hjá hæstv. menntmrh. og ég þakka fyrir þær upplýsingar.

Þá kemur þar með að því sem verður að vera minn lokapunktur hér og það er varðandi starfsnámið. Hvað eru menn að tala um, hvernig á að hátta því, hvernig á að fjármagna það? Vegna þess að einn aðalvandi okkar skólakerfis hefur verið sá að það hefur ekki fengist fjármagn til þess að byggja upp starfsnám. Og ég vil hvetja nefndina til þess í sínu starfi að horfa nú mjög vítt á starfsnámshugtakið. Mér hefur fundist í þessari umræðu að menn séu mikið að horfa á hefðbundið iðnnám, en það eru einfaldlega stórir geirar okkar samfélags sem búa við það að þeirra starfsfólk fær ekki neina fagmenntun. Ég nefni þar t.d. verslunarstörf. Eftir því sem mér er best kunnugt, þá eru verslunarstörf, það að afgreiða í verslun, sérstakt fagnám í Þýskalandi. Ferðaskrifstofubransinn allur, þetta er sérstakt mál, og Flugleiðir hafa t.d. gripið til þess ráðs að halda sjálfir námskeið fyrir sitt fólk. Þarna eru stórar greinar þar sem þarf að koma upp starfsnámi og eflaust kemur fleira til. Það er því mjög mikilvægt að horfa yfir allan vinnumarkaðinn, horfa á þörfina fyrir starfsnámið og binda sig hvorki í hugsun né skipulagi við þetta hefðbundna iðnnám sem hefur verið boðið upp á í Evrópu í margar aldir.

Hæstv. forseti. Minn tími er búinn í bili og eins og fram hefur komið í máli mínu, þá hef ég ýmsar spurningar og efasemdir varðandi þetta frv. og ýmislegt sem þarf að skýrast og mun væntanlega skýrast í starfi nefndarinnar. Ég set spurningarmerki við þá miðstýringu og það mikla vald menntmrh. sem mér finnst koma fram í frv. Ég set spurningarmerki við þá hugsun, hvort menn eru ekki að ganga of langt í því að steypa skólana í sama mót, senda þá alla áfram í sama farveg, því að þeir hafa verið allt of mikið á sömu brautunum í þessu hefðbundna bóknámi. Þess vegna þarf að vanda hér mjög til verka, en ég fagna því að við skulum standa hér og ræða framhaldsskólann og framtíð hans og ég áskil mér rétt, herra forseti, til þess að taka síðar til máls í umræðunni ef tækifæri og ástæða gefst.

[11:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Frv. það til laga um framhaldsskóla sem hér er til umræðu er um margt ágætt og framför frá því sem verið hefur. Það byggir á hugmyndum nefndar um mótun menntastefnu sem Ólafur G. Einarsson, fyrrv. menntmrh., skipaði snemma árs 1992. Frv. hefur tekið ákveðnum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram, flestum til bóta og sumum til mikilla bóta.

Mig langar að nefna það sem ég tel mestu máli skipta í frv. Það skiptir miklu máli að lögin taka til alls skólastarfs, frá lokum grunnskóla og að háskólanámi, þar með talið bóknám, listnám, verknám, þ.e. starfsnám, alls kyns sérhæft nám, endurmenntun, fullorðinsfræðsla o.s.frv. Í því er ekki verið að fjalla um aldurshópa nema í undantekningartilvikum, svo sem þegar kveðið er á um að jafnaldrar fylgist að upp úr grunnskóla og framhaldsskólinn sé síðan með tilboð fyrir alla, enda sé um að ræða framhaldsskóla fyrir alla, réttur allra til náms. Grunnskólinn er 10 ára skóli og síðan tekur framhaldsskólinn við.

Árlegur starfstími verður, ef þetta frv. verður að lögum, eigi skemmri en 9 mánuðir og kennsludagar eigi færri en 150. Kostur er að opnað er á að lengja skólann, e.t.v. með því að áfangaskólar bjóði upp á sumarannir. Hugmyndir hafa sveiflast nokkuð á á þessu sviði, þ.e. hvort negla eigi skólann við 9 mánuði eða lengja hann til samræmis við nágrannalöndin og fækka þá skólaárunum í þrjú. Með þessu orðalagi er búið að opna á ákveðinn sveigjanleika, og tel ég að það sé vel, m.a. til þess að flýta fyrir þeim í námi sem vilja gera það og geta og til stuðnings við þá sem þurfa að taka upp nám eða bæta við sig. Og einnig til að mæta þörfum ungs fólks til að fá eitthvað að gera ef engin er sumarvinnan.

Skólanefndirnar breytast samkvæmt þessu frv. þannig að í stað þess að þar sitji sjö, tveir úr hópi starfsmanna, einn nemandi, þrír frá viðkomandi sveitarfélagi og einn skipaður af menntmrh. í það að verða fimm af nefndinni, tveir fulltrúar viðkomandi sveitarfélaga og þrír fulltrúar menntmrh. Rökin eru þau að eðlilegt sé að menntmrh. hafi meiri hluta þar sem reksturinn sé algerlega á ábyrgð ríkisins, sveitarfélögin komi einungis inn í stofnkostnað með 40% á móti 60% ríkisins. Einnig hafa skólameistarar kvartað yfir því að þeim finnist óþægilegt að vera með undirmenn sína sem yfirmenn í skólanefndum, starfsmenn skólanna og e.t.v. nemendur. Þessir aðilar verða hér eftir með áheyrnaraðild. Mér finnst þetta vera gild rök fyrir breytingu og ættu að gera stjórnunina markvissari og ábyrgari, ekki síst þar sem skólanefndum er einnig ætlað að samþykkja skólanámskrár, gera þriggja ára áætlanir og marka þannig áherslur í starfi.

Gert er ráð fyrir breytingu hvað varðar stofnkostnað heimavista. Ríkið greiddi þær alveg en samkvæmt frv. eiga sveitarfélögin að koma inn í það dæmi með 40% eins og við skólabyggingar. Ekki verður séð að þetta breyti neinu um hag nemenda, en þetta verður til þess að taka þarf upp verkaskiptasamning ríkis og sveitarfélaga varðandi byggingu skólamannvirkja og það væri kannski fróðlegt að fá að vita hvað er fyrirhugað í þeim efnum.

Í gömlu lögunum er ákvæði um að menntmrh. sé heimilt að skipta landinu upp í framhaldsskólasvæði. Það er að okkar mati gott ákvæði, en ég veit ekki hvort það hefur verið notað. Mér sýnist að ef það yrði gert gætu skólarnir passað betur upp á að öll tilboð séu í gangi á öllum svæðum landsins þannig að þeir geti haft með sér meiri verkaskiptingu. Það

er alltaf hætta á að skólarnir verði of líkir eins og reyndar hefur orðið þróunin. Við þröngan fjárhag fara þeir allir í sama bóknámsfarið.

Samkvæmt frv. getur ráðherra heimilað að tveir skólar séu með sameiginlega skólanefnd, en það er ekkert sem skyldar skólana til samstarfs. Hvað tryggir að tilboð verði í gangi fyrir þá sem þurfa eitthvað annað? Þess er vænst samkvæmt frv. að skólarnir sérhæfi sig, en ekkert kemur fram um það hvernig sú sérhæfing á að þróast. Á t.d. samstarfsnefnd samanber 5. gr. að gegna því hlutverki?

Skólameistarar verða samkvæmt frv. ráðnir til 5 ára í senn og er það í takt við það sem hefur verið að gerast annars staðar í ríkiskerfinu. Það er e.t.v. nauðsynlegt að ráðning rofni með þessum hætti til að tryggja að menn velti því fyrir sér hvort skipta þurfi um stjórn og jafnframt yrði þetta aðhald fyrir skólastarfið og það má gera ráð fyrir því að skólameistarar legðu sig þá enn frekar fram.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir því að inntökuskilyrði verði inn á hinar mismunandi brautir skólanna. Aukin námsráðgjöf og stuðningur ásamt því að inntökuskilyrði verði inn á brautirnar ætti að tryggja það að námið verði markvissara og brottfall minna, enda verði þá tryggt að valkostir verði fleiri en nú er og inntökuskilyrðin yrðu afar breytileg eftir brautum. T.d. virðist mega gera ráð fyrir því að í einhverjum tilfellum verði frekar litið til þess hvað viðkomandi nemandi fékk í handavinnugreinum en í stærðfræði við lok grunnskóla og er það vel.

Inntökuskilyrði inn á brautirnar verða bundin í reglugerð. Hér er um afar stórt atriði að ræða varðandi þróun framhaldsskólans og mjög mikilvægt að sátt verði sátt um það og því teljum við mikilvægt að sú reglugerð verði smíðuð í samstarfi við menntamálanefndir þingsins. Ég held að það sé nokkuð jákvætt að taka inn inntökuskilyrði því að það verða möguleikar á að flytja sig á milli brauta af aðstæður breytast eins og áður sagði með aukinni námsráðgjöf og stuðningi sem gert er ráð fyrir í frv.

Gert er ráð fyrir styttri og lengri starfsnámsbrautum sem þróaðar yrðu í samráði við fulltrúa atvinnulífs, vinnuveitendafélög, verkalýðsfélög og svokölluð starfsgreinaráð. Illa hefur gengið að byggja upp verkmenntakennsluna undanfarin ár vegna þess að hún er a.m.k. 50% dýrari en bóknámsbrautirnar þannig að sparnaðurinn hefur leitt til brottfalls þeirra sem ekki hallast að bóknámi eða stefna ekki að stúdentsprófi. Málið er að lokaprófið, sem gjarnan skal vera stúdentspróf, hefur fyrst og fremst með það að gera að framhaldsskólinn hefur boðið upp á einhæft nám, fyrst og fremst bóknám af því að hitt hefur verið svo dýrt. Vonandi breytist það með nýjum lögum en ný lög geta þá varla verið forsenda fyrir meiri peningum í verknámið. Ákvæði um launagreiðslur fyrir nema í starfsnámi sbr. 32. gr. þarf að athuga betur. Ekki er um venjulega vinnu að ræða, a.m.k. getur vart verið reiknað með því að nemendum séu að jafnaði falin regluleg störf á vinnustað þar sem gerðar eru sömu kröfur og til almennra starfsmanna fyrirtækisins. Líklega er hér verið að horfa til iðnnema og þeirrar hefðar sem er fyrir launagreiðslum í þeim geira. Hins vegar verða menn líka að muna eftir því að nú á að hugsa upp á nýtt, bjóða upp á styttri brautir á ýmsum sviðum og þá horfa e.t.v. greiðslur öðruvísi við.

Í gömlu lögunum er ekki sams konar ákvæði. Þar er gert ráð fyrir því að skólanefnd hafi heimild til að gera samning við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Einnig er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð sem kveði á um námssamninga, réttindi og skyldur o.s.frv. Ég vildi gjarnan spyrja í framhaldi af því hvers vegna var það fyrirkomulag ekki notað og þá kannski að fá nánari skýringu á því hvernig þetta er hugsað. Ég veit að á Dalvík er nokkur reynsla fyrir starfsnámi á vinnustöðum í fiskvinnslunámi og þar hefur nemum ekki verið greitt fyrir að vera á vinnustöðum að læra vinnubrögð og á vélar undir eftirliti fagmanna í greininni enda hefur verið litið svo á að um nám væri að ræða og kennari í greininni hefur skipulagt starfsnámið og fylgt því eftir inn á vinnustaðina þannig að það yrði sem faglegast og fjölbreyttast. Ef fiskvinnslan hefði átt að greiða öllum hópum laun er ástæða til að óttast að minni alúð hefði verið lögð við kennslu og fjölbreytta þjálfun á vinnustað en nemunum frekar att út í hefðbundna færibandavinnu.

Hvað með minni fyrirtæki sem eru í sérvinnslu ýmiss konar og þróunarstarfi? Það þarf að vera alveg skýrt að um nám sé að ræða en ekki varavinnuafl. Þetta er atriði sem ég hefði talið að væri full ástæða til þess að taka nánar fyrir í nefndinni og býst við að fulltrúi Þjóðvaka í menntmn., Svanfríður Jónasdóttir, muni drepa á þetta mál þar.

Varðandi áherslur í skólanámi sem eru gamaldags má benda á það til upplýsingar í þessari umræðu að þær hafa ekki bara með lög að gera því að í fjárlagafrv., sem liggur fyrir þinginu núna, fá landbúnaðarskólarnir 90 millj. kr. meira í ár en sjávarútvegsskólarnir og maður veltir fyrir sér hvers konar menntastefna það er. Fullorðinsfræðsla og endurmenntunarákvæði frv. eru mjög mikilvæg, það eru greinar 33.–35. og eru þar á ferðinni mjög áhugaverðir og spennandi möguleikar. Bæði er gert ráð fyrir öldungadeildum og endurmenntunarnámskeiðum sem haldin eru í samræmi við faggreinafélög og stéttarfélög, atvinnurekendur og aðra hagsmuna- og áhugahópa. Þannig er stefnt að því að framhaldsskólarnir verði eins konar fullorðinsfræðslumiðstöðvar í héraði og að nýttur verði sá kennarakostur, aðstaða og tækjabúnaður sem er fyrir hendi. Það er afar mikilvægt að þetta gangi eftir og að þeir aðilar í landinu, sem eru með námstilboð fyrir fullorðið fólk eða þá sem lokið hafa hefðbundinni skólagöngu, noti skólana og nýti þá þekkingu sem þar er til staðar. Þetta styrkir skólana og treystir tengsl þeirra sem starfa við það umhverfi sem þeir starfa í. Það styrkir byggðir landsins.

Sjútvrn. hefur t.d. um langt árabil verið með námskeið fyrir fólk sem vinnur í sjávarútvegi. Þessi námskeið hafa verið utan og ofan við allt skólastarf í landinu. Þar hafa kennarar verið fluttir á staðina án þess svo mikið sem kanna hvort sú þekking sem miðla á er til staðar á viðkomandi stað. Þetta veit ég að hefur farið í taugarnar á þeim sem hafa verið að reyna að halda úti fullorðinsfræðslu og endurmenntunartilboðum úti á landi. Verkalýðsfélögin hafa hins vegar átt ágætt samstarf við skólastofnanir og ýmis námskeið fyrir sína umbjóðendur.

Varðandi reksturinn á skólanum sbr. 39. gr. tel ég að þær reglur eða það reiknilíkan sem verið er að þróa og stendur til að nota samkvæmt reglugerð til að reikna út kennslukostnað skólans sé af hinu góða. Skólarnir vita þar með á hverju þeir eiga von og á hvaða forsendum þeir geta gert áætlanir sínar út frá því. Reyndar finnst mér margt benda til þess að bæði sé stefnt að því að skólarnir geti skipulagt sig betur og eins að eftirlit með skólastarfinu geti orðið markvissara. Einföldun á brautakerfinu sbr. VII. kafla um námsskipan ásamt skýrum inntökuskilyrðum á brautir, útgáfu námskráa

og aukinni námsráðgjöf ætti að auðvelda bæði nemendum og foreldrum þeirra og jafnvel stjórnmálamönnum að skilja kerfið og átta sig á þeim möguleikum sem það býr yfir og það er stór kostur. Það hve kerfið hefur verið flókið hefur orðið til þess að foreldarar hafa átt erfitt með að fylgjast með því sem börn þeirra hafa verið að fást við og þar með hefur í einhverjum tilfellum skort á það aðhald sem foreldrar hefðu viljað geta haft með námi barna sinna. Einfaldara og auðskiljalegra kerfi þar sem skilaboðin um möguleika og kröfur eru skýrari er betur til þess fallið að hjálpa foreldrum við að styðja börn sín til þroska. Auðvitað er það til bóta að sem flestir átti sig á kerfinu og geti þannig sýnt skólanum áhuga og aðhald. Það ætti líka að rjúfa þá einangrun skólanna sem fram kom í skýrslu OECD að talin væri mikið vandamál í íslensku skólakerfi

[11:38]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um framhaldsskóla. Árið 1974 voru sett á þessum sama stað lög um grunnskóla. Þá stóðu barna- og gagnfræðaskólinn á tímamótum og almennt var talið að breytinga væri þörf. Með lögum um grunnskóla frá 1974 töldu flestir að nú væri lausn fundin fyrir grunnskólann og með setningu laganna gerðist það að nánast flestir grunnskólar landsins voru steyptir í sama mótið.

Um það bil 20 árum síðar komumst við að þeirri niðurstöðu að hugmyndin gekk ekki upp. Smám saman hafði verið að molna undan hugmyndinni, fjara undan henni innan skóla þar sem einstakir skólar reyndu að brjóta sig út úr því miðstýrða viðhorfi sem á þá hafði verið lagt. Á síðasta þingi voru svo samþykkt ný lög um grunnskóla og þar með staðfest lagalega að breytinga hafði verið þörf.

Ég nefni þetta í upphafi máls míns til að vekja athygli á og vara við því að heilt skólastig og þar af leiðandi margir nemendur verði steyptir í sama mótið. Það hlýtur að teljast mjög alvarlegt ef heilt skólastig hefur mistekist þegar í ljós kemur að sú allsherjarlausn og hin miðstýrða lausn hafði ekki gefið góða raun. Þess vegna fagnaði ég því sérstaklega og yfirlýsingu hæstv. menntmrh. hér og því sem segir í greinargerð með frv. á bls. 19 að stefnt skuli að því að auka sjálfstæði skólanna um ákvarðanatöku í eigin málefnum. Það er í rauninni kjarni málsins að frumkvæði komi frá skólum og í samstarfi við þá aðila sem skólarnir vinna með, þ.e. atvinnulífið.

Við höfum í áratugi talað um að efla beri starfsmenntun. Sem skólamaður minnist ég þess ekki að hafa heyrt stjórnmálamenn, fulltrúa atvinnulífsins, vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar fjalla um það á hátíðum og tyllidögum án þess að geta þess að efla beri starfsmennt. Í mínum huga er þetta orðið nánast orðaleppur vegna þess að merkingin hefur í rauninni verið afskaplega máttlaus, þar hafa verkin talað. Hvað eiga menn við þegar þeir tala um að efla beri starfsmennt? Verkin tala því að hvað inntak snertir er staða framhaldsskólans óbreytt og hefur verið óbreytt í áratugi. Þar hefur átt sér stað kerfisleg breyting, mjög jákvæð með fjölbrautakerfinu og áfangaskólum sem felur í sér stórkostlega möguleika. Hins vegar hvað inntak snertir er breytingin nánast engin.

Afleiðingin er m.a. sú að sá mikli fjöldi nemenda um og yfir 90% af árgangi úr grunnskóla, sem inn fer í framhaldsskóla, stefnir á stúdentspróf. 70% þeirra stefna á stúdentspróf sem er skilgreint undirbúningur fyrir háskólanám. En það er annað sem er öllu alvarlegra. 35–40% nemenda, sem hefja nám í framhaldsskóla, gefast upp, finna sig ekki í náminu og hrökklast úr skólanum, sannfærðir um eigin getuleysi og eigin kunnáttuleysi.

Ég vil líka benda á það að meiri hluti þeirra, sem komast í gegnum nálaraugað og ná blessuðu stúdentsprófinu, fer ekki í háskólanám heldur út á hinn almenna vinnumarkað. En eins og vitað er er stúdentsprófið ekki beinlínis starfsnám.

Ég held að það sé mjög vel við hæfi að rifja upp ágæta sögu sem ég heyrði í sumar þegar hingað komu nokkrir bandarískir auðmenn sem höfðu sérstakt dálæti á Íslandi og vildu skoða Ísland sem valkost til fjárfestinga. Segja má að þeir hafi komið hingað í lítinn matadorleik. Þeir riðu hér víða um héruð, heimsóttu fyrirtæki og stofnanir til þess að skoða hvaða möguleikar væru og hversu fýsilegur kostur Ísland væri til fjárfestinga. Síðan settust þeir niður til þess að meta þær upplýsingar sem á þá höfðu verið bornar hérlendis. Niðurstaða þeirra varð m.a. sú að hér væri margt stórskrýtið og mikið að. Þeir bentu á að annars vegar höfðu menn bæði úr opinbera geiranum og einkageiraum haldið að þeim dýrum fallegum bæklingum með hvatningu til erlendra fjárfesta um að fjárfesta hér í stóriðju. Þeir spurðu hins vegar: Hvernig er svo menntakerfi Íslendinga? Þar fannst þeim vera dálítið mikill munur á annars vegar því sem felst í stóriðjudraumum okkar Íslendinga, sem vitaskuld eru um margt nauðsynlegir, að fá hér erlenda fjárfestingu, en svo hins vegar, hvernig er menntakerfið? Þar komust þeir að þeirri niðurstöðu sem við höfðum svo sem vitað lengi að megináherslan liggur á stúdentspróf og háskólanám. Það er og hefur verið grunntónninn og hinir erlendu gestir spyrja eðlilega í framhaldi af því: Ætlum við öllu þessu háskólafólki, þeim nemendum sem menntakerfið beinir inn í háskólanám, að vinna í stóriðjunni?

Kjarni málsins er einmitt sá að hér vantar hina svokölluðu millimenntun, hún er nánast ekki til í framhaldsskólakerfi okkar. Menn þurfa því ekki að verða hissa á því að þeir nemendur, sem koma inn í framhaldsskóla, stefni að stúdentsprófi því möguleikar til annars náms eru svo afskaplega litlir. Það er þetta gamla hefðbundna iðnnám, örfáir sérskólar og síðan þar með upptalið. Hvert eiga þessir nemendur að fara? Möguleikarnir eru ekki fyrir hendi. Það má vekja athygli á því að mannfrekasta starfsgrein á Íslandi í dag eins og í nágrannaríkjum okkar er þjónusta. Hvar er nú þjónustan í framhaldsskóla okkar? Hún er ekki til, þjónustugreinar eru varla til.

Við tölum mikið um að efla beri fullvinnslu sjávarafla. Með hvaða hætti ætlum við að gera það? Í hverju felst fullvinnsla sjávarafla? Hún felst m.a. í því að nota mannauðinn og mannvitið. En við sjáum það ekki í skólakerfi okkar. Sennilega er eymdin í menntakerfinu hvað mest þegar kemur að fiskvinnslunni. Við sjáum hvernig Fiskvinnsluskólinn er, hann er í nokkurs konar gjörgæslu, tilraun til að bjarga honum frá aldauða. Á örfáum stöðum hafa menn verið að reyna en fyrst og síðast hefur fiskvinnslan verið notuð sem hin mikla grýla í skólakerfinu og af foreldrum. Ef þú nennir ekki að læra, ef þú stendur þig ekki í skóla þá ferðu bara í fiskinn, með þeim afleiðingum að þjóðin sem ætlar að auka fullvinnslu á sjávarafla er orðin svo merkileg með sig að hún getur ekki og vill ekki vinna í fiski og við þurfum að flytja inn í hundraða tali útlendinga til að ganga í þau störf fyrir okkur. Ég vek athygli á, í sumum tilvikum mjög vel menntaða útlendinga.

Í nýlegri skýrslu OECD um leiðir til að auka efnahags-

vöxt og framleiðni í ríkjum OECD er bent á að lykilatriðið í aukinni framleiðni fyrirtækja sem undirstaða bætts efnahagslífs sé aukin og bætt starfsmenntun. Það má benda á að aðilar úr bókagerðariðnaðinum, bæði launþegar og atvinnurekendur héldu til Hollands og Belgíu síðasta sumar til að skoða hvernig bókagerðariðnaður þeirra væri í samanburði við það sem er hjá okkur. Niðurstaða þeirra var sú að þar væri umhverfið að flestu leyti það sama, kostnaður við tæki, rekstrarlegt umhverfi, skattar o.s.frv. væri allt mjög sambærilegt, en það væri einn reginmunur á og það væri hvað framlegðin og framleiðnin væri til muna lægri hér á landi. Með öðrum orðum að launakostnaðurinn væri hærri hér sem hugsanlega má rekja til þess — það skyldi þó ekki vera — að skortur á þessari mikilvægu millimenntun í skólakerfi okkar, sem er líklega undirstaða í bættu efnahagslífi, sé að hluta til skýringin á lágum launum.

Ég þekki nokkur dæmi þess að tilraunir einstakra skóla á síðustu árum til að rífa sig út úr þessum fjötrum vanans hefur verið stöðvað. Það hefur m.a. verið stöðvað af embættismönnum í menntmrn. með þeim rökum að lagaforsendur skorti til að fara nýjar leiðir. Það hefur verið stöðvað af ýmsum hagsmunaaðilum atvinnulífsins. Allt ber þetta að sama brunni, *stefnumörkun hefur vantað á þessu sviði*. Það hefur fyrir vikið m.a. myndast djúp gjá á milli skóla annars vegar og atvinnulífs hins vegar og mjög hættulegur og varasamur rígur. Af sömu ástæðu hefur um árabil legið niðri námskrárvinna af hálfu menntmrn. af eðlilegum ástæðum þar sem í bígerð hefur verið að fjalla um og fara fram með frv. til laga um framhaldsskóla með breytingum á gildandi lögum. En það er afskaplega varasamt að námskrárvinna skuli liggja niðri jafnlengi og raun ber vitni. Af öllu þessu má ljóst vera að málið þolir afskaplega litla bið.

Frv. hefur verið nokkuð lengi í fæðingu eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. en ég tel að með þeim breytingum sem orðið hafa geti náðst þverpólitísk sátt um þetta mikilvæga frv. Vitaskuld munu verða gerðar einhverjar breytingar á stöku atriðum í afgreiðslu þingsins en í meginatriðum tel ég að það eigi að geta náðst þverpólitísk samstaða um þetta mikilvæga mál.

Hér er í sjálfu sér ekki um neina stórbyltingu að ræða frá gildandi lögum um framhaldsskóla heldur fyrst og fremst *stefnumörkun þar sem stefnan er tekin á starfsmenntun* með mun ákveðnari hætti en í gildandi lögum. Ég fagna enn og aftur þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh. að frumkvæðið geti og skuli koma frá einstökum skólum innan ramma námskrárinnar. Ég veit að nokkrir framhaldsskólar bíða eftir lagasetningunni til þess að geta hrint í framkvæmd þeim hugmyndum sem hafa verið þróaðar innan þessa skóla og þær hugmyndir lúta einmitt að verulega aukinni starfsmenntun. Það er mikilvægt að þátttaka atvinnulífsins sé bein í samstarfi skólanna við uppbyggingu starfsmenntunar. Það er mikilvægt að frumkvæðið komi frá skólunum og atvinnulífinu á hverjum stað, frá því baklandi sem hver skóli þjónar.

Eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á virðist vera *nokkuð flókið kerfi um starfsmenntun í frv.* Ég vara við því að horfa á það kerfi frá menntmrh. og niður eins og hv. þm. orðaði það. Ég held að við eigum einmitt að horfa á þetta kerfi frá skólunum, byrja að neðan, hjá grasrótinni ef svo má til orðs taka því þaðan á frumkvæðið að koma og berast upp eftir píramítanum. Frumkvæðið á og mun koma, trúi ég, frá skólum og atvinnulífi. Það eru einmitt 16. og 17. gr. sem tákna þetta svigrúm, þær tákna sjálfstæði skólanna, frumkvæði heimamanna, skóla og atvinnulífs en ekki bara skólanna.

Ég vek einnig sérstaklega athygli á 35. gr. um fræðslumiðstöðvar heimamanna. Þar er stigið mjög mikilvægt og jákvætt skref þar sem segja má að felld séu saman í eina sæng atvinnulíf og skóli. Þar tel ég að sé verið á raunhæfan hátt að brúa hina illræmdu gjá á milli skóla og atvinnulífs. Það er þaðan, ekki bara í menntun fyrir framhaldsskólann, heldur ekki síður í hinni mikilvægu endurmenntun sem frumkvæðið að breytingum á að koma. Þetta er meginatriðið að mínu mati í þessu frv. Það er þessi stefnumörkun.

Mig langar aðeins í lokin að víkja að nokkrum atriðum sem hv. þm. hafa nefnt. Ég vil í fyrsta lagi segja það um samræmdu prófin að ég skil ugg hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmd samræmdra prófa. Í mínum huga er ekki verið að ræða um samræmd próf með sama hætti og við þekkjum í grunnskólanum í dag þar sem þau eru beinlínis bundin við brautskráningu. Samræmd próf geta verið með ýmsum hætti og eru nauðsynleg. Í mínum huga eru enn mikilvægari samræmd könnunarpróf sem lögð eru fyrir alla skóla þannig að þeir fái svo til baka niðurstöður miðaðar við landsmeðaltal og geta notað þær niðurstöður í sjálfsgagnrýni *sína og í matinu á skólastarfi*. Varðandi fornámið tel ég ekki nokkurn vafa miðað við þá reynslu sem gefist hefur í nokkrum skólum, t.d. Menntaskólanum í Kópavogi og Fjölbrautaskóla Suðurnesja, að fornámsnemendur eigi að fylgja jafnöldrum sínum í stað þess að sitja enn eitt ár í grunnskóla, í þeim sama grunnskóla og þeim hefur vegnað illa. Það er þá ástæðan fyrir því að þeir eru skilgreindir fornámsnemendur. Það er mikilvægt fyrir þessa nemendur að geta fylgt félagsskapnum og geta skipt um umhverfi og rifið sig frá því umhverfi sem þeim hefur ekki vegnað vel í og tekist á við vel skipulagt heilsársfornám með jafnöldrum sínum. Ég óttast ekki, miðað við reynslu úr fjölbrautaskólum þar sem nemendur eru á ólíkum brautum, að þessir nemendur muni verða fyrir aðkasti, þeir munu einfaldlega *falla inn í* hið fjölbreytta úrval sem er innan fjölbrautaskóla. Ég vil jafnframt vara við því að tala um hið dýra starfsnám. Ef við tölum um að starfsnám sé endilega svo dýrt þá byggir það á þessari föstu gömlu hugmynd okkar að starfsnám sé hið gamla iðnnám. Þá erum við að hugsa í rennibekkjum og dýrum tækjum af þeim toga. Við erum núna að tala um starfsnám á öllum sviðum. Ég nefndi fyrr í námi mínu að þjónusta væri fjárfrekasta atvinnugrein á Íslandi og í þeirri undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið í nokkrum skólum er einmitt gert ráð fyrir að starfsnámið sé eðlilegur þáttur og þar er ekki verið að tala um dýra fjárfestingu í tækjum. Ég minni jafnframt á það sem stendur hér í frv.: „samspil skóla og atvinnulífs um starfsþjálfun". En það er líka mjög dýrt að 35–40% nemenda í dag skuli gefast upp í námi. Það er líka mjög dýrt.

Varðandi skólanefndirnar er ég þeirrar skoðunar að skólum, sjálfstæðum skólum eins og öðrum fyrirtækjum, sé nauðsynlegt að hafa stjórn. Ég vara við því að lítið sé gert úr *áhrifum kennara og nemenda*. Það kemur fram í þessu frv. svipað og er í dag um að öll innri mál um þróun innra starfs skólans koma kennarar að með mjög markvissum og áhrifamiklum hætti þar sem eru skólaráðin. Hins vegar er eðlilegt að mínu mati að yfirstjórn skólanna, skipuð fulltrúum sveitarfélaga og atvinnulífs, sé ekki úr röðum skólamanna sjálfra, þeirra sem starfa. En áhrif skólamanna eru veruleg innan skólanna og bendi ég jafnframt á eins og tíðkaðist áður að

kennarar og nemendur sátu skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt og höfðu mikið til mála að leggja og á þeim var gjarnan mikið mark tekið.

Að lokum, herra forseti, vil ég hvetja til þess og trúi því að um þetta frv. náist þverpólitísk samstaða. Ég tel að málið þoli ekki mikla bið. Ég óska þess mjög að það komist hratt í gegnum þingið. Hér hefur verið mörkuð stefna í átt til aukinnar starfsmenntunar. Námskrárvinnan er öll eftir. Hún fer væntanlega ekki af stað fyrr en frv. hefur orðið að lögum og ég segi enn og aftur: Frumkvæðið á og mun samkvæmt frv. koma frá skólunum í samstarfi við atvinnulífið þar sem skóli og atvinnulíf fara saman hönd í hönd. Þaðan kemur frumkvæðið, það er það sem atvinnulíf okkar og efnahagur þurfa á að halda.

[11:59]

Útbýting þingskjals:

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 84. mál, brtt. ÖJ, þskj. 145.

[12:00]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Undirstaða alls skólastarfs er skýr markmiðssetning. Uppeldis- og menntunarmarkmið framhaldsskólans þurfa að endurspeglast í námsskipulagi framhaldsskólastigsins, námskrá framhaldsskólans, skólanámskrá, starfsháttum einstakra skóla og starfi kennara með nemendum. Fyrstu skrefin í nauðsynlegri stefnumótun fyrir framhaldsskólastigið hafa þegar verið stigin með vinnu við það frv. sem hér er til umfjöllunar en mikil vinna er fyrir höndum hjá þeim aðilum sem fá það hlutverk að vinna að áframhaldandi mótun og uppbyggingu þess. Það hlýtur að vera kappsmál þjóðinni allri að framhaldsskólinn festist ekki í fortíðinni heldur takist á við breyttar þjóðfélagsaðstæður. Í framhaldsskólana sækir hópur ólíkra nemenda hvað varðar undirbúning, þroska, áhugasvið og námsgetu. Talsvert skortir á að skólarnir geti sinnt margvíslegum þörfum þessa hóps. Gildandi lög gera ráð fyrir að hver sá sem lýkur grunnskólanámi eigi rétt á skólavist á framhaldsskólastigi. Þetta lagaákvæði hefur af yfirvöldum menntamála verið túlkað á þann veg að nemendur eigi rétt á að hefja hvaða nám sem er í framhaldsskólanum, án tillits til undirbúnings og árangurs í grunnskóla. Afleiðing þessarar stefnu er sú að margir nemendur eru lengi að finna sér nám við hæfi eða flosna upp frá námi. Stúdentsprófsbrautir hafa um langt skeið haft mest aðdráttarafl í hugum nemenda og foreldra. En því miður vegnar mörgum nemendum illa í námi á þeim brautum. Námstími þessara nemenda er oft lengri en námskrá gerir ráð fyrir og margir hætta námi ár hvert án skilgreindra námsloka.

Almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans verður að efla og framhaldsskólinn þarf á markvissan hátt að stuðla að því að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér og samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu og listum, náttúru og umhverfisvernd, stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi, samskiptum, samvinnu, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldum.

Ég vík örfáum orðum að aga í tengslum við framhaldsskólafrumvarpið. Í íslensku samfélagi ríkir meira aga- og aðhaldsleysi en víða í nágrannalöndum. Í framhaldsskólum endurspeglast aðhaldsleysi m.a. í lélegri skólasókn og miklu brottfalli og flutning nemenda á milli skóla samfara tiltölulega lágu útskriftarhlutfalli. Skólar eru í eðli sínu íhaldssamar stofnanir og hlutverk framhaldsskóla er m.a. að vera ákveðin kjölfesta í lífi uppvaxandi kynslóðar. Framhaldsskólar þurfa að beita öllum tiltækum ráðum til að styðja við nemendur og halda þeim að námi þann tíma sem þeir eru skráðir í skólann. Nám í framhaldsskóla leggur mikla ábyrgð á herðar nemendum, mun meira en þeir eiga að venjast í grunnskóla. Nemendum stendur til boða ráðgjöf frá yfirstjórn skólanna, námsráðgjöfum og umsjónarkennurum en endanleg ákvörðun um námsval er í höndum þeirra sjálfra. Það er brýnt að auka stuðning við framhaldsskólanema til muna og á margvíslegan hátt, m.a. með því að efla hlutverk umsjónarkennara. Sérhver framhaldsskólakennari þarf að taka ábyrgan þátt í að veita framhaldsskólanemum nauðsynlegt aðhald og stuðning í námi. Skipuleggja þarf vinnutíma framhaldsskólanema betur þannig að þeir njóti leiðsagnar og handleiðslu kennara í lengri tíma árlega og vinnuálagi á nemendur verður að jafna betur yfir allan starfstíma skólans.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framhaldsskólafrumvarpinu frá því að það var lagt fram á þinginu sl. vetur. Ráðherra hefur þegar gert grein fyrir þeim breytingum svo að ég mun ekki fara nánar yfir þær. En helstu einkenni frv. eru: Skýr stefna um markmið, skipulag og framkvæmd náms. Aukin fjölbreytni í námsframboði þar sem uppbygging öflugs starfsnáms er forgangsverkefni. Bætt tengsl skóla og samfélags, t.d. með upplýsingamiðlun til almennings um skólastarf og árangur þess. Einnig vil ég nefna aðild fulltrúa atvinnulífs að stefnumótun, stjórnun og framkvæmd starfsnáms. Aukið sjálfstæði skóla og öflugra innra starf þar sem lykilhugtökin eru gæðastjórnun og skólanámskrá. Fjölgun kennsludaga, samræmd lokapróf í tilteknum greinum, reglubundið mat á árangri skólastarfs jafnt einstakra skóla sem einstakra námsgreina eða námsþátta á landsvísu. Markvisst rannsókna- og þróunarstarf.

Frá því að framhaldsskólafrv. var fyrst lagt fram til kynningar á útmánuðum 1994 hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Veigamest þeirra er eflaust sú breyting sem gerð var er frv. var lagt fram í fyrrahaust þegar fallið var frá fyrirhugaðri lengingu skólaársins úr níu mánuðum í tíu og lágmarksfjöldi kennsludaga var færður úr 160 í 150 daga. Ég verð að játa að ég sé mjög mikið eftir þessum tillögum úr frv. Líta ber á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild. Gildir það jafnt um innihald og árangur skólastarfsins. Ef nemendur annarra þjóða hafa fengið nægan undirbúning til framhaldsnáms við 18 eða 19 ára aldur er full ástæða fyrir okkur að endurskoða þá stefnu að halda nemendum í framhaldsskólum fram að tvítugu. Þar með yrði almennur rammi um grunn- og framhaldsskólann hérlendis ekki verulega frábrugðinn því sem gerist annars staðar.

Einnig ber að líta til þess að sérhæft nám færist nú í auknum mæli yfir á háskólastig hér á landi sem annars staðar. Með því að stytta framhaldsskólann um eitt ár með lengingu skólaárs, betri nýtingu tíma og fjölgun skóladaga, mætti flýta því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning að loknu framhaldsskólanámi. Frekari rök fyrir styttingu framhaldsskólans er að finna í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu.

Í mínum huga horfir sú breyting til framfara og framtíðar og ég tel raunar að líklegt sé að í náinni framtíð komist menn að þeirri niðurstöðu að stíga beri þetta skref.

Hér á landi ljúka u.þ.b. 35% árgangs stúdentsprófi en aðeins u.þ.b. 10% útskrifast af starfsnámsbrautum framhaldsskólanna. Ástæður eru margvíslegar. Líklega vegur sú staðreynd mikið að íslenskt atvinnulíf hefur fram til þessa lagt lítið upp úr sérhæfðum starfsundirbúningi við ráðn-

ingar starfsmanna enda ekki verið kostur á margvíslegum starfsundirbúningi innan skólakerfisins. Íslenska skólakerfið stendur frammi fyrir miklum vanda. Einkum hvað varðar þá ofuráherslu sem lögð er á bóknám og á sér að nokkru leyti sögulegar skýringar. Hjá öðrum þjóðum er lögð meginámersla á uppbyggingu svokallaðrar millimenntunar og almennt er talið að það sem helst auki á framleiðni og afköst í þjóðfélagi sé öflugt kerfi starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Krafa til menntakerfis vestrænna þjóða er að engin ung manneskja fari út úr skólakerfinu án þess að hafa lokið skilgreindu námi. Jafnvægi milli sérhæfingaleiða á framhalds- og háskólastigi er mikilvæg forsenda þess að tryggja félagslegan stöðugleika samfélagsins. Öllum þarf að standa til boða möguleikinn á sérhæfðu námi, ekki eingöngu þeim sem hafa hæfileika til að stunda háskólanám. Mikilvægi framhaldsskólastigsins verður seint ofmetið. Gildir það bæði fyrir almenna menntun þjóðfélagsþegnanna og hina sérhæfðu menntun til undirbúnings fólks til þátttöku í atvinnulífi eða til áframhaldandi náms.

Á þetta þríþætta hlutverk framhaldsskólans er lögð meginámersla í framhaldsskólafrv. Í grunn- og framhaldsskólalögum er lagður sá menntunargrunnur sem hver einstaklingur byggir á allt sitt líf. Þess vegna þarf íslensk þjóð að leggja mikinn metnað og vinnu í að skilgreina og skipuleggja grunn- og framhaldsskólanámið. Með nýjum grunnskólalögum og því frv. sem hér er til umræðu hafa verið stigin stór framfaraskref í þessum efnum. Enn er mikil vinna eftir við nánari útfærslur, einkanlega námskrárgerð og uppbyggingu starfsnáms. Það er langtímaverkefni að þróa flókið kerfi starfsnáms á framhaldsskólastigi á þeim veika grunni sem við byggjum á í dag. Þar gilda engar töfralausnir. Upphafið að þeirri þróun er opin og hreinskilin umræða um það hvert skal stefna. Ég nefni það sérstaklega að ýmsar tilraunir kunna að vísa okkur veginn. Tilraun um breytt nám í bókiðngreinum er fyrsta tilraun hér á landi til að leiða saman í skólastarfi fulltrúa atvinnulífs og skóla þannig að báðir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Námið hefur verið endurskipulagt. Námstími nemenda skiptist með reglulegum hætti milli skólanáms og vinnustaðanáms. Áhersla er lögð á gagnkvæmt eftirlit skóla og vinnustaða með námsframvindu nemenda og gerðar eru tilraunir með breytta starfshætti í kennslunni. Endurmenntun kennara og ráðgjöf við þá er hluti af verkefninu og m.a. fólst endurmenntun þeirra í því að starfa tiltekinn tíma úti í fyrirtækjunum. Þannig er stefnt að því að auka tengsl atvinnulífs og skóla, bæði í stjórnun verkefnisins og samskiptum skóla og fyrirtækja í gegnum nemendur, kennara og leiðbeinendur í fyrirtækjum.

Einnig vil ég nefna aðra tilraun um breytt fyrirkomulag starfsnáms sem er fyrirhuguð fræðslumiðstöð bílgreina sem á að vera hluti af hinum nýja framhaldsskóla í Borgarholti. Þar er ætlunin að fulltrúar atvinnulífs hafi mun meira um skipulag og stjórnun að segja en tíðkast hefur í skólakerfinu til þessa og að þeir muni í samráði við fulltrúa hins opinbera stjórna deildinni og skipuleggja starf hennar. Það er líka stefnt að því að grunn- og endurmenntun sé á sama stað þannig að þekking og tækjabúnaður nýtist fyrir alla nemendur á þessu sviði hvort heldur eru byrjendur eða þrautreyndir sérfræðingar. Vonir standa til að með þessu fyrirkomulagi megi tryggja að nýjungar í faginu komist eins skjótt og auðið er inn í grunnnám nemenda.

Ég vil gera að umtalsefni helstu áherslusvið fyrir nýtt starfsnám. Auðvitað mætti nefna mjög margt og sumt af því hefur þegar komið fram í umræðunum, en ég nefni t.d. umönnunarstörf, þ.e. umönnun barna, aldraðra og sjúkra, störf í sjávarútvegi, matvælaframleiðslu og þar má nefna fullvinnslu sjávarafla, lagmetis, drykkjarvöru- og sælgætisiðnað, ferðaþjónustu, nám fyrir verslunarfólk, nám fyrir fólk í verksmiðjuiðnaði og vöruframleiðslu og svo mætti lengi telja. Ég vil sérstaklega svara vangaveltum Kristínar Ástgeirsdóttur um það að í frv. sé sérstök áhersla á starfsnám í iðngreinum. Það er mikill misskilningur. Þvert á móti er í frv. verið að leggja áherslu á allt starfsnám, bæði stutt og langt og sérstök áhersla er lögð á stuttar námsbrautir.

Náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um stefnu og framkvæmdir er skilyrði þess að samstaða náist um starfsnám á framhaldsskólastigi. Við frumvarpsvinnuna var tekið að nokkru leyti mið af starfsmenntakerfum Dana og Þjóðverja en gæði og skipulag starfsmenntunar í þessum löndum nýtur mikillar athygli og viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Það er nauðsynlegt og brýnt að hefja nú þegar vinnu við námsbrautir á tilteknum sviðum í náinni samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega og ég legg áherslu á að ekki verði hafist handa um skipulagningu og framkvæmd nýs náms fyrr en fyrir liggur mat á forsendum fyrir starfrækslu nýrrar námsbrautar og þar með talið samkomulag aðila vinnumarkaðar um viðurkenningu námsins.

Ég vík örfáum orðum að gæðastjórnun í skólum en það sem mestu ræður um árangur skólastarfsins, burt séð frá mismunandi einstaklingum, eru stjórnunarhættir, fagmennska kennara, stefnumörkun og heildarskipulag skólastarfsins, svo og sá andi sem ríkir í skólanum. Lagt er til að í hverjum skóla verði teknar upp aðferðir til að meta skólastarfið þar sem m.a. verður lagt mat á kennslu og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Slíkar aðferðir eru ekki nýjar af nálinni því að í meira en áratug hefur á alþjóðavettvangi verið lagt út af aðferðum altækrar gæðastjórnunar í skólaumbótum. Á fimm ára fresti verða síðan sjálfsmatsaðferðir skólans metnar af utanaðkomandi aðila. Mat á skólakerfinu og einstökum þáttum þess verði eflt á næstu árum til að afla áreiðanlegra upplýsinga um þætti eins og gæðastjórnun skóla, námsárangur og námsferil nemenda, kennsluhætti og áhrif þeirra á námsárangur, samskipti í skólum og tengsl heimila og skóla. Með því að beina sjónum að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna fæst heildarmynd af skólastarfinu eins og það er á hverjum tíma.

Að síðustu vík ég nokkrum orðum að kennarastarfinu og kennaramenntuninni. Fyrirsjáanlegt er að kröfur til kennarastarfsins munu aukast verulega á komandi árum samfara stóraukinni þekkingu á eðli náms og kennslu, víðtækri þróun á sviði fjarskipta og tæknimiðla ýmiss konar og auknum samskiptum þjóða í milli. Grunnmenntun kennara þarf að taka mið af breyttum tímum, m.a. hvað varðar hlutverk kennara og endurmenntun sem þarf að vera fastur liður í starfi hvers kennara. Aukin samvinna kennara, kröfur um staðgóða þekkingu í kennslugreinum, svo og almennri og greinabundinni kennslufræði, kröfur um færni í verkstjórn og almennum samskiptum við aðila innan og utan skólans og ótal margt fleira eru atriði sem taka þarf á varðandi grunnmenntun kennara. Hluti af ábyrgðarskyldu fræðsluyfirvalda gagnvart almenningi er að tryggja að til kennslu veljist einungis hæfir einstaklingar. Í þessu efni er ábyrgð kennaramenntunarstofnana mikil.

Eitt af einkennum kennarastarfsins fram að þessu hefur verið einangrun kennarans í starfi. Þetta er að breytast og

með tillögum um gerð skólanámskrár og að skólar skuli innleiða aðferðir til að meta innra starf sitt er lögð áhersla á aukna samvinnu alls starfsfólks skólans. Engu að síður er það staðreynd að í kennslunni sjálfri, skipulagningu hennar og mati á árangri í daglegu starfi reynir umfram allt á kennarann sem einstakling. Kennsla sem sinnt er af kostgæfni er krefjandi starf, eins konar list. Kennarinn þarf að gefa sig að kennslunni af heilum hug ef starfið á að bera árangur og takast á að tendra áhuga nemenda. Kennarinn þarfnast með reglubundnum hætti faglegrar og andlegrar endurnýjunar. Af þessum sökum, svo og þeirri staðreynd að þekking í nútímaþjóðfélagi vex óðfluga er afar brýnt að allir starfandi kennarar stundi fjölbreytilega endurmenntun til að viðhalda þekkingu sinni og starfshæfni. Gefa þarf kennurum hvar sem þeir starfa kost á að fylgjast með fræðilegri umræðu um menntamál og nýjungar á kennslusviði sínu. Ennig verður að tryggja kennurum aðgang að margs konar endurmenntunarnámskeiðum.

Með kröfunni um aukin tengsl skóla og samfélags standa kennarar frammi fyrir því að veita upplýsingar um eigið starf, m.a. í samræmi við aðila utan skólans, svo sem foreldra og aðila atvinnulífs. Á þeim vettvangi skapast aukið tækifæri til að kynna almenningi fagleg sjónarmið í kennslu og afla kennarastarfinu aukinnar virðingar. Þegar krafist er skilnings samfélagsins á mikilvægi kennarastarfsins verða kennarar einnig að vera reiðubúnir að gangast undir það að aðilar utan skólans leggi mat á störf þeirra. Kennslan og árangur hennar skiptir verulegu máli fyrir fjölda fólks í þjóðfélaginu og slíkt leiðir af sér auknar kröfur um ábyrgðarskyldu skóla og fræðsluyfirvalda. Æ fleiri þjóðir eru að vakna til vitundar um mikilvægi þess að til kennslu veljist karlar og konur úr röðum hæfustu einstaklinga þjóðfélagsins. Ný grunnskólalög og frv. til laga um framhaldsskóla miða að því að efla og styrkja skólastarf á Íslandi. Aðeins með samstilltu átaki kennara og fræðsluyfirvalda verður hægt að tryggja þeim breytingum sem ný lagasetning um þessi skólastig gerir ráð fyrir farsæla höfn.

Ég þakka góðar og málefnalegar umræður um þetta mikilvæga mál sem hér er á dagskrá og vænti mikils af samstarfi nefndarmanna í menntmn. um málið.

[12:19]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns um ummæli mín varðandi starfsnámið nefndi ég einmitt það að óljóst væri hvað átt væri við í frv. með starfsnámi og ég varaði við því að menn horfðu á það í þröngum skilningi eins og mér hefur fundist vera gert í umræðum á undanförnum árum. Ég var ekki að segja að það væri í frv. Það er mjög opið í frv. og einmitt þess vegna spurði ég hvað væri átt við og hvað fælist í þessu. Ég fagna því ef þeir sem unnu þetta frv. á lokastigi hafa þennan breiða skilning vegna þess að það er virkilega þörf á því.

En ég spyr jafnframt hvað atvinnulífið vill. Hvað er atvinnulífið reiðubúið til þess að gera í þessum efnum? Ég minni á rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur þar sem hún spurði mjög marga atvinnurekendur og gerði könnun á viðhorfum atvinnurekenda og þar kom fram þessi sláandi niðurstaða að þeir virtust meta menntun ákaflega lítils. Það er vert að velta því fyrir sér hvaða afstaða er ríkjandi í atvinnulífinu. Hvernig stendur á því að atvinnulífið hefur ekki beitt sér miklu meira í þeim efnum að mennta vinnuaflið þegar menn vita það að betur menntað vinnuafl eykur framleiðni og bætir vinnuumhverfi? Bent hefur verið á að það sé kannski besta leiðin til þess að bæta efnahagsástand hér á landi og að auka afköstin í atvinnulífinu að mennta vinnuaflið. En ef skilninginn skortir hjá þeim sem stjórna atvinnulífinu, þá spyr ég bara: Ætlum við að fyrirskipa atvinnulífinu eða hvernig á þessi samvinna við atvinnulífið að fara fram? Það er mjög mikilvægt að átta sig á því. Hver er vilji þeirra sem reka fyrirtækin?

[12:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. byggir á ýmsum jákvæðum markmiðum um tilgang og þróun skólastarfs sem ég held að sé nú ekki mikill ágreiningur um í íslensku samfélagi og flestir hafa á undanförnum árum verið sammála um að það væri æskilegt að gera breytingar eða ná fram þróun sem til að mynda fæli í sér nánari tengsl atvinnulífs og menntunar og samfélagsins í heild og skólanna eða menntastofnananna. Það er frekar að ágreiningur komi upp um leiðir að því marki og svo er kannski spurning hvort stefnan sem tekin er í hinum einstöku efnisgreinum frv. er allaf í samræmi við hin fögru fyrirheit og háleitu markmið. Ég tel ýmislegt mjög jákvætt í markmiðssetningu frv. og ýmsar einstakar efnisbreytingar eru þar að mínu mati tvímælalaust til góða. Ég get nefnt sem dæmi það ákvæði að afnema æviráðningu skólameistara. Ég tel tímaskekkju að hafa slíkt í lögum og þó fyrr hefði verið mætti það falla út að mínu mati.

Ég held að það markmið sem sagt er vera eitt af meginatriðum frv. að auka sjálfstæði skólanna sé líka gott og gilt og um það séu menn flestir sammála. Spurningin er hins vegar sú, felst það í þessu frv.? Er það svo í reynd? Ég held að það sé nauðsynlegt að fara aðeins yfir það því að mörg einstök efnisatriði og breytingar í frv. virðast fela í sér hið gagnstæða og ég mun víkja að því nánar.

Varðandi það að orðið sé mjög brýnt að breyta grunnskólalögunum gæti ég tekið undir með hv. 7. þm. Reykn., Hjálmari Árnasyni, um að það er brýnt að taka á ýmsum undirliggjandi og djúpstæðum vandamálum í menntakerfi okkar og ekki síst á framhaldsskólastiginu. En ég er ekki viss um að það geri það sjálfkrafa jafnbrýnt að afgreiða þetta frv. og ég er heldur ekki viss um að breytingarnar sem í því felast í sjálfu sér séu jafnöruggur vegvísir til þess að ná fram breytingum og til að mynda að hækka gengi verkmenntunar eða starfsmenntunar í þjóðfélaginu. Ég óttast því miður að það sé við að glíma miklu djúpstæðari og undirliggjandi vanda sem við náum ekki að breyta með þessu, því miður og þar á ég fyrst og fremst við hugarfarið. Ég held að það sé því miður þannig að á Íslandi sé rótgróin oftrú á bóknámi og langskólanámi á hinu bóklega sviði sem lýsir sér í dýrkun á menntagráðum á því sviði, stúdentsprófum og háskólaprófum, og jafnvel úr þessum ræðustól monta menn sig af því öðru fremur að vera doktorar frá Bretlandi eða eitthvað annað sem er ekki sjálfkrafa trygging fyrir því að menn séu snillingar og óskeikulir. Það er þessi undirliggjandi oftrú á þessum þætti náms en skortur á skilningi og trú á því að hitt sé jafngilt, að mennta sig til starfsnáms.

Þetta frv., herra forseti, er í grunninn afrakstur á starfi nefndar, svonefndrar 18 manna nefndar eða sem stundum var kölluð 17+1 nefndin af því að sá orðrómur gekk að í henni væru 17 sjálfstæðismenn og einn krati og þannig væri nafnið til komið. Aðrir sögðu að þetta væri af því að 17 menn í nefndinni væru af suðvesturhorninu en einn af landsbyggðinni og má vera að hvort tveggja hafi verið rétt. Þessi

nefnd var ólánlega samansett og ég held að þess sjáist enn nokkur merki í frv. þó að þar hafi ýmsu verið vikið til betri vegar og þá á ég ekki síður við þá endurskoðun sem fram hefur farið á því í sumar en annað. En samt er það nú svo að hér er a.m.k. annar stjórnarflokkurinn, hv. framsóknarmenn, að skrifa upp á í grófum dráttum afrakstur þessara 17+1 nefndar, 17 sjálfstæðismanna og eins krata. Er það nokkuð merkilegt framlag af hálfu Framsfl. að bera það efni þannig inn í þingið.

Ég vil gera athugasemdir við nokkra efnisþætti og þá kannski ekki síður þann anda sem manni virðist þar vera á ferðinni og tek þetta ekki endilega í sömu röð og það er sett fram í frv. Í fyrsta lagi vil ég staldra aðeins við þau ákvæði sem lúta að upptöku inntökuskilyrða í framhaldsskólana og fornám fyrir þá sem fullnægja ekki settum inntökuskilyrðum á einstakar brautir og um það fjallað í 15. gr. Ég set spurningarmerki við þessa breytingu. Í 1. mgr. 15. gr. er sagt að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skuli eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla. En svo er fjallað um það að inn á einstakar námsbrautir skuli koma inntökuskilyrði og það er enn fremur sagt að sú heimild, sem hefur verið í lögum fyrir nemendur 18 ára og eldri til þess að hefja fortakslaust án skilyrða nám í framhaldsskóla, skuli einnig þrengd með því að þar er skotið inn orðunum „að undangengnu mati". Í greininni segir: „Heimilt er skólameistara, að undangengnu mati, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstaka námsbrautir" o.s.frv. Ég fæ ekki betur séð en þetta gæti orðið þannig í reynd, ef yfirvöld menntamála á einhverjum tíma samþykkja þá framkvæmd af hálfu einstakra framhaldsskóla, að allir inngöngumöguleikar í framhaldsskóla verði bundnir inntökuskilyrðum. Ef hvoru tveggja yrði nú í framkvæmdinni þannig, það yrðu inntökuskilyrði inn á allar námsbrautir viðkomandi framhaldsskóla, mismunandi að vísu eins og hér er samkvæmt orðanna hljóðan mögulegt að hafa það eftir því hvaða námsbrautir eiga í hlut og matið mundi í reynd koma þannig út gagnvart nemendum 18 ára og eldri að þeir yrðu að uppfylla einhver tiltekin skilyrði. Hvað er þá eftir? Það sem er eftir af hinum sjálfstæða rétti í 15. mgr. sömu greinar er bara það að fá að setjast inn í fornámið. Þetta atriði tel ég vera stórpólitískt og skólapólitískt mál sem þurfi að ræða og athuga mjög vel. Viljum við fara inn á þessa braut með þetta fortakslausum hætti ef þetta yrði framkvæmdin eða er þarna eitthvað annað á ferðinni?

Ég trúi því ekki að það sé ætlun manna að innleiða inntökupróf eða inntökuskilyrði almennt í framhaldsskólakerfinu á Íslandi, ég trúi því ekki að við séum á þeirri braut eða því spori.

Svo vil ég líka spyrja um annað atriði: Er það hugsun manna að í reynd verði þarna um, eins og ætla mætti samkvæmt orðanna hljóðan, mismunandi inntökuskilyrði eftir námsbrautum að ræða í sama skólanum og hvað er þá verið að gera? Er þá verið að búa til sérstakar tossanámsbrautir eða hvað? Hvaða einkunn er verið að gefa t.d. þeim námsbrautum sem mundu setja sér lægstu kröfurnar í viðkomandi skóla? Hver vill sitja uppi með þær? Eða hvernig er þetta hugsað í reynd? Yrðu þessi inntökuskilyrði mjög mismunandi milli skóla o.s.frv.? Nú getur ráðuneytið að vísu haft áhrif á þetta samkvæmt reglugerðinni en mér finnst orðalagið bjóða upp á vangaveltur um þessa hluti. Þá er nauðsynlegt að fyrir liggi hvaða stefnu menn eru þarna með á bak við. Hver er hugsun yfirvalda menntamála varðandi framkvæmdina?

Herra forseti. Satt að segja fellur mér fellur þessi inntökuskilyrðaprófaandi ekki mjög vel. Mér finnst hann heldur andstæður þeirri hugsun og lífsskoðun minni að það beri að reyna að stuðla að aukinni menntun og auknum þroska alhliða eftir því sem kostur er í samfélaginu og viðleitnin ætti að vera frekar í þá átt að styðja það og ýta undir það en hitt að fara að innleiða hamlandi skilyrði. Menn geta haldið fallegar ræður um að fólk álpist inn í framhaldsskóla og viti ekki hvað það eigi þar við sig að gera og verði utan garðs og allt þetta. En ætli þess fólks gæti ekki beðið vandamál annars staðar á lífsleiðinni og er einhver sönnun fólgin í því að segja þetta? Gæti vegur þeirra ekki orðið enn verri ef leið þeirra hefði legið annað alveg fram hjá skólakerfinu? Það verður þá a.m.k. held ég að sýna sig að einhver önnur úrræði, sem bjóði þeim bestu mögulegar þroskabrautir í lífinu miðað við hæfileika þeirra, séu í boði.

Í 41. gr. er fjallað um einkaskólana og sjálfsagt breytir það ekki miklu frá því sem verið hefur nema ef vera skyldi að þarna blundi á bak við löngun einhverra til að koma á eiginlegum einkaskólum fyrir betrimannabörn eins og hefði kannski verið sagt á hinni öldinni. Það væri gaman að vita hvort þarna er eitthvað meira á ferðinni en orðalag af þessu tagi.

Herra forseti. Þá vík ég aðeins að 6. gr. um skólanefndirnar. Það kemur inn á atriði sem ég ætla að ræða betur síðar og það er þetta með sjálfstæði skólanna. Ég get ómögulega túlkað þessa breytingu sem spor í þá átt að auka sjálfstæði skólanna. Ég get heldur ekki túlkað þetta sem spor í þá átt að auka atvinnulýðræði í landinu eða tengja betur saman þá aðila sem þarna eiga að vera að störfum í skólunum, nemendur, kennara, skólastjórnendur og yfirvöld þessara mála, eða rekstraraðila skólanna, sveitarfélögin og ríkið. Hver eru rökin önnur en þau sem þarna koma fram fyrir því að henda fulltrúum nemenda og kennara út úr skólanefndunum? Ég tek það ekki fullgilt að þarna geti orðið einhverjir hagsmunaárekstrar í því formi að einn fulltrúi af t.d. sjö, ef skólanefndirnar væru áfram sjö manna, hafi atkvæðisrétt og geti þar með með atkvæði sínu orðið yfir yfirboðara sinn á vinnustað, skólameistarann, settur. Mér nægja ekki þau rök gegn hinum veigamiklu röksemdunum að það sé heppilegt að leiða saman til ábyrgðar á þessu starfi fulltrúa allra helstu aðila. Enn síður finnst mér það vera í samræmi við fallegar yfirlýsingar um að auka sjálfstæði skóla og forðast miðstýringu að láta hæstv. menntmrh. einhendis tilnefna meiri hlutann í skólanefndirnar. En það er sú breyting sem hér er á ferðinni að fækka í skólanefndunum úr sjö í fimm og af þeim fimm skuli menntmrh. einn og sér skipa þrjá, meiri hlutann. Afleiðing lögfestingar þessara ákvæða verður sú að menntmrh. skipar einn meiri hlutann í skólanefndum í alla framhaldsskóla í landinu. Er það virkilega valddreifing frá því sem verið hefur? Að fjölga fulltrúum menntmrh. úr einum í þrjá, henda út fulltrúum nemenda og kennara og ganga þannig frá málinu? Ég tel þetta afar vafasama breytingu. Menn geta að vísu sagt eins og hér er gert að þessir fulltrúar menntmrh. eigi að koma úr viðkomandi sveitarfélögum og það beri að leita til atvinnulífsins um tilnefningar þar. En hver er tryggingin fyrir því að það sé ekki formaður, varaformaður eða ritari sjálfstæðisfélagsins á staðnum sem verða sóttir inn í skólanefndirnar? Enginn. Þarna er verið að bjóða upp á flokkspólitíska miðstýringu eða þá stjórnsýslulega miðstýringu af versta tagi. Ég tel mjög vitlaust og mikla afturför að breyta lögunum í þessa veru að ráðherra skipi

meiri hluta allra skólanefnda í landinu.

Ef einhver skyldi telja að þau rök, sem eru sett fram í umfjöllun um 6. gr. á bls. 26, haldi gagnvart fulltrúum kennara þá gera þau það ekki gagnvart fulltrúum nemenda. Það eru ekki rök til að henda fulltrúum nemenda út úr skólanefndunum að það geti komið upp einhver hagsmunatogstreita milli kennara og skólameistara á staðnum varðandi mannaráðningar eða annað. Ég bendi á að það er búið að setja stjórnsýslulög í landinu sem tækju á vanhæfisákvæðum ef slíkt kæmi til. Það væri hægt að hugsa sér að setja enn skýrari og frekari reglur, til að mynda varðandi það að fulltrúar kennara væru í sérstakri stöðu þegar kennararáðningar eru teknar fyrir, ef um slíkt væri að ræða, og menn vilja forðast einhver vandamál sem maður getur vissulega séð fyrir að komi upp og reyndir menn segja manni að gerist. En er það þá svo veigamikið að það beri að fórna öllum hinum markmiðunum sem geta verið fólgin í því að hafa þarna til staðar, í fullum rétti með atkvæði, fulltrúa nemenda og kennara?

Ég vil, sem á einni tíð fulltrúi nemenda í skólanefnd gagnmerkrar framhaldsskólastofnunar norður í landi, Menntaskólans á Akureyri, mótmæla því að fjallað sé um stöðu nemenda með þessum hætti. Ég vil hafa fulltrúa þeirra þarna inni. Þeir þjóna þar þeim tilgangi að bera sjónarmið nemenda, viðhorf og hagsmunamál inn í þetta starf og það er alveg augljóst mál að það þyngir málflutning þeirra að þeir séu þar í fullum rétti. Ég sé engin sérstök rök fyrir því sem ég fell fyrir að það sé ekki hægt að hafa þá skipan áfram að nemendur og kennarar eigi þarna fullgilda aðild og það mundi til að mynda að öðru leyti að óbreyttum ákvæðum fela í sér að menntmrh. væri ekki lengur að tilnefna meiri hluta í skólanefndirnar. Það væri komið á betra jafnvægi milli þessara stóru aðila, þ.e. starfsfólksins eða neytendanna, ef svo má að orði komast í einn stað, sveitarfélaganna og svo í þriðja lagi yfirvalda menntamála.

Ég mótmæli alveg sérstaklega breytingum í 37. gr. þar sem ríkið hættir að kosta uppbyggingu heimavista að fullu. Þetta er mjög ranglát breyting. Ég hef engin rök heyrt flutt hér fyrir henni. Staðreyndin er sú að við þá skóla þar sem eru heimavistir er það nær undantekningarlaust þannig að í þá skóla sækja nemendur í verulegum mæli sem koma utan að og eru ekki úr viðkomandi sveitarfélagi sem stendur að rekstri skólans. Þess vegna er ósanngjarnt að ætla þeim sveitarfélögum að fara að taka að þetta miklu leyti þátt í uppbyggingu stofnunarinnar einnig að þessu leyti. Það er auðvitað alveg augljóst mál og þarf engan speking til að skilja að með þessu er verið að íþyngja enn þeim sveitarfélögum sem búa við þannig landfræðilegar aðstæður að það þarf á heimavist að halda til að halda uppi framhaldsskóla á því svæði. Þau eru þá að taka á sig viðbótarbyrðar að breyttu breytanda, umfram önnur þar sem ekki háttar þannig til. Er það sú jafnaðarstefna sem menn vilja beita sér fyrir? Er Framsfl. sérstaklega hreykinn af því að innleiða þarna aukna mismunun hvað varðar aðstöðu sveitarfélaganna til að standa undir þessari starfsemi? Það er alveg borðleggjandi að það er gert með því að leggja yfir á sveitarfélögin aukinn kostnað vegna uppbyggingar heimavista. Ég vona að hv. menntmn. beri gæfu til að henda þessu út og hafa þarna að öðru leyti óbreytt ákvæði eins og verið hafa og gilt hafa lengi.

Um gildistökuna vil ég svo segja það, herra forseti, að það er nokkuð skondið þegar hér er lagt fram mál og okkur er sagt að það sé mjög brýnt, jafnvel af mönnum sem eiga að þekkja vel til, en svo er það samt sem áður þannig að þegar kemur að mörgum eða jafnvel helstu veigamiklu breytingum frv. eiga þær ekki endilega að vera komnar til framkvæmda og í gildi fyrr en á næstu öld. Lögin eiga ekki að koma að fullu til framkvæmda fyrr en í upphafi skólaársins 2000–2001 þó þau taki gildi fyrr. Það mun verða komin ný öld, herra forseti, ef rétt er athugað. Það er nefnilega svo að við höfum ýmis áttað okkur á því þrátt fyrir allt að það er að koma ný öld. Þannig er t.d. með starfsnámið sem hv. tveir síðustu ræðumenn lögðu mikla áherslu á sem báðir eiga að þekkja vel til og hafa komið við sögu að það á ekki að vera komið að fullu til framkvæmda fyrr en á þessum tímamótum. Sama á reyndar við um ákvæði 24. gr. og það er ég nú ekki að sýta, þ.e. þá grein sem fjallar um lokaprófin og samræmingu þeirra. Ég held að þar sé líka ákvæði sem þurfi að athuga mjög vel áður en farið er af stað með það og ég harma þess vegna ekki að tími gefist til að skoða það í gegnum það að gildistökuákvæðum frv. er þannig háttað að það á ekki að koma að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að ég, því miður, les út úr þessu frv. lykt af ákveðinni stöðnunarhyggju og miðstýringaráráttu sem er mér ekki mjög að skapi þvert ofan í það sem sums staðar er sagt t.d. í umfjöllun um frv. Ég get ekki séð að það sé til að auka sjálfstæði skóla eða að stuðla að valddreifingu að binda það t.d. í lög hvaða bóknámsbrautir eigi að vera í framhaldsskólum. Ég skil það ekki þannig. Það er þvert á móti verið að þrengja að og binda í lagaramma hluti sem að mínu mati ættu að vera í valdi skólanna. Ég nefni í öðru lagi meirihlutavald menntmrh. Er það valddreifing? Er það til að auka sjálfstæði skólanna? Ég nefni samræmdu lokaprófin, að samræma lokapróf framhaldsskóla. Er það til að auka sjálfstæði skólanna? Er það til að gera valkostina fleiri og fjölbreyttari? Ég nefni þessa inntökuprófahugsun. Er það valddreifingarhugmynd? Er það til að gera sjálfstæði skólanna meira? Er það ekki stöðlunar- og miðstýringarhyggja? Fleira mætti nefna af þessum toga.

Ég tek svo allra síðast undir orð hv. 7. þm. Reykn. um það að ég vona að um afgreiðslu þessa máls geti tekist víðtæk og góð pólitísk samstaða. Það er afar mikilvægt að grundvallarlöggjöf af þessu tagi sé þannig úr garði gerð að það þurfi ekki að vera að hringla með hana á nokkurra ára fresti. Það er hundleiðinlegt að hver einasti menntmrh. skuli þurfa að reyna að monta sig af sinni eigin framhaldsskólalöggjöf. Þetta á að vera grundvallarlöggjöf sem stendur áratugum saman, skapar festu í skólastarfinu og býður upp á góða sátt í þjóðfélaginu um framkvæmd veigamikilla mála af þessu tagi. Þess vegna hvet ég að síðustu alveg eindregið til þess að hv. menntmn. leggi í það vinnu eins og kostur er að reyna að ná þverpólitískri og góðri samstöðu um afgreiðslu málsins.

[12:43]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, skuli hafa tekið jákvætt almennt í frv. En þó fannst mér samt gæta óhóflegrar svartsýni og að óþörfu. Í fyrsta lagi varðandi það að binda námsbrautir í lög. Eðlilegt er að í lögum sé getið á um hvaða námsbrautir eru í framhaldsskóla. Það er ekki verið að tala um einstakar stofnanir þar. Í öðru lagi er ekki alveg rétt og fullmikil svartsýni að tala um lítið atvinnulýðræði. Ég bendi í fyrsta lagi á fræðslumiðstöðvar skv. 35. gr. með skóla og atvinnulífi. Ég bendi í öðru lagi á starfsgreinaráð með fulltrúum atvinnulífs og í þriðja lagi á ráðgjafanefndir sem einstakir skólar geta

komið sér upp með fulltrúum atvinnulífsins til að styrkja einstakar námsbrautir. Þetta er atvinnulýðræði að mínu mati.

Inntökuskilyrði eru til í dag, þau eru til í framhaldsskólunum í dag. Það eru framhaldsskólar sem velja nemendur inn þannig að það er ekki um neina nýjung að ræða og það er að auki eðlilegt. Við verðum að skoða þetta í víðara samhengi. Við erum að tala um nýjar námsbrautir sem munu koma upp. Ég bendi sjálfur á af eigin reynslu hafandi verið skólameistari þar sem var flugliðabraut, námsbraut fyrir verðandi atvinnuflugmenn. Þar voru inntökuskilyrði að kröfu atvinnulífsins ekki bara stúdentspróf heldur að auki einkaflugmannspróf og þar að auki sérstök gerð stúdentsprófs. Atvinnulífið hlýtur að hafa sitt að segja um þetta.

Rétt að lokum, herra forseti, ég held að það sé ekki mjög skólamálaumræðu til framdráttar að fara í svona leikfimi, ég tel að það hafi frekar verið til gamans hjá hv. þm. að fara að skilgreina 17+1 eftir einhverjum pólitískum línum og tala svo um það sem hina stóru synd að nú hafi framsóknarmenn skrifað undir með krötum og sjálfstæðismönnum, það vantar aðeins einn af hinum hefðbundnu fjórflokkum, þ.e. jólasvein einn og átta úr Alþb. en efnislega er þetta ekki skólamálaumræðunni mjög til framdráttar.

[12:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú skrapp skólamaðurinn fram í hv. þm. Ég var að ræða þetta á pólitískum nótum ekki síður en skólapólitískum. En ég skil vel að upprifjun á hinum sögulega aðdraganda málsins sé afar viðkvæm fyrir framsóknarmenn og mætti þá líka draga fram ræður þeirra þegar þetta frv. var fyrst til umfjöllunar á þingi og aðstaða framsóknarmanna af því var önnur en nú er. Ég er ekki sammála hv. þm. að það sé endilega eðlilegt að binda það í lög, t.d. hvaða bóknámsbrautir skuli vera í framhaldsskólum. Ég er bara það líberal og víðsýnn að ég vil hafa það tiltölulega frjálst. Ef einhver skóli ákveður að taka t.d. upp bókmenntabraut eða fornnámsbraut eða eitthvað því um líkt vil ég að hann geti gert það. (Gripið fram í.) Af hverju er það þegar bundið er í 16. gr. að bóknámsbrautir eru þrjár: tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut. Er þetta það frelsi sem menn vilja?

Í öðru lagi misskildi hv. þm. mig varðandi atvinnulýðræðið. Ég var að tala um atvinnulýðræði í þeim skilningi að skólinn er vinnustaður. Skólinn er vinnustaður nemendanna og kennaranna og það flokkast undir atvinnulýðræði að þeir geti haft áhrif á vinnustað sínum, á vinnuumhverfi sitt og yfirstjórn skólanna er skólanefndin og þess vegna tel ég að það sé atvinnulýðræði að þar séu fullgildir fulltrúar þessara hópa á vinnustaðnum, kennaranna og nemendanna. (**Gripið fram í:** En skólaráð?) Jú, skólaráð er til staðar en skólanefndin er samt hinn eiginlegi yfirstjórnandi varðandi mikilsverðustu málin.

[12:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, varð tíðrætt um inntökuskilyrði og talaði um að þetta væri brot á jöfnuði manna. Ég bendi hv. þm. á það að fólk er misjafnlega fætt, sumir eru fæddir fallegir, aðrir ljótir, sumir sterkir, aðrir veikburða. Sumir eru fæddir gáfaðir og aðrir seinþroska. Ég held að skipbrot núverandi skólakerfis felist akkúrat í því að verið er að reyna að gera alla jafngáfaða. Það er nánast fötlun í dag að vera greindur og fluggáfaður í skóla vegna þess að það er verið að pressa alla í þetta sama far. Það er verið að pína krakka til að stunda nám sem þau ráða ekkert við og ég held að það sé mjög þarft að það komi inntökuskilyrði í nám, sérstaklega þyngra nám sem gerir ákveðnar kröfur til annaðhvort gáfna eða jafnvel einhverra annarra hæfileika þannig að þeir krakkar sem byrja námið séu hæfir til þess og ekki sé verið að pína þá til að gera eitthvað sem þeir ráða ekki við. Þetta er mjög mikilvægt.

[12:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú væri gaman að hafa nokkurn tíma til umræðna. Hér held ég að við séum loksins farin að tala um eitthvað sem skiptir máli og sérstaklega hefði ég gaman af því að ræða við hv. þm. um þetta hugtak, „gáfur". Mér dettur í hug nokkuð sem frændi minn ágætur sagði um mann að hann væri fluggáfaður en mikill asni og þetta er nefnilega afar varhugavert hugtak og erfitt viðfangs og ekki síður þegar kemur að hlutverki skólakerfis eða menntakerfis í einu landi.

Ég lít svo á að það sé réttur hvers manns að fá að þroskast og þroska hæfileika sína eins og hann á framast möguleika til hvort sem hv. þm. Pétur Blöndal, ég eða aðrir slíkir, skilgreinum hann sem minna eða meira gáfaðan. Það er svo mikið vandaverk og ég hætti mér ekki mjög langt út á þá braut. En það á að vera skylda okkar að byggja upp þannig skólakerfi, menntakerfi og almennt samfélag að það bjóði einstaklingunum upp á sem ríkulegasta möguleika til að þroska hæfileika sína eins og þeir eru. Og auðvitað eru menn fæddir misjafnir, það er alveg rétt. Ég tel að svona inntökuskilyrðahugsunarháttur í framhaldsskólakerfinu í landinu sé andstæður í eðli sínu þeirri hugsun að allir eigi rétt á því að þroska sína möguleika og skólakerfinu í landinu ber skylda öllu öðru fremur til þess að virða þetta markmið en ekki útskrifa einhverja örfáa dúxa.

[12:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Gáfur er það sem fólki er gefið. Það felst í orðinu og mönnum er gefið mismunandi mikið. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það fólk sem ætlar sér í ákveðið nám, ég nefni stærðfræðina sem dæmi, hafi ákveðna hæfileika á því sviði til þess að stunda nám í stað þess að vera að pína það og leiða í villigötur og láta það falla og brjóta það niður. Ég er alveg sammála hv. þm. í því að það sé réttur fólks að þroska hæfileika sína en það er líka rangt að brjóta niður hæfileika með því að láta það fara í nám sem það ræður ekki við.

[12:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þegar sé kominn fram mismunandi skilningur okkar hv. þm. á þessu. Það er út af fyrir sig rétt að málfræðilega séð þýðir orðið gáfur eitthvað sem mönnum er gefið og þá væntanlega gefið í vöggugjöf eða eitthvað sem mönnum er meðfætt. Ég tel hins vegar almenna málvitund fólks leggja frekar þá merkingu í orðið gáfur að það geti bæði verið meðfæddir og áunnir hæfileikar og þannig vil ég a.m.k. nálgast það hugtak sem mestu máli á að skipta í þessu efni.

En varðandi það að menn eigi eingöngu að fara í það sem þeir hafa mesta hæfileika til, þá má alveg snúa þessu við. Ég þekki reyndar menn sem rökstyðja það ágætlega. Menn eigi frekar að fara í nám á þeim sviðum þar sem þeir standi heldur höllum fæti því að þar hafi þeir meiri þörf fyrir að þroskast og efla hæfileika sína. Ef menn eru fæddir góðir stærðfræðingar

og kunna þá hluti nokkuð vel er kannski ástæðulaust fyrir þá að vera að bæta meiru við sig með skólagöngu á því sviði en ef þeir eru slakir í dönsku er upplagt fyrir þá að fara í dönsku til þess að geta talað hana skammlaust þegar náminu lýkur.

[12:52]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði skipun nefndar að mótun menntastefnu að sérstöku umtalsefni og kallaði hana ólánlega samsetta nefnd. Það hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera aukaatriði hvaða pólitísku skoðanir nefndarmenn hafa og hvar þeir eru búsettir. Aðalatriðið er hver árangur starfsins er og sú nefnd sem hv. þm. gerði gys að starfaði í tvö ár og skilaði frá sér tveimur skýrslum um mótun menntastefnu og frv. til laga um grunn- og framhaldsskóla. Það lýsir eingöngu fordómum viðkomandi að gera störf nefndarinnar tortryggileg með þeim hætti sem hann gerði.

Ég fagna hins vegar yfirlýsingu þingmannsins um þverpólitíska samstöðu í þessu mikilvæga máli og mun leggja mig fram um að vinna að henni.

Hvað varðar bóknámsbrautir vil ég geta þess sérstaklega að fækkun þeirra auðveldar skipulagningu náms í skólanum, eykur samræmi milli einstakra skóla og gefur möguleika á markvissu eftirliti með námsárangri nemenda og á einstaka brautum er síðan hægt að bjóða mismunandi kjörsvið og hafa þeir nemendur möguleika á fjölbreytni í vali. Þetta vildi ég benda sérstaklega á og enn þá greinargerð með frv.

[12:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg greinilegt að ég hef komið við afar snöggan blett á talsmönnum stjórnarflokkanna þegar ég leyfði mér að rifja aðeins upp skipan þessarar frægu 18 manna nefndar því að hv. þm. spýtast í ræðustólinn hver á fætur öðrum og telja þetta hina mestu óhæfu að ég skuli vera að vekja á þessu athygli.

Þau orð sem síðasti hv. ræðumaður notaði, eins og að gera gys, fordómar og tortryggilegt voru allt orð hv. þm. en ekki mín. Ég tók aldrei svona til orða í þessu sambandi. Það er rétt að vísu að ég sagði að ég teldi þetta heldur ólánlega samsetningu á nefndinni. Ég tel það t.d. heldur ólánlegt að aðeins einn skólamaður af landsbyggðinni skuli vera í 18 manna hópi til að endurskoða skólastefnu. Vel að merkja er það að vísu afar mætur og góður skólamaður sem ég treysti mjög vel þó að hann sé í Sjálfstfl., sem er fræðslustjórinn á Norðurlandi eystra, þannig að hann er vissulega margra manna maki en kannski ekki á móti 17 og mér finnst þetta ekki skynsamlegt. Ég hefði talið að svona nefnd hefði gjarnan mátt vera skipuð fulltrúum allra þingflokka og síðan blöndu af skólamönnum og fagfólki af höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorni landsins og landsbyggðinni. Það hefði ég talið eðlilegt.

Varðandi hinn þáttinn sem hv. þm. nefndi um að binda þarna bóknámsbrautirnar fannst mér það einmitt sannast í rökstuðningi hv. þm. ákveðin skipulags- og miðstýringarhyggja sem mér finnst lykta of mikið af í þessu frv.

[12:55]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alrangt, hv. þm., að þess gæti varðandi þessa grein frv. sem lýtur að bóknámsbrautunum. Það er þvert á móti heilmikill sveigjanleiki fólginn í því að hægt er að hafa mismunandi kjörsvið.

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem meðlimur í menntmn. hlakka ég til að vinna með það framhaldsskólafrv. sem nú er lagt fram nokkuð breytt í þriðja sinn. Frv. hefur tekið nokkrum breytingum eins og fram hefur komið fyrr í umræðunni í dag, en ljóst má vera bæði af ræðunum sem hér hafa verið fluttar og einnig af þeim umsögnum sem liggja fyrir um frv. frá því á síðasta þingi, að enn eru mörg álitamál uppi og er það kannski ekki skrýtið þar sem skólamál og skólastefna snertir marga aðila og oft með mjög ólíkum hætti. Einnig skal á það minnt að allt tímabilið frá 1976–1988 má segja að vantað hafi lög um framhaldsskólann. Það náðist ekki samstaða um annað en rammalög sem heimiluðu að setja á stofn framhaldsskóla, en einmitt á því tímabili má segja að það hafi orðið sprenging í framhaldsskólanum og því má segja að framhaldsskólastigið hafi verið stjórnlaust lengi vel og þótt lögin sem sett voru loksins árið 1988 séu að mörgu leyti góð, þá er sú námskrá sem kom í framhaldi af þeim í raun og veru ekkert annað en staðfesting á því sem orðið var. Því má segja að framhaldsskólinn hafi blásið út og þróast í allar áttir og við sitjum uppi með þann framhaldsskóla núna og þess vegna er brýnt að taka á þessu stigi og að því leyti til fagna ég því að þetta frv. er fram komið, en ég er ekki alveg sannfærð um að það leysi þau vandamál sem að mínu mati eru nú á framhaldsskólastiginu.

Framhaldsskólastigið hefur að mínu mati að mjög miklu leyti einkennst af karpi um form. Lengi vel snerist umræðan um það hvort betra væri bekkjarkerfi eða áfangakerfi og að mörgu leyti er þetta frv. fyrst og fremst um form. Það er verulega lítið tekist á um innihald. Reyndar er talað um að það eigi að vera aðalnámskrá og vonandi verður hún eitthvað þróaðri en sú sem nú liggur fyrir. En að langmestu leyti er hér verið að karpa um form.

Hvað er það þá í aðalatriðum sem hér er verið að takast á um? Mér finnst það vera tvennt: Annars vegar á að gera allt kerfið miðstýrðara. Einkum og sér í lagi á að auka valdsvið menntmrh. Það má vel vera að aukin miðstýring sé nauðsynlegt við þær aðstæður sem nú ríkja ef á að koma einhverjum breytingum á. En hins vegar eru á ferðinni hugmyndafræðileg átök um einstaklingshyggju og einhvers konar jafnréttishyggju en hugmyndafræði einstaklingshyggju er mjög greinileg í þessu frv. Það er verið að stefna að einstrengingslegri skilgreiningum á árangri, hvað sé rétt og gott og að vald skuli vera miðstýrt.

Þótt nauðsynlegt geti verið við núverandi aðstæður að auka miðstýringu að einhverju leyti, þá vil ég vara við að það gangi svo langt að eðlileg þátttaka og frumkvæði kennara og skólastjórnenda fái ekki að njóta sín. Því allt gott skólastarf byggir á jákvæðu andrúmslofti og áhuga kennara og nemenda. Of mikil stöðlun á stúdentsprófi getur einnig leitt til vafasamrar stöðnunar og hreinlega til stagls. Ég tek sem dæmi að ef allir þurfa að læra einhverja ákveðna, tiltekna Íslendingasögu fyrir stúdentspróf þá mun menningararfurinn verða þannig að allir þekkja t.d. Njálsögu í andstöðu við það sem nú er að þetta er meira á valdi kennara. Þar af leiðandi þekkir ungt fólk ekki bara Njálssögu heldur einnig fleiri Íslendingasögur. Það eru sem sagt mjög ákveðnir kostir við

það að stúdentsprófið er margbreytilegt, eins og það er núna, þótt öllum sé ljóst að gæðin á því námi sem þar er að baki eru misjöfn. En um leið aukast möguleikarnir á að námið sé við hæfi hvers og eins og í takt við áhuga bæði kennara og nemenda og þar með betra.

Hins vegar finnst mér meginpunkturinn sem tekist er á um í þessu frv. vera að skýrari rammi er markaður fyrir frekari uppbyggingu starfsnáms sem er að mínu mati mjög mikilvægt atriði. Ég held að það sé enginn ágreiningur um það í þjóðfélaginu að það er mikilvægt að efla starfsmenntun. Þar má nefna að við erum hreinlega að verða að viðundri meðal menntaþjóða vegna þess hve fáir útskrifast hér með starfsmenntun miðað við bóknám. Og þá er ég auðvitað að miða við menntunarstig þjóðarinnar almennt.

Ástæður þess að við höfum svo *til eingöngu* bóknám á framhaldsskólastiginu eru að mínu mati þær að það nám er ódýrara, bókvitið á sér djúpar menningarlegar rætur hér og að þetta skólastig hefur lengi fengið að þróast án markvissrar stjórnunar. Og því hefur verið langódýrast að svara kröfum um eftirspurn með auknu bóknámi.

Hér útskrifast æ fleiri með stúdentspróf sem er í sjálfu sér gott. En það próf gefur engin starfsréttindi og launalega lítið sem ekkert í aðra hönd samkvæmt tiltækum rannsóknum. Það er því í reynd að skapast það ástand að æ fleiri reyna við stúdentsprófið sem þó lýkur ekki fyrr en við 20 ára aldur á meðan slíkt gerist á aldrinum 18–19 ára í flestum nágrannalanda okkar.

En hvað svo? Hvað gerist þegar fólk hefur lokið stúdentsprófi? Þrýstingur á stúdentsprófið er orðinn svo mikill að jafnvel þeim sem ætla sér í iðnnám, strax 15–16 ára, er ráðlagt að fara fyrst í stúdentspróf. Við þekkjum t.d. öll dæmi bæði varðandi Fósturskólann og Þroskaþjálfaskólann að þangað sækja í vaxandi mæli stúdentar. Þetta er líka raunin í sterkum iðngreinum, t.d. í trésmíði og fatahönnun, hvort sem er í Iðnskólanum eða í myndlistarskólum. Eftir að fólk er búið með fjögurra ára stúdentspróf fer það í fjögurra ára iðnnám sem líka er á framhaldsskólastigi. Það útskrifast því 24–25 ára gamalt ef allt gengur eðlilega. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort það sé kannski formlega rétt að gera þetta bara að háskólanámi, eins og til stendur bæði með Fósturskólann og Þroskaþjálfaskólann. Má þá ekki allt eins viðurkenna það að þeir stúdentar sem fara í iðnnám séu í háskólanámi? M.a. af þessari ástæðu er ég þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að fá fram frv. um háskólastigið í heild sem menntmrh. hefur boðað og að þessi tvö skólastig séu skoðuð í heild sinni. Þá gæfist tækifæri til að skoða raunhæft hvaða starfsnám á best heima á framhaldsskólastigi og hvað á háskólastigi. E.t.v. er orðin þörf fyrir starfsnám, fleiri tegundir af starfsnámi á háskólastigi, nám sem er starftengt en ekki akademískt eins og nám í háskólum. Í heföbundnu háskólanámi er lögð áhersla á sjálfstæða þekkingarsköpun og rannsóknarfærni en ég er hér að tala um nám að loknu stúdentsprófi þar sem áhersla er lögð á störf og starfsnám.

Með þessu er ég alls ekki að segja að allt starfsnám eigi að fara af framhaldsskólastigi eins og til stendur að gera t.d. með Fósturskólann og Þroskaþjálfaskólann ef uppeldisháskóli verður að veruleika. Því öllum er ljóst að um það bil 50% hvers árgangs lýkur ekki skilgreindum prófum í framhaldsskólum með núverandi skipulagi og þessi hópur á æ erfiðara með að komast til dæmis í Iðnskólann m.a. vegna þess að stúdentar sækja þar um og ganga oft fyrir. Við þurfum því að efla starfsmenntunina á svo ótal mörgum sviðum og ef ég miða t.d. við lönd eins og Danmörku og Þýskaland, er alveg með ólíkindum hvað hér er lítið framboð. Í þessum löndum eru kannski allt að 40% hvers árgangs sem útskrifast með starfsnám.

Vandinn er að á þessum hröðu breytingatímum sem við lifum eru margir þeirrar skoðunar að besti undirbúningur fyrir lífið sé góð, almenn menntun, þ.e. að það fólk sem hefur góða almenna menntun hafi meiri möguleika til að skipta um starf síðar í lífinu. Frá því sjónarmiði er sú þróun sem hér hefur átt sér stað, þ.e. sívaxandi fjöldi sem fer í almennt framhaldsskólanám og stefnir að stúdentsprófi, jákvæð. Það er því ekkert skrýtið út frá þessu sjónarmiði að foreldrar hvetji börn sín, jafnvel þau sem ætla sér í trésmíði eða fatahönnun, til þess að ljúka fyrst stúdentsprófi.

Alla þessa öld hafa ýmsir *tilburðir verið reyndir til* að ná því tvöfalda markmiði að bjóða upp á nám sem hæfir öllum og að efla starfsnám sem er í takt við þjóðfélagið og atvinnulífið. Bæði markmiðin eru mikilvæg, það fyrra af uppeldislegum- og mannréttindaástæðum og það síðara til að efla atvinnulífið og lífskjörin í landinu. Að mínu mati er þessu tvennu of oft ruglað saman þannig að hugmyndinni um að bóknám sé æðra og erfiðara en starfsnám er viðhaldið til skaða bæði fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Dæmi um breytingar af þessu tagi voru t.d. svokallaðar verknámsdeildir gagnfræðaskólanna um miðja öldina og grunnhugmyndin um fjölbrautaskólana sem byggir á þeirri góðu jafnréttishugsjón að allir framhaldsskólanemar geti verið undir sama þaki, helst jafnvel saman í ákveðnum greinum, en útskrifist síðan af mismunandi brautum, sumir af bóknámsbrautum og aðrir af starfsnámsbrautum. Þessi hugmynd átti að reyna að slá á þá fáránlegu hugmynd sem hér hefur verið rædd í morgun að bóknámið sé æðra en starfsnámið.

Útfærslan á fjölbrautaskólahugmyndinni eða hugmyndafræðinni hefur ekki gengið eins vel og til stóð. Blöndun nema af mismunandi starfsbrautum, t.d. í kjarnagreinum, hefur víða reynst erfið, m.a. af skipulagsástæðum eða þá að menn gleymdu hver hugsjónin var. Í þessu frv. má sjá ýmsar þróunarlíkur í þá átt að þetta verði enn erfiðara þar sem námið á í vaxandi mæli að taka mið af lokamarkmiði námsbrautar. Ég get ekki skilið það öðruvísi en þannig að *íslenska, enska eða stærðfræði fyrir trésmiði eigi að vera* önnur en fyrir þá sem taka stúdentspróf. Það er alls ekki auðvelt að leysa það hvernig má samhæfa að allir nemar fái nám við hæfi og hins vegar að starfsnám og verknám sé mikilvægt fyrir einstaklinga og þjóðfélag, bæði þá sem eru góðir námsmenn og hina. Leiðirnar hljóta þó að taka bæði til framhaldsskóla- og háskólastigsins og ég vek athygli á því að núna er grunnskólinn ekki lengur inni í þessari umræðu, samanber verknámsdeildir gagnfræðaskólanna. Við höfum fært allt skólakerfið upp um eitt skólastig. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvenær búast má við því að hann leggi fram frv. það um háskólastigið sem hann boðaði í lista þeim sem var afhentur okkur þingmönnum um leið og stefnuræða forsrh. var flutt í upphafi þings. Ef það frv. opnar möguleika á fjölbreyttu námi á háskólastigi sem ekki er háakademískt, þ.e. stutt starfstengt nám, er ég alls ekki sannfærð um að rétt sé að halda áfram með fjögurra ára nám til stúdentsprófs sem gefur í rauninni engin réttindi og er þá í svipaðri stöðu og gagnfræðaprófið var áður. Því ítreka ég það enn einu sinni að það verður að skoða þróunarmöguleikana á þessum tveimur skólastigum saman.

Ég tel því brýnast að fara af stað með vinnu varðandi

innihald framhaldsskólans samanber það að til stendur að setja aðalnámskrá og ég get ekki séð hvers vegna það starf þarf að bíða þangað til þetta frv. hefur verið samþykkt.

Ég vil minna á að það tók mjög langan tíma að ná fram síðasta frv. um framhaldsskóla og ég tel að lögin frá 1988 geti vel dugað þangað til skýrari stefnumörkun varðandi innihald og heildarskipan starfsnáms kemur fram.

Nú má vel vera að nefndin um mótun menntastefnu hafi þegar farið í saumana á öllum þessum atriðum sem ég hef hér nefnt en það kemur þá ekki nógu skýrt fram, hvorki í nefndarálitinu né í þessu frv. Ég hef valið að gera að umræðuefni meginlínur í mótun menntastefnunnar en ekki staldra við einstakar greinar sem ég fæ tækifæri til að fara ofan í í meðferð menntmn. á frv. Það er einu sinni þannig að ef maður er ekki sannfærður um meginhugmyndir frv. virkar allt annað eins og smáatriði.

Eins og ég sagði í upphafi má marka af umsögnum sem bárust menntmn. í fyrra að töluverður ágreiningur sé um mjög margar greinar þessa frv. og því er auðvitað nauðsynlegt að ræða við umsagnaraðila því að sátt verður að nást um mikilvæga löggjöf af þessu tagi. Ég ítreka tvennt að lokum, að þetta er enn og einu sinni umræða um form án innihalds að verulegu leyti og ég sé ekki að leiðirnar sem fara á varðandi starfsnámið tryggi að það fái styrkari stoðir en það hefur nú. Ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hér ríkir það hugarfar að bóknámið sé æðra starfsnámi og hér er engan veginn sýnt fram á hvernig á að breyta því hugarfari né að samþykkt þessa frv. tryggi að það fé komi inn í skólamálin sem er nauðsynlegt til þess að starfsnámið verði meira en lagabókstafurinn tómur. Það er ekki nóg að setja góða löggjöf um skólamál ef ekki fæst fé til þess að framfylgja henni og besta dæmið um það eru grunnskólalögin frá 1974 sem voru mjög framsýn og góð lög en komust aldrei í framkvæmd. Nú þarf framkvæmdir í framhaldsskólanum og skýrari stefnumörkun fyrir framhaldsskóla- og háskólastigin í heild.

Að lokum vil ég fagna hugmyndinni um þróunarsjóð framhaldsskólans. Hún er reyndar til í núgildandi lögum en vonandi verður hún útfærð eitthvað á svipaðan hátt og þróunarsjóður grunnskólans þannig að það verði virkileg nýbreytni og rannsóknarstarf sem hlýst af. Í öðru lagi vil ég fagna hugmyndinni um kjarnaskóla þar sem ákveðnir skólar verða leiðandi á ákveðnum sviðum. Ég slæ því fram hvort ekki megi bæta við þá hugmynd að það verði einhvers konar kjarnaskólar um einstakar námsgreinar í bóknámsgreinunum líka þannig að skólum geti boðist að vera spurgönguskólar, t.d. í stærðfræði, þessi skóli þessi árin og síðar í þýsku, ensku eða dönsku þannig að tilraunir og nýbreytnistarf fari fram og kennarar fái þá aukið fé í þessum skóla og verði spurgöngumenn varðandi nýbreytni og rannsóknir.

[13:52]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki séð með hvaða rökum hægt er að halda því fram að þetta frv. fjalli fyrst og fremst um form. Ég tel að frv. fjalli fyrst og síðast um þá stefnumörkun sem snertir innihald, þ.e. að efla starfsmenntun. Formið er ekki meginatriðið þarna. Þar er gengið út frá gildandi formi, við getum tekið sem dæmi bekkjarskóli, áfangaskóli, það er gert ráð fyrir því að þeir starfi eftir sem áður. Hvað varðar námskrárvinnu er það fyrst og fremst tæknileg útfærsla. Það er býrókratísk vinna um ákveðið innihald og ég lít svo á og vil túlka þetta frv. þannig að hér sé verið að leggja áherslu á innihaldið, þ.e. starfsmenntun.

Hv. síðasti ræðumaður, Guðný Guðbjörnsdóttir, nefndi jafnframt að í frv. togaðist á spurningin um einstaklingshyggju eða jafnréttishyggju. Það er ekki skrýtið að það takist á í þessu frv. enda er það meginatriðið í öllum kennslufræðum að einstaklingur fái nám við hæfi og þá má segja að það sé í kennslufræðum ekki rétt að stilla þessu upp sem andstæðum. Jafnréttið er fólgið í því að hver einstaklingur fái nám við hæfi. Með því að auka starfsnám allverulega eins og er markmið þessa frv. er einmitt verið að koma til móts við þann fjölda nemenda á framhaldsskólstigi sem fær í dag ekki nám við hæfi, gefst þar upp og hrökklast frá skóla. Það atriði er sennilega hvort tveggja í senn að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og skapa aukið jafnræði nemenda framhaldsskóla til náms og draga þar með um leið úr vandamálum sem upp hafa komið.

Ég tek undir áhyggjur síðasta ræðumanns um of stöðluð stúdentsprófs en mér fannst á tali hv. ræðumanns að hún gerði ráð fyrir því að hin samræmdu stúdentspróf yrðu með sama móti og hefðbundin samræmd próf í grunnskóla í dag. Ég lít svo á eins og ég hef áður nefnt í dag að fyrst og fremst sé átt við könnunarpróf en ekki próf sem er staðlað niður í einstakar kennslubækur. Aðalatriðið er að skólar eru í viðbragðsstöðu, sumir hverjir, til þess að fara af stað með öflugt starfsnám. Við erum sammála um að núverandi fyrirkomulag gangi ekki og virki ekki og þess vegna er mikilvægt og ég fagna því að hér virðist vera í megindráttum þverpólitísk samstaða um þetta mikla mál.

[13:55]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara hv. þm. að þegar ég ræði hér um form versus innihald er ég t.d. að tala um það að ég er engu nær eftir að vera búin að lesa þetta frv. um hvers konar starfsnám er verið að tala. Ég hef kynnt mér hvernig starfsnám er í ýmsum löndum, m.a. er til starfsnám fyrir fólk sem vinnur á ferðaskrifstofum, fólk sem vinnur á pósthúsum. Við getum velt fyrir okkur alls konar störfum fyrir fólk í atvinnulífi okkar eins og í frystihúsum eða annars staðar. Ég er engu nær um það hvort það stendur yfir höfuð til að gera eða hvort það stendur til t.d. að opna möguleika á því að sumt af þessu sé á háskólastigi og sumt af þessu eigi betur heima á framhaldsskólastigi. Það vantar alla innihaldstengda umræðu um starfsnámið.

[13:57]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel óeðlilegt að löggjafinn telji upp allar þær námsbrautir sem um er að ræða og það hafa hv. þm. nefnt í morgun. Það sem ég á við og hef nefnt í tvígang í dag er að ýmsir skólar eru tilbúnir til þess að fara af stað með fjölbreytilegt starfsnám, þá er verið að ræða um langar og stuttar starfsmenntabrautir sem hafa verið þróaðar með atvinnulífinu. Við erum að tala um 60–70 starfsmenntabrautir sem ná inn á iðnað, alls konar millimenntun, þjónustu og þannig má áfram telja.

Það er heldur ekki hlutverk löggjafans að ákveða nákvæmlega hvar eigi að krefjast stúdentsprófs. Þar hlýtur atvinnulífið að koma að, hverjar eru kröfur atvinnulífsins um einstakar starfsmenntabrautir. Það lít ég á að muni gerast í gegnum starfsgreinaráð, í gegnum fræðslumiðstöðvar og þau fagráð sem frv. gerir ráð fyrir að komið verði upp við skólana.

[13:58]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum búin að hafa í gildi lög frá 1988 þar sem allar þessar brautir sem þú varst að tala um hafa verið mögulegar. Hvers vegna þurfum við nýja löggjöf? Hvers vegna hefur ekki tekist að koma þessum starfstengdu brautum á? Bara sem dæmi. Það hefur alveg vantað stefnumörkun og tengsl við atvinnulífið, ég er alveg sammála um það. Við þurfum ekki nýja löggjöf til þess að þróa það áfram. Ég tel að þetta frv. bæti ekki möguleikana á því. Við höfum verið með alls konar hugmyndir um tveggja ára brautir í framhaldsskólum sem hafa allar meira og minna dottið upp fyrir.

[13:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér liggur fyrir á borðum okkar frv. til laga um framhaldsskóla sem að mínu mati er bæði mjög gott mál og þarft. Það er auðvitað mjög mikil nauðsyn á því að við tökum upp nýja lagasetningu um framhaldsskólana.

Í þessu frv. er margt spennandi. Ég nefni sem dæmi kjarnaskólann, ég nefni samspil atvinnulífsins og skóla. Það er verið að brydda upp á nýjum leiðum til þess að tengja saman skóla og atvinnulíf. Ég get sérstaklega um það sem snýr að starfsmenntuninni og ég vil benda á að í 2. gr. stendur, með leyfi forseta: „Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.“ Atvinnulífið er nefnt fyrst og svo frekara nám, þannig að áherslan liggur núna á störfin í atvinnulífinu eins og reyndin er. Svo er auk þess í frv. heill kafli um starfsnám.

Ég tek undir sjónarmið hv. 7. þm. Reykn., Hjálmars Árnasonar, um starfsmenntun og gildi hennar. Ísland hefur á undanförnum árum og eiginlega alla tíð verið í stöðu eins og við sjáum víða í vanþróuðum löndum. Háskólamenntun er mjög mikils metin, þangað fara allir og afleiðingin er, meira og minna atvinnuleysi eða lág laun háskólamanna, jafnvel dulið atvinnuleysi eða bert atvinnuleysi. Svo stöndum við uppi með það að það vantar fólk sem hefur starfsmenntun. Það vantar í stórum stíl og þetta er sama vandamálið og í þróunarlöndunum. Í þessu frv. er verið að reyna að snúa af þessari braut. Það er verið að gera starfsmenntuninni hærra undir höfði en hingað til og eins og ég gat um á framhaldsskólinn fyrst og fremst að búa nemendur undir starf í atvinnulífinu.

Við Íslendingar búum við mjög lág laun, skammarlega lág laun og það er mjög lítil framleiðni í íslensku atvinnulífi. Ég held að það sé, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason benti á, einmitt afleiðingin af lélegri starfsmenntun.

Sama kom fram hjá hv. 16. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, þar sem hún talaði um nám í afgreiðslustörfum. Þetta er gjörsamlega óþekkt á Íslandi. Við höfum reyndar veika skóla eins og bankamannaskólann sem býr menn undir bankastörf og svo er ferðamálaskóli og sitthvað á vegum einkaaðila. Á vegum hins opinbera er ekkert starfsnám á þessum brautum og það er mjög mikilvægt að koma þessu á. Ég vil benda hv. þm. á samband menntakerfis og lífskjara. Þegar við setjum peninga í menntun og menntakerfi erum við í rauninni að fjárfesta fyrir framtíðina. Það skiptir verulegu máli fyrir atvinnulífið hve menntaðir og hæfir einstaklingarnir eru sem það ræður til vinnu og getur skipt sköpum um það hvort við búum hér við góð lífskjör eða ekki eftir 10, 15, 20 ár. Ein mesta langtímafjárfesting þjóðarinnar er í menntamálum. Og það skiptir miklu máli, verulegu máli, hvernig sú fjárfesting er. Hún þarf að vera skynsamleg.

En það er fleira sem kemur fram. Ef við lítum á kennsluhættina eru þeir nánast óbreyttir frá því um aldamót. Kennari stendur uppi við töflu, einangraður í sinni stofu með einhverjum 20–30 nemendum og hann skrifar með krít á töfluna nákvæmlega eins og fyrir 20 árum og í grundvallaratriðum er þetta sama kennsluaðferðin og var notuð á dögum Grikkja. Þarna hefur ekki orðið sú framleiðniaukning sem við sjáum í iðnaði, verslun, samgöngum og á nánast öllum öðrum sviðum.

Herra forseti. Í þessu sambandi hef ég tvær spurningar til hæstv. menntmrh. — ég vona að hann sé viðstaddur — til þess að fá eiginlega skýrari mynd af því sem hv. þm. hafa verið að ræða um. Það er í fyrsta lagi:

Er gert ráð fyrir starfsnámi í þjónustu, afgreiðslustörfum, bankastörfum o.s.frv. í þessu frv.? Ég vil fá svör ráðherra við því.

Í öðru lagi: Er kleift að byggja upp nám sem er blanda af heföbundnu námi með kennara eða leiðbeinanda og einhverjum hópi nemenda í bekk og fjarnámi með aðstoð tölvuneta og þá er ég að tala um menntanetið, Internetið o.s.frv.? Enn fremur er gert ráð fyrir kennslu með nýjum kennsluforritum sem væntanlega koma innan ekki marga ára, ég giska á að eftir fimm ár munum við sjá kennsluforrit sem eru svo spennandi að krakkarnir læra stærðfræði af ekki síðri áhuga en að spila Larry. Ég bendi hv. þm. á að það er einhver skemmtilegur leikur. Ég sé alla vega fyrir mér að menn geta fylgt eftir t.d. í algebru eða í rúmfræði og teiknað ferla með jafnmiklum spenningi eins og þeir fylgja Larry.

Herra forseti. Ég hef nokkrar athugasemdir við 23. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.“ Þarna finnst mér vanta aðalatriðið í upptalninguna sem er að meta árangur kennslunnar og árangur kennara. Þarna vantar það sem við köllum í dag gæðastjórnun. Það er að koma með aðferðir til þess að meta hvern einstakan kennara, til að meta kennslustarfið í heild sinni, til að meta skólann, til að meta skóla hverja gagnvart öðrum. Þetta er mjög nauðsynlegt fyrir foreldra. Það er verulega mikið atriði fyrir foreldra í hvaða skóla þeir senda börnin sín. Þetta getur skipt sköpum fyrir líf barna þeirra. Það skiptir þá að sjálfsögðu miklu máli hvernig sá skóli er sem þeir senda börnin í. Í dag vita foreldrar ekkert um það. Foreldrar vita ekkert um það hvort einn skóli sé betri í einhverjum skilningi en einhver annar skóli. Það er ekki til neitt mat á milli skóla. Þetta þarf að gera. Þetta á líka að vera hvatning fyrir skólana til að standa sig. Það vantar einhvers konar mat á milli skóla. Ég vildi gjarnan að hv. menntmn. líti sérstaklega á þessi atriði þegar hún fær frumvarp þetta til meðhöndlunar, þ.e. hvernig er hægt að koma við gæðastjórnun svo hægt sé að meta kennsluna, kennarann og skólana.

Það má gera með ýmsum hætti. Það má gera með samræmdum prófum. Menn horfa náttúrlega á þessi ósköp sem eru kölluð samræmd próf í dag. En það er bara eitt formið á samræmdum prófum og alls ekki það besta. Það má t.d. hafa próffyrirmyndir. Menntmrn. gæti sent próffyrirmyndir út í skólana og sagt, í þessum anda skuluð þið semja prófin. Það getur sent út próffyrirgjöf, svona eigið þið að gefa fyrir, í þessum anda og náð þannig fram samræmingu á milli skól-

anna. Það þarf ekki að vera þannig að allir nemendur séu að taka sama prófið á sama klukkutímanum um allt land. Það er allt of viðamikið. Það má líka hafa það þannig að kennarar leiðrétti reglubundið hver hjá öðrum. Þeir kenni jafnvel hver fyrir annan einstaka sinnum. Það er mjög lærdómsríkt. Ég hef prófað það sjálfur.

Það sem á að vera mælikvarði á árangur kennslunnar er ekki endilega einkunnirnar sem nemendurnir fá, heldur aukningin á einkunnunum, þ.e. hvernig tekst ákveðnum kennara að bæta bekkinn sinn? Hvernig tekst honum að auka þekkinguna eða árangur kennslunnar? Það er mikilsvert.

Það kom fram hjá 14. þm. Reykv. Kristínu Ástgeirsdóttur, að atvinnulífið metur menntun lítils. Er það furða? Menntunin gengur öll út á háskólanám. Það gengur öll menntunin út á að kenna krökkunum algebru og latínu og dönsku o.s.frv. en alls ekkert það sem atvinnulífið þarf sem er verkmenntun. Það er ekki skrýtið þó að atvinnulífið meti menntun lítils þegar hún gengur öll út á að læra eitthvað sem hún hefur enga þörf fyrir. Ég geri ráð fyrir því að þetta frv., ef það nær fram markmiðum sínum, muni breyta þessu þannig að atvinnulífið muni meta menntun mjög mikils og þetta muni breytast á komandi árum.

[14:08]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að gera athugasemd við þau ummæli hv. síðasta ræðumanns þess efnis að ekki væri til mat á milli skóla hér og þá er hann væntanlega að tala um skóla á framhaldsskólastigi. Það er auðvitað rétt að ekki fer fram neitt formlegt mat eða formlegur samanburður milli skóla en hins vegar er til slíkur óformlegur samanburður. Ég get upplýst hv. þm. um að nemendur t.d. hér á Reykjavíkursvæðinu hafa mjög skýrar hugmyndir um það hvaða skólar eru góðir og hvert þeir vilja fara. Það segir okkur hins vegar ekki allt um það sem raunverulega gerist innan veggja skólanna en hins vegar hefur Háskóli Íslands hvað eftir annað gert könnun á því hvernig þeim nemendum vegnar sem að koma þar inn fyrir dyr og hvaðan þeir koma. Sú könnun gefur auðvitað ákveðna vísbendingu um það að ákveðnar greinar eða ákveðinn undirbúningur sé góður eða slakur í viðkomandi skóla.

Loks varðandi það sem var vitnað til viðhorfa atvinnulífsins vil ég taka skýrt fram að þessi könnun Gerðar Óskarsdóttur sýndi það að atvinnurekendur töldu sig ekki hafa þörf á menntuðu fólki. Þeir litu þannig á að það væri ekki þörf, þeir vildu ekki ráða menntað fólk. Það var kannski fyrst og fremst það sem kom mjög spánskt fyrir sjónir. En ég held að það væri mikil þörf á því kynna þessa könnun fyrir alþingismönnum.

[14:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma inn á þetta sem síðasti ræðumaður, hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, gat um að það væri til mat á milli skóla. Það er mat nemendanna sem oft og tíðum byggir á mati foreldranna og reynslu þeirra fyrir 30 árum. Þetta er orðið dálítið gamalt mat. Það sem ég vil fá er mat á hverri stundu sem er opinberlega birt og er raunhæft, ekki bara einhverjar sögusagnir. Það er akkúrat galli við núverandi kerfi að þetta byggir allt á sögusögnum og jafnvel á reynslu foreldranna sem tóku stúdentspróf í viðkomandi skóla fyrir 30 árum.

[14:11]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er einn mikill misskilningur hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Auðvitað er erfitt að kveða upp úr með það hversu rétt mat nemenda á skólum er en þefvísi þeirra í þessum efnum er alveg ótrúleg. Þau eru miklu ábyrgari en við gerum okkur grein fyrir og þau velta framtíðinni fyrir sér og þau reyna að átta sig á því hvaða skóli er við þeirra hæfi og slíkar hugmyndir eru ekki endilega í samræmi við hugmyndir foreldranna. Ég held að þar verði einmitt stundum árekstrar. En auðvitað er það ekki slíkt mat sem við þurfum á að halda. Ég vil taka undir með þingmanninum að auðvitað á að fara fram vísindalegt og faglegt mat bæði á innra starfi skóla og þeim árangri sem þeir skila. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel þörf á slíku mati en hins vegar er þetta óformlega, ósýnilega mat til á skólunum sem hvergi er til í lögum eða reglum eða í skýrslum menntmrn.

[14:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins til þess að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal: Hvaða tilgangi þjónar mat t.d. á milli framhaldsskólanna í Reykjavík á meðan foreldrar eða börn hafa ekkert val um það í hvaða skóla börnin þeirra fara? Er það bara til þess að staðfesta mun og koma enn meiri óánægju upp á yfirborðið þegar búið er að stimpla suma skóla formlega besta og aðra slakari?

Varðandi orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um matið í háskólanum er það auðvitað ekki huglægt mat því þar er athugað hvaða forspárgildi einkunnir úr mismunandi framhaldsskólum hafa fyrir árangur í mismunandi deildum í Háskóla Íslands. Þar er því ekki neitt huglægt mat.

[14:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvaða tilgangi þjónar matið? Að sjálfsögðu til að geta valið sér skóla. Það að fólk geti ekki valið sér skóla í dag er af hinu illa og ég vil breyta því. Ég vil að menn eigi að geta valið sér skóla hver og einn og farið í þann skóla sem þeir kæra sig um og þeir telja bestan. Ég vil líka koma með gæðaeftirlit og mat á milli skóla þannig að einn skóli henti einum nemanda og annar öðrum eftir hæfileikum og áhugasviðum viðkomandi nemanda.

[14:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Frumvarp til laga um framhaldsskóla tel ég til bóta um framhaldsskólastigið í landinu, sérstaklega hvað varðar starfsmenntun og starfsþjálfun. Umræðan í dag hefur verið frjó og skemmtileg og í framhaldi af henni langar mig til að benda á tvö atriði sem ég hygg að ekki hafi verið bent á til þessa í umræðunni.

Það fyrra varðar II. kafla, 2. gr. frv. um hlutverk framhaldsskólans. Þar finnst mér að vanti ákvæði um líkams- og heilsurækt. Mig langar til þess að vitna í þennan texta, með leyfi forseta.

„Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum" o.s.frv. Þarna fyndist mér að mætti fella inn í þar með talið líkams- og heilsurækt, og í framhaldi af þessu innskoti kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar og gagnrýnnar hugsunar. Ég bendi á þetta vegna

þess að heilsurækt leiðir til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu þegar til lengri tíma er litið.

Heilsurækt hefur í för með sér forvarnir á fjölmörgum sviðum. Heilsurækt heldur ungu fólki frá áfengis- og fíkniefnaneyslu og er þroskandi tómstundagaman fyrir alla aldursflokka. Heilsurækt hefur áhrif á heilsufar, heilbrigði og eykur þrek, t.d. til náms og starfa, og það kemur fram í mjög merkilegri skýrslu sem prófessor Þórólfur Þórlindsson, hefur tekið saman á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála.

Seinna atriðið sem mig langar til að benda á varðar XII. kafla þessa frv. Mig langar að spyrja hæstv. menntmrh.: Á kostnaðarþátttaka ríkisins í stofnun og byggingu framhaldsskóla einnig við um byggingu íþróttahúsa við framhaldsskóla? Eins og þingmenn vita þá vantar íþróttahús við nokkra framhaldsskóla landsins, t.d. hér í Reykjavík eins og við Fjölbrautaskólann í Ármúla, Menntaskólann við Hamrahlíð og fleiri framhaldsskóla.

Herra forseti. Evrópuráðið hefur bent á að það sé ekki sparnaður í því að minnka heilsurækt eða íþróttaiðkun í skólum. Það hefur komið fram að það er mjög mikilvægt, og það kemur reyndar fram í þessu frv., að efla verkmenntun í landinu og ég tel að þetta frv. taki nokkuð vel á þeim málum.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram um þetta mikilvæga frv. Ég er sammála þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið að æskilegt er að ná sem víðtækastri samstöðu um afgreiðslu málsins. Ég er einnig þeirrar skoðunar og tek undir það með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að þetta mál þolir varla lengri bið. Þetta er þriðja þingið sem það er lagt fram á. Frv. hefur fengið góða meðferð utan þings. Komið hafa fram umsagnir og athugasemdir og það hefur fengið skoðun á milli þinga og það hefur verið tekið tillit til margra sjónarmiða sem fram hafa komið og tekið mið af þeim við lokagerð frv.

Að sjálfsögðu, eins og hér hefur komið fram í þessum málefnalegu umræðum, eru atriði sem hv. menntmn. mun líta til í afgreiðslu sinni og ég efast ekki um að unnt verður að komast að niðurstöðu. Að sjálfsögðu er aldrei hægt að tryggja hér á þessum stað að menn verði sammála um allt en ég held að menn ættu að geta verið sammála um það, eins og þessar umræður hafa hnigið, að brýnt er að koma á nýrri skipan á framhaldsskólastiginu. Í raun og veru liggja ekki fyrir aðrar betri tillögur en þær sem koma fram í þessu frv. og sú meginstefna sem þar er mótuð.

Nokkrar spurningar hafa komið til mín vegna frv., m.a. frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttir, þar sem hún ræddi um hvað fælist í aðalnámskrá, hvað það væri sem aðalnámskráin ætti að taka af skarið um. Það kemur fram í 21. gr. frv. þar sem segir að aðalnámskráin sé meginviðmiðun skólastarfs. Þar segir einnig: „Í henni eru útfærð markmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina, svo og námslok. Í aðalnámskrá skulu vera almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi og meðallengd námstíma á hverri braut. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum og inntak í megindráttum."

Þar skal einnig mælt fyrir um námsmat og próf og annað slíkt eins og rakið er í greininni og síðan einnig ítarlega í greinargerð um þessa grein. Ég vitna einnig í greinargerðina á bls. 18, þar sem segir, með leyfi herra forseta:

„Þar eru ákvæði um aðalnámskrá framhaldsskóla sem skólastarf á framhaldsskólastigi byggist á. (21. gr.) Í henni skal skilgreint allt nám sem í boði er í hinu opinbera framhaldsskólakerfi og markmið einstakra námsbrauta og uppbygging þeirra, svo og markmið einstakra námsgreina og námsþátta."

Ég held að þetta sé mikilvægt stjórntæki sem þurfi að vera virkt og þannig fram sett að ekki sé um nein vafaatriði að ræða, m.a. vegna samþættingar í námi og til þess að það myndist engar blindgötur á þessu skólastigi. Það er eitt af vandamálunum sem við stöndum frammi fyrir núna. Eins og vikið var að í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, hefur þetta skólastig þróast með næsta sérkennilegum hætti á undanförnum 20 árum eða svo og það þarf að koma böndum á það, ef ég má orða það svo.

Sumir tala um að í þessu frv. felist of mikil miðstýring. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvað í því orði felst en ég held að í frv. felist fyrst og framst viðleitni til þess að ná utan um skólastigið, setja því ákveðnar starfsreglur og ákveðinn ramma og þar er aðalnámskráin afar mikilvæg. Reynt er að koma í veg fyrir að á þessu skólastigi sé um blindgötur að ræða sem nemendur komist ekki út úr og þurfi kannski að fara til baka og byrja upp á nýtt ef þeir hafa farið inn á vitlausar brautir. Það er slík viðleitni sem felst í ákvæðinu um aðalnámskrána og því sem hún á að gegna. Þar á ekki að mæla fyrir í smáatriðum um innra starf skóla eða setja því of þröngar skorður því eins og fram hefur komið er það skynsamlegt viðhorf að frumkvæði komi ekki síður frá skólanum en frá yfirvöldum menntamála og að skólarnir viti að þeir hafi svigrúm þó þeir þurfi auðvitað að fara eftir ákveðnum ramma. M.a. með hliðsjón af því að skólastarfið falli að lokum í eina mósaikmynd, ef ég má nota það hugtak, og menn séu ekki að fara í ólíkar áttir heldur viti hvar farvegurinn er og hvernig hann á að vera. Til þess er aðalnámskráin.

Varðandi fornámið sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði að umtalsefni þá er í sjálfu sér í 18. gr. frv. ekki verið að tala um neina breytingu frá því sem er, að fornámið verði við framhaldsskólana. Það hafa verið uppi viðhorf um það hvort það eigi frekar að vera í grunnskólunum og gefa mönnum færi á að halda þar áfram til að búa sig betur undir þátttöku í framhaldsskólanum. En eins og fram kom, m.a. í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar, er talið af ýmsum ástæðum æskilegra að nemendurnir skipti um umhverfi, fari úr grunnskólanum og fari inn í nýtt umhverfi í framhaldsskólanum, samanber athugasemdir við 18. gr. á bls. 31, en þar er því nánar lýst hvað á bak við þessa grein býr. Ég get í sjálfu sér tekið undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að þessi skipti kunna að vera nemendunum heppileg og kunna að auðvelda þeim framhaldið.

Hitt er augljóst, og það hafa komið til mín fulltrúar bæði foreldra og kennara grunnskólabarna og þeirra sem eru að ljúka grunnskólaprófi og eru að fara inn í framhaldsskólann, að fyrir marga nemendur sem eiga erfitt með nám er skólakerfið næsta — ja ekki vil ég segja fjandsamlegt — en erfitt eins og nú er komið málum. Og eftir að þrengdist um á atvinnumarkaði eiga margir nemendur, sem hefðu áður e.t.v. farið út á vinnumarkaðinn beint eftir grunnskólann, þess ekki lengur kost. En framhaldsskólinn er ekki með neinar stórar dyr sem taka við þessu fólki. Það er vandamál sem

við þurfum að fjalla um og taka á. Það er hér starfandi við Iðnskólann í Reykjavík deild sem tekur við nokkrum nemendum. En fjöldinn er meiri og það er m.a. verið að fjalla um það varðandi skipulag á Borgarholtsskóla, nýjum framhaldsskóla hér á Reykjavíkursvæðinu, að hann taki að sér verkefni á þessu sviði. Það er nauðsynlegt að huga að þessum fjölda nemenda. Það er talið að hér á Reykjavíkursvæðinu sé kannski um að ræða 70–100 manns sem þarf að sinna með þessum hætti og hafa í huga við umræður um fornám. En við þurfum einnig að skapa þessu fólki leið í framhaldsskólakerfinu sem getur búið það undir störf við þess hæfi. Og það snertir m.a. þær umræður sem hér hafa verið um fjölbreytt framboð á störfum og starfsnámi í skólanum.

Þetta vildi ég segja um fornámið og það vakti mig til umhugsunar um þennan hóp nema sem við þurfum að hafa í huga og hægt er að gera betur við en við núverandi kerfi. Ég tel að samþykkt þessa frv. muni auðvelda okkur að takast á við þann vanda sem er töluverður og mjög alvarlegur fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um skólanefndirnar og skipan þeirra. Ég tel að sterk rök hafi komið hér fram í umræðunum um það að sú skipan sem mælt er fyrir um í frv. sé skynsamleg og ætla í sjálfu sér ekki að eyða mörgum orðum um það efni. Menn geta haft mismunandi sjónarmið og grundvallarviðhorf í þessu máli. Ég hallast að því viðhorfi sem kemur fram í 6. gr. og tel að það sé skynsamlegt að stíga það skref sem þar er mælt fyrir um. Ég minni á að hér hefur einnig komið fram að í umfjöllun um skólaráð í 8. gr., er komið til móts við margt af því sem menn hafa rætt um nauðsyn þess að nemendur og kennarar komi að stjórn skóla og stefnumótun í skólastarfinu.

Um samræmdu prófin hafa menn töluvert rætt og það er um þau fjallað í 24. gr. Þar segir að lokapróf skuli vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Síðan er í gildistökugreininni sagt að þessi grein eigi að koma til framkvæmda að fullu ekki fyrr en skólaárið 2000–2001. Hér er um mál að ræða sem hægt er að útfæra með ýmsum hætti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að samræmd könnunarpróf koma að sjálfsögðu til álita og er sjálfsagt að undirbúa þetta skref eins og frv. gerir ráð fyrir. Menn ættu að gefa sér góðan tíma til að framkvæma þetta. Ég held sjálfur að það sé nauðsynlegt að koma á samræmdum prófum í okkar framhaldsskólum. Það er ekkert nýmæli hér. Áður fyrr voru stúdentsprófin samræmd og í sjálfu sér er það ekki byltingarkennt að vekja máls á því aftur. Hvernig að þessu verður staðið í framkvæmd ætla ég ekki að fullyrða um á þessu stigi því að mér finnst sjálfsagt að heyra m.a. þau viðhorf sem fram koma í störfum menntmn. um þetta mál. En ég hvet til þess að menn hrófli ekki við því að samræmd próf skuli vera í tilteknum greinum í framhaldsskólanum. Það er nauðsynlegt ekki síst til þess að menn hafi einhverja almenna mælistiku til að geta beitt þegar þeir leggja mat á starfsemi framhaldsskólanna. Og það er til marks um þá sundurleitu krafta sem verið hafa innan skólakerfisins að slíkt skuli ekki vera í gildi nú þegar, að menn hafi slíkar samræmdar mælistikur. Með þessu yrði henni komið á hvernig sem við mótum hana og hrindum henni í framkvæmd.

Varðandi framhaldsdeildir grunnskólanna sem hv. þm. vakti máls á er ætlunin að leggja þær niður en framhaldsskólarnir geta hins vegar skipst upp innan ákveðinna svæða eins og við vitum. Fjölbrautaskólanum á Akranesi er t.d. skipt upp í nokkrar deildir, m.a. deild sem starfrækt er í Reykholti.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um skiptingu landsins í skólasvæði langar mig aðeins til að nefna að ég lít þannig á að eins og þetta frv. er úr garði gert verði ekki um slíka skiptingu að ræða. Ég lít líka þannig á að það verði ekki unnt að beita landfræðilegum rökum við útilokun nemenda frá framhaldsskólum eins og gert hefur verið og hafa þær reglur sem hafa verið í gildi um það efni valdið deilum og ágreiningi þannig að þarna er verið að fara inn á nýjar brautir. 15. gr. mælir fyrir um inntökuskilyrðin og hún hefur verið hér til umræðu og ég þarf ekki að rekja það. Því hefur verið lýst vel hvað í þeirri grein felst.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði einmitt athugasemdir við 15. gr. Hann er á móti því að inntaka verði með þeim hætti sem þar er mælt fyrir um. Ég tel hins vegar að það skref sem þarna er stigið og þessar reglur séu mjög til bóta og auki skilvirkni í skólastarfinu og sé til þess fallið að skólarnir veiti betri þjónustu en þeir geta gert núna og nemendur viti betur um eigin stöðu en nú er og að það felist ekki neitt ranglæti í þessum ákvæðum, þvert á móti sé þarna mælt fyrir um skynsamlegar aðferðir við inntöku manna í skóla.

Varðandi 41. gr. um einkaskólana, sem hann gerði einnig athugasemdir við, er þar ekki verið að skipta mönnum með neinum hætti með því að veita þessar heimildir. Þvert á móti er verið að gera mönnum, sem starfrækja núna skóla, annars vegar kleift að fá viðurkenningu menntmrh. á því starfi ef þeir óska eftir því og það ætti að styrkja þessa skóla í sessi. Aðrir sem óska eftir styrk af almannafé verða að uppfylla önnur skilyrði og það er Alþingis að ákveða slíkt þannig að það verður ekki þar um neina sjálftöku að ræða, þvert á móti er undir ákvörðun Alþingis komið hvernig að þeim málum verður staðið.

Ég tel að gildistökuákvæðin séu ekki óeðlileg í þessu lagafrv. Það er mælt fyrir um að gildistakan sé frá 1. ágúst 1996 og síðan er gefið svigrúm til þess í tíma að hrinda einstökum ákvæðum laganna í framkvæmd sem ég tel skynsamlegt í jafnviðamiklu máli og þetta er til þess að unnt sé að hafa eðlilegt samráð og standa þannig að málum að ekki sé rasað um ráð fram og að undirbúningur allur sé með þeim hætti að óeðlileg tímamörk ýti ekki á eftir mönnum heldur gefist tóm til að standa vel að þessum undirbúningi.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um frv. til laga um háskólastigið er það að segja að nú eru starfandi 13 skólar sem teljast á háskólastigi og hafa m.a. verið gerð drög að því frv. um háskólastigið sem verið er að vinna að og ætlunin er að leggja fram. Ég vona að það verði unnt að leggja það fram hér á þessu þingi sem nú er eins og boðað var í plaggi með stefnuræðu forsrh.

Herra forseti. Tíminn leyfir ekki að ég svari öllum þeim fyrirspurnum sem ég hef fengið þannig að ég verð að ljúka máli mínu til að lúta reglum þingskapa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 61. mál. — Þskj. 61.

[14:34]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Till. sú til þál. sem ég mæli fyrir og fjallar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna er flutt af þingkonum úr öllum flokkum sem nú sitja á þingi, auk mín þeim: Ástu R. Jóhannesdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Láru Margréti Ragnarsdóttur og Siv Friðleifsdóttur.

Það segir nokkuð til um mikilvægi þessa máls og er vonandi til marks um samstöðu um málið á þingi þegar að afgreiðslu tillögunnar kemur.

Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin vinni í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands að því að efla íþróttir stúlkna og kvenna og leitist við að koma í veg fyrir eða minnka hið mikla brotthvarf stúlkna úr íþróttum. Þá skoði nefndin sérstaklega umfjöllun fjölmiðla um íþróttir stúlkna og kvenna, hvaða fjármagn sé veitt til stúlkna- og kvennaíþrótta, skiptingu kynjanna í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra þá þætti sem geta haft áhrif á stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta. Meðal annars verði litið til þess sem gert hefur verið erlendis í átt til umbóta í þessum efnum."

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er málefnið ekki nýtt af nálinni. Svipuð tillaga var flutt á 115. löggjafarþingi og að henni stóðu allar konur sem sátu á þingi hvar í flokki sem þær voru. Samkvæmt ályktun þessari skyldi ríkisstjórnin beita sér fyrir því að átak yrði gert til að efla íþróttaiðkun kvenna, áhersla skyldi lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerð til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþrótta skyldu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.

Nú er það svo að þingið samþykkti þessa ályktun. Á 116. þingi var lögð fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um það til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hefði gripið í framhaldi af samþykkt ályktunarinnar. Ráðherra varð fátt um svör um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hafði haft í frammi. En hann vitnaði sérstaklega í væntanlegar niðurstöður könnunar sem Þórólfur Þórlindsson og fleiri gerðu um þátttöku ungmenna í íþróttum og samspil íþróttaiðkunar og annarra þátta í lífi ungmennanna. Taldi ráðherrann að rannsóknin mundi varpa ljósi á viðhorf, þátttöku og áhuga pilta og stúlkna í íþróttum og að nýta mætti niðurstöðurnar til eflingar íþróttaiðkun kvenna.

En nú eru niðurstöðurnar úr skýrslu Þórólfs og félaga komnar, þær voru birtar í ágúst á síðasta ári og þær gefa okkur fullt tilefni til aðgerða. Dr. Gunnar Valgeirsson, sem hefur sérstaklega rannsakað íþróttaiðkun kvenna, segir um könnun Þórólfs og félaga sem voru birtar í bókinni um gildi íþrótta fyrir íslensk ungmenni, með leyfi forseta:

„Þátttaka pilta og stúlkna í íþróttum er ólík hvað nokkra þætti varðar. Nokkuð fleiri stúlkur stunda aldrei íþróttir og færri þeirra stunda íþróttir fimm sinnum í viku eða oftar. Þetta kemur skýrast fram í íþróttaþátttöku með íþróttafélögum þar sem þessi munur er mestur. Þessi munur eykst einnig með aldri.

Höfundar bókarinnar benda réttilega á að ástæður fyrir því að stúlkur byrji síður í íþróttum og hætti fyrr séu margslungnar. Vissulega eru hér á ferðinni samspil ýmissa félagsþátta svo sem stuðningur foreldra og þjálfara og fjölmiðlaumræða en mikilvægt væri að athuga frekar hvað það væri í rekstri íþróttafélaga sem hér hefur áhrif. Þeim sem vel þekkja til reksturs íþróttafélaga er nokkuð kunnugt um að stúlkur fá minni stuðning frá félögunum en piltar. Þær eru mun líklegri en piltar til að þurfa að fjármagna þátttöku sína alfarið með sjálfboðavinnu og þær fá venjulega mun verri tíma og æfingaaðstöðu. Í könnuninni kemur skýrt í ljós að brottfall stúlkna er hærra en pilta í íþróttum og hækkar með aldri.

Það væri verðugt verkefni fyrir íþróttahreyfinguna sjálfa að kanna þetta atriði mun nánar og reyna síðan að jafna hlut kvenna mun betur en hingað til hefur þegar verið gert," segir Dr. Gunnar Valgeirsson.

Gunnar hefur einnig bent á erlendar rannsóknir sem benda til þess að íþróttaiðkun hafi jákvæð áhrif á sjálfsvirðingu, líkamsmynd og andlega líðan og dregur úr þunglyndi og streitu. En hann bendir líka á að þessara þátta gæti enn meir hjá stúlkum en drengjum í könnun Þórólfs og félaga.

Auk könnunarinnar, sem birt var í ágúst 1994, hafa fleiri kannanir verið gerðar og sérstaklega hefur verið horft í átt til stúlkna- og kvennaíþrótta. Ber þar fyrst að nefna könnun sem gerð var af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að frumkvæði og í samvinnu við þróunarhóp umbótanefndar ÍSÍ um kvennaíþróttir á árinu 1994. Sú könnun sem gerð var í 8. bekk á meðal rúmlega 800 nemenda fjallaði um brottfall stúlkna úr íþróttum og fylgja tvær myndir úr henni með tillögunni sem hér er lögð fram. Fyrri myndin sýnir að samkvæmt könnuninni er marktækur munur á íþróttaiðkun pilta og stúlkna í þessum hópi og að mun fleiri piltar en stúlkur iðka íþróttir á hverjum degi. Þar er hlutfall drengja 39,9% en aðeins 12,6% stúlkna iðka íþróttir á hverjum degi. Ef við lítum hins vegar á þá sem iðka íþróttir aðeins einu sinni í viku eða sjaldnar snýst hlutfallið algjörlega við. Piltar eru þar 13,5% en stúlkur 34%.

Seinni myndin sem fylgir með tillögunni sýnir íþróttaiðkun nemenda í skóla fyrir utan skyldutíma í leikfimi. Þar má sjá að meira en helmingur stúlkna en tæplega 23% pilta hafa aldrei tekið þátt í slíkum íþróttum eða gera það ekki lengur. Hlutföllin snúast við þegar við komum að þeim sem stunda oft íþróttir utan skóla. Af þeim nemendum sem iðka slíkar íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar eru strákar 38% en stelpur 11,5%.

Í helstu niðurstöðum könnunarinnar segir að margt sé ólíkt með aðstæðum og viðhorfum pilta og stúlkna til íþrótta og af því megi ráða ýmislegt um ástæður þess að stúlkur stundi síður íþróttir en strákar. Það segir líka að í ljós hafi komið í könnuninni að hvatning skipti miklu máli og að foreldrar, afi og amma, vinir og íþróttakennarar hvetji stelpur að jafnaði minna til íþróttaþátttöku með íþróttafélögum. Segir í niðurlagsorðum könnunarinnar að hér sé um mjög alvarlegar niðurstöður að ræða og að líklega sé þar að finna verulegan þátt í ástæðum brottfalls stúlkna úr íþróttum.

Þá voru nýlega kynntar niðurstöður úr könnun sem umbótanefnd ÍSÍ lét gera í samvinnu við ÍM Gallup um kvennaíþróttir og fylgir útdráttur úr þeirri könnun með tillögunni. Í henni koma fram margar áhugaverðar niðurstöður. M.a. má af henni sjá að það er almenn skoðun að kvennaíþróttir fái of litla umfjöllun í fjölmiðlum. Þessar niðurstöður samrým-

ast ekki því sem gjarnan heyrist þegar sjónvarpsstöðvar og aðrir fjölmiðlar eru gagnrýndir fyrir að leggja ofuráherslu á meistaraflokk karla í umfjöllun sinni um íþróttir. Þá er því gjarnan svarað til að eftirspurn ráði, fólk nenni einfaldlega ekki að horfa á kvennabolta eða kvennaíþróttir. Það væri reyndar forvitnilegt að vita hver sé stefna ríkissjónvarpsins í þessum málum því að mínu mati hlýtur slíkur fjölmiðill að hafa einhverjar skyldur í þessum efnum umfram aðra fjölmiðla.

Hv. þingkona Kristín Ástgeirsdóttir lýsti í eldhúsdagsumræðum um daginn eftirminnilegum kynnum sínum af prinsinum af Svasílandi sem hún kynntist á hinni margumtöluðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Kína.

Ég var fulltrúi á ráðstefnu óháðra félagasamtaka sem fram fór á sama tíma og varð þar líka fyrir afrískum áhrifum. En á nokkurn annan hátt heldur en Kristín. Ég sat þar fund sem haldinn var af konum frá Simbabve og fjölluðu þær um aðgerðir þar í landi til að efla íþróttaiðkun stúlkna og kvenna. Það kom mér á óvart hvað þessar konur áttu margt sameiginlegt með okkur hér á norðurhjara veraldar í þessum málum. Þrátt fyrir erfiðara umhverfi hefur þarlendum konum orðið heilmikið ágengt í átt til framfara með samstarfi íþróttahreyfingarinnar og kvenna úr kvennahreyfingunni. Þær höfðu setið alþjóðlega ráðstefnu í Brighton á Englandi á síðasta ári þar sem samþykkt var sérstök yfirlýsing um konur í íþróttum og höfðu óspart nýtt sér það sem þeim lærðist þar. En Brighton-yfirlýsingin er einmitt vitni um að hér sé um alþjóðlegt vandamál að ræða, enn eitt birtingarform þess misréttis sem stúlkubörn og konur búa við víða um heim.

En þegar litið er til útlanda þá er Noregur kjörið dæmi um það hvernig hægt er að breyta málum í átt til framfara ef átakið er samstillt á milli íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda. Norðmenn hafa gert íþróttastefnu fyrir tíunda áraguginn og í henni er m.a. tekið sérstaklega á íþróttaiðkun stúlkna og kvenna. Árið 1987 var samþykkt í íþróttahreyfingunni að hafa kynjakvóta í öllum nefndum, ráðum og nefndum norska íþróttasambandsins og skyldi hann vera í hlutfalli við fjölda karla og kvenna í hreyfingunni, þó þannig að minnst væru tveir fulltrúar af hvoru kyni. Aðeins er heimilt að gera undantekningar í sérstökum tilvikum frá þessu. Þá samþykkti ríkisstjórnin sérstaka ályktun um konur og íþróttir þar sem hún lýsir því markmiði sínu að betrumbæta þá mynd sem komið hafði fram í fjölda kannana um þessi mál. Sérstöku fé var varið til þess að auka hlutfall kvenna í þjálfarastöðum.

Árangurinn af áhuga norskra stjórnvalda á íþróttamálum stúlkna og kvenna hefur ekki látið á sér standa. Norskar íþróttakonur eru hvarvetna í fremstu röð í heiminum og hafa stórbætt árangur sinn á síðustu árum. Þær eru heimsmeistarar kvenna í fótbolta, silfurhafar í handbolta og margfaldir meistarar í skíðaíþróttum og svo mætti lengi telja.

Herra forseti. Það er verkefni stjórnvalda að taka á því mikla brotthvarfi kvenna úr íþróttum eins og fjöldi kannana hefur sýnt fram á. Það er kominn tími til að gera eitthvað í málunum því fleiri kannana er varla þörf.

Hér hefur verið lögð fram tillaga til úrbóta í þessum efnum þar sem áhersla er lögð á samstarf íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda í því skyni að bæta þá slæmu mynd sem kannanir sína.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[14:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er sérstaklega ánægjulegt þegar konur á Alþingi taka sig saman og hreyfa máli af þessu tagi. Það hefur áður gerst eins og fram kom í máli 1. flm. tillögunnar og ég held að ég muni það rétt að allar konur á Alþingi hafi verið flutningsmenn að þeirri tillögu sem vísað er til í greinargerð þáltill.

Það er full ástæða til að taka þessi mál upp að nýju miðað við þær staðreyndir að það hallar mjög á í allri umgerð stúlkna- og kvennaíþrótta í samanburði við íþróttir pilta og karla. Íþróttaiðkun er mannbætandi, hún er holl tómstundaiðja og hún er heilsusamleg. Þess vegna er mikilvægt að hún standi strákum og stelpum jafnt til boða, að hvatning sé sú sama hvort kynið sem á í hlut og hvers konar viðurkenning og umfjöllun sé jafnsjálfsögð hvort sem hann eða hún á hlut að máli. Þannig er það ekki. Við vitum það en það er hins vegar óvinsælt að tala um það og vekja á því athygli.

Það hefur verið vísað til reynslu og aðgerða frænda okkar í Noregi og átaksins sem þeir gerðu til að efla kvennaíþróttirnar og við eigum að leitast við að feta í þau fótspor. Okkur flutningsmönnum er mjög í mun að færa fyrir því gild rök að ástæða sé til sérstakrar stefnumörkunar í íþróttum stúlkna og kvenna og þess vegna skiptum við nokkuð með okkur efnismeðferð og upplýsingum sem fyrir liggja og hafa þýðingu varðandi þetta mál.

Ég vil í umfjöllun minni víkja að alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í Brighton í Englandi á sl. ári um konur og íþróttir. Með ráðstefnunni var leitast við að ná saman þeim aðilum sem annast stefnumörkun og ákvarðanir varðandi íþróttir, bæði á heimavelli og á alþjóðavettvangi og var ráðstefnan m.a. studd af alþjóðaólympíunefndinni. Ráðstefnunni var sérstaklega beint að því viðfangsefni hvernig hraða megi breytingum sem ráða munu bót á því misvægi sem konur standa andspænis í íþróttaþátttöku sinni. Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 280 talsins frá 82 löndum og fulltrúar voru bæði frá opinberum aðilum og áhugafélögum. Yfirlýsingin sem ráðstefnan samþykkti hvetur til aðgerða sem eru til þess fallnar að auka þátttöku kvenna í íþróttum á öllum stigum og á öllum sviðum. Hún skiptist í eins konar inngang eða umfjöllun og í meginmarkmið og útfærsluatriði. Í inngangi yfirlýsingarinnar er lögð áhersla á að íþróttir eru menningarleg ástundum sem bætir samfélög og vináttu milli þjóða. Íþróttir gefa persónulegan ávinning. Þær mæla eða sanna persónulegan árangur, metnað og getu og eru jafnframt allt í senn skemmtun, félagsleg þátttaka, vellíðan og góð heilsa. Íþróttir eru ástundun sem gefur einstaklingnum möguleika á sjálfsþekkingu. Íþróttir efla þátttöku, aðlögun og ábyrgð í þjóðfélaginu og ýta undir þróun í samfélaginu. Þær eru ómissandi þáttur í menningu þjóðar.

Sú staðreynd er dregin fram í yfirlýsingunni að á meðan konur eru helmingur mannkyns eru konur í íþróttum mun færri en karlmenn þó hlutfallið í þátttöku þeirra sé breytilegt milli landa. Það kemur fram að þrátt fyrir aukna þátttöku kvenna, bæði í heimalandi og á alþjóðavettvangi, hefur konum hvorki fjölgað í hlutverkum þar sem ákvarðanir eru teknar né í forustuhlutverkum í íþróttum að sama skapi. Konur eru í áberandi minni hluta í stjórnun, í þjálfarastöðum og forustuhlutverkum, sérstaklega í æðri stöðunum. Án hlutdeildar kvenna í ákvörðunum og skipulagningu og sem leiðtogar munu stúlkum og konum ekki bjóðast jöfn tækifæri eða jafnir möguleikar og körlum. Reynsla kvenna, gildi og

framkoma getur eflt og þróað íþróttir. Á sama hátt getur aukin þátttaka bætt og breytt lífi kvenna segir enn fremur í inngangi yfirlýsingarinnar.

Það var ákveðið að koma á laggir og þróa alþjóðlega áætlun fyrir konur í íþróttum sem nái til allra heimsálfa. Sú áætlun fái atfylgi og stuðning opinberra og óopinberra félagasamtaka á íþróttasviði.

Aðalmarkmið yfirlýsingarinnar er að þróa íþróttamenningu sem innifelur og nær til fullrar þátttöku kvenna í öllum greinum íþróttanna. Þar segir að það sé í þágu jafnréttis, þróunar og friðar að sú skuldbinding verði gerð af hálfu opinberra og óopinberra samtaka og allra þeirra stofnana sem tengjast íþróttum að framfylgja undirstöðuatriðum gefnum í þessari yfirlýsingu með stefnu, skipulagi og stjórnsýslu í fimm atriðum

sem tryggir að allar konur og stúlkur eigi möguleika á að taka þátt í íþróttum í öruggu og hvetjandi umhverfi sem framfylgi rétti, virðingu og áliti einstaklings,

sem eykur þátttöku kvenna í íþróttum á öllum sviðum og í öllum hlutverkum,

sem tryggir að þekking, reynsla og gildi kvenna styrki þróun íþróttanna,

sem stuðlar að ástundun kvenna í íþróttum sem framlag til almenningsheilla, þróunar samfélags og uppbygging heilbrigðis þjóðar,

sem stuðlar að viðurkenningu kvenna á eðlislægu gildi íþróttanna og framlagi þeirra til persónulegs þroska og heilbrigðs lífernis.

Undirstöðuatriðin eru í nokkuð mörgum köflum, sem hvatt er til að fylgja. Það eru einir 10 kaflar og þeir fjalla um mörg tækifæri í félagslífi og íþróttum, um aðstöðuna, um skóla- og unglingaíþróttir, um að þróa þátttöku miðað við þarfir og þrár kvenna, um framkvæmd íþrótta á hverjum stað, um forustuhlutverk í íþróttum, um menntun, þjálfun og þróun bæði þjálfara og annarra starfsmanna á íþróttasviði, um upplýsingar og rannsóknir, um stuðning og fjármögnun og um innlenda og erlenda samvinnu. Á öllum þessum sviðum er hvati til aðgerða sem stuðlar að því að markmiðum yfirlýsingarinnar verði náð fram.

Við sem stöndum að þessari till. til þál., sem hér er til umræðu, getum allar tekið heils hugar undir yfirlýsinguna, markmiðin og aðgerðaáætlunina. En við hljótum að spyrja hvernig stjórnvöld okkar ætla að standa að verki til að ná þeim fram og við hljótum að kalla eftir stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Sú stefnumörkun sem hér er kallað eftir snýst um jafnrétti karla og kvenna, um jafnrétti stúlkna og drengja. Efling íþróttaiðkunar kvenna er sérlega mikilvæg af því eins og fram hefur komið lýtur hún bæði að líkamlegri og félagslegri umönnun og hún er mikilvæg sem fyrirbyggjandi aðgerð og bætir heilsu og vinnuþrek. Það er því óumdeilt að það er fjárhagslega hagkvæmt að veita fjármagn til uppbyggingar í þessum málaflokki sem að mínu mati snýr reyndar fyrst og fremst að félagslegum þætti uppbyggingarinnar.

Hér á Alþingi höfum við tekið til umfjöllunar fjölmörg mál er varða börn og unglinga þar sem vandamál steðja að. Má þar nefna unglinga sem flosna úr skóla, vímuefnaneyslu, sjálfsvíg og fleira. Í þeirri umfjöllun komum við aftur og aftur að mikilvægi hvers konar forvarnastarfs, að því hve mikilvægt er að börn og unglingar aðhyllist heilbrigð áhugamál, taki þátt í æskulýðs- og eða íþróttastarfi, að þau stundi yfirleitt holla tómstundaiðju.

Ég tek skýrt fram, virðulegi forseti, að það væri einföldun að halda því fram að góð tómstundaiðja eða íþróttaiðkun sé lausn á öllum vanda eða afstýri því í öllum tilfellum að illa fari. En það er alveg ljóst að það eru sterkar líkur á að ástundum íþrótta afstýri því að félagslega halli undan fæti hjá ungu fólki eða það verði vímuefnanautnum að bráð.

[14:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í þeirri umræðu sem átti sér stað fyrr á þessum degi um framhaldsskólafrv. kom hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason inn á það atriði hversu mikilvægt það væri að tengja líkamsrækt við markmið skóla. Mér finnst hugsun hans tengjast þeirri tillögu sem hér er á ferð því að íþróttir tengjast eins og fram er komið hjá þeim ræðumönnum sem tekið hafa til máls um þessa tillögu auðvitað góðri heilsu og vinnuþreki sem skiptir alla miklu máli í daglegu lífi.

Sú tillaga sem hér er til umræðu gengur út á að stefna verði mörkuð í íþróttum stúlkna og kvenna og þegar ég tala um íþróttir er það í víðustu merkingu, íþróttir fyrir alla, hvers konar íþróttir og líkamsrækt.

Sjúkraþjálfari einn sem ég þekki, sem hefur stundað töluverðar rannsóknir á því fólki sem til hans leitar og hefur sérstaklega fengist við íþróttir, heldur því fram, og vísar þar til samanburðar við Noreg, að íslenskar konur séu mun verr á sig komnar líkamlega en stallsystur þeirra í Noregi. Hann skýrir það með því að íþróttakennsla í skólum landsins sé ekki nægilega góð og þá sérstaklega ekki íþróttakennsla stúlkna og svo það sem fram kemur í greinargerð frv. og töflurnar sýna sem hér eru birtar að stúlkur hætta íþróttaiðkun miklu fyrr en strákar. Þess vegna er ekki síst mikilvægt að í þeirri stefnumörkun, sem á vonandi eftir að fara fram, felist tillögur um það hvernig hægt er að hvetja stúlkur til þess að halda áfram íþróttaiðkun og líkamsrækt. Þetta þarf að fara saman og ég tek alveg sérstaklega undir þau sjónarmið að íþróttaiðkun og almenn líkamsrækt er með því besta sem hægt er að gera til þess að bæta heilsu og draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Þetta er einmitt dæmi um þær breyttu áherslur sem þurfa að eiga sér stað.

Það sem tengist konum sérstaklega í þeim efnum er það að tölur sýna að konur leita til lækna í mun ríkara mæli en karlar. Ýmsir sjúkdómar herja fremur á konur en karla hér á landi svo sem hvers kyns álagssjúkdómar vegna mikillar og einhæfrar vinnu. Þetta hafa rannsóknir sjúkraþjálfara m.a. sýnt fram á.

Við vinnslu þessarar tillögu hafa flutningsmenn aflað sér ýmissa gagna og ég er hér m.a. með lítið rit sem heitir The European Women in Sport en það hefur átt sér stað töluvert samstarf milli íþróttasamtaka í Evrópu varðandi stefnumótun í íþróttum kvenna. Meðal helstu markmiða sem íþróttasamböndin hafa sett sér er í fyrsta lagi að auka þátttöku kvenna í íþróttum. Í öðru lagi er bent á nauðsyn þess að fjölga kvenþjálfurum, einkum í þeim íþróttagreinum sem stúlkur sækja sérstaklega, og jafnframt að auka hlut kvenna í stjórnum og ráðum íþróttafélaga og íþróttasamtaka. Í þriðja lagi er bent á nauðsyn þess að nýta þekkingu, reynslu og gildismat kvenna til að þróa íþróttir sem henta konum vegna þess að það er auðvitað svo að ekki henta allar íþróttagreinar konum jafn vel og körlum eða höfða til þeirra eða vekja áhuga þeirra. Síðan er í fjórða lagi bent á nauðsyn þess að auka rannsóknir og þekkingu á konum og íþróttum. Það er ákaflega mikil-

vægt að átta sig á því hvaða íþróttagreinar eru hættulegar eða valda of miklu líkamlegu álagi o.s.frv.

Þá vil ég líka benda á það í þessu samhengi að í kvennaumræðu í Bandaríkjunum hefur töluvert verið vikið að íþróttum sem uppeldistæki, tæki til þess að efla dirfsku, hugrekki, þrek og þor til þess að takast á við vanda mannlífsins. Það er líka bent á íþróttir sem tæki til þess að ala upp leiðtoga, þ.e. leið til þess að ala upp fólk sem þorir að ganga fram fyrir skjöldu og bjóða sig fram til hvers konar leiðtogahlutverka. Það hefur einmitt verið bent á að íþróttakennsla karlmanna hefur verið mjög markviss í skólum svo að öldum nemur, þ.e. hjá þeim karlmönnum sem hafa átt þess kost að sækja skóla og sú þjálfun sem þar fer fram á sinn þátt í að efla það karlveldi sem við búum við enn þann dag í dag.

Það er ákaflega mikilvægt við þessa stefnumörkun að horfa á það hvað þurfi að gera, á hvaða sviðum, um hvaða íþróttir við erum að tala en ég vil alveg sérstaklega undirstrika að það þarf að skoða hin mismunandi svið, taka skólana sérstaklega og síðan þarf að taka almenningsíþróttirnar sér. Þó að menn hafi bent á að þeim fjölgar stöðugt sem stunda líkamsrækt af einhverju tagi, þá eru þeir fjarskalega margir og allt of margir sem aldrei gera neitt, samanber það dæmi sem nefnt var við mig um það að á meðan 10 menn færu út að hlaupa sætu 100 fyrir framan sjónvarpstækin. Þetta er hlutfall sem við þurfum að breyta. Ég held að við þurfum líka að mörgu leyti að breyta hugarfari fólks til íþrótta, að leggja ekki jafnmikla áherslu og gert hefur verið á einstakar keppnisíþróttir, heldur fyrst og fremst að líta á íþróttir út frá því sjónarmiði að þær séu fyrir alla og það eigi allir að stunda líkamsrækt bæði til að bæta heilsu og vinnuþrek og auðga lífið vegna þess að líkamleg átök færa fólki ákveðna fullnægingu og gleði. Þar hallar mjög á konur og það er það sem við viljum bæta með þessari tillögu.

[15:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að hafa haft frumkvæði að því að taka þetta mál fyrir á þingi. Það er mjög ánægjulegt þegar konur úr öllum flokkum geta staðið saman að máli sem þessu. Ég minnist þess þegar sambærilegt mál var tekið fyrir í þinginu á síðasta kjörtímabili, þá var ég inni á þingi sem varamaður. Ég er hissa á því að eftir að sú þáltill. var samþykkt í þinginu, skuli hún ekki hafa fengið frekari framgang.

Mig langar aðeins til að koma inn á þátt fjölmiðla í eflingu íþróttastarfs því að sú mynd sem fjölmiðlar bregða upp af íþróttafólki, sú ímynd sem þeir skapa, er ákaflega mikilvæg hvað varðar þátttöku stúlkna og kvenna í íþróttum og einnig þátt ungmenna. Ég minni á það hvað t.d. einvígi þeirra Fischers og Spasskys hafði mikil áhrif á skákáhuga hér á landi og þá aðallega drengja. Það skákmót er talið vera aðalástæðan fyrir því hvað við eigum sterka skákmenn í dag. Þarna er ákveðið framtak stjórnvalda sem hefur mjög afgerandi áhrif á skákiðkun drengja.

Sama má líka nefna varðandi sýningar frá bandarískra körfuboltanum NBA hjá Stöð 2. Forsvarsmenn íþróttafélaga og kennarar íþrótta í skólum hafa talað um það hvað sýning þessara leikja hafi haft geysilega mikil áhrif á áhuga drengja á körfuboltaíþróttinni. Það sýnir sig í aukinni körfuboltaiðkun um allt land. Þannig geta fjölmiðlar haft áhrif á íþróttaiðkun. Stefnumörkun í fjölmiðlun, og þar má nefna sérstaklega Ríkisútvarpið sem hið opinbera á aðgang að, getur haft mjög afgerandi áhrif á það hversu konur og stúlkur gera sig gildandi í íþróttum og taka þátt í líkamsrækt. Ef það yrði ákvörðun t.d. Ríkisútvarpsins eða fjölmiðla að gera kvennaíþróttunum jafnhátt undir höfði og karlaíþróttum, þá efast ég ekki um að það mundi auka þeirra hlut. Þetta mál kom mjög oft til umræðu í útvarpsráði þegar ég átti þar sæti. Okkur konunum þar fannst hlutur kvenna ákaflega rýr í íþróttaumfjöllun. Menn hafa tekið eftir því, og svo er reyndar enn, að íþróttafréttir af karlaíþróttum koma yfirleitt alltaf fyrst í íþróttaþáttum og jafnvel er farið niður í 2. og 3. deild, sagt frá leikjum og úrslitum í þeim og síðan kannski í fjórða lagi að kvennalandslið hafi sigrað í landsleik við eitthvert erlent lið. Þetta er forgangsröðin í fjölmiðlunum. Þess vegna er það kannski ekki sérkennilegt að konum finnist þetta ekkert mjög merkilegt og áhugavert að vera að standa í þessu. Því að sú ímynd sem íþróttaþættirnir gefa er ákaflega rýr.

Aftur á móti má nefna það sem jákvæðan þátt að velgengni íslenskra stúlkna í knattspyrnu hefur fengið nokkuð veglega umfjöllun og áhugi kvenna og stúlkna á íþróttinni hefur aukist mjög mikið í kjölfar þessarar velgengni kvennalandsliðsins.

Það kom fram í greinargerð þegar hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir mælti fyrir málinu áðan að íþróttafélögin halla líka á stúlkurnar og konurnar. Og við sem höfum fylgst með börnunum okkar í íþróttaiðkunum höfum tekið eftir því að stúlkurnar fá minni og verri tíma til æfinga. Þær eru því miður látnar mæta afgangi og nánast sitja á hakanum hjá íþróttafélögunum.

Það hefur líka komið fram varðandi umfjöllun um félagslegan vanda og þau vandamál sem unglingar hafa átt í t.d. varðandi vímuefnaneyslu og afbrot, að þar séu ákveðin tengsl milli íþróttaiðkunar og þeirra sem lenda í þessu, þ.e. með öfugum formerkjum. Þeir sem stunda íþróttir lenda síður í vímuefnaneyslu og afbrotum.

Bágur fjárhagur heimilanna í dag er einnig ein af ástæðum þess að unglingar taka ekki þátt í íþróttastarfi. Það hefur iðulega komið fram í umræðunni að foreldrar treysta sér ekki til þess að styðja börnin sín í íþróttaiðkun því að þetta eru orðin töluverð útgjöld fyrir fjölskyldu. Og eins og kom fram áðan í umræðunni, lendir það mjög oft á stúlkum að þurfa að kosta sína íþróttaiðkun sjálfar með alls konar sjálfboðastarfi í íþróttafélögunum. Það er heldur ekkert í samfélaginu sem hvetur þær til dáða í íþróttaiðkunum. Því er full ástæða til þess að hvetja hið opinbera til að koma jafnvel fjárhagslega til móts við konur og stúlkur varðandi íþróttaiðkanir, þannig að hlutur þeirra verði réttur í íþróttastarfi. Slík tímabundin mismunun mundi áreiðanlega færa kvennaíþróttir nær íþróttum karla í mikilvægi, bæði hjá íþróttafélögunum og hjá fjölmiðlunum eða íþróttafréttamönnunum Þetta mætti þá flokkast undir jákvæða tímabundna mismunun til að rétta hlut kvenna sem hefur oft verið rædd hér varðandi jafnréttismál.

Eins og segir í greinargerðinni með þessari þáltill., þá kemur fram í skoðanakönnun sem er birt með að yfir 70% þeirra sem tóku þátt í henni telja að kvennaíþróttir fái of litla umfjöllun í fjölmiðlum. Þetta er sambærileg niðurstaða og hefur komið oft fram í könnunum.

Það er líka athyglisvert að sjá hver hlutur kvenna er í íþróttaiðkunum og kemur hér fram í töflunum. Það eru sláandi upplýsingar. En af því að við vorum að tala um forvarnir, þá vil ég aðeins minnast á það að heilbrigðisyfirvöld sem vilja leggja áherslu á forvarnir eiga auðvitað að beita sér fyrir því að það verði ákveðin markviss stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna og ég er sannfærð um það að árangurinn

mun verða til hagsbóta, bæði fyrir konur, karla og samfélagið allt og ekki síst fyrir ríkiskassann með minni útgjöldum til heilbrigðismála, félagsmála og annarrar samfélagsþjónustu.

[15:10]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri tillögu sem hér er til umræðu og tek að öllu leyti undir efni hennar, sem hefur verið vel rökstutt af þeim alþingismönnum sem tekið hafa til máls, sem reyndar eru allt alþingiskonur. Ég vil þó nefna sérstaklega og ítreka hér ein sérstök rök sem hafa verið nefnd varðandi þessa tillögu, en það er efling keppnisáhuga hjá stúlkum. Hvort sem við köllum það dirfsku eða þor til að standa í samkeppni við aðra, þá tel ég að íþróttir séu mjög vel til þess fallnar eins og hér hefur komið fram. Stúlkur leggja oft meira upp úr samvinnu við aðra heldur en samkeppni. Og því er mjög mikilvægt að vekja áhuga kvenna eða stúlkna á íþróttum og gefa þeim kost bæði á íþróttum sem höfða til samvinnu og hópandans og íþrótta sem höfða til samkeppni.

Ég vil einnig taka undir orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur hér áðan og reyndar fleiri flm. að þetta tengist auðvitað skólaíþróttum. Þótt mjög margt hafi breyst þar hin síðari ár og margt til betri vegar, m.a. aukin samkennsla kynjanna, þá held ég einnig að þar hafi ekki allt verið vel gert og vil í því sambandi nefna að stúlkur kvarta gjarna undan því að þar ráði áhugamál drengja um of, áherslan sé stöðugt á fótbolta eða keppnisíþróttir.

Ég hef átt þess kost í athugunum mínum á menntun og kynferði að sitja nokkrar kennslustundir í leikfimi þar sem ég hef fylgst með hvernig kennsla hjá stúlkum og drengjum fer fram. Ég tek hér sem dæmi karlkennara sem var með 10 eða 11 ára drengi. Hann byrjar tímann á því að segja: Nú skulum við fara í boltaíþróttir. Það eru tveir leiðtogar, hver vill vera foringi? Margir strákar rétta upp hönd. Síðan eru þeir valdir og síðan velja þeir sín lið. Og auðvitað sitja þeir eftir sem slakastir eru í fótboltanum eða handboltanum, ég man ekki hvort var í þessu tilfelli, en sumir berja sér á brjóst og eru voða ánægðir með að hafa verið valdir fyrstir í liðið.

Sem andstæðu við þetta upplifði ég stúlknatíma í næsta tíma á eftir. Þetta var sami aldurshópur og tíminn líka frjáls. Kennarinn segir: Við skulum fara í — ég man ekki hvað leikurinn er kallaður, það eru búnar til tvær raðir og sá sem er fremstur á að gera alls konar hluti og allir hinir herma eftir, þrautakóng væntanlega. Og í stað þess að leyfa stúlkunum að velja hver vildi vera foringi eða eitthvað slíkt, þá er hópnum bara skipt upp í lið og svo er sagt: Þú færð að vera fremst eina ferð yfir salinn, svo ferð þú aftast og þannig koll af kolli. Þannig fékk engin þá tilfinningu að hún væri að tapa eða væri slakari en önnur og allir fóru í gegnum sömu hlutverkin í raun og veru. Þetta er held ég gott dæmi um hvernig íþróttir geta bæði eflt hópkennd og þá tilfinningu að allir séu jafnmikils virði og hitt að reyna að ýta undir samkeppni og þá tilfinningu að sumir séu sterkari en aðrir. Og ég held að það sé mjög mikilvægt í leikfimi almennt að kennarar og einnig þjálfarar hugleiði að þeir eru ekki bara að efla líkamshreysti barna, heldur hafa þeir veruleg áhrif á hugmyndir þeirra um sjálf sig og þeirra karakter og leiðtogahæfni. Að mínu mati verður ekki síst að efla kennslu þjálfara þannig að þeir séu meðvitaðir um hvaða áhrif þeir hafa á börn að þessu leyti.

Ég tel að þetta mál hafi verið ágætlega rökstutt, en ein meginástæðan fyrir því að ég kem hér í pontu núna er sú að ég vil vekja athygli á því, eins og kemur fram í grg. með tillögunni, að það var samþykkt hér tillaga árið 1992 sem ekkert var gert með. Og þetta er í þriðja skiptið núna á örfáum dögum sem ég hef heyrt um að það er samþykkt þingsályktun eða lagt til fjármagn sem ekkert er gert með. Fyrir nokkrum dögum var rætt hér um fjárveitingu til að jafna launamun kynjanna og þá kemur í ljós að fjárveitingin liggur nær ónotuð. Þriðja dæmið sem ég vil nefna er að það var samþykkt hér fyrir allmörgum árum eftir mjög mikið þref, tillaga um átak í kynfræðslu til kvenna eða í skólum. Flutningsmaður var hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Eftir nokkur ár var farið að athuga hvað hefði verið gert. Peningarnir voru ónotaðir, ekkert átak var gert. Þannig er mjög mikilvægt að við konur sameinumst ekki aðeins um að koma hér góðum tillögum í gegn heldur er ekki síður nauðsynlegt að við fylgjumst vel með því hvort og hvernig þeim er fylgt eftir.

[15:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér er hreyft merku máli. En eins og fram kom í ræðu síðasta hv. ræðumanns, vill oft verða misbrestur á því að unnt sé að hrinda í framkvæmd þeim ályktunum sem Alþingi gerir um málefni sem þingmenn eru sammála um. Þegar til þess kemur að hrinda þessum góðu áformum í framkvæmd reynist það oft örðugra en menn ætla þegar þeir standa hér og flytja ræður fyrir góðum málum.

Hér er mælst til þess að Alþingi feli ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Og nefndin vinni í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands að því að efla íþróttir stúlkna og kvenna og leitist við að koma í veg fyrir eða minnka hið mikla brotthvarf stúlkna úr íþróttum. Þá skoði nefndin sérstaklega umfjöllun fjölmiðla um íþróttir stúlkna og kvenna, hvaða fjármagn sé veitt til stúlkna- og kvennaíþrótta, skiptingu kynjanna í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra þá þætti sem geta haft áhrif á stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta. M.a. verði litið til þess sem gert hefur verið erlendis í átt til umbóta í þessum efnum.

Ég verð að segja að þegar ég les þessa ályktun þá finnst mér varðandi síðari hlutann, um að skoða umfjöllun fjölmiðla, skoða hvaða fjármagn er veitt, skoða hvernig skiptingu kynjanna er háttað í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra slíka þætti, að þá þurfi kannski ekki að setja niður sérstaka nefnd. Þetta ætti að vera tiltækt og unnt að rannsaka það án þess að nefnd geri það í sjálfu sér. En hitt, að móta stefnu í íþróttum stúlkna og kvenna, er verkefni sem manni finnst eðlilegt að nefnd komi að og þá í samráði við þá aðila sem þarna er um rætt. Raunar má velta því fyrir sér hvort Alþingi þurfi að ályktа um mál af þessu tagi. Það ætti að vera á verksviði íþróttahreyfingarinnar að sjá um að sinna þeim með þeim hætti að Alþingi þyrfti ekki að láta þau til sín taka með sérstakri ályktun og virðulegir þingmenn úr öllum flokkum að flytja tillögur um það efni. Nauðsynin er fyrir hendi. Það er ljóst að að þessum málum er ekki staðið með þeim hætti sem viðunandi er talið og vonandi eru innan íþróttahreyfingarinnar einnig jafnáhugasamar konur um þessi mál eins og hér á hinu háa Alþingi. Og vonandi er þetta mál einnig tekið til umræðu á íþróttaþingum þar sem menn koma til að ræða saman um málefni íþróttanna.

Ég komst ekki til þess í umræðunum um síðasta mál sem hér var á dagskrá að svara öllum þeim fyrirspurnum eða athugasemdum sem til umræðu komu. En eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir minnti á var réttilega vakið máls á því í umræðunum af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að líkamsrækt

væri ekki gert hátt undir höfði í frv. um framhaldsskóla né heldur í grg. með því frv. Og ég er sammála því að það á að leggja ríkari áherslu á líkamsrækt þegar rætt er um skólamál og að þar sé vettvangur fyrir ríkisvaldið til að koma því til leiðar og stuðla að því að íþróttir og líkamsrækt séu stunduð með þeim hætti sem vera ber og að bæði kynin taki þátt í þeim með þeim hætti sem verðugt er. Að á þeim vettvangi geti ríkið sérstaklega látið að sér kveða og borið ábyrgð en í hinu frjálsa íþróttastarfi séu það frekar íþróttahreyfingin, íþróttasambönd eða ungmennafélög og aðrir aðilar sem eigi að bera ábyrgð og beri þeim að taka tillit til þessarar ályktunar. Þannig skorast ég ekki undan því, verði þessi ályktun samþykkt, að stuðla að því að nefnd verði sett á laggirnar en stefnumótunin og stefnuframkvæmdin hlýtur að verulegu leyti að vera í höndum annarra en ríkisins.

Ef við viljum hafa hér frjálsa íþróttahreyfingu sem starfar á eigin forsendum þá er það ekki endilega ríkisins að mæla fyrir um það hvernig þar er starfað. Hún á að starfa eftir þeim reglum sem hún setur sér sjálf. En að sjálfsögðu ber henni eins og öðrum að taka mið af jafnrétti og því viðhorfi sem kemur fram og endurspeglast í þessari ályktun. Ég er líka þeirrar skoðunar, sem ég hef látið koma fram hér af öðru tilefni, að afskipti af umfjöllun fjölmiðla um íþróttir eða önnur mál eru mjög hæpin af hálfu Alþingis og ég mun ekki beita mér fyrir því sérstaklega í starfi mínu sem menntmrh. að hlutað sé til um það hvernig ríkisfjölmiðlar taka á einstökum málefnum, hvort heldur íþróttum eða öðru, þó að sjálfsögðu verði að gæta þess að þar sé starfað samkvæmt lögum og reglum. En mér finnst að það eigi að fara mjög varlega á þessu sviði. Ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram en einnig tel ég mjög mikilvægt að hv. menntmn. velti því fyrir sér hvað felst í hugtakinu „íþróttir" í þessari tillögu til þingsályktunar. Ég heyrði það að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir talaði um íþróttir og bætti síðan jafnframt við líkamsrækt. Erum við að tala um keppnisíþróttir, erum við að tala um leikfimi eða erum við að tala um líkamsrækt almennt, að búa fólk undir það og kenna því t.d. í skólunum þá tækni sem nýtist allt lífið til að rækta líkama sinn og taka þátt í vernd heilsunnar og forvörnum á þeim forsendum? Eða erum við að tala um stefnumótun í íþróttum sem lýtur að því að konur séu virkari í keppnisíþróttum eða að þær séu meira áberandi í fjölmiðlum af því að þær taki þátt í keppnisíþróttum? Eða erum við að tala um líkamsrækt almennt og þátttöku kvenna á því sviði? Mér finnst að það væri æskilegt að hv. menntmn. fjallaði um þetta og það væri greinilegri leiðsögn sem tilvonandi nefnd fengi um hvað átt væri þarna við í raun og veru. Ég tek undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að hugtakið líkamsrækt er að ýmsu leyti víðtækara hugtak heldur en hugtakið íþróttir í þessu sambandi. Sérstaklega finnst mér að leggja beri áherslu á líkamsrækt í skólastarfi og að íþróttir falli þar undir. Ef menn eru að tala um það þá finnst mér að það þurfi að koma fram í þáltill. og mundi óska eftir því að hv. menntmn. skilgreindi þetta þannig að leiðsögnin fyrir tilvonandi nefnd verði skýrari, verði tillagan samþykkt.

[15:24]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kannski væri réttara að taka aftur til máls en það er fyrst og fremst ein athugasemd sem ég vildi gera við mál hæstv. menntmrh. Ég vil fyrst taka undir það með honum að mér finnst orðið líkamsrækt ná yfir allt þetta svið sem við þurfum að horfa á. Við þurfum að tengja þetta allt saman. En varðandi hans orð um íþróttahreyfinguna og það að hún marki sína stefnu, þá finnst mér að ríkisvaldið geti gert ákveðnar kröfur til íþróttahreyfingarinnar. Það vill svo til að samkvæmt frv. til fjárlaga árið 1996 er liðurinn, Ýmis íþróttamál, upp á 72,2 millj. kr. Þannig að þótt íþróttahreyfingin telji sig reyndar alls ekki fá nóg, þá fær hún töluvert fé úr ríkissjóði. Og í framhaldi af því finnst mér við geta gert þá kröfu til hennar að hún sinni íþróttum kvenna og líkamsrækt kvenna til jafns við karla. Þess vegna finnst mér það ekki óeðlilegt að ríkisvaldið og sú nefnd, sem væntanlega verður skipuð í framhaldi af þessari tillögu, móti stefnu sem nær til íþróttahreyfingarinnar, að sjálfsögðu í samvinnu við þær hreyfingar.

[15:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi hugtakaskýringar. Ég vil upplýsa hæstv. menntmrh. um það að leikfimi í skóla kallast nú skólaíþróttir. Í öðru lagi vil ég nefna varðandi það að hann hafi ekki áhuga á að hafa áhrif á fjölmiðla að þessu leyti, að ég get alveg verið sammála honum, ef það giltu jafnréttissjónarmið innan fjölmiðlanna í samræmi við gildandi lög. En svo er ekki á meðan það einfeldningslega viðhorf ríkir t.d. hjá fréttastjóra sjónvarpsins að fjölmiðar endurspegli bara veruleikann. Og að lokum vil ég nefna að það skipti dóttur mína og mig óneitanlega mjög miklu máli í gærkvöldi þegar við horfðum á landa okkar vinna Rússa í handknattleik að það var kvenfréttamaður sem lýsti.

[15:27]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því eins og hv. ræðumaður að hugtakið skólaíþróttir er til hér á landi. Það er um það sem þessi tillaga fjallar. Hún fjallar um íþróttir og það sem ég var að spyrja um, og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir er líka að velta fyrir sér, er hvað felst í þessu hugtaki í tillögunni. Það er mjög mikilvægt að það fari ekkert á milli mála um hvað er verið að ræða. Sé verið að fjalla þarna um það að konur í fjölmiðlastörfum komi oftar fram í fjölmiðlum, þá finnst mér að það sé ekki málefni sem Alþingi eigi að skipta sér af. Vonandi hlusta forstöðumenn Ríkisútvarpsins á umræður sem hér fara fram, en að koma á reglum um slíkt með fyrirmælum frá Alþingi eða ráðuneytum finnst mér alveg út í hött og of mikil afskipti af fjölmiðlum þótt í eigu ríkisins séu.

[15:28]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefni þetta með skólaíþróttirnar vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um að það væri munur á heilsurækt í skólum og skólaíþróttum. Þetta heitir allt saman skólaíþróttir núna.

[15:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins að gera athugasemd varðandi þessa hugtakaumræðu. Hvort sem um er að ræða íþróttaiðkun eða keppnisíþróttir þá hvetur þátttaka kvenna í íþróttum einnig til líkamsræktar. Þetta er því allt samtengt og við erum í raun að tala um líkamsrækt og íþróttaiðkun í heild. Það er mjög mikilvægt að það komi hérna fram. Varðandi afskipti hins opinbera af rekstri Ríkisútvarpsins og umfjöllun þar, þá eru jafnréttissjónarmið ekki í heiðri höfð þar varðandi íþróttaumfjöllun. Við erum hér með jafnréttislög og viðgangist slíkt þarf auðvitað að taka í taumana.

Þess vegna var ég að tala hér áðan um jákvæða mismunun, kannski tímabundna, þar til hlutur kvenna hefur verið réttur í umfjöllunum í íþróttaþáttum fjölmiðla.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef svo er að ekki er farið að lögum um jafnrétti í starfi Ríkisútvarpsins að þessu leyti, þá hafa menn önnur úrræði tiltæk til að ná fram rétti sínum en að gefa fyrirmæli um það héðan frá Alþingi hvernig prósentur eigi að vera í dagskrá og hvernig haga skuli íþróttafréttum. Ég vara eindregið við því, sem mér finnst koma fram hvað eftir annað í máli ýmissa þingmanna, þeirri tilhneigingu að héðan úr Alþingi fari menn að stjórna dagskrárgerð og framsetningu mála í ríkisfjölmiðlum þó að um opinbera stofnun sé að ræða.

[15:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn að fara fram á það að dagskránni sé stjórnað héðan en öll umræða þar sem vakin er á því athygli að þarna sé hallað á annað kynið er auðvitað af því góða eins og kom reyndar fram í máli hæstv. ráðherra. Ég held að umræðan hér ætti strax að hafa þessi áhrif og öll umræða sem vekur athygli á því misrétti sem viðgengst er auðvitað af hinu góða og ætti að hafa áhrif.

[15:31]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri þáltill. sem hefur verið lögð fram og tek heils hugar undir þau meginsjónarmið sem þar hafa komið fram hjá þeim ágætu þingkonum sem hafa lagt þetta fram. Það má segja að það sé því miður ástæða til þess að á þessu sé tekið. Að sjálfsögðu hefðum við viljað að jafnrétti á þessu sviði sem öðrum væri með þeim hætti að ekki þyrfti að koma til neinna ábendinga eða afskipta Alþingis en svo er nú eigi að síður. Ég tel að með skipun nefndar eða afskiptum ríkisvaldsins og Alþingis af þessu máli sé stutt við þá þróun og ánægjulegu hreyfingu sem er í raun og veru í þjóðfélaginu.

Stúlkur eru æ meir að taka þátt í keppnisíþróttum og þar sem ég þekki best til í Ungmennafélagi Íslands, og þar einna helst á landsmótum, þá er beinlínis unnið að því í starfinu að fá konur sem allra mest til þátttöku í keppnisíþróttunum. Landsmótsnefnd, landsmótshaldari og aðrir sem koma að þessu hafa verið vakandi yfir því að konur fengju þar sem allra mestan og bestan hlut og ykju þátttöku sína. Því miður má sjá á þeim mótum hvernig konum hefur verið mismunað þar sem þær hafa lengst af þurft að sætta sig við það svo að ég nefni dæmi að keppa í handbolta á lélegum malarvöllum utan húss. Slíkt held ég að karlmönnum yrði aldrei boðið á mótum sem þættu nokkurs nýtileg. Ég veit að Íþróttasamband Íslands er sömuleiðis vakandi yfir þessu þó að ég nefni hérna sérstaklega starf Ungmennafélags Íslands á þessu sviði.

Ég held að þátttaka kvenna í keppnisíþróttunum sé í samræmi við það sem á öðrum sviðum er þó að það sé ekki umræðuefni hér en konur eru nú að ryðjast og brjótast inn í hvert karlavígið á fætur öðru á skyldum sviðum. Þær hafa mætt til leiks í björgunarsveitum, þær hafa mætt til leiks í klifri, jöklaferðum, skíðaferðum og öðrum slíku þar sem ég þekki nokkuð til. Alls staðar eru þær að koma og sums staðar hefur verið fyrirstaða fyrir þeim á þessum sviðum, svo sem í björgunarsveitunum. Þangað hafa þær brotið sér leið og er alveg sjálfsagt að styðja þær í þessu eins og í íþróttunum líka.

Það er einn þáttur þessara mála sem ég vildi vekja sérstaka athygli á en það eru almenningsíþróttirnar. Þá er ég ekki að tala um brotthvarf heldur er ég einmitt að tala um aukna þátttöku. Það hafa orðið mikil kynslóðaskipti í landinu sem betur fer hvað þetta varðar. Konur eru að koma mjög til leiks í almenningsíþróttum. Fjöldi kvenna er æ meiri í hlaupum, skokki og öðrum almenningsíþróttum og þarf ekki að nefna sérstakt kvennahlaup eða Reykjavíkurmaraþonið til þess að finna einu dæmin um þetta. Þarna er mjög ánægjulegur þáttur á ferðinni sem ég tel að það nefndarstarf, sem væntanlega fer af stað, ætti að hafa auga á og styðja hvað mest.

Einn þátt hvað varðar íþróttir og líkamsrækt vildi ég nefna og það er sjálfsmynd, sjálfstraust. Þátttaka kvenna í íþróttum, hvort sem er almenningsíþróttir eða keppnisíþróttir, er einhver sú besta leið sem konur geta fundið til þess að styrkja sjálfsmynd sína, ekki endilega til auglýsingar í fjölmiðlum eða öðrum stöðum, heldur fyrir þær sjálfar til eflingar bæði andlegum og líkamlegum þroska. Þarna er mjög mikil og sterk hreyfing á ferðinni sem ég tel að þetta starf ætti að hafa auga á.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram að ríkisvaldið hefur að sjálfsögðu ekki nema takmarkaða möguleika til beinna afskipta í þessu og má deila um hversu mikið það eigi að vera og hvernig það komi að fjölmiðlum. Að sjálfsögðu þurfa fjölmiðlar að leggja sitt af mörkum en ég held að besta leiðin sé sú sem hérna hefur verið nefnd af mörgum að styrkja og treysta þær hreyfingar í íþróttum sem eru þegar starfandi á þessu sviði og þar nefni ég þessar tvær stóru heildarhreyfingar, Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands.

Ég vil að lokum ítreka að ég styð eindregið þau meginsjónarmið sem hafa komið fram og fagna þáltill. frá flutningsmönnum.

[15:36]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá góðu og faglegu umræðu sem hér hefur átt sér stað en í henni tel ég að fram hafi komið allflestir þær þættir sem skipta máli í umfjöllun sem þessari. Brighton-ráðstefnunni hafa verið gerð góð skil, þáttur fjölmiðla og áhrif þeirra á íþróttaiðkun stúlkna hefur verið ræddur, gildi íþrótta í forvörnum gegn vímuefnum, komið hefur verið inn á nauðsyn á bættri íþróttakennslu og nauðsyn á samstarfi við íþróttahreyfinguna og drepið hefur verið á því sem hefur verið að gerast þar í þessum málum.

Varðandi athugasemdir hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar er síðari hluta tillögunnar fyrst og fremst ætlað að ítreka að nefndin hafi þær kannanir sem fyrir liggja um þessi efni til hliðsjónar við stefnumótunina og hún hafi það líka til hliðsjónar sem gert hefur verið erlendis og hefur orðið til þess að efla íþróttaiðkun stúlkna og kvenna.

Íþróttahreyfingin ber mikla ábyrgð og sú ábyrgð fer sívaxandi í þessum málum. Hún hefur með höndum mikið uppeldisstarf og þá er ég fyrst og fremst að tala um yngri flokkana og á hátíðarstundum er vitnað til þess mikilvæga hlutverks sem hún rækir. Íþróttafélögin sinna þessari ábyrgð flest mjög vel þrátt fyrir bágan fjárhag sumra þeirra og ég tel á engan hátt óeðlilegt að stjórnvöld, Alþingi eða aðrir, hafi einhver afskipti af því hvernig þetta hlutverk er innt af hendi. Íþróttahreyfingin fær eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi fé á fjárlögum sem ég er alls ekki að telja eftir þar sem

hlutverki hennar fylgir mjög mikil ábyrgð. En eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson nefndi hér áðan hafa þessi mál líka verið til skoðunar í íþróttahreyfingunni og fólk hefur af þessu áhyggjur þar og þess vegna er lögð svo mikil áhersla á samstarf við íþróttahreyfinguna í tillögunni og ég þykist vita að íþróttahreyfingin sem slík mundi ekki hafna liðsinni stjórnvalda í þessum efnum.

Ég tel hreinlega mikla ástæðu til að fylgjast með umfjöllun fjölmiðla og þeirri skoðanamótun sem þar fer fram og ég tel ekki óeðlilegt að Alþingi hafi einhverja skoðun á því hvernig Ríkissjónvarpið rækir þær skyldur og þá ábyrgð sem því eru faldar. Ég verð hreinlega að segja að mér þykja athugasemdir hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar vera nánast útúrsnúningar á efni tillögunnar því að hvað segir tillagan um þetta efni: „Þá skoði nefndin sérstaklega umfjöllun fjölmiðla um íþróttir stúlkna og kvenna." Það er ekkert verið að tala um neitt annað en þetta sé haft í huga og nefndin geti mögulega haft á því einhverjar skoðanir. Það er ekki verið að tala um beina íhlutun Alþingis eða stjórnvalda í því hvernig tímanum er varið í ríkisfjölmiðlunum. Þá vil ég ekki meina að verið sé að tala um að stjórna dagskrám fjölmiðla héðan, mér finnst það vera hreinir og klárir útúrsnúningar.

Hæstv. ráðherra nefndi prósentustig í útsendingum hjá RÚV og vil ég bara vísa til skýrslu Ríkisendurskoðunar um stefnumótun hjá Ríkisútvarpinu og ríkissjónvarpinu þar sem er einmitt komið inn á það að ríkisfjölmiðillinn eigi að hafa stefnu í því hversu miklu hlutfalli er varið í umfjöllun um hvern þátt eða hvern og einn málaflokk.

Varðandi hugtakanotkunina af því að það hefur komið til umfjöllunar að við tölum um íþróttir frekar en líkamsrækt. Í mínum huga þýða íþróttir bæði keppnisíþróttir og aðrar íþróttir og mér finnst það liggja alveg ljóst fyrir hvað verið er að tala um. Ég hef ekkert á móti hugtakinu líkamsrækt, langt í frá. Það má vel vera að það dekki þetta betur en ég held að öllum sé ljóst hvað verið er að tala um, það er alla vega ekki verið að tala sérstaklega um keppnisíþróttir vegna þess að þá hefði það verið tekið fram. En enn og aftur vil þakka fyrir góða umfjöllun um þetta efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, frh. fyrri umr.

Þáltill. LG og ÁRJ, 72. mál. — Þskj. 72.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Lilja Á. Guðmundsdóttir mælti fyrir þessari þáltill. um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun fyrir nokkru og gerði mjög góða grein fyrir eðli málsins. Ég hef tiltölulega litlu að bæta við greinargerð hennar en mig langar til að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. menntmrh. í fyrri umræðu. Mér fannst nefnilega gæta svolítils misskilnings á eðli tillögunnar í ræðu hæstv. menntmrh. Hann talaði um það að hann teldi mjög varasamt að farið væri inn á þá braut að móta opinbera stefnu í fjölmiðlum. Í fjölmiðlapistli Ásgeirs Friðgeirssonar á Rás 1 21. okt. 1995 gerir hann þessa tillögu að umræðuefni og fjallar um hana í hluta pistilsins. Mér finnst hann komast mjög vel að orði í þeim pistlum og mig langar til, með leyfi forseta, að fá að vitna í þennan fjölmiðlapistil.

Hann minnist á þessi ummæli hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar að „opinber fjölmiðlastefna sé varasöm."

„Ég get í sjálfu sér verið sammála ráðherra að því leyti að hið opinbera eigi að fara varlega í að binda hendur einstaklinga hvað varðar fjölmiðlun. Á hinn bóginn get ég ekki fallist á að það sjónarmið leiði til þeirrar niðurstöðu að fjölmiðlastefna sé varasöm. Í mínum huga gerir þetta sjónarmið hana miklu frekar nauðsynlega því að hið opinbera er þegar með ýmsum hætti að skipta sér af fjölmiðlun og er í raun sá einstaki aðili hér á landi sem mótar hvað mest fjölmiðlaflóruna.

Hið opinbera, fyrir það fyrsta, veitir leyfi fyrir ljósvakamiðlun. Um leið er það í grimmri samkeppni við einkaaðila um rekstur ljósvakamiðla. Sjálft hefur það úr tekjum af afnotagjöldum að spila í samkeppni við einkaaðilana á sama tíma og það skattleggur einkastöðvarnar sérstaklega vegna Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Hið opinbera ræður yfir dreifileiðum ljósvakans og ríkið stjórnar einnig öflugasta miðlunarkerfi landsins sem er símakerfið. Hér er um æðakerfi upplýsingasamfélagsins að ræða. Þetta eru gæði sem eru takmörkuð en verða innan örfárra ára eftirsótt svo ekki sé nú meira sagt.

Morgunblaðið kallaði á stefnumótandi ákvarðanir í þessum málum í leiðara í gær og benti á ágæti veiðileyfagjalds þar sem fiskurinn í fjölmiðlasjónum væri almenningur. Það er fullgilt sjónarmið hjá menntmrh. að hið opinbera eigi sem minnst að skipta sér af fjölmiðlamálum með boðum og bönnum. Og í nýlegri hugvekju til bræðra á Internetinu fagnar hann því að Íslendingar hafi ekki beðið eftir opinberri stefnumótun í tölvu- og tæknimálum heldur sett sjálfir á fulla ferð. Málin líta öðruvísi við þegar ríkisafskiptin eru eins mikil og raun ber vitni á sviði fjölmiðlunar og fjarskipta. Stjórnvöld geta ekki skorast undan ábyrgð því að það er þeirra armur sem heldur aftur af fólki og fyrirtækjum þannig að enginn getur sett á fulla ferð. Fjölmiðlastefna við upphaf upplýsingaaldar er nauðsyn. Þessi ósk um stefnumótun í fjölmiðlun er ekki krafa um frekari afskipti stjórnvalda, eins og túlka mátti fjölmiðlastefnu þjóðvakaþingmannanna. Hún er sett fram vegna þess að út um allan heim hefur hið opinbera skilgreint hlutverk sitt í þessum málaflokki upp á nýtt. Hún er því einfaldlega beiðni um að stjórnvöld gefi þegnum sínum vísbendingar um hvernig stóri bróðir, því á þessu sviði hér á landi er hann svo sannarlega stór, ætlar að haga sér á þeim gífurlegu umbrotatímum sem fram undan eru. Slíkar vísbendingar geta ekki verið varasamar."

Ég get svo sannarlega tekið undir hvert einasta orð sem kemur fram í þessum pistli. Og þetta lýsir nákvæmlega þörfinni fyrir opinbera fjölmiðlastefnu. Það er ekki verið að tala um neina ritskoðun. Í máli hæstv. ráðherra á dögunum varðandi þessa stefnumótun taldi hann að vegna þess að Alþingi hefði samþykkt á Þingvöllum 1994, á 50 ára afmælinu, og búið væri að setja í stjórnarskrána ákvæði varðandi tjáningarfrelsi, þá gætum við bara komið því ákvæði enn betur í framkvæmd með slíkri fjölmiðlastefnu eins og er verið að tala um hér og eins og nágrannaþjóðir okkar hafa gert.

Varðandi þriðja atriðið í markmiðum stefnumótunarinnar um að efla íslenska tungu og menningu, þá þarf auðvitað stöðugt átak í stefnumótun um eflingu íslenskrar tungu. Þarna er líka verið að tala um aukinn hlut íslensks efnis í ljósvakamiðlunum, í sjónvarpinu þannig að áhrifin verði ekki of einhæf og að íslenskt dagskrárefni fái verðugan sess í

ljósvakamiðlunum. Með þessu er alls ekki verið að fara inn á ritskoðun, eins og mér finnst svona hálfvegis hafa verið gefið í skyn, heldur er nauðsynlegt að hið opinbera móti stefnu í fjölmiðlun, það er ekki verið að segja hvernig hún eigi að vera nákvæmlega, heldur að það sé stefnumótun. Í dag er í rauninni engin stefna í gangi og það er líka pólitískt að hafa enga stefnu í fjölmiðlun. Eftir að hafa hlustað á umræðuna um þetta mál, bæði hér í þinginu og í samfélaginu, verð ég æ sannfærðari um að stefnumótunarvinna í fjölmiðlun er nauðsyn. Og þess vegna vonast ég til þess að hæstv. menntmrh. taki jákvætt í þessa þáltill. og hún fái þá umræðu í hæstv. menntmn. sem hún á skilið því þetta er mikið þjóðþrifamál.

[15:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hélt að ég þyrfti ekki að endurtaka ræðu mína um þetta mál sem ég flutti hér á dögunum en þar taldi ég mig sýna fram á að liðir a og c í þessari ályktunartillögu eru í raun óþarfi miðað við afgreiðslu Alþingis. Síðan er það b-liður, að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum. Tillagan um að móta opinbera stefnu í fjölmiðlun hefur sem sagt að markmiði að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum. Þetta er allt annað mál heldur en hv. þm. rakti og vitnaði þar til pistils í útvarpinu um fjölmiðla. Þar var alls ekki verið að fjalla um þetta og enginn stuðningur er við þessa tillögugrein í því máli sem fram kom og hv. þm. vitnaði til. Síðan vakti ég sérstaklega athygli á því í umræðunum hér á dögunum og varaði við þeirri setningu sem er hér á bls. 3, með leyfi forseta:

„Virk fjölmiðlastefna getur því skipt sköpum ef við viljum hafa áhrif á þróunina á fjölmiðlamarkaðnum." Hvað er virk fjölmiðlastefna? Það hlýtur að vera einhvers konar íhlutun um það hvað fjölmiðlarnir flytja. Einnig eru spurningarnar hér, liður 1 til 11, spurningar sem lúta að því að menn eru að velta fyrir sér hvernig ríkisvaldið getur hlutast til um innri starfsemi fjölmiðlanna. Það þýðir ekkert að koma svo og lesa upp pistil úr útvarpinu sem fjallar um allt annað mál, eða um þá spurningu hvaða stefnu ríkið hafi varðandi Ríkisútvarpið, eða varðandi upplýsingamiðlun og upplýsingaþjóðfélagið og aðra slíka þætti. Það er allt annað en hér er verið að tala um og kallað er virkt fjölmiðlastarf. Og það er þetta sem ég geri athugasemdir við. Ég held að óvirk fjölmiðlastefna, passíf fjölmiðlastefna, sé skynsamleg og hún sé í raun og veru við lýði á meðan ríkisvaldið er ekki að hlutast til um innri málefni fjölmiðlanna eins og mér sýnist að ætlunin sé ef þetta næði fram að ganga sem hér liggur fyrir. Það var við þessu sem ég varaði og ef menn lesa greinargerðina sjá þeir að þar er verið að velta fyrir sér innra starfi fjölmiðlanna og verið að mælast til þess með einum eða öðrum hætti að ríkisvaldið fari að skipta sér af því innra starfi, hvernig efni er sýnt í fjölmiðlum, hvað er skrifað og hvernig um málefni er fjallað. Það er ekki það sama og að menn fái að vita hvaða stefnu ríkisvaldið hefur varðandi Ríkisútvarpið og þróun upplýsingaþjóðfélagsins. Menn verða að gera grundvallarmun á þessu. Þetta er tvennt ólíkt og þessi tillaga fjallar hvorki um upplýsingaþjóðfélagið né heldur þann starfsramma sem eðlilegt er að skipa Ríkisútvarpið í.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég heyri að ég og hæstv. ráðherra erum alls ekki sammála um eðli þessarar tillögu. Ég sagði einmitt áðan að fjölmiðlastefna sú sem rekin er, er pólitísk stefna. Í raun er það ákveðin stefna að vera með enga stefnu, passífa fjölmiðlastefnu eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Það er pólitísk stefna að vera afskiptalaus. En hér er verið að fara fram á að nefnd skoði hvaða stefnu mönnum ber að hafa. Það er ekki verið að taka afstöðu til þess hvernig sú stefna eigi að vera en það eru nefnd atriði sem nefndin getur haft að leiðarljósi við sína vinnu. Og varðandi virka fjölmiðlastefnu, þá er komin á virk fjölmiðlastefna í nágrannalöndum okkar, t.d. í Noregi. Það er auðvitað hægt að fara margar leiðir í að móta stefnu eins og gefur að skilja og menn eru að ræða þetta hérna í nágrannalöndum okkar. Ég get nefnt sem dæmi norsku leiðina. Norðmenn hafa ákveðið að fara þá leið að reka ríkisútvarp eins og við gerum, og að styðja við blaða- og tímaritaútgáfu með beinum fjárframlögum. Þau blöð sem standa höllum fæti fá hæstu styrkina, sérstaklega dagblöð úti á landsbyggðinni sem orðið hafa undir í samkeppni við annað blað á staðnum. Norðmenn halda því fram að það sé nauðsynlegt að gefa út a.m.k. tvö blöð á hverjum stað, eitt öflugt dagblað sé verra en ekkert með tilliti til lýðræðisins. Enda er það þannig í Noregi að þar eru gefin út einna flest dagblöð á Vesturlöndum. Þar er dagblaðalestur mjög útbreiddur. Þetta er dæmi um það hvað er inni í opinberri fjölmiðlastefnu Norðmanna sem er mun víðtækari og er gerð nokkur grein fyrir henni í greinargerðinni með þessu máli. Bæði í Svíþjóð og Danmörku er verið að vinna að mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, þannig að mér finnst ástæðulaust að vera að gera lítið úr þeirri vinnu og þessari tillögu sem lögð er hér fram, þar sem mælst er til þess að nefnd íhugi þetta mál og skoði stefnumótun hér á Íslandi sem ég tel fulla ástæðu til að verði gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:55]

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 86. mál (EES-reglur). — Þskj. 87.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 61. mál. — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:03]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun, frh. fyrri umr.

Þáltill. LG og ÁRJ, 72. mál. — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:03]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

[17:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Til þess að 6. dagskrármálið megi koma fyrir þarf afbrigða við og verður þeirra nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:04]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[17:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Við 5. dagskrármálið er brtt. sem er of seint fram komin. Hún er á þskj. 145 og er frá Ögmundi Jónassyni. Verður nú leitað afbrigða um að sú tillaga megi koma til umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [17:04]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 145. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 84. mál (skattskylda starfskostnaðar). — Þskj. 85, nál. 121 og 123, brtt. 122 og 145.

[17:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1985.

Nefndin fjallaði um málið á nokkrum fundum og fékk á fund til sín hæstv. forseta Alþingis, Ólaf G. Einarsson, Snorra Olsen ríkisskattstjóra, Steinþór Haraldsson, yfirlögfræðing hjá embætti ríkisskattstjóra, Björn Grétar Sveinsson, formann Verkamannasambands Íslands, og frá Alþýðusambandi Íslands þá Benedikt Davíðsson forseta, Gylfa Arnbjörnsson hagfræðing og Ara Skúlason framkvæmdastjóra.

Um frv. urðu allmiklar umræður í nefndinni. Frv. felur í sér að sú kostnaðargreiðsla sem var samþykkt á þinginu í vor yrði skattskyld nema að því marki að lagðar séu fram nótur eða reikningar fyrir þeim kostnaði sem lagt er út fyrir. Það varð niðurstaðan í umfjöllun meiri hlutans í nefndinni að eðlilegt væri í framhaldi af þessari breytingu að það væru eins konar þrjár leiðir sem fara mætti í þessu sambandi. Ef þingmenn tækju út þennan kostnað án þess að framvísa reikningum væri dregin af því staðgreiðsla og þetta yrðu skattskyldar tekjur eða endurgreiðsla á kostnaði og yrði meðhöndlað þannig. En eins og kom fram í reglum forsætisnefndar kemur til greina að þessi greiðsla yrði greidd gegn framvísun reikninga og þá virkar þetta eins og kvóti upp á 40 þús. kr. á mánuði sem menn gætu framvísað reikningum fyrir.

Ef þingmenn ætla sér að taka út eitthvað af þessum peningum án þess að framvísa reikningum, hvort sem það er að hluta til eða að öllu leyti, verður dregin af því staðgreiðsla og þetta meðhöndlað sem skattskyldar tekjur.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[17:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 122 og nefndaráliti á þskj. 121 sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, en það hljóðar svo:

„Á vorþinginu, þegar frumvarp um þingfararkaup og þingfararkostnað var til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd, skilaði fulltrúi Þjóðvaka í nefndinni séráliti þar sem m.a. kom fram eftirfarandi:

„Það orkar mjög tvímælis að greiðslur ákveðnar af forsætisnefnd séu ekki skattskyldar og þar með óháðar skattalegu mati ríkisskattstjóra. Þingflokkur Þjóðvaka leggst eindregið gegn þessu ákvæði frumvarpsins.“

Í umfjöllun um málið var einnig varað við því að í frumvarpinu væru ákvæði sem væru til þess fallin að vekja upp tortryggni fólksins í landinu. Einkum var þar bent á hina óskilgreindu kostnaðargreiðslu og skattfrelsi sömu greiðslna.

Síðan Kjaradómur kvað upp sinn úrskurð og forsætisnefnd Alþingis birti sínar niðurstöður varðandi framkvæmd laganna hefur verið samfelld reiðialda í þjóðfélaginu. Skilaboðin eru skýr. Þjóðin telur að alþingismenn og ráðherrar eigi að falla undir sömu skattalög og aðrir.

Þær breytingartillögur, sem minni hluti nefndarinnar flytur, eru tvíþættar og með þeim er ítrekaður vilji þingmanna Þjóðvaka í þessu efni. Að mati þingmanna Þjóðvaka gengur frumvarpið of skammt. Enn standa eftir ákvæði sem lúta að sérstöku skattfrelsi á þingfararkostnaði. Þessar greiðslur voru áður háðar skattalegu mati ríkisskattstjóra.

Minni hlutinn flytur því breytingartillögu um að öll 16. gr. laganna, sem kveður á um skattalega meðferð á greiðslum þingfararkostnaðar, þar með talið skattfrelsi, falli brott. Þannig verði greiðslur húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnaðar áfram háðar skattalegu mati ríkisskattstjóra.

Breytingartillögur minni hlutans taka einnig mið af réttmætri gagnrýni sem fram hefur komið á það atriði að ráðherrar geti fengið starfskostnað sinn greiddan frá Alþingi, jafnvel sem fasta fjárhæð, þótt venja sé að ráðuneytin greiði

allan starfskostnað þeirra. Bent hefur verið á að einmitt þetta atriði hafi veikt mjög stöðu þingsins og orðið til þess að fólkið í landinu hafi alls ekki sannfærst um að hér væri um að ræða starfskostnaðargreiðslu til alþingismanna en ekki viðbótarlaunagreiðslu. Fyrsta breytingartillaga minni hlutans felur því í sér að heimildin til greiðslu starfskostnaðar ráðherra falli brott þar sem hann er greiddur af öðrum aðila, þ.e. ráðuneytunum. Nái sú tillaga ekki fram að ganga flytur minni hlutinn varatillögu um að greiðsla starfskostnaðar sem fastrar fjárhæðar í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum nái ekki til alþingismanna sem einnig eru ráðherrar."

Þannig hljóðar þetta nefndarálit, virðulegi forseti, og eins og fram kemur beinist megingagnrýni minni hlutans að því að þrátt fyrir að greiðsla 40 þús. kr. sérstaks starfskostnaðar verði nú skattskyldar þá standa enn eftir sérlög um ákvæði sem lúta að sérstöku skattfrelsi á þingfararkostnaði sem voru áður háðar skattalegu mati ríkisskattstjóra. Við sjáum engin rök fyrir því að þingmenn ákveði sjálfir skattfrelsi þessara greiðslna en lúti ekki almennum reglum skattalaga um þessar greiðslur. Vissulega er það svo að skattstjóri hefur hingað til ákveðið að greiðslur varðandi húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnað verði skattfrjálsar. Ríkisskattstjsóri sendi í júní 1989 bréf til allra skattstjóra þar sem undirstrikað er skattfrelsi þessara greiðslna þannig að færa megi þessar greiðslur til frádráttar á skattframtölum án þess að greinargerðar um þennan frádrátt sé krafist. Á því er vissulega grundvallarmunur hvort það séu skattyfirvöld sem ákveða skattfrelsi slíkra greiðslna eða hvort Alþingi gerir það sjálft með sérlögum eins og hér hefur verið gert.

Í greinargerð sem liggur fyrir frá 20. sept. sl. um skattalega meðferð starfskostnaðargreiðslna segir að í skattalögum gildi sú regla að í þeim tilvikum þar sem það liggur fyrir að greiðsla frá launagreiðanda til launamanns feli ekki í sér endurgjald fyrir vinnuframlag heldur sé um að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði í þágu launagreiðanda hafi ekki verið talið að um skattskyldar tekjur sé að ræða hjá launamanni. Í niðurlagi greinargerðar ríkisskattstjóra segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Telja verður að meginregla samkvæmt skattalögum sé að starfskostnaður til frádráttar skuli annaðhvort byggja á sannanlegum kostnaði samkvæmt reikningum eða fyrir fram útgefnu mati skattyfirvalda."

Ég tel, virðulegi forseti, að þingmenn eigi að lúta þessari meginreglu skattalaga og því er sú brtt. flutt að 16. gr. um skattfrelsi þingfararkostnaðar falli öll út en ekki bara að hluta til. Það má ekki líta á þessa brtt. svo að ég telji endilega að þessar greiðslur eigi að skattleggja eða þær eigi að bera skatt, heldur hitt sem er grundvallaratriði að það sé skattstjóri sem ákveði hvernig skattalega skuli farið með þær greiðslur.

Sú breyting sem gerð er með þessu frv., að skattfrelsi sérstaks 40 þús. kr. starfskostnaðar fellur út, skiptir vissulega sköpum og því er ekki við því að amast að þingmenn hafi það val sem 9. gr. laga um þingfararkaup kveður á um og forsætisnefnd hefur með reglum sínum frá í ágúst fallist á að þeir hafi, þ.e. endurgreiðslur samkvæmt reikningum um allt að 40 þús. kr. eða föst mánaðarleg fjárhæð sem nú verður skattskyld sem er grundvallaratriði.

Varðandi þessa 40 þús. kr. greiðslu sem nú verður skattskyld er vert að fram komi að Snorri Olsen ríkisskattstjóri, sem mætti á fund efh.- og viðskn., upplýsti að sú staða gæti vissulega komið upp að skattyfirvöld viðurkenndu ekki reikninga sem þingið eða forsætisnefnd hefði samþykkt. Líklegt væri að endurgreiðsla á reikningum sem þingmenn legðu fyrir skattyfirvöld til að fá endurgreiddan að hluta eða öllu leyti skatt, sem af 40 þús. kr. greiðslunni var tekinn, yrði ekki endurgreiddur. Að auki kom fram að verði 16. gr. felld öll út eins og minni hlutinn leggur til vaknaði spurningin um skattskyldu húsnæðis- og dvalarkostnaðar á nýjan leik þótt skattyfirvöld hefðu áður úrskurðað slíkan kostnað skattfrjálsan.

Það er skoðun minni hlutans að þó það liggi fyrir að þessi spurning vakni hjá skattyfirvöldum og eins líklegt að þessar greiðslur verði skattlagðar eigi þingmenn að lúta því að mat á því hvort þessar greiðslur verði skattlagðar eða ekki verði framkvæmt af skattyfirvöldum en ekki af Alþingi með sérstökum lögum. Á þá breytingartillögu legg ég því sérstaka áherslu, að 16. gr. falli alveg brott en með því væri eytt allri tortryggni sem verið hefur um sérstök skattalög fyrir þingmenn og ráðherra.

Í annan stað eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans er lagt til, og við leggjum áherslu á það, að ráðherrar, sem fá starfskostnað sinn að verulegu leyti greiddan af ráðuneytum sínum, fái ekki þessa sérstöku greiðslu af starfskostnaði hvorki í formi fastrar fjárhæðar né samkvæmt reikningum með þeim augljósu rökum að hann er greiddur af ráðuneytunum enda liggur það fyrir frá skrifstofu Alþingis að enginn ráðherra hefur nokkru sinni fengið greiðslu fyrir útlögðum starfskostnaði sem þessar 40 þús. kr. standa fyrir. Falli sú tillaga er lögð fram varatillaga þess efnis að greiðsla starfskostnaðar sem fastrar fjárhæðar í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum nái ekki til ráðherra. Starfskostnaður ráðherra sem þeir kynnu að láta Alþingi greiða fremur en ráðuneyti yrði þá aðeins samkvæmt reikningi.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst þeim breytingartillögum sem ég flyt og rökin að baki þeim en vil rétt í lokin bæta við örfáum orðum sem þessu máli tengjast en vil þó áður en ég vík frá efni frv. spyrjast fyrir um það hvort fyrir liggi greinargerð eða leiðbeiningarreglur frá forsn. um það hvað getur talist til starfskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningum. Ég tel mikilvægt að slíkt mat forsn. liggi fyrir fyrir þá sem velja að taka greiðslu samkvæmt reikningum í stað fastrar skattlagðrar fjárhæðar. Sé hún ekki þegar tilbúin eða þær reglur spyr ég um hvenær slíkrar greinargerðar eða leiðbeiningarreglna á starfskostnaði sé að vænta frá forsn.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar ASÍ og Verkamannasambandsins. Það var ljóst af máli þeirra sem allir vissu að þó að sérstakur 40 þús. kr. starfskostnaður yrði skattskyldur samkvæmt frv. er það ekki nema einn liður þess að leysa þann hnút sem kominn er á kjaramálin á vinnumarkaðnum. Á það var einnig bent að ekki færi vel á því að launakjör þingmanna væru bæði hjá Kjaradómi og að hluta líka í lögum um þingfararkaup eins og sérstakar greiðslur til forsn., nefndarálag til formanna nefnda og sérstakt álag til formanna þingflokka. Var m.a. rifjað upp að ástæða þess að ráðherrum var úrskurðuð 20% launahækkun hjá Kjaradómi væru þessar sérstöku greiðslur um nefndarálag til formanna nefnda, greiðslur til forsætisnefndar og formanna þingflokka. Sú spurning vaknaði líka hjá einum fulltrúa ASÍ hvort úrskurður Kjaradóms hefði orðið með öðrum hætti ef að dómurinn hefði vitað um þessar 40 þús. kr. greiðslur til þingmanna og ráðherra. Af sjálfu leiddi að miklar umræður urðu í efh.- og viðskn. um stöðuna í kjaramálum á vinnumarkaði og úrskurð Kjaradóms. Fulltrúar ASÍ lögðu megináherslu á að forsendur Kjaradóms yrðu birtar opinberlega sem nú hefur verið gert.

Ljóst er að ASÍ telur þá greinargerð sem Kjaradómur hefur birt hvergi nægjanlega skýra og undir það get ég tekið. Margir hafa réttilega haldið því fram að inntak kjarasamninganna í febrúar væru krónutölusamningur en ekki prósentuhækkun. Það tóku forustumenn ASÍ í nefndinni undir og sögðu að væri grundvallaratriði í málinu. Í reynd má segja að fleiri hafi tekið undir það, eins og forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar á þeim tíma þegar febrúarsamningarnir voru gerðir, sem töldu þá að febrúarsamningarnir væru algjörlega fordæmisskapandi fyrir aðra, með öðrum orðum krónutöluhækkun en ekki prósentuhækkun launa.

Það vekur því nokkra undrun að Kjaradómur, sem á að hafa hliðsjón af launastefnu á vinnumarkaðinum en ekki að móta hana, notar það sem helstu vörn í sínu máli í framlagðri greinargerð, að nokkrir aðilar í þjóðfélaginu hafi fengið prósentuhækkun en ekki krónutöluhækkun og virðist dómurinn algjörlega hafa litið fram hjá hinni almennu launastefnu í landinu sem var krónutöluhækkun en ekki prósentuhækkun.

Í greinargerð Kjaradóms er heldur engin tilraun gerð til að rökstyðja 9,5% til 20% hækkun til þeirra sem dómurinn ákveður laun fyrir. Það er líka athyglisvert að þegar Kjaradómur leitar að sambærilegum hópum og fyrir þá sem hann úrskurðar fyrir nefnir hann kjör bankastjóra, forstjóra, forstjóra fjárfestingarlánasjóða og fleiri aðila og segir orðrétt um þessa aðila að ekki sé vitað um neinar meginbreytingar á launakjörum þeirra frá 1992, þ.e. frá þeim tíma sem að ný lög um Kjaradóm tóku gildi sem dómurinn byggir úrskurð sinn á.

Þetta er sett fram til að sýna fram á að forsendur Kjaradóms byggja að mínu mati á mjög veikum grunni út frá þeirri kjarastefnu sem í gildi er á almennum vinnumarkaði og hefur ekkert með að gera að launakjör þingmanna eru langt frá því að vera réttlætanleg miðað við hæst launuðu embættismenn hjá hinu opinbera. Það er grundvallaratriði og ástæða fyrir allri ólgunni á vinnumarkaðinum að inntak kjarasamninganna frá í febrúar, að föst krónutöluhækkun skili mestu til láglaunahópanna en ekki prósentuhækkun sem færir hálaunafólki mest og sem Kjaradómur hefur byggt á, hefur ekki haldið. Inntakið í kjarasamningunum frá í febrúar var krónutöluhækkun sem átti að skila þeim lægst launuðu mest en ekki prósentuhækkun eins og Kjaradómur hefur byggt á. Þess vegna verður að líta svo á að Kjaradómur hafi raunverulega ekki farið eftir þeirri forskrift sem Alþingi gaf honum þar sem Kjaradómur átti að taka mið af almennri launastefnu í landinu en ekki móta hana.

Í 1. umr. um málið gerði ég að umtalsefni þær hækkanir sem hafa orðið frá í mars 1989 fram til 1. sept. 1995 og byggði raunar á 1. febr. 1989 þar sem fram kemur að þeir hópar sem Kjaradómur ákveður laun fyrir hafa hækkað verulega umfram lágmarkslaun í landinu og meðaltalslaun ASÍ og er það hvort sem litið er á prósentuhækkun eða krónutöluhækkun.

Miðað við 1. febr. 1989 til 1. sept. 1995 hækkuðu lágmarkslaun um 42%, meðaltal ASÍ um 32%, en laun þeirra sem Kjaradómur ákvað laun fyrir frá 47–60%. Ef litið er á krónutöluhækkunina þá hækkuðu lágmarkslaun um 13 þús. og 700 rúmar, meðaltalslaun ASÍ um 24 þús., meðallaun þau sem Kjaradómur ákveður laun fyrir hækkuðu frá 62 þús. upp í 130 þús. Hæstv. fjmrh. taldi ekki rétt að miða við þessa dagsetningu 1. febr. 1989 eins og ég gerði en þá hafði nýlega komið til launahækkun til kjaradóms fólks. Ég hef því skoðað þjóðarsáttartímann sérstaklega frá 1990 til september 1995 og þar virðist sama upp á teningnum að lágmarkslaunin og ASÍ-meðaltalið er miklu lægra í prósentum talið en hjá þeim sem Kjaradómur ákveður laun fyrir. Ef við skoðum þjóðarsáttartíma frá 1990 til 1995 hefur ASÍ-fólk að meðaltali hækkað um 18%, lágmarkslaunin um 23,5% og ef teknir eru þingmenn og ráðherrar hafa þingmenn á þessu tímabili, hækkað um 24,5% og ráðherrar um 35,4% og er þá ekki þessi 40 þús. kr. starfskostnaðargreiðsla meðtalin. Ég held að þetta sé mikilvægt innlegg inn í umræðuna nú þegar þessi ólga er á vinnumarkaðinum. Við getum náttúrulega verið í eilífri samanburðarfræði og mér finnst hún of mikið hafa snúist um það að þeir sem betur hafa það í þjóðfélaginu eru að bera sig saman um hvaða hálaunahópur sé hærri en hinn en mér finnst að inntakið eigi að snúast um það hvort þjóðarsáttarsamningarnir í febrúar hafi haldið eða ekki sem ég hef, eins og fram hefur komið í mínu máli, mjög dregið í efa.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál en vil þó aðeins leggja inn í umræðuna það sem fram hefur komið í skjölum um laun- og þingfararkostnað í nokkrum löndum sem sýnir alveg ótvírætt ef menn eru á annað borð að bera sig saman við laun þingmanna í öðrum löndum, sem mér finnst að vísu ekki passa inn í umræðuna, að þá eru laun þingmanna hér á landi miklu lægri en annars staðar. En það sem vekur sérstaklega athygli mína í þessum samanburði er að aftur á móti eru aðrar greiðslur hvort sem þær eru skattskyldar eða undanþegnar skatti, töluvert miklu hærri hér en gerist t.d. í Danmörku, Noregi og að hluta til í Svíþjóð og Finnlandi, þannig að starfskostnaðargreiðslur undanþegnar skatti eða skattskyldar virðast vera miklu hærri hér á landi en launin aftur á móti miklu lægri.

En í það heila tekið, virðulegi forseti, vil ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að þessar umræður sem verið hafa um kjaramálin nú á undanförnum vikum staðfesti svo ekki verður um villst að það þarf að taka á kjaramálunum og stokka allt launakerfið í landinu upp á nýjan leik. En ég hef, virðulegi forseti, gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem ég flyt við frv.

[17:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með þeirri reglu sem hér er lagt til að verði lögfest er komið til móts við þá gagnrýni sem höfð hefur verið uppi um skattfrjálsar greiðslur til alþingismanna. Enda þótt ætlunin með lagabreytingunni sl. vor kunni að hafa verið að koma á fót fyrirkomulagi þar sem inntar yrðu af hendi jafnaðargreiðslur, sem síðar var ákveðið að yrðu 40 þús. kr., fyrir starfskostnað alþingismanna hafði þetta m.a. þann annmarka að skattgreiðendum var mismunað án þess að fyrir því væru réttmætar ástæður. Með þessari breytingu á hins vegar að skattleggja umræddar greiðslur nema fram séu reiddir reikningar fyrir starfskostnaði. Þetta er vissulega til bóta að mínu mati. Ef þetta yrði samþykkt kæmu þeir alþingismenn sem tækju við þessum greiðslum engu að síður til með að sitja uppi með greiðslu sem er blanda af starfskostnaði og launahækkunum en hið síðarnefnda á samkvæmt núgildandi lögum að vera á hendi Kjaradóms en ekki Alþingis.

Ekki eru ráðagerðir uppi með að breyta lögunum um Kjaradóm og fæ ég því ekki séð annað en að þetta kerfi gangi ekki upp. Niðurstaða mín er sú, nú sem fyrr, að það fyrirkomulag sem haft er á varðandi launa- og starfskjaraákvarðanir fyrir alþingismenn og reyndar einnig aðra þá sem heyra undir Kjaradóm er með öllu ónothæft og ber því að

breyta því í samræmi við þáltill. sem ég hef kynnt þinginu og talað fyrir við annað tækifæri. Þar sem sú tillaga hefur enn ekki náð fram að ganga hef ég ákveðið að leggja fram breytingartillögu við það frv. sem er til umræðu og gengur hún út á það að greiðsla á fastri fjárhæð verði ekki heimil og verði endurgreiðanlegur starfskostnaður einvörðungu samkvæmt reikningum.

[17:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til 2. umr. vonum seinna var eins og öllum er kunnugt flutt til þess að koma til móts við þá hörðu gagnrýni sem hefur komið fram í þjóðfélaginu á fyrirkomulag greiðslna vegna starfskostnaðar sem boðið var upp á með samþykkt laganna á sl. vori og síðan það fyrirkomulag sem ákveðið var með reglum forsn. Eins og þingheimur ef til vill man gagnrýndi ég mjög ákveðið þetta atriði í umræðum um málið á sl. vori og lýsti þeirri skoðun minni þá að vissulega væri ýmis kostnaður samfara þingmennskunni sem eðlilegt væri að greiða samkvæmt reikningum og að um það væru settar ákveðnar reglur, þ.e. um hvaða kostnaðartilefni væri að ræða og hvert mætti vera hámark slíkra upphæða á mánuði. En eins og nú háttar eiga þingmenn val um þessar tvær leiðir, þ.e. að fá fasta mánaðarlega upphæð eða að leggja fram reikninga fyrir kostnaði en að mínu mati væri eðlilegra og réttara að allir lytu sömu kjö rum. Þegar atkvæði voru greidd um frv. í vor greiddi ég atkvæði gegn þessu heimildarákvæði. Ég bað þá um sératkvæðagreiðslu um þennan málslið sem mér fannst augljóslega bjóða upp á mismunun og misnotkun. Því miður voru aðeins fimm aðrir hv. þingmenn sem greiddu atkvæði gegn þessu heimildarákvæði og nú sé ég að einn þeirra, hv. 17. þm. Reykv. sem talaði áðan, hefur lagt fram brtt. sem er nákvæmlega á sama veg og ég mun að sjálfsögðu styðja þá tillögu.

Staðreyndin er sú að hv. forsætisnefnd hefði ekki þurft að nýta þessa heimild, þetta var aðeins heimild til þess að greiða fasta upphæð og auðvitað hefði verið einfaldast að breyta þeirri afgreiðslu forsætisnefndar eftir að þessi gagnrýni kom fram. Úr því að forsætisnefnd vildi taka tillit til þeirrar gagnrýni hefði náttúrlega verið einfaldast að hætta við að nýta þessa heimild og krefjast reikninga. Hins vegar vil ég líka geta þess að ég sat hjá í vor við atkvæðagreiðslu um 16. gr. þar sem kveðið er á um skattleysi þessara greiðslna og annarra sem lúta að starfskostnaði. E.t.v. var það vanhugsað en ástæðan var sú að mér finnst eðlilegt að greiðslur samkvæmt sannanlegum kostnaði séu skattfrjálsar en þegar um fastar mánaðarlegar greiðslur er að ræða fyrir kostnaði, sem er ekki gerð nákvæm grein fyrir, ætti að sjálfsögðu að fara með þær í samræmi við góðar venjur eins og stundum er sagt en mér er nú satt að segja ekki fullkunnugt um hvernig því er háttað almennt í kerfinu. Maður hefur einfaldlega treyst því að slíku væri háttað samkvæmt eðlilegum reglum og eðlilegt að treysta skattyfirvöldum til þess. Þess vegna er óþarft að setja slíkt í lög um þingfararkostnað og hefði verið eðlilegt að greiða atkvæði gegn þeirri grein þar sem þá var orðið ljóst að heimildarákvæði yrði látið standa. Við nánari umhugsun hefði það undir öllum kringumstæðum verið eðlilegt og nú gefst tækifæri til að greiða aftur atkvæði um þetta atriði og ég mun styðja fram komna tillögu frá hv. 13. þm. Reykv., þ.e. 2. lið brtt. sem er á þskj. 122, þar sem 16. gr. er í sjálfu sér óþörf. Skattaleg meðferð hlýtur alltaf að vera samkvæmt almennum skattalögum.

Hins vegar flækist málið nokkuð þegar um er að ræða fyrri tillöguna á þskj. 122. Ég get auðvitað stutt aðaltillöguna, þ.e. efnislega, um að ráðherrar eigi ekki rétt á greiðslu skv. 9. gr. Þessi viðbót er að mínu mati raunverulega óþörf ef aðeins væri um að ræða greiðslu reikninga því að ráðherrar fá slíkan kostnað greiddan hvort eð er þannig að ég get ekki ímyndað mér að þeir mundu ónáða skrifstofu þingsins með innheimtuaðgerðum ef um slíkt fyrirkomulag væri að ræða. En það er e.t.v. ágætt að taka af tvímæli um þetta og ég get því vel greitt þessari tillögu atkvæði mitt. Ég treysti mér hins vegar ekki til að styðja varatillöguna, þ.e. 1. lið á þskj. 122, því að þar með væri ég að styðja heimildarákvæðið um fasta mánaðarlega upphæð sem ég er andvíg í grundvallaratriðum.

Það má kannski bæta við að í samræmi við það væri auðvitað æskilegt að sama gilti um ferðakostnað og dagpeninga og allar slíkar greiðslur þó að mér finnist í rauninni að það gegni dálítið öðru máli með þær. Það er mun erfiðara viðfangs að krefjast nákvæmra reikninga í sambandi við daglegan ferðakostnað og slíkt. Þetta fyrirkomulag um fastar upphæðir mun eiga sér bæði hliðstæðu og fordæmi annars staðar í kerfinu þar sem menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það væri hægt að meta það með ákveðnum hætti.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins skýra afstöðu mína til þessa máls og þeirra breytingartillagna sem eru komnar fram. Þetta mál hefur allt verið hið mesta klúður og sýnir kannski fyrst og fremst að hv. þm. eru ekki í alveg nógu góðu jarðsambandi. Það hefur þó haft þau áhrif að varpa örlitlu ljósi á það handónýta launakerfi sem við búum við og þá fyrst og fremst launakerfi hins opinbera, launakerfi sem hefur leitt af sér hálfgert neðanjarðarkerfi aukagreiðslna og fríðinda af ýmsu tagi. Ég tel að það þurfi að endurskoða þetta launakerfi algerlega frá grunni eins og við kvennalistakonur höfum margoft bent á og flutt tillögur um á hv. Alþingi.

[17:36]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er öll hin spaugilegasta og öllum eru ljósar skoðanir mínar á þessu eymdarlega máli. En nú liggja fyrir hinar ýmsu tillögur og mér heyrist menn tala um að hægt sé að velja um tvo kosti: Að fá þessar margumræddu 40 þús. kr. eða endurgreiðslu samkvæmt reikningum. Þess vegna er spurning mín, hæstv. forseti: Hver ætlar að meta það hvað sé starfskostnaður þingmanns? Ætlar hæstv. forseti að lesa þá reikninga og stimpla þá eða hvaða kontóristar úti í bæ ætla að gera það?

Það kemur mér dálítið á óvart að heyra í konum á hinu háa Alþingi. Það er nú einu sinni þannig að konur eru stundum í dálítið öðruvísi stöðu en hv. þm. af karlkyni. Ég minnist þess þegar ég hóf þingstörf og þurfti að fara erlendis t.d. á vegum þingsins að þá þurfti ég að kaupa heimilisaðstoð til að gæta barna minna. Ég spyr hæstv. forseta: Er það starfskostnaður vegna þingstarfa? Konur þurfa að gera ýmislegt, sem karlmenn þurfa ekki sakir náttúrulegrar fegurðar sinnar, eins og að hlaupa í hárgreiðslu ef þær þurfa einhvers staðar að koma fram fyrir hönd þingsins. Er það starfskostnaður? Hv. þm., sem þurfa að hitta sveitarstjórnarmenn úr kjördæmum sínum, dettur kannski í hug að fara með þá í mat einhvers staðar og kunna ekki við að láta þá borga fyrir sig. Er það starfskostnaður? Hvers konar endemi eru þetta? Hverjir eiga að ákveða hvað sé starfskostnaður þingmanns? Hann getur

verið svo margbreytilegur að ég held að menn endi í verri vandræðum með þessum aðferðum.

En mér þætti gott að heyra hæstv. forseta svara mér: Hver ætlar að ákveða hvort þjóðkjörnir alþingismenn eru að svindla sér út fé eða ekki?

(**Forseti** (ÓE): Hv. þm. beinir ekki spurningum til forseta í andsvari við ræðu annars þingmanns.)

Það er hárrétt.

(**Forseti** (ÓE): Lítur þingmaðurinn svo á að það hafi verið andsvar við ræðunni? Nei.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga). — Þskj. 144.

[17:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 144 en efni þessa frv. er að það er lagt til að við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Frv. þetta er samið og lagt fram að frumkvæði samstarfsnefndar um sameiningu Flateyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps, Þingeyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Sveitarstjórnir þessara sveitarfélaga hafa samþykkt að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um sameiningu þeirra og hefur verið unnið að málinu á grundvelli 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í áskorun samstarfsnefndarinnar til mín er tekið fram að nefndin sé sammála um nauðsyn þess að af sameiningu umræddra sveitarfélaga geti orðið og það sem fyrst. Fjárhagur, íbúaþróun, bættar samgöngur og ótal fleiri þættir knýja mjög á um að um þetta mál náist góð samstaða. Samstarfsnefndin telur að sá möguleiki sé fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga geti fellt tillögu nefndarinnar og að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga. Jafnframt tekur hún fram að flest bendi til að verulegur dráttur yrði á því að kosið yrði um nýja tillögu og vafamál að umboð samstarfsnefndarinnar yrði framlengt af viðkomandi sveitarstjórnum.

Ljóst er að aðstæður munu breytast verulega á þessu svæði með tilkomu jarðganga. Þá aukast til muna möguleikar á samnýtingu þjónustu og samvinnu að öðru leyti.

Með tilliti til árstímans og efna málsins þótti mér rétt að verða við tilmælum samstarfsnefndarinnar. Bráðabirgðaákvæðisgreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum hinn 11. nóvember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. 2/3 þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. 2/3 íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.“

Síðan er gildistökugrein, herra forseti.

Ekki þarf að segja þingmönnum að vélegir atburðir hafa gerst á þessu svæði síðan þetta frv. var samið og upp hafa komið hugmyndir um að fresta e.t.v. kosningunum. Ég vænti þess ef af því yrði, sem er ekki ákveðið, að kosningum yrði frestað, að þá mundi hv. félmn., sem ég mun óska eftir að fái málið til meðferðar, breyta dagsetningu sem yrði í frumvarpsgreininni eftir því sem sameiningarnefnd kemur til með að óska.

[17:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í lögunum sem fjölluðu um það sameiningarátak sem við gengum í gegnum fyrir einu til tveimur árum var ákvæði svipaðs eðlis, en það var að vísu bara tímabundið, og eins og fram kemur í athugasemdum um einstakar greinar þessa frv. er bent á að ýmsar sveitarstjórnir hafi nýtt sér þetta heimildarákvæði í framhaldi af atkvæðagreiðslum um sameiningu sveitarfélaga. Nú vekur athygli mína að þessi lagagrein á bara við um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum. Ég vil spyrja ráðherrann að því hvort hann telji ekki eðlilegra að hafa opna heimild þannig að þetta sé ekki eingöngu bundið við Vestfirði þannig að hægt sé að beita slíku ákvæði ef til kæmu sameiningar hjá öðrum sveitarfélögum.

[17:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað kom til greina að gera þetta ákvæði varanlegt en með tilliti til allra aðstæðna fannst mér eðlilegra að hafa þetta svona og binda þetta við þessa tilteknu sameiningu á Vestfjörðum. Það er bara verið að endurtaka það að taka í lög bráðabirgðaákvæði eins og var sett við sveitarstjórnarlögin á sínum tíma. Það kom til umræðu að gera þetta varanlegt en mér fannst eðlilegra að gera þetta svona.

[17:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig getur verið skiljanlegt að í þessu tiltekna atriði telji menn það hugsanlega tefja málið í meðförum þingsins ef þetta væri opin heimild sem næði til fleiri sveitarfélaga og að það liggi á að samþykkja þetta tiltekna ákvæði. En þá spyr ég ráðherrann hvort hann mundi styðja slíkt ákvæði ef fram kæmi frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem heimilaði slíkt ákvæði sem hefði þá gildi varðandi sameiningar í næstu framtíð.

[17:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni samstarfsnefndarinnar í umræddum sveitarfélögum. Ég legg afar mikla áherslu á það þegar um er að ræða sameiningu sveitarfélaga að það sé réttur hins almenna kjósanda sem eigi að gilda og það eigi að vera val kjósenda í hverju sveitarfélagi fyrir sig að taka afstöðu til sameiningar eða ekki sameiningar. Ég vil sem sagt ekki þröngva neinum til sameiningar. Ég vil greiða fyrir sameiningu ef meiri hluti kjósenda vill svo í þessum sveitarfélögum. Þar af leiðandi er ég ekki hrifinn af því að festa það í lög varanlega að meiri hluti sveitarstjórnarmanna, sem kann að hafa aðrar skoðanir en meiri hluti kjósenda í viðkomandi sveitarfélagi, geti ákveðið sameiningu án þess að bera það undir íbúa. Það geta komið upp ótalmörg tilvik ef sameining hefur verið felld í einhverjum sveitarfélögum þó það séu ekki 2/3 sameinuðu sveitarfélaganna að það sé gjörbreytt viðhorf og þá sé eðlilegt að menn taki afstöðu til nýrrar sameiningar í almennum kosningum líka með tilliti

til árstímans og þá er kannski nokkur harðneskja að etja mönnum í hverjar kosningarnar eftir aðrar á Vestfjörðum. Þess vegna er þetta sett fram sem bráðabirgðaákvæði.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að árétta aðeins tilganginn með frv. Hann er sá að koma í veg fyrir að menn þurfi að leita álits íbúa við tilteknar aðstæður. Hann er með öðrum orðum sá að víkja frá meginreglu laganna sem er þannig í dag að sameining sveitarfélaga geti því aðeins átt sér stað að hún hafi verið samþykkt af því fólki sem býr í sveitarfélögunum sem sameina skal. Þannig eru lögin og voru samþykkt þannig á síðasta kjörtímabili. Það var stefnubreyting á Alþingi þegar sú breyting á lögunum var samþykkt fyrir tæpum tveimur árum því áður hafði gilt allt önnur regla sem var sú að sameining var sjálfkrafa samþykkt frá upphafi nema það tækist að hnekkja henni. Með öðrum orðum skipti ekki máli hversu margir greiddu atkvæði með tillögu sem fram kom með lögmætum hætti. Tillagan hlaut alltaf að vera samþykkt nema það tækist að fylkja saman nógu mörgum andstæðingum við tillöguna. Þetta þótti Alþingi á sínum tíma ólýðræðisleg lagasetning og breytti henni í þá veru sem er í dag og er þá þannig að sameining á sér því aðeins stað að hún sé samþykkt í sveitarfélögunum sem á að sameina og samþykki er skilgreint þannig að það verði fleiri að greiða atkvæði með en greiða atkvæði á móti.

Ég vil láta koma fram afstöðu mína í málinu að ég hef ekki skipt um skoðun frá því sem var fyrir tveimur árum. Ég tel að menn eigi að láta hlutina ganga fram með þeim hætti sem er búið um í lögunum í dag. Ég tel það slæma þróun ef menn telja nauðsynlegt að setja lög sem hafa þann tilgang einan að komast hjá því að spyrja íbúana að því hvort tiltekin sameining eigi að eiga sér stað. Það er nákvæmlega það sem þetta frv. fjallar um. Þegar menn skoða efnisatriði þess þá er frv. þannig að það á að veita sveitarstjórnum heimild til að ganga frá sameiningu sem hefur ekki verið kosið um. Ef við skoðum efnisatriði frv. og reynum að gera okkur grein fyrir því hversu margir möguleikar eru á sameiningu samkvæmt ákvæðum frv. í þessu tiltekna tilviki er um að ræða sex sveitarfélög. Það er nægjanlegt að fjögur samþykki tillöguna. Eitt af þeim verður ávallt að vera Ísafjörður.

Ég er ekki búinn að gera tæmandi lista yfir möguleikana sem geta orðið af fjórum eða fimm sveitarfélagasameiningum en það er eitthvað á annan tug. Menn eru því ekki lengur að greiða atkvæði um eina tillögu heldur um eina tillögu með mörgum mismunandi möguleikum á sameiningu að henni felldri. Er það skynsamlegt að efna til atkvæðagreiðslu, vísa málinu í dóm íbúa en segja í leiðinni: Við ætlum ekkert að taka mark á þessu nema að tilteknu leyti? Ég tel það ekki skynsamlegt. Ég tel að menn eigi að hafa það sem meginreglu að byggja sameiningu á samþykkt um tillöguna. Að öðrum kosti eigi menn að láta málið ganga aftur til íbúa hafi tillaga ekki náð fram að ganga. Þannig á þetta að vera að mínu viti. Þannig er þetta í lögunum núna. Það má kannski segja að það sé allt í lagi einu sinni að víkja frá ef það eru einhverjar sérstakar aðstæður í því tilviki o.s.frv. og við skulum þá bara samþykkja ákvæði til bráðabirgða sem gildi um það ákveðna tilvik. Gott og vel. En hvað kemur upp þegar við víkjum frá meginreglunni einu sinni? Þá kemur krafan um að gera það aftur með þeim rökum að menn hafi einu sinni gert það. Einmitt þetta sjónarmið að hafa þetta sem varanlega opna heimild kom þegar fram í andsvari við framsöguræðu. Frávikið leiðir af sér að menn breyta reglunni og menn breyta þá reglunni í þá veru að fara frá lýðræðislegu fyrirkomulagi yfir í fulltrúafyrirkomulag sem menn þekkja mjög vel, sérstaklega þeir sem starfa í samvinnufélögum sem eru tiltölulega lýðræðislegt fyrirkomulag svona að nafninu til þar sem einhver fundur eða félag kýs fulltrúa. Síðan koma þeir fulltrúar saman og kjósa aðra fulltrúa o.s.frv.

Þetta afleidda fulltrúalýðræði er nokkuð vel þekkt og sumir eru mjög hrifnir af því en ekki þar með sagt að það sé mjög skynsamlegt fyrirkomulag í þessu tilviki. Ég er ekki á þeirri skoðun að menn séu að stíga skref í áttina til góðs í þessum efnum. Ég bendi á að menn hafa reynslu í þessu efni. Á sínum tíma var sett ákvæði til bráðabirgða sem reyndar er enn í lögunum sem heimilaði mönnum að láta ganga fram sameiningu sveitarfélaga jafnvel þó ekki hefðu allir samþykkt þá tillögu sem kosið var um. Það var árið 1993 eins og mönnum er í fresku minni.

Ég skal nefna reynslu af einu dæmi sem var látið ganga fram þrátt fyrir að tillagan hafði verið felld en sameiningin var látin gerast á grundvelli svokallaðra 2/3 hluta reglu. Það var Vesturbyggð í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar var kosið um að sameina fimm sveitarfélög, það var samþykkt í fjórum en fellt í einu og þar með var tillagan fallin en sameiningin var látin ganga fram í þessum fjórum á grundvelli þessa bráðabirgðaákvæðis. Í þessu tilviki gerðist það að í einu sveitarfélaginu sem var þannig sameinað hinum þremur óskaði meiri hluti íbúa á kjörskrá eftir því við sína sveitarstjórn að ekki yrði gengið til sameiningar heldur kosið aftur með þeim rökum að þeir hefðu samþykkt sameiningu fimm sveitarfélaga en aldrei fjögurra. Ef það ætti fram að ganga yrði að fara fram ný kosning. Þetta var í Rauðasandshreppi. Hins vegar ákvað sveitarstjórnin að verða ekki við tilmælum meiri hluta kjósendanna í sínum hreppi, hafnaði þessu og samþykkti sameininguna og hafði fullt vald til þess. Þar höfum við strax dæmi um misnotkun að mínu mati á heimild sem menn höfðu í lögunum. Ég get ekki kallað það annað en misnotkun þegar menn ganga sannanlega gegn vilja meiri hluta íbúanna.

Annað dæmi úr þessu sama sveitarfélagi, sem sýnir að undirbúningi var áfátt svo ekki sé meira sagt, þegar úr öðru sveitarfélagi af þessum fjórum, þ.e. Bíldudalshreppi, fengu þingmenn og fleiri, m.a. þáv. félmrh., áskorun frá íbúum, dagsett í febrúar á þessu ári, þar sem óskað var eftir því að sameiningunni yrði slitið, m.a. með þeim rökum að sameiningin hafi ekki verið samþykkt, vilji þeirra hafi verið til þess að samþykkja sameiningu fimm sveitarfélaga en ekki fjögurra eins og greint er frá í röksemdum þeirra sem skrifa undir. Það var líka að ég held ég megi segja meiri hluti atkvæðisbærra íbúa í því sveitarfélagi, eða 117, sem skrifaði undir áskorunina. Þar höfum við tvö dæmi sem sýna okkur að íbúarnir a.m.k. í þeim fyrrv. sveitarfélögum eru ekki sammála þeirri ákvörðun sem sveitarstjórnin tók á grundvelli sams konar bráðabirgðarákvæðis og hér er lagt til að verði heimilað. Reynslan er því ekki góð. Hún á ekki að stuðla að því að menn breyti þessari reglu sem einu sinni var yfir í að taka hana upp á nýjan leik og taki þar með skref til að gera hana að viðvarandi reglu sem hlýtur að vera krafa eins og er reyndar þegar komið fram í umræðum.

Í mínum huga liggur málið þannig að mér finnst ekki traustvekjandi af hálfu þeirra sem leggja til að sex sveitarfélög sameinist að þeir skuli jafnhliða óska eftir því að lögum

verði breytt af því að þeir búist við að tillagan verði felld. Mér finnst að þeir ættu þá að leggja fram tillögu sem þeir trúa sjálfir að verði samþykkt. Mér finnst satt að segja það ekki vera réttur gangur í málinu að leggja fram tillögu sem sjálfir flutningsmenn hafa ekki trú á að verði samþykkt og biðja því um lagabreytingu til þess að geta komist frá málinu án annarrar kosningar. Ég minni á það að eftir kosningarnar 1993, sem ég gat um, samþykktu fjögur þáverandi sveitarfélög tillögu um stóra sameiningu og bjuggust flestir við að menn mundu láta fara fram nýja atkvæðagreiðslu meðal þeirra fjögurra vegna undirtekta sem leiddu það í ljós að það mátti búast við því að það væri stuðningur við að sameina þessi fjögur sveitarfélög.

Yfirvöld í þessum fjórum sveitarfélögum hafa haft tvö ár til að stíga þetta skerf en hafa einhverra hluta vegna kosið að nota það ekki. Menn hafa sjálfir eindagað sig ef þeir líta svo á að málið sé komið á einhvern eindaga og þurfi lagaákvæði til að bjarga mönnum frá því. Mér finnst því, virðulegur forseti, eðlilegast að framgangur verði eins og lög kveði á um. Gangi tillagan ekki fram eins og hún er lögð fyrir þá verður lögð fram ný tillaga og um hana kosið meðal íbúa í þeim sveitarfélögum sem málið varðar.

Ég vil bara ítreka að afstaða mín í þessu máli er nákvæmlega sú sama og var fyrir tveimur árum og leiddi m.a. til þess að sveitarstjórnarlögum var breytt í það horf sem þau eru í nú.

[18:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem slær mig frekar óþægilega við þetta mál. Í fyrsta lagi að sett séu sérstök lög sem eiga bara við um eitt tiltekið atvik 10 dögum áður en atkvæðagreiðslan á að eiga sér stað. Þess vegna spyr ég hæstv. félmrh. eða hæstv. forseta hvort það eru fordæmi fyrir slíkri lagasetningu.

Í öðru lagi slær mig mjög óþægilega að það standi til að það eigi sér stað sameining sveitarfélaga, hugsanlega fjögurra af þessum sex og þá yrði sameiningin á allt öðrum forsendum en viðkomandi aðilar kusu um. Þess vegna finnst mér það fyrirkomulag í lögunum að það verði önnur kosning ef svona lagað kemur upp, sum fella og aðrir samþykkja, mjög eðlilegt. Ég virði að þessi tillaga er komin af viðkomandi svæði og hugsanlega eru aðstæður þarna erfiðar, þ.e. hugsanlega er erfitt að fara í aðra atkvæðagreiðslu á þessum árstíma, en mér finnst þetta samt mjög varasamt. Ég á mjög erfitt með að samþykkja svona lög og þess vegna spyr ég hvort svona lagasetning eigi sér fordæmi.

[18:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég lít svo á að spurningu síðasta ræðumanns hafi veri beint til forseta en ekki mín og því leiði ég hest minn frá því að svara henni. Ég hygg að tímafrestir séu styttri þarna en ég man eftir þann tíma sem ég hef setið á þingi. Hitt er svo annað mál að það er fordæmi fyrir bráðabirgðaákvæði ekki ólíku þessu.

Það ber ekkert mikið á milli okkar hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, um það meginatriði að vilji íbúanna eigi að ráða þegar um sameiningu er að ræða, þ.e. um prinsippið. Ég vil ekki fara að blanda mér í vangaveltur um stærðfræðilega möguleika sem kunna að vera á útkomu úr svona kosningum, þ.e. hve margir möguleikar gætu orðið, en ég lít svo á, herra forseti, að ef sameiningin yrði felld á Ísafirði þá sé komin upp alveg ný staða og óhjákvæmilegt að láta fara fram aðra kosningu. Þó að sameining yrði felld t.d. í Mýrahreppi eða jafnvel Þingeyri getur þetta orðið fullburðugt sveitarfélag og það eru ekki ólíkar kringumstæður, ekki gerbreyttar forsendur fyrir sameiningunni með fullri virðingu fyrir bæði Þingeyri og Mýrahreppi. En ég lít svo á að ef sameining félli á Ísafirði væri komin upp ný staða og alveg óhjákvæmilegt að láta fara fram sérstaka kosningu um nýja tillögu. Það er ekki mér að kenna að sveitarstjórnarmenn fyrir vestan hafa geymt þetta mál. Tímasetningunni ráða þeir og ég vil undirstrika að það er alfarið á valdi sameiningarnefndarinnar eða sveitarstjórnarmanna fyrir vestan hvaða dag kosningin fer fram. Félmrn. getur ekkert skipt sér af því. En vegna þeirra hörmulegu atburða sem urðu á Flateyri kann að vera að viðhorf þeirra hafi eitthvað breyst án þess að ég hafi á því sönnur enda hefur samninganefndin ekki hist eftir að slysið varð á Flateyri.

Þetta er ekki fordæmislaust. Það var ákvæði, eins og hv. 5. þm. Vestf. veit og gat um, til bráðabirgða við sveitarstjórnarlögin 1993 og ég ákvað að gera ákvæðið ekki varanlegt heldur verða við ósk þessara tilteknu sveitarfélaga og flytja þetta frv. Ekki er verið að leggja til að þetta verði viðvarandi regla og ég vek líka athygli á því að þetta ákvæði er þrengra en bráðabirgðaákvæðið var 1993, þar sem hér er ekki einasta krafist að það séu 2/3 sveitarfélaganna að tölunni til heldur líka að þar búi 2/3 af íbúunum.

Varðandi þau vandamál sem upp hafa komið í Vesturbyggð og bón þeirra á Bíldudal um að ganga úr sveitarfélaginu þá vil ég láta þess getið að ef það er t.d vilji þingmanna Vestfjarða að beita sér fyrir lagasetningu um að leysa sveitarfélagið Vesturbyggð upp er þeim að sjálfsögðu frjálst að flytja frv. þar um. Það er ekki hægt að gera nema með sérstakri lagasetningu á Alþingi og mér finnst eðlilegra að ef svo væri og sterkur vilji fyrir því að leysa sveitarfélagið upp þá væru það þingmenn kjördæmisins fremur en félmrn. eða félmrh. sem beittu sér fyrir því. Ég lít svo á að hér sé um að ræða sveitarfélög sem eru í landshluta sem eru í mjög erfiðri stöðu eins og stendur. Þarna hafa orðið miklar breytingar í samgöngubótum síðan síðasta atkvæðagreiðsla fór fram. Það liggur fyrir að göngin um Breiðadals- og Botnsheiði verða opnuð til almennrar umferðar strax upp úr áramótum og það breytir mjög miklu um samstarf þessara sveitarfélaga. Ég tel að sameining sveitarfélaga á þessu svæði geti verið lyftistöng og tryggt byggð á svæðinu en ég legg hins vegar áherslu á að það er auðvitað íbúanna sjálfra að meta það.

[18:08]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunum sameinaðist Alþingi um það á sínum tíma að íbúar í hverju sveitarfélagi væru fullvalda um það hvort sveitarfélagið yrði lagt niður eða ekki. Það er grundvallarregla. Með því frv. sem hér er flutt er verið að víkja frá þeirri reglu eins og fram hefur komið í umræðunni.

Hæstv. félmrh. sagði síðan í ræðu sinni áðan að yrði tillagan felld á Ísafirði mundu forsendur málsins breytast í reynd og lá auðvitað í orðunum stærð Ísafjarðar. Þar með er verið að segja að það sé verið að veita einu sveitarfélagi á þessu svæði efnislegt vald umfram öll hin og það sem meira er, tengja það síðan við vald viðkomandi sveitarstjórnar. Grundvallarreglan sem við samþykktum hins vegar á Alþingi var sú að íbúarnir í sveitarfélögunum væru fullvanda þessu máli. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst

hæstv. félmrh. ekki flytja sannfærandi rök fyrir máli sínu áðan. Það sem meira er, með því að víkja að þessu sérstaka tilviki Ísafjarðar og vera að innleiða efnislega mismunun áður en til atkvæðagreiðslunnar kemur og þetta frv. yrði samþykkt finnst mér gera það að verkum að það sé ekki hægt að samþykkja þetta frv. í þeirri túlkun sem hæstv. ráðherra hefur lagt það fram því að hann er í raun og veru að segja að íbúar Dýrafjarðar, svo ég taki dæmi, hafi ekki efnislega sama rétt í atkvæðagreiðslunni verði frv. samþykkt eins og íbúar Ísafjarðar.

[18:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Íbúar hvers sveitarfélags fyrir sig hafa að sjálfsögðu fullkomlega rétt til þess að hafna tillögunni. Það liggur í augum uppi. Ég tel að í þessu tilfelli eins og frumvarpsgreinin er orðuð sé ekki um að ræða stórt frávik frá þeirri grundvallarreglu sem ég er sammála hv. ræðumönnum, bæði hv. 8. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Vestf., að eigi að hafa í heiðri, þ.e. að kjósendur eigi að ráða sjálfir, ekki sveitarstjórnin. En með tilliti til þeirra aðstæðna sem eru þarna, með tilliti til þess árstíma sem nú fer í hönd og að teknu tilliti til óska fulltrúa íbúanna á þessu svæði flyt ég þetta frv. og legg áherslu á að það verði afgreitt á þinginu. Ég tel að þar sé við nóga erfiðleika að etja þó að þeim sé gefinn kostur á að láta þessar kosningar fara fram. Íbúarnir sjálfir, í hverju sveitarfélagi fyrir sig, taka afstöðu hvort þeir vilja sameiningu eða ekki og ég treysti því að hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, sjái það að með því að Ísafjörður væri ekki aðili að þessu sveitarfélagi er komin upp algerlega ný staða.

[18:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Grundvallarreglan um fullveldi íbúa hvers sveitarfélags felur það í sér að það kemur málinu ekkert við hvað mér finnst, hæstv. félmrh., né kemur það málinu við hvað hæstv. félmrh. finnst. Röksemdir af því tagi að felli Ísafjörður sameininguna sé komin upp alveg ný staða eiga þess vegna ekkert erindi inn í þessa umræðu. Það sem er hins vegar gert með þessu frv. er að afhenda íbúum Ísafjarðar í reynd neitunarvald yfir öllu ferlinu, íbúum annarra sveitarfélaga ekki, einfaldlega vegna þess að íbúafjöldi Ísafjarðar er þannig í samhengi við önnur sveitarfélög að skilyrðið í frv. um 2/3 íbúa á svæðinu felur þetta í sér. Það er grundvallarbreyting á fullveldisreglunni í þessum efnum, hæstv. félmrh., og skiptir engu máli hvað okkur finnst um viðkomandi svæði.

Það var nokkuð rætt á höfuðborgarsvæðinu, t.d. í atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga, hvaða vægi Reykjavík ætti að hafa í því. Ef þessi regla væri heimfærð upp á höfuðborgarsvæðið og það kæmi til atkvæða um það hvort Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur og Reykjavík vildu sameinast, ef sveitarfélögin að frátalinni Reykjavík vildu ganga í sameininguna en hún væri felld í Reykjavík, *væri málið úr sögunni samkvæmt* frv. af þessu tagi. Það er þessi mismunun á fullveldisrétti íbúa Ísafjarðar annars vegar og íbúa Dýrafjarðar hins vegar svo að ég taki dæmi sem mér finnst hæstv. félmrh. ekki geta lagt fyrir Alþingi því ef við förum inn á þá braut í einu tilviki að breyta reglunni á þann hátt að veita efnislega meiri rétt, í reynd neitunarvald byggist á íbúafjölda, þá er verið að stíga skref þar sem ávallt er hægt, hæstv. félmrh., að finna einhver sérstök rök fyrir því að það eigi líka að eiga við undir einhverjum öðrum kringumstæðum. Ég bið hæstv. félmrh. að íhuga málið nánar áður en það kemur til endanlegrar afgreiðslu.

[18:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Ég vek athygli hv. þm. á að hér er um að ræða ákvæði til bráðabirgða, ekki varanlega breytingu á lögum. Það er tekið þarna tillit til aðstæðna. Það kann að vera að hv. Alþingi þyki að þarna sé sveitarfélögum mismunað óeðlilega. Ég lít ekki svo á. Ég tel að þetta gangi. Það kann að vera að meiri hluti Alþingis sé á öðru máli og þá vænti ég þess að það verði skoðað sérstaklega í hv. félmn. Hins vegar tel ég að okkur væri sómi að því að reyna heldur að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum ef íbúar þar vilja svo fremur en að vera að gera þeim það óþægilegra eða torvelda það á nokkurn hátt.

[18:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að hnykkja á tveimur atriðum. Það fyrra er til þess að það liggi alveg ljóst fyrir hvert er fordæmisgildi bráðabirgðaákvæðis frá 1993 sem bæði ég og hæstv. ráðherra hafa vitnað til Menn verða að athuga í hvaða tímaröð hlutirnir gerast. Það er í maí 1993 sem er ákveðið að setja í sveitarstjórnarlögin þetta bráðabirgðaákvæði sem heimilar sveitarstjórnarmönnum að ákveða sameiningu jafnvel þótt hún hafi ekki verið samþykkt nákvæmlega af íbúunum. Þá var aðalreglan í lögunum sú að sameining þurfti ekki samþykki. Hún þurfti höfnun en ekki samþykki. Síðan gerist það veturinn seinna, eða 22. mars ári seinna, að Alþingi breytir þessu. Breytir meginlagaákvæðinu í sveitarstjórnarlögum og ýtir í raun og veru bráðabirgðaákvæðinu sjálfkrafa til hliðar, það var út af fyrir sig tæmt tímanlega en efnislega vikið til hliðar með nýju lögunum sem eru þau að sameining verður að vera samþykkt af íbúunum. Bráðabirgðaákvæðið frá 1993 getur því ekki verið fordæmi fyrir bráðabirgðaákvæði 1995 vegna þess að Alþingi er þegar búið að víkja því til hliðar sem reglu. Það sem er að gerast núna með því að taka upp bráðabirgðaákvæði af þessu tagi á nýjan leik er að menn eru að bakka. Menn eru að bakka frá þeirri reglu að íbúarnir eigi að ákveða sameininguna og yfir í annað sem hefur óljósan endi en alla vega það millispil að það séu sveitarstjórnarmennirnir sem eigi að taka ákvörðunina. Þar eru menn að taka ákvörðunina úr höndum íbúanna og færa hana yfir í hendur sveitarstjórnarmannanna í tilteknum tilvikum. Ég er einfaldlega andvígur því skrefi bæði af efnislegum ástæðum og líka því að ég óttast að það verði notað til að festa bráðabirgðaákvæðið í sessi og gera það að varanlegu ákvæði eins og þegar hefur komið fram sjónarmið um frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Auk þess mun það líka leiða til þess að mínu viti að menn gangi lengra í áttina frá ákvörðunarvaldi íbúanna því að við vitum auðvitað um að það hafa margar raddir komið fram um að það eigi ekki að spyrja íbúa yfir höfuð í sameiningarmálum varðandi sveitarfélög. Að *mínu* viti hefur þessi breyting, sem menn eru að leggja til að verði lögfest, gríðarlegt fordæmisgildi og getur haft slæmar afleiðingar varðandi þá meginreglu sem við búum við í löggjöfinni. Ég er ekki tilbúinn að standa að því að stíga slíkt skref enda treysti ég íbúum til að taka ákvarðanir. Það er kannski munurinn á mér og þeim sem leggja þetta til, að ég treysti fólkinu. Það er það sem menn eiga að gera yfirleitt og ekki bara stundum heldur alltaf.

[18:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég treysti fólkinu líka. Ég tel að það eigi að vera meginreglan að það sé kosið upp á nýtt ef aðstæður breytast. Ég tel að þetta sameiningarferli sé ekkert óskynsamlega orðað í lögunum en eins og aðstæður eru nú þarna fyrir vestan og af því að ég tel brýnt að úr því fáist skorið sem fyrst með tilliti til aðstæðna hvort þarna verður um sameiningu að ræða eða ekki þá legg ég til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [18:23]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frh. 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 84. mál (skattskylda starfskostnaðar). — Þskj. 85, nál. 121 og 123, brtt. 122 og 145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [18:24]

Brtt. 122,1 felld með 37:7 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, JóhS, KH, LB, VÁ, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 145 felld með 38:2 atkv. og sögðu

já: KH, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, VÁ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 122.1, varatillaga, felld með 39:5 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, JóhS, KÁ, VÁ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP, ÖJ.

19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:26]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í umfjöllun þingflokks formanna um þetta mál á sínum tíma var ég þeirrar skoðunar að ráðherrar ættu ekki rétt á greiðslu skv. 9. gr. laganna. En við nánari umfjöllun sannfærðist ég um að þau tilvik geta komið upp þar sem ráðherrar, sérstaklega af landsbyggðinni, þurfa að sinna ýmsum störfum sem þingmenn sem ráðuneytin eiga ekki að greiða. Þess vegna hef ég talið rétt að fara þá leið sem hér er lögð til í þessari varatillögu. Það má geta þess hér að það skiptir máli hvar greiðslur eru bókfærðar, hvort þær eru bókfærðar á ráðuneytin eða viðkomandi þingmenn. Ég styð því þessa varatillögu sem er lögð hér fram.

Brtt. 122,2 felld með 38:6 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, JóhS, KH, VÁ, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP.

nei: GHelg, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, KH, VÁ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP.

nei: GHelg.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, VÁ, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 18:30.

26. FUNDUR

fimmtudaginn 2. nóv.
að loknum 25. fundi.

Dagskrá:

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 84. mál, þskj. 85. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frh. 3. umr.

Frv. ÓE o.fl., 84. mál (skattskylda starfskostnaðar). — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [18:31]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

[18:31]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem ég virðist vera eini hv. þm. sem greiddi atkvæði gegn þessu frv. tel ég mér skylt að gera grein fyrir ástæðunni. Ég tel að þetta mál sé allt hið sorglegasta eins og ég hef marglýst yfir. Hér var um að ræða leiðréttingu á úr sér gengnum ákvæðum laga um þingfararkaup. Ég tel og verð að segja alveg eins og er að málið hafi verið illa kynnt og þjóðin hafi misskilið allt eðli þessa máls. Ég held að mér þyki þessi umræða öll, þessi afgreiðsla mála Alþingi til vansa og er á móti þessu frv. frá byrjun til enda og treysti mér ekki til þess að fylgja flokki mínum í því efni. Ég tel að engin ástæða hafi verið til þess að breyta þeim lögum sem þegar voru sett og mér þykir mjög miður að þjóðin skuli hafa verið afvegaleidd með misvísandi upplýsingum um efni þessa máls. Mér þykir þingmenn leggjast lágt við að hlaupa eftir upphlaupum þeirra sem hvorki vildu né gátu skilið eðli málsins og ég tel að hið háa Alþingi eigi ekki að vinna á þessa lund og harma þetta mál allt saman.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [18:34]

Frv. samþ. með 39:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞJ, ÞorstP.

nei: GHelg, ÖJ.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, KH, VÁ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GuðjG, GB, HjÁ, IP, JBH, KPál, MF, RG, StG, TIO, VK, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:33]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að samþykkja að skattleggja sérstakan starfskostnað alþingismanna. Við þingmenn Þjóðvaka styðjum það. Hins vegar var felld tillaga okkur um að afnema 16. gr. laganna. Það gilda því áfram sérstök skattalög fyrir alþingismenn. Að mati okkar þingmanna Þjóðvaka er óhæfa að sérstök skattalög skuli gilda um alþingismenn. Við hörmum þessa niðurstöðu og munum sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 151).

Fundi slitið kl. 18:34.

Efnisskrá.

Aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna (64. mál) 685.
Afbrigði um dagskrármál 603, 615, 616, 751.
Almenn hegningarlög (74. mál, alþjóðasamningur um bann við pyndingum) 628, 687.
Endurskoðun á verksviði sýslumannsembætta (8. mál) 655.
Flutningur höfuðstöðva Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja (114. mál) 669.
Framhaldsskólar (94. mál, heildarlög) 691, 750.
Framleiðsla og sala á búvörum (120. mál, greiðslumark sauðfjárafurða) 614, 615, 616.
Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna (92. mál) 631, 688.
Hjúskaparlög (107. mál, ellilífeyrisréttindi) 636, 688.
Hvalveiðar (22. mál) 672.
Höfundalög (86. mál, EES-reglur) 690, 750.
Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir (99. mál, EES-reglur) 645, 688.
Lokunartími veitingahúsa (54. mál) 668.
Lyfjalög (21. mál, gildistaka ákvæða um stofnun lyfjabúða o.fl.) 604, 615.
Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum (102. mál, heildarlög) 650, 689.
Löndun undirmálsfisks (112. mál) 681.
Mannanöfn (73. mál, heildarlög) 618, 687.
Minning Braga Sigurjónssonar 617.
Minnst þeirra er létust í snjóflóðinu á Flateyri 26. okt. sl. 601.
Mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun (72. mál) 747, 751.
Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar (89. mál) 652, 689.
Sjálfræðisaldur barna (47. mál) 659.
Skaðabótalög (51. mál) 661.
Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna (61. mál) 733, 751.
Sveitarstjórnarlög (126. mál, atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga) 759.
Tilhögun þingfundar 655, 690.
Úrbætur í fangelsismálum (52. mál) 664.
Úrræði gagnvart síbrotamönnum (53. mál) 666.
Varamenn taka þingsæti 602, 654.
Veiðar og rannsóknir á smokkfiski (82. mál) 679.
Veiðar og rannsóknir á túnfiski (81. mál) 676.
Verðbréfasjóðir (98. mál, EES-reglur) 645, 688.
Verðbréfaviðskipti (97. mál, heildarlög) 641, 688.
Verðbréfaþing Íslands (101. mál, EES-reglur) 645, 688.
Þingfararkaup og þingfararkostnaður (84. mál, skattskylda starfskostnaðar) 751, 767, 769.
Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla (100. mál) 648, 689.

27. FUNDUR

mánudaginn 6. nóv.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Færsla grunnskólans til sveitarfélaganna.

[15:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. menntmrh. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvar undirbúningsvinna varðandi færslu grunnskólans yfir til sveitarfélaganna sé á vegi stödd. Nú er það svo að tíminn líður hratt í þessu sambandi og það virðist óhjákvæmilegt að það þurfi að skýrast á allra næstu vikum, svo ekki sé sagt dögum, hvort raunhæft sé að reikna með að af þessari færslu geti orðið við mörk næstu skólaára og á í hönd farandi fjárlagaári. Þar eru mörg mál sem varða tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, réttindamál kennara og annað því um líkt, sem er gjörsamlega óhugsandi að verði látin hanga í lausu lofti. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. í fyrsta lagi hvað líður störfum verkefnisstjórnarinnar sjálfrar og störfum þeirra þriggja undirnefnda sem eru þar að störfum og varðar réttindi kennara, tekjustofna og fagleg málefni. Mér er tjáð að óleyst vandamál og jafnvel ágreiningur séu enn uppi, í a.m.k. tveimur af þremur þessara nefnda.

Í öðru lagi spyr ég um kjarasamning kennara og undirbúning að þeim málum því að það virðist ljóst að ganga verði frá nýjum kjarasamningi við kennara á fyrstu mánuðum næsta árs ef ráðning þeirra til nýs vinnuveitenda á að geta farið eðlilega fram á vordögum.

Í síðasta lagi spyr ég hæstv. menntmrh. hvort það komi til greina að hans mati að þessi færsla fari fram á næsta ári ef ekki verður komin niðurstaða í öll þessi atriði fyrir áramót, þ.e. áður en gengið verður frá fjárlögum næsta árs á Alþingi í desember.

[15:04]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér er um miklu viðameira mál að ræða en svo að unnt sé að svara öllum þessum spurningum sem lagðar voru fyrir mig á þeim skamma tíma sem við höfum hér til stefnu. Það er ljóst að markvisst hefur verið unnið að málinu frá því að lögin voru samþykkt á Alþingi 25. febr. með þeim fyrirvörum sem voru sett í þau og í samræmi við ákvæði laganna hefur verið unnið að framgangi málsins. Verkefnisstjórnin hefur unnið að málinu á undanförnum vikum og mánuðum og þrír hópar, eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Þessir hópar og verkefnisstjórnin hafa unnið starf sitt mjög skipulega. Ég held að þau atriði séu að skýrast sem þarf að taka ákvarðanir um til þess að þau skilyrði sem Alþingi setti fyrir endanlegri gildistöku laganna og yfirflutningnum til sveitarfélaganna frá og með 1. ágúst nk., komi fram og málið verði í þeim búningi sem Alþingi ákvað að skyldi vera.

Að sjálfsögðu eru menn ekki sammála um allt eins og gengur en viðræðurnar standa yfir, allir aðilar málsins eru í þessum nefndum og eru í verkefnisstjórninni og koma að málinu og síðan þarf að lokum að taka ákvarðanir um einstök úrlausnarefni þegar þau hafa skýrst betur en nú er. Varðandi það hvort til þess komi að flytja skólana til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996 þá hef ég ekki orðið var við neitt sjálfur sem eigi að hindra það. Þvert á móti finnst mér hugur manna standa til þess og allar viðræður og allt starfið miðar að því að þetta verði gert. En uppfylla þarf þau skilyrði sem Alþingi setti og að því er unnið og ég á von á að það muni takast í tæka tíð.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Ég varð satt best að segja ekki miklu nær um hver hin eiginlega staða málsins er. Ég spurði hæstv. ráðherra um það í lokin hvort hann gæti staðfest það hér að sá tími sem til stefnu væri væru þær vikur sem eftir lifa þessa árs og það kæmi ekki til greina að láta þetta mál vera enn í óvissu þegar gengið verður endanlega frá fjárlögum í desember. Það held ég að sé mikilvægur vendipunktur í málinu og mér hefði þótt betra ef hæstv. ráðherra hefði getað staðfest að þetta mikilvæga mál yrði ekki látið standa í óvissu um komandi áramót. Það er ekki bara einhver formskylda til að uppfylla fyrirvara í lögum sem Alþingi setti inn sl. vor. Ég held að öllum sé ljóst að það er mikilvægt málaflokksins vegna til þess að þetta geti gengið vel og að ekki verði um þetta nein óvissa. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því hvaða tími er til stefnu og menn geri þá úrslitatilraun til að ljúka vinnunni núna á næstu vikum þannig að hlutirnir liggi fyrir í desember áður en fjárlög verða afgreidd eða taki ella ákvörðun þá um að fresta málinu a.m.k. um eitt ár.

[15:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ef hv. þm. kynnir sér fjárlagafrv. og hvernig staðið er að fjárveitingum til grunnskólanna samkvæmt því ætti hann að átta sig á því að enginn vafi er um fjárveitingar til grunnskólans án tillits til þess hvort flutningurinn verður því þannig var staðið að öllum ákvörðunum vegna grunnskólans við gerð fjárlaganna að ekki er um neinar skerðingar að ræða og dæmið liggur mjög skýrt fyrir og er einstaklega skýrt í fjárlagafrv. Það ætti því ekki að valda neinum vandræðum að afgreiða fjárlögin fyrir áramót hvað sem líður öðrum ákvörðunum. En ég á von á því að þær verði unnt að taka á næstu vikum eins og hv. þm. orðaði það og sé enga ástæðu til að örvænta um að þetta takist ekki sem við ákváðum á þingi að skyldi gerast 1. ágúst 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins.

[15:09]

Vilhjálmur Ingi Árnason:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. dómsmrh. Fram hefur komið hjá lögfræðingi samtaka iðnaðarins að bústjórar telji litla þýðingu hafa að kæra meint brot í rekstri fyrirtækja til Rannsóknarlögreglu ríkisins því vegna fjárskorts sé Rannsóknarlögreglunni ekki kleift að ráða til sín nógu margt hæft starfsfólk og geti því ekki gegnt lögbundnu hlutverki sínu. Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að úr því verði bætt?

[15:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. vita var ákveðið fyrir einu og hálfu ári að auka við fjárveitingar til Rannsóknarlögreglu til þess að gera henni frekar kleift að fást sérstaklega við efnahagsbrot. Auðvitað má ávallt um það deila hvort nægjanlegir fjármunir fari til þessa mikilvæga málaflokks að halda hér uppi virkri rannsóknarlöggæslu en ég tel að það hafi verið ágætlega vel staðið að framkvæmd þeirra mála að undanförnu og eins og fjárveitingar hafa verið eru þær auðvitað eins og allar fjárveitingar til opinberra verkefna sniðnar eftir þeim þrönga stakk sem við þurfum að búa við. En í meginatriðum hefur Rannsóknarlögreglan kappkostað við þær aðstæður að sinna verkefnum sínum af kostgæfni.

[15:11]

Vilhjálmur Ingi Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. En það hefur komið í ljós eins og ég sagði að nú á dögum telja menn ekki þýða að beina málum til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þess að hún getur ekki sinnt þeim. Það hefur þýtt að upp koma hin og þessi gjaldþrotamál sem bæri að rannsaka en er ekki gert. Þó þetta mál sé í skoðun þá er það ekki nóg því öruggt er að allir þeir fjármunir sem til Rannsóknarlögreglunnar yrðu lagðir mundu skila sér aftur til ríkisins.

[15:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ítreka að allir sem telja sig vera með þau mál í höndum sem ástæða er til að skjóta til Rannsóknarlögreglu geta gert það og eiga að gera það.

Tjón á dreifingarkerfi rafmagnsveitnanna.

[15:13]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. iðnrh. Í ofviðrinu sem gekk yfir landið fyrir tæpum hálfum mánuði varð gífurlegt tjón á raflínum sem metið er á um 400 millj. Undirritaður ásamt þingmönnum úr öllum flokkum, sem voru á 118. þingi, fluttu tillögu um sérstakt átak til að leggja dreifilínur í jörð. Ég held að m.a. vegna þessarar tillögu hafi verið gerður samningur um að Rarik skyldi verja 100 millj. til aðgerða í þessa veru og inn voru felldar kröfur um arðgreiðslur af hálfu ríkisins til Rariks. Við féllumst á að frekari afgreiðsla tillögunnar væri óþörf að svo komnu máli. En mér sýnist að málum geti verið komið þannig að það sé ástæða til að hreyfa þessu að nýju. Því ber ég fram eftirfarandi spurningar til hæstv. ráðherra:

1. Hversu mikið tjón hefur orðið af völdum veðurs á raflínum eða dreifilínum á landinu sl. þrjú ár?

2. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til að koma dreifilínum í jörð á verstu veðurfarssvæðunum?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstöku átaki til viðbótar þessum árlegu 100 millj. kr. til bóta á dreifikerfinu?

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það er áætlað af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins að tjón í ofviðrinu nú um daginn hafi verið í kringum 400 millj. kr., 120–130 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða og mismunurinn á því og 400 millj. kr. sem er rúnnuð tala er þá það tjón sem Rafmagnsveitur ríkisins urðu fyrir. Hv. þm. kemur mér dálítið í opna skjöldu með því að spyrja um tjón þrjú ár aftur í tímann. Ég verð að viðurkenna að þær tölur hef ég ekki nákvæmlega fyrir framan mig í óundirbúinni fyrirspurn. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að á undanförnum árum hafa menn gert átak í því að koma þessum strengjum, sem uppi hafa verið, í jarðstreng, einfaldlega til þess að koma í veg fyrir þessi tjón. Áætlað að kostnaður við að setja þetta í jörð á þeim svæðum þar sem hægt er að leggja með svona sæmilega búnum tækjum, jarðýtu og plóg og öðru slíku, sé álíka mikill kostnaður og við að byggja upp línurnar aftur. Það er því átak í gangi í þessum efnum og þetta verður sérstaklega skoðað nú. Hins vegar er það svo að á mörgum stöðum er alls ekki hægt að koma streng í jörðu. Hvort þetta átak hafi allt saman byrjað út af þeirri þáltill. sem hér var flutt fyrir nokkrum árum síðan þori ég ekki að leggja mat á og vil ekki leggja mat á. Hins vegar er tillagan hjá hv. þm. ágæt. Hún var hins vegar ekki samþykkt á þinginu, lá þar fyrir í iðnn. Það er verið að skoða málið, hv. þm.

[15:15]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það var spurt um hvort það væru undirbúnar fyrirspurnir sem væru á dagskrá. Ég gerði mér það erindi að eiga orðastað við hæstv. ráðherra út af þessum málum vegna þess að mér er heldur verr við að fá menn mikið upp á móti mér út af óundirbúnum fyrirspurnum eins og raun hefur orðið á. En það er alls ekki í þessu tilviki. Ég vil þakka hæstv. ráðherra ágæt svör svo langt sem þau náðu, en ég held að það væri rétt að menn athuguðu mjög vel samræmið á milli aðgerða og þeirra tjóna sem orðið hafa. Mér er kunnugt um að þau eru gífurleg og þeir fjármunir, hæstv. forseti, sem settir eru í þetta til úrbóta eru innan við 25% af þeim tjónum sem orðið hafa.

Framtíð starfsmenntunar.

[15:17]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Á fundi félmn. í morgun kom fram hjá fulltrúa Alþýðusambands Íslands að heyrst hefði að draga ætti úr og jafnvel hætta þeirri starfsmenntun sem nú er veitt í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, þ.e. þegar Borgarholtsskólinn nýi tekur til starfa.

Í umræðum sem áttu sér stað fyrir nokkrum dögum um framhaldsskólafrv. kom fram að þingmenn og reyndar skólamenn eru þeirrar skoðunar að mjög mikil þörf sé á því að auka starfsmenntun í landinu. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er eitthvað hæft í þeirri fullyrðingu að það eigi að draga úr starfsmenntun í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti?

[15:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er þegar Borgarholtsskólinn tekur til starfa að breyting verði á verkaskiptingu framhaldsskólanna í Reykjavík. Það var einmitt það plagg sem var lagt fram á hinu háa Alþingi á fimmtudaginn var þar sem kynntar voru hugmyndir sem uppi eru um verkaskiptingu framhaldsskólanna. Eins og menn sjá ef þeir kynna sér það, þá eru þar vangaveltur um hlutverk Fjölbrautaskólans í Breiðholti og

fleiri skóla. En ég sé ekki að unnt sé að túlka þær hugmyndir á þann veg að starfsmenntun verði hætt í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. En þetta er mál sem er til skoðunar í heild eins og liggur fyrir í þessu plaggi. Það er nú til umræðu í skólunum og verður til umræðu í menntmrn. og ákvarðanir verða teknar um þessi mál í ljósi þessara umræðna og þeirra tillagna sem fram koma. Öll gögn málsins hafa verið lögð fram á hinu háa Alþingi og menn geta kynnt sér þau, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar. Framhaldsskólafrv. liggur fyrir og þar er lögð áhersla á að auka starsfmenntun. Ég tek því undir það með hv. þm. að það væri einkennilegt að leggja aukna áherslu á starfsmenntun ef síðan yrði dregið úr henni. En verkaskiptingin á milli skólanna er annað atriði sem menn verða að velta fyrir sér og taka afstöðu til í ljósi breyttra aðstæðna og heimildir um það hafa einnig verið kynntar hv. þingmönnum.

[15:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég þóttist vita að það hlyti eitthvað að hafa farið á milli mála í þessum upplýsingum og ég fagna því ef það er ekki ætlunin að skera niður starfsnám. Eins og ég nefndi hér áður þarf einmitt að auka það. Hins vegar er það að sjálfsögðu rétt stefna að það sé einhver verkaskipting á milli skólanna.

Ég fletti upp í þessu plaggi sem lagt var fram sl. fimmtudag og hér kemur einmitt fram að Fjölbrautaskólanum í Breiðholti sé m.a. ætlað að sérhæfa sig á sviði lista, einkum myndlistar. Þetta mál mun væntanlega skýrast þegar við höldum áfram vinnu við framhaldsskólafrv. en ég ítreka að það er mjög mikil þörf á því að auka starfsmenntun í landinu.

Neyðarlínan.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í febrúar er gert ráð fyrir að samræmd neyðarsímsvörun á landsvísu verði komið á fyrir áramót. Í yfirlýsingum fyrir alþingiskosningar sögðu forsvarsmenn stjórnarflokkanna að ekki stæði til að einkavæða þessa þjónustu. Hins vegar kæmi til álita að gera samstarfssamning þeirra aðila sem að neyðarþjónustu koma.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort rétt sé að lögreglan í Reykjavík standi fyrir utan þessa þjónustu, en komi til með að verða viðtakandi símtala sem fyrirtæki í höndum einkaaðila á borð við Securitas, Vara og Sívaka vísi áfram frá sérstakri stjórnstöð. Einnig vil ég spyrja hvort það sé rétt að Slökkviliðið í Reykjavík sé að leggja niður sína svörunarþjónustu vegna þessarar einkavæðingar. Og hvað með landsbyggðina að þessu leyti? Verða sömu milligönguaðilar fyrir hana?

[15:21]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samræmd neyðarsímsvörun er tekin upp frá og með næstu áramótum á grundvelli sérstakrar löggjafar sem samþykkt var á Alþingi sem m.a. fól það í sér að unnt yrði að stofna til fyrirtækis um þetta verkefni þar sem kæmu að ýmsir þeir aðilar sem hafa slíka starfsemi með höndum. Þar eru aðilar eins og Slökkviliðið í Reykjavík, Slysavarnafélag Íslands, Póstur og sími og þar koma öryggisfyrirtæki að. Þetta er allt gert á grundvelli þeirrar löggjafar sem um þetta var samþykkt og miðaði að því að koma á slíkri starfsemi fyrir tilskilinn tíma með sem minnstum tilkostnaði fyrir ríkissjóð.

Lögreglan taldi ekki rétt af sinni hálfu að flytja stjórnstöð sína inn í þetta nýja fyrirtæki, en fær að sjálfsögðu skilaboð í gegnum neyðarnúmerið og sömuleiðis viðbragðsaðilar annars staðar á landinu. Óhætt er að fullyrða að þetta mun verða til mikils hagræðis og aukins öryggis, ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem víða hefur verið erfitt að samræma neyðarsímanúmer og koma á markvissu skipuagi með sólarhringsvöktum. Það er alveg óhætt að fullyrða að með upptöku þessa neyðarnúmers, þá verður þessi þjónusta bætt mjög verulega.

[15:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör. Hér hefur komið fram að lögreglan muni, alla vega að hluta til, standa fyrir utan þetta kerfi. Það kom ekki fram í svari hæstv. ráðherra hvort það sé rétt að Slökkviliðið í Reykjavík sé að leggja niður sína svörunarþjónustu.

Að mínu mati er hér um mikið alvörumál að ræða. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel það vera sjálfsagt framfaramál að samræma neyðarþjónustuna í landinu og þá með þeim hætti að einkafyrirtæki og félagasamtök komi þar að. Það er hins vegar grundvallaratriði að forsjá með slíkri þjónustu sé í höndum lögreglu og slökkviliðs, aðila sem búa yfir sérþekkingu og reynslu og lúta almannastjórn. Það hefur enginn amast við því að einkafyrirtæki bjóði upp á öryggisþjónustu, en forræði yfir neyðarþjónustu landsmanna á ekki að setja í hendur einkaaðila hversu góðir og gildir sem þeir kunna að vera og hvort sem þeir heita Slysavarnafélag Íslands, Vari, Sívaki eða Securitas. En hér hefur það verið upplýst að samkvæmt fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar verði þessir aðilar milligönguaðilar fyrir lögreglu og slökkvilið í landinu. Mér finnst þetta alvarlegt mál. Ég mun leggja fram fyrirspurn og óska eftir skriflegum svörum frá dómsmrn. og taka þetta mál upp að nýju í kjölfarið hér á Alþingi.

[15:25]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er á grundvelli sérstakra laga sem Alþingi samþykkti að stofnað yrði sérstakt fyrirtæki til þess að starfrækja samræmda neyðarsímsvörun. Að því fyrirtæki koma ýmsir aðilar. Það er opið fyrir nýja aðila og það hefur verið vandað mjög til alls undirbúnings og samningagerðar um þessi efni, enda hefur hún tekið þó nokkurn tíma. Þannig að ég tel að þarna hafi verið mjög vandlega að verki staðið og fyllilega í samræmi við þau lög sem Alþingi setti. Þar er til hins ýtrasta gætt allra sjófnarmiða varðandi þá öryggisstarfsemi sem þarna fer fram. Lögreglan taldi hins vegar eðlilegt að halda áfram rekstri sinnar stjórnstöðvar vegna þess að þar koma inn fjölmörg önnur símtöl og upplýsingar en í gegnum neyðarnúmerið sjálft. En að sjálfsögðu fær hún upplýsingar eins og allir aðrir viðbragðsaðilar í gegnum neyðarsímanúmerið.

Eftirlit með dagskrárfé.

[15:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. í framhaldi af skriflegu svari hans við fyrirspurn minni

um hvernig opinbert fé eins og styrkir úr Menningarsjóði útvarpsstöðva hefur skilað sér í dagskrárefni. Í skriflega svarinu kemur fram að hjá sjóðnum hafi ekki verið haldin heilstæð skráð um stöðu einstakra verkefna sem styrkt hafa verið. Mér telst til að af því opinbera fé sem ætlað var samkvæmt lögum að færi í menningarlega dagskrárgerð séu yfir 90 millj., að ótöldu því fé sem er í verkefnum í vinnslu og í úthlutun frá því í ár, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hvort eða hvernig hafi skilað sér í dagskrá ljósvakamiðlanna. Hvað hyggst hæstv. menntmrh. gera til að fylgjast betur með því að opinbert fé skili sér í þau verkefni sem þeim er ætlað samkvæmt lögum, í þessu tilviki styrkveitingar úr Menningarsjóði útvarpsstöðva? Mun hann leggja vinnu í að kanna afdrif þessara a.m.k. 90 millj. sem ekki fengust upplýsingar um í skriflega svarinu við fsp. minni?

[15:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Að sjálfsögðu á að gera grein fyrir því hvernig farið er með opinbert fé. Einnig verða þeir sem fá styrki úr sjóðum að vera til þess búnir að gera grein fyrir því. En eins og reglum er háttað um svör við fyrirspurnum á hinu háa Alþingi er settur þar ákveðinn tímafrestur. Innan þess tímafrests gafst ekki tóm til að svara fyrirspurnum með öðrum hætti en hér liggur fyrir. Ég hef lesið í viðtölum við þá menn sem bera ábyrgð á þessum málum að þeir eru reiðubúnir til þess að afla frekari upplýsinga um þetta og þá er sjálfsagt að þær komi fram. En svarið er veitt samkvæmt bestu vitund miðað við þær reglur sem um slík svör gilda og þann tímaramma sem settur er. Ég er sammála hv. þm. um að auðvitað á að gera grein fyrir því hvernig farið er með opinbert fé, jafnt styrkveitingar og annað, og í þessu efni erum við þingmennirnir einnig sammála um það að Menningarsjóði verður að breyta frá því sem hann er í núverandi mynd. Hv. þm. vill leggja hann niður, en ég hef ekki gengið lengra en að lýsa því yfir að honum skuli breytt og þá þarf einnig að huga að þeim reglum sem um þetta gilda og skýrslugjöf styrkþega til stjórnar sjóðsins um það hvernig fénu er varið.

[15:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Ég geri mér fulla grein fyrir því að tímafrestur er skammur til að afla svo viðamikilla upplýsinga sem spurt var um, en þar sem þetta eru mjög háar upphæðir, yfir 90 millj. kr. sem ekki er gerð grein fyrir, þá tel ég og tek undir með hæstv. ráðherra að það er full ástæða til þess að það verði gerð grein fyrir því hvernig þessum peningum hefur verið varið.

Ég tek einnig undir að það þurfi að breyta formi á styrkveitingum til dagskrárgerðar. Ég haf lagt til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður, en það er ekki þar með sagt að það komi ekki eitthvað annað í hans stað.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir og vonast til að fá upplýsingar um hvað hefur orðið af þessum fjármunum fyrr en síðar.

[15:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Enn er þremur fyrirspurnum ósvarað sem óskað hefur verið eftir að koma á framfæri en tíminn sem er til umráða styttist. Ef hv. þm. og hæstv. ráðherra nota sér ekki sinn ýtrasta rétt má kannski koma þeim að.

Úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna.

[15:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Nú er það svo að árið 1994 voru samþykkt í sölum Alþingis lög um húsaleigubætur. Samkvæmt 1. gr. laganna er meginmarkmið þeirra að jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði á milli þeirra sem leigja húsnæði annars vegar og hins vegar þeirra sem eiga húsnæði eða eins og segir í 1. gr. laganna að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Nú skilst mér að við úthlutun lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna sé það svo að húsaleigubætur komi til frádráttar námsláni en vaxtabætur ekki og mér sýnist það vera í andstöðu við meginmarkmið laganna um húsaleigubætur. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji þessa framkvæmd vera í samræmi við markmið laganna um húsaleigubætur og ef svo er hvort hann hyggist þá beita sér fyrir því að framkvæmdin við úthlutun úr lánasjóðnum sé í samræmi við það meginmarkmið.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Því miður hef ég ekki tök á því að svara neinu til um markmið laganna um húsaleigubætur. Ég hef ekki þá þekkingu að ég geti svarað hvernig staðið er að framkvæmd laganna um húsaleigubætur. Hins vegar varðandi framkvæmd laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna sem eru á mínu verksviði vona ég að þær úthlutunarreglur sem þar hafa verið settar séu í samræmi við lögin og ég heyrði í sjálfu sér ekki að hv. þm. væri að gera athugasemdir við það en um framkvæmd húsaleigubótalaganna verð ég að vísa til hæstv. félmrh.

[15:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka svör ráðherrans þó að það hafi kannski litlu verið svarað. Ég er að reyna að koma því á framfæri að það hlýtur að vera svo að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna þurfi að fara að landslögum og þar sem þetta er meginmarkmið laga um húsaleigubætur skyldi maður ætla að þetta meginmarkmið væri haft í huga við framkvæmd laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Annars hefði verið tækifæri til að gera fyrirvara um það í lögunum um húsaleigubætur að þau ættu að gilda um alla landsmenn nema námsmenn sem mér sýnist að hljóti að verða niðurstaðan af þessu svari ráðherrans.

Óþörf fjárfesting í húsnæðiskerfinu.

[15:34]

Vilhjálmur Ingi Árnason:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. félmrh. Fram hefur komið í opinberri umræðu að undanförnu að nokkrar sveitarstjórnir hafa hlutast til um að byggðar hafi verið óeðlilega margar og dýrar íbúðir í viðkomandi sveitarfélagi með fjármagni úr húsnæðiskerfinu að því er virðist einkum til að halda uppi atvinnu án tillits til raunverulegra þarfa. Meðal annars hefur komið fram í dagblaðagreinum eftir húsnæðisnefndar- og sveitarstjórnarmenn að slík vinnubrögð séu viðhöfð. Ég spyr því: Ætlar hæstv. félmrh. að hlutast til um að kannað verði hvort fullyrðingar um misnotkun í húsnæðiskerfinu eigi við rök að styðjast?

[15:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að gera einhverja lögregluannsókn á því hvernig þessar félagslegu íbúðir hafa verið reistar. Hitt er aftur augljóst mál að það eru vandamál í mörgum sveitarfélögum og félagslega íbúðakerfið þarfnast endurskoðunar. Það hafa ekki orðið þau úrræði fyrir fátækt fólk eða tekjulágt fólk sem því var ætlað að verða í upphafi. Í mörgum tilvikum hafa íbúðirnar orðið of dýrar. Kaupskylda sveitarfélaganna gerir það að verkum að þeim er skilað til sveitarfélaganna en sveitarfélögin verða að leysa þær til sín, sitja uppi með þær og þær standa í mörgum tilfellum auðar. Svarað var fyrirspurn um auðar íbúðir í skriflegu svari sem liggur á borðum hv. þm.

Ég hef í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga sett nefnd á fót til þess að leita lausna á þessum vanda í félagslega húsnæðiskerfinu. Sú nefnd er að störfum. Hún er ekki búin að skila mér áliti en ég hef fullan hug á að vinna að því á næstunni að reyna að kippa þessu í lag í góðu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga. Mér sýnist sjálfum fljótt á litið að e.t.v. sé eina leiðin til þess að koma þessum auðum íbúðum í gagnið að færa þær niður í verði með einhverjum hætti þannig að þær verði annaðhvort seljanlegar á almennum markaði eða þá að sveitarfélögin geti rekið þær sem leiguíbúðir á viðráðanlegum kjörum fyrir leigjendurna og sveitarfélagið. Ég vil láta þess getið að ég held að eitt af því sem vantar í húsnæðiskerfi okkar og þurfi að ráða bót á séu öruggari, traustari og rýmri leigumarkaðir.

[15:37]

Vilhjálmur Ingi Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans. Mér sýnist hann hafa fullan skilning á hvernig annars ágætt húsnæðiskerfi hefur verið misnotað, hvernig íbúðir hafa verið byggðar miðað við þarfir verktaka en ekki fólksins sem á að búa í þeim. Það er alvörumál því það erum við landsmenn allir sem komum til með að borga brúsann.

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tek fram að það er ekki eingöngu verktökum að kenna hve íbúðirnar hafa orðið dýrar. Þær kröfur sem settar voru upphaflega um gerð og frágang íbúðanna voru að mínu mati óskynsamlega strangar. Það er ekkert vit í því að ætla að fara fram á það við verktakana að þeir gróðursetji tré á lóðinni o.s.frv.

Fundi slitið kl. 15:38.

---

28. FUNDUR

mánudaginn 6. nóv.
að loknum 27. fundi.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88. — 1. umr.
3. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89. — 1. umr.
4. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
5. Vörugjald af olíu, stjfrv., 111. mál, þskj. 117. — 1. umr.
6. Tollalög, frv., 68. mál, þskj. 68. — 1. umr.
7. Lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra, frv., 79. mál, þskj. 79. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
Davíð Oddsson forsrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

[15:39]

Útbýting þingskjala:

Áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu, 127. mál, beiðni KÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 150.

Félagslegar íbúðir á landsbyggðinni, 49. mál, svar félmrh., þskj. 147.

Fjöldi félagslegra íbúða, 50. mál, svar félmrh., þskj. 148.

Mengunarvarnir í flotkvíum, 108. mál, svar umhvrh., þskj. 149.

Sogsvirkjanir, 36. mál, svar iðnrh., þskj. 146.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna:

„Þar sem Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf., getur ekki sinnt þingstörfum á næstunni vegna atburðanna í heimabyggð hans á Flateyri hinn 26. fyrra mánaðar, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að Ólafur Hannibalsson blaðamaður, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, taki sæti á Alþingi á meðan.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Geir H. Haarde,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Kjörbréf Ólafs Hannibalssonar hefur verið samþykkt.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna sérstakra anna leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur Lárusson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni en 1. varamaður flokksins er forfallaður.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Ég undirritaður, varaþm. Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi, get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 5. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þessa eru annir í starfi.

Virðingarfyllst, Ragnar Óskarsson,
Hásteinsvegi 28, Vestmannaeyjum."

Að beiðni forseta hélt kjörbréfanefnd fund nú skömmu fyrir kl. 3 til þess að rannsaka kjörbréf Guðmundar Lárussonar.

[15:41]

Form. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþm. Alþb. í Suðurl., Guðmundar Lárussonar bónda sem landskjörstjórn gaf út 3. nóvember sl. 1. varaþm. Alþb. í Suðurl., Ragnar Óskarsson kennari, getur ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur því til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðmundar Lárussonar samþ. án atkvgr.

[15:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þar sem Guðmundur Lárusson og Ólafur Hannibalsson hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi ber þeim nú að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guðmundur Lárusson, 5. þm. Suðurl., og Ólafur Hannibalsson, 3. þm. Vestf., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:44]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ólafur Hannibalsson og Guðmundur Lárusson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þeir boðnir velkomnir til starfa.

Ríkisreikningur 1991, 1. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 88.

[15:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991. Þetta er stjfrv., 87. mál þingsins á þskj. 88.

Frv. er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1991 en hann var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í janúar 1993. Frv. þetta var fyrst flutt á vorþingi 1993 og er því flutt óbreytt í fjórða sinn og reyndar er þetta í fjórða sinn sem ég flyt framsöguræðu fyrir þessum reikningi. Á dagskrá fundarins í dag er enn fremur ríkisreikningur 1992 og fram munu koma á næstu dögum ríkisreikningar vegna áranna 1993 og 1994.

Varðandi greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu 1991, vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 og skýrslu fjmrh. frá því í febrúar 1992 um ríkisfjármál á árinu á undan, þ.e. árinu 1991.

Ég mun ekki fara ítarlega yfir þetta frv. Það hef ég gert þrisvar áður í framsöguræðu, en í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi 1991 er gerð athugasemd við færslu á áföllnum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Telur Ríkisendurskoðun að þessar skuldbindingar hefði átt að færa í ríkisreikninginn 1992 þar sem þá fyrst hafi Alþingi formlega heimilað yfirtöku á hluta af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands. Um þetta mál er reyndar fjallað á bls. 11 og 12 í athugasemdum við lagafrv. þetta.

Ágreiningur Ríkisendurskoðunar og fjmrn. felst í því að Ríkisendurskoðun telur að ekki megi undir neinum kringumstæðum bókfæra yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum hans nema að undangenginni staðfestingu Alþingis í hverju tilviki. Er það óháð því hvort fyrir liggi skýlaus ábyrgð ríkissjóðs í lögum en fjmrn. lítur hins vegar svo á að markmið reikningsskilanna sé að sýna ávallt stöðu ríkissjóðs eins og hún sé best þekkt á hverjum tíma.

Það er óþarfi, virðulegi forseti, að fara frekar út í þetta mál. Aðalatriðið er auðvitað að hv. fjárln. fjalli um málið og reikninginn og hann fái þinglega meðferð. Því miður hefur þetta tafist allt of lengi en vonandi tekst nú þegar haldið er af stað í fjórða sinn að fá niðurstöðu í þetta mál enda hafa önnur mál tafist vegna þessa eins og ríkisreikningur 1992 og 1993.

Ég leyfi mér í lok þessa máls míns að gera tillögu um það að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1992, 1. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 89.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni ríkisreikningur fyrir árið 1992. Hann var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í september 1993. Frv. þetta var fyrst flutt á vorþinginu 1994 og er nú flutt óbreytt í þriðja sinn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera margorður um þetta frv. Það má vísa til greinargerðar um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu 1992 en lýsing á því kom fram í skýrslunni frá því í febr. 1993 um ríkisfjármálin 1992 og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar á ríkisreikningi 1992. Ég tek fram að hjá hæstv. ríkisstjórn er nú til meðferðar frv. um fjárreiður ríkisins og ég vonast til að það verði kynnt í stjórnarþingflokkunum á næstunni. Mér er kunnugt um að þetta mál hefur verið kynnt í hv. fjárln. og í hv. efh.- og viðskn. en með því frv. er tekið að mínu áliti verulegt spor fram á við í öllu því er viðkemur fjárreiðum ríkisins. Ég vonast til að með samþykkt þess frv. gangi betur en hingað til að fá afgreiðslu á málum eins og þeim sem hér er til umræðu.

Ég legg svo til í lok máls míns, virðulegi forseti, að málið verði sent til 2. umr. og hv. fjárln.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1994, 1. umr.

Stjfrv., 45. mál (niðurstöðutölur ársins). — Þskj. 45.

[15:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til síðari fjáraukalaga ársins 1994 sem lagt hefur verið fram á þskj. 45 og er 45. mál þingsins. Frv. var áður flutt á vorþingi en fékk ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt óbreytt.

Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur ársins 1994, annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1994 og lögum nr. 143/1994, fjáraukalögum fyrir árið 1994.

Frv. að fyrri fjáraukalögum ársins 1994 var lagt fram á Alþingi 10. okt. það ár. Í greinargerð frv. er farið yfir helstu þætti ríkisfjármála á árinu 1994 og rakin frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar eru einnig ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá var 20. febr. sl. lögð fyrir Alþingi Skýrsla um ríkisfjármál fyrir 1994, þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör ríkisbókhalds er rakin með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum. Ég tel því ástæðulaust að fjalla um einstök mál eða lagagreinar frv. heldur mun ég einungis rifja upp meginatriðin í niðurstöðum ársins 1994.

Það sem stendur auðvitað upp úr er að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1994 varð 7,4 milljarðar kr. eða 2,3 milljörðum lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Miðað við útkomu ársins 1993 varð batinn á afkomunni heldur meiri að raungildi.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1994 urðu 109,6 milljarðar kr. eða 2,8 milljörðum hærri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins 1994 enda var framvinda efnahagsmála hagstæðari en áætlanir spáðu fyrir um. Heildarútgjöld reyndust vera 117 milljarðar kr. eða 2,8 milljörðum kr. lægri en samþykktar heimildir. Stafar það í fyrsta lagi af nokkrum stórum liðum sem reyndust hafa verið ofmetnir, svo sem atvinnuleysisbætur, vextir og ríkisábyrgðir. Í öðru lagi komu nokkrir liðir af ýmsum ástæðum að hluta til ekki til greiðslu fyrr en á árinu 1995, svo sem framlög vegna aðstoðar fyrir Vestfirði, framlög til alþjóðamála og stofnkostnaður hæstaréttarhúss. Ég bendi á að frávik hvers ráðuneytis frá fjárlögum eru rakin nánar í skýringum við 3. gr. frv. Í frv. er leitað staðfestingar á þeim greiðslum sem voru umfram fjárlög ársins 1994. Varðandi þær tölur vek ég athygli á yfirliti á bls. 10 í greinargerð með frv. þar sem sýnd eru umframgjöld og óhafnar fjárveitingar ráðuneyta ársins 1994. Þar eru einnig kynntar tillögur um hvernig tekið verði tillit til þessarar greiðsluniðurstöðu fjárlagaliða árið 1994 með breytingum á fjárveitingum fjárlaga 1995. Greint er frá einstökum atriðum í þeim tillögum í athugasemdum við 3. gr. frv. Þær tillögur eru eðli máls samkvæmt hins vegar ekki fluttar fyrr en í frv. til fyrri fjáraukalaga ársins 1995. Tel ég ekki tilefni til þess að gera nánari grein fyrir þeim atriðum að sinni þar sem þau mál eru til umfjöllunar í tengslum við frv. til fjáraukalaga 1995 en það frv. hefur þegar gengið til nefndar.

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæða til þess enn einu sinni að rifja upp hvernig yfirfærsla milli ára er hugsuð. Á bls. 10 er tafla sem er í nokkrum dálkum. Fyrsti dálkurinn ber yfirskriftina Umframgjöld árið 1994. Annar dálkurinn ber nafnið Óhafið 1994. Síðan eru dálknarir c, d, e og f. Sá fyrsti þeirra er Rekstur, flutt umframgjöld, annar dálkurinn, þ.e. d-dálkurinn, reyndar fjórði dálkurinn frá vinstri, er Rekstur, fluttur afgangur, e-liðurinn Tilfærslur, flutt staða og f-liðurinn Stofnkostnaður og viðhald, flutt staða. Þeir sem fylgjast með á bls. 10 þurfa að taka b-liðinn, þ.e. heimildir sem voru ekki notaðar fyrir árslok 1994, þ.e. dálkurinn Óhafið 1994 og draga frá þessum dálki samanlagðar tölur í dálkunum d, e og f og með því að gera það fást út þær heimildir sem ekki verða og eru notaðar. Ekki veit ég, virðulegi forseti, hvort skýring mín var til bóta með því að fletta upp á bls. 10 en ég er þess fullviss að a.m.k. hv. fjárln. sem fjallar um málið hefur náð fullu valdi á þessum útreikningi og getur þá a.m.k. leitað sér aðstoðar hjá starfsmönnum fjmrn. Þess er vænst að þegar ný lög hafa verið samþykkt um fjárreiður ríkisins verði þetta allt mun einfaldara en er í greinargerðum frumvarpa sem eru nú lögð fram af hálfu fjmrn. til fjárlaga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. fjárln. að aflokinni 1. umr. og síðan til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 117.

[15:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem finna má á þskj. 117 og er 111. mál þingsins. Með frv. þessu er lagt til að gildistöku laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, verði frestað um tvö ár.

Í lok febrúar sl. samþykkti Alþingi frv. til laga um vörugjald af olíu. Lögin áttu að taka við af lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Gildistími breytingarinnar er 1. jan. nk. Frv. var samið að tillögu starfshóps sem lagði til að tekið yrði upp olíugjald í stað þungaskatts. Starfshópurinn lagði til að tekið yrði til að byrja með upp olíugjaldskerfi án litunar gjaldfrjálsrar olíu en áfram yrðu kannaðir möguleikar á litun gjaldfrjálsrar olíu og fylgst með þróun annarra þjóða á því sviði. Ástæða þess að ekki var lagt til að taka upp litunarkerfi hér á landi var að hefðbundnar leiðir til litunar miðað við stærð markaðarins voru óheyrilega dýrar.

Í meðförum þingsins var frv. sent hagsmunaaðilum til umsagnar. Margir hagsmunaaðilar voru jákvæðir fyrir því að taka upp olíugjald í stað þungaskatts en gerðu athugasemdir við upphæð gjaldsins og eftirlitsleið. Töldu þeir að litunarleið væri heppilegri til eftirlits en svokölluð endurgreiðsluleið sem frv. gerði ráð fyrir. Ekki gafst tími til að ræða þessi mál ræki lega við hagsmunaaðilana á annasömum dögum rétt fyrir þinglok. Þess vegna var sett inn í lögin bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið var á um að skipuð yrði sérstök samráðsnefnd til að vera til ráðgjafar um undirbúning framkvæmdar og til að kanna nánar forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð gjaldsins. Í nefndinni skyldu vera fulltrúar fjmrn., skattyfirvalda, olíufélaga, Vegagerðarinnar og annarra hagsmunaaðila.

Í maí skipaði ég fyrrnefnda samráðsnefnd og skilaði hún skýrslu um niðurstöður sínar 5. október sl. Niðurstaða nefndarinnar var þessi:

Gildistöku laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sem koma eiga til framkvæmda um næstu áramót verði frestað um tvö ár meðan unnið er að útfærslu hagkvæmrar litunarleiðar í stað endurgreiðsluleiðar. Stefnt verði að því að leggja fram breytingarfrv. um lögin á árinu 1996 þar sem olíugjald með litun hefur verið útfært í lagatexta.

2. Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, verði áfram í gildi þar til olíugjaldið með litun gjaldfrjálsrar olíu verði komið á. Lögin verði þó endurskoðuð til að styrkja eftirlit og bæta úr helstu agnúum. Jafnframt verður eftirlit með ökumælum aukið.

3. Skipuð verði ný nefnd, eða nefndir, til að útfæra litun gjaldfrjálsrar olíu, endurskoða lögin um fjáröflun til vegagerðar og athuga nánar forsendur gjaldsins og áhrif.

Ástæður fyrir þessum tillögum nefndarinnar eru þær að um miðjan september sl. bárust upplýsingar frá Danmörku um að olíufélögin þar í landi hefðu þróað tækjabúnað til að lita olíu við afhendingu úr birgðageymum og olíu úr flutningabifreiðum eða tankbifreiðum sem flytja olíu.

Danir þurfa eins og aðrar þjóðir Evrópusambandsins að taka upp litun gjaldfrjálsar olíu. Dönsk skattyfirvöld hafa ásamt rannsóknarfyrirtækinu Force institutet, tekið þátt í því að fullreyna ofangreinda litunaraðferð sem virðist mun hagkvæmari bæði með tilliti til fjárfestingar og dreifingarkostnaðar. Dönsk skattyfirvöld hafa lagt áherslu á að olíufélögin geti sýnt fram á að búnaðurinn sé öruggur og að afhending litaðrar olíu sé trygg þannig að ekki geti átt sér stað misferli við afhendingu úr olíuflutningabirgðum. Niðurstaða hvað varðar tæknibúnaðinn liggur nú fyrir og eru aðilar sammála um að búnaðurinn sé fullnægjandi. Hins vegar eru þeir þættir málsins sem snúa að umhverfismálum enn til skoðunar hjá þar til bærum yfirvöldum í Danmörku. Meiri hluti nefndarinnar telur að þessi þróun mála geti gert kleift að taka upp ódýra litunaraðferð hér á landi innan tveggja ára en litun gjaldfrjálsrar olíu er tvímælalaust besta aðferðin til að tryggja gjaldheimtuna. Ástæða þess að sú leið var ekki farin við setningu laga nr. 34/1995 var hversu hefðbundnar leiðir við litun og dreifingu litaðrar olíu eru kostnaðarsamar. Í ljósi þess að fyrirsjáanlegt er að unnt verði að taka upp litun með tiltölulega hagkvæmum hætti, telur meiri hluti nefndarinnar óráðlegt að leggja í kostnað við að byggja upp endurgreiðslu- og eftirlitskerfi til nota í stuttan tíma. Ljóst er að til þess að endurgreiðslukerfi geti gengið á fullnægjandi hátt þarf að byggja á mikilli skráningarvinnu hjá aðilum sem ekki eiga að bera gjaldið, bæði vegna olíunotkunar og við verkbókhald. Einnig þarf að ráða fólk til bókhaldseftirlits og til að safna stoðupplýsingum til nota við eftirlitið. Þá mun skattyfirvöldum verða mikil fyrirhöfn að sannreyna olíueyðslu ökutækja jafnt sem vinnuvéla þar sem eyðslan er háð því hvers konar verkefni og aðstæður unnið er við. Ávallt mun því verða til staðar óvissa um olíueyðslu sem veikir að sjálfsögðu möguleika skattyfirvalda til að sýna fram á misnotkun. Í litunarkerfi er unnt að beina innheimtu olíugjalds beint að þeim sem eiga að bera gjaldið, þ.e. eigendum skráningarskyldra ökutækja. Aðrir geta fengið litaða olíu án gjalds og losna þeir þannig við alla fjárbindingu og umstang við endurgreiðslur og bókhald. Eftirlitið er fyrst og fremst með skráningarskyldum ökutækjum og snýst um að kanna hvort á ökutækin er notuð lituð olía.

Nefndarmenn telja að innheimta skatts með ökumælum sé sem fyrr annmörkum háð en benda hins vegar á að eftirlit með ökumælum hefur aukist í kjölfar þess að Vegagerðin tók við því. Eftirlitsmönnum hefur fjölgað og telja fulltrúar Samtaka landflutningamanna að eftirlitið veiti nú mun meira aðhald en áður. Ástæða er til að ætla að aukið eftirlit með þungaskattsmælum geti skilað enn meiri árangri en raun er á. Í ársbyrjun 1994 tók Vegagerðin við þessu hlutverki og var þá skömmu síðar eftirlitsmönnum fjölgað úr tveimur í sjö. Tölur úr ríkisbókhaldi gefa til kynna að skil af þungaskatti hafi batnað. Fulltrúi Vegagerðarinnar hefur lýst stofnunina reiðubúna til að leggja mannafla og kostnað í enn umfangsmeira eftirlit enda fullviss um bættan árangur. Undirbúningur að lagfæringum að þungaskattskerfinu til næstu tveggja ára er þegar hafin í fjmrn. í samvinnu við fulltrúa Vegagerðarinnar.

Það er ástæða til að segja frá því, forseti, að auðvitað er að leitt að þurfa að flytja frv. eins og þetta. Ákjósanlegast er auðvitað fyrir þá sem þurfa að bera skatta að þeir geti treyst því að frv. sem hér eru samþykkt standi en ekki þurfi nokkrum mánuðum síðar að koma aftur til Alþingis og biðja um frest. Frá þessu máli var þó þannig gengið í hv. efh.- og viðskn. að þeir aðilar sem heimsóttu nefndina, þar á meðal fulltrúar olíufélaganna, bentu á að sú tækni sem ég hef minnst á gæti hafið innreið sína fyrr en ætlað hefði verið og í trausti þess að nefndin sem fór yfir málið fram til hausts tæki slíkt til athugunar féllust olíufélögin og reyndar nokkrir aðrir aðilar á samþykkt frv. á sl. vori. Nú hefur komið í ljós að tækninni fleygir ört fram. Þá stóðu stjórnvöld frammi fyrir þeirri spurningu hvort ástæða væri til þess að fresta málinu um eitt eða tvö ár því að margra áliti er hér um framfaraspor að ræða. Það var að mínu frumkvæði að frestunin er í tvö ár vegna þess að ég tel ótækt annað en að nægilegt ráðrúm fáist til að komast að endanlegri niðurstöðu. Og þá sé betra að hafa frestinn lengri og freista þess að niðurstaðan standi lengur en a.m.k. sú sem fékkst á hinu háa Alþingi á sl. vori.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. þetta að svo stöddu en legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. Ég hefði þó átt að minnast á það í mínu máli að nefndarmenn eru allir sammála þessari niðurstöðu utan einn, en það er fulltrúi LÍÚ. En þess skal getið að þetta gjald hefði engin áhrif haft á íslenska far- eða fiskiskipaflotann þannig að út af fyrir sig hafði það ekki hina minnstu þýðingu fyrir LÍÚ hvort þetta vörugjald á olíu var við lýði eður ei.

[16:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig rak nú vægast sagt í rogastans þegar ég sá þetta frv. framkomið því að ég man ekki betur en að það hafi verið nánast upp á líf og dauða að afgreiða þau lög sl. vetur sem hér er svo verið að fresta. Ef ég man rétt, voru þær breytingar sem þá var verið að gera hluti af öllu EES-dæminu þar sem verið var að samræma álagningu á olíu við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þannig að maður spyr nú stundum: Í hvað erum við að eyða tímanum hér á hinu háa Alþingi? Þær athugasemdir sem hæstv. fjmrh. minntist á í ræðu sinni komu auðvitað fram við meðferð málsins. En þetta er niðurstaðan og það kann að vera að ýmis rök mæli með því að fresta lögunum. En það er fyrst og fremst eitt atriði sem olli því að ég ákvað að stíga hér í stólinn að þessu sinni og það er sú umfjöllun sem hér á sér stað um litun á olíu. Ég vil koma því hér á framfæri að það kom fram í umfjöllun í efh.- og viðskn. að litun sú sem á sér stað úti í Evrópu sé mjög mengandi. Mjög sterk efni eru notuð við þessa litun og við fengum fregnir

af því að lituð olía valdi jafnvel sjúkdómum bæði hjá þeim sem eru að afgreiða olíu og eins hafi þetta komið upp meðal bænda í Noregi sem eru skattskyldir í þessum efnum. Því vil ég beina því til hæstv. fjmrh. og í framhaldi við meðferð þessa máls að menn kanni vel hvað það er sem á að fara að innleiða. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að menn töldu að þessi litunarleið væri mjög dýr og ef til vill er það rétt að menn séu að finna einhverjar ódýrari aðferðir en mér finnst skipta mjög miklu máli í þessu samhengi að það sé ekki verið að skapa þeim nýjar hættur sem starfa við afgreiðslu á olíu eða vinna með bíla og vinnuvélar og skip eða öðrum þeim sem koma nálægt þessu. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh. hvort hann hafi kynnt sér mengunarhliðina á þessu máli. Hafi hann ekki gert það þarf að gera það í hv. efh.- og viðskn. þegar þar að kemur. En auðvitað gengur þetta mál fyrst og fremst út á það að fresta sjálfum lögunum og eins og ég nefndi hér í upphafi þá kemur það mér mjög á óvart að sú staða skuli komin upp.

[16:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli mínu er ætlunin að litunin verði á olíunni sem er gjaldfrjáls. Þó má búast við því að fiski- og farskip séu undanskilin án þess að ég vilji gefa endanlegt svar nú. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að nokkur umræða hefur orðið um það hvort liturinn sé mengunarvaldandi. Það mál var einmitt til skoðunar nú í Danmörku og ástæðan fyrir því að við höfum óskað eftir því að málið sé geymt í tvö ár er að fá fullnægjandi niðurstöður hjá mengunaryfirvöldum í Danmörku en mengunarstuðlar þar eru álíka og þeir hér á landi, síst verri. Reyndar hefur þetta mál allt áhrif á Evrópska efnahagssvæðið og öfugt, því ég hygg að Danir séu að taka upp litun vegna reglnanna á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þessu þurfum við að fylgjast mjög náið á næstunni og ég get einungis sagt það hér og nú að ein af ástæðunum fyrir því að við förum ekki beint yfir í þessa litun er einmitt sú að málið er til skoðunar af þessu sérstaka tilefni.

[16:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð í viðbót við þessa heldur dapurlegu umræðu um þetta frestunarmál. Ég held að það geti enginn verið stoltur af því, hvorki við sem lögðum hér hönd á plóginn í hv. efh.- og viðskn. eða á Alþingi við að afgreiða þetta á sl. vori og enn síður hæstv. ráðherra sem flytur þetta, að lagasetningin gangi til með þessum hætti. Ef eitthvað er hægt að læra af svo snautlegri niðurstöðu, sem heldur er ekkert einsdæmi, ætti það að vera að það er ótækt að lögfesta breytingar með þeirri aðferð sem hér var viðhöfð. Að standa frammi fyrir óleystum vandamálum tæknilegum, lagalegum eða efnislegum í einhverjum skilningi, ákveða að setja þau mál í nefnd og gefa þeirri nefnd tiltekinn tíma og gefa sér fyrir fram að vandamálin leysist á nokkrum mánuðum og í kjölfarið skuli lögin koma til framkvæmda. Svo bara gerist það aftur og aftur að vandamálin leysast ekki. Þau reynast erfiðari en menn höfðu reiknað með og uppskeran er eins og raun ber vitni. Og hver er þá niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að menn eru að hringla með lagasetninguna. Þetta er annað mjög dapurlegt dæmi á skömmum tíma þar sem verið er að hringla með lagasetningu. Og á síðustu stundu, jafnvel nokkrum dögum áður en efnisákvæði nýrra laga eiga að verða virk, dæmi lyfjalög, er svo skotið inn frestun á málinu. Þetta er alveg ótækt.

Ég segi þetta þótt ég beri auðvitað ábyrgð á því eins og aðrir sem stóðu að því að lögfesta breytinguna hér með þessum hætti. Ég gerði það að vísu með böggum hildar, herra forseti, því mér var alveg ljóst að það var ólíklegt að það mundu gerast kraftaverk á þessu sumri og vandamál sem menn hafa glímt við bæði hér á landi og víða erlendis og reynst hafa torleyst hyrfu eins og dögg fyrir sólu. Eins og það að finna einfalt en skilvirkt eftirlitskerfi með því hverjir skyldu vera undanþegnir þessum gjöldum og hverjir ekki og hvernig það yrði hert. Eða hin vandamálin varðandi eftirlit í gegnum litun en það átti nú ekki að koma mönnum á óvart hver staðan væri í því máli. Mér þykir það satt best að segja merkilegt ef ég hef heyrt rétt hjá hæstv. ráðherra hér áðan að menn hefðu verið að fá einhverjar nýjar upplýsingar um þetta í september frá Danmörku. Ég veit ekki betur en að þessar upplýsingar hafi í raun og veru allar legið meira og minna fyrir. Það er a.m.k. vitað að það hefur verið unnið að því og rannsóknir á því a.m.k. í ár ef ekki tvö ár í Danmörku og víðar, hélt ég nú, hvort hægt sé að koma við litun í dælum, litun á afgreiðslustöð þannig að ekki þurfi að byggja upp tvöfalt dreifikerfi olíu um allt landið, annars vegar fyrir litaða og hins vegar fyrir ólitaða. Sömuleiðis eru engar nýjar fréttir í þessu mengunarvandamáli, a.m.k. ekki fyrir okkur sem áttum sæti á sl. vetri í efh.- og viðskn., því það er búið að vera til umræðu í einhver missiri að þarna kynni að vera á ferðinni hættulegur, jafnvel krabbameinsvaldandi mengunarvaldur. Því finnst mér það svolítið skrýtið ef verið er að færa það fram sem einhver veigamikil rök hér að einhverjar nýjar upplýsingar af þessu tagi hafi komið inn í umræðuna óforvarindis um miðjan september.

Það er hið versta mál að þurfa að fresta þessu því mælakerfið gamla sem við Íslendingar rekum, ég held ábyggilega einir þjóða orðið, er alveg gjörsamlega ónýtt og það skapar hreinlega margháttuð vandræði í rekstri í dag. Fyrir utan fáránleikann að ef sú stefna liggur fyrir og allir eru sammála um að stefna beri að skatttökunni í gegnum olíuna að þvinga menn þá til að halda þessu áfarm og fjárfesta í mælum enn í tvö ár sem er afar vont satt best að segja. Ég veit ekki betur en að það séu hreinlega orðin vandræði að fá þessa mæla og nothæf eintök enda heimsmarkaðurinn ekki stór fyrir þessa mæla þar sem Íslendingar eru eina þjóðin í víðri veröld sem notar þá með þessum hætti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki til viðtals um það og ráðuneytið að það verði reynt að finna einhverja einfaldari lausn gagnvart meðferð málsins í þessi tvö ár, t.d. hvað snertir ný ökutæki. Mér finnst það sárgrætilegt ef það þarf að fara að tína saman rusl í einhverja mæla og fjárfesta í því að setja þá í bíla sem verða keyptir inn eða settir á götuna á þessum millibilstíma og spurning hvort hægt væri að láta nægja að lesa af hefðbundnum mælum eða ökuritum í slíkum nýjum ökutækjum sem kæmu þá til sögunnar á þeim tíma sem eftir er þar til skattlagningin fer yfir í olíuna. Nóg er víst samt sem verið er að þvinga menn til að gera í sambandi við langferðabíla og vöruflutningabíla og hvað það nú er vegna heimskulegra reglugerða eftirlitsofstækis frá Evrópusambandinu sem mér skilst að við séum varnarlaus gagnvart að taka upp með ærnum tilkostnaði.

Herra forseti. Þetta er hið versta mál. En sjálfsagt er það rétt sem hér er fram fært að málið sé ótækt í þeim skilningi að láta það koma til framkvæmda nú eins og ætlunin var um áramótin. Þá er ég út af fyrir sig sammála ráðherranum um að það er skárra að fresta því í tvö ár og hafa þá sæmilega

traustar forsendur til að ætla að það haldi og ekki þurfi þá að koma til enn frekara hringl með þetta. Auðvitað væri hægt að hugsa sér að þetta væri þannig úr garði gert að ef aðstæður leyfðu þá mætti þetta koma fyrr til framkvæmda. En ef sú leið er hvort sem er valin sem hér er lögð til og er út af fyrir sig smekksatriði, að láta lögin um olíugjald vera í gildi en fresta gildistöku þeirra um tvö ár, í staðinn fyrir að fella þau þá úr gildi og láta eldri ákvæði gilda þangað til aftur yrðu sett lög þegar menn væru tilbúnir með endanlega útfærslu á málinu. Það er ekki heldur til fyrirmyndar að vera með þykka lagabálka óvirka inni í lagasafninu um eitthvert árabil af því að það sé fyrirhuguð gildistaka á þeim einhvern tímann í framtíðinni. Þannig að allt er þetta svona heldur óáferðarfallegt, herra forseti.

Ég hefði talið satt best að segja að annað eins hefði nú verið reynt og önnur eins áhætta hefði verið tekin eins og sú að láta þetta ganga í gegn engu að síður og láta reyna á eitthvert eftirlit með þessu. Mér finnst stundum eins og menn séu sokknir í það far hér þegar vissir þættir eiga í hlut í þjóðlífinu að það sé gengið út frá því að allir séu svindlarar. Og ef menn hafi ekki fyrir fram alveg gjörsamlega öruggt kerfi til að koma í veg fyrir að menn svindli þá muni allir gera það. Er þetta þannig að mannskepnan sýni sig í því í öllum tilvikum, smábátasjómenn eða bændur og fiskimenn eða aðrir þeir sem hér ættu undir og ættu að fá gjaldfría olíu að það sé gefið mál að þeir muni allir svindla nema til sé fullkomið eftirlitskerfi til að koma í veg fyrir það. Er ekki alveg hægt að ætla hið gagnstæða, að það væri hægt að láta þetta ganga í gildi með einhverju hóflegu eftirliti eins og menn telja fullnægjandi á ýmsum öðrum stöðum í þjóðlífinu og láta á það reyna hvort það tækist ekki að framkvæma það þannig? Ég hef stundum tekið dæmi af þeim reglum sem við setjum í sambandi við umferðina. Ég verð ekki var við að menn telji að þar sé ekki hægt að setja ýmsar almennar reglur, boð og bönn, og ætla mönnum svona að breyttu breytanda að virða þau. Og svo sé kannski eitthvert minni háttar eftirlit eða stikkprufur framkvæmdar til að ganga úr skugga um að svo sé. Þetta ræddum við í öðru samhengi á sl. vori þegar ekki var hægt að taka upp sóknardagakerfi á smábátasókn vegna þess að það væri alveg öruggt mál að menn mundu misfara með þær reglur svo heiftarlega nema komið væri fullkomið gervihnattaeftirlit sem vaktaði menn á nóttu sem degi, hverja einustu hreyfingu sem skeljarnar tækju á sig. Ég veit ekki á hvaða braut menn eru ef menn ganga alltaf út frá því að það sé ekki hægt að gera neitt af þessu tagi öðruvísi en að svona gífurlegt eftirlit af hálfu stóra bróður sé þar á ferðinni. En þetta er kannski í samræmi við nýju stjórnarstefnuna og þá frelsisást sem þeir sem þar ráða húsum gefa sig nú alveg sérstaklega út fyrir á tyllidögum.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mál fleiri orð, herra forseti, svo dapurlegt sem það er enda á ég væntanlega kost á því að fylgja því eftir í hv. þingnefnd, ef fallist verður á það þrátt fyrir heldur slaka frammistöðu sömu nefndar á fyrra þingi að hún fái það til meðferðar.

[16:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er ég sammála hv. þm. um að það hefði verið hægt að halda áfram á óbreyttri endurgreiðsluleið. Það hefði þá verið gert gegn meiri hluta nefndarinnar. Og nefndin sem um málið fjallaði eða fulltrúar í henni töldu sig hafa vilyrði hv. efh.- og viðskn. þingsins um að breytt yrði um stefnu ef ný atriði kæmu upp. Þannig að ég er sammála því að þetta er ekki óyfirstíganlegt en hefði auðvitað verið dýrara heldur en ef um litun væri að ræða. Og af því að það var sagt, eða a.m.k. efast um, að nýjar upplýsingar hefðu komið fram þá segir í skýrslunni, en undir hana rita allir, einn hefur fyrirvara, orðrétt, með leyfi forseta: „Um miðjan september sl. bárust upplýsingar frá Danmörku um að olíufélögin þar í landi hefðu þróað tækjabúnað til að lita olíu við afhendingu úr birgðageymum og olíuflutningabifreiðum."

Hvað mælaleysi varðar og hvort fara megi einhverja styttri leið með ný ökutæki þá veit ég það ekki. Ég ætla ekki að útiloka það en ég minni á að það þarf að breyta lögum nr. 3/1987 um innheimtu þungaskatts og þá gefst væntanlega tækifæri til þess þegar þau lög verða til umræðu að fjalla um slíkt en það get ég ekki útilokað né heldur gefið eitthvert bindandi svar um á þessari stundu.

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem nú til að staðfesta að það er rétt sem hæstv. fjmrh. segir að það væri ekki í samræmi við þau samskipti sem voru milli þingnefndar og hagsmunaaðila um þetta mál á sl. vetri að fara að þvinga þessa framkvæmd fram í andstöðu við alla þá aðila. Því þeim voru vissulega gefin ákveðin fyrirheit í sambandi við það að málið yrði að leysast með einhverjum farsælum og þolanlegum hætti á þessu sumri til þess að af framkvæmdinni gæti orðið. Með þeim hætti má segja að gildistaka laganna hafi kannski verið efnislega skilyrt á vissan hátt, ef menn næðu ekki landi í þeim efnum þá yrði málið aftur tekið til skoðunar.

Það er alveg ástæðulaust að þrátta um þessi stórtíðindi sem eiga að hafa komið alla leið frá Danmörku nákvæmlega um miðjan september. Það sem ég átti við var það að það lá fyrir og hafði legið fyrir alllengi að það var verið að vinna að rannsóknum á þessum tiltekna hætti og þeim miðaði eftir atvikum ágætlega. Væntanlega er þá hér á ferðinni einhver útkoma úr því sem hefur gert menn svona hughrausta um að þarna væru menn að leysa þessi tæknilegu vandamál eða þá prófanir sem mátti kannski skilja á orðum ráðherrans að gerðu það að verkum að menn væru nokkuð bjartsýnir og hefðu traustar forsendur til að ætla að þetta yrði allt tæknilega leysanlegt.

Það er alveg rétt að það þarf væntanlega að breyta lögunum um innheimtu þungaskatts og þá hlýtur að mega koma til álita að einfalda eitthvað málin með því að láta millibilsástand ríkja þessi tvö ár, ef það stenst, þar til litunin verður tekin upp. Ég endurtek það sem ég sagði að það er a.m.k. tilraunarinnar virði að fara yfir það mál hvort ekki sé hægt að hlífa mönnum við þeim ósköpum að standa í því að setja mæla í tækin og fjárfesta í því á þessum tíma. Nógu bölvað er þetta samt, þau áhrif sem þetta hefur jafnvel á viðskipti með dísiltæki og markaðsverð þeirra o.s.frv. Þetta verkar truflandi og þetta truflar ákvarðanir manna um það hvaða tæki eigi að kaupa o.s.frv.

[16:28]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þetta litla mál snýst um að fresta gildistöku nýsettra laga. Það er sami fjmrh. sem biður nú um frestun og áður flutti málið. Það er skammt um liðið frá því málið var flutt. Málið fór í gegnum þing í náinni samvinnu við þá sem sátu í efh.- og viðskn. og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að það sé að mörgu leyti harmsefni hvernig að málinu hafi verið staðið. Hann notar hugtakið „lagahringl".

Fátt er nú verra af mörgu vondu heldur en hringlandaháttur um löggjöf einkum vegna þess að löggjöfin hefur fyrst og fremst áhrif á aðgerðir einkaaðila sem við hana eiga að búa, ákvarðanir, fjárfestingar o.s.frv. Það er ástæða til að nefna þetta sem dæmi um slíkt.

Við lestur greinargerðar vaknar eiginlega upp önnur spurning: Er það virkilega svo að þær tillögur sem lögin frá því í febrúar byggðu á hafi í reynd alls ekki verið með góðu móti framkvæmanlegar? Hér er sagt: Það bárust upplýsingar frá Danmörku um miðjan september um litunarmálið, sem hafa breytt forsendum. Menn eru sennilega búnir að ræða þetta mál á annan áratug og gera að því margar atrennur í fjmrn. og víðar. Ævinlega hefur valið staðið á milli annars vegar litunaraðferðar eða endurgreiðsluaðferðar. Þessi endurgreiðsluaðferð er svo gömul og svo oft hefur verið um hana fjallað að allir vita að hún hafi verið neyðarbrauð. En grg. frumvarpshöfunda nú er raunverulega á þá leið að endurgreiðsluleiðin, sem var ákveðin að frumkvæði fjmrh. og með samþykki efh.- og viðskn. og þingmanna, á sl. vori hafi raunverulega aldrei verið framkvæmanleg. Hér eru tíunduð upp svo veigamikil rök um galla á henni að til þess að endurgreiðslukerfið geti gengið á fullnægjandi hátt þurfi að byggja á mikilli skráningarvinnu hjá aðilum, þeim sem ekki eiga að bera gjaldið. Bæði vegna olíunotkunar og einnig við verkbókhald vegna þess að sami aðili getur stundum verið gjaldskyldur og stundum gjaldfrjáls.

Í annan stað þurfum við að ráða fólk til bókhaldseftirlits og til þess að safna stoðupplýsingum til nota við eftirlitið. Sérstakt kerfi, nýráðningar í kringum það.

Í þriðja lagi væri skattyfirvöldum afar mikil fyrirhöfn að sannreyna olíueyðslu ökutækja jafnt sem vinnuvéla vegna þess að neyslan er háð því hvers konar verkefni og aðstæður unnið er við. Menn geta rétt ímyndað sér hvers konar eftirlitskerfi þurfi við það.

Í fjórða lagi mun ávallt verða til staðar mikil óvissa um olíueyðslu sem veikir möguleika skattyfirvalda til að sýna fram á misnotkun. Hér er eins og andstæðingur þeirrar aðferðar sem hæstv. fjmrh. mælti með í vor, þ.e. sami aðilinn tíundi öll þau rök um að það kerfi sem mælt var með í vor sé óframkvæmanlegt í haust. Ekki þarf að vitna í vonir manna um nýjar upplýsingar frá Danmörku í því efni. Spurningin er einfaldlega þessi: Lágu þessi rök fyrir í febrúar? Ég beini því t.d. til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem átti sæti í efh.- og viðskn. á sl. kjörtímabili ef ég man rétt. Í umfjöllun málsins í smáatriðum þess og framkvæmdatriði, komu þá fulltrúar fjmrn. fram og tíunduðu öll þessi rök um það að kerfið væri óframkvæmanlegt? Hvernig stóð á því að menn sannfærast um það í febrúar eða mars að þetta væri að vísu ekki gott en framkvæmanlegt? Voru það ekki sömu embættismennirnir og hafa sennilega skrifað textann í grg. um að þetta sé allt saman tóm vitleysa? Eða er það svo að embættismenn í fjmrn. hafi skipt um skoðun og þá er ég ekki að tala um í ljósi einhverra nýrra upplýsinga heldur skipt um skoðun á því að endurgreiðslukerfi sé raunverulega ekki mönnum bjóðandi og ekki framkvæmanlegt? Þetta ætti að verða mönnum eitthvað umhugsunarefni um skattahringl, um löggjafarhringl. Skárra hefði verið að hreyfa málinu þá alls ekkert á sl. vori fremur en að ætla að leysa gamalt vandræðamál á grundvelli tillagna um endurgreiðslu sem framkvæmdaaðilinn hefði síðan enga trú á að væri framkvæmanleg.

[16:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þótt ekki hafi verið beint beinlínis spurningu til mín vil ég að það komi fram að allar þessar upplýsingar lágu fyrir á sl. vori. Afgreiðsla hv. efh.- og viðskn. var á vissan hátt takmörkuð. Það kom skýrt fram í störfum nefndarinnar að hún hefði fullan skilning á því að það þyrfti að breyta frv. eftir að það væri skoðað um sumarið. Einnig ræddi ég málið mjög ítarlega í framsöguræðu minni og sem dæmi vil ég segja að það kom fram í ræðu minni að fjárfestingarkostnaður vegna olíulitunar myndi að óbreyttu kosta 400 millj., rekstur kerfisins 160, 100 millj. til viðbótar vegna rekstrarkostnaðar tankbifreiða, fyrir utan eftirlitskerfi. Það var einmitt þessi mikli kostnaður við litunarkerfið sem varð til þess að menn fóru frekar í endurgreiðslukerfið. Ekkert sem hefur komið fram bendir til þess að það sé óyfirstíganlegt en það er samt dýrt. Það er ekki eins gott eins og litunarkerfið og nú þegar fyrir liggja upplýsingar um að það sé komin ný tækni í litunarkerfinu sem sé miklu auðveldari og ódýrari en við höfðum gert ráð fyrir á sínum tíma lagði meiri hluti nefndarinnar þetta til og þess vegna kem ég með þetta inn núna. Það má vel vera að þetta sé lagahringl en þetta er dæmi um það sem getur gerst og ég held að stundum sé betra að bíða og fá betra kerfi en að halda áfram á sömu braut þegar við vitum að í burðarliðnum er betri aðferð til þess að ná fram þeim sömu markmiðum sem við viljum stefna að.

[16:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg hárrétt athugað hjá hv. 9. þm. Reykv. að þegar lesinn er textinn með grg. frv. nú þá kveður þar verulega við annan tón en að látinn var uppi með málinu hér sem stjórnarfrv. á sl. vetri. Ég fullyrði að ef efh.- og viðskn. hefði verið bombarderuð með svona rökum gegn þessu endurgreiðslukerfi hefði hún ekki látið sér detta í hug að afgreiða málið frá nefndinni á sl. vetri. Þar var þvert á móti talið að ekki væri ástæða til að hafa í sjálfu sér áhyggjur af stóru, gjaldfríu notendunum, þ.e. flotanum og kannski landbúnaðinum þar sem um væri að ræða niðurfellingu eða endurgreiðslu. Það væru fyrst og fremst ákveðin jaðartilvik þar sem um blandaðan rekstur aðila væri að ræða, sem væri áhyggjuefni, þar sem til að mynda verktakafyrirtæki eða aðrir slíkir aðilar væru með hvoru tveggja í gangi, gjaldskylda bílaútgerð og hins vegar þungavinnuvélar, jarðýtur eða annað því um líkt sem ekki er ætlunin að fara að leggja á vegaskatt. Það væri aðaláhyggjuefnið og aðalúrlausnarefnið að finna eftirlitsmöguleika og upplýsingar um hvernig hægt væri þá að nota upplýsingar úr bókhaldi og rekstri viðkomandi fyrirtækja til þess að hafa þar eftirlit. Annað tveggja hefur þarna gerst, að mönnum hefur snúist allverulega hugur eða að aðrir hafa verið höfundar að þessum texta en þeir hinir sem sömdu framsöguræður og grg. eða aðstoðuðu ráðherrann í þeim efnum á sl. vetri eða mættu fyrir efh.- og viðskn. En meira er ekki um þetta að segja. Ég held að þau orð séu öll komin fram sem eru við hæfi í sambandi við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 68. mál (tollfrjálsar verslanir í höfnum). — Þskj. 68.

[16:38]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55 frá 1987, með síðari breytingum. Auk mín eru flm. Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Pétur H. Blöndal, Ólafur Örn Haraldsson, Arnþrúður Karlsdóttir, Einar H. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Tómas Ingi Olrich, Valgerður Sverrisdóttir, Egill Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Kristjánsson, Árni Johnsen og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Í 1. gr. segir svo:

„1. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.“

Í 2. gr. er lagt til að þessi lög öðlist þegar gildi.

Sú breyting sem flm. leggja til er sú að í núgildandi lögum er eingöngu talað um að rekstur tollfrjálsra verslana megi fara fram í flughöfnum en sú breyting sem hér er lögð til er að jafnhliða þeim lögum komi inn þessar upptöldu hafnir sem ég talaði um áðan.

Greinargerðin með frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. mgr. 79. gr. tollalaga er að finna heimild til þess að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í stærstu flugstöðvum landsins. Brýnt er vegna mikillar fjölgunar erlendra ferða-, fiski- og farmanna sem hafa viðkomu með skipum í ýmsum höfnum hér á landi að víkka út heimildina svo að hún nái einnig til helstu hafna landsins.

Á síðasta sumri fjölgaði mjög mikið þeim skemmtiferðaskipum sem komu til ýmissa hafna landsins, alls 115 skemmtiferðaskip, en auk þess kom Norræna 14 sinnum til Seyðisfjarðar. Til marks um þá fjölgun skemmtiferðaskipa sem til landsins koma má geta þess að árið 1992 komu 23 skip til Reykjavíkur með um 11.000 farþega og 5.000 manns í áhöfnum. Í sumar komu til Reykjavíkur 51 skip með 21.348 farþega og 10.000 manns í áhöfnum. Árið 1994 komu 23 skemmtiferðaskip til Akureyrar með um 11.000 farþega og 5.900 manns í áhöfnum. Í sumar komu til Akureyrar 38 skip með um 18.000 farþega og 10.000 manns í áhöfnum. Sem fyrr segir kom Norræna 14 sinnum til Seyðisfjarðar og með því skipi 6.438 farþegar auk þess sem þrjú önnur skemmtiferðaskip höfðu þar viðkomu. Til Vestmannaeyja komu 17 skemmtiferðaskip og sex til Ísafjarðar. Auk þess höfðu nokkur skip viðkomu í Stykkishólmi, Grundarfirði og Húsavík. Þótt ekki liggi fyrir upplýsingar um fjölda skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands sumarið 1996 er búist við að þeim muni enn fjölga. Flest þessara skipa hafa skamma viðdvöl í höfn og því er nauðsynlegt að bæði farþegar og áhafnir þeirra hafi möguleika á að versla í tollfrjálsri verslun sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og er í tengslum við hafnarbakka. Enn fremur hefur aukist gífurlega sá fjöldi erlendra fiskiskipa sem leita til hafnar vegna ýmiss konar þjónustu. Það er enginn vafi á að áhafnir þeirra munu nýta sér þann möguleika sem tollfrjáls verslun býður upp á. Þannig munu slíkar tollfrjálsar verslanir auka tekjumöguleika þjóðarinnar og skapa ný atvinnutækifæri þar sem selja mætti, jafnframt erlendum varningi, hvers konar íslenskar vörur sem þá yrðu undanþegnar virðisaukaskatti. Tollfrjálsar verslanir eru víða erlendis í tengslum við hafnir og er varningur, sem keyptur er þar, ekki borinn um borð af kaupanda heldur sér viðkomandi verslun um að flytja varninginn um borð í skipið. Sá háttur mundi einnig verða hafður á hérlendis og rekstrarleyfishafi gerður ábyrgur fyrir því að rétt sé að málum staðið í hvívetna.

Af því sem að framan greinir má ljóst vera að hér gæti verið um að ræða áfanga á leið til markaðssetningar íslenskrar framleiðslu.“

Virðulegi forseti. Ég gat áðan um þá fjölgun skemmtiferðaskipa, sem hefur orðið á umliðnum árum, jafnframt því sem að ekki liggur nú endanlega ljóst fyrir hve mörg skemmtiferðaskip muni verða hér á næsta sumri en það er þó svo að venjulega í nóvembermánuði liggur það nokkuð ljóst fyrir hvaða skemmtiferðaskip muni koma til landsins á komandi ári. Nöfn þeirra eru gefin upp og hverjir séu útgerðaaðilar. Það er furðulegt að Íslendingar skuli ekki vera meira vakandi fyrir þeim möguleikum sem þarna er um að ræða. Einkum þegar þess er gætt að það hefur eftir því verið tekið á umliðnum árum að þessi skemmtiferðaskip versla ekkert hér, það er að segja það er ekkert keypt um borð. Örlítið keypt af vatni en þá er allt upptalið. Þegar þess er gætt að það liggur ljóst fyrir mörgum mánuðum áður en að skipin koma til Íslands að það skuli ekki vera meiri áhugi hjá söluaðilum landbúnaðarafurða eða annarrar íslenskrar framleiðslu um að nýta sér þær upplýsingar sem fyrir liggja fyrir áramót um hvaða skip koma, hverjir eru útgerðaraðilar, þó ekki væri annað en að senda þessum aðilum upplýsingar um verðlag og þjónustu og hvaða vörur væru hér á boðstólum. Mig hefur oft undrað að sjá þegar að þessir fólksflutningabílar eru að koma úr skemmtiferðum í nágrenni höfuðborgarinnar, og venjulega liggur þá leiðin að Gullfossi og Geysi, að engir aðilar sýna áhuga á að gefa mönnum að smakka íslenskar landbúnaðarafurðir svo mjög sem þær eru rómaðar af framleiðendum. Ég tala nú ekki um þegar ferðalangar koma svangir úr langri ferð.

Mér er það minnisstætt að fyrir ekki mörgum árum hafði ég samband við aðila í bændasamtökunum og benti honum á þessa leið og að þarna væri möguleiki til þess að auka sölu á íslensku lambakjöti. Það var eiginlega stutt í þeim sem ég talaði við vegna þess að hann hafði þær athugasemdir fram að færa að skipið væri að fara úr höfn og þar af leiðandi yrði líklega ekki um mikla verslun að ræða. En sá ágæti maður athugaði ekki að auðvitað má reikna með því að þeir farþegar sem kæmu um borð eftir að hafa smakkað hið ágæta íslenska lambakjöt mundu að sjálfsögðu hafa samband við bryta og spyrja hvenær væri að vænta þess að þetta góðgæti, íslenska lambakjötið, yrði á boðstólum á matseðli viðkomandi skemmtiferðaskips.

Virðulegi forseti, ég ætla ekki að hafa þessi orð mín lengri en legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra, 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 79. mál. — Þskj. 79.

[16:47]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra. Flm. auk mín eru Árni M. Mathiesen, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Jónsson, Kristján Pálsson og Vilhjálmur Egilsson.

Herra forseti. Þjóðin skiptist í tvo hópa í lífeyrismálum. Það eru annars vegar almennir lífeyrissjóðir sem verða að standa undir réttindum sínum með iðgjöldum og hins vegar lífeyrissjóður opinberra starfsmanna þar sem skuldbindingarnar eru að megin hluta til tryggðar með ábyrgð vinnuveitenda. Sú skuldbinding sem þar er um að ræða er feiknarleg. Reiknað hefur verið út að skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins umfram eignir sé 70 milljarðar kr. eða 300 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu eða um 600 þús. kr. á hvern vinnandi mann. Til viðbótar eru skuldbindingar sveitarfélaga vegna lífeyrisséttinda starfsmanna þeirra sem er talin vera um 100 þús. kr. á hvern íbúa eða 200 þús. kr. á hvern einasta vinnandi mann í sveitarfélögunum. Þessar skuldbindingar hækka á hverju ári og það er mjög brýnt að taka á þessum vanda og þetta er sú skuld sem sjóðfélagar í almennu lífeyrissjóðunum skulda opinberum starfsmönnum. Þessi skuld hefur ekki verið færð í ríkisbókhaldi sem neinu nemur og þetta er skuld eða skattur sem börnin okkar koma til með að borga.

Herra forseti. Þegar borin eru saman réttindi opinberra starfsmanna og hinna almennu fer sjóðfélagi í almennum lífeyrissjóði á ellilífeyri þegar hann er 70 á móti 65 ára aldri opinbers starfsmanns eða jafnvel lægra ef notuð er 95 ára reglan. Sjóðfélagi í almennu lífeyrissjóðunum ávinnur sér 1,8% fyrir hvert ár og jafnvel minna þegar tekið er tillit til skerðingar vegna 30 ára bestu reglunnar á meðan opinberir starfsmenn ávinna sér 2% fyrir hvert ár. Opinberir starfsmenn greiða iðgjöld í 32 ár á meðan sjóðfélagarnir í almennu sjóðunum greiða ævilangt. Ellilífeyrir opinberra starfsmanna miðast við hæst launaða starfið sem þeir gegna á meðan hinir fá lífeyri miðað við meðallaun yfir ævina. Þetta er samanburðurinn á réttindunum og það er sérstaklega það að opinberir starfsmenn hefja töku lífeyris 65 ára sem munar mest um en samanlagt er þessi réttur opinberra starfsmanna væntanlega tvöfalt verðmeiri en lífeyrisréttur í almennu sjóðunum.

Herra forseti. Að undanförnu hafa almennu sjóðirnir neyðst til þess að taka til hjá sér og skerða réttindi. Þeir hafa verið að skerða makalífeyrisrétt og ýmis önnur réttindi til að ná endum saman þannig að iðgjöld plús vextir og eignir dugi fyrir skuldbindingum. Ekkert slíkt hefur verið gert hjá opinberu lífeyrissjóðunum.

Í þessu frv. er bent á lausn á því hvernig vandamál opinberu sjóðanna verði leyst. Hlunnindin verði reiknuð út og launin hækkuð sem því nemur. Þetta er lausn sem kæmi til greina fyrir opinbera starfsmenn. Það hlýtur að vera slæmt fyrir opinbera starfsmenn að hafa þessa óvissu um starfskjör sín sem eru lífeyrisréttindin, þ.e. að ríkið hafi ekki myndað sjóð fyrir þessum skuldbindingum og það hlýtur að vera mikilvægt fyrir opinbera starfsmenn að þessi mál séu leyst. En að sjálfsögðu er þetta kjaramál og það þarf að semja við opinbera starfsmenn um þetta mál.

Ef menn hyggjast taka upp valfrelsi að lífeyrissjóðum, sem rætt hefur verið um, er bráðnauðsynlegt að iðgjöldin standi undir skuldbindingum. Annars munu menn leita til þeirra sjóða sem eru með dulda skuldbindingu sem er greidd af einhverjum öðrum, þ.e. af ríkinu. Það mundu mjög margir leita í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ef aðild að lífeyrissjóðum yrði gefin frjáls vegna þess að ríkið borgar stóran hlut. Því er mjög brýnt að taka á þessu máli áður en hægt er að ræða um frelsi til að velja sér lífeyrissjóð. Sömuleiðis kemur það aftur og aftur upp þegar talað er um einkavæðingu ríkisfyrirtækja að lífeyrisréttindin eru sá þrándur í götu sem erfiðast hefur reynst að leysa.

Herra forseti. Til þess að Alþingi geti með trúverðugum hætti tekið á þessum vanda mega lífeyriskjör alþingismanna ekki víkja frá þeim lífeyriskjörum sem kjósendur þeirra hafa almennt. Auk þess er mikilvægt að þingmenn hafi óbundnar hendur þegar þeir fjalla um þann mikla vanda sem blasir við vegna skuldbindinga opinberu sjóðanna. Að þeir séu ekki um leið að fjalla um eigin kjör. Þess vegna sé ég þetta frv. sem fyrsta skref til þess að leysa þann ógnvænlega vanda sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og aðrir opinberir sjóðir standa frammi fyrir.

Það má líka segja að lífeyrismál opinberra starfsmanna séu að hluta til þáttur í þeim feluleik sem menn hafa notað með laun á Íslandi. Það má ekki kalla launin því nafni sem þau heita. Það þarf að vera með alls konar sporslur eða yfirtíð eða duldar tekjur en það má ekki sýna raunveruleg greidd laun. Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og alþingismanna og ráðherra eru hluti af þeim leik. Ég vil að menn komi hreint til dyranna og kalli launin því nafni sem þau heita, þ.e. laun, og að lífeyrisréttindin séu færð upp á yfirborðið og talin sem slík. Þessi feluleikur sem notaður er í kjarabaráttu og í kjörum á Íslandi er árás á einmitt láglaunahópa í landinu. Með því að hafa alls konar viðbætur, óunna yfirtíð o.s.frv. er verið að hækka laun vissra hópa en öðrum er haldið niðri. Ef kjarasamningar sýndu laun, segjum frá 40.000 kr. og upp í 400.000 kr. þá mundu menn ekki una því að fá þessar 40.000 kr., það mundi leiða til þess að launin yrðu jöfnuð.

Herra forseti. Þau mál sem við erum að fjalla um eru mjög flókin. Í lögum um eftirlaun þingmanna, sem voru sett 1965, var gert ráð fyrir að þingmanni bæri 35% af þingfararkaupi sem eftirlaun eftir tvö kjörtímabil. Þangað til hafði hann engan lífeyrisrétt. Þessu var breytt 1982 og þá var tekin upp sú regla sem er sambærileg og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins nema menn gleymdu því að þingmenn standa yfirleitt mjög stutt við. Opinberir starfsmenn standa yfirlett mjög lengi við í starfi, það er ekki eitthvert starf sem menn hlaupa í, en þingmenn, sérstaklega varaþingmenn, sitja mjög skammt á þingi og það er ekki hægt að beita sömu reglu á þá. Þannig er að t.d. makalífeyririnn, sem nokkuð hefur verið rætt um, öðlast menn á því augnabliki sem þeir koma á þing. Þá öðlast makinn rétt til 20% af þingfararkaupi sem makalífeyri og hann heldur þeim lífeyrisrétti þegar þingmaðurinn, t.d. varaþingmaður, hverfur af þingi eftir tvær vikur. Hér er um að ræða makalífeyrisrétt upp á u.þ.b. 40.000 kr. á mánuði. Skuldbindingin, makalífeyrisrétturinn, sem myndast vegna veru varaþingmanns í tvær vikur er að meðaltali 1,7 millj. kr. Hver einasti maður sér að þetta er ekki rétt að staðið og það þarf að laga þetta.

Aðalvandinn varðandi makalífeyri er að þingmaðurinn þarf ekki að vera greiðandi í sjóðinn til þess að fá maka-

lífeyri og í því frv. sem er lagt fram er tekið á þessu með því að makalífeyrir verði aldrei hærri en 75% af ellilífeyri sjóðfélagans þegar hann er ekki greiðandi í sjóðinn.

Herra forseti. Ef ég ræði um einstakar greinar frv. þá eru í 1. gr. felld niður réttindi og skyldur þingmanna til þess að greiða í þingmannadeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þingmannadeildinni er lokað fyrir frekari greiðslu iðgjalda en hún er ekki lögð niður. Ekki gert ráð fyrir að áunnin réttindi hverfi heldur eiga þau að haldast en þau verða verðtryggð miðað við vísitölu verðlags til að koma í veg fyrir að sú hækkun sem verður á launum þingmanna við það að þeir afsala sér þessum réttindum valdi hækkun lífeyris núverandi lífeyrisþega. Þetta hefur líka þau áhrif, verðtryggingin miðað við verðlag, að skuldbindingin minnkar, þ.e. það er hægt að nota hærri vexti við útreikning á skuldbindingunni og skuldbindingin minnkar.

Í 2. tölul. er fjallað um hvernig eigi að meta þau hlunnindi sem þingmenn hafa í dag. Þeir hafa þessi hlunnindi. Það er rætt um það hvað gerist ef þingmönnum verður gert að greiða til almennra lífeyrissjóða og njóta ekki lengur ríkisábyrgðar. Þá á að taka tillit til þess ávinnings sem þingmenn hafa haft. Þarna eru nokkur tæknileg atriði eins og að taka eigi tillit til þess hvaða starfsaldur þingmenn hafa almennt haft undanfarin 30 ár o.s.frv.

Þá er gert ráð fyrir því að til grundvallar mati á framtíðarhlunnindum verði notuð 2% ávöxtunarkrafa. En ég vil benda á það að sú ávöxtunarkrafa er geysilega mikilvæg og þýðingarmikil og umræða þarf að fara fram um það hvort nota eigi 2%, 2,5% eða 3% við þá útreikninga því það skiptir sköpum við það hversu verðmæt þessi réttindi eru. Þetta hefur allt saman áhrif á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins því ég geri ráð fyrir því að þegar þetta frv. hefur verið samþykkt, ef svo verður, muni menn nota þá lausn sem hér er lögð til til lausnar á þeim vanda sem ég gat um áðan sem er 600.000 kr. skuld almennra verkamanna og verslunarmanna til opinberra starfsmanna.

Í 2. tölul. greinarinnar er kveðið á um rétt núv. þingmanna til að halda núverandi rétti út kjörtímabilið. Menn buðu sig fram í ljósi þeirra kjara sem buðust og þess vegna er talið eðlilegt að menn geti frestað því að taka upp ný ákvæði og haldið núverandi ákvæðum en þá fá þeir heldur ekki þá launahækkun sem í boði verður.

Í 3. tölul. er fjallað um að geymdi rétturinn skuli verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs.

Herra forseti. Frv. tekur á lífeyriskjörum hv. alþm. og hæstv. ráðherra. Lífeyriskjörin eru reyndar mjög flókin og háð líkum. Þingmenn hljóta að verða að skoða þetta mál mjög gaumgæfilega. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:00]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Við hv. þm. sem erum meðflm. að þessu frv. viljum með því sýna vilja okkar í verki og þá á ég við hvernig við viljum að lífeyriskerfi landsmanna sé uppbyggt í framtíðinni. Og þá jafnframt þann vilja að við, kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, höfum ekki önnur kjör heldur en að við ætlum þjóðinni að öðru leyti að lifa við. Ég ætla ekki að fara að endurtaka framsöguræðu hv. 1. flm., Péturs H. Blöndals, sem gerði skilmerkilega grein fyrir efnisatriðum frv. Ég vil hins vegar nefna sérstaklega tvö atriði sem ég tel að þurfi að haldast í hendur við það að þetta frv. verði að lögum. Annað er að ég tel að það þurfi að haldast í hendur við þessa breytingu að það verði gerð almenn sams konar breyting á lífeyriskjörum opinberra starfsmanna. Ég tel, eins og kom fram hjá hv. flm., að það sé ekki viðunandi að það búi tvær þjóðir í landinu sem búi við mismunandi kjör um lífeyrismálum. Þessi skoðun mín hefur áður komið fram hér í þessum ræðustóli og það var á 117. löggjafarþingi í umræðu um tillögu um frelsi í lífeyrismálum sem ég flutti ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Þá sagði ég í seinni ræðu minni, í svari í tilefni orða hv. þáv. 16. þm. Reykv. núv. hv. 10. þm. Reykv., Guðmundar Hallvarðssonar, sem er jafnframt einn af meðflutningsmönnum þessa frv., þar sem hann vék að opinberum starfsmönnum í sinni ræðu: „Ég tel einmitt að sú breyting sem við leggjum til í tillögunni sé grundvöllurinn fyrir því að hægt sé að breyta um kerfi á lífeyristryggingum opinberra starfsmanna. Það er rétt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi í sinni ræðu að ríkið greiðir tugi þúsunda á mánuði með hverjum ríkisstarfsmanni vegna greiðslutryggingarinnar sem er á þeirra lífeyrisgreiðslum. Það þarf að semja um þetta atriði við opinbera starfsmenn. Ef það á að breyta því þá verður að kaupa þessi réttindi af starfsmönnunum. Það verður þá væntanlega að koma fram í hærri launum sem þeim eru greidd fyrir þeirra vinnu. En til þess að þeir geti þá notað þessi laun sín til að afla sér sambærilegra lífeyrisréttinda þá verður að vera valfrelsi í lífeyrissjóðsmálum hér á landi. Þá verða þeir að geta valið um þá sjóði sem þeir vilja greiða til og um þá sjóði sem veita þeim þá tryggingu sem þeir telja sig þurfa á að halda. Þessi breyting sem hér er lögð til er grundvöllurinn fyrir því að hægt sé að gera breytingar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna."

Þær breytingar sem við lögðum til í tillögunni um frelsi í lífeyrissjóðsmálum er að fleiri aðilum heldur en lífeyrissjóðum verði gert kleift að reka lífeyrissjóði og veita lífeyristryggingar og að launamenn sem til lífeyrissjóða greiða hafi heimild til að velja um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Og það sem ég sagði hér á undan og vitnaði þar til umræðunnar um þessa tillögu á á sama hátt við um alþingismenn og ráðherra. Það eru þeirra kjör sem verið er að breyta og þarf þá væntanlega að bæta þeim það upp á annan hátt. En þeir þurfa síðan að breytingunni lokinni að eiga möguleika á því að velja um lífeyrissjóði, um alvörulífeyrissjóði, sem keppa sín á milli um það að fjármagna fé lífeyrissjóðanna. Þannig að ég tengi mjög fast saman þrjár breytingar sem ég tel vera nauðsynlegar, þ.e. breyting á lífeyrisréttindum alþingismanna og ráðherra, breyting á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og frelsi í lífeyrismálum hér á landi. Ég vænti þess að þetta mál og hin tvö sem ég nefndi fái góðar undirtektir og vil þá vitna til stjórnarsáttmálans þar sem gert er ráð fyrir því að gerðar verði þær breytingar sem tryggi þjóðinni allri sambærileg kjör í lífeyrismálum.

[17:05]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram hér varðandi lífeyrissjóðsmál og þá tillögu sem hér er til umfjöllunar og ég er meðflm. að ásamt hv. þm. Pétri Blöndal, að ég tengi þetta kannski ekki með sama hætti og síðasti ræðumaður, hv. þm. Árni Mathiesen, gerði vegna þess að ég tel að það séu nokkur atriði sem betur þarf að gefa gaum að áður en aðlögun að frjálsum lífeyrissjóðum verður endanleg. Það eru þá einkum og sér í lagi þær örorkubætur sem lífeyrissjóðirnir standa nú að. Ég nefni t.d. Lífeyrissjóð sjómanna. 60% þess fjár sem fer nú út úr sjóðnum mánaðarlega, er vegna örorkugreiðslna. Þær eru það miklar hjá þessum lífeyrissjóðum að það þarf

að finna flöt á því máli og kannski eru örorkugreiðslurnar ein ástæða þess hve lífeyrissjóðirnir stóðu illa gagnvart skuldbindingum sínum um tíma. Ég veit að lífeyrissjóðir Dagsbrúnar, Framsóknar og fiskverkunarfólks hafa almennt staðið mjög illa vegna þessara ákvæða um örorkugreiðslur. Hins vegar er mér alveg ljóst að með því að finna flöt á *því máli hvað áhrærir örorkuna er að sjálfsögðu ekki mikill* vandi að gefa mönnum kost á að greiða í þá lífeyrissjóði sem þeir telja að ávaxti framlag þeirra sem best.

Þótt ég sé vissulega enginn talsmaður forsjárhyggju, þá er það nú samt svo að maður rekur sig æ ofan æ á það að ungir menn sem hafa lent í slysi og síðan örorku þakka þó fyrir að þeir skyldu hafa verið skikkaðir til þess að greiða í þessa lífeyrissjóði einmitt vegna örorkuþáttarins því að þeir hefðu kannski ekkert hugað að því sjálfir. Og það á við um stærstan fjölda þeirra sem eru félagar í lífeyrissjóðunum.

[17:08]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að gefa í skyn að ég og hv. 10. þm. Reykv. værum fullkomlega sammála í öllu sem snertir lífeyrissjóðsmálin. Og ekki ætla ég heldur að fara að endurtaka umræðu okkar frá því á 117. löggjafarþingi um frelsi í lífeyrismálum. En ég tel hins vegar að það sé mjög mikilvægt að framgangur þessara mála sé tengdur og þá geri ég mér fullkomlega grein fyrir þeim vanda sem *uppi er í Lífeyrissjóði sjómanna hvað varðar örorkuna.* En ég tel jafnframt að það sé jafnvel auðveldara að leysa slík vandamál vegna einstakra starfsstétta sem búa við sérstök skilyrði í kerfi sem er opnara og frjálsara þar sem jafnvel er mögulegt, eins og kom fram í ræðu hv. þm., að tengja eða rjúfa þá tengingu sem nú er á milli örorkubóta og síðan lífeyrisins sjálfs. Slíkt opnara og frjálsara kerfi mundi gera okkur auðveldara að leysa sértæk og sérstök vandamál einstakra stétta og jafnframt tryggja kjör þeirra í ellinni og ef vandræði steðja að, betur en við gerum í dag.

[17:10]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal á heiður skilið fyrir frumkvæði sitt að því að undirbúa og flytja þetta mál hér á Alþingi. Það hefur lengi verið svo að hv. þm. hefur vafist nokkuð tunga um tönn þegar þeir lýsa almennt séð skoðunum sínum á lífeyrismálum, einfaldlega vegna þess að það fyrsta sem þeim er á bent þegar þau eru til umræðu, er að sjálfir njóti þeir réttinda svo langt umfram það sem þeir standa sjálfir undir með greiðslum sínum í lífeyrissjóð að *þetta er gjarnan nefnt sem fyrsta dæmið um þá mismunun* sem í kerfinu er. Þótt ekki væri nema fyrir það eitt að horfast í augu við þessa staðreynd og koma með tillögur til úrbóta, þá er það lofsvert og gagnlegt, sér í lagi ef það leiðir síðan til þess að þingmenn manni sig nú upp í að taka á þessu máli í heild. Því sannleikurinn er sá að skipan lífeyrismála er að verða, og er reyndar þegar orðið, eitt af eilífðarmálunum í íslenskum stjórnmálum. Það er svo langt síðan að settar voru niður stórar nefndir og reynt að ná pólitísku samkomulagi um að ráða bót á augljósum göllum sem allir viðurkenna og finna heildarlausn og skila skýrslum og jafnvel að útbúa frumvarp án þess að raunverulega hugur fylgdi máli, án þess að nokkur árangur náist. Ég minnist þess t.d. að vorið 1988 beitti undirritaður sér fyrir því að hér var lagt fram til kynningar slíkt heildarfrumvarp um framtíðarskipan lífeyrismála, byggt á nefndaráliti tveggja stórra nefnda. Því miður gafst ekki tími til þess þá að fylgja því máli eftir af þeirri einföldu ástæðu að sú ríkisstjórn sem þá var við völd hvarf frá völdum nokkrum mánuðum síðar. Og forræðið yfir þessum málaflokki, þ.e. fjmrn. hvarf í hendur annarra. Ég vil aðeins af þessu tilefni rifja það upp að á stjórnarandstöðutímanum 1984–1987, voru nokkrum sinnum flutt þingmál af hálfu okkar alþýðuflokksmanna um þessi mál. Meginkjarninn í þeim hugmyndum sem við reifuðum þá, og sér í lagi er ég *þá að vísa til þáltill. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar*, var sá að fækka lífeyrissjóðum. Reyndar var málið gjarnan rekið undir slagorðinu: Einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. En jafnframt gefið í skyn að við værum hins vegar tilbúnir til þess að hlusta á allar tillögur um samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn. Leiðin sem við einkum sáum út úr þessum ógöngum var einmitt í því fólgin að horfast í augu við þá staðreynd að mismununin á markaðnum, þ.e. þau forréttindi sem opinberir starfsmenn nú njóta og nutu þá umfram lífeyrissjóði almenna vinnumarkaðarins, höfðu einmitt iðulega verið réttlætt með því að í staðinn kæmu lægri laun. Það var fyrst og fremst bent á þá leið að ríkisvaldið reyndi að beita sér fyrir heildarlausn sem fæli það þá í sér að þetta væri umreiknað til launa. En síðan í framhaldi af því reynt að ná samkomulagi um samræmd lífeyrisréttindi á vinnumarkaðinum öllum án tillits til þess hvort menn vinna í opinbera geiranum eða ekki.

Ég sagði þetta mál vera orðið eitt af eilífðarmálunum. Og víst er það svo. Mörg stór mál sem svo háttar til um að öllum er ljóst að það er verið að viðhalda kerfi sem ekki stenst. Það er verið að leggja blessun sína yfir mismunun sem ekki stenst og það er verið að viðhalda kerfi sem hvílir á svo feysknum fjárhagslegum grundvelli að það stenst ekki til frambúðar. Eða þá að það er af sérstökum, undarlegum sérhagsmunaástæðum verið að viðhalda kerfi sem brýtur í bága við grundvallarreglur en engu að síður treysta menn sér ekki til þess að taka á málinu.

Eitt dæmi um eilífðarmál af þessu tagi er að sjálfsögðu grundvallarmannréttindakrafan um jöfnun atkvæðisréttar. Einn maður, eitt atkvæði. Enginn maður er til sem getur fært rök fyrir því að eitthvert réttlæti sé í því í lýðræðisþjóðfélagi og þingræðisþjóðfélagi að mismuna mönnum um grundvallarlýðræðismannréttindi. Engu að síður hefur það verið gert. Satt að segja hafa Íslendingar aldrei náð þeim mannréttindum, ekki bara í sögu lýðveldisins, heldur á þessari öld. Þegar málið er rætt þá viðurkenna menn allir í orði að þetta sé grundvallarréttur sérhvers manns í lýðræðisþjóðfélagi að búa við jafnan atkvæðisrétt. Í reynd er það hins vegar með allt öðrum hætti. Í reynd hefur þingflokkum aldrei tekist að sameinast um útfærslu sem tryggi landsmönnum þessi grundvallarmannréttindi. Í almennum umræðum um lífeyrisréttindi viðurkenna að sjálfsögðu allir að ekkert tilefni er til þeirrar mismununar sem í þessu kerfi felst. En þegar kemur að lausnum hafa sérhagsmunirnir blindað mönnum svo sýn eða öllu heldur hafa menn viljað halda dauðahaldi í það sem þeir hafa hreppt og ekki sannfærst um að það sem í staðinn kæmi væri byggt á sanngirni þannig að þetta hefur ekki tekist.

Ég get tekið undir flest það sem segir í þessari greinargerð sem er lýsing á kerfinu, tilefninu til þess. Hér er því lýst hver munur er á grundvallarréttindum annars vegar opinberra starfsmanna og annarra. Hér er samt bent á að sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum er að sumu leyti jákvæð, þ.e. *eftir verðtryggingu og upptöku jákvæðra*

raunvaxta hefur tekist að ávaxta söfnunarsjóði á almennum markaði með þeim hætti að þeir eru mun betur staddir en áður. Hér er bent á það sem grundvallarreglu þegar við leitum að lausnum að reikna lífeyrishlunnindi sem launaígildi og reyna að finna pólitíska samkomulagslausn, sem byggi á því að hækka laun en afnema ríkisvernduð forréttindi að því er varðar hlunnindin. Ég held að þetta sé í grundvallaratriðum rétt stefna. Hins vegar mundu væntanlega þeir sem vilja gagnrýna þetta mál vilja segja sem svo: Hvers vegna er það hins vegar að hv. flm. taka einungis á þessum tiltölulega litla þætti málsins sem varðar þingmenn og ráðherra? Er hægt að bjóða upp á það að þessi tiltölulega fámenni hópur sé tekinn sérstaklega fyrir án þess að það sé hluti af heildarlausn að því er varðar opinbera starfsmenn? Ég geri ráð fyrir því að flm. svari því til þegar um er að ræða svo stórpólitískt mál að umbætur eigi að byrja heima, að þingmenn og ráðherrar megi gjarnan ganga á undan öðrum með góðu fordæmi. Og út frá siðferðilegum sjónarmiðum sé eðlilegt að þessi þáttur, sem sker mjög í augun, verði tekinn fyrir fyrst. Hitt er annað mál að sennilega er ekki unnt að gera þetta nema það skapist einhvers konar samstaða um það að sú leið sem farin er, þ.e. að reikna lögvernduð lífeyrishlunnindi umfram aðra sem þingmenn og ráðherrar njóta, til launa verði almennt viðurkennt sem leiðin að því er varðar opinbera starfsmenn almennt.

Hv. þm. er flestum kunnugt um að öll eru þessi mál í umræðu og hafa verið það á seinustu kjörtímabilum og þessu. Lífeyrisréttindamál hafa verið á dagskrá í efh.- og viðskn. Efh.- og viðskn. hefur efnt til eins konar hálfakademískra seminara um þau mál. Veruleg upplýsingaöflun hefur verið unnin á vegum nefndarinnar og reyndar á vegum fjmrn. og menn hafa verið þar að spyrja réttra spurninga og ræða leiðir til úrbóta. Menn hafa bent á hluti eins og eftirfarandi: Það vantar heildarlöggjöf. Það þarf að gera ráðstafanir til þess að lífeyrissjóðirnir búi við ekki óburðugra eftirlit en aðrar fjármálastofnanir á markaðnum, eins og bankar og sparisjóðir. Það hefur verið rætt um að það þurfi að gera sérstök bindandi skilyrði fyrir starfrækslu lífeyrissjóða ekki síður en banka varðandi eiginfjárstöðu og rekstur. Það hefur verið rætt um grundvallarreglur varðandi lífeyrisréttindi, þ.e. um samræmingu á réttindum og skuldbindingum. Menn hafa auðvitað rætt um kreppu einstakra sjóða þar sem um er að ræða miklu meiri skuldbindingar en unnt er að standa undir af iðgjöldum og þannig mætti lengi telja. Þetta er einn þáttur þess vandamáls en ég viðurkenni fúslega að á meðan þingmenn taka ekki á þeim vanda sem að þeim sjálfum snýr er þess ekki að vænta að almenningi í landinu þyki það trúverðugt að umræðan haldi áfram eins og hún hefur verið, þ.e. að menn ræði um þetta almennt, menn skírskoti til grundvallarreglna, menn viðurkenni vandann sem við er að fást en standi svo uppi eins þvara í potti þegar kemur að leit að praktískum lausnum.

Ég stóð hér upp fyrst og fremst til að lýsa yfir af hálfu okkar jafnaðarmanna að okkur þykir þetta virðingarvert framtak. Við fögnum því ef þetta leiðir síðan til áframhaldandi umræðu og vinnu um úrbætur á núverandi kerfi sem fær ekki staðist. Við teljum að grundvallarreglan um það að reyna að ná pólitísku samkomulagi um heildarniðurstöðu og heildarlausn eftir þeirri leið að meta eða umreikna hlunnindi til launa styðjist út af fyrir sig við rétt rök og sé skynsamleg. Ég læt í ljós þá von að umfjöllunin um þetta mál í efh.- og viðskn., innan ramma heildarendurskoðunar á lífeyrismálum, verði til þess að ýta undir að tekið verði á málinu í alvöru og að það geti leitt til einhverrar varanlegrar lausnar.

[17:22]

Vilhjálmur Ingi Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal framkomu þessa frv. þó það komi fram vonum seinna og sé takmarkaðra en æskilegt væri.

Þegar ég uppgötvaði að með því að setjast á Alþingi í hálfan mánuð hefði ég öðlast rétt fyrir tilvonandi maka minn sem var meiri en almennir launamenn öðlast á mörgum árum skammaðist ég mín fyrir að þurfa að taka þátt í slíkri mismunun. Mér finnst Alþingi og alþingismönnum til vansa hvernig þeir hafa á undanförnum árum og áratugum skarað eld að eigin köku umfram aðra almenna borgara. Nægir þar að nefna það sem menn hafa verið að ræða um að undanförnu, sérskattaleg fríðindi fyrir alþingismenn. Eða þegar keyptir eru dýrir ráðherrabílar á sama tíma og verið er að hafna því að greiða þolendum ofbeldisverka svipaða upphæð og breyta lögum þar að lútandi.

[17:23]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafna algjörlega fullyrðingum hv. þm. Vilhjálms Inga Árnasonar um það að alþingismenn fyrr á tíð og í dag skari eld að sinni köku fjárhags- og efnahagslega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:24.

29. FUNDUR

þriðjudaginn 7. nóv.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 45. mál, þskj. 45. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vörugjald af olíu, stjfrv., 111. mál, þskj. 117. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Tollalög, frv., 68. mál, þskj. 68. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra, frv., 79. mál, þskj. 79. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu, beiðni um skýrslu, 127. mál, þskj. 150. *Hvort leyfð skuli.*
8. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — 1. umr.
9. Gatnagerðargjald, stjfrv., 106. mál, þskj. 111. — 1. umr.
10. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 118. mál, þskj. 130. — 1. umr.

11. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 119. mál, þskj. 131. — 1. umr.
12. Bjargráðasjóður, stjfrv., 125. mál, þskj. 143. — 1. umr.
13. Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, þáltill., 109. mál, þskj. 115. — Fyrri umr.
14. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 129. — 1. umr.
15. Landgræðsla, frv., 93. mál, þskj. 95. — 1. umr.
16. Náttúruvernd, frv., 95. mál, þskj. 97. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Davíð Oddsson forsrh.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Ríkisreikningur 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjáraukalög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 45. mál (niðurstöðutölur ársins). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Vörugjald af olíu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 68. mál (tollfrjálsar verslanir í höfnum). — Þskj. 68.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra, frh. 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 79. mál. — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu.

Beiðni KÁ o.fl. um skýrslu, 127. mál. — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [13:39]
Beiðni leyfð til fjmrh. með 48 shlj. atkv.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 75.

[13:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994. Frv. er á þskj. 75. Þetta frv. var einnig lagt fram á 118. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er endurflutt óbreytt efnislega en gerð hefur verið orðalagsbreyting samkvæmt ábendingu frá Hagstofu Íslands. Hún gengur út á að sambúð miðist við sérstaka skráningu í þjóðskrá en upplýsingar um sameiginlegt lögheimili einar sér dugi ekki til.

Ástæða þess að frv. þetta er flutt er sú að við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur komið í ljós að óheimilt er að líta á sambúðarfólk sem hjón þegar fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum er ákveðin. Þess í stað verður að fara með mál sambúðarfólks sem mál tveggja einstaklinga. Þessu var slegið föstu með úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu hinn 23. júní 1993. Frv. felur í sér að sambúðarfólk eigi sama rétt til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og hjón. Þar sem engin almenn lög gilda um sambúðarfólk, samanber á hinn bóginn lög um réttindi og skyldur hjóna, er þess í stað að finna dreifð lagaákvæði um réttaráhrif sambúðar svo sem í lögum um almannatryggingar, lögum um tekju- og eignarskatt. Verði þetta frv. að lögum bætist nýtt ákvæði í þann hóp.

Ástæða þess að nauðsynlegt þykir að sambúðarfólk eigi sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón er sú að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga miðar að bættum hag fjölskyldunnar sem heildar. Frá þeim sjónarhóli gengur illa upp að líta á sambúðarfólk sem tvo einstaklinga. Skilyrði þess að litið verði á sambúðarfólk sem hjón eru einföld samkvæmt frv. en þau eru: Að um sé að ræða karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift enda hafi þau látið skrá sambúðina í þjóðskrá og hún hafi varað í a.m.k. eitt ár áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram. Hér er því ekkert matsatriði á ferðinni og ætti ákvæðið að vera auðvelt í framkvæmd.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. þessu vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gatnagerðargjald, 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (heildarlög). — Þskj. 111.

[13:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um gatnagerðargjöld á þskj. 111. Gert er ráð fyrir að frv. þetta, ef samþykkt verður, leysi af hólmi m.a. lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975. Frv. er samið af þriggja manna nefnd sem félmrh. skipaði í febr. 1994 og átti Samband ísl. sveitarfélaga sæti í nefndinni.

Lög nr. 51/1974 voru á sínum tíma sett til að tryggja sveitarfélögum fjármagn til gatnagerðar. Fyrir setningu laganna höfðu þau flest ekki slíkt fjármagn tryggt og sátu gatnagerðarmál því nokkuð á hakanum hjá sveitarfélögum. Þó voru í gildi lög sem tryggðu nokkrum sveitarfélögum fjármagn til slíkra framkvæmda, þ.e. lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík og fleira, nr. 42/1911, lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og Akureyri, nr. 18/1920, og lög um holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, nr. 87/1970. Setning laga nr. 51/1974 varð því til þess að sveitarfélögin gátu gert átak í gatnagerð.

Frá gildistöku laga nr. 51/1974 hafa komið fram margs konar gallar á þeim og sívaxandi óöruggleikar við framkvæmd þeirra, samanber m.a. þann fjölda mála varðandi gatnagerðargjöld sem félmrn., umboðsmaður Alþingis og dómstólar, hafa fjallað um. Með hliðsjón af þessu var talin full ástæða til að endurskoða lögin. Niðurstaða af þeirri vinnu varð það frv. sem hér er lagt fram og eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Helstu nýmælin eru eftirfarandi:

1. Í gildandi lögum er um að ræða tvenns konar gatnagerðargjöld, sbr. 1. og 3. gr. laganna, þ.e. annars vegar gjald til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum ásamt slitlagi og hins vegar sérstakt gjald vegna bundins slitlags og gangstétta. Lagt er til að gatnagerðargjald verði framvegis ekki tvískipt með þessum hætti þar sem flest sveitarfélög hafa lagt bundið slitlag á meginhluta gatnakerfisins í þéttbýli. Því er fallin brott forsenda fyrir tvískiptingu gjaldsins. Heiti laganna breytist í samræmi við þetta.

2. Tilgreint er skýrara hámark gatnagerðargjalds, sbr. 3. mgr. 3. gr. frv.

3. Lagt er til í 5. gr. frv. að í lögunum verði skýr kæruheimild til félmrn. en vafi hefur þótt leika á úrskurðarvaldi ráðuneytisins í málum þessum.

4. Fyrir landið allt gildi ein reglugerð um gatnagerðargjald en ekki reglugerð eða samþykkt fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

Mér þykir rétt að gera grein fyrir einstökum greinum frv. Í 1. mgr. 1. gr. er tilgreind almenn heimild til að innheimta hjá öllum lóðarhöfum eða lóðareigendum gjald sem sveitarstjórn nýtir til gatnagerðar í sveitarfélaginu sbr. 2. gr. Gjald skv. 1. mgr. má fyrst innheimta þegar sveitarstjórn hefur úthlutað byggingarrétti á tiltekinni lóð sem gert er ráð fyrir í skipulagi eða í tengslum við útgáfu byggingarleyfis á lóðum sem ekki eru í eigu sveitarfélagsins. Greinarmunur er gerður annars vegar á lóðum í eigu sveitarfélags eða sem sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, þ.e. þegar sveitarstjórn ráðstafar byggingarrétti á viðkomandi lóð, og hins vegar öðrum byggingarlóðum að því er varðar þau tímamörk þegar fyrst má innheimta gatnagerðargjald af lóð. Er það nauðsynlegt í ljósi þess að lóðir geta verið í einkaeigu án þess að eigendurnir kjósi að nýta þær undir byggingar, jafnvel þótt skipulag geri ráð fyrir þeim sem byggingarlóðum.

Við samningu ákvæðis þessa var haft í huga ákvæði 3. gr., 4. og 10. lið, í byggingarreglugerð en þar segir að þegar byggingarleyfi hafi verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli sé sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi sé fyrir hendi eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Í 1. mgr. 1. gr. segir jafnframt að sveitarstjórn ákveði með gjaldskrá hvenær megi innheimta gjaldið en um gjaldskrána eru nánari ákvæði í 2. mgr. 6. gr. frv.

Í 2. mgr. 1. gr. er kveðið á um endurgreiðsluskyldu sveitarstjórnar í þeim tilfellum þegar sá sem hefur fengið lóð úthlutað kýs að skila henni eða þegar byggingarleyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi þegar greitt hefur verið gatnagerðargjald í tengslum við útgáfu þess. Er hér um að ræða tæmandi talningu á þeim tilfellum þegar sveitarstjórn er skylt að endurgreiða gatnagerðargjald.

Í 2. gr. er kveðið á um að gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skuli varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar o.þ.h. þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi. Með ákvæði þessu er því lögð af sú skipting á gatnagerðargjöldum sem eru í 1. og 3. gr. núgildandi laga, samanber það sem fyrr var rakið.

Skv. 2. gr. er ráðstöfun gatnagerðargjaldsins ekki bundið við gerð gatna við þær lóðir sem gatnagerðargjald er innheimt af. Ekki er lengur talið þörf á eða eðlilegt að binda ráðstöfun gatnagerðargjalds við tilteknar götur í sveitarfélaginu.

1. mgr. 3. gr. frv. er efnislega eins og 5. gr. núgildandi laga um gatnagerðargjöld með þeirri undantekningu að hér er kveðið svo á að gatnagerðargjald megi miða við flatarmál húsbygginga.

Í 2. mgr. 3. gr. er áréttað að gatnagerðargjald megi innheimta í tilefni af stækkun bygginga að því er stækkuninni nemur, hvort sem byggt er við eldra hús á lóð eða reist nýtt hús á lóð þar sem eldra hús hefur verið fjarlægt. Skilyrði þess er vitaskuld að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald sem tekur til slíkrar stækkunar.

Loks er í 3. mgr. 3. gr. ákveðið hámark gatnagerðargjalds. Í núgildandi lögum er hámarksviðmiðunin skv. 2. gr. ekki

nægilega skýr, þ.e. að gjaldið megi nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi. Slík viðmiðun er til þess fallin að valda ágreiningi og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum. Af þeim sökum er hér lagt til að gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð bygginga, megi ekki á hverjum rúmmetra eða fermetra vera hærra en 15% af heildarbyggingarkostnaði samsvarandi einingar í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42 frá 1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Jafnframt er tekið fram að fjárhæð gjaldsins megi ákveða með tilliti til leyfilegrar stærðar byggingar samkvæmt því skipulagi sem gildir fyrir viðkomandi lóð. Þar sem vísitala byggingarkostnaðar tekur ekki til lóðarstærðar á sama hátt og til flatarmáls og rúmmáls húsa þótti rétt að binda hámark gatnagerðargjalds, sem í gjaldskrá er að hluta eða að öllu leyti miðað við stærð lóðar, með þeim hætti að það megi ekki vera hærra en það gæti orðið hæst ef miðað væri við rúmmál og/eða flatarmál byggingar á lóðinni samkvæmt gildandi aðal- eða deiliskipulagi.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að lóðarhafi beri ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds, sbr. ennfremur ákvæði 1. gr. frv. þessa. Jafnframt er lagt til að gatnagerðargjald verði áfram tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign, sbr. ákvæði 7. gr. gildandi laga.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að viðkomandi lóðarhafi, þ.e. sá sem er ábyrgur fyrir greiðslu gatnagerðargjalds skv. 4. gr., geti skotið ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu gatnagerðargjalds til úrskurðar félmrh. innan hins almenna kærufrests sem stjórnsýslulög ákveða. Ákvæði þetta er einnig í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 frá 1986. Rétt er að árétta hér að kæruheimildin tekur aðeins til lögmætis álagningar gjaldsins, þ.e. fjárhæðar gjaldsins, og forsendna álagningarinnar svo og hvenær gjaldsins verður fyrst krafist.

Lagt er til að í 6. gr. að félmrh. setji eina reglugerð um gatnagerðargjald sem tæki til landsins alls samanber það fyrirkomulag sem nú er skv. lögum um vatnsveitu sveitarfélaga nr. 81 frá 1991. Skv. gildandi lögum um gatnagerðargjöld, nr. 51 frá 1974, er sveitarstjórnum heimilt með sérstakri samþykkt sem ráðherra staðfestir að innheimta gatnagerðargjöld. Hver sveitarstjórn þarf því að setja sérstaka samþykkt fyrir sitt sveitarfélag og senda hana til staðfestingar félmrh.

Þegar frv. þetta var samið voru í gildi 88 reglugerðir og samþykktir um gatnagerðargjöld fyrir 76 sveitarfélög. Slíkur fjöldi reglugerða og samþykkta verður óhjákvæmilega nokkuð sundurleitur. Ætla má að núverandi fyrirkomulag geti leitt til mismununar manna eftir því hvar þeir eru í sveit settir. Til að auka líkur á því að meðferð þeirra mála er varða gatnagerðargjald verði með sem líkustum hætti hvar á landi sem er, er lagt til framangreint fyrirkomulag, þ.e. að félmrh. setji eina reglugerð um gatnagerðargjald sem tæki til landsins alls.

Það að hafa aðeins eina reglugerð fyrir allt landið einfaldar framkvæmdina til mikilla muna jafnt hjá sveitarstjórnum og hjá félmrn. Lagt er til að í reglugerðinni verði kveðið nánar á um ýmsa þætti sem ekki þykir rétt að taka upp í frv. þetta. Á það við um útreiknireglur við ákvörðun gatnagerðargjalds, undantekningar frá meginreglum, áhrif skipulagsbreytinga á upphaf gatnagerðargjalds, tilhögun endurgreiðslu o.fl. Nefndin hefur samið drög að slíkri reglugerð sem fylgja með frv. þessu til kynningar.

Þrátt fyrir að sett verði reglugerð sem taki til landsins alls verður að veita sveitarstjórnum svigrúm til að kveða á um upphaf gatnagerðargjaldsins innan þess ramma sem settir eru í 3. mgr. í 3. gr. frv. greiðsluskilmála o.þ.h. sem eðlilegt er að ákveðið verði með mismunandi hætti eftir aðstæðum. Er því í 2. mgr. 6. gr. frv. kveðið á um að sveitarstjórn setji gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í viðkomandi sveitarfélagi þar sem fjallað skal um áðurgreind atriði. Er það fyrirkomulag enn fremur í samræmi við þá meginreglu sem fram kemur í 5. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 frá 1986, en þar er kveðið á um sjálfsforræði sveitarstjórna á gjaldskrá eigin fyrirtækja eða stofnana til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

Í 7. gr. er kveðið á um hvenær lögin taki gildi. Rétt er talið að sveitarstjórnir fái nokkurn aðlögunartíma að hinum nýju lögum frá því að þau eru samþykkt á Alþingi. Lagt er til að í lögunum verði tvö ákvæði til bráðabirgða. Í fyrra ákvæðinu er lagt til að um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51 frá 1974, sbr. lög nr. 31 frá 1975, þ.e. vegna lagningar bundins slitlags á gangstéttir, skuli gilda þau lög. Fyrir því eru þó sett þau skilyrði í fyrsta lagi að framkvæmdirnar hefjist fyrir gildistöku nýrra laga um gatnagerðargjald og hins vegar að framkvæmdunum skuli lokið innan fimm ára frá gildistöku nýrra laga um gatnagerðargjald. En það er í samræmi við þá fimm ára reglu sem fram kemur í 4. gr. gildandi laga. Enn fremur er tekið fram að ákvæði þetta gildi einungis vegna lóða sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi frá gildistöku þessara laga. Er það gert til þess að tryggja að um álagningu gatnagerðargjalds á lóðir sem úthlutað er eða veitt byggingarleyfi á eftir gildistöku laga þessara fari eftir ákvæðum hinna nýju laga.

Í seinna ákvæðinu er kveðið á um að þeir skilmálar um gatnagerðargjöld sem sveitarstjórn hefur ákveðið við úthlutun lóðar og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur fallist á, skuli ekki víkja fyrir ákvæðum nýju laganna ef þeir eru þeim ósamrýmanlegir. Sama gildir um gerð samninga um gatnagerðargjöld á tilteknum lóðum. Þannig yrði t.d. viðbótargatnagerðargjald reiknað af rúmmáli húss en ekki flatarmáli ef það hefur verið ákveðið í öndverðu. Einnig væri samningur á milli sveitarfélags og lóðarhafa eða lóðareiganda um að innheimta gatnagerðargjald í áföngum eftir því sem lóð byggðist eftir sem áður skuldbindandi fyrir sveitarstjórnina.

Herra forseti. Ég hef rakið hér öll meginákvæði frv. til laga um gatnagerðargjald. Áður en frv. var lagt fram var leitað eftir umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags byggingarfulltrúa og Sambands tæknimanna sveitarfélaga. Þær umsagnir voru allar mjög jákvæðar. Legg ég því til að frv. þetta verði að lögum og geri tillögu um að það verði sent hv. félmn. til athugunar. Ég vil biðja hv. félmn. að fara vandlega yfir aðlögunartímann og bráðabirgðaákvæðin, hvort að þau séu ekki fullnægjandi því að mér er ljóst að sveitarfélög eru nokkuð misjafnlega á vegi stödd í þessu efni og dæmi kunna að finnast þar sem hugsanlega þyrfti að rýmka eitthvað þau ákvæði sem að sett eru hér í lagatextann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 118. mál (Sléttuhreppur). — Þskj. 130.

[13:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 frá 1986, með síðari breytingum. Þetta frv. er á þskj. 130. Í frv. er gert ráð fyrir að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skuli sameinaður Ísafjarðarkaupstað.

Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu er eina sveitarfélagið á Íslandi sem er í eyði, þ.e. þar eru engir íbúar. Sléttuhreppur fór í eyði á sjötta áratugnum eins og Grunnavíkurhreppur en Grunnavíkurhreppur var sameinaður Snæfjallahreppi árið 1963 skv. heimild í þágildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 1961.

Í Sléttuhreppi er friðland og svæðið á náttúruminjaskrá. Og einnig eru þar hús sem að notuð eru sem sumarbústaðir. Jafnframt hefur komið fram hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins að nokkrir landeigendur í Sléttuhreppi hyggja á byggingu fleiri sumarbústaða. Enginn íbúi er í Sléttuhreppi og þar af leiðandi engin sveitarstjórn. Af þeim sökum hafa skapast ýmiss vandamál sem varðar stjórnsýslulega meðferð mála á svæðinu m.a. hjá Skipulagi ríkisins og umhvrn. varðandi umsóknir um byggingarleyfi.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum er ekki gert ráð fyrir úrræðum varðandi sameiningu sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög ef sveitarfélag hefur enga íbúa. Af þeim sökum hefur félmrn. ekki haft augljósa lagaheimildir til þess að leysa framangreind mál eftir venjulegu sameiningarferli samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Nú er unnið að sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar, Þingeyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrarhrepps, Flateyrarhrepps og Suðureyrarhrepps. Samkvæmt upplýsingum frá heimamönnum eru miklar líkur á að samkomulag náist um sameiningu þessara sveitarfélaga í kjölfar þeirra stórfelldu samgöngubóta sem fyrirsjáanlegar eru með tilkomu jarðganganna.

Á árinu 1994 var gengið frá sameiningu Snæfjallahrepps við Ísafjarðarkaupstað en fyrir sameininguna voru aðeins þrír bæir í byggð í Snæfjallahreppi. Var sú sameining staðfest m.a. vegna þess að íbúarnir óskuðu eindregið eftir henni. Vegna sameiningar Snæfjallahrepps við Ísafjarðarkaupstað eru Ísafjarðarkaupstaður og Sléttuhreppur samliggjandi og allt bendir til þess að í Sléttuhreppi og fyrrum Snæfjallahreppi verði í framtíðinni mjög vinsælt útivistar- og ferðamannasvæði. Mjög mikilvægt er að þetta svæði tengist stjórnskipulega við Ísafjarðarkaupstað þannig að tryggt sé að við nýtingu þess verði hafðir í huga sameiginlegir hagsmunir byggðanna á norðanverðum Vestfjörðum.

Til upplýsingar skal þess getið að nú liggja fyrir tillögur hjá Skipulagi ríkisins um stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum Sléttuhrepps og fyrrum Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa 1995–2015.

Í 1. gr. frv., herra forseti, er kveðið á um að Sléttuhreppur skuli sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur lýst yfir stuðningi við þá tillögu að sameina þessi tvö sveitarfélög. Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps hefur einnig fjallað um málið. Á aðalfundi félagsins sl. vor var samþykkt með tveim þriðju atkvæða að styðja sameiningu sveitarfélaganna og að veita stjórn félagsins umboð til að ganga til viðræðna við bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar um málefni svæðisins. Gert er ráð fyrir að félmrn. auglýsi sameininguna í samræmi við ákvæði 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ég hef rakið þau skref sem þarf til að sameina Sléttuhrepp og Ísafjarðarkaupstað. Eins og fyrr segir er nauðsynlegt að tryggja að tiltekin sveitarstjórn fari með stjórnsýslulegt vald á svæðinu og er því lagt til að sameining fari fram með þessum hætti.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, geri ég tillögu um að þetta mál verði sent til skoðunar í hv. félmn.

[14:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig væri það næg ástæða til að koma í ræðustól Alþingis að upp er runnin sú stund að Sléttuhreppur verði sameinaður Ísafirði og væri það nægilegt fyrir þá sem hér stendur, en ástæðan er þó önnur. Ég get ekki látið hjá líða að nefna hversu merkilegt byggðarlag Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu er.

Í þessu byggðarlagi var háð hörð lífsbarátta um aldir og alveg þar til 1950 þegar þetta merkilega byggðarlag lagðist í eyði og fólk hraktist frá heimilum sínum og jörðum, reyndar án nokkurra bótagreiðslna af einu eða öðru tagi. Flestir sem þar höfðu búið og fluttu brott voru snauðari í nýja umhverfinu en þar sem þeir höfðu búið, þótt þar hefði verið harðbýlt og víða harla erfiðar aðstæður. Þetta finnst mér ástæða til að nefna hér vegna þess að þeim kafla í sögu okkar þegar búsetu lauk á þessu harðbýla svæði, þar sem bændur voru yfirleitt útvegsbændur og bæði erjuðu jörðina og sóttu til sjávar við afar, afar erfið skilyrði, hefur verið gerð lítil skil. Og það var nokkuð einþætt frv. sem í tvígang kom inn í stjórnarflokkana með einni setningu eins og hér er, að Sléttuhreppur verði sameinaður Ísafirði.

Það hefur átt nokkurn aðdraganda, virðulegi forseti, að þetta frv. kæmi fram í Alþingi og yrði væntanlega samþykkt hér og ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er að ég hef haft nokkur afskipti af þessu máli. Það er vegna þess að það var ekki eining af hálfu þeirra aðila sem málinu tengjast um að þessi hreppur yrði sameinaður Ísafirði.

Hins vegar er það svo að á þessum stað þar sem hefur verið friðland um áratugi, þá horfði öðruvísi við en annars staðar þar sem ekki var nokkur íbúi búsettur til að fjalla um hin svokölluðu praktísku mál. Þetta friðland sem Sléttuhreppur er nær jafnframt yfir Grunnavíkurhrepp og hluti friðlandsins var komið undir Ísafjörð með því að Grunnavíkurhreppur var sameinaður Snæfjallahreppi árið 1963 og þeir síðan sameinaðir Ísafirði. Áður fór Náttúruverndarráð með mál er lúta að byggingarleyfum, t.d. varðandi sumarbústaði eða endurbyggingu húsa á jörðum, og að sjálfsögðu voru þær leyfisveitingar háðar skipulagi ríkisins og frágengnum skipulagsuppdráttum eftir að slíkt varð til.

Það var seinna skoðað á árunum eftir 1990 varðandi byggingarmál hvort leita ætti eftir samningum við Ísafjörð um að byggingarnefnd þar annaðist afgreiðslu umsókna um byggingarleyfi í Sléttuhreppi og annað af þeim toga og eftirlit þar yrði samkvæmt byggingarreglugerð og af þeirra hálfu. Á árinu 1992 var það kynnt í svokallaðri Hornstrandanefnd að nauðsynlegt væri að hafa byggingarfulltrúa fyrir friðlandið og taka á þessum málum vegna þess að allir vita hversu mikilvægt það er að á slóðum sem þessum sé öllu haldið til haga og ekki heimilað eða látið líðast að byggt sé þar samkvæmt geðþótta þeirra sem telja sig eða eru tengdir staðnum.

Um það bil sem þessar ábendingar komu fram í Hornstrandanefnd var strax í sama mánuði ákveðið af hálfu félmrn. að sameina Sléttuhrepp Ísafirði og sú tilkynning fór til Ísafjarðarkaupstaðar. Um þá ákvörðun varð strax nokkur ágreiningur og óróleiki af hálfu þess fjölmenna hóps sem á tengsl við þessa byggð og taldi að þarna væri að verða afdráttarlaus breyting sem e.t.v. yrði til hins verra.

Ég vil segja að á slíkum stundum er afar mikilvægt að hafa góð samskipti og upplýsingar, leita samráðs við þá sem eiga hlut að máli, reyna eins og unnt er að leysa ágreining sem uppi er og hlusta á raddir þeirra sem telja að einhver óhjákvæmileg breyting sé að verða eða gerningur sem ekki verði aftur tekinn og sé e.t.v. til óheilla.

Það voru margir sem vildu bíða eftir niðurstöðu svokallaðrar samráðsnefndar Skipulags ríkisins sem sett var á laggirnar á sínum tíma og átti að fjalla um stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum Sléttuhrepps og fyrrum Grunnavíkur- og Snæfjallahrepps fyrir árin 1995–2015. Sú greinargerð kom reyndar fram í vor. Hún ber dagsetninguna 17. maí 1995 og þar er fjallað um stefnumörkun í þessu byggðarlagi, bæði hvað varðar stjórnsýsluna og allt það sem lýtur að náttúruvernd, skiptingu svæðisins, bæði eftir landslagi og landnotkun, farið yfir það hverjir skyldu verða helstu dvalar- og viðkomustaðir, menningarminjar o.s.frv. Ástæðan er ekki síst aðsókn ferðamanna inn á svæðið sem hefur farið vaxandi undanfarin ár. Ferðamenn koma að skoða hina stórbrotnu náttúru, fuglalíf í fuglabjörgum og menningarminjar auk þess að það er mjög sérstakt að heimsækja slíka byggð þar sem mikið athafnalíf var á árum áður.

Það er skemmst frá því að segja að ályktað var um þetta mál 1993 af hálfu þeirra aðila sem töldu sig hafa með þessi mál að gera. Því hafði verið mótmælt árið 1992 að sameining færi fram, en hins vegar var það ályktað af hálfu Landeigendafélags Sléttuhrepps og Grunnavíkurhrepps að það yrði leitað eftir því að óska eftir viðræðum við umhvrn. um framtíð Sléttuhrepps, en þá var það umhvrn. sem beitti sér í málinu. Þá var mótmælt harðlega þeim ætlunum sem fyrirhugaðar voru um sameiningu og þar var því lýst yfir að Sléttuhreppur væri nú friðlýst svæði og eðlilegt að það heyrði fyrst og fremst undir umhvrn. eða Náttúruverndarráð, svo sem verið hefur, og Hornstrandanefnd sem í eiga sæti fulltrúar Náttúruverndarráðs og Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps og færu þeir áfram með stjórn á svæðinu í umboði þessara aðila. Óskað var eftir fundi með umhvrn. vegna þessa.

Það er alveg ljóst að viðbrögðin sem urðu í þessu máli voru ekki síst þau að þarna var verið að hverfa frá ákveðinni fjarlægðarstjórn. Þarna hafa komið að átthagafélög, landeigendur o.s.frv. og togstreitan milli þess að vera út af fyrir sig þarna norður á hjara veraldar og það að heyra undir kaupstað var í algleymingi.

Það hefur hins vegar gerst eftir samráð þessara aðila og samskipti og viðræður og nú síðast í sumar í félmrn., þá var það upplýst að fundur var haldinn á þessu vori í maí í Landeigendafélagi Sléttuhrepps um sameiningu Sléttuhrepps. Þar var einmitt fjallað um öll þau mál sem ég hef reynt að drepa hér á, um það að bæjarstjórn Ísafjarðar og félagið geri samning um hvernig sameiningu verði best háttað, vakin athygli á að landið er bæði í einka- og ríkiseigu, að Átthagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði og í Reykjavík leigir kirkju og íbúðarhús á Stað, að Hornstrandanefnd er samstarf Landeigendafélags Sléttuhrepps og Grunnavíkur og Náttúruverndarráðs og Náttúruverndarráð sér um tjaldstæði og annað sem þarna er. Það var ákveðið að þetta félag styddi hugmyndir um sameiningu Sléttuhrepps og Ísafjarðar, en ósk um að samráð verði áfram haft og Landeigendafélagið yrði umsagnaraðili um nýbyggingar. Það á eftir að ganga frá þessu máli. Ég hef engar áhyggjur af því að menn muni ekki koma sér saman um hvernig haldið verði á þessum málum. Þetta er ekki stórt mál í sölum Alþingis þegar sameina á fjarlægt byggðarlag sem enginn býr í við kaupstaðinn á svæðinu sem þar að auki flest byggðarlög í grenndinni eða réttara sagt, Snæfjallahreppi, hafa þegar verið sameinuð. En þetta er nokkuð afdráttarlaus gerningur sem hlýtur að koma við hjartað í mér, sem er ættuð frá Sléttu í Sléttuhreppi. Ég er afar þakklát fyrir að það var leitað leiða til þess að þessi gerningur gerðist með mjúkum hætti og samningum og góðum samskiptum. Þannig að þegar þetta frv. er flutt nú, á ég ekki von á hörðum viðbrögðum neins staðar né erfiðleikum á vinnslu þess í félmn. og fyrir það er ég afar þakklát.

[14:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er áreiðanlega hárrétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að Sléttuhreppur var merkilegt byggðarlag og það er að vissu leyti eftirsjá í því og sorglegt að hann skuli hafa farið í eyði. En þetta var þróunin í þjóðfélaginu og við því getum við út af fyrir sig ekki neitt gert héðan af. Þaðan er komið kjarnafólk sem dreifst hefur víða um land, m.a. til Ísafjarðar, og það er ekki stjórnskipulega þægilegt að Sléttuhreppur sé einskismannsland. Það er óeðlilegt að Sléttuhreppur eða það svæði sem tilheyrir Sléttuhreppi, tilheyri ekki stjórnskipulega einhverju sveitarfélagi.

Menn kunna að spyrja sig hvaða sveitarfélagi ætti hann að tilheyra. Kannski Bolungarvík? Þar eru búsettir margir þeir sem eiga rætur í Sléttuhreppi, að mér er tjáð. En Snæfjallahreppur og Grunnavíkurhreppur eru í sveitarfélagi með Ísafirði og Ísafjörður hugsanlega að stækka eða verða aðili að sveitarfélagi byggðarlaga á norðanverðum Vestfjörðum með sameiningu og því þótti eðlilegra að sameina þetta sveitarfélag Ísafirði.

Ég vil leyfa mér að treysta á það að forráðamenn þess sveitarfélags sem Sléttuhreppur kemur til með að heyra í framtíðinni taki mjúklega á málum, sýni þeim sem artir hafa til Sléttuhrepps góða samvinnu og þeir fái að njóta þar réttar síns. En það er sem sagt ekki skynsamlegt að mínu mati að þarna sé nokkurs konar einskismannsland eða að þetta svæði tilheyri ekki stjórnskipulega einhverju sveitarfélagi.

[14:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Að umfjöllun lokinni tel ég einnig að það sé rétt niðurstaða að Sléttuhreppur sameinist Ísafirði fremur en Bolungavík og ég er alveg sammála félmrh. um að það þýðir ekkert að líta um öxl. Það var komið að þeim tímapunkti að nauðsynlegt var að ganga frá þessum málum. Í þessum efnum sem öðrum verður að horfa til framtíðar og það hefur sennilega ekki gengið lengur að þetta byggðarlag væri einskismannsland. Það sem ég vil árétta er að ég er fegin því að þetta mál var ekki keyrt fram fyrir tveimur árum vegna þess að þá held ég að við hefðum frekar kveikt elda en lægt þá. En ég held að þessi tími sem liðinn er hafi verið notaður vel, þannig að flestallir sem að málinu hafa komið geri sér grein fyrir því að það þetta var óumflýjanlegt og

skynsamlegast að taka saman höndum um að gera það á besta hátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 131.

[14:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991. Hinn 1. jan. 1992 tóku gildi lög um vatnaveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991. Var frv. til þeirra laga að mestu leyti samið á grundvelli eldri laga um vatnsveitur, þ.e. vatnalaga, nr. 15/1923, og laga um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947.

Frá því að lög nr. 81/1991 tóku gildi og í framkvæmd þeirra hafa komið fram nokkur atriði varðandi lögin sem ástæða hefur þótt til að taka til endurskoðunr miðað við fengna reynslu. Atriði þessi varða aðallega heimæðar annars vegar og aflagningu vatnsgjalds hins vegar. Með frumvarpi þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga er varða nefnd atriði.

Frumvarp þetta er unnið að mestu í félagsmálaráðuneytinu en við samningu þess var haft samráð við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og jafnframt stuðst við ábendingar um úrbætur sem fram hafa komið m.a. frá Reykjavíkurborg.

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi og náði ekki fram að ganga vegna anna á lokadögum þess.

Í 1. gr. frv. er leitast við að skýra nánar ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna, en það hefur ekki þótt nægilega skýrt. Með þessari breytingu er ítrekað að sveitarstjórnir verða ekki sjálfkrafa eigendur heimæða sem lagðar voru fyrir gildistöku laga nr. 81/1991, heldur verður eigandi heimæðar að gera sérstakt samkomulag um það við sveitarstjórn.

Í 2. gr. frv. er lagt til að breytt verði 1. mgr. 6. gr. laganna og jafnframt bætt við nýju ákvæði, 5. mgr. Í a-lið er lagt til að breytt verði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna og jafnframt bætt við nýju ákvæði. Ennfremur er lagt til að breytt verði lokamálslið 1. mgr. 6. gr. laganna varðandi gjalddaga heimæðagjalds. Það er lagt til að skýrt verði tekið fram í greininni að eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, eigi rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Ekki er talið rétt að skylda sveitarfélög (vatnsveitur sveitarfélaga) til að leggja nema eina heimæð að hverri fasteign eða lóð. Ef fasteignareigandi óskar hins vegar eftir fleiri heimæðum að fasteign eða lóð verður að semja um það sérstaklega við sveitarstjórn. Í því sambandi er talið rétt að taka fram að ef óskað er eftir fleiri en einni heimæð inn á lóð af hagkvæmnisástæðum, t.d. að sjúkrahúsum eða öðrum þjónustubyggingum, skuli eigandi eða rétthafi lóðar hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn eða vatnsveita sveitarfélags setur. Jafnframt þykir eðlilegt að sú heimæð teljist hans einkaeign, nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn eða vatnsveitu sveitarfélags um annað.

Rétt þykir að veita sveitarstjórnum svigrúm til að ákveða gjalddaga heimæðargjalds, en í núgildandi lögum er gjalddagi bundinn við ákveðið tímamark, þ.e. gjaldið fellur í gjalddaga 30 dögum eftir lagningu heimæðar. Lagt er til að sveitarstjórn tilgreini gjalddaga í gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags sem samin er á grundvelli 11. gr. laganna. Þó þykir rétt að tilgreina í lögum hvenær fyrst má krefjast heimæðagjalds og þykir eðlilegt að miða þar við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags

Í b-lið er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. Tillagan er efnislega á þá leið að vatnsinntak á húsi skuli almennt vera á götuhlið þess þar sem vatnslögn liggur, nema sveitarstjórn eða vatnsveita viðkomandi sveitarfélags samþykki annars konar fyrirkomulag.

Þetta ákvæði er nýmæli og er með því leitast við að greiða fyrir starfsemi vatnsveitna sveitarfélaga að því leyti að auðvelda viðhald á heimæðum. Algengt hefur verið að kaldavatnsheimæðar væru teknar upp úr gólfi, t.d. í þvottaherbergi, á þeirri hlið húss sem snýr frá götu. Augljóst er að slíkt getur skapað mikil vandamál við viðhald á heimæðum þar sem mjög erfitt hefur verið að komast að þeim.

Jafnframt er lagt til að í ákvæðunum komi fram að hönnuðir mannvirkja skuli hafa samráð við sveitarstjórn eða vatnsveitu sveitarfélags varðandi staðsetningu vatnsinntaks á húsið. Gert er ráð fyrir því í 4. gr. laganna að sveitarstjórn sé eigandi m.a. heimæða og skuli annast og kosta viðhald þeirra. Með hliðsjón af því verður að telja eðlilegt að gera þá kröfu til hönnuða mannvirkja að þeir hafi viðkomandi sveitarstjórn eða vatnsveitu sveitarfélags með í ráðum þegar ákveðið er hvar vatnsinntak skuli vera á húsi.

Í 3. gr. frv. eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á 7. gr. núgildandi laga sem varða álagningu vatnsgjalds á fasteignaeigendur, sem vatns geta notið frá vatnsveitu sveitarfélags.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. er gerð tillaga um breytingu á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga á þá leið að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Í núgildandi lögum er einungis tilgreint að vatnsgjald skuli standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu en sveitarfélög hafi hins vegar aðrar tekjur af vatnsveitu, m.a. aukavatnsgjaldi sem eðlilegt þykir að standi ásamt vatnsgjaldi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Með þessari breytingartillögu er því nánar tilgreint hvaða tekjur skuli standa undir stofn- og rekstrarkostnaði vatnsveitu sveitarfélags.

Í 2. mgr. 3. gr. frv. er gerð tillaga um að sett verði í lögin heimild til að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem notið geta vatns frá vatnsveitu sveitarfélags, en matsverð þeirra fullfrágenginna liggur ekki fyrir.

Umboðsmaður Alþingis sendi 6. janúar 1994 frá sér álit þar sem fjallað var um álagningu vatnsgjalds á fasteign sem ekki hafði verið metin fasteignamati samkvæmt heimild í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að lagastoð umræddrs reglugerðarákvæðis væri vefengjanleg. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu umboðsmanns Alþingis felldi félmrn. úr gildi ákvæði 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421/1992 og var það gert með reglugerð nr. 175/1994. Það er hins vegar talið nauðsynlegt, m.a. af sveitarfélögum, að fyrir hendi sé heimild í lögum að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem ekki hafa verið metnar fasteignamati, ef þær geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags. Með hliðsjón af því er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laganna verði á þá leið að slík álagning og innheimta verði

heimil og við álagningu verði heimilt að miða við hver verði líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar. Í þeim tilfellum ber að miða við fasteignamat sambærilegra fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi.

Slík viðmiðun við líklegan álagningarstofn fullfrágenginna fasteigna getur verið vandmeðfarin í framkvæmd. Af þeim sökum er talið rétt að opna ákveðna kæruleið ef til ágreinings kemur milli gjaldanda og sveitarstjórnar. Leiðin sem valin er í 3. mgr. 3. gr. frv. er sú að verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skuli vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins og úrskurði nefndarinnar má síðan skjóta til dómstóla. Þessi kæruleið er sú sama sem tilgreind er í 3. mgr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en í því ákvæði er fjallað um ágreining sem upp getur komið við álagningu fasteignaskatts.

Í 4. mgr. 3. gr. er lögð til sú viðbót miðað við 2. mgr. 7. gr. gildandi laga að sveitarstjórn verði heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagning ekki hærri en segir í 1. málsl. þeirrar málsgreinar. Ýmsir hafa velt fyrir sér þeirri spurningu hvort sams konar ákvæði í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421/1992 standist lögin. Rétt þykir að taka af allan vafa, að tilgreina þessa heimild í lögunum enda þykir m.a. sveitarfélögunum nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði til að miða við í gjaldskrám sínum.

Herra forseti. Ég hef rakið þær breytingar sem nauðsynlegt er talið að gera á lögunum um vatnasveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, miðað við fengna reynslu. Full sátt var á milli höfunda frv. um efni þess. Ég legg til að það verði gert að lögum og að lokinni þessari umræðu verði því vísað til hv. félmn. til athugunar.

[14:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fjalla aðeins um þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á lögunum um vatnsveitur sveitarfélaga, lögum sem sett voru í desember 1991. Ég vil fjalla um það út frá þeirri meginbreytingu sem gerð var á þeim tíma sem var að menn felldu niður skatt en tóku upp gjald. Breytingin var veruleg og í grundvallaratriðum en það sem mér hefur fundist áfátt er framkvæmd laganna og þá sérstaklega það að félmrn. og sveitarfélögin hafa ekki af einhverjum ástæðum séð ástæðu til að fara að þessu meginefni laganna. Ég vakti athygli á þessu ósamræmi á síðasta ári og þarsíðasta við þá félmrh. sem þá sátu, án sýnilegs árangurs. Ég vil því enn á ný reifa mitt athugunarefni í þessu í þeirri von að nýr félmrh. sýni málinu meiri skilning og sé því fremur fylgjandi en forverar hans að fara beri að þeirri meginbreytingu sem varð á í lagasetningunni.

Þegar menn ákveða að leggja niður skatt og taka upp gjald er verið að afnema almenna skattlagningarheimild. Fram til þess tíma höfðu sveitarfélög heimild til að leggja á svonefndan vatnsskatt eftir ákveðnum reglum. Tekjur af honum runnu í sveitarsjóð án þess að tilgreint væri til hvers ætti að ráðstafa þeim tekjum. Þetta var einn af almennum tekjustofnum sveitarfélaga. Þegar felldur er niður vatnsskattur og upp tekið svokallað vatnsgjald þá er verið að afnema þessa almennu skattlagningarheimild sveitarstjórna en þess í stað er þeim heimilað að innheimta tekjur á móti tilgreindum kostnaði, þ.e. þeim tilgreinda kostnaði sem er í því fólginn að reka vatnasveitu bæði rekstrarkostnað og stofnkostnað. En gjaldtaka umfram það er óheimil samkvæmt ákvæðum laganna og var sérstaklega áréttað í nefndaráliti félmn. frá því í desember 1991 sem nefndin öll stóð að.

Nú hefur komið fram á Alþingi í svari við fyrirspurn frá mér að á árinu 1993 innheimtu 25 kaupstaðir mun meiri tekjur af vatnsgjaldi en þeir þurftu á að halda til að reka vatnsveitu sína það ár, bæði hvað varðar rekstrarkostnað og stofnkostnað. Sú fjárhæð sem innheimt var umfram þörf nemur um 250 millj. kr. Nú hef ég ekki beðið sérstaklega um sundurliðun frá hæstv. ráðherra fyrir árin 1992 og 1994 eða 1995 en grunur minn er sá eftir athugun á þessu í árbók sveitarfélaganna að ástandið sé mjög svipað öll þessi ár. Það þýðir að á þeim fjóru árum sem nýju lögin hafa verið í gildi hafa sveitarfélög innheimt um einn milljarð kr. í tekjur umfram skattlagningarheimild. Ég tel það vera fyrst og fremst á ábyrgð félmrh. og ráðuneytisins sem sér um framkvæmd laganna að sjá til þess að þeir sem eiga að búa við þessi lög, þ.e. sveitarstjórnirnar, fari að lögum og í því hafa umkvartanir mínar verið fólgnar á undanförnum tveimur árum án sýnilegs árangurs eins og ég gat um í upphafi máls míns. Hins vegar bind ég vonir við það að nýr félmrh. hafi litið málið öðrum augum og hafi á því skilning að þessi eðlisbreyting var gerð og það er vilji þingsins að rekstur vatnsveitna sveitarfélaga verði greiddur af notendum þess og ekki umfram það.

Ég tek eftir því að í frv. sem ráðherra leggur hér fram er einmitt ekki gerður ágreiningur um þessa lagasetningu, heldur miklu fremur áréttaður þessi skilningur laganna í breytingartillögunum eins og hér má sjá í 3. gr. frv. Þar er lögð til breyting til þess að taka af öll tvímæli um að þær tekjur sem eiga að standa undir rekstrarkostnaði við vatnsveitu eru ekki bara vatnsgjaldið heldur aðrar tekjur vatnsveitunnar, svo sem aukavatnsgjald, heimæðagjald og mælagjald o.s.frv. þannig að öll þessi gjöld samanlagt mega ekki nema hærri fjárhæð en þarf til þess að reka þetta mannvirki.

Nú kann auðvitað að vera að áætlanir bregðist eitt ár og sveitarfélag innheimti meira en það þarf. Þá ber því að mínu viti að lækka álagningu gjaldsins næsta ár á eftir til þess að skila til baka ofteknum tekjum. 3. gr. frv. ber það með sér að það er meining flm., hæstv. ráðherra, að þessi skilningur verði áfram að vatnsveitugjaldið eða vatnsgjaldið séu tekjur til að mæta tilgreindum kostnaði og ekki öðrum kostnaði en sveitarfélög hafa af sínum rekstri.

Þetta vildi ég árétta enn á ný, virðulegi forseti, til þess að halda til haga þeirri meginbreytingu sem varð í þessum efnum við setningu nýrra laga um vatnsgjald. Mér finnst skaði að því og undrast það satt að segja nokkuð að hafa ekki haft meiri stuðning í þinginu fyrir þessu sjónarmiði mínu en raun hefur borið vitni.

Ég get nefnt sem dæmi að fleiri lög þarfnast athugunar út frá þessu sama sjónarmiði, t.d. lög um gatnagerðargjöld, lög um holræsagjöld og fleiri má nefna og fyrr í dag var mælt fyrir nýju frv. til gatnagerðargjalda einmitt til þess að mæta verulegum annmörkum sem eru á þeim lögum sem í gildi eru um gatnagerðargjöld. En ég vil, virðulegi forseti, segja aðeins af því frv. og benda á að það frv. um gatnagerðargjöld sem hér liggur frammi er tvíátta. Það kveður á um heimild til að innheimta gjald en ekki skatt en kveður ekki á um það til hvaða kostnaðar gjaldið á að renna. Þvert á móti greinir það í sundur gjaldið og kostnaðinn þannig að að því leyti finnst mér þetta frv. til laga um gatnagerðargjald vera í hálfgerðu öngstræti. Menn þurfa að gera það upp við sig hvort gatnagerðargjald á að vera innheimt með sama hætti af tilgreindum kostnaði og þá að tilgreina hver sá kostnaður er

eða hvort þetta á að vera almenn skattlagningarheimild sem getur auðvitað komið líka til greina. En það verður að vera skýrt í lögunum hvort um er að ræða. Nafnið „gatnagerðargjald" bendir til þess ásamt ýmsum atriðum sem eru í frv. og greinargerð að meiningin sé að hafa það gjald en ekki skatt. Hins vegar er ákvæði í frv. sem vísa í aðrar áttir.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um önnur lög eins og lög um holræsagjald sem eru orðin mjög gömul og verulega áfátt. En ég nefni þetta tvennt sem dæmi um fleiri lög en lög um vatnsgjald sem ganga í þá veru að takmarka skattlagningarheimildir sveitarstjórna og breyta þeim yfir í að vera tekjur af notendum tiltekinnar þjónustu.

Hvað varðar einstök efnisatriði í þessu frv. til breytinga á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga er ég almennt fylgjandi þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Þær eru til að taka af vafa sem hefur verið uppi í núgildandi lögum og eru að mínu viti heldur til bóta eins og sú meginbreyting í 3. gr. að tilgreina að aðrar tekjur vatnsveitu ásamt vatnsgjaldi skuli samanlagt vera þær tekjur sem vatnsveitan má innheimta til að mæta útgjöldum sínum. Þetta var ekki alveg skýrt áður.

Þá tel ég að það sé eðlilegt að huga að þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. laganna og ég hygg að það séu fyrst og fremst hagsmunir Reykjavíkur sem menn hafa í huga því að heimæðar eru náttúrlega mjög margar, misjafnlega gamlar og margar mjög gamlar. Það þarf auðvitað að vanda lagasetningu svo að menn setji ekki um of kvaðir á sveitarfélag sem það hefur ekki áður borið.

Þá er breyting sem er gerð til þess að veita lagastoð reglugerðarákvæði um að heimilt verði að innheimta vatnsgjald af íbúðum áður en þær hafa verið metnar í fasteignamat til fullnustu. Ég tel eðlilegt að veita þessa heimild því að hún byggir á því að innheimta gjald af íbúð sem byrjar að nota vatnsveituna og það er eðlilegt að notendur borgi eitthvað fyrir að nota þessa veitu. Hins vegar hef ég efasemdir um lokamálsgrein 3. gr., bæði að miða upphaf vatnsgjaldsins við rúmmál og eins við álagningarstofn eins og hann er skilgreindur í lögum um fasteignaskatta. Ég tel að vilji menn miða álagningarstofn við fasteignamat eigi það að vera það fasteignamat sem gefið er út en ekki uppreiknað fasteignamat til fasteignaskatts sem úti á landi er verulega frábrugðið og hærra af því að menn eru þá að innheimta gjald af hærri fjárhæð en nemur metnu andvirði eignarinnar.

Mér finnst líka að hin leiðin að heimilt verði að ákvarða vatnsgjald við rúmmál ekki einboðin og er í mínum huga nokkur vafi á því hvort rétt sé að tengja vatnsgjaldið við rúmmál því að ég sé ekki að það sé neitt betri mælikvarði á notkun hússins á vatnsveitunni fremur en fasteignamatið eins og menn nota meginstofninn sem viðmiðun. En þetta er ekki stórt atriði og ekki ætla ég að gera það að ágreiningsefni við afgreiðslu málsins.

Ég vil svo að lokum nefna eitt atriði enn sem mér finnst að liggi aðeins á milli hluta í löggjöf um vatnsveitur sveitarfélaga og er ekki tekið á í þessu frv. eftir því sem ég best fæ séð. Það þarf að mínu viti að kveða skýrt á um það í lögum og í þessum lögum um heimildir sveitarstjórna til að innheimta hagnað af stofnunum sínum. Ég tel mjög nauðsynlegt út frá sjónarhóli þeirra sem eru að borga þessa þjónustu að það séu skýrt afmarkaðar reglur í lögum sem veita sveitarstjórnum heimildir og afmarka þeirra heimildir þá í leiðinni fyrir gjaldtöku umfram rekstrarkostnað og stofnkostnað. Að mínu viti eru mjög fátækleg ákvæði í lögum í dag sem lúta að þessu og mér finnst að menn séu farnir að ganga nokkuð langt í því að innheimta svonefnda afgreiðslu af stofnunum hlutafélaga. Ég held að bæði þurfi að vera almenn ákvæði um hvort það sé yfir höfuð meining löggjafans að þjónustustofnanir og þjónustukerfi eigi að vera rekin eins og hvert annað fjármálafyrirtæki sem eigi að skila arði eða fjárfesting sem bundin er í götum eða lögnum eigi að vera einhver stofn til að reikna arð eins og er í dag. Ég tel að löggjafinn verði að svara því hvort hann vilji hafa löggjöfina þannig að þetta sé heimilt og þá í öðru lagi við hvaða stofn eigi að miða. Á að miða við heildarfasteignamat vatnsveitunnar, lagna og annarra mannvirkja eða á að miða við einhvern annan mælikvarða sem kann að vera eðlilegra að miða við?

Ég held að menn sjái fljótt þegar þeir skoða að í stórum veitukerfum eins og hjá Rafmagnsveitunni eða hitaveitum er fráleitt að miða afgreiðslu mats við samanlagt matsverð eigna fyrirtækisins því að það er ekkert samhengi á milli þess og tekna fyrirtækjanna. Það væri þá eðlilegra að tengja saman arðgreiðslurnar og tekjur fyrirtækisins en þennan stofn.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta efni að þessu sinni. Ég hef áréttað skoðanir mínar í þessum efnum og tilgang Alþingis á sínum tíma með nýjum lögum um vatnsgjald og vænti þess að nýr félmrh. sem sýnir af sér oft og tíðum röggsemi taki þetta fastari tökum en forveri hans.

[14:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í 3. gr. frv. eru tekin af öll tvímæli um það að miðað skal við að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Þetta er að mínum dómi alveg nógu skýrt. Það getur vel verið að einhver sveitarfélög freistist til þess að leggja á þjónustugjöld sem eru raunverulega hærri en sú þjónusta sem innt er af hendi, ég skal ekki segja um það. En þá ber að hafa það í huga að fjárhagur nokkurra sveitarfélaga er í mjög alvarlegri stöðu. Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því almennt hve mörg sveitarfélög eru komin í alvarlega stöðu fjárhagslega. Hallarekstur inn á nokkrum sveitarfélögin árin 1993 og 1994 hefur keyrt gersamlega úr hófi. Samanlagður hallarekstur sveitarfélaganna t.d. árið 1994 var hvorki meira né minna en 7 milljarðar. Samanlagðar fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna í landinu samsvara fjórða parti af fjárlögum ríkisins og halli sveitarfélaga upp á 7 milljarða jafngildir ríkissjóðshalla kannski upp á 28 milljarða eða 30 milljarða. Með því að bera þetta saman sjá menn hve þetta er stóralvarlegt mál og þetta bætist við mjög mikinn halla á árinu 1993. Að vísu er svona samanburður á fjárhagsáætlunum stærstu sveitarfélaganna á árinu 1995. Með athugun á því virðist staðan skána á þessu ári og menn sýni meiri aðgætni í þessu efni en þeir hafa gert.

Rétt er að taka það fram að þessar stóru hallatölur eru fyrst og fremst í þremur sveitarfélögum, þ.e. Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. En þetta getur náttúrlega ekki gengið svona og þess ber að geta að sum minni sveitarfélög eru líka í mjög alvarlegri stöðu þó að þar sé um miklu lægri tölur að ræða. Það verður að bregðast við þessu.

Mér finnst eðlilegra að miða útsvar við að það geti kostað rekstur sveitarfélagsins fremur en vera með einhver svona laumugjöld. Arðgreiðslur af fyrirtækjum sveitarfélaga og það sem hv. síðasti ræðumaður sagði þar um er dálítið umhugsunarefni. Venjulega er það svo ef fyrirtæki sveitarfélaganna lenda í fjárþröng eða eru rekin með halla að það kemur niður á sveitarsjóði og þá sé ég ekkert óeðlilegt við það þegar þeim

gengur vel séu þau látin borga sveitarfélaginu aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:47]

Útbýting þingskjala:

Ríkisreikningur 1993, 128. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 153.

Ríkisreikningur 1994, 129. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 154.

Stuðningur Landsvirkjunar við fiskirækt, 67. mál, svar iðnrh., þskj. 152.

Bjargráðasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 143.

[14:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Bjargráðasjóð á þskj. 143. Þessu frv. er ætlað að leysa af hólmi þau lög sem gilt hafa um Bjargráðasjóð frá árinu 1972. Frv. er samið af nefnd sem skipuð var fulltrúum af félmrn. og landbrn. auk fulltrúa frá stjórn Bjargráðasjóðs.

Fyrsta athugunarefni nefndarinnar var hvort unnt væri að leggja Bjargráðasjóð niður. Ástæðan var sú að eftir gildistöku laganna árið 1972 voru sett lög um viðlagatryggingu í kjölfar Vestmannaeyjagossins. Það þótti eðlilegt að kanna hvort Viðlagatrygging Íslands gæti ekki yfirtekið a.m.k. almenna deild Bjargráðasjóðs er bætt hefur tjón af völdum náttúruhamfara. Heilbr.- og trmrn. fór með málefni viðlagatryggingar á þeim tíma sem endurskoðun laganna fór fram. Afstaða þess ráðuneytis var sú að það taldi óæskilegt að verkefni almennu deildarinnar yrðu færð til Viðlagatryggingar.

Hlutverk Bjargráðasjóðs hefur í raun verið tvíþætt: Annars vegar að bæta tjón af völdum náttúruhamfara, sem veitt hefur verið til einstaklinga, félaga eða sveitarfélaga, og hins vegar bætur til bænda vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir í búrekstri. Stærstur hluti tekna Bjargráðasjóðs hefur farið til að bæta tjón í gegnum búnaðardeild sjóðsins. Má nefna sem dæmi að árið 1993 er tjón í sauðfé, nautgripum og hrossum bætt með liðlega 30 millj. kr. en árið 1994 var samsvarandi tala liðlega 46 millj. kr. Árið 1993 var óveðurstjón úr almennu deild sjóðsins bætt með 2,2 millj. en árið 1994 voru það liðlega 25 millj. kr. Þar var um að ræða að mestu kaltjón en grasbrestur var hins vegar bættur af búnaðardeild sjóðsins.

Eftir tilkomu Viðlagatryggingar hefur hlutur Bjargráðasjóðs að því er varðar tjón á náttúruhamförum snúist m.a. um afleidd tjón en Viðlagatrygging bætir einungis bein tjón. Bjargráðasjóður hefur bætt sveitarfélögum tjón á gróðri og lýsingu svo að dæmi séu tekin. Þá hefur verið bætt tjón af völdum snjóþunga en það fellur utan hlutverks Viðlagatryggingar. Ákvæði bjargráðasjóðslaga hafa hins vegar ekki verið nægilega skýr en þau hafa verið þannig:

Hlutverk almennu deildarinnar hefur verið að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum eða þá þau bætt með öðrum hætti og er í því sambandi vísað til laga um Viðlagatryggingu Íslands. Hér kemur skýrt fram munurinn á viðlagatryggingunni og Bjargráðasjóði. Viðlagatrygging byggist á iðgjaldagreiðslum en bætur úr Bjargráðasjóði vegna náttúruhamfara koma einungis til álita ef ekki væri unnt að kaupa tryggingavernd.

Leitað var eftir afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga til þess hvort ætti að leggja Bjargráðasjóð niður. Eftirfarandi bókun var gerð á fundi stjórnar sambandsins 21. okt. 1994:

„Hugmynd hefur komið fram í nefnd sem skipuð var í mars 1993 til að endurskoða lög um Bjargráðasjóð, einkum með tilliti til þess að kostnaður við tryggingar í landbúnaði gæti lækkað. Hugmyndin gengur út á að Viðlagatrygging taki við hlutverki A-deildar sjóðsins og að B-deild sjóðsins verði vistuð í sérstökum sjóði fyrir landbúnaðinn. Fyrir lá minnisblað frá heilbr.- og trmrn., dags. 29. apríl 1994, þar sem kemur fram að ráðuneytið telur óæskilegt að verkefni A-deildar Bjargráðasjóðs verði færð til Viðlagatryggingar. Ekki er ljóst hvort framlög sveitarfélaga til A-deildarinnar féllu niður þó starfsemi hennar færist annað.

Sveitarfélögin greiða árlega framlög til sjóðsins sem nema á þessu ári 22,2 millj. kr. Framlögin renna að 75% hluta til A-deildar sjóðsins og 25% hluta til B-deildar. Auk þess fær A-deildin vaxtatekjur af eigin fé sjóðsins en allur rekstrarkostnaður hans er greiddur af tekjum a-deildarinnar. A-deild sjóðsins gegnir því hlutverki að veita bætur vegna margvíslegra tjóna vegna náttúruhamfara sem ekki fást bætt með öðrum hætti.

Af afstöðu heilbr.- og trmrn. má ráða að litlar líkur eru til að Viðlagatrygging taki við hlutverki Bjargráðasjóðs. Einnig er með öllu óljóst hvort framlög sveitarfélaganna féllu niður ef sjóðurinn yrði vistaður annars staðar. Með vísan til þess leggst stjórn sambandsins á þessu stigi gegn því að Bjargráðasjóður verði lagður niður í núverandi mynd. Stjórnin er þó reiðubúin til frekari viðræðna um breytingu á hlutverki Bjargráðasjóðs sjái ráðuneytið ástæðu til þess."

Frumvarpsdrögin voru send iðnrn. og viðskrn. til umsagnar en Viðlagatrygging hefur verið flutt undir það ráðuneyti. Athugasemdir voru gerðar við eina grein frv. og hefur verið tekið tillit til þeirrar ábendingar.

Af hálfu Bændasamtakanna var mikill vilji til að lækka þann hluta búnaðarmálasjóðsgjalds sem rennur til Bjargráðasjóðs. Á árunum 1994 og 1995 hefur með lagasetningu í tengslum við fjárlagagerð sá hluti búnaðarmálasjóðsgjalds sem á að renna í Bjargráðasjóð verið lækkaður úr 0,6% niður í 0,3%. Í ljósi þeirrar afstöðu var ákveðið að byggja á því að Bjargráðasjóður yrði áfram starfræktur en verulegar breytingar eru gerðar á honum. Helstu breytingar sem lagðar eru til á sjóðnum eru þessar:

Gjöld til sjóðsins geti verið á bilinu 0–1% af söluvörum landbúnaðarins. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir búgreinum og skal það ákveðið til eins árs í senn.

Í fskj. kemur fram yfirlit yfir síðustu fjögur ár um þær greiðslur sem einstaka búgreinar hafa lagt til sjóðsins og hve miklar greiðslur hafa farið til einstakra búgreina. Á þessu fskj. kemur í ljós að gjöldin eða framlögin vegna sauðfjárframleiðslu og nautgripaframleiðslu hafa borið uppi sjóðinn og þær búgreinar hafa lagt til hans miklu meira fé en hefur gengið til þeirra til baka.

Hlutverk almennu deildarinnar er skilgreint mun skýrara en áður og er þar höfð hliðsjón af þeim bótum sem Viðlagatrygging getur innt af hendi en lög um viðlagatryggingu voru samþykkt 1975 og frá þeim tíma hefur ekki farið fram heildarendurskoðun á lögunum um Bjargráðasjóð. Nákvæmlega er skilgreint hvað fellur utan við hlutverk sjóðsins, svo sem

orku- og hafnarmannvirki, sjávargarðar, fiskeldismannvirki og veiðarfæri í sjó.

Hlutverk búnaðardeildar er skilgreint betur en áður þannig að einungis er bætt tjón á búfé, á afurðum búfjár og uppskerutjón á garðávöxtum. Einnig er opnuð heimild til þess að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir tjón. Þá er skýrt kveðið á að einungis eru veittir styrkir en ekki lán úr sjóðnum, jafnframt að styrkhlutfall geti verið breytilegt eftir búgreinum og einnig eigin áhætta og er þá horft til þess að Bjargráðasjóður hefur mismunandi tekjur af einstökum búgreinum.

Ég tek sérstaklega fram að sú hugmynd nefndarmanna sem sömdu frv. þetta að flytja almenna deild Bjargráðasjóðs undir Viðlagatryggingu er að mínum dómi á margan hátt æskileg. Þá yrði búnaðardeild sérstakur sjóður er yrði í vörslu Bændasamtakanna en á meðan ekki fást fram breytingar á lögum um Viðlagatryggingu er nauðsynlegt að almenna deild Bjargráðasjóðs sé fyrir hendi. Því er lagt til að sjóðurinn verði áfram tvískiptur og að rekstrarkostnaður Bjargráðasjóðs verði greiddur úr almennri deild sjóðsins.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[14:56]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum varð ég var við það vegna þess að leitað var aðstoðar minnar sem dýralæknis að hugmyndir voru uppi um breytingar á Bjargráðasjóði og að færa hluta af starfsemi Bjargráðasjóðs og þá væntanlega þess hluta búnaðardeildarinnar sem um ræðir til tryggingafélaganna á hinum almenna markaði. Leyfi ég mér að skilja það svo að með þessu frv. séu aflagðar allar slíkar hugmyndir.

[14:57]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Þetta mál á sér nokkuð langan aðdraganda. Á sínum tíma gekkst Stéttarsamband bænda fyrir því að gert yrði útboð á öllum tryggingamálum varðandi landbúnaðinn. Út úr þeim útboðum kom ekki nein endanleg lausn og þess vegna beindu menn sjónum sínum að Bjargráðasjóði sem hugsanlegum möguleika sem tryggingavernd fyrir landbúnaðinn. Með þeim breytingum á Bjargráðasjóði, sem um getur í frv., sýnist mér að á flestan hátt sé komið til móts við þær óskir bænda sem voru settar fram, þ.e. að bændur sjálfir gætu ráðstafað þessum fjármunum, sett um þá ákveðnar reglur og að sjóðnum yrði deildaskipt milli búgreina þannig að ekki yrði um fjárstreymi milli einstakra búgreina að ræða nema lítils háttar. Í heildina tekið sýnist mér að þetta frv. sé nokkuð til úrbóta í tryggingamálum landbúnaðarins.

[14:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Varðandi spurningu hv. þm. Árna M. Mathiesen, 2. þm. Reykn., um það hvort aflagðar væru allar hugmyndir um að færa til tryggingarfélaganna búfjártryggingarnar þá er það efni þessa frv. að það sé nauðsynlegt að hafa þennan farveg a.m.k. líka. Nú er það svo að hagsmunafélag hrossabænda ákvað að slíta sig út úr Bjargráðasjóði, þ.e. hætta að greiða til Bjargráðasjóðs og þar með hættir Bjargráðasjóður að sjálfsögðu að bæta tjón sem verða á hrossum. Þetta gerðist ef ég man rétt 1991 fyrir forgöngu formanns hagsmunafélags hrossabænda, séra Halldórs Gunnarssonar í Holti, ef ég man rétt. Þeir munu hafa hætt að greiða búvörugjald árið 1991. Þarna var tekin nokkur áhætta og það hefur komið í ljós við snjóflóð norður í Langadal þegar stórtjón varð á hrossum. Einn bóndi missti 13 hross og þau voru af mjög góðu kyni, sum þeirra ágæt reiðhross og í mjög háu verði. Þannig að þar er um mjög mikið tjón að ræða. Reynslan af þessum bótum frá Bjargráðasjóði á tjónum á hrossum mun hins vegar hafa verið sú að það var bara borgað niðurlagsverð, þ.e. eins og hefði fengist fyrir hrossin í slátrun. Þannig að lífið var einskis metið eða kostirnir. Og það hefur sjálfsagt verið undirrótin að því að hagsmunafélag hrossabænda vildi ekki greiða þetta lengur. En hér er um ákveðið vandamál að ræða, fjöldinn allur af hrossum er ekki tryggður hjá tryggingafélögunum þó að sum séu það, þannig að sú leið er líka nokkuð áhættusöm.

[15:01]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. félmrh. þá vil ég taka það fram að það er ekki hægt að segja að einn ákveðinn aðili, þ.e. Halldór Gunnarsson, hafi ákveðið þetta fyrir hönd greinarinnar. Að sjálfsögðu var þetta ákveðið eftir að stjórn félags hrossabænda hafði fjallað um málið og ástæðan fyrir því að þeir bændur sögðu sig frá Bjargráðasjóði var fyrst og fremst sú, eins og hæstv. ráðherra kom að, að lífið var einskis metið og verð í sláturhúsum er afar lágt. Hins vegar er verð á lífhrossum hátt og þess vegna töldu hrossabændur á sínum tíma að þeir fengju ekki tryggingarvernd með hliðsjón af því sem þeir greiddu til sjóðsins. Það var einnig svo um garðyrkjubændur að þeir töldu sig ekki fá þá vernd sem þeir töldu sig eiga rétt á úr sjóðnum og fóru þess vegna út í að tryggja sín mannvirki sérstaklega hjá almennum tryggingafélögum og hafa þannig notið tryggingarverndar. En þeir eru hins vegar tilbúnir til að skoða það að koma aftur til Bjargráðasjóðs ef reglur sjóðsins verða með þeim hætti sem þeir geta sætt sig við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 109. mál. — Þskj. 115.

[15:03]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Hér er mælt fyrir tillögu til þingsályktunar um að fram fari rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna. Rannsóknin taki bæði til opinberra starfsmanna og launafólks á almennum vinnumarkaði og verði hugað að samanburði á milli einstakra hópa og einnig samspili samningsbundinna launataxta og yfirborgana.

Það eru margar ástæður fyrir því að nauðsynlegt er að ráðast í rækilega könnun af þessu tagi. Reyndar þarf að kortleggja landið allt í kjaralegu tilliti og nægir þar ekki að horfa á launin ein. Íslenska þjóðin hefur ætíð verið þekkt fyrir eljusemi sína. Á tímum þegar nægt framboð hefur verið af vinnu hefur launafólk unnið hörðum höndum til að láta enda ná saman þar sem dagvinnulaun venjulegs launafólks á Íslandi hafa aldrei nægt til framfærslu fjölskyldunnar. Ljóst er að vinnuvikan á Íslandi hefur um langt árabil verið einna lengst í OECD-löndunum. Þannig kemur í ljós að árið 1991 var Ísland með næstlengstu vinnuvikuna í OECD-löndunum samkvæmt skýrslu Aflvaka um samkeppnisstöðu Íslands. Vinnuvikan var einungis lengri í Tyrklandi.

Með þeim samdrætti sem átt hefur sér stað í atvinnuuppbyggingu á íslenskum vinnumarkaði sl. fimm ár, hafa hins vegar skapast nýjar aðstæður. Fólki stendur ekki lengur til boða að bæta við sig vinnu til að bjarga heimilisbókhaldinu fyrir horn. Jafnframt hafa beinir skattar hækkað og bætur verið tekjutengdar við laun langt fyrir neðan meðallaun, þannig að ráðstöfunartekjur, einkum barnafólks sem er að koma yfir sig þaki, hafa verið skertar verulega.

Kjör fólks ráðast af kaupmætti launa, ráðstöfunartekjum eftir skatt en útgjöldin skipta einnig miklu máli. Þannig skiptir máli hvort fólk aflaði húsnæðis á vísitölulausum verðbólguáratug eða eftir 1980 eftir að verðtrygging kom til sögunnar með háum vöxtum í ofanálag. Í Dagsljósi ríkissjónvarpsins var nýlega birtur samanburður á kjörum tveggja einstaklinga sem keyptu íbúð, annar á áttunda áratugnum, hinn á þeim níunda. Sá fyrrnefndi var laus allra mála að örfáum árum liðnum, hinn greiðir rúmar 300 þús. árlega í 25 ár og er hér aðeins verið að ræða um skuldir til opinberra húsnæðislána. Einnig getur skipt sköpum á hvaða tíma fólk stundaði langskólanám. Hvort það var í námi á þeim árum sem lánin voru ekki verðtryggð eða eftir að verðtrygging og raunvextir komu til. Áfram mætti telja sig fram í tímann því þegar fram líða stundir þá hefur það gerst á þessu sviði sem flestum öðrum að jafnt og þétt hafa verið stigin skref í kjaraskerðingarátt. Fyrst kom verðtrygging á námslán, síðan var greiðsluþakið hækkað og fer nú upp í 7% af tekjum en var undir 4% árið 1992. Ofan á þetta hafa verið settir vextir sem ekki þekktust áður í þessu kerfi. Þannig geta hjón sem eru nýkomin úr námi verið að greiða á bilinu 200 til 300 þús. kr. í afborganir af námslánum á ári. Síðan er það spurningin hvort fólk er með börn á leikskólaaldri en aðkeypt barnapössun getur verið 30 þús. kr. á mánuði og eru það drjúg útgjöld að ekki sé á það minnst ef börnin eru fleiri en eitt. Þá skiptir máli hvort fólk á við sjúkdóma að stríða og þarf að standa straum af kostnaði af þeim en sá kostnaður hefur verið að aukast á síðustu árum eins og mönnum er kunnugt um.

Þannig mætti áfram telja dæmi um mikilvægi þess að hyggja að útgjöldum fjölskyldunnar þegar kjörin eru skoðuð.

En hyggjum þá að tekjum fólks. Er einstaklingur með innan við 100 þús. kr. í tekjur eða skipta mánaðartekjurnar hundruðum þúsunda meira? Ljóst er að launamunur hefur aukist umtalsvert á undanförnum árum en nákvæmar tölur um þróunina eru ekki handbærar. Rekstrarumhverfi fyrirtækjanna hefur verið bætt þannig að hér eru skattar á fyrirtæki með því lægsta sem þekkist. Það hefur skilað sér í auknum hagnaði fyrirtækjanna en ekki í bættri afkomu almenns launafólks né heldur í auknum fjárfestingum fyrirtækjanna hér á landi sem hefði stuðlað að atvinnuuppbyggingu.

Þessir þættir sem hér hafa verið taldir upp, minnkandi kaupmáttur, minni vinna, hærri skattar, skerðing bóta og aukin útgjöld, auk vaxandi kjaramisréttis í þjóðfélaginu, eru undirrót þeirrar óánægju sem braust út í kjölfarið á úrskurði Kjaradóms um launakjör ráðherra, alþingismanna og embættismanna. Í fjölmiðlum hefur birst samanburður á launum hér á landi og erlendis og er sláandi munur þar á. Þetta eru engin ný sannindi en það sem er nýtt, er að margt bendir til þess að fólk vilji ekki lengur una þessu. Enda engin furða. Ísland er eitt auðugasta land í öllum heiminum. Engu að síður eru launin hér lægri en í samburðarlöndum okkar og er reyndar svo komið að alvarlegur landflótti er brostinn á og láglaunafólk í fullu starfi er ekki lengur matvinnungar. Samkvæmt árbók yfir norræna tölfræði árið 1994 sem Norðurlandaráð gefur út, voru meðaltímalaun karla í framleiðsluiðnaði 488 kr. á Íslandi árið 1992. Í Noregi voru meðallaunin um 1.050 kr. Í Danmörku voru meðallaunin 1.344 kr. Í Svíþjóð 810 kr. Í Finnlandi 853 kr. Er að undra að fólk spyrji hvað valdi þessum lágu launum hjá einni ríkustu þjóð veraldar? Ekki er það vegna þess að samneyslan sé meiri hér en annars staðar. Reyndar er hún minni. Borið saman við hin Norðurlöndin er einkaneysla meiri hér en þar. Hér á landi er samneyslan innan við 20% af þjóðarkökunni en yfir 30% í Svíþjóð svo dæmi sé tekið. Lítil samneysla endurspeglar það að velferðarkerfi okkar er ekki samanburðarhæft við velferðarkerfi þeirra landa sem við berum okkur helst saman við. Bætur eru almennt lægri hér en í nágrannalöndum okkar og minni stuðningur hins opinbera við umönnun barna og aldraða. Og við skulum ekki gleyma því að eftir því sem félagsleg þjónusta er lakari, í þeim mun fleiri tilvikum þarf fólk að kaupa dýrari einkalausnir, samanber tilkostnað við barnauppeldi eins og áður var nefnt.

Ef við erum ein ríkasta þjóð veraldar, hvar eru þá peningarnir fyrst þeir fara ekki til almenns launafólks og þeir fara ekki heldur í samneysluna? Hvar eru peningarnir? Í fyrsta lagi eru milljarðar á sveimi í svarta hagkerfinu. Ef allir greiddu skatta væru hér rekin hallalaus fjárlög. Og við gætum verið að greiða niður skuldir þjóðarinnar, á milli 10–15 milljarðar væru til ráðstöfunar. Í öðru lagi eru miklar fúlgur hreinlega ekki skattlagðar. Við erum eina ríkið í gervöllu OECD þar sem fjármagnstekjur eru ekki skattlagðar. Auðvitað á að skattleggja fjármagnstekjur eins og hverjar aðrar tekjur og er ég þar að tala um raunávöxtun, ekki nafnvexti og að sjálfsögðu eiga þessar tekjur, arðurinn af fjármagni, að lúta sömu lögmálum og aðrar skatttekjur og taka mið af skattleysismörkum. Meðalskattur vaxta í Danmörku er 51%. Í Sviss 31% og í Bandaríkjunum 28%. Lægsta meðalskatthlutfallið er í Tyrklandi, 10%, en á Íslandi 0%. Ekkert. Þ.e. Íslendingar skattleggja ekki arð af fjármagni, ekki um eina einustu krónu. Í þriðja lagi ber að hyggja að því þegar við veltum því fyrir okkur hvar peningana sé að finna í þessu ríka landi landflóttans, að hér eru skattar á fyrirtæki lægri en tíðkast nánast hvar sem er á byggðu bóli. Samkvæmt Frjálsri verslun fjórfaldaðist hagnaður 68 fyrirtækja á sl. ári. En þessi fyrirtæki eru í hópi 100 stærstu fyrirtækja landsins. Á sama tíma og hagnaður fyrirtækjanna fjórfaldaðist hækkuðu meðallaun hjá fyrirtækjunum um 3.000 kr. á mánuði. Það er því ljóst að betri afkoma fyrirtækjanna hefur ekki skilað sér til launafólksins almennt nema þá í mjög litlum mæli.

En þetta segir aðeins hálfan sannleikann. Auðvitað eru til fjölmennir hópar launafólks sem eru skilgreindir sem slíkir, sem búa við bærileg kjör. Staðreyndin er sú að launakerfið er einn allsherjarfrumskógur og það er inn í þann frumskóg sem við viljum lýsa. Út á það gengur okkar tillaga. Lággróðurinn í þessum skógi þekkjum við nokkuð vel, upplýsingar um hann er að finna í umsömdum launatöxtum stéttafélaga en um óumsamin launakjör vitum við hins vegar minna og í þessum kjörum liggur hin mikla mismunun eða hluti af henni. Mönnum hefur orðið tíðrætt um yfirborganir hjá hinu opinbera í launamálaumræðu upp á síðkastið. Ekki eru þær þó síðri á almenna vinnumarkaðinum en þar er algengt að fólki sé beinlínis bannað að upplýsa hver laun það hafi umfram það sem samið er um í almennum kjarasamningum og launataxtar kveða á um. Fólki er bannað að segja þetta vegna þess að menn óttast að slíkt mundi valda óróa, upplausn og

óánægju. En það er eitthvað mikið bogið við það sem ekki þolir dagsljósið.

Eina könnunin sem við höfum um launamyndun á íslenskum vinnumarkaði, og þá er ég að tala um launakönnun tölfræðihóps norræna jafnlaunaverkefnisins, sýnir að þau skil sem mikilvægast er að skoða með tilliti til mismununar í launakerfunum eru ekki á milli opinbera vinnumarkaðarins annars vegar og hins almenna hins vegar, heldur á milli hærra launaðra hópa sem eru á einstaklingsbundnum kjörum og lægra launaðra sem fá laun greidd samkvæmt launatöxtum, umsömdum launatöxtum. Ef við ætlum að breyta tekjuskiptingunni, en það er skýr krafa frá þjóðinni að svo verði gert, þá er grundvallaratriði að hætta að trúa að mismunandi lögmál gildi um opinbera geirann og einkageirann og horfist verði í augu við að þetta er spurning um hversu nærri kjötkötlunum menn standa hverju sinni, hversu nánir og þóknanlegir þeir eru þeim sem halda um pyngjuna.

Hæstv. forseti. Hin lágu laun á Íslandi og hin laka félagslega þjónusta er orðin að ávísun á landflótta og skapar auk þess erfiðleika og óánægju í landinu. Ekki síst þegar menn sjá það í sínu daglega lífi hve gæðunum er misskipt í okkar þjóðfélagi. Upp úr sauð í haust þegar laun ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna þjóðarinnar voru til umfjöllunar. Þjóðin sendi valdhöfunum þá skýr skilaboð um að henni væri nóg boðið. Spurningin nú er því hvort valdhafarnir kunna að túlka þessi skilaboð. Til að þeir geti það þurfa þeir að hafa glöggar upplýsingar um hvernig ástandið er í raun og veru. Til þess er þessi þáltill. flutt. Til að taka á þessum málum þurfum við að þekkja allar stærðir. Það þarf að búa til kjarakort af íslenska þjóðfélaginu. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir kortlagningu á einum þættinum, tekjum fólks og starfskjörum. Rannsókninni er ætlað að taka bæði til opinberra starfsmanna og launafólks á almenna vinnumarkaðinum og huga að samanburði milli einstakra hópa og samspili samningsbundinna launataxta og yfirborgana. Mikilvægt er að fulltrúar vinnumarkaðarins komi að þessari vinnu og því er lagt til að fulltrúar frá öllum stærstu samtökum launafólks og atvinnurekenda sitji í nefndinni.

[15:17]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Beiðni mín um að taka hér til máls byggðist m.a. á því að hugsanlega ætti þetta mál heima í félmn. en það kann að vera að það eigi heima annars staðar. Það er ekki gott að átta sig á því. En í sjálfu sér get ég tekið undir inntak þessarar tillögu að það er mikil nauðsyn á því að auka upplýsingastreymi um stöðu launamála hér á Íslandi og sannast að segja þá er það samfélagi okkar nánast til vansa hversu erfitt er að hafa yfirsýn yfir launamál í landinu. Það var einhvern tímann fyrir einhverjum áratugum gert samkomulag um kjararannsóknarnefnd sem starfar enn en rannsókn hennar nær til svo takmarkaðs hóps launafólks að heftið sem þeir gefa út ársfjórðungslega gefur afskaplega takmarkaða mynd af launaþróuninni. Mín hugmynd er því sú að í stað þess að gera eina rannsókn eins og þessi tillaga gengur út á, þá þyrfti að koma hér upp reglubundnum upplýsingum og reglubundnum rannsóknum á þróun launamála í landinu og ýmsu öðru sem snýr að kjörum hinna ýmsu starfsstétta.

Mér gafst kostur á því fyrir nokkrum árum að heimsækja stofnun í Svíþjóð sem heitir Arbetslivscentrum og er eins konar rannsóknarstofnun atvinnulífsins þar í landi. Hún er þannig rekin að verkalýðshreyfingin á einn þriðja, ríkisvaldið einn þriðja og vinnuveitendur einn þriðja. Við þessa stofnun fara fram ýmiss konar rannsóknir á vinnumarkaði, vinnuaðbúnaði, vinnuaðstæðum, vinnuþróun, orsökum og afleiðingum atvinnuleysis og launamálum af ýmsu tagi. Það er mín skoðun að þar sé um þætti að ræða sem við þurfum að efla rannsóknir á í okkar samfélagi, ekki síst eftir að atvinnuleysið hélt innreið sína. Ég hygg að ef slík rannsókn færi fram eins og hér er beðið um, kæmi margt á óvart. Ég held reyndar að það sem kæmi okkur mest á óvart væri ekki endilega í hinum opinbera geira, heldur ekki síst úti á hinum almenna vinnumarkaði.

Hér á hinu háa Alþingi hafa verið lagðar fram á undanförnum árum ótal fyrirspurnir sem snúa að ýmsum þáttum launamála ríkisins, um heildarlaun, um ýmsar aukagreiðslur, um dagpeninga, ferðalög og sitthvað sem snýr að hinu opinbera. En hvernig kaupin gerast á eyrinni úti á hinum almenna vinnumarkaði, það vitum við miklu minna um. Þar ríkir ákveðin launaleynd og leynd í samningum sem er mjög erfitt að átta sig á og erfitt að fá upplýsingar um og eru m.a. hluti af því launamisrétti sem hér ríkir og ekki síst beinist að konum. Ég tek því undir að það er mjög þarft að safna upplýsingum og gera ítarlega könnun á samsetningu íslenska launamarkaðarins en mín skoðun er sú að það sé ekki nóg að gera það einu sinni, það þarf að vera samfelld skoðun á þessu.

Hv. síðasti ræðumaður og sá sem mælti fyrir tillögunni, hv. þm. Ögmundur Jónasson, fullyrti að launamunur hefði aukist að undanförnum árum. Það er auðvitað ákaflega erfitt að fullyrða það og fer eftir því yfir hvaða tímabil við erum að horfa. Við höfum séð það á þeim tölum sem við höfum varðandi launamun kynjanna að hann hefur aukist ef eitthvað er. En ég er ekki viss um að ef maður tæki hæstu og lægstu laun að það bil hafi endilega vaxið. Ég hef einfaldlega ekki upplýsingar sem leyfa mér að fullyrða slíkt. Hins vegar er það alveg ljóst að fátækt hefur aukist, kjör hafa versnað og það er miklu stærri hópur nú en var fyrir tiltölulega fáum árum sem einfaldlega getur ekki séð sér farborða. Og það á sér m.a. rætur í þeim breytingum sem hér hafa átt sér stað á undanförnum árum í samdrætti og atvinnuleysi og ýmsum erfiðleikum, skuldasöfnun heimilanna og fleiru sem endurspeglast hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sem á undanförnum tveimur árum hefur orðið að tvöfalda aðstoð sína til reykvískra fjölskyldna. Sú aðstoð hefur tvöfaldast á undanförnum árum og það kom fram í heimsókn okkar nokkurra þingmanna til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar fyrir nokkrum dögum að í þeim hópi sem þar nýtur aðstoðar er fullvinnandi fólk. Fjölskyldur sem ráða einfaldlega ekki við það á þeim lágu launum sem hér eru greidd að sjá sér og sínum farborða. Þetta er auðvitað nöturleg þróun sem að þarf að leita skýringa á og kortleggja, þótt við getum auðvitað gefið okkur vissar skýringar eins og minnkandi yfirvinnu og fleira slíkt. Það þarf líka að fara fram ítarleg rannsókn á orsökum hinna lágu launa sem hér eru greidd og eru eins og hér hefur komið fram, farin að valda verulegri óánægju í samfélaginu. Það þarf að fara rækilega ofan í það, hvers vegna íslenskt atvinnulíf getur ekki greitt betri laun, og ef svo er hvað það þýðir fyrir framtíðina. Við erum ekki lengur einangraður vinnumarkaður. Við erum orðin hluti af stórum vinnumarkaði þar sem að er streymi til og frá landinu og fólk getur auðveldlega leitað annarra kosta. Það er mjög alvarlegt mál fyrir íslenskt samfélag ef hundruð karla og kvenna leita gæfunnar í öðrum samfélögum, hvort sem þar

er um að ræða ófaglært verkafólk eða fólk sem hefur aflað sér meiri menntunar. Það er jafnmikil eftirsjá í þessu fólki hvaðan sem það kemur og hvert sem það er. Þess vegna er það mjög mikilvægt að átta sig á hinum raunverulegu orsökum. Vinnuveitendur hafa bent á margar skýringar, m.a. var nýlega grein í fréttabréfi Vinnuveitendasambandsins þar sem verið var að skýra þetta ástand samkvæmt þeirra skilningi. Ég hef ekki tíma til að tíunda það hér enda tíma mínum alveg að ljúka.

Það væri margt hægt að segja um þessi mál, um launakerfið og um aukagreiðslurnar sem hér tíðkast. Við höfum marglýst því yfir hér, kvennalistakonur, að við teljum launakerfi ríkisins handónýtt og það leiðir auðvitað til þess að fólk leitar ýmissa leiða eins og að taka þátt í því svarta hagkerfi sem hér tíðkast. Því miður eru þeir allt of margir, jafnvel allur almenningur, sem tekur þátt í skattsvikum með því að borga ekki virðisaukaskatt af ýmiss konar þjónustu.

Hæstvirtur forseti. Tíma mínum er lokið en ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að við þurfum samfelldar rannsóknir og samfelldar upplýsingar um íslenska launakerfið og stöðuna á íslenskum vinnumarkaði.

[15:26]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að vekja máls á mjög brýnu máli. Það er þó tilefni til að skoða þessi mál í víðara samhengi heldur en tillagan gerir ráð fyrir. Við verðum að velta því upp að hvað miklu leyti launakerfið er það meingallað að það beinlínis dragi úr lífskjörum hér á landi. Við verðum að varpa því fram hvort ástæða sé til að stuðla að breytingum á því launakerfi sem við búum við. Mitt mat er það að við búum hér við misjafnari kjör núna en áður. Það er margt sem veldur því. Það er meira að koma fram í dagsljósið núna heldur en gerði hér fyrir fimm eða tíu árum. Meðan verðbólgan var hér hvað hröðust, þá skynjuðu menn ekki þær stærðir sem voru í umhverfinu hvort sem það voru laun eða aðrar efnahagsstærðir. Þetta liggur ljósar fyrir núna, líka í meðvitund almennings. Það er staðreynd að taxtalaun hér á landi eru með því lægsta sem gerist í nágrannalöndunum. Það er líka staðreynd að lífskjör hér eru þokkaleg, jafnvel mjög góð miðað við önnur lönd. Í hverju liggur þetta? Það er líka til skýring á því. Þetta liggur í mikilli vinnu. Íslendingar hafa bætt upp lág taxtalaun um nokkuð langan tíma með mikilli vinnu. En það er athyglisvert að skoða fleiri þætti í þessu ljósi og það er að framleiðni eða verðmætasköpunin á hverja klst. er með því lægsta sem gerist í Evrópu. Ef við hefðum sömu stöðu og nágrannaþjóðirnar hvað það varðar, þá væru lífskjör mun betri hér. Það að verðmætasköpunin er lægri á hverja klst. á sér margar orsakir sem lúta að rekstri fyrirtækja, menntun, markaðsmálum, rannsóknum, þróunarstarfsemi og mörgu fleira sem hægt er hér að telja upp, en það liggur líka í skipulagi launamála. Við erum hér með steinrunnið launakerfi og við skulum líka hafa í huga að hærri taxtalaun mundu knýja fram auknar umbætur og þar með aukna framleiðni í íslenskum fyrirtækjum. Vitaskuld verður að gegnumlýsa launakerfið. Auðvitað þurfa stærðir að koma hér upp á yfirborðið alveg eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu. Við skulum hins vegar hafa í huga að neðanjarðarhagkerfi í launum er almennt viðurkennt hér á landi og feluleikur með laun hefur í sjálfu sér ekki verið einkamál einstaklinga. Þetta hefur líka verið stutt af samtökum vinnuveitenda og launafólks um mjög langan tíma. Menn hafa búið við kerfi sem nú er komið á endamörk. Við alþjóðlegan samanburð varðandi okkar launakerfi, þá er það líka staðreynd að sporslur margs konar, feluleikur varðandi laun, hvort sem það er yfirvinna eða þess háttar, er í miklu meira mæli hluti af launum hér heldur en annars staðar. Þetta er hluti af feluleiknum.

Það kom ýmislegt fram hjá frsm. sem ég vil taka undir m.a. fjármagnstekjuskatt og ýmislegt fleira. En ég vil benda á fleiri þætti sem gætu komið að gagni við þessa umræðu. Ég tel nauðsynlegt að afnema mismun sem nú ríkir á almennum og opinberum launamarkaði. Er ekki kominn tími til að launþegar standi saman að sinni kjarabaráttu hvort sem þeir vinna hjá opinberum aðilum eða einkaaðilum eins og nú er gert? Er ekki kominn tími til að stokka upp þetta kerfi? Ef það verður gert, þá leiðir af sjálfu sér að það þarf líka að taka á mismun í lífeyrismálum þessara tveggja hópa. Hvort tveggja er mjög brýnt og það er mál sem menn hafa ýtt á undan sér árum saman, jafnvel áratugum saman, vegna þess að þeir þora ekki að takast á við það.

Það er líka eftirtektarvert hvernig launaþróunin hefur verið hér síðustu ár. Miðstýring hefur aukist. Miðstýringin hefur aukist af hálfu launþega í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna, sú umgjörð var miðstýrð, en miðstýringin hefur aukist meira af hálfu vinnuveitenda. Vinnuveitendur eru núna mun miðstýrðari samtök hvað viðvíkur launaumræðu og reyndar efnahagsumræðu almennt heldur en þeir voru fyrir u.þ.b. 10 árum. Þetta er líka þróun sem er umhugsunarverð.

Ég tel að það eigi að brjóta niður þá miðstýringu sem við búum nú við í þessum málum. Það getum við gert m.a. með því að reyna að færa kjaramálin í auknum mæli yfir í starfsgreinar, yfir á vinnustaðina og ég er sannfærður um að það þýðir betri kjör fyrir þá sem lægri hafa launin. Það vita allir að þeir sem gera sérlaunasamningana í okkar þjóðfélagi fara ekki eftir töxtunum við samningsgerð. Það eru þeir sem hafa hærri launin.

Auðvitað verður líka að skoða það að hluti af launakerfinu er skattkerfið og það er staðreynd að skattkerfið eins og það er nú er letjandi á margan hátt fyrir millitekjufólk. Það verður að horfast í augu við það að þjóðarsáttarsamningarnir eru komnir í viss vandræði og hafa verið það í sumar, m.a. vegna atbeina stjórnvalda, mál sem við þekkjum ágætlega hér á hinu háa Alþingi. Hér skortir umræðu og hugsun um nýja launastefnu. Menn átta sig ekki alveg á, hvorki ég í þessum ræðustól, verkalýðshreyfingin, vinnuveitendur né stjórnvöld, hvernig hin nýja stefna á að líta út. En það er alveg ljóst að sú frysting launamála sem við ákváðum 1990 og höfum endurtekið nokkrum sinnum síðan, sú stefna sem átti rétt á sér þá, er komin að enda síns lífstíma. Þessir þættir sem ég nefndi hér varðandi uppstokkun á launamarkaði, m.a. að reyna að brjóta upp hið miðstýrða launastefnufyrirkomulag opinberra aðila hér á landi ásamt auknum vinnustaðasamningum, aukinni framleiðni og umbótum í skattamálum og lífeyrismálum, eru orðnir mjög brýnir. Ég held að það verði að skoða þessi mál í því ljósi, að taka þau saman í einni heild. Þá fyrst getum við farið að tala um að launakerfið standi lífskjörum ekki fyrir þrifum.

[15:35]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki í fyrsta sinn sem við hv. þm. Ágúst Einarsson ræðum launakjör. Við ræddumst við yfir borðið fyrir fáeinum árum, hann sem formaður samninganefndar ríkisins og ég sem formaður BSRB.

Þær tillögur sem hann flytur hér eru tillögur sem hafa ver-

ið fluttar af hálfu hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, núna undanfarin missiri, tillögur sem hafa verið reyndar í Svíþjóð og ganga út á það að draga úr miðstýringu. Þetta er allt hinu illa kerfi að kenna. Það þarf að brjóta launakerfið niður, fara inn á vinnustaðina, fara niður í hinar smáu einingar.

Staðreyndin er sú að alls staðar þar sem farið hefur verið inn á þessa braut, þá hefur það aukið á misskiptinguna í launakerfunum, það hefur aukið á muninn sem er á milli karla og kvenna, aukið á muninn milli þeirra sem standa ofar í kerfinu og þeirra sem standa neðar í kerfinu. Og við sjáum vísbendingu um hvað gerist, einmitt í sporslukerfinu sem við þekkjum. Ákvarðanir um óunna yfirtíð, ákvarðanir um sporslurnar. Hvar haldið þið að þær séu teknar? Í hinu miðstýrða ráðuneyti? Nei, þær felast í valddreifingunni, inni á stöðunum, inni í stofnununum og það er frá þessu sem við þurfum að komast.

Ég vara við þessu tali um hið handónýta launakerfi, ég er orðinn mjög leiður á þessari klisju. Kerfið sem slíkt er ekki ónýtt. Taxtarnir eru of lágir og það þarf vilja þeirra sem stýra launaþróuninni til þess að gera þar á bragarbót. Það er staðreyndin. Og þetta ræddum við margoft, hv. þm. Ágúst Einarsson, þáv. formaður samninganefndar ríkisins, og ég við samningaborðið. Það þarf vilja til að breyta þessu. Við eigum ekki að skjóta okkur á bak við eitthvert ódýrt tal um allsherjarkerfisbreytingu sem þurfi að gera; kerfisbreytingu sem sannarlega hefur leitt til aukins misréttis alls staðar þar sem hún hefur verið reynd.

[15:37]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið er ég hissa. Mér er alltaf að verða ljósara að hv. þm. Ögmundur Jónasson er íhaldsmaður. Það þarf ekkert að vera slæmt í sjálfu sér, en hann er varðhundur kerfisins. (**GHelg:** Þingmaðurinn ætti að þekkja einkennin.) Þingmaðurinn hefur rætt við þennan þingmann áður eins og hann gat um. Ég dró fram í ræðu minni marga þætti sem ég veit að fleiri þingmenn eru í sjálfu sér sammála um að þurfi að stokka upp. en hér kom hv. þm. strax í kjölfarið og hann vill engu breyta. Hann vill hafa kerfið óbreytt. Hann er afsprengi þessa kerfis og það er í sjálfu sér ágætt að hv. þm. kjósi þennan vettvang til að upplýsa þjóðina um íhaldssemi sína varðandi kerfið sem er komið af fótum fram.

[15:38]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Ég vil aðeins, hæstv. forseti, vekja athygli á því að nú erum við farin að tala um alvöru lífsins. Nú erum við hætt að tala um klisjurnar, hinar hástemmdu klisjur. Nú erum við farin að tala um raunveruleikann og við skulum rifja upp þann raunveruleika sem við upplifðum saman við samningaborðið, fyrrv. formaður samninganefndarinnar, hv. þm. Ágúst Einarsson. Nú er hann að boða kerfi og kerfisbreytingar sem er í ætt við það sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur reynt að þröngva upp á okkur og sem sænskir íhaldsmenn hafa boðað með þeim afleiðingum að láglaunafólk hefur verið sett neðar í kjörum á meðan dekrað hefur verið við hina hærri. Og ef það er íhaldssemi að standa gegn kerfisbreytingum af þessu tagi, kerfisbreytingum mismununar, þá skammast ég mín ekki fyrir þá íhaldssemi.

[15:39]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að leiðrétta hv. þm. Ögmund Jónasson sem er sífellt að rifja upp þá stöðu sem ég gegndi. Eins og ég segi stundum þá stóð ég eina vertíð í samningamálum sem formaður samninganefndar ríkisins. Ég mótaði ekki þá launastefnu, það var launastefna þáv. ríkisstjórnar. En ég ætla að segja við hv. þm. að ég veit ekki til þess að þeir þættir sem ég er að lýsa hér í uppstokkun séu launastefna þessarar ríkisstjórnar og þeir voru það ekki á þeim tíma þegar ég var formaður samninganefndar ríkisins. Ég hef ekki orðið var við mikla launastefnu af hálfu núv. ríkisstjórnar eða hæstv. fjmrh. Og sú umgjörð sem var í kjarasamningaviðræðum okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrir nokkrum árum er í sjálfu sér öllum ljós. Það var umgjörð þjóðarsáttarinnar sem ég lýsti áðan og það er satt að segja dálítið ómerkilegt þegar hv. þm. ræðir um mig í þessu samhengi eins og hann gerði áðan.

Það er ekki tími til við þessa umræðu í andsvörum að fara nákvæmlega yfir það. Ég get hins vegar sagt bæði hv. þm. og þingheimi að þeir kjarasamningar sem ég stóð að og hafði forgöngu um sem formaður samninganefndar ríkisins voru niðurstaða í samningum sem voru samkomulag milli aðila og það eru þá alltaf góðir kjarasamningar. Ég dró skýrt fram í minni ræðu að hér eru breyttar aðstæður frá því að við byrjuðum með þjóðarsáttarsamningana hvort sem við tökum árið 1990, 1992 eða 1993. Aðstæður hafa breyst frá þeim tíma þegar m.a. ég var virkur þátttakandi í þessum kjarasamningsleik. Það dró ég mjög skýrt fram í þessari umræðu og það ætti hv. fyrri ræðumaður að hafa skilið.

[15:42]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flutningsmönnum fyrir þessa tillögu sem er allra góðra gjalda verð. Ég tel þó ljóst eins og fleiri þingmenn sem hafa tekið til máls í þessari umræðu að undanteknum flm., að það launakerfi sem samkvæmt þessari tillögu á að fara að rannsaka, er að mínu mati handónýtt. Við kvennalistakonur höfum flutt margar tillögur um að stokka það upp. Rannsóknir og upplýsingar eru auðvitað mikilvægar, en að mínu mati vitum við alveg nóg um starfskjörin og launin í þessu landi eins og þau eru og það sem þarf núna er að breyta þessari launastefnu og stokka kerfið upp. Þá þarf að leita skýringa á því, eins og fleiri þingmenn hafa komið inn á, hvers vegna launin í landinu eru mun lægri en í löndum með sambærilega þjóðarframleiðslu. Það er viðfangsefni okkar stjórnmálamannanna sem er hvað brýnast að taka á núna að mínu mati. Það þarf að breyta launakerfinu og stýra þjóðfélaginu þannig að ríkið og allt atvinnulífið geti greitt sómasamleg laun. Við höfum nóg af könnunum og rannsóknum. Nú er komið að pólitískum ákvörðunum, en því miður skortir vilja hjá varðhundum þessa kerfis, sporslna og millifærslna, til að taka á málum.

Auðvitað þarf að skoða skattsvikin og auðvitað þarf að skoða skatta og koma á skatti á fjármagnstekjur. Auðvitað þarf að skoða sjóðasukkið, landbúnaðinn og sjávarútveginn og svo mætti lengi telja. En það er því miður enginn pólitískur vilji til að taka á því sem máli skiptir í þessum efnum.

[15:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flm. þessa þáltill. sem er góðra gjalda verð og ég held að þurfi að fá góða þinglega meðferð og vonandi leiðir hún ýmislegt í ljós. Varðandi síðustu ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um að það þurfi að rannsaka sérstaklega landbúnaðinn og sjávarútveginn, þá held ég að það sé kannski tímabært að fara að rannsaka

hvað þeir eru að gera í karphúsinu. Við upplifðum smástund í karphúsinu áðan í samtali tveggja þingmanna, þeirra hv. þm. Ágústs Einarssonar og hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Kannski er þetta hluti af meininu sem við búum við. Vitringar landsins setjast að því að semja um það sem ekkert er og miða síðan út frá verst stadda fyrirtækinu hvað megi borga.

Ég er sammála því að ég tel að launamál á Íslandi séu í mjög miklum ólestri og það þurfi að fara yfir það hvað veldur. Við skulum bara taka glöggt dæmi. Menn sömdu fyrir stuttu síðan um lægstu laun fyrir fulla dagvinnu dálítið undir 50 þús. kr. á mánuði. Ég tel það ekki verjandi. Ég minnist þess að einhvern tíma sagði foringi Framsfl., Ólafur heitinn Jóhannesson, að það yrði að fara að lögbinda laun. Mig minnir að það hafi verið 1978–1979 sem hann sagði að engum ætti að líðast að borga undir 100 þús. kr. á mánuði. Auðvitað er mikið að í kerfi sem leyfir sér að borga undir 50 þús. kr. á mánuði og ég held að það sé hárrétt að fara þurfi yfir þetta frá a til ö hvað er að. Ég hef sannfærst um það í seinni tíð að við Íslendingar búum við mikla lágtekjuhagfræði. Atvinnulífið stjórnar eftir mikilli lágtekjuhagfræði og það kemst upp með það. Þess vegna get ég ekki varið kerfið með hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég held að það þurfi að endurskoða kerfið og í kerfinu sé fólginn hluti af meininu. Ég held að íslenska samfélagið þurfi svipaða aðgerð og gerðist þegar Pehr Gyllenhammar tók við Volvosamsteypunni á heljarþröm. Hvað gerði hann? Hann setti upp nýja vinnuhagfræði. Hann fann að þeir sem réðu úrslitum í fyrirtækinu, voru fólkið á gólfinu, fólkið sem vann hin almennu störf. Og hann skar ofan af, hann byggði upp nýja vinnuhagfræði og bónuskerfi. Honum var annt um fólkið. Kannski er það þetta sem við þurfum að gera og atvinnulífinu á ekki að líðast að borga jafnlág laun og það gerir. Það er spurning hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt að reka slík fyrirtæki sem leyfa sér svona lág laun eins og ég hef komið að. Og það er auðvitað sorglegt að þeir aðilar sem sitja yfir þessum samningum skuli allir vera á a.m.k. tvöföldum þingmannslaunum.

Hér er nýleg úttekt á forstjórum. Meðallaun forstjóra á mánuði eru 588 þús., það er mein í kerfinu sem þarf að fara yfir. Verkalýðsforkólfarnir sem eru nú að skammast alla daga eru líka á háum launum fyrir utan hv. þm. Ögmund Jónasson.

Það er svo, hæstv. forseti, að auðvitað er margt sem síðan vegur inn í svona rannsókn sem þarf að hugleiða. Það eru skattamálin. Það eru jaðarskattar og skattastefnan í landinu. Þetta þarf allt saman að yfirfara í svona rannsókn.

Ég velti því fyrir mér hvort það gæti jafnvel verið heppilegra fyrir launafólkið á Íslandi að forkólfarnir í atvinnulífinu og verkalýðshreyfingunni væru knúnir til þess einn daginn að setjast yfir kjaradómstól með allt fólkið og við ákvæðum hvar hver og einn ætti að vera með þeim hætti að það væru ekki til nema 6–8 launaflokkar á Íslandi. Forsetinn væri kannski í efsta flokknum og forsrh. næstur. Síðan gætu það verið ýmsir aðrir. (Gripið fram í.) Það skiptir ekki máli í þessu, hv. þm. Það er spurning hvort fallkandídatar ættu að fá einhverjar sárabætur. En ég velti þessu fyrir mér. Væri það heppilegra fyrir launafólkið að það yrði hreinlega bara sest yfir þetta í einhvers konar nýjum kjaradómstól og þar kæmust menn að niðurstöðu að lægsti maðurinn mætti aldrei vera undir þessu, hæsti maðurinn mætti aldrei fara yfir þetta nema það kæmu þá bara til ofurskattar.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Sé samanburður við launakjör í nálægum löndum réttur verður ekki mikill friður hér. Og auðvitað blasir við fólksflótti þótt þessi dagur sé hamingjudagur að því leyti að það blasir við nýtt álver og kannski ný umsvif sem skipta máli því að auðvitað er það slíkt sem hefur vantað.

Ég vil taka undir það að þáltill. er góðra gjalda verð. Ég vona að hún fái góða meðferð og leiði gott af sér. En ég ítreka það að ég held að við þurfum í heild sinni að hugsa þessi mál upp á nýtt. Ég get tekið undir vinnustaðasamninga. Er það kannski ekki hluti af meininu? Af hverju látum við sterkrík fyrirtæki sem sýna mikinn hagnað sem fólkið hefur skapað komast upp með að fá ekki út af kjarasamningum á vinnumarkaðinum að koma þessu í vasana hjá fólkinu? Það er samið um allt aðra hluti. Það mundi kannski leiða til nýs þróttar í atvinnulífinu fyrir utan hitt að svo er atvinnulífið náttúrlega virðingarlaust að því leyti að það virðist vera hafa verið lenska á Íslandi að það er betra að setja fyrirtækið á hausinn heldur en borga sæmileg laun. Það er alveg klárt að þeir vilja frekar setja það á hausinn með því að taka lán og aftur lán heldur en þurfa að borga krónu í skatta sem renna til samfélagsins. Það er hluti af þessari meinsemd þannig að næsta þáltill. ætti kannski ekki síst að snúa að því að laga atvinnulífið til svo það vinni á þjóðhagslegum grunni að ýmsum málum. Mér finnst verst í fari atvinnulífsins virðingarleysi gagnvart bæði skattalögum og ekki síður hinu að borga fólki mannsæmandi kjör.

[15:53]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir það sem kom fram í hans máli í upphafi að hann vildi leggja sitt af mörkum til að tryggja að þessi tillaga fái góða umfjöllun og farsæla niðurstöðu í þinginu. Hins vegar skildi ég ekki alveg allt í hans málflutningi, ekki síst þegar hann í upphafi vék að kjaraviðræðum sem fram færu í karphúsinu þar sem menn sætu gjarnan og semdu um það sem ekkert er, eins og hann orðaði það.

Ég rakti í upphafi og vék að því að Íslendingar eru ein ríkasta þjóð í heimi, en jafnframt erum við sú þjóð, og þá er ég að hugsa um þær þjóðir sem við helst miðum okkur við, þar sem launafólki eru búin hvað lökust kjörin. Í þessu er það misræmi sem við þurfum að sameinast um að ráða bót á.

Hins vegar er ég orðinn svolítið þreyttur á því að verkalýðshreyfingunni sé kennt um þegar þvergirðingsháttur atvinnurekenda, hvort sem þeir eru ríkisreknir eða einkareknir, veldur því að ár eftir ár eftir ár í kjarasamningum er staðið gegn öllum réttmætum kröfum launafólks um kjarabætur og launahækkanir. Og þegar hv. þm. Guðni Ágústsson segir að hér ríki lágtekjuhagfræði og gefur í skyn að það sé verkalýðshreyfingin og talsmenn hennar sem haldi henni á lofti, þá vil ég a.m.k. frábiðja mér slíka samtvinnun og slíkar skírskotanir. Í þeim málflutningi sem við höfum haft uppi í þeim samtökum sem ég er í forsvari fyrir höfum við einmitt talað um hve alvarlegt það sé þegar stórum hluta þjóðarinnar, þorra þjóðarinnar reyndar, er haldið á svo lágum kjörum að það veldur neyslukreppu í samfélaginu. Við höfum bent á þetta samhengi hlutanna. Það að draga úr neyslugetu almennings með því að halda kjörunum lágum leiðir til almennrar kreppu í þjóðfélaginu. Þannig að þetta er ekki okkar stefna og við erum orðin þreytt á því sem komum úr þessum ranni að vera kennd við þessa stefnu og jafnvel kölluð varðhundar kerfisins af þeim sem hafa staðið gegn réttmætum kröfum launafólks um kjarabætur.

[15:56]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég talaði um að semja um það sem ekkert er, átti ég auðvitað við þau lágmarkslaun sem menn leyfa sér að semja um. Reyndar eru það tveir aðilar sem gera það. Það gerist í karphúsinu og það er það sem ég átti við. Þeir semja auðvitað um ýmislegt sem er þar yfir ofan og kannski ásættanlegt. En þetta stingur mest í augu.

Hvað lágtekjuhagfræðina varðar, þá óttast ég og hef sagt það fyrr úr þessum stól og segi það enn, að hún hefur eiginlega tekið út úr þjóðfélaginu ákveðinn hluta þjóðfélagsþegnanna. Þeir eru ekki með. Af þeirra hálfu eru engin umsvif vegna þess hve þeir eru illa settir í kjörum. Kannski eru þetta 15% af þjóðinni, kannski eru það 20%, en a.m.k. er þetta stór hópur og fer stækkandi. Þess vegna hef ég stundum spurt hvort ekki eigi að flytja inn hagfræðinga sem sennilega væri full þörf á því að líklega hafa okkar menn lært lexíuna vitlaust, þeir sem við notumst við, þá gætu þeir komist að þeirri niðurstöðu að með breyttri launahagfræði gætum við náð nýjum og mikilvægum þrótti. Þetta er það sem ég á við hér, hv. þm., og ég ítreka það auðvitað að ég held að það þurfi að fara mjög vandlega yfir þessi mál og kanna það hvort við getum ekki náð hjólum atvinnulífsins af stað. Kannski gerir álverið það, ég veit ekki um það, ég held að það þurfi þó meira til, en við þurfum að fá hjól atvinnulífsins af stað með einhverjum hætti og einhverja nýja hugsun í þetta þjóðfélag sem við búum í. Það snýr bæði að verkalýðshreyfingunni, atvinnulífinu og þinginu sem hér situr og einnig að ríkisstjórninni minni.

[15:59]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa þáltill. Hún er svo sem virðingarverð, en óneitanlega þarf mikla þolinmæði til að sætta sig við að enn ein könnun skuli gerð á kjörum landsmanna. Það er dálítið skondið, ef ég mætti segja svo, að land sem hefur íbúatölu eins og í smábæ í Bandaríkjunum, virðist þurfa að lúta öllum sömu lögmálum og milljónaþjóðir. Ég vil taka undir með hv. 19. þm. Reykv., Guðnýju Guðbjörnsdóttur, ég held að við vitum nokkurn veginn hvernig ástandið er í þessu þjóðfélagi. Og þess vegna út af fyrir sig er ekki að búast við neinum nýjum upplýsingum þó þessi könnun færi fram. En ég get tekið undir með öðrum hv. þm., það er alltaf gott að hafa hlutina á pappír.

Þolinmæði hins íslenska launamanns er auðvitað löngu þrotin og kannski var besta spurningin sem fram kom í máli hv. 17. þm. Reykv., Ögmundar Jónassonar, hvar eru fjármunir landsmanna? Hvar eru þeir? Það er alveg rétt sem hann hefur sagt, Íslendingar eru ein ríkasta þjóð í heimi miðað við fólksfjölda og þar í liggur vandinn.

Það var sorglegt að lesa viðtöl við ungt fólk, og reyndar miðaldra fólk líka, í laugardagsblaði Dagblaðsins þar sem það var að lýsa kjörum sínum í Danmörku. Fólk sem er fullvinnandi, dauðlangar að búa í landi sínu en getur það ekki, það hefur ekki efni á því. Hvað er hér að gerast? Ég viðurkenni að ég hef stundum verið grimm í garð verkalýðsforustunnar, mér þykir hún ekki hafa staðið sig á undanförnum árum. Ég hef haldið því fram að sú var tíðin fyrir svona 20 árum að víst var láglaunafólk í þessu landi, sama fólkið og alltaf er það, iðjufólkið, fólkið í frystihúsunum, nákvæmlega þar sem allir peningar þjóðarinnar eru raunar og er ekki tilviljun. En þá var til millistétt sem engin sérstök ástæða var til að hafa áhyggjur af. Það var sæmilega menntað fólk. Það voru kennarar, hjúkrunarfræðingar, fóstrur, fagmenntað fólk sem hafði þokkalegustu laun. Þá var reynt að toga lægst launaða fólkið í áttina að því. Síðan hefur þetta snúist við og eitthvað sem á einhverjum punkti var kallað „jafnlaunastefna" hefur mér sýnst snúast um það að toga alla niður til hinna lægst launuðu. Það þykir mér ekki góð launastefna. Fólk lætur svo auðveldlega blekkjast og dæmi um það er uppnámið varðandi laun þingmanna og ráðherra. Auðvitað vill ekki framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins neinar launabreytingar. Launin hans eru prýðileg og fari einn af stað kynnu aðrir að fara af stað, auðvitað vill hann algjöra kyrrstöðu, það kemur engum á óvart. Ég efast um að fólkið í landinu hafi skilið hvað það var að leiða yfir sig með því að vera sammála honum. Því síður held ég að forustumenn launamannasamtaka hafi skilið hvað hér er á ferðinni. En það hefur ansi margt gerst á 20 árum.

Einu sinni fyrir mörgum árum hélt ég ræðu í Hafnarfirði og sagði þar — og var satt að segja fyndin sem mér er stundum álagt að vera við hátíðleg tækifæri — að ákveðinn útgerðarmaður þar í bæ hefði átt allt, búðina, sjóarana og fiskinn í sjónum og Hafnfirðingar veltust um af hlátri. Þeir höfðu aldrei hugsað út í það — ekki gekk það nú svo langt að hann ætti fiskinn í sjónum. En nú eru til menn sem eiga fiskinn í sjónum og selja hann og kaupa á víxl. Á meðan svo er skulu menn ekki ætlast til að hér gerist neitt af viti í kjarajöfnun í þessu þjóðfélagi. Menn fá gefins fyrirtæki eins og SR-mjöl og það líða ekki nema sex mánuðir þar til hundruð milljóna velta út í hreinum gróða. Fyrirtæki sem ríkið gaf ákveðnum hópi manna. Hér er ekki lengur hægt að snúa sér við hvorki á landi, láði né legi, án þess að milljónirnar mokist í vasa örfárra manna sem svo sannarlega eiga verðuga fulltrúa á hinu háa Alþingi. Verður ekki séð að hlutverk þeirra ágætu hv. þm. sé annað en að gæta hagsmuna þessara fyrirtækja hér.

Ég held að það sé mál til komið, hæstv. forseti, að við þorum að segja sannleikann. Við horfum upp á það með skelfingu hvernig komið er fyrir bændastéttinni í landinu, í þessu gjöfula landi. Hér eru framleiddar betri vörur en víðast hvar annars staðar og nægir að nefna mjólkurafurðir hér í landi sem menn skyldu halda að væri hægt að selja fyrir góðan pening. Við höfum betra kjöt en flestir aðrir. Nú hafa menn fundið út að þetta borgi sig ekki. Hafa menn ekki misst þolinmæðina að hlusta á það rugl? Það er kannski von að vesalings þjóðin segi: Það er sami rassinn undir öllu þessu stjórnmálaliði, það er alveg sama hvað maður kýs. Sannleikurinn er sá að engri hæstv. ríkisstjórn hefur tekist að gera nokkurn skapaðan hlut af viti í þessum málum.

Eitt stendur eftir. Það eru nógir fjármunir til í landinu til að 260.000 sálir geti lifað hér betra lífi en nokkur önnur þjóð í víðri veröld. En það hefst auðvitað ekki með því að obbinn af því fólki sem er með obbann af fjármagninu er ölmusufólk á okkur hinum sem greiðum skatta okkar og skyldur. Það erum við sem menntum börnin þeirra, það erum við sem greiðum fyrir heilsuþjónustu þeirra. Hvar halda menn að þessir peningar séu? Halda menn að þeir séu endilega hér í landi? Nei. Stór hluti þeirra er löngu kominn til útlanda enda væru þeir kjánar ef þeir færu ekki með þá þangað. Menn eiga stórkostlegar eignir erlendis og peninga á bönkum. Ég er of mikill Hafnfirðingur og búin að horfa upp á of mikið í útgerð í landi til að það sé hægt að segja mér að það borgi

sig ekki að veiða fisk. Menn hafa alltaf grætt á tá og fingi sem hafa fást við fisk og gera enn. Þess vegna á ég stundum afskaplega erfitt, jafnt í flokknum mínum sem og þegar ég hlýði á jafnvel flokksfélaga mína sem eru í forustu fyrir verkalýðshreyfingunni, tala í fullri alvöru um kjarasamninga sem verið er að gera hér hvað eftir annað sem eru í þá veru að það er útilokað að sá sem fær greitt samkvæmt þeim geti lifað af launum. (Forseti hringir.) Hvað á þetta að þýða? Hæstv. forseti. Mikið hefði mig langað að tala miklu lengur.

(**Forseti** (ÓE): Það gengur ekki.)

En ég á kost á að tala aftur ef þörf krefur og skal ég nú ljúka máli mínu að þessu sinni, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÓE): Ja, nú eru ekki fleiri á mælendaskrá.)

Þar fór í verra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:08]

Útbýting þingskjals:

Greiðsluþátttaka foreldra í tannlækningum, 130. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 155.

Erfðabreyttar lífverur, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 129.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um erfðabreyttar lífverur sem flutt er á þskj. 129 og er 117. mál þingsins. Frv. var lagt fram á 119. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frv. er nú endurflutt í nær óbreyttri mynd. Frv. er samið m.a. til að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í XX. viðauka EES-samningsins eru tvær tilskipanir sem fjalla um erfðabreyttar lífverur, þ.e. tilskipun ráðsins um einangraða notkun erfðabreyttra örvera og tilskipun ráðsins um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið. Báðar þessar tilskipanir eru frá 23. apríl 1990. Samkvæmt sérstakri bókun í XX. viðauka áttu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fara að þessum tilskipunum að koma til framkvæmda frá 1. jan. sl. þannig að við erum þegar nokkuð sein með að koma fram þessari löggjöf. Annars staðar á Norðurlöndin hefur þegar verið sett löggjöf um erfðabreyttar lífverur þar sem tekið er mið af áður tilgreindum tilskipunum.

Í íslenskum lögum er ekki sérstaklega fjallað um erfðabreyttar lífverur. Hins vegar eru fjölmörg lagaákvæði sem taka til lífvera og örvera án tillits til þess hvort þær eru erfðabreyttar eða ekki. Nefndi ég nokkur þeirra er ég mælti fyrir frv. á síðasta löggjafarþingi. Frv. það sem hér liggur fyrir hefur ekki áhrif á gildissvið annarra laga sem taka til lífvera og örvera en ekki er óhugsandi að reynt geti á reglu frv. samhliða ákvæðum þessara laga.

Eins og fram kom er ég mælti fyrir frv. á sl. vori er starfsemi með erfðabreyttar lífverur á Íslandi ekki umfangsmikil. Vitað er um starfsemi með erfðabreyttar örverur hjá Líffræðistofnun háskólans, Iðntæknistofnun og Tilraunastöð háskólans á Keldum. Víða erlendis er þegar hafin mjög umfangsmikil notkun og framleiðsla á erfðabreyttum lífverum og því er spáð að hún muni aukast á komandi árum. Íslensk löggjöf sem tryggir framkvæmd fyrirgreindra tilskipana er því nauðsynleg, ekki eingöngu til að uppfylla skyldur er varða samningin um Evrópska efnahagssvæðið heldur einnig til að tryggja eftirlit með öruggri starfsemi og markaðssetningu á erfðabreyttum lífverum eða vörum sem innihalda erfðabreyttar lífverur á Íslandi. Starfsemi og markaðssetning á erfðabreyttum lífverum og vörum sem innihalda þær er á Íslandi með öllu eftirlitslaus og er því mikilvægt að henni sé settur lagarammi.

Markmið frv. kemur fram í 1. gr. þess, en það er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra fyrir skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Samkvæmt frv. er lögunum ætlað að gilda um alla notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur svo og framleiðslu þeirra og geymslu. Enn fremur tekur frv. til starfsaðstöðu og rannsókna þar með talið meðhöndlunar úrgangs. Jafnframt nær frv. til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar á erfðabreyttum lífverum, hvort sem afhendingin fer fram í vísindalegum tilgangi eða viðskiptalegum. Frv. gerir ráð fyrir að lögin gildi einnig um flutning á erfðabreyttum lífverum þótt það sé undanskilið gildissviði framangreindra tilskipana og er það í samræmi við danska og norska lagaframkvæmd.

Í frv. er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn málflokksins en að Hollustuvernd ríkisins hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna og leyfisveitingum auk þess að stofnunin hafi umsjón með eftirliti er varðar notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Gert er ráð fyrir að umhvrh. sé heimilt að ákveða með reglugerð að fenginni umsögn félmrh., heilbrrh., menntmrh. og/eða landbrh. að öðrum stjórnvöldum en Hollustuvernd ríkisins verði falið að sinna eftirliti með tilteknum þáttum starfsemi með erfðabreyttar lífverur undir yfirumsjón Hollustuverndarinnar. Að baki þessari reglugerðarheimild liggja hagkvæmnissjónarmið um skipulag og framkvæmd á eftirliti þar sem nú er til staðar þekking hjá öðrum stjórnvöldum á þessu sviði sem hægt væri að nýta við framkvæmd þess.

Samkvæmt 6. gr. frv. skal umhvrh. skipa fimm manna ráðgjafanefnd. Henni er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Um er að ræða sérfræðinefnd sem starfa mun samkvæmt ákveðnum starfsreglum sem ráðherra setur. Nefndin mun m.a. vera umsagnaraðili er varðar leyfisveitingar um notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Sú leið hefur verið valin í lagafrv. að veita stjórnvöldum rúmar heimildir til að setja reglugerðir um frekari útfærslu laganna. Er þetta hliðstætt því sem gert hefur verið við lagasetningu vegna erfðabreyttra lífvera í helstu nágrannalöndum okkar. Þróun í starfsemi með erfðabreyttar lífverur er hröð og starfsemin flókin. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi svigrúm til að aðlaga framkvæmd laganna þeirri þróun eins og kostur er innan þeirra marka sem lögin setja.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frv. er ráðherra heimilt að auglýsa gildistöku tilskipana ráðs EBE um erfðabreyttar lífverur í heild sinni eða að hluta til þar til nánari ákvæði um framkvæmd laganna hafa verið sett í reglugerð.

Frv. það sem hér um ræðir skiptist í átta kafla. Í I. kafla er fjallað um markmið og gildissvið laganna en í II. kafla er að finna orðskýringar við lögin og í III. kafla er fjallað um stjórnsýsluframkvæmd laganna. Í IV.–VI. kafla frv. er fjallað um mismunandi notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. IV. kaflinn tekur á svokallaðri afmarkaðri notkun. Hér er átt við alla starfsemi með erfðabreyttar lífverur þar sem gera þarf sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að

þær komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur. Þetta á við starfsemi með erfðabreyttar örverur á rannsóknastofum og öðrum sérstaklega afmörkuðum athafnasvæðum.

Kafli V fjallar um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Hér er átt við þegar þeim er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé sérstökum ráðstöfunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi. Hér er fyrst og fremst um að ræða tilvik þegar slepping eða dreifing á sér stað í rannsóknar- og/eða þróunarskyni eða í hverju öðru skyni en til markaðssetningar, t.d. til rannsókna á erfðabreyttum plöntum á afmörkuðum en ekki einangruðum rannsóknasvæðum.

Í VI. kafla er fjallað um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Með markaðssetningu er átt við hvers kyns afhendingu þeirra eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki. Í kaflanum er kveðið á um að óheimilt sé að markaðssetja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær án leyfis Hollustuverndar ríkisins. Ef hins vegar liggur fyrir leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi. Þrátt fyrir þessi ákvæði er ráðherra heimilt að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndarinnar að banna eða takmarka hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi eða ef leyfisveitingin samræmist ekki markmiðum laga þessara eða annarra laga.

Í kafla VII er að finna ýmis almenn ákvæði frv. en þar er m.a. að finna heimild til setningar gjaldskrár vegna meðferðar umsókna hjá Hollustuvernd ríkisins. Jafnframt er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til ef nauðsyn krefur að fram fari sérstakar rannsóknir eða úttektir áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar. Í VIII. kafla er loks að finna þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög.

Í fskj. með frv. sem er umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að gera má ráð fyrir kostnaðarauka ríkissjóðs við framkvæmd lagaákvæðanna um 3–5 millj. kr. hið lægsta. Framkvæmdin verður að mestu á ábyrgð Hollustuverndar ríkisins en sú stofnun hefur að undanförnu þurft að taka á sig mörg ný verkefni, ekki síst tengd framkvæmd á ákvæðum EES-samningsins. Ekki verður undan því ekist að bæta Hollustuvernd ríkisins þennan kostnaðarauka og í raun nauðsynlegt að taka á fjárhagsvanda þeirrar stofnunar. Rætt verður um það mál á öðrum vettvangi en við framsögu þessa frv. Ég taldi þó nauðsynlegt að vekja athygli á þessu áliti fjmrn. við 1. umr. um frv. hér.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið framsögu minni um frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og umfjöllunar hv. umhvn. Ég bendi á að umhvn. hefur þegar leitað umsagna um þetta frv. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í millitíðinni eru einungis málfarslegar og ekki þess eðlis að senda þurfi frv. til umsagnar á ný ef ekki koma fram önnur og ný sjónarmið. Ég legg áherslu á að afgreiðslu málsins verði hraðað eftir föngum í ljósi þess sem ég hef áður nefnt og að lögtaka ákvæðis þessa frv. er hluti af okkar skuldbindingum gagnvart samningum um hið Evrópska efnahagssvæði en ítreka að öðru leyti að ég óska þess og veit að meðferð málsins í meðförum hv. umhvn. hlýtur að þurfa að verða vönduð og ítarleg en bið um að reynt verði að hraða henni eins og kostur er.

[16:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Frv. sama efnis og hér hefur verið mælt fyrir var til umfjöllunar á síðasta þingi, 119. löggjafarþingi, og ég ræddi um það við 1. umr. málsins 31. maí sl. og gerði verulegar athugasemdir við málið í almennu samhengi. Ég ætla ekki að endurtaka þau orð sem ég hafði við 1. umr. á síðasta þingi að öðru leyti en því að nefna að hér er verið að fjalla um eitt allra stærsta mál sem fyrir Alþingi Íslendinga hefur komið. Þá á ég bæði við efni þessa frv. og alveg sérstaklega bakgrunn þess, breytingarnar á erfðavísum og allt það sem það getur leitt til og þær spurningar sem hljóta að vakna þegar litið er yfir sviðið.

Þessu máli tengjast stórar grundvallarspurningar um það hvert halda skuli, hversu langt skuli ganga í þessum efnum, hvort maðurinn eigi að taka sér réttinn til þess að breyta stafrófi lífsins hjá lífverum í almennu samhengi, bæði hjá öðrum lífverum en manninum sjálfum en ekki síður hjá honum, hjá manninum sem tegund. Með þeirri rannsóknarvinnu og notum sem menn eru farnir að hafa af líftækni með erfðabreytingum er verið að leggja út á alveg nýja braut sem greinir sig mjög skýrt og ákveðið frá því sem við höfum kynnst og mannkynið hefur notað um margra kynslóða skeið í sambandi við kynbætur eins og við þekkjum þær. Þar eru menn ekki að fást við erfðabreytingar, breytingar á forskriftinni á eðli tegundarinnar og viðkomandi lífveru heldur eru menn þar að endurtaka undir stjórn ákveðið ferli sem á sér stað í náttúrunni, með hinum hefðbundnu kynbótum. Hér er alveg nýtt á ferðinni og það er ekki nema um það bil rösklega tveir áratugir frá því að fyrstu tilraunirnar í þessu efni voru framkvæmdar og kannski einn áratugur í viðbót eða frá því 1963 að menn öfluðu sér upplýsinga til þess að skilja gerð erfðavísa með uppgötvunum Watsons og Cricks sem fengu Nóbelsverðlaun ef ég man rétt fyrir það að greina frá og draga upp mynd erfðavísanna og samsetningu þeirra í einstökum atriðum.

Ég held að Alþingi þurfi eins og ég sagði á síðasta þingi að fara yfir þetta mál í allt öðru og víðara samhengi en lagt er upp af hæstv. ríkisstjórn með flutningi þessa máls. Ég er ekki þar með að segja að þau frumvörp sem hafa verið lögð fyrir séu ekki í ýmsum greinum góðra gjalda verð og eðlileg viðleitni miðað við stöðu mála í öðrum löndum en það er óhjákvæmilegt að þingið ræði um það hvert skuli halda í þessu máli og veita um það skýrari forskrift en er að finna í þessum frumvörpum því að hér er fyrst og fremst um tæknilega meðferð að ræða að því gefnu að haldið sé áfram að breyta erfðavísum í lífverum og nota þær í framleiðslusamhengi ýmiss konar að tilraunum loknum. Ég kem síðar aðeins betur að vissum þáttum sem snerta hið siðferðilega mat þessara mála sem ég tel vera eitt allra þýðingarmesta en ætla til þess að koma að öðrum ábendingum sem varða málið að geyma mér þá þætti þangað til síðar í ræðu minni.

Í frv. er að finna afar víðar reglugerðarheimildir. Þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir málinu 29. maí sl. á fyrra þingi var það kallað lagaframkvæmdareglugerðir um frekari útfærslu laganna. Nú er liðið nokkuð síðan þau orð voru mælt og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað líður undirbúningi þessara reglugerða og hvar er að finna stefnumörkunina sem snertir þær fjölmörgu reglugerðarheimildir sem er að finna í frv.? Ég tek mér ekki tíma til að fara í gegnum það allt saman.

Það er mjög víða og þó alveg sérstaklega víðtækt í 7. gr. frv. þar sem talin eru upp í einstökum liðum ein 14 atriði sem ætlast er til að settar verði reglugerðir um nánari framkvæmd þeirra. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að þingið fái við umfjöllun málsins upplýsingar um hvert framkvæmdarvaldið ætlar að stefna varðandi þessar reglugerðir. Í ákvæði til bráðabirgða með frv. er gert ráð fyrir því að það heimilað verði að gera lögin virk í rauninni áður en búið er að setja reglugerðirnar. Það verði sem sagt heimilt að uppfylla kvaðir EES-samningsins áður en búið er að setja reglugerðirnar hérlendis en það er auðvitað alveg nauðsynlegt að menn viti stefnuna í þeim málum. Ég inni hæstv. ráðherra eftir þessu og vænti þess að ráðherrann verði reiðubúinn til þess að kynna þingnefnd þær hugmyndir að setningu reglugerðar sem vikið er að í frv.

Ég er ekki með þessu að segja að það geti verið óeðlilegt að byggja á reglugerðarheimildum um ýmis atriði, það er langt frá því. En ég nefni að oft er gengið langt í reynd hérlendis að hafa í lögum óútfylltar ávísanir af þessum toga án þess að gerð sé grein fyrir því hver hugsunin sé á bak við væntanlega heimild því að oft er ekki neitt tekið fram í lagatextanum sjálfum og það á m.a. við í þessu frv. um það hvernig halda skuli á því.

Ég hef fyrir framan mig greinargerð sem varðar hliðstæða lagasetningu og hér er til umræðu frá norska Stórþinginu og norska umhverfisráðuneytinu. Þar er að finna stefnumörkunina í fjölmörgum atriðum varðandi þau atriði sem gert er ráð fyrir að fari inn í reglugerðir. Okkur er ekki vandara um að kalla eftir slíku og fá slíkt efni til skoðunar.

Ég nefni annað stórt atriði varðandi frv. Það er hið svokallaða áhættumat skv. 13. og 18. gr. Hvernig er hugmyndin að unnið sé að þessu áhættumati og hversu víðtækt á það að vera og hvernig á að meta það svokallaða áhættumat sem fram er reitt? Það er ástæða til þess að vísa til greinargerðar á bls. 13 um þetta efni þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Skiptar skoðanir eru á því hvort áhættugreining við notkun örvera og erfðabreyttra lífvera sé raunhæf. Reynsla manna bendir þó til þess að í flestum tilvikum sé hægt að nota svipað áhættumat og við notkun eiturefna og hættulegra efna. Segja má að áhættan við efnanotkun hvað snertir heilsu manna sé háð bæði eiturvirkni efnisins og styrkleika mengunar. Þannig getur áhættan verið jafnmikil fyrir mjög eitruð efni og lítið eitruð efni ef megnunin er samsvarandi mikil eða lítil. Slíkt áhættumat vegna notkunar erfðabreyttra lífvera er hægt að framkvæma. Það er þó ekki einfalt þar sem erfðabreyttar lífverur geta fjölgað og dreift sér þegar réttu skilyrðin eru fyrir hendi og eru þær þó í grundvallaratriðum frábrugðnar hinu „dauðu" eiturefnum."

Frábrugðnar hinum „dauðu" eiturefnum sem þó er verið að segja að hægt sé að hafa til hliðsjónar þegar áhætta er metin. Hér er stór eyða og stór þögn í því hvernig á þessu skuli haldið og lýsir auðvitað inn í þá algerlega óræðu framtíð sem varðar meðferð þessara mála ef áfram er haldið eins og víða er gert.

Virðulegi forseti. Annað atriði er markaðssetning erfðabreyttra lífvera hérlendis skv. VI. kafla frv. en þar er um að ræða samræmdar reglur á grundvelli innri markaðarins og ef ég man rétt með stoð í 100. gr. Rómarsamningsins og gildir um það tilskipun 90/220 EBE. Undanþáguákvæði er sett inn í viðkomandi lagagrein í VI. kafla. Þetta er 19. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að ráðherra geti bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær „ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi eða ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna án tafar öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu ákvörðun umhvrh. samkvæmt 2. mgr." Sem ég vitnaði til.

En hver er réttarstaðan? Hvað svo ef hæstv. umhvrh., hver sem hann er, neitar að opna fyrir dreifingu erfðabreyttra lífvera hérlendis í ákveðnum tilvikum, hver er þá réttarstaðan? Það er gert ráð fyrir að þetta fari fyrir sameiginlegu EES-nefndina og vissulega eru bókanir sem fylgja EES-samningnum um þetta efni. En ég bið hæstv. ráðherra um að greina okkur frá því hér: Heldur þetta að hans mati? Ég tek nefnilega eftir því að þó lítið sé um þetta fjallað í skýru máli í greinargerðinni, hvað þetta varðar eru skildar eftir ansi margar eyður, finnst mér, en á einum stað segir þó, ég held að það sé á bls. 12 í greinargerð, virðulegi forseti, „um stundarsakir". Þar standa orðin „um stundarsakir," sem vísa til þess að sá tími kann að renna upp að hæstv. umhvrh. Íslands verður að draga í land bann sitt og kann að verða ofurliði borinn, ef ég leyfi mér að spá í þessar eyður. En ég spyr hæstv. ráðherra, af því að hér er um eitt af þýðingarmeiri efnisatriðum frv. að ræða. Og auðvitað er síðan spurningin um stöðuna gagnvart dómi á þessum EES-ákvæðum og þeirri undanþágu sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Þá kem ég að aðstöðu Hollustuverndar ríkisins til að sinna því mjög víðtæka verkefni og kvöðum sem gert er ráð fyrir að stofnunin annist samkvæmt frv., þ.e. yfirumsjón með framkvæmd, leyfisveitingar og eftirlit auk þess sem gert er ráð fyrir því að í vissum tilvikum þurfi að stofna til sérstakrar rannsóknar. Og ég vil segja það, virðulegi forseti, án þess að fara langt út í það efni því að tíminn leyfir það ekki, að ég tel fjárhagslegt mat fjárlagaskrifstofunnar sem fylgir þessu frv. satt að segja vera með ólíkindum og fjarri öllu lagi. Ég er ekki að segja að þetta fái ekki staðist varðandi eitt eða tvö ár, en ef litið er til einhverrar framtíðar og þróunin verður svo hröð sem hún er á núverandi skeiði, þá held ég að menn fái talsvert að gera. Og ef menn ætla í raun að geta lagt sjálfstætt mat á það sem hér er á ferðinni, þá þurfum við eitthvað meira til en 3–5 millj. kr. á ári til að halda utan um efni þessara frv.

Síðan, virðulegi forseti, er það íhlutunarréttur almennings gagnvart þróun þessara mála, t.d. við leyfisveitingar. Mér finnst að íhlutunarrétti almennings sé allt of þröngur stakkur skorinn samkvæmt frv. Í 27. gr. er þó um þetta fjallað og ráðherrann getur ákveðið með reglugerð að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en leyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögum þessum er veitt. Ef umsókn er þess eðlis að leyfi fyrir starfsemi um erfðabreyttar lífverur getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni aðila er Hollustuvernd ríkisins heimilt að ákveða að efna til opinbers fundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Ákvörðun um að halda opinberan fund skal auglýsa sérstaklega. Hvernig heldur hæstv. ráðherra að það sé t.d. fyrir fólk í kjördæmi hans að sækja slíka fundi? Hver greiðir kostnað til að menn njóti þessa réttar? Það er ekki gert ráð fyrir almennum rétti til umsagna, til að koma að athugasemdum fyrir þegna landsins, þótt ráðherra geti heimilað að slíkt sé gert. Og ég spyr, hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra halda á þessu máli að því er veitir umsagnarrétt almennings? Ég velti því fyrir mér hvort ekki væri rétt að nota ákvæði laganna um mat á áhrifum á umhverfið, mat á umhverfisáhrifum sem sett voru

fyrir fáum árum, til þess að halda utan um mál af þessu tagi. Vissulega þarf að athuga það sérstaklega áður en breyting yrði gerð, en að því er varðar a.m.k. aðgengi almennings að slíku máli, þá er full þörf á því.

Um ábyrgð framkvæmdaaðila eftir slys sem verða kann vegna meðhöndlunar á erfðabreyttum lífverum, hvort sem það er lokað eða eftir dreifingu, er fjallað í 23. og 24. gr. frv. Um það vil ég segja, virðulegur forseti, að mér finnst það ekki nógu skýrt sem þar er að finna og ég spyr: Er ekki rétt að krefjast skyldutryggingar af framkvæmdaaðila í þessu samhengi, þ.e. þeim sem eru að gera tilraunir með erfðabreyttar lífverur eða standa fyrir því að þeim sé sleppt út í umhverfið? Er ekki eðlilegt að sá aðili þurfi að tryggja sig þannig að hægt sé að ganga að honum þó fyrirtækið hætti rekstri eða verði gjaldþrota?

Ég velti líka fyrir mér, virðulegur forseti, ákvæðum um trúnaðarskyldu samkvæmt 21. gr. Trúnaðarskylda getur auðvitað verið mjög eðlileg þegar verið er að fjalla um framleiðslu af ýmsu tagi og meðferð fjárhagslegra mála og er tíðkuð. En hversu langt á trúnaðarskylda að ná? Á hún að ná yfir það ef aðili sem er að fylgjast með þessum málum, eins og vikið er að í 21. gr., kemst að því að það sé komið út á grátt svæði, ég tala nú ekki um ef um er að ræða raunverulegt brot eða hættu á því að það verði farið út fyrir ramma laganna? Þetta finnst mér nauðsynlegt að athugað sé sérstaklega.

Virðulegur forseti, um það leyti sem ræðutíma mínum lýkur að þessu sinni er ég einmitt að nálgast það sem ég ætlaði mér að víkja að sérstaklega og tel þörf á að koma að og vænti að færi verði á hér á eftir. Þ.e. hvernig tökum við á hinum siðferðilegu álitaefnum sem tengjast þessu máli? En ég bið hæstv. ráðherra um að bregðast við fyrirspurnum mínum sem fram eru komnar og skýra það og þá gætum við kannski skipst á skoðunum um seinni þáttinn síðar í umræðum.

[16:39]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það hafa komið margar þarfar ábendingar frá hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, inn í þessa umræðu og reyndar einnig þegar við tókum mál þetta fyrir í vor. Auðvitað er þetta mál efnislega stórt og viðamikið. Ég hygg þó að það sé rétt sem kom fram hjá hv. þm. að því frv. sem hér er til umræðu sé fyrst og fremst ætlað að taka á ýmsum tæknilegum meðferðarþáttum sem þeir þurfa að glíma við sem þurfa að gæta málsmeðferðar allrar, þ.e. meðhöndlunar á erfðabreyttum lífverum í þeim tilrauna- og rannsóknastörfum sem nú þegar er að finna hjá okkur þótt það hafi reyndar komið fram í framsöguræðu minni áðan að það sé ekki í miklum mæli enn, en kann auðvitað að verða í framtíðinni í meiri og auknum mæli. Hér er fyrst og fremst verið að reyna að ná utan um þessa efnislegu þætti málsins og framkvæmdarþættina og auðvelda þeim stofnunum, fyrst og fremst Hollustuvernd ríkisins sem á að annast eftirlitið, að vinna sína eftirlitsvinnu.

Hv. þm. spurði nokkurra spurninga og ég verð að segja strax í upphafi að ég á ekki auðvelt með að svara þeim öllum. Það er auðvitað mál sem þarf að skoða í meðferð þingsins á málinu í hv. umhvn. En þó er ljóst, af því að hv. þm. spurði t.d. um reglugerðarsetningu, að það kemur fram bæði í frv. og greinargerð þess og framsöguræðu minni hér áðan að það er gert ráð fyrir víðtækri heimild til slíks og talið, af þeim sem um málið hafa fjallað við undirbúning þess, að það sé nauðsynlegt. Það er sjálfsagt einnig rétt sem fram kom í ræðu hv. þm. áðan og hefur auðvitað oft komið fram í ræðum hv. þingmanna að reglugerðarvaldið er kannski oft ótæpilega sett í hendur á framkvæmdarvaldinu, þ.e. það sé oft gefið mikið svigrúm til setningar reglugerða, en þær verða þó alla jafnan að miðast við það að þær séu ávallt innan lagarammans og styðjist við lögin sem heimila reglugerðarsetninguna. En þetta er ekki nýtt mál. Þetta hefur oft verið rætt úr þessum ræðustóli og hv. þingmenn velt því fyrir sér hversu langt eigi að ganga í þessum efnum. Ég hygg þó að eins og mál eru hér fram sett sé nauðsynlegt að það sé nokkuð rúmt og hér eru talin upp mörg atriði, einkum í 7. gr. sem hv. þm. vitnaði til. Ég veit að undirbúningur og vinna hefur farið fram af hálfu Hollustuverndarinnar að einhverju leyti í þessu sambandi. Ég hef það þó ekki tilgreint hjá mér sérstaklega um einstök efnisatriði, en tel sjálfsagt að verða við þeirri ósk hv. þm. sem á sæti í umhvn. Alþingis að það verði reynt að kynna eftir fremsta megni fyrir þingnefndinni þá vinnu sem þegar liggur fyrir og hvert stefnir í þeim undirbúningi.

Ég er þess þó fullviss, eins og einnig kom fram í framsöguræðu, að þar er mikil vinna óunnin og það hafa á undanförnum árum eða a.m.k. missirum verið lagðar miklar nýjar skyldur á herðar Hollustuverndar ríkisins og þeirra starfsmanna sem þar vinna með margs konar reglugerðarsetningu. Ég held að ég hafi einhvern tíma greint frá því hér áður í þessum ræðustól, hvort sem það var í umræðum um þetta frv. áður eða annað mál, að fyrir fáum árum hafði Hollustuvernd aðeins ein lög úr að vinna og samkvæmt þeim lögum höfðu verið settar þrjár eða fjórar reglugerðir. Nú munu reglugerðirnar, sem byggja meira og minna á samningum okkar við hið Evrópska efnahagssvæði, skipta tugum ef ekki hundruðum. Ég held að ég fari rétt með að þær reglugerðir sem þessi ágæta stofnun þarf að sýsla með séu nú á annað hundrað, svo margar eru tilskipanirnar og ákvæðin sem við þurfum að vinna eftir. Þannig að ég er þess fullviss, þótt ég hafi það ekki nákvæmlega fyrir framan mig, að það muni vera mikil vinna enn óunnin í þessu máli þó vel að undirbúningi hafi verið staðið. Og auðvitað er það ekki bara hjá Hollustuvernd ríkisins heldur einnig í umhvrn. sem að sjálfsögðu vinnur ásamt stofnuninni að framkvæmd og undirbúningi slíkra mála.

Hv. þm. ræddi síðan nokkuð um áhættumatið og spurninguna um það hversu öflugt vald ráðherrans væri til að taka á ákveðnum málum, banna eða takmarka hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera samkvæmt ákvæðum frv. þegar við erum á hinn bóginn vafalaust í þessum lögum eins og svo mörgum öðrum undir það sett að þurfa að lúta ákveðnum samningum sem við höfum gert eða uppfylla þau skilyrði sem fylgja samningum sem við höfum gert á alþjóðlegum vettvangi og þá einnig þeim eftirlitsstofnunum og ákvæðum sem samningarnir kveða á um. Ég nefndi í framsöguræðunni að þó við þyrftum að heimila hér markaðssetningu samkvæmt ákvæðum samningsins og gætum verið undir það seld, þá væri það þó svo að þessi lög og önnur íslensk lög sem kynnu að varða málið yrðu látin ráða. Við höfum þó auðvitað staðið frammi fyrir því í öðrum málum að við fáum athugasemdir frá eftirlitsstofnunum sem fylgjast með þeim samningum sem við höfum gert og höfum þurft að taka tillit til þeirra með því að breyta löggjöf okkar. Þá verður auðvitað að reyna á það þannig að ég hygg að á þessu stigi geti ég ekki svarað spurningu hv. þm. öðruvísi en textinn í frv. hljóðar upp á. Ráðherra er fengið þetta vald og við reynum að framkvæma samkvæmt íslenskri löggjöf. Ef

svo fer að íslensk stjórnvöld fá á sig kærur fyrir framkvæmd sem kann að brjóta í bága við þessa samninga þekkjum við þann feril. Það getur auðvitað þýtt það að við verðum að taka tillit til þess og sníða löggjöf okkar að því. Ég hygg að þetta sé þekktur ferill og hlutir sem við getum staðið frammi fyrir þegar svo háttar sem ég hef reynt að lýsa. En að sjálfsögðu mun ráðherra, hver svo sem hann er, og hvort sem það eru þessi lagafyrirmæli eða önnur, reyna að vinna samkvæmt þeirri íslensku löggjöf sem sett er á hinu háa Alþingi.

Íhlutununarréttur almennings var annar þáttur sem hv. þm. fjallaði um og hér er einnig kveðið á um. Auðvitað er það svo í löggjöf, ekki síst þeirri sem getur talist viðkvæm og varðar umhverfi hvers einasta einstaklings í landinu, að eðlilegt sé að gefa á einhvern hátt og á einhverju stigi möguleika á að koma í það minnsta fram athugasemdum og eftir atvikum, ef að mál eru þess eðlis, haft áhrif á gang ákvarðana. En hér er lögð fram ákveðin hugmynd eða tillaga að því og ég verð að gera þá játningu fyrir hv. þingheimi að ég hef ekki skoðað sérstaklega hvort hún er nægjanlega góð fyrir almenning til þess að hafa áhrif á mál eða hvort að við ættum að hafa einhverja aðra aðferð en kveðið er á um og ég er alveg tilbúinn til þess að ræða það og velta því fyrir mér.

Hv. þm. spurði mig m.a. um það hvernig ég héldi að kjósendum í Norðurlandi eystra gengi að koma til fundar til þess að hafa áhrif á gang mála ef Hollustuvernd ríkisins efndi til slíks opinbers fundar til þess að kynna stefnumál. Auðvitað má hugsa sér að Hollustuvernd ríkisins efni ekki bara til funda í Reykjavík, hún gæti gert það á Neskaupsstað og á Húsavík, eða á einhverjum öðrum stað á landinu, en án þess að vera nokkuð að hártoga það geri ég mér auðvitað grein fyrir því að slík fundahöld verða varla almenn á hinum smæstu stöðum úti um allt land. Hér þarf e.t.v. að hugsa sér einhverja aðra aðferð við kynningu á málum en hér er gert ráð fyrir. Um það er ég tilbúinn að ræða við hv. þm. og láta skoða í þeirri nefnd sem fjallar um málið.

Að lokum talaði hv. þm. um hvernig bregðast skyldi við ef slys bæru að höndum og hvernig ætti að tryggja rétt þeirra sem gætu orðið fyrir slíku tjóni. Ég hef ekki skoðað sérstaklega hvaða almenn trygging getur gilt í því efni um ábyrgð þess sem kann að valda slíku tjóni eða slysi, hvernig kveðið er á um slíkt. En mér finnst þó líklegt að sá sem verður fyrir tjóni eða slysi af hálfu opinberra aðila, aðgerða stjórnvalda eða þeirra aðila sem að vinna í umboði opinberra aðila, eigi rétt til þess að leita bótaréttar vegna tjóna sem hann kann að verða fyrir. En á að krefjast sérstakra tryggginga og sérstaks tryggingaforms í þeim ákveðnu tilvikum varðandi notkun á þeim erfðabreyttu lífverum sem hér er verið að ræða um eða vörum sem innihalda þær? Mér finnst sjálfsagt að skoða skyldutryggingar en ég ímynda mér þó að það hljóti að vera einhver almennur réttur sem gildir í þessu efni. Ég verð að segja eins og stundum áður að ég er ekki lögfróður maður og veit þess vegna ekki gjörla hvernig hinum almenna rétti er háttað í því efni en ég ímynda mér að hann hljóti að vera fyrir hendi og vonandi nægilega sterkur svo hægt sé að treysta á hann í þessu efni.

Hv. þm. nefndi áðan í ræðu sinni hve langt skyldi ganga í trúnaðarskyldu. Það leit ég á að væri fremur vangaveltur af hálfu hv. þm. en að hann væri beinlínis að spyrja mig út í það mál sérstaklega. En þó er auðvitað svo að varðandi þau mál, sem er verið að fjalla um, hljóta að geta komið upp margvísleg viðkvæm mál sem eru þess eðlis að það þarf að gæta mikils trúnaðar og gæta þess að minnsta kosti að upplýsingar um þau fari ekki víðar en nauðsynlegt er talið til þess að hægt sé að framfylgja eftirlitsskyldunni sem þeim stofnunum er ætlað að gera sem það verkefni fá. Þess vegna er sagt hér að skylt sé að gefa Hollustuvernd ríkisins og öðrum opinberum eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar án tillits til trúnaðarskyldu. Mér finnst nauðsynlegt og rétt hjá hv. þm. að vekja athygli á þessu og vafalaust geta komið upp ýmis mál sem eru þess eðlis að þau þurfa sérstaks trúnaðar við.

Hæstv. forseti. Tími minn er reyndar hlaupinn en ég held að ég hafi reynt að fara yfir þá efnisþætti og þau atriði sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni. Mér er fyllilega ljóst að ég hef ekki svarað öllum þeim spurningum tæmandi og auðvitað vísað til nefndastarfsins og þess að umhvrn. og starfsmenn þess og starfsmenn Hollustuverndar ríkisins, þeirra stofnana sem þurfa að fjalla um málið, munu að sjálfsögðu verða fúsir til og verða tilbúnir til þess að veita nefndinni allar upplýsingar og aðstoð í störfum.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég valdi þann kost að geyma mér til síðari ræðu það atriði sem skiptir ekki minnstu máli í sambandi við það frv. sem er til umræðu, þ.e. hinn siðferðilega þátt málsins sem ég tel í rauninni vera aðalatriðið sem við þurfum að velta fyrir okkur á þessu stigi máls og þó fyrr hefði verið.

Virðulegi forseti og hæstv. ráðherra. Er það svo að það eigi að láta nægja þá almennu ábendingu sem er að finna í greinargerð með þessu frv. um þá stóru spurningu: Á að halda því opnu, þ.e. án takmarkana og án þess að menn spyrji grundvallarspurninga, að fikta við stafróf lífsins eins og hér er opnað fyrir og þegar er tíðkað í býsna ríkum mæli og í æ ríkari mæli víða um lönd, um iðnvædda hluta heimsins?

Virðulegi forseti. Á bls. 9 segir: „Rétt er að geta þess að í þeim starfshópi sem lagði lokahönd á frv. var ekki, frekar en í fyrri nefndinni, tekið sérstaklega á siðferðilegum álitaefnum sem geta komið upp vegna starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Slík tilvik verður að vega og meta hverju sinni þegar þau koma upp með þær reglur að bakhjarli sem þetta frv. hefur að geyma."

Ég tel aldeilis ófullnægjandi að ætla að ganga fram hjá þessum grundvallarþáttum með þeim aðferðum sem hér er vísað til. Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að inn í markmiðskafla frumvarpsins verði það tekið sem sérstakt viðfangsefni ásamt öðru sem þar er upp talið að fjalla um hin siðferðilegu álitamál og það verði tryggt að við meðferð málsins í reynd verði haft auga á þeim efnum, ekki síður og raunar kannski enn frekar en öðrum þáttum, þ.e. í röðun athugunar hverju sinni, og þá sýnist mér án þess að hafa núna beina tillögu um það fram að færa að eðlilegt væri að sú ráðgjafanefnd sem á að setja á fót skv. 6. gr. frv. fái einnig það verkefni að fjalla um hin siðferðilegu álitamál og að í hana verði ekki bara skipaðir eins og hér menn með sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Hverjir eru það? Eru ekki býsna margir sem þurfa að koma að máli sem þessu? Og þá ekki síður þeir sem að hafa lagt fyrir sig siðferðileg málefni, þ.e. að fjalla um þau en einnig fulltrúar þeirra sem eru ekki sérstaklega lærðir á því sviði, fulltrúar almennings. Ég nefni í þessu sambandi, svo dæmi sé tekið sem hefur tekið á þessum þætti sem er settur út undan hér, að í Noregi starfar sérstök líftækninefnd, Bioteknologinemnden, með ekki færri en 23 fulltrúa innan borðs. Ég er ekki að gera tillögu um að

í nefndinni hér verði sá fjöldi manna. Það yrði að athuga. En það sýnir hvernig Norðmenn meta þessi efni sem hafa varið miklum tíma á þingi sínu og í almennri umræðu í þjóðfélaginu að ræða þessi mál en varla heyrist minnst á hér á landi. Ég var ekki var við að fjölmiðlar ræddu það mikið í tengslum við þau frv. sem voru lögð fyrir á 119. þingi, þau efni sem eru á ferðinni í reynd, þau stóru álitamál sem tengjast þessu og væri sannarlega þörf á að þar yrði úr bætt. Ég er því með þá hugmynd sem ég mun fjalla um í þingnefnd sem ég á sæti í og fær þetta mál væntanlega til umfjöllunar að inn í I. kaflann verði tekin ákvæði sem kveði á um að tekið skuli tillit til siðrænna mælikvarða, siðrænna þátta við framkvæmd laganna. Ég tel að það sé ekki eftir neinu að bíða að taka þessi grundvallaratriði til umræðu og lögfesta það í tengslum við þetta frv. Eftir hverju er að bíða þegar við tökum okkur loks til og ætlum okkur að setja lög um þessi mikilvægu efni? Í norsku lögunum, svo að ég leyfi mér að vitna til hliðstæðrar löggjafar í Noregi, þá er 1. gr. í mjög lauslegri þýðingu svohljóðandi:

„Lög þessi hafa að markmiði að tryggja að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun og án þess að hætta verði á tjóni fyrir heilsu og umhverfi."

Þetta er 1. gr. hinna norsku laga sem hafa að geyma marga aðra efnisþætti hliðstætt því sem er að finna í þessu frv., enda til orðin með ekki ósvipuðum hætti þar. Ég vil nefna, virðulegur forseti, að þingnefndin sem fjallaði um frv. á sínum tíma, umhverfis- og félagsmálanefnd Stórþingsins, var sammála um það og setti það inn í sameiginlegt nefndarálit að ríkulegt tillit yrði tekið til þessara mála og fjallaði í sinni forskrift einmitt nánar um þau atriði sem kveðið er á um í 1. gr. laganna. Ég vænti þess sannarlega að hæstv. ráðherra taki undir það og þætti vænt um að hann segði okkur að á þessum málum verði tekið hér við frekari málsmeðferð í þinginu þannig að við skiljum ekki eftir þessa hrópandi eyðu að því er varðar grundvallarþátt málsins.

Það er ekki svo, virðulegur forseti, að þessi mál hafi ekki verið til umræðu. Þau hafa verið til mikillar umræðu í nágrannalöndum okkar og í hópum milli Norðurlandanna sem ég vitnaði hér til á sl. vori, bæði greinargerð og skýrslna. Hér er yfirlit að finna í riti nr. 604/1993, í norrænum vinnuskýrslum sem heita „Gentekniskt modificerade organismer, etiska och juridiska debatter i Norden", þ.e. erfðabreyttar lífverur, siðfræðileg og lögfræðileg umræða á Norðurlöndum, þar sem fjallað er um þessi efni.

Þetta er ekki neitt sem er fjarri okkur. Það mátti næstum skilja á hæstv. ráðherra að þetta væri svo sem ekki neitt. Það er alveg rétt, það hefur ekki mikið verið unnið á þessu sviði hérlendis nema í sambandi við örverur. En það er allt á fullri ferð í þessum efnum og innan Evrópuþingsins gerðust þau stóru tíðindi á þessu ári að þingið hafnaði öðru sinni tillögu ráðherraráðs Evrópusambandsins varðandi einkaleyfi á erfðabreyttum lífverum í mjög umtalaðri atkvæðagreiðslu þar sem henni var vísað frá í því formi sem hún lá fyrir og hafði þó verið reynt að breyta henni samkvæmt óskum þingsins. En það nægði ekki. Tillagan féll í Evrópuþinginu og óvíst að hún verði tekin upp í bráð, a.m.k. ekki í sama formi.

Ég vil geta þess að í Noregi er mikil umræða tengd einstakri útsetningu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera á grundvelli þessara reglna sem hér er verið að draga upp, nú síðast í sambandi við tiltekna maísblöndu sem er erfðabreytt og hefur þann eiginleika að þola ásókn skordýra og gefur frá sér eitur sem þau ekki þola. Ég veit ekki betur en þessu hafi verið hafnað í Noregi og fjórum af fimm tillögum varðandi dreifingu erfðabreyttra lífvera þar hafi verið vísað frá eða a.m.k. slegnir sterkir varnaglar.

Virðulegur forseti. Ég vona að þessi orð sem ég hef mælt um þetta efni verði til umhugsunar og er þó margt út undan, ekki síst, virðulegur forseti, það stóra svið sem tengist fiktinu með erfðavísa mannsins og engin lög og engar reglur eru um hérlendis og ætti að vera mönnum býsna nærtækt. Ég er hér með bandarískt rit útgefið á síðasta ári sem dregur upp álitaefnin eins og búið er að fara yfir þau þar í landi og það vekur sannarlega miklar spurningar að fara í gegnum það mat á erfðafræðilegri áhættu og er fyrst og fremst um inngripin í mannlegt líf sem snertir þetta svið.

[17:06]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja til þess að útiloka allan misskilning að svar mitt við fyrri ræðu hv. þm. bar ekki að skilja sem svo að þetta mál sem hér er til umræðu sé svo sem ekki neitt. Ég held að ég hafi sagt að það hafi lítið reynt á þessi mál hjá okkur enn þá og það sé ekki mikil starfsemi í gangi á tilraunastofum okkar eða í rannsóknum og atvinnulífi varðandi meðferð á erfðabreyttum lífverum. En ég held að ég hafi líka sagt að það mætti búast við því að það færi vaxandi á næstu árum ef við höldum áfram að vinna rannsóknarverkefni og getum rekið öfluga starfsemi á því sviði sem ég vona sannarlega að verði. Ég vil að það sé alveg skýrt að það var aldrei ætlunin að gera lítið úr málinu.

Ég sagði hins vegar að í þessu frv. væri kannski fyrst og fremst tekið á þeim tæknilegu atriðum sem varða eftirlitsþáttinn og hvernig mögulegt er að gera þeim stofnunum og þeim aðilum af hálfu stjórnvalda sem eiga að fylgjast með eftirliti fært að framkvæma það. Það er kannski megintónninn í frv. og það er það sem hv. þm. gagnrýnir að sé ekki nægjanlegt. Það þurfi að taka á málinu víðtækar og koma þá frekar að siðferðilega þættinum.

Ég tek undir það með hv. þm. og gerði það líka í umræðunum í vor að það er auðvitað stórt, siðferðilegt mál hvernig þessi mál þróast, hvernig áhrif mannskepnan með þekkingu sinni og tækni getur haft á framþróun — ég held að hv. þm. hafi sagt stafrófs lífsins. Það má taka undir það með honum að allt er þetta hugsanlegt og við vitum að margvísleg tækni er nú þegar fyrir hendi á því sviði. Það er því full ástæða til að fara fram með varúð og aðgát.

Hv. þm. bendir á að Norðmenn hafi fjallað um þetta með nokkuð öðrum hætti en við, hvort sem það á heima í þessu frv. eða ekki. Ég hef ekki skoðað það sérstaklega en ég vonast til að þeir embættismenn ráðuneytis og stofnana sem unnið hafa að málinu hafi litið til þess hvernig að þeim málum er staðið í kringum okkur. Og það kemur fram í greinargerð og kom fram í framsöguræðu minni áðan að málið byggir að verulegu leyti á því hvernig aðrar löggjafarsamkomur í nágrannalöndum hafa tekið á málinu, en þá er trúlega fyrst og fremst átt við eftirlitsþáttinn. Ég get tekið undir með hv. þm. að þetta er ekkert lítill hluti af þessu máli í heild sinni, spurningin er bara hvar það á heima. Á það heima í þessari löggjöf eða með eftirlitsatriðunum sem við erum fyrst og fremst að reyna að taka á eða fjalla um? Eða er þetta mál sem á að taka fyrir í víðara samhengi? Og þá vil ég t.d. nefna að ýmislegt sem gerist á því sviði heyrir

vafalaust undir heilbrigðismál. Nærtækt dæmi hjá okkur í því efni er tæknifrjóvgun og slíkir hlutir, en þar hafa Íslendingar nýlega haslað sér völl. Slíkt vekur líka siðfræðilegar spurningar. Þá er auðvitað líka spurning hvort þetta heyrir ekki á vissan hátt undir dómsmrn. og dómsmálayfirvöld án þess að ég sé nokkuð á þessu stigi að vísa því frá að málið þurfi að flytja í samhengi með því frv. sem hér er lagt fram og er flutt af umhverfisyfirvöldum og fjallar um eftirlitsþátt þeirra. En á einhverju stigi eða sviði þurfum við að taka þessa umræðu. Hún hefur, eins og hv. þm. benti á, verið öflug í nágrannalöndunum og hefur reyndar verið nokkur hér á landi líka en kannski frekar í tengslum við ýmsa þætti á sviði heilbrigðismála eins og ég nefndi áðan.

Hv. þm. spurði hvort ráðherra teldi ekki að þetta væri mál sem yrði að fjalla um í samhengi við önnur mál. Ég get vel tekið undir það og tel að það séu mörg siðfræðileg mál sem þessu tengjast. En ég velti því fyrir mér hvernig og hvenær löggjafinn á að taka á þeim málum sérstaklega.

[17:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögð hans og svör hans við máli mínu. Þótt hann skrifaði e.t.v. ekki upp á allt sem ég var að segja, enda fór ég ekki fram á það, leitaðist hann við að svara fyrirspurnum mínum. Ég vil ítreka það í andsvari, virðulegur forseti, að ég tel ekki eftir neinu að bíða og það megi ekki horfa fram hjá þessum siðferðilega þætti og festa í lög leikreglur varðandi erfðabreyttar lífverur án þess að siðferðilegi þátturinn sé samofinn þeirri löggjöf og hluti af henni og hluti af því ferli sem á að fara fram samkvæmt lögunum. Því aðeins kemur það að þeim notum sem við getum væntanlega verið sammála um að þurfi að verða af slíkri umræðu. Það gildir nákvæmlega eins um það þegar sett verða lög sem snerta meðferð á stafrófi tegundarinnar maður sem þegar er farið að fitla við í allríkum og sívaxandi mæli með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þróun mannsins og stöðu á jörðinni eins og reyndar allt þetta sem varðar erfðabreytingar á lífverum. Auðvitað verður einnig að samþætta siðferðilega umfjöllun þeirri málsmeðferð og ég vona að við getum afgreitt þessi mál, lögfest í góðri sátt á Alþingi, því auðvitað er þörf á reglum á sviði sem er í reynd í fullum gangi, en þá lítum við yfir sviðið allt og tökum þennan þátt inn í löggjöf okkar.

[17:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt andsvar vegna ummæla hv. þm. Hann álítur að það sé nauðsynlegt að taka siðferðilega þáttinn til umræðu í samhengi við það frv. sem hér er til umfjöllunar og efnisatriði þess og það tel ég líka eðlilegt. Ég lýsi því yfir að ég er því fylgjandi að hv. umhvn. taki til skoðunar þau lög sem nágrannaþjóðir okkar hafa sett um þetta sama mál og fari yfir þau, beri þau saman og velti því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé með tilliti til þess frumvarps sem fyrir liggur að líta til löggjafarinnar í kringum okkur og á hvaða forsendum hún er þá öðruvísi en okkar löggjöf og hvaða atriði eru það sem þyrfti að taka með inn í þá umræðu. Ég held því sjónarmiði áfram vakandi að það geti verið með öðrum hætti eða í annarri löggjöf þar sem þessum álitamálum sé svarað en ég hygg að það sé rétt að íslenski löggjafinn, Alþingi, komi sér ekkert undan því til lengdar að fjalla um þau mál.

Ein setning sem hv. þm. vitnaði til, með leyfi forseta, fjallar um siðferðileg álitaefni: „Slík tilvik verður að vega og meta hverju sinni þegar þau koma upp með þær reglur að bakhjarli sem þetta frv. hefur að geyma." Ég hygg að það sé nokkuð þröngt að segja bara þetta. Það getur vel verið nauðsynlegt og rétt að slík tilvik verði að vega og meta hverju sinni þegar þau koma upp og fjalla um þau sérstaklega og hvernig við á að bregðast. En það þarf e.t.v. að leita sér að bakhjarli í öðrum reglum og öðru frv. en því sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðsla, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 93. mál (innfluttar plöntutegundir o.fl.). — Þskj. 95.

[17:17]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum. Hliðstætt mál var flutt á síðasta þingi af þeim sem hér talar og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og var þá vísað til nefndar en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt öðru sinni. Nú eru flutningsmenn málsins með mér hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Frv. þetta, um breytingu á lögum um landgræðslu, snertir aðallega notkun innfluttra plantna í landgræðslu og hvernig með skuli farið. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er um nýmæli að ræða. Markmiðið með frv. er að reynt verði að tryggja að notkun innfluttra plantna til landgræðslu falli að stefnu um gróðurvernd og að alþjóðlegum skuldbindingum að verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar málum má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum landsins sem eru þó ekki háðar einkaeignarrétti.

Ég nefndi hér samninginn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni sem gerður var endanlega í Rio de Janeiro og byrjaði að safna undirskriftum undir hann þá og Ísland var með fyrstu ríkjum sem staðfesti samninginn. Þar er að finna mörg atriði sem snerta með beinum eða óbeinum hætti það efni sem er fjallað í um þessu frv. eins og það sem segir í 8. gr. þessa samnings, með leyfi forseta:

„Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær."

Ég vænti að þetta sýni með ljóslega að í þessum alþjóðasamningi er beinlínis fjallað um atriði sem varða þetta frv.

Við flm. höfum tekið inn fskj. með þessu frv., álit sérstaks starfshóps, sem stofnað var til að frumkvæði fyrri ríkisstjórnar, varðandi landbúnað og ég átti sæti í ásamt fleiri alþingismönnum sem til voru kvaddir en formaður þessa starfshóps var starfsmaður í landbrn., Sveinbjörn Eyjólfsson. Í þessum hópi störfuðu 19 einstaklingar úr ýmsum áttum í samfélaginu, margir sérfróðir en einnig fulltrúar almannavalds. Í þessum starfshópi tókst ágæt samstaða um málsmeðferð varðandi ýmis þau álitaefni sem hafa verið mikið til umræðu og fólk hefur talsvert greint á um ef marka

má hina opinberu umræðu í samfélaginu undanfarin ár. Ég tel að í álitsgerð starfshópsins um þessi efni sé að finna mjög verðmæta leiðbeiningu um það hvernig eðlilegt sé að fara með þessi efni og ég hef leyft mér að færa í búning ásamt öðrum hv. flm. ýmis efni sem þar er vikið að. Ég ætla ekki að fara að lesa fskj. í heild sinni en ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna til álitsgerðar þar sem segir frá þessum starfshópi stjórnvalda:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits- og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Og það segir einnig svo að vitnað sé öðru sinni í tillögur starfshópsins sem voru samhljóða: „Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Í þessum frumvarpsgreinum er markaður farvegur fyrir það hvernig á skuli haldið. Bæði er víkkuð tilgangsgrein laganna í 1. gr. en síðan í öðrum greinum vikið að því hverjir skulu um fjalla áður en tegundir eru teknar til nota í landgræðslu og þá þannig að menn séu nokkuð vissir um að ekki sé verið að hætta til út frá þeim mælikvörðum sem samstaða er um að draga.

Í greinargerð með frv. er vikið að reynslunni erlendis í þessum efnum og hún er víða þess efnis að fyllsta ástæða er fyrir okkur Íslendinga til að fara yfir þau efni og sækja okkur reynslu erlendis frá til viðbótar við þau viðfangsefni sem hér er verið að fást við nú þegar og snerta þetta efni. Það eru nefnd mörg þekkt dæmi í greinargerð um tegundir sem menn hafa algerlega misst stjórn á og sem valda því að gróðurlendum sem fyrir voru hefur verið raskað stórfellt þannig að við lítt verður ráðið í þeim efnum og menn sjá eftir á að betur hefði verið hægar farið í sakirnar eða ekki lagt upp. Við höfum alveg hliðstæður í dýraríkinu þó að ég sé ekki að setja það á sama bás því að það er annars eðlis hvernig dreifingunni er háttað en þó er það í raun alveg sama. Þar höfum við Íslendingar heldur betur brennt okkur í sambandi við það að missa laus dýr úr búrum sem eru orðin skaðvaldur að flestra mati í lífríki landsins og a.m.k. er varið stórum upphæðum til að stemma stigu við fjölgun og þar er ég með minkinn í huga sem dæmi. Þetta gildir almennt um lífverur og tengist því frv. sem við vorum að ræða áðan þar sem við enn nýjan vanda er að fást í þessum efnum og kannski miklu stærri en varðar hinar náttúrulegu tegundir því að eitt af því sem rætt er í sambandi við erfðabreyttar lífverur er að þar komi til lífverur sem menn ráða ekkert við þar sem ekki eru lengur til náttúrulegir óvinir eins og kallað er, þ.e. önnur dýr eða aðrar lífverur sem halda þeim í skefjum í líffræðilegu samhengi og menn missa stjórnina á þessu. Ég veit ekki betur en þetta sé viðfangsefni kvikmyndaiðnaðarins í ýmsum greinum hvernig slíkt geti gerst en það eru hugmyndir sem eru engar fjarstæðuhugmyndir heldur gætu orðið veruleiki morgundagsins fyrr en varir.

Virðulegi forseti. Hér er sérstakt ákvæði til bráðabirgða um að endurskoða lögin um gróðurvernd og landgræðslu í heild sinni og hvatt til þess að það verði gert og talin upp fjölmörg atriði sem varðar þetta efni. Það er hins vegar það stórt verkefni og mun taka tíma að við flm. þessa frv. töldum rétt að fara yfir þetta svið sérstaklega og gera tillögur um það þannig að hægt sé að bregðast við og meta af hv. Alþingi hvort ekki sé rétt að lögfesta ákvæði í þá veru sem hér er lagt til til þess að taka á þeim efnum sem þar er um að ræða. Ég held hins vegar að það sé afar brýnt verkefni og gott ef ekki hafa einhver orð fallið um það af framkvæmdarvaldinu nýlega að þörf væri á að endurskoða lögin um gróðurvernd og landgræðslu frá 1965 því að satt að segja er sú löggjöf orðinn forngripur miðað við þróun mála. Meðferð þessara mála er því miður að mörgu leyti langt frá því að vera í samræmi við nútímaleg viðhorf í vistfræði. Þetta gildir raunar einnig um löggjöfina um skógrækt sem margt mætti um segja þar sem þyrfti að taka betra tillit til víðtækra viðhorfa, sem hafa rutt sér til rúms, og er þá langt frá því að verið sé að kasta nokkurri rýrð á málaflokkinn heldur fyrst og fremst hvernig á er haldið.

Ég veit að í hv. landbn. sem fékk þetta mál til umfjöllunar á síðasta þingi var leitað umsagna um málið en það komst það ekki áfram svo sem óskir okkar flutningsmanna þá stóðu til. Ég ætla ekki að nýta mér allan rétt sem frsm. málsins að fjalla um það í miklu lengra máli vegna þess að það er öðru sinni sem málið kemur fyrir þingið nema þá sérstakt tilefni verði til við umræðuna. Það er ósk mín að hv. landbn., sem ég geri áfram tillögu um að taki við málinu vegna þess að viðkomandi löggjöf heyrir undir landbrh., þá er það eindregin ósk mín að umhvn. þingsins fái málið einnig til umfjöllunar og veiti um það álit því að einmitt þau efni sem hér eru til umræðu og gróðurverndarþátturinn almennt heyrir undir umhvrn. ásamt landbrn. samkvæmt lögum um náttúruvernd sem var breytt þegar umhvrn. var sett á stofn 1990 varð um það samkomulag að samþætta þessi efni.

Mér eru nokkur vonbrigði að í reynd hefur ekki verið málafylgja milli þessara ráðuneyta eins og skyldi á þessu sviði til þess að bæði endurskoða löggjöf og finna betri farveg fyrir meðferð ýmissa mála sem er eðlilegt að greina á milli og falli annars vegar undir umhvrn. og hins vegar undir ráðuneyti landbúnaðarmála. Enda þótt ég hafi mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig hægt væri að skipta þar reitunum svo vel færi út frá rökrænu samhengi ætla ég ekki að fara út í það. Það er í rauninni önnur umræða sem þyrfti að fara fram og kannski hrindi ég henni af stað einhvern tíma með málatilbúnaði á Alþingi fyrr en seinna, mér er satt að segja í huga að hreyfa þeim efnum. En ég vil hvetja núv. hæstv. ráðherra þessara mála, umhverfismála og landbúnaðarmála, til þess að líta til þessara þátta alveg sérstaklega og ættu að vera hæg heimatökin að þessu sinni eins og verkum er skipt í Stjórnarráðinu að yfir sé farið. Virðulegur forseti. Í því samhengi vil ég segja það að einmitt vegna þess að svo óvenjulega stendur á að sami hæstv. ráðherra gegnir þessum ráðuneytum ætti að vera lag til þess að fara yfir sviðið og greina þarna sundur, markað farveg um eðlilegri málafylgju en er nú í stjórnkerfinu að þessu leyti. Ég treysti hæstv. núv. landbrh. og ráðherra umhverfismála alveg til þess að eiga

þau eintöl sálarinnar og kalla kannski einhverja til til að fara yfir málin að þessu leyti og væri það vel ef úr yrði bætt áður en langt um líður. Ég vænti sem sagt, virðulegur forseti, að að lokinni umræðunni fari málið til hæstv. landbn. eins og á síðasta þingi en með þeirri ósk af hálfu flm. að umhvn. þingsins fái að fjalla um málið og veita umsögn um það til hv. landbn.

[17:32]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um landgræðslu. Ég lít svo á að þetta frv. taki á málum sem tímabært er að taka á og nálgist þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við landgræðslu og þá einnig t.d. skógrækt með þeim hætti sem æskilegur er þó að ég hafi vissar efasemdir um efnislegt innihald þessa frv. Ég er þeirrar skoðunar að tímabært sé að taka lögin um landgræðslu til heildarendurskoðunar og ég tel að æskilegt væri að sú heildarendurskoðun mundi leiða til þess að landgræðslustarfið fæli í sér nákvæmari áætlanagerð og rannsóknir á því hvaða árangri við getum náð með landgræðsluaðgerðum heldur en nú er.

Það er hins vegar svo þegar við lítum á þetta frv., sem er ekki ýkja mikið í blaðsíðum talið en býsna atkvæðamikið efnislega séð, að rétt er að við skoðum hvaða hugmyndir eru þar lagðar fram og það er rétt að við hugleiðum einnig hvort Ísland njóti einhverrar sérstöðu að því er varðar landgræðslumál.

Nú er það svo að íslenskt vistkerfi hefur orðið oftar en einu sinni fyrir verulegum áföllum og nefni ég þar sérstaklega ísaldarskeiðin sem urðu til þess að fækka hér tegundum stórlega. Hér uxu áður tegundir eins og ölur og furutré sem þrifust í samræmi við þær náttúrulegu aðstæður sem þá voru og voru a.m.k. á tímabili ekki svo ólíkar þeim náttúrulegu veðurfarsaðstæðum sem við búum nú við. Eftir að ísaldarskeiðin höfðu grisjað íslenskan gróður sá einangrun landsins um að halda þessum gróðri í þeim fábreytileika sem náttúran hafði komið sér upp. Þeim líffræðilega fábreytileika sem ísaldarskeiðin höfðu skapað sér. Þegar þar við bættist eftir landnám Íslands að aldalöng ofnýting jarðargróðans, ekki síst afréttarlanda, leiddi til þess að veruleg breyting varð á gróðurfari landsins er ljóst að í heild er ekki hægt að tala um íslenskt gróðurkerfi sem óraskað heldur sem gróðurkerfi sem orðið hefur fyrir verulegri röskun, bæði af náttúrulegum ástæðum og af mannavöldum. Einnig verður að taka fram að vegna einangrunar landsins hefur náttúran sjálf ekki megnað að bæta Íslandi upp þessa gróðurrýrnun með náttúrulegum aðferðum. Maðurinn er að sjálfsögðu hluti af náttúrunni en það er alla vega ekki íslensk málvenja að telja það náttúrulega gróðurútbreiðslu þegar Hákon Bjarnason heitinn flutti hingað lúpínufræ eða lerkiplöntur erlendis frá.

Íslenska vistkerfið er jaðarsvæði og það er einangrað jaðarsvæði. Þar er lífríkið viðkvæmara fyrir áföllum en ella. Annars staðar í heiminum eru þessi jaðarsvæði þannig að náttúran bætir oft upp þau áföll sem orðið hafa. Það er t.d. svo ef ég tek dæmi sem ég kynntist fyrir nokkru að umhleypingar að vetri til á skógarsvæðunum í kringum Calgary í Kanada ollu því að talsverður hluti af öspinni sem þar vex eyðilagðist. Þetta svæði er hins vegar ekki náttúrufræðilega einangrað og þeir stofnar sem vaxa á hinu mikla meginlandi Norður-Ameríku sjá um það á náttúrulegan hátt að bæta þetta upp fyrir utan það að mannshöndin getur líka gert þarna talsvert. Hér á Íslandi er þessu ekki þannig varið. Náttúruleg einangrun okkar er það mikil að þegar íslenskt vistkerfi verður fyrir áföllum er það oft varanlegt áfall. Af þessum sökum hygg ég að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að líta svo á að landgræðsla og skógrækt lúti hér nokkuð sérstökum lögmálum. Ég held að það sé skynsamlegt af okkur að búa okkur til okkar eigin hugmyndafræði að því er þetta varðar.

Við megum ekki gerast of íhaldssöm að því er varðar tilraun til þess að auka á fjölbreytileika íslensks gróðurríkis. Það er ljóst hvort sem við grípum til markvissra aðgerða til þess að auka íslenskt gróðurlendi eða jafnvel grípum til friðunarráðstafana geta ráðstafanirnar hvort tveggja leitt til þess að ákveðnar tegundir af jurtum þrífast betur en áður en aðrar tegundir af jurtum þrífast verr. Ef við tökum dæmi er það almennt nú viðurkennt að eftir aldalanga ofnýtingu á landinu og ofbeit hefur birki látið undan síga en í staðinn hefur fjalldrapi og blandað birki, birki sem er eiginlega erfðablanda milli fjalldrapa og birkis, náð að breiða sig út mun víðar en það mun hafa verið áður. Ef við mundum ná verulegum áföngum í því að friða landið, ekki síst með það fyrir augum að birki næði sér á strik aftur og mundum jafnvel beita vísindalegum aðferðum til að hreinrækta íslenskt birki og planta því sem víðast, mundum við breyta með þessum hætti stórum hluta af gróðurlendi Íslands. Við mundum breyta því gróðurlendi sem fyrir væri. Á mjög stórum og víðáttumiklum gróðurlendum á Íslandi er gróðurinn afleiðing ofbeitar. Þar sem áður var mun meira gróðurlendi, þar sem trjágróður var mun meiri áður, hafa rutt sér til rúms þær tegundir sem þrífast þar sem skógurinn hverfur. Eigum við þá að standa vörð um þetta gróðurlendi sem við höfum þannig búið til með ofbeit og ofnýtingu?

Á svæði kringum Røros í Noregi var skóg eytt gersamlega á 19. öld í sambandi við námagröft. Þar er núna að sjá eiginlega öll stig gróðureyðingar en jafnframt mörg stig uppgræðslu því að þar hefur gróðurverndarstarf verið rekið í marga áratugi. Þegar maður ræðir við skógfræðing á þessu svæði heyrir maður að gróðursamfélagið á þeim hlutum svæðanna í kringum Røros þar sem eyðilegging skóganna gekk lengst er allt annað en þar sem skógurinn hefur fengið að ráða sér sjálfur. Mörgum tegundum hefur þar verið útrýmt. Skógurinn hefur að sjálfsögðu útrýmt öðrum tegundum. Sumar tegundir nýta sér nálægð skógarins og þrífast þar vel. Það vekur því spurningar um það þegar við beitum okkur fyrir því að standa vörð um náttúrulegan gróður landsins hvað við köllum náttúruvernd og hvað við ætlum að standa vörð um. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram vegna þess að um þetta er ekki sérstaklega fjallað í greinargerðinni og hefði þó verið full þörf á því að hafa nokkra umfjöllun um þetta atriði enda þótt sú umfjöllun sé vafalaust erfið, flókin og vandmeðfarin. Ég held að skynsamlegt hefði verið að fjalla um það nokkrum orðum vegna þess að þjóðin er nokkuð skipt í skoðunum sínum um þetta mál. Sumum rennur til rifja hversu fátæklegt gróðurlendi Íslands er og vilja bæta þar úr. Það hafa menn gert með innflutningi erlendra plantna sem hafa þegar unnið sér þegnrétt hér á landi í augum margra manna. Ég nefni þar sérstaklega lerki sem kemur frá Síberíu og Rússlandi. Ég nefni þar stafafuru sem kemur frá Norður-Ameríku sérstaklega og sitkagreni og það má líka nefna þar Alaska-lúpínuna. Þessar tegundir, og nefni ég þar sérstaklega lerkið, eru þegar farnar að sá sér út á Íslandi. Þær eiga sér ekki neinn þegnrétt hér ef menn líta svo á að sá gróður sem hér var við landnám sé eini gróðurinn sem eigi rétt á sér á Íslandi.

Í 1. gr. þessa frv. stendur:

„Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni á náttúrulegum gróðri landsins."

Það væri hægt að snúa út úr þessari grein og segja: Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fábreytni gróðurs á Íslandi, vegna þess að gróðurinn sem hér er er á margan hátt miklu fábreytilegri heldur en náttúrlegar aðstæður gefa tilefni til og það er einangrun landsins sem hefur staðið vörð um þennan fábreytileika. Þess vegna hefði ég óskað eftir því að umfjöllunin um sérstöðu Íslands að þessu leyti yrði efnislega meiri, menn opnuðu á það að þetta sé meiri sérstaða heldur en hér kemur fram, vegna þess að ég tel að skilningur á því sé líklegri til þess að við getum náð einhverri sátt um þetta mál, en eins og stendur er þjóðin nokkuð skipt í þessu máli. Og ég hygg, satt best að segja, að við eigum það sameiginlegt, ég og 1. flm. þessa frv. að óska eftir því að menn nái sáttum í máli eins og þessu.

Ég vil einnig vekja athygli á því og það kemur fram í greinargerð með þessu frv. að menn gera sér býsna háar hugmyndir um það að maðurinn geti stjórnað náttúrunni. Þetta kemur m.a. fram í umsögn um lúpínuna. Þar er sagt að lúpína megi gjarnan vera sums staðar en megi ekki vera annars staðar og þá er væntanlega miðað við það að menn ætli sér þann kraft og þann mátt að geta stjórnað nátúrunni fullkomlega. Í fyrsta lagi eru því takmörk sett hvað menn geta stjórnað náttúrunni og í öðru lagi er það ekki alveg víst að það sé alltaf æskilegt að setja sér slík markmið. Við þurfum þess vegna að velta því fyrir okkur hvort fábreytileiki íslensks lífríkis er svo mikill að við höfum sérstaka ástæðu til þess að auka fjölbreytileikann. Þessi orð mín ber hins vegar ekki að skilja þannig að menn eigi að iðka einhvern glannaskap í þessum efnum, það er ekki það sem átt er við. En hins vegar er íhaldssemin í þessu plaggi ærið mikil.

Ég vil einnig taka fram að í 2. gr. frv. er allmörgum stofnunum gefið úrslitavald um að stöðva ákvarðanir um landgræðslu. Það segir: „Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að fyrir liggi jákvæð umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands." Sérhver þessara stofnana getur komið með neikvæða umsögn um þetta. Aðeins ein stofnun nægir og þá er samkvæmt þessari laganna hljóðan ekki heimilt að taka til notkunar innfluttar plöntutegundir.

Það úrskurðarvald sem þessum stofnunum er þarna falið þykir mér ærið mikið þótt mér finnist jafnsjálfsagt að leita álits hjá þessum rannsóknastofnunum. Og að sjálfsögðu verður maður að fá rökstudda umsögn um málið. En ég geri fastlega ráð fyrir því að flm. hafi reiknað með því að þetta yrðu vísindalegar umsagnir og byggist á rökum. Ég geri engan ágreining við hann um það. En ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á þessum þáttum málsins.

Það er svo að þeir ágætu náttúrufræðingar sem við til allrar guðs lukku eigum innan fjölmargra stofnana hættir oft til að líta á náttúruna eins og safn og vilja standa vörð um náttúruna eins og safn. Þeim hættir líka til að lenda upp á kant við þá aðila sem vilja taka til hendinni og bæta þar sem þeim finnst úrbóta þörf. Þessi safnahugsjón náttúrufræðinganna getur verið mjög gagnleg en hún getur líka verið skaðleg. Það fer allt eftir eðli málsins. Hér er í greinargerð vitnað í þann ágæta vísindamann Hálfdán Björnsson og með leyfi forseta vil ég lesa eina setningu sem höfð er eftir honum og er þar átt við lúpínuna:

„Þetta er alveg ódrepandi jurt þar sem hún nær fótfestu og ég held að menn átti sig ekki alltaf á því að lúpínan útrýmir öðrum jurtum."

Ég hef sjálfur friðað land sem var að mestu leyti graslendi. Smám saman hefur það komið í ljós að íslensk jurt, sem ég er persónulega mjög hrifinn af, er að útrýma graslendinu. Hún heitir mjaðjurt. Það tekur hana nokkur ár að hasla sér völl í graslendinu, en smám saman nær hún sér á strik. Þar sem hún nær mestri grósku útrýmir hún ýmsum öðrum tegundum. Það segir í raun og veru ekki mikið þó að mjaðjurtin útrými öðrum tegundum. Það segir bara að í náttúrunni almennt gildi lögmál hins sterkasta og það þarf ekki að vera neitt nýtt lögmál. Mjaðjurtin er að þessu leyti ekkert verri jurt en lúpínan. Hún útrýmir öðrum jurtum þar sem hún fær virkilega að njóta sín. Hins vegar hverfur mjaðjurtin við beit, hún virðist vera góð til beitar. En það er nú svo með þessa jurt eins og ýmsar aðrar jurtir að þær nýta sér þær aðstæður sem fyrir hendi eru í náttúrunni og ef við tökum til friðunar verulega stór landsvæði, þá verðum við að gera ráð fyrir því að lögmál náttúrunnar leiði til þess að ákveðnar jurtir ryðji sér svolítið til rúms á kostnað annarra. Það er gangur lífsins. Og ég held, satt best að segja, að við hljótum að eiga það áhugamál sameiginlegt, ég og hv. 1. flm. þessa frv., að bæta gróðurlendi Íslands, ekki bara með því að leyfa íslenskum jurtum sem við teljum eiga þegnrétt í þessu landi heldur einnig innfluttum jurtum, til að gera íslenskt lífríki sterkara og fjölbreytilegra. Ég held að við hljótum líka að eiga það sameiginlegt báðir tveir að við viljum fara varlega í þessum efnum. En mér finnst ástæða til að hugleiða það hér og nú hver sérstaða landsins er að því er varðar gróðurlendið og einangrun landsins.

[17:53]

Útbýting þingskjala:

Skipting aflaheimilda krókabáta, 132. mál, fsp. GuðjG, þskj. 157.

Skipting aflaheimilda til jöfnunar, 131. mál, fsp. GuðjG, þskj. 156.

[17:53]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. flutningsmönnum endurflutning þessa máls. Ég held að hér sé hreyft þörfu máli sem við þurfum að takast á við. Ég á von á því, eins og kom fram hjá hv. frsm., að málinu verði vísað til landbn. og sem landbúnaðarnefndarmaður sé ég ekkert því til fyrirstöðu að því verði jafnframt vísað til umsagnar í umhvn. af landbn.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það hefur verið ágætlega gert í framsögu hv. 1. flm. og einnig í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasar Inga Olrich. Þar hafa verið reifuð öll helstu atriði sem upp koma þegar við fjöllum um þetta mál, en þar sem ég tók þátt í umræðu um þetta mál á 118. löggjafarþingi og gerði þá athugasemd við 2. gr. frv., þá vil ég jafnframt gera það hér og nú. Ég tel að 2. gr. feli í sér of þungt kerfi, ef svo má að orði komast. Samkvæmt henni þurfa raunverulega fimm aðilar að koma að því að meta hvaða erlenda plöntutegund sé rétt að nota hér innan lands við landgræðslu og allir aðilarnir þurfa að veita jákvæða umsögn.

Ég tel að það nægi að Landgræðslan hafi frumkvæðið að því að slík panta sé metin af einum þessara aðila. Þá dettur mér fyrst í hug Rannsóknastofnun landbúnaðarins en Náttúruverndarráð væri jafnframt umsagnaraðli. Ég tel að það sé of íhaldssamt kerfi að fimm aðilar þurfi allir að skila

jákvæðu áliti og það fari betur á því að létta það og gera það jafnframt skilvirkara. Það vandamál sem við horfumst í augu við í sambandi við gróðureyðingu og jarðvegseyðingu er vissulega stórt og okkur veitir ekki af öllu því sem að gagni má koma og ekki eyðileggur fyrir okkur annað til aðstoðar í þeirri baráttu.

[17:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla hvorki að lengja þessa umræðu né ræða ítarlega um einstakar efnisgreinar eða efnisþætti þessa frv. á þessu stigi máls, en ég tel að þær skoðanir sem hér koma fram séu fullrar athygli verðar og nauðsynlegt að gaumgæfa þessi mál vel og tek þar undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað á undan mér .

Hér er í ákvæði til bráðabirgða nr. II í þessu frv. lagt til að landgræðslulögin verði endurskoðuð og mig langar þá að upplýsa það við þessa umræðu að það er þegar hafin undirbúningsvinna í landbrn. við heildarendurskoðun bæði landgræðslulaga og skógræktarlaga, svo og umræða um skipulag þessara mála sem ég held að sé bæði rétt og eðlilegt að taka inn í umræðu um endurskoðun þessara laga. Ég beini því þess vegna til bæði flm. og landbn. að það sé e.t.v. rétt að bíða þeirrar endurskoðunar og taka þau sjónarmið sem sett eru fram í þessu frv. inn í þá umræðu og endurskoðun frekar en gera sérstakar breytingar á landgræðslulögunum í viðbót við þær sem hafa verið gerðar. En þetta er auðvitað mál sem hv. nefnd getur skoðað í vetur og fylgst með framgangi endurskoðunarinnar í landbrn. og þeirri vinnu sem ég vona að fari þar fram í vetur.

Mig langar aðeins að nefna að í frv. er lögð til breyting á núgildandi lögum sem kemur aðallega fram í 2. gr. frv. og felur í sér að lagt verði mat á innfluttar plöntutegundir sem ekki eru fyrir í íslenskri náttúru eða lítt útbreiddar áður en þær verða heimilaðar til landgræðslu í okkar íslensku náttúru. Það eru nokkuð skiptar skoðanir um þessi mál og skoðanaskipti hafa farið fram um þau að undanförnu, bæði í almennri umræðu og eins á opnberum vettvangi og auðvitað hafa komið fram mismunandi sjónarmið. Ég tel að það sé tímabært að áhrif slíkra plantna við uppgræðslu verði rannsökuð sem best áður en notkun þeirra er gefin að öllu leyti frjáls þannig að það verði reynt að koma í veg fyrir það ef mönnum sýnist hugsanlegt umhverfisslys á íslenskri náttúru geta hlotist af.

Ég vil hins vegar einnig taka undir athugasemd eða hugleiðingar frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich þegar hann nefnir það sem kemur fram í frv. að það þurfi að liggja fyrir jákvæð umsögn fjögurra mikilvægra stofnana, þ.e. Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar háskólans áður en að notkun plantna er heimiluð. Mér sýnist þó þessar stofnanir allar séu virtar og góðar að þá sé nú hér um nokkuð þröngt nálarauga að fara í gegn ef þetta er sett fram eins og hér er gert ráð fyrir. Ég ítreka að í því felst ekki að ég telji ekki nauðsynlegt að skoða málið vel. Hins vegar spyr ég mig og hv. þm. hvort hér sé ekki nokkuð víðtækt vald sett í hendur á fjórum stofnunum sem ef ég skil rétt, eins og hér er gert ráð fyrir, þurfa allar að vera sammála og veita jákvæða umsögn.

Það segir líka í frv. að gert sé ráð fyrir að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins verði falið að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda. Þetta eru auðvitað líka góð fyrirheit og sjálfsagt að hafa þessi mál í huga. Ég vildi aðeins láta það koma fram, hæstv. forseti, að ég tel að hér sé hreyft máli sem löggjafinn á að huga að og þarf ekki að hafa um það öllu fleiri orð eftir það sem hér hefur verið sagt, bæði af hálfu hv. framsögumanns og þeirra hv. þm. sem að hér hafa um málið fjallað á undan mér. Ég get tekið að mörgu leyti undir málflutning þeirra en vildi aðeins láta það koma fyrst og fremst fram að í landbrn. er þegar hafin vinna við endurskoðun þessara laga sem hér er lögð til breyting á svo og laga um skógrækt og umræða um skipulag þessara mála sem gætu auðvitað leitt til þess að að þessar stofnanir tvær, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, vinni með öðrum hætti saman en þær hafa gert eða jafnvel verði sameinaðar og sú umræða er reyndar ekki ný. En ég ætla þó ekki að setja það fram á þessu stigi sem neina ákvörðun að það sé það sem verði gert heldur aðeins að það er eitt af því sem verður skoðað og rætt í því nefndarstarfi sem nú er að hefjast.

[18:03]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið um þetta frv. en þakka það innlegg sem hefur komið fram af hv. þm. og hæstv. ráðherra. Margt af því sem hefur verið sagt gæfi tilefni til þess að skiptast á skoðunum um málið, ekki síst ræða hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Ég met það alltaf ef menn reyna við framlagningu mála af þessum toga þar sem að álitaefnin eru auðvitað til staðar að lýsa sínum sjónarmiðum eins og hv. þm. gerði hér. Ég virði þau sjónarmið þó ég sé ekki sammála þeim að öllu leyti.

Það er eitt atriði sem mig langar aðeins að koma að og það er af einhverju leyti siðfræðilegs eðlis. Það er sem sagt hversu langt maðurinn telur sér bært og heimilt að ganga í sambandi við breytingu á umhverfi sínu. Það er með vissum hætti siðferðileg spurning eins og ýmislegt sem við höfum rætt á þingfundi í dag í öðru samhengi. Víða eru þau sjónarmið uppi að mönnum beri að fara með mikilli gát í þessum efnum.

Ég hafði gaman af ýmsum ábendingum frá hv. 5. þm. Norðurl. e. sem mér fannst nálgast að vera í föðurlegum dúr eða lærimeistara, jafnvel að færi vel í predikun. Það er sannarlega gott ef þessi ræðustóll er stundum notaður í því samhengi. Ein einkunn sem hv. þm. kom með og var að gefa náttúrufræðingum, ég held sem svona mengi, væri safnahugsun sem þeir eru haldnir margir hverjir, ef ég hef skilið rétt, og í því fælist að þeir vildu viðhalda sem mest óbreyttu ástandi. Ég held að þessi einkunn sé að talsverðu leyti byggð á misskilningi. Ég held það. Hins vegar er erfitt að hrekja það nema með gagnályktan. Ég held að íslenskir grasafræðingar sem hafa sérstaklega fjallað um gróðurlendi landsins og framvindu þess átti sig fullkomlega á þeim breytileika sem þarna er á ferðinni, þeirri þróun sem verður bæði við mannleg inngrip og búfénað sem og vegna tilkomu nýrra tegunda og þeir séu þess vegna fullfærir um að vera þátttakendur í slíkri umræðu. Ég vildi nú ganga svo langt að segja að þeir mundu geta lagt þar margt af mörkum sem ætti að verða mönnum til umhugsunar. Kannski ekki síður en hinum sem vilja taka til hendinni, gera sér ekki alltaf mikla rellu út af afleiðingum gerða sinna. Það sem hefur verið að gerast er aðferðin sem beitt hefur verið í sambandi við landgræðslu að því er varðar nýjar tegundir en margir hafa

afskaplega lítið velt því fyrir sér hverjar verða afleiðingarnar fyrir gróðurríkið.

Ég held að þörfin, virðulegur forseti, á því að setja þessi efni í ákveðinn lagalegan farveg sé talsvert brýn. Hin tilfinningaþrungna umræða í samfélaginu nú síðustu árin ætti að vera okkur tilefni til þess og ákveðin áminning að reyna að sameinast um lagalegan farveg þannig að gott málefni líði ekki fyrir þrætu og deilur sem hljóta að hafa neikvæð áhrif á það sem öllum býr í huga, sem sagt að stuðla að því að varðveita auðlindir gróðurríkisins í landinu, bæta úr ýmsu sem að orðið hefur neikvætt að okkar mati í fortíðinni og stuðla að betra landi í almennu samhengi. Ég er einn af þeim fáu Íslendingum, sem hafa átt því láni að fagna að hafa alist upp í skógi og fylgst með þeim breytileika sem verður við friðun í skóglendi, sem var með miklum eyðum þó þar sem birkiskógurinn átti sér sóknarfæri og varð auðvitað oft hugsað til þess umhverfis sem utan við var og kantsins sem var eins og hnífsegg við skógargirðinguna og þar sem að úði og grúði af plöntum sem spruttu af fræi en fengu ekki leyfi til þess að koma upp. Þetta var mynd sem að maður hafði fyrir augum og má víða líta enn við skógargirðingar landsins. Ég varð einnig vitni að tilraunum með innfluttar tegundir í ríkum mæli og hef gefið þeim gaum. Ég hef reynt að hafa augun opin í sambandi við þetta á ferðum um byggð og óbyggð í landinu. Ég hef sannfærst um að menn þurfa að fara að með gát. Það er æskilegt, menn þurfa að setja leikreglur. Menn þurfa auðvitað að varast það sem gæti með réttu flokkast undir fordóma en mörg eru þarna álitaefnin og það er reynt að leiða þau í farsælan farveg sem á að vera verkefni okkar á Alþingi og sjá síðan til þess að þeir fjármunir sem að lagðir eru til af opinberri hálfu nýtist skynsamlega. Það hefur ekki alltaf verið í annars góðri viðleitni að það hafi gerst og við þurfum að læra af því. Læra af mistökum í fortíðinni og reyna að ná betri tökum á því sem horfir til framtíðar. Ég vil leyfa mér að hvetja þingið til þess að taka þennan þátt til sérstakrar afgreiðslu vegna þeirrar reynslu sem við höfum oft af endurskoðun stórra lagabálka sem vill taka tíma án þess að ég sé með hrakspár uppi. Við þekkjum það svo víða, m.a. af viðleitni til að breyta lögum um skógrækt sem hefur oft verið uppi í þinginu og tafist af ýmsum ástæðum. Þess vegna er oft gott að taka á brýnum aðkallandi málum og breyta lögum og vera ekki of hikandi við það og fella það síðan ef til vill með breytingum inn í heildarendurskoðun.

[18:11]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég endurtek þau orð mín að ég tel að þetta mál sé allrar athygli vert og taki á lagabálki sem nauðsynlegt er að breyta þó ég sé ekki efnislega sannfærður um að þetta frv. leiði til þess að þeim málum verði komið í betra horf en nú er. Ég vil aðeins koma hér inn á nokkur atriði sem komu fram í máli hv. 1. flm. frv., Hjörleifs Guttormssonar.

Fyrir það fyrsta taldi hann að sá skilningur minn að margir náttúrufræðingar væru haldnir safnahugsjón væri á misskilningi byggður. Það er nú svo að til allrar lukku hef ég átt mikið samneyti við náttúrufræðinga. Það hefur yfirleitt gengið vel, samstarfið við þá og ég hef lært mikið af þeim. En meðal færustu grasafræðinga landsins sem ég þekki mjög vel, er grasafræðingur sem hefur hvatt mig til þess mjög eindregið að fórna nú ekki flagi á landi sem er í eigu minni vegna þess að í flaginu þrífst sérstök flóra. Hún er að vísu ekki áberandi, þessi flóra sést varla, hún er svo lítil. En hún er sérstök. Í krafti þess taldi þessi ágæti grasafræðingur að það væri ástæðulaust og í rauninni skemmdarverk, að vera að hvetja menn til að taka flag í fóstur. Einnig er kunnara en frá þurfi að segja að allmargir af þeim sem telja sig vera náttúruverndarmenn vilja standa vörð um hrjóstrug öræfi landsins, leyfa þeim að vera eins og þau eru. Þeir telja það hversu hrjóstrug sem þau eru séu þau sérstök verðmæti í sjálfu sér. Það beri að vinna gegn því að þau séu grædd. Með öðrum orðum er ekki hægt að horfa fram hjá þeim vanda að tötrarnir af íslenskri náttúru eru hugsjón í augum sums fólks. Það er bara staðreynd. Allar breytingar sem menn vilja gera á þessum tötralega gróðri, þessum leifum af fyrra gróðurlendi Íslands, eru litnar hornauga. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikið verkefni að græða upp landið. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hættulegt ef frumkvæði þess fólks sem vill taka þátt í þessu verki sé drepið í dróma af þeim sem líta svo á að náttúran eigi að vera og ekkert sé breytanlegt í því. Ég er þeirrar skoðunar ef það mál sem er fyrir þinginu í dag nær fram að ganga í þeim búningi sem það er nú í mundi það leiða til þess að ekki yrðu fluttar inn til þessa lands neinar erlendar tegundir til landgræðslu. Slíka íhaldssemi sé ég í þessu plaggi.

Ég tel víst að því verði mótmælt af hálfu 1. flm. frv., hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hann sé einungis þarna að verja varúðarregluna. En ég tel að það sé svo langt gengið að það sé mjög líklegt að málið mundi leiða til þess að loku yrði skotið fyrir það að erlendar tegundir yrðu nýttar hér til uppgræðslu.

Ég vil einnig vekja athygli á þeirri spurningu í umræðunum um þetta mál í þinginu hversu traustar spár sé fræðilega hægt að vinna um framvindu gróðurlendis. Ég hef satt best að segja efasemdir um að það sé hægt að búa til slíkar fræðilegar forspár sem séu þannig að hægt sé að byggja mjög mikið á þeim. Hugsanlega er hægt að fyrirbyggja stórkostleg mistök, eða ég vona það a.m.k., en í mörgum tilfellum er mjög erfitt að sjá fyrir hvert gróðurframvinda sem sett er af stað leiðir.

Ég vil aðeins nefna í þessu sambandi tilraun sem var gerð um aldamótin, í Grundarreit, sem svo er nefndur. Þar var plantað ýmsum tegundum trjágróðurs. M.a. var þar, ef ég man rétt, skógarfura, bergfura, blæösp og lindifura, svo ég nefni nokkrar tegundir. Síðan gleymdist þessi reitur í nokkra áratugi. Ég rek þessa sögu eftir minni og ég held að Hákon Bjarnason hafi síðan tekið reitinn út og lýst gróðri þar. Síðan var honum ekki gefinn mikill gaumur í nokkur ár og svo eru aftur til lýsingar á þessum reit frá því á milli 1950 og 1960, ef ég man rétt. Síðan höfum við þennan reit fyrir augunum núna. Ef við berum saman lýsingu á þessum reit frá þessum mismunandi tímabilum, en hann er nú orðinn um 90 ára gamall, er augljóst að það var gjörsamlega ómögulegt árið 1900 að segja nokkuð fyrir um það hvernig hann lítur út í dag. Á vissu tímabili ýtti náttúran undir vöxt ákveðinna tegunda sem voru um 1930 einkennistegundir í þessum reit. Sumar þeirra eru nánast horfnar núna.

Sú tegund sem var afskaplega lítið áberandi framan af, raunar má segja í 40 ár, er nú búin að koma sér upp nokkuð mörgum trjám sem setja mjög mark sitt á reitinn. Ég á þar við blæöspina. En jafnframt er allur undirgróður undirlagður í blæösp. Hvað verður eftir 50 ár? Hvað stendur þá eftir?

Ef við erum að reyna að nota vísindalegar forsendur fyrir því að segja fyrir um hvernig einhverju gróðursamfélagi sem er að hluta til innflutt og hluta til innlent reiðir af þá

vil ég aðeins taka vara við því að þetta mál er ekki svo einfalt að menn geti séð fyrir nákvæmlega eitthvert ákveðið ástand. Og jafnvel þótt menn setji sér eitthvert markmið ætla menn þá að grípa inn í náttúruna á vissum tíma og berjast gegn þróuninni? Ætla menn að stýra þessu með þeim hætti? Eða ætla menn almennt að sætta sig við það að við veljum okkur ákveðnar tegundir til að gera fjölbreytileika íslensks gróðurríkis meiri, flytjum inn ákveðnar tegundir trjáa til að gera íslenskt skóglendi fjölbreytilegra og tökum þá áhættu að leyfa náttúrunni að þróa þetta eftir sínum lögmálum? Ég held að við getum aldrei sagt að það sé áhættulaus framkvæmd. Ég held að við verðum alltaf að sætta okkur við einhvern áhættuþátt því við ráðum ekki yfir náttúrunni með þeim hætti sem mér finnst vera gert ráð fyrir hér í þessu plaggi.

[18:20]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fór svolítið í verra við seinni ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Hv. þm. tók upp stríðshanskann eftir að hafa haldið skemmtilega og að mörgu leyti ekki óskynsamlega tölu varðandi þingmálið og skerpti nú allmjög á einkunnagjöf. Hv. þm. bjó til flokk manna hér í stólnum sem hefðu það að hugsjón „að vernda land í tötrum" eins og hv. þm. orðaði það. Hann er að búa sér til einhverja víglínu í þessum efnum. Það er fólkið sem vill vernda land í tötrum og hins vegar hinir góðu riddarar fjölbreytileikans sem vilja bæta úr og klæða landið. Það eru ekki þessar víglínur sem ég vil skerpa eða búa til. Ég vil að menn reyni að skapa hér leikreglur út frá bæði alþjóðlegum sem innlendum forsendum til að fara eftir en gleymi sér ekki í kappi eða skemmtan dægurumræðunnar að búa til fjandafylkingar. Þegar þessi mál eru til umræðu og reyndar mörg fleiri, þarf verkefni okkar hér á Alþingi Íslendinga að vera það að reyna að finna leið málamiðlunar milli sjónarmiða sem bæði geta verið gild á sinn hátt.

Það er eitt, virðulegur forseti, sem ég vil nefna hér í lokin: Þótt menn séu djarfhuga í sambandi við uppgræðslumál þá skulum við líka hafa það í huga að land okkar og umhverfi er að ýmsu leyti nokkuð hart og við getum orðið fyrir óvæntum áföllum varðandi ýmsan þann búning sem við viljum klæða landið í og m.a. einnig af þeim ástæðum er þörf á að fara að með ákveðinni gát.

[18:22]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var að heyra á hv. síðasta ræðumanni að sá sem hér stendur hafi búið til einhverja víglínu. Svo mikið er vald mitt ekki. Þessi lína er til. Ég vil kannski ekki kalla hana víglínu en það er ekkert spursmál að þessi skoðanaágreiningur er til. Það getum við lesið á síðum dagblaðanna. Ég er a.m.k. ekki í þeim flokki manna sem vilja horfa fram hjá þessum raunveruleika. Ég hef aldrei nokkurn tímann talið það vænlegt til þroska að horfast ekki í augu við raunveruleikann. Að stinga hausnum í sandinn er ekki sú aðferð sem við iðkum hér í hinum vestrænu þjóðfélögum og höfum aldrei gert það, við horfumst í augu við raunveruleikann og þetta er nú raunveruleikinn. Ég tel að það mál sem hér er á ferðinni búi einmitt ekki til málamiðlun. Þótt ég hafi stutt það í umfjöllun minni að við þessu máli yrði hreyft þá var efnisleg gagnrýni mín fólgin í því að ég taldi að málið mundi nánast leiða til þess að taka fyrir notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Það tel ég vera megingalla málsins. Hv. 1. flm. frv. verður að virða mér það til vorkunnar að ég lýsi hér skoðun minni. Ég tel að málið í þeim búningi sem það er hér sé tæplega málamiðlunarleið heldur taki hann sér stöðu nær safnahugsjóninni en ég hefði talið æskilegt í þessum fylkingum ef við viljum tala svo, sem eru til og ég er ekki að búa til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 95. mál (landslagsvernd). — Þskj. 97.

[18:25]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér mæli ég fyrir 95. máli þingsins sem er frv. til laga um breytingu á lögum um náttúrvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum. Frv. er flutt af okkur þremur þingmönnum, ásamt mér hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og Gísla S. Einarssyni.

Frv. þetta er eins og fram kemur í heiti þess breyting og að nokkru leyti viðauki við gildandi löggjöf um náttúruvernd sem nú er orðin aldarfjórðungs gömul og hefur reynst býsna endingargóð þó viðleitni hafi verið til að ná þar fram breytingum. Það er sjálfsagt að á það sé litið, ekki aðeins efni þessa máls hér heldur fleira sem þörf er á að meta í ljósi þróunar og nýrra viðhorfa.

Frv. tekur til afmarkaðra atriða í náttúrvernd sem við flm. teljum brýnt að kveða á um með mun ákveðnari og skýrari hætti en verið hefur. Þar er í fyrsta lagi um að ræða almenn ákvæði um landslagsvernd og í öðru lagi frekari skorður við efnistöku og jarðraski en er að finna í gildandi löggjöf. Það var valin sú leið við gerð þessa frv. að gera tillögu um nýjan kafla inn í lögin um náttúrvernd sem beri heitið landslagsvernd og setja inn í þann kafla nýmæli og breytt ákvæði um efnistöku en slík ákvæði er nú að finna í gildandi lögum um náttúrvernd undir heitinu „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni."

Þetta frv. var lagt fram á síðasta degi síðasta þings til kynningar og kom því eðlilega ekki til umræðu. Sem flm. málsins á 119. þingi tók ég mér bessaleyfi til að leita til nokkurra aðila sem málið varðar til þess að fá ábendingar um atriði sem betur mættu fara. Nokkrir þeirra sem fengu málið þannig sent á liðnu sumri brugðust vel við og skjótt og komu með ábendingar um ákveðin atriði sem sum hver voru tekin til greina. Yfirleitt var að finna jákvæðar undirtektir við meginefni frv. í þeim umsögnum sem ég fékk þannig um málið í sumar.

Fyrir utan þá sem getið er um í greinargerð með málinu komu umsagnir frá fleiri aðilum sem ekki eru tilgreindir, en sumt var það seint fram komið að málið var komið inn í þingið eða á leiðinni þangað í því formi sem nú er um að ræða.

Í gildandi löggjöf um náttúruvernd vantar tilfinnanlega tengsl við lög um skipulag að því er varðar ákvarðanir um ráðstöfun lands til mismunandi nota. Sú aðferð að friðlýsa þurfi með formlegum hætti landsvæði og einstakar náttúrumyndanir til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun lands er að okkar mati allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar almenn ákvæði um efnistöku og annað jarðrask eru jafnopin og lítils megandi út frá náttúruverndarsjónarmiði og raun ber vitni.

Það var reyndar svo að þegar lög voru sett um náttúrvernd 1971, þá gerðist það við meðferð þingsins að þeir sem vildu

halda heimildum sem opnustum til efnistöku fengu nokkru áorkað og því urðu náttúrverndarlögin nokkru lakari að þessu leyti vegna breytinga sem urðu í meðförum þingsins, lakari heldur en tillögur stóðu til um.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að efnisnám, svo einn þáttur röskunar sé tekinn og sá þáttur sem einkum er fjallað um hér í þessum breytingartillögum, verður stöðugt stórtækara einkum nærri þéttbýli og hafinn er útflutningur í allríkum mæli á lausum gosefnum án þess að fyrir liggi heildstætt mat á hvar slík efnistaka sé réttlætanleg. Það er oft ráðist í framkvæmdir af þessum toga af bráðræði og án þess að nauðsynlegar rannsóknir eða úttektir hafi farið fram og aflað hafi verið þekkingar á gerð og gæðum viðkomandi jarðefna, þannig að efnistakan sjálf verður ómarkvissari fyrir bragðið og minna sem menn fá út úr því efni sem þeir eru að nema heldur en mögulegt væri ef vandað væri til undirbúnings. Ekki þarf heldur að fjölyrða um það hversu mikið skortir víða á að vel sé gengið frá efnisnámi að efnistöku lokinni, en slíkt á að vera óaðskiljanlegur þáttur framkvæmdarinnar. Við þurfum að gæta þess að hin ólífræna náttúra landsins er ein af auðlindum þess og Ísland raunar alþekkt vegna fjölbreyttra landslagsgerða og gosmyndana sem óvíða í veröldinni eru jafnsýnilegar og aðgengilegar og hér á landi. Fyrir allan almenning hefur náttúra landsins ómetanlegt gildi og hver kynslóð ber ábyrgð á því að hún sé varðveitt fyrir ókomnar kynslóðir. Íslendingar bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart heimsbyggðinni að þessar jarðmyndanir séu varðveittar, m.a. vegna vísindarannsókna.

Fyrir vaxandi atvinnugrein í landinu, ferðamennskuna, er það einmitt náttúran sem mestu veldur um þróun á því sviði, hún er aðalaðdráttaraflið fyrir þá sem sækja okkur heim, en einnig fyrir okkur sem leitum hugsvölunar og ánægju í ferðir um okkar ágæta land. Ef við spillum þessum gæðum af gáleysi, þá mun það fyrr en varir hitta okkur fyrir og ókomnar kynslóðir sem ekki geta þá bætt úr eða brugðist við því sem orðið er. Skipulagsleysi í mannvirkjagerð og hömlulítil umferð vélknúinna tækja um landið ásamt gapandi sárum eftir efnistöku er vísasti vegurinn til að gera að engu viðleitni til að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Og fari svo sem horfir, virðulegur forseti, í þessum efnum, þá verða Íslendingar fljótlega og því miður með réttu frægir að endemum fyrir ómenningu í samskiptum við eigið land. Þetta kann að þykja mikið sagt, en ég held að ef menn meta það sem er í gangi og þau mörgu mistök sem orðið hafa, þá sé hér ekki verið að mála of dökka mynd. Ég vænti þess hins vegar staðfastlega og ákveðið að þessi verði ekki þróunin og niðurstaðan, að við fáum við brugðist m.a með því að breyta löggjöf okkar og marka leikreglur þannig að vel fari.

Með frv. er tekið á efnistöku með ákveðnari hætti en áður hefur verið til að stuðla að góðri umgengni um landið og auk þess dregin fram stefna um almenna verndun tiltekinna landslagsgerða og í því efni farin svipuð leið og mörkuð er í danskri náttúruverndarlöggjöf. Þannig er kveðið á um það í frv., í a-lið 1. gr., að allar gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma verði felldar undir slíka landslagsvernd og aðrar sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökulskeiði eða eldri samkvæmt nánari reglum sem ráðherra umhverfismála setur. Stöðuvötn og tjarnir eru felld undir sömu ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi miðað við ákveðið flatarmál. Ekki er seinna vænna að setja inn slík almenn ákvæði um votlendisvernd svo mjög sem hefur verið gengið á mýrar og annað votlendi með framræslu undangengin 50 ár. Stærðarmörk fyrir tjarnir og votlendi sem njóti landslagsverndar voru rýmkuð við endurskoðun málsins fyrir flutning þess nú, m.a. að fenginni umsögn frá Bændasamtökum Íslands sem var almennt mjög jákvæð til þeirra tillagna sem er að finna í þessu frv. og þótti mér afar vænt um að fá í hendur álit þeirra í þeim anda sem þar var.

Í umsögn frá landgræðslustjóra er talið æskilegt að undanskilja fyrirhleðslur sem gerðar eru af Landgræðslu ríkisins til varnar landbroti frá ákvæðum frv. Þar er vissulega um sértækt mál að ræða, en þó þarf einnig að vanda til áður en ráðist er í slíkar framkvæmdir. Með stefnu af því tagi sem hér er lögð til á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið, heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli og af þar til bærum aðilum. Slíkar takmarkanir ganga ekki að mati flm. gegn eignarréttarákvæðum þó að þröngt væru túlkuð og eru þau sjónarmið sem að baki liggja raunar stöðugt að vinna á einnig í alþjóðarétti.

Með frv. er lögð áhersla á það sem meginreglu að landið sé verndað fyrir breytingum og raski nema ákvarðanir séu teknar um annað í staðfestu skipulagi eða á þær fallist af skipulags- og náttúruverndaryfirvöldum. Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eiga að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag liggi fyrir slíkt mat og verði það fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Þess utan hefur síðan umhvrh. heimild til að víkja frá þeim mörkum sem þar er um að ræða og bæta við hliðstæðum skilyrðum. Almenna reglan að því er varðar efnistökustaði í lögunum um mat á umhverfisáhrifum varðar hvað stærð snertir 50 þús. fermetra lands eða meira eða yfir 150 þús. rúmmetra að umfangi. Þessi stærðarmörk þarfnast endurskoðunar við þar eð þau virðast of há miðað við íslenskar aðstæður. Einnig þyrfti að tryggja að ákvæði laganna taki einnig til efnisnáms á hafsbotni sem farið er að líta til í vaxandi mæli.

Um efnistöku er í frv. auk framangreindra meginreglna sett fram nánari ákvæði með hliðsjón af því hver telst hafa eignar- og umráðarétt yfir landinu. Í þeim ákvæðum felast almennar takmarkanir eða skilyrði sem uppfylla verður áður en í efnistöku er ráðist þannig að ekki hljótist þar spjöll á landi og náttúruminjum eða varanlegar breytingar á landslagi sem ekki hefur verið ráð fyrir gert samkvæmt staðfestu skipulagi. Ákvæði þessi varða fyrst og fremst sölu eða ígildi sölu á jarðefnum, en undanþegin er lítils háttar efnistaka landeigenda til eigin nota, enda valdi hún ekki landskemmdum og vel sé gengið frá efnistökustað.

Inn í lögin, samkvæmt hugmyndum frv., eru sett fyllri ákvæði en nú eru í gildi um viðhlítandi frágang eftir efnistöku og annað jarðrask og fjárhagslega tryggingu fyrir því að við sett skilyrði verði staðið af hálfu framkvæmdaaðila. Einnig er mælt svo fyrir að ekki megi nota efnisnámur til að fleygja eða farga þar rusli eða öðru óskyldu efni, en að því eru mikil brögð til enn frekari lýta en fylgja ófrágengnum efnisnámum auk þess sem slíkur úrgangur getur torveldað frágang.

Það mætti hafa langt mál, virðulegur forseti, um stöðu þessara mála að því er t.d. varðar ófrágengna efnistökustaði. Þeir eru ótrúlega margir í landinu, skipta ekki aðeins hundruðum. Ég geri ráð fyrir að ef allt er talið, þá skipti þeir þúsundum og hér er sannarlega um að ræða viðfangsefni sem

taka verður á og í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um það hvernig með skuli fara í sambandi við frágang á efnistöku og jarðraski sem þegar hefur átt sér stað fyrir gildistöku þessara laga, en auðvitað er brýnt að taka á því máli.

Það er afar brýnt að auka eftirlit með því að ákvæði náttúruverndarlaga séu virt, þar á meðal um efnistöku. Á þessu sviði blasa við verkefni um allt land og það þarf að gera eftirlit í senn einfalt og skilvirkt. Til álita kæmi að koma á sameiningu um vissa efniseftirlitsþætti á sviði umhverfismála og skipta landinu í svæði eða umdæmi í þessu skyni. Það eftirlit sem Náttúruverndarráð hefur reynt að halda uppi allt frá árinu 1973 að telja er vissulega góðra gjalda vert. En það hefur verið takmarkað m.a. af þröngum fjárhag og yfirleitt verið unnið sem hlutastarf. Náttúrustofur sem nú eru að rísa í kjördæmum landsins í krafti nýrra lagaákvæða gætu verið eðlilegur aðili til að taka að sér svæðisbundið eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir.

Virðulegur forseti. Við undirbúning þessa máls leitaðist sá sem hér talar við að hafa samráð og leita fanga hjá þeim stofnunum í landinu sem þessi mál snerta meira en aðrar. Þar nefni ég til sérstaklega Skipulag ríkisins og Náttúruverndarráð, en fleiri aðilar komu að málinu eða veittu aðstoð við efnisföng til frv. Og það er von okkar flm. að þetta frv., sem veruleg vinna var lögð í á síðasta ári eða áður en það var flutt á 119. þingi, megi verða til þess að hægt verði að lögfesta fyrr en seinna ákvæði og tryggja lagabætur á þessu sviði.

Menn kunna að spyrja: Hver er þörfin á að taka víðtæk ákvæði um landslagsvernd eins og er að finna í a-lið 1. gr. inn í þessar breytingar? Þar er fyrst og fremst verið að vísa til þeirra nauðsynja sem eru á því að koma við almennum verndarákvæðum þannig að menn þurfi ekki að friðlýsa landsvæði af ótta við röskun, sem stofnað væri til í hugsunarleysi eða án þess að bær yfirvöld kæmu að máli. Við þurfum að hafa víðtæk almenn ákvæði til þess að tryggja það að landið haldi svip sínum nema það sé ákveðið að hugsuðu máli og vel yfirlögðu ráði og með réttum samþykktum að breyta svipmóti landsins eins og við erum vissulega að gera með framkvæmdum okkar. Og margt hefur þar verið gert með vönduðum hætti þeirra sem að því hafa staðið og ekkert út á það að setja. En hitt getur líka gerst og mörg dæmi eru um að illa hafi til tekist og stofnað hafi verið til jarðrasks sem erfitt er að bæta úr nánast af fyrirhyggjuleysi og kannski að þarflausu.

Ég vona að þessi viðleitni okkar flm. til endurbóta á gildandi lögum og að koma hér á ákveðnum nýmælum fái efnislega umfjöllun á Alþingi og helst auðvitað óskum við eftir því að menn nái saman um afgreiðslu þess máls sem hér er um að ræða á þessu þingi. Allgott ráðrúm á að vera til þess. Ég veit um áhuga umhvrn. og hæstv. umhvrh. á að taka á þessum málum því innan skamms er von á málþingi til að ræða þessi efni sérstaklega og er það sannarlega vel því að orðin skipta máli og eins að reyna að stilla sem flesta saman sem í hlut eiga til að finna réttar áherslur til lagabóta á þessu sviði.

Tillaga okkar flm. er að frv. þetta að lokinni 1. umr. fari til hv. umhvn. þingsins.

[18:44]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. og framsögumanni fyrir hans ágætu framsöguræðu með þessu frv. nú áðan sem við hlýddum á. Hann ræðir hér um ástand sem þarf að bregðast við þar sem það er ekki í nógu góðu horfi hjá okkur. Frv. það sem hér liggur fyrir og er til umræðu fjallar einmitt um þennan vanda. Flm. hafa kosið að kalla þetta sem lagt er til að sett sé inn í lög um náttúruvernd landslagsvernd með sérstöku tilliti til ýmiss konar jarðrasks, efnistöku og mannvirkjagerðar.

Ég vil ekki á þessu stigi fara mörgum orðum um efnisatriði frv. en ég tel að hér sé hreyft máli sem nauðsynlegt er að fjalla um og verður líka að taka á. Ef við erum sammála um að ástandið sé ekki nógu gott, þarf auðvitað að bregðast við því. Og það er vissulega víða slæmt ástand hvað varðar malarnám, efnistöku og ýmsar námur um allt land opnar og illa útlítandi og skipta hundruðum ef ekki þúsundum eins og fram kom hjá hv. frsm.

Eins og einnig kom fram hjá honum eru mál sem snerta jarðrask og efnistöku til sérstakrar skoðunar í umhvrn. Við teljum reyndar að vandamálið sé aðallega bundið við gamlar námur sem voru í notkun fyrir gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum sem öðluðust gildi á síðasta ári eins og þingheimur veit. Hér er því miður um gamalt vandamál að ræða sem laut ekki þeim lögum eða vinnuaðferðum sem eru viðhafðar nú eða ættu að eiga að vera viðhafðar við efnistöku. Það er sjálfsagt að líta á hvort taka þarf á málunum með löggjöf eins og hér er lagt til ef lögin um mat á umhverfisáhrifum eru ekki nægilega sterk eða taka ekki til þeirra þátta sem hér er þó verið að reyna að bregðast við.

Til þess að gera okkur betur grein fyrir umfangi málsins og til þess að reyna að meta hvaða aðgerðir eru vænlegastar til árangurs höfum við boðað til opinnar ráðstefnu sem ráðgert er að verði 17. nóv. og hún er haldin í samvinnu við iðnrn., landbrn. og Náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulag ríkisins og fleiri aðila sem koma að þessum málum og þurfa að fjalla um mál af þessu tagi. Það er ætlun ráðuneytisins að með ráðstefnunni sé hægt að skilgreina málin betur og í framhaldi af því að ræða hvað sé þá til bragðs að taka.

Með vísan til þess vil ég segja að ég held að rétt væri að skoða málið í framhaldi af þessu málþingi, þessari umræðu. Ég er alls ekki að leggja neinn stein í götu þessa frv. og þeirrar tillögu sem hér er sett fram um málsmeðferð. Ég vil annars vegar hafa eðlilegan fyrirvara á því hvernig að málinu verði staðið og þá geta þess í samhengi að unnið er að því í umhvrn. að útbúa frv. um breytingar á stjórnsýsluþætti náttúruverndarlaganna, reyndar með svipuðum hætti og gert hafði verið í tíð fyrri ríkisstjórnar, þ.e. að taka þann þátt mála út úr heildarendurskoðun laganna en jafnframt ákveðið að fara í endurskoðun á náttúruverndarlögunum í heild en það tekur bara lengri tíma. Ég hygg að ítarleg umfjöllun um það og efnismeðferð, eins og eðlilegt er að mál af þessu tagi fengi, geti tekið hálft kjörtímabilið og síðan sjálfsagt a.m.k. eitt þing, kannski tvö, fjalli um það. Ég ímynda mér að ítarleg umfjöllun, breyting á náttúruverndarlögum í heild geti tekið upp undir heilt kjörtímabil þannig að ljóst er að það tekur langan tíma. Ég held að það væri glámskyggni að ímynda sér að það gæti gerst með miklu hraðari hætti en svo og þess vegna þarf að skoða einstaka þætti. Ég hef nefnt stjórnunarþáttinn sem við erum að skoða og ef aðrir þættir, sem við teljum að sé nauðsynlegt að bregðast við, eru í því ástandi að ekki sé við unað þá á að skoða málið í ljósi þeirrar umræðu sem er nú í gangi og verður ítarlegri og skýrist betur er líður á þennan mánuð.

Þetta vildi ég láta koma fram við 1. umr. um þetta frv.

[18:50]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum þakka hæstv. ráðherra fyrir þátttöku í umræðunni og þau orð sem hann lét falla um málið. Ég skil hæstv. ráðherra svo að hann haldi því alveg opnu að þær tillögur, sem hér liggja fyrir, geti gengið inn í endurskoðun laga um þessi efni í þeim búningi sem það liggur hér fyrir eða með breytingum. Ég skil vel að hæstv. ráðherra vilji ekki binda sig á þessu stigi við mat á efnisþáttum frv. í einstökum atriðum.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði sem hæstv. ráðherra vék að sem eru lögin um mat á umhverfisáhrifum. Eins og fram kom í máli mínu og getið er um í greinargerð eru stærðarmörkin sem þar er um að ræða varðandi efnisnám býsna víð, þ.e. mörkin eru stór, ramminn er stór, bæði hvað snertir flatarmál lands og rúmfang þannig að það tekur ekki á þeim fjölda minni efnistökustaða sem er víða þörf á að stofna til og þarf auðvitað að leita að farvegi fyrir. Þá koma þessi ákvæði um mat á umhverfisáhrifum ekki til hjálpar nema ráðherra víkkaði þann ramma með heimildum sínum sérstaklega.

Oft er það svo að það er ekki alltaf stærðarumfangið sem veldur lýtum og reynist illa til fundið. Oft eru það minni háttar efnisnámur, tiltölulega litlar sem geta valdið óbætanlegu tjóni ef ekki er rétt að staðið og undirbúningur vandaður. Því er nauðsynlegt að huga að málinu í heild og reyna að marka því farveg án þess að loka á það eins og reynt er að gera hér, útiloka að landeigendur geti staðið fyrir lítils háttar efnistöku til eigin nota án þess að það þurfi eitthvert flókið ferli til að koma. En þá verður auðvitað að treysta á almenna virðingu manna fyrir landi og treysta á góðan frágang og er sjálfsagt að lögbjóða hann líka og að reyna að hafa áhrif einnig á lítils háttar efnisnám af þessum toga.

Síðan er þetta stóra efni að marka þessa almennu stefnu um landslagsvernd þannig að kannski verði létt af að einhverju leyti þrýstingnum á að bregðast þurfi við með friðlýsingu til að verða nokkuð viss um að ekki sé stofnað til óæskilegrar röskunar á landinu. Þetta hefur verið gert með öðrum þjóðum og að ég tel með góðum árangri þannig að það gæti orðið til eftirbreytni fyrir okkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:54.

---

30. FUNDUR

miðvikudaginn 8. nóv.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til iðnaðarráðherra:

1. Skaðabætur til bænda við Þingvallavatn, fsp. ÖS, 37. mál, þskj. 37.
2. Rennslistruflanir í Soginu, fsp. ÖS, 83. mál, þskj. 84.

Til viðskiptaráðherra:

3. Eftirlit með viðskiptum bankastofnana, fsp. VÁ, 123. mál, þskj. 139.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Bílalán til öryrkja, fsp. SvG, 110. mál, þskj. 116.

Til samgönguráðherra:

5. Þjónusta og kynning Egilsstaðaflugvallar, fsp. JónK, 121. mál, þskj. 134.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Neyðarsímsvörun, 138. mál, fsp. ÖJ, þskj. 164.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson,
4. þm. Austurlandskjördæmis."

Kjörbréf Þuríðar Backman hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og boðin velkomin til starfa.

Skaðabætur til bænda við Þingvallavatn.

Fsp. ÖS, 37. mál. — Þskj. 37.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur Þingvallavatn verið ótrúlega gjöfult veiðivatn í gegnum aldirnar. Fyrstu merki um veiðiskap á Íslandi hafa reyndar fundist í kumli frá ofanverðri 10. öld þar við vatnið. Það hafa jafnan verið miklar nytjar af veiði í vatninu, til að mynda átti Skálholtsstóll þar ítök og nýtti vel. Enn er þar að finna fjölmörg kenninöfn sem draga nafn sitt af veiðum Skálholtsmanna.

Vatnið er einstakt í heiminum. Þar eru fjórar gerðir af bleikju sem þekkist hvergi annars staðar, auk murtunnar. Þá var kuðungableikjan mikilvægust í veiðinni. Það var líka sterkur stofn urriða í vatninu. Stærsti stofninn átti heimkynni sín við Efra-Sogið og svo frægur varð urriðinn við Efra-Sogið að þangað sóttu menn til veiða þegar eftir miðja síðustu öld víðs vegar að úr Evrópu.

Reyndar er það svo, herra forseti, að urriðinn í Þingvallavatni var sérstaklega merkilegur. Hann var einn af örfáum upprunalegum stofnum í heiminum sem enn eru eftir sem námu land í kjölfar hopandi jökla þegar að ísöldinni slotaði. Hann býr við síðbúinn kynþroska og er einstaklega stór. Bændur við Þingvallavatn höfðu jafnan mikil hlunnindi af bleikjuveiði og lengi vel voru tekjurnar af þessari veiði einu peningarnir sem þeir höfðu handbæra. Þannig stóð þetta fram yfir miðja öldina. Veiðin stóð undir 30–60% af afkomu býlanna við Þingvallavatn.

Herra forseti. Veiðin var að stórum hluta undirstaða byggðar við vatnið. Lífríkið í þessu vatni var jafnframt

ómetanlegt, það var einstakt. Árið 1959 var hins vegar gagnger breyting þegar ráðist var í virkjun Efra-Sogs og því var í bókstaflegri merkingu lokað með stíflu. Farvegurinn varð þurr, þar var hægt að ganga þurrum fótum yfir ána sem ekki var lengur til en við byggingunа varð jafnframt það slys að á þjóðhátíðardaginn 1959 brast bráðabirgðastíflan. Vatnið lækkaði á örfáum klukkustundum um hátt á annan metra. Hrannir af dauðum seiðum lágu með allri strandlengjunni og í kjölfar þessa, herra forseti, hrundi veiðin í vatninu. Hún hefur aldrei náð sér aftur. Uppistaða veiðinnar var kuðungableikja sem nærðist á kuðungum sem lifa á mjög þröngu belti meðfram strandlengjunni og murtan var líka afar mikilvæg í veiðinni. Nú er það svo að urriðinn í vatninu var ránfiskurinn á toppi fæðukeðjunnar. Hann tempraði sveiflurnar í bleikjustofninum, sérstaklega murtunni. Brottnám hans úr lífríki vatnsins gerði það að verkum að murtusveiflurnar urðu miklu meiri. Það leiddi t.d. til þess á síðasta áratug að ofvöxtur hljóp í stofninn, ofbeit varð í vatninu á þeim bithögum sem murtan gekk í og murtuveiðin hrundi vegna þess að fiskurinn var það lítill að hann smó möskva netanna.

Þess vegna spyr ég hæstv. iðnrh.: Hvaða skaðabætur hafa bændur við Þingvallavatn fengið vegna þessa hlunnindamissis og fengu þeir einhverjar sérstakar bætur vegna slyssins sem varð árið 1959 þegar bráðabirgðastíflan brast?

[13:36]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr með hvaða hætti bændum, sem land eiga að Þingvallavatni, var bætt skert veiði í kjölfar virkjunar Efra-Sogs árið 1959. Veiði í Þingvallavatni er að langmestu leyti murta. Virkjunin við Efra-Sog tók til starfa árið 1959 og minnkaði veiðin í Þingvallavatni ekki fyrstu árin eftir gangsetningu hennar. Niðursveiflan varð hins vegar í veiði á árunum 1966–1969 og svo aftur á árunum 1987–1991 en er nú samkvæmt upplýsingum aftur á uppleið. Samkvæmt heimildum hefur veruleg sveifla verið í veiði í vatninu alla síðustu öld. Kröfur um bætur vegna skertrar veiði í Þingvallavatni í kjölfar virkjunar Efra-Sogs bárust ekki til stjórnar Sogsvirkjunar né heldur til Landsvirkjunar eftir að hún tók við eignum Sogsvirkjunar árið 1965. Hins vegar hafa þær skoðanir bænda komið fram á undanförnum árum að vatnsborðssveiflur í vatninu á fyrstu árum eftir að virkjunin tók til starfa hafi valdið tregri veiði í vatninu á undanförnum árum. Á síðustu 5–6 árum hefur vatnsborðssveiflum hins vegar verið haldið langt innan þess sem náttúrulegar sveiflur vatnsins voru áður en virkjunin tók til starfa.

Landsvirkjun er aðili að veiðifélagi Þingvallavatns og hefur á síðustu árum vegna minnkandi veiði á árunum 1987–1991 kostað ítarlegar rannsóknir á fiskstofnum vatnsins og jafnframt staðið straum af kostnaði við seiðasleppingar urriða í samvinnu við veiðifélagið. Jafnframt hefur fyrirtækið m.a. gert áætlun um endurbætur á hrygningaskilyrðum urriðans við útfall vatnsins í samvinnu við veiðifélagið.

Hv. þm. spyr einnig um hvort sérstakar bætur hafi komið fyrir slysið 17. júní 1959 þegar bráðabirgðastíflan fyrir mynni Efra-Sogs brast. Svarið er nei. Hins vegar er gert ráð fyrir því á þessu ári að Landsvirkjun verji 1,5 millj. kr. til að bæta skilyrðin í vatninu til hrygningar. Stærsta vandamálið mun vera að botninn er þannig að það vantar möl í vatnið svo urriðinn eigi hægt með að hrygna. Eins er rennsli oft og tíðum mjög lítið og talið er eftir mínum upplýsingum að rennsli þurfi að vera 30 sm á sekúndu að lágmarki til þess að urriðinn hrygni. En ég vonast til að ég hafi gefið hv. þm. svar við þeim fyrirspurnum sem hann bar hér fram á þskj. 37.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. kannast ekki við það að bændur hafi óskað eftir bótum vegna hlunnindataps. Nú er það svo að í bókinni Dunar á eyrum, sem gefin var út 1968, er viðtal við Steingrím Jónsson, fyrrv. rafveitustjóra, þar sem hann segir að í gangi sé mat á hlunnindatapinu og í framhaldi af því muni væntanlega koma skaðabætur fyrir. Hæstv. iðnrh. staðfesti að það hafa aldrei komið neinar bætur. Bændur fengu engar bætur fyrir slysið á þjóðhátíðardaginn 1959 þegar lækkaði um hátt á annan metra í vatninu og þegar margir árgangar seiða fóru forgörðum. Þetta þykir mér stórmerkilegt, sérstaklega með tilliti til þess að iðnrh. hæstv. hefur nýlega svarað skriflegri fyrirspurn minni um stuðning Landsvirkjunar við fiskirækt á öðrum stöðum þar sem Landsvirkjun hefur verið með virkjunarframkvæmdir í gangi. Þar kemur í ljós að alls hefur stofnunin kostað til 171 millj. en bændur við Þingvallavatn hafa varla fengið nokkurn skapaðan hlut. Þó er staðreynd að það er sennilega hvergi annars staðar á Íslandi nema ef vera skyldi við Mývatn þar sem afkoma bænda var jafnháð veiðunum og einmitt við Þingvallavatn. Ég verð því að segja, herra forseti, að mér þykir skjóta mjög skökku við og ég spyr hæstv. iðnrh.: Mun hann ekki sem góður vinur bænda og félagi í Framsfl. beita sér fyrir því að bændur við Þingvallavatn nái rétti sínum um þetta?

Hæstv. iðnrh. talar um að það hafi verið sveiflur sem hann segir að séu innan við náttúrulegar sveiflur Þingvallavatns og þær kunni að hafa haft óæskileg áhrif á urriðann í Þingvallavatni. Ég er algerlega ósammála því að þær séu innan náttúrulegra sveiflna. Hins vegar er ég sammála því að þær hafi haft áhrif á urriðann í Þingvallavatni sem er merkasti urriði í heiminum vegna þess að sveiflurnar í vatninu hafa valdið því að aðrir stofnar urriða utan Efra-Sogs hafa hrunið líka, þeir fáu stofnar aðrir sem voru eftir.

Herra forseti. Þetta er ekki mál sem að snýst um peninga eða fjármuni heldur um arfleifð úr lífríkinu sem er með sínum hætti alveg jafnmikilvæg íslensku þjóðinni og sú arfleifð sem við tökum við frá forfeðrum okkar í formi menningar og sögu.

[13:41]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem iðnrn. hefur frá stjórn Sogsvirkjunar meðan Sogsvirkjun rak virkjunina og síðan stjórn Landsvirkjunar hafa ekki borist formlegar óskir um stuðning um þetta efni. Aftur á móti hefur Landsvirkjun lagt talsverða fjármuni í rannsóknir á þessu svæði. Á árunum 1991–1995 hefur Landsvirkjun lagt fram 4 millj. kr. til uppbyggingar urriðastofnsins í Þingvallavatni. Að auki hefur Landsvirkjun lagt fram styrki árlega til almennra rannsókna á lífríki vatnsins á þessu tímabili sem nema 8 millj. kr. Það er því ekki rétt hjá hv. þm. að ekki hafi neitt verið lagt fram af fé í þessu efni til þess að styrkja þær aðstæður sem þarna eru.

Þar fyrir utan hefur verið gerð úttekt á vegum Landsvirkjunar og tillögur um það hvernig hægt sé að standa að vistfræðilegri uppbyggingu á skilyrðum til hrygningar í vatninu og mynni þess. Landsvirkjun hefur lagt þessa tillögur fyrir

veiðifélagið. Þær taka til þess að halda stöðugu vatnsborði í Þingvallavatni, að kortleggja vatnsbotninn til þess að finna þau svæði út sem eru hagkvæmust og best frá náttúrulegum skilyrðum fyrir urriðann að setjast að. Straummælingar eru sífellt í vatninu. Það er verið að mynda hrygningarsvæði á vegum veiðifélagsins og það er verið að undirbúa gerð fiskvegar úr Þingvallavatni niður í Efra-Sog. Það eru ýmis áform uppi í samvinnu Landsvirkjunar og veiðifélagsins á svæðinu um breytingar og úrbætur á aðstöðu sem þarna þarf að koma til.

Þar sem hv. þm. spurði hvort ég styddi ekki slíkar tillögur og umbætur á þessu sviði tek ég fram að ég geri það að sjálfsögðu.

Rennslistruflanir í Soginu.

Fsp. ÖS, 83. mál. — Þskj. 84.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er nátengd þeirri fyrirspurn sem við rökræddum hér áðan, ég og hæstv. iðnrh. Ég fagna því sem hann lýsti yfir að verið sé að undirbúa farveg fyrir urriða niður í gamla farveg Efra-Sogsins. Það er þakkarvert og fyrir því hafa menn barist mjög lengi. En allt annað sem hæstv. ráðherra sagði byggist að mestum hluta á röngum upplýsingum. Hann ætti að leita sér að öðrum og betri ráðgjöfum og ég býð mig hér með fram.

Herra forseti. Spurning mín lýtur að rennslistruflunum í Soginu. Eins og menn vita er Sogið vatnsmesta bergvatnsfljót á Íslandi. Það hefur um langa hríð verið þekkt fyrir einstakt lífríki sem átti sér hvergi líka á Íslandi og þótt víða væri leitað. Til að mynda veit ég að hæstv. iðnrh., sem er áhugamaður um laxveiði, veit að Sogið var frægt fyrir gríðarlega stóran laxastofn. Síðan voru byggðar virkjanir í Soginu og miklar truflanir á rennsli árinnar af þeirra völdum. Þannig eru til upplýsingar um að vegna framkvæmda við virkjanirnar fyrr á öldinni var rennsli Sogsins takmarkað í um það bil 30 skipti og fór þá alveg niður í 40 teningsmetra á sekúndu en eðlilegt meðalrennsli er yfir 100 teningsmetrar. Stundum eða 16 sinnum var lokað alveg fyrir framrennsli Sogsins tímabundið eða gerðar mjög róttækar rennslistakmarkanir. Auðvitað hafði þetta mikil áhrif á lífríki árinnar. Það liggja fyrir rannsóknir sem sýna ótvírætt að rennslistruflanir af völdum orkuvera valda dauða lífvera og þær valda líka röskun á klaki og hrygningu á uppeldissvæðum ungfisksins.

Herra forseti. Samkvæmt mælingum sem Sigurjón Rist vatnamælingamaður gerði árið 1969 kom fram að það var nauðsynlegt að halda rennsli árinnar við 65 teningsmetra á sek. Ef það fór niður fyrir það komu upp úr ánni grynningar þar sem að saman fór undir eðlilegum kringumstæðum, hæfilegur straumur og hæfileg möl og myndaði þannig mjög góðar riðstöðvar fyrir laxinn. Þá komu hrygningarstöðvarnar upp á þurrt.

Fyrr á öldinni var það niðurstaða dr. Unnsteins Stefánssonar prófessors og Ingólfs Ágústssonar verkfræðings, sem voru kvaddir til þess að meta afleiðingar þessara truflana, að þær hefðu mjög neikvæð áhrif á viðkomu laxins í Soginu. Ég rifja upp að í gerðardómi sem féll 1969 þar sem bændum voru dæmdar skaðabætur fyrir þetta og jafnframt var það lagt fyrir Landsvirkjun að sjá til þess að rennsli færi ekki niður fyrir 65 teningsmetra á sek. Hefur þetta haldið? Hefur Landsvirkjun staðið við þetta? Ég dreg það stórlega í efa vegna þess að nú blasir við að þessi merkilegi stofn stórlaxa er horfinn úr ánni og það kemur líka fram á yfirliti yfir veiði síðustu ára að hún er afar sveiflukennd og hún fer niður á við á tímum þar sem veiði í öðrum ám hefur stundum verið á uppleið. Þess vegna spyr ég hvort það geti verið að það sé skortur á hæfilegri aðgát hjá þeim sem stjórna rennsli árinnar, þ.e. Landsvirkjun, sem veldur þessu. Því set ég fram þessa spurningar, herra forseti: Hversu oft hefur rennsli Sogsins farið undir 65 teningsmetra á sek. síðan 1969 og hefur það farið alla leið niður í 40?

[13:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr um rennslistruflanir í Soginu á þskj. 84. Fyrri spurningin er svohljóðandi: „Hversu oft hefur rennsli Sogsins farið niður fyrir 65 teningsmetra á sek. frá því að samið var um bætur til veiðiréttareigenda með gerðardómi árið 1969?“ Á tímabilinu frá 15. febr. 1972 var ekki rekinn síritandi vatnshraðamælir í Soginu og liggja því aðeins fyrir upplýsingar um meðalrennsli hvers dags á tímabili en ekki um lægsta rennsli dagsins. Meðalrennsli dagsins fór aldrei niður fyrir 65 teningsmetra á sekúndu á tímabilinu 1969 til febrúarloka 1972 en komst næst því 22. febr. 1970 þegar það fór niður í 65,08 teningsmetra á sek.

Frá því að síritandi rennslismælingar hófust í Soginu 15. febr. 1972 hefur rennslið 109 sinnum farið niður fyrir 65 teningsmetra á sek. Hv. þm. spyr einnig hversu oft rennslið hafi farið niður fyrir 40 teningsmetra á sekúndu á sama tíma. Rennslið hefur farið tvisvar niður fyrir 40 teningsmetra á sekúndu frá því að síritandi rennslismælingar hófust 19. febr. 1972, dagana 12. apríl 1980 þegar rennslið fór lægst í 36,4 teningsmetra á sekúndu og 16. okt. 1988 þegar rennslið var minnst 35,8 teningsmetrar á sekúndu. Ég vona að þessar upplýsingar svari fyrirspurn hv. þm.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir einkar skýr og glögg svör. Hér hefur komið fram að Landsvirkjun hefur brotið í bága við niðurstöður gerðardóms sem féll 1969 að minnsta kosti 109 sinnum þannig að það er alveg ljóst að hún hefur hagað sér af gríðarlegu óhófi. Það er nákvæmlega mergur málsins. Það er það sem ég er að reyna að draga fram og undirstrika, bæði gagnvart þingheimi og hæstv. iðnrh. vegna þess að ég veit að hann er velviljaður þessu máli. Ég hugðist draga það fram að Landsvirkjun hagar sér oft eins og óheflaður barbari þegar lífríki náttúrunnar er annars vegar. Ég hika ekki við að segja það, herra forseti, að stórkostlegasta umhverfisslys sem hefur orðið á Íslandi var bygging Steingrímsstöðvar. Ég hika ekki við að segja það. Mér þykir hins vegar vænt um að hæstv. iðnrh. hefur lagt þessar upplýsingar fram. Ég veit að hann er áhugamaður um vernd lífríkis og náttúrunnar og ég spyr hann hvort hann muni ekki, í framhaldi af því að hann hefur þessar upplýsingar fyrir framan sig, beita sér fyrir því að Landsvirkjun fari að haga sér eins og siðaðir menn gagnvart náttúrunni.

[13:49]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég get upplýst það við hv. þm. að ég hef rætt þessi mál við Landsvirkjun. Það er flest af því rétt sem fram kemur í máli hv. þm. Það er hins vegar svo að það

er mjög nákvæmlega vitað hverjar þessar rennslisbreytingar eru. Þarna eru tilgreind 109 skipti. Þetta er oft og tíðum mjög skammur tími vegna þess að þarna er um síritun að ræða þannig að menn vita nákvæmlega á hvaða tímum sólarhrings í hversu langan tíma hverju sinni rennslið fer niður í þetta ákveðna magn. Af því ég veit að hv. þm. er sérfræðingur um kynlíf fiska, (**ÖS:** Og framsóknarmanna.) það er alveg nýtt fyrir hv. þm. sem hér stendur að hv. þm. skuli vera sérfræðingur í því líka, það hef ég ekki vitað fyrr en það eru auðvitað fróðlegar upplýsingar. (**ÖS:** Þar eru engar rennslistruflanir.) Það eru ekki rennslistruflanir, það er rétt hjá hv. þm. Ef að það skyldi nú skipta máli á hvaða tíma sólarhrings þetta gerist og þá legg ég það í mat hv. þm. að meta það að þá var það kl. 6:50–7:35, 12 apríl 1980 að rennslið fór niður í 36,4 rúmmetrar á sek. Síðan gerist það slys aftur 1988 á öðrum tíma sólarhringsins kl. 15:30–16:30 þar sem rennslið fer niður í 35,8 rúmmetra á sekúndu.

Það verður að vera hv. þm. að meta hvaða áhrif það hafi á hvaða tíma sólarhringsins þetta gerist.

Eftirlit með viðskiptum bankastofnana.

Fsp. VÁ, 123. mál. — Þskj. 139.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Ingi Árnason):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur alda gjaldþrota tröllriðið íslensku viðskiptalífi. Það sem einkennir sérstaklega gjaldþrot síðari ára og gerir þau frábrugðin því sem áður var er að æ algengara verður að engir fjármunir finnast í þrotabúum við rekstrarlok. Þvert á móti verður í auknum mæli vart við aðila sem hafa með skipulögðum blekkingum efnt til skulda sem þeir víkja sér hjá að greiða með einföldu gjaldþroti eða bókhaldstilfæringum og hefja síðan rekstur aftur með annarri kennitölu og nýjum blekkingum. Á fundi um agaleysi í viðskiptum sem Samtök iðnaðarins héldu nýverið kom fram í máli lögfræðings samtakanna að allt of mörg dæmi séu um rekstur óreiðufyrirtækja sem lúta ekki eðlilegum viðskiptalögmálum. Fyrirtækjum væri haldið gangandi löngu eftir að ljóst væri að þau væru hætt að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Í 15 mánuði hefur samstarfshópur um bætt viðskiptasiðferði, sem er vinnuhópur tíu atvinnufyrirtækja á Akureyri, aflað gagna um eitt slíkt óreiðufyrirtæki. Árangur þeirrar gagnaöflunar er skráður í þessu riti sem nokkrir ráðherrar og alþingismenn hafa fengið í hendur. Þar koma fram upplýsingar um það hvernig viðskiptabanki hefur með blekkingum haldið óreiðufyrirtæki gangandi löngu eftir að því bar samkvæmt lögum að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Í ritinu og fylgigögnum þess koma einnig fram staðfestar upplýsingar margra nafngreindra aðila og fyrirtækja þeirra sem skýra frá því að bankastjóri viðskiptabankans sem deildi og drottnaði yfir fjármunum óreiðufyrirtækisins hafi fullyrt og fullvissað þá um að hagur þess væri traustur og færi batnandi. Á sama tíma sýndi útskrift bankareikninga fyrirtækisins að á móti rúmlega 100 millj. kr. rekstrartekjum var það með yfir 100 millj. kr. yfirdráttarskuld í bankanum og þar af um 40–50 millj. í óheimiluðum yfirdrætti sem fór vaxandi.

Þar koma einnig fram staðfestar yfirlýsingar nafngreindra aðila um að þeir hafi verið hlunnfarnir um milljónir kr. á grundvelli rangra upplýsinga bankastjóra viðskiptabankans á meðan bankinn sjálfur hafði á 30 mánaða tímabili yfir 70 millj. vaxtatekjur af óreiðuskuldum fyrirtækisins. Það kemur einnig fram að þessi tiltekni viðskiptabanki hefur oftar en einu sinni verið dæmdur í Hæstarétti til að greiða fólki milljónir kr. í skaðabætur vegna óvandaðra viðskiptahátta. Því spyr ég hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga:

Hvernig er háttað eftirliti viðskrn. með framkvæmd laga um viðskiptabanka og hver er verkaskipting þess og bankaeftirlitsins í því sambandi?

Hefur ráðuneytið rannsakað eða hlutast til um rannsókn bankaeftirlitsins á viðskiptum Íslandsbanka hf. við fyrirtækið A. Finnsson á Akureyri með tilliti til þess hvort um er að ræða brot á lögum um viðskiptabanka? Sé svo ekki, mun þá ráðuneytið rannsaka eða hlutast til um að viðskipti bankans eða fyrirtækisins verði rannsökuð?

[13:56]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara einstökum efnisatriðum í ræðu hv. þm. heldur fyrst og fremst að svara þeim fyrirspurnum sem beint er til mín á þskj. 139. Fyrri fyrirspurnin hljóðar svo: Hvernig er háttað eftirliti viðskrn. með framkvæmd laga um viðskiptabanka og hver er verkaskipting þess og bankaeftirlitsins í því sambandi?

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem staðfest er með auglýsingu nr. 96/1969, fer viðskrn. með mál er varða Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði. Viðskrn. leggur því fram frv. til laga um viðskiptabanka og gefur út reglugerðir sem settar eru samkvæmt lögum um viðskiptabanka.

Með 13. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er Seðlabankanum fengið það hlutverk að hafa eftirlit með að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Verkefnið skal falið sérstakri deild í bankanum og er sú deild nefnd bankaeftirlit. Viðskrh. skipar forstöðumann bankaeftirlits. Nánar er kveðið á um eftirlitshlutverk Seðlabankans í IV. kafla fyrrgreindra laga, nr. 36/1986.

Þá er einnig kveðið á um eftirlit bankaeftirlitsins í XIV. kafla laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt 92. gr. þeirra laga hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana sem lögin taka til séu í samræmi við ákvæði þeirra, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana.

Samkvæmt framansögðu fer bankaeftirlit Seðlabanka Íslands með eftirlit með starfsemi viðskiptabanka, viðskrn. ber hins vegar ábyrgð á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi þeirra og þeim reglugerðum sem viðskrn. ber samkvæmt lögum að setja um starfsemi þeirra.

Hv. þm. spyr einnig: Hefur ráðuneytið rannsakað eða hlutast til um rannsókn bankaeftirlitsins á viðskiptum Íslandsbanka hf. við fyrirtækið A. Finnsson hf. á Akureyri með tilliti til þess hvort um er að ræða brot á lögum um viðskiptabanka? Sé svo ekki, mun þá ráðuneytið rannsaka eða hlutast til um að viðskipti bankans og fyrirtækisins verði rannsökuð?

Í svari við fyrri lið fyrirspurnarinnar kemur fram að eftirlit með starfsemi viðskiptabanka er í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Ráðuneytið hefur því ekki rannsakað tilgreind viðskipti. Þá hefur ráðuneytið ekki heldur hlutast til um rannsókn bankaeftirlitsins á hinum tilgreindu viðskiptum. Hins vegar hyggst ráðuneytið í tilefni af fyrrgreindri

fyrirspurn hv. þm. vekja athygli bankaeftirlitsins á umræddu málefni.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Ingi Árnason):

Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans og lýsi því yfir að ég er ánægður með það sem kom þar síðast fram um að viðskrn. mun beina tilmælum til Seðlabanka Íslands. Það virðist vera full þörf á því, því að eins og ég hef áður sagt ríður holskefla gjaldþrota yfir landið. Fyrir Aflvaka Reykjavíkur hefur verið unnin greinargerð þar sem fram kemur að þróun í gjaldþrotamálum er mjög alvarleg nú um stundir. Í síðustu viðskiptablöðum hefur verið rituð heil ritröð og greinaflokkur um gjaldþrota fyrirtæki þar sem áhyggjur koma fram í hvert stefnir.

Í fréttum í gær er skýrt frá því að gjaldþrot á Suðurlandi hafi aukist um helming á milli ára og svipaða sögu er að segja annars staðar.

Hér var spurt hvernig sé háttað eftirliti viðskrn. og Seðlabanka Íslands, æðstu fjármálastofnana landsins, með viðskiptabanka sem hefur verið dæmdur í Hæstarétti fyrir ólöglega viðskiptahætti. Fram kemur í dómsskjölun héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar að bankaeftirliti Seðlabankans hefur ítrekað verið bent á óeðlilega viðskiptahætti milli viðkomandi viðskiptabanka og verktakafyrirtækisins. Bankaeftirlitið virðist ekki hafa gripið í taumana í þessu tilfelli frekar en í Ávöxtunarmálinu á sínum tíma. Þrátt fyrir að viðskiptabankinn sé margdæmdur fyrir óeðlilega viðskiptahætti bæði í héraðsdómi og Hæstarétti virðist bankaeftirlitið ekkert aðhafast í málinu. Hér virðist eftirlit Seðlabanka Íslands hafa brugðist og orsakað milljóna tjón viðskiptamanna bankans. Það er því nauðsynlegt að fram fari eftirlit eins og hæstv. ráðherra hefur sagt.

[14:01]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki láta þetta mál fara fram hjá garði án þess að benda á tvö atriði í þessu sambandi. Öll viðskipti bankakerfisins á Íslandi hvort sem er við fyrirtæki eða einstaklinga er með allt öðrum hætti en gerist annars staðar, þar ríkir í raun og veru fullur fjandskapur. Ég býst við að allir venjulegir borgarar kannist við það að í staðinn fyrir að bankar reyni að þjónusta viðskiptavini sína má varla nokkur hlutur út af bera fyrr en komin eru bréf með hótunum og ógnunum til fólks og benda má á alla þá pappírseyðslu sem þar fer fram. Þessu verður auðvitað að breyta. Einn þáttur þessa máls er svo auðvitað verðtrygging lána á Íslandi og það verður að gera gangskör að því að leggja hana af í áföngum. Mér er ljóst að hún getur ekki verið tekin af á einu augabragði eins og okkar ágæti samþingmaður, hv. fyrrv. þm. Eggert Haukdal, marglagði til og ég raunar studdi hann í því. En það er orðið óþolandi að horfa upp á þá eignaupptöku sem á sér stað með verðtryggingu lána hér í landi.

[14:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Bara af tilefni ummæla hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur varðandi verðtryggingu lána og til upplýsingar þá hefur það verið ákveðið í samvinnu viðskrn. og Seðlabankans og fyrstu skref hafa verið tekin í þá veru að afnema verðtrygginguna í áföngum og gert er ráð fyrir því að afnám verðtryggingar verði að fullu komið til framkvæmda um aldamót, þannig að menn nota tímann fram til aldamóta til þess að afnema verðtrygginguna.

En til þess að svar til hv. fyrirspyrjanda sé alveg skýrt og ekki fari þar neitt milli mála þá hyggst ráðuneytið í tilefni af þeirri fyrirspurn sem hér hefur verið borin fram vekja athygli bankaeftirlitsins á umræddu málefni.

Bílalán til öryrkja.

Fsp. SvG, 110. mál. — Þskj. 116.

[14:03]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Á þskj. 116 hefur hv. þm. Svavar Gestsson borið fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. Er fyrirspurnin 110. mál þingsins og hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hvaða rök eru fyrir því að fella niður svokölluð bílalán til öryrkja?

2. Hve margir hafa fengið: a. hærri, b. lægri lánin á undanförnum fimm árum?

Hv. þm. situr nú þing Sameinuðu þjóðanna og því fylgi ég fyrirspurn hans úr hlaði. Forsaga þessa máls er sú að á fundi tryggingaráðs í september sl. lagði formaður ráðsins, Bolli Héðinsson, fram tillögu þess efnis að lánveitingum til bifreiðakaupa öryrkja yrði hætt frá næstu áramótum. Vísað var til lánastofnana og með fylgdu upplýsingar frá hinum ýmsu tryggingafélögum sem buðu fram lánafyrirgreiðslu. Ekki þarf að lá nefndarmönnum þó að þeir teldu víst að tillagan væri komin frá hæstv. ráðherra þar sem það er tæplega í verkahring ráðsins að hafa frumkvæði um svo mikilvægar breytingar á kjörum öryrkja í landinu án samráðs við ráðuneytið. Ráðinu ber fyrst og fremst að gæta þess að Tryggingastofnun ríkisins fari að lögum og hafa eftirlit með rekstri hennar. Rétt þótti að senda tillögu þessa til Öryrkjabandalags Íslands og Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra. Umsagnir bárust skjótt og ég ætla að lesa brot úr umsögnum þeirra ef mér endist tími, hæstv. forseti. En þær voru að sjálfsögðu mjög neikvæðar.

Lánveitingar Tryggingastofnunar ríkisins hófust þegar árið 1947 og hafa alla tíð síðan verið mikilvæg aðstoð við þá sem komast ekki leiðar sinnar vegna fötlunar. Lán þessi eru nú 340 þús. kr. fyrir þá sem eru alls ófærir um gang án hjálpartækja en 180 þús. kr. fyrir aðra fatlaðra. Tryggingalæknar meta nauðsyn lánanna ásamt öðrum starfsmönnum stofnunarinnar. Lánin voru lengst af á sambærilegum kjörum og lán á almennum lánamarkaði en vegna verðbólgu urðu þau hagstæðari um tíma. Vextir af lánunum hafa síðan verið hækkaðir og vísitölubundin hafa þau verið frá árinu 1992 og eru nú bundin lánskjaravísitölu og bera 1% ársvexti umfram hana. Frekari hækkun var fyrirhuguð í áföngum. Lánin greiðast á þremur árum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum sem teknar eru af bótum almannatrygginga. Þessi lán skila sér því ævinlega að fullu.

Þrátt fyrir mótmæli samtaka öryrkja var tillaga formanns samþykkt á fundi ráðsins 6. okt. sl. gegn atkvæðum Petrínu Baldursdóttur, fyrrv. þingmanns, og mínu og voru mótmæli okkar færð til bókar.

Okkur er ljóst að ekki eru bein ákvæði í lögum um almannatryggingar um lán þessi en við töldum þau eiga svo langa hefð í sögu stofnunarinnar og skipta fatlað fólk svo miklu máli að fráleitt væri að svipta það þessari fyrirgreiðslu. Við töldum ljóst vera að með því yrði gert erfiðara um vik að

eiga að sækja lánafyrirgreiðslu til lánastofnana og tryggingafélaga í einkaeign. En málið gerðist enn undarlegra þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. birtist í sjónvarpi og virtist ekkert um mál þetta vita enda væri hún algerlega mótfallin því. Það er því eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra líka: Verður lánafyrirgreiðslunni hætt?

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hvaða rök eru fyrir því að fella niður svokölluð bílalán til öryrkja? Rök tryggingaráðs, sem tók þessa ákvörðun, eru m.a. þessi: Þau eiga sér ekki stoð í lögum. Tryggingastofnun hóf veitingu lána til bifreiðakaupa árið 1947 eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda en þá var aðgangur almennings að lánsfé takmarkaður. Auk bílalána veitti stofnunin öryrkjum námslán svo og lán til verkfæra- og tækjakaupa án þess að fyrirmæli væru um það í lögum. Með lagasetningu um málefni fatlaðra hafa þessi verkefni flust til svæðisskrifstofa fatlaðra.

Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir við bílalán Tryggingastofnunar. Í stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar um Tryggingastofnun segir: „Lán til bifreiðakaupa eiga sér ekki stoð í lögum og samræmist það tæpast hlutverki Tryggingastofnunar að stunda lánastarfsemi."

Önnur rök eru þessi: Aðstæður á lánamarkaði hafa breyst, lánveitingum Tryggingastofnunar var fyrst og fremst ætlað að gera fötluðum kleift að fá lán þegar erfitt var að fá lán á almennum markaði. Nú er framboð lána á fjármagnsmarkaði mun meira og mörg fyrirtæki bjóða hagstæðari lán en Tryggingastofnun hvað varðar lánstíma, upphæð lána, aldur bifreiða og ábyrgðir. Bílalán Tryggingastofnunar voru lengst af á sambærilegum kjörum og lán á almennum lánamarkaði þó að nokkuð hafi dregið í sundur á verðbólgutímum. Hagstæð vaxtakjör lánanna voru því ekki meðvitaður tilgangur þeirra heldur afleiðing verðbólguþróunar í landinu. Árið 1992 ákvað tryggingaráð að vísitölubinda bílalánin og þá var um leið gert ráð fyrir áfangahækkun vaxta. Bílalánin hafa borið 1% vexti og nú er komið að framkvæmd vaxtahækkunar. Vaxtamunur á bílalánum Tryggingastofnunar og lánum á almennum lánamarkaði hefði orðið hverfandi ef nokkur eftir fyrirhugaða hækkun. Því taldi tryggingaráð ekki lengur grundvöll fyrir þessum lánveitingum stofnunarinnar.

Hve margir hafa fengi bílalán að undanförnu, hærri og lægri lán? Árið 1992 fengu 304 einstaklingar lægri lánin og 86 hærri lánin. Árið 1993 fengu 301 lægri lánin og 77 hærri. Árið 1994 fengu 244 lægri lán og 69 hærri lán. Árið 1995 fengu 263 einstaklingar lægri lán en 57 einstaklingar hærri lán. Þess má geta að hærri lánin eru upp á 340.000 kr. en hin lægri upp á 180.000 kr.

Virðulegi forseti. Hér á undan hef ég greint frá rökum tryggingaráðs um þá ákvörðum að hætta lánafyrirgreiðslu. Ég hef áður sagt og segi hér að ég mun fara þess á leit við tryggingaráð að það endurskoði ákvörðun sína þannig að lánafyrirgreiðslan verði ekki skorin niður með einu pennastriki. Þar með tel ég að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

[14:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Halldór Kiljan Laxnes segir í einum stað: Guðs miskunn er hið fyrsta sem deyr í hörðu árí. Það er ekki tiltakanlega hart í ári núna en þegnarnir hafa séð að miskunn Framsfl. er samt óðum að deyja. Sú breyting sem tryggingaráð samþykkti varðandi bílakaupalán til öryrkja er auðvitað partur af miklu stærri heildarmynd þar sem vegið er að kjörum einmitt þessa hóps miklu víðar.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði: „Ég mun fara þess á leit við tryggingaráð". Ég spyr því: Hefur hæstv. ráðherra ekki gert það nú þegar vegna þess að ég skildi mál hennar í fjölmiðlum með þeim hætti? Hæstv. ráðherra segir líka: „Þetta á sér ekki stoð í lögum." Eigi að síður ætlar hún að fara þess á leit við tryggingaráð að lánunum verði fram haldið. Ég spyr því enn: Ætlar hæstv. ráðherra á allra næstu dögum að leggja fram lagafrv. til þess að það verði gert kleift? Ef hún ætlar ekki að gera það þá ætla ég að beita mér fyrir því að stjórnarandstaðan geri það.

[14:12]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En ég tek nú undir með hv. 15. þm. Reykv. að ég vil heldur heyra að ráðherra hafi þegar lagt grundvöllinn að því annaðhvort að setja ákvæði inn í lög sem heimila þessi lán eða að hún hafi farið þess á leit við Tryggingastofnun ríkisins að þeirri ákvörðun um að leggja lánin niður verði frestað.

Ég upplýsi hv. þingheim um að tillögu formanns tryggingaráðs fylgdi hjálpargagn til nefndarmanna sem var nælt við tillöguna og þar er auglýsing frá VÍS: „Veldu bílinn og VÍS lánar þér." En það skiptir kannski engu máli að einn ráðsmanna er stjórnarmaður í Sambandi tryggingafélaga. Það er gjarnan í okkar litla landi að hvað rekst á annars horn þegar kemur að hagsmunum. Sannleikurinn er sá að málið er alls ekki eins einfalt og það virðist vera. Tryggingastofnun getur tekið afborganir af þessum lánum af greiddum bótum og tryggir þess vegna bæði bótaþeganum og stofnuninni sjálfri skil á þessum lánum. Enginn annar hefur leyfi til að taka af tryggingabótum afborganir og auðvitað getur ekkert tryggingafélag í bænum vaðið í Tryggingastofnun ríkisins og tekið greiðslur af bótum bótaþega. Auðvitað hafa þessi lán verið mikil hjálp fyrir öryrkja og fatlað fólk við að kaupa bifreið sem það sannarlega þarf að nota og þess vegna er það mikill skaði ef þessi fyrirgreiðsla verður lögð niður. Stofnunin tapar engu á henni, þeir einu sem tapa á því að þetta verði lagt niður eru öryrkjarnir og hinir fötluðu. Það getur ekki verið meiningin að tryggingaráð stuðli að því að svo fari. Ég vona þess vegna að hæstv. ráðherra standi við orð sín og taki þegar í stað af allan vafa um að Framsfl. og hæstv. ríkisstjórn ætli að stuðla að þessari kjaraskerðingu öryrkja.

[14:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að hnykkja á því sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi lagastoð fyrir bifreiðalánum. Ef hæstv. ráðherra hyggst afturkalla ákvörðun tryggingaráðs um bílalánin er nauðsynlegt að fyrir sé í lögum stoð fyrir þeirri aðgerð. Ég held að við þurfum að íhuga það, þingmenn og framkvæmdarvaldið, að það þarf að vera lagastoð fyrir því sem framkvæmt er.

Ég vil minna á annað mál sem er endurhæfingarlífeyrir. Fyrir þingi liggur frv. um það sem vantar lagastoð fyrir en á að greiða áfram. Það verður að vera fyrir hendi lagastoð og það er einfalt mál að kippa því í liðinn í gegnum þingið. Ég vil bara vekja athygli á því í þessu tilviki.

[14:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í fyrri ræðu minni hef ég þegar lagt grunninn að því að þessari fyrirgreiðslu við

öryrkja verði ekki hætt. Það kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það vantaði lagastoð fyrir þessum lánveitingum og lagastoð hefur ekki verið til allt frá 1947 þegar lánin voru fyrst veitt.

Nú vill svo til að það er verið að endurskoða almannatryggingalöggjöfina í heild sinni og þar er ýmislegt sem þarfnast endurskoðunar, eins og atriðið sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur áðan, þannig að þar er að ýmsu að gæta.

Hv. þm. sagði einnig að ef það næði fram að ganga að við vildum halda lánafyrirgreiðslu áfram án lagaheimildar, myndi hann leggja fram frv. til laga, a.m.k. skildi ég hann þannig. Ég segi bara við hv. formann heilbr.- og trmn., eigum við ekki að hafa samvinnu um þetta mál? Erum við ekki sammála varðandi þetta atriði?

Þjónusta og kynning Egilsstaðaflugvallar.

Fsp. JónK, 121. mál. — Þskj. 134.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Á þskj. 134 flyt ég fyrirspurn til samgrh. um þjónustu og kynningu Egilsstaðaflugvallar. Fyrirspurnin hljóðar þannig:

1. Eru fyrirhugaðar ráðstafanir til að tryggja auknar birgðir af flugvélaeldsneyti á Egilsstaðaflugvelli til að hann þjóni hlutverki sem varavöllur í millilandaflugi?

2. Hvernig hefur verið staðið að kynningu Egilsstaðaflugvallar sem varavallar?

Það er kunnugt að mikil uppbygging á Egilsstaðaflugvelli hefur staðið yfir með það fyrir augum að hann geti þjónað sem varavöllur í millilandaflugi. Nú sér að mörgu leyti fyrir endann á þeirri uppbyggingu. Lokaframkvæmdir eru í gangi við flugstöð og ráðið hefur verið starfsfólk til vallarins þannig að þar sé hægt að setja á vaktir. Þrátt fyrir þessa myndarlegu uppbyggingu vantar herslumuninn til þess að hann geti þjónað þessu hlutverki og gildasta ástæðan er ófullnægjandi aðstaða fyrir nægjanlegar eldsneytisbirgðir á flugvellinum til að þjóna sem varavöllur fyrir stórar flugvélar.

Núverandi birgðastöð eldsneytis er illa staðsett inni á öryggissvæði flugvallarins. Þó mun vera hægt með hagræðingu að geyma 50 þús. lítra af þotueldsneyti á vellinum. Ég spyr um eldsneytismálin sérstaklega vegna þess að það er forsenda fyrir notkun vallarins sem varaflugvallar að hægt sé að tanka þar, með öðrum orðum að taka eldsneyti. Olíufélagið Skeljungur sér um þessa þjónustu á vellinum og væntanlega kemur það fram í svari hæstv. samgrh. hvort viðræður hafa farið fram við félagið um þetta efni.

Það hefur ítrekað komið fyrir að vélar hafa flogið yfir landið án þess að lenda hér ef Keflavíkurflugvöllur hefur verið lokaður en Egilsstaðaflugvöllur opinn og eru nýleg dæmi um það. Þess vegna er seinni spurningin á þá leið hvort ráðstafanir hafi verið gerðar til að kynna þessa nýju möguleika á Íslandi fyrir flugrekstraraðilum.

Það er ljóst að eldsneytismálin eru nú kannski brýnasta verkefnið. Yfirleitt er viðdvölin ekki löng þegar lent er og Keflavíkurflugvöllur er lokaður. Það er tímabundið ástand sem varir kannski ekki nema hluta úr sólarhring nema í algerum undantekningartilvikum. Og varavöllur er eins og kunnugt er til þess að hægt sé að taka eldsneyti erlendis með tilliti til þess að varavöllur sé fyrir hendi hér á landi.

Ég beini þessum tveimur spurningum til hæstv. samgrh.

[14:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum Flugmálastjórnar er það að segja um flugvélaeldsneytismálið að Skeljungur hf. hefur haft eldsneytisbirgðir á flugvellinum um árabil. Þegar nýja flugbrautin var hönnuð var gert ráð fyrir að félagið flytti eldsneytisgeymi og dælingarbúnað um set, enda er hann á óheppilegum stað eftir að flughlaðið hefur færst vestur fyrir flugstöðina. Jafnframt var gert ráð fyrir að stærri geymir yrði settur upp þannig að hægt yrði að sinna eldsneytisþörfum stærri flugvéla.

Flugmálastjórn hefur ítrekað gengið eftir því að Skeljungur réðist í ofangreindar framkvæmdir. Hins vegar hefur nýlega borist bréf frá forstjóra fyrirtækisins þess efnis að hann treysti sér ekki til að gera neinar breytingar á aðstöðu sinni á flugvellinum þar sem sala á eldsneyti standi engan veginn undir slíkum fjárfestingum. Þess ber þó að geta að áform munu vera um að auka birgðir þotueldsneytis á flugvellinum. Þetta verði gert með því að nýta bensíntank í þessu skyni.

Ljóst er að flugmálastjórn er í erfiðri aðstöðu að krefjast aukinnar eldsneytisþjónustu þar sem ólíklegt verður að telja að annar aðili fengist til þess að sinna henni. Slíkt hefur þó ekki verið formlega kannað.

Varðandi kynningu Egilsstaðaflugvallar er þetta að segja: Flugvöllurinn var ítarlega kynntur á ráðstefnu sem Flugmálastjórn hélt í Reykjavík í október 1994, þar sem fjallað var um málefni flugumferðarþjónustu á Norður-Atlantshafi. Á þessari ráðstefnu voru mættir fulltrúar allra flugfélaga sem fljúga reglubundið yfir Norður-Atlantshafið. Fulltrúar frá tveimur stórum bandarískum flugfélögum fóru til Egilsstaða til að kynna sér betur aðstæður. Auk ofangreindrar kynningar verður öllum ofanefndum flugfélögum tilkynnt sérstaklega um þá breytingu sem verður á rekstri Egilsstaðaflugvallar þegar tekin verður upp rekstur á flugvellinum allan sólarhringinn á næstunni. Umrædd breyting á rekstri flugvallarins er jafnframt tilkynnt með hefðbundnum hætti í upplýsingaritum til flugmanna og flugrekenda.

Þá er rétt að geta þess að heilsíðuauglýsing um flugvöllinn birtist í Iceland Review fyrr á þessu ári, en ritinu var m.a. dreift á vegum Flugleiða til aðila í flugheiminum.

[14:23]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Í svari samgrh. kom fram að helsti þröskuldurinn við að koma Egilsstaðaflugvelli í gagnið sem varaflugvelli í millilandaflugi er sá að það vantar auknar birgðir af flugvélaeldsneyti. En það þarf meira til. Það þarf að ljúka við flugvallarbygginguna og koma henni sem allra fyrst í gagnið og eins að koma á veðurathugunum við flugvöllinn. Flugvöllurinn sjálfur er stórt og mikið mannvirki og það er því dýrt að láta hann standa án þess að fullnýta hann sem varaflugvöll í millilandaflugi. Því hvet ég hæstv. samgrh. til að líta á alla þá þætti sem þurfa að vera til staðar til þess að koma vellinum í gagnið sem allra fyrst sem varaflugvelli í millilandaflugi.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans varðandi þetta mál. Ég vil eindregið hvetja til þess að

Flugmálastjórn beiti áhrifum sínum til að bæta úr eldsneytismálunum á Egilsstaðaflugvelli. Spurningin er hvort kemur á undan, eggið eða hænan. Það er satt að segja ekki von á mikilli sölu meðan ekki er rými fyrir þær eldsneytisbirgðir sem til þarf til þess að vélar geti athafnað sig á vellinum. Ég hvet hæstv. samgrh. til að koma þessu áfram til stofnana sinna og láta á það reyna hvort þeir aðilar sem sjá um þessa þjónustu eru ekki tilbúnir til að taka á málinu, en það þarf vissulega að gera til að ljúka uppbyggingunni á viðunandi hátt.

Ég heyri að það hefur verið gert ýmislegt til kynningar á vellinum og er ekki nema gott eitt um það að segja. Ég vil hvetja til þess að áfram verði haldið á þeirri braut að kynna þá möguleika sem þarna felast fyrir flugrekstraraðilum.

[14:26]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að athuga hvernig rétt sé að standa að því að reyna að bæta úr þeim vandamálum sem upp hafa komið í sambandi við bensínafgreiðsluna. En varðandi það hvort aðstaða sé til þess að völlurin nýtist að öðru leyti sem varaflugvöllur, þá hygg ég að svo sé. Akureyrarflugvöllur hefur lengi nýst sem varaflugvöllur og aðstaðan í þeirri flugstöð sem þar er er engan veginn verri heldur en aðstaðan í hinni nýju flugstöð á Egilsstöðum. Ég hygg því að engin vandkvæði séu að taka á móti flugvélum af þeim sökum.

Fundi slitið kl. 14:27.

---

31. FUNDUR

miðvikudaginn 8. nóv.
að loknum 30. fundi.

Dagskrá:

1. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Gatnagerðargjald, stjfrv., 106. mál, þskj. 111. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 118. mál, þskj. 130. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 119. mál, þskj. 131. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Bjargráðasjóður, stjfrv., 125. mál, þskj. 143. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, þáltill., 109. mál, þskj. 115. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 129. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Landgræðsla, frv., 93. mál, þskj. 95. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Náttúruvernd, frv., 95. mál, þskj. 97. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.

[14:28]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, 137. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 163.

Skattskylda innlánsstofnana, 135. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 161.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 136. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 162.

Tryggingagjald, 134. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 160.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Gatnagerðargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (heildarlög). — Þskj. 111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 118. mál (Sléttuhreppur). — Þskj. 130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Bjargráðasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 109. mál. — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:32]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Erfðabreyttar lífverur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landgræðsla, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 93. mál (innfluttar plöntutegundir o.fl.). — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 95. mál (landslagsvernd). — Þskj. 97.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:33.

32. FUNDUR

fimmtudaginn 9. nóv.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Græn ferðamennska, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.
2. Veiðileyfagjald, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Fyrri umr.
3. Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.
4. Rannsóknir í ferðaþjónustu, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Fyrri umr.
5. Stofnun úrskurðanefnda í málefnum neytenda, þáltill., 124. mál, þskj. 140. — Fyrri umr.
6. Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1994.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, 139. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 165.

Málefni glasafjóvgunardeildar, 142. mál, fsp. GÁS, þskj. 169.

Raforkuframleiðsla Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar, 141. mál, fsp. ÁMM, þskj. 168.

Rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsa, 143. mál, fsp. EKG, þskj. 170.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, 133. mál, þáltill. HG og RA, þskj. 158.

Græn ferðamennska, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66.

[10:34]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 66, 66. mál, um stefnumótun í ferðamálum með áherslu á „græna ferðamennsku". Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd til að fella áherslu á „græna ferðamennsku" inn í stefnumótun í ferðamálum hér á landi."

Þáltill. um þetta mál var lögð fram á 119. löggjafarþingi og var flm. sú sem hér stendur, en tillagan hlaut ekki afgreiðslu. Hún er nú flutt aftur, lítillega breytt, og eru flm. auk mín nú hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson.

Móttaka ferðamanna er mjög vaxandi atvinnuvegur og þjónustugrein hér á landi. Ferðaþjónustan hefur vaxið mjög hratt og erlendum ferðamönnum sem komið hafa hingað til lands hefur fjölgað um meira en 100% á 10 árum. Stjórnvöld binda miklar vonir við greinina en til þess að þær vonir rætist verður að huga að því hvert skal stefna í ferðaþjónustunni, hvernig við viljum byggja upp móttöku ferðamanna og um leið standa vörð um náttúruperlur okkar.

Áherslur í ferðaþjónustunni eru síbreytilegar og því er mikilvægt að fylgst sé með straumum og stefnum í þeirri atvinnugrein sem öðrum. Stefna sú í ferðamálum sem kennd hefur verið við „græna ferðamennsku" er vistvæn eða sjálfbær ferðamennska. Í henni er lögð áhersla á vistvænt umhverfi, að staðir haldi sínu upprunalega útliti og að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar ferðaþjónustan er skipulögð. Einnig er mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif ferðaþjónustan hefur á umhverfi, menningu og efnahag viðkomandi lands. Kynning á ferðaþjónustu er mjög mikilvægur þáttur hennar og öll markaðssetning. Það er því mjög mikilvægt að kynna ferðaþjónustuna sem rekin er á vistvænan hátt sérstaklega sem slíka.

Sívaxandi hópur ferðamanna sækist eftir því að ferðast „grænt" og setur kröfur um að sú ferðamennska sem þannig er kynnt sé í raun vistvæn ferðamennska. Það hefur einnig verið mikilvægur þáttur í vistvænni ferðaþjónustu að fá ferðamenn til að nota innlendar framleiðsluvörur enda vilja þeir sem aðhyllast þessa tegund ferðamennsku gjarnan reyna innlendar vörur. Þeir leggja einnig mikið upp úr að nota almenningssamgöngur og varast að misbjóða landinu með ágangi.

Ísland hefur vegna sérstæðrar náttúru og hreinleika landsins meiri möguleika en flest önnur lönd til að laða að sér útlendinga sem aðhyllast þessa tegund ferðamennsku en talið er að þeir séu tugir milljóna og þeim fari mjög fjölgandi. Ýmsir markaðsmenn telja að í „grænni ferðamennsku" sé fólginn einn helsti vaxtarbroddurinn sem Íslendingar eiga í atvinnumálum um þessar mundir. Stefnumörkun er mjög mikilvæg í ferðamennsku og því fagna ég því að hæstv. samgrh. hefur sett vinnu í gang í stefnumótun þessarar atvinnugreinar eins og kom fram í fréttum á ferðamálaráðstefnu í Vestmannaeyjum í síðasta mánuði.

Reynsla þjóða sem hafa verið leiðandi í ferðaþjónustu er að vanda verður til hennar. Þjóðir sem hafa byggt stóran hluta þjóðarframleiðslu sinnar á ferðamennsku án þess að marka ákveðna stefnu í ferðaþjónustu eiga nú við ýmsan alvarlegan vanda að etja, svo sem umhverfisspjöll, mengun og félagsleg og menningarleg vandamál. Markvissa stefnumótun vantar sárlega í íslenska ferðaþjónustu og rannsóknir í greininni eru í lágmarki.

Það kom fram á fundi samgn. í gærmorgun hjá þeim Magnúsi Oddssyni og Birgi Þorgeirssyni að nánast engu fé er varið til rannsóknar- og þróunarstarfs eða tæplega 1 millj. á þessu ári. Þetta er mjög alvarlegt í svo vaxandi atvinnugrein og viðkvæmri. Fjárveiting til Ferðamálaráðs í fjárlagafrv. verður að aukast svo að þeir geti sinnt a.m.k. lágmarksrannsóknum í greininni. Vonast ég eftir því að umræðan um stefnumótun í ferðaþjónustu hér og hjá fagfólki í greininni og sú vinna sem farin er af stað í samgrn. bæti úr þessu og einnig sá aukni skilningur á þörf á rannsóknum eins og kemur fram í þingmáli því sem er hér á dagskrá seinna á þessum fundi um rannsóknir í ferðaþjónustu.

Ef við ætlum að byggja ferðaþjónustuna upp til að hún megi verða sem blómlegust um alla framtíð er nauðsynlegt að huga að heildarstefnumótun hennar ella gætum við lent í sömu sporum og þær ferðamannaþjóðir sem hafa vanrækt stefnumörkun og búa við það ástand að búið er að kippa undirstöðunum undan ferðaþjónustu þeirra. Á fundi samgn. í gær lýstu fulltrúar Ferðamálaráðs mjög miklum áhyggjum yfir því hvernig náttúruperlur okkar væru alls staðar að drabbast niður vegna ágangs ferðamanna og ekki væri hugað að né veitt fé til að þær gætu haldið upprunalegu horfi. Nefndu þeir t.d. að hveraröndin á Hveravöllum væri að hverfa vegna þess að ferðamenn gengju þar yfir allt. Aðeins var veitt 5 millj. til viðhalds og verndarstarfs á frægum og viðkvæmum, fjölsóttum ferðamannastöðum á öllu landinu á fjárlögum síðasta árs, þ.e. fyrir árið í ár.

Hvað höfum við umfram aðrar þjóðir til að laða að erlenda ferðamenn hingað til lands ef við varðveitum ekki náttúrufyrirbæri sem eru sérkenni lands okkar? Dæmi um það sem komið hefði verið í veg fyrir ef stefnumörkun í ferðamálum hefði verið fyrir hendi og þá sérstaklega stefnumótun í „grænni ferðamennsku" er, svo ég nefni eitt lítið dæmi, borun eftir heitu vatni til húshitunar og heimabrúks á svæðinu umhverfis Geysi í Haukadal. Þar hafa verið boraðar 10 holur og er þar verið að sækja heitt vatn í e.t.v. sömu heitavatnsæðar og halda hverasvæðinu við Geysi virku. Það mundi seint hvarfla að Bandaríkjamönnum að leyfa borun í nágrenni við þeirra frægasta goshver, Old Faithful í Yellowstone Park. Geysir í Haukadal er heimsfrægur og bera hverir víða í heiminum nafn hans auk þess sem samheiti við fyrirbærið goshver á erlendum tungum er nafn þessa hvers. Þetta viðkvæma og fjölsótta svæði verður að vernda eins og önnur sambærileg svæði, það þarf að gæta þess eins og annarra náttúruperla. Það yrði áfall fyrir ferðaþjónustu á Íslandi ef hverasvæðið í Haukadal yrði óvirkt eða þurrkaðist upp.

Til að koma í veg fyrir slík náttúruspjöll ætti t.d. að bjóða bændum í kring ódýrari raforku til húshitunar og heimabrúks því að af henni eigum við nóg. Við verðum að vera tilbúin að bregðast við neikvæðum fylgifiskum ferðamennskunnar eins og náttúruspjöllum ýmiss konar, átroðningi og óvissum aðgerðum og framkvæmdum. Mikilvægt er að leggja áherslu á gæði þjónustunnar og velta fyrir sér hvort fara beri leið gjaldtöku í ferðaþjónustunni. Það er brýnt að farið verði að huga að þessum málum, en löggjöf okkar um ferðamál er orðin tveggja áratuga gömul og þarfnast heildarendurskoðunar. Lög og reglur um ferðaþjónustu verða að vera í takt við þá tíma sem við lifum á svo hún fái að vaxa og dafna til hagsbóta fyrir alla. Við verðum að skipuleggja ferðaþjónustuna betur, setja okkur vel skilgreind markmið til næstu 10–20 ára, ákveða hversu marga ferðamenn við viljum og hve mikið af tekjum fyrir þjóðarbúið þeir skilji eftir í landinu og hvaða áhrif þeir hafi á atvinnulífið og landið sjálft.

Gjaldeyristekjur af komu erlendra ferðamanna hingað til lands eru um 20 milljarðar á þessu ári. Til samanburðar má geta þess að útflutningstekjur okkar af sjávarafurðum eru um 80 milljarðar þannig að um fjórðungur af þeim tekjum sem við höfum af útflutningi á sjávarafurðum sem kemur með erlendum ferðamönnum, en gert er ráð fyrir að þeir verði um 195 þús. á þessu ári og hefur aukningin verið um 50% frá árinu 1992.

Til viðbótar er talið að landsmenn sjálfir eyði á bilinu 15–18 milljörðum á ferðalögum innan lands svo heildartekjur af ferðamönnum á árinu í ár verða að líkindum allt að 38 milljarðar kr. Þetta var upplýst á fundi samgn. í gærmorgun. Í atvinnugreininni nú eru um 6 þús. ársverk og er búist við að við bætist um 2.500–3.000 störf á næstu 15 árum. Það er því mjög mikilvægt að við hugum vel að framtíðarþróun í ferðaþjónustunni.

Nú hefur heyrst að hæstv. samgrh. sé með stefnumótunarvinnu í gangi í samgrn. eins og ég nefndi áðan og því er nauðsynlegt að tekið sé tillit til þeirra hugmynda eða hug-

myndafræði sem kölluð hefur verið „græn ferðamennska“ í þeirri vinnu. Því teldi ég eðlilegt að nefnd sérfróðra aðila í ferðamálum og þeirra sem þekkja hugmyndafræði „grænnar ferðamennsku“ kæmu til liðs við þá sem sinna stefnumótun í ferðamálum fyrir hæstv. ráðherra. Nefnd sú, sem hér er lagt til að skipuð verði, yrði til að vinna efni inn í stefnumótunarvinnu hæstv. ráðherra. Ég vona að hæstv. ráðherra fari að óskum okkar flm. þessarar þáltill. og skipi nefnd til að vinna þetta verk.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[10:45]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fagna því að sjá till. til þál. um stefnumótun í ferðamálum með áherslu á „græna ferðamennsku“. Ég tel að í raun og veru sé það mjög þörf ábending sem fram kemur í þessari tillögu þó e.t.v. megi velta því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegra eins og fram kom raunar í máli hv. 1. flm. að fella þetta inn í þá stefnumótunarvinnu sem nú er að hefjast á vegum samgrn. fremur en að ræða þessi mál í svona einangruðu umhverfi. Ég tel að það væri eðlilegt vegna þess að öll stefnumótun um ferðamennsku í landinu sem ekki tekur tillit til þeirra áherslna sem fram koma í tillögunni væri auðvitað unnin fyrir gýg vegna þess einfaldlega að ferðamennska á Íslandi sem ekki tæki tillit til þess að verja umhverfi okkar er óhugsandi. Ástæðan fyrir því að fólk flykkist til Íslands er fyrst og fremst sérstaða náttúrunnar, saga landsins að einhverju leyti, en ekki síst sérstaða náttúrunnar og það að okkur hefur þrátt fyrir allt tekist býsna vel við það víða að verja náttúruna. Og við eigum sem betur fer enn náttúruundur sem ekki þekkjast annars staðar, einfaldlega vegna þess að hér er fámenni og ekki sá mikli átroðningur sem er meðal milljónaþjóðanna. Á það hefur t.d. verið bent að í nágrannalandi okkar, Danmörku, er varla nokkur landskiki eftir sem ekki er það sem stundum er kallað manngerður. Mannshöndin hefur nánast komið að öllu því landi sem er í Danmörku og haft áhrif á mótun umhverfisins með einhverjum hætti. Stór hluti Danmerkur, svo dæmi sé tekið, er auðvitað notaður undir landbúnað, vélvæddan nútímalegum landbúnað. Það er tæplega hægt að fara um það fallega og góða land án þess að veita því athygli að mannshöndin hafi með einhverjum hætti komið þar nærri.

Þess vegna er alveg hárrétt sem fram kom í máli 1. flm. og kemur raunar fram í greinargerðinni með tillögunni að sérstaða okkar lands er mikil og það er mjög þýðingarmikið fyrir okkur, ef við ætlum að byggja upp framtíðarferðamennsku hér á landi í svipuðum dúr og við höfum verið að gera á undanförnum árum, að við styðjum við og gætum þess að náttúrufarið í landinu skemmist ekki. Það verður að gerast með þeim hætti að ljóst sé að við höfum upp á þá ósnortnu náttúru að bjóða sem fólk sækist eftir.

Ég vil í þessu sambandi t.d. vekja athygli á því að í fyrra hófu nokkrir ungir menn rekstur kajakþjónustu á Jökulfjörðum við Ísafjarðardjúp sem gengur bókstaflega út á það að flytja hingað til lands ferðamenn frá Bandaríkjunum sem eru að sækjast eftir því að komast í snertingu við ósnortna náttúru. Þeir borga mjög hátt verð fyrir þessa þjónustu vegna þess einfaldlega að í þeirra landi er orðið svo fátt um möguleika á því að kynnast náttúrunni nánast óbeislaðri eins og við sjálum norður í Jökulfjörðum. Það er nákvæmlega það sem þeir eru að sækjast eftir.

Virðulegi forseti. Það er samt sem áður dálítið önnur hlið á þessu máli. Hún er sú að það er mjög auðvelt að ganga of langt í þessa átt á grundvelli prinsippsins um hina „grænu ferðamennsku“. Ég hef t.d. heyrt ýmsa talsmenn „grænnar ferðamennsku“ tala gegn því sem við sem byggjum landið teljum hluta af almennum framförum, svo sem eins og vegagerð, bættar samgöngur á milli svæða o.s.frv. Það er t.d. ekki langt síðan að fram fór mjög afkáraleg umræða um það hvort byggja mætti brú yfir Gilsfjörð. Sú umræða snerist öll um það að verja einhverja tiltekna fuglategund. (**ÖS:** Hefur þingmaðurinn eitthvað á móti rauðbrystingi?) Þingmaðurinn hefur ekkert á móti rauðbrystingum frekar en hv. fyrrv. umhvrh. Hins vegar veit þingmaðurinn eins og hv. fyrrv. umhvrh. að möguleikar og lífsrými rauðbrystingsins einskorðaðist ekki við brúarstæði Gilsfjarðar heldur var þarna verið að fjalla um hvort það ætti að byggja landið með eðlilegum hætti og treysta eðlilegar samgöngur og framfarir. Við verðum að gæta þess að þó við viljum verja náttúru landsins og bera virðingu fyrir náttúrufari þess þá megum við ekki undir nokkrum kringumstæðum ganga svo langt að það komi niður á eðlilegum framförum og eðlilegum lífsskilyrðum fólks út um land.

Það er t.d. mjög sérkennilegt fyrir okkur sem búum úti í hinum dreifðu byggðum að heyra talað með þeim hætti maður heyrir stundum, og ég heyrði t.d. á ferðamálaráðstefnu vestur á Núpi sl. sumar, en þar töluðu menn með miklum söknuði um það að verið væri að eyðileggja fjörur landsins með því að færa vegina ofan úr fjallshlíðum niður í fjörurnar. Af hverju skyldu menn leggja vegi um fjörurnar? Það er vegna þess að þar er einfaldlega snjóléttara og auðveldara að komast um. Það kann að vísu að vera eins og mengun í hugum þess fólks sem kemur þarna í mýflugumynd að sumri til og finnst það skemmd á umhverfinu að geta ekki gengið um fjörur landsins. En hvernig á þá að tryggja hagsmuni þess fólks sem á allt sitt undir því að geta komist með eðlilegum hætti um vegi landsins?

Ég á ekki von á því að hv. flm. þessarar þáltill. sem hér er til umræðu hafi það í huga að ganga svo langt í hugmyndum sínum um „græna ferðamennsku“ að það gangi út yfir eðlilegar framfarir í landinu eða eðlilega uppbyggingu samgöngumannvirkja. Ég vil einfaldlega benda á að hér, eins og á öllum öðrum sviðum, getur verið vandratað meðalhófið. Þess vegna verðum við þegar við mótum stefnu um „græna ferðamennsku“ að hafa ákaflega margt undir og tala um þetta í samhengi. Mér finnst því skynsamlegast að fella áframhaldandi vinnu inn í þá stefnumótunarvinnu sem nú er hafin á vegum samgrn. þannig að við fáum heildstæða mynd af því sem við erum hér að fjalla um.

Svo vil ég líka í þessu sambandi vekja athygli á því sem ég raunar nefndi í umræðum um fyrirspurn sem svarað var af hæstv. samgrh. fyrir nokkrum vikum að stefnumótunarvinnan í ferðamennsku er auðvitað hafin og hefur auðvitað átt sér stað út um landið á einstökum svæðum. Sú stefnumótunarvinna sem hefur t.d. átt sér stað á Vestfjörðum og víðar hefur auðvitað tekið tillit til hugmyndanna um „græna ferðamennsku“ vegna þess að ferðamennska úti í hinum dreifðu byggðum er óhugsandi nema sem hluti af „grænni ferðamennsku“ þar sem ferðamenn sækja fyrst og fremst í náttúruundrin, söguna og það sem landið hefur upp á að bjóða. Ferðamennska á Vestfjörðum mun ekki snúast um tívolí eða fína veitingastaði, það geta menn sótt einhvers staðar annars staðar. Ferðamennska á Vestfjörðum mun fyrst

og fremst snúast um möguleikana á því að sjá hina stórbrotnu náttúru sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða.

[10:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tók hér upp málefni Gilsfjarðar og brúar yfir Gilsfjörð, þá vil ég segja eitt. Ég er sammála öllum þeim viðhorfum sem hann lét uppi á meðan deilur stóðu um þá brú. Eins og hann veit beitti ég mér sem umhvrh. fyrir farsælli niðurstöðu í því máli. Hins vegar tel ég að þeir menn sem tóku afstöðu sem hv. þm. kallar nú nánast öfgakennda hafi haft ýmislegt til síns máls. Ég tel einmitt að slíkir menn gegni ákveðnu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Ég held að það sé mjög farsælt að hafa slík samtök og einstaklinga sem brýna raustina vegna þess að það knýr okkur hina til að nema staðar og hugsa okkar gang eins og við gerðum báðir á meðan þetta mál var til umræðu. Ég lét þess getið að það mál hlaut farsæla niðurstöðu í tíð síðustu ríkisstjórnar og sýnist mér nú að kominn sé sandur í gangverkið. Ég skora auðvitað á hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að sjá til þess að það verði ekki óhófleg töf á þessari mjög svo brýnu framkvæmd. Því miður virðist mér, herra forseti, að staðreyndin sé sú að þrátt fyrir að vegur hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar fari mjög vaxandi hjá mér þá fari hann dvínandi í hans eigin flokki. Hann hefur ekki meiri áhrif innan hans en svo að mér virðist að einhverjir afturhaldssamir menn vilji af ástæðum sem ég hef aldrei skilið gera allt sem þeir geta til að tefja þá brýnu samgöngubót og er með engu móti hægt að ásaka þá menn fyrir að gera það á grundvelli „grænnar ferðamennsku". (**EKG:** Það skyldi þó ekki vera, hv. þm.) Þá held ég að við ættum að sameinast um það, hv. þm., að senda þá í einum grænum út í hafsauga.

Í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar kristallaðist líka sá hagsmunaárekstur sem alltaf er uppi um landnýtingu. Hvaða landsvæði á að taka undir virkjanir og línur? Hvaða landsvæði á að taka undir vegi og hvaða landsvæði á að taka undir ferðaþjónustu og ferðamennsku? Eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gat um hér áðan er ferðamennska orðin útvegur sem skilar gríðarlegum fjármunum í þjóðarbúið, um 20 milljörðum. Engar þær spár sem settar hafa verið fram um þróun ferðamennsku hafa staðist. Raunveruleikinn hefur alltaf farið fram úr spánum. Og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem þekkir þorskinn jafnvel betur en ég, hann veit að sérhver ferðamaður sem kemur til landsins skilur eftir sig verðmæti sem eru ígildi eins tonns af þorski. Í þessu felast því gríðarlegir hagsmunir. Skáld sagði fyrr á öldinni að ef Íslendingar gætu umbreytt hrikaleik fjallanna og tíguleik jöklanna yfir í beinharða peninga þá yrðu þeir ríkir og enginn trúði því. En það er veruleikinn í dag. Þetta er að gerast. Við verðum hins vegar að gæta okkar þegar við erum að ráðast í framkvæmdir að hugsa til framtíðar. Af hverju koma menn til Íslands? Það er kannski að einhverju leyti, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði, vegna sögu okkar. Ég held að það sé að afar litlu leyti. Þeir koma hingað fyrst og fremst vegna þessarar einstæðu náttúru. Menn koma ekki hingað út af þessari sögulegu og menningarlegu arfleifð sem við erum auðvitað afskaplega stolt af. Mörgum útlendingum er alveg sama um hana. Þeir koma hingað til að sjá fugla og náttúru sem er hvergi annars staðar. Eins og kom fram í könnun sem gerð var á Austfjörðum meðal erlendra ferðamanna koma þeir líka til að sjá íslenska veðrið svo skrýtið sem það nú er. Veðrið, ekki verðið. Þarna þurfum við, eins og þingmaðurinn sagði, að feta vandrataðan stíg. Það er nefnilega staðreynd að við erum alltaf hægt og hægt að brjóta út jaðar hins manngerða umhverfis. Og það gerist svo hægt að við tökum kannski ekki eftir því. En ef við reynum að lyfta okkur upp og horfa yfir nokkra áratugi eins og var nú aðall ágæts fyrrv. þingmanns, Kjartans Ólafssonar, að gera í öllum málum sjáum við kannski þessa þróun. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er aðallega eitt sem útlendingar eru að sækja hingað og það er hið ósnortna víðerni. Það er hvergi að finna í öllum heiminum nema e.t.v. í Síberíu. Og nú sé ég að brúnin lyftist á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. E.t.v. eru aðeins þar jafnvíðfeðm, ósnortin víðerni og á Íslandi. Og útlendingum finnst dálítið merkilegt að geta staðið upp á hól, hæð eða jökli og séð eins langt og augað eygir landslag þar sem eru engin kennileiti sem hafa með einhverjum hætti verið gerð af mönnum. Það er ákveðin upplifun og við sem höfum búið árum saman í erlendum stórborgum skiljum vel þegar við komum aftur... (**SJS:** Er það í Síberíu?) Úr því að þú minnist á Síberíu, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þá bjó ég um fjögurra ára skeið á sléttlendi Austur-Anglíu þar sem ekkert var nema skógar. Og mér fór eins og Jósef Stalín þegar hann var í útlegðinni í Síberíu. Hann bað menn að senda sér þangað kort af fjöllum. Ég og Djúgasvílí höfum þessa sömu kennd og sókn til fjallanna eins og margir þeir sem þurfa að eyða aldri sínum á sléttlendi. En það veit ég að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur ekki gert og er ekki maður flatlendisins.

En svo ég reyni nú að halda þessum þræði sem ótal menn eru hér að reyna að slíta fyrir mér þá er nauðsynlegt að þætta skipulagsmálin inn í „græna ferðamennsku", það skiptir öllu máli. Það vill svo til að hafin er fyrir tilstuðlan Alþingis merk vinna varðandi skipulag miðhálendisins. Þar eru menn einmitt að reyna að sætta þessa mismunandi hagsmuni. Ákveða hvaða landsvæði má taka undir virkjanir og hvað á að láta ósnert um aldur og ævi. Og við verðum að gæta þess að einhver landsvæði fái að standa algerlega óáreitt. En eins og hv. flm., sem á miklar þakkir skildar fyrir frumkvæði sitt í þessu máli, benti á, er aukningin í ferðamennsku svo gríðarleg að það eru mörg svæði sem eru farin að láta á sjá sökum ágangs ferðamanna. Ég tek eitt dæmi. Herðubreiðarlindir, þar sem 10–12 þús. manns koma um 3–4 vikna skeið á hverju ári, þar af 8–10 þús. útlendingar. Þetta er örsmár blettur inni í auðninni. Ef svo fer sem horfir, hlýtur að líða til þess innan skamms að þessi merka gróðurvin, þetta náttúruundur, laskist með einhverjum hætti. Við verðum að horfast í augu við það að með einhverjum hætti þurfum við að búa okkur til tæki í framtíðinni til þess að geta stemmt stigu við því. Og hv. þm. hafði kjark til að ræða eina leið en menn fárast nú yfirleitt mjög yfir í þingsölum þegar drepið er á hana. Það er gjaldtaka. Ég er alveg sammála um það að við eigum að skoða til hlítar hvort ekki sé rétt að taka upp einhvers konar gjaldtöku á þeim ferðamannastöðum sérstaklega sem við teljum að séu í hættu. Þetta er ein leið. Önnur leið er sú að auka valkosti ferðamanna með því að reyna að þróa ný ferðamannasvæði eins og menn hafa verið að reyna að gera á undanförnum árum. Menn hafa verið uppi með góðar hugmyndir um þjóðgarð á Snæfellsnesi. Menn hafa jafnvel sett lög um vernd Breiðafjarðar. Hvorutveggja þjónar því að setja ný landsvæði sem eru merkt frá sjónarmiði náttúrufars í brennidepil. Þetta skiptir allt saman miklu máli.

Ég sé að tími minn er búinn, herra forseti. En það er ýmislegt fleira sem ég vildi gjarnan ræða í tengslum við þetta mál. Ég held nefnilega að það sé líka nauðsynlegt í

þessari vinnu að þætta miklu betur saman náttúruverndina og ferðamennskuna vegna þess að menn eru í dag að vinna að sömu hlutum innan beggja þessara geira.

[11:02]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ákaflega ljúft að staðfesta það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson átti góðan hlut að því að heimila brúargerð yfir Gilsfjörð. Það stóð ekki á því að hv. þm. tæki þar hraustlega á, alveg eins og hann gerði á sínum tíma, og ég hygg að það hafi verið eitt af hans síðustu embættisverkum, ef ekki það síðasta, þegar hann heimilaði líka lagningu vegar um fjörur Steingrímsfjarðar og greiddi fyrir því að þar með væri hægt að rjúfa þá einangrun sem íbúar Drangsness hafa búið við. Þetta var vissulega eitt af þeim umhverfismálum sem gátu verið álitaefni, en hv. þm. í ráðherratíð sinni, hjó á með skörulegum hætti eins og hans var von og vísa.

Ég vildi hins vegar upplýsa hv. þm. um það vegna þess að ég geri ráð fyrir að hann hafi verið fjarstaddur þegar umræðan um Gilsfjarðarbrú fór hér fram fyrr á þessu hausti, að hæstv. samgrh. greindi þá frá því að það væri ætlun hans og ríkisstjórnarinnar að standa við fyrirheitin um gerð Gilsfjarðarbrúar, um þverun Gilsfjarðar eins og það heitir á tæknimáli, þannig að hægt væri að aka um hið nýja mannvirki á haustdögum 1997 og það er ekkert sem gefur mér tilefni til að ætla annað en að staðið verði við það. Þannig að frýjunarorð hv. þm. voru að því leytinu alveg óþörf.

[11:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka alveg skýrt fram að ræðu mína áðan mátti ekki skilja þannig að ég teldi að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefði uppi viðhorf varðandi þessa tillögu sem við erum að ræða hér sem mér væri eitthvað á móti skapi. Ég tel að hann hafi sýnt í ræðu sinni að hann hefur góðan skilning á þessu máli. En að öðru leyti þá kem ég hér upp til að lýsa því yfir að það er mér fagnaðarefni að vegur þingmannsins er nú farinn að rísa víðar heldur en bara í huga mínum. Ég hef hins vegar séð það aftur og aftur að þær góðu skoðanir sem hv. þm. hefur og ég deili í mörgum efnum, þær verða aftur og aftur undir í Sjálfstfl. Ég minni hv. þm. á það að hann og félagar hans á Vestfjörðum höfðu uppi stór orð í öðru máli fyrir kosningar um að styðja ekki ríkisstjórn sem fylgdi stefnu núv. sjútvrh. í fiskveiðimálum. Hún hefur ekkert breyst. Hún hefur frekar harðnað. En ég sé ekki betur heldur en að hv. þm. og allir félagar hans að vestan séu meðal dyggustu stuðningsmanna þessara ríkisstjórnar. Það er auðvitað langt liðið frá kosningum.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að halda mig aðallega við þessa tillögu um „græna ferðamennsku". Þó gæti verið áhugavert að ræða hér dálítið um þverun Gilsfjarðar og fiskveiðistefnuna. Ég er meðflutningsmaður að þessari ágætu og þörfu tillögu og ég er það vegna þess að ég tel enga vanþörf á að ýta við mönnum hvað þetta málefni snertir. Það er því miður þannig eins og kunnugt er að afar lítið hefur gerst í stefnumótun á sviði ferðamála sl. fjögur ár. Á það var reyndar minnt og það rifjað upp hér í fyrirspurnatíma á þingi fyrir nokkrum dögum.

Í þeirri stefnumótun að ferðamálum, sem unnið var að á sínum tíma í nefnd undir forustu Hjörleifs Guttormssonar, var einmitt lögð mikil áhersla á þennan þátt, þ.e. að þætta saman stefnu stjórnvalda og áherslur aðila sem sinna ferðamálum og umhverfisvernd og skynsamlega og hófsamlega umgengni um náttúruna. Það er að mínu mati alveg augljóst mál að svonefnd „græn ferðamennska" eða ferðamennska sem sérstaklega reynir að byggja sig upp á umhverfisvænni eða náttúruvinsamlegri stefnu, getur orðið og á að verða hluti af okkar ferðauppbyggingu. Ég held að vísu að það verði seint þannig að öll ferðaþjónustan sem slík geti skreytt sig með þessu nafni enda ekki markmiðið að mínu mati, fyrir utan að hún sé almennt talað vinsamleg náttúrunni og níðist ekki á henni. En hitt er ábyggilega mjög raunhæft að einstakir aðilar, jafnvel einstök byggðarlög eða svæði, geti sérstaklega gert sinn hlut góðan að þessu leyti og ég hef verið áhugamaður um það og reyndar reynt að halda því að nokkrum ónefndum sveitarfélögum í landinu að þau tækju sig saman, riðu á vaðið í þessum efnum og gerðust einhvers konar tilraunasveitarfélög hvað varðaði „græna ferðamennsku" og styddu þá við bakið á ferðaþjónustuaðilum sínum svo að þeir gætu sameiginlega og með sveitarfélögum sínum, staðið undir nafni sem slíkir.

Það var þörf umræða sem hér var aðeins komið inn á áðan og tengist stefnumótun okkar almennt séð varðandi atvinnurekstur í landinu og sambúð við náttúruna. Þar með talið í hve miklum mæli við ætlum að varðveita ósnortin landgæði til þess að byggja m.a. á atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu. Eða í hve miklum mæli við erum tilbúin til að fórna þeim í þágu annarra atvinnugreina eins og stóriðju. Það er margra manna spá að á næstu öld verði hin eiginlega stóriðja og vaxandi stóriðja heimsins ekki málmbræðsla og ekki slíkur iðnaður, heldur allt það sem tengist hollustu og heilbrigði mannsins, þar með talið og ekki síst matvælaiðnaður og drykkjarvöruiðnaður og síðan alls konar þjónusta sem tengist möguleikum mannsins til útivistar og náttúruskoðunar. Þá er augljóst mál að það væri ekki skynsamlegt eða hagstætt Íslendingum að fórna um of í skammsýni á þessari öld möguleikum sínum til þess að verða í fararbroddi og fullgildir þátttakendur í stóriðju næstu aldar. Það þarf ekki annað en líta á tölur um vaxandi fólksfjölda í heiminum og vaxandi álag á hinar lífrænu auðlindir mannkynsins til að sjá að þjóð sem á sóknarfæri á þessu sviði, hún á mikla möguleika á komandi áratugum.

Það mun reynast í þessu efni eins og víðar, það verður ekki bæði sleppt og haldið. Þetta þurfa menn að horfast í augu við, líka þegar teknar eru ákvarðanir hér á næstu árum um landnýtingu, skipulag, ákvarðanir um virkjanir og stóriðju.

Ég nefni í þessu sambandi til að mynda hin stórfelldu áform um virkjanir á norðausturhálendinu. Þeir stórdraumar — stundum eru þeir kallaðir LSD, landsins stærsti draumur eða Landsvirkjunar stærsti draumur. Öðrum finnst þetta eiga meira skylt við ónefnt efni sem líka gengur undir þessari skammstöfun og veldur að sögn annarlegri vímu. Það hefur ræðumaður aldrei prófað — ganga út á það að sulla saman mestöllu jökulvatni á Norðausturlandi niður einn farveg og virkja það allt, jafnvel niður Fljótsdalshérað.

Þessi áform, risavaxin sem þau eru og tengd við hugmyndir um að leggja sæstreng til útlanda til að selja orkuna þangað, fara til að mynda ákaflega illa saman við hugmyndir manna um að varðveita stóra hluta af hálendinu ósnortna. Ég vil líka nefna í þessu samhengi, nauðsyn þess og mikilvægi að varðveita í landinu stór og ósnortin svæði þannig að menn geti ferðast um og notið víðlendra svæða ósnortinna

af mannlegum umsvifum. Það sem mér kemur fyrst í hug er Ódáðahraun og svæðið norðan jökla. Ég held að það væri mikið ógæfuspor ef menn fórna slíku svæði, sem er að kunnugra sögn að verða eitt stærsta ósnortna landsvæðið í allri Vestur-Evrópu, fyrir eina einustu háspennulínu, til að koma einum einasta hundi milli landshluta. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum má ekki endurskoða slík áform í ljósi vaxandi áherslu á mikilvægi þess að varðveita stór og ósnortin náttúrusvæði?

Ég gæti líka nefnt hér í þriðja lagi Kvíslaveiturnar og þá áfanga sem nú eru þar í bígerð og ganga að mínu mati háskalega nærri ómetanlegum náttúruperlum eins og Þjórsárverum. Ég fæ ekki betur séð af nýjustu kortum um uppistöðulón sem tengjast síðustu áföngum Kvíslaveitna en að þar eigi uppistöðuvatn að fara alveg inn á gróðurlendi Þjórsárvera og er það illt verk.

Það má líka nefna í þessu sambandi hluti, svo maður tíni nú allt í sarpinn, herra forseti, sem þarf að huga að í þessum efnum, hvort það samrýmist vel þeim áherslum sem við erum hér að tala fyrir í ferðamálum að svo til allir ferðamenn sem koma til landsins eru leiddir inn í landið í gegnum veg sem hefur á aðra hönd sér álver og vaxandi álver og hina hönd sér brotajárnshauga og brotajárnsverksmiðju. Það er spurning hvort það er vænlegt til árangurs til markaðssóknar í „grænni ferðamennsku" að hliðið á landinu skuli vera með þessum hætti. Og í allri umræðu um nauðsyn þess að bæta úr samgöngum milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins mætti huga að þeim þætti sem er sjónmengunin og mikilvægi þess að koma veginum kannski í fallegra umhverfi eða þá snyrta það sem í kringum hann er.

En sem sagt, herra forseti, það er að mörgu að hyggja í þessum efnum og því tel ég bæði þarft og skylt að halda þessum málum á lofti og ég vona að þessi tillaga fái hér góða afgreiðslu þannig að vilji þingsins í þessum efnum fái að koma í ljós og hann verði þá m.a. ljós inn í þá vinnu sem hæstv. samgrh. hefur lofað að muni nú senn fara af stað og lýtur að stefnumótun og áherslum í ferðamálum.

[11:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið og ég gerði m.a. grein fyrir í ræðu minni á ferðaráðstefnu nú á þessu hausti, er að hefjast skipulögð vinna að því að marka stefnu í ferðamálum og má segja að ekki sé vanþörf á. Unnið er að henni með þeim hætti að skipaður er sérstakur stýrihópur með fagmönnum undir stjórn formanns Ferðamálaráðs og að þessari stjórn koma fulltrúar atvinnugreina og menn sem hafa víðtæka þekkingu bæði á landinu, á umhverfismálum og markaðsmálum erlendis og hefur verið ráðinn háskólamenntaður ferðasérfræðingur til starfans til þess að vera tengiliður á milli stýrihópsins og Hagvangs sem mun síðan vinna verkið. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur Hagvangur mikla reynslu í áætlanagerð og hefur sérstaklega komið að þessum málum. Vonir mínar standa til þess að vinnunni megi ljúka nú á þessum vetri og mun hún beinast að öllum þáttum ferðaþjónustunnar. Hún mun í fyrsta lagi beinast að því að reyna að gera sér grein fyrir því hver staða ferðaþjónustunnar er í rekstrarlegu tilliti. Hvert er rekstrarlegt umhverfi ferðaþjónustunnar borið saman við aðrar atvinnugreinar hér á landi og einnig borið saman við þau lönd sem við erum í keppni við? Upplýsingar á þessu sviði hafa verið af skornum skammti og þeim ekki gefinn nægilegur gaumur að minni hyggju en eins og hv. þm. er kunnugt, hefur sá árangur nú náðst í efnahagsmálum með því jafnvægi sem hér er og með því að verðbólga er minni hér en í nágrannalöndunum, stundum minnst í Evrópu, að gengi krónunnar er nú lægra en kannski nokkru sinni síðan við lýðveldisstofnun sem þýðir um leið að samkeppnisstaða íslenskra atvinnugreina er betri en hún hefur áður verið. Það er einmitt ávöxturinn af þessu sem við erum nú að tína þegar við horfum á þær auknu gjaldeyristekjur sem ferðaþjónustan gefur af sér sem fara langt fram úr þeim vonum sem við höfum gert okkur fyrir fram.

Í öðru lagi beinist þetta starf að því að halda áfram því verki sem áður hafði verið hafið. Ólafur Thoroddsen hafði forgöngu um það á síðasta kjörtímabili að leggja fram ítarlega skýrslu og stefnumörkun í sambandi við umhverfismál ferðaþjónustunnar og hvað við gætum gert til þess að reyna að dreifa spilinu ef svo má segja. Hér á landi hefur vandamálið verið að örtröð hefur verið á fáum stöðum en hins vegar ekki gætt að hinu að reyna að koma ferðamönnunum á fleiri staði. Til allrar hamingju sjáum við það víða að einstaklingar, sums staðar standa héruð að því, eða byggðarlög eru farin að þjóna ferðamönnum með öðrum hætti en áður. Þau hafa boðið upp á nýjar ferðir, lagt aðrar áherslur. Greinilegast í þessu efni eru kannski jöklaferðirnar, hvalaskoðunarferðir, hestaferðir, gönguferðir og ýmislegt af þeim toga sem verður okkur bæði til örvunar og hjálpar í því mikla starfi sem fram undan er.

Jafnframt var á síðasta kjörtímabili unnin vinna og lögð fram skýrsla um nýjar áherslur í ferðaþjónustu með hliðsjón af sögu og menningu þjóðarinnar. Það er líka gott efni sem nauðsynlegt er að vinna betur úr og það er líka hafið það verk að setja upp söguskilti á stöðum þar sem það þykir hæfa og jafnframt er það nýtt að verið er að opna svona sérstaka áfangastaði á algengustu leiðum þar sem fólk getur staldrað við, borðað nesti sitt, glöggvað sig á umhverfinu, fengið leiðbeiningar um vegakerfi og annað því um líkt. Gott dæmi um áningarstaði af þessu tagi er við Jökulsá í Dal. Það er mjög skemmtileg tilbreyting að koma þangað og sjá hversu vel Vegagerðin hefur einmitt gengið frá útsýnisstaðnum með því að það er hægt að ganga niður á brúnina hættulaust og horfa niður í gljúfrin og síðan stendur til að leggja göngubraut niður að gömlu brúnni þannig að fólk geti átt þarna góða stund og notið veðursins en veðursæld er mikil eins og menn vita á þessum slóðum á sumrin og ég geri ráð fyrir því að svo sé einnig að vetrarlagi en ég er ekki eins kunnugur því, ég hef satt að segja sjaldan verið þar á ferð að vetrarlagi.

Á fleiri sviðum ferðaþjónustu liggja fyrir ítarlegar upplýsingar. Úr þessu verður nú unnið. Jafnframt verður lögð áhersla á það að treysta þau samskipti sem við eigum við nágrannaþjóðir okkar. Eftir að ég varð samgrh. hef ég gert samninga bæði við ferðamálaráðherra Grænlands og ferðamálaráðherra Færeyja um miklu nánara samstarf á þessu sviði en áður hefur verið, ég vil segja á sviði samgöngu- og ferðamála yfirleitt. Það hefur m.a. haft í för með sér að áætlunarferðir með flugi milli Færeyja og Íslands eru traustari nú en áður og samvinna á nýjum sviðum ferðaþjónustu hefur tekist milli okkar og Grænlendinga. Við gerum okkur sannarlega vonir um að þessi vinna muni vera til hagsbóta fyrir allar þessar þrjár eyjar því að sú ferðastefna sem þær hafa haldið á hverju ári, annað hvert ár hér á landi og síðan til skiptis í Grænlandi og Færeyjum, hefur borið mikinn og góðan árangur og vakið athygli á eylöndunum þremur. Hugmynd er síðan að velta því fyrir sér hvort rétt sé að færa

út þessa starfsemi, kannski til fleiri átta og vinna á þessum grundvelli.

Ég get einnig skýrt frá því að sérstaka áherslu er verið að leggja á markaðinn vestra, Vestur-Íslendinga, en þau ánægjulegu tíðindi gerðust á síðustu mánuðum að samkomulag hefur tekist milli okkar Íslendinga og Kanadamanna um að beint áætlunarflug milli Íslands og Kanada verði heimilt. Ég lagði áherslu á að ná þessu fram um leið og ég varð samgrh. og nú hefur tekist að opna þessa leið og mun fyrsta áætlunarferðin frá Íslandi til Halifax verða nú í maímánuði.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum en ég vil aðeins segja að sú vinna, sem gert er ráð fyrir að efna til er þegar hafin, er þegar komin á fullan skrið. Hins vegar dregur það ekki úr nauðsyn þess að vinna vinnu af þessu tagi en verkið er sem sagt hafið.

[11:21]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég fagna þeirri góðu umræðu sem hefur orðið í þingsalnum um þetta mál. Mig langar til að geta þess í upphafi að eins og menn hafa e.t.v. tekið eftir varð örlítil breyting á þáltill. frá því að ég lagði hana fram á vorþinginu vegna þess að hæstv. samgrh. hefur lagt af stað með stefnumótun í ferðamennsku og þess vegna varð sú breyting á að stefnumótun í „grænni ferðamennsku" yrði felld inn í þá stefnumótunarvinnu. Eins og kom fram í máli mínu áðan fagnaði ég því að hæstv. ráðherra hefði ýtt úr vör þessari mjög svo brýnu vinnu sem er stefnumótun í ferðamennskunni. Sömuleiðis fagna ég því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að samfara þessari stefnumótun setji hann í gang rannsóknarvinnu varðandi ferðamennsku, rekstrarlegt umhverfi og fleira því að eins og kom fram í máli mínu áðan er þar mjög brýnt mál á ferðinni sem við höfum svo sannarlega vanrækt.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. þm. Einars Guðfinnssonar held ég að hann þurfi ekki að óttast það að farið verði út í neinar öfgar varðandi „grænu ferðamennskuna" því að meðalhófið er í öllu best. Bætt vegagerð er forsenda fyrir því að við getum tekið á móti auknum fjölda ferðamanna

Sömuleiðis er það hluti af „grænni ferðamennsku" að unnið sé að stefnumótun á þeirri þjónustu í sátt við fólkið sem býr í landinu og býr á þeim svæðum sem tekur á móti ferðamönnum af þessu tagi. Mér finnst þetta hafa verið góð hugmynd hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem hann reifaði í máli sínu um tilraunasvæðið þar sem sveitarfélög færu af stað með móttöku ferðamanna í anda „grænnar ferðamennsku" sem stæði þá undir nafni. Þetta yrði eins konar tilraunaverkefni.

Varðandi gjaldtöku í ferðamennsku, sem ég kom inn á í máli mínu í upphafi og hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók undir, tel ég að það sé mál sem við verðum að fara að ræða og gera upp við okkur hvernig við ætlum að standa að. Af því að ég talaði um hverasvæðið í upphafsmáli mínu langar mig til að geta þess að Nýsjálendingar, sem eru með virkt hverasvæði eins og við eigum hér, eru með gjaldtöku inn á það svæði og hafa byggt upp þjónustumiðstöð við hverasvæði í Rotorua sem er heimsótt af mjög stórum fjölda ferðamanna og er það til fyrirmyndar og hlutur sem við ættum aðeins að líta til. Auðvitað þarf að samþætta stefnumótun í náttúruvernd, stefnumótun í ferðamennsku og það er einmitt það sem þessi „græna ferðamennska" gengur út á.

Það var komið aðeins inn á matvæli og erlenda ferðamenn. Ég tek eftir því að í blaði sem okkur þingmönnum barst, Fréttabréfi Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands, segir að erlendir ferðamenn þurfi tæp 2 þús. tonn af mat og drykk og það er ekkert smávegis. Þar er miðað við þann fjölda ferðamanna sem kom hingað til lands í fyrra en þeir voru 179 þúsund og eins og kom fram í máli mínu áðan eru þeir mun fleiri og hafa farið fram úr áætlunum í ár og verða á árinu 195 þúsund manns sem er mjög mikill fjöldi erlendra ferðamanna.

Ég fagna þeirri vinnu sem farin er af stað en dreg ekki úr því að það þarf sérstaka áherslu á „grænu ferðamennskuna". Ég fer ekki ofan af því að hæstv. ráðherra þyrfti að setja sérstaka nefnd á laggirnar til að vinna að þeirri hugmyndafræði og samþætta hana eða koma með hana inn í þá stefnumótun sem farin er í gang í samgrn.

Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og einhverjir eru enn á mælendaskrá fyrir hversu vel þeir hafa tekið í tillöguna og vonast til að hún fái góðan framgang í þinginu.

[11:26]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja aðeins orð í belg varðandi þessa tillögu. Fyrst af öllu vil ég lýsa leiða mínum vegna þessarar orðnotkunar, „græn ferðamennska". Óttalegt tungumál er þetta sem við erum farin að tala.

Góð umgengni um umhverfi okkar ætti auðvitað að koma inn í allt okkar líf, jafnt ferðamennsku sem aðra þætti þess en í öllum bænum vil ég biðja hið háa Alþingi um að vera ekki að nota ónefni á borð við þetta. Auðvitað er engin „græn ferðamennska" til.

Það er prýðilegt að hér verði umræða um ferðaþjónustu og stefnumótun í henni. Ég er hins vegar ekki alltaf jafnhrifin af þessum óskum um stefnumótun í öllum sköpuðum hlutum. Ég held að það þurfi að átta sig á nokkrum atriðum þegar rætt er um að gera ferðaþjónustu að arðbærum atvinnuvegi hér á landi.

Ég held að Íslendingar hafi stundum ákaflega rangar hugmyndir um sjálfa sig. Ég er alveg sammála hv. 15. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, að ég held að menn þeysi ekki til Íslands af því að þeir séu svo vel að sér í sögu þjóðarinnar og hafi slíkt ofurálit á íslensku þjóðinni. Fæstir þeirra vita nokkurn skapaðan hlut um sögu Íslands yfirleitt. Ég held að menn komi hingað af tveimur ástæðum: Annars vegar menn sem hafa áhuga á sérkennilegri náttúru og hins vegar kannski og ekki síður fólk sem hefur ferðast mjög mikið, hefur farið á alla algenga ferðamannastaði og vill nú reyna eitthvað annað. Það er líka ágæt ástæða og ekkert yfir því að kvarta. Ég held að Íslendingar þurfi ekki að vera með einhver skrípalæti með kjánalegri notkun á sögu þjóðarinnar til að draga hingað ferðafólk.

Það eru nokkrir hlutir sem Íslendingar þurfa að læra til þess að geta tekið á móti ferðamönnum. Menn eru að tala um að það verði að vernda ákveðna staði fyrir ferðamönnum. Undirstaða þess að fólk sé ekki alltaf á sama blettinum er að það séu sæmilegar samgöngur í landinu. Menn eru yfirleitt á sömu stöðunum vegna þess að þeir komast ósköp lítið annað og það er auðvitað framtíðarmál og sú vísa verður aldrei of oft kveðin að hér verður að gera gangskör að því að bæta samgöngur í landinu en það kostar auðvitað mikið fé og verður ekki gert í einu vetfangi.

Annað er það að við verðum líka að læra að koma fram við ferðamenn á eðlilegan hátt sem Íslendingar án alls belgings. Við erum ágæt, en við erum svo sem ekkert merkilegri en

aðrar þjóðir. Ég hygg að það geti einmitt verið skemmtilegt að sýna ferðamönnum að þrátt fyrir óblíða náttúru, sem við höfum fengið að kenna mikið á á árinu sem nú er að líða, þá tekst okkur að búa í tiltölulega siðmenntuðu samfélagi og við eigum auðvitað að vera stolt af því, en án alls belgings og hroka, og sýna gestum okkar þjónustu og hafa til að bera þá þjónustugleði sem verður til þess að fólki líði hér vel.

Eins og segir í yfirliti, sem Ingiveig Gunnarsdóttir hefur tekið saman, eigum við að bjóða fólki það sem við búum til sjálf og það er alveg dæmalaust að ekki skuli vera hægt að setjast inn á veitingahús og fá algengan íslenskan mat á sæmilegu verði. Hvers vegna geta menn ekki fengið soðinn saltfisk og skyr að borða? Á Spáni er það dýrasti matur í borgunum, ekki bacalao þar sem búið er að setja saltfiskinn í alls kyns kryddjurtir, ávexti og grænmeti, heldur besti fiskurinn einfaldlega soðinn með smjöri og kartöflum. En hér erum við svo óörugg með sjálf okkur að við þorum ekki annað en pakka okkar góða hráefni inn í einhver grænmetislistaverk sem hleypa verðinu upp í mörg þúsund krónur og ég veit ekki hvort öllum þykir jafngott, en hvað um það. Auðvitað þarf að vera hægt að bjóða ferðamönnum upp á ódýran, góðan, íslenskan mat. Það er engin skömm að því að bera fram íslenska osta, íslenskan fisk, íslenskt kjöt. En það þarf ekki endilega að gera úr því einhver fáránleg austurlensk listaverk svo að fólk geti komið þessu í sig.

Annað er líka þýðingarmikið og það er að búa vel að fólki varðandi afþreyingu og t.d. varðandi afþreyingu barna. Það vill svo til að margir ferðamenn eru með börnin sín með sér og ég held að við séum afar lítið vinsamleg barnafjölskyldum. Allt er þetta auðvitað aðeins að lagast. Ég hef áður gert ferðaþjónustu að umræðuefni á hinu háa Alþingi og manni hefur ofboðið aulaskapurinn í sambandi við móttöku ferðamanna og nægir að nefna að ekki eru ýkjamörg ár síðan ekki var hægt að komast á salerni við Gullfoss. Ég held að það sé búið að bæta úr því núna en ekki er langt síðan ég kom þar og þar var búið að setja sögukort yfir staðinn en auðvitað á íslensku og þarna stóðu erlendir ferðamenn og botnuðu ekki neitt í neinu. Svona kauðaskap verðum við auðvitað að venja okkur af.

Við framleiðum ýmislegt fleira en mat í landinu. Þegar við erum að ferðast eigum við það til að kaupa okkur bækur þess lands sem við erum stödd í. Hér eru skrifaðar heilmargar bækur. Hvers vegna í ósköpunum er ekki séð svo til að erlendir ferðamenn geti kynnt sér það sem verið er að skrifa í þessu landi? Það er ekki óviðráðanlegt að þýða bækur og gefa út hér á landi og selja þær hér þannig að menn geti vitað hvað þetta fólk sem hér býr er að hugsa.

Því miður eru leikhús lokuð yfir sumartímann að mestu leyti, jafnvel minna um listsýningar, og mér vitanlega hefur ekkert verið gert til að sýna ferðamönnum þær íslensku kvikmyndir sem hafa verið framleiddar. Þetta er ekkert annað en klaufaskapur. Auðvitað kostar ekki neitt að halda uppi sýningum á íslenskum kvikmyndum yfir háannatíma í ferðaþjónustu. Það eru svona atriði sem ég vildi benda á. Það er gaman að sýna fólki frá öðrum löndum að við getum þrátt fyrir allt búið hér og verið svona sæmilega siðmenntað fólk. Ég verð að játa að ég er sú tegund ferðamanna sem þykir fyrst og fremst gaman að sjá hvernig fólk kemur sér fyrir í því landi sem það býr í og ég hygg að mörgum sé svo farið. Auðvitað er gaman að horfa á landslag eins og listaverk og víst eigum við nóg af slíkum stöðum en það er enn þá skemmtilegra að reyna að gera sér glögga grein fyrir hvers konar fólk býr í þessu landi. Hvernig hefur það fengist við að ráða við óblíða náttúru og fámenni, sem er auðvitað sérstakt og það er hlutur sem ég held að við eigum að reyna að leggja áherslu á.

Að lokum, hæstv. forseti. Er ekki hægt að spara auðæfi jarðarinnar með því að gefa út færri ferðamannabæklinga á Íslandi? Einu sinni taldi ég á þriðja hundrað bæklinga á Ferðaskrifstofu Íslands og spurði starfsfólkið hvort þetta væri virkilega nauðsynlegt og þá sögðu allir í kór: Nei, auðvitað ekki. Þannig mætti líka spara það sem við erum að leggja til að sparað verði með þessari tillögu.

[11:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það eru einungis þrjú atriði sem mig langar aðeins að víkja að. Í fyrsta lagi er ég ekki sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um að sagan skipti ekki máli í sambandi við ferðaþjónustuna. Þvert á móti koma margir hingað til landsins vegna áhuga síns á íslenskri menningu og íslenskri sögu og er það snar þáttur í ferðaþjónustu. (Gripið fram í.) Hafi ég misskilið hv. þm., þá þykir mér vænt um það, þá erum við sammála í þessu efni.

Mig langar aðeins að víkja að því sem kallað er „græn ferðamennska". Ég er fullkomlega sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um að þetta hugtak „græn ferðaþjónusta" hefur ekki íslenskan blæ á sér og er auðvitað innflutt heiti. Á hinn bóginn er ég fullkomlega sammála því að við eigum að leggja áherslu á umhverfisþátt ferðaþjónustunnar og það er raunar svo að ferðaþjónusta á Íslandi getur ekki staðist nema hún sé umhverfisvæn. Þess vegna leggja þeir sem hafa atvinnu af ferðaþjónustu æ meiri áherslu á umhverfismálin frá einu ári til annars. Það þýðir ekki að ekki megi áminna menn um að gera betur en þetta er mjög snar þáttur í ferðaþjónustunni og það er líka misskilningur ef sú skoðun er uppi að sveitarfélög hafi ekki einbeitt sér einmitt á þessum vettvangi. Kirkjubæjarklaustur, **(Gripið fram í:** Skaftárhreppur.) það heitir Skaftárhreppur nú eftir stækkun, hefur einmitt tekið þátt í því að keppa um það með sveitarfélögum í Evrópusambandinu að verða valið það sveitarfélag þar sem mest áhersla er lögð á ferðaþjónustu í víðasta skilningi þess sem við eigum við þegar við tölum um umhverfismál og gæslu náttúru og náttúruauðlinda og þegar við erum að tala um að varðveita náttúru okkar og ganga vel um landið okkar. Það er því ekki þörf á neinni tilraunastarfsemi í þessum efnum. Þessi vinna er þegar byrjuð. Við megum ekki tala um ferðamálin eins og það fólk sem flytur þessa tillögu hafi verið að stinga upp á einhverju sem engum öðrum hafi dottið í hug áður. Það er auðvitað alls ekki þannig og mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að ekki hafi verið unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu fyrr en hann kom á þing.

Eins og ég gat um áðan var þvert á móti unnið mjög skipulega og vel að þessum málum í tíð síðustu ríkisstjórnar, að söguþættinum, að menningarþættinum, að umhverfisþættinum. Hún er heldur ekki ný þessi hugsun að við eigum að leggja áherslu á það að ferðaþjónustan sé rekin í sátt við landið og fólkið í landinu. Ég hef einmitt lagt mjög ríka áherslu á að það eigi að færa gæslu viðkvæmustu staðanna heim í héruð, að Norðlendingar eigi að gæta Mývatns og Jökulsárgljúfra en þeirri gæslu eigi ekki að stjórna héðan úr Reykjavík frá Náttúruverndarráði, sem er staðsett hér, heldur eigi fólkið fyrir norðan að hugsa um sínar perlur, fólkið fyrir austan um sínar, Sunnlendingar um sínar. Ég er mjög feginn því að þeir sem standa að flutningi þessarar þáltill., hv. þm.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson, skuli vera þessarar sömu skoðunar, þ.e. að við eigum að treysta á fólkið sjálft, heimafólkið, færa gæsluna og verndina heim í byggðarlögin af því að þau þekkja best til og vita hvernig á að standa að þessu máli. Ég hef fundið að þessi hugsun er að vinna á. Það eru fleiri og fleiri sem skilja að forsjárhyggja í þessum efnum er af hinu vonda og átta sig á því að vel menntað fólk og vel hugsandi, fólk með reynslu, fólk sem þekkir náttúruna er til allrar lukku víðs vegar í okkar fagra, stórbrotna landi, síbreytilega landi, lifandi landi, yngsta landi veraldarinnar sem kallar auðvitað fram þessa hugsun ósjálfrátt hjá hverjum og einum að vera náttúruvænn ef við megum orða það svo, ganga vel um landið sitt og hugsa um það hvernig hægt sé að bæta.

[11:41]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að leiðrétta. Ég harma það ef hæstv. ráðherra og hv. þm. hafa tekið orð mín svo að ég sé þeirrar skoðunar að saga þjóðarinnar skipti engu máli. Það er auðvitað fjarri því og vissulega þurfa að liggja fyrir upplýsingar fyrir ferðamenn um þá sögu alla. Það sem ég átti kannski frekar við er að mér finnst sú saga stundum dálítið afskræmd þegar verið er að leggja áherslu á hana þegar ferðamenn eiga í hlut og alls konar kjánagangur hafður í frammi sem ég er afar lítið hrifin af. Það var frekast það sem ég ætlaði að segja en tókst ekki að gera það skiljanlegt. Vitaskuld er saga okkar og menning ástæðan fyrir því að við erum hér og það leiðir af sjálfu að sú saga skiptir öllu máli þannig að ég vil endilega að þetta sé öllum ljóst.

[11:42]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst óþarfi hjá hæstv. ráðherra að vera viðskotaillur yfir því þó að menn séu að ræða þessa vistvænu ferðamennsku og enginn hefur haldið því fram að hér væri verið að taka upp eitthvað algerlega nýtt. Við vitum vel að unnið hefur verið að stefnumótun í ferðamennsku en það er ákaflega langt síðan. Löggjöfin er um 20 ára gömul og það hefur komið fram í máli mínu að ég fagnaði því að ráðherrann skyldi nú á haustdögum setja í gang þessa stefnumótunarvinnu. Það er ánægjuefni og óþarfi að vera með nokkra illsku yfir því og ég fagna því að ráðherrann skuli taka vel í að setja vistvæna ferðamennsku inn í þá vinnu.

[11:43]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. veitir ekki af fræðslu og mun gera ráðstafanir til þess að hún fái nauðsynleg gögn í hendur til þess að hún sjái hvernig unnið hefur verið á hinum síðustu missirum.

[11:43]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í máli hæstv. samgrh. fellur efni þeirrar þáltill., sem er nú til umræðu, mjög vel að því stefnumótunarstarfi sem hafið er á vegum ráðuneytisins. Ég ætla ekki að gera þessa annars ágætu þáltill. að umræðuefni lengi en koma inn á örfá atriði sem ég held að skipti máli í þessari umræðu.

Ég held að það hafi verið rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að skýra mál sitt betur áðan vegna þess að það kom fram í máli hennar, sem hún hefur leiðrétt núna, að erlendir ferðamenn kæmu ekki til landsins til þess að kynnast menningu þjóðarinnar. Hún sagði réttilega að þeir hefðu almennt komið hingað til að kynnast náttúrufegurð landsins, það er hárrétt. Í þessu sambandi held ég að rétt sé að undirstrika að kannanir benda eindregið til þess að sá hópur ferðamanna, sem hefur áhuga á menningu og vill kynnast náið þeim þjóðum sem hann ferðast til, fer vaxandi. Má segja að öll þau atriði sem hv. þm. benti á að ætti að bæta úr hér koma til móts við þennan hóp ferðamanna sem fer vaxandi. Það ber einnig að geta þess að ferðamynstur manna hefur breyst verulega á undanförnum árum. Í stað þess að áður tóku menn frekar eitt frí, sem stóð kannski þrjár vikur, brjóta menn niður frítímann allt niður í þrisvar og fjórum sinnum eftir því hvernig aðstæður eru og skipta frítímum sínum oft milli t.d. sólarlanda og svo ferða sem mætti segja að væru þá meira menningarferðir.

Einnig er áberandi að sá hópur ferðamanna, sem hefur allrúm fjárráð leggur áherslu á einmitt þessi mál. Að því leyti fellur þessi tillaga sem hér er til umræðu vel að þessum áhersluatriðum að það sem hefur verið kallað „græn ferðamennska“, en aðrir kalla vistvæna ferðamennsku snertir einmitt ákveðna hugmyndafræði sem er fólgin í því að athygli og áhugi ferðamannsins beinist fyrst og fremst að því menningarsamfélagi sem hann er að heimsækja. Hann vill valda þar sem minnstum glundroða og leggur áherslu á að þetta menningarsamfélag sé kynnt fyrir honum á eðlilegan hátt.

Ef við lítum á það sem hefur verið gert undanfarið vil ég taka fram að stefnumótun í ferðamennsku er ekki stjórnvalda sem slíkra eingöngu. Stefnumótun fer fram í ferðamennsku innan fyrirtækja og hjá sveitarfélögum en að sjálfsögðu líka hjá ríki og það skiptir mjög miklu máli að stefnumótunarvinna uppfylli tvö skilyrði: Fyrir það fyrsta þarf stefnumótunarvinna á vegum opinberra stjórnvalda að vera viðvarandi verkefni. Það skiptir þess vegna ekki mestu máli að setja markið hátt einu sinni með gífurlegum skjalabunka á Alþingi heldur skiptir mestu máli að við búum til farveg fyrir stefnumótunina þar sem hún er í sífelldri endurskoðun. Ég kem að þessu nánar í sambandi við þingmál, sem ég er 1. flm. að hér á eftir, sem fjallar um rannsóknir í ferðamennsku. En það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að stefnumótunarvinnan er viðvarandi verkefni og þar af leiðandi fer að skipta miklu máli hvaða verkfæri menn hafa til að móta stefnuna. Það er rétt að stjórnvöld læri í þessum efnum af fyrirtækjum og það er nú svo að til allrar hamingju búum við Íslendingar við þær aðstæður að við eigum fyrirtæki sem hafa burði til þess að vinna stöðugt að stefnumótun. Þessi fyrirtæki í ferðaþjónustu eru ekki mörg, þau eru allt of fá, sem eyða miklum tíma í stefnumótun, sem ráða sérhæfða starfskrafta í stefnumótun en til allrar hamingju eru þau til. Það fer ekki milli mála að innan þessara fyrirtækja hefur árangurinn sýnt sig. Ég er að sjálfsögðu einkum að tala um Flugleiðir og ég held að það sé mjög gagnlegt fyrir þingheim að gera sér grein fyrir því hversu árangursrík stefnumótunarvinna hefur verið unnin innan Flugleiða og í hvaða sess þeir hafa komið sér í ferðamálum nú á síðari árum. Þeir eru eitt af þeim flugfélögum sem hafa upp á einna mest gæði að bjóða í flugflotanum og þeir hafa gerbreytt uppbyggingu á leiðakerfi sínu og eru með á prjónunum nú um þessar mundir mjög athyglisverðar hugmyndir um stefnumörkun.

Ég vil einnig geta þess af því að hér kom sérstaklega til umræðu að ferðaþjónusta okkar væri óvinsamleg barnafjölskyldum að það kann mikið að vera til í þessu. En ég vil

undirstrika að ef við tökum það bæjarfélag sem ég þekki best til, Akureyri, þá er þar sérstakt útvistarsvæði sem er hannað sérstaklega með þarfir barna í huga og vinna við þetta útivistarsvæði hefur staðið yfir í meira en tvo áratugi. Þar hefur að vísu mikið verið unnið núna síðustu 10 árin en það er veruleg fjárfesting sem bæjarfélagið og einstaklingar í sjálfboðavinnu hafa lagt út í og hún miðar öll að því að búa til mjög vinsamlegt umhverfi fyrir barnafjölskyldurnar, ekki síst fyrir ferðafólk en að sjálfsögðu líka fyrir héraðsbúa.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt að menn áttu sig á því að á Íslandi hefur orðið mikil fjárfesting í ferðaþjónustunni. Ég mun leggja fram upplýsingar á eftir um ákveðið misvægi í fjárfestingunni, sem er áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga, en við höfum bæði á vegum sveitarfélaga og vegum ríkisins fjárfest mikið í grunngerð ferðaþjónustunnar og erum með áætlanir um að fjárfesta enn meira í þessari grunngerð. Það er afar mikilvægt að við gerum skipulegar áætlanir um það hvernig við ætlum að fá arðsemi út úr allri þessari fjárfestingu. Ég sé á hagtölum, sem eiga væntanlega flestar rætur að rekja til Þjóðhagsstofnunar og birtar eru á erlendum vettvangi, m.a. á vettvangi OECD, að út úr þeim má lesa að við væntum okkur minni arðsemi út úr allri þessari fjárfestingu og minni atvinnusköpunar en aðrar þjóðir gera. Þetta held ég að sé mjög mikið umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga, þ.e. að skoða annars vegar hversu mikið við erum að fjárfesta í ferðaþjónustu í gegnum grunnfjárfestingu okkar og hversu miklar væntingar við höfum um arðsemi af þessari fjárfestingu því að það skiptir sköpum um lífskjör okkar í framtíðinni að við náum verulega mikilli arðsemi út úr henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 60. mál. — Þskj. 60.

[11:52]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 60 um aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga en því miður hafa mál þróast þannig austur í Asíu að full ástæða er til þess að halda þessu máli vakandi.

Ég tel rétt að rekja aðeins sögu þessa máls og ástæður þess að við kvennalistakonur erum að skipta okkur af þessu máli og þykir rétt að halda því vakandi á Alþingi Íslendinga. Þarna er um að ræða litla þjóð á eyju austur í Indíahafi, sem einu sinni var kallað svo, sem á sér langa sögu. Sú saga er á þá leið að þessari eyju, sem er í sundinu á milli Ástralíu og Austur-Indía eyjaklasans, var skipt á sínum tíma milli Hollendinga annars vegar og Portúgala hins vegar sem leiddi til þess að íbúar í portúgalska hlutanum urðu kaþólskrar trúar en Hollendingar skiptu sér ekki af trúarbrögðum á sínum hluta og þar eru íbúarnir flestir múslímar.

Þegar einræðisstjórnin í Portúgal féll árið 1975 leiddi af því að flestar þær nýlendur sem Portúgalir áttu urðu sjálfstæðar og það gekk fyrir sig með styrjöldum og ógnum, t.d. í Afríku, bæði í Angóla og Mósambik. Það sama átti sér stað á Austur-Tímor. Þar voru til ýmsar hreyfingar sem börðust fyrir sjálfstæði landsins og í þann mund sem einræðisstjórnin var að falla í Portúgal tók ein af þessum skæruliðahreyfingum völdin, hreyfingin Fretelin, en aðeins örfáum dögum eftir að hún hafði lýst yfir sjálfstæði landsins gerði indónesíski herinn innrás á eyjuna. Frá þeim tíma, í nákvæmlega 20 ár, hefur ríkt ógnarástand hjá þessari litlu þjóð, sem nú er talið að sé um 700 þúsund manns, en hefði með réttu átt að vera um það bil milljón manns. Indónesíski herinn hefur ráðið þarna lögum og lofum, beitt fjöldamorðum og ofsóknum og indónesísk stjórnvöld neita algerlega að hlusta á sjónarmið íbúanna. Ástæðan er auðvitað sú að undan ströndum eyjarinnar eru auðugar olíulindir sem Indónesar ásælast og hafa auðvitað lagt undir sig eftir þessa innrás.

Nokkrum sinnum hefur komið til mjög alvarlegra átaka á eyjunni þar sem indónesíski herinn hefur ráðist á hópa fólks, ráðist inn í þorp og framið þar fjöldamorð og hvað eftir annað hafa íbúar, flóttamenn frá Tímor og námsmenn, reynt að vekja athygli á málstað sinnar þjóðar. Það er skemmst frá að segja að í öll þessi 20 ár hefur verið samþykkt ályktun á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem fordæmir innrás og framferði Indónesíustjórnar en ekkert hefur gerst. Menn hafa ekki treyst sér til þess að taka af alvöru á mannréttindabrotum og framferði Indónesíustjórnar og það ræðst auðvitað af því að Indónesía er mjög auðugt land. Þar eru miklar erlendar fjárfestingar og þar eiga jafnvel ríki eins og Svíþjóð og Finnland hagsmuna að gæta og þegar hagsmunir stórfyrirtækja eru annars vegar vilja mannréttindi stundum gleymast. Þrátt fyrir það hefur tekist að vekja athygli á málefnum íbúa Austur-Tímor á undanförnum árum. Þar hafa farið í fremstu röð ýmsir listamenn. Það tókst að kynna þetta mál fyrir Al Gore, varaforseta Bandaríkjanna, og nú nýlega þegar Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, heimsótti Indónesíu eftir að hún hafði verið á kvennaráðstefnunni í Kína tók hún málefni Austur-Tímor upp við indónesísku stjórnina. Málinu hefur verið haldið vakandi og þess má minnast að haustið 1994 var málefni Austur-Tímor tekið upp í ræðu þáv. utanrrh. Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Eins og kom fram í umræðum hér á þingi leituðu Indónesar eftir fundi með íslensku sendinefndinni til þess að kvarta yfir því að þeir skyldu leyfa sér að nefna þetta mál en Indónesar hafa yfirleitt tekið því mjög illa að verið sé að halda þessu máli vakandi.

Kjarni málsins er þessi: Þarna er lítil þjóð sem orðið hefur fyrir innrás og býr við herforingjastjórn sem brýtur stöðugt mannréttindi á þessu fólki og þessi litla þjóð á mjög í vök að verjast vegna þess að þarna eru miklir hagsmunir í húfi.

Þess má geta að unnið hefur verið ár eftir ár að því að reyna að sjá til þess að biskupinn í Austur-Tímor fái friðarverðlaun Nóbels. Hann hefur verið í broddi fylkingar þeirra sem reynt hafa að beita sér fyrir því að mannréttindi íbúanna væru virt og það þóttu mjög sterkar líkur til þess að hann fengi friðarverðlaunin nú í ár en svo fór ekki. Það eru reyndar ágætis samtök sem hlutu þau að þessu sinni en í tengslum við alla þá vinnu tókst að vekja athygli á málefnum Austur-Tímor. Þess má einnig geta að nánast hvar sem heimsráðstefnur eru haldnar er reynt að vekja athygli fólks á þessu hræðilega ástandi sem þarna er og m.a. á kvennaráðstefnunni í Kína. Þar voru konur frá Austur-Tímor að safna undirskriftum sem voru sendar indónesískum stjórnvöldum og jafnframt voru þær að kynna ástandið hjá sínu hrjáða fólki.

Ísland er eitt örfárra ríkja sem alla tíð hafa stutt tillög-

una hjá Sameinuðu þjóðunum um fordæmingu á innrásinni og framferði Indónesíustjórnar og mér er kunnugt um að sá stuðningur hefur verið mikils metinn af íbúum Austur-Tímor og því fólki sem er landflótta, einkum í Ástralíu og Portúgal. Það er aðallega í Ástralíu og Portúgal sem Austur-Tímorar hafa fengið skjól og þeim þykir að sjálfsögðu mjög mikilvægt að fá stuðning, ekki síst frá ríki sem hefur þó þann kost að hafa aldrei komist í skýrslur Amnesty International yfir þær þjóðir sem beita mannréttindabrotum, þótt hugsanlega væri hægt að leiða rök að því að ýmislegt mætti betur fara hér í okkar samfélagi.

Því er það, hæstv. forseti, að við kvennalistakonur viljum halda þessu máli vakandi og vekja athygli á ástandinu í þessu litla ríki, ekki síst til þess að brýna íslensk stjórnvöld til að fylgjast með og halda vöku sinni þar sem við getum beitt okkur á alþjóðavettvangi og eins og ég sagði hér áðan: Ég veit að það skiptir máli.

Því er þessi tillaga flutt og að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég vil þakka hv. þingmanni og hv. þingmönnum Kvennalistans fyrir að taka upp þetta mál. Það er enginn vafi á því að á Austur-Tímor ríkir skelfilegt ástand og þetta ástand hefur því miður verið eitt af gleymdu óhreinu málunum í heimspólitíkinni um langt árabil. Sem betur fer örlar nú á því að athygli heimsins sé að beinast að ástandinu á þessum slóðum, en einhvern veginn er það svo að það er eins og sum stríð, sum vandamál og sumar hungursneyðir komist í tísku en aðrar ekki. Stundum virðist nánast tilviljanakennt hvað ræður því að augu vestrænna fjölmiðla beinast að slíkum vandamálum á einum stað en ekki öðrum. Það er alla vega ekki ljóst að lengi vel var ótrúlega hljótt um allar þær skelfilegu hörmungar sem gengu yfir íbúa Austur-Tímor og þar hefur án efa haft sitt að segja að sökudólgurinn, Indónesíustjórn, Indónesíuher, hefur sterk ítök og góð pólitísk sambönd og samskipti við öll helstu leiðandi ríki á Vesturlöndum. Reyndar er það svo að tvískinnungurinn og hræsnin í alþjóðastjórnmálunum verður kannski óvíða betur ljós en í þessu máli ef við berum saman hvernig hin skelfilega ógnarstjórn, sem ríkt hefur í Indónesíu um langt árabil, ekki bara núna í tíð Suhartos hershöfðingja heldur þeirra sem á undan honum fóru, hefur beitt fólskulegu ofbeldi gegn t.d. öllum stjórnarandstæðingum í Indónesíu svo ekki sé nú talað um framkomuna við ýmsa nágranna eins og þjóðina á Austur-Tímor. Allan þennan tíma og þrátt fyrir þetta stjórnarfar hafa Vesturlönd haldið uppi fullum pólitískum samskiptum við Indónesíu, nánast undantekningalaust, stundað þar viðskipti og ekki talið, að því er séð verður, neitt sérstaklega athugavert við það.

Ég leyfi mér, herra forseti, að bera saman framgöngu Vesturlanda annars vegar í samskiptum við Indónesíu og hins vegar Írak. Ætli það sé nú ekki þannig að framganga Indónesa gagnvart Austur-Tímor sé í raun og veru nánast á allan hátt verri og fólskulegri heldur en þó innrás Íraka í Kúveit var. En þá stóð ekki á viðbrögðunum. Þá stóð aldeilis ekki á fordæmingu Vesturlanda og þá var fundinn óvinur sem tilefni var til að fara gegn með hervaldi, leggja Sameinuðu þjóðirnar undir ályktanir gegn þessu ofbeldi sem Kúveitum var sýnt, auðvitað af hálfu Íraka. En þegar alsaklaus þjóð sem er að losna undan nýlendukúgun Evrópuþjóðar, eins og Tímor í þessu tilviki, verður síðan fyrir fólskulegri innrás og stendur nánast frammi fyrir þjóðarmorði, þá er ekkert gert. Bókstaflega ekki neitt.

Þarna held ég, herra forseti, að tvískinnungurinn og hræsnin í framgöngu Vesturlanda í svona málum verði nú einna dapurlegastur og eru þess þó mörg dæmi. Það vill svo til, herra forseti, að ég dvaldi í þessum heimshluta þá örlagaríku daga sem þjóðin á Austur-Tímor mætti þessum örlögum sínum og átti samskipti við fólk sem varð landflótta vegna þessara atburða, bæði í Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Mér hefur ætíð síðan runnið til rifja hversu erfiðlega hefur gengið að fá umheiminn til að taka á þessu vandamáli og horfast í augu við að það er gjörsamlega óþolandi að samfélag þjóðanna sitji aðgerðalaust hjá þegar þjóðarmorð af þessu tagi á sér stað. Er það virkilega svo að siðferðisþroski okkar sé enn á því stigi að af því að hér á fjarlæg þjóð í hlut og fyrrv. nýlenda Evrópumanna, þá sé þetta ástand réttlætanlegt en væri hún nær okkur eða ætti einhver þau auðæfi sem við værum að ásælast svo sem eins og olíu, þá væri sjálfsagt að taka fram byssurnar?

Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp. Ég hef sjálfur minnt á það hér á þingi oft á undanförnum árum í tengslum við umræður um utanríkismál og ég fagna því að það skuli hérna komin fram tillaga sem Alþingi getur fjallað um og vonandi afgreitt til þess að herða á íslenskum stjórnvöldum að leggja þessu máli lið á alþjóðavettvangi. Og ber þó að taka það fram sem er virðingarvert í þessu tilviki að það er í sjálfu sér ekkert upp á íslensk stjórnvöld að klaga varðandi afstöðu til þessa máls. Hún hefur frá byrjun verið sú að mótmæla innrás Indónesa og reyna að styðja þannig við bakið á íbúum Austur-Tímor. Ég vona svo að hv. utanrmn. afgreiði þessa tillögu og vilji Alþingis fái að koma í ljós í samþykkt hennar innan skamms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir í ferðaþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

[12:08]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um rannsóknir í ferðaþjónustu. Flm. með mér að þessari tillögu eru hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Sturla Böðvarsson og Valgerður Sverrisdóttir.

Þessi þáltill. fjallar um það að brýnt sé að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og tryggja með þeim hætti grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni. Þá er gert ráð fyrir því að það verði gripið til þeirra ráðstafana sem hér verða taldar upp á eftir.

Stofnuð verði gagnamiðstöð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri sem hafi eftirfarandi hlutverk:

Í fyrsta lagi að skipuleggja öflun upplýsinga um atvinnugreinina þannig að þær varpi sem skýrustu ljósi á stöðu og þróun greinarinnar og verði traustur grundvöllur rannsókna, þróunarstarfs og fjárfestingar í ferðamennsku.

Í öðru lagi að safna upplýsingum um erlenda ferðamarkaði og safna gögnum um erlendar rannsóknir í ferðamálum.

Í þriðja lagi að varðveita þessar upplýsingar og birta reglulega fréttir um stöðu greinarinnar.

Þá er lagt til að stofnaður verði sérstakur rannsóknasjóður við Ferðamálaráð Íslands og að lokum er lagt til að stofnuð verði staða rannsóknarfulltrúa við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri og hlutverk hans verði að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og skipuleggja samstarf ráðsins við fyrirtæki og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunarstarfs.

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga beinist einkum og sér í lagi að skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri er sú að þangað hefur verið flutt innanlandsskrifstofa ráðsins og þar er upplýsingaöflunin nú til húsa en eins og hér kemur fram er mikil þörf á því að koma þeirri upplýsingaöflun í fastari farveg en nú er.

Í grg. sem ég ætla ekki að lesa frá orði til orðs er gerð grein fyrir því hversu mikilvæg atvinnugrein ferðaþjónustan er orðin og hve mikill vöxtur hefur verið innan hennar á undanförnum árum. Þar er jafnframt vakin athygli á þeirri sérstöðu þessarar atvinnugreinar að hún á ekki eins og landbúnaðurinn, iðnaðurinn og sjávarútvegurinn við sérstaka rannsóknastofnun þessara atvinnugreina að styðjast. Þó er atvinnugreinin það mikilvæg í efnahagslífi þjóðarinnar að hún skipar sér ýmist í annað eða þriðja sæti í gjaldeyrisöfluninni. Ég hef vakið athygli á því áður hér á Alþingi að þegar ég settist í Rannsóknarráð ríkisins árið 1991 spurðist ég fyrir um það hversu miklar rannsóknir hefðu verið styrktar af Rannsóknasjóði á vegum ferðamála. Hér í fylgiskjölum með þessu þingmáli er yfirlit yfir hagnýtar rannsóknir árin 1977–1993. Þar geta menn í stórum dráttum séð hvernig rannsóknir skiptast niður í flokka eftir hinum hefðbundnu atvinnugreinum. Og eins og þar kemur fram er þar ekki lagt fjármagn til sérstakra rannsóknaverkefna í ferðaþjónustu. Þetta varpar ljósi á þá einföldu staðreynd að það hefur ekki verið litið svo á hér á Íslandi að þróun þessarar atvinnugreinar væri tilefni sérstakrar rannsókna- og þróunarstarfsemi eins og aðrar atvinnugreinar hafa notið. Það er engin rannsóknastofnun á Íslandi sem hefur í raun og veru þar til nú, sýnt því áhuga að sérhæfa sig í málefnum ferðaþjónustunnar.

Nú er á margan hátt nauðsynlegt að sem flestir komi að þróunarstarfi í ferðaþjónustu, bæði fyrirtæki og opinberar stofnanir, en það skiptir þó mjög miklu máli að upplýsingaöflun sem er grundvöllur rannsókna- og þróunarstarfsemi sé í föstum og viðunandi farvegi. Það skiptir líka miklu máli að rannsóknastofnanir sérhæfi sig á sviði þessarar atvinnustarfsemi. Þær hugmyndir sem settar eru fram í þáltill. miða að því að gera Ferðamálaráði Íslands kleift að hafa yfirsýn yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja um þróunarstöðu ferðaþjónustunnar, greina þörf atvinnugreinarinnar fyrir aðrar og ítarlegri upplýsingar en nú eru fáanlegar og beina öflun þeirra í æskilegan farveg. Það hefur að vísu verið gerð athugun á því á vegum Háskóla Íslands hversu mikið er til af upplýsingum um ferðaþjónustuna, hversu mörg rannsóknarverkefni hafa verið unnin í þessu sambandi, og það hefur verið gerð þar um mjög lausleg þarfagreining fyrir ferðaþjónustuna á upplýsingum. En sú þarfagreining var mjög gölluð. Hún fólst raunar bara í því að fyrirtæki voru spurð hvers konar upplýsingar þau vildu og síðan var talið saman hversu mörg fyrirtæki hefðu óskað eftir upplýsingum af þessu tagi eða hinu taginu. Það var ekki unnið úr þarfagreiningunni með þeim hætti að gera grein fyrir því að hvaða leyti upplýsingastarfsemi væri vanþróuð og hvers konar upplýsingar atvinnugreinin þyrfti með hliðsjón af því með hvaða hætti hún hefur t.d. þróast í öðrum löndum. Það liggur þó nokkuð ljóst fyrir að það sem einkum og sér í lagi skortir í upplýsingasöfnun greinarinnar eru reglubundnar kannanir á högum greinarinnar sem eru þá sambærilegar frá einum tíma til annars. Þar er bæði um að ræða viðhorfskannanir, kannanir sem beinast að ferðamönnunum sjálfum, en einnig vantar mjög ítarlegar upplýsingar um þróun atvinnugreinarinnar sjálfrar, m.a. um fjárfestingu í atvinnugreininni.

Sem dæmi um hversu mikilvægar slíkar upplýsingar eru get ég nefnt að það hefur farið fram ítarleg könnun á fjárfestingu og nýtingu hótelrýmis á vegum Háskólans á Akureyri. Sú athugun leiddi í ljós að þrátt fyrir að ferðaþjónustan hafi gert sér sérstakt far um að bæta nýtingu hótela og gististaða á jaðartímum, þ.e. utan háannatímans, hefur fjárfestingin í gistirými aukist í takt við fjölda ferðamanna á háannatímanum. Með öðrum orðum hefur framboðið aukist mest miðað við háannatímann. Það þýðir að nýtingin á jaðartímanum, sem var meginverkefni að bæta, hefur versnað til stórra muna og niðurstaðan er viðvarandi hallarekstur. Þetta bendir til þess að fjárfesting í gistirými haldist ekki í hendur við fjárfestingu í öðrum þáttum atvinnugreinarinnar og það bendir til þess að við fjárfestingu njóti menn ekki þeirrar sýnar til framtíðarinnar sem nauðsynlegt er að hafa, njóti ekki stefnumörkunar í ferðaþjónustunni sem nær til fjárfestingar og allra þátta ferðaþjónustunnar. Það er því mjög mikilvægt að þessum upplýsingagrunni verði komið í réttan farveg þannig að þær rannsóknastofnanir og þau fyrirtæki sem vilja sinna rannsóknum geti gengið að upplýsingagrunninum sem er grundvöllur alls rannsókna- og þróunarstarfs.

Það er einnig lagt til að stofnaður verði rannsóknasjóður við Ferðamálaráð Íslands. Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er sá að Ferðamálaráð geti orðið virkur þátttakandi í rannsóknastarfinu, lagt fé í verkefni, t.d. með Rannsóknaráði Íslands, keypt verkefni af háskólastofnunum eins og Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og öðrum rannsóknastofnunum og virkað sem hvati á þetta rannsóknastarf. Auðvitað hafa slíkar rannsóknir verið keyptar en svigrúm Ferðamálaráðs Íslands og skrifstofu ráðsins til þess að sinna slíku rannsóknastarfi hefur verið mjög takmarkað vegna þess að fjármunirnir sem renna til Ferðamálaráðs Íslands eru bundnir að mestu leyti í markaðsstarfi sem er ekki hægt að vanrækja. Það er orðið í mjög föstu formi og hefur skilað miklum árangri. Það væri afar ólíklegt til árangurs að taka fjármuni frá þeim verkefnum og eyðileggja það starf, brjóta það niður til þess að leggja þá í rannsóknastarfið hversu svo sem rannsóknastarfið er mikilsvert. Það er að mínu mati nauðsynlegt að stofna sérstakan rannsóknasjóð við Ferðamálaráð Íslands þannig að það geti orðið virkur þátttakandi í þessu rannsóknastarfi og virkað sem hvati á þróunarmálin í greininni.

Að lokum er lagt til að staða rannsóknafulltrúa verði sett upp við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri. Hlutverk hans er ekki að annast rannsóknir, með þessu er ekki verið að leggja til að Ferðamálaráð taki að sér rannsóknahlutverk heldur að það ráði sérhæfðan mann til að sinna þessum málum. Ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa setið í stjórn Ferðamálaráðs í nokkur ár að það skorti mjög á það að ráðið hafi fagleg tök á því að sinna þessum rannsóknarmálum. Það mundi verða styrkt mjög í því ef það hefði tök á því að ráða sér rannsóknafulltrúa til að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og til að skipuleggja samstarf ráðsins við aðra rannsóknaraðila.

Mig langar til ekki síst að benda á þann áhuga í sambandi við þessa þáltill. sem Háskólinn á Akureyri hefur sýnt á því að koma sér upp sérstakri rannsóknadeild innan

rannsóknastofnunar sinnar er sérhæfi sig í málefnum ferðaþjónustunnar. Það er mjög mikilsvert að þegar sá áhugi kemur fram sé honum sýndur skilningur og tækifærið sé notað til þess að auðvelda Háskólanum á Akureyri að koma sér upp slíkri sérstöðu á þessu sviði.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þáltill. og greinargerðina sem fylgir henni. Þessi plögg skýra sig að mestu leyti sjálf. Mig langar aðeins til þess í lok máls míns að hugleiða stöðu okkar alþjóðlega í sambandi við ferðamálin. Það er nýkomin út skýrsla á vegum alþjóðlegrar stofnunar sem heitir World Travel and Tourism Council og þessi skýrsla leitast við að varpa ljósi á stöðu ferðaþjónustunnar í heiminum í dag en hún leitast einnig við að varpa ljósi á líklega þróun ferðaþjónustunnar fram til ársins 2005, þ.e. á 10 ára tímabili. Þessi skýrsla varpar mjög skýru ljósi á þær væntingar sem eru til þessarar atvinnugreinar í heiminum öllum. Þessar væntingar byggjast á því að atvinnugreininni er spáð vexti. Reiknað er með því að æ fleiri muni ferðast og það er reiknað með að menn muni leggja meiri peninga í ferðalög og menn muni leggja meiri tíma í ferðalög.

Það hefur einnig haft áhrif á væntingar manna til ferðaþjónustunnar að vonir manna um atvinnusköpun í öðrum hefðbundnum atvinnugreinum hafa brugðist. Þess vegna binda menn miklar vonir og í sumum tilfellum örvæntingarfullar vonir við það að ferðaþjónustan muni leysa úr vanda atvinnuleysisins. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að Evrópusambandið fjárfestir nú gífurlega í ferðaþjónustu. Ef litið er á þessa skýrslu þá kemur þar fram að á vegum Evrópusambandsins er ráðgert að fjárfesting í ferðaþjónustu muni vaxa um 45,7% á tíu ára tímabili. Í Evrópu í heild er gert ráð fyrir því að fjárfestingin vaxi um 57%. Ég vek athygli á því að gert er ráð fyrir að þessi fjárfesting muni vaxa um 90% í Austur- og Mið-Evrópu og um 359% í Mið-Austurlöndum. Hvarvetna er vöxturinn áætlaður mikill. Hvað þýða þessar tölur? Þær þýða einfaldlega að við Íslendingar munum lenda í gífurlega harðri samkeppni á þessu sviði í framtíðinni. Sú grein sem við bindum miklar vonir við lendir í óhemjuharkalegri samkeppni. Þessir fjármunir eru einmitt ekki síst lagðir í rannsókna- og þróunarstarf og þá nefni ég kannski sérstaklega Evrópusambandið. Á því sviði erum við veikastir. Full ástæða er til að benda á þetta. Af því að ég á örfáar sekúndur eftir ætla ég að vekja athygli á því að ef þessar tölur World Travel and Tourism Council eru réttar að því er varðar Ísland þá er gert ráð fyrir því að fjárfesting okkar Íslendinga í grunngerð, samgöngumannvirkjum og fjárfestingu almennt í ferðaþjónustu, sé rétt um meðallag og muni verða rétt undir meðallagi á næstu 10 árum en væntingar okkar til atvinnusköpunar sé langt undir því sem aðrar þjóðir vænta. Við reiknum bæði með því að umsvifin í greininni og atvinnusköpunin í greininni muni verða mun minni en aðrar þjóðir gera ráð fyrir. Þetta er athugunarefni. Þetta þarf að rannsaka betur og við þurfum að skoða vel hverjar væntingar okkar eru til þessarar fjárfestingar sem í vissum tilfellum er bæði fjárfesting fyrir ferðaþjónustuna en einnig fyrir þjóðina í heild. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvort við stefnum þarna að eðlilegri arðsemi í þessari miklu fjárfestingu sem við stöndum frammi fyrir í grunngerð ferðaþjónustunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda, fyrri umr.

Þáltill. VÁ og ÁE, 124. mál. — Þskj. 140.

[12:24]

Flm. (Vilhjálmur Ingi Árnason):

Herra forseti. Ég fylgi úr hlaði máli á þskj. 140 sem er þáltill. um að ríkisstjórnin skipi tvær úrskurðarnefndir í málefnum neytenda. Flm. auk mín er hv. þm. Ágúst Einarsson. Hér er um að ræða annars vegar nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja og svo hins vegar nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Sá þáttur neytendamálefna, sem þáltill. fjallar um, á sér langa forsögu innan þessara veggja. Áratugir eru síðan tilraunir hófust á Alþingi til að koma málefnum íslenskra neytenda í sambærilegt horf og gerist hjá nágrannaþjóðum okkar en með litlum árangri.

Árið 1974 flutti Bragi Sigurjónsson alþingismaður þingsályktunartillögu um þjónustu héraðsdómstóla við neytendur. Sú tillaga hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Í ráðherratíð Vilmundar Gylfasonar var unnið að gerð frv. um málefni neytenda en það frv. kom ekki fram á þingi og ekkert gerðist frekar í málinu. Þannig hafa íslensk stjórnvöld ein stjórnvalda á Norðurlöndum heykst á að auðvelda neytendum aðgang að ódýrum og aðgengilegum valkostum í ágreiningsmálum sínum.

Á sama tíma og áhugi íslenskra stjórnvalda á neytendamálum hefur verið takmarkaður og einkennst af andvaraleysi hefur ríkur skilningur verið á því annars staðar á Norðurlöndum að mikilvægt sé fyrir neytendur að eiga kost á að fá niðurstöðu í ágreiningsmálum sínum við seljendur og veitendur á hraðvirkan og ódýran hátt. Þar hafa stjórnvöld stofnað sérstök embætti umboðsmanna neytenda, komið á fót úrskurðarnefndum, auðveldað aðgengi neytenda og samtaka þeirra að dómstólum og sett sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur. Hér á landi er eins og við vitum enginn umboðsmaður neytenda og enginn smámáladómstóll og eins og segir í skýrslu frá viðskrn. til EFTA árið 1991 eru í næstu framtíð ekki áformaðar neinar breytingar þar að lútandi.

Afskipti stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum af ágreiningsmálum neytenda og veitenda þjónustu eru víðtæk. Í Svíþjóð og Finnlandi eru starfandi sérstakir umboðsmenn neytenda og úrskurðarnefndir í ýmsum málaflokkum sem kostaðar eru af ríkinu. Í Noregi og Danmörku eru einnig sérstakir umboðsmenn neytenda sem taka upp mál á þeirra vegum.

Vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að koma á smámáladómstól og vegna þess að ég á ekki von á að mikil hugarfarsbreyting hafi átt sér stað meðal íslenskra alþingismanna vil ég leggja til að reynt verði að nálgast vandamálið úr annarri átt en gert hefur verið hingað til. Í stað þess að gera breytingu á réttarfarskerfinu eins og áður hefur verið lagt til er gerð tillaga um ódýra en árangursríka leið úrskurðanefnda. Skipan úrskurðarnefnda er ódýr og árangursrík lausn. Það geta Neytendasamtökin og umbjóðendur þeirra staðfest því vegna aðgerða- og frumkvæðisleysis stjórnvalda hafa samtökin og nokkrir aðilar úr viðskiptalífinu tekið frumkvæðið í sínar eigin hendur og gert með sér samstarfssamninga um starfrækslu nefnda þar sem fjallað er um ágreiningsmál milli neytenda og veitenda. Stjórnvöld hafa síðan verið fengin til að skipa formenn nefndanna þannig að í raun hafa þau

með þátttöku sinni viðurkennt þörfina þó þau hafi sjálf skort frumkvæði að stofnun þeirra.

Þessar úrskurðarnefndir hafa í gegnum árin sannað gildi sitt. Þær hafa eins og fyrr segir verið ódýrar í rekstri en þó gegnt því mikilvæga hlutverki að tryggja neytendum réttláta og skjóta úrlausn mála sinna. Það hefur svo aftur á móti minnkað þörfina á að leitað væri til dómstóla með tilheyrandi biðtíma og kostnaði. Nefndirnar hafa þannig sparað dómskerfinu umtalsvert umstang og fjármagn því þótt úrskurðirnir séu ekki bindandi hefur reynslan hérlendis og erlendis sýnt að aðilar hlýta úrskurðum í 70–80% tilfella.

Einhver kann að spyrja: Úr því að þetta gengur svona ljómandi vel nú þegar hvers vegna halda samtök neytenda þá bara ekki áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð og fá stjórnvöld til samstarfs við sig á síðari stigum? Þá er því til að svara að einmitt þau tvö þjónustusvið sem tillagan fjallar um eru annars eðlis en þau sem fyrir eru. Sérstaklega á það við um viðskipti neytenda við opinber fyrirtæki eins og Póst og síma. Vegna einokunaraðstöðu opinberra þjónustufyrirtækja ber Alþingi siðferðileg skylda til að skapa einfaldan og sanngjarnan vettvang þar sem neytendur geta fengi úrskurð ágreiningsmála sinna gagnvart þessum fyrirtækjum. Þeir úrskurðir og það fordæmi, sem þeir gæfu, mundu áreiðanlega hafa áhrif til efnislegra breytinga á gjaldskrám eins og ungur stjórnmálamaður, Friðrik Sophusson að nafni, barðist fyrir á mörgum þingum fyrir rúmum áratug.

Hvað varðar úrskurðarnefnd í málefnum neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er það til að taka að félög sérfræðinga eru mjög mörg og sundurleit. Ólíklegt verður að telja að rótgrónar sérfræðigreinar eins og t.d. lækna og lögfræðinga séu þess mjög fýsandi að fá yfir sig utanaðkomandi úrskurðarnefnd um ágreiningsefni sinna manna og almennings. Reynslan erlendis hefur sýnt mikla tregðu þessara stétta til að samþykkja nokkuð annað en sínar eigin siða- og samskiptanefndir eða þá héraðbundna dómstóla. Endirinn hefur í sumum löndum orðið sá að hið opinbera hefur fallist á að ágreiningsmál þessara stétta fari fyrst til þeirra eigin siða- og samskiptanefnda. Ef ekki næst samkomulag á þeim vettvangi fer ágreiningsmálið til úrskurðarnefndar eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir og síðan til meðferðar í réttarkerfinu ef ekki vill verkast betur.

Rétt er að benda á að hið opinbera hefur nú þegar viðurkennt í raun þann framgangsmáta til sátta án þátttöku dómsvaldsins sem hér er lagður til grundvallar. Á ég þar við lög nr. 84/1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Þó hlutverk úrskurðarnefndar sjómanna sé mun viðameira en þeirra nefnda sem hér er lagt til að stofnaðar verði er hugsunin að baki og framgangsmáti og verklag það sama.

Flutningsmenn telja að úrskurðarnefndir eigi einungis að vera skipaðar þremur fulltrúum hverju sinni þannig að kostnaður og umfang verði í lágmarki. Sá kostnaður sem óhjákvæmilega verður gæti greiðst þannig að neytandinn greiddi málskotsgjald þegar hann kæmi kvörtun á framfæri. Gjaldið gæti í dag verið 5 þús. kr. en það er í samræmi við það sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Eðlilegt er að ríkið greiði að öllu leyti kostnað vegna opinberra þjónustufyrirtækja en hins vegar verður að telja eðlilegt hvað varðar úrskurðarnefnd vegna sjálfstætt starfandi sérfræðinga að hvert félag greiði kostnað vegna síns fulltrúa og ríkið afganginn. Ástæður þess að ekki er talið rétt að Neytendasamtökin greiði kostnað við störf nefndarinnar er sú að þau eru frjáls áhugamannasamtök, en ekki getur talist eðlilegt að félagsgjöld slíkra samtaka renni til greiðslu kostnaðar við opinbera nefnd sem allir landsmenn eiga aðgang að. Einnig ber að hafa í huga að kostnaður sambærilegra nefnda erlendis er yfirleitt borinn af opinberum aðilum. Í öllum löndum þar sem settar hafa verið á fót úrskurðarnefndir til að fjalla um ágreiningsmál neytenda og veitenda hafa nefndirnar sannað ótvíræða kosti sína.

Í fyrsta lagi auðvelda þær neytendum aðgang að fljótvirkri og ódýrri meðferð ágreiningsmála sinna. Í öðru lagi gera neytendur kröfur sínar gagnvart þjónustuaðilum frekar gildandi þegar aðgengi að úrskurði er auðvelt og ódýrt og í þriðja lagi sparar þessi leið umtalsverð útgjöld í dómskerfinu því mörgum málum sem annars kæmi til kasta dómstóla lýkur hjá úrskurðarnefndunum.

Miðað við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar og þá reynslu sem fengist hefur af starfsemi úrskurðarnefnda verður því að telja rétt að stjórnvöld beiti sér með virkum hætti fyrir því að slíkar nefndir verði settar á fót. Hægt er að fullyrða að starfsemi úrskurðarnefnda hafi bæði í för með sér þjóðfélagslegan sparnað og aukið réttlæti.

Herra forseti. Ég legg því til að þáltill. þessari verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:34]

Útbýting þingskjals:

Úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, 105. mál, svar landbrh., þskj. 159.

[Fundarhlé. — 12:35]

[14:13]

Útbýting þingskjala:

Jarðasjóður, 104. mál, svar landbrh., þskj. 166.

Samningar ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana, 140. mál, þáltill. GÁS o.fl., þskj. 167.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1994.

[14:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum ber forsrh. að gefa Alþingi árlega skýrslu um Byggðastofnun. Slík ákvæði gilda ekki um margar aðrar stofnanir á vegum ríkisins og því er Alþingi betur upplýst um starfsemi þessarar stofnunar en margra annarra. Þetta er í níunda sinn sem slík skýrsla er gerð og fjallar hún aðallega um starfsemi stofnunarinnar árið 1994, en samkvæmt venju verður fjallað nokkuð um starfsemina á þessu ári og horfur til framtíðar.

Á árinu 1994 fékk Byggðastofnun framlag til starfsemi sinnar af fjárlögum sem nam 185 millj. kr. Þessu framlagi er varið til að kosta hluta af rekstri stofnunarinnar sem að öðru leyti er greiddur af vaxtamun á innlánum og útlánum, til styrkveitinga og til að standa að baki áhættu sem fylgir útlánum stofnunarinnar.

Eins og ég hef áður vikið að í fyrri ræðum um ársskýrslu Byggðastofnunar er orðin mikil áherslubreyting í starfseminni þannig að stuðningur við atvinnuþróunarstarf hefur sífellt meira umfang. Reglugerð um Byggðastofnun

setur henni mjög ákveðin fjárhagsleg markmið. Henni er ætlað að varðveita raungildi eigin fjár síns þrátt fyrir aðhald í útlánum og ef ráðstafað er í afskriftareikning útlána fyrir hverju nýju láni þarf sífellt að endurmeta stöðu þeirra lána sem úti standa með tilliti til áhættu stofnunarinnar.

Á árinu 1994 tókst Byggðastofnun að standa við þetta fjárhagslega markmið og skila 15 millj. kr. hagnaði. Eigið fé Byggðastofnunar um sl. áramót var 961 millj. kr. og eiginfjárhlutfall hennar samkvæmt svokölluðum BIS-reglum var 13,9% en það má lægst vera 8% eins og kunnugt er. Eigið fé stofnunarinnar jókst um 238 millj. kr. á árinu og þar af um 205 millj. kr. vegna þess að stofnunin yfirtók eignir iðnaðar- og fiskeldishluta Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Sem kunnugt er rann sjávarútvegshluti sjóðsins inn í Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Lánveitingar Byggðastofnunar námu 596 millj. kr. á árinu 1994 og höfðu þær dregist saman um 131 millj. kr. frá fyrra ári. Útistandandi lán stofnunarinnar í árslok 1994 námu 8 milljörðum og 42 millj. kr. en 8 milljörðum og 306 millj. kr. í upphafi árs.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti styrki að upphæð 73,5 millj. en á árinu námu greiddir styrkir 56 millj. kr. En fjárveitingar til Byggðastofnunar sníða henni stakk í þessum efnum. Atvinnuráðgjafar tóku til sín 43% styrkveitinganna, en til starfsemi þeirra fóru tæpar 24 millj. kr. á árinu 1994. Til átaksverkefna fóru rúmar 5 millj. kr. og tæplega 8 millj. kr. til verkefna í ferðaþjónustu. Til annarra verkefna fóru tæpar 20 millj. kr. og kennir þar að vanda ýmissa grasa.

Byggðastofnun vann eins og endranær að margs konar verkefnum. Meðal þeirra má nefna greinargerð um stöðu sjávarútvegs á Vestfjörðum í samanburði við aðra landshluta. Í kjölfar þeirrar vinnu voru samþykkt lög um aðgerðir til að auka hagræðingu í sjávarútvegi á Vestfjörðum þar sem veittar voru 300 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis. Sérstakri nefnd var falið að gera tillögur um notkun þess fjár sem varið var til endurskipulagningar í sjávarútvegi. Byggðastofnun fékk til ráðstöfunar 15 millj. kr. til nýsköpunarverkefna á Vestfjörðum. Því fé var úthlutað til 26 mismunandi verkefna allt frá handverki til nýjunga í fiskvinnsluvélum. Flest þessara verkefna hafa heppnast bærilega vel að mati stofnunarinnar.

Á árinu 1994 vann Byggðastofnun einnig úttekt fyrir landbn. Alþingis um stöðu sauðfjárræktar. Meginniðurstaða þeirrar skýrslu var að tekjur þeirra sem stunda sauðfjárrækt hafa dregist saman á undanförnum árum meira en sem nemur samdrætti í framleiðsluheimildum. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en af sauðfjárrækt eru mjög tekjulágir. Mikill hluti sauðfjárframleiðenda hefur aftur á móti hluta og jafnvel meginhluta tekna sinna af öðrum atvinnugreinum eða annars konar búrekstri. Hins vegar eru allstór landsvæði þannig að sauðfjárræktin er þar mikilvægasta atvinnugreinin. Þessi svæði eru þau sem eru í mestri hættu þegar draga þarf saman framleiðsluna

Stjórn Byggðastofnunar fjallaði um málefni sauðfjársvæðanna og skilgreindi þau þannig að þar sem sauðfjárrækt teldist yfir fjórðungur ársverka væri sérstakra aðgerða þörf. Undir lok síðasta árs ákvað Alþingi að veita til Byggðastofnunar viðbótarframlag, samtals 70 millj. kr., sem er hluti af því sem ákveðið var í viðauka II við búvörusamning milli bænda og stjórnvalda frá árinu 1991. Þessa fjármuni hefur Byggðastofnun notað á yfirstandandi ári og verður gerð grein fyrir þeim síðar.

Á árinu 1994 samþykkti Alþingi stefnumótandi byggðaáætlun sem þingsályktun. Í framhaldi af því hefur verið unnið að framkvæmd þessarar ályktunar. Verður þinginu gerð nánari grein fyrir stöðu málsins þegar fjallað verður um endurskoðun hennar eins og ég mun koma nánar að hér á eftir.

Á grundvelli þessarar áætlunar fékk Byggðastofnun til ráðstöfunar samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs 210 millj. kr. sem er aukning frá fyrra ári um 25 millj. kr. Stofnunin hefur varið þessum fjármunum í stórum dráttum í samræmi við áætlunina. Byggðastofnun hefur annast fjárhagslegan stuðning við atvinnuráðgjafastarf frá árinu 1992. Hefur stofnunin veitt til þessa verkefnis um 25 millj. kr. á ári en atvinnuráðgjöfin er alls staðar rekin á ábyrgð heimaaðila og hlutur Byggðastofnunar nær hvergi helmingi rekstrarkostnaðar. Til viðbótar þessu hefur stofnunin veitt um og yfir 10 millj. kr. á ári til tímabundinna verkefna, svokallaðra átaksverkefna. Þá hefur Byggðastofnun stutt tímabundið verkefni í ferðaþjónustu, einkum svokölluð stefnumótunarverkefni. Í kjölfar þeirra hafa ýmis héruð ráðið til sín ferðamálaráðgjafa.

Flestir eru sammála um að starfsemi atvinnuráðgjafanna og annað þróunarstarf gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum víðs vegar um landið leiði til nýsköpunar í atvinnulífi. Stuðningur ríkisvaldsins við slík verkefni þarf að nýtast sem best og svara á hverjum stað kröfum tímans. Eins og nú er ástatt eru umfangsmestu vaxtakostirnir í ferðaþjónustunni og því ekki óeðlilegt að reynt sé að verða við mikilli þörf á leiðbeiningu og markaðssetningu þar. Sá stuðningur sem ríkisvaldið veitir þarf að leiða til þess að starfsemin verði nægilega öflug á hverjum stað til að ná árangri. Því er mikilvægt að aukið þróunarstarf verði samræmt.

Að undanförnu hefur verið unnið að athugun á því hvernig Byggðastofnun getur best komið við stuðningi sínum við atvinnuráðgjafarstarf bæði í almennum atvinnurekstri og ferðaþjónustu sérstaklega. Þetta mál snertir hins vegar marga mismunandi aðila.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar mun ég beita mér fyrir þeirri endurskoðun sem þar er boðuð. M.a. er æskilegt að kannað verði hvort skynsamlegt sé að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs njóti faglegrar ráðgjafar Byggðastofnunar við mat á umsóknum um stuðning við atvinnuþróunarverkefni. Styrkveitingar Byggðastofnunar til fyrirtækja og ýmiss konar undirbúningskannana hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi hennar. Mikilvægt er að vel sé staðið að undirbúningi nýrra atvinnukosta en enginn vafi er á því að þörf er fyrir aukna fjölbreytni atvinnulífsins hvarvetna á landinu. Hér er þó vissulega úr takmörkuðum fjármunum að spila og því er mikilvægt að stofnunin sinni tilteknum skilgreindum áherslusviðum.

Byggðastofnun hefur skapað sér töluverðar sértekjur með almennri lánastarfsemi sinni og hafa þær að hluta til staðið undir rekstrarkostnaði sem ella hefði þurft að greiða af framlagi á fjárlögum. Sá hluti lánveitinga Byggðastofnunar sem innifelur meira en eðlilega áhættu takmarkast af því fé sem stofnunin fær til að leggja í afskriftareikning áhættulána á hverju ári. Reynslan af því verklagi sem viðhaft hefur verið varðandi afskriftir af reikningi nýrra útlána gefur tilefni til að ætla að hægt sé að halda áfram á þeirri braut sem farin hefur verið.

Herra forseti. Nú líður að því að hefja þarf endurskoðun á stefnumótandi byggðaáætlun. Í samræmi við lög og reglugerð um Byggðastofnun skal þessi áætlun endurskoð-

uð á tveggja ára fresti. Ljóst er að sum þeirra atriða sem Alþingi ályktaði um í núgildandi áætlun hafa ekki komið til framkvæmda og vitað að sú áhersla sem þar var lögð á samræmingu milli einstakra þátta ríkisvaldsins væri langtímastefnumörkun. Engu að síður er mjög brýnt að þessum þáttum verði sinnt af mikilli kostgæfni.

[14:24]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Mér er tjáð að sú hefð hafi skapast að 2. þm. Vestf. tjái sig um skýrslu forsrh. um Byggðastofnun. Mér er líka tjáð að þegar frá var horfið síðast hafi svo verið komið máli hjá 2. þm. Vestf. að hann hafi verið búinn að eyða þremur klukkutímum í að fjalla um skýrsluna frá 1992. Ég ætla að leyfa mér að sleppa skýrslunni fyrir 1993 og sleppa því sem ósagt var um skýrsluna 1992 en venda mér beint í skýrslu Byggðastofnunar fyrir 1994.

Það gleður mig sannarlega að í stjórnarsáttmálanum er boðuð breyting á starfsemi Byggðastofnunar því satt best að segja ef litið er á þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram, þ.e. ársskýrslu Byggðastofnunar, bls. 7 þar sem birt er kort af Íslandi og þær hreyfingar á mannfjölda sem átt hafa sér stað á tímabilinu frá 1984 til 1994 þá er ekki að sjá að mikill árangur hafi náðst með því starfi sem þarna hefur verið rekið.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna í skýrsluna nokkrum sinnum og byrja þar sem fjallað er um styrkveitingar. Þar er sagt frá því að frá árinu 1991 hafi verið unnið að athugun á ýmsum möguleikum þess að efla atvinnulíf í Skaftárhreppi. Þar segir að áætlað sé að hægt sé að veiða 1,5 tonn af ál úr vötnum í Skaftárhreppi og síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „en enn hefur ekki tekist að vekja áhuga manna á því að nýta þessa auðlind."

Nú er það svo að fólk hefur misjafnan skilning á því hvað auðlind er. Ég var að velta fyrir mér hvað þessi auðlind í hugum þeirra byggðastofnunarmanna gæti verið stór. Nú veit ég ekki hvað kílóið af ál kostar í heildsölu en ef ég gef mér að það sé 300 kr. þá er þetta auðlind upp á 450 þús. kr. Það er því kannski ekki furða þótt ekki hafi tekist að vekja áhuga manna þar á að hefja fjárfestingar til að ná í þessar 450 þús. kr.

Hér segir einnig að Byggðastofnun hafi styrkt nokkur fyrirtæki til að fara að framleiða bikþeytu sem sagt er ný tegund slitlags til vegagerðar sem sé farin að vinna sér sess erlendis. Bikþeyta mun vera íslensk þýðing á orðinu „emulsion" og er sambland vatns og olíu, þ.e. að farið er að láta vatn og olíu gera hið ómögulega, að loða saman og er alls ekki slitlag heldur bindiefni. Mér er kunnugt um að þessi ágætu fyrirtæki sem þarna eru nefnd sneru sér hins vegar til þess fyrirtækis í Hafnarfirði sem hefur framleitt bikþeytu í mörg ár og létu hana framleiða þetta fyrir sig.

Á bls. 8 er sagt frá því að RKS-skynjaratækni á Sauðárkróki var þróaður og smíðaður hjá rafmagnsverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga. Þetta er mjög gott mál og mér skilst af blaðafregnum að það séu góðir möguleikar á útflutningi á þessum skynjara.

Ég fletti aftar í skýrslunni þar sem kemur fram að það er 500.000 kr. styrkur sem veittur var í þetta og ég verð að leyfa mér að undrast það að Kaupfélag Skagfirðinga skuli hafa haft fyrir því að sækja um 500.000 kr. Það hefði verið nær að láta þessar 500.000 kr. renna til átaks í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum sem fengu 25.000 kr.

Það er sagt frá saumastofunni á Hofsósi sem fékk styrk til að framleiða íslenska fánann í tilefni af 50 ára lýðveldishátíð. Það var hrundið af stað markaðsátaki og markaðsátakið var fólgið í gerð kynningarbæklings um fánann.

Rækjuhrognaverkefni Geflu hf. á Kópaskeri. Þar var farið að vinna rækjukavíar í tilraunaskyni og síðan segir að framleiðslan hafi verið send „völdum viðskiptamönnum". Svo er haldið áfram: „Áfram verður unnið að vöruþróun." Ekki veit ég hvað hinir völdu viðskiptavinir hafa sagt en það á að vinna áfram að vöruþróun.

Svo á að fara í tilraunaeldi á sæeyra. Sæeyra er væntanlega „abalone". Ég held að þeir hafi reynt í mörg ár að framleiða „abalone" úr affallinu í Straumsvík sem er heitt og ég veit ekki hvernig það hefur smakkast en þarna á sem sagt að reyna á einhverjum öðrum stað.

Hér er nefnd ráðstefna um atvinnuráðgjöf fyrir konur sem er hið besta mál og spurning hvort ekki væri rétt að leggja meiri áherslu á þetta því við vitum það sem höfum kynnt okkur nýsköpun í nálægum löndum að það er nú orðið svo að karlar nú til dags eru orðnir það bældir að þeir eru alveg hættir að hafa nokkurt framtak í sér til atvinnusköpunar þannig að ég hygg að a.m.k. í Bandaríkjum Norður-Ameríku sé hlutfallið þannig að af nýstofnuðum fyrirtækjum séu konur sem standa fyrir 85 fyrirtækjum af hverjum 100. Þá eru að vísu taldar þar með snyrtistofur og hárgreiðslustofur og slík fyrirtæki. En mér finnst að það mætti huga að því að auka þennan þátt í starfsemi þessarar stofnunar á meðan hún er a.m.k. enn þá til í núverandi mynd.

Síðan er getið um sérstök átaksverkefni — hitt voru styrkir. Fyrsta átaksverkefnið sem er nefnt er Borgarfjörður eystri. Þar segir að aldrei hafi átaksverkefni verið reynt í jafnfámennu sveitarfélagi og aðeins síðar segir: „Fámennið á Borgarfirði hefur sett mark sitt á niðurstöðu verksins." Ég spyr bara: Við hverju bjuggust menn?

Í Neskaupstað stunduðu menn hins vegar átaksverkefnið Norðfirðingur í sókn. Það hófst 1992. Verkefnið byggðist í upphafi á þeirri aðferðafræði sem kölluð hefur verið leitarráðstefnuaðferðin. „Gerðar hafa verið úttektir og rannsóknir á ýmsum málefnum og fyrirtæki og einstaklingar hafa fengið ráðgjöf varðandi hugmyndir að nýjum atvinnutækifærum." Meðal þeirra er merking gönguleiða og lagning stíga. Mér finnst illa komið fyrir Norðfirðingum ef það er það sem þeir eiga að lifa af.

Vesturhluti Rangárvallasýslu tók þátt í átaksverkefni og niðurstaðan þar á leitarráðstefnu 1993 voru viðgerðir á manngerðum hellum á Ægisíðu. Ég verð að segja eins og er að ég gerði mér ekki grein fyrir að svo væri komið málum Sunnlendinga að þeir þyrftu að fara að gera upp manngerða hella til búsetu.

Getið er um Byggðabrunn á bls. 12 og 13. Það er hið besta mál og mætti gjarnan nýta það sem þar kemur fram til þess að vekja athygli fjölmiðla á þeim vanda sem landsbyggðin á við að stríða.

Fiskeldi Eyjafjarðar er eitt af þeim fyrirtækjum sem Byggðastofnun hefur lagt hlutafé í, hið besta mál og mætti gera meira af slíku.

Þegar komið er á bls. 18 er gerð grein fyrir starfsliði Byggðastofnunar. Ég verð að segja eins og er að mér þykir þar halla nokkuð á þann þátt í starfseminni sem lýtur að því að aðstoða byggðarlög úti á landi, þ.e. mér sýnist það séu 8,5 stöðugildi á fyrirtækjasviði og þróunarsviði fyrir utan það sem er síðan á landshlutaskrifstofunum en svo eru 16 manns í að reka sjálft apparatið á bak við þessi 8,5 stöðugildi og það þykir mér svolítið erfitt hlutfall að sætta mig við. Á bls.

19 segir að það séu 35 fastráðnir starfsmenn í stofnuninni sem jafngildir 31 ársverki. Mér sýnist á þeim tölum sem hér koma fram um laun að meðallaun í stofnuninni séu 211 þús. kr. á mánuði 1994 sem verður nú að teljast nokkuð gott. Það er því ekki svo að starfsliðið sé vanhaldið í launum.

Það er getið um norrænt samstarf. Þar kemur fram að menn eigi í samstarfi, þar sé um að ræða þátttöku í fjölbreyttu samstarfi yfir landamæri Norðurlandanna.

Að lokum, hæstv. forsrh. Það sem vekur mestar áhyggjur mínar við lestur á þessari skýrslu er það sem ég veit um húsið við Engjateig 3. Það kemur fram á bls. 22 að vergur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 1994 var 166 millj. og hafði þá hækkað um 3% frá árinu áður. Neðar segir í sömu skýrslu að söluverð fasteignarinnar Rauðarárstígur 25 hafi verið 150 millj. kr. en kostnaður við kaup og endurbætur á Engjateigi verður, segir þar, um 120 millj. En alls mun húsakostur Byggðastofnunar vera upp á 255 millj. kr. Í húsinu við Engjateig 3, sem er nýtt og gott hús, voru áður ein þrjú góð fyrirtæki sem þar rúmuðust. Það var Íslensk forritaþróun sem var í hálfu húsinu með um 500 fermetra og 24 starfsmenn og þótti mönnum rúmt um sig. Þar var einnig þýska stórfyrirtækið Hoechst með útibú, þetta er nú eitt af ríkustu fyrirtækjum í heimi og dugði því hluti af þessu húsi, og svo heildverslun húseiganda, Ásgeirs Einarssonar. Auk þess var í húsinu glæsileg „penthouse"-íbúð þeirra hjóna sem þetta hús seldu. Undir öllu húsinu mun vera stór kjallari. Allt þetta hús þurfa núna ríkisstarfsmenn í Byggðastofnun undir 25 manns. Þar sem áður rúmuðust hjá einkaframtakinu sennilega hátt í tvöfaldan þennan mannafla í hálfu til heilu húsinu. Og ég spyr: Af hverju þarf Byggðastofnun á öllu þessu húsi undir sitt starfsfólk að halda ef Íslensk forritaþróun, það ágæta fyrirtæki, þurfti aðeins helminginn af húsinu undir jafnmarga starfsmenn? Innréttingar í húsinu voru allar nýjar, veggir, teppi, gluggatjöld, allt nýtt, öllu var kastað út þegar Byggðastofnun flytur inn og ég spyr: Er þetta nauðsynlegt til þess að sú starfsemi sem þar fer fram geti farið fram með þeim hætti sem við séum ánægð með? Ég held að við verðum að hætta svona bruðli. Það er nóg annað við skattpeninga þjóðarinnar að gera en að verja því til húsbygginga og rífa út það sem aðrir hafa byggt ágætlega og hefur dugað fyrirtækjum vel.

[14:35]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa skýrslu. Það er mikilvægt að taka störf og afkomu Byggðastofnunar til umræðu hér í þinginu og góður siður. Í kringum þá skýrslu hafa oft spunnist hinar bestu umræður, bæði um hvernig Byggðastofnun skuli standa og hvernig menn skuli standa að málefnum atvinnulífs á landsbyggðinni. Það sem gleður mann þegar maður lítur yfir þessa skýrslu frá 1994 er að hagur stofnunarinnar hefur styrkst á því ári og það er auðvitað mikilvægt. Menn hafa markað Byggðastofnun með stefnu ákveðinn farveg og það sem ég vil velta upp undir þessari umræðu er fyrst og fremst að það blasir við að landsbyggðin þarf kannski fremur nú en nokkru sinni fyrr á því að halda að eiga sterka Byggðastofnun, sterkan lánasjóð sem hjálpar til í atvinnulífi, ekki bara með peningum heldur með þeirri faglegu ráðgjöf sem mér finnst að hafi styrkst mjög í Byggðastofnun á síðustu árum. Þar hefur stofnunin í mínum huga verið á réttri leið. Hitt er svo kannski meira alvörumál að Alþingi hefur skorið af Byggðastofnun fjármagn og við þurfum mjög að huga að því að þessi lánasjóður verði gerður öflugri.

Ég hef séð það í mínu kjördæmi að það hefur skipt sköpum um atvinnuþróun á ýmsum sviðum þar sem Byggðastofnunin hefur komið að verkefnum. Það hefur verið um nýsköpun að ræða, það hefur verið um ný verkefni að ræða sem hafa verið dregin inn í landið, keypt jafnvel erlendis frá. Byggðastofnun er því afar mikilvæg í mínum huga. Hún er ekki einhver grínstofnun sem ber að leggja af og ég vil tala af fullri virðingu um hvort sem það eru hellar sem menn eru að bjástra við að koma inn í t.d. ferðamennskuna eða eitthvað annað. Ég held að Byggðastofnun hafi verið að leggja rækt við eitt í gegnum atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og það er að skilgreina svæðin og að fram fari gæðastjórnun, má segja, á sem flestum sviðum. Hvert eitt svæði hefur upp á sín sérkenni að bjóða og Byggðastofnun hefur sinnt ferðamennskunni að mínu viti vel og atvinnuráðgjafar héraðanna hafa verið mjög tengdir Byggðastofnun. Hér var minnst á vesturhluta Rangárvallasýslu í sambandi við hella þar. Þeir eru mjög sérkennilegir. Þeir hafa ekki verið á almannaleið. En þeir eru sérkenni þess svæðis. T.d. var farið yfir það mjög hér í umræðu í morgun hve mikla möguleika Vestfirðirnir eiga í ferðaþjónustu miðað við hrikaleik náttúrunnar. Þannig að auðvitað þarf að hugsa um þetta. En það sem ég vil leggja áherslu á hér um leið og ég sé að Byggðastofnun styrkir hag sinn er það að við núverandi aðstæður, hæstv. forsrh., þegar það blasir við að álversdraumurinn er að rætast þá er mikilvægt að huga að því að það er eins og þjóðfélagið sé að vakna af þyrnirósarsvefni. Erlend fjárfesting hefur verið hér sama og engin í 20 ár og við vitum að hið dauða vatn hefur verið kyrrt. Það hefur lítið verið að gerast í landinu af nýjum tækifærum þannig að þetta mun hafa mikil áhrif. Ég sagði í Framsfl. í gær að ég tæki auðvitað ofan höfuðfat mitt og fagnaði því að þessir samningar hafa náðst sem ég tel að skipti mjög miklu máli. Það skiptir máli á svo ótal mörgum sviðum sem við verðum að huga að. Þetta mun eitthvað kalla á hreyfingu fólks í landinu en þetta á líka að kalla á það og þar verðum við að styrkja Byggðastofnun til verka, að hún fái fjármagn og styrk til þess að huga kannski að öðrum málum. Ég er sannfærður um að þessi neisti, sem sýnist nú ekki stór í svipinn, með álverið en það er þó allt önnur staða í þjóðfélaginu og hér skapast fleiri hundruð ný störf, mun hreyfa við atvinnulífinu. Við þurfum að fá það á ferð. Þess vegna er það mikilvægt við þessar aðstæður að menn styrki Byggðastofnun til verka.

Auðvitað þekkir maður sín kjördæmi best og ég get talið upp ótalmörg verkefni sem Byggðastofnun hefur komið að. Ég tel að að sé styrkur Byggðastofnunar og fagleg ráðgjöf og að hún var lánasjóður sem gerði það að verkum að við komum þeim af stað. Ég nefni Alpan á Eyrarbakka. Ég nefni Límtré og Yleiningu. Ég nefni hótel á Kirkjubæjarklaustri. Fyrir utan hina miklu ráðgjöf sem kom í gegnum atvinnufulltrúann og Byggðastofnun við ýmis smærri verkefni í mínu kjördæmi. Þannig getum við farið hringinn í kringum landið. Þetta fyrirtæki hefur skipt máli.

En það sem nú skiptir mestu máli, hæstv. forsrh., finnst mér vera að menn móti nýja byggðastefnu við þessar aðstæður. Ég vil segja bara atvinnuþróunarstefnu. Hvað er það sem atvinnulífið vantar? Auðvitað vantar atvinnulífið fyrst og fremst atvinnulánasjóð. Ef ég horfi til landsbyggðarinnar þá hefur það verið Stofnlánadeild landbúnaðarins sem hefur verið sterkur lánasjóður gagnvart landbúnaðinum. En ef ég

tek hina atvinnuvegasjóðina, þá á ég við Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð, þá hafa þeir verið okurlánasjóðir. Lánin hafa verið með slíkum kjörum að það er ekkert vit að taka slík lán. Fyrirtæki sem tekur lán á slíkum vöxtum upp á 12–13% raunvexti kemst aldrei upp á fæturna. Þess vegna þurfum við nú þolinmótt fé. Og við þurfum að endurskoða þessi mál í heild sinni gagnvart atvinnulífinu. Við þurfum þolinmótt fé sem gerir það að verkum að fyrirtækin komast upp á fæturna. Hérna er það svo að fyrirtækin eru rétt komin í gang þegar þau eiga að fara að greiða í gegnum banka og þá sjóði sem eru starfandi skuldir sínar margfaldar til baka. Síðaðar þjóðir hafa þetta með öðrum hætti. Og við verðum að móta þá stefnu. Ég er ekki að tala um að Byggðastofnun eigi að fást við nein gæluverkefni, hún á fyrst og fremst að fást við alvöruverkefni. Ég veit að þeir sem stjórna stofnuninni nú vilja að svo sé. Það finnst mér skipta miklu máli. Og vanda sig við valið. Ég tek undir þá skoðun sem kom fram í máli hæstv. forsrh. að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs njóti leiðsagnar Byggðastofnunar í sínu verkefnavali. Ég held að það myndi styrkja þau verkefni og koma í veg fyrir að menn þar séu að láta peninga í það sem litlu eða engu skilar.

En mín ræða undir þessu lið er fyrst og fremst sú að brýna menn við þær aðstæður sem nú blasa við sem betur fer, að marka Byggðastofnun nýjan farveg, annaðhvort með endurskipulagningu lánasjóðanna eða þá með þeirri leið að Byggðastofnun starfi áfram og fái rýmri heimildir til þess að styrkja öflug fyrirtæki og koma þeim í gang vítt og breitt um landsbyggðina. Þetta held ég að skipti miklu máli og gæti verið mikill liður í því að leysa atvinnuleysisvofuna eða reka hana úr landinu.

Ég ætla ekki að fara hér ofan í þá ársskýrslu sem nú kemur okkur fyrir sjónir en ég vænti þess, hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin og Alþingi marki sér öfluga stefnu fyrst og fremst í atvinnumálum og ekki síst hvað það varðar að styrkja byggðirnar í landinu við núverandi aðstæður. Eitt verðum við þó að gera okkur grein fyrir að samdrátturinn í landbúnaðinum, sem blasir við, ekki síst í sauðfjárræktinni, mun hafa mikil áhrif. Þess vegna ber okkur að huga að nýjum tækifærum. Ég vona að ríkisstjórninni minni auðnist að marka þá stefnu, nóg hefur hún af atkvæðum hér á Alþingi Íslendinga.

[14:46]

Útbýting þingskjala:

Áfengislög, 144. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 171.

Tekjuskattur og eignarskattur, 147. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 174.

[14:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir orð síðasta ræðumanns varðandi það að það skiptir máli að fá hingað erlenda fjárfestingu og stækkun álversins í Straumsvík verði lyftistöng fyrir allt landið. Hann orðaði það einhvern veginn á þann veg að nú virtist sem landið væri að vakna af dvala. Vel er það ef þessi atburður hleypir krafti í atvinnulífið í landinu og fjárfestingar verða meiri og örari heldur en hefur verið. Hitt er annað mál að það er alveg ljóst að það dettur engin erlend fjárfesting skyndilega inn á borð okkar. Það kemur ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti eða á einhverju fjögurra mánaða tímabili fram að árangur næst í svona máli. Þetta er þrotlaus vinna á erlendum mörkuðum og í samskiptum Íslands og annarra þjóða til þess að við öðlumst sess meðal þeirra landa sem menn vilja fjárfesta í. Það er augljóst mál að það er mjög erfitt fyrir lönd í Vestur-Evrópu að keppa sem fjárfestingarstaðir við mörg þau lönd sem geta boðið ódýrt vinnuafl og eru að draga til sín fjármagn og fjárfesta. Ég vísa þar til Austurlanda sem dæmi um lönd þar sem fjárfestingar eru mestar. Við getum tekið undir það að vilja nýja byggðastefnu og góðan atvinnuþróunarsjóð og það væri fróðlegt að fá nokkra umræðu um það hér hvernig slík byggðastefna ætti þá að vera og til hvers slíkur atvinnuþróunarsjóður ætti að vera. Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að mér var ekki þakklæti efst í huga þegar ég las skýrslu Byggðastofnunar, eins og þeir tveir ræðumenn Framsfl. sem hér hafa talað höfðu á orði. Ég var satt að segja mjög vonsvikin við lestur þessarar skýrslu. Mér finnst hún mjög óburðug, hún gefur mér takmarkað yfirlit yfir hvað þessi mikla stofnun er að gera með þó þessa fjármuni sem hún hefur til ráðstöfunar til að deila út um land og til fyrirtækja og hvaða árangur er af starfi hennar. Ekki það að það sé eitthvað breytt á þessu ári frá því í fyrra eða hittiðfyrra eða árið þar á undan. Málið er bara að ég hef kannski ekki svo mjög tekið þátt í umræðum um verkefni Byggðastofnunar. En nú hugðist ég skoða þetta og gera það og ég er vonsvikin að sjá það sem hér er á blaði. Ég ætla að reyna að færa fyrir því rök.

Í fyrsta lagi eru hér, eins og 2. þm. Vestf. nefndi áðan, upptalningar á verkefnum og styrkveitingum. Þau verkefni sem hann taldi upp gefa einmitt nokkra mynd af því sem verið var að gera. En nokkru aftar í bókinni, á síðu 30–32, er upptalning á styrkveitingum og lánveitingum. Og það er ekki nokkur leið fyrir þann sem ekki þekkir til þessara verkefna frá einhverjum öðrum vettvangi að átta sig á því hvað það var nákvæmlega sem verið var að styrkja og til hvers. Og þetta gildir bæði um útborganir lána og styrkveitingarnar. Með tilliti til þess að byggðastefna og verkefni Byggðastofnunar á að vera afar þýðingarmikill þáttur í okkar atvinnulífi og þess hvernig við dreifum verkefnum okkar um landið og styðjum verkefni út um land miðað við ákveðnar forsendur hreyfi ég því við hæstv. forsrh. hvort ekki eigi að leitast við í slíkri skýrslu að reyna að leggja mat á það hverju styrkveitingar skiluðu. Hverju styrkveitingar undangenginna ára skiluðu í uppbyggingu hér á landi og hvaða dóm má leggja á það að fjármagn var veitt til hinna ýmsu verkefna.

Forsrh. nefndi að atvinnuráðgjafar væru nú víða um land og það kemur fram í skýrslunni að Byggðastofnun tekur þátt í félögunum þegar um hlutafélög er að ræða. Það kom einnig fram hjá hæstv. forsrh. að kostnaðurinn færi aldrei yfir 50%. En hann lagði áherslu á að störf atvinnuráðgjafanna leiddu til nýsköpunar og það er það sem liggur til grundvallar. Það er lagt til grundvallar starfi atvinnuráðgjafa á að þeir reyni að leita leiða til nýsköpunar á hverjum stað en okkur skortir upplýsingar um hvort það tókst. Okkur skortir upplýsingar um hvort verkefni atvinnuráðgjafanna hefur skilað sér og að hvaða marki á sama hátt og okkur skortir upplýsingar um hvort styrkveitingar til ákveðinna verkefna skiluðu sér. Það eru slíkar upplýsingar, slík úttekt frá hverjum stað, sem getur gefið okkur ómetanlegt veganesti til að ákveða byggðastefnu, hvernig við viljum hafa dreifingu styrkja, hvort við eigum að breyta einhverju í skiptingu lánveitinga, styrkja o.s.frv.

Hv. 2. þm. Vestf. nefndi að Byggðastofnun hefði lítið orðið ágengt miðað við uppdrátt af landinu sem sýndi þróunina á tilflutningum fólks frá 1984. Það er líka hlutur sem við eigum að ræða þegar við ræðum um Byggðastofnun.

Er það hlutverk Byggðastofnunar að afstýra fólksflutningum hvaðanæva frá? Er það eitthvað sem við höfum ákveðið, að á einhverjum vissum tíma, hvort sem það var 1984 eða eitthvert annað ár, þá sé skiptingin þannig að breytingar megi ekki verða meiri og að Byggðastofnun sé ætlað að afstýra því að þær verði víðtækari? Eða ætlum við Byggðastofnun að reyna að mæta breyttum lífsháttum á hverjum stað og þeim viðhorfum sem gilda heima fyrir hjá þeim sem þar vilja lifa og starfa og bregðast á heilbrigðan hátt við þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða í nútímanum innan lands og í samskiptum landsins og útlanda?

Það hlýtur að kveikja spurninguna: Er alveg ljóst að flutningur fólks frá dreifbýli til þéttbýlis hafi ávallt og ef til vill eingöngu verið tengt atvinnu, atvinnumöguleikum, eða atvinnuleysi? Erum við þingmenn tilbúnir til þess að standa hér og ákveða að þannig sé það? Slíkar spurningar vakna við lestur þessarar skýrslu og slíkum spurningum eigum við að reyna að svara hér. Það eru einu möguleikarnir til þess að það fjármagn beri árangur sem við veitum, bæði til lánveitinga sem skipta hundruðum milljóna og til styrkja sem eru nokkrir tugir milljóna.

Varðandi hugsanlega styrki og þróun í gegnum Byggðastofnun og verkefni hennar þá langar mig að koma inn á konur og rekstur smáfyrirtækja. Það eru ekki mjög mörg kvennanöfn í upptalningunni sem er hér á bls. 30–32, en þau eru nokkur. Það er ljóst að haldin var ráðstefna á vegum Byggðastofnunar um konur og rekstur fyrirtækja. Hún er eitt af þeim verkefnum sem fær hérna sérstaka umfjöllun. Þingmönnum til glöggvunar, þá er hún á bls. 10 í skýrslunni. Ég spyr forsrh.: Hefur hann upplýsingar um hvernig sérstök kvennaverkefni sem fengið hafa styrki eða lán hjá Byggðastofnun hafa gengið? Ég spyr sérstaklega vegna skýrslna sem við sem höfum verið að kanna um konur og rekstur fyrirtækja. Í skýrslum frá öðrum löndum kemur ótvírætt fram að reynslan er að konur standa sérstaklega vel að málum þegar þær eru að feta sig af stað með fyrirtæki. Þær fara varlega, þær byrja smátt og eru nokkuð hagsýnar í rekstri. Það er mat að konur standi sérstaklega vel í skilum.

Það var reynt fyrir nokkrum árum að fá því framgengt að sérstakur lánasjóður yrði starfræktur hjá Byggðastofnun sem fyrst og fremst veitti lán og styrki til kvennaverkefna og kvennafyrirtækja. Það náðist ekki fram og var talið að Byggðastofnun myndi að sjálfsögðu skoða slík verkefni og fyrirtæki sem konur reka með opnum huga á sama hátt og önnur fyrirtæki. Í því tilefni vil ég gjarna nefna að Reykjavíkurborg og félmrn. settu á laggir lítinn lánasjóð í fyrra einmitt til að reyna að veita smáfjárhæðir til kvenna sem eru að reyna að fóta sig með lítil fyrirtæki. Enda hafa allir sem fjalla um slík mál talið að það sé mikilvægt að eyrnamerkja slíkan sjóð.

Ég veit að það er ekki mjög vinsælt að tala hér um karla, konur og skiptingu að þessu leyti. En við megum við ekki gleyma því að það er rík hefð fyrir því í þjóðfélögum að fyrirtæki eru karlafyrirtæki. Hins vegar hefur sýnt sig að margar konur hafa reynst afar öflugar og vel samkeppnisfærar í þessum efnum.

Mér finnst miður að hafa misst hæstv. forsrh. úr salnum vegna þess að ég ætla einmitt að bera fram spurningu við hann. Í skýrslunni er smákafli um ráðstefnuna um atvinnuráðgjöf og konur og þar segir að haustið 1994 hafi Byggðastofnun á Egilsstöðum og Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar staðið fyrir fundi um konur og atvinnuþróun. Í henni tóku þátt tólf konur sem allar hafa reynslu af atvinnuráðgjöf og þekkingu á því sviði. Þar er bent á að við stofnun og rekstur fyrirtækja fari konur inn á ný svið og séu að takast á við verkefni sem þær hafa ekki fengist við áður og að reynslan hafi sýnt að konur í atvinnurekstri sem þurfa á ráðgjöf að halda eiga auðveldara með að leita til annarra kvenna og nýta sér sjónarmið og reynslu þeirra. Niðurstöður fundarins voru m.a. að brýnt sé að konur gegni störfum atvinnuráðgjafa til jafns við karla og að kanna skiptingu opinberra styrkveitinga vegna atvinnumála milli karla og kvenna. Mín spurning til hæstv. forsrh. er: Hefur þessu verið fylgt eftir? Hefur verið kannað hvort hægt sé að efla hlut kvenna í störfum atvinnuráðgjafa? Mér er kunnugt um að það var mjög mikill áhugi fyrir því á Austurlandi í fyrra eftir að karlmaður hafði tekið við af konu sem starfað hafði sem atvinnuráðgjafi um skamma hríð. Hópur kvenna reyndi að beita sér fyrir því að fá stuðning við að kona fengi tímabundinn stuðning við það að vera atvinnuráðgjafi og þá sérstaklega meðal þeirra kvenna sem hafa í ríkum mæli þreifað sig áfram með kvennafyrirtæki á Héraði til mikillar fyrirmyndar. Það gekk ekki eftir.

Það er alveg ljóst að það getur þurft að hafa ákveðið frumkvæði eða að minnsta kosti eiga möguleika á að sýna því skilning þegar leitað er eftir því að sérstakir kvennaatvinnuráðgjafar séu styrktir til starfa, jafnvel bara tímabundið. Mér finnst mjög mikilvægt að könnuð sé skipting opinberra styrkveitinga vegna atvinnumála karla og kvenna og ég vona að einhver úr stjórnarliðinu sé tilbúinn til að taka niður þessa spurningu mína ef svo er að forsrh. heyrir hana ekki.

Enn fremur mundi mig langa til að bera fram þá spurningu við forsrh. hvernig hann líti á dreifbýli. Það er vegna þess að þegar við erum að tala um styrkveitingar og lánveitingar Byggðastofnunar er ljóst að þær fara fyrst og fremst út á land, eins og við segjum gjarnan, þó að vissulega finnist þarna ein lína með styrk eða breytingu á láni til aðila í Reykjavík, væntanlega tengt því að viðkomandi hafi verið að taka við verkefni utan af landi. En ég spyr sérstaklega um hvar dreifbýlið byrji vegna þeirrar stöðu að það hafa verið miklir erfiðleikar á Suðurnesjum og þegar litið er yfir lánveitingar og styrkveitingar hafa Suðurnesin aldrei verið með mjög margar línur í þeirri upptalningu og stundum hefur heyrst að þau tilheyri þéttbýlissvæðinu og höfuðborgarsvæðinu. Ég vil gjarnan heyra sjónarmið forsrh. um það. Tilheyra Suðurnesin dreifbýlinu?

[15:02]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög greinargóða og athyglisverða skýrslu um byggðamál og starfsemi Byggðastofnunar. Ég tel raunar að það sé mjög þarft að við getum árlega fengið tækifæri af þessu tagi til að efna til nokkurrar umræðu um byggðamálin, starfsemi hinnar mikilvægu Byggðastofnunar og byggðamálin í víðu samhengi enda er óhugsandi í sjálfu sér að ræða starfsemi Byggðastofnunar án þess að koma almennt inn á umræðuna um byggðamálin eins og þau blasa við hverju sinni.

Ég tel raunar að skýrsla Byggðastofnunar hafi á vissan hátt sérstöðu í landinu, sérstöðu sem skýrsla frá lánastofnun og styrkveitingastofnun eins og þessari að því leytinu að þar eru þó þrátt fyrir allt birtar allar lánveitingar sem stofnunin veitir á hverju ári og allar styrkveitingar. Auðvitað má segja sem svo, eins og hv. 5. þm. Reykn. sagði hér áðan, að það mætti vera ítarlegri lýsing á hverri styrkveitingu og hverri lánveitingu en ég held að samt sem áður ef menn vilja vera

sanngjarnir finni menn ekki í öðrum ársskýrslum af þessu taginu jafnítarlega útlistun á starfsemi stofnunarinnar og við sjáum þrátt fyrir allt í þessari skýrslu. Ég vek t.d. athygli á því að á ári hverju veitir Alþingi fé til ýmissa sjóða sem gera Alþingi ekki grein fyrir ráðstöfun síns fjár með einum eða neinum hætti nema eftir því sé þá leitað sérstaklega með sérstökum þingskjölum, t.d. í fyrirspurnaformi. Þar get ég nefnt veigamikla og mjög mikilvæga sjóði eins og Framkvæmdasjóð aldraðra sem fær samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir næsta ár 490 millj. kr. eða Framkvæmdasjóð fatlaðra sem fær til sinnar ráðstöfunar 257 millj. kr. án þess að Alþingi fái sérstaklega upplýsingar t.d. í skýrslu á borð við þá sem hér liggur fyrir frá Byggðastofnun um hvernig þessum fjármunum er ráðstafað. Mér hefur þó aldrei komið í hug að á bak við það sé neitt ankannalegt eða neitt sérstakt. Ég hef fullt traust á þeim aðilum sem sitja í stjórnum þessara sjóða en ég vek athygli á því að Alþingi samþykkir á hverju ári með eðlilegum hætti fjárveitingar til slíkra sjóða án þess að við höfum ætlast til þess að þeir leggi fram í sérstöku skýrsluformi, hvað þá að efnt sé til sérstakrar umræðu um það, hvernig þessum fjármunum sé ráðstafað.

Ég er alveg sammála því sem fram hefur komið. Að sjálfsögðu verður Byggðastofnun að gæta fyllsta aðhalds í rekstri sínum. Það er ugglaust auðvelt að finna ýmislegt í rekstri stofnunarinnar, hvað þá útlánum eða styrkveitingum, sem kann að orka tvímælis. Það eru alveg sérstaklega hagsmunir landsbyggðarinnar að Byggðastofnun haldi vel á sínu fé til þess að það nýtist sem best til þeirrar atvinnulegu uppbyggingar sem þörf er á víða úti um landið. Þess vegna er nauðsynlegt á hverjum tíma að Byggðastofnun reyni eftir föngum að halda rekstri sínum í skynsamlegu lágmarki til þess að nýta peningana betur til annarra verkefna úti um landið sem þörfin kallar á.

Það er þannig í starfsemi Byggðastofnunar að embættismenn stofnunarinnar hafa reynt eftir föngum að fylgjast með hvernig til hefur tekist bæði með lánveitingar og styrkveitingar sem stofnunin efnir til. Ef ég veit rétt hefur stofnuninni verið falið að hafa eftirlit með úthlutun t.d. styrkja á vegum félmrn. til atvinnuuppbyggingar kvenna, einmitt vegna þess að stofnunin hefur til að bera sérfræðilega þekkingu og mekanisma til að fylgjast nákvæmlega með því hvernig þessum peningum er ráðstafað og sú regla er alltaf höfð í heiðri í stofnuninni að greiða ekki út nema hluta af viðkomandi styrk en eftirstöðvar þegar fyrir liggur hvernig til hefur tekist og hvort þeir peningar hafi raunverulega verið teknir til þeirra nota sem þeir voru ætlaðir til.

Þetta segir ekki þar með að stofnunin þurfi ekki að líta vel í eigin barm og fylgjast með sínum eigin rekstri eins og ég sagði áðan. Að sjálfsögðu ber að gera það. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þessi háttur er hafður á, styrkveitingarnar fara að sjálfsögðu ekki án skipulags út og að baki því er fagleg umsögn embættismanna en hin endanlega ákvörðun er að sjálfsögðu hjá stjórn stofnunarinnar.

Það sem einkennir á vissan hátt skýrslu Byggðastofnunar að þessu sinni eins og oft áður er fjölbreytileiki þeirra verkefna sem stofnunin hefur verið að styðja við, ýmist með styrkveitingum ellegar þá með lánveitingum. Það tel ég í sjálfu sér vera styrkleikamerki hjá þessari stofnun vegna þess einfaldlega að ég held að við ættum að hafa lært það af langri og biturri reynslu að lausnin á vanda í atvinnumálum og lausnin á vanda landsbyggðarinnar felst ekki í einhverjum stórum töfralausnum sem menn hafa sett fram í gegnum tíðina. Við höfum þegar fengið af þessu dýrkeypta reynslu. Ég held þess vegna að það sé styrkur Byggðastofnunar og styrkur landsbyggðarinnar þegar við sjáum að mjög víða úti um land er fólk að reyna að bjarga sér af litlum efnum og þarf kannski ekki mjög mikið fjármagn til aðstoðar við smærri og stærri verkefni en stuðningur frá stofnun á borð við Byggðastofnun, þó lítill sé í hvert og eitt sinn, skiptir mjög miklu máli. Það getur vel verið að sum þessara verkefna hljómi ankannalega í okkar augum sem þekkjum þau ekki ítarlega eða glöggt en ég fullyrði að það eru einmitt þessi litlu verkefni, þessi litlu atvinnutækifæri, smáfyrirtækin, ekki síst úti um landið sem eru í ákveðinni uppbyggingarsókn. Stofnun sem hefur þrátt fyrir allt ekki úr meira fjármagni að spila getur auðvitað ekki varið því betur, að minnsta kosti hvað styrkveitingar áhrærir, en einmitt til þess að styðja við bakið á slíkri atvinnustarfsemi. Gagnstætt því sem sumum finnst kannski finnst mér einmitt þetta einkenni skýrslunnar, að þar er um að ræða fjölbreytileika og mörg smáatvinnutækifæri sem verið er að styðja við, skipta miklu máli.

Virðulegi forseti. Ég velti fyrir mér þeirri spurningu sem hv. 5. þm. Reykn. vék að áðan sem var hvort byggðaröskun væri í sjálfu sér óæskileg eða óumflýjanleg. (**Gripið fram í:** Eða hvort það væri hlutverk Byggðastofnunar.) Eða hvort það væri hlutverk Byggðastofnunar að hamla á móti byggðaröskun ef ég skildi rétt hv. þm. í öllum tilvikum. Ég er þeirrar skoðunar að byggðaröskun í sjálfu sér sé alltaf óumflýjanleg vegna þess að þjóðfélagið er að breytast. Byggðamynstrið í dag verður örugglega ekki það sama og á morgun eða eins og það var í gær. En við skulum ekki ímynda okkur það að byggðaþróunin í landinu hafi verið algjörlega eftir einhverjum sjálfkrafa farvegi og án íhlutunar stjórnvalda. Að sjálfsögðu hefur þéttbýlismyndunin á undanförnum árum m.a. orðið vegna afskipta stjórnvalda. Hvað halda menn t.d. um afskipti ríkisvaldsins af gengisþróun í landinu, peningamálastefnunni, vaxtastiginu og rekstrarskilyrðum atvinnulífsins? Halda menn að það hafi ekki haft áhrif á byggðaþróunina í landinu? Ímyndar sér einhver að t.d. sú staðreynd að við höfum búið við viðvarandi viðskiptahalla þannig að það hallaði á útflutningsgreinarnar en var til hagsbóta fyrir þjónustugreinarnar hafi ekki haft áhrif á byggðaþróun í landinu? Að sjálfsögðu. Þess vegna er auðvitað ósanngjarnt að segja: Byggðaþróun hefur verið neikvæð þrátt fyrir Byggðastofnun. Það er svo fjöldamargt sem spilar inn í og veldur þeirri byggðaþróun sem við höfum séð á undanförnum árum. Þess vegna er það frumskilyrði og verður auðvitað að ræða í þessu samhengi að efnahagsstefnan og stefnan í atvinnumálunum sé hagstæð, ekki síst fyrir atvinnugreinar landsbyggðarinnar. Og annað vil ég nefna. Stundum hefur verið rætt um þörfina á því að færa ríkisstofnanir út á land. Ég skal játa að fyrir nokkrum árum var ég ákafur talsmaður þessa sjónarmiðs og tel raunar að það eigi fullan rétt á sér. Ég hef hins vegar skynjað það að þetta er mjög erfitt. Við munum t.d. dæmið um veiðistjóraembættið og fleiri dæmi sem mætti rekja þar sem þetta kostaði gríðarleg átök. Ég hef þess vegna velt því fyrir mér hvort að við ættum ekki heldur að reyna að setja þá markið aðeins lægra og segja: Þegar við setjum niður nýjar stofnanir reynum við að setja þær niður fremur úti á landi. Átökin við það að færa til stofnanir af höfuðborgarsvæðinu út á land eru svo mikil, útheimta mikla orku og bera því miður sjaldan árangur. En það er einmitt þessi ákvörðun um það hvar opinberri þjónustu er valinn staður sem hefur gríðarleg áhrif á byggðaþróun í landinu.

Mér telst svo til að á síðasta áratug hafi um sjö af tíu opinberum störfum orðið til á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað á vissan hátt pólitísk ákvörðun. Ekkert segir að allar þessar ríkisstofnanir, sem eru nú til staðar hér á höfuðborgarsvæðinu, gætu ekki fullt eins vel dafnað og þróast annars staðar á landinu. Það er bara einhvern veginn þannig að fyrst setja menn niður eina stofnun, við skulum segja t.d. á sviði vísindamála, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, svo ég taki dæmi og síðan þegar þarf að velja nýrri stofnun stað, sem starfar kannski á líku sviði þá segja menn: Allt hið akademíska umhverfi á þessu sviði er í Reykjavík, það er óhjákvæmilegt að næsta stofnun sé þar líka og síðan koll af kolli.

Ég hef stundum velt því upp t.d. hvort það hafi verið einhver sérstök rök fyrir því að Tækniskóli Íslands var staðsettur í Reykjavík. Staðsetning hans hafði t.d. mikil áhrif á uppbyggingu tækniiðnaðarins í landinu og þannig mætti áfram telja. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, að byggðaþróunin í landinu er ekkert óumflýjanleg. Hún er að stóru leyti vegna pólitískra ákvarðana. Afskipti ríkisvaldsins, byggðastefna með öfugum formerkjum af því taginu sem ég hef hérna verið að rekja, hefur valdið því að byggðirnar hafa þróast með þessum hætti. Ég endurtek að ég er alls ekki þeirrar skoðunar að byggðaröskun sé óæskileg, ég held að hún sé óumflýjanleg. En þá megum við ekki vera svo blind að við ýtum undir þá byggðaröskun með pólitískum ákvörðunum af því taginu sem ég var að rekja. Ýmist með því að stilla af efnahagsstefnuna þannig að það sé óhagkvæmt fyrir atvinnugreinar landsbyggðarinnar eða með því að velja t.d. opinberum stofnunum sem eru mjög mannaflsfrekar alltaf stað á höfuðborgarsvæðinu en ekki úti á landi.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé mjög óæskilegt, ekki síst fyrir landsbyggðina, að sú umræða sem stundum hefur farið fram um byggðamálin hafi verið sett fram í formi togstreitu milli þéttbýlis og dreifbýlis. Ég held að talsmenn dreifbýlisins og þéttbýlisins ættu að leggja sig fram um að reyna að komast að skynsamlegri sátt um byggðastefnuna í landinu.

Hlutverk Byggðastofnunar hefur á margan hátt verið að breytast upp á síðkastið eins og glögglega má sjá af lestri skýrslunnar. Hlutverk hennar sem lánastofnunar hefur verið að minnka þó ég telji sjálfur að það sé ekki æskilegt að það hverfi algjörlega, m.a. vegna þess sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að útlánastörf Byggðastofnunar hafa á vissan hátt staðið undir rekstri stofnunarinnar og skapað þannig svigrúm til að standa fyrir annarri atvinnuþróunarstarfsemi. Það þarf að efla áfram atvinnuráðgjöf á vegum Byggðastofnunar einmitt vegna þess að mörg fyrirtæki á landsbyggðinni eru þess vanmegnug að leita sérfræðilegrar ráðgjafar sem nauðsynleg er í nútímaþjóðfélagi og ég held að Byggðastofnun geti m.a. átt þátt í að auðvelda þessa ráðgjöf fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni sem ella yrðu algjörlega án hennar. Í þessu sambandi vil ég ekki síst nefna ferðaþjónustuna sem er, á að vera og hlýtur að verða atvinnugrein á landsbyggðinni af ýmsum ástæðum og þar þarf einmitt að efla ráðgjöf. Ég tel að það væri skynsamlegt af Byggðastofnun að taka í því sambandi upp samstarf við Ferðamálaráð sem er auðvitað sérfróður aðili á því sviði.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir góða skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar. Það er örugglega rétt sem hér hefur verið sagt að það er mjög margt sem mætti betur fara í rekstri stofnunarinnar eins og að sjálfsögðu allra stofnana. Það er auðvitað ætlun þeirra sem þar starfa nú að vinna að því.

[15:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæðulaust fyrir 1. þm. Vestf. að fyrtast þó ég hafi komið með athugasemdir um að æskilegt væri að nánari upplýsingar væri að finna í skýrslu af þessum toga. Það er á engan hátt tortryggni eða gagnrýni af minni hálfu á starfsemina eða ótti um að menn hafi ekki farið rétt með. Það er eðlilegt að benda á upplýsingaskort ef við óskum að meta og vega og reyna að fá einhverja mynd af því sem þarf að gera. Þingmaðurinn nefndi Framkvæmdasjóð aldraðra og fatlaðra. Ég vil benda á að þeir sjóðir hafa fjármagn til að veita til vel afmarkaðra og fyrir fram skilgreindra verkefna. Það liggur ávallt ljóst fyrir til hvaða verkefna þeir sjóðir greiða og veita styrki. Þingmaðurinn talaði líka um að það væri ekki stofnað til umræðu varðandi slíkar styrkveitingar á Alþingi. Ég vil því vekja athygli á því að hér hafa verið til umræðu skýrslur um málefni aldraðra og að ég tali nú ekki um málefni fatlaðra. Þar hefur m.a.s. verið deilt um hvort veita ætti meira fé til sambýla fyrir geðfatlaða en til fatlaðra almennt, svo nákvæmlega hefur verið rætt um það efni. Ég stóð í þessum ræðustól fyrir tveim dögum með nokkra tilfinningasemi út af frv. þar sem verið var að sameina Sléttuhrepp Ísafirði. Mér er það til efs að sú byggðaröskun hefði verið leyfð á okkar tíma. Mér er það til efs að það hefði ekki verið stöðvað að Sléttuhreppur lagðist í eyði. En ég er ekki viss um að það hefði verið til góðs fyrir landið. Þetta var nauðsynleg þróun og hún var sársaukafull. Þetta var byggðarlag sem ekki átti framtíð fyrir sér.

Ég vil að lokum taka undir það, virðulegi forseti, að togstreita þéttbýlis og dreifbýlis er ekki heillavænleg. En þá skulum við líka hafa það á hreinu hvað eða hvar dreifbýlið er.

[15:20]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi fyrst við athugasemdir hennar. Ég vakti einmitt athygli á því að í þessari skýrslu er að finna meiri og gleggri upplýsingar um einstök útlán en við sjáum í skýrslum af því taginu sem berast inn á borð okkar frá sambærilegum útlánsstofnunum og stofnunum sem veita styrki. Það er kjarni málsins og þegar við tölum um það hvort þetta séu nægilegar upplýsingar þá spyr ég: Er þá ekki a.m.k. sanngjarnt gagnvart Byggðastofnun að bera saman skýrslu hennar og aðrar skýrslur sem inn á borð okkar berast og hafa að geyma miklu minni og óljósari upplýsingar um starfsemi slíkra stofnana? Ég er ekki að skorast undan því að hv. þm. eða aðrir sem eftir því óska fái þær upplýsingar sem leitað er eftir. Ég var eingöngu að vekja athygli á því að sú skýrsla sem við ræðum hér er ítarlegri og betur unnin en þær skýrslur almennt sem inn á borð okkar berast af þessu taginu. Varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og fatlaðra þá nefndi ég þessa sjóði eingöngu vegna þess að þetta eru sjóðir sem fá mikið fé á fjárlögum Alþingis og mér hefur aldrei flogið í hug að þyrfti að fara fram einhver sérstök umræða um þá. Ég var eingöngu að vekja athygli á því að þannig er þetta. Ef ég hefði óskað eftir slíkum upplýsingum hefði ég væntanlega ekki verið í neinum vandræðum með að fá þær. Ég segi þetta einfaldlega, virðulegi forseti, til að vekja ahygli á því að þarna eru tveir stórir sjóðir sem Alþingi veitir fé til sem við

efnum ekki til neinnar sérstakrar umræðu um og ég tel svo sem enga sérstaka ástæðu til þess.

[15:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að tala um Byggðastofnun, hér er verið að tala um atvinnumál og hér er verið að tala um hina ýmsu staði sem leitast er við að veita fjármagn til. Ég er að benda á að ef við ætlum að reyna að draga lærdóm af því hvort þessir styrkir eða lánveitingar Byggðastofnunar hafi verið til góðs eður ei, er mjög mikilvægt að geta fengið nánari upplýsingar til að marka þá stefnu sem um er rætt. Þótt ég nefndi þetta lagði ég hins vegar mun meiri áherslu á að það væri mjög mikilvægt ef hægt væri að leggja mat á það í slíkri skýrslu hvaða gildi það hefði haft að veita styrki eða lán til ýmissa verkefna. Ég kalla sérstaklega eftir því hversu áhugavert það væri að fá upplýsingar um hvernig gengið hefði með sérstaka styrki til atvinnumála kvenna sem nefndir eru í þessari skýrslu. Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að mér finnst 1. þm. Vestf. taka þessar spurningar mínar og athugasemdir furðu óstinnt upp.

[15:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú einhvern veginn að hin vestfirska taug í hv. þm. sé farin að dofna úr því að henni finnst að þetta sé að taka hlutina óstinnt upp. Þær umræður sem hér hafa farið fram, teljast nú frekar meinleysislegar og rólegar vestur á fjörðum. En ég tel að umræða okkar hér í dag sé einmitt til þess fallin að reyna að varpa ljósi á skýrslu Byggðastofnunar. Það má vel vera að ástæða væri til að hafa skýrsluna efnismeiri og gefa ítarlega skýrslu um hvern smástyrk sem veittur er. En það er kannski frekar spurning um form. Ég ítreka einfaldlega að mér finnst að í þessari skýrslu, samanborið við það sem við eigum almennt að venjast, séu tiltölulega glöggar upplýsingar um starfsemi Byggðastofnunar. Ég vek líka athygli á því að í þeirri stefnumótandi byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti og var afrakstur af starfi Byggðastofnunar, er auðvitað farið miklu ítarlegar ofan í grundvallaratriði varðandi mótun byggðastefnu en tækifæri eru til í þessari ársskýrslu. Ef við viljum fjalla um það sérstaklega er miklu eðlilegra að gera það á grundvelli þeirrar stefnumótandi ályktunar sem hæstv. ráðherra raunar vék aðeins að í sínu máli hér áðan. Það væri auðvitað miklu frekar tilefni til slíkrar umræðu.

[15:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að gera hér athugasemd við eitt atriði sem fram kom í ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Hann hélt því fram að það hefðu verið gerðar miklar athugasemdir við þá fyrirætlun þáv. umhvrh. að flytja veiðistjóraembættið vegna þess að menn væru andsnúnir því að flytja embættið út á land. Ég vil mótmæla þessu, a.m.k. hvað varðar þær umræður sem urðu hér á Alþingi sl. vetur. Það eru ósannindi að halda því fram varðandi þingmenn og þær umræður sem urðu um þetta mál í þingsölum að það hafi verið vegna andstöðu við að flytja embættið út á land. Þingmanninum er vel kunnugt um að málsatvik voru þau að hæstv. þáv. umhvrh. hafði að mati ýmissa manna á þingi o.fl. óeðlileg afskipti af ýmsum starfsmönnum stofnana sem heyrðu undir embætti hans. Það leiddi til þess að flutt var hér þáltill. um að skipa rannsóknarnefnd til að athuga þetta mál frekar. Ég sat í þeirri þingnefnd sem fékk málið til athugunar, hv. allshn. Eftir að hafa athugað málsatvik og kallað aðila málsins fyrir var niðurstaða okkar fjögurra nefndarmanna, fulltrúa Alþb., Framsfl. og Kvennalista, að full ástæða væri til að rannsaka þetta mál ofan í kjölinn. Hvað mig varðar virtust mér gögnin sýna með verulega óyggjandi hætti að umhvrh. hefði farið langt út fyrir valdsvið sitt og beitt gömlum aðferðum yfirmanns gagnvart undirmönnum. Ég hélt að menn liðu ekki undir lok 20. aldar að menn beittu 19. aldar vinnubrögðum í stjórnarháttum.

[15:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér hefur satt að segja aldrei dottið í hug að hv. 5. þm. Vestf. væri því sérlega andsnúinn að flytja stofnanir út á land, svo framarlega sem hægt er að koma því við. En ég man hins vegar mætavel úr þessari umræðu um veiðistjóraembættið, að þau sjónarmið voru vissulega reifuð. Ég veit að hæstv. fyrrv. umhvrh. getur staðfest það. Þau sjónarmið voru vissulega reifuð að óskynsamlegt væri að færa þessa stofnun út á land. Fyrir því flutti einhver rök sem ég ekki man og hirði ekki um að muna. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að í hvert skipti sem vakið er máls á því að flytja einhverja tiltekna stofnun út á land, rísa upp öfl sem finna því allt til foráttu. Auðvitað er alltaf hægt að benda á tiltekna annmarka á því að færa til stofnanir. Það er ákveðin röskun sem því fylgir fyrir bæði starfsmenn stofnunarinnar og hana sjálfa. Þótt hv. 5. þm. Vestf. eða félagar hans hafi ekki haldið þessu fram, þá var þessu sannarlega haldið fram á sínum tíma, bæði leynt og ljóst. Og sama var upp á teningnum þegar ákveðið var á sínum tíma að flytja Skógræktina út á land. Menn risu upp, auðvitað undir ýmsum formerkjum. En einnig þeim formerkjum að það væri óskynsamlegt að flytja þetta út á land. Þó hv. þm. hafi setið í þeirri nefnd sem hafði málið til meðferðar, var óþarfi af honum að taka orðum mínum sem svo að ég væri að gagnrýna hann eða ýmsa félaga hans fyrir þetta. Ég veit vel hug hv. þm. í þessum málum og ég hygg að við séum býsna sammála í þessum efnum.

[15:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þingmanninum fyrir að taka það sérstaklega fram að því væri ekki beint til mín eða félaga minna að reifa þessi sjónarmið sem hann var að gagnrýna. En það kom líka fram í máli hans að hann myndi ekki hverjir ættu sökina. Það segir mér kannski allt sem segja þarf. Hann gefur út syndakvittun fyrir mig og félaga mína en man ekki eftir neinum þeirra sem haldið hafa fram þeim sjónarmiðum sem hann gagnrýnir. Og það segir það sem segja þarf.

[15:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm., sem oft er ákaflega nákvæmur í orðavali þegar kemur að skýrslugerð og þess háttar, hefði átt að veita því athygli að ég sagði að ég hefði ekki ætlað hv. þm. eða ýmsum af hans félögum það að hafa viljað standa gegn þessum flutningi. Það var allt saman af ásettu ráði sagt. En það er rétt sem ég sagði áðan í þessari umræðu að það voru ýmsir sem lögðust gegn því að flytja þessa starfsemi út á land. Báru auðvitað fyrir sig ýmis rök, m.a. þau að það væri óhagkvæmt að þessi starfsemi væri annars staðar en í Reykjavík. Það eru ekki ný rök og þau koma alltaf upp og munu alltaf koma upp. Það er einmitt m.a. vegna þess sem ég hef sjálfur verið að komast æ meira á þá skoðun að það sé tæplega ómaksins vert að reyna að

flytja stofnanir út á landi vegna þess að það sé svo erfitt og við eigum þess vegna að reyna að einbeita okkur að því þegar við setjum upp nýjar ríkisstofnanir að reyna eins og mögulegt er að staðsetja þær úti á landi sem hluti af þeirri meðvituðu byggðastefnu sem við viljum fylgja.

[15:32]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og sem ber þess raunar nokkur merki að það er ekki uppi sérstaklega mikil spenna í kringum byggðamálin um þessar mundir því það er rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að stundum hefur verið farið vítt yfir svið og nokkuð hart deilt í undir þeim dagskrárlið sem hér er nú til umræðu. Mér finnst sérstaklega vert að vekja athygli á því í upphafi míns máls vegna þess að menn eru að tala hér um stofnun sem deili út miklu fé að það raunar heyrir til hinum liðna tíma. Byggðastofnun og þá sérstaklega forveri hennar, Framkvæmdastofnun, réði yfir miklum fjármunum og stórum sjóðum og deildi út miklu fjármagni. Það gerir Byggðastofnun ekki nú til dags. Ég hygg að sum ráðuneytin hafi jafnmikið fjármagn í t.d. styrkveitingar eins og Byggðastofnun hefur til almennra styrkveitinga í þessum efnum. Það er ekki síst þess vegna að það er afar þýðingarmikið, eins og hefur komið fram í máli hv. 1. þm. Vestf., að vel sé farið með þessa peninga og að þess sé gætt að kostnaður við rekstur þessarar stofnunar sé í mikilli endurskoðun og þar sé höfð góð gát á öllum hlutum.

Það er ekki síst af þessari ástæðu að tekin var ákvörðun um það í ágústmánuði sl. að gerð skyldi stjórnsýsluúttekt á Byggðastofnun. Þeir sem hafa sérstaklega verið að kvarta yfir því hér að ekki væri upplýst með hvaða hætti verkefni skiluðu sér frá Byggðastofnun þá veit ég enga aðferð betri en að fá Ríkisendurskoðun til þess að gera slíka úttekt. Það gefur hins vegar auga leið að það er enginn vegur að leggja inn með þessari skýrslu þær skýringar og þau frumgögn sem fylgja sérhverri umsókn eða kölluð eru fram við skoðun á slíkum umsóknum. En þeir sem í alvöru eru að tala um knappar upplýsingar eiga afskaplega auðvelt með að kalla eftir þeim frá embættismönnum Byggðastofnunar þar sem allar ákvarðnir liggja fyrir í skýrslu Byggðastofnunar og það er hægur vandinn að leita þá eftir nánari skýringum þar um.

Ég ætla ekki að fara yfir þennan þátt umræðunnar miklu nánar. Ég vil hins vegar segja það út af því sem kom fram í máli hv. 5. þm. Reykn. að ég held að það væri afar þýðingarmikið fyrir þann hv. þm. að setja sig betur inn í málefni í sínu kjördæmi og fara nákvæmar yfir það með sínum sveitarstjórnarmönnum hvaða samstarf þeir hafa við stjórn Byggðastofnunar. Ég held að síðan ég tók við formennsku í Byggðastofnun, það kann nú að vera eitthvað af mannfræðilegum ástæðum vegna þess að ég er nú staddur um þessar mundir á suðvesturhorni landsins, að engir hafi haft meira samband við mig en einmitt bæjarstjórnarmenn og forustumenn í atvinnulífi á Suðurnesjum. Og þó að ekki hafi verið gerð nein úttekt á því hversu mörg erindi berast úr hverju kjördæmi né heldur hvernig þeim er sinnt, þá þori ég alveg að fullyrða að það eru ekki lögð til grundvallar nein kjördæmamörk í þeim efnum. Ekki með nokkrum einasta hætti. Þetta er reyndar ekki það eina sem heyrst hefur af Suðurnesjum í þessum efnum að fólk setur sig ekki nægjanlega vel inn í málefni síns eigin kjördæmis og er þá frekar með einhverja umvöndun í sambandi við störf Byggðastofnunar í þessum efnum.

Annað dæmi sem ég vil líka aðeins minnast á eru styrkveitingarnar sem reyndar eru afskaplega litlar og sérstaklega núorðið. Ég var reyndar með efasemdir um að jafnlítið fjármagn og þar er á ferðinni skilaði árangri. Ég hef hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að það gagnstæða á sér einmitt stað og ég veit um mörg dæmi. Nú er það svo og það verða menn auðvitað að athuga, þar á meðal hv. 2. þm. Vestf., að hér er um áhættufjármagn að ræða. Það hlýtur að vera fullkomið tilefni til þess að á vettvangi þróunarmála þá taki Byggðastofnun áhættu í þessum efnum. Það gerði hún þegar hún gekk til stuðnings við kaupfélagið á Sauðárkróki eða öllu heldur rafmagnsverkstæði þar um stuðning við nýjungar í atvinnulífinu. Byggðastofnun tók að sér að leggja fram fjármagn sem svaraði 10% af þessum kostnaði. Það kom reyndar fjármagn frá fleiri aðilum til stuðnings við þetta verkefni þannig að alls voru styrkir til þess u.þ.b. einn fimmti af kostnaðinum. En það fékkst mjög mikilvægur árangur í þessum efnum og langstærsti hluturinn kom frá fyrirtækinu sjálfu. En hvað sögðu svo þeir sem þarna áttu hlut að máli? Þeir sögðu að það fjármagn sem kom frá Byggðastofnun hefði skipt sköpum í sambandi við þróun þessa verkefnis og þá niðurstöðu sem fékkst. Þetta voru þeirra eigin orð. Það er miklu víðar sem ég hef einmitt orðið var við að tiltölulega lítið fjármagn, sem hefur verið lagt fram með þessum hætti, hefur skilað mjög mikilvægum árangri.

Ég tek líka sérstaklega undir það sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf. að auðvitað eru störf Byggðastofnunar og ef við getum talað um árangur á þeim vettvangi í nánum tengslum við umhverfið í atvinnulífinu og í atvinnumálum í landinu hverju sinni. Það er alveg augljóst mál, svo ég taki síðasta kjörtímabil og væri auðvitað hægt að rekja þá sögu lengra til baka, að Byggðastofnun hefur haft mikilvægu hlutverki að gegna til þess að hjálpa atvinnulífinu við að rekja sig. Meðan atvinnulífið hefur ekki til hnífs og skeiðar, meðan reksturinn er ekki þannig að hagnaður verði og fyrirtækin geti þannig ekki staðið við skuldbindingar sínar þá auðvitað verða þau að rekja sig með lánsfé. Þannig hefur þetta verið um allt of langan tíma. Það er líka þess vegna sérstaklega mikilvægt að meta það að atvinnulífið hefur núna allt annað og miklu betra umhverfi en það hefur haft um mjög langan tíma. Þetta verða þeir ekki síst varir við sem bera ábyrgð á störfum Byggðastofnunar því einmitt við þá er komið á framfæri margvíslegum nýjungum og margvíslegum áformum um að þróa og gera enn þá betur í fyrirtækjunum en menn hafa átt kost á áður.

Það væri hægt að rekja þessa sögu með miklu meiri nákvæmni en það er grundvallaratriði fyrir þing og þjóð að meta þessar breyttu aðstæður. Sérstaklega þarf Byggðastofnun að laga starf sitt að þessum breyttu tímum. Það er afar mikill misskilningur að Byggðastofnunar sé sérstaklega þörf þegar illa árar. Auðvitað er hennar þörf þá líka en það er ekki síður ástæða til að hún beiti afli sínu þegar möguleikar eru til vaxtar og sóknar í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins eins og nú er. Þegar menn eru að tala um, eins og kom hér fram hjá hv. 5. þm. Reykn., að það þurfi að beita sérstökum ráðgjöfum eða átaksverkefnum til þess að fá fram ný störf og hugmyndir þá get ég alveg sagt það að ég hef ekki sérstaklega mikla trú á því. Það sem skilar árangri í þessum efnum eru störf og viðfangsefni fólksins í landinu. Ég hef ekki sérstaka trú á því að hópur af embættismönnum geti lagt atvinnulífinu einhverja sérstaka möguleika upp í hendurnar í þessum efnum. Aftur á móti er miklu frekar hægt að verða

að liði þegar menn ganga fram með nýjungar og hugmyndir og þá hlýtur stofnun eins og Byggðastofnun að þurfa og eiga að taka áhættu með slíku starfi.

Það er einu sinni svo að grundvallaratvinnuvegirnir leggja grunn að því hvernig byggðin þróast í landinu. Auðvitað er það saga sem hefur verið nógu oft sögð til þess að hún sé ekki sérstaklega endurtekin hér en þó er vert að undirstrika það alveg sérstaklega. Það er afkoman í sjávarútvegi, það er afkoman í landbúnaði og það er ferðaþjónustan. Þessar þrjár atvinnugreinar eru hin raunverulega auðlind úti á landsbyggðinni og sem atvinnulífið nærist af. Auðvitað koma svo önnur atvinnumarkmið og atvinnuumsvif í kjölfar þess sem þessir atvinnuvegir sem slíkir skapa.

Nýjustu fréttir af því hvaða árangur hefur orðið af eflingu ferðamannaþjónustunnar í landinu eru eftirtektarverðar. Á fundi í hv. samgn. Alþingis var okkur tjáð að hagnaður ríkissjóðs af þeirri aukningu sem hefur orðið í ferðaþjónustunni á milli tveggja síðustu ára nemi 600 millj. kr. Menn beri þetta saman við t.d. það sem áformað er í niðurskurði til samgöngumála sem eru þó aflvakinn að því að þessi árangur hefur náðst.

Virðulegi forseti. Það væri ýmislegt fleira sem væri hægt að fjalla hér um. Ég endurtek þakklæti mitt fyrir umræðuna en læt máli mínu hér lokið.

[15:49]

Útbýting þingskjala:

Köfun, 148. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 176.
Stjórnarskipunarlög, 146. mál, frv. SF, þskj. 173.
Togveiðar, 149. mál, fsp. SF, þskj. 177.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um ársskýrsluna enda geta menn lesið hana á hvern þann hátt sem þeim sýnist og hún talar svo sem fyrir sig sjálf. Þar er um tiltölulega hefðbundna greinargerð um störf Byggðastofnunar að ræða en ég lít svo á að þessi umræða sé ekki síður tilefni til að ræða stöðu byggðamála undir formlegum dagskrárlið á þingi og slíkt tækifæri er að sjálfsögðu kærkomið.

Ljóst er að hlutverk Byggðastofnunar sem lánastofnunar hefur minnkað á undanförnum árum og það er mér ósárt um svo lengi sem stofnunin er að öðru leyti vel í stakk búin til að sinna verkefnum sínum eða þeim er með einhverjum öðrum hætti sinnt, þ.e. að upplýsingum sé safnað um þróun byggðamála og einhverri stefnumótun, ef menn vilja á annað borð viðhafa einhverja opinbera stefnu um byggðaþróun í landinu, sé haldið til haga og eitthvert stjórntæki eða stjórnsýslustofnun sé til í þjóðfélaginu til að framfylgja slíku.

Stundum er rætt þannig um byggðamál og byggðaröskun, sem svo er kallað og felur að mínu mati í sér óæskilegar breytingar eða röskun sem er ekki samrýmanleg því sem fælist í orðinu þróun eða breytingar, að slíkt gerist í krafti einhverra æðri lögmála sem enginn fái rönd við reist. Ég held að þetta sé á miklum misskilningi byggt. Búsetuþróun er að mínu mati nánast undantekningarlaust afleiðing af meðvituðum ákvörðunum sem teknar eru hvað sem mönnum svo sýnist um þær að öðru leyti.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf., ræddi áðan um þetta og rakti nokkur dæmi um það sem hefði áhrif á byggðaþróun í landinu og væri á grundvelli meðvitaðra ákvarðana stjórnvalda. Ég held að það megi bæta við það sem hann tiltók og laut aðallega að efnahagsstjórnun, hlutum eins og skráningu á gengi og öðru slíku, og vissulega hefur áhrif á innbyrðis starfsskilyrði atvinnugreina og þar með á byggðamál eftir því sem þær atvinnugreinar eru misjafnlega dreifðar um landið. Ég leyfi mér að nefna stærsta einstaka þáttinn sem hefur haft langmest áhrif á búsetuþróunina í landinu á undanförnum áratugum og er í valdi stjórnvalda. Það er ákvörðun um uppbyggingu sameiginlegrar þjónustu landsmanna, hvar hún er staðsett og hvernig henni er dreift um landið. Það er langstærsti einstaki þátturinn þar sem um er að ræða stórfelldar ákvarðanir sem skipta sköpum og þúsundir starfa fylgja með öllum tilheyrandi margfeldisáhrifum. Það eru pólitískar ákvarðanir sem fylgja staðsetningu opinberra stofnana og uppbyggingu samfélagslegrar þjónustu í landinu. Í smækkaðri mynd á þetta líka að nokkru leyti við um hlutföll milli einstakra sveitarfélaga.

Umræður um þetta eru að sjálfsögðu ekki nýjar af nálinni og svo snemma sem á síðustu öld voru menn farnir að velta fyrir sér kostum þess og göllum að búsetumynstrið í landinu væri að breytast. Að sjálfsögðu er það ekki þannig að þar eigi allt að vera óumbreytanlegt. Þar hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera í gangi þróun og á að vera að mínu mati en það breytir ekki hinu að stjórnvöldum ber að hafa stefnu og meðvitaða stefnu um það hvernig menn vildu sjá hlutina þróast, hvaða áhrif þeir vilja hafa á það sem gerist annars tilviljanakennt eða að breyttu breytanda.

Ég held að það væri fróðlegt fyrir ýmsa að lesa ræðu sem Gunnar heitinn Thoroddsen, þáv. borgarstjóri í Reykjavík, seinna hæstv. forsrh., flutti á borgarstjóraárum sínum í kringum 1950 ef ég man rétt. Þá eins og stundum áður var mikil umræða í þjóðfélaginu um búferlaflutninga og fólk streymdi hingað til Reykjavíkur og suðvesturhornsins í kjölfar mikillar uppbyggingar sem var hér á stríðsárunum og árunum þar á eftir. Borgarstjórinn í Reykjavík, þessi sem ég nefndi, velti upp þeim fleti á þessu máli hvort það væri hagfelld þróun fyrir borgina að hingað streymdi fólk í jafnstórum stíl og raun bar vitni og hann taldi svo ekki vera. Það væri síður en svo af hinu góða fyrir borgina að þessi mál þróuðust of óskipulega og stjórnlaust. Mikið aðstreymi fólks á skömmum tíma inn í eitt sveitarfélag eins og Reykjavík væri alls ekki hagstætt borginni og ekki heldur heildarhagsmunum landsmanna. Það væri miklu betra að hlutirnir gerðust rólega. Ég bendi mönnum á að verða sér út um ágæta bók þar sem birtar eru ræður og greinar þessa merka manns, þar á meðal þessi sem ég vitna hér til og hann flutti einhvern tímann á þessum árum sem borgarstjóri í Reykjavík.

Ég vil svo segja, herra forseti, að staða byggðamála á Íslandi og sú búseturöskun sem í gangi er og fer nú vaxandi ár frá ári er mikið áhyggjuefni. Aftur er hafið mjög mikið óheillatímabil í þessum efnum. Staðreyndin er sú, og þá geta menn flett upp á bls. 6 í skýrslunni, þar er ágæt mynd af þróuninni eins og hún hefur verið um nokkurt árabil, að sá jákvæði tími sem hefst í kringum 1970 eða 1971 og leiddi til þess að á árunum sem fylgdu í kjölfarið snardró úr búseturöskun og í hönd fór eina jákvæða tímabilið í skilningi þess að þá fjölgaði fólki ekki síður á landsbyggðinni en á suðvesturhorninu á árunum 1975–1978. Á árunum 1979–1980 var aftur nokkurn veginn jafnvægi en þá hófst langt tímabil neikvæðrar þróunar í þessum efnum þar sem vaxandi fjöldi fólks flutti á hverju ári af landsbyggðinni og til suðvesturhornsins þangað til svo var komið að það var talsvert á annað þúsund manns á árinu 1988. Þá snerist að vísu þessi þróun við og í kjölfarið, á árabilinu 1989–1991, má segja að þetta

hafi aftur þróast í rétta átt. Það dró úr flutningunum en síðan snýst þetta aftur við og nú hafa þrjú ár í röð, árin 1992, 1993 og 1994, verið öll sama marki brennd að vaxandi fjöldi flyst af landsbyggðinni ár frá ári, að sjálfsögðu að breyttu breytanda þó þar séu einstök svæði sem ná að halda sínum hlut. Það bendir ekkert til annars en árið 1995 verði enn verra en það sem á undan er gengið. Þetta, herra forseti, er mikið áhyggjuefni. Ekki er hægt að ræða um byggðamál eins og þessi staðreynd sé ekki til. Hún er þarna og nú stefnir í það ef að líkum lætur að 1.000 manns flytjist með þessum hætti með tilheyrandi áhrifum á þjóðarhag.

Þessa staðreynd er líka rétt að hafa í huga þegar hér er nefnt annað mál sem mér fyndist sérkennilegt að ekki bæri eitthvað á góma í dag og það eru áform um fyrirhugaða byggingu álvers á suðvesturhorninu og frekari stóriðjuframkvæmdir sem kunna jafnvel að vera í farvatninu og eru allar því miður því marki brenndar það ég best veit að þar er rætt um staðsetningu mannvirkjanna á suðvesturhorni landsins. Ég veit ekki betur en að það sé svo að álverið í Straumsvík að sjálfsögðu verði stækkað á þeim stað enda yrði ekki um stækkun þess að ræða ef það væri staðsett annars staðar nema þá að það gæti verið í nafni sama fyrirtækis. Boðað er að álversframkvæmdir á Keilisnesi kunni að komast á dagskrá á nýjan leik þar sem risastórt mannvirki var áformað. Það er boðað að Bandaríkjamenn séu áhugasamir um uppbyggingu álvers og þá staðsett á Grundartanga og fjórða stóriðjuframkvæmdin sem talin er hugsanlega vera í farvatninu er viðbótarofn á Grundartanga. Allar eru þessar framkvæmdir sama marki brenndar, þær eru staðsettar hér. Ég hef satt best að segja varla heyrt í umræðunni undanfarna daga að þetta sé nema svo að segja sjálfsagður hlutur. Er það virkilega orðið svo að menn gætu hugsað sér að yrðu kannski reist mörg stóriðjuver á sama árabilinu og öll staðsett á svipuðum slóðum og virkjuð yrðu í stórum stíl fallvötn í öðrum landshlutum og öll orkan flutt hingað til úrvinnslu, með þeim afleiðingum að það kæmi kannski tímabundin þenslukippur í atvinnulíf í fjarlægum landshlutum í eitt til þrjú ár á meðan virkjunarframkvæmdir stæðu þar yfir og síðan búið? Margfeldisáhrifin kæmu öll fram hér og ný langtímastörf yrðu öll hér. Það var þó a.m.k. þannig þegar verið var að ræða um álver á Keilisnesi fyrir nokkrum árum að þáv. stjórnvöld ræddu samtímis um nauðsynlegar jafnvægisaðgerðir í byggðamálum til þess að landið mundi ekki sporðreisast enn frekar en orðið er í þessum efnum. Samtímis þessu liggur fyrir á Alþingi fjárlagafrv. þar sem mikilvægustu opinberu framkvæmdir í mörgum landshlutum, samgönguframkvæmdirnar eru skornar niður við trog.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Sér hann fyrir sér að þessar áherslur geti gengið svona fram samtímis? Að hér verði líka ráðist í stóriðjuframkvæmdir, svo ágætar sem þær kunna að vera? Ég vona svo sannarlega að viðbótarstóriðjurekstur í Straumsvík sé okkur hagstætt mál, ef nauðsynlegar forsendur um raforkuverð og umhverfismál eru uppfylltar. En sér hæstv. forsrh. það fyrir sér að þær framkvæmdir geti komið til án þess að nokkur áherslubreyting verði af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um stórfelldan niðurskurð, samanber fjárlagafrv., til að mynda í samgönguframkvæmdum? Ég vona ekki. Ég vona að hæstv. forsrh. geti komið hér í þessar umræður og staðfest að þannig verði það ekki. Þvert á móti tel ég það algjört lágmark að hið gagnstæða verði upp á teningnum. Að hæstv. ríkisstjórn beiti sér þá fyrir því að umtalsverðar viðbótarframkvæmdir verði settar í gang í öðrum landshlutum til að afstýra því að stórfellt jafnvægisleysi skapist á vinnumarkaði og í byggðamálum af þessum sökum. Ég hvet og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að taka nú til skoðunar samtímis því að hér verður undirbúin framlagning mála varðandi stóriðjuframkvæmdir, að farið verði í brýnar framkvæmdir í öðrum landshlutum, til að mynda samgönguframkvæmdir, til að tryggja jafnvægi. Þar má til að mynda nefna samgönguframkvæmdir á norðausturhorni landsins þar sem afar stórt verkefni bíður við að byggja upp leiðina frá Húsavík til Vopnafjarðar, á svæði þar sem búa um 5.500 manns sem framleiða á milli 4 og 5 milljarða kr. í beinhörðum útflutningstekjum á hverju ári, þannig að framleiðslan á hvern einasta íbúa er nálægt 1 millj. í gjaldeyri. Þetta svæði býr við gjörsamlega óforsvaranlegar samgöngur á landi. Er hæstv. forsrh. tilbúinn til að lýsa því yfir hér að hann sé t.d. reiðubúinn að skoða slíka framkvæmd sem tengist brýnum úrbótum samgöngumála í tveimur landshlutum og að ráðist verði í slíkar framkvæmdir og þeim hraðað í tengslum við ákvarðanir um aðra atvinnuuppbyggingu annars staðar í landinu? Það mætti til að mynda flýta þverun Gilsfjarðar. Það mætti ljúka slitlagsframkvæmdum á hringveginum á Austurlandi og annað því um líkt sem væri nærtækt að grípa til í fjarlægum landshlutum hér frá suðvesturhorninu.

Ég, herra forseti, tel að það sé óhjákvæmilegt að nefna þessa hluti hér til sögunnar úr því að byggðamál ber hér á góma á annað borð. Þetta er að sjálfsögðu ekki mál sem Byggðastofnun hefur ein á sinni könnu og greiðir upp úr sínum vasa jafnvel þótt bólgnir væru og menn þar upp til hópa velviljaðir. Þetta er mál sem taka yrði fyrir hér og afgreiða af Alþingi í formi breytinga á áætlunum í samgöngumálum o.s.frv. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að t.d. þingmenn stjórnarflokkanna ætli að láta þessa hluti ganga samtímis fram hér á Alþingi. Hafa til umfjöllunar frv. og tillögur sem tengjast þessum stóðiðjuframkvæmdum á suðvesturhorninu samtímis því að vegáætlun er skorin niður um einar 700–800 millj., flugmálaáætlun er slátrað, skorin niður um helming og verulega dregið úr framkvæmdum í hafnarmálum. Allt eru þetta framkvæmdir sem varða mjög miklu í fjölmörgum byggðarlögum hringinn í kringum landið. Ég vil þess vegna nefna þetta til sögunnar í þeirri von og í því trausti að þetta verði tekið til jákvæðrar og velviljaðrar skoðunar af hálfu stjórnvalda.

Herra forseti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Eins og ég sagði þá talar skýrslan að mínu mati að mestu leyti fyrir sig sjálf og ég hef nú fengið hér í hendur bókina þá hina góðu sem ég vitnaði til og hef gjarna á lofti því í henni er margt gott að finna og heitir: Frelsi að leiðarljósi.

[16:05]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög greinargóða skýrslu. Ég tek undir það sem aðrir hv. þm. hafa sagt hér um nauðsyn þess að fylgjast með störfum svo mikilvægrar stofnunar sem Byggðastofnun hefur verið og að þau mál og störf sem þar hafa verið unnin séu til einhverrar umræðu á hv. Alþingi. Það má eflaust margt um störf Byggðastofnunar segja á undanförnum árum og gagnrýna margar af þeim úthlutunum sem þar hafa farið fram en ég hirði ekki um að ræða það hér. Ég vil frekar ræða aðeins um þá breyttu þróun sem þar hefur orðið og það sem að mínu mati mætti gera betur svo að starf og uppbygging í byggðum landsins gæti orðið markvissari. Að

mínu viti hefur í gegnum árin verið allt of mikið úthlutunarvald hjá stjórn Byggðastofnunar sem slíkrar án þess að sveitarstjórnarmenn, atvinnurekendur og fulltrúar viðkomandi landshluta hafi í rauninni getað haft nokkur áhrif þar á. Ég held þess vegna að sú þróun sem átt hefur sér stað hin síðari ár og felst í því að koma upp útibúi eða skrifstofum fulltrúa Byggðastofnunar í hinum ýmsu kjördæmum sé mjög af hinu góða. Ég tel einnig nauðsynlegt að því fé sem til úthlutunar er af hálfu Byggðastofnunar til styrkja og lána sé úthlutað til atvinnuþróunarsjóða í viðkomandi kjördæmum þar sem heimamenn sjái sjálfir um að úthluta því fjármagni sem annars hefur verið úthlutað af stjórn Byggðastofnunar. Mér finnst það frekar hlutverk Byggðastofnunar að sjá um heildarráðgjöf og áætlanir en að standa í veitingum fjármuna til viðkomandi kjördæma og fyrirtækja. Því væri að sjálfsögðu mun betur borgið í höndum heimamanna sem best til þekkja. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að þróunin yrði á þann veg, þar sem ég hef haft möguleika á því. Mér finnst einnig mjög ánægjulegt hvernig Byggðastofnun hefur tekið á málefnum ferðaþjónustunnar. Hún hefur með mjög virkum hætti stutt ferðamálasamtök og ferðamálafulltrúa, en þetta eru í rauninni einu peningarnir sem þessi samtök hafa fengið til að sinna sínu mikilvæga hlutverki sem er mjög vaxandi, eins og komið hefur fram hér í dag.

Ef litið er á umhverfi og atvinnulíf í landinu má kannski segja að meginforsendan fyrir því að hægt sé að skapa hér lífvænlegt atvinnulíf og vaxtarbrodda séu þær aðgerðir sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur beitt sér fyrir á sl. kjörtímabili og eins þessu, þ.e. að halda stöðugleika í landinu, halda niðri verðbólgu, bæta viðskiptakjör og ná niður ríkishalla. Þetta er grundvallaratriðið til að hægt sé yfirleitt að reka atvinnulíf í þessu landi. Kannski er þetta einnig eina raunhæfa leiðin til að skapa útlendingum traust á því að hér sé hægt að byggja upp stórfyrirtæki á traustum grunni, eins og samningurinn sem gerður hefur verið við Alusuisse um stækkun álversins sýnir. Því meginástæðan fyrir því að Alusuisse-menn stækkuðu álverið hér voru að hér er skattaumhverfi þannig að þeim finnst það fýsilegt fyrir sinn rekstur. Hér er stöðugleiki í ríkisfjármálum og verðbólgu með þeim hætti að sambærilegt er við það sem gerist annars staðar í heiminum og allt pólitískt umhverfi er stöðugt. Þetta var það sem skipti máli þegar upp var staðið og menn tóku af skarið um það hvort þessi stækkun færi fram eða ekki. Þannig að þetta er þau atriði sem sköpum skipta.

Ég sný mér þá að þeirri umræðu sem farið hefur fram hér um Suðurnes og tengingu þeirra inn í fjárveitingar frá Byggðastofnun í gegnum árin. Ég sem Suðurnesjamaður get upplýst það hér, og efalaust vita það margir, að Suðurnesjamenn hafa talið sig afskipta hvað varðar úthlutanir á fjármunum frá Byggðastofnun í gegnum árin eða áratugina. Ég held að ef menn líta á það frá tölfræðilegu sjónarmiði séu það ekki rangar staðhæfingar. Ég veit ekki af hverju menn hafa borið þar skarðan hlut frá borði. En það var lengi í vinnureglum stjórnarinnar að Suðurnes tilheyrðu svokölluðu þéttbýli eða höfuðborgarsvæðinu, þannig að þeir fengu ekki úthlutanir eins og aðrir landshlutar sem kallast landsbyggð. Á sínum tíma var það líka rökstutt með því að Suðurnesjamenn hefðu völlinn og það væri alveg nóg fyrir þá, þeir þyrftu ekki að fá aðra peninga en þá sem þaðan kæmu. Það er alveg rétt að Suðurnesjamenn höfðu mikið umleikis á meðan uppbygging á Keflavíkurflugvelli stóð sem hæst, en sú uppbygging hefur nú stöðvast þannig að þar hefur á síðustu árum hrikt verulega í atvinnulífinu. Kannski má segja að menn hafi vanrækt um of það sem mestu skiptir, sjávarútveginn, á meðan á þeirri miklu uppbyggingu stóð. Sennilega er það líka annað sem máli skiptir varðandi það að Suðurnesjamenn hafa lítið fengið úr þeim sjóðum sem Byggðastofnun hefur yfir að ráða. Ég veit ekki til þess að nokkur af því svæði hafi átt sæti í stjórn hennar. Það er þá a.m.k. mjög langt síðan að það hefur verið Suðurnesjamaður í stjórn Byggðastofnunar. Ég held að það sé kannski ein ástæðan því að ef maður lítur á úthlutanir frá Byggðastofnun sér maður að þær eru oft í beinu hlutfalli við það hversu margir stjórnarmenn eru úr hverju kjördæmi. Það sýnir hver áhrif stjórnarmenn hafa á það hvernig fjármunum er varið eða hvert þeir fara. Ég er ekki endilega að fordæma það, en þetta er samt staðreynd og fjármunir til Suðurnesja hafa þar af leiðandi verið af skornum skammti.

Það sem ég held að muni gerast í framtíðinni er að Suðurnesin sem slík hljóti að teljast beinlínis til höfuðborgarsvæðisins. Og það er út af fyrir sig markmið að tengja þetta allt saman í eitt, heildstætt svæði. Menn hafa talað um að allt Suðvesturlandið ætti að geta orðið eitt atvinnusvæði með þannig samgöngum að menn ættu auðvelt með að sækja vinnuna hvaðan sem væri af svæðinu. Þess vegna hef ég ásamt mörgum öðrum lagt mikla áherslu á að bæta samgöngur frá Suðurnesjum til Stór-Reykjavíkursvæðisins með lýsingu Reykjanessbrautarinnar og tvöföldun hennar. Margar aðrar hugmyndir hafa komið fram um vegabætur sem gætu tengt þessi svæði mun betur. Ég vil þó taka það fram að í dag er þetta í raun eitt atvinnusvæði. Þótt oft sé erfitt fyrir fólk að keyra á milli, lætur það sig hafa það.

Í sambandi við ummæli hv. þm. Egils Jónssonar fagna ég því að hann sinnir Suðurnesjamönnum og hann er allra manna vísastur til að leysa vanda þeirra eftir því sem hann best getur. Ég vil þakka honum fyrir það að hann kom að minni beiðni suður á Suðurnes til að ræða þar við forsvarsmenn margra fyrirtækja og var honum vel tekið. Menn treysta Agli sem formanni Byggðastofnunar til að leysa þau mál sem varða hag Suðurnesjamanna og Reyknesinga almennt sem hafa eitthvað við stjórnina að eiga því að Reykjaneskjördæmi á engan mann í stjórn Byggðastofnunar. **(Gripið fram í:** Fer ekki Egill að fara í framboð þarna?) Ég hugsa að Egill væri velkominn í framboð ef hann kærði sig um en ég hygg að Austfirðingar hafi fullan hug á að halda honum á meðan hann kærir sig um að sitja á þingi.

[16:15]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að verða að koma því á framfæri sem andsvari að fjármunum Byggðastofnunar sé deilt út eftir því hvar menn hafa búsetu. Samkvæmt þeirri kenningu ætti t.d. Suðurland að fá harla lítið eins og Reykjanes við þær aðstæður sem eru uppi núna. Væntanlega gæti Austur-Skaftafellssýsla tekið nokkuð góðan hlut af því að ég hef búsetu þar þó ég sé nú þingmaður fyrir allt Austurlandskjördæmi og hafi reynt að haga störfum mínum án tillits til þess hvar ég hef búsetu. Með sama hætti væri það helst Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem ætti að hafa góða stöðu til viðbótar þessu Vesturland og ég tala nú ekki um Akranes alveg sérstaklega í þessum efnum. Ég hlýt að verða að koma því á framfæri við minn góða vin og flokksbróður sem talaði áðan í þessum efnum að þessi framsetning er honum ekki sæmandi.

Með sama hætti rökstyður þessi hv. þm. það sem hann

er að tala um sem lélegan þátt Suðurnesjamanna í þessum efnum sem er gömul þjóðsaga að þar hafi jafnan verið lítið um að það kjördæmi ætti fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar. Ég hlýt að mótmæla þessu alveg sérstaklega. Ekki ómerkari maður en 1. þm. Reykn., forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, átti sæti í stjórn Byggðastofnunar. (**Gripið fram í:** Á hvaða öld var það?) Annar afar merkur þingmaður, Geir Gunnarsson, sem var þekktur fyrir það hvað hann fór vel með vald sitt, t.d. í fjárln., átti sæti í stjórn Byggðastofnunar. Reyndar kemur enn einn sómamaðurinn upp í huga minn, Karl Steinar Guðnason. Það er sannarlega að óverðugu gagnvart þessum mönnum að starfa þeirra sé minnst með þeim hætti sem hér hefur verið í umræðunni.

[16:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Egill Jónsson segir að það sé ekki sæmandi að bera þessar styrkveitingar Byggðastofnunar á milli landshluta. Ég ætla ekki að fara í neitt sérstakt karp út af þessu en ég vil bara biðja hv. þm. um að láta kanna það hjá Byggðastofnun hvernig þessum úthlutunum hefur verið varið á síðustu árum á milli landshluta og mér þætti vænt um að sjá það. Ég held ég fari ekki rangt með það að á árinu 1993 fengu Suðurnes 37 millj. kr. af þeim fjármunum sem var úthlutað, af 700 millj. kr. ef ég man rétt. Það voru þær upplýsingar sem ég fékk í vor um þær úthlutanir sem þá höfðu verið samþykktar af hálfu stjórnarinnar.

Ég veit ekki hvað menn kalla sæmandi í þessum efnum en a.m.k. held ég að það sæmi okkur alveg á Suðurnesjum að reyna að krefjast þess að fá það sem réttlætanlegt er. Ég held að það sé engin spurning um það að atvinnulífið á Suðurnesjum var verst á öllu landinu á nýliðnu kjörtímabili.

Ég er alls ekki að rýra hlut þeirra manna sem þarna hafa setið í stjórn. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að Karl Steinar Guðnason hafi aldrei verið í stjórn Byggðastofnunar. En ég sagði menn af Suðurnesjum, ég sagði ekki úr kjördæminu. Ég ætla ekki að kasta neinni rýrð á störf Ólafs G. Einarssonar og Geirs Gunnarssonar enda er mjög langt síðan þeir voru í stjórn en ég sagði að það væri a.m.k. mjög langt síðan þaðan hefði verið maður í stjórn og ég held að enginn hafi verið beinlínis af Suðurnesjum. Samt held ég að óhætt sé að minna á að ýmislegt hefur verið gert á Suðurnesjum af hálfu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það var gert á síðasta kjörtímabili í svokallaðri Suðurnesjaáætlun en það kom ekkert af þeim peningum sem þangað voru settir úr Byggðastofnun.

[16:22]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég talaði ekki í þá veru að það væri ekki sæmandi að bera saman styrki eða lánveitingar milli kjördæma. Ég sagði að það væri ekki sæmandi að tengja það við persónuleg störf stjórnarmanna í Byggðastofnun. Það var einfaldlega það sem ég sagði að væri ekki sæmandi.

Þessu til viðbótar bendi ég hv. þm. á að í skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1994 á bls. 20 eru þessi mál gerð upp á milli kjördæma. Þar er meira að segja súlurit sem sýnir hver hlutur hvers og eins kjördæmis hefur verið í þessum efnum miðað við það sem er útistandandi. Þar kemur í ljós að bæði Vesturland og Norðurl. v. eru fyrir neðan Reykjanes, olnbogabarnið sjálft, og önnur kjördæmi sum hver ekki miklu hærri. Það væri því ástæða til þess fyrir þingmenn Reykn., sem hafa gert sig breiða í þessari umræðu, að fara yfir þau gögn sem þeir eru með milli handanna áður en verið er með sífelldar ásakanir á stjórn Byggðastofnunar um að hlutur þeirra sé sérstaklega látinn eftir liggja.

[16:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera mig breiðan gagnvart formanni stjórnar Byggðastofnunar og verð aldrei jafnbreiður og hann í umræðunni. (Gripið fram í.) Ég meinti nú ekki líffræðilega. Ég ítreka að samkvæmt þeim könnunum sem ég hef látið gera og þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur niðurstaða á úthlutunum Byggðastofnunar til Suðurnesja ávallt verið í því minnsta sem nokkurs staðar hefur verið annars staðar. Þess vegna ítreka ég við formann stjórnar Byggðastofnunar að hann láti gera þessa könnun fyrir mig þannig að ég fái að sjá hvernig hún verði unnin og þá getum við kannski skoðað það síðar í sameiningu hvernig sú niðurstaða verður. En ég fullyrði að árið 1993 var þetta svona. Ef það reynist ekki rétt vera mun ég verða fyrsti maður til að biðja hv. þm. Egill Jónsson afsökunar á því.

[16:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áhuga á að inna hv. 10. þm. Reykn. eftir þeirri hugmynd sem hann varpaði fram um hlutverk Byggðastofnunar. Ef ég skildi hann rétt taldi hann ástæðu til að breyta um eðli þessarar stofnunar þannig að hún mundi veita fjármagn út til svæða og atvinnuþróunarfélög á hverjum stað mundu síðan veita lán og styrki til verkefna á svæðinu. Ég vildi gjarnan heyra hvort ég hef skilið þetta rétt og hvort hann sjái þá fyrir sér að Byggðastofnun ætti að deila út á kjördæmin öllu fjármagni sem Byggðastofnun hefði til umráða eftir einhverju kerfi, vera síðan eftirlitsaðili með því hvernig til tekst og vera þá væntanlega með úttekt á hvernig til hafi tekist með verkefni sem ég var að kalla eftir í ræðu minni fyrr í dag.

Aðeins vegna þess að ég kveikti þessa umræðu um það á mjög notalegan hátt hvort Suðurnes tilheyrðu dreifbýlinu eða ekki. Það var spurning mín. Ég verð að segja að mér finnst afar alvarlegt ef það á við rök að styðjast að afgreiðsla Byggðastofnunar taki mið af stjórnarsetu og hvaðan menn koma. Hins vegar ætla ég að vona að þetta sé ekki rétt þó mér finnist það umhugsunarefni sem þingmaðurinn nefndi orðum sínum til stuðnings. Vegna þess að hv. 2. þm. Austurl. nefndi það í ræðu sinni að margir hafi haft samband við hann, sveitarstjórnarmenn og aðrir frá Suðurnesjum, þá snýst það nú ekki um fyrirspurnir eða erindrekstur, það sýnst um til hvers er veitt og um afgreiðslur. Ég geri ekkert með það þó það komi hér fram í orðum hv. 2. þm. Austurl., að það hafi verið betri afgreiðslur á árinu 1994 til Reykjaness en tveggja annarra kjördæma og það sé bara merki um að þingmenn Reykjaness eigi ekkert að gera sig breiða. Guði sé lof að það kom ár þar sem fannst eitt eða tvö kjördæmi þar sem var eitthvað minna gert en fyrir Reykjanes, liggur í orðunum. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um það hvort svæði sem hafa átt við mjög erfitt atvinnuástand að stríða eins og Suðurnes á liðnum árum, sem oft og tíðum voru með mesta atvinnuleysið hlutfallslega á landinu, séu gjaldgeng þarna inn og tilheyri dreifbýlinu af því að þetta er Byggðastofnun eða ekki. Um það snúast málin.

[16:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fáeinum orðum svara hv. 5. þm. Reykn. um þær hugmyndir sem ég hef um hlutverk Byggðastofnunar. Ég held að þær séu í meginatriðum svipaðar og

kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þ.e. að hlutverk Byggðastofnunar sé í raun þannig að það stjórni byggðaþróun. Í mínum huga er það þannig. Og það sem ég hef séð t.d. varðandi þá áætlun sem gerð var á Suðurnesjum, svokölluð Suðurnesjaáætlun, að þar var stofnað eignarhaldsfélag sem sá um að deila fjármunum til fyrirtækja á Suðurnesjum, þá held ég að það hafi verið gott fyrirkomulag. Ég held að slíkir sjóðir, sem stjórnað er af heimamönnum, séu farsæl lausn á því að úthluta fjármunum þegar um er að ræða að þekkja innviði fyrirtækja og þekkja stofnanir. Í mínum huga hefur það átt að vera og mætti vera hlutverk Byggðastofnunar að styrkja slíka sjóði og einnig að styrkja þær skrifstofur sem Byggðastofnun hefur sett upp úti um land. Ég held að Suðurnesjaáætlunin hafi einmitt skilað Suðurnesjamönnum sérstaklega miklu fyrir það hvað þeir voru sjálfir mikið við það starf allt saman og þáttur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var náttúrlega gríðarlega mikill í því að fá Íslenska aðalverktaka og fleiri aðila til þess að láta þá áætlun rætast.

[16:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Ég þakka 10. þm. Reykjaness fyrir skýr svör um þetta efni og varpa fram þeirri spurningu til forsrh. hvað honum finnist um þær hugmyndir að þróa Byggðastofnun í þá átt að hún veiti frekari styrki til svæðanna sem aftur hefðu með verkefnin sjálf að gera.

[16:31]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar að hann var ósáttur við lánveitingar til Suðurnesja. Hann taldi að þær hefðu í gegnum árin verið of lágar miðað við tilefni. Mig langar því að inna hann nánar eftir rökum fyrir þessari skoðun sinni og spyr hann að því hvað hann leggi til grundvallar. Eins og ég skil verkefni Byggðastofnunar er henni ætlað að reyna að sporna við þróun í byggðamálum sem menn telja óæskilega. Og með því eiga menn fyrst og fremst við breytingu á íbúamynstri, reyna að sporna við fækkun íbúa á tilteknum svæðum með opinberum aðgerðum. Nú er ég ekki vel kunnugur íbúaþróun á Suðurnesjum, það kann að vera að fólki hafi verið að fækka þar. Ég spyr hv. þm.: Er það reyndin að aðstæður þar hafi verið með þeim hætti að rúmast geti innan þessa hlutverks sem Byggðastofnun hefur? Hafi hún mismunað svæðum, finnst mér bæði rétt og skylt að gera athugasemdir við útlánastarfsemina.

Í öðru lagi spyr ég hvort hann sé þá ekki sammála því að um fyrirtæki sem við getum sagt að sé í eigu þjóðarinnar, Íslenskir aðalverktakar, gildi að arðurinn sem ríkið hefur af þeirri starfsemi standi þá allri þjóðinni til boða eftir einhverjum skilgreindum reglum, en sé ekki einvörðungu einkamál Suðurnesjamanna eins og mér hefur fundist að þeir hljóti að telja þegar þeir fá Íslenska aðalverktaka til að blanda sér í aðra atvinnustarfsemi á því svæði.

[16:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á síðasta kjörtímabili ríkti ófremdarástand í byggðaþróun á Suðurnesjum. Mjög dró úr atvinnutækifærum og atvinnuleysi var það mesta sem þekkst hafði í landinu á þeim tíma. Þetta var mjög alvarlegt og okkur fannst að hlutur Suðurnesjamanna í þeim fjármunum sem deilt var um landið væri lítill miðað við þáverandi aðstæður. Okkur fannst hættulegt fyrir íbúana að hafa ekki lífsviðurværi á svæðinu. Ég vil ítreka að mikilvægasta byggðaþróunin er kannski sú að halda stöðugleika í landinu þannig að erlend fjárfesting geti fest hér einhverjar rætur. Kannski getur það stöðvað þá þróun sem orðið hefur á brottflutningi landsmanna til útlanda. Menn ættu líka að átta sig á annarri þróun sem kannski má flokka undir byggðaþróun. Ef við höldum þeim stöðugleika sem náðst hefur, og ég hef trú á að svo verði undir stjórn núverandi ríkisstjórnar, verður brugðist við erfiðari þróun úti á landi samhliða uppbyggingu hér á þessu stóra svæði, höfuðborgarsvæðinu. Og við munum víst seint stjórna því hvernig erlendir fjárfestar vilja fjárfesta hér á landi. Höfuðatriðið er að þeir skuli vilja koma hingað og það mun styrkja alla framtíðarbyggðaþróun í landinu.

[16:35]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að þingmaðurinn var í raun og veru að tala um allt annað mál en það sem ég tel hlutverk Byggðastofnunar. Hann var að tala um atvinnuleysið og þann vanda sem því fylgir. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál og ástandið er misjafnt eftir svæðum. Við vitum að á Suðurnesjum hefur verið erfitt ástand í þeim efnum. En það er ekki hlutverk Byggðastofnunar að vera með aðgerðir til að sporna sérstaklega við slíku. Þetta er Byggðastofnun og hefur þar af leiðandi annað hlutverk. Það eru aðrir aðilar sem sjá um að bregðast við atvinnuleysinu. Auðvitað væri hægt að breyta skilgreiningu Byggðastofnunar ef menn vildu, þannig að hún tæki á þessu máli og væri ætlað að vera miðstöð aðgerða af opinberri hálfu gegn atvinnuleysi. En þá færi langmest af ráðstöfunarfé stofnunarinnar á annan stað en á Suðurnesin. Það færi til Reykjavíkur því hvergi á landinu er atvinnuleysi meira en þar, bæði að fjölda til og sennilega líka hlutfallslega. Þá er þetta ekki lengur Byggðastofnun heldur einhver aðgerðastofnun gegn atvinnuleysi. Það er allt annað mál. Ég held að þingmaðurinn megi ekki rugla þessu tvennu saman. Hins vegar get ég tekið undir það sem hann sagði í upphafi síns andsvars að það hefði ríkt ófremdarástand í þessum efnum af hálfu ríkisstjórnarinnar á síðasta kjörtímabili. Þar er ég sammála honum og þarf ekki að eyða fleiri orðum til að rökstyðja þau sjónarmið að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. stóð ekki vel að verki að þessu leyti á síðasta kjörtímabili.

Ég vil að lokum árétta það sem ég sagði í lok fyrra andsvars míns varðandi Íslenska aðalverktaka. Ég tel það ekki verkefni stjórnenda Íslenskra aðalverktaka að útdeila arðinum af því fyrirtæki til verkefna á einhverju tilteknu svæði sem í þessu tilviki eru Suðurnes. Þetta er fyrirtæki í eigu þjóðarinnar. Það er þá verkefni ríkisins að ákveða hvernig skuli farið með þann arð og útdeila eftir einhverjum almennum reglum sem menn koma sér saman um. En ég tók eftir því að þingmaðurinn svaraði því engu hvaða skoðun hann hefði á þessu athæfi.

[16:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnuleysi og byggðaþróun, atvinna og byggð. Þetta hlýtur að haldast í hendur og í mínum huga er það þannig. Ef það er engin atvinna, þá er engin byggð. Það hlýtur því að vera hlutverk Byggðastofnunar að reyna að halda uppi atvinnu eins og hún hefur reynt að gera í gegnum árin með alls konar aðgerðum víða úti um land. Þannig skil ég ekki almennilega hvers konar hártoganir þetta eru hjá hv. þm. Ef hann er að tala um það að Byggðastofnun hafi aldrei reynt að styrkja atvinnulífið úti á landi heldur sé það með

einhverjum öðrum og óskilgreindum hætti átta ég mig ekki á þeim röksemdum. Og það er algjör mistúlkun að ég hafi sagt að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi ekki staðið sig á síðasta kjörtímabili. Þvert á móti. Ég sagði að ríkisstjórnin hefði einmitt brugðist við þeim vanda sem skapaðist á Suðurnesjum á þeim tíma, eða árunum 1991 – 1992. Ég held að þar hafi verið brugðist mjög rétt við og á þann hátt sem hefur gagnast svæðinu. Mér sýnist og ég vona að það verði til þess að við náum að byggja það aftur upp og fjölga störfum, sem er brýnt og nauðsynlegt. Það hefur a.m.k. tekist að stöðva þá miklu skriðu atvinnuleysis sem þar var á þeim tíma.

[16:40]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu skýrsla forsrh. um störf Byggðastofnunar sem er ítarleg og athyglisverð. Ég ætla ekki að gera hana í heild að umræðuefni en ég ætla að víkja að nokkrum atriðum í skýrslunni sem ég tel að séu mjög jákvæð og snerta málefni ferðaþjónustunnar.

Byggðastofnun hefur látið að sér kveða í málefnum ferðaþjónustunnar með ýmsum hætti, bæði með lánveitingum til fyrirtækja í ferðaþjónustunni svo og með styrkjum til ákveðinna verkefna á sviði ferðaþjónustu. En auk þess hefur Byggðastofnun innt af hendi greiðslur fyrir rannsóknaverkefni á sviði ferðaþjónustu og tel ég að sú starfsemi sé ekki síst athyglisverð. Og þær upplýsingar sem koma fram um þá starfsemi í þessari skýrslu eru fullrar athygli verðar. Á bls. 15 er getið um sérstaka skýrslu sem unnin var á vegum Byggðastofnunar um ferðamál árið 1993 og Sigurborg Kr. Hannesdóttir stóð að. Þessi skýrsla var á sínum tíma ákveðið tímamótaplagg og varpaði ljósi á þróun þessara mála langt umfram það sem áður hafði verið gert.

Það er getið um það í skýrslu Byggðastofnunar að í fyrrnefndri skýrslu hafi komið fram að framboð gistirýmis hafi aukist umfram eftirspurn undanfarin ár. Síðan skýrslan var birt hefur verið unnið efni á þessu sviði, viðbótarefni af hálfu Gunnars Karlssonar sem er lektor við Háskólann á Akureyri. Hann hefur skoðað alveg sérstaklega nýtingu hótel- og gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu og birt um það niðurstöður sem eru satt best að segja þess eðlis að það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því. Niðurstöðurnar sem snerta bæði nýtingu hótelrýmis og gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu en einnig nýtingu gistirýmis almennt, sýna fram á meira en skýrsla Byggðastofnunar frá 1993. Þær sýna fram á að fjárfestingin í gistirými hefur farið eftir fjölda ferðamanna á háannatíma. Menn hafa með öðrum orðum tekið mið af fjölgun ferðamanna á háannatíma í þessari fjárfestingu. Það hefur þýtt að nýting gistirýmisins utan háannatíma hefur farið snarversnandi. Þetta hefur gerst á sama tíma og stjórnvöld hafa í ferðamálum sett sér það sem sérstakt markmið að nýta betur gistirýmið utan háannatímans. Léleg nýting gistirýmisins utan háannatíma hefur leitt til tapreksturs og hallarekstrs í hótelþjónustu á Íslandi. Það hefur verið litið á það sem meginviðfangsefni að reyna að bæta nýtinguna utan háannatíma. Mikil fjárfesting í gistirými á undanförnum árum og langt umfram fjárfestingu í öðrum þáttum ferðaþjónustunnar hefur leitt til þess að þessi viðleitni hefur eiginlega snúist við. Menn hafa að vísu náð þeim árangri með sérstakri markaðssetningu landsins utan háannaatíma að laða til landsins mun fleiri ferðamenn á þessum tíma en áður var mögulegt. Engu að síður hefur framboðið aukist langt umfram nýtingu. Þetta þýðir að þarna er ójafnvægi í fjárfestingu og það skortir einhverjar betri viðmiðanir. Það skortir betri þekkingu bæði á eðli markaðarins og á mikilvægi þess að það sé jafnvægi í fjárfestingu hinna mismunandi þátta ferðaþjónustunnar.

Framtak Byggðastofnunar í því að stuðla að upplýsingaöflun um málefni ferðaþjónustunnar er mjög lofsvert. Ég vil leggja áherslu á það hér og nú að ef Byggðastofnun gerist á komandi árum virkari aðili að rannsóknaverkefnum í ferðaþjónustu og þróunarmálum, þá er það mjög af hinu góða. Ég teldi að það félli mjög vel að hlutverki stofnunarinnar eins og það er nú að sinna rannsóknamálum í ferðaþjónustu meira en verið hefur. Mér er kunnugt um að slík málefni eru nú til umfjöllunar í Byggðastofnun og ég hvet stjórnarmenn í Byggðastofnun eindregið til þess að veita slíkum málum stuðning. Byggðastofnun getur orðið ein af þeim stofnunum sem tekur þátt í því að búa til rannsóknarumhverfi fyrir ferðaþjónustuna, en það hefur sárlega skort.

Virðulegi forseti. Ég hef getið þess áður í þessum ræðustól að þessa næststærstu atvinnugrein að því er gjaldeyrisöflun varðar skortir sárlega það bakland sem aðrar atvinnugreinar hafa í rannsóknum. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að leggja áherslu á það að sá þáttur sem Byggðastofnun hefur átt í því að reyna bæta þessa rannsóknaaðstöðu og upplýsingaöflun fyrir ferðaþjónustuna er mjög mikils virði. Ég hvet formenn stjórnar Byggðastofnunar og alla stjórnarmenn eindregið til þess að styðja með ráðum og dáð stofnunina í því að taka enn meiri þátt í rannsókna- og þróunarstarfi og ég tel að þeir séu á réttri leið í sínum störfum þar.

Það vill nefnilega svo til að upplýsingar, sem eru að berast nú um þróun ferðaþjónustunnar í heiminum, benda til þess að á sama tíma og við fjárfestum svipað í grunnþáttum ferðaþjónustunnar eins og aðrar þjóðir og áætlanir okkar um fjárfestingu í þessum efnum eru mjög svipaðar og meðaltal hjá OECD-ríkjunum á næstu tíu árum, þá er greinilegt af þeim hagtölum sem OECD-ríkin hafa úr að spila að við gerum okkur minni væntingar um arðsemi af þessum fjárfestingum í ferðaþjónustunni en aðrar þjóðir. Þá á ég bæði við grunngerð þjóðfélagsins í samgöngum og samgöngumannvirkjum en einnig í sjálfri ferðaþjónustunni, í hótel- og gistirými, í flugvélum og flugflota, samgöngutækjum. Með öðrum orðum, við fjárfestum svipað en við gerum okkur minni væntingar um arðsemi og við gerum okkur minni væntingar um atvinnusköpun í þessum efnum en aðrar þjóðir ef þær upplýsingar sem ég rek hér til stofnunarinnar World Travel and Tourism Council eru réttar. Þær upplýsingar segir stofnunin að hún hafi frá OECD-ríkjunum. Ég tek hins vegar fram að ég hef efasemdir um að allar þessar upplýsingar séu réttar. Ég sé t.d. að spá um vöxt í ferðaþjónustunni á Íslandi næstu tíu árin er mun lægri en þær tölur sem ég hef séð hjá Ferðamálaráði Íslands og munar þar talsverðu. Ég leyfi mér um leið og ég vek athygli manna í þinginu á þessum nýútkomnu upplýsingum að efast um að þar sé öllu haldið rétt til haga. Ef þessar tölur eru réttar erum við að tala um að við Íslendingar horfum til framtíðar með svipuðum augum eins og þær þjóðir í Evrópu sem hafa þegar mettað ferðaþjónustumarkað sinn, þ.e. Frakkar og Grikkir. Þeir gera ráð fyrir mjög litlum vexti atvinnusköpunar í ferðaþjónustu enda er ferðaþjónustan í báðum þessum löndum komin á það stig að þar gætir þreytu hjá þjóðinni yfir of miklu álagi af hálfu ferðaþjónustunnar. Í flestöllum öðrum ríkjum Evrópu er í þessari spá gert ráð fyrir mun meiri vexti ferðaþjónustunnar, það er gert ráð fyrir mun meiri atvinnusköpun af völdum ferðaþjónustunnar en á Íslandi og ég vek athygli á þessu. Ef

við höfum minni væntingar um að nýta okkur fjárfestingar okkar í ferðaþjónustunni er eitthvað verulega mikið að og við þurfum að skoða þessi mál betur. Byggðastofnun getur með áhuga sínum á þróunarmálum ferðaþjónustunnar lagt verulegan skerf að því að upplýsa okkur betur um stöðu atvinnugreinarinnar og gera fræðilegt bakland hennar og upplýsingastarfsemi um atvinnugreinina styrkari. Ég held að sú leið sem stofnunin er þarna komin inn á sé rétt og ég held að stofnunin geti unnið mikið gagn með því að beina athyglinni meira að þessum málum.

Þetta var það sem ég vildi að kæmi fram í umræðunni og taldi nauðsynlegt, ekki síst vegna þess að ég hef á mörgum vettvangi lagt áherslu á að starfsumhverfi ferðaþjónustunnar verði bætt og forsendur hennar fyrir stefnumörkun verði styrktar.

[16:50]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þessa umræðu sem hefur verið að stærstum hluta málefnaleg. Hins vegar fagna ég því að þeirri umræðu sem tveir þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa verið í forsvari fyrir. Það er sjálfsagt eitthvað líkt því sem gerist í þeirri almennu umræðu sem þessir þingmenn viðhafa um þessi mál. Ég endurtek það sem ég sagði áðan og virtist nú ekki koma nægjanlega vel til skila að Reyknesingar hafa haft feiknagóða þingmenn og fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar. Ég fullyrði að það er ekki þeim að kenna þó að núv. þingmenn séu að tala fyrir því hér sérstaklega að hlutur Reyknesinga sé slæmur í þessum efnum enda fullyrði ég það að menn fara ekki fram með mál með þeim hætti. Ég vil hins vegar verða við þeirri ósk sem hér kom fram þó ég hafi raunar þegar að hluta til upplýst þau málefni sem hv. þm. Kristján Pálsson leitaði sérstaklega eftir að ég myndi skýra, hlutur Suðurnesja væri í þessum efnum. Mér hafa borist upplýsingar um að útistandandi eru þar 540 millj. kr. Það er líklega á milli 7% og 8% af því sem er útistandandi hjá Byggðastofnun. Lán á síðustu árum hafa verið frá 20–30 millj. Styrkveitingar tvö síðustu ár hafa verið árið 1993 7,5 millj. og árið 1994 3,9 millj. kr. Enda þótt ég telji mig reyndar ekki hafa haft neina sérstaka skyldu til þess að uppfræða hv. þm. um þessi efni vona ég að þetta sé fullnægjandi svar og ég tek það skýrt fram að ég mun ekki leggjast í neinar rannsóknir um það hvernig hlutur hvers og eins kjördæmis eða kjördæmishluta er í þessum efnum. Það finnst mér einfaldlega ekki vera sæmandi fyrir það starf sem ég gegni.

Ég undirstrika alveg sérstaklega í lokin að Byggðastofnun hefur ekkert að fela í þessum efnum. Nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut. Að minni tilhlutan fer nú fram stjórnsýsluúttekt á stofnuninni sem slíkri þar sem ég vænti að öll mál sem einhverju skipta verði fullkomlega leidd fram í dagsljósið.

[16:54]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Vegna orða sem féllu áðan um óæskileg þensluáhrif af álversframkvæmdum langar mig að beina því til hæstv. forsrh. að það verði skoðað hvort ekki megi draga úr þessum óæskilegu þensluáhrifum sem geta fylgt miklum framkvæmdum við álver með því að minnka opinber umsvif á höfuðborgarsvæðinu. Við erum að berjast við mikinn halla á fjárlögum og það er spurning hvort hér skapist þá ekki núna svigrúm til þess að taka hressilegar á því máli en við hefðum ella gert. Í framhaldi af umræðunni sem hefur verið um lánsfé og lánveitingar Byggðastofnunar langar mig að segja það að ég tel ekki nokkra þörf á auknu lánsfé inn í íslenskt þjóðfélag. Það er miklu meiri þörf á áhættufé og það er þörf á því að jafna aðstöðumun milli dreifbýlis og þéttbýlis hvað það varðar að eiga aðgang að því lánsfé sem hér flæðir út um allar gáttir í dag en aðstöðumununrinn felst í því að lánastofnanir í Reykjavík sjá ekki veð úti á landsbyggðinni sömu augum og veð í Reykjavík. Þess vegna myndi Byggðastofnun gera langmest gagn með því að henni væri breytt í ábyrgðasjóð sem veitti ábyrgðir sem drægi úr þeim mismun sem er á verðmæti fasteigna úti á landsbyggðinni og í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, veitti ábyrgðir á því fé sem lánastofnanir lána út á land. Ég beini því til hæstv. forsrh. að skoða þessa hugmynd.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:57.

Efnisskrá.

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor (60. mál) 901.
Áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu (127. mál) 806.
Bílalán til öryrkja (110. mál) 876.
Bjargráðasjóður (125. mál, heildarlög) 821, 883.
Eftirlit með viðskiptum bankastofnana (123. mál) 873.
Erfðabreyttar lífverur (117. mál) 837, 883.
Félagsþjónusta sveitarfélaga (75. mál, fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks) 806, 882.
Fjáraukalög 1994 (45. mál, niðurstöðutölur ársins) 785, 805.
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa 773:
  Eftirlit með dagskrárfé 778.
  Framtíð starfsmenntunar 776.
  Færsla grunnskólans til sveitarfélaganna 773.
  Neyðarlínan 777.
  Óþörf fjárfesting í húsnæðiskerfinu 780.
  Rannsóknarlögregla ríkisins 774.
  Tjón á dreifingarkerfi rafmagnsveitnanna 775.
  Úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna 780.
Gatnagerðargjald (106. mál, heildarlög) 807, 882.
Græn ferðamennska (66. mál) 884.
Landgræðsla (93. mál, innfluttar plöntutegundir o.fl.) 850, 883.
Lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra (79. mál) 797, 806.
Náttúruvernd (95. mál, landslagsvernd) 862, 883.
Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna (109. mál) 824, 883.
Rannsókn kjörbréfs 782.
Rannsóknir í ferðaþjónustu (76. mál) 904.
Rennslistruflanir í Soginu (83. mál) 871.
Ríkisreikningur 1991 (87. mál) 783, 805.
Ríkisreikningur 1992 (88. mál) 784, 805.
Skaðabætur til bænda við Þingvallavatn (37. mál) 868.
Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1994 910.
Stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda (124. mál) 908.
Sveitarstjórnarlög (118. mál, Sléttuhreppur) 811, 882.
Tollalög (68. mál, tollfrjálsar verslanir í höfnum) 795, 806.
Varamenn taka þingsæti 782, 868.
Vatnsveitur sveitarfélaga (119. mál, heimæðar, vatnsgjald) 815, 882.
Vörugjald af olíu (111. mál, frestun gildistöku) 786, 805.
Þjónusta og kynning Egilsstaðaflugvallar (121. mál) 879.

33. FUNDUR

fimmtudaginn 16. nóv.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Græn ferðamennska, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rannsóknir í ferðaþjónustu, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda, þáltill., 124. mál, þskj. 140. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153. — 1. umr.
6. Ríkisreikningur 1994, stjfrv., 129. mál, þskj. 154. — 1. umr.
7. Tryggingagjald, stjfrv., 134. mál, þskj. 160. — 1. umr.
8. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 135. mál, þskj. 161. — 1. umr.
9. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 136. mál, þskj. 162. — 1. umr.
10. Bifreiðagjald, stjfrv., 137. mál, þskj. 163. — 1. umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 174. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv."

Kjörbréf Katrínar Fjeldsted hefur þegar verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því nú samkvæmt 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Katrín Fjeldsted, 6. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[10:36]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Katrín Fjeldsted hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[10:37]

Útbýting þingskjala:

Heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins, 90. mál, svar fjmrh., þskj. 175.

Innheimta á opinberum gjöldum, 42. mál, svar fjmrh., þskj. 181.

Jarðalög, 145. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 172.

Kostnaður við læknisaðgerðir erlendis á íslenskum börnum, 151. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 180.

Ríkisborgararéttur, 155. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 185.

Sjóvarnargarðar í Hafnarfirði, 113. mál, svar samgrh., þskj. 178.

Stefnumótun í löggæslu, 156. mál, frv. ÓÖH o.fl., þskj. 186.

Tæknifjóvgun, 154. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 184.

Umferðarlög, 152. mál, frv. LMR o.fl., þskj. 182.

Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, 157. mál, stjtill. (dómsmrh.), þskj. 187.

Umferðaröryggismál, 150. mál, fsp. SJS, þskj. 179.

Úrelding fiskiskipa, 115. mál, svar sjútvrh., þskj. 188.

Vátryggingastarfsemi, 153. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 183.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ókomnar skýrslur.

[10:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er heldur þunnskipað á ráðherrabekkjum í dag, en engu að síður langar mig að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á bréfi sem okkur þingmönnum hefur borist frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem fjallað er um fíkniefnavanda sem nú virðist vera að breiðast út um landið og verða æ alvarlegri. Ég minni á að það liggur fyrir beiðni um skýrslu um þessi mál frá þingmönnum sem enn er ekki fram komin. Engu að síður sló það mig mjög að heyra þessa ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga og jafnframt viðtalsþátt í útvarpinu þar sem fjallað var um þessi mál og ég hugsaði hvað við værum að gera hér þegar þingfundir falla niður, en á meðan kraumar vandinn úti í samfélaginu og fer vaxandi. Ég hefði viljað inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvort við eigum von á þeirri skýrslu sem beðið var um. Jafnframt hvet ég ríkisstjórnina og okkur þingmenn til þess að verða við þessari áskorun, en hér er skorað á Alþingi að herða viðurlög við smygli og sölu á fíkniefnum og efla jafnframt þann þátt löggæslunnar sem sinnir þeim málum. Að vísu er þessi þáttur aðeins hluti af vandanum og það sem ekki snýr síður að okkur sem hér erum er að efla forvarnir, ekki síst í skólakerfinu, og að við opnum augun fyrir því að þetta er mjög vaxandi og alvarlegur vandi í okkar samfélagi sem verður að taka á og þar ættum við að læra af reynslu annarra þjóða.

Ég vildi koma þessu á framfæri, hæstv. forseti, en þar sem hér eru fáir ráðherrar til svara er kannski erfitt að taka þetta mál upp.

[10:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í bréfi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga er greint frá þeirri samþykkt sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Nú stendur þannig á að í fyrsta lagi var haldinn ríkisstjórnarfundur á afbrigðilegum tíma vegna fjarveru margra ráðherra síðasta þriðjudag. Honum er rétt að ljúka, en hæstv. dómsmrh. sat ekki þennan fund af því að hann er að ávarpa þing Farmanna- og fiskimannasambandsins sem er haldið um þessar mundir og samkvæmt dagskrá þess þings þurfti hann að sinna embættisskyldu sinni þar. Það er skýringin á því hvers vegna hann er ekki kominn hingað nú.

Í tilefni orða hv. þm. mun ég að sjálfsögðu bera þau skilaboð til hæstv. dómsmrh. Sé um að ræða beiðni um skýrslu eða beðið eftir umræðu um þessi mál, sem eru vissulega mál sem Alþingi þarf að láta sig skipta, þá skal ég koma þeim skilaboðum að þessi umræða hafi farið fram í dag.

[10:42]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég vil líka segja frá því að við þingmenn Framsfl., Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason og sá sem hér stendur, hyggjumst leggja fram þáltill. um þetta mál og hún verður lögð fyrir þingið mjög fljótlega.

Græn ferðamennska, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [10:44]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 60. mál. — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [10:45]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Rannsóknir í ferðaþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [10:46]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. VÁ og ÁE, 124. mál. — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [10:47]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1993, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 153.

[10:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1993 sem er 128. mál þessa þings og liggur fyrir á þskj. 153. Frv. er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1993 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í október 1994. Í ríkisreikningum undanfarinna ára hefur verið lögð áhersla á að endurmeta ýmsa efnahagsliði ríkisreikningsins í áföngum.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1993 er í fyrsta sinn beitt þeirri aðferð að leggja fé í afskriftasjóð til að mæta hugsanlega töpuðum kröfum þó að fyrirtæki séu ekki endilega komin í gjaldþrotameðferð. Þetta þýðir að inn í reikninginn koma uppsafnaðar afskriftir margra ára. Af því leiðir að niðurstöðutölur reikningsins endurspegla ekki afkomuna á þessu tiltekna ári, árinu 1993.

Breyttar uppgjörsaðferðir á undanförnum árum fela í sér að niðurstöðurtölur ríkisreiknings gefa ekki nákvæma mynd af afkomu einstakra ára. Þetta þarf að hafa í huga við samanburð á milli ára.

Frumvarpið er samkvæmt venju í þremur greinum. Í 1. gr. eru sýndar niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs og í 2. gr. eru með sama hætti sýndar niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreiknings B-hluta stofnana ríkisins. 3. gr. felur svo í sér gildistökuákvæði laganna.

Niðurstöðutölur ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um rúma 19 milljarða kr. en var árið á undan neikvæð um 10,5 milljarða. Heildartekjur námu 100,1 milljarði og er það lækkun um 5,8 milljarða frá fyrra ári. Heildarútgjöld ríkissjóðs urðu 119,2 milljarðar og er það hækkun um 2,5 milljarða frá fyrra ári.

Lækkun tekna á ríkisreikningi á milli ára skýrist einkum af þremur þáttum. Í fyrsta lagi drógust skatttekjur saman vegna erfiðari stöðu atvinnufyrirtækja og minni atvinnutekna einstaklinga svo og lækkunar á aðflutningsgjöldum. Í öðru lagi námu afskriftir skattkrafna 4,1 milljarði kr. hærri fjárhæð á árinu 1993 en árinu áður, en eins og ég minntist á er hér verið að safna í afskriftasjóð og reyndar verið að afskrifa vegna margra ára en ekki eins árs. Loks voru tekjur af virðisaukaskatti oftaldar um rúmar 1.300 millj. kr. í ríkisreikningi 1992 og eru þær leiðréttar til lækkunar á árinu 1993.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins eykst halli ríkissjóðs um 9,4 millj. kr., verður rúmir 19 milljarðar í stað 9,6 milljarða kr. í greiðsluuppgjöri. Við reikningsuppgjörið lækkuðu tekjur ríkissjóðs um 3 milljarða kr. en gjöldin hækkuðu um 6,3

milljarða. Mismunurinn skýrist einkum af því að við frágang reikningsins þarf að taka tillit til ýmissa skuldbindinga og afskrifta sem ekki hafa greiðsluhreyfingar í för með sér og koma því ekki fram í greiðsluuppgjöri. Á gjaldahlið skýrist mismunurinn að stórum hluta af því að lífeyrisskuldbindingar umfram lífeyrisgreiðslur ársins 1993 námu 3,5 milljörðum kr. og áfallnir en ógreiddir vextir hækkuðu um 2,3 milljarða.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu er vísað til skýrslu fjmrh. frá því í febrúar árið 1994 um ríkisfjármálin á árinu 1993 og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1993.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að að lokinni 1. umr. verði frv. þessu vísað til fjárln. og 2. umr.

[10:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér eru til meðferðar á þessum fundi tveir ríkisreikningar, þ.e. bæði fyrir árið 1993 og 1994. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir reikningnum fyrir árið 1993 og í sjálfu sér sætir það ekki miklum tíðindum að öðru leyti en því að það er kannski vert að vekja athygli hv. þm. á því að samkvæmt niðurstöðunum þá eru gjöld umfram tekjur í þessum ríkisreikningi 19 milljarðar kr. Það er nú alveg sæmileg tala, hæstv. forseti. Satt best að segja finnst mér stundum að umræðan um ríkisreikninginn fái í rauninni of litla athygli, t.d. miðað við þá umræðu sem oft fer fram um fjárlögin þar sem menn reyna að stilla hlutina af upp á millimetra, upp á þúsundir eða 100 þús. króna eða stakar milljónir. En svo kemur ríkisreikningurinn yfirleitt einu, tveimur árum síðar og þá kemur í ljós hver ríkisreksturinn í raun og veru var á viðkomandi ári. Á árinu 1993 var hann þannig í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. að hann skilaði halla upp á 20 milljarða kr. Ég man satt að segja ekki eftir öllu innblásnari ræðum um ríkisfjármál en frá hv. form. Alþfl. Það er satt að segja alveg hrikalegt að horfa á þessar tölur miðað við þær ræður og full ástæða að velta því fyrir sér hverju það sætir að staðan er í raun og veru svona, að vandi ríkissjóðs birtist okkur með þessum hætti.

Í sjálfu sér er það ekki efni umræðu og ástæðulaust að ræða það undir þessum lið hvernig vandi ríkissjóðs er í heild vegna þess að hér er auðvitað fyrst og fremst um það að ræða að verið er að staðfesta eða synja ríkisreikningnum sem slíkum. En í sjálfu sér eru hér engu að síður afskaplega alvarlegir hlutir á ferðinni og þetta er kannski ekki síst alvarlegt, hæstv. forseti, vegna þess að það liggur fyrir að það er ekki enn þá búið að afgreiða ríkisreikninginn fyrir árið 1991. Af hverju ætli það sé? Ætli það sé vegna þess að þar sé um að ræða einhverjar samlagningarskekkjur eða ágreining um aðferð við útreikning milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. eða þingsins og ráðuneytisins? Nei, svo er ekki. Ástæðan er sú að Ríkisendurskoðun hefur viljað færa hlutina allt öðruvísi en fjmrn. hefur viljað fallast á. Það hefur verið uppi um árabil, eða allt frá árinu 1992, verulegur ágreiningur. Og reyndar miklu lengur. En þetta er elsti reikningurinn sem liggur hér. Það er því í rauninni alveg ótrúlegt að hæstv. fjmrh. sem nú er að byrja sitt annað kjörtímabil, vonandi verða þau ekki fleiri, hefur ekki enn fengið Alþingi til að afgreiða fyrsta ríkisreikninginn frá árinu 1991. Það er nokkuð athyglisvert. Það er vegna þess að það er uppi ágreiningur milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn., annars vegar um færslu á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs og hins vegar um færslu á fjármunum vegna Sandgerðishafnar, ef ég man rétt. Þar eru sem sagt uppi deilur og þær hafa ekki verið settar niður enn þá. Spurningin er þá sú: Stendur Alþingi þannig að málum eins og því frv. sem hér liggur fyrir að það verði að samþykkja frv.? Er í raun ekkert hægt að gera? Er Alþingi stillt upp við vegg þannig að það geti ekki annað en lagt blessun sína yfir hvert einasta orð sem stendur í þessum texta? Þannig er það ekki. Ég vek athygli hv. þingmanna á því, og alveg sérstaklega þeirra sem eru í fjárln., að þeir geta breytt þessu. Það eru fordæmi fyrir því að fjárln. hafi að hluta til talið nauðsynlegt að breyta ríkisreikningsuppsetningunni eins og gerð hefur verið tillaga um af hálfu fjmrn. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi og þá sérstaklega hv. fjárln. að gera sér grein fyrir því að það þarf að aga fjmrn. í þessum efnum.

Fjmrn. fer oft fram með miklum gassagangi í málum af þessu tagi og það er nauðsynlegt að Alþingi geri sér grein fyrir því, og þá sérstaklega fjárln., að hún er fullburðug gagnvart fjmrn. að því er þessa hluti varðar. Fjmrn. vill eins og kunnugt er alltaf ráða yfir því sem gerist hér í þessari stofnun þegar kemur að fjárlögum, ekki síst fjárln. Fjmrn. hefur haft tilhneigingu til þess að líta á fjárln. sem sína undirnefnd, helst sem starfsnefnd á vegum fjmrn., og hafa komið af því undarlegar fréttir í blöðum í seinni tíð, eins menn vita. En veruleikinn er engu að síður sá að fjárln. er sjálfstæð, jafnvel gagnvart hans hátign, hæstv. fjmrh. Það er nú hvorki meira né minna en svo. Mér finnst því að hv. fjárlaganefndarmenn þurfi að átta sig á að það er heldur að þyngjast í þeim pundið, að þeir hafa þetta vald. Þeir gætu jafnvel ákveðið að breyta tilteknum hlutum í niðurstöðum ríkisreiknings.

Það er mín skoðun, hæstv. forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt að gera það að því er varðar ríkisreikninginn 1991. Vegna þess að það er auðvitað ekki nokkur mynd á því að afgreiða hann eins og fjmrn. hefur verið með kröfur um árum saman, en Alþingi hefur í raun og veru neitað að fallast á óskir fjmrn. í þessu efni. Spurningin er hvort þetta þing sem nú situr er þannig á sig komið að það muni láta fjmrn. segja sér fyrir verkum, sem fyrri þing hafa ekki gert. Og hverjir hafa stöðvað þá afgreiðslu? Það var aðallega hv. þm. Pálmi Jónsson, þingmaður Sjálfstfl., sem situr ekki lengur í þessari virðulegu stofnun.

Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti, vegna þess að það er óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að hér er um að ræða mál sem þessi stofnun, Alþingi, getur auðvitað tekið á með sjálfstæðum hætti og fjárln. á að taka á með sjálfstæðum hætti. Ég spyr t.d. hvort hugsanlegt sé að fjárln. eyði of litlum tíma í að fjalla um ríkisreikninginn. Er það þannig, ég spyr þar sem ég þekki það ekki, að fjárln. fari yfir ríkisreikninginn með hliðsjón af fjárlögum viðkomandi árs, lið fyrir lið? Er það þannig þegar ríkisreikningsfrv. kemur fram að þá fari fjárln. yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á því ári sem um er að ræða?

Staðreyndin er auðvitað sú, hæstv. forseti, að það er algjörlega gagnslaust að leggja þessi mál fyrir með þeim hætti sem oft hefur verið gert hér, nema farið sé mjög nákvæmlega í saumana á því hvernig að þessum málum er staðið og hvernig á því stendur t.d að þessi ríkisreikningur sýnir allt aðrar tölur í öllum liðum en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Það var m.a. afbrigðilega slæmt árið 1993 að því er þetta varðar vegna þess að þá voru menn í fyrsta lagi með flatan niðurskurð að einhverju leyti og síðan voru menn að dreifa honum út til stofnana í gegnum ráðuneytin eftir ákvörðun

ráðherra hverju sinni án þess að Alþingi gæti fylgst neitt með því. Hér var því afbrigðilega illa að hlutunum staðið að því er varðar stjórn ríkisfjármála sem sést aðallega á því að skuldir ríkisins aukast á árinu 1993 um nærri 20 þús. millj. kr., hæstv. forseti.

[11:01]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. beindi nokkrum orðum til fjárlaganefndarmanna varðandi vinnubrögð fjárln., ríkisreikning og framkvæmd fjárlaga. Ég vil upplýsa að það hefur verið lögð í það nokkur vinna í fjárln., þó alltaf megi deila um hvað er nóg í þeim efnum og hvað ekki, að fylgjast með framkvæmd fjárlaga með aðstoð Ríkisendurskoðunar og fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar um þau efni. Einnig hefur verið lögð nokkur vinna í það, m.a. nú nýverið, að fara í gegnum ríkisreikning. Eins og kunnugt er, er uppsetning ríkisreikninga 1994 nokkuð breytt. Það hefur verið lögð ærin vinna í það og við höfum fengið inn í nefndina sérfræðinga frá fjmrn., Ríkisendurskoðun og ríkisreikninganefnd svokallaðri til að fara yfir nýjar hugmyndir um uppsetningu ríkisreiknings og fjárlaga sem er mikil nauðsyn á að breyta og færa til nútímahorfs.

Ríkisreikningur árið 1991 er til meðferðar í fjárln. og við höfum lagt í það nokkra vinnu að fara yfir það mál enn einu sinni. Þeirri vinnu er ekki lokið og ég vil ekkert um það segja fyrr en álit nefndarinnar liggur fyrir. Ég tel það ekki tímabært þar sem málið er til meðferðar í nefndinni.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talaði mest í sinni ræðu um reikninginn 1991 sem var til umræðu um daginn og er þegar farinn til hv. fjárln. Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm., ef hann skyldi vera búinn að gleyma því, að hv. nefnd afgreiddi það frv. frá sér á sínum tíma með sama hætti og fjmrn. hafði gert ráð fyrir þótt endanleg afgreiðsla þingsins hefði ekki átt sér stað. En ég tek undir með honum að það er nauðsynlegt að fá afgreiðslu eldri reikninga sem allra fyrst. Sem betur fer hefur þetta verið að lagast í seinni tíð og er aldrei betra en nú þegar staðið er þannig að málum að reikningar koma inn miklu fyrr en áður tíðkaðist.

Vegna umræðna um greiðslugrunn og reikningsgrunn skal það tekið fram að svokallað fjárreiðufrv. hefur verið kynnt, bæði hv. fjárln. og eins hv. efh.- og viðskn., og það er unnið að því að koma því frv. fram hér á þingi og þá geta menn leikið sér áfram að umræðum um slíkt.

Ég ítreka það síðan vegna orða hv. þm. að á árinu 1993 eru teknar inn afskriftir margra ára sem breytir auðvitað niðurstöðutölunum. Ef það á að kallast eitthvert stórkostlega sérstakt ár af því að það framkallist tæplega 20 milljarða halli, minni ég á að stærsta breytingin var gerð á árinu 1989 þegar skuldbindingar voru teknar inn í ríkisreikning og hann færður á svokallaðan reikningsgrunn. Þá kom fram halli á því eina ári upp á 80 milljarða og engum, jafnvel ekki hugmyndaauðugum mönnum á borð við hv. þm., datt í hug að tala um það sem halla eins árs þegar safnað var saman skuldbindingum fjölmargra ára vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

[11:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál er því miður ekki í sjálfu sér spurning um hugmyndaauðgi. Þetta er erfiðara og alvarlegra en svo. Veruleikinn er auðvitað þannig að hallinn á ríkissjóði þetta árið nam gríðarlegum fjárhæðum og samkvæmt niðurstöðum ríkisreiknings er hallinn á árinu 1993 19 milljarðar kr. Auðvitað er hluti skýringarinnar sá sem hæstv. ráðherra nefndi, en heldur ekki meira, vegna þess að t.d. á árinu 1992, ef ég tek næsta ár á undan sem er fyrsta heila árið í tíð núv. hæstv. fjmrh., þá var hallinn á ríkissjóði 10,6 milljarðar kr. Þannig að það þýðir ekkert fyrir hann að ætla sér að neita að horfast í augu við þann veruleika að ríkissjóðshallinn hefur verið viðvarandi vandi hér alla hans ráðherratíð. Og hvað sem líður tæknilegri uppfærslu mála, þá er það í raun og veru aukaatriði að því er þessa hluti varðar.

En það er hins vegar mikilvægt að það komi fram og verði ítrekað út af ræðu hv. formanns fjárln. að reikningurinn fyrir 1993 er verri en aðrir reikningar að því er varðar uppsetningu og samanburðarhæfni fjárlaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar. Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1993 kemur þetta t.d. fram á bls. 20, með leyfi forseta:

„Í ríkisreikningi fyrir árið 1993 kveður svo rammt að þessum færslum milli fjárlagaliða að fjárlög ársins 1993 eru ekki lengur skráð sem grunngagn í flestum samanburðaryfirlitum reikningsins, heldur svokallaðar „fjárheimildir"."

Á bls. 20 í þessu skjali eru nefndir sjö liðir þangað sem fjármunir eru sóttir til þess að setja inn á og rökstyðja ákveðna útgjaldaþætti ríkissjóðs, en fjárlögin sem slík eru óbrúklegt stjórntæki árið 1993, eins og fram kemur í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings. Það er þess vegna sem reikningurinn fyrir árið 1993 verður að fá mun alvarlegri umræðu í hv. fjárln. heldur en mér fannst hæstv. fjmrh. gefa í skyn áðan þegar hann talaði um þetta eins og þetta væri hvert annað rútínuplagg sem ætti að vera hægt að hrista í gegn á stuttum tíma.

[11:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei sagt, hvorki fyrr né síðar, að það eigi að hrista plögg út úr nefndum. Ég hef aðeins minnt á að það voru afgreidd úr fjárln. á síðasta kjörtímabili nokkur nefndarálit sem hlutu ekki afgreiðslu þingsins. Það var það sem ég sagði. Ég minntist ekkert á þennan reikning sem hér er til umræðu, 1993 eða 1992 sem á líka eftir að afgreiða, en vegna síðustu orða þingmannsins sem nú hleypur í það vígi að fara að tala um þetta sem ónýtt plagg, þá var öllum ljóst hvernig gengið var frá fjárlögum fyrir þetta ár. Það var skorið niður á öllum liðum og síðan var ráðherrum falið að koma peningunum þannig fyrir sem hentugast þætti til þess að ná fram hagkvæmni og hagræðingu í ríkisrekstrinum.

Það takast auðvitað á ýmis sjónarmið í sambandi við ríkisfjármál. En eitt held ég að flestum sé ljóst. Sú breyting sem er að verða og hefur verið í deiglunni á undanförnum árum og verður enn frekar vart við í fjárreiðufrv. er að framkvæmdarvaldið verður að hafa meiri sveigjanleika en það hefur haft hingað til. Uppgjörið verður síðan að vera með þeim hætti að það sé gagnsætt þannig að hv. þingmenn og hv. þingnefndir geti fengið niðurstöðuna í eins skýrum búningi og kostur er. Allt starf sem unnið er í ríkisfjármálunum og hefur verið unnið á undanförnum árum beinist að því að lagfæra þessa hluti. Og þegar hv. þm. talar um halla á fjárlögum sem eitthvert nýtt fyrirbæri, þá er það mikill misskilningur. Hallinn hefur verið viðvarandi í mörg ár langt fram yfir síðasta kjörtímabil. Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur sett sér það markmið að ná þessum halla niður og greiðsluhallanum út á árinu 1997. En við eigum enn nokkuð

langt í land með að ná út reikningslega hallanum og þar á ég við uppsafnaðar skuldbindingar, m.a. vegna lífeyrismála og hins vegar vegna áfallinna en ógreiddra vaxta, en sá liður fer sífellt hækkandi vegna skuldasöfnunar ríkisins. Og ég vona að hv. þm. geti verið mér sammála um það að þetta sé brýnasta verkefni þingsins á þessu kjörtímabili.

[11:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að árið 1993 er mjög afbrigðilegt hvað þessa hluti varðar. Það var sem sagt að því leytinu til afbrigðilegt að við lokameðferð fjárlaganna voru tekin út úr gjaldahliðinni nokkur prósent, ég man ekki alveg hver talan var, ég held að hún hafi verið 3–4%, og síðan var henni dreift á einstaka stofnanir eftir ákvörðun ráðherranna en Alþingi kom aldrei nálægt því. Í rauninni hefði verið hægt að segja í þessari stofnun í lokasetningu fjárlaganna fyrir árið 1993: Alþingi samþykkir þetta frv. að 95%. Restinni ræður framkvæmdarvaldið. Ég er satt að segja sannfærður um að Alþingi hefur aldrei lagst eins lágt í afgreiðslu fjárlaga og að því er varðar þetta frv. fyrir árið 1993 þar sem ráðherrunum var ætlað að sáldra út upphæðum án þess að Alþingi kæmi þar nálægt.

Vera má að hæstv. ráðherrar geti gert þetta vel og þeim sé treystandi. Staðreyndin er hins vegar sú að það er mjög dregið í efa að það hafi í öllum tilvikum verið rétt að því staðið af hæstv. ráðherrum að setja peninga til einstakra stofnana hvort sem það var á vegum menntmrn. eða heilbrrn. Og ég held að það væri líka fróðlegt fyrir fjárln. að fara yfir það á hvaða faglegum forsendum þessum prósentum var úthlutað. Það er væntanlega alveg útilokað að það hafi einhvern tíma gerst á þeim forsendum að menn hafi þar verið að fylgja sínum eigin pólitísku hagsmunum í viðkomandi kjördæmum. Það getur auðvitað ekki verið að það hafi nokkru sinni gerst — eða hvað, hæstv. forseti? En freistingin var fyrir hendi. Það er ljóst.

[11:13]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að því er varðar getu Alþingis til þess að koma fram breytingum á framlögðum frumvörpum um ríkisreikning aftur í fortíð, að svigrúm Alþingis til breytinga á þeim frumvörpum er afar takmarkað. Og snýst þá fyrst og fremst um umræðu af þessu tagi, þ.e. hvort menn eru sáttir við þær tæknilegu grundvallarreglur sem lagðar eru til grundvallar uppsetningu ríkisreiknings.

Hér hafa verið nefndar háar tölur um halla í ríkisbúskapnum og þær birtast í þessu frv. fyrir árið 1993. Hæstv. fjmrh. nefnir dæmi frá 1989, frægt fyrir það að breytingar á aðferðafræðinni við uppsetningu ríkisreiknings enduðu þá í miklu risavaxnari tölum, þ.e. 80 milljörðum. Síðan láta menn eins og þessi umræða hafi eitthvert efnislegt innihald út af fyrir sig. Við erum hér að tala um liðna tíð. En af umræðunni mætti m.a. ályktа að hæstv. fjmrh. sé fulltrúi þeirra sem lengst vilja ganga í að viðhalda þessum innbyggðu hallarekstri í ríkisbúskapnum. Það er staðreynd að hann ber að sjálfsögðu sína ráðherraábyrgð á sínum málum og þessum niðurstöðum. Þá spyr maður: Er það kannski svo að þeir sem fylgdust með þessari umræðu gætu ályktað: Já, en er meiri hluti Alþingis Íslendinga í raun og veru afar ósáttur við þessa þróun mála? Er meiri hluti á Alþingi Íslendinga fyrir því að snúa við af þessari óheillabraut? Eru kröfur uppi um það af hálfu meiri hluta alþingismanna að harðar verði gengið fram í ráðdeild og aðhaldssemi í ríkisrekstrinum? Hefur það verið hlutverk stjórnarandstöðu á undanförnum árum að krefja fjmrh. um að hafa öflugri verkstjórn, sýna meiri ábyrgð, sýna meiri pólitískan kjark við að draga úr útgjöldum? Því öllum er okkur ljóst að útgjaldaaukinn er innbyggður í ríkisbúskapinn og hefur verið árum og áratugum saman. Það er einfaldlega staðreynd að hæstv. fjmrh. hefur ekki tekist að snúa því tafli við. Þeim sem með honum hafa starfað og reynt að leggja sitt lóð á þá vogarskál hefur ekki tekist að ná viðunandi árangri. En ég minnist þess ekki að það hafi verið meiri hluti á Alþingi Íslendinga, burt séð frá því hvaða stjórn hefur verið við völd, sem hefur raunverulega haldið fjmrh. við það efni. Þvert á móti hafa kröfurnar yfirleitt verið á þá leið að auka þennan halla, því miður.

[11:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að meiri hluti Alþingis hefur ekki haldið fjmrh. við efnið. Það er hins vegar ástæða þess að ég tek málið upp í þessari umræðu að Alþingi horfist í augu við þennan veruleika og afgreiði ekki frv. um staðfestingu á ríkisreikningi fram hjá sér eins og eitthvert færibandaplagg. Auðvitað er alveg rétt hjá hv. þm. að Alþingi getur litlu breytt út af fyrir sig úr því sem komið er varðandi uppsetningu ríkisreikningsins. Hins vegar er nauðsynlegt fyrir fjárln. og Alþingi að gera sér ljóst að á árinu 1993 fengu ráðherrar milljarða til að dreifa á stofnanir eftir ákvörðun sinni án þess að Alþingi kæmi þar nokkurn tíma nærri. Það sem ég var að reyna að segja, hæstv. forseti, var ekki síst að Alþingi á ekki að láta bjóða sér slíkar trakteringar. Ég skora á hv. fjárln. að fara þess vegna í einstökum atriðum yfir ríkisreikninginn fyrir árið 1993.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1994, 1. umr.

Stjfrv., 129. mál. — Þskj. 154.

[11:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1994 sem er 129. mál þessa þings og liggur fyrir á þskj. 154.

Útgáfa ríkisreiknings fyrir árið 1994 markar á sinn hátt viss tímamót í reikningsskilum ríkissjóðs. Gerð ríkisreiknings hefur verið svipuð undanfarin 30 ár þó svo að ársreikningar og reikningsskil fyrirtækja hafi tekið miklum breytingum. Uppbyggingu ríkisreiknings er nú breytt og hún færð mun nær því sem tíðkast í ársuppgjörum fyrirtækja eftir því sem við getur átt og innan marka laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Með þessum breytingum verður reikningurinn læsilegri fyrir þá sem eru vanir að lesa almenna ársreikninga og dregur betur fram aðalatriði uppgjörsins en áður. Markmiðið með þessum breytingum er að gera upplýsingar um fjármál ríkisins aðgengilegri fyrir skattgreiðendur og stjórnvöld. Aðgengilegar upplýsingar um ríkisfjármál eru mikilvæg forsenda fyrir efnislegri umræðu um niðurstöðu ríkisfjármála í samanburði við áætlanir svo og þróun og horfur í ríkisfjármálum.

Reikningurinn er gefinn út í tveimur heftum, annars vegar er Ríkisreikningur 1994, heildaryfirlit, þar sem sýndar eru

heildartölur fyrir afkomu A- og B- hluta ríkissjóðs. Hins vegar er Ríkisreikningur 1994, sundurliðun reikninga, en þar er ítarlegt yfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs og einstakra stofnana í A- og B-hluta. Skiptingin er til þess gerð að mæta mismunandi þörfum þeirra sem vilja kynna sér ríkisfjármálin. Heildaryfirlitið er fyrst og fremst ætlað þeim sem vilja fá heildstæða mynd af fjármálum ríkisins. Sundurliðaði reikningurinn er ætlaður þeim sem þurfa á tilteknum eða nákvæmari upplýsingum að halda.

Breyting á ríkisreikningi nú á einkum við um heildaryfirlitið og er það snar þáttur í heildarendurskoðun á reikningsskilum ríkissjóðs og fjárlögum sem ríkisreikningsnefnd hefur lagt til að komið verði á. Nefndin birti tillögur sínar í skýrslunni Fjárreiður ríkisins, sem kom út í nóvember 1994 og í kjölfar þess var efni hennar m.a. kynnt fjölmiðlum. Ekki þarf að taka fram að ríkisreikningurinn fyrir 1994 liggur fyrir og honum var dreift í síðasta mánuði til hv. þm. Frumvarp þetta er samið eftir þessum ríkisreikningi.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því markvisst að færa uppgjörsaðferðir ríkissjóðs nær þeim sem tíðkast á almennum markaði. Stærsta breytingin var gerð í uppgjöri ríkisreiknings 1989 en sú ákvörðun var tekin í tíð þáv. fjmrh., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, en ríkisreikningurinn að sjálfsögðu ekki lagður fram fyrr en síðar eða rétt fyrir miðbik síðasta kjörtímabils. Í ríkisreikningi 1989 voru færðar ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs sem höfðu áður legið utan reikningsins. Í uppgjörum undanfarinna ára hefur verið lögð áhersla á að endurmeta ýmsa efnahagsliði reikningsins í áföngum. Þannig voru í ríkisreikningi 1990 afskrifaðar verulegar fjárhæðir vegna ríkisábyrgða og veittra lána. Hvað varðar útistandandi skattkröfur hefur verið beitt þeirri aðferð að afskrifa að fullu kröfur á fyrirtæki þar sem gjaldþrotaskiptum er lokið en kröfur hafa verið færðar niður um 75% hjá fyrirtækjum sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta jafnvel þótt skiptum sé ekki lokið.

Hæstv. forseti. Í síðasta máli var einmitt rætt um afskriftir útistandandi eigna og þarf ég ekki að fara frekar yfir það í umræðu um þennan reikning en á árinu 1994 var lokið við mótun samræmdra reglna um niðurfærslur á kröfum og framlögum í afskriftasjóði. Fram til þessa hafa veitt lán verið færð niður með beinni afskrift á ríkisreikningi en í ríkisreikningi 1994 er gengið lengra og tekin upp óbein afskrift í fyrsta sinn af veittum lánum. Lagt var mat á kröfur sem voru til innheimtu og þeim skipt í áhættuflokka út frá upplýsingum um tryggingar fyrir kröfum og mati á greiðslugetu skuldara. Breyttar uppgjörsaðferðir á undanförnum árum fela í sér að niðurstöðutölur ríkisreiknings gefa ekki nákvæma mynd af afkomu einstakra ára. Þetta þarf að hafa í huga við samanburð á milli ára eins og var rætt rækilega í síðasta máli sem var til umræðu.

Ég þarf ekki að taka fram að þær afskriftir sem birtast í ríkisreikningi þýða ekki að kröfur ríkisins séu afskrifaðar gagnvart þeim sem eru skuldarar heldur eru fyrst og fremst bókhaldslegar afskriftir eins og menn gera sér grein fyrir til þess að sýna betur en ella hver raunveruleg eignarstaða ríkissjóðs er.

Frumvarpið sem er til umræðu er samkvæmt venju í þremur greinum. Í 1. gr. eru sýndar niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs. Í 2. gr. er sýndar með sama hætti niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings B-hluta stofnana ríkisins. 3. gr. felur svo í sér gildistökuákvæði laganna.

Niðurstöðutölur ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 15,5 milljarða en var árið á undan neikvæð um rúma 19 milljarða. Þessi lækkun á halla er tæplega 3,5 milljarðar eða 18%.

Heildartekjurnar námu 110,4 millj. kr. og er það 10,2 milljörðum hærri tala en var árið á undan. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 125,9 milljarðar á árinu en voru áður 119,2 milljarðar kr. Hækkun á milli ára er því 6,7 milljarðar kr. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1993–1994 miðað við mælikvarða landsframleiðslu er 2,8 þannig að raunhækkun gjalda nemur einnig 2,8%.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslu ársins eykst halli ríkissjóðs úr 7,4 millj. kr. í greiðsluuppgjöri í 15,6 millj. kr. í ríkisreikningi eða um 8,2 milljarða. Í stuttu máli skýrast þessi frávik af því að við lokauppgjör þarf ávallt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa ekki greiðsluhreyfingar í för með sér en fela í sér skuldbindingar eða kröfur fyrir ríkissjóð. Stærstu liðir af þessu tagi í uppgjöri ársins 1994 eru lífeyrisskuldbindingar ársins að frátöldum greiðslum til lífeyrissjóða, 2,8 milljarðar kr. Yfirtekin lán atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar, 1,9 milljarðar og áfallnir ógreiddir vextir, jukust um 3,1 milljarð kr. á milli ára.

Virðulegi forseti. Vegna umræðunnar sem fór fram í síðasta máli er rétt að taka þetta enn skýrar fram. Það er að sjálfsögðu munur, annars vegar á greiðsluuppgjöri og hins vegar á reikningsuppgjöri. Greiðsluuppgjörið er eingöngu sjóðsbókhald, sýnir eingöngu greiðsluhreyfingar innan ársins en í rekstraruppgjöri, uppgjöri sem ríkisreikningurinn byggir á, eru teknar inn skuldbindingar og færðar inn útistandandi eignir en þó ber að geta þess að að langstærstum hluta eru eignir ríkisins ekki skráðar upp í efnahagsreikningi heldur fyrst og fremst fjármunalegar eignir. Þannig eru t.d. ekki vegir, ýmsar sérhæfðar húseignir og ýmiss konar mannvirki færð upp sem eignir á efnahagsreikningi ríkisins heldur til gjalda á viðkomandi ári enda er talið að markaðsverð þessara eigna sé varla til þar sem kaupendur eru varla til staðar. Þetta gæti þó breyst í tímans rás, ekki síst ef um verður að ræða einhverja einkavæðingu í samgöngumálum þjóðarinnar en slíkt hefur gerst hjá ýmsum nágrannaþjóðum eins og hjá Norðmönnum og Bretum svo ég taki dæmi um tvær þjóðir sem hafa verið að leita fyrir sér með nýjar aðferðir í þessum efnum.

Í öðru lagi, og það skiptir máli í þessu sambandi, þá ber í ríkisreikningi að færa upp lífeyrisskuldbindingar sem eru ekki greiddar út, sumar hverjar kannski ekki greiddar út fyrr en 50 árum seinna. Þetta er auðvitað gert til að menn sjái nákvæmar hverjar skuldbindingarnar eru en þessi aðferð var tekin upp í ríkisreikningi 1989 og er auðvitað sjálfsögð. Loks kemur það fram sem hér var tíundað að þegar gerðar eru breytingar á sjóðakerfinu þannig að skuldbindingar falla á ríkissjóð eru þær teknar inn í ríkisreikning jafnvel þó þær séu ekki til greiðslu á viðkomandi ári heldur síðar. Dæmi um þetta eru atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar en atvinnutryggingadeildin á sér upphaf í aðgerðum ríkisstjórnar á árinu 1988. Tekin voru erlend lán. Lánin stóðu undir ákveðinni starfsemi til að tryggja atvinnulíf víða um land. Fjármunirnir töpuðust í stórum stíl. Síðan var stofnaður Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Ýmsar skuldbindingar voru settar inn í þann sjóð sem fékk jafnframt tæki til þess að heimta inn gjald af sjávarútveginum en að verulegum hluta var afgangurinn settur á ríkissjóð og þar með varð ríkissjóður

að taka á sig töpuð útlán atvinnutryggingasjóðs frá þessum tíma og sú skuld framkallast síðan á árinu 1994. Þessa ræðu flyt ég sem forvarnastarf því ég á hugsanlega von á því að hv. 8. þm. Reykv. komi upp og hafi athugasemdir að gera um það hvers vegna reikningsgrunnurinn sýnir aðra niðurstöðu en greiðslugrunnurinn en ástæðunnar er m.a. að leita í því að á árinu 1988 voru tekin þessi erlendu lán sem töpuðust síðan í meðferð þáv. stjórnvalda. Þetta skal tekið fram þannig að menn falli ekki í þá gryfju þegar þeir koma á eftir.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöður og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til skýrslu fjmrh. frá því í febrúar sl. um ríkisfjármál 1994 og væntanlegrar endurskoðunar skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar á ríkisreikningi 1994. Ég gleymdi að geta þess áðan að það er í vaxandi mæli sem áfallnir en ógreiddir vextir falla til vegna þess að skuldir safnast upp hjá ríkinu. Þó hefur það gerst í síðari tíð að vextir eru greiddir jafnóðum eftir því sem stærri stokkur ríkisvíxla er til staðar en vextir af slíkum skuldapappírum eru auðvitað greiddir strax og falla til á viðkomandi ári. Nú er svo komið að greiddir vextir eru um 13 milljarðar á hverju ári. Það er upphæð sem menn ættu að gefa gaum og til viðbótar eru áfallnir vextir um 3 milljarðar sem þýðir að það eru um 16 milljarðar kr. sem eru vaxtagreiðslur á skuldum ríkisins og hver einasti hv. þm. hlýtur að spyrja sig að því hvort menn vilja halda áfram á þessari braut. Ef þeir vilja það ekki, eru þeir tilbúnir til þess að haga tillöguflutningi sínum á Alþingi í samræmi við það? Að þessu leytinu til tek ég fullkomlega undir orð hv. 9. þm. Reykv. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem hann flutti í umræðunni um ríkisreikning 1993.

Virðulegi forseti. Ég legg að lokum til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjárln. og til 2. umr.

[11:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að lántökustaða ríkissjóðs í árslok 1994 er samkvæmt þessu skjali 197 milljarðar kr. Það er ástæða til að vekja athygli á því sérstaklega og ítreka það sem fram kom í umræðu fyrr í málinu. En að öðru leyti spyr ég hæstv. fjmrh. út í málsgrein á bls. 7. í grg. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Á þessu haustþingi mun fjmrh. leggja fram frv. að nýjum lögum um fjárreiður ríkisins." Hvar er þetta mál á vegi statt? Er þetta það gagn sem var lengi að velkjast í fjárlaga- og fjárveitinganefnd, mér liggur við að segja fyrr á öldinni, um þessi málefni eða er um að ræða eitthvert nýtt mál og hvenær gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir því að þetta komi til meðferðar? Ég bendi á í sambandi við mál af þessu tagi, ef málið er eins og mig grunar að það sé, að auðvitað er eðlilegt að leitað sé atbeina þingsins alls, þ.e. stjórnarandstöðu líka, þegar um er að ræða grunnlagaheimildir af því tagi sem er á ferðinni eins og um hinar almennu fjárreiður ríkisins.

[11:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stundum mistekst mér að tala svo skýrt að það skiljist. Í umræðu um síðasta mál fór ég sérstaklega orðum um þetta atriði og sagði frá því og reyndar ítrekaði það í framsöguræðu minni áðan að það fjárreiðufrv. sem hér er spurt um er afrakstur af starfi fjmrn., Ríkisendurskoðunar, Ríkisbókhalds og fleiri stofnana sem komu að þessum málum, er nýtt frv. sem er til meðferðar í ríkisstjórn og ég vænti þess að það verði lagt fram innan tíðar. Eins og ég sagði fyrr á fundinum í dag hefur það mál verið kynnt mjög ítarlega, bæði stjórnarþingmönnum og stjórnarandstöðuþingmönnum, bæði þeim sem sitja efh.- og viðskn. þingsins en einnig hinum sem sitja í fjárlaganefnd. Þar fyrir utan liggur skýrsla um fjárreiður ríkisins sem eru hugmyndirnar sem frv. hvílir á og sú skýrsla var gefin út og send öllum þingmönnum fyrir u.þ.b. ári. Hér er um starf að ræða sem staðið hefur yfir í sjálfsagt um fimm ár eða svo en inni í frv. eru teknar ýmsar hugmyndir sem hafa m.a. sést í einstökum frumvörpum, þar á meðal frumvörpum frá hv. fjárlaganefndum undanfarinna ára sem starfað hafa fyrr á öldinni.

[11:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Ég held að það sé mjög mikilvægt að frv. sjáist sem fyrst og ég ítreka að hér er um að ræða mál sem á að haga þannig að Alþingi komi allt að flutningi þess ef mögulegt er. Þannig var það með þetta frv. sem var lengi að velkjast í fjárveitinganefnd og strandaði aftur og aftur að það kom að því fulltrúar allra flokka, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, og ég held að þetta mál sé af því tagi að stjórnandstaðan eigi að setja sig inn í það áður en það er lagt fram og velta því fyrir sér hvort hún geti orðið aðili að því. Eitt af því sem þarf að skoða í þessu sambandi er hvernig þingið fer með ríkisreikninga. Hvernig fjallar þingið um ríkisreikninga? Ætlar þingið framvegis að fjalla um ríkisreikninga með þeim hætti sem við gerum hér eða ætlar þingið að fjalla um ríkisreikninga á einhvern annan hátt? Tekin hefur verið ákvörðun um það að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga verði ekki til lengur með þeim hætti sem þeir hafa verið samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá. Það var niðurstaða þeirra sem hafa gegnt þessu starfi um nokkurt árabil að við töldum að ástæðulaust væri að hafa það gamla stjórnarskrárákvæði inn í. En það breytir ekki því að það þarf að setja eitthvað í staðinn vegna þess að þrátt fyrir allt þarf fjmrn. aðhald. Þess vegna tel ég að eðlilegt væri að það kæmi inn í umræður um þetta frv. um fjárreiður ríkisins hvernig Alþingi fjallar um ríkisreikning og hvaða aðhaldsþáttur kemur inn í myndina í staðinn fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreiknings.

[11:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta mikið og hef í sjálfu sér ekkert að athuga við athugasemdir hv. þm. En þar sem hann ræddi nokkuð um stöðu ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar vil ég geta þess að ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum hvað þetta varðar í sjálfu fjárreiðufrv. en ég hygg að öllum sé ljóst að Alþingi þarf að breyta starfsháttum sínum. Ég vek athygli á því að í löndum eins og Noregi þar sem hafa verið gerðar samsvarandi stjórnskipunarlagabreytingar og hér og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa verið lagðir af hefur verið sett upp sérstök nefnd sem þar er kölluð kontrol komité og er henni ætlað að taka álit Ríkisendurskoðunar fyrir og jafnvel að gefa út nefndarálit um málið. Þannig er skilið á milli eftirlitshlutverks þingsins annars vegar og síðan fjárlagameðferðar þingsins því það er auðvitað alveg óeðlilegt að fjárlaganefndin sé að fást við það að hafa síðan eftirlit með sjálfri sér. Þetta hefur verið leyst þannig þar og ég býst við því að það verði leyst með svipuðum hætti hér á landi. Ég hef spurt hæstv. forseta að því og mér skilst að hugmyndin sé að leita einhverra slíkra lausna enda er óþolandi að fá skýrslur sem enginn veit hvað á að gera við og er hent inn á borð þingmanna, hvort sem

það er skýrsla um ríkisreikning eða eitthvað frá Ríkisendurskoðun. Það er eðlilegt að taka upp nútímaleg vinnubrögð, fara skipulagsbundið ofan í þessar skýrslur og það komi fram álit frá þingnefnd sem sé hægt að ræða í þingi eins og hvert annað þingmál. Þetta er mjög mikilvægt. Hins vegar varðandi fjárreiðufrv. skal ég taka það fram að hugmyndin er sú að sérstök þingnefnd samkvæmt þingsköpum fái það frv. til meðferðar þannig að því verði ekki vísað til fastanefnda þingsins heldur til sérstakrar nefndar og það verður mál sem þá verður rætt þegar það kemur fram.

Að allra síðustu held ég að það sé ekkert óeðlilegt að frv. sé flutt sem stjórnarfrv. En ég ítreka enn og aftur. að frv. hefur verið kynnt mjög vel fyrir þeim aðilum sem þetta mál snertir sérstaklega í þingstörfum og þingnefndastörfum.

[11:39]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og við er að búast snúast umræður um frumvörp um ríkisreikning fremur um aðferðafræði en stefnu í ríkisfjármálum. Hæstv. fjmrh. reifar ýmsar breytingar sem eru til bóta varðandi þá aðferðafræði til að gefa sannari og heildstæðari mynd af raunverulegri stöðu ríkisfjármála. Það er út af fyrir sig gott og blessað. Staðreyndin er þó sú að þar eigum við langt í land. Þær upphæðir eru hrikalegar sem fela raunverulega í sér skuldbindingar á hendur ríkissjóði og er ekki enn gerð rétt grein fyrir í formi ríkisreiknings. Það er því ástæða til þess í framhaldi af þessum umræðum að minna á að staða ríkisfjármála á Íslandi eftir bráðum fimm ára stjórn hæstv. fjmrh. er miklu verri en fyrir liggur af þessum gögnum. Þess vegna er líka ástæða til að staldra við. Hæstv. fjmrh. tók undir þau áminningarorð mín til meiri hluta þingheims að honum veitti ekki af stuðningi frá þingheimi til þess að koma böndum á ríkisfjármálin vegna þess að skuldasöfnunin og greiðslubyrðin af þessum uppsöfnuðu skuldum er orðin hættuleg efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Það er gott og blessað að hæstv. fjmrh. taki undir það en um leið er ástæða til að undirstrika eitt. Það er reginmisskilningur að hæstv. fjmrh. valdi því verkefni sínu í íslensku stjórnkerfi að tryggja framgang ábyrgrar stefnu í ríkisfjármálum, sérstaklega eftir að breytt var um þá aðferð að farið var út í rammafjárlög. Ég segi þetta af sérstöku tilefni. Ég segi það með vísan til reynslu af samstarfi í fyrri ríkisstjórnum, ekki bara það mat mitt að hæstv. fjmrh. hafi verið of linur í því efni, það hefur hann verið, heldur hitt að hann hefur staðið tiltölulega einangraður og áhrifalaus í eigin þingflokki. Ég held að þegar á hefur reynt í átökum um stóra útgjaldaþætti og útgjaldakröfur hafi samstarfsmenn hæstv. ráðherra, ýmsir samráðherrar hans ekki stutt ráðherrann, ég nefni t.d. til sögunnar bæði samgöngu-, landbúnaðar- og dómsmálaráðherra, og þegar á hefur reynt þá hefur hann tapað flestum orustum í sínum eigin þingflokki um ábyrga ríkisfjármálastefnu.

Stundum hefur verið sagt að það sé fyrst og fremst hlutverk forsrh. í samsteypustjórnum að vera málsvari ríkisstjórnar út á við og að styðja fjmrh. í verki við ábyrga fjármálastefnu. Á það hefur mikið skort hjá núv. hæstv. forsrh. Þvert á móti er orðinn hálfgerður kækur hjá honum að rúlla yfir fjmrh. hvenær sem reynir á framkvæmd ábyrgrar fjármálastefnu.

[11:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða frá fyrrv. samstarfsmanni í ríkisstjórn, formanni flokks sem fór með stóra málaflokka eins og félagsmálin og heilbrigðismálin þar sem fjmrh. sem hér stendur var í sífelldum vandræðum með útgjöld í þessum málaflokkum og þó sérstaklega í heilbrigðismálunum eins og slóðinn sýnir á undanförnum árum. Á þetta vil ég leggja áherslu og ég vil jafnframt láta það koma fram að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson studdi a.m.k. í orði kveðnu þáv. fjmrh. í síðustu ríkisstjórn. En því miður gat hann ekki, eins og sumir aðrir, náð böndum á eigin flokksmönnum enda hélst honum illa á ráðherrum í þeirri ríkisstjórn því það voru sífellt að koma ný andlit inn í ríkisstjórnina af hálfu Alþfl. (Gripið fram í.) Sum voru fegurri en önnur, ég skal viðurkenna það, sérstaklega þau sem voru hulin að einhverju marki með skeggi eða skegghýjungi. En þetta vil ég að komi fram. Hins vegar er alveg hárrétt hjá hv. þm. að fjmrh. þarf auðvitað á stuðningi allra ráðherranna að halda, þetta er ekki verk eins manns. Það sést þegar litið er til annarra landa að á undanförnum árum hafa ríkisstjórnirnar í heilu lagi, forsætisráðherrann, fjármálaráðherrann og fremstu menn í samsteypustjórnum komið að þessum málum með þeim hætti að þeir hafa skuldbundið sig til að standa fast með yfirlýstri stefnu stjórnvalda. Það hefur núv. ríkisstjórn gert. Við eigum auðvitað eftir að sjá hver útkoman verður en ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér kom á óvart að heyra þessi orð sem voru nokkuð digurbarkalega töluð úr þessum ræðustóli eftir þá reynslu sem ég hef haft af mönnum sem störfuðu í ríkisstjórninni úr flokki hv. þm. En ég skal endurtaka það með glöðu geði að hv. þm. studdi a.m.k. alltaf í orði kveðnu í ræðustóli á Alþingi og einnig þegar hann tók til máls í ríkisstjórninni þau sjónarmið að skera niður í ríkisfjármálunum og ég þakka honum þann stuðning þó ég geti því miður ekki þakkað öllum þeim fjölmörgu samstarfsmönnum hans þeim sem komu að þeirri sögu síðustu ríkisstjórnar af hálfu Alþfl.

[11:45]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalatriði þessa máls er sennilega það að eftir þá breytingu við undirbúning fjárlagafrv. sem felst í því að vinna á grundvelli rammafjárlaga, þá eru það pólitískar ákvarðanir í ríkisstjórn sem gera svokallaða útgjaldaráðherra eða útgjaldafrek ráðuneyti samábyrg um framkvæmd fjárlagastefnunnar. Ég er sammála því að þessi breyting hefur verið til bóta. Mér kemur ekkert á óvart þótt hæstv. fjmrh. beri mönnum misjafnlega söguna því sannleikurinn er sá að hefðin í íslenskum vinnubrögðum í stjórnkerfinu við undirbúning fjárlaga var togstreita annars vegar milli fulltrúa einsemdarinnar, hæstv. fjmrh., við ábyrgðarlausa útgjaldaráðherra. Þessu hefur verið reynt að breyta með því að gera útgjaldaráðherrana samábyrga. Það sem ég var að segja er einfaldlega það að við þetta hefur staða fjmrh. í ríkisstjórnum breyst. Ábyrgð útgjaldaráðherranna er meiri en hún var áður. A.m.k. er það svo að forminu til. Hitt er svo annað mál að margir þeirra nota þær aðferðir að flytja sýndartillögur um sparnað sem þeir vita að hafa jafnvel ekki stuðning í eigin þingflokki. Þannig að oft og tíðum er þetta meira að nafninu til en í reynd. Þar með undirstrika ég, og það er gott að þetta upplýsist hér því þetta er breyting á vinnubrögðum í stjórnkerfinu, að fjmrh. mun ekki veita af því að fá aukinn stuðning, ekki aðeins í sínum eigin þingflokki sem sannarlega var á ögurstundum tæpur ef nokkur, heldur einnig frá samstarfsflokki og reyndar frá stjórnarandstöðu ef hún meinar eitthvað með því að hún hafi þungar áhyggjur af

óheillaþróun í ríkisfjármálum og vilji stuðla að því að koma böndum á þá útgjaldaþróun.

Auðvitað eru eftir hin pólitísku átök um stefnumótun, um forgangsröðun, hvar eigi að spara. Ég nefni sem dæmi menn í flokki hæstv. fjmrh. sem hafa, hver á fætur öðrum, verið að birta að undanförnu tillögur um sparnað í ríkisrekstri. Það hafa ungir sjálfstæðismenn gert og þeir hafa jafnvel reynt að setja upp klukku sem tifar á hæstv. fjmrh. um skuldaaukninguna frá degi til dags. Aðrir innan Sjálfstfl. hafa verið að leggja fram opinberar tillögur um sparnað, um að skera niður fitulag, þar sem þeir hafa m.a. fyrst og fremst einbeitt sér að þeim ráðuneytum sem eru undir pólitísku forræði ráðherra Sjálfstfl. og hafa raunverulega verið að vísa til þess að það hafi verið gengið lengra á undanförnum árum í sparnaðartilraunum, t.d. á sviði heilbrrn., heldur en þar. Engu að síður er það svo að hæstv. fjmrh., sem ég fullyrði að hefur jákvæða afstöðu til þessara tillagna, gerir ekkert í því að framfylgja þeim. Og hvers vegna? Mín skýring er sú að hann hafi engan stuðning í þingflokki sínum við slíkar tillögur.

[11:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp aftur eingöngu til að þakka hv. þm. fyrir góð orð og góðan stuðning á sínum tíma. Ég held að margt af því sem kom fram í hans máli sé bæði satt og rétt. Ég viðurkenni gjarnan að það er stundum vandamál þegar fjallað er um rammafjárlög að vega það og meta hvort framkomnar tillögur séu raunhæfar eða ekki þegar þær koma til viðkomandi þingflokka. Ég hugsa að það eigi við um báða þá þingflokka sem áttu aðild að síðustu ríkisstjórn. Þetta vandamál verður ætíð uppi og til að ná tökum á þessu þarf auðvitað gott samstarf á milli stjórnarflokka og einstakra ráðherra sem starfa í ríkisstjórn. Ég get tekið heils hugar undir með honum þegar hann ræðir um nauðsyn þess að takast á við ríkisfjármálin á annan veg en áður. Þegar hann var t.d. fjmrh. í ríkisstjórn, sem ég sat reyndar einnig í, var aðferðin allt önnur. Þá voru öll ráðuneytin í baráttunni við fjmrn. allt árið og fjmrn. stóð eitt. Þetta hefur breyst og ég er sammála honum um það að aðferðin er góð þótt enn vanti kannski á að stuðningurinn sé ætíð nægur. Þingflokkur sjálfstæðismanna er að breytast og stundum koma inn varamenn sem eru til þess vísir að takast á við þessi mál. Ég sé að hér í salnum er eldri bróðir hv. þm. og ég vænti þess að þeir ræði a.m.k. þetta mál á fjölskyldufundum. Þannig ætti hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson a.m.k. að hafa einhver áhrif í þessa átt í gegnum fjölskylduna og inn í þingflokk sjálfstæðismanna. Ég þakka honum að öðru leyti skilninginn á minni stöðu og stuðninginn yfir höfuð.

[11:50]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum hér að ræða um ríkisreikning fyrir árið 1994 og áðan ræddum við um ríkisreikning fyrir 1993. Þessum reikningum breytum við ekki. Það liggur fyrir. Þetta er afraksturinn af starfi ríkisins á þessum árum sem lagður var grunnur að með fjárlagafrv., sem lagt var fyrir árið 1993, og síðan fjáraukalögum og öðru slíku sem hafa breytt því frumvarpi. Við hér á Íslandi störfum samkvæmt fjárlögum á greiðslugrunni. Reynslan er sú, eins og kemur fram í báðum þessum frv., að þegar litið er á fjárlög ríkisins á efnahagsgrunni, þá er hallinn tvöfalt meiri bæði árin. Hann er sem sagt á greiðslugrunni árið 1993 9 milljarðar, á efnahagsgrunni 19 milljarðar og síðan 8 og 15. Þótt við samþykkjum fjárlög í dag með 4 milljarða halla er viðbúið að hallinn verði í reynd, þegar tekið er tillit til efnahagsbreytinga, lífeyrisskuldbindinga, mismunandi lána og vaxta lána inn og út, að hallinn muni verða um 8 milljarðar. Þetta breytir ekki stöðunni. Hún er svona. Í átökum um fjárlagafrv. er eilífur slagur um hærri útgjöld og lægri tekjur. Menn vilja byggja brýr og sjúkrahús og menn vilja lækka skatta. Mismunurinn er svo halli á ríkisrekstrinum. Hvað þýða 19 og 15 milljarðar þessi tvö ár? 34 milljarðar. Þetta eru 130 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu. 260 þús. á hvern vinnandi mann. Þetta eru nokkurn veginn tveggja mánaða meðallaun hjá ASÍ. Á þessum tveimur árum leyfðum við Íslendingar okkur það að lifa um efni fram sem nemur tvennum mánaðarlaunum. Ein mánaðarlaun hvort ár. Við lifðum sem sagt í einn mánuð upp á krít. Það boðar ekki gott. Allir skuldarar vita hvað það þýðir þegar menn eyða um efni fram. Það þýðir að skuldin vex og vex, fyrst vegna þess að menn eyða um efni fram, en síðan og ekki hvað síst vegna vaxtanna af skuldunum. Þeir vextir eru flestir erlendir þannig að við höfum ekki áhrif á þá. Þannig mun vandinn aukast og aukast eftir því sem við höldum lengra áfram á þessari braut og ég held að þetta geti orðið hættulegt efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Ég efast um að nokkur þingmaður geti horft á þessa stöðu án þess að sjá að hún er mjög alvarleg og það verður að taka á henni. Þótt menn vildu gjarnan sjá brú hér og sjúkrahús þar, verða menn samt að stinga við fótum.

Herra forseti. Það efast enginn um góðan vilja hæstv. fjmrh. Hann hefur sýnt að hann vill gera vel en hann á bæði í baráttu við sinn eigin þingflokk, þingið og stjórnarandstöðuna. Hann á í baráttu við góðu málin. Það er svo erfitt að berjast á móti góðu málunum. En hv. Alþingi stendur frammi fyrir að það verður að berjast við góðu málin. Það verður að standa á móti þeim því annars fer mjög illa. Ég skora á hv. þingmenn að sameinast um að halda hallanum niðri, þannig að hann fari ekki upp fyrir það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og helst að hann náist enn frekar niður. Ég vil benda á leiðir til þess. Á undanförnum vikum höfum við fengið hingað álver, svona allt í einu og óforvarandis. Menn áttu ekki von á því, það var ekki reiknað með því í fjárlagafrv. Fjmrh. upplýsti að það minnki fjárlagahallann um 500 millj. kr. Hann var skelfingu lostinn því hann vissi að allir elskendur brúa, sjúkrahúsa og góðu málanna mundu nú koma og segja hver og einn: „Heyrðu, nú er einmitt lag fyrir mitt góða mál.“ En málið er ekki svona einfalt. Ég held aftur á móti að við ættum að segja: Nú er lag að minnka hallann. Og við verðum að gera það og ég vil ganga enn lengra. Í tengslum við þetta álver er búist við að hér komi framkvæmdir inn í landið upp á 2.000 eða 3.000 millj. Ég legg til að hv. Alþingi skeri niður framkvæmdir á sömu svæðum sem því nemur. Þannig að hallinn á ríkissjóði verði ekki 4 milljarðar heldur einn milljarður. Við verðum nefnilega að gæta að því að við getum ekki aukið þessar skuldir mikið meira. Þær eru orðnar svo gífurlegar.

Ég legg til og styð eindregið þær framkomnu hugmyndir um fjárreiðufrv. þar sem fjármál ríkisins eru tekin, ekki bara á greiðslugrunni heldur á efnahagslegum grunni eins og gert er í öllum almennilegum fyrirtækjum, þannig að menn taki tillit til þess að ríkissjóður skuldar mikið af peningum með háum vöxtum og hann er búinn að lofa starfsmönnum sínum góðum lífeyrisrétti sem verður að taka tillit til með því að meta skuldbindingarnar. Þetta þarf að koma inn í fjárlögin.

[11:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja fróðlegt að hlýða á þessa umræðu. Sérstaklega á þátttakendur Sjálfstfl. vegna þess að aðalvandi ríkisfjármála á Íslandi hefur eins og kunnugt er verið Sjálfstfl. Það er enginn flokkur ábyrgðarlausari þegar kemur að meðferð almannafjár en Sjálfstfl. Það sést auðvitað best í Reykjavík þar sem slóðinn eftir Sjálfstfl. er ekki talinn í 100 millj. heldur í milljörðum. Það sýna monthúsin sem voru reist hér í Reykjavík og fleira í þeim efnum. Menn ættu líka að horfa á þann veruleika sem birtist í fjárlögum undanfarinna ára þar sem Sjálfstfl. sýnir alveg sérstakt ábyrgðarleysi. Það er í rauninni athyglisvert að skoða þetta vegna þess að niðurstaðan er sú að hann má ekki koma nálægt almannafé. Þá fer hann illa með það. Og eitt ljótasta dæmið er t.d. þegar hent var út úr ríkissjóði verulegum fjármunum á árinu 1986, gjörsamlega út í loftið og samhengislaust við alla hluti. Reyndar mætti nefna fleiri dæmi í þessu sambandi. Nýjasta dæmið um ábyrgðarleysi, og þá Sjálfstfl. alveg sérstaklega, er einmitt það sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi hérna áðan. Það er eyðslufylleríið sem er þegar byrjað, ekki út af nýju álveri heldur stækkun þess. Það hefur sem sagt verið rætt um að það eigi eitthvað aðeins að stækka álverið. Og það er talað um að þetta séu kannski 0,5–0,7% í þjóðartekjur. Það er búið að eyða þessu, sáldra þessu út um allt. Það er bersýnilegt að þessi vandi sem Sjálfstfl. hefur verið ríkisfjármálum og meðferð almannafjár á Íslandi á undanförnum árum ætlar enn að endurtaka sig. Og þá alveg sérstaklega hvað varðar álversmálið.

Staðreyndin er auðvitað sú, hæstv. forseti, að þær hugmyndir sem hafa verið uppi varðandi lausn á þessum vanda hafa ekki náð fram að ganga og ekki dugað af því menn hafa ekki þorað að ná í peningana þar sem þeir eru til í þessu þjóðfélagi. Hér í þessum sal má nefna til dæmis fjmrh. sem hefur sýnt ágæta niðurstöðu hjá ríkissjóði um alllangan tíma og afgang á ríkissjóði, eða þann sem situr hér nú í forsetastóli. Ég held satt að segja að það séu hlutir sem menn ættu að skoða aðeins betur, að þar var í raun og veru haldið vel á hlutunum og farið vandlega yfir málin miðað við óvenju erfiðar aðstæður.

En erindi mitt í stólinn er aðallega, hæstv. forseti, til að vekja athygli á niðurstöðum þessarar umræðu sem eru þær að það á ekki að hleypa Sjálfstfl. að almannafé.

[12:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. segir að Sjálfstfl. sé ábyrgðarlaus. Þetta er að sjálfsögðu sleggjudómur. Ég veit að innan þingflokks Sjálfstfl. er þegar í gangi umræða um það hvernig eigi að bregðast við þessu nýja álveri og hvernig eigi að nota það til þess að minnka halla ríkissjóðs. Það er því er ekki þannig að menn ætli að fara að eyða þessu. Ég er ekki að tala eingöngu við þingflokk Sjálfstfl., ég er að tala við þingmenn almennt, að þeir taki á hinum stóra sínum og noti þau tækifæri þegar meiri tekjur koma í ríkissjóð og meiri fjárfesting inn í landið til þess að minnka halla ríkissjóðs.

[12:01]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. þm. Péturs Blöndals í þessari umræðu vek ég athygli á því sem hann sagði í ræðu sinni. Það er afar mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir því að viðvarandi halli og áframhaldandi halli á ríkissjóði getur ekki gengið. Hins vegar hefur vandi okkar legið í því sem hv. þm. Svavar Gestsson benti á að það hefur skort að auka tekjurnar en það er ekki vegna þess að Sjálfstfl. hafi staðið í vegi fyrir því að hér mætti byggja upp öflugra atvinnulíf sem birtist m.a. í nýju álveri. Hv. þm. Svavar Gestsson gæti vafalaust sagt okkur þingmönnum frá því hvernig hefur verið staðið að því á undanförnum árum að vinna að uppbyggingu hins orkufreka iðnaðar og hv. þm. ættu að spara sér að vera með stór orð um afstöðu sjálfstæðismanna í ríkisfjármálum.

Ég vil segja af þessu tilefni að ég tek undir það með hv. þm. Pétri Blöndal að það er fullkomið ábyrgðarleysi að ætla að fara að gera út á væntanlegar tekjur af álveri. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár eigum við að skoða enn betur en við höfum gert hvernig við getum dregið úr hallanum. Ég held að góð samstaða sé um það meðal stjórnarþingmanna að líta á það sem eitt allra mikilvægasta verkefni okkar að draga úr hallanum en ekki að fara að gera út á hugsanlegar en vonandi töluverðar auknar tekjur vegna álversins. Ég held að að sé fullkomið ábyrgðarleysi að standa þannig að málum.

[12:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög góð og þörf umræða. Ég held að menn ættu að stefna enn lengra. Menn eiga að stefna að því að ná halla ríkissjóðs niður í núll og jafnvel skila honum með afgangi og við eigum að gera enn meira. Við eigum að ná niður erlendu skuldunum sem eru allt annar handleggur. Ég vil að erlendar skuldir Íslendinga séu komnar í núll árið 2010.

[12:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Við ræðum ríkisreikning fyrir árið 1994 og inn í þetta spinnst að sjálfsögðu sagan. Við vorum nokkrir þingmenn á sögustund í gærkvöldi og við urðum vitni að upprifjun ágætra sagnamanna um ýmislegt sem hefur gerst í þinginu, bæði varðandi fjármál og skemmtileg atvik og það hefur allt sinn tíma, bæði að ræða skemmtisögur og svo liðna tíma.

Varðandi það sem liggur fyrir hjá fjárln. vil ég segja að ég er að ég held eini þingmaðurinn í fjárln. sem hef lýst því yfir að ég vil afgreiða óbreytt frv. um ríkisreikning 1991 og 1992. Ég tel að þau ágreiningsefni sem voru uppi og urðu til þess að reikningarnir voru ekki afgreiddir í raun á réttum tíma tilheyri sögunni að mestu leyti. En eins og ég sagði áðan erum við með reikninginn frá 1994 til umræðu. Ég vildi nálgast þetta mál á þann hátt að þakka hæstv. fjmrh. og starfsfólki hans fyrir gerbreytingu í uppsetningu á ríkisreikningi og áform um að halda slíku áfram og gera þessi mál einfaldari og aðgengilegri fyrir alla þá sem um þurfa að fjalla þannig að leikmenn úr þjóðfélaginu hvar sem er geti komið að ríkisreikningum og lesið þá eins og reikninga venjulegra fyrirtækja. Ég þakka kærlega fyrir þetta og það má gjarnan berast til starfsmanna hæstv. ráðherra. Eins og mér sýnist þetta birtast er þetta miklu skilvirkara og aðgengilegri skýringar og þetta beinist í nútímalegra form.

Kannski er rétt að geta um annað. Í fjárln. hafa nýverið verið kynntar nýjar hugmyndir eða aðferðir til að hafa betri yfirsýn yfir þau málefni sem tilheyra hinum mismunandi ráðuneytum í formi þess að menn eru að setja upp vegvísa sem ég vil hreinlega kalla verkfæratösku aðhaldsaðilanna. Þar ætla menn að fylgjast með útstreymi fjármagns sem deilist út á ákveðin verknúmer þannig að það ætti að vera

aðgengilegt á hverjum tíma að sjá hverju líður þannig að smám saman ætti að draga úr umframeyðslu ráðuneyta eins og fjáraukalög birtast okkur. Ég vona að hæstv. fjmrh. staðfesti þá skoðun mína að megintilgangurinn sé að menn haldi sig í raun við það, bæði ráðherrar og þeir aðrir sem fara með fjármuni, að menn hafi yfirsýn yfir það að ekki sé keyrt umfram eins og það hefur verið undanfarna síðustu þrjá mánuði ársins eða liðin ár allt að upp á það að fá fjárveitingu með lánsfjárlögum á næsta ári.

Það sem vekur mestar áhyggjur og ástæða er til að spyrja um er að í árslok eru óinnheimtar ríkistekjur samtals 23 milljarðar 662 millj. og það vekur einnig áhyggjur að afskriftir skuli vera um 6–7 milljarðar. Það getur verið að þetta sé ekki óeðlilegt í prósentum reiknað en óneitanlega eru tölurnar mjög háar.

Skuldastaða ríkisins vekur einnig áhyggjur. Ég get ekki gert mér vonir um það eins og hv. þm. Pétur Blöndal að við getum verið búnir að ná erlendum skuldum niður í núll árið 2010 en markmiðið er gott. Ég held að ég geti sagt það fyrir mína hönd og míns flokks að við munum standa að aðhaldsaðgerðum sem eru innan skynsamlegra marka. Við höfum alltaf unnið út frá því sjónarmiði að verja velferðarkerfið og það get ég rökstutt. Við munum leggjast gegn þeirri aftengingu sem menn ætla sér varðandi laun eftirlaunaþega. Við getum ekki sætt okkur við að þau skuli vera tekin úr sambandi við almennar launahækkanir á almennum markaði og ég trúi ekki öðru en horfið verði til baka með það.

Ég kom aðallega upp til þess að lýsa því yfir að ég tel að menn séu að fara í rétta átt varðandi uppsetningu á ríkisreikningum. Reikningurinn fyrir árið 1994 er miklu aðgengilegri en hefur verið t.d. fyrir 1992 og 1993. Ég tók þá reikninga og reyndi að bera saman. Ég get sagt það hér að mér gekk mjög illa að komast til botns og skilja hvað þar var verið að reyna að segja.

Það sem vekur einna mestar áhyggjur þegar maður fer yfir þennan reikning er það að menn ætla að færa inn skuldbindingar vegna lífeyrissjóðanna. Menn ætla að færa það inn í reikninginn. Það mun gerbreyta stöðu hinna ýmsu fyrirtækja og ýmislegt sem er í ríkisreikningunum og þá vantar auðvitað að gerð sé mjög góð grein fyrir skuldbindingum ríkisins við lífeyrissjóðina til þess að menn fái raunsanna mynd af þessum hlutum. Ég vek athygli á því að það vandamál sem mun blasa við okkur og blasir nú þegar við öllum er yfirfærsla skólanna til sveitarfélaganna. Ef ekki verður tekið alvarlega á málum mun hún stranda einmitt á ríkisábyrgðunum og lífeyrissjóðamálunum.

[12:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það mundi breyta stöðu fyrirtækja að taka af þeim lífeyrisskuldbindingar. Að sjálfsögðu breytir það stöðu fyrirtækja ekki neitt. Skuldbindingarnar eru til staðar, þær hafa bara ekki verið færðar þannig að það breytir engu fyrir stöðu fyrirtækjanna að færa skuldbindingarnar. Það er einungis verið að sýna það sem er raunverulega til staðar.

[12:12]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ræða mín mun verða stutt að þessu sinni en umræður um ríkisreikning fyrir árið 1994 hafa snúist upp í almenna pólitíska umræðu um markmiðið í ríkisfjármálum og er ekkert nema gott um það að segja.

Sá reikningur sem hér er til umræðu sýnir ekki nógu góða niðurstöðu svo ekki sé meira sagt. Allar þær umræður sem hafa verið hér hníga að því að ná hallalausum rekstri ríkissjóðs á tveimur árum. Það er nauðsynlegt markmið og það er nauðsynlegt að það haldi.

Erindi mitt í ræðustól var fyrst og fremst að taka undir það sem hefur komið fram varðandi hagnað ríkissjóðs af væntanlegu álveri. Það er ekki ástæða til þess að fyllast bjartsýni og útgjaldagleði vegna þessara væntanlegu tekna.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1996 er um 120 milljarðar kr. og Þjóðhagsstofnun hefur reiknað það út og gert um það spá að hagnaður ríkissjóðs af stækkun álversins á næsta ári ætti a.m.k. að ná u.þ.b. hálfum milljarði kr. þannig að þetta er innan við 0,5% af tekjum ríkissjóðs á næsta ári. Tekjuáætlunin um 120 milljarðar kr. byggir á ákveðnum forsendum um aflabrögð á næsta ári. Sérfræðingar Þjóðhagsstofnunar hafa tjáð okkur að þessi spá sé varfærin þannig að tekjur vegna álvers eiga að styrkja forsendur fjárlaga en þetta er nánast innan skekkjumarka. Það er því engin ástæða til þess að fyllast einhverri útgjaldagleði vegna þess þó að vissulega ætti þetta að auka líkurnar á því að við getum staðið við þau markmið sem við höfum sett okkur og það væri þá engin goðgá ef hallinn lækkaði ef eitthvað verður afgangs og allar forsendur fjárlaga standast.

Ég vil að það komi fram við þessa umræðu að ég vara sérstaklega við því tali að nú séu fullar hendur fjár þótt þessar jákvæðu fréttir um tekjur hafi borist. Við stöndum einnig höllum fæti varðandi tekjuöflun. Ég er þeirrar skoðunar að skattheimta sé komin út á ystu mörk og þá ekki síst jaðarskattar fólks. Þeir þurfa sérstakrar skoðunar við þannig að við höfum því miður ekki úr miklum fjármunum að spila.

Að lokum vil ég taka undir það að þær breytingar sem gerðar hafa verið á uppsetningu ríkisreiknings og sundurliðunum sem fylgja honum í sérstöku hefti eru mjög gagnlegar. Upplýsingar sem þingmenn og aðrir sem þurfa á ríkisreikningnum að halda til fróðleiks um ríkisreksturinn eiga að vera mun aðgengilegri og skýrari í þessum reikningi en verið hefur. Markmiðið er að áframhald verði á því og næsti ríkisreikningur verði enn betri en þessi er til aflestrar fyrir þorra fólks sem þarf á þessum upplýsingum að halda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (atvinnutryggingagjald o.fl.). — Þskj. 160.

[12:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Þetta er 134. mál þingsins og er að finna á þskj. 160.

Meginbreytingin sem hér er lögð til er sú að lagt er til að tryggingagjaldinu verði skipt upp í tvö gjöld, þ.e. atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Þannig verði gerður skýrari munur á tryggingagjaldi eftir því hvort tekjurnar renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða til annarra. Þessi breyting hefur ekki í för með sér neinar breytingar á innheimtu tryggingagjalds, heldur snýr hún einungis að því að draga skýrari línur á milli þess hluta tryggingagjaldsins

sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs og þess hluta sem runnið hefur til annarra.

Jafnframt þessari breytingu er lagt til að tryggingagjaldið verði hækkað um 0,5% og er þeirri hækkun ætlað að mæta aukinni þörf Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í 2. gr. frv. er það nýmæli að lagt er til að sú skylda verði lögð á fjmrh. að flytja á hverju hausti lagafrv. um breytingar á skatthlutfalli atvinnutryggingagjalds ef í ljós kemur að því þurfi að breyta vegna fjárhagslegrar stöðu sjóðsins og verði það gert með hliðsjón af fyrirliggjandi spám um atvinnustig og öðrum þeim atriðum sem áhrif kunna að hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins á næsta fjárhagsári. Eðli máls samvæmt getur þetta hvort heldur sem er leitt til hækkunar gjaldsins eða lækkunar.

Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs að frádregnum vaxtatekjum og greiðslum til Eftirlaunasjóðs aldraðra nemi um 3,3 milljörðum kr. á næsta ári. Til að standa undir þeim útgjöldum þurfa tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi að nema 1,5% af gjaldstofni. Núgildandi tekjustofn sjóðsins er 0,5% af tryggingagjaldi auk þess sem ríkissjóður leggur fram jafnhátt framlag. Að óbreyttu er talið að ríflega 1 milljarð vanti í sjóðinn á næsta ári til að hann fái staðið undir skuldbindingum sínum miðað við spá um 4,8% atvinnuleysi og áform um að 300 millj. kr. lækkun á útgjöldum sjóðsins nái fram að ganga.

Frá árinu 1991–1995 hefur ríkissjóður lagt til u.þ.b. 4,6 milljarða kr. í sjóðinn umfram lögbundin framlög til að hann geti staðið undir skuldbindingum sínum án lántöku. Það er ástæða til, virðulegi forseti, að minna á að lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð eru þannig að ef fjármunirnir sem eru lögbundin framlög duga ekki fyrir útgjöldum sjóðsins á sjóðurinn að taka lán sem síðan á að endurgreiða með tekjum eða framlögum til sjóðsins. Hér er verið að segja að á árunum 1991–1996 mun vanta 5,6 milljarða á að framlögin dugi. Það hefði verið kostur, og reyndar samkvæmt lögunum, að efna til lántöku fyrir sjóðinn en ríkisstjórnin sem starfaði á síðasta kjörtímabili ákvað að fara ekki þá leið heldur að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarfjármuni til sjóðsins. Hér er því lagt til að tryggingagjald verði hækkað um 0,5% og hluta þess, eða allt að 1,5%, verði varið til Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári. Á móti er gert ráð fyrir að létt verði af sjóðnum þeirri kvöð að hann skuli standa undir hluta af kostnaði við eftirlaun aldraðra og mun sá kostnaður sem er 250 millj. á næsta ári verða greiddur úr ríkissjóði.

Einnig verða lagðar til viðeigandi breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem bein framlög ríkissjóðs í sjóðinn verða felld niður, en þess í stað verði kveðið á um að sjóðurinn fái tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við þær breytingar á lögum um tryggingagjald sem hér eru lagðar til.

Það er rétt að það komi fram að slíkar lagabreytingar eru á verksviði félmrn. eftir að Atvinnuleysistryggingasjóður fluttist úr heilbrrn. til félmrn. og unnið er að lagafrv. sem tekur á þessu máli og nokkrum öðrum. Með framangreindum breytingum á tekjustofni Atvinnuleysistryggingasjóðs, þ.e. að gjaldið skuli ákveðið með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sjóðsins, fæst aukið aðhald frá þeim sem standa undir kostnaðinum. Reynslan af sérstöku gjaldi í ábyrgðarsjóð launa gefur tilefni til að ætla að fjárhagsleg stjórn sjóðsins batni og aðhald aukist þegar saman fer bein og óbein fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á rekstri sjóðsins.

Þá eru í 4. gr. frv. lagðar til breytingar á fjárhæð 6. gr. laganna. Breytingin felst í því að afnumin er sjálfvirk verðuppfærsla fjárhæðarinnar miðað við skattvísitölu og er lagt til að fest verði í lögunum sú fjárhæð sem lögð var til grundvallar við álagningu í ár. Þetta er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fram á hinu háa Alþingi á þskj. 174, en samkvæmt því frv., sem verður til umræðu síðar í dag, er gert ráð fyrir að felld verði niður sú grein þeirra laga sem kveður á um verðbreytingar miðað við skattvísitölu.

Að öðru leyti held ég, virðulegi forseti, að vísa megi til skýringa sem eru með frv. og á einstökum greinum þess, en ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:25]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að ég tel það gagnrýni vert hvernig þessi frumvörp fjmrn. sem hér er verið að mæla fyrir eru útbúin, en það fyrsta er nú á dagskrá. Samkvæmt lögum skal greinargerð um fjárhagsleg áhrif fylgja öllum stjórnarfrv. Það eru engin ákvæði um það í lögunum að fjmrn. sé undanþegið þeim lagaákvæðum. Fjmrn. á auðvitað líka að gera grein fyrir því hvaða fjárhagsleg áhrif á stöðu ríkissjóðs, eða annarra sjóða sem verið er að gera tillögu um, viðkomandi frumvörp hafa.

Í greinargerðinni með þessu frv. er í raun og veru ekkert um þessi mál. Í ræðu hæstv. ráðherra komu hins vegar fram ýmis atriði sem skýrðu þessa hluti sæmilega, að ég hygg. Ég vil þó játa að ég náði því ekki í einstökum atriðum hvernig hlutirnir eru settir upp, þannig að ég tel nauðsynlegt að fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann tryggi að greinargerðum þessara skattafrv. fylgi ítarlegar úttektir um fjárhagsleg áhrif málanna, bæði í heild og einstakra greina.

Síðar í dag er á dagskrá frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem er allviðamikið frv. Þar eru fjölmörg atriði sem gert er ráð fyrir að breyta, en í raun og veru er engin grein gerð fyrir því hvaða áhrif einstök ákvæði þess frv. hafa, þar eru eingöngu teknar saman heildartölur. Þetta er slæmt og þetta er að einhverju leyti vegna þess að á hraðfara öld tölvunnar er t.d. ekki gert ráð fyrir því að þingmenn reikni nokkurn tíma neitt sjálfir. Menn reikna með því að þeir treysti öllum tölum sem koma ofan úr fjmrn. Yfirleitt er líka ástæða til þess, þær eru yfirleitt ágætar. Veruleikinn er engu að síður sá að svo á að heita að við í þessum sal berum ábyrgð á niðurstöðum þeim sem menn komast að í umræðum um einstök mál. Þess vegna verður að ætlast til þess að þetta sé betur gert af hálfu ráðuneytisins, þannig að hægt sé að skilja málin betur en uppsetningin t.d. á þessu frv. sem hér liggur fyrir leyfir. Það sama gildir líka um frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem verður rætt síðar í dag.

Varðandi þetta frv. og uppsetningu málsins að öðru leyti af hálfu hæstv. fjmrh. ætla ég bara að nefna örfá atriði. Í fyrsta lagi finnst mér mjög slæmt að það sé litið þannig á að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi skilyrðislaust að standa undir öllum atvinnuleysisbótum og enginn annar beri þar ábyrgð, þannig að ríkissjóður geti jafnvel sagt: Atvinnuleysistryggingasjóður á að taka lán fyrir því sem upp á vantar. Ég tók að vísu eftir því og veit að í síðustu ríkisstjórn varð niðurstaðan sú að ríkissjóður sótti þessa fjármuni og lagði þá fram. Það er því ekki um það að ræða að ríkissjóður líti þannig á að hann hafi lánað Atvinnuleysistryggingasjóði þessa peninga. Það er litið þannig á að þar sé um að ræða

óafturkræft framlag. Samkvæmt lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð er það reyndar þannig að ríkissjóður stendur bakábyrgur fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði að öllu leyti. En sá hugsunarháttur sem getur komið upp í þessu efni er hins vegar varhugaverður að mínu mati, vegna þess að hann getur orðið til þess að á einhverju stigi segi viðkomandi fjármálaráðherra: „Atvinnuleysistryggingasjóður á að standa undir atvinnuleysisbótunum og dugi það ekki til verða bæturnar að lækka.“ Þetta er nákvæmlega sami hugsunarhátturinn og var uppi t.d. í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Í báðum tilvikum er um að ræða sjóði sem styðjast við tilteknar félagslegar forsendur og er beinlínis rangt að gera ráð fyrir því að þessir sjóðir, í þessu tilviki Atvinnuleysistryggingasjóður, sé gerður upp eins og hvert annað fyrirtæki. Þetta vildi ég í fyrsta lagi segja.

Í öðru lagi er bersýnilega verið að hækka hér gjöld, það er verið að hækka skatta frá því sem gert hafði verið ráð fyrir og þau rök tínd til í greinargerðinni með frv. um tekjuskatt og eignarskatt að ríkissjóður þurfi að afla tekna til að standa á móti þeim breytingum sem verða á skattalegri meðferð lífeyrismálanna. Ég ætla út af fyrir sig ekki að ræða það mál hér, heldur síðar í dag, en það er bersýnilegt að það er verið að bæta nokkru við í þessu máli frá því sem var. Það kemur dálítið á óvart að þeir sem harðast gagnrýndu tryggingagjaldið og álagningu þess á sínum tíma skuli núna sumir standa að því að gera tillögur um að breyta því og jafnvel hækka það.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna var varðandi lögin um eftirlaun aldraðra. Er það rétt sem ég tók eftir hjá hæstv. fjmrh. að ætlunin sé að fella það niður að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði peninga inn í dæmið um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögunum? Það munu vera eitthvað í kringum 250 millj. kr. Hvernig stendur þá það mál varðandi uppgjörið á eftirlaunum þess fólks sem hér er um að ræða, en það eru þeir sem ekki áunnu sér lífeyrisréttindi með samningunum um lífeyrismál sem gerðir voru árið 1970? Þetta eru lög um eftirlaun ákveðinna félaga í stéttarfélögum. Við höfum verið lengi að vandræðast með þessi lög og það hefur alltaf verið umdeilanlegt að Atvinnuleysistryggingasjóður stæði undir þessum fjármunum að mínu mati. Þeir hafa verið þannig séð í óreiðu af því að menn hafa ekki komið þessu fyrir, en ég náði því ekki alveg hvernig hugsunin er hjá hæstv. ríkisstjórn að ganga frá þessu máli. Hvenær koma þau fylgifrumvörp sem hæstv. félmrh. mun eiga að flytja vegna þessa máls?

[12:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fylgifrumvörpin eru af tvennum toga. Annars vegar má búast við því að síðar í þessum mánuði komi fram bandormur ríkisstjórnarinnar sem er til fyllingar ýmsum ákvæðum fjárlagafrv. á gjaldahlið. Hins vegar má búast við því að á vegum einstakra ráðuneyta komi fram frumvörp sem snerta breytingar á ýmissi starfsemi, þar á meðal veit ég að það starfar nefnd sem vinnur að því að breyta lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Í öðru lagi vil ég að það komi skýrt fram að hugmyndin er að ríkissjóður leggi fram þá fjármuni, um það bil 250 millj. kr., sem gangi til Eftirlaunasjóðs aldraðra. Það er verið að færa þetta á milli handa. Það er ríkissjóður sem greiddi í Atvinnuleysistryggingasjóð, en það er talið eðlilegra að þetta gerist með beinum hætti frá ríkissjóði þannig að ekki er verið að breyta neinum hlutum gagnvart þessu fólki.

Loks um fjármunina. Það er út af fyrir sig rétt að það hefði mátt setja skýrar inn í þetta frv. hvað um er að ræða, en til þess að hlaupa á nokkrum tölum, ef tími gefst til í þessu andsvari, þá hef ég sett upp áhrif af þeim breytingum sem verið er að gera á árinu 1995 og alveg til ársins 1998. Það er talið að skattfrelsi lífeyrisiðgjaldanna kosti ríkissjóð á yfirstandandi ári 600 millj., á árinu 1996 400 millj., 1997 400 millj. og 1998 200 millj. Það er talið að hækkun tryggingagjaldsins, þ.e. 0,5%, sé 1 milljarður á ári, þar af 900 á næsta ári en síðan 1 milljarður eftir það. Það bætast sem sagt við 100 millj. á árinu 1997. Í tekjuskattinum er búist við því að nettóáhrifin séu á ársgrundvelli 500 millj. Það komi 900 inn á næsta ári mínus 500 millj. sem spilað er út og 100 millj. bætast við á árinu 1997. Þannig fær ríkissjóður af þessum breytingum öllum á árinu 1996 um 300 millj. kr. umfram það sem tapast, 100 millj. 1997 en tapar 100 millj. frá árinu 1998 og þau ár sem eftir lifa. Þetta er reikningur sem ég skal síðan gefa betri upplýsingar um síðar í umræðum um málið, en auðvitað þarf nefndin einnig að fá nákvæmar upplýsingar um þetta.

[12:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 8. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, að það er mjög mikilvægt ekki aðeins að fá góðar greinargerðir með málum sem þessum heldur einnig reyna að sjá fyrir afleiðingar þeirra breytinga sem gerðar eru í skattamálum. Við höfum því miður mörg dæmi þess að niðurstaða skattabreytinga hafi orðið önnur en þau dæmi sýndu sem fjallað var um þegar verið var að flytja frumvörp um lagabreytingar og gæti ég nefnt mörg dæmi um slíkt máli mínu til stuðnings. Eitt þeirra er t.d. hinn svokallaði ekknaskattur. Þegar það mál væri í algleymingi var það alveg ljóst af hálfu þeirra sem unnu með málið í nefnd að dæmi sem lögð voru fram í þingnefnd voru alls ekki nægjanlega skýr hvað þetta varðaði og menn sáu ekki fyrir hverju skattabreytingarnar mundu valda og hve mikið óréttlæti gagnvart einstæðum íbúðareigendum var sett þarna í gang.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð eru mín viðbrögð þau að eðli málsins samkvæmt hljóti það að verða þannig að ríkissjóður veiti framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð á hverju ári ef þróun verður verri en útlit er fyrir við fjárlagagerð hvers árs. Það hlýtur að verða þannig ef það á að gera þennan sjóð virkan þannig að hann bregðist ávallt við því ástandi og því atvinnuleysi sem hugsanlega eykst innan ársins. Ég vil gjarnan fá það staðfest hjá fjmrh.

Mig langar að orða aðeins þær áhyggjur sem komið hafa fram hjá þeim aðilum sem hafa fjallað um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Samband ísl. sveitarfélaga hefur gert athugasemdir við áformin. Alþýðusamband Íslands hefur gert athugasemdir við áformin og ég ætla að drepa örlítið á hvaða athugasemdir þessir aðilar gera.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur af því mjög miklar áhyggjur að það eigi að breyta tryggingagjaldinu og hækka það um 0,5%. Þetta skilar ríkissjóði að þeirra mati 1 milljarði kr. á næsta ári, en útgjöld sveitarfélaganna vegna hækkunarinnar verða um 70 millj. kr. Sá kostnaður kemur til viðbótar því tekjutapi sem sveitarfélögin verða fyrir vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Samband ísl. sveitarfélaga hefur því gagnrýnt það mjög harðlega að í kjölfar þess að á liðnum árum hafi sveitarfélögum verið ætlað að taka á sig ákveðinn þunga af þeim erfiðleikum sem við hefur verið að etja í ríkisfjármál-

um og í efnahagsmálum þá hafi, eftir að búið er að leiða þau mál til lykta, sífellt verið komið fram með nýja lagasetningu sem gerir það að verkum að útgjöld sveitarfélaganna aukast á ýmsum sviðum og ég vek athygli á þessu.

Það sem Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leggja hins vegar áherslu á er að á sama tíma og tryggingagjaldið skilar ríkissjóði þessum milljarði væntanlega miðað við það sem þeir setja fram, þá sé verið að hækka álögur á atvinnureksturinn og skapa útgjöld sem hugsanlega leiði til þess að fyrirtækin haldi að sér höndum með að efla það að ráða fólk til starfa, með því að láta hugsanlegan afrakstur, ef eitthvað er að létta undir fæti, verða til fjárfestingar sem gefa fleiri atvinnufyrirtæki og það sé einnig óréttlátara að setja þennan flata skatt, 0,5%, á öll fyrirtæki, en reyna að taka á því þannig að þunginn af hækkuðum sköttum, því að þetta er auðvitað afmarkaður skattur, lendi í meiri mæli á fyrirtækjum sem stöndugri eru.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja bendir þannig á að það eru tveir gjaldaflokkar í tryggingagjaldinu, sérstakur flokkur, 3,21% tryggingagjald, sem fiskvinnsla, iðnaður og landbúnaður, hugbúnaðarframleiðsla og ýmis starfsemi tengd ferðaþjónustu greiðir og svo aðrar atvinnugreinar sem tilheyra almennum flokki og greiða 6,51% tryggingagjald. Þar sem líta má á tryggingagjaldið sem launaskatt sem, eins og þessir aðilar benda á, gerir vinnuaflið dýrara fyrir fyrirtækin og virkar e.t.v. letjandi á þau að ráða til sín starfsfólk, þá er það gagnrýnt að þessi ráðstöfun komi fram á atvinnuleysistímum. Svo má velta þeirri spurningu fyrir sér úr því að verið er að hækka tryggingagjaldið hvort e.t.v. hefði átt að líta á það hvort sú skipting sem er á milli þessara tveggja gjaldaflokka, þ.e. 3,21% tryggingagjalds og 6,51% tryggingagjalds, sé raunhæf og réttlát. Því spyr ég fjmrh. hvort það hafi eitthvað verið skoðað í tengslum við að hækka tryggingagjaldið að hreyfa þessar tölur og þar sem á einhverjum tíma þótti eðlilegt að vera með þessa skiptingu og hverjir væru í skiptingunni, hvort það hafi verið skoðað hvort þannig skuli það vera áfram.

Þar með hef ég sett fram, virðulegi forseti, vangaveltur um skattahækkanir og tek á vissan hátt undir að það eigi fremur að skoða að hækka tekjuskatta á fyrirtæki en að hækka tryggingagjaldið. Þá má spyrja sem svo: Af hverju talar hún um að hækka skatta á fyrirtæki þegar hún hefur tekið þátt í því á síðustu árum í ríkisstjórn að lækka skattlagningu á fyrirtæki í landinu? Þá er svarið að sjálfsögðu það að ríkisstjórnin er að ákveða að taka meira af fyrirtækjunum og þá hlýtur spurningin að verða með hvaða hætti á að taka meira af fyrirtækjunum. Fyrirtæki sem eru e.t.v. núna tilbúin í nýfjárfestingar mundu e.t.v. fremur fjárfesta í vélum og tækjum en einhverju sem kallar á mannafla við hækkun tryggingagjalds á fyrirtækin. Þá má geta þess að þau þrjú meginsvið sem fjármagn er veitt til hjá fyrirtækjum eru að sjálfsögðu hráefni, vélar og tæki og vinnuafl. Eftir því sem mér er sagt er tilhneiging til þess að þegar einn þáttur af þessum þremur verður dýrari en aðrir þá sé fremur lögð áhersla á annan þátt. Þá má líka leiða að því líkum að lág laun þýði jafnvel oft og tíðum að ekki sé fjárfest í nýrri tækni.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það þarf að fara varlega í þessum málum og að skattlagning fyrirtækja alveg eins og skattlagning einstaklinga er viðkvæmt mál. Það er óþolandi staða á Alþingi og hefur verið nefnt held ég í hverri einustu fjárlagaumræðu sem ég hef tekið þátt í að verið sé að gera skattabreytingar með litlum fyrirvara og oft og tíðum flumbrugangi í mánuðinum fyrir jól. Og því hefur verið hreyft hér, að vísu ekki með beinni tillögu en í fullri alvöru, hvort Alþingi ætti að setja sjálfu sér þau lög að ekki séu gerðar skattabreytingar síðar en í maímánuði þannig að það liggi ljóst fyrir fyrir alla þá sem slík mál snerta hvað verði fram undan á næsta ári.

Við höfum lækkað skatt á fyrirtæki, vissulega eftir ítarlega umfjöllun, til þess að afstýra gjaldþrotum og meiri samdrætti en orðið var, en vegna þess hversu hár jaðarskattur einstaklinga er orðinn, þá hefur það aukist í miklum mæli og hefur komið fram við þá umræðu sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu að undanförnu þegar menn hafa farið ofan í skattskrána og séð að stöndugustu heimili sýna fram á tekjur upp á kannski 800 þús. á meðan eignirnar eru glæsileg hús, fínir bílar og lífsformið er bæði utanlandsferðir og önnur gæði, að samkvæmt lögum er fullkomlega mögulegt og að mati margra þeirra sem reka fyrirtæki eðlilegt að láta fyrirtækin bera ákveðinn kostnað, t.d. virðist bílakostnaðurinn vera löglegur ef það er sett rétt upp, og að láta fremur fyrirtæki borga skattana sé af fyrirtækinu arður og reikna sér lág laun af því að það er svo miklu lægri skattprósenta á fyrirtækjunum. Ég hlýt að viðurkenna að þessi staðreynd, en ég hef verið að skoða þessi mál og skattlagningu á einstaklinga og hvernig þeim málum er háttað, veldur mér verulegum áhyggjum. Og ég er ekkert feimin að segja það og hef áður gert það hafi mér sýnst að þróun mála hafi leitt í ljós aðra stöðu en dregin var fram á þeim tíma sem ég tók þátt í ákvörðunum. Að sjálfsögðu á maður að líta á það. Við gerðum breytingar til þess að reyna að afstýra gjaldþrotum og samdrætti fyrirtækja og reyndum þar með að halda uppi vinnu í landinu eins og unnt væri. Frá þeim tíma hefur hagvöxtur verið 3% tvö ár í röð og mér finnst eðlilegt að þá sé reynt að skoða skattlagningu fyrirtækjanna.

Á þeim tíma sem stjórnarflokkarnir veltu fyrir sér að lækka skatta á fyrirtæki vorum við með mjög mikil gögn okkur til glöggvunar og það var ljóst að í sumum löndum sem höfðu tekið á þessum málum hafði verið farið út á þá braut að láta stærri fyrirtæki borga hærri skatta og sérstakt tillit tekið til smærri fyrirtækja sem mikilvægt var að styðja við bakið á, efla og styðja, ekki síst að styðja það að smærri fyrirtæki færu af stað. Við ræddum undir skýrslu Byggðastofnunar hversu mikilvægt væri að styðja við fyrirtækisrekstur kvenna og þar hefði þetta líka áhrif. Þá er ég um leið komin inn á umræðu um þann vanda að sérstaklega smærri fyrirtæki geti látið fyrirtækin bera uppi kostnað af því að hagkvæmara sé að láta fyrirtækin borga skattana og reikna sér lægri laun.

Þrátt fyrir þetta tel ég að ríkisvaldið eigi að hafa fulla burði til þess að setja mál fram með þeim hætti að hægt sé að hafa eftirlit með því að fyrirtækin eða eigendur fyrirtækja greiði sjálfum sér eðlileg laun miðað við það lífsform sem þeir sýna og þar með að nota skattlagninguna til að stýra uppbyggingu. Mér finnst að það ætti hiklaust að skoða það núna þegar betur árar að stóru fyrirtækin beri meiri skatta og búi við hærri skattprósentu og skoða með hvernig skattstefnu hægt sé að koma til móts við hin smærri, aðallega til að efla þau en ekki til hins sem ég nefndi áður. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort það hafi verið rætt í tengslum við þessa breytingu á tryggingagjaldinu hvernig menn vilja taka á þessum málum, hvernig á að taka á því að reyna að efla hinn smærri atvinnurekstur á komandi árum og láta hann njóta þess í einhverju að nú eru betri tímar og jafnframt að skoða að hver og einn skili sínu til samfélagsins.

[12:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja frá því að ríkisstjórnin hefur ekki enn rætt endanlega við sveitarfélögin um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það hefur farið fram eitt viðtal en ætlunin var að ræða sameiginleg málefni innan tíðar.

Í öðru lagi er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að það dregur úr möguleikum fyrirtækjanna að fjárfesta eða greiða hærri laun ef skattarnir hækka á fyrirtækjum. Hins vegar vil ég láta koma mjög skýrt fram að skattar á fyrirtæki, sérstaklega skattar eins og þessir sem við erum að tala um, eru lægri hér en víðast annars staðar. Til dæmis er greitt talsvert miklu hærra í ýmiss konar tryggingagjöld á Norðurlöndunum sem er þá flatur skattur á launaliði eins og hér er verið að tala um og það stundum svo mikið að til vandræða horfir eins og í Finnlandi.

Hv. þm. spyrst fyrir um hvort til greina hafi komið að samræma hlutfallið. Það kom auðvitað til greina. Reyndar hefur verið amast við því að hafa þessi tvö hlutföll af hálfu ESA en ákveðið var að fara ekki fram með það mál að sinni hvað sem síðar verður.

Varðandi það hvort eigi að skattleggja beinlínis lítil og stór fyrirtæki með misjöfnum hætti sé ég ekki rök til þess. En ég tek undir með hv. þm. að það er hins vegar nauðsynlegt að skoða mjög vandlega hvort við getum örvað það að stofnað sé til atvinnustarfsemi.

Einnig vil ég segja að við höfum lagt okkur í framkróka um það að koma í veg fyrir skattsvik og mér finnst einnig koma til greina að breyta skattalögum ekki síst með tilliti til þess sem kom fram í máli hennar en það er að fyrirtækin muni t.d. í sumum tilvikum leigja húseignir sínar til viðkomandi starfsmanna. En að allra síðustu vil ég að það komi fram að þessi breyting sem hér á sér stað er ekki flókin og gerð af neinum flumbrugangi. Þessi breyting er mjög einföld, eins einföld og breyting getur orðið.

[12:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að þessi tillaga sem hér er sett fram er mjög einföld. Hún er flatur viðbótarskattur 0,5% á alla, stóra og smáa, en ég kem almennt með varnaðarorð um það að við skulum ávallt gera skattbreytingar af ýmsu tagi á þessum tímapunkti og sjá ekki afleiðingarnar nægilega fyrir.

Ég tel að það ætti að skoða hvernig það hefði komið út að vera með mismunandi skattprósentu á þessum stærri fyrirtækjum og þeim smærri. Það verður að leita leiða til að örva þau samtímis því að eigendur þeirra skili einstaklingsköttum sínum en ég vil taka fram að það er ekki tillaga mín að sameina prósentuna tryggingagjaldinu. Á því er of mikill munur og í raun liggja allt of flókin viðhorf að baki. En þegar verið er að hreyfa gjald eins og tryggingagjaldið þá hefði ég talið að væri ekki óeðlilegt að skoða hvort það ætti að vera einhver hreyfing innan þessara tveggja stofna og einnig hvort endilega sé rétt að vera með prósentuskiptinguna eins og hún er þarna sett fram. Það er mín spurning. Flumbrugangurinn á sér oftar stað í flóknari skattamálunum en því miður viðgengst hann hjá okkur.

[12:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það mætti hugsa sér að hafa hreyfingu á milli þessara tveggja hlutfalla og í raun hefur Alþingi fallist á það grundvallaratriði. Það hefur gerst a.m.k. tvisvar að ákveðnir fyrirtækjaflokkar hafa verið fluttir á milli skatthlutfalla í tryggingagjaldinu, auðvitað í bæði skiptin úr hærra þrepinu í það lægra. Í bæði skiptin var gengið þannig frá málum að hlutfallið hækkaði við það þannig að tekjutapið varð ekkert. Ég sé fyrir mér að það sem getur gerst í framtíðinni er að smám saman færast fyrirtækin í eitt og sama hlutfall.

Fyrst minnst var á sveitarfélögin sem þurfa að greiða 70 millj. eins og aðrir atvinnurekendur í þennan skatt, sem gefur á ársgrundvelli einn milljarð, og 900 millj. á næsta ári, þá ber að geta þess að ríkið borgar auðvitað verulega fjármuni sjálft eða um 200 millj. sem ætti að koma til lækkunar en ekki er leyfilegt að ganga þannig frá reikningum að blanda gjöldum saman við tekjur þegar um þetta er rætt. Það er eins með ríkið og sveitarfélögin að það gildir sama máli með þau eins og fyrirtækin að verið er að greiða af launakostnaði fyrirtækjanna.

[12:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru bara örfá orð sem mig langar að segja um frv. og aðallega til þess að fá betri upplýsingar um áhrif frv. og einnig betri upplýsingar um hvað í því felst.

Ég tek undir þau gagnrýnisorð sem féllu fyrr í umræðunni um frágang þingskjala af hálfu fjmrn. Mér finnst því þingskjali sem hér er til umræðu vera verulega áfátt hvað varðar að gefa glögga mynd af því sem felst í frv. og þeim áhrifum sem breytingarnar hafa í för með sér. Ég mælist til þess við hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir því að úr því verði bætt framvegis af hálfu ráðuneytisins.

Hann hefur að nokkru leyti bætt úr sjálfur eftir að hann lauk framsöguræðu sinni með því að láta mig hafa ljósrit af vinnuskjali frá fjmrn. sem á að lýsa fjárhagslegum áhrifum frv. á næstu árum. Ég styðst að nokkru leyti við það skjal í ræðu minni og þeim spurningum sem ég ber fram við hæstv. ráðherra um efni frv.

Áður en ég vík að beinum spurningum vil ég láta það sjónarmið mitt koma fram að ég tel að 2. efnismgr. 2. gr. frv. sé í raun óþörf. Hún er kannski skaðlaus. Það má sem svo segja að það skipti ekki miklu máli til eða frá hvort þessi texti standi í lögunum en út frá því sjónarmiði að menn eigi að forðast að setja í lög meira en þörf krefur þá finnst mér þessi texti vera óþarfur en textinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fyrir lok október ár hvert skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjmrh. skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjalds skal fjmrh. flytja frv. þar að lútandi á Alþingi."

Þarna er um þrennt að ræða: Í fyrsta lagi fyrirmæli um að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi að gefa ráðherra skýrslu. Ég tel enga þörf á því að hafa slík fyrirmæli í lagatexta enda veit ég ekki til þess að nein vandkvæði séu á því að fá slíkar upplýsingar frá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og mér þætti vænt um að ráðherrann upplýsti ef svo er að einhver vandkvæði hafi verið á að fá þessar upplýsingar sem leiði til þess að hann leggur til að þetta verði sett í lög.

Í öðru lagi eru fyrirmæli um hvað eigi að vera í skýrslunni sem stjórn sjóðsins á að skila til ráðherra. Í þriðja lagi eru

fyrirmæli til ráðherra um að flytja frv. ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að það vanti peninga. Þetta finnst mér líka alveg óþarfi. Ég efast ekki um að fjmrh. muni flytja frv. um breytingu á þessum lögum eða öðrum til að tryggja fjárhagslega stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs ef þörf krefur. Ég ætla hvorki núverandi ráðherra né þeim sem síðar koma að þeir muni láta reka á reiðanum í þessu efni ef ekki verði lagaákvæði sem skylda þá til þess að flytja frv. um þetta efni.

Eins og ég gat um held ég að þetta skipti ekki máli til eða frá. Ég efast um að hlutirnir fari á verri veginn þó að þetta lagaákvæði sé ekki inni og tel raunar óþarft að vera að setja þetta inn. Hins vegar á ég ekki von á því að það breyti miklu þó að þetta verði að lögum. Að öðru leyti er þetta að mínu viti frekar leiðinlegur svipur á lagatexta sem byggir á því að ætla viðkomandi aðilum að gera ekki það sem þarna er kveðið á um og því þurfi lagafyrirmæli til að tryggja framgang bæði upplýsinga og að lögð verði fram frumvörp.

Í öðru lagi vil ég gera að umtalsefni hlut Vinnueftirlits ríkisins í þessu frv. sem reyndar er óbreytt frá gildandi lögum að því er mér sýnist. Mér sýnist að það sé ekki gert ráð fyrir að breyta fyrirkomulaginu varðandi Vinnueftirlitið frá því sem verið hefur undanfarin ár. En sú breyting varð á högum þess að áður fyrr fékk það tekjur af þessu tagi færðar sem sértekjur sinnar stofnunar, en nú er þetta fært yfir ráðuneytið og kemur því í gegnum ríkissjóð. Það hefur leitt til þess að Vinnueftirlitið fær ekki allt það gjald sem því er ætlað samkvæmt þessum lögum, eða 0,08% af gjaldstofni, og það má geta þess að í stjórn Vinnueftirlitsins sitja að jöfnu fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launþega sem komast að samkomulagi um umfang stofnunarinnar ár hvert og hversu hátt gjaldið þurfi að vera til þess að standa undir því umfangi. Það sem hefur út af brugðið er að eftir að þetta gjald fór að renna til ríkissjóðs hafa áætlanir brugðist, því að ríkissjóður hefur ekki skilað öllu því fé sem Vinnueftirlitið hefur ætlað að stjórn þess fengi, en hún samanstendur að mestu af aðilum vinnumarkaðarins. Ég tel að í þessu tilviki eigi menn að halda það samkomulag sem gert er á milli þessara aðila. Það eru þeir sem eiga að borga þetta þó ríkissjóður sjái um innheimtuna. Ég vil því koma á framfæri athugasemdum varðandi hlut Vinnueftirlits ríkisins í þessu efni á undanförnum árum. Þeir hafa kvartað yfir honum við fjárln. og farið fram á breytingar í þessu efni.

Ég tel að hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta til athugunar eigi að kynna sér athugasemdir Vinnueftirlits ríkisins og reyna að ná samkomulagi innan nefndarinnar um að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að verða til þess að tryggja stöðu Vinnueftirlitsins. Það þarf hvorki að ræða það né um það að deila að nauðsynlegt er að sú stofnun geti starfað óhindrað að sínum verkum.

Þá vil ég aðeins spyrja út í áhrifin af þessu frv. Ég vil fyrst og fremst reyna að átta mig á því hvernig þetta tryggingagjald verður eftir að frv. er orðið að lögum? Í dag er það þannig að það er gjald í tveimur þrepum, 2,5% af gjaldstofni sem er nánar skilgreindur í lögunum og 6%, þannig að fyrirtæki greiða ýmist 2,5% af launaútgjöldum í tryggingagjald eða 6% og fer að mestu eftir atvinnugreinum. Það sem ég spyr um er hvernig verður þetta eftir að frv. þetta er orðið að lögum? Ég er ekki alveg viss um að ég skilji þetta rétt, en eins og mér sýnist frv. liggja virðist vera gert ráð fyrir að lækka 2,5% niður í 2,05% og 6% niður í 5,35% en taka síðan upp nýtt gjald sem er 1,5%. Þýðir þetta þá að nettó sé hér um að ræða 1,05% hækkun hjá öllum fyrirtækjum? Mér þætti vænt um ef ráðherrann vildi skýra þetta þannig að enginn vafi leiki á því hver áhrif gjaldsins eru á þá sem eiga að borga það, hversu mikil hækkunin er. Ég skil frv. þannig að það sé gert ráð fyrir óbreyttri skiptingu á milli flokka þannig að þau fyrirtæki sem nú hafa greitt 2,5% eigi að greiða lægri flokkinn, eða lægra þrepið, og þau sem nú hafa greitt 6% eigi að greiða hærra gjaldið.

Þá er eitt atriði enn, sem er gildistími laganna. Eftir frv. að dæma virðist vera gert ráð fyrir að hér sé um að ræða breytingu sem gildi ótímabundið, enda segir í athugasemdum við frv. um gildistökugreinina að greinin þarfnist ekki skýringa. Hins vegar eru þær upplýsingar að finna í vinnuskjali sem ráðherra afhenti fyrr á fundinum að hækkun tryggingagjalds um 0,5% skili 900 millj. kr. í auknar tekjur til ríkissjóðs á næsta ári, aðeins 100 millj. á árinu 1997 og ekkert á árinu 1998. Ég tel rétt að hæstv. ráðherra útskýri þetta þar sem það vefst fyrir mér að skilja þessa uppsetningu. Ég tel rétt að ráðherra geri betri grein fyrir áhrifum frv., til að taka af allan vafa, bæði hvað varðar þessa krónutölu sem er veruleg á árinu 1996, engin á árinu 1998 og mun lægri 1997. Það gefur til kynna að ekki sé gert ráð fyrir að hækkunin standi nema á næsta ári.

Í öðru lagi: Af hverju gerir hann eingöngu ráð fyrir 0,5% hækkun og lætur reikna út áhrifin af því, þegar frv. gerir ráð fyrir, eins og ég skil það, að hækkunin verði 1,05%?

Þá held ég að það helsta sé komið sem ég hnaut um og áttaði mig ekki á þegar ég las frv. yfir.

Ég vil svo að lokum spyrja ráðherrann um aðrar tölur á skjali hans, þótt það varði ekki beinlínis frv., en ég hygg að hann hafi ekkert á móti því þó ég spyrji um það, en það eru áhrifin af óbreyttum persónuafslætti. Ég spyr af því að ráðuneytið setur þessi atriði saman og reiknar út heildaráhrifin af þeim þannig að saman eru reiknuð áhrif nokkurra frumvarpa. En áhrifin af óbreyttum persónuafslætti eru á næsta ári talin gefa ríkissjóði 900 millj., 100 millj. á árinu 1997 en ekkert á árinu 1998. Þýðir þetta að það eigi að breyta persónuafslætti á árunum 1997 og 1998?

Þá hef ég komið á framfæri þeim spurningum sem vöknuðu við lestur frv. og var ósvarað þegar ég hafði pælt í gegnum það og gildandi lög. Ég vænti þess að ráðherrann greiði úr þeim spurningum sem ég hef lagt fram.

[13:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá atriði. Ég mæli með því að nefndin kanni textann í 2. mgr. og fjalli einnig um Vinnueftirlitið, ég hef ekkert á móti því. En áhrifin í frv. eru eingöngu þau gagnvart fyrirtækjunum að þau greiða 0,5 prósentustig til viðbótar því sem nú er greitt. Það kom fram í ræðu eins hv. þm. áðan að hlutföllin eru núna, ef ég man rétt, 3,21 og 6,51, en það er verið að skipta gjaldinu upp þannig að 1,5% gengur beint til Atvinnuleysistryggingasjóðs og allt að 0,08% til Vinnueftirlits ríkisins, en síðan er gerð sú breyting á núgildandi lögum að nú má fjármagna jöfnum höndum lífeyris- og slysatryggingarnar eftir reglugerð sem fjmrh. setur, en hingað til hefur það verið skilið þannig að lögin hafi bundið framlögin og stundum hefur því myndast inneign og skuldir á milli þessara tveggja deilda sem hefur þurft að leiðrétta.

Þetta frv. þýðir, þegar áhrifin eru komin að fullu til skila, um það bil einn milljarð sem ætti að styrkja stöðu ríkissjóðs á ári. En þau koma ekki að fullu til skila á næsta ári vegna þess að fjárlögin eru á greiðslugrunni. Hvað persónuafsláttinn

varðar mun ég svara því síðar, en á viðkomandi vinnuskjali sem vitnað var til, þarf að leggja upphæðina sem um er að ræða saman til að fá rétta niðurstöðu. En ég mun geta komið að því síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:10]

Skattskylda innlánsstofnana, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (Iðnþróunarsjóður). — Þskj. 161.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Frv. þetta er 135. mál þingsins og er á þskj. 161.

Í frv., sem er afar einfalt, er lagt til að frestað verði gildistöku ákvæða laganna að því er varðar skattskyldu Iðnþróunarsjóðs. Forsaga málsins er sú að með lögum nr. 48/1992 voru opinberir fjárfestingarlánasjóðir gerðir skattskyldir. Sérregla var þó í lögunum að því er varðaði Iðnþróunarsjóð þar sem gert var ráð fyrir að skattskylda hans kæmi til framkvæmda síðar, þ.e. á árinu 1995. Þetta er byggt á þeirri forsendu að fyrirheit hafi verið gefin allt frá því að Iðnþróunarsjóður var settur á laggirnar fyrir 25 árum að hann yrði ekki skattlagður fyrr en stofnfé hinna Norðurlandanna hefði að fullu verið endurgreitt. Í samræmi við þetta var tekjuskattur og eignarskattur lagður á Iðnþróunarsjóð við álagninguna í ár.

Í ljósi þess að endurgreiðslu stofnfjár lauk ekki fyrr en 8. mars sl. þykir eðlilegt með vísan til framangreindra forsendna að ákvæðum laganna verði breytt á þann veg að upphæð skattskyldu miðist við þetta tímamark, þ.e. þegar sjóðurinn komst að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 162.

[13:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Þetta frv. er 134. mál þingsins og er að finna á þskj. 160.

Í frv. eru lagðar til tvær breytingar á staðgreiðslulögum. Í 1. gr. er lagt til að síðari málsliður 6. mgr. 28. gr. laganna falli brott en þar er kveðið á um málskot til ríkisskattstjóra vegna álagsbeitingar á vanskilafé í staðgreiðslu. Umboðsmaður Alþingis fjallaði um þetta ákvæði í áliti sínu nr. 877/1993 og komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að yfirskattanefnd væri falið að fjalla um niðurfellingu álags. Ég tek undir þetta álit umboðsmanns enda er meginreglan í skattaréttarfari að kærumál gangi til yfirskattanefndar.

Með þessu frv., ef samþykkt verður, er þannig gert ráð fyrir að úrskurður skattstjóra um álag á staðgreiðslu verði kæranlegur til yfirskattanefndar en ekki aðeins til ríkisskattstjóra eins og verið hefur.

Í 2. gr. er gerð brtt. um 2. mgr. 34. gr. í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Samkvæmt þessari grein, eins og hún hjóðar í gildandi lögum, skal mismunur sem kann að verða við álagningu opinberra gjalda á álagningunni annars vegar og innborgaðri staðgreiðslu hins vegar, verðbætast miðað við lánskjaravísitöluna.

Í 2. gr. frv. er lagt til að horfið verði frá vísitölutengingu og í stað þess lagt 2,5% álag á mismuninn. Gildir álagsbreytingin hvort heldur sem um er að ræða skuld sem þannig myndast við álagningu eða inneign. Þannig eru báðir aðilar jafnir hvað það snertir. Eins og allir sjá er álagið svipað og gera má ráð fyrir að árleg verðbólga hafi verið og verði á næstunni.

Að þessu mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (upphæð gjalds og ákvörðun þess). — Þskj. 163.

[13:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um bifreiðagjald. Í þessu frv. eru lagðar fram nokkrar breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frv. er lagt til að upphæð bifreiðagjalds verði ákveðin í lögunum og felld brott heimild ráðherra í 5. gr. laganna til að hækka bifreiðagjald með reglugerð í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar. Til að gera þessa breytingu mögulega eru í 1. gr. frv. fjárhæðir þær sem koma fram í lögunum hækkaðar til samræmis við hækkun bifreiðagjalds 1. júlí 1995. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldinu. Í framtíðinni verður það því hlutverk löggjafans að ákveða hækkun bifreiðagjalds. Hér er um að ræða sömu stefnu og er annars staðar í stjórnarfrv. af svipuðu tagi. Það er með öðrum orðum verið að frysta skattfjárhæðina þannig að ekki komi til hækkunar á næsta ári. Síðan munu breytingar fylgja breytingum sem gerðar verða á lögunum á hverjum tíma.

Í 2. gr. frv. er lagt til að eindagar bifreiðagjalds verði færðir fram um einn mánuð. Breyting þessi er lögð fram til að auðvelda innheimtu, minnka álag á skoðunarstöðvum og aðlaga innheimtu gjaldsins að þörfum gjaldenda. Í dag er framkvæmdin með þeim hætti að tímabilið milli gjalddaga og eindaga eru tveir mánuðir. Hefur þetta fyrirkomulag verið mjög erfitt í framkvæmd þar sem óheimilt er að skoða bifreiðar á þessu tímabili samkvæmt lögunum nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi verið greitt þótt það sé enn ekki fallið í eindaga. Því er lagt til að stytta tímann á milli gjalddaga og eindaga og heimila skoðun bifreiða á þeim tíma þótt bifreiðagjaldið hafi ekki verið greitt. Það er nýlunda.

Sú breyting er lögð til í 3. gr. frv., jafnframt því að heimila skoðunarstöðvum að skoða bifreið þótt bifreiðagjald hafi ekki verið greitt fram að eindaga, að skýr afstaða er tekin til þess að óheimilt sé að skrá eigendaskipti að bifreið hafi gjaldfallið bifreiðagjald ekki verið greitt. Ég vil undirstrika, gjaldfallið bifreiðagjald, jafnvel þótt það sé ekki fallið í eindaga. Tilgangur þessara breytinga er að tryggja betri innheimtu bifreiðagjalds og koma í veg fyrir að kaupendur bifreiða lendi í að þurfa að greiða bifreiðagjald sem lagt var á fyrri eigendur, en nokkur brögð hafa verið að því.

Aðrar breytingar eru minni háttar og skýra sig að mestu sjálfar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér reyndar ekki hljóðs til að tala beinlínis um bifreiðagjöldin sem slík, sem fjmrh. hefur rakið hér. En ég kýs að koma með fyrirspurn til fjmrh. undir þessum málaflokki

Ríkisstjórnin hefur gefið mynd af því að ætla sér að leggja mikla áherslu á forvarnir. Forvarnir, sérstaklega í heilbrigðiskerfinu, sem skila sér í lægri heilbrigðisútgjöldum. Reyndar hefur ekki sést mjög mikið af þeirri framkvæmd né hvernig hún er hugsuð en við hljótum að vænta þess að þau mál eigi eftir að koma til umræðu á Alþingi. Hins vegar er það svo varðandi útgjöld vegna bifreiðamála að hér hefur ekki verið skoðað að endurgreiða eða lækka kostnað vegna atriða í bifreiðum sem hafa mjög mikið forvarnagildi og eiga vissulega möguleika á því að spara stórlega í heilbrigðisþjónustunni. Þar á ég t.d. við líknarbelg sem er belgur sem blæs upp við árekstur og afstýrir því að fólk hendist í mælaborðið og öryggisbremsukerfi sem læsa ekki öllum hjólum.

Ég kem hér upp vegna þess að ég hef fengið upplýsingar um það hjá Bílgreinasambandinu að bæði Danir, Norðmenn og Finnar endurgreiða kostnað vegna þessa öryggisbúnaðar, sé hann settur í bifreiðar. Danir endurgreiða um níu þús. danskar krónur vegna bifreiðar sem er með líknarbelg og sjö þús. ef bifreið er með sérstakt bremsukerfi sem læsir ekki hjólunum. Það er litið svo á að kostnaður við þessi öryggisatriði í bifreið hér á landi mundi vera u.þ.b. 120 þús. í innkaupum og mun reyndar vera það sama í Danmörku. Það er ekki tekið tillit til þessa hér af hálfu stjórnvalda og þess vegna er enginn hvati til þess hjá innflytjendum né bifreiðaeigendum að fá sér þennan öryggisbúnað í bifreiðar til að afstýra vá ef til árekstur kemur. Mér er sagt að forsenda Dana, Norðmanna og Finna fyrir áróðrinum sem þeir reka fyrir þessu máli og stuðningnum sem þeir veita við að fólk kaupi bíla með þessum útbúnaði sé sú að bíll sem er með þessi öryggistæki spari umtalsverðar fjárhæðir í ríkisrekstri, og þá sérstaklega í heilbrigðiskerfinu.

Danir segja t.d. sem svo að maður sé strax kominn í 10.000 danskar kr. í útgjöldum um leið og einhver lendir á skurðarborðinu vegna andlitsskaða. Þess vegna er mjög mikilvægt að reyna að meta hvað heilbrigðiskerfið þarf að greiða til að koma sjúklingi í fyrra horf við slys af þessu tagi. Miðað við það sem ég hef skoðað í þessu máli hefði ég talið að það væri mikið þjóðþrifamál að fella niður aðflutningsgjöld og tolla, eins og gert er við hjálma og öryggisbelti. Þetta eiga að vera hin sjálfsögðu öryggistæki í bifreiðum. Forvarnir eru, eins og ég hef áður sagt, fleira en það að fá fólk til að hætta að reykja. Það væri áhugavert að fá að vita hversu margir hafa slasast hér á landi við að skella í mælaborð og á stýri. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvenær ætlar ríkisstjórnin að byrja á sínum forvarnaaðgerðum? Hefur það verið skoðað að þáttur í þeim forvörnum sem rætt er um verði einmitt þetta, að koma til móts við þennan sterka öryggisþátt? Hefur fjmrh. skoðað að fella niður gjöld í innkaupum á þessum mikilvægu tækjum?

[13:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. var reyndar ekki um það mál sem hér er á dagskrá, þ.e. bifreiðagjald, og bifreiðagjald er svokallað kílóagjald. Það hefði kannski verið fremur viðeigandi að ræða þetta þegar til umræðu kæmi vörugjald af bifreiðum. Það breytir hins vegar ekki því að málið er þannig vaxið að full ástæða er til að ræða það.

Það hefur verið rætt í fjmrn. að setja fram skýra stefnu varðandi álögur á bifreiðar og bifreiðanotkun og vinna að allri stefnumótun með bæði Bílgreinasambandinu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og öðrum þeim sem hafa hagsmuna að gæta. Eitt af því sem hefur verið rætt er að taka upp skráningargjöld í stað vörugjalds en það er vitað að vörugjaldið, sem miðað er við vélarstærð, stýrir yfirleitt innkaupum á neyslugrönnum bifreiðum. Þær bifreiðar eru oftast síður búnar öryggistækjum en hinar og eru í eðli sínu léttari og þess vegna hættulegri. Þetta er einn þáttur málsins. Hinn þátturinn snýr að svokölluðum öryggistækjum eins og t.d. ABS-bremstutækni og svokölluðum líknarbelgjum. Það er rétt hjá hv. þm. að í nágrannalöndunum hefur verið veittur sérstakur afsláttur vegna bifreiða með slíkum útbúnaði. Um það hefur líka verið fjallað í því starfi sem nú fer fram.

Þetta hefur nokkuð verið í umræðu núna, ekki síst vegna afmælis Bílgreinasambandsins þar sem forustumenn þess hafa minnst á þetta mál, en einnig vegna þess að framkvæmdastjóri Umferðarráðs ræddi þetta mál á sínum tíma. Ég vil að þetta komi fram við umræðuna, en því miður get ég ekki gefið fyllri upplýsingar almennt um forvarnir á vegum ríkisstjórnarinnar enda heyra þær að mestum hluta til undir önnur ráðuneyti.

[13:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Ég geri mér grein fyrir því að ég er að fara örlítið til hliðar við þingmálið sem slíkt. En það er nú svo að þingmálið fjallar um gjöld sem innt eru af höndum af neytendum og þetta mál snýst auðvitað um það hvernig neytendur eru sem best tryggðir og öruggastir í farartækjum sínum.

Ég er mjög ánægð að heyra að verið er að skoða þessi mál og ég hvet til þess að ríkisstjórnin leggi mikla áherslu á það að koma til móts við bifreiðaeigendur sem taka upp þessi öryggistæki í bíla sína, svo þýðingarmikið sem það er í forvarnastarfi vegna slysa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (breyttar fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 174.

[13:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er að finna á þskj. 174 en er 147. mál þingsins. Það eru nokkur atriði sem ég vildi nefna almennt um þær breytingar sem verið er að gera á skattalögum í tengslum við umræðuna um þetta frv.

Í fyrsta lagi ber að minna á að á síðasta þingi breytti hv. Alþingi tekjuskattslögunum með þeim hætti að hægt er að draga lífeyrisiðgjald launþega frá skatti. Þessi aðgerð er viðamikil og kostnaðarsöm en var gerð vegna þess að talið var að um forsendur fyrir kjarasamningi á milli ASÍ og VSÍ væri að ræða í febrúar á sl. ári. Í raun og veru má segja að ASÍ hafi gert kröfu til þess að þessi aðferð yrði notuð og hún kæmi í stað þeirrar sem þáv. ríkisstjórn hafði lagt til og fengið samþykkta fyrr á því sama þingi. Sú aðferð fólst í því að þeir sem fengju greitt úr lífeyrissjóðum gætu dregið 15% frá þeim tekjum áður en til skatts kæmi.

Í öðru lagi er verið að gera þær breytingar á skattalögum nú í haust að afnema sjálfvirkni eða sjálfvirka tengingu skatta, útgjalda, afsláttar- og bótagreiðslna við verð- eða launavísitölu.

Í þriðja lagi er áformað að treysta fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs en um það mál var fjallað í morgun þegar rætt var um breytingar á lögum um tryggingagjald.

Loks skal þess getið að starfandi er nefnd allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins á vegum fjmrn. sem er að freista þess að gera tillögu um það að tekinn verði upp fjármagnstekjuskattur. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum en gera má ráð fyrir að hún geri það síðar í þessum mánuði. Ekki er hægt að búast við að ríkisstjórnin leggi fram tillögur á grundvelli starfs nefndarinnar eða sjálfstæðar tillögur sem taki gildi fyrr en annaðhvort seint á næsta ári eða um áramótin 1996–1997. Ræðst það af starfi nefndarinnar og því hvernig til tekst að því loknu.

Talið er að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda, sem ég minntist á áðan, leiði til 1.600 kr. tekjulækkunar til ríkissjóðs þegar breytingin hefur að fullu átt sér stað. En heildaráhrifin koma fyrst fram á árinu 1998.

Ríkisstjórnin áskildi sér með mjög skýrum hætti við lausn kjarasamninganna í febrúar sl. að skera niður eða afla tekna til að standa straum af þeim kostnaði sem ríkissjóður verður fyrir þegar skattar lækka með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir. Tekjuöflunin er fyrst og fremst með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða tryggingagjald sem gefur á ársgrunni þegar heildaráhrifin eru komin fram 1 milljarð kr. og síðan sá tekjuauki sem hlýst af þessu frv. en gera má ráð fyrir því að ríkissjóður fái um 500 millj. kr. nettó þegar heildaráhrifin eru komin fram. Ríkissjóður mun hagnast um 1 milljarð brúttó vegna frystingar á ýmsum bótaþáttum frv. en á móti kemur að ætlunin er innan skattkerfisins að draga úr jaðaráhrifum barnafjölskyldna með þeim hætti að verja til þess u.þ.b. 500 millj. kr., eða helmingnum af því sem fæst inn. Þetta þýðir að heildaráhrif þessara frumvarpa, þ.e. þegar tekið er tillit til tekjuskattsins vegna frystingarinnar og tryggingagjaldsins, verði um 1.500 millj. kr. en eins og ég sagði áðan verða heildaráhrif þess að lífeyrisiðgjöld verða skattfrjáls um 1.600 millj. kr. þegar upp er staðið. Fyrsta árið mun þó ríkissjóður hagnast nokkuð á tilfærslunni allri eða um 300 millj. kr. Á næsta ári þar á eftir, árinu 1997, 100 millj. kr. En þess ber þá að geta að á yfirstandandi ári mun ríkissjóður tapa um 600 millj. kr. tekjum vegna fyrstu breytinga sem hafa orðið vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda.

Í greinargerð með þessu frv. er farið mjög vandlega í gegnum þær breytingar sem gerðar eru á tekjuskattslögunum. Í fyrsta lagi er fjallað um afnám sjálfvirkrar verðuppfærslu. Þá er skýrt hvernig staðið verður að frystingu bóta- og afsláttarfjárhæða en það sama mun gilda um bætur í bótakerfi, bæði almannatryggingakerfinu og eins í atvinnuleysistryggingakerfinu. Með sama hætti er fjallað nokkuð ítarlega um áhrif breytinga í barnabótakerfinu en breytingar sem verið er að gera í þessu frv. eru tvíþættar. Annars vegar er verið að lækka hlutfall skerðingar með börnum almennt en síðan er málum þannig komið fyrir að hámarksskerðing verður 15% sama hve börnin verða mörg. Þetta er kannski fyrsta skrefið af nokkrum sem þarf að taka á næstu árum til að draga úr jaðaráhrifum þess þegar um er að ræða samspil annars vegar skattkerfisins og hins vegar bótakerfisins. Það kemur í ljós og kannski á það fyrst of fremst við um ákveðna kynslóð hér á landi sem sumir gætu greint að væru einstaklingar á aldrinum 25–40 ára. Þeir þurfa nú að sætta sig við skattkerfi og bótakerfi, endurgreiðslur á námslánum, með þeim hætti að við hverja nýja krónu sem þeir afla sér þurfa þeir að sætta sig við að ríkið eða aðrir aðilar taki til sín verulegan hluta fjárins. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að setja niður nefnd með aðilum vinnumarkaðarins til að freista þess að draga úr þessum jaðaráhrifum og koma í veg fyrir að fólk hætti hreinlega ekki við að vinna þegar það á kost á því en leggi þess í stað árar í bát og reyni frekar að lifa á ýmiss konar bótum til að koma í veg fyrir að hækkandi tekjur skerði bótaréttinn. Svona gildrur eru alþekktar og voru þekktastar fyrir nokkrum árum á Norðurlöndum, einkum og sér í lagi í Svíþjóð, en einnig í Danmörku, Noregi og Finnlandi og hafa leitt til þess að ríkisstjórnir þessara landa hafa á undanförnum árum breytt skattalögum hjá sér til að koma í veg fyrir óheppilegar afleiðingar þessara jaðaráhrifa.

Ég ætla ekki að fara ítarlega út í einkenni íslenska skattkerfisins en það einkennist auðvitað fyrst og fremst af háum persónuafslætti, háum skatthlutföllum sem leiðir síðan til þess að skattgreiðendur í hópi framteljenda eru mjög fáir og ég hygg að einungis þriðji hver framteljandi greiði í raun skatta. Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir að 42% hlutfall sé almenna hlutfallið í skattkerfinu og talið er að fram taldar tekjur landsmanna séu um 220 milljarðar kr. fær ríkissjóður í sinn hlut einungis um 16 milljarða kr. Sveitarsjóðirnir fá um 18 milljarða kr., sem þýðir að 34 milljarðar af 220 milljarða stofni skila sér til þessara aðila vegna þess hve skattkerfið er örlátt á bætur og afslætti. Það er kannski einfaldast að skýra þetta með dæmi á þann veg að það mætti lækka skatthlutfallið í u.þ.b. 17% og það gæti gefið sömu tekjur til ríkis og sveitarfélaga ef engin jöfnun væri til í skattkerfinu, engin, og öll laun væru skattlögð eins. Hægt væri að lækka hlutfallið úr 42% í 17%. En þá má ekki gleyma því að skattkerfið hér á landi þjónar þeim tilgangi að færa tekjur og lífskjör á milli aðila í mjög stórum stíl og svo stórum að nú er svo komið að meira að segja fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og þeirra sem oftast tala fyrir félagslegum umbótum eru farnir að kvarta undan því þegar skattkerfið er mikið notað í þessa áttina með alls konar bótum og tekjutengdum bótum og skerðingum með auknum tekjum. Þetta er vissulega

athyglisvert og ég tek undir það með þeim sem segja að full ástæða sé til þess að endurskoða skattkerfið með tilliti til þessa og kanna hvort ekki sé hægt að breyta því þannig að fólk með venjulegar almennar tekjur þurfi ekki að hafa áhyggjur af því þegar það bætir við sig vinnu vegna þess að það tapi ýmsum bótarétti.

Ekki þarf að taka fram að enn aukast vandræði þessa fólks þegar endurgreiðslur sjóða eins og Lánasjóðs íslenskra námsmanna er með þeim hætti að þar er tekið tillit til tekna og verður það oft á tíðum til þess að endurgreiðslurnar verða afar þungar í skauti. Einnig liggur í hlutarins eðli að þetta háa hlutfall, þessir miklu afslættir, þessar tekjutengdu bætur leiða allar til þess að það er meiri freisting en ella í skattkerfi okkar að afla tekna sem eru ekki gefnar upp til skatts. Þegar allt þetta kemur saman hljótum við að verða sammála um það, a.m.k. flest hver, að það þurfi að endurskoða allt tekjuskattskerfið með tilliti til þessa.

Ég vil taka það strax fram af því að það hefur verið nokkuð til umræðu að þegar við vegum saman þær breytingar sem hafa verið gerðar á skattkerfinu á sl. vetri og þær breytingar sem hér er verið að leggja til, þ.e. breytingin sem varð og fólst í því að hægt var að draga frá tekjum áður en skattur var lagður á lífeyrisiðgjöld launamanna, og sú breyting sem hér er verið að leggja til, þá er niðurstaðan sú að skattleysismörkin hækka heldur meira en þau hefðu gert ella ef þau hefðu fylgt vísitölu. Þetta eru nokkur hundruð króna og sést náttúrlega best á því að í raun og veru lækka tekjur ríkisins af tekjuskatti einstaklinga nokkuð við þessar breytingar en ríkissjóður vinnur það síðan upp með því að leggja á aukið tryggingagjald. Þetta þarf að koma hér skýrt fram í framsöguræðunni.

Í frv. er gert ráð fyrir því að hátekjuskattur verði framlengdur um eitt ár. Stjórnarflokkunum þótti eðlilegt að skoða hátekjuskattinn sem er kannski naktasta fyrirbrigðið um tekjutengingu í skattkerfinu ásamt öðrum þáttum sem snúa að jaðaráhrifum skattkerfisins. Þess vegna er þessum skatti fram haldið um eins árs skeið. Þá vil ég minna á að í frv. er gert ráð fyrir rýmri afskriftareglum bifreiða en verið hafa. Á sínum tíma var ákveðið að kaupverð bifreiða færðist á framtal einstaklinga en lækkaði ekki í tímans rás. Út af fyrir sig skipti þetta ekki miklu máli því verðbólgan sá um að lækka stofninn. Nú er hins vegar svo komið að verðbólga hér á landi mælist með því minnsta í heiminum. Þessa stundina er talið að verðbólgan sé 1,8% eða innan við 2%. Þetta leiðir til þess að verðfærsla á bifreiðum á skattframtölum einstaklinga verður of há miðað við almennar afskriftareglur. Til að koma til móts við þetta er ákveðið í þessu frv. að heimila þeim sem eiga bifreiðar að lækka þær um 10% á ári. Síðan er gerð sú undanþága að bifreiðar sem eru eins til tveggja ára gamlar fá til að byrja með meiri lækkun eða allt upp í 25%. Þetta hefur ekki mikla þýðingu nema fyrir þá sem greiða eignarskatta en þeir eru ekki margir hér á landi.

Ef litið er til einstakra greina frv. þá er í 1. gr. fjallað um takmarkaða skattskyldu vegna útleigu á vinnuafli. Hér er verið að samræma það sem kemur yfirleitt fram í tvísköttunarsamningum við ákvæði tekjuskattslaganna. Til að nefna sérstakt dæmi um þetta þá hefur það gerst að menn hafa verið ráðnir á íslensk loftför í gegnum aðila erlendis og síðan kemur í ljós að þeir greiða ekki skatta hér á landi og kannski ekki í öðrum löndum heldur. Til að tryggja að þeir greiði skatta eins og aðrir þeir sem vinna sambærileg störf á íslenskum loftförum er gripið til þessa ráðs og það er auðvitað ekki miðað við loftför eingöngu heldur er verið að stilla saman tvísköttunarsamningana og ákvæði í tekjuskattslögunum.

Í öðru lagi er verið að taka af skarið með eignir manna sem búsettir eru erlendis. Það hefur verið sett það skilyrði í lögunum sem gilda nú að eignirnar þurfi að vera arðgefandi en nú er þessu breytt verði þetta frv. samþykkt þannig að það skiptir ekki máli hvort eignin ber arð, það skal greiða af henni skatta jafnvel þó eigandinn sé búsettur í öðru landi.

Þeir aðilar sem búsettir eru erlendis, sem munu koma til með að greiða eignarskatt hér á landi vegna hins nýja ákvæðis, gætu m.a. vegna ákvæða í tvísköttunarsamningum heimalands þeirra við Ísland hafa þurft að greiða eignarskatt til heimalandsins, einmitt á þeim grundvelli að skattinum væri ekki til að dreifa hér á landi. Þannig breytti hin nýja skipan óverulega skattlagningu hjá slíkum aðilum. Einhver tekjuauki verður af þessu en hann hefur ekki verið reiknaður enda er gert ráð fyrir að hann verði hverfandi lítill því örfá dæmi eru um þessa tilhögun sem hér hefur verið lýst.

Í 2. gr. frv. er einungis verið að ræða fjárhæðir.

Í 3. gr. er verið að falla frá 15% reglunni sem ég minntist á fyrr í mínu máli en lífeyrisþegar hafa haft möguleika á um eins árs skeið að draga 15% frá tekjum úr lífeyrissjóðum áður en til skattlagningar kemur. Nú er þessu breytt, að vísu ekki á einu ári heldur tveimur, 7,5% á því næsta og síðan hverfur þessi frádráttur á því þarnæsta enda er alveg út í hött að hvorttveggja sé dregið frá lífeyrisiðgjaldi þeirra þegar greitt er inn í lífeyrissjóðina og eins þegar tekið er úr þeim. Það gengur ekki. Í b-, c-, d- og e-lið þessarar greinar er fjallað um fjárhæðir.

Í 4. gr. er fjallað um fjárhæðir í persónu- og sjómannaafslætti.

Í 5. gr. er fjallað um fjárhæðir sem varðar bótaákvæði laganna en í c-lið 5. gr. er verið að lagfæra skekkju sem kom fram í meðförum þingsins á sínum tíma. Hér er verið að fjalla um skuldajöfnun á móti barnabótum og gera breytingar á ákvæðum án þess að um efnislegar breytingar sé að ræða, heldur að samræma orðalag um skuldajöfnun annars vegar milli barnabóta og hins vegar vaxtabóta. Í e-lið 5. gr. er fjallað um barnabótauka og jaðarskattana sem ég minntist á áður og þarf ég ekki að endurtaka það. Kostnaður vegna þessara breytinga verður 500 millj. kr. og kemur fyrst og fremst barnafólki með meðaltekjur til góða. Breytingin kemur þó fyrst og fremst til með að hafa áhrif á þá sem eiga þrjú börn eða fleiri. Í h-lið 5. gr. er fjallað um framsetningu tekjutengingar vaxtabóta. Hér er heldur ekki um efnisbreytingu að ræða heldur fyrst og fremst orðalagsbreytingu þar sem fjallað er um þetta tiltekna atriði. Þetta er nokkuð flókið mál og ég bið hv. nefnd um að kynna sér það rækilega því ekki er meiningin að gera neina efnisbreytingu.

Í 6. gr. er fjallað um niðurfærslu bifreiðarverðs sem ég hef áður fjallað um, 10% árlega, en í bráðabirgðaákvæði er regla sem nær til eins og tveggja ára bifreiða.

Í 7. og 8. gr. er fjallað um fjárhæðir eignarskatts.

Í 9. gr. er gerð lítils háttar breyting þar sem orðið „skriflega“ er fellt út úr lögunum en hugmyndin er sú að hægt sé að skila inn til skattstjóra gögnum á því formi sem skattstjóri telur nauðsynlegt en það þurfi ekki að vera skriflegt, gæti t.d. verið á diski svo að tekið sé dæmi af nýjustu tækni.

Ekki þarf að orðlengja um 10. gr. Þar er aðeins verið að breyta nafnnúmeri yfir í kennitölu.

Í 11. og 12. gr. er verið að fjalla um málsmeðferð hjá skattstjóra og hugmyndin að þessum breytingum er sú að

gera leiðirnar styttri og ekki eins flóknar og verið hefur og ætti það að koma fyrst og fremst skattgreiðendum til góða og án þess þó að skerða réttaröryggi og skilvirkni í skattkerfinu. Þetta eru atriði sem ég bið nefndina einnig um að kanna. Þetta hefur ekki með tekjur ríkissjóðs að gera en er tilraun til þess að fækka úrskurðum og gera kerfið skilvirkara.

Í 13. gr. er fjallað um skuldajöfnun við álagningu. Hér er líka um hreinsibúnað kerfisins að ræða. Það gerist stundum þegar greiddar eru út bætur 1. ágúst að smáupphæðir sitja eftir í skatti, þeim er ekki skuldajafnað heldur dreift kannski nokkrum tugum eða hundruðum kr. á næstu mánuði. Hér er verið að setja mörk til að koma í veg fyrir að verulegum fjármunum sé eytt í að senda út litla fjármuni til skattgreiðenda.

Í 14. gr. er verið að gera lagfæringu. Á sínum tíma var hugmynd að gera meiri breytingar en urðu í raun. Þingið féllst ekki á allar breytingartillögur sem komu í frv. í fyrra en hins vegar gleymdist að taka út ranga lagatilvísun og það er gert í 14. gr. frv.

Í 15. gr. er verðuppfærsla fjárhæða afnumin en ég bendi á að þarna er enn farin sú leið sem ég minntist á áðan í öðru viðfangi en hún er sú að verði um mismun að ræða, annaðhvort myndist skuld eða inneign, verði 2,5% álag sem komi í staðinn fyrir verðbætur samkvæmt lánskjaravísitölu í núgildandi löggjöf.

Í 16. gr. er verið að afnema skattvísitölu. Hún er felld niður af sömu sjónarmiðum og ég hef verið að tala um. Sjónarmiðið er auðvitað það að nú þegar verðbólga er hér á landi ekki meiri en annars staðar er óþarfi að hafa skattareglur hér með þeim hætti að allar upphæðir færist upp sjálfvirkt. Í reynd stríðir það nokkuð gegn þeim hugmyndum sem koma til að mynda fram í nýjum stjórnarskrárákvæðum þar sem enn eru lagðar meiri skorður við framseljanleika skatta til framkvæmdarvaldsins.

Í 18. gr. eru bráðabirgðaákvæði I, II og III. Það er svokallaður hátekjuskattur eða sérstakur tekjuskattur manna eins og hann heitir og hefur heitið nokkuð lengi. Það er ekki til aðgreiningar frá dýrum heldur frá fyrirtækjum. Þá er það bráðabirgðaákvæði IV. Þar er um að ræða niðurfærslu eldri bifreiða sem ég hef þegar rætt og loks bráðabirgðaákvæði V þar sem fjallað er um frádrátt sem lífeyrisþegar hafa fengið vegna lífeyris sem þeir fá greiddan úr lífeyrissjóðum þar sem verið er að trappa þetta niður á tveimur árum þannig að frádrátturinn verði 7,5% á næsta ári en hverfi út á árinu 1997.

Virðulegi forseti. Nokkuð var rætt um það fyrr í dag þegar önnur tekjufrv. voru til umræðu að það skorti nægilega greinargóðar upplýsingar um tekjuáhrif þessara frumvarpa. Ég bendi hv. nefndarmönnum á að afla þeirra upplýsinga sem þeir vilja hjá fjmrn. og öðrum aðilum sem geta gefið slíkar upplýsingar. Ég hef talið saman þær breytingar sem verða vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjaldanna annars vegar og svo hækkunar tryggingagjalds og breytingar á tekjuskattinum hins vegar og má segja að á árinu 1996 græði ríkissjóður um 300 millj. á þessum breytingum. Á árinu 1997 100 millj., tapi 100 millj. árið 1998 og á þeim árum sem koma eftir það verði ekki aðrar breytingar á tekjuskattslögunum. En ég er ekki kominn hingað til að lofa því að ekki verði hreyft við þessum lögum á komandi árum.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta hafi skýrt meginatriðin í þessu frv. og legg til að lokinni umræðunni verði málið sent til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:27]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Tilefni þess að hæstv. fjmrh. flytur frv. til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt er sú ákvörðun fyrri ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga að lögfesta á fyrra þingi skattfrádrátt vegna lífeyrisiðgjalda launþega. Tekjutap ríkissjóðs af þessu tilefni er um 1.600 millj. kr. á tilteknu árabili eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra þannig að tilefnið er beinlínis það að bæta ríkissjóði upp þetta tekjutap. Það er gert með því að hækka tryggingagjald á fyrirtæki, sem rætt var fyrr í dag sem skilar ríkissjóði um milljarði í tekjur, og í annan stað með því að spara ríkissjóði útgjöld vegna afsláttar og bótafjárhæða. Það er gert með því að afnema sjálfvirka verðuppfærslu þessara greiðslna. Þessi sparnaður er brúttó um 1 milljarður ef ég skil málið rétt en þar á móti koma síðan breytingar á barnabótaaukanum þannig að tekjutenging hans er ekki eins brött og áður var þannig að þar er hálfur milljarður sem vegur upp á móti. Tilefnið er tekjutap sem mætt er með þessum tiltölulega einföldu úrræðum.

Oft hafa menn á orði að Alþingi Íslendinga geri of mikið af því að fikta við skattkerfið. Undan því er kvartað að það sé gert, í fyrsta lagi allt of oft, allt of handahófskennt, og framkvæmdin oft á síðustu stundu, lítt undirbúin og þeir sem við eigi að búa verði fyrir óþægindum af þeim sökum að breytingarnar eru fyrirvaralitlar. Sjálfsagt er það skynsamlegt að breytingar á skattalöggjöfinni, sem allur þorri þjóðfélagsþegnanna á að búa við, eigi að gera sjaldan, eigi að gera út frá heildarsýn og það eigi að vera ein grundvallarregla að menn eigi að vita með nokkrum fyrirvara og nokkuð langt fram í tímann við hvers konar skattumhverfi þeir búa. Því miður hefur ekki tekist að halda sig við þessar grundvallarreglur á undanförnum árum og þetta er enn eitt dæmið um að það tekst lítt í framkvæmd.

Þetta er með öðrum orðum dæmigert skattafikt. Ástæða er til þess að spyrja sjálfan sig af þessu tilefni hvað það er fyrst og fremst sem þarfnast breytinga ef við lítum á íslenska skattkerfið eins og það er í dag. Tekur þetta frv. á þeim breytingum í einhverjum aðalatriðum? Lýsir frv. einhverjum metnaði hæstv. fjmrh. til þess? Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því sérstaklega vegna þess að hann er einn þeirra sem setið hefur hvað lengst á stóli fjmrh. á undanförnum árum og áratugum og hefur því haft góðan tíma til þess að afla sér yfirsýnar yfir vandamál skattkerfisins í heild og hefur haft góðan tíma til þess að undirbúa á löngum tíma heildstæðar breytingar.

Það er líka ástæða til að spyrja: Hvaða mál voru það í aðdraganda seinustu kosninga sem mönnum bar helst saman um að þyrfti að breyta? Til þess að svara spurningunum fyrir mig nefni ég eftirfarandi þætti: Fyrir kosningar sögðu því sem næst allir talsmenn stjórnmálaflokka, sem buðu fram, að afleiðingar af tekjutengingum og skerðingum bótagreiðslna væru orðnar slíkar að jaðarskatturinn í íslenska tekjuskattskerfinu væri orðinn allt of hár, allt of tilviljanakenndur og kæmi niður með allt of ósanngjörnum hætti. Menn nefndu einstök dæmi um það að af hverri viðbótarkrónu, sem launþegi aflaði sér, færu 60–80 aurar í skatta. Menn sögðu með öðrum orðum: Hvað sem fyrir mönnum hefur vakað á þrengingartímum á undanförnum árum með þessum breytingum er heildarniðurstaðan sú að hópar launþega hafa orðið fyrir illbærilegu ranglæti af þessum sökum. Sérstaklega á þetta við t.d. um tiltekna hópa lífeyrisþega.

Þar fyrir utan bentu menn á að íslenska launakerfið er með þeim hætti að taxtalaun og laun fyrir dagvinnutíma eru lág og launþegar bæta sér þetta upp með yfirvinnu, með löngum vinnudegi, með því að hver fjölskylda hefur fleiri en eina fyrirvinnu o.s.frv. Þeir hópar fólks sem eru í þungri eða erfiðri skuldastöðu reyna að vinna sig út úr skuldastöðunni eða afla sér aukinna tekna en lenda þá í refsiköttum sem háir jaðarskattar eru sannarlega. Einmitt vegna þess að launin eru lág er kerfið mjög vinnuletjandi. Þegar svo er komið að lægstu laun eru á svipuðum nótum eða litlu hærri en einföldustu bótagreiðslur atvinnuleysisbóta o.s.frv. kemst margur maðurinn, sem á annað borð hefur einhverja yfirsýn yfir kerfið, að þeirri niðurstöðu að það borgar sig ekki að vinna. Það borgar sig ekki að freista þess að leggja á sig meiri vinnu til þess að losna út úr skuldafjötrum vegna þess að skattkerfið refsar mönnum fyrir sjálfsbjargarviðleitnina.

Ég rifja þetta upp vegna þess að öllum bar saman um, talsmönnum stjórnarflokkanna sem viðurkenndu að þetta væri gagnrýnivert og talsmönnum stjórnarandstöðunnar, ekki hvað síst talsmönnum Framsfl. sem töluðu hæst í þessu máli sem öðrum og lofuðu mestu, að brýnast væri að lagfæra þetta, að draga úr vinnuletjandi og skaðlegum áhrifum allt of hárra jaðarskatta.

Ég sagði áðan að mér þætti þetta mál bera vott um lítinn metnað hins reynda fjmrh. Hvers vegna er ekki tekið á þessum málum? Hvernig stendur á því að stjórnarflokkarnir sýna mjög litla viðleitni til þess að taka á málinu? Hvers vegna segja þeir að þeir ætli að hafa þetta mál í nefnd út næsta ár og gera ekki ráð fyrir því að taka á þessu máli fyrr en árið 1997? Er það í samræmi við það sem sagt var fyrir kosningar? Er það í samræmi við það sem mönnum ber almennt saman um að sé brýnast að taka á í breytingaskyni í skattkerfinu? Nei, það er það ekki.

Hvaða annað mál hafa menn nefnt á undanförnum árum sem stærstu eyðuna í íslenska skattkerfinu sem þurfi að taka á? Það er spurningin um samræmda skattlagningu allra tekna án tillits til þess hver er uppruni teknanna, þ.e. stóra gatið í íslenska skattkerfinu hefur verið að tekjur af fjármagnseign hafa verið skattfrjálsar á sama tíma og tekjur af vinnuframlagi hafa verið skattlagðar og hafa hækkað í skattlagningu og bera síhækkandi jaðarskatta.

Sagan um aðdragandann að fjármagnstekjuskatti er orðin löng. Það liggja fyrir miklar skýrslur, það liggur fyrir mikil vinna, það liggja fyrir tillögur, það liggja fyrir skilgreiningar á leiðum en enn kom fram í máli hæstv. fjmrh. að málið væri í nefnd. Þessi nefnd eins og reyndar fyrri nefndir er komin langleiðina að niðurstöðu en samt sem áður sagði hæstv. fjmrh.: Það stendur samt sem áður ekki til, það er ekki hægt að gera sér vonir um að ríkisstjórnin flytji frv. um útfærslu á fjármagnstekjuskatti fyrr en síðla næsta árs eða jafnvel um næstu áramót. Með öðrum orðum er niðurstaðan sú að tvö stærstu málin sem sérfróðum mönnum ber saman um að brýnast sé að taka á, tvö stærstu málin sem stjórnmálamenn gáfu mest fyrirheit um fyrir kosningar, eru látin liggja í láginni. Þau bíða hversu brýn sem þau voru fyrir kosningar. Í staðinn láta menn sér nægja skattafikt.

Ég harma þessa niðurstöðu. Mér þykir það mjög miður og ég legg á það áherslu að þetta er ekki aðeins spurning um einhver tæknileg vandamál. Alveg eins og ég hef vitnað til þess sem menn sögðu fyrir kosningar er líka ástæða til þess að setja þetta í samhengi við það sem hefur verið efst á baugi eftir kosningar. Hvað hafa menn sagt á undanförnum mánuðum sem varðar t.d. skattamál eða stefnu í ríkisfjármálum eða yfirleitt stefnu stjórnvalda og svo það sem menn vilja sækjast eftir, einhvers konar þjóðarsátt um kjör í þessu landi? Menn hafa kvartað undan því að yfirlýst áform í seinustu kjarasamningum hafi ekki náð fram að ganga. Þar var því lýst yfir að leggja ætti höfuðáherslu á að lyfta lægstu launum. Það hafi verið gert í almennu kjarasamningunum frá því í febrúar en síðan hafi það ekki tekist í þeim kjarasamningum sem fóru á eftir hjá einstökum starfshópum, bæði á almenna vinnumarkaðnum og eins í hinum opinbera geira. Þetta hefur sem kunnugt er valdið ákveðinni sprengingu og aðilar vinnumarkaðarins hafa óskað eftir viðræðum við stjórnvöld um tilteknar aðgerðir til þess að fá almenning til að sætta sig með einum eða öðrum hætti fremur við þá stöðu sem ríkir í kjaramálum.

Menn tala um vaxandi launamismun. Menn tala um vaxandi mismun eigna og tekna í þjóðfélaginu, jafnvel að þetta hafi gerst í andstöðu við yfirlýst stefnumarkmið og hvað sé til ráða. Lýsir frv. því, þetta er skattaframlag núv. hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar, einhverjum vilja eða metnaði til þess að taka á slíkum málum? Það verður ekki séð þannig að það er alveg sama hvort við rifjum það upp sem var sagt fyrir kosningar eða hvort við spyrjum um það hvað það er sem menn ætlast til af stjórnvöldum nú til þess að lægja öldur að því er varðar stöðu kjaramála og samanburðarfræða um afkomuhorfur einstakra starfshópa og stétta. Þess sjást ekki merki að þessi hæstv. ríkisstjórn hafi til að bera nokkurt frumkvæði, nokkra heildarsýn eða nokkurn metnað um að láta til sín taka með marktækum hætti til þess að koma fram umbótum.

Við höfum fyrr á þessum degi verið að ræða um ríkisreikninga. Á það hefur verið bent, m.a. í ágætri ræðu hv. þm. Péturs Blöndals, að þar erum við að ræða um sýndartölur, þ.e. ríkisreikningur virðist yfirleitt skila tvöfalt hærri niðurstöðu um hallarekstur en lagt var með í upphafi áforma fjárlagafrv. Við höfum rætt skýringar á því en vitum þó jafnframt að staða ríkisfjármála er í raun verri en fram hefur komið í reikningunum vegna þess að það er hægt að tíunda miklar skuldbindingar sem hvíla á ríkissjóði sem koma ekki enn fram í ríkisreikningum.

Flestir eru farnir að viðurkenna staðreyndir um samhengi milli sívaxandi skuldasöfnunar ríkissjóðs, hallareksturs ríkissjóðs, erlendrar skuldasöfnunar og greiðslubyrðar skulda. Þetta hefur samverkandi áhrif á vaxtastig í landinu, fjármagnskostnaðinn og reyndar einnig framlög til velferðarmála og hefur þar af leiðandi bein áhrif á kjör almennings í landinu, bæði nú og í framtíðinni.

Ef hér sæti að völdum raunveruleg umbótastjórn, sem vildi beita úrræðum ríkisfjármála og beita tækjum skattalaga til þess að hafa áhrif á stöðu mála, t.d. í þá átt að auka réttlæti í skattkerfinu eða auka jöfnuð í þjóðfélaginu eða skapa sátt í þjóðfélaginu um kjaramál, þá héldi hún öðruvísi á málum. Þá mundi maður væntanlega búast við því að fjmrh. sýndi meiri metnað í því að leggja fram tillögur fyrir Alþingi Íslendinga um að draga saman í ríkisútgjöldum, þ.e. kæmu fram með sparnaðartillögur í rekstri ríkisins t.d. af því tagi sem flokksmenn hans hafa verið að viðra utan Alþingis en við sem þekkjum til í þingflokki Sjálfstfl. vitum að hefur lítinn stuðning í þingflokki hans þegar á reynir.

Ef hæstv. fjmrh. vildi stuðla að aukinni sátt, ekki bara við aðila vinnumarkaðarins heldur í þjóðfélaginu um skattkerfið, hefði hann notað undirbúningstímann í sumar til þess

að knýja á um það að hér lægi fyrir frv. um útfærslu á fjármagnstekjuskatti út frá því réttlætissjónarmiði að tekjur af fjármunalegum eignum, að arður af hlutabréfum, að ávöxtun af spariskírteinum eða öðrum verðbréfum kæmi líka til skattlagningar eftir almennum samræmdum reglum eins og aðrar tekjur í þjóðfélaginu. Ef hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn vildi jafnframt fylgja þessu eftir mundu þeir ekki slá á frest endurskoðun tekjutengingar með þeim afleiðingum í jaðarsköttum sem ég hef verið að reifa heldur taka á þeim málum hér og nú á þessu hausti. Ef hæstv. ríkisstjórn hefði einhvern metnað til að bera og einhverja heildarsýn í þessum málum mundi hún líka leggja fram tillögur um að gera virk ákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna um að einokunaraðilar sem fá til ráðstöfunar veiðiréttinn innan fiskveiðilögsögunnar greiði eðlilegt afgjald eða leigugjald fyrir þær veiðiheimildir. Ef hér væri ríkisstjórn, raunveruleg umbótastjórn, og fjmrh. með mikinn starfsmetnað mundi slík ríkisstjórn leggja fram þessi mál. Þar með væri umræðan í þjóðfélaginu komin á allt annan grundvöll vegna þess að þá væri ríkisstjórnin að sýna fram á það í verki að hún væri tilbúin til þess að beita stjórntækjum sínum til þess að ná yfirlýstum markmiðum og aukinni sátt í þjóðfélaginu, aukinni sátt um aukinn jöfnuð því er varðar tekjumyndunina, sátt um að skattkerfið væri byggt á grundvallarreglum um réttlæti og sanngirni að því er varðar skattlagningu á tekjum burt séð frá því hvernig þeirra er aflað. Hún gæti stigið fyrstu skrefin í þá átt að draga úr jaðarsköttum, jafnvel lækka tekjuskattsprósentuna og jafnvel lækka heildarprósentuna í virðisaukaskattinum, sér í lagi ef hún hefði döngun til þess að fylgja fram því sem ber að gera sem er að breikka þann skattstofn sem forsendu fyrir lækkaðri prósentu.

Ef hér væri við völd umbótastjórn hefði hún að sjálfsögðu ekki látið það henda sig að framkvæma GATT-skuldbindingarnar með þeim hætti að svipta þjóðina nokkurri von um það að á sex ára aðlögunartímabili gæti orðið um að ræða einhverja samkeppni að því er varðaði innflutning og framleiðslu á matvælum og stuðla þannig að því að matvælaverð og verðlag á lífsnauðsynjum gæti farið lækkandi á kjörtímabilinu. Umbótastjórn af því tagi mundi að sjálfsögðu heldur ekki hafa gert búvörusamning með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Hún hefði að sjálfsögðu horfst í augu við staðreyndir og ákveðið þar af leiðandi að aftengja beingreiðslur til bænda framleiðsluréttinum, dregið þannig úr framleiðsluhvatanum, varið hluta af þeim greiðslum til þess að gera bændum sem vildu hætta búskap og búa á jörðum, sem geta ekki staðið undir fjölskylduframfærslu, kost á því að hætta búskap án þess að ganga slyppir og snauðir frá eignum sínum. Með öllum slíkum aðgerðum hefði slík ríkisstjórn sent skilaboð út í þjóðfélagið um að hún vildi gera það sem í hennar valdi stæði til þess að skapa aukna sátt um skiptingu lífsgæðanna í þjóðfélaginu, aukið réttlæti í skattlagningunni og að leggja traustari grundvöll að nýrri framfarasókn.

Því miður er þetta ekki gert. Um sumt af þessu sem ég hef nefnt er auðvitað hægt að segja: Þess var varla að vænta af Framsókn og Sjálfstfl. að þeir kæmu fram með slík mál enda skuldbundu þeir sig ekki til þess fyrir kosningar. Þessir flokkar hafa ekki skuldbundið sig til þess að taka upp veiðileyfagjald að því er varðar ókeypis afhendingu á nýtingu auðlindarinnar til fáeinna einokunaraðila. Það hafa þeir ekki gert. En sumt af þessu hafa þeir hins vegar skuldbundið sig til að gera en slá á frest. Því var yfirlýst af fyrrv. ríkisstjórn í tengslum við kjarasamninga á fyrra kjörtímabili að fjármagnstekjuskattur skyldi koma til framkvæmda um næstu áramót og það var leitað eftir samkomulagi milli þáv. stjórnarflokka og þáv. stjórnarandstöðu og aðila vinnumarkaðarins í tæka tíð til þess að það var vel gerlegt. Í ljósi þess að mikil vinna hafði verið lögð í útfærslu á fjármagnstekjuskatti í tíð fyrri ríkisstjórnar var þetta vel gerlegt, sér í lagi undir verkstjórn fjmrh. sem hefur nú setið á fimmta ár á sínum stól og hefur haft nægan tíma til þess að undirbúa slíkt mál sem er meira en verður kannski sagt um suma forvera hans. Hæstv. fjmrh. er einn af þeim sem bæði fyrir kosningar og síðar hafa tekið undir að það sé komið í hreint óefni að því er varðar hina háu jaðarskatta og það hversu vinnuletjandi þeir eru.

Ég verð því, virðulegi forseti, einfaldlega í tilefni af 1. umr. um þessi mál, að lýsa því yfir að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með þetta mikla metnaðarleysi, með þennan skort á heildarsýn, með þennan dauflega eða takmarkaða vilja til þess að koma fram umbótum sem flestum mönnum ber saman um að sé knýjandi nauðsyn ef menn vilja raunverulega beita sér fyrir umbótum í þessu þjóðfélagi.

[14:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Jóni Baldvini Hannibalssyni, var tíðrætt um stóra gatið sem hann nefndi svo, fjármagnstekjuskattinn. Ég vil ekki deila á menn fyrir liðinn tíma. Við höfum ákveðna stöðu í dag og hún er ekki sérstaklega glæsileg hvað varðar skattlagningu á fjármagnstekjur.

Í fyrsta lagi er húsaleiga skattskyld að fullu umfram 25 þús. kr. á mánuði. Arður er skattskyldur tvöfalt ef hann er rúmlega 100 þús. kr. hjá einstaklingi og umfram 10% hjá fyrirtæki. Ef hann er undir báðum mörkunum er hann einskattaður eða ekkert skattaður. Söluhagnaður er skattlagður að fullu án frádráttar ef um er að ræða söluhagnað af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði. Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum er sérstaklega skaðleg fyrir atvinnulífið vegna þess að gengi hlutabréfa ýmist hækkar og lækkar og þegar það hækkar vill ríkið vera með, ef menn selja það eftir hækkun, en þegar það lækkar, sem gerist jafnoft, er ríkið ekki með. Menn geta ekki dregið tapið frá þannig að þetta ákvæði skattalaga stöðvar öll viðskipti með hlutabréf.

Vextir eru skattlagðir hjá fyrirtækjum að fullu og án frádráttar en skattfrjálsir hjá einstaklingum og það er það sem menn horfa mest á. Þegar eignarskattar voru hækkaðir mjög myndarlega um árið var það gert í ljósi þess að engir skattar væru á vexti þannig að það er samhengi milli eignarskatta og fjármagnstekjuskatta. Við búum við ótrúlega fjölbreytta skattlagningu á fjármagnstekjum sem virðast hafa það markmið að beina mönnum frá atvinnulífinu inn í íbúðarhúsnæði og alveg sérstaklega þaðan inn til ríkisins og þetta verður að stöðva. Það verður að koma samræmd skattlagning þannig að mönnum sé ekki refsað fyrir að fjárfesta í atvinnulífinu og ekki beint inn til ríkisins. Ég vil taka það fram að ég er í þeirri nefnd sem er að vinna að því að koma samræmingu á fjármagnstekjuskattinn.

[14:51]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. komst að orði eitthvað á þá leið að ekki vildi hann deila á menn fyrir það sem gerst hefði í fortíðinni. Það gefur mér sérstakt tilefni til þess að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í framhaldi af ræðu hv. þm. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það svo að hv. þm. Pétur Blöndal hafi

verið að lýsa skoðunum og sjónarmiðum sem endurspegla stefnu og afstöðu ríkisstjórnarinnar? (**PHB:** Á ekki að spyrja þingmanninn að því sjálfan?) Ég heyrði hvað hv. þm. sagði, hverjar væru skoðanir hans. En nú spyr ég hæstv. fjmrh. og að gefnu tilefni: Var hv. þm. að lýsa prívatskoðunum sínum eða er hann að lýsa skoðunum að því er varðar fjármagnstekjuskatt og útfærslu hans sem endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar? Ég spyr sérstaklega vegna þess að í samstarfi í fyrri ríkisstjórn var það sameiginleg niðurstaða Sjálfstfl. og Alþfl., að vísu eftir mikla eftirgangsmuni og stöðugan eftirrekstur okkar alþýðuflokksmanna, að Sjálfstfl. samþykkti að koma á fjármagnstekjuskatti og reyndar hina pólitísku nauðsyn á því að þar giltu samræmdar reglur til samræmis við það sem á við um aðra skattlagningu á öðrum tekjum.

Nú skal ég taka skýrt fram að ég er ekki endilega ósammála öllu því sem fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals. Hann hefur nokkuð til síns máls að því er varðar sum þessara atriða en ekki öll. En meginatriðið er þetta: Hv. þm. er fulltrúi þingflokks Sjálfstfl. í þessari nefnd. Ber að skilja það svo að ræða hans endurspegli stefnubreytingu frá því sem áður hafði verið markað að því er varðar áformin um samræmda skattlagningu á fjármagnstekjur? Hefur ríkisstjórnin eða Sjálfstfl. söðlað þar um í þessu stjórnarsamstarfi eða eru það ágreiningsmál innan nefndarinnar sem valda því að þetta mál er ekki komið fram? Ég spyr vegna þess að þær upplýsingar sem við höfum eru þær að þessu starfi sé raunverulega lokið nema ef vera skyldi vegna pólitísks ágreinings þá annaðhvort innan stjórnarflokkanna eða milli þeirra

[14:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, á það að þingmenn eru eingöngu bundnir sannfæringu sinni. Sem slíkur hef ég þá skoðun á þessu máli að ef hægt er að koma á samræmingu á fjármagnstekjuskatt, sem hættir að beina fjármagni frá atvinnulífinu til ríkissjóðs, gæti ég hugsanlega samþykkt tillögur sem komu frá nefndinni. Þær tillögur eru alls ekki fullmótaðar. Í ljósi þessara varnagla og þess sem ég hef haft efasemdir um, þ.e. að fjármagnstekjuskattur, sérstaklega á vexti, kunni að valda bæði fjárflótta, minni sparnaði og hækkun á vöxtum en það kæmi illa við atvinnulífið og sérstaklega skuldara, þá er ekkert sjálfgefið að menn taki upp fjármagnstekjuskatt á vexti. Menn hafa í nefndinni miklar efasemdir um það og mikið hefur verið rætt einmitt um þann þátt hvaða áhrif skattlagningin á vexti muni hafa á sparnað í landinu og á fjárflótta til útlanda og á upphæð vaxta. Hvort vextir kunna að hækka en það kemur þá í bakið á skuldurum.

[14:54]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sem hér talaði er fulltrúi þingflokks Sjálfstfl. í umræddri nefnd. Hann lýsir því yfir að hann hafi miklar efasemdir um það sem verið hefur önnur meginútfærsluleiðin eftir því sem mér skilst innan nefndarinnar, þ.e. að koma á skattlagningu á vaxtatekjur. Hann segir sem svo að að svo miklu leyti sem hugmyndir nefndarinnar snúist um það annars vegar að skattleggja vaxtatekjur eða að beina tekjum inn í ríkissjóð og frá atvinnulífinu þá óttast hann afleiðingarnar, fjárflótta o.s.frv.

Nú er það svo að fjármagnstekjuskattur er mjög algengt fyrirbæri í löndunum í kringum okkur. Reyndar eru það undantekningar þar sem svo háttar til að fjármagnstekjuskattur er ekki fyrirfinnanlegur. Ef við lítum t.d. til Evrópusambandsríkja eða helstu viðskiptalanda er skattlagning á fjármagnstekjur í flestum tilvikum við lýði, t.d. í Þýskalandi þar sem hv. þm. er hnútum kunnugur.

Ég endurtek spurningar mínar af þessu tilefni og þær eru einfaldlega þessar: Er uppi slíkur ágreiningur innan nefndarinnar um útfærslu að það tefji niðurstöðurnar? Við gerðum ráð fyrir því í fyrri ríkisstjórn miðað við þá undirbúningsvinnu sem búið var að leggja í málið að það ætti að vera auðvelt að leggja fram stjfrv. um þetta mál núna í upphafi þings. Að því skyldi stefnt að fjármagnstekjuskattur gæti tekið gildi um áramót. Það voru aðallega tvær leiðir sem voru ræddar: Annars vegar að fella þetta inn í almenna tekjuskattskerfið sem gæfi kost á því að beita raunvaxtahugtakinu og hafa skattfrelsismörk fyrir hinn almenna sparifjáreigenda til þess að reyna að koma til móts við það sjónarmið að ekki væri verið að beita refsiskattlagningu á almennan sparnaðarvilja. Hins vegar var það sjónarmið, sem ýmsir verkalýðsforingjar hafa einkum beitt sér fyrir, að þetta væri staðgreiðsluskattlagning á vexti. Í hvaða stöðu er málið? Er það enn á þessu stigi eða er ágreiningurinn orðinn miklu víðtækari innan stjórnarflokkanna? Það er fyrirspurn mín og ég endurtek hana til hæstv. fjmrh. sem er í símanum og ætlast til þess að fá svar.

[14:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Ég fagna því hversu snemma þetta frv. kemur fram á þessu þingi miðað við fyrri ár. Þann tíma sem ég hef setið hér höfum við mátt búa við það að stór skattafrumvörp hafa komið fram þegar vika er liðin af desember eða svo, jafnvel síðar og þingið hefur verið í algerum spreng við að reyna að afgreiða þessi mál fyrir jól og hafa stundum dregist til daganna milli jóla og nýárs. Mér þykja það góð tíðindi að þetta frv. skuli koma svona snemma og vona að við eigum eftir að sjá slík vinnubrögð áfram. Skýringin á þessu kann að vera sú að oft hafa verið boðuð meiri tíðindi í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar en núna. Þó er ýmislegt hér á ferð sem vert er að skoða mjög rækilega og þegar hafa komið sterk viðbrögð úti í samfélaginu varðandi einstök atriði sem ég mun koma að síðar.

Maður spyr sig auðvitað spurningarinnar: Hver er skattastefna þessarar ríkisstjórnar? Hvað ætlar hún sér að gera á því tímabili sem fram undan er? Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. segir, með leyfi forseta: „Eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu."

Hér er ekki tekið sterkara til orða en svo að talað er um kjörtímabilið. Hins vegar hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir í fjárlagafrv. fyrir árið 1996 að hann ætli sér að ná þessu jafnvægi á tveimur árum. Hann gerði það nákvæmlega sama í upphafi síðasta kjörtímabils og fór heldur úr böndunum þannig að menn ættu að fara varlega í svo stórar yfirlýsingar. Hér segir jafnframt á bls. 2: „Áhersla verður lögð á ráðdeild og að treysta stoðir velferðarinnar. Í þeim tilgangi er brýnt að stöðva sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs." Það má segja að með þessari yfirlýsingu hafi það komið fram sem kemur fram í þessu skattafrv. þar sem verið er að afnema það sem kallað er sjálfvirkni í skattkerfinu og er kannski umdeildasta atriði þessa frv.

Þetta með ráðdeildina er aftur umdeilanlegra. Eftir að hafa setið í allan gærmorgun á fundi í hv. landbn. þar sem verið var fara yfir frv. til laga um breytingu á búvörulögum og margnefndan búvörusamning, þá finnst manni ekki mikil ráðdeild eða skynsemi í þessum ríkisrekstri. Það mál allt er þannig vaxið að ég held að það væri réttast að henda því öllu út af borðinu og byrja upp á nýtt. En það er ekki málefni þessa fundar, heldur kemur það upp síðar.

Síðar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að það sé eitt af meginmarkmiðunum að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á skattkerfinu með það að markmiði að draga úr skattsvikum, lækka jaðarskatta, einfalda skattkerfið og auka jafnræði innan þess. Með skattívilnunum verður almenningur hvattur til að leggja áhættufé í atvinnufyrirtæki. Undirbúningi þessara skattbreytinga verður lokið á árinu 1996. Skattalegt umhverfi fyrirtækja verður eins og best gerist í samkeppnislöndum þannig að ekki þurfi að gera sérsamninga við erlend fyrirtæki um skattafslátt svo þau fáist til að starfa hér á landi.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að undirbúningur að lagabreytingum er ekki hafinn, ef ég skildi hann rétt. Ætlunin er að setja nefnd á laggir með aðild þingflokka, aðila vinnumarkaðarins o.fl. Sannleikurinn er sá að þegar maður fer yfir öll þessi skattamál er ákaflega brýnt að fara yfir skattkerfið í heild og það bótakerfi sem hér er við lýði. Þá þarf ekki síst að skoða hvernig og á hverjum skattar lenda og það er ákaflega merkileg staðreynd og umhugsunarverð að það skuli aðeins vera þriðjungur landsmanna sem greiðir skatta og stendur þar með undir... (**Gripið fram í:** Beinu skattana.) Beinu skattana, það er rétt. (**Gripið fram í:** ... framteljenda.) Framteljenda. Það er eins gott að rétt sé rétt, þriðjungur framteljenda greiðir skatta. Það gefur auðvitað auga leið að það eru ekki allir landsmenn sem eru komnir á þann aldur að þurfa að greiða skatta, þannig að ég biðst afsökunar á að hafa farið rangt með. Þriðjungur framteljenda greiðir skatta og maður spyr auðvitað: Hvað um hina? Hvað um þann stóra hóp sem ekki greiðir skatta? Þar koma bætur sterkt inn í, en einnig það fólk sem er fyrir neðan skattleysismörk. Við spyrjum um skattsvikin og hvernig á þeim er tekið og um margnefnd loforð um að taka á því neðanjarðarhagkerfi sem hér er við lýði.

Það hefur verið haft á orði á undanförnum árum að skattlagning hér á á landi sé komin út á ystu nöf. Ég hef sjálf orðað slíkt í þessum ræðustól, en þar á ég fyrst og fremst við það að skattar bitna á ákveðnum hópi landsmanna, þ.e. það er millitekjuhópurinn sem stendur að mestu leyti undir allri skattlagningu. En þegar fjárlagafrv. er skoðað kemur fram á bls. 269, þar sem verið er að bera saman skattbyrði í aðildarríkjum OECD, að Ísland er þar langt fyrir neðan öll meðaltöl, sama hvaða tölur eru þar skoðaðar. Ef ég tek árið 1994, sem eru nýjustu tölurnar, kemur fram að meðaltalsskattbyrði í öllum OECD-ríkjunum er 38,9%, hjá Evrópuríkjunum 40,7%, hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins 41,7% en á Íslandi er skattbyrðin 31,1%. Og ég hlýt að gefa mér það að hér sé um sambærilegar tölur að ræða. (**JBH:** Áreiðanlega ekki.) Áreiðanlega ekki, segir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. (Gripið fram í.) Ég veit að það er oft mjög mismunandi hvað er verið að bera saman. En það væri fróðlegt að fá skýringar á því. Ef þessar tölur eru réttar gætu þær gefið til kynna að hér væru meiri möguleikar til skattlagningar og væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á því. Þetta vekur a.m.k. ákveðnar spurningar um skattbyrði, hversu eðlileg hún er og á hverjum hún bitnar. Og auðvitað kemur skattlagning fyrirtækja líka inn í þetta.

Það er líka afar athyglisvert að skoða töfluna á bls. 270 í fjárlagafrv. þar sem verið er að greina í sundur tekjuskatta einstaklinga og fyrirtækja. Þar kemur einmitt fram hvernig þetta virkar í raun, hver bráttóstaðgreiðsla í kerfinu er, en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að hún verði 45,9 milljarðar á næsta ári. Þar af fara rúmir 20 milljarðar til sveitarfélaganna, 1,5 milljarðar er sóknar- og kirkjugarðsgjöld en síðan koma bætur sem koma hér nokkuð við sögu í þessu frv., þ.e. barnabætur og barnabótaauki sem eru rúmir 5,3 milljarðar og vaxtabætur sem eru 3,3 milljarðar. Þetta eru verulegar upphæðir og það vekur einmitt upp þá spurningu sem ég nefndi áðan, hvort það er ekki brýn ástæða til þess að endurskoða skattkerfið og bótakerfið og hvort það væri þá ekki nær að byrja á þeim enda fremur en að afnema þá sjálfvirkni sem hér er nefnd, en í þessum 1. áfanga mun það fyrst og fremst bitna á fötluðum og öldruðum. Það eru þeir hópar sem hafa fyrst og fremst haft samband við okkur þingmenn og beðist vægðar, þeir biðja um að þessu verði ekki hrint í framkvæmd. Og ég spyr: Er ekki verið að byrja á öfugum enda?

Hvað t.d. um margnefndan sjómannaafslátt? Ég minnist þess reyndar að fyrir svo sem 2–3 árum lögðumst við í stjórnarandstöðunni í mikinn víking til að verja sjómannaafsláttinn. En það var fyrst og fremst vegna þess að þar var um einhliða árás ríkisstjórnarinnar að ræða, þetta er samningsbundið atriði. En þegar við erum komin að því að skerða bætur aldraða og fatlaðra, þ.e. bætur þeirra hækka ekki í samræmi við launahækkanir annarra, þá spyr ég: Hvað um ýmsa aðra hópa? Hvað t.d. um sjómannaafsláttinn? Er það réttlætanlegt að ríkið greiði niður launakostnað útgerðarinnar með þessum hætti?

Hæstv. forseti. Það eru ýmis atriði í þessu frv. sem ástæða er til að nefna sérstaklega og þar kem ég fyrst að tvísköttun á lífeyri. Þegar það var til umfjöllunar að veita lífeyrisþegum 15% afslátt — hvernig er það nú orðað — af skattlagningu á lífeyri, þá var sú aðferð gagnrýnd mjög harðlega af aðilum vinnumarkaðarins og ýmsum öðrum sem að málinu komu og bentu á að þarna væri um aðferð að ræða sem mundi kosta ríkissjóð gífurlegt fé í framtíðinni. Það væri þá miklu nær að taka á málinu frá hinum endanum, þ.e. hjá launafólki sem greiðir í lífeyrissjóði, enda var samið um það í næstu kjarasamningum. Hér er því verið að draga þessa ívilnun til lífeyrisþega til baka. Það á að gera í tveimur áföngum og auðvitað kostar þetta ákveðna kjaraskerðingu meðal lífeyrisþega. Þar við bætist, eins og hér hefur komið fram, afnám sjálfvirkni í skattkerfinu þannig að ég fæ ekki betur séð en lífeyrisþegar séu sá hópur sem verst verður fyrir barðinu á ríkisstjórninni að þessu sinni. Þess vegna hefði verið nær að hlusta á þau rök sem fram komu á sínum tíma og fara þá strax út í það að afnema tvísköttun á lífeyri hjá launafólki.

Það kemur fram í frv. að það að hætta tvísköttun á lífeyri kostar ríkissjóð hvorki meira né minna en 1.600 millj. kr. og því er í rauninni náð upp með tvennum hætti, annars vegar með því að lækka afslátt lífeyrisþega og hins vegar er afnám sjálfvirkni reiknað inn í skattleysismörkin. Þetta stóra atriði, afnám sjálfvirkninnar í skattkerfinu, er kannski langstærsta atriðið í þessu frv. Ég get í sjálfu sér verið sammála því út frá hagfræðilegu sjónarmiði, þessi sjálfvirkni er afar óskynsamleg og oft ástæðulaus eins og við höfum kynnst á ýmsum sviðum í okkar samfélagi. En mér finnst mjög svo gagnrýni-

vert hvernig hér er staðið að málum og þess vegna geri ég alla fyrirvara við þetta sérstaka atriði.

Til þess að mæta afnámi sjálfvirkni er reiknað með því að hækka barnabótaauka um 500 millj. kr. á næsta ári sem kemur barnafólki best og er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En við verðum auðvitað að hafa það með í myndinni hvaða hópar það eru sem standa verst að vígi. Þess vegna vil ég sjá úttekt á því hvað þessar breytingar þýða fyrir öryrkja og aldraða. Hér er verið að lögfesta þær upphæðir, ef ég hef skilið þetta rétt, sem greiddar eru á þessu ári. Hækkanir og breytingar sem verða á árinu 1996 verða þá ekki lagfærðar fyrr en eftir á. Er þetta ekki rétt skilið hjá mér, hæstv. fjmrh.? Vonandi verða ekki miklar breytingar á milli ára, en það er t.d. gert ráð fyrir 3% launahækkun um næstu áramót. Hún skilar sér þá ekki, ef hún skilar sér yfirleitt, til öryrkja og aldraðra fyrr en löngu síðar. Mín meginniðurstaða er því sú að hér er fyrst og fremst verið að vega að öldruðum og öryrkjum og það finnst mér ekki góð stefna.

Það er ekki allt vont í þessu frv. Ég vil að sjálfsögðu taka undir að það er rétt að halda áfram með 5% hátekjuskatt. Hann skilar í rauninni ótrúlega litlu, eða aðeins 300 millj. kr. En miðað við allar aðstæður finnst mér fullkomlega réttlætanlegt að halda þeim skatti við.

Ég vil líka taka undir það sem kom hér fram varðandi skuldajöfnun. Mér var einmitt sagt frá dæmi fyrir nokkrum dögum um það að ungur piltur, framhaldsskólanemi hér í borg, hafi í haust fengið bréf frá skattinum um lögtak vegna 29 kr. sem hann af einhverjum ástæðum hafði ekki staðið skil á. Þetta kostaði móður hans ferð niður í Gjaldheimtu og auðvitað hefur sendingarkostnaðurinn og útprentunin verið miklu meiri en nam þessum 29 kr. Það er alveg fáránlegt að standa í svona innheimtuaðgerðum. Það hlýtur að mega finna betri leiðir hvað það varðar.

Hæstv. forseti. Í athugasemdum varðandi lagafrv. kemur fram að það eru fyrst og fremst fjögur atriði sem bent er á sem stærstu breytingar í skattamálum á þessu haustþingi. Þar er fyrst að nefna það sem snýr að afnámi tvísköttunar á lífeyri í samræmi við kjarasamninga. Síðan er það afnám sjálfvirkninnar og þau atriði sem rædd voru fyrr í dag varðandi hækkun tryggingagjalds. Mér segir svo hugur um að vinnuveitendur eigi eftir að bregðast við því af nokkurri hörku. Síðan er nefnt atriði sem er reyndar ekki nýtt og við höfum reyndar séð ár eftir ár, loforð um að taka upp fjármagnstekjuskatt á næsta ári. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég ætla að bíða og sjá hvað setur hvað það mál varðar. Það tókst aldrei að koma því í gegn, málið var teygt og togað alveg ótrúlega á síðasta kjörtímabili svo ég veit ekki hversu mikið mark á að taka á fyrirheitum af þessu tagi. En vissulega er þetta skattur sem einhvern veginn þarf að koma á á samræmdan hátt með einhverjum hætti og fróðlegt verður að sjá hvaða tillögur koma endanlega frá þeirri nefnd sem er að vinna í þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum hvetja til þess að menn fari út í það í mikilli alvöru að endurskoða skattkerfið og sérstaklega út frá þeim jaðarskattsáhrifum sem núverandi kerfi hefur og kemur mjög illa við allstóran hóp þjóðfélagsþegna. Maður spyr sig hvort ekki sé veruleg ástæða til þess að endurskoða allt bótakerfið, bæði barnabætur og vaxtabætur. Ég hef nefnt það fyrr í umræðum að ég hef heyrt vellaunað fólk tala um það hvers vegna í ósköpunum sé verið að senda því örlitlar barnabætur tvisvar eða þrisvar á ári meðan verið er að skerða á öðrum sviðum og þetta er náttúrlega upphæð sem safnast þegar saman kemur. Við þurfum að skoða prinsippin í þessu öllu saman, vega og meta það hvernig og hverja er rétt að skattleggja og síðast en ekki síst að taka á því neðanjarðarkerfi sem þrífst hér og virðist vera óendanlega erfitt að ná einhverjum tökum á enda held ég því miður að það skorti viljann til þess.

[15:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Því frumvarpi sem er til umræðu er hægt að fagna út frá einu sjónarmiði. Loksins hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fram á Alþingi pólitískt frv. sem endurspeglar að einhverju leyti stefnu hennar. Hér er fjallað um tekjuskattsstefnumörkun ríkisstjórnarinnar og þar eru nokkur atriði sem ég vil gera að umtalsefni.

Þetta er fjórða frv. ríkisstjórnarinnar sem við getum talað um að sé pólitískt en hin eru fjárlagafrv., lánsfjárlagafrv. og frv. um búvörusamning. Kjarni þeirrar stefnu, sem kemur fram í frv., er að afnema að bætur í almannatryggingakerfinu taki mið af kjarasamningum og almennum verðlagsbreytingum. Við höfum búið lengi við þetta fyrirkomulag sem var gert að umræðuefni þegar fjárlögin voru til umræðu. Þetta er vond en skýr stefna sem ríkisstjórnin kemur fram með. Þessi stefna bitnar á þeim sem minnst mega sín. Þetta bitnar á þeim sem ekki hafa tök á því að bera hönd fyrir höfuð sér. Þetta bitnar á þeim sem hafa ekki harðvítuga hagsmunahópa á bak við sig til að verja sig og sína. Hér er bæði um að ræða lækkun bóta og persónuafsláttar þannig að hér er bæði hækkun á tekjuskatti og lækkun almannabóta. Þetta eru vitaskuld svik við launþega með tilliti til þeirra kjarasamninga sem voru gerðir í vor. Þetta eru líka svik við það sem þessir flokkar sögðu fyrir kosningar. Hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. nefndu að þetta yrðu úrræði þeirra í ríkisfjármálum. Sú stefnumörkun, sem kemur þarna fram, hefur fengið harðvítuga gagnrýni frá öllum stjórnarandstöðuflokkunum því þarna sker á milli stefnu stjórnarandstöðunnar og ríkisstjórnarinnar.

Í þessu frv. er ekki rætt um tekjuöflun vegna skattundandráttar þeirra 11–15 milljarða sem við töpum árlega. Það er engin atlaga gerð á þeim vettvangi. Nei, það er afnám viðmiðunar við verðlagshækkanir og kjarasamninga. Verðtrygging er afnumin gagnvart eldra fólki og sjúklingum á sama tíma og ríkisstjórnin kýs að hafa hinn nýja búvörusamning verðtryggðan til aldamóta. Þarna birtist enn og aftur stefna ríkisstjórnarinnar. Þarna birtist enn og aftur forgangsröðun á hinu stjórnmálalega sviði.

Í frv. eru talin upp fjögur atriði sem ber hæst á sviði skattamála. Þar er m.a. sagt að fyrirhugað sé að taka upp fjármagnstekjuskatt á næsta ári. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. nokkurra spurninga um það mál. Hvar gerir hann ráð fyrir tekjum af fjármagnstekjuskattinum? Það sér engin merki í fjárlagafrv. fyrir næsta ár um tekjur af þessum skatti. Hvað er að gerast með þennan skatt? Fregnir berast af því að Indriði Þorláksson skrifstofustjóri, sem er einn hæfasti embættismaður fjmrn., hafi verið rekinn úr nefnd þeirri sem er að vinna að málinu. Hann er hættur þar afskiptum af málinu að því er virðist vegna þess hvaða útfærslur hann leggur þarna fram. (**Fjmrh.:** Hann var ekki í nefndinni.) Hann vann með nefndinni, hæstv. fjmrh., eftir því sem ég best veit. Nú er þekking mín og annarra þingmanna lítil á þessu máli og krafa okkar á þingi er að fjmrh. skýri hvað þarna er að gerast. Hvenær er von á frv. frá ríkisstjórninni varðandi þetta mál? Hvernig stendur á því að embættismanni fjmrn., sem vinnur með nefndinni og hefur margoft komið að þessum

málaflokki, er ekki lengur treystandi til að koma að því á þessum stað? Það er líka ljóst að við verðum að spyrja að því, hæstv. fjmrh., þegar hann leggur fram tekjuöflunarfrv. eða frv. sem breytir skattalögum, hvernig hann hugsar sér að taka á þeim málum sem eru til umræðu milli vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar.

Við megum ekki gleyma því að við síðustu kjarasamninga greiddi ríkið á einn eða annan hátt 4 milljarða af þeim 14 sem kjarasamningarnir kostuðu. Þetta var þriðjungs niðurgreiðsla á kjarasamningum, aðferðafræði sem er að mínu mati gjörsamlega komin út yfir allt velsæmi. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig á að taka á kjarasamningunum nú. Það skiptir máli í sambandi við fjárlagafrv. hans og það tekjubreytingarfrv. sem hann leggur fram að nú eru viðræður í gangi milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda. Þær eru í launanefnd og það er ólga á þessum vígstöðvum. Þar hefur m.a. verið rætt um að fara fram á það við ríkisvaldið að stuðlað verði að lækkun matarverðs í landinu. Það er hægt að hafa langt mál um það hvernig komið var aftan að neytendum varðandi GATT-útfærsluna og má benda á að nú er búvörusamningurinn til umfjöllunar í Alþingi í hv. landbn. Samkvæmt þeim umsögnum sem borist hafa bæði frá verkalýðsfélögum, vinnuveitendum, neytendum, kaupmönnum og öllum þeim sem hafa komið að því máli, er gagnrýnin og reiðin svo mikil gagnvart landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar að ég ætla ekki að gera það hér að umtalsefni. En ég hlýt að spyrja: Ætlar hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því nú á næstunni að liðka til í þessum málaflokki þannig að það gæti á einhvern hátt orðið efnisatriði í þeim vandræðum sem kjaramál eru almennt um þessar stundir? Ef undið verður ofan af þeirri slæmu stefnu, sem endurspeglast bæði í GATT-útfærslunni og í búvörusamningnum, þá er hugsanlegt að hægt sé að ná einhverju landi í þeim málaflokki.

Einnig má geta þess að í frv. kemur ekkert fram hvernig á að taka á því að lækka skatta á millitekjufólki. Hvar er stefnan í þeim efnum? Vísað er í nefnd og engin stefna er uppi í þeim málaflokki. Það er nákvæmlega sama og gerist með fjármagnstekjuskattinn og það að lækka skatta á millitekjufólk. Þetta virðist vera svo flókið að það er ómögulegt að ná nokkru fram úr ríkisstjórninni um stefnumörkun á þessum vettvangi. En þegar kemur að því að taka af þeim sem fá bætur úr almannatryggingakerfinu þá þvælist ekki hin tæknilega útfærsla fyrir hæstv. ríkisstjórn. Auðvitað er hægt að spyrja hæstv. fjmrh. hvar kerfisbreytingarnar eru, hvar metnaðurinn er sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson auglýsti eftir áðan. Ég get svarað honum. Það er enginn metnaður í þessu. Ég bjóst ekki við neinum metnaði af hálfu stjórnarinnar. Hún endurspeglar stefnu sína með frv. en maður hlýtur samt að spyrja hæstv. fjmrh., sem stóð eitt sinn fyrir að minnsta kosti umtali varðandi kerfisbreytingar í þjóðfélaginu: Hvað dvelur orminn langa við að reyna að taka á afgerandi hátt á mörgum þáttum sem tengjast tekjuöflun ríkisins? Hæstv. fjmrh., það er ekki gert í þessu frv. og langflestar þær breytingar, sem hér er lagt upp með sem tengjast almannatryggingarkerfinu og sköttum almennings í landinu, eru allar til hins verra.

[15:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu eitt stærsta skattalagafrv. ríkisstjórnarinnar á haustþinginu og lýsir það betur en trúlega nokkuð annað frv. að fjárlögunum frátöldum þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað og hyggst fylgja eftir varðandi skattheimtu og ríkisfjármál. Eins og fram hefur komið í ræðum manna fyrr í umræðunni standa nokkur atriði upp úr og eru helst til umfjöllunar. Þó má ekki gleyma því að það eru fleiri atriði í frv. sem erfitt er að leggja mat á að svo stöddu og ekki var gerð sérstaklega grein fyrir í framsöguræðu ráðherra nema þá að takmörkuðu leyti og verða öllum þeim atriðum að sjálfsögðu gerð rækileg skil í efh.- og viðskn. Sum af þeim atriðum eru kynnt þannig að um sé ræða tæknilegar breytingar en það er ástæða til þess að hafa varann á sér þegar málið er kynnt með þeim hætti. Það hefur áður gerst að menn hafa kynnt nokkuð stórfelldar breytingar með svo sakleysislegum orðum og þegar málið hefur verið athugað nánar hefur komið í ljós að stórum málum hefur verið hreyft án þess að framsaga gæfi tilefni til að ætla að svo væri.

Ég vil því hafa allan fyrirvara á afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna til einstakra breytingartillagna í frv. sem eru ekki sérstaklega ræddar í þessari umræðu án þess þó að í þeim fyrirvara felist einhver sérstök andstaða gagnvart þeim tillögum heldur er einfaldlega sleginn sá varnagli að þau þurfi að athuga gaumgæfilega áður en að kveðið er endanlega upp úr með afstöðu til þeirra.

En það sem hæst stendur eru þau áform ríkisstjórnarinnar að afnema verðtryggingu eða verðlagsuppbætur á réttindakafla launþega eða þeirra sem fá greiðslur frá ríkissjóði eða öðrum skyldum sjóðum. Það er kynnt með þeim rökum að verðbólgan sé orðin svo lág að ekki sé ástæða til þess eða þörf á því vegna þeirra sem bótanna eiga að njóta að viðhafa slíkar verðlagsuppbætur eða lögbundnar breytingar. Ég bendi á það sem fram kemur í frv. í greinargerð um þetta atriði á bls. 6. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þessar aðstæður hafa nú breyst." — Þ.e. verðlagsforsendur í þjóðfélaginu. — „Verðbólgan er nú komin á svipað stig og í helstu nágrannaríkjum okkar og því eru ekki lengur rök fyrir sjálfvirkri verðuppfærslu."

Gott og vel. Ef þetta er stefna ríkisstjórnarinnar og sú skoðun sem sett er fram í nafni ríkisstjórnarflokkanna varðandi verðuppfærslu, þá hlýtur sú skoðun að eiga jafnframt við aðra hluti en þá sem tengjast fjárlagafrv. beint. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ríkisstjórnin muni afnema verðlagsuppfærslu eða verðtryggingu á útlánum úr bankakerfinu og öðrum fjárfestingarlánasjóðum? Miðað við þau rök sem ég hef vitnað til er ekki annað að skilja á hæstv. ríkisstjórn en að það sé engin þörf á verðtryggingu lána.

Ég hef sjálfur þurft að greiða af lánum. Ég var einn af þeim sem glaptist á að kaupa íbúðarhúsnæði á árinu 1983 þegar sömu flokkar og nú sitja í ríkisstjórn voru að taka við stjórnartaumunum og hefja kjörtímabilið. Þeir byrjuðu á því að afnema verðuppfærslu á launum eins og það mundi heita núna, þ.e. verðbætur á laun voru afnumdar en lánskjaravísitalan fékk að hækka að vild þeirra sem hana ákveða, eða eftir þeim reglum sem hún var reiknuð. Þetta þýddi að hlutfall þarna á milli raskaðist verulega og kaupmáttur launa minnkaði um fjórðung. Margir lentu í því að skuldbindingar sem þeir höfðu stofnað til urðu þeim ofviða. Mörg þúsund manns stóðu skyndilega frammi fyrir því að skuldir sem þeir höfðu tekið að sér að greiða í þeirri trú að þeir réðu við afborganir höfðu gjörsamlega breyst. Þeir réðu ekki lengur við afborganir lánanna og urðu annaðhvort að selja eða gera aðrar ráðstafanir til að geta haldið húsum sínum. Þessa sögu þekki ég sjálfur af því að ég lenti í þessu og hef baslast í þessu

á annan áratug. Mér þætti nokkur fengur í því ef þeir flokkar sem bera ábyrgð á því að setja þessar klyfjar á mörg þúsund launamanna lýstu því yfir núna að þeir ætluðu að afnema verðtrygginguna á útlánunum. Miðað við greinargerðina í þessu frv. hljóta þeir að ætla að gera það, það er engin þörf verðtryggingu vegna þess að það er svo mikill stöðugleiki! Ég bíð spenntur eftir að heyra hæstv. fjmrh. lýsa því hér yfir að stöðugleikinn sé orðinn svo mikill að hann eigi líka að ná yfir skuldirnar, en ekki bara útgjöld ríkissjóðs. Að það eigi ekki bara að afnema verðbætur á útgjöld ríkissjóðs heldur líka á útgjöld heimilanna. Okkur sem skuldum enn allmikið og hefur gengið illa að greiða niður höfuðstól skuldar vegna verðuppfærslu, þætti nokkur slægur í því ef á þessu yrði breyting og við sæjum nú fram á að borga niður skuldirnar, að greiðslur okkar rynnu til þess að borga niður vexti og höfuðstól en ekki til að greiða vexti og verðuppfærslu.

Ef einhver alvara væri hjá hæstv. ríkisstjórn með atriði það sem ég vitnaði til úr greinargerðinni þá væri um að ræða verulega kjarabót fyrir þann hluta þjóðarinnar sem skuldar, t.d. vegna húsnæðiskaupa.

En því miður hef ég ekki séð nein teikn eða merki þess að ríkisstjórnin hyggist láta stöðugleikann ganga yfir annað en útgjöld ríkissjóðs. Ég er því miður ekki bjartsýnn á að textinn sem hér er í frv. eigi við annað en það sem að ríkissjóði lýtur.

Það sem ég get tekið undir í frv. að meginefni til er sú viðleitni að takmarka skerðingu vegna tekna, skerðingu á barnabótum og barnabótaauka. Ég tel að sú viðleitni í frv. um að setja einhvers konar hámark á skerðingarnar, svonefnt hámark á jaðarskatt, sé af hinu góða. Það má deila um hvar menn dragi mörkin í þessu efni en að mínu viti er það skref í rétta átt að setja inn í lög eitthvert þak á samanlagðar skerðingar vegna tekjutengingarákvæða á bótagreiðslur, hvort sem þar er um að ræða barnabætur, vaxtabætur eða aðrar bætur sem koma frá hinu opinbera.

Hins vegar verð ég að segja að það eru nokkur vonbrigði fólgin í því hversu lítil þessi viðleitni virðist vera þrátt fyrir allt. Það er að vísu nokkur bót að þessu, en þó minni en ég hafði gert mér vonir um. Engu að síður þykir mér rétt að vekja athygli á því að ég held að ríkisstjórnin sé á réttri leið hvað þetta varðar og vænti þess að við meðferð í þingnefnd takist að styrkja þetta ákvæði frekar og vísa ég þar til málflutnings sem við alþýðubandalagsmenn höfum haft uppi undanfarið eitt og hálft ár um takmarkanir á skerðingarákvæðum.

Í öðru lagi er ég sammála því að framlengja sérstakt hátekjuskattþrep í tekjuskattslögunum og hefði að ósekju mátt framlengja það lengur en hér er lagt til og hafa það hærra.

Mér er nokkurt undrunarefni að sjá hversu litlum tekjum ríkissjóður hyggst ná inn með þessu ákvæði eða aðeins um 300 millj. kr., m.a. vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram fyrst þegar lagt var til að taka þetta upp, en þá var áætlað að þessi skattur gæti gefið um 500 millj. kr. Það er því ljóst að hann virðist rýrari en upphaflega var gert ráð fyrir. Mér sýnist að skýringin hljóti a.m.k. að hluta til vera sú að þetta er eina upphæðin í frv. sem tekur verðbreytingum. Það er, getum við sagt, það hámark tekna sem menn mega vinna sér inn án þess að þurfa að borga 5% hátekjuskatt. Allar aðrar upphæðir í frv. eru frystar á síðustu tölu, þannig að þar er um að ræða óbreytta tölu frá núverandi ástandi, hvort sem um er að ræða vaxtabætur, barnabætur, persónuafslátt eða sjómannaafslátt. En þegar kemur að hátekjuskattinum á að lögfesta aðra tölu og hún tekur því verðuppfærslu eins og það heitir á máli hæstv. fjmrh. Mér sýnist að hækkunin sé um 11%, menn byrja með öðrum orðum að borga hátekjuskatt af tekjum umfram fjárhæð sem er 2.806 þús. kr. hjá einstaklingi í stað 2.494 þús. eins og það var við síðustu álagningu. Þær hækka um 311 þús. kr. eða um 11% sýnist mér, fljótt á litið. Það er athyglisvert og sýnir kannski hug ríkisstjórnarinnar til þess hvernig hún vill dreifa byrðunum að þetta er eina fjárhæðin sem tekur breytingum. Það verður að draga það sérstaklega fram og gagnrýna að ríkisstjórnin frystir persónuafsláttinn í krónutölu. Þar sem gert er ráð fyrir kauphækkunum ásamt verðbólgu þýðir sú frysting að allar krónur sem viðkomandi launþegi fær vegna kauphækkana á næsta ári og eru umfram núverandi persónuafslátt lenda í skattheimtu. Það er verið að skerða bæturnar með því að lækka frítekjumarkið sem þýðir að það er skattlagning á tekjur niður á við í stað þess að sækja sér auknar tekjur með því að taka þær af efri hluta teknanna. Það sýnir að menn vilja sækja tekjur ríkissjóðs í lægri tekjur launþeganna. Þetta er mjög athyglisverð stefna en í þessu felst auðvitað ákveðin pólitísk yfirlýsing núverandi ríkisstjórnarflokka um áherslur í skattamálum.

Það getur varla orðið mikill friður um það í þjóðfélaginu þegar ríkissjóður þarf að afla sér aukinna tekna, sem hann að vísu þarf að gera, að þá skuli hann gera það með því að seilast í tekjur sem áður voru undanþegnar skatti, þ.e. lækka skattmörkin. Ég hygg að gegn þessari stefnu verði mjög hart brugðist, bæði af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar.

Þá var spurst fyrir um fjármagnstekjuskattinn, hvað væri að frétta af honum. Það er von að spurt sé, því ekki er gert ráð fyrir honum í þessu fjárlagafrv. Ríkisstjórnin hefur einhvern tímann áður minnst á að hún ætlaði sér að reyna að taka upp þennan skatt. Meira að segja lýsti ríkisstjórnin því yfir vorið 1993 í tengslum við kjarasamninga að skattur yrði lagður á fjármagnstekjur frá og með 1. jan. 1994 og yrði þá miðað við 10% skatt á nafnvexti sem yrði innheimtur í staðgreiðslu. Þetta var yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, rúmlega tveggja ára gömul, um að þessi skattur væri væntanlegur 1. jan. 1994. Hann er enn ókominn. Og ég vil bætast í hóp þeirra sem spyrja hæstv. fjmrh. um þennan skatt, hvers vegna í ósköpunum það gangi svona illa að koma honum á. Ráðherrann hefur sýnt á undanförnum fjórum árum að hann er verulega fær í því að finna leiðir til nýrra skatta og getur verið afar snöggur í þeim aðgerðum að hækka skatta til að ná auknum tekjum í ríkissjóð. Og hann sýnir það t.d. núna að hann er hvergi banginn við að sækja auknar tekjur ofan í vasa þeirra láglaunuðu, án þess jafnvel að hafa lofað neinu slíku við gerð kjarasamninga! Hann gerir það bara óumbeðinn án nokkurra yfirlýsinga. En einhverra hluta vegna tekst honum ekki að standa við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem nú er orðin tveggja og hálfs árs gömul, enn bólar ekkert á henni.

Það er dálítið merkilegt og umhugsunarefni hvað sumt reynist mönnum þungt í skauti og væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra segði okkur frá því hverjir það eru sem standa í vegi fyrir þessum góðu áformum ríkisstjórnarinnar. Er það stjórnarandstaðan sem hamast á móti þessu máli eða er það verkalýðshreyfingin? Ekki er það Framsfl., ég trúi því ekki. Alþfl. er farinn. Fróðlegt væri að vita hver það er sem stendur svona á móti þessu máli að það haggast ekkert þrátt fyrir að ríkisstjórnin öll hafi gefið út skriflega yfirlýsingu um að hann muni verða tekinn upp 1. jan. 1994. Það var ekkert ef eða kannski, humm eða ha. Samt gengur þetta ekki neitt. Það er ekki einu sinni að mönnum takist að samræma þetta

við löggjöf í öðrum löndum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Eins og þeir muna sem voru hér á síðasta kjörtímabili varð að samræma allt EES og menn urðu að breyta öllum lögum fram og til baka því við máttum ekki vera öðruvísi en EES sjálfur í hinum og þessum málum. En það hefur ekki dugað til að ná fram þessu háleita markmiði ríkisstjórnarinnar. Það gæti kannski verið að stjórnarandstaðan mundi hjálpa ríkisstjórninni við að flytja þetta mál. Ef það gengur svona illa að skrifa niður lagatextann ættu að vera einhver ráð með að hjálpa henni við að koma þessu í frumvarpsform og flytja það fyrir ríkisstjórnina því ég efa ekki að það mundi ekki standa á stuðningi, a.m.k. allra ráðherranna, við það mál. Ég býst við að stjórnarandstaðan sé meira en reiðubúin til að hjálpa hæstv. fjmrh. í þessu efni ef það eru einhver vandamál sem hann ræður ekki við sem valda því að ekki tekst að ná þessu markmiði.

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég láti þetta gott heita sem innlegg af minni hálfu inn í umræðuna um þetta þingmál. Ég endurtek að lokum að það eru nokkuð mörg atriði sem lagt er til að verði tekin upp eða gerð breyting á og ekki hefur gefist ráðrúm til þess að skoða til hlítar allar þær breytingar og því hef ég a.m.k. fyrirvara á afstöðu minni af minni hálfu til þeirra atriða.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir tilboð hans um að hjálpa okkur í ríkisstjórninni ef við lentum í vandræðum með að leggja skatt á almenning í landinu. Það kann vel að vera að við þurfum einhvern tímann á því að halda og mun ég þá að sjálfsögðu leita til hv. þm.

Það eru einkum tvö atriði sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi er það beinlínis rangt sem kom fram í ræðu hv. þm. og byggist áreiðanlega á misskilningi að einhver önnur regla gilti um hátekjuskattinn en aðra skatta eða önnur mörk. Það er nákvæmlega eins farið með, það er verið að frysta skattleysismörkin í hátekjuskattinum alveg eins og önnur frysting á sér stað. Það er líka verið að frysta upphæð skattanna sjálfra eins og bifreiðagjaldsins þannig að það er nákvæmlega sama reglan sem gildir um þessi atriði. Þetta var nú lunginn í ræðu hv. þm. gegn frv. Síðan ræddi hann um fjármagnstekjuskattinn. Það er rétt hjá hv. þm. að ætlunin var að leggja hann á í upphafi árs 1994. Frá því var horfið. Það var tekin sérstök ákvörðun um það vegna þess að vextirnir voru lækkaðir verulega haustið 1993 og í framhaldi af því lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún teldi óráðlegt að leggja fram frv. þá um haustið sem þó var til. Þetta lá fyrir á þeim tíma. Hafi það farið hjá hv. þm. þá skal ég segja frá því hér að frá því í upphafi þessa árs, líklega í febrúar eða mars, hefur starfað fjármagnstekjunefnd og í þeirri nefnd á sæti fulltrúi Alþb. og ég veit að fulltrúi Alþb. er tilbúinn hvenær sem er til að segja hv. þm. frá því hver staða málsins er í nefndinni.

[15:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að endurtaka það svo ekki verði neinn misskilningur að með þessu frv. er verið að frysta þær fjárhæðir sem notaðar voru á þessu ári við álagningu bæði hvað varðar barnabætur, vaxtabætur, persónuafslátt og sjómannaafslátt. En það er ekki gert varðandi hátekjuskatt heldur er fjárhæðin hækkuð um 11% eða svo eins og ég gat um, fyrir einstakling úr 2.494.000 eins og fjárhæðin var við álagningu á þessu ári og á að miðast við 2.806.000 kr. tæplega. Þar er því ekki frysting, það er hækkun. Hæstv. ráðherra á erfitt með að bera það til baka.

Hvað varðar fjármagnstekjuskattinn þá höfum við einmitt verið upplýstir um stöðu þessa máls í fjármagnstekjuskattsnefndinni af fulltrúa Alþb. í þeirri nefnd. Það er ljóst að einhver vandræði eru í þessu máli sem verður að teljast heimilisböl hæstv. fjmrh. Það eru engin vandræði í málinu af hálfu fulltrúa okkar né heldur er mér kunnugt um að það séu nein vandræði í málinu af hálfu fulltrúa annarra þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna. Hæstv. ráðherra verður því einfaldlega að tala við sína menn og gera þeim grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur önnur markmið en þau að þeir þvælist fyrir góðum málum í nefnd.

Ég vil svo að lokum minna hæstv. ráðherra á að það er ekki bara í þessu máli sem góð áform hafa ekki gengið eftir hjá honum eða ríkisstjórn hans. Þegar ríkisstjórnin tók við á vordögum 1991 var yfirlýst stefna þeirrar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum að ná hallanum niður á tveimur árum eða ná jafnvægi á árinu 1993. Við sáum það fyrr í dag þegar við ræddum ríkisreikning fyrir árið 1993 að þar var methalli í ríkisbúskapnum.

[15:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það síðasta sem hv. þm. sagði hefði hann átt að láta ósagt því ég býst við að fyrrv. formaður í hans eigin flokki eigi metið. Það er önnur saga. Hann verður því að líta sér nær til að krýna einhvern í því sambandi.

En ég læt mér þetta í léttu rúmi liggja. Aðalatriðið er að hv. þm., sem er gamall nemandi minn og lærði ágætlega þá og meira að segja tókst mér að troða sumu í hann, virðist ekki trúa því þegar ég segi, þegar ég staðhæfi það og bendi á og get bara sagt við hann að þannig er þetta frv. að gert er ráð fyrir því að hátekjuskatturinn, þ.e. skattleysismörk hátekjuskattsins verði fryst með nákvæmlega sama hætti og er gegnumgangandi í þessu frv. Það segir meira að segja á bls. 13: „Gert er ráð fyrir að fjárhæðir ákvæðanna verði þær sömu og verða við álagningu sérstaks tekjuskatts á næsta ári" o.s.frv. Það kann hins vegar að vera að sums staðar í frv. séu upphæðirnar ekki nákvæmlega eins því það getur verið að sumar upphæðirnar í frv. hafi verið á öðrum grunni vegna þess að ef sérákvæði hafa komið inn í lögin er ekki víst að þau gegni alveg sömu lögmálum því að stundum er miðað við skattvísitölu og þá getur verði að grunnurinn sé frá öðru ári. Það er því ekki hægt að taka tölurnar og færa þær upp um prósentur eins og hv. þm. gerir. Það verður að taka þær tölur sem eru notaðar við álagninguna en ekki endilega grunnfjárhæðina sem getur verið mismunandi í frv. Þetta hugsa ég að hv. þm. skilji. En ég get lofað honum því, og hann getur hins vegar ráðið því hvort hann ber á móti því aftur og aftur, að nákvæmlega sama aðferðin er notuð við hátekjuskattinn eins og almennt í þessum lögum. Það er verið að frysta mörkin en ekki að beita einhverri annarri aðferð þó að ég hugsi að ég sannfæri seint hv. þm. um að ég sé ekki bara að ráðast á þá sem minnst mega sín og hlífa þeim sem mest hafa.

[15:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ráðherrann hafi eiginlega skotið sjálfan sig niður áðan. Hann vitnaði í það sem kemur fram og staðfestir að það er önnur meðferð við frystingu frítekjumarks fyrir hátekjuskatt en á öðrum fjárhæðum. Þær eru frystar eins og þær standa nú á árinu 1995 við álagningu.

Þær eiga að vera þannig áfram á næsta ári óbreyttar frá því við álagningu núna. Hins vegar á fjárhæðin varðandi sérstakan tekjuskatt að taka breytingum og verða önnur á næsta ári en er á þessu ári. Hæstv. ráðherra vitnar réttilega til þess sem segir í greinargerð með frv. að það miðist við verðálagningu sérstaks tekjuskatts á næsta ári. Það sé ekki á þessu ári eins og það ætti að vera ef sömu forsendur ættu að gilda um það og aðrar fjárhæðir.

Að öðru leyti er óþarft að fjölyrða um andsvarið, það var komið niður í þetta eina atriði. Mér þykir leitt að þurfa að hryggja hæstv. fjmrh. með því að því miður er það svo að á árinu 1993, árinu sem átti að vera hallalaust hjá þáv. ríkisstjórn og fjmrh., er hallinn rúmlega 19.000 millj. kr. og því verður ekki neitað að það er methalli.

[15:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, spyr hver standi á móti fjármagnstekjuskatti. Það er ekki furða þótt hann spyrji því þetta hefur verið í umræðunni í fjölda ára, hjá fjölda flokka og hjá fjölda ríkisstjórna. Ég held að það sé heilbrigð skynsemi sem stendur á móti þessu. Sparnaður einstaklinga hér á landi er miklu minni en gengur og gerist víða um lönd. Ég bar þetta einu sinni saman við Þýskaland og það munaði ákaflega miklu. Það er heldur ekki furða að sparnaður sé lítill eftir að sparifjáreigendur höfðu verið flengdir í 20–30 ár með stórlega neikvæðum vöxtum, jafnvel mínus 20%, ár eftir ár. Fólki var hreinlega kennt að það borgaði sig ekki að spara. Þegar búið er að kenna heilu kynslóðunum þann hugsunarhátt að það borgi sig að skulda en borgi sig ekki að spara þá tekur fjölda ára að byggja upp sparnað og fá traust hjá sparifjáreigendum. Það kemur einmitt fram í nefndinni sem hefur fjallað mjög lengi um þetta mál að menn eru hreinlega hræddir við afleiðingu þess að leggja skatt á þann litla veikburða sparnað sem til er í landinu. Menn eru hræddir við að drepa hann endanlega. Ég held að það sem stendur á móti þessu sé hreinlega heilbrigð skynsemi og ekkert annað. Við höfum alið upp heilu kynslóðirnar sem hefur verið kennt að það borgi sig að skulda og borgi sig að eyða og við höfum kennt sömu kynslóðunum að það borgi sig ekki að spara og borgi sig ekki að leggja til hliðar.

[15:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti í ræðu minni gaf þáv. ríkisstjórn út yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993 um að fjármagnstekjuskatti yrði komið á og hann tæki gildi 1. jan. 1994. Nú kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal og segir að það sem standi á móti því að þessi áform nái fram að ganga sé heilbrigð skynsemi. Með öðrum orðum að ríkisstjórnin sem þá var og er enn a.m.k. til að hluta hafi ekki gefið út yfirlýsingu sína í takt við heilbrigða skynsemi. Það væri fróðlegt að fá álit hæstv. fjmrh. og hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem þá var í ríkisstjórn, við þessari yfirlýsingu, hvort þeir séu sammála henni.

Ég er að hugsa um að reyna að nota skynsemina og vonandi heilbrigða eftir því sem ég best get. Þannig er að sparnaður hér á landi er mun minni en víða erlendis. Hann er allt að því helmingi minni þrátt fyrir að víðast hvar erlendis er sparnaðurinn skattlagður. Þá spyr ég: Af hverju er sparnaðurinn hér á landi svona lítill ef hann er ekki skattlagður? Af hverju er hann þá a.m.k. ekki jafnmikill og erlendis fyrst hann er ekki skattlagður og hefur þann ábata umfram sparnað erlendis? Hann hefur líka annað umfram sparnað erlendis, hann hefur verðtryggingu sem er ígildi vaxta. Það er því tvennt sem sparifjáreigendur innan lands hafa umfram sparifjáreigendur erlendis. Þá spyr ég hv. þm. Pétur H. Blöndal hvers vegna sparnaður er svona lítill hér á landi að hans mati þrátt fyrir þessa kosti.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. hafi heyrt að ég bar það upp sem spurningu hvort það gæti verið heilbrigð skynsemi sem stæði á móti því, ég fullyrti það ekki. Ég sagði ekki að menn væru óskynsamir. En það er vafasamt hvaða afleiðingar svona frv. hefur. Hv. þm. spyr mig að því af hverju ég telji sparnaðinn svo lítinn. Ég taldi það upp rétt áðan. Í 20, 30, 40 ár var sparifjáreigendum refsað og það er búið að kenna heilum kynslóðum að eyða og bruðla og spara ekki. Það er búið að segja fólki að það sé óskynsamlegt að spara. Þess vegna er sparnaðurinn svona lítill. Það tekur fjölda ára að kenna fólki aftur að spara og taka upp ráðdeildarsemi sem þó var þjóðareinkenni hér áður fyrr. Áður en verðbólgan kom. Það er svarið við spurningunni. Menn eru hreinlega að ná sér eftir það verðbólgufyllerí sem þjóðin fór á þegar hún brenndi upp sparifé sitt aftur og aftur. Það tekur langan tíma að kenna unga fólkinu, og líka þeim eldri, að spara á ný og hætta að eyða og bruðla.

[16:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt til í því að verðbólgan fór illa með vilja fólks til að spara. Fólk sem nú er komið vel við aldur vandist því að leggja til hliðar og eiga fyrir sínum elliárum og þetta hefur breyst. Mér finnst ekki óeðlilegt að ætla að verðbólgan hafi haft sín áhrif á að breyta þessum viðhorfum. En ég hygg að þar komi fleira til, t.d. almenn neysla sem mjög hefur verið alið á undanfarin ár og áratugi og er enn að færast í aukana. Við sjáum sem dæmi að hagvexti á þessu ári er meira og minna haldið uppi af eyðslu. Menn eru að eyða peningum sem þeir eiga ekki til að kaupa innflutta vöru. Þetta er uppistaðan í íslenskum hagvexti á þessu ári. Ég hygg að við hv. þm. Pétur Blöndal séum báðir sammála um að þarna séu menn að halda uppi hagvexti á fölskum forsendum. Hins vegar er ég á þeirri skoðun að þau sjónarmið sem ráða því að fólk taki upp ráðdeild, sem við getum kallað, og sparnað eru flóknari en svo að þau verði skýrð einvörðungu með þeim atriðum sem þingmaðurinn nefndi. Ég hygg að það að taka upp fjármagnstekjuskatt, í líkingu við það sem ríkisstjórnin lýsti yfir að yrði gert 1994, hafi ekki nein merkjanleg áhrif á það hvort menn spara eða ekki. Ég hygg að sanngirnissjónarmið ráði verulega miklu. Fólk áttar sig á því að það er ekki sanngjarnt að það skipti svona miklu máli hvort teknanna er aflað með því að selja vinnuafl sitt eða með því að leigja peninga sína.

[16:04]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir með nokkrum þeirra sem hér hafa talað og láta í ljós megnustu andúð mína á því að hér eigi enn að ráðast á þá lægst launuðu með skerðingum á barnabótaauka og afnámi á vísitölutengingu á bótagreiðslur yfirleitt. Mér virðist sambandsleysi ríkisstjórnarinnar við þá sem verstu kjörin hafa í þessu þjóðfélagi vera óbærilegt og sýnir að þarna er eitthvað mikið að. Að öðru leyti er það einkum tvennt sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að. Í fyrsta lagi hvers vegna hann gerir ekki ráð fyrir tekjum

af fjármagnstekjuskatti í fjárlagafrv. næsta árs og í þessu frv. þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að taka upp fjármagnstekjuskatt. Í öðru lagi, hvers vegna hann fer ekki að tillögum ungra sjálfstæðismanna og fellir niður svokallaðan sjómannaafslátt og lætur útgerðarmenn um að borga sjómönnum laun. Eða telur hann að útgerðarmenn séu ekki færir um það eins og aðrir atvinnurekendur? Er ekki nóg að útgerðarmenn fái milljarða gefins í andvirði aflaheimilda árlega, þarf ríkið líka að greiða sjómönnum laun fyrir útgerðarmenn? Væri það ekki réttlátari leið í skattheimtu en að fara þá leið að láta þá sem minnst mega sín, sjúka, aldraða og barnafjölskyldur almennt, bera meiri byrðar?

[16:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að svara þessu í andsvari. Í fyrsta lagi tel ég að það komi til skoðunar að breyta sjómannaafslættinum og stýra honum þá a.m.k. fyrst og fremst til þeirra sem eru mjög lengi fjarri heimilum sínum, á fjarlægum miðum eða á millilandaskipum. Ég efast samt um að það sé meiri hluti á hinu háa Alþingi fyrir róttækum breytingum á þessu nú. Annað sem ég vil nefna og er ástæðan fyrir því að ég kem hér upp í andsvari er það, að hv. þm. hefur greinilega alveg gjörsamlega misskilið þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Það er verið að tala um að barnabótaaukinn breytist með þeim hætti að í raun og veru kostar það ríkissjóð 500 millj. Í þessu frv. er verið að veita meiri fjármuni, eða sem nemur hálfum milljarði, til barnafólks. Það er það sem þetta frv. gengur út á. Það er gert með þeim hætti að barnabæturnar eru ekki skertar eins mikið og í núgildandi lögum og aldrei skertar meira en 15%. Hv. þm. virðist með öðrum orðum hafa misskilið þessa hluti gjörsamlega. Ég vil að þetta komi strax fram þannig að ekki dragist að leiðrétta þetta.

[16:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja finnst mér þessi umræða um afnám sjálfvirkni óskaplega skrýtin og í raun og veru snúa málinu á haus. Afnám sjálfvirkni gagnvart hverju og fyrir hvern? Staðreyndin er sú að þær breytingar sem hér eru á ferðinni fela í sér að það er verið að tryggja ríkissjóði öryggi og öðrum hins vegar öryggisleysi. Ég mun rökstyðja það nokkru nánar þegar ég fæ betra tóm til þess, hæstv. forseti.

Ég ætla aðeins að fara yfir þetta sjálfvirknital. Hvað er það? Hvað er í raun og veru að gerast samkvæmt þessu frv.? Það er verið að festa skattfrádrátt, barnabætur, persónuafslátt og annan slíkan frádrátt við fasta lögbundna krónutölu sem verður ekki breytt nema málið verði tekið inn á Alþingi. Ríkisstjórnin getur með öðrum orðum með því einu að gera ekki neitt, hækkað skatta. Við skulum segja að núv. fjmrh. sé öðruvísi af guði gerður en aðrir fjármálaráðherrar hvað þessa hluti varðar. En ég segi það alveg eins og er að miðað við þær aðstæður sem fjármálaráðherrum eru búnar þá er það augljóst mál að það er a.m.k. freistandi að láta það vera að breyta þessum tölum með því að renna hér frv. um tekju- og eignarskattsmálin í gegnum þrjár umræður á Alþingi. Það er því alveg klárt mál að þessi aðferð sem hér er tekin upp tryggir stöðu ríkissjóðs betur en núverandi aðferð. Það er ótrúlegt að Sjálfstfl. skuli beita sér fyrir því að taka með þessum hætti utan um ríkissjóð eins og hvítvoðung og kornabarn, langt umfram það sem öðrum hefði nokkurn tíma getað dottið í hug. Á sama tíma er sjálfvirknin ekki bara afnumin gagnvart þeim aðilum sem hér hafa verið nefndir, öldruðum og öryrkjum, heldur líka gagnvart sjóðum sem eiga að sinna tilteknum félagslegum verkefnum, t.d. Vegasjóði og Framkvæmdasjóði aldraðra. Tekjur í þessa sjóði eru fastar. Þær breytast ekki með vísitölum eins og gerðist áður samkvæmt þessu frv. eða fylgifrv. þess. En þegar kemur að ríkissjóði er hann með allt sitt á þurru. Vegasjóður skerðist smátt og smátt ef ekkert er aðhafst. Framkvæmdasjóður aldraðra skerðist smátt og smátt ef ekkert er aðhafst. En ríkissjóður styrkir stöðu sína smátt og smátt, ef ekkert er aðhafst. Það er alveg furðulegt ef hv. 16. þm. Reykv. hefur samþykkt þessa aðferð við að tryggja ríkissjóði sjálfvirka vellíðan, liggur mér við að segja, án þess að ríkisstjórnin þurfi nokkurn tímann að leggja þingmál af þessu tagi fram við þessa virðulegu stofnun. Hæstv. fjmrh.er auðvitað vorkunn, hann er búinn að vera í fimm ár í embætti, eða lengur en flestir aðrir í sögunni og kemst þar sennilega næst Eysteini Jónssyni. Hann er því orðinn alveg merktur af þessu, blessaður karlinn, með leyfi forseta, hæstv. fjmrh.

Það er annað mál. En einhverjir í þingflokki Sjálfstfl. ættu þó að kveikja á þeirri hlið málsins að þarna er verið að bæta stöðu ríkissjóðs þannig að hann eykur tekjur sínar með aðgerðaleysi fjármálaráðherrans. Það er kjörstaða fyrir ríkissjóð. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. um þetta mál sérstaklega. Það er dálítið sérkennilegt að þessi grundvallarþáttur sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði að umtalsefni skuli ekki vera ræddur hér alveg sérstaklega, vegna þess að hann er hinn pólitíski kjarni þessa máls. Það veldur manni aftur og aftur undrun og áhyggjum að þegar verið er að tala um mál af þessum toga hér í þessari virðulegu stofnun, þá tala menn helst ekki um pólitík, mun frekar um tækni. Þetta er pólitík. Hún liggur í þessu dekri við ríkissjóð. Hann hefur allt sitt á þurru svo lengi sem hæstv. núv. ráðherra nennir að hafa þetta eins og það er. Og hv. þm. Pétur Blöndal er að verða algerlega geðlaus eftir ótrúlega stuttan tíma. Algerlega geðlaus, maðurinn. Hvernig verður hann í lok kjörtímabilsins, hæstv. forseti?

Varðandi málið að öðru leyti langar mig að leggja þrjár litlar efnisspurningar fyrir hæstv. fjmrh. Það er í fyrsta lagi varðandi 9. gr. Þar er gert ráð fyrir því að fella niður eitt lítið orð. Það er orðið skriflega. Ég segi nú alveg eins og er, það er tími til kominn að það orð sé fellt út úr lögunum. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það hafi komið til tals að opna fyrir það í auknum mæli að menn þurfi ekki að standa í þessari skattframtalasúpu sem er aðallega til þess fallin að halda uppi atvinnubótavinnu í tiltekinni stétt manna í þessu landi og sem taka fyrir það morð fjár af blásaklausu fólki. Ég flutti um það þingmál fyrir alllöngu að menn hættu þessu þannig að ekki yrði um að ræða skattframtöl í núverandi skilningi nema ef menn teldu að viðlögðum drengskap að þess þyrfti enda hefði ríkið ekki allar upplýsingar um tekjur og gjöld manna hvort eð er inni á tölvum sínum. Þá voru tölvurnar ekki komnar eins fullkomnar og núna er og núna getur þetta legið fyrir hjá ríkinu. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um það vegna þess að það væri þrifnaður í nafni tækninnar að losna við þetta pappírsfargan sem sem heitir skattaframtöl.

Í öðru lagi ætlaði ég að spyrja um 6. gr., um bílana. Það hefur kannski þegar komið fram hvernig kostnaður af 6. gr. er áætlaður og þá biðst ég afsökunar á því að taka tíma Alþingis í endurtekningu. Ég geri ráð fyrir því að meiningin sé að þetta sé núll út og inn og það sé sem sagt engin tekjuaukning fyrir ríkið af þessu. Hvernig sjá menn þetta fyrir

sér? Það væri fróðlegt að sjá grunntölur þessa máls varðandi bílaafskriftirnar.

Svo að lokum varðandi lífeyristryggingarnar, lífeyrissjóðina. Hvernig hefur verið háttað samráði við Alþýðusambandið um þessi mál, þ.e. varðandi skattlagningu lífeyrisiðgjaldanna og lífeyrisgreiðslanna? Hefur sérstakt samráð farið fram um þessi mál við Alþýðusamband Íslands? Er það sammála þeirri aðferð sem hér er um að ræða og þeim tíma sem er tekinn í málið hér eins og frv. liggur fyrir og gerð er nokkuð rækilega grein fyrir í greinargerðinni en er pínulítið flókið að lesa sér til um vegna þess að þau ákvæði sem eiga saman t.d. varðandi það atriði eru á víð og dreif í frv. Þau eru t.d. a-liður 3. gr. sem gerir ráð fyrir því að 4. töluliður a-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna falli niður og til þess að geta áttað sig á því hvað þetta þýðir þarf líka að lesa ákvæði til bráðabirgða V. Það þarf alveg ótrúlega langa bið eftir flugvél, hæstv. forseti, til að hafa tíma til að lesa sig í gegnum þetta mál en ég var svo heppinn að ég átti kost á verulega langri og velheppnaðri bið eftir flugvél í gær til að lesa stjórnarfrv.

Ég hef leyft mér að leggja fram þrjár tæknilegar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. og svo allra náðarsamlegast eina pólitíska spurningu ef hann skyldi hafa pólitíska skoðun lengur.

[16:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, beindi þeirri spurningu til mín hvort ég væri orðinn geðlaus. Ég ætla að vona að svo sé ekki. En það er rétt hjá honum að þetta frv., þessar frystingar, þýða í rauninni sjálfvirka vellíðan fjmrh. Ef launahækkanir og verðbólga verða umtalsverð þá lækka frítekjumörkin eða þau raunlaun sem menn mega hafa án þess að borga skatta og menn þurfa að borga skatta af sífellt lægri rauntekjum. Þetta er eitt og svo koma útgjöldin að sama skapi til með að lækka þar sem þau eru öll fryst. En ef það kemur í ljós eftir árið að verðbólga hefur verið einhver að ráði munu menn að sjálfsögðu leiðrétta þessar tölur. Menn eru ekki að horfa upp á það að skattarnir hækki og útgjöldin lækki sjálfvirkt af þessum ástæðum heldur munu menn taka á þessu máli þegar þar að kemur. En það verður gert meðvitað. Ekki sjálfvirkt eins og í dag. Varðandi meginmálið þá er það halli ríkissjóðs sem við verðum að horfa á. Við þurfum að gæta hagsmuna skattgreiðenda. Við þurfum að halda útgjöldum í skefjum og eins ég gat um í umræðunni í dag um ríkisreikning 1994 þá höfum við Íslendingar safnað skuldum á síðustu tveim árum sem nema 260 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn. Takið eftir, hv. þm., ríkissjóður hefur safnað skuldum, þ.e. fólk á eftir að borga heil mánaðarlaun í skatta fyrir þessi tvö ár, hvort árið um sig. Þetta er áhyggjuefni. Ég held við þurfum að líta fyrst og fremst á halla ríkissjóðs og þetta frv., þessi sjálfvirka vellíðan minnkar hann.

[16:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort er betra geðleysið eða vellíðunin með ríkissjóði. Ég hef aldrei heyrt annað eins. Er það virkilega þannig að menn telji að þetta sé leiðin til þess að rétta við hallann á ríkissjóði? (**PHB:** Ein af mörgum.) Ein af mörgum, að láta það gerast hægt og bítandi að persónuafslátturinn lækkar í raun, að barnabæturnar lækka í raun, að allir frádráttarliðir af sköttum lækka í raun og þannig batni staða ríkissjóðs. Er það virkilega stefnan að ekkert þurfi að gera annað en að gera ekki neitt uppi í fjmrn.? Ég er sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að það þarf að taka á halla ríkissjóðs. Ég hef flutt ýmsar tillögur um það hvernig hægt væri að fara í þá hluti. Það á að taka á halla ríkissjóðs með meðvituðum pólitískum ákvörðunum en ekki með sjálfvirkri vísitöluvellíðan ráðherra sem þurfa ekki einu sinni að flytja frv. til að laga til hjá sér í kassanum.

[16:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er akkúrat það sem að menn ætla að gera. Menn ætla að taka á þessum málum með meðvituðum hætti. Á hverju einasta hausti munu menn vega og meta hver skattlagningin er orðin vegna verðbólgu og launahækkana og þá verða þessi mörk hækkuð með meðvituðum hætti en ekki með einhverjum sjálfvirkum hætti vegna verðbólgu. Ég bendi á að þegar maður tekur inn í dæmið 4% iðgjalda lífeyrissjóðs, sem á að verða skattfrjálst, lækkar skattprósentan sem er í dag um 42% í reynd niður í 40,4%. Við erum að tala um raunverulega skattalækkun og þrátt fyrir vellíðan ríkissjóðs mun hún vara nokkuð lengi þrátt fyrir 1 eða 2% verðbólgu á ári.

[16:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er ekki um að afnema sjálfvirkni. Þetta er um að tryggja ríkissjóði sjálfvirkar auknar tekjur. Sjálfvirkni handa ríkissjóði, í þágu ríkissjóðs. Það má auðvitað kalla þetta einhverjum öðrum nöfnum en geðleysi ef menn vilja. Ég ætla ekki að dæma um það hér, hæstv. forseti. En það er ótrúlegt að Sjálfstfl. sem þykir standa fyrir því að menn þurfi að hafa fyrir sínu skuli berjast með kjafti og klóm fyrir frv. sem felur það í sér að ef ekkert gerist munu skattar hækka af því að allir frádráttarliðir lækka af því að verðbólgan verður að minnsta kosti einhver þó þeir þykist vera fullkomnir báðir, hæstv. ráðherra og hv. 16. þm. Reykv.

[16:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langaði til þess aðeins að gera að umtalsefni örfá atriði sem komið hafa fram í þessum umræðum ef vera mætti að það skýrði eitthvað til viðbótar því sem þegar hefur komið fram út á hvað frv. gengur.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, rifjaði upp það sem kemur fram í fjárlagafrv. á bls. 269 þar sem borin er saman skattbyrði í aðildarríkjum OECD og þróun skattbyrðarinnar frá 1980 til 1994. Spurt var hvort tölurnar væru sambærilegar. Svarið er að þær eru að því leyti sambærilegar að það er reynt að hafa þær eins sambærilegar og kostur er. Það kann þó að vera í stöku tilvikum að taka þurfi tillit til þátta eins og þeirra að í íslenska skattkerfinu eru bótaákvæði sem gætu verið útgjaldamegin hjá sumum þessara þjóða og eins er nokkuð á flökti að hve miklu leyti menn líta á lífeyri og lífeyrisuppsöfnun hreinlega sem tekjur á vegum ríkjanna og það kann í sumum tilvikum að rugla nokkuð myndina. En yfirleitt má segja að þetta sé nokkuð góður samanburður, að minnsta kosti held ég að óhætt sé að fullyrða að þegar þróun er skoðuð, þ.e. hreyfingarnar frá einum tíma til annars, sé hægt að taka mark á því. Það liggur fyrir að skattar hafa ekki hækkað jafnmikið hér á landi og víðast í okkar nágrannalöndunum. Sem betur fer hefur okkur tekist að halda þeim niðri enda kemur í ljós að skattbyrðin hér á næsta ári verður lægri en skattbyrðin allar götur til ársins 1987 ef við mælum skattbyrðina sem hlutfall skatttekna ríkissjóðs á móti vergri

landsframleiðslu sem er sá mælikvarði sem er oftast notaður. Þetta er vegna þess að menn hafa farið mjög gætilega í skattahækkanir, að minnsta kosti núna á undanförnum árum en auðvitað kemur líka til sögunnar nefnarinn í stærðinni því landsframleiðslutalan hefur að sjálfsögðu áhrif á hlutfallið.

Hvað varðar festinguna eða frystinguna er miðað við tölurnar eins og þær eru núna. Síðari hluti þessa árs er tekinn og fryst miðað við það. Frádráttarliðir og bótaliðir eru ekki einungis frystir, það er líka verið að frysta skattana sjálfa eins og bifreiðagjöldin. Þeir hækka ekkert sjálfvirkt vegna þess að það kemur auðvitað niður á blessuðum aumingjunum í ríkissjóði, þannig að rök hv. þm. hvað þetta snertir ná ekki langt þegar það er skoðað, þetta gildir líka um sjálfa skattheimtuna.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurðist fyrir um fjármagnstekjuskattinn og spurði hvar tekjurnar væru. Það er rétt hjá honum að ekki er gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga að neinar tekjur komi á næsta ári af fjármagnstekjuskatti. Ég held að það liggi í hlutarins eðli. Eins og fjármagnstekjuskatturinn er hugsaður og hefur verið hugsaður á undanförnum árum er hann staðgreiðsluskattur, það er meginprinsippið og þá er hann tekinn þegar vextirnir falla til. Vextirnir falla oftast til í bankakerfinu og hjá verðbréfafyrirtækjunum um áramót þannig að tekjurnar, þó við mundum lögfesta þetta núna, mundum við ekki láta ná til vaxtateknanna á yfirstandandi ári með því að hafa þetta afturvirka skatta. Menn gætu því í fyrsta lagi búist við tekjum í upphafi ársins 1997 af þessum skatti. Það er því óvarlegt að gera út á þær tekjur á næsta ári. Ef um er að ræða skatta á áfallna vexti í öðrum viðskiptum mundi það vera greitt eftir á þegar tekjurnar falla til. Ekki er verið að leggja skattana á áfallna ógoldna vexti eins og hugmyndin er að minnsta kosti hjá nefndinni þessa stundina ef ég skil þær hugmyndir rétt. Í öðru lagi hygg ég að það sé ekkert sjálfgefið að það eigi að taka þessar tekjur beint í ríkissjóð. Það getur vel verið að við þurfum á þeim að halda, t.d. til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins. Þess vegna er óvarlegt að búast við tekjum af fjármagnstekjuskattinum, það þarf að minnsta kosti að taka ákvörðun um það á þeim tíma þegar það liggur fyrir.

Þetta vona ég að hafi skýrt nokkuð hvers vegna ekki er verið að taka inn tekjur af fjármagnstekjuskattinum en hv. þm. ræddi síðan um þátt Indriða H. Þorlákssonar í málinu sem er reyndar ekki í nefndinni. Ég vil eingöngu segja um það að Indriði H. Þorláksson er afkastamikill starfsmaður fjmrn. og það er þörf fyrir vinnu hans víðar en á þessum stað og hann þurfti að sinna öðrum verkefnum. Hv. þm. spurðist síðan fyrir um viðræður á milli aðila vinnumarkaðarins, kjaraviðræður, eins og þeir kalla þessar viðræður. Þá er hugmyndin að opna ekki kjarasamningana heldur að ræða um það hvernig bæta megi kjörin án þess. Ég útiloka ekki að það verði rætt um verðlækkun og ég held að það sé hárrétt sem fólst í spurningu hv. þm. að mjög mikilvægt sé að passa upp á það að verðlag fari ekki úr skorðum. Það er sjálfsagt það mikilvægasta sem við stöndum frammi fyrir í dag. Ég held að allir séu sammála um það hvar í flokki sem þeir standa að það er sjálfsagt það mikilvægasta sem við stöndum frammi fyrir í dag. Ég held að allir séu sammála um, hvar í flokki sem þeir standa, að það bætir best lífskjörin að hemja verðlagið. Komist verðbólgan aftur af stað er nánast úti um okkur og verst fer verðbólgan með þá sem minnst hafa handa á milli. Það er saga sem allir þekkja.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi um verðtrygginguna og þótti skjóta skökku við að við værum að taka út sjálfvirkar hækkanir hér á meðan það væri ekki gert í bankakerfinu. Sannleikurinn er sá að þetta er gert í bankakerfinu á öllum styttri skuldbindingum. Hér er þó aðeins verið að tala um sjálfvirkni eitt ár í senn en ekki þrjú ár. Það er stefnt að því að skuldbindingar til styttri tíma í bankakerfinu beri eingöngu vexti en ekki verðbætur. En þess ber að geta, eins og kom reyndar fram hjá hv. þm., að verðbætur eru hluti af vaxtakerfinu sjálfu. Það er því ekkert í markaðskerfinu sem getur komið í veg fyrir það að vextirnir breytist, ef verðbótaþátturinn er tekinn frá. Það þekkja allir, því vextirnir gegna öðrum lögmálum og þá væntanlega helst lögmálum framboðs og eftirspurnar.

Vegna orða hans er mjög mikilvægt að það komi fram, að þegar við vegum saman þær breytingar sem voru gerðar á sl. vetri vegna kjarasamninganna og þær breytingar sem nú er verið að gera kemur í ljós að skattbyrðin minnkar ef við tökum þessar tvær aðgerðir saman. Og skattleysismörkin verða að meðaltali á næsta ári hærri heldur en þau ella hefðu orðið án þessara tveggja breytinga. Það munar ekki miklu, en nóg til þess að það er óhætt að halda því fram að skattbyrðin er lægri vegna þessara breytinga, ef við vegum þær saman. Þar sem hv. þm. er alltaf að núa mér því um nasir að hallinn hafi verið hæstur og mestur árið 1993, þegar hann var 19 milljarðar, vil ég benda honum á að árið 1989 var hallinn 80 milljarðar. Hver skyldi nú hafa verið ráðherra þá? En auðvitað skiptir mestu máli að kanna hvað er á bak við þessar tölur. Árið 1989 voru lífeyrisskuldbindingar ríkisins færðar upp og árið 1993 voru milli fjórir og fimm milljarðar teknir inn í afskriftir. Hvað heldur hv. þm. að hafi verið afskrifað? Auðvitað skuldirnar sem söfnuðust m.a. upp í tíð þáv. formanns Alþb. Svona samanburður er því alveg út í bláinn. Hafi hv. þm. áhuga á að krossfesta einhverja, í beinum eða óbeinum skilningi, ætti hann að vara sig. Það gæti lent á manni sem stendur honum nær. (**SvG:** Ráðherrann kenndi þingmanninum.) Já, ég veit það, en svo mundi ég allt í einu eftir því í hvorum vængnum hann var í flokknum. Ég heyri að það hefur skilist sem átti að skiljast.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir ræddi um fjármagnstekjuskattinn. Ég tel mig hafa svarað því. Við gerum ekki ráð fyrir því í tekjum næsta árs að fá tekjur af fjármagnstekjuskattinum.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði nokkurra spurninga sem ég ætla að reyna að svara eftir bestu getu. Í fyrsta lagi var spurt um samráð við verkalýðshreyfinguna vegna lífeyrisiðgjaldanna. Ég tel að óhætt sé að segja að það hafi verið samráð um það hvernig við færðum afsláttinn eða skattafrádráttinn á milli áranna 1995–1997. Ég held að mér sé líka óhætt að fullyrða að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hreyfðu þessu máli ekki síst vegna þess að þeir voru mjög óánægðir með þá aðferð sem þáv. ríkisstjórn beitti með því að taka 15% af útborguðum lífeyri úr lífeyrissjóðunum. Í raun og veru viðurkenndu þeir, að vísu í einkasamtölum við mig, að ástæðan væri þessi og þeir vildu leggja áherslu á að velja þessa aðferð frekar en hina. Og allir sjá að þær ganga ekki saman, það er útilokað. Ég tel mér því óhætt að segja að það hafi verið skilningur allra á því. Þegar kemur hins vegar að breytingunni sem nú er verið að gera, er ekki hægt að tala um neitt samráð við verkalýðshreyfinguna um þessa frystingu. Það eina sem ég get sagt er að í viðræðum sem ég tók þátt í, lokaviðræðum í febrúar á þessu ári, var sagt mjög skýrt og skilmerkilega að við, og það veit ég að hv. 9. þm.

Reykv. getur staðfest, áskildum okkur rétt til þess annaðhvort að skera niður eða afla tekna til að bæta okkur upp þann tekjumissi sem yrði af þessari aðgerð. Þetta þarf að koma mjög skýrt fram og var reyndar sett niður með skriflegum hætti þannig að það væri alveg tryggt og forustumenn þáv. stjórnarflokka létu þetta koma fram í kosningabaráttunni. Hér var því ekki verið að fara á bak við einn eða neinn.

Hvað bifreiðaafskriftirnar varðar þá kosta þær að sjálfsögðu peninga. Ég hef töluna ekki hjá mér, en ég gæti trúað að hún sé u.þ.b. 30–40 millj. kr., ég þori ekki alveg að ábyrgjast það. Þetta er fyrst og fremst skattur sem sparast hjá þeim sem borga eignarskatta. Það eru þeir sem greiða þennan skatt, aðrir ekki. Varðandi 9. gr., þ.e. að fella þá niður skriflega, þá hefur það reyndar komið fram hjá mér áður og það er ágætt að fá tækifæri til að endurtaka það, þar með er ég sammála hv. þm. Þetta hefur verið gert annars staðar og verið er að athuga þetta og undirbúa hér. Það er augljóst að við þurfum að gera framtölin auðveldari fyrir meginþorra almennings. Ég get mér þess til að u.þ.b. 70% af launþegum geri ekki annað en að færa tölur sem koma frá hinu opinbera, eða frá stórum atvinnurekendum, af tölvukeyrðum seðlum með handvirkum hætti yfir á skattframtalið. Svo situr hersing af mönnum í skattkerfinu og fer yfir það hvort það sé rétt gert og potar í með rauðu þegar einhver leggur vitlaust saman. Þessu er hægt að breyta og stefnt er að því að keyra saman þessar skrár þannig að það hægt sé að færa fasteignamat og launatölur með rafrænum hætti og svo skrifa menn bara undir nema þeir hafi athugasemdir við að gera. Þetta á að vera hægt og að þessu er unnið en þetta mun taka nokkurn tíma.

Í lokin vil ég víkja að umræðunni sem hv. þm. kallaði pólitíska umræðu. Það er rétt að við erum að koma á hér á landi sama kerfi og er í öllum nágrannalöndum okkar sem snýst um að það sé ekki sjálfvirkni í hækkunum í skattkerfinu, hvorki á sköttunum, né á afsláttar- og bótaliðunum. Það þýðir að til þess að lækka skattana, eða að hækka þá ekki, þarf að flytja sjálfstætt frv. Ég get bætt því við að ein af ástæðunum fyrir því að þetta er talið eðlilegt er sú að við höfum verið að breyta stjórnarskránni. Það hefur verið amast við því að færa í reglugerðir eða setja í lög sjálfvirkni af þessu tagi, sérstaklega ef þær eru íþyngjandi fyrir þegnana. Þannig að ég tel að það sé ekki ofverk þingsins að taka einn skattabandorm þar sem þessum tölum væri breytt árlega. Það liggur ljóst fyrir, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, að það kunna að vera pólitísk rök sem hníga að því að hækka sumt meira en annað. Það verður þá að vera pólitískt mat þingsins á hverjum tíma. En eins og hv. þm. sagði réttilega þá styrkir þetta stöðu fjmrh. og ríkissjóðs ef ekkert breytist. Og kannski má nú greyið ríkissjóður einhvern tímann hafa hag af aðgerðaleysinu.

[16:39]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hæstv. fjmrh. sagði um fjármagnstekjuskattsnefndina var með því lakasta yfirklóri sem ég hef lengi heyrt, þ.e. að Indriði H. Þorláksson sé svo önnum kafinn og verðmætur maður að hann megi ekki vera að því að beina kröftum sínum að þessari nefnd. Það er alveg augljóst að málefnalegur ágreiningur var uppi í nefndinni. Honum er kippt út úr þessari nefnd af fjmrh. Það er í sjálfu sér ekki efni til að ræða mikið um þetta mál. Við verðum að sjá í hvað þessi fjármagnstekjuskattsumræða stefnir og þá er hægt að taka efnislega á því. En það hefði verið betra ef fjmrh. hefði viðurkennt þennan ágreining sem þarna er uppi.

Í öðru lagi virtist fjmrh. taka undir áhyggjur mínar varðandi þær verðhækkanir sem gætu komið í kjölfar umræðunnar um kjaramál. Hann nefndi landbúnaðarmál ekki sérstaklega, en ég kýs að skilja hann svo að hann sé reiðubúinn til að hugsa það mál á jákvæðan hátt, þ.e. lækkun matarverðs. Ég held að þetta sé mjög mikilvæg afstaða, ef þetta er þá afstaða fjmrh., að ríkisstjórnin komi þarna til móts við réttmæta kröfu vinnumarkaðarins varðandi of hátt matarverð, bæði hvað GATT-samning og búvörusamning snertir. Ég vil skora á hæstv. fjmrh. að endurskoða þetta frv. sem hann var að leggja hér fram. Þetta er frv. sem gengur út á að skerða bætur almannatrygginga miðað við það sem áætlað var. Þetta er vont frv. og þetta hefur ekkert með það að gera að afnema sjálfvirkni í ríkisrekstri. Þetta er tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð, hæstv. fjmrh., og ekkert annað. Hæstv. fjmrh. er að ná sér þarna í milljarð, en gefur hluta af því til baka. Þetta er ósanngjörn leið. Það væri innlegg til þeirrar viðkvæmu stöðu sem nú er á vinnumarkaði að hann endurmæti þetta frv., endurskoðaði þá leið sem farin er gagnvart þeim sem minnst mega sín. Væri hann maður til þess, legði hann inn veigamikið efni sem gæti komið að gagni í þeim viðræðum sem eru nú í gangi um kjaramálin.

[16:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði að ég tel að það mikilvægasta sem við getum gert í efnahags- og kjaramálum núna, sé að athuga hvernig við getum haldið verðlagi í skefjum. Og ég vil benda á í þessu sambandi að í fjárlagafrv. er hvergi gert ráð fyrir því að gjöld hækki. Frystingin er algjör. Það er t.d. ekki gert ráð fyrir að afnotagjöld Pósts og síma eða Ríkisútvarpsins hækki, eða þá verð á bensíni. Það er hvergi gert ráð fyrir hækkunum vegna þess að við viljum halda verðlaginu í skefjum. Ég legg áherslu á þetta. Það sama á auðvitað við um matarverðið, þótt ég ætli ekki að fara hér í einstaka þætti þess máls.

En hv. þm. hefur hins vegar ekki lesið frv. sem hér er til umræðu. Í því er ekki verið að ræða um almannatryggingar. Það frv. á eftir að koma og hv. þm. getur þess vegna geymt ræðuna sína. Þetta er sama ræðan og hann flutti um daginn um fjárlögin og nú getur hann flutt hana í þriðja sinn þegar að bandorminum kemur, en þá verður fjallað um almannatryggingar.

[16:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur áhyggjur af þeirri stöðu sem nú er í verðlagsmálum. Ég deildi þessum áhyggjum með honum og hann talaði um leiðir til að bregðast við henni. Ég hef nefnt við hann tvær leiðir, raunverulega bestu leiðirnar í þessum málum ef hann hefur áhyggjur af þeim. Það er að taka á matarverðinu og það er hægt að gera með tilteknum hætti. Fjmrh. veit það ósköp vel. Það kostar hins vegar átök í hans eigin flokki að gera það, en þetta er skynsamleg leið í efnahagsmálum. Í öðru lagi ætti að endurmeta tekjubreytingafrv. sem hér liggur fyrir, en það er hluti af fjárlagafrv. sem tengist greiðslum úr almannatryggingakerfinu. Ef hann tæki á þessum tveimur þáttum, rétti hann fram sáttarhönd í erfiðri stöðu í þjóðfélaginu.

[16:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að halda því til haga

fólki til glöggvunar að skattakóngurinn undanfarin ár, sá maður sem hefur rekið ríkissjóð með hvað mestum halla, er núv. hæstv. fjmrh. Engum öðrum hefur á þessari öld tekist jafnilla að stýra ríkisfjármálunum. Hann getur því ekki rekið af sér það orð að hafa sett met í árlegum hallarekstri á ríkisstjóði og reyndar væri hægt að taka lengra tímabil.

Það sem hann nefndi varðandi uppgjör ársins 1989 er auðvitað villandi. Bæði hann og aðrir vita að þar var um að ræða einfalda bókhaldsaðgerð þegar verið var að ganga frá ríkisreikningi fyrir árið 1989 og færa í einu lagi uppsafnaðar áfallnar skuldbindingar ríkissjóðs á mörgum áratugum og taka þær í einni tölu inn á eitt árið. Það er auðvitað ekki með neinum sanngjörnum rökum hægt að halda því fram að það tilheyri almennum ríkisrekstri þess árs. Reyndin varð sú að ríkissjóður var rekin með um fimm eða sex milljarða kr. halla það ár, ef ég man þessa tölu rétt. Þótt það sé að vísu ekki nógu gott, er það víðs fjarri þeim afrekum sem hæstv. fjmrh. státar af í þessum efnum.

Mér finnst líka rétt að vara við villandi framsetningu ráðherrans á skattbyrði og skattleysismörkum. Hann heldur því fram að skattbyrðin lækki að meðaltali og þá líka skattleysismörkin. Þetta gefur mjög villandi mynd því hann segir ekki það sem mestu máli skiptir. Hvar hækkar skattbyrðin og hvar lækkar hún? Það er ekki aðalatriðið þegar við metum áhrifin á einstaka tekjuhópa og þjóðfélagshópa hvernig meðaltalið lítur út heldur hverjir það eru sem verða að borga meira en þeir gerðu í fyrra og það eru þeir sem síst mega við því og um það standa hin pólitísku átök í málinu.

[16:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst þetta með þráhyggjuhátt hv. þm. um hallann. Það gildir nákvæmlega það sama fyrir árið 1993. Margir milljarðar eru settir inn á árinu 1993 sem tilheyra allt öðrum árum því það er verið að safna upp afskriftum frá mörgum árum. Ég hygg að hallinn 1991 sé talsvert hærri en hallinn 1993 á sama verðlagi þó ég muni það ekki hér og nú. Varðandi skattbyrðina og það tog sem fer fram um það hverfa frá verðuppfærslunni, sjálfvirkninni, ætla ég bara að minna hv. þingmenn Alþb. á að 1988 þegar lögin voru tiltölulega ný var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ráðherra. Það fyrsta sem hann gerði var að breyta lögunum þannig að í stað þess að færa upp sjálfvirkt tvisvar á ári eins og lögin höfðu gert ráð fyrir breytti hann lögunum þannig að uppfærslan var bara annað hvort skipti. Á þann hátt virkuðu þau lög auðvitað mjög vel fyrir ríkissjóð og með sömu rökum og þeir beita hér má halda því fram að hann hafi náð verulegum fjármunum inn í ríkissjóð bara með þessu. Við erum ekki að segja að við ætlum að fara þessa leið. Við erum að segja að við ætlum að breyta þessu einu sinni á ári, kannski stundum meira og stundum minna. En að halda því fram að það sé eitthvað nýtt að fara út með sjálfvirknina er rangt. *Uppfinningamaðurinn og sá sem beitti* þessu af mestum refskap var fyrrv. form. Alþb., fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. (**Gripið fram í:** Þá varstu á móti þessu.)

[16:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óumdeilt að hallinn á rekstri ríkissjóðs árið 1993 var verulega hærri en árið 1991. Þó svo væri ekki breytti það engu varðandi hæstv. fjmrh. því að hann stýrði ríkisfjármálunum átta mánuði af því ári og hafði öll tæki og aðstöðu til þess að gera þær breytingar sem hann taldi nauðsynlegt að ráðast í. Ég vil minna á að með þeirri breytingu að afnema svokallaða verðuppfærslu á bótum og öðrum slíkum greiðslum eða persónuafslætti er verið að tryggja ríkissjóði sjálfvirkt aukinn hlut skatttekna í hverri launahækkun frá því sem nú hefur verið af því að persónuafslátturinn hækkar ekkert á móti hækkun kaupsins. Verið er að afnema það sem verið hefur í fjárlögum að persónuafsláttur og sjómannaafsláttur og aðrar slíkar upphæðir hækka á hverju ári um mitt ár og taka breytingum sem nemur hækkun á lánskjaraavísitölu frá áramótum til miðs árs. Það er verið að taka þessa hækkun af launafólki með þessu ákvæði um að afnema svokallaða verðuppfærslu.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla enn á ný að endurtaka það sem þetta frv. gengur út á. Ég ætla að reyna að segja með eins einföldu orðalagi og mér dettur í hug á þessari stundu. Við erum að gera tvær meginbreytingar á þessu ári á skattalögunum. Önnur var vegna kjarasamninganna. Hin er vegna fjárlagafrv. Ef við tökum báðar þessar breytingar, steypum þær saman í eitt og spyrjum okkur að því hver áhrifin eru af þessum breytingum þá er niðurstaðan sú ef við berum saman það hvað kemur út úr þessu samtals og síðan hvað hefði gerst ef við hefðum fært upp skattleysismörkin með verðlagi eða með lánskjaravísitölu er heldur skárri útkoma nú að þessu samanlögðu en ella hefði orðið. Þetta er staðreynd sem ég veit að hv. þm., sem er góður stærðfræðingur, enda hafði hann góðan kennara í gamla daga, kemst að raun um þegar hann sest niður og reiknar þetta dæmi út.

[16:51]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem hann veitti við spurningum mínum og ég tel að þau séu skýr. Í fyrsta lagi er athyglisvert að þetta mál varðandi skattalega meðferð lífeyrisgreiðslna og lífeyrisiðgjalda, sem bar mjög hátt í síðustu kjarasamningum, skuli vera til meðferðar á nýjan leik með þeim hætti sem lýst hefur verið og þetta mál allt, án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Það er satt að segja alveg ótrúlegt. Það þýðir að ríkisstjórnin virðist ekki ætla að efna til neinna alvörusamskipta við verkalýðshreyfinguna einmitt þessa dagana þegar verið er að tala um mjög erfiða stöðu kjaramála og yfirvofandi uppsagnir kjarasamninga hjá mjög stórum og fjölmennum verkalýðsfélögum. Ég tel að svar fjmrh. staðfesti ótrúlega vel það kæruleysi í umgengni við samtök launafólks sem hefur stundum birst í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Varðandi „afnám sjálfvirkninnar", sem hæstv. fjmrh. kallar svo, að verið sé að koma til móts við ákvæði nýju stjórnarskrárinnar vegna þess að þar sé kveðið á um það skattalög megi ekki vera íþyngjandi fyrir þegnana, þá snýr þetta mál alveg á haus vegna þess að til þess að koma í veg fyrir að skattalagaákvæði séu íþyngjandi fyrir þegnana án framsals þarf að setja inn ákvæði um sjálfvirka breytingu á þeim þáttum sem hér er um að ræða. Um sjálfvirka breytingu á barnabótaauka, á barnabótum, á persónuafslætti og öllum frádráttarþáttunum. Breytingarkvöðin á að vera í hina áttina. Það er það sem hæstv. nývinir ríkissjóðs þurfa að gera sér sérstaklega ljóst í málinu.

[16:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem mig langar til að minnast á í því tækifæri sem hér gefst. Er ekki hrein-

legra að afnema þessi ákvæði nú þegar verðbólgan mælist í þessum mánuði -0,3% ef ég man rétt, en hún er einhvers staðar á bilinu 1,5–2%, en að fara þá leið sem hv. þingmenn fóru þegar þeir sátu í ríkisstjórn á sínum tíma, að segjast ætla að halda þessu kerfi gangandi og hækka þetta upp með vísitölu og ætla að gera það bara í annað hvort skipti? Síðan héldu þeir því fram að þá hefðu þeir alltaf verið að hækka þetta á hverju ári. En hækkunin nam kannski ekki nema helmingnum af því sem þurfti á að halda. Hér er viðurkennt að við erum að taka þetta úr sambandi. Hér er sagt, við ætlum ekkert að hækka á næsta ári vegna þess að við höfum þegar komið með ívilnandi breytingar varðandi lífeyrisiðgjöldin sem eru skattalækkandi aðgerðir. Við segjum jafnframt að við ætlum í hvert skipti sem við erum að koma fram með fjárlagafrv. að líta á þessar tölur og hækka þær eftir atvikum, ekki endilega allar jafnt, en auðvitað verður það til umræðu í hvert skipti sem fjárlög verða til umræðu. Þessi aðferð er reyndar notuð víðast hvar í nágrannalöndunum og ég held að hún sé miklu þrifalegri og sé miklu samrýmanlegri allri lagasetningu nú þegar verðbólgan hefur að minnsta kosti um sinn yfirgefið íslenskt efnahagslíf.

[16:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er talsverður munur á því hvort menn tala um verðbólgustig eins og það er núna og hæstv. ráðherra rakti eða verðbólgustig eins og það sem hann lét eftir sig þegar hann var í ríkisstjórn undir forustu Þorsteins Pálssonar sem hrökklaðist frá völdum í september 1988. Þá var um að ræða allt aðra stöðu og útilokað að taka á málum í nokkra þá veru sem hér er verið að tala um. Ég skil betur að menn ræði um þessa hluti í því samhengi sem hann gerir núna en hefði verið gert þá. Það er allt annað mál. Ég viðurkenni það. Hitt er hins vegar ljóst að með því að afnema algerlega þessar sjálfvirku tengingar varðandi þessa ívilnandi þætti skattalaganna er verið að segja: Skattarnir hækka sjálfkrafa nema ef eitthvað nýtt komi til. Það er röng nálgun að mínu mati, hæstv. forseti, og um það erum við fjmrh. bersýnilega ósammála.

[16:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum bersýnilega ósammála, ég held að það fari ekkert á milli mála enda engin ástæða til annars. En ég minni hv. þm. á það að þetta virkar með tvennum hætti. Annars vegar er verið að koma í veg fyrir sjálfvirka hækkun á afsláttum, bótatjárhæðum og þess háttar. En það er líka verið að koma í veg fyrir sjálfvirka hækkun á sjálfum skattinum þegar um það er að ræða, eins og í bifreiðagjöldum og öðrum slíkum sköttum. Þetta vildi ég að kæmi fram hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:58.

---

34. FUNDUR

föstudaginn 17. nóv.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ríkisreikningur 1994, stjfrv., 129. mál, þskj. 154. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tryggingagjald, stjfrv., 134. mál, þskj. 160. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 135. mál, þskj. 161. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 136. mál, þskj. 162. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Bifreiðagjald, stjfrv., 137. mál, þskj. 163. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Köfun, stjfrv., 148. mál, þskj. 176. — 1. umr.
9. Veiðileyfagjald, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Fyrri umr.
10. Samningar ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana, þáltill., 140. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.
11. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 139. mál, þskj. 165. — Fyrri umr.
12. Áfengislög, frv., 144. mál, þskj. 171. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Kjarasamningar á vegum ríkisins og ríkisstofnana, 57. mál, svar fjmrh., þskj. 190.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, 158. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 189.

Sveitarstjórnarlög, 126. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 191; nál. meiri hluta félmn., þskj. 192.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykn., Drífa Jóna Sigfúsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Formaður þingflokks Framsfl.,
Valgerður Sverrisdóttir.“

Kjörbréf Drífu Sigfúsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drífa Sigfúsdóttir, 7. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. [10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Drífa Sigfúsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Ríkisreikningur 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál. — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (atvinnutryggingagjald o.fl.). — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (Iðnþróunarsjóður). — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bifreiðagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (upphæð gjalds og ákvörðun þess). — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (breyttar fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Köfun, 1. umr.

Stjfrv., 148. mál (heildarlög). — Þskj. 176. [10:38]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með frv. til laga um köfun er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um köfun sem ætlað er að leysa af hólmi gildandi lög sem eru frá árinu 1976. Frv. þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frv. var samið í samgrn. að höfðu samráði við Siglingamálastofnun. Leitað var umsagnar hagsmunaaðila, þar á meðal Félags íslenskra kafara og Félags sportkafara og auk þess var frv. tekið til umfjöllunar á fundum siglingamálaráðs. Ábendingar þessara aðila voru hafðar til hliðsjónar við gerð frv.

Með gildandi lögum um kafarastörf var þeim mönnum sem stunda atvinnuköfun í fyrsta skipti tryggður ákveðinn starfsgrundvöllur. Jafnframt voru settar ákveðnar reglur um réttindi og skyldur þessara manna í starfi. Með lögunum var einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara og tryggja eftir föngum að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis færi sjálfum sér eða öðrum ekki að voða. Voru lög þessi enn fremur viðleitni löggjafans til að samræma íslensk lög við stefnu annarra norðlægra strandríkja í köfunarmálum. Hins vegar hafa ákveðnir annmarkar á núgildandi lögum komið í ljós á undanförnum árum, m.a. vegna mismunandi túlkunar á hugtakinu atvinnuköfun.

Í frv. er hugtakið atvinnuköfun skilgreint og leitast við að taka af vafa á því hvað felst í hugtakinu og jafnframt að tryggja samræmi í túlkun þess. Vafi hefur t.d. leikið á því hvort athafnir kafara í skipulagðri sjálfboðavinnu eða annarri þjónustustarfsemi, svo sem kafanir björgunarsveita,

lögreglu eða slökkviliðs, ljósmyndaköfun, leiðbeinendur við köfun o.fl. falli undir umrætt hugtak.

Sem dæmi um það hversu flókin skilgreining á atvinnuköfun hefur verið má nefna söfnun ígulkera. Söfnun ígulkera hefur verið talin atvinnuköfun ef kafarinn selur vinnu sína sem kafari en annar aðili selur ígulkerin. Hins vegar hefur það verið talin áhugaköfun ef kafari kafar eftir ígulkerunum og fær síðan sjálfur andvirði ígulkeranna og hefur dómur fallið um þessi efni í undirrétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Í þessu frv. er valin sú leið að hafa skilgreiningu á atvinnuköfun rúma svo að það ráði ekki úrslitum með hvaða hætti greiðsla kemur fyrir köfun. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera megi mismunandi menntunar- og hæfniskröfur eftir því hvers konar köfun á í hlut. Þannig á að vera tryggt að þeir sem stunda köfun hljóti ákveðna lágmarksmenntun og þjálfun. Þessi skilgreining er einnig til þess fallin að eyða þeim mikla vafa sem verið hefur á túlkun hugtaksins atvinnuköfun og hvatt til ósamræmis. Með mismunandi menntunar- og hæfniskröfum í reglugerð verður síðan unnt að koma til móts við þarfir t.d. neyðarþjónustunnar, lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita. Það er von mín að þessi tilhögun verði til aukins öryggis kafara.

Í 3. gr. frv. eru talin þau skilyrði er aðilar er hyggjast stunda atvinnuköfun og sportköfun þurfa að uppfylla sem lúta að aldri, heilbrigði og menntun. Samkvæmt frv. annast Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmd laganna. Það er sami háttur og verið hefur á þessum málum hingað til. Ég vek athygli á því að á næstu dögum mun ég leggja fram frv. til laga um Siglingamálastofnun Íslands. Verði það frv. að lögum mun þetta verkefni færast yfir til hinnar nýju stofnunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðileyfagjald, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

[10:43]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 30 hef ég og aðrir þingmenn Þjóðvaka borið fram eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Sjútvrh. skipi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og helstu samtökum útgerða, sjómanna og fiskvinnslu. Nefndin kanni hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa m.a. á eftirtalin atriði: Fjárhagslega stöðu sjávarútvegs, fiskveiðistjórnun, viðskipti með veiðileyfi, hagstjórn hérlendis, byggðaþróun, samkeppnisstöðu atvinnuvega og ríkisfjármál. Nefndin leiti ráðgjafar hjá sérfræðingum á sviði fiskihagfræði og kynni sér fyrirkomulag í öðrum löndum.

Nefndin skili áliti fyrir marslok 1996 og verði frv. um veiðileyfagjald lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1996.“

Þetta var texti tillögunnar. Hér er hreyft merkilegu máli og mikilvægu. Fiskveiðar okkar eins og annarra þjóða hafa staðið frammi fyrir þeirri breytingu að í stað frjálsra veiða eins og við höfum þekkt um aldir hefur orðið að stýra veiðum með ýmsum hætti vegna ofveiði.

Það ber hins vegar að hafa skýrt í huga að þetta er í reynd tvískipt umræða, þ.e. um fiskveiðistjórnunina og svo um hvort og hvernig eigi að leggja á veiðileyfagjald fyrir úthlutaðar aflaheimildir. Fiskveiðistjórnun lýtur aðferðum við stýringu sem bæði miðar að því að vernda fiskstofna, en einnig að hafa hagkvæmni í skipulagi þannig að arðsemi ríki við veiðar. Ýmsar leiðir eru í fiskveiðistjórnun, svo sem aflamarkskerfi, sóknarmark, svæðalokanir, veiðarfæratakmarkanir, hörð löggjöf við brotum og öflugt eftirlit.

Þessi þáltill. fjallar ekki um stýrikerfið heldur um gjaldtöku fyrir úthlutaðar aflaheimildir. Það segir í lögum að fiskimiðin séu eign þjóðarinnar. Það er grundvöllur löggjafar okkar um þetta efni. Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðum og fiskstofnum er ótvíræður þótt útgerðarmenn fái tímabundinn afnotarétt til að draga fisk úr sjó. Þessi tímabundni afnotaréttur felst í úthlutun veiðileyfa. Það gildir um veiðileyfi eins og annað sem er af skornum skammti að þau eru ávísun á verðmæti. Þar sem ekki er unnt að hafa frjálsar veiðar hér við land eins og var á árum áður vegna hættu á ofveiði og óhagkvæmum útgerðarháttum þá verður ríkisvaldið að úthluta veiðiheimildum eða stýra veiðum með fastmótuðu skipulagi.

Þessi úthlutun verðmæta af hálfu ríkisins hefur verið án gjaldtöku hingað til þótt vísi að slíku gjaldi megi finna í lögum um Þróunarsjóð Íslands. Veiðileyfagjald mundi staðfesta þjóðareign á fiskimiðum. Það er eðlilegt að eigandi fái afgjald fyrir eign sína. Það er grundvallaratriði að ekki sé hægt að fénýta eign annarra án þess að gjald komi fyrir og fiskimiðin eru eign allrar þjóðarinnar en ekki útgerðarmanna.

Þegar rætt er um veiðileyfagjald er átt við gjaldtöku fyrir veiðiheimildir. Það þarf að hafa skýrt í huga að við hagkvæm stjórnkerfi myndast svokallaður fiskveiðiarður. Hugmyndir um veiðileyfagjald lúta að því að hluti af þessum fiskveiðiarði renni beint til þjóðarinnar, eigenda fiskimiðanna. Höfuðatriði við fiskveiðar er að stjórnkerfið sé hagkvæmt og feli í sér að fiskveiðiarður myndist og að honum sé ekki sóað með röngu skipulagi. Það sést best að fiskveiðiarður er umtalsverður í núverandi kerfi að veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á tiltölulega háu verði. Það er besta sönnunin fyrir því að innan sjávarútvegs er fé til að greiða fyrir aflaheimildir. Sérstaða auðlindarinnar kemur m.a. fram í því að hér er um endurnýjanlega auðlind að ræða sem er á stöðugri hreyfingu, miklar sveiflur eru í stofnstærðum, víðáttumikil veiðisvæði sem eru sífelldum breytingum undirorpin og hér er um að ræða veiðar á villtum dýrum til manneldis, en það er einsdæmi í heiminum í því umfangi sem fiskveiðar eru.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi eru ýmiss konar, m.a. réttlætissjónarmið. Það særir réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og þeir sem fengu þær upphaflega úthlutaðar geti hagnast verulega með því að selja þær eða leigja. Þeir hafa ekkert greitt fyrir þær, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald. Veiðileyfagjald hefur verið innheimt af sjávarútvegsfyrirtækjum með gengisskráningu undanfarna áratugi. Gengið var tiltölulega hátt skráð sem leiddi til þess að innflutningur varð ódýrari. Útgerðin hefur í reynd alltaf greitt nokkurs konar auðlindagjald eða veiðileyfagjald. Þannig hefur afrakstri af sjávarútvegi verið veitt inn í hagkerfið þjóðinni til hagsbóta.

Sjávarútvegur hefur þó síðustu ár orðið meiri almenningseign með tilkomu stórra almenningshlutafélaga en nú eru flest stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi almenningshlutafélög með dreifða eignaraðild m.a. lífeyrissjóða. Aðrar at-

vinnugreinar hafa hins vegar þurft að sætta sig við það gengisstig sem hentar sjávarútveginum hverju sinni. Þegar illa hefur gengið í sjávarútvegi hefur gengið verið lækkað með afleiðingum sem allir þekkja. Þetta á ekki við lengur þegar gengisstefnan er sú að halda gengi sem stöðugustu, verðbólgu sem lægstri og freista þess að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs.

Eitt af helstu vandamálum okkar í hagstjórn er hve illa hefur gengið að byggja upp aðrar útflutningsgreinar. Styrkleiki sjávarútvegs er það mikill, aðallega vegna gjöfulla fiskimiða, að hann hefur drepið af sér nær allan annan útflutningsiðnað. Sjávarútvegurinn þolir miklu hærra gengi en annar útflutningsiðnaður. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hve miklum verðmætum við náum út úr íslenskum fiskimiðum. Fiskstofnar eru flestir fullnýttir og nokkrir ofveiddir. Vitanlega *munum við enn auka verðmætasköpun í sjávarútvegi*, m.a. með nýtingu fleiri stofna, meiri úrvinnslu afla og öflugri markaðsstarfsemi. En Íslandsmið eru ekki ótakmörkuð auðlind. Sókn Íslendinga til betri lífskjara verður m.a. í útlöndum þar sem við munum veiða, vinna og selja fisk. Fjöldi Íslendinga mun í framtíðinni starfa erlendis og verðmætasköpunin kemur þannig inn í landið, en einnig verður að byggja hérlendis upp annan öflugan útflutningsiðnað og samkeppnisiðnað. Liður í því er að sjávarútvegurinn greiði fyrir aðgang að auðlindinni og þannig verði starfsskilyrði atvinnuveganna jöfnuð.

Vitaskuld er hægt að hugsa sér víðtækara veiðuleyfagjald eða auðlindagjald. Það er fullt samræmi í því að leggja auðlindagjald á sameiginlegar auðlindir eins og vatnsaflið. Sama gildir ef ríkisvaldið úthlutar takmörkuðum verðmætum eins og sjónvarpsrásum. Þá er eðlilegt að fyrir það sé greitt. Veiðileyfagjald í sjávarútvegi er því eðlilegt og rökrétt framhald þjóðarsáttar um jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum.

Það er grundvallaratriði í stýrikerfi veiðanna að útgerðaraðilar geti framselt heimildir sín á milli og þannig tryggt hagkvæmni í útgerðarháttum. Ef sú regla væri tekin upp að allur afli færi um fiskmarkaði mundu ýmis vandamál leysast af sjálfu sér. Það leiðir til þess að nálægð við fiskimið og sérþekking fengi að njóta sín í samkeppni um fisk til vinnslu. Helsti galli framsals við núverandi aðstæður er að hægt er að hagnast á viðskiptum með eign annarra, kvótann, án þess a greiða nokkuð til eigandans.

Veiðileyfagjald er einnig leið til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi, en sveiflur vegna verðbreytinga á erlendum mörkuðum hafa oft haft veruleg áhrif á hagstjórn hérlendis. Stundum er sagt að veiðileyfagjald sé skattlagning og þá skattlagning á landsbyggðina. Þetta er röng fullyrðing. Hún felur í sér í fyrsta lagi að sjávarútvegur sé aðallega á landsbyggðinni en það er ekki rétt. Reykjaneskjördæmi er umfangsmesta sjávarútvegssvæði landsins og Reykjavík er einnig mjög öflugur sjávarútvegsstaður. En vissulega er það þannig að á landsbyggðinni er sjávarútvegur oft burðarás atvinnulífsins, en álagning veiðileyfagjalds hefur ekkert með staðsetningu að gera. Veiðileyfagjald er vissulega gjaldtaka en ef gjaldtökunni er hagað þannig að gengið er lækkað til að mæta því, sem jafnhliða styrkir annan útflutningsiðnað, þá hefur gjaldið ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir sjávarútveginn.

Stundum er sagt að veiðileyfagjald sé fráleitt vegna þess að sjávarútvegsfyrirtæki hafi bága fjárhagslega stöðu. Staða sjávarútvegsins hefur nákvæmlega ekkert með slíka gjaldtöku að gera. Bæði hef ég lýst leiðum þar sem veiðileyfagjald er liður í víðtækum efnahagsumbótum, en auk þess hef ég lýst myndun fiskveiðiarðs í stjórnkerfinu sem er eðlilegt að dreifist til fleiri aðila en útgerðarmanna. Vitanlega má búast við að gjaldtökunni verði stillt í hóf, alla vega í byrjun enda er um nýlundu að ræða hérlendis.

Þess má geta að Nýsjálendingar, sem hafa einna bestu stjórn á sínum fiskveiðum, beita veiðileyfagjaldi til að innheimta hluta þess arðs sem kvótakerfi þeirra myndar. Þetta gjald á að standa þar undir öllum opinberum kostnaði við stjórn veiðanna þar með talið eftirliti og rannsóknum. Þarna virkar þetta vel. Fjölmargir hagfræðingar styðja veiðileyfagjald vegna þess að hér getur verið um þátt í árangursríku stjórntæki við fiskveiðar að ræða auk þess sem það er góð regla í opinberri stjórnsýslu og fjármálum að tengja þá aðila að gjaldtöku sem njóta opinberrar þjónustu á því sviði. Nú nýverið talaði Gary S. Becker, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, *fyrir veiðileyfagjaldi en hann verður seint talinn draga* taum ríkisvaldsins í efnahagsstjórn. Hann lítur á veiðileyfagjald sem einfalt og árangursríkt stjórntæki við veiðar og telur eðlilegt að gjaldtaka eigi sér stað þar sem hér er um úthlutun verðmæta að ræða.

Rök að ekki eigi að leggja á veiðileyfagjald vegna þess að sjávarútvegur í nágrannalöndunum er styrktur af opinberri hálfu vega ekki þungt. Mismunun í skattlagningu eða starfsskilyrðum milli landa hefur ekkert með veiðileyfagjald að gera.

Það eru ýmsar leiðir til að leggja á veiðileyfagjald og nokkrar þeirra eru gerðar að umtalsefni í tillögunni. Í fyrsta lagi gæti ríkisvaldið selt veiðileyfi á opinberu uppboði fyrir allan fiskaflann eða hluta hans.

Í öðru lagi er hægt að láta útgerðina greiða gjald í eitt skipti fyrir veiðileyfi og yrði afnotarétturinn þá eign í þeim skilningi að vildu stjórnvöld breyta kerfinu þá yrði að taka þennan rétt eignarnámi og greiða bætur þar sem aðilar hefðu þegar greitt fyrir réttinn.

Í þriðja lagi er hægt að skattleggja sjávarútvegsfyrirtæki með sérstökum hætti í tekjuskattskerfinu. Þá væri sjávarútvegsfyrirtækjum gert að greiða hærri tekjuskatt en öðrum fyrirtækjum vegna þess að þau nýta sameiginlega auðlind til að mynda þennan hagnað. Þessi aðferð hefur þann kost að ekki er skattlagt nema hagnaður sé til staðar og fiskveiðistjórnunarkerfið á jú að leiða til hagnaðar í greininni.

Í fjórða lagi er hægt að leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Kvóta yrði úthlutað eins og nú er til langs tíma sem hlutdeildarkvóta. Þetta er líklega einfaldasta leiðin í framkvæmd. Veiðileyfagjaldið getur runnið til sjávarútvegsins til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg, svo sem hafrannsóknir, eftirlit, rannsóknastarfsemi, menntamál tengdum sjávarútvegi, markaðsaðstoð og margt fleira sem virðist sjávarútveginum og öðru atvinnulífi til framdráttar.

Ýmsir forsvarsmenn íslensks sjávarútvegs verða að reyna að skilja hugmyndafræðina á bak við veiðileyfagjald og átta sig á því að veiðileyfagjaldi er ekki stefnt gegn sjávarútvegi heldur er það aðferð til að ná sátt um sjávarútvegsmál, styrkja efnahagslíf með eflingu annarra atvinnuvega og skapa sjávarútvegi sterka stöðu í umgerð efnahagsmála. Andstæðingar veiðileyfagjalds eru til lengdar að valda sjávarútveginum tjóni. Vitaskuld þarf víðsýni en ekki þröngsýni þegar rætt er um veiðileyfagjald. Það verður að nást sátt um sjávarútveginn í þjóðfélaginu og veiðileyfagjald er mikilvægur þáttur í því. Eigandi fiskimiðanna er þjóðin, almenningur í landinu. Það er réttlátt og hagkvæmt að leggja á veiðileyfagjald. Það styrkir sjávarútveg og aðra atvinnuvegi og brýtur upp staðn-

að kerfi. Það eru sóknarfæri í slíku nýju skipulagi, en til þess þurfa menn að hafa hugrekki að horfa fram hjá þröngum og stöðnuðum eigin hagsmunum. Hér reynir á þingheim.

Herra forseti. Ég geri að tillögu minni að þessari þingsályktunartillögu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. sjútvn.

[10:59]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Alþfl. varð fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka til þess að taka á stefnuskrá sína kröfu um veiðileyfagjald. Síðan eru mörg ár liðin. Þessi stefna sætti verulegri andstöðu til að byrja með en stöðugt fleiri aðilar hafa lýst yfir fylgi við hana, m.a. einn öflugasti fjölmiðill landsins, Morgunblaðið, og fylgismenn eru ekki einungis í röðum fólks utan sjávarútvegsins, utan greinarinnar. Það eru margir innan sjávarútvegsins sem hafa snúist á þá skoðun að það sé rétt og skynsamlegt að taka upp veiðileyfagjald og dæmi um það er 1. flm. þáltill. sem stóð í ræðustól, einn helsti „kvótaeigandi" landsins. Það er því ljóst að það eru fleiri en alþýðuflokksmenn og stjórnmálamenn og aðilar utan sjávarútvegsins sem hafa lýst yfir stuðningi við þessa stefnu. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að þó svo menn eigi rétt til afnota af þessari auðlind sem sameign þjóðarinnar þá geta menn verið þeirrar skoðunar, eins og 1. flm. þessarar tillögu, að það sé rétt að þjóðin njóti arðs af sinni eigin eign. Og það eru mun fleiri í röðum útvegsmanna og sjómanna en hann sammála þessari afstöðu. Stuðningur við hana eykst með hverju ári. Það er vissulega ánægjulegt að eitt af því sem hv. þm. Ágúst Einarsson tók með sér úr Alþfl. þegar hann fór þaðan í seinna skiptið skyldi vera stefna flokksins í fiskveiðimálum. Það er mjög skynsamlegt veganesti, hann hefur valið þar vel.

Hv. þm. flutti ýmis rök fyrir réttmæti þess að taka upp veiðileyfagjald og ég er honum algerlega sammála í þeirri röksemdafærslu. Í fyrsta lagi er þarna um að ræða réttlætismál því að það er svo kveðið á um í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að fiskimiðin við Ísland séu sameign þjóðarinnar. Fram að þessu hefur þjóðin ekki notið arðs af þeirri eign sinni, heldur hafa þeir notið arðsins sem hafa samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða haft aðgangsrétt að þessari auðlind. Sá arður hefur verið allverulegur eins og nýleg dæmi sýna þegar íslensk útgerðarfyrirtæki sem hafa efnast vel á því að gera út á þessa sameiginlegu auðlind landsmanna hafa fjárfest og eru að fjárfesta hundruð milljóna kr. í sjávarútvegi erlendis. Það liggur því á borðinu að mjög margir sem hafa aðgang að þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar hafa efnast vel á því. Við því er ekkert að segja og ekki heldur því að þessir aðilar skuli velja þann kostinn að fjárfesta í útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslu erlendis. En það er að sjálfsögðu mjög óeðlilegt og óæskilegt að þetta skuli gerast á sama tíma og svo virðist sem þjóðin sem á þessa auðlind njóti lítils hagræðis af eign sinni, hún nýtur ekki afgjaldsins af þeirri eign sem hún á þó lögum samkvæmt. Þau rök eru því allsendis rétt hjá hv. þm. að það er réttlætismál að taka upp veiðileyfagjald til að tryggja Íslendingum arð af þessari þjóðareign.

Það er einnig rétt hjá hv. þm. að hin mikilvægu rökin fyrir veiðileyfagjaldi eru efnahagsstjórnunarleg, þ.e. þetta er tæki til þess að draga úr sveiflum í sjávarútvegi og til þess að jafna afkomu hinna einstöku atvinnugreina á Íslandi. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, það gerði hv. 1. flm. ágætlega áðan. En virkasta stjórntækið í efnahagsmálum sem völ er á hjá þjóð eins og Íslendingum, sem á afkomu sína undir sjávarútvegi, er að taka upp veiðileyfagjald, eins og hv. þm. leggur til.

En það er hægt að nota veiðileyfagjaldið til margra annarra hluta. Það er t.d. mætavel hægt að nota það til þess að stjórna fiskveiðum í stað þeirrar kvótaúthlutunar sem á sér stað í dag. Það er vel hægt að hugsa sér að eftir því sem afli eykst, hækki veiðileyfagjaldið. Og þannig má nota það sem fjárhagslegt stjórntæki til þess að draga úr ofveiðum. Þegar búið er að taka hæfilegt magn úr sjónum eftir því sem stjórnvöld telja æskilegt, er hægt að stilla veiðileyfagjaldinu þannig að það sé orðið svo hátt þegar farið er að nálgast þá markalínu sem stjórnvöld draga, að ekki sé eftirsóknarvert að halda áfram útgerð miðað við það afgjald sem þyrfti þá að greiða af jaðarafla hverju sinni.

Það sem mér finnst hins vegar ekki góð latína varðandi þessa till. til þál. er að gera ráð fyrir því að fela ríkisstjórn sem er andvíg þessari stefnu að framfylgja henni. Tillagan gerir með öðrum orðum ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh., í umboði ríkisstjórnar, semji reglur um veiðileyfagjald og tillögur um hvernig það skuli framkvæma þótt fyrir liggi að ef það er eitthvað sem hæstv. sjútvrh. getur ekki hugsað sér, þá er það að fylgja slíkri stefnu. Það er náttúrlega ekki eðlilegt að slíkum aðilum, hvað þá heldur ríkisstjórn sem öll virðist vera andstæð þeirri stefnu sem fjallað er um í þessari þáltill., sé falið það verkefni að gera tillögur um framkvæmdina. Ég hefði heldur viljað sjá slíka tillögu í frumvarpsformi frá hv. flm. og félögum hans. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að þeir aðilar sem hafa hug á því að koma fram veiðileyfagjaldi útfæri það í frumvarpsformi og sýni fram á hvernig þeir ætli að framkvæma hlutina, en vísi því úrlausnarefni ekki til ríkisstjórnar og ráðherra sem vitað er að ekki vilja neitt með slíka stefnu hafa og hafa verið andvígir slíkri stefnu frá upphafi. Þeir aðilar, hv. þm., sem eru andvígir því og geta ekki hugsað sér að koma nálægt hvorki stefnumótun í þessa veru, né heldur framkvæmd stefnu sem byggir á því sem till. til þál. kveður á um, eru ekki líklegir til að leysa þetta mál.

[11:06]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrri ræðumanni undirtektir við málið og upplýsa smámisskilning sem þar er á ferðinni. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir að ráðherra og ríkisstjórn útbúi reglur varðandi þetta mál, heldur að skipuð verði nefnd til að undirbúa löggjöf, þ.e. semja frv. sem verði lagt fyrir Alþingi. Það verður því Alþingi og alþingismenn sem útfæra þetta mál. Það verður sett um það sérstök löggjöf, en sjútvrh. skipar undirbúningsnefnd. Hún verður skipuð fulltrúum hagsmunaaðila og þingflokka sem munu undirbúa þá löggjöf eða frv. sem verður síðan lagt fyrir Alþingi. Það verður því ekki ríkisstjórnin sem kveður upp úr um þessi mál, heldur Alþingi sjálft.

[11:06]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það hefði verið tilgangur flm., þá hefði till. til þál. að sjálfsögðu átt að vera þess eðlis að þar væri þess farið á leit að Alþingi samþykkti að kosin skyldi nefnd á vegum Alþingis til þess að vinna að framkvæmd þessa máls. Eins og tillagan er úr garði gerð, þá er þetta lagt í hendurnar á sjútvrh., þ.e. hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skipi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni."

Síðan segir í lokin: „Nefndin skili áliti fyrir marslok 1996 og verði frumvarp um veiðileyfagjald lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1996.“ Hver maður skilur að þarna er ætlast til þess að hæstv. sjútvrh. skipi nefndina, hafi forræði málsins og leggi síðan frv. fram að lokinni vinnu nefndarinnar. Málið er undir hans forræði og hann ætti að leggja frv. fram á Alþingi. Ætti þá að fela honum að leggja fram frv. á Alþingi sem vitað er fyrir fram að hann er andvígur? Það er það sem ég les út úr tillögunni. Hefði hins vegar vakað fyrir hv. 1. flm. það sem hann sagði áðan, hefði textinn að sjálfsögðu átt að vera í þá veru að Alþingi samþykkti að kjósa nefnd til þess að vinna að þessu máli. Nefndin legði síðan tillögur sínar fyrir Alþingi og það kæmi í hlut einhvers alþm., þingflokks eða þingflokka að leggja fram frv. sem nefndin skilaði af sér, ef viðkomandi þingmenn eða þingflokkar væru sammála því áliti. Það getur alls ekki verið hæstv. sjútvrh. sem er andvígur málinu.

[11:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga kom til umræðu á vorþingi þannig að það er kannski óþarfi að skiptast á mörgum orðum um hana nú, svo nýlega sem við höfum rætt þetta mál. Ég vildi þó leggja þar fáein orð í belg.

Ég vil fyrst benda á að flm. lýsti tillögunni þannig að hún fjallaði ekki um stjórnun í sjávarútvegi heldur um skattheimtu. Því tel ég að þessi tillaga eigi ekki að fara til sjútvn. Samkvæmt lýsingu flm. hlýtur tillagan að eiga að fara til efh.- og viðskn. sem skattamál. Flm. leggur sjálfur höfuðáherslu á í upphafi máls síns að hér sé ekki um að ræða mál er varðar stjórnun fiskveiða.

Ég vildi koma þeirri ábendingu á framfæri við hæstv. forseta að ég tel að þessi tillaga eigi að fara til hv. efh.- og viðskn. sem skattamál samkvæmt lýsingu 1. flm. málsins. Ég er sammála þeirri lýsingu, ég tel að mörgu leyti skynsamlegt að skipta þessu í tvennt, aðgreina skattþáttinn og stjórnunarþáttinn og ræða þá hvorn fyrir sig.

Um málið vil ég segja að það er að sumu leyti skiljanlegt hvernig það er til komið. Það sem rekur á eftir hugmyndum um þetta efni er auðvitað hið frjálsa framsal veiðiheimilda sem hefur fengið að þróast umfram það sem skýrt var að ætti að verða þegar löggjöfin um það var sett árið 1990. Sú staðreynd að útgerðarmenn hafa getað framselt veiðiheimildir og tekið gjald fyrir hefur auðvitað vakið upp þær spurningar hvort réttlátt sé að þeir geti þannig selt hluti sem þeir hafa ekki sjálfir þurft að kaupa og sem í reynd eru skilgreindir eign annars aðila en þeirra. Ég hef því töluverðan skilning á því hvers vegna þessi umræða kemur upp og hefur komið upp á undanförnum árum. Þessi ákveðna mótsögn er kannski að verulegu leyti orsök fyrir hugmyndum um að taka upp svokallað veiðileyfagjald. Meðan menn taka ekki á frjálsa framsalinu verður hún áframhaldandi fóður fyrir umræðu af þessu tagi.

Ég er ekki fylgjandi því að taka upp almenna skattheimtu af þessu tagi vegna þess að ég hygg að hún muni ekki í reynd verða tæki til að stýra sjávarútvegi í einhverja tiltekna átt samkvæmt vilja stjórnvalda á hverjum tíma. Hún verður fyrst og fremst, eins og hv. flm. gat um, skattheimtuleið. Ef við skoðum dreifingu atvinnugreinarinnar um landið og þýðingu hennar á hverjum stað, sjáum við að slík skattheimta deilist mjög ójafnt niður. Hún hlýtur að þýða að landsbyggðarmenn verða þar að taka á sig þyngri klyfjar en kaupstaðabúar sem hafa hærra hlutfall af þjónustu í atvinnusamsetningu sinni.

Það er líka annað sem gerir það að verkum að ég tel ekki skynsamlegt að fara þessa leið. Að mínu viti er ekki samasemmerki á milli þess að tala um þjóð annars vegar og ríki hins vegar. Ég nefni dæmi um slíka aðgreiningu, sem er kirkjan. Hún er þjóðkirkja en ekki ríkiskirkja. Mér finnst að talsmenn veiðileyfagjalds geri engan greinarmun á þjóð og ríki. Þótt auðlindir sjávar séu þjóðareign þýðir það ekki endilega að ríkið eigi að hirða arðinn af þessari eign. Það er nefnilega langur vegur þar á milli. Þjóðin og ríkið er ekki það sama. Það sem ég óttast er að ef tekjur af þessu gjaldi rynnu í ríkissjóð, þá yrði þeim dreift í líkingu við dreifingu ríkisins sem er afar ójöfn eftir landshlutum. Það þýðir að þá væru menn að nýta fiskimiðin sem skattstofn og dreifa tekjum af þeim nokkurn veginn í svipuðu hlutfalli og ríkið er samansett, þ.e. að mestu leyti við Faxaflóa. Það heldur áfram að veikja stöðu okkar sem búum úti á landsbyggðinni en við höfum verið að tapa á undanförnum árum í þeirri samkeppni sem fram hefur farið um fólk. Þar höfum við orðið undir í baráttunni um þá auðlind sem við helst sækjumst eftir, en þar á ég við mannauðinn. Við viljum laða til okkar fleira fólk. En eins og ríkið er núna er það eiginn hagur sem gildir en ekki þjóðin.

Ef við lítum á þróun íbúafjölda á undanförnum árum er hún öll á þann veg að hraða brottflutningi fólks utan af land til höfuðborgarsvæðisins. Ég held að menn þurfi ekki að ræða það mál mjög lengi til þess að verða sammála um að það er óæskileg þróun. Hún er mjög dýr fyrir þjóðfélagið í heild og hún er óæskileg. Ég vænti þess að ekki sé ágreiningur um að við eigum ekki að nota stjórnvaldsaðgerðir sem ýta undir það heldur fremur að draga úr því. Því væri miklu eðlilegra ef menn velta þessu máli fyrir sér að íhuga þá hugmynd hvort auðlindin, hvort sem það er auðlind til sjávar eða lands, eigi ekki að ganga til þeirra sem næstir henni standa og helst hafa nýtt hana. Með öðrum orðum væri að mínu viti eðlilegra að velta upp þeirri hugmynd að afraksturinn af auðlindinni, fiskimiðunum í sjónum, rynni til þeirra landsvæða sem standa að auðlindunum. Það mundi þýða ef menn færu að verðleggja aðganginn að auðlindinni að tekjurnar rynnu á þá staði og gæfu landsbyggðinni miklu meiri tekjur en hún hefur í dag. Með peningum fá menn afl til þess að geta snúið þessari þróun við. Þetta held ég að væri miklu eðlilegra að hugleiða fremur en hinn kostinn sem hér er lagður til, að taka þetta allt í ríkissjóð.

Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart að menn sem hafa sína sýn af bæjarhólnum hér við Faxaflóa horfi á ríkið sem saman sem þjóðina. Við höfum því miður þau dæmi í Háskóla Íslands að háskólaprófessor predikar það stíft að Vestfjarðagöng séu skattheimta á skattgreiðendur á höfuðborgarsvæðinu og nefni þau sem dæmi í kennslu sinni í þjóðhagfræði um vitlausa fjárfestingu sem hefði lækkað skattana á Reykvíkinga ef landsmenn hefðu ekki ráðist í þá fjárfestingu.

[11:17]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvö lítil atriði. Fyrri ræðumaður nefndi að tillagan hefði verið rædd í vor. Það er ekki rétt. Hún var lögð fram í vor en það vannst ekki tími til að ræða hana. Hitt atriðið er til hvaða nefndar á að vísa tillögunni. Hér er gerð tillaga um að vísa henni til sjútvn. Við flm. veltum því mjög mikið fyrir okkur út af einmitt því sem ræðumaður nefndi, hvort tillagan ætti heima í efh.- og viðskn. eða sjútvn. Í sjálfu sér á þáltill. heima hjá báðum nefndunum. Það eru rök í sjálfu sér

fyrir hvort tveggja. Ég valdi þá leið að leggja til að hún færi til sjútvn. vegna eðli málsins í allri umræðu. Formlega á hún kannski betur heima í efh.- og viðskn. Ég er þannig opinn fyrir leiðbeiningum hæstv. forseta varðandi til hvaða nefndar væri æskilegt að tillagan færi. Þetta er tæknileg spurning en það eru rök fyrir því, eins og þingmaður benti á, að tillagan fari til efh.- og viðskn.

[11:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þjóðvaka fyrir að flytja þessa tillögu til þingsályktunar. Þetta mál er mjög brýnt og mjög miklir hagsmunir í húfi. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum sem hér situr og þjóðinni allri að sívaxandi óánægju gætir úti í þjóðfélaginu með núverandi kerfi fiskveiðistjórnunar og meginâhyggjuefnið er að þetta kerfi hefur mistekist í veigamiklum atriðum. Bæði hefur því ekki tekist að vernda fiskstofnana, brottkast er óhóflega mikið og svo hitt að kerfið samræmist ekki 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, eins og hér hefur verið rætt um. Fiskiheimildirnar færast á æ færri hendur og erfitt er að sjá að auðlindin sé í raun í eigu íslensku þjóðarinnar. Nú er til umræðu að heimila veðsetningu á kvóta og komið hefur í ljós að erlendir aðilar hafa eignast kvóta þó slíkt sé bannað samkvæmt lögum. Þessi umræða tengist réttlæti, tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, öðrum atvinnurekstri og ef til vill efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Í stefnuskrá Kvennalistans eru annmarkar núgildandi kerfis dregnir skýrt fram og lögð til róttæk endurskoðun á núverandi fiskveiðistjórnun til að ná þeim markmiðum að þjóðin öll njóti afraksturs auðlindarinnar, að tryggð sé verndun fiskstofnanna og að fiskiskipastóll landsmanna minnki og verði rekinn á sem hagkvæmastan hátt. Mér finnst mjög brýnt að komist verði til botns í því formlega hvort núgildandi stefna við fiskveiðistjórnun er ekki hreinlega lögbrot. Við í Kvennalistanum erum þeirrar skoðunar að ef ekki næst meiri háttar uppstokkun á þessu kerfi og því miður virðist ekki vera neinn pólitískur vilji fyrir því hjá núv. hæstv. sjútvrh., þá sé það mjög mikið réttlætismál að styðja hugmyndina um aflagjald eða veiðileyfagjald. Og það sé rétt að útfæra hana þannig að þjóðin fái greitt fyrir afnot af auðlindinni í stað þess að hún afhendist æ færri útgerðarmönnum frítt sem síðan versla með þau auðæfi sín á milli, hirða gróðann sjálfir og láta kvóta ganga í erfðir til barna sinna.

Við munum því styðja þáltill. sem hér er til umræðu. Ég tel að þetta mál verði að fá mjög vandaða umræðu, hvort sem er í sjútvn. eða efh.- og viðskn., jafnvel í báðum nefndunum, og það eigi að senda málið til umsagnar mjög víða. Eftir þá umræðu verður væntanlega ljósar með hvaða hætti veiðileyfagjaldi verður best komið á. Ég vil aðeins segja á þessu stigi málsins að varðandi þær sjö leiðir sem nefndar eru í grg. hv. flm. þá sýnist mér leið tvö langsíst þar sem talað er um að útgerðin greiði í eitt skipti fyrir öll gjald fyrir veiðileyfi og síðan yrði það eins og eign. Ég tel það ekki koma til greina.

Ég vil aðeins minna á að nú ganga aflaheimildir kaupum og sölum á milli útgerðarmanna þó þeir fái þær frítt frá ríkinu. Þeir selja síðan hver öðrum aflaheimildirnar en arðurinn fer ekki til ríkisins eða til þjóðarinnar heldur til þeirra sjálfra og reyndar kostnaðurinn líka. Þeir greiða nú þegar aflagjald og það væri mun réttlátara að þetta gjald færi til þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt mesta réttlætismál í íslenskum stjórnmálum í dag og löngu tímabært að Alþingi taki á því með ábyrgum hætti.

Það má ef til vill hugleiða hvort þetta form á tillögunni sé hið ákjósanlegasta, samanber athugasemdir hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér áðan, en ég held að orðalagið mætti skoða betur í nefndum. Mér sýnist af umræðunni hér að það séu að minnsta kosti þrír þingflokkar sem styðja þessa hugmynd og það verður mjög fróðlegt að heyra hvernig sjálfstæðismenn, framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn ætla að taka á þessu máli. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að hlusta á þau réttlætisrök sem hér eru að baki.

Að lokum vil ég benda á að það eiga sér stað úti í heimi á ýmsum fagráðstefnum mjög frjósamar umræður um fiskveiðistjórnun, t.d. um alls konar útfærslu á byggðakvótahugmyndinni sem við kvennalistakonur höfum lengi haldið fram á Alþingi. Ég tel löngu tímabært að þjóðin reyni að kynna sér það nýjasta sem er að gerast í þeim efnum og horfi frá þeirri braut sem hér hefur verið fylgt síðan 1984.

[11:24]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt að tillaga af þessu taginu sé rædd í sölum Alþingis svo fyrirferðarmikil sem umræða um veiðileyfagjald, auðlindaskatt eða gengisskatt sem stundum hefur verið notað um þetta hugtak, hefur verið í þjóðfélagi okkar. En í raun og veru þá er þetta dálítið sérkennileg umræða vegna þess að hún byggir að sumu leyti á hugmynd úr Birtingi þar sem talað er um bestan heim allra heima. En eins og þessi tillaga er sett fram þá gerir hún eiginlega ráð fyrir því að hún komi ekki við neinn. Þess vegna er mjög skiljanlegt eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns að hugmynd af þessu tagi njóti stuðnings víða úti í þjóðfélaginu. Þetta er að því er virðist eins og tillagan er sett fram óskaplega þægileg leið til að afla fjár til ríkisins. Þessi tillaga gerir jú sérstaklega ráð fyrir því að þetta sé skattheimtuleið, ekki leið til fiskveiðistjórnunar heldur leið til að afla fjár til ríkisins sem er þar með talinn eigandi fiskimiðanna. En það kom líka fram í máli hv. 1. flm. þáltill. að jafnvel þessi fjáröflunarleið til ríkisins kæmi heldur ekki við útgerðina í landinu sem ætti þó að greiða þetta gjald þrátt fyrir það að ýmsir talsmenn auðlindaskattsins, veiðileyfagjaldsins, hafi rætt um tölur sem hlaupa á milljörðum og milljarðatugum. Ástæðan mun vera sú að það mun vera ætlunin í upphafi að beita hókus pókus aðferð, sem væntanlega kemur heldur ekki við nokkurn einasta mann í þjóðfélaginu, sem er sú að lækka gengi íslensku krónunnar, skapa þannig „nýjar tekjur" í sjávarútveginum þannig að sjávarútvegurinn verði ekki heldur var við að borga 15 milljarða kr. eða þaðan af hærri tölu í ríkissjóð. Þannig að ég skil það mætavel að mörgum hugnist þessi leið. Þetta er leið sem bætir stöðu ríkissjóðs, þetta er leið sem kemur ekki við mig og þig, þetta er leið sem snertir ekki þann sem á að borga skattinn og hvers vegna í dauðanum skyldi þá einhver vera á móti því að fara þessa dásamlegu ljúfu leið að því að nánast að bæta allra hag án þess það komi við nokkurn mann? Þetta er tilboð sem ekki er hægt að hafna, svo vitnað sé í fleyg orð.

Hitt er það að hv. 1. flm. eyddi nokkrum tíma í sinni ræðu til þess að sverja það af að þetta væri í eðli sínu skattur þó gjaldið aflaði fjár til ríkissjóðs. Út af fyrir sig ætla ég ekki að fara í neinar stórar deilur um það. Ég vil aðeins minna á að þeir sem í öndverðu töluðu fyrir þessu máli, menn eins og Bjarni Bragi Jónsson og ýmsir fleiri, t.d. talsmenn iðnað-

arins, voru aldrei neitt feimnir við að kalla þetta sínu rétta nafni. Þeir kölluðu þetta ekki veiðileyfagjald. Þeir kölluðu þetta auðlindaskatt. Skatt á auðlindir.

Út af fyrir sig finnst mér það vera fagnaðarefni sem fram kom í máli hv. 1. flm. og eru dálítil tímamót í þessari umræðu að þeir sem tala fyrir auðlindaskatti á íslenskan sjávarútveg viðurkenni að til þess að fylgja því rökrétt eftir þá beri að sjálfsögðu að taka upp sams konar skatt á aðrar auðlindir, svo sem vatnsorkuna og hitaorkuna í landinu. Ég átti t.d. í talsverðum skoðanaskiptum við einn ákafasta talsmann auðlindaskattshugmyndarinnar á sjávarútveg í fyrrasumar í Morgunblaðinu sem reyndi að sverja af sér að það væri eðlilegt að leggja auðlindaskatt á vatnsorkuna í landinu vegna þess að það gilti einhverju allt öðru máli þar um.

Af því að ég nefndi áðan að hv. þm. hefði talað um að þetta kæmi ekki við sjávarútveginn í landinu með því að tekjurnar til hans mundu aukast með því að í upphafi yrði fellt gengið, þá vil ég vekja athygli á að þrátt fyrir þessi orð hv. þm. er komist svo að orði, með leyfi virðulegs forseta, í grg. þáltill.: „Þegar illa hefur gengið í sjávarútvegi hefur gengið verið lækkað með afleiðingum sem allir þekkja." Síðan segir: „Þetta á ekki lengur við þegar gengisstefnan er sú að halda gengi sem stöðugustu, verðbólgu sem lægstri og freista þess að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs." Þetta virðist því dálítið reka sig hvað á annars horn.

Tillagan er í sjálfu sér greinileg að því leytinu að það er gert ráð fyrir því að sjútvrh., eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Vestf., skipi nefnd til að undirbúa málið, fjalla um spurninguna um veiðileyfagjald. Að vísu er niðurstaðan gefin. Það á að taka upp eitthvað sem menn kalla veiðileyfagjald. Nú er það svo að sá sem nú er hæstv. sjútvrh. skipaði nefnd til að fara yfir spurningar er lutu að fiskveiðistjórnuninni, þ.e. hina frægu tvíhöfða nefnd. Í þeirri nefnd sátu miklir áhugamenn um að leggja á veiðileyfagjald, auðlindaskatt, í íslenskum sjávarútvegi, ákafir og sérstakir talsmenn í Alþfl. sem hafa verið miklir áhugamenn um það að leggja á veiðileyfagjald. Við getum því sagt sem svo að hugmynd af þessu taginu hafi áður skotið upp kollinum og verið framkvæmd. En látum það liggja á milli hluta. Við skulum ímynda okkur að þessi nefnd setjist á rökstóla, hafi þá dagskipun að leggja á eitthvað sem heitir veiðileyfagjald. Og þá vandast málið. Því ef við lesum alla greinargerðina þá kemur á daginn að það sem menn kalla veiðileyfagjald er mjög á reiki. Í greinargerðinni, sem þingflokkur Þjóðvaka hefur samið, þá er hreinlega hvorki meira né minna en vakin athygli á því að það séu til sjö mismunandi hugmyndir sem menn kalla veiðileyfagjald. Alþingi er því með þessari tillögu ætlað að greiða atkvæði um eitthvað óljóst fyrirbrigði sem menn kalla veiðileyfagjald en enginn hefur hina lögmætu skilgreiningu á. Þar er um sjö hugmyndir að ræða. Við þyrftum því væntanlega að segja sem svo að Alþingi samþykkti að vísu að fara þessa leið, en menn vissu bara ekki út á hvað hún gengi.

Ég hef ekki tíma til þess að fara mjög rækilega efnislega yfir þessi mál. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að hv. 1. flm. hefur áður fjallað um þetta mál, eins og eðlilegt er, hann hefur oft fjallað á athyglisverðan hátt um sjávarútvegsmál, m.a. í ákaflega góðri grein sem ég á sínum tíma hélt til haga. Hún birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 26. maí árið 1990 og þar fjallar hv. þm. m.a. um ýmsar leiðir, t.d. að selja kvóta á uppboði. Um þetta segir hv. 1. flm., með leyfi forseta:

„Aðrar leiðir eru til eins og að selja kvóta á uppboði eða selja veiðileyfi til að þvinga fram hagkvæmni. Leiðir sem eru vart mögulegar í framkvæmd með vanmáttugt fjármagnskerfi, óljósa byggðastefnu og pólitíska fyrirgreiðslu við þær aðstæður. Halda menn virkilega að verði veiðileyfi seld af hálfu ríkisins, að jafnræði verði látið gilda fyrir öll byggðarlög og fyrirtæki?"

Virðulegi forseti. Ein spurning í lokin: Hvernig á að greiða þetta afgjald? Eiga allir Jónar að vera jafnir? Mér hefur skilist að til þess að ná hinu fullkomna hagræði, þá verði svo að vera, það sé t.d. ekki hægt að mismuna, ekki hægt að auðvelda aðgang trillusjómanna umfram frystitogaraeigenda vegna þess að þá er um leið búið að taka hvatann til hagræðingarinnar. Það verður því a.m.k. að svara þeirri spurningu mjög afdráttarlaust, þótt menn hafi ekki hugmynd um hvað þeir eiga við með þessu, hvort allir hafi jafnan aðgang að auðlindinni eftir að veiðileyfagjaldið er komið á.

[11:33]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tiltölulega mjög stutt síðan hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, 1. þm. Vestf., greiddi atkvæði á hinu háa Alþingi með gjaldtöku sem er nákvæmlega sambærileg við þá sem hann var að andmæla áðan. Reyndar gerðu það allir hv. þingmenn Sjálfstfl. og þar með talið hæstv. sjútvrh., sem verður um það er lýkur seinasta haldreipi kvótaeigenda í vonlausri baráttu þeirra gegn veiðileyfagjaldi, sem að sjálfsögðu er það sem koma skal þótt tregðulögmálið muni eitthvað þvælast fyrir. Hvað var þetta gjald sem ég var að tala um?

Fyrir skömmu lagði hæstv. ríkisstjórn fram frumvörp sín um útfærslu á framkvæmd GATT-samninganna. Partur af því var takmarkaður innflutningur, 3% að hámarki, á innflutningi samkvæmt leyfum. Ríkið tók að sér að skammta þennan innflutning. Menn veltu fyrir sér ýmsum hugmyndum um það hvernig ætti að fara að þessu, en eftir rækilega umræðu varð niðurstaða meiri hluta þings þessi: Hér er um að ræða takmörkuð gildi, fémæti sem verða fémæt vegna þess að ríkið hefur skammtað það. Það er alveg ljóst að um er að ræða nákvæmlega sams konar arðmyndun eða rentu við þetta fyrirkomulag eins og við erum að tala um. Niðurstaðan varð sú að það væri ekki rétt að þessi renta rynni í vasa heildsala sem fengju einokunarleyfi afhent ókeypis af ríkinu. Þvert á móti, þau skyldu seld af hálfu ríkisins og arðurinn renna í ríkissjóð. Allir þingmenn Sjálfstfl. greiddu atkvæði með þessu. Sér í lagi var einn snjall málflytjandi þessarar hugmyndar, hv. þm. Pétur Blöndal, en eins og menn hafa tekið eftir er hann farinn að hafa vit fyrir þeim sjálfstæðismönnum öðrum fremur í efnahags- og viðskiptamálum. Þetta var pottþéttur rökstuðningur og samlíkingin er alveg nákvæmlega sú hin sama. Með öðrum orðum er komið fordæmi fyrir því að Sjálfstfl. er þrátt fyrir allt farinn að skilja málið. Hann er farinn að viðurkenna það, ef það héti bara eitthvað annað. Þarna var það búnaðargjald. Svo kemur að sjávarútvegi og þá svíður það enn eitthvað fyrir brjósti þeirra. En vissulega er þetta það sem koma skal.

[11:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf hægt að stunda ýmsar fimleikakúnstir eins og hv. þm. gerði varðandi þetta mál. En auðvitað er öllum ljóst, jafnvel hv. 9. þm. Reykv., Jóni Baldvini Hannibalssyni, að hér er mjög ólíku saman að jafna. Hér er ekki um landbúnað að ræða eða takmarkaðan inn-

flutning á landbúnaðarvörum, sem ég veit raunar að hv. þm. finnst fulltakmarkaður. Hér er verið að bera saman allsendis ólíka hluti og þess vegna er þetta varla annað en fremur veikburða innlegg af hálfu hv. þm. Grundvallaratriðið er að við erum annars vegar að fjalla um meginauðlind íslensku þjóðarinnar, sjávarútveginn, og margvísleg áhrif af gjaldtöku af því tagi sem hér hefur verið vakið máls á, og hins vegar um afar veikburða hugmyndir um innflutning við sérstakar aðstæður á landbúnaðarafurðum. Og því er auðvitað engan veginn saman að jafna.

[11:37]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Guðfinnsson, fyrrv. nemandi minn, sleppur ekki svona billega frá þessu máli. Staðreyndin er sú að það er alveg hárrétt sem fram kom í málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals á sínum tíma, nefnilega þetta, að þegar ríkið skammtar borgurunum takmörkuð gæði, verða þau fémæti því þau ganga kaupum og sölum og eru verðlögð á markaðinum. Það er nákvæmlega þetta sem hefur gerst. Samkvæmt lögum er íslenska þjóðin eigandinn og ríkið starfar í umboði þjóðarinnar. Ríkið tekur að sér að skammta aðganginn að auðlindinni, þar með fær það markaðsvirði. Þetta gengur kaupum og sölum, þetta er leigt, þetta er selt, þetta er erft o.s.frv. Það er með öðrum orðum afleiðingin af skömmtunarstarfsemi ríkisins sem gefur því verð.

Þetta er náttúrlega einfalt og algilt og allir þeir sem hafa einhvern snefil af inngripi í markaðshagfræði, eins og ég veit að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson hefur, viðurkenna þetta og skilja þetta. Það er auakaatriði að sjávarútvegsauðlindin er auðvitað meginauðlind, en innflutningur matvæla er minna mál. Þeim mun brýnna er að eigandi auðlindarinnar fái raunverulega í sinn hlut afgjald fyrir notkun eða nýtingarrétt annarra, sem ríkið hefur skammtað samkvæmt eigin geðþóttaákvörðun.

[11:39]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eitt sem ég hjó sérstaklega eftir í máli hv. 9. þm. Reykv. Það var að það sé aukaatriði að sjávarútvegurinn sé meginauðlind íslensku þjóðarinnar. Mér finnst það samt einhvern veginn vera aðalatriðið. Eitt er það sem ég man öðru fremur frá ferli mínum sem nemandi hv. þm. og það var það að reyna að taka eftir. Og mér finnst einhvern veginn að hv. þm. hafi ekki alveg lánast að taka eftir því að það sem vakir fyrir flm. þessarar þáltill., sem við erum að ræða, er nákvæmlega það að hér sé um að ræða efnahagsmál. Ekki aðferð við að stjórna fiskveiðum, heldur fyrst og fremst efnahagsmál og spurning um réttlæti. Það er auðvitað grundvallaratriði að hv. 1. flm. lagði á það mjög mikla áherslu að við værum ekki að ræða um nýtt stýrikerfi eða grundvallarspurningar um stýrikerfi fiskveiðanna, enda er gert ráð fyrir því í greinargerðinni sem hér er lögð fram að stýrikerfi fiskveiðanna byggist á framseljanlegu aflamarki og megingalli núverandi kerfis sé að það séu of miklar skorður reistar við möguleikum á framsali. Í ljósi þess að hv. þm. kenndi mér ungum að það væri mikilvægt að taka vel eftir því sem sagt væri, finnst mér sem þetta hafi einhvern veginn farið fram hjá hv. þm.

[11:41]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít ekki á það sem rök að þjóðin eigi ekki að hafa tekjur af meginauðlind sinni, hún eigi bara að hafa tekjur af því ef ríkið skammtar smátt en ekki ef ríkið skammtar stórt. Hún eigi bara að hafa tekjurnar af aukagetunni en ekki af meginauðlindinni. Ég sé engin rök í því og hlustaði ég þó mjög vel á hv. þm.

Ég vil aðeins taka það fram að í mínum huga er veiðileyfagjaldið ekki bara skattur. Veiðileyfagjaldið er líka stjórntæki vegna þess að það er hægt, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að útfæra veiðileyfagjaldshugmyndina þannig að hún sé jafnframt stjórntæki en ekki bara skattur. Það er því eðlilegt að þessu máli verði vísað til sjútvn.

Í þriðja lagi upplifir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson málið eins og það sé verið að leggja gjald á sölu veiðileyfa í fyrsta sinn. Það er gert. Það eru mikil viðskipti sem eiga sér stað með aðganginn að sameign þjóðarinnar, fiskimiðunum. En þjóðin nýtur ekki þeirra viðskipta. Það eru þeir sem hafa aðgang að léni sem njóta þeirra og þeir borga óhemjuverð sín á milli í þessum viðskiptum. Það er því gersamlega út í hött að halda því fram að útgerðin geti ekki greitt afgjald til þjóðarinnar af þessari auðlind sem þjóðin á, þegar menn hafa í huga þau gríðarlegu viðskipti sem menn gera þar sín á milli með aðganginn að henni.

Það er heldur ekki rétt að ekki sé greitt afgjald fyrir aðrar auðlindir sem í hugum okkar eru eign samfélagsins. Ég veit ekki betur en það sé greitt afgjald fyrir t.d. þá orku sem við notum á heimilum okkar, hvort sem það er raforka eða önnur orka. Það afgjald rennur m.a. til þess að auka eignir viðkomandi fyrirtæja í opinberri eigu sem eru að selja okkur þessa þjónustu. Í sumum tilvikum, þegar um er að ræða opinberan rekstur af sambærilegu tagi, tekur ríkið til sín fé úr þeim rekstri í fjárlögum samkvæmt arðkröfum. Ég veit ekki betur en ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eigi Landsvirkjun og það sem við erum að greiða og aðrir notendur fyrir aðgang að þeirri orku rennur til eignamyndunar hjá þessu fyrirtæki sem er alfarið í opinberri eigu.

[11:43]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega alveg fráleitt af hv. 4. þm. Vestf. að reyna að túlka orð mín svo að ég segi að þjóðin eigi ekki að hafa tekjur af meginauðlind sinni. Að sjálfsögðu hefur þjóðin tekjur af meginauðlind sinni. Annars væri þetta ekki meginauðlind hennar. Þjóðin lifir á fiskveiðum og fiskvinnslu og hefur miklar tekjur af þessari meginauðlind sinni. Þetta eru því eins og hverjir aðrir útúrsnúningar.

Mér er það mætavel ljóst að sjávarútvegsfyrirtækin mörg hver eru vel í stakk búin til þess að standa straum af afgjaldi af einhverju tagi. Spurningin er einfaldlega sú hvort það sem hér er verið að leggja til sé skynsamlegt til þess að dreifa fiskveiðiarðinum, hvort það séu ekki aðrar leiðir til þess, svo sem almennar skattaleiðir, og hvort ekki sé eðlilegra, eins og ég hef raunar alltaf verið talsmaður fyrir, að sjávarútvegurinn taki þátt í því að reka vísinda- og þróunarstarfsemi sjávarútvegsins í auknum mæli og jafnvel eftirlitsstofnanir sjávarútvegsins líka með tilsvarandi áhrifum þar á.

Hins vegar fannst mér röksemdafærsla hv. þm. varðandi virkjanirnar mjög sérkennileg. Það er auðvitað alveg út í bláinn að segja að með því að borga fyrir orkuna hjá Orkubúi Vestfjarða, þá sé maður að borga einhvers konar auðlindaskatt eða ígildi hans. Þá mætti allt eins segja að maðurinn sem fer út í búð að kaupa sér ýsuflak sé að borga auðlindaskatt. Þannig er þetta ekki. Ef talað er um að borga auðlindaskatt þá væri það auðlindaskattur af réttinum til þess að virkja en ekki gjaldgreiðsla fyrir að kaupa orku af fyrirtæki sem fær

einkaleyfi til þess að selja hana á tilteknum landsvæðum.

[11:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. vissi að þegar neytandi fer út í fiskbúð og kaupir sér ýsuflak þá borgar hann skatt til ríkisins. Sá skattur heitir virðisaukaskattur. Ég hélt hins vegar að hv. þm. vissi það jafnframt að ef þessi maður væri ekki að kaupa neyslufisk til eigin nota heldur færi í kvótabankann við hliðina og keypti kvóta fyrir milljónir eða milljónatugi frá öðrum útgerðarmanni sem ekki á hann heldur hefur afnotaréttinn af honum þá borgar hann ekki skatt. Ég verð að segja eins og er að ég sé ekki samhengið í því að maður skilji það ekki að það sem neytendur borga fyrir orkuverð er ekki bara framleiðslukostnaður orkunnar heldur leggst ofan á það eignamyndun í því fyrirtæki sem orkuna selur. Það er því lagt ofan á kostnaðarverð framleiðslunnar gjald sem menn geta kallað hvað sem þeir vilja, hvort sem þeir vilja kalla það auðlindaskatt eða afgjald til viðkomandi fyrirtækis sem ávallt er í opinberri eigu, sem stuðlar að eignamyndun þess. Í gegnum árin hefur þannig t.d. eign ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun stórvaxið. Það er vegna þess að neytendur hafa verið að borga ekki bara framleiðslukostnaðarverð orkunnar heldur verið að borga niður fjárfestingar þessara fyrirtækja sem mynda eign hjá því opinbera. Það má því jafna þessu fyrirkomulagi til þess að það sé greitt með sama hætti afgjald til hins opinbera frá þeim sem nýta þann takmarkaða veiðirétt sem boðið er upp á. Og það er alveg rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði að verðmætið skapast þegar ríkið takmarkar aðganginn. Þá myndast verð á veiðiheimildunum sem ekki þekktist áður og þá er mjög eðlilegt að þeir sem njóta þeirra sérréttinda að fá aðgang að þessari þjóðareign umfram aðra greiði þjóðinni afgjald fyrir því að þarna er um að ræða verðmæti eins og glöggt má sjá í viðskiptum einstakra útgerðarmanna með kvóta. Kvóti er ekki verðlaus, kvóti er mikið verðmæti.

[11:48]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi það að virðisaukaskatturinn af fiskinum sé eins konar auðlindaskattur í öðru formi. Það er út af fyrir sig enn ein útfærslan á því sem menn hafa kallað veiðileyfagjald eða auðlindaskatt.

Svo er það spurningin um það hvort orkufyrirtækin í landinu séu að greiða auðlindaskatt eður ei. Það er alveg ljóst að orkufyrirtækin í landinu, ekki síst Landsvirkjun, hafa hegðað sér þannig á undanförnum árum að þrátt fyrir að þar hafi verið virkjað og virkjað og fjárfest og fjárfest án þess að tekjuöflun hafi orðið samsvarandi þá hefur þetta fyrirtæki getað stillt af sínar gjaldskrár með þeim hætti að skuldirnar hafa lækkað þó að tekjurnar hafi minnkað og fjárfestingin aukist þannig að einkaréttur þess fyrirtækis hefur verið óvægilega notaður og reikningurinn af þessu ráðslagi fyrst og fremst lent hjá almenningi í landinu. Ég veit ekki hvort hv. þm. á við að þetta framferði sé sú hugmynd af auðlindaskatti sem menn vilja beita annars staðar. En þetta er hins vegar að mínu mati mjög vont dæmi um það þegar fyrirtæki hefur fengið úthlutað einkarétti til virkjana eins og Landsvirkjun hefur fengið og notar það til þess að halda uppi orkuverðinu í landinu sem fyrirtækin og einstaklingarnir borga og hefur þrátt fyrir það að tekjur minnki og fjárfestingin aukist ráðrúm til að lækka skuldir sínar. Það er umhugsunarefni og til lítils fordæmis og alls ekki til fordæmis fyrir það hvernig við eigum að nota aðrar auðlindir íslensku þjóðarinnar og síst af öllu fordæmisgefandi fyrir sjávarútveginn sem hefur hegðað sér allt öðruvísi í gegnum árin.

[11:50]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram afskaplega fróðleg umræða um veiðileyfagjald. Og umræðan það sem af er leiðir vel í ljós að opinber umfjöllun og umfjöllun í þessum sölum um slíkt gjald hefur verið lítil. En eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir gat um áðan svo sannarlega löngu tímabær.

Tillagan sem hér liggur fyrir ber þess einnig merki að málið hefur ekki mjög verið reifað fyrrum í þessum sal. Í till. til þál. er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd og ég er ekki að gera, eins og menn hafa gert á undan mér, sjútvrh. að þeim manni að hann fari ekki eftir ákvörðunum Alþingis, en þessari nefnd á síðan að setja nokkurt erindisbréf. Hér eru settar fram ýmsar hugmyndir, það eru reifuð ýmis sjónarhorn og nákvæmlega það að slíkt er gert í tillögunni bendir til þess að málið sé galopið og fyrst og fremst til umfjöllunar og umræðu sem það verður að vera nú um stundir vegna þess að eins og ég gat um áðan hefur það afskaplega lítið verið rætt. Það er hins vegar orðið mjög nauðsynlegt að málið ræðist og að hv. Alþingi fari að taka ákvarðanir sem skipta máli til að sætta þjóðina við það ástand sem skapast hefur.

Menn sögðu áðan þegar verið var að tala um veiðileyfagjald og ekki veiðileyfagjald að það væri ólíku saman að jafna þegar úthlutað væri rétti til að flytja inn landbúnaðarafurðir og rétti til að veiða úr fiskveiðilögsögunni. En þó að e.t.v. sé ólíku saman að jafna þegar menn horfa til þeirra hagsmuna sem eru í húfi þá er það samt svo að ákveðið lögmál gildir um hvort tveggja. Það er það lögmál að ef um takmörkuð gæði er að ræða þá öðlast þau verð, þau verða ákveðið verðmæti. Nú getur ríkið auðvitað ef það er sá aðili sem úthlutar verðmætum notað til þess þrjár aðferðir. Ríkið getur gefið þessi verðmæti, það getur leigt þau eða selt þau. Löggjafinn ákvað að þegar um leyfi til innflutnings á landbúnaðarvörum væri að ræða þá skyldi selja leyfin. En löggjafinn hefur hins vegar ákveðið þegar um það er að ræða að menn hafi leyfi til að veiða úr auðlindinni þá skuli gefa. Síðan hafa þeir sem fengu gjöfina fengið að selja og leigja. Í þessu felst auðvitað slíkt óréttlæti að við því verður að bregðast og hefði átt að bregðast fyrr.

Það er rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að þessi till. til þál. er ekki hvað síst fram komin vegna þessa óréttlætis, en hún er einnig fram komin vegna þess að flutningsmenn álíta, eins og reyndar fjöldamargir aðrir í þjóðfélaginu, að veiðileyfagjald geti jafnframt því að vera réttlætismál verið áhrifaríkt og nauðsynlegt stýritæki í okkar efnahagsmálum. Það skiptir ekki minna máli.

Það er bullandi óánægja með núverandi kerfi. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir gat um tvo meginþætti þeirrar óánægju. Annar er sá að menn telja að núverandi kerfi stuðli ekki að nægjanlega góðri umgengni um auðlindina. Hinn er sá að með því kerfi sem við höfum nú, þ.e. að við gefum aðganginn en leyfum mönnum síðan að versla eða leigja frjálst, þá færist rétturinn til afnotanna, sem menn kalla nú orðið eign, yfir á æ færri hendur. Gegn þessu síðarnefnda er verið að bregðast með þáltill. og við því verður að bregðast. Varðandi hitt vil ég í framhjáhlaupi geta þess að því miður er það að fiski sé hent í sjóinn ekki bara að gerast í

núverandi kerfi. Það hefur ávallt gerst að þeim fiski hefur verið hent sem menn hafa af ýmsum ástæðum ekki talið rétt að koma með að landi og lögin hafa gert ráð fyrir því að sá fiskur sem ekki er markaðsvara komi ekki að landi. En þetta er mál sem þarf að fara í vegna þess að það er sama hvaða stýrikerfi við notum við veiðarnar. Við því verður að bregðast með sérstökum hætti.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi um það hér áðan að veiðileyfagjald mundi verða skattheimta á landsbyggðina. Það var vitnað til þess að sá virti hagfræðingur Gary Becker hefði talið veiðileyfagjald réttláta leið. Hann segir að veiðikvótahafar séu á ríkisstyrk og það sem ég hef sagt og fram hefur komið hjá öðrum undirstrikar það. Þeir eru á ríkisstyrk. En hann segir líka að þegar menn tali um þær klyfjar sem þetta setji á sjávarútveginn þá sé gjarnan bent á það að menn séu að versla með þetta nú þegar sín í millum. Það hefur komið fram í umræðunni og menn segja að þá séu til peningar og ég segi við ykkur: Ég sé það að mínir heimamenn fyrir norðan eiga peninga til að kaupa kvóta og það hafa menn orðið varir við og menn segja: Þá er þetta áfram innan greinarinnar og þá er það í lagi. Um það segir hinn virti hagfræðingur, með leyfi forseta:

„Einmitt. Það er innan greinarinnar svo þeir sem upprunalega fengu kvótann fá peningana. Þeir sem reyna að komast inn í greinina verða að greiða fyrir kvótann, færa þeim fé sem í upphafi fengu hann afhentan frítt. Nýir menn í atvinnugreininni borga fyrir réttinn. Þeir sem fengu kvótann í upphafi eru þeir einu sem hlutu ríkisstyrk."

Þá komum við að þessu með landsbyggðina og skattheimtu á landsbyggðina. Skattheimta hefur í þessari umræðu verið afskaplgea teygjanlegt hugtak og teygð og toguð í allar áttir og ég ætla að halda áfram að gera það í bland við það sem hér hefur áður komið fram. Það er ákveðin skattheimta á landsbyggðina að áhugasamir aðilar skuli þurfa að kaupa sig inn til þess að geta komist inn í sjávarútveg og þeir skuli þurfa að kaupa þann rétt af mönnum sem fengu honum úthlutað ókeypis.

Það er líka og hefur verið ákveðin skattheimta á landsbyggðina, og þá kem ég að hinum efnahagslega þætti, þegar það hefur gerst að raungengi hefur hækkað vegna þess að vel hefur árað í sjávarútvegi en gengið hefur gjarnan verið skráð fyrst og fremst með tilliti til sjávarútvegsins. Þegar vel hefur árað í sjávarútvegi þá hefur hann drepið af sér arðar greinar. Þeir veikburða tilburðir til annarrar atvinnustarfsemi sem hafa verið fyrir hendi hafa koðnað niður. Þegar gengið hefur síðan verið fellt þá höfum við úti á landsbyggðinni staðið eftir með frystihúsið eitt. Allt annað er gersamlega búið að vera eða við það. Þetta er ákveðinn skattur, þetta er byggðastefna sem ég vil ekki sjá. Og ég vil gjarnan fá að heyra hvernig þeir flokkar sem geta ekki fellt sig við veiðileyfagjald sem aðferð annaðhvort til réttlætis eða sem efnahagsstjórnun og helst sem hvort tveggja, hvernig þeir ætla að standa við það sem stendur í þeirra stefnuskrá, annars vegar um sveiflujöfnun og hins vegar um að jafna aðstöðu atvinnugreina. Ég hef ekki komið auga á hvernig það er hægt með öðrum hætti en að leggja á veiðileyfagjald en ég vildi gjarnan heyra hugmyndir annarra.

[12:00]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti biður hv. þm. að virða tímamörk, það eru átta mínútur en ekki níu og hálf.

[12:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Mjög skýrar þverstæður koma fram í málflutningi tillögumanna í umræðunni og reyndar í greinargerðinni með þáltill. Tillagan byggir á þeirri grundvallarafstöðu flutningsmanna að markaðskerfi eigi að ríkja með aflaheimildir. Þær eigi að vera framseljanlegar, það eigi að vera fullkomið frelsi í kaupum og sölum á aflaheimildum, menn eigi að geta hagrætt með samruna fyrirtækja og kaupum á aflaheimildum. Þarna á markaðskerfið að virka til þess að tryggja mesta hagkvæmni í rekstri sjávarútvegsins í þágu fólksins í landinu. Því verður aðeins náð með þessu markaðskerfi. Það er grundvallaratriðið í málflutningi tillögumanna eins og hér kemur fram.

Hins vegar komast þeir að þeirri niðurstöðu í greinargerð með tillögunni að fiskihagfræðin hafi fundið út að skattlagning sem kostnaðaraukning leiði sjaldnast til hagkvæmustu sóknar fiskiskipa. Þeir leggja til að auka kostnað og draga úr möguleikum á því að ná fram mestri hagræðingu. Á þann hátt gengur tillagan raunverulega eftir orðum þeirra gegn þeim grundvallarmarkmiðum sem þeir telja að fiskveiðistefnan eigi að byggja á.

Það er mjög mikilvægt og ber að hæla flutningsmönnum fyrir það að þeir leggja ekki til skattheimtu sem þátt í fiskveiðistjórnun. Tillaga þeirra byggir á því að stjórnmálamenn ráðstafi arðinum af sjávarútvegi skynsamlegar og réttlátar en stjórnendur fyrirtækjanna. Svo kemur fram þverstæða í málflutningi krataflokkanna tveggja. Gamli krataflokkurinn telur að beita eigi auðlindaskatti til að stjórna fiskveiðunum en nýi krataflokkurinn segir að það sé mjög erfitt á grundvelli fiskihagfræðinnar og nánast útilokað. Þeir segjast aðeins flytja tillöguna til að ná fram meira réttlæti af því að stjórnmálamenn úthluta arðinum af meira réttlæti. Það á ekki við um aðrar atvinnugreinar, þar gildir þetta ekki. Krónunum sem verða til þar er betur ráðstafað í efnahagskerfinu sjálfu. Það á bara við um krónurnar sem verða til í sjávarútveginum að stjórnmálamennirnir ráðstafi þeim betur.

Hvað halda menn að gerist þegar hinn svokallaði kostnaðarauki bætist ofan á þann kostnað sem fyrir er? Hvaða áhrif hefur það á sjávarútveginn? Er markmið okkar ekki fyrst og fremst að stuðla að betri samkeppnisstöðu sjávarútvegsins? Við erum að keppa við ríkisstyrktan sjávarútveg í samkeppnislöndunum. Svo segir hv. flm. að þeir ríkisstyrkir skipti sjávarútveginn engu máli, við getum aukið kostnaðinn hér heima. Auðvitað fær þetta ekki staðist og er jafnfjarstæðukennt og allt annað. Hvar á þá að borga skattinn? Ekki flytjum við hann til útlanda, kaupendurnir ætla ekki að borga hann fyrir okkur. Ég er alveg sannfærður um að hv. flm., sem er varaformaður stjórnar Granda sem heldur upp á tíu ára afmæli fyrirtækisins í dag, ætlar ekki að segja á afmælishátíðinni að þetta eigi að taka af arðinum og lækka arðgreiðslurnar til hluthafanna. Hann ætlar ekki að fara með þann boðskap á afmælishátíðina í dag. Krataforingjarnir, formenn Alþfl. og Alþb., lofuðu í kosningabaráttunni að lágmarksarðsemi af eigin fé í fyrirtækjum ætti að vera 15%. Ég veit ekki hvað hún er í Granda en ég hygg að hún sé langt fyrir neðan það. Þeir eiga því talsvert eftir til að ná því að uppfylla þau loforð. Hverjir eru stærstu kostnaðarliðirnir? Ætli það séu ekki laun sjómannanna? Hvernig er samkeppnisstaða sjávarútvegsins við útlönd? Erum við ekki að missa fiskvinnslufólk til útlanda af því að við getum ekki borgað nógu há laun? Eigum við ekki að byrja á því að bæta laun

fiskvinnslufólksins áður en við förum að leggja þennan nýja skatt á. Eigum við ekki að knýja á um það að fiskvinnslufyrirtækin og sjávarútvegsfyrirtækin borgi fiskvinnslufólkinu eilítið hærri laun áður en við förum með þessa peningana til hæstv. fjmrh. Það er mín skoðun.

Herra forseti. Þegar málið snýst um að þetta sé einungis spurning um að stjórnmálamenn ráðstafi arðinum af sjávarútveginum betur en stjórnendur fyrirtækjanna þá verð ég að segja það sem skoðun mína þó ég hafi mikið álit á hæstv. fjmrh. og beri til hans mikið traust að ég treysti hv. 11. þm. Reykn. miklu betur til að ráðstafa arðinum af Granda á skynsamlegan hátt í þágu þjóðarheildarinnar en hæstv. fjmrh. Það er auðvitað kjarni málsins. Málið snýst um það hvort við höfum þessa ofurtrú á stjórnmálamönnunum til að dreifa arðinum með sem mestu réttlæti. Halda menn að það auðveldi sjávarútveginum í dag að gera þá útrás sem hann er að gera með fjárfestingum erlendis sem kallar aftur á vinnu hér heima? Sölufyrirtækin okkar fá meiri fisk í sölu. Við fáum skipaviðgerðir heim á grundvelli þessara fjárfestinga. Við aukum framleiðslu iðnaðarins og seljum til fyrirtækja í útlöndum á svæðum þar sem við höfum verið að fjárfesta. Við styrkjum skipasmíðaiðnað. Við styrkjum iðnað sem framleiðir fyrir sjávarútveginn. Haldið þið að það auðveldi þetta ef við aukum kostnaðinn og leggjum á nýja skatta? Eða haldið þið að hæstv. fjmrh. sé líklegri til þess að standa í þeirri fjárfestingu að stuðla að alhliða uppbyggingu í íslensku atvinnulífi? Þessi útrás og þessi fjárfesting í sjávarútvegi hefur kannski verið ein helsta stoð og einn helsti vaxtarbroddur í íslenskum iðnaði. Eigum við að drepa þetta allt niður? Ég held að hagnaður í sjávarútvegsfyrirtækjum hafi verið 2 eða 3% sem við teljum mjög góðan árangur miðað við þann mikla niðurskurð sem hefur orðið í aflaheimildum. Eigum við að draga úr þessu og því svigrúmi sem þarna er að skapast með því að leggja á nýja skatta fyrir okkur til að útdeila? Haldið þið að við séum betur til þess fallin að standa í þessum fjárfestingum og millifæra peningana í gegnum okkur og skapa þannig betri stöðu og sóknarfæri fyrir aðrar atvinnugreinar eins og iðnaðinn? Ég hef ekki þessa ofstjórnartrú. Ég hef ekki þá trú að þjóðfélagið vaxi og dafni með þessum hætti. Markaðsbúskapurinn ræður í þessu efni og er grundvöllurinn eins og hv. flm. leggja áherslu á. Svo koma þeir aftan að málflutningi sjálfra sín og segja: Þetta mun leiða til aukinnar óhagkvæmni, þeir segja það sjálfir í greinargerðinni. Meiri óhagkvæmni í rekstri sjávarútvegsins þýðir að fólkið í landinu fær minni afrakstur af þessari atvinnugrein. Þess vegna verður hagkvæmnikrafan alltaf að sitja í fyrirrúmi vegna þess að hún skilar fólkinu í landinu meiri arði og betri lífskjörum af rekstri þessarar atvinnugreinar.

Herra forseti. Ég ítreka það af minni hálfu að hér er um að ræða spurningu um skattheimtu en ekki fiskveiðistjórnun og tek þess vegna undir tillögu hv. 5. þm. Vestf. um að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. en ekki sjútvn.

[12:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Fjórir hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvör við ræðu hæstv. sjútvrh. Til þess að þeir megi allir komast að verða menn að virða tímamörk.

[12:09]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. skilur ekkert í þessu máli. (**Gripið fram í:** Hann vill ekki skilja.) Nei, ég held að það sé komið frá hjartanu, hann skilur þetta ekki. Ég lagði einmitt áherslu á það í ræðu minni að menn yrðu að reyna að skilja hvað er á bak við umræðuna um veiðileyfagjald. Hann skilur það ekki.

Í fyrsta lagi er um úthlutuð verðmæti að ræða. Úthlutunin fer fram ókeypis, það er ekki hægt að úthluta verðmætum af hálfu ríkisins með þessum hætti án þess að taka fyrir það gjald. Það er ósanngjarnt, það er óréttlátt. Þetta er fyrsta kennslustund, hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. verður að skilja þetta. Í öðru lagi erum við með aðrar aðstæður núna en við vorum með. Sjávarútvegurinn hefur greitt auðlindagjald. Ég sagði það í ræðu minni og ég kann afskaplega vel að tala fyrir hagsmunum sjávarútvegs og um sjávarútveg. Sjávarútvegurinn greiddi auðlindagjald með því að genginu var haldið mjög háu og þannig var hann skattlagður. Þær aðstæður eru ekki til núna. Við ætlum ekki að gera það vegna þess að okkur er lífsspursmál að byggja upp aðra atvinnuvegi. Í þriðja lagi er fiskveiðiarður að myndast í þessu kerfi vegna stýrikerfisins. Þetta fjallar ekki um stýrikerfið en það er að myndast fiskveiðiarður sem við sjáum ósköp vel á þeim peningum sem ganga kaupum og sölum fyrir veiðileyfi innan greinarinnar. Arðurinn er til. Það er sanngjarnt og eðlilegt og góð hagstjórn að hluta af arðinum, sem þjóðin á og fær líka með einum eða öðrum hætti, hv. 1. þm. Vestf., — þjóðin hefur vissulega miklar tekjur af sjávarútvegi og það er vel. (**EKG:** Ég sagði það áðan.) Ég er að segja að hún gerir það. En hún þarf líka að fá tekjur af þeim hlut sem felst í því að úthluta veiðiheimildum. Ég er ósköp feginn því að hæstv. sjútvrh. treystir mér betur en fjmrh., við ættum kannski að hafa sætaskipti, en kannski nær traustið ekki svo langt. (Forseti hringir.) En við gerum tillögu um að gjaldið renni til sjávarútvegsins, greiði ákveðinn opinberan kostnað. Málið snýst ekki um það að við treystum stjórnmálamönnum betur til að fara með gjaldtöku. Þá hefur hæstv. sjútvrh. ekki skilið bofs í umræðunni og þá er miður ef hann fer með þennan málaflokk á þennan hátt.

[12:12]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit mætavel að hv. 11. þm. Reykn. kann að mæla fyrir hagsmunum útgerðarfyrirtækjanna. Ég veit alveg hvaða hagsmuni hann sér í því að leggja á þennan skatt sem varaformaður stjórnar Granda. Það er alveg auðséð. Hann veit alveg að einstaklingsútgerðirnar í landinu eiga nú í mestri vök að verjast. Hann veit alveg að stóru fyrirtækin munu ganga á lagið þegar búið er að leggja þennan nýja kostnaðarauka ofan á og kaupa þær út úr rekstrinum. Hann veit þetta alveg. Ég er alveg klár á því að hann kann að tala fyrir þessum hagsmunum. Það geta alveg verið hagsmunir stórfyrirtækjanna að leggja slíkan kostnað á til þess að búa til þannig þróun af því að hann veit alveg hverjir eru veikastir í útgerðarrekstrinum í dag. Það er enginn ágreiningur milli okkar hins vegar að sjávarútvegurinn á að borga skatta. Ef það fara að myndast verulegar tekjur í sjávarútvegi á sjávarútvegurinn að sjálfsögðu að borga fulla skatta af þeim tekjum. Því miður er hagnaðurinn ekki nema 2% á þessu ári, það er allt of lítill hagnaður fyrir undirstöðuatvinnugrein landsmanna sem þarf sjálf að standa fyrir fjárfestingum og nýjungum í íslensku atvinnulífi. En þegar sjávarútvegurinn fer að græða á hann að sjálfsögðu að borga fullan tekjuskatt og það er eðlilegt að skattleggja tekjur sjávarútvegsins eins og tekjur annarra atvinnufyrirtækja.

Ef það gerist einhvern tímann að sjávarútvegurinn fari að græða svo mikið að gróðinn verði talinn óeðlilegur getur vel verið eðlilegt að setja á stighækkandi tekjuskatt í atvinnurekstrinum eins og gert er gagnvart einstaklingum þannig að hægt verði að lækka aðra skatta á móti. Það getur vel verið að það sé eðlileg skattapólitík þegar sá vandi kemur upp. En því miður er það svo að ég óttast að það sé of langt í það að slíkur hagnaður myndist í atvinnugreininni.

[12:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það er ljóst að hv. þm. ætla að nota rétt sinn til þess að tala tvisvar og því er ræðutími styttur í eina mínútu.

[12:14]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að blanda sjálfum mér sem varaformanni Granda inn í umræðuna og fullyrða úr ræðustól á hinu háa Alþingi að það sé undirrót þessa tillögugerðar er það ómerkilegasta sem ég man eftir í stjórnmálaumræðu síðustu ára.

Ég lýsi hæstv. sjútvrh. ómerking í málflutningi sínum. (Forseti hringir.) Við skulum rökræða um veiðileyfagjald, skiptast á skoðunum, að vísu hafa rökin ekki verið sterk, en þá skal gera það á málefnalegan hátt en ekki blanda mér persónulega inn í það. Ég er 1. flm. að tillögu sem þrír þingflokkar hafa þegar lýst yfir stuðningi við og að halda því fram að ég sé að ganga persónulegra hagsmuna er fráleit fullyrðing. Hæstv. sjútvrh. skilur ekki þetta mál. Hann er með afturhaldssama afstöðu, íhaldssama afstöðu, en það grátlega er að hann skilur ekki réttlætið í þessum málum og ekki skynsemina. Það grátlega er að hann getur ekki einu sinni verið sanngjarn í umræðunni.

[12:16]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti gerir athugasemd við að hv. þm. kallar hæstv. ráðherra ómerking.

[12:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það segir kannski mest um undirstöðu þessa málflutnings hversu uppstökkur hv. flm. er og viðskotaillur. Hins vegar hafði ég ekkert frumkvæði að draga hann inn í umræðuna. Hann sagði sjálfur í ræðustólnum að hann kynni að tala um hagsmuni sjávarútvegsfyrirtækjanna. Það var hann sjálfur sem hóf þá umræðu að hann væri í þeirri stöðu að geta varið þá hugsmuni. Ég gerði ekki annað en gripa þá fullyrðingu hans sjálfs á lofti og út frá því sjónarmiði sem ég sé hana og tel mig hafa fullt frelsi til þess. En upphrópanir af því tagi sem hv. flm. kom með dæma auðvitað þann málflutning sem hér er hafður í frammi.

[12:17]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. byrjaði mál sitt á því að vekja athygli á þverstæðum í málflutningi flm. Tókuð þið, hv. þm., eftir þverstæðum í málflutningi hæstv. sjútvrh.? Munið þið eftir því að hæstv. sjútvrh. er jafnframt dómsmrh. og æðsti yfirmaður laga og réttar í landinu? Hvað er það sem æðsti yfirmaður laga og réttar í landinu er að segja? Hann er að leggja blessun sína yfir það að menn skulu hafa rétt til þess frá ríkinu að hagnast af sölu á annarra manna eignum. Getur siðlausari afstöðu en það?

Í annan stað kemur hæstv. sjútvrh. fram í því gervi, sem fer honum afar illa, að hann sé einhver talsmaður markaðskerfis, þessi 1. þm. Suðurl., þessi helsti páfi skömmtunarkerfis í landbúnaði. Þessi maður sem í öllum helstu stórmálum hefur sniðgengið og gengið gegn öllu sem getur flokkast undir markaðskerfið, enda gerir hann það líka sem sjútvrh.

Menn vilja hafa framsal á veiðiheimildum. Það telur hann vera markaðskerfi. (Forseti hringir.) En menn vilja ekki að einstaklingar fái það úr hendi hæstv. sjútvrh., skammtað af eignarrétti þjóðarinnar og megi síðan hagnast af sölu á annarra manna eigum. Það ætti ekki að sæma hæstv. dómsmrh. að vera með slíkan málflutning.

[12:18]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. fer villur vegar í útúrsnúningum sínum því að tillagan lýtur ekki að skattlagningu á söluhagnað af aflaheimildum. Hún lýtur að því að leggja á almennan auðlindaskatt. Ég veit ekki betur en hagnaður af sölu veiðiheimilda sem fram fara í dag sé skattlagður eins og annar söluhagnaður. Ef það er ekki gert þarf hæstv. fjmrh. að bæta úr því. Það er auðvitað svo eðlilegt og sjálfsagt að greiða skatt af slíkum söluhagnaði að annað væri með meiri háttar mistökum ef íslensk skattalög væri ekki framkvæmd eðlilega að því leyti. Auðvitað verður sama regla að gilda í skattheimtu gagnvart útgerðinni og öðrum aðilum og ég vona sannarlega að hæstv. fjmrh. geti staðfest að skattur sé greiddur af söluhagnaði þegar verið er að kaupa og selja veiðiheimildir. Um það er enginn ágreiningur.

[12:20]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það dugar lítt fyrir hæstv. sjútvrh. að leita á náðir hæstv. fjmrh. sem er ekki sammála honum í málinu. Og við vorum ekki að ræða um skattlagningu á söluhagnað. Það sem hæstv. sjútvrh., sem er enginn talsmaður markaðskerfis, hvorki í sjávarútvegi, landbúnaði né yfirleitt öðrum málum, er að segja er þetta: Hann er að verja að hann skuli taka af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar fémæti, úthluta þeim ókeypis til tiltekins hóps manna. Það er með öðrum orðum verið að úthluta styrkjum til einstaklinga í skjóli ríkisvaldsins. Þar kemur hann fram í sínu rétta eðli sem talsmaður skömmtunarkerfis en ekki markaðskerfis.

[12:20]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni hv. þm. á að hann var að tala um óréttlæti sem væri fólgið í því að menn gætu keypt og selt aflaheimildir án þess að af þeim hagnaði væri borgaður skattur. Það er nákvæmlega það sem hann sagði. Ég kom hér og sagði að það ætti að borga af því skatt og ég geri ráð fyrir að íslensk skattalög séu þannig að það sé greiddur af þeim skattur. Hv. þm. getur ekki hlaupið þannig frá eigin orðum þó hann flytji hér tvær ræður en ekki eina.

Svo er það auðvitað óttalegur útúrsnúningur og hálflítilmannlegur málflutningur að núa mönnum því um nasir að þeir séu einhverjir miðstýringarmenn þó að þeir hafi ekki í einu og öllu viljað fara eftir duttlungum formanns Alþfl. enda sýnir fylgi flokksins það að þjóðin hefur ekki mikla trú á þeim flokki. Kjarni málsins er þessi: Flutningsmennirnir leggja til að það verði lagður á skattur til þess að fá réttlátari dreifingu á arðinum af því að hún sé réttlátari í höndum stjórnmálamannanna þegar um er að ræða afrakstur af sjávarútvegsfyrirtækjum en það á ekki við að þeirra mati þegar um er að ræða arð af annarri atvinnustarfsemi í landinu.

[12:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var nefndur til sögunnar vegna þess að hæstv. sjútvrh. sagðist treysta útvegsmönnum betur til að ráðstafa arði af fyrirtækjum en mér og ríkissjóði. Ég er honum sammála. Ég ætla ekki að taka þátt í umræðum um skatta og gengi en ég ætla að segja frá því sem flestir vita að sjávarútvegurinn fær verulega fjármuni úr ríkissjóði, bæði í gegnum Hafrannsóknastofnun og eins fyrir greiðslur til þess að halda úti veiðikerfinu sem mér finnst vera kostnaður sem sjávarútvegsfyrirtækin eigi að greiða. Ég spyr: Getum við ekki náð samkomulagi um það fyrst þeir ráðstafa arðinum sínum að þeir borgi a.m.k. þann kostnað sem fellur á þá því að ekki má gleyma því að til viðbótar niðurgreiðir ríkið að nokkrum hluta laun sjómanna með sjómannaafslætti sem er eðlilegt að fyrirtækin beri. Loks er sjávarútvegurinn í neðra þrepinu í tryggingagjaldinu. Ég spyr hæstv. sjútvrh. hvort hann er ekki tilbúinn til að standa með mér í því að þeir borgi a.m.k. þann kostnað sem hlýst af starfseminni. Svo skulu þeir ráðstafa arðinum sem þeir eiga að gera.

[12:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir að það sé eðlilegt og rétt að jafna tryggingagjaldið og lækka það þannig að allar atvinnugreinar greiði jafnt í því efni. Við vitum að ekki er tilefni til þess að hækka skatta á atvinnufyrirtæki þannig að til þess að ná jöfnuði verður að fara þá leið að lækka og ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh.

Varðandi kostnað sem atvinnugreinin greiðir er það svo að gjald er lagt á aflaheimildir í dag og er auðvitað auðlindaskattur sem rennur til þess að framfylgja eftirliti með veiðunum. Ég hef sjálfur staðið fyrir því að flytja frv. um það efni og ég tel eðlilegt að sjávarútvegurinn greiði með slíku gjaldi kostnað af eftirliti með veiðunum. Síðan greiðir sjávarútvegurinn inn í Þróunarsjóð sem er gamaldags millifærslusjóður, var málamiðlun í tíð fyrri ríkisstjórnar. Sjávarútvegurinn greiðir þangað skatt en að hluta til er hann að axla ábyrgð ríkissjóðs. Hann tók yfir skuldbindingar ríkissjóðs upp á um 1 milljarð kr. og létti þar með byrði ríkissjóðs og ég vona að hæstv. fjmrh. meti það.

[12:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega metur fjmrh. það, ekki síst vegna þess að þetta var aðeins hluti af töpuðum kröfum sem urðu til í sjóðakerfinu þegar sjávarútvegurinn var studdur með því sjóðakerfi sem komið var upp 1988. Ríkissjóður situr uppi með verulegan hluta af þessum kröfum enn þá í formi skulda sem þarf að borga til útlanda á ári hverju.

Virðulegi forseti. Það kom fram í málflutningi hæstv. sjútvrh. að það er eðlilegt að fyrirtækin ráðstafi arðinum. Það hafa þau sýnt að þau gera miklu betur en ríkið mundi nokkurn tíma gera með því að sækja út til útlanda eins og þau hafa gert að undanförnu. Það er auðvitað lágmarksskilyrði að fyrirtæki í sjávarútvegi eins og önnur fyrirtæki greiði fyrir þann kostnað sem skattborgararnir leggja út til þess að hægt sé að halda úti þessari atvinnustarfsemi. Ég segi það ekki síst vegna þess að verið er afhenda útvegsmönnum auðlindina í þeim skilningi að þjóðin hefur falið þeim að ná sem allra mestum arði út úr auðlind hafsins.

[12:26]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum alveg sammála í þessu efni. Það fer best á því að atvinnugreinin ráðstafi sem mestu af þeim arði sem þar verður til. Hins vegar er eðlilegt að hún borgi beinan kostnað sem hlýst af starfseminni eins og veiðieftirlitið. Núgildandi lög gera ráð fyrir því og það er lagður skattur á aflaheimildirnar til þess að standa straum af þeim kostnaði.

Hér var vitnað til Nýja-Sjálands. Þar voru menn með hugmyndir um auðlindaskatt á sínum tíma til þess að dreifa arðinum með þeim hætti að stjórnmálamenn gerðu það. Frá því var horfið og nú er sú skattlagning mjög svipuð og hér, fyrst og fremst er hún miðuð við það að standa undir beinum kostnaði opinberra aðila við eftirlit og aðra þætti sem tengjast beint rekstri sjávarútvegsins.

[12:27]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér hafa verið viðraðar mjög margar góðar skoðanir og greinilegt er að menn hafa á þessu máli ýmsar skoðanir og mismunandi. Það er í þessu máli eins og mörgum öðrum að ekki er til neinn endanlegur sannleikur. Öll þau kerfi sem við erum að ræða um hafa kosti og galla.

Það sem aðallega stendur upp úr þegar menn ætla að stýra fiskveiðum er aflamark eða sóknarmark. Við höfum farið gegnum kosti og galla beggja þeirra kerfa. Aflamarkið leiðir því miður til allt of mikils brottkasts og sóknarmarkið er hættulegt vegna þess að sjávarútvegur er hættuleg atvinnugrein. Ef menn eiga að slást upp á mínútuna að ná í afla er hættan alltaf sú að kappið vaxi mönnum of mikið í kinn og þeir tefli á tæpasta vað varðandi öryggi.

Hér á landi hefur verið valið aflamarkskerfi og kerfið sjálft hefur reynst nokkuð vel í alþjóðlegum samanburði. Okkur hefur tekist að varðveita þessa auðlind okkar sem er náttúrlega fjöregg þjóðarinnar og að því leyti er kerfið gott.

Af hverju komu ekki upp umræður um kvóta og því um líkt fyrr á öldum? Þá greiddu menn ákveðið verð fyrir auðlindina sem var hættan. Verðið fólst í þeirri hættu að menn fóru á litlum bátsskeljum út á reginhaf að ná í fisk. Það urðu mikil slys og það var verðið sem greitt var áður fyrr. Nú er komin ný tækni sem gerir það að verkum að þetta er að verða miklu hættuminna og þá lendum við í því að þurfa að takmarka aðganginn.

Þeir aðilar sem koma að veiðum eru fyrst og fremst sjómaðurinn sem dregur aflann úr sjó. Það er útgerðarmaðurinn sem á bátinn sem hann siglir á. Það er verkafólkið í landi sem vinnur fiskinn. Það eru frystihúsin sem halda utan um þann rekstur og það eru sveitarfélögin þar sem aflinn kemur að. Þetta eru þeir aðilar sem koma að þessu. Hvaða aðila völdu menn af þessum fimm þegar kom að því að velja eigandann að þessu heila kerfi? Menn völdu af einhverjum ástæðum útgerðina. Af hverju? spyr ég. Af hverju ekki sveitarfélögin? Af hverju ekki fólkið í frystihúsunum? Af hverju ekki sjómanninn sem dró þó afla úr sjó? Eignarhaldið er einn aðalgallinn við núverandi kerfi en ekki kerfið sjálft.

Á bls. 3 í þáltill. er bent á sjö leiðir. Þær sjö leiðir eru mjög mismunandi og ein leið sker sig úr. Það er leið þrjú. Hún er ekki skattlagning. Allar hinar leiðirnar eru að einhverju leyti þannig að tekjurnar skulu greiddar inn í ríkissjóð. Að mínu mati er mjög hættulegt að láta ríkissjóð fá tekjurnar vegna þess að menn eru að tala um að lækka gengið o.s.frv. Þegar vel gengur í sjávarútvegi mun ríkissjóður afla mikilla tekna með þessum skatti sínum og ríkið mun byggja sjúkrahús og skóla og fara út í vegagerð og fjölga opinberum starfsmönnum. Svo gengur illa eitt árið. Haldið þið að ríkissjóður

geti þá lækkað þennan skatt? Ónei. Hann mun fella gengið eins og hingað til og við munum upplifa nákvæmlega sömu sveiflurnar í atvinnulífinu sem rústar öllum öðrum iðnaði. Þetta er veikleikinn við það að hafa skattlagningu, þ.e. að afgjaldið renni til ríkissjóðs. En það er leið þrjú sem ég vil taka undir að gæti verið heppileg leið.

Herra forseti. Gallar núverandi kerfis koma sífellt betur í ljós. Sjómenn þurfa að borga fyrir kvótakaup. Af hverju? Við þekkjum regluna um tonn á móti tonni sem er nánast ólíðandi og við þekkjum að kvótinn er að erfast. Að sjálfsögðu falla menn frá og þá erfist þetta og hver segir að þeir flytji bara ekki úr landi og búi einhvers staðar í útlöndum, t.d. suður á Ítalíu og kvótinn lendi til fullt af bambinos sem þar búa? Er það virkilega það sem við Íslendingar viljum?

Mér líst miklu betur á leið þrjú sem gerir ekki ráð fyrir að ríkið hirði skattinn. Við þurfum að breyta núverandi eignarhaldi mildilega, ekki þannig að það sé tekið af um næstu áramót og punktur basta. Það mundi rústa sjávarútveginum. Þetta þarf að gera á 15 eða 20 árum. Það þarf að leyfa mönnum sem hafa núna þessa „eign", sem rætt var um áðan, að afskrifa hana á um 20 árum. Það mundi verða mildilegt því að í lífi fyrirtækja og einstaklinga eru 20 ár nánast óendanleg en í lífi þjóðar eru 20 ár stuttur tími. Við eigum að taka á þessum vanda, leyfa fyrirtækjunum að afskrifa eignina á 20 árum og um leið eigum við að dreifa henni á alla landsmenn. Sumir kunna að halda að það sé sósíalismi en ég tel það ekki vera því að það er einmitt einstaklingsframtakið að einstaklingurinn fái sína hlutdeild í kvótanum. Hver einasti maður sem búsettur er á landinu á að fá 1:260.000 af aflanum sem við eigum. Markaðsverð þessa kvóta í dag mundi vera um 75 þús. kr. á mann, litlu börnin líka. Þetta yrði gott fyrir barnmargar fjölskyldur. Það mætti ekki framselja eignarréttinn sjálfan, hann yrði bundinn búsetu. En veiðirétturinn á hverju ári yrði seljanlegur og hann ætti að selja á markaði og þegar vel gengur í sjávarútvegi mun sjávarútvegurinn borga hátt verð fyrir veiðileyfn og allir Íslendingar mundu halda jól. En þegar illa gengur munu landsmenn þurfa að sætta sig við lægra verð fyrir kvótann og þannig mun hið almáttuga ríki ekki halda uppi skattinum á auðlindinni heldur verður fjöldi aðila, sem eru að selja kvótann, að sætta sig við það verð sem sjávarútvegurinn getur greitt á hverjum tíma. Þá þarf ekki að fella gengið því ef það gengur verulega illa, lélegt verð í útlöndum, lækkandi verð o.s.frv. þá mun verðið á kvótanum lækka sjálfkrafa innan lands.

Þetta er ein hugmynd sem ég varpa fram. Ég segi ekki að þetta sé heilagur sannleikur, langt í frá, ekkert frekar en allar hinar tillögurnar. Það eru eflaust á þessu margir ókostir og margir kostir en ég held að menn þurfi áfram að leita að betri lausnum og meiri sannleika.

[12:35]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ólíku saman að jafna, opnum huga seinasta hv. þm. og ræðumanns, Péturs Blöndals, eða Heimdallarstælum hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. sem hann sýndi af sér í umræðunni hérna áðan þar sem farið var á ystu nöf í málflutningi og kjarni málsins sniðgenginn eins og stíllinn er á þeim bæ.

Það mun vera um það bil áratugur frá því að Alþfl., fyrstur stjórnmálaflokka á Íslandi, gerði það að stefnuskráratriði sínu að taka bæri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Síðan hefur mikil umræða farið fram innan flokksins um það mál, bæði út frá réttlætissjónarmiðum sem eru uppistaðan í þeim málflutningi sem býr að baki þessari þáltill., út frá hagfræðilegum röksemdum og reyndar einnig hagkvæmnissjónarmiðum.

Það er ánægjulegt út frá okkar bæjardyrum séð að smám saman hefur þokast í þá átt að aðrir hafa komið til stuðnings við þessi sjónarmið. Því hefur verið lýst yfir að þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi Íslendinga eru nú fylgjandi þessari grundvallarstefnu. Það er vitað að talsmenn þessara sjónarmiða eru smám saman að verða áhrifameiri í öðrum flokkum líka. Það hefur t.d. komið fram á landsfundi Sjálfstfl. að þessar hugmyndir og þessi grundvallarsjónarmið eiga þar öfluga talsmenn og fylgi við slíkar tillögur hefur farið vaxandi. Það er kannski einna helst annars vegar í Framsfl., sem þarf ekki að koma á óvart þar sem varðstaðan um skömmtunarkerfi ríkisins er hvað sterkust, og í Alþb. sem tregðulögmálið heldur velli, en það kemur aftur á móti á óvart.

Ég sagði í umræðunum áðan að ekki væri nokkur vafi á því að veiðileyfagjaldtakan er það sem koma skal. Það er einungis spurning um tíma, hvenær tregðulögmálið brestur og hvenær seinustu móhíkanar skömmtunarkerfis og miðstýringar á vegum ríkisins verða að láta í minni pokann. Ég hygg að sú stund sé nær en margir ætla.

Ef við lítum á mál eins og t.d. landbúnaðarumræðuna, þar sem Alþfl. hefur gengið á undan öðrum í gagnrýni á miðstýrt og ónýtt ríkisforsjárkerfi, hafa menn löngum örvænt um að það takist að vinna bug á samtryggingarkerfi sérhagsmunanna og forsjárhyggjunnar í því kerfi. Engu að síður er alveg ljóst að þeir landbúnaðarkerfismenn hafa tapað sínu stríði. Það er einungis tímaspursmál hvenær uppgjöf þeirra verður endanlega innsigluð.

Ég rifja upp annað mál, þ.e. baráttu okkar alþýðuflokksmanna í tíð síðustu ríkisstjórna sl. 8 ár fyrir að afnema miðstýrða einokun í útflutningi, bæði að því er varðaði útflutning sjávarafurða á Bandaríkjamarkað og hina frægu einokunaraðstöðu SÍF. Það tókst með miklu harðfylgi að koma þessari einokun fyrir kattarnef og með þeim árangri að framkvæmdastjóri almenningshlutafélagsins SÍF skrifar nú hverja greinina á fætur annarri þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að það hafi verið mikill happafengur fyrir þá útflytjendur að losna við „einkaleyfið".

Þannig hefur þokast í rétta átt á hverju málasviðinu á fætur öðru. Það er merkilegt að oftar en ekki er við að eiga mjög harðsvíraða sérhagsmunavörslu innan Sjálfstfl. sem byggir rök sín og grundvallarsjónarmið að öllu leyti á ríkisforræðissjónarmiðum, á varðstöðu um skömmtunarkerfi og á tortryggni og skilningsleysi á eðlilegum markaðssjónarmiðum. Þess vegna er það öfugmæli í þessari umræðu þegar hæstv. sjútvrh. reynir að haga orðum sínum á þann veg að hann sé að gagnrýna veiðileyfamálið út frá einhverjum markaðssjónarmiðum. Það er náttúrlega hin mesta fásinna.

Hin almennu rök eru afar vel skýrð í þessari tillögu. Þau eru svona: Ekki er um það deilt á Alþingi að auðlindin er eign þjóðarinnar. Það hefur verið staðfest með löggjöf. Það var jafnvel rætt í tíð fyrri ríkisstjórnar að taka af öll tvímæli um það með því að binda það í stjórnarskrá. Enginn treysti sér til þess að andmæla þeirri hugmynd. Þetta byggir á bæði siðferðilegum og hagfræðilegum rökum. Þegar tekið er upp aflamarkskerfi — skömmtunarkerfi — ríkið tekur að sér að úthluta mönnum réttinum, veiðiheimildunum, þá fá þær verð, þær verða verðmæti. Þar með er komið á ríkisskömmtunarkerfi, tilfærsla á gríðarlegum fjármunum og hætta á stórkostlegri mismunun.

Það er rétt sem hefur verið rifjað upp og vitnað í hinn bandaríska hagfræðing Becker, að þegar svo háttar til, þá er ríkið í gegnum skömmtunarkerfi að mismuna aðilum. Þeir einstöku aðilar, sem fengu sínar veiðiheimildir ókeypis og selja þær, hagnast á þeim. Þeir geta farið með þann hagnað út úr greininni. En aðrir sem vilja hasla sér völl í greininni þurfa auðvitað að kaupa sig inn í þessa atvinnugrein.

Þegar svo háttar til er það bæði af siðferðilegum og hagfræðilegum ástæðum rétt og skynsamlegt að ríkið úthluti ekki þessum verðmætum, þessu fémæti, ókeypis heldur taki fyrir það gjald, enda er það bein afleiðing af eignarrétti þjóðarinnar sem löggjafinn hefur lýst yfir.

Sú fullyrðing að þetta sé skattlagning endar oft í orðhengilshætti. Staðreyndin er sú að hér er skömmtunarkerfi. Staðreyndin er síðan sú að það fara fram viðskipti með þessi fémætu réttindi — kvótana. Menn standa ekki jafnt að vígi. Menn lúta ekki almennum reglum vegna þess að sumir hafa fengið þessi fémæti ókeypis, aðrir hafa keypt þau. En þessi viðskipti fara fram. Þau nema gríðarlega háum upphæðum. Þess vegna er ekki rétt þegar menn segja að það sé verið að taka upp skattlagningu með veiðileyfagjaldinu. Verðlagningin fer fram á markaðnum. Menn borga nú þegar háar fjárhæðir fyrir veiðileyfi en ekki til löglegs eiganda auðlindarinnar, íslensku þjóðarinnar. Hvaða áhrif mundi veiðileyfagjaldtaka hafa á þá markaðsverðmyndun? Hún mundi auðvitað hafa áhrif á þá markaðsverðmyndun. Hvort hún mundi auka hana í heild sinni fyrir greinina er enginn kominn til með að fullyrða.

Að þetta sé einhver skattur, sérstaklega á landsbyggðina, er bara frasi. Þetta gjald á að vera almennt. Það eiga allir í greininni að sæta því og skiptir í því efni engu máli hvar útgerðarfyrirtækið er rekið. Því er við að bæta að þetta er stærra mál, þ.e. ef menn vilja nota jafnframt tækifærið til þess að koma á almennum og eðlilegum sambúðar- og samkeppnisskilmálum milli atvinnugreina, þá er unnt að gera það með því að haga gengisskráningunni í samræmi við það þegar þetta gjald er innleitt. Það er alveg sérstakt mál. Það er einfaldlega spurning um það hvort Ísland ætlar að vera verstöð til eilífðar eða hvort við ætlum að skapa skilyrði fyrir aðrar atvinnugreinar til þess að þrífast við hliðina á sjávarútveginum.

Það eru öll rök, siðferðileg rök, hagfræðileg rök, efnahagsleg rök sem mæla með því að veiðileyfagjaldið verði tekið upp. Sér í lagi ætti skynsemin að kenna hæstv. sjútvrh., sem er einn helsti talsmaður aflamarkskerfisins, það að ef hann vill fá einhverja sátt um aflamarkskerfið þá verður hún aldrei fyrr en framsalsréttindum verður fylgt eftir með veiðileyfagjaldtöku.

[12:44]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. fór með gömlu ræðuna sína um það hvernig Aþfl. hafi á undanförnum árum ævinlega verið boðberi þess sem koma skuli í íslensku þjóðfélagi og gaman að heyra hana rifjaða upp enn einu sinni. Nú boðaði hann okkur að upprisan væri í nánd í þessu máli líka, það væri innan seilingar innan mjög skamms tíma. Eins og aðrir spámenn gaf hann ekki upp nákvæma tímasetningu en það er innan mjög skamms tíma sem við munum sjá að stóra stundin renni upp og þetta gamla baráttumál Alþfl. verði líka í höfn.

Í máli hv. þm. kom fram að þetta mál hafi sérstaklega verið á dagskrá Alþfl. í tíu ár. Það er öllum ljóst að hér er verið að fjalla um mjög stóra hluti og verið að fjalla um miklar upphæðir og þess vegna held ég að það sé mjög nauðsynlegt áður en lengra er haldið í þessari umræðu að hv. þm. upplýsi okkur um það hvað ætla megi að þetta gjald nemi háum upphæðum sem renni inn í ríkissjóð. Það er augljóst mál að flokkur sem hefur haft þetta á stefnuskrá sinni í heilan áratug hefur auðvitað gert sér nákvæma grein fyrir því hvernig með þessi mál verði farið. Ég ætla ekki að rukka hv. þm. sérstaklega um það hverja þeirra sjö leiða sem talað er um í greinargerð þáltill. Alþfl. hefur viljað fara. Það hefur farið fram hjá mér. En ég held að það sé a.m.k. lágmark að við heyrum það af vörum hv. 9. þm. Reykv., formanns Alþfl., hvað þetta muni gefa ríkissjóði í aðra hönd. Það hlýtur að vera grundvallaratriði fyrir alla frekari umræðu að menn viti a.m.k. stærðargráðuna í þessu stóra og mikla máli.

[12:46]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. ætlast ekki til þess sjálfur að fá svör við þessari spurningu. Það gerist ekki með því að nefna honum hlutföll eða tölur hér úr ræðustól.

Ákvörðun veiðileyfagjaldsins er mál sem ég geri ráð fyrir að verði með þeim hætti að menn vilji fara hóflega af stað, menn vilji jafnvel þreifa sig áfram og reyna fyrir sér um gjaldtökuna. Hv. þm. veit að við jafnaðarmenn störfum samkvæmt lögmálinu um óhjákvæmileik hægfara breytinga. Við erum reiðubúnir til þess að sætta okkur við málamiðlanir til þess að ná langtímamarkmiðum. Við knúðum hæstv. sjútvrh. í fyrrv. ríkisstjórn til að fallast á þróunargjald í Þróunarsjóðnum sem var, eins og hæstv. ráðherra sagði málamiðlun og meira að segja ekkert sérstaklega góð málamiðlun, en fyrsta skrefið engu að síður. Við skulum því byrja smátt, en mjór er mikils vísir.

[12:47]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti satt að segja von á dálítið ítarlegra svari. Ég hélt að eftir tíu ára feril Alþfl. í þessu máli lægi fyrir einhver gróf nálgun skulum við segja, ekki endanlegur útreikningur heldur gróf nálgun á því hvað við værum að tala um og hvað mundi gerast í blámóðu fjarskans þegar stóra stundin rynni upp, sem nálgast nú óðfluga að sögn hv. þm. Hins dregur hv. þm. mjög í land í þessu stutta andsvari sínu. Þetta á að ganga hægt fyrir sig í anda jafnaðarstefnunnar um málamiðlanir og annað sem við þekkjum úr hugmyndafræðilegri umræðu hv. þm., og eru auðvitað út af fyrir sig engin stórtíðindi. Hv. þm. talar um að hann ætli sér að fara mjög hóflega af stað.

Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hv. þm. hvað hér er átt við. Þetta er allt of óljóst orðalag í svona stóru máli þegar fjallað er um mál sem Alþfl. hefur verið sérstakur talsmaður fyrir. Það gengur ekki að skilja við þessa umræðu þannig að það eitt komi út úr því að hv. þm. lýsir því yfir að það verði farið mjög hóflega í sakirnar, svona fyrst um sinn. Ég lít þannig á að ef menn ætla að svara kröfunni um réttlæti sem sett er fram í þáltill., þá hljóti hið endanlega markmið að vera verslun með aflaheimildir milli útgerðarmanna og að skattprósentan sé höfð nægilega há til þess að fæla menn frá slíkri verslun. Menn hljóta a.m.k. að hafa einhverjar hugmyndir um það í fyrstu atrennu hvað gengið verður langt og til hvers þetta muni loks leiða. Eins og fram hefur komið í máli margra, þá erum við að ræða um gríðarlega mikla verslun með aflaheimildir eins og viðgengst í dag. En það

þarf auðvitað að liggja fyrir hvað menn ætla og geta ímyndað sér að þetta muni leiða til þegar stóra stundin rennur upp og draumsýnin mikla verður að veruleika eftir 10–20 ára stanslausa baráttu.

[12:49]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi spurningaleikur minnir orðið á fræg-an danskan stjórnmálamann sem var spurður til hvers það mundi leiða þegar fram væru komnar tillögur hans um afnám tekjuskatts og hann svaraði: „Et lykkeligt Danmark." Það þótti nokkuð gott svar.

Hv. þm. fær ekki svör frá mér um það hvernig rétt væri og skynsamlegt að stilla af veiðileyfagjald í upphafi, og ætlast að sjálfsögðu ekki til þess. Hér er verið að flytja tillögu um að skipa nefnd í málið og mörg sjónarmið þarf að vega og meta. Það verður ekki ákvörðunarefni okkar einna. Niðurstaðan verður að sjálfsögðu málamiðlun.

En ég vil endilega leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. þm. sem var sá að gert væri ráð fyrr því að veiðileyfagjaldið yrði stillt af til þess að koma í veg fyrir framsal veiðiheimilda. (**EKG:** Fyrir verslunina.) Fyrir verslun, já, viðskipti með veiðiheimildir. Það er alls ekki svo. Það er ekki svo í mínum huga og ég geri ekki ráð fyrir að það sé í huga flm. vegna þess að ef við erum að tala um aflamarkskerfið, þá gengur það einfaldlega ekki án framsals. Það vita allir menn. Aflamarkskerfið væri löngu dautt, það væri löngu búið að afnema það á Íslandi ef ekki væri þetta framsal. En framsalið gengur aldrei, framsalsrétturinn gengur aldrei, aldrei verður sátt um þetta kerfi nema þeir sem stunda framsalið sitji við sama borð, þ.e. að þeir hafi greitt eigandanum afnotagjald fyrir veiðiréttinn, fyrir afnotaréttinn. En hitt, að þeir séu að versla með annarra manna eigur samkvæmt þessum rétti, er þvílíkt siðleysi að það mun aldrei standast og verður aldrei sátt um það.

[12:51]

Útbýting þingskjals:

Sóttvarnalög, 160. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 194.

[12:51]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst umræðan sanna enn frekar en hún hafði gert þá er ég fékk orðið fyrr, að við erum afskaplega stutt á veg komin. Auðvitað er það svo að ef menn vilja koma í veg fyrir verslun með veiðiheimildir, þá er hægt að stilla af slíkt kerfi veiðigjalds, það er einn möguleikinn. Málið er náttúrlega að við þurfum að byrja á því að koma okkur saman um hverju við viljum ná fram. Við getum verið sammála um þau grundvallarsjónarmið að hér sé um réttlætismál að ræða og við getum verið sammála um að það geti verið efnahagsleg nauðsyn að setja slíkt gjald á. Síðan eru ýmsir fleiri þættir sem menn þurfa að vega og meta og þessari nefnd er ætlað að gera, og hún mun væntanlega komast að þeirri niðurstöðu sem heillavænlegust er fyrir þjóðina. Mér finnst það mjög miður að í umræðunni í dag skuli helsti andmælandi veiðileyfagjaldsins, hæstv. sjútvrh., koma fram í málinu með slíka útúrsnúninga og dylgjur um tilgang eða hagsmuni tiltekinna einstaklinga að mál hans verður marklaust. Það er mjög slæmt. Það er vont fyrir þessa umræðu vegna þess að það þarf að fara í hana með öðrum hætti. Og það ætti hæstv. sjútvrh. að skilja best af öllum.

Ég hefði talið eðlilegra að hann kæmi fram til þess að gæta annars vegar hagsmuna greinarinnar, hagsmuna útvegsins og hins vegar sem hæstv. sjútvrh. fyrir alla þjóðina, einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar sem á að gæta hagsmuna hennar í þessu máli. Ég tel mig málsvara hagsmuna þjóðarinnar í þessu máli, en jafnframt hagsmuna útvegsins. Það eru hagsmunir útvegsins að það náist ákveðin sátt um fiskveiðistjórnunina. Sú sátt er ekki fyrir hendi. Ef hæstv. sjútvrh. vildi tala fyrir útveginn og það fiskveiðikerfi sem hann vill standa vörð um, þá hefði hann átt að taka öðruvísi á málum í þessari umræðu.

Það er auðvitað svo að fjöldinn allur af útgerðaraðilum er sammála því að taka þurfi upp veiðileyfagjald. Hvaða útgerðaraðilar eru þetta? Þeir sem hafa talað svo í mín eyru eru fyrst og fremst þeir sem vilja standas vörð um kvótakerfið. Ekki í óbreyttri mynd vegna þess að þar þarf að sníða af ýmsa galla. Þegar hæstv. sjútvrh. er að tala um að flm. þessa frv. séu ofstjórnarmenn, ætti hann að byrja á því að líta í þann grasagarð sem lögin um stjórn fiskveiða er og eins og þau hafa þróast undir hans handarjaðri. Þar er ofstjórn, ef eitthvað er ofstjórn. Þeir sem vilja standa vörð um fiskveiðistjórnunina eiga að hugsa sig um og ef hæstv. sjútvrh. vill standa vörð um kvótakerfið og telur að það séu jafnframt hagsmunir útgerðarinnar, þá hefði hann átt að tala öðruvísi og varlegar. En hugsanlega heldur margur mig sig og orð sem hann lét falla fyrr í umræðunni benda til þess að hann gangi einhverra allt allt annarra hagsmuna, og það væri þá fróðlegt að það kæmi fram.

Hæstv. sjútvrh. talaði fjálglega um það áðan að það skipti okkur miklu máli að sjávarútvegurinn stæði sig það vel að fjölbreyttur iðnaður gæti blómstrað í kringum hann. Hæstv. sjútvrh. veit nákvæmlega jafn vel og ég að blómlegur iðnaður í kringum sjávarútveginn verður ekki áfram nema menn kunni svör við því hvað á að gera við þann fiskveiðiarð sem er að myndast í greininni og mun vonandi aukast á næstu árum.

Undanfarin 3–4 ár hefur gengið verið lágt skráð, það hefur árað illa í sjávarútvegi og gengisskráningin hefur verið þannig að það hefur fleira fengið að þrífast en sjávarútvegurinn. En þegar betur fer að ára, á þá það sama að gerast og hefur gerst áður? Á raungengið að hækka? Á sjávarútvegurinn að drepa af sér aðrar greinar, líka hinn blómlega iðnað? Og á síðan að fella gengið og við byrjum á hringekjunni upp á nýtt? Ég vil fá svör við þessu. Ég vil fá að sjá hver er framtíðarsýnin, hvernig menn ætla að bregðast við. Ætla menn að láta þetta yfir okkur ganga eina ferðina enn eða hvar er hagstjórn á Íslandi á vegi stödd? Er hún bara stödd í kringum eitthvað sem heitir þjóðarsátt um fryst laun? Á hún ekkert að vera merkilegri? Ætla menn ekki að taka á þessum málum? Mér þykir ágætt að heyra að það eru ekki allir í flokki sjútvrh. sammála þeirri einsýni og þeim þvergirðingshætti, liggur mér við að segja, sem fram kom í hans máli. Menn eru líka opnir í umræðunni og þess þurfum við við. Við þurfum að leita leiða og við þurfum að gefa svör við þeim spurningum sem fólkið í landinu spyr.

[12:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að bæta aðeins við það sem fram kom í máli mínu í fyrri ræðunni, einkum í ljósi þess sem fram hefur komið síðar í umræðunni.

Ég vil fyrst árétta það að óréttlætið sem fólki svíður er að útgerðarmenn geti selt það sem þeir eiga ekki, fyrir gjald sem þeir fá sjálfir gjaldfrítt. Hins vegar mega menn ekki draga of víðtækar ályktanir af þessari skoðun. Að mínu viti minnkar það ekki óréttlætið ef menn innheimta gjald í upphafi, en

leyfa síðan útgerðarmönnum að selja við hærra gjaldi en þeir þurfa að borga þegar þeir taka við aflaheimild frá ríkinu. Þá selja þeir með hagnaði, sem er væntanlega óréttlætið sem mönnum sviður. Menn hagnast á sölu á því sem þeir eiga ekki. Haldi menn fram óréttlætissjónarmiðinu, þá geta menn ekki fallist á að frjáls verslun með veiðiheimildir fari fram á þeim grunni að menn geti hagnast á þeirri sölu. Það má þá ekki vera hin almenna regla.

Þá hljóta menn með öðrum orðum að ætla að gjaldið í upphafi frá ríkinu til útgerðarmannsins verði að vera nokkuð hátt þannig að tryggt sé að meðaltali að ekki sé um að ræða hagnað á einstökum viðskiptum. Mér sýnist að þannig hljóti þetta að enda ef menn gefa sér þá forsendu að leysa úr óréttlætisvandamálinu.

Þá kemur upp annað mál sem ég hef ekki heyrt menn minnast á. Það verður gríðarleg breyting ef menn fara út á þá braut að selja allar veiðiheimildir. Þótt veiðiheimildir gangi í dag kaupum og sölum, hvort sem þær eru varanlegar eða ársheimildir, þá er eftir sem áður langstærstur hluti úthlutaðra veiðiheimilda til útgerðarmanna ekki seldur. Þannig að sú breyting að fara að borga fyrir allar veiðiheimildir yrði gríðarleg og sér í lagi mundi hún hafa mikil áhrif í útgerðarbæjum.

Við skulum taka sem dæmi Ísafjörð. Gefum okkur að þar séu að meðaltali 10 þús. þorskígildislestir, eins og það heitir, samanlagðar veiðiheimildir á þeim stað. Við skulum gefa okkur að ríkið leigi veiðiheimildina eða þorskígildistonnið á 50 kr. Það er áætlað verð sem við getum sagt að yrði ólíklegt til að stuðla að því að framhaldssala yrði með ábata. Þá er verið að tala um að þessi útgerðarstaður leggi í skatt til ríkissjóðs 500 millj. kr. á ári hverju. Hvað fengi hann til baka af þessum 500 millj. sem hann legði inn í ríkissjóð? Hann fengi kannski 1% eða 5 millj. Þarna værum við að rýra stöðu þessa útgerðarsamfélags um nærfellt 500 millj. Hverjir eru það sem verða af þessum tekjum? Það eru t.d. sjómenn, það er fólkið sem vinnur við fiskverkun í landi eða í kringum útgerðarfyrirtækið og vinnslufyrirtækin. Þetta eru þeir sem yrðu af tekjum vegna þessa nýja kostnaðarliðar. Ég tek undir það sjónarmið hæstv. sjútvrh. að menn eiga að sjálfsögðu að gæta hagsmuna þessa fólks. Við getum ekki verið sérstakir talsmenn fjármagnsins einvörðungu í þessari umræðu, en skilið fólkið eftir. Meira að segja hreyfing fólksins má gjarnan muna eftir því að það er fólkið sem ræður þessu þjóðfélagi, eða á að ráða, en ekki fjármagnið. Ég vil því vara mjög við framgangi hugmynda af þessu tagi, a.m.k. eins og þær hafa verið fram settar.

Ég vil svo draga fram tvennt sem hefur vakið athygli mína í umræðunni og ég lít á sem nokkuð stór tíðindi fyrir ýmsa hér á landi. Það er í fyrsta lagi að talsmenn tveggja flokka hafa lýst yfir andstöðu við sjómannaafsláttinn. Þar er annars vegar um að ræða formann þingflokks Kvennalistans og hins vegar varaformann Sjálfstfl. sem hér hafa báðir komið upp og talað á móti sjómannaafslætti, sem hefur verið þjóðarsátt um. Honum er ætlað að stuðla að því að hæfir menn fáist í útgerð. Þetta er erfitt starf og til að fá menn til að sinna því býðst þeim skattaívilnun og svo hefur lengi verið. Það er greinilegt að sú þjóðarsátt sem verið hefur um þetta mál er að bresta og hún er að bresta hjá þessum tveimur flokkum, þótt ég haldi því ekki fram að hæstv. sjútvrh. sé sammála hæstv. fjmrh., varaformanni Sjálfstfl., í þessu máli. Enda gerði fjmrh. sér erindi í andsvar við ræðu sjútvrh. til að undirstrika hversu ósammála þeir væru í málinu. Þetta finnst mér mjög til tíðinda í þessari umræðu.

Í öðru lagi lýsa fulltrúar Kvennalistans yfir stuðningi við veiðileyfagjaldið og hafna stefnu Kvennalistans til margra ára um byggðakvóta. Nú er sú stefna endanlega út af borðinu hjá þeim flokki.

Í þriðja lagi lýsir hæstv. fjmrh., varaformaður Sjálfstfl., yfir því að sjávarútvegurinn eigi að borga kostnað við stofnanir vegna sjávarútvegs, eins og Hafrannsóknastofnun o.fl. Mér finnast það mjög alvarleg tíðindi ef vísindastarfsemi og rannsóknastarfsemi í atvinnugrein á að vera rekin af hagsmunaaðilum. Það er ekki bara hægt að láta þá borga, því að móti því að þeir borgi hlýtur að koma að þeir eigi að ráða líka. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja þessa stefnu og er andvígur henni alveg eins og við alþýðubandalagsmenn vorum fyrir þremur árum, þegar hér var gerð tillaga í fjárlagafrv. um að láta sjávarútveginn borga þennan kostnað að mestu leyti. En það tókst að svíða það út úr fjárlögunum og ég vænti þess að þetta þing beri þá gæfu að komast að sömu niðurstöðu og stöðva ásælni hæstv. fjmrh. hvað þetta varðar.

Fleira merkilegt hefur komið fram í þessari umræðu sem vert væri að ræða og skiptast á skoðunum um, en tíminn er takmarkaður. Þetta hefur þó verið fróðlegt það sem af er, þannig að ég læt þetta duga að sinni, virðulegi forseti.

[13:05]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um veiðileyfagjald hefur því miður verið nokkuð brennd því marki, sem að mínum dómi hefur mjög skaðað þá umræðu á undanförnum árum, að eindregnir talsmenn veiðileyfagjalds hafa blandað þeirri umræðu mjög afdráttarlaust inn í umræðuna um stjórnkerfi á veiðum og gefið þannig mörgum til kynna að með því að taka upp veiðileyfagjald væri hægt að leggja til hliðar það kvótakerfi sem hér hefur verið við lýði. Það hefur aldrei komið skýrt fram í umræðunni hvort veiðileyfagjaldið væri eingöngu greiðsla sem handhafendur kvótans ættu að inna af hendi vegna þess að þeir fengju rétt á að nýta sameiginlega auðlind, eða hvort menn héldu að með álagningu á slíku gjaldi væri hægt að taka upp nýtt stýrikerfi í sjávarútvegi í stað kvótans. Þessi ruglandi kemur því miður nokkuð skýrt fram í greinargerðinni með þessari þáltill.

Grundvallarafstaða mín er hins vegar sú að þegar atvinnufyrirtæki fá rétt til að nýta eign og auðlind sem er þjóðareign, þá getur verið fullkomlega eðlilegt að handhafar þess nýtingarréttar greiði ákveðið gjald í sameiginlegan sjóð. Það tíðkast t.d. í ýmsum löndum að fyrirtæki sem fá að nýta námur, sem eru sameiginleg eign þjóðarinnar, greiða fyrir það ákveðið gjald. Ég hugsa t.d. að ef hér væru einkarekin orkufyrirtæki, þá þætti mönnum sjálfsagt að orkufyrirtækin greiddu ákveðið gjald fyrir að nýta hina sameiginlegu auðlind. Með sama hætti finnst mér það geta verið alveg sjálfsagt mál að þau útgerðarfyrirtæki sem fá að nýta sameiginlega auðlind okkar í hafinu, greiði af því sérstakt gjald. Að því leyti er samanburður hæstv. sjútvrh. við aðrar atvinnugreinar algerlega út í hött. Verslunin á Íslandi nýtir ekki sameiginlega auðlind líkt og sjávarútvegurinn vegna þess að það eru ekki lagaákvæði í íslenskum lögum um að viðskiptakerfið sé þjóðareign.

Iðnaðurinn sem framleiðir vörur hér, t.d. úr innfluttum hráefnum, er heldur ekki í sömu stöðu og sjávarútvegurinn. Og þannig mætti lengi telja, hæstv. sjútvrh., og það er satt að segja gjörsamlega út í hött að ætla sér að flytja þær

röksemdir út frá almennum grundvelli markaðskerfisins og öðrum atvinnugreinum, eins og hæstv. sjútvrh. sagði áðan. Staðreyndin er sú, hæstv. sjútvrh., að íslensk lög kveða á um það að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Gegnum kvótakerfið er tilteknum fyrirtækjum síðan veittur réttur til að nýta þessa auðlind og versla með þann rétt. Aðgangurinn að því er af hálfu stjórnvalda takmarkaður með úthlutun veiðileyfa. Þess vegna finnst mér alveg koma til greina að taka upp á Alþingi sameiginlega athugun okkar allra á því hvort rétt sé að þeir sem fá að nýta þessa sameiginlegu auðlind, eða aðrar sameiginlegar auðlindir, greiði fyrir það ákveðið gjald. Ég hef satt að segja aldrei skilið hitann í þeirri umræðu, af hverju þetta er svona mikið tilfinningamál eða svona mikið átakamál. Mér hefur að mörgu leyti fundist sjálfsagt réttlætismál að það væri gert.

Vandinn við umræðuna hefur hins vegar verið sá að hún hefur verið beinn fylgifiskur umræðunnar um kvótakerfið og með hvaða aðferðum ætti að ákveða hverjir veiddu þá stofna sem hér er ákveðið að veiða. Þetta kemur t.d. fram í greinargerðinni á bls. 2, þar sem sagt er að ef tekin væri upp sú regla að allur afli færi um fiskmarkaði, þá væri þetta vandamál úr sögunni. Ég sé ekki hvernig hægt er að færa rök að því. Eru flm. tillögunnar virkilega að segja að ef í staðinn fyrir kvótakerfið væri ákveðið að allur afli ætti að fara um fiskmarkaði, þá þyrfti þar með ekki að leggja á veiðileyfagjald? Því er ég algjörlega ósammála. Ef almenn rök eru fyrir því að leggja á veiðileyfagjald, þá eiga þau ekkert síður við þó að afli fari um fiskmarkaði.

Eins er talað um að veiðileyfagjaldið verði leið til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Það er allt annar þáttur, hvernig við ætlum að fást við sveiflujöfnun í sjávarútvegi er almennt hagfræðilegt vandamál og jafnframt rekstrarvandamál fyrir atvinnugreinar. Það hefur ekkert með grundvallarafstöðuna um afnotagjald af sameiginlegri auðlind að gera. Þess vegna finnst mér pínulítið miður að hv. þingmenn, ágætir flutningsmenn þessarar tillögu, hafa kosið að blanda svona mörgu inn í þetta mál, sem ég held að standi í vegi fyrir því að hér geti farið fram eðlileg og sjálfsögð athugun á því hvort veiðileyfagjald í einhverri mynd sé tekið upp.

Ég vildi, virðulegi forseti, lýsa þessum sjónarmiðum í mjög stuttu máli. Ég er reiðubúinn til þess fyrir mitt leyti að taka þátt í því að reyna að móta einhvers konar afgreiðslu þingsins á athugun á veiðileyfagjaldi, en þá finnst mér að það þurfi að hugsa og rökstyðja þá vinnu betur en gert er í þessari greinargerð.

[13:13]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því meginefni sem fram kom í máli hv. þm., hér er auðvitað um að ræða siðferðilegt álitamál. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, vegna hans ræðu áðan, að þessi þáltill. gerir ekki ráð fyrir því að fram fari sérstök athugun á því hvort taka eigi upp veiðileyfagjald. Því er slegið föstu. Að vísu kemur fram, eins og ég nefndi áðan, að skilgreiningin á veiðileyfagjaldi er mjög á reiki í greinargerð þáltill. Annars vegar er sagt að það eigi að taka upp veiðileyfagjald, en í greinargerðinni eru síðan gefnir upp sjö valkostir, sem maður getur gripið eftir því sem manni líst best á. Ég held því að sú athugun sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er að tala um, spurningin um hvort það eigi yfir höfuð að taka upp veiðileyfagjald, sem að öðrum þræði er auðvitað pólitísk spurning, verði tæplega til lykta leidd í einhverri nefndarvinnu. Það verklag sem hins vegar er lagt til í þáltill. er allt annað mál.

[13:14]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur oft gerst í þinginu að þáltill. er breytt í meðferð þingsins. Þótt þær séu orðaðar á ákveðinn hátt þegar þær koma fram, getur myndast samstaða í nefnd um að breyta því orðalagi og þá gildir orðalag þeirrar tillögu og nefndarálitið, en ekki sú greinargerð sem fylgir tillögunni upphaflega. Ég var að lýsa mig reiðubúinn til þess að taka þátt í því að móta tillögu um veiðileyfagjald, sem náðst gæti vonandi nokkuð breið samstaða um, vegna þess að það er grundvallarafstaða mín að fái ákveðnir rekstraraðilar, og aðeins tilteknir rekstraraðilar, afnotarétt af sameiginlegri auðlind, þá eigi þeir að greiða fyrir það gjald. Það á ekki að vera ókeypis aðgangur afmarkaðra og takmarkaðra aðila að sameiginlegri auðlind. Menn greiða t.d. vatnsskatt í ýmsum sveitarfélögum á landinu vegna þess að vatnið er sameiginleg auðlind, ekki vegna þess að það sé bara skattstofn heldur að það er talið eðlilegt að þeir sem nýta sameiginlega auðlind sveitarfélagsins greiði fyrir það. Ég held að hægt sé að færa mörg hagfræðileg rök auk þessarar grundvallarafstöðu fyrir því að ekki næst skynsamleg nýting á sameiginlegri auðlind nema menn greiði fyrir það eitthvert gjald. Þess vegna finnst mér þetta ekki vera siðferðileg spurning eins og kom fram hjá hv. þm. þó auðvitað megi orða það svo en aðalatriðið er að við könnum það í sameiningu hvort við séum ekki sammála því að taka upp slíka skipan.

Að öðru leyti ætlaði ég ekki að taka ítarlegan þátt í þessum umræðum en vildi að þessi afstaða kæmi hér fram.

[13:16]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið upplýst í dag að þrír þingflokkar styðja hugmyndina um veiðileyfagjald en afstaða stjórnarflokkanna og Alþb. hefur ekki komið skýrt fram. Það er ljóst að innan Sjálfstfl. eru skiptar skoðanir um veiðileyfagjald. M.a. lýsti hv. þm. Pétur Blöndal því yfir að hann væri hlynntur þeirri leið að dreifa veiðiheimildum á milli allra landsmanna og kom auk þess fram með mjög athyglisverða og umhugsunarverða hugmynd um leið til að komast út úr núverandi kerfi og yfir í annað.

Ég vil vekja athygli á því að enginn framsóknarmaður hefur tekið þátt í umræðu um þetta mikilvæga mál og ég lýsi eftir afstöðu Framsfl. eða framsóknarþingmanna til þessa máls. Eru þingmenn Reyknesinga með sérstöðu í þessu máli eða er allur Framsfl. sammála stefnu Þorsteins Pálssonar? Það er mjög mikilvægt að mínu mati að þjóðin átti sig á því að Framsfl. virðist forðast umræðu um þetta mál. Ég ætlaði að segja að að væri enginn framsóknarþingmaður í salnum en núna er einn varaþingmaður kominn í salinn.

Ég fagna þeim skilningi hæstv. fjmrh. að það sé alls ekkert sjálfsagt að ríkið greiði sjómönnum laun fyrir atvinnurekendur. Ég fagna þeirri réttlætiskennd hans að það sé lágmark að útgerðarmenn standi undir launum sjómanna og að einhverju leyti undir kostnaði við rannsóknir í sjávarútvegi. Vegna orða hv. þm. Kristins Gunnarssonar vil ég taka fram að ég tel laun sjómanna alls ekki vera of góð en að atvinnurekendum þeirra beri að greiða þau. Mér finnst t.d. ekki eðlilegt að það fólk sem t.d. vinnur á Akraborginni eða við beitningar fái helmingi hærri persónufrádrátt en aðrir landsmenn.

Vegna orða hæstv. sjútvrh. tek ég fram að ég er hlynnt því að fiskvinnslufólk fái mun hærri laun. Ég er þeirrar skoðunar að atvinnurekendur þeirra, þ.e. útgerðarmenn eða þeir sem eiga fiskvinnsluna, geti greitt hærri laun og vona svo sannarlega að því takist að semja betur næst.

Vegna stefnu Kvennalistans um byggðakvóta sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson gerði áðan að umtalsefni skal það upplýst að við höfum ekkert fallið frá þeirri stefnu enda lagði ég áherslu á það í fyrri ræðu minni ef ekki næðist fram endurskoðun, sem væri í takt við okkar stefnu, væri það lágmarkskrafa að styðja hugmyndina um veiðileyfagjald vegna þess að sú stefna við fiskveiðistjórnun, sem nú ríkir, stríðir að mínu mati gegn lögunum um stjórnun fiskveiða. Ég tek líka fram að þingflokkur Kvennalistans í heild er þessarar skoðunar. Hugmyndir um aflagjald voru ræddar á nýloknum landsfundi Kennalistans og var samþykkt að styðja hugmyndir um aflagjald.

[13:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beini tveimur spurningum til hv. þm. Í fyrsta lagi: Hvort á að hafa forgang, að leggja skatt á sjávarútveginn til þess að draga peninga inn í ríkissjóð eða að nota það svigrúm sem hv. þm. telur að sé fyrir hendi í sjávarútveginum til þess að greiða fiskvinnslufólki hærra laun? Það væri mjög æskilegt og þarft fyrir umræðuna að fá að vita þessa forgangsröð svo við deilum ekki um aðra þætti í þessu efni.

Í annan stað vildi ég gjarnan fá að vita um þá hugmynd sem hv. þm. var að taka undir og hv. 16. þm. Reykv. reifaði að aflaheimildum yrði dreift á alla einstaklinga í landinu og þeir gætu síðan selt þeim sem vilja gera út. Þetta er um margt mjög athyglisverð hugmynd og mundi auðvitað þýða miklu meiri dreifingu í upphafi á yfirráðum yfir veiðiréttinum. En það er grundvallarspurning sem hv. þm. þarf að svara og hv. 16. þm. Reykv. svaraði. Hann sagði: Ég tel ekki að það eigi að leggja auðlindaskatt á úthlutun þessara aflaheimilda til einstaklinganna. Þeir geta selt aflaheimildirnar og þurfa sjálfsagt að greiða síðan tekjuskatt af þeim söluhagnaði en það á ekki að leggja á þá auðlindaskatt. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Ef þessi leið yrði farin telur hann að það eigi að leggja auðlindaskatt á einstaklingana sem fengju úthlutað veiðiheimildum með þessum hætti og taka síðan af þeim tekjuskatt þegar veiðiheimildirnar yrðu seldar útgerðarmönnunum?

[13:23]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvort á að koma undan, hækkuð laun fiskvinnslufólks og sjómanna eða veiðileyfagjald? Þetta eru algerlega tvö aðskilin mál að mínu mati en mér finnst þau álíka framarlega í forgangsröð. Annað er nauðsynlegt til þess að tryggja að ákveðin lög séu virt, þ.e. að auðlindin sé í eigu landsmanna og ég er þeirrar skoðunar að útgerðarmenn séu aflögufærir til þess að gera hvort tveggja. Þeir greiða nú þegar veiðileyfagjald hver til annars. Þeir fá veiðiheimildir gefins frá hæstv. sjútvrh. og versla síðan með þær að vild. Þessi auðæfi eiga auðvitað að fara til ríkisins.

Hæstv. sjútvrh. talaði um kraftinn sem væri núna í sjávarútveginum og að þeir væru að sækja á fjarlæg mið og því ber vissulega að fagna. Ég tel því að þeir séu algerlega borgunarmenn fyrir bæði betri launum og að greiða aflagjald.

Varðandi síðarnefndu spurninguna eignaði hann mér þá leið að ég vildi að landsmenn fengju veiðileyfaheimildir hver og einn. Ég var að vitna í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals og gerði þessa leið alls ekki að minni. Ég lagði bara áherslu á það að þetta væri mál sem þyrfti að fá góða umræðu í nefndum þingsins og er alls ekki tilbúin til þess að lýsa yfir einni eða neinni leið sem betri annarri á þessari stundu.

[13:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fer eins og köttur í kringum heitan graut þegar spurt er einfaldra spurninga. Sannleikurinn er auðvitað sá að skattlagning af því tagi sem hv. þm. er að tala fyrir eykur kostnað í útgerðinni og það kemur fram í greinargerð flm., leiðir meira að segja til meiri óhagkvæmni samkvæmt kenningu fiskihagfræðinnar eftir því sem flm. sjálfir segja. Er það líklegt til þess að greiða fyrir því að hægt verði að greiða hærri laun til fiskverkafólks? Ég hef miklar efasemdir um það. En hv. þm. reynir að koma sér hjá því að svara þeirri spurningu. Er líklegt að aukinn kostnaður með skattheimtu flýti fyrir því að hægt verði að hækka laun fiskverkafólksins? Ég efast um það ef menn ætla að vera raunsæir. Það er auðvitað hægt að slá um sig og segja: Þetta er allt hægt. En af hverju er þá ekki búið að hækka laun fiskverkafólksins?

Auðvitað er ekki hægt að afgreiða mál með svona einfalt. Menn verða að horfast í augu við þessa einföldu staðreynd.

Hin spurningin laut einfaldlega að því ef sú leið yrði farin sem hv. þm. minntist á, þ.e. að dreifa aflaheimildunum á hvern einstakling sem ég teldi alveg geta verið til umræðu eins og hvað annað, er það þá skoðun hv. þm. að í þeim tilvikum eigi að leggja auðlindaskatt á einstaklingana sem fengju veiðiréttinn og láta þá svo síðan greiða tekjuskatt af söluhagnaðinum? Ég held að hv. þm. hljóti að geta gert sér grein fyrir því hvort það á að leggja slíkan skatt á ef þessi leið yrði farin.

[13:27]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér erum við bara að tala um það, hæstv. sjútvrh., að opna umræðu um þetta mál og ég legg áherslu á það. Það getur vel verið að niðurstaðan verði sú að til að byrja með yrði gjaldið ekkert miklu hærra en það gjald sem útgerðin greiðir í dag og þá yrði alls enginn viðbótarkostnaður. Við skulum bara gera okkur grein fyrir því.

Mér finnst athyglisverðast í umræðunni að ekki megi taka málið á dagskrá. Með tillögunni er fyrst og fremst verið að biðja um að þessi mál verði athuguð og ég lýsi enn og aftur því yfir mér dettur ekki í hug að svara því hvort þessi eða hin útfærsla sé réttlát og ekki. Þessi mál verða að skoðast í heild.

[13:28]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Í lok umræðunnar vil ég fara yfir nokkur af þeim atriðum sem komu fram. Ég vil þakka fyrir umræðuna. Hún hefur að mörgu leyti verið málefnaleg varðandi það efni sem er til umræðu.

Tvennt er grundvallaratriði. Í fyrsta lagi kom skýrt fram í framsögu minni og kemur fram í greinargerðinni að veiðileyfagjaldsumræðan og fiskveiðistjórnunarkerfisumræðan eru tvær óskyldar umræður, að vísu ekki ótengdar, en þessi tillaga fjallar um álagningu veiðileyfagjalds. Grunnröksemdirnar hafa komið mjög skýrt fram af hálfu margra sem hér hafa talað eins og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og hv. þm. Guðnýjar

Guðbjörnsdóttur og reyndar hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og hv. þm. Péturs Blöndals sem drógu fram skýra undirstöðu í umræðunni sem varðar það að hér er úthlutað verðmætum af ríkisins hálfu. Þeim er úthlutað ókeypis, þau skapa þannig verðmæti í verslun milli manna. Það er þetta sem flokkast undir réttlætissjónarmið í umræðunni, að það sé réttlætismál að leggja á veiðileyfagjald.

Hinn þátturinn sem líka hefur komið skýrt fram í þessari umræðu er sá sem víkur að hagstjórnarhlutverki veiðileyfagjalds, þ.e. að bregðast við breyttum aðstæðum. Ég hef gert þetta nokkuð að umtalsefni vegna þess að auðlindagjald var í sjávarútvegi með gengisskráningu hér áður fyrr. Fiskveiðastjórnunarkerfi myndar svokallaðan fiskveiðiarð í kerfinu. Nú er ekki tími til að fara yfir myndun fiskveiðiarðs í fiskveiðistjórnunarkerfinu, það er hluti af fiskihagfræði, en það er mjög auðvelt að koma með stýrikerfi í sjávarútvegi þar sem enginn fiskveiðiarður myndast. Hér er um það að ræða að þar sem stýrikerfi er þannig háttað að fiskveiðiarður er til staðar þá gengur veiðileyfagjald út á það að hluti af þessum hagnaði sé látinn renna beint til þjóðarinnar, til ríkisins, sem fer með umboðið fyrir hönd þjóðarinnar.

Ég vil taka alveg skýrt fram varðandi einmitt þessa tillögu að fyrsta setningin í henni er afstaða, þ.e. Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Það er hin pólitíska afstaða sem er sett fram í tillögunni í þessu formi. Síðan er það útfærsluatriði að skipuð sé nefnd á forræði sjútvrh. eftir tillögu þingflokka og hagsmunaaðila að semja frv. sem síðan kæmi inn til Alþingis. En grundvallarafstaðan kemur fram í fyrsta málsliðnum að Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson nefndi að þetta væri óljóst vegna þess að það væru taldar upp einar sjö leiðir varðandi þetta og menn gætu ekki samþykkt veiðileyfagjald vegna þess að menn vissu ekki leiðina. Hinar sjö leiðir sem eru taldar upp í tillögunni eru hugmyndir um útfærslu, þ.e. hvernig hægt er að útfæra það að leggja á veiðileyfagjald. Þarna eru sjö hugmyndir, þær gætu í sjálfu sér verið fleiri. Það breytir ekkert um grundvallarafstöðu í þessu máli hvort leggja eigi á veiðileyfagjald eða ekki með hvaða hætti menn útfæra þetta í einstökum þáttum. Vitaskuld kemur það hvort tveggja fram í skoðun nefndarinnar sem gert er ráð fyrir í tillögunni að starfi. Það verður líka að hafa í huga og það er svolítil einföldun sem hefur komið fram hjá sjútvrh. varðandi þetta mál sem leggur ofuráherslu á að hér sé um skattlagningu að ræða og dregur ekki fram þau réttlætisrök sem hafa fylgt þessu máli og ekki heldur þau hagrænu rök sem lúta að breyttum aðstæðum, látum það vera. En það er enginn að tala fyrir veiðileyfagjaldi sem skattpíningu mikilvægrar atvinnugreinar. Ég hef ekki heyrt neinn tala á þeim nótum sem hefur talað fyrir þessari hugmyndafræði. Í mínum huga og í flestra er sjávarútvegurinn okkar besta mjólkurkýr og við höfum nýtt þessa mjólkurkú um áratuga skeið í okkar efnahagslífi. Það er í sjálfu sér engin breyting að verða á því. Hér áður var þessi fiskveiðiarður hins vegar tekinn út úr greininni með hárri gengisskráningu til hagsmuna fyrir alla þjóðina í formi ódýrs innflutnings. Þetta var hagstjórnin sem var beitt hér um áratuga skeið. Við stöndum núna frammi fyrir breyttum aðstæðum sem krefjast þess að starfsskilyrði milli atvinnugreina verði jöfnuð hugsað til lengri tíma. Við verðum að ná hér betri uppbyggingu á öðrum útflutningsiðnaði og öðrum útflutningsatvinnuvegum vegna þess að Íslandsmið geta ekki endalaust staðið undir aukinni velsæld okkar Íslendinga, það er einföld staðreynd. Við ætlum okkur ekki, ég held að menn séu allir sammála um það, að hverfa til þeirrar hagstjórnar sem hér var beitt fyrir árið 1990. Þau rök að leggja ofuráherslu á skattlagningu, að það sé meginatriði í þessu máli, er ekki rétt nálgun á þessu efni. Hvað varðar laun í fiskvinnslu þá eru nú menn komnir, held ég, út um víðan völl í þessari umræðu.

Hæstv. fjmrh. drap á nokkra þætti í þessari umræðu og dró meðal annars fram útgjöld ríkissjóðs varðandi sjávarútveginn, hann nefndi hafrannsóknir og margt margt fleira. Ég benti í minni framsögu á Nýsjálendinga sem hafa lagt á veiðileyfagjald vegna þess að þeir úthluta þar veiðiheimildum og þeim finnst sanngjarnt að það sé tekið gjald fyrir veiðiheimildir og þeim finnst sanngjarnt að þetta gjald renni í ríkissjóð til að standa undir hluta af þeim kostnaði sem þeir verða fyrir vegna sjávarútvegs. Þeir framkvæma þessa stefnu sem við erum að tala um í frv. Hugmyndin hjá þeim þegar þeir lögðu upp með veiðileyfagjaldið var að miða við að þessi hluti af fiskveiðiarðinum mundi duga til að reka hina opinberu umsýslu sjávarútvegs, það væri það sem þeir stefndu að. Það hefur gengið misjafnlega hjá þeim að ná því markmiði en það var þeirra umgjörð. Þetta er ekki skattlagning í hefðbundnum skilningi eins og t.d. að hækka tekjuskattsprósentu, eignarskattsprósentu eða minnka afskriftahlutföll í sjávarútvegi eða eitthvað þess háttar. Það er hægt að ræða um margs konar sérstaka skattlagningu á sjávarútveg ef menn kjósa það eða atvinnulíf almennt. Við þekkjum það meira að segja hér á landi að það er til margs konar útfærsla á þeim þætti. Hér er um að ræða gjaldtöku vegna þess að hér er úthlutað verðmætum af hálfu ríkisins sem eru af skornum skammti sem skapa verðmæti sem er verslað með í viðskiptum manna á meðal og þeir hagnast á því án þess að hafa greitt til eigandans á nokkurn máta. Það var dregið mjög skýrt upp í umræðunni af hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur hverjir væru raunverulega valkostir ríkisvaldsins við úthlutun slíkra verðmæta, að gefa þau, leigja eða selja. Það er hin pólitíska ákvörðun sem þarf að taka hverju sinni.

Hér hefur verið nefnt að galli framsalsins, sem er ákveðið grundvallaratriði í núgildandi kerfi, er fyrst og fremst þetta sem særir réttlætistilfinningar fólksins í landinu að menn eru að hagnast á verslun með eign annarra án þess að hafa greitt nokkuð til eigandans. Ég tel fjölmörg rök mæla með því að það sé tekið upp veiðileyfagjald hér á landi. Ég lagði á það sérstaka áherslu að hluti af þeirri umræðu um að taka upp veiðileyfagjald er að ná sátt um sjávarútvegsmál hér á landi, er liður í skynsamlegri efnahagsstjórn til að rétta af betur stöðu annarra atvinnugreina og í þriðja lagi er þetta aðferð sem skapar líka sjávarútveginum sterka stöðu eins og hann hefur haft í hinni efnahagslegu umgjörð okkar Íslendinga. Það er þetta allt sem veiðileyfagjald mun ná fram. Gagnrýni á þessa hugmynd er kannski ekki mjög víðáttumikil, en hún er hörð eins og hér hefur komið fram í umræðunni. En ég er sannfærður um að því lengur sem það dregst að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi og hefja þessa umræðu í þann farveg að menn geti rætt um útfærslu á því, þeim mun verra verður það fyrir sjávarútveginn sé litið til lengri tíma.

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið um margt athyglisverð og sérstaklega er það athyglisvert að nú undir lok umræðunnar segja helstu talsmenn og flutningsmenn

tillögunnar að þeir séu í raun og veru ekki að tala um aðra gjaldtöku á sjávarútveginn og aðra skattheimtu en fer fram í dag. Hv. 19. þm. Reykv. hafði þau orð. Hv. flm., 11. þm. Reykn., hefur ekki talað um annað en að gera eitthvað svipað og Nýsjálendingar. Nýsjálendingar eru að leggja gjald á sjávarútveginn til að standa undir tilteknum kostnaði sem ríkið hefur með mjög svipuðum hætti og við gerum í dag. Munurinn er ef til vill sá að báðar þjóðir leggja á gjald til að standa undir veiðieftirliti. Þeir leggja á gjald til að standa undir hafrannsóknum, ef ég hef skilið það rétt, en við notum svipaðar upphæðir til í Þróunarsjóð. Flm. tillögunnar eru því að draga í land og til hvers er þá verið að fara af stað ef þeir í raun og veru meina ekki annað en að það eigi að leggja á svipuð gjöld og lögð eru á í dag? Hvers vegna er þá verið að fara af stað með tillöguflutninginn?

Í málflutningnum í upphafi kom hins vegar fram og í greinargerðinni að markmiðið væri annað eins og segir í greinargerðinni: að hagnaðurinn eigi að dreifast meðal landsmanna allra og það verði best gert með því að leggja á skatt og setja hann í ríkissjóð. Það þurfi að dreifa skattinum. Þess vegna hefur þessi hugmyndafræðilega umræða farið hér fram. En ég fagna því auðvitað mjög ef flutningsmennirnir eru að draga í land með þetta og eru fyrst og fremst að tala um að leggja skattinn á til að standa undir tilteknum kostnaði við veiðieftirlit og annað þess háttar. Þá er ekki mikill ágreiningur milli okkar og þá hafa þeir dregið mjög verulega í land frá því í upphafi umræðunnar.

Það hefur líka komið hér fram að menn eru að tala um alveg gjörólíka hluti. Gamli Alþfl., hv. 9. þm. Reykv., er að tala um gjaldtöku til að stjórna veiðunum og til þess að afnema það sem hann segir óréttlætið í því hvernig aflaheimildum var úthlutað í upphafi. Nú er ég út af fyrir sig alveg sammála því að það er ekkert sérstakt réttlæti að úthluta aflaheimildum á grundvelli aflareynslu. Ég held hins vegar að það hafi ekki verið bent á aðra aðferð sem er réttlátari og ég er alveg sannfærður um að ef menn hefðu ætlað að selja aflaheimildirnar í upphafi þegar þurfi að grípa til þessara ráðstafana á sínum tíma til að takmarka veiðarnar þá hefði mönnum þótt sú aðferð miklu óréttlátari hinni sem var farin. En hv. 9. þm. Reykv. er að mæla hér fyrir skatti til að selja veiðiheimildirnar á uppboði og finna réttlátara kerfi fyrir dreifingunni. Hv. 11. þm. Reykn., sem er að tala hér fyrir nýja Alþfl., er ekki að tala um að breyta grundvelli úthlutunarinnar. Hann var í upphafi þessarar umræðu að tala um að hún héldi áfram og að menn keyptu og seldu aflaheimildir. Það ætti hins vegar bara að leggja á viðbótarskatt á þann skatt sem lagður er á aflaheimildirnar í dag til þess að dreifa út til almennings. Undir lokin var hann farinn að tala um að það ætti að leggja á skatt til að standa undir tilteknum opinberum kostnaði. En hér eru menn að tala um sitt hvorn hlutinn í þessum tveimur krataflokkum. Alveg gjörólíka hluti. Talsmaður Kvennalistans getur ekki gert upp við sig hvort það á að leggja auðlindaskatt á veiðiheimildir sem dreift er til einstaklinga. Þessir hlutir ganga því út og suður í umræðunni.

Mér finnst líka bera talsvert á því að formælendur skattsins eru að notfæra sér ýmsa erfiðleika sem við eigum við að stríða í fiskveiðistjórnunarkerfinu og ég tek undir að eru mikil vandamál eins og úrkast á fiski sem ég tel vera eitthvað allra alvarlegasta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir og getur raunverulega ógnað öllum möguleikum okkar á því að nýta fiskimiðin með hagkvæmum hætti til lengri tíma ef við náum ekki tökum á því. En að nota þennan vanda og þá óánægju sem auðvitað er vegna þeirrar staðreyndar hvernig menn ganga um auðlindina til að rökstyðja skatt fæ ég ekki skilið. Halda menn að freistingin til að henda verðminnsta fiskinum verði minni ef menn þurfa að borga meira fyrir aflaheimildirnar með skatti? Ég held ekki. Það var gott við ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að hann einmitt dró skýr skil á milli. Það var mjög málefnalegt framlag af hans hálfu og hann var ekki að draga þessi atriði inn í umræðuna. Ég get alveg tekið þátt í umræðu á þeim grundvelli. Menn geta haft mismunandi skoðanir en ég tel það ekki málefnalegt að vera að draga þessa þætti inn því það má þvert á móti halda því fram að freistingin yrði meiri til að henda verðminnsta fiskinum ef það yrði farið að skattleggja hann. Eða á að setja skattinn á í mismunandi hlutföllum eftir verðmæti fisksins?

Hér hefur verið bent á að margir hafi áhyggjur af því að aflaheimildir færist á færri hendur og það verði til of stór fyrirtæki. Sumir halda því fram að stærstu fyrirtækin í dag séu of stór, óeðlilega stór, og það megi rekja til kvótakerfisins. Flutningsmennirnir eru ekki að tala um að breyta neinu í þessu efni og ég er þeirrar skoðunar að það séu meiri líkur á því að stærri fyrirtækin yrðu mjög fljótt stærri en þau eru í dag vegna þess að fjárhagslega eru einstaklingsútgerðirnar veikari í dag en þær stærri og þess vegna líklegt að nýr kostnaður og nýr skattur mundi leiða til þess að þær útgerðir hrykkju upp af standinum og stærri útgerðirnar keyptu aflaheimildirnar. Þetta er engin ásökun á varaformann Granda, ekki á nokkurn einasta hátt. Ég held að það sjái það bara allir í hendi sér að við þær aðstæður sem við búum í dag þá er þetta líkleg þróun af slíkri skattheimtu. Menn geta auðvitað haft þá skoðun að samt sem áður sé rétt að leggja skattinn á. En um það hljóta menn að deila.

Ég fagna því, herra forseti, að mér finnst að talsmenn tillögunnar hafi undir lokin breytt mjög verulega áherslum sínum og það er aðalatriði málsins. Það er reginmunur á því hvort menn eru að mæla fyrir skattheimtu til þess að ná meiri peningum inn í ríkissjóð fyrir okkur stjórnmálamennina til þess að dreifa út, eða hvort menn ætla að leggja á gjald til að standa undir ákveðnum kostnaði af þeirri beinu þjónustu sem ríkið hefur, eins og veiðieftirlitinu. Undir lokin fannst mér tillögumenn vera komnir í það far og það er nánast sú staða sem er í dag. Það er sú staða sem er í Nýja-Sjálandi. Þar er bara verið að horfa á þá þætti. Ef þetta er réttur skilningur minn á þróun umræðunnar, þá fagna ég því hvernig hún hefur þróast.

[13:47]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ummæli hæstv. sjútvrh. áðan að flm. væru að draga í land í sínum málflutningi, þá er það fjarstæða. Það er enginn að draga neitt í land. Í lokaorðum mínum dró ég nokkuð saman það sem ég hafði sagt í upphafi og segir í greinargerðinni. Ég sagði fyrr í umræðunni að hæstv. sjútvrh. skildi ekki þetta mál, hann væri skilningslaus. Ég held að hann sé heyrnarlaus líka. Hann virðist greinilega ekkert hafa verið í umræðunni. Ég veit ekki hvort þetta síðasta innlegg hæstv. sjútvrh. var ósk um það að við byrjuðum umræðuna aftur svo að hann gæti fylgst með henni. Ég get náttúrlega flutt mína framsögu aftur og við getum allir, sem höfum flutt hér ágætar ræður, byrjað á nýjan leik. Hvað sem því líður hefur hann a.m.k. misskilið alla þá umræðu sem hér fór fram. Hér var nefnt hvernig tekjunum er varið

og ég vil því lesa, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt upp úr greinargerðinni:

„Einnig þarf að ákveða hvernig tekjum af veiðileyfagjaldi er varið og kemur t.d. til greina að verja því til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg, svo sem hafrannsóknir o.fl." Þetta stendur í greinargerðinni.

Ég benti á Nýsjálendinga í minni framsögu. Satt best að segja finn ég orðið til með íslenskum sjávarútvegi að hafa hæstv. sjútvrh. sem sinn talsmann.

[13:49]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ósköp auðvelt fyrir rökþrota mann að koma upp í ræðustól á Alþingi og segja að viðmælendurnir séu skilningslausir, mállausir og heyrnarlausir. Það er alkunna að rökþrota menn grípa til orðaleppa af því tagi og ég ætla ekki að eyða frekari orðum í það.

Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir að það er grundvallarmunur á því hvort við erum að tala um gjaldtöku til þess að standa undir tilteknum kostnaði ríkisins með eftirliti og öðru þess háttar með veiðum, eða hvort við erum að tala um skattheimtu til þess að útdeila arðinum með meira réttlæti í gegnum ríkiskerfið. Það eina sem ég fer fram á er að hv. þm. geri grein fyrir því hvora leiðina hann er að fara. Hann æðir úr einu í annað. Stundum talar hann um að hann sé bara að leggja á kostnaðargjöld, en í annan tíma að hann sé að tala fyrir innheimtu á skatti til þess að útdeila arðinum á réttlátari hátt. Hann verður að skilja það að menn gera kröfu til þess að hann geri grein fyrir því hvað hann er að fara. Ef hann vill fara í báðar áttir, þá er kannski minna mark takandi á málflutningnum.

[13:51]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hæstv. sjútvrh. að ég hafi sagt að hann væri skilningslaus, heyrnarlaus og mállaus. Ég sagði að hann væri skilningslaus og heyrnarlaus, ég held að ég hafi ekki sagt að hann væri mállaus. Hin tvö atriðin passa algjörlega.

Ég veit ekki hvor hefur minni og verri málstað að verja í þessu máli, hæstv. sjútvrh. verður bara að meta sinn málflutning sjálfur. Ég vil hins vegar benda á að í tillögunni er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem á að kanna form veiðileyfagjalds með tilliti til áhrifa m.a. á eftirtalin atriði: Fjárhagslega stöðu sjávarútvegs, fiskveiðistjórnun, viðskipti með veiðileyfi, hagstjórn hérlendis, byggðaþróun, samkeppnisstöðu atvinnuvega og ríkisfjármál. Nefndin á að skoða áhrif álagningu veiðileyfagjalds á alla þessa þætti og eðlilegt að sú vinna fari fram innan hennar. Einhverjum af þeim spurningum sem vaknað hafa í umræðunni mun vitaskuld verða svarað þegar kemur að nefndarskipuninni, en grundvallarrökin í henni eru óbreytt.

[13:52]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil að hv. þm. vill láta kanna ýmsa hluti fram og til baka, en getur hann ekki gert grein fyrir því hvaða stefnu hann er að mæla fyrir? Mælir hann fyrir kostnaðargjaldi vegna tiltekinna útgjalda ríkissjóðs svo sem veiðieftirliti, eins og hann hefur vitnað til þegar hann ber tillögur sínar saman við þær á Nýja-Sjálandi? Eða er hann að tala um, eins og hann segir stundum, að skapa meira réttlæti með því að leggja viðbótargjald ofan á kostnaðargjöldin til þess að við stjórnmálamennirnir getum útdeilt peningunum af meira réttlæti? Ég spyr enn og aftur: Fyrir hvorri stefnunni er hv. þm. að tala? Það er ekki ágreiningur um að leggja á þessi kostnaðargjöld, þau eru lögð á í dag. Við erum að framkvæma mjög svipaða gjaldtöku og gert er á Nýja-Sjálandi, um það er ekki ágreiningur. Ef hv. þm. kæmi sér niður á það hvorri stefnunni hann er að mæla fyrir, skýrðist ferkar hversu mikið bil er á milli okkar. Kannski er það ekki mikið. En þá verður hv. þm. að skýra það hvert hann er að fara.

[13:53]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá sem hefur dregið í land í þessum umræðum er augljóslega hæstv. sjútvrh. sjálfur. Hann byrjaði þær með dreissugum ásökunum í garð flm. um það að honum gengu annarlegar hvatir til með flutningi tillögunnar, með öðrum orðum að það væri að því stefnt af hálfu stórhákarla í greininni að leggja þá minni í rúst o.s.frv. Hann hefur dregið það til baka.

Hann lagði ofuráherslu á að þetta væri eingöngu tillaga um skattheimtu, en það er allt annar tónn í sjútvrh. núna. Kannski er hann að byrja að skilja það að hér er verið að tala um leigugjald, afnotagjald af notkun auðlinda. Hann byrjaði með sverum ásökunum um það að þeir sem væru talsmenn þessara hugmynda væru miðstýringar- og ríkisforsjármenn og höfnuðu markaðskerfi, en umræðan hefur leitt í ljós hver það er sem er skömmtunarstjórinn sjálfur, sem er hæstv. sjútvrh. Hann telur að það hafi eitthvað breyst í umræðunni þegar kemur að ráðstöfun þess fjár sem gjaldið skilar í ríkissjóð. Það er ekki meginefni þessarar tillögu og það getur verið með ýmsu móti. En það felur ekki í sér að flutningsmenn þessa máls séu neitt að draga í land.

Það sem eftir stendur er að hæstv. sjútvrh. hefur yfirleitt leitt hjá sér að ræða málið í heild út frá þeim rökum sem snúast annars vegar um réttlæti að því er varðar þessa gjaldtöku og í annan stað um hagstjórnarhugtakið, sem er hugsanlegt fiskveiðistjórnunarhlutverk, sem að vísu hefur ekki verið flutt tillaga um hér á þessari stundu.

[13:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. víkur sér algjörlega undan því að skýra þann reginmun sem er á málflutningi gamla krataflokksins og nýja krataflokksins. Nýi krataflokkurinn er að tala um óbreytt kvótakerfi. Hann er ekki að tala um endurúthlutun á kvótanum. En gamli krataflokkurinn er að tala um að skapa réttlæti með því að úthluta aflaheimildunum upp á nýtt með sölu aflaheimilda. Hefur gamli krataflokkurinn fallið frá þeirri stefnu og er hann kominn inn á stefnuna sem nýi krataflokkurinn er að tala um, að halda við óbreyttri úthlutun en leggja bara á skatt? Hv. þm., sem er formaður gamla krataflokksins, verður að svara þessu. Er hann, með þessari síðustu ræðu sinni, kominn inn á tillögur nýja krataflokksins? Það er reginmunur á þeim og þeim málflutningi sem hv. þm. hefur haft í frammi til þessa. Það er nauðsynlegt að hv. þm. geri grein fyrir því.

[13:56]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég verði að fara að taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni, flm. þessarar tillögu, að það er erfitt að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. Hann vill alltaf ræða um einhverja aðra hluti en eru til umræðu. Þessi tillaga er um veiðileyfagjaldtöku og það hefur meira að segja komið rækilega fram að hún er ekki um fiskveiðistjórnunarþátt veiðileyfagjaldtökunnar. Það hefur komið fram í umræðunni

að það er hægt að beita veiðileyfagjaldtökunni, það má gefa henni ákveðið hlutverk við að stjórna fiskveiðum, en þessi tillaga er alls ekki um það mál. Þess vegna ætla ég ekki að eyða tíma í andsvörum til þess að svara einhverju um allt aðra hluti sem ekki eru á dagskrá.

Hitt hefur hins vegar komið rækilega fram að það verður aldrei sátt um það að viðhalda áfram aflamarkskerfi með framsalsrétti nema því aðeins að það verði tekin upp veiðileyfagjöld vegna þess að það er óásættanlegt, eins og hæstv. dómsmrh. ætti að viðurkenna, að menn skuli fá rétt frá ríkinu skammtaðan til þess að selja og hagnast á annarra manna eigum.

[13:58]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að þessi tillaga sem hér liggur fyrir fjallar ekki um að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Hún byggir á óbreyttu aflamarkskerfi. Hún byggir á því að menn geti keypt og selt aflaheimildir. Svo kemur hv. 9. þm. Reykv. og segir: „Ég styð þessa tillögu, en ég tel samt að það verði aldrei sátt um það að menn geti keypt og selt aflaheimildir." Í aðalræðu sinni í dag var hann að færa rök fyrir því að það ætti að fara allt aðrar leiðir við að úthluta aflaheimildunum, með því að selja aflaheimildirnar. Hann taldi að það hefði verið ranglega farið að þegar þeim var úthlutað í upphafi. En nýi krataflokkurinn segir: Við eigum að byggja á þeirri úthlutun, við eigum ekki að hverfa frá henni. Það er orðið nokkuð skrýtið ef hv. þm. ætlar að fylgja tveimur stefnum og fylgja fram tveimur gjörsamlega ólíkum hugmyndum um fiskveiðistjórnunarkerfi. Þess vegna er von að maður spyrji: Er ekki skynsamlegt af gamla krataflokknum að hafa bara eina stefnu í þessu efni?

[13:59]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði sannarlega verið til hagræðis í umræðunni og einföldunar ef hæstv. ráðherra hefði lesið tillöguna og greinargerðina öllu betur en hann hefur gert. Tillagan fjallar um skipan nefndar til að fara yfir þessi mál og í greinargerðinni er bent á nokkrar aðferðir við gjaldtöku. Síðan eru reifaðar hugmyndir um ráðstöfun gjaldsins. Þær hugmyndir sem bent er á í greinargerðinni segja ekkert til um það hverjar einkaskoðanir flm. eða annarra kunna að vera á niðurstöðunni. Það mun koma í ljós síðar.

Því sem ég vildi kannski fyrst og fremst svara var sú ásökun hæstv. sjútvrh. í garð okkar sem höfum tekið þátt í þessari umræðu að við værum að notfæra okkur ákveðna erfiðleika í fiskveiðistjórnunarkerfinu til þess að koma fram með tillögu um veiðileyfagjald. Þar tiltók hann frákast á fiski. Þetta byggir á algerum misskilningi og það er leitt ef menn hafa talað svo óljóst að sjútvrh. leyfir sér að ályktа svo. Hér hafa menn talað um tvö þau atriði sem helst eru gagnrýnd í umræðu fólks um núverandi kvótakerfi. Það er í fyrsta lagi frákast á fiski og ég tók fram að það mál tengdist ekki einu sinni kvótakerfinu sérstaklega og þyrfti sérstakrar meðhöndlunar við. Hins vegar er það óréttlæti sem menn telja að felist í því að aðilar geti selt eða leigt þann fiskveiðirétt sem þeim er úthlutað af hálfu ríkisins án gjalds. Það er málið sem verið er að svara með þessari tillögu.

[14:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því þegar það kemur fram að hv. flm., 6. þm. Norðurl. e., blandar ekki saman vandamálum eins og úrkasti á fiski og skattlagningu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu. Þær leiðir sem nefndar eru í greinargerð með tillögunni sýna auðvitað ruglandann í þessum málflutningi. Því er m.a. slegið föstu að það eigi að setja á skatt, en ein leiðin felur ekki sjálfkrafa í sér að lagður sé á skattur. Þar segir að úthluta eigi aflaheimildum á hvern einstakling í landinu. Þar er ekki lagt til að skattur verði greiddur í ríkissjóð. Það er von að spurt sé hvað hv. flm. séu að hugsa. Það er hægt að leggja fram sjö hugmyndir og segja svo að það sé fullt af hugmyndum í viðbót sem ganga hver í sína áttina. Menn hljóta að spyrja hvert þessi flokkur sé að fara. Hvað er það sem hann vill í raun og veru?

[14:02]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir tillaga um skipan nefndar. Vegna þess að um er að ræða mál sem ekki hefur áður verið rætt á hv. Alþingi töldu flutningsmenn eðlilegt að í greinargerð tillögunnar kæmu fram þær hugmyndir sem reifaðar hafa verið í þjóðfélaginu undir einu safnheiti, veiðileyfagjald. Það er ástæðan fyrir því, hæstv. ráðherra, að þessar hugmyndir eru reifaðar í þáltill. Þær sýna fyrst og fremst hvílíkur ruglandi hefur verið í umræðunni í þjóðfélaginu og þá ekki síður hitt hversu mikil nauðsyn það er að menn afrugli sig í málinu og fari að ræða það af meiri skynsemi en gert hefur verið í dag.

[14:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf til bóta að menn skoði mál og ekki síst af því tagi sem við erum að tala um, þ.e. hvernig haga eigi skattlagningu á atvinnufyrirtæki svo ég tali ekki um hvernig eigi að haga stjórnun á fiskveiðum í landinu. Þar þurfum við alltaf að vinna að því að endurskoða hluti og stuðla að því að við stjórnum fiskveiðum sem hagkvæmast á hverjum tíma. En það er svolítið einkennilegt þegar menn koma í upphafi umræðu og hafa höndlað allan sannleikann og boða að þeir viti nákvæmlega hvað eigi að gera. Hér eigi að stofna til mikillar skattheimtu og búa til nýtt réttlæti með því að draga peninga inn í ríkissjóð og koma svo í lok umræðunnar og segja: Við meintum ekkert af þessu, við erum bara að tala um að skipa nefnd sem getur skoðað alls konar hugmyndir sem geta gengið út og suður og stangast hver á aðra. Það er það eina. Við höfum enga skoðun og enga stefnu. Við ætlum bara að skipa nefnd til að skoða hluti. En umræðan byrjaði á því að menn hefðu aldeilis höndlað réttlætið, taka ætti nógu mikla skatta og deila nógu miklu út úr ríkissjóði. Svo koma menn í lokin og segja: Við ætlum bara að skipa litla nefnd til að skoða allt mögulegt og við höfum enga skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:04]

Útbýting þingskjala:

Greiðslubyrði af lánum ríkissjóðs, 161. mál, fsp. PHB, þskj. 195.

Lán ríkissjóðs, 162. mál, fsp. PHB, þskj. 196.

Samningar ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana, fyrri umr.

Þáltill. GÁS o.fl., 140. mál. — Þskj. 167.

[14:05]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir þáltill. sem ég flyt ásamt öðrum hv. þm. Alþfl. Áður en ég geri nánar grein fyrir henni tel ég ástæðu til þess að óska eftir nærveru hæstv. heilbrrh. Ég hafði gert henni orð um það í gær að umræðan færi fram í dag og ég sá hana í húsinu fyrir nokkrum mínútum.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. heilbrrh. er í húsinu og forseti mun gera henni boð um að umræðan sé hafin.)

Ég þakka virðulegum forseta fyrir það. Með leyfi hans er tillagan svohljóðandi:

„Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu Alþingis á samningum ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana.

Alþingi ályktar að staðfesta eftirtalda samninga sem gerðir hafa verið af hálfu framkvæmdarvaldsins, heilbrigðisráðherra, með og án fjármálaráðherra, við sveitarstjórnir og forsvarsmenn viðkomandi stofnana um nýframkvæmdir og endurbætur á heilbrigðisstofnunum:"

Í kjölfarið eru síðan raktir þeir 11 samningar sem eru í gildi og viðkomandi fagráðherra með og án fjmrh. hafa undirritað á tímabilinu 1993 til vors 1995. Eins og fram kemur er um að ræða samninga í sjö kjördæmum eða öllum kjördæmum landsins utan Reykjavíkur. Í fylgiskjali með þessari tillögu koma fram þær upplýsingar frá heilbrrn. um verkstöðu og fjárhagsstöðu framkvæmdanna að í 9 af þessum 11 samningum hefur verið gengið frá samningum við verktaka og framkvæmdir í fullum gangi og í sumum tilvikum á lokaspretti. Í því sambandi er rétt að geta þess að í upplýsingunum á bls. 7 frá heilbrrn., sem ég vil nota tækifærið og þakka fyrir, er gerð grein fyrir samningum við sveitarfélög þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar en þar er ekki farið nákvæmlega rétt með. Þar eru taldir til samningar vegna sjúkrahúss í Stykkishólmi og sjúkrahússins á Blönduósi en eins og kemur fram í texta eru þeir samningar þegar í framkvæmd og ber því ekki að vista undir þessu heiti. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram.

Virðulegi forseti. Það má segja að tillagan sé að mörgu leyti óhefðbundin hér á hinu háa Alþingi. En ég og meðflutningsmenn mínir teljum á hinn bóginn nauðsynlegt í ljósi þeirrar stöðu, sem er komin upp í stjórnkerfi okkar á síðustu vikum og mánuðum, einkanlega yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. um afstöðu hennar til þessara samninga svo og þeirra áforma sem koma fram í frv. til fjárlaga sem er nú fyrir þinginu og lokið er fyrstu umræðu á. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stofnkostnaður er lækkaður um 316 millj. frá fjárlögum 1995 og áformað að fresta nýjum framkvæmdum eftir því sem framast er kostur."

Nánari útfærslu er þó ekki að finna í almennum texta frv. en ef vel eru skoðaðar tölulegar forsendur á bak við framkvæmdirnar á vettvangi heilbrigðismála, sem lúta að nýframkvæmdum, stofnframkvæmdum og umtalsverðum endurbótum, liggur algerlega ljóst fyrir að u.þ.b. 100 millj. kr. vantar upp á að ríkisvaldið geti staðið við þær skuldbindingar sem það hefur undirgengist í þessum tilgreindu samningum. Með öðrum orðum vantar 100 millj. kr. upp á að eitthvað sé að marka þær yfirlýsingar og þær skuldbindingar sem hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. hafa undirgengist í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál og ég sagði að hér væri ekki um venjubundna tillögu að ræða því að fram að þessu hefur hv. Alþingi ekki séð sérstaka ástæðu til þess sérstaklega að ganga fram með þeim hætti að það þurfi að staðfesta gjörninga sem framkvæmdarvaldið hefur gert. Nú er hins vegar brýn nauðsyn á því. Þess vegna er sú leið farin sem hér um ræðir að Alþingi geri með einfaldri þáltill. þá samninga sem framkvæmdarvaldið hefur þegar gert að sínum og undirstriki þar glögglega og skýrt að hið háa Alþingi ætlar að standa við þær skuldbindingar sem er að finna í þeim þegar fulltrúar framkvæmdarvaldsins geta ekki gert það sjálfir.

Það er að sönnu alveg hárrétt að í samningunum er að finna fyrirvara sem varða fjárframlög á ári hverju sem koma af fjárlögum. Þann fyrirvara er að finna í þeim samningum sem hér um ræðir. Hins vegar er eftirtektarvert og er alveg ljóst að um leið og einstakir ráðherrar undirrita samninga á borð við þá sem hér um ræðir þá hafa þeir í fyrsta lagi undirgengist að flytja tillögur um fjárframlög á viðkomandi árum í samræmi við samninga. Það hafa hæstv. ráðherrar ekki gert í fjárlagafrv. og heilbrrh. hefur þvert á móti andmælt því og sagt að svo muni ekki verða í almennum orðræðum um þessi mál. Það er mjög alvarlegur hlutur og gerir það að verkum að hv. Alþingi kemst ekki hjá því að taka á þessum málum með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

Nú er það svo, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. hefur sagt sem svo að hún þurfi ekki endilega að vera bundin af yfirlýsingum og undirskriftum forvera sinna í embætti og það hefjist nánast nýtt líf við hver ríkisstjórnarskipti. Það er mjög umhugsunarvert og auðvitað gjörbreyting á þeim venjum og hefðum sem hafa þó sem betur fer verið til staðar í íslensku stjórnkerfi. En hæstv. fjmrh. hefur þó ekki þessa afsökun því það er nú svo að nafn hans er að finna á sjö þessara samninga og þar hefur engin breyting orðið á. Hæstv. fjmrh. er sá sami í dag og var á þeim árum þegar þessir samningar voru gerðir. Það vekur sérstaka eftirtekt hvað hafi eiginlega kallað á svo stórfellda afstöðubreytingu hæstv. fjmrh. í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa að þeir samningar sem hafa verið gerðir á þessum þremur árum hafa þegar kostað ríkissjóð u.þ.b. 400 millj. kr. Þegar er búið að framkvæma samkvæmt samningunum fyrir u.þ.b. 400 millj. kr. Á árinu 1996 er samkvæmt þessum sömu samningum gert ráð fyrir að áfallinn kostnaður falli á ríkissjóð að upphæð 156 millj. kr. Síðan eru sumir þessara samninga lengra fram í tímann, allt til ársins 1999 og á árunum 1997 til og með 1999 er gert ráð fyrir að þessir samningar kosti ríkissjóð u.þ.b. 250 millj. kr. Þetta eru þær hagstærðir sem eru að baki og nauðsynlegt að hafa í huga.

Það er líka full ástæða til að rifja það upp að samningar á borð við þá sem hér hafa verið gerðir, þar sem gerð er glögg grein fyrir umfangi verksins, upphafi verks og verklokum, eru að mörgu leyti ánægjuleg breyting til bóta. Margir hv. þm. muna það og ekki síst þeir sem hafa verið sveitarstjórnamenn og starfandi sem slíkir að þetta er kærkomin breyting frá fimm og tíu þúsund krónunum sem allir muna eftir og voru þess eðlis að kastað var einhverjum smáaurum hingað og þangað í þetta og hitt verkið en auðvitað aldrei nægjanlegt til þess að hægt væri að ganga til þeirra verka með vitibornum hætti og ljúka þeim. Þetta var svokölluð grunnastefna. Með þeim samningum, sem hér um ræðir, var vikið frá þessu og

menn vildu horfa á verkið frá upphafi til enda, fjármögnun þess og framkvæmdir. Það er því auðvitað í hæsta máta mjög alvarlegt fyrir skynsamlega uppbyggingu á þessum vettvangi út frá fjárhagslegu sjónarmiði og hagkvæmni að menn ætli að hlaupa frá þessum vinnubrögðum sem menn höfðu sem betur fer lært af á allra síðustu árum og þá einkanlega á síðasta kjörtímabili.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að velflestir þingmenn kannist mæta vel við þau verkefni sem hér um ræðir. Það helgast auðvitað fyrst og síðast af því að Alþingi hefur áður fjallað um þessi mál öllsömul. Vegna þess að Alþingi samþykkti við fjárlagagerð 1995, í desember 1994, fjárveitingar til þessara verkefna allra saman. Í fylgiskjali með þáltill. er gerð nánari grein fyrir því með afriti úr fjárlögum yfirstandandi árs. Alþingi hefur því þegar og nú samþykkt með skýrum hætti fyrir sitt leyti að í þessi verkefni skuli ráðist og þau skuli ganga fram eins og samningar segja til um. Auðvitað er alþingismönnum, mörgum hverjum, vel kunnugt um þá þörf sem að baki liggur. Enda er það svo eins og ég gat um að verkefnin eru víða um land og í einum sjö kjördæmum af átta.

Hins vegar er ástæða til að staldra einkum og sér í lagi við tvö þessara verkefna og það eru þau verkefni sem ekki hefur verið hafist handa við, framkvæmdir eru ekki hafnar. Þar er um að ræða byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði. Það er mér í fersku minni þegar sá sem hér stendur gegndi störfum heilbrrh., að nokkrar deilur urðu um það í þessum sal við 2. umr. fjárlaga — (**EgJ:** Það muna fleiri.) — hvernig ætti að forgangsraða verkefnum á Austurlandi sérstaklega. Þá varð það samkomulagi milli mín, sem páv. heilbrrh., og þingmanna kjördæmisins að það lægi ljóst fyrir í yfirlýsingu heilbrrh. að næsta stóra verkefnið á Austurlandi væri bygging hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði. Það var fyrst þá sem þingmenn kjördæmisins féllu frá breytingartillögu sem þeir voru með og höfðu boðað, 2 millj. kr. framlag til þessa verkefnis. Ég trúi því og treysti að þessir sömu ágætu þingmenn séu sömu skoðunar og þeir voru þá og vilji freista þess að mál gangi fram með þeim hætti sem um hefur verið rætt og undir hefur verið ritað.

Hitt stóra málið er vitaskuld bygging D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja. Þar er löng saga að baki sem telur rúman áratug. Menn hafa mikið velt því fyrir sér fram og til baka hvernig best yrði staðið að því verkefni. Menn komust að niðurstöðu um þau mál í apríl sl. og skrifuðu undir samning þar að lútandi sem er að finna hér í fylgiskjölum þessarar þáltill. Þess vegna er í hæsta máta óviðeigandi að hæstv. heilbrrh. skuli með atbeina hæstv. fjmrh. koma og segja þetta plagg marklaust og að engu hafandi. Það ber raunar vel í veiði að meðal okkar situr hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir en hún mætti á fund hæstv. fjmrh. á dögunum, þá í hlutverki forseta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Hún segir þannig af afdrifum þess fundar í Víkurfréttum, sem eru nýlega komnar út, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra blés á undirskrift sína í þessum samningi. Hann sagðist styðja heilbrrh. í því að byggja nýtanlegan áfanga en ekki byggingu eins og samningurinn kveður á um. Þessi fundur olli okkur miklum vonbrigðum."

Fróðlegt væri í þessari umræðu að fá nánari fréttir af fundi sveitarstjórnarmanna í Reykjanesbæ og á Suðurnesjum með fjmrh. þar sem svo vel ber í veiði eins og ég gat um að hv. þm. er meðal vor, þ.e. forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. En tími minn er á þrotum, virðulegi forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn. og legg á það áherslu að þar fái málið skjóta og skilvirka meðferð. Allar stærðir þessa máls eru þekktar en hins vegar er mjög mikilvægt í ljósi þeirra kringumstæðna, sem ég hef lýst, og þeirrar afstöðu sem hæstv. ráðherrar hafa lýst opinberlega að hv. Alþingi taki af öll tvímæli í þessa veru og geri það skýrt gagnvart sjálfu sér, gagnvart framkvæmdarvaldinu, gagnvart þeim sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli, gagnvart forstöðumönnum þeirra stofnana sem hlut eiga að máli og gagnvart almenningi í landinu hver raunveruleg staða þessara mála er.

[14:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Tillaga flutningsmanna er sérkennileg en ástæðan er áreiðanlega sú að valdmörk á milli annars vegar framkvæmdarvaldsins og hins vegar löggjafarvalds hafa verið nokkuð til umræðu á undanförnum árum. Tekið hefur verið á þessum atriðum með ýmsum hætti eins og með gerð fjáraukalaga, reglum um framkvæmd fjárlaga o.fl. sem menn kannast við úr sölum hins háa Alþingis. Gerð framkvæmdasamnings er ekki í fullu samræmi við þrengstu túlkun stjórnarskrárákvæðis sem gerir ráð fyrir að fjárlög nái til eins árs. Hins vegar er rekstur ríkisins orðinn umfangsmikill og verður ekki lengur bundinn við eitt ár. Eðlilegt hefur verið talið að gera verksamninga og samninga milli ríkis og sveitarfélaga til að tryggja eðlilega verkáfanga í framkvæmdum sem ná út fyrir fjárlagaárið. Í reynd er ákvæði um þetta í lögum um opinberar framkvæmdir í 12. gr. þar sem gert er ráð fyrir þessu. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annarra aðila er eigi heimilt að hefja opinbera framkvæmd fyrr en fé hefur verið veitt til hennar á fjárlögum og undirritaður hefur verið samningur viðkomandi ráðuneytis og aðilans með áritun fjmrn. er tryggi að fjármagn verði handbært á framkvæmdatímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr."

Hér er rætt um verksamning milli aðila. Undanfari slíkra samninga hefur yfirleitt verið skilgreining á verkefnum, sbr. ákvæði laga um opinberar framkvæmdir sem ég minntist á, og komi til afgreiðslu í samstarfsnefnd, sem er lögboðin nefnd um opinberar framkvæmdir. Í henni á þingið fulltrúa samkvæmt lögunum, form. fjárln., en hefur verið túlkað sem formaður eða staðgengill hans. Samningar sem hafa verið gerðir hafa náð til hinna ýmsu stiga byggingarframkvæmdanna. Þannig ná sumir þeirra til fullbúinnar byggingar en aðrir aðeins til fyrsta áfanga í stærra verki án þess að fyrir liggi samningur um verklok.

Nú hefur ríkisstjórnin sett sér ákveðin markmið í ríkisfjármálunum. Samkvæmt þeim er stefnt að því að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum á tveimur árum. Í því fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþingi, má sjá ýmis merki þessa stefnumiðs og þar með talið endurskoðun á ýmsum verkefnum ríkisins. Auðvitað er auðvelt þegar ríkið á ekki hlut og þarf ekki að spyrja aðra. Heilbrigðisútgjöld eru eins og allir vita verulega stór þáttur í rekstri ríkisins og í frv. birtist sú stefnumörkun heilbrrn. að draga úr nýframkvæmdum meðan ríkisstjórnin er að marka stefnu í rekstri þessa málaflokks. Til að fylgja þessari stefnumörkun eftir er nauðsynlegt að leita eftir endurskoðun á ýmsum framkvæmdasamningum sem gerðir hafa verið við sveitarfélög á undanförnum árum. Að öðrum kosti þarf að sjálfsögðu að ná fjármunum til þessara verkefna og

þeir verða ekki teknir nema þá úr rekstri eða af tilfærslum ráðuneytisins og það veit ég að 1. flm. ályktunarinnar veit.

Þessi nýja stefna byggðist m. a. á því að hlífa rekstri og tilfærslum, þ.e. að nýta betur þær byggingar og þá starfsemi sem fyrir hendi er og vera ekki að byggja ný hús á sama tíma og því er haldið fram af heilbrigðisyfirvöldum að verið sé að loka annarri starfsemi, a.m.k. hluta ársins. Ég tel skynsamlegt að nýta byggingar betur, skipuleggja starfsemina sem í þeim er og styð þess vegna heilbrrh. í þessum ætlunum hennar.

Verði ekki fallist á að breyta samningum sem eru fyrirliggjandi þá verður, eins og ég sagði, að taka þá fjármuni af öðrum liðum viðkomandi ráðuneytis og er þá minna til reksturs en ella. Það liggur í hlutarins eðli vegna þess að fjármunir sem þarna sköpuðust voru notaðir í aðra þætti heilbrigðisstarfseminnar í fjárlagaundirbúningnum. Ég vek sérstaka athygli á því að ríkið borgar 85% af byggingarkostnaðinum, sveitarfélögin 15% og ríkið borgar allan reksturinn að því er ég best veit. Auk þess greiða auðvitað sjúklingar sem viðskiptamenn stofnananna lítinn hluta kostnaðarins. Hér er því ekki eins og það séu tveir aðilar að eigast við sem eru jafnir. Annar aðilinn er nánast að leggja allt fram en hinn smámuni.

Hér hefur nokkuð verið dregið inn í umræðuna dæmið úr Keflavík. Þar er tilgangurinn að breyta samningi og tilgangurinn með því er að fá snemma nýtanlegan áfanga fyrir minni fjármuni til þess að geta tekið hann í gagnið fyrir það sem brýnast er á staðnum. Annars má búast við að byggingin taki langan tíma og mörg ár líði þar til byggingin verði tekin í full not enda er samningurinn fyrst og fremst samningur um fyrsta áfanga byggingarinnar og fyrsti áfanginn skilar ekki húsnæðinu í nothæfu ástandi því þá á eftir að setja allt inn í húsið.

Ég verð að harma þær frásagnir sem hafa heyrst frá fundi mínum og embættismanna ráðuneytisins og fulltrúa Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ég tel að þar hafi því miður það gerst að ummæli mín á fundinum hafi verið slitin úr sambandi því tilgangur minn á þeim fundi var afskaplega einfaldur. Hann var að reyna, sem mér sýnist að hafi ekki tekist, að sannfæra þá ágætu Suðurnesjamenn sem sóttu þennan fund um það að stefna heilbrrh. væri út af yfir sig ágæt og það væri skynsamlegra fyrir alla aðila að fara að tillögum heilbrrn.

Sumir þeirra sem sóttu fundinn hafa kosið að túlka ummæli mín og það sem fram fór á fundinum með sínum hætti. Ég harma það og mér þykir það leitt. Ég er ekki vanur slíkri framkomu en auðvitað verða menn sem eru á fundum að hafa leyfi til að túlka það sem þeir telja að hafi gerst á fundinum á sinn hátt en ég hlýt að læra af þeirri reynslu og meta hana á minn hátt.

Í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir þá kemur þetta mjög glögglega fram, bæði á bls. 7 og 11. Það er hægt að líta á það um hvað samið var þegar undirritaður var samningur um D-álmu. Þar segir: „Samningurinn tekur til fyrsta áfanga verksins sem er fokhelt hús fullfrágengið að utan ásamt frágangi lóðar.“ Það var það sem þessi samningur snerist um, ekki að ganga alla leið þó að í grunninum sé tekið hverjar séu áætlanir um heildarkostnað hússins.

Ég vil bara að lokum segja það að ég vona að samkomulag takist um æskilegar breytingar. Ég vil einnig benda á að það er sérkennilegt að sjá að það er hvergi minnst á samning um Barnaspítala Hringsins í þessu plaggi og það væri full ástæða til að spyrja hv. flm. hvernig á því standi en ég þykist vita skýringarnar.

Ég vil að endingu segja það, virðulegur forseti, að mál af því tagi sem hér er til umræðu eiga að vera til umræðu þegar 1., 2. og 3. umr. fjárlaga fer fram og til afgreiðslu í fjárln. Það er þar sem umræður af þessu tagi hljóta að fara fram, bæði hvað varðar samninga um heilbrigðisstofnanir svo og aðra samninga sem ríkið hefur gert við sveitarfélög eða aðra aðila.

[14:30]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framsögu fyrir þessari tillögu og aftur í ræðu hæstv. fjmrh. var vikið að frásögnum sem fram hafa komið á fundi sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum með hæstv. fjmrh. Þessar frásagnir hafa borið það í sér að hæstv. fjmrh. hafi á þeim fundi sagt að hann mundi ekki standa við undirritun sína á þeim samningi sem gerður var fyrr á þessu ári varðandi D-álmu sjúkrahúss sem nú er í Reykjanesbæ. Ég sagði þegar ég heyrði þessar frásagnir fyrst og það eru nokkrir þingmenn í þessum sal sem voru á þeim fundi þegar þær frásagnir voru fluttar, að ég tryði því ekki að hæstv. fjmrh. hefði gefið slíkar yfirlýsingar. Og ég fagna því að hæstv. fjmrh. hefur í ræðustól áðan staðfest að hann hafi ekki gefið slíkar yfirlýsingar. Auðvitað væri það mjög alvarlegt mál ef fjmrh. íslenska lýðveldisins, hvað svo sem hann heitir og í hvaða ríkisstjórn sem hann situr, gæfi yfirlýsingar af því tagi sem sagt var að hefðu verið gefnar.

Ég fagna því einnig að í ræðu hæstv. fjmrh. kom alveg skýrt fram að sá samningur sem gerður var og tilgreindur er sem fskj. með þessari tillögu stendur. Það kom alveg skýrt fram í ræðu hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. sagði hins vegar að hann teldi skynsamlegt að breyta samningnum og það er út af fyrir sjónarmið. En ef ekki næst samkomulag samningsaðila um þá breytingu þá stendur samningurinn. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa enn sem komið er lýst því yfir að þau eru ekki reiðubúin að gera slíkar breytingar. Það er þeirra réttur að hafa þau sjónarmið hvort sem ráðherrar fallast á þau rök eða ekki og ég tel það mikinn áfanga í þeim deilum sem staðið hafa að undanförnu að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að undirritunin á samningnum standi nema samningnum sé breytt formlega með aðild allra aðila.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að á þessum fundi sagði ég aldrei að ég ætlaði ekki að standa við samninginn. Hafi einhver skilið það þannig þá er það mesti misskilningur. Það sem ég sagði á þessum fundi var í raun og veru að mér þætti skrýtið, og það getur vel verið að ég hafi viðhaft sterk orð um það, að menn einblíndu á undirskrift á samningi sem nauðsynlegt væri að breyta. Ég hef aldrei sagt annað en að það væri nauðsynlegt að breyta þessum samningi og ég var kominn til þess að ræða um það hvernig skynsamlegt væri að breyta þeim samningi fyrir alla aðila. Er ekki skynsamlegra að byggja hús sem nýtist strax fyrir minni peninga heldur en skila fyrsta áfanga eftir mörg ár og síðan að það verði engin not af húsinu kannski mörg ár þar á eftir? Út á það gekk þessi fundur að ég hélt. Það getur vel verið að þeir sem heimsóttu mig hafi talið að þeir gætu komið og sagt: Skrifaðirðu undir samninginn? Ætlar þú að standa við hann? Ég segi: Það getur vel verið að ég hafi orðað það þannig að ég segði: Það er ekki aðalatriði þessa máls. Aðalatriðið er að gerð sé skynsamleg breyting á fyrri

áformum. Af einhverjum undarlegum ástæðum virtust þeir menn sem komu, a.m.k. einn þeirra sem hér eru í salnum, hafa einhvern sérstakan áhuga á því að koma út af þessum fundi og skýra þannig frá honum að það mætti ætla að ég hefði sagst ekki ætla að standa við samninginn. Það var aldrei sagt á þessum fundi, aldrei nokkurn tíma. Á fundinum voru líka embættismenn ráðuneytisins og þeir vita nákvæmlega hvað fór fram á fundinum. Um þetta snerist málið. Ég lýsi undrun minni á því að menn skuli ekki fallast á að það þurfi að breyta áformum þegar jafnsterk rök hafa komið fram og hafa komið fram hjá heilbrrh. í þessum málum. Það er hins vegar aldeilis ljóst ef menn ætla áfram að berja höfðinu við steininn, neita að gera ýmsar breytingar, þá er það skylda ráðherranna beggja að leggja fram tillögur þar að lútandi eða sjá til þess að fjármagn fáist. Það vissu allir. Ég vona að ég þurfi ekki að segja það aftur og enn á ný.

[14:35]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hæstv. fjmrh. var að vísu ekki mér ætluð, en ég fagna því hins vegar sem ráðherrann sagði og tel að það sé mikill áfangi í þessu máli sem fram hefur komið af hálfu hæstv. fjmrh. Það er í fullu samræmi við þau sjónarmið sem ég lýsti á fundi þingmanna kjördæmisins með fulltrúum sveitarstjórna á Suðurnesjum að hlyti af vera afstaða fjmrn. hver svo sem þar færi með húsbóndavald. Og ég tel það mjög mikilvægt að hæstv. fjmrh. hefur hér í andsvari gert málið enn skýrara en hann gerði áðan þótt það væri fullskýrt þar. Málið liggur þess vegna þannig fyrir að ef sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum vilja ekki fallast á breytingar á samningnum þá ber ráðherrunum, einnig hæstv. heilbrrh. eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, að leggja til við Alþingi fjárupphæðir sem eru í samræmi við samninginn. Það er kjarni málsins, hæstv. heilbrrh.

Hæstv. heilbrrh. hefur farið á fund sveitarstjórna á Suðurnesjum, ársfund Samtaka sveitarstjórna á Suðurnesjum, og flutt þar sín rök. Sveitarstjórnarmenn hafa eftir þann ræðuflutning gert ályktun um það að þeir telji að það eigi ekki að breyta samningnum. Þeir hafa þar með svarað hæstv. heilbrrh. formlega. Það svar liggur fyrir og ég fagna því að hæstv. fjmrh. hefur algerlega tekið af skarið með það sem ég taldi að væri í sjálfu sér óþarft vegna þess að málið lægi efnislega þannig og ég tel að hæstv. fjmrh. hafi einnig sagt það hér að þar með mun Alþingi standa við ákvæði þess samnings sem undirritaður var á sínum tíma.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allir þeir samningar sem eru undirritaðir á borð við þennan sem er til umræðu í Keflavík eru undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Sá fyrirvari, tel ég og ég er reyndar lögfræðingur, byggist á því að þingið ráði þessu, það er þingsins að ráða þessu. Hins vegar tel ég jafnframt, og við lærum mikið af reynslunni, það ætti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að þekkja því að samstarfsmaður hans í þeirri ríkisstjórn sem þá sat braut einmitt af sér varðandi undirskrift, hann gat ekki staðið við hana, að þá beri ráðherranum að leita eftir því við þingið að að þessu sé staðið.

Hitt er svo annað mál að í fjárlagafrv. á hverjum tíma koma fram áform ríkisstjórnar og það eru áform. Tíminn er síðan notaður til áramóta til þess að ná fram æskilegum breytingum á því sem þar er. Það varð niðurstaða ríkisstjórnarinnar í sumar og stjórnarflokkanna að það væri æskilegt að breyta samningum sem gerðir höfðu verið og knýja á um þær breytingar vegna þess að við borgum 85% kostnaðarins, borgum allan reksturinn og það er skynsamlegra að nota peninga til annars. Það er nefnilega að mínu áliti óskynsamlegt og það er mjög hörð afstaða heimamanna ef þeir ætla að krefjast þess, sem verður að gera núna ef ekki á að breyta samningnum, að taka fjármuni úr rekstri annarra sjúkrahúsa eða úr tilfærslum heilbrrn. og setja í steinsteypu í Keflavík sem enginn veit hvenær kemur í notkun. Þess vegna hélt ég að menn gætu komið sér saman um skynsamlega tillögu heilbrrn. sem liggur fyrir og ég veit að hefur verið kynnt heimamönnum. Þetta er aðalatriði málsins þó aðrir hafi kosið að beina athygli sinni að aukaatriðunum.

[14:38]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ber að skilja orð hæstv. fjmrh. á þann veg að undirskrift hans í apríl sl. hafi verið óskynsamleg, að hann hafi sett nafnið sitt undir óskynsamlega fjárfestingu, einhvern steinkumbalda í Reykjanesbæ, eins og hann orðar það svo smekklega hér? Ég er þessu efnislega algerlega ósammála. Ég held þvert á móti að menn hafi staðið skynsamlega að þessari samningagerð og hafi byggt upp með framtíðarsýn í huga og rifja það upp enn og aftur að þetta D-álmumál í Reykjanesbæ er aldeilis ekki nýtt af nálinni, heldur á það áratuga sögu, þ.e. ein tíu ár eða rúmlega það. Menn hafa því verið að vinna með þetta mál lengi og mun þurfa engan stórasannleik frá hæstv. núv. heilbrrh. í þeim efnum um einhverja nýtanlega áfanga til eða frá. Ætla mætti að samningurinn frá því í apríl sl. gerði ekki ráð fyrir því að þessir áfangar yrðu nokkurn tíma nýttir? Það er auðvitað fjarri öllu lagi.

Ég vil hins vegar nota tækifærið hér til að fá það alveg skýrt. Það eru 15 dagar eða svo þar til 2. umr. fjárlaga rennur upp og hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að hann muni standa við þessa samninga og gera það að tillögu sinni að þær 98 millj. sem upp á vantar til að standa við þessa 11 samninga verði lagðar fyrir hv. Alþingi. Ég skildi hann þannig. En ég vil hins vegar spyrja: Ætlar hann og hæstv. heilbrrh. að nýta þennan hálfa mánuð til þess að fara í alla þessa 11 samninga og skera þá upp þvers og kruss? Ber að skilja það þannig? Eru þeir allir óskynsamlega saman settir eða bara sumir og aðrir ekki? Þetta verður að gera skýrt.

En af því að hæstv. fjmrh. nefndi það sérstaklega að hann saknaði þess að í þáltill. væri ekki getið um barnaspítala á lóð Landspítalans þá fagna ég því sérstaklega að hann skuli koma með það hér upp á borð og ég rifja það upp, virðulegi forseti, að á vordögum 1994 með samþykki þáv. ríkisstjórnar var ritað undir samkomulag þáv. heilbrrh. við Kvenfélag Hringsins og forsvarsmenn Landspítalans. Þá lýstu stjórnendur Reykjavíkurborgar yfir að þeir skyldu koma að því máli og aðstoða. Ég skal hins vegar hugleiða það mjög alvarlega að koma til móts við þessar óskir ráðherrans og flytja um það sjálfstæða tillögu.

[14:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er einmitt dæmi um orðhengilshátt sem virðist einkenna málflutning í þessu máli. Það eru spurningar af því tagi hvort eitthvað sé óskynsamlegt eða ekki. Ég sagði að það væri skynsamlegt að gera þessar breytingar. Á þeim tíma þegar þessi samningur var undirritaður þá gerðist það eins og alltaf þegar ríkið undirritar samninga að fjmrh. kemur að samningum til þess að kanna það hver er stefna

ráðuneytisins, hvernig ráðuneytið ætlar að nota sína peninga á næstunni og staðfesta það að til séu fjármunir fyrir þessu. Það var athugað þá og í ljós kom að þessir fjármunir voru til. Síðan verða stjórnarskipti, ný stjórn setur fram ný markmið, nýr ráðherra bendir á leið sem ég tel vera skynsamlegri og ég styð hana. Ég fer fram á það að þessum samningi sé breytt vegna þess að ég tel að það sé skynsamlegra fyrir íslensku þjóðina. Ég skal viðurkenna það að ég er ekki þingmaður Reyknesinga en ég er þó þingmaður þjóðarinnar og ég tel skynsamlegra að fá nýtanlegan áfanga 1997 eða 1998 frekar en bíða kannski vel fram á næstu öld til þess að hægt sé að nota þetta hús. Ég bendi líka á það að peningarnir sem sparast við þetta voru notaðir í heilbrigðismál annars staðar og þá þarf að færa þá til baka. Þetta eru mín rök og á þessu hef ég byggt mín rök þótt sumir hafi viljað misskilja mín ummæli eða mistúlka þau eftir atvikum.

Varðandi barnaspítalann þá eru þetta upplýsingar sem koma fram úr heilbrrn. og það gerist allt í einu að undirskrift hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar virðist ekki nægja til þess að það sé gildur samningur í heilbrrn. Málið er nefnilega að það var ekki betur gengið frá því máli á þeim tíma en svo að það var tekið út úr ríkisstjórn. Þar áttu heilbrrn. og fjmrn. að ræða saman um málið, en heilbrrh. páv., núv. hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, lá svo á fyrir kosningarnar að hann gerði samkomulag við forstjóra spítalans og Hringinn og fór á staðinn og auglýsti það að nú skyldi byggt sjúkrahús á nokkrum árum. Auðvitað tók enginn mark á því.

[14:43]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni væri fróðlegt að hæstv. fjmrh. gerði lýðum ljóst þá samþykkt sem ríkisstjórnin gerði á vordögum 1994 og opinberaði hana. Hann gerir þá líka lýðum ljóst hvort afstaða hans þá hafi líka breyst með nýrri ríkisstjórn og hann telji það verkefni, byggingu nýs barnaspítala, óskynsamlegt á haustdögum 1995 eins og hann rekur sig í gegnum byggingaráform D-álmu.

Það er líka mikilvægt að koma því hér skýrt að og ég tek tekið dæmi: Hefur afstaða hæstv. fjmrh. til byggingar hjúkrunarheimilis á Höfn í Hornafirði breyst í þessa veru sömuleiðis nú þegar aðeins örlítill hluti verksins er óklárað-ur? Hefur aðstaða hæstv. fjmrh. með nýjan hæstv. heilbrrh. sér við hlið líka breyst varðandi byggingu Hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirð? Er það sem var skynsamlegt fyrir ári óskyn-samlegt í dag? Ég held að það sé alveg ljóst, virðulegi forseti, að hv. þingmenn þurfa að fá skýr svör við öllum þessum spurningum. Það er augljóst að þetta gildir ekki eingöngu um þá Suðurnesjamenn heldur virðist um afstöðubreytingu að ræða varðandi fleiri verkefni. Það sem var skynsamlegt á síðasta kjörtímabili er nú allt í einu óskynsamlegt með nýjum hæstv. heilbrrh. Það er eftirtektarvert.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert þegar hv. þm. flýr frá því máli sem ég spurði hann um varðandi Barnaspítala Hringsins. Ég hef kynnt mér allar fundargerðir af þessu til-efni og það kemur í ljós að málið var á sínum tíma tekið út úr ríkisstjórn með þeim hætti að okkur var falin afgreiðsla málsins. Það var ekki samþykkt öðruvísi í ríkisstjórninni. Ég hef fundargerðina hérna með mér. Ég get sýnt hv. þm. hana.

Það næsta sem gerist er að það kemur bréf frá heilbrrn. til fjmrn. þar sem beðið er um viðræður og að þetta mál verði tekið upp í nefndinni sem sér um opinberar framkvæmdir. Nefndin fær málið og á meðan málið er á vinnslustigi á milli ráðuneytanna skrifar heilbrrh. undir samning án þess að tala við fjmrn. Hann skrifar undir samning og hvernig átti nú að fjármagna þessa byggingu? Hringurinn átti að gera það og Reykjavíkurborg og einhvern tíma í framtíðinni átti svo heilbrrn. að gera það. (**GÁS:** Það var áætlun um það frá fjmrh.) Skömmu seinna lét hv. þm. af starfi sem ráðherra. Flokksbróðir hans tók við og það var ekkert aðhafst frekar í þessu máli. Og nú er svo komið að þegar hv. þm. snýr sér til ráðuneytisins og spyr um samninga sem í gildi séu, fær hann sendan pakka með ýmsum samningum. Þessi samningur er ekki í pakkanum vegna þess að ráðuneytið hefur lært af því að hafa ráðherra eins og hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem er útbær á almannafé, sérstaklega ef hann og hans ráðu-neyti þurfa ekki að koma nálægt því að borga það.

[14:47]

Drífa Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Í þáltill. sem 1. flm., hv. 9. þm. Reykn., kynnti hér er talað um að staðfesta 11 samninga af hálfu framkvæmdarvaldsins. Í greinargerðinni er talað um að verið sé að eyða óvissu en í mínum huga skapar þáltill. frekar óvissu og veikir þessa samninga.

Ég vil nefna 2. tölul. tillögunnar þar sem er um að ræða tvíhliða — ég endurtek, tvíhliða samning milli ríkis og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um byggingu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja. Samningurinn er af hálfu ríkisins undirritaður bæði af hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. Þessi samningur var gerður eftir þref sem stóð á annan áratug. Fyrst var rætt um fjögurra hæða byggingu, síðan endaði það í tveimur hæðum og kjallara. Suðurnesjamenn hafa enga endurhæfingaraðstöðu. Við búum við mjög erfið skilyrði varðandi heilsugæslulækna. Það eru mjög fáir heilsugæslu-læknar á íbúa og að ýmsu leyti er þjónustunni ábótavant. Hún þyrfti að vera mun betri en hún er í dag, sérstaklega ef við viljum miða okkur við aðra landsmenn.

Við höfum möguleika á að bæta úr því sem brýnast er að framkvæma. Þarna er ekki verið að reisa neina glæsihöll, heldur aðeins að koma húsi yfir það sem nauðsynlegast er. Sveitarfélögin taka að sér að fjármagna þennan 1. áfanga og ég fullyrði að þetta er skynsamleg niðurstaða.

Sú tillaga sem sett hefur verið fram af formanni bygging-arnefndar er með öllu óásættanleg. Hún hefur verið kynnt sveitarstjórnum á Suðurnesjum og stjórn sjúkrahússins og þær hafa hafnað þeirri tillögu. Hins vegar hafa sveitarstjórn-armenn lýst sig tilbúna til að finna leiðir til þess að þetta sjúkrahús verði ódýrara í rekstri í framtíðinni, t.d. með ein-angrun að utan og öðrum tilfæringum sem kynnu að reynast skynsamlegri. En fermetratalan sem þarna kemur fram er sá lágmarksfermetrafjöldi sem þarf fyrir þessa byggingu. Um það eru Suðurnesjamenn sammála.

Hér vék hæstv. fjmrh. alloft að ummælum mínum og ég hef einnig hlustað á alllangan þátt sem fluttur var í útvarpi Bros á Suðurnesjum. Þar fannst mér margt sem ég hefði getað gert athugasemdir við í máli ráðherra, en ætla ekki að gera hér. Hins vegar er ég ekki vön að fara með fleipur og það sem fram kom í máli mínu á bæjarstjórnarfundi sem hér var vitnað til hlustuðu þeir á sem voru í sendinefndinni á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Eftir það sömdu þeir bókun og ég vildi, með leyfi forseta, lesa niðurlagið, sem hljóðar svo:

„Stjórnin lýsir undrun sinni á ummælum fjmrh. á Brosinu þann 8. nóvember sl. þar sem lýsing forseta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar á fundinum með ráðherra var sönn að öllu leyti og ekkert ofsagt.“ Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þau ummæli sem hann hefur síðar látið falla í minn garð.

Ágæti herra forseti. Þjóðin treystir því að undirskriftir ráðherra standi, og hvað þá heldur samningar sem tveir ráðherrar undirrita. Ég neita að trúa öðru, þrátt fyrir ýmis orð sem fallið hafa. Og því fagna ég þeim ummælum sem hæstv. fjmrh. hefur viðhaft hér. Ég er sammála flm. tillögunnar um að standa skuli við gerða samninga, á því leikur enginn vafi. En ég er ósammála þeirri aðferð sem hér er kynnt því að þá skapast, að mínu mati, fleiri grá svæði um hvaða samninga eigi að leggja fyrir Alþingi og hverja ekki. Verður þá mismikið að marka samninga? Já. Á að leggja alla samninga fyrir eða bara suma? Hvers virði eru þá samningar framkvæmdarvaldsins eða undirskriftir ráðherra? Mundu þá ekki íbúar þessa lands velta fyrir sér hvers virði undirskrift fjmrh. er eigendum ríkisskuldabréfa þegar ber að greiða á gjalddaga?

[14:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vottorð frá félögum hv. þm. sanna ekki neitt í málinu. Ég get áreiðanlega fengið vottorð frá starfsmönnum ráðuneytisins sem voru á fundum um það sem þar fór fram. Yfirlýsing forseta bæjarstjórnar í Keflavík á fundi þar eitthvað í þá veru, ég hef hana ekki við höndina, að hún ætli ekki að segja hvað gerðist á fundinum en að segja síðan í framhaldi af því eða áður, að hún geti þó sagt að ráðherrann hafi þar blásið á sína eigin undirskrift verður vægast sagt ekki skilin öðruvísi en eigin lýsing á því sem þar gerðist og er náttúrlega algjör misskilningur. Það sýna fundargögn sem ég hef farið yfir. (Gripið fram í.) Það var sagt í allt öðru samhengi vegna þess að sá sem hér stendur var að undirstrika að þetta mál snýst ekki um undirskriftir. Það snýst um það hvort fólk er tilbúið til að gera breytingar á fyrri áformum vegna þess að peningar eru ekki nægir og til þess að fá húsnæði í not fyrr en ella. Um það snýst þetta mál.

Ég spyr hv. þm.: Ber að skilja orð þingmannsins þannig að það komi ekki undir nokkrum kringumstæðum til greina að byggja þetta hús með þeim hætti að það komist í not fyrr þannig að menn standi þá uppi með áfanga sem hægt er að nota í stað 1. áfanga sem ekki er til neins nýtur? Er vonlaust að búast við því að Suðurnesjamenn geti fallist á einhverjar breytingar á þessari byggingu? Er engin leið til þess? Ber að skilja það svo að það eigi að hanga á þessu máli hvað sem tautar og raular og hvað sem skynseminni líður?

[14:54]

Drífa Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem orð mín virðast hafa misskilist vil ég ítreka að Suðurnesjamenn eru opnir fyrir því að ræða möguleika á að byggt verði betra hús heldur en nú er á borðinu. Hins vegar er búið að margfara yfir það hvað nauðsynlegt er að byggja og hverju er hægt að sleppa, hvað er hægt að þjónusta hér og hvað er nauðsynlegt að við höfum. Við gerum þá kröfu að við getum veitt þá lágmarksþjónustu sem við erum í raun að tala um með þessari byggingu.

Við höfum mjög takmarkað svæði til að byggja við sjúkrahúsið. Þess vegna er okkur þröngur stakkur sniðinn hvar og hvernig er hægt að byggja við þetta sjúkrahús. Við höfum lýst því yfir að við erum tilbúin til þess að skoða breytingar, en tillagan sem hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni hér er ekki skynsamleg fyrir framtíðina. Við erum hins vegar reiðubúnir, Suðurnesjamenn, til þess að að byggja áfanga sem er nýtilegur fyrr. Það sem einfaldlega vantar, nr. eitt, tvö og þrjú, er meira fjármagn.

[14:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að heyra þessi sjónarmið frá hv. þm. Þau gefa þó til kynna að það sé einhver smámöguleiki á því að hægt sé að ná samkomulagi um breytingar á þessari byggingu, þannig að það komi nýtilegur áfangi fyrr. Og ég vonast til þess, þrátt fyrir orð þingmannsins um að það kosti allt meiri peninga, þá muni aðilar í fullri alvöru, fulltrúar heilbrrn. og fulltrúar Suðurnesjamanna, reyna sitt besta til að ná samkomulagi um það að nýta betur það fé sem til skiptanna er í þessu sambandi. Að öðrum kosti stöndum við frammi fyrir því, allir þingmenn, að þurfa að skera niður af heilbrigðisstarfsemi annars staðar, því að þessir peningar voru í fjárlagafrv. settir í önnur verkefni. Til þess að koma í veg fyrir það og ná niðurstöðu í málið leyfi ég mér að skilja orð þingmannsins þannig að hún sé tilbúin til þess að eiga viðræður við ráðuneytið og komast að niðurstöðu sem er ásættanleg fyrir alla aðila. Ég vænti þess að menn snúi sér að þessu, sem er auðvitað aðalatriði málsins, og hætti að stunda orðhengilshátt af ýmsu tagi.

[14:56]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. sem gengur út á það að Alþingi staðfesti tiltekna samninga sem ráðherrar hafa gert vegna framkvæmda á sviði heilbrigðismála. Ég verð að segja að víst er það gagnlegt að umræða geti farið fram á grundvelli þessarar tillögu, en auðvitað er það þannig að það er eðlilegra að umræða um samninga sem ríkið hefur gert, eða er að undirbúa, fari fram í tengslum við fjárlagagerðina.

Það er skoðun margra, og m.a. þess sem hér stendur, að það sé mjög mikilvægt að gera samninga um framkvæmdir sem ná yfir langan tíma, þannig að bæði ríkisvaldið og aðrir sem að málum koma geti gert áætlanir til lengri tíma um fjármögnun og fyrirkomulag framkvæmda. Lögin um opinberar framkvæmdir gera ráð fyrir því að gerðir séu samningar um tiltekin verk, eins og kom rækilega fram hjá hæstv. fjmrh. Ég held hins vegar að það beri að varast að ganga svo langt í samningagleðinni af hálfu hæstv. ráðherra hverju sinni, að ekki sé fyrir séð hvernig megi útvega fjármuni til að fjármagna gerða samningana. Við vitum að fjármálaráðherrar og einstakir fagráðherrar hafa gert samninga án þess að það væri öruggt að fjármunir væru tryggðir vegna þeirra samninga. Ég tel þess vegna, og vil að það komi fram í þessari umræðu, að ráðherrar þurfi að fara mjög sparlega með valdið til að gera slíka samninga. Ég tel að það hafi e.t.v. verið gengið of langt í þeim efnum. Það liggur ljóst fyrir að þessir samningar, eins og kemur fram í till. til þál., eru í rauninni langt umfram það sem líklegt er að ríkissjóður geti staðið við.

Þá komum við að öðru máli sem er mjög sérstakt. Ég sakna þess að hæstv. heilbrrh. skuli vera farinn úr salnum því það er alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því sem þar er á ferðinni. Ég vek athygli á því við umræðuna að það eru fleiri hlutir í gangi. Til viðbótar þeim samningum sem hér er vakin athygli á og krafist að Alþingi staðfesti virðist vera að t.d. á vegum Reykjavíkurborgar séu hafnar framkvæmdir og ég sá að ágætur borgarstjóri, fyrrv. þingmaður hér, tók skóflustungu að nýju hjúkrunarheimili.

Ég spurðist fyrir hvort einhverjir samningar lægju fyrir um það vegna þess að ríkinu er ætlað að greiða tiltekinn hluta í byggingarkostnaði hjúkrunarheimila fyrir utan það að ríkið greiðir 100% af kostnaði við rekstur hjúkrunarheimila. Ég fékk þær upplýsingar að það lægi eitthvað lítið fyrir um staðfestingu af hálfu ríkisvaldsins um þá byggingu sem fyrirhuguð er og er raunar byrjað á úr því búið er að taka fyrstu skóflustunguna. Hins vegar hafði stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra gert samning eða staðfest framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þarna er í rauninni tvöfalt kerfi í gangi. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra úthlutar í þessu tilviki fjármunum án þess að Alþingi komi þar nokkurs staðar nærri. Úr því verið er að ræða um samninga tel ég að þá þurfi að gera sér grein fyrir því hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig. Ég efast ekki um þörf á auknu hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu, það má ekki skilja orð mín þannig, en engu að síður er nauðsynlegt að þetta komi fram í umræðunni.

Hæstv. forseti. Það eru í gangi fleiri en ein gerð samninga. Ég vil gera verulegan greinarmun á þeim. Það er í fyrsta lagi samningar sem hæstv. heilbr.- og fjmrh. hafa gert við sveitarfélögin þar sem framkvæmdir eru hafnar núna og samningar þar sem þannig háttar til að framkvæmdum er lokið en greiðsluskyldan stendur eftir. Í öðru lagi eru svo samningar sem hæstv. heilbrrh. og fjmrh. hafa gert en framkvæmdir hafa ekki hafist. Ég tel að það þurfi að ýta sérstaklega á það. Síðan er þriðja gerðin af samningum þar sem einungis hæstv. heilbrrh. hefur undirritað samninga og hæstv. fjmrh. telur sig væntanlega ekki skuldbundinn til að standa að tillögugerð um fjárveitingar til þeirra.

Þá kemur spurningin um hvernig á að standa að því ef ríkisstjórn telur nauðsynlegt að breyta samningum og þá komum við að aðalatriði málsins og aðalatriði deilunnar. Ég tel að í fyrsta lagi sé óframkvæmanlegt að segja upp samningum þar sem framkvæmdum er lokið eða framkvæmdir eru í fullum gangi á grundvelli verksamninga sem hafa verið gerðir. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt fyrir ríkisvaldið að standa þannig að verki að rífa upp slíka samninga. En ég tel fullkomlega eðlilegt að leitað sé eftir því að taka upp samninga þar sem það er hægt. Það er bara eðlilegur gangur á milli ríkisvaldins og í þessu tilviki sveitarfélaganna að hægt sé að ganga til samninga vegna þess að forsendur hafi breyst. Ég tel að það eigi ekki að gera í krafti ráðherravalds með tilkynningu sem felur í sér að samningum verði rift og það eigi ekki að standa við samninga. Þannig á ekki að standa að málum og þannig getum við ekki staðið að málum. Ég tel hins vegar alveg fullkomlega eðlilegt og tel að við eigum í rauninni ekki annarra kosta völ í þeirri stöðu sem við erum í hvað varðar ríkisfjármálin en að ganga til samninga og reyna að ná fram skynsamlegri og betri áföngum í ýmsum verkum en við blasa. Þess vegna tel ég eðlilegt að ganga til viðræðna, m.a. hvað varðar þessi tvö verk í Keflavík og Fáskrúðsfirði og reyna að ná samkomulagi um að ekki þurfi að greiða þá fjármuni sem samningarnir gera ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég endurtek að við eigum auðvitað að standa við samninga en forsendur geta breyst og þá þurfum við að geta hafið viðræður og komist að niðurstöðu.

[15:05]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er komið inn á mál sem er sannarlega ástæða til að ræða. Það er mjög nauðsynlegt að taka á því með einhverju móti hvort það sé í rauninni rétt að framkvæmdarvaldið geti tekið sér slíkt fjárveitingavald sem felst í samningagerð af þessu tagi, að vísu með fyrirvara um samþykki Alþingis, og hvernig eigi að haga slíku að öðru leyti. Ég hef að vísu miklar efasemdir um að rétt sé að standa að málum með þeim hætti sem hér er lagt til þó það sé allrar umræðu vert. Reyndar væri samþykkt Alþingis með þessu móti því miður engin trygging fyrir efnd samninga af þessu tagi. Við höfum svo mörg dæmi fyrir því að Alþingi samþykki eitt og annað og setji heilu lagabálkana sem það eða að minnsta kosti meiri hlutinn treystir sér svo ekki til að standa við með nauðsynlegum fjárveitingum. Ég sé fyrir mér að með þessu gæti einfaldlega lengst svokallaður „þrátt fyrir kafli" í tengslum við fjárlög og lánsfjárlög þar sem meiri hluti Alþingis er í raun að ógilda eða ganga gegn þeim vilja Alþingis sem hefur verið markaður með lögum. Ég nefni fræg dæmi eins og lögbundinn tekjustofn Ferðamálaráðs, Kvikmyndasjóðs og Framkvæmdasjóðs aldraðra og ég nefni bensíngjald og ýmislegt fleira mætti tína til. Það er því sannarlega engin trygging fyrir efnd á einu né neinu þótt Alþingi staðfesti einhverja samninga sem ráðherrar hafa gert ef þeir vilja ekki gera það sjálfir því eins og við vitum dansar meiri hlutinn meira og minna eftir þeirra pípu.

Hitt er svo annað mál að ég tel brýnt að taka framkvæmdir á vegum ríkisins fastari tökum en verið hefur. Þessi þjóð hefur verið svo önnum kafin við að framkvæma og fjárfesta síðustu áratugina að hún hefur ekki mátt vera að því að hafa stefnu í þessum efnum. Kröfurnar hafa verið endalausar og þarfir og markmið hafa meira og minna verið skilgreind jafnóðum og raunar verið síbreytileg. Það er auðvitað lygasögu líkast þegar litið er yfir framkvæmdir síðustu áratuga, virkjanir, hafnir, vegir og brýr, opinberar stofnanir, íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, þetta hefur allt saman verið unnið meira og minna eftir hendinni án ítarlegra skipulagsáætlana og án þess að langtímasjónarmið væru lögð til grundvallar. Markmiðið í framkvæmdum þess opinbera virðist hafa verið að freista þess að gera alla ánægða, mæta kröfum allra að einhverju leyti með vegarspotta hér og hafnargarði þar, íþróttahús, skóla, heilsugæslustöð á hverjum stað. Niðurstaðan hefur orðið sú að allt of margar framkvæmdir hafa verið í gangi í einu, þær hafa tekið allt of langan tíma og þær hafa þar með orðið dýrari en þær hafa þurft að vera og jafnvel verið orðnar úreltar áður en þær komast í gagnið.

Á nokkurra ára bili byggðu menn heimavistarskóla um allt land, einn skóla fyrir hvern þingmann var stundum sagt. Um leið var verið að bæta vegakerfið og heimavistarskólarnir voru vart komnir í gagnið þegar stefnan varð sú að keyra öll börn daglega í skólann. Í sumum þeirra hafa aldrei gist skólabörn nema skyndilega hafi gert óveður eða orðið ófært. Heimavistirnar gagnast að vísu ágætlega í ferðaþjónustunni á sumrin en það var náttúrulega ekki upphaflega markmiðið.

Enn má nefna heilsugæslustöðvar sem voru byggðar um allt land á tiltölulega fáum árum. Þær hafa vissulega orðið til mikilla hagsbóta fyrir almenning en hefðu betur kannski verið byggðar með svolítið meiri forsjálni og fyrirhyggju. Staðlar ráðuneytanna réðu stærð og búnaði en tóku allt of lítið tillit til rekstrarkostnaðar og afleiðingin er víða sú að viðkomandi sveitarfélag er að kikna undan kostnaði.

Ástæða alls þessa er vitanlega sú að stefnumótun hefur engin verið. Auðvitað hefur verið reynt að styðjast við áætlanir á einstökum sviðum svo sem vegáætlun, hafnaáætlun, flugmálaáætlun o.s.frv. en engin tilraun hefur mér vitanlega verið gerð til að skipa framkvæmdum í forgangsröð með

tilliti til allra þátta sem geta skipt máli svo sem þróun byggðar, samgangna eða atvinnumála. Þarna er hvert ráðuneyti að sýsla með sitt og hvert sveitarfélag otar sínum tota. Ef vel ætti að vera þyrfti langtímastefnumörkun og skipulegt samráð milli ráðuneyta til að reyna að tryggja samfelldar framkvæmdir sem ganga ekki þvert hverjar á aðra eins og dæmi eru með heimavistirnar og vegina. Þá er nauðsynlegt að stefna að því að verkefnum ljúki á sem skemmstum tíma svo að fjárfestingar nýtist sem best. Það er bæði dýrt og heimskulegt að hafa margar stórar og fjárfrekar framkvæmdir í gangi í senn sem tekur áratugi að ljúka. Við þurfum auðvitað að venja okkur af mikilmennskuæðinu sem rennur stundum á hönnuði og aðra framkvæmdaaðila sem virðast standa í þeirri trú að við Íslendingar séum moldríkir. Það er náttúrulega í samræmi við þessi vinnubrögð að ríkisvaldið skuli skyndlega ætla að skera niður framlög til stofnkostnaðar um nær 2 milljarða á milli ára og ekki að undra þótt ýmsir séu skelfingu lostnir því að á sama tíma er samdráttur hjá sveitarfélögunum. Að mínu mati er mikil bjartsýni að halda að fyrirtæki í einkarekstri hafi bætt hag sinn svo mjög að þau muni fylla það skarð í framkvæmdum sem hið opinbera lætur eftir sig með þessum hætti.

Þetta eru hugleiðingar í tilefni af þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Tilefni hennar er auðvitað deginum ljósara og hefur komið fram í umræðunni. Ráðherrar hafa undirritað samninga og nú hafa ýmsir ástæðu til að ætla að þeir ætli ekki að standa við þá. Það sýnir auðvitað fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. fór orðum um nauðsyn þess að skoða málin til enda, hvernig menn ætluðu að ljúka byggingum og hvernig ætti að standa síðan að rekstri slíkra bygginga og ég get fyllilega tekið undir það. Hann talaði um nauðsyn þess að athuga hvort ekki væri hægt að gera skynsamlegar breytingar á samningum sem þegar stæðu undirskrifaðir. En hæstv. ráðherra ætti að vita það sem við þingmenn Reykn. vitum að það er margbúið að fara yfir að minnsta kosti þann samning sem hefur verið hér töluvert til umræðu og er nú kannski upphafið að tillögunni. D-álman við sjúkrahúsið á Suðurnesjum hefur verið á dagskrá árum saman. Þetta var eitt af aðalmálum þessa kjördæmis í mínu fyrra lífi sem þingmaður eins og ég hef nú stundum orðað það. Þá var þetta eitt af aðalmálunum og til umræðu á hverju einasta ári og það er margbúið að fara yfir þetta mál. Það er margbúið að breyta áætlunum um þessa byggingu, minnka kröfurnar til að koma til móts við þau sjónarmið að það verði að hafa sem minnstan kostnað af byggingunni og tryggja rekstur hennar. Það sem við er að eiga í þessu efni er að sjúkrahúsið á Suðurnesjum er af óhagkvæmri stærð sem veldur óhagkvæmni í rekstri og það er ekki í neinu samræmi við þörf og við stærð þess héraðs sem því er ætlað að þjóna. Vegna þess að það hefur gengið svo illa að fá fjármagn til stækkunar hefur svo sannarlega hvað eftir annað verið farið yfir þær áætlanir og þessi bygging minnkuð og reynt að draga saman á allan hátt. Þessi hegðun stjórnvalda og meðferð á lögum og samningum grefur undan trausti almennings til Alþingis og spillir fyrir samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga. Auðvitað eiga menn að standa við undirritaða samninga.

[15:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil fagna yfirlýsingu hæstv. fjmrh. hér áðan — og mér heyrðist hann einnig mæla fyrir hönd hæstv. heilbrrh. — um að ekki yrði gengið á gerða samninga við sveitarfélög um byggingarframkvæmdir sem undirritaðir hafa verið af þeirra hálfu nema um það náist samstaða við þá sem skrifuðu undir samningana með þeim. Þessar yfirlýsingar finnast mér mjög mikilvægar í ljósi umræðunnar sem hefur farið fram og hefur komið fram í viðtölum og blöðum og gat hugsanlega bent til einhvers annars.

Þetta er einnig mjög mikilvægt vegna umræðunnar, sem fór fram í kringum afgreiðslu fjárlaga, þar sem í rauninni kom í ljós í fyrsta skipti hvað væri til umræðu varðandi breytingar á samningum. Þegar þessar hugmyndir, sem voru gerðar um niðurskurð framkvæmda, voru kynntar í stjórnarflokkunum var ekki tekið á því hvaða samningar væru þar til umræðu heldur var litið á það sem heildarramma hvernig niðurskurðartillögur kæmu fram, ekki einstakar framkvæmdir. Það er mjög mikilvægt varðandi þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. kom áðan með fyrir framhald á samningum við sveitarfélög um yfirtöku grunnskólans til sveitarfélaganna og annarra verkefna eins og komið hefur fram hjá öðrum hv. þm.

Samningar um D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja voru gerðir eftir mjög langar samningalotur jafnvel árum og áratugum saman. Eins og menn muna eflaust og hefur reyndar komið fram í ræðum annarra hv. þm. hefur feikilega mikið verið gefið eftir af hálfu Suðurnesjamanna í þessari byggingu. Á þessu svæði hefur lítið sem ekkert verið byggt á undanförnum áratugum. Á sama tíma hefur fjölgað gríðarlega á þessu svæði og langt umfram landsmeðaltal. Suðurnesjamenn hafa bent á að þegar kemur t.d. að rekstri Sjúkrahúss Suðurnesja, sjúkrahússins í Keflavík, hafi verið vitlaust gefið. Þar hafi verið mun minni fjármunir til reksturs en hjá öðrum sambærilegum sjúkrahúsum og það hefur einmitt komið í ljós sem þeir héldu réttilega fram að rekstur sjúkrahússins í Keflavík hefur minnsta fjármuni á bak við sig á hjúkrunarrúm af öllum sjúkrahúsum landsins. Þetta ætti náttúrlega að vera þeim til hróss fyrir góðan rekstur og það er mjög mikilvægt en eigi að síður sýnir hvað þeir hafa gengið langt við að ná hagkvæmni sem hefur skert þá þjónustu sem þeir telja sig þurfa að veita eins og önnur sjúkrahús á landinu.

Ég tek undir það sem komið hefur fram hjá hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur að það sé að sjálfsögðu nauðsynlegt að ræða einhvers konar breytingar á þeim samningi sem gerður var um byggingu D-álmu ef þær geta verið í samkomulagi beggja aðila. Ég tek undir með þeim sem hafa rætt um þetta mál af hálfu Suðurnesjamanna að sú lausn sé mjög óviðunandi að fara út í áfanga sem skilar einungis fyrstu hæðinni ásamt bráðabirgðaþaki, kannski ekki endilega vegna þess að það geti ekki verið góður áfangi heldur vegna þess að það er líka dýr lausn að mínu viti. Það kostar 17 millj. kr. að byggja bráðabirgðaþakið. Bara það eitt út af fyrir sig er mjög dýrt og hæpið bygging með þessum aukakostnaði geti borgað sig ef síðan er ætlunin að byggja tvær hæðir ofan á fyrstu hæðina eftir um 2–3 ár. Ég held að það hljóti að vera hyggilegt að ljúka við bygginguna og ef menn komast ekki að neinni annarri betri lausn en að halda sig við samninginn þá sé það besti kosturinn. Ég tel aftur á móti að besti kosturinn sé náttúrlega sá að byggja þá fermetra sem menn hafa samið um og koma um leið nýtanlegum áfanga í gagnið. Þannig held ég að allir yrðu sáttir.

Ég lýk svo máli mínu með því að ítreka vilja minn sem þingmaður Reyknesinga fyrir því að leysa málið þannig að byggingarframkvæmdir geti hafist sem fyrst. Samkvæmt þeim samningi sem var undirritaður átti að vera búið að ganga frá öllum útboðsgögum þannig að byggingarframkvæmdir gætu farið í útboð og framkvæmdir hæfust á næsta

ári. Ég veit ekki til þess að svo hafi verið gert og ég vona að á næstu dögum geti menn náð þeim áfanga að ná fyrst og fremst samkomulagi og þá að halda áfram þeim undirbúningsframkvæmdum sem eru nauðsynlegar.

[15:21]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á orðum hv. þm. Kristjáns Pálssonar þegar hann gerði þingheimi grein fyrir því að við umfjöllun um forsendur fjárlaga í stjórnarflokkunum hafi hann og aðrir þingmenn Sjálfstfl. samþykkt það að skera niður framlög til stofnkostnaðar upp á þær 100 millj. sem á vantar samkvæmt þeim samningum sem í gildi eru. En hann lét þess enn fremur getið að ekki hefði verið sundurliðað hvar niðurskurðurinn ætti að koma fram. Ber að skilja orð hans þannig að hann hafi samþykkt þetta í þeirri trú að ef hægt væri að skera niður einhvers staðar annars staðar en í D-álmu þá væri hægt að sætta sig við það? Ég spyr að gefnu tilefni: Gæti hann fellt sig við niðurskurð í framkvæmdum við heilsugæslustöð í Kópavogi sem er nú á fullum skrið og verklok væntanleg á næsta ári eða hvaða samningar eru það á landsvísu af þeim 11 sem í gildi eru sem hv. þm. og þá væntanlega aðrir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna voru að saxa á fyrst og síðast? Menn geta ekki hlaupið undan alvöru málsins með almennum yfirlýsingum á borð við þetta, virðulegi forseti. Það er ekki hægt. Það er of létt í vasa.

Hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir og nú síðast hv. þm. Kristján Pálsson, þingmenn ríkisstjórnarflokkanna, tala um að þau séu opin til umræðu um að gera endurskoðun á þessum samningum. Ég minni á að á þeim rúmu 10 árum, sem undirbúningur hefur verið í gangi, hafa farið yfir 20 millj. í hönnunarkostnað í þetta mannvirki. Virðulegi forseti, það er komið nóg, við höfum hannað alveg nóg. Við skulum láta hendur standa fram úr ermum.

[15:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr hvort ég væri tilbúinn til þess að skera niður framkvæmdir við heilsugæsluna í Kópavogi. Í rauninni hefur mikill og merkilegur hraði verið á byggingunni í Kópavogi og þeim til hróss sem að því hafa staðið. Þeir eru nánast að verða búnir að steypa upp heilsugæsluna þar miðað við þann samning sem var gerður og þeir byrjuðu strax sama dag og samningar voru undirritaðir. Ég er alls ekki að leggja til að dregið verði úr framkvæmdum í Kópavogi eða á neinum öðrum samningum sem hafa verið undirritaðir af hæstv. fjmrh. og heilbrrh. í þessu tilfelli. Ég hef alla tíð haldið því fram og sagði áðan að ég teldi það grundvallaratriði í stjórnsýslunni að samningar sem undirritaðir hafa verið af þessum aðilum af hálfu ríkisins t.d. við sveitarstjórnir standi nema annað komi upp sem breyti samningnum með samþykki beggja aðila. Ég held að það sé alveg kristaltært eins og hv. þm. segir svo oft, **(Gripið fram í:** Kýrskýrt.) jafnvel kýrskýrt, að í mínum huga standa slíkir samningar þar til báðir aðilar taka af skarið með því að breyta þeim. Þetta er nákvæmlega sama skoðun og hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh. og ég man ekki betur en hæstv. heilbrrh. hafi lýst því einnig yfir að hún muni standa við þá samninga sem gerðir eru þótt hæstv. ráðherra vilji breytingar. Það geta allir skilið að það má reyna að breyta en ef menn samþykkja það ekki þá verður engu breytt.

[15:25]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ræðu hv. þm. því hann var öllu skýrari í framsetningu hvað þetta varðar en í fyrri ræðu sinni. Ég held að hann sé sammála mér að nóg hafi verið hannað og teiknað og nægum fjármunum hafi verið veitt til þess arna. Ég minni líka á að hv. þm. kom beint að þessu máli, að vísu ekki í núverandi starfi sínu sem þingmaður heldur sem þáverandi bæjarstjóri í Njarðvíkurbæ og er auðvitað öllum hnútum kunnugur. Ég get því ekki leynt því að ég undrast dálítið að hann hefði allt í einu einhverjar efasemdir um ágæti þessarar framkvæmdar og hvernig að henni væri staðið því að hann kom gjörla að henni á þeim tíma sem frá málum var gengið.

Virðulegi forseti. Það er alveg hægt að velta þessu fram og til baka. Menn hafa 15 daga til stefnu til þess að finna fjármuni til þess að allar þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, geti gengið fram með þeim hætti sem framkvæmdarvaldið hefur lofað í þeim samningum sem það hefur gert við samningsaðila. Það er auðvitað hið stóra verkefni ríkisstjórnarflokkanna að búa þannig um hnúta að þannig geti mál gengið fram.

Af því að ég er að ræða dagsetningar minni ég á að í margnefndum samningi um svokallaða D-álmu eru einmitt dagsetningar sem miða við 15. nóvember ef ég man rétt þar sem fullnaðarhönnun ætti að vera lokið. Menn eru því nákvæmlega á þeim tímapunkti að láta einfaldlega auglýsa útboð og fara í það að moka, grafa, steypa og byggja. Það er mergurinn málsins.

[15:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil upplýsa að ég kom ekki beinlínis nálægt þeim samningi sem var gerður var 3. apríl sl. Aftur á móti hef ég komið nálægt þeirri umræðu sem hefur snúist í kringum þetta á undanförnum árum og lagt ríka áherslu á að staðið yrði við það samkomulag sem gert var við sveitarfélögin á Suðurnesjum árið 1990 um uppbyggingu á heilsugæslumálum Suðurnesjamanna. Þar var verkefni D-álmu eitt af forgangsmálum eftir byggingu Víðihlíðar í Grindavík.

Við afgreiðslu þingflokks Sjálfstfl. á sínum tíma um niðurskurð á framkvæmdum var fyrst og fremst hugsað um samninga sem var ekki búið að staðfesta. Ég skildi það allan tímann þannig ef samningar væru á undirbúningsstigi yrðu þeir ekki staðfestir en staðið yrði við samninga sem væru frágengnir ef ekki næðist samkomulag við aðila um neina breytingu. Ég held að búið sé að hamra alveg nægilega mikið á þessu þannig að í raun sé ástæðulaust að halda áfram með þetta mál og að við séum að tefja það enn meir með einhverjum frekari málflutningi. Aftur á móti skora ég á hæstv. heilbrrh. að koma þeirri nefnd, sem sér um undirbúning að byggingu D-álmunnar, af stað því að ég held að nefndin hafi beðið ansi lengi eftir því að fá grænt ljós á að hefja framkvæmdir.

Ég þykist vita að hæstv. heilbrrh. vilji að þær framkvæmdir hefjist og ég held líka að við þingmenn Reykn. höfum beðið nokkuð lengi eftir því að fá boð um næsta fund.

[15:30]

Útbýting þingskjals:

Samgöngur á Vestfjörðum, 159. mál, þáltill. SighB o.fl., þskj. 193.

[15:30]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður, m.a. vegna þess að þingmenn Reykn. þurfa að mæta á fundi í Sandgerði sem boðað var til síðdegis. En það var tvennt sem ég taldi mikilvægt að kæmi fram í umræðunni af minni hálfu. Það fyrra hefur nú þegar komið fram. Hæstv. fjmrh. hefur staðfest það greinilega í umræðunum að staðið verði við þá samninga sem hann hefur undirritað. Þótt ráðherrann kunni að vilja breyta þeim mun það ekki hafa áhrif á það að verði slík breyting ekki framkvæmd þá muni samningarnir standa. Það er kjarni málsins sem snertir D-álmuna í Reykjanesbæ og að því leyti hefur þessi umræða verið gagnleg.

Hitt atriðið sem ég vildi að kæmi fram af minni hálfu er að ég hef alvarlegar athugasemdir og efasemdir um að það sé rétt leið sem boðuð er í þessari þáltill. að Alþingi eigi að staðfesta einstaka samninga sem fjmrh. og viðkomandi fagráðherrar undirrita. Það er algerlega ný leið í íslensku stjórnkerfi. Það opnar möguleika á að t.d. undirritun fjmrh. íslenska lýðveldisins sé ekki gild nema Alþingi hafi staðfest hana eftir á. Ef sú skipan yrði tekin upp held ég að æðimargt í fjármálakerfi okkar, viðskiptakerfi, samningum við útlönd o.s.frv. væri með allt öðrum hætti. Ég ætla ekki að rökstyðja sjónarmið mitt mjög ítarlega en ég vildi að það kæmi fram við þessa umræðu að mér finnst sú kerfisbreyting sem stefnt er að með þessari tillögu ekki vera til bóta. Hins vegar gefst tækifæri til þess að ræða það síðar meir. Ég ætla ekki að gera það í ljósi þessara aðstæðna sem ég lýsti í upphafi en ég vildi að það sjónarmið kæmi fram við umræðuna.

[15:32]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt að gefnu tilefni. Ég vek sérstaka athygli á því að í greinargerð með þessari tillögu á bls. 3 og neðst á bls. 2 er einmitt komið inn á þessi álitaefni sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði að umtalsefni og það er sagt berum orðum að um það væri engu slegið föstu hvort þessari skipan ætti að koma á í heild og breidd. Hins vegar gerði ég mjög rækilega grein fyrir því að vegna þessara sérstöku kringumstæðna þegar hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. hafa gefið mjög skýrt tilefni til þess að efast um vægi þeirra undirskrifta væri nauðsynlegt að Alþingi gripi inn í. Hins vegar get ég verið honum sammála um það að í heild og breidd eru bæði plúsar og mínusar með því hvort þennan hátt eigi að taka upp að öllu jöfnu.

[15:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég harma að hæstv. fjmrh. hefur ekki séð sér fært að sitja þessa umræðu, sérstaklega þar sem hann kom með ótrúlega ósvífnar aðdróttanir í garð fyrrv. heilbrrh. í andsvari áður en hann hvarf á braut. Hann rakti mjög ítarlega í athugasemd sinni um byggingu barnaspítala hvernig samningur hefði verið gerður þar, hverjir hefðu komið að þeim samningi og gerði Alþingi alveg klárlega ljóst að heilbrrh., Reykjavíkurborg og Hringurinn stóðu saman að þeim samningi og var með ósvífnar dylgjur um hvernig stæði á því að sá samningur væri ekki í greinargerð með tillögunni. Þess vegna, virðulegi forseti, leyfi ég mér að lesa fyrstu þrjár línurnar í fskj. I á bls. 3 í þessu þskj.:

„Ráðuneytið vísar til bréfs frá 26. okt. sl. þar sem beðið er um skrá yfir þá samninga sem heilbrrn., með eða án aðildar fjmrn., hefur gert um nýbyggingar á vettvangi heilbrigðismála eða um meiri háttar viðhald á mannvirkjum sem notuð eru til heilbrigðisþjónustu."

Það hlýtur að verða okkur þingmönnum umhugsunarefni að þar sem þessar þrjár skýru línur standa í þskj. í erindi frá heilbrrn. hvernig standi á því að samningar sem gerðir voru án aðildar fjmrn. hafi ekki birst hér í þskj.

Ráðherrann sagði einnig að nauðsynlegt væri að breyta og átti þar við D-álmu en ef menn berja haus við stein er það skylda ráðherranna að leggja fram tillögur í samræmi við samninginn. Þetta er það sem er punctum saliens í þessu máli sem snýr að D-álmunni og ég ætla aðeins að nefna að allir samningar eru undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Í því tilfelli sem mest hefur verið rætt um hér hafa allir þingmenn verið sáttir við þá framkvæmd. En þegar framkvæmdarvaldið setur sig í stellingar til að breyta fyrri áformum og kemur ekki með tillögur í fjárlagafrv. í samræmi við áform og samninga eru þingmenn, Alþingi, löggjafarvaldið ekkert spurð nema að því leyti sem þau fá tækifæri til að koma með athugasemdir í fjárlagaumræðunni sjálfri eins og ráðherrann kvartaði um að verið væri að víkja frá með tillöguflutningi af þessu tagi.

Ágæti forseti. Það er umhugsunarefni fyrir Alþingi þegar ráðherra lýsir því yfir að ríkisvaldið hafi sett sér markmið, nýja stefnumörkun og þess vegna dragi heilbrrh. úr framkvæmdum sem var áður búið að ákveða með undirskriftum meðan unnið er að stefnumörkun og endurskoðun framkvæmda. Í raun sagði ráðherrann þau orð að þrátt fyrir allt sem sagt hefur verið um að vera bundinn af undirskriftum að ríkisvaldið ætlaði sér að gera breytingar og þess vegna væru ekki settar fram tillögur í fjárlögum.

Ég ætla aðeins að nefna það áður en ég vík frá D-álmu að í yfirlýsingu sem hefur verið send til þingmanna Reykn. segir í tveimur línum: „Samningurinn um byggingu D-álmu var undirritaður 3. apríl 1995. Allar hugmyndir um breytingar á samkomulaginu í trássi við vilja heimamanna eru í raun brot á honum." Vegna þess hvað hefur verið rætt um orð hv. 7. þm. Reykn., Drífu Sigfúsdóttur frá Reykjanesbæ, skildi ég orð hennar þannig um breytingu að lágmarksfermetrafjöldi væri sá sem hér um ræddi og ekki væri til umræðu að fara í áfanga sem þyddi annað.

Það er óþolandi staða sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu að sveitarstjórnarmenn hafa þurft að sækja á við ríkisvaldið um alla þætti sem snúa að sameiginlegum framkvæmdum og sameiginlegum verkefnum og allir sveitarstjórnarmenn eru orðnir þreyttir á því sem þeir kalla samkrull við ríkisvaldið. Á árum áður fengu sveitarfélög vilyrði fyrir þátttöku ríkisins í verkefnum sem ríkisvaldið tók þátt í að fjármagna að hluta eða mestu leyti. Þau fóru í gang með framkvæmdir upp á endalaus loforð um framlög sem komu seint og illa. Það er frægt þegar sundlaugin í Kópavogi fékk 5.000 kr. í framlög þrjú ár í röð. Um síðir varð mönnum ljóst að það þyddi ekkert að standa í framkvæmdum á eigin reikning upp á greiðslur ríkisins og sveitarfélögin hafa litið svo á að þá sé málið í höfn þegar fyrir liggur undirritaður samningur milli ríkis og sveitarfélaga. Örþreytt af fyrra fyrirkomulagi hafa þau gengið þá braut svo sem unnt er að leita eftir samningum við ríkið og líta svo á að undirritaðir samningar standi. Það er núna ljóst að slíkur undirritaður samningur tryggir ekkert. Þess vegna er gripið til þess ráðs að flytja tillögu þá sem hér er til umræðu að Alþingi axli sína ábyrgð.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er mjög athyglisvert mál á ferðinni og til umræðu og óvanalegt. Ég minnist þess ekki að hafa séð þskj. af þessu tagi þar sem listaðir eru upp tilteknir samningar milli framkvæmdarvalds og sveitarstjórna og farið fram á að Alþingi staðfesti þá samninga.

Vegna þeirrar tillögu 1. flm. um að vísa málinu til hv. heilbr.- og trn. vil ég láta koma fram þá skoðun mína að ég tel reyndar að málið eigi að fara til hv. fjárln. Hér er ekki um að ræða mál sem fellur beinlínis undir verksvið heilbr.- og trn. heldur er um að ræða mál, samninga sem hver um sig fjalla einvörðungu um framkvæmdir, fjárútgjöld, hversu mikið ríkið eða Alþingi samþykkir að veitt verði í hverja framkvæmd fyrir sig og hve mikið á hverju ári. Hér er einvörðungu um að ræða fjárhagsmál og ég tel því, virðulegi forseti, að mál þetta eigi að fara til hv. fjárln. og ég legg þá tillögu fram til forseta. E.t.v. mun flm. eða talsmaður flutningsmanna fallast á þessa skoðun mína þannig að uppi verði þá ekki nema ein skoðun, þ.e. þá að málið fari til fjárln. en ég vænti þess að flm. geti tekið undir rök mín í þessu efni.

Mér finnst sú greining sem kom á því í orðaskiptum í upphafi umræðunnar milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vera alveg laukrétt. Hér er um að ræða samninga sem tveir aðilar standa að í hverju tilviki fyrir sig, þ.e. ráðherrar annars vegar og sveitarstjórnarmenn hins vegar. Þeim aðilum ber því að framfylgja ákvæðum samningsins hvorum um sig nema þeir nái samkomulagi um að breyta honum. Því er rétt hjá hæstv. fjmrh. að þeim ráðherrum ber að leggja fyrir þingið tillögur í samræmi við þá samninga sem þeir hafa undirritað eða forverar þeirra með lögmætum hætti.

Hins vegar er líka rétt að það bindur ekki Alþingi. Alþingi hefur sjálfstæðan ákvörðunarrétt í þessu máli og hlýtur eðli málsins samkvæmt að taka samningana til skoðunar og komast að einhverri niðurstöðu að lokum um afstöðu sína til þeirra samninga sem fyrir það er lagt. Ef við skoðum þá samninga sem eru taldir upp og er væntanlega gert vegna þess að flm. hafa einhvern grun um að ráðherrar hyggist ekki framfylgja þeim þá eru þeir auðvitað á misjöfnu stigi að því er varðar Alþingi. Sumir samningarnir eru þannig staddir að búið er að veita fé út á ákvæði samninganna. Sem dæmi má nefna hinn títtnefnda samning um byggingu D-álmu í Keflavík en þar kemur fram í samningnum sjálfum að Alþingi hefur veitt fé til samningsins á fjárlögum 1994–1995. Með öðrum orðum, Alþingi er búið að samþykkja að af þessari framkvæmd verði, ekki endilega með þeim verkhraða sem ákveðið er í samningnum en framkvæmdin hefur verið samþykkt. Ég tel að í þeim tilvikum sem Alþingi hefur þannig í reynd farið að ákvæðum samningsins hvað varðar einstök fjárlagaár eða í öllum tilvikum þá sé Alþingi búið að taka þá afstöðu að það eigi að vinna verkið með þessum hætti. Stundum kann að vera að fjárveitingar ársins séu lægri en samningsákvæðin ákveða og þá þýðir það náttúrlega að Alþingi hefur ekki endilega fallist á greiðslufyrirkomulagið í samningunum og því ber að gera breytingar á samningunum í samræmi við það. En í þeim tilvikum sem Alþingi hefur veitt fé til framkvæmda sem samningarnir fjalla um, þarf ekki að deila um það að í þær framkvæmdir eigi að ráðast.

Að lokum vil ég segja, virðulegi forseti, að mér finnst þetta mál vera áminning til okkar um það að við eigum að vinna að uppbyggingarmálum með samræmdari hætti en verið hefur. Hér hefur kannski verið um of tilviljunarkenndar ákvarðanir að ræða sem ráðherrar hafa staðið að, í stað þess að miða við einhverja samræmda áætlun sem menn hafa lagt niður fyrir sér, sýnt Alþingi og ákveðið að vinna eftir henni á einhverjum árabilum. Ég held að það væri mjög til bóta, hvort sem það er í heilbrigðismálum eða öðrum málaflokkum, að haga uppbyggingu á mannvirkjum og þjónustu ríkisins með samræmdum hætti og eftir fyrir fram gerðri áætlun sem menn hafa komið sér saman um og Alþingi hefur staðfest sem stefnumótandi plagg.

Ég vil taka undir það, virðulegi forseti, að mér finnst ekki eðlilegt að afgreiða þingmál svona. Mér finnst óvanalegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að ætlast til þess að Alþingi staðfesti tiltekna samninga. Ég er því heldur tregur til að fylgja þessu máli eftir til enda. Þótt ég geti tekið undir það, sem kannski er megintilgangur málsins, að tryggja framgang tiltekinna framkvæmda, þá er ég sammála því, sem fram hefur komið af hálfu flutningsmanna, að Alþingi hafi mjög víða í þessum samningum gert þá að sinni stefnu með fjárveitingum.

Það sem mér finnst á skorta í þessari umræðu er að heyra viðhorf hæstv. heilbrrh. Eftir að fjmrh. tók af skarið hvað hann varðaði og bar til baka það sem á hann hefur verið borið um þetta efni, stendur enn eftir að fá að heyra afstöðu heilbrrh. Kannski erum við að fjalla um málið af misskilningi. Meðan ráðherrann hefur enn ekkert sagt um málið, getum við auðvitað ekki fullyrt að hann hyggist ekki standa ekki við samningana í meginatriðum.

[15:48]

Drífa Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 8. þm. Reykn. að sú kerfisbreyting sem lögð er til í þáltill. sé ekki til bóta. En vegna orða hæstv. fjmrh. og orða hv. 9. þm. Reykn. varðandi afstöðu mína um breytingar á þeim samningi sem fyrir liggur, ætla ég að ítreka að ég bætti við þeim orðum að það væri hægt að breyta honum, svo framarlega sem við fengjum meiri peninga. Það skiptir miklu að hafa það í huga. Auk þess tók ég fram að sá fermetrafjöldi sem rætt var um er sá lágmarksfermetrafjöldi sem þarf til að koma fyrir sæmilega viðunandi þjónustu og leysa úr brýnasta vandanum.

Ég ítreka að það er búið að finna skynsamlega lausn. Allt tal um að Suðurnesjamenn eigi að setjast niður og finna skynsamlega lausn stenst ekki. Það er búið að finna hana. Það sem ég átti við með því að við værum tilbúin til að ræða breytingar er að heimamenn eru ætíð tilbúnir til að ræða við ráðherra. En eins og ég hef áður sagt er ég þar að tala um smávægilegar lagfæringar eða breytingar á teikningum varðandi einangrun að utan, og einhverja smávegis tilfærslu. Að öðru leyti vilja heimamenn að samningurinn standi. Ég ítreka það vegna einhvers misskilnings sem kom hér fram. Fermetrafjöldinn sem samþykktur er er lágmarkstala. Við erum aðeins tilbúin til að tala um lagfæringar. Við getum því miður ekki skorið niður framkvæmdina. En eins og hæstv. fjmrh. minntist á, erum við til viðræðu um breytingar, einkum ef við fáum meiri peninga.

Vegna orða hæstv. fjmrh. fagna ég því að væntanlega munum við fá að bjóða út þetta verk á næstunni.

[15:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg laukrétt sem fram kom hjá hv. ræðumanni. Aðilar eiga að semja um breytingar á samningnum. Annar aðilinn getur ekki knúið einhliða fram

breytingar gegn vilja hins. En báðir aðilar mega muna að þeir lofa ekki fjárveitingum fyrir hönd Alþingis. Það er Alþingi sjálft sem tekur ákvörðun um það þegar að því kemur.

[15:51]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mér þykir tilhlýðilegt að minna þingheim á að Reykjavík er líka á landinu og það eru vissar framkvæmdir sem hafa frestast þar, ekki síður en annars staðar. Þá langar mig að minnast á það sem efst er á baugi og í forgangi hjá ráðuneytinu í byggingum í heilbrigðisþjónustu í Reykjavík og það er heilsugæslustöðin í Fossvogi. Það er mjög langur aðdragandi að því að koma nýju húsnæði yfir þá starfsemi, sem hefur verið í byggingu slysadeildar Borgarspítalans undanfarin 15 ár. Núverandi húsnæði er um 250 fermetrar og þótt vel sé búið að læknum sem þar vinna, eru hjúkrunarfræðingar, ritarar, móttökuritarar í slíkum þrengslum að í mörg ár hefur það verið til vansa auk þess sem stöðin nær ekki að þjóna öllu því svæði sem henni ber. Það er því löngu viðurkennt af ráðuneytinu að þetta sé forgangsverkefni.

Lengi stóð á því að finna lóð. Eins og menn vita liggja lóðir ekki á lausu í löngu byggðum og grónum hverfum í borg á borð við Reykjavík. Loksins, þegar lóð hefur verið fundin, frátekin og henni úthlutað og undirritaður hefur verið samningur milli heilbrrn. og Reykjavíkurborgar er ansi súrt að sitja undir því að fresta framkvæmdum. Auk þess er fjármagn fyrir hendi, að vísu ekki fyrir allri framkvæmdinni en fyrir hluta hennar. En auðvitað þurfa menn að vera ábyrgir í fjármálum og menn reyna að vera það í Reykjavík ekki síður en annars staðar. Ef fjármagn vantar, þá er erfitt að fara af stað. En í þessu tilviki sem ég nefndi, þá er visst fjármagn til staðar og hefur verið á fjárlögum undanfarin 2–3 ár.

Ástæða þess að ég minnist á þetta eru umræður sem hér hafa farið fram um stöðu sveitarfélaganna, um afstöðu sveitarstjórnarmanna og það traust sem sveitarstjórnarmenn vilja geta haft til samninga af þessu tagi við ríkisvaldið. Ég var borgarfulltrúi þegar lögum var breytt þannig að verkefni heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa voru flutt svo til alfarið yfir til ríkisins. Þar urðu breytingar sem menn höfðu orðið sammála um að þyrfti að gera. Ástæðan var sú að rekstur og stofnkostnaður skiptist milli ríkisins og sveitarfélaga í hlutföllum sem voru óþarflega flókin og menn voru sammála um að eðlilegt væri að koma þessu sem mest á eina hönd. En mistökin sem voru gerð, því miður, voru þau að setja þau í hendur ríkisins í staðinn fyrir að flytja fjármuni yfir til sveitarfélaganna og láta sveitarfélögin sjá um þennan málaflokk. Það held ég að sé tímabært að menn taki til endurskoðunar og þess vegna langaði mig að kveðja mér hljóðs.

[15:54]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað, en get auðvitað ekki leynt undrun minni yfir því að hæstv. heilbrrh., sem hefur að sönnu setið undir þessum umræðum, telur ekki ástæðu til að leggja neitt til þessara mála. Það er býsna æpandi þögn, virðulegi forseti, og ekki síst þegar horft er til þess að hún hefur trekk í trekk farið fram með yfirlýsingar einmitt í mörgum þeim málum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Það er kannski tákn um það að þessi hæstv. fagráðherra ætli að hafa þann hátt á að láta hæstv. fjmrh. sjá um að svara fyrir yfirlýsingar sínar og sjá um að halda um taumana, bæði í heilbrn.- og trn. Ég vona svo sannarlega að þannig sé ekki í pottinn búið, en ég hygg samt að hjá því verði ekki komist að óska eftir því að hæstv. fagráðherra lýsi yfir afstöðu sinni til þeirrar tillögu sem hér liggur frammi og þeirrar stóru spurningar sem menn hafa verið að velta upp og ræða fram og til baka. Ég átti ekki von á því að ég þyrfti sérstaklega að kalla eftir því, en þar sem það verður ekki umflúið, geri ég það hér með formlega, virðulegur forseti. Í þeirri trú að svo gangi eftir, væri fróðlegt að fá svör hæstv. heilbrrh. einmitt við því hvers vegna samning ráðuneytisins við kvenfélagið Hringinn og Ríkisspítalana sem undirritaður var á vordögum 1994 er ekki að finna í þessari umbeðnu skrá frá ráðuneytinu. Enn fremur var það nefnt í umræðu af síðasta hv. ræðumanni að áform um byggingu heilsugæslustöðvar í Fossvogi væru, eftir því sem hún mundi best, einnig undir sama hatti. Ég þori ekki að fullyrða neitt um það, en það væri fróðlegt að fá skýr svör við því hver staða þeirra mála er.

Hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni, með einkar ósmekklegum hætti vil ég segja, byggingaráform nýs barnaspítala. Það gleður mig að fá tækifæri til að að fara nokkrum orðum um það stóra verkefni og væri raunar fróðlegt ef hæstv. heilbrrh. notaði sér ferðina hingað til að gera grein fyrir efnislegri afstöðu sinni til þess stóra máls, sem er búið að vera baráttumál Hringskvenna og raunar allra þeirra sem á annað borð þekkja til þeirrar aðstöðu sem sjúk börn hafa búið við á Landspítalanum, svo ég tali ekki um starfsfólk þar á bæ. Í tíð minni sem heilbrrh. lagði ég áherslu á að þessi mál fengju einhvern þann framgang sem gagn væri að. Ég fékk að vísu ekki mikinn stuðning frá hæstv. fjmrh. við þau áform, en því meiri stuðning frá hinum áhugasömu og ágætu Hringskonum og því fjölmarga fólki sem vill einmitt sjá hlutina hreyfast í þessu veru, m.a. forsvarsmönnum Ríkisspítalanna. Hæstv. heilbrrh. hefur gjarnan haft á orði í almennum umræðum um heilbrigðismál að nú sé nóg komið af steinkumböldum og steypuframkvæmdum, nú vilji hún sjá fjármunina renna frekar til umönnunar sjúkra. Það er einmitt það sem nýr barnaspítali og áform þar um gera ráð fyrir. Það er alls ekki gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður aukist. Þvert á móti. Í nýju, rúmbetra og nýtískulegra húsnæði ætti að gefast kostur á því að beita öðrum og heppilegri aðferðum við aðhlynningu sjúkra barna. Þetta hygg ég að hæstv. heilbrrh. eigi að vita ef hún hefur flett upp í gögnum í hinu háa ráðuneyti. Hafi hún ekki gert það, hvet ég hana til þess. Það er nú sannleikurinn um þetta mál.

Ég segi það enn og aftur vegna hávaða í hæstv. fjmrh. um þessi efni hér áðan, þar sem hann notaði tækifærið til þess að ráðast að mér persónulega fyrir að hafa ekki látið svo lítið að tala við hæstv. fjmrh. um þau mál. Þannig er það nú við þessa rammafjárlagagerð og það er slæmt, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér. Gert er ráð fyrir því að einmitt frumkvæði og ákveðið vald liggi í höndum fagráðherranna sjálfra og ég trúi því og vona að hæstv. heilbrrh. nýti sér það svigrúm sem hún hefur í þeim efnum því að það er auðvitað alþekkt í stjórnmálaumræðu síðustu ára að svo virðist með köflum að hæstv. fjmrh. hafi kannski minnst allra ráðherra að segja um fjárlögin hverju sinni að segja. A.m.k. stendur hann sjaldnast í stormum þegar kemur að því að verja umdeild mál. Þetta er alþekkt þannig að það er þá nýtt ef hann ætlar að fara mikinn í umræðum um þau stóru mál.

Þetta var um barnaspítalann og ég skal lofa hæstv. heilbrrh. því að ég skal vera mesti og besti bandamaður hennar um að það stóra mál geti fengið farsælan framgang hið allra

fyrsta því að mér er kunnugt um það að sú byggingarnefnd sem skipuð var í kjölfar undirritunar á vordögum 1994 og var fagnað víða hefur unnið ötullega og allar forsendur eru þar núna klárar, t.d. að ganga til alútboðs. Hér hefur réttilega verið nefnt að Hringskonur vilja láta til sín taka með miklu og góðu framlagi og gera enn þá meira með almennri söfnun þannig að hér er auðvitað um stórt mál að ræða.

Virðulegi forseti. Þetta var ekki meginatriði þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir heldur fyrst og síðast það sem í henni stendur. Mér finnst ástæða til að undirstrika það mjög sérstaklega því að alþingismenn hafa það gjarnan á orði að virðingu þingsins þurfi að auka og að fólk í landinu geti tekið mark á þingmönnum sínum og hinu háa Alþingi. Þess vegna er kannski ekki síst af þeirri ástæðu mjög nauðsynlegt að hið háa Alþingi taki skýlausa afstöðu til þess að þær ákvarðanir sem þingið hefur verið þátttakandi í, m.a. við afgreiðslu fjárlaga sl. árs og með beinum fjárframlögum til þeirra samninga sem hér um ræðir, láti ekki framkvæmdarvaldið segja sér það árinu síðar að fjárlagaafgreiðslan á síðasta ári hafi verið plat, þetta hafi allt verið svo óskynsamlegt og lítið sem ekkert vit í málum. Ég læt ekki segja mér svona hluti enda hef ég ekki heyrt eitt einasta aukatekið orð um það í efnislegri umræðu hvaða samningar það eru af þeim 11 sem eru svona slæmir, hvað í þeim gerir það að verkum að ekki er hægt að láta þá ganga fram. Þessa faglegu umræðu hefur algerlega vantað. Menn hafa talað á almennum nótum um nýtanlegan áfanga eins og ætla mætti að þau hús sem rísa samkvæmt þessum samningum verði ónýtanleg. Það er aldeilis fjarri lagi. Í langflestum tilvikum hefur aðdragandinn verið langur og strangur og menn hafa gaumgæft alla þætti mála býsna vel þó að auðvitað geti menn haft einstakar skoðanir um einstök atriði. En þá væri fróðlegt að heyra hvaða samningar eru svona slæmir og hvað það er í þeim. Í þriðja lagi: Hvaða samningar af þessum 11 eru það, sem hæstv. heilbrrh. er núna að vinna í, 15 dögum fyrir 2. umr. fjárlaga að taka upp og endurmeta? Er það eingöngu D-álma, er það heilsugæsla í Kópavogi? Er það Fáskrúðsfjörður? Ég sting því inn í umræðuna að ég sakna þess mjög að hinir heitu baráttumenn fyrir þeirri framkvæmd, hv. þm. Egill Jónsson og hv. núv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, sem fóru mikinn í desembermánuði 1994 um mikilvægi þeirrar uppbyggingar, láti svo lítið að leggja orð í belg. En þeir gera það væntanlega á sama tíma og þeir gerðu í fyrra, þ.e. við 2. umr. fjárlaga og við fáum þá þessa ötulu baráttumenn fyrir uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í Austurlandi frá þeim eins og gerðist fyrir réttum 12 mánuðum. Eða eru það einhver önnur verkefni? Ég velti fyrir mér Höfn í Hornafirði og spurði eftir framkvæmdum þar sem eru á lokasprettinum. Á að stoppa þar? Eða hvar á að stöðva? Það vantar 100 millj. kr. Hvaða efnisleg og fagleg vinna er í gangi í ráðuneytinu í viðræðum við heimaaðila þar sem verið er að endurmeta þessar forsendur frá a til ö? Ég hlýt að óska eftir mjög skýrum svörum við því. Einmitt af þeim sökum að þessar spurningar hafa vaknað að þessi till. til þál. um að Alþingi sem er einasti lögformlegi aðilinn sem getur tekið af skarið og skýrt það út sem hæstv. ráðherrar, framkvæmdarvaldið, hefur gert óskýrt í samstarfi og samvinnu við opinbera aðila, sveitarstjórnarmenn, við forsvarsmenn þessara sjúkrastofnana og við almenning í landinu. Alþingi er einasti aðilinn sem getur tekið af skarið með þeim hætti.

Vissulega væri langbest að það væri einfaldlega þannig að hæstv. ráðherrar væru marktækir og að orð stæðu og undirskriftir þeirra sömuleiðis. Þá þyrftu menn ekki að eiga orðastað um þau málefni og hæstv. ráðherrar hefðu eins og okkar stjórnkerfi gerir ráð fyrir umboð meiri hluta Alþingis hverju sinni til þess að ganga frá þessum samningum og öðrum þeim gjörningum sem þeim er trúað fyrir. Auðvitað væri það albest en þannig er því miður ekki í pottinn búið, herra forseti. Þess vegna komumst við ekki hjá því að eiga þessa umræðu og láta mál ganga fram með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Þessi umræða hefur verið löng og ströng og þrátt fyrir allt nokkuð gagnleg því að ég held að það hafi komið skýrt fram að hæstv. fjmrh. hefur hrokkið til baka, gleypt ofan í sig allar stóru yfirlýsingarnar sem hann lét m.a. fara frá sér á fundi með sveitarstjórnarmönnum af Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga af Suðurnesjum. Hann hefur tekið þær allar til baka og það er vel og hefur lofað því núna að eitthvað sé að marka það þegar hann setur stafina sína undir samninga við sveitarstjórnarmenn og forsvarsmenn sjúkrastofnana. Það er vel.

Eftir sem áður stendur hin stóra spurning: Gildir það sama um hæstv. heilbrrh.? Ég vil líka láta í ljósi ánægju mína og þakklæti fyrir það að hv. þm. Sturla Böðvarsson, sem jafnframt er varaformaður fjárln., tók drengilega af öll tvímæli um afstöðu sína til þessara samninga. Það var samhljóma við það sem hann sagði á öðrum vettvangi utan þings á fundi um mannvirkjamál þar sem við vorum báðir. Þar sagði hann að vitaskuld yrði það tryggt við fjárlagagerðina við 2. umr. að staðið yrði við þær skuldbindingar sem ríkið hefði undirgengist.

Í bláendann hefur komið fram sú ábending af hálfu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að þetta mál ætti betur heima milli umræðna í fjárln. en heilbr.- og trn. Um það þori ég ekki að fullyrða á þessu stigi máls en er til viðræðu um það hvað fari best í stíl við hefðir og venjur þar um. Ég minni þó á að vegáætlun fer til faglegrar umfjöllunar í samgn. en kemur eftir sem áður líka til umfjöllunar í fjárln. Mér finnst ekki fjarri lagi að svipað geti gilt um meðferð tillögunnar í nefndum þingsins, þ.e. að báðar þessar nefndir geti fengið málið til umfjöllunar. Meginatriðið er hins vegar að þar fái það skjóta og skilvirka meðferð þannig að Alþingi geti tekið af skarið og lýst afdráttarlausu sjónarmiði sínu enn og aftur til þeirra mála sem hér um ræðir. Það hefði ekki átt að vera þörf á því en ótímabærar yfirlýsingar ábyrgðalausra fulltrúa framkvæmdarvaldsins, hæstv. ráðherra, hafa gert þessa tillögu nauðsynlega.

[16:09]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða Guðmundar Árna Stefánssonar tek ég fram að það sem ég sagði í ræðu minni í dag er í fullu samræmi við það sem ég sagði á mannvirkjaþingi. Að sjálfsögðu verður að standa við gerða samninga og það hefur m.a. komið fram í máli fjmrh. í umræðunni að annað stendur ekki til. En ég sagði að það er annars vegar um það að ræða að standa við samninga sem varða framkvæmdir sem er þegar lokið við eða standa yfir á grundvelli verksamninga og svo hins vegar er um að ræða samninga þar sem engar framkvæmdir hafa hafist. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt af hálfu ríkisvaldsins að ganga til þess að endurskoða slíka samninga ef forsendur hafa breyst, ekki síst þegar það varðar framkvæmdir sem ríkið greiðir að mestöllu leyti eða greiðir að öllu leyti reksturinn. Í rauninni er ríkið aðallega

að semja við sjálft sig. Þetta vildi ég að kæmi fram þannig að enginn misskilningur væri um það að til stæði að ég gerði tillögur í fjárln. eða við 2. umr. um það að allar fjárveitingar sem óskað er eftir á grundvelli samninga ættu eftir að koma fram.

[16:11]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að gefnu þessu tilefni vil ég vekja athygli á því að hér er um að ræða 11 samninga. 9 af þessum 11 samningum eru þegar í gangi og undirritaður hefur verið verksamningur við verktaka þannig að um það þarf þá ekki að deila. Hinir samningarnir eru hjúkrunarheimilið á Fáskrúðsfirði og D-álma Sjúkrahúss Suðurnesja. Í gildandi fjárlögum eru 15 millj. til hjúkrunarheimilisins á Fáskrúðsfirði samkvæmt samþykkt Alþingis frá desember sl. þannig að það er ljóst að Alþingi hefur þegar tekið af skarið í þeim efnum enda þarf ég ekki að rifja það upp aftur og aftur sem ég gerði hér áðan að það var eftir talsverða umræðu sem ákvörðun var tekin um þann framgang máls.

Ég vil á sama hátt vekja á því athygli að í gildandi fjárlögum eru 20 millj. til margnefndrar D-álmu og það er raunar ekki í fyrsta skipti sem fjármagn hefur komið til þess verkefnis því að eins og ég gat um líka hefur þegar verið varið 20 millj. kr. á síðustu árum til hönnunarkostnaðar. Það er því orðið býsna grátt svæðið hvenær framkvæmdir eru hafnar og hvenær þær eru ekki hafnar.

Ég lít þannig á að þegar um er að ræða hönnunarkostnað upp á 20 millj., fjármögnun frá Alþingi fyrir ári upp á aðrar 20 millj., þá sé verkið komi í gang. Ég hlýt að túlka orð hv. þm. með þeim hætti að hann standi við alla þessa 11 samninga.

[16:13]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur að sjálfsögðu áhuga á því eins og við öll að það sé staðið við samninga. Um það er ekki deilt. Hins vegar er það þannig að viðfangsefni okkar á Alþingi Íslendinga vegna afgreiðslu fjárlaga er það að ná endum saman. Það er ekki einfalt mál í dag. Það er bara þannig.

Í heilbrigðiskerfinu er býsna mikil útgjaldaþörf og þess vegna þurfum við að skoða alla þessa hluti. Við þurfum m.a. að endurskoða verkefni sjúkrastofnana. Ég vek athygli á því vegna orða hv. þm. að vandinn hjá okkur snýr töluvert mikið að rekstrinum og m.a. eru vandkvæði hvað varðar rekstur þeirra sjúkrastofnana þar sem óskað er eftir byggingarframkvæmdum eins og hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé í umræðunni að skoða alla þessa hluti, þ.e. hvernig getum við tryggt að starfsemi sjúkrastofnana eins og sjúkrahússins í Keflavík verði tryggð því að það eru ekki nema tilteknir fjármunir sem við höfum til ráðstöfunar frá ríkisvaldinu. Við verðum að skoða þetta allt saman af miklu raunsæi í ljósi þeirra aðstæða sem við stöndum frammi fyrir. Það er vandi okkar þingmanna og það er ekki auðvelt mál. Vonandi næst góð niðurstaða hvað þetta varðar og við getum tryggt að rekstur sjúkrastofnananna sem um er að ræða geti haldið áfram.

Vegna umræðu um barnaspítalamálið sem hefur orðið þá vil ég segja að ég hef heyrt vissar áhyggjur hjá mörgum sem vinna á Landspítalalóðinni vegna mikilla áforma um byggingarframkvæmdir á meðan ekki eru til fjármunir til rekstrar þessara stofnana og það þurfum við að íhuga í lok þessarar umræðu.

[16:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það var ekki fyrr en í seinni ræðunni sem hv. frummælandi spurði þá sem hér stendur einhverra spurninga. Hann spurði fyrst og fremst hæstv. fjmrh. og ég svara ekki fyrir hann, einungis fyrir mig. Í seinni ræðunni komu fram spurningar frá honum og ein þeirra svolítið merkileg. Hann leggur fram þáltill. á þskj. 167 um 11 atriði er varða nýframkvæmdir og framkvæmdir almennt á sviði heilbrigðismála, en spyr svo: Af hverju er ekki í mínum tillögum Fossvogur og af hverju er ekki í mínum tillögum Barnaspítali Hringsins? Hann spyr mig að því. Hann hlýtur sjálfur að hafa raðað þessu upp í forgangsverkefni og ég spyr líka: Hefur hann engar áhyggjur af heilsugæslunni í Garðabæ eða Hafnarfirði eða Mosfellsbæ? Það vill svo til að heilsugæslan í Mosfellsbæ er í mjög miklu húsnæðishraki einmitt um þessar mundir. Það kemur kannski næst að hann kemur hér upp aftur og spyr: Hvers vegna er þetta ekki í mínum tillögum? Þessi seinni ræða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar var mjög sérkennileg.

Það er enginn vandi að skrifa undir samninga. Það er létt verk. En stundum er erfiðara að standa við þá. Þess vegna held ég að menn ættu að fara varlega í að skrifa undir samninga vegna þess að hver einasti samningur um nýja framkvæmd kallar á nýtt rekstrarfé. 49 milljarðar eru áætlaðir til heilbrigðis- og tryggingamála á næsta ári. Innan þess ramma hefur heilbrrn. er ekki mikið svigrúm og mig mundi langa til að heyra tillögur hv. þm. varðandi t.d. auknar lántökur, aukna skattheimtu. Ég hef ekki heyrt nokkra einustu tillögu um minnkun rekstrarfjár til einstakra framkvæmda. Ég hef ekki heyrt þær. En ég vil taka undir það sem hefur fram komið hjá þeim sem tala um að verksamningar eigi að standa. Við eigum að klára þær framkvæmdir sem við erum í áður en við hefjumst handa með aðrar. Og það var rétt sem kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að þegar hafist er handa um framkvæmd er mikilvægt að sjá fyrir endann á henni. Ég tek undir það.

Hvernig eru þessir samningar varðandi Sjúkrahús Suðurnesja? Er séð fyrir endann á framkvæmdunum? Það eru 130 millj. áætlaðar til framkvæmda sem kosta 400 millj. Það er vandamálið. Ef við tölum um Fáskrúðsfjörð, þá eru ætlaðar 15 millj. til framkvæmdanna á þessu ári í útboð sem kosta 40 millj., heildarkostnaður er um 100 millj. Þegar reksturinn fer í gang kostar hann um 70 millj. Í Keflavík kostar hann 250 millj. Við þurfum að fjármagna dæmið, það er einfalt mál.

Ég var líka spurð að því hvort það væri verið að rifta samningum eða hv. þm. Guðmundur Árni spurði hvort ég væri sammála fjmrh. að standa við samninga. Ég hef aldrei talað um að rifta samningum en ég hef talað um að fresta framkvæmdum á meðan hlutirnir eru betur rannsakaðir og ég held að það sé hollt fyrir alla.

[16:20]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var kúnstug ræða og kannski ekki neitt nýtt í þeim efnum þegar um er að ræða hæstv. heilbrrh. Ég vil vekja athygli hennar á því að í fylgiskjölum og greinargerð er tekið fram og undirstrikað að þessi tillaga um 11 samninga byggir á umbeðnum upplýsingum úr ráðuneytinu sjálfu þannig að ég held að það væri hyggilegt fyrir hæstv. ráðherra að skoða innviði síns ráðuneytis og kanna hvað þar er í skúffum og handröðum. Ég held að það væri næsta skref. Að gefnu tilefni, vegna upplýsinga sem hér komu

fram, spurði ég hvort það væri eitthvað meira í skúffum og handröðum sem ástæða væri til þess að fjalla um hér á hinu háa Alþingi og er ekki að finna í þessari skrá sem kemur frá hv. ráðuneytisstjóra í ráðuneytinu. Er eitthvað meira þar sem er þá verið að halda leyndu eða hvað er þar á ferð? Vissulega verða hv. þm. að treysta þeim upplýsingum sem frá hinum háu ráðuneytum koma, en það virðist einhver misbrestur ætla að verða á því.

Ég hygg að hæstv. heilbrrh. þurfi enga hjálp frá mér þegar kemur að nýjum hugmyndum um skattálögur á sjúka í þessu þjóðfélagi. Hið nýja innritunargjald á spítala segir alla þá sögu. Það er alger umsnúningur í viðhorfi ráðherrans til þeirra mála frá því sem var á síðasta kjörtímabili og þess sem er að finna í forsendum til fjárlaga fyrir 1996 þó að menn séu að reyna að finna upp á því nýtt heiti, svokallað jöfnunargjald. Mér sýnist hún þannig algerlega einfær um að skattleggja sjúka Íslendinga svo að ég gleymi ekki þeim sjúku sem sækja þjónustu glasafrjóvgunardeildar þannig að ég held að það þurfi enga hjálp frá mér í þeim efnum.

Meginatriðið er það að þeir samningar sem hér um ræðir byggja á þeirri grundvallarforsendu að menn horfi til framtíðar og reyni að treysta þá starfsemi sem í þeim verður í framtíðinni. Stundum kostar það mikla peninga, stundum minni. Það er allt eftir efnum og ástæðum.

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr aftur: Af hverju er ekki meira í mínum tillögum? Hans eigin tillögum. Hann spyr aftur að því. Fyrrv. hæstv. heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson hlýtur að þekkja þá samninga sem hann hefur gert sjálfur og hann hlýtur að sakna þeirra ef þeir eru ekki í hans eigin tillögum og þarf ekki að spyrja mig að því. En það er alveg makalaust að hann heldur hérna aftur ræðu og hefur engar áhyggjur af rekstrinum. Hann hefur engar áhyggjur af rekstri þeirra stofnana sem í landinu eru og allar þurfa meira fjármagn, engar áhyggjur af því. Hann spyr einfaldlega: Hvers vegna koma ekki meiri fjármunir? Þá spyr ég hann: Er hann tilbúinn í meiri lántökur t.d.? Hann svarar því ekki. Hann veit það sjálfur að þó að sjúklingar hér á landi borgi 15% af sjúkrakostnaði, þá dekkar það að sjálfsögðu ekki reksturinn og við ætlum ekki að láta það dekka reksturinn, engan veginn. Þannig að ef hér er kúnstug umræða, þá finnst mér þetta afar kúnstug tillaga frá hv. þm. sem saknar þess að það skuli ekki vera meira í eigin tillögum.

[16:24]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að vera einkar fátítt á hinu háa Alþingi að hæstv. ráðherra viti ekki hvað stendur í þeim bréfum sem frá ráðuneytinu koma og ef hún hefur ekki fengið fyrirspurnir mínar sem ég skrifaði til ráðuneytisins 26. október 1995 þar sem ég óska eftir þessum tilteknu upplýsingum, sem er síðan að finna í fylgiskjölum með þessum þáltill., þá held ég að það sé ástæða til þess að ég afhendi henni þær hér og nú í votta viðurvist, þannig að hún geti kynnt sér það sem um var spurt. Og það er spurt um, með leyfi forseta: „. . . . að það verði gefnar upplýsingar og skrá yfir þá samninga sem heilbrrn. með eða án aðildar fjmrn. hefur gert um nýbyggingar á vettvangi heilbrigðismála eða um meiri háttar viðhald á mannvirkjum sem notuð eru til heilbrigðisþjónustu.“

Ef ekki er hægt að fá einfalt svar við þessu, þá er illa fyrir okkur komið í samskiptum Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Það verð ég að segja. Enn og aftur án þess að ég ætli að fara að elta ólar við yfirlýsingar hæstv. ráðherra um það að ég hafi engar áhyggjur af því hvernig við fjármögnum heilbrigðisstofnanir í landinu. Vissulega hef ég af því áhyggjur og hef reynt að treysta rekstrargrundvöll þessa kerfis á liðnu kjörtímabili. Ég vil hins vegar minna á að í minni tíð sem heilbrrh. sagði ég: Það er komið nóg af þjónustugjöldum. Og ég man ekki betur en hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hafi tekið undir það. Hún hefur hins vegar breytt um skoðun og telur að það vanti eitthvað upp á og ætlar að leggja á jöfnunargjöld og ný þjónustugjöld. Það er auðvitað eftirtektarvert í henni pólitík í þessu sambandi, það er meginatriðið. Og það er hrein og klár bábilja og brandari, ef hæstv. heilbrrh. heldur að 100 millj. kr. sparnaður við stofnframkvæmdir í 45–46 milljarða kr. pakka í heilbr.- og trmrn. skipti þar sköpum. Það er algjör brandari.

[16:26]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo brandararnir haldi nú áfram, þá ætla ég að minna hv. þm. á það hvernig hann bað um þessar upplýsingar. Hann sendi ekki bréf til ráðherra. Hann hafði samband við Baldur Ólafsson hjá byggingardeild ráðuneytisins og fékk þær upplýsingar sem hann bað um og ráðuneytisstjóri skrifaði undir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 139. mál. — Þskj. 165.

[16:27]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýtt mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi. Flm. ásamt þeim sem hér stendur eru Guðmundur Lárusson, Lúðvík Bergvinsson, Árni Johnsen og Ísólfur Gylfi Pálmason. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ítarlega úttekt á íbúðarhúsum, atvinnuhúsnæði og öðrum mannvirkjum á Suðurlandi með tilliti til jarðskjálftahættu. Í framhaldi af slíkri úttekt verði gerð áætlun um úrbætur til að styrkja eða úrelda mannvirki sem talin eru ótraust. Jarðskjálfta- og jarðfræðingum verði falið að kortleggja nákvæmlega svæði með tilliti til staðbundinnar jarðskjálftahættu, svo sem staði þar sem í jarðskjálftum er hætta á sprungum á yfirborði og staði þar sem laus yfirborðslög geta magnað upp áhrif jarðskjálfta. Að þessu verði unnið í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurlandi.“

Í greinargerð segir og er rökstuðningur með þessari tillögu:

„Þótt farið sé eftir byggingarstaðli við byggingu húsa er ekki öruggt að þau muni þola stóran jarðskjálfta. Þekkingunni sem byggingarstaðlar eru grundaðir á fleygir stöðugt fram og oft mundu menn hafa byggt öðruvísi áður fyrr ef þekkingin hefði verið meiri. Þá er ekki ólíklegt að stundum hafi reglugerðum ekki verið fylgt nægilega vel eftir við gerð húsa og undirstöðu þeirra. Einnig eru dæmi um að

burðarvirki húsa hafi verið veikt með síðari tíma breytingum. Markmiðið með úttektinni er að finna veika hlekki eða slysagildrur út frá þeirri þekkingu sem best gerist nú. Með *úrbótum á grundvelli slíkrar úttektar má draga úr því tjóni* sem stór skjálfti gæti valdið.

Þekkingu á jarðskjálftasvæði Suðurlands hefur mjög fleygt fram á síðari árum. Gert hefur verið áhættumat sem byggist á reynslu og almennri þekkingu á eðli Suðurlandssvæðisins. Þetta áhættumat er gróft í þeim skilningi að það tekur ekki til staðbundinna frávika sem geta verið veruleg innan svæðisins. Sprungur hafa verið kortlagðar og um sumar er vitað að þær hafa breyst í stórum jarðskjálftum. Með nýrri tækni er unnt að meta staðbundin frávik frá almennu áhættunni á svæðinu. Með nýja jarðskjálftamælanetinu, svokölluðu SIL-kerfi, er unnt að rekja virkar sprungur neðan jarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði sem og að finna spennustefnu, hvort tveggja út frá mælingum á smáskjálftum. Þá er einnig unnt með staðbundnum mælingum og jarðfræðilegu mati að finna staði þar sem líkur eru á að jarðskjálftabylgjur frá stórum skjálftum magnist upp."

Svo mörg voru þau orð. Þessi þáltill. var lögð fyrir á vorþinginu og var þá ekki rædd en grg. skýrir efni tillögunnar, hæstv. forseti.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 144. mál (aldursmörk). — Þskj. 171. [16:31]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem ég flyt ásamt hv. þm. Geir H. Haarde, Siv Friðleifsdóttur og Lúðvíki Bergvinssyni.

Efni frv. er að breyta áfengislögum þannig að aldursmörk til kaupa og neyslu áfengis verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Ástæða þeirrar breytingar sem hér er lögð til er fyrst og fremst tvíþætt.

Í fyrsta lagi sýnir reynslan að þetta ákvæði áfengislaganna er í reynd ekki virt og sjálfsagt má segja að ekkert ákvæði laga sé jafnþverbrotið og þetta sem ég mun sýna nánar fram á í máli mínu.

Í öðru lagi eru ákvæði um 20 ára aldursmörk til neyslu og kaupa á áfengi langt frá því að vera í takt við þá þróun sem orðið hefur varðandi önnur réttindi unga fólksins á síðustu 25 árum. Ungt fólk hefur á undanförnum tveimur til þremur áratugum fengið með lögum mikil réttindi sem bæði fylgja mikil ábyrgð og skyldur og hefur við 18 ára aldur verið treyst fyrir auknum réttindum á ýmsum sviðum. Ég held að hvernig sem á málið er litið þá sýni reynslan okkur að það er engin vörn í umræddu ákvæði áfengislaganna og ekkert hald í þeim. Öll viljum við sporna gegn áfengisnotkun ungmenna en maður spyr hvort það sé leiðin að setja þetta aldurshámark í áfengislögin. Unglingar hafa þann aðgang að áfengi sem þau vilja og við höfum það fyrir okkur að t.d. á umliðnum árum hefur brugg- og landasala aukist verulega einkum hjá unglingum.

Meðalaldur unglinga þegar þeir byrja að neyta áfengis er samkvæmt könnunum 14 ára. Í nýlegri könnun sem landlæknisembættið lét gera kemur fram hjá framhaldsskólanemendum sem voru spurðir að 80% þeirra telja að þeir geti útvegað sér áfengi samdægurs ef þeir svo kjósa og um 90% þeirra sögðu já við þeirri spurningu hvort þeir hefðu drukkið áfengi.

Það má líka segja að þetta umrædda ákvæði komi í mörgum tilvikum í veg fyrir að unglingar á milli 18 og 20 ára geti sótt skemmtistaði eða kaffihús þar sem eru áfengisveitingar. Nú er dæmi til þess að sumir skemmtistaðir, veitingahús eða kaffihús setji sér aldursmörk alveg upp í 25 ára. Ég hygg að segja megi að það sé a.m.k. einn anginn af því miðbæjarvandamáli sem margir tala um.

Í könnun sem Reykjavíkurborg hefur gert kemur einmitt fram að vegna þessa að unga fólkið, 18–20 ára, kemst ekki inn á þessa staði þá hefur í vaxandi mæli komið til aukning á fölsuðum persónuskilríkjum. Nú mega 18 ára sækja kaffihús eða skemmtistaði en það eru eigendurnir sem hafa sett hærri aldursmörk.

Við höfum það því fyrir okkur sem er kjarnaatriði að boð og bönn hafa ekki dugað í þessu máli og við verðum að reyna aðrar leiðir. Lög sem ekki er farið eftir og mörgum finnst óréttlát og óskynsamleg og örðugt er að framfylgja eru ekki góð lög. Lög sem unga fólkinu finnst óskynsamleg og óréttlát geta orðið til þess að því finnst áfengi meira spennandi og það hafi meira aðdráttarafl. Ég hef haldið því fram að áfengisvandinn liggi ekki í því hvort ungt fólk á aldrinum 18–20 ára hafi lögformlega leyfi til að kaupa sér áfengi. Ég held að sá vandi sé af öðrum toga sem væri miklu nær að fara ofan í en að vera sífellt að vitna til einhverra unglingavandamála og ofnotkunar unga fólksins á áfengi. Það er líka eins og unga fólkið hefur sjálft sagt að það er náttúrlega óþolandi að allir á aldrinum 18–20 ára séu settir undir sama hatt með það að misnota áfengið eins og oft vill brenna við í umræðunni.

Víða erlendis eru þessi aldursmörk 18 ára og í greinargerð með frv. eru tilgreind nokkur lönd í þessu efni. Það er vissulega úr takt við þá þróun sem við hefur varðandi þau réttindi sem unga fólkið hefur öðlast á sl. áratugum að halda í þetta ákvæði sem reynslan sýnir að er ekki virt og eru úr takt við alla þróun þessara mála.

Ég held að í þeim löndum sem hafa treyst sínu unga fólki til að umgangast áfengið af skynsemi og miðað við 18 ára aldur sé ekki hægt að segja að ofnotkun unglinga á áfengi sé eitthvað meiri en hér á landi. Það rökstyður auðvitað það sem ég hef sagt að áfengisvandi sumra unglinga felist ekki í því hvort áfengisaldurinn er 18, 19 eða 20 ár. Ég held að það sé þversögn í því fólgin og tvískinnungur ef menn eru að skella skuldinni á einhver óskilgreind unglingavandamál og skýla sér á bak við úrelta löggjöf til varnar óhóflegri áfengisnotkun unga fólksins í stað þess að taka á þessu máli með öðrum hætti og reyna að kryfja til mergjar af hverju við erum að tala um unglingavandamál og ofnotkun sumra ungmenna á áfengi. Ég held einmitt að þessi breyting sem hér er lögð til feli í sér traust til unga fólksins á því að það geti umgengist áfengi af skynsemi og því sé sjálfu treyst fyrir því að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem ofnotkun þess fylgir. Ég held einmitt að slík viðhorfsbreyting löggjafans til unga fólksins gæti þýtt breytt viðhorf þess til umgengni við áfengið.

Það vita allir að það hefur orðið veruleg breyting á löggjöfinni á sl. 20–25 árum að því er varðar réttindi ungs

fólks á þessum árum. Það má nefna að lögræðislögunum var breytt 1979 og lögræðisaldur lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Rökin fyrir því voru m.a. þau að óeðlilegt væri með öllu að kosningaaldur yrði lækkaður án þess að lögræðisaldur yrði lækkaður að sama skapi. Að auki var bent á eftirfarandi greinargerð með frv. um lækkun lögræðisaldurs frá 1979 sem ég vitna til, með leyfi forseta, en þar sagði:

„Hitt er ótvírætt almenn skoðun á síðari árum og sérstaklega á síðustu áratugum að aukinni skólagöngu og menntun ásamt aukinni hagsæld hafi fylgt skjótari þroski æskulýðs þannig að eðlilegt sé að skjótari forráð eigin mála fylgi. Þetta hefur m.a. komið fram í því að fjölskyldustofnun verður á síðustu árum oft fyrr en almennt tíðkaðist til skamms tíma. Einnig hefur sjálfstæð tekjuöflun og eignaumsvif ungmenna aukist til muna. Er þess því að vænta að vart muni um það deilt að breytingar á þessu löggjafarsviði séu tímabærar. Með lögum frá 1972 var heimill aldur til hjúskaparstofnunar alfarið lækkaður í 18 ár. Þótt hjúskaparstofnun fylgi að lögum sjálfkrafa lögræði er sú ákvörðun aldursmarka enn ein staðfesting umræddrar þróunar."

Ég held að það sé svolítið sérkennilegt að vera með þessa aldursviðmiðun við 20 ára. Sérstaklega í ljósi þess að það er engin vörn í slíku ákvæði þegar 18 ára fólk hefur það aðgengi að áfengi sem því hentar. Það ræður sjálft sínum persónulegu högum. Það hefur bæði sjálfræði og fjárræði, það getur tekið á sig alls konar fjárhagsskuldbindingar, tekið bankalán, orðið sjálfskuldarábyrgðarmenn vegna þriðja aðila, það getur verið handhafar greiðslukorta, því er treyst fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir giftingu og uppeldi barna, það hefur kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna en er ekki treyst til að sjá fótum sínum forráð og bera ábyrgð á meðferð og neyslu áfengis eins og öðrum. Mér finnst það nokkuð sérkennilegt þegar við treystum unga fólkinu t.d. til að taka sæti á Alþingi og bera ábyrgð á ýmsum lagasetningum, líka lagasetningu sem snertir áfengismál og löggjöf um það efni en við treystum því ekki til þess að umgangast áfengið. Það sérkennilega í þessu er líka það að það hefur nú þegar leyfi til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu um opnun á áfengisútsölu. Því er treyst fyrir því að leggja mat á það hvort rétt sé að setja niður áfengisútsölur hér og þar. Ef þessi tillaga hér hefði lotið að því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort lækka skyldi áfengisaldurinn og hefði verið samþykkt á þingi að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvað þjóðin vildi í þessu efni þá hefðu allir 18–20 ára unglingar átt rétt á að taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu og verið treyst fyrir því að leggja mat á það hvort það sé skynsamlegt að lækka áfengisaldurinn niður í 18 ár. Þannig að hvernig sem á málið er litið felst í þessu nokkur þversögn.

Við getum líka velt fyrir okkur öðrum aldursviðmiðunum. Við erum með áfengisaldurinn í 20 ár, sjálfræðisaldurinn erum við með alveg niður í 16 ár sem er einsdæmi borið saman við löndin hér í kringum okkur. Margir hafa rætt um að það þurfi að breyta þeirri aldursviðmiðun og færa hana upp í 18 ár. Síðan treystum við unga fólkinu til að taka ökupróf 17 ára sem er mikil ábyrgð í fólgin. Ég lét kanna það hjá Umferðarráði hvernig það væri í hinum ýmsu löndum varðandi ökuleyfisaldurinn. Þar voru 28 lönd tínd til. Í 24 þeirra eru aldursmörkin varðandi ökuleyfið 18 ára. Í fjórum löndum af þessum 28, þar á meðal Íslandi, er hann 17 ár. Það mætti því vel hugsa sér að vera með meiri samræmingu í þessu, færa t.d. sjálfræðisaldurinn upp í 18 ár eins og er í löndunum í kringum okkur. Það má vel vera að það sé mjög vafasamt þar sem við höfum þegar búið við það í nokkurn tíma að hafa ökuleyfisaldurinn 17 ár að það sé vafasamt að setja hann þá núna upp í 18 ára aldur. En þessi dæmi koma upp í hugann þegar þessi mál eru skoðuð í heild sinni. Við höfum það fyrir okkur að boð og bönn hafa ekki dugað í þessu efni. Áfengisvandinn liggur því í öðru en því hver áfengisaldurinn er.

Eftir að ég lagði þetta fram hef ég fengið álit fólks á þessum aldri. Ýmsir hafa hringt til mín eða skrifað mér bréf og sagt sitt álit á þessu efni. Ég finn að þetta fólk er mjög ósátt við að allir skuli settir undir sama hatt í þessum efnum og að allir á aldrinum 18–20 ára hafi þann stimpil að þeim sé ekki treyst fyrir því að umgangast áfengi. Þau hafa haldið því fram að landasala og kaup á bruggi muni minnka verulega ef unga fólkinu væri treyst til þess að kaupa áfengi yngra en 20 ára.

Ég er með greinargerð um miðbæjarvandann frá því í mars 1995 sem var gerð fyrir Reykjavíkurborg. Lýsingin þar á brugg- og landasölu til ungmenna er með ólíkindum og hafði ég ekki gert mér grein fyrir því fyrr en ég las það með hvaða hætti það er. Ég vitna til skýrslunnar sem er tekin saman fyrir borgaryfirvöld, með leyfi forseta:

„Á undanförnum tveimur árum hefur bruggun og sala á landa færst mjög í vöxt. Þeir sem til þekkja eru á einu máli um að landasalan beinist mikið að unglingum. Framleiðslan hefur að miklu leyti færst út fyrir bæjarmörkin þar sem framleiðendur telja minni líkur á ströngu eftirliti. Lögreglan telur að bruggstöðvar séu fáar en afkastamiklar. Framleiðsla og dreifing virðist að mestu aðskilin. Lögreglan lýsir því svo að „séffarnir" sjái eingöngu um söluna og minnki þannig eigin áhættu. Vinnudýr sjái hins vegar um framleiðsluna og taki skellina.

Í dreifingunni eru tengiliðirnir margir og hefur hver þeirra lítið magn undir höndum. Með þessu móti er áhættunni dreift og birgðahald í lágmarki. Byggt hefur verið upp öflugt dreifikerfi. Tengiliðir eru meðal nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum sem ýmist hafa frumkvæði að því að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á að koma þeim í tengsl við söluaðila eða að tengiliðurinn er vel þekktur meðal skólafélaganna og þeir leita til hans. Viðskiptin fara gjarnan þannig fram að tengiliðurinn sendir boð inn á símboða sölumannsins sem síðan hefur samband um hæl, fær upplýsingar um magn og samið er um afhendingarstað. Í grunnskóla nokkrum í Reykjavík kváðu tíu slík símboðanúmer vera í gangi. Dreifikerfi landasalanna er orðið vel skipulagt. Minnir það um margt á dreifikerfi bandarískra fíkniefnasala sem reyna að höfða til unglinga með varning sinn. Lögreglan hefur bent á að dreifikerfi landasalanna bjóði upp á sölu á hverju sem er. Nú þegar eru ýmsir sölumenn landa með önnur vímuefni á boðstólum."

Síðan kemur fram að ungmenni, 16 ára og eldri, bera uppi þessi viðskipti. Þar kemur líka fram í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Hitt er ljóst að unglingar á höfuðborgarsvæðinu eiga mun auðveldara með að nálgast áfengi en áður var og þeir sem neyta áfengis neyta mun meira magns en jafnaldrar þeirra gerðu fyrir örfáum árum. Landasala virðist eiga stærstan þátt í þessari þróun."

Af hverju hefur ákvæðið um 20 ára aldursmörkin, sem margir vilja halda í, ekki virkað betur en þetta? Það voru margir, m.a. í þessum þingsal, sem spáðu því að þegar leyfð var sala á bjór að það myndi leiða til aukinnar áfengisneyslu

og slysatíðni o.s.frv. Ég held að reynslan hafi ekki sýnt okkur það. Reynslan sýndi vöxt í einhvern tíma, fyrstu tvö eða þrjú árin, að því er varðar lítra eða magn en það var fyrst og fremst minni sala í sterkum drykkjum en meiri í bjór. Núna er neyslan svipuð og hún var 1989, nema hvað að hún er meiri í léttum vínum en minni í sterkum vínum.

Margir sögðu að áfengisnotkun unglinga myndi aukast eftir að bjórinn var leyfður. Því svarar landlæknisembættið með eftirfarandi hætti: „Er varðar fyrstu spurningu þar sem spurt er hvort ætla megi að tengsl séu á milli aukinnar slysatíðni meðal ungmenna og möguleika aukinnar áfengisneyslu ungmenna í ljósi nágrannaþjóða er því til að svara að fyrirspurn um þetta var send til viðkomandi landa.“ Ég vildi ganga úr skugga um það, og hafði reyndar gert það áður en þetta frv. var lagt fram, hvort ætla mætti að t.d. á Norðurlöndum hefði 18 ára aldursviðmiðun haft í för með sér aukna slysatíðni eins og haldið hefur verið fram en enginn kannaðist við það. En í ljósi þeirrar fréttatilkynningar sem t.d. áfengisvarnaráð hefur sent frá sér hef ég óskað eftir að landlæknisembættið kannaði það ítarlega, bæði í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum.

Varðandi það hvort bjórinn hafi haft áhrif á áfengisneyslu ungmenna er því svarað að það sé rétt að geta þess að svo virðist sem litlar breytingar hafi orðið á áfengisneyslu ungmenna þetta tímabil, þ.e. tímabilið frá því að bjórinn var leyfður og til dagsins í dag ef marka má niðurstöður kannana landlæknisembættisins. Sú spá sem ýmsir settu fram, meðal annars áfengisvarnaráð og fleiri aðilar, þ.e. að þetta hefði í för með sér aukna drykkju unglinga, virðist því ekki hafa gengið eftir. (Gripið fram í.) Ég er að vitna í kannanir sem landlæknisembættið hefur gert í þessu efni og ég er að lesa orðrétt upp úr svari sem ég hef fengið frá landlæknisembættinu þar sem beint er spurt um þetta mál og þetta er svarið, hv. þm.

Þegar á allt þetta er litið finnst mér öll rök hníga að því að menn eigi að skoða það í þingsölum með jákvæðu hugarfari að breyta þessu ákvæði áfengislaganna. Ég fór ekki að velta þessu fyrir mér af alvöru fyrr en ég heyrði unglinga ræða tvískinnunginn í þessu máli í unglingaþætti á dögunum. Ég fór þá að velta fyrir mér öllum hliðum þessa máls og því betur sem ég fór ofan í málið fannst mér allt mæla með því að breyta þessu ákvæði. Ég held líka að samhliða þessu eigi að efla forvarnir í áfengismálum eins og getið er um í frv. Á vorþinginu varð samkomulag um að setja á ákveðinn forvarnasjóð og það var gert í tengslum við afnám á einkarétti áfengisverslunar. Á næsta ári verður 30 millj. meira til ráðstöfunar en var áður, voru 20 millj. og verða 50 millj. á næsta ári. Ég tel að enn þurfi að efla þann sjóð þó þetta sé vissulega góð byrjun. Ég held líka ef aldursviðmiðuninni væri breytt eins og hér er lagt til gætum við einbeitt okkur miklu betur að forvörnum yngri aldurshópana sem er full ástæða til. Ekki er nægilegt að leggja fram stefnumörkun í áfengismálum um að draga eigi svo og svo mikið úr áfengisneyslu heldur þarf að byggja upp markvissa og faglega baráttu gegn áfengisbölinu. Í því efni þarf að efla allar forvarnir og er það í undirbúningi að leggja fram tillögu þar að lútandi á hv. Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta mál nema tilefni gefist til og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. allshn.

[16:55]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald af olíu, 111. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 198.

[16:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun taka til máls í umræðunni á eftir þannig að ég ætla ekki spyrja mjög víðtækt um málið. Mig langar að bera fram tvær fyrirspurnir til hv. flm. málsins.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að frv. gerir ráð fyrir að fjölga þeim sem mega neyta áfengis löglega telur flm. að neysla áfengis hjá aldurshópnum 18–20 ára muni aukast við breytinguna, muni minnka eða verða óbreytt?

Seinni spurningin er lögð fram vegna þeirrar staðreyndar að allflest ríki Bandaríkjanna, sem ákváðu að lækka aldurinn niður í 18 ár, hafa horfið frá því og hækkað hann aftur upp í 21 ár. Ég spyr þingmanninn að því hvort hann telji að þetta hafi verið röng ákvörðun hjá viðkomandi ríkjum í Bandaríkjunum. Ef hann er ekki sammála þessari ákvörðun ríkjanna 29, minnir mig að þau hafi verið, að hækka aldurinn hvers vegna er hann ósammála þeim sem gerðu það? Er það vegna þess að hann telur að hækkun áfengiskaupaaldursins hafi orðið til þess að auka drykkju, minnka hana eða hafa hana óbreytta?

[16:57]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Fyrri spurningu hv. þm. um hvaða áhrif þetta mundi hafa, hvort það muni hafa þau áhrif að auka neysluna hjá þessum hópum held ég að þetta muni fyrst og fremst hafa þau áhrif að þetta dragi úr landasölu og bruggi. Varðandi hina spurninguna aflaði ég mér upplýsinga hjá bandarískra sendiráðinu áður en ég lagði þetta frv. fram og spurði um aldursmörkin. Mér var sagt að þau væru 18 ára. Nú hefur það verið dregið í efa, m.a. af áfengisvarnaráði, þannig að ég er að láta skoða það sérstaklega. Mér er sagt að sums staðar séu aldursmörkin 21 ár og sums staðar 18 ár og það sé ekki hægt að bera saman Bandaríkin í þessu efni eins og hér á Íslandi eða hin Norðurlöndin. Bílanotkun er miklu algengari þar. Í mörgum landshlutum eru engar skipulagðar strætisvagnaferðir eða leigubílar eða annað þannig að það hefur áhrif á þetta. Það er líka tvískinnungur í þessu ef það er svo í Bandaríkjunum að 16 ára unglingar megi meðhöndla byssur og skotvopn en síðan er þeim ekki treyst fyrr en 21 árs til að umgangast áfengi. Í þessu er tvískinnungur. En mér finnst ekki hægt að bera það saman í Bandaríkjunum hvernig það er í einstökum hlutum, kannski í suðurríkjum Bandaríkjanna, við það sem er hér á landi. Þar eru allt aðrar aðstæður.

[16:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lagði tvær einfaldar spurningar fyrir flutningsmanninn. Hann svaraði hvorugri. Fyrri spurningin, sem var ákaflega einföld, var spurning um mat flutningsmannsins á áhrifum breytingarinnar sem frv. felur í sér. Mun breytingin að hans mati auka áfengisnotkun unglinga á aldrinum 18 ára til tvítugs? Verður það óbreytt eða minnkar? Því svaraði þingmaðurinn ekki en sagði að hann teldi að bruggsala mundi minnka. Ég hlýt að ítreka spurninguna. Telur þingmaðurinn að breytingin, sem felst í frv., muni stuðla að því að draga úr áfengisnotkun eða auka hana? Ég hlýt að spyrja líka vegna síðari spurningarinnar sem hv. þm. svaraði ekki og ég ítreka spurninguna: Telur þingmaðurinn

að þeir sem höfðu um þessi mál að segja í Bandaríkjunum og ákváðu að hækka aldurinn úr 18 ára í 21 árs, hafi gert mistök? Út frá hvaða sjónarmiði voru það mistök? Út frá því sjónarmiði að menn vildu draga úr áfengisnotkun? Eða vildu menn auka áfengisnotkun? Og að lokum, virðulegi forseti, hlýt ég að spyrja þingmanninn um hvað hann meini með þessari tilvitnun í tvískinnung varðandi aldursheimildir til að bera skotvopn í Bandaríkjunum. Er þingmaðurinn að boða að reglur um meðferð skotvopna hér á landi eigi að vera þær sömu og reglur um áfengiskaup?

[17:01]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það síðastnefnda var ég að vitna til þess hvernig þetta væri í Bandaríkjunum, ef hv. þm. vill hlýða á mitt mál. Ég er auðvitað ekki að leggja það til að það verði eins hér. Mitt mál var alveg skýrt hér áðan. Ég sagði að landasalan og landaneyslan hjá þessum ungmennum mundi minnka. Það er engin ástæða til þess að ætla að við þessa breytingu muni áfengisneysla unga fólksins aukast. (**Gripið fram í:** Þú svaraðir ekki spurningunni.) Ég er að segja að það sé engin ástæða til þess að ætla það að hún muni aukast. Hvað Bandaríkin varðar, ætla ég ekki að svara því fyrr en ég fæ staðfestingu á því sem áfengisvarnaráð heldur fram. Ég hef beðið landlæknisembættið um að kanna fyrir mig sérstaklega fullyrðingar þær sem fram hafa komið hjá áfengisvarnaráði um að slysatíðni hafi aukist í Bandaríkjunum og þess vegna hafi aldrinum í sumum fylkjum Bandaríkjanna verið breytt aftur. Hafi það verið vil ég fá ástæðurnar fyrir því. Landlæknisembættið er einmitt að kanna hvort það sé eitthvert samhengi milli aukinnar slysatíðni og áfengikaupasaldursins. Ég tel enga ástæðu til þess að ætla að svo sé og ég bíð eftir þessu svari.

[17:02]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti hér fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum og leggur til, ásamt meðflm. sínum, að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár. Þingmaðurinn hv. mælti fyrir frv. og ég leyfi mér að mæla gegn því. Greinargerðin sem hv. flm. láta fylgja mælir líka gegn samþykkt þessa frv., þótt flm. virðist ætla að halda því fram að hún sé rök með málinu. Satt að segja er grg. svo hlægileg á köflum að ég hélt að hv. þm. væri að grínast. En hún var svo alvarleg á svipinn hér áðan að ég er nokkuð viss um að svo var ekki. Enda megum við ekki taka með léttúð á þessu máli.

Svo segir í annarri setningu grg.: „Í ljósi umræðna um vaxandi vímuefna- og áfengisnotkun ungmenna gæti slík breyting á áfengislögunum virst mótsagnakennd.“ Og þetta er einmitt alveg rétt. Þetta eru afskaplega miklar mótsagnir. Veit hv. þm. ekki að vandamálin varðandi landasöluna eru ekki gagnvart fólki 18–20 ára gömlu, heldur miklu yngra fólki? Hún nefndi það meira að segja sjálf að það væru tengiliðir í barnaskólum, í grunnskólum og framhaldsskólum. Ekkert af því fólki hefur heimild til að kaupa áfengi. Ég bið hv. flm. að athuga hvað þeir eru að gera og koma með gæfulegri málflutning í annarri umræðu þegar þar að kemur. Þingmaðurinn hv. nefndi einnig að boð og bönn dygðu ekki. Ég spyr: Hvað dugir annað? Af hverju nefnir ekki hv. þm. eitthvað annað en boð og bönn sem hún segir að dugi ekki. Hvað er það þá? Ég vil fá svör við þessu. Það er vísað í landlækni í máli hv. þm. Það vildi ég gjarnan fá að sjá skriflegt, ég trúi þessu ekki. Hún getur ekki hafa átt við landlækni heldur einhvern landalækni sem ég veit ekki hvar er.

Það er viðurkennt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni að löggjöf sé það sem dugi og gildi í þessum efnum. Svo segir í grg.: „Núverandi fyrirkomulag, sérstaklega með hliðsjón af því að 18 ára ungmennum finnst það óréttlátt og óskynsamlegt, getur gert áfengið meira spennandi, þ.e. aukið aðdráttarafl þess.“ Samkvæmt þessu, og ef þessi röksemdafærsla stæðist, væri auðvelt að koma í veg fyrir neyslu ólöglegra vímuefna með því að gefa þau frjáls, með því að hafa þau hvarvetna á boðstólum. Þá væri búið að setja undir þann lekann. Satt að segja er þetta gömul og afsönnuð tugga að mínum dómi. Ég vil vitna í skýrslur og kannanir eins og hv. flm. gerði. Þær eru frá geðdeild Landspítalans sem gerði könnun um áfengisneyslu unglinga eftir að bann við sölu áfengs öls var afnumið. Í ljós kom að frá árinu 1988 til 1992 hafði heildarneysla pilta, 16–19 ára, aukist um nærri 80%. Eitthvað er þetta öðruvísi en tölurnar sem hér voru nefndar áðan. Það segir einnig í niðurstöðu þessarar könnunar: „Neysla þeirra sem eru á aldrinum 13–15 ára og drekka áfengi á annað borð hefur rúmlega tvöfaldast eftir að bjórinn var leyfður.“ Þar sem ein helstu rökin fyrir afnámi bjórbannsins voru þau að úr drykkju unglinga mundi draga og bruggun áfengis og smygl mundi leggjast af, þá hefði ef til vill verið eðlilegra að athuga hvað mætti þarna til varnar verða fremur en leggja fram frv. með nánast nákvæmlega sömu röksemdafærslu um aukið aðgengi unglinga að áfengi, vegna þess að það mundi draga úr áfengisnotkuninni.

Það er annað sem mér þykir vega þungt í þessu máli. Það er það að við tvítugt er framhaldsskólanámi yfirleitt lokið hjá þessum aldurshópi. Unga fólkið um tvítugt er að byrja í háskóla. Það eru námsleg skil og það eru líka skil með allt öðrum hætti heldur en við 18 ára. Þá er flest fólk, 18 ára gamalt, í miðju menntaskóla- eða framhaldsskólanámi. Ég tel það alveg deginum ljósara að 16 ára unglingur eigi miklu auðveldara með að nálgast áfengi gegnum 18 ára ungling en tvítugan, ekki síst ef þeir eru í sama skóla, ekki síst ef þeir eru í skóla þar sem þeir sitja kannski saman í sama faginu, þótt tvö ár skilji í milli.

Það er ótal margt sem mér virðist þversagnarkennt í þessari grg. eins og ég er búinn að nefna, ótal margt. Ég hygg að það muni koma fram hér í umræðum manna á eftir, hv. þingmanna. Ég sé engin jákvæð eða sannfærandi rök með því að færa aldurinn niður. Ef svo væri þá mætti líka taka fleiri lög til athugunar. Hvað með skattalögin? Þau eru brotin, á ekki bara að afnema þau? Hvað með tóbaksvarnalögin? Þau eru brotin. Eigum við ekki að afnema þau eða hafa þau bara við 10 ára aldurinn, vera nokkurn veginn viss um að enginn brjóti þau. Umferðarlög, barnaverndarlög, hvað með útivistartímann? Nú eru ótal samtök uppalenda og ábyrgs fólks í þjóðfélaginu sem bera ábyrgð á ungmennum og mótun þeirra að andmæla því sem fram hefur komið hjá einum hv. þm. sem kveðst ekki vilja fara eftir lögunum því það séu vitlaus lög, eins og í leikritinu um Dýrin í Hálsaskógi. En allt um það. Hvernig fer ef unglingar, 13–17 ára, fara almennt að brjóta lög um áfengiskaup ef þau fara að komast í áfengi og það verður viðurkennt? Kemur þá ekki fram frv. um að lækka niður í fermingaraldur?

[17:10]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst athyglisvert að síðasti hv.

ræðumaður sem andmælti þessari breytingu, skyldi ekki fara inn á önnur réttindi sem þetta unga fólk hefur fengið. Telur hann þá ekki ástæðu til að breyta ýmsum aldursviðmiðunum að því er það varðar? Treystir t.d. hv. þm. unga fólkinu til þess að setjast á Alþing 18 ára og setja lög, verða jafnvel ráðherrar? Og fjalla hér um áfengislögin ef þau væru hér til umræðu. Síðan mætti líka spyrja, af því hv. þm. er nú líka prestur, í ljósi þess að á undanförnum árum hafa skilnaðir aukist verulega. Er þá ekki rétt í samræmi við það að færa giftingaraldurinn upp í 20 ára?

[17:11]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti ungu fólki afskaplega vel. Ég þekki margt af því og hef haft atvinnu af því að umgangast ungt fólk. Unga fólkið er ekki vandamálið hér. Það er ekki að óska eftir þessari lagabreytingu. Ég treysti því vel til að setjast á Alþing 18 ára gömlu enda sé það ódrukkið. Ég veit ekki hvort ég á að elta ólar við þennan málflutning. Það er margt vitlausara en að hækka giftingaraldurinn. En ég held að það sé ekki ástæða til þess og er tilbúinn að færa rök fyrir því seinna í einhverri annarri umræðu ef því væri að skipta.

[17:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Áfengislöggjöfin er viðkvæm og vandmeðfarin og því er það mál sem hér er til umræðu mjög mikilvægt. Það er ekki síður mikilvægt og vandmeðfarið, að mínu mati, vegna þess að það fjallar um áfengi og ungt fólk, en af einhverjum ástæðum eiga íslensk ungmenni í meiri vandræðum með að meðhöndla þetta vímuefni en ungmenni í flestum nágrannalöndum okkar. Á því eru þó undantekningar, samanber t.d. Grænland.

Þetta mál er væntanlega ekki flokkspólitískt en þar sem engin kvennalistakona stendur að flutningi þess vil ég að það komi fram að sú sem hér stendur, og reyndar allur þingflokkur Kvennalistans í heild, er mjög jákvæður gagnvart þeirri breytingu sem hér er lögð til. Meginástæðan er sú að ég sé engin rök fyrir því að einstaklingar fái lögræði við 18 ára aldur, fái kosningarrétt, fái að eignast börn og ala þau upp, fái með öðrum orðum öll borgaraleg réttindi við 18 ára aldur nema það eitt að kaupa áfengi. Mér finnst það mjög mikið vantraust á ungt fólk að því sé ekki heimilað að kaupa áfengi við 18 ára aldur fyrst við veitum því öll hin borgaralegu réttindin. Þess vegna er ég hlynnt því að við treystum unga fólkinu til að taka þessar ákvarðanir líka við 18 ára aldur. Og samanburður við önnur lönd sýnir að langvíðast er miðað við 18 ár. Ég er því sannfærð um að það er ekki spurning um hvort þetta breytist, heldur hvenær.

Á hinn bóginn bendir margt til að núverandi löggjöf, sem heimilar áfengiskaup við 20 ára aldur, sé alls ekki virt og þetta valdi ýmsum erfiðleikum í framkvæmd þar sem vínveitingahús eru opin fyrir 18 ára og eldri. Ég tel mjög alvarlegt að ungt fólk fái þá mynd að lög séu ekki virt, slíkt er alvarlegt mál frá uppeldisfræðilegu sjónarmiði. Því tel ég mun eðlilegra að heimild til að kaupa áfengi sé bundin við 18 ára aldur og tel líklegt að það muni auðvelda að þessum lögum sé framfylgt hvort sem er í Áfengisverslun ríkisins, á skemmtistöðum eða t.d. í sambandi við skemmtanahald í framhaldsskólum.

Ég tel einnig að líkur á bruggun landa eða ólöglegs áfengis minnki við þessa breytingu þó líklega sé ekki beint orsakasamband þarna á milli. Ég mun því að öllum líkindum styðja þetta frv. nema eitthvað komi fram við meðferð þess sem fær mig til að breyta skoðun minni. Þó vil ég nefna að ég hefði sjálf kosið að við hefðum byrjað á því að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár og síðan hefðum við gert þessa breytingu eða að við gerðum þetta tvennt í einu. Ég tel að aldurshópurinn 16–18 ára sé áhyggjuefni í þjóðfélaginu og réttarstaða þeirra óskýr. Sívaxandi skólaganga ungs fólks, lág laun og atvinnuleysi benda til mjög veikrar réttarstöðu. Í raun og veru geta foreldrar þeirra hent þeim út á götuna. Ég tel mjög brýnt að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár jafnframt því að lækka áfengisaldurinn í 18 ár. Ég er tilbúin til að beita mér fyrir báðum þessum málum. Þessar breytingar til samans ættu að skýra réttarstöðu unglinga til muna og auka líkurnar á því að fólk fari eftir lögum og að okkar unga fólk alist upp við það að lög séu lög og eftir þeim eigi að fara.

[17:17]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður Guðný Guðbjörnsdóttir gerði að umtalsefni þá þversögn sem fælist í því að leyfa ýmis borgaraleg réttindi við 18 ára aldur en ekki að kaupa áfengi. Þetta er erfitt að skilja, ég skil ekki hver þversögnin er. Hvað kemur þetta yfirleitt málinu við? Bandaríkjamenn hafa bundið kosningaaldur við 18 ár miklu lengur en við og finnst að þeim sé ekki gerður neinn óréttur sem eru innan við 21 árs þó þeir fái ekki að kaupa áfengi. Eru þeir þar með á móti frelsi í því landi? Eru þeir ekki einfaldlega að gera þetta til að vernda líf og limi ungs fólks, bæði þeirra sem hafa kosningarrétt og þeirra sem yngri eru?

[17:19]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Ég hef velt því fyrir mér hver er tilgangur flutningsmanna með því að leggja þetta frv. fram. Er tilgangurinn sá að reyna að sporna við því ástandi sem við vitum öll hvernig er? Ef svo er þá held ég að flutningsmenn fari villir vega. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir hvers vegna ástandið í miðbæ Reykjavíkur og annarra bæja svo og ástandið á sveitaböllum víðs vegar um landið er svona. Hvað er það sem veldur því að unglingar allt niður í fermingaraldur neyta áfengis í óhóflegum mæli og við vitum af þessu. Foreldrarnir, löggjafinn, löggæslan, barnaverndarnefndirnar vita þetta en samt horfa allir fram hjá þessu. Hvers vegna er ástandið hjá unglingunum með þessum hætti? Að hluta til má skýra það með því að það þjóðfélag sem unglingarnir búa í er þeim ekki sérstaklega geðfellt. Það er jafnvel atvinnuleysi hjá foreldrunum og unglingarnir leggja af stað út í lífið þar sem ástandið í þjóðfélaginu gerir það að verkum að þeir sjá fram á að vegna peningaleysis foreldranna hafa þeir ekki efni á því að fara í nám. Slíkt veldur að sjálfsögðu vonleysi hjá unglingum. Vonleysinu mæta þeir kannski með óhóflegri drykkju.

Ég sé ekki að frv. komi á einn eða annan hátt í veg fyrir þetta ástand vegna þess að þó aldurinn til að kaupa áfengi sé færður niður í 18 ár þá náum við samt sem ekki til þeirra sem eru vandamálið, þ.e. börn frá fermingu og upp í 16–17 ára aldur. Breytingin tekur á engan hátt á því hvernig þessi hópur nálgast áfengi. Aldeilis ekki. Það eru ekki 18 ára ungmenni sem eru til vandræða í miðbænum eða á sveitaböllum víðs vegar um landið.

Mér finnst mjög sérkennilegt og raunar áhyggjuefni sem stendur í greinargerðinni að lögin, sem farið sé eftir, séu óréttlát og óskynsamleg og erfitt sé að framfylgja þeim.

Hvernig er komið fyrir þjóðfélaginu þegar það kemur jafnvel fram á hinu háa Alþingi að menn bera enga virðingu fyrir þeim lögum sem eru þó sett á Alþingi?

Hæstv. forseti gerði að umtalsefni í upphafi þings að virðing almennings gagnvart Alþingi færi þverrandi. Er það nokkur furða, herra forseti, þó virðing almennings gagnvart Alþingi fari þverrandi þegar slíkt kemur jafnvel fram í frv. sjálfum sem eru lögð hér fram og ég tala ekki um í málflutningi einstakra þingmanna eins og kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur þar sem hún lýsti því nánast yfir að hún bæri enga virðingu fyrir þeim lögum sem sett væru af hinu háa Alþingi? Hver ætlar að draga mörkin um hvaða lög eru skynsamleg og hvaða lög eru ekki skynsamleg? Við verðum að bera virðingu fyrir þeim lögum sem hér eru sett. Ég held að það væri nær að við beindum því til hæstv. dómsmrh., sem er yfirmaður löggæslunnar í landinu, að þeim lögum sem gilda í landinu væri framfylgt og að lögreglan horfi ekki fram hjá því ófremdarástandi sem ríkir hér helgi eftir helgi nánast alls staðar í þjóðfélaginu. Þess vegna legg ég til að frv. verði fellt vegna þess að það tekur á engan hátt á þeim vanda sem við búum við í þjóðfélaginu.

[17:23]

Magnús Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingar á áfengislögum sem felur í sér að aldursmörk sem heimila áfengiskaup verði lækkuð úr 20 í 18 ár. Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir strax að ég er algerlega andvígur þessari breytingu og ég tel að í greinargerð með frv. komi ekki fram nein haldbær rök sem sannfæra mig um að breytingin skuli gerð. Að vísu er ein setning sem ég tek undir, með leyfi forseta: „Í ljósi umræðna um vaxandi vímuefna- og áfengisnotkun ungmenna gæti slík breyting á áfengislögunum virst mótsagnarkennd." Mér finnst þetta eitt af örfáu sem ég get tekið undir í greinargerðinni.

Ég tel að með breytingunni sé alls ekki hægt að taka á þeim áfengisvanda sem framsögumaður lýsti í upphafi sinnar ræðu. Þess vegna tel ég það mjög andvígt því ástandi að gera þessa breytingu.

Í greinargerðinni er talað um lög sem fólki finnst úrelt og virði ekki og þá á samkvæmt þessu bara að breyta lögunum. Ég skil ekki slíkan þankagang. Hv. þm. Hjálmar Jónsson fór yfir þetta og ég ætla ekki að endurtaka það sem hann sagði en ég er honum sammála. Hann tók dæmi um lög sem við vitum að eru brotin og fólk virðir ekki og þá er spurning hvort eigi að breyta þeim til þess að lögin falli að hegðun fólksins. Ég tel að það sé ekki rétt leið.

Framsögumaður fór yfir skýrslur og greinargerðir sem lýsa því vandamáli sem er áfengisvandi ungmenna. Ég verð að segja að ég er nokkuð undrandi á því að framsögumaður og samflutningsmenn hennar skuli koma með þetta frv. sem lausn á því vandamáli. Ég næ því ekki alveg að það skuli fara heim og saman. Ég held að þingmenn ættu frekar að nota sinn tíma í að fjalla um með hvaða hætti má koma í veg fyrir þessi vandamál á annan hátt en að gera þessar breytingar á áfengislöggjöfinni. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði að þingmenn ættu að beita sér fyrir því að dómsmrh. geri viðeigandi ráðstafanir til þess að tekið verði á þessum vandamálum.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þessi mál en mig langaði til að nota tækifærið í þessari fyrstu umferð og koma upp til að lýsa skoðun minni á þessum málum. Vegna þess að hv. framsögumaður talaði um að hún hefði fengið viðbrögð hjá ungmennum úti í þjóðfélaginu við þessu frv. þar sem því er fagnað — ég skildi mál hennar þannig — þá get ég sagt frá því að ég hef fengið viðbrögð frá ungmennum sem eru mjög andvíg breytingunni. Mér sýnist því ekki einhlítt hvert viðhorf þess fólks er sem málið varðar kannski öðrum fremur.

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að ég mun beita mér gegn samþykkt frv. og mun greiða atkvæði gegn því þegar þar að kemur.

[17:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið mælt fyrir afar sérkennilegu máli og erfitt er að fá botn í það til hvers það er flutt. Það hefur ekki komið fram hjá flutningsmanni, sem hefur mælt fyrir því, að hann telji að áhrif frv. verði til góðs. Hann treystir sér ekki til að halda því fram að frv. muni bæta úr því ástandi sem er í þjóðfélaginu í áfengismálum. Þá spyr maður til hvers er verið að flytja frv. ef það á ekki að bæta úr því ástandi sem er nú? Er það vegna þess að flutningsmaður er sáttur við ástandið í áfengismálum í þjóðfélaginu? Er það samanlögð niðurstaða þingmannsins eftir sjö ára setu í stóli félmrh. að það séu engin vandamál í áfengismálum hjá þessari þjóð og það sé óhætt að gera breytingar sem leiða ekki til góðs? Er það niðurstaðan af þekkingu þingmannsins á högum fólks, bæði fátæks fólks, atvinnulauss fólks, gamalls fólks, ungs fólks, eins og lesa má í öllum skýrslunum sem skrifaðar voru í sjö ára valdatíð þingmannsins sem félmrh. að óhætt sé að hleypa fleirum í að kaupa áfengi? Það er dálítið merkilegt að þingmaðurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að brýnasta verkefni hans í íslensku þjóðfélagi um þessar mundir eftir að hafa setið sjö ár á stóli sem félmrh. sé að leyfa fólki 18–20 ára að kaupa sér áfengi. Það er framlag formanns Þjóðvaka til þjóðfélagsumræðunnar um þessar mundir. Oft hafa menn haft rismeiri ástæðu til málflutnings en fram kemur í þessu efni.

Ég vil fara yfir nokkur atriði í málinu. Ég lít þannig á málið að þessari löggjöf sé ætlað að marka stefnu opinberra yfirvalda í áfengismálum eða öllu heldur áfengisvarnamálum. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi löggjöf. Það þarf að takmarka aðgang manna að áfengi með einum eða öðrum hætti eins og tilgreint er í löggjöf á hverjum tíma. Menn reyndu í upphafi aldarinnar að takmarka það að fullu. Þá var viðhorfið í þjóðfélaginu þannig að menn töldu best að leyfa þetta ekki, banna það alveg, en gáfust upp á því eins og kunnugt er. Engu að síður hefur verið um það sátt í þessu þjóðfélagi að það þurfi áfengisstefnu af hálfu hins opinbera, sem hafi það takmark að neyslan verði sem minnst. Og að neysla yngri aldurshópanna verði sem minnst. Til að mæta þessu sjónarmiði hafa menn sett þau lög sem í gildi eru og þeir þekkja sem hafa kynnt sér þau.

Í fyrra kom út skýrsla um áfengismálastefnu sem gerð er á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem starfar, eins og menn vita, á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar eru þessi mál rakin og þær athuganir tíundaðar sem gerðar hafa verið. Þar er ekki um neitt ágiskunarefni að ræða, menn hafa reynt að gera kannanir og draga saman niðurstöður þannig að þeir hafi einhvern grunn að standa á. Áfengispólitíkin er síðan byggð á staðreyndum sem óþarfi er að deila um. Í þessari skýrslu eru raktar tilteknar staðreyndir sem eru niðurstöður athugana. Þótt hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé kokhraust og leyfi sér að fullyrða ýmislegt þá efast ég um

að þingmaðurinn leyfi sér að draga í efa niðurstöður þessara athugana. Þær eru í meginatriðum þessar:

Ef menn auka aðgengi að áfengi, eykst neyslan. Ef neyslan eykst, aukast þau vandamál sem henni fylgja eins og t.d. drykkjusýki, umferðarslysum fjölgar og fleira þess háttar. Þetta liggur fyrir. Þetta eru óumdeilanlegar niðurstöður sérfræðinga eins og fram kemur í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Út frá henni rekja þeir helstu atriðin sem skipta máli ef yfirvöld ætla sér að reka áhrifaríka áfengismálastefnu. Það er í fyrsta lagi smásöluformið. Vilji menn ná góðum árangri, þarf smásöluformið að vera í formi ríkiseinkasölu. Það þarf ekki að útlista það fyrir þeim þingmönnum sem hér eru. Þeir þekkja það bæði héðan og frá hinum Norðurlöndunum að ríkiseinkasölur hafa skilað mun betri árangri í því að takmarka áfengisnotkun en annað form smásölu.

Í öðru lagi er það styrkleiki áfengisins sem selt er, og þá sérstaklega styrkleiki bjórsins, sem hefur áhrif.

Í þriðja lagi kemur til verðlagning á vörunni og í fjórða lagi fjöldi útsölustaða. Athuganir sýna að ef útsölustaðir eða smásölustaðir eru margir á litlu svæði eykur það verulega áfengisnotkunina á viðkomandi svæði. Og við getum horft hér á miðbæ Reykjavíkur þar sem vínveitingastöðum og útsölum hefur fjölgað gríðarlega á örfáum árum. Enda tala menn um sérstakt vandamál hér, þannig að það staðfestir enn frekar niðurstöður þessara sérfræðinga.

Fimmta atriðið er aldurinn. Áfengiskaupaaldurinn. Hann hefur gríðarlega mikil áhrif.

Í sjötta lagi koma til þær reglur þeir starfa eftir sem selja og afgreiða áfengi, hvort heldur er í útsölum eða vínveitingastöðum. Öll þekkjum við ákvæðin í lögunum sem banna sölu áfengis til manna sem eru sýnilega ölvaðir. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tók það ekki sem dæmi um tvískinnung. Er það ekki tvískinnungur, hv. þm., að banna með lögum að selja manni áfengi sem bersýnilega er ölvaður? Vill þingmaðurinn ekki beita sér fyrir því að það ákvæði laganna verði numið út gildi? Hvers vegna heldur þingmaðurinn að þetta ákvæði sé sett í lögin? Opnunartíminn er atriði sem skiptir líka miklu máli. Bæði það hversu lengi er opið á dag og hversu oft í viku.

Enn vil ég nefna eitt atriði sem skiptir gríðarlegu máli. Það eru auglýsingar. Ef auglýsingar eru leyfðar, hefur það áhrif á áfengisnotkun. Það er engin tilviljun að við höfum farið inn á þá braut hér á landi að banna áfengisauglýsingar. Fleiri atriði má nefna, en þetta eru þau helstu sem koma fram í skýrslunni. Ég hygg að þingmenn kannist við að við höfum beitt öllum þessum atriðum til þess að stýra okkar áfengismálastefnu á sem skynsamlegastan hátt, miðað við það sem við getum gert í þeim efnum.

Því miður hefur þróunin á undanförnum árum verið í gagnstæða átt. Því miður hafa hvorki alþingismenn né frammámenn í þjóðfélaginu talað fyrir breytingum á hinni opinberu áfengismálastefnu á undanförnum árum í þá átt að draga úr áfengisnotkun. Menn hafa ekki haft þann metnað, ef svo má segja. Þvert á móti hefur verið talað fyrir breytingum í gagnstæða átt, sem kölluð er frjálsræðisátt. Það er væntanlega sú átt sem eykur neysluna, eykur alvarlegar afleiðingar áfengisnotkunar, fjölgar slysum og eykur samfélagslegan kostnað sem lendir svo á endanum á skattgreiðendum. Það heitir í frjálsræðisátt.

Öll þekkjum við umræðuna um bjórinn. Ísland skar sig úr að því leyti að hér var bannað að selja bjór. Margir töldu það skrýtið og flokkuðu það m.a. undir tvískinnung. En það hafði mikil áhrif. Sem dæmi má nefna yfirlit sem ég er hér með yfir áfengisnotkun einstaklinga á Norðurlöndum, mælt í lítrum af 100% alkóhóli. Þá kemur í ljós að notkunin hér á landi er miklu minni en í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð en svipuð og í Noregi, sem hefur rekið mjög svipaða áfengismálapólitík og við Íslendingar. Þessi tvö lönd, Ísland og Noregur, eru langt um lægri en hin löndin þrjú. Það er auðvitað vegna þess að við höfum rekið aðhaldssama pólitík.

Eftir að bjórinn var leyfður urðu áhrifin þau, samkvæmt athugunum sem geðdeild Landspítalans gerði haustið 1992, að neysla á áfengi hafði aukist hjá ungmennum. Hún jókst sem sagt eftir að bjórinn kom til sögunnar. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eða aðra að mæla á móti staðreyndum. Ef þeir vilja gera breytingar á áfengismálapólitík Íslendinga verða þeir hinir sömu að vera menn til að viðurkenna að þær breytingar eru ekki lagðar fram til að draga úr áfengisnotkun, heldur til að auka hana. Það var niðurstaðan með bjórinn, eins og menn sáu fyrir og sagt var. Enda byggðu menn á staðreyndum í þeim efnum og þær gengu auðvitað eftir, eins og vænta mátti. Fullyrðingar hinna um að bjórsala mundi draga úr áfengisnotkun hafa reynst rangar.

Fleira hefur verið gert á undanförnum árum sem breytir hinni opinberu áfengismálastefnu stjórnvalda og stuðlar að aukinni notkun. Þar má minna á áhrifin af EES-samningnum sem gerir þá kröfur til okkar að breyta fyrirkomulaginu á ríkiseinkasölunni. Um þær breytingar var tekist á hér á vorþingi, breytingar á innflutningi, heildverslun og dreifingu á áfengi. Þær breytingar munu að mínu viti stuðla að aukinni neyslu eins og ævinlega gerist þegar menn hætta að líta á áfengi sem vöru sem þarf að umgangast með varúð og fara að meðhöndla hana sem hverja aðra markaðsvöru. Markaðslögmálin í þessu efni þýða ekkert annað en aukin neysla. Það hefur verið krafan á undanförnum árum að líta æ meira á áfengi sem hverja aðra markaðsvöru, eins og skýrast sést í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem lagt er blátt bann við því að meðhöndla áfengi með misjöfnum hætti eftir framleiðendum og innflytjendum o.s.frv. Það er vegna þess að Evrópusambandið skilgreinir þetta sem markaðsvöru. Öll þekkjum við þrýstinginn sem verið hefur í þá veru að leyfa auglýsingar á áfengi, bæði á opinberum vettvangi og annars staðar. Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að fara í kringum hið opinbera bann á auglýsingum. Það er auðvitað vegna þess að framleiðendur og seljendur þrýsta mjög á um það að mega auglýsa vöruna. Þeir vita sem er að það muni auka söluna. Þess vegna stöndum við gegn því og reynum a.m.k. að halda sjó í þessum efnum.

Ég gat um kröfuna í frjálsræðisátt sem kallað er, og kröfurnar með samningnum við Evrópska efnahagssvæðið sem varðar innflutning, heildverslun og dreifingu og tekist var á um á vorþingi. Þegar eru farnar að koma fram háværar raddir og kröfur um að smásalan færist út í verslanirnar, að ríkiseinkasalan verði afnumin og áfengi verði selt eins og hver önnur vara í næstu kjörbúð. Sem dæmi má nefna samþykkt sem gerð var á aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands í maí sl. þar sem skorað er á yfirvöld að afnema lagaákvæði sem binda sölu á bjór og léttum vínum við einkasölu ríkisins, þannig að neytendur eigi þess kost að kaupa þessa vöru í matvöruverslunum um land allt, eins og segir á ályktuninni. Þetta er viðhorfið, þetta er þrýstingurinn sem kemur fram víða í þjóðfélaginu í þá veru að gata í

sundur hina opinberu áfengismálastefnu, allt í þeim tilgangi að auka sölu og notkun, hvort sem þar er um að ræða áskoranir frá Kaupmannasamtökunum, öðrum samtökum eða frv. frá þingmönnum eins og þetta hér. Það hefur engan annan tilgang en þann að auka áfengisnotkun. Þingmennirnir verða að vera menn til að viðurkenna að það er það sem fyrir þeim vakir. Það er ekki hið gagnstæða, að draga úr áfengisnotkun.

Ég vil, virðulegi forseti, láta í ljósi verulega hryggð yfir því að þingmenn hafa glapist til þess að flytja frv. af þessum toga. Ekki endilega vegna þess að ég sé þeirrar skoðunar að allt sé óumbreytanlegt í áfengismálalöggjöf okkar, það er þvert á móti, heldur hitt að ég er á þeirri skoðun að breytingar sem menn hugsa sér að gera verða að rúmast innan þessarar stefnu og hafa þau áhrif eða a.m.k. að menn trúi því að þau hafi þau áhrif að verða til góðs en ekki ills. Kannski er einn mesti óvinurinn þessi árin hið ótrúlega útbreidda viðhorf í þjóðfélaginu sem er vinveitt áfengisnotkun. Það er því miður svo að það er um of útbreitt viðhorf að mínu mati, of viðurkennd samfélagsleg hegðun að nota áfengi. Á meðan hinir fullorðnu sem eru ábyrgir fyrir þessu viðhorfi bæta ekki úr hjá sér þá er ekki von á að það verði stórar breytingar á viðhorfi unga fólksins til batnaðar frá því sem nú er.

Ef menn vilja flytja frv. um þetta efni þá eiga menn að mínu viti að einblína á þetta atriði að breyta viðhorfi fullorðins fólks. Með því gætum við náð árangri sem skilaði sér niður eftir aldurshópunum. Með þessu frv. náum við engum árangri í þá veru. Það hryggir mig því að sjá þetta frv. hér.

Ég vil að lokum segja, virðulegi forseti, að hryggilegast þykir mér að sjá þingflokksformann Sjálfstfl. á þessu frv., mann sem er fyrirliði stærsta stjórnmálaflokks Íslands á Alþingi. Ég hafði vonast eftir því að sá flokkur hefði þann metnað að reka af sér það slyðruorð sem á honum hefur legið undanfarin ár að hann notaði vín til þess að laðaði til sín kjósendur og er hægt að nefna dæmi um það efni og hafa orðið blaðamál af eins og fyrir alþingiskosningarnar 1991. Við höfum því miður áþreifanleg dæmi um það í síðustu sveitarstjórnarkosningum í kaupstöðunum á Vestfjörðum að ungliðar Sjálfstfl. gerðu beinlínis út á áfengi til að ná til ungs fólks, bjóða því heim til sín í heimahús í bjórveislur og annað slíkt. Það er ekki sæmandi stjórnmálaflokki á Íslandi sem vill láta taka sig alvarlega í þessum efnum að einstakir menn innan hans beiti þessum aðferðum í stjórnmálabaráttunni. Ég hafði vonast eftir því að þingflokksformaður Sjálfstfl., sem er gegn og mætur maður að mínu viti, hefði haft metnað til þess að taka á þessu vandamáli en ekki að búa til annað með tillöguflutningi á Alþingi.

[17:48]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að með þessum síðustu ummælum sínum dró hv. ræðumaður Kristinn H. Gunnarsson þessa umræðu niður á lægra plan en jafnvel var hægt að búast við af honum. Þær ásakanir og þær dylgjur sem hér komu fram í garð Sjálfstfl. í sambandi við kosningaundirbúning eru auðvitað þess eðlis að það er ekki hægt að taka þær upp í þingsal með þeim hætti sem þingmaðurinn hefur gert og er jafnvel fyrir neðan hans virðingu að koma með slíkar ásakanir og heimskulegar dylgjur hér í ræðustólinn í tengslum við allt annað þingmál sem hér er í gangi.

Ég læt hryggð þingmannsins vegna aðildar minnar að þessu frv. sem vind um eyru þjóta. Ég þarf ekki að spyrja hann að því hvaða mál ég flyt hér, mér dettur það ekki einu sinni í hug og læt mér í léttu rúmi liggja hvað honum finnst um mína persónulegu aðild að þessu máli enda er þetta ekki mál sem er flutt sem flokkspólitískt þingmál. Það kemur mér hins vegar ekkert á óvart að hann skuli bregðast við þingmáli sem þessu á þann hátt sem hann gerir með þeim sjónarmiðum sem hann hefur hér flutt þar sem beinlínis er girt fyrir, að því er mér virðist, allar umræður af hans hálfu um breytingar sem gætu horft til bóta á áfengislöggjöfinni. Vissulega var margt af því sem rakið var í máli þingmannsins úr skýrslu sem hann var með í höndunum athyglisvert. En auðvitað vita menn að hér er vandamál á ferð sem er áfengisneysla þessa hóps á aldrinum 18–20 ára sem menn neita að horfast í augu við. Ég bið þingmanninn og aðra þingmenn að líta í eigin barm í þessum efnum, hugsa til baka þegar fólk var sjálft á þessum aldri og reyna að rifja upp hvernig fólk sneri sér þá sjálft í þessum málum.

Þingmaðurinn hefur spurt að því hvaða áhrif þetta hafi á heildardrykkjuna. Það veit maður auðvitað ekki fyrir fram. Ég hef ekki trú á að þetta verði til þess að ástandið versni. Þá hefði ég ekki flutt þetta mál ásamt öðrum sem það gera. Ég hef hins vegar trú á því að þetta verði til þess að meira af neyslunni fari í löglegan farveg, út úr landabrugginu og götuhornasölunni inn í löglegan farveg sem við þekkjum hver er. Ég tel að það sé framför í sjálfu sér. Ef menn eru hins vegar sannfærðir um að lækkun á áfengisaldri muni auka neysluna við það að færa aldursmörkin úr 20 árum í 18 þá ættu þeir að leggja til að þau verði hækkuð vegna þess að með sömu rökum liggur væntanlega í augum uppi að með því að hækka mörkin megi minnka vandamálið og minnka neysluna. T.d. að fara með mörkin í 35 ár sem eru önnur viðmiðunarmörk sem við þekkjum.

[17:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki nógu gott hjá hv. þm. Geir H. Haarde að segja: Ég trúi því ekki að neysla muni aukast þó áfengiskaupaaldurinn lækki um tvö ár. Það er ekki nógu gott þegar fyrir liggja vísindalegar sannaðar staðreyndir um hið gagnstæða. Menn verða að taka mark á staðreyndum sem liggja fyrir og eru gefnar út af ekki óvirðulegri stofnun en Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Þetta er tiltölulega einfalt mál. Aukið aðgengi að áfengi þýðir aukna notkun. Það er staðfest. Það liggur líka fyrir og er staðfest að allmörg ríki í Bandaríkjunum lækkuðu áfengiskaupaaldurinn í upphafi áttunda áratugarins. Það liggur fyrir að í öllum þessum ríkjum komust menn að þeirri niðurstöðu að þetta jók áfengisnotkun. Þetta jók vandamálin sem leiða af áfengisnotkun og þetta jók verulega umferðarslys, þar með talin dauðaslys. Öll brugðust þau eins við sem er að hækka aldurinn aftur upp í 21 ár. Samkvæmt þessari skýrslu sem ég er með er áfengiskaupaaldur 21 ár í öllum 50 ríkjum Bandaríkjanna. Þetta eru staðreyndir. Og á staðreyndum eiga menn að grundvalla mál sitt en ekki á sandi.

Varðandi hins vegar upphafsorð þingmannsins þá þarf ég ekki að deila við hann um staðreyndir því það eru líka staðreyndir sem ég rakti, að vísu vægilega og hefði getað gert ítarlegri skil. Ég tel ekki ástæðu til þess að sinni. En ég vænti þess að þingmaðurinn íhugi þau orð sem ég lét falla í því efni því þau byggja á staðreyndum.

[17:54]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðlegi forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. dragi heldur úr dylgjum sínum og ásökunum í sambandi við þau grófu ummæli sem hann fór með áðan í garð Sjálfstfl. vegna

þessara mála. Hann er þá að tala um eitthvað sem mér er ókunnugt um. Ég frábið mér slíkan málflutning í máli þar sem verið er að reyna að fjalla um þessi mál á málefnalegan og alvarlegan hátt. Það er ekki hægt að segja að eitthvert frv. sé ómögulegt vegna þess að einhver maður vestur á fjörðum hafi boðið einhverjum unglingum áfengi. Þetta er bara ekki boðlegt og að sá maður hafi kannski verið í Sjálfstfl. (**KHG:** Hann hefur kannski verið í framboði.) Ég veit ekkert hvað hann er að dylgja hér þessi hv. þm. Það má vera að einhver annar hér í salnum viti það. En þetta eru auðvitað dylgjur, herra forseti, sem ekki er sæmandi að fara hér með í þingsalnum.

Að því er varðar hins vegar umræðu um ástandið í öðrum löndum og hvernig það hefur þróast t.d. í Bandaríkjunum. Ég man vel eftir því þegar var verið að lækka áfengisaldurinn í Bandaríkjunum í 18 ár. Ég var þá þar í námi. Það var gert í ríkinu þar sem ég var námsmaður á þeim tíma. En ég hef síðan ekki fylgst nákvæmlega með því. Það eru hér uppi mismunandi fullyrðingar um það hvernig þetta er núna í mismunandi ríkjum. Það er hægt að fá það á hreint hvort það er alls staðar 21 ár sem miðað er við eða eitthvað annað. En aðstæður í Bandaríkjunum eru allt aðrar en hér líka í þessum málum. Og það hefur ekkert tíðkast þar, það var ekki þannig þá eins og það hefur verið um margra áratuga skeið hér að ungmenni hafi haft þann aðgang að víni sem þau hafa haft hér á Íslandi þó að lögin væru eins og þau eru hér. Það munu engar flóðgáttir opnast fyrir þessi ungmenni þó að þessi lagabreyting verði gerð. Við vitum alveg hvernig ástandið er. Það er ekkert vandamál fyrir krakka á þessum aldri að komast í áfengi. Það er bara ekkert vandamál. En það hefur verið öðruvísi fyrir vestan þar sem aðstæður eru þannig, eins og hv. 1. flm. rakti, að vegalengdir eru allt aðrar, þar sem ekki eru leigubílar á boðstólum, þar sem krakkar byrja að keyra 16 ára o.s.frv. Það er ekki hægt að bera þetta saman. Við skulum bara líta á þennan þátt málsins í ró og næði og ég vona að það verði gert af skynsemi í allshn. og treysti því.

[17:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur þegar menn sem eru í pólitík taka upp á því að fara að notfæra sér áfengi til að laða að sér kjósendur. Því miður eru dæmi um það og ég get minnt hv. þm. Geir H. Haarde á að þessi mál komust í hámæli fyrir alþingiskosningarnar 1991 m.a. í framhaldi af boði ungra sjálfstæðismanna í Valhöll. Það eru fleiri atvik af þessu tagi þar sem ungir sjálfstæðismenn hafa boðið til sín kjósendum, jafnvel undir áfengiskaupaaldri og veitt þeim áfengi og það jafnvel ótæpilega. (**GHH:** Þetta er ósæmandi fyrir ...) Þingmaðurinn á auðvitað að beita sér fyrir því að flokkur hans eða einstaka menn innan hans ástundi ekki vinnubrögð af þessu tagi. Það er nákvæmlega það sem ég átti við og tala þar út frá fullkomnum staðreyndum. Það þýðir ekkert fyrir þingmanninn að byrsta sig í þeim efnum.

Ég vænti þess að hann og aðrir sem þessi mál flytja og aðrir sem um málið fjalla gæti þess í umfjöllun um efni málsins að taka mark á staðreyndum en það er sammerkt með málflutningi hv. þm. Geirs H. Haarde og Jóhönnu Sigurðardóttur að þau neita ítrekað að taka mark á staðreyndum. Og þegar þau geta ekki borið staðreyndirnar til baka þá flýja þau í það vígi að segja: Þetta á ekki við hér á landi. Þá spyr ég: Hvar eru rannsóknirnar sem eiga að staðfesta að það eigi ekki við hér á landi?

[17:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég er sammála flutningsmanni þessa frv. um að það er þversögn og tvískinnungsháttur í löggjöfinni um réttindi og skyldur þegnanna. En það er líka þversögn og tvískinnungsháttur í röksemdafærslunni varðandi frv. þetta. Flutningsmaður sagði „erlendis þar sem áfengi er umgengist af skynsemi". Ég á svolítið erfitt með að skilja á hvern hátt við umgöngumst áfengi af skynsemi. Vegna þess að við þekkjum þær tölulegar staðreyndir um að tíundi hver maður sem neytir áfengis verður brennivíninu að bráð. Ég hef dvalið erlendis sem ungur maður um tvítugt, í Danmörku þar sem áfengi er væntanlega umgengist af „mikilli skynsemi" og ég veit að þar er áfengisneysla mjög mikið vandamál. Þeir umgangast að vísu áfengi öðruvísi en við en þar er brennivínið mikið böl eins og reyndar hér líka. Mig langar bara til að spyrja flutningsmann hvort hún telji virkilega að ungmenni hætti að falsa skilríki eða hvort miðbæjarvandamálið hverfi eða landasalan hverfi ef þetta frv. fer í gegn. Ég er alveg viss um að nánast ekkert breytist við þetta. Breytingin verður fyrst og fremst fólgin í því að aldur neytenda áfengis lækkar. Aldur neytenda áfengis lækkar einfaldlega vegna þess að 18 ára ungmenni umgangast yngra fólk heldur en t.d. tvítug ungmenni gera.

Hins vegar get ég alveg fallist á það að 18 ára ungmenni megi kaupa áfengi á skemmtistöðum, kaffihúsum og krám vegna þess að lögum samkvæmt má þetta unga fólk vera þarna inni. Og mér finnst fáránlegt að leyfa því unga fólki ekki að kaupa áfengi inni á þessum stöðum. Hins vegar, þegar komið er út í samfélagið, finnst mér reglan um tvítugsaldurinn ljómandi góð á þeirri forsendu að 18 ára ungmenni umgangast yngra fólk en þeir sem tvítugir eru.

Mér finnst líka röksemdafærslan um það að unga fólkið hafi verið að senda bréf og erindi til hv. þm. vegna þessa frv., til þess að gera léttvæg. Sjálfur umgengst ég mikið af ungu fólki og hef reyndar haft atvinnu af því í gegnum árin að vinna með ungu fólki, fólki akkúrat á þessum aldri. Unga fólkið vill hafa mjög skýrar reglur. Unga fólkið vill hafa ákveðinn aga, það er alveg ljóst. Það er vandamál í þessu landi hvað við reynum alltaf að sigla fram hjá lögum og reglum. Hér er agaleysi og það á ekki bara við um unga fólkið. Við berum ábyrgð á þessu fullorðna fólkið. Mér finnst líka þegar við erum að tala um að við séum að stimpla allt ungt fólk eins í þessu sambandi þá er það auðvitað bara eins og hver önnur orð sem notuð eru. Það er auðvitað mjög mismunandi hvernig unga fólkið okkar umgengst áfengi, nákvæmlega eins og með okkur sjálf. Þar er enginn munur. En það er líka staðreynd að eftir því sem unga fólkið byrjar fyrr að neyta áfengis þess meiri líkur eru á því að það verði brennivíninu að bráð.

Það væri í raun mun göfugra, herra forseti, að við þingmenn reyndum að beita okkur, í samráði við SÁÁ og unga fólkið í landinu, fyrir frv. sem hefði að markmiði að draga úr áfengisneyslu með forvarnastarfi vegna þess að það væri þjóðfélaginu til góðs.

[18:03]

Katrín Fjeldsted:

Forseti. Ég er frekar jákvæð gagnvart þessu frv. Kannski á sama hátt og ég var jákvæð gagnvart því að lögleiða bjór á sínum tíma. Ég held að neysla aukist ekki við þetta fremur en við innleiðingu bjórs, það verði frekar breyting. Það er erfitt að segja til um það hvort áfengisneysla hafi aukist þegar

vantar mjög stóra stærð í málið sem er statistikkin yfir það hvað er mikið drukkið af bruggi og landa. Hana höfum við ekki þannig að tölur geta blekkt illilega.

Mér finnst samt galli á röksemdafærslunni í greinargerðinni. Mér finnst það í rauninni ekki vera rök að ákvæði áfengislöggjafarinnar séu óvirk. Mér finnst það ekki rök í sjálfu sér. Það er mikilvægt að framfylgja lögum hvort sem um áfengi er að ræða eða útvistartíma barna eða hvað það er. Það skiptir mjög miklu máli að gera löggæslunni kleift að framfylgja þessum lögum. Það má hrósa lögreglunni fyrir það sem áunnist hefur í því.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að löggjöf skipti máli og ég veit að það er alveg rétt og að aukið aðgengi þýði aukna notkun. Þá verður maður að hugsa við hvað er miðað. Aukið aðgengi miðað við hvað? Við erum að tala hér um aukið löglegt aðgengi. En við verðum að miða það við hið mikla ólöglega aðgengi sem fyrir hendi er. Það er raunhæfur samanburður.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að brennivín væri böl. Ég er alveg sammála honum í því. Út yfir viss mörk er það böl. En það er líka sagt að hóflega drukkið vín gleðji mannsins hjarta. Ég er á því að það sé líka satt. Meira að segja hefur komið í fréttum að vínglas á dag geti aukið lífslíkur manna en ég veit nú ekki hvort menn ættu endilega að fara að fara ofan í þá statistikk hér.

Forvarnir voru nefndar hér einnig. Það er jú vitað að í lögum og í reglugerð um heilbrigðisþjónustu er tekið fram að heilsugæslunni sé skylt að sinna þessum forvörnum undir nafninu heilsuvernd, m.a. áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavörnum. Ég verð að segja það að mér finnst skynsamlegt að efla heilsugæsluna, m.a. með því að leggja áherslu á forvarnir og gera henni það kleift. En aðalatriðið er þó það veganesti sem ungt fólk hefur með sér úr heimahúsum. Aðalatriðið er nefnilega ábyrgð foreldranna, að foreldrarnir kenni börnum sínum góða siði og sýni gott fordæmi. Þessu er ábótavant í okkar þjóðfélagi.

Fjölskyldustefna hefur oft verið nefnd í þessum þingsal og lýst eftir henni. Ég er þeirrar skoðunar að aðbúnaður og aðstæður fjölskyldna, atvinnumál og skólamál og öll möguleg slík stórmál sem má gagnrýna og eru vandamál í okkar þjóðfélagi, hafi áhrif á það veganesti sem þetta unga fólk hefur með sér úr heimahúsum.

Sterkustu rökin fyrir því að breyta aldursmörkunum úr 20 ára í 18 ára finnst mér þó vera að 18 ára fólk er að flestu leyti flokkað sem fullorðið fólk. Það má keyra bíl. Það má kjósa. Það má bjóða sig fram til sveitarstjórna, til Alþingis, reyndar ekki til forseta fyrr en það er 35 ára, en það má líka giftast og eignast börn sem er einhver mesta ábyrgð sem lögð er hverjum einstaklingi á herðar í þessu þjóðfélagi. Og mér finnst hægt að treysta þessu unga fólki til að hafa vit fyrir sér og sínu lífi ef foreldrarnir hafa staðið sig í uppeldinu. Þetta þarf að skoða nánar og hjálpa fólki í sínu foreldrahlutverki. Ég er jákvæð fyrir þessu frv., forseti.

[18:09]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted flutti hér ágætt mál og kom með gamalt máltæki úr Gamla testamentinu um það að hóflega drukkið vín gleðji mannsins hjarta. Það er rétt en það stendur ekki að hóflega drukkið vín gleðji barnsins hjarta. Það er það sem við erum að mæla hér gegn (Gripið fram í.) að mörkin færist miklu neðar. Ég hef ekki áhyggjur af 18–20 ára fólki þó það bragði áfengi. Ég segi eins og hv. þm. Geir H. Haarde að ég man þá daga sjálfur. Ég er hvorki bindindismaður né postuli og því ekki bindindispostuli. Hins vegar dreg ég ekki dul á það að aldursmörk færast öll neðar sem nemur tveimur árum eins og ég reyndi að rekja hér áðan. Ég fékk engin svör hjá hv. 1. flutningsmanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, en vænti þess að þau komi á eftir, hvort hún hafi ekki áttað sig á því að með því að færa aldurstakmörk til áfengiskaupa niður í miðjan framhaldsskólaaldurinn er miklu auðveldara fyrir 16 ára unglinginn að biðja þann sem er 18 ára að kaupa fyrir sig heldur en ef fólk fær að kaupa vín eftir að framhaldsskóla lýkur og það er komið á annað skólastig?

[18:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem mig langar til að taka hér upp. Það fyrra er sú könnun sem vitnað var til að unnin hefði verið á vegum geðdeildar Landspítalans og ræðumaður taldi að væri kannski ekki nægilega nákvæm þar sem vantaði inn í upplýsingar um ólöglega sölu. Þá vil ég upplýsa hv. þm. um að þessi könnun var byggð á því að unglingarnir sjálfir svöruðu skriflegum erindum um áfengisnotkun sína þannig að það er fyrir því séð. Þessi niðurstaða er alveg ótvíræð. Hún er sú að með tilkomu bjórsins hafi áfengisnotkun aukist. Hún hafi sérstaklega aukist hjá þeim sem drukku áður en bjórsala var leyfð. Þeir höfðu nær tvöfaldað sína áfengisnotkun og ekki bara bætt við bjórneyslu sem ekki var áður heldur líka aukið drykkju á sterkum vínum. Þetta er bara statistikk sem liggur hér fyrir og ég vænti þess að þingmaðurinn muni kynna sér það.

Hitt er athugasemd sem þingmaðurinn gerði um að það væri þversögn í því að takmarka aðgengi 18 ára að víni þegar þeir nytu ýmissa borgaralegra réttinda. Ég vil minna þingmanninn á að ekki bara 18 ára unglingar heldur allir menn búa við þá löggjöf að aðgengi þeirra er takmarkað að ýmsum hlutum og ekki bara þegar þeir eru ungir heldur líka alla ævi meðan löggjöfin varir. Sérstaklega á þetta við um áfengislöggjöfina að aðgengi allra er takmarkað að áfengi samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru. Þar á ég við hluti eins og opnunartíma og annað slíkt. Það að aðgengi sé takmarkað á einhverju stigi er engin mótsögn. Það er niðurstaða löggjafarþingsins á hverjum tíma að þetta sé vímuefni sem verði að setja löggjöf um sem byggist á boðum og bönnum. Það er bara bitur reynsla sem hefur leitt þjóðina til þessarar niðurstöðu.

[18:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Ég er einn af meðflutningsmönnum þessa frv. sem er í sjálfu sér einfalt. Lagt er til að áfengiskaupaaldur verði lækkaður úr 20 árum í 18. Ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar var um margt merkileg og sjálfsagt væri auðveldast ef koma ætti alveg í veg fyrir áfengisneyslu að banna áfengi. Boð og bönn eru engin lausn á öllu því sem upp kemur og hafa aldrei verið. En ástæðan fyrir því að ég er meðflutningsmaður að þessu frv. er aðallega sú að löggjafinn hefur fyrir margt löngu viðurkennt að um 18 ára aldur geti menn nýtt sér öll þau réttindi sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Menn eru fjárráða. Menn geta nýtt sér kosningarrétt sinn. 18 ára gamalt fólk ber því ábyrgð að hluta til á þeirri ríkisstjórn sem nú situr og það hlýtur að vera alvarlegur hlutur, mun alvarlegri heldur en að menn hafi leyfi til að fara og fá sér bjórkippu eða svo. (**Gripið fram í:** Mér skilst að það beri ábyrgð á þingmönnum líka.) Það ber ábyrgð á

þingmönnum líka já. 18 ára getur fólk gengið í hjónaband. 18 ára getur fólk valið sér lífsförunaut til næstu 50 ára, það er ekkert minna. Það virðist vera smámál við hliðina á þessu, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. (**Gripið fram í:** 50 ára, er eitthvert hámark?) Nei, nei það er ekkert hámark. 18 ára geta menn stofnað fyrirtæki og tekist á hendur fjárskuldbindingar. 18 ára geta menn keypt fasteignir. Það er almenn löggjafarstefna og hefur lengi verið viðurkennt að 18 ára geti menn nýtt sér öll þau réttindi sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Fyrir 1969 var áfengiskaupaaldurinn 21 árs. Hann var lækkaður með breytingu á áfengislögunum 1969 og þar segir svo orðrétt í grg., herra forseti:

„Miðað er við 20 ára aldur í stað 21 og er það í samræmi við breytingar á aldursmörkum sem samþykktar voru á síðasta Alþingi." Þ.e. kosningarréttur og kjörgengi, lögræðisaldur og hjúskaparaldur. Þessi viðhorf voru uppi 1969 og ég er sammála þeim. Þess vegna er ég meðflutningsmaður að þessu frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það er nú einu sinni svo að áfengismenning okkar er orðin það merkileg að fólk kemur utan úr heimi til þess eins að skrifa um hana. Áfengismenning okkar er dálítið absúrd, ef svo má að orði komast. Það hefur sýnt sig að boð og bönn eru ekki til þess fallin að skapa hér áfengismenningu. Ég held að Kristinn H. Gunnarsson geti tekið undir það að áfengismenning okkar Íslendinga sé ekki til fyrirmyndar. Og boð og bönn hafi aldrei verið til þess sérstaklega fallin að bæta það sem miður hefur farið.

Tvískinnungur í þessu er vitaskuld mikill. Í fjárlagafrv. 1996 er gert ráð fyrir því að tekjur ríkisins af áfengissölu séu um 6,5 milljarðar. En um leið koma menn hér upp og segja að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir öllum þessum tekjum, þá eigi menn mikið frekar að fara í forvarnir. Forvarnir eru nauðsynlegar en tvískinnungshátturinn í þessu er mjög mikill. Við megum ekki hafa þennan tvískinnungshátt líka í löggjafarstefnunni. Við höfum tekið þá afstöðu að 18 ára geti menn nýtt sér þau réttindi sem samfélagið hefur upp á að bjóða og ég sé í sjálfu sér ekkert sem mælir gegn því að 18 ára ungmenni geti keypt sér áfengi. Það vill þannig til að sá sem hér stendur er yngstur af þeim sem sitja þetta löggjafarþing. Ég man ekki til þess að það hafi nokkuð aftrað mér eða mínum félögum á sínum tíma, þegar við ætluðum að ná í áfengi, að við værum ekki orðnir 18 ára. Ekki nokkuð skapaðan hlut. Í mínum huga er 20 ára aldursmarkið ekki nein vörn. Menn geta náð í áfengi ef þeir vilja. Eins og kemur fram í grg. þá hafa menn einfaldlega farið aðrar leiðir ef menn komast ekki í áfengisverslunina. Menn hafa keypt sér landa eða útvegað áfengi eftir öðrum leiðum. Ég lít ekki svo á að lækkun aldurs niður í 18 ára komi til með að hafa áhrif á áfengissöluna.

Kristinn H. Gunnarsson nefndi það hér áðan að hann óttaðist mjög að áfengi yrði selt í matvöruverslunum eða í almennum búðum. Ég get sagt það hér að ég mælti ekki gegn því ef hér kæmi fram frv. þess efnis. Ég lít svo á að áfengi sé hluti af neysluvenjum samfélags okkar. Við þurfum að læra að umgangast áfengi í stað þess að tala sífellt um áfengi eins og það sé eitthvað það versta sem fyrir þjóðina hefur komið. Ég mun því styðja þetta frv., enda er ég meðflm. að því.

[18:20]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og við var að búast eru skiptar skoðanir um þetta mál hér í þingsölum eins og oft vill verða þegar verið er að fjalla um breytingar á áfengislöggjöfinni. Þessi umræða minnti mig um margt á þá umræðu sem fór fram þegar verið var að ræða frv. um að leyfa sölu á bjór á sínum tíma. Þetta er, eins og komið hefur fram, ekki flokkspólitískt mál og sjálfsagt skiptar skoðanir um það mál í öllum flokkum. Ég hygg að engin rök bíti á þá sem eru á móti þessu máli. Þeir eru í hjarta sínu sannfærðir um að þetta sé ekki leiðin. Ég hygg að það sama gildi um okkur sem höfum verið að færa rök fyrir okkar máli um að rétt sé að lækka þennan aldur. En mér finnst að ýmislegt í málflutningi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar megi kannski flokka undir dylgjur. Það var t.d. rætt um það af öðru tilefni hér áðan að við, sem mælum með þessari leið, teljum að henni fylgi engin vandamál varðandi áfengisnotkun í þessum aldurshópi og að það þýði að við séum sátt við ástandið. Auðvitað er það ekki svo. Þingmaður veit betur. Við teljum bara að sú leið sem verið hefur, að hafa aldursmörkin 20 ára, hafi engu skilað. Þegar talað er um aðgengi þessa hóps að áfengi vita þingmenn, og það hefur margoft komið fram, að þessi aldurshópur, 18–20 ára og jafnvel yngri, hefur þann aðgang að áfengi sem hann vill. Það sem verra er, hann hefur greiðan aðgang að bruggi eða landa, eins og fram hefur komið í úttekt sem var gerð. Þar er talað er um skipulagða dreifingu á landa, sem er þó hættulegri heldur en öl eða áfengi. Ekki hafa þessi aldursmörk, sem við erum hér að deila um, komið í veg fyrir landasölu eða að unga fólkið neyti áfengis.

Nei, hv. þm., ég held að við verðum að finna aðrar leiðir í þessu efni. Ég teld t.d. að við höfum varið of litlu fjármagni til forvarna, fræðslu og annars slíks í áfengismálum. Ég hef sagt það, og segi það aftur, að ég tel að við gætum beitt okkur betur að þeim hópi, yngri en 18 ára, sem flestir hér hafa áhyggjur af ef við hefðum löggjöf í áfengismálum sem tæki meira mið af raunveruleikanum en hún gerir nú. Ég hygg að um eitt getum við öll verið sammála, þótt við deilum um aldursmörk. Okkur ber að móta áfengisstefnu þar sem markvisst verður unnið að því að fólk umgangist áfengi með öðru hugarfari og sé sjálft vel meðvitað um hættur samfara áfengisneyslu. Hún á að vera með þeim hætti að fólk breyti viðhorfi sínu til þessa máls og eigi að geta umgengist áfengið hóflegar en kannski sumir gera.

Mín skoðun er sú að í þessu efni hafi boð og bönn ekki dugað. Það er alveg rétt, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, að árið 1969 töldu þingmenn ástæðu til að lækka áfengisaldurinn úr 21 árs í 20 ár í samræmi við önnur réttindi sem þá var verið að veita þessum aldurshópi. Á þessu tímabili, eða frá 1969, hefur ýmislegt breyst í þjóðfélaginu. Við höfum m.a. lækkað aldursmörk varðandi lögræði, sjálfræði o.fl. og treyst unga fólkinu til að umgangast þau réttindi sem við höfum veitt því af þeirri ábyrgð sem vera ber. Í grg. með frv. 1979 varðandi breytingu á lögræðisaldri var meira að segja talað um að aðrar breytingar mundu fylgja í kjölfarið, þar sem lagaákvæðum um aldursskilyrði yrði breytt, t.d. hjúskaparlögum og ættleiðingarlögum. Menn voru líka að tala um að láta ættleiðingarlögin fylgja þar til samræmis. Eins og ég benti á áðan höfum við treyst unga fólkinu til að fá ökuréttindi 17 ára sem flest lönd gera ekki, og miða þar við 18 ára aldur. Fátt getur verið ábyrgðarmeira en að veita ungu fólki rétt til að aka bifreið.

Þannig að allt lýsir þetta nokkrum tvískinnungi. Hv. 4. þm. Suðurl. spurði hvort þetta ákvæði þýddi að unga fólkið hætti að falsa skilríki. Já, ég held að það geri það. Vegna þess að unga fólkið hefur núna leyfi til að fara inn á vín-

veitingastaði 18 ára gamalt, en ekki til að kaupa áfengi. Staðirnir sjálfir setja sér þau aldursmörk að hleypa þeim ekki inn fyrr en við 20 ára aldur, og sum jafnvel ekki fyrr en við 25 ára aldur, vegna áfengislöggjafarinnar. Ef þessu yrði breytt samhliða þá hygg ég að úr því mundi draga. En það er hvorki hægt að fullyrða að landasala muni hverfa né heldur að áfengisaldurinn muni færast neðar, eins og andstæðingar þessa frv. gera. Ég tel þó að það hljóti að draga verulega úr landasölu við þessa breytingu. Ég hygg líka, þótt það muni að vísu heldur ekki leysa vandann varðandi miðbæjarvandamálið sem slíkt, að þá sé einn angi þess sá tvískinnungur að unga fólkið, 18–20 ára, á ekki greiðan aðgang inn á venjuleg kaffihús, hafi þau áfengisleyfi, þótt það ætli sér kannski bara að fá sér gos eða kaffi. Því er ekki hleypt þar inn vegna þessa ákvæðis í áfengislögunum. Þessi aldurshópur á því kannski ekki í mörg hús að venda þegar það vill hitta jafnaldra sína, ef veitingastaðir og kaffihús í miðbænum eru þeim lokuð.

Ég tel ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði að við neituðum að taka mark á staðreyndum. Það er auðvitað fullyrðing sem ekki stenst. Við, sem flytjum þetta frv., höfum skoðað málið vandlega og munum væntanlega fá fleiri upplýsingar varðandi reynslu þjóða sem treyst hafa sínu unga fólki til að meðhöndla áfengi við 18 ára aldur, t.d. bæði hvað varðar neyslu og slysatíðni. Mér finnst sjálfsagt að fá slíkar upplýsingar frá þjóðum sem hafa reynslu af mörkum við 18 ára aldur. Ekki bara frá Bandaríkjunum, heldur líka frá nálægari löndum. Mörg hafa meira að segja, hv. þm., farið neðar og ég ekki að mæla með því. Sum miða við 16 ára aldur og í Danmörku er áfengi t.d. selt í búðum og þar er ég ósammála síðasta ræðumanni. Ég er á móti því.

Að lokum vil ég segja að að það liggur ljóst fyrir að ungmenni eiga þó nokkuð greiðan aðgang að áfengi, þrátt fyrir aldurstakmörkin. Þau hafa ekki dugað. Hv. þingmenn, sem hafa talað gegn þessu frv., hafa þó ekki mótmælt því. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að ef þeir væru samkvæmir sjálfum sér, ættu þeir að leggja til hækkun á þessum aldri, kannski upp í 22 eða 25 ára, og flytja það sem breytingartillögu við þetta frv.

[18:29]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru mér nokkur vonbrigði að fá ekki svar frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 1. flm., við þeim spurningum sem ég bar fram í minni ræðu. Fyrsta spurningin var um það hverjar þær röksemdir væru og hvaða óteljandi möguleikar það væru sem kæmu í staðinn fyrir boð og bönn. Í greinargerðinni segir: „Þá væri þessu samfara hægt að koma af stað lögbundinni, markvissri og skynsamlegri áfengisstefnu, t.d. þar sem reynt yrði að draga úr áfengisneyslunni með öðrum aðferðum en aðeins boðum og bönnum.“ Hvar eru þeir möguleikar? Ég hef engin svör fengið við því, aðeins horft á fólk berja höfðinu við steininn með misjafnlega slæmri samvisku.

Ég treysti unga fólkinu afar vel og það segjast hv. flm. einnig gera. Það er einu sinni hlutverk hinna fullorðnu að bera ábyrgð á mótun ungmenna og flestum gengur það nokkuð vel. Hitt vil ég benda á að drykkjuvandamál unglinga eru hinum eldri að kenna. Ekki framleiða unglingar áfengi, ekki stunda þeir dreifingu og sölu á landa og fíkniefnum. Veit ekki hv. þm. að hérna úti í kvöld og nótt verða nokkrir bílar með landa og alls konar slíkan varning í skottinu þar sem verið er að bjóða ungu fólki, öllum sem eru yfirleitt á ferli, til kaups. Það er látið að því liggja að það sé sjálfsagt að kaupa og vera með. Ég þekki margt af því unga fólki og ég hef líka oftsinnis hitt fyrir fólk sem hefur lent í slíku og átt mjög erfitt með að ná sér upp úr því aftur. Mér er ekki sama hvernig fer um þetta fólk. Ég held að hv. þm. sem flytja frv. viti ekki hvað þeir eru að gera og ég vona að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera.

[18:32]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því verður varla trúað að það standist sem hv. þm. segir að hér verði allt yfirfullt af bílum í kvöld sem verði fullir af landa til þess að selja ungmennum. Við erum þó með áfengislöggjöf sem bannar að selja fólki undir tvítugu áfengi. Mér finnst þetta einmitt styðja það sem við erum að tala um að áfengislöggjöfin hefur alls ekki dugað. Hvað viljum við gera annað en boð og bönn? Við viljum t.d. láta á það reyna hvort sú viðhorfsbreyting löggjafans til unga fólksins ef þetta frv. yrði samþykkt gæti ekki haft þau áhrif ef löggjafinn ber traust til unga fólksins að umgangast áfengi að það fari ekki að umgangast það þá með öðrum hætti en það hefur gert. Það er ein leiðin. Síðan hef ég sagt að áfengisvandamálið sé ekki fólgið í 18, 19 eða 20 ára aldri, hvort við leyfum því unga fólki að kaupa sér áfengi löglega, heldur er það hið þjóðfélagslega umhverfi sem við höfum búið unga fólkinu og það er sá þáttur sem ég vil gjarnan kryfja til mergjar með hv. þm. og virðulegum presti. Síðan hef ég líka nefnt það að ég tel að það eigi að fara skipulega í að móta virka áfengisstefnu og efla forvarnir. Þetta eru allt leiðir sem eru miklu raunhæfari en boð og bönn í þessu efni sem hafa ekki virkað eins og við sjáum alls staðar fyrir okkur.

[18:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Efni frv. er ákaflega skýrt. Það fjallar um að heimilt verði að selja fleirum áfengi en nú er. Bæði í áfengisútsölum ríkisins og á vínveitingastöðum þannig að vínveitingastaðir fá fleiri viðskiptavini. Það er helstur ávinningur af þessu frv. sem formaður Þjóðvaka, hreyfingar fólksins, hefur flutt.

Ég vil benda þingmanninum á annað. Ef það að lækka aldurinn niður í 18 ár á að útrýma landasölu til hópsins 18–20 ára verður hið opinbera verð á víni væntanlega að lækka. Við útrýmum ekki landasölu með því einu að segja: Þeim sem kaupa landa verður heimilt að kaupa vín. Það er verðið sem skiptir þar miklu máli. Er þingmaðurinn að tala fyrir því að við eigum að breyta verðpólitíkinni á áfengi hér á landi og lækka það? Er það boðskapur þingmannsins að lækka eigi verð á áfengi? Enn spyr ég um þann hóp ungmenna sem er yngri en 18 ára. Það mun verða ólöglegt fyrir þann hóp að kaupa áfengi eftir að þetta frv. nær fram að ganga ef svo fer. Hvað leggur þingmaðurinn til að gert verði til að bæta úr og minnka áfengisneyslu hjá þessum aldurshópi sem við getum sagt að sé frá 13–18 ára? Engar tillögur. Það hafa engar tillögur af hálfu flutningsmanna verið til úrbóta, það eru bara tillögur sem leiða hlutina á verri veginn. Þess vegna er þetta afar slæmt frv. Ég er því ákaflega hryggur að á Alþingi Íslendinga skuli finnast fjórir þingmenn sem taka að sér að flytja mál með þessum hætti, bara til að auka vandræði en hvergi úrræði til að taka á þeim. Þetta hefði einhvern tímann verið kallað lýðskrum, virðulegi forseti. (Gripið fram í.)

[18:36]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get fullvissað hv. þm. um að það finnast fleiri raunsæir þingmenn í þessum sal en þeir fjórir sem standa að flutningi þessa frv. Það hygg ég að muni koma í ljós þegar þetta frv. kemur til atkvæða sem það gerir væntanlega á þessu þingi þegar við höfum farið ítarlega yfir alla þætti þessa máls, rök með og á móti.

En það er auðvitað það sama eins og áðan að hv. þm. hlustar ekki. Ég hafi engar tillögur aðrar en þær að afnema þessi boð og bönn. Ég hef talað um að efla forvarnir, ég hef talað um að við gætum beint sjónum okkar miklu meira að þessum aldurshópi, að aldurshópnum frá 13 eða 14 ára til 18 ára ef aldursmörkin yrðu lækkuð. Af hverju í ósköpunum er svona mikil áfengisneysla hjá þessum hópi eins og haldið hefur verið fram þó við höfum þessa áfengislöggjöf? Það er bara að berja hausnum við steininn að segja að þetta unga fólk — næstum eins og það vill — eins og kom fram könnuninni sem ég benti á í framsöguræðu minni að ef unga fólkið vill fá sér áfengi, þá var verið að tala um framhaldsskólana, þá getur það útvegað sér það samdægurs. Mér fannst ekki falleg lesning sem kom fram í skýrslu borgaryfirvalda sem lýsir dreifikerfinu á landa inni í framhaldsskólum og kannski inni í grunnskólunum. Það einmitt það sem við gætum komið í veg fyrir að draga úr landasölunni sem hér hefur verið nefnd, draga úr því að landasalarnir hafi aðgang að þessu unga fólki til að selja þeim þennan landa sem er miklu hættulegri en áfengið. Rökin í þessu máli, hvernig sem þetta er lagt á vigtina, mæla með þessari breytingu.

Ég frábið mér að hlusta á það hér að við sem tölum fyrir þessari breytingu lokum augunum fyrir þeim vanda sem við er að glíma í þessu efni þó við flytjum þetta mál. Við viljum fara aðrar leiðir, skynsamlegri leiðir, raunhæfari leiðir og viðurkenna að þessi löggjöf er úrelt og stenst ekki.

[18:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gengur erfiðlega að toga upp úr hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur svör við spurningum sem ég ber fram. Ég bar fram við hana þá spurningu hver væru úrræði hennar til að minnka áfengisnotkun unglinga yngri en 18 ára. Engin svör. (**JóhS:** Ég hef svarað því.) Engin svör. (**Gripið fram í:** Forvarnir.) Forvarnir. Gott og vel. Hvar eru þær tillögur í þessu frv., virðulegur þingmaður? (**JóhS:** Lestu síðustu málsgreinarnar í frv.)

(**Forseti** (GÁS): Ekki samtöl í þingsal.)

Það er bara ein tillaga í þessu frv. og hún er undanhald. Það er engin tillaga um forvarnir. Það er engin tillaga um aðgerðir til að taka á sölu og dreifingu á landa. Þingmaðurinn talar aðeins um að það sé vandamál en leggur enga tillögu fram til að taka á því aðra en þá að lækka áfengiskaupaaldurinn. Það er svar þingmannsins við þessu. Fátæklegri getur málflutningurinn ekki orðið, virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég er ákaflega hryggur yfir því hversu einhliða málflutningur er af hálfu hv. þm. í þessu efni. Það er hvergi nein viðleitni í þessu frv., hvergi nein aðgerð til að bæta úr núverandi ástandi til betri vegar heldur einvörðungu tillaga sem mun samkvæmt staðfestum niðurstöðum og athugunum innan lands og erlendis gera ástandið verra. Það er ömurlegt, virðulegi forseti, að þurfa að benda hv. þm. á að það vantar í hans málflutning allt það sem á að bæta ástandið. Hann er bara með það sem gengur til verri áttar í þessu.

[18:41]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er varla að ég nenni upp í ræðustól til að svara útúrsnúningi hv. þm. Það er sagt í lokin á greinargerðinni að samhliða þessu frv. verði — það er í undirbúningi — flutt frv. til að efla forvarnir í áfengismálum og auka framlög til forvarnamála í því skyni. Ég vil minna hv. þm. á að á vorþinginu þegar ræddar voru breytingar á áfengisversluninni voru það þingmenn Þjóðvaka sem komu í gegn þeim forvarnasjóði sem nú á að fara að starfa með 30 millj. kr. auknu framlagi. Það er sá sjóður sem við viljum efla. Ég blæs því á það og það er auðvitað rangt hjá þingmanninum að við höfum ekkert fram að færa varðandi forvarnir í þessu efni. Hv. þm. spyr: Hvað hefur hv. þm. fram að færa til þess að draga úr sölu og dreifingu á landa? Það mun draga úr dreifingu og sölu á landa ef tillagan nær fram að ganga. (**KHG:** Þá verður að lækka verðið á áfenginu.) En ég spyr: Hvaða tillögu hefur hv. þm. sjálfur til að draga úr sölu eða dreifingu á landa?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:42.

---

35. FUNDUR

mánudaginn 20. nóv.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.

Heimsókn grænlenskra þingmanna.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að sendinefnd frá grænlenska landsþinginu undir forustu forseta þess, Knuds Sørensens, fylgist með upphafi þessa fundar. Sendinefndin er í heimsókn til þess að kynna sér starfshætti Alþingis en nú er unnið að endurskoðun þingskapa og starfshátta grænlenska landsþingsins.

Fyrir hönd Alþingis býð ég sendinefndina velkomna og vona að för hennar verði árangursrík.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Lokun þverbrautar á Patreksfjarðarflugvelli.

[15:02]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort það sé rétt sem mér barst til eyrna í morgun að þverbrautinni á Patreksfjarðarflugvelli hafi verið lokað fyrirvaralaust. Þessi þverbraut hefur verið mjög mikilsverður liður í öryggismálum Patreksfirðinga og má m.a. minna á það að eftir snjóflóðin 1983 var þetta brautin sem var opin og gerði björgunarsveitum kleift að koma svo fljótt á staðinn sem raun bar vitni og það eru margir fleiri sem eiga þessari þverbraut líf sitt að launa. Sá sem sagði mér frá þessu átti m.a. þverbrautinni líf sitt að launa og segir að hann hafi spurst fyrir um þetta hjá flugmálastjóra en fengið þau svör að hann hefði ekki hugmynd um þessa lokun og þetta uppátæki væri algerlega á ábyrgð flugvallastjóra Vestfjarða.

Ég spyr hæstv. samgrh. hvað hann getur sagt um þetta mál og vil aðeins bæta því við að nú fer vetur í hönd og við höfum séð hvernig hann getur lagst að á Vestfjörðum. Í staðinn fyrir að loka þverbrautinni ætti að framlengja hana nú þegar upp í 1.100 metra til þess að hún sé fær um að taka við björgunarsveitum hvenær sem er.

[15:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hygg að þverbrautin hafi verið lokuð síðan 1989. Það er rétt að krossar hafa verið settir upp við endann á henni en þetta er stutt braut sem er í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Á hinn bóginn liggur fyrir að í neyðartilvikum er hægt að opna brautina og verða gerðar ráðstafanir til þess en m.a. þegar bundið slitlag var lagt á flugvöllinn á Patreksfirði myndaðist þar brún. Ég hygg að ef til þess kemur að nota þurfi brautina og snjóflóð hafa fallið verði ekkert því til fyrirstöðu að opna hana en hún er léleg og hefur ekki verið fjármagn til þess að gera hana sambærilega að gæðum við löngu brautina.

Ég hygg að hér sé ekki neitt nýtt á ferðinni. Þessi braut hefur verið lokuð svo árum skiptir.

Ég minni líka á að mjög góður vegur er nú kominn yfir Hálfdán. Ég hygg að það sé bundið slitlag frá Bíldudal til Patreksfjarðar, upphleyptur vegur, og þar er einnig flugvöllur á Bíldudal sem er einatt opinn þegar Patreksfjarðarflugvöllur er lokaður. Ég hef upplifað að hafa orðið að lenda á Patreksfirði af því að lokað var á Bíldudal svo að það er sennilega á báða vegu. Ég vonast til að þetta svar sé fullnægjandi en það er síður en svo að menn ætli sér að reyna að amast við því eða koma í veg fyrir það að þessi flugvöllur verði notaður í neyðartilvikum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

[15:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum var því fagnað að 50 ár eru liðin frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar hafa tekið allmyndarlegan þátt í starfsemi samtakanna á þessum áratugum eins og hv. alþm. þekkja vel en nú er ljóst að að mörgu leyti er að verða breyting á hinu alþjóðlega umhverfi sem kallar á að nokkru leyti öðruvísi áherslur og öðruvísi viðbrögð en verið hafa af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í tilefni þessara tímamóta í sögu Sameinuðu þjóðanna og þeirra tímamóta sem Ísland stendur frammi fyrir sem aðili að Sameinuðu þjóðunum hefði ég viljað leggja fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. varðandi það hvort hann telur koma til greina að Íslendingar undirbúi framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar hafa átt kost á því að fá sæti í öryggisráðinu en aldrei tekið því. Aðrar þjóðir, jafnvel smærri þjóðir og fátækari þjóðir en við, hafa átt sæti og átt fulltrúa í öryggisráðinu, t.d. þjóð eins og Grænhöfðaeyjar. Ég tel að miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi, og sérstaklega kannski það að samstarf Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er núna að sumu leyti veikara en áður, sé nauðsynlegt fyrir Ísland að styrkja stöðu sína frá því sem verið hefur og með hliðsjón af því spyr ég hæstv. forsrh. hvort hann telji koma til greina að Ísland undirbúi framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þegar tækifæri gefst til þess á næstu árum.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn en ég vil taka fram af minni hálfu að ég tel að við eigum að taka virkan þátt að öllu leyti í starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Við höfum lýst því yfir að við viljum gjarnan taka þátt í því að breyta uppbyggingu öryggisráðsins og huga að nýrri skiptingu þeirra þjóða sem fara með neitunarvald og eins fjölgun þátttökuþjóða þar.

Ég lýsi því sem skoðun minni að ég tel ástæðulaust fyrir okkur að færast undan því lengur að axla þá ábyrgð sem fylgir þátttöku í öryggisráðinu. Ég tel að bæði hafi tæknihlutinn breyst svo mikið að þar sem áður var rætt um að þyrfti að hafa fjölmennar sendinefndir á staðnum til þess að geta uppfyllt slík skilyrði hafi tæknin breytt slíkum hlutum. Ég tel að við eigum að axla þarna ábyrgð á þessum þætti eins og annars staðar. Eins og hv. þm. nefndi hafa þjóðir sem við höfum verið að styðja fjárhagslega vegna þess hversu fátækar þær eru og illa í stakk búnar tekið þátt í slíku samstarfi eins og Grænhöfðaeyjar og reyndar aðrar þjóðir sem hafa ekki haft mjög mikla fjárhagslega burði. En ég er þeirrar skoðunar að þetta gæti verið og sé eðlilegur þáttur í störfum okkar hjá hinum Sameinuðu þjóðum.

[15:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör. Ég tel að þau séu mjög mikilvæg. Ég tel að ákvörðun um það að Íslendingar sækist eftir sæti í öryggisráðinu við tækifæri mundi styrkja utanríkisþjónustuna í heild og efla metnað hennar og starfsöryggi. Ég bendi á í þessu sambandi að einmitt vegna þeirra tæknibreytinga sem hafa orðið eru möguleikar á því að gegna þessum skyldum okkar við öryggisráðið ef til kæmi með minni mannafla en áður var gert ráð fyrir.

Þeir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem ég hef rætt við, telja að það væri jafnvel hægt að sinna þessum skyldum með tveimur mönnum, þ.e. einum sem væri stöðugt á vakt og öðrum sem væri í New York þar sem aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna eru þannig að ekki er um að ræða verkefni sem Ísland ætti ekki að geta séð tiltölulega vel fram úr. Ég tel að sú yfirlýsing sem kom fram hjá hæstv. forsrh. áðan sé mikilvægt skref í rétta átt í þessu máli.

Móttöku- og hlustunarskilyrði útvarps og sjónvarps í Grundarfirði.

[15:11]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. varðandi móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarps og sjónvarps í Grundarfirði. Þar sem móttöku- og hlustunarskilyrði útvarps og sjónvarps í Grundarfirði eru oft mjög slæm og þegar veðurskilyrði eru slæm vill oft bregða svo að hvorki heyrist í Ríkisútvarpinu né sjónvarpinu. Þarna er um að ræða bæði öryggismál fyrir íbúa á staðnum fyrir utan það að þarna er um sjálfsagða þjónustu að ræða.

Heimamenn og sveitarstjórn Eyrarsveitar hafa ítrekað óskað eftir úrbótum í þessum málum og ég spyr hæstv. menntmrh. hvort áform séu um úrbætur í þessum efnum og hvenær vænta megi þeirra úrbóta.

[15:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta er of tæknilegt mál til þess að ég geti svarað því hér og nú hvort unnt er að bregðast við þessum óskum. Ef það hefur ekki verið gert og þær eru rökstuddar hlýtur það að vera flókið og vandasamt mál fyrir Ríkisútvarpið að gera það þannig að ég get ekki svarað fyrir það í þessu tilviki og þarf að afla mér betri upplýsinga.

En ég vil nota tækifærið til þess að varpa ljósi á þá staðreynd að fram kom í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem var unnin að beiðni fjárln., að hún gerir athugasemdir við það hvernig staðið hefur verið að uppbyggingu dreifikerfis útvarps og sjónvarps og telur að það sé unnt að fara aðrar leiðir en gert hefur verið í því efni. Það þurfi nánari samvinnu á milli Pósts og síma og Ríkisútvarpsins um dreifikerfið, bæði til þess að gera það öflugra og einnig til þess að gera að hagkvæmara. Eftir að þessi skýrsla lá fyrir hef ég rætt um það við hæstv. samgrh. að rétt væri að huga að því máli og stuðla að því að þessar tvær öflugu ríkisstofnanir ynnu saman þannig að bæði yrði bestu tækni beitt við að koma efni á framfæri og einnig yrði það gert með hagkvæmasta hætti. Ef slíkar umbætur, sem ég tel nauðsynlegt að standa að, verða til þess að treysta stöðu útvarps- og sjónvarpsnotenda í Grundarfirði tel ég að unnt væri að ná þeim árangri samhliða. En ég lít þannig á eftir þá skýrslu sem liggur fyrir og alþingismenn hafa vafalaust kynnt sér frá Ríkisendurskoðun að brýnt sé að huga að heildarmálum útvarpsins og sjónvarpsins varðandi dreifingarkerfið og þá að nánara samstarfi Pósts og síma og Ríkisútvarpsins.

[15:14]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég heyri að það er í farvatninu að eitthvað gerist í þessum málum og ég vona að svo verði hið allra fyrsta því eins og ég sagði er um öryggismál að ræða og íbúar á svæðinu hafa upplifað það oft og tíðum þegar vond veður geysa að heyra hvorki í útvarpi né sjónvarpi. Ég vænti þess að úrbætur verði og þakka fyrir svörin.

Reglur um endurnýjun og úreldingu fiskiskipa.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til sjútvrh. vegna ummæla sem höfð hafa verið eftir hæstv. ráðherra, m.a. í tengslum við nýlega haldinn aðalfund LÍÚ, og varða hugsanlegar breytingar á reglum um úreldingu eða endurnýjunarskilmála fiskiskipa. Skilja hefur mátt á hæstv. ráðherra að það komi til greina að slaka á kröfum eða jafnvel fella niður þær kröfur sem í gildi eru um að taka þurfi úr notkun sömu rúmlestatölu í fiskiskipi á móti hverri nýrri rúmlest sem kemur inn við endurnýjun. Þessi ákvæði voru m.a. fest í lög við síðustu endurskoðun viðkomandi laga á síðasta þingi.

Það er óþarfi að fjölyrða um það hversu óheppilegt er að einhver óvissa ríki um tilhögun þessara mála vegna þeirra ákvarðana sem forsvarsmenn fyrirtækja þurfa að taka og varða mikla fjármuni sem hér geta verið í húfi. Vegna þessara ummæla og í framhaldi af ályktun á aðalfundi Landssambands ísl. útgerðarmanna hefur þegar skapast nokkur óvissa um framtíðina í þessum efnum sem torveldar mjög ákvarðanatöku stjórnenda fyrirtækja og er illt við það að búa. Ég held að það sé því mjög mikilvægt að hæstv. sjútvrh. tali alveg skýrt í þessum efnum um áætlanir eða áform ef einhver eru um breytingar og þá í hvaða átt. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. sjútvrh.:

Í fyrsta lagi: Telur hæstv. sjútvrh. ekki óheppilegt að óvissa ríki um þessi mál?

Í öðru lagi: Eru áformaðar á vegum hæstv. ríkisstjórnar eða hæstv. ráðherra einhverjar breytingar í þessum efnum? Ef svo er, þá hverjar og hvenær munu þær koma til framkvæmda?

Getur hæstv. ráðherra við þetta tækifæri eða á allra næstu dögum gert þannig grein fyrir málinu að þeirri óvissu sem nú hefur skapast verði eytt?

[15:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um að það er mjög óheppilegt að um atriði eins og þetta sé óvissa. Ég hef verið þeirrar skoðunar að þetta ákvæði væri tímabundið vegna þess að í reynd ætti það að vera svo að einstakar útgerðir ættu að bera ábyrgð á fjárfestingum sínum og ríkið ætti ekki að þurfa að hafa þar hönd í bagga. En hitt er annað mál að það atriði sem ég tel að menn þurfi að hafa í huga fyrst og fremst við núverandi aðstæður er að við vitum að við búum við talsverðan vanda vegna þess að fiski er hent og það á ekki síst við þegar um er að ræða skip með ónógar aflaheimildir. Við slíkar aðstæður, meðan við höfum ekki náð tökum á þeim vanda sé ég veruleg tormerki á að breyta þessari reglu þó það ætti að vera meginregla að útgerðarmenn beri ábyrgð á fjárfestingum sínum.

Við höfum ekki tekið endanlega ákvörðun í þessu álitaefni. Það hafa ekki verið uppi í ráðuneytinu nein sérstök áform um breytingar, en ég vænti þess að við getum kveðið á um það innan fárra daga hver niðurstaðan verður. Auðvitað munum við ræða við hagsmunasamtök bæði sjómanna og útvegsmanna sem hafa verið að senda okkur ályktanir að undanförnu um þeirra tillögur og ég vona að að því er þetta atriði varðar verði unnt að eyða allri óvissu innan nokkurra daga.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Aðalatriði málsins er út af fyrir sig ekki persónulegar skoðanir hæstv. sjútvrh. eða þá t.d. þess sem hér stendur. Ég hef sennilega manna oftast á undanförnum árum gagnrýnt margt í framkvæmd þessara vitlausu reglna sem í gildi hafa verið sem leitt hafa til handahófskenndra og blindra uppkaupa út

úr flotanum eða kröfu um úreldingu sem ekki tekur tillit til þess hvaða skipaflokkur á í hlut. Nærtækasta dæmið um það hvernig þessar reglur hafa torveldað og torvelda endurnýjun er til að mynda sú staðreynd að nánast allur nótaskipaflotinn er orðinn úreltur, en engu að síður eru gerðar sambærilegar kröfur um afkastaminnkun á móti endurnýjun þar eins og annars staðar.

En það sem mestu máli skiptir er að stjórnendur fyrirtækja og þeir sem þurfa að bera ábyrgð á miklum fjárfestingum viti að hverju þeir ganga í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er gersamlega ótækt að fyrirtæki sem eru til að mynda að endurnýja nú í dag og kosta til þess e.t.v. 100 millj. kr. ef í hlut á stór togari, megi e.t.v. búast við því að eftir hálft ár eða eitt ár verði þessar reglur felldar úr gildi og þeir sem þá fara að endurnýja sleppi með öllu við þennan kostnað. Þannig er ekki hægt að mismuna aðilum og því hvet ég hæstv. sjútvrh. eindregið til þess að koma þessu máli algerlega á hreint innan fárra daga.

[15:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ítreka að það er ekki ágreiningur milli okkar um að það þarf að eyða óvissu í þessu efni. En ég bendi á í þessu sambandi að það eru útvegsmennirnir sjálfir sem kusu að taka þetta mál upp með ályktun og ég neitaði að sjálfsögðu ekki að ræða við þá um þá ályktun. En það er alveg ljóst að málið kemur upp vegna þess að þeir kusu sjálfir að setja málið fram með þessum hætti.

Raforkusala til garðyrkjubænda.

[15:21]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina fyrirspurn til hæstv. landbrh. varðandi raforkusölu til ylræktarbænda. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Er landbrh. tilbúinn að beita sér fyrir samningum við Landsvirkjun og Rarik þannig að ekki komi til þess að ylræktarbændur búi við viðvarandi hættu á að rafmagn til lýsingar í gróðurhúsum verði rofið eins og þegar hefur gerst nú í haust? Hér er að mínu mati um ófremdarástand að ræða sem þarf að ná samkomulagi um svo fljótt sem auðið er. Þetta hefur mikil áhrif á verðmætasköpun garðyrkjubýla í landinu.

[15:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar vil ég upplýsa það að fyrir nokkru síðan gengu á fund minn fulltrúar Sambands garðyrkjubænda og ræddu ýmsa þætti starfsskilyrða þessarar atvinnugreinar. Eitt af því sem þeir töluðu um var samkomulag sem hafði verið gert milli þeirra og ég hygg Rafmagnsveitna ríkisins á seinasta ári um eftirgjöf á raforkuverði. Við komum okkur saman um að setja starfshóp til þess að líta á þessa rekstrarþætti. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að vafalaust er það mjög mikilvægt að sá samningur sem gerður var í fyrra a.m.k. standi og e.t.v. verði gengið lengra en þá var gert ef þess er nokkur kostur til þess að mæta þeirri tækni sem garðyrkjubændur hafa tekið upp í auknum mæli, að nota lýsingu í sinni atvinnugrein og hefur örugglega haft mikla þýðingu fyrir starfsemina. Ég er tilbúinn til þess að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að þarna náist viðunandi samningar, en hefði þó álitið að rétt væri að sá starfshópur sem nýlega hefur verið skipaður fjallaði um málið og kæmi síðan með sínar niðurstöður eða tillögur um málsmeðferð til ráðherra eða ráðuneytisins og við ynnum síðan úr því í framhaldi af slíkri forvinnu.

[15:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Eins og fram kom í fyrirspurn minni skiptir þetta mjög miklu máli fyrir verðmætasköpun í greininni. Þetta hefur líka mikil áhrif á það að innflutningur grænmetis minnkar í samræmi við það sem við framleiðum hér á landi og hefur þar með í för með sér gjaldeyrissparnað og ég treysti því og trúi að hæstv. landbrh. muni beita sér í þessu máli.

Fundi slitið kl. 15:25.

---

36. FUNDUR

mánudaginn 20. nóv.
að loknum 35. fundi.

Dagskrá:

1. Köfun, stjfrv., 148. mál, þskj. 176. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Veiðileyfagjald, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samningar ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana, þáltill., 140. mál, þskj. 167. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 139. mál, þskj. 165. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Áfengislög, frv., 144. mál, þskj. 171. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 126. mál, þskj. 144, nál. 191 og 192. — 2. umr.
7. Vörugjald af olíu, stjfrv., 111. mál, þskj. 117, nál. 198. — 2. umr.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 146. mál, þskj. 173. — 1. umr.
9. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, frv., 158. mál, þskj. 189. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[15:26]

Útbýting þingskjala:

Fjöleignarhús, 164. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 201.

Skipting aflaheimilda krókabáta, 132. mál, svar sjútvrh., þskj. 200.

Skipting aflaheimilda til jöfnunar, 131. mál, svar sjútvrh., þskj. 199.
Stjórnarskipunarlög, 163. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 197.

Köfun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 148. mál (heildarlög). — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Veiðileyfagjald, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samningar ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁS o.fl., 140. mál. — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

[15:30]
Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Ég vil aðeins árétta þá athugasemd sem ég gerði í umræðunni um þetta mál. Ég tel rétt að það fari til fjárln. Hér er eingöngu um að ræða fjárlaganefndarmál. Þeir samningar sem tillagan fjallar um og lagt er til að þingið staðfesti varða allir framkvæmdir og ríkisútgjöld. Ég get því ekki séð að málið eigi betur heima í annarri nefnd en hv. fjárln.
Hitt kann að vera eðlilegt, ef mönnum sýnist svo, að fjárln. leiti umsagnar heilbr.- og trn. um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Tillaga um að vísa málinu til heilbr.- og trn. felld með 33:7 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, BBj, DSigf, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KHG, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓHann, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.
3 þm. (ÁJ, VK, ÞBack) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, DO, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, KF, KÁ, KPál, LB, ÓÖH, RA, RG, SighB, SP, TIO, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Till. vísað til fjárln. með 39:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KHG, KH, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓHann, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
nei: ÖS.
5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, VK) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HBl, KF, KÁ, KPál, ÓÖH, RA, RG, SighB, TIO, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 139. mál. — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 144. mál (aldursmörk). — Þskj. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DSigf, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, JHall, KH, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓHann, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VK, ÞorstP, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HBl, KF, KÁ, KPál, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Síldarsamningar við Noreg.

[15:33]
Össur Skarphéðinsson:
Herra forseti. Í upphafi þessa kjörtímabils töluðu bæði hæstv. sjútvrh. og utanrrh. með þeim hætti að þeim mundi veitast létt verk að ná samningum við Norðmenn um þau mál sem þá voru óútkljáð á sviði fiskveiða í úthafinu. Þar var t.d. erfitt að skilja mál þeirra öðruvísi en svo að það væri einbert framtaksleysi hjá fyrri ríkisstjórn að vera ekki löngu búin að ná samningum um þá mikilvægu hagsmuni sem fyrir Ísland felast í nýtingu norsk/íslenska síldarstofnsins. Síðan, herra forseti, hafa fjölmargir fundir verið haldnir, formlegir og óformlegir, og viðtöl og myndir af hæstv. sjútvrh. orðnar eins og fastur liður í fjölmiðlunum. Veruleikaskynið birtist

líka í því að það eru ekki margar vikur síðan þær upplýsingar bárust inn á borð utanrmn. að það væru líkur á að samningar um síldarstofninn væru að nást.

Hvernig er veruleikinn í dag? Hann er nákvæmlega svona: Norðmenn hafa eftir heimullegt samráð við Rússa lýst yfir að þeir hyggist einhliða taka yfir stjórn norsk/íslenska síldarstofnsins. Í beinu framhaldi af mikilvægum samráðsfundi um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafinu lýsir sjávarútvegsráðherra Noregs, Jan Henry T. Olsen, því yfir að Norðmenn hafi einhliða sett milljón tonna heildarkvóta á veiðar úr stofninum. Það er nánast sama magn og á síðustu vertíð og verður þá stofninn tvöfalt stærri á þeirri næstu, yfir 6 millj. tonna, og stefnir í sögulegt hámark.

Það er ekki fullljóst enn þá, herra forseti, hvað þetta getur þýtt fyrir Íslendinga. En í fjölmiðlum heima og erlendis hafa birst fregnir um að Norðmenn hyggist sjálfir veiða 800 þús. tonn af heildarkvótanum. Og ætli Rússar sér sama hlut og áður er líklegt að þeir hyggist veiða 150 þús. tonn. Hvað er þá eftir? Þá eru eftir 50 þús. tonn handa Færeyingum og Íslendingum og öðrum þeim sem krafist hafa kvóta úr stofninum. Þetta eru auðvitað ekki endanlegar niðurstöður um skiptinguna. En miðað við framkomu Norðmanna í fyrra er þetta ekki ólíkleg kröfugerð af þeirra hálfu og hefur reyndar þegar komið fram hjá hagsmunaaðilum í Noregi. Menn skulu heldur ekki gleyma því að í fyrra kysstu íslensk stjórnvöld á hinn norska vönd og tóku það sem þeim var skenkt úr hnefa.

Það er vert að rifja upp að á sínum tíma veiddu Íslendingar yfir 600 þús. tonn af síld úr stofninum. Á blómatíma sínum eyddi hann 7–8 mánuðum á hverju ári á svæði sem nú er alfarið innan íslensku efnahagsögsögunnar. Við eigum því sögulega kröfu á miklu stærri hlutdeild úr stofninum heldur en við létum bjóða okkur í fyrra og heldur en raddir eru uppi í Noregi um að bjóða okkur núna.

Þessi staða er mikið áhyggjuefni. Ég er hins vegar ekkert undrandi á því að Norðmenn gangi á lagið. Ég tel að íslensk stjórnvöld hafi sýnt allt of mikla linkind í samningum sínum um síldarstofninn og þau hafi þar að auki fylgt röngum áherslum.

Ég rifja það upp, herra forseti, að það urðu miklar og heitar umræður á vorþinginu um stefnu hæstv. ríkisstjórnar í síldarsamningunum við Norðmenn. Þar var harkalega deilt á hæstv. sjútvrh. fyrir linkind sem birtist m.a. í því að hann treysti sér ekki til að neita í þinginu að upphaflegar kröfur Íslendinga um 900 þús. tonna kvóta, sem þá voru samþykktar, hefðu verið undir 100 þús. tonnum. Í þeim umræðum kom því miður líka fram að hæstv. ráðherra var á hættulegri braut. Talsmenn þriggja stjórnarandstöðuflokka ítrekuðu þá nauðsyn þess að Íslendingar héldu fast fram sögulegri veiðireynslu sinni á því stutta skeiði sem stofninn var í fullri nýtingu. Hæstv. sjútvrh., og utanrrh. raunar líka, lögðu hins vegar báðir áherslu á að hafa til hliðsjónar sérstakt líkan kennt við Norðmann að nafni Hamre um dreifingu síldarinnar. En ráðherrarnir gátu ekki upplýst hvernig hagsmunir Íslendinga væru tryggðir með þessu líkani vegna þess að módelið var enn í vinnslu. Þeir lögðu sem sagt út í samninga fyrir Íslands hönd á grundvelli útreikninga sem ekki lágu fyrir.

Herra forseti. Það er á grundvelli þessa líkans sem nú eru uppi háværar raddir í Noregi um að Íslendingar eigi nánast ekkert tilkall til veiða úr norsk/íslenska stofninum. Það staðfestir varnaðarorð stjórnarandstöðunnar frá því í vor.

Ég hef ítrekað bent á þá staðreynd, sem hæstv. ráðherra virðist ekki skilja, að hrun síldarstofnsins á sínum tíma var alfarið á ábyrgð Norðmanna. Það voru ekki veiðar okkar á fullorðinni síld sem eyddu stofninum, það var gegndarlaus rányrkja Norðmanna á seiðum og ungsíld. Þetta eru ekki sleggjudómar mínir eða Íslendinga. Þetta er vísindaleg niðurstaða þriggja sérfræðinga Norðmanna á sviði síldveiða, birt í alþjóðlegu vísindariti árið 1980. En þessum staðreyndum virðist mjög illa komið til skila gagnvart okkar viðsemjendum. Síðast í gær þurftu Íslendingar að horfa upp á að erlendur ráðherra kom fram í sjónvarpinu og ásakaði Íslendinga og Færeyinga um að hafa eytt stofninum. En með þessari rányrkju urðu Norðmenn ekki einungis valdir að því að norsk/íslenski stofninn hrundi, heldur leiddi þetta líka til þess að íslenska efnahagskerfið hrundi á 7. áratugnum. Þeir leiddu yfir okkur eina verstu kreppu sem við höfum gengið í gegnum á öldinni.

Herra forseti. Eins og málum er komið tel ég að íslensk stjórnvöld þurfi að brýna klærnar allverulega. Og hyggist Norðmenn áfram láta okkur sæta afarkostum eins og í fyrra og eins og nú virðist stefna í, tel ég að við eigum einskis annars úrkosta en taka okkur, ásamt Færeyingum, einhliða kvóta sem byggist á veiðireynslu og dreifingu síldarinnar meðan fullorðni stofninn var í eðlilegri hámarksnýtingu um miðbik 7. áratugarins. Og ég spyr hæstv. sjútvrh.: Er hann sammála þessu eða telur hann rétt að leyfa Norðmönnum að kanna áfram hversu lengi þeir geta haft Íslendinga að ginningarfíflum?

[15:39]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hv. 15. þm. Reykv. er svona hvumpinn yfir gagnrýni á fyrri ríkisstjórn varðandi meðferð síldarsamninga við Norðmenn og aðrar þjóðir, vegna þess að það fóru engar samningaviðræður fram um síldina í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þær voru fyrst teknar upp í sumar og það er þess vegna fullkomlega ástæðulaust fyrir hv. þm. að kvarta yfir gagnrýni á fyrri ríkisstjórn sem ekki hafði tekið upp samninga í þessum efnum.

Svo þessi ferill sé rifjaður upp, þá liggur fyrir að við höfum um allmörg ár reynt að knýja á um það að Norðmenn kæmu til viðræðna um skiptingu á síldarstofninum. En það var fyrst á liðnu sumri sem það bar árangur og þeir féllust á að taka upp viðræður. Upp úr þeim slitnuði. Hvað skiptingu veiðiheimilda varðar snerust þær í fyrsta lagi um bráðabirgðaúrlausn sem ætti að standa þar til fullnaðarsamningur hefði verið gerður. Hvað undirbúning að samningum um varanlega samningsgerð varðar, var ákveðið að setja á fót nefnd vísindamanna til þess að gera grein fyrir sögulegri veiði og sögulegri dreifingu stofnsins. Skýrsla þeirra var lögð fyrir fund sem strandþjóðirnar héldu í Moskvu í lok októbermánaðar. Eins og kunnugt er kemur fram í skýrslunni að síldarstofninn, miðað við þetta klassíska eða hefðbundna tímabil síldveiða fram til 1962, var um 26 eða 27% innan okkar marka ef miðað er við alla síldina, en um 40% eða rétt rúmlega það ef einungis er tekið tillit til fullorðinnar síldar.

Á fundinum í Moskvu urðu menn sammála um að styðjast við plagg vísindamannanna í áframhaldandi viðræðum. Það er hins vegar uppi verulegur ágreiningur um það hvaða viðmiðanir á að nota í þeim efnum. Á fundinum í Moskvu kom einnig fram að það er nokkur ágreiningur um það hvernig standa skuli að stjórnuninni. Við höfum lagt á það áherslu að strandþjóðirnar ættu að taka í sem allra ríkustum mæli ákvarðanir um skiptingu úr stofninum. Norðmenn hafa á hinn

bóginn talið rétt að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin taki ákvörðun um skiptingu á þeim hluta sem tilheyrir alþjóðlega hafsvæðinu. Þeir hafa lagt til, og lögðu til á fundinum í síðustu viku, að úthlutað yrði 3–4% af stofninum til alþjóðlega hafsvæðisins og NEAF tæki ákvarðanir um skiptingu á því. Við snerumst eindregið gegn þeirri tillögu og hún var ekki afgreidd á fundinum. Að því leyti áttum við samleið með Evrópusambandinu að það gat heldur ekki fallist á hana. Það hefur hins vegar sett fram þá kröfu að NEAF taki að sér stjórn á öllum stofninum og við eigum vissulega ekki samleið með Evrópusambandinu að þessu leyti.

Í næsta mánuði, eða um miðjan desember, er áformaður fundur strandveiðiþjóðanna sem haldinn verður í Þórshöfn í Færeyjum. Í beinu framhaldi af honum verður fundur með Evrópusambandinu þar sem reynt verður að þoka málinu áfram. Síðan verður vinnunefndarfundur innan NEAF í byrjun janúar um hlutverk NEAF. Á þessu stigi er auðvitað erfitt að segja fyrir um hverjar líkur eru á árangri í þessu efni. En þvergirðingsleg afstaða Norðmanna upp á síðkastið og mjög neikvæð yfirlýsing aðstoðarsjávarútvegsráðherra Rússlands benda til þess að hér verði um mjög erfiða samninga að ræða og benda kannski til þess að Norðmenn meini ekki mikið með því að koma til slíkra viðræðna. Ég get auðvitað ekki fullyrt að þeir meini ekki neitt með þessu, en það sem þeir hafa sagt fram að þessu bendir til að það standi lítið á bak við orð þeirra í þeim efnum.

Við vitum hins vegar af langri reynslu að besta leiðin til þess að ná skynsamlegri stjórn á stofninum er sú að strandþjóðirnar komi að þessu verki og við sleppum Norðmönnum ekki við það að koma til viðræðna við okkur og aðrar strandþjóðir. Ef þær viðræður bera engan tilætlaðan árangur og Norðmenn halda áfram að sýna þá óbilgirni sem þeir hafa verið að gefa til kynna að þeir ætli að gera, þá verðum við auðvitað að meta okkar stöðu. Ég hef rætt það við sjávarútvegsráðherra Færeyja, herra forseti, að fari svo þá kunni til þess að koma að við þurfum að setjast sameiginlega að samningaborði aftur og taka sameiginlegar ákvarðanir um kvótaskiptingu.

[15:45]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Fyrir þá þingmenn sem fylgst hafa með gangi þessara mála, bæði á vettvangi Alþingis, í utanrmn. og einnig í viðræðum við erlenda aðila er því miður ljóst að það er einhver alvarlegur misbrestur í meðferð hæstv. ríkisstjórnar á þessum málum. Það er ekki eðlilegt að annars vegar séu hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. að gefa utanrmn. og jafnvel á opinberum vettvangi til kynna að innan tíðar kunni að nást samkomulag við Norðmenn og að þeir sæki fundi hvað eftir annað með norskum stjórnvöldum um þessi mál og svo hins vegar komi það þessum hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn Íslands hvað eftir annað á óvart að Norðmenn séu að gera sérstaka samninga við aðrar þjóðir sem skerða hagsmuni Íslendinga.

Mér sýnist málið vera þannig að annaðhvort hafi Norðmenn verið staðráðnir í því mánuðum saman að blekkja ráðherra í íslensku ríkisstjórninni eða þá að af hálfu utanrrn. og sjútvrn. hefur skort frumkvæði, dug og athafnasemi til þess að fylgjast nægilega með því hvað sé í raun og veru að gerast og beita aðferðum, bæði formlegum og óformlegum, til þess að koma sjónarmiðum Íslendinga á framfæri. Þessir atburðir sem nú hafa gerst sýna það greinilega að þær aðferðir sem hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. hafa beitt í þessu máli duga ekki og ég skora á hæstv. ráðherra að taka upp ítarlegar viðræður við utanrmn. um breytt vinnubrögð í þessum málum vegna þess að þau viðvörunarorð sem við fluttum sum í utanrmn. í þessu máli fyrir mörgum mánuðum hafa því miður reynst vera sönn.

[15:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er e.t.v. ekki miklu við það að bæta sem kom fram í svari hæstv. sjútvrh. áðan en í fjarveru hæstv. utanrrh. vil ég þó a.m.k. láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel að það sé mikilvægt að við látum á það reyna til þrautar að ná um þetta mál samningum því að það er þá í samræmi við þau vinnubrögð sem við viljum viðhafa um að ná stjórnun á veiðunum og gæta okkar mikilvægu hagsmuna á þann hátt.

Hins vegar er því ekki að neita, ég vil líka láta það koma fram, að auðvitað er maður undrandi á vinnubrögðum Norðmanna og ég tel að framkoma þeirra aftur og aftur í málinu sé í raun slæm og málinu ekki til framdráttar. Því miður kann það að leiða til þess að veiðarnar verði öðruvísi en annars hefði orðið. Þær eru án stjórnar, a.m.k. án sameiginlegrar stjórnar þó að það gæti orðið samkomulag milli Íslendinga og Færeyinga hvernig að málinu yrði staðið.

Ég held hins vegar að á þessu stigi sé rétt að láta reyna á það hvað kann að gerast á þessum fjögurra ríkja fundi í Færeyjum í desembermánuði sem hæstv. sjútvrh. nefndi og það sé kannski ótímabært að vera með hástemmdar yfirlýsingar á þessu stigi. Það leiðir sjaldnast til þess að menn nái viðunandi samningum, en því miður er það svo að viðsemjendur okkar, bæði Norðmenn og Rússar, hafa aftur og aftur fallið í þá gryfju að vera með hástemmdar yfirlýsingar sem eru málinu síður en svo til framdráttar. Ég held að við munum ekki vinna málinu gagn með því móti, en auðvitað þarf að tala við þessa aðila í fullri alvöru og af fullri hreinskilni. Það er a.m.k. ljóst.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að framkoma Norðmanna í þessu máli og þó einkum og sér í lagi þeirra síðasta aðgerð sé með öllu fráleit. Hún er það hvort sem litið er til þeirrar staðreyndar að viðræður voru komnar í gang og stóðu beinlínis yfir þegar Norðmenn velja að tilkynna um einhliða ákvörðun sína um kvóta. En þetta er líka fráleit framganga af hálfu Norðmanna í ljósi réttarstöðunnar í málinu hvort heldur er litið til gildandi aðstæðna eða væntanlegrar gildistöku úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna. Hvort heldur er er augljóst mál að Norðmenn og Rússar einir og sér hafa ekki stöðu til að slá eign sinni á þennan stofn og stjórna nýtingu hans einhliða. Ákvæði úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna munu augljóslega tryggja Íslendingum, Færeyingum og jafnvel fleiri þjóðum aðild að stjórnun mála hvort heldur verður í sérstakri svæðisstofnun eða innan stofnana sem fyrir hendi eru. Hvernig sem á málið er litið þá er þessi síðasta aðgerð Norðmanna með öllu fráleit. Ég tel að Íslendingar eigi ekki annan kost en að ákveða nú sjálfir einhliða sína hlutdeild úr stofninum gagnvart í hönd farandi vertíð með svipuðum hætti og loksins var gert í fyrra þótt deila megi um það magn sem þá var sett fram.

Ég hef sömu tillögu í málinu nú og ég hafði þá, að við Íslendingar ákveðum einhliða helmingshlutdeild úr stofninum á móti Norðmönnum og ég tel að Íslendingar og Færeyingar eigi núna að lýsa því yfir að þeir ætli sér til að mynda 500

þús. tonna kvóta á í hönd farandi vertíð í samræmi við þá ákvörðun sem Norðmenn hafa tekið. Það eru öll rök, söguleg og fiskifræðileg, fyrir því að hlutdeild Íslendinga í nýtingu stofnsins verði a.m.k. sú sama og Noregs og að endingu verði hlutföll eitthvað af þeirri stærðargráðu að Íslendingar og Norðmenn fái hvorir um sig eitthvað á milli 30–40% hlutdeild úr stofninum, Færeyingar og Rússar umtalsverða hlutdeild og síðan að einhver minni háttar hlutdeild komi til þeirra þjóða sem eiga nýtanlega möguleika á veiði innan alþjóðlegs hafsvæðis. Í þessu ljósi hvet ég hæstv. ríkisstjórn til að ganga frá málinu á næstu dögum.

[15:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér er á ferðinni er ákaflega þörf. Við Íslendingar verðum að gera okkur ljósa þá stöðu sem við erum í gagnvart Norðmönnum um aðgang að síldarstofninum sem við eigum allan rétt á að nýta innan skynsamlegra marka. Mín skoðun er sú að við eigum að gera kröfu um 35% af veiði úr sameiginlega norsk/íslenska stofninum í okkar hlut.

Síldveiðarnar eru gífurlegt atvinnuspursmál fyrir Ísland. Stjórnun veiðanna skiptir miklu. Magnið sem tekið er úr stofninum getur sennilega haft meiri áhrif á þjóðarhag Íslendinga en nokkurrar annarrar þjóðar nema ef vera skyldi Færeyinga. Ég minni á að þegar nýting síldar var í hámarki á bestu veiðiárunum, þá skiluðu veiðarnar þriðjungi af gjaldeyristekjum okkar.

Varðandi veiðar nú á síld við Ísland vil ég nota tækifærið til að nefna að ég tel að veiðar til manneldis eigi að vera frjálsar og að þeim aðilum sem geta sýnt fram á sölusamninga á viðunandi verði verði heimilað að veiða undir eftirliti sjútvrn.

Herra forseti. Samskipti okkar við Norðmenn varðandi nýtingu og aðgang að sameiginlegum fiskimiðum utan lögsögu eru komin á það plan að ég efast um að unnt sé að réttlæta áframhaldandi viðræður við þá vegna yfirgangs þeirra og takmarkalausrar frekju og óbilgirni sem þeir hafa sýnt okkur.

Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. ráðherra: Mun hæstv. sjútvrh. taka upp viðræður við Færeyinga og e.t.v. Evrópusambandið um að gefa út ásamt þeim ákvarðanir um veiðar úr norsk/íslenska síldarstofninum? Á hvern hátt ætlar hæstv. ráðherra að svara óskiljanlegum dónaskap og ögrun Norðmanna? Er hæstv. ráðherra e.t.v. kominn á þá skoðun að vitrænna sé að semja við Evrópusambandið en þá aðila sem hann hefur helst litið á sem fyrirmynd í þeim málum, þ.e. varðandi ESB-aðild, nefnilega Norðmenn?

[15:55]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að koma með þetta mál inn í þingsali. Ég tel að það megi ekki ríkja neinn efi um að við munum beita fullri hörku í samningum okkar við Norðmenn. Framkoma þeirra varðandi samninga um síldveiðar og í Smugunni hefur ekki sæmt vinaþjóð og afstaða Norðmanna eins og hún hefur komið fram eru vonbrigði. Sögulegar hefðir okkar varðandi síldveiðar eru öllum kunnar og ég hvet íslensk stjórnvöld til að kynna betur málstað okkar í Noregi þannig að það komi skýrar fram hver réttur okkar er í þessu máli.

Vissulega viljum við samninga, en það má ekki ríkja neinn efi um það að ef þeir nást ekki þá ber okkur að lýsa yfir einhliða kvóta með Færeyingum eins og við höfum gert. Það má ekki vera neinn vafi við samningsgerðina að það munum við gera ef ekki næst samkomulag um þetta efni. Það virðist hins vegar vera að stefna okkar sé ekki nógu skýr varðandi þennan málaflokk og það virðist vanta betri stefnumótun af okkar hálfu í þessu efni. Í málflutningi þingmanna stjórnarandstöðunnar hafa komið fram áhyggjur af þróun þessara mála og við höfum bæði í utanrmn. og úthafsveiðinefnd möguleika á því að skapa um þetta mál góða samstöðu þingflokka. Ég vil hvetja ríkisstjórnina til þess að leita eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna um þetta mikilvæga mál.

[15:57]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Þau tíðindi sem hafa gerst í þessum málum varðandi síldveiðarnar og óbilgirni Norðmanna krefjast þess að við gefum Norðmönnum strax til kynna að við munum ekki sætta okkur við þessa framkomu. En þetta vekur líka upp spurningar um okkar stefnu í þessum málum. Ef mig rekur rétt minni til um hvernig staðið var að veiðunum á sl. vori þá var það þannig að Íslendingar og Færeyingar komu sér saman um ákveðna hlutdeild úr stofninum og veiddu það magn aðallega innan færeysku lögsögunnar.

Nú er það svo með síldina eins og allir vita að hún er duttlungafull og gengur ekki eftir föstum brautum eins og reikistjörnurnar heldur getur það verið undir mörgu komið hvort hún kemur inn í okkar lögsögu t.d. eða dvelst í færeysku lögsögunni eða leitar lengra.

Ef ég man rétt þá var það þannig á sl. vori að skipin voru hvað eftir annað stöðvuð frá því að veiða bæði í síldarsmugunni, sem er alþjóðlegt hafsvæði, og einnig frá því að elta síldina inn í lögsögu Jan Mayen. Sjálfur hef ég ekki séð að neitt sé því til fyrirstöðu að Íslendingar fari á eftir síldinni inn í lögsögu Jan Mayen. Mig minnir að það sé þannig að við höfum ekki aðra samninga við Norðmenn um Jan Mayen en það sem snertir loðnu og ég vil beina þeirri fyrirspurn til sjútvrh. og biðja hann um að svara því hér: Er nokkuð því til fyrirstöðu að Íslendingar, ef svo vill verkast, elti síldina og taki hana í lögsögu Jan Mayen og hafa Norðmenn þar nokkra samninga sem við höfum gert sem hindri það?

[16:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með málshefjanda og láta í ljós áhyggjur vegna einhliða yfirlýsinga Norðmanna og biðja hæstv. sjútvrh. að svara því hvort hann hyggist lýsa yfir einhliða kvóta af okkar hálfu. Ég vil einnig taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það hefur tekist mjög gott samstarf við stjórnarandstöðuna í úthafsveiðinefnd. Ég tel að það geti hugsanlega orkað tvímælis að lýsa yfir einhliða kvóta og vil því taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni sem vill að úthafsveiðinefndin verði kölluð saman til að ræða þetta mál.

[16:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti þm., Guðný Guðbjörnsdóttir, sagði. Ég tel að það sé eðlilegt að úthafsveiðinefnd verði kölluð saman til þess að ræða þetta mál. Ég tel líka rétt að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra að í vor lýsti hann því yfir aftur og aftur að hann mundi leggja sig

allan fram um að hafa sem best samráð við utanrmn. um þessi mál og óska sérstaklega eftir yfirferð um þessi Hamre-módel sem hann virðist algjörlega fastur í. Sú yfirferð hefur aldrei komist á innan nefndarinnar. Það kann vel að vera að það stafi af því að það voru nefnilega tvö Hamre-módel og annað reyndist svo fáránlegt að því var fleygt. Ég veit að hæstv. ráðherra veit þetta af því að hann gjörþekkir Hamre-módelin, eins og ætíð hefur komið fram í umræðum um síldina.

Það er svo að þegar maður horfir yfir feril þessarar ríkisstjórnar í þeim málum sem lúta að fiskveiðum í úthafinu, þá er alveg sama hvar borið er niður, það er allt í rúst. Það er búið að draga hæstv. ráðherra á asnaeyrunum varðandi síldarsamninginn. Flæmski hatturinn var auðmýking fyrir Íslendinga og við vitum öll hvernig málin standa varðandi þorsksmuguna í Barentshafi. Maður veltir fyrir sér hvaða stefnu hæstv. ráðherrar hafi. Hún birtist kannski í því að þegar hæstv. sjútvrh. segir að það sé vissulega dálítill þvergirðingur í Norðmönnum og hann telur afstöðu Rússa neikvæða, þá veltir hann því fyrir sér hvort það geti verið að þeir vilji ekki semja við okkur. Með öðrum orðum, þegar Norðmenn eru búnir að segja honum að þeir taki ekki mark á rökum hans, búnir að segja honum að þeir ætli að ákveða kvótann einhliða, búnir að segja honum að Íslendingar geti í rauninni étið það sem úti frýs, þá sest hann niður og kemst að þeirri niðurstöðu að það geti verið að það séu ekki neinir samningar í nánd.

Auðvitað er það svo, hæstv. sjútvrh., að með framferði sínu síðustu vikur og síðustu daga eru Norðmenn í rauninni að lýsa því yfir að þeir ætli ekki að taka mark á okkur, alveg eins og þeir tóku ekki mark á okkur í fyrra. Og ég vil að lokum segja, herra forseti, eftir hina ágætu ræðu hv. þm. Ólafs Hannibalssonar, að það var bara eitt sem var rangt í henni. Hann sagði að við hefðum komist að samkomulagi við Færeyinga í fyrra um kvóta. Það var ekki svo. Af þeim 900 þúsund tonna kvóta sem þá var samþykktur tóku Norðmenn 650 þús. og hæstv. ráðherra, sem þarna situr, kyssti á vöndinn og þáði afganginn.

[16:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna síðustu ummæla hv. 15. þm. Reykv. er rétt að rifja upp að Íslendingar og Færeyingar sömdu um að ákveða 250 þúsund lesta kvóta fyrir sig. Það var hvorki um að ræða neina afgangsstærð eða neitt annað í því efni.

Hv. þm. talar um að allt sé í uppnámi af því að engir samningar hafi náðst. Auðvitað er hægt að ná samningum ef menn vilja ganga að hvaða kröfum sem er. Samningar hafa ekki náðst vegna þess að það hefur ekki fundist sá flötur sem báðir aðilar eru sáttir við. Ég ætla ekki að snúa út úr fyrir hv. þm. og halda því fram að þessi skilyrðislausa krafa um að það séu komnir samningar um alla hluti þýði það að hann vilji gefa eftir bara til þess að ná samningum. Ég ætla aðeins að varpa ljósi á þá staðreynd að það þarf tvo til að semja í samningum eins og þessum.

Ég er mjög fús til þess, hér eftir sem hingað til, að eiga gott samráð við bæði utanrmn. og úthafsveiðinefnd og tel reyndar mjög mikilvægt og brýnt að þingið og ríkisstjórnin stilli saman strengi sína í þessum efnum. Hér hefur verið sagt að það hafi verið misbrestur á því hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málinu. Meginstefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefur verið sú að strandríkin fari með stjórn á þessum stofni. Eru menn að gera athugasemdir við þá meginstefnu? Við höfum lagt á það áherslu að semja á grundvelli þeirrar sögulegu dreifingar sem fyrir liggur. Er einhver uppi með ágreining um kröfugerð á þeim grundvelli? Ég hef a.m.k. ekki heyrt að slíkur ágreiningur væri settur fram með rökstuddum hætti.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að menn ræði stöðu málsins í dag og framhald verði á viðræðum, bæði í utanrmn. og í úthafsveiðinefnd.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga). — Þskj. 144, nál. 191 og 192.

[16:06]

Frsm. meiri hluta félmn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti, Jón G. Tómasson ríkislögmann og Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins upplýstu að tilmæli um þá málsmeðferð sem lögð er til í frumvarpinu væru komin frá sveitarstjórnum þeirra sex sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem greiða á atkvæði um sameiningu. Upplýsingar lágu fyrir um að samstarfsnefnd allra sex sveitarfélaganna samþykkti samhljóða á fundi sínum 23. september sl. tillögu um að yrði tillaga samstarfsnefndarinnar um sameiningu ekki samþykkt í öllum sveitarfélögunum, en þó með meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. $^2/_3$ þeirra, væri hlutaðeigandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hefðu sameininguna. Í kjölfarið var tillagan síðan samþykkt í sveitarstjórnunum. Sveitarfélögin, sem hér um ræðir, eru Þingeyrarhreppur, Flateyrarhreppur, Mosvallahreppur, Mýrahreppur, Suðureyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna var upphaflega fyrirhuguð 11. nóvember 1995, en henni hefur verið frestað til 2. desember nk. Rökstuðningur samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna sex fyrir því að óska eftir þessari lagabreytingu kemur fram í fundargerð nefndarinnar frá 23. september með eftirfarandi hætti:

„Ástæða þess að samstarfsnefndin gerir þessa tillögu til sveitarstjórnanna er sú að nefndin er sammála um nauðsyn þess að af sameiningu umræddra sveitarfélaga geti orðið og það sem fyrst. Fjárhagur, íbúaþróun, bættar samgöngur og ótal fleiri þættir knýja mjög á um að um þetta mál náist góð samstaða.

Það er mat samstarfsnefndarinnar að sá möguleiki sé vissulega fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga geti fellt tillögu nefndarinnar. Að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga. Flest bendir til að verulegur dráttur yrði á því að kosið yrði um nýja tillögu og vafamál að umboð samstarfsnefndarinnar yrði framlengt af viðkomandi sveitarstjórnum. Ef af setningu framangreinds lagaákvæðis yrði sem heimilaði undanþágu frá 109. gr. sveitastjórnarlaga væri sá möguleiki opinn að orðið gæti af sameiningu þeirra sveitarfélaga þar sem tillagan hefði verið samþykkt. Mat samstarfsnefndar er að þetta gæti leitt til sameiningar nokkurra sveitarfélaga. Í þeirri stöðu verður að gera ráð fyrir því að viðkomandi sveitarstjórnir

hæfu strax samráð um hvernig málum þeirra sveitarfélaga yrði skipað á næsta ári, a.m.k. fram til þess dags er kosið yrði til nýrrar sveitarstjórnar í nýju sveitarfélagi."

Meiri hluti félmn. tekur undir þessa eindregnu ósk heimamanna og mælir því með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að í stað orðanna „11. nóv. 1995" komi: 2. des. 1995. Undir þetta rita Einar K. Guðfinnsson, Kristján Pálsson, Magnús Stefánsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson og Rannveig Guðmundsdóttir, en hv. þm. Pétur H. Blöndal og Arnbjörg Sveinsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[16:09]

Frsm. minni hluta félmn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum, en í honum er auk mín Kristín Ástgeirsdóttir, formaður nefndarinnar. Eins og fram kom í flutningi frsm. fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar hefur nefndin haft til meðferðar frv. til laga sem felur í sér svæðisbundna breytingu til bráðabirgða á 109. gr. laga nr. 8/1986. 1. mgr. 109. gr. hljóðar svo eins og hún er í dag, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir."

Í 108. gr. er fjallað um samstarfsnefndir um sameiningu sveitarfélaga og þar segir að þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu skuli þær kjósa samstarfsnefnd til að annast athugun málsins. Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá og að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameiningu. Svona eru reglurnar í dag.

Samkvæmt tillögu þeirri til breytinga sem hér liggur fyrir verður sveitarfélögunum á Vestfjörðum heimilt að sameinast ef sú tillaga sem liggur fyrir um sameiningu sex sveitarfélaga verður samþykkt í $^2/_3$ sveitarfélaganna og að því tilskildu að í þeim búi $^2/_3$ íbúanna. Er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna, án þess að leggja þurfi það sérstaklega fyrir kjósendur.

Ef tillagan verður felld í einu eða tveimur sveitarfélögum eru ýmsir möguleikar á samsetningu nýs sveitarfélags og niðurstaðan kann að verða einhver allt önnur en kosið var um. Þá er ljóst vegna skilyrðisins um $^2/_3$ íbúafjölda að Ísafjörður leikur lykilhlutverk í sameiningunni. Að óbreyttum lögum þyrfti að leggja nýja tillögu um sameiningu fyrir kjósendur en eins og fram kemur í áliti samstarfsnefndarinnar gæti slíkt tafið sameiningu verulega.

Minni hluta nefndarinnar þykir orka tvímælis að veita slíka svæðisbundna heimild í lögum um sveitarfélög og eðlilegt sé að um þessi mál gildi ein lög fyrir landið allt.

Það er mikilvægur þáttur kosningarréttarins að kjósendur viti fyrir víst hvað þeir eru að kjósa um og ákvæði sem heimila sveigjanleika í þeim efnum er varasamt. Það er lýðræðislegur réttur íbúanna á þessu svæði sem og í öðrum landshlutum að fá að greiða atkvæði um nýja tillögu, verði hin fyrri felld. Það liggur hins vegar fyrir skýr vilji allra sveitarstjórna á umræddu svæði í þessum efnum og hafa þær samþykkt tillögu um sameiningu samhljóða. Sökum þeirrar beiðni, og að teknu tilliti til þeirra raka sem koma fram í beiðninni og talin voru upp í áliti meiri hlutans, vilja undirritaðir nefndarmenn ekki greiða atkvæði gegn frv., en munu sitja hjá við afgreiðslu þess.

Undir nál. minni hlutans skrifa Kristín Ástgeirsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir.

[16:13]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram strax við 2. umr. málsins að þingflokkur Þjóðvaka mun greiða því frv. atkvæði sem hér liggur fyrir varðandi breytingar eða nýtt ákvæði til bráðabirgða við sveitarstjórnarlögin. Sú hefur orðið niðurstaða þingflokksins þótt við teljum að löggjafinn eigi ekki að bregðast við beiðnum einstakra sveitarfélaga um undanþágu frá lögum, eða bráðabirgðaákvæði í lögunum vegna sérstakra aðstæðna, og einnig þrátt fyrir það að við hefðum gjarnan viljað sjá öðruvísi tekið á þessum málum. En þar sem það hefur komið fram að umræddar sveitarstjórnir eru allar sammála um þessa málsmeðferð og einnig hitt, að knúið er á um að sú sameining, eða sú atkvæðagreiðsla um sameiningu, sem fram á að fara geti orðið sem fyrst, þá hefur það orðið niðurstaða okkar að greiða þessari breytingu atkvæði.

Það er hins vegar svo, virðulegi forseti, að okkur sýnist að það þurfi að endurskoða þann kafla sveitarstjórnarlaganna sem fjallar um stækkun sveitarfélaga. Það er nokkuð ljóst að 109. gr. sveitarstjórnarlaganna hefur ekki dugað. Það sjáum við best á því að þegar sú hrina varð sem farið var í varðandi atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga haustið 1993 þurfti að gera það með bráðabirgðaákvæði í lögunum. Nú er enn farið af stað með sambærilegt bráðabirgðaákvæði og það hlýtur, virðulegi forseti, að segja okkur að það þurfi að taka á þessum málum í heild sinni vegna þess að við þetta verður ekki unað.

Það er nokkuð ljóst að hér þarf leiðsögn löggjafans. Ég sagði áðan að við gætum ekki æ ofan í æ brugðist við þeim aðstæðum sem upp kunna að koma og löggjafinn þarf að vera með ákveðna línu í þessu máli. Menn þurfa að hafa skoðun og stefnu í málefnum sveitarfélaganna, ekki síst varðandi hugsanlega sameiningu þeirra og þá þurfa menn að hafa áræði til að breyta lögunum í þá veru. Að okkar mati er kominn tími til að fjalla af alvöru um sameiningu sveitarfélaga. Það liggur fyrir á næsta ári að farið verður í að færa sveitarfélögunum mjög viðamikið verkefni sem er rekstur og öll umsjá grunnskólans. Talað hefur verið um fleiri verkefni, svo sem heilsugæslu, málefni fatlaðra og þau reynslusveitarfélög sem eru að fara af stað munu einmitt annast þau verkefni. Það er ljóst að samstarf sveitarfélaga á ýmsum sviðum vex ár frá ári og vegna erfiðleika í atvinnumálum, ekki hvað síst, er mjög nauðsynlegt að menn horfi til atvinnusvæða og reyni að hefja sig yfir þau þröngu sveitarfélagamörk sem atvinnurekstri eru í raun víða búin sem og starfsemi verkalýðsfélaga. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að farið verði í alvarlega umræðu um breytingar á þessum kafla sveitarstjórnarlaganna. Og í trausti þess að ekki verði oftar um það að ræða að inn á þingið komi frv. til bráðabirgðaákvæða í lögunum vegna þess að einstöku sveitarfélög eða sveitarfélagahópar knýja á um það mun þingflokkur Þjóðvaka styðja það frv. sem hér liggur fyrir og þar með álit meira hluta félmn.

[16:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsti afstöðu minni til málsins í heild við 1. umr. þessa þingmáls og þarf ekki að endurtaka það. En þó langar mig að segja fáein orð í framhaldi af því sem hér hefur komið fram og finnst sjálfsagt að vekja athygli á.

Ég er sammála áliti minni hluta félmn., tel það prýðilega rökstutt út frá þeim grundvallarsjónarmiðum að breytingar af þessu tagi verði að njóta stuðnings þeirra sem eiga að búa við breytingarnar. Það er að mínu viti prýðilegt nefndarálit sem ég get fyllilega stutt. Ég geri athugasemd við það sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. þar sem þingmaðurinn lýsti skoðunum sínum og ég hygg líka skoðunum þingflokksins á 109. gr. núverandi sveitarstjórnarlaga. Þingmaðurinn tók þannig til orða að sú lagagrein hefði ekki dugað. Þá spyr ég: Hverjum hefur hún ekki dugað? Ég veit ekki annað en hún hafi dugað alveg prýðilega til þess sem hún er ætluð. Lagagreinin kveður á um að það eigi að leita álits íbúanna og þeir eigi að ráða. Það hefur verið gert og afstaða þeirra hefur í öllum tilvikum fengið að ráða. Með öðrum orðum er ég þeirrar skoðunar að lagagreinin hafi dugað vel, ekki bara að hún hafi dugað sæmilega, hún hefur dugað fyllilega til að mæta því sjónarmiði sem henni er ætlað.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hlýtur þá að meina að hún hafi ekki dugað einhverjum öðrum en þeim íbúum sveitarfélaganna sem hafa kosið það sem hefur orðið niðurstaðan. Mér finnst vanta að hún gerði grein fyrir því hverjum lagagreinin hefur ekki dugað. Eða með öðrum orðum, hagsmuni hverra eigum við að taka fram yfir hagsmuni íbúanna í sveitarfélaginu? Í afstöðu þingmannsins felst að hún álítur að afstaða íbúanna hafi ekki verið nógu góð og því hljóti hagsmunir einhverra annarra að eiga að ráða. Ég vildi því gjarnan spyrja þingmanninn hvort hún er að boða að það eigi t.d. að afnema þá reglu sem er í lögum að íbúarnir eigi að ráða þessum málum. Það er út af fyrir sig sjónarmið eins og ég rakti við 1. umr. málsins sem er til sums staðar erlendis að þetta er ákveðið með lögum og algerlega án afskipta eða íhlutunar íbúa einstakra sveitarfélaga. Þetta er þekkt. En hér á landi hefur það ætíð eftir því sem ég best veit verið niðurstaðan af hálfu löggjafans að menn vildu leiða þessi mál fram í fullkomnu samræmi við vilja íbúanna. Það er því annað sjónarmið uppi ef þingflokkur Þjóðvaka telur það ekki hafa dugað og vill þess vegna beita sér fyrir einhverri annarri aðferð. Það væri út af fyrir sig forvitnilegt að fá lýsingu á því hvaða aðferð sá þingflokkur vill viðhafa í þessu efni og menn geta svo haft sínar skoðanir á því. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að beita þeirri aðferð að byggja sameiningu á vilja íbúanna. Þannig á að fara að að mínu viti og ég er ekki fús til að víkja mikið frá því sjónarmiði.

Mig langar að beina fyrirspurnum til hæstv. félmrh. varðandi frv. til að fá útskýringar á tilteknu orðalagi þannig að ekki leiki neinn vafi á því upp á síðari tíma þar sem gera má ráð fyrir að þetta frv. nái fram að ganga. Það er varðandi síðari mgr. 1. gr. sem kveður á um heimildina til sveitarstjórna að samþykkja tiltekna sameiningu þegar atkvæðagreiðsla hefur farið eins og þar er lýst. Ég spyr: Er það ekki alveg ótvírætt og réttur skilningur á þessum texta að sveitarstjórnir allra þeirra sveitarfélaga sem segja já verða að ákveða sameiningu til þess að lagaákvæðið sé virkt? Með öðrum orðum, getur verið nokkur vafi á því að það er ekki ætlast til þess ef t.d. fjögur sveitarfélög segja já að þá fari fram bara sameining þriggja eða tveggja? Ég vildi að ráðherrann kvæði alveg upp úr með þetta þannig að ekki geti komið upp neinn misskilningur upp um þetta efni. Auðvitað er hugsanlegt ef fjögur eða fimm sveitarfélög segja já að eitthvert þeirra skerist úr leik og sveitarstjórnin í viðkomandi sveitarfélagi segi: Nú er þetta eitthvað breytt frá því sem við kusum um og nú drögum við okkur til baka a.m.k. að sinni. Þá kemur spurningin: Geta þeir sem eftir standa sameinað þau sveitarfélög? Ég skil lagaákvæðið þannig að það sé ekki, það verði að vera öll sveitarfélögin og óska eftir skilningi ráðherra á þessu, enda er hann flm. málsins.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að þetta heitir ákvæði til bráðabirgða. Hins vegar eru engin tímamörk á ákvæðinu þannig að það mun halda gildi sínu um ókomna framtíð. Ég er ekki viss um að það sé mjög skynsamlegt ef ákvæðið væri virkt að sveitarstjórnirnar sem í hlut eiga geti nýtt sér þetta ákvæði svo lengi sem þeim býður við að horfa, þ.e. málið geti legið í láginni í tvö ár, þrjú ár eða fjögur ár og þá gætu menn allt í einu hrokkið til. Ég hygg að eðlilegast sé bæði vegna málsins sjálfs og líka vegna hins að þetta er ákvæði til bráðabirgða að það verði þá tímabundið svo að það verði til bráðabirgða, annars er það ekki bráðabirgðaákvæði. En það má bæta úr því síðar ef menn eru sammála um það.

Ég vek líka athygli á orðalaginu í 1. gr. Þar er talað um meiri hluta greiddra atkvæða. Þetta skiptir máli og ég vil nefna það svo að því sé haldið til haga en ekki endilega vegna þess að ég búist við því að á það reyni en aldrei skal maður útiloka það. Þetta er annað orðalag en það sem er í lögunum í dag þar sem segir að ef tillaga sé samþykkt þurfi fleiri að greiða atkvæði með tillögunni en á móti. Þetta þýðir að þeir sem sitja hjá eða ógilda atkvæði sitt eru ekki taldir með heldur einungis þeir sem taka afstöðu með eða móti. En orðalagið „meiri hluti greiddra atkvæða" þýðir meiri hluti greiddra, þ.e. þeirra sem taka afstöðu með eða móti, þeirra sem skila auðu og þeirra sem gera ógilt. Það getur verið munur þarna á og sérstaklega þar sem um er að ræða sveitarfélag þar sem fá atkvæði eru. Við getum ímyndað okkur að í atkvæðagreiðslu séu 100 atkvæði, tveir skili auðu og einn geri ógilt þannig að 97 taka afstöðu, 48 segja já og 47 segja nei. Í atkvæðagreiðslunni er tillagan samþykkt skv. 109. gr. í dag en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er hún ekki samþykkt því að það þarf meiri hluta greiddra atkvæða, það þarf meiri hluta af hundraði.

Ég bara vek athygli á þessu sem getur hugsanlega komið upp þó að það sé ólíklegt en menn þurfa þá að vera meðvitaðir um að ekki rísi upp deilur eða ágreiningur um það á síðari stigum. Þetta er tæknilegt atriði sem hefur komið upp í umræðunni á fyrri stigum sameiningarmáls og ég hef kynnst við störf þar. Ég vil halda þessu til haga þannig að mönnum sé ljóst að þetta er til í dæminu þó að það sé afar ólíklegt.

Fleira hafði ég ekki hugsað mér að leggja inn í umræðuna að sinni. Ég vísa til ræðu minnar við 1. umr. málsins að öðru leyti. En ég vil þó leggja áherslu á að það sem er sérstakt við þetta mál er að menn líta á það sem vandamál að spyrja íbúana um skoðun þeirra til tiltekins máls. Auðvitað er ekki góður svipur á því að menn flytji þingmál sem er byggt á því að menn treysta ekki eigin kjósendum. Ég minni á það sem fram kemur í greinargerð samstarfsnefndarinnar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það er mat samstarfsnefndarinnar að sá möguleiki sé vissulega fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga geti fellt tillögu nefndarinnar. Að óbreyttum lögum yrði þá

að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga. Flest bendir til að verulegur dráttur yrði á því að kosið yrði um nýja tillögu og vafamál að umboð samstarfsnefndarinnar yrði framlengt af viðkomandi sveitarstjórnum."

Hvað felst í þessu? Í fyrsta lagi bendir flest til þess að verulegur dráttur yrði á því að kosið yrði um tillögu. Hver ákveður hvenær kosið er um tillögu? Svarið er sveitarstjórn þannig að í þessu felst að menn efast um að sveitarstjórnirnar muni koma sér saman um að kjósa aftur.

Í öðru lagi er vafamál að umboð samstarfsnefndarinnar yrði framlengt af viðkomandi sveitarstjórn. Aftur efast samstarfsnefndin um að hún fengi stuðning frá sínum eigin umbjóðanda fyrir því að halda áfram starfi. Þegar við skoðum málið í heild þá er það lagt fram vegna þess að menn efast um stuðning íbúanna að einhverju marki og menn efast um stuðning sveitarstjórnanna. Ef menn hefðu góða vissu fyrir stuðningi bæði íbúa og sveitarstjórna, þá væri það ekkert vandamál að kjósa aftur ef svo færi að eitthvert sveitarfélagið mundi fella tillöguna þannig að þetta er bakgrunnur málsins. Hann er byggður á því að menn eru ekki vissir um að stuðningurinn sé nægilega mikill. Þetta veikir málið mjög mikið og sérstaklega í ljósi þess að þeir menn sem hafa efasemdir uppi um stuðning við sín störf eru að fara fram á það við Alþingi að það breyti lögunum svo að þeir geti komið því framkvæmd sem þeir vilja og hafa áhuga á þrátt fyrir veikleika í baklandinu. Þess vegna tek ég undir það, þó að það sé kannski ekki endilega á sömu forsendum, sem kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að ég vonast til þess að við munum ekki sjá aftur tillöguflutning af þessu tagi þar sem svæðisbundin mál eru lögð fyrir Alþingi í þessum búningi. Ég held að menn verði að gera það eins og bent er á í nefndaráliti minni hlutans. Það verður að vera heildarafstaða sem menn taka til málsins óháð sveitarfélögunum, óháð einstökum landsvæðum. Ég er fyllilega sammála þeirri skoðun sem kemur fram í nefndarálitinu.

Ég vil svo að lokum undirstrika að ég vona að menn séu sammála um í öllum þingflokkum að það eigi að grundvalla sameiningu sveitarfélaga á samþykki íbúanna. Hins vegar kann að vera mismunandi afstaða til þess hvort menn eru tilbúnir að víkja frá þessari skoðun og heimila einhverjum smærri hóp að meta vilja íbúanna en út á það gengur í raun þessi tillaga að ákveðnum mönnum er falin heimild til að meta skoðun íbúanna út frá atkvæðagreiðslu um annað mál. Þar erum við komnir út á dálítið grátt svæði þegar við erum farnir að byggja ákvarðanatöku á öðru en beinum vilja íbúanna. Ég skal ekki fortaka fyrir það að menn geti komið sér saman um reglur sem fela það í sér að í vissum tilvikum sé réttlætanlegt að fela sveitarstjórnum að meta þennan vilja. Ég ætla ekki alveg að útiloka það að menn geti komið sér saman um leikreglur í því skyni sem ég mundi telja ásættanlegar út frá mínu sjónarmiði. Ég held að það sé um þetta atriði sem menn eru í raun að skiptast á skoðunum en ekki hinu hvort það eigi yfir höfuð að láta íbúana ráða í meginatriðum. Um það hef ég hingað til talið að menn væru sammála hér á Alþingi.

[16:34]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat þess áðan að það þyrfti að okkar mati að endurskoða kaflann um stækkun sveitarfélaga í lögunum frá 1986 um sveitarfélögin. Samkvæmt lögunum frá 1986 var stöðu sveitarfélaganna breytt þannig að þau eru öll jafnsett. Áður höfðu eins og mönnum er kunnugt sýslunefndir farið að hluta til með mál hinna minni sveitarfélaga en kaupstaðirnir síðan farið sjálfir með sín mál.

Með lögunum frá 1986 voru öll sveitarfélögin gerð jafnsett og það voru gerðar sömu kröfur til þeirra allra. Mönnum var alveg ljóst að hin minni sveitarfélög gátu engan veginn staðið undir þessum kröfum, enda var það ljóst jafnframt að það yrði að gera átak til stækkunar sveitarfélaga og kaflinn heitir reyndar í lögunum „Um stækkun sveitarfélaga". Á einhverju stigi töldu menn eðlilegt að setja lágmarkstöluna 400 inn í sveitarstjórnarlögin. Síðan var farið í það sem menn þekkja. Menn þekkja þá sögu. Það var farið í tilraunir til að sameina sveitarfélögin með þeim aðferðum sem menn þekktu af sögunni hvernig höfðu reynst í nágrannalöndunum. Menn þekkja niðurstöðuna. Einhver sveitarfélag voru sameinuð en enn eru sveitarfélögin í landinu mjög mörg og enn búum við við þær þverstæður að sveitarfélögunum er öllum gert jafnhátt undir höfði. Það eru gerðar sömu kröfur til þeirra allra. Þau eiga öll að veita sömu þjónustu og þau eiga öll að veita sínum íbúum sömu réttindi og sama öryggi. Hins vegar er okkur öllum ljóst að býsna mörg þeirra og líklega meiri hluti hafa ekkert bolmagn til þess. Enn er Alþingi samt sem áður að taka ákvarðanir um að flytja æ frekari verkefni og stærri verkefni til sveitarfélaganna. Við þetta verður ekki búið. Á þessu þarf að taka með einhverjum hætti. Alþingi þarf að veita ákveðna leiðsögn í málinu. Ætlar Alþingi að láta það afskiptalaust að mestu hvort sveitarfélögin sameinast? Ætlar Alþingi að láta það afskiptalaust að mestu hvort hægt er að uppfylla þau lög um skyldur sveitarfélaga sem sett hafa verið með því að hafa ekki frekari afskipti af því hvort þau sameinast og hvort þau stækka og hvort þau yfir höfuð valda þessum verkefnum?

Ég gat þess áðan að 109. gr. hefði ekki dugað. Hún hefur ekki dugað til þess að ná fram því sem menn höfðu í huga þegar þeir gerðu sveitarfélögin öll jafnrétthá og ákváðu að gera sömu kröfurnar til þeirra allra. Það er þetta mál sem þarf að fara yfir. Menn þurfa að hafa kjark til þess að segja bæði b og líka c eftir að þeir hafa sagt a.

[16:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn hefur skýrt ágætlega sjónarmið sitt í þessu efni og ég þakka honum fyrir þessa skýringu. Þetta var ákaflega fróðleg ræða því að þetta var svona gamaldags forræðishyggjuræða. Þingmaðurinn sagði: Menn hafa ákveðið ... mönnum finnst þetta ekki vera svona. Hvaða mönnum? Jú, einhverjum mönnum sem búa annars staðar en í viðkomandi sveitarfélagi. Ef þeir menn sem búa einhvers staðar annars staðar en í viðkomandi sveitarfélagi eða litlum sveitarfélögum eru á þeirri skoðun að þau séu vanmáttug til ýmissa hluta og beri þess vegna að sameinast öðrum þá verða þeir að leggja það á sig að mínu viti að sannfæra íbúana um það. Annað er forræðishyggja ef einhverjir menn annars staðar ákveða svona stóra hluti fyrir íbúana sjálfa. Það er mín skoðun í málinu og er út af fyrir sig ekkert meira um það að segja. Skoðanir eru skýrar hjá okkur tveimur í þessu efni og ólíkar.

Ég þakka að lokum hv. þm. fyrir skýrt svar í þessum efnum.

[16:39]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins um forræðishyggju í þessum málum og það hvað menn ákveða. Þeir sem sitja á hv. Alþingi eru hingað kjörnir til að taka ákvarðanir. Meðal þeirra

ákvarðana sem hér eru teknar eru ákvarðanir sem varða alla íbúa landsins í öllum sveitarfélögum landsins og við vorum einmitt að gera athugasemdir við það áðan að ákvarðanir sem stendur til að taka eru ákvarðanir sem ekki varða alla íbúa landsins heldur einungis nokkurn hluta þeirra.

Það er ekki forræðishyggja að setja lög á Alþingi sem varða íbúana og löggjafinn verður að hafa það í huga þegar hann er að setja lög að gera íbúunum jafnhátt undir höfði en setja ekki þannig lög að þeim sé vissulega mismunað þó að tilgangurinn sé annar. Það hygg ég að hafi gerst með sveitarstjórnarlögin frá 1986 að það fyrirkomulag sem komst á vegna þess að þingheimur hafði ekki kjark til á þeim tíma eða nægilegan vilja, frekar en áður þegar reynt hafði verið að leggja fram á hinu háa Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum til stækkunar sveitarfélaga, til þess að taka á þeim málum jafnframt. Það var ekki svo. Þess vegna getur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kallað það forræðishyggju, ef hann vill, ef menn hafa af þessu áhyggjur. En ég tel það skyldu mína að hafa áhyggjur af því að þau lög sem við störfum eftir í dag eru engan veginn nógu góð vegna þess að það var einungis önnur stoðin reist en hin aldrei nema til hálfs.

[16:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að minnast á eitt atriði varðandi sveitarstjórnarlögin frá 1986. Ákvæði laganna í 109. gr. var ekki samþykkt þá eins og það er núna. Það var hins vegar samþykkt með það sem við getum kallað neikvæða sönnunarbyrði, þ.e. þess var ekki krafist að íbúarnir samþykktu sameiningu heldur einungis krafist að þeir höfnuðu og þá var ekki nóg að helmingur þeirra sem tæki þátt í atkvæðagreiðslu synjaði. Þeir sem sögðu nei urðu að vera a.m.k. helmingur þeirra sem voru á kjörskrá. Það var því mjög sterkt ákvæði í lögunum frá 1986 til að stuðla að fækkun sveitarfélaga og miklu sterkara en er í dag.

Niðurstaðan varð sú að sveitarfélögum fækkaði nánast ekki neitt. Reynslan af þessu lagaákvæði varð sú að sveitarstjórnirnar voru á móti. Þegar menn beita þvingunarákvæði af þessu tagi þá framkallar það andstöðu og þá fyrst fór eitthvað að ganga í því markmiði ríkisins að fækka sveitarfélögum þegar búið var að breyta þessu lagaákvæði í pósitíft ákvæði þannig að það þurfti að samþykkja sameiningu en ekki hið gagnstæða, fyrst með bráðabirgðaákvæðum frá 1993 og síðan með þessu ákvæði sem nú er í 109. gr. frá 1994. Ég vil því segja að reynslan segir okkur það að þá fyrst þegar menn fóru að fela íbúunum valdið til að ákveða hlutina fullkomlega á jafnræðisgrundvelli fór þetta eitthvað að ganga.

Svo vil ég minnast á annað atriði sem er tíu ára gömul samþykkt Alþingis á Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Og ég vil skora á þingmanninn að kynna sér þann sáttmála, en þar á meðal er ákvæði um að Alþingi samþykki og geri það að sinni stefnu að tryggja það í löggjöf að sveitarfélögin ráði sínum málum sem mest sjálf, hvort sem það eru sveitarstjórnirnar eða íbúarnir sjálfir.

[16:43]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Mig langar í nokkrum orðum að koma að þessari umræðu um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lýsa því að ég tek undir nefndarálit minni hluta félmn. Ég vil samt sem áður lýsa því yfir að ég skil mjög vel áhuga sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum að koma fram með þetta frv. sem á að vera til bráðabirgða. Það er mikill áhugi hjá sveitarstjórnarmönnum í dag á aukinni samvinnu og sameiningu sveitarfélaga. Ég leyfi mér að fullyrða þetta. Þó svo þessi sameiningarvinna sé mislangt á veg komin þá hafa aukin verkefni og þá sérstaklega þetta stóra verkefni sem er að koma yfir til sveitarfélaganna núna, yfirtaka grunnskólans á næsta ári, ýtt við umræðum og samstarfsvilja sveitarfélaganna til sameiningar. Til þess að geta uppfyllt sveitarstjórnarlögin og þá þjónustu sem sveitarfélögin eiga að veita þá eru hin minni sveitarfélög allt of veikburða til að geta staðið undir sínum skyldum. Og þetta kallar á samvinnu.

Nú er svo komið að vinna sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum er svo langt komin að það er komið að því að kjósa um sameiningu sex sveitarfélaga. Ég tel að sé málið vel unnið heima fyrir og vel kynnt og íbúum svæðisins gert jafnljóst og sveitarstjórnarmönnum virðist vera núna hver hagur sveitarfélaganna sé af sameiningu þá þurfi ekki að leggja fram þetta frv. því að frv. finnst mér byggjast á ótta sveitarstjórnarmanna við að einhver sveitarfélögin verði ekki með. Ef þetta þetta bráðabirgðaákvæði verður að lögum er að vísu ekki verið að þvinga þau sveitarfélög sem óska þess að vera ekki með að þessu sinni. Aftur á móti tel ég að í breytingunni séu þvingunaraðgerðir gegn íbúum þeirra sveitarfélaga sem hafa kosið að vera með í þessum heildarpakka, en það er breyting á því sem boðið var upp á í upphaflegri kosningu. Það skiptir nefnilega máli hvaða sveitarfélög verða ekki með ef einhver óskar svo. Fjárhagsleg staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn, ótrúlega misjöfn get ég sagt, og auðvitað skiptir það máli hvort það er mjög vel stætt eða illa stætt sveitarfélag sem ekki er með í þetta sinn. Því tel ég að það verði þá að ganga í gegnum það aftur að hafa nýja kosningu.

Ég tek undir það sem hér hefur fram komið að það verður að fara í þá vinnu að fara yfir sveitarstjórnarlögin og sérstaklega kaflann um stækkun sveitarfélaganna, en það verða að vera breytingar sem gilda fyrir allt landið. Það eru mörg sveitarfélög í þessari vinnu, að undirbúa þessa vinnu og til þess að hjálpa til og styðja við þessa þróun, sem er óhjákvæmileg, þarf stuðning félmrn. til þess að sveitarfélögin geti staðið fagmannlega að þessari vinnu. Það er búið að gera þetta átak sem var til bráðabirgða en það má ekki þar við sitja. Fjárhagsleg og fagleg aðstoð félmrn. þarf að koma til áfram og það er sú breyting sem við viljum sjá í nýrri lagabreytingu.

Ég hef ekki þessi orð lengri en ég ítreka það að ég skil hug sveitarstjórnarmanna í þessu máli, en ég tel að þeir eigi ekki að þurfa neitt að óttast. Ef þeir eru sjálfir sannfærðir um að þetta sé fjórðungnum fyrir bestu þá eiga þeir að geta sannfært íbúana líka. En þetta verður fyrst og fremst að vera breyting sem gildir fyrir allt landið.

[16:49]

Frsm. minni hluta félmn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og Þuríðar Backman þar sem þær fóru nokkrum orðum um þörf á sameiningu sveitarfélaganna vítt og breitt um landið til þess að þau geti staðið undir þeirri skyldu sem þeim er falin samkvæmt lögum vil ég einungis taka fram að ég hef fullan skilning á þessari þörf. Við í minni hluta nefndarinnar ákváðum hins vegar að sitja hjá í stað þess að greiða atkvæði gegn málinu einmitt vegna þess að við höfum fullan skilning á þessari þörf. Við lýsum hins vegar yfir efasemdum um að tekið sé svæðisbundið á málinu annars vegar og hins vegar að hægt sé að víkja frá því sem kosið var um upphaflega. Ég vil einungis ítreka þetta og taka það fram enn og aftur

en að öðru leyti höfum við fullan skilning á hug þeirra sveitarstjórnarmanna og þeirra beiðni.

[16:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. spurði um þrjú atriði. Mér finnst að þau ættu öll að vera ljós en mér er sönn ánægja að því að rekja þau úr ræðustólnum.

Fyrsta spurningin varðaði 1. gr. frv.: „... en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. $^2/_3$ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. $^2/_3$ íbúa á svæðinu er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna." Ég skil þessa setningu þannig, og ég tel að hún ætti ekki að orka tvímælis, að hér er átt við þau sveitarfélög sem samþykkja sameininguna, ekki bara sum. Setjum sem svo að fjögur sveitarfélög samþykki, tvö felli sameiningu, þá er þessum fjórum sem samþykkja sameininguna heimilt, ef sveitarstjórnir þeirra óska svo, að sameinast. Það dugir ekki að það séu bara þrjú þeirra. Þá tel ég að það þyrfti að fara fram ný kosning.

Varðandi greiddu atkvæðin sem koma fyrir í textanum líka þá er auðvitað átt við þau atkvæði sem þeir kjósendur greiða sem mæta á kjörstað eða greiða atkvæði bréflega eða utan kjörstaðar. Þ.e. meiri hlutinn verður að vera þeir sem segja já, þeir sem gera ógilt eða skila auðu og þeir sem segja nei hljóta að teljast í einum pakka. Það er átt við meiri hluta greiddra atkvæða og ég lít svo á að greidd atkvæði séu þau atkvæði sem koma fram við talningu.

Hvort ákvæði til bráðabirgða eigi að standa endalaust þá tel ég ekki svo vera. Þetta frv. er flutt með sérstöku tilliti til staðhátta, sérstöku tilliti til kringumstæðna á Vestfjörðum og sérstöku tilliti til árstíma. Ég lít svo á að þetta ákvæði heimili sveitarstjórnum þar sem sameining verður samþykkt ef á þetta ákvæði reynir, sem ég ætla að vona að verði ekki því ég vonast eftir því að öll sveitarfélögin samþykki þessa sameiningu, en ef svo færi að einhver felldu hana þá er sveitarstjórnum þeirra sem samþykkja heimilað að taka afstöðu til málsins. Ég lít svo á að þær þurfi að gera það í vetur, ekki að þær geti farið að geyma það svo árum skipti enda væri það ástæðulaust vegna þess að þegar kemur fram á næsta sumar þá eru engar veðurfarslegar eða samgöngulegar hindranir sem ættu að torvelda eða koma í veg fyrir það að almenn atkvæðagreiðsla gæti farið fram.

Ég vil taka það fram vegna orða sem hér hafa fallið að þetta frv. er ekki lagt fram vegna þess að ég efist um stuðning. Ég vonast eftir því að það sé almennur stuðningur við þessa sameiningu. Það er lagt fram einungis vegna þess að ég féllst á þau rök sameiningarnefndarinnar að vestan að torvelt sé að láta í vetur fara fram tvennar kosningar. Það ætti að vera óþarfi eftir skýra niðurstöðu úr atkvæðagreiðslum.

Ég tel mjög mikilvægt, m.a. með tilliti til síðustu atburða, harmleiksins á Flateyri, að fá úr því skorið hver framtíðaruppbygging svæðisins á að vera, þ.e. fá úr því skorið hvort Flateyri, svo maður nefni það sveitarfélag, verður í óbreyttu formi, þ.e. hvort það gerist aðili að stærra sveitarfélagi eða hvort það sveitarfélag kýs að berjast áfram af eigin rammleik og rísa sem slíkt. Ég tel heppilegt að úr því fáist skorið sem fyrst þannig að hægt sé að haga vinnu og uppbyggingu svæðisins með hliðsjón af því.

Eins og margoft hefur komið fram þá er ég hlynntur frjálsri sameiningu. Ég vil ekki koma aftan að fólki. Ég tel mig ekki bæran að hafa vit fyrir því. Ég tel að félmrn. eigi að veita faglega aðstoð ef sveitarfélög vilja sameinast, ef meiri hluti íbúa vil sameinast, ekki að knýja menn með valdboði til sameiningar og ekki vera með einhverja óeðlilega fjármunafyrirgreiðslu til þess að hafa áhrif á skoðanamyndun fólks hvort það vill sameinast eða ekki. Hvað þá óraunhæf haldlítil eða haldlaus fyrirheit um einhverja fjármunalega fyrirgreiðslu.

Ef sveitarfélög komast að því við yfirfærslu verkefna til sveitarfélaga, t.d. grunnskólans, að þau ráði ekki við þessi verkefni í því formi sem þau eru nú og þau ráði ekki við lögskipuð verkefni, þá er ekkert annað fyrir þau að gera en sameinast, koma sér saman um sameiningu. Ég tel að í mjög mörgum tilfellum geti lítil sveitarfélög leyst þetta með fullnægjandi hætti með samvinnu. Þá þarf auðvitað að vera vilji til samvinnu. Ég er sem sagt ekki fylgjandi forræðishyggju, ég er ekki fylgjandi þvingaðri sameiningu en ég vil stuðla að því að þeir sem vilja nái saman.

Varðandi endurskoðun sveitarstjórnarlaga sem hér hefur aðeins borið á góma, þá tel ég rétt að segja frá því að ég hef áhuga á því að endurskoðun fari fram á sveitarstjórnarlögum. Ég vænti þess að geta haft um það samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og sú vinna er hugsanlega að fara í gang innan skamms, en það er ekki fyrst og fremst út af sameiningarmálum sem ég tel að þurfi að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Mér finnst brýnna að gera það til þess að ná betur utan um og ná bættri skipan á fjármálastjórn sveitarfélaga. Ég tel að ríkisvaldinu beri skylda til að gæta hags íbúanna en tilfellið er að sveitarstjórn hefur t.d. á valdi sínu að skuldbinda íbúa sína og leggja á þá byrðar með frjálslegri skipan fjármála, að leggja verulegar fjárhagsbyrðar, kannski óbærilegar fjárhagsbyrðar, á íbúa sveitarfélagsins án þess að þeir fái rönd við reist. Ég tel að menn þurfi að finna eitthvert skynsamlegt form þannig að öryggi íbúanna sé tryggt og það sé ekki bara sveitarstjórnar að ákveða það einn góðan veðurdag á fundi sínum að yfirtaka stórkostlega íþyngjandi skuldbindingar. Það eru reyndar fleiri atriði í sveitarstjórnarlögum sem ég tel að menn þurfi að velta vel fyrir sér hvort eru í æskilegasta formi.

Ég vil að endingu þakka hv. félmn. fyrir ágæta vinnu við þessi mál og skjót viðbrögð og afgreiðslu þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 117, nál. 198.

[17:02]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald af olíu. Frv. fjallar um að fresta framkvæmd laga um vörugjald af olíu um tvö ár meðan unnið er að útfærslu hagkvæmra litunarleiða í stað endurgreiðsluleiða.

Frv. fékk þá meðferð í hv. efh.- og viðskn. að fengnir voru á fund nefndarinnar ýmsir hagsmunaaðilar frá olíufélögunum, frá Samtökum landflutningamanna, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, frá Samtökum iðnaðarins og frá Landvara, félagi vörubifreiðaeigenda. Það var álit allra þessara aðila að styðja frv., þ.e. að fresta framkvæmd á vörugjaldinu með

þessum hætti eins og gert var ráð fyrir á sínum tíma þegar frv. var afgreitt.

Í nefndarálitinu kemur fram að í framhaldi af fundi nefndarinnar um málið barst henni bréf frá fjmrn. þar sem fram kemur að verði frv. samþykkt eins og nefndin leggur til þá hyggst fjmrh. skipa nefnd eða nefndir embættismanna og hagsmunaaðila til áframhaldandi undirbúnings og samráðs um upptöku olíugjalds. Það á að kanna nánar forsendur sem liggja til grundvallar olíugjalds og framkvæma ítarlega athugun á því hvernig unnt sé með hagkvæmum hætti að koma við litun gjaldfrjálsrar olíu til eftirlits. Jafnframt segir í þessu bréfi að hafinn sé af hálfu ráðuneytisins, í samráði við Vegagerðina, undirbúningur að endurskoðun á lögum um fjáröflun til vegagerðar til styrkingar á framkvæmd þungaskatts, samanber tillögur samráðsnefndar um olíugjald. Upprunalega hugmyndin um frestunina kom fram frá samráðsnefnd um þennan málaflokk þannig að þessi frestun, þ.e. þetta frv., nýtur stuðnings aðila í greininni samkvæmt þeim umsögnum sem nefndin fékk til sín.

Allir nefndarmenn standa að nefndarálitinu en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:06]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga). — Þskj. 144, nál. 191 og 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:08]
Brtt. í nál. 192 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, JóhS, KF, MS, ÓE, ÓHann, PP, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VK, ÞorstP, ÞBack.
8 þm. (BH, GGuðbj, KHG, KH, ÓRG, RA, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, JóhS, KF, MS, ÓE, ÓHann, PP, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VK, ÞorstP.
9 þm. (BH, GGuðbj, KHG, KH, ÓRG, RA, SvG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, JóhS, KF, MS, ÓE, ÓHann, PP, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VK, ÞorstP.
9 þm. (BH, GGuðbj, KHG, KH, ÓRG, RA, SvG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, JóhS, KF, KHG, MS, ÓE, ÓHann, PP, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvG, VS, VK, ÞorstP.
7 þm. (BH, GGuðbj, KH, ÓRG, RA, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 17:10.

---

37. FUNDUR

mánudaginn 20. nóv.
að loknum 36. fundi.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 126. mál, þskj. 203, brtt. 204. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vörugjald af olíu, stjfrv., 111. mál, þskj. 117. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 146. mál, þskj. 173. — 1. umr.

[17:12]

Útbýting þingskjals:

Sveitarstjórnarlög, 126. mál, brtt. KHG, þskj. 204.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:13]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. og 2. dagskrármáls og útbýtingu brtt. 204. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 126. mál (atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga). — Þskj. 203, brtt. 204.

[17:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir brtt. sem ég flyt við 3. umr. málsins. Að lokinni atkvæðagreiðslu

eftir 2. umr. er ljóst að stuðningur er við málið að veita undanþágu frá almennu reglunni. Eins og málið lítur út núna er munurinn á almennu reglunni og frv. sá að almenna reglan felur í sér að undantekningarlaust skal leita samþykkis íbúa fyrir sameiningu en afbrigðið sem er í bígerð í frv. byggir á því að við tilteknar aðstæður sé sveitarstjórnarmönnum veitt heimild til þess að afgreiða málið og meta afstöðu íbúa sinna, þ.e. verið er að víkja frá því skilyrði að það þurfi ætíð að leita til íbúanna fyrir því að bera upp tiltekna samvinnu.

Þetta felur auðvitað í sér þann möguleika að afstaða sveitarstjórnarmannanna kunni að vera önnur en afstaða íbúanna. Eins og málið liggur fyrir er það afstaða sveitarstjórnarmannanna einna sem máli skiptir. Íbúarnir geta ekki haft afskipti af því með neinum hætti ef þeir eru bersýnilega ósáttir við fyrirhugaða afgreiðslu sveitarstjórnarinnar af því að í núgildandi lögum eru ekki ákvæði sem gera íbúum kleift að kalla til sín mál sem kallað er.

Ég hef því leyft mér að flytja á þskj. 204 brtt. sem á að verða til þess að girða fyrir hugsanlega misvísandi afstöðu íbúanna og sveitarstjórnarinnar þannig að í þeim tilvikum sem sveitarstjórnin hefur þessa heimild að láta fara fram sameiningu geti íbúarnir beðið um að kosið verði um þá sameiningu sem er í undirbúningi. Til þess að ná því fram þurfi umtalsverðan stuðning við að biðja um atkvæðagreiðsluna og ég legg til í tillögunni að a.m.k. þriðjungur atkvæðisbærra íbúa þurfi að biðja um atkvæðagreiðsluna. Við þessi mörk er ljóst að ef þeir sem biðja um atkvæðagreiðslu ná þessum stuðningi þá er verulegur stuðningur við það sjónarmið að láta kjósa. Þá finnst mér eðlilegt að orðið verði við því enda hygg ég að flestum mundi þykja það óeðlilegt að sveitarstjórnin tæki aðra afstöðu en þá sem sýnilegt er að íbúarnir hafa.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að bera fram þessa brtt. sem er til þess að tryggja hnökralausa framkvæmd á lagaákvæðum af þessu tagi. Ég hygg að mikilvægt væri að við það næðist stuðningur því að menn kunna að vera að stíga skref núna sem verða fordæmi fyrir síðari tíma.

[17:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af fyrir sig finnst mér tillagan vera óþörf. Ég hef enga ástæðu til þess að tortryggja að sveitarstjórn mundi fara út í sameiningu nema hún væri viss um að hafa meiri hluta íbúa á bak við sig. En ef tillagan gæti orðið til sátta vil ég ekki setja mig á móti henni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:19]

Brtt. 204 felld með 15:11 atkv. og sögðu

já: BH, GGuðbj, KHG, KH, LB, ÓRG, ÓHann, RA, SvG, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁE, ÁRJ, BBj, DSigf, EKG, GHH, HBl, JóhS, KF, ÓE, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VK.

9 þm. (DO, FrS, GB, GHall, GÁ, MS, PP, VS, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, EgJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, JóhS, KF, MS, ÓE, ÓHann, PP, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VK, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, KHG, KH, LB, ÓRG, RA, SvG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 205).

Vörugjald af olíu, 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 117.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:21]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, JóhS, KF, KHG, KH, LB, ÓE, ÓRG, ÓHann, PP, RA, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvG, VS, VK, ÞorstP, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FI, GE, GuðjG, GÁS, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, JHall, KÁ, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 206).

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. SF, 146. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 173.

[17:21]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

1. gr. og eina efnisgrein frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Ráðherrar mega ekki eiga sæti á Alþingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Þó eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja og svara fyrirspurnum, en gæta verður þingskapa.“

Menn gætu spurt sig: Hví er þetta mál fram komið? Eru einhver vandkvæði á því skipulagi sem við búum við í dag? Að mínu mati er það svo. Íslenskt réttarríki byggir á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi þríþætta skipting valdsins er landsmönnum vel kunn því hún er kennd í flestum skólum landsins.

Hugsunin með þrískiptingu valdsins var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands byggi á þessum hugmyndum gerir hún samt

ráð fyrir því að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Ráðherrar sem eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins geta jafnframt verið og eru þingmenn, þ.e. fulltrúar löggjafarinnar. Þeir geta því setið báðum megin borðsins. Aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds er sökum þessa í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar gefur til kynna.

Í nágrannalöndum okkar er þessu ekki eins farið. Í Noregi og Svíþjóð verða þingmenn að víkja af þingi meðan þeir gegna ráðherradómi. Þar er aðskilnaðurinn skýr milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

Á síðustu mánuðum hef ég sýnt nokkrum hópum Norðmanna þinghúsið og kynnt þeim störf þingsins. Þrennt finnst þeim ankannalegt við að kynna sér þinghúsið og störf þingsins. Það er í fyrsta lagi hve Alþingishúsið er lítið, í öðru lagi að *þingmenn skuli stunda frammíköll þótt hógvær séu* — það finnst þeim reyndar yfirleitt sjarmerandi siður — og síðast en ekki síst að ráðherrar skuli einnig vera samtímis þingmenn.

Hvað þýðir í reynd að ráðherrar séu einnig þingmenn? Jú, það veikir þingræðið. Ég get nefnt þann þingflokk sem ég þekki best til, þ.e. þingflokk framsóknarmanna. Í honum eru 15 þingmenn eins og menn vita. Þar af eru fimm ráðherrar. Ef ná þarf umdeildum frumvörpum í gegnum þingflokkinn þarf að vera meiri hluti fyrir því í þingflokknum. Af 15 þingmönnum þurfa því átta að vera fylgjandi frumvarpinu. Líklegt er að ráðherrarnir standi saman um samþykkt frumvarpa. Þeir eru fimm, þá vantar einungis þrjá almenna þingmenn til viðbótar til að málið náist í gegn. Af þessu sést að ráðherraræðið er mjög sterkt í þingflokki sem er saman settur eins og hér er lýst. Ég tek sérstaklega fram að í þingflokki framsóknarmanna hefur ekki þurft að greiða atkvæði um lagafrumvörp né þingsályktunartillögur meðan ég hef setið á þingi. Dæmið sem ég tek af mínum eigin þingflokki er því einungis til þess að ég geti útskýrt mál mitt betur.

Á síðustu árum hefur stjórnsýslan vaxið gífurlega að umfangi. Það fer ekki fram hjá neinum sem þekkja til að ráðherrar eru undir mjög miklu vinnuálagi, nánast ómanneskjulegu að mínu áliti. Vinnutíminn er langur, starfið umfangsmikið og flókið, ábyrgðin sem fylgir starfinu er mikil, dómur kjósenda hangir stöðugt yfir gjörðum þeirra, lítið fer fyrir fjölskyldulífi í annríkinu o.s.frv. Ráðherrarnir þurfa að einbeita sér mjög mikið í starfi sínu til að ná árangri. Á sama tíma er þeim ætlað að sinna þingmennsku, kjördæminu og öllu því sem fylgir. Það er að mínu mati til of mikils ætlast. Réttara og eðlilegra er að ráðherrarnir noti krafta sína óskiptir innan framkvæmdarvaldsins og sinni því starfi einungis og láti aðra um almenna þingmennsku og að sinna skyldum þingmanna í kjördæmunum. Það er eðlilegt að þjóðin njóti krafta ráðherranna til fullnustu innan framkvæmdarvaldsins.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um einn sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Sú staðreynd er einnig rök fyrir því að ráðherrar víki af þingi.

Eins og áður segir er í frv. gert ráð fyrir að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma sem þeir gegna ráðherradómi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Hlutaðeigandi ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla í því starfi. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari regum sem settar yrðu þar um í þingsköpum.

Segjum sem svo að einhver ráðherranna vildi strax í dag aðskilja milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að afsala sér þingmennsku. Hann gæti það með því að segja af sér þingmennsku og láta varamann sinn taka sætið. Það er hins vegar ólíklegt að ráðherrann mundi gera slíkt nú að öllu óbreyttu því ef hann mundi missa ráðherraembættið ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennsku nema að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri. Við núverandi aðstæður hafa því ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi.

Hægt væri að koma því við án breytinga á stjórnarskránni að ráðherrar gætu valið um að víkja úr þingmennsku um stundarsakir eða meðan þeir gegna ráðherraembætti. Kalla má þá leið valkvæða. Það mætti opna þennan möguleika t.d. með því að gera breytingar á 53. gr. þingskapa þannig að ráðherrum yrði auðveldað að taka inn varamann. Einnig þyrfti að tryggja að viðkomandi ráðherra lækkaði ekki í launum ef hann kysi að hverfa úr þingmennskunni um sinn. *Ef slík breyting yrði samþykkt*, þ.e. að *ráðherrarnir ættu* framangreint val má líta svo á að breytingin væri nokkurs konar viljayfirlýsing þingsins um að ráðherrarnir nýttu sér heimildina til að víkja af þingi til að aðskilja milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Í því frv. sem hér er lagt fram er hins vegar gengið lengra, þ.e. samkvæmt því mega ráðherrarnir ekki eiga sæti á Alþingi þann tíma sem þeir gegna ráðherradómi, þeir fengju ekkert val þar um.

Í nágrannaríkjum okkar, svo sem í Noregi og Svíþjóð, mega ráðherrar ekki sitja á þingi eins og fyrr er getið og hafa því ekki atkvæðisrétt þar. Ráðherrar hafa samt sem áður heimild til að mæla fyrir stjórnarfrumvörpum og taka þátt í umræðum. Ef ráðherra í þessum ríkjum segir af sér embætti er hann aftur orðinn að óbreyttum þingmanni eins og hann var kosinn til.

Í Danmörku og Finnlandi er fyrirkomulag þessara mála svipað og hérlendis, þ.e. ráðherrarnir gegna áfram þingmennsku. Í Danmörku á sér þó stað umræða um að breyta þessu þannig að ráðherrar geti valið um að víkja af þingi meðan þeir sitja í ráðherrastóli. Rökin fyrir því eru að einhverju leyti þau sömu og ég hef að framan greint frá en einnig þau að minni flokkarnir svo sem Radikale venstre, geta verið nánast ófærir um að gegna þingstörfum þar sem flestir kjörnir fulltrúar þeirra gegna ráðherradómi. Slíkt vandamál hefði getað komið upp hérlendis ef t.d. Kvennalisti eða Þjóðvaki hefðu farið í ríkisstjórn eftir síðustu kosningar. Í Danmörku hafa minni flokkarnir reynt að leysa vandamálið með því að ráðherrar hafa sagt af sér þingmennsku og varamenn tekið við.

Þegar hugað er að afleiðingum frv. má sjá í hendi sér að ef ráðherrarnir tíu færu af þingi og tækju varamenn sína inn mundi störfum í stjórnsýslunni fjölga um 10. Af þessu hlytist um 40–50 millj. kr. aukakostnaður á ári ef þingmönnum yrði ekki fækkað. Meðalkostnaður við hvern þingmann að ráðherrum meðtöldum er 4,7 millj. kr. á ári. Sá kostnaður nær til launa, launatengdra gjalda, þingfararkostnaðar, svo sem húsnæðiskostnaðar, ferðakostnaðar innan lands og símakostnaðar. Í tölunni er undanskilinn kostnaður við rekstur á skrifstofuaðstöðu í þinginu. Af framangreindu er því rétt að

skoða hvort ekki beri að fækka þingmönnum um t.d. 8 til 10 samhliða þeirri breytingu sem lögð er til í frv. Ein leiðin gæti verið að fækka um einn þingmann í hverju kjördæmi.

Þingmenn voru um 50 um og eftir miðbik aldarinnar. Þeim hefur síðan nokkrum sinnum verið fjölgað í tengslum við breytingar á kosningalöggjöfinni þar sem meginmarkmiðið hefur verið að leiðrétta misjafnt vægi atkvæða eftir kjördæmum. Þingmönnum hefur ekki verið fjölgað vegna aukinna umsvifa í lagasetningu þingsins. Ef skoðað er hver þingmannafjöldi ætti að vera hér í hlutfalli við þingmannafjölda nágrannalandanna á íbúa kemur í ljós að hér ættu að vera 11 þingmenn ef horft er til Finnlands og Svíþjóðar, níu til tíu þingmenn ef horft er til Danmerkur og Noregs, þrír þingmenn ef miðað er við Bretland og einungis tveir þingmenn ef við miðum okkur við Þýskaland. Ef nágrannalöndin mundu notast við okkar háa þingmannahlutfall pr. íbúa ættu þingmenn á hinum Norðurlöndunum að vera milli 1.200–2.000 í hverju þeirra. Á Bretlandi yrðu þingmennirnir að vera 13.700, en í Þýskalandi um 19.000.

Að sjálfsögðu er óréttlátt og erfitt að nota slíkan höfðatölusamanburð, en hann sýnir að mínu mati að það má huga að fækkun þingmanna. Er nauðsynlegt að hafa einn þingmann á hverja 4.238 íbúa? Ég spyr. Það er mat mitt að þótt þingmönnum yrði fækkað um átta til tíu mundi slík aðgerð ekki hafa teljandi áhrif á þingstörfin.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að þessar hugmyndir mínar kunni að falla í grýttan jarðveg þingmanna. Þingmönnum finnst sjálfsagt að það komi úr hörðustu átt að einn úr þeirra röðum leggi til fækkun þingmanna, hvað þá nýr þingmaður eins og sú sem hér stendur. Eigi að síður segi ég það hér að það á að skoða gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að fækka þingmönnum.

Herra forseti. Breytingar á stjórnarskránni eru ávallt vandmeðfarið mál. Flm. þessa frv. gerir ekki ráð fyrir því að þær breytingar sem hér eru lagðar til verði samþykktar á þessu þingi. Það er samt löngu kominn tími til að þetta mál sé rætt af alvöru af þingmönnum sjálfum.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og fer þess á leit að kjörin verði sérnefnd samkvæmt 32. gr. þingskapa til að fjalla um málið.

[17:34]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um mjög athyglisvert mál að ræða og það vekur einnig athygli hvað þingmenn þyrptust í burtu þegar að þessu máli kom. Vonandi er það ekki til marks um áhugaleysi heldur kannski frekar því að kenna hvað orðið er áliðið dags. Við hljótum að sakna fulltrúa stjórnarflokkanna hér inni. Þó að hér séu vissulega fjórir þingmenn frá stjórnarflokkunum þá eru þeir allir varaþingmenn og ég veit ekki hvort þeir eru tilbúnir til að koma upp og lýsa afstöðu sinna flokka til málsins, en það hlýtur að vera mjög forvitnilegt að vita hver þeirra afstaða er því að hér er einn stjórnarþingmanna að flytja þetta mál.

Ég kem hingað upp til þess að taka undir efni frv. Það mætti kannski orða frvgr. svolítið öðruvísi en það er náttúrlega verkefni viðkomandi nefndar að fjalla um það. Ég vona sannarlega að hún gefi sér tíma til þess að fjalla vandlega um þetta mál og noti þetta tilefni til þess að taka góða umræðu um þetta atriði og önnur sem varða þrískiptingu valdsins því að það er löngu tímabært og ég þakka hv. 1. flm. fyrir að flytja það. Kvennalistakonur hefðu raunar átt að vera búnar að flytja slíkt frv. fyrir löngu því að þetta atriði hefur verið í okkar stefnuskrá árum saman, en það er svo með forgangsröðun verkefna að það verður ekki öllu komið við.

Það er eðlileg niðurstaða sem kemur fram í niðurlagi greinargerðarinnar með frv. þar sem flm. frv. segist ekki gera ráð fyrir að þær breytingar sem hér eru lagðar til verði samþykktar á þessu þingi, enda vitum við að þá þyrfti að rjúfa þing. En íslenska stjórnkerfið skiptist í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald eins og hér kemur fram. Markmiðið með þessari skiptingu er náttúrlega að treysta lýðræðið og sjá til þess að ákveðnir hópar nái ekki forréttindaaðstöðu og tryggja að hér sé réttarríki sem byggt er á virðingu fyrir lögum. Ég er mjög sammála því sem kemur fram í greinargerðinni að núverandi fyrirkomulag er ekki nógu gott. Það styður ekki og tryggir ekki nógu vel þá þrígreiningu valdsins sem kveðið er á um og við viljum hafa. Valdsviðum er blandað saman á mjög óheppilegan máta. Þeir sem með framkvæmdarvaldið fara hafa t.d. atkvæðisrétt í þinginu eins og við vitum og þeir sem með löggjafarvaldið fara eru iðulega á kafi í úthlutun fjármagns og í stjórnun fjármálastofnana, sem þingið á að hafa eftirlit með, þó að það hafi eitthvað minnkað í seinni tíð. Völd ráðherra og ráðuneyta eru of mikil og virðast raunar fara vaxandi á kostnað hinna kjörnu fulltrúa almennings sem hafa þó sjálfir í rauninni afsalað sér valdi. Þannig hefur t.d. Alþingi heimilað ráðherrum í vaxandi mæli að setja reglugerðir um efni sem í raun réttri ætti að kveða á um í lögum.

Við þekkjum það að ríkisstjórnir taka sér löggjafarvald í formi bráðabirgðalaga sem þeim er að sjálfsögðu heimilt samkvæmt stjórnarskránni en ætti að vera óþarft því að nú er ekkert því til fyrirstöðu að kalla Alþingi til starfa með stuttum fyrirvara. Hvort tveggja vegur að rótum þess lýðræðiskerfis sem við viljum hafa. Ég minni á það að kvennalistakonur hafa ítrekað lagt fram frv. um afnám heimildar til bráðabirgðalaga sem við teljum algerlega óþarft að hafa enda hafi það verið notað ansi frjálslega.

Í því frv. sem hér er til umræðu er hins vegar aðeins lagt til að ráðherrar sitji ekki á Alþingi og samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðinni og eins og hv. flm. gat um áðan er reiknað með því að varamenn taki sæti þeirra á Alþingi og þessu er ég sammála. En eins og ég sagði í upphafi máls tel ég nauðsynlegt að umorða frvgr. og láta það m.a. koma fram að varamenn komi í stað þingmanna sem gerast ráðherrar. Hins vegar er ég ekki þeirrar skoðunar að stefna beri að fækkun þingmanna sem flm. gerði nokkuð að umtalsefni og ber þar tvennt til.

Annars vegar held ég að við getum verið sammála um það að verkefni þingmanna séu ærin og hafi raunar aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst með sífauknu samstarfi þingmanna á alþjóðavettvangi þannig að fækkun þingmanna mundi þá væntanlega aðeins þýða verulega aukið álag og hugsanlega verri vinnubrögð. Það er ekki eins og reyndar hv. flm. gat um áðan sanngjarnt að fara algerlega eftir höfðatölu þjóðarinnar. Verkefnin eru í sjálfu sér ekkert færri þó að um fólksfærri þjóð sé að ræða en hjá þeim þjóðum sem flm. gat um áðan.

Hins vegar er svo sú ástæða sem vegur enn þá þyngra í mínum huga. Það er að fækkun þingmanna mundi hafa áhrif til hins verra á möguleika kvenna til þess að fá sæti á Alþingi. Það er svo augljóst að ég held að ég þurfi ekkert að skýra það frekar. En meðan jafnrétti er ekki meira en það er í raun og meðan svo margt er ógert til þess að rétta hlut kvenna og

bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu þá væri að mínum dómi afleitt að þrengja möguleika þeirra til þess að hafa bein áhrif á Alþingi Íslendinga.

Við kvennalistakonur styðjum efnislega það sem fram kemur í frv. sjálfu, þ.e. að ráðherrar gegni ekki þingmennsku jafnhliða ráðherradómi, og teljum það til þess fallið að greina betur á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og styrkja þar með lýðræðið.

[17:42]

Viktor B. Kjartansson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að umræða um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sé komin til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég held að það sé orðið löngu tímabært að sú umræða fari fram og tel mjög nauðsynlegt að einhver skref verði stigin í þá átt að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald.

Hv. 12. þm. Reykn., Kristín Halldórsdóttir, óskaði eftir afstöðu stjórnarflokkanna. Ég get því miður ekki lýst henni, ég get einungis lýst minni afstöðu og tel að í þessu frv. sé komin fram hugmynd sem gæti vissulega verið skref í rétta átt þó að ég telji að það væri jafnvel ástæða til þess að stíga enn lengra, sem ég vil útskýra á eftir.

En af hverju á að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald? Ég held að að það sé nokkuð augljóst. Þeir sem sitja á hinu háa Alþingi eru að samþykkja lög og sömu aðilar sem á Alþingi sitja og gegna ráðherradómi þurfa síðan að framfylgja sömu lögum og þeir hafa samþykkt. Þetta kemur mjög bersýnilega fram t.d. í fjárlagaumræðu þar sem verið er að samþykkja fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og sömu aðilar og samþykkja þessar fjárveitingar lenda síðan í því að fylgja eftir framkvæmdinni og eyða því sama fé. Þetta held ég að menn sjái að getur haft alls kyns vandkvæði í för með sér og bjóði upp á hættur sem ég tel að sé ástæða til að forðast.

Í þessu frv. er einnig rætt um fækkun þingmanna og ég tek heils hugar undir það að ástæða sé til að fækka þingmönnum, þó ekki í sama hlutfalli og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gerði að umtalsefni áðan, í hlutfalli við Norðurlöndin t.d. Ég held að ákveðinn lágmarksfjöldi þurfi að vera til staðar til þess að þingið geti starfað. En samt sem áður held ég að um leið og við fækkum þingmönnum sé ástæða til þess að nota tækifærið og jafna atkvæðisréttinn. Þetta held ég að séu tvö atriði sem verði að haldast í hendur og er undirrótin að mörgum þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir í dag. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, fækkun þingmanna og jöfnun atkvæðisréttar, allt eru þetta atriði sem verða að haldast í hendur.

Sú tillaga sem hv. flm. ber fram varðandi þá framkvæmd sem lýst er í frv. hefur, að mínu mati, ákveðin vandkvæði í för með sér. Þegar ráðherra hefur verið kjörinn á þing og þarf síðan að kalla inn varamann, getur það haft mjög óþægilegar afleiðingar í för með sér. Varaþingmaður er t.d. kallaður inn og gerir ráðstafanir til þess að sitja á þingi, hugsanlega í tvö ár eða fjögur ár. Síðan verða breytingar á stjórninni, flokkurinn ákveður að skipta um ráðherra eða gera einhverjar breytingar á sínu ráðherraliði. Þá dettur viðkomandi varamaður út og ráðherrann tekur aftur sæti á Alþingi. Ég held að menn lendi í ákveðnum vandræðum og vafa með það hver staða þeirra verður, þeir vita í rauninni ekki hversu lengi þeir munu sitja.

Þetta er einnig spurning um setu á þingflokksfundum. Eiga ráðherrar að sitja á þingflokksfundum, eiga þeir að hafa þar atkvæðisrétt eða eingöngu málfrelsi og tillögurétt? Eiga ráðherrar að fara með sínum þingmannahópi í ferðir um kjördæmin? En það tíðkast nú mjög að þingmenn heimsækja sín kjördæmi. Eiga þeir að vera í þeim hópi eða sitja á skrifstofum sínum í Reykjavík á meðan aðrir þingmenn fara á meðal kjósenda? Það eru alls kyns svona atriði sem gætu orðið til vandræða og þess vegna tel ég ástæðu til þess að stíga skrefið enn lengra og kjósa framkvæmdarvaldið sérstaklega. Þar er um tvær leiðir að ræða. Annars vegar eins og gert er t.d. í Frakklandi, þar er forsrh. kosinn sérstaklega og hann velur ráðherra í ríkisstjórn sína. Síðan eiga sér stað samningar á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Eða eins og gert er í Bandaríkjunum, þar sem forseti er kosinn sérstaklega. Þar sem forsetakosningar standa fyrir dyrum á Íslandi finnst mér ekki óeðlilegt að rætt verði um hvort ástæða sé til þess að breyta vægi forsetaembættisins, auka vægi forsetans og gera hann að lykilmanni í stjórnkerfi landsins. Mér finnst full ástæða til þess að skoða það og tel að með því að hafa þann háttinn á að kjósa framkvæmdarvaldið sérstaklega og löggjafarvaldið sérstaklega séu skilin algerlega skýr og þá fari fram öðruvísi samningar heldur en eiga sér stað á hinu háa Alþingi í dag.

[17:48]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. sem hér er borið fram. Þetta er eins og að hitta ættingja sem maður hefur ekki séð lengi því að þessi hugmynd hefur verið áður til umræðu í Alþingi, og reyndar innan margra stjórnmálaflokka. Ég minnist þess að þetta var eitt af þeim málum sem voru á stefnuskrá Bandalags jafnaðarmanna á sínum tíma og flutt var í þingsölum. Þetta hefur líka verið rætt í öðrum flokkum.

Grunnhugmyndin, sem kom skýrt fram í framsögu flm., er aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þetta er mjög brýnt efni hérlendis vegna þess að það eru fá lönd þar sem þessum tveimur valdþáttum er blandað jafnmikið saman og er hér. Það er til lausn á þessu. Ég minntist á Bandalag jafnaðarmanna, en nú eru nú 12 ár síðan það fór um héruð með stefnu um beina kosningu framkvæmdarvalds. Þar var annar ættingi sem ég hitti fyrir, þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm., Viktors Kjartanssonar, varðandi beina kosningu á framkvæmdarvaldi.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta væri fyrirkomulag sem hentaði okkur Íslendingum mjög vel. Við höfum fordæmi, þó með ólíkum hætti sé, í Bandaríkjunum og Frakklandi. Þar er framkvæmdarvald kosið beinni kosningu, þótt það sé með nokkuð ólíkum hætti. Þetta hentar okkur vegna þess að í reynd er Alþingi framkvæmdarvaldsþing. Alþingi er ekki mjög mikið löggjafarþing, þó svo að hér séu afgreidd lög. Flestir hv. þingmenn sem hér eru sækja eftir að komast á Alþingi, ekki til að setja lög eða leikreglur í þessu þjóðfélagi, heldur til að hafa áhrif á framkvæmdarvaldið. Þeir gera það með ýmsum hætti. Sumir verða ráðherrar, aðrir komast í margvíslegar stöður á vegum framkvæmdarvaldsins og flestir þingmenn reyna að ota sínum tota fyrir hönd sinna kjördæma, í langflestum tilvikum hvað framkvæmdarvaldið varðar, en hugsa mun minna um um að setja leikreglur eða hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, sem er eitt aðalhlutverk löggjafarvalds. Það er lítið um það hérlendis.

Við vitum að þingnefndirnar eru ekki sérstaklega virkar. Afgreiðsla í nefndarstörfum er oft mjög sjálfvirk. Það yrði vafalítið til bóta ef ráðherra gæfi reglubundið skýrslur í þingnefndum og nefndum gæfist betra ráðrúm að vinna

sjálfstætt að málum, m.a. eftirlitsþættinum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að styrkja löggjafarvaldið á kostnað framkvæmdarvaldsins, þ.e. að ráðherrar verði ótvírætt fulltrúar framkvæmdarvaldsins en ekki löggjafans og það styð ég.

Hér var nefnt áðan varðandi beina kosningu framkvæmdarvalds hvort við ættum að nota tilefnið núna, vegna forsetakosninganna, til að hugleiða það mál. Ég tel sjálfsagt að velta því upp því að eitt af því sem mér finnst dálítið merkilegt við íslensku stjórnarskrána er að forseti Íslands hefur mjög mikið vald sem framkvæmdarvaldsaðili. Hins vegar hefur sú hefð myndast í tíð fjögurra forseta að hann beitir ekki þessu stjórnarskrárvaldi sínu til afskipta í framkvæmdarvaldinu eins og hann gæti gert. Það fer eftir forsetum hverju sinni. Hins vegar hefur skapast ákveðin sátt um framkvæmd forsetaembættisins, það á að vera óvirkur aðili varðandi framkvæmdarvaldið, og það virðist ríkja nokkuð mikil sátt um það fyrirkomulag að forsetinn sé kjörinn þjóðhöfðingi. Menn gætu farið þá leið að kjósa forsrh. í beinni kosningu eins og tillögur voru um á sínum tíma, það er hægt að útfæra það á ýmsan hátt. Ég held að þetta frv. gefi einmitt tilefni til að huga að störfum á Alþingi. Það er dálítið merkilegt að þegar þing var kosið í apríl komu inn nokkuð margir nýir þingmenn. Sömuleiðis í kosningum þar á undan. Þeir rifja það stundum upp, eldri þingmenn í þinginu, að það eru ekki margir eftir af þeim sem sátu hér á þingi fyrir u.þ.b. 8 eða 10 árum. Langflestir eru nýkjörnir, eða hafa setið á þingi í eitt kjörtímabil. Samt hefur sáralítið breyst í starfsháttum þingsins. Það er eins og nýju þingmennirnir, ég og allir hinir, föllum einhvern veginn inn í það gamla kerfi sem er hér fyrir. (**Gripið fram í:** Varst þú ekki á þingi 1978?) Jú, jú, ég var á þingi 1978–1979 svo að ég hef kannski vissan samanburð fram yfir marga aðra. Og í reyndinni hefur ekki mjög mikið breyst í starfseminni, þó svo að það séu varla nema fjórir til fimm þingmenn sem nú sitja sem sátu á þeim tíma.

Það er eitthvað að hjá okkur nýju þingmönnunum, nema við séum mjög ánægðir með núverandi fyrirkomulag. Það má vera, en ég er það ekki. Ég vona að við ætlum ekki að láta þessa umgjörð um þingstörfin, sem að mörgu leyti er gamaldags, móta hug okkar allan, en þessi umræða sem hér á sér stað er einmitt talandi dæmi um hana. Klukkan er að verða sex, hér sitja örfáir þingmenn í salnum og við erum að ræða um frv. til breytinga á stjórnarskrá Íslands. (**Gripið fram í:** Allir nýir nema tveir.) Allir nýir nema tveir. Einmitt. Hér kemur þingmaður fram með breytingu á æðstu löggjöf okkar, fyrsta frv. þess efnis hér í þingsölum í vetur. Hér ætti hvert sæti að vera skipað og menn ættu að skiptast á skoðunum um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. En flestir fóru út, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vakti réttilega athygli á áðan. Ég held að þetta sé tilefni til endurmats. Við þurfum náttúrlega að hugsa út frá því að við erum löggjafarvaldið, við þurfum að hugsa fyrir því að tryggja bæði fjárhagslegt sjálfstæði þingsins og aðstöðu þingheims. Þetta hefur breyst nokkuð til batnaðar, en það er ýmislegt sem betur má gera.

Auðvitað getum við tekið umræðuna í víðara samhengi eins og hér hefur verið rætt um. Ég vil benda á hugmyndir okkar í Þjóðvaka. Við viljum fækka þingmönnum. Við nefndum meira að segja tölu fyrir síðustu kosningar. Þetta var þó ekki neitt kosningamál. Við vildum fækka þingmönnum niður í 50 samhliða því að það yrði stokkað upp í kjördæmamálunum og atkvæðisréttur jafnaður frekar. Við lögðum til að það yrði sérstakt stjórnlagaþing sett á laggirnar til þess að setja Íslandi stjórnarskrá þar sem m.a. yrði tekið á þessum valdþáttum og skipulagi þeirra. Sú hugmynd fékk ekki hljómgrunn, en í sjálfu sér er uppstokkun á þessum þáttum nauðsynleg.

Við höfum sömuleiðis ásamt mörgum öðrum lagt áherslu á að þingmenn eiga að vera þingmenn löggjafarvaldsins og eiga ekki að hafa afskipti af framkvæmdarvaldinu. Ég tel því að þetta frv. sé mjög gott tilefni til að standa að breytingum á samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Í frv. er tekið á afmörkuðum þætti. Það er hægt að taka til fleiri, en ég held að fyrsta skrefið í þessu sé að við ræðum þetta. Jafnvel þótt við náum kannski ekki mjög fjölmennri umræðu um þetta í þingsölum, hvet ég þá þingmenn sem hér eru að taka það til umfjöllunar með formlegum hætti í sínum þingflokkum, hvort það sé ekki kominn tími til að við þingmenn förum að velta þessum hlutum fyrir okkur á alvarlegan hátt. Það er nú einu sinni vinnan okkar að sitja á hinu háa Alþingi og við eigum að sjá til þess að henni sé sinnt á sem allra bestan hátt.

[17:57]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til þess að lengja þennan vinnudag miklu meira og e.t.v. ekki mikil ástæða til þess fyrir varaþingmann sem situr kannski inni skamma stund að flytja langa tölu um þetta mál. Ekki get ég lýst yfir neinni afstöðu þingflokks Sjálfstfl., þar sem þetta mál hefur ekki verið tekið þar fyrir. En ég held að það sé full ástæða til þess að taka undir með þeim sem hafa talað hér á undan með því að fagna framkomu þessa frv. og þakka flm. fyrir að hafa komið því í verk að flytja þetta inn á þing. Þótt það sé gamall ættingi hv. þm. Ágústs Einarssonar, þá er þetta mál sem hefur verið mikið í umræðunni á undanförnum árum, en hefur hins vegar ekki borist mikið inn á þingið.

Ég vildi aðeins lýsa því fyrir mína parta að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við þyrftum að gera álíka breytingar og Norðmenn gerðu, ekki veit ég hvað það er langt síðan, á sinni stjórnarskrá þar sem þeir leystu ráðherrana undan þingstörfum, m.a. einmitt til þess að skerpa skilin á milli þings og framkvæmdarvalds. Það er rétt sem ræðumenn hafa sagt á undan að okkar stjórnskipulag hefur verið of mikil blanda af framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu og þingmenn hafa sóst eftir að komast inn í framkvæmdarvaldið með einhverjum hætti, ýmist sem ráðherrar eða í ýmiss konar nefndir yfir framkvæmdarvaldsstofnunum. Það hlýtur að vera stjórnarfari okkar hollara að þingið sé sjálfstætt og óháð framkvæmdarvaldinu og að framkvæmdarvaldið vaði ekki inn á verksvið þingsins á skítugum skónum eins og við höfum allt of mörg dæmi um og kannski sást vel í því frv. sem við vorum að afgreiða áðan um olíugjald þar sem framkvæmdarvaldið kom inn með ákveðinn málflutning á þinginu sl. vetur, ef ég man rétt, en síðan sýndi sig að sú vinna sem þar hafði verið unnin var öll unnin fyrir aftan bak og þurfti að endurtaka hana alla í vetur og fresta framkvæmd málsins enn um tvö ár.

Ég hef stundum sagt það sem mína skoðun að það er í orði kveðnu svo að við eigum að hafa hér þingbundna stjórn. Ég held að þessu hafi að mörgu leyti verið snúið við á undanförnum árum og við höfum stjórnbundið þing, þ.e. ríkisstjórnin kemur með sín mál og við afgreiðum þau hér meira eða minna sjálfkrafa, stundum án þess að hafa raunverulega aðstæður til þess að rýna vel ofan í þessi mál og enn síður að skipta okkur af framkvæmd þeirra.

Það hefur líka verið allt of mikið um það að þingið gangi frá losaralegri löggjöf þar sem ráðherra er heimilað að ákveða eitthvað með reglugerð og allt of lítið um það að þingið hafi umsjón með því hvort reglugerðirnar eru í samræmi við lög. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir á undaförnum árum að ráðherra hefur sett reglugerðir sem svo nokkrum árum síðar hafa komið til kasta dómstóla og dómstólar orðið að burtkasta þeim vegna þess að þau standast ekki lögin sem þau eiga að vera byggð á. Það er kominn tími til þess að þingið reyni að koma einhverju formi á það eftirlitshlutverk sitt að framkvæmdarvaldið vaði ekki uppi með þeim hætti líka.

Ég vil ekki lengja mál mitt. Ég vil bara lýsa því yfir að það má kannski sitthvað eitthvað betur fara í orðalagi frv. eða framkvæmd þess en aðalatriðið tel ég að það er komið fram og ég held að athygli þingmanna ætti ekki að einskorðast við okkur varaþingmenn, nýþingmenn og tvo öldunga, ef svo má að orði komast, heldur væri vonandi að þingið tæki sér tak og a.m.k. ræddi þessi mál. En það sýnir kannski það að menn eru einmitt með aðra drauma en þá að auka veg þingsins að þeir hafa einmitt hugann bundinn við störfin sem bíða þeirra á vegum framkvæmdarvaldsins í bland við löggjafarstörfin.

[18:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram athyglisverðar umræður um þetta ágæta þingmál. Það sem mér finnst standa upp úr í máli allra ræðumanna er sá vilji þeirra að efla þingið sem löggjafarstofnun. Mér heyrist sá samhljómur í ræðum þeirra sem hér hafa tekið til máls að það þurfi að styrkja stöðu þingsins, auka veg þess og það þurfi að reisa skorður við stöðu framkvæmdarvaldsins. Ég er nokkuð sammála þessum viðhorfum og vil taka undir þau. Ég tel, og reynsla mín hefur staðfest þá skoðun enn frekar, að löggjafarþingið sé of veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu í tvennum skilningi, þ.e. embættismönnunum í framkvæmdarvaldinu sem yfirleitt semja frumvarp og móta framgang þeirra og oft efni líka og hins vegar gagnvart yfirmönnum framkvæmdarvaldsins, þ.e. ráðherrunum.

Hvort leiðin til þess að breyta þessu til betri vegar í þeim skilningi sem við leggjum í betri veg er endilega sú að gera ráðherrum það að starfa utan þings er ég ekki alveg viss um. Ég er nokkuð hallur undir þá skoðun en ég get ekki sagt að ég hafi neina endanlega sannfæringu fyrir því að það atriði eitt og sér muni vera sú búfa sem velti hlassinu í þá áttina sem við viljum að það fari. Það er hins vegar að mínu viti hugmynd flm. eins og ég skil hana að tillagan dugi til þess.

Það er margt sem þarf að gera samhliða og ekki endilega eitt einstakt atriði öðrum fremur sem ræður úrslitum í þessu efni. Ég held að við þurfum að skoða nokkur atriði og gera breytingar í tiltekna þátt í þeim atriðum og þau muni síðan samanlagt hafa þau áhrif sem við æskjum. Ég mun reyna að færa nokkur atriði inn í umræðuna og nefna þessi atriði:

Í fyrsta lagi þurfum við að afnema heimild framkvæmdarvaldsins til að setja lög, þ.e. afnema ákvæði um bráðabirgðalöggjafarvaldið. Það er engin ástæða til þess í nútímaþjóðfélagi að hafa ákvæði til að setja bráðabirgðalög. Þegar stjórnarskránni var breytt í kringum kosningarnar 1991 þá var rétturinn til að gefa út bráðabirgðalög þrengdur og þá var mælt fyrir málinu á þann veg að bráðabirgðalög væru því aðeins gefin út að upp kæmu alvarlegir atburðir sem hindruðu það að þing gæti komið saman, svo sem náttúruhamfarir, styrjaldir og slíkt. Þá gæti verið nauðsynlegt að einhver aðili gæti kallað til sín valdið til að setja lög við þær aðstæður. Hins vegar þekkjum við hvernig reynslan hefur verið síðustu fjögur ár. Menn hafa í reynd tekið upp aðra túlkun á þessu ákvæði og það hafa verið gefin út bráðabirgðalög, t.d. að ógilda úrskurð Kjaradóms, svo ég nefni dæmi frá 1992, sem var fullkomlega ástæðulaust því að þingið var að störfum, þingið er alltaf að störfum núna og það var ekki nema dagsverk að kalla saman þingið. Ef það er mat þeirra sem fara með framkvæmdarvaldið að það þurfi með skjótum hætti að setja lög á einum degi, tveimur eða þremur þá er ekkert í veginum fyrir því að kalla saman þingið. Sú ákvörðun að leysa það mál með bráðabirgðalögum var þannig til komin að það var verið að leysa pólitískt vandamál með því að notfæra sér þetta ákvæði í stjórnarskránni af því að menn voru ekki vissir um það að hafa meiri hluta fyrir ákvörðuninni á þingi. Þá fóru menn leið sem gjarnan hefur verið farin áður, og ég vil nefna sem atriði númer tvö, að framkvæmdarvaldið framkvæmir fyrst, lætur þingið standa frammi fyrir gerðum hlut og kemur þá með málið til þingsins og það á engan annan kost en að hleypa málinu í gegn.

Um það eru líka nokkuð mörg dæmi á síðustu árum önnur en þetta sem ég nefndi með bráðabirgðalög um Kjaradóm. Ég get nefnt dæmi um fjárveitingar þar sem ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um fjárveitingar eða framkvæmdir. Þær hafa meira eða minna verið búnar þegar þingið fær málið til sín. Þetta er alveg ótækt. Hér eru þingmenn lon og don, sérstaklega í fjárln. að togast á um fjárhæðir og stundum lágar fjárhæðir, hvort það eigi að veita fé til hinna og þessara hluta og svo geta menn með ríkisstjórnarsamþykkt eytt stórum peningum.

Mér er eitt dæmi sérlega minnisstætt sem kom fram í fjáraukalögum fyrir árið 1994. Þá sótti ríkisstjórnin um heimild til þess að verja 300 millj. kr. til utanrrn. sem var til þess að kaupa húsnæði og gera við það. Þetta var meira og minna allt um garð gengið þegar Alþingi fékk málið í hendurnar og var spurt hvort það vildi verja peningunum í þennan hlut. Þetta þurfum við að leitast við að koma í veg fyrir. Við styrkjum tök þingsins á ríkisfjármálunum ef við getum komið því þannig fyrir að ríkisstjórnin verði að fá fyrst heimild áður en peningunum er ráðstafað. Ég held að þetta yrði veruleg breyting og mundi hafa miklu meiri áhrif en virðist við fyrstu sýn.

Þá vil ég nefna í þriðja lagi reglugerðir. Í lögum er oftast nær gengið þannig frá að ráðherra er falið að framkvæma lögin og er heimilt að gefa út reglugerðir. Mér hefur fundist að þessi heimild löggjafarþingsins til framkvæmdarvaldsins til þess að framkvæma lögin og túlka þau hafi yfirleitt verið of rúm. Að mínu viti þarf að þrengja þetta þannig að reglugerðarheimild sé alltaf bundin við tiltekin atriði í lögunum. Oftastnær er þetta leyst í dag þannig að næstsíðasta grein laganna er þannig: Ráðherra hefur heimild til að setja reglugerð.

Í lögunum geta verið mörg efnisatriði og ráðherrann túlkar það bara sjálfur hversu langt reglugerðarheimildin nær. Ég hef verið fylgjandi því að menn skrifuðu það í lagatextann ef löggjafinn ákveður að tiltekið efnisatriði þurfi nánari skýringa við og ekki sé ástæða til að setja það í lagatextann sjálfan, þá eigi að segja að ráðherra sé heimilt að útfæra þetta með reglugerð, en það er þó tiltekið atriði í tilteknum greinum en ekki almenn heimild sem ráðherrann getur nýtt sér til þess að búa til eitthvað sem engum hafði dottið í hug.

Ég vil nefna dæmi um reglugerðarheimild sem var notuð svona og ég vil segja misnotuð:

Það var sett bráðabirgðaákvæði í sveitarstjórnarlög 1993 og það endaði þannig að ráðherra hefði heimild til að gefa út reglugerð. Síðan gerist það að fram fara þessar kosningar sem þið þekkið öll og á einum staðnum sem mörgum var tillagan felld. Fjögur sveitarfélög af fimm segja já, eitt segir nei. Hvað gerist þá? Þá kemur ráðherra og setur reglugerð, reglugerð um að heimilt sé að endurtaka atkvæðagreiðsluna þar sem var fellt, ekki þar sem var samþykkt. Það var hvergi minnst á þetta við lagasetninguna að löggjafinn var að gefa ráðherranum heimild til að knýja fram frekari atkvæðagreiðslu um sama efni þar sem menn höfðu einu sinni sagt nei. Fullkomlega óeðlilegt. Og það má nefna fleiri dæmi þó að ég muni þetta sérstaklega af því einfaldlega að ég hafði það verk að vera í félmn. á síðasta kjörtímabili. Það eru fleiri ráðherrar sem eru undir sök seldir í þessu efni.

Síðan held ég að þingið þurfi í æ ríkari mæli að ákveða sjálft að vinna tiltekna vinnu. Það er í of ríkum mæli sem þingmenn eru að leggja fram mál sem byggjast á því að fela viðkomandi ráðherra að gera þetta og gera hitt. Ég vil meina að þingið ætti að segja að þingið ákveði að þetta skuli gert og setji sjálft upp mannskap í það og byggi það á sínum mönnum og sínu fólki en ekki að fela framkvæmdarvaldinu sýknt og heilagt að vinna öll verk. Ég held að allt þetta styrki okkar stöðu og ég held að þingið þurfi í raun og veru að fá meira sjálfsálit. Mér hefur oft og tíðum fundist eins og þingmenn vanmætu sjálfa sig og væru fullir vanmáttarkenndar gagnvart ráðherrum og forustumönnum flokkanna og varla að menn þori að snúa sér við nema þeir séu búnir að fá grænt ljós og að það sé í lagi og dugir stundum ekki alltaf til.

Ég tel að þingið geti gert meira sjálft án þess endilega að vera að sækja heimild til ráðherranna að það megi gera það eða fela þeim að gera það, færa sem sagt undirbúning mála meira til Alþingis sjálfs.

Hér hef ég nefnt nokkur atriði sem ég held að skipti öll verulegu máli í að þróa þessa þrígreiningu valdsins og stöðu þingsins í þá átt sem mér heyrist að þingmenn séu almennt sammála um að við viljum gera. Ég skal ekki útiloka að sú tillaga sem hér er lögð fram geti átt rétt á sér, en ég vil ekki endilega kveða upp úr með afstöðu til hennar að öðru leyti en því að hún ein og sér breytir ekki öllu eins og við viljum. Hún gæti haft veruleg áhrif. Það er augljóst mál, held ég.

Hér hafa menn nefnt önnur atriði sem væri vert að skoða eins og að kjósa beint til framkvæmdarvaldsins. Vissulega finnst mér full ástæða til þess að skoða það í fullri alvöru, en verð að viðurkenna að ég hef minna athuguð það mál og get því ekki tjáð mig um það að neinu marki.

[18:16]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunum, en vil aðeins fara yfir þau svör sem hafa komið fram og spurningar.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir tók það fram að hún vildi ekki fækka þingmönnum og taldi þar upp m.a. að það mundi minnka möguleika kvenna á að komast á þing. Ég tel að aðalatriðið sem heftir það að konur komist inn á þing sé kosningalöggjöfin. Það er ekki hversu margir eru á þinginu. Ég tel ekki vera neitt samhengi þar á milli. Það sýnir sig að eftir því sem listar eru lengri, þeim mun fleiri konur komast að. Við sjáum það bara í Reykjavík og Reykjanesi að þar komast flestar konurnar að.

Það er oft rætt um viðhorfsbreytingu og það þurfi mikla viðhorfsbreytingu til þess að konur komist að. Jú, viðhorfsbreyting á rétt á sér og er auðvitað æskileg, en það er orðin alveg nægjanleg viðhorfsbreyting til þess að konur hópist inn á þing en vandræðin eru kosningalöggjöfin. Ef landið yrði eitt kjördæmi þá yrði hver listi sem þingflokkarnir mundu bera fram eins langur og hægt er og þá er alveg ljóst að ef Sjálfstfl. mundi stilla upp landslista, þá mundi hann aldrei dirfast að setja fjórar konur í efstu 25 sætin. Sjálfstfl. er með 25 þingmenn og þar af eru fjórar konur. Sjálfstfl. mundi aldrei dirfast að gera þetta. Að sama skapi mundi Framsfl. ekki dirfast að setja þrjár konur í efstu 15 sætin. Við erum bara þrjár þingkonur af 15. Alþb. mundi ekki dirfast að setja tvær konur í efstu níu sætin á landslista. Þessi viðhorfsbreyting er því komin fram. Kosningalöggjöfin er bara þannig að þessi viðhorfsbreyting getur ekki notið sín. Ég tel þess vegna ekki að fækkun þingmanna geti skaðað neitt sérstaklega að konur komist til valda. Ég held að það verði að skoða það að gera landið að einu kjördæmi fyrir utan það að þá mundi atkvæðavægið jafnast og allt það kjördæmapot sem við erum öll að upplifa hér inni dags daglega mundi hverfa eða minnka allverulega.

Hv. þm. Viktor B. Kjartansson hélt mjög skelegga og góða jómfrúrræðu og ég vil óska honum til hamingju með hana. Hann taldi rétt að fækka þingmönnum og jafna atkvæðisréttinn og ég er svo hjartanlega sammála honum í því. Hins vegar kom hv. þm. inn á að það að varamenn kæmu inn hugsanlega í tvö ár, fjögur ár, gæti skapað óvissu og mér fannst allt í einu eins og hv. þm. væri að boða einhverjar útafskiptingar ráðherra Sjálfstfl. sem væru hugsanlega í farvatninu, en væntanlega er það ekki svo. En það er alveg rétt að þetta gæti skapað einhverja óvissu en auðvitað er óvissan talsverð í dag. Varaþingmenn eru að detta inn á þing, vita oft alls ekki áður um hvaða leyti þeir koma inn þannig að óvissan er talsverð í dag.

Hv. þm. Viktor B. Kjartansson kom einnig inn á það að auka vald forsetans, gera hann valdameiri og það hefur talsvert verið rætt í þessum umræðu. Varðandi forsetann er eitt sem ég hefði viljað taka upp hér sem reyndar kemur frumvarpsflutningi mínum ekki beint við núna, en mig langar samt að koma inn á það hér. Það er mikil sérstaða sem forsetinn nýtur og það er að greiða ekki skatta af launum sínum. Mér fyndist einmitt tækifæri núna þegar við vitum að það munu verða forsetaskipti á Íslandi að breyta lögum þannig að forsetinn greiði skatta. Það væri hægt að koma því þannig fyrir að sú löggjöf tæki gildi 1. ágúst þegar nýr forseti tekur við. Að sjálfsögðu yrði þá að hækka kaupið á móts við það eða alla vega að forsetinn gerði sér grein fyrir því að skatturinn yrði tekinn. Nú er einmitt tækifærið þegar við stöndum frammi fyrir því að kjósa nýjan forseta.

Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan að þingið væri framkvæmdarvaldsþing og ég tek svo sannarlega undir það, við værum á nokkurs konar framkvæmdarvaldsþingi og minna löggjafarþingi. Ég er sammála því að menn virðast allt of upp teknir við að hafa áhrif á framkvæmdarvaldið á kostnað löggjafarstarfanna. Einnig kom hann inn á að starfshættir þingsins hafa sáralítið breyst þótt það sé mikil endurnýjun þingmanna, það sé eins og allir falli bara inn í eitthvert gamalt kerfi. Ég er sammála því. Ég upplifi t.d. þetta kjördæmapot. Það kemur mér mjög á óvart hvernig það birtist í þinginu.

Það eru ýmsar nýjungar sem ég sé að þingið notar sér ekki sem eru kannski minni háttar atriði í þessu sambandi,

en ég nefni sem dæmi að það er ekki notast við myndvarpa á nefndarfundum. Það hefur oft komið upp sú staða á nefndarfundum að það væri mjög til bóta að hafa myndvarpa til þess að geta sett mynd upp á vegg og ræða um ýmis atriði sem væri hægt að skýra betur út þannig.

Hv. þm. Kristinn Gunnarsson kom inn á ýmis atriði sem ég ætla ekki að hætta mér út í að ræða, en ég skildi það svo að hv. þm. vildi efla þingræðið og það er einmitt það sem tillaga mín gengur út á.

Hv. þm. Ólafur Hannibalsson tók einnig undir frv. og vil ég þakka honum það. Mér fannst mjög vel að orði komist og hefði ekki getað orðað það betur þegar hv. þm. Ólafur Hannibalsson sagði að við værum ekki með þingbundna stjórn heldur stjórnbundið þing. Það er varla hægt að orða þetta betur í styttra máli og einmitt vegna þess að ég hef það á tilfinningunni að það sé rangt að hafa það svona þá flyt ég þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:23.

---

38. FUNDUR

þriðjudaginn 21. nóv.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 146. mál, þskj. 173. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184. — 1. umr.
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 155. mál, þskj. 185. — 1. umr.
4. Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, stjtill., 157. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.
5. Stefnumótun í löggæslu, frv., 156. mál, þskj. 186. — 1. umr.
6. Sóttvarnalög, stjfrv., 160. mál, þskj. 194. — 1. umr.
7. Fjöleignarhús, stjfrv., 164. mál, þskj. 201. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, frv., 158. mál, þskj. 189. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, 167. mál, þáltill. DSigf o.fl., þskj. 209.

Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga, 168. mál, þáltill. DSigf o.fl., þskj. 210.

Sveitarstjórnarlög, 126. mál, þskj. 203.

Vegalög, 165. mál, frv. SvG, þskj. 202.

Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 166. mál, þáltill. GHall og KPál, þskj. 208.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. SF, 146. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

[15:08]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal lagafrv. sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni vísað til sérnefndar. Það er samþykkt án atkvgr. að vísa málinu til sérnefndar. Forseti á ekki von á að þingflokkar séu viðbúnir því að leggja fram lista á þessum fundi með nöfnum níu þingmanna sem taka sæti í sérnefndinni og frestar því kosningu hennar þar til síðar, en biður formenn þingflokka að taka málið til athugunar svo nefndarkosningin geti farið fram fljótlega.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Tæknifrjóvgun, 1. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184.

[15:09]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir um tæknifrjóvgun á sér nokkuð langan aðdraganda. Það á rætur að rekja í tveimur ályktunum Alþingis, annarri frá árinu 1986 og hinni frá árslokum 1989. Með fyrri ályktuninni var dómsmrh. falið að skipa nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði tryggð. Seinni ályktunin fól í sér að fyrir Alþingi skyldi leggja frv. til laga um tæknifrjóvgun, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingar þeirra sem hlut eiga að máli.

Sérstök tæknifrjóvgunarnefnd var skipuð árið 1986 af dómsmrh. í kjölfar samþykktar áðurnefndrar þingsályktunar. Hún kynnti sér og fylgdist með þróun mála varðandi tæknifrjóvgun í nágrannalöndunum og lagasetningu um þau efni. Síðan var ákveðið að vísa síðari þál. frá 1989, um samningu lagafrv. um tæknifrjóvgun, til umfjöllunar tæknifrjóvgunarnefndar. Í nefndina voru skipaðir Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmrn., sem var formaður nefndarinnar, Jón Hilmar Alfreðsson yfirlæknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, Ásta Kr. Ragnarsdóttir,

forstöðumaður námsráðgjafar Háskóla Íslands, tilnefnd af barnaverndarráði og hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Axelsson og Þórður S. Gunnarsson, tilnefndir af Lögmannafélagi Íslands. Í september 1992 tilnefndi heilbr.- og trn. að ósk dómsmrn. Dögg Pálsdóttur skrifstofustjóra í nefndina. Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn., var ritari nefndarinnar.

Tæknifrjóvgunarnefnd lauk störfum og skilaði áliti sínu til ráðherra fyrir réttu ári. Í ljósi þróunar mála bæði hér á landi og í helstu nágrannalöndum mælti nefndin með því að tæknifrjóvgun yrði með lögum viðurkennd sem meðferð við ófrjósemi. Nefndin taldi því rétt að lög yrðu sett um efnið og skýrar línur markaðar um ýmis atriði er það varðar, svo sem framkvæmdina sjálfa, skilyrði sem þeir sem fá heimild til meðferðar þurfa að uppfylla, réttarstöðu barna o.fl. Nefndin setti því fram tillögu að frv. til laga um tæknifrjóvgun ásamt ítarlegri greinargerð sem birt er í heild með frv. sem hér liggur fyrir. Nefndin kaus að taka ekki beina afstöðu til þess álitaefnis sem einkum er uppi við tæknifrjóvgun, þ.e. hvort heimila skuli gjöf kynfrumna og þá einkum eggfrumna. Nefndin samdi því tvær útgáfur að frv., aðra þar sem eggfrumugjöf var bönnuð og hina þar sem hún var leyfð. Frv. það sem hér liggur fyrir byggist á þeirri frumvarpsgerð tæknifrjóvgunarnefndar þar sem gert var ráð fyrir að eggfrumugjöf væri heimil.

Ég vík að einstökum efnisatriðum frv. en eðlilegt þykir að áskilja í lögum að tæknifrjóvgun verði eingöngu veitt á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Þeir sem vilja hefja starfsemi af þessu tagi verða þannig að fá til þess sérstakt leyfi auk almenns leyfis í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.

Í 3. gr. frv. eru sett ýmis skilyrði fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð og er það í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur eftir að meðferðin hófst hér á landi. Skilyrðin snúa að parinu sem óskar eftir meðferðinni og hafa þau það að markmiði að tryggja eftir því sem kostur er hagsmuni barnsins sem mun fæðast eftir getnað með tæknifrjóvgun.

Rétt þykir að setja í fyrsta lagi skilyrði um að eingöngu gagnkynhneigð pör eigi kost á þessari meðferð. Byggist það á því viðhorfi að barn eigi að eiga þess kost að alast upp bæði með móður og föður. Einhleypar konur og samkynhneigðar verða þannig útilokaðar frá tæknifrjóvgunarmeðferð og er það í samræmi við meginreglur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun. Þar er gert ráð fyrir að einungis gagnkynhneigð pör geti gengist undir meðferð.

Í öðru lagi þykir eðlilegt að setja skilyrði um aldur hvors aðila um sig. Gert er ráð fyrir að aldursmörkin verði ekki lögákveðin heldur verði kveðið á um það efni í reglugerð. Við þá ákvörðun þykir eðlilegt að taka mið af velferð barnsins á uppvaxtarárum. Má í því sambandi vísa til reglna sem þegar gilda um aldursskilyrði í tengslum við ættleiðingu. Ekki sýnist óeðlilegt að miða lágmarksaldur við 25 ár en hámarksaldur konu við 42 ár og karls við 50 ár að mati nefndarinnar. Hámarksaldur konu hlýtur einkum að taka mið af því að frjósemi kvenna minnkar verulega með aldrinum. Regla um hámarksaldur karlsins er ætlað að tryggja að barn njóti föður í uppvexti.

Í þriðja lagi þykir nauðsynlegt að tryggja að samband verðandi foreldra byggi á traustum grunni. Því þykir rétt að ákveða að hjúskapur eða sambúð parsins hafi staðið a.m.k. þrjú ár samfellt áður en meðferð hefst.

Í fjórða lagi þykir rétt að setja skilyrði um góða andlega og líkamlega heilsu og að félagslegar aðstæður séu með þeim hætti að ætla megi að barninu verði búin góð uppvaxtarskilyrði. Varðandi mat á þessu atriði er gert ráð fyrir að læknir styðjist við upplýsingar og mat annarra sérfræðinga auk þess sem leita megi umsagnar barnaverndaryfirvalda.

Loks er sett það skilyrði að parið samþykki meðferðina skriflega og við votta að fengnum upplýsingum um aðgerðina og þau læknisfræðilegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Í frv. er gert ráð fyrir sérstöku eyðublaði fyrir þetta samþykki.

Skilyrði fyrir meðferð sem sett eru fram í 3. gr. frv. eru hin sömu án tillits til þess hvort notaðar eru kynfrumur parsins eða gjafakynfrumur. Í 5. gr. frv. er nánar fjallað um skilyrði þess að nota megi gjafasæði við tæknisæðingu og skv. 6. gr. frv. skal meginreglan við glasafrjóvgun vera sú að kynfrumur parsins séu notaðar þó heimilt verði að nota gjafakynfrumur. Í ljósi þess að sæðisgjöf hefur verið leyfð í framkvæmd hér á landi um árabil þykir ekki unnt að herða reglur að því leyti. Eggfrumugjöf hefur á hinn bóginn hingað til verið bönnuð í starfsreglum þeim sem glasafrjóvgunardeild Landspítalans hefur starfað eftir. Helstu rök gegn eggfrumugjöf hafa verið þau að móðerni sem hingað til hefur verið talið öruggt verður ekki lengur þekkt. Jafnframt er þess að gæta að geymsla eggfrumna er enn tæknilega ógerleg og því verður að afla eggfrumna innan lands með tilheyrandi erfiðleikum, geymslu, nafnleynd og nafnleynd gjafa. Helstu rök með eggfrumugjöf hafa verið talin þau að sæðisgjöf hefur lengi verið heimil og ástæðulaust sé að mismuna pörum eftir því hvor aðilinn býr við skerta frjósemi úr því að eggfrumugjöf er gerleg í tæknilegu tilliti.

Þá er eggfrumugjöf meðferð sem nú þegar er unnt að sækja til útlanda þannig að verði ekki fallist á að lögfesta reglur um heimild til eggfrumugjafar verður pörum mismunað varðandi aðgang að meðferð. Frv. gerir á hinn bóginn ráð fyrir að gjöf fósturvísa sé óheimil sem þýðir að í öllum tilfellum verði að nota kynfrumur frá karlinum eða konunni. Af þessu leiðir að staðgöngumæðrun verður óheimil en rétt þykir þó að taka það skýrt fram í lagatextanum. Með staðgöngumæðrun er átt við tæknifrjóvgun framkvæmda á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Tillögur frv. um heimild til að nota gjafakynfrumur og þær takmarkanir sem þær eru settar eru í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið í Danmörku og Bretlandi um þetta efni. Þær eru á hinn bóginn nokkuð frjálsari en nýlegar reglur frá Noregi því að lög sett þar í landi 1994 banna eggfrumugjöf. Sams konar bann er að finna í sænskum lögum og þýskum. Mat á því hvort skilyrðum fyrir tæknifrjóvgun sé fullnægt er í höndum læknis sem ákveður jafnframt hvort gera skuli tæknifrjóvgun. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem hér hefur tíðkast frá því að tæknifrjóvgunarmeðferð hófst hér á landi. Gert er ráð fyrir að synjun læknis megi kæra til landlæknis sem sendir kæruna tafarlaust til sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti lögfræðingur, læknir og félagsráðgjafi og skal ákvörðun hennar vera endanleg. Læknir skal og velja viðeigandi gjafa sbr. 4. gr. frv. Við val skal læknir kosta kapps um að verða við óskum umsækjenda um að kynfrumugjafi sé í útliti sem líkastur foreldrinu svo sem að því er varðar líkamsbyggingu, hæð augna, háralit og blóðflokk.

Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir að kynfrumugjafa verði tryggð nafnleynd en þetta atriði hefur víða reynst viðkvæmt og umdeilt. Í flestum löndum eru reglur á þann veg að kynfrumugjafa er tryggð nafnleynd. Ekkert liggur fyrir um að það fyrirkomulag að viðhalda nafnleynd hafi gefist illa. Rétt er þó að geta þess að nefnd sem starfar samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á árinu 1989 hefur við athugun skýrslna frá nokkrum aðildarríkjum bent á hugsanlegan árekstur milli ákvæða laga um rétt sæðisgjafa til nafnleyndar og rétt barns samkvæmt sáttmálanum til að þekkja uppruna sinn. Svipað viðhorf kom fram í umsögn umboðsmanns barna við lagafrv. Nefndin hefur getið þessa álitaefnis í tengslum við fyrirtekt á skýrslum frá aðildarríkjum þar sem lagareglur gilda um nafnleynd sæðisgjafa án þess þó að hafa gert sérstakar ályktanir eða yfirlýsingar um þetta efni.

Í frv. eru reglur um geymslu kynfrumna og fósturvísa. Þar er gert ráð fyrir því að geymsla sé eingöngu heimil á heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að framkvæma tæknifrjóvgun. Gert er ráð fyrir því að geymsla kynfrumna verði heimil þegar tilgangurinn er eitt af þrennu: Síðari eigin notkun, gjöf í rannsóknarskyni eða gjöf vegna tæknifrjóvgunar. Sett eru skilyrði um skriflegt samþykki fyrir geymslunni að veittum upplýsingum um áhrif geymslunnar á kynfrumur. Geymsla fósturvísa verður einungis heimil í þeim tilgagi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði til eggfrumur eða eiginkonu eða sambýliskonu þess karlmanns sem lagði til sæðisfrumur. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi er bönnuð og er það í samræmi við bann 6. gr. um gjöf á fósturvísum. Með sama hætti og gagnvart geymslu kynfrumna er gert ráð fyrir skriflegu samþykki að veittum upplýsingum um áhrif geymslu á fósturvísa. Þá er mælt fyrir um það hvernig geymslutími kynfrumna og fósturvísa skuli ákveðinn og um eyðingu ónotaðra kynfruma eða fósturvísa þó hámarksgeymslutími sé ekki liðinn. Gert er ráð fyrir því að lengd geymslutíma verði ákveðinn með reglugerð í samræmi við bestu læknisfræðilegu þekkingu á hverjum tíma. Ónotuðum kynfrumum skal eytt ef sá sem lagði þær til andast nema tilgangurinn með geymslu hafi verið gjöf til notkunar við tæknifrjóvgun. Fósturvísum skal eytt þó hámarksgeymslutími sé ekki liðinn ef karlmaður sá og kona sem lögðu til kynfrumurnar slíta hjúskap eða sambúð eða annað þeirra andast.

Vandasöm siðferðileg álitaefni geta komið upp í tengslum við hvort og þá hvaða rannsóknir megi framkvæma á fósturvísum. Reynslan sýnir að ótæmandi möguleikar virðast uppi í þessu sambandi. Í frv. er byggt á þeirri grundvallarreglu að hvorki skuli heimilt að framkvæma rannsóknir eða tilraunir á fósturvísum né heldur neins konar aðgerðir á þeim. Frá meginreglunni þykir þó eðlilegt að gera undantekningu þannig að rannsóknir á fósturvísum séu heimilar ef þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð, ef þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi, ef þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta eða ef þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Nauðsynlegt þykir að leggja skýlaust bann við ræktun og framleiðslu fósturvísa í þeim tilgangi einum að gera á þeim rannsóknir, svo og ræktun fósturvísa lengur en 14 daga utan líkamans.

Þá þykir og rétt að banna að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og framkvæma innræktun. Í þessu sambandi er rétt að benda á að allar læknisfræðilegar rannsóknir á mönnum, mennskum vef og frumum eru háðar eftirliti og samþykki fleiri en eins aðila, yfirmanns stofnunar sem framkvæmir rannsókn, fjármagnandi aðila, siðanefndar spítala og ekki síst hlutaðeigandi einstaklinga. Er sjálfsagt og eðlilegt að þessar almennu reglur um rannsóknarleyfi í hverju einstöku tilviki gildi einnig um rannsóknir á fósturvísum.

Á hinn bóginn er ekki talin þörf á að settar verði sérstakar reglur um rannsóknir á kynfrumum. Um það gilda almennar reglur um læknisfræðilegar rannsóknir. Rétt þykir að setja sérstök refsiákvæði í frv., sbr. 14. gr. þess, og er þar einnig gert ráð fyrir að hlutdeild verði refsiverð.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir meginákvæðum frv. Ljóst er að framkvæmd þessara laga er fyrst og fremst á starfssviði heilbrrn. og ég tel því mjög mikilvægt að í umfjöllun þingsins fái hv. heilbrn. málið til umfjöllunar þó ég leggi til með hliðsjón af uppruna málsins að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:24]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir hefur verið lengi í smíðum og langur tími lagður í forvinnu í tengslum við það en eins og fram kemur í greinargerð og kom fram í framsögu ráðherra áðan var nefndin, sem smíðaði tillögurnar, skipuð 1986 upprunalega en skilaði tillögum sínum fyrir um það bil ári eða í nóvember 1994. Það er heldur ekki að undra að málið taki langan tíma í undirbúningi vegna þess að hér er um gífurlega mörg álitaefni að ræða, bæði siðfræðilegs og tæknilegs eðlis. Tillögurnar sem nefndin skilaði af sér voru reyndar valkvæðar þannig að nefndin gerði ráð fyrir tveimur möguleikum, annars vegar að heimiluð væri eggfrumugjöf og annarri er einungis mundi heimila sæðisfrumugjöf og það er tekið fram í áliti nefndarinnar að ýmis álitaefni séu uppi sem snúa að eggfrumugjöfinni umfram það sem snýr að sæðisfrumugjöf.

Ég tel jákvætt að sú leið sé farin að mismuna ekki pörum eftir því hvort þeirra á við ófrjósemi að stríða og ég hef ekki áttað mig enn þá á rökunum fyrir því að það sé meira álitaefni að gefa eggfrumur en sæðisfrumur þannig að ég tel það vera mjög jákvætt að þessi leið skuli hafa verið farin í frv.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara ofan í öll þau álitaefni og allar þær spurningar sem vakna í tengslum við lestur frv. en vil einungis fjalla um þann þátt sem snýr að nafnleynd sæðisfrumu- eða eggfrumugjafa sem felur það í sér að barn sem getið er með gjafafrumum á ekki rétt á upplýsingum um hið eiginlega kynforeldri sitt þegar það hefur aldur eða þroska til.

Í greinargerð með frv. segir að ekkert liggi fyrir um að nafnleynd hafi gefist illa þar sem hún hefur tíðkast en jafnframt segir að svo til engar kannanir liggi fyrir um börn sem getin eru á þennan hátt eftir að þau komast á legg. Það er tekið fram að foreldrar og börnin líka virðast leiða hjá sér þá miklu umræðu sem átt hefur sér stað víðs vegar um heim í tengslum við þessi mál. Af þessu skil ég að það sé enginn sem viti hvort þetta hafi gefist illa fyrir þá einstaklinga sem þarna eiga í hlut og ég tel mjög mikilvægt að það sé algerlega á hreinu að ekki sé verið að brjóta rétt á þeim.

Að mínu mati eiga þessi börn eins og önnur rétt á og hafa auk þess þörf fyrir að rekja líffræðilegan uppruna sinn þegar þau hafa náð tilskildum aldri og tilskildum þroska til þess að gera slíkt. Ég tel það falla undir grundvallarmannréttindi að

fá að vita um líffræðilegan uppruna sinn um leið og maður hefur til þess aldur og þroska.

Í frv. segir að hugmyndinni um að æskilegt sé að þekkja hinar líffræðilegu rætur sínar hafi lítt verið andmælt en þó hafi komið fram gagnrýnisraddir varðandi það að skapa óvissu meðal barna og eftirvæntingu sem síðar reynist erfitt að fullnægja. Þetta er í raun og veru ekkert öðruvísi en með önnur börn, t.d. ættleidd börn. Enginn getur tryggt að þegar þau rekja sinn líffræðilega uppruna einhvern tíma á ævinni standi sá fundur undir þeim væntingum sem þau gerðu þannig að mér finnst mjög mikilvægt að þarna sé börnum ekki mismunað eftir því hvernig þetta á sér stað í upphafi.

Varðandi þennan þátt kemur líka fram í greinargerð með frv. að í meginreglum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun komi fram að mannréttindasáttmáli Evrópu verði ekki túlkaður svo að hann styðji þessa kröfu, þ.e. kröfuna um nafnleynd eða um að fá upplýsingar, en hann hafni henni ekki heldur. Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins þorir því ekki að taka afstöðu til þess hvort þetta standist sáttmálann eða ekki þannig að það er greinilega vafi um þetta mál. Mörg atriði spila inn í þetta en mér finnst grundvallaratriði og ég tel rök fyrir því að þarna sé verið að mismuna fólki eftir því hvernig aðdragandinn er allur saman í upphafi. Ég tel því ekki rétt að fara þá leið sem farin er í frv. að tryggja þessa nafnleynd áfram.

Svíar hafa farið þá leið að þar sem barn hefur orðið til með tæknifrjóvgun á það rétt á að fá upplýsingar um uppruna sinn þegar það hefur aldur til. Það er tekið fram í greinargerð með frv. án þess að rakið sé nákvæmlega hvernig þær reglur eru eða hvenær þetta á að koma til. Ég tel mjög æskilegt að reyna að fara þessa leið, einkum þar sem þessi spurning hefur orðið æ áleitnari á síðari árum og þar sem við erum að setja um þetta reglur núna að við förum þessa leið eða könnum hana mjög vel vegna þess að mér finnst ekki vera nægilega sterk rök fyrir því í frv. að fara hana ekki. Ég tel ekki vera nægileg rök fyrir því í frv. að viðhalda skuli nafnleyndinni. Það má vel vera að þau séu til staðar samt sem áður.

Eins og ég tók fram í upphafi eru hér ýmis fleiri álitamál sem væri hægt að taka fyrir, en ég mun koma frekar að því við 2. umr.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ígrunduðu ræðu. Ég er sammála henni um að það er siðferðilegt álitaefni hvort það eigi að tryggja nafnleynd eða ekki og það er fyrir mér mesta álitaefnið í þessu frv. Hv. þm. veltir því fyrir sér hvort það sé búið að kanna nægilega þau rök sem hníga að því að nafnleynd sé tryggð. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki velt þessu fyrir mér til hlítar, en mér fannst hæstv. dómsmrh. koma með næsta góð rök í máli sínu. Hann sagði að tæknilega væri nauðsynlegt að afla kynfrumnanna innan lands, a.m.k. eggfrumnanna. Ég velti því fyrir mér ef börnum í okkar litla samfélagi, sem með þessum hætti eru getin, er tryggður réttur til þess að fara og finna sína foreldra, hvort það leiddi ekki til þess að það yrði mjög þröngur eða takmarkaður aðgangur að því að fá eggfrumurnar sem verður að afla hérna innan lands. Ég er ekkert að óska eftir svari frá hv. þm., ég kem bara fram með það sem mér finnst a.m.k. vera ein rök í málinu.

[15:31]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, vissulega eru það ein rökin. Ég hafði komið auga á þau í greinargerðinni. Ég er ekki að segja að það séu engin rök með þessari leið sem farin er, alls ekki. Ég er ekki að gera lítið úr henni vegna þess að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að hér er um mörg álitaefni að ræða. En ég vil líka velta fyrir mér því tilviki sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefnir úr okkar litla samfélagi: Segjum sem svo að tiltekinn einstaklingur, A, sé tilkominn á þennan hátt og svona hlutur kvisast einmitt oft út í okkar litla samfélagi. Er það ekki frumréttur einstaklings, sem getinn er á þennan hátt, að hann eigi aðgang að upplýsingunum frekar en að það berist honum jafnvel til eyrna, án þess að hann eigi rétt á að vita hvernig það er til komið? Ég velti bara fyrir mér þeim möguleikum sem geta komið upp í þessu tilviki.

Það er annað sem benda má á í þessu sambandi sem mér finnst orka tvímælis í greinargerðinni. Þar er talað um að það hafi verið kostur fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga að nota innflutt sæði, með því sé hætta á skyldleika gjafa og þega hverfandi sem og hætta á að vitneskja eða samband komist á, milli þessara aðila. Innflutningur sæðis er því áfram fýsilegur kostur að því tilskildu að vinnslan fullnægi ströngustu kröfum og að um skyldar þjóðir sé að ræða og með lítilli blöndun kynþátta. Mér finnst afskaplega vafasamt að hafa þetta í greinargerð með svona frv. og mér finnst þetta einhvern veginn ekki stemma. En ég geri mér fullkomlega grein fyrir að þetta eru álitaefni.

[15:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega má líta svo á að hv. þm. hafi fært rök sem mæla gegn þessu og felst í eftirfarandi: Það er hætta á því að í okkar litla samfélagi kvisist út hver er gjafinn. En ég tek mál hæstv. dómsmrh. eins og það er sagt. Það er talað um að tryggja nafnleynd. Ég vænti þess a.m.k. að einhvers konar aðferðir séu til í fórum ráðuneytisins sem tryggja þetta. Miðað við það mætti segja að rök hv. þm. féllu.

Það sem hv. þm. minntist á úr greinargerðinni varðandi blöndun, og þá kynfrumur í framtíðinni, að allt þyrfti þetta að vera frá skyldri þjóð, eða a.m.k. ekki illa blandað af öðrum kynþáttum, þá gef ég lítið fyrir það. Ég á sjálfur dóttur sem er af sterku smábændakyni úr kólumbískum fjöllum og fjórðungi bregður til fósturs. Hún er farin að líta út eins og ég þótt mamman sé miklu greindari en ég.

[15:35]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tekið á því í frv. og ég held að hæstv. ráðherra hafi líka komið inn á það í sinni framsögu, að það er gert ráð fyrir því í greinargerð að heilbrigðisstofnanir, sem munu fá leyfi til að framkvæma glasafrjóvgunarmeðferð, verði að gæta þess sérstaklega við eggfrumugjöf að nafnleynd verði virt. Væntanlega hlýtur þetta því að velta á þeim heilbrigðisstofnunum sem taka þetta að sér. Án þess að ég ætli að fara að lýsa yfir vantrausti á heilbrigðisstofnanir í landinu, þá vitum við að það hefur meira að segja gerst að það hefur kvisast út af spítala að menn deyja áður en þeir eiginlega deyja. Ég tel því vægast sagt mjög varhugavert að fara þessa leið. Og ef það eru viðurkennd mannréttindi að eiga rétt á að fá að vita um sinn líffræðilega uppruna, hvaða rök eru þá fyrir því að undanskilja þessi börn? Er þetta ekki líka nokkuð stór ákvörðun fyrir þann sem gefur frumurnar? Hann getur jafnvel gert ráð fyrir því að það dúkki upp hjá honum krakki eftir 16 ár sem vilji fá að sjá hann. Ég man reyndar ekki hvort það er leiðin sem menn eru að velta fyrir sér að fara hér, en sú leið hefur a.m.k.

verið farin í öðrum löndum að heimila jafnvel upplýsingar um hæð, líkamsbyggingu, litarhátt og annað slíkt, en ekki hver einstaklingurinn er. Þannig að meginástæðan fyrir nafnleyndinni er sú að vernda þann sem gefur. Það er ekki verið að hugsa um hagsmuni þess sem verður til vegna þessarar gjafar. Ég viðurkenni að þetta er álitamál, en ég er langt í frá sannfærð um að þetta sé rétt leið með tilliti til þess sem ég tel vera grundvallarmannréttindi, að fá að vita um uppruna sinn þegar maður hefur aldur og þroska til.

[15:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með það að þetta frv. er loksins komið fram á hinu háa Alþingi. Eins og segir í greinargerð og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. hefur Alþingi tvisvar sinnum samþykkt þingsályktanir um tæknifrjóvganir, fyrst árið 1986 og síðan árið 1989. Í síðara skiptið samþykkti Alþingi þingsályktun sem Sigríður Lillý Baldursdóttir, þingkona Kvennalistans, var 1. flm. að. Sú tillaga hljómaði orðrétt svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frv. til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli."

Þetta frv. hefur nú loksins litið dagsins ljós og má því segja að það sé búið að eiga 5–8 ára meðgöngutíma. Það er kannski ekki óeðlilegt að svona viðkvæmt mál eigi sér langan meðgöngutíma. Þetta er mjög vandmeðfarið og siðferðilega krefjandi mál og mikilvægt að það fái vandaða umfjöllun í þinginu. Ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju mína með þá ítarlegu greinargerð sem fylgir með frv. þar sem í raun er tekið á langflestum siðferðilegum álitamálum sem tengjast þessu máli. Ég tel að þingið sé mun betur í stakk búið til þess að ræða málið vegna þessarar skýru greinargerðar.

Kvennahreyfingin út um allan heim hefur á undanförnum áratug fylgst mjög grannt með því hvernig mismunandi lönd hafa tekið á þessari tækni og vissulega munum við kvennalistakonur fylgja þessu máli mjög fast eftir.

Við 1. umr. langar mig aðeins að segja nokkur orð um frv., en að sjálfsögðu munum við ræða það nánar í hv. allshn. Ef á heildina er litið virðist mér vera farið frekar varlega í sakirnar og það sé fyrst og fremst verið að lögleiða þá starfsemi sem nú tíðkast. Eitt umdeildasta málið hjá kvennahreyfingunni hefur í gegnum tíðina, eða sl. 10 ár, verið svokölluð staðgöngumæðrun. Með því hugtaki er átt við tæknifrjóvganir á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgöngu að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu. Þetta er kölluð leigumæðrun, ef til koma greiðslur fyrir. Samkvæmt þessu frv. er staðgöngumæðrun óheimil og því fagna ég mjög. Ég tel að þetta sé algjört grundvallaratriði og rétt sé tekið á því í frv.

Annað umdeilt atriði er hvort heimilt skuli að gefa egg eða kynfrumur kvenna. Samkvæmt þessu frv., eins og kom fram hjá fyrri ræðumanni, er það heimilt og mér finnst það mjög eðlilegt, með þeim rökum sem koma fram í greinargerð, að hjónum sé ekki mismunað eftir því hvort það er ófrjósemi kvenna eða karla sem veldur barnleysi. Einhleypum konum er ekki heimilt að fá tæknifrjóvgun samkvæmt þessu frv. Það kemur kannski ekki á óvart miðað við þá heföbundnu skoðun að börn eigi bæði föður og móður. Í reynd eru þó einstæðar mæður á Íslandi mjög margar og samkvæmt íslenskum lögum eru mæður ekki skyldugar til að feðra börn sín. Í ljósi þess finnst mér ekki sjálfgefið að þessi háttur verði hafður á og mæli með að það verði skoðað gaumgæfilega í nefnd. Það, að neita ógiftum konum um tæknifrjóvgun, má líka skoða sem mismunun gagnvart samkynhneigðum konum og mundi þá vera enn eitt dæmið um skerta réttarstöðu þeirra.

Geymsla fósturvísa er heimil samkvæmt 9. gr. frv. og ég tel ráðlegt að athuga mjög vel hvort þau ákvæði, sem þar er getið um, eru of rúm. Eins og flestir vita, verða oft til viðbótarfósturvísar þegar glasafrjóvganir koma til og það getur verið mjög viðkvæmt mál hvernig farið er með geymslu á þeim.

Ég fagna sértaklega þeirri varkárni sem lögð er til í 11. og 12. gr. frv. um rannsóknir á fósturvísum. Þar er tekið með beinum hætti fyrir ýmsar hrollvekjur sem aðallega koma fram í vísindaskáldsögum, eins og einræktun o.fl. Þetta er skynsamlegt að mínu mati og algjörlega nauðsynlegt þar sem tæknin er komin langt út fyrir þau mörk sem geta talist viðunandi frá siðfræðilegu sjónarmiði.

Varðandi feðrun barna sem hafa orðið til við tæknisæðingu, þá kemur fram í greinargerð að í Svíþjóð og í Danmörku eru farnar mismunandi leiðir. T.d. er hægt að vita hver á viðkomandi sæði úr sæðisbanka í Svíþjóð, en það er óheimilt í Danmörku. Hér hefur það tíðkast að nota danska sæðisbanka þar sem engin nöfn koma fram. Eins og kom fram hjá hv. ræðumanni, Bryndísi Hlöðversdóttur, tekur sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um mannréttindi ekki beint afstöðu til þess með hvorum hættinum sé betra að hafa þetta. Ég tel rétt að þetta mál verði skoðað betur. Ég er ekki alveg sannfærð um, frekar en hún, að þetta sé rétt skref sem hér er mælt með. En ég er ekki heldur sannfærð um hið gagnstæða.

Að lokum má nefna að samkvæmt þessu frv. fær viðkomandi læknir mjög mikið vald, t.d. í sambandi við val á kynfrumum. Ég tel rétt að skoða þann valkost betur, sem ræddur er í greinargerð, að þetta vald verði frekar hjá sérstakri nefnd. En það er vissulega rétt að hér er um mjög persónuleg og viðkvæm mál að ræða og hugsanlegt að fólki líði betur með það að þetta sé í höndum eins læknis en hjá heilli nefnd.

Ég vil að lokum ítreka að þetta málefni er mjög mikilvægt og fagna enn og aftur að þetta frv. er fram komið. Ég ítreka að að þetta er siðferðilega krefjandi mál og mjög vandmeðfarið. Ég vona því að það fái vandaða meðferð í nefnd og þannig að heilbrigðiskerfi okkar geti áfram sem hingað til hjálpað fólki sem á við ófrjósemi að stríða til að eignast börn og að þau börn sem fæðast eftir tæknifrjóvgun og foreldrar þeirra hafi sem skýrasta réttarstöðu.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög. Ég er hæstv. dómsmrh. afskaplega þakklátur fyrir að hafa lagt fram þetta frv. Ég tel eins og aðdragandi þess er hafi þurft til þess talsverðan kjark og áræði. Eins og kom fram í máli ráðherrans og er rakið í grg. með frv. töldu þeir sem sátu í nefndinni, sem sömdu það, mikið álitamál hvort ætti að fara þá leið sem er valin í 6. gr., þ.e. að heimila líka gjöf eggfrumna. Nefndin lagði fram tvær gerðir af frv. og ég minnist þess frá tíð síðustu ríkisstjórnar að þá vannst annaðhvort ekki tími eða menn höfðu ekki dug til að taka ákvörðun um það hvora gerðina ætti að leggja fram. Það hefur hæstv. dómsmrh. gert og á þakkir skildar fyrir það. Ég held að hér sé á ferðinni mjög merkileg löggjöf og hún tekur fram löggjöf annarra þjóða um svipuð efni. Ég verð að segja að ég hef aldrei skilið það siðferðilega álitaefni sem felst í því að sögn

þeirra sem sátu í þessari nefnd að heimila gjöf eggfrumna. Ef það er heimilt að gefa sæði hvers vegna þá ekki eggfrumur? Ég satt að segja skil ekki þennan mun. Eini munurinn sem ég sé á þessum tveimur tegundum frumna er að önnur sprettur í karli en hin í konu og önnur er mörghundruð sinnum stærri en hin. Ég er þakklátur ráðherranum fyrir að hafa tekið af skarið í þessu efni. Segja má að þetta frv. hafi haft nokkuð langan meðgöngutíma því getnaðurinn að því var eiginlega 1986.

Ég er í flestum og nánast öllum aðalatriðum samþykkur efni þessa frv. Eins og kom fram í andsvari mínu áðan sé ég ekkert siðferðilegt álitaefni í þessu nema það sem varðar nafnleyndina. Ég skil alveg þau viðhorf sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hafði áðan uppi. Hún hugsar um þetta frá sjónarhóli barnsins og segir: Á barnið ekki að eiga rétt á því að vita nákvæmlega uppruna sinn? Það er virðingarvert viðhorf. Hún nefndi hins vegar að í frv. væri verið að hugsa fyrst og fremst um hagsmuni þeirra sem gefa. Ég er því ekki sammála. Ég held að það sé fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni þeirra sem þiggja, þ.e. þeirra sem þiggja þessar kynfrumur. Það hefur ekki verið neinn hörgull á sæðisgjöfum. Við Íslendingar höfum fengið sæði gefins frá öðrum þjóðum. Hæstv. ráðherra hefur rakið að það er tæknilega óframkvæmanlegt á þessu stigi um eggfrumur. Þess vegna er okkur sá kostur einn grænstur að verða okkur úti um þessar frumur hér. Af hverju grípa menn til þess ráðs eða af hverju eru t.d. eggfrumur gefnar? Ég get ekki ímyndað mér að það sé af nokkrum öðrum hvötum en bara af kristilegum náungakærleika. Að það séu konur sem sjálfar hafa upplifað þá einstöku gleði sem felst í því að fæða af sér barn og vilja hjálpa öðrum konum til þess að njóta hennar líka. Það er eina hvötin sem getur rekið nokkurn einstakling til þess. Það þarf að íhuga mjög vandlega áður en menn feta þá braut að eftir einhvern tiltekinn tíma, 16 ár eða 20 ár, eigi þessi kona það á hættu að það banki upp á hennar húsi barn sem hún á líffræðilega en ekki að öðru leyti. Ég held að það gæti leitt til þess að það mundi draga úr vilja kvenna til þess að gefa eggfrumur eða það mundi jafnvel ekki nema í sérstökum tilvikum vera kleift að fá eggfrumur. Það gæti farið svo, ef menn tryggja barninu þennan rétt, að þeir komi um leið í veg fyrir að þessi börn verði til. Þetta þurfa menn auðvitað að vega og meta. Ég tel að hæstv. dómsmrh. hafi tekist nokkuð vel upp í þessum atriðum og segi það við hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að þótt ég skilji hennar viðhorf og þau eru sprottin af jákvæðum hvötum þá kynni svo að fara, ef sú leið, sem mér sýnist hún vera að mæla með, yrði farin, að aldrei yrði þörf fyrir frv., a.m.k. ekki þann hluta þess sem varðar heimild til að gefa og þiggja eggfrumur. Að öðru leyti tel ég að þeir kaflar frv. sem taka t.d. á rannsóknum á fósturvísum og geymslu kynfrumna og fósturvísa séu góðir, ég sætti mig við þetta að öllu leyti. Ég óska hæstv. dómsmrh. til hamingju með þetta fína frumvarp.

[15:50]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og þakka dómsmrh. fyrir þetta ágæta frv. vegna þess að ég vil alls ekki að hann skilji það svo að ég telji þetta vera ómögulegt frv. Ég tel mjög jákvætt að frv. sé komið fram og í grundvallaratriðum er ég sammála því. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, og hafði eftir mér, að ég teldi að með nafnleyndinni væri fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni þeirra sem gefa en hann teldi að þarna væri fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni þeirra sem þiggja. Að mínu mati á þetta ekki að vera einkamál foreldra barnsins. Það á ekki að vera einkamál þeirra hvernig og hvort þau gera barni sínu grein fyrir hinum eiginlega uppruna þess. Þetta er réttur barnsins sjálfs og telst til mannréttinda að fá að vita um hinn líffræðilega uppruna sinn. Við getum vitnað til þess að áður fyrr, hér á landi sem og víðar, voru þau sjónarmið gjarnan uppi að það var litið meira á þetta sem einkamál foreldranna, hvernig þau kæmu þessu við ef eitthvað var pínlegt með faðernið. Þá var látið í þeirra hendur að ákveða hvernig frá því yrði gengið. Þróunin hefur svo orðið sú með tímanum að líta meira á þetta sem grundvallarmannréttindi og sem rétt barnsins. Allar reglur um feðrun og þá væntanlega um mæðrun, sem er kannski orðið nýrra fyrirbæri, ganga út á það að tryggja rétt barnsins. Barnalögin eru grundvöllur að því og lög um feðrun eru grundvöllur að því að þetta sé tryggt.

Ég tel það vera mjög stóra ályktun á því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, dregur af máli mínu, þ.e. að enginn muni gefa frumur, og við getum þar vitnað til Svíþjóðar. Það hafa verið gefnar sæðisfrumur í Svíþjóð enda þótt reglan um nafnleyndina gildi ekki þar.

[15:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að ég sé að hrapa að ályktunum og ég segi þetta allt saman að fullkomlega óathuguðu máli. Ég veit ekkert um hvernig þessi mál eru í Svíþjóð. Ég ímynda mér bara að þegar menn ætla að ganga svo langt til að láta barnið njóta réttar síns til að vita um uppruna sinn geti það leitt til þess að þetta barn sem við erum að tala um verði aldrei til. Ég er að segja að í þessu litla samfélagi okkar Íslendinga kunni þetta að leiða til þess að menn taka ekki þá áhættu. Ég vek eftirtekt á því að hv. þm. notaði í fyrstu ræðu sinni orðið áhættu um eggfrumugjöf, að einhvern tímann komi til þeirra barn sem viðkomandi á líffræðilega en að öðru leyti hefur ekkert haft með að gera. Ég hygg að þær konur sem af kristilegri miskunn mundu ella vera fúsar til þess að gefa eggfrumur kynnu að hugsa sig um áður. En ég veit ekkert um það. Ég tók eftir því að hv. þm. nefndi sérstaklega sæðisgjafa en liggur eitthvað fyrir um viðhorf þeirra kvenna sem gefa eggfrumur? Ég þekki það ekki. Það má kannski greina á milli þess að láta barnið vita hvernig það er getið og hins að láta það vita hver er hin líffræðilega móðir þess. Ég tel a.m.k. að það sé rökræðunnar virði að velta þessum greinarmun fyrir sér.

[15:55]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því við erum alltaf að tala um Svíþjóð og karpa um það fram og til baka þá skilst mér að þar sé aðeins leyfð sæðisfrumugjöf. Hæstv. dómsmrh. getur leiðrétt þetta ef það er rangt en mér skildist það af grg. með frv. að þar sé ekki leyfð eggfrumugjöf. (Gripið fram í.) Alveg sammála því, þetta er mjög líberal frv. Ég ítreka það enn og aftur sem ég tel að hafi komið fram áður í máli mínu að það er álitamál og á að vera stór ákvörðun að gefa frumur. Þar er stóra siðferðilega ákvörðunin tekin. Ég tel ekki að meiri líkur séu á því að konur mundu hika við að gefa af ótta við að fá til sín einstakling eftir 16 ár eða 18 ár, eða hvað það nú er, en karlar. Ég tel að það séu nákvæmlega jafnmiklar líkur á því og þarna er ekki verið að tala um að hafa skyldur sem foreldri, framfærsluskyldu eða eitthvað slíkt. Við erum einungis að tala um það að fá að vita um uppruna sinn þannig

að ég hef ekki enn sannfærst af þessari röksemdafærslu.

[15:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst og fremst þakka ég þær undirtektir sem hafa komið fram. Það er ljóst að það hefur tekið allnokkurn tíma að semja þetta frv. en ég hef orðið þess var í umræðunni að menn hafa haft á því skilning, ekki bara vegna þess að um flókið úrlausnarefni er að ræða heldur koma þar við sögu ýmsar áleitnar siðferðilegar spurningar eins og þessar umræður hafa borið með sér. Það er vissulega mikið álitaefni sem hér hefur verið fjallað um varðandi nafnleyndina og unnt að hafa skilning á ólíkum sjónarmiðum sem sett eru fram. Það var niðurstaða nefndarinnar og mín að hafa frv. með þessum hætti. Þar með er ég ekki að segja að önnur rök séu ekki gild í málinu en eigi að síður var það svo að yfirveguðu áliti nefndarinnar og ráðuneytisins. Ég tel mjög mikilvægt að nefndin, sem um þetta fjallar, ræði þetta álitaefni. Ég tek hins vegar undir með hv. 15. þm. Reykjavíkur að ég held að menn þurfi að hugsa það mál og ræða mjög ítarlega áður en menn hrapa að því að gera á því breytingar. Með því er ég ekki að segja að önnur rök komist ekki að í umræðunni. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra þingmanna sem hér hafa talað og ber þá von og ósk fram um að þingið geti afgreitt þetta frv. á þinginu þó það þurfi eðlilega vandaðrar og ítarlegrar málsmeðferðar með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 155. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185.

[15:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 185 liggur fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að 45 nafngreindum einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Svo sem venja er til um eru tillögur þessar byggðar á þeim starfsreglum sem allshn. Alþingis hefur sett og háðar því skilyrði sem gildandi mannanafnalög setja áður en þær koma til framkvæmda. Venju samkvæmt er einnig gert ráð fyrir því að á vorþingi verði að nýju gerðar tillögur um þau erindi sem þá liggja fyrir og umsóknir sem liggja fyrir um íslenskan ríkisborgararétt. Ég legg til að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:00]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Aðeins til að beina spurningum til hæstv. dómsmrh. varðandi þetta mál. Með tilliti til þess að hér eru aðilar bæði frá Tælandi, Filippseyjum, Víetnam, Ástralíu, Indlandi, Sýrlandi, Rússlandi, Júgóslavíu og Englandi svo einhver lönd séu nefnd kom það upp í huga mér þegar hæstv. dómsmrh. var að gera grein fyrir málinu að víða í öðrum löndum þegar menn sækja um ríkisborgararétt þá eru mismunandi kröfur gerðar til einstaklinga um framlagningu staðfestingar á því að þeir séu þeir sem þeir segjast vera. Af því tilefni langar mig til að spyrja hæstv. dómsmrh.:

Í fyrsta lagi: Hvaða upplýsingaskyldum verða erlendir aðilar að fullnægja svo óskir þeirra um íslenskan ríkisborgararétt séu teknar til greina?

Í öðru lagi: Leita íslensk stjórnvöld til þess ríkis er umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt hafði sitt síðasta ríkisfang til staðfestingar á réttmæti upplýsinga um viðkomandi aðila?

[16:01]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu er gengið eftir upplýsingum um það hver uppruni manna er. Ef einhver vafi þykir leika á því þá er gengið eftir frekari upplýsingum. Hv. allshn. sem hefur þessi mál til umfjöllunar í þinginu hefur einnig öll tök á að afla upplýsinga bæði þeirra sem fyrir liggja og óska eftir viðbótarupplýsingum ef ástæða þykir til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, fyrri umr.

Stjtill., 157. mál. — Þskj. 187.

[16:02]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem liggur fyrir á þskj. 187. Með þeirri umferðaröryggisáætlun sem er verið að leggja fyrir Alþingi er verið að taka fyrsta skrefið í þá átt að stjórnvöld marki skýra stefnu í umferðaröryggismálum og setji sér ákveðin töluleg markmið og heildstæða áætlun um fækkun umferðarslysa fram til aldamóta líkt og víða hefur verið gert í öðrum löndum með allgóðum árangri.

Áætlað er að kostnaður samfélagsins vegna umferðarslysa sé gríðarlega mikill og geti numið um 8 milljörðum kr. á einu ári þegar allt er talið.

Það hlýtur að vera sérstakt markmið að freista þess með öllum tiltækum ráðum að gera þær ráðstafanir sem geta fækkað alvarlegum umferðarslysum svo ekki sé talað um banaslysin. Það er sérstakt markmið með þeim aðgerðum sem áætlunin tekur til að unnið verði að því að fækka þessum slysum. Því fer að vísu víðs fjarri að við Íslendingar höfum verið aðgerðalausir í þessu efni. Hér hefur verið unnið með ágætum starf að umferðaröryggismálum sem hefur vissulega skilað árangri. Hins vegar þykir þeim sem að þessu hafa komið sem um margt hafi skort á að unnt væri að fylgja samræmdri og heildstæðri áætlun til þess að ná skilgreindum markmiðum, ekki síst með tilliti til þess að hér koma fjölmargir aðilar við sögu, þeir sem vinna að upplýsingamálum, þeir sem vinna að almennum umferðarreglum, gerð vega og fleiri aðilar sem ráðið geta miklu um þróun þessara mála. Það hefur sýnt sig meðal annarra þjóða að slík skipuleg heildstæð vinnubrögð fyrir alla þá sem vinna að þessum málum geta leitt til verulegs árangurs.

Á vettvangi Norðurlandaráðs var samþykkt norræn umferðaröryggisáætlun á árinu 1988 og í framhaldi af því settu aðrar Norðurlandaþjóðir en við sér sérstakar framkvæmdaáætlanir í þessum málaflokki. Allar þjóðirnar hafa náð verulegum árangri í því að fækka umferðarslysum með slíkum vinnubrögðum. Danir settu sér til að mynda það mark að slysum skyldi fækka um 40–45% á tólf árum og sex fyrstu árin virðast sýna að það markmið ætli að nást.

Með þessari áætlun er verið að fylgja árangursríku fordæmi annarra Norðurlanda og fleiri nágrannalanda okkar.

Ég tel að ekki sé nokkur vafi á því að sú umferðaröryggisáætlun, sem hér hefur verið lögð fram, muni hvetja til enn frekari árangurs og samvinnu á þessum vettvangi þó að hún sé að sjálfsögðu hvergi nærri fullkomin og leysi ein og sér ekki allan þennan vanda. Framkvæmd hennar og útfærsla á hverju sviði skiptir auðvitað meginmáli, en hitt er höfuðatriði að hver og einn hafi þá meginlínu til að vinna eftir sem Alþingi leggur til. Það ber að hafa í huga að þessi umferðaröryggisáætlun verður að vera lifandi verkfæri og í stöðugri endurskoðun. Áætlunin á að vera sveigjanleg, hún á að setja almennan ramma um umferðaröryggisstarfsemi í landinu og hana verður að endurskoða reglulega og laga að nýjum og breyttum aðstæðum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–1992. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 eiga að skila sérstakri framkvæmdaáætlun eða tillögum sem leiða muni til aukins umferðaröryggis. Ráð er fyrir því gert að kynna á hverju ári stöðu umferðaröryggismála í ljósi þeirrar áætlunar sem unnið er eftir og hvernig starfinu miðar fram og með því móti veita þeim aðilum sem eiga hlut að máli eðlilegt aðhald og hvatningu.

Þessi tillaga var í upphafi lögð fyrir 118. löggjafarþing í byrjun þessa árs en kom ekki til umræðu vegna þess knappa tíma sem þá var til stefnu og er því endurflutt nú.

Aðdragandi tillögugerðarinnar var samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 20. nóv. í fyrra um stefnumörkun í umferðaröryggismálum þar sem ákveðið var að stefna skyldi að verulegri fækkun umferðarslysa fyrir lok ársins 2000. Í samræmi við þá samþykkt skipaði ég nefnd í desembermánuði á sl. ári til að gera tillögur hér að lútandi. Í nefndinni sátu Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem var formaður nefndarinnar, Brynjólfur Mogensen yfirlæknir, Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgrn., Margrét Sæmundsdóttir, formaður umferðarnefndar Reykjavíkur, og Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður. Með nefndinni störfuðu Þórhallur Ólafsson, tæknifræðingur hjá Vegagerðinni og formaður Umferðarráðs, og Haraldur Sigþórsson, deildarverkfræðingur hjá borgarverkfræðingi.

Nefndin skilaði tillögum sínum með ítarlegri skýrslu 27. jan. sl. Skýrslan hefur verið sérprentuð og liggur nú á borðum hv. alþm. Af heimildarskrám má sjá að víða hefur verið leitað fanga og tillögur bornar saman við heimildir og reynslu annarra þjóða. Ég vona að skýrslan verði gott upplýsingarit um umferðaröryggismál og gefi allgott yfirlit um þær aðgerðir sem helst koma til álita í þessum efnum. Með samþykkt tillögu þessa efnis er lagt til að Ísland bætist í hóp þeirra fjölmörgu ríkja sem hafa freistað þess að vinna með þessum hætti að auknu umferðaröryggi.

Ástæða er til að hafa það í huga og leggja á það ríka áherslu að þessi mál verða ekki leyst með því einu móti að samþykkja áætlanir eða setja fram hugmyndir um aðgerðir, þau verða aðeins leyst með lifandi starfi þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli og aðlögun og endurskoðun þeirra markmiða sem sett hafa verið. Við erum að hefja nýjan áfanga á grunni sem hefur verið byggður með góðu starfi þeirra sem unnið hafa að umferðaröryggismálum um mörg undanfarin ár. En það er mikilvægt að við náum meiri og betri árangri. Reynsla okkar síðustu vikur sýnir að við þurfum að gefa þessum málum meiri gaum en við höfum gert.

Í skýrslunni eru nefnd sérstaklega 22 atriði sem nefndin leggur megináherslu á. Ég ætla ekki að fara yfir þau í einstökum atriðum en vísa til þeirra í athugasemdum með tillögunni og skýrslunni sem fylgir með.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að tillögunni verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[16:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Erindi mitt hingað er fyrst og fremst að fagna framkomu þessarar þáltill. Ég bind vonir við að hún fái vandaða umfjöllun og afgreiðslu á þinginu. Ég held að það geti varla verið deiluefni að við Íslendingar hljótum að geta gert gagn með því að tileinka okkur svipuð vinnubrögð í þessum efnum og skilað hafa óumdeilanlega árangri víða erlendis, þ.e. skipuleg og samræmd viðbrögð allra helstu aðila sem koma að umferðarmálum og umferðaröryggismálum. Stefnumótun og áætlanagerð af þessu tagi er tvímælalaust skynsamlegur liður í þessu starfi.

Ég hef um nokkurt árabil reynt að vekja athygli á og sinna þessum málum sem eru hér til umfjöllunar, þ.e. umferðaröryggismálum og sérstaklega með útgangspunkti í því atriði sem lýtur að óhugguleg algengum og alvarlegum slysum á ungu fólki í umferð hér á landi. Sá hroðalegi tollur sem umferðin tekur í formi mannslífa og slysa og örkumla, ekki síst úr yngstu árgöngunum, er okkur þungbær. Það hlýtur að vera í öllu tilliti séð, jafnt frá mannlegu og félagslegu sjónarmiði sem og efnahagslegu, mikilvægt að reyna að draga úr þeim skaða sem þar er á ferðinni. Ég lít svo á að starf af þessu tagi, þó þetta sé að sjálfsögðu almenn nálgun og lúti að umferðaröryggi í víðustu merkingu þá hljóti það ekki síst að beinast að vandamálunum þar sem þau eru hvað alvarlegust og koma verst við eins og í því tilviki sem ég nefni hér sérstaklega.

Ég lagði fram á 118. löggjafarþingi till. til þál. um það sem ég kallaði framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum og er hugsun mjög skyld þeirri sem hér er á ferð í formi þáltill. Síðan kom í ljós að á vettvangi hæstv. ríkisstjórnar var þá verið að vinna að þessum málum. Niðurstaðan varð sú að ég átti þess kost að taka sæti í þeirri nefnd sem samdi drög að þessari þáltill. Ég er þakklátur fyrir að hafa átt þess kost að starfa að málinu með þeim hætti og koma sjónarmiðum mínum á framfæri. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé í öllum aðalatriðum um vandaða vinnu að ræða og skynsamlega tillögugerð.

Auðvitað er það deginum ljósara, eins og hæstv. ráðherra vék reyndar að hér í máli sínu, að tillögugerð af þessu tagi og áætlanagerð, þótt hún verði samþykkt, leysir ekki vandann. Það leysir menn ekki undan þeirri kvöð og þeirri skyldu að gera eftir sem áður allt sem hægt er í framkvæmd til að draga úr slysum og auka umferðaröryggi. En vonandi tekst að fylgja þessu starfi þannig eftir á öllum vígstöðvum að því fylgi umræða um þessi mál og kynning á þeim markmiðum sem hér eru á ferðinni, að draga úr umferðarslysum, og þá er það vel. Ég minni aftur á og nefni sérstaklega til sögunnar það markmið að draga úr þeim sársaukafulla tolli sem umferðin tekur, ekki síst úr yngstu aldurshópunum.

Herra forseti. Að lokum vil ég geta þess að mig var farið að lengja nokkuð eftir þessari tillögu. Ég lagði því hér fram fyrir nokkru síðan fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvað því liði

að lögð yrði fram till. til þál. um umferðaröryggisáætlun. Ég lít svo á að þeirri fyrirspurn sé nú mjög rækilega svarað með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir þinginu og er til umræðu. Það er svar sem ég er fullkomlega sáttur við og verður ekki betra. Tillagan er sem sagt hér komin fram til umræðu og umfjöllunar á þinginu og ég kalla því aftur fyrirspurn mína þá hina sömu sem ég hef hér nefnt og tel óþarfa að hafa hana frekar á dagskrá þar sem henni er svarað í formi þessa máls sem við ræðum nú hér.

[16:17]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna þessari þingsályktunartillögu og vona að hún nái fram að ganga og í framhaldinu verði eitthvað raunhæft gert í umferðaröryggismálum. Það er aðeins eitt sem ég vil nefna hér í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram á undanförnum mánuðum um öryggismál í hópferðabifreiðum, og þá sérstaklega bílbelti. Mér finnst ekki koma nægilega skýrt fram í tillögum nefndarinnar hvað á að gera í þeim efnum, en í 9. lið á bls. 2 í tillögunni segir að rétt sé að láta kanna hvort opinber gjöld standi í vegi fyrir að ökutæki séu búin bestu fáanlegum öryggistækjum. Og í þessari fínu skýrslu, sem við vorum að fá í hendur um umferðaröryggisáætlun til ársins 2001, stendur ein setning um þetta: „Rétt þykir að setja öryggisbelti í öll sæti skólabíla og æskilegt er að öryggisbelti verði enn algengari í hópbifreiðum."

Þessi sérstöku mál voru rædd nýlega í allshn. þingsins og það er mitt mat að það sé mjög brýnt að taka á öryggismálum hópferðabifreiða. Það mál þolir í rauninni enga bið. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það standi til að flýta því máli eitthvað umfram það sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

[16:19]

Drífa Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa lagt fram þessa þáltill. Þarna er lagt fram ákaflega mikilvægt mál og hér fylgdi með ágæt skýrsla, sem dreift var til þingmanna. Ég vil þó nefna nokkur atriði og það fyrsta sem ég tel að við þurfum að skoða, í ljósi þessarar þáltill., er hvort að slysin séu nægilega hátt metin í því arðsemismati sem við notum til grundvallar þeirri vegagerð sem farið er í hér á Íslandi. Ég tel að það sé hlutur sem að þarf að skoða. Ég veit að það er ekki á verksviði dómsmrh., en það skiptir engu að síður verulegu miklu máli.

Í annarri setningu þáltill. er talað um sameiginlegt átak um umferðaröryggismál. Ég fagna því og vona að þar takist vel til. En ég vil vekja athygli á því að það vantar samræmingu á hönnunarstöðlum í gerð umferðarmannvirkja. Vegagerðin er með einn staðal, en hins vegar hafa íslensk sveitarfélög notast við marga og mismunandi staðla. Ég tel að út frá öryggiskröfum sem við ættum að setja fyrir vegfarendur væri skynsamlegt að hér væri notast við einhverja hönnunarstaðla sem í það minnsta rugla ekki vegfarendur. Mér finnst mikilvægt að farið verði í að skoða þennan þátt varðandi samstarf ríkis- og sveitarfélaga.

Það sem ég vil nefna næst, varðar skráningu slysa. Ég fór inn í Vegagerð að leita mér upplýsinga og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk þar er misjafnt hve nákvæmlega slys eru skráð. Það er kannski eðlilegt, sé um alvarleg slys að ræða fellur þetta atriði kannski í skuggann. En engu að síður hljótum við að viðurkenna að það getur ekki gengið, ef við viljum fylgjast með hvort eitthvað sé að vegakerfinu, að það sé eingöngu skráð í bækur að það hafi orðið slys á Holtavörðuheiði. Við þurfum að fara í gegnum skráningarferli slysa varðandi staðsetningu þeirra. Ef um er að ræða gallaða hönnun umferðar eða einhver viss umferðarsvæði, sem eru sérlega erfið, er nauðsynlegt að það komi fram svo úr því megi bæta. Auk þess skilst mér að það hafi jafnvel reynst erfitt að fá að keyra saman upplýsingar til að finna út hvar alvarlegustu slysin verða. Þar þarf leyfi tölvunefndar, en ég held að það sé ákaflega mikilvægt fyrir þá sem vinna að þessari samræmingu að það sjáist hvar alvarlegustu slysin verða, svo úr þeim þætti megi bæta. Mér finnst það mjög mikilvægt og það er ekki síst nauðsynlegt til að draga úr þeim skaða sem hlýst í umferðinni og þá sérstaklega hvað varðar ungt fólk.

Við hljótum að vera sammála um bæta umferðarkerfið. Það verður ekki gert nema að fyrir liggi sem ítarlegastar upplýsingar. Ég vil nefna einn þátt í viðbót. Hjólreiðastígar eru utan þess sem Vegagerðin hefur tekið á og ég nefni sem dæmi Reykjanesbrautina. Þar tel ég að sé allmikil slysahætta af þeim hjólreiðamönnum sem koma til landsins með flugi. Þeir hjóla á Reykjanesbrautinni og þar er nú ekki alltaf gott skyggni og það fer misjafnlega fyrir logninu þarna á Suðurnesjum. Í þessu er, að mínu mati, fólgin talsverð slysahætta og mér finnst því nauðsynlegt að skoða þennan þátt og hefur það verið rætt af hálfu sveitarfélaganna, bæði á Suðurnesjum og eins hér á höfuðborgarsvæðinu, á ráðstefnu sem þau héldu. Ég vil því líka vekja athygli dómsmálaráðherra á þessu. Og það er enn eitt sem mér finnst mjög mikilvægt af því sem kemur fram í skýrslunni sem hér var sett fram. Það varðar almenningssamgöngur, hugsanlega meiri notkun á þeim, og að þær séu umhverfisvænni. Þar held ég að skipti verulega miklu máli hvort ríkið muni draga úr skattlagningu almenningsfyrirtækja. Ég held að það vegi verulega þungt ef við viljum draga úr þeirri mengun sem bílar og slík farartæki valda og fara frekar út í viðameira strætókerfi eða aðrar almenningssamgöngur, með hvaða hætti sem þær verða.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til dómsmrh. og vonast til þess að okkur takist að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd.

[16:24]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil fagna þessu stóra átaki í umferðarmálum sem lýst er í áætlun ráðherrans og kynnt hefur verið hér fyrir þingmönnum. Ég tel lofsvert að menn reyni á svo myndrænan og myndarlegan hátt að taka á þessu stóra vandamáli okkar Íslendinga. Ég átti sæti í borgarstjórn frá 1982–1994. Fyrstu fjögur árin sat ég í umferðarnefnd Reykjavíkur. Ég held að það hafi verið 1983 sem haldið var norrænt umferðaröryggisár. Þá voru mjög miklar umræður í umferðarnefnd Reykjavíkur og farið ofan í slysatölur fyrir Reykjavík, sem voru allgeigvænlegar. En með þessu norræna umferðaröryggisári tel ég að hafi orðið talsverð hvörf í umræðu um umferðarmál, a.m.k. innan borgarstjórnar Reykjavíkur, og ég held á landinu öllu. Það sýnir sig að sú umræða og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, betri búnaður í bílum o.fl., hefur orðið til þess að fækka slysum í Reykjavík. Það er svo nú að alvarlegustu slysin eru ekki á þessu svæði. Þrátt fyrir þetta eru þau auðvitað allt of mörg, en þetta sýnir að með sameiginlegu átaki í sveitarfélagi eins

og Reykjavík, sem er náttúrlega fjölmennasta sveitarfélag landsins, þá skila aðgerðir sér.

Ég man eftir því að við Óskar Ólafsson, þáv. yfirlögregluþjónn, lögðum á þeim tíma fram tillögu um æfingaakstur sem fékk ekki mikinn hljómgrunn þá. Nú skilst mér að þær séu komnar til framkvæmda, eða með reglugerð sem hefur verið sett. A.m.k. sá ég nýlega á undan mér bíl í umferðinni sem var merktur með æfingarakstri. Og þá varð mér nú hugsað til Óskars Ólafssonar.

Önnur tillaga sem ég man eftir frá þessum árum var um fjórhliða stöðvunarskyldu. Ég kom uppljómuð frá Vesturheimi hafandi séð þetta fyrirbæri þar sem á gatnamótum er komið fyrir stöðvunarskyldu á fjóra vegu. Þetta var rætt í borgarkerfinu og fór síðan til ráðuneytisins, þar sem það lenti í „fjórhliða stöðvun", og var lýst eftir því alloft með bókunum undirrituðum af mér í borgarráði, hvað þessari tillögu liði. En þetta mun hafa stangast á við túlkun manna um stöðvunarskyldu í núv. lögum. Eftir því sem ég best veit þá er þetta enn þá stopp í dómsmrn. En það er nú ekkert aðalatriði.

Á þeim árum sem ég hef unnið að umferðarmálum innan borgarkerfisins hafa auðvitað mörg atriði átt þátt í að fækka slysum. Eitt af því er lækkun hámarkshraða í íbúðarhverfum sem gildir hér í nokkrum hverfum Reykjavíkur, m.a. í gamla Vesturbænum og Þingholtunum og auk þess vil ég nefna hraðahindranir á götum. Það var í fyrstu frekar óvinsælt meðal bílista að þurfa að fara yfir hraðahindranir sem létu hrikta í bifreiðinni. En hvað sem um það má segja er þó a.m.k. ljóst að hraðahindranir, ef þær eru rétt hannaðar, uppfylla væntingar sem til þeirra eru gerðar, þ.e. þær draga úr hraða.

Mannvirkjagerð er enn ein hlið málsins, sem getur haft mikil áhrif á slysatölur, sérstaklega með því að aðgreina gangandi og akandi umferð. Einnig þarf að aðgreina akandi umferð frá annarri óvarinni umferð, sérstaklega hjólreiðamönnum. Fyrri hluta síðasta árs var ég formaður í nefnd sem var kölluð hjólanefnd Reykjavíkur. Hún starfaði frá janúar fram í apríl 1994 og lagði fram mjög ítarlegar tillögur um það hvernig auka mætti öryggi hjólreiðamanna. Þar á meðal voru tillögur um samfellt stígakerfi eða stofnbrautakerfi og sérstök umferðarljós fyrir hjólreiðamenn og svo mætti lengi telja. Mörg þessi atriði eru nefnd í skýrslunni sem hér liggur fyrir. Fleiri atriði koma auðvitað til. Slys á börnum kalla á skoðun á gönguleiðum skólabarna, útivistartíma skólabarna, skólatíma og þannig mætti lengi telja.

Nokkur atriði enn langar mig að minnast á sem ég er glöð að sjá að eru í tillögum frá ráðherranum og það er um að auka umferðarfræðslu og bæta ökunám. Eftir því sem ég best veit erum við enn þá nokkuð langt á eftir öðrum Norðurlöndum hvað varðar kröfur til ökukennara. Kröfur um menntun ökukennara á Íslandi eru ekki þær sömu og í þeim löndum sem við gjarnan miðum okkur við. Maður veltir því fyrir sér hvort þar sé ekki atriði sem þarf að taka á. Ef stærri þjóðir og örlítið lengra á veg komnar í umferðarmenningu telja nauðsynlegt að gera miklu meiri kröfur til ökukennara finnst mér vert að skoða hvort við þurfum ekki að gera slíkt hið sama.

Loks langar mig að minnast á að sektir við umferðarlagabrotum mættu vera miklu hærri. Þannig er að sá sem brýtur af sér finnur mest fyrir pyngjunni. Það er staðreynd að stór hluti þeirra sem afplána dóma í fangelsum þessa lands hefur brotið af sér í umferðinni. Mér finnst spurning hvort áherslubreyting mætti ekki verða í því þannig að sektir væru miklu þyngri og það væri þá kannski rúm í fangelsum fyrir aðra sem afplána þurfa dóma.

[16:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka þá góðu umræðu sem hefur farið fram og þær góðu undirtektir sem þáltill. hefur fengið. Hún hefur verið mjög vandvirknislega unnin af mörgum þeim sem hafa gersta þekkingu á því viðfangsefni sem við blasir. Ég held að enginn vafi sé á því að það er almennur áhugi og mikill vilji á því að taka á þessu viðfangsefni. Maður merkir það kannski á því að ég held að fólkið í landinu taki mjög vel þeim daglegu umvöndunum sem það fær í þessum efnum. Menn eru yfirleitt þreyttir og leiðir þegar verið er að vanda um við þá og minna þá á að þeir eigi að gera hlutina svona og ekki hinseginn. En ég held að því er umferðarmálin varðar að þeir sem hafa haft það starf með höndum að vekja okkur á hverjum degi með ábendingum um árvekni og um þau atriði sem mestu skipta þann daginn njóti skilnings og velvilja allra þeirra sem á þá hlusta vegna þess að fólk veit og skynjar að það er þeirra eigin hagur að fara að þeim ráðleggingum og þeir hafa unnið þakklátt starf. Hér þurfum við að gera miklu meira en að koma slíkum ábendingum af stað og samræma aðgerðir á miklu fleiri sviðum. Vonandi tekst það vel í framhaldi af þeirri stefnumörkun sem hér er verið að hleypa af stokkunum.

Varðandi þá spurningu sem kom fram frá hv. 19. þm. Reykv. er það svo að eftir alvarlegt umferðarslys á dögunum þar sem stór fólksflutningabíll valt skipaði ég sérstaka rannsóknarnefnd til að fara yfir það slys og gera tillögur. Ein af tillögum nefndarinnar er að það verði skoðað sérstaklega hvort og hvernig eigi að setja reglur um bílbeltanotkun í hópferðabílum. Það verður gert samkvæmt ábendingu nefndarinnar og tekið út sem sérstakt viðfangsefni og ég vona að það verði hægt að flýta niðurstöðu á þeirri athugun. Nefndin tekur ekki ákveðna afstöðu í þessu efni en segir að veigamikil rök mæli með því að beltum verði komið fyrir í þessum bifreiðum að það verði að skoða sérstaklega. Eins og hv. þm. vita eru ýmsar hliðar á því máli sem þarf að skoða og það verður gert.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þm. sem hér hafa tekið með mjög jákvæðum hætti þátt í þessari umræðu.

[16:36]

Drífa Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmrh. um eitt atriði varðandi helstu niðurstöðu nefndarinnar sem er 11. liður í athugasemdum við þingsályktunartillöguna. Þar stendur, með leyfi forseta: „Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára." Í mínum huga þarf ekki að hugsa sig um í nokkur ár til að lögleiða hjálma. Ég fæ ekki betur séð en það væri unnt að gera á þessu þingi og það hefur sýnt sig að það hefur dregið úr slysum og ég sé raunverulega ekkert sem ætti að hindra það. Þess vegna langar mig til að biðja ráðherra um að veita mér einhverjar upplýsingar um þetta ef hann hefur þær á takteinum.

[16:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ef ég man rétt var flutt þingmannafrv. um þetta á síðasta þingi. Ég veit ekki betur en þeir hv. þm. sem að því stóðu hafi verið að undirbúa að endurflytja það ef það er ekki þegar komið fram. Ég hef fengið ábendingar

og áskoranir frá landlækni og fleiri læknum um nauðsyn þess að lögleiða þetta. Ég taldi eðlilegt að með tilliti til þess að þetta mál var hér til meðferðar hjá hv. þm. fengi það þann framgang og þingið veitti málinu brautargengi með samþykkt þess frv.

[16:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt röð á hlutunum að þessi stefnumótun, sem tekur á vel flestum þeim þáttum sem verið hafa til skoðunar og umræðu undanfarin ár og álitamálum af því tagi eins og hvort og þá hvenær eigi að lögleiða notkun reiðhjólahjálma, hvort lögleiða eigi öryggisbelti í fólksflutningabifreiðum o.s.frv., verði unnin í þeirri röð að fyrst verði þessi ályktun meðhöndluð og afgreidd og þar verði stefnan mótuð. Síðan verði gerðar þær breytingar á löggjöf sem leiði af þeirri stefnumótun en ekki öfugt. Ég lagði m.a. fram þessa fyrirspurn fyrir nokkru, hvað áætluninni liði vegna þess að ég hafði af því fréttir að nú stæði til að tína út úr þessum pakka einstaka þætti og flytja um það sjálfstæð þingmál. Ég held að það sé ekki rétt röð á hlutunum heldur væri vænlegast að Alþingi einbeitti sér að því að fjalla um þessa umferðaröryggisáætlun og móta þar endanlega og ganga frá þeirri stefnu sem menn geta orðið sammála um að þessu leyti. Í framhaldinu verði svo sú vinna unnin sem lýtur að nauðsynlegum breytingum á einstökum ákvæðum laga.

Það er mat nefndarinnar að um það sé ekki ágreiningur að stefna beri að því að lögleiða reiðhjólahjálma. En það þarf að velja þann tíma með kostgæfni og þá aðlögun sem nauðsynlegt er að veita gildistöku slíkra lagaákvæða þannig að þegar þetta verða lög séu menn í stakk búnir til að framkvæma þau. Þá sé reiðhjólahjálmaeign til að mynda orðin svo almenn og útbreidd að það leiði ekki af sjálfu að lögin verði óvirk að hluta til. Auðvitað gerist það ekki þannig ef við lögleiðum notkun reiðhjólahjálma á morgun að allir sem eiga reiðhjól fari út í búð um eftirmiðdaginn og fái þar hjálma við hæfi og setji þá upp. Það mun ekki gerast þannig því þeir yrðu ekki til í landinu. Að gildistöku slíkra ákvæða þarf að vera hóflegur aðdragandi og það þarf að tímasetja hvenær skynsamlegast er að stíga skrefið til fulls. Það var sömuleiðis mat manna á sínum tíma þegar unnið var að því að festa það í lög að lögleiða t.d. öryggisbelti í bifreiðum. Ég held að þetta liggi nokkuð í eðli máls. Ég tel einnig vænlegast að þessu leyti að menn skoði málið í samhengi við aðra þætti umferðaröryggismálanna og velji sér skynsamlega viðmiðun í því hvenær eigi að láta slíka lögleidda notkun reiðhjólahjálma taka gildi.

Það er líka rétt að hafa í huga að þó menn séu yfirleitt sammála um að þetta sé öryggistæki sem þurfi að sjálfsögðu að auka sem mest og hraðast notkun á og stefna beri að því að lögleiða þá hefur ekki verið alveg einhlítt að hjálmarnir hafi verið til góðs. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að nefna að einnig hafa hlotist slys af notkun hjálmanna, ekki í umferðinni heldur á leikvöllum og annars staðar þar sem börn hafa verið með hjálma á höfðinu sem hafa ekki verið nægilega vel útbúnir og ekki hafa haft öryggisfestingar sem hafa losnað sjálfkrafa ef hjálmarnir hafa til að mynda fest upp í rekkverkum eða leiktækjum á leikvöllum o.s.frv. Þess vegna er nauðsynlegt að þegar að lögleiðingunni kemur sé alveg ljóst að bestu fáanleg tæki séu þar á ferðinni.

Ég gæti að mestu leyti haldið sömu ræðu um notkun öryggissætisbelta í fólksflutningabifreiðum. Ég held að það sé ekki spurning um að það séu nauðsynleg öryggistæki sem stefna beri að að verði lögleidd en einnig þar þurfa að vera forsendur fyrir slíkri lögleiðingu. Við breytum ekki allri samsetningu fólksflutningabifreiða á einum degi eða einu missiri með slíkri lögleiðingu. Það verður augljóslega að eiga sér þannig aðdraganda að unnt sé að framfylgja lögunum. Ég held að stefna beri að því að þessi ákvæði taki gildi gagnvart nýjum bifreiðum og endurnýjun þeirra sem fyrir eru með einhverjum undanþágum eða einhverjum aðlögunarákvæðum gagnvart þeim flota sem er í notkun í dag. Þannig er það með margt fleira af því sem hér er verið að leggja til að auðvitað verður framkvæmdin að taka mið af aðstæðum eins og þær eru. Í því efni verða menn að sýna raunsæi. Mér fannst rétt að láta þetta koma hér farm, herra forseti, í framhaldi af þeim orðaskiptum sem urðu um þessi mál.

[16:43]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa till. til þál. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun og jafnframt þær umræður sem hér hafa farið fram og þær ábendingar sem komið hafa fram í máli hv. þm. Tillagan fer til allshn. og munum við skoða hana þar vel og vandlega og jafnframt hafa hliðsjón af þeim ábendingum sem hafa komið fram í umræðum. Til upplýsingar vildi ég láta þess getið að þessi mál voru rædd sérstaklega á fundi allshn., þ.e. um bílbelti í hópbifreiðum eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir ræddi um hér áðan og spurði hæstv. dómsmrh. um. Sérfræðingur frá dómsmrn. mætti til nefndarinnar í því skyni að gefa okkur upplýsingar um málið. Hann taldi reyndar ýmsum annmörkum háð að skylda menn til að setja belti í allar hópbifreiðar, jafnt gamlar sem nýjar. Hins vegar kom einnig fram í máli hans að Evrópusambandið væri að vinna að reglum um þessi efni. Reyndar hafa fjölmargar reglur verið samdar á vegum Evrópusambandsins á síðustu árum og að auki hafa verið gerðar tillögur um samræmingu reglna í löndum sambandsins í því skyni að efla öryggi í umferðinni.

Allshn. óskaði eftir frekari upplýsingum um þessi mál og jafnframt niðurstöðum þeirrar rannsóknarnefndar sem hæstv. dómsmrh. skipaði vegna hins hörmulega slyss sl. október er hópbifreið fór út af vegi. Í tillögum þessarar nefndar eins og þær eru kynntar af hálfu dómsmrn. og kom raunar fram í máli hæstv. dómsmrh. segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til nokkurra samverkandi þátta, þ.e. krapaflots, vindhviðu, hjólbarða og hraða bifreiðarinnar þannig að hún fór út af veginum og valt. Afleiðing þessa hefði verið minni ef farþegar hefðu verið í öryggisbeltum." Síðan segir: „Meginatriðin í tillögum nefndarinnar eru eftirfarandi" og þá les ég bara upp fyrsta atriðið: „Kannað verði hvort unnt sé að setja öryggisbelti í öll sæti hópbifreiða."

Væntanlega fær allshn. upplýsingar um framgang þessara mála frá ráðuneytinu í samræmi við yfirlýsingar hæstv. dómsmrh. en ég vildi láta þessi atriði koma fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun í löggæslu, 1. umr.

Frv. ÓÖH o.fl., 156. mál. — Þskj. 186.

[16:47]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um stefnumótun í löggæslu. Þessa tillögu flyt ég ásamt hv. þm. Hjálmari Árnasyni og Ísólfi Gylfa Pálmasyni, en tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að leggja fram á þessu þingi frumvörp að samræmdri löggjöf um ávana- og fíkniefni sem byggð verði á tillögum samstarfsnefndar ráðuneytanna frá því í mars 1995."

Í greinargerð með tillögunni segir:

„Neysla fíkniefna virðist vaxandi vandamál í íslensku samfélagi. Sama þróun á sér stað í nágrannalöndum okkar. Sökum fámennis og landfræðilegrar legu hefur Ísland nokkra sérstöðu þar sem möguleikar til varnar virðast meiri en meðal fjölmennra þjóða á meginlandi Evrópu. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur fíkniefnavandinn aukist jafnt og þétt. Segja má að vilji stjórnvalda til að bregðast við vandanum sé takmarkaður í verki, a.m.k. ef höfð er í huga skipan mála nú. Forvarnir eru litlar, eftirlit takmarkað og fáliðaðri sveit löggæslumanna er ætlað að vinna verkið.

Stjórnvöld sjá beinan tilgang í umferðarfræðslu sem er skipulögð og skilvirk enda mikið í húfi bæði fyrir almenna borgara og tryggingafélög að umferðarslysum verði fækkað og þar með dregið úr eignatjóni af þeim. Nákvæmlega sömu forsendur gilda um miskunnarlausan heim fíkniefna en forvarnir eru þó litlar sem engar. Alþingismenn eru örugglega allir á einu máli um að fordæma sölu og notkun fíkniefna. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist að stemma stigu við þeim vanda. Líklega má rekja það m.a. til þess að ekki hefur verið unnið að formlegri stefnumótun af hálfu löggjafarvaldsins í þessum málum. Markmiðssetning hlýtur að vera fyrsta skrefið í átt til raunhæfra aðgerða en fjárveitingar og aðgerðir verða að fylgja í kjölfarið.

Hafa verður marga þætti í huga við athugun þessara mála. Í fyrsta lagi er eðlilegt að skilgreina hvernig megi á kerfisbundinn hátt efla fræðslu um hættur af fíkniefnaneyslu. Í því sambandi má benda á skilvirka fræðslu innan skólakerfisins, en hún er lítil sem engin innan framhaldsskólanna þar sem áhættuhópurinn er óneitanlega stór. Þá þykir rétt að benda á þátt foreldra, einkum hvað varðar það að þeir haldi vöku sinni gagnvart eigin börnum en margir foreldrar vilja ekki viðurkenna að vágesturinn geti knúið dyra hjá þeirra börnum. Bein og stöðug fræðsla til foreldra um einkenni fíkniefnaneyslu hlýtur því að vera mikilvægur þáttur. Einnig má benda á þá leið að virkja unglingana sjálfa þannig að þeir myndi fræðsluhópa og taki upp samstarf við fíkniefnalögreglu. Fjármunum, sem veittir eru til almennrar fræðslu á þessu sviði, hlýtur að vera vel varið og er það sennilega besta leiðin til að spilla markaði fyrir óprúttnum eitulyfjasölum.

Í öðru lagi má nefna að skipuleggja þarf kerfisbundið skilvirkt eftirlit með innflutningi í öllum höfnum landsins. Íslendingar eiga auðveldara með að snúast til varnar á þessu sviði en aðrar þjóðir þar sem aðgangur að landinu er einungis um flug- eða skipahafnir. Ekki þarf eftirlit við landamæri. Nú er kerfisbundin fíkniefnaleit ekki framkvæmd á landinu öllu. Sem dæmi má nefna að enginn leitarhundur er á Seyðisfirði þar sem þúsundir ferðamanna koma árlega með Norrænu. Svipað má segja um aðrar hafnir á landsbyggðinni.

Í þriðja lagi þarf að efla löggæslu þannig að lögreglunni verði gert kleift að vinna gegn sölu, dreifingu og neyslu fíkniefna. Vitað er að miklir fjármunir eru í húfi og því leita söluaðilar allra leiða til að halda starfsemi sinni leyndri. Í Reykjavík starfa 14 lögreglumenn sem hafa fíkniefnamál sem sérsvið. Annars staðar er sá þáttur gæslunnar „aukabúgrein". Fjárveitingar til þessara mála hafa verið mjög af skornum skammti, hugsanlega vegna þess að stefnumörkun hefur vantað, og er umhugsunarvert að ekkert skipulegt samstarf er milli þeirra stofnana sem með beinum eða óbeinum hætti fást við mál varðandi sölu fíkniefna og notkun. Rekja má mörg auðgunar- og árásarmál til fíkniefnaneytenda en samstarf fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og Rannsóknarlögreglu ríkisins er lítið. Tvær deildir eða tvö embætti kunna þannig að vera að vinna að málum sömu einstaklinga án þess að starfa saman. Ljóst má vera að einhverjir hafa verulegar tekjur af sölu fíkniefna. Ekki þykir því óeðlilegt að fíkniefnalögregla taki upp samstarf við skattyfirvöld við rannsókn mála. Sama má segja um almenna tollgæslu. Á þessum sviðum virðist framkvæmdin líða fyrir stefnuleysi stjórnvalda, sem og fjársvelti.

Í fjórða lagi er mælt með því að viðurlög verði hert gagnvart þeim sem stunda dreifingu og sölu fíkniefna, sbr. þingsályktunartillögu Arnþrúðar Karlsdóttur á þessu þingi (62. mál).

Í mars 1995 skilaði samstarfsnefnd ráðuneyta tillögum um þetta efni. Flutningsmenn taka undir tillögur nefndarinnar en telja þó að ganga mætti lengra í því skyni að uppræta þann vágest sem ávana- og fíkniefni eru.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra leggi á starfandi þingi fram frumvörp til laga er byggi á framangreindum forsendum."

Virðulegi forseti. Ég legg til að máli þessu verði að lokinni umræðu vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 160. mál (heildarlög). — Þskj. 194.

[16:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til sóttvarnalaga. Forsaga þessa frv. er sú að í október 1988 skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd embættismanna og sérfræðinga sem fékk það verkefni að endurskoða sóttvarnarlögin frá 1954, farsóttalögin frá 1958 og ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalög frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingum, og lög um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. til sóttvarnalaga ásamt fylgiskjölum í september 1989 og var það lagt fram óbreytt frá tillögum nefndarinnar á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Haustið 1990 endurskoðaði farsóttanefnd frv. m.a. með hliðsjón af þessum umsögnum sem borist höfðu Alþingi. Meiri hluti nefndarinnar gerði tillögur um nokkrar breytingar á því og var það lagt fram í þeirri mynd sem hann var sammála um á 113. löggjafarþingi vorið 1991. Frv. náði ekki fram að ganga.

Frv. var enn lagt fram á 115. löggjafarþingi nánast óbreytt frá 113. löggjafarþingi að öðru leyti en því að gert var ráð

fyrir að kostnaður vegna sóttvarna yrði greiddur eins og annar sjúkrakostnaður.

Á 116. löggjafarþingi var frv. lagt fram í fjórða sinn óbreytt frá 115. löggjafarþingi að öðru leyti en því að gert var ráð fyrir gildistöku 1. janúar 1994 en það náði heldur ekki fram að ganga. Ákveðið var að leggja frv. fram að nýju á 119. löggjafarþingi lítillega breytt, m.a. varðandi skipan sóttvarnaráðs og ákvæði um þvingunarúrræði með það að markmiði að treysta réttarstöðu hins smitaða.

Enn vill heilbr.- og trmrh. freista þess að leggja fram og fá samþykkt frv. til nýrra sóttvarnalaga. Heilbr.- og trn. Alþingis sendi frv. til umsagna í lok 119. löggjafarþings. Unnið hefur verið úr þeim umsögnum og tekið tillit til góðra ábendinga sem þar komu fram. Meðal breytinga sem gerðar hafa verið má nefna að nú er gert ráð fyrir að heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur eigi sæti í sóttvarnaráði og ákvæðum um hlutverk sóttvarnalæknis gagnvart heilbrigðisnefndum og ábyrgð heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa hefur verið breytt. Þá er kveðið á um kæru til Hæstaréttar í ákvæðum um þvingunaraðgerðir og talið var rétt að gera breytingar þess efnis að ákvarðanir sóttvarnalæknis væru kæranlegar til heilbr.- og trmrn. en ekki landlæknis eins og áður var gert ráð fyrir, enda starfar sóttvarnalæknir á vegum landlæknisembættisins.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þær breytingar sem gerðar hafa verið á 17. gr. frv. sem fjallar um greiðsluhlutdeild sjúklinga. Þar er frekari heimild til undanþágu frá þeirri meginreglu sem var í fyrra frv., að kostnaður greiðist að öllu jöfnu með sama hætti og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Mikilvægt er að heimilt sé að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem nánar verður kveðið á um hvaða deildir geti veitt slíka þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu. Undanþáguheimildin byggist fyrst og fremst á mikilvægi þess að einstaklingar leiti sér nauðsynlegrar læknishjálpar án þess að fjárhagsaðstæður hamli og eru börn og unglingar þá ekki síst höfð í huga. Hér er um að ræða mikilvægt forvarnastarf sem tvímælalaust stuðlar að sparnaði í heilbrigðiskerfinu þegar til lengri tíma er litið.

Með frv. þessu er gerð tillaga um rammalöggjöf þar sem sameinuð eru í ein lög ákvæði um farsóttavarnir, sóttvarnir og varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum. Hér er fylgt fordæmi nágrannaþjóða okkar, svo sem Norðurlanda og Bretlands. Verði frv. að lögum mun það hafa í för með sér umtalsverða lagahreinsun. Tvenn lög um holdsveiki sem eldri frumvörp gerðu ráð fyrir að felld yrðu úr gildi voru felld úr gildi með sérstökum lagahreinsunarlögum sem Alþingi samþykkti ekki alls fyrir löngu.

Frv. til sóttvarnalaga skiptist í fimm kafla. Í I. kafla eru skilgreiningar. Þar er í 2. gr. skilgreint hvað átt er við með smitsjúkdómi en það er sjúkdómur eða smitun sem örverur, eiturefni, toxín þeirra eða sníkjudýr valda. Í 1. gr. er fjallað um sóttvarnir sem annars vegar skiptast í almennar sóttvarnir sem ávallt skal beita og hins vegar opinberar sóttvanir sem grípa skal til vegna hættulegra smitsjúkdóma. Samkvæmt frv. er nýjum sóttvarnalögum ætlað að ná til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og annarra alvarlegra nærmra sótta. Með reglugerð skal ákveða hvaða smitsjúkdómar eru skráningarskyldir. Síðan er gert ráð fyrir að tilkynningarskyldir skuli þeir skráningarskyldu sjúkdómar vera sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, sömuleiðis ákveða með reglugerð hvaða smitsjúkdómar eru á hverjum tíma tilkynningarskyldir.

Með frv. er fylgiskjal um flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum. Þar eru smitsjúkdómar flokkaðir annars vegar í þá sem verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð og hins vegar í þá sem verða tilkynningarskyldir. Fylgiskjalið gefur því vísbendingu um efni þeirrar reglugerðar sem ráðherra fær heimild til að setja skv. 3. gr. frv. Skrá yfir skráningarskylda smitsjúkdóma verður með þeim hætti að persónueinkenna sjúklinga verður ekki getið, en skrá yfir tilkynningarskylda smitsjúkdóma verður einstaklingsbundin.

Í II. kafla frv. er fjallað um yfirstjórn sóttvarna. Gert er ráð fyrir að ábyrgð á sóttvörnum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar hver í sínu héraði og auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður.

Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að leggja sóttvarnanefndir niður. Á hinn bóginn þykir nauðsynlegt að hjá embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir, sóttvarnalæknir, sem hefur sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja nauðsynlegt samræmi í sóttvörnum um landið allt, en að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulæknar og aðrir læknar eftir því sem við á.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að sérstakt sóttvarnaráð verði sett á laggirnar til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í III. kafla er fjallað um almennar sóttvarnaráðstafanir og eru ákvæði þar að mestu í samræmi við gildandi löggjöf.

Í IV. kafla er fjallað um opinberar sóttvarnaráðstafanir og viðbrögð við yfirvofandi farsóttum. Opinberar sóttvarnaráðstafanir eru ónæmisaðgerðir, einangrun smitaðra, sótthreinsun, afkvíun byggðarlaga eða landsins, lokun skóla eða samkomubann og skal ráðherra ákveða til hvaða aðgerða er gripið að tillögum sóttvarnaráðs.

Í 14. og 15. gr. frv. er nánar fjallað um aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum og er þar einkum fjallað um aðgerðir þegar smitaður samþykkir ekki að fylgja reglum um umgengni. Í þeim tilfellum er heimilt gegn vilja smitaðs að einangra hlutaðeigandi, en í þeim tilvikum skal bera ákvörðunina skriflega undir dómstóla innan tveggja sólarhringa. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og kveða upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef talið er nauðsynlegt að framlengja einangrun skal að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Með þessum ákvæðum er réttarstaða smitaðs tryggð mun betur en samkvæmt gildandi lagaákvæðum.

Í V. kafla frv. eru ákvæði um göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, um aðstöðu til einangrunar hugsanlegra smitbera og ábyrgð á greiningu örvera eða sníkjudýra, samanber 16. gr. Í 17. gr. er kveðið á um kostnað vegna sóttvarna sem fjallað var um hér að framan.

Hæstv. forseti. Ég hef nú í nokkuð ítarlegu máli fjallað um frv. til sóttvarnalaga. Ég tel að hér hafi vel til tekist um að endurskoða og einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir og flestir eru sammála um að löngu er tímabært

að gera breytingar á lagaákvæðum okkar í samræmi við breytta tíma. Því til stuðnings má nefna að fyrr á þessu ári bárust uggvænlegar fréttir af svonefndri ebóla-veiru, sem sýndi að ætíð þarf að vera vel á verði vegna smitsjúkdóma og viðbragða við þeim.

Það er von mín að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir á Alþingi og hljóti afgreiðslu þannig að unnt verði að hefja undirbúning að framkvæmd á grundvelli þeirra laga og til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1997.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 1. umr.

Stjfrv., 164. mál (eignaskiptayfirlýsingar og bílskúrar). — Þskj. 201.

[17:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Lögin um fjöleignarhús tóku gildi 1. jan. sl. Þau eru mjög ítarleg og fela í sér miklar breytingar frá eldri löggjöf og margvíslegar réttarbætur. Þrátt fyrir það hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra nokkrir annmarkar sem hugmyndin er með þessu frv. að bæta úr.

Í 16. gr. fjöleignarhúsalaganna var mælt fyrir um það að gera skuli eignaskiptayfirlýsingu um öll fjöleignarhús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur, fullnægjandi og glöggur skiptasamningur, og skuli eignaskiptayfirlýsing undirrituð af öllum eigendum. Segir enn fremur að það sé skilyrði þinglýsingar á yfirfærslugjörningum eigna í fjöleignarhúsi að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir. Fyrirmæli sama efnis voru í 3. gr. fjölbýlishúsalaganna, nr. 59/1976.

Samkvæmt því hefur gerð eignaskiptayfirlýsinga verið ótvíræð lagaskylda frá því um mitt ár 1976 eða í 19 ár. Sama er að segja um aðhalds- og eftirlitsskyldu þinglýsingaryfirvalda í því efni. Boði fjölbýlishúsalaganna frá 1976 hér að lútandi var þó í gildistíð þeirra ekki framfylgt af þinglýsingaryfirvöldum á ýmsum stöðum á landinu, þar á meðal í Reykjavík.

Við samningu og setningu fjöleignarhúsalaganna varð ljóst að fyrir mörg fjöleignarhús, einkum í Reykjavík, skorti eignaskiptayfirlýsingar. Um nákvæma tölu í því efni var þó ekki vitað en reynslan hefur greinilega leitt í ljós að fjöldinn er meiri en menn hugðu og vandamálið því stærra. Þar sem eignaskiptayfirlýsingar hafa grundvallarþýðingu og gildi um skiptingu fjöleignarhúsa í séreignir og sameign er yfirleitt um réttindi og skyldur eigenda þá þótti óhjákvæmilegt í fjöleignarhúsalögunum að halda fast í framangreint lagaboð viðvíkjandi þær.

Til að skerpa á þessum skyldum var sett ákvæði í 25. gr. laganna um að seljanda sé skylt áður en kaupsamningur er undirritaður að kynna kaupanda eignaskiptayfirlýsingu eða eignaskiptasamning um húsið. Jafnframt segir að ef löggiltur fasteignasali annist sölu eignar í fjöleignarhúsi skuli hann sjá til þess að þessi gögn liggi fyrir og séu rækilega kynnt kaupanda áður en kaupsamningur er gerður og undirritaður. Var talið að ef fasteignasalar væru vel á verði varðandi þetta atriði þá mætti komast hjá mörgum eftirmálum vegna skorts á eignaskiptayfirlýsingum sem flest stafa af vanþekkingu aðila.

Við gildistöku fjöleignarhúsalaganna um síðustu áramót fóru þinglýsingaryfirvöld að ganga hart eftir því að þinglýstar eignaskiptayfirlýsingar lægju fyrir í fjöleignarhúsum og synjuðu um þinglýsingu afsala ef svo var ekki. Virðist svo sem ákvæði 25. gr. fjöleignarhúsalaganna, sem áður er rakið, hafi ekki haft tilætluð áhrif og fasteignasalar hafi almennt ekki uppfyllt þær skyldur sem þar eru þeim á herðar lagðar. Þá virðast eigendur heldur ekki hafa nýtt sér hinn níu mánaða gildistökufrest laganna sem skyldi.

Loks kemur það til að samning reglugerðar um eignaskiptayfirlýsingar og útreikning hlutfallstalna og fleira reyndist mun umfangsmeira og tímafrekara verk en menn áætluðu í upphafi. Var reglugerðin ásamt ítarlegum skráningarreglum sett 9. okt. sl. Þau atriði, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hafa, einkum í Reykjavík, valdið vandræðum og óþægindum fyrir eigendur og húsfélög, einkum kaupendur og seljendur eigna í fjöleignarhúsum þar sem eignaskiptasamningar hafa ekki legið fyrir. Embætti sýslumannsins í Reykjavík hefur áætlað að það eigi við um 20% þeirra íbúða í fjöleignarhúsum sem gengið hafa kaupum og sölum það sem af er árinu.

Meðverkandi orsök vandans eru fyrirmæli fjöleignarhúsalaganna, sem einnig eru arfur frá eldri lögum, um að allir eigendur þurfi óhjákvæmilega og fortakslaust að undirrita eignarskiptayfirlýsingar. Hefur það í mörgum tilvikum reynst þrautin þyngri að fá alla til að skrifa undir eignaskiptayfirlýsingar sérstaklega í stórum eignum en einnig í þeim minni.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í eignaskiptayfirlýsingum um eldri fjöleignarhús felst yfirleitt ekki annað en staðfesting eða samantekt á þeirri skiptingu hússins sem tíðkast hefur og lesa má út úr áður þinglýstum heimildum um húsið. Gildi eignaskiptayfirlýsingar er þá fyrst og fremst fólgið í því að allar upplýsingar um húsið og skiptinguna má finna á einu skjali í stað margra áður. Oft er einnig í eignaskiptayfirlýsingum greitt úr ýmsum vafaatriðum og varðandi skiptingu hússins og hún gerð skýrari og gleggri.

Allt þetta sem að framan er rakið hefur leitt til þess að viðskipti með þær eignir í fjöleignarhúsum þar sem eignaskiptayfirlýsingar eru ekki til hafa gengið erfiðlega á árinu. Liggur fyrir að ekki er hægt að þinglýsa fjölda afsala vegna þess að undirritun allra eigenda skortir á margar skiptayfirlýsingar sem gerðar hafa verið. Þá er mikill fjöldi eignaskiptayfirlýsinga fyrirliggjandi hjá byggingarfulltrúum og bíður yfirferðar og afgreiðslu og afgreiðslutíminn er oft nokkrar vikur. Við þessum vanda er brýnt að bregðast og leysa hann án þess þó að gefa þannig eftir að langtímahagsmunir eigenda og opinberir hagsmunir verði fyrir borð bornir. Er frv. þessu ætlað að taka á þessum vanda með þeim hætti að viðunandi sé.

Það skal áréttað að vandi þessi stafar af sérstökum aðstæðum og samspili nokkurra orsakaþátta og hann er í eðli sínu tímabundinn. Þegar þessu aðlögunar- og umbrotaskeiði lýkur mun framkvæmdin vísast verða slétt og felld.

Það er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem fresti til 1. jan. 1997 gildistöku fyrirmæla um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing sé skilyrði fyrir þinglýsingu á heimildarskjölum um eignir í fjölbýlishúsum. Með því skapast frestur og aðlögunartími fyrir eigendur og húsfélög til að gera

eignaskiptayfirlýsingar og fyrir hlutaðeigandi stjórnvöld til fræðslu og kynningar og annarra undirbúningsráðstafana.

Eftir eðli og efni verður greint á milli tvenns konar eignaskiptayfirlýsinga. Réttarstaða eigenda við gerð eignaskiptayfirlýsinga og breytingar á þeim verður mismunandi eftir því hvers eðlis eignaskiptayfirlýsingin er. Þessi eðlismunur ræður því svo hvernig eignaskiptayfirlýsingin skuli formlega vera úr garði gerð viðvíkjandi undirritun eigenda til að unnt sé að fá henni þinglýst. Er við það miðað að eignaskiptayfirlýsing skuli vera undirrituð af öllum eigendum ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti eða sérstakar kvaðir á takmarkanir á eignarráðum eigenda umfram það sem almennt gerist. Er þetta í samræmi við þær reglur sem gilt hafa um árabil. Hafi hins vegar eignaskiptayfirlýsing aðeins að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur, þá er nægilegt að eignaskiptayfirlýsing sé undirrituð af stjórn húsfélagsins þegar eignarhlutar eru sex eða fleiri en ella af meiri hluta eigenda. Hér er slakað á kröfum og formfestu gildandi laga. Þykir það nauðsynlegt, eðlilegt og sanngjarnt af þeim ástæðum sem áður eru raktar.

Lagt er til að frá 1. júní 1996 megi þeir einir taka að sér að gera eignaskiptayfirlýsingar sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi félmrh. Gerð eignaskiptayfirlýsinga er vandaverk og þurfa þeir sem það taka að sér að hafa góða þekkingu á löggjöf sem um slíkar eignir gildir. Því er miðað við að þeir sem leyfi fá verði að gangast undir hæfnis- eða þekkingarpróf hér að lútandi. Nauðsynlegt þykir að tryggja að þeir sem taka slík verk að sér séu til þess hæfir með því að leyfisbinda slík verk og gera færnis- og þekkingarkröfur er stuðla að vönduðum og samræmdum vinnubrögðum sem eiga jafnframt að skila sér til eigenda í lægra endurgjaldi fyrir verkið.

Hitt meginatriðið í framkvæmd fjöleignarhúsalaganna sem ástæða þykir til að bregðast við og taka á með lagabreytingu snertir bílskúra á lóð fjöleignarhúsa sem eru í eigu utanaðkomandi manna. Í 22. gr. fjöleignarhúsalaganna var lögfest sú meginregla að óheimilt sé að ráðstafa bílskúrum út fyrir húsið og undanskilja þá við sölu nema eigandi eigi annan eignarhluta í húsinu. Um þetta var ekki fjallað í fjölbýlishúsalögunum frá 1976 en gömlu lögin frá 1959 höfðu að geyma um þetta skýrar reglur. Í gildistíð fjölbýlishúsalaganna frá 1976 voru bílskúrar og ráðstöfun þeirra heit og tíð deiluefni. Eru reglur 22. gr. svipaðar og voru í lögunum frá 1959 og byggðust á því að óeðlilegt sé að bílskúrar á lóð fjöleignarhúsa séu í eigu utanaðkomandi manna sem jafnvel reka þar atvinnustarfsemi. Það hefur sýnt sig að það hefur margs konar óþægindi og flækjur í för með sér varðandi eignar- og afnotarétt lóðar og þátttöku í húsfélagi þegar eignarréttur að bílskúrnum færist út fyrir húsið. Byggðust þær takmarkanir sem 22. gr. fjöleignarhúsalaganna hefur að geyma á þessum sjónarmiðum.

Það var vitað að verulegt los hafði komist á bílskúra við fjöleignarhús í gildistíð 1976-laganna og nokkur fjöldi bílskúra var kominn í eigu utanaðkomandi manna sem höfðu eignast þá með löglegum hætti í hvívetna. Ljóst var að vandamál kynnu að skapast vegna slíkra bílskúra, en talið var að þau myndu leysast átakalítið með tímanum. Við samningu 22. gr. frv. til fjöleignarhúsalaganna kom til álita að setja fyrirmæli um skyldu utanaðkomandi bílskúrseigenda til að selja og skyldu eiganda eða húsfélags til að kaupa bílskúrana. Fortakslaus lagaskylda í slíka veru þótti þó ganga um of á eignarrétt og samningsfrelsi aðila. Þótti nægilegt og viðunandi að setja þær hömlur sem settar voru. Eins og áður segir voru fyrirsjáanleg vandamál vegna slíkra bílskúra, en talið var að þau mundu leysast smám saman og með tímanum mundu slíkir bílskúrar án frekari stýringar og lagaboði rata heim, ef svo má taka til orða, og komast í eigu eigenda í fjöleignarhúsi.

Þótt það hafi gengið eftir í mörgum tilvikum þá hafa fyrirmæli 22. gr. í nokkrum mæli leitt til mjög ósanngjarnrar og óeðlilegrar aðstöðu fyrir bílskúrseigendur. Er það þegar svo háttar að utanaðkomandi bílskúrseigandi vill selja bílskúrinn en enginn í viðkomandi húsi vill kaupa hann, þá er bílskúrseigandanum, samkvæmt 22. gr., flestar bjargir bannaðar þar sem honum er óheimilt að selja bílskúrinn til annars utanaðkomandi aðila. Eigendur í fjöleignarhúsi hafa þannig komist í óeðlilega samningsaðstöðu gagnvart bílskúrseigandanum og jafnvel komist yfir bílskúr fyrir verð sem er langt undir því sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist. Stemma verður stigu við slíku ósanngjörnu verðfalli eigna og óeðlilegri auðgun fjöleignarhúsaeigenda á kostnað bílskúrseigenda. Með ákvæðum 22. gr. er verið að vernda hagsmuni eigenda gagnvart óhagræði og flækjum sem skapast þegar bílskúrar við húsið eru í eigu manna úti í bæ. Voru hagsmunir þeirra metnir meira en hagsmunir eigenda slíkra bílskúra, sem voru þó löglega að þeim komnir samkvæmt þágildandi löggjöf.

Var á því byggt að eigendur hlytu almennt að vera mjög fúsir til að kaupa slíka bílskúra þegar færi gæfist og þeir væru falir. Hagsmunir þeirra væru það miklir og augljósir að kaupfýsi ætti að vera fyrir hendi. Í nokkrum tilfellum hefur annað komið á daginn og þá hefur skapast aðstaða sem er hrópandi óréttlát og að framan var lýst. Þykir brýnt að taka á þessu atriði og setja sérstök fyrirmæli í lög sem koma í veg fyrir að ákvæði um takmarkanir á ráðstöfunarheimild yfir bílskúrum við fjöleignarhús geti haft svo óeðlilegar og ósanngjarnar afleiðingar í för með sér og raun hefur borið vitni. Vilji eigendur ekki fyrir nokkurn mun kaupa þá þykir ekki lengur nauðsynlegt að vernda hagsmuni þeirra frekar að sinni. Þegar svo stendur á verður að leyfa bílskúrseigandanum að finna sér annan kaupanda þó það seinki því sem æskilegast er og að er stefnt, að bílskúr endi sem fyrst í eigu eigenda viðkomandi fjöleignarhúss.

Bæði hvað viðkemur eignaskiptayfirlýsingu og bílskúrum í eigu utanaðkomandi er í frv. gert ráð fyrir tilteknum afskiptum kærunefndar fjöleignarhúsamála ef svo ber undir. Er lagt til að verksvið kærunefndarinnar verði nokkuð útvíkkað. Byggist það á þeim almennu sjónarmiðum sem til grundvallar kærunefndinni liggja, þ.e. að úrskurðir hennar sé ódýr, fljótfarinn, vandaður og öruggur kostur til að ljúka ágreiningi og binda endi á þrætur ásamt góðri reynslu af störfum nefndarinnar til þessa.

Þau nýju viðfangsefni, sem frv. gerir ráð fyrir að kærunefndin fái, eru þessi:

Að láta í té álit ef ágreiningur rís með eigendum og þeim sem eignaskiptayfirlýsingu gerir um fjárhæð endurgjaldsins.

Að skera úr ágreiningi utanaðkomandi bílskúrseiganda og eigenda í fjöleignarhúsi um kaupverð bílskúrs.

Það fylgja frv. ítarlegar athugasemdir við einstakar greinar þess og ég tel ekki ástæðu til þess að fara yfir þau atriði öllsömul hér, en að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[17:23]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég sé mig knúna til að taka til máls þó að það sé auðvitað spurning hvaða tilgangi það þjóni þegar við sitjum hér svona fá og ræðum þetta mál.

Lög um fjöleignarhús voru samþykkt á Alþingi í mars 1994 og tóku gildi 1. janúar sl. og er út af fyrir sig athyglisvert að svo nýsett lög skuli þarfnast svo mikilla lagfæringa sem hér eru lagðar til. Nú skal það strax viðurkennt að ég hef ekki kynnt mér þetta frv. nógu vel þótt ég hlustaði vissulega á mál hæstv. ráðherra, en frv. fjallar fyrst og fremst, eins og hér kemur fram, um gerð eignaskiptayfirlýsinga og um bílskúramál sem ég geri út af fyrir sig ekki athugasemdir við. En úr því að á að fara að endurskoða þessi lög þá vil ég minna á annað frv. til breytinga á lögum um fjöleignarhús sem var lagt fram á 118. löggjafarþingi sem var hið síðasta fyrir kosningar. 1. flm. að því frv. var Anna Ólafsdóttir Björnsson, þáv. þingkona Kvennalistans, og meðflm. voru úr öllum flokkum á Alþingi eða hv. þm. Gísli S. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Matthías Bjarnason, Pétur Bjarnason og Valgerður Gunnarsdóttir og er kannski athyglisvert að aðeins tveir af þessum átta eru enn þá þingmenn. En vonandi hafa katta- og hundavinir komið í þeirra stað því þetta fjallar um ketti og hunda.

Þetta var hvorki langt né flókið frv. Það var í tveimur greinum og þar af var önnur bara löggildingargrein. En fyrri greinin hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„13. tölul. A-liðar 41. gr. laganna orðast svo: Um að halda megi hunda og/eða ketti í húsinu ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því samkvæmt vottorði læknis. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými."

Þetta frv. fékk ekki afgreiðslu en þegar frv. það sem hér er á dagskrá kom fram þá sá ég að það væri réttast í stað þess að endurflytja þetta frv., sem til stóð og hafði ég raunar tekið það að mér, þá væri rétt að leggja fram brtt. svo að það komi þá til umræðu og umfjöllunar í nefndinni sem tekur frv. ráðherra fyrir.

Í þeim lögum sem voru samþykkt 1. janúar sl. voru ýmis nýmæli og þar var þar m.a. ákvæði um bann við katta- og hundahaldi nema að fengnu samþykki allra eigenda í húsinu. Þessu ákvæði var raunar bætt inn í frv. á síðustu stigum umfjöllunar á Alþingi og kom þar inn fyrir beiðni Samtaka asma- og ofnæmissjúklinga, en aðrir hlutaðeigandi munu ekki hafa fengið tækifæri til að segja sitt álit á því. Það er mat okkar að sjónarmið dýraeigenda hafi þar með verið fyrir borð borin, þeir hafi ekki fengið að segja álit sitt og þetta hafi verið gert í nokkru fljótræði. Auðvitað var þetta ákvæði sett af góðum hug og umhyggju fyrir ofnæmissjúklingum, um það efast enginn, en við teljum að það hafi ekki fengið nógu vandaða umfjöllun og því miður farið inn og setið þar nokkuð fast, en eins og ákvæðið er núna þá opnar það í rauninni fyrir andstöðu gegn katta- og hundahaldi af hvaða ástæðu sem er. Það eru engin skilyrði sett þess efnis að bannið þurfi að rökstyðja með heilsufarslegum ástæðum. Það nægir að einn íbúi segi nei og hann þarf ekki að tilgreina neina ástæðu. Ef Jón og Gunna í kjallaranum eru bara á móti katta- og hundahaldi yfirleitt án þess að hafa af því nokkurn heilsufarslegan ama þá geta þau bara sagt nei við því að Siggi á 4. hæð hafi kött eða öfugt. Það er því ljóst að með þessu ákvæði er réttur dýraeigenda ekki virtur og er hugsanlega verið að bjóða heim misnotkun af hendi þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa andúð á þessum dýrum.

Ég hef ákveðið að flytja efni þessa frv. í formi brtt. við þetta frv. Mér er fyllilega ljóst að um þetta atriði er ágreiningur, en við höfum samt sem áður fyrst og fremst orðið varar við stuðning ýmissa aðila sem er málið skylt við þessa brtt. Ef þessi breyting yrði samþykkt þá held ég að hún yrði til mikilla bóta því að hún tekur fullt tillit til þeirra sem af heilsufarsástæðum eiga erfitt með að búa í sama húsi og þessi dýr og setur hagsmuni þeirra í forgang. Eins og lagagreinin er núna þá býður hún upp á misnotkun eins og ég sagði og um það eru þegar dæmi. Því miður ríkir mikið og furðulegt að ég ekki segi ómenningarlegt skilningsleysi hér á landi á vináttu manna og dýra, hversu mikils virði hún er einstaklingunum, hversu mikils virði samband manna og dýra er mörgum, lífsfylling og jafnvel heilsusamleg í reynd. Þessar staðreyndir eru mörgum lokuð bók. Fólk hengir sig í hvert eitt tilvik þar sem misbrestur er á dýrahaldi í þéttbýli. Þar má nefna sem dæmi ágreining vegna ónæðis og ama t.d. vegna sóðaskapar og óeðlilegs hávaða, eða ef um alvarleg hegðunarvandamál hjá dýrunum er að ræða. Auðvitað getur slíkt komið upp og þá þarf að taka á því. Það er ekki verið að gefa dýrunum forgang, heldur aðeins verið að biðja um eðlilegt tillit. Að sjálfsögðu ber að taka tillit til þess ef heilsu mannlegra íbúa viðkomandi húss er sannarleg hætta búin af veru einhverra dýra í húsinu. En dýrahald sem byggist á virðingu fyrir dýrum og er ástundað af tillitsemi á ekki að þurfa að sæta ofstæki og ofsóknum og breytingartillögunni er ætlað að taka á þessu.

[17:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu er þingmönnum frjálst að bera fram breytingartillögur við þetta frv. eins og önnur. Frv., eins og það liggur fyrir, fjallar hvorki um hunda eða ketti heldur eingöngu um tvö atriði sem komið hefur í ljós að ekki hafa lánast nógu vel í fjöleignarhúsalögunum. Það hafa myndast stíflur hjá sýslumanninum í Reykjavík varðandi þinglýsingar af því að þar er fylgt út í æsar þeim ákvæðum laganna sem krefjast formlegrar eignaskiptayfirlýsingar. Og menn hafa ekki fengið þinglýst vegna þess að þarna hefur verið áfátt í þessu efni og frumvarpinu er ætlað að bæta úr því með því að gefa lengri umþóttunartíma.

Í öðru lagi hafa eigendur bílskúra lent illa í því þegar íbúðareigendur í viðkomandi fjölbýlishúsum hafa verið ófáanlegir að kaupa af þeim bílskúra, sem hafa verið þeirra réttmæt og lögleg eign. Það eru einungis þessi tvö atriði sem frv. tekur á. Ég hef fulla samúð með dýraeigendum. Ég ímynda mér að ég hafi t.d. átt fleiri hunda en flestir aðrir þingmenn. Mér hefur þótt vænt um þá og þykir enn. Ég hef fulla samúð með dýraeigendum og dýrahaldi en það er mikið tilfinningamál og af þessu hafa þráfaldlega sprottið mjög illvígar deilur sem erfitt er að fást við. Ég efast um að þingheimur komi sér saman um það mál og ég vona að umræður um dýrahald í fjöleignarhúsum verði ekki til þess að tefja framgang þessa litla frv., sem einungis tekur á leiðréttingum á tveimur atriðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 158. mál. — Þskj. 189.

[17:34]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frumvarp það sem hér er mælt fyrir um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Frv. er nú endurflutt með nokkrum breytingum sem ég mun gera grein fyrir í máli mínu.

Frumvarpið var á síðasta þingi til meðferðar í allshn. og var sent til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir bárust m.a. frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra sem fylgja með frv. þessu sem fylgiskjal og er tekið tillit til ábendinga sem þar koma fram núna við endurflutning á þessu frv.

Markmið frv. er að setja almennan lagaramma um starfsemi stjórnmálasamtaka og ekki síst að gera fjármál þeirra opin og sýnileg. Öllum má ljóst vera að öll leynd í kringum fjármál stjórnmálaflokka er einungis til þess fallin að auka á tortryggni almennings. Innan þings og utan hefur um langt skeið orðið umræða um nauðsyn slíkrar lagasetningar eins og hér er gert ráð fyrir, en ekkert hefur orðið af slíkri lagasetningu. Má benda á í því sambandi að árið 1975 var málinu fyrst hreyft hér á Alþingi með flutningi frv. sem Benedikt Gröndal flutti og lagði fram, en í því frv. var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frv. sem Benedikt Gröndal flutti árið 1975, eða fyrir 20 árum, náði þó aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis, en það frv. sem hér er mælt fyrir nær einnig til sveitarstjórna og er einnig í veigamiklum atriðum frábrugðið því frv. sem Benedikt Gröndal flutti á sínum tíma.

Kvennalistinn lagði einnig fyrir nokkrum árum fram þáltill. um að skipuð verði nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka og jafnframt að nefndin legði mat á hvort rétt væri að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka. Ég hygg að það hafi verið í framhaldi af því að forsrh. skipaði nefnd á sl. ári til að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slík mál tengjast stuðningi. En þegar frv. það sem ég mæli hér fyrir var flutt á sl. vorþingi þá hafði þessi nefnd enn ekki komið saman. Í tilefni frv. sem lagt var fram á vorþinginu urðu nokkrar umræður um þessa nefnd, sem forsrh. setti á laggirnar, og það var í framhaldi af framlagningu þessa frv. að óskað var eftir tilnefningu Þjóðvaka í nefndina. En þegar þingflokkur Þjóðvaka fór fram á það við forsrn. að fá nánari upplýsingar um starfssvið nefndarinnar varð fátt um svör og bréfi Þjóðvaka um starfssvið nefndarinnar og hvenær henni væri ætlað að ljúka störfum var ekki svarað. Þjóðvaki taldi því ekki rétt að skipa fulltrúa í nefndina og hefur ekki gert það. Enda hefur nú komið á daginn, eftir því sem ég er upplýst um, að þessi nefnd hefur aldrei komið saman. Ekki einu sinni eftir vorþingið þótt þar væri vakin athygli á því að nefndin, sem átti að fjalla um þetta mál, hefði ekki komið saman. Það er því ljóst að það er lítill áhugi á þessu máli í forsrn. og greinilega hjá Sjálfstfl., sem á að stýra þessari nefndarskipan, og því er það ljóst í mínum huga að það verður að finna þessu máli annan farveg, ef á annað borð er áhugi á því hjá stjórnmálaflokkunum á Alþingi að setja slíka löggjöf. Ég tel því alveg tímabært að Alþingi sjálft fjalli um þetta mál og ég legg áherslu á að það gæti orðið breið samstaða um það að setja slíka löggjöf.

Eins og fram kemur í grg. með frv. hafa alls staðar á Norðurlöndunum, nema í Noregi, verið lögfestar reglur um fjárreiður stjórnmálasamtaka. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru ríkisframlög bundin við stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1976 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð. Í Finnlandi hafa verið lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, en það var árið 1969, svo og um fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings. Benda má einnig á að í Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi og víðar hafa verið sett lög um fjárreiður stjórnmálaflokka. En í þeim löndum er líka sett þak á heildarkostnað í kosningabaráttunni. Það er athyglisverð hugmynd sem ég tel rétt að nefndin sem fær þetta frv. til meðferðar skoði sérstaklega. Þak sem sett er á heildarkostnað í kosningabaráttunni rennir frekar stoðum undir það að árangur stjórnmálaflokka ráðist ekki alfarið af fjárhagslegum styrk þeirra og að staða þeirra, að því er þennan þátt varðar í kosningabaráttunni, verði sem jöfnust.

Þessar þjóðir hafa ekki látið sér nægja að setja ramma um fjárreiður stjórnmálaflokka, heldur hafa sjónir manna beinst mjög að starfsemi stjórnmálamanna, embættismanna og stjórnsýslunnar í heild. Víða í Bandaríkjunum eru í gildi siðareglur sem taka til stjórnmálamanna og starfsemi stjórnmálaflokka almennt. Á Írlandi kom einnig fram sú tillaga í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar árið 1992, að þingmenn legðu í upphafi þings fram lista yfir öll störf sín og þátttöku í nefndum utan þings. Þegar þingið fjallaði síðan um málaflokka sem sköruðust á við starf eða hagsmuni viðkomandi þingmanna, viki hann sjálfkrafa sæti. Í Kanada eru í gildi svipaðar reglur. Þar er þó ekki sérstaklega haft eftirlit með því að þingmenn gefi upp störf sín, en komi hins vegar í ljós að tiltekinn þingmaður hafi brotið gegn reglunni á sá hinn sami það á hættu að missa þingsæti sitt. Slíkar hugmyndir hafa ekki mikið verið ræddar hér á landi, en full ástæða væri til að veita þeim gaum við meðferð málsins á þingi.

Ég tel skynsamlegt að huga að því að settar verði siðareglur í stjórnmálum, þótt ég geri mér grein fyrir að um það eru skiptar skoðanir. Það er áhrifaríkt tæki til þess að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Það er nauðsynlegt að aðgerðir opinberra aðila séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir svo sem lækna, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn og fleiri.

Sem fskj. með þessu frv. fylgir ágrip af áhugaverðum fyrirlestri Páls Skúlasonar prófessors, sem fjallar einmitt um siðareglur og siðferði í öllum samskiptum.

Í umræðum á Alþingi í vor um þetta frv. komu fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allshn. skoði við umfjöllun sína um þetta mál. Ég tók eftir því við þá umræðu að það voru sérstaklega áhugaverðar ýmsar tillögur sem fram komu hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, sem virðist hafa kynnt sér vel þetta mál, sem ég tel að ætti að skoða sérstaklega.

Af ábendingum sem komu fram á sl. þingi má t.d. nefna hvort hámark skuli vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, þ.e. varðandi fjárreiður, og hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talið fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi regl-

ur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Varðandi efnisatriði frv. vil ég einungis geta, virðulegi forseti, meginatriða því ítarlega var gerð grein fyrir einstökum greinum frv. þegar mælt var fyrir því sl. vor.

Fyrsti kafli frv. fjallar að meginefni til um starfsemi stjórnmálaflokka og er þar gert ráð fyrir í 7. gr. að stjórnmálasamtök setji sér reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna. Í 1. gr. er sett fram skilgreining á því hvaða samtök geti talist falla undir hugtakið stjórnmálasamtök. Það eru annars vegar þau sem bjóða fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórnar eða Alþingis og hins vegar að þau séu skráð sem stjórnmálasamtök hjá dómsmrn.

Tilgangur 2. gr., sem fjallar um skráningu stjórnmálasamtaka, er að lögð séu fram í dómsmrn. lög samtakanna og stefnuskrá en með því skapast meiri festa og aðhald að starfsemi stjórnmálasamtakanna í landinu.

Í 3. og 4. gr. er kveðið á um að stjórnmálasamtök skuli opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri, og að stjórnmálasamtök skuli gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og í skipulagi.

Eins og áður sagði þá er í 7. gr. getið um að stjórnmálasamtök skuli setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að landsmönnum öllum séu ljós vinnubrögð sem tíðkast innan stjórnmálaflokkanna sem geta verið mismunandi, svo dæmi sé tekið hvort sú regla gildi innan stjórnmálasamtaka að þingmenn sitji í stjórnum eða bankaráðum eða sjóðstjórnum sem hafa á hendi úthlutun á fjármagni.

Í 8. gr. er kveðið á um að stjórnmálasamtökum sé óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað. Það er að vísu að mestu aflagt nema hjá einum stjórnmálaflokki, en við teljum ástæðu til þess að kveða á um slíkt í lögum og að kjósendur séu lausir við það að verið sé að skrá niður upplýsingar um það hvort þeir mæta eða mæta ekki á kjörstað.

Ég nefndi í upphafi máls míns að við hefðum tekið tillit til ábendinga sem hefðu komið frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra. Ábendingar sem komu fram frá Ríkisendurskoðun eru þær að þar er bent á að samkvæmt 7. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eð ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði, í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til.

Það kom vissulega til álita að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikninga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði og þannig var gert ráð fyrir því í því frv. sem ég mælti fyrir á vorþinginu. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar sé annars vegar bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslum meginhluta rekstrarkostnaðar. Þó stjórnmálasamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði, heldur eru ársreikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt frv. og jafnframt er heimild til afskipta Ríkisendurskoðunar eins og áður er greint frá. Hér höfum við því breytt frá upprunalegu frv. í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar, þannig að það er fellt niður sem áður var í frv., um að ársreikningar stjórnmálasamtaka sem hljóta fjárframlög skuli jafnframt endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Látið er við það sitja að þeir séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

Í 9. gr. er að öðru leyti kveðið á um að stjórnmálasamtök séu bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim beri einnig að skila skattframtali. Við álítum að eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálaflokkunum sé mjög lítið og ákvæði um framtalsskyldu er sett fram til þess að tryggja nauðsynlegt aðhald.

Í 10. gr. er ákvæði sem kveður á um að stjórnmálasamtökum sé heimilt að taka við fjárframlögum eða ígildi þeirra frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300 þús. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Með þessu ákvæði er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálaflokka við einstaklinga eða fyrirtæki, en þetta er víða þekkt. Slík ákvæði eru t.d. sett í Bandaríkjunum, en þar er miðað við mjög lága fjárhæð. Ef einstaklingar eða fyrirtæki gefa nokkra dollara þarf að birta nafn styrktaraðila opinberlega. Þetta er ákvæði sem sérstaklega þarf að taka til skoðunar í nefnd. Það kemur vissulega til álita að setja þak á þetta þannig að það sé ekki heimilt að taka við fjárhæð sem fari yfir tiltekin mörk. Hér er lagt til að heimilt sé að taka við fjárhæð sem fer yfir 300 þús. kr., en þá er nauðsynlegt að birta nafn viðkomandi opinberlega.

Í 11. gr. er kveðið á um rétt til þess að þiggja framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka og það verði lögbundið, en þannig verði framlög til stjórnmálaflokka sérstakur liður á fjárlögum, sem þau eru reyndar nú. Það er einnig nýmæli að stjórnmálasamtök sem bjóða fram til þings eða sveitarstjórnar og hafa náð a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í síðustu kosningum á landsvísu án þess að hafa náð þingsæti, eigi rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Það kann að þykja sérkennilegt að þarna sé opnað fyrir það að stjórnmálasamtök sem hljóta ákveðinn hluta sem miðaður er við greidd atkvæði, en fá ekki fulltrúa kjörinn á þing, eigi rétt til framlaga úr ríkissjóði í ákveðinn tíma. En ég tel þetta ekki óeðlilegt, það er partur af lýðræði okkar að nýir flokkar geti boðið fram. Þá þarf að gera þeim kleift að standa að einhverju leyti jafnfætis þeim flokkum sem boðið hafa fram áður og þegið hafa fjárframlög frá ríkissjóði. Sambærilegt ákvæði er að finna víða erlendis, m.a. á Norðurlöndum, og teljum við rétt að það sé sérstaklega skoðað af hv. Alþingi hvort lögfesta eigi slíka leið hér.

Um 12.–14. gr. er lítið að segja. Hér er um að ræða ákvæði laga um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, en það er tekið óbreytt inn í frv. og fellt inn í það þar sem eðlilegra þykir að hafa öll ákvæði sem snúa að stjórnmálasamtökum á einum stað.

Ég vil í lokin nefna tvö ákvæði til bráðabirgða, en get þess þó áður, virðulegi forseti, að í frv. sem lagt var fyrir á vorþingi var gert ráð fyrir að dómsmrh. skipi sérstaka þriggja manna nefnd sem skeri úr ágreiningi sem rís vegna laganna. Samkvæmt ábendingum frá ríkisskattstjóra er þessi úrskurðarnefnd felld út úr frv. en ríkisskattstjóri segir eftirfarandi um þá nefnd, með leyfi forseta:

„Áformuð þriggja manna úrskurðarnefnd um málefni stjórnmálaflokka virðist eiga að hafa valdsvið og verkefni sem hugsanlega gætu varðað skattalegar skyldur, a.m.k. eins

og 15. gr. er orðuð. Er hér t.d. átt við ef ágreiningur rís um framtalsskil eða uppfyllingu á bókhaldsskyldum. Vandséð er hvort og þá að hve miklu leyti nefndarskipun þessi varðar það svið sem yfirskattanefnd hefur í sínum verkahring. Væri því æskilegt að taka af skarið með þetta atriði í fyrirhugaðri löggjöf samkvæmt frumvarpinu." Við föllumst á ábendinguna og höfum í þessu frv. sem nú er lagt til fellt út ákvæðið um sérstaka nefnd.

Þá í lokin, virðulegi forseti, varðandi þessi tvö ákvæði til bráðabirgða. Þar er rætt um að dómsmrh. skipi nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasasmtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrá, aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands, og skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara. Ástæðan fyrir þessu ákvæði til bráðabirgða er að það eru engar samræmdar reglur sem gilda í dag um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem flokkunum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem frá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. T.d. hafa flokkarnir iðulega fengið afslátt af gjaldskrá Pósts og síma. Þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki ljóst hvort það sama á við um alla í því efni. Við teljum því eðlilegt að settar verði skýrar og samræmdar reglur um þetta sem flokkarnir geti gengið að sem vísum.

Síðan er í síðara ákvæði til bráðabirgða lagt til að dómsmrh. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra og skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara. Við töldum rétt að hafa þann háttinn á. Það er víða svo að stjórnmálasamtök sem eingöngu bjóða fram til sveitarstjórna hafa rétt til oipinbers stuðnings. Við teljum rétt að reynt verði að leita samstöðu við sveitarfélögin og Samband sveitarfélaga um að það komi til þeirra kasta í þessu efni að leggja fram styrki til starfsemi úr sveitarsjóði til þeirra flokka sem bjóða fram til sveitarstjórna en þetta er þekkt annars staðar frá, t.d. í Danmörku. Þar fá sveitarstjórnir styrki til starfsemi sinnar úr sveitarsjóði.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða efni þessa frv. frekar, nema ástæða gefist til. Ég geri mér fulla grein fyrir að hér er um viðamikið mál að ræða sem allir stjórnmálaflokkar hafa skoðun á. Það er því nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir komi að þessu verki og reynt verði að ná sem breiðastri samstöðu um þetta mikilvæga mál. Ég vil leggja áherslu á að af þessu verði látið verða og sett verði löggjöf um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Á a.m.k. tveim undanförnum áratugum hefur það oft komið upp, bæði innan þings sem utan, að nauðsynlegt sé að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna líkt og gert hefur verið víða erlendis.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:56]

Útbýting þingskjals:

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 171. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 213.

[17:56]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flm. fyrir þetta þarfa frv. og veit að hún veit eins vel og ég að það hefur gengið ansi treglega að fá þetta mál rætt í þinginu og að taka þessi mál hér á dagskrá. Ég ætla að þessu sinni ekki að fara efnislega mikið ofan í frv. heldur vísa í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur frá því á vorþingi þegar þetta frv. var lagt fram, en þá rakti hún ítarlega afstöðu okkar kvennalistakvenna til þessa máls. Þar kom m.a. fram að við hefðum lagt fram þáltill. til að reyna að fá þessi mál rædd og í framhaldi af henni hefði m.a. verið skipuð nefnd. Það er ljóst að þessi mál eru mun fyrr til komin. Þau hafa verið á dagskrá öðru hverju löngu áður en Kvennalistinn kom til. Ef ég man rétt var hér til umræðu frv., eða a.m.k. milliþingafrv., sem hæstv. forseti Ragnar Arnalds átti aðild að árið 1976. Þannig að þessi umræða er 20 ára eða jafnvel eldri og við skulum velta því fyrir okkur hvers vegna svo erfiðlega gengur að fá þessi mál rædd.

Ég vil aðeins segja fyrir mitt leyti að ég kom fyrst að þessu máli árið 1983 þegar Kvennalistinn var nýstofnaður og tók þátt í starfi svokallaðrar blaðastyrksnefndar þingflokka. Þá kom í ljós hvers konar vinnubrögð eru í kringum þá vinnu. Enda kemur alltaf öðru hverju upp hneykslí varðandi það að stjórnmálaflokkarnir fái svo og svo mikla peninga og þeim sé skipt eftir einhverjum skrýtnum reglum. Og ég verð að segja að eftir að hafa setið í þessari nefnd í nokkuð mörg ár, þá er ég þeirrar skoðunar að þetta séu skrýtnar reglur og þetta sé alveg óviðunandi ástand. Eftir langa setu í þessari nefnd komst ég í raun og veru að þeirri niðurstöðu að það væri yfirlýstur vilji Sjálfstfl. að vilja enga löggjöf um þessi mál og formlega vill Sjálfstfl. enga styrki til stjórnmálaflokka. En í reynd eru það stóru stjórnmálaflokkarnir, og þá fyrst og fremst Sjálfstfl., sem hagnast mest á núverandi ástandi. Þegar ég kom fyrst að þessu máli var t.d. upphæðinni sem fór til blaðastyrkja og til stjórnmálaflokka skipt þannig að 50% fór jafnt á milli þingflokka því það var talið að það kostaði lítinn flokk jafnmikið að gefa út blað og stóran. Hinu var skipt í hlutfalli við vægi atkvæða. Smátt og smátt var æ minna af upphæðinni skipt jafnt á milli þingflokka og nú er 12,5% skipt jafnt, en afganginum eftir þingstyrk. Það eru því Sjálfstfl. og stóru stjórnmálaflokkarnir sem fá langmest núna í beina styrki frá Alþingi eða til blaðanna og litlu flokkarnir fá æ minna. En formlega er Sjálfstfl. með þá skoðun að það eigi ekki að styðja stjórnmálaflokka. Þetta er alger tvískinnungur og því er löngu tímabært að þessi mál komi inn á hið háa Alþingi og verði rædd af alvöru og ekki verði málamyndanefnd sett á laggirnar án þess að nokkur hugur fylgi máli en þannig hefur það verið undanfarin ár. Það hefur verið skipuð nefnd ofan í nefnd, í mesta lagi kallaðir saman nokkrir fundir en það fylgir ekki hugur máli. Ég fagna þessu frv. því að núverandi ástand er algjörlega óviðunandi.

Ég bendi á að lokum að í nýlegri athugun sem gerð var í Háskóla Íslands kom fram að Kvennalistinn er eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur bókhald sitt opið fyrir öllum og lætur endurskoða reikninga sína. Þetta kostar vissulega fé og aðhald en við kvennalistakonur teljum rétt að gera þessar kröfur til okkar sjálfra og til stjórnmálaflokkanna yfirleitt. Ég fagna því þessu framkomna frv. og vonast til að það fái vandaða umfjöllun þó að ég ætli ekki að taka afstöðu til einstakra greina á þessu stigi málsins.

[18:01]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim áhuga sem Kvennalistinn sýnir málinu enda ljóst að áhuginn var vissulega fyrir hendi áður þar sem þær hafa flutt þáltill. um þetta mál eins og fram hefur komið. Mig furðar að allir stjórnmálaflokkar nema Þjóðvaki eiga sæti í þeirri nefnd sem forsrh. skipaði

fyrir einu ári og hefur aldrei komið saman að ég best veit. Í þessum þingsal eru fulltrúar þriggja flokka og það væri áhugavert að vita hvort þessir þingflokkar hafi ekki gert athugasemd við að nefnd, sem skipuð var til þess að undirbúa löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka, hafi aldrei komið saman, hvort það hafi virkilega aldrei verið gerð athugasemd við það af hálfu þeirra fulltrúa sem eiga sæti í þessari nefnd. Ég hygg að það sé einsdæmi að nefnd sem sett hefur verið á laggirnar af ráðuneyti, í þessu tilfelli forsrn., sé bara sett á laggirnar eingöngu að því er virðist til að sýnast en það hafi aldrei verið kallaður saman fundur í nefndinni. Það sýnir mér að minnsta kosti að enginn áhugi er af hálfu sjálfstæðismanna að sett verði slík nauðsynleg löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka og ég held að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hljóti a.m.k. að íhuga það alvarlega að draga sína fulltrúa út úr slíkri nefnd sem er algjörlega starfslaus.

[18:03]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. 13. þm. Reykvíkinga vil ég geta þess að Kvennalistinn hefur vissulega gengið á eftir því að starf umræddrar nefndar hæfist. Við gerðum það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og nú get ég upplýst hv. þm. og þann mannfjölda sem hér er viðstaddur um það að nefndin mun hafa verið kölluð saman. Að vísu var einhver brotalöm í þeirri framkvæmd, einhver misskilningur og það mætti víst enginn annar en formaður en það var þá ekki minni vilji hjá formanni en það að hann boðaði að nýju til fundar sem ég veit raunar ekki hvort hefur verið. (Gripið fram í.) Það er mjög stutt síðan, svona tvær vikur og varla það. En nefndin var sett á stofn til að fjalla um fjárreiður stjórnmálaflokkanna en ekki um starfsemi stjórnmálaflokkanna að öðru leyti, ef ég man rétt.

[18:05]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög athyglisvert sem er upplýst hér að fyrir nokkrum dögum hafi nefndin verið kölluð til síns fyrsta fundar. Ég hygg að það hafi verið eftir að þetta frv. kemur fram í annað sinn að forsrn. vaknar og kallar saman fund. Þetta var nákvæmlega það sem gerðist á vorþinginu. Þegar við lögðum fram frv. um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka vaknaði forsrn. og spurði hvort við vildum eiga sæti í slíkri nefnd. En þegar við fórum að spyrjast fyrir um starfssvið nefndarinnar, hvort hún ætti að fjalla um annað en fjárreiður stjórnmálaflokka, t.d. setja lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna, varð fátt um svör. Ég gef lítið fyrir það þó það sé búið að boða til fundar í tilefni þess að þetta frv. er komið fram í annað sinn. Ég er alveg sannfærð um að það er einungis til málamynda. Ef við þurfum að leggja fram þetta frv. á hverju ári næstu árin til þess að fundir verði kallaðir saman hvað verður búið að halda marga fundi um aldamótin? Þeir verða orðnir fjórir, fimm. Þannig að ég spyr enn: Ætlar stjórnarandstaðan að una við að þannig vinnubrögð séu uppi höfð í svo mikilvægri nefnd?

[18:06]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir undrun og hneykslun hv. síðasta ræðumanns. Ég get alveg sagt það hér og nú að mér finnst koma vel til greina að hafna algjörlega þátttöku í svona starfi. Það var hins vegar mat okkar að á það skyldi reyna hvort hugur fylgdi máli og við munum að sjálfsögðu fylgjast með þessu og kanna hvort ástæða er til þess að taka þátt í starfi sem virðist ekki eiga að fara fram af meiri alvöru en kemur fram í þessu sem hv. síðasti ræðumaður var að segja.

[18:07]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að það tekur enginn þátt í þessari umræðu utan flm. nema Kvennalistinn sem hefur sýnt áhuga á þessu máli. Hinir þegja þunnu hljóði. Ég held að það sé nokkuð alvarlegt ef sú er raunin að verið er að kalla saman nefndina í tilefni þess að það er komið frv. fram á Alþingi þannig að eilíflega sé hægt að vísa til þess að málið sé til skoðunar uppi í forsrn. og komið í veg fyrir að Alþingi fjalli ítarlega og faglega um þetta mál í þinginu og í nefndum. Ég spyr aftur: Hversu langan tíma ætlar stjórnarandstaðan, ég ætla ekkert að spyrja stjórnarflokkana, að gefa þessari nefnd til að ljúka störfum? Er ásættanlegt fyrir Kvennalistann, af því hann er sá eini sem tekur þátt hérna í umræðunum, að einungis sé sett einhver löggjöf um fjárreiður stjórnmálaflokkanna en ekki lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna og mun Kvennalistinn gera kröfu um það að þessari nefnd verði sett einhver tímamörk?

[18:08]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal fúslega taka þetta mál upp á þingflokksfundi Kvennalistans og kanna hver er vilji samþingkvenna minna. Hv. síðasti ræðumaður spurði hvort Kvennalistinn væri sáttur við að ekki yrðu sett lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Svarið er já vegna þess að í tillögu okkar, sem var flutt tvívegis á Alþingi um skipan nefndar sem setti eða mótaði reglur um fjárreiður stjórnmálaflokkanna, þá var lagt til að sú hin sama nefnd legði mat á það hvort nauðsynlegt væri að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna að öðru leyti. Við vorum ekki þeirrar skoðunar í sjálfu sér. Okkur finnst fyrst og fremst brýnt að settar væru reglur um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Um það efni var tillaga okkar. Við mundum alveg sætta okkur við það, það er brýnast að taka á því máli og um það fjallaði tillaga okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:10.

39. FUNDUR

miðvikudaginn 22. nóv.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
3. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 155. mál, þskj. 185. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, stjtill., 157. mál, þskj. 187. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Stefnumótun í löggæslu, frv., 156. mál, þskj. 186. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Sóttvarnalög, stjfrv., 160. mál, þskj. 194. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fjöleignarhús, stjfrv., 164. mál, þskj. 201. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, frv., 158. mál, þskj. 189. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Menningar- og tómstundarstarf fatlaðra, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.
11. Vegalög, frv., 165. mál, þskj. 202. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
12. Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þáltill., 166. mál, þskj. 208. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
13. Endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, þáltill., 167. mál, þskj. 209. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
14. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga, þáltill., 168. mál, þskj. 210. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Fjarvistarleyfi:
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Fjöleignarhús, 164. mál, brtt. KH, þskj. 412.
Kaup og rekstur skólabáts, 169. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 211.
Olíuleit við Ísland, 63. mál, svar iðnrh., þskj. 207.
Varnir gegn mengun sjávar, 170. mál, fsp. KF, þskj. 212.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Forseti vill geta þess að kl. 3.30 í dag fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Ólafur Hannibalsson og fyrir svörum verður hæstv. samgrh. Efni umræðunnar er samgöngumál á Vestfjörðum.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því miður ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Anna Jensdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni en 1. varaþingmaður flokksins er forfallaður.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf."

Skeyti hefur borist frá Ólafi Þ. Þórðarsyni þar sem hann greinir frá því að hann geti ekki komið til þings af heilsufarsástæðum.

Kjörbréfanefnd hefur komið saman til þess að rannsaka kjörbréf Önnu Jensdóttur.

[13:34]

Form. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):
Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþingmanns Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Önnu Jensdóttur kennara, sem landskjörstjórn gaf út 20. nóv. sl., en 1. varaþingmaður flokksins í kjördæminu, Ólafur Þ. Þórðarson, fyrrv. alþingismaður, getur ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni af heilsufarsástæðum.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Kjörbréf Önnu Jensdóttur samþ. án atkvgr.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Anna Jensdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Anna Jensdóttir, 2. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Anna Jensdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tæknifrjóvgun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 155. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, frh. fyrri umr.

Stjtill., 157. mál. — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Stefnumótun í löggæslu, frh. 1. umr.

Frv. ÓÖH o.fl., 156. mál. — Þskj. 186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 160. mál (heildarlög). — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjöleignarhús, frh. 1. umr.

Stjfrv., 164. mál (eignaskiptayfirlýsingar og bílskúrar). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 158. mál. — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 11.–14. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Vegalög, 1. umr.

Frv. SvG, 165. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 202. [13:41]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja á þskj. 202 frv. til laga um breytingu á vegalögum. Frv. var lagt fyrir hv. Alþingi seint á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það stafaði ekki af því að um málið væri ágreiningur heldur skynjaði ég þvert á móti svo að um þetta mál gæti tekist allgóð samstaða. Ég vil í upphafi máls míns láta í ljós þá von að það gæti orðið að lögum á yfirstandandi þingi því að hv. samgn. sem fær málið væntanlega til meðferðar mun hafa góðan tíma til að íhuga efni þess og gera tillögur um breytingar á frv. og/eða vegalögunum í tengslum við það eftir því sem nefndin telur skynsamlegt. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. Á eftir orðinu „skógræktarsvæða" í niðurlagi 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: vegi sem sérstaklega eru afmarkaðir fyrir umferð reiðhjóla."

Greinargerðin er stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Notkun reiðhjóla hefur farið vaxandi hér á landi á undanförnum árum. Hafa bæjarfélög brugðist við því með því að leggja sérstakar brautir fyrir umferð reiðhjóla. Þannig hefur orðið til nær samfellt net reiðhjólastíga hér á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorni landsins.

Þessi mál hafa ekki verið flutt inn á vettvang Alþingis áður. Hér er lögð fram tillaga um að vegir, afmarkaðir fyrir reiðhjól, verði teknir inn í vegalög sem væri fyrsta skrefið. Í framhaldi af því þyrfti svo að verða til samfellt net reiðhjólastíga á stærri svæðum. Vonandi verður þessi tillaga til að vekja umræður sem síðan leiða til ákvarðana á Alþingi í þessum efnum."

Ég hef kynnt mér, hæstv. forseti, hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum og hef komist að því að sums staðar er það svo að reiðhjólastígar eru hluti af hinu almenna, lögbundna vegakerfi viðkomandi landa. Það á t.d. við um Danmörku sem hefur afar þróað kerfi í þessum efnum þar sem reiðhjól eru gildur þáttur í samgöngum þeirra og hafa mjög lengi verið. Það hefur verið þannig aftur á móti á Íslandi að menn hafa talið að reiðhjól gætu tæplega dugað sem gildur þáttur í samgöngumálum og bera þar aðallega fyrir sig veðurfar og er það út af fyrir sig rétt að það er erfiðara að tryggja að reiðhjól dugi sem samgöngumáti, jafnvel í Reykjavík, en gerist í öðrum löndum. Engu að síður er það svo að notkun reiðhjóla hefur farið stórkostlega vaxandi hér á landi og hefur þeim fjölgað mjög verulega núna að undanförnu, m.a. í Reykjavík. Í Reykjavík er komið samfellt

skipulagskerfi reiðhjólastíga um alla borgina og nú má það heita svo að um sé að ræða samfellt órofið kerfi reiðhjólastíga í borginni, svo að segja frá Seltjarnarnesi vestast og upp í Heiðmörk með einni undantekningu sem verður bætt úr væntanlega á þessu ári með brú yfir eða í tengslum við Kringlumýrarbraut.

Hér er um að ræða kost sem fólk vill nýta sér. Ég tel að það sé eðlilegt að Alþingi geri grein fyrir því með einhverjum hætti að það viti af þessari þróun, að það fylgist með í landinu og geri sér grein fyrir því hvað er að gerast. Ef þetta frv. yrði samþykkt þýðir það ekki sjálfkrafa að reiðhjólastígar yrðu teknir inn í vegakerfi landsins nema að samþykkt yrði að taka reiðhjólastíga inn á vegáætlun. Út af fyrir sig tel ég t.d. að brúin, sem ég nefndi áðan yfir Kringlumýrarbraut sem tengir saman reiðhjólastíganet Reykjavíkur, gæti auðvitað alveg komið inn á vegáætlun eins og ýmsar aðrar brýr sem þar eru á þéttbýlissvæðinu. Þess vegna tel ég að þetta mál sé ekki aðeins almenn viljayfirlýsing um eitthvað sem menn vilja almennt styðja við, heldur hafi tillagan, eins og hún liggur hér fyrir, praktískt gildi fyrir a.m.k. Reykvíkinga og þéttbýlissvæðið. Því skora ég á þessa virðulegu stofnun að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir efnislega og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[13:46]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um breytingu á vegalögum sem miðar að því að bæta aðstöðu hjólreiðamanna og er það vel. Reyndar finnst mér spurning hvort það þurfi að setja þetta mál inn í lög hafandi í huga það starf sem hefur verið unnið í því sveitarfélagi sem við erum stödd í hér og nú, sveitarfélaginu Reykjavík, en þar voru unnar mjög ítarlegar tillögur til úrbóta fyrir hjólreiðamenn á síðasta ári.

Aðdragandi þess var að sett var á stofn svokölluð hjólanefnd í janúar 1994, hjólanefnd Reykjavíkur. Átti ég sæti í henni og var formaður hennar. Þessi nefnd starfaði og viðaði að sér gögnum í eina þrjá mánuði og skilaði síðan tillögum til borgarráðs sem voru samþykktar. Þar á meðal var tillaga um stofnbrautir fyrir hjólreiðar í borginni. Þar var lagt til að búið yrði til stofnbrautakerfi fyrir reiðhjól innan þriggja ára, og með því væri tryggt að hægt væri að komast milli hverfa, innan hverfa og að stórum vinnustöðum á hjóli.

Nefnd þessi lagði auk þess til að Reykjavíkurborg hæfi þegar í stað samstarf við nágrannasveitarfélögin um skipulagningu stofnbrautakerfis fyrir hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var lagt til að sett yrði upp samræmt vegvísunarkerfi fyrir hjólreiða- og göngustíga og gefið yrði út sérstakt hjólreiðakort fyrir borgina. Lagt var til og samþykkt að á næstu þremur árum verði sett upp sérstök umferðarljós fyrir hjólreiðafólk og að við skipulag og hönnun nýrra borgarhluta verði séð fyrir þörfum hjólandi vegfarenda.

Þá var samþykkt að litið yrði sérstaklega á gamla bæinn, miðbæ Reykjavíkur, og fundnar leiðir til þess að auðvelda notkun hjóla þar, t.d. með því að útbúnar verði og merktar sérstakar reinar fyrir hjólreiðamenn í götustæðinu, þar sem því verður við komið. Loks lagði nefndin til að gert yrði slysakort yfir þá staði sem hættulegastir væru í umferðinni í Reykjavík og að endurskoðuð yrði samþykkt um umferðarnefnd Reykjavíkur með tilliti til hjólreiða.

Ég segi frá þessu hér til að vekja athygli á því að fyrirliggjandi frv. er ekki upphaf þess að hér verði komið upp stofnbrautakerfi, vegvísakerfi og umferðarljósum. Þessi vinna er þegar farin af stað í Reykjavík, en það er að sjálfsögðu ánægjulegt að vita að aðrir vilji beita sér fyrir slíkum úrræðum í sínum heimabyggðum.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti.

[13:50]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hingað til að taka undir efni þessarar tillögu. Góðu heilli eru það ekki eintómir sérvitringar sem stunda hjólreiðar í þessu landi. Það er vaxandi notkun reiðhjóla í umferðinni og ferðamenn nota þennan ferðamáta í síauknum mæli. Einmitt þess vegna vil ég sérstaklega taka undir efni þessarar tillögu. Það er ekki bara í þéttbýli sem er nauðsynlegt að gera ráð fyrir umferð hjólandi vegfarenda. Það er ekki síður brýnt að taka á þessu á milli staða og í því sambandi vil ég sérstaklega nefna mjög aukna umferð ferðamanna á reiðhjólum um vegi landsins og þá hættu sem er orðin veruleg, t.d. á kaflanum á Reykjanesbrautinni á milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og höfuðstaðarins. Það er einkum þessi kafli sem veldur sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum og stjórnendum sveitarfélaga Reykjaneskjördæmis miklum og vaxandi áhyggjum, og allir vita hvernig Reykjanesbrautin er. Hún er aðeins með eina akrein í hvora átt og þetta er orðið mikið vandamál, ekki síst þegar ferðamennirnir eru að koma til landsins eða fara í rökkri. Þá hefur skapast og er að skapast æ meiri slysahætta vegna þessarar umferðar.

Af þessu tilefni vil ég sérstaklega taka undir efni þessarar tillögu og vona að um hana verði fjallað og tekið undir hana í nefnd.

[13:52]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem komið hafa fram við þessa litlu breytingartillögu við vegalögin. Í tilefni af orðum hv. þm. Katrínar Fjeldsted vil ég taka fram að ég rakti í fyrra mjög nákvæmlega einmitt þau verk og þær tillögur sem höfðu verið unnar á vegum svokallaðrar hjólanefndar Reykjavíkurborgar sem var skipuð 4. janúar 1994 og í áttu sæti hv. þm. eins og hún nefndi, Vilhjálmur Vilhjálmsson og Þór Jakobsson. Það var í raun og veru margt mjög merkilegt sem kom frá þessari nefnd og var má segja staðfesting á því sem hefur verið að koma frá sveitarfélögunum á undanförnum árum. M.a. hafa verið gerðar samþykktir um þessi mál í bæjarstjórn Egilsstaða, svo ég nefni dæmi, og það hefur verið fjallað um þau sérstaklega á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og um það segir í áliti hjólanefndar Reykjavíkur, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að við endurskoðun á samþykktum umferðarnefndar verði lögð meiri áhersla á ábyrgð nefndarinnar varðandi umferð hjólreiðamanna. Bendir nefndin í því sambandi á fyrirmynd að samþykkt fyrir umferðarnefndir í sveitarfélögum út gefin af Sambandi ísl. sveitarfélaga og umferðarráði 1988, en í 6. gr. samþykktarinnar segir:

„Umferðarnefnd kannar sérstaklega möguleika á að auka öryggi hjólreiðarmanna, svo sem skiptingu gangstíga og með lagningu sérstakra hjólreiðaleiða."

Hér er með öðrum orðum vitnað til þess að Samband ísl. sveitarfélaga hefur reyndar fyrir alllöngu gefið út leiðbeiningar í þessu efni til umferðarnefnda og sveitarfélaganna og þar með hefur það í raun og veru verið viðurkennt, ekki bara af Reykjavík eða Egilsstöðum heldur af öllum sveitarfélögum í landinu má segja, að hjólreiðar og hjólreiðastígar eiga að vera hluti af hinu almenna samgöngukerfi landsins. Það

má því segja að það er ekki seinna vænna að Alþingi kvitti fyrir það að það hafi heyrt þessa umræðu sem fram hefur farið á vegum sveitarfélaganna og annarra landsmanna. Það má kannski segja að það sé vonum seinna að þessi stofnun taki við sér, en það vill oft verða þannig, eða lítur a.m.k. þannig út, að hér séu menn með leðurhlustir frekar en venjuleg efni í heyrnarfærunum sínum.

Fyrir utan þetta mál er það auðvitað þannig að Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í því samstarfi 35 borga í Evrópu sem ber heitið Car Free Cities Club og er afar merkilegt samstarf þar sem lögð er á það áhersla að reyna að draga úr notkun bifreiða, aðallega einkabíla, í viðkomandi borgum. Sérstaklega af umhverfisástæðum, en líka af slysaástæðum, fjárhagsástæðum og heilbrigðisástæðum. Í þessu sambandi, þ.e. Car Free Cities Club, hefur Kaupmannahöfn haft forustu fyrir borgum sem eru raunar víðs vegar um heiminn. En það væri auðvitað eðlilegast að Beijing hefði forustu í svona klúbbi vegna þess að hún er göfugasta hjólreiðarborg í heimi eins og allir vita sem hafa séð myndir frá höfuðborg Kínaveldis.

Þessi hópur, Car Free Cities Club, hefur reyndar þegar haldið fund eða fundi á Íslandi þannig að Reykjavíkurborg er myndarlegur þátttakandi í þessu starfi. Og um það er enginn pólitískur ágreiningur í Reykjavíkurborg, eins og m.a. fram kemur af því að það var í tíð fyrri meiri hluta undir forustu hv. þm. sem talaði hér áðan sem á þessum málum var tekið með sérstakri tillögugerð.

Ég tel einnig rétt að geta þess að á vegum hópsins, Car Free Cities Club, var lagður sérstakur spurningalisti fyrir allar þessar 35 borgir, fyrir öll löndin. Starfsmenn borgarskipulags Reykjavíkur svöruðu fyrir hönd Reykjavíkurborgar þegar spurt var: „Hvað eruð þið að gera fyrir hjólreiðamenn?" Í svari þeirra kemur fram að 3–4% af umferð í borginni eru hvorki með einkabílum eða almenningsvögnum. Þar kemur líka fram að um 470 km eru til af göngustígum og reiðhjólastígum í Reykjavík. Þessir stígar eru að vísu ekki greindir í sundur í svarinu, enda þekkja menn það sem ganga um bæinn eða hjóla að það er dálítið erfitt að greina þar í sundur. En í lok álits borgarskipulags og reyndar í samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 12. apríl 1994 er lögð áhersla á að það verði haft samráð og samstarf við bæjarstjórnir annarra sveitarfélaga á svæðinu. En samþykkt borgarráðs frá 12. apríl 1994 er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Lagt fram bréf nefndar sem falið var að gera tillögur til úrbóta fyrir hjólreiðamenn í Reykjavík, dags. 29. mars 1994, þar sem gerð er grein fyrir tillögum nefndarinnar. Þær fjalla um aðgerðir í því skyni að greiða fyrir hjólaumferð og stuðla að aukinni notkun hjóla sem samgöngutækis. Borgarráð samþykkir að framkvæma eins fljótt og kostur er þær tillögur nefndarinnar sem samræmast gildandi skipulagi og fjárhagsáætlun borgarinnar. Að öðru leyti er tillögunum vísað til athugunar við endurskoðun aðalskipulags." Loks var samþykkt að hafa þar samráð við grannsveitarfélög Reykjavíkur til að tryggja að reiðhjólaleiðir milli sveitarfélaganna tengist.

Þar með er ég í raun og veru kominn á ný að efni þessa frv., þ.e. að hér í bæ er af eðlilegum ástæðum meira af þessum stígum en annars staðar. Önnur bæjarfélög hafa tekið myndarlega á þessu, bæði í nágrenninu en líka annars staðar, og það er kominn tími til þess að huga að tengingu þessa kerfis, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir rakti í ágætum ábendingum sínum áðan.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir undirtektirnar og vona að þær séu til marks um að þessi virðulega stofnun taki vel á þessu litla frv., virðulegi forseti.

[13:59]

Katrín Fjeldsted:

Forseti. Aðeins örstutt um Car Free Cities, sem menn setja að vísu spurningarmerki við „Car Free Cities?" það er raunsæi að átta sig á að borgir verða aldrei alveg án bíla. En Borgir án bíla er íslenskt heiti yfir þessi samtök.

Ég átti setu á stofnfundi þessara samtaka sem var haldinn í Amsterdam í mars 1994 og það er ánægjulegt að sjá þegar borgir taka sig saman á þennan hátt. Þetta er dæmi um afrakstur af umhverfisráðstefnunni í Ríó. Það er heilmikil gróska í samstarfi Evrópuborga og Evrópulanda í ýmsum málaflokkum eins og menn vita og ekki síst í umhverfismálum.

Ráðstefnan Borgir án bíla og síðan þessi samtök sem síðasti ræðumaður minntist á komu í kjölfar þess. Ráðstefnan um borgir án bíla, sem var upphaf „Car Free Cities?" var haldin að frumkvæði umhverfismáladeildar Evrópusambandsins en hugmyndin kemur frá Ríó-ráðstefnunni, fimmtu framkvæmdaáætlun ráðherranefndar Evrópusambandsins frá því 1. febr. 1993.

Það eru auðvitað ýmis mál sem tengja borgir saman. Menn vita jú að umferðarslysum fer fjölgandi. Við vorum að tala um slysavarnaáætlun hér í þinginu í gær. Mengunin vex og víða er erfitt sérstaklega í eldri hverfum borga að skapa svigrúm fyrir bílinn án þess að umhverfi og sérkenni borganna spillist. Nú vilja menn sporna við fótum og hætta að láta borgina aðlagast bílnum en þess í stað reyna að fá bílinn til að aðlagast borginni. Í Car Free Cities? hefur m.a. komið fram áskorun til sveitarfélaga um að leggja áherslu á umhverfisvænar samgöngur og beita öllum tiltækum ráðum til að minnka þörf fyrir einkabíla, bæta stjórnun umferðarmála og taka þátt í umræðum við alla þá er málið gæti varðað. Því var beint til stofnana Evrópusambandsins að styðja á alla lund þetta frumkvæði borga og styðja fjárhagslega rannsóknir sem tengjast umferðarmengun í borgum og bæjum og umhverfisvænni samgöngutækni. Því var einnig beint til ríkisstjórna og Evrópuráðsins að aðstoða borgir fjárhagslega til að móta stefnu um umhverfisvænar samgöngur.

Eins og að framan er sagt þá hefur Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að vinna í samræmi við stefnuskrá Car Free Cities? eða Borga án bíla. Markmiðið er að reyna að gera Reykjavíkurborg manneskjulegri, auka lífsgæði borgarbúa og auðvelda þeim að komast leiðar sinnar í sjálfbærri borg. Það er mjög ánægjulegt eins og ég sagði áðan að sjá að menn geti hugsað sér þetta í víðara samhengi fyrir landið allt.

[14:03]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þetta litla frv., eins og flutningsmaður kallaði það áðan, þakka fyrir að það skuli vera lagt fram hér aftur. Það er líka ánægjulegt að vita til þess hvað Reykjavíkurborg og höfuðborgarsvæðið hefur gengið fram með miklum krafti í gerð hjólreiðastíga og hlaupabrauta hér um borgina. Við sem komum hér nokkuð reglulega sjáum þetta og þann mikla áhuga sem er á því að stunda heilnæmara og betra líferni, leggja bílnum og hjóla og skokka. Þetta er að gerast úti á landi líka. Það er ýmislegt sem bæjarfélögin þurfa að leggja til eða endurskipuleggja

hjá sér til að koma við hjólreiðastígum og til þess að geta tengt saman byggðakjarna en það gerist ekki óðruvísi en með þeirri breytingu að hjólreiðastígar verði inni í vegalögunum.

Ef við lítum á umferðina eins og hún er yfir sumartímann hér á Íslandi og sjáum alla þá hjólreiðamenn sem ferðast um landið og vitum af þeirri hættu sem af því stafar að hafa þá úti á vegunum, en oft er þetta fólk sem er óvant að hjóla á malarvegum og því óóruggt þar af skiljanlegum ástæðum, þá er í raun og veru mesta furða að ekki skuli hljótast af þessu fleiri slys en verða. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir hjólreiðabrautum við hlið akbrauta þegar við hönnun vega. Og ef við lítum á brýr landsins þá eru þær mjög fáar þar sem gert er sérstaklega ráð fyrir hjólandi umferð. Það er kominn tími til þess að við förum að taka tillit til þessa við hönnun vega og brúa. Við vitum að það gerist ekki í einni svipan að koma þessu í lag en það gerist heldur ekki nema þetta sé sett inn í vegalög og við a.m.k. undirbúum nýja vegi með tilliti til þess að í framtíðinni verði hjólreiðavegir við alla vegi landsins.

[14:06]

Drífa Sigfúsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir orð flutningsmanns, hv. þm. Svavars Gestssonar. Ég tel að þetta frv. sé mikilvægt. Það er út af fyrir sig rétt að þetta er ekki mikil viðbót við vegalög en þetta er afar mikilvægt. Og ég tel að það dugi ekki að setja þetta á annan veg í framkvæmd en með lagasetningu. Sveitarfélög hafa verið að spyrjast fyrir um gerð hjólreiðabrauta bæði í þéttbýli og utan þéttbýlis og því hefur nú jafnan verið svarað á þann veg að Vegagerðin hefði ekki meira fé til ráðstöfunar en hún telji að það þurfi helst af öllu auðvitað að fara í þau verkefni sem lög segja til um að stofnunin eigi að sinna. Það er út af fyrir sig eðlileg niðurstaða þannig að ég ítreka að mér finnst mjög mikilvægt að þetta verði að lögum. Það skiptir máli varðandi hönnun og frágang og allt viðhorf í þessu og er hvatning til sveitarstjórna um að standa sig vel í að tryggja samgöngur reiðhjóla um bæina. En ég tel að það séu staðir, kannski utan þéttbýlis sem eru ákaflega mikilvægir, sérstaklega má nefna þar Reykjanesbraut. Þar fara mjög margir erlendir ferðamenn um og þeir hafa margir hverjir alls ekki kynnst því að það eigi að hjóla úti á vegi þar sem keyrt er jafnhratt um og í jafnmikilli umferð og þar er, fyrir utan það að þar er býsna dimmur vegur og lítið fer fyrir logninu á Suðurnesjum þannig að það getur verið svolítið misviðrasamt og erfitt fyrir þá þegar stórir bílar keyra fram úr þeim eða á móti.

Einnig held ég að annars staðar eins og fyrir austan skipti hjólreiðabrautir líka miklu máli. Þangað koma margir ferðamenn til landsins og það er líka mjög mikilvægt að þeir hafi aðstöðu og það er ekki sama hvernig við tökum á móti ferðamönnum. Þetta skiptir líka máli gagnvart ferðamönnunum en auðvitað ekki síður fyrir okkur sem byggjum þetta land. Þannig að ég ítreka það, ég tel að þessi ákvæði verði að vera inni í lögum.

[14:08]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem málið hefur fengið og vildi kannski ekki síst hnykkja á því sem fram kom hér áðan varðandi það að þessi umræða er auðvitað að nokkru leyti hafin í framhaldi af umhverfisráðstefnunni í Ríó. Það var árið 1990 að gerð var sérstök samþykkt um þetta mál að vinna að því að minnka losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið á vegum umhverfisráðherra Evrópusambandsríkjanna og EFTA-landanna, ásamt umhverfisráðherrum Ástralíu, Kanada, Japans og Nýja-Sjálands. Í framhaldi af þessu og því að umhvrh. Íslands skipaði nefnd til að fjalla um þetta mál árið 1991 þá hafa þessi mál verið til meðferðar og það hefur verið gerður alþjóðasamningur um þessi mál, þ.e. um loftslagsbreytingar. Ísland er aðili að þeim samningi og tók þátt í lokagerð hans. Það er kannski sérstakt umhugsunarefni að í þessum samningi er gert ráð fyrir því, sem við ræðum væntanlega á morgun undir öðrum dagskrárlið hér, að koldíoxíð í andrúmslofti aukist ekki til ársins 2000 frá því sem það var árið 1990. Í framkvæmdaáætluninni var gert ráð fyrir því að aukningin gæti orðið 5% yfir heiminn allan en hún er þegar orðin meiri á Íslandi, af okkar völdum öllu heldur m.a. vegna þess að við höfum verið með svo mörg skip í Smugunni sem auðvitað brenna eldsneyti sem aftur veldur mengun koldíoxíðs. Það má segja að þessi umræða um reiðhjólastíga berist allvíða þegar Smugan er nefnd í þessu samhengi en það gerist vegna þess að undirstaðan að umræðunni um reiðhjólin sem samgönguúrræði er í upphafi aðallega sú að menn vildu líta á þetta sem umhverfismál. Og þó það sé alveg rétt hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted að það er ekki við því að búast að borgir verði bílalausar í bráð, það dettur engum í hug, þá er hins vegar alveg sjálfsagt mál að við gerum það sem við getum til þess að minnka mengun frá bílaumferð.

Fyrir nokkru samþykkti núv. ríkisstjórn framkvæmdaáætlun á grundvelli samningsins um loftslagsbreytingar sem var sagt frá í fréttatilkynningu einhvern tímann í síðasta mánuði ef ég man rétt. Þar kemur fram að menn hafa verið að ræða ýmsar leiðir í þessu efni eins og t.d. að breyta verðlagningu á bílum, breyta verðlagningu á bensíni o.s.frv. Þetta mál sem við erum að ræða hér er partur af því máli, partur af framlagi Íslands í þeim efnum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við málið hafa komið fram góðar undirtektir frá fulltrúum margra flokka hér í þessari stofnun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:12]

Útbýting þingskjals:

Siglingastofnun Íslands, 173. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 216.

Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fyrri umr.

Þáltill. GHall og KPál, 166. mál. — Þskj. 208.

[14:12]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég legg hér fyrir á þskj. 208, ásamt Kristjáni Pálssyni, till. til þál. um verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera nú þegar þær breytingar á verslunarrekstri sem fram fer í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem geri einstaklingum og fyrirtækjum kleift að setja upp og reka tollfrjálsar verslanir fyrir ferðamenn, en jafnframt dragi hið opinbera sig út úr rekstri tollfrjálsra verslana þar."

Í greinargerð með þessari þáltill. segir svo, m.a.: „Eitt af grundvallaratriðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er jöfnun samkeppnisskilyrða. Til að svo megi verða

þurfa einstaklingar og fyrirtæki, jafnt hér á landi sem annars staðar, að eiga jafnan rétt á að bjóða fram þjónustu sína, hvort sem um er að ræða viðskipti innan lands eða milli landa. Ein stærsta verslun landsins, með veltu upp á 1.980 millj. kr., er rekin af hinu opinbera í Leifsstöð. Flutningsmenn tillögunnar telja óeðlilegt að hið opinbera sinni þessari starfsemi. Nú þegar er rætt um einkavæðingu flughafnarinnar. Meira skiptir að hið opinbera dragi sig alfarið út úr öllum verslunarrekstri á Keflavíkurflugvelli og fái hann í hendur einaaðilum. Þetta gæti gerst með því að skipta núverandi húsnæði fríhafnarinnar í einingar sem unnt væri að leigja út til einkaaðila til ákveðins tíma í senn og sæju þeir sjálfir um atvinnustarfsemina. Ekki þyrfti að koma til neinnar lagabreytingar af þessum sökum þar sem 79. gr. tollalaga, nr. 55/1987, heimilar nú þegar rekstur tollfrjálsra verslana í flugstöðvum."

Með leyfi forseta, vildi ég fá að vitna hér til þessarar greinar en þar segir svo í 79. gr. tollalaga:

„Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutninga milli landa. Birgðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Tollfrjálsum verslunum er eingöngu heimilt að selja vörur sínar farþegum og áhöfnum millilandafara. Fyrirskipa má að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út fyrir tollsvæði ríkisins. Enn fremur er verslunum sem hér um ræðir heimilt samkvæmt reglum er ráðherra setur að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis.

Verslanir og birgðageymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti og gilda um birgðageymslurnar ákvæði laga þessara, eftir því sem við á."

Í fyrra fóru u.þ.b. 840 þúsund ferðamenn um flugstöðina í Keflavík og er þá hvort tveggja talið, ferðamenn sem áttu þar stutta viðdvöl (transit) og ferðamenn sem dvöldust lengur hér, auk íslenskra ferðamanna. Almennt er talið að ferðamenn verji u.þ.b. 25% af ferðafé sínu til verslunar, og er þá ekki meðtalinn matur og drykkur. Því er ljóst að það skiptir verslunina í landinu verulegu máli að fá aðgang að þessu viðskiptasviði. Nú eru þær vörur, sem eru á boðstólum í fríhöfninni í Leifsstöð, seldar ferðamönnum á mun lægra verði en kaupmenn geta almennt boðið, þar sem af þeim eru hvorki innheimtir tollar, vörugjöld né virðisaukaskattur. Hið opinbera innheimtir sömu gjöld og það sleppir sjálft af þeim vörum sem seldar eru í fríhöfninni í Leifsstöð af annarri verslun í landinu. Allir sjá hversu gífurlegt óréttlæti og mismunun hér er um að ræða. Það getur aldrei talist hlutverk hins opinbera að stunda verslun í samkeppni við einkaaðila. Mun eðlilegra hlýtur að teljast að hið opinbera skapi einstaklingum færi á að stunda slíka atvinnustarfsemi í innbyrðis samkeppni.

Herra forseti. Það er nú svo að nokkuð hefur verið rætt að undanförnu um einkavæðingu fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og hafa nokkrar greinar birst um það í blöðum og vildi ég, með leyfi forseta, fá að vitna hér til einnar sem birtist í Morgunblaðinu 9. nóvember. Fyrirsögnin er: „Vantar alla markaðssetningu" og þar segir m.a. svo:

„Utanríkisráðherra greindi nýlega frá því að nauðsynlegt væri að auka tekjur af flugstöðinni um 150 milljónir á ári til þess að hægt væri að greiða upp skuldir hennar innan 25 ára eins og ráðgert væri. Hann sagði að hugsanlega mætti ná þessum tekjum inn með því að hækka innritunargjöld og leigu."

Hér er vitnað í viðtal við Loga Úlfarsson, framkvæmdastjóra Íslensks markaðar.

Logi segir ýmsar aðrar leiðir færar en hækkun gjalda, t.d. vanti alveg markvisst uppbyggingarstarf á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar hafi stjórnvöld verið treg til að taka upp nýjar aðferðir. „Frá því að flugstöðin var opnuð hefur aldrei verið unnið markvisst að markaðssetningu Keflavíkurflugvallar," segir Logi. „Sú aukning sem verið hefur á umferð erlendra flugfélaga hefur fyrst og fremst verið fyrir atbeina Flugleiða. Á öðrum flugvöllum í kringum okkur er unnið markvisst að þessum málum og t.d. á Kastrup sjáum við að flugumferð um völlinn hefur aukist um 10% á hverju ári undanfarin ár."

Helsta fyrirstaðan fyrir bættum rekstri flugstöðvarinnar er, að mati Loga, sá ósveigjanleiki sem ríkisrekstrinn hafi í för með sér. Lítið svigrúm sé til samninga við erlend flugfélög um millilendingar hér, þar sem lendingargjöldin séu ekki samningsatriði. Auk þess sé erfitt að koma einföldustu breytingum á rekstrarumhverfinu í gegnum kerfið. „Lausnin felist því í einkavæðingu," segir Logi.

Í frásögn Morgunblaðsins 16. nóvember kemur einnig fram hvar blaðamaður hafði farið ofan í þessi mál. Hann segir:

„Einkavædd á Leifsstöð sér von, en Kastrup-flugvöllur er eini einkarekni flugvöllurinn á Norðurlöndum og þykir vel hafa tekist til með einkavæðingu hans. Hér á landi hafa slíkar hugmyndir þó ekki átt upp á pallborðið hjá hinu opinbera.

Í kjölfar Persaflóastríðsins, á tímum mesta samdráttar sem orðið hefur í áætlanaflugi í heiminum á undanförnum árum, réðust Danir í þá stórframkvæmd að einkavæða eitt stærsta fyrirtæki landsins, sjálfan Kastrup-flugvöll. Þrátt fyrir samdráttinn sem þá var í áætlunarflugi hefur rekstur hins nýja fyrirtækis, Københavns Lufthavn A/S (CPH), gengið mjög vel og í dag er bent á einkavæðingu Kastrup sem dæmi um einstaklega vel heppnaða einkavæðingu ríkisfyrirtækis."

Á þeim fimm árum sem Kastrup hefur verið í einkarekstri hafur hagnaður af rekstri vallarins aukist um 73%. Þá hefur farþegum sem fara um völlinn á ári hverju fjölgað um rúmlega eina og hálfa milljón og voru þeir um 14 millj. talsins á síðasta ári sem gerir Kastrup að stærsta flugvelli á Norðurlöndum.

Síðan er vitnað í Orra Vigfússon í greininni:

„Sem fyrr segir vinna Íslenskur markaður, Flugleiðir, Póstur og sími og Landsbankinn að því að Leifsstöð verði einkavædd. Að sögn Orra Vigfússonar, hefur hins vegar borið á nokkurri andstöðu innan embættismannakerfisins vegna þessa máls, enda sé kannski ekki við því að búast að frumkvæðið komi þaðan, því allan hvata vanti til þess. Hann segir að togstreita á milli einstakra ráðuneyta valdi einnig vandræðum."

„Við höfum verið að leita til ráðuneytanna um ýmsar upplýsingar um rekstur Leifsstöðvar og það hefur tekið mjög langan tíma. Það tók okkur t.d. 6 mánuði að fá uppgefnar nokkrar tölur úr rekstri flugstöðvarinnar frá utanríkisráðuneytinu. Þá hefur okkur gjarnan verið vísað fram og til baka á milli ráðuneyta með erindi okkar," segir Orri.

Hann segir að menn láti þennan seinagang þó ekki hafa nein áhrif á sig. Undirbúningur málsins sé kominn nokkuð vel á veg og nú sé verið að skoða ýmis atriði er snúi að framtíðarrekstri Leifsstöðvar.

„Nú erum við að vinna að nákvæmri lýsingu á rekstrar- og fjárhagsstöðu flugstöðvarinnar. Þar erum við bæði að kanna hvort einhverjir möguleikar séu á hagræðingu í rekstrinum, auk þess sem við viljum gera úttekt á skuldastöðunni og kanna möguleikann á skuldbreytingu lána til að ná fram hagstæðari kjörum"

Þá segir Orri það vera mikilvægt að kanna rekstur Fríhafnarinnar í Keflavík ofan í kjölinn og meta raunverulegan hagnað ríkissjóðs af sölu á einstökum vörutegundum. Í framhaldi af því sé möguleiki á að endurmeta leigusamninga til samræmis við það sem gerist í Kaupmannahöfn. „Þar sjáum við að leigan er reiknuð, annars vegar út frá ákveðnu fermetragjaldi og hins vegar út frá veltuskatti," segir Orri. „Þessi veltuskattur er síðan mjög misjafn eftir því hvaða vörutegundir eiga í hlut. Þannig er hann hæstur á áfengi og tóbaki en mun lægri á ýmsum öðrum vörum."

Orri getur þess jafnframt að í athugun sé hvernig tekjum ríkissjóðs af flugstöðinni geti verið háttað í framtíðinni, m.a. í ljósi ofangreindra hugmynda af tekjum af verslunarrekstri í stöðinni.

Herra forseti. Auðvitað skiptir það okkur miklu máli að vel til tekist með rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem svo mjög hefur verið í umræðunni í gegnum árin. Ég tek heils hugar undir það sem hér hefur komið fram, bæði í skrifum blaðamanna Morgunblaðsins svo og Orra Vigfússonar, um nauðsyn þess að nú verði látið til skarar skríða og gluggar flugstöðvarinnar opnaðir, ferskir vindar fái að leika þar um og einkaframtakið fái að njóta sín þar til enn frekari dáða og framdráttar þessari ágætu flugstöð svo ekki þurfi lengur, eða a.m.k. ekki mikið lengur, að sækja í vasa skattborgaranna hallarekstur flugstöðvarinnar.

Í gær hélt fjmrh. mikla ráðstefnu um fjármál ríkisins, nýskipan í rekstri og markviss skref til framfara. Þar kom fram hjá hæstv. fjmrh. að það sem leiddi til einkavæðingar þýddi einföldun. Það fæli í sér ábyrgð þeirra aðila sem að sér tækju rekstur og það skilaði árangri. Ég tek heils hugar undir það og vænti þess að þetta mál fái góða umfjöllun og skjóta afgreiðslu. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel nú að efni þessarar tillögu sé að því leyti þarft að það er margt sem þarf að skoða betur í sambandi við rekstur flugstöðvarinnar í Keflavík og tilhögun mála þar, þar á meðal stjórnskipulega stöðu þess mannvirkis. Því máli hefur oft áður verið hreyft hér að það ríkir í raun annarlegt ástand að utanrrn. skuli fara með forræði þessa samgöngumannvirkis.

Eitt af því sem að sjálfsögðu er eðlilegt að skoða er hvaða rekstur og á vegum hverra skuli fara þarna fram, eða sé æskilegt að fari þarna fram. Ég get því prýðilega sætt mig við fyrri hluta tillögu greinarinnar, sem gerir ráð fyrir því að þannig verði staðið að málum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að einstaklingar og fyrirtæki hafi aðstöðu til að setja upp og reka verslanir fyrir ferðamenn. En seinni hlutinn er allt annað og óskylt mál sem lýtur að því hvort jafnframt eigi að fylgja með í kaupunum að ríkið dragi sig alfarið út úr rekstri verslunar þar. Með öðrum orðum leggi niður þann fríhafnarrekstur sem þar hefur verið á þess vegum. Ég held að það sé mikill misskilningur að stilla málinu þannig upp að það hafi verið rekstur ríkisins á þessari verslun sem hafi staðið vaxandi umsvifum og meiri veltu á Keflavíkurflugvelli fyrir þrifum, það er að mínu mati algjör misskilningur. Þar er að mörgu fleiru og fyrr hyggja að mínu mati heldur en því. Það kemur ekkert fram í þessari tillögu um að illa sé staðið að þessum rekstri, eða þar séu nokkur þau vandamál á ferðinni sem geri það sérstaklega brýnt að ríkið hætti honum. Þvert á móti er það þannig að þarna er rekin myndarleg verslun með ágætum árangri og miklum hagnaði á ári hverju sem rennur beint í ríkissjóð. Þessi verslun er líka tengd ákvæðum ýmissa annarra laga í þeim skilningi að lög um ferðamál gera ráð fyrir að tilteknu hlutfalli verslunartekna á þessum stað sé varið til þess málaflokks. Það hefur að vísu því miður ekki verið efnt, en er þó tekið mið af því að hluti af hagnaðinum sem ríkið hefur af þessari verslun renni til uppbyggingarstarfa á sviði ferðamála. Þarna fer einnig fram smásala á áfengi og spurningin er þá sú hvort tillögumenn eru jafnframt að leggja til að einkaaðilar taki að sér þá smásölu.

Ég held að varðandi betri nýtingu flugstöðvarinnar í Keflavík sé að öðrum þáttum fyrr að hyggja sem hafi verkað meira hamlandi heldur en þetta. Ég vil reyndar alls ekki meina að það hafi gert það.

Ég nefni þar í fyrsta lagi stjórnskipulega stöðu flugstöðvarinnar. Ég held að það hafi verið bagalegt að hún hafi heyrt undir utanrrn. Með fullri virðingu fyrir því ráðuneyti hefur það um mest annað verið að hugsa en að nýta þetta samgöngumannvirki betur.

Ég nefni í öðru lagi þá staðreynd að við erum hér með afar mikinn fákeppnismarkað og það er nánast út í loftið að bera flugrekstur í Keflavík saman við Kastrup, sem má segja að sé orðinn safnflugvöllur fyrir öll Norðurlönd með umferð talsvert á annan tug milljóna farþega, ef ég man rétt. Hann er langstærsti flugvöllur á öllum Norðurlöndunum og er í vaxandi mæli, í gegnum samgöngukerfi SAS og síðan samninga Flugleiða við SAS, að verða að safnflugvelli fyrir öll Norðurlönd. Það eru algerlega ósambærilegir hlutir þar á ferð.

Í þriðja lagi er það svo sú staðreynd að einn aðili hér er með yfirgnæfandi markaðshlutdeild og með samning við ríkið um alla þjónustu á flugvellinum í Keflavík, þ.e. Flugleiðir. Ætli það sé nú ekki alveg eins ástæða til að spyrja hvort þar gætu legið einhverjir hundar grafnir í sambandi við það hvernig hefur gengið að nýta þetta mannvirki, sem vissulega hefur ekki gengið nógu vel.

Í fjórða lagi mætti nefna þá gjaldskrá sem þarna er á lendingargjöldum og álögur sem renna til hins opinbera vegna starfsemi sem þarna er og teknar eru út úr þessum rekstri. Þar má nefna til að mynda tekjustofna flugmálaáætlunar sem nú á að skerða í ríkissjóð.

Ég held því að hv. stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar stæði margt nær í raun og veru heldur en að taka upp þetta tískumál, sem er svona dæmigerð einkavæðingartískubóla og fer hátt núna. Þ.e. sá hluti þessa máls sem snýr eingöngu að rekstri ríkisins á fríhafnarversluninni. Ég hef allan fyrirvara á um það að fara að ákveða það með einhverri ályktun að lítt skoðuðu máli, að mínu mati, að ríkið hverfi alfarið út úr þeim rekstri. Ég gæti vel hugsað mér endurskoðun á *því máli, til að mynda það að ríkið léti einkaaðilum eftir að* versla með einhverjar af þeim vörum sem þar eru eða veita einhvern hluta af þeirri þjónustu, ef það virtist koma betur út.

En ég tel t.d. að fríhafnarverslun með áfengi og tóbak eigi að vera á hendi ríkisins eins og annars staðar. Og ég er á móti því að það sé gengið út frá því sem forsendu í tillögugerð af þessu tagi að það færist yfir til einkaaðila. Ég tel ekkert að því að ríkið reki verslun sem skilar dágóðum hagnaði í ríkissjóð og er hluti af því að veita góða þjónustu á stað eins og þessum. Ég hef engin fyrir fram trúarbrögð í þeim efnum að ríkið megi ekki koma nálægt slíkum hlutum frekar en ég hef gagnvart því að ríkið eigi endilega að gera það. Ef mönnum sýnist að það geti orðið fjölbreyttari þjónusta sem laði að fleiri ferðamenn eða veiti aukna möguleika í þeim efnum með því að endurskoða verkaskiptingu þarna á hæðinni í Keflavík þá er það í góðu lagi með mig. En ég hef þennan fyrirvara á, herra forseti, varðandi síðari lið þáltill. Ég hefði talið langheppilegast að það verði farið þannig í þetta mál að sett yrði þingkjörin nefnd í að skoða þetta mál í heild sinni. Þar með talið þennan anga sem lýtur að verslun og þjónustu í Keflavík. Einhvern tímann hefði verið sett sérstök nefnd af minna tilefni en því að þarna er rekið mannvirki á hvínandi hausnum sem veltir á undan sér milljarða skuldum sem eru hreinar óreiðuskuldir og ekkert hefur verið tekið á um árabil að koma í skil. Og þar á meðal af mörgum ríkisstjórnum sem hv. þm., fyrri flutningsmaður tillögunnar, hefur stutt. Sá seinni, hv. þm. Kristján Pálsson, hefur víst bara stutt eina formlega séð.

Ég vil bjóða hv. tillögumönnum upp á það að við tökum þessa tillögu og betrumbætum hana, útvíkkum hana þannig að hún taki til heildarendurskoðunar á þessum málum og þingið setji í það nefnd. Það er búið að reyna það að láta framkvæmdarvaldið leysa þetta um árabil með bókstaflega engum árangri, þannig að ég sé satt best að segja ákaflega lítið grand í því að álykta einu sinni enn um það að einhver af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar fari að nudda í þessu.

Það var t.d. upplýst í umræðum um daginn að hæstv. fyrrv. utanrrh. hefði gert fimm tilraunir í síðustu ríkisstjórn til að koma einhverjum skikk á fjármál flugstöðvarinnar í Keflavík og þær hefðu allar orðið árangurslausar, m.a. vegna innri togstreitu í stjórninni. Hljómar það þá sérstaklega vel og líklegt til mikils árangurs að fela vesalings hæstv. fjmrh. að nudda í þessu þegar fyrir liggur algjört árangursleysi þess um árabil að ráðherrarnir glími við þetta? Ég vonast til þess að hv. tillögmenn séu tilbúnir til að skoða að verði leitað eftir pólitísku samkomulagi hér á þinginu um að taka mál flugstöðvarinnar í Keflavík, og þar með talið þá allan þann rekstur sem þar fer fram, til rækilegrar endurskoðunar í heild sinni og í það verði sett sérstök þingkjörin nefnd.

[14:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom víða við í sínu máli. Hann talar um mikinn misskilning varðandi rekstur ríkisins á verslunaraðstöðu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég er á annarri skoðun. Lítum aðeins á tölur, bara lítið dæmi: Það er talið að á síðasta ári hafi komið 180 þús. ferðamenn til landsins og þeir hafi eytt hér um tæpum 17 milljörðum. Á Keflavíkurflugvöll komu um 840 þús. ferðamenn. Að vísu er ekki getið um það í þáltill. hversu miklu þeir hafa eytt en hagnaður verslunarinnar á Keflavíkurflugvelli eru um tæpir 2 milljarðar. Nei, hv. þm. Það er nefnilega eins og maður sé að koma inn í dauðs manns gröf þegar maður kemur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Svo einkennilegt sem það er og hverju sem það er að kenna þá er allt þetta flæmi nánast ekkert nýtt. Það er algjörlega vannýtt og vanhugsað hvernig þar er haldið á málum. Það liggur við að þeir sem koma til Keflavíkurflugvallar og farþegar sem eru í svokölluðu transit-flugi þurfi að banka á dyr til að fá að versla. Það er athyglisvert þegar maður kemur úr flugvél og labbar inn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þá eru tvö auglýsingaskilti áberandi þegar maður labbar inn þennan „ramp", ef svo mætti kalla. Það er skilti frá Eurocard og Coca Cola.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. samgrh., hafi víða við komið og hann hlýtur eins og við fleiri a hafa séð muninn á rekstri og þessu dauflega yfirbragði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og hún er í eiginlega sinni verstu mynd miðað við það sem gerist í flughöfnum annars staðar. Það þykir sjálfsagt og eðlilegt að þar sé haldið hátt á lofti hvað t.d. einkenni land og þjóð þegar komið er til viðkomandi lands.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. að umferð á flugvöllum ráðist af því í grunninn hvaða verslanir séu opnar á hverjum tíma og hvaða vöruúrval þar er. Þetta gerist ekki þannig að farþegar í stórri breiðþotu sem fljúga yfir Keflavík líti út um gluggann og kíki eftir því hvort þar séu opnar búðir og skipi svo flugstjóranum að lenda. Þetta gerist ekki þannig. (**GHall:** Þvílíkt þekkingarleysi.) Í grunninn eru það allt aðrir hlutir, hv. þm., sem ráða því hvernig flugumferðin kvíslast um heiminn. Þar koma til hlutir eins og lendingargjöld. Þar koma til hlutir eins og þjónustusamningar við þau flugfélög sem velja sér flugvelli til að millilenda á o.s.frv. Það kemur auðvitað til einfaldlega sú umferð sem leiðir af uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu o.s.frv. Hitt er ljóst að það er mikilvægt að farþegum sem fara um flugvelli af ýmsum ástæðum bjóðist þar þjónusta og það sé reynt að reita af þeim eitthvað af peningum eftir því sem hægt er. Ég veit ekki til þess að það hafi almennt verið kvartað sérstaklega undan þjónustu fríhafnarinnar sem slíkrar. Ég veit ekki annað en reknar séu tvær myndarlega verslanir í Keflavík sem báðar veiti að því talið er mjög góða þjónustu. Ég hef aldrei lent í því að þurfa að brjóta þar upp dyr til að fá að versla og hef ég þó farið þarna nokkrum sinnum í gegn.

Hitt er annað mál að meðal annars okurhá leiga á húsnæði í Keflavík hefur hrakið marga þjónustuaðila í burtu, bæði bílaleigur, banka og gott ef ekki Póstur og sími hafa verið að draga úr sinni þjónustu eða hrekjast í burtu vegna hárrar húsaleigu. Þannig að þar geta legið hlutir sem ástæða er til að taka á. Varðandi samkeppnisstöðuna sem er dregin inn í tillöguna af hálfu hv. þm. þá held ég að menn verði að átta sig á því að í raun verður það alltaf þannig að fríhafnarverslun verður í sérstakri stöðu gagnvart samkeppni við almenna verslun inni í landinu. Það breytir engu um hvort sá sem rekur þá verslun er ríkið eða einhver einkaaðili sem hefur verið valinn til þess. Og ef einhver gæðingur verður valinn til að fá reksturinn á fríhöfninni verður það þá betri samkeppni við almenna verslun í landinu bara af því að það er einkaaðili en ekki ríkið? Ég held að menn þurfi að hyggja að þessum hlutum áður en þeir fara að úthrópa það að vandamálið sem slíkt sé það að ríkið reki þarna eina verslun.

[14:38]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ákaflega sérkennilegt að heyra hv.

þm. Steingrím J. Sigfússon, fyrrv. samgrh., lýsa því yfir að farþegar gætu verslað án þess að flugvél lenti.

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan. Það komu 840 þús. farþegar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og flugvélarnar lentu. Og farþegarnir komu þar við til að skoða það sem boðið var upp á í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það skiptir nefnilega miklu máli hvernig verslunin er. Ég þarf ekkert að endurtaka það sem ég sagði áðan. Verslunin eins og hún er nú í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er með ólíkindum. Það þekkir þingmaðurinn jafn vel og ég. Hann getur gert samanburð á flughöfninni á Keflavíkurflugvelli og flughöfnum annarra landa. Ég verð að segja það að mér finnst að stjórnvöld hverra tíma hafi haldið þannig á málum í sambandi við flugstöðina eins og þetta sé eitthvert punthús og ekki megi sjást þarna auglýsingaskilti uppi og þetta verði að vera í einhverjum ákveðnum farvegi virðulegrar flugstöðvar og varla að það megi benda á að þarna sé hægt að fá keyptan ýmsan vanning. Ég er nú ansi hræddur um að t.d. Kvennalistinn og fleiri aðilar sem styðja og vilja byggja upp handmennt kvenna og það sem þær hafa verið að gera í ýmsum handverksiðnaði, það ber nú ekki mikið á honum í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Það mætti lengi til telja en meginmálið er þetta: Við flm. þáltill. erum sannfærðir um að þingnefnd mun ekkert gera frekar en áorðið er. Þeim aðilum sem best þekkja til rekstursins og þeim aðilum sem hafa verið að skoða flugstöðvarbygginguna og reksturinn að undanförnu er best treystandi til að koma með tillögur um úrbætur.

[14:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé hér að hengja bakara fyrir smið þegar hann ræðst á fríhöfnina eða ríkisverslunina þar fyrir t.d. að hafa ekki tekið inn muni frá handverkskonum vítt og breitt um landið. Ætli það stæði þá ekki nær Íslenskum markaði, sem er sú verslunin sem rekur almenna vöruverslun á staðnum, að sinna slíku hlutverki en fríhöfninni sem verslar með þær vörur sem hefðbundið er að séu í fríhafnarverslun, þ.e. áfengi, tóbak, rafmagnsvörur, ilmvötn og ýmislegt því um líkt. Ég veit heldur ekki til þess að mönnum hafi verið neitað um að setja upp einhverjar aðrar verslanir. Er hv. þm. viss um að hann fari þar með rétt mál? Ef til að mynda Samtök handverkskvenna hefðu óskað eftir húsnæði til leigu til að starfrækja verslun þarna hefðu þær fengið synjun? Ég er ansi hræddur um að þarna þurfi menn aðeins að gæta sín. Ætli það sé ekki frekar þannig að mönnum hefur gengið mjög illa að sjá nokkurn grundvöll fyrir því að setja þarna upp þjónustu hvort sem er verslun eða eitthvað annað eins og t.d. húsaleigan hefur verið þó það standi þeim ekkert sérstaklega nær sem hér stendur að verja þá menn sem farið hafa með forræði þessara mála undanfarin ár. Það er annarra hlutverk og þar á meðal ber hv. þm. ekki síður ábyrgð á því en aðrir hafandi stutt þær ríkisstjórnir sem hér hafa haldið á málum að undanförnu. Mér finnast þessar röksemdafærslur því ekki fá staðist auk þess sem ég mótmæli sleggjudómum af því tagi sem hér komu fram um að þingið geti ekkert í þessu gert. Það sé alveg gagnslaust að setja í þetta þingnefnd, heldur verði enn einu sinni að reyna að láta ráðherrana gera þetta. Ég spyr líka að því: Hvers vegna er þessu máli beint til fjmrh.? Er það ekki utanrrh. sem fer með forræði þessa máls, stjórnskipulegt forræði mála í flugstöðinni í Keflavík? Ég veit ekki betur þó að almennur fríhafnarrekstur sem slíkur heyri undir fjmrn.

Ég held því að það þurfi að mörgu að hyggja betur í sambandi við þessa tillögu og ég harma það að hv. flm. skyldi ekkert taka undir tilboð mitt um það að reynt yrði að ná einhverju pólitísku samkomulagi um að koma þessum málum í farveg. Það væri þarft verk að reyna að skapa hér á þingi samstöðu um það að taka nú í eitt skipti á þessum málum en ekki rökstyðja tillöguflutning af þessu tagi með þeim hætti sem hér var reynt að gera af hálfu hv. flm.

[14:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór hér nokkuð mikinn í þessu máli og fannst mér hann reyna að gera þessa tillögu tortryggilega með því að draga inn í það starfsfólkið og með ýmsu móti reyna að finna það út úr tillöguflutningnum að verið sé að gera lítið úr starfi þess fólks sem vinnur í fríhöfninni. Það er náttúrlega mikill misskilningur að það sé verið að gera það með þessari tillögu. Ég held að það geti allir tekið undir það sem að hv. þm. sagði að þarna vinnur afskaplega dugmikið og útsjónarsamt fólk sem svo sannarlega skilar sínu verki eins og því er stakkur skorinn eftir reglum ríkisins. Ég vil mótmæla því að við séum með einhverja tilburði til þess að gera lítið úr þeirra störfum. Ég vil einnig minna á það að í öllum þeim stofnunum sem ég held að flestir hér inni þekkja þá hefur það ávallt reynst vera starfsfólkinu fyrst og fremst til betri og öruggari starfa í sínu fyrirtæki að það sé rekið af hlutafélögum, af mönnum og fólki sem er næst markaðinum, næst kúnnanum og hefur skilning á því hvernig straumarnir ganga í verslunarrekstrinum sem það á að sinna. Ég lít svo á að með þessari tillögu sé alls ekki verið að gera ráð fyrir því að ríkið megi ekki vera hluthafi í félögum eða fyrirtækjum sem mundu starfa í fríhöfninni heldur sé verið að setja þau undir hlutafjárformið þannig að það séu svokallaðir bisnessmenn, kaupsýslumenn, sem stjórni sem geti þar að auki verið starfsmenn þeirra verslana sem þarna eru. Með þeim hætti erum við að tengja stjórnina, starfsemina og viðskiptavinina saman með miklu skilvirkari hætti en ef öll fyrirmæli koma ofan úr ráðuneyti.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnast hv. flm. furða hvumpnir þó að hreyft sé að einhverju leyti andstæðum skoðunum eða öðrum áherslum en þeir setja fram í tillögu sinni. Það er eins og það hafi gleymst eða þeir ekki heyrt það að ég tók mjög jákvætt í það að þessi mál yrðu skoðuð og tók undir fyrri lið tillögunnar, honum væri ég efnislega samþykkur. Hins vegar virðast hv. flm. hafa hlustað einhvern veginn allt öðruvísi á þessi orðaskipti sem hér hafa farið fram en aðrir. Hv. fyrri flm. taldi að ég hefði sagt að farþegar gætu verslað í fríhafnarverlsuninni án þess að flugvélarnar lentu. Það er mikill misskilningur, það sagði ég aldrei. Hv. seinni flm. talaði um að ég hefði reynt að draga starfsfólkið inn í umræðuna og hefði sagt að verið væri að gera lítið úr starfi þess. Þetta nefndi ég aldrei á nafn þannig að ég bið hv. þm. annaðhvort að hlusta betur eða þá leita sér lækninga ef vandamálið liggur þar og vera ekki að hlusta á það sem hér er sagt og leggja mönnum ekki önnur orð í munn.

Varðandi það sem kom síðast fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar að í tillögunni felist ekki að ríkið geti ekki átt í verslun sem þarna er eða bara sé hlutafélag þá kom það ekki fram í framsöguræðu 1. flm. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi

forseta: „...en jafnframt dragi hið opinbera sig út úr rekstri tollfrjálsra verslana þar."

Ég get ekki skilið þetta orðalag öðruvísi en þannig að jafnframt eigi ríkið algerlega að draga sig út úr verslunarrekstri. Er þá kominn upp einhver skoðanaágreiningur milli flutningsmanna? Annar mælir fyrir því í framsögu að ríkið eigi að hverfa algerlega á braut en hinn flutningsmaðurinn segir að það sé er allt í lagi að ríkið sé með, bara ef það er í hlutafélagaformi. Hafa menn kannski ekki hugsað þetta alveg til botns? Er þetta kannski e.t.v. svolítið hraðsoðin tillaga þannig að hv. flm. hafi ekki setið mikið á rökstólum um það hvað felist í orðanna hljóðan? Er hugsanlegt að hér sé einhver tískubóla á ferðinni sem m.a. er tilkomin vegna þess að einhverjir skruppu út í Kastrup og höndluðu þar sannleikann af því að þar höfðu verið einkavæddar einhverjar búðir? Ég er ekki viss um að hér sé vandað nógu vel til málatilbúnaðar, herra forseti, og tel að hv. flm. sem og okkur öllum væri fyrir bestu að þetta mál fengi ítarlega skoðun m.a. með það að leiðarljósi að leita pólitískrar samstöðu um málið.

[14:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar vil ég benda honum á að hann hafði mörg orð um að þarna væri veitt góð þjónusta sem ekki væri ástæða til að ætla að yrði neitt betri þó svo þetta færi yfir til einkaaðila eða til hlutafélags. Með þessum orðum finnst mér hann vera að lýsa því beinlínis yfir að þetta góða fólk sé kannski komið í hættu með störf sín vegna þess að verið er að flytja þetta yfir til einhverra annarra. (**SJS:** Ég sagði ekkert slíkt.) Jú, ég skrifaði það orðrétt niður en þetta kemur væntanlega fram í þingtíðindum þegar þau koma út.

Aftur á móti get ég alveg tekið undir að allar umræður um að gera þennan verslunarrekstur frjálsari með víðtæku samráði og víðtækri samstöðu eru að mínu skapi og ég tek heils hugar undir að ef aðrir hafa einhverjar betri lausnir, sem geta skilað sömu niðurstöðu, væri ég fyrsti maður til að taka undir samráð í því efni.

Varðandi það að við séum hvumpnir finnst mér að hv. þm. megi ekki sjálfur vera hvumpinn yfir því að honum sé svarað *því að okkar mati er verið að hreyfa máli sem ég* hygg að flestir séu sammála um að megi færa til betri vegar og meiri frjálsræðisáttar. Spurningin hefur alltaf verið sú hvernig á að koma því að.

Hann hefur sjálfur nefnt að þarna eru sérstaklega vandamál vegna þess hversu margir aðilar í stjórnkerfinu koma að rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og að því leyti hefur það kannski verið akkilesarhæll allrar framþróunar í starfi Leifsstöðvar, bæði innan og utan húss, sem menn hafa ekki enn getað lagað þannig að vel fari. Þetta er ein leið til þess að reyna það og ég fagna því ef menn vilja koma og gera enn betur.

[14:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég benti einfaldlega á var að í þessum tillöguflutningi, framsöguræðunni eða rökstuðningi í greinargerð kemur ekkert fram sem bendir til annars en þarna sé vel að verki staðið varðandi verslunarrekstur inn. Rökstuðningurinn er ekki sá að fríhafnarverslunin í Keflavík sé svo illa rekin eða það sé svo illa að málum staðið að það standi einu eða neinu fyrir þrifum enda held ég að enginn hafi sýnt fram á það. Ég vildi meina að menn væru að beina kastljósinu að öðrum hlutum en þeim sem væru kannski aðalvandamálið og undirrót þess að lítið hefur gengið í að nýta þetta mannvirki og koma Keflavík á kortið sem raunverulegum valkosti til að mynda fyrir millilendingar í áætlunarflugi í heimshluta okkar. Ég hef lengi verið mikill áhugamaður um að þetta sé reynt. Ég kynnti mér til að mynda *uppbygginguna á sínum tíma í kringum Shannon-flugvöll í* Írlandi og hef fylgst með því hvernig að þessu hefur verið staðið víðar, eins og í Kastrup, Landvetter í Gautaborg og víðar. Ég fullyrði að þarna eiga að vera möguleikar sem eru ónýttir. Hins vegar eru ýmis vandamál sem okkur hefur gengið seint að leysa eins og fjárhagsstaða flugstöðvarinnar og þessi stjórnskipulegu vandamál sem valda togstreitu og eru mjög ankannaleg eins og hér hefur komið fram. Þetta eru allt saman hlutir sem ég held að séu einmitt prýðilegt og eðlilegt verkefni fyrir þingkjörna nefnd að taka fyrir, m.a. vegna þess að framkvæmdarvaldið, ráðuneytin eru draghölt í málinu út af þessari togstreitu. Allir sem eitthvað þekkja þessi mál vita að það er togstreita milli utanrrn., fjmrn. og samgrn. sem eru óleyst og er þá aðferðin sú að vísa þessu til eins þessara þriggja ráðuneyta. Það er vitlaust, segi ég. Við skulum taka á þessu sjálf, löggjafinn, þingið, setja í þetta þingkjörna nefnd og það er það sem ég býð hv. flm. upp á.

[14:52]

Drífa Sigfúsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að taka undir með flutningsmönnum tillögunnar varðandi fyrri hluta hennar um að einstaklingum og fyrirtækjum verði gert kleift að setja upp og reka tollfrjálsar verslanir en ég get ekki stutt seinni hlutann í tillögunni. Ég hef ekki heldur séð nein rök færð fyrir því að það sé nauðsynlegt.

Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að þetta sé skoðað, menn fari vel í gegnum reksturinn og þá held ég að þeir sjái að fríhöfnin er ekki illa rekin verslun. Ég hef hvergi séð það koma fram. En auðvitað er mikilvægt að það sé tekið á málinu. En höfuðvandamálið er ekki rekstur fríhafnarinnar, það er skuldahali flugstöðvarbyggingarinnar. Það er of dýr leiga fyrir þá sem hafa sótt um að koma þar að og fá að reka einhvers konar viðskipti. Ég nefni sem dæmi að Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa verið þarna með bás og þeim hefur þótt húsaleigan svo há að þau hafa kveinkað sér undan en það hafa líka aðrir gert.

Það hefur líka verið ákaflega erfitt að fá að breyta nokkru þarna inni. Sem dæmi get ég nefnt að þegar tollgæslan óskaði á sínum tíma eftir að fá að setja upp skilti sem stendur í lögum að eigi að vera þarna um rautt og grænt hlið þá fékkst það leyfi ekki þannig að á endanum gáfust menn upp við að bíða eftir leyfisveitingu og settu upp rautt og grænt skilti fyrir farþega eftir því hvaða hlið þeir ættu að fara í gegnum enda þurfti auðvitað að gera það þar sem lagasetning fyrirskipaði svo. En það fékkst samt sem áður ekki leyfi þannig að það er margt að. Arkitekt virðist ráða þarna ákaflega miklu og það þarf að lagfæra ef hægt er. Há húsaleiga fyrir lítið pláss skiptir máli.

Hvort þarna er einkavætt eða ekki breytir ekki um fjölda farþega. Þar ræður mestu að fram eru komnar nýjar tegundir af flugvélum sem fljúga lengri vegalengdir í einu og þurfa ekki að stoppa hér. Það skiptir líka máli á hvern hátt Flugleiðir skipa farþegaflugi sínu, hvenær þeir koma við o.s.frv. Ég held að hvernig sem mönnum dettur í hug að breyta flugrekstri fríhafnar breyti það engu um komu farþega. Aðrir

hlutir ráða því. Ég hef ekki tekið eftir því að ekki sé vel tekið á móti farþegum. Eini staðurinn þar sem ég hef komið að læstum dyrum í fríhöfn erlendis var í Kaupmannahöfn en hér hef ég aldrei mætt því á Keflavíkurflugvelli. Þar hefur venjulega mætt brosandi starfsfólk með góða þjónustu.

Ég tel að það sé á engan hátt sambærilegt að bera Kaupmannahöfn saman við flugstöðina þar sem svo fáir búa á þessu landi og ekki margir sem fara hér um. Hins vegar finnst mér afar mikilvægt að málið sé skoðað, lagfærðir verði þeir annmarkar sem eru þarna. Eitt mjög veigamikið atriði hefur ekki verið komið inn á hér og það er kannski ástæða þess að þetta heyrir undir utanrrn. Það er m.a. samningurinn við varnarliðið. Það er hlutur sem hvergi er minnst á. Að vísu snertir það kannski ekki beint fríhafnarreksturinn en engu að síður skiptir það máli þegar menn ganga frá þessu.

Starfsmennirnir sem þarna eru mega ekki gleymast. Þeir eru nokkuð áhyggjufullir yfir þessu tali um einkavæðingu rekstrarins. Þeir hafa áhyggjur af réttindum sínum og mér finnst eðlilegt að við þá sé rætt. Ég sé enga ástæðu til þess að ríkið dragi sig út úr þessum rekstri. Mér finnst að þeir sem leggi það til eigi að leggja fram rökstuddar fjármálalegar upplýsingar áður en í það minnsta ég kaupi þær skoðanir.

Varðandi greinargerð sem fylgir með, ef ég má lesa, með leyfi hæstv. forseta, þá stendur þarna í þriðju neðstu línu: „Allir sjá hversu gífurlegt óréttlæti og mismunun hér er um að ræða" og þarna er átt við rekstur fríhafnarinnar. Ég ætla að taka fram að í það minnsta sé ég ekki þetta gífurlega óréttlæti sem felst í því að reka fríhöfn. Hér inni eru þingmenn, þar á meðal 10. þm. Reykn. sem hefur rætt mikið um frísvæði. Ég veit ekki til þess að Suðurnesjamenn hafi rætt um að það væri gífurlegt óréttlæti sem fælist í því að það yrði frísvæði á Suðurnesjum þrátt fyrir ýmsan annan rekstur. Menn ætluðu sér að leysa það og auðvitað á að gera það. En fríhafnarrekstur er auðvitað mjög sérstakur rekstur og þess vegna hefur hann sérstöðu. Það er ekki eðlileg samkeppni því að þar er um allt aðra tegund af rekstri. Það er því ekki hægt að líkja því saman.

Að mínu viti hafa verið skipaðar nægilega margar nefndir og skrifaðar nægilega margar skýrslur um málið. Ég held að kominn sé tími til að leysa þau vandkvæði sem þarna eru. Ég veit að hæstv. utanrrh. hefur verið að vinna í málinu og ég tel að eðlilegt sé að haldið sé áfram þar sem er verið að vinna að því. Ég veit ekki hvort það sé verið að vinna í fjmrn. en ég veit að það hefur verið unnið að þessu innan utanrrn. og ég tel að það sé rétti farvegurinn í málinu.

Að lokum varðandi þau mál sem sagt var áðan um að þarna ætti að opna glugga og hleypa frjálsum vindum um þá vil ég aðeins taka það fram að það blása ágætlega ferskir vindar um Suðurnesjamenn án þess að einkavæðingin felli þá um koll.

[14:58]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að ég víki að því síðasta sem hv. þm. kom inn á með opnu gluggana. Það er dálítið merkilegt að hún komst þarna í mótsögn við sjálfa sig. Í fyrsta lagi talaði hún um það að tollgæslan reyndi að setja upp merkingar á flugstöðina til þess að leiðbeina farþegum um það hvar þeir ættu að fara um grænt eða rautt hlið og það hefði ekki tekist, ekkert samband næðist við arkitekt eða þá sem réðu og svo langur tími hefði farið í að ræða málið að þeir gáfust upp og hengdu upp skilti þetta sjálfir. Leika þá ferskir vindar um þessa flugstöðvarbyggingu þegar svo er sem raun ber vitni, hv. þm.?

Þegar á heildina er litið hvað varðar þessa blessaða flugstöð er það alveg rétt sem hér hefur komið fram að það sem vandinn knýr einkum á er hve margir aðilar fjalla um málið. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, það er nóg til af nefndum til þess að fjalla um þessi mál og þær eru nægar fyrir. Það er nóg af skýrslugerðum og miklar upplýsingar sem liggja fyrir. Það er tími kominn til framkvæmda. Ég tek hins vegar undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan að það er auðvitað um marga þröskulda að fara. Þegar þeir eru nú þrír, utanrrn., fjmrn. og samgrn. sem eru þarna að vasast og embættismannatog er komið upp í málinu skilur maður jafnvel fyrr en skellur í tönnum að orðatiltækið „skítt með alla skynsemi" skuli eiginlega vera það sem blívur og gildir varðandi flugstöðina. Þá er ekki að furða þótt manni vefjist tunga um tönn þegar þetta mál er grannt skoðað.

Það sem kom hins vegar fram hjá síðasta ræðumanni, og líka Steingrími J. Sigfússyni, varðandi það að hið opinbera dragi sig út úr rekstrinum, þá er eðlilegt að ríkið geri það. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar, eins og ég kom inn á áðan. Samkvæmt nýfluttum ræðum hæstv. fjmrh. er markmið ríkisstjórnarinnar að fækka þeim fyrirtækjum sem þeir hafa afskipti af, og þetta væri eitt af þeim ágætu málum. Ég sé hins vegar ekki annað en að alvarlegt tregðulögmál sé allsráðandi varðandi flugstöðvarbygginguna, eins og komið var inn á áðan. Það er mál manna að það sé jafnt utan dyra sem innan, þannig að hvað sem má um þessa þáltill. segja, þá er hún ekki fjarri því sem hér hefur komið fram í máli þingmanna hér að undanförnu.

[15:01]

Drífa Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér kom fram að ég væri í mótsögn við sjálfa mig með því að nefna að þarna væri verið að opna glugga, og minntist síðan á þau vandamál sem væru þegar fyrir hendi í flugstöðinni. Ég sagði ekki að það væri vandamál í fríhöfninni, hvorki varðandi opna glugga né annað. Það er ekki mjög auðvelt mál í þessari flugstöð að opna glugga. Það er rétt að það þarf að leiðrétta mjög margt sem er að í þessari flugstöð. Það er margt sem þarf að laga þar, eins og ég nefndi áðan. Það er húsaleiga, það þarf að sinna betur þáttum arkitekta og annarra sem hafa hamlað starfseminni. Ég tel ekki að það hafi hamlað starfsemi fríhafnarinnar, það er bara allt annar handleggur. Og ég ætla að biðja hv. flm. um að greina á milli fríhafnar og flugstöðvar, þótt sami upphafsstafur sé í þeim báðum, og leggja ekki fram tillögur um einkavæðingu án þess að menn séu búnir að skoða þær. Ég held að það sé grundvallaratriði að menn skoði málið og leggi fram upplýsingar og tillögur í framhaldi af þeim upplýsingum sem fram koma. Upplýsingarnar á borðið fyrst, síðan ákvörðun.

[15:03]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur áður komið fram í máli manna, og m.a. í ræðu síðasta ræðumanns, að það lægju fyrir miklar upplýsingar um flugstöðina. Stærsta vandamálið sem sneri að flugstöðvarbyggingunni væri há húsaleiga. Ég er sannfærður um að ef einkavæðing fengi að njóta sín í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þá kæmu miklu fleiri leigutakar inn. Af því mætti ætla að það væri hægt að lækka leiguna,

þannig að enn sé ég ekki að menn séu langt frá hver öðrum í meginmáli þessarar þáltill.

[15:04]

Drífa Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með fyrri ræðumanni hvað lækkun á leigu og lagfæringar á annmörkum varðar. Eins og ég sagði, þá studdi ég fyrri hluta tillögunnar og mér finnst ekkert athugavert við það þótt fleiri komi að rekstrinum. Hins vegar sé ég enga ástæðu til þess að ríkið dragi sig út úr þessum rekstri, án þess að menn séu búnir að leggja það niður fyrir sig. Ég hef ekki séð að það hafi fylgt með þessari tillögu slíkar upplýsingar, sem auðvelda mönnum að ganga frá málinu.

[15:04]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hafa verið til umræðu á hv. Alþingi oftar en einu sinni, eftir því sem mér hefur verið sagt. Menn hafa reynt með ýmsum ráðum að komast að því hvernig best verði náð stöðugleika og fjölbreytni í rekstri þannig að flugstöðin geti sem slík staðið undir skuldbindingum sínum, eins og mér hefur heyrst menn orða það.

Eins og komið hefur fram hefur sú umræða ævinlega strandað á því að þeir sem í forsvari eru fyrir þetta mikla og mikilvæga fyrirtæki, þ.e. þrír ráðherrar, hafa ekki getað náð sáttum um það hvernig að málum skuli staðið, þegar til þarf að taka. Í mörgum flugstöðvum hafa menn farið út í að auka frjálsræði flughafna með þeim hætti að gefa einstaklingum og fyrirtækjum kost á því að taka þátt í rekstri verslana, eða jafnvel rekstri flugstöðvanna sjálfra. Eins og komið hefur fram í umræðunum hefur slíkt verið gert á Kastrup í Danmörku, Shannon á Írlandi og víðar.

Eftir því sem ég best veit og hef kynnt mér, bæði varðandi Kastrup og Shannon, þá hefur sú breyting sem hefur átt sér stað á þessum flugstöðvum báðum orðið til þess að þar hefur blómstrað hvers konar verslunarrekstur sem aldrei fyrr. Það er í sjálfu sér ekki nein nýlunda að þegar einstaklingar og félagasamtök einstaklinga hafa með rekstur að gera, þá verða miklu nánari og skilvirkari tengsl milli þarfarinnar og markaðarins, heldur en þegar opinberar stofnanir, sem oftast er stjórnað af æviráðnum forstjórum, hafa átt að stjórna svo mikilvægum og fjölbreytilegum rekstri sem þeim sem fram fer í fríhöfnum og flugstöðvum.

Af þessari ástæðu hef ég talið það skyldu mína að reyna með einhverjum hætti að auka á fjölbreytni rekstursins í Leifsstöð. Þótt reynt hafi verið með ýmsum hætti í gegnum árin að gera hlutina auðveldari á þeim stað, þá hefur það ekki tekist. Ég held samt að það sé nauðsynlegt að halda því verki áfram og að þessi tillaga sé að mörgu leyti gott innlegg í þá umræðu og þess virði að skoða hana mjög rækilega.

Fyrir utan spurninguna um eignarhald, hefur flestum þó ofboðið hin háa húsaleiga og hinar ógnvekjandi reglur sem eiga við um öll umsvif í Leifsstöð, þegar kemur að því að stunda þar einhverja verslun. Það hefur í rauninni hrakið verslanir og aðila út úr stöðinni sem hafa viljað veita þar þjónustu. Ég get bara nefnt sem dæmi ferðamálaaðila á Suðurnesjum og ýmsar stofnanir í kringum rekstur leigubílastöðva og alls konar ferðaþjónustu sem hafa reynt að hasla sér þar völl en ekki tekist það vegna þess að þeim er í rauninni gert það ókleift með allt of mikilum álögum.

Hvers vegna krefjast menn svo hárrar leigu að ekkert þrífst í slíkri stöð? Ég held að ein meginskýringin sé kannski að það eru nánast eingöngu ríkisfyrirtæki sem þarna eru starfrækt og þau hafa í raun litla sem enga hagsmuni af því hvort leigan er hærri eða lægri. Það breytir í sjálfu sér engu fyrir þau, þetta fer úr hægri vasanum yfir í þann vinstri. Þeirra hvati er því enginn. Það er kannski ein forsendan fyrir því og mikilvæg ástæða fyrir því að við færðum þennan rekstur í meiri frjálsræðisátt. Þegar umræðan er komin út í það, sem mér finnst hafa tæpt á hjá hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur, að það eigi að þurfa að valda starfsmönnum einhverjum sérstökum áhyggjum þótt rekstur flugstöðvarinnar yrði frjálsari en hann er, þá er, að ég held, farið að slá á viðkvæma strengi í brjóstum þess fólks sem vinnur á svona stöðum.

Ég get tekið undir allt sem hv. þm. sagði um ágæti þess starfsfólks sem vinnur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þetta er fyrirmyndarfólk sem skilar svo sannarlega sínu verki eftir bestu getu og innan þess ramma sem því er afmarkaður af hálfu ríkisins. En ég er sannfærður um að ef hlutafélag yrði stofnað um það helsta sem um er að ræða, þ.e. fríhöfnina, þá yrði hagur þessa fólks ekki síðri. Áhrif þess á rekstur og afkomu væru mun meiri og þetta leiddi til mun umsvifameiri reksturs en við höfum þar í dag. Ég get því ekki séð að það séu nein rök fyrir því að starfsfólk eigi að hafa einhverjar sérstakar áhyggjur af framtíð sinni innan fyrirtækisins, þó svo að það yrði sett undir hlutafjárformið.

Ég minntist á það áðan að ég teldi að þó svo slík stofnun yrði sett undir hlutafjárformið, þá sé ég ekkert á móti því að ríkið sé hluthafi í slíku hlutafélagi. Það er mjög algengt form þar sem menn eru að fikra sig út úr ríkisrekstri að ríkið er oft og tíðum eini hluthafinn eins og t.d. hjá Pósti og síma, sem hefur verið færður yfir í hlutafjárform í Noregi. Það er einnig víðar að hluthafinn er ríkissjóður einn. Síðan hafa menn fært sig úr því formi smám saman. Í Danmörku er t.d. póstur og sími í hlutafjárformi þannig að ríkið á yfir 50%, en undir 50% eru í eigu ýmissa aðila. Einkavæðing stórra ríkisstofnana í Noregi og Danmörku, t.d. pósts og síma, hefur að mati allra þeirra starfsmanna sem þar komu nálægt og við höfðum samband við, valdið gerbyltingu í rekstri til frjálsræðisáttar og meiri hagkvæmni en nokkru sinni fyrr. (**SJS:** Síminn hefur hækkað.) — Síminn hefur hækkað hvar, hv. þm.? (**SJS:** Alls staðar.) Af því að hv. þm. grípur fram í varðandi hækkun á pósti og síma einhvers staðar úti í heimi, þar sem ég þekki ekki til, þá er það rétt að Póstur og sími á Íslandi hefur mjög lága gjaldskrá. En það er eingöngu vegna þess að starfsfólk Pósts og síma hér er með afskaplega lág laun, sennilega þau lægstu sem þekkjast nokkurs staðar í hinum vestræna heimi við slíka stofnun. Það væri svo sannarlega verðugt verkefni að kanna hvort ekki er hægt að hækka laun þessa fólks með einhverju móti.

En við erum að tala hér um frísvæði og fríhöfnina og ég vil bara ítreka það, sem kom fram í andsvari, að mín afstaða til þessa máls byggist fyrst og fremst á því að gera veg flugstöðvarinnar meiri og veg starfsfólksins meiri. Og ef einhverjir þingmenn hafa tillögur sem geta orðið til þess að bæta þetta frv. sem lagt er fram af okkur hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, er ég tilbúinn til umræðu um það hvenær og hvar sem er.

[15:14]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 177. mál, fsp. JóhS, þskj. 220.

Lífeyrissjóður, 176. mál, fsp. SvanJ, þskj. 219.

Vegur milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, 175. mál, fsp. SF, þskj. 218.

[15:14]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er á dagskrá mál sem tveir hv. þm. Sjálfstfl. flytja og eru að skora á flokksbróður sinn, hæstv. fjmrh., að gera breytingar á rekstri sem heyrir ekki undir ráðherrann. Hvað á þetta að þýða? Er þetta ekki alvöru mál? Til hvers er verið að eyða tíma í þetta? Fjmrh. hefur ekkert með þetta að gera. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar heyrir undir utanrrh. og fjmrh. hefur ekki vald til þess að breyta þar einu eða neinu. Því er síðan við að bæta að í fyrrv. ríkisstjórn voru gerðar, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, fimm atrennur að því með tillöguflutningi við ríkisstjórnarborð að taka á aðalvandanum sem er fjárhagsvandi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en það strandaði allan tímann á flokksbræðrum hv. flm. (**GHall:** Var það fjmrh.?) Nei, nei, honum kemur þetta ekkert við. Þ.e. það strandaði á hæstv. samgrh. sem hefur lagabókstaf fyrir því að tekjur sem verða til við þennan rekstur eru teknar af þessum rekstri í alls óskyldar framkvæmdir, meðal annars til að byggja flugstöðvar sem er jafnóðum lokað því enginn kemur þangað.

Ég leyfi mér að álykta af þessu að hv. þm. hafi einfaldlega ekki kynnt sér málið. Það er búið að setja nefnd eftir nefnd eftir nefnd í þetta mál. Það liggja fyrir ógrynni af tillögum um lausn á þessu máli. Og ég segi það bara eins satt og ég stend hérna að það er algjörlega út í hött að flytja einhverjar tillögur um breytingar á rekstrarformi, ég tala nú ekki um þegar verið er að fela það vitlausum aðilum, áður en búið er að leysa fjárhagsvanda hennar. Til hans var stofnað á sínum tíma vegna þess hvernig staðið var að byggingu hennar. Það er opinbert leyndarmál og var reyndar rætt á sínum tíma á hinu háa Alþingi hvernig það var gert. Þá lá hv. þm. og ráðherrum Sjálfstfl. afskaplega mikið á því fyrir kosningar að hraða svo framkvæmdum við þessa flugstöð að þar fór allt í handaskolum. Kostnaður varð margfaldur og fór langt fram úr áætlunum. Síðan hefur ekki verið gerlegt í þremur ríkisstjórnum að taka á þessum fjárhagsvanda og ég segi það einfaldlega því það er staðreynd, það er ekki hægt að flytja breytingartillögur um reksturinn í þessu fyrr en niðurstaða er fengin um það hvernig menn ætla að taka á fjárhagsvandanum. Fjárhagsvandinn er ekki vegna þess að það séu ekki til nægar tekjur af starfseminni sem þarna fer fram. Fjárhagsvandinn er ekki til kominn vegna þess að fríverslunarrekstur hins opinbera hafi ekki skilað nægilega miklum tekjum. Þær hafa satt að segja vaxið svo vel og svo myndarlega að án tekjumyndunar í þessari ríkisverslun væri þessi fjárhagsvandi hreinlega ógnvekjandi.

Hitt er svo allt annað mál að það að hreyfa almennum hugmyndum um að mynda hlutafélag getur verið góðra gjalda vert ef menn hafa kynnt sér eitthvað forsögu málsins eða það hvernig eigi að reka flugvelli í samkeppnisumhverfi. En þessi tillaga er algjörlega út í hött, herra forseti.

[15:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. og fyrrv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson segir að þessari tillögu sé vísað til ráðherra sem komi málið ekkert við. Það er að sjálfsögðu matsatriði hver á að taka á hverju og eins og hann upplýsti sjálfur þá er þetta búið að koma fyrir nefnd eftir nefnd og til ráðherra eftir ráðherra, m.a. hans sjálfs. Og allan þann tíma sem hann var utanrrh. tókst honum ekki að leysa þau miklu vandamál sem hafa hvílt yfir þessari stöðu og þá kannski allra síst fjármálunum. Það er kannski ekki nema von að menn leiti annarra leiða og fjmrh. hefur náttúrlega með mjög mikilsverð mál að gera sem að okkar ráði var ákveðið að reyna að nota þar sem önnur úrræði hafa ekki tekist. Ég held að þegar kemur að því að reyna að leysa þau miklu fjármálavandamál sem hafa hvílt yfir flugstöðinni þá séu þau kannski fyrst og fremst vandamál okkar sjálfra. Bandaríkjaher stóð að mestu leyti undir fjármögnun og byggingu þessarar stöðvar og ég held að við getum ekki verið að drepa málum á dreif með því að segja að fjármál stöðvarinnar komi í rauninni í veg fyrir allt frjálsræði. Ég held að okkur sé brýnast að reyna fá sem mestan rekstur í gegnum þessa flugstöð með einhverju móti. Hvort ríkissjóður með einum eða öðrum hætti reynir að koma vandamálunum yfir á sama reksturinn er svo annað mál. Ég held að við getum verið sammála um að það hefði ekki gengið allt of vel og hafi ekki kannski verið hugsað nógu grannt í upphafi byggingar þessarar stöðvar hvernig átti að borga byggingarkostnaðinn og hver átti að gera það. Það ætti svo sannarlega ekki að vera sá verslunarrekstur sem þarna er starfræktur.

[15:20]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekkert af því sem hv. þm. segir breytir þeirri staðreynd að forræði yfir Flugstöð Leifs Eiríkssonar er hjá utanrrn., ekki hjá fjmrn. Þessi tillaga er þegar af þeirri ástæðu marklaus að fjmrh. getur ekkert gert í því sem honum er hér falið að gera. Það sem fjmrh. gerir er að taka við þeim gríðarlega miklu fjárhæðum og ört vaxandi tekjum sem fríhafnarreksturinn á vegum hins opinbera hefur skapað á undanförnum árum.

Að því er varðar nefndir sem skipaðar hafa verið þá fer það heldur ekkert á milli mála að þær hafa verið skipaðar af forræði utanrrh. og eru af ýmsu tagi. Það hefur verið leitað til sérfróðra manna, það hefur verið leitað til embættismanna og því næst hefur verið reynt að koma á samstarfi milli ráðuneyta. Það hefur ævinlega strandað á þvergirðingshætti hæstv. samgrh., þeim sama sem nú situr. Ef hv. þm. hafa raunverulegan áhuga á að ná fram einhverri lausn í núverandi stjórnarsamstarfi á þessu máli þá ættu þeir ekki að flytja tillögur sem þeir senda á vitlausa adressu heldur að reyna, ef það er hægt, að tala við hæstv. samgrh. Halldór Blöndal og reyna að koma vitinu fyrir hann. Ef þeir treysta sér til þess þá er það mjög gott. (**GHall:** Nú gengur hann í salinn.) Gengur hann í salinn.

Að því er varðar þá spurningu hvort ráðlegt sé eða hægt að flytja tillögur um breytingar af þessu tagi, en skilja við fjárhagsvandann í lausu lofti, þá segi ég einfaldlega eftirfarandi: Það er of áhættusamt. Menn hafa núna reynslu af því að núverandi rekstur fríhafnarinnar hefur skilað mjög vaxandi tekjum. Það vita menn. Það er þekkt stærð. Það er afspyrnumyndarlega að honum staðið, hann er undir mjög öflugri stjórn og hann hefur skilað góðum árangri. Það er flókið mál að fara út í breytingar á þessu og það liggur engan veginn fyrir að svo stöddu að ríkið hefði tryggt þær tekjur sem það þarf á að halda til að standa undir þessum risavaxna skuldavanda. Þegar menn eru t.d. að kvarta undan hárri húsaleigu, af hverju er hún? Það er jú vegna þess að þegar er synjað er um aðrar leiðir þá er raunverulega ekki annar kostur fyrir hendi en að krefjast þess að húsaleigan dekki ákveðið hlutfall af þessum fjárhagsvanda. Fyrsta mál í sambandi við Flugstöð Leifs Eiríkssonar er því að leiða til

niðurstöðu og fá fram klárar tillögur og úrræði til að leysa skuldavandann, svo skulum við ræða hitt á eftir.

[15:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að það er nauðsynlegt að leysa úr fjárhagsvanda Leifsstöðvar. Það er mjög mikilvægt mál. En hvort það eigi að koma í veg fyrir frjálsa verslun í Leifsstöð, ég sé ekki alveg samhengið þar á milli. Ef það væri hægt að taka á þessum málum saman þá væri ég þá sannarlega tilbúinn til að leggja mitt af mörkum til að það mætti takast en ég sé samt ekki að við eigum að þurfa að draga slíkar hugmyndir til baka af þeirri ástæðunni einni. Eins og ég sagði áðan þá held ég að menn hafi kannski heykst allt of lengi á því að leysa þennan fjárhagsvanda sem er gríðarlegur og hefur reyndar komið niður á öllum verslunarrekstri með óskiljanlegum hætti. Varðandi það hvernig fríhöfnin hefur rekið sig þá er það náttúrlega til fyrirmyndar og ég tek undir það. Þeir hafa svo sannarlega staðið sig vel undir erfiðum kringumstæðum. En ég er sannfærður um það að þeir gætu staðið sig enn þá betur undir meira frjálsræði.

[15:25]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er aðeins út af þeim ummælum hv. 9. þm. Reykv. að það beri að skrifa á minn reikning þá óreiðu sem er á flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli þá er rétt að hafa það í huga ef horft er á flugmálaáætlun sl. fjögur ár að hv. þm. gerði þau kaup við hv. þm. Steingrím Sigfússon, sem þá var samgönguráðherra, að reyna að drepa á dreif málinu um varaflugvöll á vegum NATO með því að samþykkja að ráðist yrði í byggingu alþjóðlegs flugvallar á Egilsstöðum sem tók allan lungann af fénu sl. fjögur ár. Jafnframt var fénu varið til þess að byggja hér hús undir Alþjóðaflugstjórnarmiðstöðina. Þess vegna var ekkert fé afgangs á flugmálaáætlun til að standa undir hallarekstrinum á flugstöðvarbyggingunni þau ár sem hv. þm. var utanrrh. Það er þess vegna algjörlega út í hött að kenna öðrum um það. Hv. þm. skildi við þessi mál í óreiðu þegar hann hætti sem utanrrh. og getur ekki neinum um kennt nema sjálfum sér.

[15:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hæstv. samgrh. mikill áhugamaður og aðdáandi skáldskapar. Það gerist stundum í þingsalnum að hann les skáldskaparverk og ljóð undir umræðum. Þær söguskýringar sem hæstv. ráðherra fór með hér voru sömu ættar, fullkomið og algjört skáldskaparverk. Það var ekkert samkomulag gert í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar árin 1988–1991 af því tagi sem hæstv. ráðherra var hér að lýsa. Ástæðan fyrir því að ekki var farið í gerð alþjóðlegs varaflugvallar í kjördæmi hæstv. samgrh. voru allt aðrar en eitthvert samkomulag innan þeirra ríkisstjórnar. Satt að segja er það mjög leitt að hæstv. ráðherra skuli koma inn í umræðurnar með annað eins bull. Maður veltir því fyrir sér hvort ráðherrann sé svona óforskammaður að hann leyfi sér að fara með rugl af þessu tagi í trausti þess að því verði ekki mótmælt eða hvort hann er svona illa heima í málunum. Hvort hann hefur sett sig svona illa inn í vandamál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og þau mál öll að hann hleypur hér upp í ræðustólinn með aðra eins firru og hann flutti hér áðan. Ég vil mælast til þess við þingheim af samúð með hæstv. samgrh. að við bara gleymum þessari ræðu. Það er einfaldlega best fyrir hæstv. ráðherra að hún hafi aldrei verið flutt. Því það er leitt að vera með ráðherra sem þarf að lifa við það áfram að hafa flutt þennan pistil sem hann flutti hér áðan. En ég vil af mannúðarástæðum mælast til þess við þingheim að við gleymum þessari ræðu.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var út af fyrir sig gott að fá hv. 8. þm. Reykn. Ólaf Ragnar Grímsson, líka upp í ræðustólinn. Hann var fjmrh. þegar efnt var til óreiðunnar í sambandi við flugstöðina. Og það er ágætt að þeir komi hér upp hver á fætur öðrum, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

[15:29]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Tímans vegna neyðist forseti til að skera ræðutíma niður og óskar eftir því að ræðumenn tali einungis í eina mínútu.

[15:30]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessari ræðu er líka best að gleyma hjá hæstv. samgrh. Óreiðan sem efnt var til við flugstöðina var ákveðin af ráðherrum Sjálfstfl. 1983–87 sem tóku ákvörðun um það að fara í þessa byggingu, höguðu framkvæmdinni með þeim hætti sem gert var og tóku þau lán sem tekin voru á þeim tíma til að fjármagna bygginguna. Það er söguskýringin á því að allar aðrar ríkisstjórnir eftir 1987 hafa setið uppi með þennan vanda. Það er fljótræði ráðherra Sjálfstfl. og hamagangur á árunum 1983–1987 sem eru orsökin að þessari óreiðu. Hæstv. samgrh. hefur hins vegar haft fjögur ár til þess að taka á þessum vanda með öðrum og eins og ég mun sýna fram á í umræðu síðar um þetta mál þá verður ekki hægt að leysa þetta vandamál fyrr en eins og hæstv. utanrrh. sagði hérna áðan, að menn viðurkenna þær skuldir sem efnt var til með þeim lántökum sem ráðherrar Sjálfstfl. beittu sér fyrir á byggingartíma flugstöðvarinnar.

[15:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þm. Flugstöðin heyrir undir utanrrh. en ekki undir samgrh. (**ÓRG:** Það var ekki fullyrt af minni hálfu.)

[15:31]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið finnst mér leiðinlegt að hæstv. samgrh. skuli koma svona algerlega eins og álfur út úr hól inn í þessa umræðu og fara með tómt fleipur í öllum atriðum. Til óreiðunnar sem við stöndum nú frammi fyrir var að sjálfsögðu stofnað af ráðherrum Sjálfstfl. á sinni tíð eins og þeir stóðu að undirbúningi framkvæmda og lántökum.

Annað mál. Varaflugvallarmálið. Það er þvílík fjarstæða að gert hafi verið eitthvert samkomulag milli ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar um það mál. Sannleikurinn er sá að það mál líka voru afglöp fyrrv. ráðherra Sjálfstfl., samgrh. og utanrrh. Sjálfstfl. í páv. ríkisstjórn, sem drógu það hver á fætur öðrum að taka ákvörðun meðan málið var raunverulega á dagskrá þannig að það eina sem gerðist í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var það að af hálfu Atlantshafsbandalagsins var fallið frá þessum ákvörðunum. Og að því er varðar hver beri ábyrgð á því að fjárhagsvandinn er óleystur þá situr vandinn þarna, hefur setið þarna í fjögur ár og er að byrja fimmta árið sem vandamál. Tillögurnar liggja fyrir en vandamálið er þarna.

[15:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svo þegar við vorum saman í ríkisstjórn, ég og hv. þm., að hvert ráðuneyti reyndi að gera grein fyrir því við undirbúning fjárlaga hvaða fjármuni vantaði til þess að geta staðið sæmilega í skilum með þau málefni sem heyrðu undir ráðuneytið. Meðal þess sem heyrði undir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var flugstöðin á Keflavíkurflugvelli og honum bar auðvitað sem utanrrh. að leggja málið fyrir við fjárlagagerð og í sambandi við fjáraukalög hverju sinni og þýðir ekki að vitna til einhverra manna sem voru í ríkisstjórn áratug fyrr eða skella skuldinni á samráðherra sinn sem er alls ekki með þennan málaflokk, Keflavíkurflugvöll. Ábyrgðin er hans. Hann var utanrrh. um sjö ára tímabil, fjmrh. áður. Þegar við hlustuðum á það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði, þá var hann að tala um að öll málin hefðu verið í óreiðu þegar hann kom í sæti fjmrh. á eftir hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Af hverju tóku þeir ekki til ef allt var í óreiðu?

[15:34]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fimm sinnum voru lagðar fram tillögur við ríkisstjórnarborð í tíð fyrri ríkisstjórnar um lausn á fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þær tillögur voru um leiðir til aukinnar tekjuöflunar. Þær tillögur lutu að nýtingu á húsnæði, leigutöxtum, gjaldskrám o.s.frv. Í hvert einasta skipti sem tillögur voru lagðar fram beitti hæstv. samgrh. neitunarvaldi sínu. Í síðustu atrennu sem var gerð var málið sett til forsrh. til þess að reyna að setja það niður. Þar var það seinast.

Staðreyndin er sú að það hefur ekki skort tekjur af starfsemi í flugstöðinni til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af lánunum. Vandinn er hins vegar sá að meiri hlutinn af þessum tekjum rennur alfarið til fjmrh., sem hefur mikinn hag af því, en hluti af þessum tekjum er síðan eyrnamarkaður til annarrar starfsemi og það tókst ekki allan þennan tíma, þrátt fyrir það að hin formlega ábyrgð er að sjálfsögðu utanrrh., að fá sanngjarna niðurstöðu sem byggði á því að menn tækju sameiginlega á þessum fjárhagsvanda sem til var stofnað af ráðherrum Sjálfstfl. á sinni tíð.

[15:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur nú ögn nær sannleikanum en áður. Það er laukrétt að hann kom ekki með tillögur um lausn á vandanum sem fallist var á vegna þess að hans tillögur voru ekki raunhæfar í málinu. Ég heyri að hv. þm. Ólafur Ragnar hlær nú glaðlega. Fjárhagsvandi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eitt með öðru sem hann skildi eftir sig þegar hann fór úr sínum stól og er vissulega ástæða til þess að rifja þetta mál upp frekar síðar.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í raun ekki heil brú í málflutningi hæstv. samgrh. Í fyrsta lagi er hann að reyna að koma ábyrgðinni af máli sem algerlega liggur fyrir að er ráðherra Sjálfstfl. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á árunum 1983–1987 yfir á aðra. Í öðru lagi dregur hann alls óskylda hluti eins og varaflugvallaruppbyggingu inn í þetta mál. Í þriðja lagi opinberar hæstv. ráðherra síðan ótrúlega vanþekkingu sína á uppbyggingu flugmálaáætlunar þegar hann kvartar yfir því að það fjármagn sem fór til uppbyggingar mannvirkja eins og flugvallar á Egilsstöðum eða flugstjórnarmiðstöðvar í Reykjavík hafi þar af leiðandi ekki verið til reiðu til að borga hallann af flugstöðinni í Keflavík. Það hefur aldrei staðið til, hæstv. ráðherra, og er óheimilt samkvæmt lögum sem gilda um flugmálaáætlun vegna þess að þar er hinn sérmerkti tekjustofn bundinn við uppbyggingu mannvirkja til flugrekstrar innan lands. Þar eru alls óskyldir hlutir á ferð og óráðsíuhalinn frá lántöku og framúrkeyrslu sem varð vegna byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sérstaklega þess að það lá svo mikið á að opna mannvirkið fyrir alþingiskosningar 1987 til þess að ráðherrar Sjálfstfl. gætu látið mynda sig framan við flugstöðina og gefa það út á kosningabæklingum, kostaði mörg hundruð milljónir.

[15:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeim tillögum sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lagði fyrir ríkisstjórnina var gert ráð fyrir því að fé af flugmálaáætlun rynni til þess að greiða hallann af flugstjórnarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli og það var um það sem við vorum að tala. En ég sé að hv. þm. Steingrímur Sigfússon sem var samgrh. í — hvað á ég að segja, í tíð hinnar saklausu ríkisstjórnar sem enginn blettur hefur fallið á, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, er greinilega andsnúinn þeim hugmyndum sem fyrrv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson var með.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var bara að benda á þá staðreynd, sem verður ekki hrakin, að samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru um hinn sérmerkta tekjustofn flugmálaáætlunar, þá skal hann renna til framkvæmda og framkvæmda eingöngu. Því miður hefur það að vísu gerst nú í fyrsta sinn að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að skerða stórlega þennan tekjustofn og láta hann renna til reksturskostnaðar Flugmálastjórnar. Það er alveg óskylt mál, en lögin eru svona og verður ekki fram hjá því litið. Hvaða æfingar þeir hafa verið með í tillögugerð sín í milli hæstv. ráðherrar í fyrri ríkisstjórn er mér að sjálfsögðu óviðkomandi. En hæstv. samgrh. varð ekki skilinn öðruvísi áðan en að það hefði staðið til boða að ráðstafa tekjustofnum flugmálaáætlunar í það að greiða hallann af Keflavík ef ekki hefði verið búið að nota það í annað. En fyrst hefði þurft að taka um það pólitíska ákvörðun, en síðan breyta lögum og hafa fyrir því meiri hluta á Alþingi. Það hlýtur hæstv. samgrh. a.m.k. að viðurkenna.

[15:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að það sé rauður þráður í andsvörum þriggja hv. þm. sem talað hafa, hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, Jóns Baldvins Hannibalssonar og Steingríms Sigfússonar, að þeir amast mjög við því að flugstjórnarbyggingin hafi veri reist á Keflavíkurflugvelli og hafa mörg orð um það að (**ÓRG:** Flugstöðvarbyggingin.) — flugstöðvarbyggingin, ég mismælti mig, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, það er út af fyrir sig svolítið merkilegt innlegg í umræðurnar og sýnir auðvitað með hvaða hætti þeirra málflutningur er byggður upp, hversu fátæklegur hann er og raunar út í hött.

Staðreyndin er sú að meðan hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var utanrrh. hafði hann engin ráð í sinni hendi til þess að leysa úr fjárhagsvanda flugstöðvarinnar og í öðru

lagi voru engar þær tillögur lagðar fram sem að gagni gátu komið.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Samgöngumál á Vestfjörðum.

[15:41]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Það þarf ekki að minna þingmenn á þá atburði sem orðið hafa á Vestfjörðum á þessu ári, í Súðavík, á Reykhólum og nú síðast á Flateyri. Þessar hörmungar hafa sett mark sitt ekki aðeins á íbúa þeirra byggðarlaga sem fyrir þeim hafa orðið heldur og á íbúa annarra byggðarlaga vítt og breitt um kjördæmið og það hefur orðið Vestfirðingum mikill styrkur að finna samhug allrar þjóðarinnar að baki sér sem svo greinilega hefur komið fram í verki og ekki síst í hinni þöglu og áhrifamiklu göngu tugþúsunda manna til samkomu á Ingólfstorgi hér í Reykjavík.

Þegar svo vel er róið í fyrirrúminu mega stjórnvöld ekki láta sitt eftir liggja og hafa raunar heitið því að standa þétt að baki íbúunum í því mikla verki sem fram undan er að græða sárin og koma aftur á eðlilegu mannlífi í byggðunum. Margir bera kvíðboga fyrir vetrinum og skammdeginu og þurfa á því að halda að finna afl og styrk samfélagsins að baki sér.

Ég tel að í þremur nýlegum tilvikum hafi stjórnvöld sent Vestfirðingum kolröng skilaboð: Það er með lokun þverbrautarinnar á flugvellinum á Patreksfirði á dögunum, það er með því að láta samninga við Flugfélagið Erni á Ísafirði renna út í sandinn með þeim hætti að ekki er séð fyrir því að sjúkraflugvél sé staðsett á Ísafirði a.m.k. til vors og það er með því að draga útboð í smíði Gilsfjarðarbrúar þannig að efasemdum og tortryggni er sáð í huga íbúanna um að loforð verði efnd um að smíðinni verði svo langt komið haustið 1997 að hún verði komin í gagnið þann vetur.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um lokun þverbrautarinnar sem ég gerði að umtalsefni í fyrradag. Svo virðist sem ákvörðun um þetta hafi verið tekin einhvers staðar í kerfinu án vitundar flugmálastjóra og enn síður ráðherra. Þessi braut hefur komið að ómetanlegu gagni sem öryggisbraut og er oft eina brautin á suðurhluta Vestfjarða sem fært er að lenda á í norðaustanroki. Bíldudalsflugvöllur, þótt góður sé, getur ekki leyst hana af hólmi auk þess sem fráleitt er að flytja sjúklinga t.d. af Barðaströnd og úr hinum fyrra Rauðasandshreppi fram hjá þessari flugbraut um Hálfdán til Bíldudals. Þessi braut er búin að vera þarna til staðar í a.m.k. aldarfjórðung og það eina sem farið er fram á að sinni er að hún fái að vera í friði. Ég hef raunar orð flugmálastjóra fyrir því að hið fyrsta verði þannig frá henni gengið að hún verði nothæf í neyðartilvikum.

Í gær bárust svo þær fréttir að Flugfélagið Ernir á Ísafirði væri að hætta starfsemi sinni og flytja hana til Reykjavíkur. Ernir hefur verið ómetanlegur öryggisþáttur í tilveru byggðanna þar vestra, flogið að meðaltali um 150 sjúkraflug á ári. Hörður Guðmundsson og kona hans sem átt hafa og rekið þetta flugfélag frá upphafi hafa verið á bakvakt í 26 ár án þess að fá fyrir það neinar sérstakar greiðslur. Ernir hafa leitað víða fanga í starfsemi sinni, m.a. verið með fasta starfsemi í Afríku í fimm ár og átt mest fjórar flugvélar og verið með 14 manns í starfi, en á nú þrjár og á þeirra vegum vinna sjö manns. Vélarnar eru 19 manna Twin Otter, tíu manna Chieftain og svo sex manna vél til minni snúninga. Ernir hafa annast póstflug milli þorpanna á Vestfjörðum, en með tilkomu jarðganganna féll sú nauðsyn að mestu niður. Hitt stendur eftir að Ernir er eini tengiliðurinn milli norður- og suðurhluta Vestfjarða. Því hefur verið reynt að finna flöt á því að Ernir önnuðust póstflug milli Ísafjarðar og Bíldudals, en ekki náðst samkomulag um greiðslur. Það er líka kannski óeðlilegt að Póstur og sími standi eitt fyrirtækja undir þeim kostnaði. Viljinn var vissulega fyrir hendi í þeim samningum en mikið bar á milli um verðlag á þjónustunni.

Það er ekkert við það að athuga að við auknar samgöngur á landi breytist eitthvað í sambandi við samgöngur á sjó eða í lofti. En eftir stendur að það þarf að vera sjúkraflugvél staðsett fyrir vestan, því að oft er hægt að hefja sig til flugs þar þó ekki sé fært til flugvallarins á Ísafirði. Það hefur gætt mjög mikils tvískinnungs í sambandi við þetta sjúkraflug. Mér skilst að heilbrrh. hafi skipað tvær nefndir sem hafi m.a. átt að athuga þetta mál, en það er í uppnámi hvert verksvið þessara nefnda er. Ég tel að það sé nauðsynlegt að ríkisstjórnin öll taki það fyrir að leysa úr þessu máli, a.m.k. til vorsins, að sjúkraflugvél sé staðsett á Ísafirði.

Að lokum vil ég nefna þriðja málið, Gilsfjarðarbrúna, sem var komin það langt að þingmenn bæði Vestfjarða og Vesturlands, töldu sér yfirleitt óhætt að lofa kjósendum því að smíði hennar yrði lokið á árinu 1997. Við vorum með ákveðin orð um það að útboð yrðu hafin sl. sumar. Þetta hefur ekki verið efnt og ég vil skora á hv. ríkisstjórn að senda íbúum Reykhólahrepps þau skilaboð sem þeir þurfa á að halda núna, þ.e. að þessi loforð verði efnd.

[15:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er efnt til þessarar utandagskrárumræðu, að því að mér skilst af þeirri ástæðu, að ég hafi sent Vestfirðingum heldur kaldar kveðjur nú síðustu vikur. Kolröng skilaboð voru þau ummæli sem hv. þm. lét sér um munn fara og gefur í skyn að ég hafi einhverja sérstaka löngun til þess einmitt nú að draga úr kjarki, eins og ég skil það, þeirra Vestfirðinga. (**Gripið fram í:** Hvað kom fyrir ráðherrann í gærkvöldi?) Það hefur ekkert komið fyrir mig. (**Gripið fram í:** En í gærkvöldi?) Og ekkert í gærkvöldi heldur. Þetta er auðvitað mikill misskilningur og er óhjákvæmilegt að fara yfir þessi mál, þessi kolröngu skilaboð sem stjórnvöld eiga að hafa sent þeim Vestfirðingum.

Það er fyrst til þess að taka að sú flugþverbraut á Patreksfjarðarflugvelli, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umræðuefni, hefur verið lokuð í rúm sex ár. Það kom raunar fram þegar svarað var óundirbúnum fyrirspurnum sl. mánudag og átti þess vegna ekkert að vera óljóst um þau efni. Um það segir m.a. í minnisblaði frá flugmálastjóra:

„Krossarnir sem settir voru á brautina fyrr í þessari viku hafa nú verið færðir til, annar suður fyrir brautarendann og hinn á norðurenda brautarinnar. Verið er að gefa út tilkynningu til flugmanna þar sem tekið er fram að brautin sé lokuð en hana megi nota í neyðar- og sjúkraflugi í samráði við flugvallarvörð en á ábyrgð viðkomandi flugrekenda. Með þessu móti telur Flugmálastjórn að komið sé til móts við óskir heimamanna um að brautina megi nota þegar í nauðirnar rekur. Stofnunin mun jafnframt gera sitt besta til að ekki séu hindranir á brautinni sem hamli slíkri notkun."

Ég vil taka það fram að við erum hér að tala um Vesturbyggð. Í Vesturbyggð eru tveir flugvellir, annar á Bíldudal

og hinn á Patreksfirði. Verður að segja að vel sé þar fyrir þeim málum séð og ég átta mig satt að segja ekki á því hvers vegna þessar umræður eru komnar upp nú í sambandi við þverbrautina. Mér hafa ekki borist neinar kvartanir um það, hvorki frá flugrekstraraðilum né heldur frá sveitarstjórn Vesturbyggðar. Ég veit ekki betur en að þessi mál séu í góðu lagi og í góðum höndum, og ekki meira um þau að segja.

Í öðru lagi er undan því kvartað að Flugfélagið Ernir eða forráðamaður þess, Hörður Guðmundsson, sem rekið hefur það með miklum dugnaði, hafi nú tekið ákvörðun um að færa umsvif sín hingað suður. Ástæðurnar fyrir því eru þær að umsvifin hafa minnkað fyrir vestan, það er minna að gera en áður, og það má rekja til þess að samgöngur eru betri en áður. Hv. þm. talaði um að það væri eðlilegt að póstflug héldi áfram með óbreyttum hætti til vors. Er skynsamlegt nú, eftir að búið verður að opna göngin á milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar, að halda póstflugi áfram til Þingeyrar? Til hvers vorum við þá að fara í göngin ef við ætlum að halda uppi með ríkisstyrkjum flugsamgöngum milli Þingeyrar og Ísafjarðar?

Ég vil jafnframt segja það að eftir að vegur er kominn yfir Hálfdán og búið er að sameina Vesturbyggð, bæði Bíldudal og Patreksfjörð og fleiri hreppa í eitt sveitarfélag og byggja upp veginn á milli þessara þéttbýlisstaða, er þá ástæða til að halda uppi póstflugi bæði til Bíldudals og Patreksfjarðar? Ef við vildum styrkja Hörð Guðmundsson og Erni væri þá ekki skynsamlegra að gera það með beinum fjárstyrkjum úr ríkissjóði heldur en að efna til hluta af því tagi sem engum kemur að notum?

Í þriðja lagi vil ég segja, eins og hv. þm. á að vera kunnugt, að það hefur verið gefin út heimild fyrir því að Gilsfjarðarbrú verði boðin út og hægt er að fá upplýsingar um það með einu símtali. Ég fæ því ekki séð að þau skilaboð sem ég á að hafa sent vestur, og skýrt var frá í þeim tón eins og um einhver köld skilaboð væri að ræða, eigi sér neitt tilefni eða að sá kuldi hafi komið fram í mínum stjórnarathöfnum gagnvart Vestfjörðum að ástæða hafi verið til að taka málið upp hér utan dagskrár.

[15:53]

Anna Jensdóttir:

Hæstv. forseti. Samgöngur á Vestfjörðum eru sérkapítuli í samgöngusögu landsins. Þeim verður seint komið í það horf að það geti allir verið sáttir eða að öruggt vegasamband komist á við aðalakvegakerfi landsins. Á undanförnum árum hafa að vísu verið stigin stór skref til að bæta samgöngur á Vestfjörðum og það ber að þakka. En miklu er ólokið á meðan ekki er búið að tengja saman norður- og suðursvæði Vestfjarða og tryggja samgöngur um Barðaströnd í Gilsfjörð, og þar með Gilsfjarðarbrú. Búið er að tryggja nokkuð öruggar samgöngur innan svæða með tilkomu jarðganga á norðanverðum Vestfjörðum ásamt brú yfir Önundarfjörð og Dýrafjörð. Á suðurhlutanum eru orðnir nokkuð góðir vegir frá Patreksfirði yfir Kjöl til Tálknafjarðar, og Hálfdán til Bíldudals. En það er ekki nóg að hafa góða vegi ef þeir eru ekki mokaðir daglega. Breiðafjarðarferjan Baldur er þjóðvegur suðurhluta Vestfjarða stóran hluta ársins. En þar fylgir sá böggull skammrifi að það er búið að ákveða fyrir fram að íbúar þessa svæðis eigi ekkert erindi akandi út af svæðinu á fimmtudögum og laugardögum, því þá eru engar ferðir yfir vetrartímann. Þar með er þjóðvegurinn lokaður tvo daga í viku fyrir utan þá daga sem samgöngur falla niður vegna veðurs, og við það ræður auðvitað enginn. En það væri hægt að hafa samræmi í mokstri og ferðum ferjunnar. Á þriðjudögum er ferð með Baldri, en þá er ekki mokstursdagur. Einnig má nefna að ítrekað hefur verið bent á að eðlilegt sé að ferja sé gerð út frá þeim stað sem hún þjónar mest, samanber Akraborg og Herjólfur, og þar með ætti Brjánslækur að vera heimahöfn Baldurs, en ekki Stykkishólmur. Á þetta hefur ekki verið hlustað.

En aðalmál samgangna á Vestfjörðum í dag, hvað varðar íbúa Vestfjarða, er það að rekstrargrundvelli skuli hafa verið kippt undan rekstri flugfélagsins Ernis á Ísafirði með þeim afleiðingum að Hörður Guðmundsson skuli vera að flytja starfsemi sína af svæðinu. Hörður og flugmenn hans hafa haldið uppi reglulegum samgöngum milli norður- og suðursvæða Vestfjarða við ótrúlega erfiðar aðstæður. Það má segja að þeir hafi stóran hluta ársins haldið uppi því samstarfi sem verið hefur t.d. í sveitarstjórna- og skólamálum á Vestfjörðum. Og ég verð að segja að mér líst ekki á þróun þeirra mála í framtíðinni, ef svo fer fram sem horfir.

Síðast en ekki síst má nefna hlut Harðar Guðmundssonar og hans manna í sjúkraflugi á Vestfjörðum. Það má segja að þeir hafi verið lífakkeri fólksins á þessu strjálbýla og samgöngulega erfiða svæði. Og ég leyfi mér að fullyrða að óháir Vestfirðingar eiga þessum mönnum líf að launa og það kemur til með að valda miklu óöryggi íbúa á Vestfjörðum ef Hörður flytur starfsemi sína burtu. Við megum ekki við því, ofan á allt annað sem á okkur hefur dunið á þessu ári.

[15:56]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mikil skerðing á póstflugi milli staða á Vestfjörðum hefur því miður orðið til þess að Flugfélagið Ernir telur sig nú knúið til að flytja starfsemi sína frá Vestfjörðum, eins og hér hefur komið fram. Þetta er mikið og alvarlegt áfall fyrir samgöngumál og íbúa Vestfjarða og vissulega mikill brestur í öryggismálum þar vestra. Því vil ég biðja hæstv. samgrh. af fullri einlægni að taka þetta mál hér upp til vinsamlegrar athugunar og úrlausnar, þannig að Vestfirðingar og þeir sem við þetta búa geti sæmilega sáttir við lifað.

Með opnun jarðganga á Vestfjörðum nú í næsta mánuði verða vissulega tímamót í samgöngumálum vestra. Þó skortir enn á tengingu til suðurfjarða Vestfjarða eins og hér var lauslega drepið á áðan. Því varpa ég hér fram úr þessum ræðustóli, hvort ekki væri vert að gera tilraun til bættra samgangna milli suður- og norðurfjarða Vestfjarða og athuga með reglubundnar siglingar úr Arnarfirði, eða nánar tiltekið frá Bíldudal til Þingeyrar yfir vetrarmánuðina. Slíkt mundi opna margvíslega möguleika fyrir Vestfirðinga, bæði hvað varðar samgöngu- og öryggismál, og opna einnig nýjar leiðir til margvíslegra viðskipta.

Ég vænti þess, hæstv. samgrh., að þetta mál verði einnig tekið upp í umræðum um úrlausn í samgöngumálum Vestfjarða. Ég tel að slík tilraun væri þess virði að hún væri gerð. Það þarf ekki að stofna til mikils kostnaðar við að gera slíkt, við eigum til þessi skip, og ég er sannfærður um það, eftir að hafa rætt við marga fyrir vestan, að þetta mundi bæta samskipti verulega og opna margvíslegar leiðir til viðskipta milli þessara svæða, sem nú eru svo nauðsynleg í dag.

[15:59]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er mikilvægt að menn haldi ró sinni

þegar á ríður og það hafa Vestfirðingar kannski kunnað öðrum landsmönnum fremur í gegnum tíðina. Því er ástæðulaust að umræðan hér fari þvers og kruss í málum sem liggja nokkuð klár fyrir. Ég vil taka undir að það er mikilvægt að stuðla að tryggingu samgangna á Vestfjörðum, ekki síst þess þáttar sem kallaður er sjúkraflug. Það er auðvitað mikilvægt að þar sé möguleiki til sjúkraflugs við þær erfiðu aðstæður sem oft koma þar upp. Það er alveg klárt mál að þar er einna brýnast á landinu öllu að til sé þjónusta sem heitir sjúkraflug.

En hlutirnir verða líka að heita réttu nafni. Það verður að geta þess að sjúkraflugið er eina flugið í almennu leiguflugi landsmanna sem er greitt að fullu. Eftir því sem ferðirnar eru fleiri þeim mun betri stoðir setur það undir flugreksturinn. Flest hafa sjúkraflugin verið á Vestfjörðum nú um nokkurt árabil, síðan á Austfjörðum og svo aðrir staðir á landinu. Þegar rætt er um að flugfélag á Vestfjörðum hafi ekki notið styrkja í sjúkraflugi, þá er það rangt. Það hefur bæði notið fullrar greiðslu fyrir sjúkraflugið, auk þess sem tugmilljónir kr. hafa komið beint frá ríkinu í rekstur félagsins á undanförnum árum. Það er rétt að þetta komi fram því það er ekki rétt að ekki hafi verið greitt fyrir þessa þjónustu, hvort sem menn kalla það bakvaktir eða annað. Ég minni á þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þáv. fjmrh., stóð fyrir því að kaupa flugskýli af Erni á 50 millj. kr., skýli sem var metið á 18 millj. kr. og var ekki einu sinni leitað umsagnar Flugmálastjórnar um þá gjörð. Þannig að ef menn opna málið á annað borð þá er rétt að svona atriði komi fram. Engu að síður er full ástæða til þess að hvetja til allrar styrkingar á þessari þjónustu á Vestfjörðum.

Einnig er rétt að minna á að þverbrautin á Patreksfirði, sem er 400 m löng, hefur verið lokuð síðan 1989, eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. Hún hefur verið lokuð formlega í öllum flugrekstrarbókum sem í gildi eru á Íslandi. Kvörtun barst fyrir tveimur dögum um að búið væri að setja þessar lokunarmerkingar á, þannig að hún væri eingöngu til notkunar í neyðartilvikum. Það er búið að fjarlægja þær í dag, það var gert í morgun af Flugmálastjórn.

Það verður líka að minna á það að sjálf aðalbrautin, 1200 m löng, hefur verið lögð bundnu slitlagi á sl. árum, 40 millj. kostaði það, 30 millj. í Bíldudal. Þannig að vel er hugað að þessum málum á þessu svæði, þó svo að alltaf megi finna að og þarf að tryggja þegar upp kemur vandi eins og sá ef þessi flugrekstraraðili er að flytja sinn rekstur til Reykjavíkur, ef hann ætlar þá ekki að hafa flugvél staðsetta á Vestfjörðum, sem ugglaust hefur ekki gefið slæmar tekjur um langt árabil.

[16:02]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Samgöngumál Vestfjarða og þeir örðugleikar sem við er að etja þar hvað varðar að komast um kjördæmið eða í kjördæmið, er vandi allra landsmanna. Hörmungar þær sem dunið hafa yfir byggðirnar eru einnig okkar vandi allra saman. Ég vil taka undir orð málshefjanda og áhyggjur hans varðandi flugmálin, þá sérstaklega hvað varðar Flugfélagið Erni. Ég vil þakka hv. málshefjanda umræðuna og ætla að nota þetta tækifæri til að nefna að vonandi eru tillögur hæstv. samgrh. varðandi framkvæmdir í vegamálum á Íslandi, að minnsta kosti fyrir næsta ár, á næsta leiti. Ég vona að bið eftir ákvörðun um hvenær á að hefja framkvæmdir við brú yfir Gilsfjörð fari nú brátt að ljúka. Fólkið í aðlægum byggðum Gilsfjarðar bíður ákvörðunar um Gilsfjarðarbrú milli vonar og ótta og það er ekki sannfært um að framkvæmdir hefjist.

[16:03]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og þær upplýsingar sem fram hafa komið, sem í fyrsta lagi hafa leitt það í ljós að nú hefur verið tekin ákvörðun um að þverbrautin á Patreksfjarðarflugvelli verður opin eins og undanfarin ár og það er auðvitað það sem mestu máli skiptir. Menn hafa litið þannig á að þetta væri neyðarbraut sem hægt væri að grípa til og þyrfti að vera hægt að grípa til þegar þannig hefur staðið á og það hefur auðvitað ekkert breyst í sambandi við þessa braut sem gaf tilefni til þess að fara að loka henni. Það er því mjög þýðingarmikið að þessi niðurstaða er fengin sem fram hefur komið í umræðunni. Í öðru lagi hefur það áður komið fram hjá hæstv. samgrh. að það er hans vilji og ætlun að standa við útboðin varðandi Gilsfjarðarbrú. Það er rétt að útboðið sjálft hefur tafist, en vilji hæstv. ráðherra er ótvíræður og yfirlýsing hans er alveg ótvíræð og það er ekkert sem gefur okkur tilefni til þess að ætla annað en að við hana verði staðið.

Það sem er alvarlegast og stendur upp úr þessari umræðu er óvissan í sambandi við rekstur sjúkraflugsins í landinu. Ég harma það mjög að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera hér viðstaddur til að ræða þessi mál því auðvitað snúa þessi mál alveg sérstaklega að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans. Málið er auðvitað það að Flugfélagið Ernir hefur gegnt ómetanlegu hlutverki sem öryggistæki fyrir Vestfirðinga og sem hluti og liður í heilbrigðisþjónustunni á Vestfjörðum og þegar nú er svo komið, sem var auðvitað fyrirsjáanlegt, að aðstæður hlytu að breytast með opnun jarðganganna, að rekstur flugfélagsins er í mikilli óvissu, þá er mikilvægt að beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvernig ráðherrann hyggst bregðast við þessum vanda. Vegna þess að vandinn snýr sérstaklega að okkur Vestfirðingum sem heilbrigðismál og sem liður í því að tryggja ákveðið öryggi og þjónustu við íbúana.

Nú er það þannig að á vegum heilbrrn. hafa starfað að minnsta kosti tvær nefndir, eins og fram kom í máli hv. málshefjanda hér áðan. Mér er ekki kunnugt um að niðurstaða í þeim nefndum sé enn þá fengin. En það er auðvitað aðalatriði þessa máls að óvissunni varðandi sjúkraflugið sé eytt og það sé tryggt að sjúkraflugið og sú öryggisþjónusta sem því fylgir sé til staðar á Vestfjörðum. Þá verður auðvelt mál að leysa mál eins og póstflug milli suðurhluta Vestfjarða og norðurhlutans. Það gefur auga leið ef grundvöllurinn er tryggður með sjúkrafluginu eins og vera ber.

[16:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Ólafi Hannibalssyni, fyrir það framtak að vekja athygli á samgöngumálum á Vestfjörðum undir forustu Sjálfstfl. annað kjörtímabilið í röð. Það er alveg rétt sem fram kom í formála að hans máli, að stjórnvöld hafa sent röng skilaboð til Vestfirðinga um stefnu sína, röng að minnsta kosti í þeim skilningi sem Vestfirðingar hafa viljað fá að heyra og röng í þeim skilningi sem Sjálfstfl. á Vestfjörðum hefur sagt Vestfirðingum að hann fylgdi eftir. Ég vek athygli á því til frekari áréttingar að það er ekki bara í ríkisstjórninni sem Sjálfstfl. hefur forustu í samgöngumálum, heldur líka hér á löggjafarsamkundunni, því formaður samgöngunefndar er sjálfstæðismaður og reyndar sjálfstæðismaður af Vestfjörð-

um þannig að málið liggur að mestu leyti í þeirra hendi og gagnrýni á framkvæmd mála er auðvitað fyrst og fremst gagnrýni á þeirra eigin verk. Ég tek undir þá gagnrýni sem fram kom í máli málshefjanda og tel reyndar óviðeigandi af hv. 1. þm. Vestf. að reyna að koma ábyrgð á málinu yfir á herðar heilbrrh. Það er ekki sanngjarnt og á ekki við rök að styðjast.

Það sem mestu máli skiptir við rekstur flugfélags er að flugfélag eigi aðgang að verkefnum og geti tryggt sér verkefni eins og hvert annað fyrirtæki. Það sem hefur helst saumað að rekstrarskilyrðum Flugfélagsins Ernis er sú staðfasta afstaða hæstv. samgrh. að standa vörð um einokunarkerfið í innanlandsflugi. Það hafði verið ákveðið í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, sem sat á árunum 1988–1991, að opna fyrir þetta flugleyfi á Ísafjörð og gefa öðrum flugfélögum en Flugleiðum heimild til að sækja þangað verkefni í einhverjum mæli. Hæstv. samgrh. tók fyrir það og það held ég að hafi verið hvað afdrifaríkast varðandi möguleika Flugfélagsins Ernis á að skapa sér viðunandi afkomu.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, taka undir þær raddir sem hér hafa komið fram um nauðsyn þess að bjóða út þegar í stað framkvæmdir við Gilsfjarðarbrú, ekki bara vegna framkvæmdanna og heimamanna heldur líka vegna atvinnuástandsins í landinu. Því það er ljóst að þessar framkvæmdir skapa um 200 ársverk, sem er allmikið þegar litið er til atvinnuleysisins eins og það er núna, og þetta er um helmingur af þeim störfum sem munu skapast í framkvæmdum við stækkun álvers í Straumsvík, en er ekki nema 5% af framkvæmdakostnaðinum.

[16:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kem hingað upp, herra forseti, til að taka undir með því viðhorfi sem birtist í máli hv. málshefjanda. Hann sagði: Þetta eru röng skilaboð frá ríkisstjórn Íslands sem verið er að senda vestur á firði. Ég er honum algerlega sammála um það. Ég tel að hæstv. samgrh. þurfi ekki að telja það neina sérstaka aðfinnslu í hans garð. Það er ekki verið að halda því fram að hann einn og sér standi fyrir því að senda þessi skilaboð vestur á firði. En það veit öll þjóðin að yfir Vestfirði hafa dunið áföll á þessum vetri og í fyrra. Menn tala jafnvel um að búsetu á Vestfjörðum sé í tvísýnu teflt. Ég tel að það sé nauðsynlegt að við sameinumst um það að reyna að stappa kjarki í það fólk sem býr á Vestfjörðum. Ég nefni t.d. að sú staðreynd að sjúkraflug virðist nú svo að segja lagt niður með því að Flugfélagið Ernir flyst suður hlýtur auðvitað að auka óöryggi Vestfirðinga. Staðreyndin er sú að á síðasta ári flaug þetta flugfélag 200 sjúkraflug. Ég er ekki viss um að menn hafi gert sér grein fyrir því.

Ég er auðvitað sammála hæstv. samgrh. þegar hann segir: Eigum við að fara að veita sérstakan fjárstuðning til flugfélagsins til að halda þessu uppi? Mér þótti það reyndar talsverð kokhreysti af manni sem er búinn að eyða milljörðum í beinar greiðslur til bænda, sem hálf þjóðin er á móti, en það er nú önnur saga. En staðreyndin er sú að ég held að okkur beri skylda til þess með einum eða öðrum hætti að halda úti þessu sjúkraflugi. Mér er alveg sama þó ég heyri hv. þm. Árna Johnsen hrista höfuðið. Ég er þessarar skoðunar. Það kann að koma til þess að við þurfum með einhverjum hætti að láta fjármagn til þess. Það gerist auðvitað ekki fyrr en eftir skoðun en þá getur vel verið að því fjármagni sé best varið með því að halda uppi póstfluginu og skjóta þannig stoðum undir rekstur Flugfélagsins Ernis.

Ég vil síðan aðeins víkja að Gilsfjarðarbrúnni, herra forseti. Mér þótti það næsta djarft hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að koma hér upp og segja: Því miður hefur útboðið tafist, en við efumst ekki um góðan vilja hæstv. samgrh. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson: Hvað er hægt að aka langt yfir Gilsfjörð á góðum vilja hæstv. samgrh.? Aftur og aftur er búið að fresta þessu útboði. Í tíð síðustu ríkisstjórnar tóku menn hreystilega á þessu máli og það var reynt að berja niður jafnvel á tímum ágreining um málið. Það var oft erfitt, en menn tóku á málinu. Síðan gerist það að hæstv. samgrh. dregur lappirnar og ég þori að fullyrða að það mundi ekki hafa gerst ef Gilsfjarðarbrú væri í hans eigin kjördæmi, eins og dæmin sýna.

[16:12]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessum umræðum, en um leið gera athugasemdir við það að ég er ekki að stofna til þessara umræðna af neinum fjandskap við hæstv. ráðherra. Síður en svo. Ég taldi mig hafa gert nokkra grein fyrir því í mínu máli að ég var ekkert að beina mínum spjótum sérstaklega að hæstv. ráðherra. Ég talaði um stjórnvöld Íslands. Og hvað varðar lokun þverbrautarinnar, að þó að mér hafi verið kunnugt um það að menn ætluðu að setja hlutina í samt lag — ég hef orð flugmálastjóra fyrir því og ég tók það fram hér — að þá fer það ekkert á milli mála að röng skilaboð voru send. Hvaða starfsmaður Flugmálastjórnar sem gerði það, það væri kannski athugunarefni fyrir sig að finna þann þorpara og láta hann finna til tevatnsins ef aðrir eru saklausir og sjálfsagt að gera það. Stjórnvöld eiga ekki að fá að vaða uppi með slík skilaboð án þess að æðstu menn þeirra mála fái að vita af því.

Síðan finnst mér að komið hafi fram nokkur ruglingur í máli hv. þm. Árna Johnsens sí sambandi við það sem ég sagði um flugfélagið Erni. Ég sagði að þeir hefðu ekki fengið sérstaklega greitt fyrir bakvaktir þessi 26 ár sem þau hjón, Hörður Guðmundsson og hans ágæta kona, hafa rekið þetta flugfélag. (**ÁJ:** Þau hafa fengið það.) Það sem skiptir máli í þessu er það að þegar Flugfélagið Ernir flytur suður, vegna þess að viðskiptagrundvöllurinn hefur breyst að verulegu leyti, auðvitað við það að göngin hafa komið í gagnið, þá hefði verið rétt að mínu viti af stjórnvöldum, bæði samgrh. og heilbrrh., að reyna að finna flöt á því að halda eftir einni flugvél þarna í öryggisskyni fyrir íbúana. Mér hefur verið tjáð að þetta mundi kosta um eina millj. á mánuði, en rekstur sjúkrabíls aftur á móti, sem ekki er jafnöruggur að komast allra sinna ferða, mundi vera kannski allt að því helmingi hærri, eða að minnsta kosti þriðjungi.

Hvað varðar Gilsfjarðarbrúna, þá var það ekki heldur af neinum fjandskap við hæstv. ráðherra sem ég vildi leiða hana hér í tal. Ég vildi að það kæmi fram hér á Alþingi Íslendinga með þessum umræðum, að Alþingi og stjórnvöld vilja taka jákvætt á málum og senda jákvæð skilaboð til Vestfirðinga núna þegar skammdegið og veturinn fer í hönd og þeim veitir ekki af því.

[16:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég gáði ekki að mér í minni fyrri ræðu og ætlaði mér þá að víkja að sjúkrafluginu en vannst ekki tími til þess og mun gera það nú. Það er auðvitað laukrétt hjá hv. þm. að ný staða hefur komið upp varðandi sjúkraflugið þegar fyrir liggur að Flugfélagið Ernir mun flytja starfsemi sína til Reykjavíkur og eru þó ekki öll kurl komin til grafar í þeim

efnum þar sem fram hefur komið að Hörður Guðmundsson muni e.t.v., ef um semst, halda einni flugvél sinni áfram fyrir vestan til að halda sjúkraflugi áfram. Það er svo stutt síðan þessir atburðir gerðust að það hefur ekkert svigrúm gefist til að ræða þau mál sérstaklega við Flugfélagið Erni. Ég átti stutt samtal við Hörð Guðmundsson um leið og ég frétti af því að hann ætlaði að flytja flugfélagið suður. Ég hlýt að minna hv. þm. á það að þau tvö flugfélög sem hafa haft bakvaktir í sjúkraflugi, þ.e. Flugfélag Austurlands og Flugfélagið Ernir, hafa fengið mun hærri greiðslur vegna sjúkraflugs en t.d. Flugfélag Norðurlands, sem líka annast sjúkraflug. Þannig að það má auðvitað segja að með óbeinum hætti sé greitt fyrir bakvaktir eða a.m.k. komið til móts við þá flugrekendur báða sem því miður hafa átt mjög örðugt uppdráttar og við sjáum það, eins og við vitum raunar um Flugfélag Austurlands líka og ég hef ekki tíma til að víkja að nú.

Ég vil líka segja það að ef hugmyndin á að vera sú að reyna að halda uppi flugsamgöngum milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar hlýtur að vera skynsamlegt að gera það á öðrum grundvelli en þeim að halda uppi ástæðulausu póstflugi milli Ísafjarðar og Þingeyrar eða póstflugi bæði til Bíldudals og Patreksfjarðar. (Gripið fram í.) Ef menn hafa það í huga að nauðsynlegt sé að slík tenging sé milli byggðanna á að ræða það á þeim forsendum og hvernig hægt sé að koma því fyrir með ódýrum hætti.

Ég mun á hinn bóginn taka þetta mál upp við heilbrrh. og við samgn., það ástand sem nú hefur skapast fyrir vestan í sambandi við sjúkraflugið og er ástæðulaust að hafa um það mörg orð og líka hvort sem það verður túlkað sem rétt eða röng skilaboð til Vestfirðinga.

[16:18]

Útbýting þingskjala:

Lagning ljósleiðara um Snæfellsnes, 178. mál, fsp. GE, þskj. 221.

Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, 31. mál, nál. utanrmn., þskj. 222.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, 174. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 217.

Út af dagskrá voru tekin 2., 10., 13. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 16:18.

---

40. FUNDUR

fimmtudaginn 23. nóv.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
2. Vegalög, frv., 165. mál, þskj. 202. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1994.
4. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1994.
5. Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, þáltill., 31. mál, þskj. 31, nál. 222. — Síðari umr.
6. Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þáltill., 166. mál, þskj. 208. — Frh. fyrri umr.
7. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Lánsviðskipti, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl., 172. mál, frv. KH o.fl., þskj. 215.

Sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum, 180. mál, þáltill. JóhS og BH, þskj. 224.

Verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal, 179. mál, þáltill. GHall og ÁJ, þskj. 223.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að stefnt er að því að hefja umræðu um 7. dagskrármálið, viðaukasamning um álbræðslu við Straumsvík, að loknu matarhléi um kl. hálftvö.

Hér stóð til að færi fram atkvæðagreiðsla en það vantar aðeins á að nægilega margir þingmenn séu mættir í Alþingishúsinu þannig að atkvæðagreiðslunni verður frestað þar til síðar í dag.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1994.

[10:35]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Fyrir hönd forsn. Alþingis mæli ég fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1994. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber henni að semja árlega heildarskýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Í samræmi við þessa lagaskyldu skilaði stofnunin skýrslu um starfsemi sína á árinu 1994 og birti hana í maímánuði sl. Ég mun gera grein fyrir því helsta úr skýrslu stofnunarinnar og þá fyrst og fremst því sem lýtur að almennri starfsemi stofnunarinnar og verkefnum á liðnu ári.

Ríkisendurskoðun er í raun falið tvíþætt endurskoðunarhlutverk samkvæmt lögum. Hefðbundið verkefni hennar er endurskoðun á lögmæti og reglusemi fjármálastjórnunar og reikningshalds. Til viðbótar hefðbundinni endurskoðun eru verkefni sem snúa að könnun á hagkvæmni og skilvirkni í opinberri stjórnsýslu, svokölluð stjórnsýsluendurskoðun. Skipulag stofnunarinnar tekur mið af skiptingunni en innan hennar eru þrjú endurskoðunarsvið og eitt stjórnsýslusvið auk lögfræðisviðs. Verkefni endurskoðenda ríkisins er í raun viðameira en tíðkast hjá ytri endurskoðendum fyrirtækja.

Ríkisendurskoðun er ekki einungis falið að sannreyna hvort reikningsskil gefi glögga mynd af starfsemi viðkomandi ríkisaðila og að þau séu gerð í samræmi við reglur þar um heldur er henni jafnframt ætlað að kanna hvort fjármálalegar ráðstafanir ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sem stofnað hefur verið til, samrýmist lagaheimildum, starfsreglum og viðteknum starfsvenjum.

Samkvæmt lögum hefur stofnunin mjög ríkar heimildir til upplýsingaöflunar, ekki aðeins um bókhald eiginlegra ríkisstofnana heldur frá ýmsum þeim sem eiga umtalsverð viðskipti við ríkið.

Vinnubrögð við að staðfesta réttmæti ársreiknings eru að flestu leyti þau sömu hvort sem endurskoðun fer fram hjá ríkisstofnun eða einkaaðila. Að því leyti ríkja sömu endurskoðunarvenjur hjá Ríkisendurskoðun og hjá þeim sem fást við að endurskoða einkafyrirtæki. Víðtækara hlutverk stofnunarinnar við endurskoðun kallar á viðbótarþekkingu starfsmanna.

Ársreikningar fæstra ríkisstofnana eru birtir opinberlega nema í ríkisreikningi. Ríkisendurskoðunin áritar ríkisreikning svipað og tíðkast með áritun endurskoðenda á reikningsskil einkafyrirtækja. Í árituninni er þó vísað til fyrrgreindra laga um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Jafnframt er í áritun vísað til sérstakrar skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings þar sem settar eru fram ýmsar athugasemdir og ábendingar. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings árita einnig ríkisreikninginn og birta þá um leið skýrslu með athugasemdum sínum. Þegar stofnanir ríkisins gefa út sérstakan ársreikning áritar Ríkisendurskoðun hann sérstaklega. Stofnunin gerir að öðru leyti grein fyrir niðurstöðum fjárhagsendurskoðunar með sérstökum skýrslum sem sendar eru þeim aðilum sem endurskoðunin var gerð hjá svo og viðkomandi ráðuneyti.

Í sambandi við hina hefðbundnu fjárhagsendurskoðun má minna á að undanfarin ár hafa alþjóðasamtök ríkisendurskoðana unnið að gerð alþjóðlegs endurskoðunarstaðals. Honum er ætlað að tryggja samræmd og fagleg vinnubrögð þeirra sem fást við endurskoðun hjá opinberum aðilum. Staðallinn var gefinn út 1. júní 1992 en samtímis gáfu samtökin út leiðbeiningareglur um innra eftirlit.

Þrjú síðustu ár hefur Ríkisendurskoðun unnið markvisst að því að koma á verklagsreglum sem styðjast við þennan staðal. Í megindráttum hefur það falist í gerð nýrrar endurskoðunarhandbókar eða leiðbeiningarhandbókar fyrir starfsmenn stofnunarinnar og aðra er vinna í umboði hennar. Á árinu 1994 var mikilvægum áfanga náð en þá komu út tvö af þremur bindum handbókarinnar. Í handbókinni er að finna víðtækar leiðbeiningareglur fyrir endurskoðendur ríkisins. Í þeim bindum sem út komu á síðasta ári er fjallað um endurskoðunar- og reikningsskilastaðla annars vegar og hins vegar um fyrirmæli ýmissa laga og reglugerða. Síðasta bindi handbókarinnar mun geyma upplýsingar um innri starfshætti Ríkisendurskoðunar og vinnureglur. Stefnt er að því að ljúka gerð hennar á þessu ári. Með tilkomu handbókarinnar er lagður grundvöllur að ákveðnari vinnubrögðum hjá Ríkisendurskoðun og stigið þýðingarmikið skref til að skapa meira öryggi og festu við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum ríkisins.

Í svokallaðri stjórnsýsluendurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Tilgangurinn með slíkum athugunum er að hvetja til aukinnar hagsýni og girða fyrir sóun í opinberum rekstri. Einnig getur falist í slíkum athugunum mat á því hvort stofnanir rækja lögbundið hlutverk sitt. Skýrslur sem stofnunin semur um þetta efni eru sendar Alþingi og eru þar af leiðandi opinber gögn.

Sumir liðir í stjórnsýsluendurskoðun eru skyldir ýmiss konar rekstrarráðgjöf sem tíðkast í vaxandi mæli að endurskoðendur veiti fyrirtækjum. Eins og aðrar endurskoðunarstofur veitir Ríkisendurskoðun stofnunum iðulega ráðgjöf í sambandi við ýmis mál sem tengjast starfsemi þeirra. Með virkri upplýsingagjöf er stuðlað að aukinni rekstrarhagkvæmni og um leið betri nýtingu á fjármunum skattborgaranna.

Ríkisendurskoðun hefur einnig veitt þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings ýmsa aðstoð í sambandi við fjárhagsmálefni ríkisins og svarar ýmsum fyrirspurnum frá þingmönnum og ráðuneytum. Umfang þessa þáttar í starfsemi stofnunarinnar hefur aukist mikið á undanförnum árum. Einn helsti gallinn við reikningsskil ríkisins er sá að þau segja oft harla lítið um árangur starfseminnar og gæði þeirrar þjónustu sem veitt er á sama hátt og hjá einkafyrirtækjum sem rekin eru í ágóðaskyni. Í nágrannalöndunum hefur á undanförnum árum verið lögð aukin áhersla á athuganir á hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Hvati að þessari þróun hefur verið auknar kröfur um gæði og afkastamælingar hjá hinu opinbera sem m.a. má rekja til viðleitni til að draga úr halla í opinberum rekstri. Hagkvæm nýting fjármuna og forgangsröðun verkefna byggir á því að fyrir liggi mælikvarðar og upplýsingar um gæðin. Ríkisendurskoðun hefur unnið að því að marka sér stefnu og vinnureglur á þessu sviði á undanförnum árum. Mun aukin áhersla verða lögð á þennan þátt stjórnsýsluendurskoðunarinnar á næstunni.

Þá langar mig að vekja athygli á nýju verkefni sem opinberar erlendar eftirlitsstofnanir á borð við Ríkisendurskoðun eru farnar að fást við í æ ríkari mæli. Hér er um að ræða endurskoðunarverkefni á sviði umhverfismála. Sem dæmi um þessa þróun má nefna að á 15. þingi alþjóðasamtakanna í Kaíró haustið 1995 var umhverfisendurskoðun eitt meginviðfangsefnið. Ríkisendurskoðendur fjölmargra ríkja hafa talið nauðsynlegt að gefa umhverfismálum vaxandi gaum vegna þess hve málaflokkurinn hefur mikilsverð áhrif á athafnir og ákvarðanir stjórnvalda. Af þessum sökum hafa umhverfismál og auðlindanýting komið við sögu í vaxandi mæli varðandi endurskoðun hjá hinu opinbera. Flest umhverfismálefni eru alþjóðleg í eðli sínu. Margar þjóðir eru aðilar að alþjóðasamningum þar sem gengist er undir tilteknar skuldbindingar varðandi umhverfismálin. Erlendar stofnanir á borð við Ríkisendurskoðun hafa metið hversu vel hinu opinbera hefur tekist til við að framfylgja ákvæðum tiltekinna alþjóðasamninga og má í því sambandi nefna kanadísku ríkisendurskoðunina. Þá er í vaxandi mæli farið að meta til fjár ýmsa þætti sem snerta umhverfismál þar sem slíkt mat er notað t.d. sem almennar upplýsingar með ársreikningum eða ríkisreikningi. Slíkar upplýsingar eru m.a. einnig notaðar við ákvarðanir stjórnvalda og jafnvel við stefnumótun í umhverfismálum.

Mat eins og hér um ræðir krefst víðtækrar gagnaöflunar og snertir oft gögn sem eru trúnaðarmál. Erlendis eru gerðar auknar kröfur til nákvæmrar skýrslugerðar um umhverfismál og auðlindanýtingu. Ríkisendurskoðanir í nokkrum löndum hafa verið fengnar til að endurskoða og staðfesta mat og útreikninga sem aðrir opinberir aðilar hafa unnið. Sem dæmi um kostnað má nefna kostnað eða tekjutap vegna mengunar vatnsbóls, kostnað vegna losunar hættulegra úrgangsefna,

losunar sorps eða verksmiðjuúrgangs nálægt eða á vinsælum ferðamannastöðum.

Þessi atriði og reyndar fleiri vekja upp þá spurningu hvort ekki sé að verða tímabært að endurskoða lögin um stofnunina. Í þessu sambandi nægir að nefna að með þeim breytingum á stjórnskipunarlögum sem áttu sér stað sl. vor var starf yfirskoðunarmanna ríkisreiknings lagt niður, en þeir voru sem kunnugt er kosnir af Alþingi. Þess í stað er mælt svo fyrir um í stjórnarskránni að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. Nú sinnir Ríkisendurskoðun þessu starfi að stærstum hluta sem ein af stofnunum þingsins.

Þá má minna á þörfina á því að kveða nánar á um hvaða meðferð skýrslur sem Alþingi berast frá Ríkisendurskoðun skulu fá á hinu háa Alþingi. Síðast en ekki síst ríkir nokkur óvissa um heimildir stofnunarinnar á sviði stjórnsýsluendurskoðunar. Einkum lýtur hún að því við hvaða stofnanir og fyrirtæki ríkisins heimildir til slíkra úttekta takmarkast. Má í því sambandi nefna fyrirtæki sem eru sameign ríkisins og annarra aðila, svo sem sveitarfélaga. Í ljósi þess sem ég hef nú rakið sýnist eitt og annað mæla með því að hugað verði á næstunni að endurskoðun laganna um stofnunina.

Svo vikið sé nánar að starfseminni á sl. ári má til þess að gefa hugmynd um umfang þeirra endurskoðunarstarfa nefna að stofnanir og verkefni á fjárlögum eru alls um 550 talsins. Velta þeirra stofnana og fyrirtækja sem Ríkisendurskoðuninni bar að endurskoða var samanlögð hátt í 200 milljarðar kr. á árinu 1993. Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt sendi stofnunin frá sér skýrslu ásamt yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1993. Var hún lögð fram á Alþingi í desember síðastliðnum. Þá voru gerðar tvær skýrslur um framkvæmd fjárlaga á árinu 1994 og skýrsla um skuldbreytingar opinberra gjalda árið 1992 og 1993.

Á síðasta ári var lokið við átta skýrslur um tiltekin viðfangsefni. Tilefni þess að viðkomandi skýrslur voru gerðar voru annars vegar beiðnir sem stofnuninni bárust og svo hins vegar ákvarðanir stofnunarinnar sjálfrar um athuganir. Niðurstöður þessara athugana voru allar lagðar fram á Alþingi. Auk þessa sendi stofnunin eða endurskoðendur í þjónustu hennar frá sér yfir 150 endurskoðunarskýrslur eða greinargerðir um ýmis fjárhagstengd og lögfræðileg málefni. Þessar álitsgerðir eru að jafnaði ekki gerðar opinberar nema að því marki sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings.

Í starfsskýrslunni er að öðru leyti nákvæm grein gerð fyrir skiptingu vinnunnar innan stofnunar á milli verkefna, áætlunargerð í því sambandi og samanburði á raunverulegu vinnumagni við áætlanir. Ég tel óþarft að fjalla sérstaklega um þessi atriði og læt því nægja að vísa til skýrslunnar. Ég vil þó geta þess að á árinu skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar 55.549 vinnustundum sem skráðar voru beint á einstök endurskoðunarverkefni. Samsvarandi tímafjöldi árið 1993 var 55.511 stundir. Heildarkostnaður stofnunarinnar á hverja unna vinnustund á árinu 1994 nam 2.368 kr. í samanburði við 2.400 kr. árið áður. Kostnaðurinn lækkaði þannig um 1,3% milli ára.

Á árinu 1994 voru samtals 162 skýrslur og greinargerðir unnar í samanburði við 150 á árinu 1993. Sá tími sem notaður er til endurskoðunar á einstökum ráðuneytum fer í aðalatriðum eftir fjárhagslegu umfangi þeirra. Þannig fór mestur tími í fjárhagsendurskoðun stofnana og verkefna heilbr.- og trmrn. á árinu 1994 eða 23%. Eru þá bæði A- og B-hluta aðilar meðtaldir. Hjá fjmrn. var samsvarandi hlutfall 20%, hjá menntmrn. 17% og hjá dóms- og kirkjumrn. 9%. Hlutdeild annarra ráðuneyta var nokkru minni.

Í heildina tekið var þeim tíma sem stofnunin varði til fjárhagsendurskoðunar skipt með líkum hætti milli ráðuneyta og gert var á árinu 1993, enda eru þessi verkefni í nokkuð föstum skorðum frá ári til árs. Breytingar mátti einkum sjá í endurskoðun heilbr.- og trmrn., en nokkru meiri tíma var varið til endurskoðunar á ráðuneytinu á síðasta ári.

Auk þeirrar vinnu sem hér er getið fer fram endurskoðun á stofnunum, sjóðum og fyrirtækjum utan ríkisreiknings í umboði Ríkisendurskoðunar. Þessi endurskoðun er iðulega framkvæmd af löggiltum endurskoðendum. Stofnunin hefur ekki upplýsingar um umfang þessarar vinnu, enda kostnaður við hana greiddur beint af viðkomandi aðilum.

Fjárlög fyrir árið 1994 gerðu ráð fyrir að veittar yrðu 151,5 millj. kr. úr ríkissjóði til reksturs stofnunarinnar. Greiðsluheimildir voru síðan hækkaðar um 10,2 millj. kr., að stærstum hluta vegna rekstrarafgangs frá árinu 1993 sem fluttur var milli ára. Heildarfjárheimild ársins nam þannig samanlagt 161,7 millj. kr. Útgjöld á greiðslugrunni urðu 13,8 millj. kr. undir heimildum eða sem nemur tæpum 3%. Guðmundur Skaftason, löggiltur endurskoðandi, annast sem fyrr endurskoðun á reikningsskilum stofnunarinnar, en hann var ráðinn til þess starfa af forsetum Alþingis árið 1989.

Að lokum vil ég aðeins, herra forseti, flytja fyrir hönd forsætisnefndar Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[10:53]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru tvö atriði varðandi þessa ársskýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég vil gera að umtalsefni. Það fyrra snertir þær ábendingar sem fram koma í skýrslunni sem hæstv. forseti las upp áðan og kynnti okkur og snerta umhverfisendurskoðun. Það er auðvitað mjög stórt atriði og í raun og veru nauðsynlegt að forsætisnefnd geri sér grein fyrir því sem allra fyrst hvernig þessari umhverfisendurskoðun á að vera háttað og það er stór spurning hvort ekki væri rétt að hv. umhvn. Alþingis fjallaði um það sérstaklega hvernig ætti að koma að máli af þessu tagi.

Í þeim ábendingum sem hæstv. forseti flutti okkur áðan var m.a. minnst á það að þessi umhverfisendurskoðun gæti t.d. beinst að því að Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðlegum umhverfissáttmálum og það ætti að kanna hvernig t.d. stofnanir eða fyrirtæki uppfylla þessa alþjóðlegu umhverfissáttmála. Ég held að það sé nauðsynlegt að hugleiða þetta núna að gefnu tilefni. Nú er í undirbúningi framkvæmdaáætlun vegna Ríó-samningsins um loftlagsbreytingar sem ríkisstjórnin hefur reyndar verið að fjalla um en hefur ekki verið birt opinberlega svo að mér sé kunnugt um enn þá en væri auðvitað mjög nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar við umræður um 7. dagskrármálið á þessum fundi í dag sem er viðbótarsamningur um stækkun álversins í Straumsvík. Þetta nefni ég í fyrsta lagi, hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé mikilvægt atriði og það eigi í raun og veru að taka um það ákvörðun sem allra fyrst að Ríkisendurskoðun fái einhverja aðstöðu til að þróa þetta verkefni, annaðhvort með heimild til að ráða þar inn fólk sem sinnir þessum umhverfismálum sérstaklega eða með öðrum hætti að móta stefnuna fyrir

það hvernig Ríkisendurskoðun kemur að þessari sérstöku umhverfisendurskoðun.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna hefur reyndar áður verið nefnt í þessari stofnun og það snertir það hvað á að gera við skýrslur Ríkisendurskoðunar, þar á meðal starfsskýrslu, í framtíðinni á Alþingi. Staðreyndin er sú að það er engin mynd á því núna hvernig farið er með þessar skýrslur. Þeim er svo að segja hent hér inn. Það er ekki ítarlega fjallað um þær í nefndum. Það er ekki ítarlega fjallað um þær í fjárln., ekki í fagnefndum þingsins og jafnvel þó það væri ítarlega fjallað um þessar skýrslur í þessum nefndum, þá er vandséð hvað yrði gert við þá umfjöllun. Eitt gleggsta dæmið sem ég man eftir í þessu sambandi er t.d. skýrsla Ríkisendurskoðunar um málefni Hrafns Gunnlaugssonar sem komu hér við sögu fyrir tveimur árum eða svo. Hún fékk umfjöllun í fjárln., fékk umfjöllun í menntmn. en svo datt botninn úr málinu. Það var hvergi settur neinn punktur í það mál af hálfu Alþingis. Það er engin mynd á þessu og það má auðvitað segja að þessir skýrslubunkar allir séu til lítils þegar Alþingi fylgir þeim ekki eftir eða afgreiðir þessi mál með einhverjum myndarlegum hætti. Ég held þess vegna að á þessum vetri þurfi að ákveða, með breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun og breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, hvernig verður farið með þessi mál í framtíðinni.

Eins og hæstv. fjmrh. benti á fyrir nokkrum dögum, þá er það auðvitað algerlega út í hött að fjárln. fjalli um skýrslur t.d. um framkvæmd fjárlaga og um ríkisreikninginn. Það er ekki hennar hlutverk. Þar með er hún að fjalla um sjálfa sig í raun og veru. Það ætti að vera sérnefnd í þessu verki eins og er í öllum þingum sem hafa tekið skipulega á þessum málum. Þannig hefur það verið í breska þinginu í áratugi. Þar hefur mótast sú hefð að stjórnarandstaðan hefur forustu í þessari sérstöku endurskoðunarnefnd sem fjallar um ríkisreikningana og þar hafa þróast lýðræðisleg vinnubrögð sem að mínu mati eru til fyrirmyndar að því er þessa hluti varðar.

Í þessu sambandi hafa menn líka verið að ræða um, m.a. úr þessum ræðustól eins og ég heyrði fyrir nokkrum dögum að það væri gott kerfi sem gilti í þessum efnum í Danmörku og það er nokkuð til í því. Þar er um að ræða ákveðna nefnd í danska þinginu sem fer yfir allar skýrslur sem koma frá ríkisendurskoðuninni og í framhaldi af þeirri umfjöllun kemst hún stundum og reyndar oftast að þeirri niðurstöðu að hlutirnir séu í lagi og ekkert þurfi að gera við þá frekar. Stundum kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að eitthvað þurfi að gera frekar og þá snýr hún sér beint til viðkomandi ríkisstofnunar og biður um nánari útskýringar eða þá til þjóðþingsins ef hún telur sérstaka þörf á því.

En ég tók líka eftir því fyrir nokkrum dögum að hæstv. fjmrh. vitnaði til þess fyrirkomulags sem er í Noregi í þessum efnum þar sem um er að ræða sérstaka stjórn sem kosin er af þinginu og taldi að það fyrirkomulag væri að mörgu leyti til fyrirmyndar. Ég er ósammála því. Ég er ósammála þessu norska kerfi vegna þess að formaður endurskoðunarnefndarinnar er pólitískt valinn aðili, þ.e. ríkisendurskoðandi eins og hann er. Pólitíkus sem hefur verið á vettvangi um árabil, bæði sem stórþingmaður fyrir jafnaðarmannaflokkinn norska og sömuleiðis ráðherra í norskum sjávarútvegsmálum eins og menn þekkja hér, Bjarne Mørk Eidem. Þetta kerfi er ekki heppilegt. Það þarf að tryggja að um sé að ræða algerlega óháðan aðila í þessu efni og það þurfum við að gera með þeim ákvörðunum sem hér verða teknar.

Þess vegna nefni ég þetta, hæstv. forseti, að ég er hræddur um að þetta mál lendi í útideyð. Ég sé ekki að við séum neitt að gera í því að reyna að koma þessum hlutum í eðlilegt horf varðandi meðferð ríkisreiknings. Hverju skiptir svo meðferð ríkisreiknings og hverju skiptir það svo að Ríkisendurskoðun er til? Það skiptir miklu máli. Það skiptir miklu pólitísku máli að það sé vel farið með almannafé og það sé greitt aðgöngu fyrir alla, fyrir kjósendur, fyrir þingmenn og alla hvernig með þessa hluti er farið og það sé fylgt viðurkenndum faglegum leikreglum. Þess vegna er hér um að ræða mikilvægt pólitískt mál, ekki aðeins fyrir Alþingi heldur fyrir alla þá sem hér eiga um að véla. Þess vegna finnst mér að um sé að ræða miklu stærra mál en menn yfirleitt virðast gera sér grein fyrir, þegar þessi mál eru til meðferðar því að yfirleitt fá þau enga umræðu þegar þau eru sett á dagskrá í þessari virðulegu stofnun.

Ég er ekki að tala um innihald ríkisreikninga, það er ekki á dagskrá núna, heldur er ég að tala um meðferð þessara mála sem skipta miklu pólitísku máli, að þau séu í lagi. Kjósendur eiga það skilið að þessar reglur séu skýrar. Við erum að fara með peninga kjósenda og engra annarra. Þess vegna hvet ég til þess að á þessum málum verði tekið á þessum vetri þannig að þegar yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hætta að lesa þá yfir, eins og þeir hafa gert, þá takið við annað kerfi vegna ríkisreikningsins fyrir árið 1995. Við erum núna að ganga frá ríkisreikningnum fyrir árið 1994. Honum verður dreift á borð þingmanna á næstunni, eða öllu heldur er það skýrslan sem verður dreift hér á borð þingmanna á næstunni. Þar er um að ræða mjög viðamikla og merkilega úttekt, t.d. á aðalskrifstofum allra ráðuneytanna, þar sem mjög margt fróðlegt og gagnlegt kemur í ljós, sérstaklega um ráðuneytin sjálf. Það skiptir náttúrlega langmestu máli að þar sé vel á hlutunum haldið því að eftir höfðinu dansa limirnir.

Ég tel að það sé líka nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að íhuga stöðu sína í þessu sambandi gagnvart fjmrn. Ég tel að fjmrn. hafi haft allt of mikil völd í þessu máli um árabil. Þó tókst okkur að skerða þau völd verulega þegar við breyttum lögunum um Ríkisendurskoðun og tókum hana undan fjmrn. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því, ekki síst nýir þingmenn sem hér eru, að Ríkisendurskoðun var undir fjmrn., hún var undir hæl fjmrn. en átti samt að endurskoða fjmrn. Það var svo vitlaust. Þessu var sem betur fer breytt fyrir nokkrum árum og ég tel alveg fulla ástæðu til að geta þess sem vel er gert. Þar átti forustu og þakkir skildar hæstv. núv. utanrrh., sem beitti sér mjög fyrir því að flutt var þingmál um þetta efni. Ég held satt að segja að hann hafi fyrstur flutt frv. til laga um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun sem á þessu snertir, og hafi fyrst lagt það fyrir efri deild Alþingis þegar hann var þar á sínum fyrstu þingmannsárum. Ég tel að það hafi í raun og veru verið mjög skynsamlegt og mér finnst að þessir hlutir séu allir að þróast í rétta átt. Ég tel að tök Alþingis á þessum málum séu að lagast, þau eru ekki eins tilviljunarkennd og þau voru. Eitt sem breytir miklu í því er auðvitað það að okkur hefur tekist að taka niður verðbólguna. Þetta voru auðvitað alveg ólæsilegir textar meðan verðbólgan var, vegna þess að menn vissu aldrei hvaða tölur þeir voru að lesa frá ári til árs. Það skiptir auðvitað gríðarlegu máli í þessu samband. Og fleira hefur gerst sem er jákvætt og á að auðvelda okkur að tryggja það að þessir hlutir séu gagnsæir og það sé vel um þá gengið.

Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti, um leið og ég þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir þá ræðu sem hann flutti áðan.

[11:03]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns að það þarf að koma þessum málum í ákveðinn farveg hér innan þingsins hvað varðar meðferð á skýrslum sem Ríkisendurskoðun er að vinna, yfirleitt að beiðni opinberra aðila. Í því samhengi langar mig að minna á það að félmn. tók að eigin frumkvæði upp eina af skýrslum Ríkisendurskoðunar um Brunamálastofnun eftir umræðu hér í þinginu. Það var nokkuð ný reynsla hvernig þar var að málum staðið. Þar sem þing var ekki starfandi varð að vísa því til forseta þingsins og forsætisnefndar hvernig með málið skyldi farið. Úrskurður forsætisnefndar var sá, að það væri á valdi nefndarinnar að ákveða hvernig farið yrði með niðurstöðurnar og hverjum ætti að senda skýrslu nefndarinnar. Svo fór að þeirri skýrslu var dreift í hólf allra þingmanna og jafnframt var hún send til viðkomandi ráðuneytis. Það er því aðeins komin reynsla á að að nefndir taki skýrslur upp sjálfar, en auðvitað ætti þetta að vera í ákveðnum farvegi. Það ætti að vísa skýslunum alveg markvisst til viðkomandi fagnefnda, þær ættu að gefa sitt álit og koma jafnframt með ábendingar um það hvernig eigi að fylgja málunum eftir, ef ástæða er til.

Mér fannst ástæða til að minna á þetta hér í þessu samhengi, hæstv. forseti.

[11:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa ábendingu. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. að félmn. hafði þarna frumkvæði að því að taka fyrir ákveðna skýrslu. Ég er þeirrar skoðunar að varðandi meðferð á þessum skýrslum komi í raun og veru tvennt til greina. Bæði það að þetta fari til fagnefnda eftir ákveðnum farvegi, en líka að þetta fari til sérnefndar sem taki fyrir þessi mál.

Síðan vil ég minnast á það sem hv. þm. nefndi, sem mér finnst aðeins örla á í seinni tíð, og það er að fagnefndir líti svo á að forsætisnefnd sé yfirnefnd fagnefnda. Það tel ég að hún sé ekki. Ég tel að í þessu máli hafi nefndirnar sjálfstæði til þess að ákveða sína starfshætti. Og ég hef orðið var við þetta, t.d. í sambandi við spurninguna um það hvort flokkar eigi áheyrnaraðild að nefndum. Þar er forsætisnefnd spurð. Auðvitað getur forsætisnefnd haft almenna skoðun á þessu máli, en hún ræður því ekki fyrir hönd nefndarinnar. Það er í raun og veru pólitískt atriði hvort þetta er samræmt eða ekki. Það er svo annað mál. En samkvæmt þingsköpum er nefndin sjálfstæður corpus í þessu efni og það er mjög mikilvægt að menn hafi það í huga. Með að sjálfsögðu fullri virðingu fyrir forsætisnefnd, þá liggur málið bara svona.

[11:06]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að auðvitað eru nefndirnar sjálfstæðar og eiga að hafa sjálfstæði í störfum sínum. En í þessu tilviki kom upp sú spurning hvernig ætti að koma skýrslunni, eða áliti nefndarinnar, með formlegum hætti inn í þingið. Við leituðum til sérfróðra starfsmanna innan þings sem álitu að nefndin ætti að senda skýrsluna til forseta þingsins, þar sem þing væri ekki starfandi.

Þegar forseta barst skýrslan lagði hann það fyrir forsætisnefnd hvernig með hana skyldi farið. Niðurstaðan varð sú að senda skýrsluna aftur til nefndarinnar. Þar með má segja að þar með hafi það sannast sem hv. þm. sagði, það er á valdi hverrar nefndar að ákveða hvernig með skuli farið. Ég álít að það hafi að mörgu leyti verið gott að fá einfaldlega skýringu á því, hvernig þessi mál eigi að ganga fyrir sig.

Jafnframt vil ég koma því að að ég tek undir það sjónarmið að ástæða sé til þess að hér sé sérnefnd sem fjalli um skýrslur Ríkisendurskoðunar. En aðalatriðið er auðvitað að það sé tryggt að um þær sé fjallað og þeim sé fylgt eftir.

[11:08]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka athugasemdir og ábendingar sem komið hafa fram í máli hv. þingmanna. Við erum áreiðanlega sammála um öll þessi atriði, ekki síst um það sem ég ræddi í ræðu minni um svonefnda umhverfisendurskoðun og hversu mikilvægur þáttur hún hlýtur að verða í framtíðinni. Það er enginn vafi á því að Ríkisendurskoðun þarf að fá ákveðnar heimildir til þess að sinna þessu sérstaka viðfangsefni. Það mál mun áreiðanlega verða rætt í forsætisnefnd Alþingis og í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir árið 1996.

Spurningin um hvað á að gera við skýrslur Ríkisendurskoðunar er auðvitað nokkuð áleitin. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að það er ekki nægilega góð mynd á þessu eins og þetta er nú. Ég minnti í ræðu minni áðan á þörfina á að ákveða nánar hvernig fara ætti með skýrslur Ríkisendurskoðunar. Og raunar á það kannski við um fleiri skýrslur sem lagðar eru fyrir Alþingi, hvaða meðferð þær eigi að fá á hv. Alþingi.

Ég er sammála hv. 8. þm. Reykv. að það þarf að ákveða þetta núna á þessum vetri, ekki síst vegna þeirra breytinga sem við gerðum á stjórnarskrá að fella niður starf yfirskoðunarmanna ríkisreinings. Þetta er nokkuð sem hlýtur að koma inn í endurskoðun á þingskapalögum sem rædd hefur verið á undanförnum missirum, bæði í hópi þingflokksformanna á síðasta ári og forsætisnefndar, bæði núverandi og hinnar fyrri. Það verður tekið til við það mál af auknum krafti nú á næstunni. Mér þykir eðlilegt að í ný þingskapalög, eða breytt þingskapalög, komi ákvæði einmitt um hvernig fara skuli með skýrslur Ríkisendurskoðunar.

Að lokum vil ég segja að það er heldur enginn ágreiningur á milli okkar um stöðu fagnefnda gagnvart forsætisnefnd eða öfugt. Það er alveg ljóst að forsætisnefnd er engin yfirnefnd fagnefndanna. Hún veitir hins vegar leiðbeiningar ef óskað er eftir. Hvað áheyrnaraðildina varðar, þá er það alfarið í verkahring hinna einstöku nefnda að ákvarða hvort áheyrnaraðild verður veitt. En þar sem þetta bar á góma vil ég geta þess, sem þingmönnum er kannski kunnugt, að forsætisnefnd hefur nýlega sett reglur um stöðu áheyrnarfulltrúa í nefndum, réttindi þeirra og skyldur. Þótt sett yrði upp sérnefnd til þess að fara yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar og aðrar skýrslur sem kunna að berast þinginu má vel hugsa sér, þrátt fyrir slíkt ákvæði sem kynni að koma inn í þingskapalög, að einstakar skýrslur Ríkisendurskoðunar færu til fagnefnda þingsins. Sérnefnd mundi alls ekki útiloka það.

Ég ítreka þakkir fyrir athugasemdir og ábendingar sem hér hafa komið fram.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1994.

[11:12]

Sólveig Pétursdóttir:

Herra forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1994 var tekin fyrir á fundi allshn. þann 21. nóvember sl. Á fundinn kom til viðræðna við nefndina um efni skýrslunnar

umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, ásamt Þórhalli Vilhjálmssyni, lögfræðingi umboðsmanns. Umboðsmaður starfar á grundvelli laga um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Heimild umboðsmanns til eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga er þó takmörkuð í 3. gr. laganna við það að honum er aðeins heimilt að fjalla um stjórnsýslu sveitarfélaga ef um er að ræða ákvarðanir sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Fram kom á fundi nefndarinnar að umboðsmanni þykir óeðlilegt að aðrar reglur gildi um sveitarfélög en ríkið í þessu. Í skýrslunni er m.a. bent á að í Danmörku hefur verið lagt fram frv. til laga sem felur í sér að sambærileg takmörkun og í 3. gr. íslensku laganna verði felld brott. Í þessu sambandi tekur umboðsmaður fram að með hliðsjón af því að á undanförnum árum hafa mörg verkefni verið flutt frá ríki til sveitarfélaga, þurfi jafnframt að huga að tilhögun eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga. Skortur hafi verið á að það hafi verið gert hingað til. Benti umboðsmaður á það á fundinum að þetta eftirlit væri t.d. mjög virkt í Danmörku, þar sem starfandi eru sérstök stjórnvöld í hverju amti sem hafi slíkt hlutverk.

Hann tók það fram að taka þyrfti mið af kostnaði þegar metið væri réttmæti þess hversu víðtækt eftirlitskerfi eigi að vera til staðar. Hins vegar beinir umboðsmaður þeirri spurningu til Alþingis hvort ekki beri að fela æðri stjórnvöldum að endurskoða alla þætti kærðrar ákvörðunar, ef ætlun löggjafans sé að framkvæmd laga á sviði sveitarstjórnarmálefna sé samræmd hjá öllum sveitarfélögum í landinu.

Málafjöldi jókst verulega á milli áranna 1993 og 1994, en umboðsmaður upplýsti nefndina um að málafjöldi í ár væri svipaður og á sama tíma í fyrra. Það gefur von um að ákveðið jafnvægi sé að myndast í þessum efnum.

Einn nefndarmaður spurðist fyrir um af hverju málafjöldi hjá umboðsmanni Alþingis væri hlutfallslega miklu meiri en annars staðar á Norðurlöndum, sbr. töflu á bls. 20 í skýrslunni. Umboðsmaður taldi skýringuna á því aðallega tvíþætta, þ.e. annars vegar væri hefðin fyrir slíku embætti mun meiri ytra sem skapaði ákveðið jafnvægi og hins vegar væru sérstakar kærunefndir á einstökum málefnasviðum sem menn gætu leitað réttar síns hjá mun algengari í þessum löndum. Umboðsmaður benti á að það væri vafalaust mjög til bóta ef löggjafinn gerði meira af því að koma upp slíkum kærunefndum á einstökum réttarsviðum hérlendis.

Á töflu á bls. 17 í skýrslunni kemur fram skipting mála eftir ráðuneytum. Dóms- og kirkjumrn. er þar með hlutfallslega mestan fjölda mála. Það helgast mikið til af því að undir það ráðuneyti heyrðu málaflokkar sem almennt væri mikið tekist á um, t.d. sifjamál. Á öðrum sviðum, t.d. þeim sem heyra undir félmrn., væri minna um að borgararnir gerðu gangskör að því að tryggja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum. Slíkt hlýtur að vera umhugsunarefni og eðlilegt að huga að því hvort löggjöf og stjórnvaldsreglur á þeim sviðum séu óskýrari eða geri borgurunum á annan hátt erfiðara fyrir að tryggja rétt sinn.

Af skýrslu umboðsmanns má ráða að enn er margt sem betur má fara í störfum framkvæmdarvaldsins. Einstök ráðuneyti og þær stofnanir sem undir þau heyra þurfa að taka stjórnsýsluframkvæmdina til endurskoðunar og jafnframt að skoða hvort ekki sé ástæða til að bæta þá löggjöf sem gildir á hlutaðeigandi sviði. Í þessu sambandi bendir umboðsmaður á að í bréfi samgrn. til hans, dags. 4. júlí 1995, komi fram að ráðuneytið hyggist taka öll lagaákvæði um gjaldtökuheimildir sem falla undir það og stofnanir þess til endurskoðunar. Um þetta segir í skýrslunni:

„Ég tel þessa ákvörðun samgrn. mikilvæga enda er almenn þörf á að farið verði skipulega yfir heimildir opinberra aðila til gjaldtöku og gengið úr skugga um að skýr heimild sé til gjaldtöku og fjárhæð gjalds ekki hærri en lagaheimild þess leyfir. Komi í ljós að annmarkar séu á gjaldtökuheimild ber að leita atbeina Alþingis til að úr verði bætt."

Hægt er að taka undir það með umboðsmanni að of mörg dæmi finnast um að innheimtur hafi verið skattur af aðilum í skjóli þess að um einhvers konar þjónustugjöld væri að ræða. Annars kom fram hjá umboðsmanni að almennt hefði hann átt góð samskipti við einstök ráðuneyti og yfirleitt fengið jákvæð viðbrögð þegar bent hefur verið á hvað betur mætti fara hjá stjórnsýslunni þó stundum hafi viðbrögð dregist nokkuð á langinn. Þá kemur umboðsmaður í skýrslu sinni inn á að stundum skorti nokkuð á þegar breyting verður á störfum ríkisstarfsmanna að stjórnvöld taki þegar í upphafi skýra afstöðu til þess á hvaða lagagrundvelli ætlunin er að breyta störfum eða stöðu starfsmanna. Slíkt athugunarleysi getur leitt til þess að ákvörðun teljist ógildanleg og í sumum tilvikum jafnvel til bótaskyldu ríkissjóðs.

Fram kom fyrirspurn á fundinum um það hvort ekki væri rétt að senda umboðsmanni þingmál til umsagnar og jafnframt hvort fastanefndir þingsins ættu ekki að geta leitað til umboðsmanns um lagatúlkun í einstökum málum. Umboðsmaður lagði áherslu á að hlutverk umboðsmanns væri að vera eftirlitsaðili sem tæki mál til skoðunar á grundvelli laga sem þegar hefðu verið sett. Það væri í ósamræmi við tilgang embættisins að umboðsmaður færi að skipta sér af sjálfri lagasetningunni.

Jafnframt var spurt hvort eðlilegt væri að skipta embætti umboðsmanns meira upp en nú er, t.d. með því að koma á fót sérstökum umboðsmanni neytenda eða þá að fjölga starfsmönnum embættisins þannig að meiri sérhæfing yrði til staðar. Umboðsmaður taldi rétt að fara varlega í að taka einhverja málaflokka undan embættinu. Þá taldi hann ekki ástæðu til að fjölga starfsfólki að svo stöddu. Verkefnum væri í dag skipt á milli manna eftir eðli þeirra og jafnframt væri stundum leitað eftir aðstoð sérfróðra manna utan embættisins ef einstök mál gæfu tilefni til þess.

Lög um umboðsmann barna, nr. 84/1993, tóku gildi 1. jan. á þessu ári. Hlutverk hans er að vera talsmaður barna á almennum grundvelli. Umboðsmaður benti á að ekki mætti rugla þessum tveimur embættum saman. Hlutverk umboðsmanns Alþingis er eins og áður hefur komið fram að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Hann getur eftir sem áður eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði tekið til meðferðar mál sem snúast um að tryggja rétt einstakra barna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Umboðsmaður skal samkvæmt 11. gr. laganna tilkynna Alþing um meinbugi á lögum. Árlega berast forseta Alþingis allnokkur fjöldi slíkra ábendinga umboðsmanns og hefur allshn. að jafnaði fengið þau mál til skoðunar. Sú venja hefur skapast hjá nefndinni þegar hún hefur lokið yfirferð yfir málin að senda þar sem við á tilmæli til hlutaðeigandi ráðuneyta þar sem óskað er eftir skriflegum upplýsingum um hvað þau hafi aðhafst í málinu. Umboðsmaður lýsti yfir mikilli ánægju með vinnubrögð nefndarinnar og sagði þau gefa störfum umboðsmanns meira vægi.

Eins og fram kemur á bls. 9 í skýrslunni eru dæmi um að ábendingar umboðsmanns hafi leitt til þess að Alþingi hafi haft frumkvæði að því að bætt hefur verið úr slíkum meinbugum með lagasetningu.

Herra forseti. Að lokum vil ég þakka umboðsmanni fyrir mjög greinargóða skýrslu og taka undir orð margra nefndarmanna í allshn. sem lýstu yfir mikilli ánægju með störf umboðsmanns á þeim árum sem liðin eru frá því að embættið tók til starfa.

[11:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur fyrir greinargerð hennar. Ég hjó eftir því sérstaklega að hún talaði um að umboðsmaður Alþingis hefði getið þess að stundum gætu mál dregist óeðlilega á langinn vegna þess að honum bærust svör seint og illa. Í 9. gr. laga um umboðsmann Alþingis frá 20. mars, nr. 13/1987, segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnvaldi og skal þá strax skýra stjórnvaldinu frá efni kvörtunarinnar nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem kvörtun beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitsgerð skv. b-lið 2. mgr. 10. gr."

Ég vildi gera að uppistöðu í máli mínu það sem ekki var sagt en ýjað aðeins að, það eru svör frá því stjórnvaldi sem umboðsmaður beinir máli sínu til bréflega eins og kemur fram í lögunum.

Ég fullyrði að inn í þessi lög vanti ákvæði um tímafrest stjórnvalda til að skila umboðsmanni greinargerð við þeim athugasemdum, ábendingum eða umkvörtunum sem umboðsmaður sendir viðkomandi stjórnvaldi. Ég veit að það hefur dregist á langinn og vildi þess vegna koma með þá fyrirspurn til hv. þm. sem flutti framsögu um skýrslu umboðsmanns, hvort þetta mál hafi borið á góma þá rætt var við umboðsmanninn, hvort ekki sé ástæða til þess að bæta um betur og gera líka kröfu á hendur þeim aðilum og stjórnvöldum sem umboðsmaður Alþingis beinir máli sínu að eða bréfum.

[11:24]

Sólveig Pétursdóttir:

Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni áðan að umboðsmaður tjáði okkur í allshn. að almennt hefði hann átt góð samskipti við einstök ráðuneyti og yfirleitt fengið jákvæð viðbrögð þegar bent hefur verið á hvað betur mætti fara í stjórnsýslunni þó viðbrögð hafi stundum dregist nokkuð á langinn. Þetta kom vissulega til umræðu enda þótt ekki hafi verið rædd einstök dæmi og það er vissulega rétt að hafa þessa ábendingu hv. þm. í huga og sjá hvort einhver ástæða er til breytinga eða a.m.k. að ræða það mál nánar við embætti umboðsmanns.

[11:25]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég læt í ljós ánægju mína með skýrslu umboðsmanns Alþingis og þakka hversu ítarleg og skýr hún er. Ef einhverjir hafa einhvern tíma efast um mikilvægi þessa embættis hljóta þeir að hafa skipt um skoðun í ljósi þeirrar góðu reynslu sem þegar er fengin af embættinu. Ekki síst er mikilvægt að það vinnulag sem haft hefur verið á í tengslum við 11. gr. laganna um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987, að tilkynna Alþingi um meinbugi á gildandi lögum. Hv. allshn. berast reglulega minnisblöð með ábendingum um slíka meinbugi sem gefa löggjafanum tækifæri til að bæta jafnóðum löggjöfina

Efnislega geri ég þrjú atriði að umræðuefni sem vöktu athygli mína við skoðun á nefndri skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1994. Í fyrsta lagi vekur það athygli mína að af 370 aðilum, sem kvarta til umboðsmanns, eru 328 einstaklingar og 42 lögaðilar og af þessum 328 einstaklingum eru 84 konur en 244 karlar. Ég hef haft tækifæri til að spyrja umboðsmann Alþingis um skýringar á þessum mun í hv. allshn. þar sem hann kom sem gestur og hann taldi skýringuna ekki liggja í því að karlar teldu frekar á sér brotið, t.d. í einkarétti, heldur væri þetta frekar merki um meiri umsvif þeirra í atvinnulífinu. Það finnst mér mikið áhyggjuefni þó að það komi kannski ekki mikið á óvart.

Í öðru lagi fannst mér mjög athyglisverð sú staðreynd sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir nefndi hér áðan að það koma mun fleiri mál hlutfallslega til umboðsmanns Alþingis hér á landi en t.d. á Norðurlöndum þar sem sambærileg embætti eru til staðar. Helstu skýringar umboðsmanns eru þær að stjórnsýslan sé mun þróðari á Norðurlöndum og sterkari og því sé minna um svona óskýr ákvæði og umkvartanir. Þá var nefnd sú skýring að stjórnsýslulögin, sem tóku gildi 1. jan. 1994, hafi verið ein orsök þess að svo mörg mál koma fram. Það var einnig nefnt að á Norðurlöndum tíðkast umboðsmenn í afmarkaðri málum, t.d. umboðsmaður jafnréttismála er til í Noregi og víðar á Norðurlöndum. Mér finnst virkilega umhugsunarvert hvort það sé betri leið en sú sem við höfum í okkar jafnréttislöggjöf með kærunefnd og allt annars konar kerfi.

Í þriðja lagi vil ég gera að umtalsefni ábendingu umboðsmanns Alþingis, sem kemur fram á bls. 12 í skýrslunni, um það hvort við Íslendingar ættum að gera svipaða breytingu á lögum okkar og Danir hafa lagt til, þ.e. að málefni þar sem sveitarstjórnir eru hið endanlega úrskurðarvald heyri meira undir umboðsmann Alþingis en þau gera nú. Ég tel mjög mikilvægt að þetta verði skoðað vandlega á Alþingi, ekki síst í ljósi þess að æ fleiri málefni eru að flytjast frá ríki til sveitarfélaganna.

Það er vissulega rétt eins og fram kom hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að embætti umboðsmanns Alþingis er eðlisólíkt embætti t.d. umboðsmanns barna en ég tel verulega umhugsunarvert fyrir okkur hvernig embætti umboðsmanns Alþingis þróast, hvort það er æskileg þróun að búa til fleiri embætti umboðsmanns svipað og umboðsmanns barna eða umboðsmanns sjúklinga, sem hefur komið til umræðu. Ég nefni umboðsmann jafnréttismála sem hugsanlegt dæmi. Eða hvort æskilegra væri að slíkir sérhæfðir starfskraftar ynnu og væru á vegum embættis umboðsmanns Alþingis. Það eru mörg umhugsunarefni sem þessi skýrsla kallar á. Ég þakka hana og vil láta í ljósi ánægju mína með þessa vinnu.

[11:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alltaf viðburður þegar skýrsla umboðsmanns Alþingis er rædd á hinu háa Alþingi vegna þess að í henni er yfirleitt að finna margt mjög athyglisvert. Mig langaði aðeins af þessu tilefni og vegna þess að nú er að hefjast nýtt kjörtímabil og hér eru margir nýir þingmenn að rifja það upp að fyrir nokkrum árum gafst mér kostur á því að hlusta á umboðsmanns fólksins á Spáni, eins og hann heitir þar. Það vakti athygli mína hvað hann naut gífurlegrar

virðingar á Spáni og það var ekki bara vegna þess að hann var gamall andófsmaður sem hafði orðið að flýja land undan einræðisstjórn Francós heldur hafði hann látið verulega til sín taka í sínu embætti. En það sem ekki síst vakti athygli mína var það að þingið á Spáni sýnir þessu mikilvæga embætti þá einstöku virðingu að umboðsmaðurinn fær að ávarpa þingið. Hann gerir grein fyrir skýrslu síns embættis í sölum þingsins á Spáni. Slíkt tíðkast ekki í okkar kerfi. Það fær enginn að koma í þessa sali nema forseti Íslands og svo kjörnir þingmenn á einhverjum formlegum fundum. En mér þótti þetta afar athyglisvert og sýna hvað þetta embætti þótti mikilvægt enda kom það fram í þeirri greinargerð sem þarna var flutt, þetta var á nefndarfundi einnar nefndar Evrópuráðsins, að hans úrskurðir höfðu haft veruleg áhrif á þróun stjórnkerfisins á Spáni enda þurfti mjög að taka þar til.

Mig langar aðeins að vekja athygli á því þegar að þingmenn eru að velta því fyrir sér hvers vegna svo miklu fleiri mál komi hlutfallslega hér til okkar umboðsmanns en á hinum Norðurlöndunum þá er það nú einu sinni svo að þessi embætti eru miklu eldri á Norðurlöndunum en hér. Ég held ég muni það rétt að embætti umboðsmanns í Svíþjóð hafi verið stofnað einhvern tímann á þriðja áratugnum, milli 1920 og 1930. Þetta er mjög gamalt fyrirbæri þar en kom reyndar seinna til á hinum Norðurlöndunum og þar af leiðandi hafa áhrifin á stjórnkerfið varað miklu lengur.

Það vakti líka athygli mína sem fram kom í ágætri ræðu framsögumanns að þingmenn í allshn. hefðu verið að spyrja um það hvort ekki mætti leita álits umboðsmanns á lagasetningu sem hér var á ferð. Það mætti stundum taka þingmenn svolítið í kennslustund hvað varðar aðskilnað valds á Íslandi og hver hefur hvaða stöðu. Og að umboðsmaður Alþingis er fyrst og fremst til þess að verja rétt einstaklinganna, fólksins í landinu, gagnvart stjórnvöldum. Þó hann heyri undir Alþingi þá er Alþingi hluti af því stjórnvaldi.

En að lokum, hæstv. forseti, af því hér var verið að ræða um viðbrögð stjórnvalda þá var það aðalástæðan fyrir því að ég ákvað að fara upp í ræðustólinn að á okkar borðum liggur einmitt frv. sem flutt er af hæstv. fjmrh. vegna athugasemdar sem fram kom hjá umboðsmanni Alþingis árið 1993. Ég vona svo sannarlega og held að stjórnvöld séu farin að taka miklu betur við sér hvað varðar ábendingar umboðsmanns Alþingis. Það hefur komið fram að það ríkti nokkur tregða fyrst til að byrja með, menn voru ekkert mjög hressir með að fá þetta vald yfir sig. En sem betur fer hefur það breyst og hér er einmitt dæmi um tiltölulega skjót viðbrögð stjórnkerfisins við sjálfsögðum ábendingum þar sem einstaklingar hafa leitað réttar síns og fengið úrskurð. Það kemur ábending til stjórnvalda og hér er það komið í frumvarpsformi á okkar borð.

[11:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins árétta tvö atriði sem fram koma í skýrslu umboðsmanns og hafa reyndar komið fram áður og mér finnst ástæða til að vekja sérstaka athygli á í því skyni að vinna því fylgi að þörf er á að fá stjórnvöld til að bregðast við. Þegar ég ég nota orðið stjórnvöld í þeim málum sem umboðsmaður gerir sérstaklega að umtalsefni þá er ég fyrst og fremst að tala við framkvæmdarvaldið eða ráðherrana. Það vakti reyndar athygli mína að þegar umræðan um skýrslu umboðsmanns Alþingis hófst, sem er auðvitað fyrst og fremst skýrsla um mál sem umboðsmaðurinn hefur fengið til meðferðar vegna samskipta þegnanna við framkvæmdarvaldið, hvort heldur er á stigi ráðuneyta eða sveitarstjórna, þá var aðeins einn ráðherra í þinghúsinu, níu ráðherrar voru ekki í húsinu og því engan veginn hægt að segja að þeir séu viðstaddir þessa umræðu. Mér finnst ástæða til að fara fram á það að minnsta kosti næst þegar skýrslan verður rædd að ráðherrar verði hér til svara því þingmenn þurfa auðvitað að krefja ráðherra um svör við því hvers vegna þegnar landsins þurfa svo oft að leita réttar síns í viðskiptum sínum við stjórnvöld og leita þá til umboðsmanns Alþingis. Og eins líka hinu hversu oft það gerist, sem raun ber vitni, að stjórnvöld verða seint og illa við niðurstöðum af áliti umboðsmanns Alþingis.

Það afbrigðilega finnst mér hversu félmrn. hefur í gegnum árin verið tregt til þess að laga starfshætti sína að alvarlegum ábendingum umboðsmannsins. Í skýrslum tekur umboðsmaður enn og aftur á sveitarfélagastiginu og skorti á eftirliti með því og minnir sérstaklega á þetta atriði og upplýsir um fyrirkomulag þess í Noregi og Danmörku þar sem farin hefur verið sú leið að setja á fót alveg sérstök stjórnvöld sem íbúarnir geta leitað til með ágreiningsefni sín í samskiptum við sveitarstjórnir eða embættismenn þeirra og fengið niðurstöðu og aðstoð við úrlausn mála með skjótum hætti ef niðurstaðan er á þann veg.

Í núgildandi lögum um sveitarstjórnir er gert ráð fyrir því að það sé ráðuneytið sem hafi þetta hlutverk með höndum þannig að í íslenskri löggjöf er gert ráð fyrir því að íbúarnir eigi sér leið að vísa máli til ráðuneytis telji þeir sig þurfa að leita réttar síns gagnvart sínum stjórnvöldum. Það er því ekki hægt að segja að á skorti í lagasetningu. Það hefur verið gert ráð fyrir þessu í lögunum um sveitarfélög frá 1986. Vandinn hefur hins vegar verið sá að ráðuneytið hefur ekki viljað sinna þessu hlutverki sínu og í raun og veru vísað því meira og minna frá sér með því að þrengja svo mjög túlkun sína á lögunum um eftirlitsskyldu sína gagnvart sveitarfélögunum. Það hefur ekki aðeins haft þann annmarka í för mér sér að íbúarnir hafa í mun minna mæli en ætlast var til getað leitað til ráðuneytisins heldur hefur þessi túlkun jafnframt gert það að verkum að íbúarnir hafa heldur ekki getað leitað til umboðsmanns Alþingis með þessi sömu mál. Því aðeins geta íbúarnir leitað til hans að um sé að ræða ákvarðanir sem unnt sé að skjóta til æðra stjórnvalds, þ.e. frá sveitarstjórnum eða sveitarfélögum til félmrn.

Ég tek mjög undir athugasemdir sem fram koma í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1994 og reyndar í fyrri skýrslum, hvað varðar þetta efni. Ég hygg að það þurfi verulega að bæta úr og eðlilegast er að ætlast til þess að félmrn. fari að lögum, fari að sinna þessu verkefni sínu af fyllstu alvöru. Þær upplýsingar hafa komið fram í dagsljósið á undanförnum vikum varðandi málefni sveitarfélaga sem gera það að verkum að það er ástæða til þess fyrir félmrn. til að sinna þessari lögboðnu skyldu sinni í ríkari mæli en verið hefur.

Hinu er ekki að neita að ég hef dálítið brotið heilann um það hvers vegna ráðuneytið veigrar sér við því að taka á þessum eftirlitsþætti sínum. Það kunna að vera fyrir því ákveðin rök og skýringar sem gera það að verkum að það er kannski ekki endilega réttast að reyna að halda hlutunum í því formi sem þeir eru í dag, að hafa þennan þátt hjá ráðuneytinu. Ég hef satt að segja verulegar efasemdir um að félmrn. sé hæft til þess að standa undir þessu hlutverki sem er ákaflega þýðingarmikið. Mér finnst samgangurinn á milli ráðuneytisins og sveitarstjórnarmannanna vera að sumu leyti eðlilega það

mikill að ráðuneytið eigi í verulegum erfiðleikum við að taka á erfiðum málum sem upp koma hjá þessum sömu aðilum sem þeir eiga svo mikil samskipti við. Ég hef æ meira hallast að þeirri skoðun að taka eigi þessi eftirlitsmál úr höndum ráðuneytisins og setja þau í sérstakan farveg eins og vakin er athygli á í skýrslunni að er gert í tveimur Norðurlandanna. Ég tel því að við eigum að íhuga það í fyllstu alvöru hvort ekki sé rétt að taka upp þennan hátt mála.

Það er nefnilega afar þýðingarmikið að þessi eftirlitsþáttur sé í góðu lagi því ef svo er ekki þá er hætt við því að hlutur íbúanna sem eiga ansi mikið undir verkum sveitarstjórna og samskiptum við sína sveitarstjórnarmenn sé fyrir borð borinn umfram það sem eðlilegt má teljast eins og málum er skipað. Ég vil benda á ýmis atriði sem mér finnst standa miklu verr en á að vera. Félmrn. er í þessum eftirlitsþætti gert skylt að fylgjast með fjárreiðum sveitarfélaga. Þau eiga að senda inn ársreikninga, fjárhagsáætlanir og þriggja ára áætlanir en það er afar slælega fylgst með þessu að mínu viti. Ég hef satt að segja ekki orðið var við það að ráðuneytið hefði uppi einhver samræmd viðbrögð eða athuganir á þeim gögnum sem þeim eiga að berast til þess að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga.

Í öðru lagi þá eiga sveitarstjórnir að uppfylla ákveðin skilyrði laganna um upplýsingaskyldu til íbúanna. Þessu er ákaflega slælega framfylgt svo ekki sé meira sagt. Enn tíðkast það víða um land að hreppsnefndir eru að halda fundi án þess að þeir séu auglýstir eins og áskilið er í lögum. Dagskrá er ekki kynnt og fundir jafnvel haldnir í heimahúsum. Almenningur á þess hvorki kost að vita af fundinum né mæta á hann, þótt menn vissu af honum. Auðvitað á ráðuneytið að hafa forgöngu um að fá sveitarstjórnarmenn til þess að tileinka sér það viðhorf sem er í núgildandi sveitarstjórnarlögum. Sem dæmi um algerlega fráleit viðhorf, sem eru í gangi í fullri alvöru á sveitarstjórnarstiginu, get ég nefnt að sveitarstjórnarmaður í nokkuð stóru sveitarfélagi liggur undir ámæli fyrir að rjúfa trúnað, fyrir það eitt að afhenda fundargerð bæjarráðs íbúa í sínu sveitarfélagi. En eins og menn vita, þá eru fundargerðir ráða og nefnda opinber skjöl sem allir íbúar eiga aðgang að jafnskjótt og fundi er lokið. Enn eru því uppi forneskjuleg viðhorf í þessu efni og ráðuneytið á auðvitað að gera gangskör að því að útrýma þeim sem allra fyrst. Togstreita af þessu tagi, þegar menn þurfa að standa í deilum um sjálfsögð réttindi og upplýsingar til íbúa, greiðir auðvitað ekki fyrir störfum sveitarstjórna. Því betur sem fólk er upplýst um þessi efni, því greiðar ættu störfin að ganga.

Mér virðist líka að íbúarnir í sveitarfélögunum séu afar lítið meðvitaðir um rétt sinn gagnvart stjórnvaldi sínu. Fundarsókn er ákaflega lítil og íbúar virðast yfirleitt vita lítið um það sem fram fer. Þessu þarf að breyta. Það er auðvitað óviðunandi að slíkt áhugaleysi ríki um þessi mál. Ég held satt að segja að þarna sé ekki um áhugaleysi fólksins gagnvart þessum málum að ræða, heldur hitt að það fær ekki að vita hvað er um að vera. Það vantar að koma upplýsingum á framfæri um störf sveitarstjórnanna. Ég hygg að það verði að gera verulegt átak í þessum efnum.

Þá vil ég líka taka undir annað atriði sem fram kemur í skýrslu umboðsmanns og mér finnst satt að segja orðið býsna alvarlegt. Það er sú ríka tilhneiging að fara ekki að lögum um gjaldtöku og skattheimtu. Það er orðið ansi mikið um það að sveitafélög fari ekki fullkomlega að lögum þegar ákveðin eru gjöld á þegna sveitarfélagsins. Ég hef nokkrum sinnum áður vakið athygli á því héðan úr þessum ræðustóli að lögum um vatnsgjald er ekki framfylgt sem skyldi. Sveitarfélög fara ekki að þeim lögum og félmrn., sem á að hafa eftirlit með sveitarfélögunum, aðhefst ekkert í því skyni að fá þau til að fara að þeim lögum.

Ég minni á svar við fyrirspurn sem ég bar fram á þingi á síðasta kjörtímabili þar sem fram kom að um 25 kaupstaðir innheimtu í vatnsgjald á árinu 1993 u.þ.b. 250 millj. kr. meira en þeim var heimilt að innheimta samkvæmt lögunum. Lög um vatnsgjöld voru sett í desember 1991 og leystu af hólmi lög um vatnsskatt og það er verulegur munur að leggja niður skatt og taka upp gjald. Gjald er einungis heimilt að innheimta til að mæta tilteknum kostnaði, sem er skilgreindur í lögunum. Óheimilt er að innheimta árlega meira gjald en nemur þeim kostnaði sem gjaldið á að standa undir.

Sveitarstjórnir hafa í raun haldið áfram að innheimta sinn vatnsskatt óbreyttan, sem áður var almennur skattur, almenningsútsvar. Þrátt fyrir nýju lögin hefur framkvæmdin verið óbreytt. Meira að segja er þetta stundum enn kallað vatnsskattur, þótt hann sé ekki lengur til. Þarna finnst mér að yfirstjórn sveitarstjórnarmála hafi fullkomlega brugðist í að kynna þessi nýju lög og fylgja því eftir að sveitarstjórnir virtu þau. En það leysir sveitarstjórnir þó ekki undan þeirri skyldu sinni að framfylgja lögum. Auðvitað á þeim að vera ljóst hvernig lögin eru og þær eiga að fara eftir þeim.

Ég nefndi þetta síðast fyrr á þessu þingi í umræðunum um nýtt frv. um gatnagerðargjald, sem er auðvitað af sama toga, og svar hæstv. félmrh. var einfaldlega það að sveitarfélögin væru blönk, þau vantaði meiri peninga til þess að standa undir almennum rekstri sínum. Það kann út af fyrir sig að vera rétt. En það breytir því ekki að ef sveitarfélög skortir tekjur til að standa undir almennum útgjöldum, þá eiga þau að sækja þær tekjur eftir lögum í almenna skatta. Það er engin afsökun fyrir því að menn megi þá brjóta lög varðandi vatnsgjald og innheimta meira. Með sömu rökum og félmrh. notaði gætu sveitarfélögin bara hækkað útsvarið úr 9% upp í 12%, sem er auðvitað brot á lögum, og sagt sem svo: „Við rökstyðjum það með því að það vantar peninga í sveitarsjóð.“ Það er auðvitað ekki boðlegt að á Alþingi skuli menn þurfa að standa í rökræðum um það við yfirmann málaflokks, félmrh. í þessu tilviki, að það eigi að fara að lögum og ráðherrarnir séu að verja það að það sé ekki farið að lögum. Þetta er algerlega óviðunandi ástand. Telji menn lögin ófullnægjandi, á að leggja fram frv. til að bæta þar úr. En það á ekki að brjóta lögin og verja það að þau séu brotin.

Virðulegi forseti. Ég tek undir málflutning sem fram kemur í skýrslu umboðsmanns Alþingis hvað þessi atriði varðar og nota tækifærið til þess að minna á þessi tvö atriði sem ég hef áður gert að umfjöllunarefni við sama tækifæri á síðasta þingi.

[11:52]

Viktor B. Kjartansson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi gera að umtalsefni í tilefni skýrslu umboðsmanns Alþingis. Við fulltrúar í allshn. höfðum tækifæri til að hitta umboðsmann og ræða við hann um skýrsluna og hans viðhorf til þeirra mála sem þar koma fram. Og ég tel ástæðu til þess að nefna nokkur atriði sem þar koma fram.

Í fyrsta lagi vekur það athygli, eins og aðrir hv. þm. hafa nefnt, hversu fjöldi mála hefur aukist á milli ára, sérstaklega 1993 og 1994. Menn hafa velt því fyrir sér hvað skýrði það. Það kom fram að hugsanleg skýring væri meiri Evrópusam-

vinna og lög og reglur sem koma til setningar á Alþingi í kjölfar aukinnar Evrópusamvinnu. Þá má gera ráð fyrir að slíkt muni aukast í framtíðinni.

Það kom einnig fram að sú mikla kynning og umræða sem umboðsmaður hefur fengið á síðustu árum hefur óneitanlega vakið athygli á rétti borgaranna til að leita til umboðsmanns, telji þeir á sér brotið. Það hlýtur að vera af hinu góða að sjá að borgarnir nýta sér þessa leið í auknum mæli.

Það vakti líka athygli hversu hátt hlutfall íbúa leitar til umboðsmanns hér á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd. Ég held að það skýrist að hluta til af þessu sama, þetta er tiltölulega nýtt embætti, það er mikið um nýja og umdeilda löggjöf sem tekið hefur gildi og á síðustu árum hefur kynning og umræða um umboðsmann farið mjög vaxandi.

Það eru nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni sem ég tel ástæðu til þess að nefna, sérstaklega varðandi þjónustugjöld. Það eykst stöðugt að gerðar séu athugasemdir við umboðsmann vegna þeirra þjónustugjalda sem hafa verið innheimt, bæði hjá ríki og öðrum opinberum stofnunum. Ég, sem mikill stuðningsmaður þjónustugjalda, tel að það sé ástæða til þess að fara í gegnum þessi mál og tryggja að ekki sé verið að innheimta hærri þjónustugjöld en raunverulegur kostnaður við þjónustuna er. Ég held að það sé mjög mikilvægt, vilji menn halda þessari stefnu til streitu, að tryggja að eftir því sé farið að raunverulegur kostnaður sé sá kostnaður sem endurspeglist í þjónustugjöldunum. Um leið og menn fara að stilla þessum gjöldum óeðlilega hátt, skilar það sér í því að tiltrú manna á þessari leið minnkar og það verður í auknum mæli horfið frá því að beita þessari aðferð, þ.e. innheimta gjöld fyrir þá þjónustu sem raunverulega er veitt.

Það kemur einnig fram í skýrslunni varðandi skatta að athugasemdir við skattheimtu hins opinbera hafa aukist. Ég held að það endurspegli að það hefur verið hringlað of mikið með þessa hluti hjá ríkinu. Of margar breytingar hafa verið gerðar á ýmsum lögum og reglum um skatta á undanförnum árum sem skila sér auðvitað í því að borgararnir telja í auknum mæli á sér brotið.

Það kom einnig fram í þessum umræðum að hugmyndir eru uppi um að fjölga umboðsmönnum víðs vegar í stjórnkerfinu. Það hafa komið fram hugmyndir um umboðsmann neytenda, umboðsmann kvenna, umboðsmann umhverfis, umboðsmann barna, sem reyndar hefur tekið til starfa. Það fóru fram töluverðar umræður um hvort þetta væri æskileg þróun. Það hlýtur að sjálfsögðu að teljast gott að menn geti leitað til aðila í stjórnkerfinu sem bera ábyrgð á því að fylgja eftir og gera athugasemdir við hið opinbera á ýmsum sviðum. En það hlýtur að draga úr vægi umboðsmanns Alþingis ef umboðsmenn á hinum ýmsu sviðum taka til starfa. Það var rætt um að umboðsmaður Alþingis héldi titlinum umboðsmaður, en í öðrum tilvikum yrði talað um talsmann, t.d. talsmann barna eða talsmann neytenda, til að gera skýrari skil á milli umboðsmanns Alþingis og annarra slíkra aðila. Umboðsmaður starfar á mjög breiðum grundvelli. Hann hefur t.d. með að gera allt hið opinbera kerfi og alla lagasetningu. Það hlýtur því að skekkja svolítið myndina ef umboðsmenn eru komnir víðs vegar í stjórnkerfinu, sem hafa ekki eins víðtækt valdsvið. Og ég er sammála því að ég tel að það ætti að spara notkunina á orðinu „umboðsmaður" og tala þá frekar um talsmann.

Það kom einnig fram sú spurning hvort rétt væri að umboðsmaður yrði í auknum mæli umsagnaraðili um lög frá Alþingi. Ég held að það sé ótækt. Ég tel mjög óeðlilegt að sami aðili taki þátt í að semja lögin og koma með umsagnir um þau lög sem sett eru á Alþingi, og lendi svo í því síðar að gagnrýna eða gera athugasemdir við lagasetninguna eða framkvæmd hennar. Þess vegna tel ég að það sé ekki rétt að umboðsmaður verði sérstakur umsagnaraðili um flest þau lög sem samþykkt verða á Alþingi.

Það kom einnig fram varðandi sveitarfélög, hvort rétt væri að sveitarfélög kæmu undir starfssvið umboðsmanns. Ég held að það sé varhugaverð þróun að taka það stjórnsýslustig einnig undir umboðsmanninn. Þar sem heimild er víða í lagaframvörpum til að gera athugasemdir við félmrh., tel ég eðlilegra að hafa sviðið alveg skýrt og menn geti þá leitað til umboðsmanns vegna þess að þeir hafi ekki fengið úrlausn sinna mála hjá ráðuneytinu.

Að lokum þetta: Ég held að umboðsmaður sé mjög þarft embætti og sé mjög mikið framfaraskref í íslenskri stjórnsýslu. Það sýnir sig best í því hversu aukin ásókn hefur verið í að leita til umboðsmanns eftir úrlausnum á hinum ýmsu málum.

[11:59]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þingmönnum fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og jafnframt þær ábendingar sem hafa komið fram. Í sjálfu sér sé ég ekki ástæðu til þess að ræða skýrsluna frekar efnislega, en vildi þó fá að benda á atriði sem fram komu áðan í umræðum, annars vegar frá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur um fjölgun mála og hins vegar frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Það var haft á orði að stjórnsýslulögin hafi kallað á fjölgun mála. Ég man ekki eftir að það hafi komið fram í nefndinni enda var gildistaka laganna 1. jan. 1994. Ég sagði einmitt í framsögu minni: Málafjöldi jókst verulega milli áranna 1993 og 1994 en umboðsmaður upplýst nefndina um að málafjöldi í ár væri svipaður og á sama tíma í fyrra. Það gefur von um að ákveðið jafnvægi sé að myndast í þessum efnum.

Umboðsmaður lýsti því einmitt yfir að hann væri mjög ánægður með setningu stjórnsýslulaganna og að þau hefðu komið að mjög miklu gagni, hafi sett stjórnsýsluna í fastari skorður. Mér þykir rétt að rifja upp nokkrar af þeim reglum sem voru lögfestar í þessum lögum. Með leyfi virðulegs forseta vil ég benda á leiðbeiningarskyldu, málshraða, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, meðalhófsreglu, andmælarétt o.s.frv. þannig að ég held að ekki sé spurning að setning stjórnsýslulaganna hafi einmitt komið að mjög miklu gagni. Ég held reyndar að hv. þm. hafi alls ekki verið að draga úr því atriði.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafði orð á því að verksvið umboðsmanns væri alveg skýrt og honum bæri alls ekki að gefa þinginu umsagnir um frumvörp. Auðvitað er það alveg skýrt. En þessi fyrirspurn kom m.a. fram í kjölfarið á því að verið var að ræða um umboðsmann barna og það embætti hefði sent umsögn vegna frv. Ég sé hins vegar ekki annað en það sé sjálfsagt mál að greina frá umræðum í nefndinni á eins nákvæman hátt og hægt er. Ég vil þó nota tækifærið að gefnu tilefni til þess að fullvissa hv. þm. um að nefndarmönnum í allshn. er auðvitað fullkunnugt um þrígreiningu ríkisvaldsins og að umboðsmanni ber fyrst og fremst að gæta réttar einstaklinganna gagnvart stjórnvöldum. Til þess að forða frekari misskilningi tel ég rétt að benda á 2. gr. laganna um umboðsmann Alþingis og með leyfi virðulegs forseta les ég hana upp:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti."

Virðulegi forseti. Að lokum ítreka ég þakklæti mitt til hv. þm. fyrir umræðurnar.

[12:03]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek skýrt fram vegna fyrri ummæla minna um stjórnsýslulögin að það er alveg skýrt að veruleg aukning varð á málum sem vísað var til umboðsmanns árið 1994 og ástæðan fyrir því að ég nefndi stjórnsýslulögin var ekki sú að ég teldi að þau hefðu verið slæm lög. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, heldur að hugsanlega hafi hugmyndir manna skýrst og breyst um réttarstöðu sína. Það kom fram hjá umboðsmanni að hann teldi ef einhverjar breytingar ættu sér stað á lögum valdi það í sjálfu sér fjölgun mála. Það var fyrst og fremst það sem ég meinti en ekki að stjórnsýslulögin væru ekki góð lög.

Mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 31. mál. — Þskj. 31, nál. 222.

[12:05]

Frsm. utanrmn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til ál. um mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja. Eins og þingheimi er kunnugt hefur gríðarleg mótmælaalda risið víða um heiminn vegna tilraunasprenginga Frakka og raunar Kínverja líka. Margar ríkisstjórnir, m.a. sú íslenska, hafa mótmælt þessum tilraunum Frakka og Kínverja. Hér á þinginu hefur verið lögð fram þáltill. Hún hefur verið tekin til ítarlegrar umfjöllunar í utanrmn. og þar er fullkomin samstaða um að leggja til að Alþingi ítreki frekar þau mótmæli sem íslensk stjórnvöld hafa sett fram við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja.

Herra forseti. Stjórnvöld og almenningur í flestum ríkjum heims hafa lýst yfir miklum vonbrigðum og haft uppi mikil mótmæli við þessum tilraunasprengingum. Þau hafa að engu verið höfð af hálfu franskra stjórnvalda og í þessari viku sprengdu Frakkar fjórðu tilraunasprengju sína.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt mótmæli gegn þessum tilraunum með 95 atkvæðum gegn 12 og þess er að geta að Ísland greiddi þar atkvæði með tillögunni. Á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins í Búkarest á þessu hausti var jafnframt samþykkt harðorð ályktun gegn kjarnavopnatilraunum þessara ríkja og þar kom fram að hún naut yfirgnæfandi stuðnings þingmanna hvaðanæva að úr heiminum. Á ráðstefnu um bannsamninginn gegn dreifingu kjarnavopna, sem fór fram fyrr á árinu, var mælst til þess að kjarnavopnaveldin gerðu sitt ýtrasta til þess að forðast tilraunir með kjarnavopn. Þess vegna er ekki unnt annað en líta á tilraunasprengingarnar sem afturför enda er ljóst að þær gætu torveldað viðræður um samning um algert bann við kjarnasprenginum í tilraunaskyni sem nú standa yfir í Genf. Þó er alvarlegast að tilraunir sem þessar geta stofnað heilsu manna og umhverfi í hættu á viðkomandi tilraunasvæði.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns er samstaða innan utanrmn. um að ítreka mótmæli íslenskra stjórnvalda og nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt í eftirfarandi formi:

„Alþingi ályktar að ítreka mótmæli íslenskra stjórnvalda við tilraunum Frakka og Kínverja með kjarnavopn. Alþingi felur ríkisstjórninni að halda áfram að beita sér fyrir og styðja aðgerðir á alþjóðavettvangi sem þrýsta á frönsk og kínversk stjórnvöld að breyta um stefnu og hætta við frekari kjarnorkuvopnatilraunir."

[12:08]

Útbýting þingskjala:

Nýtingu og útflutningur á jarðefnum, 183. mál, fsp. StB, þskj. 227.

Stuðningur við nemendur sem eiga í lestrarörðugleikum, 181. mál, fsp. SF, þskj. 225.

Þróun ríkisframlags til rannsóknastofnana, 182. mál, fsp. SvG, þskj. 226.

[12:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil sem 1. flm. þeirrar þáltill. sem er til afgreiðslu færa hv. utanrmn. þakkir fyrir umfjöllun hennar um málið og þá tillögu sem hún leggur til. Ég get prýðilega sætt mig við þær orðalagsbreytingar sem hér eru á ferðinni enda kom það skýrt fram í bæði framsöguræðu minni og allri umfjöllun um málið að tillöguna ber ekki að skoða á nokkurn hátt sem gagnrýni á frammistöðu íslenskra stjórnvalda hingað til. Þvert á móti er það svo og ánægjulegt að um þetta hefur ríkt ágæt samstaða. Það sem hér er á ferðinni er fyrst og fremst að Alþingi taki fyrir sitt leyti af allan vafa um stuðning sinn við þau mótmæli og vilja sinn til að þeim verði haldið áfram sem sett hafa verið fram. Þetta hefur verið málsmeðferðin á mjög mörgum þjóðþingum í kringum okkur að til viðbótar afstöðu ríkisstjórna hafa þjóðþingin sjálf samþykkt sérstakar ályktanir þar sem framgöngu Frakka og einnig Kínverja eftir atvikum er mótmælt. Það er ánægjulegt að um mál af þessu tagi skuli ríkja alger samstaða á Alþingi.

Herra forseti. Hitt er óhjákvæmilegt að nefna í þessu sambandi að áframhaldandi ögranir Frakka vekja auðvitað vonbrigði og undrun því það virðist vera nær sama eða algerlega sama hvaða fordæmingu þeirra framganga hlýtur um gjörvalla heimsbyggðina þar með talið yfirgnæfandi stuðning á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna við fordæmingu á framgöngu þeirra. Þeir halda sínu striki eftir sem áður og hafa í enn eitt skiptið sprengt tilraunasprengju í Kyrrahafinu.

Einnig er athyglisvert að viðbrögð þeirra við mótmælum til að mynda margra hverra bandalagsþjóða þeirra í Evrópu eru fyrst og fremst þau að beita þá þvingunum af ýmsu tagi, stjórnmálalegs eðlis eða jafnvel af öðrum toga á móti. Af slíkri óbilgirni og hörku hyggjast Frakkar greinilega verja kjarnorkuvígbúnaðarstefnu sína.

Í því sambandi er einnig ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af framhaldi viðræðnanna um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Það er jafnvel orðrómur uppi um að Bandaríkjamenn muni freistast til þess að taka upp tilraunir og Kínverjar hafa sprengt nokkrar sprengjur. Er það auðvitað mikið áhyggjuefni ef stór hluti kjarnorkuveldanna stendur fyrir kjarnorkutilraunum einmitt á þessum viðkvæma tíma sem nú er uppi í þessum viðræðum.

Að síðustu vil ég nefna að það er líka rétt að halda til haga þeim upplýsingum sem hafa verið að koma fram eða

leka út öllu heldur á síðustu vikum um að skaðsemi neðanjarðarkjarnorkusprenginga Frakka á Muroroa-rifi og annars staðar í Kyrrahafinu sé til muna meiri heldur en hingað til hefur verið talið. Það hafa lekið út upplýsingar um það að hjá franska hernum liggi fyrir skýrslur um miklu meira tjón á lífríkinu á þessum slóðum heldur látið hefur verið uppi. Þeim sé haldið leyndum af pólitískum ástæðum meðan þessar tilraunir fara fram og bætist þá auðvitað við hneykslanleg framganga þeirra að þessu leyti þar sem á undan er gengið í formi þessara sprenginga og ögrana við þau ríki sem þarna búa.

Auðvitað vonar maður að þar sem sagt er í orði kveðnu af hálfu Frakka og fleiri að þeir muni þegar kemur að undirritun samningsins um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn að sjálfsögðu láta af slíkum tilraunum og jafnframt staðfesta Rarotonga-samninginn um kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafsins. Framganga þeirra um þessar mundir vekur hins vegar ekki mikla bjartsýni um að þetta gangi eftir og takist. Satt best að segja skilur maður ekki tilganginn með því að standa fyrir þessum tilraunum og baka sér þessar óvinsældir um alla heimsbyggðina ef eftir sem áður stendur til að fullgilda eða undirrita samning um endanlegt bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og fallast á kjarnorkufriðlýsingu þessa svæðis sem nú er undirlagt af tilraunum Frakka. Það er ánægjuefni að á Alþingi Íslendinga ríkir eindregin samstaða um að mótmæla þessari framgöngu og fordæma hana og ég fagna því og styð þá tillögu sem hér er flutt um breytingu á þskj. 222 í nál. hv. utanrmn.

[12:14]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. hvaða skilning hann leggi í mótmæli íslenskra stjórnvalda í málum sem þessum, hvort þau séu þá ekki að mótmæla fyrir hönd þjóðarinnar allrar og Alþingis.

[12:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ríkisstjórn mótar pólitíska stefnu og ráðherrar koma henni á framfæri, hvort heldur er í formi mótmæla eða einhverra aðgerða, gera þau það væntanlega í nafni þess meiri hluta sem styður viðkomandi ríkisstjórn nema annað liggi fyrir. Að því leyti er ástæða til þegar um stefnumótandi mál af þessu tagi er að ræða að fyrir liggi jafnframt ótvírætt að allur þingheimur standi einhuga að baki slíkri stefnu en það sé ekki eingöngu gert í krafti þess meiri hluta sem ríkisstjórn sækir umboð sitt til á hverjum tíma. Að vísu er ekki ástæða til að ætla annað en að þetta sé í góðu lagi hvað þetta mál snertir en það er ekki sjálfgefið að ríkisstjórn tali fyrir hönd þingmanna allra með framgöngu sinni og í tilvikum sem þessum getur verið fullkomin ástæða til að það liggi ótvírætt fyrir að um þetta sé þverpólitísk samstaða. Jafnframt getur verið ástæða til þess að Alþingi sem stofnun hafi sína sjálfstæðu rödd þó hún fari saman við það sem áður hefur komið fram af hálfu stjórnvalda eða ríkisstjórna.

[12:16]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er m.a. ástæðan fyrir spurningu minni að ég tek eftir því að hv. utanrmn. hefur breytt þessari þáltill. og upphaf tillögugreinarinnar orðast svo: „Alþingi ályktar að ítreka mótmæli íslenskra stjórnvalda.“

[Fundarhlé. — 12:19]

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Meðferð kynferðis- og sifskaparbrota, 186. mál, fsp. DSigf, þskj. 231.

Menningarborg Evrópu, 185. mál, fsp. KF, þskj. 229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. í nál. 222 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, DO, DSigf, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, JóhS, JBH, JónK, KF, KH, KPál, LB, ÓE, ÓRG, ÓHann, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VK, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, KHG, KÁ, MS, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 234).

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.

[13:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Mér hefur borist einn listi með jafnmörgum nöfnum og kjósa skal. Lýsi ég að réttkjörin í sérnefnd um stjórnarskrármál eru:

Sólveig Pétursdóttir,
Guðni Ágústsson,
Geir H. Haarde,
Ragnar Arnalds,
Tómas Ingi Olrich,
Ólafur Örn Haraldsson,
Lúðvík Bergvinsson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Kristín Halldórsdóttir.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 165. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 1. umr.

Stjfrv., 171. mál. — Þskj. 213.

[13:37]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Alþingis, dags. 23. nóv. 1995:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík verði tvöfaldur vegna mikilvægi málsins.

Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb."

[13:37]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, sem er á þskj. 213 og er 171. mál þingsins. Nánar tiltekið er lagt til að lögfestur verði fimmti viðauki við aðalsamning aðila. Samninginn undirritaði ég 16. nóv. 1995 fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með fyrirvara um staðfestingu Alþingis sem hluta af heildarsamningnum um stækkunina.

Meginatriði þeirra heildarsamninga eru:

Í fyrsta lagi hefur náðst samkomulag um að stækka álbræðslu Ísals. Nauðsynleg aðstaða vegna stækkunar er umsamin. Í samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ er samið um byggingu og rekstur nýrrar hafnaraðstöðu vegna stækkunarinnar, tækniaðstoð vegna stækkunarinnar og áframhaldandi rekstur er tryggður með sérstökum samningi milli Ísals og Alusuisse. Starfsleyfi fyrir rekstri stækkaðs álvers þ.e. allt að 200.000 tonna framleiðslugetu hafði verið útgefið 7. þessa mánaðar í samræmi við mengunarvarnareglugerð og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Í öðru lagi er samið um að laga nokkur ákvæði aðalsamnings um álbræðslu að breytingum á íslenskum lögum og viðskiptaumhverfi, m.a. vegna aðildar Íslands að EES. Um er að ræða breytingar á starfsheimildum, forgangsréttarákvæðum, fjárhæð hlutafjár, reglum um sölu hlutabréfa í Ísal auk ákvæða um samningstíma og starfsréttindi við lok aðalsamnings.

Í þriðja lagi er samið um breytingar á ákvæðum rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Ísals, um viðbótarorkusölu, um verðlag á raforku til stækkunar álbræðslunnar og aðrar tengdar breytingar. Viðaukinn við raforkusamninginn hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu í stjórn Landsvirkjunar.

Í fjórða lagi er samið um tiltekna aðlögun skattareglna Ísals að gildandi skattareglum hér á landi, m.a. varðandi skattþrep, álagningu lágmarksgjalds, varasjóðstillag og rétt til að færa tap milli ára. Í tengslum við breytingar á skattlagningu er samið um framtíðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi og tengd atriði.

Herra forseti. Áður en vikið er að hverjum þessara meginþátta vil ég stuttlega rifja upp aðdraganda málsins.

Á liðnum árum hafa allmargir kostir varðandi aukna álframleiðslu við Straumsvík verið til athugunar án þess að þær athuganir hafi leitt til niðurstöðu. Þessar athuganir komust á nýtt stig í byrjun árs 1995 þegar Alusuisse-Lonza lýsti yfir vilja til að kanna með íslenskum stjórnvöldum hagkvæmni þess að auka álframleiðslu í Straumsvík. Niðurstaða sameiginlegra athugana varð sú að stækkun Ísals með þeim meginkostum um tækni sem kannaðir voru væru mjög hagstæðir. Stækkunin bætti nýtingu, aðstöðu og mannvirki sem fyrir væru. Alusuisse ákvað að halda áfram undirbúningi á þeim grundvelli að Ísal yrði stækkað og félagið stæði eitt að stækkuninni.

Í maí sl. hófust síðan formlegar viðræður milli fulltrúa íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarbæjar annars vegar og Alusuisse og Ísals hins vegar um stækkun álversins í Straumsvík. Niðurstaða viðræðna aðila lá fyrir í aðalatriðum um miðjan október sl. og fjallaði ríkisstjórnin um þá meginniðurstöðu á fundi 20. okt. 1995. Í kjölfar umfjöllunar í ríkisstjórn og stjórn Alusuisse-Lonza átti ég fund með aðalforstjóra og framkvæmdastjóra áldeildar Alusuisse-Lonza Holding Ltd. í Reykjavík 7. nóv. 1995. Á fundinum var undirritað sameiginleg yfirlýsing til að staðfesta annars vegar ákvörðun stjórnar Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um að heimila Ísal að fjárfesta í nýjum 62.000 árstonna kerskála við Straumsvík og hins vegar ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að staðfesta fimmta viðauka við aðalsamning um álbræðslu í Straumsvík.

Í yfirlýsingunni var staðfest að umhvrh. hefði gefið út starfsleyfi fyrir stækkun Ísals 7. þessa mánaðar. Fyrirtækinu var því heimilt að hefja þegar nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir við stækkunina. Samkvæmt samkomulagi í samningum þeim um stækkun Ísals, sem undirritaðir voru á undirskriftafundi í Reykjavík 16. nóv. 1995, er stefnt að því að nýi kerskálinn og önnur tengd aðstaða verði fullbyggð innan 24 mánaða og að rekstur kerskálans hefjist á síðasta ársfjórðungi ársins 1997.

Uppbygging samninga um álbræðslu við Straumsvík frá 1966 hefur verið eftirfarandi:

Í fyrsta lagi var í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse, sem hefur lagagildi hér á landi, kveðið á um starfsréttindi Ísals, byggingu og rekstur álbræðslunnar, fyrirheit og ábyrgðir af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, skipulag Ísals, skattamál, meðferð fjárfestingar, lausn deilumála, lagalega stöðu samninga og samningstímabil.

Í öðru lagi voru síðan á grundvelli aðalsamnings gerðir samningar milli Landsvirkjunar og Ísals um orkusölu og milli Hafnarfjarðarbæjar og Ísals um lóðar- og hafnarmál.

Loks voru á grundvelli aðalsamnings gerðir samningar milli Alusuisse og Ísals um sölu á afurðum, öflun hráefna, tæknilega og rekstrarlega aðstoð, auk samnings um hönnun og byggingu álbræðslunnar. Aðalsamningnum hefur áður verið breytt með fjórum viðaukum og hefur þeim verið veitt lagagildi hér á landi í samræmi við ákvæði staðfestingar laganna frá 1966. Hér er lögð til sambærileg málsmeðferð og að ákvæðum fimmta viðauka verði veitt lagagildi hér á landi.

Við umfjöllun um frv. tel ég nauðsynlegt að greina á milli efnisatriði sem eru til staðfestingar Alþingis annars vegar og annarra ákvarðana vegna stækkunarinnar hins vegar sem þegar eru teknar samkvæmt lögum og krefjast ekki frekar lagalegrar staðfestingar. Staðfestingar er leitað á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi er leitað staðfestingar á umsömdum breytingum á aðalsamningi en meginatriði þeirra verða breytingar á skattareglum, víðtækari starfsheimildir Ísals og framlenging samningstímabils.

Í öðru lagi að staðfesta að skuldbindingar Hafnarfjarðarbæjar í samkomulagi um hafnaraðstöðu verði efndar. Efndir bæjarins á að nýr viðlegukantur verði tilbúinn til notkunar eigi síðar en í árslok 1997 séu jafngildar og þær væru skuldbindingar samkvæmt hafnarsamningi frá 1966.

Í þriðja lagi að veita heimild til að semja við Hafnarfjarðarbæ um skiptingu framleiðslugjaldsteknaaf Ísal. Fyrir liggja ákvarðanir um eftirgreint: Í fyrsta lagi hefur fjórði viðauki rafmagnssamnings verið afgreiddur af stjórn Landsvirkjunar og er sá þáttur málsins ekki lengur til efnislegrar samþykktar

eða synjunar af hálfu Alþingis. Í öðru lagi hefur starfsleyfi verið gefið út samkvæmt mengunarvarnareglugerð. Ég mun því víkja að þessum atriðum síðar í máli mínu. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að afmarka þau efnisatriði sem Alþingi fjallar beint um.

Herra forseti. Samningar um stækkun Ísals eru mikilvægustu samningar sem gerðir hafa verið um erlenda fjárfestingu hér á landi frá því að aðalsamningur um álbræðslu í Straumsvík var undirritaður 1966. Framleiðslugeta álbræðslunnar er með samningnum nú aukin um 62.000 tonn af áli á ári og það er sama og framleiðslugeta álversins var í upphafi. Með samningnum er náð mikilvægum áfanga í frekari uppbyggingu iðnaðar hér á landi og í nýtingu orkuauðlindarinnar til atvinnusköpunar. Á liðnum tveimur áratugum hefur erlend fjárfesting verið lítil hér á landi samanborið við nágrannaríkin. Á þessu tímabili hefur erlend fjárfesting hér á landi verið um 0,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að erlend fjárfesting á Norðurlöndunum var á sama tímabili 0,7–0,9% af landsframleiðslu en nokkru hærri í ýmsum Evrópuríkjum eða á bilinu 2–3%. Fjárfesting í um 60.000 árstonna stækkun Ísals þýðir að erlend fjárfesting hér á landi verði um 0,7% af landsframleiðslu næstu árin og yrði sambærileg því sem gerist í nágrannaríkjunum. Með samningnum er því stigið mjög mikilvægt skref í aukningu erlendrar fjárfestingar hér á landi. Ýmislegt bendir til þess að áhugi erlendra aðila á að fjárfesta hér á landi sé að aukast. Bæði er þar um að nýja aðila að ræða svo sem Colombia Aluminium og Atlantsálaðilana en einnig er verið að vinna að lokaathugun á hagkvæmni þess að stækka Járnblendiverksmiðjuna.

Mikilvægt er að vel takist til í þessum efnum og að kynning möguleika á að fjárfesta í orkufrekum iðnaði hér á landi sé rétt. Hún byggist á því mati að þar sé samkeppnisstaða Íslands best. Fyrirtæki í þessari grein eru yfirleitt stór á íslenskan mælikvarða, skapa mörg störf og þjóðhagsleg áhrif einstakra fjárfestinga eru mjög mikil.

Víðtæk samstaða er um gildi erlendra fjárfestingar hér á landi. Meginmarkmið með aukinni erlendri fjárfestingu er augljós en rétt er að rifja stuttlega upp þau helstu. Í fyrsta lagi er markmiðið að styrkja eiginfjárstöðu íslensks atvinnulífs en eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja er að meðaltali lægri en í nágrannaríkjunum. Í öðru lagi að skapa ný störf. Í þriðja lagi að afla hlutafjár, þ.e. áhættufjár í atvinnuuppbyggingu í stað erlendra lána. Í fjórða lagi er mikilvægt markmið að flytja með fjármagni til landsins erlenda sérþekkingu, bæði stjórnunarlega og tæknilega. Í fimmta lagi má nefna að erlend þátttaka tryggir oft beinan aðgang að mörkuðum sem erlendur hluthafi ræður þegar yfir en slíkur aðgangur tryggir best fjárhagslegan grundvöll nýrra fjárfestinga.

Þegar fjallað er um erlenda fjárfestingu er rétt að hafa í huga að átak varðandi erlenda fjárfestingu er aðeins einn þáttur í aðgerðum til að styðja við nýsköpun í atvinnulífinu. Mikilvægust þeirra aðgerða er að örva nýsköpun innan starfandi fyrirtækja og styðja við innlenda frumkvöðla og smærri atvinnurekstur. Unnið er ötullega að þeim málum á vegum ríkisstjórnarinnar, m.a. með sérstöku átaki til atvinnusköpunar á vegum iðnaðarráðuneytisins sem kynnt verður fjótlega. Ný erlend fjárfesting kemur því til viðbótar og styrkir í raun aðrar aðgerðir til nýsköpunar.

Stækkun Ísals er þjóðhagslega mjög mikilvæg. Stækkun álversins skapar 90 varanleg störf. Margfeldnisáhrifin leiða til þess að um 300 ný störf skapast. Velta stækkaðs álvers eykst um rúmlega 6 milljarða kr. og miðað við spár til lengri tíma um verð á áli gæti útflutningur áls orðið yfir 16 milljarðar á ári. Fjárfesting eykst um 7,5 milljarða kr. árið 1996 og 9 milljarða kr. árið 1997 miðað við núverandi áætlanir eða um 10–11% frá því sem orðið hefði að óbreyttum horfum. Þar af eru alls tæplega 14 milljarðar kr. vegna stækkunar álversins og hafnaraðstöðu en um 3 milljarðar vegna fjárfestingar í raforkumannvirkjum. Rúmlega þriðjungur þessarar eftirspurnar eða sem svarar til 0,6–0,7% af landsframleiðslu hvort ár fer til innlendra aðila. Ársverk vegna framkvæmdanna verða alls um 750 sem bætir 2–3% við ársverk í byggingarstarfsemi árið 1996–1997 þar sem framleiðsluþættir hafa verið vannýttir að undanförnu. Tímasetning framkvæmdanna er því hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Skal nú vikið að efni frv. og meginatriðum fimmta viðaukans. Þær breytingar sem samið er um eru þessar helstar:

Samkomulag er um að laga skattareglur Ísals að þeim breytingum á íslenskum skattalögum sem tekið hafa gildi frá því aðalsamningur var endurskoðaður árið 1985. Jafnframt er samkomulag um að hluti af þeirri aðlögun komi til framkvæmda vegna yfirstandandi tekjuárs. Aðrir þættir koma til framkvæmda í áföngum á árunum 1997, 1998 og 2004. Þannig er samið um að gildandi skattprósenta Ísals sem er stighækkandi á bilinu 35–55% verði aðlöguð gildandi skatthlutfalli og að tekjuskattsprósenta Ísals verði frá og með tekjuárinu 1995 jafnhá og nú er hjá íslenskum hlutafélögum eða 33%. Fyrirtækið mun þó ekki hafa heimild til þess að greiða út skattfrjálst arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár svo sem er um íslensk hlutafélög. Jafnframt þessu er samið um að réttur Ísals til að leggja 20% í varasjóð falli niður í árslok 1996 en félagið fái frá 1. jan. 1997 rétt til að færa tap milli ára í allt að fimm ár svo sem er hjá íslenskum hlutafélögum. Félagið fær aðeins rétt til að yfirfæra tap sem kynni að myndast frá og með árinu 1997 en ekki tap vegna fyrri ára.

Þá er samkomulag um að fastagjald Ísals verði eftir stækkun lækkað úr 20 dollurum á framleitt tonn í 10 dollara á tonn. Komi sú breyting til framkvæmda í upphafi fyrsta heila rekstrarárs stækkaðs álvers eða frá 1. jan. 1998. Samkomulag er um að tilhögun á greiðslu gjaldsins verði óbreytt til ársloka 2004, frá 1. jan. 2005 er samið um að gjaldið verði aðeins frádráttarbært frá tekjum svo sem er um fasteignagjöld og gjöld sem nú leggjast á veltu hlutafélaga en ekki frádráttarbær frá tekjuskattsgreiðslum eins og nú er. Skatttekjur á Íslenska álfélaginu hf. eru aðallega þríþættar.

Í fyrsta lagi gjöld sem leggjast á launagreiðslur og Ísal greiðir samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins. Þær greiðslur eru sambærilegar því sem íslensk fyrirtæki greiða almennt og munu skatttekjur þessar aukast í réttu hlutfalli við fjölgun starfa.

Í öðru lagi lágmarksframleiðslugjald sem lagt er á sem fast gjald í Bandaríkjadollurum á hvert framleitt og útskipað tonn af áli frá Ísal. Þetta gjald er mjög hliðstætt því sem innlend fyrirtæki greiða í fasteignagjöld og þau smærri gjöld sem leggjast á veltu fyrirtækja nú.

Í þriðja lagi tekjutengt framleiðslugjald sem lagt er á sem ákveðinn hundraðshluta af nettóhagnaði hvers árs. Samkvæmt áætlunum, sem gerðar hafa verið um rekstur Ísals eftir stækkun, mun beinn framleiðslukostnaður í stækkun álversins verða allnokkru lægri en í núverandi álveri. Afkoman mun því batna og skattgreiðslur líklega aukast verulega. Með hliðsjón af því að mestur hluti fjárfestingarinnar, um ¾ hlut-

ar, eru tæki og vélar sem afskrifast á fyrstu sjö rekstrarárum stækkunarinnar koma jákvæð áhrif stækkunarinnar á reiknaða afkomu, þó fyrst og fremst til eftir sjöunda heila starfsár nýja kerskálans. Eftir það verður afkoma stækkaðs álvers betri og líkur á mun hærri tekjuskattsgreiðslum en af rekstri Ísals í óbreyttri mynd.

Miðað við álverð á bilinu 1.600–1.700 Bandaríkjadali á tonn gætu tekjuskattsgreiðslur eftir árið 2004 orðið á bilinu 1,3–2 milljarðar kr. Til þess tíma yrðu tekjuskattsgreiðslur nokkuð lægri miðað við sama álverð. Áætlanir sýna að skattbyrði Ísals verður sambærileg og skattbyrðin hefði orðið ef félagið hefði verið skattlagt samkvæmt íslenskum skattareglum. Samhliða breytingum á skattlagningu Ísals hefur tekist samkomulag við Hafnarfjarðarbæ um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldi Ísals. Samkomulagið er fylgiskjal með frv. Með samkomulaginu hefur náðst sátt milli ríkisins og bæjarins um hlutdeild hans í tekjum af þessu stærsta iðnfyrirtæki í Hafnarfirði. En hlutdeild bæjarnins hefur verið tilefni deilna milli aðila á liðnum árum. Framtíðarhlutdeild bæjarins í lágmarksframleiðslugjaldi tryggir bænum sambærilegar tekjur og ef Ísal hefði greitt fasteignagjald álagt sem 0,75% gjald af gildandi fasteignamati.

Auk skattamála eru aðrar breytingar á aðalsamningi milli aðila þessar helstar:

Ákvæði aðalsamnings um framleiðsluafköst álbræðslunnar eru einfölduð þannig að fjárhagslegar og tæknilegar rekstrarforsendur ráði framleiðsluafköstum á hverjum tíma. Ákvæðum aðalsamnings, sem takmarkar starfsréttindi Ísals, er breytt þannig að starfsréttindi Ísals verða hér eftir háð ákvæðum laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi eins og þau eru á hverjum tíma.

Í ljósi breyttra rekstrarforsendna og ákvæða laga hér á landi eru ákvæði aðalsamnings um lágmarksrekstrarfé á Íslandi felld niður. Ákvæði aðalsamnings um lágmarkshlutfall hlutafjár af bókfærðu verði fastafjármuna er fellt niður. Þess í stað er vísað til ákvæða hlutafélagalaga um lágmarkshlutafé og skilyrði til hlutafjárlækkunar. Ákvæði aðalsamnings um rétt til að selja hlutabréf í Ísal eru rýmkuð þannig að heimildin takmarkist ekki við 50% af heildarhlutafé eins og nú er. Formlegt samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið en það skal að jafnaði veita ef um er að ræða traust fyrirtæki innan OECD-ríkjanna. Ákvæðum aðalsamnings um forgangsrétt starfsliðs og verktaka til vinnu og íslenskra verktaka til verktöku er breytt og skýrð í ljósi aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Í tengslum við stækkun álversins er jafnframt samið um framlengingu aðalsamnings og fylgisamninga um 10 ár, þ.e. til 1. okt. árið 2014. Þá er samið um viðbótarrétt til framlengingar aðalsamnings um önnur 10 ár frá 1. okt. árið 2014 en þá ætti aðalsamningurinn í síðasta lagi að renna út samkvæmt gildandi ákvæðum. Samið er um starfsréttindi Ísals að loknum umsömdum samningstíma aðalsamnings en félagið verður eftir það alfarið háð íslenskum lögum.

Kveðið er skýrt á um hvað verði um eignir Ísals í lok starfsemi félagsins. Eðlilegt þykir að leggja þá kvöð á Ísal að eignir verði fjarlægðar ef starfsemi álbræðslunnar verður hætt og svæðið rýmt þannig að aðstöðuna megi nýta til nýrrar framleiðslu eða annarrar starfsemi.

Herra forseti. Ég hef nú rakið efni frv. og fjallað í stuttu máli um fyrirhugaða stækkun. Ég mun ekki fjölyrða frekar um einstök efnisatriði. Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um tvo mikilvæga þætti málsins.

Í fyrsta lagi varðandi umhverfisstarfsleyfi. Í tengslum við stækkunina er ekki gerð tillaga um breytingu á meginákvæðum aðalsamnings um mengunarmál. Ákvæðin sem eru í 12. gr. aðalsamnings leggja á Ísal þá skuldbindingu að gera ráðstafanir til að draga úr mengun í samræmi við góðar venjur í iðnaði og í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Þrátt fyrir þessi ótvíræðu ákvæði þótti eðlilegt að fyrirtækið mundi sækja um umhverfisstarfsleyfi samkvæmt lögum. Félagið lagði inn umsókn sem fékk venjubundna meðferð að lögum. Starfsleyfi var síðan gefið út 7. þessa mánaðar í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með áorðnum breytingum, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með áorðnum breytingum. Starfsleyfið uppfyllir þau skilyrði sem þar eru sett. Starfsleyfið verður birt í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsleyfið og málið í heild hefur nú fengið lögmæta og eðlilega fullnaðarafgreiðslu þar til bærra stjórnvalda að lögum.

Við umfjöllun um starfsleyfi vegna stækkunar er rétt að minna á að ál hefur verið framleitt í rúman aldarfjórðung á Íslandi. Mengun frá framleiðslunni var nokkuð lengi framan af, en engin minnstu óþægindi hafa orðið af því frá upphafi. Mikilvægt er að hafa þetta í huga með tilliti til þess að magn af flúoríðum og ryki sem fer væntanlega út í umhverfið eftir stækkun verður minna en fór út í andrúmsloftið öll árin fyrir 1992. Útblástur brennisteinstvíoxíðs mun allt að því tvöfaldast. Brennisteinstvíoxíðsmengun hefur hins vegar ekki verið vandamál á Íslandi og ekkert bendir til þess að hún verði það þrátt fyrir þá aukningu sem hér er gert ráð fyrir.

Nýi kerskálinn verður byggður í samræmi við þá tækni sem nú er notuð í eldri kerskálum. Þetta þýðir að mengun upp um kerskálaþakið verður sambærileg við það sem er í eldri skálum. Ný þurrhreinsistöð verður byggð eftir bestu tækni og mun skila mun betri heinsun á flúoríðum en eldri hreinsunarstöðvar. Losun flóríða í andrúmsloftið frá viðbótarframleiðslunni verður því mun minni en frá núverandi framleiðslu.

Í öðru lagi varðandi orkusölusamning. Útreikningar Landsvirkjunar staðfesta að núvirtur hagnaður af fjórða viðaukanum við rafmagnssamninginn verður um 8 milljarðar kr. miðað við grundvallarforsendur og um 80% líkur eru á því að arðsemi af nauðsynlegum fjárfestingum Landsvirkjunar vegna viðaukans verði 15% eða meira og nánast engar líkur á því að fjárfestingin skili minni arði en 5,5%. Samkvæmt þessu telur Landsvirkjun að samningurinn uppfylli skilyrði 13. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, um að þeir megi ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Að fenginni jákvæðri umsögn Þjóðhagsstofnunar staðfesti ég niðurstöðu Landsvirkjunar og staðfesti samninginn samkvæmt 13. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með sérstöku bréfi til Landsvirkjunar, dags. 15. nóv. 1995. Fjórði viðauki við orkusölusamninginn hefur því hlotið fullnaðarafgreiðslu lögum samkvæmt.

Herra forseti. Ég ítreka þjóðhagslegt mikilvægi þessa máls og vonast eftir að góð samstaða verði um málið. Legg ég til að frv. þessu verði eftir 1. umr. vísað til hv. iðnn. sem mun verða veitt öll nauðsynleg aðstoð og viðbótarupplýsingar til að leggja lokamat á málið.

[14:03]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Nýlega var sagt frá nýju rækjuskipi sem væri að bætast í flota Íslendinga. (**Gripið fram í:** Þau

eru tvö.) Tveimur, ekki var það nú verra, en þau mundu skapa a.m.k. um 70 manns vinnu í áhöfn og í landi. Örfáum dögum síðar var einnig sagt frá auknum umsvifum Flugleiða í millilandaflugi sem muni innan tíðar skapa um 90 störf í flugþjónustu. Þessar fréttir komu þægilega á óvart, áttu sér engan sérstakan aðdraganda, engar forsýningar að undirskriftum hér heima eða erlendis og engar stjórnskipaðar nefndir unnu að þessum málum. Margt fleira gerist sem betur fer í atvinnulífi landsmanna þótt hljótt fari án þess að efnt sé til flugeldasýninga og án þess að tilefni þyki til hópundirskrifta í fjölmiðlaljósum við dúkuð borð.

Hér erum við hins vegar að fjalla um staðfestingu á samningi sem er nú loks á borðinu eftir mikla vinnu og mikinn fjáraustur úr ríkissjóði, eftir margar atrennur, ferðalög stjórnskipaðra nefnda og fundahöld heima og erlendis árum saman. Við þekkjum þennan feril sem er varðaður yfirlýsingum og jafnvel undirskriftum af mörgu tagi, ekki endilega í tengslum við þetta álver heldur eitthvert annað álver, að ekki sé verið að rifja upp málmblendi eða annað frá enn lengra liðnum árum.

Það er í rauninni með ólíkindum hversu mikið hefur verið haft fyrir þessum áfanga í atvinnusögu landsins sem nú er til umræðu, áfanga sem skapar þó ekki fleiri störf til lengdar en fyrrgreind rækjuskip eða áðurnefnd aukin umsvif Flugleiða í millilandaflugi. Til skamms tíma var sagt að eftir stækkun álversins hefði varanlegum störfum í álverinu fjölgað um 72, en nú hef ég séð í greinargerð með frv. að þau eru talin verða 90. Auk þess eru svo auðvitað margfeldisáhrif, en svo er vissulega einnig með önnur aukin umsvif á öðrum sviðum atvinnulífsins.

Það er ekkert leyndarmál að kvennalistakonur hafa ekki verið sáttar við áherslur stjórnvalda í atvinnumálum og það ofurkapp sem lagt hefur verið á að auka mengandi stóriðju í landinu. Ástæðan er vitanlega umhyggja fyrir náttúru landsins og umhverfi og ekki síst sú ástæða að við erum sannfærðar um það að möguleikar okkar í atvinnusköpun og eflingu atvinnulífsins eru miklu meiri á öðrum sviðum og að stóriðjustefnan gæti beinlínis spillt fyrir þeim möguleikum. Sérstaða okkar Íslendinga felst fyrst og fremst í tiltölulega óspilltu umhverfi sem við ættum raunar að leggja miklu meira á okkur við að bæta og vernda.

Þessi sérstaða gefur okkur margvísleg tækifæri á sviði matvælaframleiðslu og í ferðaþjónustu, svo eitthvað sé nefnt, og þarf ekki að tala um nokkra tugi starfa heldur störf í þúsunda tali. Það er ólíku saman að jafna hvað stjórnvöld eru tilbúin að leggja á sig til að efla stóriðju í landinu eða t.d. til að stuðla að eflingu ferðaþjónustu.

Í öðru lagi er svo verulega gagnrýnisvert hversu íhaldssamir ráðamenn eru á úrræði og sjá skammt fram á veginn þegar um er að ræða stóriðju og nýtingu vatnsorkunnar sem er sjálfsagt að virkja og nýta á skynsamlegan hátt eftir því sem hægt er. Við kvennalistakonur höfum t.d. ítrekað reynt að vekja athygli þeirra og áhuga á framleiðslu vetnis, en allt bendir til þess að vetni verði eldsneyti framtíðarinnar og ekki er minna um vert að framleiðsla og notkun vetnis veldur ekki umhverfismengun. Íslendingar gætu náð forskoti á því sviði ef áhugi og vilji væri fyrir hendi og einhvern tíma kemur að því að flestir vildu þá Lilju kveðið hafa. En framtíðarsýn af þessu tagi á líklega ekki upp á pallborðið hjá núverandi valdhöfum frekar en hinum fyrri sem við höfum reynt að ýta við, en vel má vera að við gerum frekari tilraun til þess áður en langt um líður. Það verður hins vegar að bíða betri tíma og mun ég nú snúa mér að málefni dagsins í dag eða eigum við að segja atvinnukosti gærdagsins með tilvísun til þess sem ég sagði hér áðan.

Það er þá fyrst til að taka að ég tel stækkun álversins í Straumsvík skásta kostinn af þeim hugmyndum sem til umræðu hafa verið á undanförnum árum. Þessi kostur hefur að mínum dómi minnst umhverfisspjöll í för með sér, þ.e. vegna byggingarframkvæmda og framkvæmda sem nauðsynlegar eru á vegum Landsvirkjunar til þess að tryggja nægilega orku til álframleiðslunnar. Hitt er svo aftur verulega gagnrýni vert að í því starfsleyfi til álversins sem umhvrh. hefur nú þegar gefið út og er margítrekað tekið fram í greinargerð og fylgiskjölum að sé endanlegt eru ekki gerðar ýtrustu kröfur um varnir gegn mengun sem framleiðslan óhjákvæmilega veldur. Þetta er þeim mun furðulegra þar sem forráðamenn álversins í Straumsvík eru yfirlýstir umhverfisverndarsinnar og ættu því ekki að hafa neitt á móti því að uppfylla slíkar kröfur sem væru a.m.k. á svipuðu róli og það besta í nágrannalöndum okkar. Þessi afstaða var alls ekki fyrir hendi fyrr á árum, enda kunnu Íslendingar lítið fyrir sér í umhverfismálum og gerðu litlar sem engar kröfur þegar álverið hóf rekstur sinn á 7. áratugnum og mengun í Straumsvík var gríðarlega mikil mörg fyrstu árin. Á síðari árum hefur hins vegar markvisst verið unnið að því að draga úr mengun og náðst verulegur árangur. En auðvitað hefur framleiðslan alltaf mengun í för með sér, það er óhjákvæmilegt og því er brýnt að halda vöku sinni og slaka hvergi á kröfum.

Skipulag ríkisins kynnti á sl. sumri fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík og mat á umhverfisáhrifum vegna hennar og Hollustuvernd ríkisins kynnti nokkru síðar tillögu sína að starfsleyfi til álversins vegna stækkunarinnar. Þingflokkur Kvennalistans nýtti rétt sinn í báðum tilvikum til að gera athugasemdir eins og nokkrir aðilar aðrir gerðu. Ég ætla með leyfi hæstv. forseta að vitna í athugasemdir Kvennalistans til Hollustuverndar ríkisins þar sem sagði m.a.:

„Í tillögu að starfsleyfi sem nú liggur fyrir frá Hollustuvernd ríkisins eru hins vegar ekki gerðar jafnítarlegar kröfur um mengunarvarnir og víða annars staðar þar sem sífellt er verið að herða kröfur um mengunarvarnir í samræmi við nútímaviðhorf í umhverfismálum. Sú niðurstaða vekur undrun og vonbrigði þar sem ástæða var til að ætla að öðruvísi yrði staðið að málum. Vísast þar m.a. til yfirlýsingar ráðherra í tengslum við undirbúning undir rekstur álvers á Keilisnesi, en þá var ítrekað staðhæft að kröfur yrðu jafnstrangar og gilda um ný álver í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum."

Rétt er að minna sérstaklega á skriflegt svar Guðmundar Bjarnasonar, þáv. heilbrrh. og núv. umhvrh., sem hann gaf árið 1989 við fyrirspurn um mengunarvarnir í nýju álveri. Hann sagði þá m.a.:

„Að mati ráðuneytisins þarf að gera þær kröfur sem almennt eru gerðar vegna rekstrar nýrra álvera í heiminum í dag."

Af því tilefni hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort hæstv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, hefur ekki kynnt sér þær kröfur sem almennt eru gerðar vegna rekstrar nýrra álvera í heiminum í dag, en hann hefur nú eins og fram er komið gefið út stafsleyfi vegna stækkunar álversins í Straumsvík þar sem ekki eru gerðar jafnstrangar kröfur um mengunarvarnir og víða annars staðar. Og maður spyr sig hvernig hæstv. ráðherra ætlar að verja það á alþjóðavettvangi að hann skuli ekki sýna meiri metnað þegar hann fær gullið

tækifæri til þess. Afstaða hans og gerðir í þessun efnum hafa valdið okkur miklum vonbrigðum.

Í þessum athugasemdum okkar til Hollustuverndar töldum við líka ástæðu til þess að minna á afstöðu Hollustuverndar ríkisins sem kom fram í bréfi til iðnn. neðri deildar Alþingis í maí 1990 þar sem Hollustuvernd var að fjalla m.a. um vothreinsibúnað fyrir brennisteinsdíoxíð og bendir þar m.a. á að vothreinsibúnaður yki hreinsun flúoríðsambanda úr afsogslofti frá kerum. Hollustuvernd lagði áherslu á það að brennisteinsdíoxíðmengun gæti haft skaðleg áhrif á umhverfið ef ekki kæmi til vothreinsun og að líkur væru á auknu brennisteinsinnihaldi í forskautum, en samkvæmt upplýsingum áliðnaðarins mundi í framtíðinni reynast erfitt að fá skaut með lágu brennisteinsinnihaldi. Það var einnig tekið fram að á hinum Norðurlöndunum væri krafist vothreinsunar kergasa í álverksmiðjum og ef reist yrði 200 þús. tonna álver án vothreinsunar mundi losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið á Íslandi aukast verulega eða um 50% þó aðeins væri miðað við 2% brennisteinsinnihald í skautum og þar var þó reyndar undanskilin brennisteinsmengun frá millilandaskipum. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég beint áfram í þessar athugasemdir þar sem segir:

„Í ljósi þessara ábendinga er tillaga Hollustuverndar um starfsleyfi fyrir stækkað álver lítt skiljanleg. Í lið 2.1.7 er lagt til að magn mengunarefna í útblásturslofti frá kerskálum megi vera allt að 1,2 kg/tonn af heildarflúoríði, 1,5 kg/tonn af ryki og 21 kg/tonn af brennisteinstvíoxíði. Að undanskildu rykmagni eru þessi mörk miklu hærri en krafist er í Noregi og víðar. Í Noregi eru mörkin 0,4 kg á tonn af flúoríði og 2 kg/tonn af brennisteinstvíoxíði að því er fram kemur í umsögn Náttúruverndarráðs um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar álvers í Straumsvík frá 21. ágúst sl. Í tillögu Hollustuverndar að starfsleyfi er ekki gerð krafa um vothreinsibúnað og þessi gríðarlegu háu mörk fyrir brennisteinstvíoxíð eru byggð á því að árlegt meðaltal brennisteinsinnihalds í rafskautum sé 2% en fyrir fimm árum taldi stofnunin að skaut með svo lágu brennisteinsinnihaldi yrðu torfengin."

Í lokin sögðum við í þessum athugasemdum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkur Kvennalistans telur nauðsynlegt að herða kröfur um mengunarvarnir frá því sem gert er ráð fyrir í tillögu Hollustuverndar að starfsleyfi fyrir stækkaða álverksmiðju í Straumsvík, lækka leyfileg mörk fyrir heildarflúoríð og brennisteinstvíoxíð og setja skilyrði um vothreinsun. Það er fullkomlega óeðlilegt að gera minni kröfur í þessum efnum en t.d. Norðmenn gera til minni og endurnýjaðra álverksmiðja þar í landi."

Embættismenn Hollustuverndar létu sér hins vegar því miður ekki segjast þrátt fyrir háværa gagnrýni, og þar voru vitanlega fleiri að verki heldur en þingflokkur Kvennalistans, t.d. Náttúruverndarráð o.fl. Og það undarlega var að þeir fengust ekki til að skýra það á skiljanlegan hátt hvers vegna þeir höfðu skipt um skoðun í þessu efni á þessum tíma. Hæstv. umhvrh. trúir og treystir sínum embættismönnum, sem kannski er ekki að undra, og samþykkir því miður allt saman. Ég hlýt að harma þetta metnaðarleysi íslenskra stjórnvalda, sem mér finnst tæpast verða skýrt með öðru en því að þau hafi látið löngun sína í þessar framkvæmdir bera alla skynsemina og metnaðinn ofurliði, þau hafi sem sagt gefið fyrirtækinu, sem er þó margyfirlýst sem sérstaklega áhugasamt um verndun umhverfisins, afslátt af kröfunum um mengunarvarnir. Þetta atriði vegur þyngst í mínum huga þegar reynt er að vega og meta kosti og galla þessa samnings og tilheyrandi aðgerða.

Það er ýmislegt fleira að athuga í sambandi við þetta mál sem við vitum þó miklu minna um, svo sem um skattamál og önnur gjöld, sem samið hefur verið um. Ég get ekki sagt að ég sé stórum fróðari eftir lestur greinargerðar og fylgiskjala eða af því að hlýða á hæstv. iðnrh., en vonandi fæst einhver botn í það á næstu dögum.

Orkuverðið er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig. Um það er hins vegar dálítið erfitt að tala þar sem það er algert leyndarmál enn þá, nema að því leyti að við vitum að það er verulega lægra en núverandi verð og það á algerlega að fylgja heimsmarkaðsverði á áli. Auðvitað er hverjum manni það skiljanlegt að Landsvirkjun vilji fyrir hvern mun selja orkuna sem hefur beðið beisluð árum saman eins og prinsessa í álögum og haldið fyrirtækinu í skuldafjötrum. En það er út af fyrir sig stórmál að það á að tengja það algerlega heimsmarkaðsverði á áli og að það á að fylgja því. Það getur auðvitað haft í för með sér alvarlegar sveiflur í efnahagslífinu. Við þekkjum mætavel hvernig sveiflur í sjávarútveginum geta leikið okkar efnahagslíf og nú verðum við sem sagt sett í þá stöðu að verða enn háðari sveiflum í álverði en verið hefur. En Landsvirkjun hefur væntanlega gert þennan samning með opin augun, ef hægt er að orða það svo, og skiljanlegt að hún vilji fyrir hvern mun selja orkuna. Hún fagnar því auðvitað að fá tækifæri til frekari framkvæmda, en leyndin sem hvílir yfir raforkuverðinu til Ísals vekur upp tortryggni og spurningar. Það er eðlilegt að draga þá ályktun af þessari leynd að verðið sé svo lágt að aðrir orkukaupendur megi ekki frétta af því. Og það er vitanlega sannleikurinn. Það eru ekki nokkur líkindi til þess að nýir orkukaupendur fengju sömu kjör, því að nýjar virkjanir gefa ekki tilefni til neinna útsölukjara.

Ég dreg það út af fyrir sig ekki í efa að Landsvirkjun meti það rétt að hún hafi hagnað af þessari orkusölu til Ísals miðað við núverandi aðstæður, en það hvarflar naumast að nokkrum manni að aðrir gamlir og góðir viðskiptavinir Landsvirkjunar séu að greiða verð sem er eitthvað í námunda við þau kjör sem Ísal nýtur. Og víst er að Rafmagnsveitur ríkisins telja sig ekki of sælar af þeim viðskiptum og gætu áreiðanlega hugsað sér að sitja við sama borð og Ísal. Reyndar sá ég einhvers staðar haft eftir upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar að það væri ljóst að þessir samningar gerðu Landsvirkjun hæfari til að þjóna almenningi og bjóða hagstæðari kjör á rafmagni í framtíðinni. En slíkar yfirlýsingar minna á hefðbundnar fullyrðingar um að efla þurfi fyrirtækin í landinu svo að þau geti greitt hærri laun, sem er auðvitað rétt út af fyrir sig. En það kemur bara aldrei að síðari liðnum í þessari fullyrðingu því að þá má ekki hreyfa þann lið af einhverjum öðrum orsökum.

Annað í þessu sambandi er sannarlega áhyggjuefni. Ísal kaupir nú um 37% allrar raforku frá Landsvirkjun, en eftir stækkun álversins verður það hlutfall komið yfir 60%. Og það finnst mér ekki hyggilegt. Svo eru menn að gæla við hugmyndir um fleiri álver, enda eru nú í tísku hópferðir hingað frá ýmsum löndum til þess að kynna sér möguleika á framleiðslu áls hér á landi. Þessar áherslur eru satt að segja ekki sérlega gáfulegar, því að það hafa aldrei þótt búhyggingi að bera öll eggin í sömu körfu. Ég hugsa til þess með ugg ef sumum yrði að þeirri ósk sinni að hér spryttu upp ein þrjú álver til viðbótar, eins og virðist vera í umræðunni. Þá yrðu

þessi hlutföll raforkukaupenda enn óhagstæðari. Er það í raun og veru það sem við viljum? Ég teldi það afar hættulega þróun. Ég tel að við eigum að stefna að aukinni fjölbreytni í íslensku atvinnulífi, skjóta undir það fleiri stoðum eins og klisjan hljómaði til skamms tíma, sem er reyndar ágætis klisja að mínum dómi.

Herra forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um ókostina við stækkun álversins í Straumsvík, enda finnst mér nauðsynlegt að menn séu meðvitaðir um þá og geri sér fyllilega grein fyrir afleiðingum þess sem hér er lagt til að samþykkja. Vissulega munu framkvæmdir við stækkun álversins, svo og framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar hennar vegna, örva a.m.k. tímabundið efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar og verða umtalsverður búhnykkur, eins og ég las einhvers staðar haft eftir þjóðhagsstjóra. Að framkvæmdum loknum hafa þær leitt til fjölgunar varanlegra starfa. Þau verða í álverinu sjálfu um 90, að því að nú er fullyrt, og margfeldisáhrif gætu að mati Byggðastofnunar leitt til varanlegrar heildaraukningar um allt að 300 ársverka. Sannarlega munar um það, þótt hér sé að vísu aðeins um brot af heildarmannafla að ræða sem er áætlaður um 132 þúsund ársverk. En hvert eitt starf er hins vegar mikilvægt í því ástandi sem við er að búa í atvinnulífinu um þessar mundir. Á það legg ég áherslu og vil skoða þetta allt saman með jákvæðum huga með tilliti til þess. Framkvæmdirnar sjálfar taka að vísu stuttan tíma, en vegna þeirra skapast alls um 750–800 ársverk næstu tvö árin og þar er því um tímabundna aukningu að ræða.

Hins vegar skal ekki vanmeta líkleg jákvæð áhrif þessa samnings á þróun og eflingu atvinnulífsins. Mönnum eykst væntanlega bjartsýni og áræði til aukinna umsvifa á ýmsum sviðum og það er ekki lítils virði. Skuggahliðin í því dæmi er sú að hér er um staðbundna þenslu, ekki bara tímabundna heldur staðbundna þenslu að ræða, og jafnframt þessum framkvæmdum er talin ástæða til að vara við þenslu á öðrum sviðum og væntanlega einnig á öðrum svæðum. Það er lögð mikil áhersla á nauðsyn áframhaldandi aðhalds í framkvæmdum og rekstri á vegum ríkisins til þess að vega upp á móti þensluáhrifum. Menn eiga reyndar eftir að átta sig á heildaráhrifum, sem koma væntanlega mjög misjafnlega fram eftir landshlutum.

Herra forseti. Ég hef áheyrnaraðild að iðnn. og á því kost á að fá þar upplýsta einhverja leyndardóma og fá svör við ýmsum spurningum sem hafa vaknað, en miðað við það sem hér og nú liggur fyrir er mat mitt þetta: Jákvæðu hliðar málsins eru fyrst og fremst þær að þessar framkvæmdir munu verka sem vítamínsprauta fyrir efnahags- og atvinnulíf okkar nú um stundir, en að vísu að stærstum hluta tímabundið. 200–300 varanleg störf munu skapast vegna þessara framkvæmda, sem eru reyndar tiltölulega fá störf miðað við allan tilkostnaðinn.

Neikvæðu hliðar málsins eru m.a. þær að það er óhyggilegt að eitt fyrirtæki verði svo gríðarlega stór kaupandi að orkunni frá Landsvirkjun, þ.e. að rúmlega 60% eins og verður að stækkun lokinni. Það er erfitt að meta hvort fullyrðingar Landsvirkjunar standast um ágæti orkuverðssamningsins ef tillit er tekið til allra þátta, en þar munar væntanlega mest um þá staðreynd að orkan yrði annars áfram óseld. Veigamesta atriðið er þó að mínu mati það, að enda þótt stækkun álversins í Straumsvík sé skásti kosturinn af þeim möguleikum sem hafa verið til skoðunar á sviði stóriðju og líklegastur til að valda minnstum umhverfisspjöllum, þá eru ekki gerðar nægilega strangar kröfur til mengunarvarna. Það veldur miklum vonbrigðum og er að mínu mati grafalvarlegt mál.

[14:26]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé komið á dagskrá Alþingis viðamikið mál sem krefjist allítarlegrar umræðu. Af þeim ástæðum óskuðum við þingmenn Alþb. og óháðra eftir því að umræðutíminn yrði tvöfaldaður vegna þess að hér er um að ræða allflókið mál. Hins vegar verð ég að segja að ég get því miður ekki skrifað upp á það að hér séu á ferðinni þau kaflaskil í íslensku atvinnulífi sem mér finnst að hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstjórn tali gjarnan um í þessu samhengi. Það er þess vegna villandi, að ekki sé meira sagt, að tala t.d. um mikilvægustu samninga frá 1966, þjóðhagslega mjög mikilvæga samninga og annað af því tagi, vegna þess að þar með er verið að gefa í skyn að þetta mál sé stærra efnislega fyrir hina atvinnulausu eða atvinnulitlu á Íslandi en það raunverulega er. Þess vegna er ég alveg sammála hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um innganginn í hennar ræðu. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að tíðindin atvinnulega í þessu dæmi eru ekki eins stór og ríkisstjórnin vill vera láta. Engu að síður hafa ummæli hennar og einstakra ráðherra til þessa vakið upp væntingar út um allt þjóðfélagið. Maður hefur heyrt dæmi um það að menn séu að festa kaup á atvinnutækjum, á bílum eða jafnvel íbúðum eða jafnvel að flytja til Reykjavíkur um langan veg til þess að eiga aðild að hinni miklu veislu sem hæstv. iðnrh. kveðst vera að boða til í landinu með þessum samningi. Ég held að sú uppsetning mála verði að flokkast undir hreina blekkingarstarfsemi vegna þess að þannig liggja hlutirnir í raun og veru ekki.

Staðreyndin er auðvitað sú að núna, mörgum mánuðum eftir að ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. kemur til valda, ríkisstjórn með flokkinn innan borðs, Framsfl., sem lofaði 12 þúsund nýjum atvinnutækifærum. Nú er staðan þessi, hæstv. forseti. Atvinnuleysi hefur aldrei verið meira á Íslandi en í dag. Og það er því miður augljóst mál að þessi samningur slær ekki á þá bylgju atvinnuleysis sem við höfum horft á að undanförnu. Þess vegna er nauðsynlegt að draga þetta fram, hæstv. forseti, og skora á hæstv. ríkisstjórn að taka öðruvísi á uppsetningu þessara mála en hún hefur gert, tala ekki um þetta sem endanlega frelsun og lausn fyrir Íslendinga. Auðvitað má segja, hæstv. forseti, að ríkisstjórninni sé að vissu leyti vorkunn í þessu efni. Í fyrsta lagi vegna þess að hún hefur ekkert verið að gera í atvinnumálum. Hún verður því að reyna að sýnast í þessu máli þó lítið sé. Í öðru lagi vegna þess að heilu iðnaðarráðherrarnir hafa hrökklast frá og jafnvel alla leið til Finnlands, fyrst upp á Arnarhól og svo til Finnlands, vegna þess að þeir gátu ekki einu sinni gert samning eins og þennan. M.a. sprengdi Alþfl. stjórnarsamstarf vinstri flokkanna 1991 vegna þess að hann vildi leggja svo mikla áherslu á álver sem annars væri kannski ekki í boði. Það er búið að byggja upp langtíma pólitískar væntingar í kringum þetta mál og þannig séð er þeim auðvitað nokkur vorkunn, þeim ráðherrum sem tala fyrir málinu en ég segi eins og er, ég held að það sé skynsamlegt að tala á lægri og hófsamari nótum um þetta mál en mér finnst að hæstv. ráðherrar hafi gert í þessu máli.

Ég hafði hugsað mér í þessari ræðu minni að fara yfir nokkur almenn atriði málsins sem ég tel að sé að séu kannski fjögur eða fimm talsins. Því miður er ekki kostur á því að gera grein fyrir málinu með eins ítarlegum hætti og maður hefði viljað, vegna þess eins og ég sagði áðan, að þetta

mál á sér langan aðdraganda en líka að því leytinu til að hluti af málinu á rætur í gömlum pólitískum deilumálum sem hafa staðið hér yfir uppstyttulítið, allt frá árinu 1964–5 og 6. Það er ekki lengra síðan en u.þ.b. 12 ár eða svo að heil ríkisstjórn sprakk meira og minna vegna þess að menn höfðu aðrar áherslur í þessum málum heldur en einn stjórnarflokkurinn hafði, þ.e. Alþb. Það er gaman að rifja það upp, hæstv. forseti, hvaða áhrif málafylgja Alþb. hafði á sínum tíma til þess að hækka orkuverðið. En þannig var að heilu stjórnmálaflokkarnir voru í raun og veru á móti því að krafa um hækkun orkuverðsins yrði tekin upp.

Ég hef fengið fjármála- og markaðssvið Landsvirkjunar til að gera á því úttekt fyrir mig hverju hækkunin árin 1983 og 1984 hefur skilað í þjóðarbúið, hverju deilurnar við Alusuisse, á sínum tíma hafa skilað. Og hverju þau verkefni hafa skilað sem þá var efnt til en maður sem er ekki fjarri okkur hér í dag hefur verið gagnrýndur mjög mikið fyrir að hafa efnt til þeirra átaka, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Samkvæmt niðurstöðu fjármála- og markaðssviðs Landsvirkjunar er um að ræða ávinning fyrir þjóðarbúið upp á 10–15 milljarða kr. vegna þeirra hækkana sem hafa orðið á raforkuverðinu á þessum tíma frá 1983–1984. Þessi mál er enginn tími til að ræða og því miður er heldur ekki tími til að ræða það hvernig deilur hafa stöðugt verið við þetta fyrirtæki af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og starfsmanna. Fannst mönnum t.d. geðugt sl. sumar þegar var verið að reyna að knýja fram breytingar á vinnulöggjöfinni í kjarasamningum um kaup og kjör þess fólks sem þarna vinnur? Það eru hlutir sem voru ekki smekklegir og full ástæða til að ræða.

Það væri líka ástæða til að ræða, hæstv. forseti, rækilegar en kostur er hér, umhverfisþáttinn sérstaklega. Ég ætla ekki að fara út í það en segi eins og er, ég tel ekki nóg að iðnn. fái þetta mál til meðferðar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að umhvn. fái það líka. Ég tel að það sé nauðsynlegt reyndar líka að efh.- og viðskn. fái málið en hún er skattanefnd málsins. Ég vil fara fram á það við hæstv. ráðherra líka, hæstv. iðnrh. sérstaklega, að hann tryggi að iðnn. fái öll gögn þessa máls. Hér hefur verið uppi alveg ótrúleg uppsetning mála varðandi verðið á raforkunni en ég ætla að koma aðeins að því á eftir. Það hefur verið tekin ákvörðun um það að halda því leyndu, eins og sakir standa m.a. vegna viðræðna sem Landsvirkjun á í við önnur fyrirtæki. Það er útilokað að gefa þetta verð upp og verðformúlurnar í einstökum atriðum eins og sakir standa. Það er algerlega útilokað. Það er eingöngu af viðskiptalegum ástæðum. En m.a. vegna þess að þessar raddir hafa heyrst og vegna þess líka að það er eðlilegt þá hljótum við að ætlast til þess að hv. iðnn. fái þessi gögn til meðferðar í einstökum atriðum og ég vil byrja á því að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann sé ekki tilbúinn til þess að tryggja að svo verði.

Ég vil einnig segja það, hæstv. forseti, að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að umhvn. fái þetta mál til meðferðar, bæði málið sjálft, þ.e. mengunarvarnirnar sem slíkar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur m.a. gert að umtalsefni opinberlega og sömuleiðis þingflokkur Kvennalistans og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hér áðan en líka vegna þess að Íslendingar hafa gert tiltekna alþjóðasamninga varðandi koldíoxíð-útblástur sem eru takmarkandi í þessu efni. Það verður að gera grein fyrir því eins nákvæmlega og mögulegt er, hvernig þessi samningur rímar við loftslagsbreytingasáttmálann frá Ríó. Og ég vil spyrja hæstv. umhvrh. sem er hér: Hvað segir hann um það mál? Hefur verið gerð, og það mun hafa verið gerð, framkvæmdaáætlun á grundvelli loftslagsbreytingasáttmálans frá Ríó? Hvernig metur hann stöðu þessa samnings með hliðsjón af þeim samningsdrögum við Alusuisse- Lonza sem við erum hér að ræða? Ég held að það sé líka til nokkurrar umhugsunar, hæstv. forseti, í þessu dæmi, að við höfum á undanförnum vikum orðið vitni að því að ákveðinn einstaklingur hér á landi hefur óskað eftir að fá tiltekna meðferð mála varðandi mengunarmál hjá yfirvöldum hér í þessu landi. En því hefur verið vísað frá á þeim forsendum að hann sé ekki aðili málsins. Þessi þáttur málsins er mjög merkilegur og er núna til meðferðar í sérstakri úrskurðarnefnd samkvæmt lögum. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. líka hvenær hann gerir ráð fyrir því að þessi nefnd felli sinn úrskurð. Það er mjög mikilvægt að fá að vita hvenær þessi úrskurðarnefnd mun að líkindum fella sinn úrskurð þannig að það verði sem fyrst hægt að gera sér grein fyrir því hvort að þessi málsmeðferð er í lagi og eðlileg miðað við allar aðstæður.

Í framhaldi af þessu hlýt ég þess vegna, hæstv. forseti, að fara fram á mjög rækilega umfjöllun þessa máls í hv. umhvn. Ég kem síðan að aðalþætti þessa máls eins og hann snýr að þessum samningsdrögum hér. Það er orkusalan. Það er náttúrlega alveg ljóst að Landsvirkjun á nóg rafmagn. Hún er að framleiða 750 gígavattstundir á ári sem hún hefur ekki getað selt. Og Landsvirkjun er auðvitað, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði hér áðan, fegin að geta selt eitthvað af þessu. Það liggur auk þess fyrir að þessi framkvæmd sem hér er um að ræða þarf meira en 750 gígavattstundir á ári. Hún þarf um 950 gígavattstundir. Og í þriðja lagi er það þannig að almenni markaðurinn þarf að bæta við sig á ári 40–50 gígavattstundum. Þannig að út af þessum samningi þarf að virkja eða bæta við í orkuframleiðslu 900–1000 gígavattstundum fyrir þann tíma þegar stækkunin tekur gildi, þ.e. í nóvember, desember 1997. Auðvitað hefði verið langhagstæðast fyrir Landsvirkjun ef þessi stækkun hefði tekið nákvæmlega jafnmikið og til er af umframorku. En það er dálítið meira sem þarna er um að ræða og þess vegna er leitað ýmissa virkjanakosta og breytinga á þeim virkjunum sem fyrir eru. Það er auðvitað rétt sem sagt er: Þetta eru ódýrir kostir sem þarna eru á ferðinni í orkuframleiðslu. En ég vil líka láta það koma fram þannig að það liggi fyrir sem mín skoðun, að ég tel að í þessum samningi felist það að Landsvirkjun sé tryggt endurstofnverð eða flýtingarkostnaður þeirra virkjana sem eru inni í þessari mynd vegna stækkunarinnar í Straumsvík. Ég held að það væri ekki skynsamlegt að setja hlutina þannig upp að menn séu að gera vondan samning að því er þetta varðar, það er ekki þannig. Ég bendi á hvað Landsvirkjun hefur augljósa hagsmuni af því að selja þetta þrep á eins góðu verði og mögulegt er og staðreyndin er sú að fyrirtækið er líka að ræða við aðra aðila og verður að tryggja það að viðspyrnan sé einhver í þeim samningaviðræðum og hún er það. Þannig að ég tel að miðað við allar aðstæður þá geti þarna talist vera um þokkalega lendingu að ræða.

Út af fyrir sig hafa ekki komið fram neinar tölur um þessi mál, engar tölur aðrar en heildartölur, t.d. hjá hv. ráðherra. Ég hygg að hann hafi nefnt heildarnettóávinning Landsvirkjunar á samningstímanum, þ.e. 8 milljarðar kr. sem er núvirt tala en ekki brúttótala. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn festi þá tölu sér í huga. Það munar um hana dálítið. Og ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þessar tekjur fara til að styrkja hina almennu stöðu Landsvirkjunar

gagnvart almenna markaðinum líka, þ.e. þeim sem kaupa rafmagn af Landsvirkjun úti í þjóðfélaginu. Ég held að það sé líka hægt að segja það fullum fetum og ég geri það, að sú orkuverðsformúla sem stuðst er við í þessum samningi er mun hagstæðari en í gildandi samningi og þá er ég að tala um orkuverðsformúluna sem tekur við að afsláttartímabilinu loknu. Sú formúla sem menn eru hér að tala um hefði gefið meira en núgildandi samningur hefur nokkurn tíma gefið eins og hún er sett upp og ég tel að það sé mjög mikilvægt að það liggi fyrir þó aðeins sé í orði hér úr þessum ræðustól.

Ég vil hins vegar leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh., hvort hann sé ekki tilbúinn til þess hér úr þessum stól að fara út í fleiri einstök atriði þessa máls en hann gerði áðan. Ég endurtek áskorun mína á hann um það að hann leggi þetta fyrir iðnn. hv. í einstökum atriðum og ég endurtek líka að ég skil að það þarf að halda þannig á vissum hlutum í þessu máli að þeir séu trúnaðarmál. En það eru þó nokkur einstök atriði í þessu efni sem ég tel að hæstv. iðnrh. ætti að geta birt alþjóð hér úr þessum stól þó það sé ekki á annarra manna færi.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé nauðsynlegt að taka tvennt fram. Eftir að hafa rakið kosti þessa orkusölusamnings fyrir Landsvirkjun eru tveir fyrirvarar sem ég vil hafa sjálfur varðandi orkusölusamninginn. Sá fyrri er að auðvitað má það orkuverð sem um að ræða og byggist á tilteknum forsendum og tilteknum aðstæðum, ekki verða endanlegt fordæmi fyrir næstu skref og ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort að hann er sammála mér um það atriði. Og í öðru lagi vil ég leyfa mér að nefna það sem fyrirvara af minni hálfu að í þessum samningi eins og hann liggur hér fyrir Alþingi, er ekki bara verið að tala um 162 þús. tonna framleiðslu, heldur 200 þús. tonna framleiðslu. Orkusölusamningurinn er bara um 162 þús. tonna framleiðslu. Það sem að Landsvirkjun hefur tekið afstöðu til er sala á orku til 162 þús. tonna framleiðslu. En samningurinn eins og hann liggur hér fyrir gerir ráð fyrir 38 þús. tonnum í viðbót eða 200 þús. tonna ársframleiðslu í Straumsvík sem yrði framkvæmd með þeim hætti að einum kerskála yrði bætt við á svæðinu upp að veginum, auk þess sem allir fjórir kerskálarnir yrðu í framhaldi af því lengdir í áttina að Straumi. Engin afstaða liggur fyrir á hvaða verði sú orka er sem á að fara til að framleiða þessi 38 þús. tonn. Ég tel það mikið álitamál hvort það sé rétt að afhenda Alusuisse þannig viðspyrnu inn í orkuframleiðslu framtíðarinnar og það sé þarna með möguleika á því að kalla til þess að það eigi rétt á að hefja 38 þús. tonna framleiðslu í viðbót án þess að það mál sé nokkurn tíma lagt fyrir Alþingi. Það er það sem menn eru í raun og veru að segja: Hér er tillaga um 200 þús. tonna framleiðslu, 100 þús. í viðbót í þessu frv. Og það finnst mér ekki hafa komið nægilega skýrt fram í málflutningi hæstv. ráðherra.

Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að ég tel að orkusölusamningurinn sem slíkur, miðað við aðstæður, gagnvart þessum 62 þús. tonnum, sé brúklegur miðað við allar aðstæður fyrir Landsvirkjun. Það tel ég vera. En ég nefni tvennt, annars vegar má ekki vera fordæmi fyrir næsta skref að því er verðið varðar, í öðru lagi segi ég: Ég vil hafa fyrirvara og a.m.k. ræða þýðingu þess að þarna er um að ræða heimild upp í 200 þús. tonn en ekki 162 þús. tonn. Þetta er um orkuverðið.

Í næsta lagi, hæstv. forseti, eru það skattarnir. Ég hef ekki haft aðstöðu til að reikna þá út sjálfur í einstökum atriðum. En ég verð að gagnrýna að það skuli ekki vera gert í plagginu. Af hverju er ekki í grg. farið betur ofan í þessa hluti? Af hverju er ekki líka í grg. farið eitthvað ofan í umhverfismálin? Það er ekkert minnst á þau í raun og veru, nema í mjög litlum kafla á bls. 46 og 47. Það er ekki ítarleg yfirferð á þeim gagnrýnisaðferðum sem fram hafa komið í þessu máli, bæði af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og hv. þm. Kvennalistans. Eins er það með skattana, ég hefði viljað sjá menn reikna þetta betur út. Ég sé þó eitt sem liggur í augum uppi. Það er það að menn segjast vera að aðlaga þetta íslenskum skattalögum. Og það er skynsamlegt. Ég bendi á að þegar við áttum í viðræðum við Atlantsáls-hópinn hér fyrir mörgum árum, þá lögðum við á það áherslu að hann yrði settur undir íslensk skattalög. Um það varð samstaða. Í rauninni eru menn að segja hér: Færum skattprósentuna niður í það sem tekjuskatturinn er hér. En hann hefur verið stighækkandi hjá álverinu úr 35 upp í 55%, ef ég man rétt. Síðan er um að ræða ákveðið lágmarksgjald sem gefur í dag, miðað við reikningsforsendur og 100 þús. árstonn, um 2 millj. dollara á ári. Það er fast gjald á tonnið. Svo stendur einhvers staðar í skjalinu: Þetta verður alveg eins, þrátt fyrir stækkunina. Það er nokkuð til í því. Það er að segja þannig séð, það er sama talan, 2 millj. dollara, fyrir 200 þús. árstonn líka. Vegna þess að lágmarksgjaldið, fasta lágmarksframleiðslugjaldið, er lækkað um helming frá því sem er í dag. Og út úr því kemur auðvitað sama tala, þegar fyrirtækið er stækkað um helming, þ.e. 50%.

Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvaða rök eru fyrir þessari breytingu sérstaklega. Síðan tek ég eftir því að hlutur Hafnarfjarðarbæjar er aukinn nokkuð frá því sem verið hefur. Ég hef ekkert á móti því. Það hafa heyrst fregnir af því að það veiti nú ekki af að styrkja fjárhag Hafnarfjarðarbæjar. En mér þætti gaman að vita hvaða rök eru fyrir því að þessi breyting á sér stað. Ég verð að segja það sem mína almennu skoðun að þegar um er að ræða stóriðjufyrirtæki, þá á það ekki að vera þannig að viðkomandi sveitarfélag hagnist sérstaklega á því, umfram þann hagnað sem það hefur af því fólki sem býr í sveitarfélaginu og vinnur hjá fyrirtækinu. Þetta hefur hins vegar verið þannig á undanförnum árum, sveitarfélögin þar sem fyrirtækin eru staðsett hafa hagnast sérstaklega. Hafnfirðingar halda því fram að þetta sé greiðsla fyrir kostnað. Ég er sammála því, það á að borga kostnað. Er þetta þannig, hæstv. ráðherra? Ef það er þannig, þá stendur það og allt í góðu með það. En ég bendi t.d. á þá ótrúlegu stöðu sem kom upp þegar járnblendiverksmiðjan var reist og til varð ríkasta sveitarfélag í heimi, Skilmannahreppur á Hvalfjarðarströnd, vegna þess hvernig skattamálum var fyrirkomið á þessu fyrirtæki. Ég hygg reyndar líka að Skútustaðahreppur hafi haft sæmilegt upp úr fyrirtækinu við Mývatn, til að byrja með, þó svo að það hafi í raun og veru verið nokkuð snúið fyrir það sveitarfélag að laga sig að hugsanlegum samdrætti verksmiðjunnar við Mývatn, sem jafnvel gæti blasað við.

Ég held þess vegna að það verði því miður að fara mjög rækilega yfir skattaþáttinn í þessu máli og ber það undir hæstv. iðnrh. hvort hann telji ekki eðlilegt að skattaþáttur málsins fari til meðferðar í hv. efh.- og viðskn.

Hvað almenn áhrif varðar, hæstv. forseti, skiptir vissulega máli að á tveimur árum mun fjárfesting aukast um 7 milljarða á fyrra ári ári og 9 milljarða á seinni ári. Það mun hafa áhrif hér í hagkerfinu. Satt að segja get ég ekki séð að þetta muni þýða einhverja ógnarlega þenslu. Þetta er ekki svo mikið í raun og veru. En einhverjir efnahagshöfðingjar hafa reiknað það út að einhver voðaleg þensla sé yfirvofandi

út af þessu. Ég átta mig, satt best að segja, ekki á því, en kannski er það svo. Það er mál sem þarf að skoða. Ég bendi þó á að fjárfesting sem er orðin óhugnanlega lágt hlutfall af landsframleiðslu hér á landi, er komin niður í 16–17%, hefur farið í 15,5%, held ég. Mér sýnist að hún fari svona í 17–18% með þessu, það er nú ekki meira. Auðvitað munar um það, en það er samt ekki nægilega hátt hlutfall. Í eðlilegu efnahagskerfi á Íslandi þarf fjárfestingin að vera í kringum 20%. Ég tel því ekki ástæðu til að stökkva upp til handa og fóta vegna þess að hér sé um að ræða einhvern ógnarlegan þensluvald í hagkerfinu, m.a. með hliðsjón af því að hér er gríðarlegt atvinnuleysi, meira atvinnuleysi en við höfum nokkru sinni haft hér. Það er því í rauninni fráleitt að byrja á þensluóttaraðgerðunum út af þessari framkvæmd sem þarna er um að ræða. Það er í rauninni alveg fráleitt.

Vandinn er ef til vill sá, hæstv. forseti, ef ég má bæta því við, að þetta er einstakt verkefni vegna þess að það er ekki verið að gera neitt annað. Að öðru leyti eru menn að skrifa í skýin þessar venjulegu stóriðjuþulur sínar, eins og hæstv. ráðherra rakti hér áðan. Það er ekki um að ræða neina atvinnustefnu af hálfu núv. ríkisstjórnar. Enga. Það hefði þó verið brýnast af öllu að mynda stjórn hér sl. vor sem hefði aðallega lagt áherslu á að rífa hér upp atvinnu og bjartsýni í þessu landi eftir fjögurra ára stjórn vonleysis og svartsýni, þar sem allt var gert til að berja því inn í hausinn á mönnum að það væri ekkert hægt að gera og engu hægt að bæta við af neinu tagi. Þess vegna hefði þurft hér sl. vor sterka ríkisstjórn sem hefði farið í atvinnumálin númer eitt, tvö og þrjú og haft stefnu í atvinnumálum. Horft yfir sviðið, sett málin í heildarsamhengi, eins og t.d. þessi mál hér. Ég segi alveg eins og er, að það hefði verið allt annað að koma að þessu máli ef það hefði verið tekið sem hluti af heildaratvinnumálastefnu, frekar en að kynna það eitt og sér og blása það í raun og veru upp umfram efni málsins, eins og ég rakti hér fyrr.

Ársverk í framkvæmdunum verða um 750 talsins, það er mjög gott. Það munar mjög mikið um það. Sérstaklega hér á þessu svæði atvinnuleysisins, sem er eitt versta atvinnuleysissvæði landsins. 750 ársverk árið 1996 og 1997, þar af eru að vísu 30 ársverk sem eru reiknuð vegna þess að verksmiðjan eða stækkunin komi í gagnið í nóvember 1997, þannig að þar reiknast 30 ársverk. Að öðru leyti eru menn að tala um rúmlega 700 ársverk sem þetta skilar. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði hér áðan að ýmislegt sem við höfum verið að frétta af að undanförnu, án mikilla hátíða, undirskrifta eða blaðamannafunda, er líka að skila ánægjulegum árangri hér inn í hagkerfið og fleiri atvinnutækifærum.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að ræða það í þessu samhengi, hæstv. forseti, að í tengslum við það hvernig málið hefur verið sett upp munu m.a. vakna verulegar væntingar í kringum málið, ekki bara hér á Suðvesturlandi, heldur líka annars staðar. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa það í huga að þetta er að gerast hér á sama tíma og það er tiltölulega dapurt yfir framtíðarhorfum víða annars staðar á landinu. Ég er eiginlega sannfærður um að þeir sem fjalla um þau mál munu skoða þau í byggðasamhengi, eins og gjarnan hefur verið gert þegar mál af þessu tagi koma upp, þó svo að það verði auðvitað að viðurkenna að í rauninni er hér ekki um það stórverk að ræða að það sporðreisi einu eða neinu.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé líka nauðsynlegt, í síðasta lagi við þessa almennu yfirferð, að spyrja aðeins um samskiptin við verkalýðsfélögin. Það er ekki gott hvernig þessi mál hafa þróast. Þegar álsamningurinn var gerður fyrir 30 árum, þá gerði einn stjórnmálaflokkur það að skilyrði fyrir stuðningi sínum við álsamninginn að fyrirtækið yrði ekki aðili að Vinnuveitendasambandinu. Það var Alþfl. Til að byrja með var þessum skilyrðum hlýtt en síðan var því breytt nokkru seinna, allmiklu seinna, að ég hygg, a.m.k. nálægt 15 árum. Ég held ég verði að segja það hér úr þessum ræðustóli, eftir það sem á undan er gengið varðandi fjölmiðlafréttir og annað um þessi mál á liðnu sumri, að það er ekki gott hvernig fyrirtæki þetta hefur stundum komið fram við verkalýðsfélögin. Ég held að ég verði að biðja hæstv. iðnrh. að fara um það mál nokkrum orðum, hvernig honum sýnist að þau mál hafi þróast. Sjálfsagt má margt um þetta segja og sjálfsagt geta menn í raun og veru sagt sem svo að sjaldan veldur einn þá tveir deila. En hitt er engu að síður augljóst mál að hér hafa komið til átök sem eru ekki heppileg, hafa leiðinlegan svip. Og mér finnst að fyrirtækið hafi stundum sett sig í óþarflega mikla stórveldisstöðu gagnvart verkalýðsfélögunum og verkalýðsforingjunum á undanförnum árum, það er ekki bara núna á undanförnum mánuðum, það hefur oft gerst á undanförnum árum. Ég held að það sé ástæða til þess að vara við því, vegna þess að hér er um að ræða mál sem hefur sett mikinn svip á þjóðlífið á undanförnum árum.

Ég vil segja það að síðustu, hæstv. forseti, að ég tel að þetta mál megi ræða í fimm meginþáttum. Í fyrsta lagi er það orkuverð, þ.e. það frv. sem liggur hér fyrir. Ég tel að það sé þolanlegt fyrir okkur að því er varðar stækkunina upp í 162 þús. tonn. En ég verð að segja að þetta er ekki fordæmi fyrir næsta skref og ég hef fyrirvara varðandi þessa stækkun upp í 200 þús. tonn. Í öðru lagi snýst þetta mál um umhverfismál. Í þriðja lagi um skattamál, sem við þurfum að fara yfir, í fjórða lagi almenn áhrif málsins í samfélaginu og í fimmta lagi spurninguna um þetta mál sem hluta af heildarstefnu í atvinnu- og efnahagsmálum.

Ég held að það sé í raun og veru nauðsynlegt að fara fram á það, hæstv. forseti, að það verði þannig haldið á þessu máli, að því verði tryggð vönduð yfirferð þingnefnda, auðvitað fyrst og fremst hæstv. iðnn. og síðan einnig umhvn. og efh.- og viðskn. Og ég skora á hæstv. ráðherra að halda þannig á málinu að nefndirnar fái upplýsingar um málið í einstökum atriðum. Annað er ekki hægt gagnvart Alþingi.

Spurningin er svo sú: Er það í raun og veru þannig að Íslendingar hljóti að því er varðar atvinnumál, að takmarka hugmyndir sínar, áherslu og stefnu við mál af þessum toga? Eigum við kannski ekki annarra kosta völ? Eigum við ekki annarra kosta völ en að takmarka framtíðarsýn okkar við stóriðjufyrirtæki af ýmsu tagi sem kaupa raforku hjá okkur? Eða hvað? Það er a.m.k. skoðun mín og okkar alþýðubandalagsmanna að möguleikar þjóðarinnar til uppbyggingar lífskjara á komandi árum og áratugum séu í það heila tekið afar góðir. Ég ætla að benda á þrennt. Í fyrsta lagi á sjávarútveg og möguleika hans ef við höfum vit á því að umgangast fiskstofnana af skynsemi en göngum ekki á þá heldur byggjum upp höfuðstól fiskstofnanna. Í öðru lagi bendi ég á ferðaþjónustu þar sem hefur verið raunaukning upp á 8, 9 og 10% á ári og getur orðið svo án þess að við aðhöfumst mjög mikið vegna hreyfinga í heiminum almennt. Í þriðja lagi bendi ég á orkuna. Þar eru líka gríðarlegir möguleikar. Að vísu held ég að sæstrengshugmyndirnar séu ekki uppi á borðinu eins og er en að því er varðar orkuna eigum við gríðarlega möguleika. Allir þessir þættir eru hins vegar háðir einum og sama grunnþættinum sem eru umhverfismál-

in. Það á við fiskimiðin, það á við orkumálin og það á við ferðamennsku. Það er liðin tíð að við getum stokkið á hvaða ný tækifæri sem er í þessum málaflokkum með einhverjum gleypugangi heldur verðum við að spyrja okkur í leiðinni hvaða áhrif hefur þetta á umhverfi okkar og aðstæður, ekki bara í augnablikinu heldur líka í langri framtíð. Það höfum við alþýðubandalagsmenn reynt að leggja áherslu á í uppsetningu mála okkar þar sem við höfum þróað stefnu sem er í senn jöfnunarstefna og umhverfisstefna, rauð og græn allt eftir því hvernig menn vilja horfa á þá hluti.

Hæstv. forseti. Með hliðsjón af öllu þessu legg ég á það áherslu að menn meti málið í heild rólega og yfirvegað, geri ekki of mikið úr því og heldur ekki of lítið en vandi sig við meðferð málsins.

[15:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því að náðst hefur samkomulag um að stækka álbræðslu Ísals sem hefur verulega þýðingu fyrir efnahagslíf okkar. Í samningnum eru þó bæði kostir og gallar sem nauðsynlegt er að Alþingi skoði gaumgæfilega áður en þessi samningur öðlast lagagildi. Þingmenn Þjóðvaka munu greiða fyrir umræðu og afgreiðslu málsins eins og kostur er en nauðsynlegt er að kryfja ákveðna þætti til mergjar meira en gert hefur verið og fá fram ýmsar upplýsingar frá hæstv. iðnrh. áður en samningurinn verður lögfestur.

Kostir samningsins eru þeir að þeir koma hreyfingu á efnahags- og atvinnulíf okkar þó vara beri við því að ofmeta áhrif þeirra á atvinnustigið í landinu eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni þó vissulega sé rétt að samningurinn mun glæða efnahagslíf. Það er líka einn af stærstu kostum samningsins að við nýtum alla okkar umframorku strax við gangsetningu verksmiðjunnar auk þess sem stækkunin leiðir til þess að við þurfum að ráðast í verulegar fjárfestingar við nýjar virkjanir. Þegar til lengri tíma er litið virðist samningurinn líka geta orðið hagstæður Landsvirkjun ef spár standast en samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar reikna þeir hreinan hagnað af samningnum á um 8 milljarða króna. Það væri líka sérstakt fagnaðarefni ef þessi samningur mundi leiða til lækkunar á verði til almenningsrafveitna sem sumir tala um að geti orðið en þó ekki fyrr en eftir aldamótin. Af því að hæstv. iðnrh. kom ekki inn á það í máli sínu væri ástæða til að hann mundi gera þinginu nánari grein fyrir því hvers megi vænta í því efni, hvort samningurinn geti leitt til lækkunar á verði til almenningsrafveitna og einnig þá hvort áformaðar eru aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu til að lækka verð til almenningsrafveitna eða jafna orkukostnað landsmanna.

Eins og fram hefur komið hefur Þjóðhagsstofnun lagt mat á þjóðhagsleg áhrif stækkunar álversins í Straumsvík. Þar kemur fram að fjárfesting eykst verulega á árunum 1996 og 1997 miðað við núverandi áætlanir eða um 14 milljarða vegna stækkunar álversins og hafnaraðstöðu en um 3 milljarða vegna fjárfestinga í raforkumannvirkjum. Þjóðhagsstofnun áætlar ársverk vegna framkvæmdanna um 750–800 og varanleg störf eru áætluð um 90 þegar álbræðslan hefur starfsemi sína en þó ber þess að geta að það hefur auðvita margfeldisáhrif eins og fram hefur komið. Því má vænta þegar verksmiðjan verður gangsett að um 300 manns hafi af þessu vinnu. Það er þó ekki nema brot af því sem framsóknarmenn sögðu fyrir kosningar. Þeir sögðu að kæmust þeir í ríkisstjórn þá mundu þeir sjá til þess að hér yrðu til 12.000 störf í landinu þannig að þetta er einungis brot af því og einungis fáir þeirra sem eru atvinnulausir munu fá störf vegna þessara framkvæmda.

Framlag til stækkunarinnar til vergrar þjóðarframleiðslu er einungis áætlað á bilinu 2,4–3,5 milljarðar kr. sem líkt hefur verið við umfang Smuguveiða eða það sem áætlað er að aukning í ferðaþjónustu gefi árlega næstu árin. Þannig er ljóst að þó þessir samningar rjúfi vissulega þá kyrrstöðu sem verið hefur í efnahags- og atvinnulífi okkar um langan tíma er engin ástæða eins og reyndar hefur komið fram í máli fyrri ræðumanna að ofmeta samninginn. Engu að síður áætlar Þjóðhagsstofnun að áhrifin á þjóðarframleiðslu séu um 3 milljarðar kr. og að hagvöxtur aukist á árinu 1996 um 0,7%. Þó vekur athygli mína í lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar að þeir gera ekki ráð fyrir neinni aukningu kaupmáttar launa. Finnst mér nokkuð sérkennilegt að reikna með því að kaupmáttur launa verði óbreyttur á næsta ári.

Virðulegi forseti. Full ástæða hefði verið til þess að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur umræðuna vegna þess að nauðsynlegt væri að fá hann til þess að svara ýmsum spurningum við þessar umræður, m.a. um skattalegan þátt samningsins. Þar sem fjmrh. er ekki viðstaddur mun ég beina þeim spurningum sem ég hef varðandi skattalegan þátt samningsins og fleirum atriðum, sem fjmrh. ætti með réttu að svara, til iðnrh. og hafi hæstv. iðnrh. ekki svör við þessum spurningum sem ég mun leggja fyrir hann í því efni mun ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. mæti við umræðuna.

Er hæstv. iðnrh. sammála því mati Þjóðhagsstofnunar að þessi samningur, sem menn láta mikið með að sé mikil innspýting í efnahagslífið, eigi að skila auknum hagvexti og auka þjóðarframleiðsluna? Ekki er gert ráð fyrir því að hann hafi nein áhrif til að auka kaupmátt launatekna á næsta ári heldur er gert ráð fyrir því að kaupmáttur launataxta verði óbreyttur. Það hefði mátt ætla að þessi búbót inn í þjóðfélagið auðveldaði t.d. verkalýðshreyfingunni þá kjarasamninga sem í hönd fara.

Það er líka ástæða til að spyrja hæstv. iðnrh. — sem fjmrh. hefði kannski reyndar átt að svara — að því sem fram kemur hjá Þjóðhagsstofnun að það komi til álita eins og stendur í grg. með frv. að fresta opinberum framkvæmdum vegna þessa samnings og þá væntanlega meira en fjárlagafrv. á næsta ári gerir ráð fyrir þar sem gert er ráð fyrir verulegum samdrætti. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir verulegum samdrætti í opinberum framkvæmdum en í grg. með þessu frv. kemur fram að það komi til álita að fresta enn frekar opinberum framkvæmdum. (**Gripið fram í:** Í fylgiskjali?) Í fylgiskjali með frv. Ég held að það hljóti að vera að ríkisstjórnin hafi rætt þennan þátt mála, hvort komi til álita að fresta opinberum framkvæmdum vegna þessa samnings sem ég tel mjög óráðlegt. Ég tel að það mundi auka á atvinnuleysið. Nauðsynlegt er að fá fram í umræðunni hvort eitthvað slíkt sé á döfinni og hvort ríkisstjórnin hafi rætt þennan þátt málsins.

Herra forseti. Samningarnir segja okkur betur en margt annað hvað við þurfum að kosta til til að fá erlenda fjárfesta inn í landið sem margir héldu að yrðu á hverju strái með tilkomu EES-samningsins. Upplýsingarnar, sem komu fram í máli hæstv. iðnrh., voru athyglisverðar að því er þann þáttinn varðar en hæstv. iðnrh. upplýsti að miðað við erlenda fjárfestingu hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu væru hin Norðurlöndin með 0,7–0,8% af landsframleiðslu, hjá öðrum Evrópuþjóðum 2–3% en á Íslandi aðeins 0,1% af landsframleiðslu. Mér finnst þetta athyglisverð tölur sem menn þurfa

að hafa í huga vegna þess að margir héldu að með þeirri breytingu sem varð með tilkomu EES-samningsins stæðu erlendir fjárfestar hér í biðröðum.

Hæstv. iðnrh. Enda þótt ástæða sé til að fagna þeirri innspýtingu í efnahagslífið sem samningurinn gefur þá eru nokkrar augljósar ástæður fyrir því að hann tókst og þær heldur dapurlegar. Segja má að ástæðurnar séu þrjár eða jafnvel fjórar. Ísland er láglaunasvæði enda hafa lág laun og launatengd gjöld verið notuð til að freista útlendinga til að fjárfesta hér á landi. Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar hafa t.d. einmitt sent frá sér plagg þar sem sagt er frá því að hér bjóðist mjög lágt raforkuverð, það lægsta sem þekkist í Evrópu fyrir nýja samninga. Sett er upp tafla þar sem tilgreind eru 14 lönd að því er varðar launakostnað, hvað vinnuaflið hér á landi sé ódýrt miðað við aðrar þjóðir. Af þeim 14 löndum, sem eru talin upp, er erlendum fjárfestum bent á að þeir þurfa að borga langlægst að því er varðar kostnað við vinnuaflið miðað við þessi 14 lönd. Það er sama hvort um er að ræða laun eða launatengd gjöld, þau eru lægst á Íslandi. Lág laun hér á landi eru notuð til að freista erlendra fjárfesta til að koma til Íslands til að fjárfesta. Það er heldur dapurlegt, hæstv. iðnrh., að þurfa að nota slíka gulrót. Ég nefndi að ástæðurnar væru þrjár til fjórar. Ein ástæðan er ódýrt vinnuafl eog það er kannski dapurlegast og lítt til sóma fyrir íslensku þjóðina.

Önnur ástæða er skattaumhverfi fyrirtækjanna sem á margan hátt má segja að sé skattaparadís umfram önnur lönd enda er skattaþunginn hér á landi á einstaklingum. Skattapakkinn í samningnum var viðsemjendum okkar ákaflega hagstæður. Þriðja ástæðan fyrir því að samningarnir tókust er orkuverðið, sem samið var um, sem er snautlega lágt, hæstv. iðnrh., og nánast á útsölu, a.m.k. fyrstu árin. Fjórða ástæðan til að samningarnir tókust, sem mikið hefur verið rætt í umræðunni, m.a. af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og Svavari Gestssyni, er að samið var um minni kröfur til mengunarvarna en gerðar eru kröfur um hjá nýjum álverum. Þetta eru þær fjórar meginástæður sem urðu til þess að samningurinn tókst sem menn hafa verið að bíða eftir áratugum saman.

Ég vil fara nokkrum orðum um þessi atriði og byrja á skattamálunum. Forsendan sem gengið er út frá er að laga skattareglur Ísals að þeim breytingum á íslenskum skattalögum sem hafa tekið gildi frá því að aðalsamningurinn var endurskoðaður. Þannig er verið að lækka þá skattprósentu sem Ísal býr nú við sem er stighækkandi skattur á bilinu 35–55% í 33% eins og er hjá íslenskum fyrirtækjum, ef ég skil rétt bæði varðandi nýju og gömlu álbræðsluna og það er það sem ég geri athugasemd við. Það eru ekki svo lítil skattahlunnindi, hæstv. iðnrh. Að auki er gert ráð fyrir að lækkun á sköttum komi til framkvæmda miðað við 1. jan. 1995 eða vegna yfirstandandi tekjuárs. Út af fyrir sig tel ég eðlilegt að ný álbræðsla gangi inn í það skattaumhverfi sem fyrir er en ég tel langt í frá sjálfgefið og reyndar vafasamt að núverandi álbræðsla njóti þeirrar lækkunar sem var að ég best veit samningsbundin við 35–55% skatt fram til ársins 2004, að það njóti þeirrar skattalækkana sem orðið hafa frá og með 1. jan. 1995. Fyrirtækið hefur þó ekki heimild til að greiða út skattfrjálsan arð og réttur Ísals til að leggja 20% í varasjóð er felldur niður við árslok 1996 en á móti því fær Ísal rétt til að færa tap milli ára í allt að fimm ár sem er verulegt skattahagræði fyrir fyrirtækið.

Hagstæðari orkusölusamningar verða fyrst á gildandi orkusamningi við Ísal á árinu 2004 en þá koma til breytingar á orkusölusamningum. Frá 1. okt. 2004 er gert ráð fyrir að sama orkuverð gildi fyrir núverandi orkusölu og eins og til stækkunar Ísals. Þá hefðu eldri skattareglur átt að gilda fyrir núverandi álbræðslu Ísals til þess sama tíma eða til 2004 en nýjar skattareglur einungis að gilda vegna nýju álbræðslunnar. Ég vil fá upplýst, hæstv. iðnrh., hvað það hefði gefið ríkissjóði ef þessar skattareglur gagnvart núverandi álveri hefðu verið í gildi út þennan samningstíma, ef þeim hefði ekki verið breytt yfir í hagstæðari skattakerfi. Þá er ég að tala fyrst og fremst um núverandi álver. (Gripið fram í.) Til 2004, ég skil það svo að í gamla samningnum hefði þetta gilt til 2004 ef þessu hefði ekki verið breytt með þessum hætti. Ég tel líka töluverða fórn fyrir samninginn að í samkomulaginu felst að fastagjald Ísals verði eftir stækkun lækkað úr 20 dollurum á framleitt tonn í 10 dollara á tonn og kemur sú breyting til framkvæmda í upphafi fyrsta heila rekstrarárs stækkaðs álvers eða 1. jan. 1998. Þó að á móti komi að það verði frá 2005 aðeins frádráttarbært frá tekjum, svo sem er um fasteignagjöld og gjöld sem nú leggjast á veltu hlutafélaga, en ekki frádráttarbært frá tekjuskattsgreiðslum eins og nú er, hefur mikið verið gefið eftir til að ná samningnum. Hvaða áhrif hefur breytingin að lækka framleiðslugjaldið um helming? Sú breyting hefur veruleg áhrif. Því 20 dollarar á hvert framleitt tonn en lágmarksgreiðsla miðast við um 100 þús. árstonn, hefur verið um 2 millj. Bandaríkjadollara eða um 130 millj. dollara á ári. Frá og með 1. janúar 1998 lækkar þetta lágmarksgjald í 10 Bandaríkjadali á hvert tonn og árlegt lágmarksgjald jafngildir þá aðeins um 100 millj. kr. Með stækkun og aukinni framleiðslu í allt að 200 þús. tonn þá mun þetta gjald gefa 130 millj. eða það sama, hæstv. iðnrh., eins og við höfum út úr núv. álbræðslu. Með öðrum orðum, það gefur ekkert aukalega inn í ríkissjóð þó við aukum framleiðsluna um næstum helming. (Gripið fram í.) Gjaldið lækkar um helming og þó að við bætum framleiðslunni við gangsetningu nýrrar verksmiðju mun gjaldið einungis gefa það sama og það gefur í dag. Ég er að segja, hæstv. ráðherra, að kannski sé engu hægt að breyta úr því sem komið er en ég er að sýna fram á hvað það kostar íslensku þjóðina raunverulega að fá erlenda fjárfesta inn í landið.

Mér sýnist að aukin framleiðsla muni engu skila umfram það sem verið hefur. Þetta sýnir enn hve hagkvæmar skattalegar niðurstöður samningsaðilar okkar hafa fengið í málinu enda getur vel verið með öðru að það sé það verð sem við þurfum að gefa fyrir samninginn. Þá er ágætt að átta sig á því þó að það virðist litlu hægt um það að breyta nú þegar samningurinn er kominn fyrir Alþingi. Kannski segir samningurinn okkur þá sögu, eins og ég hef hér sagt, hve miklu við þurfum að kosta til að fá erlenda fjárfesta til að fjárfesta hér á landi, þvert á það sem margir héldu, að þeir biðu í röðum til að geta fjárfest hér á landi. Það er ódýra vinnuaflið. Það er ódýra orkan og það eru hagstæð skattakjör sem hafa laðað þennan erlenda fjárfesti til þess að stækka álbræðsluna.

Ég spyr líka að því hvort þær skattareglur, sem Ísal fær í þessum samningum, sem eru miðaðar við núgildandi skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja, geti haldist óbreytt út allan samningstímann ef Ísal kýs svo. Þótt skattar á íslensk fyrirtæki breytist, til að mynda til hækkunar á öllum samningstímanum, getur Ísal haldið þeirri hagstæðu skattalegu stöðu sem þeir fá nú með samningnum, að þeir haldi henni út allan samningstímann? Það er mikilvægt að það komi fram

hvort svo geti farið á samningstímanum að íslensk fyrirtæki þurfi að búa við óhagstæðara skattalegt umhverfi en fyrirtæki í eigu erlendra aðila.

Ég ítreka þá spurningu mína, hæstv. iðnrh., að fá fram upplýsingar um hverjar væru tekjur ríkissjóðs af álbræðslunni ef ekki hefði komið til þessi breyting á skattareglunum samningsaðilum okkar í hag

Hæstv. iðnrh. Mér sýnist að það komi fram á bls. 45, ef ég skil málið rétt, að þrátt fyrir þetta verði ekki verulegar breytingar á þeim heildartekjum sem ríkissjóður hefur haft af rekstri álbræðslunnar þrátt fyrir þessa stækkun og ég held að það sé brýnt að það komi fram.

Áður en ég vík frá skattahlið samningsins spyr ég um það sem kemur fram á bls. 40 í frv. undir lið 4.4. Þar er talað um samkomulag um framkvæmd tiltekinna þátta í skattakafla aðalsamnings. Þar stendur með, leyfi forseta:

„Jafnframt því að undirrita fimmta viðauka við aðalsamninginn var sérstakur samningur undirritaður milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar um skýringu á framkvæmd nokkurra skattaákvæða, m.a. um vinnslu brotamálms, verðlagningu fullunnins áls, afskriftastofns og skattalega meðferð langtímasölusamninga á áli. Samningurinn kveður á um nánari viðmiðun á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila um þau nýju viðskipti sem heimiluð eru með fimmta viðaukanum, þ.e. vinnslu brotamálms, verð á fullunnu áli og meðferð langtímasölusamninga."

Ég hef ekki séð að þetta samkomulag hafi verið sett með þessum samningi sem viðauki eða fylgiskjal þannig að ég spyr sérstaklega um þennan þátt málsins, hvað samningurinn inniheldur nákvæmlega og hvernig standi á því að hann hafi þá ekki verið birtur til upplýsinga fyrir Alþingi sem fylgiskjal með þessu frv. Því spyr ég nánar um innihald samkomulagsins sem kemur hér fram.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu tel ég að útsöluraforkan fyrstu árin, verulegt skattalegt hagræði og ódýrt vinnuafl, vegi örugglega þyngst í því að þessir samningar náðust enda kemur fram í þessu frv. að eftir stækkun muni beinn framleiðslukostnaður í stækkuðu álveri verða verulega lægri en í núverandi álveri. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. iðnrh. óski eftir því að sem minnst verði fjallað um orkusölusamninginn í umræðunni miðað við þá leynd sem óskað hefur verið eftir að hvíli yfir þeim samningi. Ég verð að segja að mér finnst þessi viðskiptaleynd sem svo er kölluð nokkuð sérkennileg og hljóti að vekja upp þá tortryggni að menn hafi samið af sér varðandi orkuverðið. Það er erfitt að sjá að þó orkuverðið verði gert opinbert að það þurfi að hafa nokkurt fordæmisgildi varðandi aðra samninga í framtíðinni. Við hljótum, virðulegi ráðherra, að ráða því sjálf hvenær við lokum þessari útsölu og hvort við opnum hana nokkuð aftur. Þetta þarf því ekki að hafa neitt fordæmisgildi þó að þessir samningar yrðu opinberir.

Það væri fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. iðnrh. án þess að ég sé að biðja hann um að upplýsa nákvæmlega um orkusölusamninginn, hvort hann viti til þess að annars staðar þar sem samið hefur verið um álbræðslur, hafi verið gerðir viðlíka hagstæðir orkusölusamningar og Íslendingar hafa nú gert við Alusuisse-Lonza. Ég held að það væri fróðlegt að fá það upplýst í umræðunni.

Til þess að hafa einhvern samanburð því að það virðist vera mjög viðkvæmt að ræða raforkuna, sem hlýtur að vekja upp mikla tortryggni, tel ég rétt að við fáum upp hjá hæstv. ráðherra í umræðunni hvert raforkuverðið er nú til álversins, til járnblendiverksmiðjunnar og Áburðarverksmiðjunnar. Ég vænti að hæstv. ráðherra sé að hlýða á mitt mál vegna þess að ég er að beina fyrirspurn til ráðherrans. (Gripið fram í.) Ég er að biðja hæstv. iðnrh. að upplýsa þingið um það hvert sé raforkuverðið nú til álversins, járnblendiverksmiðjunnar, Áburðarverksmiðjunnar og fiskvinnslustöðva í landinu. Ég held að það væri ágætt að fá það inn í umræðuna, fríska upp á minni manna hvað orkuverðið er til starfseminnar. Ég vil líka spyrja hæstv. iðnrh., er hann rokinn úr salnum, hæstv. forseti?

Virðulegi ráðherra. Það vakna margar spurningar við það að lesa 60 síður í samningnum og ráðherra verður að hafa þolinmæði til að sitja hér inni og svara þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Ég spyr ráðherrann að því nú þegar ráðast þarf í þessar nýju virkjanaframkvæmdir upp á meira en 3 milljarða, sem ljúka þarf á árinu 1997, m.a. að flýta endurbótum á Sogsvirkjun, hvaða orkuverð við þurfum að fá til að standa undir þeim kostnaði eða með öðrum orðum um það orkuverð sem við fáum fyrstu árin meðan á framkvæmdatímanum stendur til að standa undir nýjum virkjunarframkvæmdum? Ég held að ráðherrann hljóti að geta svarað því jafnvel þó hann upplýsi ekki hér og nú um orkuverðið sem slíkt. Það er þó a.m.k. lágmark að fá fram að þær virkjunarframkvæmdir, sem þarf að ráðast í, hvort að það orkuverð sem við fáum fyrstu árin standi undir þeim nýju virkjunarframkvæmdum sem þurfum að ráðast í. Ég bið ráðherrann að svara því á eins skýran hátt eins og hann getur gert við þessa umræðu.

Meðan ég dvel við orkuverðið er líka ástæða til að spyrja ráðherrann um tiltekin óbein áhrif af þessum samningi. Landsvirkjun og rafveitur selja rafmagn oft á svokölluðum rofnum taxta, þ.e. kaupandi kaupir rafmagn á tiltölulega hagstæðu verði en býr við það óöryggi að það má rjúfa rafstraum til hans fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið ef raforkusalinn telur nauðsyn á því. Það er t.d. fiskvinnslan og garðyrkjan sem hafa fengið slík kjör. Ég spyr ráðherra hvort það sé hætta á því að til rofs komi þar sem eftirspurnin eykst jú í kerfinu við þennan nýja samning. Það eru margir sem hafa verulegar áhyggjur af þessu þannig að ég held að það væri ágætt ef ráðherrann myndi upplýsa það hér í þessari umræðu. Eins vil ég spyrja ráðherrann um áhrif þessa samnings á aðrar rafmagnsveitur en Landsvirkjun, þar með talið verð til almennings eins og fram kom í upphafi máls míns.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti geyma mér að ræða orkuverðið þar til í iðnn. sem fær málið til meðferðar, þar sem mér virðist í reynd ógerningur að ræða um það út frá forsendum samningsins hér í þessum virðulega sal þar sem öll þessi leynd hvílir yfir málinu og ég ætla að ítreka að ég tel mjög óeðlilega.

Varðandi umhverfisþáttinn og mengunarvarnir þá hefur það mjög ítarlega verið rætt hér að vonum af síðustu tveim ræðumönnum. Ég get tekið undir það sem fram kom m.a. hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það er full ástæða til þess að umhvn. fjalli um þennan þátt málsins meðan það er til meðferðar í þinginu. Mér finnst, virðulegi forseti, þessum stóra þætti málsins vera gerð harla lítil skil á þessum 60 síðum í frv. sem við höfum fengið til aflestrar. Það er eðlilegt að það sé spurt: Er svo um hnútana búið að við höfum traustustu mengunarvarnir sem völ er á og hefur sú krafa verið gerð að þær miðist við það sem best þekkist og ýtrustu kröfur sem gerðar eru til nýrra álvera, til nýrra álvera? Ég held að það sé ekki gert ef mark er takandi á því, sem ég ætla nú ekkert

að draga í efa, sem iðnrh. sagði hér sjálfur í sinni framsöguræðu. Hann sagði: Það er ekki tillaga um breytingu á meginsamningi varðandi mengunarvarnir. Ég get ekki skilið það öðruvísi en svo að ekki séu gerðar ýtrustu kröfur eins og gerðar eru til nýrra álvera ef þetta hefur verið uppleggið?

Ég vil líka spyrja hv. ráðherra hver beri ábyrgð á því eftir að starfsemin er hafin að hafa eftirlit með að mengunarvörnunum sé framfylgt. Hverjir bera ábyrgð á því? Þó það mál hafi fengið fullnaðarafgreiðslu þar til bærra stjórnvalda að lögum eins og segir í frv. þá hlýtur iðnn. við meðferð málsins og umhvn. að skoða sérstaklega þennan mikilvæga þátt samningsins.

Örfáum atriðum vil ég í lokin beina til hæstv. iðnrh. Það kemur fram í frv. að samhliða undirritun fimmta viðauka við aðalsamning hafi tveir samningar um tækniaðstoð verið undirritaðir. Annars vegar um tækniaðstoð vegna hönnunar og byggingar nýja kerskálans og tengdra mannvirkja og hins vegar um áframhaldandi rekstraraðstoð eftir stækkun. Ég spyr ráðherrann: Við hverja voru þessir samningar gerðir? Það er ekki upplýst í þessu frv. Hvað innihalda þessir samningar? Hvaða útgjöld hafa þeir í för með sér og hver ber kostnaðinn af þessum samningum? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá einhverjar gleggri upplýsingar um þennan þátt málsins en fram kemur í frv.

Í annan stað kemur fram í frv. að heildarfjárfestingarkostnaður vegna stækkunarinnar sé um 13,5 milljarðar kr. Einungis þriðjungur eða 4,5 milljarðar kr. er innlendur kostnaður, þ.e. vinnulaun, íslenskt byggingarefni og verktakakostnaður en tveir þriðju hlutar eða um 9 milljarðar kr. eru erlend aðföng. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort um sé að ræða erlend aðföng sem ekki eru fáanleg hér á landi því það er vitanlega mikilvægt að sem mest af umsvifunum vegna þessa samnings komi inn í íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Einnig væri fróðlegt að fá upplýst hvort þessi erlendu aðföng séu flutt inn á einhverjum sérstökum kjörum, þ.e. hvort einhver sérstök innflutnings- eða tollakjör af þeim hafi verið boðin eða með öðrum orðum hvað mikið kemur í ríkiskassann vegna þessara 9 milljarða kr. í erlendum aðföngum. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. geti svarað þessum spurningum og það þurfi þá ekki að kalla hæstv. fjmrh. hingað til að vera viðstaddan þessar umræður.

Það er brýnt að fá fram hvort samningar hafi verið gerðir um að hluti aðfanga skuli vera innlendur. Var gerður einhver samningur um að hluti skuli vera innlend aðföng? Slík viðskipti, svokölluð ígildisviðskipti eru að ryðja sér til rúms um allan heim þegar gerðir eru samningar um gagnkvæm kaup á vörum og þjónustu við stóra opinbera aðila.

Síðan er í lokin ein spurning til ráðherrans og það skal vera mín síðasta spurning. Hún fjallar um starfsmannamál. Spurningin er sú: Fengu starfsmannafélögin í Ísal að fylgjast með samningsgerðinni og er gert ráð fyrir að einhverjar breytingar fylgi þessum samningum í samskiptum við verkalýðsfélögin? Nefni ég þar sérstaklega til verktakastarfsemi. Ég held að það sé rétt að fá það upplýst við þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli farið yfir helstu atriðin sem ég tel rétt að fá upplýst í þessari umræðu og ég ítreka að þingflokkur Þjóðvaka mun eins og efni standa til greiða fyrir afgreiðslu þessa máls á þingi þó eins og fram hefur komið í mínu máli ýmsar athugasemdir og spurningar hafi vaknað við yfirferð þessa máls og ég treysti að hæstv. iðnrh. hafi náð þeim niður og svari skilmerkilega hér við þessa umræðu.

[15:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur að gefnu tilefni nokkrum sinnum á þessu þingi og hinu síðasta bent hv. þm. á ákvæði 54. gr. þingskapa. Nú verður forseti að gera það einu sinni til að gefnum mörgum tilefnum í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

En ákvæðið er svohljóðandi:

„Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann."

Þess vegna gengur ekki að segja: Ég vil fá það upplýst, hæstv. iðnrh., eða ég ítreka spurningu mína, hæstv. iðnrh. Forseti mun halda áfram að minna á þetta ákvæði þar til hv. þm. hafa lært þessar einföldu reglur.

[15:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Í mjög athyglisverðri grein í Morgunblaðinu í morgun rekur Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur hvernig framleiðni á Íslandi allt frá árinu 1987 hefur ýmist staðið í stað eða hrakað. Þetta helst í hendur við það að sjálfsögðu að hagvexti á Íslandi hefur á þessum sömu árum ýmist hrakað eða hann staðið í stað. Það er líka athyglisvert að hugleiða það að ef við skoðum okkur í samanburði við önnur Evrópulönd þá erum við eina Evrópulandið þar sem engin erlend fjárfesting hefur átt sér stað á þessum tíma. Hvað er orsök og hvað er afleiðing í þessu sambandi treysti ég mér ekki til að fullyrða, þ.e. hvort skortur á erlendri fjárfestingu er orsökin að því að hér hefur enginn hagvöxtur verið og framleiðni hrakað eða hvort efnahagsástandið á Íslandi er orsökin fyrir því að erlendir fjárfestar hafa ekki hingað til haft áhuga á að fjárfesta hér.

Það er umhugsunarvert að á árunum 1990–1993, á aðeins fjórum árum hefur eigið fé útlendinga, þ.e. erlent eigið fé í atvinnulífi á Íslandi minnkað úr 7.418 millj. kr. í 5.857 millj. kr. Með öðrum orðum hefur orðið neikvæð erlend fjárfesting á Íslandi af ýmsum ástæðum, m.a. vegna tapreksturs hefur eigið fé útlendinga minnkað á Íslandi sl. fjögur ár. Ef við berum okkur saman, til þess að skoða hreyfingar á þessum árum en því miður eru ekki til tölur frá eldri tíma en 1990 sem sambærilegar eru við þjóðir sem nota sömu uppgjörsaðferðir og við þá má segja að erlend fjárfesting hjá þeim sé á þessu sama tímabili u.þ.b. 20-falt meiri í hlutfalli af vergri landsframleiðslu en hjá okkur. Hvernig stendur á þessu? Hver er ástæðan fyrir því að útlendingar hafa ekki viljað fjárfesta á Íslandi? Ég held að við getum rakið skýringarnar allt aftur til áranna 1964, 1965 og 1966 eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér áðan. Það vildi þá svo til að ég fylgdist nokkuð með störfum Alþingis þó ég væri ekki orðinn alþingismaður á þeim tíma og mér eru þær umræður enn í fersku minni. Það voru umræðurnar um það þegar álver var reist í Straumsvík. Og við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að sú ákvörðun sem var svo stór í huga Íslendinga þá að um hana ríkti nánast stríðsástand hér innan veggja Alþingis mánuðum saman var aðeins um að reisa einn kerskála, jafnstórt álver og nú er verið að tala um þegar rætt er um stækkunina á Ísal í Straumsvík. Framkvæmdin var álíka stór þá eins og nú. En mér er enn í minni hverju var haldið fram, m.a. í þingsal á þeim tíma. Því var haldið fram að mengunin af álbræðslunni yrði svo mikil að það yrði ekki búandi í Hafnarfirði og barnadauði í Hafnarfirði yrði svo skelfilegur vegna áhrifa mengunarinnar að fólk mundi flytjast þaðan á brott þar til auðnin ein blasti við. Þessu var haldið fram héðan úr þessum ræðustól. Það var fjöldinn allur af fólki,

herra forseti, sem trúði þessu. Því var líka haldið fram að ef þessi erlendi fjárfestir kæmi til Íslands þá mundi hann svo að segja á einni nóttu breyta Íslandi í varanlegt láglaunasvæði, þ.e. tilkoma álvers í Straumsvík yrði til þess að Ísland yrði varanlegt láglaunasvæði. Nú eru vissulega lág laun borguð á Íslandi en eiga þau fyrirmynd sína í launagreiðslum álversins í Straumsvík? Því var líka haldið fram úr þessum ræðustóli að ef til þess kæmi að erlendur fjárfestir eins og Alusuisse settist að hér á Íslandi þá gætu menn hætt að hugsa um að kjósa hér alþingismenn eða velja sér ríkisstjórn á Íslandi því bæði þingi og þjóð yrði eftir það stjórnað frá Sviss. Þessu var líka haldið fram héðan úr þessum ræðustól og fjöldinn allur af fólki trúði þessu. (**ÓRG:** Það var nú annar ræðustóll.)

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það má rekja sögu deilnanna um erlenda fjárfestingu á Íslandi og ástæðurnar fyrir því að hún hefur ekki orðið meiri aftur til þessa tíma. Deilurnar hafa verið af þessum toga alveg fram á síðustu ár. Hræðslan hefur annars vegar ráðið ferðinni, þessi íslenska minnimáttarkennd sem brýst gjarnan fram í þjóðrembingi, hræðsla Íslendinga við að eiga samskipti við þegna annarra þjóða. Þessi hræðsla er ekki gleymd. Menn urðu síðast varir við hana þegar umræðan um Evrópska efnahagssvæðið var hér á dagskrá. Þá var því haldið fram af málsmetandi mönnum, m.a. formanni eins stjórnmálaflokksins, næststærsta þingflokksins, að ef við gengjum í EES þá mundi það taka við að útlendingar mundu kaupa upp allar helstu hlunnindajarðir og fegurstu jarðir Íslands og var Laxárdalurinn sérstaklega nefndur í því sambandi. Hann yrði nú fljótt kominn í hendurnar á útlendingum. Því var líka haldið fram af sömu aðilum, að ef að þetta gerðist, mundi Ísland fyllast af fólki frá suðrænum löndum sem mundi undirbjóða íslenskt vinnuafl og taka af því atvinnuna ellegar leggjast upp á félagslega velferðarkerfið á Íslandi. Og enn voru margir sem trúðu þessu. Þannig að hræðslan við útlendingana, íslenska minnimáttarkenndin sem kemur oft fram sem þjóðrembingur, tilheyrir ekki bara árunum 1964-1965 og 1966. Hún tilheyrði líka árinu 1993. En það voru líka aðrar ástæður sem komu til. Ástæður sem ekki tengdust hræðslunni við samskipti við útlendinga, heldur viljanum til þess að velja þá útlendinga sem samskiptin átti að hafa við. Þ.e. vilji þeirra manna sem ekki vildu horfa á þá þróun að Ísland tengdist viðskiptaumhverfinu í Vestur-Evrópu þar sem þeir töldu að aukin tengsl Íslands við viðskiptaumhverfið í Vestur-Evrópu festi í sessi það þjóðskipulag sem við Íslendingar höfum búið við og búum við enn og þeir vildu breyta.

Þetta var hin ástæðan fyrir því að deilurnar hafa staðið hér um hvort Ísland hefði áhuga á því að fá erlenda fjárfesta til liðs við sig eða ekki. Það er vissulega, og hefur alltaf verið, pólitísk ástæða, ekki þjóðrembingsástæða. Ekki minnimáttarkennd heldur pólitísk ástæða. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson tók hér fram, spratt afstaða þeirra manna, sem hafa verið á móti öllum tengslum Íslands við viðskiptaumhverfi Vestur-Evrópu, af því að þeir vildu ekki festa í sessi það þjóðskipulag hér á Íslandi sem ríkir og ríkti í löndum Vestur-Evrópu og ríkti hér. Það er líka skiljanlegt miðað við afstöðu þeirra manna til stjórnmála almennt að þeir skyldu hafa haft þá skoðun en á því kann að hafa orðið breyting síðan.

Þessar deilur hafa vissulega haft af okkur Íslendingum lífskjör. Ég er t.d. sannfærður um, þótt ég geti ekki sannað það, að á árunum í kringum 1980, þegar deilur voru milli þáv. stjórnarherra og Alusuisse, voru þeir Alusuisse-menn alvarlega að hugsa um að stækka álverið úr þeirri afkastagetu sem það náði árið 1976 með þeirri viðbótarafkastagetu sem hefur orðið síðan upp á rúmlega 100 þús. tonna framleiðslugetu á ári. Ef þær deilur hefðu ekki komið til í kringum árið 1980 er ég sannfærður um að álverið við Straum hefði verið stækkað á þeim árum. Þegar samkomulag náðist hins vegar á milli stjórnvalda og fyrirtækisins árið 1983 eða 1984, að því að mig minnir, höfðu orðið breytingar á vegna fjárhagserfiðleika Alusuisse. Þá hafði stjórn fyrirtækisins og stefnu þess verið breytt þannig að fyrirtækið dró saman seglin á sviði áliðnaðar, einkum í sambandi við framleiðslu á hrááli, t.d. með sölu dótturfyrirtækja. Í staðinn var ákveðið að efla aðra þætti í rekstri fyrirtækisins, svo sem efnaiðnað og umbúðaframleiðslu. Það varð því ekki af þeim ráðagerðum sem uppi voru hjá stjórnendum fyrirtækisins um þetta leyti að auka álframleiðslu við Straum.

Sama má segja um stjórnarárin fram til 1991. Þá tel ég í tíð þeirra stjórnar að það hefði náðst samkomulag um auknar fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi ef þau mál hefðu getað gengið eðlilega fyrir sig, sem ekki varð. Og þar á Sjálfstfl. nokkra sök. Hann lýsti því þá yfir, m.a. í blöðum og hér á Alþingi, að hann mundi ekki greiða fyrir þeim málum vegna þess að hann hafði meiri áhuga á að sú ríkisstjórn sem þá sat endaði sinn feril, heldur en að standa með þeim sem vildu koma á auknum fjárfestingum erlendra aðila hér á Íslandi.

Það má segja að næsti kapítuli hafi hafist í mars 1992 þegar vísbendingar komu frá Alusuisse um að það væri fýsilegt að stækka álbræðsluna í Straumsvík ef viðunandi samningar næðust. En sá áhugi var fyrst og fremst hjá yfirmönnum þeirrar deildar fyrirtækisins sem fór með álframleiðslu. Þá voru haldnir nokkrir fundir seint á árinu 1992 og m.a. rætt við bæði þáv. forsrh. og þáv. iðnrh. En málið strandaði á því að forsvarsmenn Alusuisse töldu ekki hyggilegt að fara út í stækkun álversins í Straumsvík á sama tíma og þeir voru að loka álverksmiðjum annars staðar í heiminum, t.d. í Noregi, sem voru í eign þessa fyrirtækis. En það lá þegar fyrir í nóvember 1992 að stækkun álversins í Straumsvík væri einhver hagkvæmasti kostur sem hægt væri að sjá, ef stæði til að auka álframleiðslu í heiminum með einhverjum hætti.

Áður en ég kem að síðasta þætti málsins sem nú er farsællega til enda rakinn, þá vil þá drepa niður í nokkrum atriðum sem fram komu á þessum árum um afstöðu einstaklinga, stjórnmálamanna og flokka. Fyrir aðeins fimm árum var gerð svofelld samþykkt af framkvæmdastjórn Sambands ungra framsóknarmanna sem birtist í Tímanum undir fyrirsögninni: „Ekkert álver verði reist". Framkvæmdastjórn Sambands ungra framsóknarmanna ályktaði orðrétt m.a. með þessum hætti, með leyfi forseta: (**Gripið fram í:** Finnur var í stjórninni.) Já, það er rétt. Eða minnsta kosti mjög tengdur henni.

„Framkvæmdastjórn ungra framsóknarmanna ítrekar þá skoðun stjórnar Sambands ungra framsóknarmanna að stóriðja eigi ekki að rísa á suðvesturhorni Íslands vegna þeirrar gífulegu byggðaröskunar sem slík staðsetning veldur." Og áfram. „Réttlætanlegt hefði verið að reisa álver utan suðvesturhornsins til að hamla gegn þeirri óæskilegu byggðaþróun sem orðið hefur undanfarin ár, ef slíkt bryti ekki í bága við umhverfissjónarmið. Nú er komið í ljós að umhverfisspjöll vegna álvers eru töluverð. Glæpurinn er því tvöfaldur verði álverið reist."

Virðulegi forseti, þetta stendur í ályktuninni. „Glæpurinn er því tvöfaldur verði álverið reist." Ég vildi biðja hæstv.

forseta um að koma þessari ábendingu áleiðis til hæstv. iðnrh. því hæstv. forseti hefur bannað mér að ávarpa hann beint. Svo ef að hæstv. forseti vildi vekja athygli hæstv. iðnrh. á þessari ályktun, þá væri það mér mjög kærkomið.

Hæstv. forseti. Það var sagt meira í þessari ályktun. Með leyfi hæstv. forseta, segir svo:

„Nær væri að veita því fjármagni sem Íslendingar leggja til álvers, beint eða óbeint, til að byggja upp atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og stuðla þannig að jafnvægi í byggðaþróun á Íslandi. Samband ungra framsóknarmanna vekur einnig athygli á að með byggingu álvers veikjum við hina hreinu ímynd Íslands. Sú ímynd, hin hreina ímynd Íslands, er forsenda uppbyggingar Íslands sem ferðamannalands og framleiðslulands ómengaðra afurða."

Þar með lauk þessari ályktun, virðulegi forseti. Það er bara fimm ár síðan þetta var gert. Það eru bara fimm ár síðan Samband ungra framsóknarmanna lýsir einróma þessari afstöðu sinni til byggingar álvers. Þá var hæstv. iðnrh. a.m.k. í mjög nánum tengslum við framkvæmdastjórn SUF, í stjórn SUF eftir því sem ég best veit. Og nú spyr ég: Hver skyldi vera afstaða Sambands ungra framsóknarmanna í dag? Hefur sambandið miklar áhyggjur af þeirri gífurlegu byggðaröskun sem staðsetningin veldur? Hvernig er með glæpinn? Er hann einfaldur, tvöfaldur eða þrefaldur að þessu sinni? Og hvað um hina hreinu ímynd landsins, virðulegi forseti?

En þeir voru fleiri, virðulegi forseti, sem höfðu nú heldur betur skoðanir á málunum, fyrir aðeins fimm árum. Hv. þáv. þm., Guðmundur Bjarnason, var hvorki meira né minna en heilbrrh. í stjórninni sem fjallaði um nauðsyn þess að auka fjárfestingar útlendra aðila á Íslandi. Hvað bað hann um, sá virðulegi þingmaður og þáv. og núv. ráðherra? Hann sagði að hér væri að eiga sér stað þenslusprenging og byggðaröskun. Hvað vildi hæstv. þáv. ráðherra að yrði gert? Hann vildi að ríkisstjórnin setti fram einhvers konar áætlun og mat á því óhagræði sem hlytist af því að efna til þenslusprengingar og byggðaröskunar. Ég spyr hæstv. forseta og bið hann að koma þeirri spurningu áleiðis til virðulegra ráðherra: Hvenær er þess að vænta að slík áætlun verði lögð fram, þá væntanlega af félmrh. sem er framsóknarmaður? Varla er það verkefni hæstv. umhvrh. að gera það.

En það voru fleiri, virðulegi forseti. Hæstv. núv. félmrh. lét svo ummælt (**Gripið fram í:** Hver er það?) Hann heitir Páll Pétursson. Ég er nýbúinn að óska honum til hamingju með stækkun Blöndulóns sem er ein af þeim ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið vegna þessa álverssamnings. Ég ætla að gera það aftur til að það fáist skráð í þingtíðindin að ég óska hæstv. félmrh. sérstaklega til hamingju með stækkun Blöndulóns. En hann sagði, að sjálfsögðu í Þjóðviljanum, 5. okt. 1990, með leyfi forseta:

„Páll telur að til verði að koma ákvæði um endurskoðunarrétt vegna harðræðissjónarmiða því ef spár um verðþróun ganga ekki eftir og álverð verði lægra um árabil, hljóti Landsvirkjun að verða að hækka verð til almenningsveitna. Þess vegna vill hann að gólf verði sett í samninginn því annars sé áhættan óbærileg."

Hann vill sem sagt gólf. Nú er ekkert gólf. Hann sagði þá að áhættan væri ella óbærileg. Allsendis óbærileg. Ég mundi biðja hæstv. forseta að koma því á framfæri við hæstv. iðnrh. að þeir, hann og hæstv. félmrh., spjölluðu nú saman um þessa óbærilegu áhættu. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um það hvað getur gerst á litlum fimm árum. Og umræður um þessi mál eins og hefur komið fram hér, m.a. í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar, sem er aðili að málinu sem stjórnarmaður í Landsvirkjun og hefur greitt atkvæði, eftir því sem ég best veit, í stjórn Landsvirkjunar með þeim orkusamningi sem liggur að baki. Hann hefur a.m.k. lýst yfir samþykki sínu við þann orkusamning, hann telur hann hagstæðan, hagstæðari en ekki og málflutningur hans allur hér í þessu máli áðan ber líka vitni um það hvað afstaða manna hefur breyst á skömmum tíma.

Er það ekki rétt munað að fyrrv. alþm. Kristín Einarsdóttir sitji í stjórn Landsvirkjunar? Er ekki rétt að stjórn Landsvirkjunar hafi einróma fallist á og verið sammála um að þessi samningur um orkusölu sé skynsamlegur? (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Þarna eiga allir stjórnmálaflokkar þá sinn fulltrúa nema Þjóðvaki. Ég held að Þjóðvaki — jú, Þjóðvaki á líka fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar. (**Gripið fram í:** Fulltrúi Reykjavíkurborgar.) Fulltrúi Reykjavíkurborgar. Það er mjög athyglisvert til þess að vita hve mikil samstaða er þarna og mætti þá geta sér til að það yrði góð samstaða um málið á hinu háa Alþingi þar sem fulltrúi Kvennalistans og Alþb. hafa báðir lýst jákvæðum viðhorfum til landsins. (**ÓRG:** Við höfum ekki heyrt í Páli Péturssyni enn þá.) Við höfum ekki heyrt í Páli Péturssyni, hv. þm., það er rétt. Við höfum ekki heldur heyrt í Hjörleifi Guttormssyni, en við eigum eftir að heyra í honum hér á eftir.

Það má segja að lokakafli málsins hafi verið farsællega til lykta leiddur og ég vil óska hæstv. ráðherra til hamingju með það. Það er gott að ljúka því máli með þeim hætti sem hann hefur gert. Það má segja að síðasta lotan hafi hafist í ágústmánuði 1994 og það var ekki síst vegna tilkomu þess möguleika að Íslendingar hefðu sjálfir milligöngu um að byggja þriðja kerskálann við álverið í Straumsvík með því að kaupa kerskála sem boðinn var til sölu frá fyrirtækinu VAW Aluminium Technology frá Þýskalandi í samræmi við það mat sem áður hafði farið fram um hagkvæmni þess að reisa þriðja kerskálann. Það má eiginlega segja að sá atburður hafi valdið nokkrum breytingum í málinu, ekki síst þegar viðsemjendur Íslendinga gerðu sér ljóst að Íslendingar voru reiðubúnir til þess sjálfir að hafa frumkvæði að því með öðrum fjárfestum að kaupa þennan skála, reisa hann sem þriðja kerskála við álverið í Straumsvík og hefja þar starfrækslu. Það lá á borðinu að það var fjárhagslega hagkvæmt og skynsamlegt að gera þetta. Ég held að það hafi orðið til þess að sannfæra fulltrúa Alusuisse-Lonza um að það væri rétt af þeim að taka frumkvæði í málinu sem þeir og gerðu nokkru seinna, eða í byrjun árs 1995, með því að tilkynna að þeir væru reiðubúnir til þess að hefja samningaviðræður við Íslendinga um að byggja þriðja kerskálann. Þeir tilkynntu skömmu síðar að þeir væru reiðubúnir til þess að fjármagna það sjálfir, eftir að þeim var orðið ljóst að Íslendingar voru tilbúnir til þess að leysa það verkefni af hendi í samvinnu við aðra aðila, ef Alusuisse-Lonza vildi ekki taka frumkvæði í málinu, sem það svo gerði. Hæstv. iðnrh. hefur síðan fylgt málinu eftir og gert það skynsamlega að mínu mati og niðurstaðan liggur nú fyrir.

Menn hafa rætt um ýmsa þætti þessara mála, svo sem orkuverð, skattamál og fleira. Menn hafa gert lítið úr áhrifum á atvinnustig vegna þessara framkvæmda o.s.frv. Ég vil í lokin víkja nokkrum orðum að þeirri gagnrýni. Í fyrsta lagi langar mig til að vekja athygli á því, hvað búið er að gerbreyta rekstrarumhverfi fyrirtækis eins og þessa, sem við erum að ræða um hér. Það var gert af hálfu fyrri ríkisstjórnar, ekki síst með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem tryggir

þessum aðilum tollfrjálsan aðgang að öllu markaðssvæði hins Evrópska efnahagssvæðis og er, eins og fram kemur í greinargerðinni, ein af forsendum þess að þessi ákvörðun er tekin.

Í öðru lagi var það verk fyrrv. ríkisstjórnar að gerbreyta bæði banka- og gjaldeyrismálum á Íslandi. Við gerðum gjaldeyrisviðskiptin algerlega frjáls, við komum á sambærilegri skipan bankamála eins og gerist og gengur í ríkjunum í kringum okkur, þannig að þessi viðskiptalegu atriði eru orðin þau sömu og í okkar helstu markaðslöndum. Það er annar stór þáttur í þeirri ákvörðun erlendra fjárfesta að koma hingað með fé sitt.

Í þriðja lagi voru gerðar algerar breytingar á skattalegu umhverfi atvinnurekstrarins á Íslandi. Áður fyrr var það fyrsta krafa erlendra fjárfesta sem höfðu áhuga á því að koma hingað, fyrir utan kröfu um hagstætt orkuverð o.s.frv., að fá sett um sig sérstök skattalög vegna þess að þeir gátu ekki fellt sig við það skattalega umhverfi í atvinnulífi sem var á Íslandi og var gerólíkt skattalegu umhverfi í atvinnulífi í löndunum í kringum okkur. Þessu var gerbreytt á síðasta kjörtímabili, þannig að þeir aðilar sem rætt er við og hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi, eða við Íslendingar höfum áhuga á að fjárfesti hér, orða það ekki einu sinni þegar þeir hafa fengið upplýsingar um skattalegt umhverfi atvinnurekstrar á Íslandi. Þeir orða það ekki að þeir þurfi á því að halda að fá einhverjar sérstakar skattalegar afgreiðslur eins og menn gerðu áður. Eitt af megintriðum þessa samnings er að gera þá breytingu á skattalegri meðferð Ísals að það lúti sömu skattalegum aðstæðum í öllum meginatriðum og íslensk fyrirtæki gera. Þetta er gerbylting á því umhverfi sem atvinnulífið á Íslandi þarf að búa við og í mínum huga vafalaust eitt af sterkustu atriðum þess að gera Ísland að eftirsóknarverðari kosti fyrir erlenda fjárfesta en það hefur verið.

Menn hafa gagnrýnt orkuverð. Ég veit ekkert um það annað en það sem fram hefur komið. En ég hlýt að leggja áherslu á að benda mönnum á að það er ekki um það deilt í stjórn Landsvirkjunar að þetta sé hagstæður samningur fyrir fyrirtækið, og það skiptir auðvitað meginmáli. Það er hins vegar mjög eðlilegt að fyrirtæki vilji ekki láta koma fram hvert verðið er á þessari umframorku, vegna þess að það hefur það eitt í för með sér að gera samningsaðstöðu Íslendinga gagnvart hugsanlegum orkukaupendum í framtíðinni verri. En í því sambandi vildi ég aðeins taka eitt efnisatriði fram og vildi gjarnan að hæstv. iðnrh. væri viðstaddur, ef það væri hægt, virðulegi forseti, að biðja hæstv. ráðherra að ganga í salinn.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma. Það var eitt atriði sem mig langaði til þess að nefna í hans áheyrn. Ég var, virðulegi forseti, að tala um að mér fyndist mjög eðlilegt af hálfu stjórnar Landsvirkjunar að gefa ekki nákvæmlega upp það orkuverð sem hún hefur samið um vegna stækkunar álversins í Straumsvík, þar sem verið er að ráðstafa umframorku sem engar tekjur hafa ella komið fyrir. Það setti íslenska aðila einfaldlega í erfiðari stöðu í samningum við hugsanlega orkukaupendur erlendis frá sem síðar kæmu. En í því sambandi vildi ég aðeins drepa á eitt atriði sem ég vildi gjarnan að hæstv. iðnrh. hlustaði á. Ég varð þess áskynja undir lok veru minnar í iðnrn. að erlendir áhugamenn um viðræður við Íslendinga um orkukaup áttu greiðan aðgang að öllum upplýsingum um kostnaðarverð hjá Landsvirkjun við framleiðslu raforku eftir ýmsum virkjunarkostum. Þeir virtust geta keypt þessar upplýsingar hjá aðilum sem hafa unnið að slíku mati fyrir Landsvirkjun sem verktakar. Þeir aðilar sem ég komst í tæri við voru sumir kannski ekki af A-flokki í viðskiptum og ekki líklegir til stórræða. Það eina sem þeir vissu var allt um þetta. Þeir höfðu fengið nákvæmar upplýsingar um framleiðslukostnað Landsvirkjunar á raforku miðað við ýmsar leiðir sem Landsvirkjunarmenn höfðu látið kanna. Þetta vissu þeir upp á sína tíu fingur. Þetta er mjög óeðlilegt og gerir samningsaðstöðu Íslendinga gagnvart orkukaupendum mjög erfiða. Ég vildi því beina því til hæstv. ráðherra og spyrja hann að því hvort hann hafi orðið þess sama áskynja og ég, að svo virtist vera sem útlendir áhugamenn um virkjanasamninga við Íslendinga gætu keypt slíkar upplýsingar af verktökum sem unnið hafa fyrir Landsvirkjun. Sé svo, hvernig hyggst hæstv. ráðherra þá taka á málinu?

Að lokum vil ég segja að mér finnst ósköp lítið til um þá röksemd að þessar framkvæmdir, sem nú standa fyrir dyrum, skapi ekki fleiri atvinnutækifæri en lýst hefur verið. Stóriðjuframkvæmdir og rekstur stóriðjuvera, allir vita að þar er ekki verið að gera út á rekstur sem er mjög vinnuaflsfrekur. Það sem við erum að selja með þessum hætti er ekki fyrst og fremst íslenskt vinnuafl. Við erum að selja íslenska orku. Menn verða að líta á tekjumöguleikana sem þetta skapar okkur, þjóðarbúinu í heild, því að tekjumöguleikarnir á bak við hvern einstakling sem stundar atvinnu hjá viðkomandi fyrirtæki eru að sjálfsögðu mjög miklir. Þótt þessi framkvæmd skapi ekki mörg atvinnutækifæri út af fyrir sig, skapar hún íslenska þjóðarbúinu feikilega miklar tekjur og það er mergurinn málsins.

Ég vona svo að ákvörðun þessa erlenda aðila sem hefur langa reynslu af samskiptum við íslensk stjórnvöld sem fjárfestir verði til þess að vekja meiri áhuga annarra erlendra fjárfesta á möguleikum þess að fjárfesta á Íslandi í orkukaupum og geti þannig velt þyngra hlassi þegar fram í sækir en bara því sem við erum að ræða um nú, þ.e. að auka álframleiðsluna í Straumsvík um þriðjung. Auðvitað er sjálfsagt að skoða mjög vandlega öll þau gögn sem fram verða lögð í málinu, en við alþýðuflokksmenn munum gera það með jákvæðum hætti. Við teljum þetta þarft spor, en auðvitað getur verið að það séu kannski einhver atriði í samningnum sem ástæða er til að skoða betur. Og það verður að sjálfsögðu gert.

[16:14]

Útbýting þingskjala:

Nýting innlends trjáviðar, 184. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 228.

Togveiðar, 149. mál, svar sjútvrh., þskj. 230.

Úttekt á afskrifuðum skattskuldum, 187. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 232.

[16:15]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga til staðfestingar á samningum vegna ráðgerðrar stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík. Þó að mál þetta sé kannski ekki mjög stórt að vöxtum miðað við áhrif á þjóðarhag, eða hvað varðar fjölda starfa í landinu, þá tengist það ýmsum þáttum sem þörf er á að ræða og það ítarlega á Alþingi Íslendinga, ekki síst vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað í sambandi við stóriðjumál og ráðstöfun íslensks vatnsafls í því samhengi.

Einnig er þörf á að ræða þetta mál með tilliti til umhverfismálanna og þau mun ég gera að sérstöku umræðuefni og hef haft af því nokkur afskipti við undirbúningsþátt þessa máls og vil í því sambandi beina orðum til hæstv. umhvrh. Einnig er þörf á að ræða þetta mál í tengslum við stöðu atvinnumála almennt í landinu og þá annars staðar en við Faxaflóa sérstaklega þó að víða sé það ástand bágt.

Virðulegur forseti. Ég rifja það upp í upphafi að 1978 þegar ég kom að málefnum álbræðslunnar í Straumsvík í iðnrn. var raforkuverðið til þeirrar verksmiðju 6,8 mill eða þar um bil. Það var með þeim hætti að það stefndi í stórfelldan halla og stórfelldan vanda hjá Landsvirkjun sem hafði þá og var sýnilega knúin til þess í framhaldinu að velta meðgjöfinni af raforkusölunni til Ísals á almenna raforkukaupendur í landinu. Ekki var nokkur leið að fá sanngjarna leiðréttingu á stöðu viðskiptavina Landsvirkjunar og þeirra fyrirtækja sem Landsvirkjun seldi orku á þeim árum án þess að það væri tekið á orkusölunni til þessa stórfyrirtækis. Niðurstaðan sem fékkst, og ekki var gefið mikið fyrir af talsmanni Alþfl. í umræðunni að mér heyrðist, var sú að 1984 var þó samið um það að orkuverðið til þessa fyrirtækis yrði á bilinu 12,5–18,5 Bandaríkjamill fyrir kílóvattstundina. Það er á þeim grunni sem Landsvirkjun hefur tekist lengst af síðan að halda í horfinu rekstrarlega vegna þeirrar stökkbreytingar á raforkuverði til þessa stóra viðskiptaaðila en þó hefur að vísu verið taprekstur þar síðustu tvö árin. Ég staldra við þetta, virðulegi forseti, vegna þess að nauðsynlegt er að læra af þessari sögu, einnig nú þegar menn eru að gera raforkusamning um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík með þeim hætti sem hér er verið að gera, og ég tala ekki um í sambandi við þau áform sem uppi eru um stóriðju við Faxaflóann í ríkum mæli.

Allir sem fylgst hafa með þessum málum þekkja hver aðstaðan var á sínum tíma til að fá leiðréttingu á raforkuverðinu. Hún var ekki eingöngu erfið vegna þess hvernig búið var um samninga 1966 heldur var það ekki síður vegna þess að í landinu var verulegur hópur fólks sem leit á þennan samning sem eitt af sínum gildustu verkum og tók alla gagnrýni á þennan samning inn á sig að það væri risið til varnar fyrir hann í staðinn fyrir að taka á til sóknar. Þetta gerði þungt undir fæti að fá fram leiðréttingu og það var ekki fyrr en fyrirtækið í Straumsvík stóð frammi fyrir töpuðu gerðardómsmáli í alþjóðlegum gerðardómi í New York að opnað var fyrir það að verða við kröfum Íslendinga um stórfellda hækkun á raforkuverðinu.

Virðulegur forseti. Ég held að einnig sé þörf á því að hafa þetta í huga í tengslum við þau ákvæði sem varða raforkusölu og eru í þessum samningi þó að ég hafi ekki möguleika á að fjalla um þau í einstökum atriðum. Ég sé það af þessu frv., sem var lagt fram á Alþingi í gær eða í fyrradag og mér hefur gefist í rauninni mjög takmarkaður kostur á að fara í gegnum vegna þess að ég tók sæti á þinginu í morgun — ég kom til landsins erlendis frá í gær — að gert er ráð fyrir bindingu á raforkuverðinu með ákveðnum hætti á samningstímanum þannig að það er í rauninni ekki fyrr en á árinu 2014 sem opnað er fyrir verulega endurskoðunarmöguleika á orkuverðinu ef ég hef lesið rétt í málið. Þarf að koma til eitthvert sérstakt harðræði að mati samningsaðila og það er þá gagnkvæmur réttur til að taka raforkuverðið upp til endurskoðunar á þessum tíma.

Ég staldra við þjóðhagslega þáttinn í málinu sem er orkusalan og sérstaklega skattgreiðslurnar fyrir utan launagreiðslur. Hin varanlegu störf eru hins vegar svo fá að ekki er þörf á að fjalla mikið um þann þátt málsins í almennu samhengi. En ég held að það sé mikil nauðsyn á því að iðnn. þingsins fari vandlega ofan í þessa þætti, þar á meðal ofan í skattamálin því að mér sýnist satt að segja að þar geti verið um að ræða létti á skattgreiðslum fyrirtækisins miðað við þau ákvæði sem hafa verið í gildi. Því er óhjákvæmilegt að farið verði vandlega ofan í saumana á því þannig að menn fái heildarmynd af raforkuverðinu, þ.e. ef iðnn. fær orkusölusamninginn til umfjöllunar sem og skattgreiðslurnar.

Virðulegur forseti. Mér finnst satt að segja ekki boðlegt að við séum að ræða um þetta mál án þess að alþingismönnum hafi verið gefinn kostur á því að fá raforkusamninginn í hendur í heild sinni. Ég spyr hæstv. ráðherra að því: Er hann ekki reiðubúinn til þess að veita Alþingi Íslendinga, hverjum einasta alþingismanni, gögn málsins þannig að menn hafi möguleika á að meta málið? Sennilega hefði ég átt að byrja ræðu mína á því að neita að ræða þetta mál fyrr en hæstv. ráðherra hefði afhent samninginn. Það nær auðvitað engri átt þar sem um opinbert fyrirtæki er að ræða sem er Landsvirkjun að þingið sem á að fjalla um málið hafi ekki fengið gögnin á borðið. Það kunna að vera ástæður fyrir því og það er sjálfsagt að skoða þær og hafa umburðarlyndi gagnvart ástæðum sem varða viðskiptaleynd, ekki síst þegar þannig er um hnútana búið sem mér skilst vera að verið sé að afhenda þessa raforku á útsöluverði framan af tímabilinu og það þyki kannski ekki mjög þægilegt að presentera þau efni opinskátt í tengslum við þau áform sem uppi eru um frekari stóriðjusamninga af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Mér finnst ekki ná neinni átt að alþingismönnum sé mismunað í þessum efnum. Alþingismenn í stjórn Landsvirkjunar hafa væntanlega fengið þennan samning og hvers eigum við að gjalda, aðrir þingmenn, að fá ekki að skoða þessi mál og fara yfir þau út frá gögnum málsins? Þetta nær ekki nokkurri átt. Þetta veldur eðlilegri tortryggni og þetta gerir þinginu mjög erfitt fyrir að annast þá gæslu íslenskra hagsmuna sem felst í því að fara vandlega yfir efni málsins.

Það má lesa í fylgiskjölum með málinu og ráðherra hefur haft það yfir við framsögu sína að mikið sé upp úr þessum raforkusölusamningi að hafa fyrir Landsvirkjun. Einir 8 milljarðar kr. eða svo á tímabilinu, ef ég hef tekið rétt eftir, miðað við þær forsendur sem eru ekki traustari en spádómsgáfa þeirra nær sem hafa reitt þær fram.

Virðulegur forseti. Er alveg víst ef við lítum á raforkuverðið eitt út af fyrir sig að þetta sé slíkur kostur fyrir Landsvirkjun að það beri að grípa hann, þetta sé sú gæs sem beri að grípa hér og nú? Það er sagt að afgangsorka í kerfinu sé upp á 730 gígavattstundaframleiðslu á ári, það er mikil orka. Hún er búin að vera þarna nokkuð lengi, en í því sambandi hljótum við að rifja það upp að þegar grunnur var lagður að Blönduvirkjun á sínum tíma var sú virkjun ekki rökstudd sem stóriðjuvirkjun. Af þeim sem reiknuðu forsendurnar í Blönduvirkjun á sínum tíma var það borið fram, og það liggja fyrir gögn um það, að Blanda væri hagstæð virkjun og hagstæðasta virkjunin sem völ væri á á þeim tíma fyrir almenna orkuöflun fyrir landið, fyrir hinn almenna markað í landinu. Vissulega voru þá aðrar orkuspár sem miðað var við sem reyndust mjög fjarri lagi þegar tímar liðu en samt ekki svo að forsendurnar fyrir Blöndu voru þessar þegar ráðist var í framkvæmdirnar og þeim var frestað um skeið og orkuspánni hafði þá verið breytt. Það er rangt að ræða þessi mál á þeim forsendum að það sé einhver stórkostlegur vandi að hafa umframorku í landskerfinu ef virkjunin,

sem framleiðslugetan byggir á, hefur verið metin sem hagkvæmur virkjunarkostur og sá hagkvæmasti sem kostur er á. Menn bentu á það þegar Blönduvirkjun var til skoðunar að aðra leið bæri að skoða, það væri smávirkjanaleiðin, þ.e. að raða upp virkjunum sem dygðu fyrir hinn almenna vöxt í landinu í 1–2 ár, virkjanir af stærðinni Villinganes. Bessastaðavirkjun mætti nefna í því sambandi. Virkjanir af þessari stærð. En því var hafnað, ekki á stóriðjuforsendum heldur af almennum kostnaðarástæðum.

Nú er vöxtur í innanlandskerfi okkar ekki nema um 50 gígavattstundir á ári. Hann var metinn yfir 100 þegar þessar áætlanir voru gerðar um 1980 og árin þar á eftir var gert ráð fyrir tvöfalt örari vexti í landskerfinu. Síðan kemur spurningin um það hvort ekki sé möguleiki á að ráðstafa þessari orku þannig að meira fáist fyrir hana en þarna er í boði. Hafa menn farið yfir það? Síðan spurningin um það, hæstv. iðnrh.: Hver verða áhrifin af orkusölusamningi eins og hér um ræðir gagnvart þeim aðilum sem ríkisstjórnin hefur áhuga á að semja við um raforkusölu? Hver verða áhrif fordæmisins? Hvernig verður staðið að því af hálfu stjórnvalda, meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar þegar þar að kemur, ef svo ber til, að semja um annað 200 þús. tonna álver? Hver verður staðan? Ætli verði ekki freistandi fyrir ýmsa, m.a. í formi atvinnuástands, að gera samninga þar sem teflt verður á orkuna sem auðlind og teflt á tæpt vað í þeim efnum? Ég óttast það og ég vil að málið sé skoðað í ljósi þeirrar stöðu, sem ég skal fara að koma að, virðulegi forseti, því að þar liggur mér nokkuð á hjarta.

Hæstv. umhvrh. hefur gefið út starfsleyfi fyrir stækkun álbræðslunnar í Straumsvík upp í 200 þús. tonn þar sem gert er ráð fyrir því í grunninum að það er verið að heimila 200 þús. tonna framleiðslu þó að hér sé aðeins verið að semja um 162 þús. tonn eða nálægt 60 þús. tonna aukningu. Hvernig stendur á því að það er verið að hafa slíkt hlaup sérstaklega þegar þannig er staðið að verki í sambandi við starfsleyfið? Það er vissulega ekki verið að gefa það endanlega út upp í 200 þús. tonn en þegar þannig er staðið að verki að ekki er farið eftir almennum alþjóðlegum viðmiðunum eins og þær liggja nú fyrir varðandi almennar mengunarvarnir er þá eitthvert vit í því að binda sig í þessum efnum — og það á reyndar við um raforkusöluna líka — gagnvart Ísal upp á 200 þús. tonn? Mér finnst meira en vafasamt að gera það og það eru fjölmörg atriði sem ég þarf að nefna í sambandi við þau mál.

Virðulegur forseti. Það er ekki aðeins að mengunarviðmiðunin varðandi mengunarvarnir sé með þeim hætti sem ég nefndi heldur er það svo að í málsmeðferðinni hefur verið haldið á þessu máli þannig að það stangast á við alla þróun í þessum efnum, þ.e. að opna almenningi aðgang að því hvað er að gerast í sambandi við umhverfismál fyrirtækja. Hæstv. umhvrh. hefur látið hafa sig í það að slást í hóp þeirra sem vilja þrengja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og að möguleikum að koma þar að athugasemdum. Það ofan á annað er stórkostlega ámælisvert að mínu mati og ekki séð fyrir endann á því. Kannski eru einhverjar sérstakar ástæður, virðulegi forseti, sem valda því að hæstv. iðnrh., sem ber fram frv., tvítekur í þessu plaggi að staðfesting ráðherra á starfsleyfi felur í sér endanlega afgreiðslu málsins.

Virðulegur forseti. Við skulum nú stikla á nokkrum atriðum sem varða starfsleyfið. Ég kem þá fyrst að því sem varðar tækni þá sem álbræðslan í Straumsvík byggir á og sem hugmyndin er að nýta áfram í sambandi við þessa stækkun. Þessi tækni, sem kölluð er Ísal-tækni í starfsleyfi, uppfyllir ekki skilyrði alþjóðasamninga um bestu fáanlega tækni. Hún stenst ekki mælikvarða sem er skammstafaður BAT á enskunni, Best Available Technology, og þess vegna er ekki vísað í bestu fáanlega tækni í starfsleyfi ráðherrans heldur í Ísal-tækni. Á hverju byggir þetta? Það byggir m.a. á því að ekki er hægt að tappa álinu í Straumsvík úr lokuðum kerum með rana heldur þarf að brjóta þau upp og af þeim sökum eykst mengunin, af þeim sökunin verður útblástur flúors meiri heldur en hann yrði með annarri tækni, við getum nefnt pechinay-tækni. Við getum nefnt ýmsa aðra tækni sem um er að ræða.

Þetta varðar umhverfismálin. En spurningin um hvaða tækni er beitt hefur fleiri hliðar, virðulegi forseti, og það var rætt lítillega í opinberri umræðu á síðasta sumri sem ég vil leyfa mér að tengja aðeins við þetta atriði málsins. Það er hættan á því, svo ég taki ekki dýpra í árinni, að sú bræðsla sem verið er að leyfa tvöföldun á, verði ekki samkeppnisfær og það geti reynt á þau skilyrði þessa samnings að fyrirtækið leggi upp laupana á leiðinni innan gildistíma samningsins. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. hafi tekið eftir því sem var til umræðu í blöðum í sumar þar sem Pálmi Stefánsson, tæknilegur framkvæmdastjóri hjá Hydro Equipment í Noregi, fjallaði um þessi efni og varaði mjög sterklega við. Þessi efnaverkfræðingur, sem starfaði hjá Alusuisse í Sviss og Austurríki 1968–1969, stjórnaði uppsetningu tækjabúnaðar hjá Ísal í Straumsvík á árunum þar á eftir og var verkefna- og þróunarstjóri hjá Ísal 1973–1989, varar mjög sterklega við því að þarna sé verið að framlengja tækni sem sé orðin úrelt. Auðvitað brást forstjórinn í Straumsvík við, Christian Roth, og svaraði og færði rök að því að það væri hagkvæmast fyrir fyrirtækið að byggja á Ísal-tækninni. Ein af ástæðunum sem forstjórinn nefnir, og það er rétt að rifja það upp — það er í grein í Morgunblaðinu frá 7. sept. — að með því aðeins að beita Ísal-tækni verði hægt að selja ódýrt ál í framtíðinni. Þannig er það orðað í Morgunblaðinu. En það vill þannig til að það er álverðið sem allt veltur á í sambandi við hvernig raforkuverð kemur út. Ég hvet til þess að þetta efni verði athugað sérstaklega af iðnn. þingsins, þ.e. hin úrelta Ísal-tækni, bæði að því er varðar umhverfismálin en einnig að því er varðar samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Virðulegur forseti. Síðan er það starfsleyfið sjálft, hinar endurskoðuðu tillögur um starfsleyfi sem hæstv. umhvrh. hefur staðfest og segir að hann sé búinn að staðfesta endanlega þannig að engu verður um hnikað. Ég verð að fara fljótt yfir sögu en varðandi það efni sem menn hafa haft hvað mestar áhyggjur af í nágrenni verksmiðjunnar, þ.e. losun flúors, er verið að heimila fyrirtækinu í heild að losa þrefalt meira flúor en miðað er við í nágrannalöndum okkar, í stórveldi í áliðnaðinum eins og í Noregi en einnig í Svíþjóð og víðar um lönd þar sem hugsað er um umhverfismálin. Þrefalt meiri losun og ekki er notað tækifærið núna að binda fyrirtækið gagnvart stækkuninni og miða þar við alþjóðlega staðla. Ó nei, allt er sett í einn pott og það eru engin tök á því að halda fyrirtækinu sérstaklega við efnið varðandi nýja hlutann, ekki einu sinni miðað við þau slöku mörk sem sett eru sem viðmiðun inn í starfsleyfið. Bara til að nefna þetta er losunin á flúor 1,4 kg/tonn á árgrundvelli. Viðmiðun í Noregi er 0,4 eða þar undir og ég hef bréf undir höndum frá álfyrirtæki í Noregi frá því fyrir fjórum árum eða svo sem segist komast niður í 0,35 í sambandi við það. Þar er

jafnframt á ferðinni vothreinsibúnaður sem gerir kleift að lækka einnig losunina á flúor.

Virðulegur forseti. Í gildi er alþjóðlegur samningur undir merki Parcom eða Parísarkommissjónarinnar sem gerður var 1994 og í tillögunum að þessum Parcom-samningi, sem er nr. 94/1 Parcom Recommendation, gera Norðmennirnir tillögur um það að fara niður í 0,4 í þessari alþjóðlegu viðmiðun varðandi flúor og ef ekki er um að ræða vothreinsun verði mörkin 0,5. Auðvitað komu ýmsir og sögðu: Þetta er allt of strangt og það var rætt um þetta í Parísarnefndinni sem gengur frá eða fer yfir þessi mál og þar komust menn að samkomulagi um að hámarkið í losun yrði 0,6 kg/tonn. Hvað gerir hæstv. umhvrh. Íslands sem er aðili að Parísarsamþykktinni? Hvað setur hann inn í starfsleyfið sem viðmiðun fyrir hinn nýja áfanga? Er það 0,6? Nei, það er 0,65 + 0,2 tonn vegna svokallaðrar hreinálvinnslu eða 0,85 kg/tonn sem losun fyrir flúor. Haldið þið að það sé ekki efnilegt fyrir fyrirtækin að koma í kjölfarið og vísa í þetta starfsleyfi? Fyrirtæki sem hæstv. iðnrh. ætlar að draga að landi uppi í Keilisnesi eða í Hvalfirði, Columbia Aluminium og hvað þetta heitir, að geta gengið að starfsleyfi sem er svona útbúið að því er varðar flúor.

Hvernig er staðið að málum varðandi brennisteinsdíoxíð? Það er í rauninni sama og núll. Það stendur að vísu viðmiðunin 21 kg/tonn heimild til losunar en það er enginn möguleiki að verjast því að hækka þessi mörk ef rafskautin, sem valda brennisteinsmenguninni, innihalda meira af brennisteini. Þannig er frá þessu gengið ef það er til óþægindа fyrir fyrirtækið að það getur ekki aflað sér rafskauta sem eru með lægra innihaldi þannig að þau standist þessi mörk að þá er bara slakað til vegna alþjóðlegrar samkeppni. Þetta er vel um hnútana búið. Í Skandinavíu er vothreinsun sem gerir kleift að lækka þessi mörk niður í um 2 kg/tonn og svo fær hæstv. umhvrh. uppáskrift frá Hollustuvernd ríkisins um að það sé svo sem allt í lagi. Hollustuvernd ríkisins 1990, þegar við fjölluðum um stækkun álbræðslu í Straumsvík og verið var að afgreiða sérstakt frv. um raforkuver vegna væntanlegrar stóriðju, rökstuddi það skýrt að það væri mjög æskilegt frá umhverfissjónarmiðum að hreinsa brennisteininn. Núna er engin þörf á því. Er þetta trúverðugt?

Virðulegur forseti. Þörf væri að vekja athygli á mörgum fleirum atriðum sem snerta mengunarmálin og ég hef gert það í þeim erindum sem ég hef sent til Hollustuverndar ríkisins, til skipulagsstjóra ríkisins sem er að fjalla um mat á umhverfisáhrifum, til hæstv. ráðherra og til stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Ég hef viljað láta á það reyna að menn tækju á í þessum efnum en færu ekki bara að ganga erinda fyrirtækisins og taka því sem fyrirtækinu þykir gott. Ekki bara út af þessari stækkun núna, heldur vegna þeirrar ábótar, sem menn eru að óska sér sem hafa völdin á Íslandi í dag, eru að óska sér í sambandi við stóriðju.

Er mönnum sama um loftgæðin á aðalþéttbýlissvæði landsins? Orð og hátíðarræður duga ekki í umhverfismálum. Það eru aðeins aðgerðir, að girða fyrir mengun, að gæta þess að spilla ekki umhverfinu. Það er það sem gildir. En mér finnst málið liggja þannig að þessir heiðursmenn, hæstv. ráðherrar sem eru hér, virðulegi forseti, og hlýða á mál mitt hafi í raun ekki miklar áhyggjur af þessu. Ég trúi því ekki að þeir gerðu þetta ef þeir hefðu farið yfir málin og athugað þau af gaumgæfni.

Koltvísýringurinn, sem hv. þm. Svavar Gestsson vék að, og sem veldur gróðurhúsaáhrifunum sem æ meiri líkur eru á að séu á því ferli sem menn hafa spáð fyrir um. Það er að koma ný alþjóðleg skýrsla um það efni, það er náttúrlega ekkert snert við því og það er bara allt í lagi, segir hæstv. umhvrh., vegna þess að ella væri brennt meiri kolum úti í löndum. Það á ekki að gæta að sínu nágrenni, það á ekki að gæta að því sem við höldum á. Þetta er auðvitað almennt stórt vandamál fyrir okkur Íslendinga sem höfum gert alþjóðlega skuldbindingu um það að valda ekki meiri mengun koldíoxíðs árið 2000 en var hér á landi árið 1990. Virðulegur forseti. Það er verið að framleiða skýrslur og álitsgerðir á vegum ríkisstjórnarinnar hvernig eigi að sniðganga þetta. Það er hetjuskapurinn. Hvernig eigi að sniðganga þetta, hvernig eigi að leita raka fyrir því að við þurfum ekki að taka á þessum málum. Og hreinálskaflinn sem ég gat um finnst hvergi í alþjóðlegum samþykktum. En af því að fyrirtækið óskar eftir því að fá tilslökun út á svokallaða hreinálsframleiðslu þá er hún bara veitt.

Síðan er það, virðulegur forseti, sem að mínu mati ekki síður alvarlegt í þessu máli að því er varðar umhverfið, að það á að gera mismunandi kröfur til fyrirtækja á þessu sviði eftir því hvar þau eru staðsett í landinu, eftir því hvernig aðstæðurnar eru. Að mati Hollustuverndar ríkisins, og það er víða í skjölum, eru líkur á því að það verði að gera mun harðari kröfur til umhverfisverndar og mengunarvarna í álbræðslu og hliðstæðum fyrirtækjum norður í Eyjafirði en hérna á Faxaflóasvæðinu þar sem loftar vel um og menn vona að vindurinn beri þetta frá þeim. Hvað þýðir þetta fyrir uppbyggingu slíkra fyrirtækja annars staðar en við Faxaflóa eða við hliðstæðar aðstæður? Hvað þýðir þetta, hæstv. umhvrh., gagnvart Eyjafirði þar sem menn hafa eðlilega verið að skoða það? Er hægt að koma þar upp einhverjum iðnaði sem nýtir orku? Hvað þýðir þetta? Hvað segja hinir erlendu fjárfestar? Vilja þeir kosta því til sem þarf til þess að koma fram með mengunarvarnir? Ég er ansi hræddur um að það verði fátt um svör eða réttara sagt að þeir verði fljótir að svara í þeim efnum og eins varðandi aðstæður austur á fjörðum.

Það er stórkostlega alvarlegt mál að standa svona að verki og það á ekki að þekkjast í nokkru landi nú á dögum að þannig sé staðið að að segja: Við mismunum í kröfum til umhverfisverndar eftir því hvar fyrirtækið er á landi að því er varðar lágmarksskilyrði. Ég hefði gaman af að sjá hæstv. umhvrh., virðulegi forseti, standa fyrir þessu máli hér. Hvernig ætlar hann að svara fólki norður í sínu kjördæmi þegar það fer að spyrja um það hvernig standi á því að haldið er á þessum málum með allt öðrum hætti heldur en t.d. er gert í grannlöndum okkar þar sem menn hafa samræmdar reglur um þessi efni.

Virðulegur forseti. Þá ætla ég að leyfa mér að koma að því sem ég tel mikið alvörumál einnig og það er hvernig reynt er að útiloka eðlilega málsmeðferð í tengslum við umhverfismálin að því er varðar þetta fyrirtæki og veitingu starfsleyfis. Hvað hefur gerst í þeim efnum? Ég leyfði mér, aumur þingmaður, að vísa athugasemdum sem ég hafði gert og Hollustuvernd ríkisins sem stofnun og þeir starfsmenn sem þar eru vildu ekki fallast á til stjórnar Hollustuverndar ríkisins samkvæmt reglugerð frá 1994. Í aðdragandanum höfðu embættismenn í Hollustuverndinni kallað mig til fundar eftir fund og rætt málin með mér og fjallað um þessi efni, en nú datt einhverjum snillingi það í hug, ég vona að það hafi ekki verið fjartengsl uppi í umhvrn. á ferðinni, að það væri kannski hægt að stinga upp í þennan gemling. Það mætti kannski reyna það og það var leitað eftir áliti lærðs prófess-

ors uppi í háskóla, Eiríks Tómassonar, til þess að meta það hvort umræddur vandræðamaður væri eðlilegur kæruaðili að þessu máli til stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Auðvitað bjó prófessorinn til lærða álitsgerð um það sem stangast á við alla réttarþróun í sambandi við umhverfisrétt að það væri mjög óeðlilegt að maður sem virtist ekki hafa neinna alveg sérstakra hagsmuna að gæta í þessu máli, væri sennilega svona upp við verksmiðjuvegginn, væri að skipta sér af þessu. Það væru bara ekki góðir siðir. Og meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins taldi að þar með væri málið dagljóst og vísaði þessum athugasemdum til föðurhúsanna og vildi ekkert á málinu taka. Einn stjórnarmaður hafði aðra skoðun og bókaði um það. Sá sem stýrði fundum var aðstoðarmaður hæstv. landbrh. og réði þessari afgreiðslu.

Nú er það svo að næsta ráð í þessu efni af minni hálfu var það að nota rétt minn til þess að vísa úrskurði stjórnar Hollustuverndar ríkisins til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þessi nefnd er núna að fjalla um kröfu mína um það að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði gert að taka efnislega á mínum athugasemdum eins og reglugerð gerir ráð fyrir. Það er ekki séð fyrir um það, málið er í rekistefnu fyrir þessari úrskurðarnefnd, en hæstv. ráðherra undirstrikar hér: Staðfesting ráðherra felur í sér endanlega afgreiðslu málsins, les ég á bls. 47. Svo les ég hér, hæstv. umhvrh., svofellt:

„Stjórn Hollustuverndar ríkisins afgreiddi endanlegar tillögur að starfsleyfi til umhvrh. á fundi þann 2. nóv. 1995", stendur á bls. 48.

Ég hef ekkert heyrt um það mál, hæstv. ráðherra, fyrr en ég kem að þessu frv. í morgun og ég bið um svar hið skjótasta. Hvar er þessi afgreiðsla stjórnar Hollustuverndar ríkisins til til umhvrn. um endanlegar tillögur að starfsleyfi? Það ætti ekki að standa á svörum.

Það sem ég hef verið að rekja hér gerist þrátt fyrir það að í öllum alþjóðlegum rétti sé verið að opna fyrir aðgengi almennings að umhverfismálum í sambandi við atvinnurekstur sem á öðrum sviðum, þrátt fyrir það að Alþingi Íslendinga lögfesti nýlega sérstök lög um upplýsingaskyldu varðandi umhverfismál að tillögu fyrrv. umhvrh. og þrátt fyrir það sem lesa má í þeim lögum sem varða mat á umhverfisaðstæðum. Á sama tíma er verið að beita bolabrögðum til þess að koma í veg fyrir eðlilega umræðu um þessi efni. Er ekki alveg nóg komið sorasögunni í sambandi við umhverfismál þessa fyrirtækis sem hér er verið að leggja til stækkað verði þó að menn reyni að standa í fæturna að því er varðar almenna mannasiði í þessum efnum?

Ég óttast það mjög ef það verður niðurstaða kerfisins að almenningur og sá sem hér talar falli ekki undir ákvæði mengunarvarnareglugerðar um það að hafa rétt til athugasemda. Það er eitthvað einkennilegt, það er eitthvað meira en bogið, virðulegur forseti.

Síðan eru það byggðamálin í sambandi við þetta mál. Stefna ríkisstjórnarinnar er ekki bara þessi stækkun í Straumsvík. Það er álbræðsla á Keilisnesi sem fyrst, kannski Colombia Aluminium verksmiðja uppi í Hvalfirði fyrir áramótin þar sem menn eru að fara að ráðast í göng undir Hvalfjörð til þess að auðvelda þetta, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og sinkverksmiðja á Faxaflóasvæðinu og magnesíumverksmiðja suður á Nesjum. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum eins og hún blasir við okkur. Hvaða skilaboð er verið að senda til byggðanna í landinu frá Framsfl. sem stendur fyrir þessum málaflokki með þessari stefnu? Og hverjar, hæstv. iðnrh., eru kröfurnar um orkuverð í þessar fabrikkur? Hvert er lágmarkið? Er það 22 mill eins og Landsvirkjun gaf út 1982? Eða er það spottpris af því tagi sem á að fara að afhenda raforku á til ársins 2004 til þessarar stækkunar í Straumsvík?

Ég held, virðulegur forseti, að það sé verk að vinna fyrir Alþingi Íslendinga að skoða þetta mál, ekki út frá skammsýnum sjónarmiðum., það er nóg af þeim. Alþingi á að líta á mál af þessu tagi í allri þeirri breidd sem varðar málið, þar á meðal ráðstöfun vatnsorkuauðlinda Íslands til atvinnuuppbyggingar í framtíðinni og gæta þess að feta ekki, virðulegi forseti, þá óheillaslóð sem haldið var við á 8. áratugnum þangað til tækifæri gafst til að breyta þar um og leiðrétta aðeins kúrsinn. Við Íslendingar höfum ekki efni á því að fara í sama farveg aftur.

[16:56]

Viktor B. Kjartansson:

Virðulegi forseti. Að sitja undir ræðum stjórnarandstöðunnar í dag er svolítið sérstök tilfinning. Það virðist ríkja töluverð tilvistarkreppa í hugum einstakra þingmanna og það er líkt því að klukkunni hafi verið snúið við og hún hafi haldið til baka 30 ár þegar maður situr hér og hlýðir á ræðu eins og hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Að sjálfsögðu vitum við það að þjóðin styður nýframkvæmdir, hún styður fjölgun starfa og hún er hlynnt þeirri vítamínsprautu sem við erum nú að fá inn í þjóðfélagið. Þetta veit stjórnarandstaðan. En á sama tíma verður stjórnarandstaðan að vera á móti málinu vegna þess að það er Sjálfstfl. og Framsfl. sem ná loksins að landa stóra laxinum. Það var helst í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem stuðningur kom fram við málið þrátt fyrir að nauðsynlegt hafi verið að hverfa aftur í tímann og rannsaka ummæli einstakra ráðherra og þingmanna sem nú sitja.

Stjórnarandstaðan leitar nú logandi ljósi að einhverjum ásteitingarsteini í þessu máli og þeir reyna að sá mikilli tortryggni og gera lítið úr þeirri gríðarlegu jákvæðu þýðingu fyrir þjóðina sem þetta mál hefur. Það er þýðing sem jafngildir öllum Smuguveiðum Íslendinga á síðasta ári. En það er samt sem áður leitað að einhverjum málum. Það er leitað að einhverju sem hægt er að gera andstöðu um til þess að tortryggja málið. Það er spurt: Hvað um umhverfismálin? Hvað um 38 þús. tonnin sem eftir eru af samningnum? Hvað um skattana? Hvað um verkalýðsfélögin? Og hvað um Hafnarfjarðarbæ? Á hann að verða ríkasta sveitarfélagið í Reykjaneskjördæmi? Og hvað um þetta lága orkuverð?

Þrátt fyrir tilraunir til þess að gera málið tortryggilegt þá neyðist sérstaklega Kvennalisti og Alþb. að gefa samþykki sitt. Eftir að hafa hlustað á ræður Kristínar Halldórsdóttur og Svavar Gestssonar þá finnur maður þá erfiðleika sem þau standa frammi fyrir að dansa hinn fína línudans á milli þess að lýsa yfir ánægju sinni og lýsa yfir andstöðu sinni.

En hvað er að gerast? Hvað er að gerast hjá Alþb. og Kvennalista í þessu máli? Hvernig stendur á þessum miklu mótsögnum sem við verðum vitni að í málinu? Þau segja að það hafi aldrei verið meira atvinnuleysi en í október 1995 eins og var í síðasta mánuði. En á sama tíma er það ekkert sérstakt umræðuefni að verið sé að koma með mestu vítamínsprautu inn í efnahagslífið í 20 ár og skapa þar með varanleg störf. Það er ekkert tiltökumál. Það má ekkert ræða það og helst á að hafa sem allra lægst um það þrátt fyrir að aldrei hafi verið meira atvinnuleysi en í síðasta mánuði. Kvennalisti og Alþb. segja: Það er rétt að Landsvirkjun hefur verið í miklum vandræðum með að losna við umframorku sína á síðustu

árum, það er rétt. En samt má alls ekki hoppa hæð sína í loft upp þegar tekst að selja stóran hluta umframorkunnar. Það má ekki.

Einnig kemur fram hjá Alþb. og Kvennalista: Hagvöxtur og erlend fjárfesting er í hættulegu lágmarki. En samt er slæmt að fá inn í þjóðfélagið stærstu erlendu fjárfestingu á Íslandi síðustu áratugi. Eru þessar mótsagnir ekki aumkunarverðar og er það ekki hroðalegt að vera í þeirri aðstöðu að þurfa að halda fram málflutningi eins og þessum.

Það hefur einnig komið fram í umræðum að það hafi verið hroðalegt, það reyndar kom ekki fram nú en við urðum vitni að því á síðasta kjörtímabili, hvernig sú ríkisstjórn dró kjarkinn úr þjóðinni með bölsýni, ragni og niðurdrepandi tali. En í dag er það líka rangt að auka áræði og kjark þjóðarinnar með jákvæðri umræðu umræðu um stækkun álversins. Nú er það orðið slæmt. Það var hroðalegt hvernig síðasta ríkisstjórn kom fram gagnvart þjóðinni, hvernig hún dró kjarkinn úr henni, og það er einnig hroðalegt hvernig er verið að blása málið upp eins og stjórnarandstaðan segir, hvernig er verið að vekja athygli á þessu jákvæða máli, það er líka orðið hroðalegt.

Hæstv. forseti. Það er svolítið undarlegt að sitja í ræðusal hv. Alþingis og hlusta á ræður stjórnarandstöðunnar og finna að það er viðurkennt að málið sé vissulega gott, en samt sem áður verður að leita að neikvæðu punktunum.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var efnismikil og athyglisverð ræða sem var flutt síðast um þetta frv., eða hitt þó heldur. Satt best að segja finnst mér alltaf afar brjóstumkennanlegt þegar menn koma fram með málflutning af því tagi að það sé mestur ljóður á ráði manna ef þeir vilja sjá bæði kost og löst á hlutunum, ef þeir vilja reyna að ræða þá efnislega út frá því að þeir séu hvorki svartir né hvítir, heldur gjarnan eitthvað þar á milli. Það var útgangspunkturinn í stuttri en efnismikilli ræðu síðasta ræðumanns. Aðalbrotalömin í málflutningi allra sem hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar í dag væri sú, að menn hefðu leitast við að sjá bæði kosti og lesti á hlutunum. Ég tek ekki undir slíkan málflutning. Ég held að þetta mál sé eins og svo mörg önnur þannig vaxið að á því megi bæði sjá kosti og lesti. Það eru plúsar og mínusar í þessu dæmi. Við getum svo endalaust rætt um það og sjálfsagt seint orðið sammála um vægi þeirra út af fyrir sig.

En það er einmitt það sem málið snýst um þegar menn eru að gera upp hug sinn og taka afstöðu til hlutanna. Þeir vega og meta kosti og galla og taka afstöðu út frá því. Er það ekki nákvæmlega þannig sem menn eiga og mynda sér skoðun og ræða málið? Það hélt ég og fagna því þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar í dag. Flestar, ef ekki allar, hafa hnigið í þann farveg, nema þá helst framsöguræða hæstv. ráðherra og nú þessi síðasta, að á þessu máli væru margir fletir, það hefði ýmislegt jákvætt með sér, en því fylgdu einnig aðrir hlutir sem væru miður jákvæðir. Og þrátt fyrir þessa miklu áðrepu ætla ég að ræða málin nákvæmlega undir þessum formerkjum. Það er mín tilfinning hafandi skoðað þetta eftir því sem ég hef haft aðstöðu til. Hún er svo sem ekkert sérstök, þetta frv. kom inn á þingið fyrir tiltölulega fáum klukkutímum síðan og að öðru leyti höfum við óbreyttir þingmenn haft litla aðstöðu til að kynna okkur málið og höfum fá gögn í höndum.

Ég tel það auðvitað vera alveg nauðsynlegt að við ræðum þetta mál allt saman út frá þeim aðstæðum sem ríkja í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Að sjálfsögðu verðum við að einhverju leyti að setja málið í það samhengi sem því ber. Ég vil þó ekki horfa fram hjá því að þegar teknar eru ákvarðanir um langtímafjárfestingu eða ráðstöfun orkulinda eins og hér á í hlut, verða menn öðrum þræði að hefja sig upp yfir skammtímahagsmuni og aðstæður eins og þær blasa við akkúrat í augnablikinu. Þær breytast, en eftir standa svo kannski ákvarðanir sem binda hlutina í formi samninga og fjárfestinga um áratuga skeið. Þess vegna verður að gera hvort tveggja, að líta til þeirra aðstæðna sem við erum nú stödd í, en líta einnig til framtíðarinnar og þess hversu skynsamlega við erum að taka á málum til lengri tíma litið.

Ef við lítum nær okkur og horfum á aðstæðurnar eins og þær eru í þjóðfélaginu í dag, þá eru þær ekki björgulegar. Það er nýbúið að birta okkur ljótustu atvinnuleysistölur fyrir októbermánuð sl. sem nokkurn tíma hafa sést í þeim mánuði í samanlagðri mælingu atvinnuleysis á Íslandi. Það er viðurkennt að hér ríkir mikil kyrrstaða, ef ekki má segja stöðnun í atvinnulífinu og hefur gert um alllangt skeið. Fjárfestingar eru mun minni en þær þyrftu að vera til viðhalds mannvirkja og tækja, hvað þá heldur til einhverrar nýsköpunar og uppbyggingar. Af þessum sökum er fullkomlega eðlilegt að menn taki fagnandi fréttum um það að nú hafi loksins tekist að semja um ráðstöfun á einhverjum hluta eða reyndar rúmlega allri þeirri umframorku sem legið hefur ónotuð í raforkukerfinu um nokkurt árabil. Menn binda auðvitað vonir við það að þetta sé a.m.k. að einhverju leyti sú vítamínsprauta sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um.

En ég held að það sé nauðsynlegt að ræða þetta eftir sem áður með báða fætur á jörðinni. Fyrir það fyrsta er kannski ástæða til að átta sig á því hversu stór sá vítamínskammtur er, sem menn eru að fá þarna. Hve margar töflur eru þetta þegar upp er staðið? Er þetta í raun og veru nokkuð nema nokkrar teskeiðar af lýsi, borið saman við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir? Hvað dregur þetta til að mynda langt upp í 12 þúsund störfin Framsfl. fram að aldamótum? Eigum við ekki aðeins að staldra við það? Erum við að landa hér einhverjum stórlaxi? Nei, ég held, herra forseti, að þetta sé í besta falli silungur, a.m.k. á þeim mælikvarða að þarna er talað um rúmlega 70 störf til lengri tíma í verinu sjálfu. Auðvitað fylgja því einhver margfeldnisáhrif og slík störf hlaða eitthvað utan á sig. Það vex þjónusta og umfang í kringum viðskipti við þetta fyrirtæki o.s.frv. En þetta er allt og sumt sem þarna fæst í formi varanlegra starfa. Þau eru ansi dýr þessi 70 eða 75 störf sem þarna falla til fyrir u.þ.b. 15 milljarða fjárfestingu, ef lögð er saman fjárfesting fyrirtækisins og Landsvirkjunar og annarra aðila, t.d. Hafnarfjarðarbæjar. Einhvern tíma hefði verið sagt: Dýr mundi Hafliði allur ef svo skal hver limur. Ef öll 12 þúsund störfin Framsóknar fram að aldamótum verða keypt þessu verði, þá verða það ansi margir milljarða og reikningsglöggir menn geta reynt að leggja það saman. Ég held því að það sé í fyrsta lagi nauðsynlegt að hafa báða fætur á jörðinni hvað það snertir að hér er a.m.k. ekki í atvinnusköpun á ferðinni nein þau stórtíðindi sem sumir vilja vera láta. Þetta er enginn stórlax í þeim skilningi. Þegar 6–8 þúsund Íslendingar ganga atvinnulausir á hverjum degi, kannski verða þeir ef svo heldur sem horfir 10 þúsund í svartasta skammdeginu. Miðað við þá árstíðasveiflu sem þar er venjulega, gætu atvinnuleysistölurnar núna í september og október þýtt upp undir 10 þúsund manns þegar verst lætur í vetur.

Í öðru lagi er líka nauðsynlegt að ganga hægt um gleðinnar dyr hvað það snertir að hér hefur rækilega komið fram í dag að orkuverðið, sem þarna er að semjast um, er ekki mikið til að hrópa húrra fyrir. Ég hygg að það hafi verið leiðarahöfundur Dagblaðsins sem notaði beinlínis orðið útsala á orku. Ég held að þjóðin hafi alveg skilið þetta mál réttum skilningi og leiðarahöfundar og fréttamenn ekkert verið í vandræðum með að átta sig á því hvað hefur gerst. Það hefur í raun og veru verið haldin útsala, rýmingarsala á þeirri orku sem hefur verið óseld í kerfinu um langt árabil. Hitt er svo allt annað mál hvað menn eiga að gera þegar þeir sitja uppi ár eftir ár með vöru sem ekki selst. Er þá um nokkuð annað að ræða en að halda útsölu? Hvað gerir maður sem á fulla búð af sumarklæðum og það er komið haust? Hann heldur útsölu. Frekar en að sitja uppi með allt draslið og þurfa að henda því, selur hann það fyrir hálfvirði. Þetta er einfaldlega lögmál í viðskiptum og við Íslendingar verðum að horfast í augu við það að það er það sem hefur gerst. Við höfum neyðst til að halda hálfgerða rýmingarsölu á umframorkunni sem búin er að vera ónotuð í kerfinu um langt árabil. Það er slæmt. En það er kannski skárra en ekki neitt að fá þá peninga fyrir það, sem þar gefast. Ég er í sjálfu sér ekki í neinum færum um og hef enga ástæðu til að rengja þá menn sem lagt hafa á þetta mat frá sjónarhóli fyrirtækisins, Landsvirkjunar, að það sé mun betra fyrir fyrirtækið að ná þessum samningum en búa áfram við óbreytt ástand. Ég vefengi ekki þá reikninga. Ég trúi því mjög vel að málið liggi þannig vegna þess að sjálfsagt má segja að hvað lítið sem er sé betra en ekki neitt fyrir fyrirtækið Landsvirkjun.

Hins vegar er í þessu samhengi óhjákvæmilegt að staldra aðeins við stöðuna í ljósi þess hvað var sagt þegar ráðist var til að mynda í Blönduvirkjun. Margir gagnrýndu það og vöruðu við því að menn færu í slíka fjárfestingu upp á annan tug milljarða kr., hafandi enga trygga sölu eða ráðstöfun á orkunni. Þá var beinlínis sagt að það væri skynsamlegt, mundi jafnvel styrkja samningsstöðu okkar að eiga orkuna tilbúna. Þá þyrfti ekkert að bíða eftir því að virkja ef einhverjir kæmu og vildu setja upp stóriðju eða orkufrekan iðnað af einhverju tagi. Þá ættum við þetta á lager, gætum bara selt orkuna af lager. En hver er niðurstaðan? Hún er sú að þetta hefur ekki styrkt samningsstöðu okkar heldur hefur það orðið okkur myllusteinn um háls vegna þess að viðsemjendur okkar hafa vitað að þarna sátum við uppi með ónýtta orku sem hlóð á sig kostnaði. Og hver er ábyrgð þeirra manna sem tóku þessar ákvarðanir á sínum tíma, gegn ráðleggingum og aðvörunum manna? Það væri fróðlegt að vita hvað þessi framkvæmd hefur í raun og veru kostað okkur.

Ég minnist þess að á árunum 1983–1987 lagðist minni hlutinn sem þá var í til að mynda efh.- og viðskn., eða hvað sem hún hét nú á þeim árum, á hverju einasta ári gegn því að veita Landsvirkjun lánsheimildir til þess að flýta framkvæmdum við Blöndu. Menn óttuðust einmitt að nákvæmlega þetta mundi gerast, sem nú hefur komið á daginn. Er þá ekki nauðsynlegt að menn viðurkenni það að svona hefur tekist til og reyni að læra af því? Eða eru menn enn þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt og góð samningsstaða að eiga orku á lager? Ætlar e.t.v. hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því að í kjölfar stækkunarinnar við Straumsvík verði rokið til og virkjað, þannig að við eigum þá aftur orku á lager? Það væri fróðlegt að heyra mat hæstv. iðnrh. á þessu í ljósi reynslunnar, þeirrar stöðu sem við stöndum nú frammi fyrir, að hér verður að semja um verulegan afslátt og orkuverð sem er langt undir framleiðslukostnaðarverði úr nýrri virkjun sem þyrfti að koma til í dag. Ég held að það sé ekki um það deilt að það verð sem Landsvirkjun þyrfti fyrir nýjar virkjanir, sem nú þyrfti að ráðast í, þurfi að liggja einhvers staðar á bilinu 18–24 mill til að það sé sæmilegt dæmi fyrir Landsvirkjun. En hér eru menn að tala um afsláttartímabil upp á 10–11 og meðalverð kannski 16 eða eitthvað því um líkt, ef svo ber undir miðað við gefnar forsendur um álver.

Þetta, herra forseti, er mér nokkurt umhugsunarefni. Staðan er þessi og menn neyðast til þess að réttlæta samninga um þetta tiltölulega slaka verð í ljósi þessara aðstæðna sem við höfum komið okkur í.

Í öðru lagi hefur verið rætt um umhverfismálin og þar get ég farið fljótt yfir sögu. Aðrir ræðumenn hafa gert því máli mjög ítarlega skil. Svo ég vitni aftur í sama leiðarahöfund, þá minnir mig að þar hafi verið komist svo að orði að á umhverfisþætti þessa máls væri þriðja heims bragur. Það væri þriðja heims blær á því sem Ísland léti bjóða sér í sambandi við umhverfiskröfurnar sem hér væru gerðar. Og hvað var þá átt við? Það er ósköp einfaldlega átt við að hér er verið að leyfa fyrirtækinu fjárfestingar og halda áfram starfrækslutækni sem er úrelt og langt frá því að vera sú besta sem þekkt er í dag. Það eru ekki gerðar kröfur um fyllsta hreinsunarbúnað sem nú er þekktur fyrir svona starfsemi. Menn geta svo endalaust farið í umræðu um að hvort hér sé nógu hvasst á Reykjanesi til að þess þurfi ekki og hvort við Íslendingar stöndum svo vel að vígi og séum með svo hreina og ómengaða náttúru enn þá að við getum leyft okkur að hafa lægri kröfur en annars staðar. En er það þá sá rismikli og metnaðarfulli málstaður sem við viljum verja í þessum efnum almennt talað? Er okkar aðferð til þess að eiga hreint og ómengað land til að selja erlendum ferðamönnum að standa frammi fyrir því að við setjum okkur lægri kröfur í þessum efnum en t.d. nágrannalöndin eins og Noregur? Mér finnst það dapurlegt og ég tek undir með leiðarahöfundi Dagblaðsins, á því er þriðja heims blær að við skulum þurfa að lúta svona lágt.

Enn einn vinkill á því máli er svo sú niðurstaða að gera mismunandi kröfur til hreinsibúnaðar eða mengunarmarka eftir því hvar starfsemin er í landinu. Með öðrum orðum, gefa þessu svæði eða öðrum sambærilegum forskot umfram önnur þar sem menn af landfræðilegum ástæðum yrðu sammála um að gera strangari kröfur. Þar erum við að lenda úti á mikilli óheillabraut og hefðum betur fylgt til að mynda fordæmi Norðmanna sem hafa samræmt kröfurnar fyrir allt landið að þessu leyti.

Hver ætlar að taka á sig mismuninn? Er þá íslenska ríkið jafnframt tilbúið til að horfast í augu við að það eru yfirgnæfandi líkur til þess að kæmi til samninga um staðsetningu á einhverri orkufrekri starfsemi sem hefði umtalsverð umhverfisáhrif, til að mynda á Austfjörðum eða Mið-Norðurlandi, þá yrðu uppi kröfur af hálfu þeirra aðila um að ríkið tæki á sig mismuninn því að auðvitað má þá spyrja: Hvers vegna eigum við að taka á okkur viðbótarkostnað umfram samkeppnisaðila kannski í sömu tegund starfsemi, þ.e. annarri álbræðslu, meiri en íslenska ríkið hefur gert kröfur um annars staðar? Er þetta hin nýja byggðastefna Framsfl. sem m.a. birtist í þessum þáttum?

Þá er ég, herra forseti, kominn að þriðja atriðinu sem ég ætlaði að ræða lítillega um og það eru áhrif þessara framkvæmda eða áhrif þeirra hluta sem við okkur blasa í þessu samhengi á atvinnu- og efnahagslíf og byggðaþróun í land-

inu. Ég vil taka það fram að ég er ekki þeirrar skoðunar að þessi framkvæmd ein og sér, stækkun álversins í Straumsvík um þessi 60 þús. tonn eða hvað það nú er, sé svo stórt mál í sjálfu sér að það mundi skekkja mikið í þessum efnum ef ekki kæmi annað til. Það held ég ekki og allra síst þegar framkvæmdirnar væru um garð gengnar og eftir stæðu þessi tiltölulega fáu störf sem þetta skapar varanlega. Það er miklu frekar hitt sem virðist vera í farvatninu og er jafnvel komið á ákvörðunarstig og það andrúmsloft sem í kringum þetta gæti skapast og virðist jafnvel vera að skapast, sem getur haft umtalsverð áhrif. Í farvatninu eru fleiri stórframkvæmdir til skoðunar af hálfu ráðuneytis og stjórnvalda eins og álver á vegum Bandaríkjamanna á Grundartanga, viðbótarofn á Grundartanga. Þar eru áform um stórt álver á Keilisnesi sem einmitt hefur verið upplýst að séu áfram uppi og það eru jarðgöng undir Hvalfjörð. Og einhverjir Kínverjar munu hafa verið hér á ferð, hvar sem þeim hefur verið hugsaður staður eða þeim líst best á sig. En ætli þeir myndu ekki þiggja það að fá að sleppa með minni mengunarvarnir eins og aðrir ef þeir byggja einhvers staðar á vindasömu útnesi.

Hvað má segja um þessar framkvæmdir, allar nema þá eina, þ.e. Kínverjana, þegar eða ef þær kæmu til? Þær eru á einu og sama atvinnusvæðinu við suðvestanverðan Faxaflóa sem heitir eftir hinum ágæta förunauti Hrafna-Flóka. Enn frekar verður þetta allt saman að einu atvinnusvæði verði Hvalfjarðargöngin byggð og ákvörðun um það tekin jafnvel núna strax í næsta mánuði.

Vissulega er það svo að hér er mikið atvinnuleysi og það er þörf á nýjum störfum eins og víða annars staðar í landinu. En það er ekki þannig að það sé bara hér sem skórinn kreppir. Ég leyfi mér nefna það svæði sem lengst og mest hefur búið við atvinnuleysi af öllum í landinu, Eyjafjarðarsvæðið. Þar hafa menn verið að binda vonir við að tækist að skapa sterkt mótvægi við hið gífurlega þunga þéttbýli á suðvesturhorni landsins sem virkar eins og öflugur segull í margföldu tilliti. Er líklegt að þetta auðveldi mönnum þá baráttu ef þetta er framtíðarmyndin sem við okkur á að blasa varðandi allar mestu framkvæmdir í landinu á næstu árum?

Enn eitt bætist svo við, hæstv. forseti. Og hvað er það? Það er fjárlagafrv. með grimmilegum niðurskurði á framkvæmdum sem helst skipta þó einhverju máli í því tilliti úti á landsbyggðinni, þ.e. samgönguframkvæmdunum. Á borðum hv. þm. liggur frv. frá ríkisstjórninni, nánar tiltekið fjárlagafrv., þar sem samgönguframkvæmdirnar eru skornar niður um um það bil milljarð kr. Þar eru allmörg ársverk sem þar fara fyrir lítið. Er þetta myndin sem við mönnum blasir? Er þetta byggðastefna? Eru þetta þær áherslur sem framsóknarmenn voru að boða kjósendum sínum fyrir kosningar til að mynda í kjördæmum landsbyggðarinnar? Hvað segir stórvinur minn, hæstv. landb.- og umhvrh., um þetta mál sem fyrir nokkrum árum síðan taldi ekki koma til greina að byggja svo mikið sem eitt álver á suðvesturhorni landsins nema því fylgdu umtalsverðar aðgerðir í jafnvægisskyni í atvinnumálum. Ég hef lítið heyrt frá hæstv. ráðherra í þessum efnum nema það eitt að gefa álverinu starfsleyfi greiðlega.

Ég segi, herra forseti: Mér finnst þetta ekki koma til greina. Það getur ekki verið að það sé ætlun manna á Alþingi að standa svona að málum, að samþykkja hvort tveggja í senn jafnvel seríu af stórframkvæmdum á þessu atvinnusvæði og grimmilegan niðurskurð á helsta framkvæmdaflokki landsbyggðarinnar, samgöngumálunum á sömu dögunum nú í skammdeginu.

Ég held að það sé líka ástæða til þess, herra forseti, að hafa fáein orð um það að við Íslendingar höfum fyrir því margfalda og býsna bitra reynslu að jafnvægi í okkar efnahagslífi og atvinnumálum er afar fínstillt. Það virðist þurfa afar lítið, því miður, til að út af beri. Ég held þess vegna að það eigi að fara með mikilli gát í að raða þessum framkvæmdum inn í aðrar ákvarðanir í sambandi við efnahags- og atvinnumál, til að mynda á þessu svæði. Og komi til fleiri stórframkvæmdir hér sem ráðist verður í samtímis, hlýtur að koma til álita að breyta að einhverju leyti áherslum í opinberum framkvæmdum á þeim tíma. Og segjum sem svo að hér hilli undir til að mynda þrjár stórframkvæmdir samtímis á suðvesturhorni landsins. Út af fyrir sig er það ánægjulegt ef slíkir hlutir geta gerst og reynst okkur hagfelldir ef það verður ákveðið til viðbótar stækkun í Straumsvík að ráðast í Hvalfjarðargöng og annað tveggja, álver á Grundartanga eða stækkun járnblendiverksmiðjunnar, þá grípi menn til jafnvægisaðgerða á móti. Þær gætu falist í því að draga úr stórfelldum framkvæmdum, opinberum eða hálfopinberum, svo sem eins og nýbyggingum, viðhaldi mannvirkja, samgönguframkvæmdum og öðru slíku á þessu svæði til þess að forðast ofþenslu og jafnvægisleysi, en auka þær í staðinn á landsbyggðinni. Ég er að tala í fúlustu alvöru. Ég tel að svona hluti eigi menn að skoða ef menn vilja forðast hvort tveggja, stórfellda búseturöskun og jafnvægisleysi að því leyti og jafnvægisleysi í efnahagslífinu almennt, með öðrum orðum það skapist ekki hætta á þenslu og einhverju fylleríi af því tagi. Þetta hljómar kannski fjarstæðukennt við þær aðstæður að atvinnuleysið er eins og raun ber vitni, en við vitum og höfum fyrir því margfalda reynslu að hlutirnir geta tekið skarpar dýfur hér, líka sveiflur upp á við og það er að mínu mati fullkomin ástæða til þess að fara fram með mikilli gát. Ef það er eitthvað sem við þurfum ekki á að halda, þá er það að missa tökin á þeim stöðugleika og því jafnvægi sem þó hefur náðst með ærnum tilkostnaði og sársaukafullum aðgerðum, ekki síst gagnvart lífskjörum almennings í landinu, að fórna honum á einhverju svona altari.

Herra forseti. Mín niðurstaða er sem sagt sú að í þessu máli eins og svo mörgum fleirum séu bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar á ferðinni. Það er að sjálfsögðu gott ef hér getur komið til fjárfesting, nýting á þeirri orku sem okkur hefur ekki tekist að nýta og illu heilli legið ónotuð í orkukerfinu um langt árabil. Það er gott ef þetta verður að einhverju leyti til þess að rjúfa þá kyrrstöðu og stöðnun sem hér hefur verið um árabil og fyrrv og núv. ríkisstjórn hafa satt best að segja ekki gert nokkurn skapaðan hlut til að reyna að komast út úr fyrr en þetta mál kemur til sögunnar og auðvitað lítur maður með ánægju til starfa sem skapast og þeirra tekna sem þarna verða fyrir viðkomandi bæjarfélag og ríkissjóð. Á hinn bóginn er neikvætt að þarna er á ferðinni mjög lágt orkuverð. Það er afar dapurlegt að á umhverfisþætti málsins skuli vera sá vanþróunarblær sem raun ber vitni og það er mikil ástæða til að taka til rækilegrar skoðunar áhrif þessa og þess sem kann að vera í farvatninu í formi stórframkvæmda á einu svæði í landinu á byggðaþróun og jafnvægi í efnahags-, atvinnu- og byggðalegu tilliti. Það tel ég að Alþingi eigi að gera samfara umfjöllun um þetta mál.

Herra forseti. Ég spurði hæstv. forsrh. aðeins út í þessi mál í umræðum um ársskýrslu Byggðastofnunar og það var satt best að segja ekki mikið um svör ef ég má leyfa mér að orða það svo þannig að ég hefði gjarnan kosið að einhverjir talsmenn hæstv. ríkisstjórnar fjölluðu eitthvað um

þennan þátt málsins því að hann er sá sem kemur fyrst til umfjöllunar Alþingis. Nú vænti ég þess fleiri tækifæri gefist til að ræða þessa hluti á Alþingi en mér finnst eðlilegt við þessa fyrstu aðalumræðu um mál sem tengist þessum stóriðjuframkvæmdum og stækkun álversins í Straumsvík, að ríkisstjórnin geri að einhverju leyti grein fyrir viðhorfum sínum í almennu samhengi til þessara hluta, hvort sem það kemur í hlut hæstv. iðnrh. eða hvort hæstv. forsrh. ómakar sig til umræðunnar sem forsvarsmaður eða ábyrgðarmaður byggðamála í ríkisstjórninni.

Ég vænti þess að tækifæri gefist til þess að skoða þessi mál öll ítarlega á þingi. Hér eru vissulega stór mál á ferð og það eru óneitanlega tíðindi þegar mál af þessu tagi eru tekin fyrir og þeim mun meiri ástæða til þess að öll gögn verði reidd fram sem málinu tengjast. Ég sé ekki nokkra ástæðu fyrir feluleik eða einhverjum leyndarhjúp umhverfis þetta mál, hvorki orkuverð né aðra hluti, allra síst ef Landsvirkjun er á sama tíma útbær á allar upplýsingar um framleiðslukostnaðarverð frá virkjunum eins og hér kom fram í máli hv. þm. Sighvatar Björgvinssonar, þá er náttúrlega enn fáránlegra að vera að læðupokast með það sem samið hefur verið um í formi orkuverðs þó að maður geti vissulega skilið að Landsvirkjun og eða hæstv. iðnrh. reyni að láta eins lítið á þessum samningi bera og kostur er og verja sig fyrir því með öllum tiltækum ráðum að hann hafi eitthvert fordæmisgildi. En það er varla hægt að ætla mönnum að taka efnislega afstöðu til svona hluta nema upplýsingar liggi á borðinu og þá á ég við upplýsingar um alla þættina, orkuverðið, umhverfismálin, hvaða áherslur hæstv. ríkisstjórn hyggst móta í byggðamálum í samhengi við þessi mál og annað sem ég hef gert að umræðuefni.

[17:29]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu. Það er hárrétt hjá honum að það er vert að meta kosti og galla á hverju máli og miðjan reynist oft best.

Hv. þm. segir að engum stórlaxi hafi verið landað enn þá. Það kann að vera hárrétt. Ég vil spyrja hv. þm. sem áreiðanlega er góður veiðimaður hvort honum þyki það ekki gott kl. 9 að morgni að hafa landað litlum laxi sem gefur vonir allan daginn því sannarlega er ríkisstjórnin rétt að hefja sinn starfsferil. Klukkan er svona rétt 9 að morgni á starfsferli hennar eftir 6 mánaða starf þannig að við bindum vonir við að fleiri laxar muni fylgja í kjölfarið og þetta muni vera vítamínsprauta eins og minnst hefur verið á.

Hins vegar kemur fram í þessari umræðu að Alþb. er hinn sanni íhaldssflokkur þjóðfélagsins. Ég hef stundum sagt að eitt sinn var ég ungur og róttækur framsóknarmaður, barðist gegn stóriðju og her með vini mínum, hv. þm. Ólafi Ragnari og fleirum. Nú er ég miðaldra raunsæismaður og tek ofan hattinn minn fyrir því afreki hæstv. iðnrh. að hafa landað þessum laxi um leið og auðvaldið stingur hér niður fæti sínum. Ég er sannfærður um að sá samningur sem hefur tekist mun hafa áhrif á íslenskt samfélag á mörgum sviðum, ekki bara að fleiri munu vilja semja við okkur, heldur einnig að framtak í landinu sjálfu mun fylgja eftir. Ég legg á það áherslu og tek undir það í umræðunni að auðvitað verður að gera samhliða þessu öfluga áætlun um sterka byggðastefnu, framkvæmdir úti á landsbyggðinni.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Vonandi fáum við þá eitthvað um það að heyra. Mér duga ekki góð orð frá þessum miðaldra raunsæismanni sem er nú tekinn til við að faðma fætur auðvaldsins og hrósa nývaknaður kl. 9 að morgni hæstv. iðnrh. fyrir það að hafa náð þessu faðmlagi við auðvaldið. Ég vil fá að sjá eitthvað á borði í þeim efnum. Ég vil fá að sjá eitthvað annað en fjárlagafrv. með niðurskornum samgöngumálum til þess að trúa, hv. þm.

Hvort hér er á ferðinni stórlax eða silungur, ég gæti kannski reynt að skjóta á svona sæmilegum sjóbirtingum ef maður tæki líkingamál úr veiðunum. Það er í rauninni ekkert merkilegt að landa laxi kl. 9 að morgni. Það er gjarnan byrjað að veiða kl. 7 eins og hv. þm. á að vita og oft gefur morgunstundin gull í mund, einnig í þessu tilviki.

Ég segi hins vegar að þetta er ekki stórlax með sínum 70–80 langtíma störfum í þessu iðjuveri borið saman við loforð Framsfl. um 12 þúsund fyrir aldamót. Ég held að hv. þm. Framsfl. væru ekki borubrattir í umræðunni hafandi nýfengið þessar atvinnuleysistölur fyrir októbermánuð ef ekki væri þetta eina mál sem þeir setja allt traust sitt á. Einhvern tíma hefðu þótt tíðindi að þingmenn Framsfl. úr landsbyggðakjördæmum ættu erindi í ræðustólinn af því tagi sem hv. þm. Guðni Ágústsson átti áðan.

[17:33]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mönnum verður eðlilega tíðrætt um 12 þúsund störf sem Framsfl. hefur heitið þjóðinni að berjast fyrir á þessu kjörtímabili. Ef við skoðum áætlun Þjóðhagsstofnunar er miðað við að halda stöðugleika og fjárlögunum kannski í því formi sem áætlunin gerir ráð fyrir. Þá sér Þjóðhagsstofnun fyrir sér milli 9–10 þúsund störf, þar eru allar stóriðjuframkvæmdir utan við. Mér sýnist að við þessar aðstæður sé Framsfl. þegar farinn að vinna heilmikil afrek í því að efna samning sinn við þjóðina og þetta mun hafa mikil áhrif.

Hitt er annað mál og Framsfl. þarf að fylgja því vel eftir og ekki síst hæstv. viðskrh., ég á við í peningamálum, vaxtamálum og fleira, enda hefur hann einnig hafið þá sókn.

En við hv. þm. vil ég segja það að oft þegar ég byrja veiði kl. 7 að morgni og er búinn að berja til 9 og hef engum náð er ég orðinn leiður en fái ég hann klukkan 9 gleðst ég og vinn af helmingi meiri krafti það sem eftir er dagsins. Ég er sannfærður um að ég sé áhrif þessa litla lax í því að hingað leita nú fleiri framkvæmdamenn utan úr heimi eftir 20 ára deyfð þar sem menn hafa í rauninni verið að fiska á þess að vera með öngul á línunni. Nú er Framsfl. kominn til valda, menn eru byrjaðir að landa og ég ætlast til þess að framkvæmdasamir Íslendingar muni í framhaldi af þessu finna að sóknin er þeirra, tækifærin eru þeirra. Það er ríkisstjórn Framsfl. sem er að störfum sem mun gefa þeim nýjan kraft í atvinnumálum.

[17:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að hv. þm. þegar hann kemst á flug og þetta var nokkuð merkileg ræða sem hann flutti síðast, sérstaklega þetta að nú væri Framsfl. kominn til valda eftir 20 ára deyfð. Þetta er nokkuð athyglisverð söguskýring. Það er eins og einhverja rámi í það að Framsókn hafi eitthvað komið við sögu á þessum 20 árum. Síðan hafa aðrir menn samtímis gert það sér til dundurs hér í salnum að reikna út hversu langt Framsókn sé komin með að efna loforðin og mér er tjáð að það séu 0,75% sem þessi störf gefa upp í 12

þúsundin á 6 mánuðum. Það lætur nærri að vera einn áttundi af kjörbímabilinu, ekki satt, hv. þm. þannig að eitthvað mega veiðimennirnir bæta sig. Það lætur nærri að þeir hafi barið árangurslaust fyrri part dags án þess að fá nema litla sjóbirtinginn núna og það er enginn mokafli.

Ef veiðin sem er hugsanlega í vændum verður því marki brennd sem ég gerði að umtalsefni er ég ekki viss um að framsóknarmenn víða um landsbyggðina muni fagna með þeim hætti sem ætla mætti af hástemmdri lofræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar áðan.

[17:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hafa verið erfiðir tímar í atvinnulífi og efnahagsmálum Íslendinga á undanförnum árum. Því miður er það þannig að okkar ríka þjóð hefur ekki getað nýtt þau margvíslegu tækifæri sem hún á í auðlindum sínum. Auðlindir okkar eru í stórum dráttum ferns konar: Það er hafið sem hefur auðvitað gefið mest af sér í gegnum tíðina þó þar hafi verið samdráttur á undanförnum árum. Það er í öðru lagi fallvötnin, þar hefur því miður verið stöðnun um langt árabil að við höfum getað fengið viðbótartekjur af þessari auðlind. Það er í þriðja lagi landið sjálft sem skapar margvísleg tækifæri, bæði fyrir framleiðslu matvæla og ferðamannaiðnað og það er í fjórða lagi þjóðin, mannfólkið, hugvit okkar, þekking, tækni. Það er athyglisvert að þeir sem fjalla um atvinnuþróun á komandi tímum, sérstaklega nýrri öld, leggja höfuðáherslu á það að þær þjóðir sem rækta auðlindina, sem felst í mannfólkinu sjálfu, munu geta skapað sér bjartasta framtíð á nýrri öld.

Nú hefur það gerst að tekist hefur að skapa grundvöll fyrir því að áfanga er náð í viðbótarnýtingu einnar af þessum auðlindum, þ.e. orkuna sem felst í fallvötnum þjóðarinnar. Það sem meira er, virkjanir sem fjárfest var í á síðasta áratug og hafa að mestu leyti verið vannýttar á undanförnum árum verða nú fullnýttar með þessum samningi. Mér finnst þess vegna einsýnt að það beri að fagna þessari samningsgerð og það beri tvímælalaust að styðja það frv. sem hefur verið lagt fram á Alþingi um að staðfesta samninginn. Það er vissulega mikilvægt að sú ónýta orka sem við höfum verið með í orkukerfi landsins fái verðgildi og skapi íslensku þjóðarbúi viðbótartekjur.

Nokkuð hefur verið rætt um það í þessum umræðum hvort sá orkusamningur sem gerður hafi verið sé hagstæður eða óhagstæður, hvort orkan sé á útsöluprís eða viðunandi verði. Jafnframt hefur komið fram að stjórn Landsvirkjunar, og í henni sitja fulltrúar flokka, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, hefur einum rómi lýst yfir stuðningi við samninginn. Ég get alveg látið koma fram við þessar umræður að mér finnst það orkuverð sem náðst hefur í þessari samningsgerð vera hærra og meira en ég átti von á. Ég hef satt að segja óttast það um nokkurt skeið að vegna þess að við vorum í þeirri bóndabeygju að hafa virkjað án þess að eiga viðskiptavin að orkunni á næstu árum fram að næstu öld yrði Landsvirkjun, eitt okkar stærsta fyrirtæki, að sætta sig við mun lakara orkuverð en fæst með þessum samningi.

Auðvitað er ávallt hægt að setja fram kröfur um hærra orkuverð en mín afstaða er sú að að orkuverð sem fæst með þessum samningi sé fyllilega viðunandi og jafnvel meira en það, það er hærra en ég bjóst við. Ég held þess vegna að þeir samningamenn sem hafa staðið að þessu verki eigi nokkurt hrós skilið fyrir það að hafa getað knúið fram þó þetta verð miðað við þær aðstæður sem skapaðar voru af þeim sem ákvarðanir tóku, sérstaklega á síðasta áratug, að fara út á þá hættulegu braut að virkja áður en kaupendur að orkunni væru tryggðir.

Nú er það þannig að talsmenn Framsfl. í umræðunni, sérstaklega hv. þm. Guðni Ágústsson — og er nú leitt að hann skuli hafa yfirgefið salinn (Gripið fram í.) — nema hann sé orðinn svona þreyttur eftir að hafa verið að veiðum frá því kl. 7 í morgun og endist ekki lengur en fram til að verða 6 — hafa reynt að eigna Framsfl. samninginn og telja að þá fyrst með tilkomu Framsfl. í iðnrn. og orkuráðuneytið hafi þessi mikli samningur náðst. Nú er ekki í mínum verkahring að færa þessar söguskýringar á réttan veg en ég held þó að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna hvað sem líður flokkapólitík að það var fyrst og fremst í tíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem iðnrh. og orkuráðherra sem öll meginvinnan að þessari samningsgerð fór fram. Hluti Framsfl. í þessu verkefni var kannski fyrst og fremst að binda skipið við bryggju.

Auðvitað er það þannig að sigling getur mistekist þegar menn eru að koma að bryggjunni og það er þakkarvert að þeir stímdu ekki á og komu skipinu þannig í höfn að farsællega var staðið að verki. En mér finnst það hvorki vera drengskapur né réttur málflutningur að viðurkenna ekki þá hlutdeild sem fyrrv. iðnrh. og orkuráðherra á í þessum málum. (Gripið fram í.) Ja, hér stóð t.d. upp þingmaður Framsfl., sá eini sem hefur talað hér enn sem komið er fyrir utan ráðherrann, ábyrgur maður, fulltrúi Framsfl. í bankaráðum, fjármálastofnunum og ábyrgðarmiklum nefndum þings, og fór með miklar lýsingar á því hvernig tími deyfðar og athafnaleysis hefði liðið þegar Framsfl. tók þessi mál í sínar hendur og þá fyrst þegar hann hefði haldið á veiðistönginni hefði þessi mikli lax náðst. Ég ætla hins vegar ekki að gera þetta að meginefni í ræðu minni en mér fannst óhjákvæmilegt í ljósi síðustu orðaskipta að láta þetta koma fram.

Afstaða mín er eindregið skýr. Ég tel að þessi samningur sé mikilvægur áfangi í því að nýta þær orkulindir sem hér hafa verið vannýttar, hann sé jákvætt skref í því að renna traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf og það beri tvímælalaust að samþykkja hann hér á Alþingi. Hins vegar held ég að það sé líka mikilvægt að allir sem mæla með því að samningurinn sé afgreiddur jákvætt á Alþingi lesi ekki falskar vonir eða rangar ályktanir um atvinnuþróun Íslendinga á komandi árum inn í þá umræðu. Staðreyndin er sú að framtíðaruppbygging atvinnulífs Íslendinga á 21. öldinni getur ekki byggst á orkufrekum iðnaði þó að að sé mikilvægt að hafa hann með. Framtíðaruppbygging atvinnulífs á Íslandi á 21. öldinni hlýtur að byggjast á störfum sem sótt eru í upplýsingaiðnað, þjónustugreinar, hátækni af því tagi þegar við nýtum hugvit og þekkingu þjóðarinnar sjálfrar og annað af því sem slíkar atvinnugreinar byggjast á. Það er mjög mikilvægt að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á atvinnuþróuninni skilji þetta. Við getum ekki vænst þess að halda góðum lífskjörum á nýrri öld með því að vera fyrst og fremst hráefnisútflytjendur annars vegar í sjávarútvegi og hins vegar í orkufrekum iðnaði. Ef það verður hlutskipti okkar í auknum mæli á nýrri öld er nánast vonlaust að íslensk þjóð geti í aukinni alþjóðlegri samkeppni haldið traustum lífskjörum og styrkt þau. Ég bið þess vegna hæstv. iðnrh. og viðskrh. að huga rækilega að þessari hlið málsins í málflutningi sínum. Annars er hann að mínum dómi að bregðast hlutverki sínu sem iðnrh. og viðskrh. í ríkisstjórn á síðustu árum þessarar aldar þegar við eigum að vera að

búa okkur undir vaxtarskeið þeirra atvinnugreina sem munu fyrst og fremst ráða alþjóðlegri samkeppni í hagkerfi 21. aldarinnar. Það er ekki stóriðja, hæstv. iðnrh., það er ekki hráefnisframleiðsla af öðru tagi.

Í umræðunni hefur nokkuð verið vikið að umhverfisþættinum. Vissulega er hann vandmeðfarinn og ég tel mjög mikilvægt að hæstv. umhvrh. geri á Alþingi í meðferð málsins skýra grein fyrir rökum sínum og ákvörðunum varðandi starfsleyfi. Ég nefni það sérstaklega vegna þess að það er ekki gott, hæstv. umhvrh., að það liggi í loftinu án þess að því sé svarað mjög ítarlega að horfið hafi verið frá eðlilegum umhverfisverndarkröfum í þessu máli. Í þessum efnum geri ég greinarmun á annars vegar ýtrustu kröfum og hins vegar eðlilegum kröfum. Ég held þess vegna að í umræðunni um umhverfisþáttinn verði menn að átta sig á því að það er þó nokkur munur á því sem í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál er hægt að telja ýtrustu kröfur og svo hins vegar það sem eru eðlilegar kröfur. Hér hefur verið notað hugtakið „Best Available Technology" og haldið fram því sjónarmiði að tvímælalaust eigi að gera kröfur um það að í álverinu í Straumsvík og öðrum slíkum verksmiðjum sem hér kunna að verða reistar eigi að nýta mest af „Best Available Technology" eins og það heitir í almennri umræðu og bið ég forláts á því að nota enska heitið en það sýnir kannski hve lítt töm þessi umræða er okkur að allir þeir sem það hafa rætt hér hafa brugðið fyrir sig því enska heiti.

Ég ætla að vera í hópi þeirra manna sem síðastir leggjast gegn því að slík tækni sé notuð. Hins vegar set ég líka fram það sjónarmið að ég tel það ekki vera úrslitaatriði hvort hún er notuð eða ekki heldur hljóti menn þá að skoða ef hún er ekki notuð hvaða önnur tækni er notuð og hvort hún felur þá í sér það sem hægt er að fallast á að sé viðunandi og eðlileg kröfugerð á sviði umhverfismála. Ég held þess vegna, hæstv. umhvrh., að það sé mjög mikilvægt að um þessi mál ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti þarf að minna enn einu sinni á af því að hann hefur gert það þegar í dag að menn beina ekki ræðum sínum beint til einstakra þingmanna eða ráðherra.)

Nei. Ég vil, virðulegi forseti, þá leggja áherslu á það að hæstv. umhvrh. geri skýra grein fyrir því í meðferð þingsins hvernig hann sér þetta mál í víðtæku samhengi. Mér sýnist hins vegar fljótt á litið, en skal taka það fram að ég tel að það mál þurfi nánari skoðun, að sá grundvöllur sem starfsleyfið er byggt á sé með þeim hætti að það geti ekki orðið grundvöllur fyrir því að menn taki afstöðu á móti málinu á Alþingi. Vissulega er hægt að halda því fram að meiri kröfur hefði átt að gera og það geti verið æskilegt en eins og starfsleyfið liggur fyrir er ekki grundvöllur fyrir því að hafna málinu á Alþingi.

Virðulegi forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessari ræðu mun ég styðja það frv. sem er til umræðu. Ég tel það vera mikinn áfanga að því að nýta orkulindir, sem við höfum lagt mikla fjárfestingu í að nýta, en ég vara hins vegar við því að menn leggi of djúpan skilning í það að þessi framkvæmd muni valda einhverjum straumhvörfum í atvinnuuppbyggingu Íslendinga á næstu árum, það mun hún ekki gera. Það er mikill misskilningur af hálfu hæstv. ríkisstjórnar ef hún telur að með samþykkt þessa frv. á Alþingi sé búið að ná þeim áfanga í baráttunni gegn atvinnuleysi að fleira þurfi ekki að gera á næstunni. Það verk er að mestu óunnið.

[17:52]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er það eðlilegt, eins og fram kom í ræðu hv. síðasta þm., að umhvrh. geri nokkra grein fyrir málunum sem hann varðar eða snúa að umhverfisþáttum þess veigamikla máls sem hér er rætt. Ég valdi þann kost þó að bíða eftir umræðunni og sjá hvað kæmi fram í henni sem þyrfti að svara sérstaklega og auðvitað hefur nokkrum atriðum verið beint til mín. Svo hefur verið almenn umræða um skoðanir manna á því hvernig staðið hefur verið að umhverfisþættinum en ég mun fyrst og fremst fjalla um hann í orðum mínum.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði í upphafi umræðunnar að það væru sér mikil vonbrigði að ekki skyldi fastar kveðið að í sambandi við umhverfismálin og að ekki skyldu vera gerðar strangari kröfur um að nota bestu tækni sem fáanleg er talin nú í dag við útgáfu starfsleyfisins. Auðvitað getur mönnum sýnst sitthvað um það, en afstaða umhverfisyfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, umhvrn. og að lokum umhvrh., þegar hann gefur út starfsleyfið, er að taka tillit til ákveðinna þátta eða ákveðinna staðreynda.

Nú er í fyrsta skipti gefið út starfsleyfi fyrir rekstur álverksmiðju Ísals, þ.e. bæði fyrir gamla og nýja hlutann, því að það hefur verið svo að við höfum orðið að sæta því að undanförnu að ákvæði í aðalsamningi hafa gilt. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt mál. Ég tel að það sé stórt skref sem er stigið með því að nú er þessari glímu lokið og fyrirtækið undirgengist að starfsleyfi fyrir alla verksmiðjuna er gefið út af hálfu umhverfisyfirvalda.

Í framhaldi af þessu legg ég áherslu á að ekki er verið að ræða um nýtt álver heldur stækkun á álveri sem fyrir er. Þar er forsenda þess að ákveðið er að heimila að nota sömu kertækni í nýja hlutanum og í eldri hluta verksmiðjunnar. Þetta atriði hefur mikið verið gagnrýnt, þ.e. að það skuli vera niðurstaðan að við sættum okkur við að nota sömu tækni og er í verksmiðjunni.

Ég tel að besta fáanlega tækni sé notuð til hreinsunar án vothreinsibúnaðarins miðað við að sætta sig við þurrhreinsunarbúnaðinn. Ég tel að fullyrða megi að það þjóni ekki neinum tilgangi að krefjast vothreinsibúnaðar í nýja hlutanum en ekki í þeim eldri sem er reyndar stærri hluti verksmiðjunnar og rekinn samkvæmt lögum hingað til og menn hafa orðið að sætta sig við það. Einnig má fullyrða að kröfur um hreinsun miðað við tækni verksmiðjunnar séu þær bestu sem hægt er að uppfylla miðað við að sætta sig við þá kertækni sem þar ríkir.

Þó skiptir mestu máli hver eru líkleg áhrif óumflýjanlegrar mengunar frá stækkuninni. Allar kröfur mengunarvarnareglugerðar um umhverfisgæði eru uppfylltar í starfsleyfinu. Ég vil svara því sem hv. seinasti ræðumaður, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, beindi til mín um hvort horfið væri frá eðlilegum umhverfisverndarkröfum. Með því að við teljum að með starfsleyfinu séu uppfylltar þær kröfur sem mengunarvarnareglugerðin gerir ráð fyrir, erum við í raun að gefa út starfsleyfi sem við getum verið ásátt með. Með því ríkir líka meiri vissa um áhrif verksmiðjunnar allrar, eftir stækkun, á umhverfið en miðað við núverandi starfsemi. Á undanförnum árum hafa verið stundaðar mengunarmælingar í lofti í nágrenni verksmiðjunnar þannig að safnast hefur upp mikilvæg viteskja sem nýtt hefur verið og hægt verður að nota í framtíðinni til þess að meta áhrif verksmiðjunnar á umhverfið.

Þess má geta að mælingar á flúor í jarðvegi og gróðri í nágrenni verksmiðjunnar, sem staðið hafa yfir frá því að verksmiðjan tók til starfa, sýna í dag svipað magn og var

áður en hún tók til starfa. Af því má draga þá ályktun að um sé að ræða óveruleg áhrif af völdum flúors á umhverfið.

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að þetta komi fram og ég hygg að það hafi verið hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem spurði um hvort við gerðum ekki ýtrustu kröfur. Spurning hennar er náttúrlega að hluta til svarað með því að það er til betri kertækni sem er þannig að ekki þarf að opna kerfin við áltöku. Það hefur áhrif á það magn mengunarefna sem losuð eru út um kerskálarjáfur eða þak en ástæða þess að ekki er gerð krafa um þessa tækni er eins og áður segir sæst er á sömu kertækni og í núverandi hluta álversins og þurrhreinsibúnaðurinn verður samkvæmt bestu tækni eins og ég hef áður nefnt.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði m.a. um áhrifin af samningsdrögunum við Ríó-sáttmálann um loftslagsbreytingar og hvernig þetta starfsleyfi samrýmdist þeim samningsdrögum sem þar liggja fyrir og þeirri stefnu sem þar er verið að móta. Og ég vil í því sambandi segja við hv. þm. að við vitum að koltvísýringurinn er efni sem losað er út í andrúmsloftið í miklu magni og kemur auðvitað fyrst og fremst af brennslu á kolum og olíu. Okkar vandi í þessu efni er kannski ekki síst okkar stóri fiskiskipafloti, sem við eigum auðvitað erfitt með að finna aðra tækni fyrir til að draga úr þessari mengun.

En varðandi álverið og þær framkvæmdir, þ.e. framleiðslu á rafmagni til álversins, er auðvitað ljóst að þær aðferðir sem þar er beitt, þ.e. að framleiða rafmagn eins og við gerum, hefur minni áhrif til mengunar en ef það væri gert með öðrum hætti, eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Ég tel að það sé veigamikill þáttur í þessu máli. Menn hafa ekki eingöngu áhyggjur af koltvísýringi vegna svæðis- eða staðbundinnar mengunar, það er náttúrlega vegna heimsáhrifa, eða það sem menn kalla nú stundum á slæmu máli glóbal-áhrifa. En raforkan sem hér er framleidd er þá þess eðlis að við erum að leggja til betri aðferð við framleiðslu áls, heldur en ef það væri gert með rafmagni sem framleitt væri við kol eða olíu.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um störf úrskurðarnefndar, sem reyndar kom einnig fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég verð að segja að hvorki tel ég mig geta né heldur vil ég svara neinu um það hvernig sú nefnd vinnur sín störf. Ég hygg, án þess að ég hafi getað aflað mér nákvæmra upplýsinga á meðan umræður hafa staðið yfir hér, að hún hafi í raun ekki ákveðin frest til þess að vinna sín störf, það sé ekki í reglugerðinni kveðið á um það að hún skuli hafa lokið störfum fyrir einhvern ákveðinn tíma. En það má sjálfsagt reikna með því að það taki einhverja vikur, kannski allt að þremur mánuðuðum. Um það þori ég ekki að fullyrða. Ég blanda mér ekki að öðru leyti í þau mál.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var síðan með ýmsar athugasemdir og hefur einnig fjallað um málið á öðrum vettvangi, eins og fram kom í hans máli. Hann spurði m.a.: „Er mönnum sama um loftgæði hér í þéttbýlinu? Er mönnum sama um það hvernig kröfur við gerum og hvernig við stöndum að því að fylgjast með því sem er að gerast?" Þess vegna vil ég að það komi fram að gerðar hafa verð nokkuð miklar mælingar á ástandinu varðandi brennisteinsdíoxíðið. Það hafa verið mæld gildi sem eru langt undir viðmiðunarmörkum. Það er rétt að taka fram að samkvæmt leiðbeiningum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er talið að viðkvæmt fólk, fólk með öndunarfærasjúkdóma, fari að finna fyrir mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs þegar styrkleiki þess er orðinn um 250 míkrógrömm á rúmmetra að meðaltali yfir sólarhringinn, eða 100 míkrógrömm að meðaltali á heilu ári. Mörk eru sett fram í mengunarvarnareglugerðinni sem taka mið af viðkvæmum lággróðri í þessu sambandi og er talið að hann þoli um 30 míkrógrömm á rúmmetra. Einnig var mældur styrkur loftkennds flúors og heildarflúors yfir sex mánaða tímabil á Hvaleyrarholti. Meðalstyrkur loftkennds flúors yfir þetta tímabil mældist 0,08 mígrógrömm á rúmmetra og hæsta sólarhringsgildi mældist 1,19 míkrógrömm. Það má auðvitað telja upp fleiri tölur í þessu sambandi en þetta sýnir að mæld mengun er langt innan þeirra marka sem talin er hættuleg heilsu manna og jafnframt innan marka fyrir gróður. Við teljum því að með þeim kröfum sem gerðar eru og starfsleyfum sem gefin eru út, séum við langt innan við þau mörk sem mengunarvarnareglugerð okkar gerir ráð fyrir.

Hv. þm. ræddi nokkuð um mörkin 0,65 kg/tonn áls sem gæti hækkað, eins og hér kemur fram og vitað er ef um hreinál er að ræða um 0,2 samkvæmt okkar leyfi í 0,85 kg/tonn samtals, en sagði að viðmiðun sem kemur fram í Parísarsáttmálanum væri 0,6 kg á tonn áls. Það er auðvitað rétt að það komi einu sinni enn fram að þar er verið að miða við ný álver, það er sú krafa sem gerð er til nýrra álvera. Við erum hins vegar að tala um nýjan hluta álversins sem er viðbygging eða stækkun á eldra fyrirtæki. Og þá varð það niðurstaðan að sætta sig við mörk sem eru þó örlítið hærri, 0,65 á móti 0,6.

Hvað spurningu hv. þm. um fordæmi fyrir aðra álframleiðendur varðar, vil ég að það sé skýrt af minni hálfu í þessari umræðu að það er ekki verið að gefa fordæmi fyrir ný álver þegar við erum að tala um stækkun á álveri sem hér er fyrir og hefur starfað lengi.

Í því sambandi má kannski vitna til þess sem kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann ræddi um orkuverð að hann taldi að þó hann sætti sig við það orkuverð sem nú er samið um varðandi þetta fyrirtæki, þá teldi hann það ekki fordæmisgefandi fyrir raforkuverð til annarra fyrirtækja. Ég vil líka að það komi fram, hæstv. forseti.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði m.a. í ræðu sinni að viðmiðunarmörk hér hjá okkur væru eftir stækkunina í álverinu 1,4 kg fyrir tonn áls. Það er til skemmri tíma, markið er 1 kg fyrir allt álverið. Hann bar þetta saman við 0,4 í Noregi, sem eru þau mörk sem Norðmenn hafa hugsað sér að setja, en það er ekki enn komið á í neinu álveri sem þar starfar. Þar er markið hærra, þótt þeir kunni að ætla sér þetta mark þegar frá líður.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á það í greinargerð með frv., þar sem fjallað er um að stjórn Hollustuverndar hafi sent umhvrh. endanlegar tillögur sínar. Það verður að koma hér fram af minni hálfu að það er stofnunin sem slík. Það er auðvitað Hollustuvernd ríkisins sem sendir umhvrh. sínar tillögur. Hér er um ónákvæmt orðalag að ræða. Umhvrh. gefur auðvitað út hið endanlega starfsleyfi, en þetta eru tillögur stofnunarinnar sem það starfsleyfi byggir að sjálfsögðu á.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort það eru mörg atriði í viðbót sem ég á að taka til varðandi það sem fram hefur komið hjá mönnum. Hv. þm. hafa margir sett fram hér skoðanir sínar á ýmsum hlutum. Ég held að ég hafi reynt að svara því sem hefur verið beint til mín beinlínis í spurningarformi, þótt ýmislegt fleira mætti auðvitað fjalla um í umræðunni sem gæti verið álitamál. En ég vil undirstrika og ítreka að ég tel útgáfu þessa starfsleyfis fyllilega ásættanlega. Hún uppfyllir þær kröfur sem við gerum í löggjöf okkar og mengunarvarnareglugerð, og það skiptir okkur höfuðmáli. Þar er tekið

tillit til þess að hér er um að ræða stækkun á eldra fyrirtæki og í mínum huga hefur það ekki fordæmisgildi fyrir ný álver sem kynnu að fylgja í kjölfarið. Þá verða umsóknir þeirra skoðaðar sjálfstætt.

Það var kannski aðeins eitt, hæstv. forseti, sem ég vildi segja vegna spurningar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem hann beindi til síns ágæta vinar, eins og ég held að hann hafi orðað það, landbúnaðar- og umhvrh., varðandi atvinnumál, atvinnustig og byggðaþróun og ræddi hann þar sérstaklega um samgöngumálin. Ég vil líka að það komi skýrt fram að ef fleiri sýna því áhuga að reisa hér álver, þótt ég ætli ekki að reikna með því fyrir fram að úr því verði, þá tel ég að stjórnvöld verði auðvitað að taka tillit til þess í sínum verkefnum, hafa það fyllilega í huga og framkvæmdir eiga að taka mið af því. Ég lít svo á að það sé fyllilega réttlætanlegt, ef mikið er um að vera á vissu svæði í einum landshluta, að stjórnvöld grípi inn í hvað varðar fjárfestingu og þá ráðstöfun fjármuna sem ríkisvaldið eða jafnvel sveitarfélög hafa með að gera í því samhengi. Hvað stækkun álversins í Straumsvík varðar er það trúlega ekki stórt áhyggjuefni. Hún er auðvitað mikilvægur áfangi í því að auka hér atvinnu og styrkja efnahagslíf, en ekki svo að það valdi umtalsverðri þenslu í þjóðfélaginu. En það gæti auðvitað orðið ef framhald verður á og þá verða stjórnvöld vissulega að taka tillit til þess.

[18:13]

Útbýting þingskjals:

Jöfnun atkvæðisréttar, 188. mál, þáltill. VK, þskj. 233.

[18:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eitt atriði í máli hæstv. ráðherra sem ég ætla að koma hér að í andsvari. Í greinargerð með þessu frv. stendur að stjórn Hollustuverndar ríkisins hafi afgreitt endanlegar tillögur að starfsleyfi til umhvrh. á fundi 2. nóv. 1995. Hæstv. ráðherra fór yfir þetta og viðurkenndi að þetta væri ekki rétt. Hann sagði það að vísu ekki berum orðum, hann reyndi að snúa sig út úr þessu með loðnum svörum varðandi útgáfu starfsleyfis. En hér stendur í greinargerð með þessu stjórnarfrv.: „Stjórn Hollustuverndar ríkisins afgreiddi endanlegar tillögur að starfsleyfi." Hér er um að ræða fölsun, ef maður tekur þetta eins og það stendur hér. Ráðherrann hefur þegar upplýst að þetta sé rangt. Mér finnst þetta mjög alvarlegt atriði sem hér er á ferðinni. Þetta tengist annarri málsmeðferð af hálfu þessarar stjórnar sem á fundi nefndan dag hafnaði að taka fyrir efnislega athugasemdir sem ég hafði beint til hennar í samræmi við heimild í reglugerð. Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvernig getur hann réttlætt vinnubrögð af þessu tagi? Ef hér hefði ekki verið gengið eftir þessu þá hefði þetta staðið hér eftir með þessum hætti. En það vill svo til vegna málafylgju fyrir þessari nefnd, úrskurðarnefnd, þá fékk ég afrit af fundargerð stjórnar Hollustuverndar ríkisins nefndan dag og þar er ekki orð að finna um þetta. Og af þeim ástæðum spurði ég.

[18:15]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við að að bæta sem ég sagði áður um þessa setningu. Ég tel að það sé fullmikið upp í sig tekið að tala um að þetta sé fölsun. Í mínum huga er það alls ekki og ég lít frekar á að hér sé um að ræða missögn. Hér ætti auðvitað að standa Hollustuvernd ríkisins afgreiddi þessar tillögur og sendir þær umhvrh. til endanlegrar afgreiðslu. En það er sem sagt ekki rétt sem hér segir að stjórn Hollustuverndar hafi afgreitt tillögurnar endanlega.

[18:15]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að deila við hæstv. ráðherra um hvaða túlkun beri að leggja í þetta, hvaða orð beri að velja þessu. Hér er um rangfærslu að ræða, rangfærslu sem skiptir miklu máli í sambandi við hvernig staðið er að mótun tillagna og síðan útgáfu á grundvelli þeirra. Í lögum um Hollustuvernd ríkisins stendur í 14. gr.:

„2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, mótar stefnu hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri."

Svo er vísað í starfsmenn þessarar stofnunar, að þeir hafi skilað þessum tillögum til ráðherra. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að farið verði yfir allt það svið hvernig haldið er á málum með tilliti til laga um þessa stofnun og þetta atriði verður auðvitað að skoða nánar. Öll þessi málafylgja er núna fyrir úrskurðarnefnd eins og fram hefur komið og skýrist kannski í meðferð hennar. Ég vara hæstv. ráðherra við vinnubrögðum af þessum toga og ég vænti þess að ráðuneyti hans gæti sín betur í sambandi við mál af þessu tagi og það sé full þörf á að vanda formlega þætti í sambandi við slík mál því að það varðar miklu um stöðuna í heild sinni.

Ég gat þess í ræðu minni að ráðherra hefði kveðið fast að orði að starfsleyfi sé endanlegt eins og það liggur fyrir. Ég mundi ekki vera svo viss, virðulegi forseti. Ég mundi ekki vera svo viss í ljósi þess sem fram hefur komið í umræðunni.

[18:18]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta umræðu og málefnalega. Ég finn að þetta mál hefur nokkuð víðtækan stuðning þó svo ég geri mér grein fyrir því að það séu að nokkru leyti skiptar skoðanir um einstaka þætti málsins. Það örlar örlítið á því hjá einstökum hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hafa talað um að hæstv. ríkisstjórn væri ríkisstjórn kyrrstöðunnar og stöðnunar en með samningnum sem íslenska ríkisstjórnin hefur gert við Alusuisse-Lonza hefur sú kyrrstaða verið rofin sem hefur ríkt í áratugi og því er kannski sárt fyrir stjórnarandstöðuna að þurfa að viðurkenna að svo sé.

Hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur kom fram að menn væru fullmikið að gera úr þessum áhrifum og þessum samningi. Ekki væri jafnmikið viðhaft þegar einstök rækjuskip bættust í flotann eða þegar menn hefðu í huga þau miklu umsvif sem Flugleiðir væru að ráðast í. Þetta er allt saman hárrétt. Sem betur fer er það svo að mjög mikil batamerki eru í íslensku atvinnulífi einmitt um þessar mundir. Fyrirtækin eru að fara út í fjárfestingar, auka umsvif sín af miklum krafti og því ber auðvitað sérstaklega að fagna. Dæmi um þetta er að á níu fyrstu mánuðum ársins 1995 hefur útflutningur iðnaðarvöru hefur aukist um 48%. Í hvaða greinum er þetta að gerast? Það er í nýjum iðngreinum eins og hugbúnaðinum eins og hv. þm. Ólafur Rangar Grímsson kom inn á áðan að menn mættu ekki gleyma í þeirri miklu umræðu sem fer nú fram um stóriðjuna. Það er í lyfjaframleiðslunni, það er í ýmiss konar tækjabúnaði og tæknibúnaði á sviði matvælaframleiðslu. Þetta eru þessir nýju vaxtabroddar sem núna eru að koma upp í iðnaðinum og þessu ber auðvitað að fagna. Ef

mönnum tekst að hlúa að þessum vaxtarsprotum sem þarna eru til staðar trúi ég því að við verðum betur staddir að fjórum árum liðnum. Við skulum ekki verða með hrakspár í upphafi kjörtímabils en ég skynja það hjá einstökum hv. þm. stjórnarandstöðunnar að þeir vonast til þess að Framsfl. takist ekki í þessari ríkisstjórn í samstarfi við Sjálfstfl. að skapa þau 12 þúsund nýju störf sem menn tala um að þyrfti að stefna að fram til aldamóta. Ég trúi því ekki að það sé von stjórnarandstöðunnar að þetta ætlunarverk muni ekki takast.

Það eru grafalvarlegar tölur sem hv. þm. Svavar Gestsson veifaði um atvinnuleysið og það er full ástæða til þess að hafa miklar áhyggjur af slíku. En ríkisstjórnin hefur ekki starfað nema í um það bil hálft ár. Hún er að leggja grunninn að nýrri atvinnustefnu til framtíðar, hún er að leggja grunninn í fjárlagagerðinni fyrir árið 1996. Eins og hv. þm. Guðni Ágústsson kom inn á áðan, og ég ætla ekki að endurtaka, að gangi það eftir að lækka vextina, auka hagvöxtinn, auka framleiðsluverðmætin í þjóðfélaginu mun það ganga eftir að menn munu geta þegar upp er staðið í lok kjörtímabilsins losnað við atvinnuleysið að langstærstum hluta.

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að menn verða auðvitað að horfa á fleiri þætti í þessu en bara stóriðjuna. Því miður hafa menn gert allt of mikið af því á undanförnum árum að blína einvörðungu á stóriðjukostina og kannski álið alveg sérstaklega. Þess vegna er á vegum viðskrn. og iðnrn. farið af stað öflugt starf í sérstöku átaki til atvinnusköpunar þar sem við leitum samstarfs við iðnaðinn í landinu, þar sem við leitum samstarfs við verkalýðshreyfinguna, sjóðina, lðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð. Við erum vonandi núna um næstu mánaðamót að setja af stað öflugt átak um næstu mánaðamót í útflutningi á sælgæti sem hefur ekki verið reynt áður. Viðskrn. er núna að skipa nefnd um þessar mundir til að móta framtíðarstefnu fyrir íslenska upplýsingasamfélagið sem hefur ekki verið gert fram undir þetta. Við verðum með öfluga herferð í gangi gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum, til að koma upplýsingum á framfæri út í þessi fyrirtæki, hvernig þessi fyrirtæki geta nýtt sér þau tækifæri sem búa að baki samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, þá kosti sem þar eru, á sviði markaðsmála, á sviði rannsókna, tækni og vísinda. Þetta starf er allt saman í gangi og fleira gæti ég tínt til aðeins til þess að róa hv. þm. Það er verið að vinna að fleiri kostum, hv. þm., en bara álmálum og stóriðjukostum en þar þurfa menn auðvitað að hafa opin augun líka.

Ég held að ekki sé skynsamlegt að deila um hver eigi upphafið að þessu öllu saman, þessum stóra samningi sem markar tímamót í iðnsögu þjóðarinnar því að þetta er stærsti einstaki fjárfestingarsamningur við erlenda aðila sem gerður hefur verið síðan 1966 þegar samningurinn um byggingu álversins var gerður. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. og hæstv. fyrrv. um ráðherra um það hver hafi verið upphafsmaðurinn að þessu öllu saman. En eitt held ég að sá sem hér stendur og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getum verið sammála um. Það er það að hefðu þeir stjórnarandstæðingar, sem hafa talað í dag og látið í það skína að þeir væru á móti samningnum, setið í stól iðnrh. þennan tíma sem ég hef gegnt því embætti þá hefði samningurinn ekki verið gerður vegna þess að það hefur komið fram hjá þessum hv. þm. að þeir eru á móti samningnum en þora því miður ekki almennilega að láta það koma fram við umræðuna.

Um það var spurt hverju það sætti að það væri ýmist talað um 90 framtíðarstörf í álverinu eða 72. Ástæðan er sú að beinum störfum í álverinu mun fjölga um 72 en 18 störf eru staðbundin störf verktaka á svæðinu. Það er skýringin á því að menn tala ýmist um 72 eða 90 varanleg störf.

Það er ljóst að ekki er hægt að skattleggja Ísal öðruvísi en gera það í heild sinni. Það er ekki hægt að skattleggja viðbygginguna eða stækkunina annars vegar og svo eldra fyrirtækið hins vegar. Það er rétt að heildargreiðsla lágmarksgjaldsins mun ekki hækka eftir stækkunina á fyrstu árum. Það er hárrétt eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan. Hitt er jafnmikilvægt að líkur eru á því að tekjuskattsgreiðslurnar tvöfaldist miðað við það sem ella hefði orðið. En við verðum að horfa á það að fastagjaldið er ekki heldur að lækka. Það stendur í stað vegna þess að það er greitt af fleiri tonnum en áður var. Hefðu menn ekki farið út í stækkun hefði ekki orðið um neina viðbót að ræða.

Hins vegar er gert ráð fyrir því að árið 2014 verði fastagjaldið hækkað samkvæmt verðbreytingum sem orðið hafa á tímabilinu. En árið 2004 breytist eðli fastagjaldsins úr því að dragast beint frá tekjuskattinum áður en hann er greiddur út yfir í það að verða kostnaðartengt og fer inn í rekstursköstnaðinn og dregst frá tekjunum áður en hagnaður er reiknaður. Á því er talsvert mikill eðlismunur þannig að tekjurnar af fastagjaldinu munu í raun hækka árið 2004.

Á fyrstu sjö árunum er gert ráð fyrir því að skatttekjurnar hækki ekki þrátt fyrir stækkunina. Aftur á móti eftir sjö árin er gert ráð fyrir því að skatttekjurnar af álverinu geti allt að því tvöfaldast þrátt fyrir að ekki sé um helmingsstækkun að ræða heldur er aðeins um 60% stækkun en það leiðir af því að hagnaður fyrirtækisins mun verða mun meiri vegna þeirrar hagkvæmni sem kemur út úr þessu. Hins vegar ræðst þetta auðvitað allt af því hver þróunin verður á álmörkuðunum vegna þess að afkoma fyrirtækisins ræðst algerlega af því hvernig verð á áli mun þróast. Heildarskatttekjur fyrirtækisins á næstu 20 árum aðrar en launaskattur eru á föstu verðlagi áætlaðar þessar: Lágmarksskattar gætu verið 2–2,4 milljarðar. Tekjuskattsgreiðslurnar gætu orðið á þessu tímabili 15–25 milljarðar. (**SighB:** Á hvaða tímabili?) Á næstu 20 árum. Þá gætu lágmarksskattarnir orðið 2–2,4 milljarðar en tekjuskattsgreiðslurnar gætu orðið 15–25 milljarðar og þá er auðvitað verið að reyna að áætla hvert álverðið gæti verið. Ég þori að fullyrða að menn fara mjög varlega í þeim efnum, kringum 1.700–1.750 dollarar fyrir tonnið. Hins vegar verður tekjuskattsaukinn fyrir ríkissjóð vegna stækkunarinnar 7,5–12,5 milljarður vegna þessara samninga. Ef ekki hefði verið ákveðið að ráðast í þessa stækkun hefði ríkissjóður orðið af þessum væntanlegu tekjum sem þarna verða til.

Varðandi orkusamninginn er það ósk fyrirtækisins, ósk stjórnar Landsvirkjunar, að vegna viðskiptalegra hagsmuna fyrirtækisins hvíli leynd yfir því hvert orkuverðið er sem samið hefur verið um, þ.e. hver sú orkuformúla er sem samið hefur verið um. Og það er algerlega út í loftið að fullyrða eitthvað varðandi orkuverð, hvort sem menn tala þar um 12, 15, 16 eða 10 mill. Orkuverðið mun ráðast af því hvert álverðið verður á þeim tíma þegar álverksmiðjan fer af stað, þannig að á þessari stundu er ekki hægt að segja nákvæmlega hvert það orkuverð muni verða.

Stjórn fyrirtækisins hefur óskað eftir að yfir þessu hvíli þessu leynd og ég vil halda trúnað við það. Ég hef hins vegar sagt, bæði við forstjóra fyrirtækisins og einstaka stjórnarmenn þess, að mér þyki eðlilegt að iðnn. Alþingis verði upplýst nákvæmlega um það hver orkuformúlan er, vegna þess að enn er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það,

hvert orkuverðið verður. Ég hef rætt við forstjóra fyrirtækisins um að iðnn. verði gerð nákvæm grein fyrir þessu og fái ítarlega kynningu á orkusamningnum, þannig að það verði með eins glöggum og góðum hætti af hálfu þingsins hægt að leggja mat á þetta og nokkur kostur er.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort ég teldi að það orkuverð sem nú væri verið að semja um væri fordæmisgefandi um aðra samninga sem hugsanlega yrðu gerðir. Ég tel að svo sé alls ekki, þetta hlýtur alltaf að verða ákvörðun stjórnarfyrirtækisins. Við verðum að hafa greinilega í huga að það er stjórn fyrirtækisins sem semur um orkuverð og tekur ákvarðanir um það sem hún telur eðlilegt verðlag á orkueininginu. Það er stjórn fyrirtækisins sem tekur endanlega ákvörðun um það orkuverð sem samið er um. En það orkuverð hlýtur auðvitað að taka mið af þeim kostnaði sem þá hefur fallið til, þeim flýtingarkostnaði sem nauðsynlegt er að fara út í, ef til aukinnar stóriðju kemur.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvort ég treysti mér til að gefa upp framleiðslukostnaðarverð fyrirtækisins, eins og Landsvirkjun teldi það vera í dag. Það hlýtur að ráðast af því hvernig menn raða upp virkjunarkostunum, hvaða orkuöflunarkosti menn ráðast í. Því er ekki á þessari stundu hægt að segja til um hvert kostnaðarverðið muni vera.

Það kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni áðan að kaupendur og viðsemjendur Landsvirkjunar hefðu haft orkukostnað Landsvirkjunar á reiðum höndum í samningum áður fyrr. Landsvirkjun gaf út á sínum tíma upplýsingar sem hún vildi að lægju fyrir til þess að auðvelda erlendum fjárfestum að meta stöðuna og hver þau orkukostnaðartilboð væru sem stofnunin byði upp á. Ég hef þá trú að eftir að stjórn fyrirtækisins hefur óskað eftir því að leynd hvíli yfir gerð þessa orkusamnings, þá muni slíkar upplýsingar a.m.k. ekki verða á reiðum höndum fyrir þá sem ætla sér í samninga við fyrirtækið.

Hv. þm. Svavar Gestsson hóf mál sitt á því að rifja upp þann árangur sem Alþb. hefði náð á árum áður í því að hækka orkuverðið. Ég geri ekkert lítið úr því að orkuverð hækkaði á þeim tíma og var full ástæða til. Séu menn hins vegar ánægðir með það orkuverð sem menn hafa getað pínt út og náð í samningum við álverið eins og það er núna, þá hljóta menn að vera enn ánægðari með það orkuverð sem nú hefur verið samið um, vegna þess að það er talsvert miklu hærra. Ef sá samningur sem við höfum nú náð um orkuverð flyttist yfir á Ísal eins og það er rekið í dag, skilaði hann mun meiri tekjum til Ísals en nú er. Þessir samningar verða sameinaðir 2004, og þar af leiðandi mun arður fyrirtækisins enn aukast. Það er auðvitað full ástæða til að þakka þeim samninganefndarmönnum sem að þessu verki hafa komið, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom inn á áðan. Ég tek undir það með hv. þm. að ég gat alveg eins átt von á því að við þyrftum að semja um lægra orkuverð en raunin varð, vegna þess að auðvitað vissu allir sem leituðu eftir samningum við okkur um þá miklu umframorku sem hér er að hafa.

Hins vegar er gleðilegt að flestallir stjórnmálaflokkar hafa lagt áherslu á það í kosningastefnuskrám sínum og almennt í samþykktum sínum, hvort sem það eru kallaðir landsfundir, miðstjórnarfundir eða annað, að það sé réttlætanleg skammtímalausn að selja orkuna á lægra verði. Þá er ég ekki að tala um undir kostnaðarverði, heldur að selja hana tímabundið á lágu verði til þess að draga að erlenda fjárfesta og nýta auðlind sem fram að þessu hefur verið ónýtt. M.a. kemur þetta skýrt fram í gagnmerkri bók Alþb., Útflutningsleiðinni, að þetta sé sé sú leið sem Alþb. vill fara í þessum efnum.

Það hefur líka komið fram hjá mörgum stjórnmálaflokkum að það geti verið skynsamlegt að veita fyrirtækjum tímabundinn skattafslátt til þess að draga að erlenda fjárfestingu, auka hagvöxtinn, auka framleiðsluverðmætin og skapa ný atvinnutækifæri. Þetta kemur líka fram á bls. 80 í þessari ágætu bók Alþb. Sem betur fer eru því allir stjórnmálaflokkar sammála um að þetta sé leið til að draga að erlenda fjárfesta. Og ég held líka að við séum flestöll sammála um þörfina á þeim.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um orkuverðið til Ísal. Ég treysti mér ekki til þess að greina frá því hér hvert það er. (**JóhS:** Ég spurði hvort það væri einhver lönd sem byðu sambærilegt verð á orku.) Já, það má fullyrða að það orkuverð sem samið er um er mjög sambærilegt og t.d. í Kanada. Hafi ég hins vegar skilið hv. þm. rétt, var spurt um orkuverðið til Áburðarverksmiðjunnar og járnblendiverksmiðjunnar í samanburði við Ísal. Ég tel að stjórn fyrirtækisins ætti sjálf að gera grein fyrir slíku, ef hún telur það eðlilegt, þar sem ég tel að stjórn Landsvirkjunar hafi nú breytt um stefnu í þessum efnum með ályktun sinni. Það verður ekki lengur svo að orkusamningar, sem fyrirtækið gerir, liggi sem þingskjöl eða séu í umræðum á þingskjölum. Hins vegar get ég sagt það að Áburðarverksmiðjan greiðir lægra verð en Ísal í dag og járnblendiverksmiðjan greiðir lægra verð en Áburðarverksmiðjan, þótt munurinn sé lítill. En við verðum að hafa það í huga að það eru sennilega ekki nema tæp þrjú ár síðan Íslenska járnblendifélagið rambaði á barmi gjaldþots og með sérstökum afsláttarsamningum sem þá voru gerðir af hálfu Landsvirkjunar við það fyrirtæki tókst að bjarga því. Nú græðir það verulega fjármuni og þess vegna verðugt að velta því fyrir sér hvort ekki getið verið skynsamlegt að fara út í aukna fjárfestingu, stækka fyrirtækið. Engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum, en þetta er eitt af því sem stjórn fyrirtækisins er núna að skoða. Og fari ég rétt með, það veit reyndar hv. þm. Svavar Gestsson mun betur vegna þess að hann situr í stjórn Landsvirkjunar, þá er Íslenska járnblendifélagið farið að endurgreiða þann afslátt sem Landsvirkjun veitti fyrirtækinu á sínum tíma til að bjarga því út úr þeim erfiðleikum sem það lenti í.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Svavar Gestsson spurðu um hlut Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldinu. Þegar til framtíðar er litið, eða frá 1. janúar 1998, verður sambærileg hlutdeild af framleiddu áli um sex Bandaríkjadollarar á tonn. Hafnarfjarðarbær fær því hækkun á lágmarksgreiðslunni í beinu hlutfalli við stækkunina, en fær ekki eftir þetta hlutdeild í tekjuengda framleiðslugjaldinu. Það er meginbreytingin.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um samskipti verkalýðshreyfingarinnar og Ísals. Það hefur ekki nein umræða í þessum samningum átt sér stað á milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza varðandi þau mál. Þar er fyrst og fremst um að ræða bein samskipti fyrirtækisins við verkalýðshreyfinguna og í þeim farvegi held ég að hljóti að teljast eðlilegt að málin séu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir dró fram fjóra meginþætti í því sem gerði Ísland að vænlegum kosti til þess að fjárfesta. Eitt af því voru lág laun. Það kemur skýrt fram í öllum þeim kynningarritum sem gefin hafa verið út á vegum iðnrn., viðskrn., markaðsskrifstofunnar og nú síðast á vegum

samstarfsverkefnis markaðsskrifstofunnar, iðnrn., viðskrn., Útflutningsráðs, Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um sérstakt kynningarátak á Reykjanesi sem vænlegum fjárfestingarstað fyrir erlenda fjárfestingu að lág laun eru ekki notuð sem sérstök beita til að draga að erlenda fjárfestingu. Hins vegar er lögð áhersla á að miðað við það dýrmæta og velmenntaða vinnuafl sem hér er í boði, þá eru launin tiltölulega lág.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um samkomulag sem gert var um framkvæmd tiltekinna greina í skattakaflanum og lýst er í þætti 4.4 í greinargerðinni. Þar er um tæknileg útfærsluatriði að ræða og þau mál verða nákvæmlega kynnt í iðnn. Þetta fjallar fyrst og fremst um reglur til að tryggja að um eðlileg viðskipti sé ávallt að ræða milli þeirra sem í hlut eiga, þ.e. ef við lítum bara á aðstoðarsamningana sem þarna eru gerðir og hv. þm. vitnaði til, þá eru það samningar á milli Ísals og Alusuisse-Lonza. En þeir samningar verða að vera staðfestir af iðnrh. vegna þess að það er gert ráð fyrir því að sérfræðingar á vegum ráðuneytisins meti á hverjum tíma hvort þarna sé um eðlileg viðskiptatengsl að ræða og hvort þarna sé um það að ræða að tekjur Alusuisse af samningunum séu með þeim hætti að fyrirtækið sé ekki að skjóta sér undan sköttum eða öðru slíku svo menn tali alveg hreint út um það. Þessu er nákvæmlega fylgst með og byggir á framlögðum reikningum og eru í samræmi við kostnaðaráætlun þar að lútandi. Gert er ráð fyrir því að tækni- og hönnunarkostnaður í kringum þetta geti verið í kringum 2% af fjárfestingunni sem þarna um ræðir og telst það að ég hygg frekar lágt.

Herra forseti. Ég vonast til að ég hafi náð að svara flestum þeim spurningum sem hv. þm. hafa til mín beint. Sé svo ekki er ég tilbúinn til þess að taka það til athugunar og reyna að gera betur. Ég legg á það áherslu að ég tel að allar þær upplýsingar sem hv. iðnn. þarf á að halda verði lagðar fyrir nefndina þannig að hún geti lagt eins traust mat á málið og nokkur kostur er.

[18:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra ræddi um orkuverðssamninginn og kom þar með ákveðnar staðhæfingar, m.a. miðað við tímann fram að 2004 og eftir 2004. Finnst hæstv. ráðherra það frambærilegt gagnvart Alþingi að verið sé að ræða málið með þessum hætti þegar ekki er upplýst gagnvart þinginu hver er orkuverðsformúlan? Hér stendur ráðherrann með staðhæfingu sem er ekki hægt að leggja mat á af þingheimi. Mér finnst gersamlega óviðunandi að svona sé haldið á málum. Mér finnst furðulegt að hæstv. ráðherra skuli leggja málið fyrir þingið með þessum hætti. Hvað veldur því að þinginu er ekki gerð full grein fyrir þessu í heild sinni við upphaf málsins? Þetta er gersamlega óviðunandi og ég mótmæli, virðulegi forseti, að þannig sé á málum haldið.

Hæstv. ráðherra ræddi svo um umframorku, nú væri verið að selja þessa miklu umframorku í kerfinu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra til viðbótar við það sem fram kom hjá mér áðan um aðstöðuna sem við erum í. Er það hugmynd ráðherra að hér verði ekki virkjað í framtíðinni þannig að það sé umframnotkun hverju sinni? Ég held að þetta tal um umframorku sé á mjög hálli braut nema menn ætli að taka upp smávirkjanaleið og ráðast í virkjanir í framtíðinni að gerðum orkusölusamningum en ekki þannig að það sé eitthvert borð fyrir báru eins og full rök geta verið fyrir vegna hins almenna markaðar að virkja umfram ef það eru metnir hagkvæmir kostir í samanburði við minni virkjanir.

[18:48]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dálítið vandlifað þar sem endalaust er spurt hvort ekki sé hægt að fá frekari upplýsingar um það sem er í orkusamningnum. Þegar ég reyni að gera eins glögga grein fyrir því og nokkur kostur er en ganga þó ekki svo langt að brjóta þann trúnað sem stjórn fyrirtækisins hefur óskað eftir að yrði á þessum orkusamningi þá koma menn í ræðustól og kvarta yfir því að þessar upplýsingar skuli hafa komið fram og væru kannski til þess að setja málið í enn erfiðari stöðu. Ég vil spyrja hv. þm.: Telur hv. þm. það eðlilegt að þegar stjórn fyrirtækisins óskar einróma eftir því að það verði farið með þennan orkusamning sem viðskiptaleyndarmál að iðnrh. standi þá í ræðustól á Alþingi og brjóti þann trúnað?

[18:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra kemur með staðhæfingar, hann svarar útleggingum, sem hafa komið fram í umræðunni með staðhæfingum, sem þingheimur hefur enga möguleika til þess að leggja mat á. Það er auðvelt að hreykja sér með þeim hætti, það er býsna auðvelt. Það sem ég hef fram að færa í þessu er að það á að veita þinginu þann trúnað. Brýtur hæstv. ráðherra ekki leyndina að því er varðar þingnefndina með sama hætti? Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Hinu hefur ráðherrann látið ósvarað hvort hann ætli að taka upp smávirkjanaleiðina eða gæta þess að virkja aldrei umfram í framtíðinni þannig að eitthvað sé afgangs í kerfinu í sambandi við raforkumarkaðinn.

[18:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að lýsa skoðun minni áðan, hv. þm., á því að ég teldi eðlilegt að iðnn. þingsins fengi allar upplýsingar um málið. Ég hef rætt það við forstjóra fyrirtækisins. Ég hef rætt það við einstaka stjórnarmenn í Landsvirkjun. Því hefur verið vel tekið af stjórn fyrirtækisins og af forstjóra fyrirtækisins. Hins vegar er eftir að ákveða af hálfu stjórnar fyrirtækisins vegna þess, hv. þm., að stjórn fyrirtækisins fer með valdið í þessu efni. Hún er kjörin af Alþingi. Hún er kjörin af borgarstjórn Reykjavíkur og af eigendum fyrirtækisins. Hvort sem okkur líkar betur eða verr í þessum efnum þá er það stjórnarinnar að ákveða, hv. þm., hvort þetta skuli gert og með hvaða hætti.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. er það svo að ef ekki hefði komið til þessi samningur um stækkun álversins hefði umframorkan sem ég kalla svo dugað okkur sennilega miðað við eðlilega aukningu á þeim markaði sem við vorum með til staðar til ársins 2010. Við hefðum ekki þurft að fara út í alvöruvirkjanir fyrr en árið 2010. Nú þurfa menn hins vegar að stilla upp nýjum kostum með það fyrir augum hvernig menn ætla að sinna aukningunni á almenna markaðnum sem mun verða á næstu árum og hvaða virkjunarkostir verða þá teknir inn.

Ég treysti mér ekki til á þessari stundu að segja nákvæmlega til um það með hvaða hætti það muni gerast. Það er hins vegar nefnd á vegum iðnrn. í samvinnu við markaðsskrifstofuna og Landsvirkjun að vinna að því að stilla þessum virkjunarkostum upp og hugsanlegum iðjukostum á móti. Þetta verk er að verða tilbúið og það verður afhent hv. iðnn. einnig til umfjöllunar þannig að nefndin geti enn betur áttað

sig á því hvað er fram undan í virkjunum og í sölumálum Landsvirkjunar.

[18:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því í þessu andsvari að það eru nokkrar spurningar sem hæstv. ráðherra hefur ekki svarað og það varðar það hvaða áhrif samningurinn hefur varðandi verð til almenningsveitna sem ég spurði um. Ég spurði um hvort einhver áform væru uppi um að fresta opinberum framkvæmdum eins og fram kemur í áliti Þjóðhagsstofnunar að hún telur að sé rétt að gera. Ég spurði um skattalega umhverfið, hvort það mætti túlka þennan samning þannig að það væri raunverulega verið að frysta ef samningsaðilinn kýs svo það skattaumhverfi sem við höfum út allan samningstímann jafnvel þó að skattar hækkuðu almennt á fyrirtæki. Ég spurði líka um rofna taxta. Ráðherrann veit hvað ég er að tala um. Og ég spurði um aðföngin líka, þessa 9 milljarða. Hvaða skatttekjur hefur ríkissjóður af þeim? Hafa verið gerðir einhverjir sérstakir samningar um sérstök kjör til þeirra varðandi þessi aðföng? Var ekki hægt að fá meira af þessum aðföngum inn í innlend umsvif? Svo að ég veki athygli á öllum þeim spurningum sem ráðherrann svaraði ekki þá spurði ég um samningana sem hæstv. ráðherra hefur undirirtað, um hönnun, byggingu og rekstur. Þetta eru tveir samningar. Ég spurði um kostnaðinn við þá, ég spurði um innihaldið og hver borgaði kostnaðinn og hverjir hefðu fengið þessa samninga.

[18:55]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið afsökunar á því ef ég hef ekki svarað öllum þeim spurningum sem hv. þm. bar fram. Í þessu stutta andsvari get ég reynt að svara nokkrum þeirra.

Varðandi samningana var ég að reyna að skýra það út áðan milli hverra þessir samningar væru. Þeir eru milli Ísals og Alusuisse-Lonza, hvert innihaldið er og hvernig er fylgst með því hvert fjármagnsstreymi á sér stað þar á milli. Ég treysti mér ekki til, hv. þm., að fullyrða neitt varðandi aðföngin. Það mál verður sérstaklega kannað og ég skal koma því til iðnn. þannig að þær upplýsingar liggi fyrir.

Hv. þm. spurði um verð til almennings eftir samninginn. Það er áætlun Landsvirkjunar að meðalverð til almenningsrafveitna muni haldast óbreytt á föstu verði fram til ársins 2000. Síðan muni það fara lækkandi, raunlækkun muni verða um 3% árlega frá þeim tíma. Þetta er kannski gleggsta dæmið um það hversu mikill ávinningur er að orkusamningnum sem þarna hefur verið gerður. Menn eru að horfa á það að á næstu árum geti raunverð til almenningsrafveitna farið lækkandi.

[18:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að nýta mér þetta síðara andsvar til að reyna að fá svar við fyrirspurninni um áform við frestun opinberra framkvæmda og hvort verið sé að frysta þá skatta sem þeir fá núna út allan samningstímann og einnig um þessa rofnu taxta.

[18:57]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Engin áform eru uppi hjá ríkisstjórninni um frestun opinberra framkvæmda. Það er auðvitað svo að það má áætla að tekjur ríkissjóðs af þessum samningi gætu orðið á bilinu 500 millj. til 1 milljarður. Nákvæmar tölur í þeim efnum hef ég ekki en það er verið að reikna út áhrifin af samningnum nú um þessar mundir, með hvaða hætti tekið verður á því, þ.e. þótt tekjur ríkissjóðs muni sem betur fer aukast við samninginn hafa ekki verið uppi nein áform í því að skera niður opinberar framkvæmdir, engin ákvörðun af hálfu ríkisstjórnar verið tekin í þeim efnum.

Með þessu skattafyrirkomulagi sem um hefur verið samið er ljóst að það er verið að festa það í ákveðnum farvegi, a.m.k. til ársins 2014 (**JóhS:** Þá skatta sem núna eru?) Þá skatta sem núna eru, hv. þm., með leyfi forseta. Auðvitað er það svo að það verður þá að líta á allar þær breytingar sem í samningnum eru vegna þess að skattkerfið tekur sífelldum breytingum allt samningstímabilið 1995, 1997, 2001, 2004. Fyrst árið 2004 verður komið í fastar skorður en þannig verður það í 10 ár þangað til árið 2014. Þá fyrst geta menn hreyft við því með því að ákveða að framlengja ekki samningnum í 10 ár til viðbótar eins og lögin heimila.

Varðandi spurninguna um rofnu taxtana er það svo að þar er ekki við Landsvirkjun eina að sakast í þeim efnum. Það eru samningar sem gerðir hafa verið við Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu ríkisins og það er í engu sambandi við þann samning sem núna hefur verið gerður um sölu á þeirri umframorku sem verið hefur í kerfinu heldur er fyrst og fremst um það að ræða að álagstoppar eru mismunandi eftir árstímum og í þeim samningum sem hafa verið gerðir við þær atvinnugreinar sem um ræðir hafa menn vitað að þetta gæti gerst og verið undir það búnir og eru ekki að berast bara í þessi skipti á þessu ári. (Gripið fram í.) Ég hef ekki trú á því að það muni aukast, hv. þm.

[19:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að nota minn rétt til að tala öðru sinni við þessa umræðu, fyrst og fremst til að ræða mál sem hæstv. umhvrh. kom að í sínu máli og ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé hér ...

(Forseti (ÓE)**:** Hann er í húsinu.)

hið næsta og bið um að honum sé gert viðvart. Út af fyrir sig á ég ekki margt vantalað í bili við hæstv. iðnrh. þó að af nógu væri að taka ef út í það væri farið. Við eigum þess kannski kost að skoða þessi mál í eitthvað fyllri vitneskju við 2. umr. málsins, en ég ætla sem sagt ekki að fara út í þau efni í löngu máli hér í annarri ræðu minni.

Ég vil þó nefna það fyrst að hlé gefst og hæstv. umhvrh. er ekki kominn í þingsal að ég held að mjög stór þáttur í þessu máli sé það fordæmisgildi sem þessi samningur getur gefið og hlýtur í rauninni að gefa öðrum fyrirtækjum sem hér kunna að leita hófanna um raforkukaup. Það fer auðvitað ekkert hjá því að slík fyrirtæki munu vísa til þess sem hér er á döfinni og mér þætti nú ekkert ólíklegt þó að þau væru þegar komin með vitneskju um það nokkurn veginn hvers eðlis þessi samningur er sem hæstv. ráðherra hefur undirritað fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands án þess að ég viti nokkuð um það. En ég held að menn séu í rauninni í feluleik sem ekki gengur upp í sambandi við raforkuverðssamninginn. Það þykir mér mjög ósennilegt og ég segi það við hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, að ég held að þessi stefna að ætla sér að halda leynd yfir raforkusamningi af þessum toga sé í rauninni barátta við vindmyllur. Aðstæður eru þannig, a.m.k. eins og ég þekkti þær fyrir ekki mörgum árum síðan að samningar af þessum toga liggja á lausu víða um heim og við drógum á sínum tíma í iðnrn. þegar ég kom þar við sögu fram allnákvæmar upplýsingar og kortlögðum hvert söluverðið á raforkunni væri í öllum heimshlutum þar sem

um er að ræða einhvern orkufrekan iðnað. Því óttast ég satt að segja að það sé meira af tilliti til innanlandsumræðunnar sem stjórn Landsvirkjunar er að biðja um að það sé ekki verið að nefna þau afsláttarkjör sem verið er að bjóða til að laða þessa stækkun fram og þessi viðskipti við Ísal sem um er að ræða frekar heldur en hitt því að það mun áreiðanlega liggja fyrir fljótlega á borðum þeirra sem eru að spá í þessa hluti. Satt að segja er þessi stóriðjuheimur miklu smærri almennt séð á veraldarvísu heldur en svarar til stærðar fyrirtækjanna og það er ekkert erfitt að fylgjast með í þeim heimi ef menn leggja sig eftir því og þar eru auðvitað upplýsingabankar sem veita allnákvæmar upplýsingar um þau efni.

Af því að það er tækifæri til þess, þá vil ég nefna eitt atriði sem hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson kom að í sínu máli þar sem þingmaðurinn staðhæfði að það hefði legið nánast á borðinu árið 1980 eða þar um bil að hægt væri að fá samning við Íslenska álfélagið um stækkun. Þessu sló hv. þm., fyrrv. ráðherra iðnaðarmála, fram í umræðunni. Mér þætti mjög gaman að sjá hv. þm. standa fyrir máli sínu að þessu leyti. Mér er ekki kunnugt um að á þessum tíma hafi legið fyrir einhver tilboð eða óskir af hálfu Alusuisse sem eiganda Ísals um að stækka. Það er algerlega fyrir utan mína vitneskju um málin og ég taldi mig þó vera nokkuð nálægt þessu. En þetta hefur komið fram til þess að reyna að setja stoðir undir þær staðhæfingar sem lesa má í leiðurum dagblaða þessi missirin að þess gæti enn að sá voðamaður sem var að verki við gæslu iðnaðarmála fyrir 15 árum hafi gert stóriðjurisana svo felmtri slegna að þeir væru ekki búnir að jafna sig enn í dag, virðulegi forseti, og það væri skýringin á því að þá hefði ekki borið hér að landi á þeim tíma sem síðan er liðinn. Þessu geta menn auðvitað reynt að trúa sem vilja leggja hlustir við slíkum fullyrðingum.

Virðulegi forseti. Nú er hæstv. umhvrh. kominn í salinn og ég sé mig knúinn til þess að gera athugasemdir við málflutning hæstv. ráðherra þar sem hann var að réttlæta starfsleyfið sem við höfum rætt um fyrr við umræðuna og þá í fyrsta lagi það að hér sé um að ræða stækkun á fyrirtæki en ekki nýtt álver. Mér finnst þetta afar hæpin röksemdafærsla sem er þarna á ferðinni. Hér er um að ræða algerlega nýjan kerskála í fyrirtæki sem vissulega var fyrir. Hver er munurinn á því hvort raðað er upp kubbum með þessum hætti eða hvort verið er að stofna til fyrirtækis af nýjum aðila upp á 60 þúsund tonna álframleiðslu? Röksemdafærsla af þessum toga gengur ekki upp. Að sjálfsögðu er fyrirtækið sem er þarna að bæta við sig ekki að breyta því framleiðsluferli sem fyrir er. Það er ekki það sem verið er að semja um. Það er verið að semja um þriðjungsstækkun fyrirtækisins eða þar um bil, í sérstakri einingu og þá er auðvitað í lófa lagið að taka upp nýja búskaparhætti í þessari nýju einingu. Þetta er það sem kalla mætti, virðulegur forseti, ég vona að mér leyfist að nefna orðið hundalógík. Það er orð sem stundum er borið fram þegar menn eru á tæpu vaði í röksemdafærslunni og ég geri ekki ráð fyrir því að forseti sem nú situr hafi á móti því að þessi dýrategund sé nefnd jafnkær og hún er forsetadæminu að mér best er kunnugt, sérstaklega hinn íslenski.

Ég vísa sem sagt röksemdafærslu hæstv. ráðherra á bug sem réttlætingu fyrir þessu starfsleyfi.

Hæstv. ráðherra sagðist telja að notuð sé besta fáanleg tækni að frágengnum vothreinsibúnaði. Ég held að ég hafi skrifað það nokkurn vegin orðrétt upp eftir hæstv. ráðherra. Hugtakið „besta fáanleg tækni" er ekki eitthvað sem menn bara búa til eftir hentugleikum. Það er það besta sem hægt er að fá til mengunarvarna. Það kemur vothreinsibúnaðinum út af fyrir sig ekki við. Það er spurningin um tilteknar mengunarvarnir að uppfylltu hinu skilyrðinu, bestu fáanlegri tækni sem varðar framleiðslutæknina við framleiðslu álsins svo að ég hélt að um það væri ekki deilt og þess vegna er í starfsleyfi hæstv. ráðherra talað um Ísal-tækni en ekki bestu fáanlega tækni.

Svo telur hæstv. ráðherra þetta vera í besta lagi vegna þess að það sleppi undir staðla mengunarvarnareglugerðar. Ég mundi, virðulegur forseti, í sporum ráðherrans ekki vera viss um að þetta séu fullgild rök. Mengunarvarnareglugerðin frá 1994 er ekki fullkomin smíð. Á það var bent þegar til skoðunar var starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi að það skorti mikið á að okkar mengunarvarnareglugerð væri eins og eðlilegt mætti teljast í sambandi við kröfur til stóriðjufyrirtækja og því miður var ekki orðið við því sem fram kom í nefndaráliti fjögurra fulltrúa í umhvn. 1992. Þar stóð m.a. að máli núv. þingflokksformaður Framsfl. sem undirritaði allítarlegt minnihlutaálit þar sem stjórnvöld voru hvött til þess að endurskoða mengunarvarnareglugerðina. Um þetta geta menn lesið í skýrslu til Alþingis. Ég held að til einföldunar í þessu efni sé hæstv. ráðherra að tala um þynningarmörk eins og menn módelreikna þau varðandi andrúmsloftið að gefnum ákveðnum forsendum. Það sem ég tel vera meginatriði í þessu er það sem kveðið er á um í starfsleyfinu sem hæstv. ráðherra hefur gefið út og er miklu höndlanlegra gagnvart tilteknu fyrirtæki heldur en þessi mengunarblanda í andrúmsloftinu sem hæstv. ráðherra var að vitna til í míkrógrömmum á rúmmetra og menn námu sem á hlýddu væntanlega hvað þar var verið að segja. En ákvæði í grein 2.1.7 í mengunarvarnareglugerð er það sem skiptir máli gagnvart tilteknu fyrirtæki. Andrúmsloftið er pottur sem hægt er að bæta í. Þar getur komið til mengun frá öðrum fyrirtækjum. Þar kemur til mengun frá bifreiðum o.s.frv. Og menn geta lengi leikið sér að því að segja að þetta valdi ekki svo miklum búsifjum í þessum potti að gefnum ákveðnum forsendum. Aðalatriðið er að gera fyrirtækjunum að standast ákveðnar kröfur eins og ráðherrann hefur verið að gera fyrir sitt leyti í 2.1.7 í reglugerðinni og þar skortir verulega á að staðið sé að verki eins og eðlilegt væri.

Hæstv. ráðherra gleymdi því í sínu máli, ég geri ráð fyrir að það sé frekar gleymska en viljandi gert, að í mengunarvarnareglugerð er ekki kveðið á um mengun af völdum flúors.

Síðan er spurningin um Parísarsáttmálann varðandi mengunargildi. Það er ljóslega gengið gegn ákvæðum hans og ekki er um að ræða sértæk ákvæði gagnvart nýja kerskálnum heldur er allt sett undir eitt. Ég nefndi aldrei töluna 1,4 sem hæstv. ráðherra var að víkja að. Ég nefndi töluna 1,2 því að mér er fullljóst að það er ársmeðaltalið sem um er að ræða. Þetta geta menn lesið í þingtíðindunum og það er það gildi sem þarna er best sem heildargildið en ekki 0,65 sem er bara viðmiðunargildi, óskuldbindandi gagnvart hinum nýja kerskála sett fram til að hugga þá sem voru réttilega að gera athugasemdir við það að ekki skuli vera sjálfstæð mörk að því er varðar nýja kerskálann.

Síðan ætla ég að lokum, virðulegur forseti, aðeins að nefna það sem hæstv. ráðherra var að bera fram í sambandi við koltvísýringinn. Það voru ljótu fræðin. Það var ekki viðleitni til þess að standa fyrir máli sínu sem íslenskt stjórnvald. Það var bara farið út á víðan völl með málið. Menn áttu að

hugga sig við það að þetta væri nú víða verra og verra ef menn væru hér að framleiða orkuna með kolum. En það eru íslensk stjórnvöld og Alþingi Íslendinga sem hafa staðfest markmið loftlagssamningsins í Ríó sem um hefur verið spurt í umræðunni og það verður ekkert gert með því að flýja út í heim til að smjúga frá því að standa við þau ákvæði, nema menn ætli sér að brjóta þau.

[19:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru bara örfá atriði sem ég ætla að reyna að koma að í andsvari því að ég veit ekki hvort ég mundi mikið breyta skoðunum hv. þm. á þessum málum þó ég reyndi að svara ítarlega. Hann hefur sett sínar skoðanir mjög ítarlega fram, bæði í sínu máli áðan og fyrr eins og ég nefndi, en kallar það hundalógík að taka tillit til þeirra aðstæðna sem þarna ríkja. Það verður að vera hans skoðun og ég ítreka það sem kom fram í mínu máli áðan að við höfum fallist á þetta vegna þess, ekki af því bara, heldur vegna þess að við teljum að það sé ásættanleg staða sem næst. Það er auðvitað aldrei gaman að þurfa að sætta sig við mengun og að það verði mengun. En við sættum okkur við þetta fyrirtæki eins og það er og að sömu kertækni verði beitt og þeir nota nú. Rannsóknir og mælingar sem gerðar hafa verið hafa sýnt að við getum, innan okkar reglugerða og staðla og miðað við þær kröfur sem við gerum sjálfir, sætt okkur við þá tækni sem er miðað við að notuð verði, þ.e. sama kertækni í hinum nýja hluta og hinum eldri. Og hvað varðar það að mengunarvarnareglugerðin sé e.t.v. ekki fullkomin smíð þá má sjálfsagt segja að það eru auðvitað alltaf að gerast breytingar í heiminum og viðhorf manna eru stöðugt að breytast. Við teljum að mengunarvarnareglugerðin fullnægi öllum þeim samningum og þeim skilyrðum sem við höfum undirgengist og nú þegar gert samkomulag um við aðrar þjóðir þannig að reglugerðin sé að því leytinu til fullkomin. Ef þessar kröfur okkar í starfsleyfinu uppfylla skilyrði reglugerðarinnar þá tel ég líka að það sé ásættanlegt. Þetta er því aðeins ítrekun á því sem hafði áður komið fram í máli mínu, virðulegur forseti, sem ég vil láta koma fram hér.

[19:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ljóst að okkur hæstv. ráðherra greinir á um hvað séu eðlileg mörk í sambandi við kröfur til umhverfisverndar og loftmengunar sem hér er aðallega til umræðu. Af hálfu hæstv. ráðherra kom ekki fram nein frekari réttlæting á því er varðaði koltvísýringinn og hvernig á málum er haldið að því leyti og hversu haltur rökstuðningurinn var hjá hæstv. ráðherra að því leyti.

Ég tel, virðulegur forseti, að þessi umræða hafi verið gagnleg til að upplýsa frekar en orðið er stöðuna í þessum málum. En það er alveg ljóst að því er varðar umhverfisþáttinn að við erum ekki komnir á endastöð.

[19:18]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði í sjálfu sér ekki hugsað mér að flytja hér langt mál að þessu sinni en þó eru nokkur atriði sem mér finnst full ástæða til að taka aðeins nánar fyrir. Ég vil fyrst segja það félaga mínum Hjörleifi Guttormssyni út af orðum hans áðan um að orkuverð og leyndin að ósk stjórnar Landsvirkjunar, sem var reyndar ákveðin af mér fjarstöddum en ég hlíti að sjálfsögðu sem stjórnarmaður þrátt fyrir það, hafi verið ákveðin vegna innanlandsumræðunnar er rangt. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að það væri mikið þægilegra fyrir mig að halda á málinu ef ég gæti rakið það í smáatriðum. Ég er hins vegar ekki í stöðu til þess vegna þeirrar leyndar sem stjórn fyrirtækisins hefur óskað eftir. En ég fullyrði að hver sá maður sem stendur fyrir þessum samningi út á verðlagið á orkunni eitt væri betur staddur í umræðu um málið ef tölurnar lægju á borðinu. Þetta er ekki verra en það. Og ég get líka sagt það fyrir mitt leyti við þá þingmenn sem telja ástæðu til að taka mark á því að ég hefði ekki staðið að þessu öðruvísi að ég gerði það með tiltölulega mjög góðri samvisku. Málið liggur þannig. Ég tel, eins og ég sagði í ræðu minni í dag að orkuverðið tryggi endurnýjunarkostnað og er yfir flýtingarkostnaði. Hitt er líka rétt að það er lágt af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar, m.a. í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hérna eru 750 gwst. frá Blönduvirkjun sem menn fá ekkert fyrir eins og er. Og það er verið að draga inn í þessa mynd tiltölulega hagstæða orkuviðbót í ýmis orkuver landsins, m.a. Blönduvirkjun og fleiri. Það er út af fyrir sig alveg ljóst. En eftir sem áður er staðan þannig að hér er um að ræða tiltölulega ríflega stöðu fyrir Landsvirkjun að mínu mati og ég ætla bara að leyfa mér að nefna eina tölu í þessu sambandi. Hún er sú að ef við í dag værum með það verð sem gert er ráð fyrir að taki við að afsláttartímabilinu loknu þá væri verðið á kwst. 21,5 mill en er núna 17,5 mill samkvæmt þeim samningum sem liggja fyrir. Þessi nýi samningur nær ekki bara til stækkunarinnar heldur nær hann líka til orkunnar sem fer til gamla álversins eftir að þessu afsláttartímabili lýkur.

Ég er ekki að segja þetta, hæstv. forseti, til að miklast yfir þessari niðurstöðu því ég tel enga ástæðu til þess. Ég tel að margt sé þannig að samningsstaða okkar hafi að ýmsu leyti verið mjög erfið miðað m.a. við þær pólitísku væntingar sem menn hafa búið til hér í þjóðfélaginu langt umfram efni á undanförnum árum. En ég segi þetta vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér alveg skýra grein fyrir því að það er ekki verið að leggja þetta fram og ekki verið að hafa hér uppi leynd af því að það séu einhverjir hlutir sem menn skammist sín fyrir. Nú kann það vel að vera að það sé misskilningur að setja á leyndarákvæði af hálfu t.d. stjórnar Landsvirkjunar. Það eru aðallega tvö atriði sem stjórnin er væntanlega að óska eftir að ríki trúnaður um. Það kann vel að vera að það sé vitleysa og það kann vel að vera að upp komi fljótlega allt það sem menn eru að þykjast leyna eins og sakir standa, það bara gerist einhvern tímann á næstunni, ég bara veit það ekki. En mér finnst að ég geti alla vega ekki sem einn úr þessum hópi rofið þann trúnað. Hitt skil ég alveg hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og fleirum sem hér hafa talað að þetta er auðvitað ólánsstaða. Hún er óþægileg fyrir Alþingi en hún er líka óþægileg fyrir okkur sem erum í stjórninni og örugglega fyrir alla aðila málsins. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að velta því fyrir sér hvort það er flótur á því að koma þessum upplýsingum betur á framfæri en gert hefur verið til þessa með einhverjum hætti.

Hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir að iðnn. fái öll gögn þessa máls og ég tel í rauninni að þar með sé það á ábyrgð þeirra sem þar eru hvernig þeir meðhöndla þau, m.a. gagnvart sínum þingflokkum. Þó þau séu ekki birt með upplestri eða í prentuðu formi úr þessum ræðustól þá tel ég að málið ætti að liggja þannig að þegar það kemur til 2. umr. þá eigi allir þingmenn, sem á annað borð hafa áhuga á að kynna sér

það, að vera upplýstir um einstök atriði þessa máls. Og ég er alveg sannfærður um að þá komast menn að því að stjórn Landsvirkjunar var ekki að óska eftir þessari leynd vegna innanlandsumræðunnar.

Hitt er alveg rétt að þótt hæstv. iðnrh. og reyndar hæstv. umhvrh. líka segi að þetta sé ekki fordæmi þá getur auðvitað verið að þetta verði notað sem fordæmi. Ég meina að við vitum ekkert um það og það er engin trygging fyrir neinu í þessum efnum. Það eru dæmi þess að ríkisstjórnir hafi ákveðið að leggja út í stórfelldar virkjanir, t.d. jafnvel í atvinnubótaskyni. Ég nefni í því sambandi t.d. Quebec í Kanada þar sem er um að ræða verulegt magn af virkjunum þar sem menn hófu virkjunarframkvæmdir í atvinnubótaskyni og ákváðu síðan að selja orkuverðið nánast á útsölu alveg niður í 5 mill í dag. Auðvitað viðurkenni ég það og það sér hver maður að það getur verið hætta á því að stjórnvöld, mér liggur við að segja freistist til þess, í hrikalegu atvinnuástandi að gera eitthvað af þessu tagi. Mér er það algerlega ljóst. Ég tel að fordæmishættan í þessu máli sé ekki gagnvart erlendum fyrirtækjum heldur aðallega gagnvart innlendum pólitíkusum framtíðarinnar sem vegna erfiðs atvinnuástands telji sig jafnvel beygða til þess að ganga inn á þessa braut með mjög hæpnum hætti eins og menn hafa t.d. gert í Kanada og fleiri dæmi eru um.

Það hafa verið teknar saman fyrir mig í stjórn Landsvirkjunar upplýsingar um orkuverð til álvera í heiminum. Þar er meira og minna byggt á getgátum en þó eru þær upplýsingar býsna fróðlegar. Þar kemur fram að þetta hleypur alveg frá 5 mill á kwst. og rétt u.þ.b. sýnist mér og reyndar hef ég séð tölu sem er 30 mill á kwst. hjá Boneville Power Administration í Bandaríkjunum. Það er auðvitað margs konar verð og margs konar forsendur sem ákveða verð í þessu efni og þetta segir ég út frá ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En miðað við það sem við erum vön þá held ég að málið liggi þannig að ekki sé hægt að telja þetta verð vont.

En ég endurtek að ég hef fyrirvara. Annar er þessi með fordæmið, sem ég vil að liggi fyrir sem pólitísk afstaða af minni hálfu hvort sem hún heldur í framtíðinni eða ekki. Það kæmi mér á óvart að hún héldi sem eitthvert heilagt orð en ég vil alla vega að það liggi fyrir að því er mig varðar. Hitt atriðið sem ég hef fyrirvara um er þessi stækkun í 200 þús. tonn sem er ekki búið að taka ákvörðun um af hálfu stjórnar Landsvirkjunar og um það hef ég pólitískan fyrirvara. Og mér finnst að það mál sé það stórt að þegar ég ber það saman t.d. við umhverfismálin og skattamálin þá mundi það í heild geta haft þau áhrif á það að atkvæði mitt hér í þessari virðulegu stofnun félli öðruvísi en það mundi hafa gert t.d. í stjórn Landsvirkjunar.

Þrátt fyrir þetta með fordæmið þá verð ég að segja að mér finnst það betra að hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. skuli hafa gefið þessar yfirlýsingar. Betra fyrir þjóðina inn í framtíðina, það er þá hægt að hanka þá á því ef þeir reyna að fara einhvern veginn öðruvísi í þessa hluti pólitískt. En mér finnst það heldur skára. (Gripið fram í.) Það er ekki nein trygging, nei. En þeir sögðu „ekki fordæmi" án þess að ég ætli að fara að tala fyrir þá.

Síðan vil ég aðeins víkja að því sem fram kom í umræðum í dag hjá hv. þm., m.a. Sighvati Björgvinssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni o.fl. hverjum þetta væri að þakka. Ég held því miður að þetta sé ekki þannig að pólitíkusarnir geti skreytt sig mikið með þessu máli til eða frá. Nema þeir vilji skreyta sig með að hafa tekið ákvörðun um virkjun Blöndu og hafa það þannig að allt of mikið sé af rafmagni sem ekki hefur verið hægt að selja. Þeir geta skreyt sig með því ef þeir vilja. En veruleikinn er sá að þegar þær aðstæður eru uppi að annars vegar er umframorka hjá Blönduvirkjun og hins vegar er álverð hækkandi í heiminum eftir að útsölunni á áli frá Rússlandi er lokið þá lenda menn þessu. Ég held að hlutirnir séu oft þannig að við þessir blessaðir pólitíkusar séum oft að skreyta okkur með hlutum sem við eigum ósköp lítið í. Það er í mesta lagi að menn séu kannski lítið til bölvunar. En oft er það þannig að það eru aðstæðurnar sem skrúfa hlutina saman. Það getur auðvitað skipt einhverju máli hvernig á þessu er tekið t.d. að því er varðar segjum umhverfismálin, ég tel að það skipti mjög miklu máli, en að því er varðar t.d. verðið á orkunni eins og hún er í dag þá ræðst þetta af aðstæðum sem eru ekki á okkar valdi. Og ég tel þess vegna *enga ástæðu til þess að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hann hafi* unnið vinnuna sína, hvorki núv. né heldur fyrrv. En ég man eftir iðnrh. sem hrökklaðist frá af því hann kom þessu ekki á á sínum tíma. Af því að það var búið að byggja upp svo miklar væntingar í kringum málið sem hann gat ekki risið undir þá fór hann til Finnlands. Þannig að ráðherrar sem ekki skila einhverju þó lítið sé fara til Finnlands. Það má kannski segja að það sé út af fyrir sig allt í lagi, hæstv. forseti, a.m.k. ef þeir gera ekki mjög mikla bölvun þar.

Ég ætla ekki heldur að ræða um atriði eins og þau sem fram komu hjá hæstv. iðnrh. varðandi iðnaðinn og þróun iðnaðarins. Það er ekki mál sem mér finnst ástæða til að fara hér rækilega út í. Það er alveg rétt að útflutningur iðnaðarvöru hefur aukist, t.d. hugbúnaðariðnaður. Útflutningsverðmæti hugbúnaðariðnaðar á sl. ári var 300 millj. kr. Það er talsvert mikil aukning, líklega 50% aukning eða meira frá árinu þar á undan. Og það er nú eiginlega óendanleg aukning ef maður tekur fimm eða sjö ára tímabil. Og það er alveg augljóst mál að svona snillingar eins og fjölmargir af okkar vísindamönnum, að ekki sé minnst á galdrakarlana í Oz sem hafa gert garðinn frægan, er fólk sem er að skila okkur gífurlegum verðmætum. Við eigum að gera allt sem hægt er til að styðja við bakið á þessu fólki, skapa aðstæður til þess. Um það er full samstaða. Það er enginn ágreiningur um það í þessari virðulegu stofnun.

Hvort Framsókn skapar 12 þús. störf til aldamóta, ég er viss um að hún gerir það ekki. Framsókn gerir það ekki. Hvort þjóðin gerir það, það er svo aftur annað mál. Vonandi verður það þannig. Vonandi spillir Framsókn ekki fyrir því. En að Framsókn skapi störf, það er alveg fjarstæðukennt. Í besta falli er þetta þannig að menn hjálpa kannski aðeins til. Það er hægt með ýmsum áherslum, t.d. áhættulánasjóði eða t.d. með því að efla vísindi og rannsóknir með skipulegum hætti. Þá uppskera menn af því í framtíðinni. En að menn skili einhverju svona eftir einhverjum pólitískum ákvörðunum — það var þannig, en það er það ekki lengur. Þess vegna finnst mér ekki rétt að tala um að þetta mál marki tímamót í sögu þjóðarinnar, eins og hæstv. iðnrh. nefndi hér áðan. Þótt ég skilji vel að hann langi til að marka tímamót, þá eru þau nú ekki komin. Það verður að gera það með einhverjum öðrum hætti.

Varðandi ýmis svör sem fram komu, m.a. í sambandi við Hafnarfjörð, þá þakka ég fyrir þau. Þau skýrðu það mál fyrir mér. Ég hef nefnt hér eina tölu um það hvert verðið væri, ef við fylgdum núna endanlegu formúlunni. Það væri 21,5 mill kwst. Ég ætla að nefna tvær tölur í viðbót. Það eru heildatekjur af þessum samningi. Það er talað um að hann

mundi gefa, miðað við spár, 70 millj. dollurum meira vegna þess að hann nær til gamla álsversins líka. Bara sá veruleiki að gamla álverið kemur inn í þessa mynd, skilar þjóðinni 70 millj. dollurum í viðbót frá því sem ella væri. Munurinn sýnist mér vera liðlega 70 millj. dollara á tímabilinu. Það er í raun og veru það sterka við samninginn eins og hann liggur fyrir að mínu mati að hann dregur gamla álverið og gamla samninginn inn í þessa mynd að því er varðar orkusöluna.

Það er út af fyrir sig hægt að fjalla með ýmsum hætti um umframorkuna, eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. Ég tel að það megi margt um það segja, en auðvitað er ekki heppilegt eða ekki þægilegt að vera með fjármagnskostnað af kannski 400–800 gwst. orkuframleiðslu liggjandi á bakinu á fyrirtækinu, Landsvirkjun. Því verður ekki neitað að það er erfitt. Það er náttúrlega af þeim ástæðum sem menn ákveða að hrista þennan samning áleiðis eins og við erum að gera hér.

Hæstv. iðnrh. hefur svarað þessu varðandi verð til almenningsveitnanna. Ég vil bara bæta því við að hér er um að ræða 3% árlega raunlækkun sem þetta getur gefið, ef menn vilja. Við eigum eftir að ákveða það og það er auðvitað umhugsunarvert hvort orkuverð á endilega að vera miklu lægra en það er í dag. Það er svo annað mál sem miðast við umhverfisforsendur, efnahagsforsendur og allt það. Menn eru að tala um 3% lækkun hér um skeið, eftir að meðalverð til almenningsrafveitna hefur verið að lækka stöðugt núna um nokkurt árabil á föstu verðlagi. Hér er ég með yfirlit frá Landsvirkjun frá 1971 til 1995 þar sem fram kemur að allt frá árinu 1986 hefur verið um að ræða verulega lækkun, auðvitað að nokkru í takt við við lækkun á olíumörkuðum heimsins, en lækkun engu að síður.

Ég ætlaði aðeins að víkja að því sem hér hefur verið talað um að víst er það áhyggjuefni hvað Alusuisse verður stór viðskiptaaðili Landsvirkjunar við þennan samning. Því verður ekki neitað. Hann verður geysistór og að sumu leyti óþægilega stór. Í því sambandi hefur orkuframleiðslan verið nefnd, eða öllu heldur orkukaup fyrirtækisins, hversu stórt hlutfall þau eru af heildarorkusölu Landsvirkjunar. Það eru milli 60 og 65% þegar þessi samningur verður kominn á. En það segir þó ekki allt. Peningar eru þar t.d. mun stærra mál. Það kemur í ljós að t.d. á þessu ári borgar Ísal um 22,5% af öllum tekjum Landsvirkjunar. En á árinu 2014, þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda, þá er þetta hlutfall orðið um 37%. Það er mjög hátt. Þetta er í rauninni ekkert þægilegt og þegar fyrirtækið hefur til viðbótar aðgang að stækkun upp á 38 þús. tonna ársframleiðslu, þá segir sig sjálft að þetta mál er ekki að öllu leyti nægilega gott. M.a. af þeim ástæðum hafa menn verið að ræða við aðra, án þess að hafa tekið neina ákvörðun.

Ég endurtek að ég mun leggja mjög mikla áherslu á að málið fái eins vandaða meðferð og mögulegt er í viðkomandi þingnefndum og ég er viss um að þegar að málinu kemur í 2. umr. hafa flestir þingmenn sem vilja það, fengið þær upplýsingar sem þeir telja óhjákvæmilegar til að taka afstöðu í málinu. Að lokum vil ég endurtaka að leyndin stafar ekki af því að menn vilji fela eitthvað, heldur vegna þess að menn voru vinsamlegast beðnir um það. Og ég vil ítreka að það væri betra að losna við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

41. FUNDUR

mánudaginn 27. nóv.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Úttekt á afskrifuðum skattskuldum, beiðni um skýrslu, 187. mál, þskj. 232. *Hvort leyfð skuli.*
2. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 173. mál, þskj. 216. — 1. umr.
4. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, stjfrv., 174. mál, þskj. 217. — 1. umr.
5. Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þáltill., 166. mál, þskj. 208. — Frh. fyrri umr.
6. Orka fallvatna, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
7. Jarðhitaréttindi, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
8. Jarðalög, frv., 145. mál, þskj. 172. — 1. umr.
9. Jöfnun atkvæðisréttar, þáltill., 188. mál, þskj. 233. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Þjóðvaka í Reykv., Mörður Árnason íslenskufræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv."

Kjörbréf Marðar Árnasonar hefur verið samþykkt, en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Mörður Árnason, 13. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Mörður Árnason hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Fríverslunarsamningur Íslands og Lettlands, 193. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 241.

Fríverslunarsamningur Íslands og Litáens, 192. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 240.

Greiðsluþátttaka foreldra í tannlækningum, 130. mál, svar heilbrrh., þskj. 235.

Iðnlánasjóður, 194. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 242.

Merkingar þilfarsfiskiskipa, 189. mál, þáltill. GHall, þskj. 237.

Rannsókn flugslysa, 191. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 239.

Rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsa, 143. mál, svar heilbrrh., þskj. 236.

Úttekt á afskrifuðum skattskuldum.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 187. mál. — Þskj. 232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Beiðni leyfð til fjmrh. með 51 shlj. atkv.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, frh. 1. umr.

Stjfrv., 171. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 216.

og

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, 1. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 217.

[15:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Siglingastofnun Íslands og í leiðinni fyrir frv. á þskj. 217 sem tengist því frv., frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.

Með frv. um Siglingastofnun Íslands er lagt til að Vita- og hafnamálastofnunin og Siglingamálastofnun ríkisins verði sameinaðar í eina stofnun sem hefur verið valið heitið Siglingastofnun Íslands.

Tilgangurinn með fyrirhugaðri sameiningu þessara stofnana er að styrkja þá starfsemi sem fer fram á vegum þeirra og einnig þegar til lengri tíma er litið að ná fram sparnaði og aukinni hagræðingu í rekstri.

Samgrn. hefur haft þetta mál til athugunar í nokkur ár og reyndar hafa fleiri komið að því verki. Það hefur verið samdóma álit allra sem til hefur verið leitað að þessi sameining væri heppileg og nú þykir rétti tíminn til að hrinda henni í framkvæmd. Báðar stofnanirnar búa yfir sérþekkingu og reynslu sem munu nýtast betur og spara tíma þegar

við færum verkefnin saman. Það á að gefa svigrúm til að efla rannsóknir og þróunar- og fræðslustarf í öryggismálum sjófarenda og víkka sjóndeildarhringinn með öflugu samstarfi og samvinnu við erlenda aðila og hliðstæðar stofnanir í nálægum löndum.

Höfuðtilgangurinn með sameiningunni er að byggja upp sterka stofnun með breiðar undirstöður til hagsbóta fyrir alla þá sem þjónustunnar njóta. Samkvæmt frv. fer samgrh. með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra. Forstjóri Siglingastofnunar Íslands verður skipaður af ráðherra að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingaráðs. Framkvæmdastjórar deilda verða einnig ráðnir af ráðherra að fengnum tillögum forstjóra. Annað starfsfólk verður ráðið af forstjóra.

Í 3. gr. frv. eru tilgreind verkefni Siglingastofnunar Íslands sem eru þau sömu og þessar þrjár stofnanir hafa haft. Frv. gerir ráð fyrir tveim ráðum, hafnaráði og siglingaráði er skulu vera ráðgefandi fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar.

Í tengslum við þetta frv. er annað frv. á þskj. 217 eins og ég vék að áðan þar sem fjallað er um breytingar á ýmsum lögum eins og þar er upp talið og takmarkast breytingarnar við það sem óhjákvæmilegt er í kjölfar stofnunar Siglingastofnunar Íslands. Breytingarnar skýra sig sjálfar og ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þær sérstaklega í framsögu.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að rekja einstakar greinar frv. nánar og legg til að frv. verði báðum vísað til 2. umr. og hæstv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og KPál, 166. mál. — Þskj. 208.

[15:11]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og umræðan þróaðist hér í síðustu viku tel ég æskilegt að hæstv. samgrh. og hæstv. utanrrh. og jafnframt hæstv. fjmrh. séu viðstaddir þessa umræðu. Þessari tillögu er beint til hæstv. fjmrh., þar sem óskað er eftir því að hann taki málið að sér og það er nauðsynlegt að heyra afstöðu þeirra tveggja ráðherra sem aðallega hafa fjallað um þetta, þ.e. hæstv. utanrrh. og hæstv. samgrh., til málsins. Ég stóð þess vegna í þeirri trú, hæstv. forseti, að tryggt yrði að þessir þrír viðkomandi ráðherrar yrðu hér þegar málið kæmi til framhaldsumræðu og ítreka þá ósk okkar.

Einkum og sér í lagi er nauðsynlegt að hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. séu viðstaddir umræðuna í ljósi yfirlýsingar hæstv. samgrh. í síðustu viku.

Í tilefni af þessari tillögu og þeirri umræðu sem fram fór í síðustu viku er auðvitað alveg nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um það hver er grundvallarvandinn varðandi atvinnurekstur í flugstöðinni. Grundvallarvandinn felst í eðli þeirrar byggingar sem þar var reist og í fjármögnun hennar. Ég átti sæti í nefnd á árunum 1980–1983 sem fjallaði um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Í þeirri nefnd lýsti ég þeirri afstöðu að stefna ætti að því að byggja hliðstæða byggingu og væri á Kastrup-flugvelli, Heathrow-flugvelli, í Lúxemborg og nokkrum öðrum flugvöllum, með öðrum orðum byggingu sem væri kassi, kannski ekkert sérstaklega snjall frá fagurfræðilegu sjónarmiði en hentugur hvað það snertir að hægt væri að bæta við hann öðrum kössum eftir þörfum. Alþjóðlegur flugvöllur er ekki gefin stærð. Alþjóðlegur flugvöllur tekur sífeldum breytingum og það á sérstaklega við um flugstöðvarnar. Það hefur stundum verið sagt um Heathrow-flugvöll í Bretlandi og flugstöðvarnar þar að Heathrow sé eina byggingarsvæðið í Bretlandi sem hafi sérstakan flugvöll. Það sem liggur á bak við þessa yfirlýsingu er að breytingarnar eru svo örar og miklar að sveigjanleiki þurfi að vera fyrir hendi. Þetta var sú afstaða sem Alþb. lýsti í upphafi síðasta áratugar. En því miður var það þannig að Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. höfnuðu þessari afstöðu og tóku höndum saman um það að reisa í samvinnu við Bandaríkjamenn þá byggingu sem nú stendur. Það var augljóst frá upphafi að þessi bygging mundi fyrr eða síðar reynast alvarlegur flöskuháls fyrir framþróun þessara mála í landinu. Og það hefur nú komið á daginn.

Þessi tillaga snýst fyrst og fremst um atvinnurekstur í flugstöðvarbyggingunni. Hún tekur hins vegar ekkert á því meginvandamáli sem er að á meðan Flugleiðir haga sínum ferðum á þann veg að meginþunginn er á þremur klst. að morgni til og aðkoman í flugstöðina er með þeim hætti sem hún er nú og lítt er hægt að breyta, er útilokað að hægt sé að skapa svigrúm innan flugstöðvarbyggingarinnar fyrir mikinn fjölda farþega sem hafa tíma og tóm til að versla í byggingunni. Tvö sl. sumur hafa menn t.d. séð að þegar hinn mikli fjöldi ferðamanna streymir út úr landinu eða til landsins, á fáeinum klukkustundum sólarhringsins, myndast slíkar stíflur í byggingunni að útilokað er að greiða úr þeim. Afleiðingin er síðan sú að viðkomutími farþega á viðskiptasvæðinu í byggingunni er svo lítill að þeir hafa hvorki tíma, tóm né eru í hugarástandi sem hentugt er til verslunarferða. Þetta er grundvallarvandamálið og því verður ekki breytt nema Flugleiðir taki annaðhvort upp allt annars konar tímaáætlun í flugi sínu, sem manni skilst að sé mjög óhagkvæmt út frá viðskiptasjónarmiði fyrirtækisins, eða þá að allri aðkomu í byggingunni sé stórlega breytt með þeim kostnaði sem því tilheyrir. Vandinn liggur ekki í verslunarforminu eða þeim athöfnum sem eru uppi á efri hæðinni í byggingunni.

Hitt vandamálið er síðan fólgið í því að þau lán sem tekin voru til þess að standa undir feikilegum stofnkostnaði sem var í upphafi vegna þess í hvernig byggingu var farið, eru svo mikil að stór hluti teknanna, eða annarra ríkistekna, fer í að greiða af þeim. Þess vegna er það sem hæstv. samgrh. sagði hér í andsvari í síðustu viku alrangt, að ágreiningur í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1988–1991 hefði komið í veg fyrir að á þessum vanda væri tekið. Sérstaklega að eitthvert samkomulag hefði verið gert varðandi varaflugvöll annars vegar og rekstur þessarar byggingar hins vegar. Allt slíkt er auðvitað fáránlegt í eyrum þeirra sem til þekkja.

Hvernig á að taka á þessum fjárhagsvanda? Því verður að svara vegna þess að þessi lán voru tekin af íslenska ríkinu og þau ber að greiða. Ætli heildarupphæð skuldanna í dag sé ekki eitthvað í kringum 3 milljarðar eða svo. Ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. að því hér við umræðuna, eða hæstv. samgrh. En kannski geta aðrir svarað því. Meðan þessi skuldabyrði hvílir á flugstöðinni og meðan byggingin er í þeim búningi sem hún er í dag, hef ég því miður afar litla trú á því að það sé hægt að skapa varanlegan grundvöll undir verslunarstarfsemi í byggingunni, þannig að verslunarfyrirtæki sæki þangað inn. Það er vitað t.d. að bæði Póstur

og sími og Landsbankinn borga leigu sem báðir aðilar telja óeðlilega háa. En þeir gera það vegna þess að þeir telja sig vera að styrkja starfsemina með ákveðnum hætti. Það er líka ljóst að sá varningur sem farþegar sækjast eftir að kaupa nú á flugstöðvum er af allt öðru tagi en sá varningur sem menn sóttust eftir að kaupa fyrir 10 eða 20 árum.

Ég hefði þess vegna talið eðlilegt að þeir tveir ágætu flm. þessa máls úr þingflokki Sjálfstfl. hefðu átt viðræður við hæstv. samgrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh., og þá sérstaklega hina tvo fyrrnefndu sem sitja í þingflokki Sjálfstfl., um það hvaða hugmyndir þeir hefðu í málinu áður en þeir fluttu tillöguna hér, svo við gætum hér á þingi tekið með raunhæfum hætti á þessum vandamálum. Því þetta er stórt og mikið vandamál. Að mínum dómi er verið að gefa falskar vonir um lausn þessa vandamáls með því að benda bara á rekstrarformið og segja að með einfaldri breytingu sé hægt að leysa þau vandamál sem við blasa.

Virðulegi forseti. Tími minn er útrunninn og ég mun ljúka ræðu minni. En ég hlýt að lokum að gagnrýna það að forseti heldur þessum umræðum áfram án þess að þeir ráðherrar sem að málinu koma séu viðstaddir og án þess að sá ráðherra sem blandaði sér í umræðuna hér í síðustu viku sé viðstaddur, sérstaklega í ljósi þess að hann var fyrir fáeinum mínútum að mæla hér fyrir máli.

[15:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill vegna þessar orða hv. 8. þm. Reykn. upplýsa að hann gerði ráðherrum viðvart um að nærveru þeirra væri óskað. Forseti ætlar að bæta því við að auðséð er að þeir hafa ekki orðið við þeim tilmælum. Nú er tvennt til, það er að forseti fresti umræðunni ef óskað er eftir því, eða að hv. þm. sætti sig við að fá þá væntanlega svör við spurningum sínum þegar málið kemur til síðari umræðu, ef til hennar kemur. Sættir hv. þm. sig við það? (**ÓRG:** Að fá svörin þá?) Já, það eru ekki fleiri á mælendaskrá. (**ÓRG:** Ef forseti ábyrgist að svörin komi þá.) Hann getur ekki ábyrgst það, jafnvel ekki þótt hann fresti umræðu. En ef sérstakar óskir koma ekki fram um frestun á umræðu, þá lýsir forseti því yfir að þessari umræðu er lokið.

[15:22]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta þessa umræðu hjá líða án þess að fá tækifæri til þess að hnykkja á örfáum atriðum sem komu reyndar sum fram í máli mínu við umræðuna fyrir nokkrum dögum. Það var nokkuð skondið að sú umræðu sem fór hér fram snerist ekki lengur um verslunarreksturinn í Leifsstöð, hún snerist um það hverjum slæm fjárhagsstaða Leifsstöðvar væri að kenna. Var horfið allt aftur til síðasta áratugar til að reyna finna skýringu á því. Að sjálfsögðu er öllum ljóst að vandi Leifsstöðvar er mikill og áform og aðgerðir sem hafa verið uppi um að hækka ýmsan þjónustutengdan kostnað í Leifsstöð hafa orðið til að fæla frá húsinu ýmsa rekstraraðila sem gjarnan hefðu viljað vera þar inni. Fjárhagsstaðan blandast þannig inn í það hvernig hægt er að nýta húsið betur og ná upp fjölbreyttari rekstri en nú er. Við vitum að flugfélög eins og SAS, Grænlandsflug og fleiri aðilar hafa hreinlega farið úr þessu húsi vegna mjög hárrar húsaleigu. Ég ætla ekki að telja upp fleiri, það gerði ég síðast. Margir aðrir aðilar hefðu gjarnan viljað reka sína starfssemi þaðan, en hafa ekki treyst sér til þess af sömu ástæðum. Kannski eru ýmsar ástæður fyrir því að svona fór. Að margra mati er það þó kannski fyrst og fremst vegna þess að stjórnunin hefur verið ríkistengd, það eru beinar tengingar til ráðherra og jafnvel margra ráðuneyta og nauðsynlegar breytingar hafa ekki náð fram að ganga vegna ósamkomulags og óskýrra reglna um það hverjir ráða í þessari stöð.

Það kom fram í umræðunni síðast að ýmis rekstur sem er starfræktur þarna í dag er á vegum ríkisins, t.d. fríhöfnin og Íslenskur markaður, sem er að vísu hlutafélag, en að meiri hluta til í eigu ríkisins. Ég minntist á það síðast að ég teldi að ástæðan fyrir því hversu erfiðlega gengi að ná eyrum stjórnvalda með það að leigan skiptir verulegu máli væri einmitt sú að þau fyrirtæki sem þarna eru rekin borga leigu sína til ríkisins, eru í eigu ríkisins eða eru nánast rekin af ríkisstarfsmönnum úr ráðuneytum. Þeir gera sér því kannski ekki beinlínis grein fyrir því hversu mikilvægt þetta er. Það er ein ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að breyta fríhafnarrekstrinum í hlutafélag, þannig að þar komi að rekstri menn sem hafa vit á slíkum rekstri, umfram það sem gerist beinlínis í ráðuneytum. Mín hugmynd í þessari tillögugerð er t.d., eins og fram hefur komið, að fríhöfnin yrði hlutafélag í eigu ríkisins. Ekki hlutafélag sem yrði sett í hendurnar á einhverjum ákveðnum aðila úti í bæ, heldur yrðu það starfsmenn og aðrir aðilar sem vit hefðu á slíku, sem hefðu fyrst og fremst áhrif á það hvernig reksturinn þróaðist. Þannig tel ég að reksturinn mundi þróast á mun frjálslegri og skipulegri hátt í átt til þess að mæta þörfum viðskiptavinarins og í takt við tímann. Þarna vinnur sérlega áhugasamt fólk sem hefur sýnt að það getur rekið svona stofnun með miklum glæsibrag og mér finnst að það eigi að gefa því fólki mun fleiri tækifæri en það hefur hingað til fengið. Ég veit að það hafa komið tillögur frá þeim aðilum sem þarna eru um það hvernig breyta mætti rekstrinum þannig að hann yrði frjálsari og auðveldari. Mér er kunnugt um að þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga en eftir því sem ég best heyri frá starfsmönnum, þá er að margra mati nauðsynlegt að reyna að gera þetta frjálsara. Ég vil samt ítreka að þar á ég ekki við einhverja básavæðingu sem yrði í eigu margra aðila og án yfirstjórnar, heldur hlutafélag sem yrði í eigu ríkisins. Enda held ég að það sé með sambærilegum hætti sem fríverslunin er rekin á Kastrup. Þar er ríkið meirihlutaeigandi að hlutafélagi sem rekur verslun með áfengi og annað sem selt er í flugstöðinni og hugmynd mín er að þetta muni þróast á þennan hátt.

Að öðru leyti tel ég að menn geti síðan með ábyrgum hætti reynt að laga þessa tillögu að því sem best lýtur þörfum markaðarins og fólksins sem þarna starfar, þannig að verslunarrekstur í Leifsstöð geti blómstrað. Og þá er nauðsynlegt að taka allt með. Ég tel rétt, sem komið hefur fram hér, að vandamálið megi að sjálfsögðu rekja til erfiðrar fjárhagsstöðu Leifsstöðvar. En við það bætist líka að verslunarrekstur, annar en sá sem er í eigu ríkisins, hefur ekki getað þrifist þar með eðlilegum hætti.

[15:29]

Drífa Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég vona að virðulegur forseti virði mér það til vorkunnar að ég á dálítið erfitt með að átta mig á því sem hv. 10. þm. Reykn. sagði hér við þessar umræður og sumu af því sem fram kom í fyrri hluta þessarar umræðu. Það sama gildir um tillögu þá, sem hér er rædd. Ef ég mætti, með leyfi herra forseta, vitna í hana, þá stendur þar undir lokin: „... en jafnframt dragi hið opinbera sig út úr rekstri tollfrjálsra verslana þar.“ Ég á dálítið erfitt með að skilja þegar talað er um að ríkið eigi að eiga þessa verslun og starfsmenn fái

að koma þar að, en jafnframt eigi ríkið að draga sig út úr þessum rekstri. Mér finnst vandrataður slíkur meðalvegur og varla finnanlegur. Ég tel ekki að flm. hafi tekist að færa rök fyrir því að skynsamlegt sé að samþykkja tillögu þeirra. A.m.k. dugðu þau ekki til að sannfæra mig.

Málið heyrir að sjálfsögðu undir utanrrh. og þar á það heima. Fyrst á að leysa vanda flugstöðvarinnar, síðan annarra sem þarna eru. Ég tel að þessi verslun sé ágætlega rekin og í það minnsta skilar hún ágætum arði því samkvæmt ríkisreikningi árið 1994 þá held ég að það sé nálægt 550 millj. Þarna er um verulega fjármuni að ræða þannig að ég held að þau rök sem hafa komið fram bæði nú og um daginn þegar málið var til fyrri umræðu eru ekki nægileg að mínu mati. Málið á að fara til þess ráðuneytis sem hefur verið að undirbúa það og vinna að því að leysa málið. Sérstaða og eðli fríhafnarinnar er slík að hún er ekki í samkeppni við verslanir innan lands heldur í samkeppni við fríhafnir erlendis. Það er allt annar handleggur og getur aldrei orðið um mismun að ræða gagnvart verslunarrekstri hér á landi.

Þar fyrir utan er margt annað sem hefur komið fram en ég ætla að ítreka að ég tel að það verði að hafa þann háttinn á í þessu máli að byrja á að leysa vanda flugstöðvarinnar og það þurfi einnig að skoða þetta mál með starfsmönnum og þeim sem þarna eru að vinna til þess að það ekki skapist frekari óöryggi um starf þeirra.

[15:32]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Drífu Sigfúsdóttir vil ég benda á að ríkið hefur með ýmsum hætti dregið sig út úr beinum rekstri stofnana sinna í heiminum og get ég tekið sem dæmi, og benti á það reyndar í síðustu umræðu, að norska ríkisstjórnin og einnig sú danska drógu sig út úr rekstri pósts og síma með því að gera um þau hlutafélög. Póstur og sími í Noregi, Telenord, er t.d. alfarið í eigu norska ríkisins sem hlutafélag. Að dómi allra þeirra starfsmanna sem við sem fórum þangað í heimsókn í sumar töluðum við, þá hefur það orðið til þess að gjörbreyta rekstrinum til hins betra og gert hann allan opnari, liprari og auðveldari en áður var. Allt sem ég heyrði um það og við sem vorum í þessari ferð laut að því að starfsemin hefði orðið skilvirkari en áður.

Samskipti við aðrar þjóðir og önnur fyrirtæki urðu einnig auðveldari þannig að í ljósi þeirrar reynslu tel ég að við eigum að reyna þetta einnig í stórum fyrirtækjum eins og fríhöfninni í Leifsstöð og gera það þannig að fullt samráð sé haft um það við starfsfólkið, að það sé hluti af stjórninni og að reksturinn verði hlutafélag sem verði í eigu ríkisins. Þannig hefur þetta gengið upp hjá öðrum vestrænum þjóðum og ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að það geti gengið upp hjá okkur og full sátt gæti orðið um það við starfsmenn.

[15:34]

Drífa Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn aukast vandræði mín, það verð ég að segja. Það eru svo margar útgáfur af þessu máli sem ég hef heyrt 10. þm. Reykn. nefna. Í fyrsta lagi að ríkið dragi sig út úr þessum rekstri, að ríkið eigi þarna hlutafélag með starfsmönnum og ýmsar aðrar útgáfur. Ég held nú að þær tillögur sem hv. 10. þm. Reykn. orðaði og hafði innan þeirra marka þegar hann ræddi um mína tillögu séu ekki hér á blaði og ekki til umfjöllunar með þessari þáltill. Ég tel að þáltill. eins og og hún var lögð fram sé til umræðu en ekki það sem sett er fram löngu eftir á. Mér sýnist að sá málflutningur sé sprottinn úr einhverjum öðrum upplýsingum. Það er út af fyrir sig gott að menn leiti sér upplýsinga. En ég tel að það muni ekki leysa þennan vanda. Það fjölgar ekki farþegum og það lenda ekki fleiri vélar hér út af þessu máli. En hins vegar er auðvitað alltaf gott og rétt að taka og skoða þessi mál og því er ég fylgjandi. En ég ætla ekki að reyna að skilja frekar málflutning 10. þm. Reykn.

[15:36]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir skilur ekki hvernig ríkisvaldið hefur dregið sig út úr rekstrinum með því að stofna hlutafélög um þau fyrirtæki. Ég ætla ekkert að fara að reyna að gera henni það skiljanlegt úr þessum ræðustóli en get í sjálfu sér gert það annars staðar. En ég held að öllum sé skiljanlegt sem standa í þessum rekstri og ég held ég geti fullyrt það að þeir sem starfa við slíkan rekstur hjá ríkinu hafa einnig þann skilning að breyta forminu í hlutafélagaform þar sem starfsmennirnir hafi sjálfir beina aðild að rekstrinum og ákvarðanatökunni. Það hefur alls staðar orðið til þess að lyfta upp rekstrinum, gera hann betri og í anda þess sem starfsmennirnir sjálfir vilja. Það er rekstur sem er í eigu ríkisins en er hlutafélag sem er rekið af fólkinu sem starfar í umboði ríkisins að sjálfsögðu. Það er það form sem ég hef séð fyrir mér að geti þrifist með mjög jákvæðum hætti á þessum stað.

[15:37]

Drífa Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að 10. þm. Reykn. hafi eitthvað misskilið orð mín. Ég ræddi ekki um að ég skildi ekki mismun á einkarekstri og ríkisrekstri. Ég nefndi að ég skildi ekki hvernig sami hv. þm. Kristján Pálsson geti bæði lagt til að ríkið dragi sig úr úr rekstrinum og sé með í rekstrinum þegar hann talar fyrir sama máli. Ég fæ ekki skilið að það sé verið að leggja til í sama málinu tvær aðskildar leiðir og tala fyrir þeim báðum samtímis, svo gott sem.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kom nú rækilega í ljós í umræðum um þetta mál hér á dögunum að vandinn sem við er að glíma í Keflavík er ekki fyrst og fremst fyrirkomulag eða tilhögun á fríhafnarverslun þar. Það er fjarri öllu lagi. Og það merkilega er að þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um það hversu dásamlegt þetta verði ef hf. kæmi aftan við batteríið þá hafa í umræðunni engar upplýsingar komið fram um einhver sérstök vandamál eða ágalla eða eitthvað sem fari aflaga hvað varðar verslunarekstrinn sjálfan í fríhöfninni. Þvert á móti hníga flest rök fyrir því að þarna sé tiltölulega vel að málum staðið. Þessi verslun er rekin með miklum hagnaði sem rennur lóðbeint í ríkissjóð og ég kannast ekki við að um þennan þátt þjónustu hafi verið miklar kvartanir. Satt að segja ekki. Ég held að það sé frekar um ýmislegt annað í þessari blessuðu flugstöð eins og það að menn komist illa inn í hana, enn verr gangi mönnum að fá að bóka sig inn í flugvélarnar en eftir að þeir eru sloppnir upp og inn í fríhöfnina sé þeim yfirleitt heldur vel borgið þannig að þetta snúi eiginlega alveg öfugt. Það er hins vegar ágætt að fá þessa tillögu fram, sérkennileg sem hún er að ýmsu leyti svo sem það að hún skuli snúa að fjmrh. um mál sem alfarið er á verksviði hæstv. utanrrh. En það er eins og kunnugt er þannig að sú sérkennilega réttarstaða gildir á svonefndum varnarsvæðum að þar fara utanríkisráðherrar á grundvelli sögulegrar forneskju með alræðisvald. Deila þar og drottna

í öllum málaflokkum, eru í raun og veru allir ráðherrar frá hinum minnsta til hins smæsta. Þetta er mjög sérkennileg og annarleg réttarskipan sem ræðumaður hefur oft gagnrýnt og alveg sérstaklega hvað varðar þetta samgöngumannvirki sem er í jaðri svonefnds varnarsvæðis og ætti að sjálfsögðu að heyra undir samgrh. eins og önnur samgöngumannvirki. Ef eitthvað er og ástæða væri til að víkja að þessu máli af einhverjum öðrum en hæstv. utanrrh. þá væri það frekar samgrh. sem ætti að fela að beita sér í þessu málum en fjmrh. Tillagan er auðvitað nokkuð sérkennileg að þessu leyti.

Ég vil líka upplýsa það, hæstv. forseti, vegna þeirra umræðna sem orðið hafa um verslunarreksturinn sem slíkan að á fundi í efh.- og viðskn. nú á dögunum kom flugvallarstjóri til viðræðna við nefndina út af lántökuheimildum flugstöðvarinnar til að lengja í skuldasúpunni því það er árlegur viðburður að það þarf að fá heimildir til að velta boltanum á undan sér sem ekkert er tekið á. Þar kom fram að þeir sem ráða fyrir málum í Keflavík, þ.e. flugvallarstjóri og hans manna, líta þeir svo á að verslunin Íslenskur markaður hafi einkarétt til að versla með innlendar vörur í flugstöðinni. Það er hlutur sem hv. tillögumenn hafa væntanlega ekki áttað sig á út frá umræðum eins og þær hnigu hér um daginn. Sú gagnrýni sem menn hafa beint að fríhöfninni er enn síður réttmæt í ljósi þess að það er ekki við hana að sakast varðandi það að öðrum aðilum sé ekki kleift að bjóða fram þjónustu sína. Ef þar er við einhverja að sakast þá er það það einkaleyfi sem Íslenskum markaði hefur verið falið til að versla með annað en fríhafnarvörur á svæðinu. Og séu þetta réttar upplýsingar, sem ég út af fyrir sig efa ekki að yfirmönnum á þessum stað séu fullkunnugt um og með réttu að þannig sé í pottinn búið, þá liggur til grundvallar væntanlega einhver pólitísk ákvörðun utanrrn. að fela versluninni Íslenskum markaði einkaleyfi til þess að stunda almennan verslunarrekstur í flugstöðinni, þ.e. versla með annað en fríhafnarvörur. Þá er miklu frekar sökudólgurinn fundinn í þessari ákvörðun utanrrn. og/eða því einkaleyfi sem Íslenskum markaði hefur verið fengið. Og þá er enn síður ástæða til þess að vera að lemja á fríhöfninni út af því máli. Enn síður. Standi mönnum ekki til boða að koma sínum vörum þarna á framfæri þá er það væntanlega vegna þess að einni verslun hefur verið falið einkaleyfi og hún getur valið úr hvaða vörur hún tekur til sölu og hvað ekki. Ég er alveg tilbúinn til að styðja við bakið á tillögumönnum í að breyta þessu, að þetta verði opnað upp. Það er algjörlega óháð stöðu fríhafnarverslunarinnar. Algjörlega. Ég vara mjög við því og mér finnst satt best að segja harla barnalegar hástemmdar yfirlýsingar um að það breyti öllu að koma einhverju hf. aftan við fríhöfnina sem slíka. Þá er málið bara allt annars eðlis. Þá er þetta bara kreddumál. Frjálshyggjueinkavæðingarkreddumál. Og ekkert annað í því og nauðaómerkilegt sem slíkt eins og heyra mátti undir lokin hjá hv. síðasta ræðumanni að í raun og veru snerist þetta bara um það að koma hf. þarna aftan við þegar hv. 10. þm. Reykn. Kristján Pálsson var hér að tala síðast.

Það finnst mér satt best að segja ekki tillöguvirði að vera að flytja ef ekkert á að gera annað í málefnum flugstöðvarinnar en bara þetta eitt og þá eru tillögumenn á miklum villugötum. Ég minni í því sambandi á það tilboð sem ég gaf hér og tekið var undir af fleirum að menn sameinist um að breyta þessari tillögu og/eða flytja nýja sem feli í sér að skipuð verði þingkjörin nefnd til þess að gera ítarlega úttekt á stöðu mála á þessum stað, fara rækilega í gegnum málið í heild sinni, þar með talið fjárhagsvanda stöðvarinnar og hvernig megi taka á honum og hvernig megi nýta þetta mannvirki betur og hafa meira út úr þessum rekstri o.s.frv. Það hafa komið fram átakanlegar lýsingar á máttleysi bæði núv. og fyrrv. ríkisstjórna til þess að taka á málinu og það er þess vegna ekki mjög trúverðugt að vera að álykta um að vísa því til ráðherra, sem reyndar fer ekki með málið, að gera eitthvað í því. Það er nánast eiginlega alveg út í loftið svo ekki sé fastara að orði kveðið. Sökum vinsemdar í garð tillögumanna vil ég ekki orða það sterkara. Það er afar hógvært að segja það þannig.

Ég hvet þess vegna eindregið til að þetta verði skoðað í hvaða nefnd sem um málið fjallar nú. Mér skilst að af því leiði að fela fjmrh. málið að tillögumenn hafi lagt til að vísa þessu til efh.- og viðskn. og ætla ég ekki sérstaklega að kvarta undan því, fæ þá tækifæri til að vinna að málinu þar. En það væri nú kannski ekki óeðlilegt að hafa um það eitthvað samráð við t.d. utanrmn. og samgn. og langbest væri að menn næðu sem sagt samstöðu um að taka nú einu sinni á þessum málum af hálfu þingsins. Það er margreynt og fullreynt að ríkisstjórnir eru algerlega máttlausar í því sökum innbyrðis togstreitu.

[15:46]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Aukist hafa nú heldur vandræði þeirra tillögumanna. Því hefur áður verið lýst að tveir hv. þm. Sjálfstfl. flytja ályktunartillögu um að skora á fjmrh. að fara að gera eitthvað við málefni ríkisstofnunar sem ekki heyrir undir fjmrh. Nú er komið á daginn að hv. tillögumönnum ber alls ekki lengur saman um hvað tillagan snýst. Í tillögugreininni sjálfri segir að ríkið eigi að draga sig út úr verslunarrekstri þarna, en annar tillögumaður, hv. þm. Kristján Pálsson segir að það sé alls ekki meiningin þannig að tillagan er bæði vitlaus að efni til og adresseruð á vitlaust heimilisfang og aukast nú heldur vandræði forseta hvað eigi að gera við slíkar tillögur. Það er t.d. alveg augljóst mál að þessi tillaga á ekki erindi í efh.- og viðskn. Hún á að fara til utanrmn. af því að þetta er á verksviði hæstv. utanrrh.

Aðalvandinn í sambandi við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er uppsafnaður fortíðarvandi, fjárhagsvandi. Frá því hefur verið skýrt að gerðar hafa verið margar atrennur, ekki færri en fimm að því að leggja fram tillögur sem kalla engu að síður á samþykkt ríkisstjórnar til þess að leysa þennan vanda. Þær tillögur hafa verið fluttar. Þær voru í fyrsta lagi um það að fela fjmrh. að ganga frá skuldbreytingum því að lántökumálin heyra undir hann og draga þannig úr greiðslubyrði með því að lengja lán og fá hagstæðari kjör.

Í annan stað voru þetta tillögur sem tóku á flestum þáttum rekstrarins og voru um það að draga úr útgjöldum, að nýta betur húsnæðið sem þarna er til ráðstöfunar, að hækka gjaldskrár og gera kröfur um aukna húsaleigu af þeim sem stunda þarna rekstur, en breyta því í það form að húsaleigan væri hluti af nettóhagnaði. Tilgangurinn með þessum tillögum var að skila þeim 150 millj. kr. á ári í auknar tekjur sem þarf til þess að standa undir greiðslubyrðinni. Menn standa nefnilega gjarnan í þeirri trú að sá atvinnurekstur sem þarna er stundaður skili ekki nægum peningum til þess að standa undir greiðslubyrði af teknum lánum. Það er alger misskilningur. Í þessari starfsemi verða til gríðarlegir fjármunir og starfsmenn fríhafnarinnar munu vera að halda upp á það þessa helgi að þeir eru á þessum tíma, núna í nóvember búnir að skila sömu upphæð í brúttósölu og þeir náðu á öllu sl. ári. Með öðrum orðum, þeir munu skila meiri tekjum í

ríkissjóð og þeir munu skila meiri tekjum samkvæmt lögum um bindingu tekjustofna eða ráðstöfun þessa fjár til annarra óskyldra aðila. Ef þeim væri frjálst að verja þessu fé þyrfti engar tillögur og engar ráðstafanir til þess að auka þarna tekjumyndum vegna þess að flugstöðin stendur undir sjálfri sér og öllum þessum lánum ein og sér.

Þegar ég segi: Það er ótímabært að flytja tillögu, jafnvel þótt hún væri á rétta adressu og tillögumönnum bæri saman um það um hvað hún væri fyrr en þessi mál hafa verið leyst, þá er ég að segja þetta: Það er frumkrafa til hæstv. ríkisstjórnar að hún nái niðurstöðu um lausn á fjárhagsvandanum. Menn fara ekki að slátra hænunni sem verpir gulleggjunum í fullkominni óvissu um það hvað tekur við. Það er staðreynd að ríkisreksturinn í fríhöfninni er sennilega einhver sá besti í landinu og hefur skilað auknum tekjum ár frá ári á undanförnum árum og stendur undir þessu öllu saman. Menn fara ekki að gera á því breytingar og taka á sig þá áhættu sem því er tengd, áhættu sem m.a. felur það í sér að menn verða þá að hafa heildstæðar tillögur um hvað eigi að taka við, hvernig eigi að standa að félagsstofnun, félagsmyndun, samningum við nýja aðila, leigukjörum o.s.frv. til þess að tryggja það að fjárhagsgrundvöllurinn bresti ekki algerlega. Þess vegna segi ég að það er algerlega ótímabært fyrr en hæstv. utanrrh. getur komið hér og skýrt frá því hvort hann hafi gert einhverjar breytingar eða yfirleitt flutt nokkrar tillögur eins og gert var fimm sinnum í fyrri ríkisstjórn og hvort honum gengur eitthvað betur að fá vandamálið sem er hæstv. samgrh. og setið hefur á þeim tillögum nú í fimm ár, til þess að sjá að sér. Það væri fullkomið ábyrgðarleysi að þessum vandamálum óleystum að vera með nokkurn tillöguflutning af þessu tagi vegna þess að það væri einfaldlega að taka þá áhættu að það fé sem menn þó hafa í hendi af þessum myndarlega og hagkvæma rekstri eins og hann er nú verði jafnvel hugsanlega ekki til ráðstöfunar.

Mikið meira er ekki um þetta mál að segja. Það er lágmarkskrafa að þeir sem eru að taka til hendinni og telja sig vera komna með einhverjar tillögur til lausnar hafi kynnt sér forsögu málsins, gert sér grein fyrir því að það eru fyrirliggjandi tillögur um þessa lausn og að þeir átti sig á því undir hvern í stjórnkerfinu þessi rekstur heyrir. Annað er ekki um þennan tillöguflutning að segja.

[15:51]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram teljum við ýmsir að það sé eðlilegt að þessari tillögu sé vísað til utanrmn. Flugstöðin heyrir undir utanrrn. og samkvæmt verkaskiptingu í þinginu er því að jafnaði fylgt. Og til að auðvelda það mál er ég alveg reiðubúinn að flytja tillögu, forseti, um að vísa málinu til utanrmn.

(**Forseti** (ÓE): Forseti hefur heyrt þessa tillögu. Það liggja fyrir tvær tillögur og við tökum afstöðu til þeirra þegar málið kemur til atkvæðagreiðslu.)

[15:52]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umræðum um þetta mál, bæði það sem menn hafa sagt í dag og það sem menn töluðu um í síðustu viku. Fyrrv. samgrh., utanrrh. og fjmrh. hafa talað einna mest. Þegar stiklað er á því sem þeir komu helst inn á gerði ég mér grein fyrir því og skal viðurkenna að ég áttaði mig ekki á þegar ég lagði fram þessa þáltill. ásamt Kristjáni Pálssyni, að flugstöðin og flugvöllurinn jafnvel allur væri hreint olnbogabarn í íslensku þjóðlífi.

Hér talaði fyrrv. utanrrh. áðan og sagði að þessi þáltill. væri vitlaust vistuð, þar sem við gerðum tillögu um að fela fjmrh. þetta mál. Það er dálítið merkilegt að það skuli ganga fram með þessum hætti að flugstöðin skuli vera undir utanrrh. Ég tek alveg undir þær athugasemdir sem síðan hafa komið fram. En ég verð að segja að mig undrar það mjög að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem hefur setið á þingi í nokkur ár og jafnframt gegnt því veigamikla starfi að vera utanrrh., skyldi ekki hafa flutt tillögu um það hverjir eiga að stjórna þar, svo augljóst sem þessi vitleysa á rekstri flugstöðvarinnar liggur fyrir honum. Ég er hissa á honum að hafa ekki fyrir löngu verið búinn að koma með tillögu um það, sérstaklega þegar hann var utanrrh. að yfirstjórn flugstöðvarinnar yrði færð til og sett undir samgrh. eins og hefur komið fram.

Ég held að það væri nauðsynlegt að setja flugstöðina undir markaðssinnaða stjórn. Það er ekki glórulaus hugmynd sem hér liggur á bak við, en það sem hefur hins vegar komið fram er að vandamálið er flugstöðin sjálf. Hér hefur verið upplýst að aðilar hafa farið út úr flugstöðinni vegna hárrar húsaleigu. Ég trúi því að ef hægt væri að leigja út meira af flugstöðinni en raun ber vitni, hlyti að vera hægt að lækka húsaleiguna.

Það er líka það sem hér var komið inn á áðan að utanrrh. færi með alræðisvald í sambandi við flugstöðvarbygginguna og það væri ekkert vandamál gagnvart flugstöðinni ef fjármagnið sem þarna kemur inn í formi verslunarreksturs væri notað til þess að greiða afborganir af lánum flugstöðvarinnar. Það er athyglisvert líka og segir kannski söguna enn betur hvernig er haldið á þessum málum.

Það sem hefur gerst er að í allt of mörg ár er búin að vera innbyrðis togstreita um þessa flugstöð þannig að þessi þáltill. er þó alla vega að því leyti góð að hún hreyfir málinu. Það var löngu tímabært.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti því yfir að um þessar mundir væru starfsmenn flugstöðvarinnar að fagna því að tollfrjáls verslun væri að gefa í aðra hönd jafnmiklar tekjur eins og á öllu síðasta ári og það er gott. Ég vil taka það fram sérstaklega vegna ummæla sem hér hafa fallið að starfsmenn ríkisins í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli hafa sinnt afar góðu starfi, verið þjónustuliprir og unnið sitt starf vel. Þegar litið er til þess að 840 þús. manns fara um flugstöðina á ári, þá er það mín skoðun og sannfæring að það sé hægt að gera betur og það sé eðlilegt að verslunin í landinu fái að koma nálægt þessu. En hér hafa menn verið með ýmsar dylgjur um það að öðruvísi ætti að málum að standa. Það er alveg sama hvar litið er á flugstöðina. Það er jafnvel orðið bitbein fyrrv. ráðherra hvernig eigi að halda á málum.

Ég held að það fari ekkert á milli mála hvað stendur í þessari þáltill. Það er alveg ljóst hvað við erum að fara þar, að ríkið dragi sig út úr rekstri tollfrjálsra verlsana. (**JBH:** Ekki segir Kristján það.) Það er nú svo, virðulegi forseti, að það er bitamunur en ekki fjár ef svo má segja hvar þessi tillaga lendir og hvort það verður hjá utanrmn. eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom inn á áðan. Ég tel að ef þessari þáltill. er veitt brautargengi, þá er mér að meinalausu í hvaða nefnd hún lendir.

[15:58]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er til marks um virðingarleysi ráðherranna sjálfra fyrir hv. flm. og málefninu að enginn þeirra, ekki utanrrh., ekki fjmrh., ekki samgrh. sýna sig hér. Hv. þm. furðaði sig á því að ég sem fyrrv. utanrrh. hefði ekki flutt tillögur um að breyta reglum um verkaskiptingu í Stjórnarráðinu þannig að forræði yfir flugstöðinni færðist til samgrh. Merkilegt. Það hefur verið sammæli allra sem sameiginlega stóðu að gerð varnarsamningsins á sínum tíma undir forustu þáv. forsrh. og formanns Sjálfstfl., Bjarna Benediktssonar, að ein af forsendunum í þeim samningum væri að einn aðili í íslensku stjórnvaldi færi með öll samskiptin við varnarliðið. Flugvöllurinn er ekki bara farþegaflugvöllur á vegum Íslendinga heldur einnig varnarstöð. Það er skýringin á því hvers vegna þetta er svo.

En að loknu kalda stríði og í ljósi breytinga, þá var það nú svo að ég flutti tillögu í síðustu ríkisstjórn um að færa forræði flugstöðvarinnar yfir til samgrn. ef það mætti verða til þess að koma einhverju viti fyrir hæstv. samgrh. og að hann féllist á skynsamlegar tillögur um lausn þessa fjárhagsvanda. Þeirri tillögu var líka hafnað og sýnir þvergirðingsháttinn sem var alger í þessu máli. (**Samgrh.:** Hverra?)

Að því er varðar það að utanrrh. fari þarna með alræðisvald, þá er það að sjálfsögðu rangt. Ef svo væri, þá væri fyrir löngu búið að leysa þetta mál. Hann er að sjálfsögðu bundinn lögum og reglum um ráðstöfun þess fjár sem verður til í þessari starfsemi og rennur annars vegar í ríkissjóð og hins vegar til flugmálaáætlunar og Flugmálastjórnar, þannig að því fer fjarri að hér sé um að ræða alræðisvald. Þess vegna þurfti að flytja tillögur um það hvernig ætti að leysa þennan fjárhagsvanda og fá atbeina annarra til þess.

Loks er þess svo að geta að þegar þannig háttar til í íslensku stjórnkerfi að deilur eru uppi um tillögur sem fluttar hafa verið hvað eftir annað við ríkisstjórnarborð, þá varð niðurstaðan að sjálfsögðu sú að þessu máli var vísað til hæstv. þáv. forsrh., sem enn er forsrh. Og í raun og veru er þetta mál enn á hans borði.

[16:01]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður lýsti í fáum orðum þeim mikla vanda sem snýr að flugstöðinni. Hann sagði að í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi hann flutt tillögu þar að lútandi til að reyna að koma einhverju viti fyrir samgrh. um þetta mál. Öll þessi umræða hefur lyft nokkurri hulu af þessu vandamáli og vandinn er miklu stærri en maður gerði sér grein fyrir. Ég nefni sem dæmi að hér hefur komið fram að þeir aðilar sem vildu afla upplýsinga um rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þurftu að bíða í eina sex mánuði til þess að fá upp gefnar nokkrar tölur úr rekstri flugstöðvarinnar frá utanrrn.

Fleira er í þessum dúr. Hér er reglugerð um rekstur tollfrjálsrar verslunar á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins og hún er frá 1981. Í fríhöfninni má selja hvers konar varning eins og tíðkast í fríhöfnum erlendis. Hér er talað um að forstjóri sé skipaður af utanrrh., þannig að samtengingin þarna á milli er með ólíkindum. Ég vona að þessi þáltill. verði a.m.k. til þess að málið verði tekið upp og skoðað í heild sinni. Væntanlega verður þá gripið til aðgerða í framhaldi af því til að létta þessu ástandi af flugstöðinni svo að bæði þeir sem starfa þar og eiga þar viðdvöl megi betur við una.

[16:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessa till. til þál. en vil lýsa andstöu við hana, þá hugmynd að hið opinbera dragi sig út úr öllum tollfrjálsum rekstri á Keflavíkurflugvelli.

Ég vil byrja á því að gera að umræðuefni orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar í umræðunni fyrr í dag þar sem hann vitnaði til ferðar sem fulltrúar þingsins fóru nýlega til Norðurlanda að kynna sér rekstur póst- og símstöðva þar, sérstaklega með tilliti til einkavæðingar, en þessum stofnunum hefur víða verið breytt í hlutafélög. Hann sagði réttilega að þeir starfsmenn sem við höfðum rætt við, í Noregi held ég að hann hafi tiltekið, hafi talið að þær breytingar sem gerðar hefðu verið hefðu almennt vakið ánægju meðal starfsmanna og allur rekstur orðið auðveldari og liprari. Þetta kann að vera rétt hjá hv. þm. En ég vil vekja athygli á því að starfsmennirnir sem við ræddum við voru forstjórinn og tveir eða þrír aðrir æðstu aðstoðarmenn hans í fyrirtækinu.

Ég hef átt þess kost að ræða einnig við aðra starfsmenn sem hafa bent okkur, sem störfum á vettvangi launafólks, á hve erfiðlega gekk að semja við nýja stjórn hlutafélagsins og hvernig allt launamynstur hefði breyst í þessari stofnun við hlutafélagavæðinguna, hve dregið hefði úr starfsöryggi, hve launamunur hefði breikkað á milli þeirra sem voru lágir og þeirra sem voru háir. Reyndar staðfesti forstjórinn í máli sínu við okkur að þessi breyting hefði orðið á launamynstrinu. Þetta vildi ég að kæmi fram í umræðunni þar sem sérstaklega var vikið að þessum þætti.

Annað er mér minnisstætt úr þessari för og þessari viðræðu við yfirmenn símafyrirtækisins í Noregi. Þeir sögðu að það væru litlar líkur á því að þeirra mati að fyrirtækið yrði selt líkt og hefði gerst víða annars staðar, t.d. í Danmörku. Ástæðan var tilgreind sú að Norðmenn væru svo ríkir að það væri ólíklegt að þeir vildu fara út á þá braut að selja hlutaféð. Það er hins vegar að gerast núna.

En hvers vegna vildu menn ekki selja hlutabréfin? Ástæðan var sú að þá mundi gróðinn sem að öðrum kosti nýttist samfélaginu, renna annað, jafnvel til útlanda. Við fengum að kynnast því í Danmörku hvernig símafyrirtækið þar skilaði á síðasta ári einum milljarði kr. íslenskum. Og hlutaféð þar er að hluta komið í erlendar hendur, til Bandaríkjanna. Þannig fara 300–400 millj. af þessum milljarði til Bandaríkjanna. Og hér víkur að flugstöðinni í Keflavík. Hvað er það sem á að einkavæða? Er það ekki einmitt þetta? Á ekki einmitt að einkavæða hagnaðinn?

Við erum að tala um verslun sem veltir tæpum 2 milljörðum kr. Hún skilar almenningi í þessu landi mörg hundruð milljónum kr. á hverju ári. Ég spyr hvort talsmenn markaðskerfis séu ekki komnir út á nokkuð hálan ís, hvort við séum í raun að fjalla um fyrirkomulag þar sem við nýtum kosti markaðarins þegar um er að ræða svo sérstæða aðstöðu sem tollfrjáls verslun í milliríkjaflugstöð eins og raunin er á hér. Mig minnir að það hafi verið í Mið-Afríkulýðveldinu, fremur en Zaire, að valdhafinn hafði þann hátt á gagnvart skjólstæðingum sínum og vinum að þegar hann vildi gera sérstaklega vel við þá, stofnaði hann nýtt tollhlið í milliríkjaflughöfninni þar sem þeir gátu tekið sinn skatt af þeim sem þar fóru um. Þess vegna spyr ég: Hvað er það eiginlega sem vakir fyrir mönnum? Er það þetta? Er það að koma einhverjum á þennan spena sem gefur svo vel? Við sem höfum farið um þessa flughöfn höfum ekki orðið vör við að

það sé kvartað þar yfir slæmri þjónustu eða slæmri aðstöðu yfirleitt. Og reyndar kemur hver maðurinn á fætur öðrum sem hefur talað fyrir þessu máli og segir að þeir séu ekki að kvarta yfir þjónustunni og ekki yfir starfsmönnunum. Hvað er það þá sem vakir fyrir mönnum? Mig langar til að skilja þessa spurningu eftir, hvort það kunni að vera þetta, að það eigi að fara að raða einhverjum gæðingum á spenann. Og því andmæli ég mjög harðlega.

[16:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi mikið um einkavæðingu og um það hvernig einkavæðingin hefði gengið í Afríku. Ég held að við getum ekki borið okkur saman við Zaire eða einhver þriðja heims ríki í Afríku sem eru ekki komin lengra á lýðræðisbrautinni en það að flestir búa annaðhvort við einræði eða hreint og beint ofurvald hersins eða einhverra manna, sem hafa komist þar til valda án lýðræðislegra kosninga.

Þegar tölum um að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, þá er það ekki „einhver einkavæðing". Þar er verið að færa reksturinn í frjálsræðisátt. Öllum er ljóst að á meðan yfirmenn stofnana heyra beinlínis undir ráðuneyti eða ráðherra, er ekki um þá fersku strauma að ræða sem segja má að fylgi fyrirtækum sem rekin eru af fólki sem þekkir vel til hlutanna. Og við þeim er ekki að búast, nema ríkisfyrirtækjum sé breytt í hlutafélög. Að mínu mati skiptir hér höfuðmáli að ríkið hafi yfirhöndina í svona fyrirtæki. Því má ekki breyta þannig að hagur þess, eða hagur landsins, fari á skjön við ætlanir manna. Í þessu tilfelli er ætlunin að reyna að gera fyrirtækið sterkara með aukinni aðild starfsmannanna að rekstrinum. Þannig hef ég hugsa mér þetta dæmi. Ég held að menn hafi ekki treyst sér til í þessari umræðu að skilgreina hversu vel hefur til tekist af hálfu starfsmanna við að gera þennan rekstur arðbæran og aðgengilegan og þeim eigi þess vegna að gefast fleiri tækifæri til þess. Og ég veit ekki betur en að það sé líka þeirra tillaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orka fallvatna, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

og

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

[16:13]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þau tvö frumvörp sem ég mæli fyrir eru á starfssviði hæstv. iðnrh. og ég vil óska eftir því að hæstv. ráðherra verði gert viðvart þannig að honum gefist kostur á að vera við umræðuna, enda hefur verið um það rætt milli mín og hæstv. ráðherra að honum gefist kostur á því.

(**Forseti** (ÓE): Forseti hafði þegar gert ráðstafanir til að láta hæstv. ráðherra vita að málið yrði tekið fyrir. Ég sé að hann er ekki kominn í húsið, en það verður náð til hans.)

Virðulegur forseti. Þau tvö frumvörp sem hér er um að ræða eru í fyrsta lagi frv. til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, og hins vegar frv. til laga um jarðhitaréttindi. Flm. beggja málanna eru hv. þm. Alþb. og mæli ég hér sem 1. flutningsmaður þessa máls.

Þessi þingmál eru vel kunnug þeim sem setið hafa hér á Alþingi um árabil þar sem þau hafa bæði verið flutt margsinnis í þinginu, fyrst á öndverðu ári 1983 og þá lögð fram sem stjórnarfrumvörp. Og bæði eru málin afurðir nefndastarfs stjórnskipaðra nefnda sem undirbjuggu mál þessi í mínar hendur, sem páv. iðnrh. Raunar eiga þau upptök í annarri ríkisstjórn en stóð að flutningi málanna, þ.e. í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sem settist á stóla 1. september 1978, en þá var tekið inn í stjórnarsáttmála að djúphiti í jörðu og orka fallvatna skyldu lýst þjóðareign og þá þegar hafinn undirbúningur að flutningi mála til þess að uppfylla þessa niðurstöðu, þetta samkomulag þáverandi stjórnarflokka.

Þau frumvörp sem hér um ræðir hafa gengið til iðnn. þingsins, iðnn. neðri deildar á meðan þingið sat í tveimur málstofum. Eftir að málstofur voru sameinaðar hafa málin gengið til iðnn. Alþingis, sem hefur fjallað um málin, en ekki náð að afgreiða þau frá sér til þingsins vegna pólitísks ágreinings sem hefur verið um málatilbúnaðinn og ekki síður hitt að ríkisstjórnir á hverjum tíma, önnur en sú sem lagði málið fyrir, hafa lýst því yfir að þær hefðu mál í undirbúningi hliðstæðs eðlis eða um sama efni og þau væru að koma allt hvað liði. Yfirlýsingar um þessi efni eru orðnar margar og kem ég að því síðar.

Ég vil hins vegar leyfa mér að reifa í örstuttu máli meginefni þessara frumvarpa og þá fyrst frv. um orku fallavatna og nýtingu hennar. Samkvæmt 1. gr. þess máls er því slegið föstu að orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, samanber þó 2. gr., og í 2. gr. frv. er að finna undanþágur við þetta ákvæði varðandi þá nýtingu sem þegar er orðin að hún er undanskilin og heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna að ákveðnum stærðarmörkum, 200 kw, að aðilar hafi hafið virkjunarframkvæmdir og að þeir aðilar sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna haldi þeim heimildum sem þeir hafa öðlast. Nánar er síðan kveðið á um einstök atriði, m.a. heimildir ráðherra til leyfisveitinga, til eignarnáms og annað sem að máli lýtur um þetta efni. Í greinargerð er ítarlegan rökstuðning að finna fyrir þeim tillögum sem þarna eru lagðar fyrir og m.a. fjallað um spurninguna um afstöðu til eignarréttarákvæða stjórnarskrár um þessi efni og leiddar að því líkur að þær tillögur sem hér eru bornar fram brjóti í engu í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og í því sambandi vitnað til þekktra fræðimanna.

Mál þessi varðandi virkjunarrétt fallvatna eiga sér langa sögu í meðförum Alþingis. Hún nær aftur í fossamálin svonefndu sem rædd voru snemma á fyrsta fjórðungi aldarinnar. Þá voru leidd fram frumvörp sem einmitt byggðu á því að takmörkun á eignarrétti að því er varðaði orku fallvatna væri eðlileg og rúmaðist innan stjórnarskrár Íslands.

Nefnd sú sem undirbjó þetta mál á sínum tíma var hins vegar ekki sammála. Einn nefndarmanna skilaði séráliti og hafði aðra skoðun á því efni sem ég hef einkum nefnt, spurninguna um eignarréttinn. Álit þetta er birt með frv. og hefur ætíð verið látið fylgja svo sem eðlilegt er, þannig að þau sjónarmið fá einnig að koma fram.

Þá er það frv. um jarðhitaréttindi en í 1. gr. þess segir:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Aðaltakmörkunina er að finna í 6. gr. frv. þar sem því er slegið föstu eða gerð um svofelld tillaga:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr. Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr."

Síðan eru allítarlega ákvæði varðandi meðferð, m.a. undanþágur, litið til baka varðandi sérstök ákvæði um sveitarfélag sem á land við jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara. Kveðið er á um að þá skuli sveitarfélag hafa forgangsrétt til að fá leyfi til að rannsaka jarðhita og nýta og einnig eru þarna atriði sem varða umhverfisvernd í sambandi við virkjun jarðhitasvæða.

Í greinargerð með þessu frv. er víða fjallað um spurninguna um eignarréttarákvæði og með tilliti til stjórnarskrár og leiddar að því líkur með tilvitnunum í þekkta fræðimenn á sviði réttarfars að þær tillögur sem bornar eru fram með frv. rekist ekki á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þar eru leiddir fram þekktir fræðimenn á sviði lögfræði. Fyrir utan Ólaf Lárusson, sem víða er getið í sambandi við bæði þessi mál sem hér eru til umræðu, er vitnað til Ólafs Jóhannessonar, lagaprófessors og þingskörungs sem allir þekkja til, sem og til dr. Bjarna Benediktssonar sem ekki er síður þekktur á sviði lögfræði og af þingstörfum sínum, en báðir þessir fræðimenn og þingmenn og forustumenn flokka fluttu frumvörp varðandi notkun jarðhita og umráðarétt sem gerðu ráð fyrir takmörkunum á eignarrétti og lét þeim fylgja vel rökstudd sjónarmið um að slíkt rækist ekki á við ákvæði stjórnarskrár.

Ég gat þess, virðulegur forseti, að mál þessi hefðu oft komið fyrir. Málið um jarðhitaréttindin þó oftar en um orku fallvatna og hefur það eingöngu verið vegna þess að þörfin hefur kannski verið talin enn þá brýnni að því leyti, jafnframt því sem verið var að kanna pólitíska vilja í þinginu til þess að taka á málunum. Og það hefur ekki brugðist að alla tíð í öllum ráðuneytum sem setið hafa frá því að mál þetta fyrst var flutt 1983, hefur komið fram af hálfu iðnrh. að þeir teldu nauðsyn á að sett verði löggjöf um þessi efni, þeir hafi málin til skoðunar í sínum ráðuneytum, þess sé að vænta að fram komi frumvörp af hálfu ríkisstjórnanna og það sé mjög skammt í þau, ef ekki á haustþingi þá á vorþingi, ef ekki á vorþingi þá á næsta haustþingi. Ég gæti haft langar tilvitnanir uppi, virðulegur forseti, um þessi efni, en tel í rauninni ekki ástæðu til að taka tíma þingsins til að rekja það í einstökum atriðum, en þetta eru orðnar mjög þekktar vísur og oft kveðnar.

Það var svo að hæstv. iðnrh. í ráðuneyti Davíðs Oddssonar 1991–1995, að vísu sat viðkomandi ráðherra ekki allan tímann og ég vitna þar til þáv. hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar, var mikill áhugamaður um þetta efni og svaraði til samræmt þegar um var spurt, ég held með orðunum: „Það skal vanda sem lengi skal standa" og var með því að réttlæta að nokkur dráttur hefði orðið á að frumvörpin kæmu fram.

Sama máli gegndi varðandi þann sem við tók, hæstv. ráðherra Sighvat Björgvinsson, nú hv. þm., að sá ráðherra hafði uppi fyrirheit um að fram væru að koma frumvörp og hæstv. fyrrv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, nú hv. þm., svaraði fyrir hönd nefnds ráðherra, hæstv. Sighvats Björgvinssonar og flutti þau boð inn í þingið á síðasta Alþingi að nú væru málin senn að koma og mundu sjá dagsins ljós áður en næstsíðasta þingi lyki, hinu 118.

Ég hef, virðulegur forseti, útskrift af umræðu á síðasta þingi og gæti fundið þessum orðum mínum stað með tilvitnunum. Það eru viss atriði sem ástæða er til að nefna sem bera vott um það hversu erfitt það hefur reynst ríkisstjórnum á þessu tímabili, frá 1983 og mætti reyndar leita lengra til baka, að koma þessum málum í hendur þingsins af sinni hálfu. Ég vísa þar í sjálfan stjórnarsáttmála ráðuneytis Davíðs Oddssonar frá 1991, þ.e. hina lengri útgáfu sem hét Velferð á varanlegum grunni. Og hvað halda menn að standi þar á bls. 34 í þessum útfærað stjórnarsáttmála þáv. ríkisstjórnar? Ég bið hv. þm. að leggja við hlustir. Með leyfi forseta:

„Lagt verður fram frumvarp um eignarhald á orkulindum, afréttum og almenningum á 115. löggjafarþingi." Þetta er stjórnarsáttmáli ráðuneytis Davíðs Oddssonar 1991–1994. Lagt verður fram frumvarp og það er tiltekið á hvaða þingi. Og nánari tilvitnun, með leyfi forseta: „Þar verður skilgreint hvaða réttur til náttúruauðæfa landsins skuli fylgja bújörðum og öðrum landareignum og hvað skuli teljast almannaeign. Í framhaldi af starfi nefndar sem hefur það hlutverk að skýra og skilgreina mörk eignarlands og almenninga verður einnig sett löggjöf um það efni."

Þetta er sáttmáli sem gilti — ekki bara til 1994, ég mun hafa haft uppi rangt ártal, heldur fram undir sumarmál 1995. Og enn bíðum við eftir efndunum sem áttu að koma á 115. þingi í formi lagafrv.

Hæstv. ráðherrar, sem tóku þátt í umræðunni á 118. þingi, reiddu fram skýringar á þessum drætti. En niðurstaðan varð sú, fyrir hönd þáv. hæstv. iðnrh,. að frv. mundi koma inn í þingið fyrir þinglok. Svo varð þó ekki. Af ummælum hæstv. forsrh., þáv. og núv., mátti marka að það væri spurningin um eignarréttarákvæðin sem stæði í stjórninni að ná samkomulagi um. Það var í rauninni nokkuð ljóst af umræðum í þinginu, og hefur lengi verið, að talsmenn Alþfl. hafi verið reiðubúnir til að taka undir meginefni þessara frumvarpa, þó stundum vísað til þess að hugsanlega væri rétt að þrengja nálgunina varðandi jarðhitaréttindin, þannig að miðað væri við háhitasvæði fyrst og fremst en ekki allan jarðhita undir ákveðnum dýptarmörkum. Og ég hef fyrir hönd flm. lýst því yfir jafnoft að við værum reiðubúnir til að leita málamiðlunar um þetta mikilvæga efni til þess að Alþingi ræki af sér slyðruorðið og skorið væri úr þeirri miklu réttaróvissu sem í rauninni er uppi í þessum efnum, m.a. varðandi afréttir og almenninga, sem kunnugt er.

Mál hafa verið fyrir dómum og nú nýlega féllu reyndar mjög athyglisverðir dómar um þau efni og er ég þá að vitna til svæða í Norðurlandi vestra þar sem athyglisverðir dómar féllu þann 20. nóvember sl. varðandi eignar- og umráðarétt lands á afréttum þar norðan heiða, norðan vatnaskila á heiðum. Allt er þetta mikið umhugsunarefni og langt frá því að þessi málafylgja sé þinginu til sóma. Því er það svo að allir í þingflokki Alþb. láta hér enn á það reyna hvort vilji sé fyrir í þinginu að taka á þessu máli. Ég ítreka enn vilja til þess að skoða aðra útfærslu á þessum málum heldur en við hefðum kosið samkvæmt þessum frv. sem hér liggja fyrir.

Aðalatriðið er að þingið taki á málinu og setji löggjöf, auðvitað helst þannig að víðtæk samstaða sé um, þannig að þjóðarhagsmuna sé gætt. Því það eru þjóðarhagsmunir sem eru í húfi í þessum málum, ríkir þjóðarhagsmunir. Það hefur

þegar komið fram að skortur á réttarlöggjöf, ófullnægjandi ákvæði í löggjöf um þessi efni, standa rannsóknum á auðlindum okkar fyrir þrifum og hafa gert það um lengri tíma, og þá ekki síst á jarðhitanum. Það liggur jafnframt fyrir að sú undanþága, eða réttara sagt það frestunarákvæði á gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem snertir kaup á fasteignum og lendum, rennur út um næstu áramót. Var það rætt hér á 118. þingi hver sú staða væri sem blasti við þegar sá frestur á gildistöku ákvæða í viðauka XII sem ber fyrirsögnina Frjálsar fjármagnshreyfingar, rynni út. Ég er reyndar með ensku útgáfuna hér fyrir framan mig, Free Movement of Capital. Þar kemur skýrt fram að Ísland ásamt Austurríki og Finnlandi *fékk aðlögunartíma að þessum ákvæðum til 1. jan.* 1996. Þá rennur hann út og við stöndum þá jafnfætis öðrum þegnum Vestur-Evrópu á öllu gildissvæði hins Evrópska efnahagssvæðis varðandi jarðakaup, kaup á fasteignum og landareignum, með öllu því sem þeim fylgir að lögum. Getur hver sagt sér í hvaða stöðu stefnir að óbreyttu. Þetta ætti sannarlega að vera hvatning fyrir þingið til að taka á málinu. Raunar kom fram í umræðum á næstsíðasta Alþingi að einn þeirra sem starfaði í nefnd varðandi orku fallvatna, hv. þm. Páll Pétursson, nú hæstv. félmrh., mat það svo að vegna þess að tímabundið undanþáguákvæði EES-samningsins væri að renna út, þá væri komin önnur staða í málið en hann hafði talaði fyrir. Nefndur hv. þm., nú hæstv. ráðherra, hafði fyrirvara og skilaði minnihlutaáliti í stjórnskipaðri nefnd á sínum tíma varðandi orku fallvatna og vitnaði til þess oft hér í umræðum á árum áður. En mat hans var hins vegar orðið það á næstsíðasta þingi að nú væri breytt staða uppi og nú yrðu menn vissulega að taka á málinu út frá því sjónarhorni sem hv. þm. þá mælti fyrir að því er varðaði eignarréttarákvæðin og þau atriði sem lúta að honum.

Ég vil líka leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna til ummæla hv. þm. Björns Bjarnasonar, nú hæstv. menntmrh., á 118. þingi þegar þessi mál voru rædd hér vegna þess að ég tel að þau lýsi nokkuð vel stöðunni. Með leyfi forseta, þá mælti hv. þm. svo í andsvari:

„Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni [þ.e. ræðu sem sá sem hér talar flutti] um að í þessu máli þarf að taka af skarið. Það er ekki einleikið að það skuli hafa tekið jafnlangan tíma og raun ber vitni að komast að niðurstöðu um eignarhald t.d. á jarðhita undir 100 metra dýpi, en það er vegna þess hve viðkvæmt og vandasamt þetta mál er að þingmenn m.a. hafa skotið sér undan því að taka af skarið en nauðsynlegt er að það verði gert. Hvort það sé nauðsynlegt vegna þess að það tengist sérstaklega aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu *vil ég ekki leggja mat á. Þetta mál hefur verið til umræðu* frá því löngu áður en kom til tals að við gerðumst aðilar að því samstarfi." Þetta sagði hv. þm., nú hæstv. ráðherra, þá m.a. Hann benti jafnframt á að tímabundin aðlögunarákvæði samningsins um EES rynnu út um áramótin 1995/1996, sem sagt næstu áramót.

Í þessari umræðu talaði þáv. hæstv. umhvrh., sem ég hef þegar getið um hér í máli mínu, og var mjög eindreginn í sínum sjónarmiðum og yfirlýsingum og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Það er hins vegar rétt að það komi fram að í þeim frv. sem eru í samningu hjá ríkisstjórninni er gert ráð fyrir að efni þeirra sé talsvert víðtækara. Þar er einnig fjallað um aðrar auðlindir sem finnast í jörðu eins og málma, steinefni, jarðgas, olíu og jafnframt grunnvatn, sem er auðlind sem menn horfa stundum fram hjá en kann að verða af skornum skammti þegar vindur fram um miðja næstu öld."

Þetta sagði hæstv. þáv. umhvrh., sem tók þátt í umræðunni að iðnrh. þeirrar ríkisstjórnar fjarstöddum.

Eins og þessi tilvitnuðu ummæli bera með sér þá hefur verið skilningur hjá ýmsum mætum hv. alþm. á því að það þyrfti að setja löggjöf og undirtektir við það og hjá fjölmörgum ráðherrum eins og ég hef þegar nefnt. Iðnn. þingsins á ýmsum tímum hefur gert allmyndarlegar atrennur að því að vinna í þessu máli, kvatt til sérfræðinga og haft fullan vilja á því að leggja sitt til. En það hefur skort að það kæmu frá ríkjandi meiri hluta, þ.e. frá stjórnvöldum og úr ráðuneyti, þær tillögur sem menn hafa ætíð fullyrt að von væri á, allt *frá því að Albert heitinn Guðmundsson sem hæstv. iðnrh.*, greindi frá því að slíkt frv. væri í smíðum í iðnrn.

Virðulegur forseti. Ég geri það ekki að gamni mínu frekar en aðrir hv. þm. Alþb. að leggja þetta mál ítrekað fyrir þingið. Við gerum það hins vegar vegna þess að við teljum að skyldan bjóði og vegna þeirra undirtekta sem þrátt fyrir allt hafa verið hér í þinginu við það að ástæða sé til að taka á málinu.

Nú hef ég litið á stefnuyfirlýsingu hæstv. núv. ríkisstjórnar frá 23. apríl 1995. Hún er engan veginn jafnvegleg og önnur útgáfa stefnuyfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar, Velferð á varanlegum grunni, og hefur ekki að geyma nein viðlíka ákvæði að því er varðar þessi mál eins og þar komu fram. Það er kannski jafngott ef ekkert verður úr efndum. En núv. hæstv. ríkisstjórn boðaði að það kæmi önnur útgáfa og hún vegleg. Ég held að hún hafi átt að koma í byrjun þings, mig minnir að það hafi verið fyrirheit um það. Hafi hún komið út hefur það algjörlega farið fram hjá mér. En hæstv. iðnrh., sem væntanlega tekur hér þátt í umræðu og er viðstaddur þessa umræðu, mun eflaust greina okkur frá hvar málum sé komið að því er varðar þetta framlag í jólabókaflóðið. Ég vona sannarlega að í það fari að styttast því við, sem viljum fylgjast með því hvað hugsað er og rætt á stjórnarheimilinu, höfum beðið eftir þessu,

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að það sem hér hefur verið fram lagt verði tilefni til þess að Alþingi taki nú á sig rögg með atfylgi þeirrar ríkisstjórnar sem nú er við völd, því ég veit að við komumst skammt, stjórnarandstæðingar, án þess að það komi til atfylgi bæði frá ríkisstjórn og hennar stuðningsmönnum hér á Alþingi. Ég minni aftur á þá aðstöðu sem uppi er frá næstu áramótum í þessu máli. Ég hef að vísu ekki mikla von um að mönnum takist að lögfesta ákvæði um þessi efni fyrir áramót. En aðalatriðið er að þingið taki sig á í þessum efnum, að það verði sett löggjöf að vilja meiri hluta og helst með góðu samkomulagi þingsins í heild, sem taki mið af ríkum þjóðarhagsmunum í þessum málum báðum sem hér eru til umræðu og mega þá gjarnan fylgja önnur atriði þar sem óvissa er uppi um eignarrétt, þannig að sett verði sem víðtækust ákvæði um þjóðareign á verðmætum sem enginn mennskur maður hefur átt þátt í að skapa, og á eðli máls samkvæmt að vera sameign þjóðarinnar. Það væri vel ef við *þyrftum ekki að bíða næsta þings eftir slíkri löggjöf.*

Virðulegur forseti. Ég legg til að báðum þessum málum verði vísað til hv. iðnn.

[16:42]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þá eru hér á ferðinni þau mál sem margoft hafa verið lögð fyrir Alþingi. Þau hafa fengið talsverða umræðu við 1. umr. málsins og miklar yfirlýsingar hafa oft og

tíðum verið hafðar í frammi um að unnið væri hratt og vel að framgangi þeirra mála. Hv. þm. lýsti því síðan nákvæmlega hvað úr hefur orðið og óþarfi að fara mörgum orðum um það. En ég tek undir það með hv. þm. að hér er um mjög mikilvæg mál að ræða og þau eru kannski mikilvægari nú heldur en oft áður, eins og hv. þm. kom hér inn á, ekki síst vegna þess að þær heimildir sem samið var um með EES-samningnum um frestun á ákvæði gildistöku varðandi fjárfestingarnar renna út um næstkomandi áramót, nema hvað fiskveiðar og fiskvinnslu varðar.

Stjórnarsáttmáli leysir ekki svona mál. Ég held að hv. þm. hafi gert nokkuð glögga grein fyrir því að í stjórnarsáttmálum fyrri ríkisstjórna hefur þetta oft verið sett framarlega en lítið hefur orðið úr verkum. Eins og fram kom hjá hv. þm., hafa fyrri iðnrh. verið ósparir á yfirlýsingar. Allt síðan 1987, ef ég tók rétt eftir, hafa málin verið í undirbúningi í iðnrn. En þar hefur að vísu verið unnið ágætis starf til undirbúnings þessara mála. Þessi ríkisstjórn ákvað hins vegar á fundi sínum 17. október að stjórnarflokkarnir tilnefndu tvo fulltrúa í hóp til að undirbúa löggjöf um eignarrétt á auðlindum í jörðu og rétt til virkjunar fallvatna. Í þennan hóp hafa verið skipaðir Stefán Guðmundsson alþm., Sturla Böðvarsson alþm., Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður.

Það er gert ráð fyrir því að vinnuhópurinn byggi starf sitt á tvennum drögum að frumvörpum sem liggja fyrir frá fyrri ríkisstjórn í iðnrn. Þar er tekið er á eignarhaldi á auðlindum í jörðu og virkjunarrétti fallvatna. Eins og fram hefur komið hefur á undanförnum árum verið lögð mikil vinna í þetta og að því hafa komið ýmsir lögfræðingar. Það þekkti ég frá því að ég sat í iðnn. þingsins sem einnig lét þessi mál til sín taka, kallaði m.a. til sérfræðinga á þessu sviði og leitaði upplýsinga, þegar einmitt þessi mál frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni væru þar til umfjöllunar. Það hefur hins vegar skort á að ríkisstjórnir hafi komið nákvæmlega fram með vilja sinn í þessum efnum, hver vilji ríkjandi ríkisstjórnar væri til þess að lögfesta þessi mikilvægu mál. Starfshópurinn á að hafa til umfjöllunar þau frumvarpsdrög sem liggja fyrir fullbúin í iðnrn. og það er óskað eftir því að hann skili tillögum sínum fyrir 15. desember nk., með það fyrir augum að Alþingi geti samþykkt lög um þetta efni á yfirstandandi þingi.

Ég tel að vísu lítlar líkur á því að víðtæk, pólitísk samstaða skapist um málið hér á Alþingi, þótt stjórnarflokkarnir nái þar saman. Og þó svo væri, mun ekki takast að lögfesta málið fyrir áramót. En ég geri mér vonir um að það ætti að takast á yfirstandandi þingi. Eftir að hafa skoðað bæði málin tel ég að þau séu komin býsna langt í vinnslu og vinnuhópurinn er nú kannski fyrst og fremst að samræma sjónarmið stjórnarflokkanna í þessu máli. Þar á ég ekki við að að þau séu svo ólík, en auðvitað kristallast þarna sú afstaða sem stjórnmálaflokkarnir hafa til eignarhaldsins, ekki bara þeir stjórnmálaflokkar sem nú eru í ríkisstjórn, heldur allra stjórnmálaflokka. Um þetta mál geta því orðið mikil pólitísk átök vegna þess að mönnum kann að sýnast sitt hverjum í þessum efnum. Þrátt fyrir það held ég að það sé gríðarlega mikilvægt, ekki síst vegna þess að tímabundnu EES-ákvæðin um fjárfestinguna falla úr gildi núna um áramótin, að hægt verði að leggja fram þessi frumvörp strax eftir áramót og þau fái vandaða umfjöllun á Alþingi.

Ég treysti mér ekki til að fullyrða, eins og mér virðist að fyrrv. iðnaðarráðherrar hafi oft gert úr þessum ræðustóli, að málin séu alveg að koma fram á þingi og muni þá verða afgreidd þar fljótlega. En ég legg hins vegar áherslu á að það er mikilvægt að það verði tekið af skarið í þessum efnum.

[16:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þá málafylgju sem hann hefur haft uppi í þessum málum, á líklega einum 11 þingum. Það mætti kannski vera nokkurt rannsóknarefni hvernig á því stendur að frumvörp af þessu tagi skuli ekki hafa fengist rædd alvarlega í þessari virðulegu stofnun og í hv. iðnn. sem um þessi mál hefur auðvitað fjallað.

Satt að segja er það þannig að undir niðri hafa alltaf verið deilur um það hér hvar sleppir þeim eignarrétti sem stjórnarskráin kveður á um að sé í höndum einstaklinga. Hvar hefst hið gráa svæði og hvar er um að ræða það svæði þar sem segja má að þjóðin eigi viðkomandi eign? Í frumvörpunum hefur verið reynt að draga þessu tiltekin mörk og í þeim báðum hefur verið stuðst við mjög vönduð sérfræðiálit, sum að vísu áratuga gömul. En þau eru ekkert verri fyrir það vegna þess að það hafa engin önnur álit komið þarna í staðinn. Í því sambandi má minna á margt, m.a. að því er varðar hugmyndir manna um orku fallvatna og réttinn til nýtingar hennar og umræðu um þetta efni sem sennilega er um hálfrar aldar gömul. Í henni tóku þátt miklir höfðingjar lögspekinnar í þessu landi, Ólafur Lárusson, Bjarni Benediktsson og síðar Ólafur Jóhannesson. Hér var um að ræða mjög merkilega og vandaða umræðu og þessi frumvörp byggjast á henni. Hér hefur hv. flm. ekki verið að hlaupa til og draga fram málefni sem hafa svo að segja verið tekin út úr þokunni, eins og oft gerist með mál sem stundum sjást á þessum borðum, heldur hefur verið hér um að ræða vandaða málafylgju. Við höfum fengið að fljóta með, aðrir þingmenn Alþb., við höfum skrifað upp á þetta mál með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni núna um langt árabil.

Það er rétt sem hann sagði áðan að á síðasta þingi urðu um þessi mál mjög miklar umræður. Það var þannig, ef ég man þetta rétt og reyndar var vitnað til þess áðan, að hv. þm. Björn Bjarnason tók til máls og talaði um að það væri nauðsynlegt að taka af skarið í þessu efni. Og jafnvel hv. þm. Páll Pétursson, sem hefur verið tregastur allra þingmanna og er þá langt til jafnað í þessu efni, ég held að það sé óhætt að segja að hann hafi staðið þessa vakt alveg prýðilega á undanförnum áratugum, sagði á síðasta þingi, ef ég man rétt, að hann teldi koma til greina að skoða málið vegna þess að Íslendingar væru orðnir aðilar að samtökunum um Evrópskt efnahagssvæði, en eins og kunnugt er telur hann það, hv. þm., stjórnarskrárbrot. Engu að síður telur hann ástæðu til að skoða málið með hliðsjón af stjórnarskránni. Og ég man eftir því að við tveir flm., undir forustu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, fögnuðum sinnaskiptum hv. þm. Páls Péturssonar í þessu máli og töldum að þar væri um mikla framför að ræða. Ég ætla ég ekki að orðlengja það frekar af því að hæstv. ráðherra er fjarverandi. En það væri auðvitað gaman að fara í þá sagnfræði hér, svona við tækifæri.

Á síðasta þingi gegndi ég því trúnaðarstarfi að vera formaður í hv. iðnn. og málið var lagt fyrir í upphafi þingsins. Ég tók það fyrir strax í nefndinni þann 20. október og ræddi það við hæstv. iðnrh., eins og eðlilegt er að formenn nefnda geri. Hann sagði að málið væri til skoðunar hjá sér og sínu fólki, það var þá hæstv. iðnrh. Sighvatur Björgvinsson. Ég

tók málið síðan fyrir til sérstakrar meðferðar á fundi í iðnn. nokkru eftir áramót og þar sagði lögfræðingur úr ráðuneyti iðnaðarmála, Gunnar Viðar trúi ég að hann heiti, að í ráðuneytinu væri verið að tala um frv. um sama efni. Þetta virtist því vera allt saman heldur að þokast, sama efni og málin væru í raun og veru svo að segja komin. Þetta var 26. janúar 1994 að ég hygg.

Síðan gengum við eftir þessu trekk í trekk og að lokum kom í ljós að ráðuneytið gat ekki staðið við þessi fyrirheit og það var uppi pólitískur ágreiningur. Við spurðum hæstv. iðnrh. og líka hæstv. forsrh. hvað þeir segðu um þessi mál, hvernig þau stæðu að þeirra mati milli þáverandi stjórnarflokka. Hæstv. forsrh. sagði þá að flokkarnir hefðu sett tvo lögvísindamenn, það var orðið sem hann notaði, til að fjalla um þessi mál, einn frá hvorum flokki, einn lögvísindamann frá hvorum flokki. Nú vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. núv. iðnrh. að því hvort það hefur nokkuð til þeirra spurst, þessara lögvísindamanna eða álits þeirra. Það væri fróðleg að fá um það upplýsingar. Alla vega höfum við ekkert frétt af þessu máli. Síðan gerist það að það verður auðvitað aukaþrýstingur á það út af Evrópsku efnahagssvæði og aðild Íslands að því máli. Hv. þm. Hjörleifur Guttormssom dregur það alveg sérstaklega fram máli sínu til stuðnings að Íslendingar þurfi að hrista af sér óvissuna í þessu efni. Svo gerist það núna á þessu hausti að núverandi stjórnarflokkar ákveða enn einu sinni að setja í þetta nefnd eða einhverja menn til að skoða málið og það kemur fram í máli hæstv. iðnrh. að 17. október hafi stjórnarflokkarnir skipað tvo menn hvor til að fara í málið, undirbúa löggjöf og eins og það er orðað í bréfinu. Ég kann ekki að meta að í seinni tíð er oft talað um að undirbúa löggjöf í ráðuneytinu. Ég kannast ekki við að ráðuneytið setji lög. Ég veit ekki betur en ráðuneyti allra náðarsamlegast semji stundum frumvörp sem eru svo lögð fyrir Alþingi og svo verða þau að löggjöf. En ég kannast ekki við að kontórar uppi í Arnarhvoli afgreiði lög, ekki enn þá. A.m.k. er það að nafninu til þannig að við fáum enn að *stimpla hérna, þótt þetta sé í örri þróun.*

Sem sagt, málið er að 17. október er búið að setja niður nefnd manna til þess að skoða þessi mál og allt gott um það. Hverjir eru þá í þeirri nefnd? Skyldi þá vera kallað í þann þingmann sem veit um þessi mál betur en nokkrir aðrir? Nei, það er auðvitað ekki gert. Er þá kannski stuðst við þingmálin sem hann hefur verið að flytja aftur og aftur? Nei, það er ekki gert. Þau eru a.m.k. nefnd í bréfinu. En það er sagt að það eigi að styðjast við önnur mál eða einhverja pappíra sem liggja fyrir uppi í Stjórnarráði og allt gott um það. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ekki mikil reisn yfir því að geta ekki viðurkennt að forustumaður í þessu máli núna um langan tíma, þessu þarfa máli, er hv. 4. þm. Austurl. og enginn annar. En þegar kemur að því að negla saman vinnuhóp um málið, þá má ekki geta þess að það eigi svo mikið sem að styðjast við þá vinnu sem hann hefur lagt fyrir þessa virðulegu stofnun í því sambandi.

Ég tel engu að síður ástæðu til að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að málið skuli þó vera komið þetta áleiðis. Ég geri ráð fyrir að það megi segja um okkur flm. að litlu verður Vöggur feginn. Við erum fegnir hverju jákvæðu hljóði sem heyrist ofan úr kastalanum við Arnarhól eða einhvers staðar af þeim slóðum. Ég tel að hæstv. núv. iðnrh. hafi sagt meira í þessu máli en nokkur annar iðnrh. Hann hefur lofað meiru. Þeir hafa alltaf lofað að þetta kæmi að hausti og svo að vori, en nú lofar hann bara nefndaráliti í málinu, fyrir jól, fyrir 15. desember. Ég fagna því að hann skuli vera þetta öflugur í þessu máli, hann tekur forverum sínum fram í loforðum. Efndirnar veit ég ekkert um fyrr en seinna í vetur væntanlega. Síðan segir hæstv. ráðherra að málið verði til umræðu væntanlega í vetur og hann gerir sér vonir um að þetta mál verði að lögum á þessu þingi og víst er það í áttina.

Af hverju liggur þá svona mikið á þessu máli? Hvað er hér á ferðinni? Það sem hér er á ferðinni, hæstv. forseti, er ósköp einfaldlega það að núna eru menn m.a. að fjalla um hvernig eigi að taka á virkjunarmálum, bæði að því er varðar jarðhita og orku fallvatna. Og það verður að segja eins og er að ef við ekki setjum lög í þessu efni í þessu landi sem eru tiltölulega skýr og afdráttarlaus, er hætt við því að við missum forræði þeirra í hendur útlendinga þannig að við ráðum ekki við það með eðlilegum hætti miðað við þær kröfur sem á að gera til þessarar stofnunar, ef hún ætlar að standa sig. Einnig hafa heyrst raddir um að menn séu með hugmyndir um að nýta þessa orku í verulega auknum mæli á komandi árum og þá er eins gott að reyna að ná lendingu í því máli. Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að þau mál sem hér er hreyft hafa strandað fyrst og fremst af einni ástæðu. Hún er sú að um þau hefur verið bullandi pólitískur ágreiningur. Sá ágreiningur hefur hins vegar ótrúlega lítið komið fram á sjónarsviðið núna í seinni tíð. Það er nokkuð merkilegt að hugsa um það hvernig á því stendur að menn hafa ekki dregið fram þennan ágreining um eignarhald á landinu. Hver á landið? „Hver á Ísland?" sagði maður forðum. Hver á fallvötnin og hver á hitann niðri í jörðinni? Hv. 4. þm. Austurl. er að leggja það til að það verði ákvæði um það hver eigi hitann niðri í jörðinni. Hann vill taka af skarið um það og telur að hitinn niðri í jörðinni tilheyri ekki endilega þeim sem yfirleitt hefur verið talinn eiga hann.

Um þetta hefur verið mikill pólitískur ágreiningur og hv. þm. Alþb. hafa reyndar fjallað um þetta mál mjög lengi og flutt ekki aðeins þessi frumvörp því hv. þm. Ragnar Arnalds hefur áður lagt fram frumvörp eða a.m.k. þáltill. *um almannaeign á landi.* Ég hygg að það hafi verið frv. Sömuleiðis man ég ekki betur en þingmenn Alþb. hafi lagt fram tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem tóku á því hvernig á að fara með land eða réttindi af þessu tagi til almannanota og ég hygg að þessar setningar hafi birst í skýrslu stjórnarskrárnefndar sem þáv. hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen lagði fyrir þessa stofnun árið 1983 þannig að um þessi mál verið rætt og um þau hefur verið deilt.

Það segir sína sögu að það skuli taka allan þennan tíma að ná lendingu í þessu máli ef það tekst þá núna í vetur. Einhver ótrúleg afturhaldslögmál virðast stundum ráða í þessu þjóðfélagi og þau eru neðan jarðar eins og jarðhitinn, þau sjást ekki svo glatt. Og þeir sem tala fyrir þessum afturhaldssjónarmiðum láta helst ekki kræla mjög mikið á sér. Þeir eru ofan í jörðinni líkt og hitinn eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti. Þessum dularfullu neðanjarðaröflum hefur tekist að hanga á þessum málum núna í áratugi þó það hafi legið fyrir hjá öllum landsmönnum sem um þessi mál fjalla, t.d. virkjunaraðilum að núverandi óvissa og ástand í þessum efnum væri algerlega óþolandi. Og ég hygg að það hafi einnig legið fyrir hjá öllum hæstv. iðnaðarráðherrum, sama í hvaða flokki þeir hafa verið, að þeir hafi talið ástandið í þessum efnum algerlega óþolandi. Ég verð að segja eins og er að þó að hæstv. iðnrh. komi saman máli sem að standi fulltrúar stjórnarflokkanna sem hér eiga hlut að máli, á ég eftir að sjá að stjórnarþingmennirnir láti þetta yfir sig ganga.

En vonandi verður það. Það eru þá kaflaskil í viðhorfum í þessum flokkum. Það hefur ekki verið mikill áhugi á þeim málum.

Það er líka nokkurt umhugsunarefni, hæstv. forseti, að þessi grundvallaratriði sem hér er hreyft og eru í raun og veru ein af undirstöðum félagslegra sjónarmiða hér á landi skuli ekki hafa verið tekin upp á borðið í umræðum um samstarf félagshyggjuflokka og vinstri flokka. Ég veit ekki um betri samnefnara í þeim efnum heldur en mál af þessum toga. En af einhverjum undarlegum ástæðum hafa menn ekki áttað sig á því og þess vegna hafa þau ekki fengið þá meðferð og umfjöllun sem þau eiga skilið og okkur er skylt að sýna þeim.

Ég á sæti í hv. iðnn. Alþingis, hæstv. forseti, og mun þar beita áhrifum mínum eins og ég get til þess að reyna að knýja á um að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar á yfirstandandi þingi. Um leið þakka ég hæstv. iðnrh. fyrir yfirlýsinguna og vona að hann nái betur að koma henni framkvæmd en fyrirrennarar hans, svo ég segi ekki meira.

[17:04]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson er ekki vísvitandi að reyna að fara rangt með það sem ég sagði úr þessum ræðustól áðan. Ég sagði að það væri von mín og ósk að vinnuhópurinn sem er að vinna að málinu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar skilaði af sér fyrir 15. desember. Ég sagði hins vegar um leið að ég treysti mér ekki til þess að fullyrða hvort okkur tækist á þessu þingi að ljúka málinu. Því er það rangt að hafa það eftir að ég hafi lofað að þetta frv., sem við skulum vona að hægt verði að leggja fram um þessi mikilvægu mál, verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Ég teldi það vera mikilvægt ef það tækist en geri mér hins vegar grein fyrir því, eins og hv. þm. fór ágætlega yfir áðan að um þetta mál verða örugglega miklar pólitískar deilur. Það er dálítið merkilegt og ég tek undir það með hv. þm. að pólitíkin, stjórnmálaumræðan skuli ekki snúast miklu meira um þessi grundvallarmál því hér er um grundvallarmál að ræða að því leyti til að stjórnmálaflokkunum getur sýnst og á að sýnast sitt hvað um það hvert sé eignarhaldið á þessum grundvallarauðlindum landsins.

En ég ítreka það að ég teldi mikilvægt að þessi mál gætu komist til umræðu á Alþingi og fengju farsæla afgreiðslu, því fyrr því betra því það er mikilvægt að óvissunni sem um þetta er verði eytt.

[17:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa það að ég tók ekki nákvæmlega eftir þessu orðalagi hæstv. ráðherra um vonir og óskir, en ég verð þá að segja að ég vænti þess að vonir og óskir hæstv. núv. iðnrh. jafngildi loforðum hans. Ég vona að það verði þannig.

[17:07]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef fyrr á þingum ætíð glaðst yfir því þegar fram hefur komið vilji hjá handhöfum ríkisvaldsins um að móta stefnu um þessi þýðingarmiklu mál og reiða hana fram. Ég geri enga undantekningu á því nú. Ég er vissulega að vona að dropinn holi steininn í þessum efnum og við nálgumst þann tíma að við fáum eitthvað sem hönd er á festandi frá öðrum flokkum en Alþb. inn í þetta tillögusafn þannig að þingið geti tekist á um þá hluti ef ágreiningur er uppi.

Nú vænti ég þess, virðulegi forseti, að þarna verði ekki um neinn grundvallarágreining að ræða. Ég tel að hafi flokkarnir — og þá á ég við flokkana sem lengst hafa verið á velli í landinu, fjórflokkana svokölluðu — ekki skipt um skoðun í grundvallaratriðum frá t.d. þeim tíma sem dr. Bjarni Benediktsson flutti sínar tillögur inn í þingið 1945 eða Ólafur Jóhannesson sem reiddi fram frv. sem fylgdi greinargerð í hans nafni 1956, óttast ég ekki svo mjög að uppi sé stórfelldur ágreiningur varðandi grundvöll málsins. En auðvitað á eftir að koma í ljós hvert efnið verður. Hæstv. iðnrh. hafði uppi mjög skýrt mál af sinni hálfu og vonaðist til að fá tillögur starfshópsins í hendur fyrir miðjan desember og geta lagt fram stjfrv. um málið strax og þing kemur saman eftir áramót. Hæstv. ráðherra talaði um að málið væri gríðarlega mikilvægt og öllu kraftmeiri lýsingarorð en hæstv. ráðherra hafði uppi höfum við ekki til þess að undirstrika þýðingu máls af þessum toga þannig að ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn um að þetta gangi eftir.

Auðvitað er sjálfsagt fyrir alþingismenn að takast á ef ágreiningur er uppi og síðan að reyna að ná niðurstöðu. Til þess er þessi málstofa, Alþingi Íslendinga.

Það er ekki ástæða, virðulegur forseti, að hafa mikið fleiri orð. Ég vil þó nefna að hæstv. núv. iðnrh. er þetta mál vel kunnugt þar sem hann átti sæti í iðnn. þingsins á árum áður, bæði iðnn. neðri deild og síðan í iðnn. sameinaðrar málstofu. Og árið 1990 náðum við prýðilega saman um ekki óskylt efni í löggjöf, frv. sem ég átti þátt í að færa inn í þingið á sínum tíma. Það varðaði eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins sem er nú stærra svæði en það sem við erum að ræða um hér, þurrlendið. Það náðum við að lögfesta með góðu samkomulagi og ég held samhljóða að lokum í þinginu án þess að ég vilji þó alveg fullyrða það. Ég held að það hafi verið nokkurn veginn a.m.k. samhljóða afgreiðsla á því máli þar sem því er slegið föstu, með leyfi forseta, í 1. gr. þeirra laga: „Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum um einstök ríki."

Um þetta var ekkert kveðið á um í lögum fram að þessum tíma. Með þessari löggjöf sem aðeins er sjö greinar var þarna færð út lögsaga þjóðareignar á þessu stóra svæði. Og það er von mín að við hæstv. iðnrh. getum náð saman með ekki ósvipuðum hætti um þessi mikilvægu mál að því er varðar tillögurnar sem hér liggja fyrir og þær tillögur sem hæstv. ráðherra væntanlega reiðir fram á yfirstandandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:12]

Útbýting þingskjals:

Málefni samkynhneigðra, 196. mál, fsp. MÁ, þskj. 244.

Jöfnun atkvæðisréttar, fyrri umr.

Þáltill. VK, 188. mál. — Þskj. 233.

[17:13]

Flm. (Viktor B. Kjartansson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um jöfnun atkvæðisréttar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram, fyrir árslok 1996, tillögur um breytingar á kosningalöggjöfinni sem leiða til jöfnunar atkvæðisréttar."

Í greinargerð með tillögunni koma fram nokkrar röksemdir sem ég ætla að nefna í ræðu minni.

Kosningarétturinn er einn af hornsteinum lýðræðisins. Það er grundvallarréttur borgaranna að kjósa fulltrúa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Því verður að teljast brot á mannréttindum að vægi atkvæða borgaranna sé bundið búsetu en sé ekki jafnt hvar á landinu sem menn búa.

Þegar niðurstöðutölur síðustu alþingiskosninga eru skoðaðar kemur í ljós að vægi atkvæða á einum stað getur verið allt að þrisvar sinnum meira en vægi atkvæðis annars staðar á landinu. Þetta er óréttlæti sem ekki verður búið við öllu lengur.

Oft heyrist nefnt að eðlilegt sé að viðhalda þessu ójafnrétti því að með algjöru jafnræði næðu of fáir þingmenn landsbyggðarinnar kjöri á Alþingi. Þessi málflutningur hlýtur að teljast mjög alvarlegur því verið er að segja að eðlilegt sé að skerða grundvallarmannréttindi borgaranna í því skyni að tryggja ákveðnum íbúum landsins aukið vægi á löggjafarsamkomu þjóðarinnar vegna búsetu þeirra.

Ýmsir telja að undirrót margra rangra ákvarðana, sem teknar hafa verið á síðustu áratugum og nú koma fram í vandamálum þjóðarinnar, megi rekja til þess að meirihlutavilji hennar var hafður að engu í skjóli ójafns vægis atkvæða.

Á síðustu árum hafa nokkrum sinnum verið fluttar tillögur á Alþingi um breytingar á kosningalöggjöfinni til að tryggja jafnræði íbúa landsins. Fyrir síðustu alþingiskosningar var stigið lítið skref í átt til jafnræðis með því að festa svokallaðan flakkara í Reykjavíkurkjördæmi. Hins vegar hefur einkennt þennan málaflokk að Alþingi hefur ekki gefið sér nægan tíma til þess að koma með tillögur, ræða þær og ná samkomulagi milli fulltrúa ólíkra sjónarmiða. Hér er því lagt til að tillögur ríkisstjórnarinnar berist fyrir árslok 1996 þannig að nægur tími fáist til þess að ræða þær og hrinda nauðsynlegum breytingum í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Það er einn kjarninn í tillögunni að ríkisstjórnin skili af sér tillögum fyrir árslok 1996. Það er mjög mikilvægt því að það gengur ekki eins og hefur gerst áður að tillögur um svona mikilvæg málefni renni í gegn á handahlaupum nokkrum dögum fyrir lok þingsins.

Áður þegar þessi mál hafa verið á dagskrá hefur komið fram að náðst hafi að jafna vægi á milli flokka. Veltum fyrir okkur orðunum „milli flokka". Getur það verið einhver grundvallarstefna að jafna atkvæði á milli flokka? Þarf ekki að jafna atkvæði á milli borgaranna? Þar er það grundvallaratriði sem þarf að leiðrétta.

Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar um það hvaða leið sé best til þess að stíga þetta skref. Ég tek ekki afstöðu um leiðir til þess að ná fram þessu markmiði. Ég held að gott sé að skoða allar hugmyndir og allar hugsanlegar útfærslur á því hvernig ná megi þessu markmiði. Ég veit að möguleikarnir eru mjög margir og það eru mörg kerfi hjá nágrannaþjóðum okkar og rétt er að skoða þau öll áður en ákvörðun er tekin um það hvaða leið sé hin eina sanna. Þó verð ég að segja eftir að hafa skoðað nokkrar hugmyndir og nokkrar útfærslur að ég sé einna mest af mótrökum gegn þeirri tillögu að gera landið að einu kjördæmi. Það útskýrir reyndar ekki hvort einungis sé einn listi fyrir allt kjördæmið því að landið getur verið eitt kjördæmi án þess að eingöngu sé borinn fram einn listi fyrir hvern flokk. Ég tel að það auki flokksræðið mjög mikið ef eingöngu einn framboðslisti er lagður fram fyrir allt landið í stað þess að gera landið að einu kjördæmi en hafa þó einnig marga lista í boði eins og gert er. Ég held að slíkt fyrirkomulag sé í Hollandi.

Að lokum vil ég segja þetta. Á þessu þingi hafa verið ræddar nokkrar hugmyndir sem tengjast óneitanlega þessum málaflokki. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir mælti fyrir frv. um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og í þeirri umræðu kom einmitt fram sú nauðsyn að jafna vægi atkvæða og mætti þá hugsanlega hrinda slíkum hugmyndum í framkvæmd á sama tíma og gengið yrði í að skera á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að það komi fram varðandi tillöguna að einnig verður að einfalda kosningalöggjöfina um leið og þessar tillögur verða lagðar fram. Ég held að núverandi kosningalög séu svo flókin að mjög fáir skilji niðurstöðu kosninga eftir að hafa fylgst með kosningasjónvarpi og ég tel ófært að vera með svo flóknar reglur. Ég ætla að nefna tvö dæmi frá síðustu alþingiskosningum um hve margir kjósendur eru að baki hverjum þingmanni. Á Vestfjörðum eru 1.267 atkvæði að baki hverjum þingmanni á meðan 4.081 atkvæði eru að baki hverjum þingmanni Reykvíkinga og er hlutfallið þarna á milli 3,22, þ.e. rúmlega þrefalt fleiri atkvæði eru að baki hverjum þingmanni Reykvíkinga en Vestfjarðakjördæmis.

[17:20]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Mér sérstaklega ljúft að taka þátt í umræðum um fyrirliggjandi þáltill. þar sem ég tel mjög brýnt að nú þegar verði hafin vinna við að jafna atkvæðisréttinn. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir einmitt að það eigi að endurskoða kosningalöggjöfina með það fyrir augum að hún verði einfaldari og tryggi jafnara vægi atkvæða á milli kjördæma. Reyndar liggur einnig fyrir fyrispurn sem ég lagði fram fyrir nokkru til forsrh. um hvað liði framkvæmd þessa ákvæðis stefnuyfirlýsingarinnar.

Ástæða þess að brýnt er að reka á eftir ríkisstjórnarflokkunum með það að hefja nú þegar vinnu við að breyta kosningalöggjöfinni er reynsla síðasta kjörtímabils. Þá var svipað ákvæði í hvítbók þáv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. en hvað gerðist? Það gerðist nánast ekki neitt. Menn héngu yfir engu þangað til í desember 1994 eða um það bil korter í kosningar eins og maður segir á mannamáli, þá var fyrst sest niður. Útkoman úr því varð að sjálfsögðu engin og var tímaskorti kennt um. Sjálfstfl. og Alþfl. komu málinu mjög lítið áleiðis.

Þessi ferill má ekki endurtaka sig og þótt stefnuyfirlýsingin segi að jafna eigi atkvæðisréttinn viðurkenni ég að við sem höfum mjög djúpa sannfæringu fyrir því að þetta mál verði að vinna hratt og vel verðum að vera með píkinn á lofti. Það verður að halda málinu vakandi og það má alls ekki svæfa það eins og síðasta ríkisstjórn gerði. Meðal ungs fólks er mjög breið pólitísk samstaða um þá kröfu að kosningalöggjöfin verði endurskoðuð og í nýlegri ályktun allra stjórnmálahreyfinga ungs fólks segir, með leyfi forseta:

„Núverandi misvægi atkvæða er óþolandi brot á grundvallarmannréttindum. Kosningalög eru hornsteinn lýðræðis í hverju landi og þar eiga allir að sitja við sama borð. Ekki má þó horfa fram hjá þeirri staðreynd að landsmönnum er mismunað eftir búsetu innan stjórnkerfisins. Það ber að taka á því en þessi mismunur verður aldrei leiðréttur með misjöfnu vægi atkvæða. Krafa okkar er að kosningalög tryggi

mannréttindi og lýðræði en ekki hagsmuni stjórnmálaflokka eða stjórnmálamanna eins og nú er."

Þetta var yfirlýsing allra stjórnmálahópa ungs fólks. En núverandi kosningalöggjöf er orsök þess að atkvæðavægi einstaklings í einu kjördæmi vegur margfalt á við atkvæðavægi einstaklings í öðru kjördæmi. Við kosningarnar 1991 náði þingmaður kjöri með 443 atkvæði á bak við sig og við síðustu kosningar náði þingmaður kjöri á 648 atkvæðum. Á sama tíma náðu frambjóðendur með 3.150 atkvæði á bak við sig 1991 ekki kjöri né frambjóðandi með 3.248 atkvæði á bak við sig 1995. Þetta er að mínu mati algerlega fráleitt.

Fyrir utan mismunandi vægi atkvæða er einnig í núverandi kosningalöggjöf sá grundvallargalli að kjósandi hefur í raun ekki hugmynd um hver hagnast á atkvæði hans hvert sinn. Kjósandinn kýs ákveðið framboð í kjördæmi sínu, en vegna flókinna reiknireglna nýtist það atkvæði e.t.v. ekki kjördæmi kjósandans, heldur framboði í allt öðru kjördæmi, jafnvel frambjóðanda sem kjósandinn er algerlega andsnúinn.

Hvernig á svo að breyta kosningalöggjöfinni til að jafna vægi atkvæða? Að mínu mati er besta leiðin sú að gera landið að einu kjördæmi og mig langar aðeins að segja það við hv. þm. sem flytur þessa tillögu að það þarf alls ekki að þýða neitt mikið flokksræði. Það má alveg hugsa sér landslistann þannig að hann sé óraðaður, hann geti verið í stafrófsröð. Síðan fer kjósandinn inn í kjörklefann og merkir við. Það er svokallað persónuval. Það er prófkjör í kjörklefanum. Það felst aldeilis ekki flokksræði í því. Það er einmitt þveröfugt. Það er eins opið og hægt er að hafa það. Kosningalöggjöfin er eitthvað á þeim nótum í Finnlandi og hefur gengið vel þar. En hvað þýðir það að landið yrði eitt kjördæmi? Það þýðir auðvitað það að atkvæðavægi yrði alveg jafnt, það yrði einn maður eitt atkvæði. Kjördæmapot og hreppapólitík mundi minnka og fleiri konur yrðu líka valdar á þing þannig að það eru ýmsir kostir við það.

Af hverju mundi atkvæðavægið verða jafnt? Það skýrir sig að sjálfsögðu sjálft. Af hverju mundi hreppapólitík minnka? Það skýrir sig að flestu leyti en við sem erum hér vitum auðvitað hvernig vinna okkar er og hvernig þetta kjördæmapot kemur út. Við upplifum það því miður dags daglega. Við erum með átta kjördæmi og mér þykir hálfskondið á tímum góðra samgangna. Ég get nefnt sem dæmi að í Færeyjum eru kjördæmin sjö og okkur finnst það fyndið en það er svona álíka fyndið og við erum með átta kjördæmi. Af hverju fjölgar konum á þingi ef við breytum kosningalöggjöfinni og gerum landið að einu kjördæmi? Jú, þá yrði auðvitað landslisti og honum yrði raðað upp í gegnum flokkana en ég teldi reyndar betra að hafa hann opinn eða bara í stafrófsröð og fólk mundi velja sjálft. En ef flokkarnir mundu raða honum upp er alveg ljóst að enginn flokkur, a.m.k. ekki Sjálfstfl. trúi ég, mundi dirfast að raða upp fjórum konum í 25 efstu sætunum. Framsfl. mundi ekki heldur dirfast að setja þrjár konur í efstu 15 sætin einungis og Alþb. mundi heldur ekki dirfast að setja tvær konur í efstu níu sætin. Landslistinn mundi þannig að öllum líkindum valda því að konur kæmust frekar að. Þetta leiðir hugann að því sem margir vilja segja í sambandi við jafnrétti kynjanna að það þurfi viðhorfsbreytingu. Viðhorfsbreytingin er löngu komin. Konur mundu komast á þing ef kosningalöggjöfinni yrði breytt. Það vantar ekki viðhorfið. Viðhorfin eru breytt.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þótt skoðun mín sé sú að það væri skynsamlegast að gera landið að einu kjördæmi er alls ekki víst að nein samstaða náist um hana. En það er trú mín að það sé einungis tímaspursmál hvenær landið verður að einu kjördæmi, ég er alveg sannfærð um að það verður. E.t.v. líða 10–15 ár þangað til, gott og vel. En meðan við bíðum eftir því að fólk átti sig á því að það er skynsamlegasta leiðin er ég tilbúin til þess að skoða allar leiðir sem eru í þá átt að jafna atkvæðisréttinn.

[17:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst að í þessari tillögu og í málflutningi manna í dag sé að nokkru leyti gengið út frá grundvallarmisskilningi sem mér finnst nauðsynlegt að benda á. Þar er gengið út frá því að það sé hlutverk ríkisstjórnarinnar að gera tillögur í þessum efnum. Það er ekki. Það er hlutverk Alþingis að taka ákvarðanir í þessu efni. Þannig hefur það alltaf verið þegar fjallað hefur verið um breytingar á kosningalögum að það hefur verið verkefni formanna stjórnmálaflokkanna á hverjum tíma, a.m.k. til að byrja með þegar kannað er hvort víðtæk, pólitísk samstaða getur náðst um málið og ég vil að það sé svo. Það er skoðun mín að þetta sé heppilegt fyrirkomulag, þetta eigi ekki að vera ríkisstjórnarmál þar sem stjórnarflokkarnir koma sér saman með um málið. Það er óeðlilegt fyrirkomulag. Þess vegna tel ég að það séu engin rök fyrir því að gagnrýna t.d. Alþfl. fyrir að hann hafi ekki komið málinu fram á síðasta kjörtímabili af því að hann var stjórnarflokkur. Staðreyndin er sú að það sem skiptir máli í þessu sambandi er forustan og vilji forustunnar, þ.e. venjulega forustumanna stærsta eða stærstu flokkanna til þess að ráða þessum málum til lykta. Þess vegna tel ég, hæstv. forseti, að þetta sé mál sem hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. á að ræða sem allra fyrst í sínum flokki og við aðra formenn flokka sem eiga fulltrúa í þessari stofnun. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. flm. hvort þessi mál hafi verið rædd í þingflokki Sjálfstfl. með hliðsjón af þeim forustuskyldum sem formaður stærsta flokksins hefur í málinu. Ef Sjálfstfl. gerir ekkert í málinu koma væntanlega einhverjir aðrir og gera hlutina. En ég held að við eigum að fara skipulega yfir þetta í flokkunum og ég hvet til þess.

Í öðru lagi varðandi breytingar á kosningalögum tek ég eftir því að í tillögunni stendur: Taka upp fyrirkomulag sem leiðir til jafnara vægis atkvæða, hygg ég að það sé orðað nokkurn veginn. Hv. flm. talar ekki um að atkvæðavægi eigi að vera eins í landinu öllu og ég held út af fyrir sig að það sé skynsamlegt að nálgast málið almennt séð eins og hann vill gera til þess að reyna að ná sem mestri sátt um það í þessari stofnun.

Hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma á framfæri í umræðunni og það er þetta: Viljum við gera róttækar breytingar á þessu kerfi eða viljum við laga kerfið eins og það er, eins og það var afgreitt 1983? Ég tel að það kerfi hafi mjög marga kosti. M.a. tel ég að það sé tiltölulega gagnsætt og engum manni vorkunn að setja sig inn í það í meginatriðum. Í rauninni er það eitt einfaldasta kosningakerfi sem um getur ef menn eru með uppbótarkerfi á annað borð. Hv. síðasti ræðumaður gagnrýndi að atkvæði, t.d. í Reykjavíkurkjördæmi, getur skilað inn manni í Vestfjarðakjördæmi eins og þetta er núna, langt í burtu, einhverjum manni sem menn eru jafnvel á móti. Ég skil nú ekki alveg hvað hv. þm. átti við, hvort það er þannig í Framsfl., ég þekki það ekki svo vel, ég var þar bara í eitt ár. En auðvitað verður það alltaf þannig, hæstv. forseti, að ef það er uppbótarkerfi þá getur atkvæði á Vestfjörðum skilað inn manni í Reykjavík og öfugt. Það verður alltaf þannig ef um er að ræða uppbótar-

kerfi fyrir landið allt. Við höfum flest verið þeirrar skoðunar að það eigi að vera til eitthvert svona uppbótarkerfi. Nú geta menn komist að þeirri niðurstöðu að landið eigi að vera eitt kjördæmi. Þá segi ég alveg eins og hv. flm. sagði, ég hygg að það hafi verið hann sem nefndi það fyrstur hér í dag, að ég mundi óttast flokksræði í því sambandi. Ég mundi líka óttast ef um óraðaðan lista væri að ræða eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi sem möguleika að konur ættu erfiðara uppdráttar í þeim slag heldur en karlar. Ég held að það sé mjög margs að gæta í þessu efni án þess að ég sé út af fyrir sig að draga úr því að menn ræði málið.

Ég vil benda á tvö eða þrjú atriði sem ég teldi nauðsynlegt að breyta. Það fyrsta er að ég vil að fólk geti kosið fólk. Ég vil að kjósendur geti kosið menn og jafnvel ekki bara á einum lista heldur tveimur eða þremur listum í sama kjördæmi. Ég tel að núv. kerfi þar sem þetta er þannig að menn fela sig inni á listum, sérstaklega þegar þeir eru óánægðir með sjálfa sig og hafa skandalíserað mikið á kjörtímabilinu sem var að líða, byggt einhver hús sem á að fela eða svoleiðis, þá fela þeir sig í margmenninu. Þetta er auðvitað sérstakt vandamál með Sjálfstfl., enda er hann aðalvandamál íslenskra stjórnmála á flestum sviðum eins og kunnugt er. En þetta er alveg sérstakt vandamál með íhaldið vegna þess að þeir eru með þrjá, fjóra eða fimm menn, sex, sjö eða guð veit hvað, t.d. í Reykv. og á Reykn., og það er hægt að hrúa þar inn fólki, oft góðu fólki, sem er aldrei kallað fram til ábyrgðar. Ég er viss um að þessu fólki gremst oft að geta ekki komið sínum hlut eðlilega á framfæri. Þess vegna segi ég alveg númer eitt ef menn ætla að hrófla við kosningalögunum, leyfum fólki að kjósa fólk þannig að hægt sé að merkja við einstaklinga í þessu tilviki.

Í öðru lagi spyr ég hvort endilega þurfi að styðjast við kjördæmin eins og þau eru ef það skref yrði stigið í áttina að landinu sem einu kjördæmi? Mætti ekki hugsa sér að kjördæmin verði stækkuð og að kjördæmamörkunum verði breytt? Að Vesturland og Vestfirðir verði eitt kjördæmi? Að Norðurland vestra og Norðurland eystra verði eitt kjördæmi? Að Reykjaneskjördæmi verði sameinað Suðurlandi að hluta o.s.frv.? Eru menn tilbúnir til að skoða eitthvað af þessu tagi?

Í þriðja lagi ef menn vilja á annað borð róttækar og lýðræðislegar breytingar á kosningakerfinu, eru menn tilbúnir til að taka að einhverju leyti bandaríska kerfið sem er þannig að þingið er kosið í áföngum? Þingið er að hluta til kosið í kjördæmum en að hluta til kosið í landinu öllu. Þetta fyrirkomulag höfðum við fyrir allmörgum árum, einum 60–70 árum, þar sem uppbótarþingmennirnir voru kosnir í landskosningum. Þrír uppbótarþingmenn voru kosnir í landskosningum en að öðru leyti voru þingmennirnir kosnir eftir kjördæmum. Hver eru rökin fyrir þessu kerfi? Þetta er svipað kerfi og í Þýskalandi enn þann dag í dag. Rökin fyrir þessu kerfi eru þau að annars vegar eru menn kosnir á landsvísu með hagsmuni heildarinnar fyrir augum. Það er líka hvati til þess að flokkar slái sér saman frekar en að menn séu með allt of mikið af flokkum sem sumum er þyrnir í augum en hins vegar opnuðu menn möguleika til þess að sjónarmið byggðarlaganna heyrðust líka. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að það er skynsamlegt að sjónarmið byggðarlaganna geti heyrst formlega. Það er betra að það gerist þannig með viðurkenndum opnum hætti en ef landið væri allt eitt kjördæmi þá mundu menn læsa sig saman með óformlegum og lokuðum hætti. Það þarf enginn að segja mér annað en að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Viktor B. Kjartansson mundu ekki gegna hagsmuna byggðarlaga sinn þó þau væru kosin á einhverjum landslistum. Ég held það sé skynsamlegra að viðurkenna þörf landshlutanna líka í þessu sambandi vegna þess að þrátt fyrir allt skiptir miklu máli að við séum með fólk sem tryggir tengsl við umhverfi sitt af hvaða tagi sem það er. Þess vegna finnst mér að það eigi ekki alltaf að tala illa um fólk sem gegnir hagsmunum kjördæma sinna. Á ekki að þakka það líka? Hvað var það þegar hv. þm. Ólafur Hannibalsson kom upp með samgöngumál Vestfjarða? Var það eitthvert svívirðilegt kjördæmapot svo ég nefni dæmi. Eða þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur komið upp með ótal Vestfjarðamál. Er það eitthvert kjördæmapot, sem á að gagnrýna, banna eða leggja niður, eða hvað? Ekki að mínu mati. Alþingi á að vera í sambandi við Íslendinga af því að þetta er Alþingi Íslendinga.

[17:37]

Útbýting þingskjals:

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, 13. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 245.

[17:37]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ástæða er til að rifja það upp í tilefni af þessari litlu tillögu að nú eru liðin 68 ár frá því fyrst var flutt tillaga á Alþingi Íslendinga um jöfnun atkvæðisréttar. Flutningsmaður var Héðinn Valdimarsson og árið var 1927. Hann lét sér ekki nægja að flytja einhverja fróma ályktun til ríkisstjórnar, sem þá sat sem var allra ríkisstjórna ólíklegust til að taka mark á tillögunni, heldur flutti hann tillögu um það hvernig þessum jöfnuði skyldi náð, þ.e. tillagan var um landið eitt kjördæmi, hlutbundnar kosningar um land allt, eina málstofu og að fjölda þingmanna megi breyta með lögum. Það skuli með öðrum orðum ekki vera stjórnarskrárbundið. Allt frá þeim tíma hefur þetta verið stefna Alþfl., í 68 ár. Sá flokkur sem hefur sögulega séð af mestu harðfylgi beitt sér gegn þessari tillögu er flokkur þess hv. þm. sem hér talaði áðan, hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, fulltrúa Reykjaneskjördæmis. Ég skil ósköp vel af hverju hún flytur tillöguna. (**Gripið fram í:** Nú?) Afsakið, ég biðst velvirðingar. Þetta þarfnast skýringa vegna þess að af því hafa spurst blaðafregnir að hv. þm. hafi ætlað sér að flytja þessa tillögu en ekki fengið stuðning til þess í þingflokki sínum og þess vegna breytt málinu í fyrirspurn til forsrh. En hv. þm. sem nú flytur tillöguna á eftir að svara því hvort hann hefur fengið einhverjar undirtektir við hana í þingflokki sínum.

Í seinustu kosningum mun það hafa verið svo að u.þ.b. helmingur þeirra sem af einhverjum ástæðum, mér meira og minna óskiljanlegum, kaus Framsfl. var í kjördæmunum Reykv. og Reykn. Út á helming fylgis flokksins fengust fjórir þingmenn. En atkvæðastokkurinn sem þeir unnu sér, nýframsóknarmennirnir í Reykv. og á Reykn., fór síðan að skila inn gömlu og gildu framsóknarmönnunum á þing sem eru áreiðanlega samkvæmt hefð harðsnúnir andstæðingar þessara hugmynda og þessara tillagna þangað til annað sannast. (**Gripið fram í:** Ekki allir mjög gamlir.) Gamlir í hettunni, segi ég, kannski ekki gamlir að lífaldri, en genin segja til sín.

Það mun vera svo einnig í síðustu kosningum að 65% þjóðarinnar í þessum tveimur kjördæmum náðu 31 þingmanni, þ.e. minni hluta á þingi, en 35% þjóðarinnar í hinum kjördæmunum sex fengu út á það meiri hluta þingmanna. Það er fróðlegt út af fyrir sig að rifja það upp til að staðfesta

þetta hvernig misvægi atkvæðanna er. Tölurnar í kosningunum þar á undan eru þær að fyrir 100% atkvæðisrétt frænda minna og vina á Vestfjörðum höfðu kjósendur á Norðurl. v. 98% úr atkvæði, Austurl. 72% úr atkvæði, Vesturl. 66% úr atkvæði, Suðurl. 56% úr atkvæði, Norðurl. e. 50% úr atkvæði, Reykn. um 33,3% úr atkvæði og Reykv. 32% úr atkvæði.

Efnisgrein þessarar tillögu er um að skora á ríkisstjórn að leggja fram fyrir árslok 1996 tillögu um breytingar á kosningalöggjöfinni sem leiða til jöfnunar atkvæðisréttar, ekki að gera hann jafnari. Ég skil þetta svo að hv. flm. sé að gefa sér þá grundvallarforsendu að það eigi ekki að prútta með mannréttindin, reglan einn maður eitt atkvæði, eigi að verða grundvallarregla.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að það væri missmíð á þessari tillögu að þetta er áskorun á framkvæmdarvaldið, þ.e. þá sem stýra stjórnarflokkunum. Það er komin reynsla á það hvernig gekk og hvernig hefur gengið, ekki bara í tíð fyrri ríkisstjórnar heldur í tíð allra ríkisstjórna í sögu lýðveldisins, sögu þingræðisins á Íslandi, hvernig þetta hefur gengið. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að þetta væri verkefni þingsins. Þingið hefur spreytt sig á þessu, forustumenn þingflokka hafa spreytt sig á þessu. Dæmigerð er niðurstaðan 1987. **(Gripið fram í:** Niðurstaðan 1983.) Já, 1983 sem gekk í gildi 1987. Niðurstaðan varð því miður sú að það staðfestist, ég held endanlega, að þingið er ófært um að vinna þetta verk. Þar var raunverulega öllum grundvallarreglum klúðrað. Það sem gerðist var það að einstaka áhrifamiklir þingmenn og forustumenn þingflokka prúttuðu sig niður á niðurstöðu sem var sannarlega meira og minna óskiljanleg öllum almenningi og í mörgum tilvikum var aðalverkefni reiknimeistarans að reikna hv. þm. inn á þing með því að búa til undanþágur og skafanka á þessa reglur. Þetta var dapurleg reynsla. Af þessu kynnu menn að álykta að raunverulega geti menn ekki gert sér vonir um að þessi mál verði leyst þannig að grundvallarreglur mannréttinda verði virtar á annan veg en þann að efnt verði til sérstaks stjórnlagaþings. Kosið verði til þess samkvæmt grundvallarreglunni, einn maður eitt atkvæði, og þessu stjórnlagaþingi falið beinlínis þetta verkefni, endurskoðun á kjördæmaskipun og kosningarrétti og eftir atvikum breytingum á stjórnarskrá. Nú þurfum við að breyta stjórnarskrá því illu heilli var kjördæmaskipun og fjöldi þingmanna bundið í stjórnarskrá.

Því var yfirlýst í tíð fyrrv. stjórnarsamstarfs að það ætti að vinna að jöfnun atkvæðisréttar. Hvað gerðist? Það er réttmæt gagnrýni að það var seint tekið á málinu. Að sjálfsögðu var frumkvæðið að því í höndum hæstv. forsrh. Hvaða hugmyndir höfðu svo flokkarnir fram að færa þegar á reyndi? Lítum fyrst á Sjálfstfl. Hann vísaði til tillagna sem mér skilst að hafi verið samþykktar innan flokks um fjölgun kjördæma og þar á meðal að kljúfa Reykjavík og Reykjanes í minni kjördæmi, skref stigið í átt til fámenniskjördæma sem við höfum að vísu reynslu af áður. Niðurstaðan varð sú að þessi tillaga var ekki um jöfnun atkvæðisréttar. Það hafði verið stigið hænufet. Í staðinn fyrir misvægi upp á 3,7 hefði misvægið verið á bilinu 2–2,5. Hver var tillaga Framsfl.? Tillaga Framsfl. var útspekúleruð. Hún var um það að byggja á núv. kjördæmaskipan, færa þingmenn frá landsbyggðarkjördæmunum til Reykv. og Reykn., fjölga síðan jöfnunarsætum. Niðurstaðan hefði síðan leitt til þess að koma á tveggja flokka kerfi í landsbyggðarkjördæmunum sem er út af fyrir sig sjónarmið. En þegar þessar tillögur voru vegnar á mælikvarðann, hverju hefðu þær skilað í jöfnun atkvæðisréttar? Þá var það sama eins og með tillögur Sjálfstfl., hænufet. Það hefði sennilega náð því að gera ójafnvægið jafnmikið og það var 1959. Það er ekki gæfulegt þegar þeir sem lýsa því yfir að þeir vilji virða mannréttindi og lýsa því yfir að þeir vilji ná því markmiði að koma á jöfnun atkvæðisréttar koma síðan með tillögur í umboði flokka sinna sem taka ekkert mark á grundvallarforsendunum. Það er þrautrætt og liggur fyrir ef menn meina eitthvað með því sem þeir eru að segja, ef þeir meina að þeir vilji tryggja jöfnun atkvæðisréttar, ekki bara milli flokka, heldur milli einstaklinga, að menn njóti mannréttinda, að ekki er hægt að útfæra það þannig að öllum skilmálum sé fullnægt með öðrum hætti en tillögunni um landið eitt kjördæmi og hlutfallskosningar.

Í umræðunni fyrir seinustu kosningar sem var nokkur, einkum að frumkvæði ungs fólks í stjórnmálaflokkunum sem var sammála um kröfuna um mannréttindin, var einkum tínt til að menn vildu að markmiðin væru þessi: Jafn atkvæðisréttur án tillits til búsetu og án tillits til flokksaðildar, að þingstyrkur flokka verði í samræmi við kjörfylgi. Á það var bent að það væri æskilegt að kerfið væri þannig að það þyrfti ekki að hringla með það á fárra ára fresti til þess að laga það að breyttum aðstæðum, breytilegu búsetumynstri o.s.frv. Það væri æskilegt í þessu litla þjóðfélagi að ekki væri verið að tvístra fólki í girðingar og ýta þannig undir óþarfa fyrirgreiðslupot. Og mikil áhersla var lögð á það að menn vildu persónuval. Jafnframt að þetta væri einfalt og öllum auðskilið og unnt væri að hafa kerfið þannig að hlutur kvenna og ungs fólks væri ekki fyrir borð borinn. Niðurstaðan af þessum umræðum var mjög einföld. Hún var sú: Það er ekki hægt að fullnægja þessum skilmálum nema með því að gera landið að einu kjördæmi eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði — ég vona að hún fylgi því eftir í sínum flokki — hvað með þá sem óttast vaxandi flokksræði? Því er til að svara að þá verður að taka á því máli t.d. með því að færa vald til á sveitarstjórnarvettvangi heim í héruð. En miðstjórnarvald flokka þurfa menn ekki að óttast vegna þess að það er einfalt að koma þessu persónuvali fyrir, þ.e. meira að segja ekki aðeins að menn geti valið af listum heldur að menn geti valið sér þingmannsefni af lista fleiri en eins flokks. Svokallað kjörbúðarkerfi sem við mælum reyndar með.

[17:48]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði í fyrsta lagi: Ríkisstjórninni er ekki treystandi og fyrir því er áratuga reynsla. Í öðru lagi er þinginu heldur ekki treystandi og fyrir því er áratuga reynsla. Hverjum er þá treystandi? Það er stjórnlagaþing, það er samnefnari þeirra hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóns Baldvins Hannibalssonar. Hvað með stjórnlagaþing? Stjórnlagaþing verður ekki kallað saman öðruvísi en að Alþingi samþykki stjórnarskrárbreytingu til þess. Það þurfa þess vegna að fara fram tvennar kosningar. Fyrst um stjórnarskrárbreytinguna og svo um staðfestingu á stjórnarskrárbreytingunni til Alþingis, síðan fer fram kosning til stjórnlagaþingsins og svo kosningar á grundvelli niðurstöðu stjórnlagaþingsins. Hér eru menn að tala um fernar alþingiskosningar og það er allt of viðamikið mál að mínu mati. Út af fyrir sig útiloka ég ekkert í þessu sambandi en ég tel að stjórnlagaþing sé ekki sá töfralykill sem menn hafa viljað vera láta. Ég held að menn neyðist til þess að fara þá leið að kanna hvort að hægt sé að ná samstöðu um málin í þessari stofnun. Ég er reyndar þeirrar

skoðunar að málið liggi núna þannig að þörf sé á breytingu, það sé samstöðuvilji á Alþingi til að breyta stjórnarskránni og kosningalögum og þá eigi að undirbúa málið núna og byrja á því að kanna hvort þeir sem segja fyrir flokkum vilji reyna að ná einhverri samstöðu í málinu.

[17:49]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt sem hv. þm. sagði. Þetta er afar flókin aðferð og kallar á margar kosningar. Það er oft flókið að þurfa að vísa málum til umfjöllunar þjóðarinnar sjálfrar en það er að fenginni langri reynslu því miður eina leiðin þegar við höfum áratuga reynslu fyrir því að þingið getur ekki að því er virðist unnið þetta verk. Lengi má manninn reyna og ekki skal standa á mér eða okkur alþýðuflokksmönnum að freista þess einu sinni enn hvort hægt er að ná samstöðu milli stjórnmálaflokka eða meiri hluta á Alþingi um það að Íslendingar nái grundvallarmannréttindum. Ég verð bara að viðurkenna að auðmýkt mín gagnvart sögunni og forverum okkar er að minnsta kosti nóg til þess að ég hef ekki mikla trú á því að okkur takist það miklu betur en þeim því lengi hafa þeir þann steininn klappað.

[17:50]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég fagna því að formaður Alþfl. skuli hafa trú á þjóðinni því hann hefur alltaf fellt tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur sem hafa verið lagðar fyrir þessa stofnun. Það er auðvitað sérstakt fagnaðarefni að hann skuli vilja endurskoða hug sinn í þeim efnum. Út af fyrir sig útiloka ég það ekki að menn skoði þessa stjórnlagaþingsleið en ég held að hún sé óþarflega brotamikil. Ég held að hægt sé að ná samstöðu í þessari stofnun um breytingar á kosningalögum og stjórnarskránni í þá átt að ganga lengra í jöfnunarátt í þá er að taka upp persónukjör og þannig að gera kosningalögin gagnsærri en þau eru. Ég tel að það sé a.m.k. ástæða til að reyna og engum tíma sé spillt þó það sé kannað t.d. þegar á þessum vetri.

[17:51]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Saga stjórnarskrármálsins á Íslandi er orðin löng, ekki síður en saga kosningalöggjafar. Þessa stjórnarskrá fáum við úr hendi herraþjóðarinnar. Hún hefur verið í nefnd allan tímann síðan og er enn. Það hafa jafnvel orðið til heilu stjórnmálahreyfingarnar sem hafa lýst róttækum breytingum á þessari stjórnskipun. Margt er gagnrýnivert í henni. Eitt með öðru, þá er yfirleitt ekki gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í gildandi stjórnskipan nema að sjálfsögðu þegar um er að ræða breytingar á stjórnskipuninni sjálfri. Ég hef verið þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til þess að rjúka til með ákvarðanir um þjóðaratkvæðagreiðslu í einstökum málum eins og viðskiptasamningum og öðru slíku. Við erum öll bundin af stjórnarskránni að því er varðar tillögur um breytingar á henni þannig að það er ekkert um að ræða. Ef við ætlum að breyta stjórnskipuninni, stjórnarskránni, og kjördæmaskipunin er að hluta til bundin í henni, þá ber að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslu og vísa málinu til þjóðarinnar. Hjá því verður ekki komist.

[17:53]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Fyrir örskömmu var ég í Aserbaídsjan, fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna. Ég var þar í kosningaeftirliti á vegum Evrópuráðsins og það hérað sem mér var ætlað að fylgjast með er alveg suður undir Íran en þar er múhameðstrú hvað sterkust í því landi. Margháttuð kosningasvik voru höfð í frammi í þessum kosningum. Flokkar voru útilokaðir svo og frambjóðendur. Aðgangur stjórnarandstöðu að fjölmiðlum var takmarkaður og her og lögreglu var beitt bæði beint og óbeint gegn vilja fólksins sem sótti kjörstaðinn. Eitt var þó meira áberandi en flest annað. Til kjörstaðanna komu heimilisfeður og kusu, ekki aðeins fyrir sjálfa sig, heldur kusu líka fyrir alla fjölskyldu sína. Hver einasti maður sem vildi halda virðingu sinni lét að sjálfsögðu ekki sjá eiginkonu eða eiginkonur sínar og þaðan af síður dætur. Þessir menn voru að kjósa fyrir marga, sumir fyrir þrjá eða fjóra, allt upp í sextán. Það þykir tilhlýðilegt að senda sérstaka sveit Vesturlandabúa, lýðræðishyggjumanna og frelsisboðenda til þess að hafa eftirlit með þessu fólki og að sjálfsögðu lýsum við andúð okkar á þessum vinnubrögðum. En við höfum líka samúð með þessu fólki því það þekkir ekki lýðræðisheiðirnar. Þetta fólk hefur verið undir kommúnisma Sovétríkjanna í 70 ár og þar áður kúgað í margar aldir og ekki er laust við það að við brosum að því þegar mennirnir koma og kjósa fyrir svo marga.

En hver er afsökun okkar þar sem menn koma hér í sumum kjördæmum og kjósa fyrir marga? Ekki er afsökun okkar sú að við þekkjum ekki grundvallaratriði lýðræðisins. Ekki ætla ég nokkrum manni það í nokkru kjördæmi að hann sé að koma þar og kjósa sérstaklega fyrir eiginkonu, ég segi ekki eiginkonur, heldur eiginkonu sína og dætur. Ég ætla mönnum það ekki. En grundvallarmisréttið er engu að síður til staðar. Eigum við að fara að óska eftir sérstöku kosningaeftirliti frá Evrópu eða úr öðrum áttum til að fylgjast með því að við getum viðhaldið grundvallaratriðum lýðræðisins? Að sjálfsögðu viljum við ekki fá slíkt yfir okkur. Við höfum ekki einu sinni trúmál til þess að skjóta okkur á bak við. Hins vegar hafa mörg atriði verið sett fram til að afsaka það óréttlæti sem er í jafnvægi kosningarréttar hér á þessu landi og ég ætla aðeins að drepa á örfá og mótmæla þeim. Það hefur verið sagt sem svo að réttur manna og möguleiki til áhrifa á lýðræði sé orðinn svo mikill að það þurfi varla miklu meira. Þá benda menn á áhrif fjölmiðla, niðurstöður skoðanakannana og áhrif margvíslegra þrýstihópa. Að sjálfsögðu getum við ekki sætt okkur við að þessir aðilar taki við eða beri með nokkrum hætti fram þann rétt sem hver maður á að hafa einn með sjálfum sér og án afskipta og í fullu jafnrétti við aðra þegar hann gengur einn inn í kjörklefann.

Þá hefur það líka verið nefnt að búsetuskilyrði og aðstöðumunur séu þannig að það sé rétt að bæta það upp með kosningarétti. Ég get alls ekki sætt mig við verslað sé með grundvallaratriði lýðræðis og mannréttinda með neinum hætti á móti aðstöðumun. Við getum fundið svo margvíslegan aðstöðumun í þjóðfélaginu að þessi aðstöðumunur sem svo sannarlega er á milli kjördæma er ekki sá eini. Ef við ætluðum að nýta stöðugt kosningarréttinn til jöfnunar, væri það til að æra óstöðugan.

Ég held þess vegna að óhjákvæmilegt sé að Íslendingar taki rögg á sig með hvaða hætti sem það er og að sjálfsögðu snýr það hér að hinu háa Alþingi að jafna kosningarréttinn þannig að einn maður hafi eitt atkvæði. Mér þótti vænt um að hv. þm. Jón Baldvin vill þakka okkur framsóknarmönnum þessa liðveislu sem hann telur að sé komin en ég fullvissa hann um að það er ekki af neinni sérstakri samúð við Alþfl. þótt full ástæða sé til að við leggjum áherslu á þessi atriði í stefnu okkar margra ungra framsóknarmanna ef ég má telja mig til þeirra í þessu tilliti. Ég tel að við eigum að sjálfsögðu

að nýta tímann vel. Það mun alveg ábyggilega ekki veita af tímanum til þess að ljúka málinu fyrir næstu kosningar og styð þess vegna meginatriði þess sem kemur fram í þáltill. að unnið verði að þessu á þinginu og því lokið þannig að kosið verði með réttlátum hætti til næsta Alþingis.

[17:58]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Hér er tekið á dagskrá stórt og mikið mál en í mjög stuttu máli orðað í þessari þáltill. Það á að fela ríkisstjórninni að búa til tillögur sem leiða til jöfnunar atkvæða og leggja fyrir þingið fyrir lok næsta árs. Það er svolítið einkennilegt eftir alla þá löngu umræðu sem hefur verið utan þings um þetta mál, fjöldi manna hefur haft það sem sitt eina stefnumál í prófkjörum ýmissa flokka á Reykjavíkursvæðinu að þegar yrði gert eitthvað í þessum málum. Sumt af þessu fólki hefur verið kosið inn á þing. Það einkennilega hefur gerst að þegar það hefur verið komið hingað inn í þessa sali hefur málið gleymst. Síðan kemur að næstu kosningum og nýjum prófkjörum og enn taka þeir upp sama jarmið.

Aldrei hefur nokkur maður lagt fram einhverja tillögu um hvernig á að framkvæma þessa jöfnun nema þetta eina úrræði sem menn hafa, þ.e. að landið allt verði eitt kjördæmi. Hingað til hefur barátta stjórnmálaflokkanna snúist að því að jafna atkvæði milli flokka og það hefur tekist þokkalega en þó eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir minnti áðan á að í ýmsum tilvikum eru kosningalögin ekki ljós og það er galli á kosningalöggjöfinni þegar menn vita ekki hvaða afleiðingar atkvæði manns hefur. Hvernig á svo að bæta úr því? Til þessarar jöfnunar atkvæða hefur verið notuð allflókin reiknireglа sem var mikið rædd í blöðunum á sl. vetri, svokölluð d'Hondt-regla minnir mig að hún heiti og það hafa verið reynd mörg afbrigði af henni og þetta var það sem menn féllust á að lokum. Það hefur verið útlistað af miklum reiknimeisturum að erfitt sé koma fram með reglu sem fullnægir skilyrði um jöfnun milli flokka. Enn erfiðara er það ef bæta á við annarri reglu sem á að tryggja að eitt atkvæði sé jafngilt í öllum kjördæmum. Ég veit ekki til þess að neinn hafi gert grein fyrir því hvernig hann ætlar að viðhafa þá reiknireglu sem er nauðsynleg forsenda fyrir því að hægt sé að ræða þetta mál af einhverju viti.

Annað í þessu sem hver tekur upp eftir annan er að þetta séu mannréttindi, þetta sé spurning um mannréttindi. Ég er vissulega á því að atkvæðisrétturinn sé mannréttindi og það séu sjálfsögð mannréttindi sem við eigum að halda fram um allan heim. Fyrir nokkrum vikum urðu umræður um það hvort mannréttindi ættu að vera öðruvísi í Kína en á Íslandi og umræðan hneigðist heldur að því að mannréttindi væru universal. Það ættu að gilda þá sömu mannréttindi um allan heim. Ég skal trúa þessu fólki þegar Ísland flytur um það tillögu á þingi Sameinuðu þjóðanna að Kínverjar fái 4.000 fulltrúa þar til þess að við fáum að hafa einn og ég skal trúa þessu fólki þegar fulltrúar Íslands flytja tillögur í Norðurlandaráði, í Evrópusambandinu, í Evrópuráði og hvar sem þeir eru á Evrópuvettvangi um það að hlutfall íslenskra fulltrúa verði í hlutfalli við stórveldi heimsins. Atkvæðisrétturinn er mannréttindi en það er hægt að haga honum margvíslega og ég veit ekki betur en ríki eins og Bandaríkin og Bretland hafi hingað til verið talin til lýðræðisríkja þó að því hafi farið fjarri að reglan „one man one vote" eins og það heitir á ensku, eða að eitt atkvæði sé jafngilt hjá öllum, hafi verið höfð í heiðri um aldir. Það liðu a.m.k. 200 ár frá því að stjórnarskrá Bandaríkjanna var sett þangað til hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði að þessi regla skyldi gilda um kosningar til fulltrúaþingsins en eftir sem áður er þó kosið til senatsins samkvæmt landamerkjum, þ.e. hvert 50 ríkja Bandaríkjanna hefur tvo fulltrúa án tillits til fólksfjölda.

Ef við teljum það mikilsvert eins og hv. þm. Svavar Gestsson vék að áðan að þingmenn séu í tengslum við ákveðna hópa fólks sem eru landfræðilega afmarkaðir þá höldum við kannski í núverandi kjördæmaskipan með einhverjum breytingum en við höldum okkur við þá kjördæmaskipan að landið skiptist í kjördæmi og þá verðum við að finna einhverja reglu til þess að jafna atkvæðin innan þess kerfis.

Ég er nokkurn veginn sammála því sem hefur komið fram hér að Alþingi sé ófært um að leysa þessi mál. Spurningin er hvort stjórnlagaþing verður eitthvað færara um að leysa þau. Hverjir verða kosnir á stjórnlagaþingið? Treysta menn sér til þess að útiloka þingmenn og ráðherra frá kjörgengi til stjórnlagaþingsins eða verða sömu mennirnir kosnir þar og nú sitja á Alþingi? Við það að skipta um nafn, munu þeir þá taka sinnaskiptum og ganga frá einhverjum skynsamlegri ályktunum um málið eða skynsamlegri lagagerð um málið en þeir hafa gert á Alþingi?

Ég vil gjarnan fá að heyra hvernig menn hugsa sér atkvæðagreiðslur í landi sem er eitt kjördæmi, ef það verða 9 framboðslistar eins og í síðustu kosningum og kosnir 63 þingmenn, kannski má fækka þeim eitthvað, — við skulum gera ráð fyrir að það verði kosnir 63 þingmenn — þá verða 500 frambjóðendur aðalmenn á þessum listum. Ef varamenn eiga að vera þarna líka eða svipað eins og nú er eru þeir 1.000. Hvernig lítur kjörseðillinn út? Ég vil fá einhverjar skýringar á þessum framkvæmdaratriðum áður en menn halda áfram þessu mannréttindajarmi sínu.

[18:06]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhver algengustu viðbrögð manna sem skilja ekki mannréttindahugtakið er að vísa til alþjóðasamstarfs og segja: Ísland hefur eitt atkvæði á allsherjarþinginu eins og Kína. Hve mikið er misvægi atkvæða þar?

Hér er verið að bera saman óskylda hluti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er ekki löggjafarsamkunda. Þarna eru svokölluð fullvalda ríki á samkundu. En hverjir ráða Sameinuðu þjóðunum? Það er ekki allsherjarþingið. Það er reyndar eitt stórveldi sem ræður þeim núna í krafti valdsins, öryggisráðið að formi til, með neitunarvaldi. Þannig að þetta er ekki eitt og hið sama.

Misvægi atkvæða sem tíðkast auðvitað í öðrum löndum er mjög tengt skiptingu þingsins í málstofur. Víða um lönd voru þetta leifar af þeim hugsunarhætti að það væri hægt að kalla það lýðræði þótt atkvæðisrétturinn væri skertur. Hann var skertur í þessu þjóðfélagi fyrir ekki mjög löngu, hann var bundinn við karlmenn á tilteknu aldursskeiði, tiltekna eign, konur voru útilokaðar, eignalaust fólk var útilokað o.s.frv. Þessar hugmyndir hafa svolítið breyst. Þær hafa breyst þannig að Ísland hefur skuldbundið sig, reyndar í alþjóðasamningi, þ.e. mannréttindasáttmála um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, til þess að virða grundvallarregluna: einn maður, eitt atkvæði.

Virðulegi forseti. Að því er varðar framkvæmdina á listakjöri í landinu sem einu kjördæmi, þessu litla landi, 250 þúsund sálir, er það ekki eins flókið og hv. þm. lýsti. Hægt er að hugsa sér ýmsar leiðir til þess. Persónuvalið getur snúist um það að menn velji sér þingmenn af einum lista. Hann

getur líka verið í því fólginn að hann velji sér þingmannsefni af fleiri en einum lista. Líka er hægt að hugsa sér útfærslu af því taginu að menn bindi sig við að framkvæmd kosningarréttarins sé nánast í hinum gömlu héruðum til þess að minnka þetta tölfræðilega vandamál sem hv. þm. var að lýsa.

Síðan má að lokum benda á það að reiknireglan sem kennd er við d'Hondt er ekki flókin og hún kemur þessu máli ekkert við ef við erum með regluna einn maður, eitt atkvæði í einu kjördæmi.

[18:09]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því að þegar menn fara í það að breyta kosningalögum og stjórnarskrá setja menn sér áður en lagt er af stað tiltekin pólitísk markmið. Þegar kosningalögunum var breytt síðast settu menn sér pólitísk markmið. Þau pólitísku markmið voru í fyrsta lagi að flokkarnir sem byðu fram á landsvísu væru nokkurn veginn með álíka úthlutun á atkvæðum yfir landið allt þannig að þar væri ekki um að ræða mismunun. Í öðru lagi að um væri að ræða mismunandi þung atkvæði og menn tóku um það ákvörðun að gera þetta. Til þess að ná þessum markmiðum sem virðast ósamrýmanleg og ósættanleg urðu menn auðvitað að taka upp reiknireglur sem voru pínulítið flóknari en ella væri en hins vegar gerðu menn að mínu mati og gera enn allt of mikið úr því að þetta með reiknireglurnar sé eitthvert aðalatriði. Það er fullkomið aukaatriði. Mér fannst best hjá hv. alþm. Stefáni Jónssyni heitnum þegar hann afgreiddi þessi mál og sagði: Hvað er þetta d'Hondt og hvað er þetta Lague, eru þetta hvítvínstegundir eða hvað? vegna þess að þetta er málinu algerlega óviðkomandi og ekki á dagskrá í tengslum við málið. Ég held að við eigum að setja okkur pólitísk markmið og ég er þeirrar skoðunar að til viðbótar við þau tvö sem ég nefndi hérna áðan sé það að persónurnar sjáist, að það komi fram hverjir eru í framboði og fyrir hvað menn standa þannig að menn geti ekki falið sig í einhverri hjörð eins og Sjálfstfl. lendir oft í með þingmenn sína í Reykjavík og Reykjanesi.

[18:10]

Ólafur Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að mig bresti skilning á mannréttindum. En ég var ekki mikils vísari við ræðu hv. þm. Jóns Baldvins um það. Það hefur líka verið talað um að þingmenn fælu sig inni í einhverjum stórum hópi. Ég verð að segja að ég gat ekki skilið þá ræðu öðruvísi en sá ræðumaður vildi einmenningskjördæmi og þá getum við líka farið að tala um ábyrgð þingmanna, ábyrgð manna sem bjóða sig fram til starfa fyrir almenning Hvað er auðvelt að leiða þá til ábyrgðar? Hvernig verður það á stóra 100 manna listanum í „landið allt eitt kjördæmi"? Ég mundi gjarnan vilja sjá að hægt væri að koma á einmenningskjördæmakerfi jafnframt því að jafna atkvæðin eitthvað. Ég tel ekkert sjálfsagt að landinu sé skipt upp í þau kjördæmi sem nú eru, en ég vildi gjarnan sjá að hægt væri að draga þingmenn og aðra stjórnendur til ábyrgðar í einhverju kerfi sem væri jafngagnsætt og einmenningskjördæmin og það hefur leitt til þess að í ýmsum löndum sem hingað til hafa verið talin lýðræðislönd, þar á meðal Bretlandi sem ég veit að hv. þm. Jón Baldvin þekkir mjög vel, hafa menn ekki treyst sér til þess að hverfa frá kerfi sem hefur augljóslega galla í för með sér og mismunar m.a. mjög þeim flokki sem er þriðja hjólið á vagninum í kerfi sem er að öðru leyti tveggja flokka kerfi. Ég minni á að byltingarforinginn Margrét Thatcher, sem ríkti í 12 ár og gerbreytti bresku þjóðfélagi, hafði aldrei stærri hluta atkvæða en 44% hæst og rokkaði á milli 42 og 44%. Samt er þetta ríki talið lýðræðisríki.

Það sem ég er að segja er að það eru engin grundvallarréttindi sem segja: one man one vote, þ.e. að öll atkvæði séu jafngild til þess að ríki teljist meðal lýðræðisríkja og þeirra ríkja sem heiðra mannréttindi. Menn verða að kalla hlutina réttum nöfnum í þessari umræðu eins og öðrum og það er það sem ég er að auglýsa eftir.

[18:13]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nauðsynlegt er að útskýra mannréttindahugtakið og greina það frá mannréttindajarmi eins og hv. þm. orðaði það. Mannréttindahugtakið er það að tryggja grundvallarlýðræðisleg réttindi allra einstaklinga, að þau séu jöfn: einn maður eitt atkvæði, án tillits til efnahags, án tillits til búsetu, án tillits til kynferðis, án tillits til trúarbragða o.s.frv. Það er mannréttindahugtakið sem við höfum skuldbundið okkur til þess að virða.

Það er fullkomlega virðingarvert sjónarmið að halda því fram að menn vilji taka upp einmenningskjördæmi og hægt er að færa einhver rök fyrir því að það geti í tiltekinni útfærslu stuðlað að ábyrgð viðkomandi þingmanns sem stendur einn frammi fyrir kjósendum sínum og er ekki falinn í einhverri sauðahjörð. Hins vegar er mjög vandasamt að útfæra það kerfi á þann veg að grundvallarreglan einn maður eitt atkvæði sé virt. Samanburður milli landa í þessu efni er ekki einhlítur. Það er t.d. mjög algengt og það eru til kjördæmi í Bretlandi þar sem kjósendafjöldinn slagar hátt upp í að vera kjósendafjöldinn á Íslandi.

Við skulum athuga að við erum mjög fámenn þjóð, að vísu í stóru landi og það er óþarfi með öllu, sérstaklega þegar það leiðir til mismununar, að tvístra þessari þjóð enn frekar. Þessi mannfjöldi er ekki meiri en svo að það er hægt að framkvæma kosningar samkvæmt grundvallarreglunni einn maður eitt atkvæði með persónuvali og þar með ábyrgð þingmannsins gagnvart kjósendum sínum. Við búum þess vegna við það að smátt er fagurt og að þessu leyti framkvæmanlegra en í miklu fjölmennari þjóðfélögum.

[18:15]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér hefur farið fram gagnleg umræða um lýðræði og fleiri mál því tengt og ég vil þakka flm. fyrir frumkvæðið að þessu máli.

Herra forseti. Eitt sinn var það svo að kóngur réð öllu og hafði einn manna atkvæði og það þótti honum ljúft. Síðan komu aðalsmenn og fengu sömuleiðis atkvæði og það kostaði átök. Síðan var mikil barátta í frammi höfð og eignamenn fengu atkvæðisrétt. Það kostaði líka átök. Löngu seinna fengu konur atkvæðisrétt og nú eru sem sagt allir komnir með atkvæðisrétt nema börn. Ég held að það standi ekki til að þau fái atkvæðisrétt.

Hér á landi hefur það gerst svona sögulega séð að fjöll og dalir hafa atkvæðisrétt og það finnst mér ekki nógu sniðugt. Þessar breytingar sem hér eru lagðar til, kosta átök. Þær kosta átök við þá sem hafa forréttindin. Því skulum við gera okkur grein fyrir og það er eðlilegt. Rökin sem menn hafa fært, herra forseti, eru þau að það sé mismunun á landbyggðarfólki og fólki sem býr í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu. Hér í Reykjavík eru allar stofnanir ríkisins eða flestar. Menntunina er að fá í Reykjavík. Skemmtunina er að fá í Reykjavík. Meira að segja hefur guð almáttugur

verið svo örlátur að hann hefur látið okkur fá ódýra hitaveitu líka. Það er því margt sem mælir með því að jafna þennan aðstöðumun. En almáttugur, ef við ætlum að fara þá leið að jafna aðstöðumuninn með atkvæðisrétti, þá skyldum við líka huga að því að margir eru fatlaðir og aðrir fátækir og eiga þeir að fá meiri atkvæðisrétt heldur en hinir? Með sömu rökum ættu þeir að gera það. Mér finnst, herra forseti, ekki hægt að breyta út frá því að einn maður eigi að hafa eitt atkvæði nema ef vera skyldi vegna vanþekkingar eða vanþroska. Eða þá börn, ég er ekki á því að börn eigi að fá atkvæðisrétt. En hver fullfríða maður á að hafa eitt atkvæði, þar kemur ekkert annað til greina.

Afleiðingar af því sem við sjáum í dag, þessu mismunandi atkvæðamagni, er kjördæmapot. Það er verið að pota, það er verið að kaupa atkvæði fyrir fjárfestingar sem eru þjóðhagslega rangar og þjóðhagslega óhagkvæmar. Þær eru hættulegar fyrir þjóðarhag og það er því mjög brýnt að við tökum á þessu vandamáli.

Herra forseti. Við erum að ræða hér um óréttlæti og misrétti sem ekki má viðgangast mikið lengur. Við verðum að horfast í augu við að mannréttindi byggjast á þessu: Einn maður eitt atkvæði.

[18:18]

Katrín Fjeldsted:

Ágæti forseti. Ég vil taka undir það sem komið hefur fram í máli ýmissa um mannréttindin og að réttlætið eina sé að einn maður eitt atkvæði nái að skjóta rótum í okkar kosningakerfi.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þessari umræðu og heyra menn sem setið hafa lengi á þingi lýsa því yfir að það sé ekki hægt að treysta ríkisstjórnum og það sé ekki hægt að treysta Alþingi til að taka á máli sem þessu. Það er rétt að þarna er um áskorun á framkvæmdarvaldið að ræða og skorað á ríkisstjórnina að leggja fram tillögu um breytingar á kosningalöggjöfinni. Ég verð að segja að úr því að ríkisstjórnin hefur einsett sér og sett í sinn stjórnarsáttmála að endurskoða kosningalög með það að markmiði að jafna atkvæðisréttinn, þá verðum við líka að geta tekið mark á því.

Þessi tillaga frá hv. þm. Viktori Kjartanssyni gerir ráð fyrir því að tillaga frá ríkisstjórninni eigi að berast fyrir árslok 1996. Og það er hægur vandi, hafi það ekki gerst, að menn taki þá öðruvísi á málinu. En mér heyrist að hér tali fólk úr öllum flokkum og það er ánægjulegt að heyra að það eru þó þetta margir sammála því að það eigi að afnema forréttindi sem koma fram í mismunandi vægi atkvæða. Ég er sennilega sá frambjóðandinn sem ekki komst inn þó ég væri með á fjórða þúsund atkvæða á bak við mig og er 1. varaþm. fyrir Sjálfstfl. í Reykjavík. Frambjóðandinn sem fékk 3,22% fleiri atkvæði en ég, Ólafur Hannibalsson, er sennilega sá sem ekki komst inn á Vestfjörðum og er varaþingmaður þar. Það er svolítið spaugilegt að þessar tölur skyldu koma fram í máli hér áðan. En hér stöndum við og getum ekki annað.

Það var sagt að einn sið skyldum við hafa og ég tel að þetta sé eitt af því sem við eigum að eiga sameiginlegt, við eigum að horfa á þau kerfi sem til eru í heiminum. Þau hafa öll kosti og galla. Ég er hrædd við flokksræðið á bak við það að landið verði eitt kjördæmi, ég verð að segja það. Ég er hlynnt því að almenningur geti kosið fólk og að það fólk, sem er kosið, standi fyrir máli sínu og sé ábyrgt gerða sinna, þótt það tákni að það þurfi að breyta kjördæmum. Ég er frekar hlynnt því að landið skiptist áfram í kjördæmi og þess vegna finnst mér einmenningskjördæmi mögulega mæta þessum viðhorfum mínum án þess að ég geti neitað því að slíkt kerfi hafi vankanta.

Það er gleðilegt að heyra nýja rödd úr röðum framsóknarmanna því að Framsókn var lengi vel erkióvinurinn í þessu mismunandi atkvæðavægi. En kannski er það vegna þess að ný kynslóð hefur haslað sér völl í Framsfl. og eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði hér, að það þarf að jafna aðstöðumuninn á annan hátt. Þetta hefur verið stefna ungra framsóknarmanna og þetta er líka stefna ungra sjálfstæðismanna þannig að ég tel að viss kynslóðaskipti séu að verða í þessu máli öllu saman á landinu.

Ég tel líka að vígin falli eitt af öðru. Við sjáum að fólk úr öllum flokkum getur sameinast um öll möguleg mál. Alveg eins og maður getur farið að velta fyrir sér kjördæmaskipuninni og kosningafyrirkomulaginu, getur maður líka velt fyrir sér flokkaskiptingunni, á hverju hún byggir núna. Hún byggir ekki á því sem hún gerði vegna þess að fólk í mörgum flokkum á samleið um aðalstefnumál þjóðarinnar. Þannig að þar gæti eitt vígið þurft að falla í viðbót. Ég er ekki að tala um sameiningu á vinstri væng. Ég er að tala um miklu víðari sameiningu og yfir á hægri væng.

[18:23]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Það er gjarnan svo þegar menn eru í þessum ræðustóli að útskýra sitt mál að þeir réttlæta afstöðu sína með því að vísa til aðstöðumunar, að þeir séu að tala í nafni réttlætis og þá ekki síður hitt að þegar verið er að setja hér lög, þá horfa menn mjög til jafnréttis allra þegnanna, lögin eiga að ná til þeirra allra og gera þeim öllum jafnhátt undir höfði. Og menn nefna ekki síður jafnræðisreglu, vísa til hennar máli sínu til stuðnings. Það er því tímabært, þó ekki sé langt liðið á þetta þing eða þetta kjörtímabil, að menn taki upp umræðuna um jöfnun atkvæðisréttarins. Í því samhengi tel ég að óhjákvæmilegt sé að menn tali jafnframt um einföldun kosningalöggjafarinnar, eins og hér hefur reyndar verið gert.

Það er að mínu mati æskilegt að atkvæðisréttur fólks í landinu sé jafn og það er á sömu forsendum og ég tel að við eigum að horfa til jafnréttis í öðrum þeim málum sem hér er fjallað um. Ég vil reyndar taka kosningarréttinn þar aðeins fram yfir vegna þess að jafn kosningarréttur er grundvöllur þess að við getum horft til þess að hér sé tekið lýðræðislega á málum, að hér séu fullkomin mannréttindi virt.

Varðandi einföldun kosningalöggjafarinnar tel ég líka að það sé mjög nauðsynlegt að hún sé skoðuð með það fyrir augum að menn viti hvað þeir eru að gera með atkvæði sínu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það sé alveg ljóst, þegar fólk greiðir atkvæði, hverjum það er að greiða atkvæði eða hverju. Það er líka hluti af því sem við viljum kalla mannréttindi.

Mér fannst eftirtektarvert að þegar hv. þm. Viktor B. Kjartansson, flm. þessarar tillögu, mælti fyrir henni, vísaði hann til annars máls sem hér var til umræðu fyrir skömmu, en þá var hér til umfjöllunar þáltill. um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er athyglisvert að hann skyldi í þessu samhengi vísa til þess máls sem eins konar seríumáls, vegna þess að ég held að sú togstreita sem er um jöfnun atkvæðirséttarins í landinu stafi ekki hvað síst af því að menn horfa mjög til þess að þeir sem fara með löggjafarvaldið eru jafnframt framkvæmdarvaldshafar. Ekki er það einasta svo að þingmenn geti orðið ráðherrar og þar með framkvæmdarvaldshafar, heldur er það einnig þannig

að býsna margir alþingismenn sitja í ýmsum nefndum og ráðum sem fara með framkvæmdarvaldið. Staðan hjá okkur er sú að við erum með mun fleiri mál til ákvörðunar hjá ríkisvaldi heldur en í sveitarstjórnum. Ef við horfum til okkar nágrannalanda eru hlutföllin allt önnur og mun fleiri mál eru færð sveitarstjórnum til ákvörðunar. Á meðan svo mikið af valdinu er samþjappað hér í kringum framkvæmdarvaldið, í kringum ríkisstjórn, og rennur með þessum hætti inn á hv. Alþingi, held ég að það sé mjög eðlilegt að fólkið úti um landið líti svo á að það geti því aðeins treyst því að réttar þess sé gætt, að það eigi svo og svo marga alþingismenn.

Mín skoðun er hins vegar sú að ef við breyttum þessu hlutfalli á milli þeirra ákvarðana sem teknar eru annars vegar af ríkisvaldinu og hins vegar á sveitarstjórnarstiginu, þ.e. við breyttum þeim þætti stjórnsýslunnar, væri mun auðveldara að ná sátt um þetta grundvallarmál. Ég er mjög höll undir það sem menn hafa kallað: landið — eitt kjördæmi. Ég er höll undir það af ýmsum ástæðum. Ég tek undir það sjónarhorn sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi áðan varðandi hlut kvenna. Ég er sannfærð um að hann mundi batna ef við hefðum landið allt eitt kjördæmi. En ég vil líka skoða þá hugmynd í því ljósi að mér finnst að við eigum, 265 þúsund hræður, að bera umhyggju fyrir högum hvers annars, hvort sem við búum í Reykjavík, vestur á fjörðum, austur á fjörðum eða hvar svo sem búsetan kann að vera. Og ég hlýt að spyrja: Af hverju kom ég ekki hér upp vegna samgöngumála á Vestfjörðum eða af hverju var það ekki hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem kom hér upp út af samgöngumálum á Vestfjörðum þegar þær fréttir bárust að flugsamgöngur þar mundu að öllum líkindum verða lakari en verið hafði? Af hverju var það einn af þingmönnum kjördæmisins sem kom upp með þá umræðu og af hverju töluðu aðallega þingmenn þess kjördæmis í þeirri utandagskrárumræðu? Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerist, en hefði ekki verið eðlilegra og vildum við ekki öll fremur sjá hlutina ganga þannig fyrir sig á hv. Alþingi að okkur kæmu öll mál við, hvort sem hlutirnir eru að gerast á suðvesturhorninu eða annars staðar á landinu?

Ég vil jafnframt lýsa yfir stuðningi við tillögur sem þau hafa einna helst nefnt í mín eyru, Jón Baldvin Hannibalsson annars vegar og Jóhanna Sigurðardóttir hins vegar, að menn ættu að skoða hugmynd um stjórnlagaþing. Hverju mundi það breyta, segja menn, ef einhverjir aðrir væru kjörnir, væntanlega yrðu það einhverjir aðrir, til þess að fara yfir þessi mál? Jú, það mundi breyta því að menn væru þá ekki að fjalla um sinn persónulega hag og það skipti býsna miklu. Það ætti þó sagan að hafa kennt okkur.

Svo rétt aðeins ein setning inn í deilur sem hér hafa farið fram, býsna skemmtilegar þó, um það hvort einhver munur sé á því að Ísland hefur eitt atkvæði á vettvangi eins og hjá Sameinuðu þjóðunum eða annars staðar í alþjóðasamstarfi og að menn vilji gjarnan sjá þá sem tala fyrir einn maður eitt atkvæði, samþykkja hlutfallsatkvæðisrétt Íslendinga inni á þeim samkomum, þá held ég að við verðum að horfa á löndin sem sjálfstæðan aðila sem í krafti þess hefur eitt atkvæði. Það er eins með þjóðir og þá einstaklinga sem við mörg hver teljum að eigi að hafa hver sitt atkvæði að þær geta svo sem verið mismerkilegar. Eigi að síður getum við horft á það þannig að það sé jafneðlilegt að hver þjóð hafi eitt atkvæði á þeim vettvangi þar sem menn hafa komið sér saman um að ráða ráðum eins og það að hver þegn hafi eitt atkvæði.

[18:31]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð inn í þessa umræðu sem hér fer fram um þáltill. frá hv. þm. Viktori B. Kjartanssyni.

Hér hafa fyrst og fremst talað hv. þm. Reykjavíkur og Reykjaness og hafa verið býsna sammála eftir því sem mér hefur heyrst um það að hér sé um mjög mikið mannréttindamál að ræða. Nú kem ég frá Norðurl. e. þar sem hlutirnir eru í nokkuð góðu jafnvægi ef við lítum á heildina en ég skal ekki fara í neina launkofa með það og ég get þá bara verið vonda kerlingin í umræðunni að ég styð það ekki að hlutum verði þannig fyrir komið að t.d. Vestfirðir fái tvo þingmenn og Reykjavík 26. Ég held að það sé eitthvað í þeim dúr sem þetta kæmi til með að líta út ef það yrði jafnt vægi á bak við alla þingmenn. Það finnst mér bara ekki rétt og ég vil ekki vera að leyna því. Þetta er ekki í samræmi við lífsskoðanir mínar. Nú þykir mér óskaplega vænt um höfuðborgina mína og hér dveljumst við þingmenn landsbyggðarinnar meiri hluta ársins en þetta er þó skoðun mín og hún á kannski eftir að breytast. Ég hlýt að hafa rétt til þess að skipta um skoðun eins og aðrir en á þessari stundu tel ég ekki rétt að ganga svona langt. Hins vegar er eins og hér hefur komið fram í stjórnarsáttmála ákvæði þess efnis að á þessu kjörtímabili verði atkvæðisrétturinn jafnaður. Það er ekki talað um að gera það að fullu og það er full alvara á bak við þetta ákvæði. Það er vilji fyrir því í ríkisstjórninni, það veit ég, að taka á þessum málum og ég hef enga trú á öðru en að það verði gert. Þess vegna leyfi ég mér að segja við hv. þm. sem flytur tillöguna að mér finnst hún eiginlega vera óþörf og þá get ég vitnað til þess að þegar ég var tiltölulega nýkomin inn á Alþingi og við tvær framsóknarkonur fluttum þáltill. um að auka atvinnu kvenna á landsbyggðinni, höfðum ekki skoðað stjórnarsáttmálann alveg nægilega vel sem þá ríkti og var í gildi en þetta ákvæði kom nákvæmlega fyrir í þeim stjórnarsáttmála. Þá kom hv. þm. Páv. formaður þingflokks Alþfl. í ræðustól, Eiður Guðnason, og gerði heldur lítið úr okkur að hafa verið að flytja þarna tillögur um mál sem kveðið væri á um í stjórnarsáttmála og stjórnin ætlaði sér að taka á. En þetta rifjast upp fyrir mér núna. (**Gripið fram í:** Gerði hún það?) Það er hins vegar annað mál hvort hún gerði það og tillaga okkar framsóknarkvenna var því miður ekki til þess að þarna væri tekið virkilega á málum.

Það hefur verið talað um það að Ísland ætti að vera eitt kjördæmi, um kosti þess og galla, og reyndar var á síðasta kjörtímabili flutt þáltill. af tveimur hv. þm. Framsfl. um að kostir og gallar þess væru skoðaðir. Það er ekkert á móti því að það sé gert en þó hallast ég frekar að hinu að við höldum áfram með að skipta landinu upp í kjördæmi og hugsanlega mætti stækka þau, ég ætla ekki að fullyrða neitt um það.

Nú er það þannig í Framsfl. að það er sérstaklega mikið jafnrétti hvað það snertir að tveir þingmenn eru frá öllum kjördæmum í þingflokki okkar nema Vestfjörðum. Það er kannski ekki hægt að tala um það sem jafnrétti á alla vegu en þegar hv. þm. Svavar Gestsson nefndi það áðan í framhaldi af máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að verið væri að kjósa einhverja inn á þing sem menn ætluðu sér alls ekki að kjósa getur það alla vega ekki átt við um Framsfl. þar sem við höfum ekki átt mjög mikla möguleika á því að fá uppbótarþingmenn. Reyndar var það mjög nærri lagi í síðustu kosningum að svo yrði.

Hæstv. forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til þess að segja skoðun mína á þessu. Ég tel að við eigum að stíga þarna

ákveðið skref og ég hef mikla trú á að það verði gert á þessu kjörtímabili en ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins að stíga það til fulls. Af því að mannréttindi hafa verið mikið nefnd þá get ég líka sagt frá því og sérstaklega þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er í þingsalnum að ég hef ekki farið nema eina ferð til Brussel og þá fór ég með hópi úr Norðurlandaráði og við hittum þar forstjóra mannréttindaskrifstofu Evrópusambandsins. Ég spurði hann að því hvort það væri hægt að tala um það sem skerðingu á mannréttindum að það fyrirkomulag ríkti hér á landi að ekki sé jafnt vægi á bak við alla þingmenn. Hann hugsaði sig um smástund og sagði síðan að hann teldi svo ekki vera. Ég gerði nokkuð mikið með orð þessa háttsetta manns innan Evrópusambandsins.

[18:38]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni út af fyrir sig að hefðbundin framsóknarsjónarmið hafa heyrst þó í þessari mannréttindaumræðu. Hv. þm. sagði sem svo að hún styddi ekki hugmyndina um það að Vestfirðir hefðu bara tvo þingmenn en Reykjavík 26. Þetta er býsna algengt sjónarmið.

Nú vill svo til um þann sem hér stendur að hann var sem fulltíða maður búsettur í 10 ár á Vestfjörðum. Flutti þaðan engu að síður en hafði á þeim tíma allt að því fimmfaldan atkvæðisrétt og missti hann við flutningana. Það er mér nokkurt umhugsunarefni að ekki hafa verið neinir búferlaflutningar frá neinum landsfjórðungi sem jafnast á við búferlaflutninga frá Vestfjörðum. Þannig að ef þessi byggðastefna eða þessi vísitala atkvæðisréttarins á að vera partur af byggðastefnu Framsfl. þá hefur hún ekki dugað. Hún hefur ekki dugað til þess að bæta mönnum upp eitthvað annað. Hún hefur nákvæmlega engin áhrif haft á ákvarðanir manna um búsetu. Það er þó eina réttlætingin fyrir því að það eigi að bæta mönnum eitthvert óhagræði í aðstöðu með því að gefa mönnum meiri atkvæðisrétt.

Hitt er svo annað mál að byggðastefna á auðvitað fullkominn rétt á sér. Hún á fyrst og fremst að vera í því fólgin að færa meira af miðstjórnarvaldi ríkisins heim í héruð. Ef menn óttast miðstjórnarvald, ef menn óttast að héruðin fari halloka vegna þess að menn nái þeim mannréttindum að því er varðar almennar leikreglur, einn maður eitt atkvæði sem er auðvitað óafsalanleg mannréttindi hvað sem svo einhver mandarín í Brussel segir þá geta menn hins vegar brugðist við á annan veg. Það er einfaldlega pólitísk spurning: Viljum við raunverulega breyta verkaskiptingu miðstjórnarvaldsins og héraðanna með því að færa meira vald heim í héruð? Þá mundu Vestfirðingar sem aðrir ráða meiru um mál sín vegna þess að atkvæðisrétturinn er ekki fyrir landið. Hann er fyrir einstaklingana sem byggja landið.

[18:40]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að þegar við höfum fært meira vald heim í hérað getum við farið að ræða um Ísland sem eitt kjördæmi. Ég tengi þetta algerlega saman. Það tókst ekki í síðustu tilraun að stækka sveitarfélögin. Kannski tekst það í þeirri næstu og þá finnst mér ástæða til þess að velta því fyrir sér að Ísland verði eitt kjördæmi.

Það sem hv. þm. segir um að þetta misvægi hafi ekki orðið til þess að koma í veg fyrir búferlaflutninga er svo sem rétt. En það sem ég á við þegar ég tala um að ég vilji hafa kjördæmin áfram í einhverri mynd er það bara þannig að við þingmenn þekkjum best til í kjördæmum okkar. Við erum fulltrúar fólksins og við höfum ekki tækifæri til að þekkja jafn vel til alls staðar. Það sýndi sig í umræðunni sem fór fram fyrir nokkrum dögum og hefur verið vitnað til áður í umræðunni að þegar var rætt um samgöngur á Vestfjörðum voru það fyrst og fremst þingmenn Vestfjarða sem tóku þátt í umræðunni vegna þess að þeir þekktu best til. Þannig er það. Þess vegna er það sem ég held mig við það að meðan ekki hefur náðst að færa meira vald heim í héruð höldum við okkur við kjördæmin.

[18:42]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að veita andsvör í þessari umræðu heldur hafði safnað saman þeim athugasemdum sem ég vildi koma á framfæri í lokaræðu minni. Ég ætlaði að byrja þá lokaræðu á þann veg að ég fagna þeim jákvæðum viðbrögðum sem allir þingmenn í umræðunni hefðu sett fram. En þar sem ekki allir þingmenn hafa veitt jákvæð viðbrögð, sem kom síðast fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerði Sverrisdóttur, þá taldi ég eðlilegt að gera grein fyrir nokkrum atriðum.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi að þetta stæði í stjórnarsáttmálanum og því væri harla lítils virði að bera þetta upp sem sérstaka þáltill. En það er einmitt vegna orðalagsins í stjórnarsáttmálanum sem ég vildi gera þetta að sérstakri þáltill. því að hér segir, með leyfi forseta:

„Að endurskoða kosningalöggjöfina með það fyrir augum að hún yrði einfaldari og tryggi jafnara vægi atkvæði milli kjördæma“ og það er það sem ég er alls ekki sáttur við. Það er ekkert jafnara þegar menn eru að ræða svona grundvallarmannréttindamál. Ég get ekki skilið þá röksemdafærslu sem sett er fram. Ef meira vald verður flutt heim í hérað er ég tilbúinn til þess að skoða þetta grundvallarmál. Ég held að menn verði að velta því fyrir sér um hvað málið snýst. Þetta snýst um grundvallarmannréttindi og þau eru ekki háð neinum utanaðkomandi skilyrðum. Þau standa algerlega ein og sér. Það að menn þekkja best til heima í sínu héraði, jú, jú, en ef menn væru fulltrúar landsins í heild mundu þeir kannski setja sig meira inn í mál annars staðar. Þeir þurfa kannski ekki að setja sig inn í mál í öðrum kjördæmum vegna þess að þingmenn þar sjá um að afgreiða þau þannig að ég hafna því að þetta séu rök í málinu. Einnig hafna ég því að þó að einhver bírókrati í Brussel hafi lýst því yfir að þetta væru ekki brot á þessum grundvallarmannréttindum þá standi það því að ég held að framsóknarmenn hafi ekki fram að þessu tekið svo mikið mark á þeim bírókrötum.

[18:44]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög gott að fá þetta innlegg í umræðuna því að ég var að lesa tillögu hv. þm. og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „sem leiða til jöfnunar atkvæðisréttar.“ Ég var ekki sannfærð um að þetta ætti að vera jöfnun að fullu en nú hefur hv. flutningsmaður talað hér og þá veit ég hver hans skoðun er á því máli. Þá hlýt ég líka að spyrja hv. þm.: Er það stefna Sjálfstfl. að atkvæðisréttur verði jafnaður að fullu, að það verði einn maður eitt atkvæði eins og það er kallað? Hann hlýtur að geta svarað því. Hin spurningin er, fyrst hann var að setja út á orðalag í stjórnarsáttmála: Studdi hv. þm. ekki stjórnarsáttmálann á fundi Sjálfstfl. áður en þetta stjórnarsamstarf var ákveðið?

[18:45]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er það stefna Sjálfstfl. að atkvæðavægi skuli vera algjörlega jafnt. Það kom greinilega fram á síðasta landsfundi flokksins þar sem samþykkt var ályktun um það efni og ég get vitnað til hennar ef menn óska eftir því. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spyr hvort ég hafi ekki stutt stjórnarsáttmálann. Vissulega geri ég það. Ég styð þessa ríkisstjórn og styð ríkisstjórnarsáttmálann en ég tel að í þessu máli hafi menn ekki gengið nógu langt. Og ég tel ástæðu til að brýna fyrir þinginu að ganga enn lengra en þar er lagt til og óska eftir stuðningi við það. Mér heyrist að það muni vera stuðningur við að ganga lengra. Fyrst menn hafa nefnt hér að ekki væri ástæða til að treysta ríkisstjórninni fyrir því að vinna að þessu máli, þá held ég að það sé eðlilegt að fela ríkisstjórninni að koma með tillögur vegna þess að hún hefur vissulega þingmeirihluta á bak við sig. Og ef ríkisstjórnin á að ná fram einhverjum málum en nær ekki fram slíkum grundvallarmálum eins og jöfnun atkvæðisréttar, þá held ég að menn séu komnir í vandræði með það ríkisstjórnarsamstarf.

[18:47]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég stóð í þeirri meiningu að það hefði verið vegna einhverrar tregðu í Sjálfstfl. sem svo lítið gerðist í þessum málum í tíð síðustu ríkisstjórnar þar sem við efumst ekki um vilja Alþfl. í þessum efnum. Ég hélt það hefði verið einhver tregða í Sjálfstfl. sem gerði það að verkum að ekkert gerðist fyrr en það var alveg að líða að kosningum. Þá var sest niður og reynt að ná samstöðu um málin. En ekki virðist þetta hafa verið réttur skilningur hjá mér miðað við orð hv. þm.

[18:47]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil víkja í nokkrum orðum að því fámenni sem nefnt var og sömuleiðis því að þingmenn þurfi að þekkja svo vel til í kjördæmi sínu. Við kvörtum oft undan fámenninu, Íslendingar, en að sjálfsögðu eigum við líka að nýta okkur kosti þess. Ísland er heldur alls ekki stórt land og það eru engin tæknileg rök sem mæla gegn því að það geti verið eitt kjördæmi. Að sjálfsögðu munu þingmenn gæta hagsmuna kjósenda sinna. Að sjálfsögðu töluðu menn ekki fyrir Vestfirði af því þeir þekkja kerfið. Það var vitað að Vestfjarðaþingmenn mundu sjálfir gera það og aðrir voru ekki að blanda sér í það. Þessu mundi að sjálfsögðu vera öðruvísi farið ef landið væri eitt kjördæmi. Við getum tekið samsvarandi dæmi eins og hv. þm. Pétur Blöndal gat um áðan. Við getum fundið ýmiss konar hópa sem eiga örðugt uppdráttar. Við getum sagt að við finnum þá ekki í Reykjavík og enginn gæti hagsmuna þeirra. Þetta er fyllilega sambærilegt og við eigum ekki að setja landsbyggðina í það ölmusuhlutverk að við þurfum að versla með grundvallaratriði lýðræðisins hvað þetta varðar.

Ég tel að við eigum að nýta okkur þetta, rífa okkur upp úr kjördæmaskipuninni og þeirri íhaldssömu mynd sem við höfum af kosningalöggjöfinni. Okkur veitir ekki af því að hefjast handa strax. Við finnum að sjónarmiðin eru mörg og ég hvet eindregið til þess að ríkisstjórn og Alþingi taki undir þau meginsjónarmið sem komu hér fram hjá hv. flm. þessarar þáltill.

[18:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið býsna skrautleg umræða. Ég hafði svo sem engan sérstakan áhuga á að blanda mér í hana en endurteknar fullyrðingar um að hér á landi væri mannréttinda ekki gætt í atkvæðisréttarmálum urðu til þess að ég sá mig knúinn til að fara upp og andmæla því að minnsta kosti hvað mig varðar. Hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur komið upp og haldið því fram að við byggjum ekki við það kerfi að hver maður hefði eitt atkvæði og menn væru að brjóta gegn einhverjum grundvallarmannréttindum með því kerfi sem væri hér. Ég vil biðja þá sem halda þessu fram um rök fyrir skoðunum sínum. Hvað hafa menn fyrir sér í því að hér séu brotin mannréttindi? Ég vil fá rök fyrir því, því mér er ekki kunnugt um að svo sé. Á Íslandi er það kosningakerfi að sérhver maður hefur eitt atkvæði og fullyrðingar um annað eru ósannindi. Fullyrðingar um annað eru vísvitandi tilraun til að fá hlustendur til að trúa því sem ekki er, til að búa til óréttlæti sem er ekki fyrir hendi. (**ÓHann:** Það heitir lýðskrum.) Það heitir lýðskrum og ég tek undir frammíkall hv. þm. Ólafs Hannibalssonar. Það er lýðskrum þegar menn byggja málflutning sinn á því að halda því að þjóðinni og áheyrendum að hér séu brotin mannréttindi með því að hver maður hafi ekki eitt atkvæði, vitandi að það er rangt. Hver einasti maður sem því hefur haldið fram í þessari umræðu veit að þetta er röng fullyrðing. Þetta er lýðskrum eins og sagt var áðan. Þegar menn kynna sér mannréttindasáttmála, bæði mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópuþingsins sem við höfum lögtekið hér, komast menn að raun um það að kerfið sem við höfum er ekki brot á mannréttindum. Enda hefur ekki ein einasta þjóð í Evrópu kosningakerfi af því tagi sem menn hafa verið að tala fyrir. Það er að reikningslega séð sé eitthvert vægi atkvæða nákvæmlega eins í öllum kjördæmum þess lands. Og ég bið þá sem halda því fram að nefna mér eitt land þar sem svo er. Eða ætla menn að halda því fram, eins og t.d. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að Ítalir hafi brotið mannréttindasáttmála þegar þeir hurfu frá hlutfallskosningakerfinu yfir í einmenningskjördæmin. Ætla menn að halda því fram að mannréttindi séu stórlega brotin af Bretum? Hvernig dettur mönnum í hug að haga málflutningi sínum með þessum hætti? Að gera kröfu um eitthvað „matematískt" vægi sem er einvörðungu huglægt mat sem hvergi að því að ég veit best er til. Það er hvergi til. (**Gripið fram í:** Það getur komið hingað.) Hvernig dettur mönnum í hug að halda því fram að það séu brot á mannréttindum að matið sem þeir vilja sjá er ekki jafnt þegar svo er hvergi í veröldinni eftir því sem ég best veit. Og ef að mönnum finnst að misjafnt vægi atkvæða — vægi til hvers? sé — mannréttindabrot, þá spyr ég: Hvers vegna taka menn ekki málið upp í víðara samhengi? Hér er misjafnt vægi atkvæða t.d. eftir sveitarstjórnum. Vægi framsóknarmanns sem kýs á Akureyri í bæjarstjórnarkosningum er fimmfalt meira en vægi framsóknarmanns sem kýs í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Er það ekki brot á mannréttindum? (**Gripið fram í:** Jú.) Ætlar ekki hv. þm. Ólafur Haraldsson að beita sér fyrir því að fjölgað verði í borgarstjórn Reykjavíkur úr 15 í 75? Það verður hann að gera til þess að atkvæði framsóknarmannsins á Akureyri og framsóknarmannsins í Reykjavík vegi fullkomlega jafn þungt.

Og svona geta menn haldið áfram að rekja dæmi eftir dæmi þar sem menn, bæði innan lands og erlendis, í sveit-

arstjórnarmálum, alþingiskosningum og annars staðar, búa við kerfi sem gefur mismunandi vægi á úrslitin eftir því hvað þeir eru stór hluti af heildinni. Ég sé ekki fyrir mér að menn geti búið til kerfi sem í öllum tilvikum gefur alltaf hlutfallstöluna einn. Það held ég ekki. Ég held að það sé óvinnandi vegur.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að það kerfi sem við búum við varðandi atkvæðavægi eða áhrif á niðurstöðu kosninga er auðvitað engin tilviljun. Það er nokkurs konar jafnvægislist sem hefur verið dönsuð á undanförnum áratugum til þess að gæta að því að menn hefðu einhver þolanleg áhrif eftir búsetu eða öðrum atriðum. Ef einum þættinum er breytt verulega, t.d. ef þeim þingmönnum sem ættu að vera kosnir hér á höfuðborgarsvæðinu yrði fjölgað mjög mikið og þeim þingmönnum sem eru kosnir annars staðar að sama skapi fækkað þá er komið verulegt ósamræmi í þetta jafnvægi. Þá komast menn aldrei fram með það öðruvísi en að breyta áhrifum þess sem kosið er til, þ.e. Alþingis. Þá verður að taka ákvörðunarvald sem nú er hjá Alþingi og færa heim í hérað af því að fólkið mun aldrei una því að ráða svo litlu um sína brýnustu hagsmuni. (**ÓHann:** Vel sagt.) Ég er hins vegar á því og hef ævinlega verið að núverandi fyrirkomulag tryggi hagsmuni okkar úti á landi ekki nægilega vel. Við sjáum það best í þróuninni sem er sú að við höfum verið að tapa. Því þarf að gera breytingar að mínu viti til þess að við getum unnið landið aftur. Þær breytingar sem ég hef talað fyrir eru að fela heimamönnum að ráða meiru um sín mál. Ekki bara um leikskóla eða einhvern grunnskóla, því það skiptir engu máli hvort við ráðum meira eða minna um þau mál, heldur um auðlindirnar. Hverjir ráða fiskimiðunum? Dómsmál. Skattamál. Eru menn tilbúnir til að flytja eitthvað af þessum stóru málum heim í hérað? Um þetta eiga menn að ræða og forðast þessar endalausu ófrjóu umræður um eitthvað útreikningslegt vægi atkvæða. Svo þenja menn sig alveg upp í hástert og halda fram skröksögum hver á fætur öðrum um að hér sé ekki gætt mannréttinda og einhverjir innan lands hafi ekki atkvæðisrétt. Það er bara rangt að halda því fram að hér gildi ekki það að hver maður hafi eitt atkvæði. Menn eiga ekki að skrökva að fólki. Ekki einu sinni þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

[18:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega hafa allir fulltíða Íslendingar atkvæðisrétt. En hann er misþungur og sá er vandinn. Ég vil leggja upp eftirfarandi dæmi. Segjum sem svo að ég hefði samkvæmt stjórnarskránni 200 þúsund-falt atkvæðismagn og aðrir Íslendingar einfalt. Það yrði ljúft fyrir mig. Ég einn mundi ráða meiri hluta á Alþingi. Það þætti mér eflaust ljúft. Það gengur náttúrlega ekki upp að atkvæðismagnið sé misþungt. (**Gripið fram í:** Ekki einu sinni í hlutafélagi?) Nei. Hv. þm. kom inn á það að í sveitarfélögunum væri staðan önnur. Hún er vissulega önnur. Það dettur engum í hug að íbúar í Glerárhverfi á Akureyri eigi að hafa meiri atkvæðisrétt í bæjarstjórn Akureyrar af því að þeir eigi heima svo langt í burtu og þurfa að fara með strætó. Það mætti segja að þeir ættu að hafa tvöfalt atkvæðismagn á við þá sem búa næst ráðhúsinu en það dettur engum í hug. Það er einmitt í sveitarstjórnunum sem atkvæðismagnið er nákvæmlega rétt. Hver maður er með eitt atkvæði og það jafnþungt. Það er mjög mikilvægt. Ég vil benda á að í alþingiskosningum duga 4.000 atkvæði frá Vestfjörðum fyrir þremur hv. þingmönnum inn á þetta hv. þing á meðan sami fjöldi manna í Reykjavík fær aðeins einn fulltrúa. Þegar taka þarf virkilega á málum þjóðarinnar hvort sem það er myndun ríkisstjórnar eða annað slíkt þá hlýtur að skipta máli hvort þessi 4.000 manns hafi þrjá fulltrúa á Alþingi eða bara einn.

[19:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. hefur viðurkennt að hafa áðan farið með rangt mál þegar hann hélt því fram að það væri ekki að einn maður hefði eitt atkvæði. Það er þannig og hann hefur viðurkennt það með andsvari sínu. Ég bað hann og aðra sem hafa haldið þessu fram að gefa mér rök fyrir máli sínu hvar þetta væri. Hvar er það í Evrópu sem menn kjósa til þings og einn maður hefur eitt atkvæði í þeim skilningi sem þeir setja þetta fram að vægi sé alls staðar hnífjafnt hvar sem menn búa í þeim löndum? Nefnið mér dæmi, eitt land þar sem svo er háttað. Ég spurði líka hv. þm. Pétur H. Blöndal og aðra sem hafa haldið þessu fram hvort þeir telji þá að Bretland sé ekki lýðræðisríki. Er Ítalía ekki lýðræðisríki? Er Þýskaland ekki lýðræðisríki?

[19:04]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. nefndi að menn hefðu vísvitandi farið með rangt mál vegna þess að þeir hefðu ekki viðurkennt að hver einstaklingur sem hefði kosningarrétt hefði eitt atkvæði. Að sjálfsögðu gildir sú regla enda gengur tillagan ekki út á það að taka sérstaklega á því að hver einstaklingur fái eitt atkvæði heldur gengur hún út á það að jafna atkvæðisréttinn og jafna vægi atkvæðanna. Að sjálfsögðu gengur tillagan út á það. Ég lít því frekar svo á að hér sé verið að snúa út úr málinu en að koma að kjarna málsins.

Hv. þm. spurði einnig: Hvaða vægi eiga menn við? Ég held að kannski sé ástæða til að skoða hvaða vægi það er. Vægið snýst um að menn hafi jafnan rétt til þess að kjósa löggjafarsamkomu sína þannig að löggjafarsamkoman endurspegli réttlátlega þjóðina sem kýs þá löggjafarsamkomu og að í henni séu kjörnir þingmenn í réttu hlutfalli við þá sem á bak við þá standa. Það er grundvallaratriðið sem málið snýst um. Ef menn telja að það sé eðlilegt að einstaklingur sem flytur sig til eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði skuli hann missa þessi áhrif á löggjafarsamkomunni sjá menn náttúrlega óréttlætið sem í þessu felst. Svo talaði hv. þm. um að staðan væri slæm út á landsbyggðinni. Ég held að hún sé ekki síst komin til út af því að þau kjördæmi sem eru stærri en t.d. Vestfirðir og eru einnig landsbyggðarkjördæmi hafi kannski misnotað sér ójafnvægi atkvæða til að skapa það ástand sem nú er. Ég sé ekki að það muni bæta ástandið að auka misvægið meðal landsbyggðarkjördæmanna.

[19:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hefur að mínu mati leitt til þess að mjög hefur hallað undan fæti á landsbyggðinni hvað varðar íbúaþróun og kannski hvað mest og örast á Vestfjörðum er nákvæmlega ójafnt vægi atkvæða. Vestfirðingar ráða of litlu um hagsmuni sína, þess vegna tekst þeim ekki betur til að standa í ístaðinu miðað við íbúa annars staðar, sérstaklega hér við Faxaflóann, af því að íbúar við Faxaflóann ráða of miklu fyrir hagsmuni sína og Vestfirðingar of litlu fyrir hagsmuni sína. Þess vegna hefur orðaleppurinn „jöfnun atkvæðisréttarins" aðra merkingu en hv. þm. vill vera láta. Það er hægt að benda á að þetta þýði að þeir sem búa úti á

landi eigi að knýja á um breytingar sem gera þeim kleift að ráða meira um hagsmunamál sín en þeir gera í dag.

Ég nefndi áðan nokkur atriði sem að mínu viti skipta miklu máli um hvernig þróunin verður í þeim efnum ef t.d. Vestfirðingar tækju málin í sínar hendur hvað það varðar. Þá held ég að þeim mundi betur farnast að ráða yfir auðlindinni, t.d. ráða fiskimiðunum fyrir utan Vestfirði. Er hv. þm. Viktor B. Kjartansson tilbúinn til að leyfa Vestfirðingum að ráða þessari auðlind? Ég held að bæði hann og fleiri hér muni hrista hausinn af því að þeir vilja ráða og hafa gert það hingað til.

[19:06]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessu. Ég held að það sé misskilningur að ætla sem svo að með þessari skipan mála sé eðlilegt að auka vægi minni kjördæma vegna þess að það er hlutverk Alþingis að setja lög. Það er grundvallarhlutverk Alþingis að setja lög fyrir þjóðina en ekki að standa í því að eyða tíma sínum og kröftum í einhver dægurmál í einstaka kjördæmum sem allt of mikill tími hefur farið í. Ekki síst vegna þess að atkvæðavægið hefur verið óeðlilegt og menn hafa ekki eytt kröftum sínum í það grundvallarhlutverk sem þeim er sett, þ.e. að setja lög. Þess vegna held ég að það muni ekki leiðrétta neitt hjá minni kjördæmum að flytja meiri þunga á smærri kjördæmin þannig að meiri þungi geti farið í það að berjast fyrir smærri svæðum á kostnað heildarinnar.

[19:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þingmaðurinn hafi misskilið hvað ég átti við. Ég var ekki að tala um það að auka vægi atkvæða Vestfirðinga á Alþingi. Ég var að tala um að minnka vægi Alþingis og auka vægi vettvangs heima í héraði til að ráða málum.

[19:06]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Ég vil ekki verða til að lengja umræðurnar mjög mikið úr þessu. En ég vildi aðeins bæta því við umræðuna að kenna þeim mönnum það ráð sem hafa talað sem mest um mannréttindi án þess að útskýra í hverju þau eru fólgin. Þeir hafa bent á það sjálfir að það verði að fara þá leið að breyta stjórnarskránni til þess að fá fram þessa jöfnun atkvæðaréttar og láta fara fram kosningar tvisvar. Hvorki Alþingi né ríkisstjórn sé samt treystandi til þess að ganga frá þessum málum eins og þeir telja rétt og skylt. Þriðju kosningarnar verða að fara fram og kjósa til stjórnlagaþings. Enginn hefur svarað þeirri spurningu hvort á stjórnlagaþinginu muni sitja sömu mennirnir og hafa reynst ófærir á Alþingi og í ríkisstjórn til þess að koma þessum málum í framkvæmd.

Nú skal ég kenna þeim ráð sem er mjög einfalt. Af hverju tekur ekki einhver sig til og kærir þetta fyrirkomulag sem við höfum á kosningum fyrir mannréttindanefnd Evrópudómstólsins og fær forskrift þaðan hvernig við eigum að haga okkur?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:08.

---

42. FUNDUR

þriðjudaginn 28. nóv.

kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 173. mál, þskj. 216. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, stjfrv., 174. mál, þskj. 217. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þáltill., 166. mál, þskj. 208. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Orka fallvatna, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Jarðhitaréttindi, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Jöfnun atkvæðisréttar, þáltill., 188. mál, þskj. 233. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Schengen-samkomulagið, munnleg skýrsla dómsmálaráðherra.

8. Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frv., 13. mál, þskj. 13, nál. 245. — 2. umr.

9. Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.

10. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 133. mál, þskj. 158. — Fyrri umr.

11. Jarðalög, frv., 145. mál, þskj. 172. — 1. umr.

12. Endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, þáltill., 167. mál, þskj. 209. — Fyrri umr.

13. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga, þáltill., 168. mál, þskj. 210. — Fyrri umr.

14. Lánsviðskipti, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl., frv., 172. mál, þskj. 215. — 1. umr.

15. Kaup og rekstur skólabáts, þáltill., 169. mál, þskj. 211. — Fyrri umr.

16. Verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal, þáltill., 179. mál, þskj. 223. — Fyrri umr.

17. Sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum, þáltill., 180. mál, þskj. 224. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,

Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Tilkynningarskylda olíuskipa, 190. mál, þáltill. GHall og GuðjG, þskj. 238.

Útvarpslög, 195. mál, frv. MÁ og SvanJ, þskj. 243.

Siglingastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og KPál, 166. mál. — Þskj. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DSigf, EKG, GHH, GE, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, ÍGP, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓRG, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, HjálmJ, IP, MS, MF, StG, SJS) fjarstaddir.

Orka fallvatna, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Jöfnun atkvæðisréttar, frh. fyrri umr.

Þáltill. VK, 188. mál. — Þskj. 233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Schengen-samkomulagið, munnleg skýrsla dómsmálaráðherra.

[13:39]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég hef óskað eftir að fá að gera munnlega grein fyrir stöðu mála í viðræðum um hugsanlega þátttöku Íslands í svokölluðu Schengen-samstarfi.

Á undanförnum mánuðum hafa tvívegis farið fram viðræður milli þeirra ráðherra Norðurlandanna sem fara með málefni er varða vegabréfaeftirlit við tengda málaflokka og belgíska innanríkisráðherrans sem jafnframt er formaður ráðherraráðs Schengen-samstarfsins. Tilgangur þessara viðræðna hefur verið sá að gera grein fyrir áhuga Norðurlandanna á því að lausn finnist á samstarfi þeirra og Schengen-ríkjanna sem feli það í sér annars vegar að unnt verði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu og hins vegar að tengjast Schengen-samstarfinu sem felur í sér frjálsa för fólks innan sameiginlegs svæðis. Forsenda þessa er að ásættanleg niðurstaða fáist um þátttöku Íslands og Noregs í stofnunum og ákvörðunum sameiginlega svæðisins.

Á fundi ráðherranna 15. þessa mánaðar í Helsinki var ákveðið að reyna að finna pólitíska lausn á þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu á næstu vikum sem næsti ráðherrafundur Schengen-ríkjanna 20. des. nk. gæti fallist á. Þessi tímaáætlun kann þó að raskast.

Schengen-samstarfið er venjulegt milliríkjasamstarf sem má rekja til samkomulags Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands frá árinu 1985. Nú byggir samstarfið á samningi sem gerður var árið 1990. Samstarf þetta er kennt við bæ þann í Lúxemborg þar sem samningarnir voru undirritaðir. Tíu ESB-ríki eru nú orðin aðilar að Schengen-samstarfinu. Það kom til framkvæmda 26. mars á þessu ári milli sjö þeirra, þ.e. Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar, Portúgals, Spánar og Þýskalands. Austurríki, Grikkland og Ítalía eru að vísu einnig þátttakendur í samstarfinu, en það er ekki enn komið til framkvæmda hvað þessi ríki varðar. Er áætlað að Ítalía verði orðin fullgildur þátttakandi í upphafi næsta árs en lengra er aftur á móti í að Austurríki og Grikkland verði fullgildir þátttakendur. Danmörk, Finnland og Svíþjóð hafa sótt um stöðu áheyrnarfulltrúa að samstarfinu í þeim tilgangi að verða fullgildir þátttakendur með þeim fyrirvara þó að norræna vegabréfasambandið fái haldist. Það eru því einungis tvö ESB-ríki, Bretland og Írland, sem taka ekki þátt í samstarfinu eða hafa lýst yfir áhuga á slíkri þátttöku.

Megininntak Schengen-samningsins er frjáls för fólks innan þeirra ríkja sem eru þátttakendur í samstarfinu og afnám persónueftirlits á landamærum ríkjanna. Á móti eru í samningunum ákvæði um hert eftirlit með komu fólks inn á ríkjasvæðið um svokölluð ytri landamæri, samstarf um

vegabréfsáritanir, meðferð flóttamanna, samvinnu lögreglu, samvinnu varðandi fíkniefnamálefni og fleira.

Norðurlöndin hafa náið samstarf sín á milli sem byggir m.a. á sögulegum og menningarlegum forsendum. Norræna vegabréfasambandið sem svo er kallað byggir á tveimur stoðum. Annars vegar samkomulagi frá 1954 um að leysa Norðurlandabúa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimaríkinu. Ísland gerðist aðili að því þegar 1955. Hins vegar samningi frá 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri á milli ríkjanna sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1965.

Þessir tveir samningar eru grundvöllurinn fyrir frjálsri för á milli Norðurlandanna og þeir fela í sér afnám eftirlit með norrænum ríkisborgurum við landamæri ríkjanna. Ríkisborgarar annarra ríkja þurfa eftir sem áður að hafa vegabréf meðferðis við för á milli landanna og úrtakskönnun er gerð á því hvort slíkt sé virt.

Norræna vegabréfasambandið fjallar ekki bara um aðstæður á innri landamærum Norðurlandanna. Það fjallar einnig um gagnkvæma norræna skyldu til að framkvæma eftirlit með öllum sem fara um ytri landamæri Norðurlanda. Með öðrum orðum, Norðurlöndin sinna eftirliti á ytri landamærum hvers annars. Það er forsenda fyrir afnámi eftirlits á innri landdamæri.

Norðurlönd hafa samstarf að því er varðar flóttamenn og vegabréfsáritanir. Það samstarf snýst m.a. um að veita hver öðrum upplýsingar um brottvísanir, endurviðtökuskyldu milli landanna á einstaklingum sem hefði átt að vísa brott á ytri landamærum og samstarf um framkvæmd reglna um vegabréfsáritanir. Að því er varðar flóttamanna- og áritunarpólitík er auk þess náið samstarf við mótun stefnu milli Norðurlandanna.

Á milli Norðurlandanna er víðtæk samvinna lögreglu- og tollayfirvalda. Þótt Norðurlöndin vilji opin frjáls Norðurlönd er það sameiginlegt markmið að berjast gegn afbrotum á sem árangursríkastan hátt, m.a. fíkniefnabrotum og öðrum alvarlegum afbrotum sem teygja anga sína ríkja á milli. Norrænt samstarf á þessum sviðum er bæði varðandi rannsókn og meðferð á einstökum málum og með gagnkvæmum upplýsingaskiptum. Þetta samstarf hefur m.a. leitt til fyrirkomulags varðandi norræna lögreglu- og tollsambandsmenn en það fyrirkomulag byggir á því að norrænir lögreglumenn eru staðsettir í öðru ríki, t.d. Þýskalandi eða Hollandi, en óháð því hvort þeir eru danskir, finnskir, norskir eða sænskir sinna þeir málum er varða öll Norðurlöndin. Við Íslendingar höfum ekki sent slíka sambandsmenn til annars ríkis en við njótum samstarfs Norðurlandanna á þessu sviði, sérstaklega hvað varðar fíkniefnamálefni.

Auk samstarfs á grundvelli vegabréfasambandsins hafa Norðurlöndin víðtækt samstarf á öðrum skyldum sviðum. Sem dæmi má nefna gagnkvæmt samstarf um réttaraðstoð í sakamálum, framsal sakamanna, fullnustu norrænna dóma o.s.frv. Norrænt samstarf á þessum sviðum er nánara og víðtækara en samsvarandi samstarf samkvæmt Schengen-samningnum.

Með EES-samningnum gáfu aðilar hans yfirlýsingu um að þeir vilja vinna að einföldun eftirlits með einstaklingum við landamæri. Ísland og Noregur taka þátt í innri markaði ESB með EES-samningnum og í honum eru ákvæði um frjálsa för fólks og frelsi í þjónustu. EES-samningurinn leysir þó ekki vandamál sem geta komið upp á milli Íslands og Noregs annars vegar og norrænu ESB-ríkjanna hins vegar. Það eina sem EES-samningurin tryggir við för yfir landamæri er réttur íslenskra og norskra borgara til að fara yfir landamæri gegn því einu að framvísa vegabréfi eða öðru gildu skilríki.

Samkvæmt Schengen-samningnum geta einungis aðildarríki ESB orðið aðilar að þeim samningi. Ríkisstjórnir Norðurlandanna sáu strax að ekki væri unnt að viðhalda norræna vegabréfasambandinu ef eitthvert norrænu ESB-ríkjanna yrði aðili að Schengen-samstarfinu nema samtímis yrði gengið frá samstarfssamningi milli Schengen-ríkja og þeirra ríkja sem stæðu utan Schengen-samstarfsins. Án sameiginlegrar norrænnar lausnar mundi afleiðingin verða fullt eftirlit á öllum ferðalögum milli Íslands og Noregs annars vegar og norrænu Schengen-ríkjanna hins vegar. Slíkt hefði óhagræði og kostnað í för með sér fyrir einstaklinga og atvinnustarfsemi. Ef norrænu ESB-ríkin verða utan Schengen-samstarfsins kemur upp samsvarandi vandamál fyrir þau hvað varðar samskiptin við Schengen-ríkin.

Á fundi sínum 27. febr. sl. lýstu norrænu forsætisráðherrarnir því yfir að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Danmörk, Finnland og Svíþjóð, hafa eins og þegar er komið fram, sótt um áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu með fulla þátttöku í huga. Í umsóknum þessara ríkja er gerður sá fyrirvari að fullnægjandi lausn finnist fyrir Ísland og Noreg sem tryggi áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi innan Norðurlandanna. Viðræður þessara ríkja við Schengen-ríkin eru komnar svo langt að stutt er í að þau geti fengið áheyrnaraðild að samstarfinu. Ríkin hafa hins vegar ákveðið að bíða með að fá áheyrnaraðild þar til ljóst er hvort viðunandi lausn fæst fyrir Ísland og Noreg.

Íslensk og norsk stjórnvöld hafa fengið spurningaskrár frá Schengen-skrifstofunni, sambærilega við spurningaskrá sem norrænu ESB-ríkin fengu eftir að þau sóttu um aðild að samstarfinu. Þar er spurst fyrir um löggjöf á þeim sviðum sem mestu skiptir í samstarfinu og raunveruleg markmið með þátttöku í því. Þess er vænst að svör íslenskra stjórnvalda verði tilbúin innan skamms.

Markmiðið með þeim viðræðum sem nú eiga sér stað um þátttöku Íslands og reyndar Noregs í Schengen-samstarfinu eru eftirfarandi:

Með samstarfssamningi við Schengen-ríkin er ætlunin að tryggja áframhaldandi ferðafrelsi innan Norðurlandanna ásamt því að taka þátt í stærra svæði þar sem slíkt frelsi ríkir og nær til núverandi Schengen-ríkja. Þetta felur í sér að við verðum að taka þátt í því kerfi sem sett hefur verið upp til að vega á móti opnun á innri landamærum, þ.e. eftirliti á ytri landamærum, lögreglusamvinnu o.fl.

Samstarfssamningur við Schengen-ríkin þarf að innihalda stofnanafyrirkomulag sem tryggir okkur áhrif í samræmi við þær skyldur sem við tökumst á hendur. Íslandi og Noregi verður að tryggja rétt til þátttöku í ákvörðunarferli á öllum stigum í Schengen-samstarfi. Það þarf að finna lausn sem felur í sér formlegar ákvarðanir til að þær verði bindandi fyrir okkur, verði teknar á vettvangi þar sem við tökum þátt með hliðstæðum hætti og Schengen-löndin og þar sem allar ákvarðanir þarfnast einróma samþykkis svo sem að öðru leyti er í Schengen-samstarfinu.

Samstarfssamningur þarf að byggja á regluverki Schengen-samstarfsins og ég mun gera nánari grein fyrir því hér á eftir. Taka verður tillit til þess að Ísland og Noregur

standa utan tollasambands ESB-ríkjanna og samstarfs þeirra um skatta og önnur gjöld svo og annarra ESB-reglna sem gilda um vörueftirlit. Semja verður sérstaklega um hvernig þau vandamál verða leyst sem þessi staða hefur í för með sér.

Loks þurfum við að vera reiðubúin til þess að greiða okkar hlut í sameiginlegum kostnaði. Það er verið að vinna að því að finna út hver sá kostnaður verður svo og hverjar aðrar efnahagslegar afleiðingar munu verða af þátttöku í samstarfinu.

Schengen-samstarfið felur í sér afnám eftirlits með einstaklingum sem ferðast um innri landamæri. Með þessu er gengið skrefi lengra en norræna vegabréfasambandið felur í sér því ríkisborgarar þriðju ríkja geta ferðast um innri landamæri Schengen-ríkjanna án þess að úrtakskönnun sé gerð á því hverjir þeir eru. Að öðru leyti er aðildarríkjunum frjálst að hafa löggjöf sem skyldar útlendinga til að sanna á sér deili hvar sem er innan ríkisins og eftir atvikum einnig eigin borgara. Samkvæmt lögum okkar um eftirlit með útlendingum er útlendingi skylt að færa sönnur á hver hann er ef lögregla krefst þess. Við munum því ráða því sjálf hvenær og hvar lögreglan kannar skilríki útlendinga. Auk þess getur lögreglan að sjálfsögðu leitað að, handtekið og rannsakað, grunsamlega einstaklinga á landamærum eins og á öðrum stöðum í landinu. Heimilt er að taka upp reglubundið eftirlit á innri landamærum til bráðabirgða ef slíkt telst nauðsynlegt vegna allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Frakkland beitir nú þessari undantekningarheimild.

Schengen-reglur hafa nokkur ákvæði um vörueftirlit en reglur tollasambands ESB-ríkjanna og samstarf þeirra um skatta og gjöld hafa að mestu leyst þau ákvæði af hólmi. Hér verður því munur á reglum hvað þetta varðar milli Schengen-ríkjanna sem eru aðilar að ESB og Íslands og Noregs sem standa utan þessa samstarfs.

Þátttaka í Schengen gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á efnahagssamstarfinu samkvæmt EES-samningnum. Við munum eftir sem áður ekki taka þátt í tollasambandi eða sameiginlegri skatta- og gjaldapólitík. Af því leiðir að við getum sem hingað til innheimt tolla og gjöld af vörum sem komið er með til landsins svo og haft eigin reglur um gjaldfrjálst magn áfengis og fleira ásamt heimild fyrir tollyfirvöld til að hafa eftirlit með því sem ferðamenn bera með sér. Þá er rétt að taka fram að viðræður um þátttöku í Schengen-samstarfinu munu ekki hafa áhrif á EES-reglur um að draga úr landamæraeftirliti með vörum á öðrum sviðum.

Eins og gildir innan norræna vegabréfasambandsins felur Schengen-samstarfið í sér eftirlit á ytri landamærum samkvæmt samræmdum reglum. Það samstarf felur í sér sambærileg ákvæði og gilda innan norræna vegabréfasambandsins en eru að sumu leyti víðtækari, t.d. um persónueftirlit með þeim sem ferðast til þriðja ríkis, þ.e. út af Schengen-svæði.

Með sama hætti og nú gildir milli Norðurlandanna skuldbinda Schengen-ríkin sig til að hafa með sér samvinnu varðandi vegabréfsáritanir. Í gildi er lágmarkslisti um þau lönd þaðan sem skylt er að krefjast vegabréfsáritunar. Sá listi er lítillega frábrugðinn því sem nú gildir hér. Krafa um áritun felur í sér að komuskilyrði skulu afgreidd fyrir fram en ekki við komu inn til landsins.

Schengen-ríkin hafa tekið upp fyrirkomulag um sameiginlega áritun sem veitir heimild til frjálsrar ferðar til allra Schengen-ríkjanna í allt að þrjá mánuði. Skilyrði þess að fá áritun er í öllum meginatriðum þau sömu og hér gilda. Heimilt er að veita þeim áritun sem hafa gild ferðaskilríki og geta gert grein fyrir tilgangi dvalarinnar og skilmálum. Slík sameiginleg áritun verður ekki gefin út til einstaklinga sem lýstir eru óæskilegir í aðildarríki eða taldir eru geta skaðað almannafrið eða öryggi ríkisins.

Það er viðkomandi ríki sem í hverju tilviki tekur afstöðu til þess hvort útlendingur telst óæskilegur. Þær aðstæður sem valda því að útlendingur telst óæskilegur eru að hann telst skapa hættu vegna öryggis ríkisins eða allsherjaröryggi. Þetta gæti t.d. átt við um útlending sem dæmdur hefur verið í a.m.k. eins árs fangelsi eða ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að hann hafi framið alvarlegan refsiverðan verknað eða fyrir liggi ákveðnar vísbendingar um að viðkomandi ætli að fremja slíkan verknað á landsvæði aðildarríkis. Ákvörðun um að telja útlending óæskilegan getur einnig byggst á refsiverðu broti á útlendingalögunum og því að útlendingum hafi af þeim sökum verið meinuð landganga eða honum vísað úr landi með banni eða endurkomu eða dvöl. Ef ríkin eru ekki sammála um hvort skilyrði til útgáfu sameiginlegrar áritunar sé fyrir hendi hefur það ríki sem þess óskar engu að síður heimild til að veita áritun til dvalar í því ríki, t.d. af mannúðarástæðum, eða í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Áritun verður þá einungis veitt til dvalar í viðkomandi ríki. Ríkin hafa að öðru leyti skyldu til að taka aftur við útlendingi sem einungis hefur verið veitt heimild til dvalar í einu ríki eða sem hefði átt að meina landgöngu við landamæri og hann ferðast til annars aðildarríkis. Þetta er sama fyrirkomulag og gildir milli Norðurlandanna.

Í sambandi við áritunarmál vek ég athygli á að ESB hefur nýlega samþykkt lágmarkslista um ríki þaðan sem skylt er að krefjast vegabréfsáritunar. ESB hefur einnig samþykkt sameiginlegar reglur um fyrirkomulag áritunarinnar sjálfrar. Frá 1. jan. 1996 munu ESB-ríkin taka ákvörðun um hvaða ríki verða á þessum lista með meirihlutaákvörðun, þ.e. öll ríkin þurfa ekki að vera sammála en ákvörðunin verður samt sem áður bindandi. Schengen-ríkjunum sameiginlega sem og einstökum aðildarríkjum verður heimilt að taka upp áritunarskyldu gagnvart ríkjum sem eru ekki á lágmarkslista ESB.

Sem aðildarríki ESB verða Danmörk, Finnland og Svíþjóð bundin af lágmarkslista ESB. Eigi norræna vegabréfasambandið að virka þýðir það augljóslega að Ísland verður einnig að taka afleiðingum af ákvörðunum ESB á þessu sviði óháð því hvort við tengjumst Schengen-samstarfi.

Schengen-samstarfið felur ekki í sér sameiginlega stefnu varðandi veitingu hælis eða afstöðu til flóttamanna. Hvert aðildarríki veitir hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum í samræmi við eigin reglur og alþjóðlegar skuldbindingar viðkomandi ríkis. Schengen-reglurnar setja aftur á móti reglur um málsmeðferð um það hvaða ríki hafi skyldu til að fjalla um beiðni um hæli. Slíkar alþjóðareglur höfum við ekki haft áður. Schengen-reglurnar byggja á reglum um fyrsta hælisland sem Norðurlöndin beita einnig. Samningurinn hefur ákvæði um það hvaða ríki skuli teljast fyrsta hælisríki þannig að umsækjanda um hæli verður ekki lengur kastað á milli fleiri ríkja sem vilja ekki bera á honum ábyrgð. Þetta er til hagsbóta bæði fyrir umsækjandann og fyrir einstök aðildarríki. Samningurinn veitir ríkjunum heimild, en ekki skyldu, til að vísa brott umsækjanda um hæli sem hefur fengið synjun um hæli í öðru aðildarríki. Samtímis er réttarstaða umsækjandans styrkt með því að samningurinn hefur ákvæði um það í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn hans.

Schengen-reglurnar eru hvað þetta varðar sambærilegar ákvæðum Dublinar-samningsins sem gilda á á milli ESB-ríkjanna og sem Finnar og Svíar eru nú að fullgilda. Útbúin hafa verið drög að samhliðasamningi við Dublinar-samninginn. Ísland mun eiga kost á þátttöku í þessu samstarfi. Viðræður um það geta þó ekki hafist fyrr en Dublinar-samningurinn hefur öðlast gildi. Norrænu ESB-ríkin koma til með að beita ákvæðum Dublinar-samningsins. Það er því umhugsunarefni fyrir okkur að gerast aðilar að samhliða-samningnum.

Með sameiginlegu tölvukerfi, SIS, upplýsa aðildarríkin hvert annað, m.a. um það hvaða einstaklingar eru óæskilegir í einstökum aðildarríkjum. Það varðar fyrst og fremst einstaklinga sem teljast hafa framið alvarleg afbrot eða ógna öryggi viðkomandi aðildarríkis. Upplýsingar sem skráðar eru í kerfið má einungis nota í nánar tilgreindum tilgangi. Upplýsingar um óæskilega einstaklinga má t.d nota við eftirlit á ytri landamærum og við meðferð á beiðni um vegabréfsáritun. Upplýsingakerfið er byggt á staðbundnum hluta í hverju aðildarríki og miðlægum gagnabanka í Strassborg. Hvert ríki setur upp og rekur fyrir eigin reikning staðbundna hluta kerfisins. Upplýsingakerfið varðveitir upplýsingar um einstaklinga og hluti. Það eru hömlur á því hvaða upplýsingar um einstaklinga má skrá í kerfið. Samkvæmt samningnum skulu einungis eftirgreindar upplýsingar skráðar í það:

nafn, þar með talið ef því er að skipta fölsk nöfn,
sérstök líkamleg einkenni,
fæðingardagur, fæðingarstaður, kyn og þjóðerni,
hvort viðkomandi er vopnaður eða árásargjarn,
tilefni skráningar og
hvaða aðgerða er óskað.

Sérstaklega er tekið fram í samningnum að engar aðrar upplýsingar um einstaklinga sé heimilt að skrá í kerfið. Einnig er heimilt að skrá í kerfið upplýsingar um horfna einstaklinga. Þetta er mikilvægt varðandi börn og einstaklinga sem hafa verið sviptir lögræði og hafa horfið.

Sem þátt í gagnkvæmri réttaraðstoð í sakamálum ríkjanna má einnig skrá upplýsingar um vitni eða einstaklinga sem stefnt er til að mæta fyrir dómi eða sem birta þarf refsidóm fyrir. Sama gildir um þá sem óskað er eftir að verði framseldir.

Að uppfylltum tilteknum skilyrðum má safna saman og láta í té tilteknar upplýsingar í sambandi við eftirlit á landamærum eða vegna annars eftirlits eða aðgerða lögreglu- eða tollayfirvalda. Skilyrði er að fyrir liggi ákveðnar ástæður til að ætla að upplýsingarnar séu nauðsynlegar til að fyrirbyggja alvarlega ógnun gegn öryggi ríkisins eða sem liður í að fyrirbyggja eða rannsaka sérstaklega alvarlega refsiverða verknaði. Hér gilda einnig strangar takmarkanir um það hvað megi skrá. Löndin geta einnig neitað að verða við beiðnum um eftirlit eða aðgerðum með vísun til löggjafar í viðkomandi ríki eða af öðrum sérstökum ástæðum.

Upplýsingakerfið geymir einnig upplýsingar um eftirlýsta hluti sem leggja á hald á eða nota sem sönnunargagn í refsimálum. Þetta á t.d. við um upplýsingar um ökutæki, sem stolið hefur verið eða eru horfin, skotvopn, persónuskilríki, vegabréf, ökuskírteini o.s.frv.

Schengen-samningurinn hefur að geyma strangar og nákvæmar reglur um hverjir hafi aðgang að upplýsingaskránum og ákvæði um leiðréttingar og um afmáningu upplýsinga. Þá er í samningnum gert ráð fyrir að aðildarríkin grípi til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja gagnavernd, a.m.k. með sambærilegum hætti og leiðir af samningi Evrópuráðsins um vernd persónuupplýsinga frá 1981. Ísland er aðili að þeim samningi.

Upplýsingar sem dreift er milli aðildarríkjanna má einungis nota af viðkomandi yfirvöldum og í þeim tilgangi sem þeim var ætlað. Ríki sem veitir upplýsingar hefur skyldu til að tryggja að veittar upplýsingar séu réttar. Mistök sem uppgötvast skal strax leiðrétta. Ríkin bera skyldur í samræmi við eigin löggjöf gagnvart þeim einstaklingi sem valdið er tjóni með röngum upplýsingum. Einstaklingur hefur rétt í samræmi við löggjöf í viðkomandi ríki til að fá að sjá hvaða upplýsingar eru skráðar um hann.

Aðild að Schengen-upplýsingakerfinu mun ekki vera í andstöðu við lög okkar um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Það kann þó að verða talið rétt að setja sérstök lög um stofnun og notkun upplýsingakerfis ef Ísland verður aðili að Schengen-samstarfinu.

Í Schengen-samningnum er einnig fjallað um lögreglusamvinnu sem minnir um margt á þá samvinnu sem er milli Norðurlandanna. Í samræmi við landslög og þær heimildir sem lögregla hefur í hverju ríki er lögreglu almennt skylt að veita lögreglu í öðru ríki aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa alvarleg afbrot. Samkvæmt samningnum hefur lögreglan heimild til að elta einstakling sem grunaður er um nánar tilgreind alvarleg afbrot yfir landamæri. Sú heimild gildir einungis við sameiginleg landamæri en ekki í lofti eða á sjó. Þetta ákvæði hefur þannig ekki áhrif á stöðu okkar.

Lögregla í Schengen-ríki má auk þess í vissum tilvikum halda áfram eftirliti í tilteknu máli á landsvæði annars aðildarríkis. Slíkt er að meginreglu til háð samþykki fyrir fram. Í samningnum er tilgreint hver refsiverð atvik réttlæti slíkt eftirlit. Varðar það m.a. einstaklinga sem grunaðir eru um manndráp, nauðgun, smygl á fólki og fíkniefnabrot. Einungis lögregla í því ríki þar sem hinn grunaði er hefur heimild til handtöku.

Í Schengen-samningnum er einnig ákvæði um baráttu gegn fíkniefnaafbrotum. Aðildarríkin eru þar skuldbundin til þess að beita sérhverjum þeim aðgerðum sem nauðsynlegar geta talist til að fyrirbyggja og vinna gegn slíkri brotastarfsemi. Vegna mikils þrýstings frá öðrum Schengen-ríkjum er Holland nú að breyta afstöðu sinni til fíkniefnavandamálanna.

Ef norrænu ESB-ríkin verða aðilar að Schengen-samstarfinu án þess að lausn finnist fyrir þátttöku Íslands og Noregs í því verður ekki hægt að viðhalda norræna vegabréfasambandinu. Danmörk, Finnland og Svíþjóð mundu sem Schengen-ríki verða að taka upp fullt eftirlit á ytri landamærum, m.a. á flugvöllum og í höfnum gagnvart ferðum fólks frá Íslandi og Noregi. Þá yrði á ný tekin upp vegabréfaskylda á milli ríkjanna. Þá yrði einnig tekið upp eftirlit með öllum einstaklingum sem fara á milli ríkjanna, bæði við komu og brottför. Sama mundi verða uppi á teningnum ef Ísland stæði eitt utan Schengen-samstarfsins. Þá mundu allir sem koma héðan inn á Schengen-svæðið verða að sæta vegabréfaskoðun við komu þangað. Þá mundu þeir sem hingað koma frá Schengen-svæðinu verða að sæta vegabréfaskoðun við brottför sína.

Það er eitt megineinkenni Schengen-samstarfsins að komið skal á aðskilnaði farþega, annars vegar þeirra sem ferðast innan svæðisins og hins vegar þeirra sem ferðast til landa utan þess eða koma þaðan. Aðild að Schengen-samstarfinu mun fyrst og fremst hafa áhrif á starfsemi Flugstöðvar Leifs

Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli þar sem fram fer blönduð starfsemi. Fyrirkomulagið mun þá verða þannig að farþegar í flugi innan svæðisins ferðast að meginstefnu til án vegabréfsskoðunar eins og í innanlandsflugi. Hinir þurfa að sæta vegabréfsskoðun við komu og brottför. Farþegar sem koma frá landi utan svæðisins, t.d. Bandaríkjunum, halda áfram til lands innan svæðisins, t.d. Kaupmannahafnar eða öfugt, þurfa hins vegar að sæta vegabréfsskoðun. Farþega að vestan, sem halda áfram með sömu flugvél og sama flugnúmeri til Lúxemborgar eða koma frá Lúxemborg og halda vestur um haf, mundi hins vegar vera hægt að meðhöndla án vegabréfsskoðunar hér en þeir mega þó ekki blandast farþegum sem ferðast innan svæðisins. Þessi aðskilnaður kallar á aðskilda biðsali og sérstaka aðstöðu fyrir tollfrjálsa verslun o.fl.

Af hálfu varnarmálaskrifstofu utanrrn. er unnið að athugun á því hvernig þessi mál megi leysa með sem hagkvæmustum hætti. Athugunin beinist m.a. að því hvernig þessi mál verða leyst án þess að breytt tilhögun á vegabréfaskoðun hafi í för með sér óbærileg áhrif á þá flugstarfsemi sem er meginuppistaða flugs til og frá landinu en það einkennist sem kunnugt er af tveimur álagspunktum, árla morguns og síðdegis. Er því nauðsynlegt að hafa um þetta mjög náið samráð við Flugleiðir.

Niðurstöður þessara athugana og nánari upplýsingar um það hver kostnaðarauki verði að öðru leyti af aðild að Schengen-samstarfinu liggja ekki enn fyrir. Ljóst er hins vegar að ákvörðun um aðild að Schengen-samstarfinu verður ekki tekin nema í ljósi þeirrar vitneskju.

Umræða um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu byggir að grunni á því að viðhalda því samstarfi sem við höfum verið aðilar að innan norræna vegabréfasambandsins í fjóra áratugi. Samstarf með hinum Norðurlöndunum um útvíkkun þessa samstarfs þannig að það nái til stærra svæðis, sem tekur til ríkja sem standa okkur nærri hvort heldur litið er til sögu, menningar eða efnahagslífs, er þannig á vissan hátt eðlilegt framhald. Þátttaka í slíku samstarfi gefur okkur og betra færi en ella á að láta til okkar taka á alþjóðavettvangi, m.a. varðandi sum af þeim helstu úrlausnarefnum sem Evrópa stendur frammi fyrir í dag frá alþjóðlegri brotastarfsemi til ólöglegra fólksflutninga.

Umræða um Schengen-aðild Íslands á ugglaust eftir að þróast áður en til endanlegra ákvarðana kemur. Það á eftir að koma í ljós hverjir kostir standa okkur til boða af hálfu Schengen-landanna. Jafnframt þarf að meta kosti og ókosti aðildar frekar, hver kostnaður hlýst af aðild, svo og kanna hver áhrif það hefur, ef við verðum ekki þátttakendur í samstarfinu, á samgöngur og flutningastarfsemi, ferðalög til og frá landinu, svo og samskipti okkar við Evrópuríkin almennt. En fram hjá því verður hins vegar ekki litið að kostnaður getur hindrað þátttöku í þessu samstarfi.

[14:05]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir skýrslu hans, verð ég að segja alveg eins og er að mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hvert væri samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar hvað varðar Schengen-samkomulagið. Eins og við vitum felur það í sér tvennt, þ.e. annars vegar afnám vegabréfaeftirlits milli samningsríkjanna og hins vegar afnám tollskoðunar og eftirlit með innflutningi og þá almennt eftirlit með ferðamönnum sem koma til landsins og varningi þeirra.

Það fyrra virðist manni vera í sjálfu sér mjög jákvætt og einfalt markmið að setja sér, en það seinna er allt annars eðlis og útheimtir í raun og veru að við séum í tollabandalagi við þessi ríki. Við erum þá komin inn á viðkvæma hluti eins og sóttvarnir, fíkniefnavarnir og margt fleira því skylt. Öllum er kunnugt að fíkniefni eiga ærið miklu greiðari aðgang að Amsterdamborg heldur en Reykjavík og ef við legðum niður landamæraeftirlit gagnvart flugi frá Amsterdam, værum við í raun og veru að fela Hollendingum eða Spánverjum eða Grikkjum eða einhverjum öðrum þjóðum að annast fíkniefnavarnir fyrir okkur. Ég held að hvorki hæstv. ráðherra né neinum öðrum geti dottið slíkt í hug. Þess vegna finnst mér að það mundi gera umræðuna töluvert skýrari ef við fengjum á hreint hvort það er ekki fyrst og fremst vegabréfahliðin sem við erum að tala um. Yrði ekki tollskoðunarhliðin algerlega að vera undanþegin? Og þá vaknar um leið spurningin: Er það þá raunhæft að aðili eins og Íslendingar sem einungis vill skoða vegabréfahlið málsins geti orðið aðili að svona samningi?

Ég vil sem sagt óska eftir því að hæstv. ráðherra geri ögn skýrari grein fyrir samningsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

[14:07]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samningsmarkmiðið er fyrst og fremst að tryggja viðhald norræna vegabréfafrelsisins með því að útfæra það til Schengen-svæðisins. Það er alveg ljóst að þetta samstarf tekur til eftirlits með persónum en ekki með varningi. Hafi ég ekki talað nógu skýrt í ræðu minni áðan, þá skal ég reyna að bæta úr því með því að segja að með aðild að þessu samstarfi eru okkur engar takmarkanir settar við að hafa eðlilegt eftirlit með varningi fólks sem kemur til landsins.

Hér er um að ræða persónueftirlit en ekki eftirlit með varningi og við getum haldið gildandi lögum um tolla og álög á innflutning eins og okkur sýnst, burt séð frá þessu. Hins vegar er alveg augljóst að samstarf af þessu tagi getur auðveldað okkur mjög baráttuna gegn fíkniefnabrotum vegna þess að það er mjög veigamikill þáttur í þessu samstarfi að þjóðirnar stilla saman strengi sína og sameina krafta sína í þeirri baráttu. Ég er því sannfærður um að með aðild að samkomulaginu á aðstaða okkar til þess að berjast gegn afbrotum af þessu tagi að styrkjast.

[14:09]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef skilið það svo að Schengen-samkomulagið feli í sér eftirlit með persónum og þeim varningi sem þær koma með til landanna, að það sé hvort tveggja. Ég trúi því ekki að ég hafi átt að skilja orð hæstv. ráðherra þannig að Schengen-samkomulagið fjallaði einungis um eftirlit með persónunum sem slíkum. Það fjallar líka um varninginn sem þær flytja með sér og það er alveg ljóst að Schengen-samkomulagið kemur mjög inn á tollamál. Það varðar mjög tollamál vegna þess að það varðar varninginn sem ferðamennirnir koma með til landsins. Og mín spurning var þá einfaldlega sú: Er það ekki rétt skilið hjá mér að við Íslendingar verðum að leitast við að ná samkomulagi um vegabréfahlið málsins en undanskilja tollahliðina, þ.e. eftirlitið með varningnum?

[14:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að útskýra í þriðja sinn að samstarfið gildir um vegabréfaeftirlitið. Þar af leiðir að við getum haldið óbreyttum reglum og vinnuaðferðum varðandi tolleftirlit með varningi hvernig sem hann er fluttur til landsins, sem farangur farþega eða með öðrum hætti. Það hefur ekki áhrif þar á.

[14:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú skýrsla sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt er góðra gjalda verð. Það er verið að bregðast þó seint sé, má segja, við þörfinni á að umræður um þessi mál verði á Alþingi Íslendinga. Ég nefndi það við forseta þingsins fyrir fáum vikum að það væri æskilegt að fá umræður um þessi efni og það varð niðurstaðan að eðlilegt væri að hæstv. dómsmrh. flytti skýrslu um málið sem grunn fyrir slíka umræðu. Ég tel að það sé gott og alveg nauðsynlegt að þessi mál séu rædd áður en þau eru lengra komin.

Það efni sem hér er til umræðu á sér langan aðdraganda og er býsna flókið mál fyrir þá sem ekki hafa sökkt sér niður í það, geri ég ráð fyrir. Upplýsingar um þetta efni hafa ekki legið á lausu eða verið mikið gert af því af hálfu íslenskra stjórnvalda að reiða þær fram. Ég hef á vettvangi Norðurlandaráðs á undanförnum árum, m.a á þingunum 1994, 44. þingi ráðsins, og tveimur þingum síðar eða í febrúar 1995, lagt fram spurningar til ráðherraráðsins norræna um þetta efni og áhrif þeirrar þróunar sem í gangi hefur verið innan Evrópusambandsins í sambandi við þessi efni og síðan alveg sérstaklega í sambandi við Schengenmálefnin. Það hefur verið dómsmálaráðherra Dana, ef ég man rétt, sem svaraði í bæði skiptin, enda málinu sérstaklega beint til dönsku ríkisstjórnarinnar, auk almennrar skírskotunar til norrænu dómsmálaráðherranna, vegna aðstöðu Dana sem gæta landtengdu landamæranna við Evrópusambandið gagnvart Norðurlöndum, þ.e. á Jótlandi. Og það er þar sem menn hafa fyrst fengið að finna fyrir hvað í vændum væri ef Schengen-samstarfið yrði útfært. Síðan hefur margt verið að gerast í þessum efnum, m.a. aðild fleiri ríkja norrænna að Evrópusambandinu og þá komið auðvitað upp nýr þáttur í málinu, ný aðstaða í málinu, þegar þrjú ríki Norðurlanda eru orðinn formlegur aðili og landamæri t.d. Svíþjóðar og Noregs eru orðin landamæri milli tollabandalags Evrópusambandsins annars vegar og hins vegar Norðurlanda utan þess.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að nefna það í þessari umræðu að þetta er ekkert sjálfsagt mál sem slíkt, síst af öllu fyrir okkur Íslendinga sem stóðu frammi fyrir spurningunni í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma, hvort aðild að því fæli í sér að hefðbundin samvinna Norðurlanda breyttist. Meðal hefðbundinnar samvinnu Norðurlanda er að sjálfsögðu norræni vegabréfasamningurinn og samstarfið frá 6. áratugnum, sem menn þekkja. Og kannski hefur það verið hvað táknrænast fyrir það hversu langt Norðurlöndin hafa náð í sínu samstarfi. Í samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði var byggð inn sérstök grein, kölluð norræna greinin, sem tók þetta skýrt fram og því var mjög á lofti haldið af talsmönnum samningsins að þessi hefðbundna samvinna fengi að haldast á meðan hún ekki rækist á önnur ákvæði samningsins.

Eins og meðferð mála í Evrópusambandinu hefur verið að því er varðar landamæraeftirlit, vegabréfaskoðun og þá hluti, þá hefur ekki verið þörf á því að breyta þessu vegna þeirrar útfærslu innan Evrópusambandsins þó svo ljóst hafi verið að með innri markaðnum sé stefnt að því að leggja niður landamæri innan ríkjanna en slíkt er ekki komið í gagnið. Það sem hefur verið að gerast þarna og hæstv. ráðherra dró vissulega fram í máli sínu er að ákveðinn kjarni Evrópusambandsríkja tekur sig til fyrst 1985, síðan með yfirlýsingu og síðan með þessum Schengen-sáttmála 1990 sem gengur í gildi í mars sl. en fellur úr gildi í svipinn, nánast þá þegar vegna þess að Frakkland beitir bráðabirgðaákvæði sem heimilar að mig minnir í sex mánuði að undanþiggja sig vegna öryggis ríkisins þeim reglum og sá tími er ekki liðinn að því er Frakkland varðar. Þessi kjarni sem er nú orðinn 10 ríki af Evrópusambandsríkjunum er búinn að undirgangast það að beita ákvæðum Schengen-samkomulagsins og þar erum við með alveg nýjan þátt í málinu. Það kemur auðvitað algerlega aftan að Íslendingum sem hafa fyrir skömmu fengið aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði að þessi staða er komin upp. Hæstv. dómsmrh. sagði að Norðurlöndunum hefði strax verið það ljóst en hæstv. ráðherra sagði ekki hvenær þeim varð það ljóst. Ég held að það sé ekki mjög langt síðan þeim varð það ljóst hver staðan yrði. Það lá auðvitað strax fyrir gagnvart Danmörku að hún gæti komið upp en síðan tekur hún breytingum með því að það fjölgar um tvö ríki sem verða aðilar að Evrópusambandinu og hafa nú ásamt Dönum óskað eftir að verða áheyrnaraðilar að Schengen-samkomulaginu með það fyrir augum að gerast fullnaðaraðilar því að ekki er til neitt sem heitir áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu. Menn geta stigið skrefið áleiðis en með það að markmiði að verða fullgildir aðilar að samstarfinu.

Staðan sem er uppi ógnar norræna vegabréfasamstarfinu og nú erum við Íslendingar í þeirri stöðu vegna áhuga þriggja Norðurlanda að gerast aðili að þessu Schengen-samkomulagi að verða að taka inn á okkur alveg ný svið í sambandi við samskipti okkar við Vestur-Evrópuríki, þ.e. þessi Schengenlönd. Málið snýst ekki aðeins um spurninguna um það hvort menn sýni vegabréf á ferðum milli landa heldur eru fjölmargir þættir aðrir sem því tengjast sem hæstv. dómsmrh. kom að í skýrslu sinni þó að það væri ekki tæmandi.

Menn þurfa auðvitað m.a. að skoða þennan Schengensamning upp á ekki færri en 142 greinar til að ganga úr skugga um það að hér hangir býsna margt á spýtunni. Það er með ólíkindum að nefna það að mál af þessu toga verði gert upp af Íslands hálfu fyrir jól ef ég hef tekið rétt eftir. Ég held að hæstv. ráðherra hafi nefnt að málið þyrfti að liggja fyrir einhvern fund 18. des. en var svo framsýnn, að segja að það væri ekki alveg víst að þetta gengi eftir því að ég held að í máli af þessari stærð verði Alþingi Íslendinga að gæta sín, að fara vel yfir efnið áður en stórar slíkar ákvarðanir eru nefndar. Það vill svo til að Belgía er formennskuland eins og stendur í Evrópusambandinu en sér jafnframt um Schengensáttmálann. Það eru einu tengslin þar á milli. Þegar ég spurði á fundi með forsætisráðherrum Norðurlanda á dögunum úti í Kuopio hvaða hraði væri á þessu máli voru svörin þau: Helst vildum við ná landi á meðan Belgía er formennskuland. Ég spyr hæstv. dómsmrh. að því hvað tengist Belgíu sérstaklega að þessu leyti.

Ingvar Carlsson, forsætisráðherra Svíþjóðar, svaraði spurningu minni á þá leið að segja að helst vilji menn að þetta sé allt klappað og klárt og gengið frá þessu endanlega áður en ríkjaráðstefnan hefst. Í ljósi þeirra viðvarana sem hafa komið fram, m.a. frá hæstv. forsrh. nú alveg nýlega varðandi

tengslin við Evrópusambandið, held ég að þar þyrftu menn að fara að með mikilli gát og yfirvegun. Menn ættu ekki að flýta sér að taka bindandi ákvarðanir um hlutina á næstunni, m.a. vegna ríkjaráðstefnunnar sem er fram undan og sem mun auðvitað skýra hvert horfir og hvert stefnir í sambandi við Evrópusambandið og það samstarf. Þess vegna held ég að menn eigi ekki að flýta sér um of í þessu máli heldur gæta sín vel áður en ákvarðanir eru teknar.

Ég fagna því að í orðum hæstv. dómsmrh. er allt annar tónn en var í máli Grete Knudsen, norska ráðherrans sem mælti fyrir málum í norska þinginu viku af nóvembermánuði, og var mjög eindregið þeirrar skoðunar að við ættum að fara þarna inn. Þetta væri eini möguleikinn til að bjarga okkur, þessi biðröð þeirra milljóna sem fara um veginn um Svinesund á landamærum Noregs og Svíþjóðar, 6 millj. á ári. Auðvitað er staða þeirra allt önnur en okkar að þessu leyti vegna hinna löngu landamæra þarna á milli. Hún er það vissulega. En hitt hangir jafnframt á spýtunni að þar greinir á með íslenskum og norskum stjórnvöldum, þau vilja komast eins langt og mögulegt er inn í kerfi Evrópusambandsins. Það var meginmarkmið norsku ríkisstjórnarinnar að þetta gengi upp, það var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir á vilja þau hefna harma sinna svo mögulega sem þau geta með því að tengjast sem allra nánast Evrópusambandinu. En það er ólíku saman að jafna með okkur Íslendinga eins og menn tala núna þessi missirin.

Virðulegi forseti. Margir þættir snúa að þessu. Auðvitað er út af fyrir sig æskilegt markmið að geta viðhaldið þokkalegu ferðafrelsi milli landa og sérstaklega er okkur mikilvægt vegabréfasamstarf Norðurlanda af táknrænum ástæðum og auðvitað í reynd líka. Ég get vel hugsað mér að það sé eftirsóknarvert að geta útfært það frekar ef það kostar menn ekki of mikið á öðrum sviðum. Það verða menn að vega og meta hversu langt er gengið.

Varðandi spurninguna um vöruflutninginn í þessu samhengi er auðvitað ljóst að við erum ekki að stíga neitt skref inn í tollabandalag með þessu, ekki með beinum hætti. Hins vegar getur verið þar ýmislegt á leiðinni sem gerir mun erfiðara fyrir. Hv. þm. Ragnar Arnalds ræddi áðan að mun erfiðara sé að fylgjast með ferðamönnum og varningi ferðamanna þegar ekki er heimilt að hafa vegabréfaeftirlit og ekki er einu sinni heimilt að taka prufu eins og er þó í norræna vegabréfasamstarfinu. Þar mega menn taka prufur. Þetta er óheimilt. Allir þeir sem ég hef heyrt í sem hafa áhyggjur af fíkniefnamálum hafa miklar áhyggjur út af Schengenreglunum vegna þessa, vegna dreifingar fíkniefnanna, vegna þess að erfiðara er að fylgjast með fólki. Ekki er einu sinni hægt að taka þarna stikkprufur af ferðamönnum í sambandi við vegabréfaskoðunina.

Síðan kemur SIS-kerfið, þ.e. Schengen Information System, sem hefur aðsetur sitt í Strassborg þar sem eru skráðar upplýsingar og það var mjög fróðlegur lestur hjá hæstv. dómsmrh. hvað væri gert, hvað mætti skrá og hvað væri verið að leita eftir í sambandi við þetta upplýsingakerfi. Ég vil endilega hvetja hæstv. ráðherra til þess að fara vel ofan í þessa sauma og láta þá aðila sem fylgjast með tölvuskráningu og réttindum almennings í því sambandi að fara yfir þetta efni. Inn í þetta kerfi í Strassborg eru komnar um það bil tvær millj. færslna nú þegar. Í þessu kerfi í Strassborg störfuðu fyrir fáum mánuðum 27 manns í fimm einingum að söfnun upplýsinga. Megnið af upplýsingasöfnuninni er komið frá Þýskalandi eða vegna kröfu Þjóðverja og afgangurinn að heita má frá Frökkum. Það eru þessi tvö möndulveldi þarna, fyrirgefið að ég nota þetta, þessi samstarfsríki. Ég ætla ekki að hafa neina frekari merkingu í því. Þessi öxull í Evrópusambandinu stendur fyrir upplýsingasöfnuninni, í reynd eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið um skráningu í þessu kerfi.

Þá er spurning um lögreglusamstarf og annað af þeim toga. Það er um að ræða vegabréfaeftirlit, frelsi frá vegabréfaskoðun, það er gott markmið sem slíkt. En við erum að ræða spurninguna um það hvort við ætlum að flytja verulega þætti varðandi réttarfar, varðandi mál sem eru á sviði innanríkismála núna og tengjast því sem kölluð er þriðja súla innan Evrópusambandsins. Ætlum við að taka inn á okkur mál sem er þannig vaxið að það getur verið breytingum háð hvenær sem er og að setja okkur undir ákvarðanavald Schengen sem hefur sitt framkvæmdarvald og tekur sínar ákvarðanir, ákvarðanavald sem ég fæ ekki séð að við fáum að vera þátttakendur í vegna þess að Schengen-samningurinn gerir það að skilyrði að menn séu aðilar að Evrópusambandinu til að vera þar fullgildir þátttakendur með þátttöku í ákvarðanatöku og þess háttar?

Virðulegi forseti. Þetta mál er víðtækt og verður ekki rætt í botn á 15 mínútum. Við skulum skoða þetta mál af gaumgæfni áður en ákvarðanir eru teknar. Við skulum ekki láta reka á eftir okkur í þessu. Hagsmunir Íslendinga í þessu máli eru verulega aðrir en t.d. Norðmanna svo að dæmi sé tekið þó að við viljum auðvitað halda sem mestu úr því sem hefur verið gott í norrænu samstarfi og því sem við höfum náð á þeim vettvangi og tryggja það. Málið er orðið flókið eftir það sem gerst hefur á undanförnum missirum eftir þátttöku Norðurlanda í Evrópusambandinu, Svíþjóðar og Finnlands til viðbótar við Dani.

[14:27]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa greinargerð. Það var vissulega ástæða til að kynna málið og taka það til umræðu á Alþingi og þeim mun betra ef ráð er í tíma tekið. Það ber vott um að tímaskyn hæstv. ráðherra sé í sæmilegu lagi.

Ég held að mönnum beri öllum saman um að Íslendingar eins og allir Norðurlandabúar vilja nokkuð á sig leggja til þess að varðveita norræna vegabréfasambandið sem við höfum 40 ára reynslu af.

Þegar þrjú Norðurlanda eru orðin aðilar að Evrópusambandinu og þrjú þeirra hafa óskað eftir aðild að Schengen með fullum skuldbindingum, stöndum við að öðru óbreyttu frammi fyrir breytingum sem mundu kollvarpa því. Það teljum við ekki æskilegt. Á hinn bóginn kemur mér kannski nokkuð á óvart að málið skuli ekki vera lengra á veg komið og undirbúningi skuli ekki hafa þokað lengra fram en virðist vera af þessum upplýsingum. Það segi ég í ljósi aðdragandans sem og þess að á sameiginlegum fundi forsætisráðherra Norðurlanda 27. febr. var hin pólitíska stefna mörkuð, þ.e. það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega ákveðna afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfi. Það er ekki nýtt, það liggur fyrir. Þá er spurningin um hvernig þetta megi útfæra. En þar virðist fæstum spurningum svarað svo að óyggjandi sé. Í niðurlagsorðum segir, með leyfi forseta:

„Það á eftir að koma í ljós hverjir kostir standa okkur til boða af hálfu Schengen-landanna. Jafnframt þarf að meta kosti og galla aðildar frekar, hver kostnaður hlýst af aðild,

svo og kanna hver áhrif það hefur ef við verðum ekki þátttakendur í samstarfinu á samgöngur og flutningastarfsemi, ferðalög til og frá landinu, svo og á samskipti okkar við Evrópu almennt." Hæstv. ráðherra hnykkir á því með því að segja að fram hjá því verði ekki litið að kostnaður geti hindrað þátttöku í þessu samstarfi.

Það sem vekur athygli mína er að það liggur ekki fyrir hverjir kostir standa okkur til boða. Það er ekki búið að meta kosti og galla. Það er meira að segja ekki búið að meta hvaða áhrif það hefur ef við stöndum utan við, sem ég hélt að lægi í stórum dráttum fyrir. Og það er gefið í skyn a.m.k. að þetta geti orðið okkur svo dýrt í framkvæmd að það verði útilokað af kostnaðarsökum.

Þá spyr ég næst og beini því til hæstv. dómsmrh.: Hvaða tímaáætlun sér hæstv. ráðherra fyrir sér í þessu máli að því er varðar framhaldsvinnu þess á grundvelli hinnar almennu stefnumótunar að við viljum gjarnan gera það sem unnt er, ef það er ekki útilokað af öðrum ástæðum, til að viðhalda norræna vegabréfasambandinu? Er það svo að niðurstaða og þá með fullri útfærslu eigi að liggja fyrir á ráðherrafundi undir lok desembermánaðar eða er það rétt að hér sé verið að ræða um lengri undirbúningstíma og reyndar lengri aðlögunartíma áður en kæmi að framkvæmdum? Af blaðafregnum sem ég treysti ekki að séu áreiðanlegar, hefur t.d. heyrst frá Finnlandi að þeir geri ráð fyrir býsna löngum aðlögunartíma. Í ljósi þessa og í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram og svara hæstv. ráðherra hér aðan, þá er það svo að málið virðist ekki liggja ljóst fyrir. Það þarf að afla upplýsinga og vinna úr upplýsingum. Reyndar segir svo á einum stað í þessari skýrslu að íslensk stjórnvöld hafi fengið spurningalista í sínar hendur, en þau hafi ekki sjálf lokið við að svara þeim spurningum sem þar eru lagðar fyrir. Síðan er bent á að útfærslan hver sem hún verður í smáatriðum geti þýtt talsverðar breytingar, sérstaklega á rekstri og starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þannig að þar kallar á framkvæmdir. Það er sama hvar borið er niður, málið er lítt þroskað eins og það er orðað á máli aðila vinnumarkaðarins. Kostirnir við þetta samstarf eru ótvíræðir eins og fram kom í máli ráðherra á sömu sviðum, bæði að því er varðar aðild að upplýsingakerfum og lögreglusamstarf. Það er lykilatriði að það sé tryggt í framkvæmd að við höldum öllum þeim tólum og tækjum og heimildum sem við höfum til þess að hafa strangt eftirlit í framkvæmd með hugsanlegum innflutningi fíkniefna til landsins. Ráðherra hagaði að vísu orðum sínum svo að það væri ekki ástæða til þess að óttast það, ef ég skil hann rétt.

Af því sem fram hefur komið er ekki annað hægt að segja en að það er þakkarvert að kynna málið almennum orðum á hinu háa Alþingi. Undirbúningi er mjög áfátt. Hann er skammt á veg kominn. Hin pólitíska stefnumörkun liggur fyrir, en niðurstaðan er í óvissu, samkvæmt því sem ráðherrann segir sjálfur. Það virðist því vera nægur tími til stefnu til þess að fara ofan í saumana á málinu. En stjórnvöld eiga líka eftir að vinna frekari nauðsynlega heimavinnu í þessum þætti Evrópumálanna.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið á dagskrá og til umræðu á þingi og ég held að ég hljóti að leyfa mér að segja, þó fyrr hefði verið, því það er auðvitað búið að vera til umfjöllunar og mikillar umræðu víða í kringum okkur, bæði á þjóðþingum hinna Norðurlandanna, á vettvangi Norðurlandaráðs og víðar. En nú fara í raun og veru fram fyrstu umtalsverðu umræðurnar um þetta hér og það hljómar óneitanlega harla sérkennilega að heyra í greinargerð hæstv. ráðherra jafnvel látið að því liggja að innan fárra vikna verði meira og minna endanlegar ákvarðanir teknar af Íslands hálfu í málinu. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt að til þess gefist meiri tími að skoða þetta mál.

Ég minni á að þegar samningurinn var gerður um Evrópska efnahagssvæðið og aðild okkar að því var einmitt sérstaklega haldið til haga og flaggað þeim kostum að þetta hefði ekki á neinn hátt áhrif á norrænt samstarf og sérstök grein sett inn af hálfu Norðurlandanna til að tryggja það. Þar með talið, og auðvitað ekki síst, voru Norðurlöndin að hugsa um sitt nána samstarf á sviði tryggingamála, vegabréfasambandið og fleira því um líkt þar sem Norðurlöndin hafa að mörgu leyti verið í fararbroddi og á undan öðrum ríkjum sem hópur að semja um gagnkvæm réttindi þegnanna. Ég held að það sé jafnframt þannig að almennt ríki jákvæð viðhorf gagnvart því að ferðamenn geti sem allra greiðast ferðast milli landa og þurfi ekki að sæta miklu eftirliti eða sækja um heimildir o.s.frv. Ég leyfi mér því að fullyrða að menn væru almennt velviljaðir í þeim efnum að vegabréfasamband af einhverju tagi, sambærilegt við það sem ríkt hefur innan Norðurlandanna, kæmist á um alla Evrópu.

Það er eitt og landamæraeftirlit sem slíkt er svo annað. Því eru menn kannski í nokkrum mæli að rugla saman í þessu máli að Schengen-samkomulagið og hugsanleg aðild okkar að því er auðvitað allt annað og meira heldur en aðildin að norræna vegabréfasambandinu var. Fyrst og fremst fól það í sér að menn væru ekki skyldir til þess að framvísa vegabréfi þótt landamæraeftirlit færi eftir sem áður fram milli Norðurlandanna. Ég held að það sé einnig nauðsynlegt að hæstv. ráðherra útskýri betur eða menn átti sig betur á því áður en það er keypt að málið liggi einfaldlega þannig að verið sé að fella niður persónueftirlit, en eftir sem áður sé hægt að hafa fullt eftirlit með þeim varningi sem viðkomandi persónur hafa með sér. Ég fæ ekki alveg séð hvernig það fer auðveldlega saman, þótt fræðilega séð liggi það þannig. Ég rengi ekki að hæstv. ráðherra greinir þar rétt í sundur, við erum hvorki aðilar að Evrópusambandinu né tollabandalagi og ættum því ekki að afsala okkur rétti til að hafa tollalandamæri gagnvart ferðamönnum. Þá hlýtur að liggja í hlutarins eðli að það verður nokkuð snúið að koma við eftirliti með varningi ferðamanna þegar landamæraeftirlit gagnvart þeim sjálfum verður fellt niður en út á það gengur Schengen-samkomulagið ekki síst.

Það koma líka upp ýmsar tæknilegar og pólitískar spurningar sem nauðsynlegt er að fara yfir og ég held að menn verði að taka sér meiri tíma í að ræða heldur en gefist hefur hér. Hvað kostnað snertir hlýtur auðvitað að þurfa að fara mjög vandlega yfir það hvað í því fælist fyrir okkur Íslendinga að taka á okkur þá kvöð að verða ytri landamæri Evrópusambandsins í þessu sambandi og útvörður þess í vestri, eða Schengen-svæðisins. Ég held að það gæti snúist um stærri hluti en bara þá að flugstöðin blessuð í Keflavík, og enn einu sinni kemur hún til tals hér, er þá heldur álappalega hönnuð svo að ekki sé meira sagt. Ég vænti þess að það gangi jafnilla að aðgreina transit-umferð og innansvæðisumferð þar eins og til að mynda það hefur reynst að aðskilja umferð vegna innanlandsflugs og millilandaflugs í Keflavík. Á það hefur reynt og gengið satt best að segja afar illa að sjá

fram úr því hvernig þessi bygging gæti yfirleitt boðið upp á slíkt.

Ég leyfi mér að lýsa áhyggjum yfir því að verulegur hluti af rekstri Flugleiða geti lent í vandræðum út af þessu máli ef við tökum þessar kvaðir á okkur. Flugleiðir byggja í umtalsverðum mæli á flutningi þriðju landa farþega sem fara í gegn og sá rekstur er þannig upp byggður að Keflavík er tengistöð þessa flugs. Þar er mikið annríki aðallega tvisvar á sólarhring, en þá ríður líka á að sú umferð geti á mjög skömmum tíma greinst og farþegarnir farið hver í sína áttina, skipt um flugvél o.s.frv. Og ég er hræddur um að það verði að vera allmikil afköst í þessu ytra landamæraeftirliti til þess að taka við öllum þeim sem eru að koma af Schengen-svæðinu og fara út fyrir það eða öðrum sem eru að koma utan að og inn á svæðið og þurfa þá að fara í gegnum landamæraeftirlit Schengen-svæðisins í Keflavík ef við undirgöngumst þá kvöð að taka það að okkur. Svona virðist málið liggja í grófum dráttum og þá hlýtur að vera alveg augljóst mál að það geta komið upp mörg bæði tæknileg og kostnaðarleg álitamál og þau býsna stór í sniðum. Að mínu mati verður einfaldlega að fara yfir þetta og kortleggja það. Pólitískt hlýtur það svo líka að vera mikið álitamál hvort við, sem ekki erum í Evrópusambandinu og erum ekki á leiðinni þangað ef marka má m.a. nýlegar og nokkuð skorinorðar yfirlýsingar hæstv. forsrh., eigum yfirleitt að hugsa hlutina þannig að það sé eðlilegt að við séum aðilar að þessu vegna þess að Schengen-samkomulagið er samkvæmt sáttmálanum sjálfum eingöngu fyrir aðildarríki Evrópusambandsins. Það liggur því í hlutarins eðli að um aðild okkar sem slíka getur ekki orðið að ræða, heldur eins konar samninga við svæðið og um samskipti okkar við það. Eftir hverju erum við þá að leita, hvað er okkur hagfellt? Er það endilega hagfellt að taka á okkur byrðarnar af því að annast þarna ytri landamæravörslu fyrir Evrópusambandið eða Schengen-svæðið? Er það það sem við erum að leita eftir í sjálfu sér? Nei, það held ég ekki. Það sem við viljum varðveita er fyrst og fremst góða og greiða för okkar og þeirra sem okkur eru að heimsækja til og frá þessa svæðis og til Íslands. Og það gerum við best með því að ná vegabréfasambandi, samningum um að umferð um landamærin verði sem greiðust að því leyti til og sleppa hinu. Ég tel þess vegna að það hljóti að vera eðlilegustu samningsmarkmið Íslands í málin að reyna að beina þessu í þann farveg að Norðurlöndin, eða a.m.k. við hvað sem um aðra verður, séum fyrst og fremst að leita eftir því að ná vegabréfasambandi sem feli það m.a. í sér að norræna vegabréfasambandið eða það fyrirkomulag sem gilt hefur um ferðalög íbúa Norðurlandanna innbyrðis geti líka haldist. Ég segi fyrir mitt leyti að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það útfærist eða útvíkki þá þannig að það gildi jafnframt um Schengen-svæðið, að íslenskir ríkisborgarar geti ferðast þangað og borgarar þess svæðis hingað án vegabréfaeftirlits eða án þess að vegabréfaframvísun sé skylda, þótt eftir sem áður verði heimilt að framfylgja landamæraeftirliti og ganga úr skugga um það ef eftir því verður óskað að vegabréf séu fyrir hendi.

Ég held líka að menn þurfi aðeins að staldra við í hvaða samhengi þetta afnám landamæraeftirlits á meginlandi Evrópu er. Það er auðvitað hluti af ákveðinni pólitík og ákveðinni stefnu sem þar er rekin sem ég hélt að menn a.m.k. hér uppi á Íslandi settu spurningarmerki við hvort hentaði okkur. Við erum ekki landfræðilega hluti af þessari heild. Við erum eyja úti í miðju Atlantshafi og eigum ekkert síður að horfa í aðrar áttir til vesturs og austurs en til Evrópu. Þetta afnám landamæraeftirlits er auðvitað hluti af samrunaferlinu í Evrópusambandinu, það er hluti af federalismanum. Það er náskylt hugmyndum um sameiginlega mynt og annað þar fram eftir götunum. Ég held því að málið sé í miklu stærra samhengi heldur en bara því einu að ræða um að hvernig til að mynda verði varðveitt þetta norræna vegabréfasamband, jafnágætt og skínandi og það er. Eigum við þá ekki líka að svara í leiðinni mörgum öðrum stórum spurningum sem tengjast framtíðarstöðu Íslands og tengsl inn í þetta samhengi? Sjáum við það fyrir okkur að við, sem erum utan Evrópusambandsins, tökum eftir sem áður upp og á okkur einhliða ýmsar kvaðir sem tengjast samrunaferlinu niðri í Evrópu? Og ef við afleggjum landamæraeftirlitið, hvað þá með gjaldmiðilinn þegar hann kemur til sögunnar o.s.frv.? Eigum við ekki að staldra aðeins við, gefa okkur tíma til að skoða málin og spyrja okkur fyrst og fremst hvað þjóni okkar hagsmunum best og láta svörin ráðast af því?

Ég held að það væri að lokum, herra forseti, ákaflega fróðlegt að heyra aðeins frá hæstv. forsrh. í þessu sambandi og þá er ég frekar að lýsa eftir umfjöllun um hina pólitísku hlið málsins, sem ég hef leyft mér að taka aðeins með. Og að sjálfsögðu þurfum við að heyra hvaða sjónarmið hæstv. utanrrh. hefur fram að færa í þessu sambandi.

[14:45]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að koma inn í þessa umræðu og þá fyrst og fremst sem áhugamaður um norrænt samstarf þar sem þetta kemur inn á það. Þar er ég að tala um vegabréfasamkomulag það sem við höfum átt við önnur Norðurlönd í áratugi. Eins og hér hefur komið fram var það ákvörðun sem tekin var af forsætisráðherrum þegar í febrúar á þessu ári að Norðurlöndin skyldu ekki aðskilin hvað þetta samkomulag varðar, þrátt fyrir Schengen. Mér sýnist að sú ákvörðun hafi nú þegar verið tekin. En málið hefur allt of lítið verið rætt hér á landi og það er því svo sannarlega tími til kominn að taka það fyrir hér á hv. Alþingi. Ég hef fylgst með því lítillega í gegnum þátttöku mína í laganefnd Norðurlandaráðs. Þar m.a. fengum við á sumarfundi okkar sl. sumar dómsmálaráðherra Norðurlanda til viðræðu við nefndina og gátum lagt fyrir þá spurningar. Þeir reyndar mættu ekki allir en flestir sáu sér fært að mæta.

Þar sem þetta samkomulag er okkur svo mikilvægt, finnst mér mjög mörg rök hníga að því að við gerumst aðilar að Schengen-samkomulaginu og það þurfi eiginlega alveg sérstaklega sterk rök til þess að gera það ekki. Hæstv. dómsmrh. kom hér inn á í lok ræðu sinnar að hugsanlega hlytist af þessu of mikill kostnaður. Það gæti orðið til þess að þetta væri óæskilegt fyrir okkar eða við sæjum okkur ekki fært að taka þátt. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hver kostnaðurinn kynni að vera, hann hlýtur að hafa einhverjar hugmyndir um það hver hann er, þannig að við getum gengið einhvers vísari frá þessari umræðu.

Þar sem Noregur sem ekki er aðili að Evrópusambandinu er í svipaðri stöðu og við, óttaðist ég að það væri kannski ákveðin hætta á því að við Íslendingar yrðum hafðir út undan af því að við erum, landfræðilega séð, það langt frá hinum Norðurlöndunum. Hins vegar á Noregur sameiginleg landamæri með Svíþjóð sem þegar er orðin aðili að Evrópusambandinu og hefur sótt um inngöngu í Schengen. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann telji að Noregur fái kannski einhverja aðra meðferð og meiri völd ef

af því yrði að þessi lönd gerðust bæði aðilar að Schengen, heldur en við Íslendingar. Mér finnst það mjög mikilvægt að svo sé ekki.

Í ræðu hæstv. dómsmrh. kom fram hver aðaláherslumál okkar Íslendinga eru í þessum efnum og hann segir m.a. að við þurfum að hafa áhrif í samræmi við þær skyldur sem við tökumst á hendur. Og þar á hann við Ísland og Noreg. Þess vegna vil ég spyrja: Eru líkur á því að Ísland geti fengið meiri áhrif í þessu samstarfi heldur en t.d. innan EES? Mér finnst eiginlega liggja í þessum orðum að hann sé að tala um að við eigum möguleika á að hafa þarna meiri áhrif en við höfum í sambandi við EES-samninginn.

Eins vil ég koma hér inn á mál sem gerir það að verkum að mér finnst aðild okkar að Schengen ekki alveg borðliggjandi. Þar á ég við möguleika okkar á að fylgjast með fíkniefnainnflutningi til landsins og öðrum slíkum óþverra. En í ræðu hæstv. ráðherra kemur m.a. fram, og tel ég það vera góðar fréttir, að það er í sjálfu sér hægt að skylda útlendinga til að sanna á sér deili hvar sem er innan ríkis og eins það að við munum ráða því sjálf hvenær og hvar lögregla kannar skilríki útlendinga. Auk þess getur lögreglan að sjálfsögðu leitað að slíku og handtekið og rannsakað grunsamlega einstaklinga á landamærum sem og annars staðar í landinu. Þetta finnst mér mikilvægt atriði. Ég segi ekki að ég hafi sannfærst, en þetta styrkir mig a.m.k. í þeirri trú að mun fleiri rök hnígi að því að við Íslendingar tökum þátt í þessu samstarfi heldur en gegn því.

[14:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom mér nokkuð á óvart að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir skyldi í raun ganga lengra en nokkur annar hér í þessari umræðu, jafnvel lengra en hæstv. dómsmrh., að mæla með því að Ísland gerist aðili að Schengen-samstarfinu. Meira að segja sá hv. þm. sem hefur veitt forustu því liði sem vill gerast aðili að Evrópusambandinu og hér talaði áðan, formaður Alþfl. hv., kvað ekki upp úr með það, heldur taldi einmitt að hér vantaði margar upplýsingar. Ég get ekki betur heyrt en formaður þingflokks Framsfl. væri þegar orðinn sannfærður um ágæti þess að gerast aðili að Schengen-samkomulaginu. Sú yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda 27. febrúar, ef ég man dagsetninguna rétt, var um það að Norðurlöndin mundu bindast samtökum um að ganga ekki í Schengen nema vegabréfamálið væri leyst. Þ.e. verndun norræna vegabréfakerfisins. Það felur auðvitað í sér, ef maður les í það mál, að þeir skuldbinda sig ekki á þeim tíma til þess að ganga í Schengen, heldur að vernda vegabréfafrelsi innan Norðurlandanna. Þannig að ég les svo í málið að ef Ísland kemst að þeirri niðurstöðu að það sé ekki skynsamlegt að tengjast Schengen, aðilar verðum við ekki meðan við erum ekki í Evrópusambandinu, þá muni hinir ekki stíga það skref. Auðvitað værum við að leggja talsvert á þau lönd sem teldu sig hafa hagsmuna að gæta en þetta felst í yfirlýsingunni. Að doka við. Sjá hvað gerist. Sjá hverju hægt er að ná. En hér er það bara orðið áhugamál þingflokksformanns Framsfl. að tengjast þessu samstarfi sem slíku. Ég er mjög hissa á niðurstöðu hv. þm. á þessu stigi máls.

[14:54]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er áhugamál mitt að Norðurlöndin verði ekki aðskilin hvað þetta snertir. Það er fyrst og fremst það sem ég vildi koma á framfæri. Mér fannst hv. þm. ekki koma því mjög vel á framfæri í sinni ræðu áðan hvað hann sér aðallega gegn því að Ísland taki þátt í þessu samstarfi annað en það að allt sem snýr að Evrópu er honum frekar andsnúið.

[14:54]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú hægt að hafa áhuga á samstarfi við Evrópu án þess að strekkja inn í Evrópusambandið með beinum eða óbeinum hætti, sem betur fer. Ég vona að það verði áfram og við eigum þar sem best samstarf, eins og við þurfum að hafa. En hv. þm. dró m.a. í ræðu sinni þær ályktanir af því sem fram hefur komið að það væri eitthvert sérstakt fagnaðarefni að ekki væri tekið fram fyrir hendurnar á lögregluyfirvöldum, það væri eitthvað sérstakt að lögregluyfirvöld mættu handtaka fólk eða spyrjast fyrir um það, svona eftir sem áður. Ja, eru það nú tíðindi! En eftir stendur að ef við værum aðilar að Schengen-samstarfinu í því formi sem að það er, þá er vegabréfaeftirlit afnumið og það má ekki taka stikkprufur. Það gengur að því leyti lengra en það fyrirkomulag sem annars ríkir á vettvangi Evrópusambandsins sem slíks. Mér finnst að við eigum að láta í okkur heyra um það að hér er allt í einu verið að þröngva okkur, af þeim sem höfðu gerst aðilar að Evrópsambandinu, skömmu seinna, í allt aðra stöðu en látið var að liggja þegar sá samningur var ræddur og kynntur. Ég held því að við eigum að taka okkur tíma til þess að skoða þessi mál í heild, fá heildstæða mynd af þessu, áður en við tökum ákvarðanir um þetta efni. Því svo dýrmætt sem frelsi frá því að framvísa vegabréfi innan Norðurlanda hefur verið og væri ef kostur er, þá þurfum við auðvitað að vega það á móti öðrum kvöðum sem við værum að taka á okkur og sem eru ekkert smáræði. Þ.e. undirgangast réttarþróun Evrópusambandsins á sviðum sem við höfum verið undanskilin og tilheyrir þriðju súlu Maastricht-sáttmálans á sviði innanríkismála og réttarmála.

[14:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál komi hér til umræðu þannig að menn geti áttað sig á því hvað hér er um að ræða og það geti orðið umræða um það í þjóðfélaginu, því hér er um mjög stórt og mikilvægt mál að ræða. Það fyrsta sem við hljótum að velta fyrir okkur er sú stóra spurning hvort við eigum að verða samferða öðrum Norðurlöndum í þessu máli. Höfum við það mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við norræna samstarfið að það sé okkur nauðsynlegt? Ég svara því hiklaust játandi. Ef við verðum skilin að frá öðrum Norðurlöndum í þessu máli held ég að það muni ekki eingöngu hafa áhrif á þetta samstarf heldur muni það hafa mjög mikil áhrif á margvíslegt annað samstarf. Það að þurfa ekki að sýna vegabréf og geta farið frjálst á milli Norðurlandanna er mjög ríkt í íslensku þjóðinni. Þetta hefur varað í 40 ár og það mundi skipta miklu máli ef við stígum það skref til baka og færum 40 ár aftur í tímann. Það er líka staðreynd að við höfum lögleitt samstarfið á hinu Evrópska efnahagssvæði og þar er gert ráð fyrir frjálsum flutningi fólks á svæðinu og við undirgengumst þær skuldbindingar að greiða sem mest fyrir því að fólk gæti farið á milli innan svæðisins. Mér er sagt að það hafi í reynd litlu munað að Schengen-málið yrði hluti af því samningaferli og hefði það verið komið lengra, hefði verið líklegt að þetta mál hefði verið tekið inn í það. Það

skiptir í sjálfu sér ekki neinu meginmáli í þessu sambandi en þessi tvö atriði skipta miklu máli.

Nú er það að sjálfsögðu ekki vitað hver verður niðurstaða þeirra samninga sem eru að fara af stað. Við höfum ákveðið að vera þar samferða hinum Norðurlöndunum sem hafa bundið sig samtökum í þessu samningaferli. En að treysta því eða halda það að eitt landanna geti ráðið þar algjörlega ferðinni, t.d. ef við Íslendingar viljum alls ekki vera með, og að það komi í veg fyrir það að hin Norðurlöndin taki þátt í samstarfinu held ég að sé mikil óskhyggja sem ekki sé hægt að byggja á. Það er alveg ljóst að hin Norðurlöndin munu fara inn ef þau telja það þjóna sínum hagsmunum. Það er áreiðanlegt að þau eru tilbúin að taka tillit til allra sanngjarna krafna sem koma frá öðrum Norðurlöndum, Íslandi, Noregi, Svíþjóð eða öðrum. En ég tel rangt að reikna með því að þau muni algerlega halda hópinn sama hvað upp komi. Þess vegna er mikilvægt að fara í þetta mál af fullri alvöru og heilindum með það að markmiði að Norðurlöndin verði ekki skilin að. Í sjálfu sér er verið að fara út á braut sem Norðurlöndin hafa ástundað mjög lengi, þ.e. að stækka það svæði sem við Íslendingar höfum vanist á undanförnum áratugum.

Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að ýmis ljón eru á veginum. Að því er varðar samningana sjálfa þá er þar margt sem er ekki enn þá orðið ljóst, t.d. með stofnanaþáttinn og áhrif Íslands og Noregs og þeirra sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu á hann. Þetta er mjög mikilvægt því það er erfitt og útilokað fyrir okkur að ganga inn í samstarf sem við höfum lítil sem engin áhrif á.

Það líka ljóst að Noregur og Ísland standa utan við tollabandalagið og þar af leiðandi munu ýmsar reglur sem gilda um eftirlit með vörum ekki eiga við í sambandi við Noreg og Ísland. Ýmislegt er líka enn þá óljóst hvað varðar kostnaðarþáttinn og það er nauðsynlegt að skilja í milli að því er varðar Keflavíkurflugvöll hvort um er að ræða kostnað vegna Schengen-samstarfsins eða kostnað vegna annarra samstarfssamninga og aukinnar umferðar um flugvöllinn. Allt eru þetta atriði sem munu kalla á aukinn kostnað í framtíðinni og það er misskilningur þegar því er haldið fram að allur kostnaður sem kann að falla á Keflavíkurflugvöll og önnur mannvirki þar sem fólk kemur inn til landsins, en ansi margir koma t.d. til landsins á Seyðisfirði yfir sumartímann, sé eingöngu vegna þessa samstarfs. Það er ekki rétt og það er fyrirsjáanlegt að það þarf að ráðast í ýmsar framkvæmdir án tillits til þess hvort Ísland verður aðili að þessu samstarfi.

Það er gert mikið úr því að þetta geti tafið flugvélar sem hér millilenda. Ég held að það ætti ekki að fullyrða neitt fyrir fram í því sambandi því að sannleikurinn er sá að hver sá sem flýgur frá Bandaríkjunum og Norður-Ameríku þarf að afhenda vegabréf sitt áður en hann stígur um borð í flugvélina. Það liggja fyrir listar yfir þetta fólk um leið og flugvélin er farin af stað og jafnvel nokkru áður þannig að ýmislegt getur flýtt fyrir. Það er svo að einhvers staðar þurfa farþegarnir að ganga í gegnum eftirlit. Farþegi sem er t.d. að fara til Þýskalands gæti þurft að ganga í gegnum slíkt eftirlit á Kastrup-flugvelli í staðinn fyrir Keflavíkurflugvelli þannig að þeir komast ekki hjá því á einhverju stigi áður en þeir koma inn á svæðið.

Það er líka rétt að hafa það í huga af því að því er haldið fram að eftirlit með fíkniefnum verði miklu erfiðara eftir að við höfum gerst aðilar að slíku samstarfi og líklegra að þá muni streyma meira af fíkniefnum inn til landsins. Ég held að ekkert sé jafnverðmætt í eftirlitinu með fíkniefnum og samstarf yfirvalda þjóðanna. Þetta er alþjóðlegt vandamál og samstarf lögreglu og upplýsingaaðila skiptir langmestu máli í þessu sambandi. Það finnst vissulega töluvert af fíkniefnum þegar leitað er í farangri og á fólki. En mikilvægast í sambandi við það eftirlit er að fá upplýsingar frá öðrum löndum um það sem er að gerast. Menn nefna oft Holland í þessu sambandi en eitt af því jákvæða sem er að gerast þar um þessar mundir er að þeir eru að taka upp mun strangari reglur í sambandi við fíkniefni vegna þrýstings frá hinum Schengen-löndunum þannig að því leytinu til getur þetta að ýmsu leyti verið til bóta. Menn mega ekki líta eingöngu á gallana heldur verður jafnframt að líta á kostina.

Sama má segja um sameiginlega stefnu að því er varðar vegabréfsáritanir, flóttamenn og margvísleg upplýsingakerfi í sambandi við þetta samstarf því að baráttan gegn fíkniefnum er alþjóðleg, flóttamannavandamálið er alþjóðlegt og flutningur flóttamanna á milli svæða er alþjóðlegt mál þannig að ég vildi vara við því að alhæfa allt of mikið fyrir fram. Þetta er okkur mikið hagsmunamál og með því að ganga til samninga hlýtur það að vera markmið númer eitt að fylgja Norðurlöndunum og ná fram sem hagstæðustum samningum fyrir Ísland, íslenska hagsmuni og Norðurlöndin í heild. Ef við ætlum að skilja okkur algerlega frá Norðurlöndunum í þessum tilraunum erum við óneitanlega að skilja okkur frá Norðurlandasamstarfinu í hugsun að ýmsu leyti og það getur haft víðtækari afleiðingar en menn gera sér grein fyrir.

[15:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Margt athyglisvert kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. Vissulega er rétt að það eru ekki okkar óskir að það verði einhver grundvallarbreyting á norrænu samstarfi. En hluti Norðurlanda hefur séð fyrir því með þeim ákvörðunum að gerast aðilar að Evrópusambandinu, að það er komið upp allt annað landslag í þeim efnum en ríkt hefur og það er ekki hægt að bera það saman við það sem hefur verið í fortíðinni. Þau lönd sem hafa kosið að standa utan við Evrópusambandið eru í mörgum greinum á allt annarri slóð þrátt fyrir EES-samninginn en þau sem eru komin inn fyrir, þannig að menn verða að skoða þetta út frá þeirri stöðu sem þarna er uppi. Það er athyglisvert m.a. að í Noregi þar sem er allt önnur aðstaða í sambandi við landamæri en hér er á eylandinu Íslandi, hafa margir flokkar í Stórþinginu, þrátt fyrir erfiðar aðstæður sem koma með hinum löngu sameiginlegu landamærum Svíþjóðar og Noregs, lýst andstöðu við Schengen-samkomulagið eins og hugmyndir norsku ríkisstjórnarinnar hafa verið um að tengja Noreg því. Þeirra á meðal er norski miðflokkurinn og fleiri þar á þinginu. Kristilegi þjóðarflokkurinn hefur miklar efasemdir fyrir utan Sosialistisk Venstreparti sem hefur lýst sínum skoðunum. Þetta skulum við hafa í huga þegar við lítum á þessi mál hérna. Ekki það að þeir eigi að taka ákvarðanir fyrir okkur. Ég vildi hins vegar inna hæstv. utanrrh. eftir því hvaða heimildir hann hefur fyrir því að það hafi legið við borð að inn í samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði hefðu komið ákvæði Schengen-sáttmálans eins og hann lá fyrir 1990 þá væntanlega. Hvað hefur hæstv. utanrrh. fyrir sér í þeim efnum? Mér þætti fróðlegt að fá svolítið nánari upplýsingar um það.

[15:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert flókið. Menn hafa

starfað á þessum grundvelli frá árinu 1985 ef ég man rétt og Schengen-samkomulagið byggist á samkomulagi frá árinu 1990. Það mun hafa verið í umræðu við undirbúning þess máls, en það var talið að það væri ekki nægilega langt komið.

Það liggur alveg ljóst fyrir að þjóðir sem koma sér saman um að hafa sem frjálsust samskipti reyna að koma því þannig fyrir að fólk geti farið á milli landa á sem auðveldastan hátt. Það hlýtur alltaf að hafa búið þar undir að greiða fyrir umferð á landamærum og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði fjallar um það og þess vegna er ekkert óeðlilegt að þetta mál hafi verið þar með í myndinni. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir að við Íslendingar höfum ekki undirgengist neinar skuldbindingar að því leytinu til. Við höfum hvorki lofað því í þeim samningi né annars staðar að taka upp þetta Schengen-samkomulag þannig að engin slík skuldbinding liggur fyrir. Það er sjálfstæð ákvörðun okkar þegar þar að kemur hvort við eigum að gera þetta eða ekki. En það er eins og gengur og gerist að þá þurfum við að yfirtaka bæði kostina og gallana. Mér er það vel ljóst að ýmsir eru andvígir þessu í Noregi, en þar liggur m.a. að baki að menn trúa því að öll Norðurlöndin muni þá fylgjast að í því að verða utan við þetta. Ég er ekkert viss um að það sé hægt að treysta á það. Það má vel vera að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson treysti því án þess að ég hafi heyrt hann segja það. En mér hefur fundist það liggja að nokkru leyti að baki m.a. þeirra raka sem hafa komið fram í norska Stórþinginu.

[15:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að það var ekkert inni á borði í sambandi við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði sem tengdist Schengen, þeim hópi ríkja, sex líklega talsins sem 1990 mynduðu sáttmála úr yfirlýsingunni frá 1985. Ég held að það sé villuljós hjá hæstv. utanrrh. Það skiptir sagnfræðina út af fyrir sig meira en veruleika dagsins. Og í þessu sambandi er rétt að nefna að 1991 gefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út sérstaka yfirlýsingu vegna fyrirspurna að mig minnir frá dönsku ríkisstjórninni um það hvers megi vænta í sambandi við aðstæður á landamærum Danmerkur og Þýskalands, en Þjóðverjar voru þá orðnir aðilar að Schengen og Danir höfðu eðlilega áhyggjur. Það var farið að sýna klærnar í því sambandi að nú þyrfti að fara að herða þarna eftirlitið. En það komu einmitt yfirlýsingar um að þetta yrði ekki látið yfir þá ganga og menn mundu geta lifað við norræna vegabréfasambandið þrátt fyrir Schengen-sáttmálann frá 1990. Síðan er aftur hert á í mars sl. þegar ákveðið er að ákvæði hans gangi í gildi með ákveðnum hætti og ströngum. Þá kemur upp þessi nýja staða.

En í sambandi við vegabréfaáritanir, það er gott að vera laus við vegabréf. Það þykir ferðafólki. En hvaða áhrif ætli þetta Schengen-samkomulag hafi gagnvart þriðju löndum? Þar er um að ræða sameiginlega skyldu í sambandi við vegabréfaáritanir. Upplýsingarnar sem reiddar voru fram í norska Stórþinginu á dögunum fela það í sér að þeim ríkjum sem Noregur yrði skuldbundinn til að krefja um vísun, sérstaka vegabréfsáritun sem þriðja ríki fjölgar. Um hvað mörg? 32 talsins. Hvað skyldu vera mörg ríkin sem Ísland yrði að krefja um vegabréfaáritun ef við yrðum aðilar að Schengen? Getur hæstv. utanrrh. upplýst okkur um það?

[15:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég get því miður ekki upplýst það en ég fullyrði að þau eru miklu færri en að því er Noreg varðar því að við erum ekki komnir jafnlangt og Noregur í því sambandi.

Hitt er svo annað mál að það eru ýmsir kostir samfara því að hafa sameiginlega stefnu að því er varðar vegabréfsáritanir. Ég tel t.d. að það auki öryggi að því er varðar fíkniefni. Ég er viss um að það eykur öryggi að því er varðar ýmis mál, t.d. að því er varðar flóttamenn og ýmsa glæpastarfsemi í heiminum. Það eru því ekki bara ókostir við þetta. En aðalatriðið er að þau ríki sem þarna eiga hlut að máli geti haft eðlileg áhrif á hvaða stefnu er þar framfylgt þannig að það séu ekki eingöngu önnur ríki sem ákveða allt í því sambandi, heldur hafi Íslendingar full og eðlileg áhrif í því sambandi.

Við verðum að koma á sameiginlegri stefnu í þessum málum að því er varðar Evrópu. Það þjónar ekki hagsmunum okkar eða hagsmunum Evrópu að vegabréfaáritanir og reglur um þær séu út og suður og þetta sé sitt á hvað í hinum ýmsum löndum. Við höfum reynt að samræma þá hluti með hinum Norðurlöndunum, þótt það hafi ekki tekist að öllu leyti. Þegar ekki hefur verið um samræmingu að ræða, þá hefur það almennt verið til vandræða að því er varðar Norðurlöndin þannig að ég tel það kost, ef við yrðum aðilar að þessu samstarfi sem ég ætla ekkert að fullyrða um á þessu stigi, ef þar væri rekin algerlega sameiginleg pólitík.

[15:17]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa skýrslu. Hún er á vissan hátt fróðleg þótt jafnframt sé ljóst að mikið er enn eftir af heimavinnunni áður en til ákvörðunar getur komið í málinu.

Mér virðist ljóst að um er að ræða mjög margar áleitnar pólitískar spurningar sem hér er ekki tekin afstaða til og vafalaust eru mjög skiptar skoðanir um eins og hefur komið fram í þessari umræðu, þótt líklegt sé að flestir vilji áframhaldandi sameiginlegt vegabréfasamband við Norðurlöndin og jafnvel að það verði útvíkkað til Schengen-ríkjanna. Að auki á eftir að finna út hver kostnaðaraukinn verður, svo og aðrar efnahagslegar afleiðingar af þátttöku okkar í þessu samstarfi. Því vil ég spyrja hæstv. dósmrh. nánar um meðferð þessa máls og tímasetningar í því sambandi.

Í fyrsta lagi: Hvenær mun liggja ljóst fyrir hver kostnaður verður af aðild okkar að Schengen-samstarfinu og nánari upplýsingar um efnahagslegar afleiðingar þátttökunnar, svo og pólitískt mat ríkisstjórnarinnar á því að taka þátt í þessu samstarfi og að gera það ekki? Er að vænta einhvers slíks mats á næstunni?

Þá vil ég spyrja hvort hæstv. dómsmrh. er kunnugt um hvers vegna England og Írland, sem eru eyjur eins og Ísland, hafa ekki óskað eftir aðild að samstarfinu.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. eða utanrrh. hvernig þeir sjá fyrir sér ákvarðanatöku í þessu máli. Hvenær gera þeir ráð fyrir að þingið komi formlega að ákvörðun í þessu mikilvæga máli? Er það réttur skilningur hjá mér að ákvörðun verði að liggja fyrir í málinu fyrir 15. janúar 1996 eða verður möguleiki á að gerast aðili að þessu samkomulagi síðar ef vilji Alþingis liggur í þá átt?

[15:19]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel að þessar umræður séu gagnlegar og nauðsynlegar í þessu máli. Það hefur verið afskaplega þarft

verk hjá hæstv. dósmrh. að leggja fram þessa skýrslu og kynna málið með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Ég tel hins vegar að þetta mál sé kannski ekki alveg nægilega skýrt fyrir þingmönnum öllum. Ég lít svo á að það sé eingöngu vegabréfaskoðun sem þetta mál snýst um, en ekki tollskoðun. *Ég tel að það hafi verið misskilningur hjá* hv. 4. þm. Norðurl. v., sem nú situr á forsetastóli, að blanda þessu tvennu saman enda stendur það í skýrslu ráðherrans að megininntak Schengen-samningsins sé frjáls för fólks innan þeirra ríkja sem eru þátttakendur í samstarfinu og afnám persónueftirlits á landamærum ríkjanna. Þetta þekkjum við auðvitað úr okkar Norðurlandasamningi, það er ekki krafist vegabréfs við komu milli landanna eða för milli landanna, en það er hægt að skoða í farangurinn hjá fólki ef því er að skipta. Ég tel að það hljóti að vera okkar samningsmarkmið í þessu máli að tryggja að við náum sambærilegu skipulagi að því er þetta varðar og ég held að það hafi reyndar verið það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði. Og það kemur reyndar líka fram í máli hæstv. dómsmrh. að þátttakan í Schengen geri ekki ráð fyrir neinum breytingum á efnahagssamstarfinu samkvæmt EES-samningnum og við munum eftir sem áður ekki taka þátt í tollasamstarfi eða sameiginlegri skatta- og gjaldapólitík. Af þessu leiðir að við getum sem hingað til innheimt tolla og gjöld af vörum sem komið er með til landsins, svo og haft eigin reglur um gjaldfrjálst magn áfengis og fleira ásamt heimild fyrir tollyfirvöld til að hafa eftirlit með því sem ferðamenn bera með sér. Ég held að þetta verði að vera alveg ljóst, enda kemur það svo sem einnig fram í niðurlagi máls ráðherrans að fyrirkomulagið verði þannig að farþegar í flugi innan Schengen-svæðisins ferðist að meginstefnu til án vegabréfaskoðunar eins og í innanlandsflugi, þ.e. án vegabréfs eins og í innanlandsflugi. En það er ekkert talað um það hér að tolleftirlit geti ekki verið eftir sem áður eins og okkur kann að henta á hverjum tíma. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði vegna þess að það hefur borið mikið á góma í þessum umræðum.

Hins vegar vil ég segja að ég er alveg sammála því sem hér hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. að það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgja Norðurlöndunum í þessu máli. Það skiptir miklu máli bara í sjálfu sér eins og kom fram í hans máli og hefur komið fram hjá fleirum. En auðvitað eru aðstæður hins vegar mjög ólíkar með okkur og Norðmönnum. Það hefur líka komið fram, m.a. hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Ég tel að það væri gersamlega óbærilegt fyrir Norðmenn að ætla að taka upp vegabréfaskoðun á landamærum Noregs og Svíþjóðar eins og blasir við ef annað landið er innan Schengen-svæðisins en hitt fyrir utan. Það er óbærileg tilhugsun og verður auðvitað óframkvæmanlegt.

Þá má spyrja: Geta þá Svíar ekki verið fyrir utan Schengen? Því er svarað í ræðu ráðherrans að því hafa þeir ekki áhuga á, enda kemur þá upp sama staða — ef Danir, Svíar og Finnar eru fyrir utan Schengen-svæðið — á landamærum Danmerkur og Þýskalands. Þetta hefur komið fram meira og minna í umræðunum. En við erum hins vegar ekki í þessari stöðu. Við höfum ekkert Svínasund þar sem fara 6 millj. bíla á ári yfir landamærin þannig að aðstaðan er auðvitað önnur að því er okkur varðar. Hins vegar er það mikilvægt, finnst mér, að við höfum samstarf og fylgjumst að með Norðurlöndunum í þessu efni. Og auðvitað held ég að það sé eðlilegt framtíðarmarkmið fyrir okkur og fyrir aðrar Evrópuþjóðir að draga úr vegabréfaeftirliti, eftirliti með ferðum manna, einstaklinga yfir landamæri eins og hægt er.

Ég held að það hafi ekki verið fyrr en eftir 1914 eða eftir fyrri heimsstyrjöldina sem almennt var farið að krefjast vegabréfa á landamærum milli ríkja í Evrópu og er út af fyrir sig ágætt ef hægt er að hverfa frá því þó menn hafi auðvitað eðlilegt eftirlit með glæpastarfsemi, fíkniefnasmygli og tolleftirlit eftir sem áður. En þetta tel ég að sé mikilvægt markmið og mikilvægt fyrir okkur Íslendinga. En við hins vegar getum ekki leyft okkur að segja að þetta megi kosta hvað sem er og það er spurningin sem varpað er fram í lokamálsgrein skýrslunnar: „Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að kostnaður getur hindrað þátttöku í þessu samstarfi."

Þetta vitum við því miður ekki nægilega mikið um á þessari stundu. Menn hafa verið að spyrja að því í þessari umræðu: *Hvað kemur þetta til með að kosta? Hvenær* kemur það í ljós? Þetta er greinilega ekki alveg ljóst enn sem komið er, en auðvitað er mikilvægt að fá það fram sem fyrst. Erum við tilbúin að borga þetta hvaða verði sem er? Það er auðvitað samviskuspurning sem við verðum að gera upp við okkur þegar staðreyndirnar í málinu liggja nægilega skýrar fyrir. Við getum ekki leyft okkur að svara því fyrir fram en ég tel að við eigum að leggja heilmikið á okkur til þess að geta verið aðilar að þessu samstarfi vegna okkar nána sambands við Norðurlöndin en líka vegna þess að við viljum geta tryggt okkar borgurum vegabréfalaus ferðalög til landanna í Evrópu og höfum ekki á móti því að borgarar í öðrum Evrópulöndum geti komið hingað á eins einfaldan hátt og hægt er.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég vogaði mér að biðja um andsvar við ræðu hv. þm. og formanns utanrmn. Ég vil fyrst og fremst segja að ég held í sjálfu sér að það sé enginn misskilningur í gangi í þingsalnum af neinna hálfu um að við erum ekki að ganga með einhverjum tengingum við Schengen-samninginn inn í tollabandalag. Það er ljóst að við höldum okkar óháðu stöðu hvað það snertir.

Menn taka svo til orða að það eigi að afnema persónuftirlit innan svæðisins, en af hálfu Schengen-ríkjanna og á grundvelli þess samnings jafngildir það í reynd að heföbundið landamæraeftirlit er fellt niður. Það er víðtækara heldur en bara vegabréfaeftirlit og það sem spurt er um hér er að mínu mati fyrst og fremst það hvernig því verður viðkomið af okkar hálfu af því að okkar staða gagnvart samkomulaginu er önnur. Ég held að menn hafi ekki útskýrt það hér hvernig þetta er annars vegar framkvæmt innan Schengen-svæðisins og niður í Evrópu, að þar er í reynd um það að ræða að heföbundið landamæraeftirlit á landamærum leggst af en í staðinn er eftirlit á ytri mörkum svæðisins hert og enginn veit í raun og veru hversu mikið það kemur til með að kosta. Og svo hitt að við getum staðið einhvern veginn öðruvísi að framkvæmdinni hér, eins og mætti jafnvel ráða af útskýringum hæstv. dómsmrh. og að nokkru leyti lá í orðum hv. síðasta ræðumanns, að við getum eftir sem áður framkvæmt þetta þannig að hér verði eingöngu um að ræða afnám vegabréfaeftirlits. Ég er ekki viss um að þetta verði svo auðvelt þannig. Og hvernig menn ætla annars vegar að fella niður allt eftirlit með einstaklingunum en viðhalda því hins vegar varðandi þann varning sem þeir kunna að hafa með sér án þess að heföbundið landamæraeftirlit fari fram, það er óútskýrt mál í mínum huga. Það er það sem ég hef fyrst og fremst verið að lýsa eftir og spyrja um. Sem sagt hvernig menn ætla að

standa að þessu, tæknilega, kostnaðarlega og pólitískt.

[15:28]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé gert of mikið úr ákveðnum atriðum. Það sem hefur komið fram í umræðunum er m.a. að það geta ekki aðrir orðið fullgildir aðilar að Schengen-samkomulaginu en þeir sem eru aðilar að ESB. Það sem við erum að tala um er samkomulag, samningur Íslands og Noregs annars vegar við þessi lönd sem fullnægir okkar þörfum eða óskum. Í því sambandi tel ég að okkar markmið eigi að vera frjáls för einstaklinga, vegabréfalaus för einstaklinga yfir landamæri. En það þýðir ekki sjálfkrafa fyrir okkur, a.m.k. ekki að mínu mati, að við fellum þar með niður allt tolleftirlit. Ég tel að það eigi þá í það minnsta að vera okkar markmið að semja um það þannig að við þurfum ekki að falla frá því, enda þekkjum við það úr norræna samningnum hvernig þetta er framkvæmt. Það er önnur aðgerð að hleypa fólki í gegnum vegabréfaskoðun en að tollskoða þann varning sem viðkomandi tekur með sér. Hún fer ekki fram á sama stað í viðkomandi mannvirki þar sem menn fara í gegn, hvort sem það er í flugstöð eða á hafnarbakka, þannig að ég sé ekki að þarna sé neitt vandamál á ferð og raunverulega sé ég ekki að það sé neinn ágreiningur um þetta. En ef eitthvað er óskýrt í þessu máli þá er það auðvitað eitt af því sem þarf að upplýsa í viðræðunum á næstunni.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef samningsmarkmið Íslands í þessum viðræðum yrði það að ná vegabréfasambandi og fella niður vegabréfaeftirlit innan svæðisins en halda að öllu öðru leyti virku landamæraeftirliti þá erum við hv. þm. í fyrsta lagi sammála og í öðru lagi held ég að málið mundi leysast prýðilega ef það yrði svo og um þetta semdist. Þess vegna var ég m.a. að lýsa eftir samningsmarkmiðum hæstv. ríkisstjórnar. Eru hæstv. ráðherra og ríkisstjórn tilbúin til að lýsa því yfir að þannig vilji hún reyna að ná samningum, að í því felist eingöngu að ná vegabréfasambandi og semja um að við þurfum ekki að viðhafa vegabréfaskoðun og verðum að því leyti hluti af þessu stóra svæði en að öllu öðru leyti getum við haldið virku landamæraeftirliti? Þetta er auðvitað mergurinn málsins og lykilatriði hvort um víðtækari aðild okkar að þessu verður að ræða eða ekki vegna þess að Schengensamningurinn er viðleitni þeirra ESB-ríkja sem þar eiga í hlut, og þeim fer fjölgandi, til að hrinda í framkvæmd ákvæðum Rómarsáttmálans um afnám landamæraeftirlits en um það er sérstök grein í Rómarsáttmálanum. Það hefur bara verið valin sú leið af ýmsum ástæðum, aðallega pólitískum, og pólitískum vandamálum sem eru uppi í samskiptum einstakra Evrópusambandsríkja að gera þetta í formi sjálfstæðs sáttmála sem aðeins fá þeirra voru aðilar að í byrjun. Ég spurði aðallega um þetta. Ef menn verða svo gæfusamir, vil ég leyfa mér að segja, að ná samstöðu um það að samningsmarkmið Íslands eigi fyrst og fremst að vera þau að ná vegabréfasamningi þá held ég að það væri verulega stórt skref í rétta átt.

[15:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að nota tækifærið og bæta aðeins við þessa umræðu vegna þess að ekki er víst að það gefist færi á því alveg á næstunni að koma aftur að þessu á Alþingi og eðlilegt að reyna að nota tækifærið í framhaldi af skýrslu hæstv. dómsmrh. um málið.

Ég er að velta fyrir mér hvernig Alþingi geti sem best aflað þeirra upplýsinga sem ég tel alveg nauðsynlegar til þess að menn átti sig sem best á málinu áður en til ákvarðana kemur. Ég hef ákveðnar óskir í þeim efnum fram að færa við hæstv. ráðherra og má vera við báða viðstadda hæstv. ráðherra, utanrrh. og dómsmrh., því vissulega tengist málasviðið báðum ráðuneytum þeirra. Það er þá í fyrsta lagi að þingið fái í hendur grundvallargögn í málinu. Að þingmenn fái það fyrsta í hendur Schengen-sáttmálann sjálfan, helst á íslensku, en hann er talsvert mál, upp á 142 greinar auk nokkurra fylgitilvísana. Það ætti að vera auðvelt því ekki er þetta neitt leyndarplagg á neinn hátt. Ég held líka að nauðsynlegt sé að þingmenn fái í hendur þær athuganir sem fram hafa farið, m.a. á norrænum vettvangi um þessi efni, þar á meðal ágæta skýrslu sem vinnuhópurinn, sem skipaður var eftir yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda, tók saman upp á 45 bls. og heitir Schengen-sáttmálinn og hið norræna vegabréfafrelsi og er undir heitinu Tema Nord 1995 nr. 582. Þarna er að finna býsna glögga samantekt af hálfu embættismanna allra landanna sem í hlut eiga. Mér finnst alveg nauðsynlegt að þingheimur hafi aðgang að þessu. Ég eyddi hálfum degi í að pæla í gegnum þetta og fleiri pappíra þessu skylda mér til verulegs fróðleiks fyrir alllöngu, þegar skýrslan kom út. Þarna eru dregin fram fjölmörg atriði sem hljóta að vera álitamál. Ég undrast satt að segja hvernig þingmenn geta hrist fram úr erminni skoðanir í sambandi við þetta mál, álit eins og mér fannst einnig koma fram hjá fulltrúa Kvennalistans í umræðunni áðan, að það væri um að gera að halda þessu vegabréfafrelsi og helst að fá það fleirum í hendur og svo væri það spurning um kostnað. Það finnst mér að vísu ekki ómerkt atriði en mér finnst það ekki vega sem meginatriði í málinu. Við þurfum að vita hverju við hyggjumst ná, hver er ávinningurinn og hverju erum við að fórna áður en við tökum upp þetta kostnaðarmál, sem auðvitað skiptir máli þegar menn eru að leggja mat á það hverju þeir vilja til kosta. Það er væntanlega vegna þess að svo margir jákvæðir þættir eru í boði.

Síðan eru efni sem mér finnst að sérstaklega þurfi að lýsa inn í, en þau snerta upplýsingaöflun, þ.e. kerfið Schengen Information System sem er nátengt og sama eðlis og European Information System eða upplýsingakerfi Evrópu. Hugmyndin er að koma því upp í Evrópusambandssamhengi ef evrópski landamærasáttmálinn sem liggur fyrir, en er ekki staðfestur fyrir Evrópusambandið sem heild, kæmi til framkvæmda. M.a. hefur staðið á því að Bretar, Írar og fleiri ríki Evrópusambandsins hafi viljað gerast aðilar að evrópska landamærasamningnum. Í þessu mikla upplýsingakerfi er farið inn á þætti, sem mér finnst ekki sjálfgefið að eigi að opna fyrir í sambandi við upplýsingar, til að vega á móti því neikvæða sem menn viðurkenna að felist í þessu kerfi, eða erfiðara eftirlit með afbrotum og afbrotafólki, smygli á fíkniefnum og slíkum málum sem verða sífellt meira vandamál innan Evrópu. Auðvitað er það ekki bara bundið við Evrópusambandið eða Evrópskt efnahagssvæði, Austur-Evrópa á þarna líka í stórfelldum og vaxandi vandamálum. Hvaða reglur eiga að gilda um þessa upplýsingasöfnun? Menn eru þar algerlega inni á gráu svæði. Öryggi ríkisins, sem hæstv. ráðherra minntist á, er m.a. mat á því hvort viðkomandi einstaklingur ógnar öryggi ríkisins. Og hvert er hið lýðræðislega eftirlit með þessu Schengen Information System?

Hvaða möguleikar eru á innsæi í því og eftirliti, m.a. af hálfu þjóðkjörinna fulltrúa? Eða að staðið sé við orð og yfirlýsingar um að upplýsingum sé ekki bara safnað inn heldur séu þær jafnvel þurrkaðar út og að farið sé vel með þær. Ég bið um það, hæstv. ráðherra, að farið sé ofan í þessi efni út frá eðlilegri persónuvernd og slíkum viðhorfum. Sagt er að þetta stangist ekki á við alþjóðasamþykktir að þessu leyti og gott ef satt er. En hvað þetta snertir eru miklar áhyggjur innan Vestur-Evrópu og Norðurlandanna. Um það geta menn lesið sem fylgjast með umræðum um þessi mál. Það eru miklar áhyggjur út af þessari upplýsingaöflun, þessum persónunjósnum í neikvæðri merkingu, sem eiga auðvitað að vega upp á móti miklu auðveldara landslagi til að ferðast í fyrir þá sem notfæra sér það í neikvæðum tilgangi, m.a. til að smygla og koma óæskilegum varningi eins og fíkniefnum á markað.

Að því er það mál varðar vil ég vitna í ágæta grein sem ég held að væri fróðlegt fyrir áhugamenn um þetta að lesa. Hún er eftir Martin Sæter og birtist í tímaritinu International Politics og heitir Schengen-avtalen og Norge, Norge í skjæringspunktet mellom europeiske og nordiske rammer. Greinin er ekki mjög löng en hún fer mjög vel, finnst mér, ofan í aðalatriði málsins. Þar er m.a. vitnað til þessara þátta og til sænskra athugana, greinargerða sem liggja fyrir í sambandi við landamæraeftirlit. Þar má og geta annarrar greinargerðar, sænskrar, sem varðar nauðsynina á samstarfi lögreglu og tollyfirvalda annars vegar og annarra sem eiga að gæta landamæra, m.a. með tilliti til smygls á fíkniefnum og slíkum óæskilegum atriðum. Þannig að það liggur heilmikið fyrir af efni um þessi stóru mál hjá nágrannalöndum. Mér finnst æskilegt fyrir þingheim að fá aðgang að þessu. Ég vil hvetja hæstv. dómsmrh. til þess að reiða það fram fyrir okkur þingmenn til þess að við eigum auðveldara með að átta okkur á þeim mörgu álitaefnum sem hljóta að vera uppi í þessu stóra máli.

Enginn ágreiningur er um að hindranalitlar ferðir fyrir fólk landa á milli eru æskilegar út frá sjónarhóli þess sem ferðast, þar á meðal þykir okkur afar vænt um norræna vegabréfasamstarfið eins og það hefur verið, þótt íslenskur ferðamaður sem fer til útlanda hafi oftast í reynd með sér vegabréfið til vonar og vara. Auðvitað auðveldar þetta og kemur í veg fyrir tafir og hindranir á landamærum. Á móti kemur hins vegar, þegar litið er á þetta út frá sjónarmiði Evrópusambandsins, að þétta verður sem best ytri landamærin gagnvart flóttamönnum, gagnvart þeim sem óæskilegir teljast, og það ekki bara inn á við. Mig langar að biðja hæstv. dómsmrh. að skýra okkur betur frá því, sem hæstv. ráðherra víkur aðeins að með einni setningu í ræðu sinni, að ætlast er til einnig að haft sé eftirlit með því hverjir fara út af svæðinu. Í reynd hefur það ekki verið gert af hálfu margra þeirra sem sækja nú um aðild, áheyrnaraðild og síðan fulla aðild að Evrópusambandinu. En það felst í skuldbindingum Schengen að það er einnig eftirlit út af svæðinu. Þar eru því þættir sem menn þurfa líka að taka með í reikninginn. Það eðlilega verið að tala um virkið Evrópu í sambandi við Evrópusambandið og þá sem því tengjast nánast og ekki að ástæðulausu. Evrópusambandið er að þróast í þétt samstarf, eins og á þeim málum hefur verið haldið, og þéttir netin gagnvart þriðju aðilum. Við Íslendingar þurfum auðvitað að meta það í okkar almennu utanríkisstefnu hvað við viljum taka mikinn þátt í þessu, hvort við séum alveg vissir um að við eigum að afsala okkur sjálfræði í sambandi við utanríkisstefnu gagnvart þriðju ríkjum til þess að vera í þessu samstarfi og þurfa að lúta ákvörðunum þess, jafnvel án þess að fá nokkru um það ráðið hverjar þær ákvarðanir eru.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu lengur en nauðsynlegt er. Kem ég þá aðeins að spurningunni um það sem liggur í ræðu ráðherrans og kom líka fram hjá hæstv. utanrrh. að það væri skilyrt af hálfu Íslands að við gætum verið fullgildir þátttakendur í ákvörðunum Schengen. Það væri skilyrt. Og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh.: Telur hann líkur á því eins og málin standa núna í áþreifingum að þessu markmiði um fulla hlutdeild í ákvarðanatöku Schengen verði fullnægt en það hafa hæstv. ráðherrar báðir, dómsmála og utanríkismála, gert að miklu máli í sambandi við mat á þessu. Það tel ég vera mjög stórt atriði eins og margt sem hér hefur verið rætt annað en kostnaður og peningar. Það þarf að sjálfsögðu að meta. En það eru hin atriðin sem við þurfum að fá sem ljósust á borðið áður en við förum að velta fyrir okkur krónum og aurum í þessum málum.

[15:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið um margt gagnlegar og auðvitað er það brýnt að Alþingi fjalli um svo mikilvægt mál sem þetta. Það hefur komið fram í umræðunum að vissulega er margt enn óljóst. Þær viðræður sem fram hafa farið eru fyrst og fremst könnunarviðræður og það ræðst af fundi Schengen-ráðherranna núna 20. desember hvort þeir fá pólitískt umboð til þess að hefja formlegar samningaviðræður. Þegar þær fara af stað má vænta að fram komi með skýrari hætti hver staða málsins verður í raunverulegum samningum. Ekki hafa verið settar neinar ákveðnar tímasetningar í þessu efni, en menn hafa rætt möguleikana á því að fullgildingarferli yrði lokið fyrir 1. janúar 1998.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. varpaði fram þremur spurningum og reyndar komu sumar þeirra fram frá fleiri hv. þm. Í fyrsta lagi hver kostnaðurinn yrði sem af þessu hlýst og hvenær líklegt er að við fáum fullnægjandi vitneskju um það. Það er ljóst að á þessu stigi vitum við ekki hver kostnaðurinn er og þess vegna verðum við að gera þann fyrirvara að hann getur breytt okkar áformum. Við stefnum að því að í meginatriðum liggi þessar upplýsingar fyrir fjótlega. Ég get ekki sagt hversu fljótt, en það er lögð á það rík áhersla að hraða upplýsingaöflun þar um.

Í öðru lagi spurði hv. þm. að því hvort Noregur fengi aðra meðferð eða meiri völd en Íslendingar. Svo er ekki. Norðurlandaþjóðirnar eru í samfloti, einnig Ísland og Noregur sem hafa aðra stöðu en þau ríki sem eiga aðild að Evrópusambandinu.

Loks spurði hv. þm. hvort Ísland fengi meiri áhrif en innan EES. Að hluta til kemur sú spurning inn á það sem hv. 4. þm. Austurl. spurði að í lokin um það hversu miklar líkur væru á því að Ísland og Noregur hefðu áhrif á ákvarðanatöku innan Schengen-ráðsins.

Í þeim undirbúningsviðræðum sem fram hafa farið höfum við lagt á það mjög ríka áherslu að við yrðum að fá rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana og umræðum um ákvarðanir. Það er hins vegar svo að við getum ekki orðið fullgildir aðilar að Schengen vegna þess að það fá aðeins aðildarríki Evrópusambandsins. Við höfum velt upp þeirri hugmynd að aðild okkar gæti að formi til orðið svipuð og aðild Finnlands að Fríverslunarsamtökunum á sínum tíma þar sem Finnar höfðu seturétt og málfrelsi á fundum ráðherraráðsins og tóku þátt í nefndarstörfum í undirnefndum.

Síðan yrði að finna sérstakt form fyrir ákvarðanir sem yrðu bindandi fyrir Ísland og Noreg. Það er auðvitað ljóst að hvorki Ísland né Noregur geta hindrað framgang samhljóða ákvarðana Schengen-ríkjanna. Þetta er ekki ljóst enn þá, en skýrist væntanlega þegar Schengen-ríkin taka ákvörðun um með hvaða hætti og á hvaða grundvelli þau eru tilbúin til að ganga til formlegra samningaviðræðna við Norðurlöndin og þar á meðal Ísland og Noreg, en á þetta hefur verið lögð mjög rík áhersla af okkar hálfu.

Það hefur komið fram að Ísland og Noregur hafa mjög nýlega fengið spurningalista sambærilegan þeim sem Norðurlandaþjóðirnar sem eiga aðild að ESB og hafa sótt um aðild að Schengen hafa fengið. Við stefnum að því að svara þessum spurningum fljótlega í næsta mánuði og ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu kynna svör Íslands fyrir hv. utanrmn. áður en þau verða send. Og öll gögn sem fyrir liggja verða vitaskuld kynnt hv. utanrmn., af því að um það var spurt og ég veit ekki betur en að nokkur hafi þegar í morgun verið send til nefndarinnar. En að sjálfsögðu verður öllum gögnum til skila haldið í þeirri umfjöllun.

Spurt var hvers vegna áhersla hefði verið lögð á að ljúka umfjöllun innan Schengen um samningsumboð þeirra áður en Belgar láta af formennsku í Schengen-ráðinu. Hugsanleg ástæða fyrir því er sú að ekki þurfi að koma til þess að menn gangi aftur í gegnum þær viðræður sem átt hafa sér stað þegar nýr formaður tekur við um áramótin. Það er mikilvægt að það skýrist sem allra fyrst hvaða umboð Schengen gefur formennskunni til samninga og vissulega höfðum við vænst þess að það lægi fyrir fyrr en orðið hefur. Það má með vissum hætti segja að það hafi orðið nokkur dráttur á því að sú niðurstaða fengist.

Það var vikið að hagsmunum Flugleiða í þessu efni og það er vissulega rétt að eitt af þeim atriðum sem við þurfum að gæta að eru hagsmunir þeirra. Þeir koma hingað með mjög marga farþega á tiltölulega stuttum tíma sem þeir eru að flytja milli Ameríku og Evrópu og við lausn á þessu máli verður að gæta að þeim hagsmunum. Það er útilokað að mínu áliti að niðurstaða geti fengist í þessu máli nema hún sé fullnægjandi fyrir þessa mikilvægu atvinnustarfsemi sem skapar svo miklar gjaldeyristekjur fyrir okkur Íslendinga.

Þá var að því spurt hvers vegna Bretar og Írar hefðu kosið að standa utan þessa samstarfs. Að sjálfsögðu kann ég ekki full skil á því en ég geri hins vegar fastlega ráð fyrir að þeir hafi einfaldlega kosið að hafa tækifæri til þess að hafa sitt eftirlit með fólki sem kemur og fer frá landinu og hafi ekki viljað taka þátt í því frelsi sem Schengen-reglurnar gera ráð fyrir.

Þá var að því spurt hvort það væri rétt skilið að í eftirliti á ytri landamærum fælist að hafa yrði eftirlit með þeim sem fara út af svæðinu. Það er svo að reglurnar gera ráð fyrir því.

Ég held þá, herra forseti, að ég hafi vikið að flestum beinum spurningum sem hafa komið fram. Auðvitað er þetta mikið álitaefni sem við stöndum frammi fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að verða samferða Norðurlandaþjóðunum í þessu efni ef þess er nokkur kostur. Við höfum átt samleið með þeim á þessu sviði um langt árabil og samstarf þessu tengt hefur skilað góðum árangri eins og í lögreglumálum og afbrotavörnum. Ég er alveg sannfærður um að samkomulag af því tagi sem við erum að fjalla um, sem yrði miklu víðtækara og næði til fleiri landa, myndi styrkja stöðu okkar. Ég held að við hljótum að vera um það sammála að barátta gegn glæpum og fíkniefnamisferli er eitt af því mikilvægasta sem við eigum við að glíma og við megum ekki, á sama tíma og við þurfum að leita allra leiða til að ná tökum á því verkefni, gera þær aðferðir tortryggilegar sem skila mestum árangri á því sviði eins og það sameiginlega upplýsingakerfi sem við gætum gerst aðilar að. Á það var bent að inn í þetta kerfi væru komnar 2 milljónir færslna og að sýnir einmitt hversu öflugt kerfið er. Með slíku samstarfi eigum við að öllum líkindum miklu meiri og betri möguleika á að verjast í þessum efnum en fram til þessa.

Ég skil sjónarmið þeirra sem eru pólitískt andvígir því að við tökum þátt í Evrópusamstarfi og því aukna frelsi sem þar hefur verið að myndast á undanförnum árum. Við höfum hins vegar kosið, þó að við höfum ekki ákveðið að gerast aðilar að Evrópusambandinu með öðrum Norðurlandaþjóðum, að taka þátt í innri markaði Evrópusambandsins. Og við erum í reynd aðilar að langsamlega stærsta hluta löggjafar Evrópusambandsins af því við viljum taka þátt í því frelsi og því samstarfi sem það gefur okkur. Það eru fyrst og fremst atriði sem lúta að mikilvægum efnahagslegum hagsmunum okkar eins og sjávarútvegi sem hafa gert það að verkum að við sóttum ekki um aðild ásamt Norðurlandaþjóðunum. En mikill meiri hluti Alþingis og þjóðarinnar hefur mótað þá stefnu að við verðum virkir þátttakendur í þessari þróun svo langt sem efnahagslegir hagsmunir okkar leyfa og þá höfum við að sjálfsögðu látið sitja í fyrirrúmi. Ég tel að samstarfið geti verið þáttur í að útvíkka þessa þróun og styrkja að öllu leyti og ég tel að það væri mjög óheppilegt svo ekki sé tekið dýpra í árinni ef svo færi að við yrðum viðskila við hin Norðurlöndin á þessu sviði, þar með að því er varðar samvinnu um lögreglumál og eftirlit með glæpum. Ég tel að það yrði mjög miður. En auðvitað geta menn haft mismunandi pólitískar skoðanir að þessu leyti og ég virði önnur pólitísk viðhorf sem menn hafa uppi að þessu leyti.

Síðan komum við að því að það kann vel að vera að kostnaður við þetta verði á endanum of mikill. Um það getum við ekkert sagt í dag. En við verðum líka að hafa það í huga að þróun samgangna og ferðalaga leiðir auðvitað til þess að við þurfum að þróa okkar samgöngumannvirki. Við munum taka við fleiri ferðamönnum á komandi árum en við höfum gert.

Það kom til að mynda fram í umræðunum spurning um það hversu mörg lönd það eru sem við höfum samkomulag um að þurfa ekki áritunarskyldu og þar sem breytingar þyrftu að koma til. Þetta er um 23 lönd. Þar af eru fjögur lönd þar sem frelsið á einungis við um diplómata, þannig að í reynd eru þetta um 19 lönd. Hingað komu á síðasta ári 50 ferðamenn frá þessum löndum þannig að af þessum tölum verður ekki ráðið að hér sé um meiri háttar vanda að etja. En aðalatriðið er að það er mikilvægt fyrir okkur ef við eigum þess kost og ef það rúmast innan skynsamlegra kostnaðarmarka við þær breytingar sem við þurfum að gera á okkar samgöngumannvirkjum að taka þátt í þessu samstarfi.

[16:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var athyglisvert sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hann gerði ráð fyrir því að þeir sem væru að fjalla um þessi efni af hálfu ríkisstjórna Norðurlanda væntanlega og í samvinnu við Evrópusambandið telji að það yrði ekki fyrr en 1. janúar 1998 sem fullgildingarferli hugsanlegs samkomulags þyrfti að vera lokið. Á sama tíma

stendur yfir eða er kannski að baki ríkjaráðstefna Evrópusambandsins. Ég vil aftur minna á það sjónarmið hvort ekki sé eðlilegt varðandi þetta mál að doka við eftir ákvörðunum sem sú ráðstefna kynni að taka og þeim breytingum sem yrðu í kjölfarið innan Evrópusambandsins. Ég nefni það hér.

Varðandi aðstöðuna til að eiga hlut í ákvörðunum fannst mér dregið mjög mikið niður frá þeim texta sem hæstv. ráðherra las okkur í upphafi um hversu brýnt það væri að Íslendingar yrðu fullgildir þátttakendur í ákvörðunum Schengen. Eftir mál ráðherrans stóð samlíking við aðstöðu Finna innan EFTA á sínum tíma, ef ég hef tekið rétt eftir, þegar þeir höfðu þar seturétt, málfrelsi og þátttöku í nefndarstörfum. Þá leggst ekki mikið fyrir ef þetta er markmiðið. Og mér finnst mikill munur á því sem sagt var þarna í upphafi og því sem eftir stendur.

Varðandi fíkniefnamálið sem hér kom ítrekað til umræðu, vil ég óska eftir því við hæstv. ráðherra að við fáum greinargerð, að Alþingi fái greinargerð þeirra sem eru aðallega að fást við þau efni að verjast innkomu fíkniefna og hlutlægt mat á stöðunni eftir að við höfðum undirgengist meginreglur Schengen-samkomulagsins að þessu leyti.

Það kom ekki fram heldur, virðulegur forseti, hver staðan yrði eða hver þörf væri á breytingum við innkomu t.d. ferju til Seyðisfjarðar. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að bæta þar úr ef hann hefur þær upplýsingar að gefa. Mér er alveg ljóst að það er önnur aðstaða en á Keflavíkurflugvelli að því er varðar aðkomu frá löndum utan Schengen-svæðisins og Evrópusambandsins, en það væri gott ef ráðherra hefði eitthvað um það að segja.

[16:05]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram að auðvitað er nauðsynlegt í allri umfjöllun um þetta mál að fara yfir öll atriði og þar á meðal þá möguleika sem slíkt samstarf gefur til þess að styrkja baráttu okkar gegn fíkniefnaafbrotum. Ég vona að í umfjöllun málsins, bæði í þinginu og annars staðar, verði rækilega um það fjallað og ráðuneytið er fyrir sitt leyti tilbúið til þess að leggja því lið.

Það þarf auðvitað að huga að annarri aðstöðu en á Keflavíkurflugvelli eins og á Seyðisfirði, en mér býður í grun að þar sé um miklu minni atriði að ræða heldur en varðar Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

Varðandi það sjónarmið hv. þm. að rétt sé að bíða með ákvarðair í þessu efni fram yfir ríkjaráðstefnuna er ég honum þar allsendis ósammála og tel að það séu engin rök fyrir því að tengja þennan feril saman við ríkjaráðstefnuna. Í sjálfu sér getum við fengið verulega reynslu með þátttöku í þessu samstarfi, en ég tel ekki að það séu nein rök til þess að bíða með ákvarðanir og hitt skipti miklu meira máli að við getum fylgt hinum Norðurlöndunum eftir.

Auðvitað er það svo varðandi þátttöku okkar í ákvörðunum að þar sem við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu getum við ekki gerst fullgildir meðlimir og getum þar af leiðandi ekki útilokað framkvæmd samhljóða samþykkta fullgildra aðildarríkja Schengen. En það skiptir okkur mjög miklu máli að við getum tekið þátt í öllum undirbúningi ákvarðana og umræðum um þær og að formhlið á samþykktum sem verða bindandi fyrir okkur verði með fullnægjandi hætti. Og að því hljótum við að vinna í þessari samningsgerð.

[16:08]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins nánar varðandi stöðuna gagnvart ákvörðunum Schengen. Mér sýnist miðað við að við erum ekki þátttakendur í ákvörðunum, ég hafði svo sem ekki búist við að það væri í sjónmáli, að þá standi eftir að varðandi ákvarðanir um önnur atriði, breytingar á Schengen og öðru sem því tengist, þá væru Íslendingar orðnir þolendur þess ef þeir ekki segja sig frá og fá engu um ráðið. Þetta er hliðstætt því sem varðar Evrópusambandið og við þekkjum úr samstarfinu innan EES-svæðisins. Og ég held að við þurfum að horfa á þessa stöðu, sem sagt réttarstöðu okkar gagnvart þróun þessara mála. Við værum að hengja okkur aftan í vagn að þessu leyti sem varðar það sem hafa verið innanríkismál okkar m.a., og fáum engu ráðið um hvert vagninn er dreginn miðað við þá stöðu sem þarna er uppi.

Virðulegur forseti. Fram kom hjá hæstv. ráðherra að hann hefði skilning á þeim pólitísku sjónarmiðum sem vísuðu í það að við ættum að gæta okkar í sambandi við það hversu langt er gengið í samstarf gagnvart Evrópusambandinu. Það finnst mér vera mjög skynsamlegt hjá hæstv. ráðherra, ekki síst í ljósi þeirra varnaðarorða sem fallið hafa frá formanni flokks hæstv. ráðherra undanfarið. Þar er vissulega stungið við fæti með mjög ákveðnum hætti svo að það er gott að hæstv. dómsmrh. hefur umburðarlyndi gagnvart slíkum sjónarmiðum.

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, fyrri umr.

Þáltill. MF, 71. mál. — Þskj. 71.

[16:11]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 71 hef ég lagt fram till. til þál. um skipun nefndar um menningar- og tómstundastörf fatlaðra. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Nefndina skipi fulltrúi ráðuneytis, einn frá Samtökum sveitarfélaga, einn frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, einn frá Öryrkjabandalaginu og einn frá Þroskahjálp."

Í greinargerð með þáltill. segir m.a.:

„Margt hefur áunnist í málefnum fatlaðra á liðnum árum. Komin er æskileg sátt um meginatriði í búsetumálum fatlaðra og aðbúnað á heimilum þeirra. Ýmislegt fleira mætti upp telja sem áunnist hefur þótt vissulega sé vandi allt of margra enn óleystur.

Margt af því sem eðlilegt er talið og eftirsóknarvert hjá þorra þjóðarinnar hefur ekki komist til framkvæmda hjá fötluðum og reyndar varla orðið tilefni umræðu þegar þeirra málefni ber á góma. Má þar til dæmis nefna alla þá uppbyggingu er orðið hefur á síðustu árum á sviði lista og menningar og fjölbreytt tækifæri til tómstunda og skemmtanalífs. Fyrir þessari uppbyggingu hefur ríkið staðið, í mörgum tilvikum í samstarfi við sveitarfélögin, eða um hefur verið að ræða stuðning ríkis með framlögum til reksturs og/eða framkvæmda. Með stuðningi sínum hafa ríki og sveitarfélög viðurkennt það sem samfélagslegt verkefni að auðvelda þjóðinni aðgang að hvers konar menningar- og

listastarfsemi, svo og tómstundaiðkun. Þá hefur rekstur og uppbygging listaskóla verið styrkt af ríki árum saman."

Þar er aðgengi fatlaðra mjög takmarkað, sem og reyndar í öðrum skólum. Og ég vil geta þess hér, virðulegi forseti, að möguleikar fatlaðra til þátttöku í tómstunda- og menningarstarfi skóla hvort sem er á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi eru oft mjög takmarkaðir, einfaldlega vegna þess að ekki er gert ráð fyrir aðgengi fatlaðra.

„Margir fatlaðir búa yfir lista- og sköpunargáfu á ýmsum sviðum sem hægt er að virkja, þeim og öðrum til þroska og gleði. Þær almennu menntunarleiðir, sem bjóðast á þessu sviði, henta mörgum fötluðum ekki án sérstakrar aðstoðar. Mikilvægt er að gefa þessu hæfileikafólki sömu möguleika á að virkja og þroska hæfileika sína og aðrir njóta.

Á árinu 1994 fóru 144.442 Íslendingar utan og greiddu í fargjöld um 4 milljarða kr. og eyddu í ferða- og dvalarkostnað erlendis um 17,5 milljörðum kr. eða samtals í ferðakostnað um 21,5 milljörðum íslenskra kr. Fjöldi ferðamanna sýnir að hin margvíslegu ferðatilboð sem bjóðast gera stórum hluta þjóðarinnar kleift að ferðast og kynnast öðrum löndum og þjóðum. Þessi tilboð standa fötluðum einnig til boða, en þeir sem vegna fötlunar geta ekki ferðast einir verða að kaupa sér aðstoð sem þýðir að þeir verða að greiða allt að tvöfaldan kostnað vegna ferða og uppihalds fylgdarmanns sé ekki um að ræða ferðir sem sérstaklega eru skipulagðar fyrir fatlaða.

Annað dæmi skal nefnt sem lýtur að sumarleyfum eða orlofsdvöl. Fjölmörg launþegafélög og samtök launþega eiga nú hundruð sumarbústaða, orlofsheimili og orlofsíbúðir til afnota fyrir félagsmenn sína. Þorri fatlaðra hefur engan rétt til þessara bústaða vegna þess að þeir eru ekki meðlimir í launþegafélögum. Þótt þeim bjóðist af og til bústaðir til afnota fyrir velvilja eiganda sitja þeir alls ekki við sama borð og aðrir. Kostnaður við aðstoð og fylgd er fjárhag þeirra ofviða þótt þeir gætu staðið undir eigin ferða- og uppihaldskostnaði. Þá er full ástæða til að geta þess að það heyrir til algerrar undantekningar ef hús og umhverfi er hannað með tilliti til fatlaðra.

Mörg önnur atriði mætti upp telja, en það verður ekki gert hér. Á þetta er bent þar sem hvergi er gert ráð fyrir aðstoð eða fjármagni til að standa undir þeim kostnaði sem hér um ræðir og fötluðum, sem gert er að lifa af tryggingabótum, er fjárhagslega ofviða.

Ástæða er til að hefja umræðu um lífsgæði fatlaðra utan grundvallarþarfa og fá tillögur til úrbóta."

Því er þessi tillaga lögð fram. Ég vil einnig bæta því við að ég tel ekki síst ástæðu til að þessi úttekt fari fram með tilliti til þess að svo virðist sem að því sé stefnt að umsjón með málefnum fatlaðra færist í auknum mæli yfir á sveitarfélögin. Það er því eðlilegt að það verði metinn kostnaður við þau verkefni sem enn eru ófunnin og varða aðbúnað og aukna möguleika fatlaðra til náms, tómstunda og menningarstarfs til jafns á við aðra. Það er einnig nauðsynlegt að gera þessa úttekt sem tillagan felur í sér svo að sjá megi hvert raunverulegt ástand þessara mála er og hvaða leiðir eru færar til úrbóta.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu fer ég fram á að tillögunni sé vísað til umfjöllunar í hv. félmn. og síðan til síðari umræðu.

[16:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa ágætu tillögu sem hér er flutt um að skipa nefnd um menningar- og tómstundastarf fatlaðra og er sannfærð um að það er mikill grundvöllur fyrir því að taka á þessu máli núna og opna bæði umræðuna og auka möguleika fatlaðra á þessu sviði. Það er mjög mikilvægt að skapa fötluðum grundvöll til fjölbreyttrar þátttöku í okkar þjóðlífi. Það hefur verið gert að hluta til. Það hefur verið gert með lagasetningu undanfarna áratugi. Það er búið að ganga nokkuð vel frá stöðu fatlaðra hvað varðar félagslegan aðbúnað þeirra í nánasta umhverfi. En það er mikið starf óunnið í þeirra þágu enn þá. Hér er hreyft mjög þörfu máli sem snýr að menningarmálum og tómstundum fatlaðra og við höfum auðvitað kynnst því að þar hefur margt spennandi gerst. Ég get nefnt leikhúsið að Sólheimum sem var alveg sérstakt og út af fyrir sig þegar hafist var handa með það. Það eru bara fáeinar vikur síðan mörg okkar voru á málverkasýningu á vegum Félags heyrnarlausra sem var mjög athyglisverð. Það er full ástæða til í þessu samhengi að nefna íþróttasamband fatlaðra þar sem fatlaðir hafa sýnt ótrúlega hæfni og reynst afreksfólk á sínu sviði. Unnið til afreka og sýnt getu sína, ekki síst sannað sig fyrir sjálfum sér, bæði heima og heiman. Ég nefni það sérstaklega hvað það er til mikils sóma fyrir alla sem hafa komið að þeim málum að gera fötluðum kleift að iðka svo öfluga íþróttastarfsemi hér á landi sem raun ber vitni. Og allt er þetta angi af hinu sama sem hér er hreyft og mjög mikilvægt að vinna að.

Það er hægt að orða það svo að nú sé þörf á auknu aðgengi fatlaðra að þjóðfélaginu. Þegar við tölum um aðgengi er algengast að við hugsum um ferlimál, hin hefðbundnu ferlimál fatlaðra. Það er mikilvægt að leysa þau og það hefur verið unnið að því á liðnum árum, ekki síst með því að ferlinefndir hafa starfað á flestum landsvæðum en aðgengi er miklu fleira. Aðgengi er hreinlega það að allar dyr séu opnar sem mögulegar eru fyrir fatlaða inn í þjóðfélagið. Við getum nefnt að táknmálið sé viðurkennt sem tungumál heyrnarlausra, það er þeirra aðgengi að samfélaginu. Við getum talað um aðgengi að þeim sviðum þjóðlífsins sem standa ófötluðum opin en illfær eru fötluðum af því að þar eru ósýnilegu þröskuldarnir. Flm. þessarar tillögu hefur einmitt lagt áherslu á að gera úttekt á því hvar þröskuldarnir á þessum sviðum eru í menningar- og listaheiminum.

Það er ekki hægt að tala um þessa hluti öðruvísi en að nefna menntunarmál og möguleika fatlaðra í framhaldsskólum og atvinnumálin sem nú skipta svo miklu máli. Það er sannfæring mín að það sem brennur mest á í málum fatlaðra nú um stundir eru bæði menntunar- og atvinnumál. Mig langar að nefna það hér, virðulegi forseti, að fyrir nokkrum árum var það tilraunaverkefni í Menntaskólanum í Kópavogi að nemendur á félagsfræðibraut tóku að sér að vera eins konar liðveislufélagar ungra, fatlaðra einstaklinga. Með því gerðu þeir þeim kleift að fara út á meðal ófatlaðra ungmenna og taka þátt í félagslífi af ýmsu tagi. Þetta var afar áhugavert verkefni. Það var þroskandi fyrir heilbrigðu nemendurna sem tóku það að sér og það opnaði nýjar leiðir og nam á brott þröskulda fyrir fötluðu ungmennin sem ella hefðu ekki átt möguleika á að fara á þennan hátt í bíó, á böll, í leikhús og hreinlega út á meðal annarra ungra einstaklinga. Það voru vissulega ákveðin útgjöld sem þurfti að leysa í þessu samhengi og það var gert. En ég er sannfærð um að þetta er þáttur sem vert er að skoða einmitt í tengslum við það verkefni sem hér er lögð tillaga fram um.

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það um leið og ég lýk máli mínu um þessa tillögu að lögin um málefni fatlaðra tóku gildi 1. september 1992, þ.e. í þeirri mynd sem þau eru

núna. Í þeim lögum er ákvæði um að þau skuli endurskoða innan fjögurra ára, sem þýðir að þeirri endurskoðun sé lokið fyrir 1. september 1996. Ég tel mjög æskilegt að niðurstaða þeirrar vinnu sem færi í gang ef þessi tillaga nær fram að ganga gæti legið fyrir á þeim tíma sem unnið verður að lagasetningu og endurskoðun laganna, ef svo færi að eitthvað af því sem þarna kæmi fram ætti erindi inn í lögin. Ég treysti því að þessi tillaga fái stuðning hv. þingheims þannig að þetta ágæta mál nái fram að ganga.

[16:22]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessari tillögu sem ég tel vera mjög markverða og lýsi yfir stuðningi við hana. En ég vil þó vekja athygli á því að það sem er brýnast í málefnum fatlaðra, varðar dagvistun, langtímavistun og skammtímavistun. Vandi foreldra og aðstandenda fatlaðra er gífurlegur. Þetta fólk sem ég ræði um er meira og minna bundið við umönnun þessara einstaklinga allar stundir, allar helgar og frítíma. Allar helgar og frítímar eru notaðir til umönnunar og aðstoðar. Fjárframlög til málefna fatlaðra eru mjög mismunandi eftir kjördæmum miðað við þúsund einstaklinga, ef við tökum þetta þannig, þá er allt að 100% munur á fjárframlögum á hverja 1.000 einstaklinga í einstökum kjördæmum. Það er mjög athyglivert. Það væri gaman að vita hvernig það má vera. Mér er ekki ljós ástæðan fyrir því og það væri kannski fróðlegt að heyra um það frá þeim sem þekkja ástæðuna fyrir þessum gífurlega mismun á milli kjördæma í fjárframlögum til málefna fatlaðra. Ástandið innan fjölskyldna sem búa með alvarlega fötluðum einstaklingum er oft á tíðum mjög örðugt. Ég hef heyrt foreldri lýsa fötluðu barni sem óargadýri sem það verður að fá aðstoð við umönnun á. Foreldrar hafa gert kröfu um slíka hjálp án svara frá yfirvöldum. Það verður einnig að segja að nauðsyn er að þessi málaflokkur færist frá ríki til sveitarfélaga því að það er staðreynd að sveitarstjórnarmenn telja þennan málaflokk í rauninni ekki vera á sinni könnu og vísa yfirleitt á ríkið varðandi vandamálið.

Tillagan sem hér er til umræðu fjallar um möguleika fyrir fatlaða til að njóta lista og sumarleyfa til jafns við aðra. Þetta er mikil nauðsyn að athuga vel og gera tillögu um hvernig má leysa þessi málefni. Þess vegna tók ég strax í upphafi undir meginefni tillögunnar. En mig langar að nefna örfá atriði í þessari stuttu athugasemd, sem mér finnst að þurfi að minnast á, herra forseti. Í fyrsta lagi eiga fatlaðir fullan rétt á að njóta þess sama og heilbrigðir í þeim málefnum sem þessi tillaga fjallar um. Í öðru lagi eiga fötluð börn að hafa fullan aðgang að dvalartilboðum meðal ófatlaðra barna, hvort sem um er að ræða sumardvöl eða skólabúðir. Annað kemur ekki til greina. Í þriðja lagi á að sjálfsögðu að stefna að því að opna listaskóla fyrir fatlaða. Í fjórða lagi þarf, sem grundvallaratriði, að gera byggingar aðgengilegar fyrir fatlaða. Það er forsendan fyrir því að allir eigi jöfn tækifæri.

Ég get nefnt nokkrar brotalamir í viðbót. Svo sem fréttir dagblaða sem vantar að koma fram á skiljanlegu máli, t.d. fyrir blinda og heyrnarlausa.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál. En mér fannst eðlilegt að koma fram með nokkrar athugasemdir í kjölfar þess að við þingmenn Vesturlands höfum verið að ræða þennan málaflokk að undanförnu. Og eins og ég vitnaði til hér áðan þá urðu okkur ljósar þær staðreyndir sem foreldrar fatlaðra barna búa við. Kannski er mest sláandi dæmið að þeir sem eru fatlaðir komast ekki einu sinni inn í þetta hús sem við erum inni í, Alþingishús Íslendinga. Það sýnir kannski best þá stöðu sem þessi mál eru í.

[16:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örfá orð vegna ræðu hv. þm. sem hér talaði um mismunandi framlög svæða. Ég get ekki svarað því nákvæmlega en einn þáttur er misdýr úrræði á hinum ýmsu svæðum. Ég get nefnt að verndaður vinnustaður er mjög dýrt fyrirtæki, þar sem þeir hafa verið settir upp og reknir og tek það fram að það er visst afturhvarf frá þeirri stefnu í lögunum sem voru endurskoðuð 1991 og frekar mælt með liðveislu og aðstoð við að fatlaðir séu á almennum vinnumarkaði. Fjöldi sambýla er mismunandi og þau eru misdýr miðað við fötlun íbúa. Svæðisskrifstofur meta þörf fyrir bæði framkvæmdir og rekstur stofnana og senda inn umsóknir til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem stýrir uppbyggingunni, þ.e. framkvæmdum sem síðan draga á eftir sér að sjálfsögðu þann rekstur sem til þarf. En ég get nefnt það t.d. að á Norðurlandi hefur verið nokkuð mikið um framkvæmdir að undanförnu. Þar hefur verið um mörg úrræði að ræða vegna þess að það var verið að leggja niður Sólborg á Akureyri. Það var verið að leggja niður stóra stofnun sem var barn síns tíma og byggð upp á Norðurlandi sambýli fyrir þá einstaklinga sem fluttust út af Sólborg. Endurgjaldið fyrir Sólborg fer síðan í að byggja upp á öðrum stað. Ég vil nefna það í lokin að í vetur var sett reglugerð sem hækkaði mjög greiðslur til svokallaðra stuðningsfjölskyldna. Stuðningsfjölskyldur eru eitthvert mikilvægasta úrræði sem fjölskyldur fatlaðra barna, eða fatlaðra einstaklinga sem þurfa hjálp, njóta. Það er fólkið sem tekur einstaklingana að sér yfir helgar og vinnur mjög óeigingjarnt starf með oft erfiða einstaklinga. Greiðslur fyrir þetta verkefni voru mjög lágar og hreint smánarlegar. Þessar greiðslur voru hækkaðar með reglugerð sl. vetur og það er Framkvæmdasjóður fatlaðra sem greiðir þetta og eitt af því sem telst til svokallaðs reksturs í Framkvæmdasjóði fatlaðra.

[16:30]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir þær upplýsingar sem komu fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Ég vil vekja athygli á mismuninum á framlögum sem var útskýrður með mismunandi aðgerðum í málefnum fatlaðra eftir kjördæmum, því það kemur ekki alveg heim og saman að framlagið á Vesturlandi er u.þ.b. 4 millj. á hverja þús. íbúa á móti 5 millj. á hverja þús. íbúa á Vestfjörðum og 9 millj. á hverja þús. íbúa á Norðurlandi. Þetta er mismunur sem ég á erfitt með að finna skýringar á jafnvel þó ég bendi á að á Vesturlandi er verndaður vinnustaður, sambýli, sumardvalarheimili og dagvistun fyrir fatlaða, þannig að ég kem mismuninum í framlögunum ekki alveg heim og saman. Hann hlýtur að miðast við fjölda þeirra sem eru fatlaðir í kjördæmum. Það hlýtur að vera þannig. Það getur auðvitað verið mismunur á. Fatlaðir einstaklingar geta flust milli kjördæma en mér finnst það með ólíkindum ef að svona mikill munur er á fjölda fatlaðra milli kjördæmanna eins og tölurnar gefa til kynna. En ég þakka kærlega fyrir upplýsingarnar og ég veit að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er vel heima í þessum málaflokki. En það er ýmislegt sem vekur athygli. Oft hefur verið sagt að miklir fjármunir hafi verið settir í þennan málaflokk

en mér er mjög vel ljóst, þótt það hafi verið gert að mikil þörf er til viðbótar.

[16:32]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og lýst yfir stuðningi við tillöguna sem ég vonast til að fái afgreiðslu á þessu þingi. Hún var lögð fram á vorþingi en þá vannst ekki tími til þess að klára málið í nefnd. En ég get tekið undir mjög margt sem fram kom í máli þeirra þingmanna sem hér hafa talað, sérstaklega það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði er hún vitnaði í nauðsyn þess að viðhalda öflugu leiklistar- og íþróttastarfi, lista- menningarstarfi fyrir fatlaða og tók sem dæmi leikhúsið á Sólheimum og það öfluga starf og uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað á undanförnum árum. Ég get ekki látið hjá líða að nefna og þykir slæmt að hæstv. félmrh. er ekki á staðnum, að Sólheimar eru reknir þannig að til stóð að gera þjónustusamning við það heimili og eftir því sem ég best veit var sá þjónustusamningur tilbúinn til undirritunar þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fór úr ráðuneytinu. En hann hefur ekki verið undirritaður vegna þess að mönnum finnist rekstur heimilisins of kostnaðarsamur og það er einfaldlega vegna þess að inni í því dæmi er öflug uppbygging á menningar- og tómstundastarfi fyrir þá fötluðu sem þar búa.

Hv. þm. Gísli Einarsson nefndi að það væri nauðsyn á því, eins og ég skildi hann, að þessi málaflokkur færðist frá ríki yfir á sveitarfélög. Ég er sammála því, ekki vegna þess að sveitarstjórnarmenn geri sér ekki grein fyrir því að þessi málaflokkur er að töluverðu leyti nú þegar hjá sveitarfélögunum, heldur vegna þess að ég tel að vandamálin sem upp koma hverju sinni séu best leyst af þeim sem til þekkja og eru í návígi við þau. En til þess að svo megi verða þá verður kostnaður við þennan málaflokk að liggja fyrir, rétt eins og með grunnskólana. Ástandið er þannig núna í mjög mörgum sveitarfélögum vítt og breitt um landið að það er erfitt og í sumum tilvikum útilokað að veita fötluðum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum, varðandi aðstoð við heimili og aðbúnað í grunnskólunum. Þess vegna er nauðsynlegt að úttekt fari fram. Rétturinn er til staðar í gildandi lögum bæði um aðbúnað á heimilum og til dagvistunar og langtímavistunar. Það er sæmileg sátt í búsetumálum fatlaðra. En við þurfum fé til framkvæmda. Það þarf að sjá til þess að sveitarfélögin, ef þau eiga að taka þennan málaflokk, fái fjármagn sem til þarf og þá sé tekið tillit til þess að fatlaðir þurfa ekkert síður en þeir ófötluðu að njóta menningar, lista og íþróttastarfsemi.

Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, 2. umr.

Frv. ÖS og SAÞ, 13. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 13, nál. 245.

[16:36]

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 245 um frv. til laga um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra frá heilbr.- og trn.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá Íslenskri ættleiðingu, Tryggingastofnun ríkisins, umboðsmanni barna, Barnaheillum, heilbr.- og trmrn. og Lífeyrissjóði bænda.

Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að staða kjörbarna og kjörforeldra sé hin sama og staða annarra barna og foreldra þeirra. Hvað varðar fæðingarorlof, fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga þarf þó að gera greinarmun á frumættleiðingum, þar sem algjörlega ný fjölskyldusambönd eru mynduð, og ættleiðingum barna sem búa á sama heimili og ættleiðandi, t.d. ættleiðingum stjúpbarna. Miða eftirfarandi breytingartillögur að því að skerpa þennan mun.

Mælir nefndin með samþykki frumvarpsins með eftirfarandi breytingum:

1. Í stað orðsins „ættleiðingar“ í 1. gr. komi: frumættleiðingar.

2. Í stað orðsins „ættleiðingu“ í b-lið 6. gr. komi: frumættleiðingu.“

Heilbr.- og trn. var einróma í áliti sínu.

Frv. það sem hér er til umræðu er lagt fram til að lagfæra lagalega stöðu kjörbarna og kjörforeldra svo hún verði að öllu leyti hin sama og annarra barna og foreldra. Þess ber að geta í því sambandi að andi gildandi ættleiðingarlaga frá 8. maí 1978 hnígur ótvírætt í þessa átt en þar segir í 15. gr.:

„Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.“

Hér er afdráttarlaust að orði kveðið og vilji löggjafans skýr. Þrátt fyrir þetta eru í lögum um fæðingarorlof og lögum um almannatryggingar ákvæði sem takmarka rétt kjörforeldra miðað við kynforeldra. Einnig er að finna takmarkandi ákvæði um réttindi kjörbarna í lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóð bænda.

Í frv. er eins og áður sagði lagt til að lagaleg staða kjörbarna og kjörforeldra verði söm og annarra barna og foreldra. Gerðar eru tillögur um breytingar á þeim fernum lögum sem ég nefndi áðan. Ljóst er að ættleiðingum á börnum erlendis frá hefur fjölgað talsvert á síðustu áratugum. Ég vek sérstaka athygli á 2. og 4. gr. frv. en þar er að finna ákaflega mikilvæg ákvæði um að fæðingarorlof og greiðsla fæðingarstyrks geti hafist við upphaf ferðar til fæðingarlands barnsins. Þá strax byrjar aðlögun og samvera barns og foreldra. Það er mikilvægt fyrir foreldrana að finna að þjóðfélagið styður við bakið á þeim eins og öðrum nýbökuðum foreldrum í landinu. Traust tengsl foreldra og barna í frumbernsku eru nauðsynleg og mikilvægi þessa fyrir velferð hvers einasta einstaklings verður æ ljósara.

Umsagnir sem hv. heilbr.- og trn. bárust um frv. voru allar afar jákvæðar. Ég vil, með leyfi forseta, vitna sérstaklega í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins en þar segir um I. kafla og breytingu á lögum um fæðingarorlof:

„Lífeyrisdeild telur réttarbót að því, að gera réttarstöðu ættleiðandi foreldra og kjörbarna, sem líkasta stöðu barna og kynforeldra en leggur þó áherslu á það, að staðfesting yfirvalda eða stofnunar liggi fyrir áður en taka fæðingarorlofs hefst. Slíkt skapar festu í ættleiðingarferlinum og auðveldar framkvæmd fæðingarorlofslaga og almannatryggingalaga.“

Um II. kafla segir í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins þar sem er fjallað um breytingu á lögum um almannatryggingar:

„Um 4. gr. Fagna ber breytingu á 2. mgr. 14. gr. laganna en þar er réttarstaða ættleidds barns bætt við fráfall eða

örorku ættleiðenda. Tveggja ára reglan í núgildandi grein er í reynd leifar af gamalli löggjöf með úreltum viðhorfum. Sjálfsagt er, að jafna rétt kjörbarna og kynbarna í þessu efni.

Um 5. gr. Fallist er á það sanngirnissjónarmið að greiðsla fæðingarstyrks framlengist um einn mánuð fyrir hvert barn, þegar fleiri en eitt barn eru ættleidd samtímis.

Um 6. gr. Eðlilegt er, að ættleiðandi faðir njóti sömu réttinda og um kynföður væri að ræða.

Lífeyrisdeildin telur, að frv. þetta miði að því lokamarkmiði, að jafna réttarstöðu kynbarna, fósturbarna, kjörbarna og stjúpbarna og réttindi allra barna séu varin á þessu sviði sifjaréttarins og almannatrygginga."

Hér koma fram flest mikilvæg rök í þessu máli og tekið er í öllum aðalatriðum undir málflutning flm. frv. Það þarf ekki að orðlengja það að hér er um sjálfsagt sanngirnis- og réttlætismál að ræða og ég vil nota tækifærið til að þakka nefndarmönnum í hv. heilbr.- og trn. fyrir góðar undirtektir og skjóta og greiða afgreiðslu þess í þingnefnd.

[16:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. framsögumanni fyrir mjög ítarlega greinargerð með nefndaráliti um þetta frv. sem ég flutti ásamt hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur. Eins og fram kom í máli hv. þm. er þetta mál sem e.t.v. varðar ekki mjög marga. Kjörforeldrar og kjörbörn eru ekki stór og öflugur þrýstihópur. Þau hafa árum saman reynt að hreyfa breytingum á þeim lögum sem þarna er tekið á en hafa ekki fundið hljómgrunn fyrir óskum sínum. Ég held að það sem skiptir mestu máli sé nákvæmlega það sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði. Það er nauðsynlegt að kjörforeldrar njóti sömu meðferðar og skynji það í þjóðfélaginu að þeir eru ekkert öðruvísi heldur en aðrir foreldrar. En það er sömuleiðis afskaplega mikilvægt fyrir kjörbörnin að upplifa þetta sama. Mörg þeirra koma langt að og breytingarnar sem gerðar eru með þessu frv. á tvennum lögum sem varða lífeyrisstöðu þeirra eru afskaplega mikilvægar.

Ég vil svo, herra forseti, þakka heilbr.- og trn. fyrir það hversu fljótt og vel hún vann þetta frv. og tel að hér sé verulegum áfanga náð í að bæta réttarstöðu kjörforeldra og kjörbarna. Hins vegar vil ég að það komi líka fram að það er ýmislegt fleira sem enn þarf að breyta. Vil ég rifja það upp að hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir 18. apríl 1994 að það hillti undir lok endurskoðunar ættleiðingarlaganna. Það er mjög brýnt að henni ljúki því að fyrr er ekki hægt að staðfesta svokallaðan Haag-sáttmála um ættleiðingu barna en á meðan að hann hefur ekki verið samþykktur dregur úr möguleikum íslenskra foreldra að ættleiða börn erlendis frá.

Því miður kom það fram í skriflegu svari við fyrirspurn frá mér að sifjalaganefnd hefur ekki sinnt þessu sem skyldi. Hún hefur haldið fáa fundi um málið og dregið hefur úr fundahöldum hennar um það. Ef hæstv. dómsmrh. væri í salnum mundi ég brýna hann til dáða í þessu máli en verð að sætta mig við að gera það síðar.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til hv. heilbr.- og trn. fyrir starf hennar að þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, fyrri umr.

Þáltill. HG og RA, 133. mál. — Þskj. 158.

[16:45]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á hávaða- og hljóðmengun en flm. ásamt mér fyrir máli þessu er hv. þm. Ragnar Arnalds. Tillagan er stutt, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta."

Þess ber að geta, virðulegur forseti, að þann 11. maí 1988 samþykkti Alþingi þáltill. um hávaðamengun og sú ályktun þingsins var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun."

Ég spurðist fyrir um afdrif þessarar samþykktar þingsins þann 14. maí 1995. Fyrirspurnin kom til umræðu og hæstv. forsrh. svaraði fyrir hönd ríkisstjórnar og greindi frá því að niðurstaða athugana hjá ráðuneytum hafi verið sú að ekki hafi verið talin þörf á nýrri löggjöf á þessu sviði. Hann færði fyrir því ákveðin rök að það væri stoð í lögum, nefndi til lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og fleiri lög raunar, ásamt mengunarvarnareglugerð með breytingum þar sem sett hefðu verið ákveðin mörk og útfærði það nánar og gat þess einnig að reyndust hávaðavarnir ekki nægar, þá skuli heilbrrn. gera tillögur til sveitarstjórnar um takmörkun umferðar eða starfsemi á ákveðnum tímum og svæðum o.fl. sem hægt er að lesa sér til um í svari hæstv. ráðherra á þessum tíma.

Það nægir ekki að mati okkar flm. að segja að það séu þarna ákvæði í lögum og það hafi verið settar reglugerðir. Sannleikurinn er sá að það skortir afar mikið á að þessi mál séu í viðhlítandi horfi hjá okkur og það eru alltaf að koma fram réttmætar ábendingar um það að um sé að ræða hjá fyrirtækjum og í ýmsu samhengi óeðlilegan og truflandi hávaða sem æskilegt væri að stemma stigu við.

Hávaði og hljóðmengun fer vaxandi í okkar samfélagi sem annars staðar. Þar er ekki aðeins um að ræða hávaða frá umferð og atvinnurekstri, heldur einnig tónlist og talað orð magnað upp á almannafæri, í almenningsfarartækjum, verslunum, veitingahúsum og samkomuhúsum, svo dæmi séu tekin, og á útivistarsvæðum sem ætluð eru almenningi og jafnvel í leikfimisölum, þar sem fólk kaupir sig inn til að þjálfa líkama sinn, búa menn við þetta og svo mætti lengi telja. Hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur verið heilsuspillandi og valdið skemmdum á heyrn auk truflunar og margvíslegra sálrænna áhrifa sem valdið geta andlegri vanlíðan. Því er brýnt að af opinberri hálfu sé unnið skipulega gegn óþörfum og truflandi hávaða til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis. Hávaði frá tólum og tækjum er röskun sem halda ber í lágmarki og enginn á að þurfa að þola síbylju úr hátölurum í formi talaðs orðs eða hljómflutnings sem hann kærir sig ekki um. Þar sem margir koma saman á réttur minni hluta gagnvart hljóðmengun að vera jafnríkur og meiri hluta, jafnt á vinnustað sem á almannafæri.

Þetta eru nokkur almenn viðhorf sem koma fram í greinargerð okkar flutningsmanna og ég vildi nefna við þessa umræðu og það jafnframt, sem er efni þessarar tillögu, að við þurfum að fá sem gleggsta mynd af stöðu þessara mála

hér á landi til þess að leiða í ljós hvort ástæður þessara umkvartana sem koma víða fram séu óþarfar og hvort ekkert sé hægt að gera í málinu.

Ég fékk nýlega í hendur grein eftir Þórð Tómasson efnaverkfræðing sem skrifaði um þetta efni undir fyrirsögninni „Hávaðamengun, stærsta umhverfisvandamálið?" Í greininni er vikið að þessu máli. Ég vil aðeins nefna það vegna þess að það er ákveðið mat sem þar kemur fram, með leyfi forseta. Þar segir:

„Hvað má líta á sem stærsta mengunarvandamál margra þjóða? Hávaðamengun, þ.e. hávaði sem menn orsaka, er í dag viðurkennd sem sú mengun sem flest fólk býr við yfir viðmiðunarmörkum. Hin almennu viðmiðunarmörk fyrir íbúðarhús eru 55 desíbel fyrir utan glugga. Hér er átt við jafngildishljóðstig yfir heilan dag. Í Noregi er t.d. talið að um 1,1 milljón manna búi við hljóðstig yfir þessum mörkum og í Svíþjóð er talið að um 1,6 millj. manna búi við hljóðstig sem er yfir 55 desíbel."

„Hér á landi" segir í greininni „hefur ekki verið metið hve margir búa við hávaðamengun yfir mörkum. Gera má ráð fyrir að hlutfall íbúafjölda sem býr við hávaðamengun yfir mörkum sé heldur lægra hérlendis vegna þess hversu landið er strjálbýlt, en þar sem menn hafa oft ekki litið á hávaða sem vandamál og ekki nýtt sér stærð landsins, þá er hlutfallið e.t.v. ekki miklu lægra. Ef við gerum ráð fyrir að 15% þjóðarinnar búi við hljóðstig við 55 desíbel, þá eru það um 35 þúsund manns. Flestir eru auðvitað í Reykjavík og nágrenni."

Síðan er fjallað um þessi mál nánar í einstökum atriðum og eftir einstökum svæðum og vikið að því hversu mikilvægt það er að skipuleggja byggð út frá líklegum hávaða og þeim mörkum sem menn ætla sér að leyfa til þess að draga úr þeim óþægindum og truflunum sem hávaða fylgja.

Það er hægt að hafa, virðulegur forseti, um þetta efni mörg orð. Hér voru, ef ég man rétt, stofnuð samtök til þess að verjast eða knýja á um úrbætur á þessu sviði og í nefndri þáltill. hv. þm. Ragnars Arnalds á sínum tíma, sem varð að ályktun Alþingis, fylgdi ágætt yfirlit frá lögmanni sem hafði skrifað um þetta í Morgunblaðið, Steingrími Gauti Kristjánssyni. Og það kemur margt fram til stuðnings þessum málum almennt og þeim eðlilegu kröfum sem rétt er að setja í þessu efni.

Ég vil einnig nefna myndarlegar undirtektir við þessi sjónarmið sem komu fram í DV á sínum tíma, 11. apríl 1992 í ritstjórnargrein, þar sem sagði m.a., með leyfi forseta:

„Fólk þarf að átta sig á að eðlilegt og upprunalegt ástand felst í þögn og ýmsum óhjákvæmilegum hljóðum, svo sem brimgný, goluþyt og lækjarnið, en hinn áreitni og skipulagði hávaði úr útvarps- og hljómflutningstækjum er mengun á hinu eðlilega og upprunalega ástandi." Og það segir þarna einnig: „Í fyrirtækjum og stofnunum þar sem sumir starfsmenn og viðskiptamenn vilja áreitinn og skipulagðan hávaða ættu þeir að geta öðlast hann með hjálp slíkra tækja, þ.e. sérbúnaði tækja fyrir einstaklinga og án þess að trufla hina. Fráleitt er að telja rétt hávaðafíkla meiri í samfélaginu en hinna."

Undir þessi orð er hægt að taka, virðulegur forseti. Ég tel að hér sé í rauninni um að ræða afar brýnt úrlausnarefni sem hins vegar borgararnir nauðugir viljugir þurfa að láta oft yfir sig ganga og þá á ég við að sjálfsögðu starfsemi eða hávaða sem menn verða fyrir og sem þeir ekki kjósa að njóta. Ég á ekki við það að menn kaupi sig inn á hljómleika þar sem þeir vita við hverju má búast. En þó er það vissulega svo að magnaður hávaði sem æskufólk er alið upp við leiðir ekki aðeins til heilsutjóns heldur líka vanabundins ástands og eftirsóknar. Fólk getur því orðið fíklar í þessu samhengi og fer þá á mis við þau gæði sem þögnin er og þau hljóð náttúrunnar sem hægt er að njóta ef ekki er um að ræða truflun og röskun og eru kannski sú fegursta sinfónía sem völ er á þegar allt er saman lagt.

[16:55]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist, mig langar að blanda mér í þessa umræðu um úttekt á hávaða- og hljóðmengun. Ég virði það mjög við flutningsmenn að þeir skuli ræða þessi mál á þinginu því að það er alveg rétt, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, að þarna eru mörg brýn úrlausnarefni.

Ég er líka sammála ræðumanninum um það að þögnin og hljóð náttúrunnar eru æskilegri heldur en hávaði. Og heyrnarskaði er heilsufarsvandamál í þjóðfélaginu sem mætti að stórum hluta koma í veg fyrir með forvörnum. Með lögum og reglugerðum er hægt að hindra þetta upp að vissu marki.

Ég er hins vegar ekki sannfærð um að það vanti upp á í okkar löggjöf eða reglugerðum hvað þetta varðar. Ég held að það sé frekar spurning um að fylgja því eftir sem þar er. Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er, eins og vitnað var til hérna, kveðið á um að það skuli setja mengunarvarnareglugerð til að verjast hávaða og þar komi fram viðmiðunarreglur. Þetta hefur verið gert og þessi mengunarvarnareglugerð er því grundvallarreglugerð fyrir þá sem eiga að fylgja þessu eftir. Og hverjir eru það? Það eru heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna.

Nú vill svo til að ég var formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur í þrjú kjörtímabil. Sú heilbrigðisnefnd hefur unnið að mörgum verkefnum á þessu sviði. Ég tel að það sem stendur í mengunarvarnareglugerð og í heilbrigðisreglugerð og síðan þau þvingunarúrræði sem fyrir hendi eru ættu í rauninni að nægja. Við leysum ekki vandamálið um hávaða sem fylgir líkamsræktarstöðvum og hátölurum á almannafæri með því að setja frekari lög um málið, það þarf að fylgja þeim eftir. Almenningur er til allrar hamingju nokkuð árvökull í þessu efni. Hann þarf að beina kvörtunum sínum til heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna sem eiga síðan að taka á málum. Þau hafa til þess úrræði. Í fyrsta lagi viðvaranir, í öðru lagi ítrekaðar viðvaranir og í þriðja lagi er hægt að stöðva starfsemi þeirra fyrirtækja eða aðila sem brjóta í bága við þessar reglugerð.

Það er líka mjög mikilvægt að hávaði sé hafður í huga við skipulag byggðar. Þar á ég fyrst og fremst við umferðarhávaða, þ.e. fjarlægð íbúðabyggðar frá miklum umferðaræðum. Hávaði frá umferð kemur auðvitað fyrst og fremst fram í þéttbýlinu. Við því hefur verið brugðist með því að hafa útivistarsvæði, hljóðmanir og ýmislegt slíkt til þess að reyna að tryggja friðsæld í íbúðarhverfum. En auðvitað er þetta ekki fullkomið frekar en önnur mannanna verk og sums staðar koma upp vandamál sem segja má að séu óleysanleg. Ég man eftir umræðu um það í borgarstjórninni og á vettvangi borgarmálanna að íbúar við Suðurgötu, hérna rétt hjá okkur, kvörtuðu mikið undan hávaða frá umferð. Og maður sér þetta oft í gömlum borgarhlutum, ekki bara hér á landi heldur víðast hvar þar sem götur voru hannaðar fyrir tíma mikillar umferðar. Umferð miðborgar er til mikils óhagræðis fyrir íbúana og það er reynt að leysa þetta með því að setja

tvöfalt eða þrefalt gler í glugga o.s.frv. En það dugar ekki alltaf til og þetta er ekki alltaf leysanlegt í miðborgum.

Annað mál sem kom upp ekki fyrir svo löngu var umræða um hávaða í íbúðarhúsum við Miklubraut. Á síðasta kjörtímabili borgarstjórnar var þetta talsvert athugað á vegum okkar í heilbrigðisnefndinni. Úrræðin í slíkum málum geta verið gríðarlega dýr. Það er talað um að grafa niður Miklubrautina og hafa hana neða njarðar eða leggja niður byggð og kaupa upp hús meðfram götunni, þau sem næst standa. Það er sennilega ódýrara heldur en grafa hana niður. Svona eru menn að reyna að taka á þessum málum, en þau eru erfið. Þau eru sérstaklega erfið í miðborgum.

Herra forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram. Ég tel að lög og reglugerðir sem til eru hér á landi ættu að nægja okkur fullkomlega ásamt þeim þvingunarúrræðum sem fyrir hendi eru. En það er aldrei nóg að gert og við vitum að heyrnarskaði er í langflestum tilfellum ólæknanlegur, þannig að þetta er dæmi um forvarnir sem eru mjög mikilvægar. En ég held að við höfum tækin og tólin í höndunum nú þegar með núverandi lögum og reglugerðum.

[17:01]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Í máli hv. síðasta ræðumanns komu ýmsar gagnlegar ábendingar fram sem snerta þetta mál. Hins vegar fannst mér að það hefði kannski farið fram hjá hv. þm. að tillagan fjallar ekki um að setja ný lög og reglur. Það er tekið tillit til þeirrar niðurstöðu framkvæmdarvaldsins sem hæstv. forsrh. túlkaði vorið 1992, að talið væri að það væru nóg úrræði lagalegs eðlis og í reglugerðum. Hins vegar fjallar tillagan um að það fari fram úttekt á stöðunni, eða í raun eftirlitsþáttinn, til þess að við gerum okkur grein fyrir og fáum það mælt og kortlagt, eins og nú er sagt þegar verið er að fara yfir mál, þ.e. fáum sem skýrast fram hvert ástandið er og hvar brýnast er að leita úrbóta. Ég held að þessi eftirlitsþáttur, eins og reyndar á öllum sviðum sem varðar að framfylgja samþykktum, sé mjög þýðingarmikill í þessu máli.

Undir það hefur verið tekið af Hollustuvernd ríkisins sem á að framfylgja ásamt fleirum ákvæðum settra fyrirmæla í þessum efnum. Talið er að heildarúttekt þurfi að gera á hávaða á Íslandi og það megi telja víst að hér búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Það er að fá þetta leitt í ljós sem er efni málsins sem hér er flutt. Í fylgiskjali eru dregnar fram helstu reglur sem gilda um hávaðamengun samkvæmt íslenskum rétti og þar kemur fram að þessi ákvæði eru víða í lögum og reglum og að mínu viti væri til bóta að sett væri heildarlöggjöf sem drægi þetta fram. Hún þyrfti kannski ekki að fela í sér ný fyrirmæli í svo ríkum mæli, heldur að það yrði litið á þetta sem heildstætt mál og reynt að draga það fram í einni löggjöf sem nú er að finna í mörgum lögum og mörgum reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Slík endurvinnsla, ef svo má segja, á löggjöfinni gæti orðið til þess að auðvelda þeim sem við eiga að fást að átta sig á hvaða úrræði eru tiltæk, en það er ekki efni þessarar tillögu. Þó má vera, ef úttektin leiðir einnig í ljós að fyrirmæli skorti, að ástæða sé til þess að taka þann þráð upp á nýjan leik.

[17:04]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Ágæti forseti. Það er ekkert á móti því í sjálfu sér að gera þetta á annan hátt og fela Hollustuvernd ríkisins að leita eftir upplýsingum frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna um það hvort slíkar upplýsingar liggja fyrir. Ég þori náttúrlega ekki að svara því. En það má vera að talsvert mikið af þessum upplýsingum séu þegar fyrir hendi.

Þingmaðurinn minntist á endurvinnslu þessara mála og að ná þeim úr lögum og reglugerðum hér og þar. Ég hef hingað til verið mjög hlynnt endurvinnslu og hlýt auðvitað að líta á það jákvæðum augum. En heildarúttekt á málinu ætti að vera hægt að gera. Ef við lítum á mengunarvarnareglugerð sem nú er í gildi um hávaðamælingar, þá segir þar í 54,1 gr., með leyfi forseta:

„Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með úttekt og rannsókn á hávaða."

Og í gr. 54,2 segir: „Heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á hávaða, Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um mælingar."

[17:05]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má rétt vera og ég er ekkert að draga í efa að það liggi fyrir upplýsingar um stöðu mála hjá einstökum heilbrigðisnefndum að vissu marki. En þó held ég af ummælum Hollustuverndar sem á að sjá um þetta og tekur eindregið undir að gera þurfi úttekt, að nokkuð skorti á. Og ég er sannfærður um að misjafnlega háttar til í sveitarfélögum, enda ólíku saman að jafna í 100 þúsund manna borginni Reykjavík og á Mjóafirði eystra, svo dæmi séu tekin. Ég vil ekki segja að vandamálin séu jafnrík á báðum stöðum í þessu sambandi, en aðstaða heilbrigðisnefnda á stöðunum er misjafnlega sterk. Hún er oft og tíðum erfið vegna nálægðar, vegna samþættingar hagsmuna. Mér er vel kunnugt um það í ýmsum efnum sem varða umhverfismál hversu þungt er undir fæti fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaga í raun að nota þann rétt sem þær eiga lögum samkvæmt, jafnvel til að stöðva rekstur. Þær eiga ekki á vísan að róa með undirtektir kjörinna fulltrúa í þeim efnum. Oft er verið að tala um árekstur hagsmuna og alveg réttilega verið að lýsa inn í það samhengi. Ég held að það þyrfti að taka sveitarstjórnarvettvanginn þar aðeins til skoðunar líka. Ég er hræddur um að nálægðin á þeim vettvangi og hagsmunasamþættingin sé kannski meiri en víða annars staðar. Ég segi þetta ekki neinum til hnjóðs, heldur held ég að þetta sé staða mála.

Þar fyrir utan skortir á fyrirmæli. Mér er kunnugt um að það skortir á fyrirmæli varðandi vissa starfsemi þar sem ekki eru nein skráð fyrirmæli. Ég er ekki að segja að það skorti heimildir til að setja þau, en á þetta skortir. M.a. þar sem fólk kemur saman, á veitingastöðum t.d., þar sem menn eru aðallega komnir til þess að nærast en ekki til þess að láta hella yfir sig ómældum hávaða eða umfram það sem sæmilegt er.

[17:08]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði bara að segja að nálægð kjörinna fulltrúa í Mjóafirðinum er mér ljós, en vil jafnframt vekja athygli á því að það sama gildir um kjörna fulltrúa í þéttbýlinu. Grundvöllurinn er sem sagt sá að það þarf nokkuð sterk bein í kjörna fulltrúa, en þá er hægt að sinna verkefninu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 145. mál (jarðasala, nýting jarða o.fl.). — Þskj. 172.

[17:08]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Árið 1976 þegar gildandi jarðalög voru sett var ástandið í landbúnaðinum á Íslandi nokkuð öðruvísi en það er í dag. Það má segja að þá hafi landbúnaðurinn verið í talsvert miklum uppgangi og mikil aðsókn eftir jörðum, ekki síst eftir hlunnindajörðum. Þá voru sett jarðalög í því skyni að stemma stigu við frjálsum viðskiptum með bújarðir, torvelda það að jarðeignir gætu gengið kaupum og sölum eins og hverjar aðrar fasteignir og í því sambandi voru settar miklar girðingar við eðlilegum viðskiptum og m.a. komið á fót sérstökum nefndum, jarðanefndum, sem höfðu mikið um það að segja hvort eigandi jarðnæðis, bóndi, gæti selt eða jafnvel arfleitt börn sín að bújörðinni sem hann bjó á eða selt hana þeim sem hann helst kysi. Þó kastaði fyrst tólfunum þegar samþykkt var á Alþingi sl. vor sú breyting á lögunum að auk allra þeirra kvaða sem lagðar voru í veg fyrir frjáls viðskipti með bújarðir, þá var farið fram á að sá sem hygðist kaupa bújörð á Íslandi yrði að hafa búið á jörðinni sjálfri eða í næsta nágrenni hennar í heil tvö ár áður en kaupin gætu farið fram, jafnvel þótt öll önnur skilyrði í viðskiptunum yrðu uppfyllt. Þetta gerði það að verkum að bújarðir bænda hafa síðan verið nánast óseljanlegar. Allar þær kvaðir sem áður hafði verið búið að setja með jarðalögunum frá 1976 höfðu tvímælalaust rýrt geysimikið verðgildi bújarða og annarra fasteigna bænda, en með þessari samþykkt má segja að kastað hafi tólfunum því að eftir að þessi breyting var gerð á lögunum á sl. vori voru eignir bænda orðnar nánast óseljanlegar.

Það frv. sem hér er flutt er í þá veru að gera á þessu breytingar til bóta, þ.e. að fella niður þessi gríðarströngu skilyrði sem eru sett fyrir sölu bænda á bújörðum sínum og gera viðskiptin frjálsari, m.a. með því að takmarka verulega völd jarðanefnda sem hafa verið svo mikil í þessum viðskiptum að þeir hafa ekki einu sinni þurft að gera grein fyrir eða rökstyðja þá ákvörðun sína að heimila ekki bónda að selja jörð sína eða arfleiða börnin sín að henni eins og honum þóknast sjálfum. Jarðanefndir hafa getað komið í veg fyrir slík viðskipti með því einfaldlega að segja nei og hafa ekki einu sinni þurft að sinna þeirri eðlilegu skyldu, þessi þriggja manna nefnd með þetta mikla vald, að rökstyðja neitun sína þannig að sá aðili sem ekki sættir sig við þá afgreiðslu geti farið fyrir dómstóla og birt dómstólum hver voru rök þeirra aðila sem lögum samkvæmt hafa vald til þess að stöðva viðskipti af þessu tagi.

Frv. gengur sem sagt út á það að greiða fyrir viðskiptum með bújarðir og fasteignir bænda þannig að eðlileg markaðssjónarmið fái þar að ráða. Völd jarðanefndanna eru mjög takmörkuð frá því sem nú er, miðað við þær tillögur sem gerðar eru í frv., en þó geta sveitarfélög og jarðanefndir áfram hér eftir sem hingað til haft afskipti af sölu bújarða. Ef sveitarfélögin og jarðanefndirnar telja að áformuð sala sé í andstöðu við hagsmuni íbúa sveitarfélagsins, þá geta þessir aðilar komið í veg fyrir söluna, en geri þeir það þurfa þeir að rökstyðja ákvörðun sína og gera skriflega grein fyrir því af hverju sú ákvörðun er tekin. Og vissulega á þá sá aðili sem ákvörðunin bitnar á málskotsrétt til dómstóla.

Þá eru einnig ýmis ankannaleg atriði felld út úr gildandi lögum, svo sem það að jarðanefnd eða sveitarstjórn geti komið í veg fyrir að bóndi selji eign sína einhverjum aðila, A, sem nefndin eða sveitarstjórn samþykkir ekki og fellir sig ekki við. Samkvæmt gildandi lögum getur sveitarstjórn eða jarðanefnd fyrirskipað viðkomandi bónda að selja jarðeign sína einhverjum öðrum aðila, B, sem að áliti jarðanefndar og sveitarstjórnar uppfyllir öll tiltæk skilyrði. Sú breyting sem gerð er í þessu frv. er að leggja til að þetta sé afnumið þannig að sveitarstjórn eða jarðanefnd hafi ekki vald til þess, eins og í gildandi lögum, að skipa bónda sem á jörð eða fasteign og vill selja hana einhverjum tilteknum aðila að selja eign sína einhverjum öðrum tilteknum einstaklingi sem fellur þessum aðilum betur í geð. Sveitarstjórn og jarðanefnd verða þá að sýna fram á hvað það er, hvaða skilyrði það eru sem væntanlegur kaupandi uppfyllir ekki og gefa honum kost á að uppfylla þau skilyrði. Geti hann það ekki er það auðvitað í hendi eiganda bújarðarinnar að leita að nýjum kaupanda sem það gerir. Ég tel að jarðalögin eins og þau eru nú úr garði gerð brjóti í mörgum atriðum í bága við stjórnsýslulögin nýju, sem kveða m.a. svo á um að aðili sem á mál sitt undir opinberum úrskurðaraðilum eigi alltaf kröfu á því að fá skýrt og greinilega fram sett hver er afgreiðsla hins opinbera úrskurðaraðila og á hverju hún byggist. Jarðalögin gera ekki ráð fyrir því að aðili eigi svo einfaldan rétt sem hann á með stjórnsýslulögunum. Því er lagt til í frv. að tekin séu af öll tvímæli um að jarðalög falli undir stjórnarskipunarlögin nýju og þeir aðilar sem verða að sækja með sín mál til jarðanefnda eða sveitarstjórna samkvæmt jarðalögum eigi ávallt rétt á því að fá upplýsingar um ákvarðanir viðkomandi aðila og rökstuðning fyrir því.

Þá eru einnig ýmsar aðrar breytingar gerðar á gildandi lögum sem eru vægast sagt mjög undarleg. Ég er sannfærður um að ekki eru til margar lagasetningar af því tagi sem gildandi jarðalög eru því þar má segja að ríki einráður sá „kommúnismus marxismus" sem ekki er lengur til í veröldinni. Og það er furðulegt að heil atvinnustétt á Íslandi skuli hafa sætt sig svona lengi við að gengið væri gegn hagsmunum hennar með jafn grimmilegum hætti af þeim sem með valdið fara á Íslandi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tímanum í að rekja einstakar greinar eða skýra þær. Þær eru mjög vel skýrðar í athugasemdum. Meginefni málsins er að koma á eðlilegum samskiptareglum og viðskiptareglum um viðskipti, bújarðir og fasteignir bænda sem er langt í frá að núverandi jarðalög geri. Tilgangurinn er sá að auðvelda viðskipti með þessar eignir bænda og hækka þær í verði með því að gera viðskiptin eðlilegri og hindrunarlausari, en þær miklu hindranir sem verið hafa á þessum viðskiptum hafa gert bújarðir bænda nánast verðlausar. Þessi nýja stefna sem frv. boðar er að sjálfsögðu í samræmi við þær aðstæður sem nú ríkja í íslenskum landbúnaði. Það á að gera tilraun til þess að draga úr framleiðslu og fá bændur til að snúa sér í auknum mæli að annarri atvinnustarfsemi en hefðbundnum búskap með því að verja ærnu fé úr ríkissjóði til uppkaupa. En jafnvel þar eru jarðalögin þröskuldur í vegi, því að t.d. bóndi sem hyggst snúa sér að öðrum viðfangsefnum en hefðbundnum landbúnaði á bújörð sinni hefur ekki heimild til þess að gera það nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar og jarðanefndar, en báðir þessir aðilar geta samkvæmt gildandi lögum bannað viðkomandi bónda slíka starfsemi án þess að þurfa að rökstyðja það bann með nokkrum hætti. Það er einfaldlega nóg að þessir aðilar segi nei til að koma í veg fyrir að bóndinn geti

tekið upp aðra atvinnustarfsemi á búi sínu en hefðbundinn landbúnað.

Í gildandi jarðalögum er líka ákvæði um að allar jarðir sem nytjaðar voru til hefðbundins búskapar árið 1976 þegar lögin voru upphaflega sett skuli nýttar þannig til eilífðarnóns. Það þarf að fara margar og langar leiðir til að fá leyfi fyrir því að taka bújörð sem nýtt var til hefðbundins búskapar árið 1976 til annarra nota. Það er ekki nægilegt að eigandi jarðarinnar vilji það og hafi áhuga á því sjálfur heldur þarf hann að fá leyfi margra aðila til þess að svo verði gert. Þetta stangast að sjálfsögðu algerlega á við það sem stjórnvöld eru að gera nú þegar þau eru að reyna að fá þessa hina sömu bændur með umtalsverðum fjármunum úr ríkissjóði til að draga úr hefðbundnum landbúnaði, jafnvel leggja hann niður og snúa sér að öðrum viðfangsefnum. En samkvæmt jarðalögum, nr. 65 frá 31. maí 1976, er bændum raunverulega bannað þetta nema að fengnu leyfi fjölmargra opinberra aðila.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en ítreka að með því er stefnt að því að viðskipti með bújarðir á Íslandi eða fasteignir bænda geti orðið eðlilegar og sem frjálsastar án þess þó að það sé með nokkrum hætti gengið á svig við hagsmuni íbúa sveitarfélaganna. Slík eðlileg viðskipti með bújarðir og fasteignir bænda gera það eitt að verkum að líklegra er að þeir fái eðlilegt verð fyrir eignir sínar. Það fá þeir ekki nú. Ég vænti þess að frv. sem er í fullri samhljóman við þá stefnu í landbúnaði sem menn eru nú a.m.k. að þykjast móta, fái framgang á hinu háa Alþingi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, fyrri umr.

Þáltill. DSigf o.fl., 167. mál. — Þskj. 209.

[17:21]

Flm. (Drífa Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, en hv. alþm. Jón Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttir eru meðflm. mínir. Með leyfi hæstv. forseta vil ég fá að lesa upp tillöguna ásamt greinargerð:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta endurskoða 234.–242. gr. í XXV. kafla almennra hegningarlaga sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Greinargerð. Gott mannorð er hverjum manni mikilvægt. Þeir sem hafa unnið sér virðingu samfélagsins geta þó án tilefnis verið sviptir henni. Höfundur Hávamála trúði því að sá sem ætti góðan orðstír gæti ekki glatað honum en í nútímasamfélagi er staðreyndin önnur. Á undanförnum árum hafa komið upp ýmis mál þar sem menn telja sig hafa verið sviptir ærunni að ósekju. Einkum er í þessu sambandi rætt um fjölmiðla og ekki síst svokallaða „slúðurdálka" þeirra. Fjölmiðlar verða sífellt öflugri og ná til fleiri notenda. Með margmiðlun hafa opnast nýjar leiðir til tjáskipta sem nota má til góðra hluta og einnig til hins verra. Með einföldum hætti má t.d. koma upplýsingum um menn og málefni á framfæri við óteljandi aðila um allan heim. Upplýsingar, sem sendar eru t.d. sem fréttir, verða tæplega afturkallaðar. Veraldarvefurinn hefur opnað nýja möguleika sem hægt er að misnota eins og nýleg dæmi sanna. Að gefnu tilefni telja flm. því rétt að endurskoða meiðyrðalöggjöfina sem sett var fyrir 55 árum.

Fleiri hliðar eru á málinu og hafa fréttamenn oft vakið athygli á að lögin þurfi að endurskoða. Flutningsmenn telja rétt að virða einnig sjónarmið þeirra."

Mat mitt er að ekki sé rétt að gefa sér fyrir fram niðurstöðu í langri greinargerð um það hvernig eigi að standa að þessari skoðun. Það eru rök með og á móti. Ég held að rétt sé að þeir sem málið varðar komi að þessari endurskoðun og vonast til að svo verði. Ég veit að áður hafa verið fluttar tillögur um endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni en ekki hefur orðið af því nema að hluta til, að því er ég best veit.

Herra forseti. Við eigum marga góða og vel upplýsta fréttamenn sem kjósa að segja hlutlaust frá mönnum og málefnum. Fjölmiðlar nútímans eru opnir fyrir almenningi til tjáskipta sem er af hinu góða. Beinar útsendingar hafa aukist og hægt er að fylgjast með atburðum um leið og þeir gerast. Prentfrelsi, rétturinn til að tjá sig, er einn mikilvægasti réttur íbúanna og grundvallarréttur í lýðræðissamfélagi. En frelsi er vandmeðfarið og það gildir einnig um völd.

Viljir þú kynnast innræti manns, þá fáðu honum völd, sagði gamall spekingur. En hvar eru mörkin milli tjáningarfrelsis og brots á friðhelgi einkalífs eða þegar vegið er að æru manns? Því er erfitt að svara. Hver og einn getur lent í því að eignast óvildarmenn sem misnota aðstöðu sína þannig að sannleikurinn standi á höfði. Með Internetinu hafa opnast nýir möguleikar fyrir almenning til tjáskipta. Við lifum á upplýsingaöld þar sem hraðinn er slíkur við upplýsingamiðlunina að hver sem er getur sent fréttir til tugi þúsunda fréttamiðla samtímis um allan heim á Internetinu. Þar hefur almenningur greiðan aðgang að miðli sem ekki nýtur leiðsagnar ritstjóra eða fréttastjóra sem þekkir þá ábyrgð sem felst í því að miðla upplýsingum.

Að undanförnu hefur sýnt sig að ekki eru allir meðvitaðir um þá ábyrgð. Í stjórnarskránni, 73. gr., með leyfi forseta, stendur:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þetta er meginhugsunin á bak við þá hugmynd sem ég set fram varðandi þessa endurskoðun. Ég tel að sjálfsögðu að allir eigi að bera ábyrgð á því sem þeir segja og finnst það eðlilegt, enda eru lögin ekki sett nema sem varnagli sem ætti ekki að þurfa að grípa til. Þó koma upp slík tilvik. Mig langar aðeins að nefna lagaákvæði sem fjalla um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Í 229. gr. er rætt um þann sem skýrir frá einkamálefnum annars manns án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi. Þetta orðalag er vissulega talsvert loðið og teygjanlegt. Hvenær telst vera næg ástæða? Auðvitað er það matsatriði og dómstólar skera úr slíku, en það er spurning hvort ekki megi e.t.v. hafa þetta skýrara.

Í 232. gr. er minnst á ásóknir eða röskun á friði manna og ofsóknir með bréfum og símhringingum. Þarna er ekki komin til tölvutæknin og margmiðlunin sem nú er. Það er e.t.v. ástæða til að skoða greinina með tilliti til þessarar nýju tækni og hvort það sem stendur í lögunum nái utan um hana. Ég er sjálf í vafa um það.

Síðar í 232. gr. er rætt um þá sem leggja aðra í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum. Mér finnst að e.t.v. mætti skoða það að til eru fleiri tegundir af einelti en eingöngu þær sem eru með skýrslum. Ýmsar greinar eru þarna góðar og að

mörgu leyti er þessi löggjöf góð. Ekki ætla ég að halda öðru fram.

Greinar 234, 235 o.fl. eru mjög almennt orðaðar og ná sjálfsagt utan um flest sem upp kemur. Grein 237 vekur athygli og ef ég má, með leyfi forseta, vitna. Þar stendur:

„Ef maður bregður manni brigslum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt."

Ég velti því fyrir mér hvort þarna sé um að ræða hömlur á rannsóknarfréttamenn og vek athygli á því að nýleg myndbirting á Internetinu sem fræg hefur orðið vekur líka upp spurningar. Þarna er sjálfsagt vandrataður meðalvegurinn.

Ýmsir aðrir hlutir eru þarna sem ég vil skoða. Sumt er mjög gott. Það er stundum mjög erfitt að koma við vörnum í ærumeiðingarmálum, t.d. þegar ráðist er á þá sem eru látnir. En löggjafinn tekur á því. Í 242. gr. er minnst á að opinberir starfsmenn eigi rétt á að höfðað sé mál fyrir þá ef að þeim er vegið vegna vinnu þeirra. Ekki ætla ég að segja til um hvort þeir eigi endilega að njóta þess umfram aðra, en ætla verður þó að þessar reglur gildi almennt á vinnumarkaðinum. Ekki veit ég hvort menn telja að dómar séu réttir, mildir eða strangir, en mér hefur heyrst að það fari eftir því hvoru megin borðs menn sitja. Hins vegar hefur ekki síst vakið athygli mína og annarra það sem hefur verið að gerast á Internetinu og sumir fjölmiðlar hafa fjallað um, t.d. Vikublaðið 24. nóvember. „Framsókn vill ritskoða" segir í fyrirsögn. Það er rangt. Að endurskoða lög er ekki það sama og að ritskoða fréttir.

En það er athyglisvert að þegar sendar eru út á Internetið upplýsingar um stórfelldan fjárdrátt eins og segir í fyrirsögn fréttar í DV 18. nóvember, þá er raunverulega búið að dæma fólk áður en málið er komið til dómstóla. Ég er ekki að segja að það sé ekki hægt öðruvísi en á Internetinu. Það kann vel að vera að svo sé gert jafnvel í blöðum. En ég held samt sem áður að svolítill misskilningur sé í gangi í það minnsta ef maður skoðar málflutning þeirra sem fjalla um þetta mál á Internetinu síðustu daga. Þar virðist sú hugsun ríkja að lagt sé til að leysa tæknileg vandamál sem uppi eru á Internetinu. Svo er ekki. Internetið er mjög skemmtilegur miðill og býður upp á óþrjótandi möguleika. Þar getur maður leitað upplýsinga og fengið þær næstum samstundis. Ég held að í framtíðinni verði munurinn á þeim sem kunna að notfæra sér Internetið jafnvel sá hinn sami og var áður á þeim sem voru læsir og ólæsir. Þetta er mjög mikilvægt tjáningarform, upplýsingamiðill og getur hjálpað fólki um ákaflega marga þætti.

Tæknilega eru miklir örðugleikar við að halda utan um þessi mál. Mér skilst að allir eða flestallir í Háskóla Íslands hafi aðgang að Internetinu. Þar eru að vísu kerfisstjórar sem reyna að fylgjast með ef eitthvað sérstakt kemur upp og taka á þeim vandamálum. Eftir því sem ég best veit fá nemendur upplýsingar um að þeim beri að gæta sín og viðhafa ákveðið rétt siðferði en það er sjálfsagt erfitt að fylgjast með því.

Í sumum löndum bera þeir ábyrgðina sem veita aðgang að Internetinu. Það er nokkuð sem ekki hefur verið skoðað hér á landi, en þó veit ég að verið er að semja einhverjar siðareglur. Hins vegar velti ég því fyrir mér hvernig við getum náð utan um það, til dæmis er kaffistofa hér í borg þar sem menn geta sest niður og unnið á Internetinu eða komið þar á framfæri hinu og þessu. Auk þess veit ég um fyrirtæki erlendis sem taka við upplýsingum. Maður getur látið geyma þær í nokkra klukkutíma. Þetta sama fyrirtæki strokar út úr skrám nafn sendanda og hvaðan upplýsingarnar eru komnar og sendir þær nokkrum klukkutímum síðar á annan áfangastað. Miðað við þessi fyrirtæki úti í heimi sýnist mér að það geti verið næsta erfitt fyrir nokkurn mann að ná utan um þetta. Engu að síður tel ég að það þurfi að ná utan um þetta þegar vitað er hver skaðanum veldur. Hvað löggjafann varðar ætti ekki að vera síður saknæmt að brjóta þannig af sér á Internetinu, ef upp kemst. Það held ég að sé meginatriði. Ég veit þó að tæknilegir örðugleikar eru allmiklir og það verður að gæta þess að rangur aðili verði ekki sakfelldur. Ætlunin með þessari umræðu og þessari tillögu var ekki að leysa nein slík mál og auðvitað veit ég að lög breyta því ekki að alltaf má brjóta þau. En þau eru hins vegar ekki sett vegna góðu þegnanna heldur frekar hinna sem ekki fara rétt að. Spurningin um opinbera persónu eða ekki er kannski mikilvægt atriði. Það má líta hana ýmsum augum. Þingmenn eða þeir sem eru í pólitík eru t.d. opinberar persónur og verða e.t.v. að þola harðari umfjöllun en aðrir. Það hefur verið rætt hér um það hvort sönnunarbyrðin eigi að vera sú sama og hún er hér eða hvort hún eigi að vera á hinn veginn, eins og mér skilst að hún sé í Bandaríkjunum. Þetta er spurningin. Það eru ýmis grá svæði varðandi einkalíf fólks og friðhelgi þess. Hvenær er t.d. komið inn á friðhelgi einkalífs? Æra fólks er mjög mikilvæg. Ef við vinnum okkur inn peninga og einhver stelur þeim frá okkur er það saknæmt og fyrir það er refsað. Á sama hátt vinnum við okkur inn æru og mannvirðingu og auðvitað verður að vera hægt að bregðast við árás á slíkt. Í verstu tilvikum má jafnvel tala um mannorðsþjófnað eða mannorðsmorð.

Þann 23 sl. var skýrt frá því í Financial Times að samgönguráðuneytið í Bandaríkjunum hafi sektað flugfélag fyrir að gefa upp rangar upplýsingar á Internetinu. Umfjöllun um Internetið eykst stöðugt og á þessum málum hlýtur að verða tekið, þó svo að mín ætlun hafi ekki verið að við tækjum á þessum tæknilegu málum. Engu að síður tel ég mikilvægt vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið hér að undanförnu reynt sé að skoða hvort það sé möguleiki að ná utan um hluta af þessu, þótt ég viti að tæknilegi hlutinn er allverulegur.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn.

[17:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flutningsmönnum fyrir að flytja þessa tillögu og koma þessu máli hér á dagskrá. Það hefur reyndar oft verið á dagskrá áður. Við alþýðubandalagsmenn höfum flutt tillögur um endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni á hverju einasta þingi núna um árabil. Og reyndar varð okkur talsvert ágengt á síðasta þingi þegar við fengum breytt vissum ákvæðum varðandi sérstaka æruvernd opinberra starfsmanna í framhaldi af málarekstri Þorgeirs Þorgeirssonar. Og sömuleiðis tókst að lokum á síðasta þingi ágæt samstaða um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, m.a. því ákvæði sem fjallar um tjáningarfrelsi og málfrelsi. Ég tel ástæðu til að rifja það upp að um þetta mál urðu ansi miklar umræður og m.a. var fjöldinn allur af rithöfundum og öðrum aðilum í þjóðfélaginu sem töldu að upphaflegar hugmyndir stjórnarskrárnefndar væru of tæpar, þrengjandi fyrir málfrelsið og þar með lýðræðið í landinu. Að lokum má segja að það hafi verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða með því að þessari grein stjórnarskrárfrv. var breytt frá upphaflegri mynd og niðurstaðan birtist í stjórnarskránni eins og menn þekkja hana núna.

Þar segir, með leyfi forseta, í 73. gr.:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum".

Þessi stjórnarskrárbreyting var samþykkt hér samhljóða á Alþingi eftir mjög miklar umræður og þær voru mjög gagnlegar vegna þess að lokum vissu menn, svona nokkurn veginn held ég, hvað þeir voru að samþykkja eða hverju þeir vildu breyta. Það sem er hins vegar nauðsynlegt að líta á í þessu sambandi er að það er alltaf hætta á því þegar fólk flytur mál af því tagi sem hér er uppi að menn lendi í því að tala fyrir málinu með þeim hætti að maður gæti ímyndað sér að fólk vildi þrengja málfrelsið, tjáningarfrelsið og þar með lýðræðið. Ég er sannfærður um að hv. 1. flm. hefur engan áhuga á því en ég nefni þetta af marggefnu tilefni vegna þess að aftur og aftur hefur það í raun og veru verið þannig að þeir sem hafa verið að flytja mál hér af þessu tagi í þinginu, hafa komið þeim megin að málinu. Sem sagt þeim megin að þeir vilji vernda tiltekna aðila fyrir tiltekinni umræðu, árásum eða t.d. börn fyrir ofbeldiskvikmyndum sem er skyldur málaflokkur. Þetta er auðvitað hlutur sem við höfum aftur og aftur velt fyrir okkur hér í þessari stofnun, hvernig það geti í raun og veru samrýmst að tryggja eðlilegt tjáningar- og málfrelsi og þar með lýðræðið í landinu án þess að það verði til þess að meiða æru fólks eða með öðrum hætti að valda því erfiðleikum umfram það sem brýnasta nauðsyn krefst.

Í því sambandi minnist ég umræðu sem var í menntmn. á síðasta þingi um breytingar á lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum. Þá komu upp hugmyndir um það að hér væri mikið af tölvuleikjum, börn væru að leika sér með tölvuleiki sem grundvallast á ofbeldi og ég geri ráð fyrir því að einhverjir hér í salnum hafi jafnvel séð slíka tölvuleiki sem eru hræðilegir. Niðurstaða okkar var sú að við réðum ekki við þetta. Við hefðum ekki tækni til að taka á þessu. Ég held að það sé veruleikinn sem við þurfum að gera okkur grein fyrir t.d. í sambandi við Alnetið, veraldarvefinn. Við ráðum ekki yfir því máli vegna þess að hver einasti maður getur keypt sér heimasíðu. Það kostar 60–70 þús. ef menn versla við Miðheima, sem hæstv. menntmrh. gerir eins og heimsfrægt er orðið. Frá þessari heimasíðu geta menn svo sem sent allt milli himins og jarðar eins og menn þekkja líka sem hafa lesið sendingarnar frá hæstv. menntmrh. sem eru afskaplega athyglisverðir textar svo ekki sé meira sagt og sýna hvað er lítið að gera í menntmrn. En látum það nú vera.

Þessi veruleiki er með öðrum orðum svona. Það er mjög erfitt að taka á þessu máli. Hvað á þá að gera? Ég tel að það eigi ekki að fara í málið út frá bannhliðinni. Ég held að það borgi sig ekki. Það endar alltaf með því að það verður einhver maður sem getur tekið geðþóttaákvörðun um þetta eða hitt, birtingu efnis í blaði eða á Alnetinu eða í ljósvakamiðli eða hvar það nú er. Við eigum ekki að fara þeim megin í málið. Ég held að við eigum hins vegar að reyna að stuðla að almennri ábyrgð í þessu efni. Það mætti t.d. hugsa sér að það yrðu settar einhverjar almennar reglur, t.d. á grundvelli alþjóðasamninga um Alnetið og ábyrgð þeirra sem þar stýra einhverju, hvort sem það er ein lítil heimasíða eða hvort að það er eitt fyrirtæki sem situr uppi með mikið af upplýsingum. Það er augljóst mál að ef eitthvert fyrirtæki gerist sekt um að senda frá sér sóðaefni af einhverju tagi, þá dæmir það sig sjálft þar með úr leik. Þannig held ég að það séu einhverjar slíkar almennar nálganir sem við eigum að velta fyrir okkur í þessu sambandi. Við eigum að hvetja til varkárni með öðrum orðum, hæstv. forseti, en ekki til ritskoðunar.

Þá ætla ég að koma að stjórnarskránni aftur og segja það: Það sem liggur eftir hér í þessari stofnun er að setja lög um tjáningarfrelsi, um prentfrelsi og um málfrelsi. Það stendur í stjórnarskránni. En það eru engin lög til um það hvernig er eðlilegt að taka á þessum hlutum. Það á Alþingi að gera. Dómsmrn. hefur hins vegar vanrækt þessi mál um árabil, áratuga skeið, og frá nefnd sem á að vera að endurskoða hegningarlögin kemur í raun og veru ekki neitt í þessu efni. Við sum þekkjum það að hafa verið borin þungum sökum á grundvelli meiðyrðalaganna, m.a. sá sem hér stendur, sennilega dæmdari en flestir aðrir núlifandi menn fyrir þá hluti, í Hæstarétti. Auðvitað má nefna menn frá fyrri tíð með miklu fleiri og glæsilegri dóma í þeim efnum, eins og Björn Jónsson. Ég held að hann sé methafi sögunnar. En allt um það, þá eru þessi ákvæði vitlaus og ég er sammála hv. flm. um það. En ég vil ekki fara þannig í hlutina að það megi líta á það sem tilhneigingu til ritskoðunar eða þess að yfirvöld séu svo að segja með alsjáandi auga yfir hverjum mannanna hræringum í þessu sambandi.

[17:42]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Ég held gagnstætt Vikublaðinu, sem hv. flm. nefndi áðan, að þessar tillögur séu tímabærar jafnvel þó fram hafi komið áður. Ég get tekið undir með síðasta hv. ræðumanni um það að ég tel enga ástæðu til þess að efast um vilja flutningsmanna til að haldið sé uppi fullkomnu tjáningarfrelsi í landinu. Auðvitað er hið raunverulega tilefni tillögu af þessu tagi ekki nýliðnir atburðir, heldur breytt fjölmiðlun í landinu. Breytt fjölmiðlun frá þeim tíma þegar meiðyrðakafli hegningarlaganna er settur og breytt fjölmiðlun frá þeim tíma sem prentlög eru sett. Því þau vantar í raun og veru þarna inn í. Þau eru hinn hlutinn af þessu dæmi öllu saman, m.a. lögum um ábyrgð einstakra manna sem rita og stjórna blöðum og öðrum fjölmiðlum.

Það hefur gerst á síðustu 15–20 árum að tækni og efnisleg umfjöllun hefur breyst mjög mikið í fjölmiðlun. Tækninni hefur fleygt fram. Við erum núna með mörg útvörp, sjónvörp. Við erum með ýmsar tölvutengingar, þar á meðal Internetið og innihald fjölmiðlanna og ástæður þeirra sem reka þá hafa líka breyst. Við höfum sem sé horfið frá þeirri fjölmiðlun sem fyrst og fremst var á pólitískum forsendum hér í mínu ungdæmi og sennilega flestra þeirra sem hér sitja, og til annars ástands sem við vitum kannski ekki alveg enn þá hvað er. Við bendum oft á það, sérstaklega þeir sem nálægt fjölmiðlun standa, að það ástand einkennist af aukinni fagmennsku. Það gerir það. Við getum líka kennt það við aukið lýðræði, að það séu ekki hin opinberu samskipti stjórnmálaflokka eða stofnana o.s.frv. í samfélaginu, heldur líka hið beina lýðræði þar sem einstaklingurinn í símanum tekur til máls, þar sem fólk kemst að í útvarpi, þar sem talað er við það í blaði o.s.frv. Við getum líka kallað þetta nýja ástand eða kennt það við markaðinn, vegna þess að fjölmiðlar eru ekki lengur reknir á pólitískum forsendum þá eru auðvitað fyrst og fremst markaðssjónarmiðin á bak við. Það getur að vísu farið saman, þótt það hafi ekki alltaf gert það. Mætti

rifja upp ýmsar sögur í því efni með öðrum fyrrv. ritstjórum sem sitja hér í salnum.

Um Internetið vil ég segja þetta: Ég sé enga sérstaka ástæðu til endurskoðunar á lagasetningu út af Internetinu eingöngu. Í samskiptum á Internetinu, sem ég þekki ekki vel en hef aflað mér nokkurra upplýsinga um, fellur hver þáttur undir lagagreinar eða reglur sem gilda um aðra þætti. Hér á landi er sími og fax. Internetið er í raun og veru ekkert annað en einvers konar ofursími eða ofurfax. Segja má að heimasíðurnar séu persónulegur fjölmiðill eða stofnanalegur fjölmiðill fyrir einstaka menn og fyrirtæki. Um þetta gilda því sömu reglur og þar. Munurinn er annars vegar meiri hraði og síðan það sem hv. flm. nefndi sem eru stöðvar erlendis sem fara fram í skjóli nafnleyndar. Slíkar stöðvar eru hins vegar ekki til hér. Við þessu er erfitt að gera og sennilega rétt að eina leiðin til að koma í veg fyrir dreifingu efnis á þann hátt, þ.e. dreifingu nafnlauss efnis, því að allt annað efni á Internetinu má rekja ef menn hafa til þess tækifæri fyrir hraðanum til ákveðins ábyrgðarmanns, að það verði ekki gert nema með einhvers konar alþjóðasamningum. Ég tek undir að ég held að þessi meiðyrðalöggjöf, hegningarlögin og einnig prentlögin eigi að endurskoða. Ég get tekið undir ýmsar athugasemdir flutningsmanns við meiðyrðalöggjöfina og ýmsar viðbætur sem flutningsmaður nefndi, t.d. um hugsanlegan mun á opinberum persónum og almennum persónum eða hvað á að kalla það, munur sem blaðamenn og fréttamenn nota mjög mikið og er t.d. í störfum siðanefndar blaðamanna algengt umræðuefni. Ég get líka tekið undir með flutningsmanni um 237. gr. sem er ákaflega erfið í skilningi og túlkun:

„Ef maður bregður manni brigslum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt."

Það er að vísu um þessa ágætu grein að segja að hún á sér svo sögulegar rætur að maður mundi sjá eftir henni úr lögunum því að í Staðarhólsbók Grágásar segir:

„Ef maður bregður manni brigslum og mælir áljót þótt hann segi satt, og varðar það fjörbaugsgarð, ..." Það er því spurning hvort þessi grein fellur undir þjóðminjavörsluna í landinu. **(Gripið fram í:** Má ekki taka upp fjörbaugsgarð?) Jú, það væri líka góð hugmynd og skóggang. Það væru góðar refsingar. Þá væri hægt að reka þetta samfélag svolítið í framsóknarstíl.

Ég vil hins vegar segja að menn hnjóta um fátt í meiðyrðalögunum. Hins vegar skiptir túlkunin mjög miklu máli og þar komum við að ákveðnu vandamáli. Túlkun dómstólanna hefur valdið hér framan af, t.d. eftir það tímabil sem hv. þm. Svavar Gestsson, vitnaði til, að menn höfðu skömm á þessari löggjöf. Almennilegir menn höfðuðu ekki mál á grundvelli þessarar löggjafar. Það breyttist fyrir nokkrum árum fyrir tilverknað ýmissa annarra manna og síðan hefur verið nokkur straumur meiðyrðamála. Það verður að segjast eins og er að þegar menn hafa farið yfir þau, blaðamenn, fjölmiðlamenn, og ég vona lögfræðingar, hefur skort mjög samræmi í túlkun og það jafnvel þannig að dómarnir hafa stangast á innbyrðis. Það kemur fyrir að Hæstiréttur breyti dómi frá fyrra dómstigi. Þessi mismunandi túlkun dómstóla hefur skapað réttaróvissu í þessum málum sem kemur mjög niður á fjölmiðlamönnum og skapar hjá þeim ákveðin viðhorf gagnvart öllum breytingum. Hún skapar hjá þeim tortryggni, í fyrsta lagi hjá dómsvaldinu og einnig gagnvart löggjafarvaldinu eins og hv. 8. þm. Reykv. ræddi hér áðan.

Í erindi sem Sigurður Már Jónsson flutti og birti í Blaðamanninum í ágúst 1994 fer hann yfir ýmis af þessum málum. Hann fer yfir meiðyrðamál frá árunum 1987 til miðs árs 1994 og tekur þau út úr sem blaðamenn hafa lent í. Ég vil nefna nokkur mál þar sem sektir hafa verið hæstar þannig að menn hafi hugmynd um það við hvað fjölmiðlamenn geta búið í þessum efnum. Áður hefur verið minnst á mál ákæruvaldsins gegn Halli Magnússyni frá 1992 úr Hæstarétti þar sem Hallur var dæmdur til að greiða 610 þús. kr. í sekt. Í héraðsdómi 1992 var tekið fyrir mál Úlfars Þormóðssonar og Gallerí Borgar gegn Kristjáni Þorvaldssyni og Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur sem skrifuðu þá í Pressuna. Það mál endaði með 750 þús. kr. dómi, fór í Hæstarétt og stendur nú í 1.235 þús. kr. með vöxtum og dráttarvöxtum. Það mál er sérstakt vegna þess að blaðið, sem þau skrifuðu í, fór á hausinn. Þær tryggingar sem þau töldu sig hafa fyrir að þurfa ekki að verða sjálf persónulega ábyrg fjármálalega í skrifum sínum reyndust ekki halda. Sækjendur málsins krefjast nú að blaðamennirnir tveir borgi þessa upphæð sem nú er komin í u.þ.b. 1.235 þús. kr. Það sem Hrafn Gunnlaugsson fékk dæmt í máli sínu gegn Helgarblaðinu var 471.500 kr. Það mun hafa verið 1993 eða 1994. Í máli Más Péturssonar gegn Pressunni í héraðsdómi 1994 var niðurstaðan 625.000 kr. (Forseti hringir.) Ég fer fram á að fá að lesa þótt tíminn sé að renna út niðurstöðu Sigurðar Más í þessu efni. Hann kallar þennan feril meiðyrðamála sjálfsafgreiðslumeiðyrðamál. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Þeir sem hafa lagt sig eftir því að lesa dóma, hvort sem það er vegna starfa sinna eða af áhuga, sjá að efnislegur rökstuðningur fyrir niðurstöðu málsins á að leiða til lögskýrðrar dómsniðurstöðu. Í meiðyrðamálum lítur þetta öðruvísi út. Dómar í þeim eru fullir af mótsagnakenndum fullyrðingum þar sem smekkur dómarans ræður ríkjum. Dómarar hafa ákveðið að uppsetning efnis sé óviðurkvæmileg ein og sér, svo vitnað sé til orðalags þeira, jafnvel leyft sér að gagnrýna notkun mynda ef þeim býður svo við að horfa. Með öðrum orðum, dómarar landsins hafa tekið að sér að vera útlitshönnuðir og í framhaldi af því sérfræðingar í smekklegri uppsetningu blaða. Með löglærðan smekk sinn að vopni og úrelta lagasetningu í farteskinu virðast þeir standa frammi fyrir blöðum nútímans og hamast við að dæma."

Þess vegna held ég að það sé vilji blaðamanna einnig að löggjafinn hreyfi sig í þessum málum þrátt fyrir alla tortryggnina og ég legg mikla áherslu á þau síðustu orð í greinargerð flutningsmanna að vítt samráð verði haft um þessa hluti ef tillagan nær fram að ganga.

[17:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill án þess að um sé að ræða skerðingu á tjáningarfrelsi minna hv. þm. á þau tímamörk sem hér gilda.

[17:54]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð af minni hálfu inn í umræðuna því hv. 1. flm. hefur gert grein fyrir þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Ég legg áherslu á nokkur atriði varðandi flutning þessa máls. Það er skoðun flutningsmanna að það að hreyfa tillögunni og láta fram fara þessa endurskoðun sé til góðs. Það sé til góðs bæði fyrir þá einstaklinga sem eiga á hættu að verða fyrir ærumeiðingum og það sé ekki síður til góðs fyrir þá sem vinna að fjölmiðlun í landinu að það sé skýrt og klárt og í samræmi við þá tíma sem við lifum á hver ábyrgð manna er báðum megin.

Auðvitað er ekki því að neita að þær tækniframfarir sem orðið hafa í fjölmiðlun eru ofarlega í huga og t.d. hvað Internetið varðar er hægt að dreifa þar efni með áhrifamiklum hætti. Ég hef engar væntingar um það og engan áhuga á því að það verði komið einhvers konar ritskoðun á Internetið. Ég ímynda mér ekki að það verði og hef ekki áhuga á því. Hins vegar verður að vera ljóst hvort og hvar menn geta leitað réttar síns sem verða fyrir ærumeiðingum á þennan hátt.

Í fjölmiðlun í landinu gilda ákveðnar reglur. Það gilda ákveðnar reglur um ábyrgðarmenn og ábyrgð fjölmiðlamanna. Blaðamenn hafa sett sér ákveðnar siðareglur í þessu efni og hafa siðanefnd þó auðvitað séu dómar þeirrar nefndar umdeildir eins og dómar í þjóðfélaginu almennt. Ég þekki örlítið til starfa siðanefndarinnar vegna þess að ég átti sæti í henni um skeið fyrir nokkrum árum. Á þeim tíma sluppum við við stór áföll í þeim efnum þrátt fyrir nokkra dóma. En ég veit að dómar þeirrar nefndar hafa verið umdeildir. Eigi að síður er þó tilvist hennar til marks um að fjölmiðlamenn vilja setja sér ákveðnar leikreglur í þessum efnum.

Þessi tillaga er ekki tilkomin vegna þess að flutningsmenn vilji koma á nokkurs konar ritskoðun í landinu, það er langt því frá. Við erum talsmenn skoðanafrelsis og ritfrelsis sem er reyndar, eins og hv. 8. þm. Reykv. kom inn á, bundið í stjórnarskrá og við viljum varðveita það. Það verður best varðveitt með nútímalegri og ljósri löggjöf. Eins og hv. 13. þm. Reykv. kom inn á hafa dómar verið æðiumdeildir í meiðyrðamálum. Það kann að benda til að það veiti ekki af að skýra og endurskoða þessa löggjöf sem er orðin yfir hálfrar aldar gömul.

Ég tek undir það með hv. 8. þm. Reykv. að við viljum ekki nálgast þetta mál með neikvæðum hætti fyrir tjáningarfrelsi í landinu. Það er langt því frá. Við vonum að það verði til góðs að hreyfa málinu. Ef af þeirri endurskoðun verður sem tillagan gerir ráð fyrir þá verði það til góðs fyrir tjáningarfrelsi í landinu sem er undirstaða lýðræðisþjóðfélagsins sem við lifum í.

[17:59]

Flm. (Drífa Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem málið fær hér. Ég vil leiðrétta hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, vegna þeirra orða hans að hér væri um að ræða tilhneigingu til ritskoðunar. Þvert á móti. Enda tók ég það sérstaklega fram að það væri alls ekki vilji flutningsmanna, langt því frá. Hins vegar eru ákveðnir varnaglar nauðsynlegir.

Eins og flutningsmenn hafa rakið er mjög mikilvægt að þegar farið verði í endurskoðun á þessum lögum þá komi að málinu aðilar beggja sjónarmiða. Ég er sannfærð um að það er eitthvað mikið bogið við löggjöf þar sem dómar verða með jafnmisvísandi hætti og kom fram í máli hv. 13. þm. Reykv. Það hlýtur að vera eitthvað að löggjöf sem er svo óskýr að dómar falla með mismunandi hætti, þótt lögin séu svipuð. Það sýnir að full ástæða er til þess að endurskoða lögin, enda hafa t.d. fréttamenn oft komið fram á liðnum árum með rök fyrir nauðsyn þess. Og það er kannski meginþátturinn, þótt Internetið hafi verið talsvert til umræðu að undanförnu. Og vissulega er mikilvægt fyrir okkur að hafa þar góða löggjöf. Við getum víst öll verið sammála um að frelsi fjölmiðla hefur aukist til muna. Einkalíf fólks fær meiri umfjöllun en áður var, almenningur vill hafa fjölmiðlana opnari og slíkar fréttir njóta mikilla vinsælda. Þar hafa fjölmiðlarnir komið til móts við óskir þeirra sem kaupa blöðin. Ef við skoðum blöð í dag er alveg ljóst að efni þeirra er mun fjölbreyttara en það var fyrir 55 árum.

E.t.v. hreyfir þessi þáltill. við þeim aðilum sem ættu, að mínu mati, að vera búnir að skoða þetta mál. Eins og fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv. hefur það verið flutt hér áður og kannski er eðlilegt að þeir aðilar sem unnið hafa við þessi verkefni, ritstjórar og fréttamenn sem eru einmitt gjarnan í stétt alþingismanna, hafi verið mjög meðvitaðir um báðar hliðar þessa máls.

Ef þannig tekst til að meiðyrðalöggjöfin verði endurskoðuð, finnst mér að það ætti að vera í samhengi við endurskoðun prentlaga og útvarpslaga. Spurning er hvort það eigi ekki að vera ein löggjöf sem tekur til allrar tjáningar. Þar er kominn nýr vettvangur, margmiðlunarfyrirtæki sem ég tel að séu mjög af hinu góða, og ég tel óhugsandi að nokkrum manni detti í hug að fara að ritskoða það sem þar fer fram. Ég tel mjög mikilvægt að svo verði ekki. Hins vegar eru einhver efri mörk á því hve langt megi ganga. Það held ég að allir sjái.

Ég tel mjög mikilvægt að við endurskoðunina verði reynt að afnema sem flest grá svæði þannig að fréttamenn og aðrir sem tjá sig á opinberum vettvangi geti gert það af meira öryggi. Mikilvægast er þó að endurskoðunin eyði réttaróvissu og þar sé í hvívetna þess gætt að ekki komi til skerðingar á tjáningarfrelsi.

[18:03]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég held að þær hafi verið gagnlegar og það er spurning hvort það væri ekki skynsamlegt í framhaldi af þessu að tekin verði ákvörðun í málinu. Málið liggur þannig, svo sérkennilegt sem það er, að það eru engin lagaákvæði til um það sem má í þessu sambandi, bara um það sem má ekki. Það eru engin lagaákvæði til um tjáningarfrelsi, engin um prentfrelsi né þá ábyrgð sem því fylgir, engin um málfrelsi í þjóðfélaginu, engin lög sem byggja á 73. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún er núna. Þess vegna er það spurning hvort ekki er kominn tími til þess að það verði til löggjöf sem tekur á þeim hlutum sem við viljum tryggja og hafa opna í þjóðfélaginu og hvort það er ekki besta leiðin til þess að nálgast þau vandamál, sem hv. flm. og fleiri hafa komið inn á, frekar en að bíða alltaf eftir því að dómsmrn. endurskoði meiðyrðalöggjöfina. Satt best að segja er sú bið orðin alveg nógu löng og lítið hefur út úr henni komið. Það er spurning hvort það er ekki miklu nær að fara hinum megin í hlutina, þ.e. að setja hér almenn lög á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hv. síðasti ræðumaður, 1. flm., var að tala um, þ.e. að um yrði að ræða almenna löggjöf af þessu tagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrri umr.

Þáltill. DSigf o.fl., 168. mál. — Þskj. 210.

[18:06]

Flm. (Drífa Sigfúsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Meðflm. mínir eru hv. alþm. Magnús Stefánsson og Ísólfur Gylfi Pálmason

og ég vil, með leyfi virðulegs forseta, fá að lesa upp þessa tillögu ásamt greinargerð:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nú þegar nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga.

Greinargerð: Á undanförnum árum hafa fjölmörg mál vakið upp spurningar um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Mest áberandi eru kvartanir í málum þar sem skuldari fær lán sem er hærra en skuldarinn er fær um að ráða við miðað við óbreyttar aðstæður. Einnig eru fjölmörg dæmi um mál þar sem aðstæður skuldara hafa breyst, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis.

Mjög mikilvægt er fyrir ábyrgðarmenn að upplýsingaskylda lánveitenda sé rík þannig að mönnum sé ljóst hvað þeir eru að takast á hendur. Áríðandi er að upplýsingablöð fyrir neytendur liggi frammi í bönkum þar sem m.a. ýmis hugtök eru skýrð, upplýsingar veittar um ábyrgð sem fylgir undirskrift ábyrgðarmanna og hvað beri að forðast. Það er sorglegt þegar fólk missir aleiguna eftir að hafa skrifað upp á fyrir ættingja, vin eða kunningja. Augljóst er að margt af þessu fólki hefur ekki gert sér fullkomlega grein fyrir afleiðingunum. Ábyrgðarmenn ættu að eiga rétt á upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldara og möguleika þeirra til að standa við skuldbindingar sínar.

Í Finnlandi hafa verið samþykkt lög sem fjalla um ríka upplýsingaskyldu gagnvart ábyrgðarmönnum og bann við ákveðnum ábyrgðarsamningum.

Í Noregi hefur verið unnið frumvarp til laga um skuldbindingar ábyrgðarmanna og tryggingar vegna veðsetningar þriðja manns. Þar er um að ræða vernd fyrir ábyrgðarmenn, svo sem upplýsingaskyldu fyrir gerð samnings, hvert sé innihald samnings, um skyldu til að vara ábyrgðarmenn við breytingum á samningi, um bann við því að tryggingu sé vikið til hliðar, niðurfellingu ábyrgðar og tryggingu sem ábyrgðarmaður getur tekið, hvenær hægt sé að ganga að ábyrgðarmanni o.fl.

Með því að tryggja í lögum vernd fyrir ábyrgðarmenn er um leið verið að stuðla að því að gætt sé hófs í lánveitingum til skuldara sem illa ráða við skuldbindingar sínar. Þá mun aukin upplýsingaskylda vonandi draga úr óþarfa neyslulánum og því verka sem fyrirbyggjandi ráðstöfun gegn of mikilli skuldasöfnun."

Herra forseti. Það er örugglega ekki óalgengt að ábyrgðarmaður líti á undirskrift sína sem nauðsynlegt formsatriði til þess að hægt sé að veita lántakanda lán, líkt því og verið sé að votta rétta undirskrift. Og kannski setur lánveitandinn þetta einnig þannig fram í einstaka tilfellum. Allt of margir skrifa upp á fyrir vini og kunningja af því að þeim þykir óþægilegt að neita. En sú staðreynd er óhagganleg að ábyrgðarskuldbindingar eru loforð um að borga skuld fyrir einhvern annan ef sá borgar ekki. Það eru til ólíkar tegundir ábyrgðarskuldbindinga. Við einfalda ábyrgð þarf ábyrgðarmaður ekki að inna greiðslu af hendi nema lánveitandi hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá skuldara. Lánveitandi getur aftur á móti krafið um greiðslu hvern þann sem hann velur sjálfur ábyrgðarmann ef lánið kemst í vanskil. Ábyrgðarmaður hefur þá gengist í ábyrgð eins og hann væri skuldari lánsins. Ef um er að ræða allsherjarábyrgð tekur ábyrgðarmaður á sig ábyrgð á öllum skuldbindingum lánara, nú og í framtíðinni. Að mínu mati ætti svo umfangsmikil ábyrgð að vera óheimil í viðskiptum neytenda við lánastofnanir.

Það er mikilvægt fyrir ábyrgðarmenn að vita að lánveitandi getur krafið einn ábyrgðarmann um alla skuldina, jafnvel þótt tveir ábyrgðarmenn séu að láni, svo framarlega sem ábyrgð er ekki takmörkuð. Ekki er hægt að segja upp ábyrgð ef lánveitandi gefur ekki samþykki sitt fyrir því. Þetta á einnig við þótt einkahagir ábyrgðarmanns breytist, t.d. ef hann skilur við skuldara eða slítur sambúð við hann. Ábyrgðarmaður gerir sennilega oft ráð fyrir því að lánveitandi hafi metið greiðslugetu lántakanda til að sjá hvort fjárhagur hans ráði við greiðslu af láninu og ábyrgðin sé því einungis aukatrygging fyrir lánveitandann. En lánveitandi þarf ekki að meta greiðslugetu lántakenda og skuldari getur því verið á barmi gjaldþrots. Stór vandamál geta síðan komið upp þegar ábyrgðarmaður þarf að standa við skuldbindinguna og þegar verst lætur getur hann jafnvel þurft að selja húsnæði sitt. En jafnvel áreiðanlegur einstaklingur getur orðið veikur, atvinnulaus eða dáið og þá er hætta á að ábyrgðarmaður þurfi að greiða lánið.

Auðvitað ætti það að vera þannig að fjárhagsstaða lántakanda sé það sem ræður úrslitum um það hvort lán sé veitt eða ekki. Það er eðlileg krafa að lánveitandi geri greiðslumat á fjárhagsstöðu lántakanda. Ef lánveitandi óskar að tryggja sig enn frekar með ábyrgðarmönnum á láninu ætti það að vera regla að greiðslugeta þeirra sé einnig metin. Ábyrgðarmaður þarf að vera fjársterkur aðili sem hefur fjárhagslegt svigrúm til að greiða skuld ef til þess kemur. Jafnframt ætti lánveitandinn að tryggja að ábyrgðaraðili skilji hvað það þýði að gangast í ábyrgð og ábyrgðarmaður fái upplýsingar um það eins fljótt og auðið er, ef hætta er á að ganga þurfi í ábyrgð hans. Það má nefna að í Svíþjóð getur ábyrgðarmaður farið fram á að falla frá ábyrgð ef lánveitandi hefur ekki gert greiðslumat eða látið hjá líða að gefa nauðsynlegustu upplýsingar er varða ábyrgðina.

Norskir viðskiptabankar lentu í talsverðum erfiðleikum fyrir nokkrum árum eins og reyndar margir aðrir bankar. Ástæðan var m.a. sú að bankarnir höfðu verið mjög viljugir að lána. Skuldarar stóðu hins vegar ekki undir væntingum og það lenti á ábyrgðarmönnunum að greiða skuldirnar. Með norska lagafrv. verður reynt að tryggja að gætt sé hófs í lánveitingum með ábyrgðarmönnum og þeir séu betur upplýstir um hvað skuldbindingin hefur í för með sér. Með þessu er betur tryggt að menn gerist ekki ábyrgðarmenn nema þeir standi undir skuldbindingunum sem hlýtur að vera hagur lánastofnana.

Við þekkjum öll dæmi þess að lánastofnun hafi lánað fé til skuldugra einstaklinga sem ekki standa í skilum og síðan er gengið að ábyrgðarmönnum. Eðlilegra væri hins vegar að lánastofnun miðaði útlán sín fyrst og fremst við fjárhagsstöðu lánþega. Hver er ábyrgð lánastofnunar sem lánar einstaklingi sem er stórskuldugur og vitað er að viðkomandi getur ekki á nokkurn hátt staðið í skilum? Því má halda fram með nokkrum rökum að slík lánastofnun treysti á að ábyrgðarmennirnir greiði skuldina, jafnvel þótt ábyrgðarmönnum hafi verið ókunnugt um áhættu sína.

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa bankar og sparisjóðir aukið mjög þjónustu við neytendur. Auðveldara er að fá upplýsingar um margvíslega þjónustu sem veitt er, hvað hún kostar. Og ábyrgðarmenn fá einnig að fylgjast með ef greiðslufall verður, t.d. á skuldabréfi. Að frumkvæði Neytendasamtakanna var stofnuð úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þangað geta neytendur leitað sem telja að brotið sé á sér í samskiptum við fjármálafyrirtæki. Engu

að síður er mikilvægt að ábyrgðaraðili skuldbindinga eignist lagalegan rétt til þess að vera upplýstur um rétt sinn og skyldur. Íslensk heimili eru allt of skuldug og það þarf að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir til að leysa þann vanda, m.a. með ráðgjöf, greiðslumati og greiðsluaðlögun. Að þessum verkefnum er nú unnið undir forustu hæstv. félmrh., Páls Pétursson. Ég vænti mikils árangurs af þeim störfum.

Að lokum vil ég vekja athygli á máli sem DV tók fyrir núna á miðvikudaginn þar sem nokkrir ábyrgðarmenn kærðu starfsmenn Íslandsbanka, þar sem Seðlabanki telur að málið sé ámælisvert. Mér sýnist að þetta mál ásamt mjög mörgum öðrum beri þess vitni að það sé nauðsynlegt að taka á þessu máli með samsvarandi hætti og löggjafinn hefur gert í Finnlandi og verið er að vinna að í Noregi. Það hefur einnig verið leyst úr þessum málum bæði í Svíþjóð og í Danmörku með annars konar samstarfi, samráði eða með reglu.

Herra forseti. Ég vonast til að þingmenn telji að málið sé þarft og það fái eðlilega málsmeðferð. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[18:14]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil fagna þessari till. til þál. Hún er mjög kunnugleg því að á 118. löggjafarþingi lagði undirritaður fram tillögu um nákvæmlega sama efni með nánast sama orðalgi. Þskj. var nr. 699 og það byrjar nákvæmlega eins, nema hvað þar er talað um að fela ríkisstjórninni að gera tillögur eða skipa nefnd. Í þskj. 210 frá 120. löggjafarþingi er talað um að fela viðskrh. að afgreiða málið. En ég tek einlæglega undir með flm. og meðflytjendum varðandi þetta mál og það skiptir kannski ekki öllu hver kemur þessu fram. Sá sem hér stendur hefur á þeim haustmánuðum sem liðnir eru frá þingsetningu verið að afla gagna frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð um stöðu þessara mála þar. Við höfum unnið saman að lagasetningu í þá veru, ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Ég ætla mér þó ekki þá dul að gera út um málið, en ég tek undir það sem kemur fram í tillögunni og vil, með leyfi forseta, vitna í greinargerð með þessu plaggi. Hún hljóðar svo:

„Um langt skeið hefur viðgengist í íslenskum lánastofnunum að lán til einstaklinga og jafnvel fyrirtækja eru einungis veitt gegn sjálfskuldarábyrgð einstaklinga. Mörg dæmi eru um að fjölskyldur hafi misst allt sitt vegna þess að þær hafa gengist í ábyrgð fyrir ættingja eða vini sem síðan hafa ekki reynst borgunarmenn fyrir skuldunum. Hefur því jafnvel verið haldið fram að lánastofnanir hafi meiri áhuga á ábyrgðarmanninum en lántakandanum og að lánað hafi verið til einstaklinga, sem vita mátti að gæti átt erfitt með að standa í skilum, einungis vegna þess að ábyrgðarmennirnir þóttu traustir. Slíkt finnst mér með öllu óviðeigandi."

Eins kom fram í greinargerð á plaggi því sem ég vitnaði í, greinargerð með þáltill. á þskj. 699 frá 118. löggjafarþingi segir enn fremur:

„Í 89. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, eru settar miklar takmarkanir á ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélaga. Þannig má einungis binda sveitarfélag við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum stofnana sveitarfélagsins. Þá getur sveitarfélag einungis veitt einfalda ábyrgð gegn tryggingum sem hún metur gildar."

Í ljósi þessa þótti mér eðlilegt að gera samanburð á því til hvers er ætlast af einstaklingunum og til hvers er ætlast af sveitarfélögunum. En ég held að það sé rétt að það er alltaf að koma betur og betur í ljós að málum er ekki vel fyrir komið í þessum efnum. Ég held að það sé líka rétt að lánastofnanir hafa á undanförnum árum látið sig meira varða hver veitti ábyrgð heldur en hver tæki lánið og um þetta eru mörg dæmi. Ég er reyndar með gögn þar sem einn virtur banki heldur því fram að greiðslugeta lántakanda sé ávallt sé könnuð. Ég dreg það í efa, þótt ég hafi þessi gögn undir höndum.

Ég vildi þó fyrst og fremst lýsa yfir ánægju minni með þetta mál og ég vona að hæstv. viðskrh. bretti upp ermarnar og fylgi þessari tillögu eftir og komi henni í framkvæmd þar sem þrír af félögum hans gangast fyrir þessari tillögu. Ég vil þó ítreka að það sem mestu skiptir er að koma málinu í gegn, ekki hver flytur það.

[18:19]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 80. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 247.

Læknalög, 199. mál, frv. KF, þskj. 249.

Samstarfssamningur milli Norðurlanda, 198. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 248.

[18:19]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mál sem hefur áður komið fram í sölum þingsins og vakin hefur verið athygli á. Það verður einnig rætt hér á eftir í næsta máli þannig að ljóst er að þetta er nokkuð ofarlega á baugi. Þingmenn hafa veitt þessum málum athygli og talið þörf á að gera úrbætur frá því ástandi sem er. Ég vil ekki draga úr því sem er meginefni þessarar þáltill. að löggjöf um réttindi og skyldur þeirra sem gangast í ábyrgð fyrir aðra séu skýr, að það sé skýrt í lögum hver réttindi ábyrgðarmanna eru og til hvaða hluta þau réttindi ná, upplýsinga eða annarra hluta. Mestu máli skiptir þó að skýrt sé hver takmörk ábyrgðarinnar eru. Það virðist ekki ævinlega ljóst hvenær ábyrgðin endar.

Í meginatriðum hlýtur málið að vera þannig vaxið að ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð fyrir tiltekinni upphæð, að hún verði greidd samkvæmt tilteknum skilmálum sem settir eru í lánsskjali. Síðan geta hlutir breyst. Fjárhæð getur vaxið, henni kann að verða skuldbreytt o.s.frv. og breytingar á skilmálum skuldarinnar geta vakið spurningar um gildi ábyrgðarinnar.

Hins vegar vil ég ítreka, og mér finnst það kannski meginmál sem menn gefa of lítinn gaum, að sá sem gerist ábyrgðarmaður geri það vitandi vits og auðvitað á hann að bera ábyrgð á undirskrift sinni. Það er meginkjarninn í öllum þessum málum. Mér finnst menn oft ræða þessa hluti af nokkrum misskilningi. Umræðurnar ganga oft út á það að firra ábyrgðarmanninn ábyrgð á sinni eigin undirskrift og breyta löggjöf til að draga úr þeirri ábyrgð.

Í meginatriðum eru mál þannig vaxin að þegar menn gerast ábyrgðarmenn, vita þeir hvað því fylgir. Þeir hafa gert það fúsir og af frjálsum vilja, enginn hefur þvingað þá til þess. Þeim er í sjálfs vald sett að neita því að ganga í ábyrgð. Ég get því ekki tekið undir allt það sem ég hef heyrt um þessi mál sagt, bæði hér og annars staðar. Mér finnst það oft byggt á því að það eigi að stuðla að því að menn skrifi undir, en þeir geti síðan forðast ábyrgðina þegar á reynir.

Ég get t.d. ekki tekið undir það sem segir hér í greinargerð þessarar þáltill., að kvartanir í málum þar sem skuldari fær lán sem er hærra en skuldarinn er fær um að ráða við miðað við óbreyttar aðstæður, sé ástæða sem firrir ábyrgðarmanninn ábyrgð. Hann veit um hana þegar hann gerist

ábyrgðarmaður. Viti hann ekki um hana, er það vegna þess að hann hefur ekki kært sig um það. Hann hefur ekki aðgætt slíkt áður en hann gerðist ábyrgðarmaður. Auðvitað ber honum að gera það. Hann velur það sjálfur hvort hann gerist ábyrgðarmaður eða ekki og setur þá skilmála fyrir sinni undirskrift sem honum sýnist. Hverjum og einum sem gerist ábyrgðarmaður er frjálst að gera kröfur til upplýsinga eða annarra skilmála sem hann telur sig þurfa á að halda svo hann treysti sér til þess að gerast ábyrgðarmaður. Ég lít því ekki á þessa athugasemd í greinargerð sem rök fyrir því að það þurfi að breyta lögum í þessu efni, nema lögin séu að einhverju leyti áberandi ósanngjörn. En það hefur ekki komið fram.

Annað atriði sem líka er umhugsunarefni er dæmi um mál þar sem aðstæður skuldara hafa breyst, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis og ég spyr: Hvers vegna er þetta nefnt í greinargerð? Þýðir þetta af hálfu flm. að ábyrgðin falli úr gildi ef aðstæður skuldara breytast? Getur maður sem gerst hefur ábyrgðarmaður að skuld verið laus undan ábyrgðinni ef skuldarinn veikist? Er það meiningin á bak við að nefna þetta atriði? Eða hvert er samhengið við málið?

Allir sem gerast ábyrgðarmenn vita, svo ég komi nú aftur að því, að aðstæður þeirra sem eiga að borga skuldina geta breyst á lánstímanum. Hafi menn gengið að því og gerst ábyrgðarmenn þrátt fyrir þetta, þá hafa menn auðvitað gengið að þeim skilmálum.

Virðulegi forseti. Mér finnst áríðandi að þessar ábendingar komi fram. Þótt ég taki undir það að réttindi og skyldur eiga að vera skýr í löggjöf, finnst mér umræðan vera um of í þá áttina að draga úr því að sá sem gerist ábyrgðarmaður hljóti ævinlega að bera ábyrgð og á að gera það. Ef hann vill það ekki, þá á hann ekki að gerast ábyrgðarmaður og hann hefur valið.

[18:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja að því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði. Að sjálfsögðu ber þeim manni sem skrifar undir ábyrgð og tekur á sig sjálfskuldarábyrgð að vita hvað hann er að gera. Ég er alveg sammála því og það var ekki það sem ég var að taka undir varðandi þessa tillögu. Ég er fyrst og fremst að ræða um að herða á ábyrgð banka til að upplýsa ábyrgðaraðila um skyldur þær sem ábyrgð fylgja, þótt honum eigi að vera þær ljósar. Fyrst og fremst verður ábyrgðaraðila að vera vel kunnugt um fjárhag þess sem bankinn er að lána. Það er það sem málið snýst um. Ég held að ærið oft sé það svo að ábyrgðarmanni er ekki ljós fjárhagsstaða þess sem hann gengur í ábyrgð fyrir. Þess vegna ber kannski að herða upplýsingaskyldu banka þannig að ábyrgðarmönnum sé betur ljóst um hvað málið snýst.

Ég endurtek að ég held að oft og tíðum hafi bankar haft meiri áhuga á ábyrgðarmanni en lántakanda.

[18:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki verið sammála því sjónarmiði að það eigi að færa ábyrgðina á því að ábyrgðarmaður viti að hverju hann gengur yfir á bankann. Við getum ekki sett í löggjöf að bankinn eigi að bera ábyrgð á því að ég fái upplýsingar sem ég á að hafa rænu á að biðja um. Það er ekki hægt. Ábyrgðarmaðurinn verður að bera þá ábyrgð sjálfur. Löggjöf hlýtur að eiga að vera til þess að tryggja að hann geti fengið þær upplýsingar sem hann telur sig þörf á að vita, ef menn á annað borð vilja setja eitthvað í löggjöf um samskipti ábyrgðarmanna og þeirra sem biðja um ábyrgð. Ég er hins vegar ekki einu sinni viss um að það þurfi löggjöf um það, auðvitað ræður ábyrgðarmaðurinn því hvað hann gerir. Ef honum líst ekki á skuldarann eða líkar ekki upplýsingarnar sem hann fær, samþykkir hann ekki að gerast ábyrgðarmaður.

[18:29]

Flm. (Drífa Sigfúsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemd við orð hv. 5. þm. Vestf., þar virðist um einhvern misskilning að ræða. Í mínum huga er alls ekki verið að firra ábyrgðarmenn þeirri ábyrgð sem þeir hafa tekist á hendur. Ég tel þó að það komi í undantekningartilfellum til greina og tel rétt að löggjafinn skoði hvað gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Þar sem löggjöf Norðurlandanna er allvel samræmanleg tel ég að ýmislegt sem framkvæmt er þar sé framkvæmanlegt hér.

Ég tel eðlilegt að sett verði skýr ákvæði í lög. Þau eru óskýr. Það eru sífellt að koma kvartanir. Þannig er mál með vexti að til mín sem bæjarfulltrúa leita margir sem eiga um sárt að binda. Þeir hafa skrifað upp á án þess að fá upplýsingar um það hve alvarleg staðan væri hjá þeim sem væru að biðja um uppáskrift. Þeir fengu rangar upplýsingar þrátt fyrir að hafa leitað eftir upplýsingum. Mér finnst líka sorglegt þegar börn koma til foreldra og biðja þau að skrifa upp á en foreldrarnir sem hafa stritað alla sína ævi til að eignast hús og missa það síðan vegna þess að þau hafa ekki fengið réttar upplýsingar. Þeir telja að málið hafi verið í góðum farvegi. Það er til þess að fyrirbyggja slíka hluti fyrst og fremst sem þetta er sett. Þannig er mál með vexti að ég hef einnig starfað í stjórn Neytendasamtakanna og sem formaður Neytendafélags Suðurnesja um alllangt skeið. Þar voru þessi mál alloft uppi á borðinu. En á þessu eru tvær hliðar. Ég þekki líka hina hliðina sem stjórnarmaður í sparisjóði þannig að ég er alveg sannfærð um að þegar upp er staðið eiga lánastofnanir eftir að njóta góðs af því að betri upplýsingar verði veittar. Ég tel að við séum að vernda rétt bæði þeirra sem eru að taka lánin og hinna sem veita þau. Við munum draga úr neyslulánum sem eru hvorki arðbær fyrir lánastofnanir né þá sem taka þau. En með núverandi löggjöf erum við að stuðla að því að fólk taki meiri lán en lánstraust þess býður upp á. Það er þessi krafa um upplýsingar og krafa um ábyrgð. Hér er talað um frv. til laga um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna. Ekki á annan veginn, ég endurtek, heldur í báðar áttir. Og síðan ætla ég að benda hv. 5. þm. Vestfjarða á að ekki er fjallað um veikindi í þessari grg. Það var í ræðu eftir að ég hafði kynnt greinargerðina og lýst því yfir að tilvitnun lyki.

(**Forseti** (GÁS): Ég vil enn og aftur minna hv. þm. á þau tímamörk sem hér gilda. Þegar rauða ljósið blikkar er tímanum lokið.)

[18:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar efnisatriðið sem fram kom í andsvarinu, um rangar upplýsingar lántakanda til ábyrgðarmanns, þá held ég að málin hljóti að vera þannig vaxin, án þess að ég hafi aðgætt löggjöfina, að óheimilt sé að veita rangar upplýsingar. Við getum ekki sett lög þar fyrir utan sem banna að veita rangar upplýsingar. Ef menn veita rangar upplýsingar þá gera þeir það vísvitandi. Þar af leiðandi hlýtur það að vera rangt og ég vænti þess að það sé ólöglegt. Þannig að ef til ábyrgðar er stofnað með röngum upplýsingum vænti ég þess að löggjöf sé þannig núna að hún fellur úr gildi ef

hægt er að hnekkja henni. Ef ekki, þá er auðvitað eðlilegt að þetta sé eitt af þeim ákvæðum sem menn setja í löggjöf.

Hvað varðar önnur atriði sem fram hafa komið þá vil ég rifja upp fyrir flm. það sem stendur í 4. línu grg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig eru fjölmörg dæmi um mál þar sem aðstæður skuldara hafa breyst, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis".

Þannig að þetta er vissulega þarna eins og ég gat um í minni ræðu. Ég vil segja um þetta mál eins og ég sagði í ræðunni að ég er því ekki andvígur að menn skoði löggjöfina um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna. En ég vildi að hún væri skoðuð frá öðru sjónarhorni en mér fannst umræðurnar gefa til kynna, þ.e. að firra ábyrgðarmanninn ábyrgð sinni. Vissulega eru til dæmi um það sem vert væri að tryggja ábyrgðarmann fyrir eins og hugsanlegum samningum milli skuldara og banka um breytingar á skuldinni sem ábyrgðarmaðurinn hefur gengist í ábyrgð fyrir. En það ætti ekki að gerast nema að hann samþykki.

[18:34]

Flm. (Drífa Sigfúsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Vestf. ætla ég að taka fram að þegar verið er að tala um réttindi og skyldur, þá er það ekki á annan veginn heldur í báðar áttir. Það eru allt of mörg tilvik þar sem ábyrgðarmenn hafa skrifað upp á ábyrgðarskuldbindingar eftir að hafa fengið rangar upplýsingar. Þeir geta ekki komist hjá ábyrgð þrátt fyrir þessar röngu upplýsingar þannig að það er mikilvægt að tryggja rétt þeirra. Hugmynd mín er sú að það sé bankans að veita upplýsingarnar. Ég segi ekki nákvæmlega til um hvernig það skal gert, e.t.v. með punktakerfi. Það er nauðsynlegt að löggjafinn fari yfir þetta og það er full þörf á að setja slíka löggjöf eins og dæmin sanna sem hafa að undanförnu verið í fjölmiðlum um skuldastöðu íslensku þjóðarinnar og heimilanna. Og varðandi þennan hluta um veikindi og atvinnuleysi þá er hér um að ræða lýsingu á ástandinu sem nú er. Hins vegar eru að koma út lög um skuldaaðlögun og þar mun það mál tekið fyrir, en ekki nú þegar fjallað er um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna. Ég vil gjarnan að svigrúm sé fyrir hendi, en ég vil ekki að draga úr ábyrgðinni nema vísvitandi rangar upplýsingar séu veittar.

[18:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dreg ekkert úr því að það sé réttmætt að hafa í löggjöf ef það er ekki nú þegar, ákvæði sem gera ábyrgðaraðila kleift að losna undan ábyrgðinni ef til hennar er stofnað á sannanlega röngum forsendum og sá sem beiðist hennar hefur fengið hana með því að veita rangar upplýsingar. Ég þekki ekki þessa löggjöf en mér heyrist á flm. að hann telji að ekkert lagaákvæði tryggi það að menn losni undan ábyrgðinni við þessar aðstæður. Hins vegar vil ég segja að mér líst jafnilla á það og áðan að færa ábyrgðina á upplýsingagjöf eða upplýsingaöflun frá ábyrgðarmanni til bankans. Ég get ekki séð hvernig menn ætla með sanngjörnum hætti að gera bankann ábyrgan fyrir því að ábyrgðarmaður fái þær upplýsingar sem hann vill fá. Ég tel að þetta eigi að vera milliliðalaus viðskipti lántakanda og ábyrgðarmanns. Sá sem biður um ábyrgðina verður að veita ábyrgðarmanni allar þær upplýsingar sem hann vill fá. Ef hann gerir það ekki á hann það alltaf á hættu að hinn neiti að veita ábyrgð. Þannig finnst mér að hlutirnir eigi að vera. Það á ekki að draga þriðja aðila inn í málið en það held ég að geri ekkert annað en að flytja ábyrgðina frá þeim sem á að veita hana til bankans. Mér finnst að menn megi ekki tala í þá veru að draga úr þeirri ábyrgð sem menn eru að gangast í.

[18:38]

Flm. (Drífa Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umfjöllun sem þáltill. hefur fengið og ekki síst hv. 5. þm. Vesturl. sem vakti athygli á því að þáltill. um svipað efni hafa áður verið fluttar. Ég fagna því og ég tek undir að það er alveg sama hvaðan hlutirnir koma svo framarlega sem neytendur eignast þennan rétt sem þeir margir hverjir hafa lengi óskað eftir að fá. Því miður er allt of algengt að fólk fái ekki réttar upplýsingar. Það er ekki hægt að treysta fólki sem er svo illa statt fjárhagslega að það sér enga leið út úr skuldum sínum, því þá grípur það oft til örþrifaráða. Það er því ákaflega mikilvægt að fyrir hendi séu góðar og réttlátar reglur um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna. Til dæmis finnast bankar í Svíþjóð sem hafa frá því þeir voru stofnaðir aldrei lánað út öðruvísi en gegn greiðsluáætlun og ef ábyrgðarmanna er krafist fá þeir upplýsingar um stöðu skuldara. Mér finnst það sanngjarnt og ég get ekki séð að ábyrgð bankans sé minni. Því er nú þannig farið að þeir sem leita til lánastofnana telja að þá séu þeir að leita til fagaðila á fjármálasviði. Ég er ekki að segja að skuldari eigi að vera sviptur ábyrgð heldur að allir aðilar skuli fá sem bestar upplýsingar, en það er besta niðurstaðan fyrir heimilin í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsviðskipti, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl., 1. umr.

Frv. KH o.fl., 172. mál. — Þskj. 215.

[18:40]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hér er um að ræða eins konar framhaldsumræðu af því þingmáli sem var hér áðan. Ekki er þó um tillögu um frv. að ræða heldur frv. um hið sama mál. Vona ég nú að allir hinir mörgu áhugamenn um málið heyri vel og kynni sér frv. sem er á þskj. 215 og er 172. mál þessa þings. Þetta er frv. til laga um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl. Auk mín flytja frv. hv. þingkonur Guðný Guðbjörnsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir og það er nú flutt eins og kemur fram í grg. í þriðja sinn á Alþingi þar sem það var ekki útrætt í hin tvö skiptin enda þótt flestir sem um það fjölluðu væru sammála um mikilvægi þess að taka á þeim vanda sem hér um ræðir. Þingkonur Kvennalistans fluttu þetta frv. undir forustu Önnu Ólafsdóttur Björnsson, þáv. þingkonu, og töldu sig hafa ástæðu til að ætla að á málinu yrði tekið með einhverjum hætti. Það álit byggðist á þeim viðtökum sem þingmálið fékk á sínum tíma. Svo virðist hins vegar sem þetta mál hafi gjörsamlega legið í láginni allar götur síðan skilið var við það árið 1992 en nú hefur það gerst að þrír hv. þm. Framsfl., Drífa Sigfúsdóttir, Magnús Stefánsson og Ísólfur Gylfi Pálmason, leggja til á þskj. 210 að Alþingi feli viðskrh. að skipa nefnd til að semja frv. til laga um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga. Fyrsti flm. hefur nú þegar mælt fyrir því.

Sú staðreynd að hv. þm. eru allir stjórnarþingmenn staðfestir kannski enn frekar að ekkert hafi verið unnið að málinu. Hitt er jafnaugljóst að hv. flm. hafa ekki vitað af frv. þingkvenna Kvennalistans, annars hlyti það að hafa verið nefnt í grg. En úr því að tillagan kom fram þótti okkur ástæða til að flytja frv. enn einu sinni svo að þær lausnir sem þar eru lagðar til kæmu til umfjöllunar og álita jafnhliða hinu þingmálinu.

Mörg okkar þekkja sjálfsagt persónulega eða af afspurn dæmi um slæma reynslu af ríkjandi fyrirkomulagi varðandi ábyrgðir vegna fjárskuldbindinga. Þau eru misjafnlega slæm en því miður mörg mjög alvarleg. Oftast er líklega um að ræða tilvik þar sem menn telja sig knúna til þeirrar greiðasemi að skrifa upp á víxla eða aðrar fjárskuldbindingar fyrir vini eða ættingja í þeirri trú og von að lántakandi sé borgunarmaður þegar að skuldadögum kemur. Það er ekkert einsdæmi að slík greiðasemi kosti ábyrgðarmann bæði fjármuni og eignir og jafnvel aleiguna. Ég ætla nú ekki að segja neinar hryllingssögur hér, flestir þekkja eina eða fleiri af slíku tagi, en eitt dæmi væri í raun alveg nægileg ástæða til að reyna með lagasetningu að girða fyrir fleiri slík. Það er afskaplega hryggilegt þegar lántakandi lendir í þeirri ógæfu að vera ekki, sjálfsagt af ýmsum ástæðum, borgunarmaður fyrir skuldum sínum en það er að mínu mati enn þá hryggilegra þegar annar en sá sem til skuldanna stofnaði geldur greiðvikni sinnar á afdrifaríkan hátt.

Það var meginniðurstaða okkar kvennalistakvenna, þegar við ákváðum að reyna að taka á málinu, að lánveitanda bæri að axla meiri ábyrgð en honum er nú ætlað. Lánveitandi, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, er miklu betur í stakk búinn að taka þá áhættu sem felst í viðskiptum af þessu tagi en einhver þriðji aðili sem hvorki hefur nándar nærri sambærilegt fjárhagslegt bolmagn né neitt svipaða stöðu til að kanna grundvöll lánsviðskipta eins og viðkomandi lánastofnun.

Í frv. leggjum við því áherslu á þá meginreglu að öll lánsviðskipti byggist á gagnkvæmu trausti lántakanda og lánveitanda. Við teljum eðlilegt að við lántöku sé greiðslugeta lántakanda metin og gerð greiðsluáætlun sem verði grundvöllur viðskiptatrausts hans. Eins og nú háttar er í flestum lánsviðskiptum tíðkað að krefjast trygginga fyrir skilvísum greiðslum lántakenda og algengt er að lántakandi leggi sjálfur fram tryggingu, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslum lántakanda sem hann verður að útvega sjálfur og leitar sjálfsagt oftar en ekki til ættingja. Einnig er algengt að lántakandi fái lánað veð í eigu annars manns til tryggingar fyrir greiðslum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup og margir sem þannig veita ábyrgð sína á endurgreiðslum af lánum annarra gera sér því miður engan veginn grein fyrir því hvert eðli og umfang slíkrar ábyrgðar er. Ef til hennar þarf síðan að taka ábyrgist sjálfskuldarábyrgðarmaður greiðslur lántakanda með öllum eigum sínum en sá sem hefur lánað fasteignaveð leggur viðkomandi fasteign undir. Ef lántakandi getur ekki staðið í skilum og ábyrgðarmaður getur ekki greitt skuldir hans missir ábyrgðarmaður eigur sínar í hlutfalli við skuldirnar, því miður oft allt sitt.

Gjaldþrot hafa verið mörg á undanförnum árum og eru enn og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa orðið að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður hefur líka orðið gjaldþrota. Við skulum ekki gleyma því að gjaldþrot hafa ekki aðeins viðskiptalega hlið heldur ekki síður tilfinningalega og félagslega því að oft gerist það að heimili gjaldþrota einstaklinga leysast hreinlega upp.

Með frv. er gengið út frá þeirri meginreglu að lántakandi ábyrgist sjálfur skilvísar endurgreiðslur sínar og geri sér grein fyrir lánshæfni með gerð greiðsluáætlunar. Frv. er einnig ætlað að vekja athygli á stöðu ábyrgðarmanna og tryggja lágmarksréttindi þeirra til upplýsinga um aðstæður í málinu. Frv. er óbreytt frá því að það var síðast lagt fram á 115. löggjafarþingi 1991–1992 þrátt fyrir athugasemdir og ábendingar, m.a. frá Seðlabanka Íslands, sem komu fram við umfjöllun í nefnd. Sú umsögn og reyndar fleiri eru vitanlega til í fórum nefndadeildar Alþingis og hægt að kynna sér þær þar. Í heildina litast umsögn Seðlabanka kannski skiljanlega af hagsmunum bankakerfisins þótt jafnframt sé þar fallist á að í frv. felist neytendavernd sem getur talist eðlileg eins og það er orðað. Reyndar má segja að sumar athugasemdir Seðlabankans séu nokkuð sérkennilegar. Mig langar til að vitna í einn stað umsagnarinnar þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ætla má að nokkuð þætti tafsöm afgreiðsla lána í bönkum og sparisjóðum ef gera á að skyldu að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern lántaka og greiðslugeta hans metin. Væntanlega þyrfti að ráða fjölda nýrra starfskrafta til þess að annast þessi störf sem leitt gætu til kröfu um rýmri vaxtamun og hærri vexti innlánsstofnana vegna aukins rekstrarkostnaðar. Einnig má benda á að mikilvæg þjónusta banka við almenning felst í lánum sem afgreiða þarf fljótt."

Þarna finnst mér langt til seilst og t.d. hafa bankar áreiðanlega lagt út í annað eins til þess að bæta starfsemi sína og þjónustu við neytendur. Ég hefði raunar talið og tel slíkt greiðslumat einfaldlega sjálfsagðan þátt í starfsemi lánastofnana og finnst fráleitt að líta á þau sem aukinn rekstrarkostnað. Ég held þvert á móti að slíkt greiðslumat og áætlanagerð mundi leiða til meiri hagkvæmni og sparnaðar vegna þess fyrirbyggjandi þáttar sem felst í slíku.

Mig langar til að benda á eitt atriði í frv. sem felst í 6. gr. þess. Það er kvennapólitískt atriði þar sem segir í seinni mgr. að sé ábyrgðarmaður í hjúskap eða óvígðri sambúð geti hann ekki gengist undir ábyrgð án samþykkis maka eða sambýlings. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara nánar í einstakar greinar þessa frv. né skýringar með þeim en vænti að það fái vandaða umfjöllun jafnhliða þeirri þáltill. sem mælt var fyrir áðan. Ég legg áherslu á að ekki einasta verði leitað umsagna hjá lánastofnunum heldur ekki síður hjá t.d. Neytendasamtökunum og fleiri aðilum sem hafa með að gera málefni þeirra sem eiga viðskipti við lánastofnanir því að þetta er fyrst og fremst neytendamál.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:53]

Drífa Sigfúsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir það frv. til laga sem hér er flutt. Ég sé að allmikil vinna hefur verið lögð í að skoða þessi mál. Hér eru settar fram mjög margar góðar hugmyndir og ég get tekið undir efni frv. enda ber það saman við þá þáltill. sem ég kynnti áðan. Hv. 5. þm. Vesturl. kynnti einnig að hann hafi flutt á sínum tíma þáltill. um sama efni þannig að ljóst er að þingmenn hafa verulega mikinn áhuga á því að sett verði ítarlegri og betri löggjöf í þessum efnum. Ég vona svo sannarlega að það verði niðurstaðan fyrir neytendur

og fyrir fjölskyldur landsins og ég ætla að taka undir það sem 1. flm., hv. 12. þm. Reykn., sagði um greiðslumat. Ég tel að það hafi náðst áfangasigur, m.a. með láni hjá Húsnæðisstofnun þar sem greiðslumat fer fram og í félagslega íbúðakerfinu, en mér hefur fundist að bæði hjá bönkum og hjá hinu opinbera séu þessar greiðsluáætlanir alls ekki nógu nákvæmar. Í sumum tilfellum er ekki gert ráð fyrir því að sá einstaklingur, sem greiðslumatið er gert fyrir, þurfi að lifa, að hann þurfi að kaupa mat, hann þurfi að kaupa föt, hann þurfi að borga í strætó o.s.frv. Núna er verið að vinna að því í samstarfsnefnd á vegum mjög margra aðila að lagfæra þá annmarka sem eru á greiðslumati og þar eru bankar og neytendasamtök og ráðuneytin og fleiri saman. Ég held að greiðslumatið verði þá betra, það verður traustari grunnur og þá vonast ég til þess að lántakendur viti betur hvað þeir eru með í höndunum. Raunverulega er alls ekki nóg að gert sé greiðslumat vegna þess að sá sem fær greiðslumatið heldur jafnvel að nú sé hann kominn með uppskriftina að því hvernig hann geti hagað fjármálum sínum. Ef það er gallað felst talsvert mikil eyðilegging í því. Það er mjög mikilvægt að það gefi góða vísbendingu á stöðunni og ég tek þess vegna undir með hv. 1. flm. að gott greiðslumat er mjög mikilvægt stjórnunartæki. Það er mjög mikilvægt.

Ég ætla líka að taka undir þau orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur varðandi lánveitingar. Sá aðili sem veitir lán á að bera ríkari ábyrgð á því að veita réttar upplýsingar. Númer eitt fær maður ekki möguleika á því að taka réttar ákvarðanir ef maður fær ekki upplýsingarnar í hendur. Hvernig á maður að geta metið stöðu ef upplýsingarnar eru ekki veittar?

Í sjálfu sér segir ekkert að það sé ætíð bankinn sem gerir þessa greiðsluáætlun. Það getur þess vegna verið einkafyrirtæki. Það getur verið hver sem er. Í sumum tilfellum gætu það eins verið Neytendasamtökin eða hver annar. En það er stundum þannig ef neytendur eru með lán í fleiri en einni lánastofnun að þeir eru ekkert endilega vissir um að þeir vilji segja banka A frá banka B. Því getur stundum þriðji aðili verið bestur til að gera greiðslumat en hins vegar er mjög mikilvægt að sá sem á að skrifa upp á ábyrgð fái allar upplýsingar.

Ég vonast til þess að málið fái góða meðferð og það verði að lokum sett lög, og það vonandi fljótlega, um það efni sem þetta frv. og fleiri þáltill. sem fluttar hafa verið um sama efni kynna. Varðandi þetta frv., sem ég tel að ýmsu leyti mjög gott, hefði ég viljað sjá fleiri atriði inni sem hafa verið að gerast í nágrannalöndum okkar þar sem tekið er á málum sem við þekkjum ekki hér á landi. Þetta finnast mér samt að mörgu leyti mjög góðar hugmyndir en ég vil hafa svolítið meira efni og taka á fleiri þáttum. Kannski er rétt að vekja athygli á því að í þáltill., sem hér var til umræðu næst á undan, var varaþingmaður 1. flm. og síðan tveir nýir þingmenn og það má kannski virða það okkur til vorkunnar þó að við höfum ekki vitað af þeim þáltill. eða frv. til laga sem ekki náðu fram að ganga því að það er ekki svo að fjölmiðlar geri alltaf góða grein fyrir þeim málum sem ekki hljóta samþykki þannig að það er e.t.v. ástæðan að mér var ókunnugt um það. Hins vegar erum við öll sammála um að það sé mikilvægt að setja ítarlegri löggöf um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup og rekstur skólabáts, fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 169. mál. — Þskj. 211.

[18:58]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipun nefndar til að kanna forsendur fyrir kaupum og rekstri skólabáts. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Árni M. Mathiesen, Gísli S. Einarsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Lúðvík Bergvinsson og Magnús Stefánsson.

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum og rekstri skólabáts sem nýttur verði til kennslu í sjómennsku í skólum landsins.

Nefndina skipi fulltrúar hagsmunaaðila og ráðuneyta og skili hún áliti eigi síðar en í apríl 1996."

Það var árið 1985 sem keyptur var fyrsti skólabátur landsmanna og honum hleypt af stokkunum og gefið nafnið Mímir RE 3. Hann var smíðaður á Skagsatrönd og var 15 brúttólestir að stærð. Báturinn var í eigu ríkissjóðs og á rekstrarábyrgð sjútvrn. Ráðuneytið samdi við Fiskifélag Íslands um rekstur hans og sá Þorleifur Kr. Valdimarsson, starfsmaður hjá Fiskifélagi Íslands, um útgerðina.

Útgerð bátsins var strax mjög árangursrík og að mati þeirra sem séð hafa um sjóvinnukennslu í grunnskólum skipti tilkoma bátsins sköpum um áhuga á því námi. Fjögurra manna reksturssstjórn var skipuð við bátinn og voru ráðnir úrvalsmenn um borð. Fyrir utan það að nýtast sem skólabátur var Mímir notaður til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Fljótlega kom þó í ljós að ásókn í að fá bátinn til kennslu var svo mikil að henni varð ekki annað. Var þar um að ræða stýrimannadeildir víða um landið, svo og aðra skóla.

Í ársskýrslu Þorleifs Kr. Valdimarssonar til Fiskifélagsins árið 1990 kemur m.a. fram að fyrstu fimm árin hafi um 3.000 ungmenni á aldrinum 13–16 ára farið dagsferðir á sjó með bátnum. Meðalfjöldi nemenda í sjóvinnukennslu á árunum 1986–1992 var um 300 á ári. Þessu námi fylgdi það að fara á sjó með Mími og var það að allra mati toppurinn á náminu. Reynd voru margs konar veiðarfæri, m.a. lína, net, færi og gildrur. Vegna þess að báturinn var lítill voru honum takmörk sett um möguleika til veiða og var t.d. erfitt að koma við trolli. Sá hörmulegi atburður átti sér stað í október 1991 að Mímir fórst með allri áhöfn í Hornafjarðarósi og fórust þar mætir menn.

Þegar Mímis naut ekki lengur við í sjóvinnukennslunni dró verulega úr henni í grunnskólum landsins. Til marks um það hefur þeim grunnskólum sem bjóða upp á sjóvinnukennslu fækkað úr 27 árið 1992 í 18 á yfirstandandi skólaári. Þá hefur einnig verið tekið alveg fyrir dagsferðir með skólabörn sem reyndust mjög vinsælar eins og fyrr er getið. Nauðsynlegum þætti í uppfræðslu íslenskrar æsku um það á hverju þjóðin lifir var kippt frá henni og ekkert hefur komið í staðinn.

Eftir að Mímir fórst hafa einstaklingar reynt að sinna þessari þjóðfélagsskyldu og unnið þar markvisst starf. Má þar nefna rekstur Haftinds á vegum Karels Karelssonar.

Hugmyndir flutningsmanna þessarar tillögu eru í fyrsta lagi að keyptur verði stærri bátur en Mímir var og hann nýttur að mestu til kennslu en að mati útgerðarstjóra Mímis

RE var aðsókn stýrimannadeildar og grunnskóla svo mikil í bátinn að ekki var hægt að anna henni vegna skylduverkefna í þágu vísindanna.

Í öðru lagi að báturinn verði í eigu ríkisins enda eðlilegt að ríkissjóður hafi frumkvæði og ábyrgð á því að kennsla fari fram í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Einnig er erfitt að sjá að sveitarfélög geti átt slíkan bát þó svo þau gætu tekið þátt í rekstri hans ásamt hagsmunasamtökum við sjávrútveginn.

Í þriðja lagi að samvinna um kaup og rekstur bátsins verði við sveitarfélög í landinu, Fiskifélag Íslands, sjómannasamtökin, Landssamband ísl. útvegsmanna, Stýrimannaskóla, menntmrn. og fleiri hagsmunaaðila.

Í fjórða lagi að undirbúningsnefnd skili af sér eins fljótt og kostur er en þó ekki seinna en í apríl nk. svo að nægur tími verði til undirbúnings fyrir næsta skólaár og næstu fjárlög.

Það þótti sjálfsagt hér áður að ungir menn réðu sig í skiprúm upp á brot úr hlut til að læra sjómennsku. Þessi siður er af lagður og með aukinni eftirspurn eftir skiprúmi hefur ungum mönnum reynst erfitt að komast að sökum reynsluleysis. Áhugi á námi við Stýrimannaskólann hefur dregist verulega saman og er það áhyggjuefni fiskimannaþjóð sem okkur Íslendingum. Það er því nauðsynlegt að við endurmetum stöðuna. Það ætti að vera skylda að bjóða sjóvinnukennslu sem valgrein í hverjum grunnskóla. Það vekur athygli að í miklum útgerðarbæjum eins og Akureyri, Sauðárkróki, Siglufirði og Neskaupstað er ekki boðið upp á slíka kennslu.

Að mati hagsmunaaðila sem haft var samband við vegna þessarar þáltill., þ.e. Fiskifélags Íslands, Stýrimannaskólans, Landssambands ísl. útvegsmanna og sjómannasamtaka er rekstur skólabáts mjög mikilvæg forsenda þess að hægt verði að glæða áhuga fólks á sjómennsku og menntun sjómanna.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til hv. sjútvn.

[19:03]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þeirri þáltill. sem síðasti hv. þm. Kristján Pálsson var að kynna og vildi aðeins leggja orð í belg hvað áhrærir framtíðarsýn íslenskrar sjómannastéttar. Þegar rætt er um menntamál þjóðarinnar vill oft fara svo varðandi þau mál sem snúa að sjómannastéttinni, hvað menntun varðar í hvaða mynd sem það er, að það vill oft bresta að menn hugi að framtíðinni hvað það áhrærir því að nú eru svo að gerðar eru sífellt meiri kröfur til sjómannastéttarinnar. Hraðinn er þar meiri, tæknin er sífellt að aukast. Það er líka áhyggjuefni, eins og áðan var vikið að, að þeim fækkar alltaf sem gefst tækifæri til þess að læra undirstöðuatriði áður en haldið er til sjós og það er verulegt áhyggjuefni. Það hefur sýnt sig líka nú í gegnum árin að þrátt fyrir Slysavarnaskóla sjómanna eru enn allt of mörg slys til sjós sem segja má að séu handvömm, þ.e. sem stafa fyrst og fremst af því að menn kunna ekki þau réttu handbrögð sem til þarf til þess að vinna þau verk svo áhættusöm og erfið sem þau eru til sjós.

Það er því fagnaðarefni að þáltill. skuli vera komin fram og vonandi að hún gefi tilefni til þess og verði þess valdandi að fleiri ungmennum verði gefinn kostur á að læra hin réttu handbrögð í upphafi væntanlegs sjómannsferils. Það hefur líka sýnt sig að þeir sem hafa farið til sjós sem ungir menn hafa tekið þá stefnu í lífinu að halda því starfi áfram þótt áhættusamt sé og við Íslendingar eigum auðvitað að leggja meira fjármagn til menntunar sjómannastéttarinnar en gert hefur verið. Því miður ber á því að menn vilja gleyma undirstöðuatvinnuvegi okkar og undirstöðu efnahagslegs sjálfstæðis.

Því vona ég að þessi þáltill. fái skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi og vænti þess að meira verði gert í þessum málum sem lúta að starfsfræðslu og öryggismálum sjómannastéttarinnar.

[19:06]

Anna Jensdóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með þáltill. og ég styð hana heils hugar. Sem íbúi í sjávarþorpi og kennari í grunnskóla fylgdist ég með starfsemi skólaskipsins Mímis og sérstaklega þeim væntingum sem nemendurnir í sjóvinnunáminu gerðu til þess að komast um borð í skipið og njóta þeirrar kennslu sem þar fór fram. Fyrstu kynni mín af vísi að skólaskipi voru snemma á 8. áratugnum vestur á Patreksfirði þegar landsþekktur skipstjóri og aflakló, Jón Magnússon, bauð unglingum á staðnum alfarið á eigin kostnað upp á að komast á sjó og fara á handfæri og kynnast þannig sjómennsku af eigin raun. Ég veit að margir núverandi sjómenn okkar á Patreksfirði og víðar fóru þar sína fyrstu sjóferð.

Ég endurtek ánægju mína með þessa tillögu og vona að hún fái skjótan framgang því að ekki veitir okkur af að glæða áhuga ungs fólks á sjómennsku og menntun sjómanna því að á því lifum við í dag.

[19:07]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir við þessa þáltill. og sérstaklega hv. þm. Önnu Jensdóttur sem situr á þingi meðal okkar og kemur úr sjávarplássi. Guðmundur Hallvarðsson er lærður sjómaður og hefur kynnst sjómennsku. Það sýnir kannski hvað málefni sjómanna eiga oft lítinn hljómgrunn hvað fáir eru í salnum til að taka þátt í umræðu um svo stórmikilvægt mál eins og að mennta íslensku þjóðina til að stunda sjó.

Ég kynntist sjómennsku frá barnæsku og veit því að sjómennska er mjög áhættusamt starf. Ég hef sjálfur lent í því að slasast og veit hvað oft er erfitt að átta sig á því hvernig hlutirnir gerast. Eins og margir aðrir sjómenn fékk ég þegar ég ólst upp tækifæri til þess að fara með reyndum mönnum til sjós á litlum bátum og fá forsmekkinn að því hvernig þetta er.

Nú er þetta að mestu leyti lagt af eins og kom fram í greinargerðinni og er það af ýmsum ástæðum. Skip hafa stækkað, minni bátum hefur fækkað og sjóróðrar hafa því breyst mjög mikið. Allt er að breytast hvað varðar þessa sjósókn annað en það að þjóðin lifir á því sem er veitt úr sjónum. Það hefur ekki breyst. Það mun sýnilega ekki breytast enda möguleikarnir í kringum Ísland óþrjótandi og það sem er skemmtilegt við þann mikla þrótt sem er í íslenskum sjávarútvegi er að íslenskir útvegsmenn sækja til fjarlægra landa til að sækja nýjar útgerðir og gera út enn víðar en nokkru sinni fyrr.

Á flestum þessum skipum eru íslenskir stjórnendur en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík er mjög lítil eftirsókn í nám í skólanum sem ég held að hljóti að vera öllum þeim áhyggjuefni sem stunda útgerð og hugsa um það hvernig við komum til með að afla og nýta auðlindir okkar lands ef við eigum ekki fullmenntaða sjómenn. Við þurfum líka að eiga skóla sem getur boðið upp á það besta sem þekkist í

sjómennsku, í stjórnun skipa og almennt því sem lýtur að sjó.

Á það hefur skort stundum að hið háa Alþingi sé nógu vel vakandi fyrir því að hugsa um hag sjómannastéttarinnar, tengja allt nám í grunnskólum strax við sjóinn til að fólk kynnist því strax frá barnæsku úr skólabókum og eins beinlínis í námi sínu hvernig sjómennskan hefur þróast og hvað það þýðir að vera sjómaður.

Ég þakka fyrir umræðurnar og ég vænti þess að við sjáum útkomu úr þessu máli í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal, fyrri umr.

Þáltill. GHall og ÁJ, 179. mál. — Þskj. 223.

[19:12]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 223 er till. til þál. um verndun jarðhitasvæðis við Geysi í Haukadal sem ég er 1. flm. að og flutningsmaður með mér er Árni Johnsen. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að:

a. stefna að því að allt að sjö ferkílómetra jarðhitasvæði við Geysi í Haukadal verði óskiptur eignarhluti ríkisins,

b. skipuleggja rannsókn á jarðhitasvæði Geysis undir umsjón Náttúruverndarráðs og veita sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis,

c. veitt verði sérstök fjárveiting til lagfæringar og uppbyggingar svæðisins með tilliti til ferðamanna,

d. nú þegar verði lagt bann við frekari borunum eða öðru jarðraski á Geysissvæðinu eða í námunda við það nema að undangengnum rannsóknum og þá í samráði við Náttúruverndarráð."

Í greinargerð segir m.a. svo:

Jarðhitasvæðið sem kennt er við Geysi í Haukadal er án efa eitt frægasta jarðhitasvæði veraldar, þótt ekki sé það stórt. Bæði fyrr og síðar hefur verið mikill ferðamannastraumur að svæðinu allan ársins hring, einkum þó yfir sumarmánuðina. Geysir er einn margra hvera á svæðinu en nú er það einkum goshverinn Strokkur sem dregur ferðamenn að því.

Geysissvæðið er eitt af minni háhitasvæðum landsins en jarðhitasvæðið er mun stærra en skiki sá sem girtur var er það komst í umsjá íslenska ríkisins.

Mjög margir ferðamenn og vísindamenn hafa komið að svæðinu í gegnum aldirnar og lýst gosum hveranna, einkum þó Geysi. Hann var í árhundruð eitt af mestu undrum landsins og bar hróður þess víða. Árið 1935 eignaðist íslenska ríkið Geysi og skika sem að honum liggur. Síðar var svæðið girt og gefinn út um það bæklingur eftir Trausta Einarsson (Geysir í Haukadal, 1964) en allt frá þeim tíma hafa rannsóknir þar verið litlar.

Geysissvæðið er í eigu ríkisins að hluta og að hluta í einkaeign. Mun auðveldara væri að vinna að endurbótum, viðhaldi og rannsóknum á svæðinu ef það væri allt ríkiseign. Geysissvæðið er ekki friðlýst með sérstökum lögum en um það gilda ákveðnar umgengnisreglur. Þetta kemur mörgum undarlega fyrir sjónir en verður skiljanlegra þegar hugað er að nýtingu á svæðinu, slík nýting mundi ekki samrýmast neinum náttúruverndar- eða friðunarlögum. Nýting heits vatns af svæðinu á sér hins vegar langa sögu og þarf að taka á því máli sérstaklega. Svæðið var í umsjá Geysisnefndar frá 1935 til ársins 1991 en síðan þá hefur það verið undir umsjón Náttúruverndarráðs. Fé hefur mjög skort til framkvæmda og rannsókna á svæðinu. Árið 1992 var jarðhiti innan girðingar kortlagður og 1994 var rennsli úr hverunum mælt tvisvar. Ekki hefur fengist fé til annarra rannsókna og er það mjög miður.

Nýting hitans er talsverð, í fimm íbúðarhúsum, hóteli, gistiheimili og sundlaug. Sé hins vegar litið til jarðhitakerfisins í heild, en það nær yfir mun stærra svæði, er nýtingin talsvert meiri. Á undanförnum áratug hafa verið boraðar nokkrar holur í landi Helludals og Neðridals. Þessar holur ná flestar niður í jarðhitakerfið og taka vatn úr því. Af Geysissvæðinu mældist rennsli um 9 l/s árið 1994, en úr borholum sunnan og vestan við Geysi komu milli 12–15 l/s en rennsli þar er ekki þekkt nákvæmlega. Lítill þrýstingur er í framangreindum holum.

Árið 1967 mældist rennsli frá Geysissvæðinu um 14 l/s en það hefur nú minnkað niður í um 9 l/s. Síðan 1963 hafa verið boraðar níu borholur í jarðhitakerfið, sú síðasta í september 1995. Þá reisti aðili sér þar sumarbústað ekki langt frá og til að ná hita í sumarbústaðinn var borað eftir heitu vatni. Þar sem ekki hafa verið gerðar stöðugar mælingar á rennsli og hita í svæðinu er erfitt að gera sér grein fyrir hvort boranir þessar hafa haft áhrif á svæðið. Mælingar á heildarrennsli frá Geysissvæðinu hafa aðeins verið gerðar þrisvar sinnum, 1967 og tvisvar 1994. Til að kanna slík áhrif þarf að fylgjast mun betur með svæðinu en gert er nú. Þó verður að telja líklegt að áhrif borhola í Neðridal séu einhver en þær eru talsvert lægra í landi en hverasvæðið og vatnskerfið þar og við Geysi er með lágan þrýsting.

Borað var í Strokk árið 1963 og hreinsað burtu rusl sem kastað hafði verið í hverinn. Fyrir borun var ekkert rennsli frá honum en 2 l/s eftir borun og þá byrjaði hann að gjósa.

Mælingar á rennsli hvera og lauga gefa til kynna hve mikil orka er til staðar á staðnum. Jarðhitavatn sem er undir 50°C er vart talið nothæft til upphitunar en rennslismagn skiptir þar miklu máli. Þannig innihalda 2 l/s af 50°C heitu vatni álíka mikla orku og í 1 l/s af 100°C en nýting hitans er þó öllu lakari. Rennsli hvera og lauga er oft breytilegt, eftir úrkomu, árstíma, loftþrýstingi eða af öðrum orsökum. Eina leiðin til að kanna hegðun jarðhitasvæðis með tilliti til rennslis er að gera þar margar mælingar. Ef nýting hefst úr borholum í nágrenni við jarðhitastað er algengast að jarðhiti hverfi af yfirborði. Við dælingu úr borholum hverfur jarðhiti nánast undantekningarlaust af yfirborði en það getur tekið marga mánuði. Í stórum og kraftmiklum jarðhitakerfum geta hverir og laugar þó lifað boranir af, einnig ef rásir jarðhitans eru mjög vel aðskildar. Mestar líkur eru á að þeir hverir hverfi sem eru á sömu brotalínum og borað er í. Slíkar aðstæður eru fyrir hendi í Neðridal en borholur þar eru í sprungustefnu frá Geysi. Því er hættara við að boranir þar hafi áhrif á hverina við Geysi en boranir í Helludal þótt ekki sé það heldur hættulaust. Fjarlægð frá Geysi að borsvæðum er lítil, þau eru lægra í landinu og kerfin eru með lágan þrýsting.

Heildarrennsli af Geysissvæðinu hefur aðeins verið mælt þrisvar, fyrst er Þorvaldur Ólafsson var fenginn af jarðhitadeild Orkustofnunar til að mæla rennsli hvera og lauga á Suð-

urlandi sumarið 1967 og 1994 vann Helgi Torfason skýrslu fyrir Náttúruverndarráð um mælingar á Geysissvæðinu en Helgi Torfason, sem starfar hjá Jarðhitadeild Orkustofnunar, vann einmitt að þessari greinargerð. Það má heita undarlegt að þetta séu einu, góðu mælingarnar sem gerðar eru á svæði sem er jafn frægt og Geysissvæðið. Að vísu hafa verið gerðar mælingar á rennsli úr Geysi og nokkrum hinna hveranna en fáar mælingar eru það góðar að þær séu nothæfar.

Herra forseti. Með þessari grg. fylgja enn fremur nokkrar töflur sem segja til um hvernig rennsli er háttað og hvaða breytingar hafa orðið þar. Að lokum vil ég koma inn á atriði sem eru í grg.

Samkvæmt þeim athugunum sem gerðar hafa verið á jarðhitasvæðinu við Geysi hefur heildarafrennsli af svæðinu minnkað úr 14 l/s 1967 niður í 9 l/s 1994 sem er 5 l/s eða 36%. Íbúar á svæðinu telja sig hafa orðið vara við minnkandi rennsli og er það staðfest með mælingum. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á volgrum vestan við Laugarfjall, laugum við Haukadal né í Rotum sunnan við Geysissvæðið.

Af heildarrennsli 9 l/s eru um 4,5 l/s notaðir af íbúum á svæðinu. Nýting á orku vatnsins er léleg og mætti bæta til muna.

Að lokum tek ég saman eftirfarandi: Geysir og hverasvæðið, sem við hann er kennt, er að hluta til í eigu ríkisins en aðrir hlutar þess eru í einkaeign. Geysir og hverasvæðið í kring eru ekki friðlýst með sérstökum lögum. Um það gilda ákveðnar umgengnisreglur. Af þeim 180 þús. erlendu ferðamönnum sem koma til landsins árlega má áætla að um helmingur fari að skoða Geysi eða um 250 manns á dag. Við þetta bætast Íslendingar svo heildartalan er ekki undir 300 manns á dag til jafnaðar. Efnahagsleg þýðing svæðisins er því mjög mikil að ekki sé minnst á verndargildi og álit landsins út á við. Rennsli jarðhitavatns á hverasvæðinu mældist 14 l/s árið 1967 en var komið niður í 9 l/s árið 1994. Aðrar mælingar eru ekki til. Rennslið og þar með orkan hefur því minnkað mikið á þessu tímabili. Minnkandi rennsli hefur í för með sér minnkandi útfellingar og hætt er við að gos í hverum geti minnkað eða horfið. Vatn á hverasvæðinu er nýtt til upphitunar á staðnum, alls 4,5 l/s eða um 50% hveravatnsins. Nýting á afrennsli svæðisins hefur lítil áhrif á það. Þó ætti að skila vatninu inn á svæðið aftur og nýtinguna má bæta.

Boraðar hafa verið 9 holur í jarðhitakerfið sem Geysir tengist, sú næsta í um 850 m fjarlægð frá Geysi. Úr þessum holum renna 12–14 l/s af vatni sem nýtt er til upphitunar. Vegna lítilla rannsókna eru áhrif þessara borana á jarðhitasvæðið ópekkt. Boranir í jarðhitasvæðið hafa yfirleitt í för með sér minnkandi náttúrulegt rennsli úr hverum og laugum því borholur veita jarðhitavatninu greiðari leið til yfirborðs. Brýnt er að veitt sé meira fjármagn til rannsókna og uppbygginga á svæðinu, útvíkka það og vernda með sérstökum lögum.

Herra forseti. Það kann kannski að hljóma einkennilega fyrir þá sem hlýða á mál mitt að þingmaður Reykvíkinga skuli flytja þessa þáltill. en ég flyt hana vegna áhuga míns á ferðamálum almennt og ekki hvað síst þeirrar staðreyndar að flestallir þeir sem fara á Geysissvæðið hafa viðdvöl í Reykjavík. Ég verð satt að segja, herra forseti, að lýsa áhyggjum mínum yfir því ef svo heldur fram sem horfir með hið fræga jarðhitasvæði við Geysi í Haukadal að menn séu þar að bora, jafnvel á því herrans ári 1995, af því að þá vantar vatn í sumarbústaðinn sinn án þess að nokkrar rannsóknir eða athuganir hafi farið fram. Ég hef miklar áhyggjur af því, herra forseti, ef svo færi að ekki yrði lengur gos á jarðhitasvæðinu við Geysi. Það mundi þýða að færri ferðamenn mundu leggja leið sína hingað til Íslands og ferðamönnum mundi fækka í Reykjavík og þá að sjálfsögðu beina sjónum sínum á aðra landshluta en hér á suðvesturhornið. Þetta mál snertir ferðaþjónustuna mjög mikið og snertir auðvitað líka þá ferðaþjónustu sem veitt er hér á suðvesturhorninu. Geysismálið er ekkert smámál. Það mætti líkja því við að menn ætluðu að virkja Gullfoss og þar yrði ekki lengur neitt vatnsrennsli. Við sjáum hver afleiðingin yrði af því. Svo samtengd eru þessi mál bæði, Geysir og Gullfoss, að allt verður að gera til að vernda það svæði og ekki má renna blint af augum í frekari boranir né frekari skemmdir á svæðinu.

Það kom fram í viðtali við einn ferðafrömuð ekki fyrir löngu sem lýsti því yfir að þær náttúruperlur Íslendinga ættu ekki að vera til sölu, þ.e. það ætti ekki að vera seldur aðgangur að náttúruperlum okkar. Ég tel að þarna sé röng hugsun. Hvar sem Íslendingar koma erlendis og skoða náttúruperlur þeirra staða sem þeir eru á þykir sjálfsagt og eðlilegt að hver og einn greiði fyrir aðgang þar að. Vissulega eigum við Íslendingar að taka upp sama háttinn. Ekki mun það hafa áhrif til þess að ferðamannastraumur muni minnka og ekki er ég að hugsa um að það sé í sérstöku ábataskyni sem ég segi þessi orð hér heldur fyrst og fremst til þess að þeir sem njóti greiði fyrir það sem þeir fá að sjá og jafnframt sé það fjármagn sem inn komi nýtt til þess að búa betur að stað eins og Geysi, og gera hann aðgengilegri og þar verði mjög bætt úr aðgengi á svæðinu sem vissulega er full þörf á.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og umhvn.

[19:26]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vildi bara segja fáein orð. Ég þakka flutningsmönnum fyrir að koma með tillöguna. Mér finnst hún mjög tímabær og eiginlega merkilegt að ekki skuli ekki vera búið að gera þær rannsóknir á þessari náttúruperlu Íslendinga löngu fyrr. Öll umgengni og öll umsýsla í kringum þetta svæði hefur verið mjög tilviljanakennd og alveg ótrúlegt að ferðamannasvæði sem eru talin vera einhver þau merkilegustu sem til eru á landinu skuli ekki hafa fengið faglega meðferð. Þess vegna þakka ég flutningsmönnum fyrir þetta og vona að að málinu verði unnið hratt og vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 17. mál.

Fundi slitið kl. 19:28.

43. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Endurskoðun á kosningalöggjöfinni, fsp. SF, 103. mál, þskj. 108.

Til utanríkisráðherra:

2. Afnám mismununar gagnvart konum, fsp. BH, 55. mál, þskj. 55.

3. Habitat-ráðstefnan 1996, fsp. KÁ, 91. mál, þskj. 93.

Til umhverfisráðherra:

4. Mengun af brennisteinssamböndum, fsp. HG, 78. mál, þskj. 78.

5. Varnir gegn mengun sjávar, fsp. KF, 170. mál, þskj. 212.

Til menntamálaráðherra:

6. Stuðningur við nemendur sem eiga í lestrarörðugleikum, fsp. SF, 181. mál, þskj. 225.

7. Menningarborg Evrópu, fsp. KF, 185. mál, þskj. 229.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Málefni glasafrjóvgunardeildar, fsp. GÁS, 142. mál, þskj. 169.

Til samgönguráðherra:

9. Vegur milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, fsp. SF, 175. mál, þskj. 218.

10. Lagning ljósleiðara um Snæfellsnes, fsp. GE, 178. mál, þskj. 221.

Til fjármálaráðherra:

11. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, fsp. SvanJ, 176. mál, þskj. 219.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Glímufélaginu Ármanni.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Tímareikningur á Íslandi, 197. mál, þáltill. VE o.fl., þskj. 246.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Varðandi fundahald í dag vill forseti minna á að að loknum fyrirspurnafundi verður settur nýr fundur og þá fara fram atkvæðagreiðslur um níu dagskrármál. Má gera ráð fyrir því að sá fundur verði settur og atkvæðagreiðslur fari fram einhvern tíma fyrir kl. 16 en kl. 17.30 fer fram utandagskrárumræða. Efni umræðunnar er innritunargjöld á sjúkrahús og verður hæstv. heilbrrh. til andsvara en málshefjandi er Össur Skarphéðinsson. Þetta er hálftíma umræða. Þá er gert ráð fyrir því að settur verði nýr fundur kl. 18.00 og þá verður tekið fyrir nefndarálit frá landbn. um búvörumálið.

Endurskoðun á kosningalöggjöfinni.

Fsp. SF, 103. mál. — Þskj. 108.

Umræðu frestað.

Afnám mismununar gagnvart konum.

Fsp. BH, 55. mál. — Þskj. 55.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Með ályktun Alþingis frá 13. júní 1985 var fullgiltur hér á landi alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum og öðlast hann gildi í júlí 1985. Með samningi þessum taka aðildarríkin á sig víðtæka skyldu til þess að bæta stöðu kvenna, m.a. að tryggja fyrir lögbærum dómstólum landsins og öðrum opinberum stofnunum raunverulega vernd til handa konum gegn misrétti, rétt til sömu launa og karlar svo eitthvað sé talið. Þrátt fyrir þetta viðgengst mikið launamisrétti gagnvart konum hér á landi og dómstólar kveða enn upp dóma er byggja á kynferði og dæma ungum stúlkum misréttið út ævina. Eru þeir dómar byggðir á ófremdarástandi fortíðar og því miður líka nútíðar í launamálum kvenna.

Samkvæmt 18. gr. samningsins hvílir skylda til skýrslugerðar á aðildarríkjum samningsins. Svo samningurinn geti náð tilgangi sínum er brýnt að félagasamtök sem vinna að félagasamtök er vinna að hagsmunum kvenna sjái skýrslur vegna samningsins og geti komið athugasemdum vegna þeirra á framfæri.

Herra forseti. Með tilliti til þess sem hér hefur verið sagt spyr ég hæstv. utanrrh. um eftirfarandi:

1. Hvaða aðgerðir hafa þegar verið framkvæmdar hér á landi vegna aðildar Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum?

2. Hvaða aðgerðir hefur ríkisstjórnin í hyggju til að framfylgja samningnum?

3. Hve mörgum skýrslum hefur verið skilað samkvæmt samningnum frá gildistöku hans og hvenær?

4. Hvernig er staðið að undirbúningi skýrslugjafar samkvæmt samningnum?

5. Hvernig koma frjáls félagasamtök að skýrslugerðinni?

6. Hvernig er staðið að kynningu samningsins hér á landi?

[13:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samningur um afnám allrar mismununar gegn konum öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 18. júlí 1985. Samningurinn er almennt orðaður en þar eru afmörkuð þau viðfangsefni sem vinna þarf að. Markmmiðin eru sett en leiðirnar eru því miður ekki vel varðaðar. Það er því nokkuð á valdi sérhvers aðildarríkis að velja til hvaða aðgerða er gripið til þess að stuðla að jafnrétti í anda samningsins.

Almennt má segja að íslensk löggjöf sé í samræmi við ákvæði samningsins og rétt er að benda á að árið 1976 voru jafnréttislög sett hér á landi. Jafnréttislögin voru endurskoðuð árið 1985, sama ár og samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu. Núgildandi jafnréttislög eru frá 1991. Við endurskoðun jafnréttislaganna hefur samningurinn verið hafður til hliðsjónar.

Í undirbúningi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Peking í september sl. kom fram að íslenskar konur búa við einhver bestu lagaleg skilyrði sem þekkjast. Samkvæmt lögum ríkir almennt jafnræði

milli kynja. En því er ekki að neita að þrátt fyrir það hallar á konur á ýmsum sviðum. Þar má nefna launamisrétti milli kynjanna þrátt fyrir lög um launajöfnuð. Það er vilji íslenskra stjórnvalda að gera það sem í okkar valdi stendur til að eyða þessum mun.

Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum kemur því miður að litlu gagni við lausn þessa vanda. Ákvæðið um launjöfnuð í lögum um jafna stöðu kvenna og karla, nr. 28/1991, eru ítarlegri og gang alengra en sambærileg ákvæði samningsins.

Í öðru lagi. Til þess að knýja á um úrbætur í jafnréttismálum leggur félmrh. á fjögurra ára fresti fram áætlun til þingsályktunar. Nú er í gildi framkvæmdaáætlun sem Alþingi samþykkti í maí 1993 og gildir til ársloka 1996. Á þessu þingi mun verða lögð fram ný framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.

Í þriðja lagi. Fyrsta skýrslan frá Íslandi um framkvæmd CEDAW-samningsins var send nefndinni 4. maí 1993. Umfjöllun hennar nær fram til ársloka 1991 og inniheldur einnig efni bráðabirgðaskýrslunnar sem skila átti ári eftir gildistöku samningsins. Skýrslan hefur verið til umfjöllunar hjá CEDAW-nefndinni og mun verða rædd á nefndarfundi í New York í janúar 1996 þar sem fulltrúar Íslands munu sitja fyrir svörum. Frá því að skýrslan var skrifuð hafa orðið nokkrar breytingar á stöðu kvenna hér á landi. Íslenskum stjórnvöldum hefur boðist að bæta við nýjum upplýsingum og það mun verða gert þegar fjallað hefur verið um skýrsluna af CEDAW-nefndinni.

Í fjórða lagi. Undirbúningi er þannig háttað að utanrrn. óskar eftir dögum að skýrslu frá félmrn. Skýrsludrög félmrn. eru byggð á drögum sem eru samin af Jafnréttisráði.

Í fimmta lagi. Í svari við fjórðu spurningunni kemur fram að drög félmrn. að skýrslu um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna byggja á drögum frá Jafnréttisráði. Eins og kunnugt er eiga sæti í Jafnréttisráði fulltrúar ýmissa félagasamtaka, t.d. ASÍ, BSRB, VSÍ, Kvenréttindafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands.

Í sjötta lagi. Utanrrn. gaf samninginn út í bæklingi ásamt með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í febrúar 1995. Bæklingurinn kom út í 2.000 einstökum og var honum dreift endurgjaldslaust til félaga sem einstaklinga. Hann var einnig sendur til skóla á framhaldsskólastigi. Upplagið er nú á þrotum hjá utanrrn. en vegna mikillar eftirspurnar er unnið að endurútgáfu. Gerð bæklingsins var þáttur í undirbúningi íslenskra stjórnvalda vegna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í haust í Peking.

[13:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Svar hæstv. ráðherra var býsna almennt eins og kannski mátti vænta. Ég vil nefna það í sambandi við fyrirspurnina að á Alþingi 1986 flutti ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sérstaka þáltill. sem tengist því máli sem hér er spurt um og var um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis. Þar var gert ráð fyrir að félmrh. og jafnréttisráðherra væri falið að gera nákvæma úttekt á einstökum atriðum samningsins og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til þess að standa við þær samþykktir sem þarna höfðu verið staðfestar af Alþingi. Ef ég man rétt var tillaga okkar ekki samþykkt á Alþingi. Hún fékk úr óvæntri átt andstöðu frá einum þingmanni Kvennalistans sem reyndar er kominn nú í annað húsnæði á vegum sjálfstæðra kvenna og taldi enga ástæðu til að taka á málinu með þessum hætti. En þessi tillaga var flutt og lá þá fyrir og betur að efni hennar hefði verið samþykkt og unnið að málinu í samræmi við það.

[13:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á málinu. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að Ísland er efst á blaði þeirra ríkja sem tryggja konum hvað best formleg réttindi í heiminum en það má vara sig á því að skjóta sér ekki á bak við þá niðurstöðu því að lög eru eitt og raunveruleikinn annað. Það er alveg ljóst í mínum huga að við eigum mjög langt í land með það að uppfylla sáttmálann um afnám alls misréttis gegn konum. Við þurfum ekki annað en horfa á hlut kvenna hér á Alþingi og almennt í stjórnkerfinu, á launamisréttið, á ofbeldið sem tíðkast í samfélaginu o.fl. sem þessi samningur og reyndar samþykktir frá kvennaráðstefnunni í Peking kveða á um. Það er kannski aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn að vekja athygli á þeirri nýju samþykkt sem þarf auðvitað að fylgja hér eftir og það hlýtur að vera næsta spurning til íslenskra stjórnvalda hvernig þau hyggist fylgja þeirri ítarlegu og miklu samþykkt eftir.

[13:44]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Ég held að þessi mál séu aldrei tekin of oft á dagskrá á Alþingi. Mig langar í tilefni þessarar umræðu að spyrja hæstv. utanrrh., fyrst honum finnst samningurinn um afnám mismununar ekki koma að miklum notum við að jafna launamun kynjanna, hvort hann hyggst beita sér fyrir því að þessum samningi verði markvisst komið í framkvæmd með því að fara í gegnum hann lið fyrir lið og gera framkvæmdaáætlun í framhaldi af honum. Þessi samningur var samþykktur 1985 og því er mjög tímabært að eitthvað verði unnið markvisst í framhaldi af samþykkt hans.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og eins fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið. Svörin voru nokkuð greinargóð en mörg hver frekar almennt orðuð sem kemur kannski ekki mikið á óvart, en ráðherrann vísaði einmitt til þess að samningurinn væri að mörgu leyti almennt orðaður og að íslensk löggjöf væri að mestu leyti í samræmi við efni samningsins. Þetta er að mörgu leyti rétt. Það er rétt að íslensk löggjöf er að mestu leyti í samræmi við efni samningsins, en spurningin er hins vegar, hvað er með framkvæmdina? Og ef við skoðum t.d. 2. gr. samningsins, þá takast aðildarríkin á hendur þá skyldu að koma á lagavernd á grundvelli jafnréttis kvenna og karla og tryggja m.a. fyrir lögbærum dómstólum landsins og öðrum opinberum stofnunum raunverulega vernd til handa konum gegn hvers konar misrétti. Ein aðalástæða þess að ég vík að þessum samningi hér er einmitt til að minna á hann vegna dóma sem hafa fallið á árinu. Það virðist ekki vera sem dómstólar hafi í raun og veru aðlagað sig að efnisákvæðum samningsins og það er kannski það sem er alvarlegasta málið í þessu. Samningurinn á að tryggja að þau lög og þær reglur sem eru settar komi líka fram í niðurstöðum, m.a. dómstóla.

Svo var það eitt varðandi skýrslugerðina. Mér skildist af svari ráðherrans, ef ég heyrði rétt, að fyrstu skýrslunni hefði verið skilað 1993, en samningurinn fullgiltur 1985.

Samkvæmt 18. gr. samningsins átti að skila fyrstu skýrslunni innan eins árs frá gildistöku og síðan á hverjum fjórum árum. Það væri kannski forvitnilegt að vita hvers vegna svona mikill dráttur varð á skýrslugjöfinni vegna samningsins, hvort það hafi verið einhverjar sérstakar ástæður fyrir því.

[13:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er rétt að skýrslunni var ekki skilað með þeim hætti upphaflega sem ætlast var til og það eru mistök sem ég hef ekkert verið að kafa mikið ofan í, enda skiptir það kannski ekki neinu meginmáli heldur að við stöndum rétt og eðlilega að þessu máli framvegis og skilum þeim skýrslum sem við eigum að gera og tökum þátt í umræðum. Það er m.a. okkar framlag í jafnréttisbaráttu í heiminum. Ef Íslendingar eru stoltir af því jafnrétti sem hér er, er mikilvægt að þeir láti það koma fram annars staðar. Ég vil hins vegar benda á það vegna þess sem hér hefur verið sagt að jafnrétti verði ekki tryggt með lögum, þótt ekki sé ekki hægt að ræða jafnréttismál í víðri merkingu í fyrirspurnatíma á Alþingi, við hljótum að gera það þegar jafnréttisáætlunin kemur fram. Þótt við teljum okkur mikilvæg á Alþingi og við getum sett ýmsa löggjöf, þá eru það skilaboð sem mega ekki koma frá þessari stofnun að það eitt skipti máli að setja nákvæm lög um þessa hluti. Stundum finnst mér umræður stjórnmálamanna vera með þeim hætti að það eina sem til þurfi sé að setja lög um hitt og þetta og þá sé lífsgátan ráðin. Þannig er það ekki.

Hvað kvennaráðstefnuna varðar hafa íslensk stjórnvöld, utanrrn., boðað til norrænnar ráðstefnu sem hefst á morgun og fjallar um það hvernig yfirlýsingu kvennaráðstefnunnar verður fylgt eftir. Ég vænti þess að stjórnmálaflokkarnir taki virkan þátt í þeirri ráðstefnu og leggi sitt af mörkum til þess að marka þar stefnu fyrir framtíðina. Þangað er öllum boðið. Ég vonast til þess að sem flestir mæti þar og taki þátt í umræðum, en stundum skortir á að nægilega margir sýni raunverulegan áhuga á málum sem þessum, en ég efast ekki um að svo verður í þetta skiptið.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma að stuttri athugasemd. Það var einungis vegna þess að hæstv. ráðherra benti á að jafnrétti væri ekki framfylgt með lögum einum saman. Þar er ég er honum alveg sammála en vildi bara vekja athygli á því að þessum samningi er einmitt ætlað að tryggja það að lögum sé framfylgt. Að því leyti er hann kannski öðruvísi en þær reglur sem hafa verið settar um þetta mál.

Habitat-ráðstefnan 1996.

Fsp. KÁ, 91. mál. — Þskj. 93.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa Sameinuðu þjóðirnar staðið fyrir nokkrum stórum ráðstefnum um viðamikil mál sem snerta heimsbyggðina alla. Sem dæmi má nefna umhverfisráðstefnuna í Ríó 1992, mannréttindaráðstefnuna í Vín 1993, mannfjöldaráðstefnuna í Kaíró 1994 og svo loks félagsmálaráðstefnuna í Kaupmannahöfn og kvennaráðstefnuna í Kína á þessu ári.

Flestar þessar ráðstefnur hafa vakið mikla athygli og á þeim hafa verið gerðar merkar samþykktir sem eiga eftir að hafa mikil áhrif á allt umhverfi okkar og samfélög.

Undirbúningur og þátttaka Íslands hefur verið með ýmsu móti, en að mínum dómi hefur t.d. Alþingi ekki fylgst nægilega vel með þessum ráðstefnum sem snerta löggjafann að ýmsu leyti. Þingmenn fóru sem fulltrúar á umhverfsráðstefnuna í Ríó og kvennaráðstefnuna í Kína, en því miður hafa þeir ekki sótt aðrar þessar ráðstefnur svo að ég viti.

Við urðum þess vör að undirbúningurinn undir Kaíróráðstefnuna, sem þótti marka þáttaskil í starfi Sameinuðu þjóðanna og gerði mjög merkar samþykktir, var allur í skötulíki af Íslands hálfu og undirbúningurinn undir kvennaráðstefnuna fór seint af stað þótt framlag Íslands væri þar til sóma.

Nú er fram undan ráðstefna um þróun byggðar sem haldin verður í Istanbúl í júní á næsta ári og mig fýsir að vita hvernig íslensk stjórnvöld hyggjast standa að undirbúningi þeirrar ráðstefnu. Því spyr ég hæstv. utanrrh.:

Hvernig verður háttað undirbúningi og þátttöku Íslands fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um þróun byggðar, Habitat, í Istanbúl árið 1996?

[13:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Undirbúningur íslenskra stjórnvalda vegna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um byggðamál sem haldin verður í Istanbúl 3.–14. júní 1996 verður í umsjá utanrrn. Svipaður háttur verður hafður á og var við undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, sem haldin var í Peking í september sl. Skipuð hefur verið undirbúningsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar forsrn., félmrn. og umhvrn. auk utanrrn. Undirbúningsnefndin mun innan tíðar kalla sér til ráðuneytis fólk frá stofnunum, félögum eða samtökum sem láta sig málefnið varða.

Vegna ráðstefnunnar munu íslensk stjórnvöld skila inn skýrslu til byggðastofnunar Sameinuðu þjóðanna um byggðaþróun hér á landi og stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum. Ráðstefnan sem haldin verður í Istanbúl er önnur í röð ráðstefna Sameinðu þjóðanna um byggðamál. Hin fyrri var haldin í Vancouver í Kanada árið 1976.

Ráðstefnan er jafnframt síðust í ráðstefnuröð Sameinuðu þjóðanna um önnur mikilvæg málefni og talið er að viðfangsefni hennar munu tengjast flestum þeirra náið. Fyrir hafa verið haldnar ráðstefnur og leiðtogafundir. Í New York um málefni barna, í Ríó um umhverfi og þróun, í Kaíró um mannfjölda og þróun, í Vín um mannréttindi, í Kaupmannahöfn um félagslega þjónustu og í Peking um málefni kvenna. Við undirbúning byggðaráðstefnunnar verður þetta samhengi haft í huga.

Meginviðfangsefni byggðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna verður fólksflótti úr dreifbýli í þéttbýli og þau vandamál sem slíkt hefur í för með sér. Bent hefur verið á að ráðstefnan kunni að verða síðasta tækifæri mannkynsins til að undirbúa sig undir þann mikla fólksfjölgunarvanda sem við blasir í borgum heimsins. Talið er að um næstu aldamót muni í 26 borgum búa fleiri en 10 milljónir manna. Flestar eru þessar borgir í þróunarlöndunum eða 21 talsins. Enn fremur er talið að árið 2025 muni þrír fimmtu hlutar mannkyns eða um 5 milljarðar búa á þéttbýlissvæðum.

Viðfangsefnin sem við blasa eru aðkallandi. Aukin þéttbýlismyndun raskar á margan hátt jafnvægi í lífi fólks og heilu þjóðanna og afleiðingarnar geta verið margvíslegar

svo sem aukið atvinnuleysi, skortur á húsnæði, umferðaröngþveiti, mengun sem nær langt út fyrir mörk borganna auk ýmissa félagslegra vandamála. Hér á landi höfum við orðið vör við þróun af þessu tagi þótt við séum smá í samanburði við þessar stóru borgir. En við erum ekki eyland hvað það snertir. Við höfum því bæði nokkru að miðla til annarra af okkar reynslu og eins getum við lært af reynslu annarra. Þátttaka íslenskra stjórnvalda í ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um byggðaþróun er því mikilvægt verkefni sem utanrrn. hyggst sinna eftir bestu getu í góðu samstarfi við önnur ráðuneyti sem og stofnanir, félög og samtök sem málið varðar.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það er ljóst að það er stutt til stefnu og þarf að halda vel á spöðunum til þess að undirbúningur Íslands verði jafnt til sóma við þessa ráðstefnu sem við kvennaráðstefnuna í Kína og ég er fegin að heyra það að málið er komið á rekspöl.

Af orðum hæstv. utanrrh. mátti ráða að hér er um mjög spennandi verkefni og spennandi umræðuefni að ræða sem auðvitað skiptir okkur Íslendinga máli eins og aðra jarðarbúa og verður mjög fróðlegt að heyra hvaða upplýsingar og niðurstöður koma þarna fram. En tilgangur minn með þessari fyrirspurn var ekki síst sá að vekja athygli Alþingis og hv. alþm. á þessari ráðstefnu og þá jafnframt að hvetja til þess að forsætisnefnd íhugi að gefa alþingismönnum kost á að sækja þessa ráðstefnu og það verði fastur liður í starfi þingsins að þingmenn fylgist betur með alþjóðlegri þróun og alþjóðlegri umræðu sem auðvitað kemur okkur við eins og öllum þjóðum heims, enda erum við þátttakendur í Sameinuðu þjóðunum og ýmsum alþjóðastofnunum sem eru að fást við þessi geigvænlegu vandamál sem steðja að mannkyninu.

[13:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það var sannarlega þörf á því. Það er nú svo að við Íslendingar getum ekki tekið þátt í öllu því sem fram fer á alþjóðavettvangi með þeim hætti sem við kysum helst vegna fámennis okkar og líka vegna kostnaðar. Það er því nauðsynlegt að velja þar og hafna og reyna að sinna þessum málum eftir bestu getu. Það verður ekki gert nema í náinni samvinnu við þau félagasamtök sem tengjst þessum málum.

Hvað þetta mál varðar er það t.d. mjög á dagskrá sveitarfélaga, svo eitthvað sé nefnt, fyrir utan ráðuneyti, stjórnmálaflokka og að sjálfsögðu Alþingis. Ég legg því áherslu á að það geti verið um þessi mál hið besta samstarf. En í sannleika sagt getum við ekki sinnt þessu máli sem hér um ræðir eins vel og við vildum hafa gert vegna kostnaðar. Það hafa nú þegar átt sér stað margvíslegir undirbúningsfundir og við höfum því miður ekki getað sinnt þeim öllum. Þetta vildi ég að væri alveg ljóst því að það þýðir ekkert að vera eitthvað að þykjast í þessum málum. Við getum ekki rækt þau með alveg sama hætti og stóru þjóðirnar, en það er ekki þar með sagt að við höfum ekki ýmislegt til málanna að leggja og höfum ekki margt fram að færa í sambandi við þau, en þá er nauðsynlegt að sem best samstarf ríki um málið.

Mengun af brennisteinssamböndum.

Fsp. HG, 78. mál. — Þskj. 78.

[14:01]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Vegna umræðna sem hér urðu áðan út af ræðutíma þingmanna og ráðherra, þá vill forseti láta þess getið að samkvæmt 49. gr. þingskapa er þingmönnum heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd eina mínútu hverjum þegar fyrirspurn er á dagskrá, en þetta á greinilega ekki við þann þingmann sem ber upp fyrirspurnina og heldur ekki við ráðherrann sem svarar þannig að þessi athugasemd var hárrétt og biðst ég velvirðingar á þessum mistökum og vænti þess að þetta skapi ekki fordæmi.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ísland er aðili að alþjóðlegum samningi um mengun sem berst um langan veg milli landa, samningi sem Alþingi staðfesti 1982 en upphaflega var hann gerður 1979. Markmið þessa samnings er að koma í veg fyrir skaðlega mengun sem berst um langan veg, þar á meðal mengun af völdum brennisteinssambanda og gera rannsóknir á því sviði. Á grundvelli þessa samnings hefur verið unnið af samningsaðilum og gerðar við hann einar fimm bókanir á grundvelli samningsins, sú fyrsta 1984 varðandi fjárhagslegar skuldbindingar og 1985 um losun brennisteinsdíoxíðs sem líka er kallað brennisteinstvíoxíð eða tvíildi eftir því hvernig menn þýða þetta hugtak efnafræðilega.

Síðan 1988 var um bókun að ræða varðandi köfnunarefnissambönd og 1991 um takmörkun á rokgjörnum lífrænum efnum og 1994 var gerð önnur bókun varðandi brennistein og mengun af völdum brennisteins á vegum samningsaðila.

Eins og ég gat um skrifaði Ísland undir þennan samning og Alþingi staðfesti hann fyrir einum 13 árum. En sannleikurinn er sá, að því er ég best veit, að Ísland hefur ekki gerst aðili að neinum af þeim bókunum sem ég gat um og unnar hafa verið á vegum samningsaðila og er það ástæðan fyrir því að hér er spurt um þau efni og þá sérstaklega að því er varðar losun á brennisteini. Ég tel það mikið áhyggjuefni í rauninni að íslensk stjórnvöld skuli ekki fylgja eftir alþjóðasamningum sem þau gerast aðilar að. Hér var raunar einn á dagskrá fyrr á þessum fundi, alþjóðlegur samningur sem Alþingi hafði staðfest og hér er um að ræða mengunarvald sem veldur víða áhyggjum. Vissulega er það svo að hér á landi hefur ekki verið um að ræða af manna völdum jafnmikla mengun af völdum brennisteins og víða annars staðar, en engu að síður ber okkur að standa við alþjóðlegar skuldbindingar og leggja okkar af mörkum í þeim efnum. Það er alveg ljóst að hér erum við að standa að aðgerðum og fyrir Alþingi liggur m.a. frv. um stækkun á verksmiðju við Straumsvík sem veldur mjög mikilli aukningu á losun brennisteinsdíoxíðs og fleira kann á eftir að fylgja, fyrir utan það sem stafar af öðrum atriðum, brennslu á eldsneyti í bílum og í öðru skyni.

Ég spyr því hæstv. ráðherra um það hvað því valdi að ekki skuli hafa verið af hálfu stjórnvalda orðið við tilmælum sem komið hafa frá sérfræðistofnunum eins og Hollustuvernd ríkisins um það að athuga beri um staðfestingu á bókunum við þennan samning.

[14:07]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hefur spurt mig tveggja spurninga á þskj. nr. 78 sem hann hefur gert grein fyrir. Fyrri spurningin hljóðar svo:

„Hvað veldur því að Ísland hefur ekki staðfest bókanir við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langa leið milli landa, þ.e. er varðar frekari minnkun á losun brennisteins eins og Hollustuvernd ríkisins hefur lagt til?"

Því er að svara að auglýsing um fullgildingu samningsins frá 1979, um loftmengun, sem berst langar leiðir milli landa, birtist 11. maí 1983. Samningurinn er viljayfirlýsing þeirra sem að honum standa um að þeir séu staðráðnir í að verja menn og umhverfi gegn loftmengun með því að leitast við að takmarka, draga úr og koma í veg fyrir loftmengun eftir því sem unnt er.

Til að ná fram markmiðum samningsins hafa verið gerðar við hann sérstakar bókanir um einstök efni. Ísland hefur ekki skipað framkvæmdaraðila fyrir samninginn og hefur ekki sinnt alþjóðasamstarfi í tengslum við hann. Þar sem aðrir alþjóðlegir samningar á sviði umhverfismála hafa verið álitnir mikilvægari fyrir umhverfisvernd og íslenska hagsmuni en þær bókanir sem gerðar hafa verið hingað til hafa íslensk stjórnvöld ekki staðfest þessar bókanir.

Nú er hins vegar rætt um að gera sérstaka bókun við samninginn um takmörkun við losun lífrænna, þrávirkra efna og munu íslensk stjórnvöld, ef af verður, taka virkan þátt í þeirri samningsgerð, enda sinnt því máli sérstaklega á alþjóðlegum vettvangi. Má þar t.d. nefna nýafstaðna svokallaða Washington-ráðstefnu sem íslensk stjórnvöld sinntu.

Á Íslandi er þó rekin ein EMEP-stöð sbr. 9. gr. samningsins en með EMEP er átt við samstarfsáætlun um eftirlit með og mat á tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir í Evrópu. Þessi stöð er við Írafoss þar sem brennisteinsdíoxíð og fleiri efni í úrkomu eru mæld. Veðurstofa Íslands sér um rekstur stöðvarinnar.

Ísland hefur ekki staðfest bókanir við samninginn en eftirfarandi bókanir hafa verið gerðar við hann. Reyndar taldi hv. þm. þær upp áðan en þær eru samkvæmt mínum lista:

1. Um fjárhagslegar skuldbindingar.
2. Um takmörkun á losun brennisteinsdíoxíðs.
3. Takmörkun á losun köfnunarefnisoxíða.
4. Takmörkun á losun rotgjarnra, lífrænna efna. Og ég held að hv. þm. hafi nefnt fimmtu bókunina, sem reyndar er ekki á mínum lista, sem hann taldi að hefði verið gerð 1994 um brennisteinsmengun. Vanti eitthvað á þennan lista þarf ég að skoða það nánar, svo svarið sé rétt og ítarlegt.

Hollustuvernd ríkisins hefur ekki lagt til að Ísland staðfesti bókanir við samninginn. Með bréfi dags. 14. febrúar 1994 lýsir stofnunin þeirri skoðun sinni að rétt sé að skoða vandlega þann möguleika að undirrita bókunina um takmörkun á losun brennisteinsdíoxíðs. Enn fremur vekur stofnunin athygli á að Ísland hafi ekki ákveðið framkvæmdaraðila fyrir samninginn, eins og ég reyndar gat um áður, og telur að það þurfi að gerast. Það mál er nú í athugun í ráðuneytinu.

Efni sem þessar bókanir fjalla um hafa til þessa ekki verið talin skapa teljandi umhverfisvandamál hér á landi eftir því sem rannsóknir sýna. Eins og ég hef áður sagt hefur Ísland látið aðra samninga á sviði umhverfismála hafa forgang þar sem þeir eru taldir skipta meira máli. Má þar sem dæmi nefna Vínarsamninginn um verndun ósonlagsins og Montreal-bókunina við hann um ósoneyðandi efni sem og aðra samninga sem snerta sérstaklega mengun sjávar. Þeir fjármunir sem stjórnvöld hafa til að framkvæma alþjóðasamninga eru takmarkaðir og því nauðsynlegt að forgangsraða málum á því sviði sem við teljum að séu mikilvægust fyrir okkur og okkar hagsmuni.

Seinni spurning hv. þm. hljóðar svo: „Hvenær hyggst ríkisstjórnin undirrita þessar bókanir?"

Því er til að svara að það hefur ekki verið á dagskrá að staðfesta bókanirnar við samninginn heldur að tilnefna framkvæmdaraðila sem hlýtur að vera eðlilegur undanfari fullrar þátttöku í samningnum, verði hún talin nauðsynleg, eins og reyndar kom fram í svari mínu við fyrri lið fyrirspurnarinnar. Og að lokum, hæstv. forseti, er rétt að vekja athygli á að Ísland hefur staðfest tilskipun ESB um rokgjörn lífræn efni, svokallað VOC 1 sem að verulegu leyti byggir á bókun við samninginn og áður er nefnd.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það kom í ljós að það sem ég hafði fengið upplýsingar um er rétt. Ísland hefur í engu fylgt eftir aðild sinni að þessum samningi fyrr en þá nú að það er til athugunar í ráðuneytinu að tilnefna framkvæmdaraðila samkvæmt samningnum. Ég hlýt að gagnrýna að svona er staðið að málum og ég tel ekki viðhlítandi að við sýnum eingöngu lit í sambandi við ákvæði alþjóðasamninga, sem við höfum gerst aðilar að, þegar þau varða okkar hagsmuni mikið að mati stjórnvalda, eins og í sambandi við þrávirk, lífræn efni sem Íslendingar hafa með réttu gefið gaum og ágætt starf hefur verið unnið af hálfu íslenskra stjórnvalda að því leyti. En menn hljóta að sjá að það er ákveðið samhengi í þessum málum á alþjóðavettvangi. Við getum ekki vænst þess að fá stuðning við okkar kröfur sem varða okkar hagsmuni sérstaklega ef við drögum fæturna á öðrum sviðum þar sem við metum það svo að ástandið sé kannski ekki eins alvarlegt fyrir okkur. En allt er þetta þó samtengt umhverfi jarðar og þess vegna finnst mér að hér þurfi sannarlega að gera bragarbót, enda kom fram að Hollustuvernd ríkisins hefur lagt til að skoðað verði vandlega að undirrita bókun frá 1985. Eru það ekki í raun meðmæli með því, virðulegur hæstv. ráðherra, þegar sérfræðistofnunin kemst þannig að orði í erindi til ráðuneytisins?

Eins og ég gat um erum við hér að auka við mengun af völdum brennisteins og ég held að menn þurfi að gæta sín að fullyrða ekki um of að þar sé ekki um skaðlega mengun að ræða. Auðvitað þarf að athuga með alla þá þætti sem valda þarna mengun og bæta í mengun andrúmsloftsins í sambandi við brennistein sem og önnur efni, en samningurinn varðar ýmis fleiri efni heldur en brennistein eins og fram hefur komið.

[14:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er ekki miklu við að bæta það sem kom fram í svari mínu áðan. En ég hef hlýtt á athugasemdir hv. þm. og það er visslega rétt sem hann dregur fram og kom fram í svari mínu að Hollustuvernd ríkisins hefur bent á að það sé rétt að kanna vandlega sérstaka bókun um brennisteinsdíoxíð og að skipaður verði framkvæmdaraðili. Sennilega verður Hollustuvernd ríkisins, sem heyrir undir umhvrn., falið að fylgjast með þessu og taka ákvarðanir í framhaldi af því um staðfestingu eða undirritun þeirra bókana sem talið er mikilvægast fyrir okkur að undirrita.

Hitt er svo auðvitað rétt að vissulega er samhengi í málum hvað varðar umhverfismál og mengun á alþjóðlegum vettvangi og Íslendingar hafa reynt að gera sig þar gildandi í vaxandi mæli, auðvitað af litlum efnum með lítið lið. Þó hef ég veitt því athygli á tveimur slíkum ráðstefnum sem ég hef sótt í sumar og haust að það hefur virkilega verið tekið eftir því hvernig Ísland hefur staðið að undirbúningi þeirra funda og að sjónarmið þeirra hafa komið fram og hefur gætt í umræðunni. Ég held að það sé virðingarvert að við höfum reynt að leggja okkur fram í þessu efni en við höfum auðvitað líka reynt að forgangsraða og taka sérstaklega þátt í því sem ég tel að skipti okkur mestu máli. Auðvitað verður eitthvað að sitja eftir því að þessu fylgir að sjálfsögðu mikill kostnaður. Við höfum ekki mikinn mannafla til þess að fylgjast með öllum málum þó að við gjarnan viljum. Við gerum það eftir því sem hægt er í gegnum stofnanir okkar sem fylgjast með málum af þessu tagi og með upplýsingagjöf og samskiptum á því sviði en e.t.v. minna með ráðstefnum og kostnaðarsömum fundum á erlendum vettvangi.

[14:16]

Útbýting þingskjala:

Veiting ríkisborgararéttar, 155. mál, nál. allshn., þskj. 250; brtt. allshn., þskj. 251.

Varnir gegn mengun sjávar.

Fsp. KF, 170. mál. — Þskj. 212.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til umhvrn. um varnir gegn mengun sjávar. Fyrirspurnin er ekki lögð fram vegna þess að ég telji að efnisinnihaldið sé stærsta vandamálið í mengunarmálum á landi okkar. Að mörgu leyti hefur verið staðið vel að lagasetningu og reglugerðarsetningu um mengunarmál og má kannski segja að frekar vanti á að þeim sé fylgt nægilega eftir. Annars vegar er um að ræða mengunarhlið máls en hins vegar þá stefnu sem hvetur til endurvinnslu og margir þekkja undir kjörorðinu endurnota, endurvinna og nota minna. Pappír er gott dæmi um þetta. Eins og menn vita hafa byggðasamlög verið stofnuð til þess að sinna endurvinnslu og mikil hugarfarsbreyting hefur í raun átt sér stað meðal almennings víða um heim og ekki síst á Íslandi í umhverfismálum. Fámenn þjóð en vel upplýst.

Ég tel að við eigum að leggja okkar af mörkum í umhverfismálum heimsins en líka að reyna að vera í fararbroddi um þau mál sem við getum. Við viljum gjarnan geta orðið hreinasta land álfunnar og við ættum að geta orðið það.

Ég hef valið að ræða um varnir gegn mengun sjávar og vil víkja að þróun alþjóðareglna hvað þetta varðar. Á undanförnum árum hafa reglur um losun úrgangsefna í sjó tekið miklum breytingum og viðhorfin um það hvað teljist skaðlegt umhverfinu hafa verið að breytast. Það hillir undir að varpi alls úrgangs í sjó nema hreinna jarðefna og lítt mengaðra dýpkunarefna verði hætt fyrir aldamót.

Ísland er aðili að alþjóðasamningum hvað þetta varðar og ná þeir samningar alllangt aftur í tímann. Í nýlegum samningi um mengunarvarnir á Norðaustur-Atlantshafi, ég held að hann sé frá september 1992 og hafi verið samþykktur í París, er gert ráð fyrir því að aðildarríkin hætti eigi síðar en 31. des. 2004 að sökkva skipsflökum og flugvélum í sjó. Við þessa samningsgerð skrifuðu umhverfsráðherrar aðildarríkjanna undir yfirlýsingu um að hætta að sökkva flugvélum og skipsflökum eins fljótt og kostur væri. Við þessu var brugðist af hálfu umhvrn. og skipaður starfshópur árið 1990 sem átti að gera tillögur um förgun úreltra skipa.

Menn vita að fjöldi skipa sem er úreltur á hverju ári er umtalsverður og nýlega var svarað fyrirspurn í þinginu frá Rannveigu Guðmundsdóttur þar sem tíundað var hversu mörg þau skip væru. Í svari sjútvrh. við þeirri fyrirspurn hve mörg skip hafi verið úrelt frá miðju ári 1994 kom fram að þau eru 234. Það eru reyndar bæði stálskip, plastbátar og trébátar en heildarfjöldinn er umtalsverður.

Nefndin sem ég vitnaði til áðan gaf frá sér skýrslu um förgun skipa þar sem ítarlega var farið ofan í allar hliðar málanna, tekinn saman fjöldi skipa, hvað yrði af þeim og hver kostnaðurinn væri við að farga þeim. Í niðurstöðum nefndarinnar er þó hvatt til þess að banna hið fyrsta að sökkva skipum í sjó hér við land. Til þess þarf að breyta ákvæðum í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Í ljósi þessa ber ég fram fyrirspurn mína til umhvrh. og hún er svohljóðandi:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir afnámi þeirra ákvæða í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sem heimila ráðherra að leyfa m.a. að skipsflökum sé sökkt í sjó, í framhaldi af undirritun samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins í París 1992?“

[14:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur borið fram fyrirspurn sína á þskj. 170 og gert grein fyrir henni sem hljóðar svo:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir afnámi þeirra ákvæða í lögum nr. 32/1976, um varnir gegn mengun sjávar, sem heimila ráðherra að leyfa m.a. að skipsflökum sé sökkt í sjó, í framhaldi af undirritun samnings um endurskoðun Norðaustur-Atlantshafsins í París 1992?“

Í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, er lögfest sú meginregla að allt úrkast í hafið sé óheimilt. Jafnframt er kveðið á um að Siglingamálastofnun ríkisins, nú Hollustuvernd ríkisins eftir að mengunarvarnir sjávar fluttust yfir til þeirrar stofnunar 1. júní sl., sé heimilt að veita undanþágu frá þessu þannig að framkvæmd undanþágunnar er í raun í höndum Hollustuverndar ríkisins en ekki ráðherra samkvæmt þessum lögum.

Samkvæmt 13. gr. laganna er allt úrkast efna eða hluta í hafið óheimilt án leyfis Hollustuverndar ríkisins sem getur veitt leyfi til að kasta efnum eða hlutum í hafið og skal taka mið af eðli þeirra og magni og aðstæðum á losunarstað.

Sé um að ræða úrgang eða efni, önnur en dýpkunarefni sem verða til t.d. vegna hafnarframkvæmda eða annarra framkvæmda í sjó eða í hafi, sem hafa svo nokkru nemi efni þau sem upp eru talin í fylgiskjali 1 með lögunum skal eigi veita heimild til þess að kasta þeim í hafið nema í neyð enda sé heilsu manna ekki stofnað í hættu og engin önnur hagkvæm lausn sé fyrir hendi eða finnist.

Heimilt er án leyfis að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli, þ.e. meira en 0,1%, efni sem talin eru upp í fylgiskjali 2 með lögunum.

Áðurnefnt lagaákvæði byggir á þeirri forsendu að því aðeins komi til veitingar leyfis fyrir varpi í hafið hvort sem um er að ræða skip eða annan úrgang að umrædd förgun valdi ekki mengun.

Með bréfi dags. 26. sept. 1990 beindi umhvrn. þeim tilmælum til Siglingamálastofnunar ríkisins, sem fóru þá með mengunarvarnir sjávar, að heimild fyrir að sökkva skipum í sjó til förgunar yrði ekki nýtt og að öðruvísi yrði staðið að förgun. Frá því að bréfið er skrifað hefur aðeins einu skipi verið sökkt með leyfi hér við land og var um að ræða skip sem notað var til björgunaræfinga, þ.e. það er notað við köfun og annað því um líkt sem tengist þjálfun björgunarsveita. Á árunum 1980–1991 var hins vegar 10 stálskipum og 28 tréskipum sökkt hér við land. Þó að áðan kæmi fram í framsöguræðu hv. þm. að síðan 1994 hafi 234 skip verið *úrelt vona ég að þetta séu samt réttar upplýsingar að þeim* hafi ekki verið sökkt heldur hafi þeim verið eytt með öðrum hætti.

Við endurskoðun Óslóar- og Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar sem í daglegu tali er nefndur OSPAR-samningurinn, sem lauk með fundi umhverfisráðherra aðildarríkjanna í París í september 1992, var fjallað um varp skipa í hafið. Í samningnum sem fjallar um mengunarvarnir á Norðaustur-Atlantshafi er gert ráð fyrir því að aðildarríkin hætti eigi síðar en 31. des. 2004 að sökkva skipsflökum og flugvélum í sjó. Reyndar kom þetta fram hjá hv. þm. áðan. Jafnframt skrifuðu umhverfisráðherrar aðildarríkjanna undir yfirlýsingu um að hætta að sökkva flugvélum og skipsflökum eins fljótt og kostur væri.

Heildarendurskoðun laganna um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, er nú í undirbúningi og mun væntanlega hefjast á næsta ári, þ.e. upp úr áramótum. Bind ég vonir við að endurskoðun verði lokið ekki seinna en á árinu 1997. Sú vinna getur auðvitað staðið fram eftir næsta ári. Ég mun að sjálfsögðu leggja á það áherslu við endurskoðunina í samræmi við áðurnefndan OSPAR-samning að þau ákvæði sem heimila varp í hafið verði endurskoðuð. Þar er ekki aðeins um skip og flugvélar að ræða heldur og aðra þætti sem nauðsynlegt er að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu frá gildistöku laganna eða síðasta áratuginn.

Að lokum má svo aðeins minna á þátttöku íslenskra umhverfisyfirvalda og íslenskra stjórnvalda við að koma í veg fyrir að frægum olíuborpalli væri sökkt í sjó sem mikið var í umræðu fyrr á þessu ári.

[14:27]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er góðra gjalda vert að ýta á eftir lagabreytingum til þess að tryggja þann grunn sem er undir aðgerðum á þessu sviði. En eins og hæstv. ráðherra kom að hefur ráðuneytið lagt inn sitt orð í þessu efni og ég hélt satt að segja að þetta væri úr sögunni. Það kom fram í svari að um eitt dæmi hafi verið að ræða og það er auðvitað of mikið.

Ég vil koma að einu atriði sem hæstv. ráðherra nefndi í sínu svari og það var að þetta mál væri ekki á hans valdsviði heldur undir Hollustuvernd ríkisins sem er stofnun undir umhvrn. Ég er satt að segja dálítið undrandi á því ef hæstv. ráðherra telur ekki að hann hafi íhlutunarrétt ef svo vill við bera, ef hann vill nota hann gagnvart stofnun sem er undir ráðuneyti hans.

Að öðru leyti hvet ég aðeins til þess og tek undir með fyrirspyrjanda að allt verði gert til þess að koma umgengni okkar við hafið, bæði varðandi mengun í sjó og eins varðandi hafsbotninn í annað og betra horf. Það er spurning hvort ekki þarf að taka miklu fastar á en gert hefur verið af okkar hálfu, einnig að því er varðar beitingu veiðarfæra.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég vil bera fram þakkir til hæstv. umhvrh. fyrir svör hans og hvet til þess að reynt verði eins og síðasti ræðumaður sagði að fylgja eftir og reyna að tryggja sem best að mengun verði ekki í sjó. Í rauninni má bæta við að horfa megi á það í víðara samhengi. En til þess þarf auðvitað að leggja fram frv. til laga um breytingu á þessum lögum.

Hvað verður um þau skip sem hafa verið úrelt er náttúrlega talsvert misjafnt. Eitthvað er um það að trébátum sé komið fyrir á áramótabrennum og möguleiki er að vinna *trékurl úr þeim, kannski í tengslum* við byggðasamlögin eins og Sorpu. Mér skilst að talsvert sé um að skip eða bátar, sem hafa verið úrelt, hafi sokkið eða kviknað í þeim á ferð milli hafna og það er mál sem umhvrn. þarf að athuga nánar hvort fótur er fyrir. Ekki er hægt að gefa sér að þeim sé sökkt af ásettu ráði eða kveikt í þeim en það er a.m.k. einkennilegt að það komi fyrir á þennan hátt.

Það eru líka enn þá gömul skip í höfnum víða um land. Ég held að í Reykjavíkurhöfn séu fimm gömul úrelt skip, kannski fleiri. Þetta er því víða ófrágengið mál. Auðvitað er fyrri eigendum eða sveitarstjórnum til vandræða að losna við skip. Það er líka kostnaður við að farga þeim, það hefur líka verið kostnaður við að sökkva þeim í sjó. En ég held að með stefnunni um endurvinnslu hljótum við að gera kröfu um það að förgunin verði einungis á formi endurvinnslu og endurnýtingar.

[14:31]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins út af athugasemd hv. 4. þm. Austurl. um ákvæði laganna hvað varðar valdsvið. Eins og fram kom í svari mínu er það svo að í lögunum er heimildin um að veita undanþágur veitt þessari stofnun, áður Siglingamálastofnun ríkisins en nú Hollustuvernd ríkisins. Það er rétt að Hollustuvernd ríkisins heyrir auðvitað undir umhvrn. og þar með umhvrh. svo að sjálfsagt er það rétt að ábyrgðin falli þar undir. Hitt er svo líka spurning sem er til umhugsunar hver íhlutunarréttur eða afskipti ráðherra á að vera beint í málum. Auðvitað verður að skoða þau fyrst og fremst faglega eins og þau efni sem við fjöllum um hér og það er Hollustuverndar ríkisins að gæta þess að farið sé til hins ýtrasta eftir því sem lögin kveða á um. Auðvitað geta komið upp álitamál sem ráðuneyti og þar með ráðherra þarf að kveða upp úr um.

Ég held að það sé líka ljóst samkvæmt því sem kom fram í svari mínu áðan að umtalsverð breyting hefur orðið á því hvernig menn hafa staðið að förgun skipa. Á árunum 1980–1990 var svo og svo mörgum skipum sökkt, bæði stálskipum og tréskipum en það hefur ekki verið gert síðan *nema það sé fyrir slysni og vonandi* að það sé ekki af ásettu ráði. Það er ekki líðandi ef menn eru að fara á bak við lögin. Hitt kann svo að vera rétt sem fyrirspyrjandi, hv. 7. þm. Reykv., nefndi í lok máls síns að við búum að einhverju leyti við óleyst vandamál hvað þetta varðar. Gömul, ónýt og úrelt skip liggja víða í höfnum og við eigum eftir að leysa málið. Það má ekki sökkva þeim en við höfum ekki fundið þá leið að nýta þau á þann skynsamlegasta hátt sem hægt er eða koma þeim fyrir á annan þann hátt sem væri ásættanlegt. Það er mál sem viðkomandi yfirvöld þurfa að horfast í augu við, þeir sem eiga skipin, eftir atvikum sveitarstjórnir ef þau eru komin á einhvern hátt á yfirráðasvæði þeirra, og svo auðvitað Hollustuvernd og umhvrn. og er sjálfsagt að taka þátt í þeirri umræðu.

Stuðningur við nemendur sem eiga í lestrarörðugleikum.

Fsp. SF, 181. mál. — Þskj. 225.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. menntmrh. og hún er svohljóðandi:

„Hefur menntamálaráðuneytið markað stefnu um stuðning við nemendur á framhalds- og háskólastigi sem eiga í sértækum lestrarörðugleikum, öðru nafni lesblindu (dyslexíu)?“

Með lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, varð sú breyting að allir nemendur sem höfðu lokið prófi úr 10. bekk grunnskóla öðluðust sjálfkrafa rétt til framhaldsskólanáms. Við það fjölgaði þeim nemendum í framhaldsskóla sem áttu við lesblindu eða önnur lestrarvandamál að stríða. Blindrabókasafn Íslands ber samkvæmt lögum að þjóna framhaldsskólanemum sem geta ekki fært sér í nyt venjulegt letur og í greinargerð með lögunum er sérstaklega minnst á nemendur sem haldnir eru dyslexíu sem einnig er nefnd sérstakir lestrarörðugleikar eða lesblinda. Framleiðsla Blindrabókasafns Íslands á námsefni miðaðist framan af nær eingöngu við þá nemendur á framhaldsskólastigi sem eru sjónskertir.

Árið 1988 jókst eftirspurn eftir námsefni á snældum fyrir lesblinda og hefur sú þróun haldið áfram með vaxandi hraða enda vísa námsráðgjafar skólanna skjólstæðingum sínum á safnið eins og þeim ber.

Á árinu 1987 nutu 10 nemendur þjónustu námsbókadeildar Blindrabókasafnsins en árið 1994 voru þeir yfir 100 talsins. Þessi aukna þjónusta hefur kallað á viðbótarstöðugildi hjá safninu. Fjárveiting til Blindrabókasafnsins hefur ekki verið í neinu samræmi við framangreinda þróun. Safnið sinnir lesblindum á eins ódýran og hagkvæman hátt og unnt er en kostnaður vegna lesblindra er um 1 millj. kr. á önn. Forráðamenn safnsins telja fjárhag þess stefna í hreinan voða og með áframhaldandi þróun þarf að draga úr framleiðslu hljóðbóka fyrir almenna notendur sem eru flestir blindir og sjónskertir og hefur sú framleiðsla reyndar legið niðri frá miðju ári.

Lesblindir einstaklingar falla að mörgu leyti milli þils og veggjar í þjóðfélaginu. Þeir njóta ekki sambærilegrar þjónustu og fatlaðir einstaklingar. Þeir fá engin hjálpartæki, svo sem tölvur, segulbandstæki o.fl. Hins vegar krefst þjóðfélagið þess að allir séu læsir og þeir sem ekki eru læsir eru því dæmdir til undanhalds nema til komi sérstök aðstoð. Því verður að viðurkenna lesblindu sem fötlun í upplýsingasamfélagi nútímans.

Hyggst ráðherrann beita sér fyrir lausn á þessum vanda í bráð og lengd þannig að lestregu fólki, sem stundar nám á framhaldsskólastigi, sé veitt þjónusta í skólunum með lestrarþjálfun og sérkennslu og að til komi sérstök fjárframlög til hljóðritunar námsefnis? Telur ráðherrann brýnt að leysa fjárhagsvanda Blindrabókasafns? Hefur ráðuneytið markað sér stefnu um stuðning við þessa nemendur?

[14:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda var stefna í málinu mótuð með setningu framhaldsskólalaganna frá 1988 þar sem segir að allir nemendur skulu geta stundað nám í samræmi við þarfir og óskir. Í síðustu mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 23/1991, um framhaldsskóla, er kveðið á um að hlutverk sérkennara í framhaldsskólum sé að annast kennslu og ráðgjöf nemenda vegna sértækra lestrar- og skriftarörðugleika. Þetta ákvæði hefur þó ekki komist til framkvæmda nema að mjög takmörkuðu leyti.

Iðnskólinn í Reykjavík er sá framhaldsskóli sem hvað skipulegast hefur gengið til verks í þjónustu við nemendur sem eiga í lestrarörðugleikum. Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands hefur m.a. það hlutverk að meta lestrarörðugleika og veita ráðgjöf í samræmi við niðurstöður greininga. Lestrarmiðstöð Kennaraháskólans hefur í samvinnu við framhaldsskóla staðið fyrir námskeiðum fyrir nemendur með lestrarörðugleika, kennara þeirra og foreldra. Blindrabókasafn Íslands lánar nemendum með lestrarörðugleika í framhaldsskólum námsefni á hljómböndum. Ljóst er að taka verður á málum varðandi safnið með hliðsjón af aukinni þörf fyrir þjónustu þess og hef ég rætt það mál við forustumenn Blindrabókasafnsins og það mál er í sérstakri athugun hvernig við skuli brugðist.

Fjárveiting til sérkennslu í framhaldsskólum hefur sett aðstoð við nemendur í þessum skólum þröngar skorður. Á fjárlögum í ár eru 32 millj. ætlaðar til sérkennslu í framhaldsskólum landsins. Fatlaðir nemendur hafa verið látnir ganga fyrir nemendum með námserfiðleika, þar með nemendum með lestrarörðugleika. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ætla má að skólarnir sjálfir geti frekar af eigin fé sinnt nemendum með námserfiðleika en nemendum með fötlun.

Unnið er að því á vegum menntmrn. að undirbúa ýmislegt sem ætti að létta nemendum námið sem eiga í lestrarörðugleikum. Til athugunar er hve miklu fjármagni þarf að bæta við fjárveitingar framhaldsskólanna svo að þeir verði sjálfbjarga með kennara og tæki til kennslu nemenda með lestrarörðugleika. Kanna þarf um hve marga nemendur er að ræða í framhaldsskólum sem eiga við þessa örðugleika að stríða og hvernig aðstoð þeir hafa fengið í grunnskólanum. Í undirbúningi er átak í kennslu fullorðinna með lestrarörðugleika. Athugun er hafin á því hvernig efla megi Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands sem greiningar- og ráðgjafarmiðstöð vegna nemenda með lestrarörðugleika svo hún geti betur sinnt nemendum á landinu öllu. Unnið er að útgáfu bæklings sem ætlaður er almenningi þar sem fram koma helstu niðurstöður úr rannsóknum á læsi og hvatning til heimila um mikilvægi lesturs og til þess að fylgjast með lestrarkennslu í skólum. Þar að auki tekur menntmrn. þátt í ýmsu alþjóðlegu starfi sem lýtur að því að bregðast við þeim vanda sem vikið er að í spurningu hv. þm.

[14:41]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að fitja upp á svo mikilvægu máli sem læsi er. Við höfum alla jafnan gengið út frá því sem nokkuð vísu að allir í okkar samfélagi sem eru komnir á tiltekinn aldur væru læsir og gætu nýtt sér texta. Það kom einna best í ljós hverjum augum við lítum þá sem geta ekki lesið eða eru treglæsir þegar fjölmiðlar gerðu skil því frábæra átaki sem Iðnskólinn í Reykjavík fór í varðandi treglæsa nemendur. Það mátti helst skilja á túlkun fjölmiðla að eitthvað einstakt væri þar á ferðinni.

Ráðherra vitnaði áðan í það sem fyrirhugað er að gera, bæði vegna framhaldsskólanema, vegna fullorðinna og annarra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Talað er um að um 3–4% úr hverjum árgangi kunni að stríða við dyslexíu. Það væri forvitnilegt í þessari umræðu að fá að vita hvort

ráðherra byggir á könnunum, hvort það liggja fyrir kannanir um læsi Íslendinga og hvað þær hafa leitt í ljós umfram þá tölu sem hann nefnir hér og menn henda sín á milli í umræðunni.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Mér heyrðist hæstv. ráðherra vera frekar jákvæður með úrbætur fyrir nemendur með lestrarörðugleika eða dyslexíu en það er alveg ljóst að Blindrabókasafnið er í afar erfiðri aðstöðu. Sú fjárþörf sem það þarf til þess að geta sinnt hlutverki sínu er upp á 2,3 millj. og mér skilst að annaðhvort verði að draga úr þjónustu við blinda og sjónskerta eða við lestrarblinda, það sé ekkert annað val.

Ráðherrann kom inn á það áðan að málið væri í sérstakri skoðun. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort það megi túlka orð hans sem svo að þessi fjárþörf Blindrabókasafnsins verði leyst. Ef svo er ekki og þessi túlkun mín er röng vil ég biðja hæstv. menntmrh. að leiðrétta hana.

[14:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Kannanir hafa farið fram á læsi Íslendinga. Ég hef ekki niðurstöður varðandi það við höndina en sjálfsagt er að veita upplýsingar um það ef spurt er sérstaklega um það og hefur hv. þm. að sjálfsögðu tækifæri til þess að ræða það mál sérstaklega.

Varðandi Blindrabókasafnið vil ég endurtaka það sem ég sagði að ég hef rætt við forstöðumann þess og ég geri mér grein fyrir því að þjónusta Blindrabókasafnsins hefur aukist. Það hefur skapað þann vanda sem hv. þm. lýsti en meðan málið er enn á því stigi sem það er get ég ekki svarað frekar um hverjar niðurstöður verða á málinu. Athuguninni er ekki lokið sem ég minntist á í svari mínu.

Menningarborg Evrópu.

Fsp. KF, 185. mál. — Þskj. 229.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Hæstv. forseti. Aðdragandi að fyrirspurn minni um menningarborg Evrópu er eins og mönnum er kunnugt tilnefning Reykjavíkur sem menningarborg Evrópu árið 2000, að vísu ásamt fleiri borgum, en um það var tilkynnt í síðustu viku.

Útnefning menningarborga Evrópu hefur farið fram á tveggja ára fresti sl. 10 ár. En það ár (fyrir 10 árum) ályktaði ráðherraráð Evrópusambandsins um grundvöll þessarar nýjungar í menningarlífi álfunnar. Margar borgir hafa hlotið þessa útnefningu en í fyrstu voru það borgir innan 12 ríkja Evrópusambandsins sem gjaldgengar voru til að verða menningarborg. Þá var ljóst að eftir ákveðið árabil yrði þeirri yfirferð lokið og af því tilefni voru rýmkaðar heimildir þannig að aðrar borgir í Evrópu kæmu til álita í þessu skyni. Grundvöllurinn var þó að ríki, sem borgin væri í, byggði á fjölflokkakerfi og þar væru lýðræðislegar leikreglur og mannréttindi.

Fyrsta borgin sem var utan Evrópusambandsins þegar hún var útnefnd var Stokkhólmur og hún verður menningarborg Evrópu árið 1998 en núna hefur Svíþjóð auðvitað gengið í Evrópusambandið. Af hálfu Evrópusambandsins er ekki gerð nein krafa um ákveðið umfang þeirra viðburða eða aðgerða sem gripið er til í sambandi við útnefninguna. Átt hefur sér stað þróun í þá átt að rýmka inntak þess sem gerir borg að menningarborg. Það hafa verið tekin inn málefni eins og íþróttamál, umhverfismál, útivistarmál, og rannsóknastarf. Í undirbúningsnefndinni sem vann að umsókninni, en ég átti sæti í henni, var talið að styrkleiki Reykjavíkur sem borgar fælist einmitt í málum af þessu tagi og tökum þá t.d. umhverfismálin fyrir.

Einnig er ljóst að framlög til menningarmála eru myndarleg í Reykjavík og hún býður upp á menningu sem er fyllilega sambærileg við stærri borgir í Evrópu. Framboð á menningarefni er með því allra mesta sem þekkist í borgum á stærð við Reykjavík. Þar er hægt að telja upp fjölmörg atriði, myndlistarsýningar voru t.d. yfir 300 árið 1994. Við rekum sinfóníuhljómsveit, við erum með óperu með metnaðarfullt verkefnaval, leikhúsaðsókn er mjög mikil á Íslandi, bóklestur, kórastarf og svo mætti lengi telja.

Árið 2000 halda Íslendingar upp á eitt þúsund ára afmæli kristnitöku. Árið 2000 verður haldin 18. listahátíð í Reykjavík og fleiri slíkir stóratburðir eiga sér stað á aldamótaárinu. Ég sé fyrir mér að vel megi tengja þetta undir sömu regnhlíf og kölluð er menningarborg Evrópu. Það eru nokkur ár til stefnu en samt þarf mjög mikla vinnu hvað þetta varðar og því vil ég spyrja menntmrh.: „Að hvaða leyti munu íslensk stjórnvöld taka þátt í undirbúningi fyrir verkefnið Reykjavík — menningarborg Evrópu árið 2000?“

[14:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Með bréfi borgarstjórans í Reykjavík 20. febr. sl. til þáv. menntmrh. var óskað eftir því að ríkisstjórnin féllist á þá ósk borgaryfirvalda að leita eftir útnefningu ráðherraráðs Evrópusambandsins á að Reykjavíkurborg yrði menningarborg Evrópu árið 2000. Málið var lagt fyrir ríkisstjórnina 14. mars sl. og ríkisstjórnin samþykkti þá tillögu menntmrh. að fallast á að senda umsókn til Evrópusambandsins um Reykjavík sem menningarborg Evrópu árið 2000. Þá var samþykkt að jafnframt því að borgarstjóra yrði tilkynnt þessi ákvörðun yrði tekið fram að í samþykkt ríkisstjórnarinnar fælust ekki fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð. Þetta var borgarstjóra tilkynnt með bréfi menntmrn. 20. mars sl.

Málið var síðan undirbúið af nefnd á vegum Reykjavíkurborgar með fulltrúm frá utanrmn. og menntmrn. Að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar 19. júní sl. var utanrrn. falið að koma umsókn Reykjavíkur á framfæri við hlutaðeigandi yfirvöld hjá Evrópusambandinu. Nú liggur fyrir eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að Reykjavíkurborg hefur hlotið útnefningu sem menningarborg Evrópu árið 2000 ásamt átta öðrum borgum. Er ljóst að Evrópusambandið hefur tekið upp nýjar starfsaðferðir við úthlutun á þessum titli til borga og það eru alls níu Evrópuborgir sem geta árið 2000 skartað sig með því að vera menningarborg Evrópu samkvæmt ákvörðun Evrópusambandsins.

Eftir að þessi niðurstaða fékkst hefur málið ekki komið á ný til kasta ríkisstjórnarinnar en eins og að undirbúningi hefur verið staðið mun hann verða eðlilega áfram fyrst og fremst á vegum Reykjavíkurborgar. Að frumkvæði hennar mun ríkisvaldið síðan bregðast við þeim málum sem kunna að koma upp og eftir því sem óskað verður og taka afstöðu til einstakra atriða í ljósi þess sem ákveðið var þegar haldið var úr höfn. Á þessu stigi er því ekki unnt að segja hver hlutur ríkisins af málinu verður eða mun verða en það er ljóst sem

kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda að listahátíð fer fram árið 2000. Ríkisvaldið á aðild að þeirri hátíð og einnig er þegar hafinn undirbúningur af hálfu stjórnvalda að hátíð vegna kristnitökuafmælisins árið 2000. Ríkið mun því sjálfkrafa vegna slíkra hátíðahalda leggja sig fram um ýmislegt sem mætti flokka undir það hlutverk Reykjavíkurborgar að vera menningarborg Evrópu árið 2000.

Ég vil einnig láta þess getið að viðræður hafa farið fram um væntanlegan Listaháskóla Íslands. Stofnað hefur verið félag um Listaháskóla Íslands og í bréfi sem það hefur ritað Reykjavíkurborg er látin í ljós sú von að Reykjavíkurborg líti á það sem hluta af undirbúningi fyrir árið 2000 að Listaháskóli Íslands verði orðinn að veruleika. Ég tek undir það sjónarmið því að ég held að þar sé líka um sameiginlegt verkefni ríkis og Reykjavíkurborgar að ræða sem stuðli mjög að því að efla lista- og menningarlíf í landi okkar.

Þetta eru þau svör sem ég get gefið á þessari stundu. Við eigum eftir að fá viðbrögð Reykjavíkurborgar og heyra hugmyndir hennar en stefna ríkisstjórnarinnar var mörkuð þegar í mars sl. Síðan hafa mál gengið fram eins og ég hef hér lýst en engar endanlegar ákvarðanir hafa verið teknar af hálfu ríkisvaldsins í þessu máli frekar en ég hef lýst.

[14:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Okkur finnst kannski að það sé langt til aldamóta en það eru ekki nema örfá ár og tíminn er fljótur að líða. Það er augljóst af því sem hefur komið fram að þarna er um mjög viðamikið verkefni að ræða sem snertir ekki aðeins borgina heldur ríkisvaldið líka.

Það verður mikið um að vera á árinu 2000 og auðvitað skiptir mjög miklu máli að þarna sé um samhæfðar aðgerðir að ræða og það rekist ekki hvað á annað ef þetta á allt að takast vel.

Það hefur komið fram í fréttum frá Kaupmannahöfn hve gífurlegt verkefni það er að undirbúa næsta ár þegar Kaupmannahöfn verður menningarborg Evrópu. Mér skilst að Reykjavíkurborg verði meðal fleiri borga sem fá þennan titil árið 2000 en til þess að vel takist til verða menn að skipuleggja vel og gefa sér tíma. Við nokkrir þingmenn Reykjavíkur áttum þess kost að hitta í gær fulltrúa ferðamála í borginni sem er m.a. að huga að stefnumörkun sem snertir þetta mál vegna þess að Reykjavík verður að vera reiðubúin til þess að taka við því fólki sem hingað kemur og geta veitt aðstöðu til að allir þeir menningarviðburðir sem fyrirhugaðir eru geti átt sér stað. Af því tilefni, hæstv. forseti, minni ég á það að við búum enn þá svo illa í borginni að ekki er til einn einasti tónlistarsalur sem er byggður og hannaður sem slíkur. Ég vildi óska þess að við gætum bætt úr því fyrir árið 2000.

[14:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir til hv. 6. þm. Reykv. fyrir að hún skuli hreyfa þessu máli í þessari stofnun og einnig hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Mér finnst að þau hafi sýnt að það eru fjölmörg sameiginleg verkefni sem borgin og ríkið þurfa og munu vinna að í tengslum við þetta menningarár, árið 2000, hvort sem það er nú aldamótaárið eða ekki sem menn eiga eftir að deila um lengi, hvort það er árið 2000 eða 2001 en það er ekki verkefni þessa fyrirspurnatíma, heldur hitt að ég vil fagna því að ég tel að þetta samtal sé komið á. Ég tel að samtalið sé komið á með þessum fyrirspurnatíma og ég tel að það þurfi að tryggja að áfram sé til samtalsvettvangur milli ríkisins og borgarinnar um þau mál sem hér hafa verið nefnd og fjölmörg önnur sem munu koma upp vegna ársins 2000 þegar Reykjavík verður ein af menningarborgum Evrópu.

[14:57]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé hið þarfasta mál að ræða. Ég er þó ekki að öllu leyti ánægður með svör hæstv. ráðherra. Auðvitað hefur hann ekki fengið hið formlega erindi enn en með því að vinna með Reykjavíkurborg að umsókninni hefur ríkisstjórnin skuldbundið sig siðferðilega til þess að taka þátt í málinu.

Ég tek eftir því að hann leggur mikla áherslu á þann eðlilega fyrirvara að sjálfur stuðningur ríkisvaldsins við umsókn Reykjavíkurborgar bindi það ekki fjárhagslega. Hins vegar hlýtur það að verða svo að þegar fram í sækir taki ríkisvaldið þátt í þessum málum með Reykjavíkurborg en ekki bara á þann hátt sem mér fannst hæstv. ráðherra ýja að að menningarborgarútnefningin yrði tilefni til þess að koma verkefnum og fjárbyrði yfir á Reykjavík, t.d. við stofnun listaháskóla. Ég vara hæstv. ráðherra við því þó að hann hafi gerst nokkuð umfangsmikill í stjórnarandstöðu sinni við núverandi borgarstjórnarmeirihluta í Reykjavík, eðlilega og skiljanlega, einkum í ljósi þess hvernig félagar hans í þeirri sömu stjórnarandstöðu hafa staðið sig, að láta þá afstöðu sína hafa áhrif á framgöngu þess máls sem verður að vera þjóðarinnar allrar. Þegar býður þjóðarsómi þá á Bretland eina sál, var einu sinni ort.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir svör hans. Vegna þess sem síðasti ræðumaður sagði verð ég að segja að ég tel ekki að maður geti fullyrt að ríkið hafi skuldbundið sig til þess að taka þátt í þessu. En ég verð auðvitað að segja að það sé eðlilegt að ríkið komi að málinu. Þó að við Reykvíkingar myndum aldrei stefna í tölur eins og Kaupmannahöfn er þó staðreynd að í Kaupmannahöfn er kostnaðurinn greiddur að einum þriðja hluta af ríkinu, einum þriðja hluta af borginni og einum þriðja af frjálsum framlögum.

Herra forseti. Ég nefndi tónlistarhús ekki sérstaklega og spurði ráðherrann ekki um það. Ég veit um áhuga hans á því og vil segja frá því sem mér hefur borist til eyrna og var rætt í borgarráði Reykjavíkur í gær að það hafi skapast lóð í miðbæ Reykjavíkur við breytingu á skipulagi. Þar sem átti að vera bílageymsla og miðstöð fyrir strætó í miðbænum mun vera lóð sem gæti mögulega hentað undir tónlistarhús og væri afskaplega skemmtilegt mál að geta tekið ákvörðun um það fyrir árið 2000. En fyrir árið 2000 verða líka kosningar í borgarstjórn Reykjavíkur, 1998, og ég vænti þess að sjálfstæðismenn geti verið komnir í meiri hluta í borginni þá og haldið veglega upp á þetta. (**Gripið fram í:** Hvað bendir til þess?)

[15:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hafi málflutningur hv. 13. þm. Reykv. átt að stuðla að því að menn tækju höndum saman í þessu máli skil ég ekki hvernig að því skuli staðið undir slíkum formerkjum eins og hann notaði hér. En ég vil lýsa því yfir sem kom fram í svari mínu að ríkisvaldið stóð að því á sínum tíma að um

það var sótt að Reykjavíkurborg yrði menningarborg Evrópu og hún fékk þann titil ásamt átta öðrum borgum. Eins og samtöl hafa farið fram á milli mín og fulltrúa borgarinnar er það nú Reykjavíkurborgar að leggja málið upp með nýjum hætti þegar samþykktin liggur fyrir. Við því þarf að sjálfsögðu að bregðast. Ríkisvaldið hefur ekki skuldbundið sig fjárhagslega í málinu. Það eru sameiginleg verkefni á vegum Reykjavíkurborgar og ríkisvaldsins sem lúta að listamálum, m.a. listahátíð í Reykjavík, sem á að efna til að óbreyttu árið 2000, og önnur verkefni sem bíða úrlausnar og snerta listir og menningu. Ég vona að við getum unnið að því undir þessum formerkjum og náð árangri þannig að Reykjavík — menningarborg Evrópu árið 2000 standi undir merki.

Málefni glasafrjóvgunardeildar.

Fsp. GÁS, 142. mál. — Þskj. 169.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. heilbrrh. að því er varðar málefni glasafrjóvgunardeildar. Hér er um að ræða þjónustu sem tekur til stórs sjúklingahóps. Það voru um það bil 650–700 pör á biðlista eftir þjónustu þessarar deildar. Talið er að alls séu um það bil 13–14 þúsund manns á barneignaraldri sem eiga við ófrjósemi að stríða en þarna er um að ræða þjónustu við sjúklinga sem er mjög mikilvæg í heilbrigðiskerfi okkar.

Það vekur hins vegar athygli að í fjárlagafrv. er sérstaklega vegið að þessum hópi og tiltekið er að íþyngja eigi honum með hækkun þjónustugjalda. Verður ekki annað séð í fljótu bragði en að þessi sjúklingahópur einn eigi að greiða meðferð að öllu leyti. Ég minni á að í tíð fráfarandi ríkisstjórnar var þessum málum sérstaklega sinnt og það prýðilega. Í mars sl. var það ákvörðun þáv. ríkisstjórnar að veita aukafjárveitingu til kaupa á nýjum tækjabúnaði til stækkunar þessarar deildar þannig að hún gæti betur þjónustað þennan sjúklingahóp.

Enn fremur vekur athygli að núv. hæstv. heilbrrh., sem á síðasta kjörtímabili var mjög áhugasamur um framkvæmd þessara mála, virðist ekki vera það lengur ef aftur er vísað til fjárlagafrv. Hún lagði fram ásamt fleiri hv. þm. þáltill. þar sem skorað var á ríkisstjórn að styrkja og styðja þessa starfsemi.

Þá vekur þetta einnig upp þær spurningar ef mál ganga fram sem horfir í fjárlagafrv. hvort tekin hafi verið um það grundvallarákvörðun að þessi sjúklingahópur framar öðrum skuli að öllu leyti greiða fyrir þá þjónustu sem heilbrigðiskerfið veitir honum. Hver hefur tekið þá ákvörðun, á hvaða grundvelli er hún tekin og er von á fleiri ákvörðunum í svipuðum dúr? Í ljósi þessa hef ég leyft mér að varpa fram fjórum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra. Þær eru svohljóðandi:

1. Hvað er áætlað að hækka mikið gjöld á sjúklinga sem leita aðstoðar glasafrjóvgunardeildar Ríkisspítalanna með hliðsjón af áætlaðri hækkun sértekna af starfsemi deildarinnar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996? Sundurliðunar er óskað.

2. Hvers vegna hefur framlagi að upphæð 25 millj. kr., sem samþykkt var í febrúar 1995 af þáverandi ríkisstjórn og verja átti til stækkunar og endurbóta á glasafrjóvgunardeild, ekki verið ráðstafað?

3. Má draga þá ályktun af fjárlagafrumvarpinu að ráðherra hafi skipt um skoðun á starfsemi glasafrjóvgunardeildar, sbr. þingsályktunartillögu hans á 118. löggjafarþingi (þskj. 623) um „eflingu glasafrjóvgunardeildar Landspítalans"?

4. Er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að tilteknir sjúklingahópar greiði nánast að fullu fyrir alla þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda? Ef svo er, hvaða hópar eru það og hvernig og af hverjum eru þeir valdir?

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr fjögurra spurninga. Við fyrstu spurningunni er þetta svar:

Ekki hefur verið tekin nein endanleg ákvörðun um hækkun gjalda vegna sjúklinga sem leita glasafrjóvgunar. Samkvæmt tillögu forstöðulæknis kvennadeildar er lagt til eftirfarandi:

Barnlaus hjón eða par greiðir fyrir fyrstu meðferð 115 þús. kr. Í annarri til fjórðu meðferð, ef þörf er á endurtekningu, 65–90 þús. kr. eftir því hvort notaðir eru frystir fósturvísar eða ekki. Við erum að tala um 5–10% hækkun. Í þessum lið er því miðað við að ríkið taki áfram þátt a.m.k. í 50% af beinum kostnði við aðgerðir í þessum flokki. Hjón eða par sem á barn saman greiðir fyrir fyrstu meðferð 205 þús. kr. og framhaldsmeðferð 170 þús. kr.

Við annarri spurningu er þetta svar: Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að deildin yrði staðsett á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Hins vegar er nú athugun á Ríkisspítölum á hagkvæmni þess að deildin yrði staðsett inni á kvennadeild. Ef það er mögulegt sparast fjármunir því að samnýting húsnæðis, tækja og mannafla eykst. Þá þarf enn fremur ekki að flytja alla deildina. Það skal sérstaklega tekið fram að framlag ársins 1995 til framkvæmda, 25 millj. kr., hefur þegar verið greitt Ríkisspítölum og heilbrrh. treystir framkvæmdastjórn þeirra fullkomlega til að standa við fyrri áætlanir um að opna deildina í maí nk. í stærra húsnæði svo sem áformað hafði verið áður. Ekkert hafði komið fram frá framkvæmdastjórn Ríkisspítalanna annað en að þetta verði hægt eins og áður hafði verið áætlað og því munu möguleikar til aðgerða aukast auk þess sem möguleiki á smásjárfrjóvgun og fósturvísafrystingu opnast. Þetta kom fram á aðalfundi Ríkisspítalanna og var ítrekað þar.

Við þriðju spurningu er eftirfarandi svar: Fyrsta fjárlagafrv. sem ég tek þátt í að semja og leggja fram núna fyrir árið 1996 tekur fullt mið af upphaflegum áformum um eflingu glasafrjóvgunardeildar og er í fullu samræmi við fyrrnefnda þáltill. Framlag til stofnkostnaðar í heild verður því kringum 46,5 millj. kr. auk þess sem fyrir árið 1996 verður rekstrarframlag til deildarinnar hækkað um 4,3 millj. kr. samkvæmt frv. til fjárlaga.

Við fjórðu spurningu er eftirfarandi svar: Það eru engin áform um nýjungar í þeim efnum í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar.

Ég þakka fyrirspyrjanda áhuga hans á þessu mikilvæga máli sem snertir hagsmuni stórs hóps og ég veit að hann verður mér innan handar við að vinna þessu máli brautargengi í gegnum þingið á næstu vikum. Jafnframt bendi ég á þá miklu mismunun, sem er ekki minnst á í fyrirspurninni, sem er ferðakostnaður þeirra sem búa utan suðvesturhornsins. Ferðir við hverja meðferð geta orðið allt að 5–6 og heildarkostnaður viðkomandi er því nánast tvöfaldur. Það er verið að skoða á möguleika nú hvort Tryggingastofnun geti

ekki komið til móts við þessa aðila sem búa við svo háa ferðakostnað.

Ég vil segja að lokum vegna fyrirspurnar hv. þm. að áhugi minn á glasafrjóvgunardeild Landspítalans er sá sami og hann hefur ávallt verið.

[15:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið talað um forgangsröðun í íslensku heilbrigðiskerfi að undanförnu og hér erum við einmitt með dæmi sem sýnir forgangsröðun í kerfi okkar eins og reyndar flestir viðurkenna. Þetta mál snýst um það hvort ákveðinn hópur sjúklinga á að borga fyrir þá meðferð sem hann fær hugsanlega sér til bóta eða hvort um hann eiga að gilda sömu reglur og um aðra þá sem leita sér lækninga. Ófrjósemi er skilgreind sem sjúkdómur og við hljótum að spyrja hvers vegna það fólk sem á við ófrjósemi að stríða sætir allt annarri meðferð en aðrir. Hver eru rökin? Hvar er lagastoðin fyrir þessu? Hvert er réttlætið?

Þetta eru grundvallarspurningar sem við hljótum að verða að spyrja okkur, ekki síst núna þegar fram undan er að afgreiða fjárlögin. Ég hvet hæstv. heilbrrh. og skora á hann að sjá til þess að þessi ákveðni hópur sæti ekki ólögum af hálfu ríkisvaldsins. Ég átti mjög erfitt með að átta mig á þeim tölum sem hér voru nefndar og vonandi skýrast þær betur í umræðunni en ég fæ ekki séð að hér sé um neitt réttlæti að ræða.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég átti gott samstarf á síðasta kjörtímabili við núv. hæstv. heilbrrh. einmitt við að efla glasafrjóvgunardeildina. Saman áttum við okkar ósmáa þátt í því að útvegað var fjármagn til þess að efla starfsemi deildarinnar. Ég verð að segja það, herra forseti, að það stappar ósvífni næst þegar hæstv. heilbrrh. kemur núna, ber það á borð fyrir okkur og segir að vilji hennar standi ótvírætt til þess að efla deildina eins og áður. Verkin tala. Peningarnir sem síðasta ríkisstjórn útvegaði eru ónýttir en hún treystir því að fyrirhuguð áform muni ná fram að ganga. Nákvæmlega núna á þessum haustdögum átti deildin að vera stækkuð. Á meðan eldast þessir foreldrar úr barneign. Eigið svar hennar við fyrirspurn frá mér hefur sýnt að á síðustu fjórum árum hefur meðalaldur þeirra sem fara í fyrstu meðferð aukist um tvö ár.

Herra forseti. Að lokum ein mórölsk spurning. Við sem höfum farið í gegnum þessa þjónustu og þurfum á henni að halda erum eini sjúklingahópurinn sem borgar nánast 100% fyrir þjónustuna. Er móralskt hægt að nota ekki þá peninga, sem við erum þó að borga til þess að byggja upp deildina, heldur nota þá til þess að skera niður önnur framlög til kvensjúkdómadeildar Landspítalans eins og kemur fram í fjárlagafrv.? Mér finnst það hneyksli.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég hlýt að vera bæði ánægður og óánægður með svör hæstv. heilbrrh. Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir samkvæmt fjárlagafrv. að sértekjur vegna þessarar starfsemi eiga að hækka um 24 millj. kr. Miðað við óbreytt umfang þýðir það 100% þátttöku. Er hæstv. ráðherra að segja með þeim tölum sem hún nefndi áðan að frá þessu hafi verið fallið? Ég fagna því ef svo er.

Á hinn bóginn harma ég mjög að leggja eigi nýjar álögur á þennan sjúklingahóp þó að þær séu ekki hærri en 10–15% eins og ráðherra gat hér um. Það eru hærri álögur en engin sérstök rök standa til þess að þarna skuli enn þrengja að.

Ég lýsi yfir ánægju minni með það og vil taka höndum saman með ráðherranum um að það gangi eftir að Tryggingastofnun taki þátt í kostnaði við ferðalög þess fólks sem þessa þjónustu þarf að sækja og mun fylgja því eftir að vilyrði hennar og loforð þar um gangi eftir. Aftur á móti hlýt ég að taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þegar kemur að þeim óráðstöfuðu fjármunum sem fráfarandi ríkisstjórn lagði til hliðar til að ráðast í endurbætur á þessari starfsemi. Það er ekki eingöngu um það að ræða að flytja starfsemina milli húsa og stækka það og endurbæta heldur var einnig um að ræða eins og ráðherra sjálfur gat um að kaupa ný tæki til þess að gera þessa meðferð ódýrari og oft skilvirkari. Ég er að ræða þarna um frystingu fósturvísa og spyr: Af hverju er ekki búið að ráðast í þau kaup? Það er ekkert flóknara en það. Og ég vil taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni enn á ný og minna á að fráfarandi ríkisstjórn miðaði þessa aukafjárveiting við það að í þetta mál yrði ráðist einn, tveir og þrír og því yrði lokið nú á þessu sumri þannig að ný og endurbætt starfsemi gæti hafist þar á haustdögum. Þessi sjúklingahópur átti vissulega ekki að standa verr að vígi en áður hvað kostnað við þessa meðferð varðar, en þar á ég við þá gjaldtöku sem nú er lagt til að verði lögð á þennan stóra sjúklingahóp.

[15:16]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skil satt að segja ekki þetta uppþot. Það er rétt sem hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, sagði hér áðan að síðasta ríkisstjórn tók á þessum málum. Og eins og fram kom í máli hæstv. heilbrrh. þá verður því fylgt eftir sem síðasta ríkisstjórn gerði á næsta ári. Ég hygg þess vegna að það uppþot sem hér hefur orðið í þingsal sé að ástæðulausu.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að rifja upp samninginn sem gerður var í fyrra varðandi glasafrjóvgunardeildina. Þá var gert ráð fyrir að hún opnaði í maí. Enn gerum við ráð fyrir að hún opni í maí. Það er aðalatriðið, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Við það verður staðið. Menn geta ekki talað um það hér að verið sé að minnka fjármagn til deilda sem verið er að leggja 46,2 millj. kr. til. Það er mjög ósanngjarnt. Þótt tillögur séu uppi um að hækka gjaldið um 5–10% þá er þar ekki um nýjar álögur að ræða. Þær eru fyrir og ég veit ekki betur en að Alþfl. hafi staðið að þeim á sínum tíma. Ég skil því ekki alveg þessa umræðu. Ég hélt að við værum sammála um það að efla þessa deild.

Varðandi fósturvísafrystinn, sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom hér inn á áðan, þá verður hann keyptur. Það sem stendur á er reglugerð umfrystingu fósturvísa. Og einmitt núna á þessum dögum er verið að samþykkja nýja reglugerð varðandi þetta mál. Þetta er mjög viðkvæmt mál. Það hefur þurft að fara í gegnum m.a. siðanefnd lækna. Og þá getum við keypt fósturvísafrysti og farið að frysta fósturvísa.

Spurt var að því hvernig við ætlum að ná upp þeim tekjum sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Við gerum ráð fyrir því að aðgerðum fjölgi mjög eftir stækkun deildarinnar frá 1. maí og þannig náum við inn þessum tekjum.

Vegur milli Þorlákshafnar og Grindavíkur.

Fsp. SF, 175. mál. — Þskj. 218.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín er lögð fyrir hæstv. samgrh. og hljóðar svo:

„Er fyrirhugað að koma greiðfærum vegi milli Þorlákshafnar og Grindavíkur á vegáætlun á næstunni?"

Um margra ára skeið hefur verið umræða um veg milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Kostirnir við slíkan veg eru að sjálfsögðu þeir að þannig næðist afar góð tenging milli Reykjanesskaga og Suðurlands. Vegalengdin milli Grindavíkur og Þorlákshafnar er um 110 km ef farið er um Reykjavík. Þessi vegalengd yrði 60 km ef svokallaður suðurstrandarvegur milli Þorlákshafnar og Grindavíkur yrði byggður upp. Leiðin mundi þannig styttast um 50 km eða um nær helming. Leiðin Hveragerði–Keflavík um Reykjavík mundi styttast úr 95 km í 70 km eða um 25 km. Þannig að við sjáum að kostirnir eru afar miklir við að koma slíkum vegi á.

Aðalkostirnir eru að við mundum tengja þannig atvinnusvæði, þ.e. Suðurland og Reykjanesskagann. Þetta yrði afar hagkvæmt fyrir íbúana. Við mundum líka opna fyrir mikla möguleika í flutningi á vörum og afurða milli svæða, svo sem fisks, og það gæti tengst flugi sem er auðvitað í Keflavík. Það yrðu einnig miklir möguleikar í ferðaþjónustu ef þessi hringtenging kæmist á, eða tenging á milli Suðurlands og Reykjanesskaga. Við vitum öll að það eru farnar heilmiklar ferðir af ferðamönnum um þetta svæði og þeir mundu þá geta nýtt sér þessa leið. Það eru farnar núna í dag stuttar ævintýraferðir frá ýmsum fyrirtækjum í útlöndum, bæði upp á Vatnajökul og í Bláa lónið. Þetta gætu orðið mjög stuttar og skemmtilegar ferðir ef þessi vegur væri kominn.

Síðast en ekki síst mundi slíkur vegur auka mjög umferðaröryggi. Hann yrði snjóléttur. Hann mundi minnka verulega álagið á Reykjanesbrautinni þar sem fólk af Suðurlandi mundi sjálfsagt nýta hann og öfugt. Þetta er líka mikið öryggisatriði með tilliti til þess að hugsanlega gæti komið eldgos á Suðurnesjum og þetta væri þá nokkurs konar undankomuleið.

Það er alveg ljóst að Reykjanes hefur komið mjög illa út úr skiptingu á vegafé árum saman. Nú er svo komið að það væri e.t.v. rétt að ræða hvort endurbætur á Reykjanesbrautinni ætti ekki að fá ákveðna meðferð í vegáætlun sem sérstakt þjóðarátak. Hún er tenging höfuðborgarsvæðisins og landsins alls við okkar alþjóðaflugvöll. Þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa rætt bæði það mál og einnig um suðurstrandarveginn, sem hér er til umræðu, við Vegagerðina. Einhverju fé er veitt í kortagerð af þessum vegi og frumhönnun en það var lítið um svör á sameiginlegum fundi okkar með Vegagerðinni um framhaldið.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að framgangur þessa máls er að miklu leyti í höndum okkar þingmanna kjördæmisins. Ég sé samt ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðherra um stöðu málsins, sérstaklega í ljósi þeirra svara sem við fengum hjá Vegagerðinni um daginn, og hug hans til þess.

[15:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Við endurskoðun vegáætlunar á sl. vetri var þessi vegur milli Þorlákshafnar og Grindavíkur allmikið til umræðu, bæði hjá þingmönnum Reykn. og Suðurl. Tveir hv. þm. hreyfðu raunar málinu hér á Alþingi á sl. vetri, ef ég man rétt. Niðurstöður þessara umræðna koma fram með tvennum hætti í vegáætlun fyrir árið 1995–1998 sem afgreidd var á Alþingi í febrúar. Í fyrsta lagi var þessi leið tekin í tölu stofnvega, þ.e. Ísólfsskálavegur allur frá Grindavík að Krýsuvíkurvegi og Krýsuvíkurvegur áfram að Þorlákshafnarvegi. Í öðru lagi koma fjárveitingar af vegafé Reykjaneskjördæmis til frumhönnunar leiðarinnar, 3 millj. kr. 1995 og 7 millj. kr. 1996.

Leiðin frá Grindavík að Þorlákshafnarvegi er um 64 km að lengd. Að langmestu leyti er um malarveg að ræða í misjöfnu ástandi. Ísólfsskálavegurinn er að mestu ruddur malarvegur sem þolir illa mikla umferð. Aðrir hlutar vegarins hafa skárra yfirborð. Þess er að vænta að vegurinn styttist nokkuð frá því sem nú er þegar hann verður byggður upp. Líklegur kostnaður við vegagerðina er á bilinu 800–1000 millj. kr. Þegar fjárveitingar lágu fyrir var tekið til við kortagerð og liggja nú fyrir kort af vegstæðinu milli Grindavíkur og Krýsuvíkur. Haldið verður áfram með kortagerð og hafist handa um frumhönnun vegarins.

Frá upphafi hefur verið við það miðað að undirbúningur væri það langt kominn við næstu endurskoðun vegáætlunar, sem fram á að fara veturinn 1996–1997, að Vegagerðin væri undir það búin að geta boðið út einstaka verkhluta ef ákvarðanir verða teknar í þá átt. En það er auðvitað í höndum Alþingis.

Ég vil svo bæta við þetta svar Vegagerðarinnar að auðvitað hafa allir þingmenn mikinn áhuga á samgöngubótum á þeim stöðum sem þeim eru næstir. Ég hef orðið var við að þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa mikinn áhuga á þessari vegagerð, tvöföldum Reykjanesbrautar, þeir hafa mikinn áhuga á því að lýsa upp Reykjanesbrautina. Þeir hafa mikinn áhuga á því að koma vegi yfir í Gunnunes, þeir hafa mikinn áhuga á göngum undir Hvalfjörð, margir hverjir, því það sparar þeim það ómak að þurfa að leggja peninga í veginn fyrir Hvalfjörð. Þeir geta þá notað þá annars staðar miðað við sömu skiptitölur og þar fram eftir götunum. En á hinn bóginn stöndum við frammi fyrir því, ég og hv. fyrirspyrjandi, að við erum sammála um það samkvæmt frv. til fjárlaga heldur að minnka það fjármagn sem fer til Vegagerðarinnar. Af þeim sökum er varla við því að búast að ég geti staðið við meira en það sem fyrirheit hafa þegar verið gefin um.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er alveg rétt að það hafa allir áhuga á því að gera vel í sínu kjördæmi og koma samgöngum þar í gott horf. Ég var nú að vonast til að hæstv. ráðherra mundi gefa upp einhverja afstöðu til þeirra hugmynda sem hér komu fram í máli mínu um að taka Reykjanesbrautina út fyrir sviga, eins og það er kallað, og litið yrði á hana sem nokkurs konar þjóðarátak. Það kostar um 700 millj. að gera endurbætur á henni. M.a. felst það í því að lýsa hana og við þingmenn kjördæmisins erum sammála um að það sé mjög brýnt. Það þarf einnig að bæta við þriðju akgreininni og auka þverhallann á henni svo vatn safnist ekki fyrir á brautinni. Þetta kostar hvorki meira né minna en 700 millj. kr.

Okkar kjördæmi hefur farið mjög halloka út úr skiptingu á vegafé þannig að það væri mjög æskilegt að fá eitthvert svar frá ráðherra við þeirri hugmynd hvort hugsanlegt væri að líta á þessa stóru framkvæmd sem þjóðarátak.

[15:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að Reykjaneskjördæmi fari verr út úr skiptingu á vegafé nú á þessu ári en verið hefur, eða borið saman við önnur kjördæmi. Ég hygg að Reykjaneskjördæmi hafi aldrei fengi jafnmikið í sinn hlut borið saman við önnur kjördæmi eins og núna nema kannski ef undan yrði skilin höfuðborgin sjálf. (**Gripið fram í:** Síðustu árin.) Síðustu árin, já. Sú vegáætlun var samþykkt hér á Alþingi áður en ég varð samgrh. og kemur kannski ekki í minn hlut að verja hana sérstaklega. En ég hygg að mörg kjördæmi hafi farið illa út úr vegafé, sérstaklega ef maður tínir út verstu árin. Sannleikurinn er auðvitað sá að við höfum ekki haft ráð á því að leggja meira fé til veganna en við höfum gert, eða við höfum ekki talið okkur hafa efni á því.

Reykjanesbrautin var að vísu fyrsta brautin sem var lögð bundnu slitlagi. Og ef við eigum að fara langt út í þessa sálma þá minnir mig að það sé rétt að það sé sums staðar bráðabirgðavegur á leiðinni út úr Reykjaneskjördæmi norður í land vegna þess að peningarnir sem kjördæminu var úthlutað vegna þeirrar umferðar sem þangað fer hafa verið notaðir annars staðar. Ég hygg að Reykjaneskjördæmi geti ekki kvartað undan deilitölunni og ég hef lýst því yfir og talið að þau stórverkefni sem brýnust séu nú — ég hef stundum sagt að það sé að ljúka hringveginum — sé að reyna að koma vegi til Ísafjarðar og reyna að ráðast á þau fjárfreku verkefni hér á höfuðborgarsvæðinu, þá er ég líka að tala um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, þar sem umferðarþunginn er háskalega mikill og slysahætta. Svo, ef við tölum almennt þá sjáum við að á þessu ári hafa dauðaslysin flest orðið úti á þjóðvegunum en ekki í þéttbýlinu þannig að slysagildrurnar eru víða.

En ég get ekki fallist á það eins og sakir standa nú sé brýnasta verkefni í samgöngumálum að tvöfalda Reykjanesbrautina.

Lagning ljósleiðara um Snæfellsnes.

Fsp. GE, 178. mál. — Þskj. 221.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég styðst í máli mínu við fréttagreinar úr Morgunblaðinu frá því 28. júlí 1988 þar sem er viðtal við Birgi Sigurjónsson, yfirdeildarstjóra Pósts og síma. Einnig vitna ég í máli mínu í grein frá 30. mars 1989 þar sem rætt er við stjórnarmann í Ísneti, Jakob Sigurðsson, og að síðustu vitna ég í viðtal frá 28. ágúst 1994 við Ólaf Tómasson póst- og símamálastjóra. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. um hvort og hvenær sé áætlað að leggja ljósleiðara um Snæfellsnes. Ljósleiðari er nokkurs konar hraðbraut fyrir samskipti. Hann fjölgar samböndum milli landshluta og eykur möguleika á að senda sjónvarpsefni og útvarpsefni milli landshluta annaðhvort almennt eða milli einkaaðila, t.d. í sambandi við fjarkennslu og sjónvarpsfundi.

Í þeim fréttum sem ég vitna til er sagt að ljósleiðari gefi nýja möguleika til flutnings mikils magns upplýsinga hvort sem er í formi tals, gagna eða mynda. Því meiri sem nýting kerfisins verður, þeim mun frekar leiðir það til lækkunar gjaldskrár. Enn fremur ef um bilun er að ræða í kerfinu megi reka kerfið réttsælis og rangsælis og kerfinu sé þannig snúið við og það sé óþarft að reka tvöfalt kerfi. Þess er einnig getið að ljósleiðarakerfið gefi neytendum möguleika til að sinna fjarvinnslu þar sem kerfið nær til. Þeir sem að vilja vinna slíka vinnu frá Snæfellsnesi verða núna að leigja dýrar línur frá Pósti og síma.

Samkvæmt þeim greinum sem ég vitna til má í rauninni segja að munurinn á gömlu koparvírunum og ljósleiðara sé eins og munurinn á hraðbraut og hestaslóð. Því endurtek ég spurningu mína: Á að leggja ljósleiðara um Snæfellsnes? Íbúar þar telja sig búa við dýrari kost í þessum málum en ýmsir aðrir.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að leggja ljósleiðara út Snæfellsnes frekar en orðið er. Um útnesið að norðanverðu er ágætt örbylgusamband sem fullnægir öllum þörfum þar eins og er. Ljósleiðari er yfir Fróðárheiði og unnið er að uppsetningu örbylgjusambands að sunnanverðu sem lokar fjarskiptahring um nesið. Áætlanir eru til hjá Pósti og síma að halda áfram á næstu árum með ljósleiðarann á sunnanverðu nesinu í Borgarnes og ná með því betri hringtengingu ásamt því að tengja inn símstöðvar á þeirri leið. Stafrænt örbylgjuradíósamband er við Stykkishólm frá Búðardal og þangað áfram til Ólafsvíkur og er ekki fyrirsjáanlegt annað í dag en að hagkvæmara sé að stækka þá örbylgju þegar þörfin vex en að leggja þangað ljósleiðara.

Við þetta vil ég síðan bæta því ef niðurstaðan verður sú að leggja ljósleiðara út á nesið þá yrði farið um Mýrarnar og sunnan við fjallgarðinn, yfir Fróðárheiðina og þá væntanlega Vatnaleið — ég hygg að ég fari rétt með — til Stykkishólms. Ástæðan er sú að það er mjög dýrt, jarðvegurinn á norðanverðu nesinu er erfiður viðureignar fyrir þá sem leggja ljósleiðara þannig að hin leiðin yrði valin.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið. Það sem eftir stendur er að íbúar á Snæfellsnesi, sem sinna fjarþjónustu og reka fyrirtæki á þeim grunni, telja sig búa við miklu dýrari kost en þeir sem eiga aðgang að ljósleiðurunum. Þeir hafa ekki fengið hrein svör um það hvenær af þessu yrði og eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er það ekki ljóst en menn hafa verið að velta þessu fyrir sér í sambandi við Vatnaleiðina. Það liggur þá fyrir þessa aðila að þeir muni þurfa að leigja sér dýrar símalínur á meðan að ekki verður út bætt til þess að sinna fjarskiptum.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Fsp. SvanJ, 176. mál. — Þskj. 219.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til fjmrh. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þegar gengið var frá lagatexta nýrra grunnskólalaga við lok síðasta kjörtímabils voru sett ákvæði inn í 57. gr., þ.e. gildistökugrein laganna, sem takmarka að lögin komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996 nema í fyrsta lagi að lög um ráðningaréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá

nýjum vinnuveitanda hafi verið samþykkt. Í öðru lagi að breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga hafi átt sér stað sem og breytingar á lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Í þriðja lagi að breytingar hafi orðið á lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að stjórnsjóðnum, áframhaldandi aðild. Fyrirspurn mín fjallar sérstaklega um framgang þeirrar vinnu. Sveitarfélögin eru nú að undirbúa fjárhagsáætlanir sínar og taka aðrar ákvarðanir vegna fyrirhugaðs flutnings grunnskólans. Því er mikilvægt að menn sjái fram úr verkefninu. Það er þeim mun mikilvægara að augljóst er að örlítill glímuskjálfti er kominn í menn og titringur vegna óvissu um málið og fjárhagslega getu sveitarfélaganna til að takast á við verkefnið. Það geta menn m.a. séð af tiltölulega nýrri samþykkt samtaka fámennra skóla þar sem skorað er á stjórnvöld að fresta yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna.

Ekki hvað síst hafa menn áhyggjur af lífeyrismálum og þeim nýju skuldbindingum sem tugir sveitarfélaga eru nú að takast á hendur vegna þessara breytinga. Sveitarfélög sem hafa ekki greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna og eru því nýir viðskiptavinir þar ef svo má að orði komast. Því væri æskilegt að fram kæmi í svari ráðherrans auk almenns yfirlits um stöðu málsins hvort tekið er tillit til hinna nýju lífeyrisskuldbindinga sem sveitarfélögin takast á hendur þegar nefndar eru tölur um kostnað sveitarfélaganna við yfirtöku á öllum rekstri grunnskólans. Þær tölur sem hafa verið nefndar þar varðandi kostnað eru að á árinu 1996 muni grunnskólakostnaður verða 6,4 milljarðar og muni hækka um 300 þús. til aldamóta. Jafnframt hefur verið bent á að einungis lífeyrisskuldbindingarnar séu upp á 300–400 millj. á ári. Það væri því fróðlegt að vita hvort tekið er tillit til þessara skuldbindinga þegar fjallað er um þær upphæðir sem þurfi að flytjast frá ríki til sveitarfélaga þegar kemur að þessum flutningi. Einnig væri fróðlegt að fram kæmi hvernig greiðslum verður háttað, þ.e. hvort að iðgjald eða mótframlag atvinnurekanda verði hækkað eða hvernig það verði tryggt að viðkomandi sveitarfélög geti þegar þar að kemur staðið við skuldbindingar sínar. Hér vísa ég til þess mörg þessara sveitarfélaga eru afar fámenn eins og hæstv. ráðherra er kunnugt og mörg þeirra hafa ekki marga starfsmenn í þjónustu sinni og eru ef til vill að hefja greiðslur inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Þá hefur líka verið nefnt í umræðunni að nýir kennarar öðlist aðild nema um annað verði samið og væri fróðlegt að vita hvort farið hefur verið yfir það á hvaða grundvelli slíkir samningar gætu verið og ef eitthvað liggur fyrir um það að það kæmi þá jafnframt fram hér.

En fyrirspurnin snerist að öðru leyti fyrst og fremst um það hvernig þeirri vinnu miðaði að breyta lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þannig að þau tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins aðild að sjóðnum eins og segir orðrétt í 57. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Að ósk fjmrh. var nefnd með fulltrúa hans, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar, falið sl. haust að vinna tillögur um skipan lífeyrismála þegar verkefni flytjast milli ríkis og sveitarfélaga. Verkefni nefndarinnar var annars vegar að ræða og fjalla um stöðu og réttindi opinberra starfsmanna í þessum tilvikum og að hinu leytinu að taka á fjárhagslegum atriðum sem snerta yfirfærsluna. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í október sl. Þar er að finna fjölmargar tillögur sem snerta bæði réttindi starfsmanna og fjárhagsleg samskipti vinnuveitenda við tilflutning á verkefnum á milli ríkis og sveitarfélaga.

Helstu tillögur nefndarinnar sem snerta breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með tilliti til flutnings grunnskóla til sveitarfélaga eru þessar:

1. Lögfest verði samræmi á lífeyrisréttindum í opinberum lífeyrissjóðum. Eins og allir vita eru reglur ekki samræmdar t.d. á milli sveitarfélaganna annars vegar og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hins vegar en í honum eru nokkur sveitarfélög eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

2. Réttindaávinnsla þeirra sem eru í opinberum lífeyrissjóðum verði samfelld og breytist ekki þó að þeir skipti um vinnuveitanda.

3. Sveitarfélögum, sem tryggja starfsmenn í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, verði gert að inna af hendi viðbótariðgjöld til sjóðsins til fullnustu áunnum réttindum eða að gefa út skuldaviðurkenningu.

4. Kveðið verði á um rétt grunnskólakennara til að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

5. Settar verði í lög reglur um skiptingu ábyrgðar og eftirlaunagreiðslna þegar þær skiptast á milli fleiri vinnuveitenda.

Ég get því miður ekki hér og nú, en skal athuga það og svara því síðar, sagt hvort nýjar lífeyrissjóðsskuldbindingar séu inni í þessum 6,4 milljörðum sem ég nefndi á ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ég þori ekki að svara því en get auðvitað fengið upplýsingar um það og komið því til hv. fyrirspyrjanda.

Annars vegar er gert ráð fyrir því Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi til sögunnar til þess að hjálpa smærri sveitarfélögum og aðstoða þau. Auðvitað er ekki búið að ganga nákvæmlega frá því hvað félli á jöfnunarsjóðinn og hvort að þar sé um að ræða t.d. greiðslur vegna lífeyrisréttinda. Vegna þess sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um það hvað það þýði að lífeyrisrétturinn eigi að vera óbreyttur nema öðruvísi sé um það samið þá þýðir það væntanlega að tryggt verði að kennarar, samtök þeirra eftir atvikum — ég á nú von á því að þau sameinist í einum samtökum — líti á samning sem jafngildan eftir sem áður þótt kannski verði um að ræða flutning frá lífeyrisréttindum yfir í laun eða lífeyrisréttindi séu ekki nákvæmlega eins. Þá eru þau sambærileg. Öðruvísi get ég ekki túlkað þessi orð en ég býst ekki við að endanleg lausn sé komin í þessum málum fremur en í öðrum.

Í fjmrn. er hafinn undirbúningur að samningu lagafrv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem tekið verður á framangreindum atriðum. Enn fremur er í því sambandi til athugunar aðrar breytingar á þeim lögum sem snerta mál þetta óbeint eða beint. Meðal þeirra atriða sem í athugun eru má nefna eftirfarandi:

1. Breytingu á heimild til að hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur samkvæmt svokallaðri 95 ára reglu.

2. Að iðgjöld verði greidd allan starfstímann en nú er hámarksgreiðslutími 32 ár.

3. Breyting á viðmiðun fyrir hækkun eftirlauna þannig í stað svokallaðra eftirmannsreglu komi tenging við launaeða verðvísitölu.

4. Örorkulífeyrir en réttur til hans er nú verulega þrengri hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en hjá öðrum lífeyrissjóðum.

5. Heimild til veru í sjóðnum eftir að starf er lagt niður verði þrengd.

6. Skiptingu lífeyrisgreiðslna milli sjóðsins og launagreiðanda verði breytt.

7. Heimildir til að taka aðra í sjóðinn en lögskylt er verði þrengdar.

8. Settar verði reglur um iðgjalda- og lífeyrisstofn þeirra sem eru í sjóðnum en taka ekki laun samkvæmt kjarasamningum sem fjmrh. hefur gert, úrskurði kjaradóms eða kjaranefndar. Gert er ráð fyrir að það sem unnið er að verði lagt fram á yfirstandandi þingi þannig að unnt verði að fá það afgreitt fyrir lok þess.

Ég tel því, virðulegi forseti, að ekki sé ástæða til þess að fresta yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna af þeim ástæðum sem snúa að lífeyrisréttindum þótt auðvitað eigi eftir að vinna heilmikið starf í þeim efnum.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér finnst athyglisvert að hann skuli ekki hafa það á takteinum hvort þessar 300–400 millj. kr. sem talað er um að lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaganna verði á einu ári eru inni í tölunni. Ég óttast satt að segja að svo sé ekki og tel því tímabært að farið sé nákvæmlega yfir það hvernig þessi mál varðandi lífeyrisskuldbindingar snúa að sveitarfélögunum. Annað sem kom fram í hans máli og mér fannst athyglisvert er að á þessu þingi verður lagt fram frv. að nýjum lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þau taka þá væntanlega til allra opinberra starfsmanna. Miðað þau efnisatriði sem hann taldi upp er augljóst að um veigamiklar grundvallarbreytingar á sjóðnum er að ræða í ýmsum atriðum. Það væri fróðlegt að vita hvort þau atriði sem hann nefndi og hafa mörg hver verið deilumál opinberra starfsmanna og fulltrúa ríkisins, hafi verið rædd í nefndinni sem hann vísaði til þar sem fjmrn. starfar með sveitarfélögunum og samtökum kennara. Eða hvort verið er að vinna þessar hugmyndir til hliðar við annað sem er að gerast í lífeyrismálum.

[15:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Vegna síðustu fsp. hv. fyrirspyrjanda vil ég geta þess að atriðin hefur ugglaust borið á góma í þriggja manna nefndinni sem minnst var á varðandi lífeyrismál og tilflutning milli ríkis og sveitarfélaga. Ég vil láta það koma fram að stundum hagar málum þannig að verið er að flytja verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins og að það þarf að gæta samræmis þar á milli. En það var ekki sá vettvangur sem ég var að vísa til heldur starfar önnur nefnd sem fjallar um lífeyrismálin almennt, lífeyriskerfið og lífeyrismál, undir forustu Steingríms Ara. Hún hefur fjallað um lífeyrismál mjög almennt en einnig um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. En einmitt núna, ég held að það hafi verið í morgun, var skrifað bréf til viðsemjenda ríkisins, þ.e. BHM, kennarafélaganna og BSRB og óskað eftir tilnefningu þeirra í nefnd sem færi sérstaklega í saumana á þeim atriðum sem ég nefndi í ræðu minni og sagði að þyrftu að koma til athugunar til viðbótar lagabreytingum sem nauðsynlegar eru vegna flutnings grunnskólans. Nú kann að fara svo að ekki náist samkomulag um að breyta í öllum atriðum eins og ég taldi upp. Þó að svo verði breytir það ekki því að við þurfum nauðsynlega að koma lagafrv. í gegnum þingið sem dugar til að færa grunnskólann frá ríkinu til sveitarfélaga og á sama hátt að tryggja að sömu leikreglur gildi þegar starfsfólk flyst frá sveitarfélögum til ríkisins en það gerðist fyrir nokkrum árum þar sem ég veit að hv. fyrirspyrjandi þekkir mjög vel til. Og nú, fimm árum síðar eru ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum.

Fundi slitið kl. 15:50.

---

44. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.
að loknum 43. fundi.

Dagskrá:

1. Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frv., 13. mál, þskj. 13, nál. 245. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 133. mál, þskj. 158. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Jarðalög, frv., 145. mál, þskj. 172. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, þáltill., 167. mál, þskj. 209. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga, þáltill., 168. mál, þskj. 210. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Lánsviðskipti, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl., frv., 172. mál, þskj. 215. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Kaup og rekstur skólabáts, þáltill., 169. mál, þskj. 211. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal, þáltill., 179. mál, þskj. 223. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[15:53]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 96. mál, nál. 1. minni hluta landbn., þskj. 252; nál. meiri hluta landbn., þskj. 253; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 254.

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frh. 2. umr.

Frv. ÖS og SAÞ, 13. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 13, nál. 245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]

Brtt. 1 í nál. 245 samþ. með 32 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 245 samþ. með 33 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
7.–9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF, 71. mál. — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og RA, 133. mál. — Þskj. 158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 145. mál (jarðasala, nýting jarða o.fl.). — Þskj. 172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. DSigf o.fl., 167. mál. — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. DSigf o.fl., 168. mál. — Þskj. 210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lánsviðskipti, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl., frh. 1. umr.

Frv. KH o.fl., 172. mál. — Þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kaup og rekstur skólabáts, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 169. mál. — Þskj. 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og ÁJ, 179. mál. — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 16:04]

Umræður utan dagskrár.

Innritunargjöld á sjúkrahús.

[17:33]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vek eftirtekt á því að búið er að boða til fundar en það er alveg ljóst að nokkrir þingflokkar eru enn á fundum og vegna þess vantar fulltrúa nokkurra þingflokka. Ég vek t.d. eftirtekt á því að enginn fulltrúi Sjálfstfl. er viðstaddur umræðuna ef frá er talinn virðulegur forseti. Mér finnst það ekki eðlileg málsferðferð.

(**Forseti** (ÓE): Forseti mun gera viðvart um að fundur sé að hefjast eða sé hafinn öllu heldur.)

[17:35]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Um þessar mundir er unnið að því að útfæra hugmyndir um innritunargjöld á sjúkrahús en innritunargjöld í einni eða annarri mynd eru ein af forsendum fjárlagafrv. Þetta er sögulegt að því leyti að hingað til hefur nánast ríkt þjóðarsátt um það að ókeypis sjúkrahúsvist sé ein af forsendum velferðarsamfélagsins. Menn hafa að vísu deilt

um þjónustugjöld en fram til þessa hefur engin ríkisstjórn treyst sér til þess að leggja fram tillögur um innritunargjöld fyrr en þessi kom til. Engin ríkisstjórn hefur áður ráðist gegn þessari undirstöðu íslenska velferðarkerfisins.

Herra forseti. Þess vegna er rétt að rifja það upp að allt síðasta kjörtímabil háði Framsfl. harða baráttu gegn þjónustugjöldum innan heilbrigðiskerfisins og ég minnist þess að fáir gengu jafnvasklega fram í þeirri baráttu og einmitt núv. hæstv. heilbrrh. Framsfl. sem lýsti því skorinort yfir fyrir síðustu kosningar að hann teldi að rétt væri að hverfa af braut þjónustugjalda í heilbrigðisgeiranum. Þetta kom t.d. fram í riti sem flokkurinn dreifði fyrir síðustu kosningar. Þar er talað um nauðsyn þess að þjóðarsátt ríki um heilbrigðiskerfið og síðan segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur rofið þessa sátt með því að stórauka álögur á sjúklinga, öryrkja, ellilífeyrisþega og aðra þá sem þurft hafa að leita sér læknisaðstoðar." Í framhaldinu segir: „Framsfl. telur brýnt að horfið verði af þessari braut." Það er nefnilega það, herra forseti. Hér er talað tæpitungulaust. Framsfl. telur brýnt að það verði horfið af þessari braut. En þessi orð voru líka skrifuð fyrir kosningar. Hvað gerði flokkurinn sem taldi brýnt að hverfa af braut þjónustugjalda? Hann leggur nú til að innritunargjöld verði í fyrsta skipti í sögunni tekin upp á Íslandi. Hæstv. heilbrrh. er fyrsti heilbrigðisráðherra Íslandssögunnar sem leggur nafn sitt við tillögur um að rofin verði þjóðarsátt um það að ókeypis spítalavist sé fyrir alla og lagt er til að í staðinn verði tekin upp innritunargjöld vegna þess að stuðningur ráðherrans við fjárlagafrv. felur ekki neitt annað í sér.

Herra forseti. Annaðhvort ber forusta Framsfl. enga virðingu fyrir sínum eigin orðum og yfirlýsingum ellegar að minni hennar brestur nú mjög fyrir aldur fram. Sem betur fer er fólk í grasrót innan Framsfl. sem hefur minnið í góðu lagi. Í tilefni af þeim hugmyndum sem nú eru til umræðu innan ríkisstjórnarinnar um innritunargjöld kom stjórn Sambands ungra framsóknarmanna saman og ályktaði harðlega gegn innritunargjöldum. Í ályktun hinna ungu framsóknarmanna var talað um það að nauðsynlegt sé að ná niður halla ríkissjóðs en þar segir síðan:

„Þess verður þó að gæta að aðgerðir þessu samhliða bitni ekki á þeim sem síst skyldi og minnst hafa á milli handanna. Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna hafnar því alfarið framkomnum hugmyndum um innritunargjöld á sjúkrahús og telur þau í algjörri andstöðu við grundvallarstefnu Framsfl. um samvinnu, samhjálp og félagshyggju." Þarna segja þeir innan Framsfl. sem eiga að erfa landið að tillögur ríkisstjórnarinnar um innritunargjöld séu í grundvallaratriðum í andstöðu við stefnu Framsfl. Þegar horft er til þessarar yfirlýsingar ungra framsóknarmanna, orða forustu Framsfl. fyrir kosningar og verka hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar núna, veltir maður því auðvitað fyrir sér hvort ráðherranum er sjálfrátt. Er virkilega ætlun hennar að styðja innritunargjöld? Ég held sem betur fer að svarið sé nei. Ég held að það sé ekki ætlun hennar. Ég held að hún fylgi ekki hugmyndum um innritunargjöld sem hún hefur þó glæpst á að styðja í ríkisstjórninni. Það eru aðrir sem ráða ferðinni. Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins fyrir nokkrum dögum er haft eftir ráðherranum að hún hafi ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum verið kveðin í kútinn þegar hún mælti gegn innritunargjöldum í ríkisstjórninni. Hún vildi frekar taka upp sjúkratryggingagjald eins og forveri hennar lagði til þegar hann lenti í nákvæmlega sama slag við Sjálfstfl. og hún lendir núna í. Munurinn er hins vegar sá að hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafði vigt en það er alveg eins það sé ekki hlustað á hæstv. núv. heilbrrh. Hún hefur að eigin sögn verið kveðin í kútinn, ekki bara einu sinni, heldur mörgum sinnum. Þá er óhjákvæmilega komið að þeirri spurningu: Til hvers er hæstv. ráðherra í ríkisstjórn? Telur hæstv. heilbrrh. að henni hafi verið úthlutað ráðherraembætti til að láta Sjálfstfl. rúlla yfir sig, ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum í þessu prinsippmáli sem ungir framsóknarmenn telja í grundvallaratriðum í andstöðu við stefnu Framsfl.?

Herra forseti. Ég ætla ekki að brigsla hæstv. heilbrrh. um hringlandahátt en í svona máli getur fagráðherrann ekki haft uppi tvær skoðanir. Hæstv. heilbrrh. hefur í rauninni lýst fylgi við innritunargjöld með stuðningi sínum við fjárlagafrv. í ríkisstjórninni en í fjölmiðlum hefur hún lýst harðri andstöðu við innritunargjöld. Hún verður að hreinsa borðið í þessum málum og þingið á rétt á að vita hver er stefna heilbrrh. um innritunargjöld.

[17:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. form. heilbr.- og trn. velur þann kost þegar heilbrigðismál eru annars vegar að kveðja sér hljóðs utan dagskrár. Að öðru leyti talar hann lítið við ráðherra um þessi mál.

Eins og hv. formanni er kunnugt er gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 að innritunargjald verði tekið upp. Útfærslan er flókin og gjaldtakan getur ekki orðið án undantekninga. Tillaga er um að barnshafandi konur, börn og öryrkjar séu undanþegin þessu gjaldi og innritunargjald verði á bilinu 4.000 til 7.000 kr. Hver einstaklingur greiði aldrei oftar en einu sinni á ári. Einnig verði frá því gengið að sjúklingar geti greitt eftir á þannig að fjárskortur hamli aldrei sjúklingi að leggjast inn á sjúkrahús. Innritunargjöldin eru engin lausn á fjárhagsvanda heilbrigðiskerfisins í heild en það er mikið ósamræmi í allri gjaldtöku varðandi þjónustugjöld og hvað rekst á annars horn. Sem dæmi má nefna þegar sjúklingur kemur í dag í móttöku á sjúkrahúsi borgar hann fyrir rannsókn og röntgenmynd samtals 3.300 kr. Komi hann inn á slysadeild Borgarspítala borgar hann yfir 4.000 kr. Verði viðkomandi síðan lagður inn á sjúkrahús er honum endurgreitt. Hinir sem sendir eru heim sitja uppi með kostnaðinn. Sjúklingar sem nýta dýrustu þjónustuna, innlögn á sjúkrahús, greiða ekki neitt. Aðrir sem fá sína þjónustu, t.d. úti í bæ, borga allt að 20 þús. kr.

Mig langar aðeins að minna hv. formann heilbr.- og trn. á þau þjónustugjöld sem hafa verið sett á undanfarið sem ég vildi gjarnan standa fyrir að leggja niður. En við þurfum að afla tekna til þess að reka þessa þjónustu. Þá er spurningin hvernig við stöndum saman að því.

Hvar var hv. þm. Össur Skarphéðinsson þegar ferliverk voru tekin upp af Alþfl. 9. sept. 1992 og ósamræmið myndaðist milli hárrar gjaldtöku og engrar gjaldtöku? Hvar var hann þá? Kvaddi hann sér hljóðs þá? Hvar var hv. þm. þegar tannlæknakostnaður barna var hækkaður? Hvar var hv. þm. þá? Kvaddi hann sér hljóðs þá? Hvar var þm. hv. Össur Skarphéðinsson — hann var í ríkisstjórn, ég minni á það — þegar að sjúklingum var gert að greiða sýklalyf að fullu? Hvar var hv. þm. þá? Hann kvaddi sér ekki hljóðs þá. Hvar var hv. þm. Össur Skarphéðinsson þegar reglugerð um tannréttingar var breytt?

Ég hef sagt það og segi enn, hv. þm. má kalla það hvað sem hann vill, að ég er tilbúin að leggja á nefskatt til að

geta lækkað þjónustugjöld. Ég er tilbúin til þess. Er hv. þm. tilbúinn til að standa með mér að því? (**ÖS:** Já, hann er það.) Það er gott að heyra. Hann var ekki tilbúinn til þess sem ráðherra í fyrrv. ríkisstjórn.

Það hefur ekki verið þjóðarsátt um þetta og um þetta þurfum við að fjalla. Það er eðlilegra að sá heilbrigði borgi heldur en sá sjúki. Ef menn ætla að halda áfram með þjónustugjöld þá verður að vera eitthvað samræmi í þeim gjöldum. Í dag er ekkert samræmi í þeim. Og ég vona að framtíðin verði sú að hv. form. heilbr.- og trn. sé tilbúinn til alvörusamvinnu um heilbrigðismál en standi ekki hér upp oft á dag, eins og hann gerði t.d. varðandi glasafrjóvgunarmálin, og harmi eitt og annað. En verkin hans í fyrri ríkisstjórn eru þannig að ég er ekki allt of bjartsýn á að hann meini mikið með þessu.

[17:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Að sumu leyti voru svör hæstv. heilbrrh. skýr. Það á að taka upp innritunargjöld og það á að rukka þá sem þurfa að leggjast inn á spítala um 4–7 þús. kr. Þetta er það sem hæstv. ráðherra hefur verið að ýja að í fréttum undanfarna daga. Þá liggur það skýrt fyrir. Ég vil hins vegar að gefnu tilefni spyrja hæstv. ráðherra um undantekningarnar sem hún gat um, börn, öryrkjar og barnshafandi konur, hve stór hluti sjúklinga mun þá greiða þessi gjöld miðað við fengna reynslu? Þær tölur liggja fyrir.

Í öðru lagi gengur þetta þvert á það sem hæstv. ráðherra sagði hér sjálfur. Hans skoðun er sú að heilbrigðir eigi að borga en ekki sjúklingar. Maður spyr sig auðvitað, hvaða samræmi er þá í þessum tillöguflutningi hæstv. ráðherra? Það gefur auga leið, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat um, að það sem stendur í frv. til fjárlaga eru auðvitað tillögur viðkomandi fagráðherra og þannig hæstv. ráðherra.

Það er einkar undarlegt, virðulegi forseti, að þegar títtnefndur hæstv. ráðherra er nefndur hér til sögu, hefur hann gjarnan þann háttinn á að kalla einstaka hv. þm. stjórnarandstöðu til fylgilags við sig um að koma ákveðnum hugmyndum fram. M.a. hugmyndum um nefskatt. Það vekur upp þá spurningu hvort hæstv. ráðherra hafi borið fram þá tillögu í ríkisstjórninni og verið valtað yfir hann. Með öðrum orðum, er uppi ágreiningur í ríkisstjórninni og er hæstv. heilbrrh. að ganga hér fram með innritunargjöld gegn eigin vilja? Ef svo er, fyrir hvern starfar þá hæstv. ráðherra að þessum málum? Í hvers umboði leggur hún fram þessa tillögu? Starfar hún með öðrum orðum ekki samkvæmt eigin sannfæringu í sínu embætti? Þetta eru auðvitað lykilspurningar sem hv. þingmenn hljóta að eiga heimtingu á að fá svör við.

[17:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur margsinnis komið til tals að taka upp einhvers konar innritunargjöld á sjúkrahúsum landsins en þau áform hafa ávallt verið kveðin niður. Á síðasta kjörtímabili beitti páv. stjórnarandstaða sér af hörku gegn sjúklingasköttum en í þeim hópi var núv. hæstv. heilbrrh. Það er því ekki að furða að hún eigi í nokkrum vandræðum með þetta mál, enda töluverð andstaða við slíka gjaldtöku í hennar flokki. Það er skoðun okkar kvennalistakvenna að gott heilbrigðiskerfi verði fyrst og fremst rekið hér á landi með almennu skattfé enda enginn annar aðili til þess fær að standa undir þeim mikla kostnaði sem heilbrigðisþjónustunni fylgir. Þau innritunargjöld sem fyrirhugað er að leggja á sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús skila sáralitlu eins og fram kom í máli ráðherra og eru aðeins brot af kostnaði við heilbrigðisþjónustuna, eða um 1,6% af heildarrekstrarkostnaði hátæknisjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt frv. til fjárlaga árið 1996. En reyndar er talið fráleitt að það takist að innheimta þær u.þ.b. 180 millj. kr. sem frv. gerir ráð fyrir hjá stóru sjúkrahúsunum.

Umræðan sem hér fer fram snýst um það hvernig hægt er að ná niður beinum framlögum ríkisins til heilbrigðismála og hvort velta eigi kostnaðinum yfir á þá sjúklinga sem lagðir eru inn á sjúkrahús. Hingað til hefur gilt sú regla hér á landi að þeir sem lagðir eru inn á sjúkrahús borga ekki fyrir það sérstaklega, umfram það sem þeir þegar hafa greitt með sköttum sínum. Ef innritunargjöld verða tekin upp felst í því stefnubreyting sem bitnar á þeim sem síst skyldi. Við kvennalistakonur mótmælum áformum um innritunargjöld og bendum á að það eru aðrar leiðir færar til að ná niður kostnaði, t.d. sú að stórauka forvarnir í heilbrigðiskerfinu og draga þannig úr eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu.

Það er rétt hjá hæstv. heilbrrh. að ýmis gjöld eru innheimt af sjúklingum og þeim sem leita eftir heilbrigðisþjónustu og að þar ríkir ekkert samræmi. En það breytir ekki því að hér er um óréttláta innheimtu að ræða og ég skora á hæstv. heilbrrh. að falla frá áformum um innritunargjöld og verja þannig grundvöll hins íslenska velferðarkerfis. Enn er tími til stefnu.

[17:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er vægast sagt sérkennilegt að hlusta á málflutning hæstv. heilbrrh. hér á þingi og í fjölmiðlum um innritunargjöld á sjúkrahúsum. Það skal engan undra þótt beðið sé um skýringar á afstöðu hæstv. ráðherra á Alþingi. Undanfarna daga hafa framsóknarmenn, flokksmenn ráðherrans, lýst þeirri skoðun sinni að þeir hafni innritunargjöldum. Enda gekk sá flokkur til kosninga undir kjörorðinu fólk í fyrirrúmi og finnst sjálfsagt mörgum framsóknarmönnum að það kjörorð verði að halda að minnsta kosti eitthvað fram á kjörtímabilið. Ef einhver hópur fólks ætti að vera í fyrirrúmi þá yrði það sá hópur sem búinn er að missa heilsuna og þarf stuðning samfélagsins en ekki viðbótarskattálögur.

Í kjölfar mótmæla ýmissa hagsmunahópa sjúkra, aldraðra og fatlaðra og mótmæla framsóknarmannanna ungu, kemur síðan ráðherran hæstv. fram opinberlega og segir að hún sé á móti innritunargjöldum og vilji heldur nefskatt. Því lýsir hún yfir hér aftur í þingsölum. Hvað er hér á ferðinni? Er það Sjálfstfl. sem þröngvar hæstv. ráðherra út í þennan sjúklingaskatt, innritunargjöldin? Eða er hún ekki hæstráðandi yfir sínum málaflokki? Nefskatt, sagði hæstv. ráðherra. Er hæstv. ráðherra kannski búinn að uppgötva að lítið yrði upp úr þessari gjaldtöku, innritunargjöldunum, að hafa hjá þeim hópi sjúklinga sem hér voru í fyrirrúmi í forgangsröð skattlagningar ráðherrans ef undanþágan sem hún lýsti hér yfir áðan á að gilda, því það hefur komið í ljós í tölum frá landlækni að helmingur þeirra sem leggjast inn á sjúkrahús, Ríkisspítalana og Borgarspítalann, eru aldraðir, öryrkjar og börn. E.t.v. er því lítið upp úr þessu að hafa. Síðan kemur yfirlýsing um það að maður þurfi ekki að borga um leið og maður kemur, maður á að safna skuldum á sjúkrahúsunum. Eða er hugmyndin um nefskattinn hugmyndin um heilsukortin sem dregin hefur verið upp úr skúffu í ráðuneytinu frá síðasta ráðherra þar á bæ? Þau voru líka nefskattur sem

hæstv. ráðherra Ingibjörg Pálmadóttir, þá sem stjórnarandstöðuþingmaður, mótmælti harðlega. Eða er hér hugmyndin um sjúkrasamlögin aftur komin? Ef svo er, þarf að ræða þær hugmyndir upp á nýtt því þá er um stefnubreytingu að ræða. Við lögðum þau af fyrir nokkrum árum.

[17:54]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka þetta upp hér. Það er vissulega slæmt ef þarf að standa oft á dag upp í þingsölum til þess að taka fyrir aðgerðir og ákvarðanatöku í heilbrigðismálum. Það er slæmt. En það er nú bara þannig að það er ekkert og hefur ekkert samráð verið haft við stjórnarandstöðuflokkana, ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar og þá ekki í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ákvarðanir hafa birst í fjárlögum án þess að þær hafi nokkuð verið ræddar við stjórnarandstöðuna áður eða reynt á samráð. Ég var mjög hissa á því að hæstv. heilbrrh. skyldi leggja það til í frv. til fjárlaga að tekin yrðu upp innritunargjöld á sjúkrahús. Hissa vegna þess að ég þekki mjög vel málflutning hæstv. ráðherra frá því hún var nefndarmaður í heilbr.- og trn. á síðasta kjörtímabili. Ég hefði þess vegna haldið í ljósi þess málflutnings sem hún viðhafði þá að reynt yrði að leita annarra leiða svo sem endurskipulagningar á heilbrigðiskerfinu, úttekt á öllum stofnunum þar sem markað er þjónustusvið hverrar einustu stofnunar og hlutverk. Slík úttekt tæki eitt eða tvö ár og kostaði peninga meðan á henni stæði en skilaði visulega sparnaði til lengri tíma litið. Að leggja til innritunargjöld, 4–7 þús. kr. á hvern þann sem leggst inn á sjúkrahús með þó ákveðnum undantekningum sem hæstv. ráðherra boðaði hér er þessi gjaldtaka úrræði sem ég hefði síst trúað að hæstv. ráðherra mundi mæla með eins og kemur þó fram í frv. til fjárlaga. Það er gott að sumum gefst kostur á að greiða eftir á því að í einstaka tilvikum gerist það nú að fólk er flutt meðvitundarlaust á sjúkrahús og getur þess vegna ekki greitt við komu. Þannig að það er gott að það er þó möguleiki til þess að greiða eftir á.

En ég vil ítreka þakklæti Alþb. til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar fyrir að taka þetta mál upp hér. Við munum aldrei samþykkja innritunargjöld með þessum hætti.

[17:56]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er sérkennilegt svo ekki sé meira sagt að hv. form. heilbr.- og trn. skuli nota sér vettvang hér utan dagskrár í Alþingi til að ræða ákvarðanir sem tengjast fjárlagagerð næsta árs og heilbrigðismálum almennt. Það væri svo sannarlega ástæða til þess að ræða þennan flókna málaflokk öðruvísi en í símskeytastíl og hvernig á að halda utan um hann. Eru menn tilbúnir til þess að mæta kostnaðarauka í heilbrigðismálum með skattlagningu? Það væri gott að fá meiri umræðu um það mál en þessar tvær mínútur. Það er svo sannarlega stórkostlegt að sjá hv. form. heilbr.- og trn. standa hér í pontu og fara mikinn utan dagskrár til þess að mæla gegn gjaldtökum ýmis konar. Við munum eftir því að þessi hv. þm. hélt jómfrúarræðu sína uppi á áheyrendapöllum og er áreiðanlega eini þingmaðurinn sem hefur gert það. Þar var hann að mæla gegn ákvörðunum ... (**Gripið fram í:** Þú varst ekki hér.) Ég man eftir því þótt ég hafi ekki verið hér. Orð hans ná út fyrir þingsal. Það er satt að segja alveg stórkostlegt að horfa upp á þá hræsni hv. form. heilbr.- og trn. að taka þessi mál hér til umræðu með þessum hætti. Ég lýsi algjörri vanþóknun á þessum vinnubrögðum og er maður þó ýmsu vanur í þessum efnum.

[17:59]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að fulltrúar Framsfl. í þessum sal, hæstv. heilbrrh. og hv. form. fjárln., kvarti yfir því að málið sé rætt hér. En staðreyndin er auðvitað sú að þegar lagt er til að brjóta í fyrsta sinn þjóðarsamstöðu um það að ekki séu lögð innritunargjöld á sjúklinga þá kallar það auðvitað á umræðu. Sérstaklega í ljósi þess að síðustu daga hafa komið fram yfirlýsingar frá stofnunum innan Framsfl. um að slíkur verknaður sé í algjörri andstöðu við stefnu flokksins. Og hæstv. heilbrrh. hefur sagt opinberlega í fjölmiðlum að hann væri tilbúinn til samvinnu við þingið um aðrar leiðir. Ég segi við hæstv. heilbrrh.: Það er aðeins ein leið til að kanna hvort þingið er reiðubúið til þeirrar samvinnu við ráðherrann. Það er að ráðherrann leggi tillögurnar fram hvað sem líður afstöðu innan ríkisstjórnar. Ef Framsfl. leggur þær ekki fram á þinginu til að kanna afstöðu þess, er hann ber að hræsninni, að skjóta sér á bak við það að hugsanlega sé ekki samstaða í þinginu um það sem ráðherrar Framsfl. eru að leggja til.

Framsfl. talaði skýrt á síðasta kjörtímabili og í kosningunum gegn innritunargjöldum. Ég skora á Framsfl. að leggja fram tillögur á þinginu um að það sé ekki gert og ekki mun standa á okkur að styðja það.

Hitt er svo öllu alvarlegra að hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir áðan að innritunargjöldin yrðu innheimt með þeim hætti að fátækt fólk sem ætti ekki 7 þúsund kr. til að borga þau yrði látið skrifa undir skuldaviðurkenningu á sjúkrabeði sínum á spítölunum. Síðan yrðu spítalarnir að elta þetta sjúka fólk mánuði síðar til að rukka þau inn. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að draga til baka þá yfirlýsingu sína að fátækt fólk verði látið undirrita skuldaviðurkenningu. Ég sé að nokkrir þingmenn Framsfl. hlæja örvæntingarfullir í salnum og kannski trúa þeir ekki enn þá að það sé ætlun ráðherrans að beita þessari aðferð. En það var þetta sem ráðherrann sagði hér áðan.

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir á að ræðutíminn er tvær mínútur en ekki tvær og hálf.)

[18:01]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég hlæ ekki örvæntingarfullum hlátri vegna þess að í kosningabaráttunni sagði ég að ef það þyrfti að hagræða í heilbrigðiskerfinu, væri eðlilegt að fólk sem legðist inn á spítala borgaði fyrir matinn sinn. Þetta eru innritunargjöld. Og ég man eftir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði mikið grín að þessu þá. (**ÓRG:** Það var ekki í gríni. Það var tillaga sem Sjálfstfl. mundi ekki einu sinni voga sér að setja fram.)

(**Forseti** (ÓE): Ekki samtal.)

(Gripið fram í.) (**ÓRG:** Að láta sjúklinga borga fyrir nóttina ...)

(**Forseti** (ÓE): Ekki frammíköll.)

Við vitum öll hvernig staðan er í ríkisfjármálum. Það er mikill halli. Á síðustu fjórum árum var hallinn 40 milljarðar og auðvitað gengur þetta ekki lengur. Það er ekki hægt að velta skattbyrðinni yfir á komandi kynslóðir. Því verður að taka í taumana. Það er 3% vöxtur í heilbrigðiskerfinu vegna þess að við erum að eldast og okkur fjölgar. Í heilbrigðiskerfinu liggja 40% af útgjöldum ríkisins þannig að auðvitað verður að taka á þessu.

Þegar ég sagði þetta í kosningabaráttunni, var ég að tala sem framsóknarmaður þannig að það er ekki rétt að allir framsóknarmenn séu á móti innritunargjöldunum. Ég talaði líka sem ungur framsóknarmaður. Við getum auðvitað farið þá leið að hækka skattana, en í kosningabaráttunni sögðum við að við vildum ekki hækka skattana því við teljum þá leið ekki færa. (Gripið fram í.) Við vildum líka halda utan um ríkisútgjöldin og það gerum við.

Ég hef legið á spítala eins og sjálfsagt flestir hér inni og mér fannst óeðlilegt að liggja þar í nokkra daga í áti og borga ekki eyri. Ég vil spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Finnst þér það ekki eðlilegt að fólk sem leggst inn á spítala borgi matinn sinn? Það er gert í Svíþjóð. Ég er tilbúin til þess að fara þessa leið og hef skýrt sjónarmið mitt í þingflokki framsóknarmanna þó að ég skuli ekkert um það segja hvort það hafi gert útslagið. En vegna stöðunnar í ríkisfjármálunum neyðumst við til að fara þessa leið.

[18:04]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert undarlegt þó að fólki komi á óvart þegar lagt er til að lögum á Íslandi sem kveða á um að sjúklingar sem skráðir eru inn á spítala skuli fá þar ókeypis vist, sé breytt. Það er engin smábreyting að fella slík ákvæði úr lögum. Þess vegna kom fólki það líka á óvart þegar hæstv. heilbrrh. sem lagði slíkt til í fjárlagafrv. kemur í útvarp og lýsir sig andvíga sinni eigin tillögu og skýrir frá því að í ríkisstjórninni hafi önnur tillaga hennar verið kveðin niður, sem sé sú að í staðinn fyrir innritunargjöldin yrði tekinn upp einhvers konar sjúklinganefskattur eða hugsanlega endurvakning sjúkratrygginga. En það get ég ósköp vel skoðað eins og fram hefur komið áður.

En það kastar tólfunum, verð ég að segja, þegar þriðji framsóknarmaðurinn kemur fram og flytur enn nýja tillögu. Sú tillaga er um það að hvorugt þetta skuli gert, hvorki innritunargjald né einhvers konar sjúklingaskattur, sjúkratryggingagjald eða hvað menn vilja kalla það. Þar er lagt til að upp verði tekinn matarskattur á sjúkrahúsunum og fólk verði rukkað fyrir matinn sinn. Þá er eins gott að menn passi upp á það, þegar sjúklingarnir eru bornir út látnir eða lifandi, að matarreikningurinn hafi verið greiddur.

Ég verð nú að segja við þessa hv. þingmenn að um þá á við hið fornkveðna, að tvisvar verður sá feginn sem á steininn sest. Ég lýsi eftir því hvort ekki ætli fleiri framsóknarþingmenn að koma upp með breytingartillögur. Þarna sé ég að einn er á leiðinni, virðulegi forseti. Það verður gaman hjá okkur stjórnarandstæðingunum þegar við förum að velja á milli. Mér líst einna best á tillögu hæstv. heilbrrh. um að menn skoði að endurvekja gamla sjúkrasamlagskerfið og er reiðubúinn til að athuga það.En að fara að innleiða matarskatt á sjúkrahúsunum líst mér ekki á, enda talar svo úr stóli þingmaður sem ekki hefur mikla þekkingu eða reynslu af þessu máli.

(**Forseti** (ÓE): Nú sneiðist um tímann sem er til umráða. Það eru þrjár, fjórar mínútur eftir. Það eru enn tveir hv. þingmenn á mælendaskrá auk frummælanda og hæstv. ráðherra. Í trausti þess að þeir allir reyni nú að stytta mál sitt sem mest þeir mega, þá mun ég gefa þeim öllum fjórum orðið.)

[18:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það með hv. formanni fjárln. að það sé hræsni af formanni heilbrn. að taka þetta mál upp. Hitt er annað að þau eru nokkuð sérkennileg, þessi orðaskipti talsmanna Framsfl. annars vegar og Alþfl. hins vegar um muninn á innritunargjöldum eða einhverjum sjúkrahúsanefsköttum. Ég verð að segja alveg eins og er að fyrir mér eru þetta hvort tveggja skítaskattar sem enginn ætti að mæla sérstaklega með.

Staðreyndin er í öðru lagi sú að friðurinn um þessi mál var í stórum dráttum sagður sundur á síðasta kjörtímabili. Alþfl. kastar hér steinum úr glerhúsi. Ég veit ekki betur en það hafi verið tekin upp innritunargjöld á heilbrigðisstofnunum í tíð Alþfl. í ráðuneytinu, svo sem innritunargjöld á heilsugæslustöðvar. Ég geri ekki mikinn greinarmun á því eða einhverjum nefsköttum vegna sjúkrahúsvistar manna. Það er óskynsamlegt og ranglátt almennt talað að taka upp slík flöt gjöld án tillits til efnahags og aðstöðu manna. Það á að fjármagna undirstöðuþætti velferðarkerfisins með almennum skatttekjum og mönnum á að standa sú þjónusta til boða ókeypis. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Og það er staðreynd að þeir sem þurfa að fara inn á sjúkrastofnanir eru að breyttu breytanda sá þjóðfélagshópur sem einna síst er aflögufær um aukaskatta vegna útgjalda hins opinbera. Menn eiga að manna sig upp í það að taka pólitíska afstöðu með eða móti þessari aðferð. Það er hörmulegt að sjá hvernig Framsfl. sem stóð með okkur í því á síðasta kjörtímabili að gagnrýna þessa skítaskatta Alþfl., gengur nú í það að bæta nýjum við.

(**Forseti** (ÓE): Ég bið menn að gæta tungu sinnar.)

[18:09]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal vera stuttorð. Ég kveinka mér ekkert undan þessari umræðu. Mér finnst í sjálfu sér eðlilegt að hún fari fram á hv. Alþingi en það hefði kannski verið eðlilegra að hún færi fram undir liðnum fjárlög þar sem þetta er atriði sem tekið er á í fjárlagafrv.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði áðan að við þyrftum að ná niður beinum framlögum til heilbrigðiskerfisins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði m.a. að hæstv. heilbrrh. hefði átt að láta reyna á eitthvað annað og finna aðrar leiðir. Það er einmitt það sem hæstv. ráðherra er að gera á svo margan hátt. Hún nefndi úttektir á stofnunum, hagræðingu og samvinnu. Hæstv. ráðherra er líka að skipa nefnd um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu og hún hefur verið að fresta framkvæmdum sem er ekkert þægilegt heldur. Það er verið að reyna svo margt annað, en það dugar ekki til. Við getum ekki rekið okkar velferðarkerfi með erlendum lántökuum. Um það snýst málið, það er ekki flóknara. Og vegna þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að gera lítið úr þeim sem hér hafa talað af hálfu Framsfl., þá sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir að sjálfsögðu þegar hún talaði um matargjöld: „Það eru þessi innritunargjöld." Hv. þm. þurfti því ekkert að vera að snúa út hvað það snertir.

[18:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sérstaklega fyrir hennar ræðu vegna þess að hún er eini framsóknarmaðurinn sem hefur tekið þátt í þessari umræðu sem kveinkar sér ekki undan henni. Hv. formaður fjárln. kemur hérna og undrast það að ég skuli gera það að umræðuefni að ráðherrann talar einni tungu við ríkisstjórnarborðið, annarri í fjölmiðlum og þeirri þriðju á þingi Framsfl. Hv. þm., í einni bók sem ég er viss um að þingmaðurinn hefur lesið segir:

„Ræða þín skal vera já, já og nei, nei.“ Þingheimur á heimtingu á því að vita afstöðu ráðherrans til innritunargjalda. Hvers vegna? Vegna þess að þau marka tímamót. Það skiptir máli að ráðherrann hafi skoðun sem þingið veit hver er. Því miður kom þessi skoðun ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra. Hún sagði að hún væri reiðubúin til að ræða það að taka upp nefskatt. Ég er til í að ræða það við hana. Hún hefur hins vegar sagt í fjölmiðlum að hún hafi orðað þetta við ríkisstjórnarborðið og því hafi verið hrundið út af borðinu. Hún hefur sagt í fjölmiðlum að hún sé á móti innritunargjöldum, en hún kemur samt hingað og segir að undir hennar forustu sé verið að vinna tillögur sem miða að því að menn eigi að borga 4–7 þús. kr. til að komast inn á sjúkrahús. Jú, og ef maður er blankur, þá fær maður að borga seinna. Er það næsta sem við sjáum frá heilbrrh. Framsfl. að það verði boðið upp á sjúkrahúsvist með raðgreiðslum hjá Visa eða Euro? Er þetta flokkurinn sem gekk til kosninga og sagði: „Það á að hverfa af braut þjónustugjalda“? Ég kveinka mér ekki undan þeirri umræðu. Það er hárrétt að Alþfl. jók þjónustugjöldin. Ég geri greinarmun á þjónustugjöldum eða innritunargjöldum en geri mér grein fyrir að þetta er álitamál. Málið er hins vegar það að Alþfl. gekk til kosninga með þessa stefnu klára. Framsfl. gekk til kosninga og sagði: „Við ætlum að lækka þjónustugjöldin. Við ætlum jafnvel að afnema þau.“ En hvað gerir hæstv. heilbrrh.? Hún fylgir stefnu um innritunargjöld sem hún er ósammála. Hún lætur Sjálfstfl. rúlla yfir sig, rúlla yfir það sem ungir framsóknarmenn segja að sé í algerri andstöðu við grundvallarstefnu Framsfl. um samvinnu, samhjálp og félagshyggju. Það er rétt að hæstv. ráðherra svari ungum framsóknarmönnum.

[18:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ja, það er ekki lítið þegar stormsveit Alþfl. tekur sig til og talar eins og innritunargjöld séu eitthvað nýtt. Hvaða gjöld lagði síðasti hæstv. heilbrrh. á sjúklinga? Hann lagði á gjöld sem eru allt upp í 20 þús. kr. á einstakling fyrir aðgerð. Tveir sjúklingar geta legið hlið við hlið á sjúkrahúsi. Annar borgar 20 þús. og hinn borgar ekki neitt. Þetta veit hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kannski ekkert um. Mér finnst nefnilega eins og menn tali hér eins og þeir viti ekkert um hvað þeir eru að tala. En það þarf að samræma þetta. (**Gripið fram í:** Upp á við?) Það þarf að samræma þetta. Það má líka gera niður á við, en þá þarf að afla tekna. En ef menn eru ekki tilbúnir til að afla tekna, verðum við að minnka þjónustuna.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir (Gripið fram í.) talaði hér áðan. Hvaða tillögu var hún með? Hún var með tillögu um að leggja niður öll gjöld. Það er út af fyrir sig ágætt, en ekki að leggja á neina skatta, nei, nei. Hún var með tillögu við umræðu um fjárlög um daginn og sagði þar að það væri allt í lagi að auka skatta ríkissjóðs. Hvar endar það? Þetta er mjög ábyrgðarlaus umræða. Og mig langaði að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vegna þess að hann var að tala um að einhver hafi valtað yfir heilbrrh. Hver valtaði yfir hann þegar öll þjónustugjöld Alþfl. voru tekin upp? Enginn. Hann var bara sammála þeim öllum greinilega. (**Gripið fram í:** Í lánasjóðnum...) Já, það kann að vera að það hafi verið valtað aðeins yfir hann í lánasjóðnum. En hann var greinilega sammála þeim þjónustugjöldum sem voru tekin upp. (Gripið fram í.) Ég segi það að ef nýr skattur verður tekinn upp, þá þarf að samræma gjöldin vegna þess að nú borga ýmsir sjúklingar lyfin sín allt of háu verði. Sjúklingur er kannski að borga 10 þús. kr. fyrir lyfin sín en ef hann leggst inn á sjúkrahús þá greiðir hann ekki neitt. Er eitthvert vit í þessu? Það er ekkert vit í þessu. En það tekur tíma að laga til eftir Alþfl., það tekur tíma.

Fundi slitið kl. 18:16.

---

45. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.
að loknum 44. fundi.

Dagskrá:

1. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 96. mál, þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Greiðslur úr ríkissjóði samkvæmt búvörusamningi.

[18:18]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér verður til umfjöllunar, breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er afgreiðsla af hálfu Alþingis sem nauðsynleg er til að hægt sé að staðfesta búvörusamninginn sem gerður var á milli stjórnvalda og bænda ekki alls fyrir löngu. Til að það sé hægt þarf að fara fram á Alþingi afgreiðsla fjárlaga þ.e. afgreiðsla greiðsluheimilda. Við höfum ekki enn tekið afstöðu til þessara mála. Lagt er til að gera breytingar á lögunum sem munu hafa áhrif á búvörusamninginn. Mér hafa hins vegar borist fregnir um að nú þegar sé farið að ráðstafa fé úr ríkissjóði án heimilda til að uppfylla samning sem hefur ekki verið staðfestur enda er Alþingi ekki búið að afgreiða þau mál sem það þarf að afgreiða. Mér er tjáð að þegar sé búið að greiða úr ríkissjóði án heimilda 30 millj. kr. vegna söluátaks á lambakjöti í samræmi við ákvæði búvörusamnings sem hefur ekki verið staðfestur og mér er tjáð að Framleiðsluráð landbúnaðarins sé þegar búið að gera samninga um slátrun á 30.000 sauðkindum sem hefur farið fram með fyrirvara um samþykki Alþingis. (Gripið fram í.) Já, slátrun hefur þegar farið fram. Ég óska eftir að fá upplýsingar um þessa fyrirvara og hvað gerist ef Alþingi staðfestir ekki þessar greiðsluheimildir og þann samning sem hér er verið að ræða um staðfestingu á. Um hvað eru þessir fyrirvarar sem mér skilst að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi sett inn í samninga um förgun 30.000 sauðfjár? Eru þessir fyrirvarar gerðir með samþykki hæstv. landbrh.? Hvað gerist ef reynir á fyrirvarana? Væntanlega sjá menn að ekki verður hægt að blása lífsandalofti í 30.000 ær sem slátrað hefur verið samkvæmt þessum ákvæðum. Hver er þá ábyrgð ríkisins, virðulegi forseti, ef þær aðgerðir ekki ganga fram sem menn hafa rætt um. Hvernig geta menn slátrað 30.000 fjár með fyrirvara?

[18:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er spurning hvað hægt er að svara efnislega af spurningum hv. þm. þannig að það falli aðeins undir þau ákvæði sem hér er verið að ræða, þ.e. athugasemdir um störf þingsins. Það er vissulega rétt eins og hv. þm. bendir á að búvörusamningurinn, sem hefur verið til umræðu að undanförnu í tengslum við það frv. sem hv. landbn. Alþingis hefur verið að fjalla um, er undirritaður með fyrirvara af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna nauðsynlegra lagabreytinga. Ég hygg að mörg fordæmi séu fyrir samningum sem stjórnvöld eða ríkisstjórn gerir fyrir hönd stjórnvalda og þá auðvitað þingmeirihluta um samninga við aðila utan þingsins svo sem varðandi aðila vinnumarkaðarins og má sjálfsagt flokka þennan samning sem hér var gerður með þessum fyrirvara í þann sama flokk.

Ríkisstjórnin hlýtur líka um leið að taka ábyrgð á því að þau lagafrumvörp sem þarf til fari í gegnum þingið með þingmeirihluta til þess að framkvæmd samningsins geti verið eðlileg. Ég veit ekki betur en að svo hafi verið gert og fullyrði að það sé gert þegar frv. er lagt fram sem stjfrv. Við vitum, og það kemur sjálfsagt til umræðu aftur síðar í dag, að smávægilegar breytingar eru gerðar á frv. sem hafa áhrif á efnisatriði samningsins. Þá verður auðvitað að fjalla um það aftur við samningsaðilana.

Varðandi 30 millj. án lagaheimildar til markaðssetningar kjöts er vitað að hluti af samningnum var að markaðssetja ákveðið magn kindakjöts á þessu hausti með yfirlýsingu fjmrh. um að hann mundi flytja brtt. við fjáraukalög um að auka fjármuni til þessarar aðgerðar og var hún framkvæmd með tilliti til þess. Hvað varðar samninga sem Framleiðsluráð hefur gert með fyrirvara um samþykki Alþingis býst ég við að erfitt verði að vekja upp kindur sem þegar hefur verið slátrað en ef það færi svo að ákvæði samningsins næðu ekki fram að ganga vegna þess að Alþingi gerði svo róttækar breytingar á lögunum gæti það hugsanlega skapað einhverja fébótabyrgð opinberra aðila gagnvart þeim samningum sem Framleiðsluráð hefur fyrir hönd landbrh. gert en ég treysti því að svo verði ekki.

[18:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki alveg á því hvað hv. þm. meinti með því að fénu væri slátrað með fyrirvara um samþykki Alþingis. Ég hélt satt að segja að hann sem fyrrv. yfirmaður Hollustuverndar ríkisins vissi að þau mál heyrðu undir þá ágætu stofnun, Hollustuvernd ríkisins, eftirlit með sláturafurðum. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. Guðmundur Árni sem einu sinni var líka heilbrrh. kannast ekki við sínar stofnanir.

Ég vil í annan stað segja að það er svolítið skrýtið að heyra hv. þm. Sighvat Björgvinsson standa upp og óskapast yfir búvörusamningnum sem felur í sér mun minni kvaðir á ríkissjóð en sá búvörusamningur gerði sem ég tók við þegar ég var landbrh. vorið 1991 og var það þó svo að í fjárlögum fyrir það ár var ekki gert ráð fyrir þeim útgjöldum sem þeim samningi fylgdi. Það sýnir glögglega að hv. þm. meinar lítið með þeim athugasemdum sem hann kom fram með hér áðan og var einungis uppfinning til þess að reyna að draga að sér athygli og tefja störf Alþingis.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi síðasta ræða var þannig að það er svolítið snúið að koma henni inn í þennan ramma og ég hef ekki annan kost en að nota það tækifæri að leiðrétta það sem hæstv. samgrh. segir að vorið 1991 hafi ekki staðið fullnægjandi heimildir til að hefja framkvæmd þess búvörusamnings sem þá hafði verið gerður. Þetta er rangt eins og fleira sem hæstv. samgrh. því miður ruglar með. Staðreyndin er sú að samtímis því að samningurinn var kynntur á Alþingi var aflað nauðsynlegra heimilda til að hefja framkvæmd samningsins í lánsfjáraukalögum sem þá voru lögð fyrir þingið. Strax á því vori áður en gengið var til samninga og þing fór heim stóðu fullnægjandi lagaheimildir til að hefja framkvæmd samningsins og það þing sem þá sat veitti þær.

[18:27]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hvað kom þessi umræða því máli við sem er til umfjöllunar? Byrjað var að framkvæma umræddan búvörusamning m.a. með greiðslum úr ríkissjóði áður en fjárveitingavaldið og Alþingi hefur fjallað um hann og staðfest þau atriði sem fjárveitingarvaldið og Alþingi töldu sig þurfa að staðfesta til að hægt sé að taka umræddan samning til framkvæmda.

Hæstv. landbrh. hefur viðurkennt að nú þegar sé búið að greiða úr ríkissjóði án heimilda að því er mér er sagt 30 millj. kr. vegna markaðssóknar og hann hefur líka viðurkennt að Framleiðsluráð landbúnaðarins sé væntanlega þegar búið að semja við bændur um slátrun 30.000 fjár með þeim fyrirvara að Alþingi samþykki þær greiðslur sem Alþingi hefur ekki enn fjallað um. Ég held að menn hljóti að sjá hvað slíkur samningur hefur í för með sér því ef Alþingi ekki samþykkir þær greiðslur er búið að binda ríkissjóð engu að síður til að greiða skaðabætur vegna þeirra samninga. Ég er að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að áður en löggjafarsamkundunni og fjárveitingavaldinu gefst tækifæri til að fjalla um þá þætti þessa samkomulags sem verða ekki framkvæmdir nema með samþykkt Alþingis er byrjað að greiða úr sameiginlegum sjóði landsmanna og veita ábyrgðir sem sameiginlegur sjóður landsmanna stendur undir sem þessi stofnun hefur aldrei samþykkt. Með því hefur framkvæmdarvaldið bakað íslenskum skattborgurum skaðabótaskyldu, t.d. ef svo færi að þær breytingar sem á að gera á upphaflegu frv. við 2. umr. verða til þess að gagnaðilinn telur sig ekki lengur vera bundinn af samningnum. Engu að síður er búið að binda ríkissjóði skaðabótabagga vegna lögunar 30.000 sauðfjár sem hefur farið fram samkvæmt samningi við opinbert stjórnvald með fyrirvara um samþykki þessarar stofnunar.

[18:29]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að nauðsynlegt er að hæstv. landbrh. og reyndar einnig hæstv. fjmrh. geri þinginu grein fyrir því hver er staða búvörusamningsins áður en umræðan hefst. Ástæðan er m.a. sú að hér liggur á borðum þskj. 254, brtt. frá meiri hluta landbn. í 12 liðum upp á rúmar þrjár blaðsíður þar sem meiri hluti landbn. leggur til breytingar á formlegum samningi sem fjmrh. og landbrh. hafa undirritað. Þar með er ljóst að gagnaðilum þeirrar samningsgerðar er heimilt að gera samninginn marklausan. Stjórnarmeirihlutinn leggur til *með afgreiðslunni að samningurinn sé gerður marklaus* og það er væntanlega landbrh. og fjmrh. sem hafa gefið heimild fyrir því að meiri hlutinn í landbn. standi þannig að málinu nema landbrh. upplýsi annað.

Svo bætist við að hæstv. landbrh. viðurkennir að það sé með samþykki hans búið að skapa stórfellda skaðabótaskyldu á ríkisvaldið með því að heimila slátrun á 30.000 fjár án þess að fyrir liggi samþykkt Alþingis. Það er fullkomlega óheimilt fyrir ráðherra að stofna til þannig skaðabótaskyldu heimildarlaust af hálfu Alþingis. Satt að segja skil ég ekki hvernig hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. ætla að verja þessa málsmeðferð. Nauðsynlegt er að það komi skýrt fram áður en við í þingsalnum eigum að fara að taka þátt í umræðu um þær breytingartillögur um samninginn sjálfan.

[18:31]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil taka það fram varðandi heimild til þess að greiða út 30 millj. vegna markaðsátaksins að fjárlagabeiðnin, eða beiðnin inn á fjáraukalög, hefur verið kynnt og rædd í fjárln. þótt hún hafi ekki verið afgreidd þaðan og var síðast í morgun rædd í fjárln. Það er vissulega slæmt að fjárln. standi fyrir gerðum hlutum varðandi útgjöld ríkisins og það þarf vissulega að bæta. Hins vegar finnst mér upphlaup hv. 4. þm. Vestf. út af þessum 30 millj. dálítið skondið í ljósi þeirrar vinnu sem við höfum verið að framkvæma undanfarið. Hér er t.d. heilbr.- og trn. með fjárbeiðni í fjáraukalögum upp á 2,3 milljarða kr. Lagt er til að fjárheimildir heilbr.- og trmrn. verði auknar um þessa upphæð. Ætli það hafi ekki eitthvað af þessu fé verið greitt út, jafnvel meðan hv. 4. þm. Vestf. var heilbr.- og trmrh. (Gripið fram í.) Ja, er það mögulegt? Er það mögulegt að það hafi eitthvað af þessu fé verið greitt út? Ég er ekki að mæla með því. En auðvitað er þetta bara blástur, en þetta þarf að bæta. Ég er ekki að mæla með því að að fé sé greitt úr ríkissjóði án heimilda, en mér finnst upphlaup af þessu tilefni dálítið sérstakt, svo ekki sé meira sagt.

[18:34]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég heyrði ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, 8. þm. Reykn., og hef heyrt óminn af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um væntanlega 2. umr. um búvörulög sem á að fara fram á eftir og menn hafa ekki þolinmæði til þess að bíða þeirrar umræðu. Ég á því að venjast að alþingismenn séu ekki góðir hlustendur, en að þeir séu ekki heldur lengur læsir kemur mér á óvart. Hér er verið að efast um að landbn. megi leggja það til sem hún gerir. Hún gerir breytingartillögur við búvörusamninginn sem ganga inn í hann. En ef við lítum á þetta, hefur nefndin farið vel yfir málið og kallað marga á fund. Síðast kallaði hún til hinn aðilann að samningnum, Bændasamtökin, sem áttu alla tíð von á hugsanlegum breytingum þar sem skrifað var undir með fyrirvara af hálfu Alþingis. Í nefndaráliti segir, með leyfi forseta, að Ari Teitsson, formaður Bændasamtakanna, hafi lýst því yfir við landbn. að með hliðsjón af framangreindum breytingartillögum muni hann leggja til að stjórn Bændasamtakanna og búnaðarþing samþykki þær breytingar sem gera þarf á samningi um framleiðslu sauðfjárafurða vegna þeirra tillagna um breytingar á búvörulögum sem meiri hlutinn kynnti á fundi nefndarinnar 29. nóvember eða í dag.

Öllum var ljóst að Alþingi er ekki bundið af þeim samningi sem búið er að gera. Ríkisstjórnin er bundin af honum og ég held að hér sé um breytingartillögur að ræða sem gerir samninginn betri og framkvæmanlegri og í meiri sátt við alla aðila um málið. Best væri, hæstv. forseti, að ræða málið sem fyrst.

[18:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það sem hér er að gerast er það að fjmrh. og landbrh. hafa undirritað samning. Sá samningur var síðan samþykktur formlega af búnaðarþingi. Nú er meiri hluti landbn. að taka sér fyrir hendur að breyta samningnum, breyta undirrituðum samningi. Þótt einn maður, formaður Bændasamtakanna, hafi lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að sú gerð verði samþykkt, þá er það satt að segja, hv. þm., ekkert innlegg í málið vegna þess að meiri hluti landbn. er að sanna það hér að sá gerningur landbrh. og fjmrh. að beita sér fyrir því að samningurinn sé samþykktur hefur ekkert gildi. Meiri hluti landbn. er að breyta samningnum hér þrátt fyrir það að þeir sem undirrituðu hann beiti sér fyrir því að hann sé samþykktur. Landbn. hefur hafnað þeirri tillögu landbrh. og fjmrh., það er það sem hér er að gerast. Meiri hluti landbn. er að leggja til að þingið hafni þeirri tillögu hæstv. fjmrh. og landbrh. að staðfesta þann samning sem þeir gerðu. (**GÁ:** Örlítið breyttan.) Þess vegna er engin trygging fyrir því að búnaðarþing samþykki síðan samninginn eins og hann kemur héðan frá þinginu. Það sem hér er verið að leggja til í fyrsta sinn er að hefja samningaviðræður Alþingis og búnaðarþings. Og það er þess vegna sem ég vildi einnig fá svör hæstv. fjmrh. áður en umræðan hæfist. Ég minnist þess ekki að það hafi fyrr gerst að Alþingi hafi farið að breyta með þeim hætti sem hér á að gera samningi sem fjmrh. og landbrh. hafa undirritað og stofnað til skaðabótaskyldu í þjóðfélaginu fyrir hönd ríkisvaldsins í trausti þess að Alþingi samþykki samninginn óbreyttan.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[18:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess í upphafi umræðunnar að gert er ráð fyrir að fundur standi til miðnættis ef þörf er á. Forseti hefur rætt við formenn þingflokka og um það er samkomulag. Markmiðið er að ljúka umfjöllun og afgreiðslu þessa máls á morgun og forseti minnir á að fundur getur helst ekki staðið mjög lengi dags á morgun og biður hv. þm. að taka tillit til þessa.

Umræðutími er vissulega ekki takmarkaður í 2. umr. en forseti bendir á að fyrir góða ræðumenn sem allir þingmenn eru náttúrlega, er hægt að koma sínum skoðunum á framfæri í meitluðu máli á svo sem 15–20 mínútum. Það er mat forseta.

[18:41]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum við frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum. Ég mæli fyrir meirihlutaáliti landbn. en meiri

hlutann skipa auk frsm. hv. þm. Egill Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Jónsson, Magnús Stefánsson og Árni M. Mathiesen.

Hér liggur enn fremur fyrir nefndarálit sem sömu þingmenn undirrita varðandi þessar breytingartillögur. Ég vil í upphafi máls míns þakka samstarfið í landbn. sérstaklega. Það hefur vissulega verið mikil vinna og ströng en hún hefur verið málefnaleg og fullur vilji allra nefndarmanna að koma að málinu með málefnalegum hætti og þeir hafa auðvitað viljað sjá þar ýmsar breytingar. Stjórnarandstaðan vildi sjá nýjan búvörusamning. Menn vildu sjá betri ákvæði til að framkvæma þennan samning o.s.frv. En ég þakka þá málefnalegu umræðu sem þar fór fram og skoðanaskipti.

Ég vil í upphafi lýsa því yfir að ég er mjög sáttur við þá niðurstöðu sem meiri hluti landbn. komst að og þær brtt. sem hún leggur til við frv. Ég vil þó kannski fyrst minna á að margar þeirra breytinga sem hér eru lagðar til við þetta frv. eru tæknilegs eðlis og snúa að orðinni stjórnarskrárbreytingu. Enn fremur komst meiri hlutinn að samkomulagi um breytingar sem að vísu brjóta í bága við samninginn, samning ríkisstjórnar og Bændasamtaka, eins og hér hefur komið fram.

Annað atriðið er að risið hefur upp tilfinningamál út af 70 ára reglu sem hefur verið svo umdeild, bæði meðal bænda og þingmanna, að menn treysta sér ekki að ganga þá leið að skerða sérstaklega eða hætta að greiða beingreiðslur sérstaklega til örlítils hóps manna sem engar leiðir eiga aðrar. Komið hefur fram að þarna er ekki um mjög stóran hóp að ræða sem yrði að láta beingreiðslur sínar af hendi ef þetta ákvæði næði fram að ganga. Margir aðrir eiga þar aðra leið en þar á ég við yngri maka, börn o.s.frv. Þetta er annað atriðið sem snýr að samningnum. Hitt atriðið snýr að viðbótarskerðingu þar sem heimilað er að innheimta 3% verðskerðingargjald af framleiðslu 1996 og 1997 og 2% gjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Verja skal þessum peningum til markaðsaðgerða til að tryggja jafnvægi á birgðum þegar verðlagning verður frjáls. Í sama tilgangi skal verja fé sem veitt er til uppkaupa greiðslumarks skv. 5. gr. samningsins, þ.e. ef það nýtist ekki í þeim tilgangi. Það eru verulegir fjármunir sem á að verja til uppkaupa á beingreiðslumarki en ef þeir nýtast ekki í það má nýta þá til markaðs- og birgðaafsetningar. Á fundum nefndarinnar og í nefndinni sjálfri kom fram að menn óttuðust mjög birgðastöðuna, ekki síst þegar frelsið kemur til.

Síðan er ákvæði um verðtryggingu. Lagt er til að það verði fellt út úr frv. enda standi samningurinn. Það er skýrt kveðið á um að allar upphæðir í samningnum séu miðaðar við verðlag 1. okt. sl. og taki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og segir í lið 6.3 í samningi um greiðslutilhögun.

Því má bæta við að það er stefnan að nema úr lögum allar slíkar bindingar hvað þessi tvö fyrrgreindu atriði varðar sem brjóta í bága við búvörusamninginn og menn hafa þegar rætt þetta. Samningsaðilar gerðu fyrirvara um samþykki Alþingis og búnaðarþings sem segir að það gat gerst að annar hvor aðili vildi breytingu á einhverju tilteknu atriði. Ég vil geta þess að á fund nefndarinnar í hádeginu í dag kom Eiríkur Tómasson lögmaður og hann sagði á þá leið að Alþingi gæti sett ákvæði inn sem stönguðust á við samninginn. Hins vegar geti bændasamtökin sagst óbundin af samningnum ef þau meta svo en ég hef enga trú á því og mun greina frekar frá því áliti sem formaður bændasamtakanna hefur sagt.

Enn fremur sagði Eiríkur Tómasson: „Ríkisstjórnin er auðvitað bundin af samningnum en Alþingi er óbundið og getur auðvitað gert sínar breytingar enda með fyrirvara."

Út af þessari umræðu og þeim breytingum sem hér eru lagðar til vil ég fara yfir álit sem gert var í maímánuði 1991. Þá fór landbrn. þess á leit við embætti ríkislögmanns, en því gegndi þá Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, að embættið gæfi álitsgerð um lagalegan grundvöll nýgerðs búvörusamnings þá eða eldri búvörusamnings. Af því tilefni tók ríkislögmaður saman minnispunkta og þar kom m.a. fram, með leyfi forseta:

„Samningurinn var gerður samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985, þá eldri búvörulögum, og af réttu og bæru stjórnvaldi. Í samningnum er m.a. kveðið á um útgjöld og aðgerðir sem ekki rúmast innan heimilda sem kveðið á um í þeim lögum. Hann er reistur á þeirri forsendu að Alþingi samþykki þau útgjöld og veiti þeim þáttum samningsins sem svo stendur á um lagastoð. Af hálfu ríkisins var samningurinn því gerður með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar. Landbrh. tókst ekki á herðar ábyrgð á og getur ekki ábyrgst samkvæmt stjórnskipunarlögum að Alþingi samþykkti þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framkvæma samninginn samkvæmt efni sínu. Að því leyti til er skuldbindandi gildi þeirra efnisatriða samningsins sem svo stendur á um háð því að forsendur um lagabreytingar gangi eftir."

Þetta vil ég ekki síst segja vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. áðan. Enn fremur þetta: „Með gerð og undirritun samningsins hefur landbrh. hins vegar tekist á herðar þær skyldur að bera upp á Alþingi frv. um lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að efna hann og beita sér fyrir að nauðsynlegar fjárveitingar fáist. Á landbrh. hvílir því sú embættisskylda að gera það sem í hans valdi stendur til að taka málið upp á Alþingi með þeim hætti sem að framan greinir. Ríkisstjórnarskipti breyta þar engu um." Í mínum huga er þetta ljóst.

Áður en ég hleyp aðeins yfir breytingartillögur og nefndarálit vil ég segja að í búvörusamningnum er fólgin ákveðin framtíðarsýn en það veltur mest á hvernig tekst til með framkvæmd samningsins. Það er ljóst að meginmarkmiðin eru að auka hagkvæmni og samkeppnisstöðu sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur. Ég er í engum vafa að þessum samningi mun fylgja heilmikil hagræðing, ekki síst í millistigi sem mun gera það að verkum að neytendur munu hagnast á samningnum. Hann mun enn fremur verða til þess að treysta sauðfjárræktina í sessi og vonandi tekjugrundvöll sauðfjárbænda. Í honum er fólgin frjáls verðlagning í áföngum. Framleiðslustýring er aflögð. Stuðningur er ekki eins háður framleiðslu og áður var. Lögð er áhersla á umhverfismál og atvinnuþróun, önnur verkefni sem bændur geta tekist á hendur þannig að ég tel að hér sé um tiltölulega góðan samning að ræða sem veltur auðvitað á hvernig framkvæmdin tekst til.

Ef litið er á nefndarálitið geta hv. þm. séð að æðimargir hafa komið á fund nefndarinnar, sagt álit sitt á samningnum eða sent inn skrifleg erindi.

Margar breytingartillögurnar eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og þess vegna er ástæðulaust að fara ofan í þær sérstaklega. Í nefndarálitinu er í fyrsta lagi lögð til breyting á 4. gr. frv. Þar er lagt til að felld verði brott tilvísun með bókun í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á

um að innheimt skuli verðskerðingargjald af kindakjöti í 5. gr. frv. en það ákvæði breytir 21. gr. laganna og að gjaldið skuli nema 3% af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts. Þetta snýr að 3. lið brtt. og er í rauninni lagaskýringarákvæði. (**ÓRG:** Hvaða breytingatillögur eru lagatæknilegar? Getur þingmaðurinn farið yfir það?) Eins og ég hef sagt fyrr út frá stjórnarskrárbreytingu sem við gerðum í þinginu í vor urðum við að taka inn í lögin ýmsa gjaldaliði, framsalsatriði af skattlagningu eru ekki heimil þannig að víða kemur: „Skal ráðherra ákveða" o.s.frv.

Í 3. lið stendur: „Af öllu kindakjöti, sem fer til útflutnings, skal innheimta af verði til framleiðenda sérstakt gjald, 30 kr. á kg, vegna útflutningsuppgjörs. Gjaldi þessu skal varið til að jafna eftir föngum skilaverð fyrir kindakjöt sem flutt er úr landi, lítið unnið eða óunnið, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og vöruflokkum, svo og árstíma." Þarna er um nýtt atriði að ræða.

Brtt. við 6. gr. frv. er um að 3.–5. efnismálsgrein orðist svo:

„Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið er til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlis. Skilaverð til framleiðenda fyrir það kjöt sem þeir selja til útflutnings er umsamið söluverð kjötsins milli framleiðenda og afurðastöðvar (kaupanda) að frádregnu sérstöku gjaldi að teknu tilliti til verðjöfnunar skv. 2. mgr. 21. gr. laganna." Hér er um nýtt atriði að ræða.

Í 3. mgr. segir: „Sláturleyfishafa og öðrum sem annast sölu og dreifingu á kindakjöti frá sláturhúsi er skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun landbrh. eða semja við annan sláturleyfishafa um verkun og útflutning á sama magni. Sé þess ekki kostur er viðkomandi aðila skylt að greiða vegna útflutningskvaðar gjald sem landbrh. auglýsir fyrir 1. sept. ár hvert og skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð við útflutning á undangengnum 12 mánuðum. Landbrh. skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssambands sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best."

Í b-lið 5. brtt. segir: „Í stað 1. og 2. málsl. 6. efnismálsgreinar komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandinn tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks, enda liggi fyrir fullnægjandi vottorð um ásetning þeirra. Þá getur ráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands, að kjöt af dilkum sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri."

Síðasta málsgreinin sem ég las er nýtt ákvæði og merkir að fleiri en þeir sem setja sig undir 0,7 regluna og vilja slátra fé sínu eða lömbum sínum, kannski í sumarslátrun um jól eða páska, eiga þess kost að segja sig frá útflutningsuppgjöri.

6. brtt. er við 9. gr. og hljóðar svo:

„a. Í stað orðsins „ári" í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: almanaksári.

b. 2 og 3. málsl. efnismálsgreinar falli brott."

Þarna er um að ræða verðtryggingu sem ég hef þegar farið yfir að meiri hlutinn leggur til að fari út úr frv. og verði ekki lögtekin en skýrt frá því að samningurinn er auðvitað bundinn við vísitölu neysluverðs og ber að uppfylla hann.

Síðan er ég minnist á fleiri atriði. Ég fer í 10. lið, hleyp yfir hina því að það er í rauninni verið að skýra ákveðin atriði og gera þau ákveðnari en þau voru í frv.

10. brtt. er um að á eftir 15. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

„67. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skal setja reglugerð um gæðastjórn í landbúnaðarframleiðslu. Í reglugerðinni skal lýst kröfum um gæðastjórn, vinnslu geymslu og dreifingu íslenskra landbúnaðarafurða."

Yfirdýralæknir kom á fund nefndarinnar og rakti að vegna þróunar hér, bæði vegna áhuga manna að rækta lífrænt og líka vegna alþjóðlegra samninga, væri nauðsynlegt að fá þarna inn lagastoð fyrir reglugerð um gæðastjórn framleiðslunnar.

Ég kem þá að síðasta liðnum í nefndarálitinu um breytingartillögurnar, en þar segir: „Til viðbótar verðskerðingargjöldum skv. 20. og 21. gr. laganna skal innheimta 3% verðskerðingargjald árin 1996 og 1997 af framleiðendaverði og 2% gjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Gjaldi þessu skal verja til markaðsaðgerða til að tryggja jafnvægi í birgðum kindakjöts áður en verðlagning sauðfjárafurða skv. 8. gr. laganna er aflögð. Í sama tilgangi skal verja fé sem veitt er til uppkaupa greiðslumarks skv. 5. gr. samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 milli landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtaka Íslands, ef það nýtist ekki í þeim tilgangi."

Ég hef farið yfir þetta atriði og þarf ekki að endurtaka að þarna er heimild um það að ef uppkaup á greiðslumarki verður ekki eins og að er stefnt þá er heimilt samkvæmt þessu ákvæði um viðbótarskerðingargjald á framleiðsluna að nýta þá peninga til markaðsaðgerða og birgðaráðstöfunar.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi hér farið yfir helstu atriði sem snúa að breytingum á frv. og vil að lokum ítreka að Eiríkur Tómasson lagaprófessor kom á hádegisfund í landbn. í dag ásamt fulltrúum Bændasamtakanna. Við fórum yfir þau atriði sem ég hef áður minnst á að brjóti í bága við samninginn og hvað þau þýddu fyrir þá. Þeir gátu auðvitað ekkert fullyrt um það á þeirri stundu en hér er greint frá viðbrögðum Ara Teitssonar og þar segir: „Með hliðsjón af framangreindum breytingartillögum, lýsti Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands, því yfir við landbn. að hann muni leggja til að stjórn Bændasamtakanna og búnaðarþing samþykki þær breytingar sem gera þarf á samningi um framleiðslu sauðfjárafurða vegna þeirra tillagna um breytingar á búvörulögum sem meiri hlutinn kynnti á fundi nefndarinnar 29. nóvember 1995."

Málið snýst fyrst og fremst um 70 ára regluna þannig að mér heyrðist að þar yrði ekki um mikil viðbrögð að ræða. En það er auðvitað mál Bændasamtakanna og ríkisstjórnarinnar að fjalla um það í framhaldi umræðunnar og afgreiðslunnar hér á Alþingi.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[19:04]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 1. minni hluta landbn. en auk mín ritar undir þetta nefndarálit hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, fulltrúi Alþfl. í landbn. Jafnframt segir

í nefndarálitinu að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Kvennalistans, hafi setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu minnihlutaáliti.

Fyrsti minni hluti telur að samningurinn og frv. þurfi að taka ýmsum breytingum og það er lögð sérstök áhersla á að fjármunum sé betur varið og kerfið gert skilvirkara og það feli í sér framtíðarsýn fyrir sauðfjárbændur og neytendur.

Fyrsti minni hluti landbn. telur frv. það gallað að ekki sé hægt að lögfesta ákvæði þess. Hefjast þurfi handa við að semja að nýju við Bændasamtökin og það heit er gefið af hálfu minni hlutans að það verði veitt liðsinni við þá samningsgerð. Jafnframt bendum við á nauðsyn þess að meira tillit verði tekið til sjónarmiða aðila vinnumarkaðarins, Neytendasamtakanna og fleiri við þá samningsgerð.

Minni hlutinn vill stuðla að því að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar svo hægt sé að vinna að nýjum samningi. Í ljósi þessa leggur 1. minni hluti landbn. til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Og ég vil geta þess að 2. minni hluti landbn. sem gerir grein fyrir nefndaráliti sínu hér á eftir, leggur einnig til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan er því í grundvallarafstöðu sinni sameinuð um það hvernig taka eigi á þessu frv., þótt rökstuðningur sé með misjöfnum hætti.

Þetta frv. sem hv. Alþingi er að fjalla um er mikilvægasta frv. ríkisstjórnarinnar, stefna ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum og jafnast á við fjárlagafrv. Það er ástæða til að taka slíkt frv. alvarlega en þetta frv. er slæmt frv. vegna þess að það byggir á slæmum samningi, það byggir á rangri stefnu. Þetta frv. leysir ekki aðsteðjandi vandamál við sauðfjárrækt. Það er fjandsamlegt neytendum. Það tryggir ekki lægra matarverð sem hægt hefði verið að ná með endurskipulagningu og það tryggir ekki hagsmuni sauðfjárbænda.

Það er merkilegt með þetta frv. að einkenni þess er samráðsleysi. Þegar stjórnarandstaðan liðsinnti nýrri ríkisstjórn í vor, gaf henni ráðrúm til að semja frv. sem tæki á vanda sauðfjárræktar og veitti nýjum ráðherra svigrúm, þá hét hann því í ræðustól á Alþingi að haft yrði samráð við m.a. fulltrúa í landbn. Það var hans fyrsta loforð sem ráðherra. Ekkert slíkt samráð var haft. Það loforð sveik hæstv. landbrh.

Samráð var ekki haft við stjórnarandstöðuna þótt hún hefði verið tilbúin til þess. Það var heldur ekki haft samráð við aðila vinnumarkaðarins sem komu að gerð fyrri búvörusamnings, en eins og hv. alþingismenn muna þá var það inntak í kjarasamningum hér fyrir fimm árum, sátt sem náðist milli aðila vinnumarkaðarins, ríkisvalds og bændasamtaka. Nú voru þessir aðilar ekki spurðir, kallaðir til á einn, tvo fundi en síðan var þeim tilkynnt að afskipta þeirra væri ekki óskað af þessu máli.

Það er ekki aðlögun að breyttum aðstæðum í samningnum og frv. Það er ýmislegt sem gerir það að verkum að umgjörð sauðfjárframleiðslu hefur breyst. Neysla hefur tekið breytingum í landinu hvað varðar kindakjöt. Hún hefur dregist saman og það eru breyttir neysluhættir, m.a. hjá ungu fólki. Það er eðlilegt að reyna að bregðast skynsamlega við breyttum aðstæðum en það er ekki gert í þessu frv.

Fyrri búvörusamningur náði ekki þeim markmiðum sem að var stefnt og það stefndi í óefni þegar ákveðið var að reyna að gera nýjan samning. Þrátt fyrir að búvörusamningurinn og frv. geri ráð fyrir 12 milljarða kr. útgjöldum á næstu fimm árum, þá tryggir þessi samningur ekki lausn á vandamálum í sauðfjárbúskap. Það er vegna þess að stefnan við samningsgerðina af hálfu ríkisstjórnarinnar var röng. Fyrsti minni hluti hefði fyrir sitt leyti verið reiðubúinn til að standa að kerfi sem hefði haft í för með sér umtalsverð útgjöld á næstu fimm árum eins og þessi samningur gerir ráð fyrir. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að verja verulega opinberum fjármunum til þessa málaflokks til að komast út úr gölluðu kerfi fortíðarinnar. En það er mjög mikilvægt þegar verið er að ræða um þessa stóru tölu, 12 milljarða, að ráðstöfun þessa mikla fjár sé skynsamleg en ekki sóun eins og í reynd er með þessari útfærslu sem ríkisstjórnin hæstv. vill nú lögfesta.

Það er bent á í nefndaráliti og hefur komið fram í umræðunni að framlög á fjárlögum í sambandi við landbúnað eru um 6 milljarðar á þessu ári. Þetta er jafnhá fjárhæð og kostar að reka alla grunnskóla landsins. Þetta er því umtalsvert fé sem hér er til umræðu. Stuðningur við landbúnað hér á landi er verulegur. Hann er yfir 10 milljarðar, nær 15 milljörðum ef allt er talið og það er áhyggjuefni að stuðningur okkar hérlendis er mun meiri en annars staðar. Þannig sýna samanburðartölur samkvæmt upplýsingum Alþýðusambands Íslands, byggðar á alþjóðlegum gögnum og hafa líka verið teknar upp af Hagþjónustu landbúnaðarins, svo dæmi séu tekin, að stuðningur Íslendinga við landbúnað er 70% meiri en meðalstuðningur innan OECD. Það hefur oft verið haft á orði hér á hinu háa Alþingi og í stjórnmálaumræðu að landbúnaðarstefna Evrópusambandsins sé dæmi um fáránleika stjórnarfars á þeim bæ. Það má rétt vera. Samt er það svo að stuðningur við landbúnað hérlendis er 50% meiri en innan Evrópusambandsins. Þetta segir okkur að vandinn er verulegur. Það er ekki hægt að stinga honum undir stól og sá samanburður sem liggur fyrir sýnir að fyrir árið 1993 var Ísland í öðru sæti varðandi þetta mál af OECD-ríkjum. Og við höfum í þessum alþjóðlega samanburði oft verið í efsta sæti.

Þessar tölur í sjálfu sér eru ekki umdeilanlegar hér á landi. Ég vil taka fram hvaðan þessar tölur eru komnar, með leyfi hæstv. forseta. Ég hef hér vitnað til bréfs frá Alþýðusambandi Íslands sem barst til landbn. um þennan þátt.

Þetta leiðir auðvitað hugann að því að vandamálið er mjög stórt og á sér sínar orsakir. Orsakirnar endurspeglast í samsetningu ríkisstjórnarinnar. Það er engin tilviljun að hæstv. ríkisstjórn kemur með ónýtan samning, ónýtt frv. sem kostar 12 milljarða á fimm árum og er búið að kosta mikið á undanförnum árum. Það er engin tilviljun að það er þessi ríkisstjórn sem kemur fram með þetta mál í þessum búningi. Sjálfstfl. og Framsfl. bera ábyrgð á þessari landbúnaðarstefnu. Þetta er ekki þróun sem hefur orðið síðustu missiri eða á þessu ári. Þetta endurspeglar stjórnmálastefnu þessara tveggja flokka um áratuga skeið. Þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa reynst óhæfir til að laga kerfið að breyttum aðstæðum og þeir hafa hvorki gætt hagsmuna bænda né neytenda. Það er ekkert einkennilegt að þessir tveir flokkar breyta ekki miklu í landbúnaðarkerfinu. Það kerfi bjuggu þeir sjálfir til. Sérhvert foreldri hefur taugar til síns barns þó svo að það lendi á villigötum.

Í frv. er framleiðslukvóti afnuminn en það var ákveðið grundvallaratriði í síðasta búvörusamningi. Þótt að það sé í sjálfu sér góð stefna einkennist samningurinn og frv. af því að athafnafrelsi bænda eru settar verulegar skorður. Það á við um verðmyndun á afurðum þeirra, verslun og útflutning. Það er rangt þegar því er haldið fram að verið sé að gefa verðlag frjálst í áföngum með þessum samningi. Það er einfaldlega rangt. Það er ekki gert, því hornsteinn samningsins er að það er landbrh. sem ákveður skiptingu framleiðslumagns

til útflutnings og á innanlandsmarkað og það þarf ekki að hafa mörg orð um það. Ef til vill mætti hafa mörg orð um það. En þegar magn er ákveðið, þá er jafnframt ákveðið verð afurðanna. Þannig að það er engin frjáls verðmyndun í samningnum nema síður sé.

Eitt einkenni á samningnum, sem gert hefur verið að umtalsefni, er það að um miklar fjárhæðir er vissulega að ræða en þær eru verðtryggðar. Hér kemur verðtrygging fram í samningi sem gerður er fimm ár fram í tímann. Hæstv. framsögumaður meiri hluta gat þess áðan að á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar væri að festa verðtryggingu sem allra minnst í lög. Gott og vel. Eina breytingartillaga meiri hlutans er sú að verðtrygging sé ekki inni í samningnum. Það skiptir hins vegar engu máli vegna þess að í nefndarálitinu er með réttu bent á samninginn sjálfan þar sem kveðið er á um verðtryggingu. Vitaskuld verður ríkið að standa við samninginn, alveg eins og segir í áliti meiri hlutans og greiðslurnar verða verðtryggðar. Eini munurinn er sá að þær verða teknar upp í fjárlögum á hverju ári og þar verður bætt við verðtryggingu eða verðhækkunum af því að samningurinn var gerður á þennan hátt.

Þetta atriði lýsir að mörgu leyti betur forgangsröðun núv. ríkisstjórnar en margt annað í samningnum. Það er vegna þess að ríkisstjórnin sá ástæðu til þess í sínu fjárlagafrv. að afnema þá venju sem hafði skapast í bótum almannatryggingakerfisins að miða þær við verðlagsbreytingar og kjarasamninga. Þar voru settar tölur óbreyttar frá fyrra ári. Þar vildu menn ekki verðtryggingu þegar kom að þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. En þegar það þurfti að halda uppi ónýtu kerfi í landbúnaði sáu þeir ástæðu til að verðtryggja það í bak og fyrir.

Þetta frv. og þessi samningur byggir m.a. á umtalsverðum útflutningi. Nú er það svo að reynt hefur verið árum saman að flytja út landbúnaðarafurðir, kindakjöt, með vægast sagt mjög slæmum árangri. Þessi uppsetning í samningi og frv. gengur hins vegar út á það að það verði að flytja umtalsvert magn á erlenda markaði. Það er nú svo að vandamál í sauðfjárrækt felast e.t.v. í þeirri staðreynd að of margir aðilar eru að framleiða fyrir of lítinn markað, sem er okkar heimamarkaður og býr þar að auki við minnkandi neyslu. Það er óraunhæft að mati fjölmargra sem vit hafa á málinu að hægt sé að ganga út frá því að unnt sé að flytja út einhver þúsund tonn, segjum tvö þúsund tonn á ári, á hagkvæman hátt. Það má hins vegar benda á það að telji menn vera von í útflutningi með nýrri markaðsleit og nýjum hugmyndum um vistvænan og lífrænan landbúnað, er nægjanleg framleiðslugeta í landinu til að stunda þá markaðsstarfsemi án þess að við séum í magnútflutningi eins og hér er gengið út frá. Ég bendi hins vegar á að það eru fleiri þjóðir en við sem hafa uppgötvað lífræna ræktun og vistvænan landbúnað. Það er hörð samkeppni á heimsmarkaði, líka á þessum vettvangi, en vitaskuld eigum við að reyna fyrir okkur þar eins og annars staðar.

Í frv. og samningnum er líka, en margir benda á það sem versta galla þess, falinn hvati til framleiðsluaukningar. Nú er það markmið samningsins að draga úr framleiðslu og reyna að laga hana meira að þörfum markaðarins. En af því að rangt var staðið að samningsgerðinni þá er inni í þessum samningi hvati til framleiðsluaukningar. Ástæðan er sú að það er hagkvæmt fyrir einstaka bændur að auka framleiðsluna ef viðbótartekjur eru hærri en viðbótarkostnaður. Og þar sem hluti af viðbótarframleiðslunni kemur líka inn á innlendan markað er auðvelt að sýna fram á að þetta leiði til framleiðsluaukningar. Allt er það háð verði sem fæst á erlendum mörkuðum. Ég hygg að Markús Möller hagfræðingur hafi fyrstur bent á þennan framleiðsluhvata sem felst í samningnum og frv. í grein í Vísbendingu, en þess má geta að þessir útreikningar eða aðferðafræði hefur verið staðfest af fleiri aðilum sem hafa skoðað þessa hugsun. Þar má nefna Hagþjónustu landbúnaðarins, Hagfræðistofnun og Þjóðhagsstofnun. Allt eru þetta aðilar sem hv. landbn. leitaði til. Það má líka benda á sem framleiðsluhvata í frv., að mjög vannýtt afkastageta í landbúnaði gerir það vitaskuld að verkum að einstaka bóndi reynir að auka framleiðslu sína ef viðbótartekjur eru meiri en viðbótarkostnaður. Það er mikill fastur kostnaður í landbúnaði þannig að þetta virkar einnig sem hvati á framleiðsluaukningu.

Þessir þættir voru dregnir vel fram í mjög skýru áliti sem landbn. barst frá Hagþjónustu landbúnaðarins. Þar var reyndar bent á þriðja hvatann til framleiðsluaukningar, svokallaðan siðferðilegan hvata, ef svo má að orði komast. Reynslan hefur orðið sú varðandi fyrri búvörusamning að þeir sem juku framleiðsluna koma alls ekki svo illa út úr þessum málum núna. Þannig að þegar menn horfast í augu við það að kannski sé nú betra að mörgu leyti upp á seinni tímann að vera ekki að draga úr framleiðslunni, þá getur þetta virkað sem viðbótarhvati.

Látum það vera. Miklu alvarlegri eru fyrri þættirnir sem ég nefndi, um ónýtta eða vannýtta afkastagetugetu og það að viðbótarframleiðsla fær hlut í innanlandsmarkaði en ekki einungis í útflutningsmarkaði.

Þrátt fyrir að umsagnaraðilar og við minni hlutinn, stjórnarandstaðan í landbn., drógum þetta skýrt fram, var ekki við það komandi að reyna að setja skynsemi í þennan samning. Það grátlegasta við þetta mál er að það er gerður slæmur búvörusamningur. Hann er illa gerður eins og ég kem betur inn á á eftir. Þegar Alþingi fær málið til umfjöllunar, því það þarf að setja lagaumgjörð um þennan samning, þá er tækifærið ekki nýtt til að lagfæra verstu gallana. Það er ekki gert. Og breytingartillögurnar sem voru kynntar áðan og ég fer betur yfir á eftir, breyta engu í grundvallaratriðum varðandi þetta frv. Þetta eru smávægilegar breytingar sem skipta sáralitlu máli. (**Gripið fram í:** Stenst hugsanlega stjórnarskrána.) Það er vafasamt hvað það stenst stjórnarskrána, en það er þáttur sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni síðar. Ég vil einnig benda á, og það kemur skýrt fram í okkar afstöðu, að ekki er tekið á vandamálum vinnsluaðila sem eru vitaskuld hluti af þessu vandamáli.

Í síðasta búvörusamningi var þó reynt að auka hagkvæmni í vinnslustöðvunum en hér er ekkert gert í því. Það eru ekki innbyggðir neinir markaðslegir hvatar í þetta frv. eða samning sem gætu aukið þá hagkvæmni. Ég vil benda á það sem kom fram í umfjöllun landbn. að framleiðni í íslenskum mjólkurbúum hefur minnkað um 40% á síðustu 20 árum. Við erum að vísu ekki að fjalla um mjólkuriðnað hér. Þetta gerist á sama tíma og framleiðni í iðnaði að frátöldum fiskiðnaði eykst um 40% og í sjávarútvegi enn meira, fiskvinnslu og útgerð, þar hefur framleiðnin aukist um 70–80% á síðustu 20 árum. En í landbúnaðinum er hún að dragast saman. Auðvitað kemur þetta fram í háu matarverði, lágum launum bænda, slakri afkomu og miklum framlögum á fjárlögum. Öðruvísi getur ekki farið. Þá hagkvæmni sem hefði verið hægt að byggja inn í þetta frv. og samninginn er þar hvergi að sjá. Það er ekki einu sinni sett inn í þennan samning

og frv. möguleiki fyrir þau fjögur sláturhús framleiða fyrir erlendan markað og eru búin að leggja í miklar fjárfestingar til að fá leyfi til sölu erlendis. Það er ekki byggt í þetta neinn hvati svo þessi sláturhús geti fengið að njóta afraksturs af uppbyggingarstarfi sínu. Allt er flatt út og menn sem eru af dugnaði að byggja upp framleiðslu sem gæti hentað vel annars staðar fá enga möguleika til þess. Og þeir kvarta sáran yfir því að fá ekki tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum. Fjölmargir aðilar í íslenskum landbúnaði eru reiðubúnir til að laga sig að breyttum aðstæðum, bændur, vinnsluaðilar og söluaðilar. En þeim er ekki gert það kleift samkvæmt þessum samningi, þessari miðstýringu sem gengur í gegnum alla samningsgerðina.

Í þessum samningi er verðjafnað á milli erlendra markaða. Sá sem flytur út á að fá sama verð, sama hvert hann selur. Grundvallaratriði í markaðsfræði er að markaðir fái að keppa innbyrðis, annars fæst engin hagkvæmni. Það væri laglegt fyrirkomulag ef við í íslenskum sjávarútvegi hefðum sama verð á Bandaríkjamarkaði og Evrópumarkaði. Auðvitað framleiða menn á þann markað sem gefur betri afkomu. Mönnum dettur ekki annað í hug. Mönnum fyndist fráleit hugsun að verðjafna þarna á milli markaða. Látum nú vera þótt mönnum sé kannski illa við fræði í tengslum við landbúnað. En það sem mönnum finnst fráleit hugsun í öðrum atvinnugreinum hér á landi er fest í lög í þessum samningi og það af þeim flokki sem svona á tyllitögum talar fyrir frjálsræði í viðskiptum og gott ef hann berst ekki jafnvel fyrir einkaframtaki og frumkvæði og einhver fleiri slagorð eru sjálfsagt til um það efni. En þegar til kastanna kemur er þetta gleymt og grafið. Þegar kemur að því að búa til kerfi fyrir íslenskan landbúnað, er allur útflutningur meira að segja verðjafnaður eins og hægt er.

Þetta var aðferð sem kom upp í þinginu í vor þegar stjórnarandstaðan hjálpaði hæstv. landbrh. að fá andrými til haustsins. Þá var ákveðið að taka inn verðjöfnunargjald á erlendum mörkuðum til að jafna og í þeirri umræðu kom fram einmitt það sjónarmið sem ég er að lýsa, að þetta væri ekki góð latína. Og það er þó merkilegt að hæstv. landbrh. minnist þess og tók undir það. Landbrh. er skynsamur stjórnmálamaður. Ég dreg ekki vitsmuni hans í efa, síður en svo, þótt hann sé fangi ónýts kerfis og gamallar hugmyndafræði. Hann sá hvaða vitleysa var hér á ferðinni. En nú, nokkrum mánuðum síðar, gengur þetta aftur athugasemdalaust í gegnum þá tvo þingflokka sem standa að þessu máli. Þegar síðar kom að þessu efni voru þeir allir handjárnaðir. Samningurinn verður væntanlega lögfestur á morgun, nær óbreyttur.

Nú skulum við taka dæmi. Segjum sem svo að ég vilji segja mig úr lögum við þetta kerfi. Ég gæti tekið einhvern annan þingmann sem dæmi, t.d. hv. formann landbn. Varaformaðurinn, hv. þm. Egill Jónsson er bóndi, hann er inni í þessu kerfi og þekkir það mætavel. Annars er formaðurinn heldur ekki gott dæmi, það er ólíklegt að hann vilji segja sig úr lögum við þetta kerfi. Tökum hann samt sem dæmi um mann sem vill hefja búrekstur, kaupa land og nokkrar rollur, gæta fyllsta heilbrigðis og hafnar öllum greiðslum frá ríkinu, vill engar beingreiðslur. Hann ætlar ekki að vera baggi á þjóðfélaginu. Hann ætlar að vera með sínar rollur og lifa af landsins gæðum. (**GÁ:** Þetta ætla ég að gera þegar ég verð gamall.) Þá þarf hv. þm. að breyta frv. En hann hefur tímann fyrir sér, það er langt þar til hann verður gamall. Samkvæmt þessu frv. gæti hann ekki látið þann draum rætast.

Segjum sem svo að bóndinn vilji kaupa slátrun í einhverju sláturhúsi sem hefur til þess leyfi og selja kjötið í Hagkaup eða Bónus. Þetta er góð framleiðsla, hv. formaður landbn. yrði umhyggjusamur bóndi. Hann ætlar sem sagt að reyna að hagnast á þessu, hafna öllum greiðslum frá ríkinu og láta sér nægja það verð sem verslunin borgar fyrir kjötið. Það má hann ekki samkvæmt þessu frv. Og þegar smásmuga uppgötvaðist í frv. voru settar upp þrjár varnargirðingar sem eru meðal þeirra breytingartillagna sem hér eru. Hann verður að fá greitt fyrir hluta af framleiðslu sinni á útflutningsverðlagi. Hann kemst ekki út úr þessu kerfi. Það er ekki hægt að segja sig úr lögum við þetta kerfi, jafnvel þótt hann ætli engar greiðslur að fá frá rikinu. Það er mikið matsatriði, herra forseti, hvort þetta ákvæði stenst stjórnarskrána um atvinnufrelsi. Það er mikið matsatriði. Við spurðum lögmenn að þessu sem komu til hv. landbn. en fengum ekki skýr svör, enda er þetta álitamál. Ég vil ekki fullyrða að þetta brjóti í bága við stjórnarskrá. Ég segi hins vegar: Hér er um álitamál að ræða sem bindur alla við þetta kerfi. Framtak ungra bænda fær ekki að njóta sín í kerfinu.

Það er e.t.v. á einum vígstöðvum sem framtak bænda fær að koma fram í dagsljósið í ónýtu kerfi og það er heimaslátrun. Það er hvorki tekið á heimaslátrun í samningnum né frv. Þeir sem vel til þekkja segja að nýja kerfið muni einmitt stuðla enn frekar að heimaslátrun.

Við í landbn. fengum til okkar sérfræðinga og spurðum þá alla: Hvað með heimaslátrun? Hve mikil er hún umfram kerfi? Eins og menn vita er það visst magn sem menn mega slátra og nýta til eigin nota. Það magn hefur aðeins verið rýmkað, en það var ekki hægt að fá neinar tölur um það. Menn giskuðu á 500 tonn, 1.000, upp í 2.000 tonn. Það er ekki hægt að fullyrða neitt um það. En þegar neyslan er e.t.v. um 7 þús. tonn, þá getur hér verið um að ræða umtalsvert magn. Sumir svöruðu því til að það væri allt eins hægt að spyrja hversu mikið væri um brugg í landinu. Það er því mjög örðugt að fá svar við þessu.

Þær upplýsingar fengust þó hjá kaupmönnum sem reka verslanir bæði hér í þéttbýlinu og í dreifbýlinu að umtalsverður munur væri á kjötsölu sem hlutfallsveltu í þéttbýli og dreifbýli. Þeir drógu þá ályktun að það væri vegna þess að mikið væri um heimaslátrun, markaðurinn væri að hluta til dekkaður í dreifbýli með heimaslátrun. Ég ætla í sjálfu sér ekki að leggja mat á þetta, en ég get vel skilið að menn reyni að bjarga sér í ónýtu kerfi, menn framleiði umfram og reyni jafnvel að byggja upp sitt eigið sölukerfi. Þetta er í sjálfu sér ekkert feimnismál. Það þarf að ræða það vegna þess að það er mjög vont og satt best að segja óframkvæmanlegt ef hér verður um tvöfalt framleiðslu- og sölukerfi að ræða. Heimaslátrun getur aukist vegna þess að bændur vilja losa sig við þá útflutningskvöð eða uppgjör á útflutningsverði fyrir hluta framleiðslu sinnar sem gert er ráð fyrir í frv.

Þetta frv. er líklega ein versta lagasmíð sem hefur komið inn á Alþingi. Gagnrýnin frá virtum lögfræðingum sem nefndin fékk á sinn fund var mikil, svo við orðum þetta á virðulegan hátt, herra forseti. Þetta er illa unnið frv. Megnið af þeim brtt. sem hv. formaður landbn. gerði grein fyrir og sagði að væru tæknilegar brtt., sem er reyndar hárrétt, komu til vegna þess að þetta frv. var það illa unnið að það þurfti að eyða miklum tíma í að setja það í þannig lagabúning að það fullnægði lágmarkskröfum um löggjöf.

Landbn. fékk Eirík Tómasson lagaprófessor og Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann á sinn fund til að fara yfir þessi mál og afstaða þeirra endurspeglast m.a. í mjög

mörgum af þessum brtt. Báðir þessir menn eru sérfróðir í landbúnaðarlöggjöf. En það lýsir vinnubrögðum og hugmyndafræði stjórnarflokkanna að upprunaleg gerð frv. stóðst ekki einu sinni ákvæði stjórnarskrárinnar. Það var kastað svo til höndunum við það þegar menn voru að reyna að lögfesta þennan samning að það var ekki einu sinn komið með boðlegt frv. inn í þingið sem stæðist stjórnarskrá. Það er búið að gera betrumbót á frv. hvað tæknilegu atriði varðar. Hins vegar hefur tíminn verið skammur og það má vera að ýmislegt fleira sé í þessu frv. sem þyrfti að skoða út frá þessu sjónarmiði.

Umsagnir sem bárust til nefndarinnar voru margvíslegar en áður en ég kem að þeim vil ég drepa aðeins á þær brtt. sem meiri hlutinn leggur fram. Það eru að langmestu leyti tæknilegar breytingar. Efnisbreytingar á þessum samningi eru sáralitlar. Þrjár efnisbreytingar sem gerðar eru í brtt. brjóta í bága við búvörusamninginn. Í fyrsta lagi er í búvörusamningnum fortakslaust sagt að jafnt verð skuli vera í uppgjöri fyrir útflutning. Þegar meiri hluti landbn. reyndi að útfæra þetta sáu menn að ekki væri hægt að tryggja þetta nægjanlega þó að viljinn væri fyrir hendi. Sett var upp verðjöfnunarkerfi sem er afskaplega erfitt í framkvæmd og verður óskapnaður að vinna eftir því en látum það vera. Það tryggir a.m.k. ekki jafnt verð og það er viðurkennt af meiri hluta landbn. Þetta ákvæði brýtur sem sagt í bága við búvörusamninginn.

Annað ákvæði sem brýtur í bága við búvörusamninginn er að í samningum var gert ráð fyrir að hætta greiðslum til bænda yfir sjötugu. Hv. frsm. meiri hluta fór yfir það mál. Þetta er tekið út úr frv. Það er sömuleiðis brot á búvörusamningnum.

Þriðja atriðið sem er brot á búvörusamningnum er það ákvæði að gert er ráð fyrir tiltekinni fjárhæð til uppkaupa sem má ekki ráðstafa í annað. Ef uppkaupin ganga ekki eftir — sem er ekki að takast vegna þess að boðið var of lágt, en látum það vera — þá rennur afgangurinn af þessu fjármagni í ríkissjóð. Ein af brtt. meiri hlutans er sú að verði afgangur af þessu uppkaupafé renni það til markaðsaðgerða og í birgðavanda. Þetta er líka brot á búvörusamningnum.

Áðan var nokkur umræða um stjórn þingsins. Úr því verið er að gera breytingar á samningnum þarf þá ekki að taka upp allan samninginn? Það er skoðun stjórnarandstöðunnar og kemur fram í þeirri tillögu sem ég lýsti að við teljum að vísa eigi málinu til ríkisstjórnarinnar og gera þurfi nýjan samning vegna þess að þessi er meingallaður. En hæstv. landbrh. sagði í fjölmiðlum fyrir örfáum dögum að ekki yrði breytt stafkrók, a.m.k. yrði ekki breytt það miklu að það samrýmist ekki búvörusamningnum. Meiri hluti landbn. fór ekki eftir óskum ráðherrans enda var það satt best að segja ekki hægt, a.m.k. ekki varðandi ákvæðið um jafna verðið. Það lá í augum uppi að það var ekki hægt.

Stjórnarandstaðan í landbn. óskaði sérstaklega eftir fundi í morgun áður en málið færi út úr nefndinni og þá voru kallaðir til fróðir lögmenn til að leggja mat á stöðuna. Spurningin var hvort hægt væri að koma fram með frv. á hinu háa Alþingi til staðfestingar á samningi og frv. brýtur í bága við samninginn. Ef lögmenn hefðu sagt að þetta gengi ekki var augljóst að menn yrðu að hugsa dæmið upp aftur. Á fund nefndarinnar kom Eiríkur Tómasson lagaprófessor og jafnframt var nefndin í símasambandi við Tryggva Gunnarsson lögmann. Sest var yfir með hvaða hætti yrði að taka á málinu. Það kom fram eins og hv. frsm. meiri hluta lýsti og það kom einnig fram hjá Eiríki Tómassyni og Tryggva Gunnarssyni að þetta færi eftir eðli breytinganna. Skoðum þessar breytingar og í fyrsta lagi 70 ára regluna sem er í sjálfu sér rýmkun á samningnum. Hún þýðir ekki fjárhagslega breytingu á samningnum, a.m.k. ekki gagnvart ríkissjóði vegna þess að beingreiðslur eru fastákveðnar í samningnum og það er fært á milli uppkaupafjár og beingreiðslu.

Það getur kallað á aukin útgjöld eða réttara sagt minni sparnað að taka uppkaupaféð og verja því í birgðamál. Sú breyting er til hagsbóta fyrir bændur, annan samningsaðilann en hins vegar er hugsanlegt óhagræði af því fyrir ríkissjóð og fjmrh. Meiri hluti nefndarinnar, sem hefur fjmrh. innan sinna raða, taldi að ekki væri gengið það þvert á hagsmuni ráðherrans að ekki mætti lifa við þessa breytingu. Ekki er vitað hvaða upphæð hér er um að ræða.

Þriðja breytingin er hins vegar miklu meira álitamál. Það er að í samningnum er gert ráð fyrir jöfnu verði því að sú spurning vaknar hvort ríkið geti hugsanlega verið skaðabótaskylt varðandi það að vera með samning og löggjöf sem stangast á. Það er matsatriði varðandi þann þátt og það varð niðurstaða lögfræðinganna að eðlilegt væri að fyrir lægju yfirlýsingar samningsaðila um að þeir teldu að þetta rúmaðist innan þeirrar hugsunar sem þeir lögðu upp með þegar þeir gerðu samninginn. Það vannst á þann hátt að formaður Bændasamtakanna, Ari Teitsson, gaf þá yfirlýsingu sem formaður landbn. lýsti áðan. Vitaskuld var ekki hægt að biðja formann Bændasamtakanna um öðruvísi yfirlýsingu, hann getur ekki svarað fyrir búnaðarþing en hann ætlar að beita sér fyrir að Bændasamtökin, búnaðarþing og stjórn Bændasamtakanna líti svo á að hér séu ákvæði sem verði felld inn í samninginn. Þetta verði ekki notað sem riftunarástæða enda er vafasamt að umfang þessara breytinga sé það mikið að hægt sé að rifta samningnum á grundvelli þeirra.

Enda þótt við teljum samninginn meingallaðan og að hann eigi að fara aftur í endurskoðun þá er úr því að meiri hlutinn vill lögfesta þetta á þennan hátt ekki hægt að mínu mati hægt að finna lögfræðilega mótspyrnu gegn því vegna þess að fjölmörg fordæmi eru fyrir því að Alþingi setji lög sem ganga yfir einstaka samninga. Ég tel ástæðu til að fara nokkuð yfir þennan þátt eins og ég hef gert í ljósi fyrri umræðu þannig að það mál skýrðist varðandi samninginn en það er auðvitað matsatriði og alltaf áhætta fyrir samningsaðilann að lögfesta breytingar eins og í þessu tilfelli ríkisstjórnina. Samningurinn var vitaskuld gerður með fyrirvara Alþingis þannig að Alþingi hefur fullan rétt bæði að breyta þessu frv., gera ekkert frv., vísa því til ríkisstjórnarinnar eða gera það sem það vill.

Fjórða atriðið sem mætti nefna er verðtryggingin sem er tekin út úr frv. og ég rakti aðeins áðan. Það skiptir engu máli að þetta sé tekið út úr frv. Sennilega hefur átt að koma til móts við einhverjar yfirlýsingar nokkurra sjálfstæðismanna í fjölmiðlum og e.t.v. slá þeir nú sér á brjóst og telja sig hafa náð einhverju fram en svo er ekki. Þetta er engin efnisbreyting enda er tryggilega getið um í meirihlutaálitinu. Verðtryggingin stendur eins og áður og hún er í samningnum. Eina breytingin er sú að á fjárlögum hverju sinni mun fjmrh. vitaskuld koma með frv. sem hækkar þessar tölur upp og hann er skuldbundinn til þess því að samningurinn stendur. Ein af gagnrýnisathugasemdum 1. minni hluta var að óeðlilegt væri að hafa verðtryggingu inni í samningnum, m.a. út af þeim ástæðum sem ég nefndi samræmi við fjárlagafrv. og þar kom fram hin pólitíska forgangsröðun núverandi ríkisstjórnar.

Nefndinni bárust fjölmargar umsagnir og í nefndarálitinu er getið nokkurra þeirra og teknir upp þættir úr ýmsum þeirra. Einkenni allra umsagnanna var gagnrýnin afstaða og hatrömm andstaða. Að vísu fengum við fulltrúa Bændasamtakanna á fundinn, annan samningsaðilann. Auðvitað studdu þeir sinn samning og töluðu máli umbjóðenda sinna þótt svo að við vitum að innan bændastéttarinnar er eins og eðlilegt er skiptar skoðanir um þetta en málið var samþykkt á búnaðarþingi. Vitaskuld göngum við út frá því að hér endurspeglist vilji forustunnar.

Þegar ýmsir vankantar voru dregnir upp í umfjöllun nefndarinnar, sem lýst er í álitum minni hlutanna á hinu háa Alþingi þegar mönnum voru betur ljósir vankantarnir á samningnum, runnu tvær grímur á ýmsa sem höfðu stutt þessa hugmyndafræði áður. *Því miður voru ekki gerðar* breytingar en ég held að það sé orðið ljóst í hugum allra, líka hv. meirihlutamanna, að þetta er ekki óskasamningur sem þeir standa að og ekki verður auðvelt að framkvæma þau ákvæði og það kerfi sem lagt er upp með. Ég veit að þeim líður ekkert sérstaklega vel með það hvernig þeir ætla sér að framkvæma þetta. En því miður höfnuðu þeir því boði stjórnarandstöðunnar að setjast betur yfir málið í samráði við stjórnarandstöðuna, við aðila vinnumarkaðarins, við verkalýðshreyfinguna og með Bændasamtökunum og reyna að búa til samning sem væri meira vit í. Það var ekki gert. Það var slegið á þessa sáttarhönd vegna þess að í landbn. *fóru menn mjög vel yfir samninginn.* Þetta er tæknilega mjög erfið umræða og allir nefndarmenn settu sig vel inn í málið, bæði meiri hluti og minni hluti og vildi vel í málinu. Niðurstaðan var þessi og kannski ekki óeðlilegt að menn klofnuðu eftir pólitískum leiðum eins og endurspeglast í þeim álitum sem eru til umræðu.

Verslunarráðið kom m.a. með athugasemd. Það hefur áhyggjur af framleiðslunni því þótt beinar takmarkanir verði afnumdar verður magnið bundið útflutningi og gert er ráð fyrir að uppgjör sláturleyfishafa vegna útflutnings verði sameiginlegt og sama verð eigi að greiðast öllum sauðfjárbændum. Þeir tala um í þessari umsögn að þetta sé óskynsamlegt fyrirkomulag.

Fleiri bentu á þetta atriði og mjög vönduð umsögn barst frá Hagþjónustu landbúnaðarins um þetta efni þar sem bent var á marga þætti varðandi málið, m.a. er dregið í vafa að þetta útflutningsfyrirkomulag virki hvetjandi á afurðastöðvar til að stunda markaðsstarf erlendis. Þetta er hlutlaus stofnun sem leggur mat og hefur aldrei mér vitanlega verið vænd um það að sýna ekki alveg yfirvegaðar úttektir og þá heldur á hinn veginn að draga þá frekar taum landbúnaðarins en ég geri það ekkert upp í þessu áliti. Það er farið mjög kalt yfir stöðuna. Þar er m.a. rakin sú ónýtta framleiðslugeta sem er fyrir í landinu sem mun leiða til þess að framleiðslan aukist vegna þess að það er stór hluti fastur kostnaður í búunum. Þetta er einfalt lögmál sem þarna gildir, einföld lögmál skynseminnar sem allir þekkja sem eitthvað hafa komið nálægt rekstri fyrirtækja og þekkja eitthvað aðeins til í þeim fræðum sem liggja þar að baki. Álitsgerðin frá Hagþjónustu landbúnaðarins er t.d. ótvírætt varðandi þá galla sem ég hef drepið á í umgjörð samningsins.

Landbn. leitaði líka álits Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hefur oft legið undir árásum frá hálfu stjórnmálamanna og bændaforustu fyrir óyfirveguð vinnubrögð. Sú gagnrýni hefur sjálfsagt oft verið óréttmæt en eins og oft vill verða er e.t.v. eitthvað til í því. Þeir voru meðal fárra sem telja upp kosti frv. og í áliti Hagfræðistofnunar segir um helstu kosti frv., með leyfi forseta:

„Framleiðsla á kindakjöti verður ekki lengur tengd greiðslumarki og fjárhagslegur stuðningur við bænda verður aðeins í undantekningartilvikum tengdur framleiðslumagni. Á þann hátt gengur nýgerður búvörusamningur skrefi lengra í þeirri viðleitni að taka upp raunverulega beingreiðslu í stað framleiðslutengds markaðsstuðnings. Verðlagning sauðfjárafurða á innanlandsmarkaði verði gefin frjáls í áföngum sem mun leiða til samkeppni innan greinarinnar, bæði í verði og gæðum og í þriðja lagi verði bændum gert mögulegt að hætta búskap gegn því að fá andvirði jafnvirði fimm ára beingreiðslna. Greiðslumarkið verður endurgreitt til lítilla og miðlungsstórra býla. Líklega mun þetta valda auknu hagræði *í greininni, a.m.k. til skemmri tíma litið.*“

Þetta sagði Hagfræðistofnun um kosti samningsins m.a. og ég hugsa að þarna sé betur fram dregið hvað menn meintu með samningnum en kannski hefur komið fram í málflutningi hv. stjórnarliða. En vitaskuld draga þeir líka upp galla samningsins og þeir vega býsna þungt. Þar fara þeir mjög nákvæmlega í þessa framleiðslugildru eða framleiðsluaukninga og til hvers það leiðir ef bóndi tekur hagkvæma ákvörðun fyrir sjálfan sig. Bændur eru skynsamir. Þeir reyna auðvitað að hámarka sínar tekjur, hámarka sinn hagnað og hámarka sínar nytjar. Það er kallað innan hagfræðinnar að hegða sér af skynsemi og vitaskuld munu bændur gera það í þessu tilviki, nákvæmlega eins og sérhver einstaklingur hagar sér af skynsemi þegar hann fer út í búð til að ráðstafa sínum 1.000 kr. Hann reynir að gera það á sem hagkvæmastan hátt fyrir sjálfan sig. Þetta er einföld forsenda.

Miðað við að það er gert, þá leiðir þetta fyrirkomulag frv. til þess að í því er hagrænn hvati, segir í áliti stofnunarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„... hagrænn hvati fyrir bændur að auka framleiðslu sína þvert á markmið samningsins og neysluþróun í landinu. Í stað þess að stýra heildarframleiðslumagni er útflutningskvóð komið á þannig að framleiðendum er gert skylt að selja sama hlutfall af framleiðslu sinni á sama verði til útlanda.“

Síðan er í álitinu sett fram einfalt dæmi um hvernig einn einstakur bóndi sér hag sinn í því að auka framleiðsluna en það byggist á því að viðbótarframleiðslan hans fer að hluta til á innanlandsmarkað. Ef hann gerir það ekki, þá gera það einhverjir aðrir bændur, þannig að það er hagkvæmt fyrir bónda að bæta við sína framleiðslu.

Þeir benda vitaskuld á eins og ég dró líka skýrt fram áðan að ekki er um raunverulegt frjálsræði í verðlagningu að ræða vegna þess að miðstýrð ákvörðun er tekin um magn. Magnákvörðunin felur það í sér að í reynd er verðið ákveðið. Þeir segja hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Tveir verstu gallar frv., framleiðsluhvatinn og verðjöfnunin, eru dæmi um slæma hagræna hvata. Ef gert er ráð fyrir að framleiðendur hegði sér skynsamlega, þ.e. hámarki efnahagslega velferð sína, kemur samningurinn til með að hafa slæmar og afdrifaríkar afleiðingar.“

Málið er að þetta er rétt og fleiri hafa bent á þetta. Hagþjónusta landbúnaðarins bendir á þetta og Þjóðhagsstofnun bendir á þetta. Vegna fyrra starfs míns veit ég að hér er rétt með farið. Ég er þess fullviss að þegar samningurinn var gerður hafi menn hreinlega ekki áttað sig á hvers konar gildru þarna var um að ræða. Þetta er eitt dæmið um þá fljótaskrift sem var höfð við samningsgerðina og afgreiðslu þessa frv. Því miður leiðir þetta til framleiðsluaukningar.

Verkalýðshreyfingin uppgötvaði þetta samstundis. Vinnuveitendur uppgötvuðu þetta samstundis. Allir umsagnaraðilar uppgötvuðu þetta samstundis og það kemur fram í þeirra álitum að þetta er einn aðalgallinn á frv. Hvaða menn hafa vit á skipulagi landbúnaðar? Það eru þeir sem gerðu fyrri búvörusamning. Það er ekki hægt, herra forseti, að fleygja út af borðinu áliti allra þessara manna. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við munum sitja uppi með tómt klúður og vandræði eftir örfá ár. Ég vil að alþingismenn, sérstaklega meiri hlutinn sem ætlar að knýja þetta í gegn á morgun, séu alveg klárir á því að þeim var sagt nákvæmlega þetta. Þetta var stafað ofan í þá úr ræðustól á hinu háa Alþingi og í nefndarálitum. Þetta var stafað ofan í þá þegar málið var við afgreiðslu nú á þessum nóvemberdögum. Þeir verða minntir á það eftir nokkur ár. — Ég sé að hv. formaður landbn. brosir. Það er gott að brosa að þessu, en því miður er ég hræddur um að það verði ekki eftir svo sem nokkur ár. (**Gripið fram í:** Hann brosir ekki þegar hann byrjar að búa.) Ég tala nú ekki um það. Það er langt í það að hv. formaður landbn. fari að búa en ég er sannfærður um að hann gæti þess þá að vera búinn að breyta þeim lögum sem hann er að knýja í gegn núna þannig að það verði lífvænlegt fyrir hann þegar hann hefur sinn búskap í ellinni.

Bandalag háskólamanna benti á einn þátt í þessu sem hefur ekki komið fram skýrt áður. Hann vil ég gera að umtalsefni og vitna í álitsgerð Bandalags háskólamanna, BHMR, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandalag háskólamanna, BHMR, lýsir sérstökum áhyggjum vegna lélegs rekstrargrundvallar smábýlanna, af miklum skuldum þeirra og lágum tekjum sem jaðra við fátæktarmörk. Á þessum vanda er ekki tekið í frv. Afleiðing þessa ástands birtist m.a. í þeirri staðreynd að margir smábændur eiga orðið erfitt að standa undir skólagöngu barna sinna. Í þessu ljósi er fyrirliggjandi búvörusamningur ekki trúverðugur sem heildarlausn."

Þetta eru mjög alvarleg orð sem menn eiga að íhuga því að ég tel að hér sé mælt skynsamlega og bent á þætti sem ekki nægjanlegur gaumur hefur verið gefinn að, þ.e. hin félagslegu áhrif þessarar landbúnaðarstefnu. Þau koma fram í lágum tekjum sauðfjárbænda, möguleika þeirra til að búa aðstandendum sínum sömu félagslegu umgjörð og öðrum þegnum þjóðfélagsins. Aðalgallinn við þetta frv. er e.t.v. sá að það skilur sauðfjárbændur enn þá eftir sem fátæka stétt og varnaðarorðin sem þarna er drepið á ættu að vera tilefni til umhugsunar.

Aðilar vinnumarkaðarins fengu ekki að koma að málinu nema örstutt þegar samningurinn var gerður. Þeim var „kúplað" strax út úr viðræðunum og ætla að draga sig út úr sjö manna nefnd og eru e.t.v. búnir að því, en hún var samráðsnefnd í sambandi við landbúnaðarmál. Þeir lögðu hins vegar fram ákveðnar hugmyndir í þessu máli, en þegar þær birtust var þessu öllu hent út af borðinu og því miður ekki tekið upp ýmislegt sem þar er, því það var skynsamlegt og þetta eru menn sem hafa vit á málunum. Ýmsar af þessum hugmyndum koma síðan fram í áliti 1. minni hluta sem ábendingar fyrir nýjan búvörusamning. Minni hlutinn hefur farið mjög vel yfir það hvort hér sé um skynsamlega hluti að ræða og svo er.

Það þarf að taka mark á neytendum því þeir greiða fyrir þetta. Þeir greiða fyrir afurðirnar. Þeir greiða kostnaðinn. Þeir greiða þessa 12 milljarða. Það eru ekki alþingismenn sem gera það að neinu marki, einhverjir auðvitað. Það eru neytendur og við eigum að taka mark á því þegar Neytendasamtökin tjá sig um þetta mál alveg eins og við eigum að taka mark á því þegar verkalýðshreyfingin, fulltrúi tugþúsundanna, tjáir sig um það sama, vegna þess að við erum að tala um lífskjör. Við erum að tala um lífskjör þegar við erum að tala um landbúnaðarmál. Neytendasamtökin segja í áliti sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Neytendasamtökin hafa lagt á það áherslu að verja íslenskan landbúnað. Þess vegna hafa samtökin allt fram til að nýr GATT-samningur var gerður, fallist á að landbúnaðarvörur væru ekki fluttar inn til landsins, þannig að íslenskur landbúnaður fengi aðlögunartíma. En jafnframt hafa samtökin krafist þess að aðlögunartíminn yrði nýttur til að breyta ríkjandi stefnu í landbúnaðarmálum. Það hefur lengi verið skoðun samtakanna að slík breyting væri því aðeins möguleg að ríkjandi framleiðslu- og verðstýring með tilheyrandi kvótum yrði aflögð og bændum gert frjálst að framleiða þá vöru og í því magni sem hver og einn teldi sér hagkvæmt, en að sjálfsögðu á eigin ábyrgð. Með þessu yrði íslenskum landbúnaði gert að starfa eins og öðrum atvinnuvegum er gert að gera. Jafnframt hafa Neytendasamtökin lagt áherslu á að nauðsynleg hagræðing fari fram hjá sláturhúsum, þar sem sláturkostnaður er óeðlilega hár hér á landi svo vægt sé tekið til orða.

Það var því von Neytendasamtakanna að með því lagafrv. sem hér er til umræðu og þar með nýjum samningi um sauðfjárframleiðslu sem nú hefur verið gerður milli stjórnvalda og bændasamtaka og lagafrv. er staðfesting á, væri gerð sú nauðsynlega uppstokkun sem Neytendasamtökin hafa lengi krafist. Það eru því mikil vonbrigði að bæði samningurinn og lagafrv. breyta engu um þennan vanda. Það er mat Neytendasamtakanna að nánast sé ekki á neinn hátt tekið á vandanum og að í lok samningstíma búvörusamningsins verði sami vandi eftir sem áður með tilheyrandi fjáraustri af hendi skattborgara til að hægt sé að framleiða lambakjöt. Að mati Neytendasamtakanna er eina jákvæða við þennan samning að bændur geta boðið út slátrun og þar með knúið á um löngu tímabæra lækkun sláturkostnaðar."

Þið heyrið, hv. þm. og herra forseti, þessi orð. Þarna er talað af þekkingu og yfirvegun og góðar hugmyndir settar fram en ekkert er farið eftir þeim. Það er slegið á sérhverja útrétta hönd til að viðhalda gersamlega ónýtu kerfi þessara tveggja stjórnmálaflokka. Það er alveg sama hver leggur gott til málanna varðandi landbúnaðarmálin, ekkert er farið eftir því. Ég er ekki að segja að hv. meiri hluti á Alþingi eigi að gera allt sem stjórnarandstaðan vill. En hann gæti hlustað á fólk eins og hjá Neytendasamtökunum. Hann gæti hlustað á fólk í verkalýðshreyfingunni. Þeir ættu að hlusta á vini sína í vinnuveitendasamtökunum því að ummæli þeirra um þennan samning eru ekki betri en sjónarmið Neytendasamtaka og verkalýðshreyfingar. Þessi stefna á sér enga formælendur nema núverandi ríkisstjórn og þann meiri hluta sem myndast hefur á Alþingi ásamt vitaskuld viðsemjanda, þó að hik sé á mönnum. Eins og oft vill verða þegar ónýtt kerfi stendur frammi fyrir því að það þarf að breyta því, þá er tregðulögmálið alveg ótrúlega sterkt. En það versta er að það kostar svo rosalega mikinn þening að lifa við þetta kerfi.

Þjóðhagsstofnun gaf líka yfirvegað álit eins og hennar er von og vísa. Þar er drepið á þá gagnrýnisþætti sem endurspeglast í setningunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öllu samanlögðu er vafamál að frv. leiði til þeirrar niðurstöðu sem að er stefnt þrátt fyrir aukin framlög úr

ríkissjóði. Það er þó ekki útilokað ef vel tekst til um útflutning sauðfjárafurða á næstu árum eða ef framleiðslan dregst hraðar saman en ætla má í fljótu bragði."

Þetta er Þjóðhagsstofnun. Þetta er efnahagsstofnun ríkisstjórnarinnar undir forsrn. Við skulum segja að hún sé hlutlaus í þessu mati. Oft hefur Þjóðhagsstofnun dregið taum stjórnvalda. Það er eðli opinberra stofnana, hagstofnana, að gera það stundum. Þjóðhagsstofnun hefur sloppið við þá gagnrýni sem er algeng í öðrum löndum. En hér er lagt fram þetta yfirvegaða álit sem segir raunverulega allt: „Að öllu samanlögðu er vafamál að frv. leiði til þeirrar niðurstöðu sem að er stefnt ..."

Þetta segir allt um frv., hæstv. landbrh. Markmiðin eru klár. Þau eru ágæt. Hagræðing, lækkun verðs, efling bændastéttarinnar o.fl. Þau eru öll ágæt. Við þurfum ekki ágreining um markmiðin. Við viljum betrumbæta kerfið. En aðferðin, leiðin sem hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkar völdu til þess hefur ekkert með markmiðin að gera. Þjóðhagsstofnun segir beinlínis að það sé vafamál að þessi markmið náist vegna ýmissa galla sem einnig eru taldir upp og vísað er til í minnihlutaáliti.

Það sama gerist þegar Alþýðusambandið kemur að þessu máli. Þar er niðurstaðan svipuð. Þeir fjalla um málið af þekkingu enda hafa þeir margoft komið að landbúnaðarmálum og reyna að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna. Og hvað hafa þeir einmitt reynt að draga upp á borðið í þeirri viðkvæmu stöðu sem nú er á kjaramálamarkaðnum? Það, hvort einhver tök séu á því að lækka matarverð. Eru einhver tök á því að gera eitthvað við þessum háa matarkostnaði? Neytendur og verkalýðshreyfingin eru að missa þolinmæðina. Við búum hér við lægstu taxtalaun í Evrópu. Ég held að nú séu tvær, þrjár þjóðir fyrir neðan, sautján eða átján eru fyrir ofan. Lægstu taxtalaun í Evrópu, en hæsta matarverðið. Hversu lengi, herra forseti, telur ríkisstjórnin að hún geti verið með slíka stefnu? Hvenær springur þetta? Hvenær gera neytendur, verkalýðshreyfingin og fólkið hér í landinu uppreisn gegn þessu ónýta kerfi? Það er það sem er í farvatninu. Fólk lætur ekki lengur bjóða sér þá stefnu sem þið ætlið að lögfesta hér á morgun. Fólk skilur orðið tölurnar. Það er farið að átta sig á því að þetta kostar hverja fjölskyldu á þriðja hundrað þús. kr. á hverju ári. Það er farið að gera sér grein fyrir umfanginu sem ég nefndi hér, að þetta kostar jafnmikið og allir grunnskólarnir. Þá er tekið saman bæði sauðfjárræktin og mjólkurframleiðslan. Fólk er að missa þolinmæðina. Það sárgrætilega er að þegar fólk missir þolinmæðina þá mun það því miður líklega ekki beinast að stjórnmálamönnunum sem bera ábyrgð á kerfinu. Ég óttast að það muni beinast að fólkinu sem býr í sveitum landsins, að bændum, að bændastéttinni. Það er þetta sem ég hef áhyggjur af. Það er verið að reka fleyg á milli sveitafólks og fólksins á þéttbýlissvæðunum, og ekki bara hér á suðvesturhorninu. Það er þetta sem er í uppsiglingu hér á landi vegna þessarar röngu stefnu sem hér er lagt upp með.

Stjórnarflokkarnir hafa oft tekið tillit til sjónarmiða úr Garðastræti, frá Vinnuveitendasambandinu, Framsfl. þó ef til vill minna en Sjálfstfl. En nú er ekki farið eftir neinum ábendingum þeirra manna sem þar sitja þótt þeir hafi líka þekkingu á landbúnaðarmálunum, komu að síðasta búvörusamningi og eru að leggja til gott í málinu. Lægra matarverð og gott skipulag í landbúnaðarmálum eru sameiginleg markmið vinnuveitenda og verkalýðshreyfingarinnar. Betri lífskjör eru verkalýðshreyfingunni í hag og það er vinnuveitendum í hag að þurfa ekki að borga eins há laun þegar kemur að kjarasamningum. Ef hægt er að sjá fyrir sér kjarabót í betra kerfi er báðum aðilum augljóslega í hag að reyna að leggja gott til málanna varðandi þennan málaflokk. Þeir leggja fram hugmyndir sem gætu gert þetta betur úr garði en það er ekkert farið eftir því. Þeir benda m.a. á þau atriði sem ég hef gert að umtalsefni, framleiðslusprenginguna, verðjöfnunina, útflutningsáhersluna, birgðavandann og það hversu illa er staðið að uppkaupunum. Sumt smávægilegar breytingar, aðrar stærri. En ekki er farið eftir neinu sem þarna er lagt til. Það er merkilegt að þessir ólíku aðilar, hæstv. landbrh., vinnuveitendur og verkalýðshreyfingin, sem sjaldnast eru sammála um nokkurn skapaðan hlut eru þó sammála um að þetta kerfi, sem ríkisstjórnin er að þvinga upp á landsmenn með þessu frv., er gagnslaust og ónýtt kerfi sem dregur niður lífskjör hér á landi.

Ég hef gert grein fyrir þremur breytingum sem eru raunverulegar breytingar. En enginn af þeim mönnum sem töluðu hér hæst fyrir einum eða tveimur vikum hafa náð fram neinum breytingum svo heitið geti. Það eru tvö ákvæði sem ég vil vekja athygli á í tillögum meiri hlutans. Það er valdið sem ráðherra á að fá. Þeir settu inn tvær nýjar málsgreinar í morgun og, með leyfi hæstv. forseta, vitna ég hér beint í breytingartillögu meiri hlutans:

„Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu, gjalddaga, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunargjöldum, verðskerðingargjöldum og verðjöfnunargjaldi samkvæmt kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil."

Svo voru almennar reglugerðarheimildir. Ég geri þetta að umtalsefni. Ráðherra er falið mjög mikið vald með útfærslu þessa samnings. Það er ýmislegt í þessu sem verður mjög erfitt í framkvæmd og skiptir náttúrlega máli hvernig er gert. Hann fær þar mikið vald til að ráða þessum málum. En það er eitt atriði sem ég vil draga sérstaklega fram í breytingartillögunum. Þær eru nú ekki allar mjög merkilegar, en eitt ákvæði sem meiri hlutinn kom með í morgun er dálítið merkilegt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best."

Ráðherra, hæstv. landbrh. á að fara að setja reglur um skipulag útflutnings. Þetta er hlutur sem við vorum með hér fyrir 30–40 árum. Þeir voru að afnema þetta kerfi austur í Evrópu árið 1989. Voru þá búnir að vera með það í hálfa öld. Að þetta skuli skjóta upp kollinum hér árið 1995 í tengslum við landbúnaðarstefnu á Íslandi, finnst mér alveg stórkostlegt. Ég óska ykkur til hamingju með þetta ákvæði, mér skilst að þið séu allir sammála um þetta, en það er svo dásamlegt að rekast þarna á þennan texta. Það er ráðherra sem á að fara að setja reglur um skipulag útflutnings. Mér er alveg sama um skipulag útflutnings. Sláturhús geta skipulagt sig og gera það vitaskuld. Við segjum nú reyndar í okkar áliti að mjög æskilegt væri að menn skipulegðu sig svipað og í sjávarútvegi. Menn bindast frjálsum samtökum. Nei, það er ekki talað um slíkt hér. Hér skal landbrh. setja reglur um skipulag útflutnings. Fyrst hlógum við að þessu en svo sáum við að þeim var alvara. Þá fórum við að hafa áhyggjur

og við kölluðum á sérfræðing frá viðskiptaskrifstofu utanrrn. (**Gripið fram í:** Sem var jafnundrandi.) Jafnundrandi, við skulum kannski ekki segja það. Við kölluðum hann á fund nefndarinnar til að spyrja: Heyrðu, stenst svona ákvæði alþjóðlega samninga? Við erum að færast svolítið í átt til frjálsræðis, að vísu mjög hægt og rólega. Við vorum að gera GATT-samning, það gekk nú kannski illa að lögfesta þann anda. Við gerðum EES-samning hérna fyrir nokkrum árum og hvernig er með þetta ákvæði? Nú ætlar hið opinbera að fara að skipuleggja útflutning. Ágætur sérfræðingur frá frá viðskrn. sagði að þetta færi náttúrlega allt eftir því hvaða reglur yrðu settar. Það væri bannað að takmarka útflutning nema vegna matarskorts. Það var raunverulega eina heimildin sem hann fann í GATT-samningnum og það er alveg þveröfugt við okkar vandamál. Áhyggjurnar minnkuðu aðeins hvað þetta varðaði, en hugsunin með þessu ákvæði er alveg ljós hjá hæstv. ríkisstjórn. Því það voru ýmsir landbúnaðarnefndarmenn sem töluðu af miklu offorsi fyrir þessu ákvæði. Töldu þetta skynsamlegt.

Allt í landbúnaðinum skal vera skipulagt af opinberum aðilum, alls staðar verða þeir að geta lagt sína dauðu hönd, hvort sem um er að ræða framleiðslu, úrvinnslu eða sölu. Þeir uppgötvuðu smáatriði sem gat hugsanlega leitt til þess að menn fengju að ákveða eitthvað sjálfir. Þá settu þeir inn: Landbrh. skal skipuleggja þetta fyrir okkur. Með þessu ákvæði er ykkur rétt lýst, hæstv. landbrh. Og þarna upplýstist líka kannski betur en margt annað hið raunverulega eðli annars stjórnarflokksins, Sjálfstfl. Það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart að sjá svona ákvæði í landbúnaðarmálum frá Framsfl. en Sjálfstfl. opinberaði sína forsjáhyggju á sínum sviðum mjög vel í þessu litla ákvæði sem menn settu inn á lokastund nefndarstarfsins.

Landbn. vildi vinna málin vandlega. Hún óskaði eftir umsögnum og fékk þær frá öllum nema hvað ein stofnun gaf ekki umsögn um þetta mál þó að löggjafinn óskaði eftir því. Það var Seðlabanki Íslands. Landbn. óskaði umsagna ýmissa aðila sem ég hef gert grein fyrir hér, m.a. Hagþjónustu landbúnaðarins, Þjóðhagsstofnunar, Hagfræðistofnunar, Bændasamtakanna, sem fundaði stöðugt með okkur, Neytendasamtakanna, aðila vinnumarkaðarins og margra fleiri eins og Kaupmannasamtakanna og Verslunarráðs. Sumir komu með skrifleg svör, væri óskað eftir því, aðra kölluðum við til fundar og töluðum við þá. Við báðum Seðlabanka Íslands að gefa umsögn um þetta. Landbn. var sammála um að það væri eðlilegt. Þá kom bréf frá bankastjórn Seðlabankans sem sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Efni frv. fellur utan verksviðs Seðlabankans og telur hann því ekki ástæðu til þess að veita umsögn um það."

Við í landbn., þingmenn, löggjafinn, töldum vitaskuld að æðsta peningastofnun landsins, opinber stofnun, gæti metið þætti sem tengjast þessu mikilvæga frv. og þetta er mikilvægt frumvarp. Þetta er frv. sem kostar 12 milljarða á fimm árum, það varðar heila atvinnugrein og það eru ýmsir þættir sem æskilegt væri að fá svör við. Ég get nefnt hér nokkra eins og t.d. þjóðhagsleg áhrif samningsins, væntanlegar útflutningstekjur, áhrif á framleiðni innan greinarinnar, áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, mat á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum atvinnugreinum. Nokkrar eðlilegar spurningar hagræns eðlis sem við tíunduðum ekki í okkar beiðni, enda ætti það að vera óþarfi þegar beðið er um umsögn af þessu tagi. Svarið var: Þetta er utan verksviðs Seðlabankans.

Menn tóku þetta óstinnt upp í nefndinni. Þar voru menn alveg sammála, bæði meiri hluti og minni hluti. Hv. form. landbn. er maður fylginn sér, hann ræddi við bankastjórn Seðlabankans um að þetta gengi nú ekki. Menn væru óánægðir með þessa afstöðu. Allt kom fyrir ekki. Þeir neituðu að breyta sinni afstöðu. Okkur í minni hlutanum finnst þetta mjög merkilegt mál vegna þess að þarna er opinber stofnun sem neitar að gefa álit á verksviði sem þeir gera að öðru jöfnu. Seðlabankinn er alltaf að gefa álit á ýmsum hagstærðum og stöðu ýmissa atvinnugreina. Við viljum vekja sérstaka athygli á því að þessi stofnun skorast undan eðlilegum óskum löggjafans. Að okkar mati ætti að endurmeta hlutverk stofnunarinnar í efnahagsrannsóknum. Persónulega kom mér þetta mjög á óvart. Ég hef, eins og hv. alþm. vita, tengst Seðlabankanum og mér kom á óvart að menn skyldu afgreiða ósk um afstöðu til áhrifa þessa frv. á þennan hátt. Minni hlutinn taldi ástæðu til að vekja sérstaka athygli á þessu. Þetta er umhugsunarvert fyrir alla þingmenn og þótt meiri hlutinn hafi ekki fellt þetta á neinn máta inn í sitt meirihlutaálit, held ég að velflestum í landbn., hvort sem þeir eru í meiri hluta eða minni hluta, finnist þetta ámælisvert. Menn verða þá að taka það til umræðu á öðrum vettvangi.

Samningurinn, sem lögfesta á á morgun, kostar 1–2 milljarða meira en núgildandi samningur. Mér heyrðist koma fram í umræðu fyrr í dag að hér væri um að ræða minni útgjöld, en það er ekki rétt. Ef sá gamli hefði fengið að gilda hefði hann haft í för með sér minni útgjöld, og var hann samt alveg að sliga okkur. En rétt skal vera rétt varðandi þessar tölur.

Flestar þjóðir í kringum okkur hafa gengið í gegnum miklar breytingar varðandi landbúnað. Við höfum gert það. Vinnuafli í landbúnaði hefur fækkað úr 10 í 5% á tveimur áratugum. Þetta er sama og er að gerast alls staðar í kringum okkur. Það er tækniváðing í landbúnaði, aðlögun landbúnaðar að breyttum háttum í nútímaþjóðfélagi er víða efnahagslegt vandamál. Þegar ég segi að þessi samningur sé slæmur er það ekki vegna fjandsamlegrar afstöðu gagnvart landbúnaðinum eða bændum, síður en svo. Stjórnarandstaðan og þá einkum minni hlutinn gerir sér mun betur grein fyrir þeim breyttu aðstæðum sem við verðum að takast á við. Eins og ég sagði í upphafi erum við reiðubúin til að verja verulegu opinberu fé til að komast út úr þessu kerfi. Þetta er ekki spurning um upphæðirnar. Þetta er spurning um að við reynum að ráðstafa þeim á skynsamlegan hátt. Það sem við viljum og er undirstaða þessar tillagna okkar er að það verði samið aftur og reynt verði að búa til kerfi sem leiði til þess að eftir fimm ár verði vandinn með sauðfjárrækt okkar lítill sem enginn.

Það versta í þessu máli er að framtíðarsýnin er í reynd engin þegar kemur að framkvæmdinni. Gert er ráð fyrir að verja 12 milljörðum til þessa, beingreiðslurnar eru 7,4 milljarðar, Lífeyrissjóður bænda 330 millj., ullarniðurgreiðslur 1 milljarður og 70 millj., vaxta- og geymslugjöld 1.200 millj. Þið sjáið á þessum tölum hvað þetta er umfangsmikið. Sumt af þessu höfðu hv. þm. kannski ekki hugmynd um, t.d. að í þessum samningi væri verið að leggja upp með ullarniðurgreiðslur á annan milljarð eða vaxta- og geymslugjöld á annan milljarð. Ég efast um að menn hafi gert sér grein fyrir þessu. Eldri uppkaup á kvóta frá 1991 eru 680 millj., uppkaup á bústofni 450, birgðavandinn 750 í upprunalega frv., nokkru meiri skv. brtt., hagræðing upp á 200 millj. og nokkuð lagt á umhverfisverkefni.

Þetta er vont. Í tvígang klúðrum við landbúnaðarmálunum. Við gerðum það í vor þegar GATT-málið var til umræðu.

Þá bárum við ekki gæfu til þess að fikra okkur betur í þá átt sem nágrannaþjóðirnar gera og við klúðrum þeim aftur núna með nýjum búvörusamningi. Það sem vantar hér inn í er sú aðlögun að breyttum neysluvenjum sem við verðum að horfast í augu við. Þessi mikla áhersla á útflutning í þessu fyrirkomulagi er einfaldlega hlutur sem gengur því miður ekki upp. Hér er talað um verkefni bænda í skógrækt og umhverfismálum. Þetta er ekki skilgreint nákvæmlega og engar upplýsingar liggja fyrir um það hve mikill hluti af vandanum leysist með þessum hætti.

Minni hlutinn kemur með ákveðnar hugmyndir inn í þennan búvörusamning og ég vil fara um þær nokkrum orðum. Við leggjum til að beingreiðslur verði ekki verðtryggðar. Við tölum um nýjan samning þar sem þetta væri ekki lengur verðtryggt. Það er óeðlilegt. Þetta er afstaða sem hefur komið fram m.a. hjá Neytendasamtökunum, verkalýðshreyfingunni og raunar flestum sem komið hafa að þessu máli. Okkur finnst að það hefði þurft að bæta í uppkaupin. Þar er gert ráð fyrir 5.500 kr. á hverja á. Hér er skorið of naumt, eins og kom fram í umræðu áðan. Það er ekki mikið um það að bændur vilji selja. Við leggjum til að greiddar verði 7 þús. kr. á hverja á við uppkaup. Þetta er líka í samráði við það sem aðilar vinnumarkaðarins töldu skynsamlegt. Það á að leggja meiri peninga í þetta í byrjun. Við viljum líka að keypt séu 60 þúsund ærgildi en ekki 30 þúsund. 30 þúsund ærgildi eru, ef ég man rétt, aðeins um 600 tonn af framleiðslu sem er léttvægt þegar við glímum við vanda upp á 2–3 þúsund tonn. Þarna hefðum við viljað leggja meira til. Þetta er alveg sama reynslan sem menn höfðu af síðasta uppkaupatilboði. Það var of naumt lagt í það. Við viljum minnka beingreiðslurnar, þrepa þær niður. Við erum ekki að tala um að setja meiri heildarpening í þetta, við bendum bara á að skynsamlegra væri að þrepa beingreiðslur niður á seinni hluta tímabilsins.

Eins og ítarlegar er að vikið í áliti 1. minni hluta, viljum við líka að fjármagn verði tryggt til Jarðasjóðs. Það er talað um að kaupa upp bújarðir, en ekki gert ráð fyrir neinum peningum. Þetta rekur sig náttúrlega allt hvað á annars horn.

Við bendum á og viljum að frjáls verðlagning komi inn í landbúnaðarkerfið fyrr en gert er ráð fyrir. Eins og ég benti á gætir hennar að mjög takmörkuðu leyti. Við segjum einfaldlega: Innan tveggja ára eiga samkeppnislög að gilda um þessa atvinnugrein sem er ósköp eðlilegt, þau gilda um alla aðra. Þetta er líka sú stefna sem aðilar vinnumarkaðarins, bæði vinnuveitendur og verkalýðsfélög, töldu skynsamlegasta.

Við viljum tryggja eldri bændum sem vilja hætta búskap betri eftirlaun. Við viljum að þeir sem hverfa frá þessari grein geri það með reisn en séu ekki hraktir frá býlum sínum vegna fátæktar. Við viljum að eldri bændur sem kjósa að hverfa frá greininni geri það þá með fjárhagslegum styrkleika. Við eigum ekki að bíða eftir því að vandi landbúnaðarins leysist með því að eldri bændur deyi. Það er raunverulega það sem þessi stefna gengur út á. Það er ekki tekið á þessu á nokkra hátt, vandinn er framlengdur um fimm ár og það mun vafalítið endurtaka sig.

Við viljum að það verð knúið á um reglur um hagræðingu afurðastöðva, það verði reynt að koma meiri hagræðingu inn í sláturhús og annað og þetta er meira að segja ósk frá sláturleyfishöfunum. Þetta vantar gersamlega inn í samninginn.

Hvað verðjöfnun í kerfinu varðar, sem ég hef gert að umtalsefni, töldu allir, Landssamband sláturleyfishafa, Hagfræðistofnun, Hagþjónusta landbúnaðarins og aðilar vinnumarkaðarins, að hún væri gersamlega ónýt aðferðafræði sem knýr á enn meiri óhagkvæmni í þessari grein. Við viljum líka þrepa geymslu- og vaxtakostnað niður á samningstímanum. Það er eðlileg aðlögun að breyttum aðstæðum. Við þurfum að komast hægt og rólega út úr þessu kerfi.

Þetta eru nokkrar hugmyndir sem við leggjum inn í þá umræðu sem þarf að fara fram þegar gerður verður nýr búvörusamningur. Sá samningur sem hér á að lögfesta á morgun er svo mikil fjarstæða, svo vitlaust upp byggður og svo óhagkvæmur að hann mun kalla á það að innan tveggja, þriggja ára munum við standa í sömu sporunum með þessi vandamál og ræða um hvernig við eigum að komast út úr honum. Við leggjum fram afstöðu okkar, eins og við gerðum í landbn. Við erum einir af mörgum aðilum í þjóðfélaginu, við fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem koma til ríkisstjórnarinnar, meiri hlutans á Alþingi og segja: „Eigum við ekki að taka höndum saman og reyna að koma svolitlu meira viti í landbúnaðarmálin?" Við gerum ekki kröfu um það að fallist sé á öll okkar stefnumál, í þessu nefndaráliti er raunar bara drepið á nokkra þætti. Þar er hvergi farið mjög harkalega að þeirri breytingu sem þarf að gerast í landbúnaði vegna þess að við gerum okkur fulla grein fyrir því að hún verður að gerast í samkomulagi við bændur í þessu landi. En það er alveg sama hvað við réttum oft fram sáttarhönd, hvað neytendur réttu oft fram sáttahöndina og verkalýðshreyfingin líka. Vinnuveitendur og hagstofnanir lögðu líka til góð ráð. Það skipti engu, þar varð ráðamönnum ekki þokkað um eina tommu. Þeir breyttu engu í frv. sem einhverju varðaði. Þeir vilja ekki ljá máls á því að það sé tekinn nokkurra vikna tími í að reyna að athuga hvort hægt væri að semja með betri hætti. Úr því að meiri hlutinn vill þetta getum við í sjálfu sér ekki komið í veg fyrir það. Þeir hafa meiri hluta á Alþingi en hér er verið að leggja inn á ógæfubraut. Þess vegna leggur stjórnarandstaðan sameiginlega til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[20:46]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ætlun forseta var að gera stutt hlé á fundinum um kvöldmatarleytið að beiðni nokkurra þingmanna. Af því hléi getur ekki orðið af augljósum ástæðum. Það eru nú 10 á mælendaskrá. Eins og forseti gat um í upphafi umræðunnar var samkomulag milli forseta og þingflokksformanna um að halda áfram fundi til miðnættis. Það samkomulag byggðist auðvitað á því að þingmenn yrðu stuttorðir en það samkomulag verður að sjálfsögðu að endurmeta á fundi með þingflokksformönnum nú á eftir.

[20:47]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir langa og málefnalega ræðu sem var þrungin af heitum tilfinningum og góðum hug til landbúnaðarins og ég hef auðvitað fundið í samstarfi við hann í landbn. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að hann teldi að það ætti að verja meiru opinberu fé í samninginn. Ég spyr hv. þm. hvort hann hafi reiknað út tillögur sínar og hversu mikið viðbótarfé hann telji að þurfi.

Hv. þm. kom víða við í ræðu sinni og hafði samúð með fátækum sauðfjárbændum sem ég tek vissulega undir. Þeir hafa orðið fyrir miklum áföllum og samdrætti á síðustu árum en það má segja um sauðfjárframleiðsluna að hún hefur verið að þróast á síðari árum sem aukabúgrein með annarri búvöruframleiðslu með nýtingu hlunninda, með launavinnu, með ferðaþjónustu o.s.frv. Ég er sannfærður um að hún nær

ekki að verða aðalatvinnugrein nema þau markmið gangi upp að menn finni markaði og nái árangri í útflutningi vörunnar. Sem betur fer gefur samningurinn færi á því og margir sláturleyfishafar eru þar á góðri leið.

Hvað varðar það ákvæði sem hann minntist á með GATT og skipulag innan lands á jöfnuði og stjórn kom það mjög glöggt fram í ræðu Stefáns Hauks frá utanríkisviðskiptaskrifstofunni að þegar hæstv. landbrh. setur reglugerðina verður að fara að GATT-samkomulaginu þannig að það er auðvitað út í hött að efast um að slíkt verði gert.

[20:49]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurningu hv. þm. um hversu mikið viðbótarfé þarf vitna ég í nefndarálit: „Fyrsti minni hluti hefði verið reiðubúinn fyrir sitt leyti að standa að kerfi sem hefði í för með sér umtalsverð útgjöld á næstu fimm árum eins og samningurinn gerir ráð fyrir. 1. minni hluti telur nauðsynlegt að verja verulegum opinberum fjármunum til þessa málaflokks ...“ Hér er ekki kveðið neitt á um að það eigi að leggja meira en 12 milljarða og hér er ekki heldur kveðið á um að leggja minna en 12 milljarða. Þær hugmyndir sem ég gerði grein fyrir eru taldar upp aftast í nefndarálitinu. Sumt felur í sér aukin fjárútlát í upphafi tímabils en einnig er gert ráð fyrir samdrætti í útgjöldum á seinni hluta tímabilsins þannig að þær tillögur þurfa ekki að kalla á viðbótarútgjöld.

Varðandi reglugerðina um útflutning sem vitnað er til fagna ég því ef form. landbn. segir að hann muni fara að lögum þegar hann setur reglugerðina. Ég gerði satt best að segja ráð fyrir að hann mundi gera það og vera í samræmi við bæði GATT-samning og annað. Í ræðu minni dró ég fram þá hugsun sem liggur að baki ákvæðinu. Ég var ekki að gefa í skyn að landbrh. mundi brjóta lög, hv. þm. Guðni Ágústsson.

[20:51]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að það bæri að taka mark á neytendum. Ég tek undir það. Þessi samningur mun gera það að verkum að sauðfjárframleiðslan verður meira í takt við það sem neytendur vilja. Hann losar um hömlur og skapar frelsi í greininni með tímanum. Hv. þm. hefur efast um að verð muni lækka. Ég er sannfærður um að með búvörusamningnum muni verð til neytenda lækka. Milliliðirnir verða að hagræða og vinna með öðrum hætti en þeir hafa gert og lambakjötið verður samkeppnisfært á markaðnum. Það verður ekki eins fast í lögum og reglugerðum þannig að það mun keppa við aðrar kjötgreinar. Það þýðir í reynd og það mun koma í ljós að hér verður um lækkað verð til neytenda að ræða sem aðallega kemur fram af því sem ég sagði. Það verður hagræðing í milliliðum landbúnaðarins sem svo margir hafa talað um.

[20:52]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson flutti langt mál, sumt satt og rétt og ágætt og annað náttúrlega miður eins og gengur. Ort var um fyrsta hagfræðinginn á Íslandi, Arnljót Ólafsson:

Mér er um og ó um Ljót
ég ætla hann bæði dreng og þrjót
í honum er gull og grjót
hann getur unnið mein og bót.

Hv. þm. Ágúst Einarsson er gull af manni og gott að vinna með honum í landbn. Hann segir samt stundum svolitlar vitleysur og sumt er hart undir tönn. Ekki veit ég hvað hann mundi segja við nemendur sína ef þeir færu að tala um stuðning við landbúnað á sömu nótum og hann gerði hér áðan. Hann var með PSE-mælikvarðann um stuðning við framleiðendur og segir að stuðningur Íslendinga sé 70% meiri en stuðningur OECD. Það má segja það á annan hátt. Hjá OECD er stuðningurinn 43%. Hjá okkur er hann 75%. Munurinn þar á milli er 32% en hv. þm. segir að það séu 70%. Þarna sagði hann aðeins hálfan sannleikann og ég vil taka dæmi:

Af þeim löndum sem hvað lægstan stuðning hafa við landbúnað eru Nýja-Sjáland með 3% og Ástralía með 10%. Á þessu munar 7%. Hins vegar má líka segja eins og hv. þm. sagði um stuðning Íslendinga og annarra að munurinn milli Nýja-Sjálands og Ástraliu sé 233%, þá sjáum við hversu hægt er að segja stóran sannleika og í vissum tilfellum lítinn með hálfsannleik.

[20:55]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verst að geta ekki svarað í vísu eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson getur gert. Ég veit að hann getur búið til ágætisvísur þá sjálfsagt um mig líka en ég átti satt að segja ekki von á því að þurfa að kenna honum prósentureikning. Hann talaði um 10% í Ástralía og 3% í Nýja-Sjálandi og að munurinn væri 7%. Það er ekki rétt, hv. þm., hann er 7 prósentustig sem er í sjálfu sér allt annað. Hann er þá rúmlega þrefalt meiri á Ástralíu en Nýja-Sjálandi. Ég held að athugasemdir hans byggist á einhverjum misskilningi. Það getur verið að hv. þm. sé að skoða töflur fyrir árin 1993 eða 1992. Þær tölur sem ég vitnaði í eru tölur frá árinu 1994 sem koma ekki fram í þessum töflum þar sem stuðningur Íslands er 46% hærri en í löndum Evrópubandalagsins en 70% hærri en í löndum OECD að meðaltali. Ég gat heimildanna, herra forseti. Þetta er frá Alþýðusambandi Íslands sem kom þessum útreikningum og boðum til landbn. og útreikningurinn er alveg réttur. En ég ætla ekki að útskýra að menn geta talað um mismunandi prósentustig eftir því hvort menn tala frá hærri tölunni eða lægri tölunni. Ég held að við verðum að geyma okkur þá umræðu, hv. þm., en þessar tölur eru alveg réttar og rétt fram settar eins og ég kynnti þær. Ég held að betra sé að hafa þennan talnaleik á öðrum vettvangi fyrst munurinn á prósentu og prósentustigi er ekki ljósari en fram kom.

[20:57]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir námskeiðið hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Ég er alltaf að læra eitthvað af honum. Ég er sammála honum um að það er ástæða til að misfara ekki staðreyndir í prósentuleikjum. Það er ekki ástæða til að vera að búa til prósentur út frá prósentum eins og hv. þm. var að gera. Ég er með ljósrit úr OECD-skýrslunni og ég tók dæmi af árinu 1994. Það getur verið honum sýnilegt líka ef hann óskar þess.

[20:58]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta á þskj. 255.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. form. landbn. að starfið í nefndinni var gott og umræða var málefnaleg sem einkenndist af því að nefndarmenn vildu skoða málið af sanngirni og ná fram breytingum sem gætu orðið til bóta á því máli sem við vorum með til umræðu. Sú niðurstaða sem fékkst að lokum varð því ákveðin vonbrigði.

Á fundi nefndarinnar mættu ýmsir aðilar frá hagsmunasamtökum og öðrum aðilum sem málið varðar. Einnig bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá nokkrum aðilum eins og fram kemur í nefndaráliti frá meiri hluta nefndarinnar.

Frv. er samið að tilhlutan hæstv. landbrh. í samráði við Bændasamtök Íslands eins og segir í athugasemdum við frv. Með frv. er ætlunin að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99 frá 8. sept. 1993 vegna ákvæða sem eru í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða sem gerður var milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnarinnar.

Samningur þessi var undirritaður 1. okt. sl. og hann var gerður vegna þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir og felst í tekjuhruni greinarinnar og sívaxandi birgðasöfnun.

Ljóst er að aðlögun sú að breyttum markaðsaðstæðum og starfsskilyrðum sem núgildandi búvörusamningur gerir ráð fyrir hefur að ýmsu leyti reynst erfiðari fyrir sauðfjárræktina en vonir stóðu til. Kemur þar ekki síst til að versnandi atvinnuástand og þrengri atvinnumöguleikar hafa gert bændum erfitt um vik um þátttöku í öðrum atvinnugreinum. Jafnframt hefur neysla dilkakjöts dregist meira saman en þær áætlanir sem lagðar voru til grundvallar búvörusamningnum gerðu ráð fyrir. Allt hefur þetta skapað sauðfjárbændum og byggð í sveitum mikla erfiðleika. Það er því brýnt að grípa til aðgerða og nauðsynlegt að um þær aðgerðir verði víðtæk sátt í þjóðfélaginu.

Öll málsmeðferð ríkisstjórnarinnar er hins vegar gagnrýnisverð. Engin tilraun var gerð til að ná fram víðtækri samstöðu um lausnir á vanda sauðfjárræktar. Ekkert samráð var haft við landbn. Alþingis þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. landbrh. þess efnis á vorþingi. Ekkert samráð var haft við verkalýðshreyfinguna eða aðra aðila vinnumarkaðarins. Það má því segja að lausatök einkenni alla meðferð málsins í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Þessi lausatök eru í raun staðfest í nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta landbn. en þar kemur fram að flestar brtt. eru gerðar vegna þess að texti frv. í upprunalegri mynd stenst ekki gagnvart öðrum gildandi lögum.

Þá voru einnig á síðustu stundu gerðar nokkrar efnisbreytingar á frv. Í fyrsta lagi var fellt brott ákvæði um að réttur til beingreiðslna falli niður þegar 70 ára aldri er náð. Í öðru lagi er gerð breyting er varðar ráðstöfun fjármuna samkvæmt 5. gr. samningsins þar sem fjallað er um skiptingu framlaga til hagræðingar og aðlögunar. Brtt. meiri hlutans við frv. heimilar að þá fjármuni sem eiga samkvæmt samningnum að fara til uppkaupa megi taka til annarra nota ef þeir eru ekki allir nýttir til uppkaupanna. Samningurinn gerir hins vegar ráð fyrir að það fjármagn sem ekki fer til uppkaupa skili sér aftur í ríkissjóð. Þarna er því um verulega efnisbreytingu að ræða.

Í þriðja lagi gera breytingartillögur meiri hlutans ráð fyrir að felld verði út úr frv. verðtryggingarheimildin og endurskoðunarheimild samningsaðila um sauðfjárframleiðsluna. Þessar heimildir eru taldar óþarfar þar sem þær eru til staðar í samningnum.

Í fjórða lagi er í samningnum ótvírætt ákvæði þess efnis að fyrir það magn kindakjöts sem er umfram innanlandsmarkað og skal fara til útflutnings verði sameiginlegt uppgjör sláturleyfishafa þannig að sama verð greiðist öllum sauðfjárbændum. Breytingartillögur meiri hlutans kveða hins vegar á um 30 kr. fasta gjaldtöku á hvert kg kjöts til útflutnings og getur hver framleiðandi samið sérstaklega við sláturleyfishafa eða útflutningsaðila um verð. Breytingartillögur meiri hlutans tel ég flestar til bóta.

Ari Teitsson, formaður Bændasamtakanna, mætti á fund nefndarinnar í morgun sem og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, og prófessor Eiríkur Tómasson. Þeir fóru yfir þær breytingartillögur sem höfðu verið gerðar og eru ekki í fullu samræmi við búvörusamninginn. Það skal tekið fram að niðurstaða þeirra þriggja var sú að þarna væri ekki um það miklar efnisbreytingar að ræða að ekki væri hægt að Alþingi gengi frá frv. eins og það er. Með tilliti til þeirrar umræðu sem átti sér stað hér áður en umræðan um frv. hófst þar sem fram kom að nú þegar hefðu átt sér stað einhver ákveðin uppkaup, nefndar allt að 30 þús. ær held ég, og skuldbindingar ríkissjóðs upp á einar 30 millj. kr. sem ættu eftir að hljóta samþykki Alþingis, verð ég að segja að slíkt er vítavert athæfi. Vissulega er óeðlilegt að nú þegar sé farið að vinna eftir samningi sem á eftir að hljóta viðurkenningu á Alþingi. En hins vegar eru þetta víst ekki nema um 8.500 ær sem fóru inn í þessi uppkaup og um þessa 30 millj. kr. skuldbindingu sem hér var gerð að stórmáli má segja að í gildi er búvörusamningur sem fær ákveðin framlög á ári hverju af fjárlögum og ég hef þá trú að hægt sé að mæta þessari skuldbindingu, ef svo færi að Alþingi hafnaði frv., og standa við hana innan ramma núgildandi búvörusamnings og þeirra fjárframlaga sem þar um gilda.

Það er nokkuð skondið þegar búinn er til stormur í vatnsglasi vegna 30 millj. sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum hv. Alþingis þegar við erum á sama tíma að afgreiða fjáraukalagafrv. upp á einhverja milljarða sem hefur verið eytt án heimilda Alþingis.

Það er hins vegar sérstakega gagnrýni vert að ekki var haft samráð við samningsgerðina við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins. Við gerð kjarasamninga í febrúar 1990 náðist víðtæk sátt milli aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda. Samkomulag varð um skipun svokallaðrar sjö manna nefndar sem í áttu sæti fulltrúar frá landbrn., Stéttarsambandi bænda, ASÍ, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandinu. Markmiðið með starfi sjö manna nefndarinnar var að tryggja hagræðingu í landbúnaði sem leitt gæti til lækkandi vöruverðs og um leið tryggari afkomu bænda og þess fólks sem vinnur við framleiðslugreinar tengdar landbúnaði og þjónustu við landbúnaðinn. Mér finnst það raunar allt of oft gleymast í umræðu um landbúnaðarmál og um þessa samningsgerð alla að hér er ekki aðeins verið að fjalla um kjör bændanna sjálfra heldur einnig þess fólks annars sem vinnur við framleiðslugreinar tengdar landbúnaði og þjónustu við landbúnaðinn. Það samstarf sem þarna náðist tryggði að um gerð búvörusamningsins, sem undirritaður var 1991, var víðtæk sátt og við undirbúning nýja samningsins komi sjö manna nefndin ekki að verki með sama hætti og áður var. Í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 11. október um búvörusamninginn og starf að landbúnaðarmálum eru þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar átalin harðlega, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands harmar að sú víðtæka sátt sem náðist á árinu 1990 um stefnumörkun í landbúnaði skuli nú hafa verið rofin af stjórnvöldum og bændum með því að slíta viðræðum við verkalýðshreyfinguna við gerð nýs búvörusamningsins. Búvörusamningurinn var alfarið gerður af stjórnvöldum og samtökum bænda og bera þessir aðilar því einir fulla ábyrgð á framkvæmd hans og afleiðingum. Með þessu hefur þátttöku ASÍ í stefnumörkun í landbúnaði verið hafnað og þannig hefur helstu forsendum verið kippt undan störfum fulltrúa ASÍ í verðlagsnefndum landbúnaðarins. ASÍ verður því óhjákvæmilega að endurmeta ákvarðanir um þátttöku samtakanna í þessum nefndum."

Í ályktun bandalagsráðstefnu BSRB frá 23. og 24. nóvember sl. segir, með leyfi forseta:

„Bandalagsráðstefna BSRB, haldin 23. og 24. nóvember 1995, leggur áherslu á að efla íslenskan landbúnað. Til þess að ná því markmiði þarf að halda áfram endurskoðun á skipulagi atvinnuvegarins, sem grunnur var lagður að í samvinnu bænda, launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda í kjölfar kjarasamninga 1990. Ráðstefnan leggur áherslu á að það eru hagsmunir þjóðfélagsins alls, jafnt neytenda sem bænda, að íslenskur landbúnaður sé lagaður að breyttum aðstæðum. Þróun undanfarinna ára sýnir að markaðsöflin leika æ stærra hlutverk í framleiðslu og verslun landbúnaðarafurða og ekkert bendir til annars en að sú þróun muni halda áfram með vaxandi þunga á næstu árum. Ráðstefnan leggur áherslu á að leitað sé leiða til að bændum og vinnslustöðvum í landbúnaði sé gefinn kostur á að laga sig að nýjum háttum. Ráðstefnan telur afar brýnt að tíminn verði nýttur betur í næstu framtíð en áform eru nú uppi um. Þá lýsir ráðstefnan vilja sínum til að endurvekja það samstarf sem fór fram á vettvangi sjö manna nefndar, enda verði byrjað á því að endurskoða nýgerðan samning um sauðfjárframleiðslu með það fyrir augum að leita leiða til að verja þeim opinberu fjármunum sem ætlaðir eru til greinarinnar á markvissari hátt."

Í athugasemdum við frumvarp ríkisstjórnarinnar kemur fram að sú hagræðing sem stefnt var að í sauðfjárrækt, m.a. með kaupum ríkissjóðs á fullvirðisrétti, hefur ekki gengið eftir og sé orsakanna ekki síst að leita í erfiðu atvinnuástandi sem hafi dregið úr vilja bænda og möguleikum þeirra til að skipta um starf. Því hafi orðið að skerða framleiðslumöguleika allra sauðfjárbænda í verulegum mæli sem síðan hafi ásamt neyslusamdrætti valdið tekjuhruni í greininni.

Vissulega má til sanns vegar færa að erfitt atvinnuástand og samdráttur í sölu dilkakjöts eigi verulegan þátt í því hvernig komið er. En vandann má ekki síður rekja til þess að ekki hefur verið staðið við öll ákvæði þess búvörusamnings sem gerður var árið 1991. T.d. var ekki staðið við ýmis framlög sem efla áttu atvinnuuppbyggingu í sveitum. Má þar nefna viðauka 2, þar sem kveðið er á um að Byggðastofnun skuli fá fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Framlög áttu að vera 100 millj. kr. árið 1992, 100 millj. kr. 1993, 50 millj. kr. árin 1994–1997. Um 200 millj. kr. vantar upp á að við þessi fyrirheit hafi verið staðið.

Þá voru í bókun 6 gefin fyrirheit um 2 milljarða kr. framlag til landgræðslu og skógræktar, en í bókuninni segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verði til lengri tíma litið, ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta, telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs í tengslum við nýja landgræðsluáætlun stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum, eða um 2 milljörðum kr. út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Störf við þau verkefni gætu að nokkru leyti komið í stað þess samdráttar í atvinnu til sveita sem minni sauðafjárframleiðsla hefur í för með sér, enda verði bændum tryggður forgangur að störfum við landgræðslu, skógrækt og landbætur hvers konar."

Skemmst er frá því að segja að lítil aukning hefur orðið á fjárveitingum til landgræðslu- og skógræktarstarfa þrátt fyrir þessa bókun. Eina aukningin sem orðið hefur er vegna Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði, en það verkefni var ákveðið og lögfest áður en búvörusamningurinn var gerður. Áhugi hefur sjaldan verið meiri en nú á að bæta umgengni við landið, græða örfoka land og efla skógrækt á þeim svæðum sem best eru fallin til ræktunar. Enn er ráðrúm til að standa við þessa bókun ef vilji er fyrir hendi, því hún verður áfram í fullu gildi.

Í nýjum samningi sem hér er að hluta til til umfjöllunar er ákvæði um sérstakar stuðningsgreiðslur til að laga búvöruframleiðsluna breyttum aðstæðum. Þar er gert ráð fyrir að verja 75 millj. til umhverfisverkefna á árunum 1997–2000. Samkvæmt frv. eiga bændur að taka á sig sérstök verkefni á sviði umhverfisverndar, landgræðslu og skógræktar. Þess vegna bendir margt til að þar sem samningurinn kveður á um 75 millj. kr. fast framlag til umhverfisverkefna eigi ekki frekar en áður að standa við bókunina um að verja 2 milljörðum til umhverfisverkefna. Þó liggur fyrir að margir bændur hafa sótt um styrki til að hefja skógrækt á jörðum sínum, ýmist með annarri búgrein eða án.

Þá hefur ekki verið staðið við þau framlög sem lofað var í jarðasjóð. Þar vantar um 130 millj. kr. af þeim 150 sem lofað var. Í bókun sem fylgir samningnum sem nú var gerður segir, með leyfi forseta:

„Til þess að auðvelda búskaparlok standi bændum til boða að Jarðasjóður kaupi jarðir þeirra seljist þær ekki á frjálsum markaði."

Engin nánari útfærsla er á þessari bókun og engar reglur um það með hvaða hætti eigi að standa að kaupum og sölu. Ekki er í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 gert ráð fyrir auknu framlagi í Jarðasjóð og engin fyrirheit liggja fyrir um aukin framlög á næstu árum.

Þetta eru nokkur atriði þess búvörusamnings sem nú er í gildi sem ekki hefur verið staðið við af hálfu ríkisvaldsins og stuðla áttu að auknum atvinnumöguleikum bænda og auðvelda þær breytingar og þann samdrátt sem fyrirsjáanlegt var að yrði. Því miður er ekkert sem bendir til að efndir verði betri hvað varðar nýjan samning en var í tíð síðustu ríkisstjórnar varðandi gildandi búvörusamning.

Þá eru mörg efnistriði nýja samningsins og frv. gagnrýni verð og orka tvímælis. Horfið er frá því að halda aðgreindum stuðningi við innanlandsframleiðslu annars vegar og í framleiðslu til útflutnings hins vegar. Þetta getur haft í för með sér að í reynd hefjist á ný niðurgreiðsla búvöru á erlendan markað. Frv. felur ekki í sér sérstaka hvatningu til þess að hefja hér í auknum mæli framleiðslu og sölu á lífrænum eða vistvænum afurðum eða aðra nýsköpun í greininni. Ég verð að segja að mér finnst einkennilegt að ekki skuli vera í raun meiri hvatning til þess að fara út í vistvæna eða lífræna framleiðslu með tilliti til þess að samþykkt var á Alþingi í

vor frv. til laga þar sem átti að leggja og á að leggja lífrænni og vistvænni framleiðslu lið með myndarlegu framlagi.

Sl. haust kom á markaðinn fyrsta lífrænt ræktaða lambakjötið og muni ég rétt keypti hæstv. landbrh. fyrsta lærið sem selt var. (**Landbrh.:** Það var afar gott.) Og það var afar gott, segir hæstv. ráðherra. Frv. gerir bændum sem hafa afsett sína vöru sjálfir að greiða útflutningsskatt af framleiðslunni. Þeim ber að taka þátt í útflutningi til jafns á við aðra þó markaður sé nægur innan lands. Það sama gildir reyndar um bændur sem markaðssetja sitt kjöt sjálfir og hafa ekki þegið beingreiðslur eða á nokkurn hátt verið aðilar að landbúnaðarkerfinu. Mér finnst þetta skref aftur á bak og draga úr hugsanlegri framþróun, vöruþróun og markaðssetningu vörunnar. Ekki er lögð nein sérstök áhersla á vöruþróun og markaðsleit erlendis. Útflutningi er hins vegar beitt sem eins konar refsingu ef framleiðsla er umfram þarfir innanlandsmarkaðar. Um er að ræða útflutning sem landbrh. ákveður og getur haft í för með sér flata skerðingu á verði til allra framleiðenda og gildir þá einu hvort þeir eru innan kerfisins og þiggja beingreiðslurnar eða ekki.

Þá segir í 6. gr. frv.: „Hafi framleiðandi fjölgað vetrarfóðruðu fé frá því sem hann hafði veturinn 1994–1995, getur landbrh. ákveðið að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga að sú framleiðsla, sem svarar til fjölgunarinnar, fari öll á erlendan markað. Skal þá miða við sama hlutfall af framleiðslu og fjölgunin nemur.“ Heimild þessi er ótvíræð. Hún er altæk. Ekki er um nein undanþáguákvæði að ræða í frv. En þrátt fyrir þetta er heimild í samningnum til að fjölga sauðfé ef fjölgun er tilkomin vegna breytinga bústofns. Þessi heimild samningsins gildir til 1. júlí 1996. Ég held því að það sé nauðsynlegt að setja undanþáguákvæði inn í lagatextann í samræmi við þá heimild sem er til þessara breytinga í samningnum sjálfum. Þá er gert ráð fyrir því að hætta framleiðslustýringu innan lands, sem getur haft í för með sér að samningurinn verði framleiðsluhvetjandi og leiði til framleiðslusprengingar og óeðlilegrar lækkunar á verði afurða. Samningurinn og frv. ríkisstjórnarinnar eru einkennileg blanda af ofstjórn og frjálshyggju.

Í 12. og 13. gr. frv. er fjallað um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og endurúthlutun greiðslumarks. Stefnt er að því að auka við greiðslumark lögbýla hjá þeim aðilum sem byggja lífsafkomu sína að miklu leyti á sauðfjárrækt. Í samningnum sjálfum eru ákvæði um þessa úthlutun. Þar kemur fram að þeir sauðfjárbændur, sem hafa 180–450 ærgilda greiðslumark í sauðfé, eigi möguleika á allt að 10% aukningu á beinum greiðslum. Sá sem hefur innan við 180 ærgilda greiðslumark á þó möguleika á aukningu geti hann sýnt fram á það að afkoma hans byggist að stærstum hluta á sauðfjárframleiðslu. Það verður að teljast hæpið, að teknu tilliti til þess hverjar eru tekjur bónda með 180 ærgilda greiðslumark eða minna, að hægt sé að sýna fram á að afkoma fjölskyldu byggist aðallega á sauðfjárrækt. Hugsanlega gætu einstaklingar eða þessir títtnefndu piparsveinar í landbúnaði, sjötugir og yngri, framfleytt sér af þessum greiðslum. (**KÁ:** Hvar eru þeir?) Já, hvar eru þeir. Er það nema von að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spyrji þeirrar spurningar þar sem verulegur skortur er á myndarlegum karlmönnum á lausu á höfuðborgarsvæðinu. (Gripið fram í.) En hins vegar hafa þessir karlmenn möguleika á því að framfleyta sér einum með þeim greiðslum sem þeir fá hugsanlega fyrir 180 ærgilda greiðslumark. En hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir ætti að hugsa um framfærslumöguleikana ef greiðslurnar ættu að standa undir framfærslu fjölskyldu.

En það er ekki tekið tillit til þess hvert greiðslumark þessara aðila var áður en þeir voru skertir vegna ákvæða í gildandi búvörusamningi. Þá er ekki fyrirhugað að taka sérstaklega tillit til þess hvort umsækjandi býr á svæði þar sem landkostir henta vel eða illa til sauðfjárræktar. Samningurinn tekur á engan hátt á nauðsyn þess að svæðaskipting eigi sér stað í landbúnaði þar sem tekið er mið af landgæðum, staðháttum og möguleikum til annarrar atvinnustarfsemi. Þannig er samningurinn engin stoð þeim byggðarlögum sem byggja aðallega á sauðfjárbúskap og tekur ekki sérstaklega á vanda þeirra sem verst hafa farið út úr þeirri skerðingu sem nú þegar hefur átt sér stað.

Í umsögn um frv. ríkisstjórnarinnar sem landbn. fékk frá BHMR segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„BHMR lýsir sérstökum áhyggjum vegna lélegs rekstrargrundvallar smábýlanna, miklum skuldum þeirra og lágum tekjum sem jaðra við fátæktarmörk. Á þessum vanda er ekki tekið í frv. Afleiðing þessa ástands birtist m.a. í þeirri staðreynd að margir smábændur eiga orðið erfitt með að standa undir skólagöngu barna sinna.“

Jafnframt lýsir BHMR því yfir að fyrirliggjandi búvörusamningur sé ekki trúverðug lausn á þeim vanda sem við blasir í sauðfjárræktinni og hvetur til þess að samningurinn verði endurskoðaður og reynt verði að finna varanlegri lausn á aðlögun bænda að breyttum alþjóðlegum aðstæðum þar sem stefnt er að lægra vöruverði til hagsbóta fyrir neytendur.

Það vekur athygli að í viðræðum nefndarinnar við þá sem komu á fund hennar og einnig í þeim umsögnum sem nefndinni bárust kemur nær undantekningarlaust fram verulega gagnrýni á samninginn og frv. og einnig efasemdir um að þau markmið sem sett eru fram náist. Enginn treysti sér til að fullyrða að frv. í núverandi mynd stæðist mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega hvað varðar ákvæðin þar sem kveðið er á um skyldur sauðfjárbænda til að flytja út afurðir án þess að nokkrar markaðsforsendur séu fyrir þeim viðskiptum.

En það vakti einnig athygli að bankastjórn Seðlabanka Íslands neitaði að veita umsögn um frv. á þeim forsendum að efni þess félli utan verksviðs Seðlabankans. Nefndin vænti umsagnar Seðlabankans um þjóðhagsleg áhrif samningsins, hugsanlegar útflutningstekjur, markaðshorfur innan lands og utan, áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og fleiri atriði sem við vildum að bankastjórn Seðlabankans fjallaði um. Bankastjórnin neitaði að veita þessa umsögn af framangreindum ástæðum, þar sem þetta félli utan verksviðs bankans. Þetta hlýtur að teljast ámælisverð afstaða af hálfu stjórnar opinberrar stofnunar og lítilsvirðing við störf löggjafans.

Eins og segir í upphafi nefndarálits 2. minni hluta er nauðsyn á úrbótum í málefnum sauðfjárbænda. 2. minni hluti leggur áherslu á að grípa þarf til sérstakra aðgerða og ítrekar þá afstöðu að um þessar ráðstafanir þarf að vera víðtæk samstaða bænda, verkalýðshreyfingar og annarra aðila vinnumarkaðarins, sem og ríkisvalds. Slík samstaða er ekki fyrir hendi hvað varðar þann samning sem gerður hefur verið eða það frv. sem til umfjöllunar hefur verið í landbn., enda ber niðurstaðan þess merki. Ég dreg í efa að samningurinn og frv. leysi þann vanda sem við er að etja í sauðfjárrækt eða sé til hagsbóta fyrir neytendur. Frv. felur einfaldlega ekki í sér neina framtíðarsýn. Það er ekki hægt að sjá hvað tekur við þegar að samningsferlinu lýkur. Þá á sjálfsagt að ríkja það frelsi sem boðað var í upphafi samningsgerðar og

samningurinn á að hluta til að fela í sér, en við höfum ekki komið auga á. En til þess að greinin geti staðið á eigin fótum eftir að samningstíma lýkur þurfa verulegar breytingar innan greinarinnar að eiga sér stað og ekki aðeins innan hennar. Viðhorfsbreytingar þurfa að eiga sér stað gagnvart henni, ekki bara meðal almennings og neytenda, heldur meðal bænda sjálfra. Það er dálítið dapurlegt að upplifa það í nefndarstarfi að hafa á tilfinningunni að stéttin sjálf hafi í raun ekki trú á rekstrargrundvelli greinarinnar. Þá er fokið í flest skjól.

Það þarf að semja að nýju. Það þarf að gera á meðan þessi samningur gildir og sem allra fyrst. Þá samninga á að gera í samvinnu við þá aðila sem ég hef getið um í ræðu minni. Meðan á því stæði er sjálfsagt að veita þær lagaheimildir sem til þarf.

Þingflokkur Alþb. lagði fram tillögu til þingsályktunar á 118. löggjafarþingi um aðgerðir í landbúnaðarmálum og úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðarins. Tillagan var flutt í ljósi skýrslu sem þáv. landbrh. gaf um framkvæmd búvörusamningsins þar sem fram kom m.a. að verulega vantaði upp á að staðið hefði verið við öll ákvæði gildandi búvörusamnings eins og ég hef áður getið um. Tillagan fól m.a. í sér að landbrh. í samráði við nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka gripi til eftirfarandi ráðstafana í málefnum landbúnaðarins:

Gera áætlun um hvernig staðið verði að málefnum landbúnaðarins og eflingu byggðar í sveitum það sem eftir lifir gildistíma núgildandi búvörusamnings. Markmiðið verði að tryggja að við lok gildistíma samningsins hafi að fullu verið staðið við ákvæði viðauka og bókana sem honum fylgja.

Í öðru lagi að gera tillögur um sérstakan stuðning við hefðbundnar búgreinar, einkum sauðfjárrækt vegna erfiðleika í aðlögun að markaðsaðstæðum. Ráðstafa yrði a.m.k. hliðstæðum fjármunum í þessu skyni og ríkið hefur sparað og mundi spara sökum minni sölu innan lands en forsendur búvörusamningsins gerðu ráð fyrir. Yrði þessum fjármunum varið til að bæta stöðu bænda sem fyrir mestum tekjusamdrætti hefðu orðið til þess að kosta átak í útflutningi á hágæðavörum á þá markaði sem best borga og til fleiri nýsköpunarverkefna.

Í þriðja lagi þá verði hlutast til um ítarlega úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðarins í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að síðan búvörusamningurinn var gerður. Á grundvelli þeirrar úttektar yrðu síðan gerðar tillögur um jöfnun samkeppnisskilyrða.

Í fjórða lagi lögðum við til að undirbúningur yrði hafinn á mótun landbúnaðarstefnu til næstu ára, sbr. 10. gr. í gildandi búvörusamningi og viðræður yrðu strax teknar upp við bændasamtökin um þau mál.

Tillaga þessi er í raun í fullu gildi. Ef hún hefði verið afgreidd frá Alþingi á sínum tíma og þessi vinna farið í gang væri aðstaða til samningagerðar við bændur allt önnur en hún er nú. Auk þessara atriða er hægt að nefna nokkur önnur úr tillögunni sem nauðsynlegt er að taka á með öðrum hætti en gert er í samningnum og frv. Þar á meðal að Jarðasjóði verði tryggt fjármagn svo hann geti keypt jarðir og auðveldað þannig þeim búskaparlok sem vilja hætta búskap. Að ekki sé bara um yfirlýsingar að ræða heldur aukin framlög í Jarðasjóð. Að mótaðar verði fastar reglur um það hvernig að kaupunum yrði staðið af hálfu ríkisins. Að bændur sem greiða tryggingagjald fái að njóta eðlilegra greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Að tekið verði með öflugum hætti á vöruþróun og markaðssetningu. Að hvatt verði til lífrænnar og/eða vistvænnar framleiðslu í landbúnaði og annarrar nýsköpunar með skýrum hætti og að þegar uppkaup á framleiðslurétti eiga sér stað verði tryggt að sauðfjárbúskapur verði ekki stundaður á viðkomandi jörð. Þó verði þar tekið tillit til landkosta og ákveðinnar svæðaskiptingar. Við endurúthlutun á framleiðslurétti verði tekið tillit til svæðaskiptingar með tilliti til landgæða, staðhátta og atvinnuástands. Aðrar tillögur til úrbóta mætti vafalaust nefna, en ég læt nægja að ítreka nauðsyn þess að um úrbætur í málefnum þessarar mikilvægu atvinnugreinar sé víðtæk sátt.

Það er ljóst af því sem ég hef sagt að 2. minni hluti stendur ekki að tillögum eða áliti meiri hlutans. Ljóst er eftir yfirferð nefndarinnar og af þeim umsögnum, munnlegum og skriflegum sem fyrir nefndina hafa komið að nauðsyn er á ákveðnum breytingum á samningnum og frv. ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja að þau markmið sem sett eru náist. Því tek ég undir þau sjónarmið 1. minni hluta þar sem fram kemur nauðsyn þess að semja að nýju við Bændasamtökin og er 2. minni hluti tilbúinn til vinnu við slíka samningsgerð ef óskað er. Þá ítreka ég þau sjónarmið að nauðsynlegt er að taka aftur upp samvinnu fulltrúa þeirra aðila sem komu að gerð gildandi búvörusamnings, ekki síst verkalýðshreyfingarinnar.

Jafnframt vill 2. minni hluti stuðla að því að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar svo svigrúm skapist til að vinna að nýjum samningi. Ég styð því tillögu 1. minni hluta þess efnis að frv. þessu verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og þar verði tekið á málum með tilliti til þeirra atriða sem ég hef hér upptalið.

Að lokum vil ég geta þess, virðulegi forseti, að með nefndarálitinu er fylgiskjal sem sett er upp af framkvæmdastjóra Bændasamtakanna þar sem er dæmi um gjaldtöku af kindakjötsframleiðslu. Af skattlagningu, bæði þeirri sem er í dag sem og þeirri sem gert er ráð fyrir samkvæmt samningnum að komi til verði frv./samningurinn samþykktur af hálfu Alþingis. Eflaust vantar eitthvað þarna inn í en þetta gæti samt verið fróðlegt fyrir hv. þingmenn að sjá hvernig verðið skiptist og hversu há skattlagning er í raun á þessari grein fyrir utan það hvað slátur- og heildsölukostnaður er mikill.

[21:32]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt hér í upphafi máls míns að færa samnefndarmönnum mínum í landbn. þakkir fyrir samstarfið við afgreiðslu þessa máls. Formanninum fyrir lipra leiðsögn og sérstaklega þykir mér ástæða til þess að minnast hér á þátt stjórnarandstöðunnar sem setti sig vel inn í þetta flókna mál og hafði á vissan hátt góð áhrif á störf nefndarinnar þótt leiðir skildu að lokum.

Hér hefur verið talað um að tillögur meiri hluta landbn. feli í sér breytingar á búvörusamningnum. Það er hárrétt. Þær fela í sér breytingar á búvörusamningnum og ég held að það sýni styrk en ekki veikleika að slíkar tillögur skuli koma fram þegar á annað borð svo reynist, eins og ég átti frekar von á, að þingið er ekki sammála þeim gjörningi sem fyrir liggur um þessi efni.

Það hefur reyndar legið fyrir að ég væri ósáttur við búvörusamninginn og m.a. skýrði ég þau sjónarmið hér við 1. umr. þessa máls. En með þeim breytingum sem nú liggja fyrir og þeim áherslum sem koma fram í breytingartillögum landbn. hefur þessi samningur á sér aðrar ásetningar en áður

var eins og frv. leit út varðandi breytingar á búvörulögunum. Fyrir mér er það að sjálfsögðu algert aukaatriði hvort menn telja þessar breytingar miklar eða litlar. Ég met það svo að hér sé um stefnubreytingu að ræða frá því sem var í frv. og frá því sem er í samningnum. Og mitt aðalerindi er að rökstyðja þessa niðurstöðu mína.

Það er auðvitað líka grundvallaratriði að þeir sem nú taka við tileinki sér það sem Alþingi kann að hafa að segja um þau efni svo framkvæmdin verði í samræmi við vilja Alþingis, væntanlega á grundvelli þeirra breytingatillagna sem hér liggja fyrir. Ég ætla ekki að leyna því að það urðu mér nokkur vonbrigði að heyra til formanns Bændasamtaka Íslands varðandi breytingarnar, eins og hann túlkaði þær að vísu í stuttu sjónvarpsviðtali í fréttum í kvöld. En ég hlýt að setja traust mitt á hæstv. landbrh., við höfum lengi starfað hér saman og engum treysti ég betur til að taka til hendi á grundvelli þeirra áréttinga sem ég vænti að Alþingi muni staðfesta með samþykkt tillagna meiri hluta landbn.

En því get ég nú þess sérstaklega að ég hef farið yfir ræðu hæstv. ráðherra þegar hann mælti hér fyrir frv. til búvörulaganna og samkvæmt eðli málsins eru þær áréttingar sem þar koma fram í takt við frv. og í takt við samninginn og hafa þess vegna á sér það yfirbragð að byggja á þeim úreldingarviðhorfum sem bæði felast í búvörusamningnum og búvörulögunum gagnvart íslenskum landbúnaði. Og þá sérstaklega sauðfjárræktinni. Ég árétta það sem ég sagði áðan að ég treysti því og er þess reyndar fullviss að hæstv. landbrh. mun starfa á grundvelli þess sem hér verður ákveðið á Alþingi.

Nú ætla ég, virðulegi forseti, að fara yfir breytingarnar og leitast við að sýna fram á í hverju þær eru fólgnar og hverjar hinar nýju áherslur eru.

Þar legg ég áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi að tekin eru upp ný ákvæði og skilvirkari afstaða gagnvart útflutningi á sauðfjárafurðum en var í samningnum og frv. sem hér er til afgreiðslu. Í 2. mgr. 5. gr. frv. segir frá því hverjar heimildir landbrh. eru fengnar til þess að takast á við útflutningsmálin. Og þær eru, með leyfi forseta, þannig:

„Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir kindakjöt sem selt er á erlendum mörkuðum samkvæmt samkomulagi sem kveðið er á í 62. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu á verðjöfnunargjaldi sem má nema mismun á auglýstu viðmiðunarverði Framleiðsluráðs landbúnaðarins og skilaverði við útflutning (fob). Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um útreikning verðjöfnunargjaldsins eftir gæða- og vöruflokkum, svo og ákvæði um innheimtu og ráðstöfun gjaldsins."

Heimildir ráðherrans voru þær að setja samkvæmt frv. reglugerð um verðjöfnun. Þetta ákvæði er fellt í burtu og í stað þess, eins og hv. framsögumaður skýrði hér áðan, segir nú:

„Landbrh. skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssambands sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best."

Á Alþingi í maí, þegar lögin voru gefin út, voru gerðar breytingar á búvörulögunum þannig að kveðið var á um að útflutningur á landbúnaðarvörum heyrði til verkefnis landbrh. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, þar sem sagt er frá forræðismálum landbrh. þar með talinn útflutningur landbúnaðarafurða:

„Á grundvelli þessa ákvæðis hefur hins vegar landbrh. ekki treyst sér til að gefa út reglugerð um skipulag þessara mála. Nú er það hins vegar orðið ótvírætt, verði tillaga meiri hluta landbn. samþykkt, að honum ber að ganga frá slíkum reglum."

Og þetta er afskaplega mikilvægt. Eins og menn vita er hér um ræða viðkvæman markað og ég minni m.a. á það sem kemur fram í grein eða viðtali við Baldvin Jónsson í Morgunblaðinu í dag þar sem skýrt er frá því að undirboð á erlendum mörkuðum hafi m.a. á þessu ári orðið til þess að verð hafi lækkað. Hér er því um afar mikilvæga áréttingu að ræða í þessum efnum. Ég þarf ekki að taka fram að auðvitað verða þessar reglur að rúmast innan þeirra skuldbindinga sem GATT-samkomulagið leggur okkur m.a. á herðar og var sérstaklega farið yfir þau mál í landbn. með sérfróðum mönnum um þau.

Önnur breyting og afar mikilvæg af þessu sama tilefni er í 3. mgr. 6. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir kindakjöt, sem flytja þarf á erlendan markað, skal afurðastöðvum gert kleift með verðjöfnun að greiða framleiðendum sama verð. Skal uppgjörið miðað við að sama verð greiðist fyrir kjöt af sömu gæðum."

Með öðrum orðum, allt kjöt sem á að fara til útflutnings, eins og ákvæði frv. segja fyrir um, á að verðjafna þannig að allir fái sama verð. Þetta ákvæði er fellt niður og þar með er fenginn hvati fyrir því að markaðssjónarmið fái að njóta sín þegar sala fer fram á erlendum mörkuðum eða þeirra er leitað af þeim sem með þessi málefni fara.

Nú er það raunar svo að þessir markaðir eru á vissan hátt nokkuð ólíkir og á sumum fæst gott verð. Sérstaklega liggur það fyrir um Færeyjamarkaðinn sem við höfum haft góð not af um margra ára skeið og sama má ætla að verði þegar útflutningur hefst á Noregsmarkað. Þeir markaðir eru fyrst og fremst hinir svokölluðu skrokkamarkaðir, þ.e. kindakjötið fer út óunnið. Þar sem þessir markaðir skila misháu verði verður ekki hjá því komist að einhver tilfærsla muni þar eiga sér stað og af þeirri ástæðu eru gerðar breytingartillögur um 30 kr. gjaldtöku á hvert útflutt kindakjötskíló. Hins vegar er skýrt nákvæmlega í áliti nefndarinnar, og ég vísa til þess til að tefja ekki umræðuna að óþörfu, virðulegi forseti, hvers vegna texti breytingartillagnanna er með þessum hætti og tekið skilmerkilega fram að hér er einungis um að ræða einmitt þessar aðstæður þegar skrokkaverð á erlendum mörkuðum er jafnmisjafnt og raun ber vitni.

Þessar tvær mikilvægu breytingar eru gerðar í sambandi við útflutningsmálin og fela að sjálfsögðu í sér allt önnur og skýrari markmið til sóknar inn á erlenda markaði heldur en bæði frv. og samningurinn gerir ráð fyrir. Hér er um að ræða kannski einhverja þýðingarmestu breytngu, vendingu frá því sem búvörusamningurinn gerir ráð fyrir, því að hann talar skýru máli um það að útflutning eigi að verðjafna að fullu.

Annað atriði, eins og ég sagði áðan, snertir birgðahaldið. Það er alveg ljóst að með því fjármagni og með hliðsjón af þeim birgðum af kindakjöti sem til eru í landinu eða falla til á næsta ári, er ekki séð fyrir því að þeim birgðum verði eytt. En það hygg ég að sé allra dómur að til þess að það nýja kerfi sem tekið verður upp í verðlagningu sauðfjárafurða á innanlandsmarkaði innan tveggja ára geti virkað og notið sín má ekki vera óeðlilegt birgðahald í landinu. Af þessari ástæðu eru gerðar tillögur um bráðabirgðaákvæði til tveggja ára sem kveða á um að aukin verðskerðing verði tekin af útborgunarverði til sauðfjárbænda og má ætla að sú gjaldtaka

muni nema 120–150 millj. kr. Það er auðvitað sár niðurstaða við þær aðstæður sem uppi eru í sauðfjárræktinni að þurfa að auka með þessum hætti gjaldtöku á sauðfjárbændur. En hér er hins vegar verið að fyrirbyggja mikið slys sem af því hlytist ef birgðir væru uppsafnaðar í landinu þegar hið breytta skipulag á sölumálum tekur við.

Jafnframt er gerð breyting á búvörusamningnum. Hún er að sjálfsögðu afar skýr því að í 5. gr. samningsins er kveðið á um að ráðstöfun uppkaupafjár verði breytt. Ég hef nú reyndar kallað það úreldingarfé og mér hefur ekki fundist því vera sérstaklega vel varið, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls. Í texta neðan við töfluna á bls. 16, sem sýnir framlög til hagræðingar og aðlögunar, er þess getið að ef þær 443 millj. sem ætlaðar eru til uppkaupa nýtast ekki til þeirrar ráðstöfunar, þá eiga þær ekki að greiðast til samningsins. Nú er þessu breytt þannig að ef afgangur verður af þessum 443 millj. kr., þá fer hann til markaðsaðgerða. Nú hefur verið gerð breyting á réttarstöðu þeirra bænda sem náð hafa 70 ára aldri þannig að þeir fá nú að búa og starfa áfram, svo er guði fyrir þakkandi. Því má ætla að sú ráðstöfun dragi úr uppkaupaþörfinni og þar af leiðandi verði þarna nokkurt fé til ráðstöfunar í markaðsaðgerðum. Ég tel að þetta sé afar þýðingarmikið og það verður ekki betur séð en að með þessu sé fyrir því séð að birgðir af kindakjöti verði ekki til trafala þegar breytt skipan þessara mála verður upp tekin. Þetta er afar þýðingarmikið ákvæði og mikil trygging fyrir því að þessi mál geti gengið fram með þeim hætti sem til hefur verið ætlast.

Ég hef reyndar minnst á það að í samningnum er kveðið á um að sjötugir bændur skuli ekki eiga lengur réttindi til beingreiðslna, en það ákvæði hefur verið fellt á brott og hafa þeir sama rétt og þeir áður höfðu, þegar frv. hefur náð fram að ganga. Þessar breytingar geta menn auðvitað, eins og ég hef reyndar tekið áður fram, metið með ýmsum hætti. En ég tel þær afar mikilvægar. Verði þær á annað borð gerðar virkar og eftir þeim unnið, þá skiptir minna máli með ýmsan þann ásetning sem í þessum samningi felst og er mér ekki neitt sérstaklega hugnanlegur.

Ég held að sauðfjárræktin eigi framtíð fyrir sér. Það var reyndar mikið um það talað af þeim sem kynntu búvörusamninginn að í honum fælust sóknarfæri. Ekki veit ég hvar þau eru. En aftur á móti sýnist mér að eftir breytingarnar geti falist í þessum samningi, eða réttara sagt í þessum breyttu lögum, viss og ákveðin sóknarfæri með tilliti til þess að þar verði leitað að erlendum mörkuðum, sem reyndar hefur nokkuð verið gert á allra síðustu árum og þá einkum í fyrra með árangri sem vissulega gefur nokkrar vonir.

Við verðum líka að treysta því að á þessum vettvangi eins og öðrum geti landbúnaðarframleiðslan notið þess umhverfis sem hún býr nú við að því er varðar góð rekstrarskilyrði, miklu betri rekstrarskilyrði heldur en áður hafa verið, eins og reyndar í öðrum atvinnugreinum. Með tilliti til þess hversu mikið er lagt upp úr hreinu umhverfi ætti að skapast nokkur sérstaða og nokkrir möguleikar sem við gætum þannig nýtt.

Þetta eru meginbreytingarnar, virðulegi forseti. Það væri auðvitað hægt að hafa hér miklu lengra mál. Þetta er hins vegar niðurstaðan af nefndarstarfinu. Þetta er árangurinn sem náðst hefur. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að það þarf að breyta búvörusamningnum og þess vegna þótti mér sérstök ástæða til þess að draga það fram í dagsljósið með sem allra skýrustum hætti, þótt hv. formaður landbn. hafi verið búinn að gera grein fyrir áliti nefndarinnar.

Ég endurtek svo þakklæti mitt til nefndarmanna, en vil að lokum geta þess sérstaklega að mér þykir mikilvægt að fram kom í máli hv. 5. þm. Suðurl., frsm. 2. minni hluta, stuðningur við þessar tillögur. Það tel ég að styrki málið í heild sinni og met mikils að þannig skuli hafa fengist góður stuðningur við þetta mál. Það styrkir þá niðurstöðu sem hér hefur fengist og ég vek sérstaka athygli á þeim orðum ræðumanns sem hún lét falla um þessa tillögugerð.

Ég vænti svo að hæstv. landbrh. fari vel yfir þessar breytingar og þann ásetning sem í þeim felst. Þá er ég sannfærður um að þær munu skila árangri fyrir sauðfjárbændur og ekki einungis fyrir þá, heldur fyrir bændur alla og búsetu í sveitum landsins.

[22:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og við var að búast komu ýmsar merkar upplýsingar fram í máli hv. þm. Mér var til að mynda ekki ljóst fyrr en ég hlýddi á mál hans að guð almáttugur sæti sjálfur í landbn. eða væri að minnsta kosti mjög nálægur henni. Ræðumaður eignaði honum sérstaklega tilteknar breytingar sem orðið hefðu á búvörusamningnum. Ég lagði eyrun sérstaklega eftir því að það var guð en ekki Guðni sem þar var nefndur.

En það var ekki það sem ég ætlaði að spyrja hv. þm. út í heldur hitt að mig rekur minni til þess að í viðtölum við fjölmiðla í sumar hafði hv. þm. nokkuð stór orð um þennan samning. Eða undir haustið. Ég held ég muni það rétt að hann hafi talað um að þetta væri versti samningur sem gerður hefði verið á öldinni. (**Gripið fram í:** Eftir Gamla sáttmála.) Já, gott ef ekki síðan Gamli sáttmáli var gerður. Það er þess vegna nokkurt undrunarefni að breytingar á samningnum sem hljóta að teljast tiltölulega minni háttar, svona í grundvallaratriðunum lagatæknilegar lagfæringar sagði hv. form. landbn., valdi því að hv. þm. treystir sér nú fyrirvaralaust til að mæla með stuðningi við samninginn. Ég vil því leyfa mér að spyrja hv. þm. hvað valdi þessum sinnaskiptum, hvort það séu eingöngu þessar lagfæringar sem nú eru lagðar til af hálfu meiri hluta landbn. eða hvort hv. þm. meti stöðuna öðruvísi en hann gerði í sumar eða á haustdögum. Eða telur hann bændur ekki eiga annarra kosta völ og mælir þess vegna með þessum samningi? Og þá væntanlega vegna þess að það er ekki við betra að búast af hálfu núv. ríkisstjórnar.

[22:02]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lýsing mín á búvörusamningi og samlíking við Gamla sáttmála á við búvörusamninginn sem hv. ræðumaður gerði árið 1991 og varð þess valdandi að sauðfjárræktin fór á höfuðið á tveimur fyrstu árum samningsins. Þannig að eitthvað hefur skolast til í þessum efnum. Í þessum samningi hefur hins vegar verið breytt til að því leyti að það er ekki lengur bannað að flytja út kindakjöt, eins og var í samningi fyrirspyrjanda hér áðan. Auk þess, eins og ég gat sérstaklega um, hafa verið gerðar breytingar á búvörulögunum sem eiga að geta skilað mikilvægum árangri í þróunarferli þessara verkefna. Og það er ástæðan fyrir því að ég styð þetta nefndarálit. Ég vek hins vegar athygli á því að hér er búvörusamningurinn með öllum sínum göllum og kannski einhverjum kostum, ekki til atkvæðagreiðslu og þar með er ég ekki að taka afstöðu til hans sem slíks.

[22:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er þekktur fyrir að hafa gjarna uppi stór orð og miklar yfirlýsingar um það hversu allir aðrir en hann séu óhagstæðir bændum. Sérstaklega á þetta við þegar hv. þm. er í sínu heimahéraði, austur á Hornafirði. Þar mun hann m.a. hafa haft þau orð um gamla búvörusamninginn í framboðsræðum á vordögum eða síðvetrardögum 1991, að fyrr skyldi blóð renna um sali en hann samþykkti þann samning eða stæði að því að hann yrði framkvæmdur. En úr því hann var svona slæmur, versti samningur síðan Gamli sáttmáli var gerður, hvernig stendur þá á því að hv. þm. studdi í fjögur ár ríkisstjórn sem stóð að framkvæmd þess samnings óbreyttum? Og meira að segja var landbrh. hæstv. úr flokki hv. þm. Eitt af fyrstu verkum þess landbrh., landbrh. Sjálfstfl., var einmitt að leggja til lögfestingu þess samnings á Alþingi haustið 1991.

Í annað skiptið á skömmum tíma hefur hv. þm. nú uppi *stór orð um það hve búvörusamningar séu vondir.* Hvað verður svo úr öllu saman þegar til þings er komið? Hv. þm. styður aftur fyrirvaralaust það sem hann er áður búinn að vísa út í ystu myrkur. Ég stóð m.a. upp til að minna aðeins á þetta eftir þá háfleygu ræðu sem flutt var hér áðan.

Það er misskilningur og ber nú ekki vott um mikla þekkingu fyrrv. formanns landbn. og núv. varaformanns, að halda því fram að í gamla búvörusamningnum, eða þeim sem síðast hefur verið í gildi, hafi staðið bannákvæði um að menn mættu flytja út lambakjöt eða kindakjöt. Það er bókstaflega ekkert um það fjallað með þeim hætti. Hins vegar er ljóst að í þeim samningi var sá útflutningur á ábyrgð bænda og það var ekki gert ráð fyrir því að opinberir fjármunir rynnu til þess að niðurgreiða kindakjöt í útlendinga. Það er hins vegar opnað fyrir þann möguleika í nýja samningnum. Hv. þm. er kannski að verða svona sáttur við hann af því að nú á á nýjan leik að taka upp þá gömlu viðreisnartilhögun að ráðstafa íslenskum skattpeningum í að niðurgreiða þessa vöru ofan í útlendinga í staðinn fyrir að verja þeim peningum til að lækka verð vörunnar á innlendum markaði.

[22:07]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi útflutningsbann á kindakjöt í fyrrv. búvörusamningi er þess að geta að þar stendur skýrum orðum að óheimilt sé að flytja það kindakjöt sem er innan greiðslumarks á erlendan markað. Það var áreiðanlega kindakjöt en ekki svínakjöt þannig að það er óumdeilanlegt að svona bann var í samningnum.

Í öðru lagi er vert að minna á að sá búvörusamningur var ekki lögtekinn. Haustið 1991 var hann ekki lögtekinn á Alþingi. Það voru hins vegar gerðar breytingar á búvörulögunum til þess að hægt væri að framkvæma viss efni samningsins, en það var ekki sú samtenging á milli þess samnings og nú er við búvörulögin. Allt þetta byggist því á miklum misskilningi og sýnir reyndar að enn er hv. þm. utan við sig í þessum málum, eins og hann var þegar hann gerði þennan búvörusamning.

[22:08]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 96. mál, nál. 2. minni hluta landbn., þskj. 255.

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, 13. mál, þskj. 256.

[22:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar 4. þm. Norðurl. e. um það hvort guð almáttugur sé í landbn. get ég upplýst að hann hefur aldrei mætt þar.

Hins vegar er hv. þm. Guðni Ágústsson í nefndinni.

Herra forseti. Það ferli að framleiða og selja lambakjöt er ekki mjög flókið. Ferlið frá framleiðslu til sölu á markað er ekki mjög flókið. Og því hlýtur maður að spyrja á árinu 1995 *hvers vegna í veröldinni sé búið utan um þetta ferli slíkt kerfi* að það er leitun að þeim mönnum sem skilja það. (**Gripið fram í:** En Egill skilur það.) Það er fullyrðing hv. þm. Hvers vegna er allt þetta flókna regluverk um jafneinfalt ferli? Að minni hyggju er búvörusamningur tímaskekkja. Samningurinn er arfur sögulegra mistaka, mistaka og óstjórnar sem einkennt hefur stjórn landbúnaðarmála undanfarna áratugi, allt frá 1934. Með nýgerðum búvörusamningi ætlar ríkisvaldið að tryggja greiðslur fyrir afurðir sem hluti bændastéttarinnar framleiðir. Réttlæting slíks samnings getur aðeins verið ein. Það að verið sé að leiðrétta mistök við stjórn landbúnaðarmála undanfarna áratugi og reyna að koma landbúnaðinum sem atvinnugrein inn í sama viðskiptaumhverfi og aðrar atvinnugreinar hér á landi. Þessi samningur gerir það ekki. Því hafnar Alþfl. því að taka 12.000 millj. úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til greiðslu samkvæmt nýgerðum búvörusamningi án þess að í honum sé að finna framtíðarsýn sem réttlætt geti þessi útgjöld.

Greindur maður sagði eitt sinn: Ef ferð hefst hvergi er nokkuð öruggt að þar mun hún enda. Það er vandfundin betri lýsing á nýgerðum búvörusamningi Bændasamtaka Íslands og þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr en þessi orð. Samningurinn ber þess augljóslega merki að núv. ríkisstjórnarflokkar hafa gefist upp á að reyna að taka á vandanum sem við er að etja í landbúnaði. Þeir hafa tekið þá ákvörðun að fresta því að taka á vandanum fram yfir næstu alþingiskosningar. Enda er gildistími samningsins til ársins 2000.

Vandi sauðfjárbænda er mikill og sýnir í hnotskurn gallana *á núv. framleiðslustjórnunarkerfi.* Þótt tekist hafi að minnka framleiðslu sauðfjárafurða undanfarin ár hefur ekki tekist að ná árangri við að tryggja hagkvæmni í framleiðslunni. Samdráttur í framleiðslunni hefur ekki leitt til þess að framleiðslueiningum í greininni hafi fækkað heldur hefur meðalstærð sauðfjárbúa minnkað. Niðurfærsla á fullvirðisréttinum tók ekkert tillit til hagkvæmnissjónarmiða. Þetta hefur leitt til þess að fjárfestingar á bújörðum og í vinnslustöðvum eru verr nýttar en áður og sama máli gegnir um mannafla í landbúnaði. Það er því augljóst að mikið er um ónýtta fjárfestingu í greininni og auðvelt að auka framleiðsluna án þess að auka kostnað. Þótt á þetta hafi verið bent, bæði af umsagnaraðilum við frv. og minni hluta landbn., hefur meiri hlutinn skellt skollaeyrum við öllum athugasemdum og haldið sínu striki.

Frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ætlað að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vegna ákvæða í samningi Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnarinnar um sauðfjárframleiðslu. En sá samningur felur í sér breytingar á þeim hluta samnings sömu aðila frá 1991 sem nær yfir framleiðslu sauðfjárafurða. Samningurinn endurspeglar því stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum.

Í 1. gr. samningsins koma fram fjálgleg markmið sem samningsaðilar ætla að reyna að ná. En þau eru helst að

auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur, treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda og ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Sauðfjárrækt verði í samræmi við umhverfisvernd. Þar með er sennilega upptalið það sem hægt er að samþykkja í samningnum. Ágreiningurinn varðar á hinn bóginn þær leiðir sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa valið að fara til að ná þessum markmiðum. Þar er um að ræða hefðbundið landbúnaðarbix þar sem reynt er að bræða saman ofstjórn og frjálshyggju með hjákátlegri útkomu.

Í fyrsta lagi lýsa þeir því yfir að stefnt skuli að breyttu rekstrarumhverfi í sauðfjárframleiðslunni með frjálsara verðlagskerfi. Í stað fyrirkomulags um opinbera verðlagningu sauðfjárafurða, þ.e. að sauðfjárafurðir skuli verðlagðar til framleiðanda af verðlagsnefnd og slátur- og heildsölukostnaður ákveðinn af fimm manna nefnd, er ætlunin að taka upp frjálsa verðmyndun í áföngum. Þrátt fyrir þessi markmið eru ákvæði í búvörulögunum þess efnis að landbrh. skuli taka ákvörðun um hversu stórt hlutfall af landbúnaðarframleiðslunni skuli fara á utanlandsmarkað. En um leið og hann tekur þá ákvörðun er ákveðið hversu mikið magn fer á innanlandsmarkað. Það er því lítill munur á því hvort verðlag á afurðum sé ákveðið með verðstýringu eða magnstýringu. Fullyrðingar ríkisstjórnarinnar um annað eru orðin tóm. Niðurstaðan er sú sama.

Í öðru lagi kemur fram í samningnum að ætlunin með honum sé að leggja af framleiðslustýringu. Stuðningur við greinina skuli óháður framleiðslu, en á móti komi að bændur séu sameiginlega ábyrgir fyrir útflutningi á sauðfjárafurðum. Það er rétt að sauðfjárframleiðendur þurfa ekki lengur að framleiða 80% af greiðslumarki lögbýlis til þess að fá fulla beingreiðsu. Þess í stað er krafist að bóndi skuli eiga 0,6 kindur fyrir hvert ærgildi til þess að fá fulla beingreiðslu.

Í meðförum frv. hjá landbn. hafa þessi ákvæði verið hvað harðast gagnrýnd og fullyrt að í þessu felist framleiðslusprengja sem muni gera allar áætlanir um fækkun sauðfjár og framleiðenda að engu. Lítum á nokkrar umsagnir.

Í umsögn Hagþjónustu landbúnaðarins segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt ákvæðum í 6. gr. er öllum afurðastöðum ætlað að taka þátt í útflutningi og fá bændur jafnaðarverð fyrir kjöt af sambærilegum gæðum. Draga verður í efa að þetta fyrirkomulag virki hvetjandi á afurðastöðvar til að stunda markaðsstarf erlendis. Má í þessu sambandi nefna að margar afurðastöðvar eru í meirihlutaeigu bænda og með þessu er tekið fyrir þann möguleika að eigendur, þ.e. bændur, njóti árangursríks markaðsstarfs erlendis í hærra verði."

Í umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Jöfnun skilaverðs til framleiðenda kindakjöts, sem selt er á erlendum mörkuðum, dregur líklega úr hvata til markaðssetningar erlendis. Ef útflytjendur fá ekki sjálfir að njóta eigin árangurs í markaðssetningu er hætt við að lítil áhersla verði lögð á sölu á erlenda markaði. Einnig er rétt að benda á að afar erfitt verður að reikna verðjöfnunargjaldið, sérstaklega í ljósi þess að gjaldið á að vera breytilegt ...

Helsti galli nýja búvörusamningsins og þar með lagafrv. er að í því er hagrænn hvati fyrir bændur að auka framleiðslu sína þvert á markmið samningsins og neysluþróun í landinu. Í stað þess að stýra heildarframleiðslumagni er útflutningskvöð komið á þannig að framleiðendum er gert skylt að selja sama hlutfall af framleiðslu sinni á sama verði til útlanda.

Tveir verstu gallar frv., framleiðsluhvatinn og verðjöfnunin, eru dæmi um slæma hagræna hvata. Ef gert er ráð fyrir að framleiðendur hegði sér skynsamlega, þ.e. hámarki efnislega velferð sína, kemur samningurinn til með að hafa slæmar afleiðingar."

Ein forsenda þess að samningsmarkmiðin náist eru því þau að bændur hegði sér óskynsamlega. (Gripið fram í.) Það er markvert að formaður landbn. skuli ekki treysta bændum betur en svo að forsenda þess að samningsmarkmiðið náist er að bændur hegði sér óskynsamlega.

Í umsögn Neytendasamtakanna segir m.a., með leyfi forseta:

„Það eru því mikil vonbrigði að bæði samningurinn og lagafrv. skuli engu breyta um þennan vanda," þ.e. sem við er að etja í sauðfjárframleiðslunni. „Það er mat Neytendasamtakanna að nánast sé ekki á neinn hátt tekið á vandanum og að í lok samningstíma búvörusamningsins verði sami vandi eftir sem áður með tilheyrandi fjáraustri af hendi skattborgara til að hægt sé að framleiða lambakjöt. Að mati Neytendasamtakanna er það eina jákvæða við þennan samning að bændur geta boðið út slátrun og þar með knúið á um löngu tímabæra lækkun sláturkostnaðar.

Af þessum ástæðum leggjast Neytendasamtökin gegn því að þetta lagafrv., sem er til staðfestingar á samningi um sauðfjárframleiðslu verði samþykkt, enda er í raun hvorki framleiðslu- né verðstýringu kastað fyrir róða. Komið er í meginatriðum áfram í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu innan þessarar búgreinar, þ.e. að framleiðendum gefist kostur á að stækka bú sín, oftast án nokkurrar fjárfestingar. Vandanum er hins vegar ýtt á undan sér, m.a. með útsölu á lambakjöti sem neytendur greiða með sköttum sínum og sem í sjálfu sér leiðir til lítillar neysluaukningar, hins vegar fylla neytendur frystikistur sínar [af kjöti]."

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Bóndi, sem ákveður að auka framleiðslu sína — og veldur þannig auknum kjötútflutningi — tekur ekki sjálfur á sig nema lítinn hluta þeirra afleiðinga sem hljótast af ákvörðuninni fyrir greinina í heild. Það leiðir til óhagkvæmni að rjúfa þessi tengsl."

Samkvæmt frv. „... fá framleiðendur heimild til að ákveða sameiginlega hversu mikið kjöt verður flutt út. Þetta ákvæði ásamt ákvæðinu hér undan um jöfnun verðs fyrir útflutt kjöt takmarka verulega hagkvæmnisáhrif frjálsræðsins í verðlagningu kindakjöts sem frv. gerir ráð fyrir frá haustinu 1988.

Að öllu samanlögðu er vafamál að frv. leiði til þeirrar niðurstöðu sem að er stefnt þrátt fyrir aukin framlög úr ríkissjóði. Það er þó ekki útilokað ef vel tekst til um útflutning sauðfjárafurða á næstu árum eða ef framleiðslan dregst hraðar saman en ætla má í fljótu bragði. En einnig er hugsanlegt að með frv. fáist fyrst og fremst andrými um nokkurn tíma; smám saman leiti á ný í sama horf. Æskilegt hefði því verið að tryggja betur en frv. gerir að jafnvægi næðist milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða."

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kemur fram að ein forsenda þess að einhver af markmiðum samningsins muni nást sé sú að flytja þurfi út árlega 2.000–2.500 tonn af lambakjöti. Þessar forsendur eru vægast sagt óraunsæjar. Baldvin Jónsson, einn helsti markaðsráðgjafi landbúnaðarins lýsti því yfir, aðspurður á fundi nefndarinnar, án þess þó að hann vildi bera á því nokkra ábyrgð að það væri þumalputtaregla að til þess að vinna góða markaði fyrir það magn sem hér

um ræðir þyrfti að leggja til markaðsstarfs 250 millj. kr. árlega í 5 ár. Í ár eru ætlaðar 25 millj. kr. til starfans svo menn geta séð hversu mikið raunsæi er að finna í forsendum samningsins.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau sjónarmið sem lýst hefur verið að framan og segir auk þess, með leyfi forseta:

„Þau atriði, sem nefnd eru hér að framan, geta hæglega leitt til þess að vandi sauðfjárræktarinnar verði meiri í lok samningstímans en hann er nú, því stuðningur til þeirra bænda sem verða í framleiðslu mun verða hlutfallslega hærri miðað við selt magn á innanlandsmarkaði og líklegt er að umframframleiðslan sem fer í útflutninginn sem gefur lágt verð muni einnig verða meiri."

„Búvörusamningurinn var alfarið gerður af stjórnvöldum og samtökum bænda og bera þessir aðilar því einir fulla ábyrgð á framkvæmd hans og afleiðingum. Með þessu hefur þátttöku ASÍ í stefnumörkun í landbúnaði verið hafnað og þannig hefur helstu forsendum verið kippt undan störfum fulltrúa ASÍ í verðlagsnefndum landbúnaðarins. ASÍ verður því óhjákvæmilega að endurmeta ákvarðanir um þátttöku samtakanna í þessum nefndum."

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands segir m.a. með leyfi forseta:

„Segja má að vandi sauðfjárræktarinnar sé af þrennum toga. Í fyrsta lagi hefur neysla og sala kindakjöts dregist verulega saman á síðustu árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Í öðru lagi hefur framleiðslan ekki aðlagað sig að þessum breyttu aðstæðum á markaði og hafa verulegar birgðir safnast upp. Í þriðja lagi hafa ekki orðið nauðsynlegar skipulagsbreytingar í sauðfjárframleiðslu sem hefur haft í för með sér að bændum hefur ekki fækkað en búin hafa þess í stað minnkað og tekjur bænda dregist verulega saman.

Þetta er í hnotskurn sá vandi sem stjórnvöld og bændur standa frammi fyrir. Sá samningur, sem undirritaður var 1. október sl., er því ekki lausn vandans heldur bætir þar frekar á.

Lagafrv. setur enn fremur takmarkanir á viðskipti með greiðslumark, en þau verða bönnuð eftir 1. júlí 1996. Með þessu er loku skotið fyrir að hagræðing geti átt sér stað með hjálp markaðarins, þ.e. að þeir sem framleiða á hvað hagkvæmastan hátt geti keypt aðra bændur út úr framleiðslunni og búin þannig náð hagkvæmari stærð.

6. gr. frv. kveður á um að bændur verði skyldaðir að taka þátt í útflutningi án þess þó að nokkrar markaðslegar forsendur séu sýnilegar fyrir þeim viðskiptum. Þar sem bændur bera sameiginlega ábyrgð á útflutningi mun hver bóndi fyrir sig framleiða upp í þá skerðingu sem hann verður fyrir vegna framleiðslu annarra. Þetta hvetur til meiri framleiðslu, fjölgunar sauðfjár og meiri beitar. Taki útflutningsmarkaður ekki við því magni sem ætlast er til, safnast birgðir upp á nýjan leik. Þetta er einn stærsti gallinn í frv. því bylin hafa á síðustu árum sætt niðurskurði framleiðsluheimilda og hafa nú mikla ónýtta framleiðslugetu og þarf því lítinn hvata til að leysa hana úr læðingi. Sameiginleg ábyrgð á útflutningi gengur þvert gegn markmiðum samningsins um að stuðla að jafnvægi milli framleiðslu og sölu, og fjölgun búfjár gegn markmiðum um umhverfisvernd."

Af öllu þessu má ljóst vera að það er sama hvar borið er niður. Það er sama hver á í hlut af þeim aðilum sem veitt hafa umsagnir, nánast allir hafna þeim samningi sem nú er ætlunin að lögfesta. Þar sem allir þeir aðilar sem hér hafa verið taldir upp, nánast allar tölfræði- og hagfræðistofnanir þjóðarinnar hafa hafnað þessum samningi, bjóst ég við því í framsöguræðu formanns landbn. að fram kæmu rök sem mundu hnekkja þessu, því hann hlýtur að búa yfir einhverjum upplýsingum sem þessar stofnanir hafa ekki. En því miður stóð á þeim röksemdum hjá formanni landbn.

Í þriðja lagi er eitt af markmiðum samningsins að leggja frekari áherslu á umhverfismál. Á árinu 1996 á ekki að leggja krónu í það verkefni en alls renna til þess á gildistíma samningsins 75 millj. Það má því hverjum manni ljóst vera að sú fullyrðing sem fram kemur í greinargerð með frv. um að samningurinn feli í sér aukna áherslu á umhverfismál er hjóm eitt og aðeins til þess fallið að setja samninginn í fallegri umbúðir.

Í fjórða lagi stefndu samningsaðilar að því að kaupa allt að 30 þúsund ærgildi greiðslumarks upp og samsvarandi fjölda áa í því skyni að draga úr framleiðslu og færa stuðningsgreiðslur til bænda sem byggja afkomu sína að mestu á sauðfjárrækt. Ætlunin var samkvæmt samningnum að kaupa út þá bændur sem náð höfðu 70 ára aldri. Í meðförum meiri hluta landbn. á frv. hefur ákvæðið um lok beingreiðslna til greiðslumarkshafa eftir að hann verður sjötugur verið fellt brott svo ljóst er að sú forsenda samningsins að kaupa upp greiðslumark er brostin, líkt og aðrar forsendur þessa samnings.

Í fimmta lagi er ætlunin að ná markmiðum samningins með öðrum stuðnings- og hagræðingargreiðslum úr ríkissjóði svo ná megi jafnvægi í birgðum lambakjöts fyrir 1. september 1996. Eins og áður hefur komið fram er ein meginforsenda þess að það markmið náist að það takist að flytja út á árinu 2.000–2.500 tonn. Þetta eru upplýsingar sem komu fram hjá framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, Sigurgeiri Þorgeirssyni.

Birgðavandi er afleiðing margra áratuga áætlunarbúskapar í greininni þar sem stjórn framleiðslunnar hefur ekki verið í neinu samhengi við eftirspurn eftir arfuðum. Niðurstaða þeirrar framleiðslustjórnunar er offramleiðsla. Í þessu kerfi áætlunarbúskapar og ríkisforsjár hafa skilaboð markaðarins borist seint og illa til framleiðenda. Afleiðingin er lítil sem engin markaðs- og vöruþróun í greininni.

Þetta misræmi framboðs og eftirspurnar hefur leitt til þess að smám saman hefur myndast hér á landi kjötfjall, þ.e. birgðir hafa safnast upp, hinn margumræddi birgðavandi. Ef marka má lýsingar stjórnarsinna láta þeir oft líta svo út sem að birgðavandi sé eitthvað sem hitti þjóðina fyrir. Birgðavandinn sé líkt og ein af plágum Egyptalands. Birgðavandinn er ekki ein af plágum Egyptalands heldur afleiðing af illa grunduðu framleiðslukerfi, kerfi sem hingað til hefur bæði verið neytendum og bændum fjandsamlegt. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur ríkisstjórnin ákveðið með þeim samningi, sem nú liggur fyrir, að láta landbúnaðinn hökta áfram í sama farinu næstu árin. Við höfum fyrir augum okkar nýlegt dæmi um útfærslu á þessum stuðnings- og hagræðingargreiðslum.

Nú á haustdögum kom hluti af þessu til framkvæmda. Þá var sett inn á innanlandsmarkað gamalt kjöt, útsölukjöt, sem seldist upp. Niðurstaðan er sú að kjöt af fé sem slátrað var sl. haust mun ekki seljast, ekki fyrr en það er orðið ársgamalt eins og það kjöt sem var á hinni margfrægu kjötútsölu. Frystikistur landsmanna eru fullar af niðurgreiddu kjöti. Með öðrum orðum er hinum margumræddu birgðavanda skotið á frest með illa grunduðum markaðsaðgerðum og afleiðingin er að samdráttur verður í sölu annarra kjötvara sem njóta

ekki niðurgreiðslu á markaðnum. Niðurstaðan er mismunun framleiðenda á markaði. Nýtt kjöt selst ekki. Stjórnvöld verða að átta sig á því að útsölur eins og þær sem hér var lýst auka ekki neyslu á lambakjöti. Þær draga aðeins út neyslu á öðru kjöti. Það er því rétt að benda hæstv. landbrh. á að næst þegar farið verður út í slíkar aðgerðir þurfi jafnframt að fylgja með reglugerð sem skyldar alla Íslendinga til að borða að minnsta kosti þrjár heitar máltíðir á dag, annars getur þetta aldrei gengið upp.

Áður en ég lýk máli mínu get ég ekki látið hjá líða að gera alvarlegar athugasemdir við útfærslu frv. sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi við 1. umr. Þegar landbn. fór að skoða málið kom í ljós að gera varð verulegar breytingar á því sökum þess að það stóðst ekki ákvæði stjórnarskrár. Skipti þá ekki máli hvort frv. var borið saman við ákvæði mannréttindakaflans eða aðra kafla stjórnarskrárinnar. Þær lagatæknilegu breytingar sem form. landbn. hefur verið svo tíðrætt um í fjölmiðlum undanfarið gengu aðallega út á að samræma efni frv. að stjórnarskrá lýðveldisins. Það segir meira en mörg orð um þá hugmyndafræði sem einkennir frv.

Vert er að minna á að árið 1990 náðist víðtæk sátt milli aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda, bænda og lánastofnana um tillögur að víðtækum breytingum í íslensku efnahagslífi. Skipun sjö manna nefndar m.a. með þátttöku verkalýðshreyfingarinnar og samtaka launafólks var liður í því starfi. Markmið sjö manna nefndarinnar var m.a. að tryggja hagræðingu í greininni sem gæti leitt til lækkandi vöruverðs og um leið tryggari afkomu bænda og þess fólks sem vinnur við úrvinnslugreinar tengdar landbúnaði og þjónustu við greinina. Sú nefnd var sett á laggirnar 1990 en hún kom ekki að undirbúningsvinnu vegna nýgerðs búvörusamnings. Enda eru það einkenni á vinnubrögðum við búvörusamninginn að ekkert samráð var haft, hvorki við aðila vinnumarkaðarins né landbn. sem þó hafði verið lofað.

Sérstök ástæða er til að geta þess að landbn. hafði óskað eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frv. Að mati nefndarinnar er frv. mjög mikilvægt enda varðar það mikilvæga atvinnugrein og gerir ráð fyrir greiðslum úr ríkissjóði sem nema um 12 milljörðum á samningstímanum. Nefndinni fannst því eðlilegt að Seðlabanki Íslands gæti lagt mat á þætti eins og þjóðhagsleg áhrif samningsins, væntanlegar útflutningstekjur, áhrif á framleiðni innan greinarinnar, áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, mat á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum atvinnugreinum og fleira sem ekki er tíundað þegar beðið er um umsagnir opinberra aðila. Í svari sem barst frá bankastjórn Seðlabankans segir m.a.: „Efni frv. fellur utan verksviðs Seðlabankans og telur hann því ekki ástæðu til þess að veita umsögn um það."

Í 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Í öllu sínu starfi skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar." Það er því ljóst í mínum huga að stofnun sem heyrir undir framkvæmdarvaldið er skylt að gefa álit þegar landbn. Alþingis leitar eftir því og verður að telja þessa afgreiðslu Seðlabankans mjög ámælisverða. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir form. landbn. hélt bankastjórnin sig við fyrri afstöðu.

Þessi afstaða Seðlabankans gefur tilefni til að endurmeta þann þátt í starfsemi Seðlabankans sem hluta af efnahagsrannsóknum opinberra aðila úr því ekki er hægt að veita umsögn um þetta mikilvæga mál þegar löggjafarvaldið óskar eftir því og það talið utan verksviðs bankans.

Herra forseti. Sá sem hér stendur er annar aðili að nefndaráliti 1. minni hluta landbn. ásamt hv. þm. Ágústi Einarssyni. Í því nefndaráliti er lagt til að frv. verði sent ríkisstjórninni að nýju til afgreiðslu og til þess að gera nýjan samning við Bændasamtökin. Það mun ljóst vera að sá samningur sem nú liggur fyrir gengur alls ekki upp. Við höfum lagt fram í 13 töluliðum efnisatriði sem við teljum nauðsynlegt að komi inn í nýjan búvörusamning. Þau eru eftirfarandi:

1. Beingreiðslur verði ekki verðtryggðar.

2. Greiða á meira við uppkaup, t.d. 7.000 kr. á hverja á, til að gera það fjárhagslega hagkvæmara fyrir bændur að selja bústofn sinn en frumvarpið gerir ráð fyrir 5.500 kr.

3. Keypt verði allt að 60.000 ærgildi á þessu og næsta ári til að draga úr framleiðslu en frumvarpið gerir ráð fyrir 30.000 ærgildum. Eftir breytingu meiri hluta landbn. er enn ólíklegra að það muni ganga eftir.

4. Beingreiðslur verði ekki jafnar, þ.e. 1.480 milljónir kr. á ári, heldur minnki síðari hluta tímabilsins. Hér er um aðlögðun að neyslu á innlendum markaði að ræða.

5. Fjármagn verði tryggt til Jarðasjóðs þannig að hann hafi getu til að fjármagna kaup á bújörðum.

6. Heimilt verði að stunda viðskipti með greiðslumark eftir 1. júlí 1996 en bann við því mun tefja fyrir hagkvæmni í greininni.

7. Verðlagning á landbúnaðarafurðum verði rýmkuð þannig að innan tveggja ára muni samkeppnislög gilda um sölu landbúnaðarafurða eins og um aðra framleiðslu.

8. Fullorðnum bændum verði gefinn kostur á að öðlast meiri rétt til eftirlauna en nú er, kjósi þeir að hætta búskap.

9. Nauðsynlegt er að mótaðar séu reglur um hagræðingu afurðastöðva.

10. Ákvæði um verðjöfnun, m.a. fyrir útflutning, ganga of langt í samningnum og frumvarpinu.

11. Greiðslur geymslu- og vaxtakostnaðar verði þrepaðar niður á samningstímanum.

12. Ef um kaup á bústofni verður að ræða af opinberum aðilum er eðlilegt að tryggt verði að um tiltekinn tíma verði ekki sauðfjárbúskapur á viðkomandi jörð.

13. Hvatt er til svipaðs fyrirkomulags í útflutningi landbúnaðarafurða og gefist hefur vel við útflutning sjávarafurða.

Hér að framan hefur verið drepið á ýmsar tillögur sem 1. minni hluti nefndarinnar telur að horfi mjög til bóta við samningsgerð milli sauðfjárbænda og ríkisvaldsins. Ef samningurinn yrði lagfærður í þessa átt og samkomulag næst um það við sauðfjárbændur og aðra aðila þá er það mat minni hluta nefndarinnar að ekki þurfi að taka langan tíma að afgreiða málið á Alþingi. Fyrrgreind atriði mundu ná því markmiði að aðlaga sauðfjárræktina að venjulegu viðskiptaumhverfi og gera kleift að ná sátt um þennan mikilvæga málaflokk.

Eins og af framansögðu er ljóst þá þarf bæði samninguriinn og frv. að taka ýmsum breytingum. 1. minni hluti landbn. leggur því sérstaklega áherslu á að fjármunum sé betur varið og kerfið gert skilvirkara og jafnframt að samningurinn beri með sér að hann feli í sér framtíðarsýn fyrir sauðfjárbændur og neytendur. 1. minni hluti landbn. telur frv. það gallað að ekki sé hægt að lögfesta ákvæði þess. Hefjast þurfi handa við að semja að nýju við Bændasamtökin og heitir 1. minni hluti liðsinni sínu við þá samningsgerð. Jafnframt bendir 1. minni hluti á nauðsyn þess að meira tillit verði tekið til sjónarmiða

aðila vinnumarkaðarins, neytendasamtaka og fleiri við þá samningsgerð.

[22:41]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Suðurl. fyrir ágæta ræðu. Mig langar til þess að inna hann eftir einu atriði og það er: Hver er afstaða hans til þeirra fjármuna sem varið er í samninginn?

[22:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í fyrsta minnihlutaáliti landbn. teljum við nauðsynlegt að verja verulegum fjármunum til þess að draga þessa atvinnugrein nánast til byggða hvað varðar viðskiptalegt umhverfi. Hjá því verður ekki komist. Forsenda þess að við styðjum að verulegir fjármunir verði lagðir í þessa grein er sú að í þeim samningi, sem gerður yrði á milli ríkisvaldsins og Bændasamtakanna, væri að finna einhverja framtíðarsýn. Einhverja réttlætingu þarf fyrir því að við samþykkjum að eyða 12 milljörðum eða þaðan af meira í slíkan samning. Einhver framtíðarsýn þyrfti að sjást í samningi Bændasamtakanna og ríkisvaldsins.

[22:42]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þá spyrja hv. 6. þm. Suðurl. að því hvort 12 milljarðar séu eitthvað nálægt því að vera þeir verulegu fjármunir sem 1. minni hluti treystir sér til að veita til að draga þessa atvinnugrein að landi eins og þeir orða það.

[22:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef 12 milljarðar væru til þess fallnir að draga þessa atvinnugrein til byggða og í þeim samningi sem gerður yrði væri að finna einhverjar framtíðarsýn mundi sá þingmaður sem hér stendur styðja það.

[22:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekkert áhlaupaverk að nálgast þetta mál sem hér er til umræðu. Það er bæði flókið og á sér langa sögu og snýst náttúrlega í grundvallaratriðum um líf þúsunda manna í landinu. Því er ekki að furða að þetta frv. og þær breytingar sem búið er að gera á því valdi mikilli umræðu enda kallar málið á ítarlega skoðun. Ég vil láta þá skoðun í ljós hér í upphafi umræðunnar að það kerfi, sem við búum við í landbúnaði, það frv. sem hér er til umræðu og þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir eru allar lýsandi dæmi um miðstýringu, ofstjórn og minna mig mest á konunglegar tilskipanir frá 17. öld. Ég gæti reyndar farið lengra aftur í tímann því að það sem hér er á ferð tengist því ákvæði stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um atvinnufrelsi manna en það ákvæði á rætur að rekja til andúðar og andstöðu gegn iðngildunum sem voru uppi á miðöldum og reyndar fram á 18. öld en mér finnst að með þessu frv. og þessu kerfi sem við búum við sé verið að halda enn eitt skrefið inn í eitthvert miðaldakerfi sem við ættum auðvitað að vera á leið út úr. (**MÁ:** Með þrælahaldi.) Hv. þm. Mörður Árnason minnir hér á þrælahald. Ég vil ekki ganga svo langt en það er verið að reyra landbúnaðinn enn einu sinni og aftur og enn meir í viðjar laga og reglna og það þarf ekki annað en að skoða lagabálkinn sem gildir um hann til að sjá að hér er um kerfi að ræða sem ekki nokkur önnur atvinnugrein á við að stríða.

Ég spyr hvar íslenskur sjávarútvegur eða íslenskur iðnaður væri staddur ef hann byggi við kerfi af þessu tagi ef hann væri jafnbundinn í viðjar laga og reglna. Hvernig á að vera hægt að reka atvinnugrein með þessum hætti? Hvaða er orðið um stefnu Sjálfstfl. í þessu ríkisstjórnarsamstarfi? Hvað er orðið um hugmyndir Sjálfstfl. um frjáls viðskipti? — Og horfi ég nú á hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hvar er Sjálfstfl. í þessu máli? Er furða að maður spyrji. Hvernig stendur á því að flokkur sem hefur frjáls viðskipti á stefnuskrá sinni sættir sig við þetta kerfi? Ég vona að ég fái svar við því í kvöld. Það er sjálfstæðismenn í hv. landbn. sem eiga eftir að taka til máls og ég vildi gjarnan fá skýringu á því hvernig þetta samræmist. Hvernig samræmist þessi miðstýring og þessi ofstjórnun stefnu Sjálfstfl., hv. þm. Árni M. Mathiesen? Ég vil gjarnan fá svar við þessu.

Því er auðvitað ekki að leyna og það vitum við öll sem hér erum að íslenskur landbúnaður og þá sérstaklega sauðfjárframleiðslan á við mikinn vanda að stríða. Þann vanda er ekki hægt að skrifa á reikning þessarar ríkisstjórnar, hann á sér langa sögu eins og hér hefur komið fram. Ekki veit ég hvort upphafsins er að leita í stefnu og aðgerðum Ingólfs frá Hellu, sem eitt sinn var landbrh., eða hvort við þurfum að fara enn þá lengra aftur í tímann. Vandinn er til staðar og hann lýsir sér í því að of margir bændur framleiða fyrir of lítinn markað og það kerfi sem hér hefur verið við lýði hefur leitt til þess að kjör þessa hóps bænda hafa versnað verulega. Vandinn á rætur í því að það hafa orðið miklar tæknibreytingar í landbúnaði eins og öðrum atvinnugreinum sem kalla á mun minna vinnuafl en bændum hefur ekki fækkað að sama skapi og vinnan hefur dregist saman. Það er ríkir offramleiðslukreppa í íslenskum landbúnaði og jafnframt því hafa orðið miklar neyslubreytingar í samfélagi okkar sem ég vil meina að sauðfjárbændur hafi alls ekki brugðist rétt við. Ár eftir ár hefur neysla kindakjöts dregist saman og það kemur fram í plöggum okkar að neyslan hefur dregist saman um u.þ.b. 200 tonn á ári á undanförnum árum sem er ekkert smáræði. Því er ekki að undra þó þessi hluti landbúnaðarins eigi við gífurlegan vanda að stríða. Ráðin sem hafa verið notuð eru þessi gríðarlega vinsæli flati niðurskurður sem íslensk stjórnvöld hafa beitt ótæpilega jafnt á fjárlögin sem á landbúnaðinn og það hefur auðvitað leitt til þess að allir hafa verið skornir niður og fjöldi bænda niður fyrir hungurmörk.

Mér er afar minnisstæð heimsókn sem landbn. fór um sauðfjárræktarhéruðin á Vesturlandi og Norðvesturlandi. Við heimsóttum nokkrar sýslur landsins í byrjun sumars 1994. Þar gerðu bændur okkur úr einum fjórum sýslum okkur grein fyrir stöðu sinni. Þar er þess ekki síst að minnast hversu margir bændur sögðu: „Ég verð sá síðasti á þessari jörð, hér er enginn til að taka við.“ Það er einfaldlega vegna þess að lífsskilyrðin sem boðið er upp á eru þannig að það vill enginn taka við, það er ekki lífvænlegt að vera sauðfjárbóndi. Þessu þarf auðvitað að breyta.

Í grein sem birtist í Vísbendingu 9. nóv. sl. eftir Sigurgeir Þorgeirsson, sem var aðstoðarmaður fyrrv. landbrh., Halldórs Blöndals, fellir hann þungan dóm yfir núverandi búvörusamningi. Þar segir, með leyfi forseta: „Kerfið sem komið var á með búvörusamningi 1991 var strandað. Þá var afnumin greiðsluábyrgð ríkisins fyrir umsamið magn kindakjöts sem gilt hafði um nokkur ár en eftir sem áður voru sláturhús skylduð til að greiða allt kjöt innan kvóta fullu verði fyrir tiltekinn dag. Þetta gat auðvitað aldrei gengið upp. Kvóti var ákveðinn árlega ár fram í tímann með sölu-

viðmiðun aftur í tímann. Og með minnkandi neyslu hlóðust upp byrðir sem búið var að borga bændum fyrir. Þær mátti hins vegar ekki flytja úr landi og það var reyndar ekki mögulegt fyrir það verð sem dugði fyrir kostnaði. Framleiðslukvóti, greiðslumark hvers bónda, markaði hve mikið hann gat lagt inn og fengið fullt verð fyrir. Þessi stífu mörk hvöttu til heimaslátrunar og sölu á svörtum markaði sem hefur grafið undan hinum löglega markaði og á sinn þátt í því að kvótinn hefur minnkað ár frá ári. Mönnum ber saman um að aldrei hafi þessi starfsemi blómstrað eins og í haust. Með kvótastýringu hefur ekki tekist að aðlaga framleiðsluna markaðsþröfum á sama tíma og heildarkvótinn hefur minnkað úr 8.150 tonnum árið 1992 í 7.200 tonn í haust hefur fjöldi sauðfjár í landinu staðið í stað eða heldur aukist. Þótt mótsagnakennt megi virðast þá má færa að því rök að í kvótakerfinu hafi falist viss framleiðsluhvati með því að bændur freistuðust oft til að setja á fleira fé en skyldi fremur en að lóga því fyrir lítið verð."

Þetta er mjög dapurleg lýsing á búvörusamningi sem enn er í gildi en eins og við vitum þá fólst í honum eins konar skrúfa niður á við sem þrengdi sífellt meir að bændum og hefur með þeim breytingum sem orðið hafa á neyslu leitt til þess að þeir hafa sífellt orðið að skera niður þá framleiðslu sem þeir hafa fengið greitt fyrir en hafa jafnframt leiðst til þess að selja á svörtum markaði. Eins og hér kemur fram þá telja menn að síst hafi dregið úr slíkri sölu.

Áður en ég kem að sjálfu frv. og breytingartillögunum vil ég gera að umtalsefni stefnu minna ágætu samtaka í landbúnaðarmálum og tengja hana aðeins við búvörusamninginn sem liggur að baki frv. sem hér er til umræðu.

Í stefnuskrá Kvennalistans, sem samin var fyrir síðustu kosningar segir, með leyfi forseta: „Gera þarf nýjan búvörusamning við bændur sem nær til allra greina og þátta landbúnaðarins. Taka þarf á verðmyndunarkerfinu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarvara líkt og tekið var á framleiðslunni sjálfri á sínum tíma. Það verður að skipuleggja búvöruframleiðslu og landnýtingu með langtímasjónarmið í huga og taka tillit til náttúru landsins, gæða þess og gagna. Nauðsynlegt er að koma til aðstoðar þeim bændum sem verst standa, láta landkosti ráða því hvar stutt er við búskap og leita leiða til atvinnusköpunar. Vel skipulagður og hagkvæmur landbúnaður er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, bænda jafnt sem neytenda. Stefna ber að því að landbúnaðurinn verði rekinn eins og hver önnur atvinnugrein. Hann þarf að aðlagast þörfum markaðarins og óskum neytenda. Bændur þurfa sjálfir að hafa forustu um nauðsynlegar breytingar og vinna að því að draga úr miðstýringu og ríkisafskiptum af landbúnaði."

Því miður er sú stefna sem kemur fram í þessu lagafrv. og búvörusamningnum ekki í neinu samræmi við þetta og þar er ekki síst að nefna að búvörusamningurinn tekur ekkert tillit til þess hvar hagkvæmast er að framleiða lambakjöt eða hvernig þetta kerfi kemur heim og saman við æskilega landnýtingu. Eins og hefur margkomið fram í umræðunni er ekki að finna neina framtíðarsýn í þessum samningi. Það er bara hjakkað í sama farinu og miðstýring og ofstýring framlengd til næstu fimm ára.

Við samningu búvörusamningsins var ekkert samráð haft, hvorki við stjórnarandstöðu né aðila vinnumarkaðarins sem komu þó mjög að undirbúningi búvörusamningsins frá 1991. M.a. er bent á það í plaggi frá Vinnumálasambandinu sem við í landbn. höfum undir höndum að við gerð samningsins frá 1991 hafi verið slakað mjög á markmiðum og það hafi verið gerðar ýmsar málamiðlanir sem drógu mjög úr möguleikum til að ná fullum árangri.

Auðvitað má spyrja hvort það sé einhver ástæða til að kalla aðila vinnumarkaðarins til við samningu búvörusamnings af þessu tagi. Svar mitt við því er já. Ég held að stjórnarandstaðan hefði átt að koma þar að líka. Hér er á ferð mál af því tagi sem breiða samstöðu þarf um. Við erum að tala um mikinn vanda ákveðins hóps fólks í landinu. Við erum að tala um atvinnugrein sem á í miklum vanda og það hefði verið affarasælast, hæstv. landbrh., að reyna að ná breiðri samstöðu um málið. En því miður var það ekki gert og sú mikla þekking og vinna sem Alþýðusambandið, Vinnuveitendasambandið, BSRB og fleiri aðilar lögðu í búvörusamninginn frá árinu 1991 var ekki nýtt nú og þeim ekki gert kleift að koma með sjónarmið sín inn í þessa vinnu sem ég held að hefði að mörgu leyti verið mjög til bóta enda verður ekki sagt að þessi vinna sem hér liggur fyrir beinist að neytendum eða fólkinu almennt í landinu. Þó vil ég nefna það sem mér finnst heldur skárra en áður við gerð búvörusamninga að árið 1987, þegar fyrsti búvörusamningurinn var gerður, og árið 1991 var gengið frá þessum stóru samningum nokkru áður en ríkisstjórn fór frá völdum. Mér hefur alltaf þótt mjög gagnrýnivert að menn skyldu ganga frá svo viðamiklum samningum í stað þess að gefa nýrri ríkisstjórn færi á að koma að málinu. Það gerðist þó í þetta sinn að ný ríkisstjórn kom að nýjum búvörusamningi á því stigi að hún gat haft áhrif á hann. Hún hafði tækifæri til að gera verulegar breytingar en því miður var það tækifæri ekki nýtt.

Ég ætla þá að víkja að lagafrv. sjálfu og þeim brtt. sem hafa verið lagðar fram við það. Það vakti athygli okkar í landbn. hvað frv. reyndist gallað. Reyndar vakti það upp spurningar hjá mér varðandi það hvernig við stöndum að vinnu við lagafrv. á hinu háa Alþingi. Þau koma iðulega úr ráðuneytunum og fá ekki nauðsynlega lögfræðilega skoðun hér innan dyra fyrr en á síðari stigum. Ég held að við gætum oft sparað okkur heilmikla vinnu með því að byrja á því að setja þessi frv. í lögfræðilega skoðun hér innan dyra til þess einfaldlega að ná fyrir ýmsa galla eins og það að frv. eins og þetta standist ekki stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Eins og einhver orðaði það í nefndinni er eins og þeir hafi ekki frétt af því upp í landbrn. að stjórnarskránni hefði verið breytt. (Gripið fram í.) Prófessor Sigurður Líndal hefur leitt rök að því að öll búvörulögin séu brot á stjórnarskránni og er auðvitað ekki gott ef satt er. Hér átti reyndar að ganga enn þá lengra í því en þeir lögfræðingar sem komu á fund nefndarinnar bentu á þessi atriði. Það má segja að það hafi ekki staðið steinn yfir steini í lagafrv. eftir það þeir fóru yfir það og það er nú ein meginorsökin fyrir þeim mörgu breytingartillögum sem hér liggja fyrir auk annarra breytinga. Samt sem áður er að finna í frv. og breytingartillögunum atriði sem ég tel orka vægast sagt tvímælis. Ég efast um að þau standist stjórnarskrána. Ég kem að því eftir örskamma stund.

Ef við lítum aðeins á það sem felst í þessu frv. og búvörusamningnum þá spyr ég mig fyrst að því hvaða hugmyndafræði liggi þar að baki. Og ég spyr aftur þeirrar spurningar: Hvernig væri komið fyrir öðrum atvinnugreinum í landinu ef þær byggju við kerfi á við þetta? Hvaða hugmyndafræði er þetta og hvaðan er hún eiginlega ættuð? Þetta minnir helst á miðaldirnar eins, og ég nefndi hér áðan, og ýmis stjórnkerfi austur í Evrópu og austur í Kína sem menn hafa verið að

hamast við að losa sig við. Og fyrst hæstv. forsrh. hefur heiðrað okkur hér með nærveru sinni vil ég beina þeirri spurningu til hans: Hvernig samrýmist sú hugmyndafræði sem búvörulögin byggja á og sá gjörningur sem hér er til umræðu stefnu Sjálfstfl. um frjálsa viðskiptahætti? Hvernig samrýmist þetta frelsi atvinnugreina til að stjórna sér sjálfum? (**Forsrh.:** Það er gott skref í þá áttina í samningnum.) Nei, hann er ekki gott skref í þá átt, hæstv. forsrh. Því miður. Hér er ekki verið að veita frelsi af einu eða öðru tagi. Hér er einfaldlega um miðstýrðan ríkisrekstur að ræða. Það sem í þessum samningi felst er að það er verið að ákveða magn kjöts til útflutnings og þar með líka á innanlandsmarkað og hvort tveggja hefur þetta áhrif á verðlagið á vörunni.

Ég spyr líka: Hvaða hagfræði er þetta sem hér er á ferð og hvaðan er hún eiginlega ættuð? Á hvaða hagfræðikenningum byggir þessi stefna? Eins og þetta blasir allt við mér er hér um alveg ótrúlegt kerfi að ræða sem tekur til sín gríðarlegt fjármagn. En því miður bendir allt til þess að við séum ekki á leið út úr þessari miðstýringu. Þeir aðilar sem komið hafa að vinnunni við þetta frv. og hafa látið álit sitt í ljós benda flestir á að eftir tvö ár, þegar að því kemur að stíga þessi litlu skref í átt til frelsisins, munum við standa í sama vanda og nú. Og þegar samningstíma lýkur þremur árum síðar verðum við einfaldlega hjakkandi í sama farinu. Ég vona svo sannarlega að það felist í þessu frv. meiri breytingar en séð verður. Allir þeir aðilar sem að málinu komu, Vinnuveitendasambandið, Alþýðusambandið, Hagþjónusta landbúnaðarins og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gagnrýna þetta frv. harðlega og benda fyrst og fremst á að þau markmið sem menn setja sér með samningnum og með lagafrv. muni einfaldlega ekki nást.

Hver eru þau markmið, hæstv. forseti? Þau eru í fyrsta lagi að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur. Í öðru lagi að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda. Í þriðja lagi að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða og í fjórða lagi að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd. Það sem fyrst og fremst skiptir máli hér er að jafnvægi náist milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Það er meginmarkmiðið og það mikilvægasta í þessum samningi. En það á að gera með því að stefna að útflutningi og sjálfur framkvæmdastjóri Bændasamtakanna hefur bent á að það sé mjög mikið vafamál að það markmið náist. Það er mikið vafamál að það takist að auka útflutning og þarf engan að undra. Skortur á kjöti er hvergi í heiminum og víða framboð af lambakjöti. Ef það gengur eftir að ekki takist að auka útflutning, er birgðavandinn áfram til staðar. Þá er hann ekki leystur en sá stóri vandi sem við er að glíma er einmitt offramleiðslukreppan. Aðalgagnrýnin, eins og ég nefndi hér áðan, gengur út á að þessi markmið muni ekki nást. Það felist framleiðsluhvati í þessum samningi og að áform um útflutning muni ekki ganga eftir. Ef þetta reynist rétt þá erum við áfram í sama vanda.

Ég ætla að víkja aðeins að einstökum atriðum þeirra breytingartillagna sem hér liggja fyrir. Þar er auðvitað fyrst að nefna það að meiri hluti landbn. sá sig knúinn til að gera svo veigamiklar breytingar á frv. að þær breyta sjálfum samningnum. Þær ganga þvert á sjálfan samninginn. Og þar er fyrst að nefna að það er ekki lengur gengið út frá sama verði til allra framleiðenda, eins og gert var ráð fyrir í samningnum og í lagafrv. En veigamesta breytingin er kannski sú að 70 ára reglan er felld niður. Það er m.a. vegna þess að menn eru hreint ekki vissir um að sú lagagrein að takmarka atvinnufrelsi bænda sem orðnir eru 70 ára og eldri standist stjórnarskrána. Þótt bent hafi verið á í umræðunni að slíkar reglur séu til og hafi verið settar varðandi ýmsar stéttir var jafnframt rifjaður upp dómur sem féll hjá mannréttindadómstóli Evrópuráðsins og varðar leigubílstjóra. Það er því afar óvíst að það stæðist fyrir dómi að hægt sé að svifta bændur, 70 ára og eldri, réttindum með þessum hætti. En þessi breyting þýðir að fleiri bændur fá beingreiðslur. Það þýðir að upphæðin til bænda lækkar nema peningar verði teknir annars staðar frá, m.a. vegna minni uppkaupa, og þeim deilt út til bænda. Það er einmitt þriðja breytingin sem gengur þvert á samninginn. Það er gert ráð fyrir því að það megi verja þeim peningum sem áttu að fara til uppkaupa á greiðslumarki til annarra hluta. Loks er að nefna það að verðtryggingin sem gert er ráð fyrir í lögunum fer út, en er áfram í samningnum.

Þá vil ég nefna hér sérstaklega tvö atriði í breytingartillögum meiri hlutans sem stinga mjög í augu. Þau snerta það líka hvort þessi lög standist stjórnarskrána, þ.e. hvort skylda megi aðila til þátttöku. Það er þá fyrst og fremst það atriði sem snýr að bændum sjálfum en í b-lið 5. liðs brtt. við 6. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð."

Allir bændur eru skyldaðir til þess að taka þátt í útflutningi. Þeir einir sem fara niður fyrir markið, 0,7 vetrarfóðraðar kindur, geta sagt sig frá þessum útflutningi. Mér finnst þetta vægast sagt afar harkaleg lagagrein. Mér finnst þetta afar umhugsunarvert, hv. form. landbn., að takmarka rétt manna með þessum hætti. Formaðurinn brosir blítt og hefur ekki áhyggjur af þessu en ég hef miklar áhyggjur af þessu og fróðlegt væri að sjá hvort þetta stæðist fyrir dómstólum. Fyrir utan hugmyndafræðina í þessu, séra minn, hvaða tilgangi þjónar það og hvernig samrýmis það eðlilegum viðskiptaháttum að skylda alla bændur með lögum til að taka þátt í þessu kerfi? Fyrir mér er þetta enn ein sönnun þess hvers konar kerfi er hér á ferð.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara hér ítarlega út í alla þá gagnrýni sem komið hefur fram á þetta frv. og ég hef nefnt hér dæmi um. Það væri vert að gera þeirri gagnrýni góð skil en það hefur komið fram í umræðunni í kvöld hver þau meginatriði eru. En við hljótum að velta því fyrir okkur hvað muni gerast ef lögin verða að veruleika, ef þau verða samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Ég sé það fyrir mér að það verða gerðar frekari tilraunir til útflutnings og það er auðvitað ekki hægt að segja um það á þessari stundu hvernig þær muni takast. En eins og ég hef áður nefnt eru menn efins. Þeir óttast að þau áform muni ekki ná fram að ganga. Það er verulegt magn sem þarf að flytja út til þess að ná jafnvægi í framleiðslunni. Takist það ekki, er þarna orðin til framleiðslugildra. Ég sé líka fyrir mér að einhver hópur bænda muni nýta þetta tækifæri til þess að hætta búskap og ég fékk upplýsingar um það hér áðan að 111 bændur eru þegar búnir að selja allan sinn rétt, sem nemur um það bil 8.500 ærgildum og boðinn er ráðuneytinu til kaups. En spurningin er hvað þetta segir fyrir bændastéttina í heild og þann árangur sem þarf að nást varðandi fækkun bænda. Þessi lög þýða að ríkið heldur áfram að verja stórfé til landbún-

aðarins og ég spyr: Er þetta rétt forgangsröð? Er þetta það sem er brýnast í samfélagi okkar? Eru það réttar áherslur að auka fjárframlög til landbúnaðar meðan við erum að skera niður í velferðarþjónustunni? Ég get ekki skrifað undir það. Ég get ekki sætt mig við að það sé verið að auka fjárframlög til landbúnaðarins. Ég gæti sætt mig við núverandi búvörusamning, þ.e. það fjármagn sem fer til hans, ef ég hefði trú á því að þar væri um raunverulegar umbætur að ræða. En ég hef því miður miklar efasemdir um það.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég draga það saman sem ég hef sagt hér og ég verð að segja að öll sú hugmyndafræði sem býr að baki þeim mikla lagabálki sem heitir „Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum", er mér hreint ekki að skapi. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að þróa landbúnaðinn í þá átt að hann verði rekinn eins og hver önnur atvinnugrein og bændur eigi sjálfir að stjórna þar för en ekki ríkisvaldið eins og hér er gert. Ég hef miklar efasemdir um að þau markmið sem menn hafa sett sér í lagafrv. og búvörusamningnum muni nást þó ég voni vissulega að svo verði. Ég get ekki sætt mig við að auknu fjármagni sé varið til landbúnaðarins, síst af öllu þegar ekki er tryggt að það skili viðunandi árangri. Því tek ég undir þá tillögu sem við úr stjórnarandstöðunni stöndum öll að að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar, að menn hefjist handa að nýju og semji nýjan og betri samning sem tryggi raunverulega þau markmið sem menn vilja ná fram.

[23:16]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég get ekki leynt því að þegar sá búvörusamningur, sem nú hefur orðið tilefni þess að við gerum tilraun til að breyta búvörulögunum var samþykktur, olli hann mér miklum vonbrigðum. Það var vegna þess að ég tel samninginn gallaðan. Fyrst og fremst vegna þess að hann tekur ekki mið af þeirri þróun sem verið hefur í neyslu á lambakjöti innan lands og þeirri þróun sem verið hefur á verði á lambakjöti erlendis. Þetta þýðir að miðað við svipaða framleiðslu og að teknu tilliti til fyrirhugaðra uppkaupa og svipaðrar þróunar á innanlandsneyslu verða þeir að flytja út 2.000–3.000 tonn á ári. Útflutningur á síðasta ári var hins vegar einungis um 1.000 tonn jafnvel þótt við höfum unnið ágætt markaðsstarf að undanförnu. Jafnvel þótt það markaðsstarf, sem við erum nú að vinna, skili okkur áfram árangri getum við samt ekki gert ráð fyrir að við náum að flytja út 2.000–3.000 tonn af kindakjöti á ári. Ef okkur tækist það væri engin sérstök þörf fyrir búvörusamninginn.

Neysla á lambakjöti hefur minnkað ár frá ári og ég er sannfærður um að hún mun halda áfram að minnka. Þetta er vegna breyttra lífshátta og eins vegna þess að verðlagskerfi sauðfjárræktarinnar hefur verið afar ósveigjanlegt og þar af leiðandi hefur það ekki getað brugðist við samkeppni frá öðrum matvörum á innanlandsmarkaði. Þegar við horfum fram á veginn hvernig þróunin muni verða á fyrstu þremur árum þessa búvörusamnings stöndum við frammi fyrir þremur möguleikum.

Í fyrsta lagi að það verði nokkurn veginn óbreytt ástand. Það er þá vegna þess að ákvæði í samningnum og búvörulögunum sem eru hamlandi ákvæði hvað varðar búfjáreign frekar en framleiðsluna hafa svipuð áhrif og kvótakerfið hefur í dag og hefur haft að undanförnu. Ef það verður niðurstaðan þá spyr ég: Til hvers var barist? Þá mun afkoma og aðstæður bænda ekki batna svo nokkru nemi.

Annar möguleikinn er sá að það verði framleiðslusprenging eins og spáð hefur verið og að okkur takist að flytja út það kjöt sem er umfram innanlandsframleiðsluna. Ef okkur tekst það þá hefði ekki verið nein nauðsyn á því að breyta búvörusamningnum. Ef framleiðslusprenging verður en okkur tekst ekki að flytja út það kjöt sem er umfram innanlandsneysluna mun það hins vegar setja óbærilegan þrýsting á innanlandsmarkaðinn og verðlagskerfið til bænda, hið fastákveðna verð til bóndans, mun bresta. Það mun bresta á þann hátt að minnstu sláturleyfishafarnir í afskekktustu og minnstu byggðunum sem veikast standa munu fyrstir neyðast til að fara í undirboðin. Stóru sláturleyfishafarnir á Suður- og Vesturlandi og á Eyjafjarðarsvæðinu munu alltaf geta afsett allt sitt kjöt.

Önnur ástæða fyrir því að ég varð fyrir vonbrigðum með samninginn er sú að í honum er allt of flókin miðstýring. Það venst auðvitað en það stakk verulega í augu að sjá 0,6 kind eða 0,6 kindur og 0,7 kind eða 0,7 kindur. Ég ætla ekki að fara nánar út í það í hvaða tilgangi þessi hugtök eru notuð, það þekkja allir sem hlusta á mig.

Jafnframt eru í búvörusamningnum jöfnunarákvæði varðandi verð á útfluttu lambakjöti. Það er alkunna að slík jöfnunarákvæði draga úr frumkvæði þeirra aðila sem út eiga að flytja.

Ég hafði tækifæri til að fylgjast nokkuð með samningagerðinni og hafði tækifæri til að reyna að koma sjónarmiðum mínum á framfæri. Það var reyndar stefna sem unnin var í landbn. Sjálfstfl. og sú stefna var nokkurn veginn samhljóða þeirri stefnu sem kennd var við sunnlenska bændur í þeirri umræðu sem fram fór í haust. Helstu talsmenn þeirrar stefnu í fjölmiðlum voru Kjartan Ólafsson, bóndi og búnaðarþingsfulltrúi, og á reyndar sæti í landbn. Sjálfstfl., og Bergur Pálsson, formaður Búnaðarsambands Suðurlands, en hann á hins vegar ekki sæti í landbn. Sjálfstfl. eins og hv. þm. Suðurl. vita væntanlega.

Ef þessi stefna hefði verið farin hefði hún falið í sér betri búvörusamning en raun varð á. Tillögurnar fólust í stuttu máli helst í því að færa sem mest af þeim fjármunum, sem fara í búvörusamninginn, í beinar greiðslur til bænda algjörlega ótengdar framleiðslu en nota allt að einum milljarði af þessum fjármunum dreift á fimm ára tímabil samningsins til að leysa birgðavandann eins og hann verður eftir sláturtíðina nú í haust. Þá er ég að tala um að u.þ.b. um miðjan ágúst á næsta ári væri svo að segja kjötlaust í landinu þannig að þá væri hægt að hefja sláturtíð og koma fersku kjöti á markaðinn til að svara þörfum og vonum markaðarins. Samfara þessu væri framleiðslan gefin frjáls og verðlagning væri gefin frjáls bæði á heildsölustigi og eins til bænda frá og með haustinu 1996. Útflutningurinn yrði hins vegar alfarið á ábyrgð útflytjenda sjálfra en þeim bændum, sem vildu hætta búskap, væri gefið tækifæri til þess með eingreiðslu sem næmi ávöxtuðum beingreiðslum tiltekins árafjölda. Þeir gætu þá leitað fyrir sér á nýjum starfsvettvangi. Ég er sannfærður um ef farið hefði verið að þessum tillögum hefði verið hægt að útfæra bæði árangursríkari og ódýrari samning en við stöndum nú uppi með.

Ég vísa í þessu sambandi til greinar sem Markús K. Möller hagfræðingur skrifaði í Morgunblaðið 8. okt. sl. þar sem hann sýndi fram á að hefði þessi leið verið farin með sömu upphæð væru uppkaupatilboð til bænda þriðjungi hærri.

Enda þótt ég hafi orðið fyrir vonbrigðum með samninginn þá er hann ekki algjörlega ómögulegur. Hann hefur

sem betur fer einhverja kosti. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir eftir þessa lesningu?) Já, hv. þm., samningurinn gefur framleiðsluna frjálsa en bindur hana þó við þá sem eiga 0,6 kindur fyrir hvert ærgildi úr hinum gamla samningi. Þar kem ég einmitt að því að það eru plúsar og mínusar í þessu. Þetta er flókið kerfi en samt sem áður er meira frjálsræði í þessu kerfi en í hinum eldri búvörusamningi sem samþykktur var og gerður af þeirri ríkisstjórn er sat fyrir kosningarnar vorið 1991.

Annar mikilvægur áfangi samningnum er að ráðstöfun vaxta og geymslugjalds og ullarniðurgreiðslnanna er ekki lengur til afurðastöðvanna sjálfra. Bændur hafa ráðstöfunarrétt á vaxta- og geymslugjaldinu. Eins og ég sagði áðan hefði að mínu mati verið mun betra að vaxta- og geymslugjaldið hefði verið tekið inn í beingreiðsluhlutann og farið beint til bænda og hver og einn bóndi síðan gert upp við afurðastöð sína um sláturkostnaðinn. Jafnframt þessu felur samningurinn í sér að frá og með næsta hausti verði heildsölukostnaður og sláturkostnaður gefinn frjáls. Það mun væntanlega skapa einhverja samkeppni á þeim markaði þó ég sjái ekki fram á að hún muni skila sér að fullu það haustið. Þessu til viðbótar, og það er hið mikilvægasta að mínu mati í samningnum, að frá og með haustinu 1998 verður frjáls verðmyndun til bænda að veruleika. Þá fyrst get ég séð fram á það að samningurinn fari að skila einhverjum árangri þegar verðmyndun til bænda og verðmyndun á heildsölustigi hefur verið gefin frjáls. Ég tel hins vegar að innanlandsmarkaðurinn muni um ókomna framtíð verða íslenskum bændum það mikilvægur að þeir muni ekki misnota sér þetta atriði eða landbrh. tryggja það þeirra vegna ekki síst að svo verði ekki. Þess vegna held ég að eftir árið 1998 verði frjáls verðmyndun á sauðfjárafurðum.

Þrátt fyrir þau vonbrigði sem ég hef lýst hef ég komist að þeirri niðurstöðu annars vegar með tilliti til þeirra jákvæðu þátta sem ég hef nefnt og hins vegar með tilliti til þess að ríkisstjórn, sem gerir samning sem þennan og leggur fram lagabreytingar í samræmi við hann á Alþingi og fær honum ekki framgengt í öllum meginatriðum, verði ekki langlíf ríkisstjórn. Ég hef ákveðið að styðja ríkisstjórnina og tel þar af leiðandi að ég verði að styðja ríkisstjórnina hvað þennan samning varðar.

Í þeirri vinnu sem fram hefur farið í landbn. hafa verið gerðar nokkrar breytingar á samningnum. Að mínu mati er þar hvergi um neinar grundvallarbreytingar að ræða. Þær eru þó langflestar ef ekki allar til bóta.

Í fyrsta lagi er um lagatæknilegar breytingar að ræða. Það er verið að færa frv. til betri vegar, til betri lagasetningar. Því miður var upphaflega frv. áfátt þar um.

Í öðru lagi eru tvær breytingar sem að mínu mati eru breytingar á búvörusamningnum við bændur. Þar er annars vegar um að ræða hina svokölluðu 70 ára reglu og hins vegar að það sem hugsanlega yrði eftir af uppkaupafjármunum mætti nota í þeim tilgangi að laga birgðastöðuna á þeirri forsendu að ef eitthvað verður eftir af birgðapeningunum þá hafa uppkaupin verið þeim mun minni og þar af leiðandi gæti birgðavandinn verið þeim mun meiri. Því tel ég rétt að við nýtum peningana til þessa þáttar, svo markaðurinn verði eins vel undirbúinn og hægt er fyrir þá frjálsu verðmyndun sem ég lýsti áðan. Heildarupphæðin sem um er getið í frv. mun ekki breytast við þetta.

Í þriðja lagi eru efnisbreytingar á frv. sem að mínu mati eru ekki breytingar á búvörusamningnum sjálfum. Þá vil ég fyrst nefna að verðjöfnun vegna útflutnings verður, ef breytingartillögurnar verða samþykktar, mun minni en í hinu upprunalega frv. og hægt væri að setja fram ef búvörusamningurinn væri túlkaður til hins ýtrasta.

Þetta tel ég jákvætt sérstaklega með tilliti til þess að ef þetta á eitthvað að ganga hjá okkur, verðum við að umbuna þeim á einhvern hátt eða alla vega reyna að draga sem minnst niður þá aðila sem vilja standa í útflutningi.

Í öðru lagi hafa verðtryggingarákvæði varðandi upphæðir samningsins, heildarbeingreiðslumarkið og beingreiðslumark til bænda, verið tekin út úr lögunum. Eftir sem áður verður ríkisvaldið að standa við skuldbindingar sínar varðandi samninginn. Það verður þó að leita til Alþingis með þær breytingar og hafa þá væntanlega fylgi fyrir því hjá sínum stuðningsmönnum. Ég tel að með því að hafa þetta ákvæði ekki inni í lögunum séum við að gæta samræmis við aðra þá hluti sem við erum að gera hvað verðtryggingu varðar í fjárlögum okkar og tel því óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu.

Í breytingartillögum við 6. gr. frv. eru breytingar er varða möguleika ráðherra til þess að hafa áhrif á skipulag útflutningsins. Þar er jafnframt gerð grein fyrir því hvernig sláturleyfishöfum ber að ráðstafa sláturafurðum annaðhvort með því að leggja til útflutnings eða semja við aðra sláturleyfishafa sem hafa útflutningsleyfi um vinnslu á afurðum. Sé þess ekki kostur, ber þeim að greiða gjald sem er mismunur á heildsöluverði og viðmiðunarverði vegna útflutnings. Ég tel þetta hvort tveggja orka nokkuð tvímælis. Ef heildsölukostnaður verður metinn á þann hátt sem við þekkjum í dag, miðað við það hvernig útflutningsverð er metið, er sláturkostnaður reiknaður mun hærri inn í heildsöluverði en hann hefur verið reiknaður inn í útflutningsverðið. Fyrir utan þennan mismun tel ég að til þess að hægt sé að nota þessar tölur til samanburðar eða til þess að draga frá, þ.e. þá síðari frá þeirri fyrri, verði að vera samræmi á milli sláturkostnaðar í báðum þessum tölum. Ég tel reyndar að þegar heildsöluverð verður gefið frjálst og samkeppnin fer að sanna sig muni svo verða, en í upphafi getur orðið einhver brestur á þessu. En þá vil ég vísa til 18. gr. laganna sem gerir það óheimilt að bæta upp erlendan markað með því að leggja álögur á innlenda markaðinn. Samkvæmt því er óheimilt að reikna hærri sláturkostnað á það sem fer á innanlandsmarkað en það sem fer á erlendan markað. Ég treysti því að það verði gætt réttlætis í því þegar þessar tölur verða ákvarðaðar og útreikningar fara fram.

Ég nefndi áðan þær heimildir sem ráðherra fær til þess að gefa út reglugerðir til að skipuleggja útflutninginn. Þetta hefur verið gagnrýnt hér í kvöld. Að vissu leyti er sú gagnrýni réttmæt. En þegar við skoðum þetta verðum við annars vegar að gera það í heild og út frá því kerfi sem samningurinn er að byggja upp fyrir okkur og hins vegar á þeim raunveruleika sem við búum við hvað varðar útflutningsmarkaðina. Það eru ekki nema fá sláturhús sem hafa heimild til að flytja á erlenda markaði. Það erum ekki við sem veitum þessar heimildir heldur hinir erlendu aðilar. Jafnframt er hinn erlendi markaður kvótaskiptur og það erum ekki við sem ákveðum hverjir kvótarnir eru, heldur erlendir aðilar. Við þurfum að tryggja samstarf á milli sláturleyfishafanna, bæði þeirra sem hafa útflutningsleyfi og hinna sem hafa það ekki, svo þessir markaðir nýtist okkur sem best. Ég tel að í þessari grein felist ekki heimild til ráðherra til að banna einum eða neinum útflutning eða koma hér á einhverju einokunarkerfi. Ef svo ætti að vera þyrfti mun sterkari lagaheimildir í þessari lagagrein

en væntanlega verða þar, ef af samþykkt hennar verður hér á hinu háa Alþingi. Jafnframt setja viðskiptasamningar sem við höfum gert við alþjóðastofnanir og erlend ríki okkur takmörk í þessu efni.

Ég vil að lokum nefna tvö atriði sem ég vildi gjarnan að hæstv. landbrh. lýsti afstöðu sinni til. Það er annars vegar endurskoðunarákvæðið sem er í gr. 2.1 í samningnum varðandi það að aðilar samningsins geti óskað endurskoðunar á upphæðum beingreiðslumarksins á tveggja ára fresti ef breytingar verða á kindakjötsmörkuðum. Ég tel að það þurfi að vera skýrt að ríkisvaldið muni hafa þessa samningsgrein í huga og beita henni ef breytingar verða á markaðnum. Í öðru lagi hefur verið gagnrýnt hér að samningurinn veiti ekki neina framtíðarsýn. Að vissu leyti er hægt að taka undir það að samningurinn boðar ekki neinn endi á þeim styrkjum sem við þurfum að greiða til landbúnaðar eða sauðfjárræktar. Ég vildi því heyra álit landbrh. á því hvort ekki sé rétt að það verði tekið upp samstarf á breiðum grundvelli neytenda, aðila vinnumarkaðarins, bænda og ríkisvaldsins, um að leita leiða til að komast út úr landbúnaðarvandanum á einhverju tímabili eftir árið 2000, þannig að við sjáum fyrir endann á þessum stórkostlega vanda sem hefur verið að plaga okkur allt frá 1934, eins og hv. 6. þm. Suðurlands nefndi í ræðu sinni.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en óska eftir skýrum svörum frá hæstv. landbrh.

[23:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kom í hug undir ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesen: Sælir eru hjartahreinir því þeir munu ríkið erfa. Það verður ekki af hv. þm. skafið að hann er hjartahreinn og segir hlutina eins og honum þykja þeir vera. Ég er í öllum aðalatriðum andstæðingur þessara laga og búvörusamningsins. Samt er það svo að ég gat af einlægu hjarta tekið undir nánast hvert einasta efnisatriði í máli hv. þm. Árna M. Mathiesen. Ég hygg að ræða hans hafi skorið sig frá öðrum ræðum sem hér hafa verið fluttar í kvöld, ekki aðeins vegna þess að hún var flutt af stjórnarsinna, heldur vegna þess að með mjög einföldum og skýrum hætti tætti hann í sundur í fyrri hluta ræðu sinnar öll helstu efnisatriði þeirra búvörulaga sem við erum að fjalla um hér í kvöld. Hann leiddi meira að segja rök að því að niðurstöður samningsins gætu mögulega leitt okkur á þrjá mismunandi staði og besti staðurinn að hans mati var status quo. Samt lýsir hann því yfir að hann muni styðja þennan samning sem hann er þó búinn að sýna fram á með elegant hætti að er mesta bull og vitleysa. Hvers vegna? Vegna þess að hann styður ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin færir fram þetta mál og þess vegna ætlar hann að styðja það, þótt hann sé búinn að færa rök fyrir því að málið sé vont.

Herra forseti. Sælir eru hjartahreinir því þeir munu ríkið erfa. Með svona framhaldi mun hv. þm. örugglega innan skamms erfa það ríki sem hæstv. landbrh. ræður fyrir núna.

[23:43]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði að víkja að sambærilegu efni og ágætur flokksbróðir minn talaði um hér áðan. Ég get ekkert nema gott sagt um þá ræðu sem hv. þm. Árni M. Mathiesen flutti. Hún var vönduð og hógvær, stillileg og sönn. En það var þetta með fyrirvarann. Þegar menn gera fyrirvara við stuðning sinn lýtur það oftast að því að t.d. einhver framkvæmd sem er í höndum ráðherra verði með tilteknum hætti eða að einhver aðili í þjóðfélaginu þurfi einnig að koma að málinu. Hann samþykki málsmeðferð eða eitthvað slíkt. En ég hef aldrei heyrt svona fyrirvara eins og hv. þm. hafði. Fyrirvarinn fyrir hans samþykki er sem sé sá að hans eigin sögn, að ríkisstjórnin flytji málið og standi að því. Með öðrum orðum, ef ríkisstjórnarskipti verða á kjörtímabilinu þá er hv. þm. ekki lengur stuðningsmaður málsins. Þá er fyrirvarinn fallinn. Ríkisstjórnin getur ekki vænst lengra lífs en fram að kosningum. Þá þurfa menn að fara til kjósenda sinna til að leita eftir stuðningi. Þá er fyrirvarinn fallinn, þá styður hv. þm. Árni M. Mathiesen ekki lengur búvörusamninginn. Ég get ekki lesið annað út úr því en að hann sé að segja okkur: Ég ætla mér að styðja búvörusamninginn svo lengi sem þessi hæstv. ríkisstjórn situr. En um leið og ég sný mér til kjósenda minna til að fá endurnýjað umboð, þá er stuðningur minn fallinn og ég er á móti honum.

Ég hef, virðulegi forseti, aldrei heyrt settan svona fyrirvara fyrr. Þetta er alveg nýtt í þingsögunni og ég spyr hv. þm.: Ber ekki að túlka fyrirvara hans samkvæmt hans eigin orðum nákvæmlega svona? Eða er fyrirvarinn einhvern veginn öðruvísi og hvernig er hann þá? Mér sýnist að svona fyrirvari, herra forseti, væri réttnefndari eldingavari en fyrirvari.

[23:45]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að þakka hv. þingmönnum Alþfl. hlý orð í minn garð. En ég verð hins vegar útskýra þetta aðeins betur fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Að vísu gleðst ég yfir því ef ég hef getað komið honum á óvart. Hann er með þingreyndari mönnum hér, það er þó eitthvað sem hann hefur ekki enn þá heyrt. Hann nefndi fyrirvara minn. Ég túlka það þannig að þar sé um almennan fyrirvara við málið að ræða. Hins vegar vonast ég til að þegar kemur að því að við þurfum að leita til kjósenda okkar aftur þá hafi sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr setið út sitt kjörtímabil. Þá verða ákvæðin um frjálsa verðmyndun komin fram og vonandi farin að hafa einhver áhrif. Og þá verða þeir jákvæðu þættir farnir að virka sem ég tel vera í þessum samningi og ég mun þá væntanlega geta farið með þá á fund minna kjósenda.

[23:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég veit ekki heldur hvað almennur fyrirvari er. Í mínum huga getur almennur fyrirvari ekki verið annað en það að menn segi: Ef sú lagabreyting sem ég ætla að greiða atkvæði gefur góða raun þá er ég stuðningsmaður hennar. En ef hún gefur ekki góða raun er ég andstæðingur hennar. Það er auðvitað atkvæðið sem ræður úrslitum. Breytingarnar verða samþykktar annaðhvort með atkvæði hv. þm. eða með atkvæði annarra en hv. þm. Það er ekki hægt að greiða lagabreytingu atkvæði og segja: Ég set almennan fyrirvara. Almennan hvað? Hins vegar heyrðist mér af lokaorðum hv. þm. að hann ætti við að yrði frjáls verðmyndun ekki komin á í kjölfar þeirrar breytingar, sem á að gera eftir tvö ár þegar frjáls verðmyndun á að hefjast, þá væri fyrirvari hans fallinn og hann mundi snúast gegn þeim breytingum sem hér er verið að gera. Hv. þm. sagði að á kjörtímabilinu, þ.e. eftir fyrstu tvö árin af gildistíma samningsins, ætti að vera komin á frjáls verðmyndun. Ég gat ekki skilið orð hans um almennan fyrirvara því að hann er ekki til. En ég skildi síðustu orð hans

þannig að yrði ekki komin á frjáls verðmyndun eftir tveggja ára reynslutíma þá mundi hv. þm. snúast gegn sjálfum sér, þ.e. greiða atkvæði og taka afstöðu gegn þeirri lagabreytingu sem hann ætlar að samþykkja núna.

[23:48]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ákveða sína fyrirvara sjálfir og skýra þá sjálfir og ég held að ég hafi skýrt fyrirvara mína nægjanlega vel þótt hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vilji ekki skilja. Það er hins vegar rétt hjá honum ef ekki verður staðið við þau ákvæði sem varða fjálsa verðmyndun til bænda árið 1998 mun ég snúast algjörlega gegn samningnum og öllum þeim ákvæðum sem í honum standa.

[23:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að reiða til höggs í þennan sama knérunn því ræða hv. þm. var ákaflega furðuleg. Hún var nokkurn veginn svona: Primo: Ég styð ekki þetta frv. Secundo: Sú ríkisstjórn sem kemur frv. ekki í gegn getur ekki gengið. Tertio: Ég styð ríkisstjórnina. Quarto: Þess vegna styð ég frv.

Þá er rétt að þingmaðurinn geri okkur grein fyrir af hverju hann styður ríkisstjórnina. Vegna þess að hingað til frá ríkisstjórnarmyndun hefur engin pólitík komið fram frá þessari ríkisstjórn nema einmitt helst sú sem kemur fram í frv. og því sem ríkisstjórnin hefur ekki gert, t.d. í sjávarútvegsmálum og öðrum slíkum málum. Úr því að röksemdafærslan er á þennan veg er rétt að hann geri okkur grein fyrir því hvers vegna ríkisstjórnin er svo mikilvæg að hann snýr við í afstöðu sinni til máls sem hann áður var á móti og hefur unnið í landbn. Sjálfstfl. ásamt ýmsum merkum mönnum. Fyrirvarinn er heldur ekki enn þá á hreinu því að hv. þm. lauk ræðu sinni með því að segja í knéfalli til landbrh. að hann taki undir það að með þessari skipan yrði enginn endir á þeim styrkjum sem hér hafa verið til landbúnaðarins. Fyrirvarinn felst aðeins í stuðningi við ríkisstjórnina eða eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að enginn væri óbarinn biskup, menn munu ekki erfa ríkið nema hafa gengið undir pínslir og þrautir og það finnst mér hv. þm. Árni Mathiesen hafa gert, veifað handjárnunum framan í kjósendur sína. Ég vona að þau verði honum til nokkurrar gæfu í næstu kosningum.

[23:51]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Að miklu leyti er hin latínuskotna greining hv. þm. Marðar Árnasonar rétt. En rétt er að geta þess að í ræðu minni nefndi ég nokkur atriði sem ég teldi að væru jákvæð í samningnum. Þingmaðurinn spyr hvers vegna ríkisstjórnin sé svona merkileg. Þetta er að mínu mati einfaldlega sú eina starfhæfa ríkisstjórn sem hægt var að mynda að loknum kosningunum. Sú eina starfhæfa ríkisstjórn sem ég treysti til þess að takast á við þau vandamál sem við horfumst í augu við í þjóðfélaginu og breyta þeim þáttum sem þarf að breyta til betri vegar. Ég hef reyndar ekki leynt því að ég hefði gjarnan kosið að kosninganiðurstaðan hefði leitt til annarrar ályktunar en ég hef nú dregið en því var ekki til að dreifa og maður verður að horfast í augu við raunveruleikann.

Hv. þm. Mörður Árnason hefur ekki lengi setið á hinu háa Alþingi en hann á væntanlega eftir að gera það, kannski oft og kannski lengi. (**Gripið fram í:** Fyrir hvaða flokk?) Fyrir hvaða flokk? Ég er ekki maður til að spá um það. En þá mun hann vafalaust komast að því að bæði innan flokka þurfa menn að gera málamiðlanir og á milli flokka, sem starfa saman í ríkisstjórn, þurfa menn að gera málamiðlanir og eins þegar tveir aðilar semja sín á milli eins og ríkisvaldið gerir gagnvart bændum mun hvorugur aðilinn fá allt sitt fram.

[23:53]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Um hugsanlega flokksvist mína í framtíðinni vil ég segja að ég gæti vel stutt þann flokk sem hv. þm. Árni Mathiesen tilheyrði í fyrri parti ræðu sinnar en ómögulega þann flokk sem hann tilheyrði í hinum síðari hluta ræðu sinnar og ég held ég láti það nægja hér. Hv. þm. Árni Mathiesen hefur gert þinginu og kjósendum sínum ágæta grein fyrir þeim járnum sem hann ber á höndum og fótum þó að maður hefði kosið að þingmaður af hans tagi, ungur og upprennandi Hafnfirðingur, hefur að vísu ekki setið lengi á þingi en þó lengur en sumir, og á kannski eftir að gera það þó er ekki alveg víst í hvaða flokki en þó er a.m.k. víst undir hvaða ríkisstjórn og hvers konar ríkisstjórnum hann á að sitja, að maður hefði kosið að hann kæmi fram við fólk af meiri heiðarleika en hann gerir með því að styðja frv. sem hann er á móti.

[23:54]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er orðið svolítið skondið þegar andsvör við ræðu minni eru aðallega farin að fjalla um flokksvist hv. þm. Marðar Árnasonar. En við það er að bæta sem kom fram hjá hv. þm. að ég tel mig hafa gert grein fyrir máli mínu af fullri hreinskilni og ekki dregið neitt undan og þar með rækt skyldur við kjósendur mína. Ég hef aldrei átt von á því að hv. þm. Mörður Árnason yrði einn af kjósendum mínum en þó út af fyrir sig miðað við það hvað flokksvist hans er heitt umræðuefni í þingsalnum er greinilega ekki öll nótt úti enn.

[23:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir vinnu hennar við það frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Enda þótt það komi fram bæði í nefndarálitum og í ræðum manna hér á undan að ekki séu allir sammála um málið eða málsferðina held ég að út af fyrir sig blandist engum hugur um það við að lesa yfir nefndarálitin og hlýða á umræðuna að vinnan í nefndinni hefur verið málefnaleg. Menn hafa lagt þar mikið á sig við að fara yfir frv. og gera á því ýmsar breytingar sem nefndin taldi nauðsynlegar og ég ætla aðeins að gera hér að umræðuefni á eftir. Ég veit að hv. nefndarmenn hafa lagt sig fram um að málsmeðferðin væri vönduð og hv. form. nefndarinnar á þakkir skildar fyrir það hvernig hann hefur staðið að málsmeðferðinni allri.

Í umræðunum hér á undan hefur mikið verið talað um að það hafi þurft að gera miklar breytingar á frv. vegna þess hvernig það hafi komið frá ráðherra og frá ráðuneyti hans og að vart sé viðunandi hvernig það var búið í hendur þingmanna. Menn hafa talað um að þetta séu að verulegu leyti svokölluð lagatæknileg atriði. Ég held reyndar að það sé rétt að mikið af því sem hér er verið að gera tillögur um séu breytingar á frv. sem gera það skýrara, nákvæmara í efnistöku og kveða á um það hver beri hina raunverulegu ábyrgð og hvernig skuli staðið að því að ákveða þá þætti sem breytingartillögurnar kveða á um hvernig skuli vera. En í frv. var meira um það að ráðherra væri heimilt og jafnvel að

framsal væri á valdi sem varðar gjaldtöku eða skattlagningu og samrýmist ekki lengur góðum stjórnskipunarákvæðum.

Ég leyfi mér að halda því fram að það sem hefur verið til umfjöllunar og hefur gerst við meðferð málsins í nefndinni sé ef til vill vegna þess að þetta er eitt fyrsta frumvarpið sem þingnefnd hefur veitt svo nákvæma og vandaða yfirferð. Ég er þó ekki að gera lítið úr því sem aðrar þingnefndir hafa gert við önnur frv. sem hafa tekið breytingum í þinginu. En hér er verið að laga sig að nýjum vinnubrögðum sem er nauðsynlegt að ráðuneytin taki upp og engin afsökun fyrir því að ráðuneytin skuli ekki þegar hafa gert það og þar með talið landbrn. Af hálfu þingsins hafa verið fengnir utanaðkomandi lögfræðingar og að minnsta kosti annar lögfræðingurinn hefur sinnt landbúnaðarmálum allmikið á undanförnum árum og þekkir þess vegna vel til þeirrar löggjafar. Hinn lögfræðingurinn er prófessor í lögum sem vill einnig að löggjöfin sé vönduð eins og hún kemur frá löggjafanum sjálfum, hv. Alþingi, og taki mið að því sem Alþingi sjálft hefur sett inn í stjórnarskipunarlög. Þess vegna hefur það komið meira í ljós nú en við ýmis önnur lagafrv. sem hafa verið til meðferðar og vafalaust á það einnig við um ýmis lagaákvæði sem eru í gildi, og auðvitað sannast á því sem kemur fram í breytingartillögunum að verið er að gera breytingar við ákvæði búvörulaganna sem eru þó algjörlega óháð eða óviðkomandi hinum nýja búvörusamningi og sannar í raun það sem ég er að segja og er ekki ástæða til annars en að lýsa ánægju sinni með það. Ég er að sjálfsögðu samþykkur þeim lagfæringum sem frv. fær með þeim breytingartillögum sem eru lagðar til af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Ég veit að önnur ráðuneyti þurfa að taka þá málsmeðferð sem hér hefur verið bryddað upp á sér til fyrirmyndar.

Breytingarnar sem eru efnislegar og varða ákvæði samningsins held ég að séu smávægilegar. Ég leyfi mér að fullyrða að þær stofni samningnum sem slíkum ekki í nokkra hættu. Þær eru ekki þess eðlis að samningsákvæðum verði riftað, hvorki af hálfu Bændasamtaka Íslands né ríkisstjórnarinnar, enda samráð haft við ráðherra um málið þegar það var til umfjöllunar í þingnefndinni. Ég átti viðræður við formann nefndarinnar og aðra nefndarmenn og fjmrh., sem er einnig aðili að þessum samningi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Ágúst Einarsson gerði það að umræðuefni í máli sínu áðan að ráðherra landbúnaðarmála hafi verið með yfirlýsingar í fjölmiðlum nýlega þar sem hann hafi m.a. sagt eitthvað á þá leið að það yrði ekki stafkrók breytt í samningnum. Ég held reyndar að þetta sé ekki orðrétt haft eftir mér, þótt ég telji að ég hafi skrifað þetta orðrétt eftir hv. þm. En ég lýsti því yfir í fjölmiðlum að ég teldi að það væri mikilvægt að þessum samningi yrði ekki breytt og hann yrði meðhöndlaður eins og ýmsir aðrir samningar sem ríkisstjórnir hafa oft og tíðum gert, m.a. við aðila vinnumarkaðarins, þegar gengið hefur verið til kjarasamninga og ríkisvaldið hefur tekið að sér að beita sér fyrir ákveðnum lagabreytingum til þess að fullnægja ákvæðum kjarasamninga. Þá hefur það að sjálfsögðu verið gert með fyrirvara um samþykki Alþingis, en alla jafnan verið treyst á það að ríkisstjórn hefði vald á málinu og hefði þann meiri hluta á þingi að hún gæti tryggt slíkt. Og ég fullyrði líka að svo er nú. Ég fullyrði að það er engin hætta á því að þær smávægilegu breytingar sem gerðar eru á samningnum valdi einhverju um það að samningurinn haldi ekki fullu gildi sínu.

Það kemur ekki ævinlega allt fram í frétt sem þó er sagt við fjölmiðlamenn, þeim er knappur tími skorinn í fréttatíma sínum og stytta gjarnan viðtöl. En ég lét það a.m.k. koma skýrt fram í máli mínu við þá ágætu fjölmiðlamenn að auðvitað væri valdið í höndum Alþingis. Það er engin spurning um það. Það er Alþingi sem hefur síðasta orðið í þessu efni. Ég gat einungis vonast til þess og ætlast til þess að meiri hluti Alþingis stæði að þeim samningi sem ríkisstjórnin hefur gert. Þetta vil ég að sé alveg skýrt af minni hálfu, hæstv. forseti, þótt hér sé e.t.v. ekki farið orðrétt með það sem okkur fréttamanni fór á milli. Ég get ekki fullyrt það nákvæmlega þar sem ég hafði ekki tækifæri til að sjá eða lesa fréttina í endanlegri gerð.

Ef við ræðum aðeins um þau efnisatriði sem breytast í meðferð nefndarinnar á samningnum, var alltaf vitað mál að það voru mjög skiptar skoðanir um það ákvæði sem varðaði 70 ára einstaklinga sem áttu að missa beingreiðslurnar. Báðir þingflokkar tóku því með fyrirvara og gerðu við það athugasemdir og þetta var líka eitt af þeim efnisatriðum sem sættu mikilli gagnrýni á kynningarfundum um samninginn meðal bænda og úti í þjóðfélaginu. Niðurstaðan varð að gera á þessu breytingar sem ég sætti mig við athugasemdalaust og dreg þá ályktun af nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar að full ástæða sé til að búast við hinu sama af hinum samningsaðilanum, þ.e Bændasamtökunum.

Við vitum líka að birgðastaðan er erfið. Við höfum í þessum samningi gert ráð fyrir því að leita sérstakra aðgerða nú þegar á þessu hausti til þess að reyna að létta á birgðastöðunni og má búast við því að það sama gildi næsta haust. Nefndin hefur því einnig gert breytingartillögur sem ég tel mikilvægar til þess að aðstoða við og auðvelda afsetningu birgða, án þess að fjárhagsrammi samningsins sé rofinn. Það er ekki farið út fyrir hann. Hér er í raun ekki verið að lofa neinum viðbótarfjármunum heldur er gert ráð fyrir því að heimilt sé að verja þeim með nokkuð öðrum hætti en samningurinn gerði ráð fyrir í upphafi, enda líka gert ráð fyrir því að bændur og afurðastöðvar leggi til þess máls fjármuni með viðbótarverðskerðingargjöldum.

Það má líka segja, og það er svo sem er ekkert nýtt í umræðunni, að samningurinn sem slíkur er auðvitað enginn óskasamningur. Ég skil því vel fyrirvara og athugasemdir sem fram hafa komið, bæði hjá þingmönnum og í þingnefndinni. Sú birgðastaða sem við horfum á núna og reiknum með að þurfa einnig að takast á við á næsta ári er auðvitað að hluta til ástæða þess að það er ekki farið hraðar í breytingar. Menn hafa verið að vonast til að samningurinn leiddi til aukins frjálsræðis í verðlagningu og framleiðslu og meiri breytinga á stjórnun í þessum viðkvæma en mikilvæga atvinnuvegi en gert ráð fyrir í þessum búvörusamningi og þessum lögum. Það höfum við rætt áður og ég tel að þrátt fyrir að ekki sé farið hraðar, þá séu stigin hér mikilvæg skref og lagðar til mikilvægar breytingar sem muni hafa umtalsverð áhrif á þróun í landbúnaði og þá einkum í sauðfjárræktinni á næstu árum.

Mig langar að gera sérstaklega að umtalsefni tvö atriði sem tekin eru út úr frv. Bæði styðjast við ákvæði í samningnum en meiri hluti nefndarinnar telur þó óþarft eða jafnvel óeðlilegt í brtt. sínum og nál. að tilgreina þau sérstaklega í lögunum. Það fyrra er ákvæði 9. gr. frv. að beingreiðslumark sauðfjárafurða skuli taka breytingum með vísitölu neysluverðs. Þetta ákvæði er fellt út úr frv. samkvæmt tillögu meiri hluta landbn. og sama er að segja um ákvæði í 11. gr. þar sem einnig er fjallað um verðtryggingarákvæði beingreiðslna á hvert ærgildi. Þessar breytingar á frv. upphefja að sjálfsögðu

ekki ákvæði samningsins um greiðslutilhögun þar sem kveðið er á um það sérstaklega í samningnum sjálfum og segir svo, með leyfi forseta, í lið 6.3:

„Allar fjárhæðir í samningi þessum skulu miðaðar við verðlag 1. október 1995 og taka breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Þetta er einnig skýrt fram tekið í nefndaráliti meiri hlutans þar sem einmitt er kveðið á um þessa breytingu sem gerð er á frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er talin ástæða til að hafa í lögunum ákvæði um verðtryggingu einstakra atriða samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, svo sem á upphæð beingreiðslna, þar sem skýr ákvæði er að finna í samningnum um að allar fjárhæðir skuli miðaðar við 1. október 1995 og að þær taki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og segir orðrétt í kafla 6.3 í samningnum um greiðslutilhögun. Ljóst er að stjórnvöld eru bundin af því ákvæði þó að ekki sé að finna ákvæði um verðtryggingu í lögum."

Reyndar er ekki kveðið á um allar upphæðir eða alla efnisþætti samningsins í lagafrv. heldur var, ef ég man rétt, fjallað um verðtryggingu ákveðinna hluta samningsins í lagagreinunum tveimur. En í samningnum sjálfum eru skýr ákvæði um allar fjárhæðir.

Í sjálfu sér þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum. Samningsákvæðin eru skýr en vissulega er ákvörðun tekin um þetta við fjárlagagerðina hverju sinni. Fjárlagagerðin kveður á um það hvernig farið er með þennan þátt og hvernig staðið er að framreikningi eða ákvörðun þeirra upphæða sem búvörusamningurinn gerir ráð fyrir að lagðar séu til sauðfjárræktarinnar ár hvert. Í framhaldi af því kem ég að hinni breytingu frv. sem ég nefndi, og einnig er við 9. gr. Viðhorf mitt til hennar svarar kannski að einhverju leyti spurningu sem hv. þm. Árni Mathiesen beindi til mín í lok ræðu sinnar áðan um ákvæði 2.1 í samningnum. Þetta ákvæði í frv. sem hér er fellt niður hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðilar að samningi um framleiðslu sauðfjárafurða geta hvor um sig óskað eftir endurskoðun á beingreiðslumarki sauðfjárafurða annað hvert ár verði breytingar á markaði kindakjöts."

Það er sem sagt lagt til að þessi málsgrein verði felld út úr frv. en í samningnum er hins vegar efnislega samhljóða grein, 2.1, sem hv. þm. vitnaði til. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir endurskoðun á beingreiðslumarki annað hvert ár verði breytingar á markaði kindakjöts."

Ég lít að sjálfsögðu þetta ákvæði samningsins sömu augum og verðtryggingarákvæðið, það heldur fyllilega sem slíkt fullu gildi svo lengi sem samningsákvæðunum að þessu leyti er ekki breytt. Mér finnst eðlilegt að þetta ákvæði sé virt þannig að verði verulegar eða umtalsverðar breytingar á markaði kindakjöts, þá sé rétt að stjórnvöld óski eftir endurskoðun á ákvæðum samningsins. Það sama á að sjálfsögðu við um hinn samningsaðilann, þ.e. Bændasamtök Íslands, ef þau telja ástæðu til að óska eftir endurskoðun vegna breytinga sem kunna að verða á markaði kindakjöts. Enda er hér talað um báða samningsaðila.

Við slíka endurskoðun tel ég líka nauðsynlegt að fjalla einnig um markmið samningsins og að hugsanlegar breytingar við samninginn taki þá mið af því hvernig tekist hefur að tryggja þau að öðru leyti eins og þau eru sett fram í upphafi samningsins. Ég tel að einstök atriði samningsins, t.d. þau sem varða hagræðingu, vöruþróun o.fl. séu hugsuð þannig að menn leggi áherslu á að viðhalda eftir bestu getu innanlandsmarkaði kindakjötsins. Vegna verðlags á útflutningi er það auðvitað mikilvægasti markaðurinn. Því er mikilvægt að halda innanlandsmarkaðnum þótt hluti af þeim vanda sem við glímum við með endurskoðuninni sé auðvitað neyslubreytingar. Ekki bara vegna verðlags eða vegna þess að lambakjötið okkar ágæta líki ekki, heldur eru neyslubreytingar svo miklar í þjóðfélaginu og þá kannski einkum hjá ungu fólki. Það bitnar ekki bara á kindakjöti heldur á kjötneyslu almennt.

Ég vil einnig minna á að í lok samningsins er fjallað um endurskoðun hans, þ.e. almenn endurskoðunarákvæði sem er að finna undir tölulið 6.4 um endurskoðun á samningnum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Aðilar samnings þessa geta hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Að þremur árum liðnum skulu samningsaðilar gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Í framhaldi af því skal hefja undirbúning viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði."

Ýmsir hv. ræðumenn hafa velt því fyrir sér til hvers þessi samningur muni leiða og hver framtíð hans muni verða, bæði á samningstímanum og eins að honum liðnum. Ég fékk einnig spurningu frá hv. seinasta ræðumanni, hv. þm. Árna Mathiesen, um framtíðarsýn ráðherrans hvað þetta varðaði. Fleiri aðilar, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Ágúst Einarsson veltu auðvitað líka mikið fyrr sér í sínum ræðum hvert stefndi.

En í þessu ákvæði, ef ég tala aðeins meira um það, er aftur fjallað um endurskoðunarákvæði sem sjálfsagt er að virða og hefja ekki síðar en að þremur árum liðnum á ný undirbúning að viðræðum um áframhaldandi stefnumörkun. Eins og ég sagði áðan, er ég ekki í nokkrum vafa um að samningurinn mun valda miklum breytingum og þróa íslenskan landbúnað í rétta átt og er reyndar fullviss um það. En ég er ekki þeirrar skoðunar að þar með sé öllum afskiptum af íslenskum landbúnaði lokið. Ég er þess fullviss að áfram þarf að fjalla um þróun íslensks landbúnaðar, opinberan stuðning við hann og stefnumörkun fyrir næstu árin þar á eftir. Ég tel rétt að fleiri hagsmunaaðilar komi að þeirri stefnumörkun en þeir einir sem eiga beina aðild að samningnum. Þó er ljóst að enginn verður dreginn að slíku samningaborði ef hann eða viðkomandi aðilar sem hugsanlega yrði boðin slík aðild vilja ekki taka þátt í því og að ekki verða aðrir samningsaðilar að slíkum viðræðum eða samningi en þeir sem beina aðild eiga að honum, þ.e. ríkisvald og bændasamtök geta sætt sig við. Þannig tel ég að það verði að nást breið samstaða um það hvernig að slíku yrði staðið og hverjir eiga að taka þátt í þeirri stefnumörkun.

En ég segi þetta m.a. vegna orða sem hafa bæði fallið nú og oft áður í umræðunum í vetur og haust um aðild aðila vinnumarkaðarins svokallaðra, að þessum samningum. Og ég held að ég hafi tekið það rétt niður eftir hv. þm. Ágústi Einarssyni í hans upphafsræðu áðan, að þeim hafi verið tilkynnt að afskipta þeirra væri ekki óskað vegna samninganna í sumar og í haust. Þetta kom reyndar fram hjá fleirum.

Ég vil láta koma skýrt fram og segi við hv. þm. að svokölluð sjö manna nefnd sem varð til upp úr samningunum 1990–1991 var ekkert að ljúka störfum eða hætta sinni vinnu nú í sumar þegar við settumst niður við þessa samningagerð. Hún hafði í raun hætt sínum störfum fyrir

u.þ.b. ári síðan eða meir. Líklega núna fyrir einu og hálfu ári síðan en ekki þegar samningagerðin hófst í sumar. Ég átti fundi með forsvarsmönnum ASÍ, BSRB, VSÍ og Vinnumálasambandsins sem eru þeir sem oftast eru kallaðir aðilar vinnumarkaðarins og ræddi við þá um áframhaldandi samskipti og aðild þeirra að samningagerð af þessu tagi. Ef einhver efast um orð mín ætla ég að leyfa mér, hæstv. forseti, að vitna til Fréttabréfs Alþýðusambands Íslands frá 17. október 1995 þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það skal tekið fram að landbrh. hefur sagt á fundi með aðilum vinnumarkaðarins að hann vildi að þeir kæmu að gerð búvörusamningsins og að haldið verði áfram því starfi sem var um stefnumörkun í landbúnaði."

Það er ljóst að þetta staðfesta fulltrúar ASÍ í það minnsta og ég hygg að svo mundu fleiri gera ef eftir væri leitað. En við lentum hins vegar með málin má kannski segja, í þeirri stöðu í haust að ég fór fram á það við forsvarsmenn þessara samtaka að við fengjum að klára endurskoðun búvörusamningsins hvað sauðfjárþáttinn varðaði og síðan yrði haldið áfram viðræðum í svipuðu formi og þetta svokallaða sjömannanefndarstarf var. Nú er hins vegar ljóst að uppstytta hefur orðið í því efni. Ég vona og treysti því að sú afstaða aðila vinnumarkaðarins gagnvart þessari atvinnugrein sé ekki til frambúðar. Ég vil taka undir það með nokkrum hv. þm. að það er nauðsyn á breiðri samstöðu um þróun og stöðu íslensk landbúnaðar. Það er nauðsyn á sátt um þetta í þjóðfélaginu. Og það er nauðsyn á því fyrir landbúnaðinn sem slíkan að ég hygg til lengri tíma litið að við séum betur komin með atvinnugreinina í samráði og samstarfi við þessi stóru hagsmunasamtök en í stríði við þau. Það vona ég að við séum ekki og verðum ekki þó það kunni að vera eitthvað skiptar skoðanir eins og sakir standa um það sem við erum að gera núna.

Virðulegur forseti. Tíminn rýkur frá okkur og ég veit að það eru margir enn á mælendaskrá. Ég legg samt áherslu á að það náist samkomulag um að reyna að klára meðferð málsins nú fyrir mánaðamótin eins og ráð var fyrir gert þegar hv. Alþingi gerði nýlegar breytingar á búvörulögunum um að fresta ákvæðum um ákvörðun greiðslumarks til næstu mánaðamóta. Þess vegna er mjög brýnt að þessi nýju lög hafi tekið gildi fyrir þau tímamörk. En mig langar þó að gera athugasemd við örfá atriði sem komið hafa fram hjá hv. þm. Ég hef nokkuð fjallað um aðild aðila vinnumarkaðarins að málinu sem fram kom hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Mig langar aðeins að minna hann og aðra ágæta þingmenn á, af því að oft er talað um að Sjálfstfl. og Framsfl. beri ábyrgð á landbúnaðarstefnunni. Sjálfsagt gera þeir það að verulegu leyti enda báðir setið oft og lengi í ríkisstjórnum. En eitt lengsta samfellda stjórnartímabilið var þó svokölluð viðreisnarstjórn sem sat á árum áður með aðild Alþfl. og það var einmitt í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem ákvörðun var tekin um útflutningsbætur sem hafa a.m.k. af hálfu sumra hv. þingmanna verið nokkuð gagnrýndar. Með þeim búvörusamningi sem enn er í gildi var ákveðið að leggja þær niður, svo það var umtalsverð stefnubreyting á því í tíð ríkisstjórnar sem Framsfl., Alþb. og reyndar Alþfl. líka áttu aðild að. Þá var þeim ákvæðum breytt sem komið var á og hafa kannski valdið miklu um þróun í íslenskum landbúnaði á undanförnum árum. En þessi ákvæði voru einmitt þau sem viðreisnarstjórnin setti þegar hún tók upp útflutningsbæturnar.

Auðvitað kom margt fleira fram í máli hv. þm. Bæði hann og aðrir hafa mikið fjallað um útflutningsmálin. Ég held, tímans vegna, virðulegur forseti, að ég fari ekki ítarlega út í það. En ég vil minna á það þegar verið er að tala um vandann varðandi útflutninginn að við höfum aðeins þrjú eða fjögur sláturhús sem geta framleitt kjöt á ákveðna erlenda markaði sem allir eru mikilvægir. Það er mikilvægt að viðhalda þeim mörkuðum. En við getum ekki náð samstöðu um að nýta þessa markaði og hús öðruvísi en að einhver leið sé til verðjöfnunar, einhver leið til þess að fá bændur til að starfa saman um það að nýta markaðina og þá auðvitað líka að nota húsin sem eru þau einu sem geta selt á þessa markaði.

Nú er það auðvitað svo að þessir markaðir eru því miður ekki merkilegir eins og er og verðið á útflutningskjötinu okkar allt of lágt þannig að ekki er í því einu sér mikill hvati til framleiðsluaukningar þessum samningi samfara. Um þetta ræddi ég allítarlega við 1. umr. um frv. og læt nægja að vísa til afstöðu minnar í því efni og má auðvitað fletta því upp.

Hv. þm. sagði þegar hann vitnaði til umsagna sem nefndinni bárust um málið og fór yfir þær margar, að nánast engin einasta jákvæð umsögn hefði komið fram. Ég hef ekki lesið þær svo ítarlega allar þó að ég hafi séð þær sumar og farið yfir efnisatriði þeirra. En ég vil þá aftur undirstrika og benda á það sem reyndar kom fram hjá hv. þm. að auðvitað eru skiptar skoðanir um samninginn og meira að segja eins og hann sagði, það eru skiptar skoðanir meðal bænda. Vissulega eru skiptar skoðanir meðal bænda og hjá fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu. Sennilega mundu flestallir ef ekki allir vilja hafa samninginn að einhverju leyti öðruvísi en hann er. Hann er ekki óskasamningur eins eða neins og e.t.v. er það ástæðan fyrir því að menn benda á það sem þeim finnst vera að samningnum og það sem þeir vildu hafa öðruvísi. En við stöndum stundum frammi fyrir ákveðnum raunveruleika í því efni sem ekki verður umflúinn.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fór allmörgum orðum um samninginn. Ég ætla ekki að taka mörg atriði upp af því sem hún nefndi. Ég vil þó segja út af því sem hún nefndi um Jarðasjóð, að Jarðasjóðnum eru raunverulega ekki settar beinar skuldbindingar í samningnum. Það er hins vegar gert ráð fyrir því að hann geti komið að málum ef bændur óska eftir því að selja ríkinu jarðir sínar um leið og þeir hætta búskap og auðvitað er gott að geta orðið við því í einhverjum tilvikum þar sem það á við. En ég vil lýsa þeirri skoðun minni sem almennri skoðun að ég held að ríkið eigi helst ekki að vera að safna að sér jörðum. Ríkið á að reyna að selja þær aftur og eins þær jarðir fjölmargar sem ríkið þegar á. Það á að auðvelda meira eignaskipti í þessu sambandi, auðvelda þéttbýlisbúum aðgang að ríkisjörðum. Þeir vilja margir hverjir fá aðstöðu til að eignast sælureit þar sem hægt er að stunda landgræðslu, skógrækt eða önnur útivistarstörf. Auðvitað er hestamennskan hluti af þeim tómstundum sem þéttbýlisbúarnir stunda nú og sums staðar eru ríkisjarðir sem vafalaust gætu hentað til slíkra hluta svo ég nefni aðeins eitt dæmi.

Hv. þm. nefndi líka að það væri lítill hvati til lífrænnar eða vistvænnar framleiðslu í samningnum. Við samþykktum sérstök lög um þetta á síðasta þingi. Þeim er auðvitað framfylgt og gert ráð fyrir þeim í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Sérstök verkefnisnefnd er að vinna að þeim málum og ég held að þetta sé í þeim farvegi sem Alþingi hefur ákveðið og ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af því að ekki verði áfram unnið að þessu. Ég nefni einnig upphæðir í samningnum sem varða hagræðingu, vöruþróun og umhverfisverkefni, fyrir svo utan það að í samningnum eru ákvæði um það að

bændur geti samið sig frá því að halda fé og tekið að sér önnur verkefni, haldið beingreiðslunum en tekið að sér önnur verkefni á þessu sviði.

Ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir það traust sem hann ber til landbrh. og vona að hann sé þess trausts verður. Á það verður sjálfsagt að reyna og mér er alveg ljóst að það veltur mikið á framkvæmd samningsins og hvernig okkur tekst að standa við það sem hér er boðað. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði um framleiðslusprengjuna sem hann óttaðist að væri fram undan og ég hef aðeins tæpt á, en vísa aftur til framsöguræðu minnar við samninginn í upphafi.

Ég verð að segja að ég var fyrir ofurlitlum vonbrigðum með ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur þar sem hún telur að hér sé verið að hverfa til fortíðar og verið sé að herða enn frekar laga- og reglugerðaviðjar að þessum atvinnuvegi. Mér finnst gæta mikillar óþolinmæði hjá hv. þm. og fullyrði að við erum á hinni leiðinni hvað þetta varðar. Við erum að draga úr stýringu, ofstjórn og miðstjórn á atvinnugreininni og í samningnum eru eins og margsinnis hefur komið fram ákvæði um frjálsari framleiðslu og frjálsari verðlagningu og stigin ákveðin skref á næsta ári og áfram á samningstímanum. Ég segi enn og aftur að ég tel að við séum á réttri leið.

Hæstv. forseti. Ég er búinn að tala lengur en ég ætlaði mér í upphafi. En það er eðlilegt því fjölmörgu hefur verið til mín beint í málinu og vafalaust er umræðunni ekki lokið. Það er því möguleiki að koma athugasemdum að aftur þó að ég voni enn að okkur takist að klára umræðuna nú þannig að hægt verði að ganga til afgreiðslu á þessu frv. fyrir mánaðamótin.

[00:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góðar skýringar á því sem hefur komið fram og á að koma fram í þessu frv., en í andsvari mínu vil ég fyrst og fremst biðja um nánari skýringar á því ákvæði sem á að vera til endurskoðunar og hann talar um að verði til stefnumörkunar í framtíðinni um það hvernig þróun íslensks landbúnaðar verði og hverjir komi að því verki. Hæstv. ráðherra taldi upp að aðilar vinnumarkaðarins og ýmsir fleiri mundu koma að stefnumörkun í íslenskum landbúnaði til framtíðar. Mig langaði til að vita hvort þeir ýmsu fleiru væru t.d. Neytendasamtökin eða samtök neytenda almennt og þar væru samtök vinnuveitenda, samtök eins og Alþýðusambandið og hugsanlega fleiri aðilar sem heyra undir stór hagsmunasamtök og neytendasamtök og aðra þá sem eru fulltrúar þeirra sem neyta búvöru og lambakjöts.

Ég vildi fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann gæfi mér eilítið betri skýringar á þessu ákvæði.

[00:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi andsvar hv. 10. þm. Reykn. tek ég það aftur fram að þeir aðilar sem áttu aðild að sjö manna nefndinni voru þessir svokölluðu aðilar vinnumarkaðarins. Þar komu til bæði ASÍ, VSÍ, BSRB og Vinnumálasambandið og það eru þeir aðilar sem ég átti tal við í sumar og haust um áframhaldandi samstarf um stefnumótun á þessu sviði.

Ég sagði skýrt að ég teldi að enginn yrði dreginn að samningaborðinu sem vildi ekki vera þar. Því miður hef ég núna fengið bréf frá Alþýðusambandinu sem dregur fulltrúa sinn út úr sjö manna nefndinni þannig að hún er í raun ekki virk. Hins vegar varð hún ekki óvirk í sumar. Ég hygg að það hafi verið einhvern tíma á seinasta ári sem það starf lagðist af. Það er því verið að tala um að búa til nýtt samstarf þessara aðila í einhverju formi. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég teldi að það væri skynsamlegt og nauðsynlegt til þess að skapa breiða samstöðu um atvinnuveginn.

Ég sagði líka að við sjálft samningaborðið gætu ekki sest aðrir en samningsaðilarnir, þ.e. þeir sem eru raunverulega að semja. Í þessu tilfelli voru það annars vegar ríkisstjórn Íslands og hins vegar Bændasamtök Íslands. Það er erfitt að taka að samningaborði aðila sem annar hvor þessara, t.d. Bændasamtök Íslands, vilja ekki að sitji við samningaborðið. Ég get því ekki gert meira en lofað að beita mér fyrir því að slíkar viðræður verði teknar upp að nýju. Ég reyni að beita mér fyrir því hverjir ættu að eiga aðild að því samstarfi en á erfitt með að segja fyrir fram, án samráðs við Bændasamtök Íslands, hverjir þeir ákveðnu aðilar skuli vera.

[00:35]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvö atriði þurfa leiðréttingar við hjá hæstv. ráðherra. Ég vitna orðrétt í umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands:

„Þegar ljóst var að aðilar vinnumarkaðarins höfðu verulegar athugasemdir við þá leið sem ráðherra og bændaforusta vildu fara var öllu samstarfi snögglega hætt og samningur gerður án frekari aðkomu fulltrúa í sjö manna nefnd."

Bein tilvitnun í umsögn Alþýðusambands Íslands: „Eftir þessa kynningu voru aðilar vinnumarkaðarins ekki boðaðir á fleiri fundi um málið. Samningur síðan gerður án þess að nokkuð væri meira við okkur rætt né okkur væri tilkynnt um að viðræðum væri slitið."

Það er augljóst af þessu hver sleit viðræðum við aðila vinnumarkaðarins.

Annað atriði sem er rangt hjá ráðherranum. Hann vitnaði í að hann hefði sagt að mikilvægt væri að samningnum yrði ekki breytt. Það er einmitt það sem er gert við afgreiðslu nefndarinnar. Það þurfti að breyta samningnum. Það voru þrjú atriði. Það er eitt sem er mjög mikilvægt sem er í samningnum um jafnt verð til útflutnings. Ekki væri hægt að lögfesta það og ég vitna orðrétt í álit meiri hluta nefndar þar sem segir: „... lýsti Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands, því yfir við landbn. að hann muni leggja til að stjórn Bændasamtakanna og búnaðarþing samþykki þær breytingar sem gera þarf á samningi um framleiðslu sauðfjárafurða vegna þeirra tillagna um breytingar á búvörulögum sem meiri hlutinn kynnti á fundi nefndarinnar 29. nóv. 1995."

Samningnum verður breytt. Það er komin yfirlýsing Bændasamtakanna um að þeir ætli ekki að nota þetta tilefni til að rifta samningnum. Þetta er ekki minni háttar atriði og það var fyrir forgöngu stjórnarandstöðunnar að þetta var skýrt á þann hátt eins og ég rakti í ræðu minni. Þessi atriði eru ekki smávægileg og ég vil að rétt sé farið með atburðarásina í þessu máli. Það þurfti að breyta samningnum vegna þess að ekki var hægt að lögfesta hann í því formi sem hann var upphaflega gerður. Í sjálfu sér er ekki ágreiningur um það en það kallaði á breytingar á samningnum.

[00:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Ég hef ekki meira að segja um aðila vinnumarkaðarins. Það er rétt sem kemur fram

hjá hv. þm. að þeir voru auðvitað ekki aðilar að samningnum. Niðurstaða samningsaðilanna var sú að eftir að hafa átt fund með þeim, rætt við þá og fengið frá þeim tillögur um breytingar eða athugasemdir voru sumar af tillögum þeirra reyndar teknar til greina. Sumt var efnislega mjög samhljóða því sem var verið að ræða um við samningaborðið. Annað var þess efnis að tekið var tillit til þess en enn annað þess eðlis að samningsaðilar töldu það algerlega óásættanlegt. Í þeirri stöðu sem samningurinn var kominn — rétt fyrir sláturtíð — var ekki mögulegt að sitja frekar yfir samningum við viðkomandi aðila. Eftir stendur það sem ég tel mig hafa fengið staðfest í fréttabréfi ASÍ, sem ég vitnaði til, að ASÍ staðfesti þar viðræður okkar og hverju ég hafi lýst yfir í þeim samningaviðræðum.

Hvort þær breytingartillögur sem eru gerðar á samningnum eru minni háttar breytingar eða mikilvæg atriði fer sjálfsagt eftir mati hvers og eins. Ég býst við því að sjötugi bóndinn sem átti að taka beingreiðsluréttinn af telji það ekkert minni háttar atriði að hann skuli fá beingreiðslurnar sínar áfram þannig að þetta er auðvitað matsatriði. Ég held að ég hafi skrifað rétt eftir hv. þm. Ágústi Einarssyni í ræðu hans áðan. Hann sagði: „Efnisbreytingar eru sáralitlar.“ Hann meinar kannski að þær séu fáar fremur en að þær séu smáar, þegar hann segir svona. En þetta skrifaði ég eftir honum og vona að það sé rétt eftir haft.

[00:39]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vitnaði orðrétt í yfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins. Ég vil vitna í allar umsagnir varðandi þessi frumvörp sem þeir eru mjög á móti. Það standa þau orð mín að samráð var ekki haft við þá aðila sem kusu það.

Í öðru lagi eru breytingarnar á samningnum minni háttar í sjálfu sér. Hins vegar er veigamikil efnisbreyting út af orðalaginu „jafnt“ en ekki var hægt að útfæra það tæknilega á annan hátt en það eru ekki gerðar neinar meiri háttar efnisbreytingar á frv. Ég held að allir séu sammála, bæði stjórn og stjórnarandstaða, um málsmeðferðina varðandi þetta mál. En aðalatriðið er að ekki var haft samráð við aðila vinnumarkaðarins. Kannski gefst tækifæri á morgun að heyra nánari svör ráðherra við þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á frv., en það gefst, herra forseti, ekki tími til að halda þeirri umræðu núna áfram.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 00:41.

---

46. FUNDUR

fimmtudaginn 30. nóv.
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fríverslunarsamningur Íslands og Litáens, stjtill., 192. mál, þskj. 240. — Fyrri umr.

2. Fríverslunarsamningur Íslands og Lettlands, stjtill., 193. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.

3. Samstarfssamningur milli Norðurlanda, stjtill., 198. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.

4. Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, frv., 13. mál, þskj. 256. — 3. umr.

5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 96. mál, þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254. — Frh. 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Hannibalsson, 3. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[10:03]

Útbýting þingskjala:

Afgangsorka í kerfi Landsvirkjunar, 200. mál, fsp. HG, þskj. 257.

Gufuaflsvirkjun á Nesjavöllum, 201. mál, fsp. HG, þskj. 258.

Orkufrekur iðnaður, 203. mál, fsp. HG, þskj. 260.

Raforka til stækkunar járnblendiverksmiðju, 202. mál, fsp. HG, þskj. 259.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254.

[10:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundahald í dag vill forseti taka fram að fyrstu fjögur dagskrármálin verða væntanlega tekin fyrir um kl. 12 á hádegi.

[10:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég byrja á því að biðjast velvirðingar á að mér hefur ekki gefist nægjanlegur tími til undirbúnings eins og vera skyldi í svo mikilvægum málaflokki sem hér er til umfjöllunar. Ástæðan er miklar annir fjárln. þar sem ég sit. Þó mun ég reyna í nokkrum orðum að fara yfir málin eins og þau koma að mér. Ég byrja á því að biðja forseta fyrir skilaboð til hæstv. landbrh. sem hefur ekki séð sér fært að mæta enn þá. Athugasemdir mínar eru fyrst og fremst varðandi ræðu hæstv. landbrh. í gær þegar hann fór nokkrum orðum um nefndarstörf og fleira.

Hæstv. landbrh. taldi að e.t.v. væri ástæða langrar vinnu landbn. að menn hafi lagt sig þar sérstaklega fram í störfum. Það hvarflar að mér eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. ráðherra að einhverju hafi verið ábótavant í vinnubrögðum við framsetningu frv. af hálfu ráðuneytis og ríkisstjórnar. Ég er þess fullviss að hver einasta nefnd þingsins leggur sig fram við hvert það mál sem er til umfjöllunar og þingmönnum er mætavel orðin ljós sú staða sem nefndir eru í eftir að þingið sameinaðist í eina málstofu. Nefndir hafa nefnilega miklar skyldur og ábyrgð og það er þá helst að einhver mistök verða þegar ráðuneyti keyra mál af hörku og í krafti meiri hluta í gegnum þingið.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla mikið um ræðu hæstv. ráðherra. Ég tel sjálfur að ég viti nokkuð vel hver vandi landbúnaðar á Íslandi er þó ég ætli ekki að fara yfir allt

málasviðið og þá kem ég að því, herra forseti, að mér gafst ekki nægur tími til að afla gagna um þann málaflokk allan eins og vera bæri. Hér er reyndar mest fjallað um sauðfjárframleiðsluna en í ræðu minni ætla ég að reyna að gera grein fyrir því sem ég þekki hvað best eftir þá vinnu mína sem fulltrúi umhvrn. við verkefnið Áform, sem hófst í maímánuði sl., í kjölfar lagasetningar sem við hv. núv. formaður landbn. stóðum að ásamt öllum þingmönnum í kjölfar samþykktar Alþingis á Þingvöllum á afmælishátíðinni.

Herra forseti. Ég sagði áðan að mig langaði til að leggja nokkur orð inn í þá umræðu sem hér fer fram um samning og lög um framleiðslu og sölu á búvörum. Hér hafa verið rakin í ræðum á undan nefndarálit meiri og minni hluta í þremur álitum með tillögum um breytingar á lögunum í að minnsta kosti — og nú bið ég hv. formann landbn. að taka eftir því sem hann veit mætavel — 25 liðum og a.m.k. 12 greinum þurfti að gera breytingar á því frv. sem hæstv. landbrh. og hans ráðuneyti lagði fram. Ég fagna komu hæstv. ráðherra í salinn. Ég fer þá yfir það sem ég byrjaði á úr því að ráðherra er kominn hér. Þau orð sem ég taldi mig þurfa að nefna við hæstv. landbrh. voru vegna ræðu hans um störf nefndanna. Ég hygg að hann sé mér sammála um það að nefndir leggja sig mjög fram um að vanda málatilbúnað allan og fara vel yfir þau gögn sem þeim eru færð. Þess vegna tek ég undir þau orð að það er eðlilegt þegar svona mikilsvert mál kemur til umfjöllunar nefndar að það taki nokkurn tíma og væri óskandi að ráðherrar almennt hefðu skilning á því að nefndir þurfa að nota tímann vel til að fara yfir þau mál sem lögð eru fyrir.

Það er a.m.k. í 25 liðum eða 12 greinum sem þurfti að gera breytingar á frv. því sem var til umfjöllunar á þskj. 254, 96. máli. Ég tel að nokkrar brtt. séu til bóta. Þó er ýmislegt sem þar er sem vekur spurningar. T.d. væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. landbrh. hversu mikil uppkaup hafa þegar farið fram. Hvað eru margir bændur sem hafa selt fullvirðisrétt sinn að fullu til sauðfjárframleiðslu? Hvað er það há upphæð sem þegar hefur verið notuð til uppkaupa? Hver er aldur þeirra bænda sem hafa hætt búskap að fullu nú í kjölfar þeirra uppkaupa sem ég veit að hafa átt sér stað? Í blaðafregnum nú fyrir skömmu kom fram að uppkaup væru meiri en menn hefðu gert ráð fyrir. Þess vegna finnst mér eðlilegt að spyrja þessara spurninga þannig að okkur á hv. Alþingi sé betur ljóst hvernig þessi mál standa. Einnig held ég að rétt sé að spyrja um hvort upplýsingar séu til um það hvað margir bændur sitja áfram jarðir sínar með annan starfsgrundvöll en landbúnað af þeim sem hafa selt fullvirðisrétt sinn.

Ég tek undir örfá atriði sem hv. landbn. tók sér fyrir hendur að lagfæra. Ég tel að það hafi verið rétt að fella á brott ákvæðið um að réttur til beingreiðslna falli niður þegar 70 ára aldri er náð. Úr því að ég sé hv. formann landbn. þakka ég honum fyrir þá vinnu því ég tel að þarna hafi verið um nauðsynlegt ákvæði að ræða þar sem næstum því hafi verið um að ræða mannréttindabrot. Ég er þó ekki það fróður í lögum að ég viti hvort það er rétt en einhvern veginn segir mér svo hugur um að það hafi ekki verið unnt að fara fram á þennan máta eins og gert var ráð fyrir. Úr breytingartillögunum má lesa stuðning við tilraunir til sölu á búfjárafurðum sérstaklega á erlenda markaði.

Herra forseti. Sá sem hér talar hefur sagt frá upphafi í málatilbúningi sínum að einu möguleikar sauðfjárbænda á framleiðslu í einhverri líkingu við síðustu ár liggi í möguleikum í útflutningi á grundvelli hágæðavöru inn á dýra markaði erlendis. Ef þær tilraunir, sem nú er verið að gera og Alþingi samþykkti framlög til, bera ekki árangur á næstu tveimur til þremur árum er staða sauðfjárræktar í núverandi mynd í kalda koli. Ég hef þá skoðun að jafnframt þessum tilraunum verði að losa um hömlur. Það verður að rjúfa múrana sem bændur hafa verið umluktir, hv. form. landbn. Því miður hafa bændur verið blekktir til að afsala sér frelsi til að ráða sínum gjörðum. Leiðin er að vísu nokkuð löng að hinu gullna hliði frelsisins, svo notað sé orðalag í líkingu við það sem hv. form. landbn. temur sér í málflutningi, og þeir hlekkir sem brjóta þarf á þeirri leið eru misöflugir. En það mun gerast nokkuð hratt, trúi ég, eftir að stærstu hindrunum er rutt úr vegi.

Herra forseti. Ég á því láni að fagna að vera skipaður í þann hóp manna sem vinnur að því að ná framgangi á þeim lögum sem sett voru um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. landbrh. það traust sem hann sýndi mér, eða hæstv. umhvrh. í því tilviki, með því að fara að tillögu forvera síns í embætti um að ég fengi að vinna að þessum málaflokki. Eins og ég sagði áðan er mér þetta mikið áhugamál.

Lögin sem okkur ber að fara þar eftir eru í sex greinum örstuttum sem ég vil aðeins fá að fara yfir, með leyfi forseta:

„1. gr. Efnt skal til átaksverkefnis um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum.

2. gr. Landbrh. skipar fjóra menn í stjórn átaksverkefnisins og skal einn tilnefndur af landbrn., einn af umhvrn., einn úr Bændasamtökunum og einn samkvæmt tilnefningu VOR, landssamtaka bænda í lífrænum búskap.

Landbrh. skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Ef atkvæði falla jafnt við ákvarðanatöku hjá stjórninni ræður atkvæði formanns.

3. gr. Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða."

Þetta eru meginatriði þeirra laga sem sá hópur sem ég vinn með á að fara eftir. Það er kannski rétt að geta þeirra aðila sem eru að vinna að þessu verkefni. Þeir eru auk mín: Haukur Halldórsson, Jón Helgason og Guðmundur Elíasson. Starfsmaður okkar er Baldvin Jónsson. Ég tel að hann hafi lyft grettistaki í þessum málum og mér finnst ástæða til að það komi hér fram í máli mínu að þessi hópur er mjög vel samstæður við sína vinnu sem tengist mjög því lagafrv. sem við erum að ræða um. Þar kemur greinilega fram að menn telja og eru sammála um að það sé verið að vinna á réttum nótum að lausn þess vanda sem sauðfjárræktin býr við.

Ég hef unnið að þessu verkefni af fullum heilindum og ég er sannfærður um að það er unnt að koma afurðum okkar í flokk hágæða vistvænna vara. En í þessum málum er því miður mikið verk óunnið. Reyndar er það svo að eftir að hafa unnið að þessu í hálft ár hef ég því miður komist að því að hvergi var að finna nokkurn þann aðila sem hafði áhuga á að kaupa íslenskar sauðfjárafurðir. Það var hörmulegt að komast að því eftir allt sem á undan er gengið. Erlendir markaðir eru því miður sem sviðinn akur, hvar sem komið er. Það er hörmulegt eftir að tugum milljarða hefur verið varið til útflutnings á undangengnum árum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að skýra nokkuð stöðu mála eins og þau blasa við mér sem köld staðreynd.

Áður en ég hóf starf sem stjórnaraðili við umrætt átaksverkefni sem nefnist Áform hélt ég að ástandið væri betra en það í rauninni er. Ég tel að það sé fyllsta ástæða til að gera hv. Alþingi grein fyrir þessari reynslu þó ekki sé nema til að koma henni á síður Alþingistíðinda og að þingið fái að vita um að hverju hefur verið unnið frá samþykkt laganna.

Í fjárlögum fyrir árið 1995 var ríkisstjórninni veitt heimild til að verja 25 millj. kr. til stuðnings við markaðsstarf fyrir hreinar íslenskar landbúnaðarafurðir. Þá hafði verið í undirbúningi lagafrv. um það efni sem formenn þingflokkanna höfðu tekið að sér að flytja. Það var algjör samstaða um það en þó dróst að frv. yrði lagt fram, þótt efni þess væri grundvöllur fjárlagaheimildar. Hugmyndin með þessari fjárlagaheimild var einkum að tryggja að framhald yrði á því kynningar- og markaðsstarfi sem bændasamtökin höfðu beitt sér fyrir að hefja í ársbyrjun 1994 með ráðningu umrædds Baldvins Jónssonar til þessa verkefnis. Þar sem mikilvægt var að sú vinna félli ekki niður eftir áramótin, ákvað landbrn. með samþykki fjmrn. og í samráði við Bændasamtökin að ráða Baldvin tímabundið til að halda því starfi áfram. Jafnframt var honum heimilað að leita aðstoðar Carls Haest og Thomas Harding. Þeir höfðu veitt margvíslega ráðgjöf á síðasta ári með viðtölum og heimsóknum hingað ásamt Mel Coleman eldri og yngri, Shari Lieberman, Jonelle og A. Gordon Reynolds, Patrick Quillin og James S. Logan. Þá var miðað við að verja mætti að allt að 6 millj. kr. í þessu skyni. Fyrrnefnt frv. var lagt fram á Alþingi í febrúar og það var afgreitt skömmu fyrir þinglok. Það var staðfest 3. mars af forseta. Samkvæmt því skyldi skipa í verkefnisstjórn til að annast framkvæmd átaksverkefnisins um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Þessi skipun, eins og ég gat um áðan, dróst fram til 22. maí og var því ekki hægt að koma að verkefninu fram að þeim tíma. Í marsmánuði náði Baldvin Jónsson sambandi við fyrirtækið Cooking Excellence í New York. Það er matvæladreifingarfyrirtæki og eru eigendur þess systkinin Karítas og Sigurður Baldvin Sigurðsson. Eftir viðræður Baldvins við þau kom í ljós að þau höfðu áhuga á að gera tilraun til innflutnings á lambakjöti til Bandaríkjanna og var gerður samningur við eigendur verslunarinnar Red Apple í New York og veitingahúsakeðjunnar Louis Food Service á sama svæði um að þeir aðilar gerðu tilraun til að selja íslenskt lambakjöt á komandi sumri, þ.e. á síðasta sumri. Yrði tilraunin svo árangursrík að hún gæfi vonir um áframhaldandi sölu á hækkandi verði, yrðu kannaðir möguleikar til stuðnings við gerð kynningarkvikmyndar um lambakjötið og Ísland. Eftir að fram höfðu komið eindregin tilmæli Bændasamtaka Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins um að gengið yrði að þessu tilboði Cooking Excellence samþykkti landbrn. að varið yrði 2 millj. kr. af fjárlagaheimild til markaðsátaksins, jafnframt því sem stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samþykkti sömu upphæð í þessu skyni. Þar sem stjórn átaksverkefnisins hafði enn ekki verið skipuð gerði Framleiðsluráð landbúnaðarins samstarfssamning við Cooking Excellence hinn 6. apríl sl. samhljóða því sem það gerði samning við Kjötumboðið hf. um kjötkaupin. Fyrsta kjötsendingin var síðan tollafgreidd í Bandaríkjunum og fór í verslun og er búið að ganga frá næstu sendingu.

Það eru fjölmörg önnur verkefni sem við höfum verið að vinna að og eru skemmra á veg komin. Þau bíða þess að teknar verði ákvarðanir um næstu áfanga við vinnu á þeim. Þar má benda á þá möguleika sem lögin um lífræna landbúnaðarframleiðslu skapa en Bændasamtökin höfðu forgöngu um undirbúning þeirra á síðasta ári ásamt lögum um átaksverkefnið.

Herra forseti. Hér er í nokkru um getið fyrstu skrefanna í þessu verkefni. Ég tel ástæðu til þess að menn viti rækilega hvað hér er á ferðinni og við hvað er að etja í þessum málum sem við erum raunverulega að setja lög um að miklum hluta. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er eini möguleikinn til þess að afsetja sauðfjárafurðirnar að koma þeim á markað erlendis, annars verður að draga verulega saman. Eitt er þar í mínum huga algjört bannorð. Það má ekki selja þessa vöru okkar á erlenda markaði sem umframframleiðslu. Það orð á að vera bannorð. Umframframleiðsla er hlutur sem erlendir menn segja mér að við eigum ekki að nefna.

Mig langar að geta um markaðskannanir í Evrópu og Japan. Við í verkefnishópnum erum nú að láta vinna að markaðsrannsóknum í Evrópu og Japan. Það er unnið í samvinnu við ráðgjafana Carl Haest og Thomas Harding. Það hefur verið gert samkomulag við verslanir Delhaize í Belgíu og SuperBrugsen í Danmörku um markaðssetningu á lambakjöti núna í haust. Ég á eftir að koma mun betur að því hvernig það gekk nákvæmlega fyrir sig, allt frá því að þessir aðilar spurðust fyrir um lambakjöt eða kjöt á Íslandi og hvernig þar til kjötið var komið í búðirnar. Ágætur félagi minn, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sagði í gær að í hans huga væri ferlið tiltölulega einfalt frá því að slátrun færi fram þar til að afurðin væri komin á borð neytandans. Ég get tekið undir að það er kannski einfalt þegar maður segir það svona. En þegar maður lítur yfir alla kerfisuppbygginguna er málið flókið. Það er meira að segja mjög flókið.

Innkaupastjórar þeirra verslana sem ég nefndi áðan komu hingað til lands nú í september. Þeir kynntu sér kjötið, sláturhúsin og vinnslustöðvar. Þeir unnu upp verklýsingar fyrir afurðastöðvarnar og að því er ég best veit, var unnið þar kjöt til prufu samkvæmt þeirra fyrirmælum. Báðar verslanirnar virtust hafa mestan áhuga á að fá ferskt kjöt. Þeir vilja vinna að því að slátrun hefjist — ég bið menn að taka eftir því — í ágúst og standi fram í lok nóvember. Þeir telja að með þessum hætti munum við geta náð ákveðnu forskoti á samkeppnisaðilana sem koma með sitt ferska kjöt um miðjan september. Meiningin er að það fari fram nokkuð umfangsmikil kynning í verslununum í samvinnu við Flugleiðir og e.t.v. fleiri aðila. Einnig á að kanna möguleika á öðrum afurðum eins og gert er ráð fyrir í þeim lögum sem ég kynnti fyrr í ræðu minni. Þessar verslanir sem ég nefndi hér áðan Delhaize og SuperBrugsen eru stærstu verslanirnar í hvoru landi fyrir sig. Auk þess hafa staðið yfir viðræður við sambærilegar verslanir í Frakklandi og á Englandi.

Þótt ég sé ekki að flytja hér neina skýrslu um þessi mál finnst mér fyllsta ástæða til að gera hv. Alþingi grein fyrir hvernig þeim hefur farnast. Því miður hafa verið uppi víða um land illar tungur í garð þessa verkefnis og ég tel ástæðu til að gera rækilega grein fyrir því, hæstv. forseti, sem ég vinn að í umboði hæstv. umhvrh. Jafnvel innan þess hóps sem á mestra hagsmuna að gæta, þ.e. bænda, hefur verið í gangi rógburður um þetta verkefni okkar og það er ástæða til að mótmæla því. Og ég vil ítreka það að starfsmaður þessa hóps, Baldvin Jónsson, hefur að mínu mati lyft grettistaki.

Ég vil nefna að það hafa verði veittir styrkir til bænda til lífrænnar ræktunar, til að breyta búskaparháttum. Einnig hafa verið veittir styrkir sem ég kem heldur betur að á eftir til rannsókna á fitusýrum í lambakjöti og það er verið

að vinna það verkefni undir stjórn Jóhanns Axelssonar hjá líftæknideild Háskóla Íslands.

Ég held að það sé rétt að geta um það að hér var haldinn alþjóðlegur fundur í haust, IFOAM en IFOAM stendur fyrir International Federation of Organic Agricultural Movements. Alþjóðasamtök í lífrænni ræktun héldu sem sagt fund sinn hér á Íslandi í september. Rétt er að geta þess að forseti Íslands var við setningu þessa fundar ásamt fjölmörgum áhugamönnum um þessi málefni. En því miður voru ekki margir þingmenn af Alþingi Íslendinga við þessa setningu.

Fundurinn bauð upp á tækifæri fyrir sérfræðinga okkar til að kynnast gaumgæfilega lífrænum búskap á heimsvísu. Það var boðið upp á ráðstefnu þar sem fjallað var um alla helstu þætti lífræns búskapar, þróun hans og markaðstækifæri. Eftir að hafa rætt við marga sem fundinn sóttu get ég sagt að mönnum þótti hann takast vel og samtökin hafa staðfest vilja sinn til að vera okkur innan handar við þróun vistvæns og lífræns búskapar hér á landi. Það kom fram hjá gestunum — og ég bið menn að taka eftir því — að ekkert land hefði jafnmikla möguleika og Ísland til að verða fyrsta lífræna landið. Með því gætum við styrkt stöðu okkar á erlendum mörkuðum og orðið fyrirmyndarþjóð á þessu sviði. Þá var einnig samþykkt að gefa fulltrúum frá Íslandi tækifæri til að taka þátt í gerð vottunarkerfis fyrir fisk og fiskeldisfisk. Hér er átt við það sem kallað er Organic-vottun sem mun styrkja gæðaímynd okkar fiskafurða. Þegar hefur verið samþykkt reglugerð um lífrænan búskap á Íslandi og vonandi er alveg á næstu grösum reglugerð fyrir vistvænan búskap. Þessi reglugerð verður að koma til þess að menn geti vottað eða sett upp vottunarstofu til að votta okkar framleiðslu og það er grundvallarskilyrði til þess að við komumst með vöru, okkar dýrmætu og hreinu og góðu vöru eins og hv. formenn landbn. gjarnan tala um í sínum ræðum, hvort sem þær eru til hátíðabrigða eða annars staðar. Þeir tveir ágætu herrar ræða gjarnan um íslenskar afurðir sem hreinustu og bestu vöru og þess vegna þurfum við að vinna að því að hér verði komið upp vottunarstofu til að staðfesta að þær hugmyndir sem þeir, ásamt mörgum öðrum, hafa um þessa vöru séu réttar.

Þá kemur að því að ræða um stefnumótun. Það er unnið að því að kanna möguleika á samvinnu aðila um sölumál landbúnaðarafurða á erlendum mörkuðum. Með þessu móti verður hægt að vinna markvisst að sölumálum og koma í veg fyrir undirboð sem því miður virðast eiga sér stað. Ég bið menn að taka vel eftir máli mínu. Það er hörmung að vita til þess að hér skuli viðgangast með þessa viðkvæmu afurð okkar að hafi einn aðili náð góðum samningi miðað við það sem þekkist, kemur annar og býður vöruna t.d. lambakjötið, fram á lægra verði. Sami aðili fær því tilboð frá fleirum upp á mismunandi verð á þeirri afurð sem við erum að reyna að ná mörkuðum fyrir.

En með því móti sem ég lýsti,verður hægt að vinna landbúnaðarafurðum sess á erlendum mörkuðum, vinna markvisst að sölumálum og koma í veg fyrir undirboð, sem því miður virðast eiga sér stað vegna ósamstöðu söluaðila. Það þarf að koma á vottunarstofu fyrir lífræna og vistvæna vottun. Það þarf að gera úttekt á stöðu landbúnaðar með tilliti til framangreindra vottunarkerfa og marka svo stefnu landbúnaðarins. Ég vil beina því til hæstv. landbrh., að það er bráðnauðsynlegt að móta stefnu, heildstæða og markvissa stefnu í þeim málum sem ég er hér að fjalla um.

Að lokinni gerð búvörusamnings er sem sagt brýnt að það verði mörkuð stefna sem tekur tillit til stefnu ríkisstjórnarinnar um umhverfismál svo og Bændasamtaka Íslands. Það þarf að kanna hvaða sláturhús muni fá framleiðsluleyfi á Ameríku- og Evrópumarkaði. Sem stendur eru aðeins fjögur hús með slíkt leyfi. Það þarf fljótlega að huga að því hvernig standa eigi að slátrun og framleiðslu fyrir haustslátrun 1996. Það er einnig nauðsynlegt að fá staðfestingu Evrópubandalagsins á kvóta Íslands inn á Evrópumarkað og hér beini ég máli mínu til hv. formanns landbn. Þetta er algjör nauðsyn og ég veit að formaður landbn. mun koma þessum boðum til hæstv. landbrh. Hæstv. landbrh. er nú kominn í salinn og ég vil ítreka orð mín áðan. Það er nauðsynlegt, hæstv. landbrh., að fá staðfestingu Evrópubandalagsins á kvóta Íslands inn á Evrópumarkað. Það er ekki ljóst hver kvóti Íslands er eftir inngöngu Svía í Evrópubandalagið.

Ég hef verið að fjalla hér að nokkru leyti um skort á stefnumörkun í íslenskum landbúnaði. Það væri að sjálfsögðu nauðsynlegt og gaman að fara í gegnum stefnuskrá norsku og sænsku bændasamtakanna sem stefna að heimsins hreinasta landbúnaði og gera síðan grein fyrir því átaksverkefni sem er til eflingar og framþróunar lífrænnar matvælaframleiðslu í Danmörku. Sá tími sem ég hafði ætlað mér til þess að gera grein fyrir þessum málum endist ekki til þess að fara rækilega í gegnum það sem upp á skortir varðandi umfjöllun mína um þennan málaflokk, stefnumótun í framleiðslu lífrænna og vistvænna afurða. Ég vil þó í nokkrum orðum geta um að hlutur lífrænnar landbúnaðarframleiðslu í Danmörku á að verða 20% af heildarframleiðslu um aldamót. Danir stefna að því að auka markaðshlutdeild lífrænnar framleiðslu í grænmeti, mjólk og eggjum úr 1% í 15–20% um aldamót. Þetta eru staðreyndir sem við okkur blasa. Danir voru fyrsta þjóðin í Evrópu sem settu lög um lífræna ræktun árið 1988. Í nokkuð langan tíma var nánast stöðnun í þessari þróun. Ég ætla að vona að eftir að við erum farin af stað hér á Íslandi þá lendum við ekki í þeirri stöðnun. Þá kemur til kasta þeirra aðila sem að þessum málum vinna. Stöðnunin má ekki eiga sér stað. Danir voru fyrsta þjóðin til að setja lög um lífærna ræktun árið 1988 en þá var eggjaframleiðsla þeirra t.d. aðeins 0,14% og kartöflur 1,8% af heildarframleiðslu landsins. En á undanförnum tveimur árum hefur framleiðslan tekið mikinn kipp og það er ekkert sem bendir til þess að þróunin stöðvist. Hinn nýi landbúnaðarráðherra Dana, Henrik Dam Kristensen, sem tók við embætti 1994 gerði það eitt af sínum fyrstu verkefnum að fá gerða áætlun um heildarstefnu í lífrænni ræktun og markaðssetningu og vöruþróun. Ég bið menn að taka eftir því að sú áætlun var lögð fram nú í maí 1995 og gefur vísbendingu um að bjart sé fram undan fyrir þá bændur sem eru tilbúnir að breyta búskaparháttum sínum.

Ef spá þessa átaksverkefnis rætist mun danskur landbúnaður verða fyrirmynd annarra þjóða Evrópu. Áætlunin gerir ráð fyrir að hlutur lífrænna afurða verði orðinn á milli 15–20% af heildarlandbúnaðarframleiðslu Dana um aldamót. Danir stefna að því árið 2010 verði 20–40% af heildarakurlendi landsins orðið lífrænt. Samkvæmt áætluninni virðist ekki vera nokkurt vafamál að eftirspurnin eftir lífrænum afurðum fer mjög hratt vaxandi, ekki síst í Danmörku og þá helst í norðurhluta landsins. Hvergi í Evrópu er meiri áhugi en einmitt þar. Danmörk, sem við ættum að taka okkur til fyrirmyndar í þessum málum, er talið vera eitt þróaðasta markaðsland í heimi. Þeir hafa lagt höfuðáherslu á markaðssetningu með tilliti til útflutnings og líta svo á að með þessari stefnumótun megi staðsetja danskar afurðir sem lífrænar og styrkja þar með ímynd landsins og afurðanna.

Þessi staðsetning á markaðnum er þó enn á vissu byrjunarstigi sem í vitund almennings í Evrópu er rétt að vakna og því þarf áherslan á markaðsmálin að taka mið af því að fræða viðskiptavinina.

Þessi atriði sem ég hef verið að geta um ættum við að taka okkur til fyrirmyndar. Svona eigum við að vinna og ég mun gera það sem ég get til þess að vinna að stefnumótun á þennan hátt. Ég geri mér grein fyrir að það verður að vinna að þessu með styrkjum í upphafi. Þá er rétt að fá sem flesta bændur til að breyta búskaparháttum úr hefðbundnum búskap í lífrænan. Að þessum málum tel ég að sé verið að vinna með þessari lagasetningu og að því leyti styð ég þetta verkefni. Ég geri svo ræki lega grein fyrir því hversu illa við stöndum að mínu mati og hversu lítt við erum tilbúin til að selja okkar vöru frá upphafi til enda vegna þess sem hv. ræðumaður hér í gær og félagi minn Lúðvík Bergvinsson gat um. Hann taldi þetta ferli einfalt, en ferlið er flókið.

Danir stefna ekki að því að styrkir verði til langframa. Styrkjunum er ætlað að koma mönnum af stað og gera bændum og byggðum kleift að vera sjálfbær eins og fram kemur í þeirra áætlun. Með öflugri kynningu í Danmörku er reiknað með því að neytendur muni styðja þessa stefnu og hvetja bændur og matvælaframleiðsluna til að láta hana ná fram að ganga eins og segir í viðtali við Mathiesen. Búist er við að verð á eggjum muni hækka um 20–25% og fyrir lífrænt framleitt korn muni fást allt að 40% meira. Nútíma- og framtíðarneytandinn mun tvímælalaust gera sér grein fyrir mikilvægi hollra afurða sem ekki hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Þess vegna er verið að vinna að slíkri stefnumótun.

Með tilkomu styrkja landbúnaðarráðuneytisins í Danmörku er gert ráð fyrir að bændum sem breyta búskaparháttum fjölgi hratt. Bændur og framleiðendur hafa borið við miklum kostnaði við breytingarnar sem skiljanlegt er og það hefur komið í veg fyrir hraðar breytingar. Styrkir munu nema allt að 40% til að byrja með vegna breytinga fyrir minni og meðalstóra framleiðendur en stærri framleiðendur fá allt að 25% kostnaðar í styrki.

Það væri kannski fróðlegt fyrir þingið að fá að vita hvað ég var að fjalla um þegar ég gat um styrki sem átaksverkefnið hefur veitt vegna greiningar á fitusýru í lambakjöti. Ég mun gera það í nokkrum orðum. Ég hef hér þó nokkurt ræðumál um það efni en mun gera grein fyrir því í nokkrum orðum.

Um áramótin 1993/1994 voru hafnar athuganir á því hvaða fitusýrur væri að finna í lambakjöti, þá sérstaklega hlutfall mettaðra og ómettaðra fitusýra. Ástæða þess var að í rannsóknum sem höfðu verið gerðar á fólki sem býr á Fljótsdalshéraði hafi komið fram merkilega hár styrkur ómettaðra fitusýra, einkum svokallaðra Omega-3 fitusýra sem nær eingöngu eru taldar komnar frá sjávarafurðum og eru álitnar mjög hollar. Í athugunum sem Manneldisráð hefur gert kom í ljós að fólk af Fljótsdalshéraði borðar mjög lítinn fisk en mikið kjöt og þá einkum lambakjöt. Því vaknaði sú spurning hvaðan þessar hollu sjávarfitusýrur væru komnar. Menn reiknuðu með að þær væru komnar úr fæðunni því líkaminn getur ekki búið þær til. Þessar rannsóknir voru framkvæmdar með því að farið var til Egilsstaða í janúar 1994 og tekin sýni úr átta lömbum sem hafði verið slátrað um haustið. (**Gripið fram í:** Var þeim slátrað með fyrirvara?) Það var ákveðið að taka sýni úr vöðvunum sjálfum en ekki hreinum fituvef. En fólk borðar nú mun meiri vöðva en fitu. Sýni voru tekin úr læri og hrygg lamba frá Geitadal í Skriðdal og Unaósi við Héraðsflóa. Bæirnir voru valdir til að fá sýni frá bæjum í ólíku umhverfi, þ.e. upp til heiða og niður við sjó. Niðurstöður voru ákaflega merkilegar og sýndu að hlutfall fitusýra af Omega-3 gerð var ótrúlega hátt, nærri tíu sinnum hærri en menn höfðu nokkurn tímann reiknað með. Þessi niðurstaða fékkst úr öllum sýnum bæði úr hryggvöðva og lærvöðva og enginn marktækur munur var á milli bæjanna Geitadals og Unaóss. Rætt var við bændurna og kom þá í ljós að gefið var fiskimjöl og lýsi yfir veturinn á báðum stöðunum. Þar er kannski skýringin komin á því að það var enginn munur. Einfaldasta skýringin er að sjálfsögðu sú að fitusýrurnar hafa borist yfir í lömbin á meðgöngu þegar mæðrunum var gefið fiskimjöl og annars konar fóðurbætir. Mönnum fannst frekar ótrúlegt að fitusýrur gætu haldist svo miklar sem að raun bar vitni þegar að lömb komu af fjalli eftir sumarið.

Framhaldið var að haldnir voru fyrirlestrar í tilefni af afmæli heilsugæslu á Héraði um þessi mál. Þar voru birtar niðurstöður úr blóðfiturannsóknum á Héraðsbúum og hugsanlegar skýringar á hinum óvæntu niðurstöðum sem þar höfðu fengist. Þegar þessi ráðstefna var haldin var rætt við bændur og ráðunauta á Héraði. Menn náðu vel saman og kominn er góður grundvöllur fyrir því hvernig á að standa að rannsóknum og athugunum í framhaldinu. Það sem ég er hér að fjalla um er ákaflega merkilegt og getur orðið til þess að við munum á grundvelli rannsókna vinna markaði fyrir okkar vörur vegna þess hlutverks sem Omega-3 sýrur hafa að gegna í fæðukeðjunni.

Ég vil nú geta um raunniðurstöður þeirra athuganna sem hingað til hafa farið fram og veit að þingmönnum er mætavel kunnugt um hverjir standa að þessu. Þessar rannsóknir er verið að vinna undir forustu landlæknis ásamt háskólanum. Átaksverkefnið Áform lagði fjármuni til verkefnisins af því sem okkur er falið að fara með, til þess að kaupa greiningartæki. Niðurstöðurnar sýna fram á að Omega-3 fitusýrur eru í talsverðum mæli í íslensku lambakjöti. Þessar niðurstöður voru mjög óvæntar því að hingað til hefur verið talið að kjöt af landdýrum innihaldi óverulegt magn af svona fitusýrum. Mesta magn þeirra fannst þó í nýfæddum lömbum eða 13–15% af heildarfitusýrunum.

Þessar niðurstöður sem liggja fyrir eru hvatning til bænda til að halda áfram þessum forna sið að gefa lýsi og fiskimjöl í hæfilegu magni með það í huga að auka hraustleika dýranna, en niðurstöður sýna að þetta leiðir einnig til framleiðslu á heilsusamlegri afurðum. Og sannast nú einu sinni enn hið fornkveðna, að við erum það sem við borðum. Hér með fagna ég komu hv. formanns Framsfl. í salinn, en því miður vék hann af vettvangi jafnskjótt. (**Gripið fram í:** Formaður þingflokksins, hann er hér.) Fyrirgefðu ég ætlaði að segja formaður flokksins en skriplaði nokkuð, því ég hef um margt að hugsa, hv. þm., bæði hugsanleg svör til hv. forseta, bréfleg svör sem þá myndu væntanlega verða og síðan er ég að velta fyrir mér hversu ítarlega grein ég á að gera þinginu fyrir þeim störfum sem ég hef verið að vinna að.

Ég á enn langt í land. Ég tel þó að ég geti stytt mitt mál, en ef ég á að gera það væri æskilegt að hér verði meiri hluti af hv. landbn. viðstaddur til að hlusta á það sem ég hef fram að færa um raunverulegt ástand varðandi markaðssetningu og meðferð okkar ágætu hreinu og dýrlegu afurða eins og hv. formaður landbn. hefur svo margsinnis sagt. (**SvG:** En þau verða öll á Bessastöðum. Það má ræða þetta þar.) (**Gripið fram í:** Er þetta áskorun til þingmannsins um að bjóða sig fram?)

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að gera þingmönnum góða grein fyrir því hvernig málum er háttað varðandi það að við erum að reyna að selja íslenskar landbúnaðarafurðir og þá helst lambakjöt á erlendum mörkuðum.

Í maí og júní sl. fóru fram kynningar í 30 verslunum Gristedes og Sloanes á Manhattan-eyju. Cooking Exellence stóð að kynningunni í samvinnu við átaksverkefnið sem ég var að geta um. Matvælakynning fór fram þrisvar sinnum í hverri búð, samtals 90 kynningar. Sérhæft starfsfólk var fengið til kynninganna, viðskiptavinum var gefið að smakka lambakjötið, taka þátt í spurningaleikjum um Ísland þar sem vinningshafar fengu Íslandsferð í verðlaun í boði Flugleiða. Þá voru birtar auglýsingar í blöðum verslananna. Gefnir voru út kynningabæklingar með uppskriftum. Þá voru prentuð og sett upp veggspjöld í glugga og í framhaldi af þessum kynningum var eigendum og innkaupastjórum Red Apple og Louis Food Service boðið til Íslands þar sem kynntar voru afurðir sem þeir fannst vera áhugaverðar. Rétt er að gera hv. Alþingi grein fyrir því sem ég veit og ég er sannfærður um að fæstir hér vita að nú þegar er búið að gera pantanir á afurðum fyrir 60 millj. kr. Mönnum finnst það kannski ekki mikið. Það er alveg rétt. Það er ekki mikið. En það er þó meira en áður hefur verið. Á þessa staði hefur ekkert farið fyrr en nú nema í gegnum ágæta verslun hér sem sendir í hraðsendipósti einhver örfá læri og hryggi til áhugamanna í Bandaríkjunum um sérstakt kjöt.

Ástæða er til að gera grein fyrir matvælakynningu hjá Shop Rite í New Jersey þar sem ég heyri að menn hafa mikinn áhuga fyrir þessu málefni og ég mun því gera það og gera vel grein fyrir því. Í ágúst fór fram svipuð matvælakynning í fjórum Shop Rite stórverslunum í New Jersey svokallað „pilot project". Kynningin fór fram með þeim hætti að Karítas Sigurðsson ásamt öðrum matreiðslumeistara héldu námskeið um meðferð og eldun á lambakjöti. Þá voru birtar heilsíðuauglýsingar í blöðum Shop Rite á svæðinu og kynningar á Íslandi voru í gluggum verslananna og kynningabæklingum með spurningaleikjum var dreift á meðal viðskiptavinanna og auglýsingum dreift um verslanir og stöðugar kynningar stóðu yfir í innanhússhljóðkerfi búðanna. Þessi kynning hefur leitt af sér ákvörðun allra Shop Rite verslananna um að taka til sölu lambakjöt til reynslu á næstu mánuðum. Kynning verður núna á morgun, 1. og 2. des. og 9. og 10. des. í 91 verslun á þessu svæði. Þessar verslanir eru í New York, New Jersey, Connecticut, Delaware og Pennsylvaniu. Birtar verða heilsíðuauglýsingar í blöðum í 10 millj. eintaka á framangreindum svæðum. Auðvitað verður fróðlegt fyrir mig og alla sem hér eru að fá að vita hvernig salan gengur fram til jóla því að ráðgert er að þróa þessi viðskipti áfram á næstu þremur árum. Við höfum gert markaðsáætlun fram til maí 1996 en þá er einmitt eitt ár liðið frá því að fyrsta sending fór til Bandaríkjanna.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir því hvernig að málum hefur verið staðið að mjög litlu leyti. Ég þyrfti í raun miklu lengri tíma. En ég hafði sjálfur ekki ætlað mér nema klukkutíma og 20 mín. til þess að gera grein fyrir því hvernig staðan er og því mun ég stytta mál mitt um svona um það bil helming miðað við það sem þörf væri á.

Ég bið menn að taka eftir því sem hér verður sagt. Eins og ég gat um áðan þá höfum við könnun í mars sl. á möguleikum á sölu á íslensku lambakjöti á erlendum markaði. Við skoðuðum möguleika í Bandaríkjunum og við kynntum kjötið í að minnsta kosti 30 verslunum í eigu Red Apple og við kynntum þessa vöru undir vörumerkinu All Natural Icelandic Lamb. Þessi kynning var önnur herferðin af þeim fjórum sem ætlað er að fara í verslanir Shop Rite. Kynningin sem fór fram í lok ágúst gekk það vel að flestar verslanirnar voru núna í nóvember og verða í desember með íslenskt lambakjöt og þær ætla að hafa það á boðstólum fram að páskum 1997. Það er um að ræða 130–140 verslanir. Núna er í gangi umfangsmikil og mjög vel unnin vörukynning fyrstu tvær vikurnar í desember. Það er búið að hafa samband við verslanakeðju í Belgíu, Danmörku, Bretlandi og Frakklandi. Fulltrúar frá verslununum Delhaize í Belgíu og SuperBrugsen í Danmörku komu hingað til lands um miðjan september og kynntu sér aðstæður. Þeir fengu sendingar og það tókst það vel að kjötið var metið af kjötsérfræðingum þeirra í Belgíu og það vakti mikla athygli fyrir gæði. Menn telja að möguleiki sé á því að íslenska lambakjötið geti náð 25% markaðshlutdeild innan þeirra verslana. Vandamálið sem kom upp þegar sendingin kom til Belgíu — og þá er ég kominn að því máli sem mér finnst ástæða til að menn fylgist vel með. (**StG:** Er það búvörusamningurinn?) Það tengist svo sannarlega, hv. þm. Stefán Guðmundsson, búvörusamningnum og þeim málum sem við erum að fjalla um og ég gerði að umtalsefni og gerði grein fyrir áður en hv. þm. var kominn í salinn vegna hvers og í hvaða sambandi ég færi svona rækilega í gegnum þessi mál. Það er vegna þess að sá samningur, sem liggur fyrir að ræða um og búvörulögin, tengjast þessum málum mjög alvarlega. Í þeim er tilhneiging til að styðja við útflutning á lambakjöti.

Vandamálið sem kom upp var að þegar sendingin kom til Belgíu voru útflutningspappírar — nú væri gott að fá hæstv. utanrrh. í salinn, herra forseti. Eða ég verð að treysta því að hæstv. landbrh. komi þeim ágöllum til skila sem eru varðandi það ráðuneyti vegna flutnings á okkar dýrmætu afurð á erlendan markað. Ég treysti því að hæstv. landbrh. geri það.

Vandamálið sem kom upp var að útflutningspappírar frá utanrrn. voru ekki réttir og Delhaize varð að greiða 240 kr. í toll af hverju kg og 19% skatt sem var þó reyndar endurgreiddur síðar. Þetta er aðeins fyrsta atriðið sem ég nefni um það sem er að hjá okkur sjálfum. Annað atriði er að ekki vannst tími til að vinna kjöt í því magni sem þessir aðilar óskuðu eftir að fá. Þeir fengu vísbendingu frá okkur um að unnt væri að útvega 400–500 lömb. En þær upplýsingar sem við gáfum reyndust vera rangar þegar upp var staðið.

Það langalvarlegasta við þessa tilraunasendingu sem ég er nú að geta um er að kjötinu var skilað að hluta til vegna þess að það aflitaðist. Það er vegna þess að ferska kjötinu var pakkað í plast sem er ætlað fyrir fryst kjöt en ekki ferskt og þar af leiðandi er plastið of þétt. Það er vegna þess að hitastigið á vatninu, sem notað er við pökkunina, var of hátt. Þetta leiðir hugann að því hversu vanbúin við erum til þess að takast á við þetta verkefni sem við héldum að við værum snillingar í, þ.e. að framleiða lambakjöt fyrir neytendur.

Herra forseti. Eftir þau átök að reyna að koma íslensku kjöti á almennan neytendamarkað virðist mér staðreynd að við kunnum aðeins að flytja út frosið íslenskt lambakjöt í heilum skrokkum í kjötpokum. Búið og basta.

Hvað varðar Super Brugsen gerðist það að annar aðili í Danmörku fékk kjöt á lægra verði en þeim hafði verið kynnt og það olli því að þessir aðilar vilja að sjálfsögðu endurskoða áætlun sína um kaup á kjöti frá Íslandi. Reiknað var með að það væri hægt að selja þeim, ég vil ekki tiltaka

verðið, á mjög þokkalegu verði sem hefði skilað til bænda sæmilegu verði og hærra en það sem menn hafa hér verið að ræða um að gengi til þeirra. Hvað gerðist þá? Þá kemur þriðji aðilinn og býður íslenskt lambakjöt á lægra verði til sömu verslunarkeðju og var búið að gera samning við og þar með var búið að eyðileggja markaðinn. Þarna eigum við Íslendingar eftir að taka okkur tak og læra.

Ég vil gera hæstv. landbrh. og reyndar hæstv. utanrrh. grein fyrir því — vegna þess að það er á þeirra svæði að koma því í réttan farveg — að ekki liggur fyrir hversu stóran kvóta við höfum til lambakjötsútflutnings í Evrópu. Við vitum að kvótinn á Evrópu var 600 tonn og þar af voru aðeins heimil 10% til útflutnings á fersku kjöti. Menn eru nefnilega ekki sammála um og vita ekki nákvæmlega hvort að kvótinn, sem var 600 tonn og þar af 10% af fersku kjöti, hafi fylgt inn á Evrópu eftir að Svíar gerðust aðilar að Evrópubandalaginu. Væri gott að biðja hæstv. landbrh. að gera grein fyrir þessu ásamt öðru því sem ég er búinn að leggja hér fram sem spurningar og hann hefur verið svo vinsamlegur að vera viðstaddur.

Ég nefni nokkur atriði í viðbót. Ég vil tala um húsin sem hafa leyfi. Það liggur fyrir núna fljótlega — og jafnvel er það komið nú þegar þó ég sé ekki búinn að fá það núna í hendur — hvaða sláturhús og afurðastöðvar hafi útflutningsleyfi á Evrópumarkað og Ameríku. Þegar það liggur endanlega fyrir er afar brýnt að stillt verði upp vinnsluáætlun fyrir haustslátrun 1996. Ég er farinn að tala um næsta haust. Þá verður að koma því á hreint hvaða hús geta pakkað fersku kjöti og hver geta pakkað frystu kjöti með tilliti til þess sem hægt verður að áætla um sölumöguleika í næstu sláturtíð á fersku kjöti. Delhaize og SuperBrugsen mikla áherslu á að geta fengið kjöt frá byrjun ágúst og fá síðan kjötið sent með flugi reglulega á sláturtímabilinu allt fram til loka nóvember. Við þurfum að geta lengt sláturtíma okkar á þann tíma frá byrjun ágúst eða jafnvel í lok júlí og út nóvember. Þeir sem gerst þekkja til segja mér að þetta muni vera hægt. Þessir aðilar telja að með því að við komum með kjötið okkar snemma á markaðinn munum við ná fótfestu áður en samkeppnisaðilar frá Nýja-Sjálandi og Englandi koma með sitt ferska kjöt því þeir eru einum til hálfum mánuði á eftir þeim tíma sem ég nefndi áðan. Þessir aðilar vilja síðan taka vöru okkar til rækilegrar kynningar í ágúst og september 1996 þannig að við eigum möguleika.

Ég fór í nokkrun orðum yfir stefnumótun því að það var örlítið brot af því sem Danir hafa verið að vinna varðandi stefnumótun um lífræna og vistvæna ræktun. Ég þyrfti langan tíma til að kynna stefnuskrá norsku bændasamtakanna, sænskra bænda og danskra og það hef ég auðvitað með mér til þess að geta vitnað til þess ef ég verð spurður um það á eftir hvernig þessum málum er háttað hjá þeim og ég mun þá reyna að gera grein fyrir því.

En það sem okkur vantar á Íslandi er stefnumörkun í landbúnaði. Um þetta veit ég að hæstv. landbrh. er mér algerlega sammála. Því miður er það þannig að eftir þá stjórnun sem verið hefur undanfarna áratugi er alveg með ólíkindum að það skuli ekki vera til mörkuð heildstæð stefna um hvernig við eigum að standa að landbúnaði okkar og þá sérstaklega varðandi útflutning á kjöti sem við erum búnir að leggja til tugi milljarða og ekkert stendur eftir nema sviðinn akur og kaldakol. Enginn finnanlegur kaupandi eða áhugamaður um íslenskt kjöt var eftir nema þá einhverjir örfáir einstaklingar sem hafa kynnst þessum ágætu gæðum sem ég er sannfærður um að við höfum fram að bjóða.

Ég tel að við eigum að fara að dæmi Norðmanna, Svía og Dana um stefnumörkun varðandi þessi málefni. Ég tel að landbrn., umhvrn. og Bændasamtökin eigi að standa að þessu og sem starfsmaður í þessum hópi mun ég leggja mitt af mörkum til þess að vinna það verk. Mér til mikillar ánægju er starfsmaður þessa hóps nú kominn á pallana og ég vil ítreka það sem ég hef tvítekið áður að ég tel að sá starfsmaður, sem heitir Baldvin Jónsson og hefur verið að vinna að þessum málum, hafi lyft grettistaki við þessa vinnu og hann hefur upplýst, ekki bara mig heldur hundruð manna um það hvernig við erum stödd varðandi útflutninginn.

Þá er vert að fara yfir það sem er að. Við kunnum ekki að pakka í gáma. Fylgiskjöl um útflutning til Evrópu eru ekki í lagi. Tryggingamál okkar eru ekki í lagi. Það vantar reglugerðarform frá Evrópubandalaginu. Við erum ekki klár á því hvernig best er að standa að útflutningi með skipum eða flugi. Við höfum með ólíkindum litla yfirsýn yfir slátrunina. Þeir aðilar sem vildu kaupa kjöt geta ekki bara hringt og sagt: Ég þarf að fá 300 skrokka á bilinu 15–16 kg á þessum tíma vegna þess að framkvæmdin er svo handahófskennd við slátrun í landinu. Því miður er þetta sannleikur. Það er vegna þess að við höfum ekki gert okkur grein fyrir því að það þyrfti að vera svona. Ég er ekki að ásaka nokkurn mann í sambandi við þetta heldur er ég að benda á að það kom í ljós með þessu átaksverkefni að við erum mjög vanbúin til að selja þessa hágæðavöru og fara með hana á réttan hátt.

Ég nefni örfá atriði til viðbótar. Það er t.d. um óstöðugleikann sem við eigum við að etja. Við erum að tala um þann verðmun sem við erum að slást við innan sömu markaða þegar það gerist þannig að búið er að ná samningum um þokkalegt verð sem skilar vel til bænda. Hvað gerist þá? Þá kemur annar eða þriðji aðili og býður sömu vöru á lægra verði og raunverulega eyðileggur það sem hefur verið gert og áunnist. Að sjálfsögðu vantar samræmda markaðsstarfsemi.

Það vantar verulega á að við getum pakkað kjöti á þann veg sem til er ætlast. Við viljum ekki fá húsin okkar vottuð. Við eigum eftir að koma upp vottunarstöðvum bæði fyrir vistvæna og lífræna framleiðslu. Þetta er hluti af því átaki sem við eigum eftir að gera og eigum eftir að vinna við stefnumörkun.

Ýmislegt fleira er að. Það er kannski það versta að sumir aðilar, sem fást við þessi mál, hafa ekki minnsta áhuga á því að koma þessari vöru á markað. Ég hef áður nefnt hvernig staðan er innan landbúnaðargeirans. Við sem erum að vinna í þessum átakshópi höfum fengið það á okkur að við höfum ekki staðið að þessu verkefni af heilindum. Það er alrangt. Ég tel að sá hópur sem þarna hefur verið að vinna hafi gert það mjög einarðlega og heiðarlega og komið því fram sem til var ætlast.

Herra forseti. Ég er nálægt því að vera innan þeirra tímamarka sem ég taldi mig þurfa til að koma að í nokkrum orðum athugasemdum bæði um það frv. sem við erum að ræða hér og afleitt verkefni af því frv. Að sjálfsögðu þarf að fara miklu nákvæmar í málið og ég kannski geri það einhvern tíma við gott tækifæri. Ég vonast til að það gefist seinna. Ég er u.þ.b. hálfnaður í umfjöllun um þetta verkefni sem ég er að reyna að gera grein fyrir. Auðvitað á að biðja um skýrslu um hvernig til hafi tekist varðandi þetta. Það er eðlilegt því að ég er sannfærður um að það er fullur vilji þegar menn hafa kynnt sér málefnin á Alþingi fyrir því að þessu verði haldið áfram. Auðvitað væri gaman að vitna í

ýmsar greinar og fréttir um hvernig til hefur tekist varðandi markaðssetninguna og umsagnir í blöðum. Ég er t.d. með umsögn úr The New York Times frá 15. nóv. sem ég tel að sé í meginatriðum jákvæð frétt. Í henni kemur fram sú vinna sem ég gat um áðan og ég er ekki viss um að menn viti almennt um að kjötið okkar er talið ljúffengt og safaríkt og sé verulega gott. Þó er í þessari frétt nefndur ákveðinn neikvæður punktur sem ég hef minnst á og er ástæða til að tala um.

Herra forseti. Ég læt lokið máli mínu að sinni en ef til kemur að menn hafi áhuga á því að vita frekar um skoðanir mínar varðandi það sem ég tel að upp á vanta er ég reiðubúinn að svara þar um.

[11:25]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson hefur lokið stuttri en bráðsnjallri ræðu um búvörusamninginn sem hér hefur verið fjallað um og eyddi þó aðeins örfáum orðum að útflutnings- og markaðsmálunum sem eru eitt það stærsta í huga okkar sem fjalla almennt um vanda landbúnaðarins. Ég er á margan hátt sammála honum að þar hefur ekki verið vel staðið að verki og get meira að segja kveðið fastar að. Þar hefur verið staðið illa að.

Mig langar að fá skýringu frá Gísla S. Einarssyni, sem hefur unnið að þessum málum ásamt fleirum, við því sem hann sagði: Við kunnum ekki að pakka í gáma. Við kunnum ekki að fylla út útflutningsskýrslur.

Nú er eins og það hvarfli að mér og mig minnir að við flytjum út töluvert af sjávarafurðum og þar virðast menn kunna þau handbrögð að pakka í gáma og menn virðast líka kunna þar að fylla út útflutningsskýrslur. Hvernig má þetta vera, hv. þm., að menn geti ekki farið í smiðju í svo einföldum málum sem þessum?

Ég vil hins vegar taka undir það sem hv. þm. sagði að ég held að það sé meginmál í útflutningsmálum í landbúnaði að vinna skipulega að markaðsmálum og þeir sem standa í slíku þurfa að læra þá einföldu reglu, þá einföldu, skýru og kláru reglu að menn þurfa að hugsa að utan og heim. Ég endurtek: Menn þurfa að hugsa að utan og heim en ekki öfugt eins og allt of lengi hefur verið gert í markaðsmálum.

[11:27]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í síðustu orðum hv. þm. Stefáns Guðmundssonar var sú rækilega undirtekt við mál mitt að ég þarf varla að útfæra það frekar. Það sem hv. þm. missti af í upphafi máls mín var að fyrstu 20 mínúturnar sem ég talaði ræddi ég um þau lög sem liggja fyrir og búvörusamninginn, þó reyndar að litlu leyti og gat þá aðeins um þau atriði sem ég taldi vera verulega til bóta og ég get ítrekað hvað það er.

Hv. þm. spurði um hvernig mætti það vera að við kunnum ekki að pakka í gáma og vera með þennan mikla útflutning á fiski og þar tækist vel til. Það er alveg rétt. Þar hafa menn lært af reynslunni. Það sem ég átti við er að það hefur komið í ljós að við erum að pakka mjög litlu magni í óheppilegum umbúðum og við tökum allt of mikið pláss í gámum miðað við það sem við gætum sent út þannig að útflutningurinn verður miklu dýrari en þarf að vera. Síðan á eftir að laga millistarfsemi en þetta eru allt saman atriði, hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem þarf að taka á. Við þessa markaðssetningu komu fyrst í ljós þeir annmarkar sem eru á því að koma þessari vöru út á markað. Þess vegna komu öll þessi atriði upp. Það hafði ekkert reynt á það fyrr, því miður. Það er sárt að þurfa að fara þessa leið. En ég tel þó að það sé ekki þannig að við getum ekki haldið áfram. Við eigum skýlaust að halda áfram. Við eigum að lagfæra það sem að er. Síðan eigum við að halda áfram og ég segi það hér og ég stend við það að við þurfum 3–4 ár til viðbótar því sem nú er hafið. Ef við náum ekki árangri á þeim tíma verður að draga úr sauðfjárrækt a.m.k. 25–30% til viðbótar við það sem nú þegar er gert.

[11:29]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Til umræðu er frv. til laga um breytingu á búvörulögum í kjölfar samnings ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu á sauðfjárafurðum. Í meðförum hv. landbn. hefur frv. tekið allnokkrum breytingum. Í fyrsta lagi var nauðsynlegt að gera ýmsar tæknilegar breytingar á frv. sjálfu. Í öðru lagi er búið að gera efnisbreytingar í atriðum sem búast má við að geri samninginn trúverðugri og miklu líklegri til árangurs.

Mörg atriði í samningnum hafa valdið bændum óánægju. Það hefur komið fram í ræðu og riti af þeirra hálfu á undanförnum mánuðum og um það er fyrst og fremst þetta að segja: Athugasemdir þeirra og gagnrýni á samninginn og samningagerðina áttu við rök að styðjast. Þeir höfðu nokkuð til síns máls, enda þar menn á ferðinni sem vel til þekkja. Búvörusamningurinn er vissulega ekki fullkomið plagg, en báðir samningsaðilar þurftu að nálgast til að fá niðurstöðu.

Frá því að farið var að beita framleiðslutakmörkunum í sauðfjárrækt hafa bændur verið í erfiðri stöðu. Þeir hafa verið bundnir í viðjar í ferli sem þeir gátu litlu sem engu um ráðið sjálfir. Þeim er síðan stillt upp sem sökudólgum. Þeir eiga að fá svo og svo marga milljarða á tilteknu árabili. Framleiðslutakmarkanirnar, kvótastýringin frá 1980 eða 1979 hefur orðið til þess að bændur hafa ekki fengið að njóta árangurs vinnu sinnar. Eðlileg framleiðniaukning hefði átt að vera á þessum 15 árum 1–2% á ári, eða u.þ.b. 25% á 15 árum. Þess í stað hefur meðalbúið minnkað u.þ.b. um 30%.

Til hefur komið á þessu tímabili ný tækni við heyskap, við jarðrækt, aukin þekking og meiri færni. Það eru komin tæki sem t.d. skila meiri og jafnari fóðurgæðum og þannig mætti lengi telja. Margt það sem gerir auðveldara um vik að rækta fé sitt með árangri. En sauðfjárbændur hafa ekki fengið að auka framleiðnina. Þess í stað hefur hún minnkað. Þeim hefur verið sá kostur einatt nauðugur. Framleiðslustýring undanfarinna 15 ára hefur brugðist í allt of stórum og mörgum atriðum. Stýrikerfið hefur reynst ónothæft. Við erum að súpa seyðið af því. Búin hafa minnkað, framleiðnin einnig eins og ég sagði áðan. Nú þarf að verða breyting á, ný tök á málum.

Ef við værum núna á árinu 1980 og hefðum ekki valið kvótakerfið, þá værum við í þeirri stöðu sem við vonumst til að hafa náð um næstu aldamót, þ.e. að markaðurinn ráði framleiðslunni og menn hafi um það frelsi hvert þeir selja afurðir sínar. Reynslan hefur vissulega verið dýrkeypt en hana þarf að nota vel. Það er í öllu falli sárabót ef reynslan verður vel notuð.

Útflutningur landbúnaðarafurða, dilkakjöts, á vissu árabili milli 1960 og 1970 var tiltölulega hagstæður. Þá voru Evrópulönd með litla tolla og Íslendingar fengu í útflutningi $^3/_4$ af innanlandsverðinu. Þá var gott að búa. Þá var gaman að auka og stækka búin, auka framleiðsluna. En síðan tóku Evrópulöndin upp ýmiss konar innflutningshöft og verðbólgan hér á landi gerði útflutninginn nær ómögulegan. Hvarvetna í

kringum okkur í Evrópulöndum er landbúnaðurinn styrktur núna og verndaður. Hvers vegna gera menn það? Vegna þess að það borgar sig.

Spurningum um það hvort sauðfjárrækt á Íslandi sé styrkt fram úr hófi og miklu meira en gengur og gerist er því til að svara að það er aðeins nautakjötið sem er minna styrkt á mælikvarða OECD, þ.e. á PSE-mælikvarða sem er tekjuígildi stuðnings fyrir bændur. Þar kemur fram að stuðningur við sauðfjárrækt er 62% af framleiðsluverðmæti. Aðeins nautakjötið er neðar á kvarðanum með 51%. Í eggjum er stuðningur miðað við framleiðsluverðmæti 78%, 83% í mjólk, 85% í kjúklingum og 78% í svínakjöti. Það er eingöngu nautakjötið sem nýtur minni stuðnings en sauðfjárræktin. Hvers vegna er nautakjötið lægra? Kannski vegna þess að nautakjötsframleiðslan lifir í skjóli niðurgreiddrar mjólkurframleiðslu en hinar greinarnar í landbúnaði njóta allar eins og ég sagði meiri stuðnings á þennan kvarða mælt. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir gagnrýna stjórnvöld nú fyrir að setja lög sem skekki myndina fyrir samkeppnisgreinar kindakjöts eða sauðfjárræktar.

Þau ákvæði lagafrv. sem nú hafa tekið breytingum í meðförum hv. landbn. eru að mínum dómi öll til mikila bóta, þ.e. breytingar á samningnum eru bændum til hagsbóta en auka ekki útgjöldin fyrir almenning í landinu. Og það sem meiningin er að ná fram með þessum samningi er fyrst og fremst það að sauðfjárræktin á Íslandi, eða kindakjötsframleiðslan, svari þörfum markaðarins en það sem umfram er eigi möguleika á erlendum mörkuðum og að unnið verði markvisst að því að markaðssetja með árangri erlendis. Það verður á ábyrgð bænda og afurðastöðva hvernig tiltekst og jöfnunarákvæðin eru nú miklu minni heldur en gert var ráð fyrir í samningnum.

Vissulega hefur oft áður verið talað um að markaðir séu fyrir hendi erlendis, en menn eru í raun og veru að ná árangri þessa mánuðina í háu verði fyrir unna kjötvöru af íslensku sauðfé. Og gáum að því að við erum að taka fyrstu skrefin í að flytja út unnar kjötvörur og undir nýjum formerkjum, bæði lífrænt ræktað og svo með þeirri hollustu og hreinleika sem íslensk landbúnaðarvara almennt hefur. Gerum heldur ekki lítið úr því.

Þess má geta að Evrópumenn sjá hvergi svo lágar mælitölur mengunar. Hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða er staðfestur í rannsóknum, ekki aðeins lífrænt ræktað heldur allt.

Virðulegi forseti. Mikil vinna er fram undan í markaðssókn. Lífrænt ræktað lambakjöt er þar til stuðnings en ekki allsherjarlausnarorð að mínum dómi. En það er ástæða til að binda vonir við hvort tveggja. Ávinningurinn af meðferð landbn. á lögunum milli umræðna nú er einkum þessi:

Í fyrsta lagi er 70 ára reglan um aldurstakmark á því að starfa sem bóndi ekki lögfest. Sjötugur bóndi þarf ekki að hætta búskap. Í öðru lagi er verðjöfnun felld út að mestu leyti. Eftir stendur 30 kr. gjald á kg, ákvæði um verðmiðlun og verðjöfnun. Í þriðja lagi er reglugerðarheimid til landbrh. um skipulag útflutningsmálanna. Í gærkvöldi var það nefnt austantjaldsskipulag sem væri verið að koma á, fyrrv. austantjaldsskipulag, en þar væri um ofstjórn að ræða. Við gerum hins vegar ráð fyrir að ekki þurfi stjórnvaldsaðgerðir nema að mjög litlu leyti, að allir útflytjendur lambakjöts sjái sér hag af því að standa saman en bjóða ekki niður verðið hver fyrir öðrum á erlendum mörkuðum.

Þess má einnig geta að þær þjóðir sem lengst hafa náð í framleiðslu og sölu kindakjöts flytja ekkert út annað en unnar kjötvörur.

Í fjórða lagi er heimilt að nota ónýtt uppkaupafé í markaðsaðgerðir. Þar sem 70 ára aldursmörkin falla brott, eru líkur á því að eitthvert innkaupafé af þeim lið verði ónothæft en það verður heimilt að nota í markaðsaðgerðir. Því kemur þar inn meiri trygging fyrir eðlilegu birgðahaldi, minni birgðum og engum birgðum þegar frelsið kemur í greininni.

Þá er komið að því ákvæði sem ég hefði viljað sjá í samningnum en náði ekki fram og það er eina ástæðan fyrir því að ég gerði fyrirvara við nefndarálitið. Ákvæðið sem ég vildi ná fram strandaði á fulltrúum Bændasamtakanna, en erfitt hefði verið um vik að setja það inn og knýja það fram í andstöðu við þá. Þær endurbætur sem við höfum náð fram, verði frv. að lögum, eru það miklar að ég taldi ekki rétt að setja samninginn og þessi lög í nokkra hættu af þeim sökum. En í stuttu máli, gagnvart innanlandsmarkaðnum skulu þeir hafa jafnan rétt sem hafa takmarkað framleiðslu sína samkvæmt tilmælum og lögum, svo og þeir sem hafa þanið út framleiðslu sína og þeir sem hafa svindlað á kerfinu. Þeir sem hafa sprengt upp markaðinn og valdið öllum þessum vandamálum í birgðum í dag eiga nú að njóta sama réttar og hinir sem hafa farið að tilmælum og lögum í því að minnka framleiðslu sína og þrengja sinn kost. Nú á að koma inn með svartamarkaðskjötið, framhjásölukjötið inn á markaðinn og þannig stjaka við þeim í meiri útflutning í prósentum talið sem hafa lagað framleiðsluna að framleiðslutakmörkunum. Þetta er ekki réttlæti. Þetta eru því miður skilaboð til bænda að draga aldrei úr framleiðslu sinni heldur ganga þvert á kerfið og þenja sífellt út, burt séð frá markaðsþörf og eftirspurn. Hér er veikleiki og villa í öllu saman. Við þetta geri ég fyrirvarann.

Að öðru leyti stend ég að áliti meiri hlutans og tók fullan þátt í vinnunni og þakka þeim og nefndarmönnum öllum gott samstarf í landbn. Stóri ávinningurinn er sá að kvótakerfið er á útleið og er tími til kominn. Það hefur ekki orðið til hagsbóta, það hefur ekki náð árangri sínum, hvorki fyrir bændur né neytendur. Það er löngu tímabært að minnka bilið milli framleiðenda og neytenda að nýju. Það er engum til góðs að halda uppi sem andstæðum fylkingum bændum og neytendum. Bændur hafa ekki hug á öðru en stunda sín störf í sátt við umhverfi sitt, fólkið í landinu, sinna þörfinni fyrir framleiðsluna og hafa til þess svigrúm að framleiða með sem hagkvæmustum hætti. Lagafrv. og búvörusamningurinn gefur þegar á allt er litið mikla möguleika til þess að þessum markmiðum verði náð.

Hv. þm. Ágúst Einarsson talaði um framleiðsluaukninguna, hætta væri á því að framleiðslusprenging yrði á markaðnum og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ræddi það einnig í gærkvöldi að um væri að ræða framleiðsluhvetjandi kerfi sem við værum að taka upp með ákvæði í lögunum. Enn fremur sagði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að bændur þurfi að haga sér óskynsamlega til þess að frv. gangi upp. Þetta vona ég að sé ekki rétt og ég hygg svo ekki vera. Sauðfjárræktin er mjög víða orðin hlutastarf, ein greinin í tekjum heimilanna. Sumir munu fjölga, aðrir munu fækka fé, bændur taka um það ákvarðanir eftir sínum hagsmunum og aðstæðum. Ég hef fengið hagfræðinga til að reikna út fyrir mig hagkvæmni fækkunar niður í 0,7 vetrarfóðraða kind á ærgildi greiðslumarks. Fækkun er í mörgum tilfellum einnig hagkvæmari heldur en að standa í stað eða fjölga um eitthvert magn. Bóndi sem er t.d. með 6 tonna framleiðslu og fækkar til að

komast hjá útflutningskvöð mun hagnast á því um 70–90 þús. kr. þegar öllu er til skila haldið. Vinnuliðurinn vegur að sjálfsögðu þungt í því dæmi. Á svæðum hins vegar þar sem erfitt er um vik að stunda aðra starfsemi koma menn sjálfsagt til með að fjölga fé og til þess þarf að gera þeim það kleift.

Fjárupphæðirnar í samningnum hafa verið nokkuð til umræðu. Hvað varðar fjármagnið í búvörusamningnum, þá er það ákveðin stærð. Sú upphæð er komin til sem niðurstaða í samningaviðræðum og um hana er ekki mikið að segja að öðru leyti. 1. minni hluti landbn. hefur lýst því að hann telji upphæðina ekki of háa, en vill vissulega aðrar leiðir í ráðstöfun fjárins svo sem þeir gerðu grein fyrir í gærkvöldi.

Meginatriðið er það að aðgerðirnar nái tilgangi sínum fyrir þjóðina og fyrir þá sem stunda þennan atvinnuveg, svo og það fólk sem á atvinnu sína undir landbúnaði í úrvinnslu- og þjónustugreinum. Um það eru nefndarmenn allir sammála. Skyndibreytingar og stórar sveiflur hlytu að verða til bölvunar. Menn verða líka að gæta að því að framleiðsluferlið er langt og það er erfitt um vik að breyta því nema á alllöngum tíma. Frv. sem byggir á búvörusamningnum tekur hins vegar ákveðin skref til meira frjálsræðis. Við erum að færa okkur frá ríkisafskiptum af búgreininni til þess ástands að greinin fái eðlilegt rekstrarumhverfi. Ég bið menn að gæta þess að hafa nægjanlega þolinmæði til þess. Ég hygg að á næstu árum verði svo mikil breyting í sauðfjárrækt á Íslandi að um það séu ekki dæmi síðan búvörulög yfirleitt voru sett.

Ég hygg líka að sauðfjárræktin sé íslensku samfélagi mikils virði. Við skulum gæta að því að vinnuaflið er allt íslenskt og fóðrið og flest annað tengt greininni. Úrvinnslan er öll innan lands og eins og áður sagði, við erum farin að flytja út unna kjötvöru og þar liggja einnig okkar möguleikar ef rétt er á haldið. Það er mikilvægt því aðstæður geta breyst og niðurgreitt erlent korn hækkar. Það berast um það fréttir að heimsmarkaðsverð á korni sé að hækka umtalsvert. Jafnvel hafi sumar korntegundir hækkað um 150% á síðustu 12 mánuðum, en algengt er að undanfarnar vikur hafi hækkunin numið 100%. Óhjákvæmilegt er að slík hækkun muni hafa áhrif á kjötverðið í þeim greinum landbúnaðar og það er vissulega áhyggjuefni. Þar á ég við hækkun á kjúklinga- og svínakjöti vegna hækkunar á fóðurverði til framleiðenda. En framleiðslukostnaður á kindakjöti mun hins vegar fremur lækka en hækka ef markmið búvörusamningsins og búvörulagafrv. ná tilgangi sínum, en til þess eru vissulega auknar líkur.

Fram hefur komið í umræðunni að allt of seint gangi. Á fundi hv. landbn. var sérstaklega fjallað um þetta. Er ekki hægt að fara hraðar í því að gefa verðlagningu frjálsa var m.a. spurt. Mig minnir að það hafi verið hv. þm. Ágúst Einarsson sem spurði og hlýtur að muna svarið. Nei, sagði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Nei, sagði Hagþjónusta landbúnaðarins.

Umsagnir þessara aðila og ýmissa fleiri eru neikvæðar, segir minni hlutinn og ýmsir sem hér hafa tekið til máls. Eðlilega hljóta þeir sem við köllum til umsagnar um frv. að benda á ýmislegt sem betur má fara. Við hljótum að kalla eftir því og þeir hljóta að hafa skilið sitt hlutverk þannig sem eru fengnir til að gefa umsagnir um lagafrv. að þar ætti að benda á það sem betur má fara, benda á hugsanlegar villur til þess að frv. komi betur út, verði réttara og þjóni þeim markmiðum sem því er ætlað. Til þess er beðið um umsagnir að leita þess sem betur má fara í þeim frumvörpum sem þingnefndir hafa til umfjöllunar. Eins og ég sagði, tók frv. umtalsverðum breytingum til hins betra og því ber sannarlega að fagna. Ég vænti þess að það verði samþykkt og sauðfjárrækt og landbúnaður á Íslandi líti betri tíma fram undan til hagsbóta fyrir þá sem greinina stunda og fyrir þjóðina alla, neytendur ekki síður en aðra.

[11:49]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera tvær athugasemdir við ræðu hv. þm. Hann gerði grein fyrir fyrirvaranum og flutti mál sitt vel, ekki bara hvað fyrirvarann varðar. En hann er skilningsríkari en kannski margir aðrir í landbn. Hann áttar sig á gallanum í kerfinu sem hann lýsti hér ágætlega, talaði um kerfissveiflu varðandi þann þátt þegar menn geta aukið framleiðslu og fannst þar rangt að farið. Hann hefði hins vegar ekki náð fram breytingum á því og taldi aðra kosti frv. vera þess eðlis að hann ætlar að styðja það.

Hins vegar er fyrirvarinn sem hann gerir og það með réttu það veigamikið atriði að markmið frv. geta ekki náðst. Fyrst þingmaðurinn áttaði sig á þessu, en það gera ekki allir stjórnarþingmenn, hefði verið heppilegra að hann hefði lagst gegn þessu frv. Við því er svo sem ekkert að segja, en ég vil draga sérstaklega fram mat þessa hv. þm. á þessum þætti málsins þar sem hann er grundvallaratriði í búvörusamningnum. Einmitt þessi kerfisvilla, eins og ég held að hann hafi orðað það, gerir það að verkum að við munum ekki ná neinum árangri með þennan búvörusamning.

Hitt atriðið er að gefa verðið frjálst. Það var rætt um það og það kom fram í mörgum umsögnum þegar þau mál voru til umræðu í nefndinni. Hv. þm. leiðréttir mig. Hagfræðistofnun á að hafa sagt að jafnumfangsmiklar kerfisbreytingar og gerðar voru á Nýja-Sjálandi gætu varla gerst í fljótu bragði hér, en þar var m.a. um frjálsa verðlagningi á landbúnaðarvörum að ræða. Mig minnir að Hagþjónusta landbúnaðarins hafi rætt um að ef verð yrði strax gefið frjálst, yrðu breytingarnar auðvitað miklar. Það hefur kosti og galla, en ég man ekki til þess að annar hvor þessara aðila hafi lagst gegn því að verð á búvörum yrði fyrr gefið frjálst. Og eins og ég nefndi í gær, er verðið ekki gefið frjálst vegna þess að magnið er ákveðið, en það er annað mál. Auk þess draga fjölmargar aðrar umsagnir þetta skýrt fram varðandi hina frjálsu verðlagningu.

[11:51]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta er ekki svo sem mikið að segja. Það veit enginn hvað framhjásölukjötið er mikið. Bændur hafa líka heimtökurétt, en hitt er það að mörgum bóndanum sárnar það mjög, löghlýðnum manninum sem hefur farið af fremsta megni eftir fyrirmælum og lögum að njóta þess svo ekki í markaðshlutdeildinni, sérstaklega næstu tvö árin. En svo kemur að því að verð og framleiðsla eru gefin frjáls og þá förum við að ná enn meiri árangri.

[11:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er nokkuð liðið á þessa umræðu um búvörulögin og búið að segja trúlega flest af því sem segja þarf. Margt af því sem hefur komið fram var einnig sagt við 1. umr. en ég var einn af þeim stjórnarliðum sem tóku þátt í þeirri umræðu.

Í ræðu minni gagnrýndi ég ýmislegt í þessum nýja samningi og frv. sem ég tel að mætti verða með öðrum hætti svo að bændur sæju betri tíma. Eitt af því sem ég hafði sérstaklega

orð á voru útflutningsmál bænda sem að mati flestra hafa beðið mikið skipbrot, því að markaðir fyrir lambakjöt erlendis gefa bónda ekki nema um 100 kr. fyrir kg þegar heim er komið. Allir sjá og vita að það mun aldrei verða til þess að halda uppi íslenskri bændastétt. Ég get ekki séð að þessi lög verði til þess að útflutningur á lambakjöti verði betri eða öflugri en hann hefur verið og ekki er við breytingum að búast fyrr en á málum verður tekið með einhverjum nýjum hætti.

Þau atriði sem ég hafði kannski fyrst og fremst orð á í ræðu minni og gerði fyrirvara um þegar málið var sent til nefndar varða vísitölutengingu beingreiðslunnar og uppkaupanna. Ég taldi þetta stílbrot miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar og samninga á almennum vinnumarkaði og þeim almennu viðhorfum í landinu að laun og annað sem tengist greiðslum væri bundið við vísitölu. Að koma slíku í lög fannst mér og mörgum fleirum algert stílbrot á þá stefnu sem mörkuð hefur verið. Ég kom þessum áhyggjum mínum og athugasemdum á framfæri við hv. landbn. og í meðförum nefndarinnar var þessu ákvæði í frv. breytt. Ég ætla að leyfa mér að lesa þau atriði sem ég sendi til hv. nefndar, með leyfi forseta. Ég fór fram á að þar bættist við sérstök grein sem hljóðaði svo:

„Ríkisstjórnin skal fyrir lok desember 1995 hafa skipað nefnd hagsmunaaðila, þ.e. ríkis, Bændasamtaka og neytenda sem hefur það hlutverk að leggja tillögur fyrir Alþingi fyrir árslok 1996 um hvernig stuðningi við landbúnað verði hætt á ákveðnu árabili eftir árið 2000 þegar samningurinn rennur út. Slíkar tillögur næðu bæði til sauðfjár- og kúabænda."

Þessi tillaga fékk umfjöllun í nefndinni að því er mér er sagt og ég veit að það sérstaka atriði hefur verið tekið ákveðnum tökum af hálfu hæstv. landbrh. Hann upplýsti í umræðunni í gær að hann mundi, varðandi þetta atriði og endurskoðunarákvæði í samningnum, skipa sérstaka nefnd, kannski einhvers konar arftaka svokallaðrar sjö manna nefndar, sem færi ofan í stefnumörkun fyrir íslenskan landbúnað á nýrri öld. Í þessari nefnd eiga að vera fulltrúar ríkisins, bænda, ASÍ, VSÍ, BSRB og Vinnumálasambandsins. Aðrir sem vilja vera í nefndinni, eftir því sem ég skildi hæstv. ráðherra, ættu einnig möguleika á því að koma nálægt þessu verki. Ég spurði sérstaklega hæstv. ráðherra í andsvari í gær hvort Neytendasamtökin gætu átt hlut að því máli eða jafnvel samtök kaupmanna. Ég held að með slíkri framtíðarsýn gætum við kannski nálgast þau vandamál sem varða bæði það hvernig bændastéttin ætlar að komast af í markaðsþjóðfélagi nútímans og ná sátt við þéttbýlið og hvernig bændur ætla að yrkja jörðina í framhaldi af því. Ég held að það séu allir áfram um það að íslenskum landbúnaði vegni vel, en þær aðgerðir sem nýttar hafa verið hingað til hafa ekki leitt til þess. Ég get því fyrir mitt leyti verið ánægður með þá yfirlýsingu hæstv. landbrh. að hann setji nefnd á laggirnar til að móta framtíðarstefnu í landbúnaðinum yfirleitt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær þessi nefnd muni taka til starfa og hvort hann muni setja henni tímamörk, t.d. á komandi ári. Það finnst mér mjög mikilvægt.

Annað atriði sem ég setti fyrirvara við og lagði til við hv. landbn. að yrði breytt varðar setningu í 9. gr. sem hljóðaði svo: „Það tekur breytingum með vísitölu neysluverðs, sbr. 39. gr. laga þessara."

Í staðinn kæmi: „Það tekur breytingum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni."

Í breytingartillögum hv. nefndar er lagt til að ákvæði 9. gr. sem hljóðar svo: „Það tekur breytingum með vísitölu neysluverðs, sbr. 39. gr. laga þessara" falli brott þannig að vísitölutenging við neysluverð fellur út.

Í 11. gr. stendur, með leyfi forseta: „Beingreiðsla skal vera 3.734 kr. á hvert ærgildi á ári og tekur árlegum breytingum eftir vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 174,1 stig 1. október 1995." Samkvæmt brtt. falla orðin „... og tekur árlega breytingum eftir vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 174,1 stig 1. október 1995" brott þannig að bæði ákvæðin sem tengdust samningnum í frv. eru felld brott. Og sá fyrirvari sem ég setti fram var einvörðungu um að þetta yrði fellt brott.

Ég heyri að minnihlutaaðilar í hv. landbn. ásamt fleirum hafa gert lítið úr þessu og telja að þetta skipti engu máli. Mér finnst það mjög merkilegt í ljósi þess að öll hagsmunasamtök þjóðarinnar hafa lagt höfuðáherslu á að þetta ákvæði félli brott og að þeir bændur sem fá greiðslur samkvæmt þessu fái enga sérstaka meðferð umfram aðra þjóðfélagsþegna. Þarna er verið að taka út sjálfvirkni hækkana og í stað þess mun Alþingi sjálft mun ákveða hver hækkunin verður. Auðvitað leggur ríkisstjórnin samkvæmt samningnum fram tillögu um að þessi viðbót sem kemur inn vegna vísitölunnar verði í fjárlögunum og fái eðlilega meðferð að hennar áliti, enda hefur ríkisstjórnin skrifað undir þennan samning. En Alþingi hefur ekki staðfest þetta ákvæði í samningnum og það er grundvallaratriði.

Ég læt mér jafnvel detta í hug að minnihlutaaðilum sem hafa talað um léttvægi þessa ákvæðis, fyndist trúlega allt í lagi að það væri í lögunum. Þeim finnst sennilega allt í lagi að það sé í lögum að slík ákvæði séu föst, lagabundin og óbreytanleg nema með samþykki þingmanna. Í mínum huga er þetta mjög mikið grundvallarmál og réttlætismál sem snýr að allri þjóðinni þannig að ég fagna því sérstaklega og vil þakka meiri hluta landbn., því mér skilst að minni hluta landbn. hafi verið alveg sama þó að þetta væri í lögunum.

Ég ætla að rifja upp það sem ég sagði við fyrri umræðu varðandi þessi tvö ákvæði. Með leyfi forseta hljóðar það svo: „Ég tel nauðsynlegt til að almennt sé hægt að samþykkja áframhaldandi stuðning við bændur að við sjáum einhvern tímann til lands og að styrkjatímabilinu ljúki. Enginn ætlast til þess að það gerist á næsta ári en að það sjái fyrir endann á þessari píslargöngu. Og bændur standi uppréttir og standi undir eigin framleiðslu. Á meðan þeir eru launaðir af ríkinu ættu þeir einnig að lúta sömu ákvæðum um vísitölutengingu bóta og aðrir launþegar."

Fyrirvararnir hafa því að mínu viti verið teknir út hvað mig varðar þó svo ég sjái ekki fyrir mér að þessi samningur muni hjálpa bændum mjög langt. Ýmis ákvæði eru til frjálsræðisáttar þó að miklu lengra þyrfti að ganga. Til að það geti gengið þurfa bændur algert frelsi.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að lýsa því yfir að við atkvæðagreiðsluna á morgun mun ég samþykkja þetta frv.

[12:05]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson taldi sig hafa gert tvenns konar fyrirvara ef ég skildi ræðu hans rétt, áður en frv. kom aftur úr nefndinni og hefur sætt sig við frv. núna. Annars vegar vegna þess að landbrh. ætlar að skipa nefnd sem á að vera í framhaldi af sjö manna nefnd. Nú er rétt að rifja það upp að sjö manna nefnd sú hin síðasta hóf störf eftir samkomulag í þjóðfélaginu árið 1990 í tengslum við

kjarasamninga þar sem verkalýðshreyfingin og vinnveitendur lögðu á ráðin með ríkisvaldi og bændum um tilteknar breytingar í landbúnaðarmálum. Ég hygg að þó að þær hafi kostað mikið, þá hafi þær skilað okkur nokkuð á veg og það hefði verið eðlilegt að vinna í framhaldi af þeim núna.

Það sem gerðist síðan í tíð núv. ríkisstjórnar var að þetta samkomulag var rofið. Það sem hefur mjög ljóslega gerst og eru kannski ein mestu pólitísku tíðindi sumarsins á landinu er að ASÍ, VSÍ og BSRB hrökkluðust frá þessu samkomulagi, frá þessari samstöðu um málefni landbúnaðarins sem þau höfðu áður. Því er sá gerningur sem hér er að fara fram ekki með samþykki þeirra. Ég fagna því að Kristján Pálsson skuli nú með sínum fyrirvara hafa komið þessu í lag aftur og kallað VSÍ, ASÍ og BSRB að borðinu.

Á hinn veginn hafði Kristján „reddað" málinu með verðtryggingunum og telur að nú séu ekki ákvæði um verðtryggingu á þessum upphæðum sem þarna eru nefndar. Hann hefur sennilega ekki lesið greinargerð sem fylgir nefndaráliti meiri hlutans og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, innan úr henni í 4. lið:

„Ekki er talin ástæða til að hafa í lögum ákvæði um verðtryggingu einstakra atriða samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, svo sem á upphæð beingreiðslna, þar sem skýr ákvæði er að finna í samningnum um að allar fjárhæðir skuli miðaðar við verðlag 1. október 1995 og að þær taki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs ... Ljóst er að stjórnvöld eru bundin af því ákvæði þó að ekki sé að finna ákvæði um verðtryggingu í lögum."

Kristján segir hins vegar: Þetta er þannig að Alþing ákveður hverju sinni hvort verðtryggingin sé eða ekki.

Ég hef ekki setið lengi á þingi en mér sýnast orð stangast á. Ég vildi gjarnan kalla á það, bæði frá Kristjáni og hæstv. landbrh., hvort Alþingi geti afnumið verðtrygginguna, næst þegar þetta þarf að ákveða með formlegum hætti, hvort það geti lækkað upphæðina eða hvort það geti það ekki. Þetta er ósköp einfalt og þarf að koma fram.

[12:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kom og ræddi um nefnd, svokallaða sjö manna nefnd eða ígildi hennar sem hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni í nótt að hann mundi skipa til endurskoðunar á lögum og samningum um landbúnaðinn og til að sjá inn í framtíð í þessum málaflokki. Ég fagnaði því áðan og geri enn að landbrh. skuli ætla að leggja af stað með nýja nefnd. Þessi nefnd sem var svokölluð sjö manna nefnd verður náttúrlega ekki endurreist í þeirri mynd sem hún var en hæstv. landbrh. svarar því. En ég tel það mjög mikilsvert skref af hálfu ráðherrans að teygja sig í áttina til aðila vinnumarkaðarins og aðila neytenda vonandi, því að án samkomulags og trúnaðar við launþega og neytendur verður ekki rekin nein skynsamleg stefna í þessum efnum. Þetta er mjög mikilvægt atriði og í mínum huga eitt af því stærsta sem hefur verið sagt í umræðunni þannig að ég fagna þessu sérstalega.

Varðandi það að ríkisvaldið geti gert samninga sem fjárlagavaldið samþykkir ekki, ég vona að hæstv. landbrh. svari því líka, þá er að sjálfsögðu mikill munur á löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið getur gert samninga sem löggjafarvaldið samþykkir alls ekki og í þessu tilfelli er um að ræða útgjöld samningsins og sem er ekki verðtryggður af hálfu löggjafarvaldsins þó að hann sé vísitölutryggður af hálfu framkvæmdarvaldsins. Löggjafarvaldið þarf vegna þess að þetta ákvæði var tekið út að samþykkja á hverju einasta ári þessar verðtryggingar og ríkisstjórnin verður að biðja um það. Þeir geta reynt að hafa þetta með einhverju móti, en þetta er staðreynd málsins.

[12:11]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta voru ákaflega óskýr svör um verðtryggingguna. Það sem spurt er um er ósköp einfaldlega þetta: Já, þetta gerist þannig að ríkisstjórnin verður að koma inn á þingið. En getur þingið gert annað en staðið við ákvæði samningsins? Ég vil fá það frá hv. Kristjáni Pálssyni hvort hann telur að þingið geti breytt þeirri verðtryggingu sem um er samið hér eða hvort það getur það ekki.

[12:12]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já. Þingið getur breytt þessu ef það kærir sig um. Þetta er rétt. (**Gripið fram í:** Rangt, segir hv. formaður landbn.)

(**Forseti** (GÁS): Hljóð í salinn.)

Við heyrum í hæstv. landbrh. á eftir en ég segi já. Löggjafarvaldið hefur ekki samþykkt þetta vísitöluákvæði og fjárveitingavaldið er í höndum löggjafarvaldsins. Framkvæmdarvaldið hefur annars vegar gert samning og löggjafarvaldið (**GÁ:** Því ber að standa við samninginn.) hefur tekið þetta ákvæði út. Það verður að samþykkja fjárlögin á Alþingi við umræður um fjárlög hverju sinni og þar verður að taka þetta sérstaka ákvæði með. Öðruvísi verður þetta ekki samþykkt.

[12:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Hvort greiðslur eru ákveðnar í fjárlögum eða hvort þær eru ákveðnar í búvörulögum skiptir ekki máli svo þetta er ekki praktískt mál. Niðurstaðan er hin sama þannig að þetta eru hártoganir hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Hins vegar hélt hann því fram áðan að minni hlutinn í landbn. hefði viljað halda verðtryggingarákvæðum um beingreiðslurnar í lögunum. Ég vil vísa á bls. 7 í nál. 1. minni hluta og lesa þar upp, með leyfi forseta:

„1. Beingreiðslur verði ekki verðtryggðar. Þessa tillögu hafa fjölmargir aðilar gert, m.a. Neytendasamtökin og verkalýðshreyfingin."

Ég held að hv. þm. Kristján Pálsson sé læs og vænti þess að hann kynni sér þetta.

[12:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. Lúðvík Bergvinsson afsökunar á því að ég hef ekki lesið þessa greinargerð, en mér finnst á málflutningi minni hlutans að þetta skipti ekki neinu máli. Í ykkar huga skiptir engu máli hvort ákvæðið er í lögunum eða ekki þannig að það hlýtur að þýða um leið að það gæti alveg eins verið í lögunum. Það gefur alveg auga leið þó að það sé farið að skipta einhverju máli allt í einu ef það þarf ekki að vera þar, eða má ekki vera þar. Mér finnst þið vera tvísaga. Þið talið í einu orðinu um að það eigi að vera og í hinu orðinu að það megi ekki vera og í þriðja orðinu jafnvel að það sé allt í lagi, ekki skipti máli hvor leiðin sé farin. Þið áttið ykkur náttúrlega á því, hv. minnihlutamenn í landbn., að það var ein meginkrafa aðila vinnumarkaðarins að þetta ákvæði færi út úr frv. Og það er fjárlagavaldið, Alþingi Íslendinga, sem mun ákveða við fjárlög hverju sinni þær verðbætur sem settar verða á þennan samning sem gerður

hefur verið af ríkisstjórninni. Það er grundvallaratriði. Þetta er prinsippmál og hv. formaður landbn. veit það. En það er svo aftur annað mál hvort meiri hluti Alþingis samþykkir þetta. Auðvitað vita það allir að ríkisstjórnin er með góðan meiri hluta á bak við sig og hugsanlega styðst við það.

[12:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan. Við megum ekki rugla saman efni og formum. Hvort það er formlega ákveðið í búvörulögum að greiðslur samkvæmt búvörusamningi séu verðtryggðar eða hvort þær eru ákveðnar í fjárlögum skiptir ekki máli. Praktísk þýðing þess er engin, niðurstaðan hin sama. Sá samningur sem hefur verið gerður við Bændasamtökin kveður á um vísitölubindingu beingreiðslna og það heldur.

[12:16]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að samningurinn er opinn hvað þetta varðar í dag. Það er hægt að breyta þessu ákvæði í samningnum nákvæmlega eins og 70 ára reglunni sem var breytt. Það er alveg ljóst að með því að hafa þetta ákvæði opið er að hægt er að breyta því, auðvitað með samkomulagi beggja aðila eða með einhliða ákvörðun Alþingis. Mér finnst mjög slæmt að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skuli ekki skilja almennilega þetta grundvallarprinsipp sem felst í því að vísitölutenging sé ekki í lögunum þótt hún sé í samningnum. Það er bara allt annað mál.

[12:17]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla og orða hv. þm. Kristjáns Pálssonar og reyndar véku hv. þm. Hjálmar Jónsson o.fl. einnig aðeins að því hvað varðar útflutningsmálin og þann árangur sem þar hefur náðst og menn orða það jafnvel svo að það hafi verið frekar verið um skipbrot að ræða. Ég vil ekki orða það svo þó að mistök hafi vissulega orðið en umræðan er a.m.k. góð um útflutningsmálin.

En alvarlegra er þó, og það er það sem hefur farið fram hjá mönnum að ræða um og taka á, er hversu við höfum misst mikla hlutdeild í þeim markaði sem skilar bændum hæsta skilaverði. En það er einmitt innanlandsmarkaðurinn. Sú umræða hefur því miður nánast setið á hakanum það sem af er umræðunni um þetta mikilsverða mál. Menn hafa nánast eingöngu talað um markaðsmálin, hvað lýtur að útflutningi á þessum afurðum. Ekki hefur verið farið ítarlega yfir þann þáttinn er lýtur að innanlandsneyslunni og vegna hvers við höfum tapað jafndýrmætum mörkuðum og þar hafa verið og reynt að kryfja til mergjar þá neyslubreytingu sem orðið hefur hjá þjóðinni.

Auðvitað mjög mikilvægt í þessu máli sem öllum öðrum að menn reyni að kryfja þann vanda sem við er að fást ef menn ætla á annað borð að sækjast eftir einhverjum árangri í þeim málum sem verið er að fjalla um.

[12:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir allt sem hv. þm. Stefán Guðmundsson segir um markaðsmál á landbúnaðarafurðum. Að sjálfsögðu er innanlandsmarkaðurinn það sem skiptir öllu máli fyrir framtíð þessarar atvinnugreinar. Ég vona sannarlega að sú nýja nefnd sem hæstv. ráðherra ætlar að skipa muni taka á þessum málum, hvernig verði hægt að styrkja innanlandsmarkaðinn þannig að bændur haldi markaðshlutdeild sinni hér heima og gott betur. Þeir þurfa svo sannarlega á því að halda. Ég er heils hugar sammála og vona að við eigum eftir að sjá það á þessu samningstímabili að staða bænda á markaðnum batni og við getum með aðgerðum lækkað sláturkostnaðinn sem ég hef talið vera eina mestu meinsemdina í allri verðlagningunni, ekki vegna þess að þetta sé illa gert af hálfu sláturleyfishafa heldur er allt of mikill kostnaður sem hleðst utan á verðið. Það kostar eftir því sem mér er sagt yfir 150 kr. á kg að slátra einni á eða einu lambi. Allir sjá að meðan hægt er að fara út í verslun og kaupa sér pasta fyrir 150 kr. og láta það duga fyrir tveggja manna fjölskyldu kaupa menn frekar pasta en lambakjöt fyrir 400–500 kr.

[12:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nokkur umræða hefur nú þegar verið um þetta mál og það er svo sem að vonum. Menn hafa ekki um nokkurt árabil haft til meðferðar stærra mál sem varðar málefni landbúnaðarins og fjárskuldbindingar ríkisins því að á bak við málið liggur einn stærsti samningur sem gerður hefur verið um nokkurt skeið hvað varðar beinar fjárskuldbindingar ríkisins.

Því miður eru ekki þær aðstæður sem æskilegastar hefðu verið hvað tíma snertir til að ræða málið og ýmislegt mætti líka segja um aðdraganda þess og þau vinnubrögð sem þar hafa verið ástunduð. Ég er almennt þeirrar skoðunar þegar í hlut eiga hin viðameiri og stærri mál, sem eru stefnumarkandi til langs tíma litið og varða víðtæka hagsmuni í samfélaginu, að leita beri eftir eins mikilli pólitískri samstöðu og samráði um þau og kostur er. Það liggur í hlutarins eðli að þegar samið er um hlutina til langs tíma getur komið í annarra hlut en þeirra sem að samningagerðinni standa að framkvæma þá hluti að einhverju leyti og eru mörg og nýleg dæmi um það. Þá er að breyttu breytanda farsælt að sem mest þverpólitísk samvinna hafi átt sér stað um undirbúning og aðdraganda slíkra mála. Þetta á líka við um þátt umbjóðenda almannahagsmuna eins og verkalýðshreyfingin er í þessu sambandi eins og hún kemur fram fyrir hönd neytenda og íbúa landsins þegar í hlut á hagsmunagæsla af þeirra hálfu gagnvart slíkum málum.

Herra forseti. Enginn vafi er á því að íslenskur landbúnaður hefur gengið í gegnum ekki minni og jafnvel meiri breytingar á undanförnum árum og áratugum en flestar aðrar greinar. Hann hefur a.m.k. ekki farið varhluta af því að miklar breytingar hafa átt sér stað í rekstrarumhverfi og allri aðstöðu. Landbúnaðurinn hefur á síðustu 100 árum margoft orðið að taka á sig miklu meiri sveiflur og gerbreytingu á starfsskilyrðum en fólk áttar sig almennt á. Þá á ég auðvitað sérstaklega við þá hluta sem hafa verið framleiddir á ákveðnum tímum með útflutning í huga. Íslenskur landbúnaður var öldum saman fyrir utan að vera aðaluppspretta fæðu og afkomu í landinu einnig helsti gjaldeyrisútvegurinn ásamt sjávarútvegi eftir því sem hann kom til og jókst að mikilvægi. Framleiðsluvörur landbúnaðarins voru þær sem skiluðu mönnum þó einhverjum erlendum gjaldeyri öldum saman og það hefur einnig átt við á köflum á síðustu áratugum. Það má t.d. nefna það tímabil þegar sauðir voru fluttir út fyrir beinharðan pening og voru á sínum tíma á ákveðnum áratugum síðustu aldar nánast eini gjaldeyririnn og einu peningarnir sem menn fengu í hendur. Allt annað var lagt inn í reikning og teknar út vörur á móti. Svo kom tímabil

þar sem menn fluttu út saltkjöt. Svo lokuðust þeir markaðir og menn urðu að ganga í gegnum miklar breytingar til að tileinka sér nýja tækni. Í hönd fór það tímabil þegar allmikið af búvöru var flutt út fryst, fryst kjöt og einnig talsvert flutt út af mjólkurafurðum í kjölfar þess að við urðum sjálfum okkur næg um þá hluti.

Síðan var rekin sú stefna um langt árabil að hvetja til aukinnar framleiðslu og uppbyggingar í greininni með opinbera fjármuni, jafnvel þar til stuðnings. Allt þetta verða menn að hafa í huga ef þeir ætla að ræða af einhverri sanngirni stöðu greinarinnar eins og hún hefur verið á allra síðari árum og er í dag. Það er nefnilega mikill misskilningur sem einhver ræðumaður sagði að framleiðsluferlið í landbúnaði væri ekki ýkjaflókið eða langt. Í fyrsta lagi er allmikill aðdragandi að því að framleiðsla komi á markað til að mynda í sauðfjárrækt í missirum talið en hitt er auðvitað miklu afdrifaríkara að sú uppbygging og fjárfesting sem liggur að baki er í flestum tilvikum áratugaverkefni. Sama á við ef breytingar verða sem gera það að verkum að ekki er hægt að nýta þá fjárfestingu er það hlutur sem ekki er auðvelt að stroka út með einu pennastriki.

Ég held að fróðlegt sé í þessu sambandi að athuga aðeins hvernig staða landbúnaðarins var undir lok 8. áratugarins. Það má segja að þeirri áratugalöngu uppbyggingar- og framleiðsluhvetjandi stefu ljúki sem hafði verið af hálfu stjórnvalda allt frá miðbik þessarar aldar eða jafnvel fyrr þegar í gildi var svonefnd nýbýlastefna og menn fengu umtalsverðan fjárstuðning til þess að byggja upp nýbýli í sveitum. Það voru styrkir til að auka ræktun og auka framleiðslu í öllu tilliti.

Síðan kom viðreisnarstjórnin með framleiðsluhvetjandi stefnu í formi útflutningsuppbóta en þá var tekin upp sú tilhögun að hvetja til framleiðslu í umtalsverðum mæli umfram þarfir hins innlenda markaðar og landbúnaðurinn átti þá sjálfkrafa rétt á útflutningsuppbótum sem nam í fjárhæðum yfirleitt um 10% af tiltekinni heildarframleiðsluverðmætisviðmiðun í greininni sem þá var notuð. Þetta ættu talsmenn þeirra stjórnmálaflokka, sem hér hafa verið að tjá sig til að mynda Alþfl. og Sjálfstfl., að hafa í huga þegar þeir gerast dómharðir um ástand mála eins og það er í dag. Skyldi það ekki vera svo að ekki síst stefna liðinna áratuga um stórkostlega framleiðsluaukningu og þar á meðal til útflutnings, sem var ríkisstyrkt, eigi sinn stóra þátt í þeirri stöðu sem menn eru nú að reyna að vinna sig út úr? Hver var staðan orðin undir lok 8. áratugarins þegar menn fóru að gera fyrstu alvörutilraunirnar til að snúa þarna við? Hún var sú að hér var á fóðrum á 10. hundrað þúsund fjár í landinu. Veturinn 1978–1979 hygg ég að verið hafi um 910 þúsund fjár á fóðrum en það lætur nærri að verða um 450 þúsund í dag.

Hvað hefur þá gerst? Helmingsfækkun hefur orðið í þessari grein. Hún hefur dregist saman um helming og það samsvarar því ef við tökum þekkt dæmi sem mikið er talað um að meðaljafnstöðuafli okkar í þorskveiðum í kringum 300 þús. tonn er núna kominn ofan í 150 þús. tonn, a.m.k. miðað við útgefinn kvóta. Það sem hefur gerst í sauðfjárræktinni á þessum 15 árum er mjög sambærilegt við það sem hefur gerst í þorskveiðunum í samdrætti mælt. Skal þá engan undra að menn eigi þarna í talsverðum erfiðleikum. Er það ekki svo að það er viðurkennt t.d. í sjávarútveginum að þau landsvæði sem eru háðust þorskveiðum eins og Vestfirðir og hafa ekki átt þess kost að bæta sér upp samdrátt í afla þar með því að auka sókn í aðrar tegundir í sama mæli og sumir aðrir landshlutar eigi í gífurlegum erfiðleikum? Um það er ekki deilt og ekki heldur um skýringarnar eða orsakir þess.

Ég held að ekki sé ósanngjarnt og fullkomin ástæða til þess að gera pínulítinn samanburð hvað varðar hagi sauðfjárræktarinnar sérstaklega, sem er hér aðallega til umræðu, og setja þetta í svolítið sögulegt samhengi.

Auðvitað liggur í hlutarins eðli að geysilegur samdráttur í framleiðslu og umsvifum í einni atvinnugrein skapar gífurlega erfiðleika fyrir viðkomandi framleiðendur og þeim mun meiri erfiðleika ef um er að ræða starfsemi sem verður ekki auðveldlega hlaupið frá, menn geta fært sig yfir í annað eða nýtt mannvirkið til annarra hluta. Sama á að verulegu leyti við úrvinnslu og þjónustu við þessa grein. Þar hafa menn orðið að taka á sig mikla erfiðleika. Þó reynt hafi verið að hagræða í slátrun með úreldingu sláturhúsa og mikilli fækkun þeirra á síðustu árum standa eftir mannvirki sem voru byggð fyrir miklu meiri afköst og framleiðslu en nú er í boði vegna þessa gífurlega samdráttar. Þetta verða menn að horfast í augu við og ræða af hreinskilni ef þeir ætla að ræða um þetta af einhverjum lágmarksskilningi.

Vandinn er hins vegar mjög mikill. Um það deilir enginn að þær aðstæður sem hæstv. núv. landbrh. stóð frammi fyrir á sl. vori þegar hann tók við embætti voru erfiðar. Ég skal fyrstur manna viðurkenna að hans beið erfitt verkefni og hann tók að mörgu leyti við vondu búi. Eitt sem hæstv. ráðherra tók við var að varðandi sauðfjárhliðina höfðu forsendur þær sem eldri búvörusamningur byggði á breyst um margt og að sumu leyti brugðist. Þar eru líka á ákveðnar skýringar. Ákveðnar aðstæður hafa þróast þannig í þjóðarbúskap okkar að ekki var við góðu að búast. Helstu ástæður þess að svo fór sem raun ber vitni eru auðvitað þær að hér hafa gengið yfir þrengingar í efnahags- og atvinnulífi, hér hefur orðið mikið atvinnuleysi. Það hefur orðið fallandi kaupmáttur og skert lífskjör í landinu sem átt hefur sinn þátt í því að framleiðslan hefur dregist saman og lent í erfiðleikum eins og fjölmargar aðrar sambærilegar greinar í þjóðarbúskapnum.

Í þriðja lagi má svo nefna að af hálfu síðustu ríkisstjórnar var um að ræða stórfelldar vanefndir á framkvæmd síðasta búvörusamnings og er tæplega hægt að kalla þær annað en stórfelldar. Í reynd er það þannig að hæstv. fyrrv. landbrh. sat í fjögur ár með hendur í skauti og aðhafðist bókstaflega ekkert í málefnum þessarar greinar þó svo að ljóst væri, einkum síðari hluta kjörtímabilsins, að þar var að stefna í allt aðra og óhagstæðari þróun en menn höfðu gert ráð fyrir. Þar af leiðandi endurtek ég að núv. hæstv. landbrh. tók við miklum vanda og miklum erfiðleikum.

Hvað niðurstöðu samningsins snertir, sem hér er til umræðu, verð ég að segja að mér finnst hann vera að mörgu leyti mjög sérkennileg samsuða. Hann ber þess ekki merki á neinn hátt að til grundvallar hafi legið heildstæð stefnumörkun um það með hvaða hætti skyldi stjórna málum íslensks landbúnaðar og í hvaða átt menn vildu láta hann þróast. Það einkennilegasta við samninginn er auðvitað það sambland af ofstjórn og frjálshyggju sem er í honum. Það er engu líkara en þeir sem stóðu að samningagerðinni hafi ekki með nokkru móti getað gert upp við sig hvort þeir vildu almennt séð stjórn á þessum málum eða hvort þeir vildu láta óheft lögmál framboðs og eftirspurnar, hinn frjálsa markað og samkeppni ráða þar lögum og lofum. Menn geta í hvorugan fótinn stigið þannig að niðurstaðan verður sambland af hvoru tveggja, bastarður sem hefur ævinlega gefist illa. Ég er þeirrar skoðunar að af tvennu illu sé mikið skárra

að menn velji aðra hvora leiðina þegar menn standa í svona aðstöðu. Annaðhvort velji menn það að reyna að hafa stjórn á hlutunum, stjórna framleiðslunni, hafa stjórn á verðlagningu vörunnar og þar fram eftir götunum eða menn reyni það ekki og menn velji þá hina leiðina að láta markaðinn ráða þar ferðinni. Þessi sérkennilega samsuða þar sem annars vegar á að afnema framleiðslustjórnun og fella niður verðlagningu vörunnar og láta hana væntanlega ráðast af markaði, af lögmálum framboðs og eftirspurnar, en hins vegar á að þvinga alla til þess að taka þátt í sameiginlegu ábyrgðarkerfi gagnvart útflutningi og ýmsum verðskerðingargjöldum á vörurnar, er að mínu mati afar vond blanda. Þetta er vondur kokteill, herra forseti, svo ekki sé meira sagt.

Ég held að með þessu fái menn marga þá galla sem hætt er við að fylgi blóðugri samkeppni á svona litlum, sérhæfðum og þröngum markaði eins og hér á í hlut, svo sem þá að um framleiðslusprengingu geti orðið að ræða og það verði glórulaus undirboð og mikið verðfall miklar á vörunni. Framleiðendur eða úrvinnsluaðilar freistist til þess að veita gjaldfrest til þess að reyna að hafa betur í samkeppninni um að koma sinni vöru út og afleiðingar alls þessa þekkjum við. Það verður hrina gjaldþrota, það verður verðlagning sem verður úr öllu samhengi við framleiðslukostnað, undirboð og tilheyrandi erfiðleikar þangað til menn verða komnir á hnén og hvað er líklegt að gerist þá? Þá er líklegt að menn nái saman um að stýra verðlagningunni og framleiðslunni og skrúfi upp verðið til þess að hafa upp í kostnaðinn af samkeppnistímabilinu. Nákvæmlega þetta hefur gerst í hverri greininni á fætur annarri hér í landbúnaðinum sem hefur gengið í gegnum sömu hluti. Þetta er kjúklingadæmið í hnotskurn og svínadæmið að verulegu leyti svo ekki sé minnst á kartöflurnar og gætu menn sagt ýmsar sögur af því hvernig sambærileg vitleysa hefur leikið með það. (**JBH:** En er þá hægt að halda ...?) Bíddu nú við, hv. þm. Á sama tíma og menn ætla að sleppa þessum þáttum lausum og taka þá væntanlega á sig herkostnaðinn af því sem ég óttast að verði umtalsverður í formi lakari lífskjara þeirra sem stunda þessa framleiðslu og úrvinnslu og dreifingu á vörunni, auðvitað má segja að það jákvæða sé þá að á einhverju tímabili njóta neytendur þessa í lægra vöruverði. Við vitum að óheilbrigt ástand af þessu tagi þegar farið er að selja vöruna undir framleiðslukostnaði kemur því miður í bakið á neytendum. Ef þeir verða síðan látnir sitja uppi með herkostnaðinn að lokum í formi hærra vöruverðs þegar menn hafa verið neyddir til þess af illri nauðsyn, náð á nýjan leik saman um framleiðslustýringu sem þjónar fyrst og fremst því markmiði að hækka verð vörunnar. Þá fara menn upp fyrir raunhæft verð eða nauðsynlegt verð til þess að ná inn fyrir herkostnaðinum af áflogunum sem eru að baki.

Á sama tíma á að neita mönnum um það að starfa í kerfinu að öllu leyti þannig að þeir sterkustu geti lifað til frambúðar. Það er gert með þessum sameiginlegu þvingunarákvæðum um þátttöku allra í verðskerðingarkerfi vegna útflutnings og fleiri miðstýringar- eða ofstjórnarákvæðum sem þarna eru á ferðinni í bland við frjálshyggjuna. Þess vegna segi ég, herra forseti, að þetta er vond blanda og ég hef áhyggjur af því að þetta muni ekki leiða menn á farsæla braut. Ég held að það hefði verið miklu skárra ef það væri orðin niðurstaða manna að láta af allri stýringu, hvort sem heldur er verðstýringu eða framleiðslustýringu, að gefa framleiðsluna endanlega frjálsa, búa um þann stuðning sem menn yrðu sammála um að leggja inn í greinina og láta síðan hverjum og einum það eftir með hvaða hætti hann stundaði sinn búskap, hvort hann stílaði fyrst og fremst upp á framleiðslu fyrir innanlandsmarkað eða í bland fyrir innanlandsmarkað og útflutning eða þess vegna eingöngu útflutning. Það væri hverjum og einum í sjálfsvald sett og umfang manna í búskapnum að því leyti væri ekki takmarkað. Þá væri a.m.k. einhver von til þess að menn nytu þeirrar hagkvæmni sem lágur jaðarkostnaður viðbótarframleiðslu getur verið í hagkvæmum rekstrareiningum. Ég sé ekki annað en að með þessu þvingunarkerfi sé alveg girt fyrir það að menn geti reiknað sér til tekna þannig framleiðsluauka þar sem möguleikar eru fyrir hendi að stunda hann eða bæta honum við. Ég hefði þá sagt að einasta takmörkunin sem ætti að leggja á landbúnaðinn ef menn ætla að fara þessa leið á annað borð væri sú sem lyti að umhverfinu og landnýtingunni. Að öðru leyti ætti hann að starfa fullkomlega frjálst í landinu. Ég held að þessi aðferð varðandi útflutninginn alveg sérstaklega sé óvenjulega heimskuleg. Sé hæpið að kerfið geti gengið upp miðað við þarfir innlenda markaðarins á grundvelli framleiðslustjórnunar og opinberrar verðlagningar er enn fráleitara að slík íhlutun geti nokkurn tíma gengið gagnvart útflutningi því þar verða menn auðvitað að byggja á þeim lögmálum einum sem markaðirnir setja mönnum. Önnur framleiðsla en sú sem fær staðist á þeim forsendum þjónar ekki tilgangi nema menn séu á nýjan leik tilbúnir til þess að ráðstafa opinberum fjármunum til að styrkja slíkan útflutning.

Herra forseti. Þá er ég kominn að öðru sem ég held að sé kannski næstalvarlegasta málið í sambandi við samninginn og það sem ég efast mest um. Það er sú stefnubreyting að hverfa frá þeim hreina aðskilnaði sem eldri búvörusamningurinn gerði á milli framleiðslu fyrir innanlandsmarkað og stuðningi við hana annars vegar og útflutningi hins vegar. Róttækasta breytingin í gamla búvörusamningnum frá 1991 var sú að útflutningsuppbætur voru lagðar af og gerð voru algerlega hrein skil á milli þeirrar framleiðslu sem ríkið studdi til að lækka verð vörunnar á innlendum markaði annars vegar og hins vegar þeirrar tilraunar sem menn kynnu sjálfir að vilja gera til að flytja út vöruna á eigin ábyrgð. Þessi skil eru nú gerð óhrein á nýjan leik eða tekin burt vegna þess að um leið og framleiðslustýring verður afnumin og mönnum í sjálfsvald sett hversu mikið þeir framleiða, t.d. umfram það greiðslumark sem þeir hafa, opnast aftur í reynd sá möguleiki að þarna flæði fjármagn á milli og það mun gera það. Enginn getur borið á móti því að þegar frá líður er alveg eins hægt að segja að stuðningurinn fari í að kosta útflutninginn sem mun eiga sér stað á hverjum tíma. Það er að mínu mati ekki bara vont og vitlaust vegna þess að þá fara skattpeningarnir ekki í að lækka verðið til neytenda innan lands. Þetta er stórhættulegt fyrir landbúnaðinn sjálfan vegna þess að þá mun sú umræða koma upp á nýjan leik sem var honum einna erfiðust á árum áður og það voru ásakanir um það opinbera fé sem fór í herkostnaðinn af útflutningnum. Það var auðvitað sá hlutur sem allra síst var hægt að verja í því ástandi sem ríkti fyrir árið 1991. Það voru þeir stórfelldu fjármunir í hundruðum millj. kr., ef ekki milljörðum sum árin, sem fóru í útflutningsuppbætur. Auðvitað var svo komið að engar pólitískar forsendur voru fyrir því í landinu að verja það kerfi og það sáu menn þegar komið var fram á þennan tíma. Ég sé ekki annað en menn séu að taka þarna stórfellda áhættu af því og þá á ég ekki síður við bændur og landbúnaðinn en neytendurna og þá hliðina að lenda í þessum ógöngum á nýjan leik. Um þetta hef ég

miklar efasemdir, herra forseti, og ég sé eftir því að menn skuli ekki vera tilbúnir til að verja áfram þá stefnu sem tekin var upp árið 1991 með afnámi útflutningsuppbótanna.

Auðvitað má segja að varðandi tekjur til bænda og möguleikana á aðstoð við þá sem eiga í miklum erfiðleikum geti þjóðhagslega séð til skamms tíma litið verið árangursrík aðferð að styðja við bakið á þeim með einhverjum fjármunum til að auka eitthvað framleiðslu sína og stíla á útflutningsmarkað. En sú leið ber dauðann í sér eins og við vitum. Sú framleiðsla sem ekki stendur á eigin fótum er til lengri tíma litið alltaf því marki brennd að hún er tekin úr samhengi við raunverulegar aðstæður, tilkostnað við framleiðslu og markaðsaðstæður og það getur aldrei verið æskilegt að standa þannig að málum. Niðurstaða mín var sú og er sú enn þann dag í dag að fjármununum sé betur varið í formi beinna greiðslna eða beins stuðnings til þessarar stéttar ef það er niðurstaða manna í samfélaginu að hún búi við óásættanleg kjör og þar þurfi að bæta eitthvað úr.

Herra forseti. Ég geri eitt að umtalsefni og það er upphafið að málinu og að búvörusamningnum. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst það dapurlegt þegar menn hófu enn á ný í haust sem leið nýja vegferð í þessum efnum og hrintu nýjum búvörusamningi úr vör með útsölu á kjöti. Það er eins og menn hafi ekkert lært og ætli ekkert að læra því að eitt af því sem klúðraði framkvæmdinni á eldri búvörusamningi var einmitt kjötútsala hæstv. landbrh. Halldórs Blöndals í ágústmánuði áður en búvörusamningurinn frá 1991 tók gildi þegar meira en tvöföld mánaðarsala ruddist út á einum mánuði sem verkaði auðvitað þannig eins og alltaf hefur verið að allar frystikistur bæði á heimilum og í vinnslustöðvum fylltust af gömlu kjöti og þegar ný framleiðsla kom á markað var engin sala mánuðum saman. Menn byrjuðu strax í upphafi að rúlla á undan sér birgðum með þessum hætti svo að nam hundruðum tonna. Að mínu mati var þessi útsala á sínum tíma í ágústmánuði áður en eldri búvörusamningurinn tók gildi hrein svik við bændur vegna þess að það var um það samið að það skyldi skila þeim birgðastöðu sem næmi þriggja vikna innanlandssölu. Um það var samið á sínum tíma og það var svikið með því að koma aftan að bændum og halda kjötútsölu í mánuðinum áður en bændur yfrtóku ábyrgðina á birgðahaldinu.

Hvað er svo verið að gera núna? Hvað hafa menn lært af þessum ógöngum? Ekki neitt því að það er byrjað nákvæmlega eins núna með kjötútsölu í ágúst þannig að nú eru allar kistur á heimilunum og í vinnslustöðvunum fullar af gömlu kjöti og salan verður sáralítil fram að áramótum á framleiðslu þessa hausts. Menn byrja því að rúlla þessu einu sinni enn á undan sér og það getur ekki annað en haft neikvæð áhrif á söluna og verið vond vörukynning fyrir þessa vöru. Herra forseti, þetta er satt best að segja ákaflega dapurlegt.

Herra forseti. Þetta eru þeir þættir sem ég tel vera einna lakasta og gera það að verkum að ég hef hvað mesta fyrirvara á um samninginn. Ég held að hvað ýmsa aðra þætti snertir svo sem þann fjárhagsramma sem þarna er lagður varðandi stuðning við greinina sé hann eins og við mátti búast og í ljósi þess hversu mikið ríkisútgjöld til þessa málaflokks drógust saman í kjöfar búvörusamningsins frá 1991 var varla við því að búast að menn treystu sér að halda þar áfram að draga stórfellt saman. Ég minni á og það er óumdeilt að sparnaður vegna þeirrar stefnubreytingar sem var tekin upp með samningnum 1991 er um 3–4 milljarðar kr. á ársgrundvelli nú. Ef borin eru saman til að mynda útgjöld til hefðbundinna búgreina árin 1991 og 1994 er munurinn þar á milli 3 og 4 milljarðar kr. þannig að þau markmið sem sett voru með samningnum að þessu leyti hafa óumdeilanlega náðst og engin ein aðgerð í ríkisfjármálum á síðari árum hefur skilað jafnmiklum sparnaði í opinberum útgjöldum.

Herra forseti. Að lokum vil ég eins og margir fleiri hafa gert gagnrýna það að við gerð samningsins nú var með einhverjum hætti, mér liggur við að segja með óskiljanlegum hætti, klúðrað þeirri samstöðu sem hafði þó náðst í grófum dráttum milli allra helstu og víðtækustu hagsmunaaðila í þjóðfélaginu um það með hvaða hætti skyldi taka á þessum sérstöku vandamálum hefðbundinna búgreina í landbúnaði. Ég tel að það samkomulag og sú samstaða sem náðist á árunum 1990–1991 um það mál hafi í raun og veru verið gagnmerk vegna þess að hún markaði heilmikil tímamót í samskiptum þessara aðila. Árin þar á undan gætti vaxandi óánægju í verkalýðshreyfingunni með stöðu mála í landbúnaðinum, kröfur um innflutning á búvörum til þess að lækka vöruverð voru háværar og jafnvel var ályktað um þá hluti á landsþingum heildarsamtaka launamanna.

Með starfi sjö manna nefndar og búvörusamningnum vorið 1991 náðist víðtæk samstaða um það hvernig skyldi tekið á þessum vandamálum. Það er auðvitað alveg ljóst að sú samstaða var m.a. grundvöllur þess að menn treystu sér almennt ekki til að mæla gegn þeim gerningi á hinum pólitíska vettvangi og var þó heitt í kolunum í aðdraganda alþingiskosninga vorið 1991. Það voru einstöku hetjur eins og hv. þm. Egill Jónsson og hv. þm. Páll Pétursson sem ætluðu sér að slá pólitískar keilur á því að vera á móti búvörusamningnum þá en töpuðu yfirleitt á því og fóru enga frægðarför. Ástæða þess að menn voru yfirleitt ekki með andstöðu var að mínu mat ekki síst þessi þverfaglega eða þverpólitíska samstaða sem tókst um samninginn og framkvæmd hans.

Þessu var síðan klúðrað með einhverjum hætti og ég skil satt best að segja ekki hvernig menn fóru að því vegna þess að ég veit og ég fullyrði að það stóð góður hugur til þess af hálfu til að mynda forsvarsmanna verkalýðshreyfingarinnar, bæði Alþýðusambandsins og BSRB, að halda þessu starfi áfram. Það hefur þó ekki verið alveg óumdeilt í þeirra röðum að verkalýðshreyfingin ætti að axla pólitíska ábyrgð af því að ganga í þau erfiðu verk og standa ábyrg að þeirri erfiðu ákvarðanatöku sem þar var á ferðinni. Það hefur eðlilega ekki verið óumdeilt. Þannig að þeim mun meiri eftirsjá er í því að menn skyldu klúðra þessu. Umsagnir um málið bera þess vitni að þarna hefur mikilvæg samstaða rofnað og er það mjög ámælisvert. Að vísu hefur hæstv. landbrh. nú boðað að nú hyggist hann kveðja menn til funda á nýjan leik og setja á laggirnar nefnd og það er sjálfsagt betra seint en ekki, en ég veit auðvitað ekkert um það hvaða andrúmsloft verður ríkjandi t.d. í verkalýðshreyfingunni gagnvart því að koma að þessum málum meira og minna sem gerðum hlut.

Auðvitað er það svo að innan verkalýðshreyfingarinnar eru líka að mörgu leyti skiptar skoðanir um stefnuna í þessum málum eins og er innan margra stjórnmálaflokka. Þar er stutt í sambærilegan áherslumun og menn finna gjarnan í máli þeirra sem annars vegar koma af landsbyggðinni eða af landbúnaðarsvæðunum og hins vegar þeirra sem nálgast málið meira frá sjónarhóli neytenda í þéttbýlinu. En verkalýðshreyfingin er þó að einu leyti sambærilega sett í málinu og stjórnvöld. Hún hefur innan sinna vébanda fólk sem á víðtækra hagsmuna að gæta í málinu báðum megin frá. Sem heildarsamtök launamanna að horfir hún auðvitað

á lífskjörin, einnig í þeim skilningi hvert er vöruverðið í landinu og hver kaupmáttur launanna er gagnvart mikilvægum neysluvörum eins og búvöru, þótt hlutfall þeirra hafi að vísu farið jafnt og þétt lækkandi á undanförnum árum. En hún nálgast líka málin frá þeim sjónarhóli að þúsundir félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar eiga atvinnu sína undir þessari atvinnugrein komna. Og ætli það sé ekki þannig að forustumenn verkalýðsfélaga á fjölmörgum þéttbýlisstöðum úti á landi hafi býsna mikinn skilning á því að það skipti máli að varðveita í landsframleiðslunni þau umsvif sem íslenskur landbúnaður, úrvinnsla og þjónusta stendur fyrir. Það er að bestu manna yfirsýn talið að um 12–15 þúsund ársverk í landinu tengist beint og óbeint þessari atvinnugrein. Þar má nefna staði eins og Hvolsvöll, kjördæmi hv. þm. sem hér stendur í dyrunum og talaði mjög spaklega um þessi mál í gærkvöldi. Við getum líka farið hringinn og tekið Selfoss og Borgarnes, Hvammstanga, Blönduós, Sauðárkrók, Akureyri, Húsavík, Egilsstaði. Ætli það sé ekki þannig að forsvarsmenn verkalýðsfélaga á þessum stöðum hafi líka skilning á málinu frá þessari hlið. Það held ég og ég fullyrði að það átti sinn þátt í því að t.d. Alþýðusambandið var jafntilbúið og raun bar vitni til að nálgast þessi mál með ábyrgum hætti og axla ábyrgð á erfiðum pólitískum ákvörðunum á sínum tíma. Þeim mun hraklegra er það og óskynsamlegra að reyna ekki að hafa gott samband og samráð við slíka aðila um meiri háttar stefnumörkun og ákvarðanatöku eins og búvörusamningur til margra ára auðvitað er. Þar er líka um ráðstöfun mikilla fjármuna að ræða, eins og hér hefur iðulega verið gert að umtalsefni.

Herra forseti. Með vísan til þess sem ég hef að framan sagt og þeim efasemdum og athugasemdum sem ég hef lýst við samninginn, þá er það mín niðurstaða að ég mun ekki greiða honum atkvæði mitt í þeirri gerð sem hann liggur hér fyrir, enda í sjálfu sér ekki sérstaklega eftir því óskað. Það hefur ekki verið leitað samstarfs við stjórnarandstöðuna um málið og þar af leiðandi hlýtur hæstv. ríkisstjórn að bera á því alla pólitíska ábyrgð. En það er síður en svo þar með sagt af minni hálfu að samningurinn sé að öllu leyti slæmur. Ég viðurkenni það fúslega og manna fyrstur að auðvitað bar brýna nauðsyn til að ná lendingu í þessu máli og ná fram samningum. Það var stórlega ámælisvert hvernig fyrri ríkisstjórn hafði trassað það með öllu að taka á þeim vandamálum sem öllum var orðið ljóst að upp voru komin í landbúnaðinum, einkum og sér í lagi hvað sauðfjárframleiðsluna snertir. Ég ætla því heldur ekki að leggja stein í götu þessa máls með neinum hætti og vona að það teljist ekki né verði túlkað sem slíkt að ég hef leyft mér að tala um málið eins og hálfa stund.

Umræðu frestað.

Fríverslunarsamningur Íslands og Litáens, fyrri umr.

Stjtill., 192. mál. — Þskj. 240.

[12:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir þáltill. á þskj. 240 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Íslands og Litáens og fyrir þáltill. á þskj. 241 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Íslands og Lettlands.

Fríverslunarsamningar þessir voru undirritaðir í Kolding á Jótlandi 30. ágúst 1995. Fríverslunarsamningarnir eru hliðstæðir þeim samningum sem EFTA-ríkin hafa gert við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Samningarnir kveða á um fríverslun milli landanna með iðnaðarvörur. Þeir ná einnig til fisks og fiskafurða og til vara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarafurðum. Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um framkvæmd viðskipta með þær í sérstökum bókunum við samninginn.

Ég vík nú sérstaklega að fríverslunarsamningi við Litáen. Ísland og Litáen afnámu alla innflutningstolla á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í þessum löndum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins. Hið sama gildir um fisk og fiskafurðir nema að því er varðar nokkrar fisktegundir þar sem um aðlögunartíma er að ræða. Litáen fær níu ára aðlögunartíma til þess að afnema tolla á þurrkuðum, söltuðum og reyktum fiski, svo og á niðurlögðum og niðursoðnum fiski. Þó gerir samningurinn ráð fyrir því að strax við gildistöku hans taki gildi í Litáen tollfrjás innflutningskvóti fyrir saltsíld. Sá kvóti verður 300 tonn fyrsta ár samningsins. Hann stækkar síðan um 40 tonn á ári þar til hann hefur náð 500 tonnum.

Í sérstakri bókun með samningnum lýsir ríkisstjórn Litáens því yfir að á fyrsta fundi sameiginlegrar nefndar Íslands og Litáens um framkvæmd samningsins megi endurskoða hann með möguleika á því að auka saltsíldarkvóta.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur. Spyrja mætti hvers vegna aðlögunartími fyrir niðurfellingu tolla á fiski er svo langur sem raun ber vitni. Skýringin er eftirfarandi:

Þegar Ísland samdi við Litáen hafði nýlega verið gerður fríverslunarsamningur milli Evrópusambandsins og Litáens. Samkvæmt þeim samningi fær Litáen varanlega undanþágu frá fríverslun fyrir margar mikilvægar fiskafurðir. Evrópusambandið féllst á að Litáen mætti halda háum tollum á söltuðum, reyktum, þurrkuðum og niðursoðnu fiski. Litáen vildi semja um það sama til Ísland. Samningamönnum Litáens var tjáð að Ísland gæti ekki gert fríverslunarsamning við Litáen nema tryggð væri full fríverslun með fisk og fiskafurðir, enda væri fiskur fríverslunarvara hjá EFTA. Litáar fóru þá fram á langan aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla á unnum fiski öðrum en frystum flökum. Var þá samið um níu ára aðlögunartíma. Tollar fara lækkandi á þessum aðlögunartíma en falla alveg niður að honum loknum.

Í samningaviðræðunum við Litáen lagði Ísland mikla áherslu á að fá tollfrjálsan aðgang fyrir saltsíld þar eð Íslendingar þurfa nýja markaði fyrir síldina og áhugi er í Litáen á íslenskri síld.

Herra forseti. Fríverslunarsamningurinn milli Íslands og Lettlands er að mörgu leyti mjög hliðstæður fríverslunarsamningnum við Litáen. Ísland og Lettland afnema alla innflutningstolla af iðnaðarvörum sem upprunnar eru í löndunum, svo og öll gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins. Samningurinn gerir ráð fyrir fjögurra ára aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla á vissum fiskafurðum. Tollar falla strax niður á öllum heilum, ferskum og frystum fiski nema á laxi og bristlingi. Hið sama

gildir um fryst karfaflök og flök af flatfiski, svo sem lúðu og kolaflök. Hins vegar verður fjögurra ára aðlögunartími fyrir niðurfellingu tolla á söltuðum, reyktum, þurrkuðum og niðursoðnum fiski, svo og á frystum flökum öðrum en þeim sem ég gat um áður. Á aðlögunartímanum munu tollar fara lækkandi þannig að eftir tvö ár lækka tollar um þriðjung, eftir þrjú ár lækka tollar aftur um þriðjung og eftir fjögur ár falla tollarnir alveg niður.

Í fríverslunarviðræðunum við Lettland lagði Ísland mikla áherslu á saltsíldina eins og í viðræðunum við Litáen. Farið var fram á fulla fríverslun strax fyrir saltsíld. Ekki náðist það fram. Hins vegar náðist mun styttri aðlögunartími en í Litáen, eða fjögur ár. Einnig fékkst tollfrjáls kvóti fyrir saltsíld, 200 tonn á ári.

Í samningaviðræðunum var gerð bókun samningsaðila um að athugað yrði á fyrsta fundi sameiginlegrar nefndar hvort stækka megi saltsíldarkvóta. Eftir að fríverslunarsamningar við Litáen og Lettland höfðu verið undirritaðir hófust að frumkvæði annarra EFTA-ríkja, með samþykki Íslands og aðild Íslands, samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og allra Eystrasaltsríkjanna um gerð fjölþjóðlegra fríverslunarsamninga milli þessara aðila. Fyrir skömmu náðist samkomulag í þeim viðræðum. Er ráðgert að undirrita fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna og allra Eystrasaltslandanna á ráðherrafundi EFTA í Zermatt í Sviss 7. og 8. desember nk., þ.e. í næstu viku. Hinir fjölþjóðlegu samningar byggja í öllum aðalatriðum á tvíhliða samningunum milli einstakra EFTA-ríkja og Eystrasaltsríkjanna. Við munum reyna að flýta gerð þessa samnings hér á landi. Þýðing er þegar hafin og honum verður þá strax komið til utanrmn. því að auðvitað færi best á því ef hægt væri að ganga frá þeim samningi fyrir áramót og staðfesta hann hér á Alþingi því þá tækju samhliða gildi samningar við öll Eystrasaltsríkin þar sem EFTA-samningurinn nær til þeirra allra.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. þeim sem ég hef mælt fyrir verði vísað til utanrmn. að lokinni þessari umræðu.

[13:03]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna því að hér eru lagðar fram þáltill. til staðfestingar á fríverslunarsamningum Íslands við tvö Eystrasaltsríkjanna. Þessir samningar hafa verið lengi í undirbúningi, frá því snemma árs 1993. Þetta eru viðamiklir samningar, sams konar samningar og Ísland sem eitt af EFTA-ríkjunum hefur áður gert við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Sannleikurinn er sá að þetta er viðamikil og flókin samningsgerð og nauðsynlegur liður í fríverslunarferlinu í Evrópu nú. Sumir kynnu að spyrja: Er ekki í óþarflega mikið lagt að útbúa samningsramma um svo lítil viðskipti? Því að sannleikurinn er sá að þótt Íslendingar hafi komið mjög við sögu við að tala máli Eystrasaltsþjóða í sjálfstæðisbaráttu þeirra á sínum tíma og eigi þar verðmæta, andlega inneign, þá eru þessi viðskipti í krónum og aurum býsna smá. Ef við lítum t.d. á Litáen, þá eru þær upplýsingar gefnar að fyrir árið 1994 voru útflutningsvörur okkar til Litáens um 20 millj. kr., 12,8 millj. veiðarfæri og 6,5 millj. prjónavörur, 2,4 millj. saltsíld. Innflutningsvörur voru tæplega 10 millj. kr., vefnaðarvörur og fiskmeti.

Að því er varðar Lettland eru tölurnar á þær leið að verðmæti útflutnings til Lettlands sama árið er 6,4 millj. en innflutningur þaðan 50,2 millj. Það sem helst sætir tíðindum um þessa samninga er það sem varðar saltsíldarmöguleika, þar sem þetta eru þjóðir sem hafa langa hefð fyrir því. En spurningin er hvort kaupmátturinn leyfir það á samkeppnishæfu verði að þessir markaðir þróist, þótt samningsniðurstaðan sé ásættanleg.

Það er ástæða til þess fyrir okkur þegar við ræðum fríverslunarsamninga við þessar þjóðir að spyrja sem svo: Hver er reynslan frá árinu 1991, eftir að Íslendingar urðu fyrstir þjóða til þess að viðurkenna endurheimt sjálfstæði þessara ríkja, af uppbyggingarstarfinu með þessum þjóðum? Hvað segir þessi reynsla okkur um það hvernig þeim hefur tekist til í framkvæmd við að treysta undirstöður sjálfstæðis síns að því er varðar uppbyggingu á atvinnu- og efnahagslífi, utanríkisverslun fyrir nú utan að byggja upp allt annars konar hagkerfi byggt á markaðskerfi, samkeppni, frjálsum utanríkisviðskiptum og því um líku.

Sannleikurinn er sá að það er erfitt fyrir þá sem utan standa að átta sig á hvers konar erfiðleikatímabil það er sem menn þurfa að ganga í gegnum og þjóðir þegar á tiltölulega skömmum tíma þarf að umbreyta þjóðfélögum sem áratugum saman hafa búið við miðstýrðan efnahagsbúskap, lögreglustjórn og valdstjórnarfyrirkomulag af því tagi sem sovét-kommúnisminn var Ef við lítum fyrst til Litáens má segja að helstu erfiðleikarnir séu nú þegar að baki. Fyrstu tvö árin eftir að sjálfstæðið var endurheimt voru hins vegar miklir hörmungartímar. Þjóðarframleiðsla fór niður á við, hún minnkaði um það bil á helming á fyrstu 2–3 árunum. Verðbólga fór yfir 1000% á tímabili. Lífskjör fólks hrundu eins og gerist alls staðar í þessum löndum við sambærileg skilyrði. Kaupmáttur varð fórnarlamb þessarar óðaverðbólgu og gríðarleg þjóðfélagsleg spenna myndaðist að sjálfsögðu vegna þess að væntingarnar voru allt aðrar hjá öllum þorra almennings en reynslan síðan leiddi í ljós.

Nú má segja að þessir erfiðleikar séu að baki að því leyti að þjóðarframleiðslan er hætt að hrynja og á yfirstandandi ári ef spáð hagvexti, t.d. í Litáen um 5%. Og í þeirra eigin áætlunum og spám fram á við, þ.e. út þessa öld, gera þeir jafnvel ráð fyrir miðað við gefnar forsendur að hagvaxtarskeið geti hafist með allt að 5–9% hagvexti á ári ef allt tekst til eins og best getur orðið. Þeim hefur tekist þokkalega, öllum löndunum, kannski Eistum best við aðalatriði þessara umbreytinga, þ.e. koma sér upp sjálfstæðri mynt, sem er frjáls á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Verðbólgan almennt séð er komin í 20% eða jafnvel undir það. Þeir hafa lokið því verki að koma á löggjöf um frjálst viðskiptahagkerfi, um fjármagnsmarkaði, gjaldeyrismarkaði, utanríkisviðskipti o.s.frv. Einkavæðing, þ.e. að koma ríkisreknum fyrirtækjum í hendurnar á almenningi, hefur tekist bærilega. Í Litáen mun um 60% vinnandi fólks starfa utan opinbera geirans. En það sem einna helst hefur staðið á er þátttaka erlends áhættufjármagns í þessum löndum. Þar sker sig úr að erlent fjármagn hefur langsamlega verið mest í Eistlandi. Ef við tökum Litáen sem dæmi, þá er það nú að nálgast hálfan milljarð Bandaríkjadala. Okkur þætti það umtalsverð upphæð hér á landi þar sem við höfum enga erlenda fjárfestingu haft í 20 ár. En aðalatriðið er þó hverjar horfurnar eru fram undan um framhald efnahagslegrar uppbyggingar á þessum forsendum og þær eru þessar:

Ef við lítum t.d. á sænskar skýrslur um Eystrasaltssvæðið, þá gefa þeir sér að undirstöðu samtengt svæði: Svíþjóð, Danmörk og Finnland af Norðurlöndunum, Pétursborgarsvæðið í Rússlandi, Eystrasaltslöndin þrjú, Eistland, Lettland, Litáen, uppbyggingin í Póllandi, hin risavaxna uppbygging og um-

skipti sem orðið hafa í austurhluta Þýskalands fyrir atbeina vestur-þýskra stjórnvalda. Þetta skapar eitt samfellt efnahagssvæði með um 50 millj. íbúa. Þar eru yfir 50 borgir með yfir 100 þúsund íbúa og þar er fjárfesting, að verulegu leyti frá Evrópusambandinu í stofnanaramma þjóðfélaganna, að komast á skrið og verða gríðarleg. Þar á ég við nýtt samgöngukerfi járnbrauta, vega, flugvalla sem eru af gríðarlegri stærðargráðu. Ef friður helst í þessum heimshluta, ef markmið þessara þjóða um að ná inngöngu í Evrópusambandið snemma á næstu öld nær fram að ganga, ef öryggismál þeirra verða tryggð með útvíkkun NATO, þá er ekki nokkur vafi á því að þarna verður eitt mesta hagvaxtarsvæði Evrópu á næstu öld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur Íslands og Lettlands, fyrri umr.

Stjtill., 193. mál. — Þskj. 241.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða kjörbarna og foreldra þeirra, 3. umr.

Frv. ÖS og SAÞ, 13. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 256.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:16]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MÁ, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS.
24 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, DO, DSigf, EKG, FrS, GHall, GGuðbj, HjálmJ, HG, IP, JBH, KH, MF, ÓE, ÓRG, ÓHann, SighB, SP, StB, SvG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 263).

Fríverslunarsamningur Íslands og Litáens, frh. fyrri umr.

Stjtill., 192. mál. — Þskj. 240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:16]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur Íslands og Lettlands, frh. fyrri umr.

Stjtill., 193. mál. — Þskj. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:17]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.
[13:13]

Útbýting þingskjals:
Framleiðsla og sala á búvörum, 204. mál, frv. landbrh., þskj. 262.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 13:18.

---

47. FUNDUR

fimmtudaginn 30. nóv.
að loknum 46. fundi.

Dagskrá:
Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 204. mál, þskj. 262. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. landbrh., 204. mál (frestun greiðslumarks). — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:19]
Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.
[13:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):
Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir litlu frv. Það er ekki nema tvær greinar og lætur ekki mikið yfir sér. Efni frv. er þar að auki að verða hv. þm. nokkuð kunnugt. Það felur í sér að fresta einu sinni enn ákvörðun sem landbrh. þarf að taka um heildargreiðslumark sauðfjárafurða fyrir verðlagsárið 1996–1997. Farið er fram á að sá frestur verði framlengdur frá morgundeginum, 1. des. til 6. des. þar sem ekki er lokið í hv. Alþingi umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, nauðsynlegum breytingum sem tengjast búfjársamningnum sem gerður var milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnarinnar og dags. var 1. okt. sl. Hv. Alþingi þekkir málið og málavexti. Ég vona að fullkomin samstaða sé um að afgreiða málið með

þessum hætti þannig að umræðan í gær og dag um breytingar á búvörulögunum geti haldið eðlilega áfram eftir helgina. Tími til umræðu hefur verið naumur. Nefndastörfum lauk í gærmorgun. Nefndarálitum var dreift upp úr hádegi og umræða hófst ekki fyrr en síðdegis þannig að öllum er ljóst að tími til umræðunnar hefur verið mjög knappur, en ég vona að með þessu náist betri sátt um afgreiðslu málsins. Þessi frestur sem beðið er um til 6. des. dugir til að hægt sé að ljúka umræðu um hið fyrra mál sem ég hef nefnt og ljúka afgreiðslu þess þann 7. des.

Málið hefur verið rætt við einstaka nefndarmenn í landbn. þannig að ég geri ekki tillögu um því verði vísað til hv. landbn. Ég held að á því sé ekki þörf þar sem öllum nefndarmönnum er kunnugt um það og hafa áður fjallað um frv. sama eðlis. Ég óska því eftir að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[13:22]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með þessu litla frestunarfrv. hefur hæstv. landbrh. að mínu mati staðfest að sú gagnrýni sem fram hefur verið borin á málsmeðferðina er réttmæt. En hann hefur brugðist við með sannngjörnum hætti. Staðreyndin er sú að þetta mál hefur verið lengi til umfjöllunar í landbn. Það hefur dregist mjög lengi að samkomulag tækist milli stjórnarliða um málið. Síðan er það að þegar þeir hafa loksins náð samkomulagi um brtt., þá stóð til að keyra málið í gegnum þing án þess að hæfilegur tími gæfist fyrir stjórnarandstöðu að kynna sér þær breytingar sem á voru orðnar eða undirbúa hugsanlega aðrar breytingar. Með þessari niðurstöðu, frestun málsins fram í næstu viku, er raunverulega verið að viðurkenna að málsmeðferðinni hafi verið áfátt.

Ég vil líka benda á að umræðan sem fram hefur farið hefur verið með þeim hætti að jafnt stjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar hafa sett fram gagnrýni á málið, á málsmeðferð, efnistök og efnisinnihald þess. Ég vil því fagna frv. landbrh. og tel að hann hafi tekið skynsamlegan kost með því að flytja það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:24]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 13:24.

---

48. FUNDUR

fimmtudaginn 30. nóv.
að loknum 47. fundi.

Dagskrá:

Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 204. mál, þskj. 262. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. landbrh., 204. mál (frestun greiðslumarks). — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:25]

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:26]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DSigf, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MÁ, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, DO, EKG, FrS, GHall, HG, IP, KH, MF, ÓRG, ÓHann, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 13:28.

---

49. FUNDUR

fimmtudaginn 30. nóv.
að loknum 48. fundi.

Dagskrá:

Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 204. mál, þskj. 262. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. landbrh., 204. mál (frestun greiðslumarks). — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:29]

Of skammt var liðið 2. frá umr. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DSigf, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MÁ, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
19 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EKG, FrS, GHall, HG, IP, JBH, KH, MF, ÓRG, ÓHann, SP, StB, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 264).

Fundi slitið kl. 13:33.

50. FUNDUR

mánudaginn 4. des.
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Endurskoðun slysabóta sjómanna.

[15:03]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til samgrh. vegna þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum sem samþykkt var á 117. löggjafarþingi 1993, en í þeirri þál. segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Siglingamálastofnunar."

Tilefni þessa, virðulegi forseti, var m.a. það að siglingalögin eru ekki aðgengilegri en það að ef sjómenn slasast við það að bjarga félögum sínum sem hafa fallið fyrir borð, þ.e. kasta sér í sjóinn á eftir félaga sínum og slasast við það, þá er ekki gert ráð fyrir því í siglingalögum að þeir eigi rétt til bóta. Af þeim sökum og vegna þess að upphæðir tryggingabóta siglingalaganna eru orðnar það lágar að full ástæða er til þess að skoða þær beini ég þeirri fyrirspurn til samgrh. hvað líði endurskoðun þessara ákvæða siglingalaga og hvort ekki sé þegar hafin vinna hvað þetta varðar.

[15:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég veit ekki betur en sú nefnd sem hefur um þessi mál að segja og er að athuga þessi mál vinni vel að verkefninu. Í samgrn. er hafin vinna að því að athuga sérstaklega í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands og aðra sem vinna að björgunarstörfum og slysavarnastörfum, hin frjálsu félög sem vinna að slíku, hvernig staðið skuli að leit á sjó og landi, reyna að samræma reglur. Jafnframt er verið að fara yfir þau ákvæði sem lúta að slysatryggingum og milliríkjasamningum sem lúta að því hvernig hægt sé að auka öryggi á hafinu.

Þessi mál öll í heild sinni eru í endurskoðun nú og samvinna er hafin milli ráðuneytisins og aðila utan ráðuneytisins um það hvernig best sé að standa að málum. Mér er kært að nota þetta tilefni, fyrirspurn hv. þm., til þess að ýta á eftir þessu máli og reyna að tryggja það að niðurstaða geti legið fyrir strax í upphafi næsta árs, í janúar eða febrúarmánuði.

Áhrif búvöruverðs á almenna verðlagsþróun og forsendur kjarasamninga.

[15:07]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þann 29. nóv. sl. afhenti ríkisstjórnin aðilum vinnumarkaðarins yfirlýsingu vegna þeirra viðræðna sem þá höfðu farið fram undangengna daga um launamál í launanefnd. Í þeirri yfirlýsingu segir m.a. svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Aðilar vinnumarkaðarins hafa lýst áhyggjum sínum vegna mögulegra áhrifa búvöruverðs á almenna verðlagsþróun á næsta ári. Hafa þeir einkum nefnt breytingar á verðlagi grænmetis og afurðum svína og alifugla.

Ríkisstjórnin mun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa framleiðenda kanna ábendingar ASÍ og VSÍ og leita leiða til að koma í veg fyrir að verðlagsbreytingar á áðurnefndum afurðum raski verðlagsforsendum kjarasamninga."

Það er ljóst að hér er verið að vísa m.a. til minnisblaðs sem aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt fram um þessi mál sem m.a. kveður á um verulegar breytingar, í fyrsta lagi á magntollum vegna landbúnaðarafurða, þ.e. allt að helmingslækkun strax á magntollum. Enn fremur er gert ráð fyrir því í þessu minnisblaði að svína-, alifugla- og eggjaframleiðsla falli undir samkeppnislög. Þess vegna er ljóst að hér er verið að tala um býsna stóra hluti. Það liggur fyrir samkvæmt yfirlýsingum talsmanna m.a. Alþýðusambands Íslands, t.d. Gylfa Arnbjörnssonar, hagfræðings Alþýðusambandsins, í Morgunblaðinu að það er mjög byggt á því að verðlagsforsendur kjarasamningsins standist að þetta muni ganga eftir.

Þess vegna hef ég áhuga á því að spyrja hæstv. landbrh. hvað þarna búi að baki, hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hafi um það að breyta þannig málum að það megi takast að halda verðlagsþróuninni innan þeirra marka sem að er stefnt, eða um 2,4% verðbólgu á næsta ári. Hér erum við að tala um einn af hornsteinum þess að hægt sé að tryggja frið á vinnumarkaði og lágt verðbólgustig og þess vegna er mjög mikilvægt að hæstv. landbrh. svari því nú með hvaða hætti hann muni vinna að því að tryggja þessa nauðsynlegu forsendu þess að friður megi haldast á vinnumarkaði.

[15:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Út af þessari fyrirspurn er rétt að það komi fram að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fyrst og fremst sagt að ríkisstjórnin sé reiðubúin ásamt aðilum vinnumarkaðarins og framleiðendum að kanna hvað búi á bak við, kanna þessar ábendingar aðila vinnumarkaðarins og leita leiða til þess að koma í veg fyrir að verðlag á búvörum hafi meiri áhrif á verðlagsþróun í landinu en eðlilegt getur talist og meira en í samræmi við það sem gerist við aðrar vörur og aðra verðlagsþróun.

Ég hef marglýst því yfir að ég tel að það sé ekkert sem hafi bent til þess, en það var mikið í umræðunni sérstaklega í sumar og haust, að GATT-samkomulagið svokallaða hafi haft áhrif á verðlag á grænmeti svo eitt dæmi sé nefnt sem þá var í umræðu, enda er það ekki sérstaklega nefnt í þessari yfirlýsingu. Og hvað svo sem þetta ákvæði yfirlýsingarinnar kann að byggja á um það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, um álitsgerð frá Vinnuveitendasambandinu um verðlagsþróun, þá eru engin einstök efnisatriði tekin inn í yfirlýsingu rík-

isstjórnarinnar heldur aðeins yfirlýsing um að setjast niður og ræða málið og leita leiða til þess að verðlag fari ekki úr böndunum. Þetta finnst mér eðlileg og sjálfsögð yfirlýsing. Ég er tilbúinn til að taka þátt í henni en ég á von á því að á næsta ríkisstjórnarfundi, sem væntanlega verður á morgun, verði rætt um áframhaldandi vinnubrögð, þ.e. hvernig staðið verður að málinu og hversu mikið það verður að frumkvæði landbrh. eða landbrn. eða hvort það verður almennt í samræmi við yfirlýsinguna á verksviði forsrn. Það skiptir reyndar ekki öllu máli, heldur mun landbrn. að sjálfsögðu vera tilbúið til að taka þátt í þeirri umræðu.

Að lokum vil ég taka fram að verðlagsforsendur hafa í raun staðist þannig að það er ekki gerð athugasemd við það eins og allir vita í sambandi við kjarasamningaviðræðurnar í seinustu viku. Það var ekki forsenda til uppsagna samninga vegna þess að verðlagsforsendur hefðu ekki staðist. Þær eru innan þeirra marka sem áskilið var.

[15:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að gagnstætt því sem margir héldu fram, þá stóðust þessar verðlagsforsendur samninganna. Engu að síður er það svo að þegar maður skoðar þau viðbrögð sem hafa komið fram eftir að þessi yfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar leit dagsins ljós, þá er það ljóst að viðsemjendurnir, a.m.k. fulltrúi Alþýðusambands Íslands, lítur þannig á að frá því sé gengið að það verði gripið til ákveðinna aðgerða til þess að breyta þessum hlutum. Ég minni á að í viðtali við hagfræðing Alþýðusambands Íslands, Gylfa Arnbjörnsson, í Morgunblaðinu sl. laugardag segir hann, með leyfi virðulegs forseta:

„Miðað væri við að þær breytingar, sem gerðar yrðu á verði grænmetis og afurðum svína og alifugla, vægju upp þau verðlagsáhrif sem yrðu af hækkun desemberuppbótar og 0,5% hækkun á tryggingagjaldi." Og síðan segir hann: „Desemberuppbótin mundi þess vegna að öllu leyti fara í vasa launþega og leiða til raunhækkunar á kaupmætti."

Það er því út af fyrir sig rétt sem hæstv. landbrh. sagði. Yfirlýsingin felur það fyrst og fremst í sér að menn taki upp þessar viðræður. Engu að síður er það svo að það er túlkun a.m.k. þessa talsmanns Alþýðusambands Íslands að þetta sé meira en viljayfirlýsing um einhverjar óljósar viðræður. Þetta er viljayfirlýsing um það að ganga til ákveðinna verka, til ákveðinna breytinga á mikilvægum hlutum.

[15:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég sat að vísu ekki þá fundi sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar sátu með aðilum vinnumarkaðarins og veit því ekki hvað þar hefur komið fram í viðræðum manna, en það er ekkert sem kemur fram í þessari yfirlýsingu sem bendir til þess að einhver einn þáttur skuli sérstaklega skoðaður umfram annan eins og t.d. spurningar um magntolla vegna GATT-samningsins. Það er út af fyrir sig ekkert talað um það. Ég býst við að það geti verið eitt af því sem gæti komið til umræðu án þess að gefa nokkrar yfirlýsingar um það eða fyrirheit um það á þessu stigi. Ég vil líka greina frá því að vegna einmitt þessarar yfirlýsingar og umræðu um verðlagsmál, þá bað ég verðlagsnefndir landbúnaðarins að hinkra við með verðákvarðanir sem gætu leitt til hugsanlegra hækkana um þessi nýliðnu mánaðamót. Ég beindi því til þeirra aðila fyrir mánaðamótin, þ.e. 30. nóv.

Ég vona a.m.k. að það sé innlegg í umræðuna til að halda verðlagi niðri á þeim þáttum, t.d. á mjólk og kjöti. Ég minni síðan á að það eru engin verðákvörðunarákvæði til varðandi grænmeti. Það eru engin slík ákvæði eða neitt í lögum sem kveður á um verðákvörðun þar. Þar ræður þessi svokallaði frjálsi markaður sem fyrir sumum er heilagur og ætti líklega að fá að ráða ríkjum þar.

[15:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er tilefni til þess að fagna því inngripi hæstv. landbrh. að beina þeim tilmælum til þeirra sem með þau mál fara að hinkra við með verðbreytingar varðandi landbúnaðarafurðirnar, en ég minni enn og aftur á að það virðist vera til skilningur a.m.k. þessa tiltekna talsmanns Alþýðusambands Íslands að þetta hangi ansi mikið á þessari spýtu, að það verði tryggt að verðlagsforsendur kjarasamninga haldi. A.m.k. er það mjög mikilvægt að það komi fram að það sé ásetningurinn að svo verði og að með þessum ráðum eða einhverjum öðrum verði það tryggt að verðlagsforsendur kjarasamninga haldi til þess að hægt sé að hafa varanlegan frið á vinnumarkaðnum út samningstímabilið.

[15:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það þarf ekki miklu við að bæta. Aðeins undirstrika það að að sjálfsögðu eru stjórnvöld viljug til þess að leita allra leiða til þess að verðlagsforsendur haldist. Ég held að ég hafi, og það megi fletta því upp, í einhverjum fjölmiðli lýst því yfir fyrir nokkru síðan — og það var fyrir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar — þegar í fjölmiðlum var mikið rætt um verð á eggjum og eitthvað fleira að að sjálfsögðu væri landbrh. tilbúinn til að taka þátt í umræðum um það að gera það sem í hans valdi stæði til þess að halda niðri verðlagi, en það yrði auðvitað að fara í lögum og að samningum og að þeir sem um það þyrftu að fjalla væru m.a. fulltrúar framleiðenda eða þeir hagsmunaaðilar. Það eru fleiri sem koma að málinu heldur en bara ASÍ eða VSÍ. Það eru ásamt stjórnvöldum þeir aðilar sem landbrn. er að vinna fyrir, þ.e. framleiðendurnir.

Launakjör í utanríkisþjónustunni.

[15:17]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Í fréttum á Stöð 2 um helgina var skýrt frá starfskjörum í ótilteknu sendiráði Íslands erlendis. Meðal þeirra upplýsinga sem þar komu fram var að sendiherrann hefði um 660 þús. kr. á mánuði, ritari í sendiráðinu hefði um 275 þús. kr. á mánuði. Það væru greidd skólagjöld barna og ýmislegt fleira.

Mestallar þessar upphæðir voru skattfrjálsar. 415 af 660 þús. sendiherrans og 138, eða heldur lægra, af 275 þús. kr. ritarans. Þetta gefur tilefni til að spyrja fjmrh. í fyrsta lagi: Eru þetta réttar upplýsingar? Í öðru lagi: Þykja fjmrh. þetta eðlileg launakjör? Í þriðja lagi: Eru fyrirhugaðar breytingar á þessu og hafa komið fram slíkar breytingartillögur innan ríkisstjórnarinnar á síðustu árum? Í fjórða lagi: Eru þessar launagreiðslur á vegum fjmrn.? Ég minnist þess ekki að hafa séð sendiráðsstarfsfólk á þeim lista sem hér var sem frægastur fyrir nokkrum vikum um 200 launahæstu menn í þjónustu ríkisins.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég verð að gera þá játningu strax að ég er ekki viss um að ég geti svarað þessari fyrirspurn hér og nú. Ég er ekki heldur viss um að henni sé beint til rétts aðila. Ég sá ekki þessa umræddu frétt og get ekki svarað því hvort upplýsingarnar séu réttar. Ég get þaðan af síður dæmt um það hvort hér sé um eðlileg launakjör að ræða, enda hugsa sé að það sé nokkuð afstætt. Ég minnist þess þó, af því að það er spurt um breytingar, að fyrir einu eða tveimur árum síðan var gerð tilraun til þess af hálfu fjmrn. að gera breytingar á skattalögum þess efnis að nánast allar greiðslur til sendiherra og sendiráðsstarfsmanna yrðu skattskyldar, en frá því var horfið, að mig minnir fyrst og fremst vegna þess að talið er að að stórum hluta sé um að ræða kostnaðargreiðslur sem séu sambærilegar kostnaðargreiðslum sem falla á sendiráðsstarfsmenn sendiráða annarra landa.

Loks hygg ég, og það byggir líka á minni frekar en öðru, að frá fjmrn. renni þessar greiðslur í einn sjóð sem heyri undir utanrrn. og úr honum sé deilt á þess vegum.

Það eina sem ég vil segja að lokum er það að ég bið menn um að hafa fyrirvara á því hvað teljist laun og hvað kostnaður í þessum efnum. Að öðru leyti verð ég að óska eftir því við hv. fyrirspyrjanda að hann, til þess að fá fyllri upplýsingar, leggi fram formlega fyrirspurn í þinginu og þá er án efa hægt að greiða betur úr hans máli og hans fyrirspurn heldur en mér tekst að gera hér og nú.

[15:20]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Nú er ég ekki að krefjast þess eða aðrir hér að ráðherra hafi upplýsingar á takteinum. Mér kemur hins vegar á óvart að hæstv. fjmrh. skuli svara þessu svo að hann vísar í raun og veru frá sér ábyrgð yfir á utanrrh. En ég tel vel koma til greina þó að mín viðvera verði stutt að sinni að koma þessu máli í skriflega fyrirspurn þannig að úr því verði greitt fyrir alþingismenn alla og þjóðina.

Dómur í máli forstöðumanns Ökuprófa gegn dómsmálaráðherra.

[15:21]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Hinn 31. okt. sl. féll dómur í héraðsdómi Reykjavíkur í máli Guðjóns Andréssonar gegn dómsmrh. og fjmrh. Dómsmrh. sagði Guðjóni upp störfum sem forstöðumanni Ökuprófa um stundarsakir í maí 1995 án undangenginnar áminningar. Guðjón höfðaði mál vegna þessa rúmum tveimur árum síðar og niðurstaða héraðsdóms varð sú að í þeim tveimur atvikum, sem ollu uppsögninni, tveimur ökuprófum af um 10 þúsund sem Guðjón stjórnaði á þessum ferli sínum, þætti stefnandi verða að njóta þess vafa að um gáleysi hafi verið að ræða. Atvikin þóttu ekki það stórvægileg að þau mundu ein og sér hafa réttarverkanir samkvæmt 68. gr. hegningarlaga og 3. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem er um uppsögn án áminningar, ætti heldur ekki við hér. Möguleiki hefði hins vegar verið á að segja Guðjóni upp samkvæmt 2. mgr. þar sem segir að veita skuli áminningu og gefa manni kost á að bæta ráð sinn áður en honum er veitt lausn um stundasakir.

Í dóminum segir líka að brotið hafi verið á Guðjóni með því að neita honum um rétt til að tala máli sínu og með því að afgreiðsla málsins hafi tekið allt of langan tíma. Guðjóni voru í héraðsdómi dæmdar 300 þús. kr. bætur fyrir vikið og liggur því fyrir að dómsmrh. hefur verið dæmdur vegna sinnar embættisfærslu. Það mál er þeim mun alvarlegra vegna þess að í umræðu í samfélaginu á sínum tíma þótti þessi uppsögn hafa skýra, pólitíska undirtóna. Guðjón var á sínum tíma settur af Óla Þ. Guðbjartssyni, fyrrv. ráðherra Borgaraflokks, og ráðherrar Sjálfstfl. sem við tóku þóttu fara nokkuð mikinn gegn þeim fyrrv. flokksbræðrum sínum.

Spurningarnar til hæstv. forsrh. eru því þessar: Hvaða skoðun hefur hæstv. forsrh. á þessari embættisfærslu dómsmrh. síns? Hver er staða hæstv. dómsmrh. í ríkisstjórninni eftir slíkan dóm? Og hyggst forsrh. beita sér fyrir því að þessu máli verði áfrýjað til Hæstaréttar?

[15:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er ekki í mínum verkahring að fjalla um það hvort máli þessu verður áfrýjað til Hæstaréttar eða ekki. Staða dómsmrh. í ríkisstjórninni breytist ekki af ástæðum þessa dóms. Hitt er rétt að þegar málið kom upp í upphafi, þá kom sá maður sem nefndur var af hv. fyrirspyrjanda á minn fund og sýndi mér gögn um mál sitt og ég lét hæstv. dómsmrh. vita að mér þættu sakir litlar hjá viðkomandi manni. Þau afskipti eru kunn. Það var skýrt frá þeim í réttarhaldinu eftir því sem ég best veit. Það eru öll mín afskipti af málinu. En það hefur komið fyrir áður að deilt hafi verið milli einstaklinga og einstakra ráðherra um uppsagnir og komið bætur þar fyrir og það hefur aldrei varðað neinu um stöðu viðkomandi ráðherra í ríkisstjórninni.

Ástand Reykjavíkurflugvallar.

[15:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. samgrh. Það hefur komið fram ítrekað að ástand Reykjavíkurflugvallar er mjög slæmt og að mati ýmissa sérfræðinga á hættumörkum. Flugmenn sem þurfa að lenda á vellinum veigra sér margir hverjir við að lenda þar. Viðhald á flugbrautum og flugvellinum í Reykjavík hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Í framkvæmdaáætlun flugmálanefndar frá 1986 var gert ráð fyrir að endurnýja slitlag á flugbrautum auk þess að reisa þar nýja flugstöð. Það varð ekkert úr þeim framkvæmdum. Í skýrslu frá árinu í ár frá Flugmálastjórn kemur fram að um 70 þúsund fermetra vantar á að flugvöllurinn uppfylli skilyrði um breidd brauta, axlir og endaöryggissvæði, halli sé ófullnægjandi fyrir afvötnun, sléttleiki alls ófullnægjandi, merkingum áfátt og ljósabúnaður sé rangt staðsettur, malbik í slæmu ástandi og steypa á vellinum víða mikið brotin.

Samkvæmt flugmálaáætlun 1994–1999 er áætlað að gera endurbætur á Reykjavíkurflugvelli 1997. Ég spyr því hæstv. samgrh.: Hvað ætlar hann að gera varðandi ástand Reykjavíkurflugvallar og telur hann stætt á að bíða með framkvæmdir til 1997 eins og gert er ráð fyrir í flugmálaáætlun?

[15:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hygg að það hafi tekið töluverðan tíma fyrir hv. þm. að koma öllum þessum lýsingarorðum saman sem voru í hennar stuttu fyrirspurn og er aðdáunarvert raunar hvað hv. þm. er leikin í þeim efnum.

Um Reykjavíkurflugvöll er það annars að segja að hann dugir fyrir innanlandsflugið. Það er alveg laukrétt hjá hv.

þm., og ég man ekki betur en þetta mál hafi komið upp á þinginu fyrr á þessum vetri, að það fer að verða brýnt að endurbæta flugvöllinn. Á hinn bóginn hefur komið upp sú skoðun, m.a. hjá forseta borgarstjórnar, að það sé rétt að leggja Reykjavíkurflugvöll niður og hafa borgaryfirvöld verið með óljósar ræður í því sambandi þannig að ég hef haft samband við borgarstjóra um það. Við munum hittast og ræða sérstaklega um samgöngumálin hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hygg að það mætti vel una því ef tækist að ráðast strax í endurbætur á Reykjavíkurflugvelli eftir tvö ár. Ég er ekki viss um að það takist, en ég hygg að hitt sé rétt hjá hv. þm. að við verðum að fara að huga að því hvernig og hvenær við getum hafist handa um endurbætur á flugvellinum.

Ég hygg að það sé enginn háski á ferðum. Ég hef ekki heyrt um það frá þeim mönnum sem öryggis gæta en áminning í þessum efnum er holl.

[15:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér finnst ástæðulaust af hæstv. ráðherra að víkja sér undan þeirri ábyrgð sem hann ber varðandi ástand Reykjavíkurflugvallar með því að vera að vísa í vangaveltur borgarfulltrúa. Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt ástand, og það gera fleiri, hvernig málum Reykjavíkurflugvallar er komið og tel mjög mikilvægt að gripið verði til aðgerða fljótt, enda var talið 1986 að það væri mjög brýnt. Þannig að ég tek undir að það þarf að taka á þessum málum. Ég tel að ástandið sé þannig á vellinum að það sé á hættumörkum og full ástæða til fyrir hæstv. samgrh. að taka fljótt á málum.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er nauðsynlegt að lýsa því yfir, en ef það kemur í ljós að flugvöllurinn er á hættumörkum, þá verða að sjálfsögðu gerðar ráðstafanir til þess að loka honum.

Fundi slitið kl. 15:30.

---

51. FUNDUR

mánudaginn 4. des.
að loknum 50. fundi.

Dagskrá:

1. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 191. mál, þskj. 239. — 1. umr.
2. Iðnlánasjóður, stjfrv., 194. mál, þskj. 242. — 1. umr.
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 155. mál, þskj. 185, nál. 250, brtt. 251. — 2. umr.
4. Félagsleg aðstoð, frv., 80. mál, þskj. 81, nál. 247. — 2. umr.
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 96. mál, þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Varamenn taka þingsæti.

[15:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Drífa Sigfúsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn."

Drífa Sigfúsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þá hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurl. getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti sitt á Alþingi, taki 2. varaþm. flokksins í Austurlandskjördæmi, Kristjana Bergsdóttir kennari, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. Austurl., á næstunni sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi.

Virðingarfyllst,

Jónas Hallgrímsson."

Kjörbréf Kristjönu Bergsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt, en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Kristjana Bergsdóttir, 1. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Kristjana Bergsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa.

[15:34]

Útbýting þingskjala:

Afnám laga nr. 96/1936, 206. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 267.

Aukatekjur ríkissjóðs, 205. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 266.

Kostnaður við læknisaðgerðir erlendis á íslenskum börnum, 151. mál, svar heilbrrh., þskj. 265.

Neyðarsímsvörun, 138. mál, svar dómsmrh., þskj. 261.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 207. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 268.

Rannsókn flugslysa, 1. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 239.

[15:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um rannsókn flugslysa sem flutt er á þskj. 239. Frv. er flutt til að efla sjálfstæði þeirra er rannsaka flugslys og rjúfa hugsanleg hagsmunatengsl við alla sem fara með stjórn eða rekstur flugmála í landinu. Er þetta í samræmi við þróun á undanförnum árum í nálægum löndum og einnig í samræmi við tilskipan ráðs Evrópusambandsins frá 21. nóv. 1994.

Í 1. gr. frv. er gerð nákvæm grein fyrir þeim atvikum sem lögin taka til og hver sé tilgangur rannsóknar samkvæmt lögunum. Er þar fastmælum bundið að tilgangur flugslysarannsókna samkvæmt lögunum sé að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og öryggi í flugi megi aukast. Rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugrekstur fer ekki fram samkvæmt lögum þessum. Um slíka rannsókn gilda lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og þröngar skorður eru reistar í lögum um rannsókn flugslysa til að koma í veg fyrir að upplýsingar sem fram koma í flugslysarannsókn verði afhentar við opinberu rannsóknina.

Í 2.–4. gr. frv. eru ákvæði um að rannsóknarnefnd flugslysa annist allar rannsóknir samkvæmt lögunum og gerð er nánari grein fyrir skipan nefndarinnar sem í eiga sæti fimm menn. Einnig eru þar ákvæði um kröfur til menntunar, starfsreynslu og þjálfun nefndarmanna ásamt ákvæðum um aðsetur nefndarinnar og greiðslu alls kostnaðar við störf nefndarinnar úr ríkissjóði.

Í 5. og 6. gr. frv. eru ákvæði um lögsögu nefndarinnar og rík áhersla lögð á sjálfstæði hennar í starfi gagnvart öðrum stjórnvöldum og dómsvaldi.

Í 7.–13. gr. frv. er gerð nánari grein fyrir skyldum rannsóknarnefndarinnar og einnig þeim úrræðum sem hún getur beitt í þágu rannsókna sinna. Enn fremur er í þessum greinum kveðið á um skyldur annarra til að aðstoða nefndina í störfum hennar.

14. gr. frv. geymir ákvæði um skýrslur nefndarinnar sem gerðar skulu svo fljótt sem verða má. Í greininni er lagt bann við því að skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa sé beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum. Bannað er enn fremur að afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni. Hins vegar má veita upplýsingar og gögn er varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna.

Ég tel ekki þörf á að rekja efni frv. frekar, en vísa til ítarlegrar greinargerðar og legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnlánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál (tryggingalánadeild). — Þskj. 242.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Í 14. gr. laga um Iðnlánasjóð er kveðið á um að við Iðnlánasjóð skuli rekin tryggingardeild útflutningslána. Meginhlutverk deildarinnar er að taka að sér að tryggja lán er veitt er innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.

Tryggingardeild útflutningslána tryggir kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á vöru eða þjónustu.

Jafnframt hefur tryggingardeildin selt ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis, sbr. 4. tölul. 14. gr. laga um Iðnlánasjóð.

Í frv. er lagt til að breytt verði umræddum 4. tölul. 14. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og við hann bætt nýjum málslið er verði annar málsliður. Lagt er til að hlutverk tryggingalánadeildarinnar verði með því breytt þannig að starfssvið hennar víkki frá því sem nú er. Samkvæmt þeirri tillögu sem er að finna í frv. er lagt til að deildinni verði framvegis heimilt að tryggja verkábyrgðir sem íslenskum verktökum er nauðsynlegt að setja vegna verka sem þeir kynnu að hreppa í útboðum stórframkvæmda á EES-svæðinu eða í öðrum ríkjum, enda fari slíkar framkvæmdir að umfangi yfir þau mörk að væru útboðsskyldar á EES-svæðinu. Gert er ráð fyrir að starfsemi deildarinnar við veitingu ábyrgðartrygginga fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis verði óbreytt að öllu leyti, sbr. 1. málsl. 4. tölul. 14. gr. sem er óbreyttur frá því sem nú er kveðið á um í lögunum um Iðnlánasjóð. Viðmiðunarmörk sem getið er um í 2. málsl. 4. tölul. 14. gr. samkvæmt frv. eiga aðeins við um veitingu verkábyrgða vegna framkvæmda innlendra aðila eins og skýrt er tekið fram.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra verktaka í útboði stórframkvæmda hér á landi gagnvart erlendum keppinautum sem njóta ábyrgðar heima fyrir af því tagi sem hér er lagt til að tryggingardeild Iðnlánasjóðs verði framvegis heimit að veita.

Nú er útlit fyrir að á næstu missirum verði ráðist í nokkur stórverkefni á Íslandi sem innlendir aðilar eiga erfitt með að keppa um vegna þess að þeir geta ekki sett nauðsynlegar verktryggingar. Það er þess vegna nauðsynlegt að veita tryggingalánadeild Iðnlánasjóðs heimild til þess að tryggja verkábyrgðir íslenskra aðila vegna verkefna sem fara yfir þau stærðarmörk sem kveðið er á um í 1. gr. frv. Heimilt hefur verið hingað til að veita íslenskum aðilum verktryggingar vegna framkvæmda erlendis eins og ég hef áður vikið að, en eðlilegt þykir að slík heimild nái einnig til framkvæmda hér á landi.

Lagt er til að miðað verði við framkvæmdir sem eru það umfangsmiklar að þær væru útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu ef um opinberar framkvæmdir væri að ræða, enda þótt einstök útboð innan heildarframkvæmdanna séu lægri. Þessi viðmiðunarmörk nema nú 5 millj. evrópskra mynteininga, ECU, eða rúmlega 400 millj. íslenskra króna. Hér er því einungis verið að ræða um umfangsmiklar framkvæmdir þar sem reikna má með samkeppni frá erlendum

aðilum. Til þess að standa sig í þeirri samkeppni er íslenskum aðilum nauðsynlegt að geta tryggt verkábyrgðir sínar.

Iðgjöld sjóðsins hafa staðið að miklu leyti undir þeim kostnaði og áhættu sem af starfseminni hefur leitt. Ekki er ástæða til að breyting verði á því þrátt fyrir þessa viðbót við starfsemina.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og rakið helstu efnisatriði þessa frv. og vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 155. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185, nál. 250, brtt. 251.

[15:42]

Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur unnið samkvæmt starfsreglum allshn. um veitingu ríkisborgararéttar. Þær reglur hafa nokkrum sinnum tekið breytingum og nú síðast í febrúar 1995 á 118. löggjafarþingi.

Helsta breytingin, sem gerð var á þessum reglum í febrúar, var að mörk um lengd búsetu voru í ákveðnum tilvikum lækkuð. Fjöldi umsókna sem nefndin hefur nú haft til umfjöllunar var því öllu meiri en verið hefur á undanförnum árum.

Innan nefndarinnar var frv. unnið með hefðbundnu sniði. Formaður allshn., hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, og einn nefndarmanna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, fóru yfir allar umsóknir sem bárust til að kanna hvort þær uppfylltu skilyrði framangreindra reglna og síðan fjallaði nefndin um umsóknirnar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. en þar er lagt til að 97 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Undir álitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Ögmundur Jónasson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristján Pálsson, Sighvatur Björgvinsson, Árni R. Árnason, Jón Kristjánsson og Hjálmar Jónsson.

Venju samkvæmt má reikna með nýju frv. af hálfu dóms- og kirkjumálaráðherra um veitingu ríkisborgararéttar á vorþingi og að fleiri umsóknir um borgararéttinn verði þá afgreiddar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 2. umr.

Frv. ÁRJ, 80. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 81, nál. 247.

[15:45]

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 247 er nefndarálit heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð:

„Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að þeir sem fá endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins fái einnig tengdar bótagreiðslur og hlunnindi eins og 75% öryrkjar. Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Siv Friðleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Nál. er dagsett 27. nóv. 1995 og undir það rita Össur Skarphéðinsson, formaður, Sólveig Pétursdóttir, Ögmundur Jónasson, Sigríður A. Þórðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðni Ágústsson, Guðmundur Hallvarðsson og Katrín Fjeldsted.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254.

[15:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þann 11. mars 1991 var skrifað undir búvörusamning til sex ára. Þegar þrjú ár voru liðin þurfti að taka á ný til ráða og skrifa undir nýjan samning þar sem minnkun sölu innan lands hafði valdið þvílíkri skerðingu á beingreiðslum til bænda að við það var ekki unað.

Engir aðrir samningar binda hendur löggjafans á þann máta sem þessi búvörusamningur gerir. Hann kveður á um ákveðnar greiðslur til bænda sem Alþingi getur ekki hætt við. Þarna er búið að binda nokkur ár fram í tímann ákveðnar greiðslur úr hendi ríkissjóðs.

Samningurinn átti að gilda til ársins 1998, út ágúst. Nú stendur til að framlengja hann til loka ársins 2000. Hann er framlengdur um tvö ár og fjóra mánuði og skuldbindur skattgreiðendur á þeim tíma um 200 millj. kr. á mánuði. Framlengingin þýðir sem sagt aukaskuldbindingar fyrir skattgreiðendur.

Herra forseti. Staða sauðfjárbænda er mjög slæm. Minnkandi kvóti undanfarinna ára hefur gert það að verkum að staða þeirra hefur versnað ár frá ári, hægt og bítandi. Á landinu er 1.831 hreint sauðfjárbú í árslok 1994 samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins fyrir árið 1995. Þar af voru 1.186 hrein sauðfjárbú með undir 200 ærgildi. Þetta þýðir ekkert annað en það að við erum að tala um fátækt.

Þessi samningur viðheldur því ástandi. Hann viðheldur því ástandi sem er í dag. Hægt og bítandi hafa lífskjörin verið að versna hjá sauðfjárbændum og þau eiga að versna áfram. Meðalbúið er um 300 ærgildi. Bóndi sem er með 300 ærgildi fær um 93 þús. kr. á mánuði í beingreiðslur. Ef maður tekur með í dæmið ullarniðurgreiðslur og geymslugjald sem er svona u.þ.b. 30% viðbót erum við að tala um 120 kr. á mánuði sem greiddar eru til bóndans. Til samanburðar má benda á að meðaltekjur ASÍ-fólks eru 113 þús. kr. á mánuði. Það er sem sé borgað meira til bænda heldur en nemur meðaltekjum aðila ASÍ. En bændur hafa ekki þessi laun, það er af og frá. Þeir hafa lægri laun. Það þýðir að kerfið er búið að koma þeim í þá stöðu að þeir framleiða minna en ekki neitt. Þeir borga með rekstrinum og fá ekkert fyrir alla sína vinnu sem er töluvert mikil, sérstaklega um sauðburðinn.

Það er eitthvað mikið að því kerfi sem við búum við. Og ef menn ætla ekki loksins að fara að sjá að það er eitthvað mikið að, þá veit ég ekki hvað menn ætla að gera.

Herra forseti. Sá samningur sem við nú ræðum um hefur nokkra kosti. Í fyrsta lagi er hann betri en gildandi samningur fyrir bændur að því leyti að sú 17% skerðing sem ella hefði fallið á þá kemur ekki til. Fyrir neytendur er hann góður að því leyti að því er lofað að í lok ágúst 1998, þ.e. eftir þrjú ár, verði verðlag gefið frjálst. En það má setja spurningarmerki við það vegna þess að alveg eins og núna þurfti að setja nýjan búvörusamning því birgðir voru miklar og skerðing til bændanna var 17%, þá skyldi nú ekki vera að árið 1998 verði svipuð staða, mjög miklar birgðir sem gera það að verkum að við getum ekki gefið verðlagið frjálst. Og þá þarf að breyta samningnum enn einu sinni. Ég set spurningarmerki við það að verðlagið verði frjálst. Þetta eru kostir samningsins.

Ókostirnir, herra forseti, eru eftirfarandi: Það er hætta á framleiðslusprengingu. Við skulum setja okkur í spor bónda. Það hefur allt of lítið verið gert af því. Bóndi sem hefur sett á og ræktað sitt fé í 20 ár og jafnvel í 40 ár ef maður tekur með það sem faðir hans hefur gert áður, er búinn að velja fé til undaneldis öll þessi ár. Bústofninn er heilmikið mál fyrir hann og það er ekki svo létt að hætta þessu. Bóndinn er með næg tæki og byggingar og nægan mannskap. Hann er með sjálfan sig. Hann er búinn að hlíta skerðingu á skerðingu ofan undanfarin ár þannig að hann hefur mikla getu til að framleiða meira. Eini kostnaðurinn sem hann hefur af því að framleiða meira kjöt, eru lyf og áburður. Húsin hefur hann, túnin hefur hann og vinnuna hefur hann. Þetta er það sem gæti valdið framleiðslusprengingu. Auk þess eru í samningnum kvaðir um að hann skuli framleiða a.m.k. 0,6 ærgildi sem hann eigi að setja á, vilji hann fá beingreiðslurnar.

Herra forseti. Hvers vegna nota bændur ekki uppkaupin sem þeim bjóðast? Við skulum aftur setja okkur í spor bóndans. Hvað veit hann um það hvað tekur við árið 2000? Hann býst að sjálfsögðu við því að allt haldi áfram óbreytt. Það eru engin teikn á lofti um að það verði einhver lækkun á beingreiðslum eða annað slíkt, engin yfirlýsing um það eða neitt. Hann kynni að halda að þær haldi áfram um alla eilífð og séu bundnar við hans lögbýli. Þetta er það sem hann stendur frammi fyrir, þetta er staðan sem hann hefur. En hvað hefur hann ef hann selur fullvirðisréttinn? Hvað verður um býlið? Hvað verður um hann? Hann er að sjálfsögðu óttasleginn við það sem tekur við. Er það atvinnuleysi? Getur hann lært ný störf? Ótti við hið óþekkta veldur því að menn selja ekki fullvirðisréttinn.

Herra forseti. Sá samningur sem við erum að ræða leggur miklar kvaðir á bændur. Lögbýlin fá beingreiðslurnar en ekki bændurnir. Af hverju þarf að leggja þessar kvaðir á bændur? Af hverju þarf að hafa fullt af ákvæðum í þessum samningi sem eru beinlínis kvaðir á bændur? Hvers vegna þurfa þeir að hokra sífellt með færra fé, ár eftir ár? Og hvers vegna er öll þessi forsjárhyggja? Er mönnum eitthvað illa við bændur? Ég spyr. Af hverju er þessum kvöðum ekki aflétt af bændum? Mér finnst að allur samningurinn einkennist af hugleysi og ótta við hið óþekkta. Menn þora ekki að breyta til.

Herra forseti. Staða annarra kjötframleiðenda líður fyrir það hvernig þessi samningur er. Staða neytenda líður fyrir það að fast verð er á lambakjöti. Staða skattgreiðenda líður fyrir það að einn fjórði, fjórðungur af öllum tekjuskatti fer til bænda. Og ég spyr: Hvað tekur við árið 2000? Ég spyr fyrir hönd skattgreiðenda: Hvað tekur við árið 2000? Og maður spyr sig líka: Fyrir hvern er þessi samningur? Hann er ekki fyrir bændur. Hann er ekki fyrir neytendur. Hann er ekki fyrir skattgreiðendur. Getur verið að hann sé fyrir vinnslustöðvarnar. Og hver á þær? Hann er ekki fyrir vinnslustöðvarnar heldur. Fyrir hvern er hann þá?

Herra forseti. Mikið er rætt um samkeppnishæfni landa, samkeppnishæfni landa til að halda hjá sér fólki, fyrirtækjum og fjármagni. Hvort tveggja er orðið mjög kvikt á síðustu árum. Við lesum um það að íslenskt fiskverkafólk vinni í Danmörku. Það er mjög mikilvægt að þjóðin viðhaldi samkeppnisstöðu sinni, geti borgað há laun, haft lága skatta og boðið upp á góð lífskjör og gott velferðarkerfi. Þessi samningur grípur á tveimur af þessum atriðum. Hann veldur því að skattar þurfa að vera hærri og hann veldur því að neysluverð verður hærra en ella. Hann skemmir samkeppnisstöðu Íslands. Hann hefur hugsanlega áhrif á velferðarkerfið sömuleiðis vegna mikilla útgjalda.

Herra forseti. Ég vil benda á eina rökvillu sem hefur komið upp í umræðunni. Þegar framkvæmdarvaldið gerir samning sem þarfnast lagastoðar, má löggjafarvaldið eiginlega ekki annað gera en að samþykkja samninginn eða fella hann því ef það breytir samningnum, er komin ástæða fyrir þann sem samdi við framkvæmdarvaldið að rifta honum. Og ef við skyldum samþykkja lögin eins og búið er að leggja til með breytingum og síðan yrði samningnum rift af bændasamtökunum, hvar standa menn þá? Ég ætla að biðja menn að athuga það. Þá eru komin lög en enginn samningur. Og gamli samningurinn gildir en engin lög. Það er rökvilla að breyta samningnum, nema fyrir fram sé búið að tryggja að hann verði samþykktur. Það vantar. Reyndar hafa komið yfirlýsingar um að menn séu til í þetta.

Herra forseti. Á vanda sauðfjárbænda eru margar lausnir. Sumar eru betri, aðrar verri. Fyrirliggjandi samningur er léleg lausn að mínu mati. Mitt mat er að þessi samningur er lélegur. Hann er vondur vegna þess að hann framlengir skuldbindingu ríkissjóðs um tvö ár og fjóra mánuði, vegna þess að hann er líklega framleiðsluhvetjandi, en að auka framleiðsluna er síst af öllu það sem við þurfum og vegna þess að hann er stefnulaus. Það stendur ekkert í honum hvað tekur við árið 2000. Síðast en ekki síst bætir samningurinn ekki stöðu bænda. Sauðfjárbændur skulu keyrðir áfram neðar og neðar. Að þessum samningi get ég engan veginn staðið.

Ég hef ekki mikla trú á samningnum, en vegna þess hvað hann skiptir miklu máli fyrir þjóðina og vegna þess að ég býst við því að ekki séu allir á mínu máli um að fella hann, vona ég, verði hann samþykktur, að mitt mat á honum sé rangt.

[15:59]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal flutti hreinskilna og góða ræðu. Hann sagði: Þessi samningur er lélegur og vondur, hann er stefnulaus, hann bætir ekki stöðu bænda. Það er framleiðsluaukning í þessum samningi. Þetta er allt rétt með farið og sýnir skarpskyggni hv. þm. varðandi þetta mál. Þetta eru sömu röksemdir og minni hlutinn hefur notað um þennan samning, hluti af þeim röksemdum. Hann leggst gegn samningnum af skynsemi. Það sem hins vegar er ástæða til að gera að umtalsefni er spurning sem ég vil varpa til hv. þm. Er hann eini þingmaður Sjálfstfl. sem er með þessa skoðun? Er hann fjarvistarsönnun Sjálfstfl. í þessu máli, maðurinn sem talar fyrir skynsamlegri efnahagsstjórn í landbúnaðarmálum þvert á flokksbræður sína? Hvernig stendur á því, hv. þm. Pétur Blöndal, að sjónarmið sem þingmaðurinn lýsti njóta ekki

meiri hljómgrunns í þingflokki Sjálfstfl.? Ég held að það sé brýnt, herra forseti, að fá skýr svör við þessum spurningum.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á engan hátt fjarvistarsönnun Sjálfstfl. Enginn maður hefur talað við mig um þetta mál, hvorki um að greiða atkvæði á móti því eða með því. Mér finnst hv. þm. einmitt koma inn á þessi pólaríseringu. Hann talar um stjórn og stjórnarandstöðu. Menn eiga að sjálfsögðu að greiða atkvæði eftir því sem þeim finnst og ég geri ráð fyrir því að aðrir þingmenn Sjálfstfl., þó að ég geti að sjálfsögðu ekki talað fyrir þá alla, meti aðra hagsmuni sem þeir eru að fá í staðinn fyrir þessa hagsmuni meira. Menn eru alltaf að vega og meta þá hagsmuni sem þeir gefa og þá hagsmuni sem þeir fá. Menn geta lent í þeirri stöðu að gefa eftir minni hagsmuni fyrir meiri og ég geri ráð fyrir að menn séu að hugsa um það.

[16:01]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég verð að segja það í fullri hreinskilni að það gladdi mitt gamla hjarta að heyra ræðu þá sem hv. þm. Pétur Blöndal flutti áðan. Það eru ár og dagar síðan við höfum heyrt sjónarmið af þessu tagi frá þingmanni úr röðum Sjálfstfl., þess flokks sem sögulega séð hefur kennt sig við einstaklingshyggju, athafnafrelsi, einkaframtak, sem burðarása í efnahags- og atvinnulífi og lýst sig andvígan ríkisforsjá, kerfisforsjá, miðstjórnarvaldi o.s.frv. Ég þarf ekki að taka fram að ég er algerlega sammála greiningu hv. þm. á afleiðingum þessa frv. Ég tel fullkomlega óeðlilegt að ríkisvaldið standi að svona samningsgerð. Ég tel stórlega ámælisvert þegar það gerist kjörtímabil eftir kjörtímabil að sitjandi þingmeirihluti ætlar að binda hendur næsta þingmeirihluta eftir næstu kosningar að slíkum samningum. Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. hefur rétt fyrir sér í því að þetta er vondur samningur hvernig sem á hann er litið þrátt fyrir að ég viðurkenni að í markmiðssetningunni felst ákveðin uppgjöf frá kerfinu. Þar er því lýst yfir að menn vilji stefna frá þessu kerfi, að menn vilji afnema í verki, ekki bara í orði heldur í verki, framleiðslustýringu og kvótasetningu, að menn vilji aftengja fjárhagslegan stuðning við bændur framleiðslumagninu og falla þannig frá framleiðsluhvetjandi kerfi, að menn vilji stefna að því að koma á frjálsu markaðskerfi. Þessu er öllu lýst. En í raun og veru er allt saman tekið til baka í frv. og mikið hugvit er lagt í það að finna leiðir til þess að kippa þessu öllu úr sambandi. Þrátt fyrir afnám kvóta er framleiðslustýringu viðhaldið og þá eru miðstjórnarákvarðanir bæði um framleiðslumagn og þar af leiðandi um verð. Þrátt fyrir aftengingu beingreiðslna við framleiðslu er það samt sem áður svo að þeim bændum sem vildu kannski nota tækifærið og segja sig úr lögum við þetta ofstjórnarkerfi eru allar bjargir bannaðar. Ég er alveg sömu skoðunar og hv. þm. Pétur Blöndal um það að litlar líkur eru á því að markmiðið um að hætta opinberum afskiptum af verðmyndunni 1998 náist. Hvers vegna er ég þeirrar skoðunar? Það er einfaldlega vegna þess að ég held að viðbrögð bænda í verki við samningnum verði einfaldlega þau að tryggja sig gagnvart skaðlegum áhrifum þessa ofstjórnarkerfis með því að auka framleiðslu sína, með því að nýta vannýtta framleiðslugetu sína og tryggja sig gagnvart þeirri ólíðanlegu kvöð, liggur mér við að segja, sem á þá er sett með því að binda hendur þeirra í gegnum svokallaða útflutningsmarkaðsstýringu. Þeir þurfa að tryggja sig gagnvart því og ég tel þess vegna allar líkur til þess að við sitjum uppi þrátt fyrir þessa frómu markmiðsyfirlýsingar síðar meir með sama offramleiðsluvandann þegar kemur að því að endurskoða samninginn.

Hvers vegna skyldi það ekki vera svo? Þetta kerfi er orðið gamalgróið. Við þekkjum það í þaula og við þekkjum afleiðingar þess. Kerfið byggir einfaldlega á því annars vegar að ríkið tekur að sér að hvetja bændur til framleiðslu með því að tryggja þeim greiðslur. Þær eru núna beingreiðslur, framleiðslutengdar, voru áður í öðru formi þannig að með annarri hendinni kemur ríkið til bænda og hvetur þá til þess að auka framleiðsluna. Þetta gerir ríkið þrátt fyrir þá staðreynd að við höfum búið við offramleiðsluvanda lengi. Þá kemur ríkið með hinni hendinni og hyggst leysa það vandamál með því að skerða framleiðslurétt hvers og eins bónda og er búið að gera það árum saman. Það sem önnur höndin gerir er að hvetja til aukinnar framleiðslu. Það sem gert er með hinni hendinni er að hefta athafnafrelsi manna og draga úr framleiðslunni. Afleiðingin er sú að tilkostnaður í framleiðslu landbúnaðarvara hjá bóndanum fer stöðugt hækkandi. Afleiðingin er sú að framleiðni í þessari atvinnugrein fer stöðugt minnkandi. Afleiðingin er sú að framleiðni í þessu, hvort heldur er landbúnaðarframleiðslu eða úrvinnslu landbúnaðarvara, í ofstjórnarkerfinu hefur farið minnkandi á öllum undangengnum árum og áratugum. Heildarniðurstaðan af kerfinu er því þessi: Þrátt fyrir að þrír fjórðu hlutar af tekjum bænda komi frá skattgreiðendum í formi beingreiðslu og annarra styrkja fer samkeppnisstaða þeirra á markaðnum versnandi og afkoma bænda versnandi og afkoma sauðfjárbænda versnandi svo mjög að þeir hafa verið leiddir í svokallaða fátæktargildru af þeim sem teljast vera sjálfskipaðir vinir þeirra.

Hver er hlutur neytenda? Hlutur neytenda er sá að þeir búa við afleiðingarnar sem eitthvert hæsta verðlag á matvælum sem þekkist á byggðu bóli. Hver er hlutur skattgreiðenda? Jú, við erum nr. fjögur í heimssamanburðinum þegar kemur að því að meta hlutfallslega framlög og styrki frá skattgreiðendum til þess að halda kerfinu gangandi. Þetta er allt saman gamalkunnugt. Enginn maður sem hefur raunverulega skoðað þetta kerfi eitthvað getur haldið fram neinum skynsamlegum rökum fyrir því að viðhalda því öðrum en vandræðagangsrökunum að við erum sokknir svo djúpt í þetta kerfi og það er búið að koma kjörum bænda í svo illt efni að við þurfum enn einu sinni að gefa tiltekna aðlögun. Rökstuðningur hæstv. landbrh. snýst ekki lengur um það að verja kerfið sem flokksbróðir hans hefur staðið fyrir, varið áratugum saman, það snýst raunverulega ekki lengur um það. Það snýst um það að þeir geta ekki fallið frá kerfinu fyrirvaralaust, það þurfi aðlögunartíma.

Málefni bænda voru ekki rædd af mikilli hreinskilni í seinustu kosningabaráttu. Flestir voru þeir af því taginu sem riðu um héruð og ræddu málefni bænda að þeir fóru með harmatölur um hvernig komið væri kjörum bænda og töluðu síðan um að nauðsynlegt væri að bæta hag þeirra og það fólst fyrst og fremst í því að leggja meiri fjármuni í kerfið. Þrátt fyrir þá staðreynd að frá því t.d. að við tókum upp útflutningsbætur fyrst og eitt form útflutningsstyrkja er búið að verja af hálfu skattgreiðenda, af meiri hluta Alþingis Íslendinga framreiknað til verðlags 1994, 48 þús. millj. kr. til þess að reyna að koma offramleiðslunni í verð í útlöndum. Þessar tilraunir hafa staðið yfir árum og áratugum saman. Hver er árangurinn? Árangurinn eftir að búið er að moka

þessum 48 þús. millj. kr. í þetta kerfi til að reyna að hasla sér völl með þessar afurðir á erlendum markaði er nákvæmlega enginn. Það eru raunverulega engar ýkjur þótt sagt sé að þessum fjármunum hafi verið sópað út um gluggann. Síðan velta menn því fyrir sér hvernig stendur á því að lífskjör á Íslandi eru miklu lakari en við gætum raunverulega ætlað þegar við lítum á hver þjóðarframleiðslan er á mann. Ein meginskýringin á því hvers vegna lífskjör á Íslandi fara versnandi er einmitt sú að það hefur verið farið af þvílíku gáleysi og þvílíku ábyrgðarleysi með svo hrikalegar upphæðir sem hafa ekki nýst einum eða neinum til þess að byggja upp lífskjör til frambúðar.

Fyrir seinustu kosningar sögðum við fullum fetum af hálfu Alþfl. að þetta kerfi væri búið að ganga sér endanlega til húðar, það væri engin leið að skynsamleg rök væru fyrir því að framlengja það. Nú yrði að snúa blaðinu við. Menn yrðu að horfast í augu við þessar nöktu staðreyndir um afkomu bænda, um hlut neytenda og um það að komið er að endimörkum vaxtar þegar að því er komið að pína skattgreiðendur til þess að fleygja eins og nú er komið á daginn 12 milljörðum til viðbótar í þessa hít. Hvað lögðum við til? Við lögðum til nákvæmlega það sem hv. þm. Pétur Blöndal var núna að segja. Við lögðum til að kvótakerfið yrði afnumið, ekki aðeins í orði heldur á borði. Að bændur yrðu frjálsir að framleiðslu sinni, fengju aftur athafnafrelsi sem frjálsir atvinnurekendur, þeir yrðu tengdir markaðnum og þeir bæru sjálfir ábyrgð á framleiðslu, gæðum og verðlagningu sinnar vöru. Við rökstuddum þetta sérstaklega með því fyrir seinustu kosningar að þetta væri nauðsynlegt vegna þess að við gengum að sjálfsögðu út frá því sem gefnu að eftir kosningar yrði framkvæmd GATT-samninga hagað á þann veg að bændur fengju að vísu sína samningsskuldbundnu tollvernd í upphafi en þeir yrðu að búa sig undir aðlögun aukinnar samkeppni við innflutning á næstu sex árum. Þess vegna væri ekki hægt að ætlast til þess að bændur á Íslandi og aðrir úrvinnsluaðilar í matvælaiðnaðinum mæti þeirri samkeppni með báðar hendur bundnar fyrir aftan bak en það er raunverulega það sem til er ætlast ef kerfinu er haldið áfram.

Að vísu er það svo að núverandi stjórnarmeirihluti hefur haldið þannig á málum að því er varðar framkvæmd GATT-samningsins að engin aðlögun verður á þessu sex ára tímabili. Að því leyti hefur ríkisstjórnin þar með tekið þá ákvörðun að viðhalda óbreyttu kerfi, þ.e. viðhalda í reynd innflutningsverndinni, og þar með má hugsanlega segja að ekki sé eins mikil knýjandi nauðsyn til þess að hefja þessa aðlögun nú þegar.

Í annan stað sögðum við við bændur: Jafnhliða því að afnema kvótakerfið, viljum við að beingreiðslur til bænda verði með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í tengslum við þessa alþjóðasamninga, GATT-samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir, þ.e. þetta verði grænar greiðslur, þær verði ekki framleiðslutengdar, þær verði ekki framleiðsluhvetjandi heldur beri að líta á þær sem búsetu- eða afkomutryggingu bænda á ákveðnu aðlögunartímabili sem síðan ættu að trappast niður eftir því sem landbúnaðurinn í verki í krafti athafnafrelsis lagaði sig að samkeppni og við upplifðum þá tíð að bjargálna bændur gætu séð sér sjálfir farborða.

Í þriðja lagi lögðum við til að verðmyndun landbúnaðarafurða yrði gefin frjáls. Það sem er einna ógeðfelldast í samningnum af öllu því sem hér er verið að gera er hvernig verið er að sýna það markmið af því að menn þora ekki annað en játa því einhvern tíma í framtíðinni en samt sem áður eiga menn að nálgast markmiðið bundnir á höndum og fótum og bændur eru þvingaðir í einhvers konar samyrkjubú um útflutningsábyrgð og jöfnunargreiðslur milli útflutningsmarkaða innbyrðis þannig að það sé alveg tryggt að engin hagkvæmni sé í þessum samningi og enginn hvati til þess að standa sig eða njóta af bóndans hálfu hans eigin framtaks jafnframt því sem þau fjögur sláturhús í landinu sem hafa útflutningsleyfi eru líka bundin á sama klafa.

Það versta við þennan samning er að verið er að réttlæta útgjöld upp á 12 þús. millj., væntanlega í seinasta sinn, væntanlega vegna þess að nú er kerfið búið að leiða alla aðila í þvílíkar ógöngur að nú verði að gera viðbótarátak. Dregin er upp nákvæmlega eins mynd og gert var í gamla búvörusamningnum og nánast með sömu orðum, að að loknum samningstímanum verði allt annað ástand ríkjandi og allt annars konar umhverfi. Þá geti menn farið að nálgast eðlilegt viðskiptaumhverfi fyrir landbúnað og landbúnaðarvinnslu. En gamli samningurinn skilaði ekki þeirri niðurstöðu og hann er harðlega fordæmdur af þeim sem flytja þetta mál. En, og það er kannski kjarni málsins, af því sem hv. þm. Pétur Blöndal var að segja að allar líkur eru á því ef menn reyna að setja sig í spor bænda að þetta yfirlýsta markmið um að eyða birgðum með þessum hætti takist ekki. Þessu fé verði því enn einn ganginn hent í þessa botnlausu hít og menn standi í sömu sporum þegar kemur að því að endurskoða samninginn. Ég er þess vegna fullkomlega sammála hv. þm. Pétri Blöndal þegar hann segir nánast að nýi sáttmálinn muni trúlega ekki reynast miklu betur en gamli sáttmáli í þessum málum.

Samstaða hefur tekist milli þriggja stjórnarandstöðuflokka og þá vísa ég til nefndarálits 1. minni hluta um andstöðu við samninginn og reyndar samstaða milli stjórnarandstöðuflokkanna allra um það að taka þannig á málinu að samningnum verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar. Það þýðir að verið er að segja við hv. stjórnarmeirihluta og ríkisstjórn: Samningurinn er ekki boðlegur, ekki fyrir bændur, ekki fyrir neytendur, ekki fyrir skattgreiðendur og ekki fyrir þjóðfélagið í heild. Á honum eru það alvarlegir gallar að við hljótum að hafna honum. Við erum hins vegar að segja við hæstv. ríkisstjórn: Þið eigið að ganga til samninga á ný á grundvelli ákveðinna meginreglna um það að snúa ykkur að því verkefni að vinda ofan af þessu kerfi. Þið eigið einfaldlega að afnema þetta kvótakerfi nú þegar frá og með næsta ári. Þið eigið að aftengja þessar beingreiðslur. Þið eigið raunverulega að nýta hluta af því fé sem varið er til stuðnings bændum og réttlætt er á aðlögunartíma til þess að leita starfslokasamninga við bændur þannig að þeir hrekist ekki slyppir og snauðir frá eigum sínum fyrirvaralaust. Það er einn angi þessa máls að nýlega varð það niðurstaða að kröfu þeirra sem eru sjálfskipaðir vinir bænda að brugðist var við EES-samningnum með því að herða enn á svokölluðum girðingarákvæðum í jarðalögunum. Afleiðingarnar af því hafa verið þær að svipta bændur í stórum dráttum eðlilegu viðskiptafrelsi með eigur sínar. Þessi löggjöf var óþörf á sínum tíma. Hún var hins vegar sett af því að menn vildu setja slíkar girðingar af ótta við það að hér yrði einhver innrás erlends fjármagns í tengslum við EES-samninginn. Það voru að vísu órar einir eins og reynslan hefur leitt í ljós en niðurstaðan varð sú engu að síður að hagur bænda og eðlilegt viðskiptafrelsi þeirra með eigur sínar var enn þá

skert frá því sem það var fyrir og var það þó nóg og ekki á bætandi.

Því næst er það svo að fyrir utan þessar aðgerðir, afnám kvótakerfis og beingreiðslur, sem eru þá raunverulega búsetustyrkur en ekki framleiðendastyrkur og afkomutrygging á aðlögunartíma, er meginkrafan að sjálfsögðu sú að komið verði á raunverulegri samkeppni um verð og gæði og þessari opinberu ráðsmennsku lokið að því er varðar verðmyndunarkerfið. Ekki er nokkur vafi á því að ef bændur yrðu frjálsir að því að haga sínum málum með þeim hætti sem hér er lýst eru þeir einu mennirnir sem geta raunverulega bjargað *sjálfum sér undan afleiðingum kerfisins*. Þessi vantrú á getu bænda til þess að standa sem sjálfstæðir framleiðendur er orðin slík að keyrir úr öllu hófi. Kerfið hefur auðvitað grafið undan sjálfsbjargarviðleitninni, sjálfstraustinu smám saman vegna þess að bændur upplifa þennan ramma utan um starfsemi sína á þann veg að þeim eru raunverulega allar bjargir bannaðar. Það er satt að segja alveg ótrúlegt og segir stóra sögu um stjórnmálaástandið á Íslandi að aðeins einn þingmaður stærsta flokks þjóðarinnar með um 37–38% fylgi skuli standa upp í umræðum á hinu háa Alþingi um slíkan samning og segja: Það er engin leið að ég geti staðið að því að samþykkja slíkan samning því að hann er raunverulega brot á öllum þeim grundvallarreglum og öllum þeim grundvallarsjónarmiðum sem *þessi flokkur hefur uppi gagnvart* kjósendum fyrir kosningar og öllu því sem hann kennir sig raunverulega við í pólitískri hugsun sinni. (**Samgrh.:** Kennir hann sig við eitthvað?) Já, hv. þm. Eins og hv. þm. er auðvitað vel kunnugt um þrátt fyrir það að hann spyrji svo er það svo að Sjálfstfl. hefur lýst sjálfstæðisstefnunni mjög fjálglega á þann veg að hún byggi á þeim mannskilningi að óheft framtak einstaklingsins og samkeppni einstaklinga á markaði sé drifkraftur efnahagslegra framfara. Þessi flokkur hefur jafnframt sagt í utanríkispólitískri afstöðu sinni að til þess séu vítin að varast þau, þ.e. ofstjórnarkerfi af þessu tagi geti ekki haft nema eina niðurstöðu, þá að drepa niður allt framtak einstaklinganna sem er að lokum það eina sem hægt er að byggja á þegar um er að ræða sjálfbæra þróun í efnahagslegu tilliti. (**KÁ:** Hvers vegna samþykkir Sjálfstfl. þetta? Kanntu einhverja skýringu á því?) Hvers vegna, spyr hv. þm., samþykkir Sjálfstfl. þetta og hvers vegna hefur hann gert það á umliðnum árum? Hvers vegna hefur hann þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu yfirleitt reynt að yfirbjóða hinn Framsfl. í ríkisstuðningi við þetta kerfi? Ef hv. þm. spyr einlæglega og er að leita að svörum er kannski skýringanna að sumu leyti að leita í því kosningakerfi sem við búum við. Með öðrum orðum, þetta eru þeir tveir stjórnmálaflokkar sem heyja stöðugt kapp sín í milli um fylgi bænda. Að vísu er þar sitthvað með öðrum hætti en menn trúa því að skoðanakannanir benda til þess að um 60% bænda styðji framsóknarflokk númer eitt en einungis innan við 20% framsóknarflokk númer tvö og þeir sem vilja blanda sér í að reyna að afla fylgis bænda með slíkum gylliboðum og ríkisverndarloforðum eins og Alþb. hefur gert að hluta til, hafa ekki upp skorið mjög mikið í fylgi meðal bænda út á það, svona um það bil 9%.

Misvægi atkvæðisréttar á nokkurn hlut að máli vegna þess að oft og tíðum er þetta kapphlaup um seinasta þingsætið eða seinustu tvö þingsætin í mörgum landsbyggðarkjördæmum. Það er kannski sá atkvæðakaupamarkaður sem vegur þyngra en raunverulega trúin á yfirburði markaðsskipulags umfram ríkisforsjá þegar á reynir. (Gripið fram í.) Það skiptir í raun-inni engu máli og allra síst nú þegar fyrir liggur að þessir tveir flokkar hafa sameinast um stjórn landsins. Þeir hafa gert það með ótvíræðu umboði kjósenda. Þeir fengu um 60% atkvæða í seinustu kosningum og spurningin er út á hvað þeir fengu það umboð. Sannleikurinn er náttúrlega sá að það einkenndi annan, þ.e. forustuflokk ríkisstjórnarinnar, að tala sem fæst um stefnu sína til þess að hafa óbundnar hendur en hinn stjórnarflokkurinn lofaði öllum gulli og grænum skógum og hafði ekki miklar áhyggjur af því hvernig efndirnar yrðu enda verða þær vissulega allar í skötulíki.

Ef við reynum að setja málið í samhengi hlýtur það að vera raunverulegum kjósendum Sjálfstfl. mikið umhugsunarefni hvernig á því stendur að flokkur þeirra kemur fram með þessum hætti sem ríkisstjórnarflokkur. Það er þrátt fyrir allt staðreynd að hann fær yfirgnæfandi meiri hluta fylgisins meðal kjósenda í þéttbýli og sérstaklega á suðvesturhorninu og hann fær það út á yfirlýsingar frambjóðenda og stefnuyfirlýsingu um það að þetta sé flokkur einkaframtaksins, þetta sé flokkurinn sem hægt sé að treysta sem talsmanni þeirra sjónarmiða sem skilur nauðsyn frjáls framtaks, yfirburði samkeppni á markaði til þess að gæta hagsmuna neytenda og til þess að drífa framleiðsluvélina áfram. Út á þetta fær flokkurinn atkvæði. Út á þetta sitja svo margir þingmenn sem raun ber vitni fyrir hönd Sjálfstfl. fyrir Reykjavík og Reykjanes. En það heyrist og hefur yfirleitt aldrei heyrst neitt frá þessum hv. þm. þegar kemur að því að taka pólitískar ákvarðanir sem ganga þvert á þessar pólitísku yfirlýsingar og ræða hv. þm. Péturs Blöndals er einmitt ánægjuleg og eiginlega söguleg undantekning frá þeirri meginreglu að Sjálfstfl. þegir þunnu hljóði þegar kemur að því að standa við stóru orðin og greiðir svo atkvæði í grundvallaratriðum gegn því sem hann boðar. Þetta er ekki bara þetta einstaka mál. Þetta er orðið að heilu mynstri í tíð núverandi stjórnarflokka. Þetta gerðist að því er það varðar hvernig Sjálfstfl. stóð að framkvæmd GATT-samningsins þar sem hann þverbraut ekki aðeins anda samningsins heldur allar grundvallarreglur sínar. Þetta gilti líka almennt séð, getum við sagt, að því er *varðar þennan búvörusamning og það er rauði þráðurinn í* stefnu Sjálfstfl. að því er varðar landbúnaðarmál yfirleitt.

Það er jafnvel svo að Sjálfstfl. gengur lengra nú en hann hefur yfirleitt gert í þessum málum vegna þess að hingað til hefur hann reynt að vera í samræmi við sögulega arfleifð sína og stefnu að því er varðar utanríkisviðskipti en líka á því sviði virðist hann vera að snúa baki við hefðbundinni stefnu sinni. (**SvG:** Það var kominn tími til.) Þetta frammíkall hv. þm. Svavars Gestssonar virðist benda til þess að hann telji að Sjálfstfl. sé að nálgast Alþb. að því er varðar afstöðu til verndarstefnu í utanríkisviðskiptamálum og er þá kannski kominn tími til að kalla á einhvern fulltrúa Sjálfstfl. að borði þeirra alþýðubandalagsmanna þegar þeir ræða sameiningu flokka seinna á þessum degi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál.

[16:29]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrir tiltölulega hógværa ræðu um landbúnaðarmál. Hann fór bæði yfir fortíðina og eitthvað af framtíðinni í ræðu sinni. Hann talaði um útflutningsuppbætur o.s.frv. Þegar við hugsum um fortíðina, þá spyr ég: Hverjir tóku upp útflutningsuppbætur, mestu framleiðslusprengingu allra tíma?

Hverjir voru þá í ríkisstjórn? Skyldi það ekki hafa verið 1959 þegar Sjálfstfl. og Alþfl. voru í ríkisstjórn svo að við höldum fortíðinni til haga. Ég sótti undir ræðu hv. þm., bók Einars heitins Ólafssonar í Lækjarhvammi, Af Halamiðum á Hagatorg, þar sem hann rifjar upp hvernig þetta gerðist. Hann rekur það að fljótlega eftir stjórnarmyndun 1959 hittu forustumenn Framleiðsluráðs og bænda Ólaf Thors forsrh. og Gylfa Þ. Gíslason menntm.- og viðskrh. Þeir fóru yfir stöðuna um hvað mikilvægt væri að hafa landbúnaðarframleiðsluna þannig að menn ættu eitthvert forðabúr. Síðan segir hann, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Ólafur Thors var á okkar bandi og taldi nauðsynlegt að einhver umframframleiðsla væri í landinu. Málið fór um hendur Ingólfs Jónssonar, landb.- og samgrh., og Sveins Tryggvasonar, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs. Þegar lögin um útflutningsbæturnar voru samþykkt urðum við fulltrúar Stéttarsambandsins og Framleiðsluráðsins undrandi. Í stað þess að greiða útflutningsbætur fyrir 10% af neyslunni innan lands skyldi greiða fyrir magn er næmi 10% framleiðslunnar. Það er munur á neyslu og framleiðslu því að framleiðslan jókst miklu hraðar en neyslan."

Þarna var framleiðslusprengjan gerð virk. Síðan rekur Einar Ólafsson að Alþfl. hafi aldrei minnst á þetta mál meira fyrr en hann kom í stjórnarandstöðu. Þannig er það oft og tíðum með blessaðan Alþfl. En þetta er svona til þess að halda sögunni til haga. Alþfl.var þátttakandi í þeirri stefnu sem kannski leiddi síðar af sér kvótakerfið og þennan mikla vanda framleiðslunnar.

[16:32]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hv. þm. hefði getað farið lengra aftur í söguna. Hann hefði getað farið aftur til ársins 1934 eða 1935 og ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta þegar Alþfl. í samstarfi við Framsfl. tók fyrst upp á kreppuárunum miðstýrt skipulag á framleiðslu, sölu og dreifingu landbúnaðarafurða sem lagði grundvöllinn að því kerfi sem við höfum búið við síðan.

Ég er ekki hingað kominn til að neita sögulegum staðreyndum. Það er líka söguleg staðreynd sem hv. þm. vísaði til að útflutningsbótakerfið var tekið upp í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. þó það hafi að vísu verið gert að frumkvæði hv. þm. og fyrrum ráðherra, Ingólfs á Hellu. Munurinn er hins vegar þessi: Þegar fyrsta löggjöfin í tíð ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta var sett var kreppuástand, og matarskortur á Íslandi. Í byrjun viðreisnar höfðum við ekki búið við offramleiðsluvanda, þó að sú ríkisstjórn hafi sett það kerfi sem vissulega stuðlaði að því. Reginmunurinn er hins vegar sá að um leið og menn sjá afleiðingarnar kerfisins, hverjar þær eru og hvað þær kosta og til hvers þær leiða, hefur Alþfl. auðvitað lært af þeirri reynslu, snúist gegn því og verið sjálfum sér samkvæmur sem andstæðingur þess alla tíð. Og hv. þm., ég ætla að bæta því við að þegar við, árið 1989 gerðum fyrsta tilboð af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi GATT-samkomulagið, þegar sá sem hér stendur var utanríkisviðskiptaráðherra, náðist loksins fram eftir margra ára og kjörtímabila baráttu að koma útflutningsbótakerfinu fyrir kattarnef. Það tókst og það skal tekið fram, í samstarfi við landbrh. Alþb., hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Alþfl. á það þannig a.m.k. með réttu, þó það hafi tekið langan tíma, að honum tókst að koma fyrir kattarnef þessu óhagkvæmasta, dýrasta og vitlausasta formi á stuðningi við landbúnað sem til er, þ.e. að styrkja neyslu útlendinga á slíkri vöru með útflutningsbótum.

Einn höfuðgallinn við það kerfi sem nú er verið að taka upp með þessum samningi er að verið er að smygla útflutningsbótakerfinu inn í kerfið á nýjan leik.

[16:35]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir langa þingsetu er hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að verða viðræðuhæfur um landbúnaðarmál sem ég fagna auðvitað en hefði betur gerst fyrr. Ég heyrði áðan að hann tók undir markmið samningsins þó hann efist svo um framkvæmdina og ýmislegt annað sem í honum er. Það verður tíminn að leiða í ljós. Nú vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé þeirrar skoðunar að íslenskur landbúnaður eigi að njóta svipaðrar verndar og landbúnaður Evrópusambandsins eða þeirra markaða sem bændur fara að keppa við. Telur þingmaðurinn að styrkir hér eigi að vera með svipuðum hætti? Mér hefur heyrst í umræðunni að flestir hógværir menn væru þeirrar skoðunar að það væri ásættanlegt. Þess vegna spyr ég hv. þm. um skoðun hans í þeim efnum.

[16:36]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó nú væri að sá sem hér stendur taki undir yfirlýst markmið um að afnema kvótakerfi framsóknarflokkanna, yfirlýst markmið um að koma á „grænum greiðslum" í staðinn fyrir framleiðsluhvetjandi beingreiðslur, yfirlýst markmið um það að koma á viðskiptafrelsi og afnema opinbert forræði yfir verðmyndun einhvern tíma í framtíðinni. Þó nú væri að sá sem hér stendur taki undir það vegna þess að þetta var og er yfirlýst stefna Alþfl. og við hana stöndum við. Hins vegar er búið svo um hnútana í samningnum að þessum markmiðum verður ekki náð. Hugur fylgir ekki máli.

Að því er varðar spurninguna um það hvort íslenskur landbúnaður eigi að búa við sambærilegan stuðning og styrki og gerist í grannlöndum okkar og markaðslöndum, við skulum segja t.d. í Evrópusambandslöndunum, þá má benda á að ekki þarf að vera svo. En stuðningur við íslenskan landbúnað er sem kunnugt er miklu meiri en í flestum okkar markaðslanda. Það er t.d. svo að stuðningur er um 40% af tekjumyndun landbúnaðarins í Evrópusambandslöndum en yfir 70% hér á landi. Við erum nr. fjögur í heiminum, vorum til skamms tíma nr. eitt, erum núna líklega nr. fjögur að mati OECD á eftir Sviss, Noregi og Japan. Hlutfallið hér er 73 eða 74% en í Evrópusambandinu að meðaltali rúmlega 40%. Því er stuðningur stjórnvalda við íslenskan landbúnað meiri en t.d. í Evrópusambandinu sem oft er þó tekinn sem dæmi um öfugsnúna, ranghugsaða og árangurslitla stefnu. Og það liggur alveg ljóst fyrir að Evrópusambandið verður að falla frá henni ef það ætlar að ná markmiðum sínum um stækkun til austurs.

Ef það vakir fyrir hv. þm. að spyrja hvort við eigum að taka upp útflutningsbætur af því að enn eru eftir leifar af útflutningsbótakerfi innan Evrópusambandsins, þá er mitt svar nei vegna þess einfaldlega að það form stuðnings við íslenskan landbúnað getur ekki gengið og er óréttlætanlegt. Við eigum að haga okkar stuðningi með öðrum hætti.

[16:38]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er vissulega ekki óskastaða í íslenskri sauðfjárrækt eftir 15 ára framleiðslustýringu, eins og fram

hefur komið í ræðum fjölmargra þingmanna, en núverandi staða er afleiðing þeirrar stefnu sem hefur verið rekin gagnvart sauðfjárræktinni í langan tíma. Síðasti búvörusamningur sem Alþfl. átti sannarlega þátt í að gera gerði ráð fyrir að sala næstliðins verðlagsárs yrði höfð til hliðsjónar við ákvörðun á greiðslumarki. Auk þess var ekki tekið með nægilega miklum þunga á birgðamálum. Því varð afleiðingin minnkandi bú og birgðir hlóðust upp.

Við vonumst nú til með nýjum búvörulögum í kjölfar búvörusamnings að ná markmiðunum árið 2000 sem hefðu átt að vera komin árið 1985, hefði verið farið rétt í framleiðslustýringuna. Okkur sárnar það, nýjum þingmönnum Sjálfstfl. eins og öðrum, að 15 ár hafi farið til spillis og hér talaði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson um gáleysi og ábyrgðarleysi við okkur sem aðra. En hvernig getur hann talað þannig og einnig um misvægi atkvæða? Getur hann talað sig frá ábyrgðinni á sauðfjárræktinni og búvörumálum á Íslandi eitthvað frekar en aðrir? Allir stjórnmálaflokkarnir hafa tekið þátt í landsstjórninni, ekki síst einmitt Alþfl. sem hefur átt þátt í fleiri stjórnarmyndunum en aðrir flokkar á undanförnum árum. Þessi litli flokkur hefur átt jafnmarga ráðherra frá upphafi viðreisnar og Sjálfstfl., eða þar um bil. Þeir hafa þannig mótað stefnuna langt umfram aðra, þ.e. miðað við stærð flokksins. Atkvæðavægi alþýðuflokksmanna hefur verið langtum meira en annarra. Svo talaði hv. þm. um misvægi atkvæða.

Sannleikurinn er nefnilega sá að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ber a.m.k. sömu ábyrgð á því og aðrir hvernig komið er fyrir íslenskum sauðfjárbúskap. Hann ber sömu ábyrgð og væri hann hreinræktaður framsóknarmaður.

[16:41]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að rifja það upp fyrir hv. þm. að Alþfl. hefur aldrei farið með stjórn landbúnaðarmála (**Gripið fram í:** Jú.) nema í minnihlutastjórn Benedikts Gröndals sem var starfsstjórn og sat stuttan tíma. Alþfl. hefur aldrei farið með stjórn landbúnaðarmála. Það hafa gert ráðherrar á vegum Framsfl., Sjálfstfl. og Alþb.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að Alþfl. hefur ekki orðið allt of mikið ágengt í að koma fram tillögum sínum og hugmyndum um umbætur í stjórn landbúnaðarmála en engu að síður hefur nú þokast.

Um gamla búvörusamninginn sem Alþfl. lýsti sig að vísu andvígan má segja að hann gerði einn hlut sem var sá að hann hefur leitt til meiri sparnaðar í ríkisútgjöldum en nokkur önnur einstök aðgerð í landbúnaðarmálum. Annað er að með gerð GATT-samkomulagsins tókst að hnekkja útflutningsbótakerfinu sem landbúnaðarráðherrar á liðinni tíð hafa sótt 48 þús. millj. íslenskra króna í á undanförnum árum. Það er kannski mesta þrifaaðgerðin.

Í þriðja lagi tókst að frumkvæði utanríkisviðskiptaráðherra Alþfl., að ná samningum, fyrst og fremst GATT-samningunum sem a.m.k. að forminu til þýða að núverandi landbúnaðarkerfi, ríkisforsjárkerfi er komið að útgönguversunum. Að vísu geta fulltrúar tregðulögmálsins tafið framkvæmdina og spillt framkvæmdinni innan lands um hríð, en undanhaldið er hafið og það verður ekki aftur snúið. Þetta kerfi er ekki aðeins komið að útgönguversinu, það er raunverulega komið á knén. Aðeins á eftir að fá góðan sálusorgara til að kasta á það rekunum.

[16:43]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það sem áður var sagt að ég vona sannarlega að kvótakerfið sé á útleið. Það er það vissulega. Ég vona líka að framleiðslustýringin sé það á örfáum næstu árum. Við verðum að gefa þessu þann tíma sem nauðsynlegur er.

En þá vil ég spyrja hv. þm. sem hér talaði: Samdi ekki hv. þm. um stjórnarstefnuna þegar hann tók þátt í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka? Og hvað segir það um hv. þm. að verða þrátt fyrir yfirburðaatkvæðavægi við stjórn landsins á undanförnum árum að þurfa alltaf að láta í minni pokann og geta leyft sér að tala um ábyrgðarleysi annarra í landbúnaðarmálum.?

[16:44]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fróðlegt að rifja það upp að í seinustu kosningum mátti heyra það á frambjóðendum Framsfl. og sumum frambjóðendum Sjálfstfl. að ástandið í landbúnaðinum væri svona slæmt vegna þess að Alþfl. og sér í lagi formaður hans sem hefðu raunverulega ráðið lögum og lofum um framkvæmd landbúnaðarstefnunnar. (Gripið fram í.) Sjáum til, hér stendur strax upp vitni sem segir að það hafi verið svo. Og svo kemur hv. þm. og segir að við höfum ævinlega látið í minni pokann. Ekki ber þeim saman stjórnarliðum í þessu frekar en kannski öðru.

Kjarni málsins er sá að þrátt fyrir að við höfum aldrei með landbúnaðarmálin farið, er rétt að það tókst að ná nokkrum árangri í sparnaði að því er varðar ríkisútgjöld í þessa botnlausu hít, í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það gerðist fyrst og fremst í samstarfi okkar við hæstv. fyrrv. landbrh. Steingrím J. Sigfússon. Það gekk öllu verr að því er varðaði fyrrv. hæstv. landbrh., Halldór Blöndal, sem var að því leyti meiri kerfishagsmunavörslumaður þessa úrelta kerfis en finnanlegur var jafnvel í Alþb. eða Framsfl. En aðalávinningurinn var þessi sem réttlætti það þegar við lítum til baka að Alþfl. hefur skilað verulegum árangri þrátt fyrir tregðulögmálið, þrátt fyrir andstöðu ráðandi afla í Sjálfstfl. Það er að sjálfsögðu GATT-samningarnar og það er í gegnum margvísleg valdsvið utanríkisviðskiptaráðuneytisins sem tókst með löggjöf og skuldbindingum alþjóðasamnings að knýja þetta kerfi til undanhalds.

[16:46]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill koma á framfæri leiðréttingu við þskj. 254 sem eru breytingartillögur við frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 frá 8. september 1993, með síðari breytingum. Í þskj. sem er brtt. meiri hluta landbn. hefur slæðst villa, a-liður 2. tölul. á að hefjast þannig: „1. mgr. 19. gr. laganna“ o.s.frv. Orðin „1. mgr.“ hafa fallið brott og er það hér með leiðrétt. Þingskjalið verður prentað aftur en forseti vill koma þessu á framfæri hér og nú.

Í öðru lagi vill forseti geta þess að samkomulag hefur orðið um að eftir lok 2. umr. fari fram atkvæðagreiðsla kl. 13.30 á morgun. Þá í kjölfarið er miðað við að settur verði nýr fundur og dagskrármálið tekið til 3. umr. og henni lokið á morgun í samræmi við nefnt samkomulag.

[16:47]

Útbýting þingskjala:

Læsi, 208. mál, fsp. SvanJ, þskj. 269.

Norræn karlaráðstefna í Stokkhólmi, 209. mál, fsp. KÁ, þskj. 270.

Nýting Krýsuvíkursvæðis, 211. mál, þáltill. HjÁ og DSigf, þskj. 272.

Starfsþjálfun í fyrirtækjum, 210. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 271.

Varnir gegn landbroti, 212. mál, fsp. HjÁ o.fl., þskj. 273.

[16:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um þetta mikilvæga mál lét ég í ljós þá skoðun mína að ég teldi frv. og tilheyrandi búvörusamning ekki vel til þess fallin að stuðla að aukinni sjálfsvirðingu bænda, að bændur geti annaðhvort hætt með reisn eða orðið hreyknir af framleiðslu sinni og notið þess er þeir vinna vel og framleitt góða vöru á viðráðanlegu verði. Ég setti fram þá von að skynsemin mundi sigra í málinu, að frv. yrði endurskoðað frá grunni því að það er trú mín að hagsmunir bænda, neytenda og íslensku þjóðarinnar geti farið saman í þessu mikilvæga máli en með þessu frv. er langt frá að svo geti orðið. Ég tek því undir með 1. og 2. minni hluta landbn. um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar þó að reyndin verði líklega sú að þessari vondu pólitísku málamiðlun stjórnarflokkanna og Bændasamtakanna verði þröngvað upp á þjóðina þrátt fyrir málefnalega gagnrýni úr öllum áttum. Skynsemin fær því miður ekki að sigra í þessu máli og því er kannski ekki til mikils að ræða málið efnislega umfram það sem fram hefur komið í ummælum Kristínar Ástgeirsdóttur og í nefndarálitum minni hlutans í landbn.

Það væri virkilega þess virði að leggja út í almennilegar umræður á Alþingi ef maður gæti búist við því að hér ættu sér stað raunverulegar rökræður. Slíku er því miður allt of sjaldan til að dreifa í þingsalnum og allra síst í stórmálum sem þessu sem oftar en ekki eru keyrð í gegn með pólitísku offorsi og þá undanskil ég að sjálfsögðu starf í nefndum.

Þegar hefur komið fram að þetta frv. og búvörusamningurinn var saminn af Bændasamtökunum og fulltrúum ríkisstjórnarinnar án samráðs við aðila vinnumarkaðarins að öðru leyti. Þetta er auðvitað gagnrýnisvert en ekki síður hitt að væntanlega hefur engin eða mjög fáar konur komið að samningu þessa mikilvæga frv. ef marka má valdaleysi kvenna í Bændasamtökum Íslands.

Ég rakti það við 1. umr. hver stefna Kvennalistans væri í málinu og benti á þá annmarka sem eru á markaðsmálum varðandi landbúnaðarafurðir. M.a. tók ég það dæmi að ekki var hægt að fá súpukjöt á höfuðborgarsvæðinu í júlímánuði í tveimur ákveðnum stórmörkuðum. Auk þess sem ég tel að þetta frv. sé veruleg pólitísk mistök ekki síst vegna þess að engan veginn er tryggt að bændur standi betur að vígi árið 2000 en þeir gera í dag þá tel ég að verulega skorti á að nægilega sé tekið á markaðsmálum varðandi sauðfjárframleiðslu, bæði innan lands og erlendis í þessu frv. Ég nefni það atriði sérstaklega vegna þess að ég tel að konur gætu haft veruleg áhrif á það hvernig kindakjöt kemst til neytenda ef þær hefðu til þess einhver völd.

Ég tek undir með frú Karen Stoltenberg sem lagði áherslu á það í sjónvarpi allra landsmanna í gærkvöldi að áhrif og völd kvenna í atvinnumálum, ekki síst í landbúnaðarmálum, verði að aukast og verða viðurkenndari. Það er reyndar nokkur bragarbót gerð að þessu leyti í brtt. meiri hlutans. Þar er m.a. ákvæði um gæðastjórnun og verðskerðingargjald sem er ætlað til markaðsaðgerða. En það er ekki nóg að mínu mati. Það að allir bændur verði skyldaðir til að taka þátt í þessu kerfi þannig að þeir sem vildu brjótast út úr því geti það ekki er að mínu mati verulegt áhyggjuefni og allt að því mannréttindabrot. Þetta eru mikil vonbrigði bæði fyrir neytendur og fyrir bændur sjálfa.

Ég sé fyrir mér að bændur geti farið í samkeppni hver við annan um úrvalskjöt, geti keppst við að framleiða undir eigin merkjum og kjötið væri markaðssett á aðlaðandi hátt í samræmi við kröfur neytenda. Ég vil gjarnan fá að kaupa nýtt lambakjöt sem oftast, fitulítið í mismunandi neytendaumbúðum, sem hentar húsmóðurinni sem hefur lítinn tíma, og ég treysti bændakonum til að leggja sitt af mörkum að þessu leyti. En til þess þurfa þær að hafa eitthvað um málið að segja. Með þessu miðstýrða, fjarlæga karlveldiskerfi er slíkt ekki mögulegt. Þær hafa engan annan kost en að leika eftir þeim leikreglum sem tíðkast hafa í þessu ótrúlega ofstjórnarkerfi og ef að líkum lætur má þó ætla að greiðslur á ullarstyrk gætu komið atvinnumálum þeirra til góða.

En hvers vegna samþykkja Bændasamtökin samninginn? Jú, líklega vegna þess að bændur fá í sinn hlut 2,2 milljarða kr. í viðbót við það sem þeir hefðu annars fengið ef gamli búvörusamningurinn yrði áfram í gildi. Það að Sjálfstfl. og Framsfl. skuli styðja landbúnaðarstefnu sem á sér engan líka í samfélagi þjóðanna nú til dags er með ólíkindum. Styrkir Íslendinga við landbúnaðinn þurfa auðvitað að vera miklir en á meðan við erum að komast út úr þessu kerfi finnst mér alls ekki réttlætanlegt að við styðjum landbúnaðinn 70% meira en meðalstuðningur er í OECD-ríkjunum og 50% meira en meðalstuðningur er í ESB-ríkjunum. Löngu er kominn tími til að horfa frá þessari fortíðarstefnu og taka upp frjálsari viðskiptahætti, aðlaðandi neytendastefnu, m.a. með þátttöku bænda sjálfra og bændakvenna þannig að bændur fái að njóta þess ef þeir standa sig vel en það gera þeir ekki samkvæmt þessu frv. Þar að auki vantar alla framtíðarsýn og því tel ég tímabært að þegar verði horfst í augu við hvað ætlunin er að gera fyrir sauðfjárbændur árið 2000. Á að endurtaka þennan leik þá eða er virkilega trú ríkisstjórnarinnar að þá verði komið á jafnvægi á milli sauðfjárframleiðslu og neytendasjónarmiða? Ég hef ekki þá trú þó að með þeim fjárhæðum sem til stendur að eyða næstu fjögur árin í samninginn væri það vissulega hægt, þ.e. með því að gera betur við þá sem hætta og við þá sem reka bú sín með sérstökum myndarskap.

Sérfræðingar álita að 600 ársverk dygðu í sauðfjárframleiðslu miðað við núverandi neyslu en nú eru um það bil 2–3 þúsund ársverk í sauðfjárframleiðslu. Ekki verður séð að samningurinn muni í reynd fækka sauðfjárbændum svo nokkru nemi og því verður ekki séð að næstu fjögur árin verði notuð til þess að gera sauðfjárrækt að alvöruatvinnugrein með tilheyrandi kostnaði fyrir þjóðina alla. Vandi sauðfjárbænda er ekki sá að kjötið sé endilega of dýrt, heldur að of margir bítast um of lítinn markað. Lausnin í þessu frv. er hlægileg, að láta bændur sjálfa niðurgreiða útflutning fyrir sjálfa sig. Á þann hátt gera þeir í raun aðeins eitt: Að tryggja sér áframhaldandi beingreiðslur ef kerfið yrði nú óbreytt árið 2000 því að þeir vita það ekki sjálfir. Til einhvers er hugsanlega að vinna og því mun ekki takast að fækka sauðfjárbændum og minnka sauðfjárrækt svo að nokkru nemi ef þetta frv. verður að lögum. Að mínu mati eru allt of litlar upphæðir ætlaðar í uppkaup á framleiðslurétti en samt sem áður er gert ráð fyrir því í brtt. meiri hlutans að það fé sem fer ekki til uppkaupa skuli ekki ganga til ríkissjóðs eins og upphaflega stóð til heldur megi nota

það til annars. Þetta sýnir betur en margt annað að þeir sem standa að samningnum vita sjálfir að ekki verður mikil ásókn í uppkaup miðað við það heildarsamhengi sem þetta mál er að komast í. Þetta er vondur samningur og ég vona að það verði fleiri stjórnarþingmenn en Pétur Blöndal sem geta staðið gegn samningnum og staðið með stjórnarandstöðunni um þá tillögu að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar til gagngerrar endurskoðunar.

[16:59]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður sér að Kvennalistann er hollur fortíðinni. Mér finnst þegar Kvennalistinn talar sé hann minnugur þess sem í Biblíunni stendur: Ræða þín skal vera já já og nei nei.

Hv. þm. hefur komið inn á ýmis atriði og sér ekki framtíðarsýn í samningnum. Ég held að það sé reyndar ekki rétt. Auðvitað veltur mjög mikið á framkvæmdinni. Ég held að öllum sé ljóst að samningurinn mun kalla á lækkað vöruverð. Það verður hagræðing í milliliðum og lambakjötið verður samkeppnishæft miðað við aðrar kjötgreinar sem þýðir lækkun hér á kjötvörum o.s.frv. Um þetta atriði má segja að minni munur er á kjötverði hér en víða erlendis. Það er kannski rauðvínið og bjórinn sem menn þurfa með steikinni sem er enn þá í óhagstæðari hlutföllum hér en úti í Evrópu. Það eru auðvitað mörg atriði sem ber að hafa í huga en menn verða að hafa þetta allt saman í samhengi.

Ég spyr hv. þm. sem gagnrýnir frv. hvernig hann sjái fyrir sér styrki og hvort hann styðji þær breytingar sem gerðar eru. Menn geta fengið beingreiðslur og minnkað við sig framleiðslu. Menn geta nýtt tímann til að fara í annað o.s.frv. Hugnast Kvennalistanum og hv. þm. þessi breyting á samningnum og sér þingmaðurinn ekki fyrir sér að með því að gera lambakjötið samkeppnishæfara muni kjötverð hér lækka í verði?

[17:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók fram í ræðu minni að ég teldi ekki að meginvandinn væri sá að kjötið væri of dýrt heldur að allt of margir sauðfjárbændur væru að bítast um of lítinn markað. Við erum einnig með birgðavandamál og það á að reyna útflutning sem ekki hefur gefið nógu góða raun og það á að halda áfram á þeirri sömu braut. Ég tel þær leiðir sem lagðar eru til til að fækka sauðfjárbændum af hinu góða eins og að greiða þeim fyrir full afköst þó þeir hafi ekki jafnmikið fé og að greiða þeim fyrir það þó þeir fari í önnur verkefni, hvetja þá til að fara í landgræðslu og annað slíkt. Það sem vantar er einhvers konar hvati til að gera vel. Þar sem ekki er ljóst að hverju er stefnt eða hvað tekur við árið 2000 getur bóndinn ekki vitað hvort sé skynsamlegt eða ekki að selja framleiðslurétt sinn. Ég tel mjög mikilvægt og til bóta fyrir bændur sjálfa til að koma á hagkvæmri sauðfjárrækt og fækka þeim sem eru um hituna að fólk viti nákvæmlega fyrir fram hver staðan verður árið 2000. Það kemur ekki fram og þess vegna getur bóndinn með engu móti tryggt sig nema með því að hafa þá að minnsta kosti þá framleiðslu sem stendur undir fullum beingreiðslum.

[17:03]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og karlinn sagði forðum: Það er erfitt að spá og sérstaklega um framtíðina. Ég hygg að hver og einn eigi erfitt með að sjá hvað verður. Ég held að í samningnum liggi þau atriði að menn eigi að geta náð tökum á þessum málum og a.m.k. sumar breytingar, sem hér hafa verið gerðar, eru til bóta. Hv. þm. fullyrðir útflutningur verði sem sama hætti og verið hefur. Þetta er alrangt. Nýir sérmarkaðir blasa við þar sem greitt er mjög hátt verð fyrir kjötvöru. Heimurinn spyr eftir hreinni vöru, vistvænni vöru og menn telja að íslenskar kjötvörur eigi þarna mjög mikla möguleika. Það fullyrða þeir sem færastir eru á þessu sviði í heiminum

Nú eru afurðastöðvarnar farnar að þróa fullunna vöru sem fer beint á markað. Það er kannski eina leiðin sem við eigum. Samningurinn og það frv. sem liggur fyrir gerir okkur kleift að feta nýja leið í þessum efnum sem ég trúi að geti skilað árangri. Það kunna að vera einhver ár í það að við náum því marki sem við viljum en þarna eigum við mikla möguleika. Við þurfum einnig að muna eftir ull og gæru sem er dýrmæt afurð hér í landinu og því er mikilvægt fyrir okkur að styrkja sauðfjárræktina. Ég get tekið undir með hv. þm. að auðvitað er staðan sú miðað við þann flata niðurskurð sem hefur skollið á bændum og samdráttinn í þessari grein að allt of margir hafa framleitt of lítið. Búvörusamningurinn er gerður til þess að menn fái ekki á sig flatan niðurskurð og við getum horfið inn á nýjar brautir sem samningurinn og frv. gera ráð fyrir.

[17:05]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega væri það óskandi að betur tækist til með þann útflutning sem nú stendur til að fara í. Það hefur komið fram í umræðunum að eigi svo að verða þurfi mun meira fé í markaðsátak en hér er gert ráð fyrir. Þess vegna er ég enn þeirrar skoðunar að með sömu upphæðum og samningurinn gerir ráð fyrir verðum við að nota þær upphæðir öðruvísi og hafa skýr framtíðarmarkmið til að leysa þessi mál þannig að allir gætu vel við unað fyrir árið 2000. En því miður er það ekki gert með þeirri aðferð sem hér er lögð til.

[17:06]

Útbýting þingskjals:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 213. mál, fsp. RG, þskj. 274.

[17:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Í seinni hluta umræðunnar hefur ekki mjög margt nýtt komið fram. Auðvitað eru mjög skiptar skoðanir um samninginn og ég ítreka að hann er svo sem ekki óskasamningur. Sjálfsagt væri samningurinn öðruvísi ef einhver einstaklingur hefði fengið að skrifa hann upp eins og hann vildi hafa hann. Það er svo með alla samninga. Ég held að ávallt þegar menn setjist niður við að komast að niðurstöðu um eitthvað þar sem skiptar skoðanir eru hlýtur niðurstaðan að bera þess merki að þar hefur verið reynt að ná samkomulagi.

Ég þarf svo sem ekki að ítreka enn einu sinni að ég held að í samningnum séu fjölmörg ný ákvæði sem kveða á um það og geta fullvissað menn um að við erum að fara inn í annað rekstrarumhverfi en verið hefur með sauðfjárframleiðsluna og þann hluta landbúnaðarins þó svo að auðvitað sé í þessu ákveðin óvissa sem ég hef ekki reynt að gera lítið úr. Ég hef verið mjög meðvitaður um að við sjáum ekki

allt fyrir í þessu. Ég hef líka ítrekað margsinnis þá skoðun mína að að samningstímanum loknum sitjum við uppi með allt annað ástand í sauðfjárræktinni en núna. Það eru einmitt áhrif samningsins í þá átt sem markmið hans kveða á um og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, ásamt reyndar fleiri þingmönnum, hefur haft miklar efasemdir um og sagt að með fyrirvörum væri tekið eitt og annað til baka af því sem þó var getið um í markmiðunum og fyrirheitunum sem samningurinn felur í sér. Þrátt fyrir fyrirvara og að ná þurfi ákveðnu samkomulagi um hvernig að útflutningnum skuli staðið o.s.frv. eru þó í samningnum þau efnisatriði sem sýna það á samningstímanum að það eru umtalsverðar breytingar í aðsigi.

Ég fékk spurningar frá sumum hv. þm. sem ég vil reyna að leitast við að svara. Hv. þm. Gísli Einarsson spurði t.d. um hve margir hefðu nú þegar selt fullvirðisrétt sinn að fullu samkvæmt samningnum í aðdraganda hans nú. 110 eða 111 bændur hafa gert samning með þeim margumræddu fyrirvara sem var gerður að umræðuefni í upphafi umræðunnar en á sér eðlilegar skýringar og ég tel ekki að þurfi að hafa áhyggjur af. Hann spurði einnig um það á hvaða aldri þeir væru sem hefðu gert þennan samning. Ég býst við að hann hafi þá verið að hugsa um hve margir væru sjötugir eða yrðu sjötugir á samningstímanum. Okkur telst til að af þessum 111 bændum séu 46 bændur 65 ára eða eldri. Hann spurði einnig um það hve margir sætu áfram á jörðum sínum við önnur störf. Það er kannski fullsnemmt enn þá að segja til um það en enn sitja auðvitað flestir, kannski allir. Ég býst við að menn hafi ekki enn flust búferlum og ég á von á því að meiri hluti þessara bænda muni áfram sitja á jörðum sínum. Snúa sér þá að annarri atvinnu eða nýta tímann sem þeir hafa samkvæmt samningnum og fá fyrir beingreiðslur, fá þann hluta sem ríkið tryggir með beingreiðslum, greitt á samningstímanum. Þeir muni þá nota þann tíma til að hverfa að öðru þannig að ekki er við því að búast að þeir hafi nú þegar flutt búferlum.

Hv. þm. Gísli Einarsson ræddi mikið um útflutningsmál. Mér fannst hann reyndar ekki alveg sammála áherslum í því efni eins og hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. að útflutningur á sauðfjárafurðum séu gyllivonir og væntingar sem við eigum ekki að horfa til og við eigum sem fyrst að koma okkur út úr þeirri umræðu. Þeir sem vilja ganga lengra lögðu mikla áherslu á að það hefði í upphafi átt að gera mönnum betri tilboð um að hætta framleiðslu og koma í veg fyrir það að bændur væru að horfa til þess að einhverjar vonir gætu verið bundnar við útflutning síðar. Auðvitað er rétt að útflutningsmál hafa í gegnum tíðina verið með þeim hætti að þau hafa ekki gefið okkur ásættanlegt verð. Þó er ég viss um að margt af því sem kom fram í máli hv. þm. Gísla Einarssonar gæti gefið vonir um breytt hugarfar hvað þetta varðar. Þá á ég fyrst og fremst við það sem er að gerast úti í hinum stóra heimi, þ.e. að neytandinn krefst vöru sem er framleidd við önnur skilyrði en þar er nú algengast sem hafa mikil umhverfisáhrif og þau ekki öll til góðs. Matvæli eru framleidd með ýmiss konar aukefnum, hormónum og lyfjum. Við höfum státað okkur af því að við framleiðum okkar landbúnaðarvörur með öðrum hætti. En þetta er nú enn þá sýn en ekki raunveruleiki. Ég hef varað við því og sagt að ég tel að menn yrðu að hafa ákveðinn fyrirvara á því að hefja framleiðslu til útflutnings í meiri mæli en þegar er gert miðað við þessar væntingar en þær geta kannski leitt til þess einhvern tíma að okkar ágæta landbúnaðarframleiðsla, sem framleidd er við þær aðstæður sem allir þekkja og þarf ekki að tíunda frekar, eigi meiri markaðsmöguleika.

Ákveðin atriði í samningnum geta líka leitt til þess að menn snúi sér að öðrum þáttum. Talað hefur verið um framleiðsluhvatann og mér finnst aðeins gæta misskilnings í því sem kom fram í máli bæði hv. þm. Péturs Blöndals og hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að beingreiðslurnar séu framleiðslutengdar. Ég held að ég hafi skrifað rétt eftir hv. þm. Pétri Blöndal að það væru kvaðir um framleiðslu tengda 0,6 ærgildum. Það eru í raun ekki kvaðir um framleiðslu. Það eru kvaðir um að halda þetta fé. Kannski er út í hött að segja það en menn geta haldið fé án þess að framleiða kjöt. Það er auðvitað hægt. (**Gripið fram í:** Er það upp á ullina?) Það gæti verið upp á ullina. Það er sem sagt ekki lengur framleiðslutenging. Beingreiðslurnar eru ekki bundnar við magn kjöts sem lagt er inn heldur við þá ásetningu sauðfjár sem bóndinn hefur.

Ég hvarf aðeins frá því sem ég var að hafa hér eftir hv. þm. Gísla Einarssyni þegar ég fór að tala um framleiðsluhvatann sem tengist auðvitað þessu með útflutningsmálin. Hann rakti það mjög ítarlega og í löngu máli að það væri auðvitað ýmislegt að hjá okkur sjálfum varðandi útflutningsmálin. Það eru ýmsir þættir sem við þurfum að skoða hér innan lands varðandi það hvernig við stöndum að þeim. Það eru kannski smáatriði eins og t.d. tryggingamál og ýmislegt sem varðar pökkun og slíkt. En þetta verður stórmál þegar það er komið á erlenda grund og veldur því á síðasta stigi að það er ekki hægt að selja kjötið vegna þess að þessi smáatriði eru ekki í lagi og þá er auðvitað ekki við neinn að sakast nema okkur sjálf. Ég er sammála hv. þm. um það að hér þurfum við að taka okkur á á ýmsum sviðum og hafa hlutina þannig að þeir geti gengið. Þetta er auðvitað hluti af því að kunna að markaðssetja vöruna og gera það á þann hátt sem við höfum lært. T.d. varðandi fisk, sem við erum þekktust fyrir og færust um að flytja á erlenda markaði. Og þar höfum við gengist undir það að svara kröfum markaðarins. Það þurfum við auðvitað að gera á þessu sviði líka. Það á ekki bara við um útflutninginn. Það á líka við um innanlandsmarkaðinn okkar. Það á auðvitað að bæta og auka vöruvöndun og markaðssetninguna þannig að við getum svarað markaðskröfunum betur en við höfum gert.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson fór líka nokkrum orðum um samninginn og greindi frá því í hverju hans fyrirvari við nefndarálitið væri fólginn. Það beinist kannski einkum að því að hann telur að í raun sé þeim hyglað sem ekki hafa farið að óskum og kröfum um framleiðslustjórnun og stýringu á undanförnum árum og jafnframt gengið á rétt þeirra sem hafa virt leikreglurnar. Þetta er auðvitað hluti af því frelsi sem samningurinn gerir ráð fyrir og sumir hafa viljað gera lítið úr. Þetta er hluti af því frelsi sem verið er að reyna að koma hér á, menn eiga að hafa aukið svigrúm og frjálsræði í framleiðslunni. En það verður ekki bæði sleppt og haldið. Við getum ekki bæði haldið í hugsanlega kosti gamla samningsins og jafnframt gert kröfu um að við hverfum frá framleiðslustýringu til annarra og frjálsari aðferða. Það á auðvitað að hluta til líka við um verðlagninguna og frelsið á því sviði.

Hv. þm. Kristján Pálsson, spurði mig ítrekað um hugmyndirnar um stefnumótun og endurskoðunarákvæði samningsins. Ég var reyndar búinn að gera grein fyrir því í svari mínu áður að í samningnum eru skýr ákvæði um það að hvor aðili um sig geti óskað eftir viðræðum um endurskoðun hans.

En þar segir líka að að þremur árum liðnum skuli samningsaðilar gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Í framhaldi af því skal hefja undirbúning viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði. Ég vitna hér til samningsins orðrétt og vona að hæstv. forseti lái mér það ekki, þótt ég hafi ekki beðið um það fyrir fram.

Varðandi þessi ákvæði hef ég ekki miklu við að bæta. Eins og ég hef áður sagt í þingræðum er skoðun mín sú að mikilvægt sé að fá á ný aðila vinnumarkaðarins og aðra þá sem gætu haft gott til málanna að leggja til slíkrar stefnumótunar. Ég ætla ekki að tíunda einstaka aðila í því efni, en ítreka það sem ég sagði áður að málið varðar fyrst og fremst ríkisvaldið og Bændasamtökin. Þeir aðilar verða að ákveða hverjum þeir bjóða til slíkra viðræðna og gæta þess að ekki verði öðrum boðið að samningaborði en þeim sem vilja taka þátt í stefnumótun til framtíðar. Það er mjög mikilvægt að um stefnumótun í landbúnaði náist víðtæk og breið samstaða.

Hv. þm. spurði líka hvenær slík nefnd gæti tekið til starfa samkvæmt samningnum og hvenær hún gæti hugsanlega lokið störfum. Ég held að slík stefnumótun og viðræður séu nú kannski eitthvað sem ætti að vera stöðugt í gangi. En ég get upplýst hv. þm. um það að nú hafa fulltrúar Landsambands kúabænda komið á minn fund og beðið um að farið yrði að ræða við þá um hugsanlegt framhald eða hugsanlega afstöðu stjórnvalda til samningsins sem við köllum nú stundum í þessari umræðu „gamla búvörusamninginn" en er auðvitað sá samningur sem er í gildi í dag og rennur út að tveimur árum liðnum. Fulltrúar þessarar greinar landbúnaðarins hafa nú þegar óskað eftir viðræðum. Þeir hafa jafnframt óskað eftir að til þeirra viðræðna kæmu aðilar vinnumarkaðarins. Auðvitað þyrfti því að byrja fljótlega á því að ræða við þá aðila um áframhaldandi stefnumótun í landbúnaði og af þessu sést að stjórnvöld eru enn að ræða við aðila atvinnugreinarinnar um stefnumótun og málefni hennar, eins og við á. Ég hygg að stjórnvöld séu út af fyrir sig alltaf að ræða við hagsmunaaðila, t.d. í sjávarútvegi svo ég taki annað dæmi, þótt þau séu ekki að gera við þá neina samninga í líkingu við búvörusamningana. Það leiðir hins vegar hugann að því að þessi atvinnugrein hefur á undanförnum árum verið rekin með allt öðrum hætti. Þótt hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kjósi að segja sem svo að landbrh. núv., sá sem hér stendur, sé með þeim breytingum sem hér eru a.m.k. boðaðar og þeim stefnumarkmiðum sem settar eru fram í samningnum að viðurkenna að núverandi kerfi hafi beðið skipbrot og það þurfi að byrja að nýju, þá er mér það ekkert viðkvæmt mál. Ég hef lýst því yfir og ég held að ég hafi meira að segja líka gert það í kosningabaráttunni í vor ... **(Gripið fram í:** Ertu viss?) Já, ég er alveg viss um það, hv. þm., að það kom oft til umræðu á fundum okkar í Norðurl. e. að það þyrfti að gera breytingar í landbúnaði. Frambjóðandinn, sem nú er orðinn landbrh., stendur við það sem hann sagði þá og er með því sem hann leggur til hér að stíga skrefi í þá átt. Hann viðurkennir hins vegar líka þau orð hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að það væri enn einu sinni verið að sætta sig við aðlögun. Ég sagði held ég einhvern tímann fyrr í þessari umræðu þegar við skiptumst hér á skoðunum, ég og hv. þm., að ég væri ekki mikill byltingarsinni, ég teldi að við yrðum að horfast í augu við það hvernig þessum málum hefur verið háttað og að við þyrftum að gefa okkur tíma til að koma þeim breytingum á sem hér eru boðaðar. Og ég held að sá samningur sem við erum að fjalla hér um sé einmitt mikilvægt skref á þeirri leið að gera raunverulegar breytingar varðandi þessa stjórnun og þá samninga sem gilt hafa um sauðfjárræktina og það á síðan örugglega eftir að koma fram gagnvart öðrum þáttum landbúnaðarins.

Hæstv. forseti. Ég held að fleiri spurningum hafi ekki verið beinlínis beint til mín. Auðvitað eru skoðanir mjög skiptar, það hefur komið fram í umræðunni. Ég held að ég muni í sjálfu sér ekki bæta hana mikið með því að lengja hana með því að fara yfir það sem við kunnum að vera ósammála um, ég og sumir hv. þm. Ég álít enn, þrátt fyrir umræðuna, að hér sé verið að stíga mikilvæg skref í rétta átt. Ég vona sannarlega að hv. Alþingi samþykki það frv. sem hér liggur fyrir með þeim breytingum sem meiri hluti hv. landbn. hefur lagt til að gerðar verði á því. Á þann hátt náum við að stíga mikilvæg skref í þá veru að tryggja þau markmið sem samningurinn gerir ráð fyrir.

[17:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talar um nefnd sem eigi að koma saman á næsta ári til að ræða um framtíð kúabænda og hvernig þeir komi inn í nýja samninga á næstu árum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort í þeirri sömu nefnd yrði þá ekki rætt um framtíð sauðfjárbúskapar og framtíð þess styrkjakerfis sem þar er við lýði og er verið að festa til næstu fimm ára með þeim samningi sem hér er til umræðu. Ég vildi bara fá það skýrt fram að hlutur sauðfjárbænda í framtíðinni væri einnig til umfjöllunar í þeirri umræðu sem færi fram strax á næsta ári.

Mig langar einnig til að fá upplýsingar um það hvernig háttað verði eftirliti með þessum samningi þegar kemur að því að fylgjast með því hvernig bændur fara með ásetningarhlutföll sín, annaðhvort 0,7 eða 0,6, sem hafa áhrif á útflutning eða beingreiðslur. Hvort tveggja er mikilvægt og spurning um það hvernig ráðherrann hefur hugsað sér að ná því öðruvísi en að setja upp mikið kerfi eftirlitsmanna sem eigi að gera þetta eða hvort hann hefur séð fyrir sér eftirlitskerfi sem nú er til staðar og gæti sinnt því hlutverki.

[17:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði grein fyrir því áðan að það hefur þegar verið óskað eftir áframhaldandi viðræðum. Þar er að vísu um kúabændur að ræða, en ljóst er að það eru ekki landssamböndin eða sambönd einstakra búgreina sem sitja við samningaborðið, heldur eru það Bændasamtökin sem slík. Í þeim samningi sem við erum að fjalla um núna hefur fyrst og fremst verið fjallað um sauðfjárræktina og í væntanlegum viðræðum verður kannski fremur rætt um málefni kúabænda. Ég held samt að það sé alveg ljóst að ef að því samningaborði koma í viðbót fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, eins og kúabændur hafa óskað eftir, muni þar frekar verða rætt um málefni greinarinnar í heild og almenna stefnumörkun. Enda er ástandið með nokkrum öðrum hætti varðandi viðræður við kúabændur en viðræður við sauðfjárbændur. Í sumar stóðum við frammi fyrir því að takast á við þann mikla vanda sem kominn var upp í sauðfjárræktinni og reyna að leysa hann fljótt. Það sama á ekki við um kúabændurnar. Þótt ástandið þar sé að vísu ekkert til að hrópa húrra fyrir, er það með allt öðrum hætti og þess vegna gefst meiri tími til almennrar umræðu um stöðu atvinnugreinarinnar og stefnumótun til lengri tíma.

Varðandi eftirlitsmálin er það auðvitað svo að þar eru það fyrst og fremst forðagæslumenn sem hafa það hlutverk að fylgjast með ástandinu. Mér er ljóst að þeirra hlutverk er ekki alltaf auðvelt. Einnig mætti hugsa sér að aðrir opinberir embættismenn í landbúnaðinum, t.d. hérðasdýralæknar, kæmu einnig að einhverju leyti að þessu eftirlit. En það er ekki fullrætt og verður rætt nánar við Bændasamtök Íslands um það hvernig að þessum eftirlitsþætti verði staðið þannig að hann geti talist ásættanlegur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:29.

---

52. FUNDUR

þriðjudaginn 5. des.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 191. mál, þskj. 239. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Iðnlánasjóður, stjfrv., 194. mál, þskj. 242. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 155. mál, þskj. 185, nál. 250, brtt. 251. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Félagsleg aðstoð, frv., 80. mál, þskj. 81, nál. 247. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 96. mál, þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 75. mál, nál. félmn., þskj. 276.

Fjáraukalög 1994, 45. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 275; nál. meiri hluta fjárln., þskj. 277.

Fjáraukalög 1995, 44. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 278; brtt. fjárln., þskj. 279; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 280; nál. minni hluta fjárln., þskj. 281.

Alþt. 1995. B. (120. löggjafarþing).

Rannsókn flugslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Iðnlánasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 194. mál (tryggingalánadeild). — Þskj. 242.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 155. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185, nál. 250, brtt. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Brtt. 251 (ný 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Félagsleg aðstoð, frh. 2. umr.

Frv. ÁRJ, 80. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 81, nál. 247.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 100, nál. 252, 253 og 255, brtt. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. í nál. 252 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 27:13 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EKG*, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SvG.

nei: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

2 þm. (PHB, SJS) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓHann, SighB, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
12 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, JBH, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓHann, PHB, SighB, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓHann, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓHann, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓHann, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,2 (tvær nýjar greinar, verða 5. og 6. gr.) samþ. með 28:10 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RG.
4 þm. (PHB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 254,3 (ný 5. gr., verður 7. gr.) samþ. með 28:10 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RG.
4 þm. (PHB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:47]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Hér stendur til að lögfesta millifærslur á verðjöfnun innan landbúnaðar, m.a. til útflutnings. Þjóðvaki er andvígur þessari aðferðafræði sem leiðir til óhagkvæmni og framleiðsluaukningar, þrengir kjör bænda og neytenda og er í ósamræmi við nútímalega viðskiptahætti. Ég segi nei.

Brtt. 254,4 (tvær nýjar greinar, verða 8. og 9. gr.) samþ. með 28:10 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RG.
4 þm. (PHB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 254,5.a (að síðasta málslið) samþ. með 28:10 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RG.
4 þm. (PHB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 254,5.a (síðasti málsliður) samþ. með 28:11 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RG.
3 þm. (RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferð eitt af hinum furðulegu atriðum þessa frv. Hæstv. landbrh. ætlar að taka að sér skipulag útflutnings á lambakjöti. Það er ekki hlutverk framkvæmdarvaldsins að annast skipulag útflutningsmála, það á

atvinnugreinin sjálf að gera eins og tíðkast t.d. í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er enn eitt dæmið í þessu frv. um þá miklu ofstjórnun sem einkennir allt þetta mál og allt skipulag íslensks landbúnaðar og sem getur ekki annað en skaðað landbúnaðinn. Því segi ég nei.

[13:50]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Hér á að lögfesta sérstaka heimild ráðherra til útflutningsskipulags. Þetta er sovéskt kerfi, austantjaldsaðferðafræði fyrri tíma og það er við hæfi að Sjálfstfl., sem stundum kennir sig við frjáls viðskipti, skuli bera þetta fram. Þetta er fáheyrt. Ég segi nei.

Brtt. 254,5.b samþ. með 28:11 atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RG.

3 þm. (RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

6. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 28:10 atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RG.

4 þm. (PHB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GHall, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

7.–8. gr. (verða 11.–12. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,6 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,7 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 29:7 atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, LB, MÁ, PHB, RG.

6 þm. (GGuðbj, KÁ, KH, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, JBH, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 254,8.a–c samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

nei: PHB.

13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,8.d samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

11 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓHann, ÓÖH, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,9 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 29:10 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, RG.
4 þm. (PHB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 32:1 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.
nei: JBH.
10 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,10 (ný grein, verður 20. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KH, KB, KPál, MS, MÁ, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
10 þm. (GE, GÁS, JBH, KÁ, LB, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,11 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RA, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 254,12 (tvö ný ákvæði til brb., verða ákv. til brb. II og III) samþ. með 29:11 atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, MÁ, PHB, RG.
4 þm. (KHG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, EgJ, EKG, ÓHann, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, AnnJ, KB, HBl, HjÁ, HjálmJ, MÁ, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, DSigf, SP, StG, StB, ÓE.

3 þm. (KHG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (TIO, VE, ÖS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég er á móti þessu frv. en úr því að ungir menn á Norðurl. v. vilja, eins og Jón Vídalín segir stundum, skemmta um hinn óskemmtilegasta hlut, þá segi ég já.

[14:05]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Sá búvörusamningur sem hér er til afgreiðslu er afar ófullnægjandi og gallaður í mörgum greinum og í hann vantar margt sem þar þyrfti að vera. Ég undrast að ekki skuli tryggðar fullar efndir af hálfu ríkisvaldsins á vilyrðum núverandi búvörusamnings. Efndir á ákvæðum fyrri samnings um 400 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar í sveitum og um 2 milljarða til Skógræktar og Landgræðslu gætu auðveldað mörgum bændum að hætta sauðfjárframleiðslu og þannig skapað aukið svigrúm fyrir þá sem halda áfram í þessum búskap. Ég minni á að bændur hafa greitt hundruð millj. kr. í tryggingagjöld en eiga þó ekki eðlilegan aðgang að Atvinnuleysistryggingasjóði. Þessu þyrfti tvímælalaust að koma í lag í tengslum við þennan samnings.

Loks vil ég minna á umhverfisþátt málsins. Það er fyrir löngu tímabært að sauðfjárrækt sé lögð niður af þeim svæðum þar sem hún hentar síður af umhverfisástæðum eða vegna annarra ytri skilyrða, t.d. á Reykjanesi og almennt á því svæði sem nefnt er landnám Ingólfs, en það gæfi bændum á svæðum sem háð eru sauðfjárrækt aukið svigrúm. Það segja ekki aðrir já við að vísa þessu máli til 3. umr. en þeir sem eru innilega sammála því. Ég sit hjá.

Fundi slitið kl. 14:08.

---

53. FUNDUR

þriðjudaginn 5. des.
að loknum 52. fundi.

Dagskrá:

1. Félagsleg aðstoð, frv., 80. mál, þskj. 81. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 75. mál, þskj. 75, nál. 276. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 96. mál, þskj. 282. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 45. mál, þskj. 45, nál. 275 og 277. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

5. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 44, nál. 278 og 281, brtt. 279 og 280. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. og/eða síðustu umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 14:12]

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla mála.

[14:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að nota þetta ákvæði þingskapa um umræður um störf þingsins í upphafi fundar til þess að gera athugasemd við ummæli hv. þm. Ragnars Arnalds sem hann lét falla við atkvæðagreiðslu hér áðan þar sem hann túlkaði þingsköp á þann máta að það að taka þátt í að vísa máli til 3. umr. þýddi að þar með væri viðkomandi þingmaður að samþykkja málið. Ég hef ótal sinnum eins og líklega flestir þingmenn sem hér eiga sæti tekið þátt í því að greiða fyrir þinglegri meðferð mála þó að ég hafi verið þeim innilega ósammála. Ég lít svo á að með því að vísa máli milli 1. og 2. umr., þá sé verið að vísa málinu til meðferðar í nefnd. Og reyndar einnig með því að vísa máli á milli 2. og 3. umr., þá er verið að gefa kost á því að skoða málið frekar í nefnd og reyndar var haldinn örstuttur fundur í landbn. nú á milli 2. og 3. umr. Ég lít svo á sem hér sé um þingvenju að ræða og ég mótmæli þeirri túlkun að þar með sé viðkomandi þingmaður að leggja blessun sína yfir málið. Það er við 3. umr. sem atkvæði eru greidd við málið í heild og þá kemur í ljós hver endanlegur vilji þingmannsins er, en að mínum dómi snýst málið um þinglega meðferð.

[14:36]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar athugasemdar hv. 14. þm. Reykv. vil ég láta þess getið að ég tók svona til orða áðan kannski í og með vegna þess hvernig hv. 13. þm. Reykv., Mörður Árnason, hafði komist að orði því honum fannst greinilega eitthvað einkennilegt að ég skyldi gera grein fyrir atkvæði mínu þegar málinu var vísað til 2. umr. Ég biðst forláts ef ég hef gert hv. þm. upp skoðanir sem hún ekki hefur þó að ég tæki svona til orða fyrst og fremst til þess að andmæla þeirri kenningu sem hafði komið fram hjá hv. 13. þm. Reykv.

En það er mín skoðun og mín reynsla að þegar greidd eru atkvæði við 2. umr. þá fari fram efnisleg afgreiðsla máls, aðalefnisafgreiðsla máls í þinginu, við 2. umr. Og það er rökrétt og sjálfsagt að ef menn eru á móti máli þá greiði þeir atkvæði gegn því að málinu sé síðan vísað til 3. umr. Hins vegar eru menn almennt sammála um það að vísa málum til 2. umr. eftir 1. umr. vegna þess að menn vilja að málið fái efnislega umræðu í nefnd og síðan efnislega umfjöllun við 2. umr. Við lok 2. umr. og í atkvæðagreiðslunni hafa skoðanir manna endanlega mótast og séu menn ekki í einhverjum vafa

um það hvernig þeir ætli að fjalla um málið við 3. umr., þá er rökrétt, eðlilegt og sjálfsagt að taka afstöðu við 2. umr.

Ég minni á að það eru fjöldamörg dæmi um þetta. Ég nefni sem dæmi EES-samninginn sem var mikið átakamál milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Auðvitað datt stjórnarandstöðunni ekki í hug að fara að greiða öll atkvæði með því að vísa málinu til 3. umr. og þannig má ótal dæmi nefna. En vegna þess að þetta er farið að tíðkast töluvert mikið, þá veit ég að það er svolítill ruglingur uppi í þessum efnum og ég er út af fyrir sig ekki að gera neitt frekara mál úr því. Þetta er mín skoðun og mín afstaða og ég held að hún sé fullkomlega rökrétt.

[14:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að taka undir orð hv. 14. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, og það kemur mér mjög á óvart að heyra þá túlkun sem hér kemur fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds vegna þess að ég hef litið svo á að þegar við erum að vísa málum til nefndar og milli umræðna, þá séum við að stuðla að þeirri lýðræðislegu umfjöllun sem ákveðið hefur verið að viðhafa í þessari stofnun og að fjalla skuli um mál við þrjár umræður. Það furðar mig að þessi afstaða komi fram, sérstaklega þar sem flokkurinn sem sat hjá við að vísa málinu til 3. umr. greiddi síðan atkvæði með því að taka það með afbrigðum á dagskrá. Þá hljótum við að fara að velta því fyrir okkur hvort það að hafa skoðun á því hvort mál eigi að halda áfram milli 1. og 2. umr., milli 2. og 3. umr. og taka mál með afbrigðum á dagskrá, hvort í því felist efnisleg afstaða til mála. Ef þetta er túlkun eins af forsetum þingsins, þá held ég að það sé mjög tímabært að forsetar og formenn þingflokka skoði það hver túlkun þingskapa sé á þessu ákvæði.

[14:40]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég vil einungis ítreka þá skoðun mína sem hér kom fram áðan að það er gömul þingvenja að efnisleg afgreiðsla fari fram við 2. umr. og þá láti menn í ljós endanlega afstöðu sína til málsins og ef þeir eru á móti málinu, þá greiði þeir atkvæði gegn því að málið farið til 3. umr. Þetta á ekkert skylt við það að menn séu hins vegar samþykkir því að mál fái að koma fyrir og samþykki afbrigði aftur við 3. umr. vegna þess að það er nokkuð almenn þingvenja að menn eru því samþykkir. Menn vilja láta mál koma fyrir og það má mikið ganga á til þess að menn hafni því að mál sé tekið fyrir og neiti afbrigðum. Þetta tvennt er auðvitað alveg óskylt og ég vil síður en svo að þessu sé blandað saman.

Ég var fyrst og fremst að halda til haga því sjónarmiði mínu sem hefur lengi verið hér ríkjandi, sérstaklega í hinum stærri málum. Ég undanskil auðvitað t.d. fjárlagafrv. sem er þess eðlis að það verður að afgreiða. Það eru allir sammála um það. Og það dytti engum í hug að greiða atkvæði á móti því að vísa fjárlagafrv. til 2. umr. Þannig geta verið fleiri mál sem við erum öll sammála um að þingið á og verður að afgreiða í einhverjum búningi og þá hleypum við þeim til 3. umr. Höfum við aftur á móti mótaða skoðun á því hver sé afstaða okkar til málsins og viljum við að það nái ekki fram að ganga, þá er rökrétt og eðlilegt að láta þá skoðun í ljós strax við 2. umr.

[14:42]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég undrast mjög þessa túlkun hv. þm. Ragnars Arnalds, þess þingmanns sem hefur mesta reynslu af okkur öllum sem sitjum á hv. Alþingi því að þetta er alveg nýtt fyrir mér að menn taki efnislega afstöðu til mála þegar greidd eru atkvæði um að vísa máli milli umræðna. Ég tek undir það að ég held að við verðum að ræða þetta mál á fundi með forseta, formenn þingflokka, vegna þess að það skiptir máli um framgang mála á hv. Alþingi ef þessi túlkun er höfð uppi og verður hér ráðandi framvegis.

[14:43]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 96. mál, þskj. 282; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 283.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 282, brtt. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 283. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, DSigf, EgJ, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, MS, MÁ, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (ÁRJ, JBH) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, HG, IP, ÍGP, KPál, LMR, LB, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

[14:44]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem hafa orðið bæði um búvörusamninginn og frv. og landbúnaðinn í heild. Það kom fram við 2. umr. hjá ýmsum hv. alþm. að 7. gr. þyrfti að orða skýrar. Núna á milli umræðna kom landbn. saman og ég leyfi mér að mæla fyrir brtt. sem kemur frá meiri hluta landbn., svohljóðandi:

„Við 7. gr. Síðari málsliður 2. efnismgr. verði svohljóðandi: Gjaldið endurgreiðist fyrir unnið kjöt og hráefni til þeirrar framleiðslu, en fyrir kindakjöt, sem flutt er úr landi óunnið, í heilum skrokkum eða niðurhlutuðum, skal því varið til að jafna eftir föngum skilaverð, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og veruflokkum, svo og árstíma."

Það mátti í texta fyrri brtt. skilja það svo að 30 kr. gjaldið af unnum vörum mætti nýta til að verðjafna óunnar kjötvörur. Hugsunin var ekki sú, heldur hin er skýrt stendur í þessari brtt. sem ég hef nú mælt fyrir, hæstv. forseti.

[14:46]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Fyrir það fyrsta hvernig það er lagt fyrir þingið. Í öðru lagi fyrir það hvernig það er afgreitt úr hv. landbn. Og í þriðja lagi vegna þeirra efnisatriða sem komu inn í frv. í meðförum nefndarinnar og gefa bændum nokkra vonarglætu um það að á næstu fimm árum megi sauðfjárræktinni takast að vinna sig út úr þeim vanda sem framleiðslustýring, kvótasetning og flatur niðurskurður hafa hneppt greinina í á undanförnum árum. Ég vík nú að fyrsta atriðinu.

Frv. var lagt fyrir Alþingi í samræmi við samning sem þegar var gerður og undirritaður af forustumönnum samtaka bænda og ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Þannig hafði ríkisstjórn, ráðherrar og flokksformenn lagt pólitískan orðstír sinn að veði fyrir því að ekki yrðu gerðar breytingar á lagafrv. í meðferð þingsins sem færu út yfir eða brytu í bága við hinn yfirlýsta og undirritaða samning. Þetta var raunar þvert á endurteknar yfirlýsingar hæstv. landbrh. um að höfð yrðu samráð við þingið um gerð nýs búvörusamnings. Raunar höfðu einstakir nefndarmenn margsinnis gengið eftir því í sumar að við það yrði staðið og landbn. kölluð saman. Það var ekki gert og þegar leið að hausti lét hæstv. landbrh. ummæli falla á þá leið að það væri greinarinnar að leysa sín mál og leggja síðan fyrir Alþingi.

Hið nýja þing búnaðarsamtakanna samþykkti svo hinn nýja samning og felldi um leið að vísa honum til almennrar atkvæðagreiðslu meðal bænda. Rótgróin óánægja kom fram á kynningarfundum um samninginn meðal bænda og að baki þessum samningi stóð því enginn einhugur þeirra sem við hann eiga að búa. Þvert á móti virðist óhætt að fullyrða að á samningnum sé almenn vantrú meðal bænda.

Að mínu áliti eru með afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar, þ.e. stjórnarþingmannanna, sett fram skýr skilaboð til landbrh. og ríkisstjórnar um að þessi vinnubrögð séu óhafandi í framtíðinni. Í ýmsum atriðum var reynt á þanþol samningsins til hins ýtrasta og a.m.k. í tveimur atriðum farið út fyrir samningsrammann þannig að stjórn Bændasamtakanna verður að taka samninginn fyrir aftur. Með þessu sýnist mér að meiri hluti nefndarinnar sé að segja: „Svona gerir maður ekki" svo að fleyg ummæli forsrh. af öðru tilefni séu notuð. Þingmenn frábiðja sér að vera stillt upp við vegg. Þeir vilja hafa frjálsar hendur til að koma að löggjafarstarfinu og vonandi hefur þetta komist til skila til hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar.

Ég vil líka geta þess að það ber að segja hv. stjórnarandstöðuþingmönnum í landbn. til hróss að þeir unnu mjög skilmerkilega að afgreiðslu málsins í nefndinni og nefndarálit bæði 1. og 2. minni hluta bera vott um vönduð vinnubrögð.

Það hefur einnig komið fram, sérstaklega hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni, að peningahlið samningsins sé út af fyrir sig ekki stórt ágreiningsatriði milli manna eða flokka. Þvert á móti þótti honum ekki nógu rausnarlega staðið að framlögum til uppkaupa á framleiðslurétti og hefði viljað bæta þar verulega við. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort ekki hefði mátt ná pólitískri sátt um málið á þingi, hefðu opin samningsdrög verið lögð fyrir nefndina og hún fengið að vinna úr þeim ásamt tillögum umsagnaraðila sem margir höfðu merkar athugasemdir fram að færa við samninginn og ekki síst ýmsar stofnanir á vegu Bændasamtakanna sjálfra sem gerðu ýmsar athugasemdir við frv. eins og það lá fyrir í drögum.

Kannski er ekki fyllilega að marka hvað hv. stjórnarandstæðingar segja nú eftir að nefndin hefur klofnað í meiri hluta og minni hluta. Úr því sem komið er þýðir ekki að fárast yfir því að á þetta skuli ekki hafa reynt, en hitt er víst að fjölmargir þingmenn sjálfstæðismanna hefðu getað tekið undir ýmislegt í málflutningi og málatilbúningi stjórnarandstöðuþingmanna. Ég hefði sem sagt viljað og kosið helst að það yrði reynt að ná þjóðarsátt um málið í líkingu við það sem varð um síðasta búvörusamning, en með þessum málatilbúnaði gat ekki af því orðið.

Víkjum nú að málinu sjálfu. Ég held að útilokað hefði verið fyrir mig og fleiri sjálfstæðismenn að standa að frv. í þeim búningi sem það var lagt fyrir þingið af hæstv. ríkisstjórn. Ekki nóg með að það væri flausturslega unnið og þurft hafi aðstoð einhverra færustu lögfræðinga landsins til að færa það í búning sem forðaði ýmsum ákvæðum frá því að brjóta í bága við stjórnarskrána. Það sem úrslitum veldur þó fyrir mig þannig að ég geti fallist á að styðja frv. er sú veigamikla breyting um afnám verðjöfnunar í útflutningi. Með fullkominni verðjöfnun í útflutningi hefði allur hvati verið í burtu til að ná fram hámarksverði í útflutningi, stunda vöruþróun og vöruvöndun í þessari grein. Við höfðum haldið áfram að líta á útflutning dilkakjöts sem einhvern „dumpingmarkað", einhvers konar næsta bæ við haugana þar sem við fleygðum inn því kjöti sem umfram væri innanlandsmarkaðinn til að komast hjá því að linsur sjónvarpsmyndavélanna stæðu okkur að verki við að sturta skrokkunum í Sorpu. Ef við höfum ekki trú á því að við getum unnið markaði erlendis fyrir kjötið okkar sem gæðakjöt, vistvænt ræktað kjöt eða lífrænt ræktað kjöt sem fái verulega hærra verð á mörkuðum erlendis, þá erum við sannfærð um að framleiðsluna eigi að miða við u.þ.b. 6–7 þús. tonna innanlandsmarkað og þá þurfum við engan búvörusamning, framleiðslukvóta eða framleiðslustýringu. Þá þurfum við ekki nema helming þeirra bænda sem nú stunda sauðfjárbúskap. Þá væri langbest að gefa verðið frjálst og láta markaðinn ráða því hvort og hvar verða nokkrir sauðfjárbændur. Út úr þeirri samkeppni gæti komið sú óvænta niðurstaða að það væru ekki sérhæfðu sauðfjárbúin sem héldu velli, heldur þeir bændur sem væru með sauðfé sem aukabúgrein og gætu sinnt þeim í hjáverkum með öðru.

Ég er hins vegar sannfærður um að það er hægt að koma á útflutningi dilkakjöts ef rétt er að málum staðið, vinna markaði og halda þeim. Með því móti væri hægt að framleiða um 10 þús. tonn í landinu, u.þ.b. 2.000–2.500 tonn fyrir erlendan markað og 7.500–8.000 tonn fyrir innanlandsmarkaðinn. En til þess þarf gerbreytt hugarfar, bæði hjá bændum en ekki síst hjá sláturhúsunum og sölufyrirtækjunum.

Ég vil geta þess hér að ég veit um skilmerka, erlenda aðila sem hafa tröllatrú á þessu líka. Þeir hafa sýnt áhuga á því og eru að kanna hvort ekki sé hægt að byggja upp sláturhús frá grunni hér á landi sem byggja á danskri tækni og verkkunnáttu og slátri eingöngu til útflutnings með samningum við bændur sem fari þá út úr kvótakerfi, ríkisframlögum og framleiðslustýringu en framleiði eftir fyrir fram gerðum samningum við sláturhúsið vistvænt kjöt eða lífrænt ræktað. Engum mundi láta sér detta nokkuð slíkt í hug með verðjöfnun í útflutningi. Svona sláturhús gæti veitt þeim dauðadofnu afurðastöðvum sem hér eru fyrir verðuga samkeppni og kannski blásið lífsanda í nasir þeirra.

Ég hef haft nokkra reynslu af sláturhúsum og sláturhúsamálum á undanförnum árum og ég hef enga sérstaka tröllatrú á því að þau muni standa sig samkvæmt þeim möguleikum sem eru opnaðir í þessu frv. Hins vegar getur Alþingi ekki skyldað sláturhúsin, sláturaðilana eða söluaðilana til þess að standa sig. Það getur aðeins opnað leiðina og ég er viss um það að þessi opnunarleið til útflutnings getur leitt til þess að það komist á samkeppni og almennir viðskiptahættir í þessari grein eins og öðrum. Það sem fyrst og fremst hefur háð bændum og takmarkað þeirra afrakstursgetu er hvað sláturhúsunum hefur lítið farið fram og hvað söluaðilarnir kunna lítið fyrir sér í almennum viðskiptum og hafa haft lítinn áhuga á þeim.

Fyrir nokkrum dögum birtist í Morgunblaðinu viðtal við Baldvin Jónsson sem fór þar yfir helstu atriði sem hafa komið upp í sambandi við þá merku útflutningsstarfsemi sem hann er að reka. Þar kom fram að þegar hann hefur verið búinn að útvega markaði, senda kjötsýnishorn, þá hafa hver mistökin rekið önnur hjá aðilum innan lands sem sýnir bæði lítinn áhuga og ákaflega litla verkkunnáttu á þessu sviði. Í einu tilfellinu lagði utanrrn. til röng eyðublöð sem þýddu að á kjöt sem flutt var til Evrópu lögðust háir innflutningstollar vegna þess að eyðublöðin voru gefin út á pappíra sem giltu aðeins til 1. júlí en aðrar reglur giltu eftir 1. júlí. Í öðrum tilfelli var pökkun ábótavant. Menn pökkuðu frystu kjöti inn í plast sem átti að vera fyrir ófryst kjöt, fyrir ferskt kjöt og svo öfugt fyrir ferska kjötið. Síðan skemmdist þetta plast á leiðinni til áfangastaðar og kjötið skemmdist að einhverju leyti og sumt af því var endursent.

Þetta eru náttúrlega mál sem hið háa Alþingi setur ekki reglur um. Það hefur hins vegar með þessum búvörulögum opnað leiðina til þess að á næsta tímabili búvörusamningsins, fjögur til fimm ár, þá hafi bændur möguleika á því að byggja upp fyrirtæki sem geti staðið að þessum málum eins og menn og geti farið að stunda vöruþróun sem hæfir erlendum mörkuðum og mun jafnframt vera til bóta fyrir íslenska markaðinn því að eftir að hafa þróað vöru fyrir erlenda markaði mundum við náttúrlega ekki gera minni kröfur til vörunnar hér á innanlandsmarkaði.

Með þessu tel ég að það hafi verið opnuð vonarglæta fyrir bændur. Ég vil ekki segja mikið meira og ég ætla ekki að leyfa mér í lok þessarar tölu minnar að vera mjög bjartsýnn. Ég held að þau skilaboð sem bændur þurfa að fá séu þau að þeir þurfi nú að sýna forustumönnum sínum í afurðastöðvunum mikið aðhald og gera þá kröfu til þess að þau fyrirtæki séu rekin með svipuðum hætti og okkur hefur tekist að koma upp matvælafyrirtækjum okkar í fyrstiiðnaðinum. Það tók langan tíma að vísu að byggja upp frystiiðnaðinn með þeim hætti að vöruvöndun væri í fyrirrúmi. Lengi fram eftir áttu sölufyrirtækin við það að stríða að frá einstökum frystihúsum kom gölluð vara, ýmist of seint unnin, hnífar gleymdust inni í miðjum blokkum, sjóvettlingar og annað slíkt, og það tók verulega hörku að snúa þessu við og það sem gerði það mögulegt var hinn kröfuharði ameríski markaður sem gerði mikar kröfur og menn urðu að verða við þeim þó að freistingin væri sú í því ríkisstýrða kerfi sem þá var, þar sem ríkið lögfesti ákveðið fiskverð og ábyrgðist síðan ákveðið afurðaverð, sem leiddi til þess að menn höfðu sem mestan áhuga á því að rusla sem mestu í gegnum hús sín og í sem einföldustum pakkningum meðan ameríski markaðurinn lagði höfuðáherslu á vöruvöndun og neytendapakkningar. Þetta er það sem landbúnaðurinn þarf á að halda í dag og ég held að með þessu frv. fái hann nánast síðustu aðvörun um það að laga til hjá sér og koma afurðasölunni í það form og reki hana með þeim hætti að samræmist alþjóðlegum viðskiptavenjum og að með því sé sköpuð sú samkeppni sem leiðir til þess að sláturkostnaðurinn færist niður, að menn hætti að framleiða með það fyrir augum að frysta sem allra mest og geyma það sem allra lengst, sem sagt að framleiðslan sé að ná inn einhverjum frysti- og geymslukostnaði frá ríkinu.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri en legg áherslu á það að eins og nefndin hefur gengið frá þessu frv. núna, þá tel ég að í því séu veruleg sóknarfæri fyrir landbúnaðinn. Ef hann ekki nýtir þau og nær árangri í að markaðssetja kjötið erlendis, þá blasir það við að innanlandsmarkaðurinn einn er fyrir hendi með kannski 5–6 þús. tonna sölu á ári og kannski minna en það í æ takmarkaðri mæli vegna aukinnar heimaslátrunar og þá þurfum við ekki að halda uppi neinu ríkisstýrðu kerfi fyrir bændur. Þá er langbest að markaðurinn og frjáls samkeppni leysi það mál hvernig búsetunni í landinu verður háttað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 3. umr.

Frv. ÁRJ, 80. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 75, nál. 276.

[15:05]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta mál lætur ekki mikið yfir sér, en það skiptir einhver sveitarfélögin í landinu nokkru máli. Í stuttu máli sagt gerir frv. ráð fyrir því að karl og kona sem hafa verið skráð í sambúð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár hafi sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með því er komið í veg fyrir að sambúðarfólk geti fengið umtalsvert hærri fjárhæð til framfærslu en hjón sem búa við sambærilega fjárhagslega afkomu. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þetta mál á sér þá skýringu að upp hafa komið tilfelli hjá ýmsum sveitarfélögum þar sem ekki hefur verið hægt að beita sömu reglum gagnvart fólki í sambúð og gagnvart hjónafólki og hefur þetta kostað sveitarfélögin, t.d. Reykjavík, nokkurt fé. Það er því að dómi okkar í félmn. mjög sanngjarnt að þessi breyting nái fram að ganga.

En það er eitt atriði sem ég vil gera að umtalsefni og notfæra mér það að hæstv. dómsmrh. er staddur í salnum. Í greinargerð með frv. kemur fram eins konar ákall um það að löggjöf verði sett um fólk í sambúð. Bent er á það að víða í lögum er að finna sérstök ákvæði um fólk í sambúð en engin samfelld eða heildstæð löggjöf til og það kemur skýrt fram í greinargerðinni að talin er mikil þörf á því að slík lög verði sett. Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort fyrirhugað er að setja slíka löggjöf og hvar það mál er statt í hans ráðuneyti ef slíkt er í vinnslu.

Ég ítreka það, hæstv. forseti, að félmn. er einróma samþykk þessu frv.

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér hefur komið fram vil ég taka fram að það er á verkefnasviði sifjalaganefndar að fjalla um löggjöf á þessu sviði. Hún hefur ekki gert sérstakar tillögur um heildstæða löggjöf um þetta

sambúðarform en það er rétt að koma þeim ábendingum til nefndarinnar sem hér hafa verið nefndar þannig að hún geti fjallað um þau rök sem þar eru fram færð og eftir atvikum gert tillögu um framgang málsins í því ljósi.

[15:09]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör og vona að þetta litla frv. sem hér er til meðferðar verði til þess að ýta á eftir því. Mig langar til að vitna í það sem segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Spurningin er sú hvort um sambúð eigi að fara að öllu leyti að fara sem hjónaband eða hvort sambúð eigi að vera valkostur fólks, annars konar sambúðarform en hjónaband. Æskilegt hefði verið að í lögum væri að finna afstöðu löggjafans í þessu efni og fyrst væru sett heildarlög um óvígða sambúð í stað þess að byrja á því að setja ákvæði um sambúð á víð og dreif í lög sem geta bundið hendur löggjafans komi til þess síðar að setja eigi heildstæð lög um sambúð."

Ég held að þessi ábending sé mjög réttmæt og vonast til þess að sjá fljótlega úrbætur í þessu efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1994, 2. umr.

Stjfrv., 45. mál (niðurstöðutölur ársins). — Þskj. 45, nál. 275 og 277.

[15:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994. Eins og fram kemur í nefndaráliti hefur nefndin haft frv. til meðferðar og leitað skýringa um einstök atriði þess frá fjmrn. Auk þess skal þess getið að Ríkisendurskoðun sendi álit að beiðni fjárln. um frv.

Þetta frv. er nokkurs konar uppgjörsfrv., ef svo má segja, fyrir árið 1994 og á fskj. 1, sem fylgir frv., er skrá um óhafnar fjárveitingar og færslur milli ára. Nefndin átti viðræður við fjmrn. og gekk úr skugga um það að ráðuneytið hefði lagt sitt mat á hvaða fjárveitingar skyldu færast á milli ára og hverjar ekki.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt. Undir álit meiri hlutans skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Gísli S. Einarsson.

[15:13]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta fjárln. sem er á þskj. 275 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er leitað eftir staðfestingu Alþingis á niðurstöðutölum fjárlaga ársins 1994. Samkvæmt því hafa innheimtar tekjur orðið 2,8 milljörðum kr. hærri en fjárlög og aukafjárlög 1994 gerðu ráð fyrir. Þá voru gjaldaheimildir samkvæmt fjárlögum og aukafjárlögum 2,8 milljörðum kr. hærri en gjöldin urðu í raun, og endanlegur halli á rekstri ríkissjóðs varð því 7,4 milljarðar kr. árið 1994 eða 2,3 milljörðum kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og heilum 5,6 milljörðum kr. lægri en reiknað var með við afgreiðslu fyrri fjáraukalaga ársins 1994. Sú niðurstaða gefur ekki tilefni til hárra einkunna fyrir áætlanagerð.

Fjárlaganefnd óskaði eftir áliti Ríkisendurskoðunar, og í greinargerð hennar er m.a. bent á að gjaldaheimildir hafi hækkað frá fjárlögum um 7,5 milljarða kr. eða um 6,6%. Á móti þeirri hækkun hafa gjaldaheimildir hins vegar verið lækkaðar um 4,3 milljarða kr. eða um 3,8%. Heildarbreytingar á gjaldahlið nema því um 10% sem verða að teljast mjög mikil frávik, og sýnir þetta enn einu sinni hversu erfiðlega gengur að setja raunhæf fjárlög. Alvarlegra er þó að ríkisstjórnin ákveður og framkvæmir flestar þessar breytingar án þess að bera þær undir Alþingi fyrr en eftir á. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að á þessu verði breyting og leitað verði fyrir fram eftir samþykki Alþingis til fjárveitinga umfram heimildir fjárlaga. Gera þarf fjárlaganefnd kleift að fylgjast betur með framkvæmd fjárlaga og fjalla um allar hugsanlegar breytingar jafnóðum og tilefni gefast.

Minni hlutinn tekur undir það sem Ríkisendurskoðun segir í áliti sínu að telja verði „að framsetning frumvarpsins sé ekki nægilega skýr þannig að fyrir liggi hvað afgreiðsla frumvarpsins í raun felur í sér, einkum er varðar afgreiðslu fjárheimilda einstakra stofnana og viðfangsefna". Er í rauninni hálfgerð gestaþraut að þræða sig í gegnum einstaka liði og átta sig á niðurstöðum heildardæmisins þar sem ýmist er verið að sækja um heimildir vegna umframgjalda eða til niðurfellingar heimilda vegna ónotaðra fjárveitinga."

Samkvæmt áliti Ríkisendurskoðunar felur samþykkt frv. í sér eftirfarandi breytingar á gjaldahlið:

Viðbótargjaldaheimild á árinu 1994 nemur 180 millj. kr.

Gjaldaheimildir, sem falla niður í árslok 1994, nema 1 milljarði 480 millj. 500 þús. kr.

Gjaldaheimildir vegna stofnframkvæmda árið 1994 sem fluttar eru til ársins 1995 nema tæpum 1,2 milljörðum kr.

Gjaldaheimildir vegna tilfærslu árið 1994, sem fluttar eru til ársins 1995, nema 362,6 millj. kr.

Gjaldaheimildir vegna reksturs árið 1994, sem fluttar eru til ársins 1995, nema 577,9 millj. kr.

Heimild til lækkunar gjaldaheimilda 1995 nema 616,5 millj. kr.

Til lækkunar eru þá 2 milljarðar 818 millj. og 600 þús. kr.

Með frv. er verið að leita staðfestingar Alþingis á þegar orðnum greiðslubreytingum og hefði þurft að afgreiða það miklu fyrr. Minni hlutinn gerir ekki frekari athugasemdir við einstakar greinar þess en mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Undir álit minni hlutans skrifa auk mín Bryndís Hlöðversdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

Herra forseti. Eins og segir í upphafi þessa nefndarálits er hér um að ræða niðurstöðutölur fjárlaga ársins 1994 og í rauninni aðeins verið að biðja Alþingi að stimpla þessa pappíra fyrir ráðuneytin. Það er því ekki um það að ræða að breyta einu eða neinu. Annaðhvort segja menn já og amen eftir efninu eða sitja hjá eins og við kjósum að gera sem stöndum að þessu áliti. Það hlýtur að vera rökrétt niðurstaða þeirra sem litla ábyrgð bera á fjárlagadæminu, en auðvitað kemur alltaf til greina að greiða atkvæði gegn einstökum liðum þótt það hafi í sjálfu sér engin áhrif löngu eftir á, en ekki sjáum við ástæðu til þess að þessu sinni a.m.k.

Mig langar til að árétta þrennt af því sem fram kemur í þessu nefndaráliti ef það mætti verða til að vekja menn til frekari umhugsunar. Í fyrsta lagi vil ég nefna þau afleitu vinnubrögð framkvæmdarvaldsins að taka í rauninni fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis með því að ráðherrar

leggja blessun sína yfir framúrkeyrslu og ákvarða fjárveitingar af ýmsu tagi án þess að leita samþykkis Alþingis fyrr en fjármununum hefur verið eytt. Þetta gera þeir í krafti síns ráðherravalds og í trausti á stuðning meiri hlutans, en gefa í mörgum tilvikum hvorki meiri hluta né stjórnarandstöðunni færi á að fjalla um gjörðir sínar sem þeir kalla tillögur fyrr en eftir á, oftar en ekki löngu síðar. Þessi vinnubrögð eru ekki bara vond heldur beinlínis ósiðleg og raunar gjörsamlega óþörf. Alþingi situr allt árið, nefndir starfa allt árið og það er hægur vandi að gera fjárln. kleift að fylgjast miklu betur með framkvæmd fjárlaga. Vissulega hefur orðið breyting á á síðustu árum eða a.m.k. síðan ég fór að fylgjast með þessum málum. Ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd fjárlaga og gefur skýrslu a.m.k. tvisvar á ári, en það er ekki nóg. Og sérstaklega er það ósiður að ríkisstjórnin taki sér það vald að eyða fé út og suður án þess að leita heimildar Alþingis fyrr en eftir á. Slíkt á ekki að gerast og þessum vinnubrögðum verður að breyta.

Í öðru lagi vil ég ítreka það sem segir í nefndarálitinu um breytingarnar á fjárlögunum. Þær eru allnokkrar. Auðvitað er rétt að gleðjast yfir því að endanlegur halli á ríkissjóðsdæminu 1994 varð 2,3 milljörðum kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og vitaskuld ánægjulegt að skekkjan varð í þá áttina. Nóg er nú samt að þurfa að sætta sig við halla upp á 7,4 milljarða kr. En takið eftir því að við afgreiðslu fyrri fjáraukalaga ársins 1994, sem samþykkt voru seint það ár, töldu menn nauðsynlegt að samþykkja þær breytingar á fjárlögum ársins að hallinn yrði 5,6 milljarðar kr. Maður spyr sig hvernig í ósköpunum sérfræðingarnir í ríkisfjármálum geta reiknað svona kolvitlaust þegar fjárlagaárinu var að ljúka og flestar greiðsluhreyfingar hefðu átt að vera orðnar ljósar.

Í greinargerð með frv. segir ósköp blátt áfram að nokkrir stórir liðir hafi verið ofmetnir, svo sem atvinnuleysisbætur, vextir og ríkisábyrgðir. Mér finnst það gjörsamlega með ólíkindum að mönnum með fingurinn á púlsinum skuli takast að meta liði af þessu tagi svona hrikalega vitlaust á þessum tíma. Það eflir ekki beinlínis traust á því að rétt sé reiknað yfirleitt við undirbúning fjárlaga. Látum vera þótt skakkaði einhverjum tugmilljónum vegna óvæntra atvika eða menn hefðu kannski ekki munað eftir afborgun af einhverju láninu, en að það skuli muna nær 3 milljörðum á gjaldahlið og öðru eins á tekjuhlið er með ólíkindum. Manni dettur helst í hug að þetta hefði átt að vera eitthvert sálrænt trikk svo að þjóðin gæti glaðst þegar í ljós kom betri staða en gert var ráð fyrir. En ég ítreka það að svona kúnstir eru ekki til þess fallnar að auka traust á lagasetningu af þessu tagi.

Í þriðja lagi vil ég aftur draga athygli að framsetningu frv. sem ég er eiginlega enn að reyna að skilja. Sjálfsagt er þar um nokkra tregðu að ræða hjá undirritaðri, en þá hljóta fleiri að hafa lent í sama vanda því að meira að segja Ríkisendurskoðun sér ástæðu til að geta þess í sínu áliti að framsetning frv. sé ekki nægilega skýr. Ég legg til að hv. þm. lesi kaflann á bls. 10–11 í greinargerðinni með frv. sér til skemmtunar og velti því fyrir sér hvort ekki væri hugsanlegt að setja þetta svolítið skilmerkilegar fram. Það eru náttúrlega þessar tilfærslur og flutningar fram og til baka sem gera mann dálítið ruglaðan, þar sem verið er að reyna að ná utan um allt dæmið, bæði umframgreiðslur og óhafnar fjárveitingar, eins og það er kallað, en mér finnst reyndar skiljanlegra að tala um ónýttar fjárveitingar. Sumar umframgreiðslur eru svo látnar koma til frádráttar á framlögum næsta árs en þó ekki allar. Sumar ónýttu fjárveitingarnar fá að standa og nýtast næsta ár, þ.e. á þessu ári, en ekki allar, og þetta er sem sagt hin mesta kúnst að þræða sig í gegnum þetta og ná landi í þessum talnasjó. Niðurstöðurnar má lesa í töflunni í nefndarálitinu og vona ég að hv. þm. séu nú einhverju nær. Með þessu er ég alls ekki að gagnrýna sjálfan tilflutninginn sem er í rauninni af hinu góða og til bóta í ríkisrekstrinum. Þannig var það tekið upp til nýbreytni fyrir nokkrum árum að heimila flutning milli ára á ónotuðum fjárheimildum ríkisstofnana til almenns rekstrar á sama hátt og gilt hafði með ónotuð framlög til stofnframkvæmda og viðhalds. En skilyrði fyrir slíkum tilflutningi rekstrarfjár á þó að vera að sparnaður hafi náðst með hagræðingu en ekki með skerðingu á þjónustu. Ekki er ég viss um að þau skilyrði séu alltaf uppfyllt en tilgangurinn er ágætur og væri verðugt verkefni að fara yfir þessi mál og meta reynsluna.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Alþingi stendur aðeins frammi fyrir orðnum hlut. Það eru hv. núverandi og fyrrv. stjórnarþingmenn sem bera ábyrgð á þessu dæmi og minni hlutinn mun sitja hjá eins og stendur í lok nefndarálitsins.

[15:25]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur mælt fyrir nál. meiri hluta fjárln. um það frv. sem hér er til afgreiðslu, þ.e. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994 sem er eins og fram hefur komið í raun uppgjörsfrv. fyrir það ár. Það er ekki miklu við það að bæta sem þar kom fram og svo aftur hins vegar hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, frsm. minni hluta fjárln., og vil ég þakka hv. þm. fyrir málefnalegar athugasemdir og umræður og athugasemdir við frv. sem ég tel að sé í fyllsta máta eðlilegt að komi fram við þessa umræðu.

Það má svo aftur deila um það hvort þessi frávik frá tekjum annars vegar og gjöldum hins vegar, 2,8 milljarðar, séu yfir eða undir þeim mörkum sem megi ætla að verði í hinum flókna og margbrotna ríkisrekstri, en hins vegar er ástæða til þess fyrir okkur hv. þm. að gera ríkar kröfur til embættismanna um það að vinna vel að áætlanagerð. En þeim sem sitja í fjárln. er það held ég öllum ljóst að það er ekki alltaf á vísan að róa með tekjur ríkissjóðs annars vegar og svo hins vegar rekstrarútgjöld ríkisstofnana og er þar skemmst að minnast upplýsinga sem hafa komið fram um útgjöld heilbrigðiskerfisins m.a. sem er auðvitað mikið vandamál, hversu erfitt er að hafa hönd á.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé í fyllsta máta eðlilegt að þær ábendingar, sem koma fram í nefndaráliti hv. minni hluta fjárln., eigi fullkomlega rétt á sér, sú hvatning sem kom þar fram og er um það að vandað sé til áætlanagerðar.

En það sem ég vildi segja um það sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um þessar reglur og venjur sem hafa skapast um færslur á milli ára, þá tel ég að það sé mjög mikilvægt atriði og það hafi í rauninni verið mörkuð nokkur tímamót þegar farið var að standa þannig að málum í rekstri ríkisins að stofnunum væri heimilt að færa á milli ára. Það er talið, og við þykjumst sjá þess nokkur merki, að stofnanir gæti sín og vandi sig í rekstrinum þegar nálgast áramót, en það mun hafa tíðkast hér áður og fyrr að forstöðumenn stofnana hafi lagt sig alla fram um að eyða þeim fjármunum sem á fjárlögum hafa verið hverju sinni til þess að sitja ekki inni með „eignir" sem þeir hefðu annars átt að eyða. Nú er forstöðumönnum ríkisstofnana heimilt að eiga fyrningar til næsta árs, þ.e. að eiga inni ónýttar fjárveitingar og ég tel það af hinu góða. Hins vegar hefur sú regla jafnframt verið

mótuð, og ég tel að hún sé jafnmikilvæg, að fari stofnanir fram úr fylgir það til næsta árs sem skuld sem verður þá að ná upp á næsta ári nema eitthvað sérstakt hafi gerst sem réttlæti það að aukafjárveiting komi til og fjáraukalög taki þá á með þeim hætti sem við erum að gera hér.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu, virðulegi forseti, og jafnframt geta þess að Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli okkar þingmanna á því, ekki síst vegna þess að það er skömm reynsla af þessu fyrirkomulagi með færslur heimilda á milli ára, að það sé nauðsynlegt að skoða reglur um þetta og gæta þess að þarna séu færslur á milli ára með skynsamlegum hætti. Ég held að það gæti verið verkefni fjárln. að fara mjög vandlega ofan í það.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki meiru við að bæta, en tel að öll aðalatriði þessa máls hafi komið fram í þessum umræðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, JBH, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

10 þm. (ÁRJ, GGuðbj, KHG, KÁ, KH, LB, MÁ, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, FI, FrS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

11 þm. (ÁRJ, GGuðbj, KHG, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LB, MS, MÁ, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Félagsleg aðstoð, frh. 3. umr.

Frv. ÁRJ, 80. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KÁ, KH, KB, KPál, LB, MS, MÁ, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (KHG, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, FI, FrS, HBl, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 284).

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 75, nál. 276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 96. mál (sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 282, brtt. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]

Brtt. 283 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MÁ, RA, RG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TIO, VS, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKG, ÓHann, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, AnnJ, KB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓÖH, PP, SAÞ, DSigf, SP, StG, StB, ÓE.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, MÁ, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG.

5 þm. (SvG, ÖJ, KHG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (SvanJ, VE, ÖS, ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, ÓRG, SighB) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:41]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Sá samningur sem við erum nú að samþykkja er vondur fyrir neytendur, vondur fyrir bændur en verstur fyrir framtíðina. Þjóðvaki hefur lagst gegn þessum samningi, komið með uppbyggilegar breytingartillögur við

hann í samvinnu við aðra í stjórnarandstöðunni. Þær hafa ekki verið virtar viðlits. Ég segi nei.

[15:41]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þrátt fyrir yfirlýst markmið um afnám framleiðslu- og verðstýringar í orði kveðnu, þá er þessi samningur framlenging á tjóðurhafti ríkisforsjár á bændur í verki. Bændur verða eftir sem áður ófrjálsir menn að öllum ákvörðunum í sínum rekstri um magn, viðskipti, verð og gæði sinna afurða með meðfylgjandi óhagkvæmni. Vegna ósæmilegra lögþvingana á stéttina í heild um sameiginlega kvöð til sölu hluta framleiðslunnar á undirverði til útflutnings munu bændur vart eiga annarra kosta völ en að fjölga fé til heimaslátrunar á svörtum markaði á hagstæðari kjörum. Þar með fara 12 milljarðar kr. frá skattgreiðendum fyrir lítið því að birgðavandinn verður viðvarandi. Þetta er, virðulegi forseti, vondur samningur fyrir bændur. Þetta er vondur kostur fyrir neytendur. Þetta er rándýr neyðarkostur fyrir skattgreiðendur. Hafi einhver velkst í vafa um það að ég væri á móti þessum samningi með vísan til umræðna um túlkun þingskapa áðan, þá eru hér með tekin af tvímæli um það. Ég segi nei.

[15:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eftir nokkra skoðun á þessu máli sem hér er til endanlegrar afgreiðslu hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það sé afar ólíklegt að markmið þessa samnings nái fram að ganga. Það er verið að festa í sessi ofstjórnarkerfi sem byggist á miðstýringu og ófrelsi bænda og hér er um mjög óeðlilega viðskiptahætti að ræða sem engri annarri atvinnugrein er gert að lifa við. Það er verið að bæta við fjármagni sem mjög óljóst er að nýtist til þess sem það er ætlað. Þessi samningur byggir á óljósum vonum um útflutning og því miður er ekki að finna í honum neina framtíðarsýn sem mun verða landbúnaðinum til góða. Því segi ég nei.

[15:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um búfjárlögin var ég með tvo fyrirvara fyrir samþykki mínu á þeim:

Í fyrsta lagi að vísitöluákvæði yrðu felld út úr lögunum. Með brtt. frá meiri hluta hv. landbn. er gerð tillaga um að vísitöluákvæði falli úr þeim. Það verður því á valdi fjárveitingavaldsins, Alþingis, hvernig ákvæði 9. og 11. gr. breytast.

Í öðru lagi lagði ég fram ákvæði um að sett yrði á laggirnar nefnd hagsmunaaðila vinnumarkaðarins, Neytendasamtaka og fleiri sem gerðu tillögur um hvernig séð yrði fyrir endann á styrkjakerfi til landbúnaðarins Við 2. umr. lýsti hæstv. landbrh. því yfir að strax á næsta ári verði skipuð nefnd hagsmunaaðila, BSRB, VSÍ, ASÍ og hugsanlega fleiri sem hefðu það hlutverk að skoða framtíðarsýn íslensks landbúnaðar, bæði sauðfjár og kúabúskapar. Þar með hefur þeim tveim fyrirvörum verið eytt sem ég hafði á þessu frv. til samþykktar og ég mun því segja já.

[15:45]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til afgreiðslu ber með sér að viðhalda á hinu gamla kerfi ofstjórnunar, miðstýringar og offramleiðslu í landbúnaði. Það verður áfram tryggt að skilaboð markaðarins berast seint og illa til framleiðenda. Frv. felur í sér að teknar verða upp á ný útflutningsbætur sem aflagðar voru fyrir nokkrum árum. Frv. er andstætt hagsmunum neytenda, skattborgara og síðast en ekki síst bænda. Því segi ég nei.

[15:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi samningur sem við erum að ræða um er að nokkru leyti betri en sá samningur sem við höfum í dag og betri heldur en staðan sem við göngum út frá. Hann hefur batnað nokkuð í meðförum landbn. en engu að síður er hann slæmur, hann er slæmur fyrir skattgreiðendur, hann er slæmur fyrir neytendur og hann er sérstaklega slæmur fyrir bændur sem eru þvingaðir til að búa áfram við sauðfé, og hafa orðið að sæta mikilli skerðingu undanfarin ár, við síminnkandi framleiðslu og felur þannig í sér fátækragildru fyrir bændur. Auk þess er í samningnum engin framtíðarsýn. Það veit enginn hvað tekur við eftir árið 2000. Ég segi nei.

[15:47]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Skoðun mín á þessum samningi hefur ekki breyst frá því sem var við atkvæðagreiðslu við 2. umr. Ég tel að samningurinn sé gallaður og ófullnægjandi í flestum greinum og greiði því ekki atkvæði.

[15:47]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram við þessa atkvæðagreiðslu að ég hef fylgst með undirbúningi málsins úr ekki svo mikilli fjarlægð. Efasemdir mun ég áfram hafa um ákveðna þætti þessa samnings. En atkvæði mitt fellur með samningnum vegna jákvæðrar afstöðu Bændasamtaka Íslands til hans og því segi ég já.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef lýst miklum efasemdum við ýmsa þætti þessa samnings og mun ekki greiða honum atkvæði. Samningurinn er að mínu mati sérkennileg blanda af ofstjórn og miðstýringu og frjálshyggju. Ég er þeirrar skoðunar að það sé yfirleitt vondur kokkteill og gefist illa.

Vandi sauðfjárbænda er hins vegar mikill og það er eðlilegt að þeir bændur vilji frekar slakan samning heldur en engan þannig að ég treysti mér ekki til að vísa í þeirra afstöðu varðandi samvisku mína í þessu máli sökum þess m.a. í hvaða stöðu þeir voru auk þess sem ég ræð mínu atkvæði sjálfur.

Hér eiga einnig aðild að máli að hluta til sömu flokkar og stóðu að síðustu ríkisstjórn sem vanefndu stórkostlega síðasta búvörusamning þannig að það vantar miklar fjárhæðir upp á að staðið hafi verið við framlög til annarrar atvinnuuppbyggingar í sveitum og til átaks í umhverfismálum, í landgræðslu og skógrækt, auk þess sem sú ríkisstjórn aðhafðist ekkert gagnvart þeim vanda sem vaxandi var í landbúnaðinum á því kjörtímabili. Þannig er það að mínu mati ekki trúverðugt að hafa þessi mál að hluta til áfram í höndum sömu aðila og enn síður eykur það mér bjartsýni á að þessi samningur verði í höndum núv. ríkisstjórnar landbúnaðinum og neytendum á Íslandi til góðs. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 285).

Fjáraukalög 1995, 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44, nál. 278 og 281, brtt. 279 og 280.

[15:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995, breytingartillögum frá fjárln. og breytingartillögum á þskj. 280. frá meiri hluta nefndarinnar.

Á nefndaráliti kemur fram að nefndin hefur haft frv. til meðferðar og leitað skýringa um einstök atriði frá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum 1995. Einnig hafa komið til fundar við nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Nefndin leitaði enn fremur eftir áliti Ríkisendurskoðunar um frv. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem koma fram í frv.

Geta má þess að nokkur veigamikil atriði bíða enn 3. umr. Þar má m.a. nefna málefni sem varða sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu og málefni Sólheima í Grímsnesi svo stærstu atriðin séu nefnd.

Á meðan nefndin hafði frv. til athugunar var unnið að sérstakri skoðun á nokkrum málefnum í ráðuneytunum sem nú hafa verið leidd til lykta auk þess sem önnur ný útgjaldatilefni hafa komið fram.

Meiri hluti fjárln. gerir brtt. við frv. sem samtals nema 424,8 millj. kr. til hækkunar. Einstakar brtt. eru skýrðar í athugasemdum með nefndarálitinu.

Það kemur fram í frv. að viðbótarútgjöld samkvæmt því eru upp á 424,8 millj. kr. til viðbótar við 8,9 milljarða kr. halla á ríkissjóði sem frv. gerði ráð fyrir. Tekjuaukning er upp á 2,3 milljarða kr. en aukning gjalda sem frv. gerir ráð fyrir er upp á 4,9 milljarða plús 424,8 millj. sem nefndin gerir tillögur um breytingar. Það kemur einnig fram að áætlun um flutning heimilda á milli ára er upp á 1,1 milljarð kr.

Það var til umræðu m.a. hjá hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, við umræðu um fjáraukalög fyrir árið 1994 að fjárln. stæði oftar en ekki frammi fyrir gerðum hlut varðandi fjáraukalög. Vil ég taka undir þau orð að það kemur fyrir oftar en skyldi að það komi nýjar ákvarðanir ríkisstjórnar á hverjum tíma. Ég hygg að þær ákvarðanir séu bornar undir þingmenn stjórnarflokkanna, en eigi að síður þyrfti fjárln. að fá tækifæri fyrr en raun hefur verið á til að fjalla um þær ákvarðanir. Og þegar fjárln. hefur umboð allt árið, eins og aðrar þingnefndir hafa nú, á ekkert að vera því til fyrirstöðu tæknilega að fjárln. komi saman til að fjalla um nýjar ákvarðanir um ríkisútgjöld sem gerðar eru vegna tilvika sem eru óhjákvæmileg.

Þetta fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir er fyrra fjáraukalagafrv. væntanlega sem lagt er fram fyrir árið 1995 þannig að það felur í sér miklar breytingar á ríkisfjármáladæminu. Með því er halli ríkissjóðs á árinu kominn yfir 9 milljarða kr. þannig að ef þetta frv. undirstrikar einhverjar staðreyndir, þá eru það þær að það þarf að spyrna við fótum og reyna að koma böndum á þá útgjaldaaukningu sem er stöðug í ríkisfjármálunum. Gerð hefur verið grein fyrir þeim atriðum sem eru í frv. sjálfu, það var gert við 1. umr. málsins svo að ég ætla ekki að hafa mörg orð um þau atriði að þessu sinni, heldur gera grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

Einstakar breytingartillögur sem meiri hluti fjárln. leggur fram með frv. er á þessa leið:

Í fyrsta lagi er lagt til að fjárheimild Alþingis verði aukin um 31,4 millj. kr. Það eru annars vegar útgjöld sem fylgt hafa í kjölfar kosninga og breytinga á skipan þingsins, 11,4 millj.kr., og hins vegar vegna aðkallandi viðgerða á Alþingishúsinu og framkvæmda við hús Alþingis við Kirkjustræti, samtals 20 millj. kr.

Undir menntmrn. er gerð tillaga um að fjárheimild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verði hækkuð um 5,5 millj. kr. vegna hallareksturs áranna 1994 og 1995. Það hafa orðið verulegar breytingar á aðstöðu Landsbókasafns – Háskólabókasafns sem hafa kallað á aukin rekstrarútgjöld og því er mætt þarna að nokkru leyti.

Undir liðnum Ýmis íþróttamál er lagt til að veitt verði 1,5 millj. kr. viðbótarfjárveiting til Íþróttasambands Íslands til að mæta kostnaði sem fylgdi lántöku sambandsins til að fjármagna viðbyggingu íþróttahallarinnar í Laugardal vegna HM-keppninnar í handknattleik. Hér er um að ræða gjöld sem runnu í ríkissjóð, svo sem lántökugjald, þinggjöld o.fl. Þetta er vegna heimsmeistarakeppninnar í handknattleik sem haldin var á sl. vori.

Undir utanrrn. er lagt til að hækkuð sé fjárheimild alþjóðastofnana um 15,7 millj. kr. vegna Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins og skyldu okkar á þeim vettvangi.

Undir heilbr.- og trn. er gerð tillaga um að 4,2 millj. kr. viðbótarframlag renni til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað vegna dóms sem fallinn er um greiðslur til starfsmanna sjúkrahússins vegna gæsluvakta. Með greiðslum hefur spítalinn að fullu gert upp við hlutaðeigandi starfsmenn. Gerður er fyrirvari af hálfu ríkissjóðs um endurkröfurétt á sveitarfélagið sem stóð að rekstrinum á þeim tíma sem dómurinn tekur til.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði viðbótarfjárheimild að fjárhæð 15,5 millj. kr. til heilsugæslustöðvarinnar á Reykjalundi vegna rekstrarshalla frá árinu 1991, en heilsugæslustöðin er rekin í tengslum við vinnuheimilið á Reykjalundi og yfir þeim stofnunum er sameiginleg stjórn. Frá því að ríkið tók yfir rekstur heilsugæslustöðva í ársbyrjun 1991 hefur kostnaður við rekstur stöðvarinnar verið umfram fjárveitingar í fjárlögum. Af þeim sökum hefur safnast upp rekstrarhalli og að óbreyttu stefnir í að uppsafnaður halli verði um 18 millj. í árslok 1995. Heilbrrn. og fjmrn. hafa átt í viðræðum um stjórn stofnunarinnar um lausn á þessum vanda og er þá með þessari fjárveitingu gengið út frá að rekstur stöðvarinnar verði í samræmi við fjárveitingu hennar í frv. til fjárlaga 1996.

Eins og ég sagði áðan er undir heilbrrn. frestað til 3. umr. nokkrum veigamiklum málum varðandi beiðnir sem okkur hafa borist vegna reksturs sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu og það má geta þess að einnig eru ófrágengin mál varðandi Sjúkrahús Suðurnesja, en það mál er í skoðun.

Undir fjmrn. er brtt. undir liðnum Launa- og verðlagsmál. Þar er lagt til viðbótarframlag að upphæð 130 millj. kr. vegna launauppbóta í kjölfar kjarasamninga, en í frv. til fjáraukalaga 1995 er farið fram á fjárveitingu vegna launauppbóta í kjölfar kjarasamninga eins og hún var þá metin. Frá þeim tíma hafa verið gerðir samningar við nokkur félög ríkisstarfsmanna og áætlun um launabætur til handa sjúkrahúsum á landsbyggðinni hefur verið endurmetin í ljósi nánari upplýsinga. Niðurstaðan er sú að þörf er á 130 millj. kr. viðbótarframlagi til að mæta öllum launabótum á árinu 1995,

og hér er óskað eftir greiðsluheimild á fjárlögum sem því nemur.

Þá er gerð tillaga um 25 millj. kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við björgunaraðgerðir, útfararkostnað, tjón á búnaði og fleiri þátta í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri. Þetta er sá kostnaður sem fyrirsjáanlegur er nú og þykir nauðsynlegt að afla heimilda fyrir. Ekki er víst að öll kurl séu komin til grafar í þessu efni, en þetta er það sem fyrirsjáanlegt er til að mæta þessum kostnaði og öðrum sem þarf að koma til greiðslu á árinu 1995.

Undir samgrn. er gerð tillaga um að veitt verði fjárheimild að fjárhæð 22 millj. kr. til endurbóta á bryggjunni í Holti í Önundarfirði og til að laga skemmdir sem urðu á nokkrum sjóvarnargörðum í óveðri í október sl. en eins og hv. þm. er í fersku minni urðu þar miklar skemmdir á höfnum og sjóvarnargörðum í óveðrinu mikla og lagt er til að því verði mætt.

Auk þess er lagt til að undir liðnum Flugvellir verði veitt fjárheimild að upphæð 10 millj. kr. vegna snjómoksturs, en snjómokstur hefur farið mjög fram úr áætlun á þessu ári og þarf ekki að orðlengja frekar um ástæðurnar fyrir því.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim tillögum sem fjárln. flytur, en þá er eftir að gera grein fyrir brtt. á þskj. 280 sem er frá meiri hluta fjárln. Hún hljóðar upp á greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu upp á 150 millj. kr. Sú greiðsla er vegna búvörusamningsins, afsetningar birgða, sem var verið að samþykkja hér áðan. Þessi tillaga er flutt af meiri hluta fjárln., Jóni Kristjánssyni, Sturlu Böðvarssyni, Árna Johnsen, Árna M. Mathiesen, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Hjálmari Jónssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Kristni H. Gunnarssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem fylgja þessu frv. að þessu sinni. Það eru nokkur atriði sem standa út af enn þá og verða þá tekin fyrir við 3. umr. málsins ásamt þeim erindum sem okkur kunna að berast. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þýða þessar tillögur viðbótarútgjöld upp á 424,8 millj. kr. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna, en ég mun auðvitað taka þátt í þessum umræðum og svara því sem til mín hefur verið beint.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu þakka fjárln. fyrir góða samvinnu við afgreiðslu á þessum tveimur fjáraukalagafrv. það sem af er. Þó þeirri afgreiðslu sé ekki lokið þá hefur sú vinna verið mjög góð og málefnaleg. Ég vil benda á það sérstaklega að við höfum fengið um þessi frumvörp sem hér eru til umræðu bæði umsögn frá Ríkisendurskoðun. Ég tel að það sé til mikilla bóta að fá slíka umsögn og það hjálpi nefndinni til að glöggva sig á veigamiklum atriðum varðandi afgreiðslu mála. Ég vil skírskota til þess að hlutverk Ríkisendurskoðunar er m.a. að aðstoða þingnefndir, ekki síst fjárln. og það er mjög mikils virði að nýta sér þá aðstoð sem best.

[16:11]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Það er dálítið skemmtileg staða sem kemur upp varðandi afgreiðslu fjáraukalaga. Það var verið að afgreiða fjáraukalög 1994 rétt áðan og þá kemur upp sú spaugilega staða að hv. núv. formaður fjárln. talaði fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir 1994. Hann talaði gegn fjáraukalögum á síðasta ári, 1994, það kláraðist ekki afgreiðslan þá og það má segja að það sem talað var með frv. núna 1994 hafi mælst svona 10 sm en það sem talað var gegn því á síðasta ári var u.þ.b. kílómetri. Þetta er spaugileg staða. Og núna erum við að ræða um fjáraukalagafrv. fyrir árið 1995 og þá hefur staðan breyst þannig að sá sem hér stendur var með hæstv. ríkisstjórn að hluta til á árinu og hv. formaður fjárln. var gegn ríkisstjórn að hluta til á árinu og við erum auðvitað að ræða málin að einhverju leyti út frá því. Ég ætla ekkert að fara lengra út í þessa sálma, herra forseti, en það er svolítið spaugileg staða sem getur komið upp við þessi skipti.

Ég mæli fyrir áliti minni hluta fjárln. á þskj. 281. Þau atriði sem við leggjum hvað þyngsta áherslu á varða vinnubrögð. Við teljum mjög mikilvægt að breytt verði um starfshætti, og það kemur fram að nokkru leyti í því sem hv. formaður fjárln. nefndi áðan, að fá álit Ríkisendurskoðunar á þeim frumvörpum sem við erum að fjalla um og ég vil taka undir að það er mjög gott og gagnlegt og til góðra skýringa að fá Ríkisendurskoðun að málunum. Ég vil einnig taka undir að það hefur verið mjög góður friður um vinnuna í fjárln. Menn hafa komist vel áfram með þessi mál og náð sáttum um hvernig að þessu verði staðið.

Við gagnrýnum samt að sótt er um aukafjárveitingu sem er hærri en útlit er fyrir að þörf sé á. Þetta er vert að gagnrýna og við tökum undir skoðun Ríkisendurskoðunar í því máli. Einnig að ekki er sótt eftir fjárheimild með fjárlögum þótt fyrirsjáanlegt sé að eftir verði leitað með fjáraukalögum áður en fjárlagafrv. er samþykkt.

Frumvarpið sem við fjöllum hér um var lagt fram skömmu fyrir síðustu kosningar en varð ekki afgreitt. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að fjáraukalög séu afgreidd tímanlega. Alþingi situr allt árið og ætti að vera hægðarleikur að leita eftir heimildum þegar þörfin liggur fyrir.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar, leitað skýringa og fengið athugasemdir og upplýsingar frá ýmsum aðilum um beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum 1995.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 4,9 milljarða kr. hækkun á gjaldahlið fjárlaga 1995. Ljóst er að sú tala hækkar í a.m.k. 5,3 milljarða kr. samkvæmt framkomnum breytingartillögum, auk þess sem, eins og hv. formaður fjárln. gat um áðan, nokkur atriði bíða 3. umr., svo sem málefni Sjúkrahúss Reykjavíkur og Sólheima í Grímsnesi. Ef þessar tölur standast, sem reyndar má telja vafasamt í ljósi reynslunnar, má reikna með að fjárlagahalli þessa árs verði a.m.k. 9,3 milljarðar kr. eða nær 2 milljörðum kr. meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Enn einu sinni stendur Alþingi frammi fyrir umtalsverðum skekkjum á áætlanagerð fjármálastjórnar ríkisins.

Herra forseti. Vissulega geta orðið ýmis ófyrirsjáanleg atvik á fjárlagaári sem verður að bregðast við svo sem náttúruhamfarir, skyndilegir brestir í atvinnulífinu eða leiðréttingar vegna launaþróunar. Þótt ekki verði komist hjá því að samþykkja viðbótarheimildir vegna þróunar kjaramála er gagnrýnivert hversu miklu munar hverju sinni. Er ekki að undra þótt tortryggni gæti í þjóðfélaginu hvað varðar upplýsingar fjármálaráðherra um niðurstöður kjarasamninga þegar fram kemur í fjáraukalögum að launahækkanir hafi verið verulega vanreiknaðar við gerð fjárlaga.

Fjárlaganefnd fékk Ríkisendurskoðun til að gefa umsögn um frumvarpið. Í áliti Ríkisendurskoðunar er fjallað um flutning ónýttra heimilda milli ára. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðað við þá fjárheimild sem sótt er um (4,9 milljarðar) og líklega útkomu varðandi gjöld ríkissjóðs á árinu (3,8 milljarðar) liggur fyrir að 1,1 milljarður kr. stendur út af í

árslok sem vannýtt heimild. Miðað við þá venju sem skapast hefur er sennilegt að leitað verði eftir því á næsta ári að flytja hluta þessarar vannýttu heimildar yfir á árið 1996. Í þessu sambandi er eðlilegt að spurt sé hvers vegna sótt er um hærri aukafjárveitingu en útlit er fyrir að þörf sé fyrir á árinu og jafnframt hvort ekki sé rétt að taka ákvörðun um flutning fjárheimilda til ársins 1996 við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, en ekki með fjáraukalögum sem lögð verða fyrir þingið á næsta ári." — Þetta eru einmitt þau atriði sem ég gat um í upphafi máls míns. — „Á þessu geta reyndar verið réttmætar skýringar svo sem að fjárheimildir eru ekki teknar af stofnunum enda þótt útlit sé fyrir að þær verði ekki nýttar. Þá þarf að afgreiða fjárlög fyrir áramót áður en endanleg greiðsluafkoma fyrir árið liggur fyrir."

Herra forseti. Minni hlutinn tekur undir þá ábendingu sem felst í tilvitnaðri umsögn Ríkisendurskoðunar og telur að draga beri verulega úr því að flytja heimildir milli ára eins og lagt er til. Athuga beri réttmæti slíkra aðgerða í hverju tilviki fyrir sig. Það er mjög óeðlilegt þegar allt að 69% ónýttra fjárheimilda er flutt milli ára eins og dæmi er um.

Þá eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar reifuð nokkur sjónarmið sem stofnunin telur eðlilegt að eigi að gilda við aukafjárveitingar. Minni hlutinn telur ríka ástæðu til að birta umrædda kafla skýrslunnar jafnframt því að taka undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar og bendir á að þau miða að því að styrkja raunverulegt fjárveitingavald Alþingis og gera ríkari kröfur til framvæmdarvaldsins en nú er.

„Þegar sótt er um aukafjárveitingar í fjárlögum verður að gera kröfu til að beiðnir séu vel rökstuddar. Sérstaklega er nauðsynlegt að fram komi hvers vegna útgjaldatilefni varð ekki séð fyrir þegar gildandi fjárlög voru sett þannig að afgreiða hefði mátt fjárheimildir í tengslum við setningu þeirra."

„Eins og málum er háttað í dag er í ýmsum tilfellum sótt um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til. Af þessu leiðir að staðfestingu Alþingis á fjárlögum svipar meira til formsatriðis en að þinginu sé gefinn raunverulegur kostur á að samþykkja eða hafna útgjöldum. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti fjármálaráðherra að sækja um fjárheimildir til Alþingis strax og tilefni gefst, og Alþingi að afgreiða slík frumvörp með skjótum hætti."

„Hvað varðar flutning van- og ofnýttra fjárheimilda milli ára er eðlilegt að ganga út frá því að fjárlög endurspegli raunverulegt rekstrarumfang þeirra stofnana sem þar eru tilgreindar. Í flestum tilfellum má þá gera ráð fyrir því að stofnanirnar nýti fjárheimildir sínar innan ársins. Sérstakar aðstæður geta hins vegar leitt til þess að útgjöld sem reiknað var með á árinu frestist til þess næsta eða að ófyrirséð útgjöld falli til á árinu. Í því sambandi þarf að huga vel að því hvort fjárheimild stofnunar hafi einfaldlega verið of há miðað við eðlilegan rekstur á henni og fella heimildina þá niður. Eins kann að vera að hjá stofnun hafi verið stofnað til of mikilla útgjalda og því sé lagt til að hún byrji nýtt fjárhagsár í skuld. Sé því svo varið er nauðsynlegt að fram komi hvort ætla megi að stofnunin geti hagrætt í rekstri til að mæta skertri fjárveitingu, eða hvort beinlínis sé ætlast til að dregið verði úr starfseminni."

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjáraukalaga sýnir að stjórn fjármála ríkisins hefur riðlast verulega frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þrátt fyrir verulega auknar tekjur í kjölfar þess að einkaneysla og hagvöxtur jókst meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga eykst fjárlagahallinn um a.m.k. fimmtung. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs eykst úr 21,9 milljörðum kr. í 31,9 milljarða kr. samkvæmt frumvarpinu, eða um 46%. Slíkt er mikið áhyggjuefni og hlýtur að vekja efasemdir um getu ríkisstjórnarinnar til að halda aftur af umtalsverðri vaxtahækkun og tryggja nauðsynlegan stöðugleika í efnahagsmálum.

Fulltrúar minni hlutans gera grein fyrir afstöðu sinni til einstakra tillagna sem felast í frumvarpinu og verður hún því ekki tíunduð hér, en þó er gerð athugasemd við lækkun húsaleigubóta um 180 millj. kr., úr 320 millj. kr. í 140 millj. kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að þegar var búið að greiða út tæplega 160 millj. kr. í lok september sl. og því augljóst að fjárveitingin samkvæmt frumvarpinu mun hvergi nærri duga.

Minni hluti fjárlaganefndar áskilur sér rétt til að styðja einstakar tillögur um viðbótarheimildir en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Herra forseti. Undir þetta álit rita Kristín Halldórsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Gísli S. Einarsson, sá sem hér stendur, og hef ég þar með lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

54. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til viðskiptaráðherra:

1. Rekstrarskilyrði smáfyrirtækja, fsp. HjÁ, 122. mál, þskj. 138.

Til iðnaðarráðherra:

2. Nýting og útflutningur á jarðefnum, fsp. StB, 183. mál, þskj. 227.

Til dómsmálaráðherra:

3. Meðferð kynferðis- og sifskaparbrota, fsp. DSigf, 186. mál, þskj. 231.

4. Málefni samkynhneigðra, fsp. MÁ, 196. mál, þskj. 244.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að

óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Petrína Baldursdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður tilkynnt hér með, herra forseti.

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn."

Petrína Baldursdóttir hefur áður átt sæti á Alþingi og kjörbréf hennar samþykkt. Er hún boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Klukkan 3.30 í dag verður utandagskrárumræða í hálfa klukkustund. Málshefjandi er Mörður Árnason og hæstv. menntmrh. verður til andsvara. Efni umræðunnar er málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Rekstrarskilyrði smáfyrirtækja.

Fsp. HjÁ, 122. mál. — Þskj. 138.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn til hæstv. viðskrh. um rekstrarskilyrði smáfyrirtækja. Miklar vonir eru og hafa verið bundnar við jákvæð áhrif á efnahagslíf Íslendinga með virkjun fallvatna og fjárfestingu í stóriðju og þar er sannarlega mikið að gerast. Nægir þar að benda á nýgerða samninga við Alusuisse um stækkun álvers í Straumsvík, viðræður við Columbia Aluminium, umræður um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, stækkun Grundartanga og þannig má áfram telja. Allt eru þetta hinar jákvæðustu fréttir og sýna að sú kyrrstaða sem hefur verið í fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi hefur nú verið rofin. En það sem þó e.t.v. skiptir mestu máli er að þetta eykur bjartsýni og kjark þjóðarinnar varðandi efnahagsmál og atvinnulíf.

Því er þó ekki að leyna að minna hefur veri fjallað um vaxtarmöguleika smærri fyrirtækja og stöðu þeirra innan atvinnulífsins. Í nýlegri skýrslu OECD er bent á sem leið út úr efnahagslægð að skapa smærri fyrirtækjum vænlegt rekstrarumhverfi þannig að nýsköpun verði aukin með hvatningu til einstaklinga um að hefja rekstur fyrirtækja. Þessa leið hafa fjölmargar þjóðir farið, m.a. Bandaríkjamenn, Kanadamenn og fleiri á leið sinni út úr efnahagslægð síðari ára með jákvæðum árangri.

Oft er bent á verðmæti vel menntaðrar þjóðar. Þau verðmæti felast ekki síst á möguleikum einstaklinga til að virkja menntun sína og þekkingu í atvinnulífi. Má í því sambandi benda á nýja skilgreiningu OECD á ríkidæmi þjóðar þar sem er lögð meiri áhersla á menntunarstig hennar.

Hér á landi hafa margir einstaklingar náð góðum árangri á þessu sviði. Má þar t.d. nefna undraverðan árangur fyrirtækja í hugbúnaðargerð, ferðaþjónustu, þjónustu í sjávarútvegi og þannig má áfram telja. Þrátt fyrir árangur nokkurra fyrirtækja hefur öðrum gengið miður vel. Bent hefur verið á að rekstrarskilyrði íslenskra smáfyrirtækja séu um margt óheppileg og til þess fallin að kæfa fremur en örva. Gerist það m.a. með því að þeim er gert erfitt um vik með að taka fjárhagslega áhættu í nýsköpun. Fjölmörg reglugerðarákvæði skapi þunglamalega skriffinnsku o.s.frv. Því beini ég þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvort eitthvað sé unnið að því á hans vegum að bæta hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi.

[13:36]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason spyr:

„Hyggst ráðherra gera tillögur um bætt rekstrarskilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi líkt og nágrannaþjóðir okkar hafa gert?"

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að hún leggi megináherslu á aðgerðir til atvinnu- og verðmætasköpunar með því að stuðla að nýsköpun og sókn í atvinnulífinu, m.a. í vöruþróun og markaðssetningu. Í framhaldi af þessu var sett á fót á vegum viðskrn. sérstök nefnd skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu, verkalýðshreyfingu og stjórnkerfinu, mjög fjölmennur hópur sem var ráðgjafarnefnd til þess að gera tillögur um með hvaða hætti mætti ganga til móts og aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi sem eru öll íslensk fyrirtæki ef menn nota skilgreiningu Evrópusambandsins í þeim efnum. Þessi nefnd hefur verið að störfum frá því í sumar og bar fyrst og fremst að leggja áherslu á með hvaða hætti væri hægt að nýta þau tækifæri sem EES-samningurinn gæfi.

Nefndin er þessa dagana að skila frá sér sínum fyrstu tillögum í bæklingi sem hefur verið gefinn út, og kom reyndar út í dag, um Evrópuverkefni á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar sem nákvæmlega er skilgreint með hvaða hætti íslensk fyrirtæki geta hagnýtt sér þau tækifæri sem EES-samningurinn býður upp á. Í framhaldi af þessu er gert ráð fyrir því að halda í þessari viku kynningarfund með öllum atvinnuráðgjöfum í landinu þar sem þeim er kynnt innihald þessa bæklings og síðan verði þeir í raun og veru útverðir okkar í kynningu á þeim verkefnum sem þarna eru í fyrirtækjunum. Á þriðjudaginn í næstu viku er gert ráð fyrir að halda slíkan kynningarfund fyrir fyrirtæki í Reykjavík og í byrjun janúar að fara um allt land þar sem fulltrúar nefndarinnar kynna hvað þarna er á ferðinni.

Tillögur nefndarinnar eru einnig fleiri en bara þessi bæklingur. Þær munu koma fram um miðja næstu viku og ganga síðan til ríkisstjórnar. Þetta eru að mörgu leyti fyrst og fremst aðgerðir til stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum og með hvaða hætti stjórnvöld geta brugðist við til að bæta rekstrarstöðu þeirra. Einnig er í undirbúningi á vegum iðnrn. sérstakt verkefni í samvinnu við Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Iðntæknistofnun sem við köllum Átak til atvinnusköpunar, þar sem er verið að undirbúa verkefni til þess að standa við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í markaðsleit, rannsóknum og markaðssetningu á afurðum sem þau vilja koma frá sér.

Það má segja að þessi verkefni nefndarinnar sé þríþætt: Í fyrsta lagi að draga saman þau kynningarverkefni og þá möguleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki hafa til að nýta sér EES-samninginn. Í öðru lagi er starfsmaður í hlutastarfi á vegum ráðuneytisins úti í Brussel. Hann hefur unnið fyrir nefndina og mun síðan vera litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem vilja nýta sér þau verkefni í Evrópusamstarfinu til aðstoðar og ráðgjafar með hvaða hætti þau geta það gert. Í þriðja lagi eru í undirbúningi af hálfu nefndarinnar sérstakar aðgerðir til stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum, m.a. tillögur um það hvernig breyta skal fjárfestingarlánasjóðakerfi atvinnulífsins. Allt miðar þetta að því eins og

kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að auka verðmætasköpunina og fjölga störfum.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. hans svör og lýsa ánægju með það sem þegar hefur verið gert. Ekki síður vil ég skilja svör ráðherra þannig að innan skamms megi búast við frekari tillögum og ekki síst aðgerðum sem stuðli að bættum rekstrarskilyrðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Það er einmitt vert að undirstrika það sem hæstv. ráðherra nefndi áðan að langflest fyrirtæki á Íslandi falla undir þann stærðarflokk. Því hlýtur það að teljast rökrétt að hlúa þannig að smærri fyrirtækjum að þau megi vaxa og dafna.

Ég fagna því þessum hugmyndum ráðherra, en minni jafnframt á mikilvægi þáttar nýsköpunar og áhættu. Þann þátt verður að virkja því að þar liggja sóknarfærin. Þar liggja möguleikar einstaklinga til athafna og framfara. Til þess þurfa líka ytri skilyrði af hálfu hins opinbera að vera hvetjandi. Ég skil svör ráðherra svo að að því sé stefnt og því ber að fagna. Meginatriðið er að skapa litlum og meðalstórum fyrirtækjum þau skilyrði að vöxtur efnahagslífs verði ekki síður á þeirra sviði heldur en í stóriðju.

[13:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Það sem mestu máli skiptir í þessu sambandi er það að búa almennt vel að atvinnulífinu í landinu með því að rekstrarskilyrðin séu þeim hagstæð. Það getum við gert með því að skrá gengi með eðlilegum hætti, tryggja hér áframhaldandi efnahagslegan stöðugleika og tiltölulega lágt vaxtastig.

Maður verður hins vegar oft var við það einmitt hjá forsvarsmönnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja að þeir eiga oft erfitt við það að glíma við þann mikla reglugerðafrumskóg og lagafrumskóg sem er í kringum þessa atvinnustarfsemi og ekki síst þann mikla eftirlitsiðnað sem hefur verið að spretta upp á undanförnum árum í kringum atvinnustarfsemina í landinu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því, hvort eitthvað af þeim tillögum sem hann kynnti áðan að væru í farvatninu geri ráð fyrir því að reyna að grisja þann mikla eftirlitsiðnað og þann mikla eftirlitsskóg sem hefur umlukið þessa atvinnustarfsemi í landinu og ekki síst litlu fyrirtækin sem stundum eiga mjög erfitt með að rétta úr sér einmitt vegna þessara ströngu ákvæða sem því fylgir.

[13:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er ýmislegt sem hvílir á litlum fyrirtækjum á Íslandi. Eins og síðasti hv. þm. gat um er það eftirlitsiðnaðurinn, sem menn segja að skilji eftir sig sviðna slóð. Svo er það skortur á þjónustulund opinberra aðila við litlu fyrirtækin. Það er líka skortur á upplýsingum um það hvernig menn eiga að bregðast við og hegða sér í þessu reglugerðaverki öllu saman, upplýsingar til lítilla fyrirtækja. Og síðast en ekki síst er það þessi skattur á nýsköpun sem er í gildi í dag. Það kostar 110 þús. kr. að stofna fyrirtæki og það stendur ekki til að lækka það neitt umtalsvert. Og spurning mín til ráðherra er sú: Er meiningin að breyta þessari skattlagningu á nýsköpun jafnvel þannig að það standi eitthvað undir sér, verði ekki skattur heldur bara gjöld fyrir rekstur Hlutafélagaskrár? Og er meiningin að veita meiri upplýsingar til þeirra sem eru að stofna fyrirtæki?

[13:44]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að auðvitað skipta mestu máli fyrir öll fyrirtæki hin almennu rekstrarskilyrði sem þeim eru sköpuð. Sem betur fer eru rekstrarskilyrði atvinnulífsins nokkuð góð um þessar mundir og það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að tryggja að svo sé.

Það eru ýmsar tillögur sem kannski ekki liggja fyrir af hálfu nefndarinnar, en ég býst við að þær muni sjá dagsins ljós alveg næstu daga. Þar er gert ráð fyrir talsvert miklum breytingum á einmitt eftirlitsiðnaðinum eins og hann er hér nefndur.

Ein tillagan sem nefndin hefur kynnt fyrir mér er sú að sérhvert ráðuneyti skipi starfshóp sem hafi það hlutverk að skipuleggja og hreinsa til í sínum eigin laga- og reglugerðafrumskógi sem snertir rekstur fyrirtækja með einum eða öðrum hætti. Þannig hefur í raun og veru hvert ráðuneyti fyrir sig það hlutverk að fara yfir þau lög og reglur sem í gildi eru og með hvaða hætti þau íþyngja atvinnulífinu. En það skiptir líka máli hvernig við búum að litlum fyrirtækjum og atvinnulífinu almennt með lagasetningu frá þinginu.

Ein af þeim tillögum sem nefndin mun vera með í undirbúningi er að sérstök nefnd eða ákveðinn aðili fari yfir, líkt og fjmrn. gerir og leggur mat á öll lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem hér eru lagðar inn og meti hvaða áhrif slíkar tillögur hafa á ríkissjóð. Menn hafa rætt um Þjóðhagsstofnun í þessu sambandi. Ef Þjóðhagsstofnun verður fyrir valinu leggur hún mat á hvaða áhrif lög og reglur hafa á atvinnulífið þannig til þess að menn vandi sig í þessari virðulegu stofnun, að fara yfir lög og reglugerðir svo þær verði ekki til þess að íþyngja atvinnulífinu.

Hv. þm. Pétur Blöndal benti á viðamikinn þátt tel ég en það er sá kostnaður sem hlýst af því að stofna hlutafélag. Það kostar í dag í kringum 100 þús. kr. Nú hefur þessu verið skipt upp, annars vegar í einkahlutafélag og hins vegar í almenn hlutafélög. Tillögur liggja fyrir um það í þinginu, en eftir því sem ég held er frv. um aukatekjur ríkissjóðs komið fram, þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður við að stofna einkahlutafélag verði lækkaður úr 100 þús. kr. í 75 þús. kr. einmitt í þeim tilgangi eins og hv. þm. kom inn á að hvetja fólk til þess að taka þátt í atvinnulífinu.

Nýting og útflutningur á jarðefnum.

Fsp. StB, 183. mál. — Þskj. 227.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 227 leyfi ég mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um nýtingu og útflutning á jarðefnum. Það er þekkt að mjög víða á landinu eru námur og þeir sem ferðast um landið sjá þær svo að ekki fer á milli mála. Þar er bæði um að ræða námur sem í er sótt efni til vegagerðar og byggingar en einnig námur tengdar útflutningi á vikri.

Hæstv. umhvrh. óskaði eftir því að Náttúruverndarráð kannaði ástand vegna efnistöku og hefur það skilað heljarmikilli skýrslu sem ber nafnið Námur á Íslandi og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ástandið virðist vera óviðunandi í öllum landshlutum. Námur eru oft margar og umgengni í þeim er víða ábótavant. Sums staðar verður að telja að hætta stafi af vegna slæms viðskilnaðar. Í sumar námur hefur verið safnað sorpi og brotamálmum. Ástæðurnar fyrir þessu ástandi í efnistökumálum eru margvíslegar. Þær helstu eru vanþróað vegakerfi sem einnig er stórt miðað við fólksfjölda, óskýr lög og skipulagsleysi við efnistöku. Vegna þessa er brýnt að efnistaka á Íslandi verði skipulögð og eftirlit með henni eflt. Setja þarf skýrar reglur um efnistöku. Færa ætti eftirlit með henni til sveitarfélaga og gera þarf ítarlegar náttúrufarskannanir í öllum landshlutum. Við núverandi ástand verður ekki unað," segir í skýrslu Náttúruverndarráðs.

Sem betur fer á þetta ekki við efnistöku vegna vikurs að ég held. Engu að síður tel ég samt að skipulag þeirra mála sé ekki eins og æskilegt er talið. Þess vegna hef ég, hæstv. forseti, leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. iðnrh.:

1. Hversu mörg leyfi hafa verið gefin út fyrir vinnslu og útflutningi á vikri?

2. Eru í gildi reglur um útflutning á jarðefnum, t.d. vikri?

3. Hvaða kröfur eru gerðar um umgengni í námum og meðferð og vinnslu þeirra jarðefna sem seld eru til útflutnings?

4. Hver hefur eftirlit með þeim námum sem eru nýttar?

5. Hefur verið gerð áætlun um nýtingu jarðefna, t.d. vikurs, til útflutnings og lagt mat á verðgildi miðað við mismunandi vinnsluaðferðir?

6. Hverjar voru tekjur af útflutningi vikurs á sl. ári og hversu mörg ársverk eru í vikurútflutningi?

Ég leyfi mér að bera fram þessa fyrirspurn til hæstv. iðnrh. vegna þess að ég tel að gæta verði þess að nýta auðlindina skikkanlega og með viðunandi hætti, bæði út frá umhverfissjónarmiði og gagnvart því að þetta eru verðmæti og ekki síst vegna þess að þarna eru möguleikar á að skapa atvinnutækifæri og koma á e.t.v. frekari nýtingu og verðmætasköpun í tengslum við byggingariðnað.

[13:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson ber fram fyrirspurn á þskj. 227, um nýtingu og útflutning á jarðefnum. Fyrsta spurning hljóðar svo:

„Hversu mörg leyfi hafa verið gefin út fyrir vinnslu og útflutning á vikri?"

Á Heklusvæðinu hafa þrjú fyrirtæki leyfi til vikurtöku samkvæmt ákvæðum námulaga, nr. 27/1973. Jarðefnaiðnaður hf. hefur rétt til vikurtöku á svæðinu vestan Heklu og austan Búrfells. Gildistími þess leyfis er til 1. júlí 1998. BM Vallá hefur rétt til vikurtöku á svæði vestan Þjórsár og austan Búrfells. Gildistími þes leyfis er til sama tíma og Vikur hf. í Reykjavík hefur rétt til að taka allt að 300 þúsund rúmmetra af vikri úr Trjáviðarkvoslægð vestan Búrfells og gildistími þess leyfis er til 1. október 1998.

Á vikursvæðum við Snæfellsjökul hafa undanfarin ár verið starfandi þrjú fyrirtæki við vinnslu vikurs. Öll hafa þau samning við landbrn. um nýtingu efnis á ríkislandi, en aðeins eitt þeirra hefur fengið sérleyfi á grundvelli námulaga. Það sérleyfi er nú runnið út og hefur því ekkert fyrirtæki sérleyfi samkvæmt námulögum til vikurtöku á Snæfellsnesi. Vikuriðnaður hf. sem nú kallast Snæfellsvikur hf. hefur leyfi frá landbrn. til töku og vinnslu vikurs af landi ríkisins á sunnanverðum Jökulhálsi vestan Náttmálahnjúks. Leyfi þetta gildir til 1. desember 1999. Landbrn. gerði samning við Neshrepp 31. maí 1994 og gildir hann til 1. maí 2001. Vikurvinnslan hf. hefur einnig samning við landbrn. um vikurtöku á sunnanverðum Jökulhálsi á sama landsvæði og Vikuriðnaður hf. og leyfi landbrn. gildir til 1. janúar 1998.

Samkvæmt framansögðu ríkir nokkur óvissa um réttarheimildir til vikurtöku á Snæfellsnesi. Ótvírætt verður að telja að vikurnám fellur undir ákvæði námulaga. Hins vegar verður að liggja fyrir leyfi landbrh. til að fyrirtækið geti nýtt jarðefni í landi ríkisins sem landbrh. hefur forræði yfir. Um þetta virðist ekki vera ágreiningur en nokkur vafi hefur skapast vegna reksturs þess sem nú er hafin á Snæfellsnesi.

Önnur spurning frá hv. þm.: „Eru í gildi reglur um útflutning á jarðefnum, t.d. vikri?"

Í 14. gr. námulaga er iðnrh. veitt heimild til að banna útflutning óunninna jarðefna ef hann telur að útflutningur þeirra efna skaði íslenska framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu. Ef til stæði að nýta þessa heimild námulaga gagnvart útflutningi á vikri til aðildarríkja EES verður að líta til ákvæða þess samnings þar sem vikur fellur undir efnissvið 12. gr. EES-samningsins, en þar segir, með leyfi forseta: „Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila." Auðsýnt er að útflutningsbann ráðherra á vikri skv. grundvelli 14. gr. námulaga mundi teljast vera óheimil magntakmörkun á skilningi 12. gr. EES-samningsins. Því virðist ljóst að iðnrh. getur ekki bannað útflutning á óunnum vikri til EES-ríkja með skírskotun til þess að sá útflutningur geti skaðað íslenska framleiðsluhagsmuni eða fullvinnsla efnanna á landi sé umfram annað æskileg. Þrátt fyrir að vilji kunni að standa til þess að setja útflutningi jarðefna einhverjar skorður á grundvelli innlendra iðnaðarhagsmuna virðast nokkrir annmarkar á því vegna EES-samningsins. Vikurvinnslunni er þó unnt að halda í skefjum með því að takmarka fjölda leyfishafa og með því að takmarka það landsvæði sem undir vinnslu er á hverjum tíma. Ég vil þó ógjarnan hrófla við veittum leyfum ef ekki koma til vanefndir á ákvæðum þeirra með stoð í námulögum. Sérleyfi þessi renna út eftir tæp þrjú ár og hef ég í hyggju að endurskoða stöðu vikurvinnslunnar rækilega áður en ný sérleyfi verða gefin út.

Þriðja spurning: „Hvaða kröfur eru gerðar um umgengni í námum og meðferð og vinnslu þeirra jarðefna sem seld eru til útflutnings?"

Í námulögum eru almenn ákvæði um umgengni í námum og meðferð vinnslu jarðefna. Ákvæði þessi eru þó engan veginn fullnægjandi til að geta verið leiðbeinandi fyrir vikurvinnsluna um nýtingu efnis og frágang vinnslusvæða. Í lögum eru þó heimildarákvæði til að setja frekari ákvæði í reglugerð. Reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs hefur nýlega verið sett. Megininntak reglugerðarinnar er að tryggja betri og markvissari nýtingu námusvæðanna svo af þeim megi hafa hámarksafrakstur til lengri tíma litið og jafnframt að hindra ónauðsynlegt jarðrask og tryggja að frágangur námusvæða sé í fullu samræmi við ýtrustu kröfur um umgengni umhverfið. Talið hefur verið að vikur hefði mátt nýta betur á sumum hinna eldri svæða, bæði það efni sem nýtt hefur verið ofan að og það efni sem skilið hefur verið eftir á botni námanna. Með reglugerðinni er stefnt að því að efnisnýting verði yfir 90%.

Fjórða spurning: „Hver hefur eftirlit með þeim námum sem eru nýttar?"

Í kjölfar setningar reglugerðarinnar um vinnslu og nýtingu vikurs var ráðinn sjálfstætt starfandi ráðgjafarverkfræðingur til að hafa þetta eftirlit.

Fimmta spurning: „Hefur verið gerð áætlun um nýtingu jarðefna, t.d. vikurs, til útflutnings og lagt mat á verðgildi miðað við mismunandi vinnsluaðferðir?"

Vilji minn sem iðnrh. stendur ótvírætt til þess að unnt verði að nýta innlend jarðefni á sem hagkvæmastan hátt til að efla innlenda atvinnustarfsemi. Í þessu sambandi er einkum mikilvægt að sérstakir eiginleikar íslenskra jarðefna geti lagt grunn að nýsköpun í byggingariðnaði og annarri iðnaðarframleiðslu. Undanfarin ár hefur margt gerst í byggingarrannsóknum er leitt getur til þess að fullvinnsluiðnaður er byggir á vikri verði að veruleika. Ég tel mikilvægt að samstaða náist um þá framtíðarsýn að innlent byggingarefni verði fyrst og fremst nýtt í þágu landsmanna með hámarksvirðisauka að leiðarljósi. Ég legg því ekki áherslu á þann hefðbunda hráefnisvikurútflutning sem stundaður hefur verð um langt árabil. Hann skilar okkur ekki þeim ávinningi sem stundum er látið af. Á grundvelli framansagðs hef ég ekki látið gera áætlun um nýtingu jarðefna til útflutnings. Slíkur útflutningur kann þó að vera nauðsynlegur til að skjóta stoðum undir þann iðnað sem af honum gæti sprottið. Ég tel þó ekki ástæðu til að hvetja til hráefnisútflutnings á vikri.

Virðulegi forseti. Ég á ósvarað einni spurningu og hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hverjar voru tekjur af útflutningi vikurs á sl. ári og hversu mörg ársverk eru í vikurútflutningi?"

Á sl. ári voru flutt út tæplega 230 þús. tonn af vikri. Langmestur hluti hans eða tæplega 220 þús. tonn var svokallaður byggingarvikur sem fór til málmsteinsgerðar, aðallega í Þýskalandi. Auk þess voru flutt út 10 þús. tonn af svokölluðum gróðurhúsavirki. Heildarverðmæti þessa útflutnings nam 484 millj. kr. fob. Reiknað hefur verið með að á bak við hver 100 þús. tonn af útfluttum vikri séu 22 ársverk. Miðað við þetta hafa verið um 50 ársverk í vinnslu vikurs til útflutnings á síðasta ári.

[13:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir þessa umræðu vil ég vekja athygli á hinni hliðinni á þessu máli sem er umhverfishliðin. Það er auðvitað alveg skelfilegt að sjá hvernig víða er gengið um landið í þessu samhengi. Menn hamfletta heilu svæðin algerlega að því er virðist skipulags-, hömlu- og tillitslaust og það er algerlega ólíðandi að láta þessa hluti ganga svona áfram án þess að stjórnvöld taki á því máli sérstaklega.

Í öðru lagi fylgja þessari vinnslu flutningar með gríðarlega stórum og þungum bílum sem eru afar erfiðir fyrir umferðina og vegakerfið. Það skiptir miklu máli að ræða þetta tvennt um leið þannig að menn telji ekki bara peningana upp úr malarnámunum heldur athugi líka hvað fylgir þessu verki.

[13:59]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Um leið og ég þakka málshefjanda og hæstv. ráðherra fyrir málið vil ég taka undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi áðan. Hér er hreyft verulegu vandamáli. Það nægir að vísa til úttektar ágæts fjölmiðlamanns, Ómars Ragnarssonar, þar sem hann lýsti ágætlega sviðinni jörð sem námur víða um landið skilja eftir sem og úttektar Náttúruverndarráðs sem hv. málshefjandi vitnaði til.

Það segir okkur einfaldlega að hér ríkir algert skipulagsleysi svo að ég noti ekki orðið villimennska. Þegar veitt eru leyfi til námavinnslu er ekki nóg að hafa iðnað í huga, eins og ráðherra svaraði, heldur þarf að skoða aðrar atvinnugreinar. Vil ég nefna þar sérstaklega ferðaþjónustu sem er að verða ein af öflugri atvinnugreinum á Íslandi. Það má nokkuð ljóst vera að ferðamenn koma ekki hingað til þess að skoða tóftir og sviðna jörð eftir námavinnslu. Hér þarf að fara fram stefnumótun sem snertir ekki einungis iðnrn. heldur og ekki síður umhvrn. og ráðuneyti ferðamála.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir mjög greinargóð svör við þeim fyrirspurnum sem ég bar upp og ég tel að þar hafi komið fram mjög mikilvægar upplýsingar sem segja okkur að þarna þurfi að gæta að. Það verði að setja skýrari og strangari reglur hvað varðar umgengni um þessi svæði þar sem vikurvinnsla fer fram og einnig huga að því með hvaða hætti megi nýta þetta sem best.

Hv. þm. Svavar Gestsson orðaði það svo að það þyrfti að líta á hina hliðina, þ.e. ekki þá sem varðar vikurvinnslu eða vikurútflutning sem atvinnugrein, heldur frá náttúruverndarsjónarmiðinu. Ég taldi mig gera það þegar ég mælti fyrir fyrirspurninni og vitnaði til þeirrar úttektar sem Náttúruverndarráð hefur gert þar sem vakin er athygli á því að það hefur ekki verið gengið eðlilega um náttúruna hvað þetta varðar. En ég vil undirstrika það að ég tel að þeir aðilar sem hafa verið að vinna að vikurútflutningi og vikurvinnslu hafi lagt sig fram um það sérstaklega að ganga bærilega um, en engu að síður tel ég að þar megi betur gera og læra af þeirri reynslu sem við höfum fyrir.

Vegna svars hæstv. iðnrh. vil ég segja að ég tel að það eigi ekki að setja neinar sérstakar skorður sem stangist á við EES-reglur, fjarri því. Við eigum að reyna að nýta þessa auðlind eins vel og við getum og setja fyrst og fremst skorður hvað varðar umgengnina og reglur um nýtingu á landinu. Síðan mega auðvitað allir flytja út eins mikið og þeir geta og skapa verðmæti svo framarlega sem ekki er gengið á auðlindina eða henni spillt.

Þetta vildi ég að kæmi fram í þessari umræðu. Að öðru leyti þakka ég fyrir svör hæstv. ráðherra. Ég tel að þau segi okkur að það þarf að setja skýrari og klárari reglur, en engu að síður vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa þó sett reglugerð. En ég tel að hún sé vanbúin og þurfi að vera ítarlegri og skýrari og hafa möguleika á að takmarka aðkomuna og nýtinguna með einhverjum hætti. Ég tel að það sé ekki fullnægjandi að einn ráðgjafarverkfræðingur hafi eftirlit með þessari námavinnslu. Sveitarfélögin verða að fá þarna ábyrgð og skyldu til eftirlits.

[14:03]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu. Ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að menn þurfa auðvitað að horfa á allar hliðar málsins í þessum efnum. Ég hef viljað takmarka þennan útflutning. Það er hins vegar annmörkum háð eins og ég gat um í svari mínu áðan. Fyrst og fremst hef ég áhuga á að takmarka útflutninginn vegna þess að ég tel að okkur bjóðist innan tíðar aðrir betri kostir til nýtingar á þessum vikri þannig að hann skapi meiri verðmæti fyrir íslenskt þjóðarbú en hann gerir í dag. Ef við tökum Heklusvæðið

sem dæmi mundum við með sama magni og flutt var út árið 1994 flytja allan Hekluvikurinn út á 30 árum. Þarna er ekki um endurnýjanlega auðlind að ræða og þá sjá menn hversu gríðarlegir hagsmunir eru þarna í húfi. (**SvG:** Það þyrfti að fjölga eldgosum.) Já, fjölga eldgosum, það er hárrétt hjá hv. þm., því miður gerist þetta ekki öðruvísi. Áður en menn fá leyfi til þess að flytja út eða fá svokallað vinnsluleyfi, þarf að fara fram umhverfismat svo framarlega sem um er að ræða magn sem er yfir 150 þúsund rúmmetrar. Það er auðvitað framfaraspor. En ég legg áherslu á að eftirlitið skiptir líka höfuðmáli þarna.

Þegar ég kom að þessu í byrjun sumars var mjög slæm nýting á vikursvæðunum austur við Heklu, sennilega 50–60% nýtingu á svæðum þar sem menn gátu nýtt þetta allt upp í 90%. Reglugerðin gengur út frá því að menn nýti þetta 90% og ráðgjafarverkfræðingurinn sem þarna hefur verið ráðinn, hefur einvörðungu verið ráðinn til þess að fylgjast með þessu svæði, þessum þremur stöðum í kringum Þjórsá og í kringum Búrfell.

Ábyrgð sveitarfélaganna er líka nokkur í þessu, enda fá þau hluta af námugjaldinu einmitt til þess að fylgjast með því hvernig um er gengið. En aðalatriðið tel ég vera þetta. Við eigum að reyna að takmarka þennan útflutning. Það er ekki hægt með því að takmarka magnið inn á Evrópumarkaðinn. Það er hins vegar hægt með því að takmarka leyfin sem eru veitt. Síðan ég tók við í vor sem iðnrh. hefur ekkert leyfi verið gefið út og ég hef sagt að ég hafi ekki í hyggju að gefa út neitt viðbótarleyfi einfaldlega vegna þess að ég tel það mjög mikilvægt að taka þennan málaflokk í heild sinni til endurskoðunar, þegar gildandi leyfi renna flestöll út 1. október 1998.

Meðferð kynferðis- og sifskaparbrota.

Fsp. DSigf, 186. mál. — Þskj. 231.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Drífa Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. dómsmrh. um meðferð kynferðis- og sifskaparbrota:

1. Hvað hafa gengið margir dómar í kynferðis- og sifskaparmálum sl. tíu ár?

2. Hvernig féllu dómar í þessum málum? Hve mörg prósent ákærðra voru sakfelld? Hver var refsing þeirra er voru fundnir sekir?

3. Er að finna viðurlög í lögum við slíkum brotum sem ekki hafa verið nýtt?

4. Hvaða reglur gilda hjá lögreglu og heilbrigðisstéttum um meðferð rannsóknar á meintum kynferðis- og sifskaparbrotum?

5. Telur ráðherra að hægt sé að bæta vinnubrögð við rannsóknir síkra mála, t.d. með setningu einhvers konar verklagsreglna?

Á síðustu árum hafa sjónir manna í auknum mæli beinst að meðferð kynferðis- og sifskaparbrota. Ég tel að dómar séu almennt mjög vægir í nauðgunarmálum. Tiltölulega stutt er frá endurskoðun hegningarlaga þar sem lagfærðir voru ýmsir annmarkar og viðbætur settar inn. Þá hafa heilbrigðisstéttir og rannsóknaraðilar endurbætt vinnubrögð sín. Það er til bóta.

Engu að síður tel ég mikilvægt að til séu samræmdar verklagsreglur sem farið sé eftir um allt land. Samræmd aðferðafræði við rannsókn og úrvinnslu þessara mála ætti að auka möguleika á því að fleiri mál verði upplýst. Því þurfa að vera til skýrar leiðbeiningarreglur um hvernig sakbending eigi að fara fram, yfirheyrsluaðferðir, svo sem hvenær er notað myndbandstæki og/eða önnur hjálpartæki. Þá er mjög mikilvægt að notuð séu samræmd vinnubrögð um allt land og fleira mætti telja.

Hvenær sekt telst sönnuð er háð mati viðkomandi dómara. Ég tel eðlilegt að áður en dómarar fara að dæma í þessum málaflokki eigi þeir kost á að fara á námskeið þar sem fjallað verður m.a. um sálarástand þolenda og gerenda, um viðbrögð þeirra svo að þau valdi ekki misskilningi. Varla er hægt að gera þá kröfu að þolendur svari öllum spurningum í sama jafnvægi og spurt sé hvort viðkomandi ætli að kaupa mjólk í dag.

Þá velti ég því fyrir mér hvort ýmsar venjur og starfshættir sem notaðir eru hérlendis séu í fullu samræmi við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sbr. 2. og 5. gr. Það er umhugsunarvert hve lágu hlutfalli nauðgunarmála lýkur með dómsniðurstöðum. Þessi mál eru viðkvæm og vandmeðfarin. Enginn í réttarríki vill að saklaus maður verði dæmdur fyrir glæp sem hann framdi ekki. En ég er ekki viss um að þær aðferðir sem nú tíðkast í dómskerfinu vegna þessara mála séu að öllu leyti mannúðlegar gagnvart þolendum. Er t.d. nauðsynlegt að þolendur í nauðgunar- og sifskaparmálum þurfi endilega að upplifa enn einu sinni sársaukafulla og erfiða reynslu í réttarsal? Ef svo er, er þá hægt að koma því þannig fyrir að aðeins lágmarksfjöldi verði viðstaddur og er nauðsynlegt að þolendur hitti ákærða? Geta myndbandsupptökur nýst að einhverju leyti í þessu sambandi? Ég tel mikilvægt að skoða leiðir sem hlífa fórnarlömbum án þess að ganga á rétt þess ákærða. Ég varpa því þessum spurningum fram.

Einnig vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort honum sé kunnugt um að til séu fleiri nothæf úrræði gagnvart þessum ofbeldismönnum sem beita má en fangelsisvist.

[14:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Umfang þessarar fyrirspurnar er býsna mikið og að mínu mati hefði verið rétt að bera þetta mál fram í beiðni um skýrslu. Svör við fyrirspurnum sem þessum eru alltaf takmörkuð við þau tímamörk sem þingsköp setja og það er mjög mikilvægt að mál séu borin fram með réttum hætti þannig að þingmenn fái þá umfjöllun um málin sem þeir óska eftir. Á þann veg vilja ráðuneytin svara og taka þátt í umræðu á Alþingi.

Hér er í fyrsta lagi spurt um fjölda dóma í kynferðis- og sifskaparmálum síðustu tíu árin. Til skamms tíma hefur afbrotatölfræði verið lítið sinnt hér á landi, en með tilkomu nýja dómstólakerfisins 1. júlí 1992 var fyrst hafist handa við að halda tölvuskrár með upplýsingum um dómsmál, þar á meðal hvaða brot er ákært fyrir, niðurstöðu mála og refsingar. Frá þeim tíma hafa allar þessar upplýsingar verið skráðar og því hægt að veita upplýsingar um fjölda mála sem ákært hefur verið fyrir eftir brotategundum. Mikinn tíma tekur hins vegar að nálgast upplýsingar frá fyrri tíma þó að þær séu að sjálfsögðu til í dómabókum, en til þess hefur ekki unnist tími.

Dómsmrn. hefur sent fyrirspurn til héraðsdómstólanna um fjölda kynferðis- og sifskaparmála frá 1. júlí 1992 og

eru svör enn að berast. En svör hafa þegar borist frá þremur héraðsdómstólum sem fara með 75% sakamála í landinu, þar á meðal héraðsdómunum í Reykjavík og Reykjanesi. Á tímabilinu 1. júlí 1992 til 1. desember 1995, eða á tæpu þremur og hálfu ári, hafa 76 kynferðis- og sifskaparbrot komið til afgreiðslu hjá þessum þremur dómstólum. Af þeim eru sjö enn í dómsmeðferð. Af þeim 69 sem afgreidd hafa verið hefur 57 eða 83% lokið með sakfellingu, 9 eða 13% með sýknu, þrjú mál eða um 4% hafa verið felld niður eða endursend þar sem ekki hefur náðst til ákærðra. Þótt þessar tölur séu ekki tæmandi fyrir allt landið veita þær þó ákveðna vísbendingu um hlutfall sakfellingardóma og sýknudóma. Ekki hefur unnist tími til að kanna niðurstöðu Hæstaréttar, enda um mikið verk að ræða. En með tilkomu dómasafns Hæstaréttar í tölvutæku formi ætti að vera mögulegt að vinna úr dómum réttarins um þessi efni, en mér er tjáð að á morgun komi dómasafn Hæstréttar út í tölvutæku formi.

Spurt er sérstaklega um refsingar þeirra sem fundnir voru sekir. Það er rétt að vekja á því athygli að einföld svör við spurningu eins og þessari geta verið misvísandi og jafnvel villandi. Þótt brotin séu öll alvarleg eru þau misjafnlega gróf, allt frá blygðunarsemisafbrotum og upp í hrottafengnar nauðganir. Þannig eru refsingar í þeim 57 málum sem sakfellt var í frá 10 þús. kr. sekt fyrir blygðunarsemisafbrot og upp í 10 ára fangelsi fyrir hrottalegar nauðganir.

Ef tekinn er út einn flokkur brota, nauðgunarbrotin, má segja að algengasta refsingin fyrir slíkt brot hafi verið 18 mánaða fangelsi. Meðaltalsrefsingin liggur hins vegar nokkuð hærra vegna fárra mjög hrottafenginna nauðgunarbrota. Það sem gerir rannsókn á refsingum mikið vandaverk er að þessi tegund brota verður ekki algerlega aðskilin frá öðrum brotaflokkum. Þannig er í mörgum málum refsað fyrir fleiri en eina tegund kynferðis- og sifskaparbrota í sama máli eða slík brot ásamt t.d. auðgunarbrotum. Í sumum tilfellum er um að ræða að brotamenn hafa rofið skilorð reynslulausnar og óafplánuðum eftirstöðvum er bætt við refsinguna. Þá er refsing mishá eftir því hvort um er að ræða fyrsta brot eða brotamaður á að baki lengri brotaferil. Afbrotatölfræði er því vandmeðfarin og ítarleg og vönduð svör við fyrirspurnum eins og þessum krefjast allmikillar rannsóknarvinnu.

Að því er varðar þriðju spurninguna um það hvort hér á landi sé að finna viðurlög í lögum sem ekki hafa verið nýtt er því til að svara að hámarksrefsing við nauðgun er 16 ára fangelsi. Hærri refsing en 10 ára fangelsi hefur ekki verið dæmd á því tímabili sem þessar tölur gefa tilefni til. En flestar refsingarnar liggja á bilinu 12–24 mánaða fangelsi.

Herra forseti. Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa verið útbúnar ýmsar verklagsreglur sem lúta að meðferð slíkra mála, allt frá kæru til dómsmeðferðar. Þær reglur hafa verið mótaðar í nánu samráði við neyðarmóttöku vegna nauðgunar sem starfrækt er í Reykjavík og á Akureyri. Sérstök eyðublöð hafa verið hönnuð vegna slíkra rannsókna og önnur rannsóknargögn ávallt tilbúin í sérstökum umbúðum. Frumrannsókn brota hjá lögreglu og í heilbrigðiskerfinu er í höndum fagmanna sem vita nákvæmlega hvað þarf að gera til að vernda brotaþolana fyrir frekari áföllum en jafnframt hvað þarf til að tryggja að sem mestar líkur verði á að hinn seki finnist og hann verði sakfelldur. Að mínu mati er full þörf á að samræma vinnubrögð af þessu tagi þannig að þau nái til meðferðar þessara mála hjá öllum embættum um land allt. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það er mjög þarft að útfæra þær verklagsreglur og þau vönduðu vinnubrögð sem menn hafa verið að móta hér í Reykjavík, og um landið allt, og að því er stefnt.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Drífa Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég veit að það er rétt sem hann segir að það er allmikið verk að taka saman þessar upplýsingar, en ég þakka fyrir þær og góða ábendingu um að óska eftir skýrslu.

Málefni samkynhneigðra.

Fsp. MÁ, 196. mál. — Þskj. 244.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Herra forseti. Fyrirspurn mín varðar málefni samkynhneigðra, en snýr auðvitað öðrum þræði að almennum mannréttindum þar sem við höfum lengi staðið að baki öðrum Norðurlandaþjóðum og ýmsum Evrópuríkjum, a.m.k. hvað formshliðina varðar. Ég spyr sérstaklega um það hvernig hæstv. dómsmrh. gangi að semja frv. til laga um réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð. Í raun væri ástæða til að spyrja um fleiri frumvörp sem nú eiga að vera í smíðum um breytingar á ákvæðinu um háð og róg gegn hópum manna í hegningarlögum, um fræðslu í skólum um þessi efni og fleira, en nær út fyrir ráðuneyti hæstv. ráðherra.

Málið á þinglegan uppruna sinn í till. til þál. sem þáv. og núv. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Einar K. Guðfinnsson fluttu og var samþykkt samhljóða með örlitlum breytingum í maí árið 1992. Raunar kom önnur slík tillaga fram 1985 en náði ekki úr nefnd. 1. flm. hennar var Kristín S. Kvaran sem þá sat á þingi fyrir hinn ágæta flokk, Bandalag jafnaðarmanna.

Í þáltill. var ríkisstjórninni falið að skipa nefnd til að kanna stöðu samkynhneigðra á Íslandi, lagalega, menningarlega og félagslega og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi. Forsrh. skipaði nefndina tæpu ári síðar, í apríl 1993. Hún vann mikið verk og gott og skilaði svokallaðri skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra í október 1994. Þar var m.a. lagt til að smíðuð yrðu þau frumvörp sem áður er getið og tiltekið í tillögum frá meiri hluta og minni hluta í nefndinni hvað í þeim ætti að vera. Það er fróðlegt hvað varðar þessa fyrirspurn að í skýrslunni er að finna m.a. norræn lög um skráða sambúð samkynhneigðra, sem eru okkur eðlilegar fyrirmyndir. Ríkisstjórnin samþykkti skömmu síðar að vísa frumvarpsgerðinni til viðeigandi ráðuneyta.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, forseti, hversu brýn þessi frumvarpsgerð og lagasetning í framhaldinu er fyrir samkynhneigða og samfélagið allt sem frá því í forneskju hefur þjáðst af margvíslegum fordómum gagnvart hommum og lesbíum eins og samkynhneigt fólk kýs sjálft að kalla sig. Víst er það svo að lög ein og sér útrýma ekki fordómum og ofsóknum, en þau eru eins og allir vita mikilvægur áfangi í réttindabaráttu eins og þeirri sem samkynhneigt fólk hefur staðið í síðustu ártugi, einkum innan vébanda Samtakanna '78 sem kennd eru við stofnár sitt.

Lög um sambúð samkynhneigðra mundu geta bætt stöðu þeirra á fjölmargan veg. Það má nefna forsjá barna, tæknifrjóvganir, skattalega stöðu, lífeyrismál og erfðarétt, sem

dæmi um svið þar sem lög um sambúð samkynhneigðra geta bætt úr því misrétti sem nú viðgengst í samfélagi okkar á forsendum kynhneigðar einum saman.

Í tillögu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og félaga var á sínum tíma vísað m.a. til samþykkta Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs um þessi efni. Það væri við hæfi að lesa þingheimi þær ályktanir. Ég kýs þó að gera í lokin, að mínum þau orð sem biskup þjóðkirkjunnar hafði um ályktunartillöguna í umsögn sinni þar sem hann lýsti þeirri von að tillagan yrði skref til þess að efla sanngirni og skilning gagnvart samkynhneigðu fólki, líðan þess og hlutskipti og bætti við, með leyfi forseta, að fátt sé „jafnógeðfellt og fjarlægt frumatriðum kristinnar siðfræði og útskúfun þeirra sem eru öðruvísi en fjöldinn."

Dómsmrh. mun á sínum tíma hafa haldið stystu þingræðu sem flutt hefur verið í sölum Alþingis. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Nei." Ég var að gantast við hann um daginn með því að hann gæti bætt um betur og komið með jafnvel enn styttri þingræðu eins og fyrirspurnin er orðuð, nefnilega svarinu já, en ég treysti því að hann tali aðeins lengur.

[14:22]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Svarið við fyrirspurninni er já. Frumvarp er væntanlegt um þetta efni. Það er á lokastigi í undirbúningi í ráðuneytinu og ég vænti þess að mér verði unnt að leggja það fyrir ríkisstjórn og síðar fyrir þingið innan mjög skamms tíma.

[14:23]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ísland á að hafa forustu á öllum sviðum mannréttindamála, ekki aðeins öðrum til fordæmis heldur fyrst og fremst sjálfra okkar vegna. Réttindabarátta samkynhneigðra sem nefna sig homma og lesbíur er mannréttindabarátta og Alþingi Íslendinga á að hafa forustu og sýna gott fordæmi á þessu sviði.

Mig langar að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort og hversu mikið réttindamál og lög homma og lesbía í Noregi hafa verið höfð til hliðsjónar við smíði þessa fumvarps og hvort réttindi þeirra verði tryggð með sama hætti og gert er í Noregi þegar frumvarpið verður að lögum.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja: Verður frv. afgreitt á þessu þingi ef verkáætlun gengur fram? Og sérstaklega langar mig til að spyrja um hversu langt frumvarpið nær hvað erfðir snertir. (**Gripið fram í:** Það munum við ræða á þingi.)

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka dómsmrh. fyrir sitt stutta svar sem var ákaflega gott og tek undir spurningar hv. 11. þm. Reykv. og vil lýsa þeirri skoðun minni að þetta þurfi að koma fram. Það væri fróðlegt að heyra ef dómsmrh. getur gefið upplýsingar um hvort þar er fylgt þeim tillögum sem nefndar eru í skýrslunni og þá hvort eitthvert tillit er tekið til minnihlutaálits í skýrslunni frá þeim sem voru fulltrúar samkynhneigðra.

Ég vil svo segja að menn kunna að halda að hér sé um einhvers konar „abstrakt" mannréttindabaráttu að ræða, en svo er ekki. Ýmislegt er beinlínis brýnt og knýjandi. Ég veit t.d. til þess að samkynhneigt sambúðarfólk þar sem annar hefur orðið alvarlega veikur eða önnur og hinn hefur viljað annast sambýlismann sinn, eða konu í þessu tilviki, á í alvarlegum vandræðum, því hefur verið synjað um svokallaðar makabætur eða umönnunarbætur sem veittar eru úr almannatryggingum til maka. Um þetta eru dæmi og það eru dæmi um alvarlega sjúkdóma, bæði krabbamein og alnæmi og því fyrr sem þingið ber gæfu til að setja lög um þessi efni og bæta úr misrétti, þeim mun betra.

[14:25]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. 11. þm. Reykv. er það að segja að efni frumvarpsins sem er á lokastigi byggist á tillögum meiri hluta þeirrar nefndar sem um þessi mál fjallaði og hér hefur verið vitnað til. Um afgreiðslu málsins í þinginu get ég ekki sagt. Það er þingsins sjálfs að ákveða hversu hraða meðferð málið fær í þinginu.

Fundi slitið kl. 14:26.

---

55. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 44, nál. 278 og 281, brtt. 279 og 280. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 45. mál, þskj. 45. — 3. umr.
3. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — 3. umr.
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 163. mál, þskj. 197. — 1. umr.
5. Merkingar þilfarsfiskiskipa, þáltill., 189. mál, þskj. 237. — Fyrri umr.
6. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 190. mál, þskj. 238. — Fyrri umr.
7. Útvarpslög, frv., 195. mál, þskj. 243. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 163. mál (kosning forseta). — Þskj. 197.

[14:28]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunar-

laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum, á þskj. 197. Þetta er 163. mál þingsins.

Flutningsmenn auk mín eru eftirtaldir hv. þm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson og Svanfríður Jónasdóttir.

Frv. er svohljóðandi:

„1. gr. Í stað 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ef fleiri en einn eru í kjöri er sá rétt kjörinn forseti sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Ef enginn fær meira en helming greiddra atkvæða skal kosið að nýju innan þriggja vikna milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með frumvarpi þessu er lagt til að forsetaframbjóðandi þurfi að fá meiri hluta allra greiddra atkvæða til þess að ná kjöri sem forseti Íslands. Ef enginn frambjóðenda fær meiri hluta atkvæða í fyrstu umferð er lagt til að kosið verði aftur milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er þess ekki krafist að forsetaefni fái hreinan meiri hluta greiddra atkvæða til að hljóta kosningu. Ekki er heldur krafist neinnar tiltekinnar þátttöku í kosningunni. Ef t.d. sex forsetaefni eru í kjöri og atkvæði dreifast jafnt getur sá sem kjörinn er forseti haft 17% atkvæða, eða jafnvel minna, á bak við sig.

Og ef enn fleiri eru í kjöri gæti sá sem mestan stuðning fær haft mun minni hundraðshluta á bak við sig.

Forseti Íslands er eini þjóðkjörni embættismaður ríkisins. Þess er krafist að forsetinn sæki umboð sitt til allra kosningabærra manna í landinu. Það er því óeðlilegt að forsetinn geti náð kjöri með stuðningi lítils hluta þjóðarinnar.

Þegar frumvarpið að stjórnarskránni var til meðferðar á Alþingi árið 1944 var í upphafi gert ráð fyrir að forsetinn yrði þingkjörinn. Gert var ráð fyrir að lágmarksþátttaka næmi 3/4 hlutum í kosningunni og væri sá réttkjörinn forseti sem fengi meira en helming greiddra atkvæða. Þetta breyttist í meðförum þingsins og lagði stjórnarskrárnefnd til í nefndaráliti sínu að forsetinn yrði þjóðkjörinn og að það forsetaefni sem flest atkvæði fengi yrði rétt kjörinn forseti landsins. Það kemur þó fram í áliti nefndarinnar að mjög hafi verið skiptar skoðanir um þetta og að mikið hafi verið rætt um að setja ákvæði sem tryggði meirihlutakjör forsetans. Þar segir enn fremur að ýmsar tillögur hafi komið fram í því sambandi sem ekki voru samþykktar og því hafi verið lagt til að fara framangreinda leið með traustið að leiðarljósi, eða eins og segir orðrétt í nefndarálitinu: „Er sú tillaga flutt í trausti þess, að þjóðinni takist að fylkja sér þannig um forsetaefni, að atkvæði dreifist eigi úr hófi fram."

Misjafnt er hve atkvæði hafa dreifst mikið í forsetakosningum hingað til. Dreifingin var mest árið 1980 þegar núverandi forseti náði fyrst kjöri. Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, var þingkjörinn 17. júní 1944 og þjóðkjörinn án kosningar árin 1945 og 1949. Hann gegndi embætti forseta til dauðadags, 25. janúar 1952. Í forsetakosningunum 1952 fékk Ásgeir Ásgeirsson flest atkvæði, eða 48,3% gildra atkvæða, en kosningaþátttaka var þá 82%. Bjarni Jónsson fékk 45,5% og Gísli Sveinsson 6,2%. Það voru því 38,3% kosningarbærra manna sem réðu forsetakosningunni. Ásgeir var síðan sjálfkjörinn árin 1956, 1960 og 1964. Í kosningunum 1968 sigraði Kristján Eldjárn með 65,6% gildra atkvæða, en kosningaþátttaka var 92,2%. Aðeins voru tveir í framboði og fékk Gunnar Thoroddsen 34,4% atkvæða en Kristján naut því stuðnings 59,9% kosningabærra manna.

Árið 1980 voru fjórir frambjóðendur í kjöri til forseta og fékk Vigdís Finnbogadóttir flest atkvæði eða 33,3% gildra atkvæða. Kosningaþátttaka var 90,5%. Næstur Vigdísi kom Guðlaugur Þorvaldsson með 32,3%, Albert Guðmundsson hlaut 19,8% og Pétur J. Thorsteinsson 14,1% gildra atkvæða. Hér réðu 30,5% allra kjósenda í landinu forsetakosningu.

Miklu máli skiptir að sátt ríki um forseta Íslands og því er mikilvægt að binda svo um hnútana að vandað sé til kosningar hans. Það er varhugavert að treysta um of á þann einhug sem Alþingi gerði árið 1944. Gagnrýni á stjórnsýslu og hið opinbera hefur orðið opinskárri hin síðari ár og munar þar mestu um fjölmiðlana. Ekki er ólíklegt að sama þróun eigi sér stað hér á landi og í nálægum löndum að fjölmiðlar og fleiri aðilar fjalli í æ ríkari mæli á gagnrýninn hátt um embættisfærslur þjóðhöfðingjans. Forseti með fylgi meiri hluta þjóðarinnar stendur betur að vígi til að mæta slíkri umræðu, en sá sem kjörinn er með stuðningi minni hluta þjóðarinnar.

Forseti Íslands er æðsti embættismaður íslenska ríkisins. Fræðimenn greinir á um stjórnskipulegt valdsvið forsetans og hafa verið ritaðar lærðar greinar þar um. Ljóst er að allt frá stofnun hins unga lýðveldis hefur embætti forseta verið í mótun.

Nú eru liðin 51 ár frá því að lög um hvaða háttur skuli hafður á því að kjósa forseta Íslands voru sett. Forsetakosningar eru fram undan hjá þjóðinni og því eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að breyta þeim reglum sem um kjör forseta Íslands gilda.

Sú þróun hefur átt sér stað í Evrópu að í lýðræðisríkjum þar sem forseti er æðsti maður þjóðarinnar að kjörinn forseti verði að hafa meiri hluta atkvæða á bak við sig. Í nýútkominni bók á vegum Evrópuráðsins um tólf nýjustu stjórnarskrár í Evrópu kemur fram að í þeim öllum er krafa um meiri hluta gildra atkvæða til að ná kjöri sem forseti. Ef hann næst ekki í fyrstu umferð er kosið aftur innan tiltekins tíma eins og lagt er til að gert verði hér á landi í þessu frv. Reyndar er frestur til að endurtaka kosningar oftar fjórtán dagar í þessum stjórnarskrám en ekki þrjár vikur eins og við leggjum til. Þau tólf ríki sem hér um ræðir og eru með nýjustu stjórnarskrárnar eru Búlgaría, Króatía, Tékkland, Eistland, Ungverjaland og Lettland, Litáen, Makedónía, Pólland, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía. Síðan þekkjum við öll fordæmin frá Finnlandi og Frakklandi. Ætla má að þessi tólf Evrópuríki með yngstu stjórnarskrárnar hafi notið leiðsagnar Evrópuráðsins við gerð þeirra, þeirra ríkja sem lagt hafa hornsteininn að hinu evrópska réttarríki.

Almennt hefur verið litið svo á að embættið sé ópólitískt og hingað til hefur þjóðin staðið einhuga að baki forseta sínum. Hins vegar er ekki víst að svo verði um alla framtíð, einkum ef forseti sem aðeins lítill hluti þjóðarinnar hefur kosið nær kjöri, enda er slík niðurstaða í andstöðu við lýðræðið. Lýðræði byggist á þeirri meginreglu að meiri hluti þegnanna fari með valdið og taki allar veigamestu ákvarðanirnar, þótt auðvitað verði að taka tillit til minni hlutans við beitingu valdsins.

Við flutningsmenn frumvarpsins telja að verði frumvarp þetta að lögum leiði það ótvírætt til vandaðri umgjarðar um forsetakosningar í landinu en nú er og miði að því að friður og sátt verði um hið mikilvæga embætti.

Ég tel, herra forseti, einnig mikilvægt að við förum að fordæmi þjóða þeirra er sitja með okkur í Evrópuráðinu og hafa nýlega sett sér reglur um val forseta sínum í anda

hins evrópska réttarríkis. Það mun verða ef frv. þetta verður samþykkt.

Krafa um aukið fylgi við kjör forseta Íslands stuðlar einnig að því að styrkja forsetaembættið og styðja við kjörinn forseta.

Herra forseti. Ég þykist þess fullviss að þingmenn skynji mikilvægi þess að lagabreyting í þessa veru nái fram að ganga. Að lokinni 1. umr. hér í þinginu legg ég til að frv. verði vísað til stjórnlaganefndar þeirrar sem kosin hefur verið til að fjalla um annað frv. til stjórnarskipunarlaga sem mælt hefur verið fyrir hér í þinginu og síðan til 2. umr.

[14:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft býsna merkilegu máli sem einhverra hluta vegna hefur ekki verið rætt hér á landi svo mér sé kunnugt um margra ára skeið. Það er ekki að furða að þetta komi upp nú þegar forsetakosningar eru fram undan. Það vill svo til að einmitt í gær og reyndar í morgun var nokkur umræða í útvarpsstöðvum m.a. í Ríkisútvarpinu um hugmyndir, m.a. hæstv. dómsmrh., um breytingar á forsetaembættinu. Það er allra góðra gjalda vert að vekja athygli á því hvers eðlis það embætti er. Velta upp spurningum um hvort það eigi að breyta því og jafnframt þessi mikilvæga spurning sem hér er til umfjöllunar um það hvort meiri hluti atkvæða eigi að vera að baki þjóðkjörins forseta.

Í þeirri umræðu sem ég heyrði bæði í gær og í morgun í útvarpinu hafa menn velt fyrir sér ýmsum möguleikum varðandi breytingar á forsetaembættinu. M.a. þá að sameina embætti forseta og forsrh., sem er þá bandaríska kerfið. Í Frakklandi er valdamikill forseti, sem reyndar er kjörinn eftir tvær umferðir. Hans völd eru það mikil að stjórnarskráin gerir ráð fyrir að hann skuli hafa meiri hluta atkvæða á bak við sig. Það er auðvitað grundvallarspurning um stjórnarfyrirkomulag hvort embætti forseta á að vera með þeim hætti. En sannleikurinn er sá að ég held að það sé meiri þörf á því að aðskilja miklu betur valdsviðin, þ.e. framkvæmdarvaldið, löggjafarvaldið og dómsvaldið heldur en hér er, fremur en að breyta embætti forseta, a.m.k. þarf það að eiga sér langan aðdraganda að fara út í slíkar breytingar. En satt að segja er aðskilnaður valdsviða hér á landi ákaflega óskýr og sérkennilegur, m.a. það að dómsmrh. skuli skipa dómara. Og svo sjáum við hér innan veggja Alþingis, hve framkvæmdarvaldið hefur mikil tök á löggjafarvaldinu og að sjálfstæði þingsins er allt of lítið. Því kynnist maður æ betur sem lengur er setið hér innan veggja.

Hv. flm. rakti þróun þessara mála og kom m.a. inn á það að í tólf nýjustu stjórnarskrám í Evrópu væri gert ráð fyrir meiri hluta atkvæða að baki forseta. Mér finnst reyndar skipta miklu máli í því sambandi hvert valdsvið forseta er, þótt ég geti tekið undir það sjónarmið að það sé eðlilegast og best að forseti hafi meiri hluta á bak við sig. Það hefur m.a. komið fram í sambandi við Pólland að þar voru tvær umferðir, en þar er vald forseta miklu meira en það sem við þekkjum og ég hygg að svo sé í flestum þessum löndum. Það er alveg rétt sem fram kom í máli 1. flm. að Evrópuráðið hafði þarna hönd í bagga og hefur í rauninni haldið uppi mikilli lagakennslu í öllum þessum nýfrjálsu ríkjum, eða hvað við eigum að kalla þau. Í þeim ríkjum sem hafa verið að ganga í gegnum miklar breytingar hafa menn einfaldlega valið þessa leið að styrkja stöðu forsetans. Það liggja ábyggilega mörg rök þar að baki.

Auðvitað vakna upp spurningar varðandi það að taka upp tvennar kosningar eins og hér er gert ráð fyrir ef frambjóðandinn nær ekki meiri hluta í fyrri umferð. Það kallar á aukinn kostnað og það mundi hugsanlega kalla á miklu harðari kosningabaráttu. Þegar um embætti af þessari gerð er að ræða er líka spurning hvort það sé viðeigandi. Tvær umferðir hljóta að hafa aukna hörku í för með sér. En þetta eru nú bara vangaveltur um sjónarmið sem ég tel umhugsunarverð og ég þakka flm. fyrir að vekja máls á þessu. Mér finnst þetta mjög athyglisverð og þörf umræða. Hún minnir okkur auðvitað á að það eru ýmis önnur atriði í íslensku stjórnarskránni sem þarf að skoða. Ég lít svo á að með þeim breytingum sem samþykktar voru hér í vor hafi menn loksins verið að hefja verk sem alltaf hafði strandað á einhverjum ágreiningi í ævafornri nefnd sem aldrei virtist geta skilað neinu af sér. En hér þarf að halda áfram og það er hlutverk Alþingis að hafa forustu um það verkefni. Þá kemur auðvitað þetta atriði sem hér er lagt til mjög til greina en ég dreg í efa að hv. flm. takist að fá þetta samþykkt á þessu þingi. Það kallar á nýjar kosningar og þótt ríkisstjórnin standi sæmilega í skoðanakönnunum þá veit ég ekki hvort hún leggur út í það að boða til nýrra alþingiskosninga vegna þessa. (**TIO:** Það gæti vel komið til greina.) Gæti vel komið til greina, segir hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Þannig að þeir eru kannski að hugsa sitt lítið af hverju í ríkisstjórninni. Það kemur þá í ljós hvort af verður og hvort þetta frv. hér nýtur mikils fylgis.

[14:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þess frv. sem hér hefur verið kynnt. Það var einkum tvennt sem mér fannst standa upp úr eftir að hafa hlýtt á framsöguræðuna fyrir málinu. Það fyrra er hvers vegna lagt er til að breyta núverandi fyrirkomulagi. Í máli framsögumanns kom enginn rökstuðningur fyrir því annar en sá að Austur-Evrópuríkin fyrrv. hefðu sett sér nýja stjórnarskrá og í hana ákvæði í þessa veru. Það kom ekki fram í máli flm. að hann teldi að núv. fyrirkomulag hefði reynst illa. Enda held ég að engum detti í hug að halda því fram að ágreiningur hafi verið um þá forseta sem hér hafa setið. Í meginatriðum hefur ríkt friður um störf þeirra og jafnvel þótt kosningar hafi farið eins og rakið var og kjörinn forseti ýmist verið með meiri hluta eða minni hluta greiddra atkvæða bak við sig, breytir það því ekki að t.d. sá forseti sem nú situr hefur búið við miklar vinsældir. Ég hef ekki orðið var við annað en að þjóðin stæði einhuga að baki núv. forseta þannig að jafnvel þótt hann hafi í upphafi ekki verið kosinn með meiri hluta atkvæða á bak við sig er ekkert sem rökstyður það að fyrirkomulagið sé slæmt. Menn hljóta að ætla sér að breyta hlutunum frá því sem er vegna þess að reynslan hafi fært mönnum sanninn um að ástæða sé til þess. Ég hlýt að spyrja hv. flutningsmenn að því hvaða reynsla það er sem gefur þeim tilefni til að gera auknar kröfur um fylgi þess sem á endanum verður kosinn forseti. Ég að vísu hnaut um það að flm. gleymdi að geta um úrslit í síðustu forsetakosningum sem fóru fram að því að mig minnir 1988 þar sem núv. forseti var kosinn með yfir 90% greiddra atkvæða. Þetta er kannski ekkert aðalatriði í málinu en fyrst á annað borð er verið að rekja kosningaúrslit frá upphafi er rétt að hafa það með.

Ég vil segja að auðvitað má rökræða um þetta atriði. Þetta er meira „akademískt" atriði en „praktískt" og ég tók röksemdafærslu flm. þannig að hér væri hún borin fram á grundvelli „akademískra" viðhorfa. Í sjálfu sér er alltaf hægt að rökræða um sjónarmið af þessu tagi og menn geta fundið

rök með og á móti í þeim efnum. En ég legg áherslu á að reynslan af núv. fyrirkomulagi gefur að mínu mati ekki tilefni til að leggja til breytingu. Ég tel að reynslan hafi í öllum tilvikum verið þannig að þjóðin varð verulega sátt við niðurstöðuna og að ekki hafi verið ágreiningur um neinn þeirra forseta sem kjörnir voru, svona í meginatriðum.

Í öðru lagi fannst mér koma fram í framsöguræðunni eitt atriði sem ég var ekki sammála. En áður en ég vík að því vildi ég kannski ljúka fyrra atriðinu og segja mína afstöðu til þess. Mér finnst ekki ástæða til að breyta núv. fyrirkomulagi. Það má hugsa sér að hafa meirihlutafyrirkomulagið þegar um er að ræða mjög þýðingarmiklar kosningar en forsetaembætti Íslands er ekki það þýðingarmikið í íslensku þjóðlífi að það sé ástæða til að mínu mati, að setja þarna þessar viðbótarkröfur með því sem þeim fylgir.

En þá er það síðara atriðið sem ég hnaut um og vildi ræða lítils háttar. Það var það að flm. nefndi orðið lýðræði og skilgreindi það á þann veg að lýðræðisleg niðurstaða næðist þegar mál væru til lykta leidd með meiri hluta atkvæða. Með öðrum orðum að það fyrirkomulag þar sem mál væru til lykta leidd með minni stuðningi en meiri hluta þeirra sem mega taka þátt í atkvæðagreiðslum væru ekki lýðræðisleg. Þarna er ég ekki sammála sjónarmiði flm. Ég bendi á að þetta er hin almenna regla í íslensku þjóðfélagi. Afl atkvæða ræður. Það fer svo eftir atkvæðagreiðslu, málefnum og atvikum hversu margir standa bak við það sem verður niðurstaðan. Það er ekkert ólýðræðislegt við það að þeir sem standa á bak við niðurstöðuna endanlegu séu færri en helmingur þeirra sem mega taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það er ekkert ólýðræðislegt við það. Það er bara einfaldlega niðurstaða af fyrirkomulagi sem er lýðræðislega uppbyggt þar sem það er skilgreint hverjir geta tekið þátt í því og menn eiga hægt um vik og velja sjálfir hvort þeir taka þátt í atkvæðagreiðslu og ef þeir gera svo, á hvaða veg þeir verja sínu atkvæði. Það er fullkomlega lýðræðislegt fyrirkomulag. Jafnvel þótt, eins og oft eru dæmi um, mál sé til lykta leitt með minni stuðningi en sem nemur helming þeirra sem eiga að greiða atkvæði, þá er það á engan hátt að mínu viti ólýðræðisleg niðurstaða. Við höfum síðustu daga verið að afgreiða mál frá Alþingi í endanlegum búningi og taka efnislega afstöðu til mála. Afstaðan hefur oft og tíðum og oftast nær reyndar ráðist með atkvæðum minna en 32 þingmanna. Búvörusamningurinn var afgreiddur hér með 30 atkvæðum. Það er ekkert ólýðræðislegt við þá niðurstöðu. Ég vildi þá gjarnan fá frekari rökstuðning fyrir því sjónarmiði að það væri ekki lýðræðislegt fyrirkomulag. Ég bendi líka á að það er almenna reglan á t.d. sveitarstjórnarstiginu, að mál eru til lykta leidd með atkvæðum þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslum. Þeir sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu eða sitja hjá, eru raunverulega að ákveða það að aðrir eigi að ákveða málið. Það er fullkomlega lýðræðislegt. Mál í sveitarstjórnum og reyndar á Alþingi, geta verið til lykta leidd með einu atkvæði þar sem allir hinir kjósa að sitja hjá. Það er hægt að afgreiða lög með einu atkvæði gegn engu mótatkvæði. Það er hægt að afgreiða mál frá sveitarstjórnum með einu atkvæði ef enginn er því andvígur. Það er lýðræðislegt fyrirkomulag. Ég vænti þess að það sé ekki ágreiningur um það í þingsölum hvort við búum við lýðræðislegt fyrirkomulag því ef menn halda því fram að það fyrirkomulag sem við höfum á Alþingi, sveitarstjórnarstigi eða öðrum vettvangi, sé ólýðræðislegt, búum við í allt öðru þjóðfélagi heldur en þjóðin almennt telur. Ég bið um frekari skýringar á þessu sjónarmiði sem felur í sér að því er haldið fram, þótt hafi verið með óbeinum hætti, að núv. fyrirkomulag sé ólýðræðislegt. Ég vil láta það koma fram að ég er því andvígur. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt og uppfylli allar reglur og öll sjónarmið um lýðræðislega afgreiðslu mála eins og við höfum staðið að þeim, bæði hér á þessum vettvangi og öðrum.

[14:54]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri þá athugasemd við ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að hann sagði að forsetaembættið væri þannig að í því fælist ekki pólitískt vald og þess vegna væri ekki skynsamlegt að breyta því mikið. Nú hljótum við að benda á að í aðdraganda forsetakosninganna sem fram fara næsta sumar eða vor, hafa einmitt hafist miklar umræður um hvaða pólitískt vald forsetaembættið geti í sér falið. Lærðir spekingar hafa haldið því fram að þó að forsetar hingað til hafi ekki tekið sér mikið pólitískt vald þá geti þeir það og ýmsar formúlur hafa verið settar upp um það hvernig það væri hægt. Það gerði m.a. fyrrv. formaður flokksins sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tilheyrir og lýsti því, þó það væru kannski ýkjur, þegar de Gaulle komst til valda í Frakklandi og braut út af fyrir sig ekki neinar beinar lýðræðisreglur. Nú gerum við ekki ráð fyrir því að yfir okkur svífi fallhlífasveitarhermenn eins og í París árið 1956 eða 1958 eða hvenær það var nú. En það er augljóst af orðum fyrrv. formanns Alþb. sem ég treysti ákaflega vel í stjórnspekilegum efnum að þetta er hægt. Þess vegna finnst mér ekki óeðlilegt að það skapist umræða nú, hvort sem hún er „akademísk" eða — ég veit ekki nú ekki hvert hitt lýsingarorðið á að vera — um að það verði tryggt að ef að forseti býst til að taka að sér þetta pólitíska vald og lýsir því þá væntanlega yfir í kosningabaráttunni, þá sé hann tryggilega kosinn af meiri hluta þjóðarinnar.

[14:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekkert um það hvort embætti forseta Íslands hefði tiltekið pólitískt vald eða ekki. Hins vegar setti ég fram það sjónarmið að reynsla af núv. fyrirkomulagi hefur verið góð. Reynslan rökstyður ekki tillöguflutning um breytingu. Í öðru lagi væri embætti forseta Íslands ekki svo veigamikið að það réttlætti þennan auka kostnað og auknu fyrirhöfn vegna tveggja umferða. Þessi tillaga sem hér liggur fyrir er ekki tillaga um að breyta embættinu. Hún er bara tillaga um að breyta kosningu til þess. Í sjálfu sér er ég ekkert að fjalla um það hvaða skoðun ég eða aðrir kunna að hafa á hlutverki forseta Íslands. Það er allt annað mál og ekki hér til umræðu.

[14:57]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í sambandi við það mál sem hér er til umræðu, frumvarp til stjórnarskipunarlaga, langar mig til að gera örfáar athugasemdir.

Í fyrsta lagi er það frumvarp sem liggur nú fyrir byggt á því að kjörinn forseti styðjist við meira en helming greiddra atkvæða. Ekki helming atkvæðisbærra manna. Þannig að mér fannst að athugasemdir sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni byggðust kannski ekki að öllu leyti á því máli sem hér er til umfjöllunar. Mér finnst einnig að gagnrýni sem hefur komið fram á þetta mál og byggist á því að það sé illa rökstutt, sé ekki rétt heldur. Málið eins og það liggur fyrir er rökstutt með fyllilega frambærilegum og gildum rökum

burt séð frá reynslunni. Auðvitað getur reynslan ekki gefið einhlíta forsögn um það hvernig eigi að vega og meta hvernig okkar stjórnarskipunarlög eru úr garði gerð. Það hljóta einnig að koma til rök og mér finnst að þau rök sem hér eru sett fram séu fyllilega frambærileg þó ég geri kannski að vísu smávægilega athugasemd við þá fullyrðingu að lýðræðið byggist á þeirri meginreglu að meginhluti þegnanna fari með valdið. Fulltrúalýðræði er nú einu sinni þannig að þeir sem fara með valdið eru ekki meiri hluti þegnanna heldur hafa þeir á bak við sig stuðning meiri hluta þegnanna. Þetta er að sjálfsögðu það sem flm. eiga við með þessari setningu sinni þannig að það kannski skiptir ekki öllu máli. Það skiptir hins vegar mjög miklu máli að ekki séu þeir meinbugir á okkar stjórnarskrá að upp geti komið sú staða eins og flutningsmenn benda réttilega á að kjörinn verði forseti með mjög takmörkuðu almennu fylgi. Um það fjallar þetta mál og mér finnst að það eigi sem slíkt fullan rétt á sér hér, þótt ég taki undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem kom áðan með þá athugasemd að ekki væri líklegt að það yrðu kosningar til Alþingis á þessu ári. Að vísu standa mál þannig að ríkisstjórnin og þá sérstaklega Sjálfstfl. hefur mikinn byr þannig að ekki hamlar það því að gengið verði til kosninga. Það sem hamlar hins vegar er að innan Sjálfstfl. a.m.k. og ég held líka að það sjónarmið njóti skilnings í Framsfl., er mjög sterk hefð fyrir því að vinna út kjörtímabilið og ég hygg að því sjónarmiði muni ekki verða breytt að þessu sinni. Þar af leiðandi væri frá praktísku sjónarmiði skynsamlegra að bera þetta mál upp í lok kjörtímabilsins heldur en í upphafi þess.

Ég vil endurtaka það, virðulegi forseti, að mér finnst að þetta mál sé sett fram með fullkomlega haldbærum og gildum rökum og með fullkomlega viðunandi hætti.

[15:01]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur orðið í þingsalnum um þetta mál og ég held að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafi tekið af mér ómakið hvað varðar svör til hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. En ég legg áherslu á að hér er ekki verið að fjalla um eðli embættis forsetans heldur um hvernig hann skuli kosinn. Það er auðvitað mjög eðlilegt að umræða um forsetaembættið og umgjörð þess verði nokkur þar sem forsetakosningar eru fram undan hjá okkur. Ég held að ég lengi þessa umræðu ekki frekar og vísa hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni á greinargerð með frumvarpinu til frekari skýringar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Veiting ríkisborgararéttar, 155. mál, þskj. 286; brtt. allshn., þskj. 287.

Merkingar þilfarsfiskiskipa, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 189. mál. — Þskj. 237.

[15:03]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 237 er till. til þál. um breytingu á merkingu þilfarsfiskiskipa. Meðflm. að þeirri þáltill. er Guðjón Guðmundsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð um merkingu skipa, nr. 550/1982, hluta N, lið 2.3, en þar segir að þilfarsfiskiskip skuli vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum. Í fyrsta lagi verði sú breyting gerð á að jafnhliða skipaskrárnúmeri komi kallmerki skipsins og í öðru lagi verði hæð kallmerkisstafa á þilfarsskipum með eftirfarandi hætti:

1. Ef skipslengd er á bilinu 24–45 m skal hæð stafa vera 75 sm.

2. Ef skipslengd er 45 m eða lengri skal hæð stafa vera 100 sm.

Stafirnir verði settir á sérstök merkingarspjöld, svartir á lit á ljósum bakgrunni sem gefi endurskin."

Í greinargerð segir: „Reglur um merkingu skipa í núverandi mynd hafa verið í gildi í rúm 12 ár. Þar er gerð krafa um að stærri skip séu einkennd með einkennisstöfum og tölum á bóg beggja megin ásamt nafni. Auk þess skulu þilfarsfiskiskip merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum skipsins.

Tveir helstu gallar núgildandi reglugerðar hvað varðar þilfarsfiskiskip eru að stærð stafa, sem mælt er fyrir um í IV. kafla hennar, er of lítil og að notast er við skipaskrárnúmer í stað kallmerkis. Sá merkingarháttur að merkja með skipaskrárnúmeri er sérislenskt fyrirbæri sem ekki þekkist erlendis. Hins vegar eru kallmerki skipa alþjóðlegt kerfi sem fletta má upp í alþjóðlegum skipaskráningarbókum. Með þeirri breytingu sem orðið hefur á sókn íslenskra fiskiskipa, fjær landi og til fjarlægra miða, hlýtur sú krafa að koma fram frá erlendum aðilum sem sinna eftirliti á hafinu að íslensk fiskiskip verði merkt á þann hátt sem samrýmist alþjóðlegum merkingum fiskiskipa. Hvað varðar stærð stafa hlýtur það að teljast ákveðinn öryggisþáttur að hafa slíkar merkingar afgerandi þannig að þær séu nokkuð auðlesnar, t.d. frá þyrlum, og þannig sé auðvelt að þekkja skipið ef neyðarástand skapast. Staðsetning merkingarskilta á skipi yrði að taka mið af því hversu vel skiltin sæjust bæði frá sjó og úr lofti og því eðlilegt að efri brún spjalds hallaði um tíu gráður til að auðvelda aflestur úr flugvél.

Í núgildandi reglugerð um merkingu íslenskra fiskiskipa eru ákvæði þess efnis að ef skip eru minni en 30 brt (undir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 25 sm en á skipum stærri en 30 brt (yfir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 45 sm. Þar sem íslensk fiskiskip undir 30 brt hafa ekki kallmerki yrði sú skráningarskylda sem nú gildir að vera áfram við lýði fyrir hin smærri fiskiskip, enda ætti slíkt ekki að koma að sök, a.m.k. ekki vegna sóknar á fjarlæg mið.

Ætla má að einhvern aðlögunartíma þurfi fyrir útgerðir og Siglingamálastofnun, sem og Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, ef og þegar þessi breyting nær fram að ganga, en þó ætti að vera óþarft að hafa hann lengri en tvö ár."

Herra forseti. Ég legg þessa þáltill. fram til síðari umr. og legg til að henni verði vísað til samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:07]

Útbýting þingskjals:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 215. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 289.

Tilkynningarskylda olíuskipa, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 190. mál. — Þskj. 238.

[15:08]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 238 er till. til þál. um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Auk mín er meðflm. Guðjón Guðmundsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi. Enn fremur verði sett skýr ákvæði er banna öllum skipum losun á „ballest" nema í ákveðinni, tiltekinni fjarlægð frá landi (eða á ákveðnu dýpi).

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins."

Í greinargerð segir m.a. svo:

„Með lögum nr. 14/1979 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Þeir samningar mæla annars vegar fyrir um íhlutun strandríkis á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og hins vegar um ábyrgð á tjóni af völdum olíumengunar. Þá eru einnig í gildi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Framangreind lög og samningar veita strandríkjum þó ekki rétt til að gera neinar ráðstafanir er takmarkað geta umferð olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning um efnahagslögsögu þeirra.

Með hliðsjón af undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga og megintekjum af erlendum viðskiptum, sem m.a. byggjast á einstökum ómenguðum náttúruauðlindum hafsins umhverfis Ísland, er um brýnt mál að ræða. Fjölmörg strandríki hafa sett reglur um losun á „ballest" til að koma í veg fyrir mengun sjávar og vernda lífríkið. Mikið er í húfi fyrir Íslendinga í þessum efnum eins og áður segir og rétt að hafa í huga að mistök í þessum efnum geta vissulega valdið miklum skaða í laxveiðiám. Alvarleg mengunarslys hér á landi hafa sem betur fer ekki orðið. Full ástæða er þó til ýtrustu varkárni í því efni, samanber strand danska flutningaskipsins Erik Boye hér við land í júlí 1992 og flutningaskipsins Carvik frá Kípur í september 1994."

Herra forseti. Í greinargerð með þessari þál. er síðan rakinn aðdragandi að strandi flutningaskipsins Erik Boye og hvernig að þeirri björgun var staðið og jafnframt fjallað um strand flutningaskipsins Carvik sem strandaði í september 1994. Þá er rakið í greinargerð það alvarlega mengunarslys sem var við Hjaltland í janúar 1993 þegar stórt olíuflutningaskip, Braer, strandaði þar og olli geysilegu tjóni á lífríki hafsins þar í kring.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara yfir þá greinargerð alla. Hún er nokkuð löng og mjög ítarleg. Ég legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. MÁ og SvanJ, 195. mál (ráðning dagskrárfólks). — Þskj. 243.

[15:12]

Flm. (Mörður Árnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á útvarpslögum sem eru nr. 68/1985, með síðari breytingum. Frv. er í tveimur greinum og hljóðar svo:

„Orðin „þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða" í 6. mgr. 21. gr. laganna falla brott."

Í 2. gr. þessa frv. er kveðið á um að lög þessi öðlist þegar gildi. Um útvarpsráð er fjallað í útvarpslögum, 19. gr., 20. gr. og að einhverju leyti í 21. gr. Í 19. gr. er kveðið á um hve margir menn skuli vera í útvarpsráði, hvernig þeir eru kosnir, hve margir varamenn eru í þessu ráði, á hvaða tímabili þessir menn eru kosnir, hver skipar formann ráðsins og varaformann. Í 20. gr. er hins vegar sagt fyrir um hlutverk útvarpsráðs og verksvið þess. Það tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar. Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 15. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar, þó með þeirri undantekningu að útvarpsstjóri getur stöðvað gerð þegar samþykkts dagskrárefnis o.s.frv.

Í 21. gr. er fjallað um útvarpsstjóra o.fl. Í lokalið hennar stendur þetta: „Starfsmenn Ríkisútvarps aðrir en framkvæmdastjórar skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða."

Framkvæmdastjórar eru síðan skipaðir af menntmrh. Ekki er að sinni gerð tillaga um að breyta því þó við það megi ýmislegt athuga, sem og útvarpslögin almennt. Flm. er fyllilega kunnugt um að þau eru í endurskoðun í ákveðinni nefnd og hafa verið í endurskoðun um nokkurt árabil. Meðan þessi endurskoðun hefur farið fram og allmiklu lengur hefur hins vegar gilt ákvæðið um að starfsmenn Ríkisútvarps, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða, þurfi sérstakar tillögur útvarpsráðs. Um það eitt fjallar þetta frv. til laga og beinist þá að því að afnema þennan lið til að bæta úr þeim göllum sem hann hefur í för með sér fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins, einkum fréttastofanna.

Ákvæði 21. gr. um sérstakar tillögur útvarpsráðs þegar ráðið er starfsfólk dagskrár er í raun arfur frá liðnum tíma þegar hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins voru túlkaðar á annan veg og þrengri en nú tíðkast. Fyrrum var fjölmiðlun á Íslandi fyrst og fremst í höndum stjórnmálaflokkanna og má vera að þá hafi það verið eðlilegt eða þótt eðlilegt að útvarpsráð, sem er kjörið pólitískri kosningu á Alþingi og ég ætla ekki að ræða rök með því eða móti að sinni, legði mat á umsækjendur um dagskrárstöður og greiddi um þá sérstakt atkvæði eins og nú tíðkast. Nú eru hins vegar aðrir tímar í fjölmiðlun, kröfur um þagmælsku, menntun og hæfni í fjölmiðlastörfum aukast, en staða einstakra fjölmiðlamanna gagnvart pólitískum flokkum, hvað þá meintar stjórnmálaskoðanir þeirra, skipta minna máli og vonandi í flestum tilfellum engu, nema um einhverjar sérstakar öfgaskoðanir sé að ræða. Þau mál eru þó yfirleitt leyst inni á fréttastofunum sjálfum þannig að menn sem hafa sérstæðar einkaskoðanir á ákveðnum fyrirbrigðum eru ekki útilokaðir en er þó beint frá því að fjalla um þau fyrirbrigði á sama hátt og menn fjalla ekki um fjölskyldu sína í sínum miðli o.s.frv.

Ég tel eðlilegt að löggjafinn geri Ríkisútvarpinu kleift að laga sig að nýjum tímum með því að fella þetta ákvæði út, m.a. vegna þess að Ríkisútvarpið stendur í mikilli samkeppni, ekki síst á fréttasviði við ýmsa aðra fjölmiðla og þetta heftir beinlínis starfsemi fréttastofanna. Af hverju gerir það það? Er það ekki nokkuð augljóst þegar menn hafa hvað eftir annað á síðustu árum þurft að hafa af því fréttir að umsækjendur sem fréttastjóri hefur mælt með, yfirmaður fréttastofunnar á sjónvarpi eða útvarpi, að um þá hafa verið greidd sérstaklega atkvæði í útvarpsráði. Og það hefur komið fyrir oftar en ekki að útvarpsráð hefur samþykkt annan umsækjanda en fréttastjóri sjálfur vildi. Í sumum tilfellum er um að ræða alveg ágæta menn. Ég nefni t.d. síðustu afgreiðslu útvarpsráðs þar sem kosið var á milli tveggja manna. Ég hef unnið með báðum á fjölmiðlum og mundi ekki treysta mér til þess að gera upp á milli, a.m.k. ef ég sæti í pólitískri kosningu í útvarpsráði. En hvað mundi ég gera ef ég stæði frammi fyrir þeim tveimur umsækjendum um starf á fréttastofu sem ég stýrði? Jú, það mundi fara eftir minni fréttastefnu, hvor er hæfari til þess verks sem ég ætla af manninum, hvor er hæfari til þess að fylla það gat eða sækja þar fram þar sem ég tel þörf.

Ég ætla ekki að fjalla hér um störf fréttastjóranna. Margir fréttastjórar bæði hjá útvarpi og sjónvarpi hafa verið hinir mætustu menn og margir þeirra hafa verið svo ágætir að þeir hafa einmitt staðist þann pólitíska þrýsting sem lýsir sér m.a. í þessu ákvæði um útvarpsráð. Hins vegar torveldar þetta störf þeirra. Menn sem hafa fengið nokkra stjórnunarreynslu geta ímyndað sér sjálfir, og ég geri ráð fyrir að flestir í þessum sal hafi hana, hvernig það er að vilja fá einn mann en láta skipa sér að taka við öðrum. Enda skapar það líka inni á fréttastofunum hættu á að tortryggni skapist um þá fréttamenn sem þar eru ráðnir. Vonandi er það í flestum tilvikum ósanngjörn tortryggni en tortryggni engu að síður og fréttamennirnir sem ráðnir eru af tilteknum, pólitískum meiri hluta í útarpsráði eiga þá líka nokkuð á hættu. Um það hef ég dæmi sjálfur sem mér hafa verið sögð. Reynt er að beita þá þrýstingu í starfi vegna þess að þeir eru af einhverjum aðilum flokkaðir sem okkar „fréttamenn" og ekki þeirra fréttamenn.

Ég hlýt að treysta því að menn skilji þessi rök. Mér finnst mjög erfitt að koma auga á rök gegn því að á Ríkisútvarpinu sé viðhöfð sama skipan og á ölum öðrum fjölmiðlum þar sem menn ráða yfirmenn einstakra deilda, menn ráða ritstjóra eða fréttastjóra og eru svo sjálfráðir um að ráða sína starfsmenn, búa til sína fréttastefnu innan þess almenna, víða ramma sem eigendur eða aðstandendur fjölmiðilsins marka og síðan standa þeir sjálfir og falla með sinni heildarframmistöðu. Þetta er auðvitað alkunnugt kerfi og tíðkast í flestum fyrirtækjum, a.m.k. á einkamarkaði.

Með þeirri skipan sem þetta frv. gerir ráð fyrir er útvarpsráð losað undan þessari umsagnarskyldu. Ég hef líka kynnst nokkrum útvarpsráðsmönnum og orðið var við að þótt þeim þyki auðvitað vald sitt nokkuð aukast við að að vera bundnir þessum lögum, en þar hafa margir góðir fagmenn setið, ekki síst frá fjölmiðlum, hefur þeim líka þótt þetta undarlegt og einkennilegt.

Þeir hafa orðið fyrir því, útvarpsráðsmenn, að í þá er hringt af umsækjendum sem stundum vitna til pólitískrar afstöðu sinnar, flokksaðildar sinnar eða fjölskyldu sinnar. Þeir hafa líka orðið fyrir því að hringt er í þá af þeim flokki sem kaus þá í ráðið og þeim lagðar fyrir ákveðnar reglur í þessu skyni. Þetta er auðvitað óeðlilegt og ég held að útvarpsráð gæti líka sinnt hlutverki sínu betur varðandi almennan ramma dagskrár og aðstoð við skipulagningu á fjárhag stofnunarinnar ef það væri losað undan þessari skyldu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1994, 3. umr.

Stjfrv., 45. mál (niðurstöðutölur ársins). — Þskj. 45.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 75.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

[15:28]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Síðan nýju lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna tóku gildi árið 1992 hefur verið deilt um áhrif þeirra á hag námsmanna og möguleika ýmissa hópa þeirra til náms. Þeir sem gagnrýndu lagasetninguna þá sögðu að lögin mundu hafa alvarleg áhrif á sókn þeirra í nám sem höllustum fæti stóðu, sérstaklega fjölskyldufólks. Fyrir utan stórhertar endurgreiðslur voru það einkum tvær samtengdar breytingar sem hér skiptu máli. Breytingin úr samtímagreiðslum svokölluðum í eftirágreiðslur þannig að námsmenn þurfa lán í banka til að framfleyta sér yfir önnina og hins vegar stórhertar kröfur um námsframvindu sem afnámu það svigrúm sem námsmenn höfðu áður til þess að jafna sínu námi milli ára.

Strax við umræður um frv. var því spáð að þessi lög mundu koma í veg fyrir að illa stæðir námsmenn og sérstaklega barnafólk hæfi nám eða héldi því áfram. Þröngt svigrúm um framvindu námsins og áhættan vegna bankalánanna ylli því að menn gæfust upp eða hrintu frá sér hugmyndum um aukna menntun. Þessu mótmæltu frumvarpssmiðirnir og eftir að lögin tóku gildi hafa hæstv. menntamálaráðherrar Sjálfstfl. haldið því fram hvað eftir annað að þetta hafi ekki gerst. Trúnaðarmenn þessa sama Sjálfstfl. í stjórn lánasjóðsins og öðrum nefndum sem um hafa vélað hafa einnig haldið þessu fram og nánast veist að fulltrúum námsmanna þegar þeir hafa bent á stórfellda fækkun barnafólks og fleiri hópa í námi. Um þetta má rekja mörg dæmi og það er rétt að vekja athygli á því hvað þetta er mikilvægt mál að þegar Alþfl. sem á sínum tíma stóð að lögunum, samþykkti þau gegn betri samvisku a.m.k. ýmissa þingmanna þess flokks, gerðu

þeir það á þeim forsendum að lögin hefðu að þessu leyti ekki áhrif á jafnrétti til náms. Það kom m.a. fram í frægri atkvæðisskýringu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem því miður er ekki staddur hér í dag, og síðar á þingi Alþfl. Í kosningabaráttunni í vor náðist svo samstaða allra annarra flokka en Sjálfstfl. um að afnema eftirágreiðslurnar, auka svigrúmið og létta endurgreiðslurnar með nýrri endurskoðun á lögunum.

Tölur sem lánasjóðurinn fékk fyrir nokkru frá Hagstofunni sýna að námsmenn og aðrir gagnrýnendur höfðu rétt fyrir sér. Barnafólki í námi fækkaði verulega strax við breytinguna 1992 og hefur síðan ekki fjölgað. Í athugun Hagstofunnar eru taldir allir námsmenn í lánshæfu námi, bæði viðskiptamenn lánasjóðsins og aðrir. Þær sýna að árið 1992 fækkaði námsmönnum í heild um 518, úr 9.583 í 9.065. Þessi fækkun var fyrst og fremst hjá námsmönnum með börn. Þeim fækkaði um 471 af þessum 518. Tölurnar sýna líka að lögin bitnuðu fyrst og fremst á konum. Í þessum tölum um fækkun milli 1991 og 1992 eru um $^{7}/_{10}$ konur. Þróunin síðan hefur verið sú samkvæmt tölum Hagstofunnar að frá 1992 til 1994 fjölgaði námsmönnum í heild aftur um 679 en á sama tíma hefur námsmönnum með börn fækkað um 42.

Það er rétt hjá talsmönnum nýja kerfisins að fleiri nemendur koma sér nú hjá því að taka námslán en áður, vinna með náminu eða leita aðstoðar hjá fjölskyldunni sem er auðvitað ágætt, a.m.k. fyrir fjárhag sjóðsins. Barnafólk er hins vegar ekki í þeim hópi. Barnafólk kemst alla jafna ekki í nám nema með stuðningi sjóðsins og vegna þessara heimskulegu reglna um námsframvindu og eftirágreiðslnanna, treystir færra barnafólk sér til þess að afla sér menntunar. Hrakspár gagnrýnenda hafa því miður staðist. Staðreyndirnar tala. Barnafólk sem ekki treystir sér til að taka lán hjá sjóðnum fer ekki annað. Það hættir í námi eða hættir við að fara í nám.

Ég tek dæmi, forseti, sem sýnir vel hver áhættan er fyrir þetta fólk. Einstæð móðir með tvö börn hugsar sér að ljúka námi á einni önn og fær til þess námslánarétt upp á 479 þús. Hún tekur það lán í banka og þarf að greiða 10 þúsund í vexti á önninni. Tölurnar miðast við vormissiri 1995. Ef hún nær fullum árangri, 100% árangri að vori, fær hún námslán fyrir þessu öllu, allt er gott nema endurgreiðslurnar. Ef hún verður veik eða börnin tefja og hún nær ekki 75% árangri að vori, fer hún væntanlega í haustpróf sem kostar 11 þús. í vexti yfir sumarið. Nái hún þá ekki 75% árangri og þarf að klára seinna, þá fær þessi námsmaður með tvö börn enga aðstoð úr lánasjóðnum og skuldar litlar 500 þús. kr. í bankanum, hálfa milljón takk fyrir. Ef hún nær 75% árangri eftir haustpróf þá fær hún bara 75% lán og skuldar bankanum ekki nema 122 þús. kr. Við erum hér að tala um tveggja barna móður í námi. Mér finnst það satt að segja ekki furðulegt þótt færri og færri treysti sér til að leggja út í þessa áhættu gagnvart sér og börnum sínum, út í þennan háskaleik eins og það heitir í fótboltanum, út í þetta ævintýri að afla sér menntunar.

Herra forseti, lögin hafa reynst vera lög um misrétti og lög um ranglæti og líka, ágæti forseti, lög um vitlausa stjórnun í samfélagi sem býr við atvinnuleysi sem ekki verður leyst til langframa nema með síaukinni og sífelldri menntun og endurmenntun. Nú vill til að hér á þinginu er meirihlutavilji til að breyta þessum lögum. Alþýðuflokksmenn hafa lært af reynslunni og framsóknarmenn töluðu afar ljóst í vor. Nú er rétt að hæstv. menntamrh. svari því hvað hann ætlar að gera í þessu efni og hvað ríkisstjórnin ætlar að gera og ég held að það sé við hæfi að Framsfl. svari því skýrt við þessa umræðu hvernig hann hyggst efna kosningaloforð sín við námsmenn frá því í vor.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem hefur einkum sagnfræðilegt gildi. Svo virðist sem ástæðan fyrir umræðu um þetta mál nú sé viðleitni einhverra til að sanna að þeir hafi haft rétt fyrir sér á árinu 1991 eða 1992. Mér finnst umræður á þessum forsendum ekki mjög raunhæfar, sérstaklega þegar ljóst er að könnun Hagstofu Íslands leiðir alls ekki í ljós allar ástæður sem hafa þyrfti í huga ef menn ætluðu í raun að finna orsakir þess að breyting varð á því hverjir stunduðu nám eða fengu lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eftir að ný lög um sjóðinn tóku gildi 1992. Veit ég að hv. þm. Mörður Árnason vill ekki hrapa að neinu þegar hann lítur til rannsóknarefna sinna. Í þessu máli getur hann ekki haldið því fram að könnun Hagstofu Íslands taki af öll tvímæli um það hvers vegna barnafólki og einstæðum foreldrum hefur fækkað meðal námsmanna. Þegar litið er á þróunina frá því að ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna tóku gildi hefur námsmönnum í lánshæfu námi á Íslandi fjölgað um 1.120. Íslenskir námsmenn í lánshæfu námi hafa aldrei verið fleiri en nú, fjórum árum eftir gildistöku lánasjóðslaganna. Á hinn bóginn hefur lánþegum LÍN fækkað og fyrir því kunna að vera margar ástæður. Árið 1989 til 1991 fækkaði námsmönnum við Háskóla Íslands en lánþegum fjölgaði ört. Blasti við gjaldþrot Lánasjóðs íslenskra námsmanna ef haldið hefði verið áfram á sömu braut. Lánasjóðurinn hafði frumkvæði að því á þessu ári að biðja Hagstofu Íslands um að kanna fjölda námsmanna í lánshæfum íslenskum skólum, með börn á framfæri sínu. Niðurstöður Hagstofunnar sýna að nokkrar sveiflur eru í sókn námsmanna með börn á framfæri árið 1991 og 1992. Eins og áður sagði kemur ekkert fram um það í könnun Hagstofunnar hvers vegna þessar sveiflur urðu. Stuðningur LÍN við námsmenn með börn eru þess eðlis að hann ætti í sjálfu sér ekki að ýta undir slíka sveiflu. Ástæða er til að benda á að ekkert hefur verið athugað hversu mikið nám námsmenn með börn á framfæri stunduðu sem hættu námi milli námsáranna 1991–1992 og 1992–1993. Hefur verið bent á að um svipað leyti og lánasjóðslögunum var breytt hækkuðu skrásetningargjöld í háskólanum og jafnframt dagvistunargjöld fyrir börn.

Herra forseti. Íslenska námsaðstoðarkerfið hefur sérstöðu og er vinsamlegra námsmönnum með börn á framfæri en slík kerfi annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópu. Þess má geta að einstætt foreldri í námi með tvö börn og 180 þús. kr. atvinnutekjur yfir árið, hefur tæplega 155 þús. kr. á mánuði fyrir heimilið að leggja. Þá eru talin námslán, bætur og meðlög. Könnun hefur leitt í ljós, sem er athyglisvert, að námsmenn sem taka námslán og eru með börn á framfæri skila að meðaltali 96%–98% af fullu námi eins og það er skilgreint af skólunum sjálfum. Þetta er betra en almennt gerist um námsárangur. Lánasjóðslögin hafa náð höfuðmarkmiði sínu. Þau hafa dregið úr kostnaði við Lánasjóð íslenskra námsmanna og stuðlað jafnframt að jafnrétti til náms.

Vegna spurningar hv. þm. um það hvaða ráðagerðir eru á döfinni varðandi lánasjóðinn er þess að geta að starfandi er nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna og námsmannahreyfinganna sem vinnur að endurskoðun laganna og tekur á þeim málum sem hæst hafa borið í umræðum um lánasjóðinn á undanförnum árum. Ég bíð eftir tillögum þeirrar nefndar og

síðan verður tekin afstaða til málsins þegar hún hefur lokið störfum.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Því miður hefur allt það versta komið fram sem menn óttuðust í sambandi við aðförina að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það er búið að stórskerða kjör námsmanna á undanförnum árum og það bitnar mest á þeim sem lakast standa, þ.e. efnaminni námsmönnum, námsmönnum úr efnaminni fjölskyldum og einkum og sér í lagi námsmönnum með börn. Það sem gerðist í tíð síðustu ríkisstjórnar var þetta:

Það voru teknir upp vextir á námslán. Það voru tekin upp skólagjöld. Það voru teknar upp eftirágreiðslur námslána með tilheyrandi kostnaðarauka og áhættu fyrir námsmenn. Og síðast en ekki síst er ljóst að sú stórherta krafa um námsframvindu sem nú er beitt bitnar þannig á nemendum að þeir sem hafa lakari fjölskylduaðstæður til að snúa sér að náminu eingöngu líða fyrir það og hrökklast úr námi.

Niðurstaðan liggur fyrir. Fækkun þess hóps sem lakast stendur að vígi gagnvart náminu. Hvað hefur þá gerst, herra forseti? Það sem hefur gerst er að jafnrétti til náms hefur verið fórnað á altari þessara hluta sem bornir voru fram til réttlætingar aðför að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það, hæstv. menntamrh., er ekki sagnfræði að jafnrétti til náms hafi verið fórnað á Íslandi. Það er ekki sagnfræðilegt mál, herra forseti, þótt hæstv. menntmrh. haldi það, að einstæðir foreldrar eru umvörpum að hrökklast úr námi á Íslandi. Það er grafalvarlegt mál og ég skora á hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstjórn að taka þessi mál til endurskoðunar í ljósi þeirra talna og upplýsinga sem nú liggja fyrir. Við höfum getað stært okkur af því að Lánasjóður íslenskra námsmanna og sú fyrirgreiðsla sem námsmönnum stóð þar til boða væri einhver merkilegasta og jafnréttissinnaðasta félagsmálalöggjöf sem fyrirfinnst hér. Það er greinilega liðin tíð, því miður. Þar tala þessar tölur skýru máli.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að taka þessi mál til endurskoðunar.

[15:40]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Einu skiptir hvort Lánasjóður íslenskra námsmanna er skoðaður sem sagnfræði, samtímavandamál eða framtíðarvandamál. Ljóst er að þar er um vandamál að ræða. Ég hygg að flestir flokkar hafi lagt í síðustu kosningabaráttu með áherslu á málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það hefur og komið fram eftir myndun ríkisstjórnar, að á verkefnaskrá hennar er endurskoðun laga um lánasjóðinn. Það kom og fram í máli hæstv. menntmrh. að skipuð hefur verið nefnd til að vinna í því máli. Þar sem hv. málshefjandi rukkaði framsóknarmenn um afstöðu, þá lá hún ljós fyrir í kosningabaráttunni og fulltrúar Framsfl. fara í þá nefnd undir þeim formerkjum að sjálfsögðu. Ég get nefnt nokkur af þeim atriðum sem rædd eru í nefndinni.

Það er í fyrsta lagi um námsframvindu. Fram hefur komið sú eðlilega gagnrýni að krafa sjóðsins sé ekki í takt við kröfu ýmissa skóla. Við erum að fjalla um endurgreiðsluhlutfall. Ég minni á fréttir frá stúdentum þar sem fram kemur að meðalstúdent sem lýkur langskólanámi og hyggst síðan koma yfir sig húsaskjóli, þarf að hafa 500–600 þús. kr. á mánuði til að komast inn í húsnæðiskerfið. Það er augljóst vandamál, það erum við að ræða í nefndinni. Við erum að ræða um eftirágreiðslur eða samtímagreiðslur sem hefur verið mjög harðlega gagnrýnt og flestir flokkar tóku til umræðu í kosningabaráttunni. Menn eru að ræða um framfærslugrunninn. Hver er grunnurinn? Hver er eðlilegur framfærslugrunnur? Menn eru að velta upp ýmsum nýjum hugmyndum svo sem um styrkjakerfið og áfram má telja. Meginatriðið er það að málið er í vinnslu. Lögin eru til endurskoðunar undir þeim formerkjum sem er meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna, þ.e. að jafna aðstöðu fólks til náms.

[15:42]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég sat á þingi 1992 þegar íhaldið gerði enn eina atlögu að námsmönnum, með tillögu um skólagjöld. Ég ásamt félögum úr mínum flokki fórum gegn tillögunni og varð úr því mikill hvellur og fjaðrafok. M.a. var mér þá tjáð að mér bæri að greiða atkvæði í því máli eftir skoðun þess sem ég sat inni á þingi fyrir. En um leið og ég fagna umhyggju málshefjanda fyrir barnafólki í námi vil ég nefna eftirfarandi atriði:

Hæstv. núv. viðskrh. Finnur Ingólfsson flutti hástemmda tillögu við afgreiðslu fjárlaga 1992 gegn skólagjöldum, fyrir Framsfl. Hann rakti hverjar hann teldi að afleiðingar gjaldanna yrðu. Þó afleiðingar yrðu ekki jafn afdrifaríkar og þáv. hv. stjórnarandstöðuþingmaður Framsóknar, Finnur Ingólfsson, spáði þá eru staðreyndir ljósar. Fækkun námsmanna með börn á framfæri í lánshæfu námi er staðreynd. Í stað eðlilegrar fjölgunar í 3.600–3.800 námsmenn er fjöldi þeirra í dag 2.800–2.900.

Herra forseti. Nú er tækifærið fyrir hv. þm. Framsfl. með nýja vöndinn sem sópar mest og best að standa við stóru orðin frá 1992 og frá því fyrir kosningar í vor, 1995. Réttið hlut námsmanna eins og þið lofuðuð og látið ykkur ekki detta í hug að þjóðin hafi gleymt loforðum ykkar. Þjóðin er nefnilega með tékklistann og því fleiri loforð sem þið brjótið því frekar minnkar Framsókn. Ég spái því að útreiðin sem þið fáið í sænginni með íhaldinu verði ykkur ekki til framdráttar.

[15:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Alþýðuflokksmenn hefðu betur séð að sér fyrr en nú. Ég hygg að sú ákvörðun að breyta lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna vorið 1992 að undangenginni mikilli og harðri umræðu hafi verið eitthvað það versta sem ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. skildi eftir sig. Það er engin sagnfræði heldur blákaldur veruleiki sem blasir við okkur í dag. Námsmönnum sem taka námslán hefur fækkað verulega og í þeim hópi eru konur fjölmennastar. Einnig hefur barnafólki fækkað áberandi. Maður spyr sig auðvitað: Hver er ástæðan og hvernig fara námsmenn að því að fjármagna nám sitt? Ég hlýt að skora á hæstv. menntmrh. að láta kanna það hvernig námsmenn almennt fjármagna nám sitt núna og hvaða ástæða er fyrir því að þeir taka ekki námslán. Auðvitað vitum við hver ástæðan er. Það þarf að borga þau. Og konur sem eru í námi eins og t.d. hjúkrunarfræði, eða stefna að kennslu og öðrum hefðbundnum störfum sem konur eru almennt í, vita að þær geta einfaldlega ekki borgað þessi lán. Þetta er hinn blákaldi veruleiki. En það þarf að kanna hvað liggur þarna að baki og hvað það kostar Háskóla Íslands þegar námsmenn eru mun lengur í námi vegna þess að þeir taka ekki námslán. Þess eru mörg dæmi og ég þekki allmörg dæmi þess að háskólanemar eru að vinna með náminu því það er auðvitað sú eina leið sem þeim er fær. Lánasjóður

íslenskra námsmanna var fyrir breytingarnar árið 1992 eitthvert mesta jafnréttistæki okkar samfélags. Það breyttist með þessum lagabreytingum eins og tölur þær sem hér hafa verið raktar sýna. Breytingarnar bitna fyrst og fremst á konum. Það verður að breyta þessu. Ég vil líka benda á þá staðreynd að námsmönnum í námi erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum, hefur fækkað stórlega. Hvaða skýring heldur hæstv. menntmrh. að sé á því? Auðvitað engin önnur en þessar breytingar á lánasjóðnum sem því miður kosta ungt fólk m.a. það að geta ekki stundað nám erlendis.

[15:47]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Satt að segja hef ég oft á undanförnum árum hlustað á hæstv. menntmrh. íhaldsins, fyrst í skjóli krata og svo framsóknar, svara fyrirspurnum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég hef hins vegar aldrei heyrt annan eins tilfinningakulda og mér liggur við að segja fyrirlitningu gagnvart högum lifandi fólks, eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. áðan, vegna þess að hann sagði: Við ætlum að ekkert að gera í þessu máli. Vandinn er sagnfræði. Það er alveg bersýnilegt að efna þarf til frekari umræðna um málið í þessari virðulegu stofnun, til að knýja á um lausn þess, því að þessi nálgun hæstv. núv. menntmrh. er afhjúpun á því hvernig Sjálfstfl. vill taka á málum af þessu tagi og í hvaða hættu veikgeðja miðjuflokkar eru sem beygja sig fyrir vendi íhaldsins þegar því þóknast að reiða hann upp.

Veruleikinn blasir við, hæstv. forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt líka að rifja það upp að einmitt þessir veikgeðja miðjuflokkar notuðu á síðasta kjörtímabili, þ.e. Alþfl., yfirlýsingarnar um hugsanlegt gjaldþrot Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem viðspyrnu í þessu máli. En núna hefur Ríkisendurskoðun staðfest að Lánasjóður íslenskra námsmanna var einhver sterkasti sjóður sem um getur á vegum ríkisins og að hagur hans batnaði ekki í tíð síðustu stjórnar heldur versnaði þrátt fyrir það hvernig þeir héldu á þessum málum. Þetta eru veruleikinn. Gjaldþrotið var þeim skálkaskjól til að ráðast gegn kjörum íslenskra námsmanna.

Þess vegna verður að halda umræðunni hér áfram, hæstv. forseti. Það er auðvitað mjög alvarlegt að hundruð ef ekki þúsundir manna, karla og kvenna, hafa horfið frá námi eða hætt við nám. Og hvað þýðir það? Það þýðir verri lífskjör fyrir Íslendinga í framtíðinni. Framsfl. ætti núna, með leyfi forseta, að skammast til að rifja upp eitthvað af ræðunum sem hann flutti hér á síðasta kjörtímabili.

[15:49]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég var einn þeirra frambjóðenda sem í kosningabaráttunni studdi réttindabaráttu námsmanna og að veruleg bragarbót yrði gerð á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Eins og kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar, eru framsóknarmenn ásamt öðrum að vinna að lausn þessa máls í samræmi við loforðin sem gefin voru og verður staðið við. Ég vil sérstaklega beina sjónum að einu atriði hvað varðar Lánasjóð íslenskra námsmanna en það er endurgreiðsluhlutfallið sem er núna að leggjast með fullum þunga á fyrstu námsmennina sem þurfa að standa undir því.

Fyrstu tvö árin er ekki greitt. Síðan eru það 5% í fimm ár og loks 7%. Þeir sem nú eru að horfast í augu við þessa greiðslubyrði segja mér að hún sé mun þyngri en hægt er að ráða við. Við erum ekki að tala um fortíð. Við erum að tala um framtíð unga fólksins sem við styrkjum til náms. Ég tel þetta vera eitt brýnasta verkefnið sem vinna skal að og það munum við framsóknarmenn svo sannarlega gera og við þurfum ekki brýningar annarra sem telja sig hafa farið illa út úr stjórnarsamstarfi hvað þetta varðar.

[15:51]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Nýir vendir sópa best, sagði hv. þm. Gísli Einarsson áðan. Það er rétt að það er þó nokkuð verkefni fyrir Framsfl. að sópa. Sumir hefðu nú kannski kallað það að moka út eftir kratana. Það sem m.a. er verið að vinna að er að breyta lögum og reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna eins og kom svo ágætlega fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar hérna áðan. Mér fannst það alveg greinilegt af máli hv. þm. Svavars Gestssonar að hann var nokkuð afbrýðissamur vegna þess að það skyldi verða hlutverk Framsfl. en ekki Alþb. að taka á þessum málum. Ég lýsi ánægju með að það starf að breyta lögum og reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna er í fullum gangi og í ágætu samstarfi við Sjálfstfl.

[15:52]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég vil hins vegar vekja athygli þingheims á því að fólki sem nú er í námi og fólki sem hyggur á nám en kemst ekki í það er ákaflega mikið sama um það hverjir stóðu að hverju árið 1990 og 1991. Ég held að því sé alveg nákvæmlega sama um það hvort það er Alþb., Framsfl. eða hvað heitir nú þessi þriðji flokkur, Alþfl., sem stjórnar hér með Sjálfstfl. Það veit hins vegar, vegna þess að það kom mjög skýrt fram í kosningabaráttunni í vor, að Sjálfstfl. ætlaði sér ekki að taka á þessum málum. Þess vegna voru framsóknarmenn strax að svíkja sín kosningaloforð þegar þeir fóru í stjórnina með þeim. Menn vitna hér til nefndar. Það var eina svar hæstv. menntmrh. Það hefur verið svar þessara þriggja hv. framsóknarmanna sem hér hafa komið upp. Mínar fréttir af nefndinni eru að hún sé enn að ræða þrjár fyrstu greinarnar frumvarpsins. Hún hafi ekki enn talað um endurgreiðsluna. Hún hafi ekki enn talað um eftirágreiðslurnar. Hún hafi ekki enn talað um námssvigrúmið. Það er rétt að leita eftir því hvenær hún hyggst ljúka störfum, hvenær hæstv. menntmrh. vill að hún komi. Mig minnir, nú er minni mitt valt, að menn hafi viljað taka þetta frumvarp upphaflega fyrir á þessu þingi þó að nefndarskipanin færi leynt. Það er rétt að fá upplýsingar um það. Ég vil síðan fagna því sérstaklega að hæstv. menntmrh. hefur ekki gripið til sama ráðs og trúnaðarmenn hans í stjórn lánasjóðsins hafa gert síðustu daga eftir að þessar upplýsingar komu fram, þ.e. að mæla á móti þeim með aðferðum sem heyra undir blekkingar. Ég þori ekki að segja orðið lygar hér inni. Hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason viðurkennir þessar tölur. Hann segir hins vegar: Hagstofan skýrir þær ekki. Nei, málshefjandi. Þú getur ekki sagt þetta vegna þess að Hagstofan skýrir þær ekki. Auðvitað gerir Hagstofan það ekki. Hún er ekki fréttaskýrandi. Hún er ekki pólitískur fréttaskýrandi. Hins vegar er ljóst að þetta gerðist á árunum 1991–1992. Það að hæstv. menntmrh. vitni til annarra gjalda sem Sjálfstfl. hefur sett á landsmenn og námsmenn, innritunargjöld og dagvistargjöld, þá er um það að segja að vond voru þau. Þó er innritunargjaldið að ég hygg ekki nema um 20 þús. kr. eða rúmlega það þannig að þetta er ákaflega klén skýring. Og ég spyr menntmrh. Spyr hann sem hæstv. stjórnmálamann. Spyr hann sem fréttaskýranda á ýmsum vettvangi: Hver er hans skýring á málinu?

[15:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég er sammála því sem hefur komið fram í umræðunum að auðvitað á ekki að ræða þessi mál á þeim sagnfræðilegu forsendum sem hv. þm. Mörður Árnason vekur máls á, því að könnun Hagstofunnar leiðir ekki aðra niðurstöðu í ljós en þessa og hún gefur engar skýringar á því hvers vegna það sé. Það er ekkert sem liggur fyrir um það að ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna hafi ráðið þar útslitum. Þvert á móti hefur þróunin verið sú síðan lögin voru sett að nemendum hefur fjölgað í námi. Það er ekkert markmið í sjálfu sér að fjölga nemendum sem taka lán heldur að fjölga nemendum sem stunda nám í íslenskum háskólum og afla sér æðri menntunar. (Gripið fram í.) Það hefur komið fram í máli hv. stjórnarandstæðinga að það eigi að vera markmið lagasetningar um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem flestir taki lán. Það getur ekki verið markmiðið. Það var að vísu kannski markmið hv. þm. Svavars Gestssonar sem stefndi sjóðnum í þá hættu að lá við gjaldþroti. (**SvG:** Það er ósatt.) Við erum enn að takast á við þann vanda. Ef hann les skýrslu Ríkisendurskoðunar sér hann að vandi sjóðsins enn í dag er sá að það var farið illa með fé hans á þeim tíma sem hann, hv. þm. Svavar Gestsson var menntamálaráðherra og stýrði þessu máli væntanlega af góðmennsku en góðmennsku sem leiddi til þess að sjóðurinn var kominn á barm gjaldþrots. Og ef ekki hefði verið tekið á málinu þá hefði hann orðið gjaldþrota. Í hverju hefði þá góðmennskan verið fólgin? Þannig liggja málin fyrir. (**SvG:** Þetta er allt rangt. Námsmenn eru gjaldþrota hins vegar.) Skýrsla Ríkisendurskoðunar leiðir þetta í ljós og staðfestir þessa skoðun. Það er sama hve oft hv. þm. reynir að mótmæla þessu, hann kemst ekki hjá því að þetta eru sagnfræðilegar staðreyndir. Það er von að hann vilji ekki ræða sagnfræðina í þessu máli frekar heldur í öðrum málum, hv. þm., þegar fortíðina ber á góma. (Gripið fram í.)

Varðandi þá stefnu sem tekin hefur verið í þessu máli undir minni forustu sem menntmrh., þá liggur hún fyrir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Nefnd hefur verið skipuð sem fjallar um málið með þátttöku námsmanna. Hún mun skila áliti og síðan kemur málið aftur til umræðu á Alþingi.

Fjáraukalög 1995, frh. 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44, nál. 278 og 281, brtt. 279 og 280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

11 þm. (GE, GGuðbj, KHG, KÁ, KH, LB, PBald, RG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, FrS, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

12 þm. (GE, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, PBald, RG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 279,1–4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 280 samþ. með 34:8 atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

nei: GE, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, PBald, RG.

21 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 279,5–10 samþ. með 42 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, LB, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (GE, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, RG, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, PBald, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

12 þm. (GE, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, PBald, RG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 45. mál (niðurstöðutölur ársins). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RG, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
9 þm. (GGuðbj, KHG, KÁ, KH, LB, PBald, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 294).

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LB, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
21 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FrS, HG, IP, ÍGP, LMR, MF, MÁ, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 295).

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 163. mál (kosning forseta). — Þskj. 197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Merkingar þilfarsfiskiskipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 189. mál. — Þskj. 237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Tilkynningarskylda olíuskipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 190. mál. — Þskj. 238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. MÁ og SvanJ, 195. mál (ráðning dagskrárfólks). — Þskj. 243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:12.

---

56. FUNDUR

fimmtudaginn 7. des.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 155. mál, þskj. 286, brtt. 287. — 3. umr.
2. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 205. mál, þskj. 266. — 1. umr.
3. Afnám laga nr. 96/1936, stjfrv., 206. mál, þskj. 267. — 1. umr.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 207. mál, þskj. 268. — 1. umr.
5. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 215. mál, þskj. 289. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[10:36]

Útbýting þingskjala:

Almannavæðing ríkisfyrirtækja, 214. mál, þáltill. KB, þskj. 288.

Bókaútgáfa, 220. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 299.
Háskóli Íslands, 217. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 296.
Háskólinn á Akureyri, 218. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 297.
Loftpúðar í bifreiðum, 219. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 298.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 155. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 286, brtt. 287. [10:37]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir brtt. á þskj. 287 við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þeir aðilar sem mælt er með á þessu þskj. uppfylla þær verklagsreglur sem allshn. hefur farið eftir við veitingu ríkisborgararéttar og er nefndin öll sammála flutningi brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 205. mál. — Þskj. 266. [10:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994. Þetta frv. er að finna á þskj. 266 og er 205. mál þingsins.

Frv. er í sex greinum og má vísa til athugasemdanna við lagafrv. Þar koma fram allar upplýsingar um það. Ég mun þó í örfáum orðum gera grein fyrir efni frv. og jafnframt vekja athygli á einni villu sem er í frv. en ég bið hv. nefnd, efh.- og viðskn., að taka hana sérstaklega til athugunar og leiðrétta hana fyrst þskj. var ekki prentað upp.

Þetta frv. fjallar um örfáar breytingar á aukatekjum ríkissjóðs, en á sínum tíma voru þær lögboðnar. Enda hafði komið fram athugasemd, ef ég man rétt, frá umboðsmanni Alþingis um að í raun væri um gjaldheimtu eða skattheimtu að ræða fremur en þjónustugjöld þar sem gjöldin voru oft og tíðum talsvert hærri en hægt var að sýna fram á að þjónustan við ýmsa skráningu kostaði í raun.

Í 1. gr. frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á 11. gr. laganna, en í því ákvæði er að finna gjöld fyrir leyfi til atvinnustarfsemi og tengd leyfi. Það er viðskrn. sem hefur lagt til að í stað 7. tölul. komi þrír töluliðir og snerta þeir fyrst og fremst vátryggingarmiðlunarstarfsemi. Lagt er til að gjald fyrir leyfi til vátryggingarmiðlunar verði 75 þús. kr. og þar sem leyfi til verðbréfamiðlunar þykis eðlislíkt leyfi er lagt til að gjald fyrir slíkt leyfði verði hækkað úr 50 þús. í 75 þús. kr.

Þá er í 1. gr. gert ráð fyrir ýmsum leyfisveitingum sem snerta áfengislög, en talsverð breyting verður á skipan áfengisverslunar með lögum sem samþykkt voru fyrr á þessu ári og tóku gildi í tvennu lagi, síðari hlutinn 1. desember sl. Hér er lagt til að bætt verði inn ákvæðum um gjald fyrir áfengisinnflutningsleyfi sem verði 15 þús. kr. og áfengisheildsöluleyfi sem verður 30 þús. kr. Í áfengisinnflutningsleyfinu felst eingöngu heimild til innflutnings til eigin nota í atvinnuskyni, svo sem fyrir veitingahús sem geta þá haft áfengisinnflutningsleyfi og flutt þannig beint inn fyrir sinn rekstur.

Í áfengisheildsöluleyfi felst auk leyfis til innflutnings heimild til að selja áfengi til þeirra sem stunda smásölu, en það eru annaðhvort vínveitingahús eða Áfengis- og tóbaksverslunin sem hefur einkaleyfi á smásöluverslun til almennings.

Þá er einnig gert ráð fyrir eftirlitsgjaldi sem innheimt verður árlega af framleiðendum, innflytjendum og áfengisheildsölum. Ráðgert er að það verði 5 þús. kr. en það á stoð í lögum sem ég gat um áðan. Gert er ráð fyrir að þetta gjald standi undir kostnaði við eftirlit með þessari starfsemi.

Í 2. gr. er að tillögu viðskrn. lagðar til breytingar á 13. gr. laganna, en þar er um að ræða að gjald fyrir skráningu samvinnufélaga og hlutafélaga verði hækkað úr 100 þús. í 150 þús., en jafnframt er lagt til að gjald fyrir skráningu einkahlutafélags verði lækkað úr 100 í 75 þús. Ég vil beina því til hv. nefndar sem fær þetta frv. til meðferðar að líta á upphæðir sem nefndar eru í þessu frv. og kannski einkum og sér í lagi 2. gr. frv. með tilliti til samræmingar fyrst og fremst.

Þá kem ég að 3. gr. frv. en í þeirri grein er villa. Þar er um að ræða afgreiðslugjald skipa, en að tillögu samgrn. eru lagðar til breytingar á 15. gr. laganna vegna breyttra reglna um mælingar skipa sem tóku gildi 18. júlí 1994 og fela í sér að mælingar skipa verða miðaðar við brúttótonn, stendur hér í greinargerð. Er vegna samræmis lagt til að gjaldtakan miðist við brúttótonn í stað nettórúmlesta. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að þessar mælieiningar hafa nokkuð vafist fyrir þeim sem hafa undirbúið lagafrumvörp og fjallað um þessi hugtök á hinu háa Alþingi. Þess vegna m.a. hygg ég að slæðst hafi inn villa í þetta frv. en samkvæmt tillögu samgrn. og nýjustu upplýsingum á þetta að vera nettótonn en ekki brúttótonn. Ég vil biðja nefndina sérstaklega um að líta á 3. gr. þannig að það verði ekki slys í lagasetningu hvað þetta snertir. Ekki svo að skilja að það skapaði gífurleg vandræði, hér er ekki um þær fjárhæðir að ræða. En rétt skal vera rétt og þar sem ekki gafst tækifæri til þess að prenta upp frv. vil ég beina þeim eindregnu tilmælum til nefndarinnar að hún leiðrétti 3. gr. og mun ég gera ráðstafanir til þess að fulltrúar samgrn. komi því efni til skila til nefndarinnar.

Í 5. gr. frv. er felld niður heimild fjmrh. til að hækka grunngjöld í þessum lögum almennt um aukatekjur ríkissjóðs í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu. Þetta er breyting sem er gerð í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að afnema sjálfvirkni, en þess skal getið að engar fjárhæðir hafa í raun hækkað í fimm ár. Það er eðlilegt að sjálfvirkni verði ekki í þessum lögum frekar en öðrum og þess vegna er lagt til í 5. gr. að 19. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs falli brott.

6. gr. er síðan gildistökugrein sem ekki þarfnast skýringar, en ráðgert er eins og kemur fram í greininni, 2. mgr., að breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum verði felldar inn í lögin og þau svo gefin út að nýju, enda er það til hagræðis fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að eiga greiðan aðgang og ljósan að lögum sem þessum.

Að lokum, virðulegi forseti, leyfi ég mér að gera þá tillögu að frv. verði vísað ti 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 155. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 286, brtt. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Brtt. 287 samþ. með 32 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AnnJ, ArnbS, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EKG, FrS, GE, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LB, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, RA, RG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS.
31 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HG, IP, JBH, KÁ, KH, LMR, MF, MÁ, ÓRG, PBald, PHB, SighB, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 301).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[10:53]

Útbýting þingskjala:
Aðild starfsmanna aðila vinnumarkaðarins að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, 116. mál, svar fjmrh., þskj. 290.
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 221. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 300.
Þróun ríkisframlags til rannsóknastofnana, 182. mál, svar fjmrh., þskj. 291.

Afnám laga nr. 96/1936, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 267.

[10:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til laga um afnám laga nr. 96/1936. Þetta er mál er að finna á þskj. 267 og er 206. mál þingsins.
Þrátt fyrir heiti laganna hefur afnám þeirra í raun eingöngu í för með sér breytingu hvað varðar Mjólkursamsöluna í Reykjavík, en Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda var slitið á árinu 1992 og stofnað hlutafélag um þann rekstur. Alllöngu áður hafði skattfrelsi Sölusambandsins þó fallið niður því samkvæmt lögunum var skattfrelsið bundið því skilyrði að SÍF hefði löggildingu sem aðalútflytjandi saltfisks samkvæmt lögum.
Frv. til þessara skattfrelsislaga var á sínum tíma flutt af meiri hluta allshn. að tilhlutan þáv. forsrh. Meginástæða frv. var reyndar að hnykkja á hæstaréttardómi sem þá var nýgenginn um útsvarsskyldu Sölusambandsins eða kannski réttara sagt, aukaútsvarsskyldu Sölusambandsins. Mjólkursamsalan var þó látin fylgja með þar sem það fyrirtæki þótti hliðstætt Sölusambandinu á þeim tíma. Og í greinargerð frv. frá 1936 var svohljóðandi rökstuðningur, með leyfi forseta:
„Með því að nú allur sá arður, sem stofnanir þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, gefa, rennur til framleiðendanna sjálfra, þeir greiða skatta og skyldur af þeim arði, og þess vegna um engan milliliðagróða að ræða, þykir ekki rétt, að telja stofnanir þessar útsvars- eða skattskyldar."
Í dag fá þessi lög engan veginn staðist þær grundvallarreglur sem skattkerfið byggir á. Þótt Mjólkursamsalan í Reykjavík sé án efa ágætt fyrirtæki og mjólkin sé góð, þá er það í andstöðu við jafnræðisreglur að taka með þessum hætti eitt atvinnufyrirtæki út úr löggjöfinni og undanþiggja það skattskyldu. Það er í raun undrunarefni að ekki skuli fyrir löngu vera búið að taka þetta skref og afnema lögin. Ég hugsa að skýringin hafi kannski helst verið sú að fáir vissu um tilvist þeirra laga. En einhverra hluta vegna hafa lög þessi aldrei birst í þeim sex lagasöfnum sem út hafa verið gefin frá því Alþingi samþykkti lögin. Ég vona að það sé nánast einsdæmi að lög birtist ekki í Lagasafni.
Ég vil taka það skýrt fram vegna þess að það kann að misskiljast í athugasemdum þessa frv. að brauðgerð Mjólkursamsölunnar og ísgerð hafa að sjálfsögðu greitt opinber gjöld samkvæmt lögum, enda um sérstök fyrirtæki að ræða. Skattleysið hefur því eingöngu náð til mjólkurframleiðslunnar. Fyrirtækið sjálft hefur að sjálfsögðu ekki gert athugasemdir við flutning þessa frv. en mér er kunnugt um að forráðamenn fyrirtækisins telja að misskilja megi athugasemdir við lagafrv. þetta. Ég tel að það sé reyndar ekki rétt. Það er ekkert sem kemur fram í athugasemdunum sem að mínu áliti má misskilja, en til þess að taka af allan vafa hef ég lýst því yfir að fyrirtækið hefur að sjálfsögðu greitt skatta og skyldur af annarri starfsemi sem það stendur fyrir.
Frv. gerir ráð fyrir að lögin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þessa árs. Lögin koma því ekki til með að virka fyrr en á árinu 1997 vegna tekna á næsta ári. Með sama hætti og gert var þegar bankarnir voru gerðir skattskyldir á árinu 1982 er í bráðabirgðaákvæði sérstaklega kveðið á um hvernig haga skuli skattalegu mati á eignum.
Að öðru leyti vísa ég til frv. og greinargerðar með því og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegi forseti. Þetta frv. er hið besta mál og full ástæða til að styðja fjmrh. sem flytur það nú. Engu að síður vekur það mjög til umhugsunar að sjá þetta frv. flutt árið 1995 með þeim upplýsingum sem fram koma í athugasemdum við lagafrv.
Það má leiða að því getum að þessi setning í greinargerð með frv. frá 1936 sem hljómar svo:
„Með því að nú allur sá arður, sem stofnanir þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, gefa, rennur til framleiðendanna sjálfra, þeir greiða skatta og skyldur af þeim arði, og þess vegna um engan milliliðagróða að ræða, þykir ekki rétt, að telja stofnanir þessar útsvars- eða skattskyldar."
Ég á von á því að frá árinu 1936 hefði verið hægt að finna ýmsa aðila sem þetta hefði á sama hátt getað átt við.

En það sem mig furðar á er að þetta mál skuli hafa getað týnst í kerfinu eins og skilja mátti á hæstv. fjmrh. Það kemur fram að Mjólkursamsalan hefur verið undanþegin tekjuskatti og eignarskatti að því er varðar vinnslu og dreifingu mjólkurafurða. Þá hlýtur Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda einnig að hafa verið undanþegið tekju- og eignarskatti. Þó að þetta litla lagaákvæði hafi ekki birst í lagabálkum eða útskriftum, sem einnig er undarlegt, þá spyr ég hæstv. fjmrh.: Hefur enginn í fjmrn. eða hjá skattyfirvöldum áttað sig á því að þessi fyrirtæki voru ekki að bera umrædda skatta? Það er það sem vekur mesta furðu.

[11:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta flokkast kannski ekki beinlínis undir andsvar, kannski svar frekar en andsvar. En ég vil taka það fram að þegar menn segja að þetta hafi týnst í kerfinu er fyrst og fremst átt við það að lög nr. 96/1936 hefur ekki verið hægt að finna í Lagasafni í þau sex skipti sem það hefur verið gefið út. Það þýðir ekki að lögin séu ómerk eða hafi ekki gildi. Þetta er auðvitað handvömm þeirra sem hafa fyrr á árum safnað lögum saman í Lagasafn. Það á ekki við þá sem hafa gert það á undanförnum árum, heldur kannski fyrr á öldinni. En af einhverjum ástæðum hefur þetta ekki fallið inn í Lagasafnið.

Ég vil einnig taka fram að SÍF var lagt niður í þeirri mynd sem það starfaði frá þessum tíma til 1992, en styrinn stóð um SÍF 1936. Hæstaréttardómur gekk um skyldu þess fyrirtækis eða samlags að greiða aukaútsvar. Það var pólitísk ákvörðun þingsins árið 1936 að hnykkja á hæstaréttardómnum og Mjólkursamsölunni var bætt við af þeim ástæðum að menn töldu að arðurinn gengi gegnum þessi samlög og beint til framleiðenda en þar væri arðurinn skattlagður. Nú er þetta fyrirbæri liðið undir lok og allar ástæður fyrir því að breyta lögum. Að sjálfsögðu hafa fjmrn. og skattyfirvöld fylgt þessum lögum alla tíð og vitað af þeim. En það var fyrst nú fyrir nokkrum mánuðum að menn tóku málið upp við mig. Ég hafði satt að segja ekki hugmynd um að þetta væru sérlög fyrr en fyrir fáeinum vikum síðan og ég hef ekki orðið var við neina fyrirstöðu, hvorki hjá fyrirtækjunum né öðrum í því að lögunum verði breytt.

[11:03]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi það fullkomlega að lögin voru í gildi þó að þau væru ekki í Lagasafninu og að þarna væri um einhvers konar handvömm að ræða. Ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram en undrast engu að síður eins og væntanlega flestir að lögin skulu hafa verið í gildi. Er hugsanlegt að einhvers staðar í okkar miklu skattalagabálkum sé að finna ákvæði með einhvers konar undanþágum jafn furðulegum og þessum?

[11:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er alveg hugsanlegt. Það er hugsanlegt að í lögum, einkum sérlögum sé að finna ýmis ákvæði sem eru þannig úr garði gerð að gert er ráð fyrir undanþágu frá hinni almennu skattskyldu. En ég get fullvissað hv. þm. um að á undanförnum árum, ekki bara í tíð þessarar og síðustu ríkisstjórnar heldur líka í tíð ríkisstjórnar þar á undan hafa menn kappkostað að setja almennar reglur og fylgja jafnræðisstefnunni, enda gengur það ekki lengur að það sé gerður mikill munur á sköttum milli fyrirtækja. Ég hygg þó að langsamlega stærsta undanþágan sem er nú í gildi, ef hægt er að kalla það undanþágu, séu hinar mismunandi reglur sem gilda um tryggingagjaldið þar sem fyrirtækjum er skipt í tvo flokka og bera mismunandi tryggingagjald. Í sjálfu sér eru ekki nokkur rök fyrir slíkri skiptingu. Það er hins vegar rétt að ef við ætlum að samræma þessa skattskyldu munu sum fyrirtæki, einkum í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði þurfa að borga hærri skatta en þau borga nú og menn hafa ekki enn þá treyst sér til að breyta þessu. En ef marka má orð hæstv. sjútvrh. í þinginu um daginn virðist vera lag á næstu mánuðum, missirum, kannski árum að breyta því.

[11:06]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma inn í umræðuna, ekki síst vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði í öðru máli áðan að rétt skal vera rétt og tek ég undir það með hæstv. fjmrh. Ég tel að þar sem rangt er farið með, beri mönnum að leiðrétta og gera það með skýrum hætti. Mér fannst það ekki koma nógu skýrt fram hjá hæstv. fjmrh. hvað þetta mál varðar því að greinargerðin sem fylgir þessu frumvarpi er blekking. Í henni er farið með rangt mál.

Við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur vil ég segja það, að um leið og hún fagnar þessu máli gæti hún líka, hv. þm., sest niður og reiknað aftur í tímann hvað barnafjölskyldur í Reykjavík hafa hagnast um marga milljarða á því að þessi lög hafa verið í gildi frá árinu 1936. Það er mikið reikningsdæmi og þýðir að mjólk og mjólkurvörur hafa verið ódýrari en annars hefði verið. Ég hygg að það skipti einhverjum tugum milljarða sem barnafjölskyldur í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu hafa hagnast á þessum skattalögum sem í eðli sínu voru mjög eðlileg þar sem Mjólkursamsalan er þannig fyrirtæki að þar hafa engar tekjur setið eftir. Hún er nefnilega afurðastöð og hefur verið rekin sem slík allt fram til 1985 að lögum var breytt og bændur fengu fullt afurðaverð lögum samkvæmt. Þeir náðu stundum ekki fullu afurðaverði en fengu það sem eftir stóð sem þýðir að Mjólkursamsalan var rekin á núlli, hún fékk það sem eftir stóð. Ég tel því að barnafjölskyldur og Íslendingar hafi hagnast á lögunum. Ég geri ekki athugasemdir við þá breytingu nú. Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh. að þetta er eðlilegt vegna jafnræðisreglu. En ég vil að hér komi fram að mér hefur borist bréf um þetta atriði frá Mjólkursamsölunni sem skýrir það sem rangt er í greinargerðinni, en í henni er látið að því liggja að allt sem Mjólkursamsalan framleiði hafi verið án skattlagningar og notið skattfrelsis. Þar er að sjálfsagt verið að tala um safa, ís, brauð o.s.frv. Og á dögunum sá ég í Viðskiptablaðinu, sem ég er með, að þar eru samkeppnisaðilar að fagna þessari breytingu vegna þess að Mjólkursamsalan hafi haft sérstök og önnur lög gagnvart samkeppnisaðila, en það er rangt. Í greinargerð Viðskiptablaðsins segir á þessa leið:

„Ljóst er að málum hefur verið skipað með öðrum hætti að því er varðar Mjólkursamsöluna og forsendur löggjafans fyrir skattfrelsi því löngu brostnar. Þá hefur komið fram að á vegum Mjólkursamsölunnar hefur verið byggður upp og rekinn margvíslegur annar atvinnurekstur en hefðbundinn mjólkuriðnaður í samkeppni við annan matvælaiðnað í landinu."

Þetta er það sem er líka rangt í greinargerð frumvarpsins, hæstv. fjmrh. Rétt er rétt og því ber að leiðrétta það og ég

bjóst við að hæstv. ráðherra mundi gera það með skýrum hætti. En það bréf frá Mjólkursamsölunni sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa, er afrit af bréfi sem sent var í fjmrn. Þar segir:

„Tekið skal fram að Mjólkursamsalan styður efnislega ofangreint frumvarp. Mjólkursamsalan harmar hins vegar að hafa fyrst heyrt af þessu frumvarpi í frétt sem birtist í Viðskiptablaðinu 29. nóvember sl. Síðar sama dag barst reyndar bréf frá yður", sem er þá sjálfsagt hæstv. fjmrh., „til forstjóra Mjólkursamsölunnar ásamt texta frumvarpsins.

Allt frá upphafi hefur tilgangurinn með skattfrelsi Mjólkursamsölunnar verið sá að halda niðri verði til neytenda á mjólk. Á árinu 1983 voru t.d. gerð drög að frumvarpi um afnám skattfrelsis sem aldrei var lagt fram, m.a. vegna áhrifanna sem slíkt hefði haft á verð mjólkur.

Ekki verður hjá því komist að gera athugasemdir við það að stafshópur sá sem vann frumvarpstextann fyrir fjmrn. skuli ekki hafa leitað eftir upplýsingum hjá fyrirtækinu þar sem í athugasemdum við frv. eru fullyrðingar um starfsemi Mjólkursamsölunnar sem sumar eru rangar og aðrar sem auðvelt er að mistúlka.

Þær athugasemdir sem Mjólkursamsalan telur óhjákvæmilegt að gera við texta greinargerðarinnar eru eftirfarandi:

Í 5. gr. athugasemdanna segir að „á vegum Mjólkursamsölunnar hefur verið byggður upp og rekinn margvíslegur annar atvinnurekstur en hefðbundinn mjólkuriðnaður í samkeppni við annan matvælaiðnað í landinu," svo sem samkeppni í framleiðslu og sölu á hreinum og blönduðum ávaxtadrykkjum. Það hafa alla tíð verið greiddir skattar af þeirri starfsemi Mjólkursamsölunnar sem ekki fellur undir mjólkuriðnað. Að því er ávaxtasafann varðar skal tekið fram að Mjólkurbú Flóamanna annast sem verktaki, framleiðslu og pökkun á safanum. Mjólkurbú Flóamanna nýtur engra skattfríðinda. Mjólkursamsalan annast hins vegar dreifingu á safanum. Í byrjun árs 1994 var stofnað sérstakt hlutafélag, Samsöluvörur hf., sem annast dreifingu á ávaxtasafanum. Tilvitnuð fullyrðing í athugasemdum við frumvarpið er því röng.

Brauðgerð Mjólkursamsölunnar var stofnuð 1946. Allt frá upphafi hafa allir skattar og gjöld verið greidd af starfsemi brauðgerðarinnar. Sérstakt hlutafélag um rekstur brauðgerðarinnar var síðan stofnað árið 1992, Samsölubakarí hf.

Ísgerð Mjólkursamsölunnar var stofnuð árið 1960. Skattar hafa verið greiddir af þeirri starfsemi ísgerðarinnar sem ekki féllu undir mjólkurvöruframleiðslu eða með öðrum orðum, framleiðslu á jurtaís og ávaxtasafa. Í byrjun árs 1994 var stofnað hlutafélag um framleiðslu á jurtaís og ávaxtaklaka. Í byrjun árs 1994 var stofnað hlutafélag um rekstur ísgerðarinnar, Emmessís hf.

Þessar upplýsingar og ýmsar fleiri hefði starfshópi fjmrn. verið í lófa lagið að fá hjá Mjólkursamsölunni í stað þess að setja í athugasemdir með frumvarpinu. Að einhverju leyti munu þó hafa verið stofnuð hlutafélög um afmarkaða þætti starfseminnar. Til þess að koma í veg fyrir deilur um orðalag sem í sjálfu sér skipta litlu máli um tilgang lagabreytingarinnar er lagt til að málsgreinar 4, 5 og 6 í athugasemdum verði felldar út en í staðinn komi svohljóðandi setning:

„Með vísan til meginreglunnar um jafnræði við skattlagningu þykja ekki rök fyrir skattfrelsi Mjólkursamsölunnar."

Virðingarfyllst, fyrir hönd Mjólkursamsölunnar,
Þórunn Guðmundsdóttir."

Svo mörg voru þau orð. Ég hef leiðrétt þessar rangfærslur sem hér koma fram í greinargerð frumvarpsins og vil segja við þessar aðstæður að í sjálfu sér fagna ég þessu máli ekkert sérstaklega. Ég geri mér grein fyrir því, eins og ég sagði áðan að vegna jafnræðisreglunnar verður breytingin að ganga í gegn, en auðvitað liggur fyrir að framleiðslan verður að bera uppi þá viðbótarskattlagningu sem nú fellur á fyrirtækið. En hins vegar væri fróðlegt að reikna til fullnustu dæmið um hvað barnafjölskyldur í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu hafa hagnast mikið á því að lögin hafa verið í gildi um svo langan tíma.

Hæstv. forseti. Fleiri athugasemdir hef ég ekki við málið að sinni.

[11:15]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill ítreka það sem fram kom í upphafi fundarins að það verður gert fundarhlé kl. 12 og stendur það til kl. 13. Það verða ekki atkvæðagreiðslur á þeim tíma en væntanlega verður leitast við eftir hádegi að láta fara fram atkvæðagreiðslur. Einnig vill forseti minna á að gert er ráð fyrir öðrum fundi í dag og þar verður m.a. tekið fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þarf að leita afbrigða til þess að það mál megi koma á dagskrá.

[11:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. stuðninginn við frv. Ég held að þetta sé misskilningur sem kemur fram í bréfi Mjólkursamsölunnar. Það er verið að vísa til arðsins en ekki til annarrar framleiðslu en mjólkurinnar í þessari greinargerð. En vegna þess að textann má misskilja þá tók ég það skýrt fram í minni ræðu sem reyndar kemur fram í bréfi Mjólkursamsölunnar til mín og hv. þm. hefur gert mér þann greiða að lesa hér.

Ég vil bæta því við að það eru auðvitað fleiri atriði sem mætti skoða og þegar vísað er til samkeppnisstöðu fyrirtækisins gagnvart öðrum drykkjarvöruframleiðendum þá er það alkunna að það er ekki lagt vörugjald á kókómjólk. Þetta er mál sem annað slagið hefur verið rætt og menn muna, a.m.k. menn sem hafa starfað í fjmrn. Það hefur stundum verið umkvörtunarefni drykkjarvöruiðnaðarins. Það er auðvitað ómögulegt að reikna út hvað fyrirtækið hefur lagt barnafjölskyldum til, þetta er einokunarfyrirtæki sem auðvitað þarf að laga sig að breyttum aðstæðum. Ég veit að forustumenn fyrirtækisins vilja það og hafa staðið sig mjög vel í þeim efnum. Málið er auðvitað viðkvæmt.

Ég sendi forstjóra fyrirtækisins frv. um leið og það hafði verið afgreitt úr ríkisstjórninni til þess að hann gæti séð frv. En það var ekki sent með minni vitund eða vilja til Viðskiptablaðsins, enda hafði ég sent forstjóranum frv. áður en ég sá það í Viðskiptablaðinu. Þetta vildi ég að kæmi fram. En aðalatriðið er auðvitað að við erum sammála um þessar lagabreytingar og ég vil nota tækifærið til að þakka hv. þm. fyrir stuðninginn við frv.

[11:18]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mjólkursamsalan hefur verið rekin með þeim hætti að hún býr ekki við frjálst verð. Öll verðlagning hennar er undir fimm manna nefnd og engar tekjur hafa setið eftir í Mjólkursamsölunni.

Hæstv. fjmrh. fullyrðir hér enn að Mjólkursamsalan sé einokunarfyrirtæki sem er auðvitað rangt. Hafi hún einhvern

tímann verið það þá er hún það ekki lengur. Skattaglaðir fjmrh., sem skilja kannski ekki hollustuvörur og gera þar engan greinarmun á, leita auðvitað eftir nýjum og nýjum vörum til að leggja skatta sína á. Þarna dettur hæstv. fjmrh. kókómjólkin í hug og ber hér fram umkvörtun frá drykkjarvöruframleiðendum sem framleiða nú ekki miklar hollustuvörur.

Ég hef sagt það hér, hæstv. fjmrh., að ég geri ekki athugasemdir við þetta mál nú vegna jafnræðisreglunnar. En ég lýsi svo sem ekki yfir neinum sérstökum fögnuði með málið. Ég geri mér grein fyrir að því fylgir sá böggull að sjálfsagt verða vörur fyrirtækisins að hækka til neytenda.

[11:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir stuðning hans við frv., vil ég benda á að ástæðan fyrir því að menn vilja setja vörugjald á eina afurð þessa fyrirtækis, þ.e. kókómjólk, er auðvita sú að kókómjólkin er samsett með svipuðum hætti og ýmislegt sælgæti, hún er að stórum hluta til sykur. Það er líklega ekki eins mikið sykurmagn í nokkurri drykkjarvöruafurð frá öðrum fyrirtækjum og það tíðkast nú á dögum að setja skatta á slíkar vörur. Þess vegna hefur þessi umræða verið uppi. Þetta snýst þess vegna ekki um skattagleði fjmrh. á ýmsum tímum heldur einmitt um þá jafnræðisreglu sem hv. þm. minntist á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 207 (fasteignaskattur, þjónustuframlög). mál. — Þskj. 268.

[11:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Í þessu frv. eru einkum lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

1. Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði lækki í þrepum á næstu fjórum árum og falli alveg niður 1999. Jafnhliða hækki fasteignaskattur skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna í þrepum. Hækkunin komi að fullu til framkvæmda 1999.

2. Hlutverk þjónustuframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra. Samkvæmt tekjustofnalögunum er núverandi hlutverk þjónustuframlaga það að úthluta framlögum til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti.

Í desember 1993 var gerð breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Sú breyting fól í aðalatriðum í sér að aðstöðugjaldið var fellt niður en í þess stað var útsvarið hækkað og einnig fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði. Um leið hætti ríkið álagningu sérstaks 1,5% skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en sveitarfélögin innleiddu svipaða skattlagningu, þó heldur lægri eða 1,25%. Þessi ráðstöfun var þó gerð með það fyrir augum að hún yrði aðeins til bráðabirgða, sbr. bráðabirgðaákvæði við tekjustofnalögin, en í lok þess segir:

„Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga."

Í samræmi við þetta skipaði félmrh. starfshóp í maí 1994 til að fjalla um þennan sérstaka fasteignaskatt. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá félmrn., fjmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Starfshópurinn var sammála um niðurstöður en þær voru í stuttu máli að leggja til að lagður verði niður hinn sérstaki fasteignaskattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en bæta sveitarfélögunum tekjutapið með því að hækka almenna fasteignaskattinn á atvinnuhúsnæði. Starfshópurinn skilaði drögum að frv. sem er fellt óbreytt inn í þetta frv.

Frumvarpsgreinarnar sem um þetta fjalla eru 1., 6. og 7. gr.

Í 1. gr. er lagt til að fasteignaskattur skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. hækki úr allt að 1,12% af álagningarstofni í allt að 1,32%. Þetta þýðir að með 25% álagi getur skatturinn þá hæst orðið 1,65% í stað 1,40% áður. Eins og kemur fram í 6. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að hækkun þessi komi til framkvæmda í þrepum á fjórum árum.

Í samræmi við tillögur starfshópsins, sem getið er um fyrr í athugasemdunum, er í 6. gr. lagt til að sérstakur fasteignaskattur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin verði felldur niður í stiglækkandi þrepum á fjórum árum en jafnframt hækki fasteignaskattur skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna samsvarandi í þrepum á fjórum árum.

Í 7. gr. er kveðið á um að bráðabirgðaákvæðið um sérstaka fasteignaskattinn gildi þar til álagningu fasteignaskatts 1999 er lokið á grundvelli ákvæðisins. Sérstaki fasteignaskatturinn er þá fallinn alveg niður en heimilað að leggja almenna fasteignaskattinn á atvinnuhúsnæði að fullu í samræmi við b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna. Þá er bráðabirgðaákvæðið óþarft og fellur þar með niður.

Í febrúar 1992 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þ.e. 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 390/1991. Greinar þessar fjalla um svokölluð jöfnunarframlög, þ.e. tekjujöfnunar- og þjónustuframlög. Nefndin var skipuð tveimur fulltrúum þáv. stjórnarflokka, teimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum skipuðum af félmrh. Ýmsir fleiri með sérstaka þekkingu á þessu máli komu einnig að þessu verki. Verk þetta dróst nokkuð á langinn vegna breytinga á tekjustofnalögunum við niðurfellingu aðstöðugjaldsins.

Rétt er að rifja upp að við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á tekjustofnum sveitarfélaga sem tóku gildi í ársbyrjun 1990 voru gerðar veigamiklar breytingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Áður hafði aðeins um 6% af árlegum tekjum sjóðsins verið varið til jöfnunar á milli sveitarfélaga en eftir breytinguna hafa þetta verið um 70% af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Eitt af nýmælum sem tekið var upp voru svokölluð þjónustuframlög sem ætlað var að jafna að einhverju leyti mismunandi kostnað sveitarfélaganna. Fyrirmyndin að þessu var sótt til hinna Norðurlandanna en þar hafa einmitt jöfnunarkerfi ríkisins í þágu sveitarfélaganna tekið verulegum breytingum á undanförnum árum.

Nefndin skilaði félmrh. tillögum sínum í nóvember á sl. ári. Áður höfðu þær verið rækilega kynntar á fundi full-

trúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga í mars 1994 og á landsþingi sveitarfélaganna haustið 1994. Bæði fulltrúaráðsfundurinn og landsþingið lýstu yfir stuðningi við tillögurnar.

Tillögurnar voru tvíþættar og sneru annars vegar að tekjujöfnunarframlögunum og hins vegar að þjónustuframlögunum. Reglugerð sem fól í sér breytingar á tekjujöfnunarframlögunum var gefin út í desember í fyrra en hún kemur til framkvæmda við úthlutun tekjujöfnunarframlaganna á næsta ári.

Í tillögunum kemur fram að gert er ráð fyrir að breyta þurfi jöfnunarsjóðskafla tekjustofnalaganna til að tillögur um breytt þjónustuframlög geti náð fram að ganga. Lagt er til að skilgreiningu þjónustuframlaganna verði breytt í tekjustofnalögunum þannig að hlutverk þeirra verði að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra.

Frumvarpsgreinarnar sem fjalla um breytingar á jöfnunarsjóðnum eru 2.–5. gr. frv. Í 2. gr. er lagt til að tónlistarskólaframlögin verði felld inn í þjónustuframlögin en þau hafa numið um 1,8% af vergum tekjum sjóðsins og að öðrum framlögum sem úthlutað hefur verið samkvæmt e-lið 11. gr. verði skipt milli kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum og til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög við að standa undir reksturskostnaði við grunnskóla.

Í 3. gr. eru lagðar til breytingar í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar. Að verulegu leyti fela þessar breytingar í sér skýrara og markvissara orðalag en nú er án þess að um efnislegar breytingar sé að ræða. Þó er lagt til að skilgreiningu þjónustuframlaganna verði breytt þannig að þeim verði úthlutað til að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra, en nú segir að þeim skuli úthlutað til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélög af þeirri stærð veiti.

Þar sem lagt er til að framlög samkvæmt e-lið 11. gr. laganna verði felld inn í önnur framlög er í 4. gr. felld brott núverandi skýring en rétt þykir að setja í staðinn skýringu á framlögunum samkvæmt d-lið 11. gr. laganna, þ.e. grunnskólaframlögunum.

5. gr. er af sama toga, það er afleiðing þess að framlög samkvæmt e-lið 11. gr. laganna verða felld inn í önnur framlög.

Herra forseti. Ég vona að góð samstaða geti tekist um að afgreiða þetta frv. nú fyrir jólin þannig að lögin geti tekið gildi 1. janúar nk. Á það er lögð mikil áhersla af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

[11:30]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Ég bið um fyrst og fremst um orðið til að ræða störf hins háa Alþingis vegna þess að fyrir liggur frv. til breytinga á tekjustofnun sveitarfélaga. Það hefur líklega verið tvo sólarhringa á borðum okkar þingmanna. Í dag er 7. des. og frv. á að taka gildi í byrjun næsta mánaðar.

Undanfarna daga og reyndar síðast í gær hefur Alþingi haft til meðferðar fjáraukalög fyrir árin 1994 og 1995. Í nefndarálitum með þeim kom fram að hv. þm. þykir sem áætlanir þær sem hér eru gerðar séu ekki nógu góðar. Þeim hljóti að vera í ýmsu ábótavant, svo miklu skeikar hvað varðar annars vegar áætlanir og hins vegar þær niðurstöður sem menn horfa framan í.

Virðulegi forseti. Vinnubrögð af þessu tagi eru allt of algeng. Lagabreytingar eru gerðar á síðastu stundu og eiga að koma til framkvæmda með svo stuttum fyrirvara að sá sem á að framkvæma hefur vart ráðrúm til þess að kynna sér ný lög né heldur að finna þeim eðlilegan stað innan þeirra áætlana sem hann kann að vera að gera.

Nú háttar þannig til að sveitarfélögin í landinu eru að vinna að fjárhagsáætlunum sínum. Sum þeirra er langt komin með fjárhagsáætlanir sínar og samkvæmt lögum um sveitarfélög eiga þau að vera búin að afgreiða þær fyrir lok janúar. Löggjafinn gerir strangar kröfur til áætlanagerðar sveitarfélaganna. Þau þurfa líka að hafa afgreitt reikninga sína fyrir tiltekinn tíma og þá verður að senda til félagsmálaráðuneytisins til staðfestingar.

Það eru ólíðandi vinnubrögð að koma með frv. inn í þingið örfáum dögum fyrir þinglok þegar annir eru hvað mestar, frv. þar sem lagðar eru til veigamiklar breytingar á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga. Ég er ekki með þessu að áfellast sérstaklega þann hæstv. félmrh. sem mælir fyrir frv. né heldur að tala um þetta af því að þetta sé einstakt né heldur vegna þess að ég hafi efnislega eitthvað á móti innihaldi frv. Það er bara svo að vinnubrögð af þessu tagi verða að fara að heyra sögunni til. Ef við ætlum að gera betur, eins og mér finnst að bæði forseti þingsins og aðrir hv. þm. hafi fullan vilja til, þarf auðvitað undirbúningur að breytingum sem þessum að hafa lengri tíma. Málin þurfa að hafa betri tíma til umfjöllunar í þinginu, í nefndum og svo ég tali ekki um að þeir sem við eiga að búa, og eftir eiga að vinna, hafi betra ráðrúm til að finna þessum breyttu lögum stað innan þeirra áætlana sem verið er að vinna. Eins og ég gat um áðan eru sveitarfélögin í landinu að vinna að fjárhagsáætlunum sínum en hér segir að lög þessi eigi að öðlast gildi 1. jan. 1996.

[11:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs í andsvari til að taka undir orð hv. 6. þm. Norðurl. e. Þegar komið er fram í desember dengjast mál yfir þingið og eins og kom fram hjá þingmanninum er þetta ekki nýtt. Þó finnst mér það hafa sjaldan verið svo slæmt sem núna og í gær var dreift á borð okkar frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar er um að ræða aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar í húsnæðismálum sem var eitt af stóru málum Framsfl. fyrir kosningar. Það kom á dagskrá með afbrigðum í morgun. Ég væri ekki undrandi á því að mjög marga þingmenn hefði fýst að taka þátt í umræðu um það mál. Það er mjög mikið að gera um þessar mundir og ekki öllum kleift að lesa frv. eldsnemma á fimmtudagsmorgni og fara ofan í það til þess að geta tekið efnislega þátt í umræðunni. Þetta eru afar vond vinnubrögð. Ég var samt staðráðin í því að tefja ekki fyrir þessu máli með því að gera athugasemd hér í upphafi fundar og studdi að það kæmist á dagskrá með afbrigðum en þetta eru ekki góð vinnubrögð. Alþingi er ekki sómi sýndur með því að slengja mikilvægum frv. á borð þingmanna og taka þau til umræðu snemma næsta morgun.

[11:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir athugasemdir sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. um að Alþingi væri ætlaður skammur tími til að afgreiða málið. Það kemur fram í frv. og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra að hann fer fram á það við þingið að það afgreiði frv. áður en að þingstörfum lýkur fyrir jólafrí þannig að frv. megi verða að lögum um næstu áramót. Nú eru ekki nema fáir dagar eftir til jólahlés

og þingstörf eru á þessum tíma annasöm í flestum nefndum af öðrum ástæðum, fyrst og fremst vegna afgreiðslu mála í tengslum við fjárlög. Ég tek undir athugasemdir um að þetta mál er fullseint komið fram til þess að hægt sé með góðum vilja að fallast á að þingið eigi að leggja sérstaklega mikið á sig til að afgreiða það á næstu dögum. Það verður enn frekar ljóst þegar maður les grg. og skýringar með frv. að þeir sem leggja frv. fram hafa haft nægan tíma til stefnu og eru að mínu viti ekki of góðir til að ætla þinginu sæmilegan tíma til að afgreiða málið.

Ég minni á það sem kemur fram í grg. neðst á bls. 4 og efst á bls. 5. En þar segir, með leyfi forseta þar sem vitnað er til þess að frv. þetta sé í meginatriðum sniðið að tillögum sem nefnd hefur unnið að og nefnd þessi kynnti málið á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga í mars 1994. Og í framhaldi af þessum inngangi segir, með leyfi forseta:

„Tillögur nefndarinnar voru síðan kynntar á landsþingi sveitarfélaganna í september 1994 og í ályktun landsþingsins var lýst yfir stuðningi við meginatriði tillagnanna. Tillögurnar lágu fyrir í öllum aðalatriðum á landsþinginu en í framhaldi af því var unnið að útfærslu þeirra. Í nóvember 1994 voru tillögurnar síðan sendar öllum sveitarstjórnum til kynningar".

Það er því liðið rúmt ár síðan málið lá fyrir í öllum aðalatriðum og búið er að kynna það á fundum sveitarstjórnarmanna og sent þar að auki öllum sveitarstjórnum til kynningar. Síðan er komið með þetta mál hingað inn á þingið þar sem þinginu eru ætlaðir örfáir dagar til að afgreiða það sem sveitarstjórnarmenn hafa haft á annað ár. Reyndar kemur ekki fram í skýringum með frv. hvernig tillögurnar eru nákvæmlega frágengnar heldur einungis samandregnar tillögurnar. Ég sé ekki að Alþingi hafi einu sinni allt það efni til athugunar til að geta glöggvað sig á efni málsins eins og sveitarstjórnarmenn hafa haft.

Þetta vildi ég árétta vegna þess að það er að verða ansi þrálátur siður framkvæmdarvaldsins að líta á Alþingi sem vettvang sem á helst ekki að vera fyrir þeim heldur einungis til að ýta á græna hnappinn. Ég er satt að segja orðinn afar þreyttur á því að þurfa að standa í þingstörfum ár eftir ár til þess eins að þjóna einstökum ráðherrum og sérþörfum þeirra. Oft og tíðum hafa þeir mál sem þeir vilja að nái fram að ganga og ekkert nema gott um það að segja. En þeir verða auðvitað að ætla þinginu þann tíma sem boðlegt er til þess að afgreiða mál. Það er því miður þannig að það tekur alltaf ákveðinn tíma að kanna mál til hlítar í þinginu og afgreiða það. Það er ekki góður svipur á þinginu þegar það afgreiðir mál, sem eru efnislega nokkuð viðamikil eins og oft gerist í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, á afar skammri stundu og jafnvel samdægurs. Sem dæmi eru viðamikil tekjuskattsfrv. tekin í gegn á um tveimur sólarhringum eins og ég veit að hæstv. félmrh. þekkir.

Þetta er auðvitað ekki boðlegur gangur mála enda hefur oft og tíðum komið fyrir að þingið hefur gert afglöp í lagasetningu sem hefur síðan þurft að leiðrétta vegna þess að menn höfðu ekki nægan tíma í þingnefndum til þess að athuga málið til hlítar og kalla þá fyrir sem fróðir eru um málið og þingmenn síðan að kynna sér það og velta vöngum yfir því. Allt tekur þetta sinn tíma og þegar menn pressa málið hraðar en hinn eðlilegi farvegur er er því miður alltaf hætta á mistökum. Að mínu viti mega menn ekki koma fram gagnvart þinginu með kröfur um annað vinnulag en eðlilegt má teljast. Þetta mál er auðvitað þannig vaxið og undirbúningurinn hefur átt það langan aðdraganda að það hefði fyrir löngu verið hægt að koma því fram á Alþingi. Ef það hefði t.d. verið lagt fram fyrir miðjan nóvember hefði ég ekki séð neina annmarka á því að afgreiða málið fyrir jólahlé og hefði fundist það alveg eðlileg ósk af hálfu ráðherra að þingið hagaði störfum sínum þannig að svo gæti orðið. Ég þekki hins vegar ekki hvers vegna málið kemur svona seint fram frá ráðuneytinu en á því kunna að sjálfsögðu að vera einhverjar skýringar þó að þær hafi ekki komið fram.

Ég fer ofan í einstök efnisatriði að því marki sem maður hefur getað tileinkað sér innihaldið á þeim skamma tíma sem hefur verið til stefnu til að kynna sér efni þess. Ég minni fyrst á ákvæði til bráðabirgða sem eru í þessum lögum sem voru sett á sínum tíma og var ákaflega skrýtið, satt best að segja. Það var að mínu viti dæmi um mjög sérkennilega lagasetningu. Það ákvæði til bráðabirgða er einmitt birt á bls. 3 í þessu frv. og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félmrn. og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núv. fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga".

Nú spyr ég hv. þingheim: Skilur einhver þetta ákvæði? Veit einhver hvenær þetta bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi? Það þarf að vera skýrt með lagasetningu hvenær lögin gilda og hvenær þau gilda ekki. Þess vegna er yfirleitt lokagrein í öllum lögum sem er gildistökugrein sem kveður á um það hvenær lögin öðlast gildi. Ef eitthvert ákvæði laganna á ekki að öðlast gildi jafnhliða lögunum sjálfum er sérstaklega tekið fram hvaða ákvæði það er og þá hvenær það á að öðlast gildi.

Í þessu tilviki þar sem menn voru að afnema svokallaðan sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og setja upp í staðinn annan skatt, svona til bráðabirgða, setja menn textann um að bráðabirgðaákvæði eigi að gilda í ákveðinn tíma. Hvenær hann á að hætta að gilda? Hann á að hætta að gilda þegar félmrn. og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa *unnið að nánari útfærslu málsins. Hvenær lauk því starfi?* Hvað ætla þau að gera þegar þessir tveir aðilar hafa komist að samkomulagi um nánari útfærslu málsins? Hvað svo sem það þýðir, það veit enginn. Á ekki að koma tilkynning í Lögbirtingablaðinu að þessir aðilar hafi komist að samkomulagi um nánari útfærslu málsins og þar af leiðandi sé þetta bráðabirgðaákvæði fallið út gildi? Engar skýringar um þetta. Síðan kemur fram í frv. að þar er gert ráð fyrir að þetta ákvæði til bráðabirgða gildi áfram þrátt fyrir efnisatriði í frv. sem á að taka á því að hækka almennan fasteignaskatt og fella hitt niður í áföngum. Ég vil leita eftir því við hæstv. félmrh. að hann skýri það hversu lengi þetta ákvæði til bráðabirgða eigi að gilda. Á ákvæði 6. gr. frv. að ryðja þessu bráðabirgðaákvæði út sem mér sýnist að væri ekki óeðlilegt að væri ætlunin? Fróðlegt væri að fá það fram svo ekki sé vafi á þessu. Nógu slæmt er þetta ákvæði til bráðabirgða fyrir.

Þá er það sem er kannski mest áberandi. Það er auðvitað hækkun á fasteignaskattinum á atvinnuhúsnæði um 18%. Það er þó nokkur almenn hækkun á sköttum. Ég er svo sem ekki alveg viss um að allir séu sammála um að það eigi einmitt að gerast núna þegar að reynt er að stilla almennum sköttum í hóf og viðhalda stöðugleika í þjóðfélaginu. Hins vegar eru breytingar í 2. gr. frv. sem mér sýnast horfa til bóta. Það fjármagn jöfnunarsjóðs er aukið sem rennur til tilgreindra verkefna í 11. gr. laganna, þ.e. til stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum annars vegar og hins vegar

til þess að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir rekstrarkostnaði. Þetta sýnast mér vera breytingar sem standa til bóta og sé unnt að samþykkja þær.

Hvað varðar 3. gr. sem er breyting á skilgreiningu á jöfnunarframlögunum er annars vegar verið að breyta skilgreiningu á jöfnunarframlögum og tekjujöfnunarframlögum og mér sýnist þær vera heldur í þá átt að gera hina almennu skilgreiningu skýrari. Hins vegar sýnist mér að löggjafarvaldið ætli ráðherra að ákveða of mikið um ráðstöfun peninganna. En í síðari málsgrein þessarar nýju 12. gr. segir að þá eigi í reglugerð að setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga í fyrsta lagi. Í öðru lagi um viðmiðanir um útgjaldaþörf með tilliti til íbúafjölda og verkefna og í þriðja lagi hvaða skilyrðum sveitarfélögin þurfi að fullnægja til að hljóta þau. Þarna er um að ræða almenn skilyrði fyrir því að fá ríkisframlag. Við megum ekki gleyma því að jöfnunarsjóðurinn er ríkissjóður. Það er bara ein deild úr ríkissjóði því að í jöfnunarsjóð rennur hluti af skatttekjum okkar til ríkissjóðs. Síðan á að deila út úr jöfnunarsjóðnum til sveitarfélaga eftir ákveðnum almennum reglum. Þá verða að mínu viti þær almennu reglur sem mest að vera í lögunum og sem minnst í reglugerð. Mér finnst fullmikið gert ráð fyrir því í þessum lagatexta að það sé á valdi framkvæmdarvaldsins að ákveða hina almennu reglu og sérstaklega þegar haft er í huga að textinn, sem ég er að tala um, er mjög almennur og gefur nánast engar vísbendingar um það hvernig ráðherrann og sveitarstjórnarmennirnir eigi að meðhöndla eða útfæra þennan texta.

Ég set fram það almenna sjónarmið varðandi síðari málsgreinina að ég tel að þingið þurfi að gera hana skýrari og þessi almennu skilyrði fyrir dreifingu fjármagns úr sjóðnum verði að vera í lagatextanum en ekki að gera ráð fyrir að ráðherra hafi frjálsar hendur um hvernig hann útfærir þennan mjög svo almenna texta í reglugerð. Mér sýnist nánast opið í allar áttir hvernig menn skilgreina eða útfæra orðalagið. Hvað þýðir t.d. að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra, eins og segir í grg.? Veit einhver hvað þetta þýðir? Það kemur ekki fram í frv. Menn verða að gá að því þegar menn senda til þingsins eitthvað sem hefur verið unnið að, sjálfsagt mikið og vandlega á öðrum vettvangi og menn eiga þar sína vinnu og skilgreiningar, að það verður þá að koma með til Alþingis. Við höfum ekki setið að þessum störfum. Sú skýring sem ég las upp úr athugasemdum við 3. gr. segir mér ekki mikið.

Síðan er hin almenna pólitíska spurning sem menn þurfa að velta fyrir sér hér á þinginu. Hvert viljum við að hlutverk jöfnunarsjóðsins verði? Viljum við yfir höfuð hafa einhvern jöfnunarsjóð? Ef svo er, til hvaða hluta? Mér sýnist á því sem kemur fram í athugasemdum með 3. gr. þar sem tíundað eru nokkur atriði, sem lagt er til að höfð séu til hliðsjónar þegar meta á útgjaldaþörf sveitarfélaga, það vera komin mikil smáatriði í þá átt að reyna að reikna út mismunandi útgjaldaþörf á óljósum hlutum. Það má vera að menn hugsi sér að jöfnunarsjóðurinn eigi að jafna allt. Eiga engar aðstæður að vera mismunandi og þar sem þær eru mismunandi á þá að eyða þeim mismuni með jöfnunarsjóði? Það má svo sem velta því fyrir sér hvort við getum gert það með svona aðferðum. Ég er nokkuð hugsi eftir svona lestur, á hvaða leið menn eru í jöfnunarsjóðsumræðunni? Ég er ekki endilega að segja að einstakir þættir sem þarna eru nefndir séu hlutir sem menn eigi að leggja til hliðar. En mér finnst vanta hina almennu pólitísku stefnu sem menn ætla að keyra eftir í málinu. Menn eru komnir ofan í einhver minni atriði þar sem menn setjast við reiknistokk og reikna út mismunandi útgjöld eftir sveitarfélögum og segja: Aha, hérna er einhver munur og þá skulum við borga úr jöfnunarsjóði. Það má vera að þetta sé kannski það sem menn vilja en ég veit ekki hvort að þetta sé endilega hin pólitíska lína sem þingið á að gefa.

Þá held ég að ég láti staðar numið í umfjöllun um málið. Mér finnst sumt í því vera þannig að það séu eðlilegar breytingar eins og ég hef getið um. Ég hef enga sérstaka skoðun á þeirri leið sem lagt er til að fara í 6. gr. frv. um að taka í einhverjum áföngum upp hækkun á fasteignaskatti til að mæta niðurfellingu á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þarna eru menn að fara úr sératvinnugreinaskatti yfir á alla atvinnugreinaskatta þannig að hér eru menn að dreifa skattheimtu sem áður var tekin af einni atvinnugrein yfir á aðrar atvinnugreinar. Það er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum hvernig dreifingin kemur út og það er íþyngjandi á sumum atvinnuvegum eins og í sjávarútvegi. Ég er ekkert endilega viss um að það sem sjávarútvegurinn þurfi á að halda um þessar mundir sé að bæta við sig nýjum sköttum þó ég sé ekki þar með að segja á þessu stigi að ég muni leggjast gegn þessu ákvæði. En mér finnst þetta ekki endilega vera neitt sérstakt framfaraspor. Ég verð að viðurkenna það. Það vefst fyrir mér að átta mig á því hvaða markmiðum menn eru að ná með þessari breytingu. Breytingin þýðir að menn hækka skatttekjur af þessu í sjávarútvegssamfélögunum en hlífa verslunarrekstrinum í Reykjavík. Það má svo sem vera eitthvað pólitískt markmið mín vegna.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, 216. mál, fsp. GHall, þskj. 292.

Símahleranir, 222. mál, fsp. SvG, þskj. 302.

Upptökumannvirki til skipaviðgerða, 223. mál, fsp. ÓÖH, þskj. 303.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 13:32.

57. FUNDUR

fimmtudaginn 7. des.
að loknum 56. fundi.

Dagskrá:

1. Afnám laga nr. 96/1936, stjfrv., 206. mál, þskj. 267. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 207. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr.

3. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 215. mál, þskj. 289. — 1. umr.

4. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 221. mál, þskj. 300. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afnám laga nr. 96/1936, frh. 1. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 207. mál (fasteignaskattur, þjónustuframlög). — Þskj. 268.

[13:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um frumvarpið né fara efnislega í greinar þess. Það snýr fyrst og fremst að því að koma tveimur áríðandi málum í ákveðinn farveg. Þau eru um breytingu á þessum sérstaka skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem samstaða var um að færi til sveitarfélaganna og þau settu í nýjan farveg og að breyta hlutverki þjónustuframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hér er lagt til að breyta og hækka fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði á fjórum árum og settir fram útreikningar á hvernig það komi út. Að sjálfsögðu munum við í félmn. fara mjög vel í gegnum þau ákvæði sem hér eru sett fram og skoða hvort sátt er um þau. En ég vil geta þess að t.d. varðandi breytt hlutverk þjónustuframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er þar eitt sem er mjög mikilvægt að lagfæra. Það eru hin skörpu skil sem hafa verið á þjónustuframlögunum þegar þau eru miðuð við tiltekinn íbúafjölda. Þetta hefur skapað erfiðleika á stundum og hér er lagt til að því verði breytt.

Ég hef það á tilfinningunni að ekki verði erfitt fyrir félmn. að fara yfir þetta mál og ljúka því og mun ég með opnum huga fara í þessa vinnu.

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna og vil biðja velvirðingar á því að frumvarpið skyldi ekki vera fyrr fram komið. Að sumu leyti get ég sjálfum mér um kennt en þannig háttaði til að hér eru hengd saman í eitt frumvarp tvö atriði sem komin eru hvort frá sinni nefndinni. Tillögurnar um jöfnunarsjóðinn eða það sem að honum snýr voru tilbúnar fyrir löngu og það frumvarp hefði jafnvel verið hægt að leggja fram á vorþingi. Hins vegar var nefndin sem fór yfir breytingarnar á hinu atriði frumvarpsins, þ.e. breikkun fasteignaskattsstofnins, ekki búin að ljúka störfum fyrr en í haust. En þar sem það var í farvatninu, fannst mér eðlilegra að hengja þetta saman í eitt frumvarp og ég vona að þingmenn hafi skilning á því.

Síðan stóð fyrir dyrum fjármálaráðstefna sveitarfélaga og í sambandi við hana var efni jöfnunarsjóðskaflans kynnt sérstaklega fyrir sveitarstjórnarmönnum. Það fannst mér eðlilegt að gera og heyra viðbrögð sveitarstjórnarmanna ef það væri ekki almenn samstaða um þetta í kjölfarið á fjármálaráðstefnunni. Síðan leið fjármálaráðstefnan og þessum hugmyndum var þar vel tekið. Þá var okkur ekkert að vanbúnaði að ganga frá frumvarpi. Það hlaut samþykki í ríkisstjórn, var sent til þingflokka og afgreitt þar, en fyrir mistök eða óheppni skulum við segja og töf um prentun að lokum, náðist ekki að afgreiða það. Þess vegna er það svo síðbúið.

Ég tek alveg undir það að ekki er vansalaust að leggja svo seint fram frumvarp sem þarf að afgreiðast helst fyrir áramót ef hv. félmn. treystir sér til með svona stuttum fyrirvara. Úr þessum ræðustól hef ég flutt fjöldamargar ræður áþekkar þeim sem voru fluttar í morgun þegar ég hef verið í stjórnarandstöðu og slíkar ræður hef ég líka flutt í þingflokki framsóknarmanna þegar við höfum verið stjórnarmegin og átalið ráðherra um seinagang í frumvarpasmíð. Nóg um það.

Ég vil taka það fram vegna orða hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, að ég ber mjög mikla virðingu fyrir Alþingi og störfum þess. Ég hef langa þingreynslu. Ég er búinn að vera hér í meir en tvo áratugi innanbúðarmaður og veit hvernig störf fara fram og ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi alls ekki að vera nein afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Nóg um það.

Hv. þm. Kristinn Gunnarsson spurði hvenær bráðabirgðaákvæðið félli úr gildi. Það sést glögglega ef hann hefði lesið alla leið aftur í 7. gr. en þar segir svo:

„Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þangað til álagningu árið 1999 á grundvelli ákvæðisins er lokið."

Það eru engin tvímæli um það að þá er þetta bráðabirgðaákvæði fallið dautt. Hitt er svo annað mál að þetta bráðabirgðaákvæði var í eðli sínu kúnstugt og ekki lagatæknilega neitt sérstaklega vel heppnað. Ég var ekki í félmn. þegar það var sett inn á sínum tíma og ber ekki persónulega neina sérstaka ábyrgð á því. Sjálfsagt hef ég greitt því atkvæði í þingsölum. Þetta bráðabirgðaákvæði var ekki í upphaflegu frumvarpi og ég hef kannað það að það mun hafa komið inn í meðförum hv. félmn. á sínum tíma.

Varðandi óskýrar skilgreiningar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um, þá er unnið að reglugerð við þessi lög og hún verður að sjálfsögðu kynnt hv. félmn. Þar er tekið á hinum smærri atriðum og skilgreint nánar það sem fær stoð í lögunum. Ég tel það bara einboðið að hv. félmn. fái þessi reglugerðardrög til athugunar og samanburðar og menn eigi ekkert að velkjast í vafa um hvað í málinu felst. Jafnframt er nákvæmari upptalning í jöfnunarsjóðskafla þessa frumvarps en er í núgildandi jöfnunarsjóðslögum.

Hv. þm., sem mér þykir slæmt að skuli ekki vera í salnum, hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, var líka að velta því fyrir sér hvort við ættum yfirleitt að hafa jöfnunarsjóð. Ég tel að við komumst ekki hjá því að hafa jöfnunarsjóð og væri tilbúinn að fara í langa „diskússjón" við hv. þm. út af því. Jöfnunarsjóður hefur verið mjög mikilvægur vegna þess að sveitarfélögin í landinu eru ákaflega mismunandi. Þau eru misstór og þau hafa misjafna tekjumöguleika og misjafna aðstöðu á margan hátt. Og það er algerlega óhjákvæmilegt að hafa þarna jöfnun á. Nú er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, eins og ég, mjög á því að sameina ekki sveitarfélög með valdboði, að það sé val íbúanna sjálfra hvort þeir sameinast öðrum sveitarfélögum eða ekki. Þar af leiðir að við komum

enn um sinn til með að búa við misstór sveitarfélög og misserk í landinu. Það eykur enn á þörfina fyrir jöfnunarsjóði. Síðast en ekki síst eykst hún svo greinilega mjög við yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólanum.

Um skattheimtuna, þ.e. breikkun á fasteignaskattstofninum, er það að segja að þarna er verið að fella niður skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hefur satt að segja lengi verið umdeildur í þingsölum. Þessa skattheimtu hafa menn aldrei treyst sér til að setja á nema frá ári til árs og ég held að kannski sé ekki mikil eftirsjón af henni. Hæstv. fjmrh. hefur ýmist talað fyrir þessum skatti eða á móti honum. Ég hef oftar talað með honum en á móti, en sé ekkert eftir því að þessi skattheimta falli niður og annað komi í staðinn. Sveitarfélögin urðu að fá tekjur í staðinn fyrir afnám aðstöðugjalds sem við vorum sammála um á sínum tíma að afnema eða a.m.k. naut það mikils stuðnings í þinginu. En herra forseti, ég vil láta þess getið að mér finnst eftir á að hyggja að aðstöðugjaldið hafi haft vissa kosti sem eftirsjón er að. T.d. örvaði það sveitarfélögin til þess að laða til sín atvinnustarfsemi.

Ég vænti þess að hv. félmn. fái þetta frv. til meðferðar. Ég er svo sem ekki að segja henni fyrir verkum, fjarri því, en ég bið hana að líta á málið með velvild. Ég bið velvirðingar á því hvað það er seint fram komið, en bendi á það sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt ríka áherslu á og fulltrúar þess koma til með að leggja áherslu á þegar frv. verður til meðferðar í félmn. að það er hagsmunamál sveitarfélaganna að fá botn í málið fyrir áramót þótt það sé hins vegar hárrétt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að betra hefði verið fyrir þau að geta gengið að þessu vísu og lögfestu við gerð fjárhagsáætlana eða frá upphafi fjárhagsáætlunarvinnunnar. En ég hygg samt að forráðamenn sveitarfélaga hafi flestir vitað að þetta var í farvatninu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (lánstími húsbréfa o.fl.). — Þskj. 289. [13:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, samanber lög nr. 12/1994 og nr. 58/1995.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er klausa um húsnæðislán og þar er kveðið svo á að stefnt skuli að því að lánstími húsbréfa skuli verða breytilegur og tekið á greiðsluvanda þeirra sem í vandræðum eru með þau húsbréf sem þeir hafa þegar fengið.

Í júní sl. skipaði ég síðan nefnd til að athuga kosti þess að lengja lánstíma í húsbréfakerfinu og koma með tillögur um frekari aðgerðir til að leysa og fyrirbyggja greiðsuvanda heimilanna eða þann þátt greiðsluvanda heimilanna sem stafaði af húsnæðiskaupum. Í nefndina voru skipaðir Hákon Hákonarson, formaður húsnæðismálastjórnar, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., Pétur Blöndal alþm. og Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh. Formaður nefndarinnar var hv. þm. Magnús Stefánsson.

Nefndin skilaði mér tillögum sínum í skýrsluformi í lok október. Þar er lagt til að fjölga valkostum í húsbréfakerfinu, að húsbréf verði gefin út með 15, 25 eða 40 ára lánstíma eftir vali hvers og eins. Um frekari aðgerðir til að leysa greiðsluvandann er lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir, frestun á greiðslu án þess að til vanskila hafi komið og að skuldbreyting geti farið saman. Lögð er til sú breyting að aðstoð þessi verði færð yfir í húsbréfakerfið, en hún er nú á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

Í frv. er lagt til að þeir sem ætla að nota húsbréfakerfið vegna íbúðarkaupa eða endurbóta á húsnæði geti valið um þrjá kosti hvað varðar endurgreiðslutíma, þ.e. 15 ár, 25 ár eða 40 ár. Nú er lánstíminn ávallt 25 ár. Með þessu móti er komið til móts við mismunandi aðstæður fólks. Í fyrsta lagi er möguleiki á því að dreifa lánsbyrði meira en nú er og þar eru fyrst og fremst þeir hafðir í huga sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Í öðru lagi að bjóða upp á styttri lánstíma sem ætti t.d. að geta hentað þeim sem eru að skipta um íbúð eða þurfa að fjármagna endurbætur á eldra húsnæði. Verði lánstími lengdur úr 25 í 40 ár getur greiðslubyrðin lækkað um 15–17% en verði lánstími styttur í 15 ár verður greiðslubyrðin hærri og eignamyndun að sama skapi hraðari. Hér er því fólki boðið upp á val sem það hefur ekki haft áður og það getur aðlagað lánstíma að þörfum sínum og aðstæðum hverju sinni. Val á lánstíma mun einnig ráðast af aðstæðum á fjármagnsmarkaði hverju sinni og hvernig kaupin gerast þar með húsbréf. Ávöxtunarkrafan verður auðvitað lykilatriði. Nokkur umræða hefur verið um þann möguleika að lána með húsbréfum til 40 ára og hafa margir tekið það sem gefið að ávöxtunarkrafan verði miklu hærri á lengri bréfum. Reynsla erlendis frá sýnir að þessu getur verið öfugt farið og fagmenn á verðbréfamarkaði hér heima hafa bent á hið sama.

Bjarni Ármannsson hjá Kaupþingi hefur rannsakað málið gaumgæfilega og skilað um það ítarlegri skýrslu. Hann telur að 40 ára húsbréf geti verið vænlegur kostur, bæði fyrir lántaka og fjárfesta. Davíð Björnsson hjá Landsbréfum hefur tekið undir þetta sjónarmið og mælir með 40 ára húsbréfum sem mjög góðum kosti fyrir lífeyrissjóði.

Um aðstoð við greiðsluerfiðleika er lögð til sú kerfisbreyting að aðstoðin færist yfir í húsbréfakerfið í stað þess að vera innan Byggingarsjóðs ríkisins eins og nú er. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðstoð, þ.e. heimilt er að fresta greiðslum í allt að þrjú ár áður en til vanskila kemur. Ef vanskilum er skuldbreytt, verður það gert með útgáfu húsbréfa til 15 ára. Tímamarkið 15 ár tekur mið af núgildandi reglugerð um skuldbreytingar, en meðallánstími vegna skuldbreytinga er nú 10 ár. Í frv. er lögð áhersla á að þessar tvær leiðir, skuldbreyting og frestun á greiðslum geti farið saman og geti náð yfir allt að fimm ára greiðsluerfiðleikatímabil samanlagt. Þannig megi t.d. skuldbreyta vanskilum síðustu tveggja ára og veita greiðslufrest næstu þrjú árin með útgáfu húsbréfa til 15 ára.

Með því að festa aðstoð við greiðsluerfiðleika í sessi innan húsbréfakerfisins eins og frv. gerir ráð fyrir, fær aðstoð í greiðsluerfiðleikum sama lagalega vægi og önnur lánafyrirgreiðsla innan húsbréfakerfisins í stað þess að byggjast annars vegar á tímabundnu ákvæði í lögum og hins vegar í reglugerð eins og nú er. Þetta tel ég þýðingarmikið atriði.

Skilyrði fyrir því að eiga rétt á aðstoð eru efnislega þau sömu og verið hefur, þ.e. að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minnkandi atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum. Lögð er sérstök áhersla á þann möguleika að geta fengið fyrirgreiðslu áður en í óefni er komið. Aðgerðir eru ekki

bundnar eingöngu við fólk sem er í vanskilum. Fólk sem sér fram á erfiða greiðslubyrði vegna breytinga á afkomu getur sótt um frestun á greiðslum í allt að þrjú ár.

Reiknuð hafa verið út dæmi í frv. sem skýra vel hvernig greiðslufrestun annars vegar og skuldbreyting ásamt greiðslufrestun hins vegar geta komið fólki að notum og óþarft að endurtaka það hér.

Þá er rétt að taka það fram að til þess að njóta þess að geta skuldbreytt með þessum hætti, þá þurfa menn að sjálfsögðu að eiga 65% veðmöguleika.

Að öðru leyti, herra forseti, eru í frv. þrjú óskyld atriði. Þar er fyrst að nefna að lagt er til að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með starfsemi húsbréfadeildar, en nú er það svo að bankaeftirlitið hefur aðeins eftirlit með húsbréfum á eftirmarkaði. Hér er haft í huga hve umfangsmikil útgáfa húsbréfa er og hversu frábrugðin starfsemi húsbréfadeildar er annarri starfsemi Húsnæðisstofnunar. Höfð er hliðsjón af lögum nr. 123 frá 1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, en starfsemi þeirra stofnana heyrir alfarið undir bankaeftirlitið. Það mikil líkindi eru með starfsemi slíkra stofnana og húsbréfadeildar að rétt er að sömu reglur gildi um eftirlit með þeim.

Næst er að víkja að eftirliti Húsnæðistofnunar ríkisins með byggingarsamvinnufélögum. Lagaákvæði þar að lútandi hefur um nokkurt árabil verið óvirkt. Slíkt er afleitt og að sjálfsögðu er tvennt til ráða. Gera eftirlitið virkt á nýjan leik eða fella ákvæðið úr gildi. Hér varð síðari kosturinn fyrir valinu og ástæðan er bæði sú að Húsnæðisstofnun telur ákvæðið óframkvæmanlegt og ekki síður hin að lagaleg staða byggingarsamvinnufélaga er orðin önnur en áður var. Tengsl ríkisins og byggingarsamvinnufélaga hafa breyst. Lán byggingarsamvinnufélaga eru ekki lengur með ríkisábyrgð og framkvæmdalán til félaganna hafa verið aflögð. Félagsmönnum er gert kleift að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarsamvinnufélaga með því að kjósa menn úr sínum hópi sem hafa aðgang að öllum gögnum félagsins. Því er litið svo á að eftirlitsskylda með byggingarsamvinnufélögum hvíli fyrst og fremst á félagsmönnum sjálfum. Að öllu þessu samanlögðu er niðurstaðan sú að fella brott ákvæði 2. mgr. 99. gr. laganna sem kveður á um eftirlit Húsnæðisstofnunarinnar með byggingarsamvinnufélögunum. Það er síðan annað og stærra viðfangsefni hvort ákvæði um byggingarsamvinnufélög eigi nú við breyttar aðstæður enn heima innan laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Að lokum er í frv. að finna lagatæknilega leiðréttingu á 3. mgr. 58. gr. a, sem sett var með lögum nr. 12/1994. Í lögum nr. 58/1995 var gerð sú breyting varðandi félagslegar íbúðir að einungis hækkaðar tekjur en ekki eignir geta leitt til hækkunar á vöxtum Byggingarsjóðs verkamanna. Þá var verið að þrengja þau ákvæði sem leiða til hækkunar á vöxtum í félagslega kerfinu. Þegar þessi lög voru sett hefur láðst að gera nauðsynlega breytingu á 3. mgr. 58. gr. a sem fjallar um endurskoðun vaxta á lánum Byggingarsjóðs verkamanna þegar lögbýli eiga í hlut og því er lagt til að hér verði úr því bætt.

Herra forseti. Að endaðri þessari umræðu geri ég tillögu um það að frv. verði sent hv. félmn. til athugunar.

[14:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég stíg ekki í ræðustól með sömu jákvæðu formerkjunum og ég gerði hér áðan í umræðu um tekjustofna sveitarfélaga, enda er þetta mál allt annars eðlis. Það er ekki hægt að fjalla um frv. sem slíkt nema komið sé inn á stefnu Framsfl. og loforðaflaum.

Við höfum hlustað á félmrh. sem kynnt hefur þingi og þjóð hvernig Framsfl. stendur við kosningaloforðin um aðstoð í húsnæðismálum og breytingar á stöðu heimilanna. Þetta er eins konar erkibiskupsboðskapur. Þegar maður hugsar um þær yfirlýsingar sem fallið hafa úr þessum ræðustól er mér efst í huga að fjallið tók jóðsótt og fæddist lítil mús. Enginn flokkur hefur haft önnur eins orð uppi og Framsfl. á sl. vetri og fyrir kosningar um stöðu heimilanna, um nauðsyn úrbóta fyrir heimilin í landinu, um nýjar leiðir í húsnæðismálum o.s.frv. Ég ætla, virðulegi forseti, að leyfa mér að vitna aftur í tvær setningar sem féllu í utandagskrárumræðu í desember í fyrra. Þær setningar sýna sjónarmið Framsfl. sem stangast algjörlega á við það sem nú er að gerast. Úr þessum ræðustól sagði Finnur Ingólfsson m.a. í utandagskrárumræðu á Alþingi:

„... þær staðreyndir sem blasa við mörgum heimila í landinu, þar sem þúsundir fjölskyldna eru að verða gjaldþrota, þá er það bara svo því miður að það blasir við neyðarástand á mörgum heimilum í landinu og það neyðarástand mun skapa margvísleg félagsleg vandamál. Það mun leggja auknar byrðar á *félagsmálastofnanir, það mun auka örvæntingu* einstaklinganna og það mun skapa sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa."

Þetta eru þung og stór orð, virðulegi forseti, og undir þetta tók hv. þm. Páll Pétursson, nú hæstv. félmrh. Hann sagði:

„Ástandið í þessum málum er gjörsamlega óviðunandi. Það er útilokað að ljúka þingi nú í vetur öðruvísi en ganga frá þessum málum með einhverjum viðunandi hætti. Ég held að kominn sé tími til að við hugleiðum í alvöru hvort nokkuð undanfæri sé að bjarga litlum fyrirtækjum, þ.e. fjölskyldunum í landinu, með sértækum aðgerðum eitthvað í stíl við það sem stóru fyrirtækin hafa notið."

Þetta var í fyrra í desember þegar kallað var eftir því hvað þáv. ríkisstjórn ætlaði að gera í *húsnæðismálum og þeim* vanskilavanda sem þá var við að etja og við umræður um það hvaða áform væru uppi, hvað verið væri að gera og hvað fram undan væri.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að koma örlítið inn á það hvað þá var rætt um. Þá var verið að setja á laggir samstarfshóp með aðild allra banka, samtaka sparisjóða, samtaka almennra lífeyrissjóða, ASÍ, BSRB, Neytendasamtakanna, Sambands ísl. sveitarfélaga og Húsnæðisstofnunar til að efna til viðtæks samráðs um fjölþættar aðgerðir allra þeirra sem koma að skuldum heimilanna með einhverjum hætti og allra þeirra sem á einhvern hátt hafa uppi ráðgjöf og allra þeirra sem hinn almenni launamaður leitar til þegar hann á í erfiðleikum af þessu tagi. Og ekki síst vegna þess að vanskilin eru svo oft skamtíma bankalán. Þá var rætt um að opna víðtækari heimildir til skuldbreytinga sem þá voru mun þrengri og að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir með því að hafa samband við fólk í erfiðleikum að fyrra bragði. Þetta kallast „ambúlant" aðgerðir, þ.e. aukin ráðgjöf og fræðsla í svipuðum dúr og koma á á laggir eftir áramótin. Því var lýst yfir að búið væri að leita eftir því við fjmrn. að vaxtabætur yrðu samtímagreiðslur. Nú inni ég hæstv. fémrh. eftir því hvað líður könnun þess máls að vaxtabætur verði meiri samtímaaðgerð við greiðslur skuldara á skuldum, t.d. við Húsnæðisstofnun.

Fjölgun gjalddaga af lánum til að hjálpa fólki að skipuleggja fjármál sin betur og athugun á því að fyrstu íbúðakaup fengju hækkuð lánshlutföll og mismunandi lengd húsbréfa voru einnig rædd, virðulegi forseti, og í kjölfar þessarar umræðu var á útmánuðum ákveðin breyting á reglugerð um skuldbreytingar þar sem skilyrði voru rýmkuð vegna þess að áður var eingöngu tekið tillit til tekjutaps, veikinda eða atvinnuleysis. En þá var opnað fyrir það að tekið væri tillit til annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna og breyttra forsendna frá íbúðarkaupum.

Þá var einnig heimilað að þrír nýir ráðgjafar yrðu ráðnir til ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar í því skyni að efla ráðgjöf stofnunarinnar vegna þess að þá var orðin bið eftir úrlausn þeirra sem áttu í erfiðleikum og sóttu til stofnunarinnar, þrátt fyrir samvinnu við banka og sparisjóði um að fólk gæti leitað þangað og fengið útreikninga og skoðun á því hver staða þeirra væri. Og það er lykilatriði í starfi ráðgjafarstofnunar eins og er hjá Húsnæðisstofnun ríkisins að þar sé um góða ráðgjöf að ræða og þar sé brugðið skjótt við. Ég heyri það á hæstv. félmrh. að hann vill auka forvarnir og bregðast skjótt við, og því er næsta spurning mín til hans: Eru uppi áform um að fjölga ráðgjöfum hjá ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar?

Ég get ekki fjallað um þessi mál öðruvísi en að koma örlítið inn á tillögur framsóknarmanna sem komu fram síðar og í kosningabaráttu þeirra, m.a. þetta sem nú er sett í frv. að lengja húsbréfalán Húsnæðisstofnunar ríkisins úr 25 árum í 40 ár. Þegar það var sett fram á sínum tíma var því hikstalaust haldið fram að það létti greiðslubyrðina um 25%. Það er enginn vafi á því að þessi staðhæfing hitti ekki síst ungt fólk beint í hjartastað þegar það sá fyrir sér að það væri hægt að létta á um fjórðungi af greiðslubyrðinni af húsnæðisláninu. Hins vegar vorum við að reyna að útskýra að þetta væri ekki svona gott. Það mætti reikna með að þetta létti greiðslubyrði um 16,6% og ég sé í þessu frv. sem búið er að mæla fyrir að þar er staðhæft að greiðslubyrðin af lengdu láni sé um 17% léttari. Við ráðherrann höfum því nálgast í því mati á þeim mánuðum sem liðnir eru. Miðað við það má reikna með að af um 1 millj. kr. húsbréfaláni lækki greiðslubyrðin um um það bil 1.000 kr. á mánuði.

Það var lögð mjög mikil áhersla á að þetta væru snjöll úrræði, en er það sem eftir stendur. Og það segi ég þrátt fyrir að ég mun styðja þessa lagagrein. Ég mun styðja þá heimild að Húsnæðisstofnun geti veitt húsbréf til 15, 25 eða 40 ára. Ég held að það sé ágætur kostur að sá möguleiki sé fyrir hendi, en það á alveg eftir að koma í ljós hvort þetta þýðir aukin afföll af lengri húsbréfum miðað við hin styttri og þar með þyngri greiðslubyrði á þá sem eru fátækari og taka löngu lánin þess vegna.

Ég nota einnig þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að spyrja félmrh. beint þar sem búast mátti við að frumvörp til úrbóta í húsnæðismálum mundu fylgjast að hingað inn á hið háa Alþingi, hvað líður frv. um greiðsluaðlögun sem Framsfl. hefur haft svo mikil orð uppi um og var m.a. búinn að flytja frv. um og hefði átt að vera einfaldasta mál í heimi að setja fram aftur sem stjfrv.

Það féllu mjög hörð orð á sl. vetri um stöðu heimilanna og það voru miklar kröfur gerðar um aðrar og frekari úrbætur en þær sem ég nú hef lýst að voru þá í farvatninu. Það var tekið mikið mark á yfirlýsingum Framsfl. um úrbætur fyrir heimili í landinu og ég held að ég muni það rétt að á flokksþingi Framsfl. hafi verið talað um að þeir væru tilbúnir að setja 3 milljarða kr. til þess að fara í samvinnu við verkalýðshreyfinguna um aðgerðir sem sneru beint að heimilunum. Það mátti skilja það svo að þar yrði um að ræða einhverjar launaúrbætur sem og úrbætur í húsnæðismálum sem skyldu hafa það að markmiði að endurreisa heimilin í landinu. Undrar þá nokkurn að mín umsögn um þetta frv. sé sú að þar hafi fæðst lítil mús, miðað við allar fyrri yfirlýsingar?

Virðulegi forseti. Við skulum skoða um hvað þetta frv. snýst og hvers eðlis það er. Ég hef þegar getið þess að ég mun styðja þá grein í félmn. að heimild sé fyrir að lánstími á fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild kaupir skuli vera 15, 25 eða 40 ár, en þá kemur einnig næsta spurning mín til hæstv. félmrh. Hann hefur ótrauður haldið því fram að það sem hann væri að vinna að væri bæði þetta og einnig það að þeir sem væru í skuldum hjá Húsnæðisstofnun fengju þann möguleika að geta breytt fasteignaveðbréfi sínu í 40 ár, jafnvel þótt húsbréfið sem á móti kæmi væri til 25 ára. Og nú spyr ég hæstv. félmrh.: Hvað líður þeirri aðgerð, sem ég býst við að þeir sem þegar eru í skuldabasli hafi bundið meiri vonir við en þær breytingar sem verða til framtíðar litið með því að heimila húsbréfadeild að veita 40 ára lán til þeirra sem eiga eftir að fara í húsnæðiskaup. Hvað líður þeim gerningi að þeir sem eru í basli geti fengið ný fasteignaveðbréf til 40 ára?

Virðulegi forseti. Það sem ég ætla að ræða um í þessu frv. er fyrst og fremst 1. og 2. gr. Ég vil taka það fram að 4. gr. er samræming, eins og ráðherrann lýsti hér, og 5. gr. er mjög eðlileg vegna þess að það var eiginlega útilokað fyrir Húsnæðisstofnun að sinna því hlutverki sem þessi grein ætlaðist til. Þá standa eftir 3. gr. og 2. gr. og það er svo merkilegt, virðulegi forseti, að félmrh. er einstaklega lipur maður í fjölmiðlum og hann hefur alveg einstakt lag á því að vekja athygli á einhverju allt öðru en því sem málið snýst um þegar hann fjallar um þau mál sem hann ætlar að flytja á Alþingi. Minni ég þá á að á þeim sama tíma og atvinnuleysi mældist mest hér á landi, eða í júlí í sumar, kom ráðherrann í fjölmiðla og lýsti því yfir að nú ætlaði hann að skrúfa fyrir leyfi til útlendinga og nú skyldu Íslendingar fara að vinna þessi störf. Að sjálfsögðu urðu fjölmiðlar mjög uppveðraðir af þessu. Enginn talaði um hið mikla atvinnuleysi. Allir töluðu um að nú ætti að skrúfa fyrir leyfi útlendinganna. Þannig var það líka í gærkvöldi þegar haft var viðtal við ráðherrann út af þessu frv. Þá urðu menn mest uppteknir af því að nú skyldi Seðlabankinn hafa eftirlit með húsbréfadeild og að nú skyldu fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Var þarna væri eitthvað gruggugt á seyði og er e.t.v. eitthvað farið að fjara undan forstjóra Húsnæðisstofnunar? Auðvitað var það það sem fékk mesta umfjöllun í fjölmiðlum. En þá stendur eftir 2. gr. og ég ætla að fara örlítið yfir hana.

Það sem gerist með 2. gr. er að aðstoðin við þá sem leita eftir skuldbreytingum er færð frá Byggingarsjóði ríkisins yfir í húsbréfadeild. Það þýðir að sá sem nú fær skuldbreytingu á lánum sínum vegna erfiðleika, fær húsbréf með vöxtum húsbréfa og afföllum húsbréfa. Það er sem sé markaðurinn sem ræður vaxtakjörum og afföllum varðandi þær úrbætur sem skuldarinn fær hér eftir en áður var því þannig varið að þegar skuldbreytt var, þá var skuldbreytt á kjörum þess láns sem viðkomandi var með hjá Húsnæðisstofnun. Ef hann var með lán frá Byggingarsjóði ríkisins með vöxtum einhverra fyrri tíma, var skuldbreytt með þeim vöxtum. Ef hann var með önnur lán á vegum Húsnæðisstofnunar var skuldbreytt

miðað við það. Þessi skuldbreytingalán gátu verið frá 5 til 15 ára. Ég taldi mjög mikilvægt að Húsnæðisstofnun hefði þann sveigjanleika að geta ráðið hvort viðkomandi þyrfti aðstoð í 5 ár eða eitthvað lengur. Nú er eingöngu hægt að skuldbreyta til 15 ára og miðað við húsbréfaákvæðin er lágmarksfjárhæð 700 þús. kr. *Ég veit ekki hvort ráðherrann hefur hugsað* sér að breyta lágmarksfjárhæðinni og það er næsta spurning mín. Verður lágmarksfjárhæðin í skuldbreytingarútlánunum 700 þús. eða verður Húsnæðisstofnun unnt að lána lægri fjárhæðir? Meðallán til skuldbreytinga nú eru um 400 þús. kr. Ef til vill verður svar ráðherrans þannig að þar með verði húsbréfaheimildin lækkuð niður í 400 þús. og þá sjáum við að það á að lána 400 þús. kr. til 15 ára.

Möguleikar Húsnæðisstofnunar og svigrúm minnkar. *Lánsupphæðin er til 15 ára og það er viss hætta á því að ef sett* er lágmarksupphæð á fyrirgreiðsluna, hvort sem hún verður 400, 500, 600 eða 700 þús. kr. að þá verði jafnvel vanskilum hjá Húsnæðisstofnun safnað í slíka lágmarksfjárhæð til að taka húsbréfin.

Annað dæmi sem ég vil taka úr þessu nýja fyrirkomulagi sem ráðherrann hefur kynnt, er að veðsetning lækkar úr 70% í 65% og skilgreint er nýtt matsverð sem miðað verður við. Núna er fyrirgreiðsla miðuð við að heildarlán fari ekki yfir 70% af brunabótaverði íbúðar, sem þýðir að ef brunabótaverð íbúðar er um 10 millj. þá má heildarlán ekki fara yfir 7 millj. kr. og alls ekki yfir brunabótamat eðlilega. En ef við tökum hið nýja matsverð má gefa sér að íbúð t.d. á Ísafirði hefði verið keypt á 4 millj. kr. árið 1990. Uppfærð væri hún ef til vill einhvers staðar í kringum 5 millj. og þá mætti lána 65% af þessari upphæð sem yrði kannski innan við 5 millj.

Það er líka verið að ákveða að greiðsluerfiðleikatímabilið sé fimm ár samanlagt sem þýðir að ef vanskilatímabilið er orðið lengra en tvö ár sem auðvitað er óheppilegt en hugsanlegt, má frystingin ekki vera þau þrjú ár sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þannig ef að vanskilin væru nú þrjú ár má frystingin eingöngu vera tvö ár. Þarna er verið að setja skorður og ég spyr: Af hverju má ekki frystingin vera þrjú ár í öllum tilfellum óháð því hvað greiðsluerfiðleikatímabilið hefur teygst?

Mér sýnist, virðulegi forseti, að frumvarpið sem hér er lagt fram þrengi þá kosti sem voru fyrir hendi. Ekkert í því eykur aðstoð umfram þá sem verið hefur. Það verður að segjast eins og er, að ef ég lít yfir þetta frumvarp er aðstoðin e.t.v. minni en Alþfl. var með hjá sér og var Alþfl. þó ekki með nokkur loforð varðandi þessi mál, hvorki á síðasta vetri né fyrir kosningar en reyndi efnislega og af sanngirni að fjalla um hvað væri mögulegt og hvað væri fyrirhugað.

Það er verið að færa aðstoðina nær bankafyrirkomulagi, virðulegi forseti, og það sem gerist er að það sem þrengt er bitnar á fólki í minnstu íbúðunum, þeim sem eiga minnst og þeim sem búa á landsbyggðinni.

[14:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp sem lengi hefur verið beðið eftir. Lengi beðið eftir, segi ég, vegna þess að hér birtast lausnir Framsfl. á vanda þeirra sem lent hafa í vanskilum eða greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa. Hér eru kynntar aðgerðir sem varða heill og hamingju þúsundanna, svo vitnað sé til frægra ummæla hv. þm. Guðna Ágústssonar, síðan fyrir kosningar. Þá þoldi það enga bið að ganga til verka. En hér eru verkin látin tala, verk Framsóknar sem hafði ráð undir rifi hverju fyrir kosningarnar í vor og hefur nú setið í átta mánuði í ríkisstjórn án þess að hafast að. En málið þoldi sem sé enga bið. Og þá skyldi maður ætla að um nokkurn atburð væri að ræða, tímamót og nýmæli.

Nú er ég, virðulegi forseti, hreint ekki að gera lítið úr vanda allra þeirra sem lent hafa í erfiðleikum með húsnæðislánin sín. Þeir eru sem betur fer ekki nema hluti þeirra sem fengið hafa lán hjá Húsnæðisstofnun en sannarlega hefur erfitt atvinnuástand, minni yfirvinna, atvinnuleysi og aðrar efnahagsþrengingar leikið allt of stóran hóp grátt og gerir enn. Ég var hins vegar aldrei sammála því að kerfinu væri bara um að kenna eins og Framsókn hélt fram og að með því að breyta kerfinu mætti með einu handtaki kippa öllu í liðinn. Aldeilis ekki. Og svo var um fleiri. Þess vegna er það stærri atburður en ella þegar hæstv. félmrh. leggur fram tillögur sínar til breytinga á þessu kerfi. Því eins og áður sagði, hér eru verkin loksins látin tala. Hér kemur fram svart á hvítu hvað átt var við með gagnrýninni og þá ekki síður loforðunum frá því í vor.

Þegar þetta litla frumvarp er skoðað kemur í ljós að það eru aðallega 1. og 2. gr. sem skipta máli fyrir fólkið í landinu, þá sem kunna að hafa beðið annarra og betri úrlausna en Húsnæðisstofnun býður upp á nú. Hinar eru fremur tæknilegar og þurfa skoðun sem slíkar. En það eru sem sé þær tvær fyrstu sem eitthvað kjöt hafa á beinunum, virðulegi forseti. Ég ætla fyrst að fara yfir efni 2. gr. því þar er stungið á kýlinu. Þar er tekið á vandanum, eða hvað? Í grg. með frumvarpinu er rakin saga greiðsluerfiðleikalána Húsnæðisstofnunar frá 1985. Fram kemur að þann áratug sem sagan er rakin hafa einlægt verið hópar sem þurft hefur að skuldbreyta hjá ýmissa aðstæðna vegna sem ekki var mætt með öðrum hætti að mati þáv. stjórnvalda. Sá hópur sem gripið var til ráðstafana út af 1985 var t.d. misgengishópurinn svokallaði, sá sem lenti einna harðast úti þegar verðtrygging var tekin af launum en látin halda sér á lánum. Vinnubrögð og aðferðir hafa þróast og árið 1993 var gert samkomulag félmrn., Húsnæðisstofnunar, banka og sparisjóða í samstarfi við Samtök lífeyrissjóða, um sérstakar aðgerðir til að leysa vanda íbúðareigenda. Þær skuldbreytingar byggja á reglugerð með heimild í lögum sem nær bæði til vanskila lána Byggingarsjóðs ríkisins og af fasteignaverðbréfum húsbréfadeildar. Þessar skuldbreytingar hafa byggst á sérstökum lánaflokki innan Byggingarsjóðs ríkisins og hafa lánin verið veitt til allt að 15 ára. Skuldbreytt hefur verið allt niður í fimm ár og lægstu fjárhæðir hafa verið innan við 200 þús. kr. Sú upphæð segir okkur e.t.v. mest um sorglega lág laun og greiðslugetu þeirra sem eru að reyna að eignast húsnæði á Íslandi í dag. Samtals hefur *500 millj. verið varið til þessa verkefnis frá* hausti 1993 og nú tveimur árum síðar eru tæplega 30 millj. eftir til ráðstöfunar. Jafnframt hefur samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum verið unnt að grípa til greiðslufrests til allt að þriggja ára. Þá birtast hinar nýju ráðstafanir, allsherjarlausn Framsfl. Og í hverju eru þær þá fólgnar? Eftir því sem fram kemur í frumvarpinu eru þær helstar að í stað þess að byggt sé á heimild í lögum varðandi skuldbreytingu og á bráðabirgðaákvæði varðandi frestun greiðslu, er lagt *til lausnar vanda húsnæðiskaupenda að lögfest verði að fara* megi báðar þessar leiðir. Að það verði lögfest, að þær fái skýrari lagastoð. Þetta þykir sumum stórbrotið og kann hver að hafa sinn smekk í því.

Helstu efnisbreytingar eru síðan þær að í stað þess að um sérstakan lánaflokk sé að ræða eins og nú er, verða skuldbreytingar til lausnar vandanum fjármagnaðar með húsbréf-

um til 15 ára. Ekki með sveigjanlegum tíma eins og nú er þar sem tíminn hefur eins og áður sagði farið niður í allt að fimm ár ef aðstæður hafa verið þannig. Nei, til 15 ára. Punktur og basta. Vextir í núv. kerfi eru 4,9% en verða samkvæmt tillögu til lausnar vandanum 5,1% plús afföll. Í núv. kerfi eru ekki tímamörk varðandi það hve lengi vanskil mega hafa safnast upp áður en gripið er til frystingar og/eða skuldbreytingar. Aðili sem er með einhverra ára skuldahala getur fengið þriggja ára greiðslufrest ef hans fjárhagur er slíkur og síðan skuldbreytingu. En samkvæmt tillögum til lausnar vandanum mega skuldbreyting og/eða greiðslufrestur ekki fara fram yfir fimm ár og þar af greiðslufrestur ekki lengur en þrjú. Greiðslugeta nú er miðuð við 30%. Í tillögum til lausnar vandanum er gert ráð fyrir 30% sömuleiðis. Veðmörk eru nú 70% af brunabótarmati. Í tillögum til lausnar vandanum er miðað við 65% af matsverði sem er kaupverð íbúðar samkvæmt útskýringum í frumvarpinu. Í núv. kerfi er upphæðum allt niður í 150 þús. skuldbreytt og meðaltalsupphæð þeirra vanskila sem skuldbreytt er er undir 400 þús. kr. Í tillögum til lausnar vandanum er ekki minnst á lágmarksupphæð en af því að einungis á að lána með húsbréfum er rétt að geta þess að húsbréfalán samkvæmt gildandi reglum fæst einungis fyrir um 700 þús. kr. upphæð eða hærri. Nauðsynlegt er því að það fram komi hvort tillögur til lausnar vandanum gera ráð fyrir að vanskil þurfi að hafa náð þeirri tölu áður en hægt er að skuldbreyta.

Virðulegi forseti. Nú hrannast spurningarnar upp. Getur verið að tillögur til lausnar vandanum séu þær í fyrsta lagi, að lögfesta það sem Húsnæðisstofnun hefur verið að gera á grundvelli heimildar og bráðabirgðaákvæðis í lögum? Þær eru þá fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Í öðru lagi: Verður í stað sérstaks lánaflokks um húsbréfalán að ræða með tilheyrandi vaxtahækkunum frá því sem nú er? Og það einungis til 15 ára. Í þriðja lagi: Verða tímamörk þrengd varðandi það hve lengi vanskil hafa verið ef um greiðslufrest á skuldbreytingu á að vera að ræða? Í fjórða lagi: Verður miðað við sömu greiðslugetu og nú? Í fimmta lagi: Verða veðmörk lækkuð og umbúnaður þannig að um mun lægri upphæðir verður að ræða, sérstaklega út á landi? Í sjötta lagi: Hefur verið ekki hugsað fyrir því að sumt fólk hefur svo takmarkaða greiðslugetu að það þarf að fá allt niður í 150 þús. kr. skuldbreytt?

Virðulegi forseti. Hverjar eru tillögur Framsóknar til lausnar þeim vanda sem enginn hefur útmálað með jafndramatískum hætti og frambjóðendur þess flokks? Er þetta það sem boðið er upp á, þrengingar frá því sem nú er í öllum helstu atriðum. Og hvað með samkomulagið frá 1993 við banka, sparisjóði og lífeyrissjóði o.fl. Er það í uppnámi? Í ljósi þessa, virðulegi forseti, verður athyglisvert að skoða frumvarpið um greiðsluaðlögun sem væntanlega verður til umfjöllunar bráðlega því að vandinn er jú mikill samkvæmt lýsingum þeirra sem nú um véla.

Í 1. gr. frumvarpsins núna er gerð tillaga um að lánstími fasteignaverðbréfa sem húsbréfadeild kaupir skuli vera 15, 25 eða 40 ár í staðinn fyrir 25 að hámarki eins og nú er. Í grg. er farið nokkuð yfir afleiðingar og fyrirkomulag og okkur gerð grein fyrir því að ljóst sé að mismunandi lánstími húsbréfa hafi í för með sér mismunandi ávöxtunarkröfu og afföll, allt eftir lengd bréfanna og aðstæðum á markaði hverju sinni. Hér hæfir að segja: Vissu fleiri en þögðu þó.

Hitt kemur aftur á móti á óvart í frv. og hlýtur að vekja upp spurningar um viðbrögð að á bls. 3 þar sem fjallað er um 40 ára bréfin eru leiddar að því líkur að bréf til langs tíma beri minni afföll en bréf til styttri tíma eða eins og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Því er ekki ólíklegt að 40 ára bréf geti selst með lægri afföllum en húsbréf til 25 ára."

Á bls. 5 er hins vegar verið að réttlæta það að skuldbreytingalánin verði einungis til 15 ára með tilvísan til reynslunnar, en auk þess er það réttlætt með lægri afföllum eða eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „enda lægri afföll eftir því sem lánstíminn er styttri." Og nú er mér allri lokið, virðulegi forseti. Á bls. 3 er það kostur að lengja lánin af því að þá geti bréfin selst með lægri afföllum, en á bls. 5 er það hins vegar fullyrt að það séu lægri afföll eftir því sem lánstíminn er styttri. Og við hljótum að spyrja: Hverjir eru ráðgjafar ráðherrans? Okkur er það öllum ljóst að aðstæður geta skipt sköpum varðandi afföll hvort sem um er að ræða 15, 25 eða 40 ára bréf. Og það er í meira lagi billegt að grípa til þessara kúnsta til þess að reyna að selja 40 árin sem sérstaka lausn í húsnæðismálum. Nær er auðvitað að segja bara eins og ráðherrann sagði hér áðan: Það getur verið ágætt að hafa þennan möguleika til lengri lána, en það þýðir auðvitað breytingar á verði fasteigna. Það þýðir breytingar á vöxtum og á afföllum o.s.frv. Þessir þættir ráðast m.a. af lengd lánanna núna rétt eins og áður.

Virðulegi forseti. Það eru ýmis mál sem hv. félmn. mun þurfa að láta skoða betur og ýmsum spurningum er ósvarað eins og ég rakti áðan. Einni er þó fullsvarað. Framsfl. hafði því miður ekki eins mikið vit á því sem hann lofaði í kosningabaráttuni í vor og menn kannski héldu. Eða ekki það afl og kjark til að framkvæma í samræmi við það sem lofað var. Það sést því miður best á þeim leiðum til lausnar vandanum sem hér hafa verið kynntar. Um þær er einungis hægt að segja það sama og drengurinn sagði í sögunni um nýju fötin keisarans: Mamma. Keisarinn er ekki í neinu.

[14:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta sem fyrri ræðumaður talaði um, afföllin af 15, 25 og 40 ára húsbréfum, er það spurningin um mat manna á þróun vaxta næstu 30, 40–50 árin, sem sagt hvort menn trúa að vextir muni lækka eða hækka á þeim tíma, hvort afföllin verða meiri eða minni á þessum bréfum. Ef lífeyrissjóðir hafa þá trú að við séum núna á sérstöku hávaxtaskeiði, sem við reyndar erum, og búast við því að vextir haldist ekki svona háir lengi, þ.e. 5%, svona lengi, kaupa þeir frekar 40 ára bréf en 25 ára bréf til að negla inni ávöxtunina þennan tíma. Lífeyrissjóðir eru reiknaðir út með 3,5% ávöxtunarkröfu þegar þeir eru gerðir upp og það skiptir þá verulegu máli að negla þessa ávöxtun inni í langan tíma. Þetta getur valdið því að ávöxtunarkrafan fyrir lengri bréf verði lægri en fyrir styttri bréf af því að menn negla ávöxtunina lengur inni.

Á síðu 3 í greinargerð með frv. er talað um að afföllin fyrir 15 ára bréf með 6,25% ávöxtunarkröfu séu nánast þau sömu og á húsbréfum til 25 ára með 5,75% ávöxtunarkröfu, þ.e. með 0,5 % lægri ávöxtunarkröfu. Sömuleiðis ef ávöxtunarkrafa 40 ára bréfs er 5,5%. Það þarf ekki nema 0,25% lækkun ávöxtunarkröfu þannig að afföllin séu þau sömu af 25 ára bréfi og 40 ára bréfi. Ef lífeyrissjóðirnir ætla sér að negla enn frekar inn þessa ávöxtun og ásókn í 40 ára bréfin verður meiri, þá getur þessi munur orðið þannig að það verði minni afföll af 40 ára bréfum en 25 ára. Og mér segir svo hugur að almenningur muni frekar velja 15 ára bréf en 25 ára

bréf og það verði mjög fáir sem velji 40 ára bréf í húsbréfum. Ég geri ekki ráð fyrir að margir vilji vera að borga af íbúðinni sinni frá fertugu til áttræðs.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mál til komið að húsnæðismál komi aðeins á dagskrá. Sá málaflokkur hefur verið fyrirferðarmikill í umræðu undanfarin ár og áratugi og er það að vonum, aðrar eins kollsteypur og gengið hafa yfir í þeim efnum með nokkuð reglulegu millibili. Mér telst svo til að með svona 6–10 ára millibili hafi Íslendingar staðið í því að umbylta húsnæðislánakerfi sínu. Þar gætir auðvitað þeirrar sérstöku stöðu sem hér var komin upp undir lok verðbólgutímabilsins og fyrir daga verðtryggingar að svo til allt íbúðarhúsnæði í landinu var afskrifað og skuldlaust og engin eðlileg langtímafjármögnun var þar fyrir hendi. Það gerði það að verkum að ástand á fasteignamarkaði fyrir notað húsnæði var afar afbrigðilegt og þess sér enn stað að það tekur langan tíma að byggja upp eðlilegan stofn að langtíma fjármögnun þegar þannig ástand hefur skapast. Þetta er það sem snýr að notaða markaðnum, en síðan hafa miklar hremmingar gengið yfir þá sem hafa á síðustu einum til tveimur áratugum verið að reyna að koma sér upp eigin húsnæði með nýbyggingum eða öðrum hætti.

Vandinn hefur sjaldan verið meiri en einmitt núna síðustu árin. Um það vitna vaxandi vanskil og vaxandi erfiðleikar fólks. Þar liggja til grundvallar óhrekjanlegar staðreyndir sem oft hafa verið rifjaðar upp og óþarfi að eyða tíma í það hér í stuttri ræðu. En þar liggja líka til grundvallar aðstæður sem öllum eru kunnar og tengjast versnandi lífskjörum, minni kaupmætti, vaxandi atvinnuleysi og erfiðleikum sem gengið hafa yfir, minni vinnu o.s.frv. Það er því ekki nema að vonum að húsnæðismál voru fyrirferðarmikil í umræðum í aðdraganda síðustu alþingiskosninga eins og mörgum er í fersku minni.

Fyrri ríkisstjórn, sú sem sat síðasta kjörtímabil, á sér ákaflega ljótan feril í þessum efnum. Hún greip til þess, þvert ofan í gefin fyrirheit um hið gagnstæða, að raska kjörum fólks að þessu leyti, koma aftan að fólki m.a. með því að skerða vaxtabætur sem lofað hafði verið að mundu haldast og kippa þannig grundvellinum undan áætlanagerð og ákvarðanatöku einstaklinga í þúsundavís úti í þjóðfélaginu, þar á meðal sínu eigin greiðslumati sem sömu stjórnvöld höfðu fest í lög að skyldi viðhafa áður en fólk fengi fyrirgreiðslu úr hinu opinbera húsnæðislánakerfi. Verður nú varla komið verr aftan að mönnum en þetta. Ég hef sagt það áður, herra forseti, og endurtek það hér að næst á eftir hinu illræmda misgengi sem varð til þegar launavísitalan var tekin úr sambandi á árunum 1983–1984, en verðtrygging hélt áfram óbreytt, þá er það sem síðasta ríkisstjórn gerði í húsnæðismálum verst af því sem ég þekki til svona í seinni tíma sögu í samskiptum stjórnvalda og þegna. Að kippa þannig grundvellinum undan efnahag fólks með stjórnvaldsákvörðunum og koma aftan að mönnum eins og gert var til að mynda þegar vaxtabæturnar voru skertar og vextir hækkaðir á íbúðarlánum, er svívirða og það er óleyfileg framkoma stjórnvalda við þegna sína. Við þá erfiðleika sem fólk mætti af þessum sökum á síðasta kjörtímabili og tengjast þessum óbilgjörnu aðgerðum stjórnvalda og versnandi lífskjörum og lakari kaupmætti, bættust svo þær ógöngur sem húsbréfakerfið lenti í á þessum tíma með allt upp í 25% afföllum þegar verst lét. Það þarf að minna á það vegna þess að það vill oft gleymast hvað 25% afföll þýða fyrir þá sem tóku þau lán. Þau þýða, t.d. í dæmi bónda nokkurs norður í Skagafirði sem ég hef áður minnt á, að hann skuldar 4 millj. í húsbréfum en fékk aldrei nema 3 í hendur. Hann skuldar einni millj. kr. meira en hann fékk til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu ósanngjarnt og harkalegt þetta er.

Ógöngunum í húsbréfakerfinu hefur svo ekki linnt þar sem einnig var gripið til þess ráðs að fara að hringla með vextina á bréfunum þannig að nú er þar uppi misræmi eftir því á hvaða tíma menn tóku lánin. Og var þó svarið og sárt við lagt að hvorugt mundi henda af þáv. hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur. Afföll áttu aldrei að verða nein af þessum bréfum því að þau voru með ríkisábyrgð, sú speki var lögð fyrir menn að þar með væri það klappað og klárt. Jafnframt var því heitið á sínum tíma við upptöku bréfanna að þau yrðu með föstum vöxtum og við þeim yrði ekki hróflað frekar en vaxtabótunum.

Þetta er smásaga, herra forseti, um ógöngurnar í húsbréfakerfinu og þær hörmungar sem hafa gengið yfir þar. Öllu lakari verður ekki frammistaða manna en sú sem hér er boðið upp á af hálfu hæstv. félmrh. Hann var einna fremstur í flokki manna á síðasta kjörtímabili sem gagnrýndu ástandið í húsnæðismálum. Nú leggur hann fyrir frv. þar sem á að lappa lítillega upp á húsbréfakerfi Jóhönnu Sigurðardóttur og er tæplega hægt að tala um að í þessu felist úrbætur. Það eru öll ósköpin, það er öll reisnin. Lítið leggst þar fyrir góðan dreng, hæstv. félmrh. Pál Pétursson, að þetta skuli verða örlög hans í stjórnmálum og þá sérstaklega í sambandi við húsnæðismál að hann skuli nú leggja fyrir pappír sem felur í sér minni háttar krukk í hið meingallaða húsbréfakerfi hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur. Einhvern tíma hefði maður haldið annað þegar maður hlustaði á skörulegar ræður hæstv. félmrh., þáv. hv. þm. og stjórnarandstæðings Páls Pétursson ar.

Nú er ekki eins og hæstv. ráðherra sé ekki með dálitla arfleifð á bakinu. Hann er sennilega með þyngri byrðar á bakinu í þessum efnum en nokkur annar núlifandi stjórnmálamaður. Sennilega er leitun að öðrum eins byrðum í allri stjórnmálasögunni og hæstv. ráðherra hefur á bakinu því að hann er með á bakinu öll kosningaloforð Framsfl., eins og þau leggja sig. Nú stendur upp á hæstv. félmrh. Pál Pétursson að efna loforðin fyrir hönd Framsóknar, öll stóru loforðin. Og það er rétt að rifja þau upp og það hefur svo sem verið gert. Ég er með tvær útgáfur af helstu kosningaritum Framsóknar, þ.e. hina meiri útgáfu. Það er loforðabókin hin meiri og síðan er stytt útgáfa fyrir þá sem voru seinir að lesa og komust ekki yfir mikið, þá var búin til tveggja blaðsíðna útgáfa. Það eru „helst-in“ eins og sagt er á fréttamannamáli í dag, „helst-in“ úr kosningaloforðum Framsóknar. En það er samt nóg til þess að inn í þennan tvíblöðung komast þvílíkar yfirlýsingar um það sem Framsókn ætlaði að gera að leitun mun að öðru eins. Og það verður lítið úr þessu litla frv., þessum skóbótum eða viðbótum við húsbréfakerfið hennar Jóhönnu þegar farið er yfir loforðalistann.

Því var í fyrsta lagi lofað að sett yrðu lög um greiðsluaðlögun sem gæfu einstaklingum í langvarandi og alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná stjórn á fjármálum sínum eins og þau leggja sig þá væntanlega, allsherjarendurreisn. Í öðru lagi átti að breyta Húsnæðisstofnun. Hún átti að fá nýtt og breytt hlutverk sem ráðgjafar- og endurreisnarstöð heimilanna. Ég hafði aldrei áður séð þetta orð á prenti, herra forseti, ég hygg að þetta sé nýyrði, endurreisnarstöð heimil-

anna átti þetta að verða. Ég sé ekki að það standi til að breyta nafninu á Húsnæðisstofnun í fyrirsögn frv. Þessi stofnun, endurreisnarstöð Framsóknar, átti að aðstoða fólk við þetta sama, þ.e. að greiða úr skuldavandamálum sínum. Engir fyrirvarar þar enda skildi fólk þetta unnvörpum þannig úti í þjóðfélaginu að Framsókn væri að boða allsherjaraðgerðir gagnvart skuldavanda heimilanna og það væri ekkert bundið við húsnæðisskuldir. Menn hringdu og spurðu: Hvenær má fara að sækja ávísanirnar? Hvenær kemur að því að við getum skuldbreytt öllum lausaskuldum eins og Framsókn lofaði?

Það var gengið enn lengra. Það var gengið svo langt að ég hef aldrei séð annað eins á prenti. Í næstu setningu var eftirfarandi sagt: „Grípa til viðtækra skuldbreytinga sem fela í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt, skuld sé lækkuð eða fryst.“ Það voru beinlínis gefin fyrirheit um að um skuldaniðurfellingu yrði að ræða. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi. Auðvitað er yfirgengilegt ábyrgðarleysi að setja slíka hluti frá sér og ég tala ekki um öll ósköpin þegar það reynist jafnalgerlega innstæðulaust og hér. Það er aldeilis ekki þannig að Framsókn sé að taka á málum með þessum hætti. Það er ekki verið að taka á lausaskuldavanda heimilanna almennt heldur eru menn eingöngu bundnir við vanskilavanda sem þeir eiga í í viðskiptum sínum við húsnæðislánakerfið. Vextir eru ekki lækkaðir eins og Framsókn lofaði og enn síður er verið að lækka stofninn sjálfan eða skuldirnar. Það er ekki vottur af þessu. Nei, það er lappað lítillega upp á meingallað húsbréfakerfi sem framsóknarmenn sjálfir gengu einna harðast í að gagnrýna á síðasta kjörtímabili og sett eru upp sem stórtíðindi að það eigi að bjóða upp á breytilegan lánstíma.

Herra forseti. Ég held að úrræðin sem eru boðuð í þessu frv. skipti nánast engu fyrir vanda þess fólks sem á um sárast að binda, afar litlu satt best að segja, vegna þess að á undanförnum árum hafa af og til verið í gangi almennar skuldbreytingaaðgerðir. Það má spyrja sig að því hvort svigrúmið í lánstíma sé ekki af hinu góða. Út af fyrir sig er það það. Það er heppilegt að fólk geti valið sér aðstæður að því leyti til ef einhvern tíma væri eitthvað að marka þær forsendur sem settar eru upp fyrir fólk. Eiga menn að velja sér lánstíma í fullkominni óvissu um það hvort það verða einhverjar vaxtabætur og þá hverjar, hverjir vextirnir verði, hver afföllin verði o.s.frv.? Þetta leiðir mig að þeirri niðurstöðu sem er svo sem ekki ný og ég hef fyrir löngu sannfærst um að grunnfjármögnunin í þessu húsnæðislánakerfi á ekki að vera svona. Það er út í hött að hafa markaðsbréf sem geta tekið afföllum þar sem vextir eru breytilegir og sem byggja að einhverju leyti á mjög svo svikulum stuðningi hins opinbera til að mynda við þá sem eru að kaupa eða byggja húsnæði í fyrsta sinn. Grunnfjármögnunin á að vera föst lán til langs tíma með föstum, lágum vöxtum. Það merkilega er að í raun og veru er kannski það eina jákvæða við þennan snepil frá hæstv. félmrh. að það er verið að hverfa til baka, a.m.k. með möguleika á lengri lánstíma, í 40 ára lán, sem er sami lánstími og var í Byggingarsjóði ríkisins. Er þá ekki verið að segja að húsbréfakerfið hafi að þessu leyti verið mistök, a.m.k. hvað það varðar að lánstíminn var of stuttur?

Ég sagði það oft á undanförnum árum og spurði hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, oft að því hvernig það ætti að ganga upp að það sé til hagsbóta fyrir fólk í sambandi við fjármögnun húsnæðislána að stytta lánstímann og hækka vextina. Trekk í trekk stóð hæstv. fyrrv. ráðherra í ræðustól og reyndi að sanna fyrir okkur að húsbréfakerfið væri betra en lánafyrirgreiðslnan úr Byggingarsjóði ríkisins hafði verið og var þó lánstíminn styttri og vextirnir hærri. Þetta gat ég aldrei skilið og ég held að reynslan hafi sannað að hæstv. fyrrv. félmrh. hafði rangt fyrir sér og breytingin sem hér er lögð til vísar auðvitað í þá átt.

Herra forseti. Að lokum er athyglisvert að koma að umsögn fjárlagaskrifstofunnar um þetta mál. Ég vek athygli manna á orðalaginu neðst á bls. 10. Það er satt best að segja nokkuð sérkennilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Orðanotkun hjá hinni virðulegu stofnun bendir til þess að hún hafi verið eitthvað með böggum hildar yfir þessum pappírum sem hún fékk neðan úr félmrn. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins fjármagnar sig sjálf án ríkisframlags.“ Betur að satt væri. Ég veit ekki betur en Húsnæðisstofnun hafi að mestu leyti verið fjármögnuð í gegnum ríkissjóð á síðasta ári af því að það seldust ekki pappírarnir frá Húsnæðisstofnun og a.m.k. frá byggingarsjóðunum. Síðan kemur þetta: „Þannig er ráð fyrir því gert að þau gjöld, sem húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér samkvæmt lögum“, — og nú hefur verið tekinn upp sá siður að leggja ofan á lántökukostnað og ýmis gjöld, þar á meðal í afskriftasjóð, — „nægi til að standa undir rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum.“ Svo kemur eftirfarandi: „Með þetta í huga má gera ráð fyrir að frv. þetta hafi ekki kostnað í för með sér fyrir ríkisstjórn.“ Þetta er afar sérkennilega orðað. Með þetta í huga má gera ráð fyrir því að frv. þetta hafi ekki kostnaðarauka í för með sér. Eitthvað er þetta samt óljóst hjá þeim uppi í fjárlagaskrifstofu. Hvað skyldi það vera sem þeir eru að vandræðast með? Svo kemur í næstu setningu: „Gert er ráð fyrir“, — þetta er allt í þessum formúlum, gert er ráð fyrir og má gera ráð fyrir og má reikna með, hafa í huga o.s.frv. „Gert er ráð fyrir að sá aukni sveigjanleiki í húsbréfakerfinu sem frv. kveður á um verði ekki til þess að heildarútgáfa húsbréfa aukist umfram 13,5 milljarða kr. sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga og frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996. Verði raunin önnur þarf að draga úr eftirspurninni með sérstökum aðgerðum.“

Voðalega hefur þetta vafist fyrir þeim í fjárlagaskrifstofunni. Þeir eiga greinilega í miklum erfiðleikum með að meta hvaða áhrif það hafi á fjármagnsmarkaðinn, hvort það verði meira útstreymi á húsbréfum eða minna og hvaða áhrif það þá hafi. Þeir hafa þetta þess vegna allt á munkalatínu sem er auðvitað illskiljanleg ef ekki algerlega óskiljanleg öllum venjulegum mönnum.

Kannski hefur þeim hjá fjárlagaskrifstofunni gengið illa að skilja þá Höllustaðahagfræði sem hv. síðasti ræðumaður, Svanfríður Jónasdóttir, fjallaði áðan um þar sem sitt á hvorri blaðsíðunni er gert ráð fyrir því að afföll aukist eða minnki við það að lán séu lengd. Það er von að mönnum gangi illa að skilja „Höllustaða-economics“, bæði í fjárlagaskrifstofunni og víðar. Satt best að segja er grunnurinn undir þessari frumvarpsgerð ákaflega sérkennilegur svo ekki sé meira sagt. Það leiðir að sömu grundvallarspurningu og áður: Er þetta brúklegt kerfi sem stofnfjármögnun í húsnæðislánakerfi fyrir almenning í landinu? Gengur upp að byggja á svona pappírum, markaðsbréfum sem geta tekið á sig gífurleg afföll við tilteknar aðstæður, eru með breytilegum vöxtum o.s.frv.? Svar mitt er nei. Það gengur ekki upp vegna þess að það leiðir með reglubundnu millibili til hörmunga fyrir viðskiptavinina eða þolendurna. Ég er alveg sannfærður um að svo lengi sem við tökum ekki upp á lánaflokk á

nýjan leik úr Byggingarsjóði ríkisins, löng lán með föstum og lágum vöxtum, verðum við með þetta í höndunum með reglubundnu millibili og allt í uppnámi. Markaðsverðbréfakerfi, hvort sem það er í sérstakri deild í Húsbréfastofnun eða úti í bankakerfinu, getur að mörgu leyti þjónað prýðilega gagnvart viðskiptum með notað húsnæði á fasteignamarkaði ef stofnfjármögnun á því húsnæði er almennt fyrir hendi í formi fastra lána frá opinberum byggingarsjóði með föstum vöxtum. Það er auðvitað allt annað mál að í viðskiptum milli einstaklinga með húsnæði sem að einhverju leyti er með slíka grunnfjármögnun sé markaðslánakerfið fyrir hendi. Þannig er það hjá mörgum öðrum þjóðum. Það er engin von til þess að mínu mati að skikkur komist á þessi mál fyrr en menn viðurkenna þessar staðreyndir. Útkoman er líka sú að sjálfseignarstefna á íbúðarhúsnæði á Íslandi er dauð. Það hefur mönnum tekist að afreka hér, sérstaklega Sjálfstfl. sem hefur setið um árabil í ríkisstjórn, hún er dauð í praxís. Venjulegt fólk ræður ekki við að koma sér upp þaki yfir höfuðið án utanaðkomandi hjálpar. Dæmið gengur ekki upp. Venjulegt ungt fólk, kannski með innan við 200 þús. kr. heildartekjur, sem á ekki umtalsverðar eignir til að ganga upp í fyrstu íbúðarkaupin, kemst ekki inn í tveggja herbergja íbúð, hvað þá meira miðað við greiðslubyrðina eins og hún er í þessu kerfi. Það er öll snilldin. (Forseti hringir.) Svo eru afrek framsóknarmanna að leggja það eitt til eftir öll stóru loforðin að lappa lítillega upp á þetta. Það eru nú meiri ósköpin, herra forseti. Það er von að forseti sé brúnaþungur og lemji í bjölluna.

[14:56]

Útbýting þingskjala:

Laun forseta Íslands, 224. mál, frv. ÓHann o.fl., þskj. 304.

Sveitarstjórnarlög, 118. mál. nál. félmn., þskj. 305.

[14:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið, ekki vegna þess að ég sé sammála öllu því sem hér hefur verið sagt. Ég er sammála sumu af því en umræðurnar gefa mér tækifæri til þess að fara nánar yfir málið.

Ég gat þess ekki í upphafi að þetta er ekki eina frv. sem ég ætla að flytja um húsnæðismál í veru minni í félmrn. Þetta er einungis hluti af því sem ég hef áhuga á að gera og ég vildi reyna að hraða því og koma þessum þætti frá. Ég tel alls ekki að hér eigi að láta staðar numið. Þetta er gott svo langt sem það nær en það er ekki endanleg lausn á vandanum.

Eins og komið fram gengum við framsóknarmenn til síðustu kosninga undir kjörorðinu Fólk í fyrirrúmi og ég tel að ég starfi enn eftir því kjörorði. Ég er ekkert banginn að rifja upp hvað við sögðum um húsnæðismál. Ég er með þá útgáfu sem samþykkt var á flokksþingi framsóknarmanna í upphafi kosningabaráttunnar. Ég tel mig bundinn af því plaggi og eftir því plaggi mun ég vinna. (**SJS:** Hvaða útgáfa er það, hæstv. ráðherra?) Það er lengri útgáfan. Húsnæðismál, með leyfi forseta:

„Það er þjóðhagslega hagkvæmt að sem flestir geti eignast þak yfir höfuðið og eftirsóknarvert út frá hagsmunum einstaklinga og fjölskyldna vegna þess öryggis sem það veitir. Við eðlilegar aðstæður treystir eigið húsnæði fjárhagslegt sjálfstæði manna og eykur ábyrgðartilfinningu gagnvart verðmætum. Einstaklingarnir þurfa þó alltaf að eiga raunhæft val á milli búsetumöguleika, svo sem félagslegrar eignaríbúða, leiguíbúða og Búseta-formsins. Framsóknarmenn leggja áherslu á eftirfarandi í húsnæðismálum:

Að almenna húsnæðislánakerfið verði flutt frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið.

Að greitt verði fyrir frjálsum samningum bankastofnana og lífeyrissjóða með fjármögnun sérstakra lánaflokka vegna húsnæðislána til allt að 40 ára.

Að áhersla verði lögð á ríkari ábyrgð hönnuða, byggingarnefnda, byggingarfulltrúa, efnissala og byggingaverktaka gagnvart kaupendum íbúða. M.a. verði byggingarverktökum, sem byggja íbúðarhúsnæði til sölu á almennum markaði, gert skylt að setja tryggingu fyrir umsömdum frágangi íbúða að verklokum.

Að kannað verði hvort ekki sé skynsamlegt að einstaklingur geti keypt sér tryggingu hjá vátryggingarfélagi fyrir greiðslufalli vegna veikinda og slysa.

Með lagabreytingum á ýmsum sviðum, vaxtahækkunum og ýmsum öðrum opinberum aðgerðum á undanförnum árum hefur svo verið vegið að félagslega eignaríbúðakerfinu að það á orðið erfitt með að þjóna þeim sem helst þarf á því að halda. Til að treysta stöðu félagslega eignaríbúðakerfisins og til að það geti sinnt hlutverki sínu leggja framsóknarmenn áherslu á eftirfarandi:

Að fyrningarprósentan verði lækkuð úr 1,5% í 1% til að flýta fyrir eiginfjármyndun.

Að vaxtaprósentan verði sveigjanleg, þ.e. að samsvarandi ákvæði gildi um lækkun vaxta og nú gilda um hækkun vaxta, verði breyting á tekjum íbúa.

Að vaxtaprósentan verði háð eignarformi. Það skipti ekki máli hvort íbúð er keypt eða leigð í félagslega húsnæðislánakerfinu. Lánskjörin verði óháð eignarformi en ráðist fyrst og fremst að ráðstöfunartekjum fólks.

Að veittar verði auknar heimildir til undanþágu frá tekjumörkum ef um er að ræða slæma fjárhagsstöðu. Samsvarandi undanþága þarf að vera á eignarmörkum ef tekjur eru mjög lágar.

Að Byggingarsjóði verkamanna verði heimilað við sérstakar aðstæður að lána til viðhalds og endurbóta utan húss.

Að ábyrgðar- og valdsvið húsnæðisnefnda sveitarfélaga verði aukið.

Að tryggt verði aukið framboð leiguhúsnæðis, t.d. með aðstoð við samtök námsmanna og fatlaða við byggingu þess.

Að Húsnæðisstofnun í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins leiti leiða til að lækka kostnað við íbúðabyggingar."

Svona hljóðar þetta, herra forseti, og hef ég lokið við að lesa það sem framsóknarmenn ályktuðu um húsnæðismál á flokksþingi sínu og gengu til kosninga undir. (**SJS:** Hvað með endurreisn heimilanna?) Það er önnur grein og að því kem ég síðar. Síðan var mynduð ríkisstjórn og settur saman stuttorður en gagnorður kafli í samstarfsyfirlýsingu um húsnæðismál og ég vil leyfa mér að lesa hann líka, herra forseti:

„Að lánstími húsnæðislána frá Húsnæðisstofnun verði breytilegur þannig að í stað 25 ára eins og nú er verði hann á bilinu 15–40 ár. Sérstök áhersla verður lögð á að hjálpa ungu fólki til að eignast sína fyrstu íbúð. Þeim sem greiða af eldri fasteignaveðbréfum Húsnæðisstofnunar verði gefinn kostur á lengingu lána. Stuðla verður að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum. Stefnt verður að því að

flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið."

Við lofuðum aldrei, herra forseti, að leysa allan vanda manna strax, en við erum að vinna að því með markvissum hætti í félmrn. að ná utan um skuldavandann. Í þessu frv. er tekið á hluta vandans en veigamiklum hluta af starfinu er ekki lokið.

Fyrsta skrefið sem tekið var var að hækka lánshlutfall til kaupenda fyrstu íbúðar úr 65% í 70%. Þetta hefur verið mjög mikið notað og drjúgur hluti þeirra sem hafa tekið ný lán hjá Húsnæðisstofnun hefur farið þessa leið. Það hefur líka haft það í för með sér að ásókn í félagslega kerfið hefur minnkað merkjanlega. Þetta frv. er, getum við sagt, annað skrefið. Það lengir lán, gefur kost á lengingu lána og sveigjanleika í húsbréfunum og frestun greiðslna. Það voru athugaðar ýmsar útfærslur á því hvernig mætti koma lengingu áður tekinna húsbréfa skást við. Niðurstaðan varð sú að þetta væri þægilegasta aðferðin til að gefa mönnum lengri tíma til þess að komast yfir sínar húsnæðisskuldir, enda tel ég að það sé ofætlun að ætla venjulegu láglaunafólki að borga meginfjárfestingu sína í lífinu, sem í flestum tilfellum er íbúð eða eigin húsnæði, á 25 árum að fullu. Það er sem sagt farin sú leið að fresta greiðslum og koma þeim á nýtt húsbréf.

Varðandi ágæta athugasemd frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um misræmi í greinargerð með frv. þá verð ég að viðurkenna að ég prófarkalas ekki þessa greinargerð. Þarna hefur slæðst inn setning á síðu 5 sem ekki á nokkurn rétt á sér. Það er ekki óeðlilegt að hv. þm. geri sér mat úr svona skyssum. (**SJS:** Á ekki frekar að taka út þessa á bls. 3?) Nei, það vil ég ekki gera. Ég hef í höndum gögn sem sýna fram á það og athuganir viðkomandi nefndar hafa ótvírætt leitt í ljós að þetta eru staðeyndir. Það er að segja um þetta frv. að það er annað skrefið.

Þriðja skrefið er að taka fyrir félagslega íbúðakerfið. Ég bíð eftir niðurstöðum nefndar sem er að vinna að tillögugerð þar um í félagi við Samband ísl. sveitarfélaga. Félagslega íbúðakerfið er í ógöngum og það verður að vinda bráðan bug að því að laga það. Ég vona að nefndin sé komin á lokastig og ég geti fljótlega lagt fram frv. um endurbætur á félagslega íbúðakerfinu.

Ég hef áhuga á því að lækka þröskuldinn fyrir endurbótalán. Það get ég gert með reglugerð og vonast eftir því að það komi í gagnið á næsta ári, þ.e. nú geta menn fengið lán til endurbóta ef endurbæturnar kosta meira en 1 millj. 80 þús. Þetta er allt of hátt. Það er allt of mikill biti fyrir venjulegan láglaunamann að þurfa að fjármagna slíkt, fyrir hann væri æskilegt að lækka þetta mark.

Ég hef líka áhuga á að það verði farið að lána til íbúða nr. 2 eða 3, þ.e. ég tel að eitt af því sem vantar á íslenskan húsnæðismarkað sé meira af ódýru leiguhúsnæði. Þótt að hart sé að viðurkenna það, þá er nokkuð til í því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Eignaríbúðaformið, þegar laun hafa verið lág í mörg ár, er ekki fullnægjandi eitt og sér. Ég vil ekki hverfa frá því sem markmiði. En það verður að vera svigrúm fyrir fólk að búa í viðráðanlegu leiguhúsnæði fyrir viðráðanlegt gjald og við sæmilegt öryggi. Þess vegna þurfum við að fjölga leiguíbúðum í landinu. Og hluti af lausninni í félagslega kerfinu getur verið einmitt sá að gera félagslegar íbúðir sem reknar hafa verið af sveitarfélögum með kaupskyldu að leiguíbúðum. Það getur verið hluti af lausn vandans. Ég á eftir, herra forseti, að flytja fleiri frumvörp um Húsnæðisstofnun.

Þá vil ég aðeins víkja að öðrum skuldum. Nú eru ekki allar skuldir til orðnar út af húsnæðiskaupum. Sumar eru satt að segja orðnar til fyrir ráðleysi og fyrir óhöpp o.s.frv., eða þá trassaskap. En þær eru jafnþungar fyrir það og markmiðið er ekki að keyra fólk í gjaldþrot. Við eigum að hjálpa fólki að komast hjá gjaldþroti og að því vil ég vinna.

Það er verið að setja á stofn leiðbeiningarstöð um tilraunaverkefni, leiðbeiningarstöð um fjármál heimilanna. Það hefur gengið allt of seint. Ég skal viðurkenna það. Þessi leiðbeiningarstöð held ég geti verið mjög mikilvæg til þess að hjálpa fólki til þess að ná utan um fjármál sín, ekki til þess að gefa því peninga heldur beinlínis að hjálpa því að fá yfirsýn yfir fjármál sín og aðstoð við að semja, skuldbreyta og ná tökum á fjármálum sínum. Þessi leiðbeiningarstöð er í burðarliðnum. Þetta er samstarfsverkefni félmrn. og 14 annarra aðila í þjóðfélaginu, banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, ASÍ, BSRB, Reykjavíkurborgar, Þjóðkirkjunnar, Bændasamtakanna, Neytendasamtakanna og fleiri. Þetta er mjög mikilvægt verkefni og þar verður ráðgjöf.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði eftir ráðgjafarhlutverki Húsnæðisstofnunar. Því verður haldið áfram með sama hætti og verið hefur. Það er ekki ætlunin að draga úr þeirri ráðgjöf sem bankarnir veita, heldur ætla þessir aðilar, Húsnæðisstofnun, bankar og aðrir sem ég taldi upp áðan, að hjálpast að við það að bæta við ráðgjöfina. Síðan er verið að vinna að frumvarpssmíð um skuldaaðlögun eða það sem gæti tekið við hjá þeim sem ekki fá fullnægjandi úrlausn í leiðbeiningarstöðinni. Þar á að opna leið til samninga um skuldir, nokkurs konar nauðasamninga einstaklinga. Síðan þarf að liðka gjaldþrotalögin þannig að þau henti betur til nauðasamninga en þau gera núna. Þau veita fyrirtækjum svigrúm til nauðasamninga, en miklu síður einstaklingum.

Síðan þarf að breyta innheimtuháttum ríkisins. Það er mjög óskynsamlegt hjá gjaldheimtu og tollstjóra að reka einstaklinga í gjaldþrot fyrir tiltölulega litlar upphæðir. Þar þarf að vera sveigjanleiki þannig að hægt sé að semja um skuldir. Þetta er mál sem er á borði fjmrh. og gjaldþrotalög að sjálfsögðu á verkefnasviði dómsmrh. Það þarf líka að setja þak á innheimtukostnað lögmanna og ég hef skrifað dómsmrh. bréf þar sem ég hef vakið athygli hans á því að ég telji mjög nauðsynlegt að setja þak á innheimtukostnað lögmanna. Og ég gæti sagt margar ræningjasögur af því hvernig lögmenn, hafa hagað sér í innheimtu. Ég hef frétt af bílastæðasekt upp á 800 kr. norður á Akureyri sem endaði með því að verða 40 þús. þegar hún var búin að fara í gegnum klærnar á ræningjunum. Önnur saga um bílastæðasekt, líka frá Akureyri. Ég skil ekki að nokkur maður þori að koma til Akureyrar á bíl. Hún varð að 36 þús. Þetta er fín landkynning. En það eru ræningjar víðar en á Akureyri. Þeir eru líka hérna í borginni.

Ég vil bæta því við að nefnd undir forustu Ólafs Arnar Haraldssonar alþm. með þátttöku Sambands ísl. sveitarfélaga hefur tekið á vanda Innheimtustofnunar sveitarfélaga og komið með lausnir á vanda meðlagsgreiðenda sem var að vissu leyti sjálfskaparvíti á sínum tíma þegar meðlögin voru hækkuð úr hófi þannig að menn gáfust upp á að borga þau og þetta úrræði er hluti af lausn vandans. En þegar þetta er allt saman komið í gang tel ég að við höfum skapað aðstæður til þess að geta efnt þau loforð sem framsóknarmenn settu fram fyrir kosningar. Að vísu ber ég ekki ábyrgð á því hvað hver einasti frambjóðandi Framsfl. kann að hafa sagt og það

ætla ég að vona að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon virði mér til vorkunnar. Ég veit að hann kemur ekki til með að taka á sig allt sem alþýðubandalagsmenn sögðu í síðustu kosningabaráttu. En ég tel mig bundinn af því að vinna eftir því sem sagt var í samþykkt flokksþings framsóknarmanna haustið 1994 og því sem skilgreint er í stjórnarsáttmálanum.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að vera niðurlútur vegna Framsfl. eða því hvernig unnið er að skuldamálum og húsnæðismálum í félmrn.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir bar saman úrræði frumvarpsins og það ástand sem ríkt hefur til þessa. Mér heyrðist á hv. þm. að henni fyndist ástandið hafa verið harla gott og það væri eiginlega engin bót að þessu frumvarpi Ég er ekki sammála hv. þm. Ég tel að ástandið sé mjög slæmt. Ég tel að með frumvarpinu sé stigið stórt skref til lausnar vandanum. Það er ekki lítilfjörleg skóbót eins og hér hefur verið sagt heldur marktækt, markvisst skref til þess að færa þetta til betri vegar. En ég vil undirstrika að það þarf að færa margt, margt fleira heldur en stendur í þessu frumvarpi, til betri vegar í húsnæðismálum eftir sjö ára stjórn hv. 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, láði mér það að vera lappa upp á húsbréfakerfið. Ég er nú ekki höfundur húsbréfakerfisins vel að merkja og ég var ekki sérstakur aðdáandi þess. Satt að segja þegar það mál var til meðferðar á Alþingi á sínum tíma, gerði ég mér að minnsta kosti ekki grein fyrir öllum göllum þess. Þá opnaði enginn augu mín fyrir þeim göllum á húsbréfakerfinu sem hafa reynst erfiðastir. Þ.e. hinum geigvænlegu afföllum sem fylgt hafa húsbréfakerfinu stundum og ég minni á greiðsluerfiðleikalánin. Hv. 13. þm. Reykv., þáv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir beitti sér á sínum tíma fyrir greiðsluerfiðleikalánum í húsbréfaformi sem urðu með 25% afföllum. 4 milljarðar voru lánaðir. Fólkið var skuldsett fyrir 4 milljarða en fékk ekki nema 3 í vasann.

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að leggja niður húsbréfakerfið. Það er komið á. Við verðum að búa við það. Við verðum að reyna að laga það og að því vil ég vinna. En að lokum, herra forseti, það stendur til að endurskoða starfsemi Húsnæðisstofnunar. Ég hef beðið Ríkisendurskoðun um að gera stjórnsýsluúttekt á stofnuninni. Að henni lokinni verða næstu skref ákveðin og það er verið að skipa nefnd í félmrn. til að skoða framtíð Húsnæðisstofnunar.

[15:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. er nokkuð hæverskur í sinni ræðu. Það er eðlilegt miðað við hvaða mál hann er að flytja og í hvaða búningi það er. Hann segir að hann hafi fólk í fyrirrúmi áfram og vinni eftir því en sá málflutningur sem hefur átt sér stað er afar fátæklegur. Við höfum hlustað á málflutning sem er í taktinum fyrir og eftir kosningar. Það sem gengur í eyrun á þér, kjósandi góður segi ég fyrir kosningar en nú eftir kosningar þarf ég að huga að öðru og þá geri ég bara allt annað.

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að í fyrra var samanlagt fjármagn til húsnæðislána hjá húsbréfa- og byggingarsjóðum nærri 18 milljarðar kr. Það verður um 600 millj. kr. lægra í ár. Lánshlutfallið hefur verið hækkað í 70% en sú staðreynd hefur alltaf legið fyrir að það muni kalla á 600–700 millj. aukalega. Þrátt fyrir þessa vitneskju var gengið út frá því að sama hlutfall yrði á félagslegum íbúðum. En þeim hefur nú verið fækkað úr 420 í 230. Það er alveg yfirgengilegt að hlusta á ráðherrann reyna að slá því fram að það þurfi að lagfæra svo margt eftir átta ára stjórnartíð Alþfl. þegar það frumvarp sem nú loksins fæðist er með þeim hætti sem hér hefur verið rakið. Við lofuðum aldrei að gera þetta strax, sagði ráðherrann. Nei, en þeir sögðu að þingið mætti ekki fara heim fyrir jólin í fyrra fyrr en væri búið að gera eitthvað stórkostlegt. Og það mátti ekki slíta þingi fyrir kosningar í vor öðruvísi en gera eitthvað stórkostlegt. Ef spámaður hefði setið meðal vor í þingsalnum í fyrravetur og haldið því fram að þetta frumvarp yrði framkvæmd Framsóknarfl. í húsnæðismálum en kæmi samt ekki fram fyrr en í desember hefði enginn trúað því sem hlustað hefur á málflutning Framsfl.

Það er alveg undarlegt að hlusta á þessa umræðu um húsnæðismál þegar það sem ráðherrann verður æstur yfir skuli vera bílastæðasektir.

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er lítillátur maður og hef nú enga minnimáttarkennd þegar ég þarf að tala um húsnæðismál við forvera minn í embætti, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Varðandi félagslegu íbúðirnar sem hún nefndi áðan þá hefur bygging verið hafin á árinu. Þrátt fyrir þau áform sem uppi voru við síðustu fjárlagagerð hefur ekki verið byrjað á nema innan við 200 íbúðum á þessu ári. Innan við 200 íbúðum. Það er vegna þess að mönnum sýnist að sá kostur sé ekki nógu vænlegur. Á næsta ári verður fjármagn til reiðu samkvæmt því fjárlagafrumvarpi sem hér er til meðferðar til 220 íbúða.

[15:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðherrann er upptekinn af því að 25 af 9.000 íbúðum hafi staðið auðar. Þetta er á tveimur stöðum á landinu. Ráðherrann nefnir ekki hvar eftirspurnin er og hefur ekki gefið upplýsingar um hvort það sé þannig að þær íbúðir sem farið var af stað með núna séu dreifðar um landið eða hvort að eftirspurnin sé sannarlega jafnmikil og áður á þéttbýlissvæðinu.

[15:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hef ég ekki tiltæk gögn um hvað nákvæmlega margar íbúðir standa nú auðar. En þegar slysið varð á Flateyri lét ég kanna hvað væri til af auðum íbúðum í félagslega kerfinu. Þær voru þá 102 og það hefur eitthvað bæst við síðan. Þær eru ekki bara á tveimur stöðum á landinu. Þær eru á mjög mörgum stöðum. Þær eru í flestum byggðarlögum á Vestfjörðum, mörgum byggðarlögum á Austfjörðum og á Norðurlandi nokkrum. Það er að vísu rétt að félagslegar íbúðir standa ekki auðar í Reykjavík í stórum stíl. Félagslega kerfið hér hefur lánast best en er þó engan veginn gallalaust. Í Reykjavík standa að vísu margar íbúðir auðar þó það sé ekki í félagslega kerfinu.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Málsvörnin er nú erfið hjá hæstv. félmrh. Svarræða hans gekk ekki út á það að reyna að halda því fram að í frumvarpinu fælust neinar efndir á kosningaloforðum Framsóknar. Nei, það viðurkenndi hæstv. ráðherra í ræðu sinni. Nú er vörnin sú að það sé meira væntanlegt. Að þetta sé ekki allt sem hæstv. ráðherra langi til að gera. Að þetta sé gott svo langt sem það nái en síðan sé meira góðgæti í vændum. Þetta er nú hógvær málsvörn og ber vott um erfiða stöðu hæstv. ráðherra. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að

lengja aðeins þessi orðaskipti hér á eftir og sérstaklega hef ég áhuga á því að fara aðeins betur yfir aðferðafræði Framsfl. Það kemur í ljós að einmitt Framsfl. á margt skylt með vafasamari hluta lögfræðingastéttarinnar sem er þekktur fyrir að hafa alls konar neðanmálsgreinar í samningum sem mönnum yfirsést gjarnan og þeir lesa ekki nógu vel. Þeir setja stafina sína undir og svo kemur það upp úr dúrnum að þetta og hitt er nú svona og hinsegin. Smáa letrið segir eitthvað allt annað en aðalmálið í samningnum. Það er nákvæmlega þetta sem hæstv. ráðherra er að segja okkur, að það sé svona alls konar smátt letur í kosningaloforðum Framsóknar sem mönnum hafi yfirsést að lesa. Það eigi alls ekki að standa við þetta allt strax. Þannig var það til að mynda líka með 12.000 störfin að það er víst misskilningur að þeim hafi verið lofað. Þetta hafi bara verið þannig að það þurfi 12.000 störf.

Varðandi stöðumælasektir vil ég segja það við hæstv. ráðherra að það þýðir ekkert fyrir hann að vera í fýlu við Akureyringa þó hæstv. ráðherra hafi gleymt að borga þar í stöðumæli og síðan trassað að greiða sektina þangað til að hún var komin í 40 þús. kr. Þetta segir auðvitað bara meira um óráðsíu hæstv. ráðherrans í persónulegum fjármálum eða vinar hans sem hann hefur þá söguna frá, heldur en um Akureyringa. Ég vil láta það koma fram úr því að vegið er að stöðumælamálum á Akureyri að þar er þó enn hægt að borga í stöðumæli með tíu króna peningum. Slíkt er ekki í boði hér syðra. Að þessu leyti er þó sanngjarnari gjaldtaka norðan heiða en annars staðar.

[15:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki erfið málsvörn. Raunar þarf ég ekki að vera í neinni vörn. Hluti af kosningaloforðunum er efndur með frumvarpinu. Boðið er upp á sveigjanleg húsbréf. Gefinn er kostur á lengdum húsbréfalánum upp í 40 ár og búið er til úrræði handa þeim sem eru í vandræðum með húsbréfin sín nú þegar og eru komnir í vanskil.

Varðandi það að alla hluti eigi að leysa í einu, þá skil ég vel hv. þm. Hann er náttúrlega stórhuga og vanur sverum yfirlýsingum. Ég man eftir því að leiðtogi hans til margra ára flutti einu sinni á Alþingi þáltill. Ég er að tala náttúrlega um hv. 8. þm. Reykn. Ólaf Ragnar Grímsson. Hann flutti á Alþingi einu sinni þáltill. um allsherjarupprætingu skattasvika. Það var nú ekki lítið í ráðist.

Við lofuðum 12.000 störfum aldrei fyrir áramót. Við töluðum um aldamót. Ég vek athygli hv. þm. á því að samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar hafa orðið til, frá því að við fórum að tala um þessi 12.000 störf, 5.000 störf í landinu. 5.000 störf nú þegar, síðan í nóvember í fyrra þegar við héldum okkar flokksþing og byrjuðum að tala um 12.000 störf sem við þyrftum til aldamóta. Það er ekki ég sem fann þetta upp, heldur gefur Hagstofan það út að síðan núv. ríkisstjórn var mynduð hafi störfum fjölgað um 3.500.

[15:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það koma enn gullkorn um þessa stórkostlegu „Höllustaðahagfræði". Nú er það nýjast að það nægi að framsóknarmenn tali um þörfina á störfum, þá taki þeim að fjölga. Hæstv. ráðherra tímasetur jafnvel fjölgun starfa í landinu við það að framsóknarmenn héldu flokksþing í fyrrahaust og hófu þar upp raust sína um 12.000 störf. Það var eins og við manninn mælt að þá tóku að bætast við ný störf. Mikill kyngikraftur fylgir nú orðum framsóknarmanna. Ég endurtek það að mér finnst málsvörn hæstv. ráðherra harla óburðug. Ég minni til að mynda á að ekki í einu einasta atriði er verið að létta af eða taka til baka þær íþyngjandi aðgerðir sem fyrri ríkisstjórn greip til gagnvart húsbyggjendum og framsóknarmenn töluðu einmitt mikið um og að hluta til ályktuðu um fyrir kosningar. Það er ekki verið að lækka vextina. Það er ekki verið að afnema skerðingu vaxtabóta eða neitt af því tagi. Þannig að auðvitað er það alveg út í hafsauga að hér sé á ferðinni svo mikið sem mælanleg viðleitni af hálfu Framsfl. til að standa við stóru kosningaloforðin.

Varðandi það að ég taki stórt upp í mig og sé vanur stórum yfirlýsingum úr mínum flokki, þá vísa ég til þess sem hæstv. ráðherra sagði sjálfur, að ég ber ekki ábyrgð á öllu sem menn segja í mínum flokki frekar en hæstv. ráðherra.

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég ekki að segja að framsóknarmenn hafi búið einir til þessi 5.000 störf. En ég tel ekki ólíklegt að þjóðinni hafi aukist bjartsýni við það að Framsfl. settist í ríkisstjórn og ég tel það reyndar nokkuð rökrétt að störfum fjölgi í þjóðfélaginu þá þegar af þeirri ástæðu. Varðandi vextina, þá eiga þeir ekkert erindi í þetta frumvarp vegna þess að vaxtastig af húsbréfum er hægt að ákveða í ríkisstjórn.

[15:30]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. sagði áðan að af mínu máli hefði mátt ráða ég mér þætti ástandið harla gott. Það getur vel verið að hæstv. ráðherranum hafi fundist eðlilegt að lesa það út. Hins vegar kom það ekki fram en það kom þó greinilega fram að mér þótti ástandið heldur verra en honum, a.m.k. miðað við þau úrræði sem hann býður upp á. Í máli hans kom fram að hann hefði ekki lesið grg. og þá spyr maður: Las hann þá örugglega frv. því hann segir að það sé gott svo langt sem það nær? Ég hélt að hér hefði verið farið vandlega yfir það að það getur ekki verið gott svo langt sem það nær ef menn eru að miða við þau markmið sem sett voru upp. Þá hefur einhvers staðar eitthvað skolast illilega til vegna þess að hefðu þau skilyrði, sem eiga að taka gildi samkvæmt frv., gilt frá 1993 hefði einungis lítill hluti þeirra, sem hafa þó fengið greiðslustöðvun og skuldbreytingu, fengið þá meðferð. Þrengingarnar í því frv. sem við höfum hér til meðferðar eru það miklar frá því ástandi sem nú er.

Virðulegi forseti. Ég lagði ekki mat á það. Það gerði hins vegar hæstv. félmrh. og það gerði flokkur hans rækilega í kosningabaráttunni. Það er auðvitað það viðmið sem menn setja upp þegar verið er að fjalla um þessi mál. Ég get hins vegar sagt hæstv. félmrh. frá því hvað ég er sérstaklega óánægð með í því kerfi sem nú er. Ég er t.d. óánægð með að vaxtabætur skuli ekki mæta þörfum venjulegs fólks með þeim hætti sem þyrfti að vera. Ég er líka óánægð með að ódýrt leiguhúsnæði skuli ekki vera í meira mæli á markaði en raun ber vitni. Af því hæstv. ráðherrann nefndi það hér áðan sem hluta af lausn á vanda vil ég taka undir það og mun ekki liggja á liði mínu að styðja ráðherrann í þeirri viðleitni hans þegar það frv. birtist vonandi sem fyrst.

[15:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. ef hún heldur að ég hafi ekki lesið þetta frv. Ég las líka grg. Ég held að einhver villa hafi slæðst inn í grg. og það er engin

Höllustaðahagfræði sem stendur á bls. 5 í grg. Ég vil bara taka það fram. Höllustaðahagfræðin er hins vegar á bls. 3 í grg. og hún er studd skýrslum þeirra færustu sérfræðinga sem ég hafði tiltæka til að kanna málið. Það er ekki um þrengingu að ræða í úrræðum. Komið er með ný úrræði í þessu máli í húsbréfakerfinu og gefinn er kostur á lengri húsbréfum. Það er gefinn kostur á nýjum úrræðum fyrir þá sem eru í skuldum og þau framlengd sem voru sett til bráðabirgða. En eins og menn hafa náttúrlega tekið eftir er þetta frv. ekki um vaxtabætur og því var aldrei ætlað að vera það.

[15:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fáein atriði í viðbót vegna svarræðu hæstv. félmrh. Í tvennu tilliti vil ég taka undir með hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi það sem hann sagði hér um leiguíbúðir. Ég er algerlega sammála hæstv. ráðherra um að skynsamlegasta úrræðið gagnvart þeim aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir og verður auðvitað ekki breytt í einum svip er að leita leiða til þess að auka framboð á hagstæðu og tryggu leiguhúsnæði. Það er sú aðgerð sem getur að mínu mati komið fyrst og best til móts við vanda fjölmargra sem ráða ekki með neinu móti við að koma sér upp eigin þaki yfir höfuðið eins og launakjörum er háttað nú í landinu eins og kostnaður er á húsnæðislánum og verð á fasteignamarkaði eða þá byggingarkostnaður nýrra íbúða.

Í raun vantar sem almennt úrræði í húsnæðismálum okkar að það sé kostur fyrir fólk, jafnvel til lífstíðar, að búa í sæmilega hagstæðu leiguhúsnæði, þeim sem það vilja frekar. Auðvitað stendur þannig á hjá fjölmörgum í lífinu á ákveðnu tímabili að minnsta kosti, að það hentar fólki best að leigja. Ef menn stunda nám eða tímabundna atvinnu eða hafa ekki gert það upp við sig hvar þeir vilja eiga sér varanlega búsetu í landinu er auðvitað heppilegast að eiga kost á sæmilega hagstæðu og tryggu leiguhúsnæði. Það liggur líka í hlutarins eðli að allra tekjulægstu fjölskyldurnar í landinu hafa í raun engan afgang til að mynda eign í húsnæði. Þá þarf að taka tillit til þess með sem allra hagstæðustum kjörum á því húsnæði sem það fólk býr í.

Í öðru lagi tek ég undir það sem ráðherra sagði um gjaldþrot. Það frumstæða kerfi sem við búum við er auðvitað einn angi þessa mál að fólk sem er komið í vanda með sín persónulegu fjármál á oft og tíðum enga leið út úr því þó það sé algerlega eignalaust og gjaldþrotaskipti þjóni engum tilgangi öðrum en að taka mannréttindi af þessu fólki er það samt sem áður knúið í þá aðgerð. Það er auðvitað stórkostlegur ljóður á skipan þessara mála hjá okkur og það snýr auðvitað líka að fyrirtækjum að menn skuli vera af þessum ástæðum neyddir í gjörsamlega tilgangslaus gjaldþrotaskipti sem engum tilgangi þjónar þar sem ekkert er út úr búinu að hafa. Þetta þekkja menn og þarf ekki að fara mörgum orðum um en er sárara og erfiðara upp á að horfa þegar það snýr að einstaklingum sem margir hverjir bera aldrei síðan sitt barr eftir þá útreið.

Í þriðja lagi kem ég inn á það sem hæstv. ráðherra sagði um húsbréfakerfið. Nú upplýstist það að rétt var farið með, að hæstv. ráðherra var a.m.k. í hópi efamsemdarmanna um ágæti húsbréfakerfisins og deildi þá m.a. þeim efasemdum með þeim sem hér talar. Ég tók aldrei trú á húsbréfakerfið. Ég hafði aldrei sannfæringu fyrir því að það ljóta mundi ekki einmitt gerast, þ.e. að afföll yrðu til á pappírunum. Það var m.a. ástæðan fyrir því að þegar pólitískt samkomulag var gert á sínum tíma, sem ég hygg nú að við báðir, ég og hæstv. núv. félmrh., berum nokkra ábyrgð á, gerði ég fyrir mitt leyti að skilyrði að það yrði gert samsíða útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Það var það pólitíska samkomulag sem til grundvallar lá á sínum tíma auk þess sem menn sóru og sárt við lögðu að vaxtabætur mundu bæta upp þann mun sem væri á vaxtakjörum í húsbréfakerfinu og það var ætlunin að áfram yrði opinn almennur útlánaflokkur úr Byggingarsjóði ríkisins til handa þeim sem væru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Það var síðan ákvörðun næstu ríkisstjórnar þar á eftir og þáv. hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur, að loka Byggingarsjóði ríkisins og etja öllum á húsbréfakerfið, þar á meðal þeim sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í því liggur að mínu mati meginmeinsemdin. Kerfið gengur ekki upp miðað við lífskjör eða kaupmátt á Íslandi eins og þau eru í dag hjá öllum þorra almennra launamanna gagnvart þeim sem eiga ekki eign til að láta ganga upp í kaupin. Það er einfaldlega þannig. Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan. Ég er ekki að leggja til að húsbréfakerfið sé lagt niður. Það er misskilningur hafi hæstv. ráðherra tekið það svo þó það sé ekki endilega vegna þess að ég vilji halda í það eða það sé mér hugfólgið. Ég átta mig auðvitað á því að þegar svo er komið sem raun ber vitni verður það ekki gert í einni svipan enda eru endalausar kollsteypur og kerfisbreytingar í svona mikilvægum málaflokki af hinu illa. Ég er sannfærður um að það kemst ekki skikkur á þessi mál á nýjan leik fyrr en tekin verður upp annars konar grunnfjármögnun gagnvart nýbyggingum og sérstaklega þeim sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Húsbréfakerfið eða markaðsverðbréfakerfi, t.d. á vegum bankanna, getur að mínu mati vel þjónað tilgangi sínum sem fjármögnun í viðskiptum með notað íbúðahúsnæði. Það er allt annar og ósambærilegur hlutur þegar brúa þarf tiltekna viðbótarfjárþörf vegna viðskipta með notað húsnæði milli einstaklinga en grunnfjármögnunin sjálf sem slík. Það er í þeim efnum sem menn eru að komast í ógöngurnar í húsbréfakerfinu. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á.

Þegar húsbréfin komu til sögunnar voru meginmistökin með 86-kerfinu, eins og við köllum svo, að mínu mati þau að láta það kerfi vera jafngilt gagnvart viðskiptum með notað húsnæði. 86-kerfið, eins og önnur slík sem byggja á föstum lánum til langs tíma, var gott gagnvart nýbyggingum og því hefði átt að viðhalda. Hins vegar var það mikla fjárútstreymi, sem upphófst í gegnum það í viðskiptum með notað húsnæði, að mínu mati mistökin sem drápu það kerfi vegna þess að það fjárútstreymi orsakaði hinar illræmdu biðraðir og varð til þess að lokum að það varð pólitískt orðið illverjanlegt að starfrækja það áfram og það nýttu þeir markaðssinnar og frjálshyggjumenn sér sem vildu innleiða húsbréfakerfið. Það hefði verið betur að menn hefðu þá strax tekið þá skynsamlegu ákvörðun að segja sem svo: Allt í lagi. Látum þessi markaðsbréf vera úrræði gagnvart viðskiptum með notað húsnæði en höldum áfram lánaflokki í gangi úr Byggingarsjóði ríkisins á föstum og lágum vöxtum til að fjármagna nýbyggingar og mynda grunnfjármögnun í kaupum hjá þeim sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Herra forseti. Þessum athugasemdum vildi ég koma á framfæri í framhaldi af þeim orðum sem hæstv. félmrh. lét falla um þessi mál.

[15:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér hefur margt verið rætt og sumt á misskilningi byggt og ég vildi gjarnan taka þátt í umræðunni til

að upplýsa vissa um hluti. Í fyrsta lagi er lagt til í frv. að lánin megi veita til 15, 25 og 40 ára í stað eingöngu til 25 ára í dag. Nú er það svo að þegar fólk hefur val þá fer það að hugsa. Þegar brautin er ein og bein og ekkert spurt um það hvort menn þurfi eða vilji yfirleitt taka lán, þá taka þeir 25 ára lánin. Það er ekki spurt að neinu. En þegar menn eru spurðir hvort þeir vilji 15, 25 eða 40 ára lán þá fara menn að hugsa. Það getur verið að þeir hugsi svo langt að þeir taki bara ekkert lán. Þeir taki lán annars staðar, leysi vanda sinn í bönkum og annars staðar þar sem bjóðast í sívaxandi mæli, samkeppnishæfir kostir. Það getur verið að eftirspurnin eftir húsbréfum minnki jafnvel við meiri fjölbreytni. Ég hef þá trú að hún muni ekki aukast.

Mikið hefur verið fjallað um greiðsluvanda einstaklinga enda er frv. að miklu leyti sett fram til að leysa hann. Sá greiðsluvandi er að mörgum toga og mjög mismunandi. Menn bera í fyrsta lagi mikla greiðslubyrði vegna tapa í atvinnurekstri. Margir virðast ekki átta sig á að atvinnurekstur er áhættusamur og þeir sem setja fé í hann geta tapað öllu sínu og jafnvel miklu meira en það. Sumir sitja uppi með margar milljónir eða jafnvel milljónatugi vegna tapa í atvinnurekstri og eru þar af leiðandi í fjárhagsvanda. Svo eru aðrir sem hafa skrifað upp á fyrir einhvern sem er í atvinnurekstri og tapað þar af leiðandi. Það eru mjög hörmuleg dæmi sem ég hef áður getið um úr þessum ræðustóli. Svo eru þeir sem hafa keypt stórar íbúðir fyrir 20 millj. Með mjög háum eignarsköttum og með því að lána ekki nema 5 millj. hefur verð á þessum íbúðum lækkað. Aðgerðir hins opinbera hafa þannig lækkað verð á þessum íbúðum. Menn keyptu eða byggðu íbúðir fyrir 20 millj. sem seljast kannski ekki nema fyrir 16 millj. í dag. Viðkomandi einstaklingur hefur tapað 4 millj. Það er greiðsluvandi hans. Hann getur verið með háar tekjur. Það bjargar málinu ekki. Hann er engu að síður í miklum greiðsluvanda út af lækkuninni þegar hann lendir í vandræðum og ræður ekki við þessa stóru eign og hún er seld á uppboði þá fær hann kannski ekki nema 15–16 millj. kr. fyrir eign sem hann borgaði 20 millj. kr. fyrir. Þetta er vandinn. Svo að sjálfsögðu er hinn vandinn sem menn hafa eingöngu einblínt á hingað til sem er atvinnuleysi, minnkandi atvinna og minnkandi yfirvinna.

Spurningin er: Hvernig leysum við svona vanda? Við flokkum fólkið í tvo hópa. Vanda annars hópsins er hægt er að leysa með því að veita lán. Það eru þeir aðilar sem eru með eigið fé yfir núlli eða ekki svo stórlega neikvætt eigið fé að þeir geta ráðið við það með tekjum næstu ára. Þessu fólki veitum við lán. Og þetta frv. er til að leysa þann vanda og ekkert annað. Það er til að leysa vanda þeirra sem hægt er að leysa með lánveitingum. Það fólk sem komið er í þá stöðu að vandi þess verður ekki leystur nema með því að fella niður skuldir er svo allt annar handleggur. Sá hópur manna er um þúsund manns, að því er mér sýnist, og ekki endilega lágtekjufólk. Þetta getur verið hátekjufólk sem hefur tekið yfir miklar skuldir úr atvinnurekstri eða skrifað upp á. Þetta getur verið eldra fólk, fátækt fólk eða lágtekjufólk, það er af alls konar toga.

Vandi þessa fólks hefur hingað til því miður verið leystur með gjaldþrotum sem er mjög ómanneskjuleg aðferð. En hann verður ekki leystur nema með því að kortleggja hann og fella niður skuldir. Það er aftur á móti mjög vandasamt vegna þess að aðrir hafa pínt sig og kvalið og gengið á alla ætt sína til að standa við sínar skuldbindingar. Eigi svo einhver annar sem ekki hefur pínt sig eins mikið og hefur ekki leitað hjálpar hjá ættingjum að fá niðurfellingu skulda er það óréttlátt gagnvart þeim sem hefur pínt sig. Það er því ekki einfalt að segja að við ætlum að strika út allar skuldir. Mér sýnist að þar þurfi að gera einhvers konar óopinbera nauðasamninga. Þannig að þeir aðilar sem mestra hagsmuna eiga að gæta, lífeyrissjóðir, bankar, verðbréfafyrirtæki, tryggingafélög o.fl. fái vitneskju um að viðkomandi einstaklingur hafi fengið felldar niður skuldir. Hann er þá settur á svartan lista, veit að hverju hann gengur og fær ekki frekari lán. En með því að fella niður skuldir er búið að hjálpa honum það mikið að hann ætti að geta ráðið við skuldbindingar sínar. Það má þó ekki gera það þannig að maðurinn sé eins og hvítþveginn á eftir gagnvart þeim sem hafa pínt sig til að borga sitt.

Nokkuð mikið hefur verið rætt um setningu á bls. 5: „Því þykir óþarft að hafa tíma þennan lengri en 15 ár, enda lægri afföll eftir því sem lánstími er styttri.“ Þar vantar eilitla viðbót: „að óbreyttri ávöxtunarkröfu“. Ef gengið er út frá óbreyttri ávöxtunarkröfu, t.d. 6%, sést á bls. 9 að afföllin verða sífellt hærri. 8,5% fyrir 15 ára bréf, 11,7% fyrir 25 ára bréf og 15,52% fyrir 40 ára bréf, að óbreyttri ávöxtunarkröfu. En það sem hugleiðingin á bls. 5 gengur út á er að það kynni að vera, og það er mín trú, að ávöxtunarkrafan fyrir 40 ára bréfin verði lægri en ávöxtunarkrafan fyrir 25 ára bréfin og þá getur þetta snúist við. Þetta er ekki alveg svona einfalt. (**Gripið fram í:** Hvernig rökstyður þingmaðurinn það?) Ég rökstyð það eins og ég gat um áðan að lífeyrissjóðir og aðrir sem vilja negla inn ávöxtun til lengri tíma hafa kannski ekki þá trú að þeir nái 5% ávöxtun í 40 ár og þeir munu gjarnan vilja kaupa 40 ára bréf til að negla þá ávöxtun inni því lífeyrissjóðirnir þurfa ekki nema 3,5% vexti. Ég mundi ráðleggja hverjum einasta lífeyrissjóði að kaupa 40 ára bréf. Ég hef aftur á móti trú á því að mjög fáir muni nýta sér þennan kost. Ég geri ekki ráð fyrir að 40 ára maður vilji borga síðustu afborgunina af íbúðinni sinni þegar hann er 80 ára. Ég hugsa að þetta verði ekki mjög spennandi kostur fyrir fólk að taka lán til 40 ára. Ég held nefnilega að það verði einmitt öfugt, að 15 ára bréfin verði vinsælust. Ég veit um fólk sem bíður eftir því að þessar breytingar komist í gegn til að taka lán til 15 ára. Það kærir sig ekki um að vera að borga íbúðina sína í 25 ár. Það getur borgað hana hraðar og vill það og kaupir þá kannski minni íbúð í staðinn.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi hér heilmikið um söguna. Ég er ekkert hrifinn af sögulegri upprifjun. Ég held að þingmenn eigi frekar að líta á stöðuna eins og hún er í dag og leysa hana með hliðsjón af framtíðinni, þ.e. horfa fram á við. En það er líka sjálfsagt að líta öðru hverju til baka og ég vil minna á að það kerfi sem var á undan húsbréfakerfinu þýddi þriggja til fjögurra ára biðtíma. Þegar krakkinn fermdist þá þurfti hann að sækja um lán. Þetta var gjörsamlega ópolandi kerfi, vegna þess að það byggði ekki á markaði eins og húsbréfakerfið. Ríkið lánar ekki neitt núna. Það eina sem ríkið gerir er að veita ábyrgð, ekkert annað.

Þá komum við að hinum punktinum sem hv. þm. talaði um, 25% afföllin. Hvernig í ósköpunum stóð á því þegar afföllin fóru í 25% að allir héldu áfram að taka lán? Það var vanþekking. Auðvitað áttu menn að hætta því. Það er einmitt eiginleiki húsbréfakerfisins að þegar margir sækja um húsbréf og allir vilja taka lán þá eiga afföllin að hækka og margir að hætta við. Þar með lækka afföllin aftur. Þetta er eðli kerfisins. (**KHG:** Þeir hætta ekki sem eru á kafi í skuldunum.) Menn taka sjálfir ákvarðanir um að fara út í skuldir á ákveðnum tíma og eiga að gera það í ljósi þeirra

vaxta sem bjóðast. (**KHG:** Það voru nú aðallega skuldarar sem tóku lán með 25% afföllum, greiðsluerfiðleikalán.) Já.

Þingmaðurinn gat þess einnig að það væri mjög erfitt að kaupa íbúð í dag. Þvert á móti, það er mjög auðvelt. Ég vil nefna dæmi. Segjum að ungt fólk eigi eina milljón í einhverri eign, bíl eða slíku, en menn þurfa að eiga u.þ.b. tvær milljónir í eigið fé. Sá sem á það getur fengið lán upp á fimm milljónir og keypt sér íbúð upp á sjö milljónir. Fjögurra herbergja íbúð, bingó, tilbúna og allt saman. Hann flytur inn í fjögurra herbergja íbúð. Hvað borgar hann mikið á mánuði? *Þrjátíu þúsund krónur af þessum fimm milljónum.* Það eru nú öll ósköpin. Það er minna en leiga. Þannig að ef menn eiga tvær milljónir í eigið fé þá borga þeir minna en markaðsleigu fyrir fjögurra herbergja íbúð í 25 ár. Ég kalla þetta ekki erfitt, enda er þetta ekki erfitt. Ég tek meira að segja ekki inn í dæmi vaxtabæturnar sem hjálpa fólki enn frekar. Þær eru kannski veiki punkturinn við kerfið í dag. Ríkið lofar um alla framtíð vaxtabótum og það getur verið að það verði ofraun fyrir ríkissjóð að standa við það kerfi til lengdar. Þegar ég ráðlegg ungu fólki við íbúðarkaup vara ég það við því að reikna með vaxtabótum óbreyttum. Það er veikasti hlekkurinn. Við þekkjum skuldastöðu ríkissjóðs og hún er mjög hættuleg. Þarna er gefið framtíðarloforð á mjög vafasaman hátt.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. sagði um 86-kerfið, gamla kerfið og biðröðina í því kerfi þá hef ég síður en svo mælt því ástandi bót. Ég sagði einmitt í minni ræðu þegar ég vék að því ástandi að það var einmitt biðröðin sem myndaðist sem drap það kerfi og biðröðin myndaðist vegna þess að það var allt of mikið útstreymi út úr því kerfi inn í viðskipti með notað íbúðarhúsnæði sem engin ástæða var til. Ég er að því leyti sammála hv. þm. að í þeim viðskiptum tel ég að markaðsfyrirgreiðsla, markaðsbréf eða bankakerfið eða aðrir slíkir aðilar séu hinn eðlilegi milligönguaðili ef menn þurfa á einhverju fjármagni að halda. En dæmið snýr allt öðruvísi þegar kemur að grunnfjármögnuninni sjálfri. Svo spyr hv. þm.: Af hverju í ósköpunum hættu menn ekki að taka lán þegar afföllin voru orðin 20–25%? Af hverju er fólkið svona vitlaust? Gæti hugsast, hv. þm., að þetta væri vegna þess að fólkið þarf að búa einhvers staðar. Það þarf þak yfir höfuðið og það eru fjölmargir sem upplifðu sig í þeirri stöðu að þeir áttu ekki annars kost. Ég fullyrði að fólkið er ekki svona vitlaust. Það tók ekki húsbréfalán að gamni sínu eða í óvitaskap með 25% afföllum. Það gerði það vegna þess að það átti ekki annarra kosta völ. Það voru ekki og eru ekki önnur úrræði í boði en þetta kerfi. Við getum tekið bónda í sveit sem býr í heilsuspillandi húsnæði og þarf að byggja sér nýtt húsnæði. Hvaða kosta á hann völ? Ekki fer hann á leigumarkaðinn. Ekki fer hann inn í félagslega íbúð. Nei, hann verður að byggja og taka áhættuna af því að festa þannig sína fjárfestingu í jörðinni. Hvaða úrræði standa honum til boða? Ekkert nema húsbréf, ekki neitt. Það er eini lánaflokkurinn sem er í gangi. Þetta ætti hv. þm. að reyna að hafa í huga.

Ég vil að lokum segja að ég er algerlega ósammála hv. þm. Það er í raun óhugsandi fyrir ungt, eignalaust fólk með meðaltekjur eða lægri að eignast íbúð í dag. Spurningin snýst ekki um það hvort það sé ódýrara að leigja heldur en að borga af lánunum. Það er ekki valið sem fólkið stendur frammi fyrir. Ef það ætlar að kaupa þarf það að undirgangast greiðslumat og það þarf að sýna fram á að það geti borgað af lánunum. Og ef það á nú enga eina milljón og engar tvær milljónir þá gengur dæmið yfirleitt ekki upp. Það getur síðan verið hárrétt hjá hv. þm. að leigan sé dýrari. Um það spyr Húsnæðisstofnun ekki. Hún fellir þig á greiðslumatinu jafnvel þótt greiðslubyrðin sé svipuð eða lægri en leigan sem þú ert að borga. Það kemur málinu ekki við, segir Húsnæðisstofnun. Þetta ætti hv. þm. að athuga.

[15:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að fólk þyrfti að búa einhvers staðar. Vissulega, en það þarf kannski ekki endilega að byggja einmitt þegar vextirnir eru hæstir og afföllin mest. Bóndinn sem hann gat um átti að sjálfsögðu að fresta framkvæmdum í eitt eða tvö ár og þá hefði hann lent í 10% afföllum. Það er nefnilega málið. Fólk á að fresta almennt séð framkvæmdum þegar vextir eru mjög háir, sem þýðir það að vextirnir lækka. Það gerðist ekki. *Það er kannski í og með vegna þess að jafnvel fyrrv.* hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, lýsti því yfir að það væri ekki kaupandi íbúðarinnar sem borgaði afföllin. Það var mjög villandi því að sjálfsögðu borgar kaupandi íbúðar alltaf afföllin. Ef hann ætti peninga eða gæti tekið lán annars staðar gæti hann að sjálfsögðu keypt húsbréf, borgað íbúðina með því og notað þannig afföllin. Að sjálfsögðu er það alltaf kaupandi íbúðarinnar sem borgar afföllin. Það sem var kannski mest villandi var að fólki var talin trú um að kaupandinn borgaði ekki afföllin og þar með datt verðskynjunin út úr dæminu. Fólk hugsaði sem svo að það skipti ekki máli hver afföllin væru, það borgaði þau hvort eð er ekki.

[15:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætli það sé nú ekki mergurinn málsins að fólk þarf að búa einhvers staðar. Það er nefnilega meinið. Því miður eru ekki allir í aðstöðu til þess að sitja bara rólegir, halla sér aftur á bak og vega og meta málin. Spá í afföllin og spá í tímann og velja sér svo einhvern vísindalega réttan tíma til að fara í að byggja eða kaupa íbúð. Þetta er ekki þannig. Aðstæðurnar eru ekki þannig í lífi venjulegs fólks að það geti ráðið slíku sjálft og valið sér besta tímann. Frestað ákvörðunum eða frestað því að leysa sín húsnæðismál vegna þess að afföll séu mikil o.s.frv. Við vitum öll að auðvitað er það ekki svona. Þar á ofan, hv. þm., eru ekki allir sérfræðingar í verðbréfaviðskiptum og afföllum og öllu því dóti. Það er bara einu sinni þannig. Langoftast upplifir fólk þetta svo að það stendur þannig á að það þarf að leysa sín húsnæðismál og það vill gera það núna. Það er komið heim frá námi, nýbúið að gifta sig, er að eignast barn eða eitthvað því um líkt. *Það sem ræður er að fólkið er þannig statt í lífi sínu að það* verður að leysa shúsnæðismál sín. Ekki það hvort afföllin eru 5% meiri eða minni, hvernig ástandið er á fasteignamarkaði eða hvaða lánakerfi er í gangi í augnablikinu. Það er ekki svo. Þetta vitum við öll. Þess vegna verður að reyna að haga þessum hlutum þannig að það sé stöðugleiki og það sé jafnan í boði einhver viðráðanleg úrræði fyrir venjulegt fólk til að búa við öryggi í húsnæðismálum. Það er það sem þetta snýst um. Svona frumskógarmarkaðshyggjukerfi með afföllum sem sveiflast upp og niður, breytilegum vöxtum og alls konar hringli þar á ofan af hálfu stjórnvalda það er ekki lausnin, hv. þm., það er alveg órafjarri. Nema þá

að gera alla þjóðina, 270.000 hræðurnar, að sérfræðingum í verðbréfaviðskiptum og senda alla í háskóla í þeim efnum. Það held ég að verði nú seint.

[15:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja hv. þm., Steingrími J. Sigfússyni, að ég hef meiri trú á skynsemi fólks heldur en hann. Fólk er nefnilega mjög skynsamt. Fólk hegðar sér rétt þegar það er búið að átta sig á stöðunni. Núna er það þannig að fólk horfir virkilega á ávöxtunarkröfuna og afföllin. Það er það sem fólk gerir í dag. Þannig að fólk er ekki svona óskynsamt eins og hann heldur. Ég hef mikla trú á fólki. Hins vegar er ég sammála hv. ræðumanni í því að það má laga stöðu leigumarkaðarins og það getur vel verið að það komi út úr þessari nefnd um fjármagnstekjuskatt lausn sem lagar þann vanda.

[16:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil fagna því hvað menn taka ljúflega undir þá skoðun mína að við þurfum að efla leiguíbúðamarkaðinn. Ég vil láta þess getið að á vegum Reykjavíkurborgar er í gangi átak sem heitir Íbúð á efri hæð. Með því er verið að reyna að nýta það húsnæði sem fyrir hendi er og mikið af því gæti líka hentað til leigu. Ég er ánægður með þær undirtektir sem þetta hefur fengið hér.

Ég held að við eigum að einbeita okkur að því að reyna að styrkja leigumarkaðinn, þannig að framboðið verði nægjanlegt af sæmilega góðu leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum og það verði betri kostur fyrir fólk en ráðast í að kaupa sér húseign ef það á ekki neitt. Reynslan sýnir nefnilega að fólk sem á ekki neitt til að leggja í íbúðarkaup en leggur í þau samt lendir yfirleitt í vandræðum því miður.

Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómi Reykjavíkur fæst ekkert upp í 99% gjaldþrota einstaklinga, ekkert. Samt eru gjaldheimtan og tollurinn að keyra menn í gjaldþrot. Það verða líklega 400–500 gjaldþrot í Reykjavík hjá einstaklingum á þessu ári og þau eru langflest að kröfu tollstjóra eða gjaldheimtunnar. Þeir einu sem hafa upp úr því eru lögfræðingarnir sem annast búin.

Ég get verið að vissu leyti sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að 86-kerfið var ekkert galið kerfi. 86-kerfið hafði sína galla, en í grundvallaratriðum var það gott kerfi. Það hafði hins vegar þann galla að mikill biðlisti myndaðist og það var ekki gott. Húsbréfakerfið hefur líka sína kosti, er t.d. mjög greitt í viðskiptum. Húsbréf eru ágætur gjaldmiðill þegar menn skipta um íbúð og húsbréfin geta gengið frá hönd til handar. Ég ætla ekki að leggja til að húsbréfakerfið verði lagt niður. Ég vil reyna að laga það. Ég hef tekið við húsbréfakerfinu nauðugur viljugur. Það er eins og þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er sestur upp í alþýðubandalagsrútuna og farinn að keyra. Hann keypti ekki þennan bíl. Hann hefði keypt sér miklu betri bíl ef hann hefði fengið að ráða. En hann reynir að halda honum á veginum og er reyndar sá eini sem getur það því að hinir alþýðubandalagsmennirnir geta ekki keyrt svona slæman bíl. Ég er að reyna að halda húsbréfakerfinu á veginum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (yfirstjórn, rýmingarsvæði, ofanflóðasjóður o.fl.). — Þskj. 300.

[16:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, samanber lög nr. 50/1995. Frv. þetta er samhljóða tillögum nefndar sem upphaflega var skipuð til að endurskoða það sem reynst hefur óþarflega flókið stjórnskipulag mála er varðar snjóflóð og skriðuföll í því skyni að einfalda það og tryggja betur en gildandi lög gera að vald og ábyrgð fari saman á þessu sviði stjórnsýslunnar. Rétt er að rifja það upp að breytingar sem gerðar voru á lögunum fyrr á þessu ári fólust aðallega í breytingum á tekjuöflun og fjárveitingum ofanflóðasjóðs, en tóku ekki á stjórnkerfinu sem slíku. Eftir að þjóðin varð öðru sinni á sama ári fyrir miklu mannfalli og búsifjum af völdum snjóflóða var sömu nefnd jafnframt falið að leita leiða til að tryggja eins vel og auðið verður öryggi þeirra sem búa við snjóflóðahættu og gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum í því skyni. Af augljósum orsökum hef ég lagt ríka áherslu á að nefndin hraðaði störfum sínum og af sömu ástæðum leitað eftir því við hv. Alþingi að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum sama dag og því er útbýtt, til að meðferð þess hér megi hefjast sem fyrst.

Með því að hættumatsgerð í ljósi breyttra aðstæðna og á nýjum forsendum er tiltölulega skammt á veg komin og niðurstöður vísindalegra rannsókna á eðli og afleiðingum snjóflóða liggja enn ekki að fullu fyrir, gerir frv. þetta aðeins ráð fyrir þeim lágmarksbreytingum sem nauðsynlegt þykir að gera í öryggisþágu meðan þannig standa sakir. Nefndin hefur því einnig gert að tillögu sinni að áfram verði unnið að heildarendurskoðun laganna á næsta ári og frv. til nýrra heildarlaga lagt fyrir Alþingi að ári liðnu. Ríkisstjórnin hefur fallist á þessa tillögu nefndarinnar og er á því hnykkt í 10. gr. frv.

Breytingar þær sem frv. gerir ráð fyrir eru í meginatriðum þríþættar. Þær snúa í fyrsta lagi að stjórnkerfinu, í öðru lagi að öryggisráðstöfunum meðan endurskoðað hættumat liggur ekki fyrir og í þriðja lagi að nánari útfærslu á greiðslutilhögun ofanflóðasjóðs við fasteignakaup. Ég kýs að gera fyrst grein fyrir þessum meginbreytingum, en víkja síðan að einstökum greinum eftir því sem ástæða þykir til. Ég vek jafnframt athygli á að í fskj. 1 með frv. eru lögin birt í heild með þeim breytingum sem það gerir ráð fyrir, feitletruðum.

Að því er stjórnkerfið varðar er lagt til að málaflokkurinn færist frá félmrn. til umhvrn., en síðarnefnda ráðuneytið má e.t.v. segja að fari nú með vonum eðlisskyldari mál. Þar á ég bæði við skipulagsmál og rannsóknir á umhverfismálum, þar á meðal veðurathuganir. Flutningurinn kemur þó einkum til af því að á Veðurstofu Íslands sem lýtur yfirstjórn umhvrh. er samkvæmt frv. bætt nýjum verkefnum og ábyrgð stofnunarinnar á rannsóknum og forvörnum er aukin. Þannig er Veðurstofunni ekki aðeins ætlað að annast gagnaöflun og úrvinnslu eins og verið hefur, heldur er stofnuninni einnig falin hættumatsgerðin sjálf og með þeim hætti leitast við að tryggja að framvegis verði einungis sú sérfræðiþekking sem þannig er aflað og byggjast mun upp í stofnuninni lögð matinu til grundvallar. Í þessu skyni er einnig lagt til að svokallaðir snjóathugunarmenn verði starfsmenn Veðurstof-

unnar í stað sýslumanna sem njóti þó umsagnarréttar um val þeirra við ráðningar.

Þá er lagt til að gerð reglna um notkun hættumats, til að mynda við skipulagsvinnu, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra og gerð varnarvirkja verði færðar af stofnanastigi á ráðuneytisstig, enda er bæði mikilvægt að ákveðin fagþekking sé til staðar í ráðuneytinu og slíkar reglur hljóta a.m.k. að einhverju leyti að byggja á pólitísku mati.

Ofanflóðasjóður verður áfram í vörslu Viðlagatryggingar Íslands með svipuðu hlutverki og verið hefur. Ráðherra tekur endanlega ákvörðun um fjárveitingar úr sjóðnum en í samræmi við þær breytingar sem frv. miðar að gerir Veðurstofan tillögu um ráðstöfun þeirra til verkefna sem talin eru í 1.–3. tölul. 11. gr. laganna og lúta að athugunum, rannsóknum og gerð hættumats, en sérstök nefnd sem komið er á fót samkvæmt 6. gr. frv. skipuðum fulltrúum umhvrh., félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga gerir tillögu eða úthlutun til verkefna sem talin eru upp í 4.–5. tölul. 11. gr. og lúta að þátttöku í kostnaðarundirbúningi og framkvæmdum við varnarvirki og kaup á löndum, lóðum og húseignum eða flutningi þeirra.

Samkvæmt því sem ég hef nú rakið er verulega dregið úr hlutverki Almannavarna ríkisins í forvörnum gegn ofanflóðum og ofanflóðanefnd sem slík er lögð niður. Almannavarnir munu eftir sem áður hafa mikilvægu hlutverki að gegna við gerð og stjórn neyðaráætlana svo sem nánar verður vikið að á eftir og við almenn leiðbeiningar- og fræðslustörf um hættu af ofanflóðum.

Að því er öryggisþáttinn varðar er í 3. gr. frv. lagt til að brugðist verði við þeim vanda sem skapast af því að nýtt og endurskoðað hættumat liggur ekki fyrir, með því að gerðar verða áætlanir um að rýma húsnæði á afmörkuðum svæðum þegar Veðurstofan gefur út viðvörun um snjóflóðahættu og lýsir þar með yfir að hættuástand hafi skapast. Svæðin verða afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan gerir, en áætlanagerð um rýmingu þeirra verður áfram í höndum Almannavarna ríkisins og almannavarna á hverjum stað. Þessum neyðaráætlunum er ætlað að tryggja öryggi fólks eftir því sem kostur er, en leggja verður áherslu á að þau rýmingarsvæði sem þannig verða afmörkuð og áætlanir þessar taka til, má alls ekki leggja að jöfnu við hættusvæði samkvæmt hættumati. Með aukinni og bættri þekkingu á eðli og afleiðingum snjóflóða standa hins vegar vonir til að smám saman verði hægt að skilgreina svæðin betur og þá hluta þeirra sem rýma þarf við tiltekin veðurskilyrði. Ákvörun um rýmingu verður þannig í höndum Veðurstofunnar og felst í útgáfu viðvörunar um aðsteðjandi hættu, en framkvæmd þeirrar ákvörðunar verður í höndum lögreglustjóra eða eftir atvikum hreppstjóra og almannavarnanefndar á hverjum stað. Enda þótt skilið sé á milli ákvörðunar um rýmingu og framkvæmd hennar ber að árétta mikilvægi þess og nauðsyn að allir þeir aðilar sem að þessum málum koma hafi með sér náið samstarf og er það áréttað á ýmsum stöðum í frv. með ákvæðum um samráð og samvinnu. Jafnframt er ástæða til að árétta það hér að til þess að Veðurstofan geti annast sitt vandasama hlutverk er gríðarlega mikilvægt að hún hafi góð tengsl við þá staði sem hætta steðjar að en þau tengsl er snjóathugunarmönnunum einmitt ætlað að mynda sem starfsmönnum og trúnaðarmönnum Veðurstofunnar.

Loks miðar þriðja meginbreytingin að því að færa nánar út í lögunum sjálfum ákvæði sem tekið var upp í þau fyrr á árinu um greiðslur ofanflóðasjóðs fyrir fasteignir sem keyptar eru eða fluttar vegna yfirvofandi ofanflóðahættu. Útfærslan er í aðalatriðum samhljóða ákvæði reglugerðar um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 440/1995, sem byggir í megindráttum á nefndaráliti félmn. 118. löggjafarþings, en nefndin gekkst fyrir þessari breytingu á lögunum að ósk þáv. ríkisstjórnar. Viðbót við gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að lögfest verði heimild ofanflóðasjóðs til að haga greiðslum með mismunandi hætti eftir því hvort húseigandi sem ekki á kost á sambærilegri húseign hyggst byggja nýtt hús í sveitarfélaginu eða hyggur á brottflutning. Er það í samræmi við fyrrnefnt álit félmn. þar sem orðrétt segir, með leyfi forseta, að það „... sé eðlilegt að sveitarfélagið geri samninga um mismunandi greiðslur eftir því hvort verið sé að greiða fjárhæðir vegna þess að viðkomandi hyggist byggja að nýju innan sveitarfélagsins eða hvort viðkomandi ætli sér að kaupa annað húsnæði."

Greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð sinni geta samkvæmt þessu orðið hærri en greiðslur til þeirra sem hyggjast flytja á brott. Tilgangurinn er augljóslega sá að styrkja byggð í sveitarfélögum sem orðið hafa fyrir áföllum af völdum ofanflóða eða þar sem hætta á þeim er yfirvofandi. Rétt er þó að hafa í huga í þessu sambandi að mismununin er ekki meiri en svo að staðgreiðslumarkaðsverð nýrra húseigna sem byggðar kunna að verða á umræddum stöðum verður að öllum líkindum mun lægra en greiðslunum nemur, a.m.k. eins og sakir standa þannig að eigendur þeirra verða að því leytinu ekki betur settir fjárhagslega.

Um einstakar greinar frv. vil ég, herra forseti, aðeins nefna tvennt til viðbótar. Í 1. gr. frv. er tekið af skarið um að framvegis verði ekki aðeins litið til hættumats við skipulagningu nýrra svæða, heldur og við alla skipulagsvinnu án tillits til hvort um er að ræða ný eða eldri svæði. Í 3. gr. frv. er sérstaklega hnykkt á almennri valdheitingarheimild lögreglustjóra við brottflutning fólks af rýmingarsvæðum. Beiting valds í þessu skyni kann einhverjum að þykja áhorfsmál. En þegar litið er til þess að þeir sem því mundu þurfa að beita kunna jafnframt að fara með forræði annarra einstaklinga, þar á meðal barna og þess öryggis sem hinar nýju rýmingarreglur eiga að veita, er það niðurstaða mín að rétt sé að árétta þessa heimild lögreglustjóra í lögunum. Beiting hennar er síðan undir mati hans komin.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins greina frá því að í samræmi við þær breytingar sem frv. stefnir að, þarf að gera sérstakt átak í endurskoðun á forsendum hættumats vegna snjóflóða og snjóflóðaspáa. Útgjöld Veðurstofunnar vegna þessa átaks eru metin á 12–13 millj. kr. á næsta ári til viðbótar þeim 15 millj. sem þegar er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1996. Hefur ríkisstjórnin jafnframt samþykkt að beina því til hv. fjárln. að fjárveiting til Veðurstofunnar verði aukin sem því nemur.

Enda þótt frv. hafi verið samið á tiltölulega skömmum tíma er ástæða til að árétta að þær breytingar sem lagðar eru til, eru niðurstaða gaumgæfilegrar athugunar og umfangsmikils starfs þeirrar nefndar sem að málinu hefur unnið. Mér er kunnugt um að nefndin hefur lagt sig fram um að leita eftir viðhorfum og samráði við alla þá aðila sem að þessum málaflokki koma og sjálfur sat ég einn slíkan fund til að kynnast betur þeim viðfangsefnum sem fram undan eru. Nefndin hefur upplýst mig um að samstaða ríki um þær tillögur sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég hef fyrir mitt leyti gert ráðstafanir til að málið yrði vel kynnt bæði stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum á Alþingi áður en það var lagt fram

og tel fulla ástæðu til að vænta þess að um það kunni að mega einnig hér skapast breið samstaða.

Að sjálfsögðu kunna að koma upp einhver álitamál við meðferð hv. þingnefndar, en ég legg áherslu á að þau verði ekki látin tefja málið um of og ítreka að nefndin er frv. samdi mun starfa áfram að heildarendurskoðun laganna og hefur þá jafnframt tækifæri til að taka nánar til athugunar athugasemdir sem fram kunna að koma áður en frv. er útrætt.

Mér hafa verið kynntar nokkrar athugasemdir forráðamanna sveitarfélaganna Súðavíkur og Flateyrar og ég tel einsýnt að hv. allshn. taki þær til jákvæðrar athugunar.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. sem getur eftir atvikum vísað málinu til viðeigandi fastanefnda annarra.

[16:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek í upphafi máls míns undir það sem fram kom í máli hæstv. forsrh. að nauðsynlegt er að hraða afgreiðslu málsins sem verða má af þeirri ástæðu að beðið er eftir lögfestingu þeirra ákvæða sem í frv. eru. Það verður að gagnrýna að nokkru leyti hversu mjög hefur dregist að framkvæma þá löggjöf sem sett var í febrúar sl. Að vísu skal viðurkennt að málið er nokkuð flókið og stjórnkerfið að mörgu leyti vanbúið að glíma við svo umfangsmikil og erfið verkefni eins og þetta. Hins vegar er ekki vansalaust að mínu viti að það skuli taka tæplega sex mánuði að setja reglugerð við lögin sem samþykkt voru í febrúar en reglugerðin var sett 2. ágúst sl. Það er einnig nokkuð langur tími sem líður frá því að reglugerðin er sett þar til menn komast að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að taka ákveðin ákvæði reglugerðarinnar og lögfesta þau. Nú eru liðnir rúmlega fjórir mánuðir frá því að reglugerðin var sett og málin eru enn í sömu sporum hvað þetta varðar. Það hefur valdið hvað mestum erfiðleikum í annars ágætri meðhöndlun málsins af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hversu mjög hefur dregist að ganga frá þeim ákvæðum málsins sem lúta að uppkaupum og samningum við þá sem þurfa að yfirgefa híbýli sín og flytjast á annan stað m.a. vegna þess að vetur er genginn í garð og margir hafa misst af tíma sem þeir hefðu gjarnan viljað nýta síðasta sumar til þess að hefja framkvæmdir og koma sér fyrir á nýjan leik.

Mér finnst þetta hafa gengið nokkuð seint og tel rétt að nefna það þó að ég vilji láta það líka koma fram að ég tel að vel hafi verið á málinu haldið og ég ætla ekki að setja meiri skugga á framkvæmd málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar en réttmætt er. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að athugasemdir hafa komið fram við lagafrv. og hann beindi því til þingnefndarinnar sem fær málið til meðferðar að taka þær athugasemdir til umfjöllunar og afgreiðslu eftir atvikum.

Áður en ég vík að því sem hefur einna helst verið gerð athugasemd við tek ég undir það sem kom fram hjá ráðherra að stjórnarandstöðunni var kynnt málið fyrir nokkrum dögum og fékk tíma og ráðrúm til þess að setjast yfir málið og er það þakkarvert. Það eru ákvæði málsins sem lúta að verðlagningu þeirra íbúða sem nauðsynlegt er að kaupa upp af hættusvæðum. Þar hefur nokkrum atriðum verið breytt frá því sem er í núgildandi reglugerð sem sett var 2. ágúst og þeir sem eiga beinna hagsmuna að gæta um þessar mundir af þessu máli óttast að þær breytingar leiði það af sér að bótafjárhæðir lækki verulega frá því sem er samkvæmt reglugerðinni. Þetta eru atriði sem þarf auðvitað að fara rækilega yfir því að menn þurfa ávallt að hafa það í huga að markmið laganna er að bæta mönnum það tjón sem þeir verða fyrir. Bæturnar verði sanngjarnar og eðlilegar þannig að menn standi jafnréttir eftir en njóti ekki ávinnings en heldur ekki þannig að menn fái ekki allan sinn skaða bættan.

Við þurfum líka að hafa í huga við mat á þessum hlutum að margir hafa ákveðið að byggja upp að nýju í sveitarfélagi sínu, þ.e. í Súðavík. Minna liggur fyrir hvað varðar Flateyri og bætur verða að duga til þess að menn geti komið sér í sambærilega stöðu og menn voru áður í. Ekki væri sanngjarnt ef bótafjárhæð dygði ekki til þess. Bara það eitt atriði að gatnagerðargjöldin eru tekin út úr reglugerðinni sem kostnaður sem bæta skal þýðir fyrir Súðavíkurhrepp um liðlega 40 millj. kr., þar af um 34 millj. kr. kostnaður sem einstaklingar sem hlut eiga í dag fengju samkvæmt reglugerðinni en fá ekki samkvæmt frv. Þetta nefni ég til þess að undirstrika að hér eru nokkrir hagsmunir undir og þeir geta verið fjárhagslega nokkuð háir.

Fleiri atriði eru í 7. gr. laganna eða 5. gr. frv. sem menn hafa velt vöngum yfir og talið nauðsynlegt að skoða betur. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þau atriði lið fyrir lið en þeim verður komið á framfæri við hv. allshn þannig að hún geti tekið þessi atriði til athugunar.

Hvað varðar önnur efnisatriði frv. er um að ræða allnokkrar breytingar sem er vert að víkja að. Sú breyting sem er hvað stærst er að yfirstjórn málsins er færð saman undir eitt ráðuneyti og þá flutt til umhvrn. Það er breyting sem mér sýnist skynsamleg og ég styð hana.

Í öðru lagi er Veðurstofunni gert að annast gerð hættumats í stað Almannavarna ríkisins og jafnframt að snjóathugunarmenn verði starfsmenn Veðurstofu í stað starfsmanna sýslumanna. Ég hef engar athugasemdir við þessar breytingar og mér sýnist þær vera eðlilegar í framhaldi af hinni fyrstu. Ég held að það geti verið málinu til framdráttar að fela Veðurstofunni þetta verkefni.

Hins vegar hef ég efasemdir um að réttmætt sé að flytja ábyrgðina á málinu, viðvörunarþætti málsins alfarið úr héraði og til Veðurstofu Íslands. Mér finnst það vera dálítið óballanseruð viðbrögð í málinu að flytja þennan þátt sem verið hefur fullkomlega heima í héraði að öllu leyti til stofnunar á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að menn þurfi að velta þessu betur fyrir sér og ég hef efasemdir um að rétt sé að gera þá sem búa á stöðunum svona fjarlæga í málinu. Þeir hafa auðvitað valið sér búsetu sína og hljóta meira og minna að bera ábyrgð á því. Ég er ekki viss um að það sé öllum til góðs að geta vísað á Veðurstofuna í þessu efni og skotið sér á bak við hana.

Þá er það atriði að taka upp nýja skilgreiningu, svokallaða rýmingu húsa og aðgreina hana frá hættusvæði. Þetta held ég að geti verið eðlilegt og mér sýnist að menn ættu a.m.k. að skoða það mjög vandlega að fara þessa leið. Ég hef þó sama fyrirvara á þessu atriði og hinu fyrra, þ.e. ég hef efasemdir um að réttmætt sé að fela Veðurstofunni einni að meta þetta mál og að taka að fullu og öllu ábyrgðina á ákvörðun um rýmingu.

Auðvitað eru atriði sem menn þurfa að velta fyrir sér og ég get verið sammála því að menn þurfa kannski lengri tíma til þess en núna gefst til þess að gera það mál upp við sig endanlega. Það eru einkum tvö atriði sem menn hljóta að verða að hafa til athugunar í náinni framtíð en skipta verulegu máli. Það fyrra er hvort það eigi að heimila að beita valdi við að rýma hús og það síðara er hvað eigi að gera við húsin sem hafa verið keypt upp og standa heil og óskemmd

en eru á hættusvæði. Þessi tvö atriði þarf að ræða. Um það síðara vil ég segja að ég hef fram til þessa verið á þeirri skoðun að íbúðarhús sem eru á skilgreindum hættusvæðum ætti skilyrðislaust að rífa og fjarlægja. Það er eina leiðin til þess að koma í veg fyrir að menn stofnuðu fólki í hættu með því að vera í húsunum á þeim tíma sem fólk ætti ekki að vera í þeim. Hins vegar verð ég að viðurkenna að ég hef heldur linast í þessari afstöðu og hef orðið efasemdir um hvort það sé ástæða til að grípa til svo róttækra aðgerða. Ég er ekki lengur viss um að það sé skynsamlegt að neita sveitarfélaginu um að nýta heil og óskemmd hús að sumarlagi svo dæmi sé tekið. Það þarf auðvitað að hafa nokkuð strangar reglur og jafnvel í löggjöf um það hvernig slík hús yrðu notuð og á hvaða tíma en ég vil ekki útiloka að menn geti nýtt þessi hús skynsamlega.

Virðulegi forseti. Ég hef stiklað á því helsta sem er í þessu frv. og viðrað afstöðu mína til þess en ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að rekja athugunarefnin í 5. gr. frv. lið fyrir lið. Ég veit að þeim verður komið á framfæri við hv. nefnd og treysti því að hún taki þau til alvarlegrar athugunar og komist að skynsamlegri niðurstöðu.

[16:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka að þetta frv. er komið fram og tel það mjög til bóta varðandi þennan málaflokk þó að það liggi fyrir eins og fram kemur í frv. að fram fari heildarendurskoðun laganna og þá sérstaklega í ljósi þeirrar reynslu sem mun fást á hvernig þessi ákvæði reynast í vetur sem nú er verið að tala um að breyta.

Ég ætla að hlaupa á örfáum atriðum sem mér finnst skipta máli í frv. Mér finnst flutningur á stjórnsýslunni mjög til bóta. Eins og stjórnsýslan er núna er hún fullflókin og ýmislegt sem rekur sig þar hvert á annars horn en með þessu frv. er lagt til að gera stjórnsýsluna alla einfaldari og þá væntanlega skilvirkari. Ég hef velt fyrir mér hvernig neyðaráætlanir verða framkvæmdar og hvað þær eiga að innihalda. Það sem nefnt er rýmingaráætlanir í umræðunni er það sem sveitarfélög eru að vinna að um þessar mundir. Ég veit til þess að á Siglufirði er búið að vinna rýmingaráætlun og í öðrum sveitarfélögum er verið að gera slíkt hið sama. Á Seyðisfirði er t.d. verið að vinna að rýmingaráætlun sem á að gilda þangað til önnur kemur frá Veðurstofunni. Menn velta því fyrir sér hvað sú áætlun feli í sér. Eins og fram kemur í frv., er gert ráð fyrir að gert verði kort af svæðinu. Og að því er unnið núna þar sem ég veit til, á Seyðisfirði. Þar verður gert kort af svæðinu og inn á það verða sett öll hús ásamt símanúmerum í hverri íbúð. Einnig fylgir þessu grunnmynd allra húsa og upplýsingar um íbúa samkvæmt þjóðskrá. Síðan þarf að huga að því hvert fólkið yrði flutt ef til rýmingar kæmi og það er á áætlun að senda út spurningalista til íbúa þessara húsa til að kanna hvort fólk fyndi sér sjálft húsaskjól eða hvort almannavarnanefnd þurfi að leggja því til húsnæði. Það er að ýmsu að huga, t.d. flutningaleiðum o.fl. sem Veðurstofan væntanlega setur í sínar reglur, en ég hef verið að velta því fyrir mér hvort ástæða sé til að setja um þetta einhverjar skýrari reglur eða einhver ákvæði í lögunum.

Einnig finnst mér spurning hvort ekki á að skýra ákvæðið um upplýsingaskyldu. Það kemur fram að Almannavarnir eigi að gera neyðaráætlanir og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu samkvæmt 2. gr. og mér finnst spurning hvort það eigi að skýra betur hvað í þessu felst. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt fyrir íbúa þessara sveitarfélaga að umræðan sé öll mjög opin og allir hafi sem fyllstar upplýsingar um það hvernig á að bregðast við ef til neyðarástands kemur. Þetta var varðandi rýmingaráætlanirnar.

Ég vildi líka koma aðeins inn á atriði sem menn hafa nefnt varðandi það að lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjái um að rýma húsnæðið og mega þá beita valdi í því skyni. Ég tel þetta mjög eðlilegt ákvæði, m.a. með tilliti til barnaverndarsjónarmiða. Þetta er auðvitað vandmeðfarið en ég held að það sé engin ástæða til að auka þá áhættu sem menn taka þegar svona er komið. Menn verða að vinna þetta mjög hratt og vel og þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði. Það er sem sagt engin ástæða til að leggja starfsmenn lögreglustjóra, sem bera ábyrgð á rýmingunni, og björgunarsveitarmenn í óþarfa hættu við að rökræða við fólk um það hvort það eigi að yfirgefa hús sín. Auðvitað er þetta ekki mjög líklegt tilfelli, en ég held að það sé nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði í lögunum.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um reglurnar um uppkaupin, en þær miða að því að menn verði jafnsettir, þ.e. að þeir hagnist ekki á því að hið opinbera kemur inn með þessum hætti. Ég vil leggja áherslu á það sem hæstv. forsrh. kom inn á. Staðgreiðslumarkaðsverð nýrra húseigna sem kunna að verða byggðar á umræddum stöðum verður líklega mun lægra en greiðslunum nemur, a.m.k. eins og víða horfir nú. Eigendur verða ekki að þessu leyti betur settir fjárhagslega heldur en áður. Með ákvæðinu er sem sagt miðað að því að fólk verði jafn vel sett og áður.

Það hafa komið fram athugasemdir um það sem kemur fram í skýringum um 5. gr. á hugtakinu um endurstofnverð. Þar stendur, með leyfi forseta, á bls. 6:

„Með hugtakinu „endurstofnverð" er átt við áætlun heildarbyggingarkostnaðar húsa, án opinberra gjalda og án lóðafrágangs."

Ég held að það verði að skoða þessa skýringu betur í nefnd og mér hafa borist athugasemdir frá nokkrum bæjarstjórum sem hafa skoðað þetta mál. Með þessari skýringu er t.d. verið að girða fyrir það að greiða húseigendum kostnað vegna nýrra gatnagerðargjalda og eðlilega hafa menn áhyggjur af þeim þætti. Hæstv. forsrh. beindi því til hv. allshn. að taka málið til jákvæðrar umfjöllunar og ég held að þetta sé mál sem verði skoðað örlítið nánar.

Örfá orð um fjármögnunina. Í athugasemdum kemur fram að það þurfi að tryggja ofanflóðasjóði auknar tekjur til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum. Ég hlýt því að spyrja hvort tillögur um auknar tekjur ofanflóðasjóðs hafi komið fram eða hvenær þeirra sé að vænta ef svo er ekki. Á sumarþingi voru gerðar lagabreytingar til að auka tekjur sjóðsins og var þá gengið nokkuð langt að mínu mati á viðlagatryggingu. Ég vil því vara við að lengra verði gengið í þá átt nema menn gangi að því með opnum augum að verið sé að gera viðlagatryggingu ófæra til þess að sinna hlutverki sínu.

Varðandi þau hús sem ofanflóðasjóður mun kaupa upp tel ég eðlilegt að sveitarfélögin eignist húsin eins og gert er ráð fyrir í frv. Húsin standa eðli málsins samkvæmt á hættusvæðum yfir vetrartímann en þau eru fullbrúkleg á öðrum tímum árs. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu að þau yrðu leigð sem sumarhús og mundu að því leyti stuðla að eflingu ferðaþjónustu. Þau sjónarmið hafa komið fram að þá væri hætta á að menn freistuðust til að leigja lengra og lengra fram á hættutímann og með tímanum gleymdu menn sögunni og

upphafinu. Ég hef ekki nokkrar áhyggjur af því að svo muni fara og held að ótal leiðir séu færar til þess að koma í veg fyrir slíkt gáleysi. Hitt er annað mál að rekstur og fasteignir kosta sitt eins og þingheimur veit og því er ekki eðlilegt að ofanflóðasjóður standi að slíkum rekstri.

Eins vil ég nefna að hér getur verið um menningarverðmæti að ræða og ég tel því að sveitarfélögin séu besti kosturinn eins og nú horfir. En finni menn aðrar góðar leiðir er sjálfsagt að endurskoða þetta ákvæði.

[16:41]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál og ég vil taka undir með hæstv. forsrh. að það er nauðsynlegt að það fái skjóta afgreiðsu á hv. Alþingi. Ég vil lýsa því yfir að ég er sammála þeim breytingum sem hér eru á ferðinni, þ.e. að Veðurstofa Íslands taki yfir þennan málaflokk og mér sýnist að þær breytingar sem koma fram í frv. muni verða til bóta.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða frv. efnislega að öðru leyti en því að það er eitt atriði sem ég mælist til að hv. allshn. taki sérstaklega til skoðunar. Það er ákvæði í 5. gr. frv. þar sem um er að ræða nýbyggingar á áður óbyggðum hættusvæðum eða þéttingu byggðar á hættusvæðum. Þar er tekið fram að heimilt sé að byggja á hættusvæðum að því tilskildu að viðunandi varnarvirkjum hafi verið komið upp. Ég tel að þetta sé atriði sem skoða þurfi mjög vandlega. Það fylgir því auðvitað mjög mikil ábyrgð að heimila byggingar á svæðum sem hafa verið skilgreind sem hættusvæði. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. allshn. að hún fari mjög vandlega yfir þetta mál.

Aðrar athugasemdir hef ég ekki við þetta frv. að gera. En eins og ég sagði áðan vil ég taka undir það með hæstv. forsrh. að nauðsynlegt er að hraða þessu máli.

[16:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er sorglegt að við erum í þriðja sinn á þessu ári að fjalla um lagabreytingar sem snerta snjóflóðavarnir og afleiðingar þeirra sorglegu snjóflóða sem við höfum orðið vitni að á þessu ári. Þetta frv. sem hér er til umræðu felur í sér stjórnkerfisbreytingu og jafnframt er verið að lögfesta ýmsar breytingar sem tengjast þeim ásamt þeim reglum sem gilda um greiðslur úr ofanflóðasjóði.

Málið fer til allshn. en verður síðan sent til umsagnar umhvn. og félmn. og þar munum við að sjálfsögðu hraða meðferð þess sem mest við getum, enda brýnt að það verði lögfest sem allra fyrst. En ég vil taka undir þá stjórnkerfisbreytingu sem hér er verið að leggja til og ég fagna því að þar skuli stigið skref til þess að styrkja umhvrn. Það er full þörf á að styrkja það ráðuneyti og flytja verkefni yfir til þess. Það er jafnframt verið að styrkja Veðurstofu Íslands og ég hygg að breytingin sem hér er verið að gera muni hafa í för með sér að starfsmönnum Veðurstofunnar fjölgi allnokkuð. Það vekur spurningu sem ég vil beina til hæstv. umhvrh. Hvernig er Veðurstofan í stakk búin til þess að taka við þessu nýja og aukna hlutverki? Verður henni örugglega tryggt fjármagn til þess að taka við þessu? Það kemur fram í fylgiskjali, kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu, að þetta hefur að sjálfsögðu töluverðan aukinn kostnað í för með sér. Og það er auðvitað brýnt ef lögin eiga að ná tilgangi sínum að Veðurstofan geti tekið við þessu.

Ég tel að sú breyting sé til bóta sem hér er gerð í 3. gr. frv., þ.e. að færa valdið yfir til Veðurstofunnar, gefa út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi. Auðvitað er jafnframt verið að færa vald frá sveitarstjórnunum til þessarar stofnunar sem vissulega er staðsett í Reykjavík en hefur auðvitað sína starfsmenn út um allt land. Ég tel að í ljósi þeirra umræðna og nánast óbærilegu ásakana sem sveitarstjórnarmenn hafa orðið fyrir í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið, að það sé óhjákvæmilegt að létta þessari þungu ábyrgð af þeim. Það er óðruvísi þegar ákvarðanir eru teknar af stofnun sem hefur þetta vald en þegar heimamenn eru að vega og meta og verða síðan fyrir þungum ásökunum sem auðvitað eiga sér ýmsar skýringar, m.a. þau hörmulegu áföll sem fólk verður fyrir.

Ég tek líka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur að ég held að það sé rétt að lögfesta vald lögreglustjóra og almannavarnanefnda til að rýma hús með valdi eins og tekið er fram. Það verður auðvitað aldrei nógsamlega brýnt fyrir fólki að tryggja öryggi barna og reyndar fullorðinna líka, en ekki síst barnanna.

Eins og komið hefur fram höfum við Íslendingar orðið fyrir mjög þungbærum áföllum á árinu af völdum snjóflóða en það vekur spurningar sem varða mínar efasemdir við frv. Það hefur komið í ljós í allri umfjöllun um þessi mál að við höfum ákaflega litlar upplýsingar um snjóflóð sem orðið hafa á fyrri öldum. Dæmin sem við höfum orðið vitni að á þessu ári urðu á svæðum sem voru harla lítið byggð fyrr á öldum, m.a. vegna hinnar dreifðu byggðar í landinu. En við getum líka spurt okkur: Hvers vegna var svo lítil byggð á þessum svæðum? Var það vegna þess að þau voru ekki byggileg? Og þar kem ég að aðalatriðinu sem ég velti mjög þunglega fyrir mér tengist því sem hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi varðandi 5. gr., þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að byggja á hættusvæðum þar sem varnarvirkjum hefur verið komið upp.

Nú hafa menn velt því mjög fyrir sér hvort þessar varnir séu til einhvers. Eru til varnir sem duga gegn þessum ósköpum sem hafa orðið og er réttlætanlegt að byggja á skilgreindu hættusvæði? Þetta er mín fyrri spurning varðandi þetta atriði.

Hin síðari er varðandi það sem kemur fram í greinargerð og snertir greiðslur úr ofanflóðasjóði til þeirra sem hafa orðið fyrir tjóni. Svo segir í reglugerð, með leyfi forseta:

„Tilgangur mismunandi greiðslutilhögunar er fyrst og fremst að styrkja byggð í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið eða snjóflóðahætta er yfirvofandi. Greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð sinni geta þar með samkvæmt reglunum orðið hærri en greiðslur til þeirra sem ætla að flytja á brott."

Ég verð að viðurkenna að ég hef miklar efasemdir um þetta markmið. Ég hef heyrt þess dæmi að vestan að fólk spyr sig að því hvort það geti boðið börnunum sín upp á þá tilveru að flytja úr húsum sínum jafnvel oft á vetri, eftir að börnin hafa orðið vitni að þessum hörmungum. Hvað vill fólkið sem býr á þessum svæðum? Er ekki rétt að byrja á því að spyrja íbúana? Hvað vilja þeir? Eru þeir margir til sem vilja flytja í burtu en geta það ekki? Er rétt að setja sér það markmið að styrkja byggðir í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið eða snjóflóðahætta er yfirvofandi? Mér finnst þetta alveg óskaplega alvarlegar spurningar sem við stöndum frammi fyrir. Í hvers nafni er það rétt? Er það rétt í nafni byggðastefnu? Er það rétt í nafni fjárfestinga og fyrirtækja sem eru á staðnum? Er það rétt í nafni fólksins sem býr þarna? Hvað erum við að gera með þessu? Ég held að við hljótum að velta þessum spurningum mjög alvarlega

fyrir okkur og ég held að við sem löggjafi megum ekki binda fólk átthagafjötrum. Er verið að því? Það er hin stóra spurning sem hvílir á mínum huga og mér finnst sérstaklega með tilliti til barna að ef fólk vill flytja, verður því að vera kleift að gera það.

Ég vil varpa þessum spurningum fram og ég fæ tækifæri til að kynna mér málið nánar, en ég ítreka það að við Íslendingar verðum að horfast í augu við að byggð á ýmsum svæðum er hættuleg. Hún er hættuleg fólki og öðru lífi sem þar er og við hljótum að spyrja okkur: Er réttlætanlegt að halda þeirri byggð við og styrkja hana? Hvað vill fólkið? Það er grundvallarspurningin.

[16:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins út af orðum hv. 14. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, ítreka mín sjónarmið í þessu álitaefni sem henni finnst vera hvort það sé ástæða til að byggja einstök sveitarfélög eða hvort það eigi væntanlega þá að leggja þau niður, ef þar eru innan sveitarfélagsmarkanna ákveðin hættusvæði. Ég held að við getum hreinlega ekki skoðað málið í þessu ljósi. Sveitarfélögin sem við erum að tala um eru ekki öll á hættusvæði heldur einstök svæði innan þeirra. Frv. miðar að því að gera fólki kleift að flytja sig til innan svæðanna, innan sveitarfélagsins. Og vilji fólk flytja úr sveitarfélaginu sökum þess að snjóflóðahætta er í einhverjum hluta sveitarfélagsins eða af öðrum orsökum, eigum við þá að taka tillit til allra annarra þátta sem geta haft áhrif á það að fólk vill flytja brott og þá væntanlega með þessum ákvæðum hér erum við að tala um að gera því það léttbærara fjárhagslega. En það sem er verið að tala um í þessu frv. er að gera fólk jafnsett. Annaðhvort vill það flytja sig til innan sveitarfélagsins eða í burtu og þá á þeim forsendum sem það annars mundi gera út af einhverjum öðrum þáttum. Þá verður að líta á fleiri þætti en hættu af snjóflóðum, ótryggt atvinnuástand og fleira.

[16:56]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er að sjálfsögðu ljóst að hér er um ákaflega vandmeðfarið mál að ræða. Mín stóra spurning er auðvitað þessi: Er verið að mismuna fólki? Er verið að gera fólki erfitt að flytja burtu sem vill það? Ég spyr. Ég á eftir að fara ofan í málið en það hlýtur að vera á valdi þeirra sem búa á þessum svæðum að ákveða hvort þeir vilja vera þar eða hvort þeir vilja fara eitthvað annað. Og við verðum bara ósköp einfaldlega að horfast í augu við þennan veruleika, hvað vill fólkið. Mér finnst það vera grundvallaratriði að við sem löggjafi í þessu tilviki gerum fólki ekki erfiðara fyrir. En síðan er hægt að taka afleiðingunum af því hver ákvörðun íbúanna verður á viðkomandi stað.

Mér finnst þetta bara vera flótur á umræðunni sem við þurfum að velta fyrir okkur.

[16:58]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var aðeins út af fyrirspurn hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sem hún beindi til mín um það hvernig ég teldi að Veðurstofa Íslands væri undirbúin til að taka við því viðamikla verkefni sem henni er fengið og vissulega er rétt að hér er verið að leggja á hana viðbótarskyldur. Hún hefur að vísu haft veigamiklu hlutverki að gegna í sambandi við málaflokkinn, þessi viðkvæmu og erfiðu mál eins og allir vita. En það kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh. með frv. að ríkisstjórnin hefur samþykkt að beina því til hv. fjárln. og þar með Alþingis að veita Veðurstofunni auknar fjárveitingar í framhaldi af þeim skyldum sem lagðar eru á hana samkvæmt frv. Það mun og hafa komið fram hjá hæstv. forsrh. að áætlað er að útgjöld Veðurstofunnar muni aukast um 12–13 millj. á næsta ári vegna þessa máls sérstaklega og farið verður fram á það við Alþingi að auka fjárveitingar til stofnunarinnar í samræmi við það.

Auk þess má benda á umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem er fskj. nr. 2 með frv. og þar segir m.a. í 1. tölul., með leyfi forseta:

„Nú er hins vegar gert ráð fyrir að leggja ofanflóðanefnd niður og má ætla að útgjöld umhvrn. vegna umsýslu með ofanflóðasjóði og fleiru sem tengist þessum málaflokki geti samsvarað kostnaði við um hálft stöðugildi eða um 1 millj. kr á ári."

Í öðru lagi er talað um kostnað sem gæti orðið til vegna ofanflóðanefndar sem nemur 400–500 þús. kr. á ári. Í þriðja lagi er í 3. tölul. fjallað sérstaklega um það sem ég var að gera grein fyrir og kom fram í máli hæstv. forsrh., að auðvitað hefur nú þegar verið ákveðið að leggja til Veðurstofunnar fjárveitingu í fjáraukalögum upp á 9 millj. kr. sem er samkvæmt samþykkt sem ríkisstjórnin gerði fyrr á þessu ári. Síðan er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir í framhaldi af því að útgjöld til stofnunarinnar verði aukin um 15 millj. og nú um 12–13 millj. í viðbót. Það er því umtalsvert fé sem fer til Veðurstofunnar tengt þessu máli öllu saman á fjárlögum næsta árs.

[17:00]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 306.

[17:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er mjög feginn að þetta frv. er komið fram. Að baki því liggur mikil vinna og ég vona að hún hafi tekist vel og hafi náð þeim tilgangi sem ætlast var til. Ég vona einnig að þetta frv. fái greiðan gang á Alþingi því það er mjög mikilvægt að fá botn í þetta mál sem allra fyrst. Fólk hefði þurft að fá að vita hvar það stendur miklu fyrr, en það verður að búa sem á bæ er til og nú líður vonandi ekki langur tími þar til fólk getur gengið að því vísu hvar það stendur. Ég tel að sú niðurstaða sem fundin er í þessu frv. sé skynsamleg niðurstaða. Hér er um mjög vandasamt mál að ræða og þar eru stórkostlegir fjármunir í húfi. Hús á hættusvæðum á Íslandi eru mjög mörg. Menn hafa slegið á það með sinni þumalputtareglu að flutningurinn á Súðavík, þ.e. að flytja þorpið, sé svona tíundi partur af vandanum. Menn sjá því að þarna er um geysilega dýrt verkefni að ræða. Og það verður ekki leyst á fáum árum.

Það er um fleira að ræða en þau byggðarlög eða þéttbýlisstaði sem við tölum oftast um, Seyðisfjörð, Neskaupstað, Siglufjörð, Súðavík, Hnífsdal, Ísafjörð eða hluta af Ísafirði, Flateyri Patreksfjörð og Ólafsvík. Það eru nokkrir sveitabæir á landinu sem líka eru hættu og ég tel að það þurfi líka að huga að aðstæðum þar. Þeir sem búa þar eiga að sjálfsögðu sama rétt og fólkið í þorpunum.

Þetta verður ekki leyst á fáum árum og því er um að gera að hafa andvara á sér, efla snjóflóðaeftirlit, koma upp hundum til björgunar, sem hafa sannað að þeir eru alveg ómetanlegir við björgunarstörf, gera áætlanir um hvernig brugðist skuli við í hverju tilviki og þjálfa mannskap. Þetta

er að mínu mati það sem okkur ber að gera og er verið að gera.

Það er alveg augljóst mál að það þarf að styrkja Veðurstofu Íslands verulega svo hún ráði við að standa undir þeim kröfum sem munu verða gerðar til hennar í framtíðinni með því að hún yfirtekur þetta verkefni. En ég tel að Veðurstofa Íslands sé rétti aðilinn til þess að hafa yfirstjórn á málinu. Eftirlitsmenn eru á vettvangi og Veðurstofan hljóta í hverju tilfelli að hafa náið samráð við eftirlitsmenn sína úti á stöðunum. Veðurstofan er best í stakk búin og betur í stakk búin heldur en sýslumaður eða fógeti eða formaður almannavarnanefndar á viðkomandi stað til þess að vita hvernig muni viðra næstu klukkutímana. Veðurstofan á að sjá þróunina fyrir, hvað er í vændum. Eftirlitsmennirnir á stöðunum eiga að geta greint hvað hefur skeð og hvernig veðrið er í þann svipinn, en Veðurstofan á að hafa betri yfirsýn yfir það heldur en þeir hvað er í vændum næstu klukkutímana. Og það finnst mér rökstyðja að það sé Veðurstofan sem ákveði hvenær rýmt er og hvenær ekki. Ég tel þá jafnframt einboðið að vista þetta mál hjá umhvrn. þar sem Veðurstofan tilheyrir því ráðuneyti.

Við eigum áreiðanlega nokkuð langt í land með áreiðanlegt hættumat á öllum þessum stöðum, en að því er verið að vinna. Þar er mikið verk ónunnið og eftir að gera miklar rannsóknir áður en við höfum í höndum hættumat sem við getum treyst fullkomlega. En það hlýtur að vera hægt að reikna miðað við brattann á fjöllunum, miðað við mismunandi snjólag, miðað við mismunandi hitastig og veðráttu það versta sem komið gæti fyrir. Og þetta allt þarf að reikna inn í líkön áður en við höfum í höndum fullkomlega áreiðanleg hættumöt. Og ég legg sérstaka áherslu á að það má ekki spara í þessu efni.

Nú fer fram við Háskóla Íslands verulegt starf að þessum rannsóknum og það þarf að styrkja. Ég mætti fyrir Íslands hönd á fund samstarfsráðherra Norðurlanda í Kuopio í fyrra mánuði og þar var ákveðið að veita fé frá norrænu ráðherranefndinni til samstarfsverkefnis Íslendinga og Norðmanna í snjóflóðarannsóknum, 15 millj.

Varðandi varnarvirkin, þá hefur verið nokkuð sett upp af þeim. Þau duga að ákveðnu marki og hafa iðulega komið að gagni. Hitt er svo annað mál að það má ekki hafa oftrú á þeim því að þær aðstæður geta hugsanlega skapast að þau verji ekki undir öllum kringumstæðum. Ég vil taka það fram að þótt búið hafi verið að verja töluverðu fé til snjóflóðavarna á Flateyri og þær hafi iðulega komið að gagni, var því verki ekki lokið og áætlanir voru uppi um mun fleiri snjóflóðavarnir þar en búið var að setja upp. Ég held að það sé ákaflega hæpið að byggja nýtt. Það er reyndar tekið hér fram að ekki megi hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta byggð sem fyrir er á hættusvæðum og svo hefur verið gerð að umtalsefni lokasetningin: „fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp." Ég hef yfirleitt ekki trú á að það verði ásókn í lóðir á rauðu svæðunum og jafnvel ekki á gulu svæðunum heldur. Ég hef ekki trú á því að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir mundi biðja um lóð á rauðu hættusvæði ef hún ætti kost á lóð annars staðar. Ég held að menn megi ekki mikla fyrir sér þá hættu sem af því stafaði.

Bótaþátturinn í þessu máli öllu er mjög vandasamur og hann hefur vafist dálítið fyrir mönnum. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar verður að gilda og eitt bótakerfi verður að gilda um allt land, þ.e. það er ekki hægt að bæta mönnum á einn veg í dag og öðruvísi á morgun. Það verður eitt yfir alla að ganga, hvort sem staðurinn heitir Súðavík, Siglufjörður eða Seyðisfjörður. Ég legg áherslu á að fólk verður auðvitað að hafa frelsi til þess að velja sér búsetu, ákveða sjálft hvar það eigi að búa. Og ég tel að það séu engir átthagafjötrar í þessu frv., síður en svo.

Það kann að vera í fljótu bragði að mönnum sýnist að þar sé fjárhagsleg hvatning fyrir þann sem yfirgefur hús sitt á hættusvæði til þess að vera kyrr. En skoðum málið aðeins nánar. Sá sem fer úr sveitarfélaginu verður að hlíta því að fá markaðsverð fyrir húseign sína. Sá sem ætlar að vera kyrr, fær hins vegar brunabótamatsverð fyrir húseign sína og getur þá byggt sér sams konar hús í sveitarfélaginu. Þetta kynni í fljótu bragði að virðast ákveðin fjárhagsleg hvatning til þess að vera kyrr þar sem maðurinn fær hærri upphæð í hendur til að byrja með. En setjum nú sem svo að maðurinn sem ákvað að vera kyrr og byggði hús á öruggum stað í sínu gamla sveitarfélagi ákveði svo eftir eitt eða tvö ár eða kannski fimm eða tíu ár að fara, þá verður hann að sjálfsögðu að hlíta því að fá ekki nema markaðsverð fyrir húsið sitt og þá eru báðir jafnir, sá sem fór strax og sá sem fór að einhverjum árum liðnum, að breyttu breytanda. Þetta finnst mér verjandi og ekki hægt að segja að þarna sé um verulega mismunun að ræða.

Hér hefur verið spurt hvað gera eigi við gömlu yfirgefnu húsin. Ég hef ekki neina allsherjarlausn á því og sjálfsagt passar ekki sama lausnin alls staðar. Sums staðar er óhjákvæmilegt að varðveita gömul hús ef þau hafa menningarsögulegt gildi, eins og t.d. kann að koma fyrir á Seyðisfirði. Þar er dýrleg byggð sem guði sé lof hefur ekki orðið fyrir snjóflóðum, en er þó á svæði sem hugsanlega verða skilgreind sem hættusvæði. Þau hús tel ég að verði að reyna að varðveita. En þar sem um er að ræða hús sem ekki hafa eitthvert sérstakt menningarsögulegt gildi, tel ég að sveitarfélögin eigi að láta rífa þau. Ég held að það hljóti að verða takmörkuð eftirspurn eftir þeim sem sumarbústöðum, það kostar að reka þau og það er ekki æskilegt að hafa einhver draugahverfi í bæjunum, þ.e. hús sem eru komin í niðurníðslu og standa tóm mestallt árið þannig að ég held að þau séu best rifin. Í mörgum tilfellum er um nýleg hús að ræða sem hægt er að hirða heilmikil verðmæti úr. Ég sæi ekkert athugavert við það þó að sveitarfélögin létu rífa þau, hirða það sem hirðandi er og selja eða gefa þeim sem eru að byggja. En ég er ekki hrifinn af þeirri lausn að fara að láta heilu hverfin standa og reikna með því að þau verði auð allan veturinn.

Hvað um atvinnuhúsnæði? Ég tel að við eigum að einbeita okkur að því að fólk geti verið öruggt á heimilum sínum. Það gildir allt öðru máli í mínum augum um atvinnuhúsnæði. Það er engin goðgá að leggja niður vinnu í frystihúsi t.d. eða síldarverksmiðju ef hættuástand skapast. Það er allt annað að senda menn heim úr vinnunni og loka ef menn sjá yfirvofandi hættu eða telja að það þurfi að hafa alla gát á. Það er allt annað að reka fólk út af heimilum sínum og við eigum að stefna að því að það sé algert forgangsverkefni að fólk geti verið öruggt á heimilum sínum. Það er að vísu langt í land og eins og ég sagði áðan þurfum við að reyna að einbeita okkur að því í fyrstu lotu að sjá til þess að snjóflóðaeftirlit sé öflugt og menn séu vakandi og meðvitaðir um að hætta geti skapast.

Ísland er stórt land sem betur fer og strjálbýlt og ég tel að menn eigi ekki framar að byggja á varasömum svæðum. Það þarf kannski ekki miklar rannsóknir til. Þar sem er bratt

fjall getur óhjákvæmilega undir einhverjum kringumstæðum einhvern tíma skapast hætta á því að snjór fari af stað, jafnvel þó að menn hafi ekki sögur af því að það hafi gerst. En það er nú einu sinni áhættusamt að vera Íslendingur. Það er áhættusamt að fara yfir Miklubrautina. Það er jarðskjálftahætta og það er eldgosahætta. Snjóflóð eru svo sem ekki það eina sem getur grandað mönnum og að sjálfsögðu komum við ekki til með nokkurn tíma að búa við alveg fullkomið öryggi í lífinu enda veit ég ekki hvort það væri eftirsóknarvert.

[17:17]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hæstv. félmrh. sagði áðan. Við búum í stóru landi og við búum líka í harðbýlu landi. Auk þess háttar þannig til að þéttbýlismyndun hófst ekki að marki fyrr en á þessari öld. Þar af leiðir að saga snjóflóða í þéttbýli er ekki mjög löng á Íslandi miðað við það sem víða gerist annars staðar. Sagan geymir hins vegar sögur af snjóflóðum víða til sveita.

En einmitt vegna þess hve saga þéttbýlis er stutt hjá okkur og við höfum byggt húsin víða undir bröttum hlíðum er ekki alveg vansalaust að rannsóknir skuli hafa verið svo litlar sem raun ber vitni. Það er slæmt að þurfa að ræða þær breytingar sem hér er verið að ræða í skugga þeirra hörmulegu atburða sem orðið hafa á þessu ári. Ég efa ekki mikilvægi þess að málið fái greiðan framgang í þinginu og skil mætavel öll þau rök sem komið hafa fram fyrir því og ætla hér einungis að hafa örfá orð um efni frv.

Í fyrsta lagi tel ég rétt að gerð hættumats verði flutt til Veðurstofu Íslands og þá í leiðinni að yfirstjórn þessara mála fari undir eitt ráðuneyti. Ég held að það sé alveg rétt sem fram kemur að á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á fyrst og fremst að gera þessi möt og það verði að girða fyrir að önnur sjónarmið geti haft áhrif á gerð hættumats en sérfræðilegt mat. Þetta held ég að sé grundvallartriði og því miður er of mikið til í því sem veðurstofustjóri sagði að allt of oft hafi pólitískt mat verið látið ráða. En til þess eru vítin að varast þau og nú erum við að reyna að gera betur.

Í öðru lagi er það mál sem hér hefur einnig komið mjög til umræðu en það er það sem fram kemur í 5. gr. þessa frv. og lýtur að reglum um tilhögun á greiðslum til eigenda þeirra húseigna sem kunna að verða keyptar. Það stendur í greinargerðinni svo ekki verður um villst að tilgangur mismunandi greiðslutilhögunar sé fyrst og fremst til að styrkja byggð í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið eða snjóflóðahætta er yfirvofandi og að greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð sinni geti þar með ásamt reglunum orðið hærri en greiðslur til þeirra sem ætla að flytja á brott. Hvað svo sem mönnum kann að finnast um réttlæti eða mismunun þá er það alveg ljóst að hér kemur andi laganna fram hvað varðar þessar greiðslur. Við þetta hljótum við að setja spurningarmerki vegna þess að þegar við veltum því fyrir okkur hver tilgangur laganna er getur hann ekki verið að styrkja byggð í ákveðnum sveitarfélögum og allra síst í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið og snjóflóðahætta er yfirvofandi. Tilgangurinn hlýtur að vera að bæta einstaklingum eða fjölskyldum það tjón sem þær hafa orðið fyrir að svo miklu leyti sem það er hægt með peningum. Það er mikið rétt sem hér hefur komið fram að hér eru gríðarlegir hagsmunir í húfi. Eigi að síður held ég að við verðum að líta til þess og hlusta á það og taka tillit til þess hvað það er sem fólkið vill sjálft. Við megum ekki mismuna með löggjöf til þess að þjóna einhverjum öðrum tilgangi en þeim að bæta einstaklingum eða fjölskyldum tjón.

Hæstv. félmrh. ræddi áðan um muninn á þeim sem fer núna og þeim sem kann að fara eftir 10 ár. Í því sambandi vil ég benda á það að ég tel að sá sem fer hugsanlega núna sé ekki frjáls að sínu vali. Það er ekki endilega víst að þeir sem hafa þurft að upplifa þær ógnir og þá atburði sem átt hafa sér stað séu endilega frjálsir að því vali hvort þeir fara eða vera. Sá sem kýs hins vegar að vera og fer eftir 10 ár er hugsanlega frjáls að því hvort hann fer eða verður. Hér eru vissulega uppi mikil álitamál og tilgangur laganna má aldrei vera átthagafjötrar. Yfir þetta verður farið vandlega í nefnd vegna þess að hér vegast á þeir miklu hagsmunir sem um hefur verið fjallað og svo sá tilgangur að gera fólk jafnsett, að fólk geti verið frjálst að því hvar það setur sig niður, að það sé ekki bundið eða því sé ekki beint inn á einn stað fremur en annan með þeirri löggjöf sem hér er sett, að hér sé ekki hægt að túlka lög með þeim hætti að fjöskyldur séu þvingaðar til þess að taka ákvarðanir sem hugsanlega eru þeim þvert um geð.

Ég ætlaði ekki að hafa þessi orð mörg. Ég endurtek að ég efa ekki mikilvægi þess að málið fái greiðan framgang og mun gera mitt til þess að svo megi verða.

[17:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Lögð er áhersla á það að vinnu við þetta frv. verði flýtt og við munum sameinast um að tryggja lagasetningu fyrir jólafrí. Ég læt þess getið að við höfum rætt það í þingflokki Alþfl. sérstaklega og erum staðráðin í því að veita þessu frv. þann stuðning og tryggja framgang þess svo sem unnt er. Hins vegar vil ég, virðulegi forseti, af því tilefni nefna það sérstaklega hve slæmt það er að mjög mörg stór og mikilvæg mál koma fram núna þessa dagana og öllum er þeim ætlað að fá góða umfjöllun og hraða meðferð í þinginu og öllum er þeim ætlað að vera afgreidd fyrir jól. Við erum því óvanalega seint á ferð með mörg stór mál og ekki síst ríkisfjármálin sem var verið að dreifa hér.

Ég tel að við getum fallist á meginatriði þessa frv. sem hér er rætt. Ég legg þó áherslu á það sem hæstv. forsrh. nefndi í framsögu sinni að vald og ábyrgð fari saman. Þetta tek ég undir. Það er óviðunandi þegar forræði máls eða málaflokks er óljóst og það er ekki laust við að þannig hafi það verið í því sem snýr að ofanflóðamálum. Það fundum við vel sem vorum í forsvari fyrir félags- og umhverfismál á sl. vetri þegar hörmungar dundu yfir. Samkvæmt gildandi lögum er talsvert mikil skörun í þeim málum sem snúa að umhverfis- og félagsmálum en í þessum efnum á ekki að leika neinn vafi á því hver á að taka á málum, hver á að halda utan um hina ýmsu þætti sem upp koma. Þess vegna er mjög mikilvægt að ráðherra hafi fullt og óskorað umboð varðandi þau atriði sem að honum snúa. Auðvitað munu ráðherrar fleiri ráðuneyta en umhvrn. koma að málum vegna ofanflóða, sérstaklega á hættustund. Þá kemur m.a. til hlutverk lögreglustjóra og Almannavarna og þar með talið dómsmrh. Að þessu frv. samþykktu sýnist mér að félmrh. verði fyrst og fremst með þætti sveitarstjórnar á hendi en umhvrh. að mestu með forræði annarra þeirra mála sem snúa að ofanflóðum og ofanflóðavörnum. Veðurstofan verði með rannsóknir, forvarnir og hættumat og þar er auðvitað lykilatriði að gott samráð verði milli Veðurstofu og almannavarna heima í héraði og það verði fullkomlega hnökralaust.

Margar góðar ábendingar hafa komið fram í umræðunni í

dag og það er mikilvægt að nefnd skoði það og fari rækilega yfir því að það er mjög mikilvægt að vel takist til með þessa lagasetningu nú.

Virðulegi forseti. Ég ætla einungis að benda á eitt atriði til viðbótar því sem hér hefur verið sagt. Það er breyting á 11. gr. laganna. Eins og segir í greinargerð á bls. 4: „Gert er ráð fyrir að ofanflóðasjóður verði áfram í vörslu Viðlagatryggingar Íslands, en umhvrh. ákveði fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum Veðurstofunnar að því er varðar 1.–3. tölul. 11. gr. laganna en sérstakrar nefndar sem skipuð er fulltrúum umhvrh., félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga að því er varðar 4.–5. tölul.“ Þarna finnst mér að einmitt sé verið að gera það sem ekki má gera, þ.e. búa til skörun á milli ólíkra aðila um ákvörðun. Þetta þýðir að Veðurstofan gerir tillögu um greiðslur úr ofanflóðasjóði varðandi kostnað vegna athugana, varðandi kostnað vegna gerð hættumats, kostnað við kaup á uppsetningu á tækjum og búnaði vegna rannsókna og eftirlits. Hins vegar þegar kemur að því að greiða má kostnað við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki og flutning vegna varna og viðhald varnarvirkja á allt annar aðili að gera tilögur, sérstök nefnd sem skipuð er fulltrúum þriggja ráðuneyta. Ég hef á tilfinningunni að þarna gæti einmitt orðið óljóst forræði og ábyrgðarlaus aðili sem halda á utan um fjármál ofanflóðasjóðs.

Virðulegi forseti. Ég tel mjög mikilvægt að einhver einn aðili sjái um fjármál ofanflóðasjóðsins. Þegar litið er til þess að umhvrh. á að sjá um ákveðnar greiðslur og ýmist að taka ákvarðanir einn og sjálfur eða fá tillögur frá Veðurstofu eða fá tillögur frá sérstakri nefnd geti þarna orðið það flot sem á einmitt ekki að vera í svo mikilvægu máli. Þetta mundi ég leggja til að yrði skoðað alveg sérstaklega.

[17:29]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu fram komna frv. um þetta mikilvæga mál og bendi á að það hefur komið fram í umræðunni að í rauninni sé beðið eftir að ákvæði þessa frv. verði lögfest vegna snjóflóðsins á Flateyri. Þetta kom einnig fram hjá hæstv. félmrh. í ræðu hans og í því sambandi langar mig að spyrja út í gildistökuákvæði laganna því að það virðist vera mjög hefðbundið, þ.e.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Ég spyr vegna þess að í skaðabótalögunum er reglan sú að ávallt er miðað við gildandi lög þegar tjón verður óháð því hvenær tjónið er gert upp og því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé hans skilningur að þetta frv. muni gilda ef að lögum verður varðandi snjóflóðið á Flateyri og ef svo er, hver sé þá eðlismunurinn á þessum lögum og skaðabótalögunum. Einnig hvort hann telji það ekki óeðlilegt að verið sé að móta löggjöf af þessu tagi við þær aðstæður að sérstök vandamál vegna nýfallinna flóða knýja í raun á.

Það kemur fram í greinargerð og í fyrri ræðum að áætlað sé að endurskoða þessi lög í grundvallaratriðum innan árs. Það er augljóst mál að fyrir þann tíma verður að eiga sér stað mjög mikil vinna varðandi hættumat og það er ósk mín að verulega verði vandað til þeirrar vinnu. Nú er einungis þrennt lagt til, þ.e. í fyrsta lagi flutningur á yfirsstjórn málaflokksins til umhvrn. og Veðurstofunnar og ég tel að það sé mjög góð ráðstöfun. Í öðru lagi er lagt til að gerðar verði áætlanir til þess að rýma húsnæði á afmörkuðum svæðum ef sérstakt hættuástand hefur skapast og mér virðist að helsta álitamálið sé hvort rétt geti verið að beita valdi í því skyni. Mér virðist að á því geti verið siðferðilega skiptar skoðanir og því þurfi að athuga það mál mjög vel.

Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að lögfestar verði reglur varðandi tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til húseigenda á hættusvæðum en það er nú bundið í reglugerð. Í þeim reglum er gengið út frá því sem meginforsendu að styrkja eigi byggð í sveitarfélögunum þar sem snjóflóð hafa fallið eða snjóflóðahætta er yfirvofandi. Greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð geta þar með orðið hærri en greiðslur til þeirra sem flytja brott eins og fram hefur komið í málflutningi fleiri ræðumanna í dag.

Ég veit að ýmis rök mæla með þessu fyrirkomulagi en ég hef einnig verulegar efasemdir um hvort þetta sé rétt, ekki síst vegna þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli og ég er greinilega ekki ein um þá skoðun. Ég tek því undir það með Kristínu Ástgeirsdóttur og fleirum sem hafa látið í ljós þá skoðun að það sé rétt að hlusta á fólk sem býr á þessum svæðum og það sé alls ekki rétt að binda það átthagafjötrum með því að hygla því fjárhagslega fyrir að vera áfram á hættusvæðinu umfram það að flytja burt. Þarna togast á byggðapólitísk og siðfræðileg sjónarmið og þau verður að gaumgæfa mjög vel. Ég tel að enginn sé betur fær en hv. Alþingi til þess að gera það. Ég er því tilbúin að fara mjög gaumgæfilega ofan í þetta mikilvæga mál í hv. allshn. og er tilbúin að stuðla að farsælli meðferð þess í þinginu en ítreka að málið verður að fá nokkra grundvallarumræðu þó að auðvitað verði að flýta fyrir málinu.

Ég ítreka í lokin fyrirspurn mína til hæstv. forsrh. varðandi muninn á afturvirkni þessa frv. ef að lögum verður og skaðabótalaganna, ekki síst vegna þeirra miklu álitamála sem eru úti í þjóðfélaginu um óuppgerð skaðabótamál samkvæmt skaðabótalögunum.

[17:35]

Kristján Pálsson:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með framlagningu þessa frv. og með það hvernig ríkisstjórnin hefur yfirleitt staðið að lausn þeirra viðkvæmu mála sem komið hafa upp á þessu ári í þeim miklu hamförum sem gengið hafa yfir tvær byggðir á Vestfjörðum. Öllum er ljóst að þarna var um afskaplega erfið og óvænt atvik að ræða sem enginn gat séð fyrir hvernig ætti að bregðast við en ég held að það sé allra mat að þar hafa farið saman bæði yfirvegun og farsælar ákvarðanir sem hafa leitt til þess að ekki skapaðist sú mikla hætta á að það brysti á almennur byggðaflótti frá Vestfjörðum sem svo hæglega hefði getað gerst ef múgsefjun hefði gripið um sig og almenn hræðsla.

Ég tel að margt í þessu frv. sé mjög nauðsynlegt og þá sérstaklega það að meta hvenær eigi að rýma hús og flytja fólk af hættusvæðum. Að flytja það í hendur Veðurstofu Íslands finnst mér vera skynsamleg ákvörðun og ég segi það sem reynslu mína af veru minni úti á landi í áratugi að þeir sem eiga heima á svona stöðum gleyma oft hættunni. Hún dofnar og það þurfa ekki oft að líða nema nokkur ár og jafnvel ekki svo langur tími til að menn hætti að velta fyrir sér þeirri hættu sem minnti á sig fyrir nokkrum árum af því að það er búið að vera svo gott undanfarin 2–3 ár. Því miður hefur þetta orðið til þess að byggðir hafa þanist út á þessum svæðum langt umfram það sem tíðkaðist hjá eldra fólki sem þekkti svæðin og hafði kynnst þeim í gegnum árin í ættlið fram af ættlið.

Ég get talað af nokkurri reynslu í því efni og tek sérstaklega til eina byggð sem er vestur í Hnífsdal þar sem mitt fólk hefur búið öld fram að öld og hefur byggt á ákveðnum svæðum. Því miður hefur á síðustu árum verið byggt sitt

hvorum megin við þau svæði sem höfðu ávallt verið talin örugg en hin svæðin ekk nægilega örugg til þess að menn treystu sér til þess að hafa þar yfirleitt byggð. Síðan hefur þetta teygst af einhverjum ástæðum en hefur sem betur fer ekki leitt til þess að neinn hafi lent í slysum. Þó hefur það orðið til þess að svæði sem hafa öldum saman verið talin örugg byggingarsvæði falla nú undir það að vera rauð svæði eftir því sem mér er sagt. Það gæti hugsanlega orðið til þess að öll þau hús sem hafa jafnvel staðið yfir 100 ár verða rifin í burtu. Það er þyngra en tárum taki fyrir fólk sem þekkir þessi svæði að þetta skuli vera komið svona. Ég velti því fyrir mér hvernig eigi að grípa inn í þessi mál þegar farið er að tala um að rýma eða jafnvel að rífa heilu og hálfu byggðarlögin og skilja eftir auð svæð í staðinn.

Ég fagna því að í frv. er gert ráð fyrir endurskoðunarákvæðum þannig að menn geti áttað sig á því hvernig svona ákvæðum verði best við komið, hvað megi gera við slík hús, jafnvel hvort hægt sé með frekari vörnum að verja þessar byggðir frekar en að rífa þær. Ég er hræddur um það að þegar farið verður að rífa þessi hús og einungis helmingur húsanna stendur eftir gæti orðið það mikill flótti þeirra sem eftir sitja að hann ekki verði stöðvaður.

Mörg byggðarlög á Íslandi eru undir fjöllum. Við höfum alltaf lifað við hugsanlega hættu af því að búa undir fjöllum. Hún hefur náttúrlega ekki komið í veg fyrir það að menn byggju þarna og ég vona svo sannarlega að við getum fundið þær lausnir að við missum ekki þau svæði úr byggð sem hafa nýst okkur fram að þessu. Því tel ég að þessi mál þurfi í rauninni að vera í stöðugri endurskoðun. Ég er ekki alveg viss um að útreikningar með tölvum og tölvulíkönum séu þær einu lausnir sem við höfum til þess að finna út hættusvæði og hættulegustu svæðin. Ég mæli með því að þetta verði allt skoðað mjög rækilega, náttúrlega af sérfræðingum og heimamönnum en vissa heimamanna hefur því miður oft dofnað vegna þess að menn hafa freistast til þess að færa byggingarsvæðið lengra en æskilegt hefði verið. En það eru til mjög mörg gögn um þessi mál sem mér finnst að eigi að skoða mjög rækilega.

Þessi tillaga fer nú til allshn. og ég tek undir að það þarf að flýta þessu máli sem allra mest og koma því í gegnum þingið því að ekki er ekki hægt að ætlast til þess að hægt sé að bíða með þær úrlausnir sem fólk þarf á að halda í þessum byggðum. En hvernig best sé að bregðast við hættumötum og vinnslu gagna varðandi ákvörðun um hættusvæði þarf að vera að mínu viti í stöðugri endurskoðun.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ekki ætla ég að lengja þessa umræðu mikið en vil segja það að ég tek undir allar meginhugmyndir sem er að finna í þessu frv. Þó að frv. sé afurð nefndar sem hóf ekki störf fyrr en í sumarbyrjun er það eigi að síður svo að hér er ekki um flaustursleg eða of hröð vinnubrögð að ræða vegna þess að hugmyndirnar sem er að finna í þessu frv. höfðu verið í deiglu áður. Þær höfðu verið ræddar í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og um þær held ég að hafi alla tíð verið mikill friður. Ég held að það sé hárrétt sem hv. þm. Kristján Pálsson sagði áðan að lög eins og þessi þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Það er alveg rétt. En staðreyndin er því miður allt önnur. Þau hafa ekki verið í endurskoðun, a.m.k. árum saman. Þau voru sett fyrst upp úr 1985. Síðan var talsverður þrýstingur á það að þeim yrði breytt, m.a. til þess að auðvelda sveitarstjórnum að sinna frumkvæðisskyldu sinni um byggingu varnarvirkja en það var ekki fyrr en eftir slysið á Ísafirði, þegar snjóflóðið varð í Tungudal, sem endurskoðun var hrundið af stað.

Síðan hafa séð dagsins ljós tvö frumvörp, hvort um sig mjög gott. Í því frv. sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti sem félmrh. var tekið sérstaklega á fjármögnunarþætti varnarvirkja. Fram að þeim tíma áttu sveitarfélögin að bera að mínu mati óhóflega mikinn kostnað við byggingu varnarvirkja og þetta dró úr frumkvæði af þeirra hálfu til þess að koma þeim upp. Jafnframt var viðhald varnarvirkjanna alfarið á þeirra hendi.

Lögin sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir beitti sér fyrir í tíð sinni sem ráðherra gerðu það hins vegar að verkum að sveitarstjórnir gátu fengið 90% styrk til þess að reisa varnarvirkin, gátu fengið 10% lán til þess að fjármagna það sem á vantaði en jafnframt fengu þau 60% styrk varðandi viðhaldsþáttinn. Ég vil samt sem áður að það komi fram hérna að ég tel að það sé of lítið. Ég bendi á það að þegar við ræddum það frv. sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á sínum tíma var að finna í greinargerð upplýsingar um varnarvirki. Þar kom fram að einungis tvö slík væru fullfrágengin og bæði væru ónýt. Það orð var notað bókstaflega um annað varnarvirkið á Ísafirði og hitt í Ólafsvík væri ekki í góðu ásigkomulagi einmitt vegna þess að kostnaðurinn sé féll á viðkomandi sveitarfélög við viðhaldið væri svo mikill að þau sáu sér ekki fært að sinna því.

Ég held líka að þó að öldin sé slík að menn vilji færa sem mest völd til sveitarfélaganna þá er ég þeirrar skoðunar að í þessum málum eigi sveitarfélögin að hafa sem minnst völd. Ég hegg eftir því að enn er það svo að frumkvæðisskyldan að gerð varnarvirkjanna er hjá sveitarfélögunum. Ég er ekki viss um að það sé heppilegt. Ég varð sjálfur sem umhvrh. vitni að frekar leiðinlegum deilum milli sveitarstjórnarmanna og ríkisvaldsins varðandi hættumöt og fleira þar sem menn tókust á um það hvar mætti byggja og hvar mætti ekki byggja. Ég held að alls staðar þar sem er einhvers konar hætta á hagsmunaárekstrum í þessum málum sé líklegt að það spretti upp slíkar deilur. Alltaf þegar menn eru að tala um hættumöt eru menn líka að tala um það að taka land úr byggingu. Mörg dæmi eru um bókstaflega átök millum viðkomandi fagráðherra og sveitarstjórna eins og reyndar hefur verið rifjað upp í fjölmiðlum í kjölfar atburða síðustu ára.

Ég held að sú breyting sem felst í 1. og 2. gr. frv. þar sem vald um snjóflóðavarnir er fært til umhvrn., sé mjög jákvæð. Áður fyrr var valdið mjög dreift, ábyrgðin var dreifð og ógagnsæ. Ég tek sem dæmi að áður fyrr var það þannig að Almannavarnir ríkisins áttu að sjá um gerð hættumata en það var ofanflóðanefnd sem raunverulega framkvæmdi gerð matsins. Þegar upp var staðið var óljóst hver það var sem fór með hina raunverulegu ábyrgð. Ég og margir fleiri töldum að það væri nauðsynlegt að breyta þessu og nú er búið að gera það. Ég tel að þegar menn taka saman þessi tvö frumvörp, þ.e. annars vegar það frv. sem fyrri ríkisstjórn lagði fram og hins vegar þetta, þegar þetta frv. verður orðið að lögum sem ég vænti að verði innan skamms, verði sú yfirferð sem við erum búin að fara í gegnum um snjóflóðavarnir mjög góð og hún hafi breytt mjög verulega til hins betra gildandi löggjöf um snjóflóðavarnir.

Það er eitt sem mig langar til þess að drepa á hins vegar í lok ræðu minnar. Um leið og við færum þessa miklu ábyrgð yfir á Veðurstofuna, hún verður hinn faglegi aðili sem fer með snjóflóðamat, gerir hættumat, gefur út viðvaranir um það hvenær eigi að rýma, þá er nauðsynlegt að hún verði

efld og styrkt. Nú veit ég að fyrrv. ríkisstjórn alveg eins og hin síðasta mun ekki liggja á liði sínu við það. Okkar ágætu grannþjóðir hafa þegar innt af höndum talsvert fjármagn og munu gera að því er mér skilst á næstu árum til þess að aðstoða okkur í þessum efnum. En það er eitt sem vantar algerlega og það er athugun og rannsóknir á snjóflóðum. Það eru nánast engar rannsóknir sem hafa farið fram á snjóflóðum á Íslandi. Fyrsti snjóflóðarannsóknarmaðurinn var ráðinn 1987. Ef hv. þm. Mörður Árnason sem staddur er í salnum í dag og veit allra þingmanna mest um Íslendingasöguna færi nú að kafa aftur í sína gömlu texta mundi hann geta komið hingað og greint okkur frá því að allar götur frá því að við fórum að skrifa annála á Íslandi, hafa alltaf verið fregnir af snjóflóðum. Það fyrsta sem hægt er að finna er 1118 þegar 5 manns fórust í snjóflóðum og frá upphafi byggðar hafa um 675 manns farist vegna snjóflóða. Mesta slysið 1613 þegar 50 manns fórust. Samt sem áður er það ekki fyrr en 1987 að við ráðum einn mann til þess að sinna rannsóknum um snjóflóðavarnir. Ef við horfum hins vegar til jarðskjálfa, blasir það við að frá upphafi Íslandssögunnar hafa látist beinlínis af völdum jarðhræringa og eldgosa 100 manns, einn á þessari öld. En við höfum fjórar stofnanir sem meira og minna sinna rannsóknum um jarðskjálfta. Fjöldi vísindamanna ver nánast öllu sínu atgervi til rannsókna á sviði jarðskjálfta og jarðhræringa. Ég held að þarna sé greinilegt að við þurfum að breyta áherslum.

Ég segi það ekki, herra forseti, til þess að menn fari að skera niður rannsóknarfjármagn til jarðskjálfta. Við eigum hins vegar að auka vægi þeirra rannsókna sem lúta að eðli og orsökum snjóflóða á Íslandi. Það er ekki nóg að breyta lögum og auka ábyrgð Veðurstofunnar, hún verður líka að fá nægilegt fjármagn til þess að geta sinnt rannsóknum á þessu sviði til þess að við kunnum að bregðast við, til þess að við kunnum að bægja hættunni frá dyrum okkar.

[17:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi snjóflóðavarnir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist á í Ólafsvík vil ég aðeins segja frá því að þar voru settar upp snjóflóðavarnir um 1986. Annars vegar var sett á brúnir fjallsins fyrir ofan heilsugæslustöðina spjöld sem áttu að beina snjónum af brúninni og hins vegar voru sett net í hlíðina til þess að halda snjóþunganum. Spjöldin sem voru höfð uppi á brún virkuðu ekki að mati manna og fuku reyndar í burtu og var talið af kunnáttumönnum að þau gögnuðu lítið í sambandi við að bægja snjónum í einhverjar aðrar áttir. Menn ákváðu því að láta netin sem voru í hlíðinni duga. Ég held að það hafi verið góð ráðstöfun og það má kannski segja að netin mættu verið fleiri. Að því leyti til var sú snjóflóðavörn skynsamleg og mætti kannski huga að henni á fleiri stöðum.

Varðandi þátt sveitarstjórna er ég alveg sammála hv. þm. í því að það er betra að þetta sé í höndum Veðurstofunnar, eins og ég sagði reyndar áðan. Það er oft mjög persónulegt og erfitt viðfangs að vera að slást við fólk um það að fara úr húsum sínum sem hefur af einhverjum ástæðum talið sig þurfa að vera þar eða hefur þá trú að þar muni aldrei neitt geta gerst. Þetta eru mjög erfið mál og viðkvæm. Að þessu leyti held ég því að það hafi verið skynsamleg ráðstöfun að fara með þetta til Veðurstofunnar. Þótt hún hljóti í öllum tilfellum að þurfa að hafa mjög náið samráð við heimamenn í öllu sínu mati, þá er endanleg ákvörðun þeirra. Og það er betra að það sé úr fjarlægð.

Varðandi rannsóknir í þessu efni er mjög nauðsynlegt finna upp snjóflóðavarnir svo ekki þurfi að rjúfa byggð eða færa fólk af heilu svæðunum í burtu og skilja þorpin eftir í sárum sem seint munu gróa. En að sjálfsögðu er líf fólks númer eitt og þannig þurfa þessi mál að vera unnin.

[17:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Kristján Pálsson hafi í rauninni verið að taka undir margt af því sem ég var að segja áðan. Ég er honum alveg innilega sammála um það að ekki er hægt að láta sveitarstjórnir með nokkrum hætti koma nálægt ákvörðunum til að mynda um hættumat og hættusvæði. Við vitum það af sögunni að þá eru strax komnir upp erfiðir árekstrar milli mismunandi hagsmuna. Við vitum að það eru dæmi um að hættumöt voru ekki staðfest svo árum skipti vegna þess að viðkomandi sveitarstjórn hafði, ekki í krafti laga heldur gamalla hefða, mótmælt hættusvæðum eins og búið var að ákveða þau af almannavörnum. Það leiddi einfaldlega til þess að viðkomandi mat var ekki staðfest. Ég hef aldrei skilið í krafti hvaða lagaákvæða það var gert, en það var einfaldlega staðreynd. Og þegar menn tóku í kjölfar þessara miklu hamfara sem yfir okkur hafa dunið mikinn kipp, öfluðu aðstoðar erlendra sérfræðinga og settu nýjar reglur kom í ljós með enn klárari hætti en áður að þessi svæði sem umdeild voru og búið var að byggja á voru auðvitað að dómi allra sérfræðinga sem að málinu komu á óumdeildu hættusvæði.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um Ólafsvík sem hann þekkir auðvitað miklu betur en ég, þá er ég ekki nákvæmlega kunugur því sem hann lýsti. Mér fannst þó eins og hann væri að draga í efa að þessi varnarvirki sem við erum að ræða um hefðu misst gildi sitt vegna skorts á viðhaldi. Eigi að síður er það svo að í greinargerð með því frv. sem var lagt fram á 118. löggjafarþingi segir, með leyfi forseta:

„Auk þess sem að framan greinir styrkti ofanflóðasjóður að tillögu félmrh. gerð varnarvirkja í Ólafsvík sem byggð voru fyrir gildistöku laganna. En þau varnarvirki hafa einnig misst gildi sitt vegna skorts á viðhaldi.“

[17:56]

Drífa Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram. Það hefur verið lögð allmikil vinna í það og það er vandað. Ég tel að sá grunnur sem þarna er lagður sé mikilvægur. Þarna kemur einmitt sú skoðun fram að fólk verði jafnsett sem verður fyrir þessu. Það finnst mér ákaflega mikilvægt.

Það sem ég vil einkum ræða hér er 5. gr. og þá sérstaklega síðasta málsgreinin. Mér finnst að það sé ákaflega vandasamt að meta hvað er hættusvæði og hvað ekki. Þegar talað er um að ekki megi hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum nema komin séu tilskilin varnarvirki hef ég allmiklar áhyggjur af því að við séum jafnvel ekki fær um að meta hvort þessi varnarvirki raunverulega virki. Ég er ekki fróð um þessi efni, en þó er það mikill kyngikraftur í snjóflóðum að það er ákaflega erfitt að vega þetta og meta og kannski ógerlegt í stöðunni á Íslandi í dag. Ég tek þó undir að það er mikilvægt að það verði rannsakað. Ég tel að sveitarstjórnir hljóti að taka upp aðalskipulag í þeim bæjarfélögum þar sem hefur verið og er snjóflóðahætta. Þeir hljóta að meta það í ljósi reynslunnar.

En mér finnst líka ákaflega mikilvægt að íbúunum sé gerð grein fyrir þeirri hættu sem fylgir því að búa á þessum svæðum. Mér finnst að íbúarnir eigi rétt á upplýsingum um þessi efni svo þeir geti tekið ákvörun um hvort þeir ætla að vera eða fara. Ég vil lýsa efasemdum varðandi síðustu málsgrein í 5. gr. frv. en ég tel jafnframt að það sé varhugavert varðandi 10. gr., sem ekki er þó gerð brtt. við, að taka svo mikla peninga út úr Viðlagatryggingu Íslands. Það veikir viðlagatryggingu og í ljósi fyrri hamfara er spurning hvort það gæti gengið til lengri tíma. Ég held að það sé a.m.k. varasamt og bið menn að skoða það. Annars sé ég reyndar ekki í stöðunni í dag hvar annars staðar á að taka þessa peninga.

Mér finnst allmikil áhætta felast í þessari 5. gr. varðandi varnarvirki. Maður veit raunverulega ekki hvort þau duga, þótt það stafi kannski af þekkingarleysi. Ég hef áhyggjur af að svo sé ekki.

[17:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þingmönnum undirtektir við frv. þetta og umræður allar. Þær bera auðvitað með sér að þær nefndir, hv. allshn. sem fær málið til meðferðar og hv. nefndir umhverfis og félagsmála, sem fá málið til umsagnar þurfa að leggja í það töluverða vinnu og athugun, en engu að síður er nauðsynlegt fyrir okkur að leitast við af fremsta megni að klára málið fyrir jólafrí til þess að eyða óvissu sem hefur staðið alllengi. Og ég heyri á þingmönnum öllum að þeir vilja ná saman um það að þeirri óvissu sé eytt.

Málið er auðvitað margþætt. Í vissum skilningi má segja að það sé tvíþætt, annars vegar sé það varanlegt, þ.e. menn séu að gera varanlegar breytingar á stjórnsýslu ofanflóðamála og gera hana skilvirkari og skipulagðari. Það er varanleg breyting. Á hinn bóginn eru menn að gera breytingar til bráðabirgða og inntak þeirra breytinga felst í því að menn ætla þar til þekking er orðin öflugri en hún er þegar að leitast við á því ári sem við höfum þar til endurskoðun hefst á lögunum að vernda mannslíf en ekki mannvirki. Menn telja sig ekki hafa enn þá nægjanlegar forsendur til þess að stuðla að verndun mannvirkja með þeim hætti sem þeir töldu sig áður geta gert. Reynslan hefur kveðið upp þann dóm yfir okkur öllum að þekkingargrundvöllurinn var lakari en við héldum að hann væri og nú hafa menn einsett sér að styrkja þennan þekkingargrundvöll til þess að geta sameinast um reglur sem væru til þess fallnar að við teldum að við gætum fullyrt að mannvirki á svæðum sem hafa búið við hættu gætu talist tiltölulega örugg. Við höfum hins vegar ekki tíma til að bíða með öryggisráðstafanir gagnvart mannfólkinu og þess vegna fjallar frv. um það með hvaða hætti eigi að grípa inn í þau mál á þessum bráðabirgðatíma. Þar koma þær rýmingaráætlanir til sem þetta frv. getur um.

Það er ekki auðvelt verk fyrir Veðurstofu að þurfa að taka ákvörðun um það hvenær skuli rýmt og hversu mikið skuli rýmt. Það er ekki öfundsvert hlutverk sem Veðurstofan fær að axla þá ábyrgð alla. Út af fyrir sig gæti verið hætta á því að Veðurstofan gengi ætíð of langt í þeim efnum til þess að firra sig ábyrgð. En hún veit auðvitað um leið að þar með væru stigin skref sem gerðu vissar byggðir nánast óbyggilegar þannig að þarna þarf að gæta meðalhófs og ég hygg að engum aðila sé í núverandi stöðu betur treystandi til þess en einmitt Veðurstofunni.

Nokkrir þættir hafa komið sérstaklega til umræðu. Ég ætla ekki að víkja að þeim öllum vegna þess að nefndirnar þrjár, sem ég gat um, munu auðvitað fara yfir þau mál nákvæmar en ég get gert úr þessum ræðustól en það eru nokkur efni sem þingmenn hafa haft ákveðnar áhyggjur af. Spurt var sérstaklega um hvort menn hefðu gert ráð fyrir fjáröflun til ofanflóðasjóðs til að mæta þeim útgjöldum sem munu bersýnilega koma þar til. Það hefur ekki verið gert umfram það sem þegar hefur verið ákveðið. Við gerum ráð fyrir því að á næstu fimm árum renni um 1.200–1.300 millj. kr. til sjóðsins samkvæmt nýgerðum breytingum sem er auðvitað gerbreyting á högum sjóðsins frá því sem áður var en jafnframt augljóst að muni ekki nægja til. Hins vegar eru ekki forsendur fyrr en sú vinna sem frv. gerir ráð fyrir hefur átt sér stað til þess að meta fjáröflunarþörfina nákvæmar en við getum gert í dag. Þingið hefur þegar lagt þennan grundvöll að tryggja sjóðnum 220–230 millj. umfram það sem áður var á ári og það mun styrkja stöðu sjóðsins.

Spurt var um gildistökuákvæði frv. Frv. gerir ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi þá þau hafa verið samþykkt. Ég hygg að það ákvæði sé út af fyrir sig ekki vandamál en ég skil hv. þm. sem spurði auðvitað vegna þess að — það er álitaefni sem hv. þm. vakti réttilega athygli á — í lögunum gert ráð fyrir því að bætur skuli miðaðar við flóðadag. Það getur haft áhrif aftur fyrir sig að það orðalag sé með þeim hætti og um leið að gildistökuákvæðið skuli vera með þeim hætti sem það er í frv.

Það gildir ekki það sama um almenn skaðabótalög í þessum efnum og þetta frv. því að almenn skaðabótalög setja skuldbindingar yfir á þriðja aðila og þar með gengur afturvirkni ekki. Í þessu tilfelli er ríkisvaldið eingöngu að ákvarða greiðslur úr sinni eigin stofnun og getur þess vegna með öðrum hætti gripið til afturvirkni og er ekkert sem bannar það. Það sem menn hafa í huga í því sambandi eru þær ábendingar sem við höfum fengið núna að undanförnu og ég óskaði eftir í framsögu minni að yrði athugað með jákvæðum hætti í nefnd er eftir að þessi óhugnaður allur hefur gengið yfir þá hafa flestir sem eiga í hlut vaknað til þeirrar vitundar að kannski væri ekki allar tryggingar með þeim hætti sem skyldi, ekki öll möt þeim hætti sem skyldi. Þessir aðilar geta auðvitað stuðlað að því að möt á þeirra eignum séu færð í rétt horf en þeir sem lentu í ósköpunum á Súðavík og Flateyri búa við aðra stöðu. Þetta þarf auðvitað að athuga sérstaklega og verður gert í nefndinni og verður komið á framfæri frá þessum sveitarstjórnum athugasemdum til nefndarinnar, til þingmanna kjördæmisins og annarra þannig að þessi mál verða athuguð sérstaklega.

Þá hafa menn velt því fyrir sér hvort það standist og gangi upp að mismuna mönnum eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg rétt, það er mjög vandmeðfarið álitaefni. En þá er fyrst til að benda á að menn yrðu til lengri tíma litið jafnsettir, byggju á endanum við markaðsverð eigna sinna. En í annan stað verða menn að gæta að því að í sjálfu sér er ríkinu ekki skylt að bæta mönnum eignir þegar þær lenda nú á rauðum svæðum eða öðrum slíkum svæðum. Það leiðir ekki af sjálfu sér að ríkinu sé það skylt. En ríkisvaldið hefur hins vegar ákveðið að bæta mönnum slíka hluti og er með ívilnandi aðgerð hvað það varðar. Þá mætti segja að ríkisvaldið væri að ýta undir það með þessum aðgerðum að menn seldu hús sín og færu út fyrir byggðarlagið. Þar væru í byggðarlaginu aðrar húseignir sem væru ekki inni á hættusvæðum en stæðu eftir tætingslegar í byggðarlagi sem væri kannski brostið vegna þess að ríkisvaldið hefði með reglum sínum ýtt undir fólk að flytja burtu. Eignir þeirra sem fyrir væru væru kannski

tiltölulega lítils virði vegna þess að markaðsverð væri lágt væru nánast einskis virði vegna atbeina ríkisins og því er réttlætanlegt í þessu sambandi að ríkisvaldið stuðli að því að sú breyting sem það leggur grundvöll að með bótum leiði ekki til þess að aðrir íbúar í viðkomandi byggðarlagi séu afar illa settir. Alla þessa þætti þurfa menn að vega og meta og ég tel eftir atvikum sé ekki hægt að gefa sér það að sú jákvæða mismunum sem hér er um að ræða fái ekki staðist lagalega eða siðferðislega. Ég held að hægt sé að færa mörg rök fyrir því að hún gæti staðist. Ég vil þó ekki fullyrða um það en það er þó alveg ljóst að mönnum þótti öruggara að hafa þessa ákvörðun í lagaformi, tekna með ákvörðun Alþingis heldur eins og við gerðum fyrir hálfu ári eingöngu í reglugerðarformi. Við ættum þá a.m.k. að vera nær því að það allt saman fengi staðist.

Einnig var spurt um hvort ekki væri erfitt að móta reglur af þessu tagi í því umhverfi sem við hefðum nú í ljósi þeirra hörmulegu atburða sem urðu. Auðvitað má segja það en á hinn bóginn hafa þessir atburðir gert okkur fullkomlega ljóst að lagaramminn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi áðan í ræðu sinni hefur ekki verið nægjanlega góður og fjarri því. Auðvitað ber okkur svo skjótt sem við megum að bæta úr því. Jafnframt ber þetta frv. með sér að menn eru ekki nú að vinna lokaverkið. Það er verið að verja verulegum fjármunum til Veðurstofunnar umfram það sem áður var ákvarðað sem er nauðsynlegt vegna þeirrar miklu ábyrgðar sem er sett á hana. Vísindamenn þar og þeir aðrir vísindamenn sem hafa komið að málinu hafa sagt við okkur að þeir verði allt öðruvísi í stakk búnir núna næsta sumar til að gefa okkur ráð sem fái staðist en þeir hafa verið áður. Við munum skapa þeim eins góða stöðu til þess að vinna að þessum verkefnum eins og frekast er kostur.

Ég endurtek þakkir mínar til þingmanna fyrir undirtektir við frv. og mjög málefnalegar og athyglisverðar umræður um það.

[18:11]

Útbýting þingskjals:
Fjáraukalög 1995, 44. mál, þskj. 293.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:11.

---

58. FUNDUR

föstudaginn 8. des.
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 207. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 215. mál, þskj. 289. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 221. mál, þskj. 300. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 225. mál, þskj. 306. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 118. mál, þskj. 130, nál. 305. — 2. umr.
6. Laun forseta Íslands, frv., 224. mál, þskj. 304. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis.

[10:35]

Svanfríður Jónasdóttir:

Forseti. Eftir að þing kom saman í haust var það samkomulag þingmanna að biðja um skýrslu um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis. Sú ákvörðun byggði á áhyggjum þingmanna á því ástandi sem verið hefur að skapast, einkum og sér í lagi vegna aukinnar notkunar fíkniefna og afleiðinga þess. Beiðni um skýrslu þessa efnis var samþykkt með 42 samhljóða atkvæðum athugasemdalaust hér á Alþingi um miðjan október og var beint til forsrh. þar sem efni skýrslubeiðninnar var viðamikið og snerti fleiri en eitt ráðuneyti eða stofnun.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir vakti athygli þingsins á samþykkt Sambands sveitarfélaga um vaxandi vanda vegna aukinnar fíkniefnanotkunar en lét þess þá getið að þingið ætti í vændum skýrslu sem við mundum taka til umræðu þegar bærist og á sameiginlegum fundi formanna þingflokka og forsætisnefndar sl. þriðjudag vakti hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir athygli manna á nauðsyn þess að taka vaxandi vanda vegna fíkniefna til umfjöllunar hér á hv. Alþingi. Þá var enn minnst á væntanlega skýrslu.

Skýrslubeiðendur könnuðu því hvað liði gerð skýrslunnar og komust að því að það var alls ekki verið að vinna hana. Í ljós hefur komið að forsrh. virðist hafa vísað beiðni þingsins frá sér með bréfi sem hann sendir fljótt eftir að hún berst honum, þ.e. strax upp úr miðjum október. En forseti þingsins virðist ekki gera meira með það bréf en svo að þinginu er aldrei gerð grein fyrir stöðu málsins og menn látnir standa í þeirri meiningu að verið væri að vinna skýrsluna, enda það ekki verið leiðrétt þegar tilefni hafa gefist til eins og ég hef rakið.

Nú hef ég, eins og við öll, heyrt orð forseta um umhyggju hans fyrir virðingu og stöðu Alþingis. Eitt af því er staða þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Er eðlilegt að forsrh. ákveði það einn og sjálfur hvernig með skuli fara og láti ekki einu sinni á það reyna hvort þær stofnanir og ráðuneyti sem hefðu fengið málið til umfjöllunar gætu sinnt því innan tilsetts tíma.

Forseti. Mér er sagt af mér þingreyndara fólki að þetta sé fáheyrt ef ekki einsdæmi og þá ekki síður að forseti Alþingis láti það síðan yfir þingið ganga án þess að aðhafast. Eða hvað hyggst hann gera til að rétta hlut Alþingis?

[10:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna þessara orða hv. þm. vill forseti taka það fram sem ljóst er að það hefur dregist að leggja fram þessa skýrslu, en ástæðan er sú að hæstv. forsrh. ritaði forseta bréf þann 16. okt. sl. þar sem hann gerði grein fyrir því hversu mikil vinna fælist í því að svara þessari skýrslubeiðni og ef hv. þm. líta á þskj., sem er 65. mál þingsins, þá sjá þeir að það er ekki lítið verk að svara þessari beiðni.

Hæstv. forsrh. ritaði forseta bréf þar sem hann benti á þetta og óskaði jafnframt eftir því að eiga samtöl við forseta um hvernig með málið skyldi fara. Forseti tekur það á sig að þessi samtöl hafa ekki átt sér stað, eða þeim er ekki lokið er réttara segja nú á þessum degi. Það er rangt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að hæstv. forsrh. hafi ákveðið það einn og sjálfur, eins og það var orðað, að vísa málinu frá sér. Það er rangt. Hæstv. forsrh. hefur sem sagt óskað eftir viðræðum við forseta þingsins um hvernig með málið verður farið og þær viðræður munu eiga sér stað.

[10:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Beiðnin um skýrsluna sem hér er um að ræða er 65. mál. Menn sjá beiðnina, þetta er nánast beiðni um 51 skýrslu. Ég skrifaði strax bréf 16. okt., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ég vek athygli forseta Alþingis á 65. máli 120. löggjafarþings, þar sem um er að ræða beiðni um skýrslu frá forsrh. um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis. Mér sýnist augljóst að mál af þessu tagi hefði átt að berast upp í þingsályktunartillöguformi og Alþingi yrði því að ályktа að fela ríkisstjórninni að vinna þetta verk, svo umfangsmikið sem það er. Ekki verður annað séð en nauðsynlegt verði að setja á laggirnar sérstaka rannsóknarstofnun um þessi mál til þess að svara megi öllum þeim spurningum sem þarna eru settar fram. Það er augljóst að forsætisnefndin hefði þurft að huga að því að skýrslubeiðni af þessu tagi rúmast ekki innan þess tíma sem gefinn er til þess að svara slíkum skýrslum. Bið ég forseta Alþingis um að íhuga þetta mál sérstaklega og eiga síðan samtöl við mig um hvernig með skuli fara."

Þetta var 16. okt. Það hefur áður verið beðið um svona skýrslu, það var 1986, en þá var skýrslubeiðnin fjórðungur af því sem hér er um að ræða. Það tók fjóra mánuði að vinna þá skýrslu. Þetta er kannski ársverk fjölda starfsmanna, þessi skýrslubeiðni sem hér um ræðir og það gefur auga leið að ráðuneytin þurfa þá að fá sérstaka ákvörðun um fjármögnun ef þau eiga að vinna slíkt verkefni, fyrirmæli frá þinginu. Ég bið menn um að ná sér í þessa skýrslubeiðni, ná sér í hana og skoða hana. Þá sjá þeir hvers konar beiðni hér er á ferðinni.

Í þessu bréfi sem var skrifað strax var ekki verið að hafna einu eða neinu. Það var verið að biðja um viðræður við þingið um þetta mál og vekja athygli á því og það er ekki við forsrn. að sakast þó að málið hafi strandað. Nú nýlega hefur forseti tekið þetta mál upp við mig, fyrir fáeinum dögum.

[10:42]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir gagnrýni hv. málshefjanda. Við skýrslubeiðendur fréttum af þessu máli fyrst í gær og það er upplýst að það hafi verið farið fram á viðræður við þingið af hálfu forsrn. fyrir tveimur mánuðum tæpum og við erum að frétta af þessu fyrst núna fyrir utan það að með þessum viðbrögðum er forsrh. að setja ofan í við þingið og það finnst mér ekki góð latína, hæstv. forsrh.

Það er ekkert óeðlilegt að einhverjum finnist þetta vera dálítið viðamikil skýrslubeiðni sem hér er lögð fram. Við vorum okkur vel meðvituð um það og mér hefði ekki fundist neitt óeðlilegt þó að forseti þingsins hefði haft samband við skýrslubeiðendur og spurt hvort það mætti skipta þessari skýrslubeiðni eitthvað í kafla og vísa til fleiri en eins ráðuneytis o.s.frv. Það var ekki gert heldur lagði forseti þetta fyrir þingið og þingið samþykkti þessa skýrslubeiðni. Því verð ég að lýsa undrun minni og mikilli óánægju með þessa meðferð málsins. Og ég endurtek það að mér finnst óeðlilegt af hálfu forsrn. að samþykkja ekki það sem Alþingi hefur þegar samþykkt og látið það ganga sinn eðlilega gang í kerfinu.

[10:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afar undarlegt mál. Í fyrsta lagi að þingmaður leggur fram af hálfu níu þingmanna beiðni um skýrslu og forseti fellst á að slík beiðni sé lögð fyrir þingið. Þingið samþykkir en forsrh. sér sér ekki fært að vinna málið. Þarna, nákvæmlega þarna, hefði átt að taka þetta mál fyrir á fundum þingflokksformanna og skoða hvað felst í viðbrögðum forsrh. og hvernig skuli bregðast við, bæði vegna þeirra sem spyrja um skýrsluna og einnig vegna fordæmis og framtíðar um hvernig rammi það er og að hvaða leyti eða hvaða mörk séu á skýrslubeiðni því að það hefur komið fram að það eru greinilega takmörk á því hvernig skýrslu er hægt að biðja um að vinna.

Við höldum þingflokksformannafundi þar sem við tökum flest mál fyrir og ég verð að segja að mér finnst að þetta mál hefði átt að vera tekið fyrir þar, það hefði verið mjög eðlilegt, og ég óska eftir því að við þingflokksformenn komum saman á fundi með forseta í dag, þar sem við ræðum þetta mál. Og einnig, forseti, þar sem það væri rætt sem fékk svo góðan hljómgrunn á fundi okkar þingflokksformanna og forseta að við þingmenn sameinumst um það að hafa umræðu um vímuefnavanda með ósk um að ákveðnir ráðherrar verði viðstaddir og saman sem hópur sem sameiginlega hafi áhyggjur af því hver staðan er í okkar þjóðfélagi ræðum þessi mál málefnalega og æsingalaust.

[10:46]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta er ljóst að það er ekki við hæfi að hann taki þátt í umræðum héðan úr forsetastól og ætlar ekki að gera það, en verður að benda á að það er misskilningur hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að forseti hafi fallist á eitthvað í þessu tilviki. Það er Alþingi sem ákveður að fara fram á það við hæstv. forsrh. að hann gefi þessa skýrslu. Það er ekki forseti, það er Alþingi. (***Gripið fram í:*** Jú.) Nei, það er ekki forseti, það er lagt fyrir þingið sem greiðir atkvæði um málið.

[10:46]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er satt að segja komið upp heldur leiðinlegt mál. Ég segi alveg eins og er að ég hélt að við værum að mestu laus við hnökra á samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu eins og hafa birst hér. Í raun og veru hefur verið reynt að halda tiltölulega lipurlega og faglega á málum á þessu haustþingi eins og menn hafa kannski orðið varir við sem kunna að bera það saman við fyrri þing. Ég verð að segja að mér þykir það nokkuð sérkennilegt að þetta bréf

skuli hafa legið í tvo mánuði án þess að það fréttist af því. Það finnst mér eiginlega það sérkennilegasta í málinu. Út af fyrir sig er skýrslubeiðnin mjög ítarleg og ég kannast við það frá fyrri árum, t.d. frá síðasta kjörtímabili að ég lagði t.d. fram beiðnir um tvær skýrslur til þáv. ráðherra Alþfl., annars vegar um iðnaðarmál og hins vegar um heilbrigðismál, og svör við þeim komu seint og illa en þau komu með miklum eftirgangsmunum. Ráðherrarnir báru því við að það væri mikið verk að ganga frá þessu, það þyrfti fjölda manns til að vinna verkið og allt það. Það getur út af fyrir sig allt hafa verið rétt og getur líka verið rétt í þessu tilviki. En þá á auðvitað að taka á málinu þannig strax í upphafi. Þegar skýrslubeiðnin kemur fram á auðvitað að ræða það mál og m.a. að fjalla um það hvort hugsanlegt er að tryggðar verði fjárveitingar í því skyni ef það er sérstakt vandamál fyrir Stjórnarráðið.

Nú hins vegar stendur svo á, hæstv. forseti, að það á að fara að afgreiða fjárlög og mér sýnist einboðið að í framhaldi af þeim svörum sem hér hafa birst, m.a. frá hæstv. forsrh., um að erfitt sé að vinna verkið og vanti mannafla og fjármuni, þá sé einboðið að við flytjum brtt. við fjárlagafrv. í næstu viku um að veittir verði fjármunir til þess á vegum forsrn. og annarra aðila að vinna þá skýrslu sem hér var beðið um þannig að það verði tryggilega gert og mun ég fyrir mitt leyti taka þátt í slíku eða beita mér fyrir því eftir atvikum.

[10:48]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er sérkennilegt að koma úr hópi almennings og verða vitni að vinnubrögðum á borð við þessi, einkum vegna þess að það mál sem hér er um fjallað varðar ekki formshluti eða venjulegan gang mála í stjórnkerfinu, heldur alvarlegt vandamál sem fleiri og fleiri hafa bæði áhyggjur og raunir af í samfélaginu. Forsrh. kemur upp og talar með sínum landskunna hætti um að þetta sé það ítarleg skýrsla sem hér er beðið um að það þurfi sérstaka rannsóknarstofnun til þess að sinna því máli. Hann sendir því málið aftur á þingið þar sem það greinilega sofnar neðst í skjalaskúffum forseta eða forsætisnefndar.

Það er alveg rétt að þetta er ítarleg skýrsla en þetta er líka ítarlegt vandamál. Þetta er mjög mikið vandamál sem ágerist hér á landi og það verður ekki afgreitt eins og oft hefur verið reynt með einföldum frösum þar sem menn geta kastað því fram að það þurfi eitthvert patent í þessum málum. Þetta er vandamál sem herjar á hinn vestræna heim gjörvallan og hefur ágerst hér á landi og það eru einmitt ítarlegar rannsóknir, ítarlegar skýrslur sem eru fyrsta skrefið til þess að finna lausnir á þessum vanda. Þess vegna hefði forsrh. átt að taka málinu fagnandi og biðja þingið þá frekar um aukið fé til þessara mála en að afgreiða það út af borðinu eins og ég segi, með sínum landskunna hætti.

[10:50]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Framsóknarmenn hafa að sjálfsögðu áhyggjur af málum sem snerta fíkniefni og hafa látið það til sín taka með því að leggja fram á þessu virðulega þingi þáltill. sem gengur út á að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að leggja fram á þessu þingi frumvörp að samræmdri löggjöf um ávana- og fíkniefni sem byggð verði á tillögum samstarfsnefndar ráðuneytanna frá því í mars 1995.

Ég tel að með þessum tillöguflutningi og þeim viðbrögðum sem ég vænti að komi frá hæstv. dómsmrh. í þessu efni séu þessi mál komin í þann farveg sem getur skilað þeim nokkuð áleiðis með venjulegum starfsháttum þingsins.

[10:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér kom fram beiðni um mjög viðamikla skýrsu um vandamál sem sannarlega er ákaflega alvarlegt og ég held að þingheimur allur sé meðvitaður um að hér sé um mjög alvarlegt vandamál að ræða. Skýrslugerðin er greinilega tímafrek og e.t.v. hafa þingmenn ekki allir gert sér grein fyrir því hversu mikið verk var verið að fara fram á að unnið yrði á vegum hæstv. forsrh.

Mér finnst aðalatriðið að snúast með raunhæfum hætti við vandanum. Það er ekki meginatriði að gera skýrslu um vandann. Meginatriðið er að koma sér niður á einhver viðbrögð við vandanum og þess vegna legg ég til, herra forseti, að komið verði á fót samstarfshópi þingflokka til að setjast yfir málið og ákveða næstu skref. Ég tel að þetta sé mál þess eðlis að það kalli á — ekki deilur í þingsalnum, ekki ásakanir á einn eða neinn heldur samstarf allra stjórnmálaflokka til þess að reyna að sporna við þessum mikla vanda. Ég legg til að herra forseti beiti sér fyrir fundi um málið með þátttöku allra þingflokka og þar reyni menn að átta sig á því hvort þetta gæti ekki verið leið í málinu.

[10:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mótmæli því að ég hafi með nokkrum hætti verið að setja ofan í við þingið. Ég vakti hins vegar athygli á því sem hér var að gerast. Ráðherrum er skylt, segir í þingsköpum, að ljúka skýrslugerðum innan 10 vikna og skal þá skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna. Þegar skýrsla sem var miklu, miklu minni að umfangi var lögð hér fram, þá tók það fjóra mánuði þannig að það var augljóst að forsrh. a.m.k. var kominn í þá stöðu að hann gæti ekki efnt, nema þá að leggja alla aðra vinnu í íslenska stjórnkerfinu til hliðar, þetta er ákvæði þingskapalaga. (**Gripið fram í:** Alla aðra vinnu?) Alla aðra vinnu Stjórnarráðsins til hliðar. Hér er nánast beiðni um 51 skýrslu. Ég skal taka eitt dæmi:

„Hvaða breytingar hafa orðið á áverkum af völdum ofbeldis sem meðhöndlaðir hafa verið á sjúkrahúsum síðustu 20 ár, sundurliðið eftir árum, varðandi eftirfarandi:

a. heildarfjölda mála,

b. fjölda innlagna,

c. alvarleika miðað við læknisfræðilegu staðlana AIS og ISS; óskað er tölulegra upplýsinga ásamt helstu útskýringum á læknisfræðilegu mati,

d. kyn- og aldursskiptingu ofbeldisþola?"

Þetta er ein af 51 skýrslubeiðni, 20 ár aftur í tímann og þetta er allt morandi í svona atriðum. Þingið hlýtur, þó að þingið sé virðulegasta stofnun þjóðarinnar, að þurfa að taka athugasemdum af þessu tagi. Annað er bara ófært. Þetta sýnir bara að ég tók þetta alvarlega. Auðvitað væri hægt að svara þessu öllu saman í hálfkæringi og koma með einhverja óhönduglega skýrslu hér inn, en það væri ekki þinginu samboðið. Það er þinginu miklu frekar samboðið að taka málið upp og ræða það alvarlega við þingið og það var gert.

[10:55]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Sá tími sem er til umráða fyrir þessa umræðu er liðinn. Forseti vill geta þess í lokin og ítreka að á fundi forsætisnefndar og formanna þingflokka fyrr í þessari viku var

ákveðið að umræða færi fram í þinginu í næstu viku um fíkniefnavandann. Sú umræða fer fram eftir nánari ákvörðun og í samráði við formenn þingflokka. Um þetta varð full samstaða á þessum fundi þingflokksformanna og forsætisnefndar.

[10:55]

Svanfríður Jónasdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vildi fá orðið aftur til þess að ræða stjórn fundarins. Mér er ljóst að sú umgjörð, sem okkur er sköpuð með lögum þar að lútandi varðandi það hversu mikið og hversu lengi við megum tala, er nokkuð knöpp, en eigi að síður tel ég og vil halda því hér fram að mér beri ekki minni réttur til þess að fjalla um málið en forseta af forsetastóli, það mál sem hér var til umræðu áður. Mér er það ljóst að sú skýrsla, sem beðið var um, var viðamikil, en það mál átti þá að ræða á sínum tíma. Mér er heldur ekki kunnugt og það kom ekki fram hvort það var í raun og veru athugað hversu langan tíma eða hversu mikla peninga það kostaði að draga saman þær upplýsingar sem þarna átti að draga saman. Sumar þeirra liggja reyndar fyrir nú þegar.

Ég vil, herra forseti, að það komi fram hérna, og undirstrika það sem þegar hefur komið fram, að mikill áhugi er á því að fá upplýsingar um þessi mál til að þingheimur geti rætt þau, eins og forseti var að nefna sjálfur, á grundvelli þeirra staðreynda sem fyrir liggja í málinu.

[10:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill aðeins ítreka áður en gengið er til dagskrár að þessi umræða mun fara fram hér og það hefur engin ákvörðun verið tekin af hálfu forsrh. um að skila ekki þessari umbeðnu skýrslu. Á það leggur forseti áherslu. Hann mun kalla saman fund með formönnum þingflokka til þess að ákveða þetta allt nánar.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 207. mál (fasteignaskattur, þjónustuframlög). — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (lánstími húsbréfa o.fl.). — Þskj. 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (yfirstjórn, rýmingarsvæði, ofanflóðasjóður o.fl.). — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AnnJ, BBj, DO, DSigf, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, IP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KB, KPál, MS, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (ÁRJ, KH, MÁ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, FI, HjálmJ, ÍGP, LMR, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39:1 atkv. og sögðu

já: AnnJ, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, IP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, MS, MÁ, ÓE, ÓHann, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÞorstP, ÖS.

nei: KPál.

23 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, LMR, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 306.

[11:00]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en umræða um 4. dagskrármálið hefst vill forseti geta þess að borist hefur beiðni frá formanni þingflokks Alþb., Svavari Gestssyni, um tvöfaldan ræðutíma og verður tvöfaldur ræðutími viðhafður.

[11:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsenda framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis."

Eitt meginmarkmið ríkisstjórnarinnar eins og það var sett fram í stefnuyfirlýsingunni var að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu. Í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1996 var sett fram það markmið að minnka halla ríkissjóðs um helming á árinu 1996 og ná jafnvægi árið 1997. Þetta fól í sér að hallinn á árinu 1996 yrði um 4 milljarðar kr. Til að

ná þessu markmiði þarf að beita ýtrasta aðhaldi í útgjöldum og meginhersla verður lögð á að halda aukningu útgjalda í skefjum. Í þessu skyni er hvarvetna leitast við að draga úr sjálfvirkni í vexti útgjalda. Jafnframt er aðhaldi beitt í rekstri stofnana ríkisins og framlög til fjárfestinga eru lækkuð.

Á undanförnum mánuðum hefur verið nokkur órói á vinnumarkaði eins og kunnugt er, en ríkisstjórnin átti nokkra fundi með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins um þá stöðu sem uppi var. Í kjölfarið gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þann 29. nóvember sl. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin telur að fullkomlega hafi verið staðið við þá yfirlýsingu sem gefin var í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl. Til að tryggja frið á vinnumarkaði og skapa traustari skilyrði fyrir sátt í þjóðfélaginu um kjaramál hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi aðgerðir:

1. Atvinnuleysisbætur hækki 1. janúar 1996 um 150 millj. kr.

2. Bætur almannatrygginga hækki 1. janúar 1996 um 450 millj. kr.

3. Viðbótarfrádráttur lífeyrisiðgjalds launþega frá tekjuskatti frá og með 1. júlí 1996 komi til framkvæmda 1. janúar 1996 og viðbótarfrádráttur 1. júlí 1997 komi til framkvæmda 1. júlí 1996, samtals um 400 millj. kr."

Þegar þessi yfirlýsing var gefin höfðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið ekki lokið umfjöllun sinni í launanefnd um það hvort marktæk frávik hefðu orðið á forsendum kjarasamninga frá febrúar sl. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var hins vegar tekið fram að yrði samningum sagt upp félli yfirlýsingin úr gildi og ríkisstjórnin mundi einnig taka útgjaldaþætti fyrri yfirlýsingar til endurskoðunar. Daginn eftir, 30. nóvember sl., komst launanefnd Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamninga og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra. Nokkur verkalýðsfélög hafa ekki sætt sig við þessa niðurstöðu og sagt upp kjarasamningum. Uppsagnirnar verða á næstunni til umfjöllunar í Félagsdómi. Ríkisstjórnin treystir því að friður muni brátt ríkja á vinnumarkaði á ný, enda er nauðsynlegt að allir aðilar geti treyst því að farið verði að þeim leikreglum sem gilt hafa í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og samskiptum þeirra og stjórnvalda.

Í áðurnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tekið fram að hún muni leitast við að tryggja að aðgerðirnar sem þar voru kynntar raski ekki þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér í ríkisfjármálum. Jafnvægi í ríkisfjármálum er nauðsynleg forsenda þess að treysta áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum, skapar skilyrði fyrir hagvöxt og aukna atvinnu. Að þessu hljóta bæði launþegar og vinnuveitendur að vilja vinna.

Þótt þjóðhagshorfur á næsta ári séu nú heldur betri en þegar fjárlagafrv. var lagt fram, einkum vegna ákvörðunar um stækkun álversins, dugar það ekki til að mæta auknum útgjöldum og skertum tekjum vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar í tengslum við lausn kjaramála. Þess vegna þarf nú að leggja enn ríkari áherslu á almennt aðhald í útgjöldum ríkissjóðs en gert var þegar í fjárlagafrv.

Að venju byggir frv. til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að þau nái fram að ganga. Rétt þykir að taka saman öll slík ákvæði að undanskildum breytingum á tekjuhlið fjárlaga í einn lagabálk. Er það gert til að leggja áherslu á að ákvæðin tengjast stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum og viðleitni til að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Þetta vinnulag er til mikilla bóta frá því sem áður tíðkaðist þegar ekkert fast skipulag var á því hvernig forsendum fjárlaga var fylgt eftir með lagabreytingum.

Með frv. er lagt til að nokkrum lagagreinum sem lögbinda ákveðin útgjöld verði breytt. Lagt er til að ýmis lögbundin ákvæði um sjálfvirk framlög verði afnumin, en í stað þeirra ákvarðist framlög í fjárlögum hverju sinni. Um langt skeið hafa framlög ár hvert verið felld niður eða skert verulega með lögum. Sá háttur getur ekki talist eðlilegur til lengdar og hefur ríkisstjórnin því samþykkt að leggja til við Alþingi að varanleg breyting verði gerð á viðkomandi lögum. Markmiðið er að auka með því svigrúm löggjafans til að veita fé til ýmissa verkefna á vegum ríkisins eftir því sem hann telur hæfilegt hverju sinni.

Í ákveðnum tilfellum er binding útgjalda við vísitölur afnumin í þeim tilgangi að draga úr sjálfvirkni hækkunar útgjalda og tekna ríkissjóðs og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin ráðgerir að endurskoða sérstaklega öll lagaákvæði þar sem útgjöld eru lögbundin, með afnám þeirra í huga.

Greinum frv. er raðað eftir ráðuneytum í sömu röð og þeim er raðað í fjárlagafrv. Byrjað er á þeim ákvæðum sem viðkoma menntmrn. og endað á ákvæðum samgrn. Fyrstu 11 greinar frv. hafa allar að geyma skerðingarákvæði þar sem útgjöld ríkissjóðs sem áður voru ákveðin í lögum eru takmörkuð og lögunum breytt á þann veg að framvegis verði á valdi Alþingis að ákveða hverju sinni hver fjárveiting eigi að vera til hvers verkefnis um sig. Hér er þó sú undantekning að 7. og 8. gr. frv. sem fjalla um búfjárræktar- og jarðræktarlög eru ákvæði sem aðeins gilda til eins árs. Aðrar greinar leggja til varanlegar breytingar á gildandi lögum.

Í 12.–14. gr. er að finna breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem lagt er til að komið verði á samræmi milli þess veiðieftirlitsgjalds sem greitt er af fiskiskipum er stunda veiðar með línu og handfærum með takmörkunum og þess sem greitt er af öðrum skipum. Þá er og lagt til að greitt verði sams konar veiðieftirlitsgjalds vegna afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar.

Lagt er til að lögunum um Fiskistofu verði breytt með 15. gr. og henni gert kleift að semja óbundið við aðra aðila um að annast tiltekna þætti í söfnun upplýsinga og úrvinnslu. Til þessa hefur Fiskistofa verið bundin við að semja við Fiskifélag Íslands um þennan þátt í starfsemi sinni.

Í 16. gr. er lagt til að lög nr. 90/1943, um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, verði felld úr gildi en hlutverk hennar hefur að hluta til skarast við starfssvið Þjóðhagsstofnunar og því verið um tvíverknað að ræða.

Ákvæði 17. gr. nemur úr gildi lögbundið framlag til kirkjubyggingasjóðs en það hefur oft verið skert frá ári til árs hingað til.

Í 18. og 20. gr. eru gerðar breytingar á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Við gerð fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að leita eftir frestun á gildistöku laganna um eitt ár og jafnframt að ákvæði laganna gildi um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1994 og síðar, í stað 1. janúar 1993. Nú hefur verið fallið frá þessum áformum og í stað þess eru settar fram aðrar tillögur um breytingar á lögunum. Þær felast í því að útgjöld ríkisins vegna ákvæða laganna verða takmörkuð, m.a. með því að ríkissjóður greiðir 50% af hverju tjóni, lágmarksgreiðsla verði hækkuð og hámarksbætur lækkaðar. Þá er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1996.

Í 21. gr. er lagt til að sýslumannsembættin í Bolungarvík og á Ólafsfirði verði lögð niður. Framvegis heyrir Bolungarvík undir Ísafjörð og Ólafsfjörður undir Akureyri. Sýslumannsembættið á Akureyri starfrækir útibú á Dalvík en í báðum tilfellunum flyst þjónustan ekki langt þótt embættin verði lögð niður. Þessi fækkun sýslumannsembætta er fyrsta skrefið í *fyrirhugaðri endurskipulagningu á umdæmismörkum* embættanna um land allt.

Í 22. og 23. gr. er lagt til að hluta af fjármunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði ekki eingöngu varið til stofnframkvæmda heldur einnig til tiltekinna rekstrarverkefna. Er það í samræmi við stefnu fyrri ára að leggja aukna áherslu á að útvega stofnunum fatlaðra rekstrarfé eftir því sem þeim fjölgar.

Í 24. gr. er lagt til að hætt verði við að setja árlegt skerðingarákvæði á Bjargráðasjóð og fjárveiting til sjóðsins verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Reynslan hefur sýnt að fjárþörf sjóðsins hefur verið mjög breytileg þannig að heppilegra er að tekist verði á við verkefni sjóðsins eftir því sem tilefni gefast til hverju sinni.

Í 25.–27. gr. er tekið mið af því að fyrirhugað er að taka upp sérstakt atvinnutryggingagjald sem renni í Atvinnuleysistryggingasjóð. Gjaldinu er ætlað að standa undir útgjöldum sjóðsins og því er ákvæði um bein framlög ríkissjóðs í sjóðinn felld niður.

Í 28. gr. er lagt til að tenging atvinnuleysisbóta við ákvörðun kauptaxta verði afnumin en í stað þess verði það ákvörðunaratriði í fjárlögum hverju sinni hvað bætur eigi að vera. Þá er gert ráð fyrir því að atvinnuleysisbætur hækki *um 2.700 kr. á mánuði eða um 5,4% frá 1. janúar 1996, í* samræmi við nýlega yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Með 29. gr. er verið að leggja til að heimilt verði áfram á þessu ári að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda dragi samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta. Samsvarandi ákvæði er að finna í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Næstu sjö greinar fjalla um breytingar á lögum um almannatryggingar. Í 30. og 32. gr. er tekjuhugtak almannatryggingalaga endurskilgreint þannig að fjármagnstekjur eins og þær eru skilgreindar í skattalögum teljist til tekna. Gert er ráð fyrir framkvæmd varðandi þetta atriði frá 1. september nk. vegna ársins 1995.

Í 31. gr. er tekið á því vandamáli að nokkuð er um það að menn láti undir höfuð leggjast að gegna lögum um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Þeir firri sig þannig lífeyristekjum og falla því undir tekjutryggingu almannatrygginga. Með þessari grein er leitað heimildar til að áætla viðkomandi tekjur sem komi til frádráttar tekjutryggingu. Þó er rétt að geta þess að í þessari grein er ekki gert ráð fyri neinni afturvirkni heldur er hér verið að hugsa til framtíðar eingöngu.

Í 33. gr. er lagt til að bætt verði nýju ákvæði inn í lögin þess efnis að heimilt verði að leggja á iðgjald til að standa *undir greiðslu slysatrygginga af launum eða af aflahlut sjó*manna. Bætur vegna missis launa og aflahlutar sjómanna hafa verið greiddar allt frá árinu 1983 og er það gert með heimild í 63. gr. almannatryggingalaga. En ákvæði um innheimtu iðgjalds til þess að standa undir sömu bótum hefur til þessa ekki verið framkvæmt. Með grein þessari er nánast skilgreint á hverju slíkt iðgjald skuli grundvallað.

Með 34. gr. er fyrirhugað að fella niður heimild sjúkratrygginga til að greiða vinnuveitanda sjúkradagpeninga greiði hann laun í veikindaforföllum.

Í 35. gr. er lagt til að felld verði úr gildi ákvæði sem tengja bætur almannatrygginga við kauplag. Þess í stað verði það ákvörðunaratriði Alþingis hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga hverjar bætur eigi að verða. Þá verði heilbrrh. heimilt að breyta bótafjáræðum um 3% frá forsendum fjárlaga innan fjárlagaárs.

Ákvæði 36. gr. tengjast 30. og 32. gr. þar sem tekjuhugtak almannatryggingalaga er endurskilgreint þannig að fjármagnstekjur teljist með.

Með 37.–39. gr. er lagt til að ríkissjóður hætti að greiða framlag til eftirlaunasjóðs aldraðra fyrir milligöngu Atvinnuleysistryggingasjóðs og greiði þess í stað framlagið beint.

40.–44. gr. fjalla um breytingar á lögum um félagslega aðstoð. Annars vegar eru bótaflokkarnir ekkju- og ekklabætur og ekkjulífeyrir felldir niður en á móti eru dánarbætur rýmkaðar. Hins vegar er lagt til að hætt verði að greiða *mæðra- og feðralaun með fyrsta barni.*

Í 45. og 46. gr. er fjallað um breytingar á lögum um málefni aldraðra. Í 45. gr. er gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra aftengt vísitölu og kveðið svo á að það verði endurskoðað við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Í 46. gr. er áformað að heimilt verði að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða en sú heimild hefur verið tímabundin allt frá árinu 1992.

Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu er að finna í 47.–50. gr. Tvær fyrstu greinarnar fjalla um stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og er breytingin í þeim greinum þess efnis að formenn stjórna þessara stofnana skuli fylgja embættistíma þess ráðherra sem þá skipa, enda eru þær trúnaðarmenn viðkomandi ráðherra í stjórninni. Í 49. gr. er lagt til að starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur verði framlengd um eitt ár og framtíðarhlutverk hennar verði mótað á þeim tíma.

Í 50. gr. er ákvæði um skipan bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur og er það framlenging. Engin þessara fjögurra greina hefur bein fjárhagsáhrif en tengjast bættu skipulagi heilsugæslu og sjúkrahúsa og eru því teknar inn í frv.

Með 51. gr. er lagt til að ákvæði um gæsluvistarsjóð verði felld brott enda er sjóðurinn löngu orðinn óvirkur og *hlutverki hans er nú sinnt á öðrum vettvangi.*

Lagt er til að lögum um skipulag ferðamála verði breytt með 52. og 53. gr. þannig að í stað fasts tekjustofns til Ferðamálaráðs verði framlög úr ríkissjóði ákveðin með fjárlögum hverju sinni.

Í 54. gr. er lagt til að hafnalögum verði breytt á sama hátt, þ.e. í stað tekna af vörugjaldi sem rennur til Hafnabótasjóðs verði það ákvörðunaratriði fyrir Alþingi að hve miklu leyti þær tekjur renna til sjóðsins.

Með 55. gr. er lagt til að hægt verði að verja tekjum af flugvallargjaldi jöfnum höndum til framkvæmda í flugmálum og rekstrar flugvalla.

Í 56.–58. gr. er lagt til að greiðslur ríkissjóðs vegna skipulagskostnaðar verði takmarkaðar við það fé sem Alþingi veitir á fjárlögum í þessu skyni hverju sinni.

Með 59. og 60. gr. eru greiðslur ríkissjóðs upp í kostnað af refa- og minkaveiðum takmarkaðar við helming kostnaðar eftir því sem nánar verður ákveðið í fjárlögum.

Í 61. gr. er fitjað upp á þeim nýmælum að ráðuneytinu verði heimilt að færa verkefni milli stofnana eða fela einkaaðilum eða sveitarfélögum að annast lögbundna þjónustu fyrir hönd ríkisins. Þetta er gert í því skyni að skapa svigrúm til nýjunga í ríkisrekstri sem komið geti til með að bæta

þjónustu ríkisins um leið og kostnaðarskilvirkni hennar er aukin.

Loks er í 62. gr. lagt til að 637 millj. af mörkuðum tekjum til vegagerðar verði látnar renna í ríkissjóð á árinu 1996.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum benda á kostnaðarumsögn fjmrn. með frv. þessu þar sem kostnaðaráhrif af frv. eru dregin saman í tvær töflur. Önnur sýnir svokölluð skerðingarákvæði og hversu miklu fé er lagt til að verði varið samkvæmt þeim. Síðari taflan sýnir útgjaldasparnað frá 1995 sem áformuð er að muni hljótast af frv. þessu verði það óbreytt að lögum. Er áætlað að hann muni nema um 922 millj. kr.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er komið til umfjöllunar sennilega leiðinlegasta frv. hvers þings, a.m.k. það sem hefur verið einna ókræsilegast undanfarin ár, þ.e. hinn illræmdi bandormur ríkisstjórnar um efnahagsmál. Bandormur heitir hann, vegna þess að þar er slengt saman í eitt fjölmörgum og jafnvel alls óskyldum lagaákvæðum. Með öðrum orðum, þessi síður við lagasetningu felur það í sér að það er vaðið yfir sérlöggjöf á hinum ólíkustu málasviðum með einu frv. og gripið inn í þau með skerðingum gjarnan eða breytingum sem eru þá oft í litlu samhengi við heildarefni viðkomandi löggjafar. Þetta er auðvitað afar óæskilegur og óheppilegur framgangsmáti við lagasetningu af þessu tagi og þýðir til að mynda að oft eru þá uppi mótsagnir í lagaákvæðunum. Það er byggður upp lagabálkur um málefni einhvers málaflokks, hann gengur út frá tilteknum forsendum í sambandi við tekjuöflun og fjárveitingar og á því er byggt en síðan kemur bandormur og kippir þar út úr einhverjum grundvallarákvæðum, til að mynda þeim sem mestu varðar um fjárveitingar eða viðmiðanir eða tekjur á viðkomandi sviði.

Þetta, herra forseti, er ástæða til að minna á í upphafi og ekki síst nú vegna þess að sennilega er leitun að frv. sem hefur komið jafnvíða við og þetta hér. Ég hef ekki talið það saman, herra forseti, hversu mörgum einstökum lagaákvæðum er verið að breyta, en þau eru einhverjir tugir, enda greinar frv. 63 og í flestum þeirra er verið að breyta einhverjum efnisþáttum í sérlögum.

Þá er og ástæða til að gagnrýna það, herra forseti, að þetta mál er afar seint fram komið svo að ekki sé meira sagt og það er líka illa unnið. Greinargerðin er léleg og hún er mótsagnakennd og ég bið hvern þann sem hér er inni að gefa sig fram sem treystir sér til þess að átta sig fullkomlega á samhengi hlutanna og því hverju er efnislega verið að breyta í hverju einstöku tilviki með því að fara yfir umsagnir um einstakar greinar í lagafrv. Það er ekki hægt, m.a. vegna þess að í sumum tilvikum er beinlínis um ranga útlistun á ákvæðum lagagreinanna að ræða.

Ég nefni sem dæmi hvernig fjallað er um 22. og 23. gr. frv. í athugasemdum við einstakar greinar. Þar er annars vegar verið að breyta lögum um málefni fatlaðra, lögum nr. 59/1992, og hins vegar er farið inn í lög nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts. Þegar litið er í umfjöllun um þessar greinar segir hins vegar einfaldlega þetta um 22. og 23. gr.:

„Með þessum tveimur greinum er lagt til að fjármunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði ekki eingöngu varið til framkvæmda og meiri háttar viðhalds heldur einnig til rekstrar á árinu 1996."

Þarna kemur ekki fram að verið er í 23. gr. að búa til sérstakt þak eða skerðingarþak á erfðafjárskattinn þannig að tekjur af honum umfram 257 millj. renni í ríkissjóð. Og auðvitað er þetta engin umfjöllun sem neinu máli nær eða útlistun á því hvað efnislega er verið að samþykkja eða væri verið að samþykkja með þessum greinum. Þetta er þeim mun ámælisverðara, herra forseti, þegar bandormur á í hlut og menn hafa ekki í höndunum viðkomandi lög. Eða á maður að vera með allt lagasafnið hér uppi þegar verið er að breyta 30–40 sérlögum í einu frv. af þessu tagi? Þarna hefði auðvitað í umfjöllun um einstakar greinar átt að gera grein fyrir efnisákvæðum viðkomandi sérlaga og hverju væri verið að breyta í þeim. Og ég hvet til þess, herra forseti, að þetta verði betur úr garði gert ef sú aðferðafræði verður áfram almennt við lýði að leggja fram svona bandorma.

Herra forseti. Ég ætla að vekja athygli á nokkrum efnisatriðum frv. eða reyna það eins og tími gefst til. Það er auðvitað augljóst mál að takmarkaður ræðutími er bagalegur þegar verið er að ræða í raun og veru um 30–40 málaflokka, 30–40 mismunandi lagafrumvörp. Spurningin er hvort ræðutíminn ætti ekki að vera 30–40 sinnum lengri heldur en venjuleg takmörkun. (**Gripið fram í:** 33.) 33 er upplýst hér, það er verið að breyta 33 mismunandi lögum í frv.

En byrjum þá á byrjuninni. Þá er í fyrsta lagi í 1. gr. skerðing á framlagi ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs orðin að varanlegri aðgerð og það á víðar við. Með öðrum orðum, þær breytingar á sérlögum sem gerðar hafa verið með svokölluðum „þrátt-fyrir"-ákvæðum ár frá ári, fyrst gjarnan í lánsfjárlagafrv. og nú í bandormum um efnahagsmál hin síðari ár eru með þessu að verða varanlegar. Menn geta sagt að það sé raunsæi, það sé þrifalegra úr því að svo er komið að þetta hefur meira og minna verið skert ár eftir ár, en það er þá a.m.k. ljóst að um endanlega uppgjöf er að ræða gagnvart því og standa við viðkomandi ákvæði.

Um 2. gr. vil ég segja að þótt þar sé það sama á ferðinni á Kvikmyndasjóður þar í hlut og þar er verið að fella úr gildi þá reglu að framlög ríkissjóðs í Kvikmyndasjóð skuli nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Svo segir: „En flest undanfarin ár hefur framlagið verið skert." Það er að vísu rétt, því miður. En sum árin hefur það verið of skert og þessi viðmiðun hefur verið leiðandi varðandi fjárframlög til kvikmyndagerðar. Og það er auðvitað verið að gera meira heldur en bara afnema tenginguna. Það er í raun líka verið að útrýma viðmiðuninni sem þarna hefur verið fyrir hendi, að það bæri að taka mið af því hvað kvikmyndir gefa í tekjur í formi söluskatts eða reyndar virðisaukaskatts í ríkissjóð. Og ég vona að þetta þýði ekki að metnaður núverandi ríkisstjórnar standi þá til þess að stórskerða þessi framlög til kvikmyndagerðar, en eins og kunnugt er hefur það verið dafnandi listgrein í landinu á síðustu árum og jafnvel borið hróður okkar víða og verið umtalsverð landkynning. Íslenskar kvikmyndir hafa náð góðum árangri á erlendri grund fyrir utan það sem mestu máli skiptir að hér er í landinu kvikmyndagerð á okkar eigin tungu, hér eru framleiddar kvikmyndir fyrir okkur sjálf.

Í 3. gr. er verið að gera varanlega skerðingu á tekjum Ríkisútvarpsins á aðflutningsgjöldum og í 5. gr. er verið að breyta ákvæðum þjóðminjalaga um húsafriðunarsjóð. Þar er með afar sérkennilegum hætti staðið að málum svo ekki sé meira sagt, herra forseti, vegna þess að í anda hinnar nýju stefnu er ríkið eða ríkissjóður að ákveða að hann leggi það

til húsfriðunar í landinu sem honum sýnist með fjárlagafrv. á hverju ári, en sveitarfélögin skulu áfram leggja fast framlag á hvern íbúa. Þannig að um leið og ríkissjóður leysir með þessu sjálfan sig undan þeirri skyldu að þetta sé tiltekið bundið framlag, þá skal það gilda áfram gagnvart sveitarfélögunum. Svona er samkvæmnin í málflutningnum.

Með öðrum orðum, það sem er ekki nógu gott fyrir ríkissjóð og þessi mikla sjálfvirkni og allt það sem má afnema eins og það setji allt um koll að binda framlög til húsfriðunar við 100 eða 150 kr. á íbúa, það skal út gagnvart ríkinu, en sveitarfélögin eru nógu góð til að hafa þetta áfram. Þau skulu lögbundin til þess að leggja þetta til þessa verkefnis á móti ríkinu. Það segir mikið um fjármálalegt sjálfstæði sveitarfélaganna, að þau skulu þá ekki fá að hafa þetta með svipuðum hætti.

Herra forseti. Hvernig er það með fjmrh.? Mun hann ekki vera viðstaddur þessa umræðu og forsrh. af og til.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það má reikna með því. Hann er í húsinu. Ég skal gera ráðstafanir til að hann komi í salinn.)

Já. Það er velviðeigandi að hann sé í húsinu þegar verið er að ræða húsfriðun. — Um 6. gr. er ekki margt að segja. Þar er stofnlánadeild á ferðinni og verið að gera skerðingar varanlegar. Það sama má segja um 7. og 8. gr. frv. þar sem búfjárræktar- og jarðræktarframlög eru á ferðinni og sömuleiðis 9. og 10. Ég hleyp yfir þetta tímans vegna og líka þá 11. um Fiskveiðasjóð. En svo kemur að 12.–14. gr. og þar er verið að taka upp sérstakt veiðieftirlitsgjald á smábáta, krókabáta og þann afla sem *fellur til með svonefndri* línutvöföldun yfir vetrartímann. Um þetta atriði vil ég segja með fyrirvara um þá útfærslu sem þarna er gerð, að færa má rök fyrir því að það sé ekki óeðlilegt að úr því að útgerðin í landinu er komin með það verkefni á annað borð að kosta allt veiðieftirlit, þá gildi það fyrir alla og jafnræðið gildi í þeim efnum. Þótt ekki sé þar með sagt að þessi gjaldtaka á smábátana tryggi það eða sé rétt útfærsla á því efni. Þar ber auðvitað að líta til þess hvernig eftirlitinu er háttað og hvað snýr að hverjum og einum. Og almennt er rétt að hafa í huga og minna á það, herra forseti, að fyrri ríkisstjórn stórjók álögur á atvinnugreinina með því að færa kostnað af veiðieftirliti í áföngum allan yfir á útveginn. Það var gert með því að í fyrstu lotu var *helmingur kostnaðarins* færður á sjávarútveginn og í næstu lotu hann allur. Það segir sína sögu um viðhorfin til atvinnugreinarinnar þrátt fyrir allt talið um að bæta starfsskilyrði atvinnulífsins og létta af því álögum. A.m.k. að þessu leyti hefur sjávarútvegurinn tekið þarna á sig allan kostnaðinn af hinu opninbera eftirliti á skömmum tíma.

Síðan vil ég aðeins staldra við 15. gr., herra forseti, og það kom mér satt best að segja á óvart að sjá ákvæði hennar standa hér inni óbreytt. Þetta varðar samskipti Fiskistofu og ráðuneytis við Fiskifélag Íslands. Þannig er að á árinu 1992 var gert ákveðið samkomulag um tiltekna verkaskiptingu milli hinnar nýju stofnunar, hinnar nýju og miklu stjórnsýslustofnunar sem þá var sett á laggirnar, Fiskistofu — og aldrei átti að verða að bákni eins og sagt var hér á þeim tíma — og Fiskifélagsins sem auðvitað var dregið mjög saman í tengslum við þær breytingar. En eftir stóð ákvæði í 4. gr. laga nr. 36/1992, um það að Fiskistofu bæri að semja við Fiskifélag Íslands um tiltekin verkefni sem Fiskifélagið hafði um árabil annast. Nú á að stíga skrefið til fulls og í raun og veru höggva síðustu verkefnin af Fiskifélaginu sýnist manni með því að Fiskistofan fái öll völd í þeim efnum, verði sem sagt heimilað ef hagkvæmt þykir, eins og segir þar, með leyfi forseta, að sjá sjálf um þá þætti í *starfsemi sinni eða þá bjóða* þá út. Auðvitað er ljóst að með þessu er gerbreytt þessum samskiptum. Það er líka ljóst að með þessu hverfur síðasta lagastoðin sem Fiskifélag Íslands hefur í raun og veru starfað eftir eða haft, sem hefur verið þetta lögbundna hlutverk við upplýsingaöflun og sem Fiskistofunni hefur borið að semja um það við. Og menn skjóta sér á bak við það að þessi þjónusta hafi, eins og sagt er, verið dýr og Fiskistofan hafi verið í veikri samningsstöðu við Fiskifélagið. Það er hægt að orða hlutina með ýmsu móti en ætli það sé ekki þannig að sá sem fjármálunum stjórnar og hefur peningana, fjárveitingavaldið og þá ráðuneytið og síðan Fiskistofa, hafi dálítil völd á hendi í svona samningagerð. Auðvitað er mjög sérkennilegt að sjá *þetta orðað svona og greinilegt til hvers refirnir eru skornir.* Auk þess veit ég ekki hvort fullyrðingin er sönnuð í sjálfu sér að þarna sé um dýra þjónustu að ræða sem Fiskifélagið hafi okrað á í krafti einhverrar sérstakrar stöðu sinnar. Mér hefur fundist sú stofnun heldur eiga á brattann að sækja undanfarið og þetta er satt best að segja sérkennilegt orðalag.

Ef vandinn er verðlagning þá eru auðvitað til ótal aðferðir til að útkljá það mál aðrar en þessar. Ég hafði vonast til þess í ljósi þeirra upplýsinga sem okkur höfðu borist í sjútvn. um að viðræður væru komnar í gang milli ráðuneytis, Fiskistofu og Fiskifélags að einhver önnur niðurstaða yrði kynnt í þessum efnum sem tryggði friðsamlegt og farsælt samstarf á milli þessara aðila og eyddi þeirri óvissu sem hlýst auðvitað af *því fyrir* Fiskifélagið að þurfa að semja eiginlega um tilveru sína frá ári til árs. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum með að þessi ákvæði skuli ganga aftur með þessum hætti.

Herra forseti. Ég staldra næst við 18.–20. gr. en þar er á ferðinni satt best að segja afar dapurleg tillaga af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um að nýsettum lögum, nr. 69/1995, sem í fólst mikil réttarbót hér í landinu að ég held að allra manna dómi, þ.e. lögin um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, skuli nú meira og minna vera slátrað. Þetta er afar sorglegt metnaðarleysi að loksins eftir langa baráttu er í höfn mikil réttarbót í samfélaginu af þessu tagi skuli þau lög varla ná að verða nema nokkurra mánaða gömul þegar þeim er að meira og minna slátrað. Hér eru ekki þeir *stóru fjármunir á ferð að mér finnist* það sanngjarnt að ráðast þarna á garðinn. Það er staðreynd sem allir þekkja að þær bætur sem þolendum afbrota, til að mynda ofbeldisafbrota og kynferðisafbrota, eru oft á tíðum eftir dúk og disk dæmdar í seinvirku íslensku réttarkerfi þá er undir hælinn lagt hvort þolendurnir fá nokkurn tímann nokkuð af þeim. Þetta hefur verið reynslan undanfarin ár. Ég hélt satt best að segja að flestir væru orðnir sammála um að það væri nauðsynleg og *löngu tímabær réttarbót í samfélaginu* að samfélagið gengist þarna í ábyrgð þannig að þolendur afbrotanna þyrftu ekki til viðbótar þeim hörmungum sem þeir hafa gengið í gegnum að búa svo við það að ná ekki umsömdum bótum loksins þegar þær væru þeim dæmdar. Nei, þarna finnur hæstv. ríkisstjórn aðferð til að ná sér í nokkrar milljónir að rústa í raun og veru þessari löggjöf strax á fyrsta árinu sem hún á að gilda. Ég efast reyndar um að sú aðferð sem hér er lögð til að fresta *því þá frekar um einhvern tiltekinn tíma að lögin taki gildi* en þau taki gildi óskert hefði verið skárri en að leika þau svona eins og hér er lagt til. Hver trúir því að staðið verði við þau að fullu á næsta ári þegar haldið verður á stað með svona skerðingu? Ég geri það ekki. Ég þekki mitt heimafólk og þykist alveg vita að a.m.k. sama metnaðarleysið verði

ríkjandi í þessum efnum að ári ef upphafið verður með þessum hætti. (**Forsrh.:** Þetta er varanleg skerðing.) Þetta er varanleg skerðing, segir hæstv. forsrh., þannig að ekki er einu sinni verið að dulbúa það. Ég óttaðist reyndar að þannig yrði þetta túlkað. Það er gert með því, herra forseti, að í fyrsta lagi er lagt til að ríkissjóður greiði aðeins helming bótanna. Ætla menn þá virkilega að taka sér það vald hér að ákveða að bætur sem dómstólar dæma mönnum séu í raun og veru helmingi of háar, t.d. ef málið liggur þannig að það er borin von að þolandi afbrotsins fái nokkuð fyrir sinn snúð. Við skulum segja að sá sem á honum níddist sé horfinn yfir móðuna miklu eða að hann sé gjaldþrota og það liggi fyrir þegar að því kemur að ríkið gengst í ábyrgð fyrir bótunum. Nei, samkvæmt þessu skulu þær samt lækkaðar um helming. Það er nú öll reisnin.

Í fyrsta lagi er þetta almenna reglan. Í öðru lagi er hækkaður sá þröskuldur sem höfuðstóll kröfu er úr 10 þús. í 100 þús. kr. Í þriðja lagi eru fjárhæðirnar skornar grimmilega niður. Til að mynda er það þannig að hámarksmiskabætur sem ríkið mun bæta eftir þetta verða 400.000 kr. í staðinn fyrir 1.000.000 kr. Hámarksbætur vegna missis framfæranda fara úr 3 millj. kr. í 750 þús. kr. Þetta er afar dapurlegt svo ekki sé meira sagt. Síðan er verið að halaklippa þetta í lokin í fjórða lagi með því að 6. mgr. 7. gr. fellur brott en samkvæmt þeirri grein áttu fjárhæðir að taka verðlagsbreytingum í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Þetta er dapurlegt, herra forseti, satt best að segja. Fyrir þetta allt eiga að hafast ef ég man rétt nálægt 40 millj. kr. og skiptir svo sem ekki miklu máli. Ætli það hafi ekki verið talið að útgjöldin gætu orðið 60–80 millj. kr. ef lögin tækju gildi óbreytt og óskert en með þessum æfingum ætla menn sér að ná nokkrum tugum milljóna króna. Ja svei, segi ég nú bara, herra forseti. Lítið leggst fyrir menn með þessum hætti.

Ég hlakka til að heyra málsvörn hæstv. dómsmrh. þegar hann kemur og útskýrir fyrir okkur réttlætið sem í þessum breytingum felst. Ég vona að hæstv. dómsmrh. sé á mælendaskrá annars sting ég upp á að hæstv. forseti kanni hvort hæstv. dómsmrh. vill ekki fá orðið síðar í umræðunni og ræða um þetta mál. Nú eða einhverjir aðrir hæstv. ráðherrar, t.d. hæstv. heilbr.- og trmrh. eða hæstv. félmrh., sem mega ekki aumt sjá eins og kunnugt er. Það væri vonandi að þessir hæstv. ráðherrar kæmu og lýstu stuðningi sínum við þessi áform hæstv. dómsmrh.

Í 21. gr. er gamall kunningi á ferð sem búið er að ræða hér en það er sú stórbrotna ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að ráðast á tvö sýslumannsembætti í landinu og leggja þau niður. Af einhverri þráhyggju velur hæstv. dómsmrh. að níðast sérstaklega á Bolvíkingum og Ólafsfirðingum. Tveimur byggðarlögum sem eru landfræðilega tiltölulega afskekkt, eru á enda á sínu svæði og hafa a.m.k. lengst af þangað til nú upp á síðkastið búið við mjög erfiðar samgöngur. Þetta er þeim mun sérkennilegra, herra forseti, að fyrir liggur skýrsla um að reyna að endurskipuleggja þjónustu þessara embætta og nýta þau betur. Ég spyr hæstv. dómsmrh. að því hvers vegna hann hefur ekki látið það koma fram eða hvort hæstv. ráðherra er ekki kunnugt um það að nágrannasveitarfélög við Ólafsfjörð hafa boðist til þess að taka þátt í að breyta skipulagi þessara mála á Eyjafjarðarsvæðinu og falla undir sýslumannsembættið í Ólafsfirði ef það mætti verða til þess að það embætti nýttist þá betur og stækkaði þannig að fyrir því sköpuðust betri rekstrarforsendur. Mér er kunnugt um að bæjarstjórn Dalvíkur hefur ályktað um það mál og sent bréf til ráðuneytisins þar sem lýst er vilja Dalvíkurkaupstaðar til að taka þátt í slíkri endurskipulagningu. Ef sveitarfélögin við utanverðan Eyjafjörð að vestanverðu almennt færðust undir embættið í Ólafsfirði, sveitarfélög eins og Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalur, Árskógssandur og Hrísey, sé ég ekki annað en að þar sé komin eining sem geti fullkomlega réttlætt sjálfstætt embætti. Þetta eru sveitarfélög sem eru að auka samstarf sitt á ýmsum fleiri sviðum og ég fullyrði að það að endurskipuleggja með þessum hætti embættið í Ólafsfirði í stað þess að leggja það niður mundi vera jákvætt skref í samstarfi þessara sveitarfélaga almennt séð. Ég harma að hæstv. dómsmrh. skuli standa svona að málum. Ég mótmæli því og spyr hæstv. dómsmrh. hvort honum hafi ekki verið kunnugt um tilvist þessa bréfs frá Dalvík þegar við áttum orðaskipti um þetta fyrir nokkru eða leyndi hæstv. dómsmrh. því að þessi möguleiki gæti verið í stöðunni. Hvað gengur hæstv. dómsmrh. til? Er það einhver nauðhyggja af hans hálfu að það skuli hvað sem tautar og raular leggja niður þetta embætti eða hvað? Hvers eiga Ólafsfirðingar að gjalda?

Herra forseti. Ég nefndi í upphafi máls míns 22. og 23. gr. um Framkvæmdasjóð fatlaðra og þá útreið sem þar er á ferðinni. Nú á ekki einasta að ákveða að verulegur hluti tekna sjóðsins renni ekki til uppbyggingar heldur í rekstur málaflokksins. Það er því miður hlutur sem við höfum séð þróast á undanförnum árum og nú er þessi prósenta komin í 40% af tekjum Framkvæmdasjóðs. En með 23. gr. er til viðbótar verið að setja þak á tekjur af erfðafjárskatti og það segir að tekjur umfram 257 millj. skuli renna í ríkissjóð. Áætlað er að erfðafjárskattur gefi 390 millj. kr. á næsta ári. Með öðrum orðum eiga 133 millj. af þessum sérmerktu tekjum til málefna fatlaðra að renna í ríkissjóð. Það er eins og gamall og slitinn brandari að segja að þessar tekjur skuli renna í ríkissjóð til þess að kosta einhverja stofnun fatlaðra. Auðvitað skiptir það ekki nokkru máli þegar verið er að skerða tekjur með þessum hætti inn í ríkissjóð á annað borð þó menn séu með einhverjar æfingar af því tagi að merkja þær tekjur frekar en tekjur af virðisaukaskatti eða tekjuskatti eða einhverju öðru, einum málaflokki frekar en öðrum. Þetta er leikfimi og æfingar sem eru satt að segja ekki boðlegar höfundum þessa frv. hversu mikla eða eftir atvikum litla virðingu sem menn bera þó fyrir þeim. Þetta er dapurlegt og ég gagnrýni aftur hvernig þetta mál er sett fram í frv. Það læðist að manni sá grunur að menn hafi skammast sín fyrir það sem hér er á ferðinni og hálfpartinn verið að reyna að fela það með óljósri og villandi umfjöllun í greinargerð frv.

Síðan er komið að málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs í 25.–27. gr. Þar er verið að taka upp nýtt nafn á gjaldi sem renni til atvinnuleysistrygginga. Jafnframt eru felld út ákvæðin um framlög ríkisins til viðbótar þessum tekjum og ég spyr hvers vegna það sé gert. Er það ekki eftir sem áður þannig að ríkissjóður er ábyrgur fyrir því sem upp á vantar vegna fjárframlaga til atvinnuleysistryggingabóta? Hvers vegna er þá verið að henda út þessum ákvæðum sem í gildandi lögum kveða á um að framlög frá ríkissjóði eigi að koma til viðbótar tekjustofnum sjóðsins ef ekki dugar annað til? Ég átta mig ekki alveg á því hvað er verið að gera með því að fella niður b-lið 5. gr. og 15. gr. laganna. Ég bið hæstv. ráðherra sem fer með þessi mál að útskýra til hvers er verið að því. Eða er ætlunin að skerða þá bæturnar í framtíðinni ef tekjustofninn dugar ekki til? Er verið að fara inn á þá braut? Er verið að afnema bakábyrgð ríkissjóðs á

því að atvinnulaust fólk fái sínar bætur? Það læðist að manni sá grunur líka í tengslum við það að fljótlega kemur að því að bæturnar skuli ekki lengur fylgja launaþróun í landinu.

Þá er ég kominn að 28. gr. og þar er einmitt á ferðinni gagnvart atvinnuleysistryggingunum þessi gagnmerka stefnubreyting ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirkni, að afnema tengingar. Þessi aðferð til að undirbúa skerðingu á tryggingabótum og atvinnuleysisbótum heitir á fínu tæknimáli hæstv. ríkisstjórnar að afnema sjálfvirkar tengingar. Mikið hljómar þetta nú fallega. Þjóðin hlýtur að verða glöð þegar hún fær þær fréttir að menn séu í þágu réttlætis og mannúðar að afnema sjálfvirkni og tengingar. En á mannamáli þýðir þetta að ríkisstjórnin er að búa sér til aðferðir til að skerða kjör þessa þjóðfélagshóps sérstaklega. Fari menn í grafgötur um tilganginn skulu þeir fletta upp á greinargerðum fjárlagafrv. þar sem til stóð þegar á fyrsta ári árinu að skerða bæturnar þannig að atvinnulaust fólk, elli- og örorkulífeyrisþegar skyldu ekki fá kjarabætur til jafns við launþega á árinu. Þá er ekki verið að tala um hálaunafólkið og forstjórana. Nei, það er verið að tala um að þessi hópur í þjóðfélaginu fái kjarabætur í sama mæli og lágtekjufólkið því að viðmiðunin er við launataxta lágtekjuhópa. Það er of gott, of mikið fyrir atvinnulausa og aldraða að mati ríkisstjórnarinnar. Nei, það er hugsanlegt að lægst launaða verkafólkið í landinu kynni að fá einhverjar kjarabætur og þá er rétt að hafa tæki í höndunum til þess að taka þær af öldruðum, öryrkjum og atvinnulausum. Það er metnaður ríkisstjórnarinnar þannig að breytingarnar eru satt best segja alveg ömurlegar. Þvílík frammistaða hjá Framsfl., þvílíkur glæsileiki sem einkennir alla framgöngu Framsfl. í þessu máli að ekki er viðspyrna í einu einasta máli hjá Framsfl. Hann liggur hundflatur, með leyfi forseta, fyrir Sjálfstfl. og áratugaþekktri áráttu hans til þess að níðast á velferðarkerfinu. Í hverju einasta máli liggur Framsókn flöt, hvergi viðspyrna. Ég kem aðeins betur að þessu síðar, herra forseti, þegar ég ræði um þetta í tengslum við almannatryggingarnar en þetta er ömurlegt.

Í 30. gr. er fjallað um hinn sérstaka fjármagnstekjuskatt á almannatryggingabótaþega. Ríkisstjórnin, sem heykist á því að taka upp fjármagnstekjuskatt á stórgróðaliðið, hefur fundið sér formúlu til þess að taka upp fjármagnstekjuskatt á aldraða, þá sem fá tryggingabætur. Það er eini hópurinn í landinu sem samkvæmt réttlætistilfinningu ríkisstjórnarinnar á að greiða fjármagnstekjuskatt. Ef aldraðir eiga einhvers staðar inni á bók og fá nokkrar krónur í vexti er rétt að skerða bæturnar þeirra á móti. En ef hér skyldu vera menn, jafnvel á þingi, sem eru með 10–12 millj. kr. skattfrjálsar tekjur af fjármagni, eiga þeir ekki að borga krónu enda menn á besta aldri og með góð laun. Auðvitað er ekki rétt að hrófla við þeim eða öðrum stórtekjumönnum á þessu sviði. En sérstakur fjármagnstekjuskattur á aldraða, það er lóðið. Þetta er alveg ömurlegt, herra forseti, og hér er ekki verið að tala um neinn smáskatt því að þær skulu teljast að 70%. Þó að ræðumaður hafi lengi verið áhugamaður um að taka upp fjármagnstekjuskatt og út af fyrir sig tilbúinn til að ganga býsna langt í því að skattleggja þann gróða þannig að hann skilaði sér a.m.k. í ríkissjóð ekki síður en arður sem menn skapa með vinnu og hörðum höndum hefur ræðumaður aldrei látið sér detta í hug að fara í 70%, það verð ég að segja alveg eins og er. Það finnst mér of langt gengið. Jafnvel þó að í hlut ættu helstu gróðamenn þjóðarinnar held ég að það sé fulllangt gengið að taka 70% af þessum verðmætum. En það á að vera í lagi gagnvart þessum hópi. Eru menn ekki hreyknir af þessu? Gaman væri að vita hvað 70% fjármagnstekjuskattur á stjórnarliðið gæfi ef hann væri lagður á. (Gripið fram í.) Það held ég ekki, herra forseti. Er þetta ekki þannig að það er að vísu verið að lækka skerðingarhlutfallið, það skal ekki vera króna fyrir krónu. Hver verður þá fjármagnstekjuskatturinn á þennan hóp? Kannski fáum við útlistun á því. (**Gripið fram í:** 35%.) 35%. Það er mikill munur og það er sem sagt hin réttláta skattprósenta, 35%, að þetta skuli teljast þannig. Ég skal viðurkenna, herra forseti, að ég hef ekki farið inn í ákvæði laganna til að átta mig á því hvernig þetta kæmi við en ég gat í fljótu bragði ekki ályktað annað úr því 70% eru sett þarna inn en að það kæmi í stað þeirrar skerðingarreglu sem er gagnvart öðrum tekjum. Hún er að vísu mismunandi eins og menn þekkja en í verstu tilfellum er skerðingin króna fyrir krónu, t.d. þegar í hlut á sérstök heimilisuppbót, og það þarf auðvitað að skoða í tengslum við það hvar þetta er sett inn í almannatryggingalöggjöfina til að sjá nákvæmlega út hver skerðingarprósentan verður. Það leiðir mig enn að því, herra forseti, að greinargerðin mætti vera ítarlegri hvað þetta snertir. Það kemur hvergi fram hver hin eiginlega skattprósenta er sem menn eru að greiða. Hvað er umsögnin um 40. gr. löng? Hún er fjórar línur og fjögur orð, herra forseti. Það eru öll ósköpin, allt púðrið sem menn eyða í að að útskýra þessa breytingu.

Herra forseti. Þá er ég kominn að þeim greinum frv. sem snúa að bótum almannatrygginga og þeirri nýbreytni ríkisstjórnarinnar að ákveða að þær skuli miðast við fjárlög hverju sinni. Í 35. gr. er verið að breyta 65. gr. almannatryggingalaganna. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að þessi grundvallarkerfisbreyting sem hér er á ferðinni eru kannski mestu ótíðindin í þessu frv. Ég hélt satt best að segja að þó að ýmsar þær skerðingar og ýmislegt það sem hér er verið að leggja til sé harla ógeðfellt eins og að eyðileggja strax á fyrsta ári lögin um ábyrgð ríkisins á bótum til þolenda afbrota og margt fleira er þessi grundvallarkerfisbreyting í íslenska velferðarkerfinu langstærsta pólitíska málið sem hér er á ferðinni. Það fer vel á því að það skulu vera verkföll í Frakklandi út af atlögu þeirrar hægri stjórnar er þar situr að velferðarkerfinu akkúrat sömu daga, betur að slíkur móður væri í mönnum hér vegna þess að hér er auðvitað verið að takast á um grundvallarmál. Spurningin er um það hvernig velferðarkerfi og velferðarsamfélag menn munu vilja hafa á Íslandi. Vilja menn hafa það þannig að þeim sem lakasta hafa stöðuna, þeir sem eru þannig settir í lífinu að þeir þurfa að fá stuðning frá samfélaginu til að geta framfleytt sér, þeir sem þiggja bætur eða atvinnuleysisbætur, séu tryggð lífskjör í takt við þróun lífskjara í landinu almennt eða ekki? Vilja menn hafa þennan hóp þannig settan, sem hefur sennilega lakari aðstöðu til að knýja á um eigin kjarabætur en flestir aðrir, að lífskjör hans skuli ráðast af geðþóttaákvörðunum og duttlungum meiri hluta á Alþingi hverju sinni? Það er greinilegt.

Hvað er verið að boða með þessum breytingum? Að mínu mati er verið að boða átök. Það er verið að boða stríð um þetta mál á hverju einasta ári, það getur ekki orðið öðruvísi. Tilraunum ríkisstjórna til að skerða þessar bætur verður ekki tekið þegjandi og hefur aldrei verið. Þetta þýðir að mínu mati fyrst og fremst það, herra forseti, að ríkisstjórnin er að bjóða upp á átök, t.d. við samtök launafólks á hverju einasta ári um endanlegan frágang þessara mála. Hvernig hefur það verið að undanförnu? Hefur það ekki verið þannig þrátt fyrir allt? Sem betur fer hafa samtök launafólks séð

til þess að málefnum þessara hópa væri borgið í tengslum við gerð kjarasamninga sinna og það hefur trekk í trekk á undanförnum árum verið krafa samtaka launafólks að um leið og þeir semdu um sérstakar kjarabætur sér til handa eins og eingreiðslur og uppbætur verði tryggt að þessum hópum kæmi það jafnframt til góða. Kannast hæstv. forsrh. ekki við þetta eftir nær fimm ár í Stjórnarráðinu? Eða hæstv. fjmrh. ef hann er í húsinu, þorir ekki í salinn? Hér er gerð grundvallarbreyting á samskiptum þessara aðila og hún hlýtur að kosta átök og stríð. Auðvitað eru rökin sem færð eru fram fyrir þessari breytingu málamyndarrök. Þau standast ekki. Það er ekki afnám neinnar verðtryggingar að rjúfa samhengi launaþróunar og lífskjara þessara bótaþega. Það er rangt vegna þess að launin á Íslandi eru ekki verðtryggð. Sem betur fer er samið um þau í kjarasamningum að mestu leyti. Þess vegna eru falsrök að segja að það að taka út viðmiðun og tengingu bótanna við tiltekna launaflokka og það reyndar láglaunafólks í landinu sé afnám verðtryggingar. Það er ekki rétt. Það á ekkert skylt við sjálfvirkni eða verðtryggingu í hefðbundinni merkingu þess orðs. Tengingin lýtur fyrst og fremst að því að lífskjör þessara hópa fylgi launaþróun og lífskjaraþróun annarra viðmiðunarhópa í landinu.

Er þetta ekki meira og minna samhangandi eins og við öll vitum? Hvað segir ríkisstjórnin ef hún er búin að gera samninga við ASÍ? Hún segir við alla aðra hópa í þjóðfélaginu: Þið fáið ekki meira. Þið verðið að fylgja þessari þróun. Tengingin er í lagi þegar hún er notuð til þess að tryggja að engir aðrir semji um annað en það sem kannski stærstu samtökin hafa gert á hverjum tíma. Þá má tengja. En það má ekki tengja við launaþróunina þegar lífskjör þessara hópa eru ákvörðuð. Ég endurtek: Þeirra hópa sem hafa kannski lakasta aðstöðu í þjóðfélaginu af öllum til þess að berjast fyrir kjörum sínum. Halda menn að atvinnulaust fólk, fólk sem er nýbúið að missa atvinnu og hefur kannski orðið fyrir einhverju stærsta áfalli lífs síns, sé mjög uppburðugt til þess að fara að heyja kjarabaráttu fyrir sínum hlutum? Er það tilfinning manna að atvinnulausir séu svo öflugur þrýstihópur í þjóðfélaginu að það sé hættulegt og þeir séu líklegir til þess að sprengja kjör sín upp úr öllu valdi? Auðvitað er þetta yfirgengilegur málflutningur og stenst engan veginn.

Herra forseti. Ég held að ríkisstjórnin sé að fara út á mjög hættulega og ógæfulega braut og þetta verði ekki til góðs í samskiptum þessara aðila á komandi árum ef svo heldur sem horfir. Þetta mun kosta árleg átök um lendingu þessara mála í fjárlagafrv. Þetta hlýtur að kosta það að þessir hópar reyna að mynda öflugri samstöðu um hagsmunamál sín og það er auðvitað það eina sem þeir geta gert. Telja menn skynsamlegt og rétt að samtök aldraðra breytist til að mynda í ríkari mæli í þrýstihóp og jafnvel samningshóp um kjör þessara aðila? Svo minni ég á það að hér eru líka á ferðinni öryrkjar og atvinnulausir sem eðli málsins samkvæmt hafa afar slæma stöðu til þess að knýja á um kjör sín. Þetta held ég að sé lakast af mörgu slæmu sem hér er á ferðinni í frv.

Tími minn er senn á þrotum og ég hef ekki tíma til að rekja fleiri ákvæði frv. enda kominn yfir það sem skiptir kannski mestu máli. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta er leiðindafrv. svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þetta er einhver ógeðfelldasti bandormur sem ég hef lengi séð, bæði að innihaldi og líka að ýmsu leyti að kringumstæðum. Ég hefði kosið að betri tími gæfist til að taka fyrir einstök mál og ég leyfi mér að spyrja að lokum hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á ósköpunum að því hvort ekki sé hægt að taka til athugunar þá breytingu í vinnulagi að framvegis verði svona bandormar lagðir a.m.k. fram í nokkrum frumvörpum þannig að öll mál sem varða heilbr.- og trn., öll mál sem varða félmrn. komi í sérfrv. og gangi til þeirrar nefndar sem þar heyra undir. Það er satt best að segja ekki boðlegt þegar sullað er saman 33 mismunandi lagafrumvörpum í eitt slengi af þessu tagi og mönnum síðan gefinn takmarkaður tími til að skoða það og ræða. Og ég minni á að við erum að taka þetta mál fyrir með afbrigðum en því var dreift í gærkvöldi.

[11:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna síðustu spurningar hv. þm. vek ég athygli á því að einmitt með þessari aðferð erum við að gera það að verkum að næstu bandormar þessarar ríkisstjórnar eða annarra þurfa ekki að vera eins umfangsmiklir því að við erum að færa fjölmörg til að mynda „þrátt-fyrir"-ákvæði í þann búning að þau þurfi ekki að lenda með í bandormi og önnur atriði eru líka færð í varanlegra horf. Að þessu leyti til er þetta „leiðinlega" frv. að bregðast við óskum hv. þm.

[11:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. er afar sniðugur maður og snjall í útúrsnúningum eins og allir vita og þetta er út af fyrir sig alveg rétt hjá hæstv. forsrh. en það er bara ekki verið að gera það með þeim hætti sem ég var að óska eftir. Auðvitað er hægt að einfalda tilveruna með svona aðferðum en gera hana þá um leið verri en við viljum hafa hana. Mörg af þessum ákvæðum hefði ég af tvennu illu frekar viljað sjá áfram sem tímabundin skerðingarákvæði en varanlega uppgjöf gagnvart þeim hlutum sem þar eiga í hlut. Ef að líkum lætur verður hér á dagskrá á komandi árum frv. af þessu tagi þar sem verið er að krukka t.d. í marga þætti almannatryggingakerfisins eða atvinnuleysisbótaþáttinn eða annað því um líkt. Ég hefði frekar viljað heyra í svari hæstv. forsrh. að hann vildi taka það til skoðunar að framvegis verði þetta lagt fram í tveimur, þremur, fjórum meginfrumvörpum en ekki einum svona feiknalegum bandormi þar sem safnað verði saman efnislega skyldum lagaákvæðum, t.d. í eitt frv. öllum þeim sem heyra undir heilbr.- og trmrn. og félmrn., í annað frv. öllum þeim sem heyra undir samgrn. og varða framkvæmdaþætti o.s.frv. Þannig gætum við kannski komist af með að hafa þessi frumvörp tvö eða þrjú, í mesta lagi fjögur og það væri aðeins viðráðanlegra fyrir menn að skoða þau og ræða.

[12:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé rétt hjá hv. þm. að við eigum að taka þetta atriði til athugunar sem hann nefndi í andsvari sínu. Ég held að það sé skynsamlegt.

[12:00]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. flytur bandorm sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon, sem talaði áðan, kvartaði mikið undan og líkti við einhvers konar pólitíska sullaveiki. Frv. er í 63 greinum og þar ægir saman nánast öllum þeim málaflokkum sem við er að fást í íslenskri stjórnsýslu. Hér er fjallað um samgöngumál, vegamál, flugmál, hafnamál, ferðamál, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, sveitarstjórnarmál, fiskveiðistjórnun, kirkjubyggingar, landbúnaðarmál,

jarðrækt, búfjárrækt, stofnlánadeild, málefni Ríkisútvarps, listskreytingar og Kvikmyndasjóð svo nokkuð eitt sé nefnt.

Tilgangurinn með þessum samsetningi er síðan sá að freista þess að spara svolítið í ríkisbúskapnum. Miðað við forsendur þess fjárlagafrv. sem fyrir liggur eru sparnaðaráformin upp á 922 millj. kr. á fjárlögum næsta árs og kannski 213 millj. til viðbótar á árinu 1997. Þegar litið er á þessa upphæð, tæpan milljarð, sést að skerðingin á mörkuðum tekjustofnum er drýgst að því er varðar framkvæmdir í flugmálum og vegamálum, þ.e. rúmlega helmingur upphæðarinnar, rúmur hálfur milljarður kr. Næststærsta upphæðin er niðurfelling mæðra- og feðralauna með einu barni sem á að leiða til sparnaðar upp á 125 millj. kr. Því næst er seilst í 62 greinum vítt og breitt um málefnasvið stjórnsýslunnar til þess að öngla saman þeim sparnaði sem upp á vantar.

Það er fyrst og fremst eitt sem sætir tíðindum við frv. og það er að ríkisstjórnin hefur heykst á boðuðum áformum í fjárlagafrv. um að taka upp innritunargjöld á sjúkrahúsum. Ástæðan er trúlega sú að það mál hefur þegar verið tekið upp á hinu háa Alþingi. Formaður heilbrn. hlýddi hæstv. heilbrrh. yfir það mál og málsvörn hans var svo gersamlega í handaskolum að þeir hafa runnið á rassinn við að halda því til streitu. Tæknilega séð var því haldið fram að þetta væri eðlilegt mál vegna þess að verið væri að samræma gjaldtöku á annars vegar utanspítalaþjónustu og hins vegar á sjúkrahúsum og misvægi þar á milli væri beinlínis skaðlegt vegna þess að í því fælist hvatning til þess að leita inn á sjúkrahúsin eftir dýrari þjónustu. Staðreyndin var hins vegar sú að þegar smáa letrið í slíkum tillögum er skoðað er sparnaðurinn sem af þessu átti að hljótast, eitthvað um 80 millj., þess eðlis, það lítill að hann raunverulega réttlætir þetta ekki og framkvæmdaerfiðleikarnir eru slíkir að það gengur ekki upp. Að þeim niðurstöðum höfðu menn reyndar komist áður í tíð fyrri ríkisstjórnar þannig að endanlega niðurstaðan er sú hin sama.

Af öllum þessum málaflokkum sem hér ægir saman vil ég segja í upphafi að það er tvennt sem við jafnaðarmenn munum fyrst og fremst einbeita okkur að að því er þetta varðar og taka upp til rækilegrar skoðunar í hv. efh.- og viðskn. Það er annars vegar klúður stjórnarflokkanna að því er varðar skerðingar þeirra og takmarkanir á því að framfylgja lögum um greiðsluábyrgð ríkisins og greiðslur ríkisins á bótum til þolenda afbrota. Hitt málið varðar að sjálfsögðu hag og lífskjör þeirra sem hafa misst vinnuna, þ.e. þeirra sem eru atvinnulausir sem og bótaþega almannatrygginga og þá ekki hvað síst aldraðra og fatlaðra.

Að því er varðar niðurstöðuna sem hér er kynnt varðandi greiðslur bóta til þolenda afbrota er það sorgarsaga og nánast smánarblettur á ríkisstjórninni hvernig hún hefur haldið á því máli. Alþingi setti lög sem gerðu ráð fyrir því að ríkið ábyrgðist greiðslu á bótum til þolenda afbrota strax á árinu 1993. Hæstv. dómsmrh. lét sér sæma í sparnaðartillögum fyrir ráðuneyti sitt að leggja til að fresta framkvæmd þessara laga. Það er svokölluð frönsk tillaga í fjárlagagerð, þ.e. af því að hann heyktist á að koma með alvörusparnaðartillögur til þess að fullnægja skilyrðum rammafjárlaga um sparnað á málasviði hans er gripið til þessa ráðs. Ég trúi því ekki fyrr ég tek á því að Alþingi láti bjóða sér slíkt en það er kannski ekki aðaláhyggjuefni dómsmrh. ef ég þekki hann rétt að því er varðar sparnaðartillögunar. Þá verður sagt að Alþingi fellst ekki á þetta og þá verður bara frá því fallið. Í staðinn fyrir að gera einfaldlega hreint fyrir sínum dyrum og falla frá þessu og framfylgja lögunum er hér boðað að fresta eigi gildistökunni fram á mitt næsta ár og síðan eigi bótagreiðslurnar að sæta takmörkunum eins og tíundað er í 18. og 20. gr. til þess að ná fram sparnaði á ári hverju þegar fram í sækir sem svarar 20 millj. kr. Um þetta er það eitt að segja að þetta er hneykslí og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að Alþingi láti bjóða sér þetta. Ég ætla ekki að fortaka að það megi ekki líta á þær bótafjárhæðir sem hér voru ákveðnar í löggjöfinni upphaflega. Að sjálfsögðu verður hlustað á þau rök sem varða t.d. þessa fjóra meginflokka bóta. Það er út af fyrir sig mál sem sjálfsagt er að skoða og á faglegum grundvelli og hlusta á tryggingafræðileg rök o.s.frv. en að lögin komi til framkvæmda strax og við þau fyrirheit verður staðið er grundvallarmál sem við munum leggja þunga áherslu á. Hið sama gildir varðandi þau ákvæði þessara laga sem varða lífskjör og afkomu þeirra sem verst eru settir í þessu þjóðfélagi, þeirra sem eru fórnarlömb atvinnuleysis. Þau mál hljótum við að taka til rækilegrar umfjöllunar og eins önnur skerðingarákvæði sem varða hag aldraðra og fatlaðra.

Um leið og ég segi þetta tek ég skýrt fram að sá sem hér stendur er sammála því markmiði sem lýst er af hálfu ríkisstjórnarinnar um að víkja frá þeim ósið að byggja löggjöf á mörkuðum tekjustofnum eða binda í lögum með sjálfvirkum hætti útgjöld í einhverjum tekjutenginum hvort heldur er við vísitölur eða eitthvað annað. Ég er sammála þeirri grundvallarreglu að frá þessu á að hverfa. Ástæðan er einfaldlega sú að þegar svo er komið að meginhluti útgjalda ríkisins að viðbættum launum er orðinn bundinn í löggjöf með sjálfvirkum hætti án tillits til annarra afkomuþátta þjóðarbúsins er búið að setja ríkisbúskapinn í sjálfstýringu sem nær ekki nokkurri átt. Það er svo allt annað mál hvaða pólitískar ákvarðanir meiri hluti þings ætlar að taka í hverju einstöku máli. Alþingi á ekki að víkja sér undan því að taka slíkar ákvarðanir með þeim einfalda hætti að vísa í einhver sjálfvirkniákvæði þannig að áformin sem hér er lýst um það almennt séð sem er ekki fylgt eftir að fullu í þessu frv. en lýst sem áformum að losna við sjálfvirkar bindingar og lögbindingar útgjalda. Ég er samþykkur þeim en tek skýrt fram að það þýðir ekki þar með að ég sé að leggja blessun mína yfir þær tilteknu ákvarðanir um lækkun útgjalda sem felast annaðhvort í þessu frv. eða í fjárlagafrv. Ég er einfaldlega að segja að þau mál eigum við þá að taka upp sérstaklega og ég er að boða það að þá munum við flytja um það sérstakar tillögur, annaðhvort við afgreiðslu þessa frv. eða við afgreiðslu fjárlaga.

Rétt er að segja örfá orð í framhaldi af þeim umræðum sem áðan urðu um málsmeðferðina og þá gagnrýni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hvernig að þessu máli er staðið. Sjálfsagt er rétt hjá hæstv. forsrh. að yfirlýst áform um að hverfa frá sjálfvirkum bindingum muni þýða að bandormar framtíðarinnar með skerðingarákvæðum verði eitthvað minni að vöxtum en það er ekki kjarni málsins að því er varðar málsmeðferð og lagatækni. Það er athyglisvert að Alþingi hefur á undanförnum árum sætt í vaxandi mæli gagnrýni fyrir óvandaða frumvarpasmíð, óvönduð vinnubrögð við löggjöf og það svo mjög, sérstaklega í sumum málaflokkum eins og á sviði búvöru- og landbúnaðarlöggjafar, að prófessor við Háskóla Íslands hefur ritað um það heila bók að sú löggjöf sé að stofni til brot á stjórnarskránni. Hann hefur rökstutt það m.a. með því að sérstaklega í þeirri löggjöf hafi viðgengist árum saman að Alþingi framselji sjálft skattlagningarvaldið, sem er brot á stjórnarskránni, í hendurnar á sérhagsmunaaðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Í annan stað hefur hann

nefnt að fyrir því séu mörg dæmi að löggjöf af þessu tagi feli í sér brot á jafnréttisreglu þannig að mönnum sé mismunað af hálfu löggjafans að því er varðar að ná réttindum, sérstaklega í atvinnulegu tilliti þar sem menn eiga að búa við jafnræði. Jafnframt hefur hann bent á dæmi þess að eignarréttarákvæði stjórnarskrár séu brotin þegar um er að ræða ákvarðanir um skerðingar á atvinnuréttindum og eignarrétti manna. Þetta er sérstaklega áberandi á einu á þessu sviði löggjafarinnar og á sér langa sögu.

Hæstv. forsrh. tók undir það í stuttu andsvari sínu áðan að hér eru rúmlega sextíu lagagreinar og það er verið að fjalla um velferðarlöggjöf, málefni aldraðra, málefni fatlaðra, menningarmál, málefni sjávarútvegsins, fiskveiðistjórnun og þannig mætti lengi telja og þessu er öllu hrúgað hér í einn stóran pott og hrært í með sleif til þess að kría út tiltölulega lágar fjárhæðir til sparnaðar í ríkisbúskapnum. Skilaboðin til Alþingis eru þessi: Alþingi hefur verið að setja löggjöf. Hér hafa staðið umræður stundum dögum saman og fjallað um mál í nefnd um þessi málasvið. Síðan er Alþingi boðið upp á það með nokkurra klukkustunda fyrirvara og í umræðu af þessu tagi skömmu fyrir jól í hraðanum og asanum við að ljúka fjárlagaafgreiðslu þar sem eðlilegur vettvangur til þess að ræða þessa málaflokka er raunverulega fyrir bí. Hvaða skilaboð eru það til hv. þm. þegar þeim er sagt að ræða í einu vetfangi út frá sparnaðarsjónarmiðum málaflokk af þessu tagi?

Eitt af stærstu umræðuefnunum í íslensku nútímasamfélagi er samspilið milli ríkisfjármála og velferðarmála. En hvaða umfjöllun haldið þið að þessi veigamiklu mál fái þegar svona er staðið að löggjöf? Skilaboðin frá stjórnvöldum eru auðvitað þau að þetta eru skilaboð um það að stjórnvöld bera litla virðingu fyrir umfjöllun þingsins um málin. Það er athyglisvert þegar þegar þið, hv. þm., lítið á ráðherrabekkina sem eru að vísu frekar þunnskipaðir og sérstaklega á ráðherra forustuflokks stjórnarinnar, að forusta Sjálfstfl., þ.e. forustuflokksins, er tiltölulega einsleit. Hún á nefnilega a.m.k. eitt sameiginlegt. Þeir eru allir lögfræðingar. Hæstv. forsrh. er lögfræðingur, hæstv. fjmrh. er lögfræðingur, hæstv. dóms- og kirkju- og sjútvrh. er lögfræðingur, hæstv. menntmrh. er lögfræðingur og hæstv. samgrh. er a.m.k. ígildi lögfræðings. (**SJS:** Nei, hann náði ekki prófinu.) Ja, hann er lögfræðingsígildi, ég hugsa að hann sé ekki sísti lögfræðingurinn af þeim. Menn í minni sveit sögðu stundum að munur væri á mönnum með lagapróf en aðrir væru löglærðir. Þetta eru allt saman lögfræðingar. Allt saman afsprengi lagadeildar Háskóla Íslands. Allt saman með sama bakgrunninn. Allt saman alið upp í hinum júridíska þankagangi. Allt saman alið upp í hinni djúpu virðingu fyrir lögunum og löggjafarsamkundunni. En þetta er niðurstaðan af lærdómnum í mörg ár.

Herra forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er auðvitað fyrst og fremst um ríkisfjármál. Það er einn þáttur þess máls. Þau munum við að vísu ræða miklu betur við 2. umr. fjárlaga þegar vonandi eru komnar fram gerbreyttar forsendur fjárlagafrv., bæði vegna þess að það þarf að endurskoða tekjuhlið þess frá grunni í framhaldi af þeim samningum sem fyrir liggja um nýjar stórframkvæmdir í stóriðju og orkuverum sem og nýlegar ákvarðanir sem teknar hafa verið um aukna aflaúthlutun sem mun skila þjóðarbúinu auknum verðmætum. Tekjuhliðin mun þess vegna breytast til hækkunar. Jafnframt er ljóst að gjaldahliðin mun gera það líka. Fyrir því eru augljósar ástæður. Fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar voru kjarasamningar endurskoðaðir núna nýlega. Það er 12 milljarða samningurinn sem Alþingi lét sig hafa að samþykkja nú fyrir fáeinum dögum um búvörusamninga til aldamóta. Það er hin sjálfvirka útgjaldaþensla sem vitað er að er í heilbr.- og tryggingakerfinu. Allt mun þetta kalla á endurskoðun.

Í allri umræðu um fjárlög ættu menn á hinu háa Alþingi að hafa eitt í huga. Við Íslendingar höfum á undanförnum árum farið í gegnum samdráttarskeið og þjóðartekjur hafa annaðhvort staðið í stað eða minnkað. Það hefur orðið að grípa til erfiðra ráðstafana. Á samdráttarskeiði er eðlilegt að menn ýmist vilji ekki eða geti ekki stigið skrefið til fulls við að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum. Ekki síst þegar atvinnuleysis verður vart og það þarf að verja auknum fjármálum til þess að styrkja hag þeirra sem missa atvinnuna. Nú er það svo þrátt fyrir allt að á sl. ári, þessu ári og á því ári sem fram undan er, er hið versta að baki þannig að við eigum fram undan einhvern hagvöxt. Þá er ástæða til þess að líta á hvaða stefnu ríkisstjórnin mótar að því er varðar ríkisfjármálin út frá skuldasöfnun, út frá halla og út frá því hvernig hún hyggst beita ríkisfjármálunum sem jákvæðu tæki til þess að halda fram jafnvægisstefnu í efnahagsmálum.

Fyrsta málið sem við eigum að líta á er skuldastaða ríkissjóðs. Það er satt að segja hrollvekjandi tilhugsun að afborganir og vextir af skuldum ríkissjóðs á næsta ári verða tæplega 35 milljarðar kr. Þar af eru vextir rúmlega 13 milljarðar kr. Þessir hrikalegu fjármunir jafngilda öllum útgjöldum samkvæmt fjárlagafrv. á vegum menntmrn., sem eru 19,2 milljarðar, öllum útgjöldum félmrn. sem eru 9,3 milljarðar og öllum útgjöldum dóms- og kirkjumrn. sem eru tæpir 6 milljarða. Allt streymir þetta út á næsta ári samkvæmt fjárlaga- og lánsfjárlagafrv. í hendurnar á erlendum lánardrottnum okkar og segir sína sögu um það hversu komið er málum þessarar þjóðar. Ég segi það sem mína skoðun að eitt af meginverkefnum stjórnvalda þegar umskipti hafa orðið til hins betra og í ljósi þess að það er einhver hagvöxtur fram undan er að taka á þessum málum, þ.e. að gera hvort tveggja í senn að setja sér metnaðarfull markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum, ríkisstjórnin segist ætla að stefna að því á tveimur árum, og jafnframt því að hefja það nauðsynjaverk að fara að greiða niður skuldir. Það mál munum við auðvitað ræða betur í fjárlagaumræðunni sjálfri en samt sem áður er ástæða til þess að nefna þetta í upphafi því að þetta er upphafspunkturinn í allri umræðu þegar svona er komið háttum íslenska lýðveldisins um ríkisfjármál.

Það er alveg ljóst að þrátt fyrir sparnaðaraðgerðir í tíð fyrri ríkisstjórnar er enn við að búa mikinn sjálfvirkan útgjaldavöxt á sumum sviðum ríkisbúskaparins. Þeir sem telja að hægt sé að mæta þeim vaxandi útgjöldum með hækkun skatta þyrftu að greina mjög skýrt frá því hvaða skatta þeir eru að tala um. Telja þeir unnt að ganga lengra í að hækka aðalneysluskattinn, virðisaukaskatt, þar sem fyrrv. ríkisstjórn afsalaði sér reyndar milljarða tekjustofnum með því að taka upp tveggja þrepa skattkerfi? Telja þeir mögulegt að auka enn vöxtinn í tekjusköttum? Það hefur einmitt verið einkennið á undanförnum árum að skattbyrði vegna tekjuskatta einstaklinga hefur vaxið stórlega.

Á seinustu þremur árum hafa tekjuskattar skilað sér að raungildi á verðlagi seinasta árs upp á 15,3 milljarða kr. en það er hækkun tekjuskatta einstaklinga upp á 4,3 milljarða og er hvorki meira né minna en 39,3%. Enn er stefnt að slíkri hækkun í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Menn eru komnir út í ógöngur með tekjutengingar og jaðarskatta. Tekjuskatts-

kerfið er orðið vinnuletjandi þannig að ég held að þeir sem halda því fram að það sé unnt að mæta þessu einfaldlega með hækkun skatta verði að gera þá grein fyrir því hvar það er og tvennt er nefnt til sögunnar.

Það er auðvitað fyrst og fremst stóra gatið í íslensku skattalöggjöfinni sem varðar það að fjármagnseigendur hafa að sumu leyti sitt á þurru og sitja ekki við sama borð og aðrir að greiða skatta af tekjum sínum. Í því efni hefur ríkisstjórnin brugðist. Það er kjarni málsins að því er varðar tekjuöflunina. Fyrrv. ríkisstjórn batt það fastmælum að freista þess að ná samstöðu um útfærslu á fjármagnstekjuskatti þannig að hann gæti tekið gildi og komið til framkvæmda á árinu 1996. Það mun sýnilega ekki takast og að því leyti hefur núv. ríkisstjórnarmeirihluti brugðist þeim væntingum sem búið var að boða.

Hin gjaldtakan sem sums staðar er tæpt á í þessum bandormi varðar veiðigjaldsumræðuna en þar er um að ræða smámuni sem hér eru boðaðir. Þar er um að ræða annars vegar mál sem stjórnarandstaðan ætti að freista þess að ná samstöðu um að flytja tillögu um því þessi tvö svið eru þau einu sem gætu raunverulega skilað einhverjum peningum og réttlætanlegt væri að flytja tillögur um. Að hluta til væri það til að mæta lækkun skatta vegna lækkaðra jaðarskatta. Þegar kemur hins vegar að útgjaldahliðinni er hin pólitíska umræða auðvitað fyrst og fremst um það hver forgangsröðun á að vera. Þar hefur stjórnarandstaðan áreiðanlega tillögur fram að færa sem eru á annan veg en núv. stjórnarmeirihluti hefur og þá fyrst og fremst sem að því er varðar velferðarútgjöldin.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um einstök atriði í frv. við 1. umr. Sú umræða verður auðvitað fyrst og fremst í efh.- og viðskn. Ég vek athygli á því að það mun taka tímann sinn að kalla til alla þá aðila sem þurfa að veita nefndinni upplýsingar eða gera grein fyrir máli sínu þegar um er að ræða frv. sem spannar 30 eða 40 helstu málaflokka í stjórnsýslu ríkisins. Sú athygli mun fyrst og fremst beinast að skerðingarákvæðum eins og t.d. um Kvikmyndasjóð, þeim áformum sem hér er lýst um samræmingu á veiðieftirlitsgjöldum og umræðan þá um veiðiheimildargjöld almennt. Að því er varðar tillögur um fækkun sýslumannsembætta sem hér eru gerðar tvær minni ég á að ekki er langt síðan í tíð fyrri ríkisstjórnar að gerðar voru tillögur um samruna sýslumannsembætta sem tók til níu embætta og reyndar er það undrunarefni hvers vegna núv. ríkisstjórn lætur sér nægja tiltölulega viðurhlutalitlar tillögur á því sviði. Meginathyglinni munum við þó beina að þeim tillögum sem hér eru lagðar fram um skerðingar og breytingar á ráðstöfun fjár í Framkvæmdasjóði fatlaðra, Framkvæmdasjóði aldraða, afnám lögbundinnar viðmiðunar við launataxta að því er varðar atvinnuleysisbætur. Vegna þess að ég hef áður sagt að ég sé persónulega hlynntur því að afnema sjálfvirkni er þetta mál hins vegar sérstakt, samanber það sem fram kom í máli Steingríms J. Sigfússonar hér áðan. Það verður ræki lega gengið úr skugga um það hvernig þetta mál er vaxið og hvort þær tillögur sem liggja fyrir um 5,4% hækkun eða 2.700 kr. á mánuði eru raunverulega efndir á þeim samtölum sem átt hafa sér stað og samningum við verkalýðshreyfinguna.

Að því er varðar fjármagnstekjuskatt á tiltekinn hóp aldraða, að hluta til sem hér er boðað, er það auðvitað bæði lagatæknilegt mál og siðferðilegt álitaefni. Þ.e. fyrst og fremst spurningin um það hvenær tillögur ríkisstjórnarinnar um fjármagnstekjuskatt í heild koma fram og hvenær unnt er að koma honum í framkvæmd á næsta ári ef það er þá framkvæmanlegt.

Vegna umræðu sem hefur áður farið fram um fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er ástæða til að skoða sérstaklega þau ákvæði sem eru sett fram um lögbundin framlög til Flugmálastjórnar af tekjum af flugvallargjaldi og eldsneytisgjaldi. Hér eru gerðar tillögur um að hærra hlutfalli verði varið til rekstrar en raunverulega er ástæða til þess að líta á þessa fjármuni sem eru miklir, 190 millj. Þetta er hærri fjárhæð en þyrfti raunverulega að verja til þess að standa undir árlegum afborgunum og vöxtum af skuldum flugstöðvarinnar og er raunverulega spurning um hvort ekki ætti að standa öðruvísi að fjármögnun Flugmálastjórnar.

Herra forseti. Ég endurtek að lokum að umfjöllun um þetta mál á að fara fram út frá heildarsjónarmiðum um ríkisfjármál. Við munum einbeita okkur sérstaklega að því að koma í veg fyrir að áformum ríkisstjórnarinnar að því er varðar ríkisábyrgð á greiðslum til þolenda í afbrotamálum verði hnekkt og að tryggja hag atvinnulausra og þá fyrst og fremst þeirra sem mest eiga undir bótagreiðslum almannatrygginga og framkvæmdasjóða fatlaðra og aldraðra, að þar verði skerðingar ekki með þeim hætti að það bitni á algjörlega nauðsynlegum málum.

[Fundarhlé. — 12:29]

[13:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hlýt í upphafi máls míns að benda á þá alvarlegu staðreynd að hér er aðeins staddur einn ráðherra í salnum. Það er ekki það að ég hafi sérstakt yndi af því að láta þá hlusta á mig, en ég tel samt betur við hæfi að þeir séu viðstaddir umræðuna þar sem þeir hafa ýtt á eftir málinu og það er þeim kært.

Um frv. í heildina er það helst að segja að það er svolítið furðulegt frá stjórnspekilegu sjónarmiði og skattalegu því að í því eru einkum tvær meginhugsanir eða hugsanaflokkar sem ganga ekki alveg upp hverjir í aðra. Menn segja á fagurlegan hátt að nú vilji þeir afnema þau fastákveðnu árlegu útgjöld úr ríkissjóði sem önnur lög kveða á um. Um þá stefnu má hafa tiltölulega fögur orð því að reynslan hefur sýnt okkur að þessar ákvarðanir, þessi gömlu loforð og fyrirheit sem menn hafa gefið í þinginu, hafa síðan ekki staðist þegar kemur að úthlutun úr hinum sameiginlega sjóði landsmanna. Menn hafa skert þessi framlög og um það eru sennilega flestir flokkar sekir sem í ríkisstjórn hafa komist. Það er ekki furðulegt að þeir séu sekir um það því þessar ákvarðanir eru, má ég segja svolítið gamaldags, að ákveða í eitt skipti fyrir öll að framlög úr ríkissjóði skuli vera ákveðin fjárhæð óháð því hvernig sem samfélaginu líður að öðru leyti.

Það má hins vegar um þetta segja og ég bæti því við að þótt gamaldags sé, hefur auðvitað þurft að taka þessa ákvörun hverju sinni. Menn hafa þurft að skerða fyrir fram ákveðnar tekjur og þess vegna þurft að horfa framan í sinn eigin vilja eins og hann var fyrrum, framan í sín eigin fyrirheit. Á fyrstu síðunni eru t.d. fimm greinar sem fjalla um ferns konar menningarefni og þó að fæst af því hafi verið haldið, þá er hugsunin falleg og fyrirheitin þess eðlis að menn hafa kannski gott af því að þurfa að taka ákvörun um að falla frá þeim.

Ég vil hins vegar segja að þó að maður hafi áhyggjur af einstökum framlögum af þessu tagi, skil ég og ég hygg

margir, a.m.k. þeir sem hafa þefað af fjármálum ríkisins, þennan vilja sem þar kemur fram.

Hins vegar eru svo greinar í frv. sem kveða á um að sérstök skattheimta sé notuð í almennan rekstur sem er svona kjarninn í fjárlögum hverju sinni, kjarninn í úthlutunum úr sameiginlegum sjóðum, einmitt það sem kennt er í barnaskólum að menn greiði til eftir efnum og ástæðum. Þannig er t.d. um Framkvæmdasjóð aldraðra, Framkvæmdasjóð fatlaðra og ég get nefnt flugvallargjaldið og fleira kæmi til greina að telja upp. Framkvæmdasjóð aldraðra á nú að setja meira og minna í rekstur, að 40 hundraðshlutum minnir mig að standi í lögunum. Nú er þetta þannig að Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður á sínum tíma sem sérstakt átak í framkvæmdamálum fyrir aldrað fólk. Hann var hugsaður þannig að með honum tækist ákveðin þjóðarsamstaða um þau efni. Hann var hugsaður til þess að þvo burt svartan blett af okkar samfélagi, með því að byggja. Síðan átti að sjálfsögðu að reka starfsemina sem færi fram inni í þessum byggingum af almennu fé þar sem fólk borgar eftir efnum og ástæðum.

Framkvæmdasjóður aldraðra er fjármagnaður með nefskatti. Því hyggjast menn halda áfram. Það er meira en þessi rekstur sem settur er á sjóðinn. Það er líka ástæða til þess að skoða sjóðinn sérstaklega vegna þess að þótt átakinu sé alls ekki lokið, samstöðu þjóðarinnar sem myndaðist í kringum þennan sjóð sem fæstir kvarta yfir að greiða nefskatt sinn í vegna eðlilegrar umhyggju fyrir öldruðum og vonar um að þeir muni sjálfir bætast í hópinn, þá hefur Framkvæmdasjóður aldraðra ekki fengið að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Hann hefur verið notaður eins og hver önnur bankabók. Menn hafa farið í hann og látið hann sjá um einhverja framkvæmd. Síðan eftir að sú framkvæmd er komin á veg eru dæmi um það að eðli hennar og tilgangi hefur verið breytt og Framkvæmdasjóði aldraðra síðan sigað á aðra framkvæmd sams konar, í sama skyni án þess að ríkissjóður greiði aftur féð sem Framkvæmdasjóðurinn hafði lagt fram. Mig grunar því að sjóðurinn hafi verið misnotaður á margan hátt, enda talar sannleikurinn úti í samfélaginu sínu máli um það að átakinu er ekki lokið. Í Reykjavík hygg ég að um 100 manns bíði eftir vist á hjúkrunarheimili sem ekki hefur verið reist af framkvæmdasjóðnum sem hins vegar hefur verið látinn sjá um að byggja, jafnvel tvisvar og þrisvar yfir sama verkefnið og nú á sem sé að setja að meginhluta til í rekstur. En hann eigum við að borga af fjárlögum með þeim sköttum sem innheimtast eftir efnum og ástæðum manna.

Um Framkvæmdasjóð fatlaðra sem fjármagnaður er með erfðafjárskatti er það að segja að þegar menn fóru út á þá viðsjárverðu braut að láta hann líka greiða fyrir rekstur, var það gert með beinlínis því skilyrði að allar tekjur af erfðafjárskattinum kæmu þar inn. Ég hygg að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar hljóti að geta rifjað upp að þar væru tekjurnar fullkomlega óskertar. Nú er búið að skerða þær þannig, þetta er undarlegur bastarður, að 257 millj. af skattstofninum fara þarna inn en samt er þetta sérstakur skattstofn. Og hvað er þá eftir? Af hverju er sjóðurinn ekki fluttur til fyrst búið er að ákveða upphæðina? Hún á að ákvarðast á fjárlögum hverju sinni. Ég hef ekki borið þessa tölu saman við fjárlögin. Ég hygg að þetta séu um 100 millj. sem þarna er skotið undan Framkvæmdasjóði fatlaðra og það er ekki heldur þannig að átakinu sem hann átti að svara sé lokið eins og menn þekkja. Á Reykjavíkursvæðinu munu vera um 200 manns sem bíða eftir vist á sambýli fatlaðra eða búsetuúrræðum öðrum.

Um flugvallargjaldið væri kannski svipað að segja. Flugvallargjaldið var vissulega sett á í fremur óljósum tilgangi en þó til að bæta flugsamgöngur og búa til flugvelli og bæta. Nú á að setja þetta gjald í rekstur. Hvað á það að þýða? Hvað er það? Ef hæstv. fjmrh. væri hér á staðnum, hvar flokkast flugvallargjaldið svona fræðilega innan skattkerfisins? Er þetta skattur á fólk? Er þetta einhvers konar gjald? Er hægt að kæra það til umboðsmanns Alþingis sem ósanngjarnt? Er þetta þjónustugjald eða hvað er þetta orðið þegar það rennur „hist og her“ í framkvæmdir og rekstur eins og mönnum sýnist á hverjum tíma?

Raunar grunar mann að hér sé ekki hin fagra, fræðilega og skattalega hugsun að baki eins og haldið er fram í greinargerð með frv. og hæstv. forsrh. ræddi aðeins í morgun, heldur sé hér verið ósköp einfaldlega, þó um það séu höfð ýmis orð, að klípa héðan og þaðan til þess að afla upp í þær um það bil 922 millj. kr. sem eru áætlaður sparnaður við þetta mál. Og maður hlýtur að spyrja og fá um það skýringar hjá hæstv. fjmrh. eða öðrum ráðherrum sem hér kynnu að vera í salnum, hvort sá samsetningur sem hér er fluttur undir hinum fögru fræðiorðum og stjórnspekivísdómi sé kannski til þess öðrum þræði að rugla skattastaðtölurnar, t.d. með samanburði við aðrar þjóðir. Hvað er gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra? Er það skattur? Er það þjónustugjald? Flokkast það í OECD sem skattheimta á Íslandi? Hvað um flugvallargjaldið? Hvernig er þetta með erfðafjárskattinn? Þetta svona læðist að manni af því að maður hefur aðeins veður af því hvernig menn vinna í fjmrn.

Þetta vil ég segja í upphafi og er raunar aðalkjarninn í ræðu minni að menn eru langt frá því að reyna að gæta einhvers samræmis að laga til hlutina með þessum breytingum. Ég verð líka að segja að ég hef af því ákveðnar áhyggjur af því, þótt ég geti tekið mark á ákveðnum rökum, að skera niður framlag sem ákveðið er í sérlögum í ýmsa sjóði. Þau fjögur menningarmál sem hér eru t.d. á fyrstu síðunni. Ég hef auðvitað af því áhyggjur hvað verður um fé til Listskreytingasjóðs eða til kvikmyndamála, til Ríkisútvarpsins eða þjóðminjamála vegna þess að menningarþátturinn í fjárlögunum er því miður oft eitt af því fyrsta sem menn ráðast á sem óþarfa og lækka jafnt og þétt. Það er auðvitað erfitt að treysta ríkisstjórn hverju sinni fyrir þessu án þess að nokkur markmið eða nokkrar leiðbeiningar séu gefnar, jafnvel þótt núv. menntmrh. hafi sýnt ýmsum málum á sínu málasviði meiri áhuga en margir menntmrh. á undan honum, einkum þeir sem úr sama flokki hafa komið. En það þarf auðvitað pólitíska vilja til að standa á bak við þetta og við verðum að vona að hann sé fyrir hendi. Ég ætla ekki að ræða um einstaka aðra þætti, enda hefur það þegar verið gert og á eftir verður það gert enn betur, hugsanlega af hinum ágæta þingmanni, 18. þm. Reykv. En ég verð að segja að ég hef af þessu nokkrar áhyggjur og ég óska eftir svari við því hvort einhver rök önnur séu á bak við þennan mun á hugsun en þau að reyna að kroppa sér út peninga hvar sem hægt er, oft þar sem síst skyldi. Um þetta frv. má kannski að lokum segja það sem Jón á Bægisá sagði um Leirgerði heitna, að hér reki sig hvað á annars horn eins og graðpening hendir vorn.

[13:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Áður en ég fór að skoða frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu, átti ég sannast að segja ekki von á miklum tíðindum í því. Ég hafði grun um að ríkisstjórnin

mundi falla frá þeim áformum að leggja á innritunargjöld á sjúkrahúsum og mér sýndist, ef frá eru taldar þær aðgerðir sem snúa að öryrkjum og gamla fólkinu, að kannski yrði ekki mjög margt í þessu frv. sem til tíðinda teldist. En annað er nú heldur betur komið í ljós. Hér eru boðuð mikil tíðindi.

Í fyrsta lagi á sér stað ákveðin stefnubreyting sem felst í því að nú á að afnema fjölda laga þar sem kveðið er á um markaða tekjustofna til ýmissa málaflokka eins og t.d. til Listskreytingasjóðs ríkisins, til Kvikmyndasjóðs og fleiri mála sem ég mun koma að síðar. Í staðinn verði kveðið á um fasta fjárhæð til þessara málefna í fjárlagafrv. hvers árs. Í þessu felst mikil stefnubreyting. Það er nefnilega svo að á undanförnum árum hafa verið samþykkt ótal lög á hinu háa Alþingi þar sem verið er að reyna með einum og öðrum hætti að tryggja fjármagn til ákveðinna málefna. Með þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til gerist það að menn verða að leita sérstaklega í fjárlagafrv. eftir þessum atriðum og sjá hvernig þeim reiðir af á ári hverju og þar með verður það baráttumál á hverju einasta ári að reyna að sjá þessum málefnum farborða. Að vísu hafa fjárframlög á undanförnum árum verið stórlega skert til þeirra mála sem hér er kveðið á um. En það felst í þessu ákveðin stefnubreyting.

Í öðru lagi er hér að finna þau tíðindi sem boðuð voru í fjárlagafrv. þess efnis að afnema það sem hæstv. ríkisstjórn kallar sjálfvirkar hækkanir, þ.e. þær hækkanir á bótum sem öryrkjar og aldraðir hafa fengið í kjölfar kjarasamninga. Þær munu ekki koma til þeirra með sama hætti og áður og gott ef þær koma nokkuð. Þá tel ég það meðal allra stærstu tíðinda þessa frv. framlag hæstv. dómsmrh. þar sem kveðið er á um stórfelldar lækkanir á greiðslum til þolenda afbrota. Þær eru stórlækkaðar fyrir utan það að gildistöku er frestað. Ég á bara ekki orð yfir þessari tillögu. Mér finnst þetta nöturleg tillaga eftir þá baráttu sem átt hefur sér stað og þá samstöðu sem náðist um þetta mál. Að hæstv. dómsmrh. skuli leyfa sér að leggja þetta fram með þessum hætti er svo hrikalegt að það ná engin orð yfir það. Ég ætla reyndar, hæstv. forseti, að koma inn á það hér á eftir.

Þá verður líka að telja til tíðinda að hér eru skerðingar á ýmsum framlögum auk þess sem ný gjöld eins og t.d. veiðieftirlitsgjald til krókaleyfishafa er tekið upp. Einnig verður að telja það líka til tíðinda að fallið var frá innritunargjöldum á sjúkrahúsum sem ég fagna vissulega.

Við höfum á undanförnum árum komist þannig að orði um þessi frumvörp sem kallast ráðstafanir í ríkisfjármálum að þar sé á ferðinni hið versta lagasukk. Hér er verið að blanda saman og hræra saman alls óskyldum málum. Í þessu frv. er m.a. að finna nokkrar lagagreinar sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við, heldur er tækifærið notað til að gera einhverjar breytingar eins og t.d. hvað varðar heilsugæslustöðvar. Þær koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við og ég tek undir og ítreka þá gagnrýni sem hér hefur komið fram um það að sú aðferð sem hér er viðhöfð með því að taka hvorki meira né minna en 33 lög, sulla þeim saman í ein lög, nær auðvitað ekki nokkurri átt og er Alþingi til skammar. Ég get ekki annað sagt, hæstv. forseti.

Í frv. felst það að með þessum lagabreytingum á að ná 922 millj. kr. sparnaði. Sá sparnaður felst í því að það er klipið af hér og þar í stað þess að fara út í raunverulega uppstokkun í ríkisfjármálum, spyrja sig grundvallarspurningar: Er hugsanlegt að leggja niður ríkisstofnanir? Er hugsanlegt að breyta þeim þannig að verulegur sparnaður geti átt sér stað? Er hugsanlegt að taka upp nýjar áherslur í ríkisfjármálum, t.d. í heilbrigðiskerfinu, þannig að varanlegur sparnaður náist í stað þess að vera með þennan flata niðurskurð og vera stöðugt að pína og þrengja ólarnar hjá öllum okkar ágætu ríkisstofnunum?

Hæstv. forsrh. minntist á kjaramál í framsöguræðu sinni og vissulega koma þau hér nokkuð við sögu. Sem betur fer er enn tími til stefnu til að vekja athygli fólks á því hvað hér er verið að gera. Mér segir svo hugur að enn séu ekki öll kurl komin til grafar og verkalýðshreyfingin eigi ekki eftir að láta enn betur frá sér heyra þegar hún sér hvað hér er á ferð. Svo sem kunnugt er hafa verkalýðshreyfingin og samtök launafólks staðið vörð um málefni öryrkja og aldraðra og ég vona svo sannarlega að þungi þeirrar baráttu eigi eftir að aukast. Ég vil líka vekja athygli á því að í húsinu er fatlað fólk sem er hingað komið til þess að vekja athygli á þeim hrikalegu skerðingum sem það fólk verður fyrir.

Ég ætla að víkja hér að einstökum málum, hæstv. forseti, og þá kem ég auðvitað fyrst að þeim lagabreytingum sem ég tel að feli í sér stefnubreytingu, þ.e. að framlög sem áður voru markaðir tekjustofnar verða nú ákveðin á fjárlögum og þar verða fyrst fyrir Listskreytingasjóður ríkisins og Kvikmyndasjóður. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég hef verulegar áhyggjur af því hvað þetta muni þýða. Framlög til þessara mála hafa verið skert undanfarin ár og ég óttast mjög að svo verði áfram og það sé hreint ekki ætlun þessarar ríkisstjórnar að gera þar á bragarbót. Á hverju ári að undanförnu hefur átt sér stað mikil barátta fyrir því að fá aukin framlög til kvikmyndagerðar og ég held að það hljóti öllum að vera ljóst að á undanförnum árum hafa orðið mikil tíðindi í íslenskri kvikmyndagerð. Hér hafa komið fram leikstjórar sem vakið hafa verulega athygli erlendis og hér er t.d. núna verið að sýna nýjar íslenskar kvikmyndir sem eflaust eiga eftir að vekja enn meiri athygli erlendis. Ég nefni þar t.d. Tár úr steini og Benjamín dúfu sem eiga vonandi eftir að komast á erlendan markað. Við skulum heldur ekki gleyma því að kvikmyndagerð er atvinnuskapandi. Hún ber hróður Íslands til annarra landa og hefur áhrif á ferðaþjónustu hér á landi þótt það kunni að skila sér seinna. Ég vara því stórlega við því að menn séu að leika sér með þessi mál og menn séu að skerða framlög til kvikmynda. Ég vona að Alþingi standi vörð um þann málaflokk.

Ég vil víkja alveg sérstaklega að þjóðminjalögum, þ.e. húsafriðunarsjóði, og tek undir það sem fram kom í morgun í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Þessi aðferð sem hér er tekin upp er auðvitað fáheyrð, algerlega fáheyrð. Sveitarfélögunum er gert að greiða sinn hluta, 150 kr. á hvern íbúa í sveitarfélagi. Samkvæmt gildandi lögum á ríkið að leggja fram fé til mótvægis, sömu upphæð á móti sveitarfélögunum, en nú ætlar ríkið bara að ákveða sinn hlut eftir því sem því þóknast. Þetta finnst mér afar slæmt vegna þess að þörfin fyrir fjárframlög úr húsafriðunarsjóði er gríðarleg og miklu meiri en sjóðurinn getur annað. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þarna eru á ferð verkefni sem skapa mikla vinnu. Þess vegna er þessum peningum afar vel varið bæði til þeirra sem fá vinnu við viðgerðir og endurbyggingar jafnframt því að fegra bæi og að varðveita menningarverðmæti. Ég vara því sérstaklega við því að ríkið fari þessa leið. Það hefur reyndar á undanförnum árum skert framlög til húsafriðunar en nú er lögunum breytt eins og hér segir, með leyfi forseta: „framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum". Þetta kallar á ákveðna hættu.

Eins og ég hef vikið að er verið að breyta 33 lögum hérna þannig að ég verð að hlaupa yfir þetta og reyna að taka á þeim málum sem mér finnst vera mikilvægust. Þá kem ég næst að því sem ég gat um í inngangi máls míns, þ.e. þeirri tillögu sem kemur frá hæstv. dómsmrh. um breytingu á lögunum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Eins og ég sagði áðan finnast mér þetta nöturlegar tillögur. Þær eru hreint og klárt nöturlegar. Lögin voru samþykkt á þessu ári. Þegar við fjárlög ársins 1996 kom fram tillaga um að fresta þessum greiðslum alfarið og síðan með þessum hætti, sem er auðvitað varanleg breyting. Hér er ekki bara verið að taka afstöðu til einhverra mánaða. Þetta felur í sér varanlega lagabreytingu nema það takist að knýja í gegn síðar meir breytingu á því. Það er verið að skerða bæturnar frá því sem ákveðið hafði verið fyrr á þessu ári. Maður hlýtur að leita eftir röksemdum. Það kemur fram hér í grg. fjmrn. að með þessu á að spara 40 millj. Ef einhvers staðar er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, þá er það í þessu. Þetta er svo ömurlegt að manni fallast hendur frammi fyrir þessu. T.d. tillagan hér í 18. gr., lið D, um það að lækka bætur fyrir missi framfæranda úr 3 millj. í 750 þús. kr. Það felst í þessum lögum að ríkið er að gangast í ábyrgð. Það er að reyna að tryggja það að þeir sem eru þolendur afbrota fái sínar bætur. En það er eins og menn reikni ekki með því að ríkið nái einhverju inn á móti. Auðvitað er það þannig í mörgum tilfellum að brotamenn eru ekki færir um að greiða nokkurn skapaðan hlut. En oft og tíðum er um mjög alvarleg brot að ræða og þá minni ég ekki síst á nauðganir og kynferðislega misnotkun. Eins og komið hefur fram í umræðum um þau mál er þeim líkt við snjóflóð eða áföll sem fólk verður fyrir vegna náttúruhamfara. Þetta er mjög sambærilegt áfall sem fólk verður fyrir og mér finnst þessi útfærsla ríkisstjórnarinnar á þessu máli hreint út sagt alveg hrikaleg og við hljótum að beita okkur gegn þessu af mikilli hörku. Ég bið meiri hlutann hér á Alþingi að skoða þetta mál alveg sérstaklega. Gætum við nú ekki reynt að ná þessum 40 millj. inn t.d. með því að spara ferðalög, dagpeninga og risnu ríkisins? Gætum við nú ekki lagt eitthvað á okkur (Gripið fram í.) Eða tekið á ýmsum safnliðum eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir leggur til. Það er af ýmsu að taka og ég trúi ekki öðru en að við getum fundið þessar 40 millj., hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Þetta er svo ömurlegt eins og ég segi, það ná ekki nokkur orð yfir þetta.

Hins vegar vil ég taka undir síðari tillögu hæstv. dómsmrh. sem hér er að finna og verð þar að hryggja minn ágæta vin, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Ef menn eru að reyna að leita leiða til sparnaðar, hljóta menn að horfa á stjórnkerfið og þar eru sýslumenn ekki heilagri en aðrir. Ég get tekið undir það að sýslumannsembætti séu lögð niður á Ólafsfirði og í Bolungarvík og hefði gjarnan tekið undir það að lengra hefði verið gengið í þeim efnum eins og dómsmrh. gerði tilraun til fyrir nokkrum árum. En það var auðvitað kveðið niður af landsbyggðarþingmönnum. Við hljótum að leita leiða í stjórnkerfinu til þess að einfalda það þegar við erum að reyna að spara.

Enn verða fyrir mér stórmálin. Næst er það Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þegar við í félmn. fórum yfir okkar hluta fjárlaganna staldraði minni hlutinn alveg sérstaklega við þá meðferð sem Framkvæmdasjóður fatlaðra sætir í frv. til fjárlaga og þessu frv. hér. Hér er verið að leita heimilda til þess að taka hluta af fé sjóðsins til tiltekinna rekstrarverkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra, eins og segir í frv., með leyfi forseta. Í áliti okkar til fjárln. bentum við alveg sérstaklega á það að hér væri verið að fara út á mjög varasama braut. Hingað til hefur það fé sem komið hefur úr erfðafjársjóði runnið óskert í Framkvæmdasjóð fatlaðra þótt reyndar hafi hluti af því fé verið tekið til reksturs, m.a. til aðstoðar við fatlaða með ýmsum hætti. En hér er beinlínis verið að taka fé úr sjóðnum inn í ríkissjóð þótt reyndar komi fram að það eigi að fara í ýmsan annan rekstur. Til reksturs stofnana fatlaðra. En við vörum sérstaklega við því að það sé farið inn á þessa braut því við vitum það og reynslan hefur kennt okkur að það er erfitt að snúa til baka.

Þá koma hér næst fyrstu atriði þessa frv. sem snúa að því að taka vísitölu úr sambandi eða hinar sjálfvirku hækkanir, eins og ríkisstjórnin kallar það. Það snýr að atvinnuleysisbótum. Hér gerist það að þær eru ákvarðaðar sem ákveðin upphæð. Í því felst að vísu nokkur hækkun, þær hækka um 5,4% 1. janúar. Væntanlega er það nú í samræmi við þau loforð sem ríkisstjórnin gaf aðilum vinnumarkaðarins nú fyrir skömmu. Reyndar kemur hér líka fram að félmrh. er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Kannski reikna menn með því að þessi heimild rúmi þær kjarabreytingar sem hugsanlega kunna að verða á næsta ári. Ég reikna með að það sé hugsunin í þessu. Samt sem áður er þarna verið að festa ákveðna upphæð í lögunum.

Hæstv. fjmrh. Ég er að tala hér um atvinnuleysistryggingar. (Gripið fram í.) Það kemur hér fram, hæstv. fjmrh., að félmrh. verði heimilt að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendu fjárlaga. Og ég velti því fyrir mér hvað þetta þýðir fyrir atvinnulaust fólk ef það verða meiri breytingar á launamarkaði en nemur 3% á næsta ári.

Þá kemur röðin að gamla fólkinu og öryrkjum. Hér er sama sagan. Það er verið að ákveða fastar upphæðir og jafnframt er hér kveðið á um að fjármagnstekjur verði til að skerða bætur almannatrygginga. Með þeim ákvæðum sem felast í 30.–34. gr. er ætlað að spara hvorki meira né minna en 90 millj. kr. Nú eru þess dæmi að gamalt fólk hefur verulegar fjármagnstekjur. Ég veit að hjá tryggingunum hefur verið tekið tillit til þess þegar t.d. er verið að sækja um sérstakar bætur, t.d. heimilisuppbót. Ég minnist þess, ég held það hafi verið í kosningabaráttunni 1991, að þá var okkur sagt dæmi af því á vinnustaðafundi í Tryggingastofnun að þar hefði verið sótt um sérstaka heimilisuppbót fyrir konu sem hafði 6 millj. kr. í fjármagnstekjur. Menn sáu auðvitað að þetta náði ekki nokkurri einustu átt. En hér er um það að ræða að fjármagnstekjur eiga að skerða bætur og hér er sem sagt verið að taka inn áhrif af fjármagnstekjum meðan ekki er búið að koma á fjármagnstekjuskatti. Bótaþegar eiga einir að verða fyrir því að þeirra fjármagnstekjur fari að hafa áhrif á kjör þeirra. Ég get fullkomlega sætt mig við það að slíkt gerist um leið og fjármagnstekjuskattur verður tekinn upp. En mér finnst þetta ekki réttlætanlegt gagnvart bótaþegum. En þetta skilar þó þessum 90 millj. kr. Þessu hafa aldraðir mótmælt og telja sig rangindum beitta með því að þeir einir þjóðfélagsþegna eigi nú að fara að gjalda þess að hafa fjármagnstekjur. Þetta er ekki réttlátt. Við erum að vísu að tala um almannafé úr tryggingunum. Við erum að leita leiða til þess að spara, bæði í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. En það er ekki réttlætanlegt að byrja á gamla fólkinu með þessum hætti. Og þá má minnast þess að fyrir utan að festa í fjárlögum þá bótaupphæð sem aldraðir og öryrkjar

fá er jafnframt í því skattafrv. sem er til meðferðar í efh.- og viðskn. gert ráð fyrir því að sá skattafsláttur sem gamla fólkið fékk vegna lífeyrisgreiðslna lækki. Í raun og veru er því verið að ráðast hér að gamla fólkinu með þrennum hætti. Það er sem sagt verið að festa bæturnar í krónutölu, það er verið að lækka skattafsláttinn vegna lífeyrisgreiðslna og í þriðja lagi er það fjármagnstekjuskattur á gamla fólkið. Þetta lýsir stefnu þessarar ríkisstjórnar og lýsir stefnu þessa frv. að það eru aldraðir, öryrkjar og einstæðir foreldrar sem verið er að spara á. Það er hópurinn sem á að borga brúsann.

Næst ætla ég að víkja að lögunum um félagslega aðstoð, *sem er enn ein hörmungin hérna í* þessu frv. Hér er verið að fella niður mæðra- og feðralaun með einu barni og með þessu á að spara hvorki meira né minna en 125 millj. Og hverjir eru það nú sem fá þessar bætur? Það eru einstæðir foreldrar. Það eru hreinlega felldar niður bætur með einu barni og síðan eru lækkaðar bætur með tveimur börnum og einnig með þremur börnum eða fleiri. Ég fékk hér áðan útprentun úr gildandi lögum og sem sýnir svart á hvítu að hér er verið að lækka bæturnar. Eins og ég segi, þetta er hópurinn sem á að spara á, einstæðir foreldrar.

Ég er ekki jafnósátt við þá breytingu sem felst í 42. gr., eða að fella niður ekkjulífeyri. Með því á að að spara 5 millj. kr. Það verður ekki felldur niður lífeyrir hjá þeim ekkjum sem hafa bætur og ég tek undir það með hæstv. heilbrrh. að líklega er þetta gamall arfur frá þeim tíma þegar konur voru ekki útivinnandi og höfðu ekki aðrar tekjur. Ég vil því ekki *gagnrýna þetta sérstaklega.*

Hæstv. forseti. Það er hér fleira sem snertir málefni aldraðra eins og t.d. það að festa gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra við ákveðna krónutölu og þessi upphæð, eins og aðrar sem hér er kveðið á um, verða endurskoðaðar árlega við afgreiðslu fjárlaga. Ég leitaði upplýsinga bæði í skýringum með greininni og í umsögn fjmrn. og þar eru engar heimildir að finna. Á skýringunni við 45. gr. er ekkert að græða, þar kemur ekki fram hvort þetta er hækkun eða lækkun eða hvað þetta er. Fjármálaskrifstofan sleppir athugasemd við þessa grein. Og því er auðvitað sjálfsagt að spyrja hæstv. heilbrrh.: Er hér um hækkun á gjaldinu að ræða eða er þetta lækkun? (**Fjmrh.:** Í hvaða grein?) Þetta er í 45. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og hér er krónutalan 3.985 á hvern gjaldanda. (**Fjmrh.:** Frysting.) Þetta er frysting, þ.e. sama gjald og innheimt var á þessu ári. *Þá hefur það verið skýrt. En það kemur ekki fram, hvorki í* athugasemd með greininni né í umsögn fjárlagaskrifstofunnar þannig að það hefur greinilega verið ansi mikil hraðferð á frv. í gegnum kerfið.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi vikið að flestum atriðum sem ég vil gera sérstakar athugasemdir við. Það er mjög margt í þessu frv. og það mun að sjálfsögðu taka nokkurn tíma fyrir nefndir þingsins að fara í gegnum öll þessi 33 mál sem hér eru lögð fyrir á einu bretti. Sum hver fela í sér verulegar breytingar eins og ég hef rakið og mér segir svo hugur um að þegar fregnir af frv. fara að berast fyrir alvöru út í samfélagið, fari ýmsir að átta sig á því að hér eru váleg tíðindi á ferð sem þarf að bregðast við.

Það er eflaust margt sem ég hef ekki komið inn á eins og t.d. skatturinn á smábátana sem ég þarf einfaldlega að kynna mér betur áður en ég tek afstöðu til hans. En við fyrstu sýn *virðist ekki óeðilegt að þeir greiði þetta gjald eins og aðrir,* en það kunna að vera ýmis sjónarmið hvað það varðar.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég í ítreka þá skoðun mína að lagasetning af þessu tagi sé ekki bjóðandi Alþingi og við hljótum að stefna að því að hætta þessu þannig að málin verði lögð fyrir sérhverja nefnd þingsins eins og lög gera ráð fyrir og ekki sé verið að grauta svona saman alls óskyldum málum. Mér finnst að það þurfi að skoða mjög rækilega hvort það eigi að hætta því almennt við lagasetningu að marka *ákveðnum málum ákveðna tekjustofna.* Það er stefna sem hefur verið ríkjandi um árabil að ákveða hvernig hinir ýmsu málaflokkar skulu fjármagnaðir, t.d. það að söluskattur eða virðisaukaskattur af kvikmyndasýningum renni til Kvikmyndasjóðs og ýmis gjöld sem hér er kveðið á um.

Ég einmitt minntist þess að hafa séð í frv. að það stæði „.... áætluðum söluskatti ...". Það stendur í athugasemd við 2. gr. „Í núgildandi lögum á það að nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu, ..." (Gripið fram í.) Já, einmitt hæstv. fjmrh. Ég veit ekki annað en hér hafi verið tekinn upp virðisaukaskattur og þar af leiðandi þyrfti að breyta þessu í núgildandi lögum til að það sé eitthvert samræmi þarna á milli.

Hæstv. forseti. Hér eru atriði sem þarfnast verulegrar skoðunar og ég lýsi fullkominni andstöðu við þær tillögur sem snerta greiðslur á bótum til þolenda afbrota. Ég mótmæli harðlega þeirri aðför sem hér er gerð að öryrkjum og öldruðum og einstæðum foreldrum og lýsi áhyggjum mínum yfir því að sú stefna er tekin upp að fresta ákveðnar fjárhæðir í sessi, bæði hvað varðar bætur og framlög til ákveðinna málaflokka. Ég óttast mjög að þetta þýði áframhaldandi skerðingu *til þessara málefna og nefni þar sérstaklega kvikmyndamál* og húsafriðun sem eru hvort tveggja atvinnuskapandi greinar og mikilvægar frá menningarlegu sjónarmiði. Þetta verðum við að stöðva á hinu háa Alþingi.

[14:22]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er þetta langstærsta mál þingsins til þessa sem hér er. Þetta er ekkert venjulegt fylgifrumvarp með ráðstöfunum ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Við sem höfum setið hér um nokkurt skeið vitum að frumvörp um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafa verið hefðbundin mjög lengi og hluti af þessum texta hér er úr gömlu lánsfjárlagafrumvörpunum, þ.e. skerðingarkaflinn var yfirleitt í lánsfjárlagafrumvörpunum þannig að ég geri ráð fyrir því að frumvörp af þessu tagi hafi alltaf verið flutt með fjárlagafrumvörpum síðustu áratugi. Ég kann satt að segja *ekki að tímasetja það nákvæmlega.*

Hins vegar er þetta frumvarp allt öðruvísi en öll hin og það eru dálítið alvarleg tíðindi ef okkur tekst ekki að ná rækilegri umfjöllun um það en horfur eru á að verði til jóla að óbreyttu. Þess vegna vil ég byrja á því að segja við hæstv. fjmrh. sem er auðvitað aðalábyrgðamaður þessa máls þó að hæstv. forsrh. hafi talað fyrir því eins og venja er til: Það eru þó nokkrar greinar í þessu frumvarpi, sennilega um helmingur þess eða meira sem er óþarfi að afgreiða fyrir jól. Það er algerlega út í loftið að vera að pína þingið til að afgreiða hluti af þessu tagi á handahlaupum síðustu dagana fyrir jól þegar engar efnislegar eða tæknilegar ástæður eru fyrir því.

Það er eins og kunnugt er, herra forseti, margra áratuga reynsla fyrir því að þegar fjárlög eru afgreidd er aðalatriðið að vilji ríkisstjórnarinnar og stefna í skattamálum og ríkisfjármálum liggi fyrir í þingskjölum en ekki endilega *í staðföstum lagapappírum.* Ég er með nokkur dæmi um einstakar hugmyndir um breytingar á lögum, grundvallarbreytingar á lögum sem engin rök eru fyrir að taka í gegnum

þingið á næstu dögum. Það er fullkomin móðgun við Alþingi að ætlast til að það afgreiði málið, þannig að ég vil fara fram á það við hæstv. ríkisstjórn að hún kanni hvort það er ekki örugglega þannig, ég hygg að svo sé og veit það reyndar, að það sé algerlega „skaðlaust" frá sjónarmiðum ríkisstjórnarinnar að verulegur hluti af þessu frumvarpi liggi því að það er engin þörf á að afgreiða það fyrir jól.

Í öðru lagi almennt um málið vil ég segja: Þetta er miklu viðameira frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum en nokkru sinni áður hefur verið flutt. Í fyrra var verið að breyta 24 lagabálkum með frumvarpinu um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér er verið að breyta 33 lagabálkum, þ.e. fleiri en nokkru sinni fyrr, miklu fleiri en áður og það segir þó ekki alla söguna því að í flestum tilvikum er um að ræða grundvallarbreytingu, ekki aðeins að þrátt fyrir ákvæði laga númer þetta og þetta skuli framlagið 1996 vera þetta, heldur er verið að rífa út úr lagabálkunum grundvallaratriði sem þau byggjast á, þ.e. peningana. Það sem skiptir máli er ekki hinn góði vilji sem einlægt stendur í þessum lögum heldur peningarnir sem eru í þeim.

Í þriðja lagi verð ég að segja þetta almennt um málið, hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að málið er ekki nægilega skýrt fram lagt. Hvað er þetta? Hvernig rímar þetta mál við stöðuna í ríkisfjármálum að öðru leyti? Hvað er búið að afgreiða í fjárln.? Hvenær verður 2. umr. fjárlaga? Hvað er með niðurskurðinn eða sparnaðinn eða tekjuöflunina á móti þeim 1.000 millj. sem gert var ráð fyrir í yfirlýsingunni til aðila vinnumarkaðarins? Og ég vil fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann geri nákvæmlega grein fyrir því hvernig þessir hlutir ganga upp.

Í fyrsta lagi er það þannig að samkvæmt þessu frumvarpi sýnist mér og hefur komið fram áður, reyndar einnig í framsöguræðu hæstv. forsrh. hygg ég, að menn eru að taka niður ríkisútgjöld frá því sem ella væri á árinu 1996 um 920 millj. Ég sé ekki betur en það sé talan hér og hef reyndar heyrt hana nefnda.

Hitt liggur líka fyrir að í lok síðasta mánaðar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um kjaramál þar sem gert er ráð fyrir því að útgjaldaauki ríkissjóðs af eftirfarandi þremur ástæðum; atvinnuleysisbótum, almannatryggingum og vegna skattameðferðar lífeyrisiðgjalda, yrði í kringum 1.000 millj. kr. Ég hafði satt að segja gert ráð fyrir því að í þessu frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum kæmi það fram eða í yfirlýsingu sem fylgdi því, hvernig ríkisstjórnin ætlaði að mæta þessu. En ég get ekki lesið málið öðruvísi núna á þessu stigi en að það sé ákvörðun hjá ríkisstjórninni að þessi milljarður bætist við áður áætlaðan halla á ríkissjóði á árinu 1996. Það hefur ekkert annað komið fram. Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvernig hann setur þessar tölur upp þannig að við getum áttað okkur á því í hvaða samhengi þær eru.

Loks vil ég segja það, hæstv. forseti, í svona almennum inngangi um málið af minni hálfu og endurtaka það sem ég nefndi áðan: Þetta er bylting. Hér er verið að gjörbreyta velferðarkerfinu. Það er búið að segja þetta nokkuð oft úr þessum ræðustóli, bæði í dag og áður. Þetta var oft sagt á síðasta kjörtímabili líka. Þetta hefur iðulega verið sagt hérna. En hérna eru tekin, hæstv. forseti, öll lög sem mynda hjartað í velferðarlöggjöfinni á Íslandi og þeim er breytt í grundvallaratriðum að því leytinu til að engar fjárhagslegar tryggingar eru í þeim lengur fyrir einn eða neinn. Þetta eru lögin um almannatryggingar. Þetta eru lögin um heilbrigðisþjónustu. Þetta eru lögin um málefni fatlaðra. Þetta eru lögin um málefni aldraðra. Það er ekki of sterkt til orða tekið, herra forseti, að það er gengið um þessa lagabálka á skítugum skónum. Það er augljóst mál að hér er með öðrum orðum á ferðinni grundvallarbreyting, bylting að því er þessa hluti varðar.

Á síðasta kjörtímabili áttum við margar orðasennur við ráðherra Alþfl. um þessi mál sem þá stóðu í þessum skítverkum, liggur mér við að segja. Við vöruðum m.a. við því að ef þetta yrði gert þá, þýddi það fordæmi fyrir næstu stjórn. Það yrði auðveldara fyrir næstu íhaldsstjórn að ganga enn þá lengra. Það má segja að Alþfl. rétti litla fingurinn eða höndina, lúkuna, þar sem Framsfl. lætur eftir handlegginn. Og það verður ekki séð að hann æmti eða skræmti. Það verður ekki séð að þrátt fyrir hinar háværu yfirlýsingar Framsfl. allt síðasta kjörtímabil, þrátt fyrir ítarlegar umræður á Alþingi þar sem var verið að verja velferðarkerfið, þrátt fyrir ræður hæstv. núv. ráðherra, Finns Ingólfssonar, Ingibjargar Pálmadóttur og Páls Péturssonar til að verja velferðarkerfið er þetta ekki betra, þetta er verra. Hér er verið að taka tryggingarprinsippin fyrir alþýðu manna út úr öllum þessum lögum sem mynda hjarta velferðarlöggjafarinnar á Íslandi. Og eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minnti á í morgun eru núna átök sums staðar í Vestur-Evrópu einmitt um mál af þessu tagi. Suður í Frakklandi eru menn nú að takast á um nákvæmlega sömu málin. Og ætlum við í þessari stofnun að vera þær lurfur að við látum bjóða okkur af hæstv. ríkisstjórn að hún knýi þetta mál í gegn á þeim örfáu dögum sem eftir lifa til jóla án þess að málið fái a.m.k. rækilega umræðu og meðferð í þessari stofnun? Auðvitað getur það ekki komið til greina.

Ég vil þess vegna segja það almennt að hér er um að ræða gríðarlega mikla breytingu sem nauðsynlegt er að fara rækilega yfir og verður það sjálfsagt gert núna við 1., 2. og 3. umr. málsins eftir því sem tilefni gefast til.

Hæstv. forseti. Í lok síðasta mánaðar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um kjaramál gagnvart Alþýðusambandinu og BSRB. Það var út af fyrir sig mikill árangur að ná þeirri yfirlýsingu, það er ekki nokkur leið að neita því. Það segir, með leyfi forseta:

„Til að tryggja frið á vinnumarkaði og skapa traustari skilyrði fyrir sátt í þjóðfélaginu um kjaramál hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi aðgerðir:

1. Atvinnuleysisbætur hækki 1. janúar 1996 (150 millj. kr.)

2. Bætur almannatrygginga hækki 1. janúar 1996 (450 millj. kr.)

3. Viðbótarfrádráttur lífeyrisiðgjalds launþega frá tekjuskatti frá og með 1. júlí 1996 komi til framkvæmda 1. janúar 1996 og viðbótarfrádráttur 1. júlí 1997 komi til framkvæmda 1. júlí 1996 (400 millj. kr.)."

Hér er um að ræða einn milljarð. Hvað taldi verkalýðshreyfingin sig vera að vinna með þessu? Hún taldi sig vera að vinna það að tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að afnema sjálfvirkar verðtengingar á þessum bótum almannatrygginga væri hrundið. Það stendur að vísu ekki fullum fetum í þessum pappír, en að henni væri hrundið. En hvað gerist svo? Örfáum dögum eftir að frá þessu er gengið í viðræðunum við Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er upphæðunum að vísu skilað, að því er ég best fæ séð. En þau grundvallaratriði sem menn voru að takast á um eru brotin. Þau grundvallartriði að verðtryggingin á þessum þáttum er tekin út og megingrein almannatryggingalagana og mikilvægasta er afnumin. Ég tel að með þessu móti sé í raun og

veru verið að fara býsna alvarlega aftan að þeirri sátt sem menn töldu sig vera að gera og ég tel það gagnrýnivert. Ég tel að ríkisstjórnin hefði átt að falla algerlega frá hugmyndum sínum um að afnema verðtengingarþátt almannatryggingabóta. Hún átti ekki aðeins að setja peningana inn, heldur átti hún fyrst og fremst að falla frá því að verðtengingin yrði afnumin. Ef hún vill svo halda sig við að afnema verðtenginguna átti hún að fara í viðræður við verkalýðssamtökin um þau mál, en ekki gera þetta einhliða eins og hér er verið að gera.

Ég vík þessu næst, hæstv. forseti, að fáeinum einstökum atriðum í þessu frv. Mörgum hafa áður verið gerð skil en ýmis eru eftir. Ég ætla fyrst að segja það að hér er m.a. verið að gera grundvallarbreytingar á tvennum lögum sem eiga alls ekki að vera hér inni að mínu mati, sem hrópa algerlega í himininn að skuli vera sett inní lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, en ekki inn í lög um grundvallarbreytingar á viðkomandi lögum beint. Og ég spyr: Hvers slags vesöld er það á viðkomandi fagráðherrum að flytja ekki málið sjálfir þar sem hér er um að ræða breytingu á mikilvægum lagabálkum sem þeir eru með? Ég nefni í fyrsta lagi breytinguna á þjóðminjalögum. Það er alveg ótrúlegt að setja þessa breytingu inn í lögin um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er grundvallarbreyting á sjálfum þjóðminjalögunum sem hæstv. menntmrh. hefði auðvitað átt að flytja. Það sama er að segja um breytingar á lögum nr. 69/1995, um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Auðvitað hefði átt að flytja þetta sem sjálfstætt mál á vegum hæstv. dómsmrh. þannig að þingmönnum hefði gefist kostur á því að ræða þetta mál með eðlilegum hætti en ekki í einhverjum andarteppustíl sem hluta af umræðum um ráðstöfun í ríkisfjármálum. Með því að flytja málin svona inn, þessi 33 lög hér, er auðvitað verið að skerða stórkostlega tjáningarfrelsi alþingismanna. Þeir hafa ekki aðstöðu til þess að fara í þessi lög eins og þyrfti að gera af því að þau eru partur af einu og sama frv. sem sætir sömu meðferð og önnur frumvörp í þessari stofnun. Þess vegna eru þessi vinnubrögð líka atlaga að eðlilegri þingræðislegri umræðu á Alþingi.

Ég vil líka segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að þessi meðferð á lögunum um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota er til svo mikillar skammar fyrir þessa stofnun, ekki síst með hliðsjón af því að lögin voru sett rétt fyrir síðustu kosningar. Ég man ekki betur en einn og einn þingmaður og frambjóðandi Sjálfstfl. hafi talið sér þessa lagasetningu til tekna í kosningabaráttunni. Ég vona að engum þeirra hafi dottið það í hug að þetta voru kosningalög fyrir Sjálfstfl. en þannig koma þau út gagnvart þeim sem síst skyldi í þessu máli. Þessi aðför er því ódrengileg í hæsta máta. Og mér finnst furðulegt að við umræðu um þessi mál skuli hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður allshn. á síðasta kjörtímabili ekki vera í salnum. Hún hélt a.m.k. ræðubút um það hvað *hún væri góður þingmaður að hafa tryggt þessum* lögum framgang fyrir síðustu alþingiskosningar. Hvað eiga svona fíflalæti að þýða, með leyfi forseta? Þetta er auðvitað ekki hægt. Það er ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á framkomu af þessu tagi. Þetta er lítilmannleg framkoma við þá sem síst skyldi og síst hafa burði til að bera hönd fyrir höfuð sér í samfélaginu.

Verið getur að það séu einhverjar ástæður til þess að endurskoða þessi lög og fara yfir þau, jafnvel þótt þau séu ný. Ég skal ekkert um það segja. En það á að gera það þannig að Alþingi geti talað um það í eðlilegu samhengi. Þá á þetta að vera allsherjarnefndarmál sem fær hér umræðu eins og önnur mál í þessari stofnun en ekki hluti af ráðstöfunum í ríkisfjármálum þar sem fjmrh. situr aðallega fyrir svörum.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, víkja að því sem hér er fjallað um í sambandi við lögin um atvinnuleysistryggingar og beina orðum mínum til hæstv. fjmrh. vegna þess að mér fannst koma fram misskilningur varðandi það mál í ræðum nokkurra stjórnarandstæðinga fyrr í dag. Ég ætla að fara yfir það og vil að það mál sé skýrt. Það eru sem sagt 25.–29. gr. Þar er gert ráð fyrir því að fella niður þá grein atvinnuleysistryggingalaganna sem kveður á um skyldur ríkissjóðs til þess að leggja fram árlega upphæð eftir tilteknum aðferðum. En það er ekki gert ráð fyrir því að fella niður skyldur ríkissjóðs til að bera ábyrgð á skuldbindingum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ríkissjóður ber áfram ábyrgð á skuldbindingum hans. Er ekki á hreinu að það er ekki verið að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnuleysistryggingasjóðs? Ég sé ekki að það sé verið að fella það niður og ég tel mjög mikilvægt að það sé skýrt.

Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. félmrh.: Hefur hann rætt þetta mál við aðila vinnumarkaðarins? Hefur hann rætt þetta við Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja? Er hann ekki með í vinnu nefnd sem er að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar? Hefur hann lagt þetta fyrir hana? Mér þykir satt að segja nauðsynlegt að spyrja þessara spurningar vegna þess að Atvinnuleysistryggingasjóður er hluti af kjarasamningum sem upphaflega voru gerðir 1955 og hafa síðan verið endurnýjaðir aftur og aftur með margvíslegum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þess vegna vil ég fá þetta á hreint varðandi málið.

Mætti ég aðeins bæta við annarri spurningu, hæstv. ráðherra, varðandi 28. gr.? Þar er gert ráð fyrir að hámarksbætur atvinnleysistrygginga verði 2.433 kr. á dag. Það er í raun og veru bara frysting frá því sem er í dag. Síðan kemur þarna inn í setning sem er þessi: „*Þó er félagsmálaráðherra heimilt*, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.“ Er þetta þak sem þarna er verið að tala um? Gæti félmrh. með öðrum orðum breytt bótafjárhæðum atvinnuleysisbóta um allt að 3% með reglugerð á fjárlagaárinu? (**Fjmrh.:** Upp og niður.) Og gæti væntanlega lækkað þær líka eins og það er orðað hérna. Já, þetta er heimild bæði til að hækka og lækka, það er athyglisvert. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir frammíkallið. Það er óvenjulegt að það geri gagn. En það er með öðrum orðum heimild fyrir ríkisstjórnina líka að lækka atvinnuleysibætur. Það er kannski meiningin. Ég vil spyrja að því.

Í þriðja lagi: Gert var ráð fyrir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að taka 150 millj. inn á bætur almannatrygginga. Eru þær innan þessara 3% eða miðast 3% við bæturnar í dag plús 150 millj. kr.? Eru þetta 3% af x + 150 millj. kr.? (**Fjmrh.:** Já.) Fjmrh. segir já eða hristi höfuðið reyndar og ég skildi það svo að niðurstaðan væri já. En mér þætti vænt um ef hæstv. félmrh. vildi vera svo vinsamlegur að svara fyrir málaflokk sem ég treysti honum afar vel til að gera algerlega án hjálpar frænda síns, fjmrh.

Þá vil ég næst víkja orðum mínum að hæstv. heilbrrh. Það varðar lögin um bætur almannatrygginga, en þeim er verið að breyta ansi mikið. Í fjárlagafrumvarpinu er verið að gera mjög miklar breytingar á almannatryggingalögunum og greiðslum til heilbrigðismála. Þar er t.d. verið að

breyta lífeyristryggingum þannig ef ég las greinargerð þessa fjárlagafrv. rétt, að þær hefðu að óbreyttu hækkað um 1,4 milljarða, en samkvæmt ráðstöfunum sem boðaðar eru í fjárlagafrumvarpinu eru greiðslurnar lækkaðar um 1.115 millj. kr. þannig að breytingin felur í sér 2,5 milljarða frá því sem hefði verið að óbreyttu. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. að því hvort þetta er ekki rétt skilið hjá mér. Það sem átti að gerast þarna var að afnám verðtenginga átti að gefa 450 millj. Nú er búið að skila því til baka. Síðan eiga fjármagnstekjur að skerða ellilífeyri. Það eru 285 millj. Heimildabætur átti að skerða um 250 millj., lækkun mæðra- og feðralauna áttu að vera upp á 125 millj. og síðan átti að fella niður ekkjulífeyri upp á 5 millj. kr. Mér sýndist sem sagt að með þessu móti væru menn að tala þarna um að lækka um 1.100 millj. kr.

Hér er verið að skila aftur af þessum áformum sennilega um 600 millj. kr. samtals, eða hvað? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hve miklu er verið að skila aftur af þessum áformum. Og ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort það eru 600 eða 700 millj. Mér sýnist að það séu væntanlega a.m.k. 600 millj. vegna þess að það er bæði sjálfvirka verðtengingin og innritunargjaldið. Þetta sýnist mér að hljóti að vera samtals í kringum 600 millj. og er það e.t.v. eitthvað fleira.

Fyrir utan þetta, hæstv. forseti, ætlaði hæstv. heilbrrh. að spara á sjúkratryggingum 880 millj. kr. Þannig háttar til að sjúkratryggingarnar hefðu að óbreyttu hækkað um hálfan milljarð en með ráðstöfunum sem kynntar eru í greinargerð fjárlagafrumvarpsins áttu þær að lækka um 880 millj., þ.e. það er niðurskurður frá því sem ella hefði verið um 1.350 millj. kr. Þetta átti að fást með því að skerðing á Framkvæmdasjóði aldraða átti að skila 330 millj., lyfjaútgjöld áttu að skila 330 millj. Og hvar er það mál á vegi statt? Hvernig á það að gerast? Ég spyr að því. Það átti að herða eftirlit, 100 millj., síðan átti að hætta endurgreiðslum til atvinnurekenda upp á 50 millj. Svo átti að breyta reglum um afslátt við 70 ára aldur, 40 millj. kr. Síðan átti að taka inn aukatekjur af ferliverkum upp á 20 millj. og ég ætla að spyrja um ferliverkin. Hvar er lagaheimildin fyrir ferliverkaskattinum? Hvar er hún? Hvaða lagaheimild var sett undir það? Og hvað er mikið tekið inn alls í þessum ferliverkaskatti sem var fundin upp í síðustu ríkisstjórn? Hvað er mikið tekið inn af þessum alveg sérstaka ferliverkaskatti sem var lagður á af síðustu ríkisstjórn og þótti alveg óskaplega merkileg uppfinning af þeim, en það er sennilega orðin gríðarlega há upphæð sem þar er um að ræða og ég spyr: Hvar er lagaheimildin og hvað er þetta mikil upphæð?

Í sjöunda og síðasta lagi ætlaði svo ríkisstjórnin að taka inn 10 millj. kr. af fólki sem færi í sjónpróf og þeim sem færu í endurtengingar, 10 millj. á einu bretti, sérstaklega ef menn færu nú í hvort tveggja í einu. 10 millj. kr. Síðan átti í viðbót við þetta að hækka sértekjur á sjúkrahúsunum um 200 millj. kr. Það er viðbót við þetta. Það átti að spara á sjúkrahúsunum í Reykjavík og Reykjanesi 200 millj. kr. og síðan átti að knýja fram annan sparnað á sjúkrahúsunum upp á 50 millj. kr. Ég vil með öðrum orðum fá að frétta af því hvernig þetta frumvarp stendur með hliðsjón af þeim áformum sem kynnt voru í fjárlagafrumvarpinu, því mér sýnist að þarna hafi ýmsu verið breytt frá því sem þar var gert ráð fyrir og það væri gott að fá um það upplýsingar frá hæstv. ráðherrum.

Í þessum kafla um breytingu á lögum um almannatryggingar er komið mjög víða við satt að segja. Hafa einhverjir skoðað nýlega lögin um almannatryggingar og rifjað það upp að þau voru sett fyrir 1970. Ætli þau hafi ekki verið sett ... (**Gripið fram í:** 1971.) Já, en þau voru afgreidd á Alþingi 1970 og staðfest 1971 af félmrh. viðreisnarstjórnarinnar ef ég man rétt eða heilbrrh. Síðan er búið að gera á þeim óteljandi breytingar svo ekki sé meira sagt þannig að þau eru orðin ... (**ÁRJ:** Yfir 100 breytingar.) Yfir 100 breytingar, segir hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sem þekkir þetta betur en allir aðrir menn í salnum. Það er búið að gera yfir 100 breytingar á þeim og aldrei hefur liðið svo þing að ekki hafi verið gerðar margar breytingar á lögunum um almannatryggingar. Við höfum gert margar tilraunir til að breyta þessum lögum. Við höfum skipað alls konar nefndir til að fara í það mál en þær hafa yfirleitt skilað litlu, það verður að segja það, þær hafa skilað litlu. Og það er eins og gengur þegar menn reyna að ná utan um löggjöf af þessu tagi, að það reynist vera erfitt af því að menn taka kannski allt of stórt fang og ráða ekki við það. Nú er verið að gera enn einar breytingar á lögunum um almannatryggingar og það eru einhverjar viðamestu breytingarnar sem hafa verið gerðar. Og þær eru mjög vondar breytingarnar sem núna er verið að gera og ég ætla aðeins að víkja að þeim örstutt.

Í fyrsta lagi er verið að gera þá breytingu á 10. gr. laganna um almannatryggingar að þar er verið að bæta inn ákvæði sem tekur fjármagnstekjur ellilífeyrisþega inn í tekjuskilgreiningarhugtak almannatrygginganna. Og hver er skatturinn, hæstv. ráðherra, á fjármagnstekjur ellilífeyrisþega? Er hann 10% flatur eins og menn eru að tala um einhvers staðar? Er það kannski eitthvað annað? Hvað ætla menn að skattleggja mikið fjármagnstekjur ellilífeyrisþega, þessar 14 kr. sem menn eru alltaf að fá á sparisjóðsbókunum sínum um hver áramót? Hvað á að taka af þeim? Er það kannski bara 35% skattur eða er það kannski 40% skattur eins og á öðrum tekjum? Hvað á að taka af þessu fólki? Getur það verið að það eigi að taka 35% skatt af þessu fólki? Ég spyr af því tilefni að það er gert ráð fyrir því að taka 70% af upphæðinni. Síðan er hún væntanlega skattlögð eins og aðrar tekjur eða hvað? Hvað á að taka af þessum aurum ellilífeyrisþega? Ég held að það sé æskilegt að fá um það upplýsingar hvernig þetta á að gerast. Og til hverra nær þetta? Nær þetta til allra þeirra sem njóta bóta almannatrygginga? Er svarið já eða nei? Ég spyr og hæstv. ráðherrar þegja aldrei þessu vant, skammast sín kannski agnarlítið, getur verið, virðulegi forseti.

Mér sýnist að hér sé verið að skattleggja fjármagnstekjur örorkulífeyrisþega, að það sé ekki bara verið að skattleggja fjármagnstekjur aldraðra, þessar 14 kr. sem gamalt fólk er að fá tilkynningar um á sparisjóðsbókum sínum, eftir áramót frá bönkunum, heldur eigi hér að taka ákveðinn hóp í þjóðfélaginu út úr til að fara inn í fjármagnstekjuskattskerfið núna, þ.e. öryrkjana, ekki okkur hin. Mér sýnist að það eigi að taka öryrkjana þarna inn vegna þess að þarna séu allir þeir sem þurfa að leita til almannatrygginganna með framfærslueyri. Það er mikil reisn yfir þessu, það verð ég að segja, hæstv. forseti. Og ég vil spyrja: Er þetta rétt skilið eða er þetta kannski misskilningur? Eða af hverju er „ráðherrasettið" svona þegjandalegt á bekknum aldrei þessu vant, niðurlútt?

Í annan stað, hæstv. forseti, er verið að setja inn ákvæði um sérstaka skattameðferð þeirra sem ekki hafa borgað í lífeyrissjóði. Það er mjög athyglisverð grein sem ég má til með að lesa upphátt því að hún er svo ótrúleg, með leyfi forseta:

„Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör

launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar."

Bíddu nú við, eins og maðurinn sagði. Hvað er hér á ferðinni? Hér er það þannig ef ég skil þetta rétt að það á að lækka tekjutryggingu á þeim sem ekki hafa borgað í lífeyrissjóð. Og hvað á að lækka hana mikið? Það stendur ekki hér. Um hvað á að lækka tekjutrygginguna hjá þessu fólki? Það stendur ekki hér. Og hver á að finna þetta fólk? Verður gerð út einhver sérstök lífeyrislögga á vegum Tryggingastofnunar ríkisins til að finna þetta fólk? Hvaða fólk ætli þetta sé helst sem hér er um að ræða? Hvaða fólk er það sem á að siga lífeyrislögreglu Tryggingastofnunarinnar á? Og svo segi ég það líka, virðulegi forseti: Þetta er ekki framkvæmanlegt ákvæði og það stenst ekki stjórnarskrá af því að með því á að afhenda ráðherranum skattlagningarvaldið. Það er hann sem ræður því hvað tekjutryggingin er skert mikið hjá fólki sem hefur ekki borgað í lífeyrissjóði. Þetta er eins og ef dómsmrh. færi með sektarvaldið sjálfur. Þessi grein stenst því ekki það ákvæði stjórnarskrárinnar að það er bannað að framlengja skattlagningarvaldið út úr þessari stofnun og ég er alveg sannfærður um það að hæstv. heilbrrh. metur það svo þegar málið fær hér meðferð. Það er ekki nýtt að það komi hér tillögur.

Hæstv. fjmrh. var lengi kennari í Hlíðaskóla og hann heldur alltaf að hann sé í þessari rullu af og til og er svona sjálfboðaliði á ráðherrabekkjunum að skýra út tölur stundum og er nokkuð sérkennilegt. En það er athyglisvert ef það hefur tekist hjá honum að plata hæstv. heilbrrh. til að láta skattleggja fjármagnstekjur örorkulífeyrisþega og ganga þannig frá málinu að heilbrrh. fari með skattlagningarvald gagnvart þeim sem ekki hafa borgað í lífeyrissjóði eins og fram kemur í 31. gr. Auðvitað er þetta frumvarp meira og minna allt saman skrifað í fjmrh. Ætli maður þekki það ekki. Þess vegna þurfti heilbrrh. að vera á vakt, hæstv. ráðherra. Það er málið. Til þess þurfa fagráðherrar að vera á vakt. (**Gripið fram í:** Og verja sinn málaflokk.) Og verja sinn málaflokk, nákvæmlega. (Gripið fram í.) Eitthvað er nú liðið að lifna þarna aðeins, hæstv. forseti. Það færist yfir þá taugaveiklunarhláturinn. Alltaf þegar líður á málflutning færist yfir þá taugaveiklunarflissið, liðið þarna á ráðherrabekkjunum.

Ég ætla næst að víkja að 34. gr. frumvarpsins. En það er kannski rétt að ég fari aðeins yfir 31. gr. sem mér finnst nokkuð athyglisverð og þá breytingu sem verið er að gera á henni. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið nokkurn tíma almennilega prófarkalesið. Menn eru að tala um að breyta málsgreinum sem ekki eru til í lögunum sjálfum. Það er nýlunda og nokkuð sniðugt kannski að breyta bara málsgreinum hér og þar í þjóðfélaginu. En algengara er að miða við ákveðnar málsgreinar í Lagasafninu, miklu algengara. Hitt er brautryðjendastarf að miða við málsgreinar einhvers staðar úti í þjóðfélaginu. En ég sé á tveimur stöðum eða svo, að þar hefur einhverjum fatast í prófarkalestrinum. Ég mun rétta ráðherra þessa texta á eftir til fróðleiks af því að ég tók að mér að renna í prófarkalestur áðan og samanburð á þessum lögum.

Ég vil þessu næst, eins og ég sagði áðan, víkja aðeins að 38. gr. laganna um almannatryggingar, hæstv. heilbrrh. Í frv. stendur:

„10. mgr. 38. gr. laganna fellur brott."

Hvaða grein er það? Hún er svona, með leyfi forseta:

„Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur $^3/_4$ hlutum launanna."

Er þetta sú breyting á endurgreiðslum atvinnurekenda sem ég var að vitna til áðan og er upp á 50 millj. kr.? Og ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra: Hefur þetta verið 50 millj.? Styðst þessi áætlun við rauntölur eða hvað er hér á ferðinni? Ég átta mig ekki alveg á því, hæstv. forseti.

Síðan vildi ég víkja næst að 35. gr. Hún er aðalgrein þessa frv. Hún er í raun og veru langalvarlegasta grein þessa frv. Það er greinin sem gerir ráð fyrir því að fella niður sjálfvirkar hækkanir á bótum almannatrygginga. Þetta er gömul grein og hefur verið í almannatryggingalögum alveg frá upphafi, var í lögunum um alþýðutryggingar sem alþýðuflokksmenn eru stundum að hrósa sér af að hafa sett fyrir stríð og byrjar svona: „Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum skv. 59. gr. í samræmi við það." Áður stóð í þessari lagagrein: „Nú verður breyting á 8. taxta Dagsbrúnar". Og upphaflega stóð í lögunum um alþýðutryggingar: „Nú verður breyting á almennum launum í hafnarvinnu". Nú á að fella þetta út. Þetta er langsamlega afdrifaríkasta breytingin sem verið er að gera á almannatryggingalögunum og ég heiti á hv. formann heilbr.- og trn. að fara rækilega yfir þessi mál í sinni ágætu nefnd. Ég veit að ég þarf ekki að hvetja hann til þess vegna þess að hér er verið að gera tillögur um mun meiri breytingar á almannatryggingalögunum og annarri velferðarlöggöf á Íslandi en nokkurn tíma hefur áður verið gerð í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þess vegna er ljóst, hæstv. forseti, að umræðan um þessi mál í þessari stofnun hlýtur að taka einhvern tíma og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að taka út úr frv. öll þau ákvæði, og þau eru mörg, sem ekki „þarf" einu sinni að hennar mati að afgreiða fyrir áramót.

[15:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér er orða vant yfir þeim vinnubrögðum sem viðhafast í þinginu varðandi svona stórfelldar breytingar á lögum eins og lagðar eru fram í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1996. Það er ekki liðinn sólarhringur frá því að þessu frv. var dreift á borðin. Það er verið að breyta hér 33 lagabákum og manni er ætlað að ræða þessar breytingar allar saman innan við hálfum sólarhring frá því að málinu var dreift á borðin. Og þess má geta að það var byrjað að ræða þetta kl. 11 í morgun. Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Hér er talað um virðingu þingsins þegar það þykir henta og síðan eru svona vinnubrögð látin viðgangast. Mér finnst þetta ekki boðlegt, hvað þá þegar um svo stórfelldar breytingar er að ræða.

Ég ætla að fara yfir nokkrar greinar í þessu frv. sem ég hef haft tök á að skoða. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. 13. þm. Reykv., Mörður Árnason, fór inn á í fyrri ræðu okkar þjóðvakamanna í umræðunni um eðli skattbreytinganna sem hér eru á ferðinni. Um nefskattinn og markaða tekjustofna. Ég ætla að vona að hæstv. fjmrh. skoði þá ræðu því hann var ekki viðstaddur þegar hún var flutt. (**Gripið fram í:** Flyttu hana aftur.) Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að endurtaka hana, þó svo þar væri góður málflutningur á ferðinni. En hér er svo sannarlega verið að ráðast á lítilmagnann,

verið að ráðast á það fólk sem getur alls ekki barist fyrir rétti sínum. Það verður fyrir niðurskurðarhnífnum. Það eru aldraðir, það eru öryrkjar, það eru einstæðir foreldrar og það eru þolendur afbrota. Og seint hefði ég trúað því að Framsfl. sem gagnrýndi svo harðlega árásir síðasta hæstv. heilbrrh. á velferðarkerfið og gagnrýndi síðustu ríkisstjórn harðlega fyrir það hvernig hún lék velferðarþjónustuna skuli nú standa fyrir árásum á þetta fólk. Það er hægt að taka undir það sem komið hefur fram í umræðunni. Það er á margan hátt verið að kippa stoðunum undan velferðarþjónustunni með þessum lagabreytingum, nái þær fram að ganga.

Mig langar aðeins til að byrja á þeim mörkuðu tekjustofnum sem verið er að afnema og eru í upphafi þessa frv. Það eru breytingarnar á lögunum um Listskreytingasjóðinn, Kvikmyndasjóð, útvarpslögin, þjóðminjalög og fleira.

Fyrst um niðurskurðinn á Kvikmyndasjóðnum. Það er verið að aftengja hann mörkuðum tekjustofnum eða taka hann út úr mörkuðum tekjustofni. Það hefur komið fram hjá kvikmyndagerðarmönnum að hver einasta króna sem þeir fá úr Kvikmyndasjóði laðar að 4–5 kr. á móti í erlendu fjármagni til kvikmyndagerðar. Mér finnst því mjög varhugavert ef þarna er verið að skera niður eins og verið hefur undanfarin ár. Einnig finnst mér sérkennilegt þegar aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau sem hefur verið markaður tekjustofn í Menningarsjóð útvarpsstöðva eru tekin þarna beint og lögð í ríkissjóð. Mér finnst þetta sérkennilegt vegna þess að fyrr á þessu þingi kom fram í umræðum vilji hæstv. menntmrh., sem mér leist alls ekki illa á, að þessir peningar færu í sérstakan dagskrárgerðarsjóð fyrir kvikmyndagerðarmenn og dagskrárgerðarmenn. Ég hefði frekar haldið að slík lagabreyting kæmi hér inn en þessi breyting. Reyndar hafa þessir peningar ekki skilað sér þangað sem þeir áttu að gera, eins og kom fram í ræðu hv. 13. þm. Reykv. En hér er sem sagt verið að koma því í lög að þessir peningar skulu ekki þangað sem þeim var ætlað að fara í upphafi, til dagskrárgerðar sem verða mætti til menningarauka og fræðslu.

Þá að jólaglaðningi ríkisstjórnarinnar til þeirra sem áttu rétt á bótum vegna þess að þeir eru þolendur afbrota. Nú á að fresta greiðslum sem komið var í lög á síðasta þingi, fyrir kosningar eins og kom fram í umræðunni áðan, um hálft ár. Og í 18. gr. frv. segir svo um breytingu þessara laga:

„Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nema höfuðstóll kröfu sé 100 þús. kr. eða hærri."

Hvað er verið að spara með þessari grein? Ég er ekki viss um að menn geri sér alveg grein fyrir því hvað er hér á ferðinni. Árið 1994 voru 11 af þeim 24 sem dæmdar hafa verið bætur vegna þessa með bótagreiðslur undir 100 þús. kr. Það er sem sagt verið að taka þarna af þeim 11 sem áttu þarna greiðslurétt á bótum og ríkisstjórnin sparar með því 530 þús. kr. Ég er sannfærð um að þolendur afbrota munar um þessa peninga. En sér er hver sparnaðurinn fyrir ríkiskassann.

Árið 1993 eru það 17 sem lenda undir þessum 100 þús. kr. mörkum af þeim 36 sem dæmdir voru og hér er ég með tölur yfir Reykjavík. Ég tek það fram, en það er um það bil helmingurinn sem dæmdir hafa verið. Þar er sparnaðurinn með því að setja þessa grein inn í lögin 780 þús. kr. sem bitnar á 17 manns. Þetta er stórmannlegt. Síðan er tekið þannig á málum að ríkissjóður mun greiða 50% af ákvörðuðum bótum tjónþola. Það er sem sagt verið að borga helminginn af því sem búið var að dæma fólki. Ég verð að segja að mér finnst þarna lítilmannlega að verki staðið, vægast sagt. Og ég trúi því ekki að Framsfl. sem hefur kennt sig við félagshyggju og mannúð ætli að standa að þessu.

Svo ég víki að öðrum þáttum þessa frv. vil ég minnast á atvinnuleysisbætur sem verið er að aftengja eins og reyndar líka almannatryggingabæturnar. Ég er ekki viss um að almenningur hafi gert sér grein fyrir því hvað er hér á ferðinni. Hann ætti að kynna sér það.

Varðandi breytingarnar á lögum um almannatryggingar er ekki verið að vísa hér til endurskoðunar almannatryggingalaganna eins og þegar sérstök frumvörp hafa komið inn á þingið til að breyta þeim lögum. Það hefur meira og minna tíðkast frá 1971 þegar frv. hafa verið til umfjöllunar. Þó svo að það hafi verið gerðar 100 breytingar á þessum lögum þá skal alltaf, sérstaklega ef á að bæta réttarstöðu einhverra, vísað til heildarendurskoðunar á lögunum, sem nú er reyndar hafin. Það hefði verið nær að þessar breytingar hefðu komið inn í þá endurskoðun í stað þess að fylgja þeim bráðaúrræðum sem kallast ráðstafanir í ríkisfjármálum og afgreidd eru með hraði í gegnum þingið.

Hér er enn verið að flækja reglurnar í almannatryggingunum og þótti þó mörgum nóg um fyrir. Nú á að skerða almannatryggingabæturnar, lífeyrisgreiðslurnar vegna fjármagnstekna. Byrjað á því að skerða greiðslur lífeyrisþega áður en aðrir eru farnir að borga fjármagnstekjuskatt. Þó svo að hún heiti ekki skattur, þessi skerðing, þá hefur þetta oft verið kallaður jaðarskattur, þessi tekjutenging bóta og skerðing vegna tekna. Og hvaða regla er sett hér inn? Jú, það á að skerða fjármagnstekjurnar að 70 hundraðshlutum. Enn ein reglan inn í skerðingarreglur lífeyristryggingganna. Grunnlífeyrir skerðist um 25% vegna tekna, tekjutryggingin um 45% vegna tekna og nú er það sem sagt 70% vegna fjármagnstekna. Hver er tilgangurinn með því að vera alltaf með þetta endalausa, flókna útreikningakerfi? Er þetta til þess að lífeyrisþegarnir átti sig ekkert á því hvað er verið að gera þeim? Ég bara spyr.

Síðan er það 31. gr., þessi makalausa grein þar sem á að fara að hegna fólki fyrir að hafa ekki borgað í lífeyrissjóð. Ég spyr: Hvað á að vera í þeirri regugerð? Hvernig ætlar hæstv. heilbrrh. að taka á þessu og skerða bætur lífeyrisþega vegna þess að þeir hafa ekki borgað í lífeyrissjóð? Ég átta mig ekki á því hvernig á að fara að taka á því. Og á að skerða lífeyri öryrkja? Fjöldi öryrkja hefur aldrei átt kost á því að greiða í lífeyrissjóð.

Mér þætti fróðlegt að sjá þessa reglugerð og ég legg til að hún verði lögð fyrir hv. heilbr.- og trn. áður en hún verður að lögum svo við fáum að skoða hvað út úr þessu kemur, ef þessi grein verður samþykkt hér í þinginu.

Það er rétt sem komið hefur fram hér í umræðunni, það er ekki stætt á því að breyta almannatryggingalögunum svona án þess að vera með heildarsýn yfir lögin þegar breytingar eru gerðar. Það hefur sýnt sig að það verður alltaf til þess að einhverjir verða út undan og það verða mistök og koma gloppur í lögin þegar svona er staðið að verki.

Síðan kemur 35. gr. þar sem á að aftengja almannatryggingabæturnar við launaþróunina í landinu. Í umræðunni hér áðan kom fram hjá hæstv. fjmrh. að það mætti hækka og lækka um þau 3% sem hér er getið um í lagagreininni. Hér á sem sagt að spara með því að aftengja almannatryggingabætur almennri launaþróun í landinu, aftengja laun þeirra sem lokið hafa sínum starfsdegi og geta illa eða ekki staðið vörð um sín kjör. Mér finnst ansi lágt lagst, hæstv. fjmrh.

og forsrh. Þið eruð kannski líka að leggja saman? Það kæmi mér ekki á óvart.

Síðan er hér veist að einstæðum foreldrum. Reyndar var nú búið að veitast að þeim nokkuð á síðasta kjörtímabili og skerða mæðra- og feðralaun það mikið að nú segja menn í stjórnarliðinu: Það er hvort eð er búið að skerða þetta svo mikið að það tekur því varla að vera að borga þetta. Þess vegna er þetta afnumið. Afnumdar greiðslur mæðra- og feðralauna með einu barni til einstæðra foreldra af því að það tekur því varla að greiða það. En ég get alveg sagt ykkur að þessa hópa munar um að fá þessar greiðslur þótt þær séu ekki háar. Það sem er að gerast með þessum skerðingum bæði hjá lífeyrisþegunum og einstæðum foreldrum er að það er verið að vísa þessu fólki meira og minna á félagsmálastofnanir sveitarfélaganna.

Síðan kemur að þeim þætti sem á að spara ríkissjóði 5 millj. kr. á næsta ári og það er afnám ekkjulífeyris frá og með næstu áramótum. Það var nú reyndar búið að taka þannig á málum með ekkjulífeyrinn að það var búið að skerða hann svo á síðasta kjörtímabili að það er engin kona með ekkjulífeyri nema hún þurfi nauðsynlega á því að halda. Hún þarf að uppfylla þannig skilyrði að þeir sem geta framfleytt sér á öðrum tekjum fá þetta ekki greitt. Þarna er líka verið að vísa ekkjunum á félagsmálastofnun. Ég þekki það úr starfi mínu hjá Tryggingastofnun að til eru ekkjur sem eiga ekki tök á því að fá atvinnuleysisbætur, þær fá ekki vinnu eftir að þær missa maka sína og þær munar um þessar upphæðir. Þetta eru konur sem eiga rétt á þessu, á aldrinum 50–67 ára. Ég tek undir það að auðvitað er þetta arfur frá liðinni tíð. En ég er sannfærð um að smátt og smátt hefði þessi bótaflokkur orðið að engu, þ.e. það væru ekki fleiri sem hefðu þörf fyrir hann vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í samfélaginu. En ég veit að í dag er viss hópur sem þarf á þessum greiðslum að halda. Mér finnst lítilmannlegt að fara að spara þarna 5 millj. kr. á þeim ekkjum í samfélaginu sem sannanlega þarfnast aðstoðar. Hér eiga þær ekkjur ekki rétt sem hafa einhverjar tekjur.

Þetta var í stuttu máli yfirferð yfir almannatryggingarnar. En mig langar til áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, að koma aðeins inn á samgöngumálin sem valda mér áhyggjum. Það er niðurskurðurinn í flugmálunum sem mig langar aðeins til að minnast á en hann er um 50%. Ég hef áður hér á hv. Alþingi vakið athygli á ástandinu á Reykjavíkurflugvelli. Ég er ekki ein um að hafa áhyggjur af því hvernig málum er þar háttað og að ekki skuli vera tekið á öryggismálum og viðhaldi á Reykjavíkurflugvelli.

Það er ekki einvörðungu hagsmunamál Reykvíkinga að flugvöllurinn verði lagaður. Um þennan flugvöll fara um 300 þús. manns á ári, um 90% þeirra sem ferðast í innanlandsflugi. Mig langar til að geta þess að árið 1991 lét þáv. samgrh., núv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon, gera hættumat á flugvellinum og þá komust menn að niðurstöðu um að brýnt væri að þar færu fram ákveðnar framkvæmdir og eru þær í tíu liðum. Ég veit að almannavarnanefnd Reykjavíkur hefur miklar áhyggjur af því að ekki skuli hafa verið farið í að skoða þessi mál og hefur sent erindi til samgrh., en þar sem samgrh. er ekki viðstaddur og ég get ekki spurt hann út í málið mun ég leggja fram skriflega fyrirspurn um það. Það er kannski skýrara að hann fái það í skriflegri fyrirspurn, sérstaklega þar sem þetta er viðamikið mál. Ég spyr hann þá frekar út í það síðar. En ég tel það ákaflega alvarlegt að ekki skuli vera tekið á flugvallarmálunum hér í Reykjavík. Ég veit að það eru mun fleiri en ég sem hafa áhyggjur af þessu máli.

Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri að sinni en áskil mér rétt til að taka þetta til frekari umræðu síðar.

[15:24]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi hafa hér nokkur orð um þetta frv. sem auðvitað mætti segja margt um og reyndar hefur það verið gert. Ég býst við að hæstv. ráðherrar hafi nú áttað sig á hvaða liðir það eru sem fyrst og fremst mæta andstöðu hér í þinginu. Það eru auðvitað þau ákvæði sem þrengja hag þeirra sem síst mega við því. Gegn þessum ákvæðum mun stjórnarandstaðan, allir sem einn, leggjast. Við verðum að vona að stjórnarliðar sjái að sér. Það gengur ekki að ráðast að fólki sem síst allra getur varið sig.

Það væri líka ástæða til að fara orðum um afnám lögbindingar tekna til ýmissa verkefna þar sem miðað er við ákveðna tekjustofna og sums staðar tekjustofna sem hreinlega voru búnir til í því skyni. Hér er í rauninni um að ræða þann bandorm sem eitt sinn fylgdi alltaf frv. til lánsfjárlaga og var kallaður þráttfyrirkaflinn og hefur verið mörgum þyrnir í augum, m.a. þeirri sem hér stendur, og raunar fyrir neðan virðingu Alþingis að mínum dómi. En ég ætla ekki að fjalla frekar um það núna. Ég vil hins vegar taka undir hvert orð sem hér hefur fallið um það ráðslag að leggja til þessar lagabreytingar með þeim hætti sem hér er gert. Það ætti auðvitað að bera þær fram í mörgum frv., aðgreindum eftir málaflokkum. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta almennt né um einstök atriði nema um eitt þeirra því þar get ég ekki orða bundist.

Herra forseti. 10. mars sl. staðfesti forseti Íslands lög um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Nú spyr ég hæstv. forseta hvort hæstv. dómsmrh. sé ekki í húsinu.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. dómsmrh. er í húsinu. Forseti mun gera ráðstafanir til að hann komi hér.)

Ég ætlaði, hæstv. forseti, aðeins að tala um þetta eina atriði í þessu frv. þannig að ég vildi gjarnan fá að bíða eftir hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. dómsmrh. gengur í salinn.)

Herra forseti. 10. mars sl. staðfesti forseti Íslands lög um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Þar með var náð afar mikilvægum áfanga í baráttu fyrir bættri meðferð brotaþola og fyrir breyttum viðhorfum í þessum efnum. Það er alkunna að mjög mörgum og ef ekki flestum tjónþolum hefur reynst mjög erfitt að sækja bætur í greipar þeirra sem tjóninu valda. Oft er vafalaust um að ræða tekju- og eignalausa ólánsmenn og þá hefur það í raun verið frá upphafi ljóst að þeir væru ekki borgunarmenn fyrir tjóninu, hvað sem öllum dómum líður. Í öðrum tilvikum hafa brotamenn komið sér undan greiðslum með ýmsu móti hreinlega vegna þess að þeir hafa ekki viljað inna þær af hendi. Í öllum tilvikum hafa tjónþolar verið í afar erfiðri og veikri stöðu. T.d. hefur staða tjónþola vegna ofbeldisbrota verið sérstakt áhyggjuefni kvennabaráttuhópa. Staða brotaþola vegna nauðgunar eða annars kynferðislegs ofbeldis er hér sérstaklega veik. Það er þeim mikil raun til viðbótar ægilegri reynslu af brotinu sjálfu og eftirköstum þess að reyna að sækja bætur í greipar afbrotamannsins og þeim klafa átti að létta af þeim með þessum lögum sem taka áttu gildi 1. janúar nk. Það var um flest og raunar allt gott að segja um þau lög sem þarna áttu að taka gildi og þær upphæðir sem þar voru lagðar til grundvallar.

Þessi lög urðu mörgum fagnaðarefni. Ýmsir sem að lagasetningunni stóðu voru hreyknir af og töldu sér til tekna alveg með réttu, t.d. í kosningabaráttunni, að hafa staðið að þessum lögum. Þá töluðu stjórnarliðar um mikla réttarbót og þökkuðu sér verkið. Og þeir fengu þakkir. Það var almenn ánægja með þessa lagasetningu sem svo sannarlega virtist í höfn eftir mikla baráttu og mikið starf. Það var ekki síst fagnaðarefni að eftir vandaða undirbúningsvinnu náðist um þetta alger samstaða. Mikilvægasta niðurstaðan var að með þessu voru brotaþolum send þau skilaboð að samfélaginu væri ekki sama um örlög þeirra. Samfélagið vildi tryggja rétt þeirra og létta af þeim þeirri raun að þurfa að innheimta miskabætur frá afbrotamönnunum, oftast með litlum árangri. Það olli því miklu uppnámi þegar fréttir bárust á haustdögum af áformum ríkisstjórnarinnar um að fresta gildistöku laganna, svo sem ljóst varð þegar fjárlagafrv. birtist, þar sem ekki var gert ráð fyrir neinum framlögum í þessu skyni. Það var sýnilegt í lista yfir áformaðar lagabreytingar að þessu átti að fresta, ekki aðeins gildistökunni heldur einnig afturvirkni og um leið að svipta þá voninni sem þegar höfðu fengið dæmdar miskabætur allt aftur til ársbyrjunar 1993. Margir urðu til að bregðast mjög hart við þessum áformum og mótmæla með ýmsu móti. Sú sem hér stendur ræddi þetta strax í umræðu um stefnuræðu forsrh. í fyrstu viku október og aftur tveimur dögum seinna í 1. umr. um fjárlagafrv. Þingkonur úr öllum þingflokkum mættu til fundar sem konur frá Stígamótum, Kvennaathvarfi, Kvenna- og karlakeðjunni og fleiri aðilum boðuðu til og lýstu þar allar yfir vilja sínum til að vinna gegn þessum áformum. Sömu aðilar, þ.e. frá Stígamótum, Kvennaathvarfi, Kvenna- og karlakeðjunni, mættu á fund fjárln. Margt fleira hefur verið reynt til að fá ríkisstjórnina ofan af þessari ætlan sinni. Hvarvetna í samfélaginu er mikill stuðningur við þetta mál, þ.e. að lögin öðlist gildi 1. janúar nk. og í þeirri mynd sem þau voru samþykkt á Alþingi í mars sl.

Hæstv. dómsmrh. hefur vissulega sýnt áhuga á þessum málum og vilja til að tryggja brotaþolum sómasamlega meðferð. Hann hefur unnið að umbótum á löggjöfinni og að meðferð slíkra mála. Ég nefni sérstaklega neyðarmóttökuna á Borgarspítalanum sem hefur reynst afar mikilvægur liður í bættri meðferð nauðgunarmála og annarra ofbeldismála af líku tagi. Það er svo sannarlega þakkarvert og virðingarvert.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sýndi einnig vilja til að taka á málinu og tryggja að ekki þyrfti að koma til frestunar. Mér var kunnugt um að málið fór strax í athugun og ég batt vonir við að það mundi skila góðum árangri. Ég hafði satt að segja verulega góðar vonir um það þótt einhverjar breytingar yrðu hugsanlega á framkvæmd laganna, t.d. með því að greiðslum vegna brota sem orðið höfðu á næstu þrem árum fyrir gildistöku laganna yrði dreift með einhverjum hætti, en mig grunaði ekki að lendingin yrði sú sem hér blasir við. Ég á satt að segja bágt með að lýsa tilfinningum mínum í þessu efni. En mér fannst ég hreinlega verða fyrir ofbeldi. Hvað má þá segja um þá sem lögin varða. Það tók mig í rauninni talsverðan tíma að trúa mínum eigin augum og átta mig á afleiðingum þessa.

Hæstv. forseti, hæstv. ráðherrar. Þessi niðurstaða er algjörlega óviðunandi og óþolandi. Hún er skelfileg og í raun og veru verri, jafnvel verri en frestunin sem áformuð var. Við verðum að taka einhvern veginn á þessu sameiginlega og tryggja framgang laganna eins og þau voru ákveðin.

Ég get hugsað mér ýmislegt annað sem bærilegra væri að skera niður og við eigum að fara í það sameiginlega. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. dómsmrh. yrði aðstoð Alþingis feginn ef hv. efh.- og viðskn. felldi þennan lið bandormsins út. Og ég hygg að hann tæki því fagnandi ef fjárln. sameinaðist um að finna niðurskurð á einhverjum liðum til að mæta þeim útgjöldum sem þetta hefur í för með sér. Ég vona að hv. fjárln. geti sameinast um leiðir í því efni. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi liði eins og ráðstöfunarfé ráðherra sem er reyndar 78 millj. samtals. Ég get tekið undir það. En sitthvað fleira mætti nefna, t.d. það að klípa einfaldlega af aðalskrifstofum ráðherranna eða ráðuneytanna sem þeir yrðu þá að mæta með fækkun utanlandsferða og samdrætti í veisluhöldum. Ég gæti alveg hugsað mér að Alþingi skilaði einhverju til baka af sínum hækkunum vegna aukins starfskostnaðar. Jafnvel mætti taka ögn meira af vegafé þó það sé ekki gott út af fyrir sig og sennilega næðist ekki samstaða um það. En að mínum dómi væri það nú bærilegra heldur en að ganga fram með þessum hætti. Ég gæti líka alveg hugsað mér að minna á að hæstv. Alþingi er með fjáraukalögum þessa dagana að samþykkja nær 70 millj. kr. aukafjárveitingu til sendiráðanna. Þar er nú skilningurinn fyrir hendi.

Ég vil einnig minna hv. þm. á að þessi lög eru um ábyrgð ríkissjóðs á þessum bótum. Hann tekur að sér að greiða brotaþolum, tjónþolum, bætur og um leið öðlast ríkið rétt til endurkröfu á hendur afbrotamönnum. Þess sér ekki stað að menn geri ráð fyrir því að ná neinu inn í ríkissjóð á móti. Þarna verði með öðrum orðum um hrein útgjöld að ræða. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að innheimtuaðgerðir ríkissjóðs munu sjálfsagt aldrei skila aftur ígildi þessara bótagreiðslna. En þær hljóta nú að skila einhverju. Og hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því hér? Ég sé þess ekki stað að svo sé.

Herra forseti. Ég sagði það í upphafi að ég ætlaði ekki að fjalla um önnur atriði frv. Það hefur verið gert ágætlega fyrr í umræðunni, m.a. af hv. þingkonu Kristínu Ástgeirsdóttur. En ég gat ekki orða bundist varðandi þennan lið. Ég heiti á hv. þm. í öllum flokkum að leggjast á eitt og afstýra þessu hneyksli sem ég tel þessa afgreiðslu vera.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil inna eftir því áður en ég og e.t.v. fleiri hv. þingmenn taka til máls í annað sinn, hvort hæstv. ráðherrar hafi ekki hugsað sér að svara þeim spurningum sem bornar hafa verið fram. Hér eru mál sem varða hæstv. dómsmrh. t.d., heilbrrh., félmrh. og fleiri. Ég og margir fleiri ræðumenn höfum beint spurningum til hæstv. ráðherra og ég tel að það sé eðlilegri gangur í umræðunni að hæstv. ráðherrar svari spurningum þegar fyrstu umferð er lokið og áður en þingmenn ganga frekar á rétt sinn til að tala í umræðunni. Þannig að ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að hann kanni hvar hæstv. ráðherrar eru staddir, þeir hefðu nú mátt sitja betur hér í dag, og athugi hvort þeir hyggjast svara eða setja sig á mælendaskrá áður en umræðan heldur áfram lengur. Ég áskil mér þar af leiðandi rétt til að bíða með að taka aftur til máls á meðan þetta er í athugun hjá hæstv. forseta.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun kanna hvar ráðherrar eru. Ég hygg að þeir séu flestir hér í húsinu.)

[15:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér í umræðunni hefur með nokkrum orðum verið vikið að því ákvæði frv. sem hér er til umræðu og

lýtur að takmörkunum á ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum á bótum til þolenda afbrota. Nú er það svo að lögin sem samþykkt voru í ársbyrjun fólu í sér takmarkanir á greiðsluábyrgð ríkissjóðs. Það var ekki svo að greiðsluábyrgð ríkissjóðs væri án takmarkana. Það er mikilvægt að hafa það í huga í þessu sambandi. Það er vissulega rétt sem komið hefur fram að það voru mikilvæg skilaboð út í þjóðfélagið þegar Alþingi samþykkti að ríkisvaldið tæki ábyrgð á greiðslum bóta til þolenda afbrota. Í býsna mörgum tilvikum sem við vitum um á mörgum undanförnum árum hafa þolendur afbrota staðið *uppi án þess að hafa getað innheimt þær bætur sem þeim* ber. Það er réttlæti sem þingið vildi ekki fallast á. Ég tel þess vegna að mikilvægt skref hafi verið stigið þegar lögin voru samþykkt og tek undir þau sjónarmið sem sett hafa verið hér fram í þeim efnum af nokkrum þingmönnum.

Við verðum hins vegar að horfast í augu við áveðinn veruleika við fjárlagagerðina og auðvitað má með nokkrum sanni segja eins og bent hefur verið á að menn hefðu átt að sjá það betur fyrir þegar málið var til afgreiðslu hér í byrjun árs. En vissulega bundu menn þá vonir við að fjárlagarammi dómsmrn. yrði heldur rýmri en raun varð á. Ég held á hinn bóginn að hv. þm. geti ekki verið ósammála mér um það að það er mjög mikilvægt að okkur takist að halda útgjöldum ríkisins innan ákveðinna takmarka og það gerist auðvitað ekki nema hvert og eitt ráðuneyti reyni að virða þá fjárlagaramma sem settir eru. Öðruvísi náum við ekki markmiðum okkar. Og það er líka mikilvægt fyrir alla þá sem eiga að njóta greiðslna úr sameiginlegum sjóðum að okkur takist að ná því markmiði.

Það voru horfur á að fresta þyrfti ákvæðum laganna alfarið um heilt ár. Niðurstaðan varð sú að gera frekar breytingar á lögunum sem takmarka bótagreiðslur ríkissjóðs meir en gert *var ráð fyrir í þeim eins og þau voru samþykkt. En ég minni* enn og aftur á að í lögunum fólust takmarkanir. Þær eru hertar hér í þeim tilgangi að dómmrn. eins og önnur ráðuneyti geti tekið þátt í því að ná heildarmarkmiðum í ríkisfjármálum. Og það er mikilvægt að hafa í huga í umfjöllun um þessi mál að það markmið að ná hallalausum fjárlögum, sem að vísu næst ekki að þessu sinni en við erum að stíga vonandi mikilvægt skref í þá átt, skiptir þá sem njóta greiðslna frá ríkissjóði miklu máli.

Ef við náum ekki þeim markmiðum þá erum við kannski fyrst og fremst að veikja stoðir þeirra sem virkilega þurfa á fjárhagsaðstoð ríkisins að halda. Traust fjármálastjórn er forsenda fyrir því að okkur takist að viðhalda varanlegu velferðarkerfi í landinu og tryggja öryggi þegnanna. Fyrir þá sök er lagt til að þessar takmarkanir verði samþykktar. Ég get að öðru leyti tekið undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og eins og til að mynda hjá hv. síðasta ræðumanni um mikilvægi þess að ríkisvaldið tryggi þessar bætur. Það er ekki svo að hér sé einvörðungu um að ræða ábyrgð vegna bóta sem viðurkenndar hafa verið með dómi. Hér er einnig um að ræða ábyrgð á bótum án þess að dómur hafi gengið. Fyrir því eru þau ákvæði í lögunum að sérstök nefnd fjallar um þau mál og úrskurðar um bótaréttinn og um leið bótaábyrgð ríkissjóðs eða ábyrgð ríkissjóðs vegna bótanna. Það er ekki skilyrði fyrir þessari ábyrgð að það hafi gengið dómur um sök í málinu.

Það hefur verið vikið hér að nokkrum öðrum málum, til að mynda þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á skipun sýslumannsembætta í landinu. Það er hluti af sparnaðarráðstöfunum dómsmrn. að leggja til að tvö sýslumannsembætti verði sameinuð öðrum nærliggjandi embættum þar sem ekki er um langan veg að fara til að sækja sýslumannsþjónustu annaðhvort til næsta sýslumannsembættis eða næsta útibús sýslumannsembættis. Það er svo að ef við ætlum að ná árangri í sparnaði í ríkiskerfinu þá þurfum við líka að horfa á það að í yfirstjórn kerfisins þarf að gera endurskipulagningu. Hluti af yfirstjórn ríkiskerfisins eru sýslumannsembættin. Þau voru eðlilega staðsett og ákveðin á sínum tíma með tilliti til aðstæðna. Aðstæður hafa verið að breytast bæði vegna bættra samgangna, vegna bættra fjarskiptatækni og nýrra möguleika í þjónustu. Það er alveg ljóst að í áframhaldandi sparnaðaraðgerðum þarf að stíga enn stærri skref í uppstokkun í yfirstjórn kerfisins. Það liggur fyrir að á næsta ári þarf að stíga stærri skref og sameina fleiri sýslumannsembætti. Ég lagði fram tillögur um það fyrir ekki mörgum árum að stíga mjög stórt skref í þeim efnum. Þá þótti ýmsum sem ætlunin væri að stíga of stórt skref í einu og heppilegra væri að ná markmiðunum með því að hafa skrefin styttri en fleiri. Þær tillögur sem hér liggja fyrir byggja m.a. á því. Ég ætla ekki að gera upp á milli þessara sjónarmiða hvaða aðferð eigi að nota til að ná þessum markmiðum. Það er alveg ljóst ef við ætlum að ná frekari árangri í sparnaði í ríkisrekstri þarf líka að taka á yfirstjórninni. Menn verða að vera reiðubúnir til þess að taka á á því sviði. Þess vegna blasir það við að við þurfum að stíga enn stærri skref á næsta ári í þessum efnum. Við erum alltaf reiðubúnir til þess í dómsmrn. að ræða um fyrirkomulag þessarar þjónustu, hvernig má auðvelda fólki aðgang að henni, til að mynda með samningum við skrifstofu sveitarfélaga um afgreiðslur og þar fram eftir götunum ef það er um leið þáttur í því ná fram sparnaðarhugmyndum og minnka kostnað við yfirstjórnina sjálfa.

Þá vík ég að Fiskifélaginu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. *minntist á í morgun. Hér er einfaldlega verið að afnema* skyldu til samninga við Fiskifélagið. Ráðuneytið hefur átt mjög gott samstarf við Fiskifélagið um vinnslu á ákveðnum verkefnum fyrir Fiskistofu. Okkur hefur hins vegar þótt sem greiðslan fyrir þetta væri of há og það er hluti af sparnaðarráðstöfunum að ná niður kostnaði í þessu efni. Hins vegar höfum við verið í viðræðum við Fiskifélagið um áframhaldandi verktöku þess og væntum þess að þær viðræður geti leitt til þess að við gerum samning til lengri tíma við Fiskifélagið. Það hefur verið að ganga í gegnum breytingar. Óhjákvæmilegar breytingar. Þar höfum við verið að stíga þau skref að skilja á milli almennrar félagsstarfsemi og stjórnsýslu sem var óhjákvæmileg aðgerð. Fiskifélagið eins og aðrar slíkar stofnanir sem urðu vissulega til við aðrar aðstæður í þjóðfélaginu, urðu að horfast í augu við þá endurskipulagningu. Ég held að það hafi líka verið fullur vilji til þess innan Fiskifélagsins. Það hefur haft einhver tímabundin áhrif á stöðu félagsins en ég held að allir þeir sem fylgdust með síðasta fiskiþingi hafi sannfærst um að félaginu er að aukast þróttur og afl og síðasta fiskiþing bar vitni um nýja sókn félagsins. Ég held að það sé alveg fráleitt að ætla að þessar breytingar þurfi að leiða til þess að Fiskifélagið koðni niður. Það er ekki markmið stjórnvalda og enda held ég að starf þess á síðasta ári hafi sýnt að það er að eflast á nýjan leik. Ég vona að við getum átt áfram gott samstarf við Fiskifélagið um þessi verkefni en tel fullkomlega eðlilegt að ná þar niður kostnaði eins og á öðrum sviðum í opinberum rekstri og tel ekki eðlilegt að í lögum sé skylda til samninga. Ég er ekki viss um að það þjóni hagsmunum Fiskifélagsins til frambúðar að vera með slík ákvæði í lögum. Það er miklu betra og skynsamlegra að

þróa gott samstarf og góða samvinnu á frjálsum grundvelli eins og ég tel að allar forsendur séu fyrir og vona að takast muni í þeim viðræðum sem nú standa yfir.

[15:55]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að mínum dómi er ekkert sem réttlætir tillöguna um að lækka ríkisábyrgð á bótum til þolenda afbrota og fresta greiðslum á þeim. Í þessari viku var samþykkt á Alþingi 150 millj. fjárveiting til niðurgreiðslna á lambakjöti vegna útsölu. Í þessari viku var líka samþykkt breyting á búvörulögum sem felur í sér aukinn kostnað ríkissjóðs upp á allt að tvo milljarða, ef ekki meira. Það er ekki boðlegt að hæstv. dómsmrh. skuli ræða um heildarmarkmið í ríkisbúskapnum og hallann á ríkissjóði þegar við erum að tala um 40 millj. kr. sparnað á móti þeim útgjöldum sem ég tók dæmi af. Við erum að tala um réttlætismál sem var samþykkt á þessu ári. Þetta eru lög sem voru samþykkt á þessu ári. Hér er um svo mikið réttlætismál að ræða að ekkert réttlætir þessa frestun og þessa lækkun á bótum. Ég skora á ríkisstjórnina að taka tillögurnar til endurskoðunar og að leita að peningum annars staðar. Ég nefndi t.d. fyrr í dag að reynt yrði að draga úr kostnaði við ferðalög og við risnu. Þar liggja hundruð milljóna. Það er ekki boðlegt að láta það út úr sér á hinu háa Alþingi að við getum ekki fundið 40 millj. til þess að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

[15:57]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega auðvelt að benda á ýmsa aðra kostnaðarliði í fjárlögum þegar rætt er um mál af þessi tagi enda mjög algengt í umræðum eins og þessum. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því ef við ætlum okkur að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur í ríkisfjármálum að það þarf að vinna skipulega að því. Ég held að engin önnur leið geti tryggt að við náum þeim markmiðum nema með rammafjárlagagerð eins og þeirri sem þessi ríkisstjórn hefur unnið eftir og sú ríkisstjórn sem sat hér á síðasta kjörtímabili. Það er engin von til þess nema með skipulögðum vinnubrögðum af því tagi. Þá verður hvert ráðuneyti fyrir sig að axla þá ábyrgð að gera sparnaðartillögur innan þeirra marka sem því eru sett. Ef hv. þm. er jafnmikið á móti framlögum til landbúnaðarmála og hér kom fram á hann að beita öllu afli sínu á því sviði og í umræðum um þau en það getur ekki verið ákvörðunaratriði þegar dómsmrn. leggur fram tillögur til þess að halda útgjöldum sínum innan þess fjárlagaramma sem því er sett og það hefur samþykkt að vinna eftir.

[15:58]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. er alveg jafn vel ljóst og mér að ýmsir málaflokkar hafa forgang umfram aðra. T.d. er það stefna þessara fjárlaga að hlífa nú menntamálum sem urðu fyrir allverulegum niðurskurði á síðasta kjörtímabili. Það er ekki sama um hvað við erum að tala. Ég er reiðubúin til að leggja hæstv. dómsmrh. lið við að fækka sýslumannsembættum. Ég tel að það sé rétt. Ég er tilbúin til þess að styðja ýmsar stjórnkerfisbreytingar. Það er ekki sama um hvað við erum að tala. Við erum að ræða mjög alvarlegt réttlætismál sem snertir fólk sem hefur orðið fyrir miklum áföllum. Við hljótum að geta sameinast um það á hinu háa Alþingi að finna þessar 40 millj. Ég trúi ekki öðru.

[15:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki mikill munur á skoðunum mínum og hv. þm., sem hér talaði, að þessu leyti. Ég fagna því að fá stuðningsyfirlýsingu við að ná fram sparnaðarmarkmiðum á öðrum sviðum og ekki síst eins og þeim sem við höfum verið að reyna að koma fram í yfirstjórn kerfisins sjálfs og vonandi eigum við eftir að sjá meiri árangur á því sviði. Ég hef sannarlega saknað þess að hafa ekki fengið nægan stuðning við það á undanförnum árum en vonandi verður þar bót á.

[16:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég væri hættur að verða hissa í þessum sölum en undir ræðu hæstv. dómsmrh. vaknaði þessi gamli hæfileiki til þess að undrast aftur. Það var út af fyrir sig notalegt en það var ekki notalegt að hlusta á málflutning og rökfærslu hæstv. ráðherra.

Við erum að tala um lög sem eru nýsamþykkt og varða greiðslur bóta til þolenda afbrota. Þetta er mannréttindamál en hæstv. ráðherra kemur hingað og talar um ríkissjóðshallann og rammafjárlög. Herra forseti. Þeim sem hafa sætt varanlegri örorku vegna ofbeldis, þeim sem hefur verið nauðgað, þeim sem hafa misst nákominn ættingja vegna ofbeldis er ekki hugsað til halla ríkissjóðs. Þeir eru að hugsa um það að tjasla saman þeim brotum sem eru eftir af þeirra viðkvæma lífi. Þeir eru að hugsa um það að reyna að synda áfram í gegnum lífið og þessi lög voru einmitt hugsuð til að hjálpa þeim til þess. Svo kemur hæstv. dómsmrh. og talar um halla ríkissjóðs. Á ég að trúa því að hvergi sé hægt að finna þær 40 millj. sem þarf til þessa? Ég vísa því til hæstv. forsrh. Ég tel að það mundi hjálpa til þess að afgreiða þennan bandorm í gegnum þingið á næstu dögum og næstu vikum ef hann mundi hlutast til þess að þessu yrði kippt út alveg eins og góðir menn hlutuðust til þess að öðru álíka vitlausu sem laut að innritunargjöldum var kippt út úr bandorminum. Það mundi hjálpa mikið og greiða fyrir afgreiðslu málsins. En að öðru leyti hlýt ég, herra forseti, að mótmæla á öllum dýpstu, mórölsku forsendum málflutningi og röksemdafærslu hæstv. dómsmrh. í þessu máli.

[16:02]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. 15. þm. Reykv. kom mér ekki á óvart. En ég minnist þess þó að þegar við fjölluðum um þetta mál í síðustu ríkisstjórn voru auðvitað uppi efasemdir, ekki um efni frv. heldur um þann kostnað sem leiddi af því og ég man að flokkur hv. þm. hafði slíkar efasemdir í frammi. Svo kemur hv. þm. hér og nú eins og peningar skipti engu máli þegar réttarbætur af þessu tagi eru til umfjöllunar. Ég er alveg sammála hv. þm. um gildi þeirra réttarbóta sem hér er fjallað um. Við erum að stíga skref í þá veru að ríkið ábyrgist að hluta til bótagreiðslur til tjónþola sem þeir eiga rétt á úr höndum annarra. Eins og lögin voru samþykkt fólu þau í sér ákveðnar takmarkanir á bótagreiðslum ríkissjóðs. Vegna fjárhagsaðstæðna setjum við heldur meiri takmarkanir en við ætluðum í upphafi og ég man ekki betur en flokkur hv. þm. hafi bent á þær staðreyndir þegar við fjölluðum um þetta. Ég er ekki að gera lítið úr málflutningi hans hér en bendi bara á að öll verk af þessu tagi lúta þessum takmörkunum sem við stöndum frammi fyrir.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hæstv. dómsmrh. var dæmalaus og sú versta sem hann hefur flutt. Það er meira en að seilast um hurð til lokunnar þegar menn leyfa sér í svona umræðu að svara með dylgjum um það sem einhverjir kunni einhvers staðar að hafa sagt. Ég kannast ekki við þessi ummæli mín eða samráðherra minna úr síðustu ríkisstjórn. Ég kannast ekki við að Alþfl. hafi lagst gegn þessu. Það undirstrikar hversu brotgjarn sá stallur er sem hæstv. dómsmrh. stendur á í þessu máli að hann skuli leyfa sér að svara þeim sem mótmæla honum með dylgjum af þessu tagi.

[16:05]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var ekki um að ræða neinar dylgjur. Ég benti aðeins á þá staðreynd að flokkur hv. þm. hefur oft og iðulega bent á, bæði utan og innan ríkisstjórnar, þær fjárhagslegu staðreyndir sem setja okkur mörk á hverjum tíma. Ég er ekki að segja flokki hv. þm. þetta til hnjóðs. Þvert á móti er þetta kannski það sem helst má finna flokki hv. þm. til ágætis að hann hefur reynt að sýna ábyrgð í ríkisfjármálum. Ég er hvorki að draga úr vilja hv. þm. né flokks hans til þess að taka myndarlega á í þessu máli, engan veginn að væna hvorki hv. þm. né flokk hans um það heldur aðeins að vekja athygli á því að bæði í þessu máli og öðrum þurfa menn að virða þær fjárhagslegu takmarkanir sem ríkissjóði eru settar á hverjum tíma.

[16:06]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. reynir auðvitað að verja lagabreytingarnar um bótagreiðslurnar. Honum er nauðugur einn kostur. Hann talar um heldur meiri takmarkanir á upphæð bótagreiðslna eins og þær séu ekki mjög miklar en þær eru auðvitað geysilega miklar og það hefur allt verið rakið áður.

Ég tel mig reyndar vita nokkuð um hug hæstv. dómsmrh. í þessu máli og staða hans er auðvitað ekkert öfundsverð. Honum er settur ákveðinn rammi og svigrúmið er lítið í ráðuneyti hans. Ég held að honum sé þetta bæði sárt og nauðugt. Ég held að það skorti ekkert á skilning hans en að vandamálið sé að þennan skilning skorti meðal samráðherra hans og þeirra sem standa að baki þessari ríkisstjórn. Ég kalla eftir skilningi úr röðum þeirra því að hér er um að ræða forgangsröðun í ríkisfjármálum og allir ráðherrar bera ábyrgð í þessu efni. Ég er sannfærð um að hæstv. ráðherra fagnar stuðningi alþingismanna í þessu efni, bæði úr minni og meiri hluta, við að finna leiðir til þess að tryggja framgang laganna í óbreyttu formi.

Ég ítreka að ég heiti á hv. þm. í öllum þingflokkum að sameinast um að finna leiðir til þess að tryggja lögunum þann framgang sem þau eiga að fá.

[16:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Oft hef ég blygðast mín sem stjórnarliði vegna vinnubragðanna í desember yfir því hvernig tillögur í fjárlagagerðinni koma seint og illa fram, yfir því að bandormur kemur eins og gusa einhvern tíma í desember og þingmönnum er ætlað að setjast yfir þessi mál með miklum hraða. En aldrei hefur mér fundist jafnmikið virðingarleysi felast í framlagningu bandormsins svokallaða og núna, virðingarleysi við þingmennina sem eiga að vinna með hann og taka efnislega á því sem þarna er lagt fram, virðingarleysi gagnvart þingnefndunum sem koma margar að þessu máli þó að honum sé vísað til efh.- og viðskn. og blygðunarkennd yfir þeirri flaustурslegu yfirferð sem er væntanlega fram undan miðað við þessi vinnubrögð.

Áðan var nefnt varðandi einstöku mál hvort ekki væri hægt að finna 40 millj. og taka af öðrum kostnaðarliðum, hvort ekki mætti einhvers staðar finna fjárveitingar. Mig langar að nefna hvað mér finnst vera gallinn á ríkisfjármálunum og meðferð þeirra, þessu dreifða valdi, skiptingu ríkisfjármálanna á milli ráðuneyta sem eru bundin í tölur sem einhvern tíma voru og eru hækkaðar eða lækkaðar innan ramma sem gefinn er og er svo teygður og togaður eftir pólitískum átökum í þingsal hverju sinni. Þetta er einmitt það sem er svo ólíkt því sem er í sveitarstjórnunum þar sem menn geta komið sér saman um að draga úr eða frysta ástand í einhverjum málaflokki og veita öðrum málaflokki fullkominn forgang vegna áherslu á það sem þeir vilja efla. En við ríkisstjórnarborðið gefur enginn eftir gagnvart öðrum. Allir skulu halda í sitt eins og unnt er og hvergi gefa boltann yfir til annars. Þess vegna er alveg ljóst að það mun hvergi geta gerst annars staðar en í þingsal að við finnum saman 40 millj. til að bæta úr svo vondu máli eins og hér hefur verið rætt.

Ég vil líka geta þess að þessi bandormur er stórpólitískur. Auðvitað er hann alltaf pólitískur en að þessu sinni er hann stórpólitískur. Það er í fyrsta lagi vegna niðurskurðarins sem hér er verið að staðfesta og sem staðfestir mjög harkalegar gerðir gagnvart þeim sem minnst hafa í okkar þjóðfélagi. Í öllum tilfellum er niðurskurðarhnífnum beitt gagnvart þeim sem minnst hafa og þeim sem jafnvel ekkert eiga. Í öðru lagi er hann stórpólitískur vegna þess að grundvallarbreytingar á lögum sem voru ræddar á sínum tíma sem frv. í þingsal sem fjallað var um í nefndum og afgreiddar úr nefnd, væntanlega öfluga yfirferð, og lögfestar á Alþingi, slíkum lögum og sterkum ákvæðum þeirra er nú kippt úr sambandi í einni vendingu. Með einu pennastriki eru ákvæði sett út úr lögunum sem voru á sínum tíma hugsuð sem grunnurinn að framgangi þeirra mála sem viðkomandi lög fjalla um. Ég veit að á liðnum árum höfum við öll staðið að því að samþykkja svokölluð „þrátt-fyrir"-ákvæði aftur og aftur og við réttlætt þau með því að það séu erfiðar tímar, það sé samdráttur í þjóðfélaginu og þess vegna verði að draga úr þeim ákvæðum sem lögfest eru. En hér er 33 lögum breytt með einu plaggi og „þrátt-fyrir"-ákvæðunum svokölluðu kippt úr sambandi. Í öllum þeim lögum sem hér er breytt hvað „þrátt-fyrir"-ákvæðin varðar, öllum lögunum sem hafa lögfestan tekjustofn, er því ákvæði hent út.

Mér sýnist að það séu um 10 lög þar sem kveðið er á um lögbundinn tekjustofn sem er nú sett út eins og hendi sé veifað til allrar framtíðar. Ég get alveg tekið undir að það sé mikilvægt að skoða sjálfvirkni ríkisútgjalda, að það sé erfitt að vera með þá miklu sjálfvirkni sem er komin í ríkisútgjöldin. En það er allt annað að ætla þingmönnum vinnubrögð af þessu tagi, að fá ekki að skoða, fjalla nægilega um og af myndugleik hvað er rétt að gera í hverju einstöku tilfelli. Alþingi fannst á sínum tíma réttmætt að tekjustofnar væru tryggðir í þessum tilfellum og því ætti Alþingi að skoða hvert tilfelli nú þegar tekjustofnum er varanlega hent út úr lögunum. Og það er ekki hægt að skoða þetta á neinn viðunandi hátt vegna þess hraða sem þessi bandormur á að hafa í gegnum þingið.

Ég sé það, virðulegi forseti, að svokallað „þrátt-fyrir"-ákvæði er látið halda sér t.d. varðandi erfðafjársjóðinn og Framkvæmdasjóð fatlaðra sem nú er verið að skerða mjög. Í fyrsta sinn er gripið til þess ráðs að skattur erfðafjársjóðs er ekki lagður óskertur inn í framkvæmdasjóðinn. En skrefið hefur verið stigið. Í þetta sinn er framkvæmdasjóðurinn skertur, erfðafjársjóður skilar sér ekki inn í hann og það segir okkur að miðað við þau 10 lög sem nú er tekið á með varanlegum hætti hljótum við að gera ráð fyrir því að þetta sé fyrra skrefið af tveimur og seinna skrefið verði að afnema erfðafjársjóð sem tekjustofn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Og þar sem ég stend í þessum ræðustól Alþingis finn ég á mér að það er það sem koma skal í næstu fjárlögum, næsta ríkisfjármálabandormi, að Framkvæmdasjóður fatlaðra skuli þar eftir verða fjármagnaður með framlagi á fjárlögum. Ég tel að það sé mjög brýnt að þingmenn búi sig undir að þetta sé fyrra skrefið af tveimur í sömu átt.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram. Það er óhugnanlegt hversu víða í fjárlögunum og bandorminum er höggvið í sama knérunn, eða þá sem minnst hafa. Virðulegi forseti, má vera að það sé misskilningur hjá mér en ég hef á tilfinningunni að það sé mjög mikil óróleiki í þingsal. Það er fremur óþægilegt að svo margir fundir séu í gangi í einu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti tekur orð hv. þm. til greina og biður þingmenn um að veita ræðumanni hljóð.)

Þeir geta farið í hliðarherbergi ef þeir vilja ræða eitthvað annað. Það sem ég var að leggja áherslu á, virðulegi forseti, er að það er óhugnanlegt hversu víða í fjárlögunum og bandorminum er höggvið í sama knérunn og hagur þeirra sem lítið hafa skertur. Það er búið að flytja mjög langar ræður um þau mál hér þannig að ég ætla að stytta mál mitt hvað það varðar, en þó vil ég endilega árétta það sem mér liggur helst á hjarta. Bætur almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs eru algerlega aftengdar launaviðmiðun. Ég ætla að nefna það hér að það var mat ASÍ og BSRB að þetta þýddi um 600–700 millj. kr. sparnað ríkisins. Það er ekki bara verið að sporna við útgjöldum. Það er hreinlega verið að spara á því sem fólk sem ekkert hefur fær í bætur.

Við höfum gagnrýnt það harðlega í flokki mínum að fjármagnstekjuskattur sé tekinn upp gagnvart öldruðum án þess að nokkur ákvörðun liggi fyrir um það hvort eða hvenær væntanlegur fjármagnstekjuskattur verði lagður á aðra þegna. Ég get alveg tekið undir þá gagnrýni og hef gert það í umræðu um fjárlög að það sé óviðunandi að fólk með fjármagnstekjur fái viðbótarbætur frá Tryggingastofnun. En við verðum líka að vera sjálfum okkur samkvæm og á meðan við höfum ekki lagt fjármagnstekjuskatt á aðra þegna er óviðfelldið að leggja þennan skatt á aldraða.

Það er fremur lítið fjallað um aukna gjaldtöku sem hefur verið boðuð og er óljóst hvar hún kemur niður og hvernig verður farið með hana eftir að innritunargjöldin hafa verið felld út. Ég fagna því alveg sérstaklega að Framsfl. hefur haft döngun í sér til að fella út innritunargjöld á sjúkrahús, sem búið var að samþykkja.

Ég nefndi Framkvæmdasjóð fatlaðra áðan og ég ætla að nefna það varðandi hann að það hefur verið full sátt um ýmislegt sem hefur snúið að þessum sjóði. Hann var við stofnsetningu ákveðinn til þess að standa undir byggingarframkvæmdum, ekki rekstri. Hins vegar hefur það gerst í áföngum að ákveðinn hluti Framkvæmdasjóðs fatlaðra hefur verið tekinn til að standa undir rekstri og það hefur verið réttlætt með ýmsu. Fyrst varðandi viðhald, seinna varðandi viðhald og aðgengimál fatlaðra sem brýnt var að taka á og enn síðar var það aukið að rekstur mætti nema um það bil 40% af því fjármagni sem var í sjóðnum, svo fremi að greiðslurnar sem inntar væru af hendi væru til að létta á stofnanaþjónustu og þar með létta á stofnanaþörf. Það er mjög mikilvægt þegar við förum út í að taka fjármagn úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í rekstur að það séu þá greiðslur sem létta á stofnanaþjónustu, að það séu nýjar leiðir sem farið er til að afstýra því að það þurfi að reisa fleiri byggingar þar sem starfsemi fyrir fatlaða fer fram. Þannig hafa t.d. aukin liðveisla við fatlaða sem gerir þeim kleift að búa í eigin íbúð, liðveisla til að vera úti í atvinnulífinu í stað þess að byggja verndaða vinnustaði og auknar greiðslur til stuðnings fjölskyldum sem taka fötluð börn að sér yfir helgar, hlúa að þeim og létta á erfiðleikum heimila þar sem fötluð börn búa og ýmsir aðrir slíkir liðir verið greiddir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna þess að þeir þýða kerfisbreytingu og létta á stofnanauppbyggingu. Þeir létta á seinni tíma rekstri. Það er rétt leið að fara og góð stefna. Þess vegna hefur verið leitað eftir því hverju sinni að samtök fatlaðra væru með í þessari stefnumörkun. Þau hafa fallist á að veita fjármagn úr þessum sjóði til reksturs og hafa viðurkennt þörf þessara þátta.

Nú er engin sátt. Nú berst inn á borð okkar þingmanna erindi frá hverjum samtökunum á fætur öðrum, öllum samtökum öryrkja og Samtökum aldraðra. Allir bera ugg í brjósti. Allir óttast hvert er stefnt vegna þess að öll sátt hefur verið lögð fyrir róða. Menn kæra sig ekki lengur um að leitað sé eftir því að stíga saman þau skref sem stigin eru inn í nýja framtíð með breyttum áherslum. Það er bara gert si svona, af því að ríkisstjórnin ætlar að hafa það svona. Og það er miklu stærra mál að hverfa frá sátt og samvinnu, t.d. um sjóð sem þennan, en það sem nemur fjárhæðinni sem verið er að rýra hann með. Því nú er vantrú og tortryggni ráðandi í röðum þeirra sem eiga að hafa samvinnu við ríkisvaldið í þessum mikilvægu málum.

Virðulegi forseti. Áður en ég tók hér til máls var verið að ræða hvernig dómsmrh. hefur farið með bótagreiðslur vegna kynferðislegs ofbeldis. Þetta er nákvæmlega sama niðurstaðan og ég hef gert að umtalsefni, það er vegið að þeim sem bágir eru. Nú á að lækka bótagreiðslur til þeirra sem eru í sárum og hafa lítið haft fram til þessa. Þeir hafa litið til þess að lögin kæmu til framkvæmda og hagur þeirra yrði bættur. Það er óviðurkvæmilegt hvert ráðherrar beina niðurskurðarhnífnum og það er ekki hægt að réttlæta það. Það er e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að ræða frekar það sem snýr að þessum bótagreiðslum. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna hvernig á að skerða bæturnar. Það er ekkert smáræði, það eru ekki einhver 10%, það eru ekki einhver 25%. Nei, það er verið að lækka bætur vegna tjóns á munum úr 500 þús. í 250 þús., hámarksbætur vegna líkamstjóns úr 5 millj. í 2,5, hámarksbætur vegna miska úr 1 millj. í 400 þús. og hámarksbætur vegna missis framfæranda úr 3 millj. í 750 þús. Hvernig í ósköpunum er hægt að setjast niður með pennann og ákveða að bætur vegna missis framfæranda séu nú nægilegar 750 þús. ef niðurstaðan í vor var sú að þær ættu að vera 3 millj.? Það er auðvitað fullkomlega afstætt að vera að tala um bætur yfirleitt eða bætur fyrir missi framfæranda. En að fara úr 3 millj. í 750 þús. er svo dæmalaust að mig undrar ekki að dómsmrh. hefur verið fremur rjóður á vangann þegar hann svarar viðbrögðunum við þessu ákvæði. Ég tek undir þær áskoranir sem hér hafa komið fram. Það er

verst að ráðherrar sitja ekki hér, sérstaklega fjmrh. sem ætti að heyra áskoranir okkar þingmanna. Ég tek undir áskoranir til annarra ráðherra að hjálpa dómsmrh. með rammann sinn ef hann á ekkert innan hans svo hægt sé að finna þessar 40 millj.

Virðulegi forseti. Ég hef fyrst og fremst beint sjónum mínum að útgjaldaþáttum í velferðarþjónustunni og ég hef gert það viljandi vegna þess að formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, gerði þessum bandormi mjög vel skil í ræðu sinni og fór yfir önnur efnisatriði þar sem sjónarmið okkar alþýðuflokksmanna koma fram. En mig langar að koma með nokkrar fyrirspurnir sem ég held að ekki hafi verið komið inn á í þessari umræðu og óska eftir því að fá upplýsingar um hvað felist í ákvæðum bandormsins. Eins og komið hefur fram, þá er hann afar fátæklegur. Hann er afar fátækur af upplýsingum um hvað í raun felst í þeim lögum sem verið er að breyta. Fyrsta dæmið sem ég vil nefna er 17. gr. Í athugasemd um hana segir:

„Framlag ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs hefur verið skert eða fellt niður með sérstöku tímabundnu ákvæði nokkur undanfarin ár. Framlagið á að nema 600 þús. kr. á ári, miðað við byggingarvísitölu 1. júlí 1981. Það mundi núna nema 8,1 millj. kr. Hér er lagt til að framlag til sjóðsins fari að ákvörðun Alþingis hverju sinni, en í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir framlagi til þessa málefnis."

Bandormurinn birtist ekki fyrr en í gær og það er útilokað fyrir okkur þingmenn að fletta upp 33 lögum til að sjá nákvæmlega hvernig fjallað var um þessa þætti í þeim, hvað þá heldur að við getum flett því upp og skoðað hvernig hefur farið með þennan lið á liðnum árum. Það ætti að sjálfsögðu að standa hér hvernig framlagi hefur verið háttað á liðnum árum svo auðveldara væri fyrir þingmenn að athuga hvað verið er að gera og í hverju það er frábrugðið því sem áður hefur verið.

Ég hef nefnt Framkvæmdasjóð fatlaðra sem fjallað er um í 22. og 23. gr. og kallað eftir því varðandi hann hvort nánari skilgreining hafi fengist á því til hvers konar reksturs skerðing hans á að fara. Á hún að ganga inn í málaflokkinn eins og hver önnur fjárhæð fjárlaga eða er hún ætluð í eitthvað sérstakt? Er búið að fara yfir það í Framkvæmdasjóði fatlaðra hvert hlutfall framlaga til þeirra þátta sem ég nefndi hér áðan, viðhald, liðveisla, stuðningsfjölskyldur o.s.frv., verður af því sem eftir er í sjóðnum? Miðað við fyrri reynslu má gera ráð fyrir að til þessa fari um 100 millj. Þá værum við jafnvel komin upp fyrir það sem eftir stendur í sjóðnum, miðað við það sem þegar er bundið.

Ég gagnrýni harðlega að hér skuli vera teknar geðþóttaákvarðanir um þróun bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga en það er það sem koma skal að ríkisstjórn mun ákveða hverju sinni hvort yfirleitt á að hækka bæturnar eða ekki. Ég geri mér fulla grein fyrir því að 3% svigrúm er inni í ákvæðinu fyrir næsta ár. En það er í þessu eins og öðru að skrefið hefur verið stigið. Hér eftir er það ákvörðun ríkisstjórnarinnar hvað er greitt og að hve miklu leyti hlutfalli er haldið.

Um 40. gr. segir svo: „Þar sem fyrirhugað er að fella niður bótaflokkana ekkju- og ekklabætur og ekkjulífeyri en rýmka heimild til greiðslu dánarbóta í staðinn, er nauðsynlegt að breyta samhliða upptalningu 1. mgr. 1. gr. laga um félagslega aðstoð. Þá er tekið inn ákvæði um endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf." Þessar fjórar línur eru það sem sagt er um 40. gr. um ekkju- og ekklabætur og um endurgreiðslu vegna læknishjálpar og lyfja. Hvað þýðir þetta ákvæði í raun? Hvaða fjárhæðir er verið að setja af? Hvaða fjárhæðir er verið að taka inn í endurgreiðslur vegna kostnaðar og hvernig á að fara með það? Hvaða reglur eru þarna boðaðar? Ég ber þá spurningu fram til ráðherra.

Í 41. gr. eru mæðra- og feðralaunin skert. Hvað er sagt í ríkisfjármálabandorminum þegar ríkisstjórnin ákveður að skerða mæðra- og feðralaun? Sagt er: „Þessi breyting felst í því að mæðra- og feðralaun með einu barni falla niður. Þau nema nú 1.048 kr. á mánuði og lækka bætur um sömu fjárhæð á hvert barn með tveimur og þremur börnum." Vegna þess að bandormurinn kom fram í gær og menn hafa verið að hlaupa yfir þessi ákvæði þá hafa sumir gripið þetta þannig að verið sé að skerða mæðra- og feðralaunin með einu barni. En það er verið að gera meira. Ákveðið er að bætur með tveimur og þremur börnum skerðast nú um 1.048 kr. á hvert barn. Það á að fella bætur niður með fyrsta barni og skerða bætur með öðru og þriðja barni um 1.048 kr. á mánuði. Þetta er stórt mál á sama tíma og boðað er að skoða jaðarskattana, skoða hversu langt er gengið í tekjutengingu bóta, boðað að taka á barnabótaaukanum þannig að svolitlu sé létt af þeim bratta sem við köllum jaðarskatta. Á sama tíma er laumað inn litlu ákvæði um að fella niður mæðra- og feðralaun með einu barni og lækka um 1.048 kr. á hvert barn með tveimur og þremur börnum. Þarna er sem sagt skert fram að fjórða barni. Það er allt í sama stílnum hjá þessari ríkisstjórn. Mér er óskiljanlegt að flokkur sem hefur viljað teljast til fjölskylduflokks skuli hafa þessa stefnu í ríkisfjármálum. Það er höggvið alls staðar í sama knérunn. Hvernig kemur þetta inn í fjölskyldumálin og hvernig kemur þetta inn í stöðu þeirra einstaklinga sem fá mæðra- eða feðralaun með börnum sínum?

Athyglisvert er að þegar vitnað er í jafnréttissjónarmið í þessu plaggi þá er vitnað í að eitthvað sé ekki lengur í takt við jafnréttissjónarmið. Þá er það af því að það er hjá öðru kyninu en ekki hinu. Um 43. gr. segir: „Ekkjulífeyrir er bótaflokkur sem ekki er lengur í takt við jafnréttissjónarmið. Því þykir rétt að fella hann niður." Samræmingin er alltaf niður á við. Ekki er verið að skoða hvort ekkjur og ekklar þurfi einhvern stuðning. Nei, af því að þetta er ekkjulífeyrir og brýtur í bága við jafnréttið á að þurrka hann út. Þeir sem hafa notið lífeyrisins munu þó halda áfram að fá hann en sá sem er að verða 67 ára og hefur búist við því að þarna kæmi einhver hungurlús fær hana ekki.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla um fleiri af þessum útgjaldaþáttum. Ég veit að það er umhugsunarefni að við komum hvert af öðru og tölum um sömu þættina. Margar greinarnar eru með þeim hætti að það er mjög mikilvægt að ræða um þær aftur og aftur og skrifa um þær og þannig að allir geri sér grein fyrir því hvað hér er á ferð og hvað ríkisstjórnin er að gera.

Að lokum ætla ég að nefna þætti sem snúa ekki beint að útgjöldunum en snúa að heilbrrh. Í 47. og 48. gr. er ákvæði um heilsugæslustöðvar. Þar er lagt til að formaður stjórnar heilsugæslustöðva verði skipaður af þeim ráðherra sem hann á að vera trúnaðarmaður fyrir og að kjörtímabil hans sé hið sama og ráðherrans. Ég er alveg sammála því og ég held að það sé frekar gott mál. Það hefur verið tekið upp í mörgum öðrum tilfellum. Síðan segir að ekki sé nauðsynlegt að viðkomandi formaður hafi búsetu á viðkomandi svæði. Í 48. gr. er lagt til að skipunartími fulltrúa ráðherra skuli vera takmarkaður við embættistíma og að búsetuskilyrði sé fellt brott. Ég spyr hvers vegna? Er ekki mikilvægt að sá

fulltrúi sem á að sjá um þessi mál heima búi á svæðinu og þekki til mála sem neytandi og hafi góð tengsl við nánasta umhverfi sitt? Hvaða spor er verið að stíga og til hvers með því að ákveða að viðkomandi þurfi ekki að hafa búsetu á viðkomandi svæði? Erum við að sjá það fyrir að það verði jafnvel einhver sendur inn á svæðin til að sjá um þessa þætti?

Ég ætla líka að bera fram spurningu varðandi forvarnasjóðinn sem getið er um í 51. gr. Hvar er þeim sjóði skipaður sess? Hverjir eiga að veita úr honum? Hafa verið settar reglur um hverjir eiga kost á að fá úthlutað úr honum? Við skoðuðum þetta í félmn. fyrir skömmu. Þarna eru samræmd framlög til varna og ég held að það sé gott mál en ég gat ekki fundið í þeim gögnum sem ég var með í fjárlögunum hvernig ætti að skipa þessum málum. Ég spyr því fjmrh. hvað hefur verið ákveðið varðandi þennan sjóð.

Í 56.–60. gr. er fjallað um greiðslur ríkissjóðs bæði um skipulagskostnað og varanlega breytingu á lögum um verndun, friðun og veiðar á viltum fuglum og skerðingu á framlögum. Þarna eins og annars staðar í bandorminum hliðra menn sér hjá því að geta þess hvernig þessum málum hafi verið skipað, hvað sé verið að skerða, úr hverju og í hvað. Það er því full ástæða til að koma örlítið inn á það. Ég er verulega tortryggin þegar ég les 61. gr. Þar segir:

„Gerð er tillaga um að ráðuneytum verði heimilt að færa verkefni milli stofnana“ — ég bið þingmenn að taka eftir þessari setningu — „eða fela sveitarfélögum og einkaaðilum að veita lögbundna þjónustu fyrir hönd ríkissjóðs, enda sé það talið hagkvæmt. Við það er miðað að mögulegt sé að breyta þjónustusvæðum og að um tímabundna samninga um þjónustuviðskipti verði að ræða.“

Ég geri mér fulla grein fyrir því að 61. gr. fer ekki inn í þennan bandorm svona af því bara. Þessi 61. gr. er grundvöllur fyrir einhverju sem koma skal og ég er tortryggin og lái mér hver sem vill. Hvað þýðir þessi grein og hvað boðar hún?

Virðulegi forseti. Þó það sé ekki bundið þessum bandormi beint spyr ég heilbrrh. til fróðleiks: Hvað er að frétta af bílalánum Tryggingastofnunar ríkisins? Ég spyr fjmrh. að gefnu tilefni. Ef ég man rétt er í fjárlögunum getið um lækkað framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í bandorminum er ekkert sem segir beinlínis hvernig á að mæta því lækkaða framlagi vegna þess að ekki er að sjá að skerðing á bótum miðað við að þær eiga að halda sér eins og þær eru lækki þörf sjóðsins. Ég verð að segja, hæstv. fjmrh.: Öðruvísi mér áður brá ef hér má standa lækkun í fjárlagafrv. án þess að ákvæði þar um komi inn í bandorminn. Minnist ég margra erfiðra stunda frá sl. desember þegar og ég segi þetta. Þess vegna spyr ég: Hvað kemur til að ekki skuli tilgreint hvað lækkar þessa fjárhæð í Atvinnuleysistryggingasjóði?

[16:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín og mun ég leitast við að svara þeim. Sú síðasta var frá hv. 5. þm. Reykn. Varðandi lækkunina á Atvinnuleysistryggingasjóði er rétt að taka fram að verið er að endurskoða lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð og endurskoða lögin um vinnumiðlanir. Við gerum okkur vonir um að með því að gera vinnumiðlanirnar skilvirkari takist að útvega fleirum vinnu og létta með því á Atvinnuleysistryggingasjóði. Jafnframt hefur Hagstofan upplýst að atvinnuþátttaka fer nú vaxandi og það léttir líka á Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki hefur verið ákveðið í smáatriðum hvernig fjármunum framkvæmdasjóðs skuli verða varið, þ.e. þeim hefur ekki verið deilt niður á einstaka málaflokka. Það kann að vera að unnið sé að einhverri tillögugerð þar um en ég hef ekki séð hana.

Varðandi spurningar hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, vil ég að sjálfsögðu kappkosta gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Ég tel að ég hafi gert það og ég mun halda því áfram. Ég tel líka að aðilar vinnumarkaðarins hafi gott samstarf við félmrn. í þeim störfum sem þeir koma að þar. Fulltrúum ASÍ og VSÍ var gerð grein fyrir fjárlagafrv. í lok september á fundi í ráðherrabústaðnum, þar á meðal um áform um afnám sjálfvirkra hækkana. Nú fyrir skemmstu var ASÍ að sjálfsögðu gerð grein fyrir 150 millj. sem fara inn í grunninn um áramót í Atvinnuleysistryggingasjóði og eru samsvarandi launahækkun sem þá kemur væntanlega til framkvæmda.

Samkvæmt frv. sem liggur fyrir þinginu á þskj. 160 segir svo í 2. gr.: „Fyrir lok október ár hvert skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins, þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjalds skal fjármálaráðherra flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.“

Þetta er frv. um tryggingagjaldið sem við gerum ráð fyrir að verði að lögum og þarna sé komin framtíðarskipan á málefni fjáröflunar til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs af tryggingagjaldinu á að duga. Ætlast er til að hann dugi fyrir útgjöldum sjóðsins. En ef svo illa fer að hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs af tryggingagjaldinu dugir ekki fyrir útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs verður auðvitað að brúa það bil og taka tillit til þess við álagningu tryggingagjalds í næsta sinn á eftir.

Hv. 8. þm. Reykv. spurðist líka fyrir um þessi 3% vikmörk sem félmrh. hefur möguleika á að hreyfa til atvinnuleysistryggingagjaldið, bæði upp og niður. Nú er verið að rjúfa sjálfvirka hækkun atvinnuleysistryggingagjalds og launataxta og þá þótti nauðsynlegt að hafa einhverja möguleika til að hreyfa þetta ef miklar launabreytingar yrðu í landinu. Ég á ekki von á því að þessu þurfi að beita, en ákvæðin voru sett til öryggis ef svo færi að mjög miklar launabreytingar yrðu, en þá væri mögulegt að hækka atvinnuleysistryggingarnar með þessum hætti og ekki þyrfti að koma til annarra aðgerða. Fyrir mitt leyti held ég að sjálfvirkni, reyndar markaðir tekjustofnar líka, séu ekki af því góða. Ég tel að það sé ekki endilega skynsamlegt að hafa sjálfvirkni eða fasta tengingu á milli atvinnuleysisbóta eða launa. Mín skoðun er sú að lægstu laun í landinu séu of lág. Það sem við þurfum að einbeita okkur að er að hækka þau. Hækka lægstu laun í landinu fremur en að hækka atvinnuleysisbæturnar. (Gripið fram í.) Setning launalaga hefur eftir því sem ég best veit yfirleitt ekki gefist vel í veröldinni. Ég væri fús að hlusta á hv. þm. ef hann af fróðleik sínum getur bent mér á dæmi þess að þau hafi tekist og reynst farsæl. Við höldum okkur við frjálsan samningsrétt og þar af leiðandi er launalagasetning andstæð þeim viðhorfum sem hér hafa verið ríkjandi. (Gripið fram í.) Já, en þau eru samningsatriði á milli aðila vinnumarkaðarins. Reyndar hafa nú aðilar vinnumarkaðarins farið

þannig að undanfarið að venjulega hafa þeir samið og síðan sent ríkissjóði reikning.

En ég tel sem sagt að það þurfi að vera fjárhagsleg ábatavon fyrir hinn atvinnulausa að fá sér vinnu. Nú er ég ekki að segja að atvinnuleysisbæturnar séu of háar. Það er síður en svo. En ég tel jafnframt að laun fyrir unna vinnu þurfi að vera eitthvað hærri heldur en atvinnuleysisbætur. Mér finnst það skynsamlegt.

Það hafa komið hér fram í þessum umræðum nokkuð harðar ásakanir um það að við framsóknarmenn séum eitthvað afskiptir við fjárlagagerðina eða við þennan bandorm. Þetta vil ég leyfa mér að telja alrangt. Ég hef átt ágætt samstarf við hæstv. fjmrh. um málefni félmrn. Okkur framsóknarmönnum er sannarlega ekki síður en sjálfstæðismönnum annt um að ná niður ríkissjóðshallanum. Við viljum auka hagvöxt í landinu og ein meginforsenda þess er að eyða halla ríkissjóðs. Við höfum tekið það mikið upp í okkur, framsóknarmenn, að við viljum skapa 12.000 störf til aldamóta. En það tekst ekki nema með verulegum hagvexti og það krefst hallalauss ríkisbúskapar. Þessi fjárlög eru aðhaldssöm en þau eru engin niðurskurðarfjárlög. Það er ofmælt. Það er enginn niðurskurður í félmrn. Félmrn. verður væntanlega afgreitt nú fyrir jólin í fjárlögum næsta árs með hér um bil nákvæmlega sömu tölu og í fjárlögum þessa árs. Það kalla ég engan niðurskurð. Hins vegar þarf náttúrlega að beita aðhaldi. Laun hafa hækkað og starfsemi aukist og það verður eitthvað minna steypt. Launaþátturinn verður gildari en framkvæmdaþátturinn eitthvað minni. Einungis einn þáttur af málefnum félmrn. hækkar verulega en það eru málefni fatlaðra sem hækka um 10%. En ég bið hv. þingmenn að athuga það að heilbr.- og trmrn. sem verið er að býsnast með að þar sé einhver voðalegur niðurskurður, hækkar um 3 milljarða frá fjárlögum ársins í ár, 3.000 millj. (Gripið fram í.) Ég var að segja að það hækkar um 3 milljarða frá fjárlögum ársins í ár. Menn auðvitað sjá það að með því að framreikna ár eftir ár er auðvitað hægt að þenja þetta út. En ég lít svo á að það sé verkefni ábyrgrar ríkisstjórnar á hverjum tíma að reyna að gæta hófs um útþensluna. Ég er alveg viss um að ef menn hugsa sig um eru þeir mér sammála um þetta. Ég tel að það sé hlutverk stjórnarandstöðu á hverjum tíma að fara ofan í saumana á því sem ríkisstjórn er að gera, t.d. við fjárlagagerð og gagnrýna það sem henni þykir gagnrýni vert og benda á veikleika sem hún kann að sjá. En hún á að sjálfsögðu að gera það með rökum og taka rökum og taka mark á þeim skýringum sem hún fær. Og ekki vera með neina útúrsnúninga að sjálfsögðu.

Menn hafa gert nokkuð úr því hér að ætlaðar fjármagnstekjur skerði bætur. Mér finnst dálítið einkennilegt hvað menn hafa gert þetta að stóru atriði vegna þess að það særir ekki réttlætiskennd mína. Ég tel eðlilegt að þeir sem eru ríkir og hafa miklar tekjur af fjármunum eigi ekki að þurfa jafnmiklar bætur af almannafé og hinir sem eru fátækir og hafa ekkert til framfærslu nema bæturnar. Svo einfalt er það. Ég tel að fjármagnseigendur eigi býsna marga málsvara á hv. Alþingi miðað við það hvað þetta atriði hefur verið magnað upp. Ég tel nefnilega að við eigum fyrst og fremst að hugsa um þá sem þurfa bætur en ekki hugsa bæturnar sem kúf ofan á miklar tekjur ríkra manna. Ég lít svo á að við eigum að stefna að jöfnuði, reyna að sjá til þess að fólkið í landinu hafi allt bærileg lífskjör, en ekki hlaða sérstaklega undir þá með bótagreiðslum sem hafa nóg fyrir sig að leggja.

Fjármagnstekjuskattur hefur komið til umræðu og ég tel að það að koma á fjármagnstekjuskatti sé eðlilegt réttlætismál og að því mun ríkisstjórnin vinna. Ég viðurkenni reyndar að ég er nokkuð óþolinmóður að bíða eftir áliti Ásmundarnefndarinnar sem er undanfari frumvarpsgerðar um fjármagnstekjuskatt. En allt um það. Við verðum að koma á skattlagningu á fjármagn, en það að skerða bætur vegna mikilla tekna finnst mér ekki vera fjármagnstekjuskattur. Ég lít ekki á það sem fjármagnstekjuskatt. Það er skerðing á bótum af almannafé til þeirra sem ekki þurfa á þeim að halda.

[16:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru nú það mörg atriði sem komu fram í ræðu hæstv. félmrh. að ekki er nokkur leið að gera þeim skil í andsvari. Þannig að ég áskil mér rétt til að fara yfir þau rækilegar í síðari ræðu minni og aðallega sérkennilegar kenningar hans um fjármagnstekjuskatt. Ég verð að játa að ég hélt að hann væri ekki orðinn svona „staffírugur" eftir tiltölulega stuttan tíma í ríkisstjórn með íhaldinu. En hæstv. fjmrh. má beinlínis vera stoltur af þessum frænda sínum hvað hann hefur numið klækina ótrúlega hratt. Og hugsa ég til þess með óhugnaði hvernig hæstv. félmrh. verður ef hann situr hjá hæstv. fjmrh. í fjögur ár. Ef þetta er í hinu húnvetnska blóði þá líst mér illa á það vegna þess að það var auðvitað alveg ótrúlegt að heyra hæstv. ráðherra rökstyðja með þessum hætti að það væri ekki verið að leggja skatta á fjármagnstekjur. En það er einmitt það sem verið er að gera. Það er verið að leggja hærri skatta á fjármagnstekjur þessa fólks en allra annarra í fyrsta lagi. Og í öðru lagi er verið að taka það á undan öllum öðrum í þjóðfélaginu. Umræðan snýst um það að því er mótmælt, hæstv. ráðherra og líka liggur málið þannig að verið er að tala um að þegar fjármagnstekjuskatturinn verður loksins lagður á þá verði hann í raun og veru ekki nýr viðbótarskattur á fjármagnstekjueigendur heldur fái þeir leiðréttingu eins og Sjálfstfl. kallar það, vegna þess að hér verði ekki um nettóskattahækkun að ræða. Þess vegna er verið að fara sérstaklega illa með þetta fólk, hæstv. ráðherra. Ég mótmæli því sérstaklega og mun ræða það rækilegar hér á eftir í ræðu minni. En hitt er kannski mikilvægt að ég heyrði ráðherrann ekki halda því fram að niðurskurður á sjálfvirkri hækkun bóta Atvinnuleysistryggingasjóðs og almannatrygginga væri á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar. Hann er ekki væntanlega að halda því fram að það sé í samráði við ASÍ og BSRB að þessi niðurskurður á sér stað. Því verður ráðherrann að svara hvort það er ekki örugglega rétt hjá mér að hann er ekki að halda því fram að ASÍ og BSRB hafi skrifað upp á þessa svívirðu sem felst í frv.

[16:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að upplýsa að það er ekki að beiðni BSRB eða ASÍ sem þessu er háttað svo í fjárlagafrv. Það sem ég sagði áðan og hélt að ég hefði sagt skýrt var að þessi áform voru kynnt fyrir verkalýðshreyfingunni. Varðandi fyrri hluta andsvars hv. þm. þá er nú aldeilis skipt um hlutverk, því nú kemur hann fram, ekki sem vinur litla mannsins, eins og Albert heitinn Guðmundsson var stoltur af að vera. Hann kemur fram sem vinur ríka mannsins. Hann er að verja fjármagnseigendur, þessi gamli sósíalisti. Hann er hér á efri árum í ræðustól bara hneykslaður á því hvað við erum vondir, frændurnir að norðan, við ríka menn.

[16:59]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú óska þeim frændum að norðan hjartanlega til hamingju með það að hafa fundið auðkýfinga Íslands núna rétt fyrir jólin og hafa tekið um það ákvörðun að leggja sérstakan fjármagnstekjuskatt á gamalmenni og öryrkja. Það er glæsileg frammistaða og ég verð að segja það að ég hefði ekki spáð því um vin minn, hæstv. félmrh. að hann strax á fyrstu mánuðum veru sinnar í félmrn. yrði jafnblindur á hag almennings og hann virðist vera orðinn.

Annað atriði sem ég ætlaði að nefna, hæstv. forseti, er það að í frv. stendur, 28. gr., varðandi atvinnuleysisbætur og það er mjög mikilvægt að þessu verði svarað. „Þó er félmrh. heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ...“ Hvað þýðir „að fengnu samþykki ríkisstjórnar“? Félmrh. er stjórnvald atvinnuleysistrygginga og hann á að mínu mati að ráða þeim. Það er ekkert til sem heitir ríkisstjórn sem fjölskipað stjórnvald. (Gripið fram í.) Nei, það er rangt. Það er brot á stjórnarskránni. Lítur hann þannig á, hæstv. ráðherra, að hann hafi sjálfstæði í þessu efni eða er hann neyddur til að bera sínar ákvarðanir undir fjmrh.? Þar með, ef það er svo, væri hann að lýsa því yfir að hann væri ekki félmrh. heldur hæstv. fjmrh.

[17:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Þetta er nú undarleg „lógík“, herra forseti. Ég mundi væntanlega segja frá því í ríkisstjórn og segja reyndar frá minni atriðum en því að ég ætlaði að hækka atvinnuleysisbæturnar um 3%. Mér finnst það bara sjálfsagður hlutur og ég tel ekki að ég sé að afhenda ríkisstjórninni, hvað þá fjmrh., félmrn. (**SvG:** Hérna stendur „samþykki“.) Ég geri ráð fyrir því. Að sjálfsögðu mun ríkisstjórin samþykkja tillögu mína. Ég geri ekki tillögur nema ríkisstjórnin samþykki þær því að yfirleitt reyni ég að hafa þær skynsamlegar. (**SvG:** Yrði þá nafnakall viðhaft?)

Nú hefur hv. þm. setið í ríkisstjórn og það meira að segja fleiri ríkisstjórnum heldur en ég. (**SvG:** Þar voru engin nafnaköll.) Ég veit ekkert hvernig var háttað með nafnakall í þeim ríkisstjórnum sem hann sat í því að við höfum ekki setið saman. Nafnakall hefur ekki farið fram í þeirri ríkisstjórn sem ég sit í. Ég er reyndar ekki búinn að vera þar marga mánuði. (Gripið fram í.)

Varðandi þetta stagl um fjármagnstekjuskattinn, í frv. er því miður ekki verið að leggja á fjármagnstekjuskatt. Það er verið að beina bótum þangað sem þær eiga að fara.

[17:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. sagði: Lægstu laun í landinu eru of lág og það þarf að hækka þau fremur en hækka atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur eru nefnilega líka svo lágar af því að þær taka mið af lægstu launum, en það er líklega þess vegna sem þær eru frystar núna og afnumin tenging við launin. Þetta var mjög fróðleg athugasemd frá félmrh.

Virðulegi forseti. Hvernig læt ég eiginlega? Ég spyr eins og barn. Ég stóð hér og spurði um 300 millj. kr. niðurskurð á Atvinnuleysistryggingasjóðnum og auðvitað komu engin svör um hann því að Framsfl. ætlar að búa til svo mörg störf að það þarf ekkert að greiða jafnmörgum atvinnuleysisbætur. Og ráðherrann náði rammanum sínum með því að fleygja út félagslegum íbúðum og e.t.v. með áformum um að hætta húsaleigubótagreiðslum samanber eitthvert ákvæði í greinargerðinni. Það er margt að finna í greinargerðinni með fjárlagafrv. Virðulegi forseti. Athyglisverðast var að félmrn. sker ekkert niður, segir ráðherrann og e.t.v. auðnast okkur að finna þá þar 40 millj. fyrir dómsmrh.

[17:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að fara hlaupa undir bagga með dómsmrh. í þessu tilefni. Ég endurtek, ég tel að lægstu laun í landinu þyrftu að hækka. Lægstu taxtarnir eru of lágir og ég tel jafnframt að fólk þurfi einhverja hvatningu til að vinna fremur heldur en vera atvinnulaust.

Varðandi félagslegar íbúðir, þá voru uppi í þeim fjárlögum sem hv. síðasti ræðumaður átti hlutdeild að, síðustu fjárlögum, mikil áform um félagslegar íbúðir. Innan við 200 íbúðir félagslegar hafa farið af stað á þessu ári og í fjárlögum næsta árs eða í frv. er svigrúm fyrir 220–230 félagslegar íbúðir. Við erum að reyna að finna skynsamlegra form á þetta félagslega kerfi vegna þess að það er slæmt eins og það er og óréttlátt og ómögulegt og hættulegt í sumum tilfellum. Ég tel að það sé vel séð fyrir félagslegum íbúðarbyggingum í frv.

Varðandi húsaleigubæturnar, þá verða greiddar húsaleigubætur á næsta ári eins og hefur verið á þessu ári. Sú fjárhæð sem tilgreind er í fjárlagafrv. á að duga til þess að gera það með svipuðum hætti. Ég hafði vonast eftir því að fleiri sveitarfélög en raun ber vitni tækju upp húsaleigubætur og samkvæmt lögunum um húsaleigubætur á að endurskoða þær á næsta ári. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að laga þá galla sem eru á húsaleigubótunum. Mér finnst þetta ekki vera gott samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ég hef áhuga á því að sveitarfélögin taki við þeim og þær nái þá um allt land og gangi út yfir leiguíbúðir sveitarfélaga líka. Fleiri atriði mætti nefna sem þarf að laga í þessu.

[17:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta ómögulega og hættulega kerfi sem ráðherrann vísaði til hefur verið björgin góða fyrir margt fólk. Fólk býr við þetta hættulega kerfi og hefur lært hvað það skiptir mjög miklu máli að borga lágar mánaðargreiðslur og komast í öruggt skjól. Það er alveg fáránlegt að hlusta á hvernig ráðherrann talar um húsnæðismál.

Varðandi launin. Það eru allir sammála um að launin í þessu landi eru lág. Allir eru sammála um það. En við vorum að tala um atvinnuleysisbætur og það eru allir líka búnir að taka eftir því að ráðherrann fer alltaf að tala um annað þegar vikið er að óþægilegu málefni. Í þetta sinn fór hann að tala um launin í landinu þegar við vorum að gagnrýna lækkun atvinnuleysisbóta sem stendur fyrir dyrum.

[17:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skildist að það væri verið að gagnrýna það að rjúfa samhengið á milli launa og atvinnuleysisbóta. Björgin góða fyrir fátækt fólk, sagði hv. síðasti ræðumaður, um félagslega kerfið. Það hefur ekki verið björgin góða fyrir sveitarfélögin sem sitja uppi með auðar félagslegar íbúðir tugum saman. Og félagslegu íbúðirnar hafa ekki í afar mörgum tilfellum orðið það úrræði fyrir tekjulágar fjölskyldur sem þeim var ætlað að vera og þetta vil ég laga.

[17:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki blanda mér í umræður þeirra hæstv. félmrh. og hv. þm. Svavar Gestssonar um það hvor þeirra hnígur örar að aldri, en hins vegar fullyrði ég að hæstv. félmrh. tapar minninu miklu fyrr og verr en hv. þm. Svavar Gestsson. Það var alveg ljóst á máli hans áðan þegar hann var að tala um fjármagnstekjuskattinn sem búið er að setja á gamla fólkið í landinu, að hann man til að mynda ekkert eftir bæklingi sem Framsfl. gaf út fyrir síðustu kosningar og heitir Sáttmálinn milli kynslóðanna. Þar er mynd af manni í selskinnsjakka sem er að ávarpa hina gömlu Íslendinga og þar er sérstakur „parsus" um réttindi hinna öldruðu til tryggingarbóta og lífeyrissjóðsgreiðslna og ýmislegt fleira. Þar er hins vegar ekki, hæstv. félmrh., sagt eitt einasta aukatekið orð um það að ef Framsfl. kæmist til valda, þá ætti að skerða lífeyrissjóðsbætur gamla fólksins. Það er talað um ýmislegt annað. En þar er ekkert talað um að það yrði hlutskipti Framsfl. og hæstv. félmrh. sem alltaf hefur nú verið tiltölulega jákvæður í garð alls þess sem lífsanda dregur, að skerða hlut gamla fólksins. Og ég vil endilega, hæstv. félmrh., rifja þetta upp, rifja upp sáttmálann milli kynslóðanna vegna þess að þetta mál eins og svo mörg önnur undirstrikar það að það er ekki nokkur einasti flokkur sem hefur jafnsameiginlega lélegt minni og Framsfl. Enginn flokkur lofaði jafnmiklu og Framsfl. og enginn flokkur sem hefur svikið jafnmikið.

Svo kemur hæstv. félmrh. og segir að Framsfl. hafi ekkert farið verr út úr fjárlögunum heldur en Sjálfstfl. Munurinn á Sjálfstfl. og Framsfl. er sá að Sjálfstfl. gaf bara eitt kosningaloforð. Hann sveik það að vísu. En hinir gáfu nokkra tugi og eru búnir að svíkja nánast öll. Ég gæti lesið hérna upp loforð á tveimur blaðsíðum þar sem Framsfl. gefur kjósendum rétt fyrir kosningar væntingar um hitt og um þetta. Ekkert af því er að finna í fjárlögunum, herra forseti. Ég bið bara um eitt og það er að sá, ég vil ekki segja hrumi, hæstv. félmrh. sem situr hér og skrifar fyrir framan mig, en a.m.k. tapar hann minninu allt of fljótt, kynni sér Sáttmálann milli kynslóðanna og þá kannski rifjast það upp fyrir honum hver þessi maður er í selskinnsjakkanum.

[17:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki nú manninn í selskinnsjakkanum og ég er enn þá jákvæður í garð alls sem lífsanda dregur. Í gær lagði ég það á mig að lesa langan „parsus" úr flokksþingssamþykktum framsóknarmanna svo að ég kann þær nokkuð vel og man alveg síðan í gær. (Gripið fram í.)

Varðandi þennan Sáttmála milli kynslóðanna, þá er það einmitt hluti af sáttmálanum milli kynslóðanna sem við sem erum að raglast með hér í dag. Lifum ekki um efni fram og skiljum ekki eftir óbærilegar skuldir handa krökkunum okkar.

[17:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru örfá orð sem ég vildi segja, einkum og sér í lagi vegna þess að hv. stjórnarandstæðingar hafa gefið tilefni til þess. Aðrir hæstv. ráðherrar hafa þó tekið af mér ómakið og svarað ýmsum fyrirspurnum sem raunar var beint til mín.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi feðra- og mæðralaun og reyndar hafa aðrir hv. þm. talið það mikla ósvinnu hvernig komið er fram við það fólk sem fær feðra- og mæðralaun í frv. sem hér er til umræðu. Það verður að taka tillit til þess þegar þetta frv. er skoðað að í fjárlögunum er gert ráð fyrir að heilar 500 millj. kr. fari í barnabótaauka og þar er alveg sérstaklega séð fyrir því að það fólk sem hér missir spón úr aski sínum tapi ekki á þeim skiptum. Það er því ekki hægt að líta eingöngu á þetta ákvæði þar sem um er að ræða 120–130 millj. ef ég man rétt, 125 nákvæmlega talað, heldur verða menn að skoða þetta í samhengi við þær breytingar sem verið er að gera á tekjuskattslögunum.

Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, sagði að það væri full ástæða til þess að fá yfirlit yfir stöðuna í fjárlagagerðinni. Það væri nánast ómögulegt á grundvelli þess frv. sem hér er til umræðu að átta sig á því hvar við værum stödd í þeim efnum. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt hjá honum að með því að skoða þetta eina tiltekna frv. er ekki hægt að sjá hvernig niðurstaða þess hefur áhrif á fjárlagafrv. að öðru leyti en því sem sagt er í umsögn með frv. Það kemur í ljós að lagaákvæði frv. munu hafa þau áhrif að sparnaður á næsta ári miðað við yfirstandandi ár er 922 millj. og til viðbótar á árinu 1997 213 millj. Þetta segir eitt og sér ekki mjög mikið vegna þess að margt af því sem ríkisstjórnin hyggst gera og er að vinna að í þessum efnum er þannig vaxið að ekki þarf að breyta lögum til að ná markmiðunum fram. Þetta frv. er fyrst og fremst um þær lagabreytingar sem nauðsynlegt er að gera og þarf að gera og eins og fram hefur komið er þetta safn af svokölluðum „þrátt-fyrir"-ákvæðum sem stundum hafa verið í bandormi af þessu tagi og stundum í lánsfjárlagafrv., reyndar oftar.

Hér er gerð tilraun til að koma til móts við óskir sem hafa komið fram á hverju einasta þingi við umræður um lánsfjárlagafrv. um það að breyta lögum varanlega þegar það er ljóst að ár eftir ár hafa stjórnarflokkar á hverjum tíma, og þeir eru nú næstum allir þingflokkar sem eiga sæti á hinu háa Alþingi, boðið upp á það að fresta um eins árs skeið gildistöku ákveðinna greina sem hafa útlát í för með sér. Til að mæta þessum óskum er ekki verið að fresta heldur að breyta lögum þannig að ekki þurfi á hverju einasta ári að koma inn með svokölluð „þrátt-fyrir"-ákvæði. Reyndar er í sumum lagagreinunum enn verið að fresta til eins árs, en það byggist yfirleitt á því að verið er að vinna að undirbúningi heildarendurskoðunar á viðkomandi lögum sem verður væntanlega hægt að breyta varanlega á næsta ári. Það er auðvitað ósiður þegar hv. Alþingi samþykkir lagafrumvörp þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum útgjöldum og svo er aldrei staðið við lagaákvæðin. Það er mun þrifalegra að taka slíkar ákvarðanir í fjárlögum á ábyrgð stjórnarmeirihluta hverju sinni fremur en beita þeim aðferðum sem menn hafa notað hingað til. Stundum hefur það viðgengist að menn hafa notað „þrátt-fyrir"-ákvæði áratugum saman þótt kannski einu sinni eða tvisvar í upphafi hafi verið farið eftir sjálfum lagaákvæðunum. Ég tel að að þessu sé hreinsun og bót jafnvel þó það séu ekki miklar og háar upphæðir sem um sé að ræða.

Á þessu stigi er ekki hægt að segja nákvæmlega í krónum talið hver staðan er við fjárlagagerðina, en vegna orða hv. þm. finnst mér rétt að láta það koma fram í umræðunum að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar til að halda friði á vinnumarkaðinum mun kosta samanlegt einn milljarð kr. Þetta eru 400 millj. kr. í tekjum vegna flýtingar á fyrirhuguðum lagaákvæðum sem áttu að taka gildi 1997 og hins vegar vegna þess að um aukin útgjöld er að ræða, 450 millj. kr. til almannatryggingakerfisins og 150 millj. kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs, samtals 600 millj. Þessar upphæðir eiga að duga til þess að inn í grunn þessara trygginga eða bóta sem

um er að ræða verði sett upphæð sem sé um það bil sú sama og almennir launþegar fá í launahækkun um næstu áramót. Það hefur komið fram í umræðunum jafnframt að með þessu er horfið frá svokallaðri frystingu en ekki frá því að uppræta þá sjálfvirkni sem er í þessum lögum og er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin lýsti því yfir eins og fram hefur komið að hún myndi leita allra leiða til að koma í veg fyrir að hún þyrfti að hverfa frá markmiði sínu um 4 milljarða kr. halla. Þess sér ekki stað í frv., það er hárrétt. Og það er rétt að það komi fram að í þessu frv. sjáum við ekki slíkar aðgerðir. Ég á reyndar von á að þær munu sjást fyrst, við 2. umr. annars vegar tekjuskattsfrv. sem kemur frá hv. efh.- og viðskn. og hins vegar þegar hv. fjárln. skilar sínu áliti. Á þessu stigi get ég ekki gefið neinar upplýsingar frekar um þetta en ég segi þetta hér til skýringar á vinnubrögðunum af því að það komu fram athugasemdir við vinnubrögð í umræðunni og mér þykir eðlilegt að útskýra þetta. Þetta er auðvitað ekkert nýnæmi í vinnubrögðum. Svona hefur verið farið að á undanförnum árum og það er ekkert nýtt við það að um þetta leyti árs séu stjórnarflokkar jafnvel í viðræðum við aðila á vinnumarkaði að reyna að leita leiða til að sæmileg sátt náist um ríkisfjármálin sem auðvitað eru þau mál sem valda miklu um það hvernig framvindan verður í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Mér er líka ljóst og það hljóta allir þingmenn að sjá að þrátt fyrir það sem ég hef sagt, höfum við ekki náð utan um alla þá þætti sem við ætluðum okkur í fjárlagafrv. Ég bendi á að nú hefur verið samþykktur samningur við sauðfjárbændur sem kostar ríkissjóð 200 millj. á næsta ári umfram það sem kemur fram í fjárlagafrv. Með því að falla frá samræmingargjöldum á sjúkrahúsum tapar ríkissjóður 80 millj. og einnig er ljóst að fjármagnstekjuviðmiðunin getur ekki tekið gildi í upphafi árs. Við það tapast tekjur. Svona mætti telja þannig að nokkur hundruð milljónir mun vanta upp á og gera það enn þá. En menn verða að hafa í huga að með því að tekin var ákvörðun um að stækka álverið í Straumsvík, þá eykst veltan í íslenska hagkerfinu. Sú velta hefur áhrif á ríkissjóð með þeim hætti að gera má ráð fyrir að tekjuaukning hans verði allt að 700–800 millj. þegar allt er tekið og gera má ráð fyrir því að atvinnuleysi verði heldur minna og gæti það skilað sér í betri afkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs upp á 200 millj. eða svo. Þetta þýðir með öðrum orðum að með þeirri veltuaukningu sem fæst af uppbyggingu viðbótarálversins má gera ráð fyrir því að staða ríkissjóðs geti batnað um allt að einum milljarði kr. Þetta þarf að koma fram og skýrir kannski að einhverju marki hvar við stöndum í sjálfri fjárlagagerðinni.

Það er stefnt að því eins og margoft hefur verið sagt og kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hallinn verði ekki langt frá því sem við settum okkur í haust, þ.e. um það bil 4 milljarðar. Frv. sem hér er til umræðu er frv. til laga sem beinist að því að breyta þeim lögum sem þarf til að hægt sé að standa við áætluð markmið fjárlagafrv. Þetta er ekkert nýtt. Þetta þekkja þingmenn sem hér hafa setið en flestir hafa gert það um árabil, þeir sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Hér hefur nokkuð verið fjallað um Atvinnuleysistryggingasjóð og hæstv. félmrh. hefur skýrt það mál mjög vel. Ég vil bæta því við og það kann kannski að koma einhverjum á óvart að í núverandi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er beinlínis gert ráð fyrir því að sjóðurinn taki lán ef á vantar að hann geti greitt út samkvæmt lögum. Ef ríkissjóður og ríkisstjórnir frá árinu 1990 hefðu farið að þessu lagaákvæði, hefði Atvinnuleysistryggingasjóður þurft að taka líklega rúma 5 milljarða að láni til að standa við skuldbindingar sínar. Það var ákvörðun fyrri ríkisstjórnar og er ákvörðun þessarar ríkisstjórnar einnig að slíkt sé ekki hægt, útilokað sé að fara þannig að. En í stað þess að láta ríkissjóð leggja fram fjármuni til að Atvinnuleysistryggingasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar, óafturkræfa fjármuni, er ráð fyrir því gert nú að lögum um tryggingagjald sé breytt og sjóðurinn fái nægilega fjármuni með þeim hætti sem þar er lýst. Og það er ákvæði í því lagafrv. sem gerir ráð fyrir að endurskoðað sé árlega á hverju sjóðurinn þarf að halda. En 3% markið sem nefnt er í lagafrv. sem hér er til umræðu er eingöngu vikmörk til að festa ekki nákvæmlega niður möguleika ríkisstjórnarinnar á að breyta upphæðum ef þjóðhagsforsendur skyldu breytast verulega á milli fjárlagagerðar á hverjum tíma. Vikmörkin koma auðvitað í stað svokallaðrar sjálfvirkni í atvinnuleysistryggingabótalögunum sem verið er að falla frá, en þar er ráð fyrir því gert að atvinnuleysistryggingabætur fylgi launum á hverjum tíma. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Í umræðum sem snerta ríkisfjármál heyrir maður sífellt sagt að ríkisstjórnir séu að ráðast að launamönnum, sjúkum, gömlum o.s.frv. og það eigi frekar að láta niðurskurðinn bitna á einhverjum öðrum. Þeir sem skoða útgjöld fjárlaganna á hverjum tíma sjá á augabragði að þau eru öll að einhverju leyti nauðsynleg, a.m.k. fyrir einhverja. Um það bil 50 milljarðar fara í rekstur ríkisins og A-hluta stofnana. Af því eru 80% laun, laun til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, laun til BHMR og laun til annarra þeirra sem þiggja laun hjá ríkinu. Þetta eru 80% af 50 milljörðum eða um 40 milljarðar kr. Og það er auðvitað viðkvæmt ef þarf að taka þennan lið niður, það lendir á launamönnum ríkisins.

Í öðru lagi er um að ræða 50 milljarða tæpa til tryggingabóta og skyldra tilfærslna eins og t.d. niðurgreiðslna til húshitunar og annað slíkt. Auðvitað er viðkvæmt að þurfa að skerða slíkar tilfærslur. Það lendir á fólki sem býr við háan hitakostnað. Það lendir á fólki sem fær bætur frá íslenska ríkinu, úr ríkissjóði, úr almannatryggingastarfseminni. Það liggur í hlutarins eðli. Svo borgar ríkið á næsta ári 13 milljarða í vexti. Eigum við ekki bara að lækka þá tölu? Það er ekki svo einfalt af því að ríkið hefur tekið þessi lán annaðhvort hjá lífeyrissjóðunum hér á landi, einstaklingum, íslenskum fyrirtækjum eða hjá lífeyrissjóðum í öðrum löndum. Og við getum ekki gengið til þeirra og sagt: Við höfum bara ekki efni á því að borga ykkur þessi lán til baka.

Loks ganga 13 milljarðar til viðhalds og fjárfestingar sem einnig er viðkvæmur hlutur og við höfum lækkað talsvert í fjárlagafrv. Það er líka viðkvæmt því að þar er um að ræða að byggja upp stofnanir sem margir tala um að séu nauðsynlegar. Þar er verið að veita fjölda manns vinnu við að byggja upp þessar stofnanir og halda þeim við þannig að það liggur í augum uppi að allar skerðingar á útgjöldum í fjárlagafrv. hljóta að vera sárar og þar hlýtur að vera um að ræða viðkvæm mál. Það liggur í hlutarins eðli. Þetta vita allir hv. þm. þó að mér heyrist stundum eins og stjórnarandstæðingar á hverjum tíma tali öðruvísi. Þetta er vitneskja sem öllum er ljós og þarf að endurtaka sífellt í allri umræðunni um ríkisfjármálin.

En það talar enginn um það hér að ríkissjóður er enn rekinn með verulegum halla. Enginn talar um það að með þessum halla er verið að hlaða upp skuldum á framtíðina.

Það talar enginn um það í þessum umræðum að þó að við ætlum að greiða 13 milljarða í vexti á næsta ári, þá falla 16 milljarðar í vexti greidda og þá sem falla til án þess að þeir séu greiddir strax vegna skulda íslenska ríkisins. (**JBH:** Að sjálfsögðu var um það rætt í þessu sambandi.) Kannski hefur einn hv. þm. gert það, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem hefur skorið sig úr þingmönnum stjórnarandstöðunnar og á hann gott skilið fyrir það. En þessir 16 milljarðar jafngilda öllum tekjuskattinum sem íslenskir launþegar þurfa að greiða af launum sínum. 16 milljarðar eru vextir af skuldum. (Gripið fram í.) Eigum við ekki að spyrja þá sem t.d. byggðu stærstu ferjurnar án þess að sjá fyrir því hvenær það borgaði til baka, þá sem sömdu um landbúnaðarmálin og þá sem stóðu að eyðslustefnu á undanförnum árum. (**Gripið fram í:** Hver var að því?) (**Gripið fram í:** 11 milljarðar.) Ég hef verið að svara því hér og nú. Mér þykir hv. stjórnarandstæðingar vera harla ókyrrir undir ræðu minni og kann að vera að sannleikanum sé hver sárreiðastur. Mergurinn *málsins er einmitt sá* að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að við getum ekki lengur hlaðið upp skuldum inn í framtíðina. Það er óverjandi fyrir okkur að velta þessum skuldum á börnin okkar og barnabörnin. Þess vegna erum við til neyddir og umræðurnar nú ganga út á það að taka til hendinni í ríkisfjármálunum. Og þess vegna er það dyggð allra flokka, jafnt þeirra sem eru í stjórnarandstöðu og hinna sem eru í stjórn á hverjum tíma að tala ekki eins og einungis sé hægt að eyða meiru. En það sé aldrei bent á aðrar lausnir í staðinn um það hvar eigi að sækja peningana. Um það snýst þetta mál.

Það snýst einnig um það að nú liggur fyrir betur en nokkurn tíma fyrr sem staðreynd að með því að draga úr halla ríkissjóðs og með því að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum *munum við bæta og auka við hagvöxt þjóðarinnar*. Hvað þýðir það? Það þýðir að með því að lækka vextina tekst okkur að fjölga störfunum og bæta lífskjörin. Um þetta snýst málið. Og við bætum ekki bara lífskjörin fyrir þá sem búa hér í framtíðinni. Við erum að bæta lífskjörin fyrir þá sem eru aldraðir. Við erum að bæta lífskjörin fyrir þá sem eru sjúkir. Við erum að bæta lífskjörin fyrir þá sem búa úti á landi. Við erum að bæta lífskjörin fyrir launamenn ríkisins eins og launamenn annarra. Um þetta þurfum við stundum að hugsa, líka hv. stjórnarandstæðingar. Þetta þarf að koma fram í umræðunni, virðulegi forseti, til þess að sýna fram á að það eru ekki eingöngu einhver óhæfuverk sem menn eru að standa að í þessu frv. Þetta eru nauðsynjaverk til þess að ná fram þeim markmiðum sem allir hugsandi menn sjá að *íslenska þjóðin þarf að ná á þessu og næstu árum*.

[17:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasta ræða hæstv. fjmrh. kallar að sjálfsögðu á mjög rækilegar umræður almennt um stöðu ríkissjóðs sem er ekki nokkur leið í andsvarstíma. En það má benda á að hæstv. núv. fjmrh. hefur verið lengur fjmrh. en aðrir menn og hefur því haft lengri tíma en flestir til að gera allt það góða fyrir almenning í landinu sem hann var að rekja núna áðan. Hann er því auðvitað að flytja stórfelldan áfellisdóm yfir sjálfum sér fyrst og fremst.

Það er enginn ágreiningur um að það þurfi að taka niður hallann á ríkissjóði og hefur ekki verið, ekki nokkur. Ágreiningurinn snýst um það hvernig á að gera það. Hverjir eiga að bera byrðarnar? Hverjir eiga að bíða? Um það snýst hinn pólitíski ágreiningur. Þetta er með öðrum orðum ekki tæknilegt vandamál eins og hæstv. fjmrh. telur það vera og þessir samstarfsflokkar hans, núverandi og fyrrverandi. Hér er um að ræða pólitískt grundvallaratriði og það þurfa menn að horfast í augu við.

Í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, vil ég svo spyrja aðeins um eitt atriði því ég ætla að ræða þetta nánar á eftir. Í ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra að breytingarnar á atvinnuleysisbótum um 3% til eða frá, miðuðust við breytingar á þjóðhagslegum aðstæðum eins og hann orðaði það. Hverjar eru þær þjóðhagslegu aðstæður? Er hann að tala um verðbólgu eða er hann að tala um aðrar aðstæður sem gætu orðið þess valdandi að þessi vikmörk færu að taka gildi á annan hvorn veginn?

[17:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég virði það við hv. þm. að við getum síðar deilt um ríkisfjármálin. En vegna fyrirspurnarinnar skal það tekið fram að hugmyndin að lagagreininni er sú að ríkisstjórnin geti, þrátt fyrir að þingið sitji ekki og þrátt fyrir að ekki sé flutt lagafrv., vikið frá upphæð fjárlaganna um allt að 3% ef þjóðhagslegar aðstæður breytast. Þar með er talin verðbólga t.d. Þar með væru taldar stórfelldar launahækkanir þannig að möguleikar séu til að bregðast við ef slíkar aðstæður skapast og vona ég að það svari þessari fyrirspurn.

[17:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þetta svar og ég skil það svo að hér sé aðallega um að ræða breytingar á verðlagsforsendum.

[17:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er að mörgu leyti ágætur fjmrh. og ég kunni vel við samstarf okkar á síðasta kjörtímabili. Honum verður ekki kennt um stöðuna í ríkisfjármálunum. En hann var að gera því skóna að það væri einkum stjórnarandstöðunni að kenna hvernig þar væri komið. Það vill svo til að þeir voru annarrar skoðunar fyrir kosningar, sjálfstæðismenn. Í blaði þeirra birtist lýsing á þeim mönnum sem þeir hafa núna valið sér að vera með í ríkisstjórn. Þar er sagt að þeir séu óreiðupésar, sukkrarar og þar segir orðrétt: „Sagan kennir okkur að framsóknarmenn fara hvorki vel með eigið fé né annarra."

Þetta eru orð sem hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á og birtust í hans eigin kosningablaði. Það þýðir ekki fyrir hann að koma hingað og tala um það að menn vilji ekki greiða fyrir því að ná niður ríkissjóðshallanum. Það þýðir ekki fyrir hann að koma hingað í helgs manns kufli og tala um 13 milljarða í vaxtagreiðslur þegar hann sjálfur hefur ekki haft pólitískt þrek, ekki pólitískan kjark til annars en láta beygja sig í duftið með búvörusamningi sem kostar 12 milljarða og allir vita að hann er á móti. En hann hefur ekki pólitískt þrek til að gera það sem allir góðir menn eiga auðvitað að gera, fara eftir sinni sannfæringu og greiða atkvæði gegn honum. Nei, hann beygir sig í duftið þar. Svo kemur hann hingað og eys sjálfan sig ösku.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess vegna orða hv. þm. að ef við lítum á búvörusamningana, en þessi samningur sem gerður var núna var bara samningur til breytinga á samningi sem er í gildi, þá kemur í ljós og ég held að allir séu sammála

um að það séu staðreyndir, að áður en fyrsti búvörusamningurinn tók gildi árið 1990 voru sauðfjárræktinni greiddir 4 milljarðar úr ríkissjóði. Árið 2000 er gert ráð fyrir því að þetta verði 2 milljarðar. Auðvitað er þetta há upphæð, en sýnir þó að hún mun lækka verulega.

Svo heyri ég það á hv. þm. að hann hefur ekki hlustað vel á hv. þm. Svavar Gestsson sem lýsti því hér áðan að hv. þm. Framsfl. og ráðherrar hefðu lært mjög mikið af fjmrh. og væru farnir að tala á hans máli. Allt sem hann sagði var öfugt við það þannig að þeir koma sér ekki einu sinni saman um þetta, hv. stjórnarandstæðingar. Ég held að sjónarmið Svavars sé miklu nær sannleikanum en það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði. En það er alveg rétt að svona var skrifað fyrir kosningar en síðan hefur margt lagast.

[17:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað stórfurðulegt að hlusta á ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann talar sig upp í mikinn hita yfir því óskaplega ábyrgðarleysi að reka ríkissjóð með halla, safna skuldum sem börnin okkar eigi að borga. En þar talar sá maður sem sennilega ber meiri pólitíska ábyrgð á núverandi skuldum ríkissjóðs en nokkur annar núlifandi Íslendingar. Hann hefur verið einna lengst fjmrh. allra núlifandi manna og er skuldakóngur því aldrei hefur ríkissjóður safnað meiri skuldum á einu kjörtímabili en einmitt hinu síðasta. Það eru á milli 35 og 40 milljarðar kr. sem þá féllu til í formi halla á ríkissjóði á þeim eina tíma.

Óheppinn er hæstv. fjmrh. þegar hann nefnir búvörusamninga í sambandi við þessi útgjöld því enginn einn gjörningur hefur sparað ríkissjóði meiri peninga en einmitt búvörusamningurinn frá 1991. Það er óumdeilt að hann sparaði ríkissjóði á seinni hluta síðasta kjörtímabils þegar hann var að fullu kominn til framkvæmda á milli 3 og 4 milljarða kr. á ársgrundvelli.

[17:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal bara viðurkenna það hér og nú af fúsum og frjálsum vilja að sjálfsagt hefur á undanförnum árum meiri skuldum verið safnað en áður. Ástæðan er auðvitað sú í fyrsta lagi, að ég hef setið einna lengst á þessum stóli og það er eðlilegt að á mörgum árum safnist meiri skuldir en á fáum árum. Það sjá allir. Og í öðru lagi vegna þess að lán sem aðrir tóku hafa hlaðið á sig vöxtum sem við höfum orðið að greiða að undanförnu og þeir peningar verða ekki notaðir til annars. Þess vegna flutti ég mína ræðu áðan. Ég fagna því sérstaklega að hv. stjórnarandstæðingar standa upp hver um annan þveran og lýsa því yfir að það sé markmið þeirra einnig að ná hallanum á ríkissjóði niður. Og ég vænti þess að í framhaldi þessarar umræðu munu menn a.m.k. verja einhverjum hluta ræðu sinnar í það hvernig þeir vilja fara að í þeim efnum, en ekki eingöngu gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það sem hún er að gera með frv.

[17:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir viðbrögðum manna er ósköp einfaldlega sú að ræða hæstv. fjmrh. var byggð upp sem árás og ónot í garð stjórnarandstöðunnar. Það vottaði ekki fyrir sjálfsgagnrýni í ræðu hæstv. ráðherra fyrr en núna. Loksins kemur hann hér bljúgur og viðurkennir að auðvitað beri hann mesta ábyrgð á þessu öllu saman og leitar nú liðsinnis. Og það er sannarlega til reiðu af okkar hálfu ef hæstv. ríkisstjórnin er þá tilbúin til að skoða til að mynda hluti eins og tekjuöflun í stað þess að ráðast að framfaramálum eins og réttarbótinni gagnvart þolendum afbrota o.fl. Það er líka spurning um pólitík, hæstv. fjmrh. að gangast ekki eingöngu í þennan vanda með því hugarfari að skera niður velferðarkerfið, það verður líka að skoða tekjuöflunarmöguleika. Þar dró síðasta ríkisstjórn lappirnar. Henni tókst að þvæla fjármagnstekjuskatti út af borðinu í heil fjögur ár og enn er því frestað að leggja á fjármagnstekjuskatt, nema á aldraða og öryrkja. Þetta er spurning um pólitískar áherslur en ekki ágreiningur um að það er nauðsynlegt að ná niður hallanum á ríkissjóði.

[17:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alrangt að verið sé að leggja fjármagnstekjuskatt á aldraða. Það er einungis verið að leggja það til að fjármagnstekjur þeirra sem eiga peninga hafi sömu verkan eða um það bil sömu verkan og þær tekjur sem maðurinn vinnur fyrir sem er að grafa skurð. Finnst t.d. hv. þm. Ögmundi Jónassyni það vera mjög ósanngjarnt að sá sem á mikla peninga í banka og þeir bera vexti, hljóti einhverja skerðingu þegar tekjur hins sem er að grafa skurð, fátæka verkamannsins, skerða bætur úr almannatryggingakerfinu? Það er verið að fjalla um hluti eins og þessa. Svo er verið að tala um tekjur. (Gripið fram í.) Við skulum vera stilltir andartak, andartak hv. 8. þm. Reykv. Við skulum síðan líta á skattana. Ég veit ekki betur en það hafi verið kjarninn í því sem verkalýðshreyfingin bað um núna í þessum milljarði að 400 millj. kr. skattalækkun yrði á næsta ári. Það voru viðhorf verkalýðshreyfingarinnar. Ég heyri að fulltrúar Alþb. hafa aðrar hugmyndir um línur.

[17:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að lýsa aðdáun minni á fjmrh. og ræðuflutningi hans. Í Íslandsklukkunni segir frá því þegar Árni Magnússon hafði misst Snæfríði Íslandssól í hendurnar á dómkirkjuprestinum, vegtyllur hans voru horfnar og handritin brunnin. Þá sagði Jón Grunnvíkingur: „Minn herra á öngvan vin.“ Það rifjar Guðmundur J. Guðmundsson stundum upp og það er rétt að hans herra á engan vin, ríkissjóður á of fáa vini.

Hæstv. fjmrh. segir að það sé algerlega nauðsynlegt fyrir þennan vin sinn að skera niður t.d. skaðabætur til þolenda afbrota, skera niður mæðra- og feðralaun og skera niður það sem hér hefur verið talað um í dag þó að sumt af þessu sé raunar ekki nema nokkrar milljónir. Hann hefur verið hér í fimm ár, það er rétt. Hann hefur á þeim tíma ekki staðið fyrir endurskipulagningu í ríkisrekstri svo að neinu nemi. Hann hefur samþykkt hvert einasta gæluverkefni hagsmunaflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl. og er enn að. Hann samþykkti 12–13 milljarða til aldamóta í búvörusamning sem engin framtíð er í. Hann hefur ekki tekið upp fjármagnstekjuskatt í fimm ár og hann hefur ekki enn þá komið t.d. á veiðileyfagjaldi eða þeim endurbótum í sjávarútvegi sem gætu fært honum betri tekjur. Ég hlýt að hvetja hæstv. fjmrh. til að taka undir sitt gamla slagorð sem hann var frægastur fyrir. „Báknið burt“.

[17:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu þakka hv. þm. fyrir að rifja þetta upp. Allt sem hann sagði var mjög til fyrirmyndar og verður skoðað að sjálfsögðu með góðum huga.

[17:45]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var að sjálfsögðu rangt sem hæstv. fjmrh. sagði að hér hefði ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar verið varað við ástandinu í ríkisfjármálum. Það var svo sannarlega gert. Það var farið með tölur um greiðslubyrði á næsta ári, vaxta og afborgana af erlendum skuldum og tekin líkingin af því að það samsvarar útgjöldum þriggja ráðuneyta, tæplega 35 milljarðar kr. Ræða fjmrh. er þörf áminning um þetta. En hún er flutt á röngum stað. Þessa ræðu ætti hæstv. fjmrh. að flytja kvölds og morgna og um miðjan daginn í þingflokki sínum. Vegna þess að reynslan kenndi mér það í seinustu ríkisstjórn að það sem skortir á er að hæstv. fjmrh., minn herra á öngvan vin, fái þann atbeina sem hann þarf í sínum eigin þingflokki. T.d. þegar hæstv. dómsmrh. flytur tillögur um að sameina sýslumannsembættin, þá er það gert í vitneskju um að það verði kveðið niður af hans eigin samflokksmönnum. Hæstv. fjmrh. hefur lýst þeirri skoðun sinni að það beri að taka upp kostunarprinsippið. Það beri að ætlast til þess að atvinnuvegir greiði fyrir þá þjónustu sem ríkið veitir þeim, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Það hleypur á milljörðum kr. En það er enginn stuðningur á bak við það í þingflokki hæstv. ráðherra og það er þess vegna sem komið er eins og komið er, hæstv. ráðherra.

[17:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti satt að segja von á því að í þessum þingsal væru menn úr öllum þingflokkum og þetta gæti átt erindi til þeirra allra sem hér eru inni, hvort sem þeir eru í Alþfl., Sjálfstfl. eða í öðrum flokkum. Þannig að ég vonast til þess að ræðu minni hafi ekki verið illa tekið af þeim ástæðum. Ég minnist þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv., var mjög hjálpsamur í síðustu ríkisstjórn við að skera niður. En ég er alveg viss um ef hann leitar nú svona í huga sínum, þá rifjast upp fyrir honum að það voru ekki alltaf hans eigin flokksmenn sem voru duglegastir við að styðja hann, því miður. Hins vil ég nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að þakka honum það traust að hafa viljað vera í stjórn með mér áfram og að ég yrði áfram fjmrh. Eins og allir vita óskaði Alþfl. eftir slíku samstarfi þetta kjörtímabil eins og hið fyrra.

[17:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur færst líf í þessa umræður. Þær voru heldur daufar til að byrja með en nú er þetta orðið allt líflegra og það er gott. Þannig þarf það að vera þótt frekar fámennt sé í salnum. Það vekur athygli að það hafa ekki verið margir stjórnarandstæðingar hérna inni. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Í morgun voru á tímabili tveir eða þrír inni. Ég sakna þeirra ekkert svo ég er ekki að kvarta. Þetta er allt eðlilegt og ágætt.

Í frv. sem hér er til umfjöllunar, ráðstafanir í ríkisfjármálum, er einkum tvennt sem er breyting frá fjárlagafrv. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir að tekið verði upp svokölluð innritunargjöld á sjúkrahús. (Gripið fram í.) Já, þá kemur að því og það er svo skemmtilegt að það þakka sér það allir. Sér í lagi Alþfl. (**Gripið fram í:** Hvar hefur það komið fram?) Það hefur komið fram hjá hv. formanni þingflokks Alþfl. Hann barði sér á brjóst hér í morgun og sagði: „Allt formanni heilbr.- og trn. að þakka." Ég verð að segja að það er alveg makalaust ef á að þakka Alþfl. fyrir að leggja ekki sérstök gjöld á sjúklinga því enginn hefur verið jafnseigur við slíkt og Alþfl. Þótt við föllum frá innritunargjaldi eru ýmsir sjúklingaskattar sem fyrrv. ríkisstjórn lagði á sem engin samræming er í og verður mikil vinna að samræma þau gjöld. Vegna þess að þau eru út í hött. Þá það, ef Alþfl. vill þakka sér fyrir þetta sérstaklega, þá er ekkert að þakka, svo vitnað sé í nafn ágætis barnabókar eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Ég hef oft sagt það hér í ræðustóli varðandi innritunargjöldin að ég vildi finna aðrar leiðir. Ég vildi leggja á nefskatt. Það fékk engar undirtektir. Samt verður innritunargjald ekki lagt á. Í öðru lagi varðandi breytingar er gert ráð fyrir að lögð verði sérstök gjöld á útgerðina þannig að útgerðin mun borga iðgjöld varðandi slysabætur sjómanna. Þau nema um hundrað millj. kr. Það hefur ekkert verið rætt um þetta gjald. Þetta er nýja veiðileyfagjaldið okkar, ef það skyldi gleðja Þjóðvaka. Fyrst ég er búin að gleðja Alþfl. þá vil ég líka gjarnan gleðja Þjóðvaka. Þetta eru meginbreytingarnar frá því að við lögðum fram fjárlagafrv.

Hér hafa margar spurningar verið bornar fram og ég mun svara þeim. Ég mun byrja á því að svara síðasta ræðumanni, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Hún talaði um mæðra- og feðralaun og sagði að við værum að draga úr mæðra- og feðralaunum. En hver er sannleikurinn í þessu máli? Hver eru raunverulega mæðra- og feðralaun? Með einu barni 1.000 kr. Og þegar búið er að draga af þessu skattinn hvað er þá eftir? 500 kall, segir fyrrv. starfsmaður í Tryggingastofnun. 500 kall. (**Gripið fram í:** Er það mikið eða lítið?) Það er lítið og tekur því ekki að greiða það og þess vegna er betra að hækka barnabótaauka. Við erum að leggja 500 millj. í barnabótaauka. Nýja fjárhæð í staðinn fyrir þessar 125 millj. sem teknar eru út úr mæðra- og feðralaunum. Þannig ég tel að þetta fólk standi mun betur að vígi eftir en áður.

Ein spurningin varðaði bílalán Tryggingastofnunar. Meiri hluti tryggingaráðs samþykkti að fella niður bílalán til öryrkja. Ég mun standa við það sem ég hef áður sagt. Bílalán verða ekki felld niður.

Spurt um forvarnasjóð og hvar hann sé vistaður. Hann er vistaður í heilbr.- og trn. Það eru áætlaðar um 50 millj. til áfengis- og vímuefnavarna. Einnig er spurt hvernig eigi að nýta sjóðinn. Það verður auglýst eftir tillögum. Þeir sem hafa mesta reynslu varðandi forvarnir eiga möguleika á að sækja í þennan sjóð um eflingu forvarna.

Enn ein spurning varðaði það að formennska í sjúkrastofnunum fylgir ráðherra. Hv. þm. talaði um að það þætti óeðlilegt að formaður í heilbrigðisstofnun ætti ekki heimilisfang á staðnum. Ég tel enga ástæðu til þess. Ég tel að það séu margir sem geta þekkt mjög vel til staðarins þótt þeir búi ekki þar. Einhver hvíslaði því að mér áðan svona til gamans að þetta væri einmitt gert fyrir kratana. Sums staðar væri kannski enginn krati á staðnum og þá væri gott að flytja hann inn. (Gripið fram í.) Já, t.d. Ef við ættum eftir að lenda aftur saman í ríkisstjórn þá væri þetta vinarbragð af okkar hálfu. Ég vona að það verði þá metið Er eitthvað að gerast, spyr hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Er ekki alltaf eitthvað að gerast? Nei, þetta er ekki tilboð.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir talaði um að það vantaði heildarsýn varðandi almannatryggingamál og löggjöfina í heild sinni. (**Gripið fram í:** Það þyrfti heildarsýn á breytingar.) Já, einmitt. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er einmitt í þeirri nefnd sem á að endurskoða almannatryggingalöggjöfina. Ég veit að hún hefur margt til málanna að leggja. Þetta er alveg hárrétt hjá þingmanninum. Það er búið að kroppa í þessa löggjöf hér og þar og alls staðar. Það er

mál til komið að endurskoða löggjöfina í heild sinni. Ég efast ekki um að hún mun leggja þar góða vinnu af mörkum. Hún ræddi mjög um ekkjulífeyri og taldi afar slæmt að fella hann niður. Nú er ekki gert ráð fyrir því að þær ekkjur sem eru á lífeyri í dag fái hann ekki áfram. En hún gleymdi alveg að geta þess að um leið og ekkjulífeyrir fellur niður kemur lenging dánarbóta í staðinn. Við lengjum dánarbætur í staðinn. (**ÁRJ:** ... skýringar á því.) Ég ætla að skýra það út fyrir hv. þm. Um að gera að anda djúpt og vera róleg, þetta kemur allt saman. Það er ekki ólíklegt að ýmsir ekklar séu líka í vandræðum og þess vegna tökum við einnig tillit til þess. Ég tel þetta því réttlætismál. Það sem við erum að gera hér er það sama og allar aðrar Norðurlandaþjóðir hafa verið að gera.

Þá kem ég að Svavari Gestssyni. Hann spurði margra spurninga. Hann spurði um sjúkratryggingagjöld sem atvinnurekstrinum verður nú gert að greiða. Atvinnurekstrinn hefur getað fengið endurgreidd sjúkradaggjöld. Sú upphæð hefur verið í kringum 50 millj. Það er gert ráð fyrir því að atvinnurekstrinn geti ekki fengið þetta endurgreitt eftir áramót. Hann spurði hvort þetta væru rauntölur þessar 50 millj. og það eru þær. Hann spurði líka um sjúkrastofnanir á Reykjavíkursvæðinu, hvernig ætti að spara þær 200 millj. sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það er gert ráð fyrir samstarfsráði sjúkrastofnana á Reykjavíkursvæðinu og á Reykjanesi. Það er gert ráð fyrir því að auka samvinnu á milli þessara stofnana. Það er hægt að samreka ýmsa þjónustuhætti og vissar einingar innan þessara sjúkrahúsa og ná þar með fram sparnaði. Hann spyr líka að því hvernig við ætlum að ná niður 330 millj. með sparnaði í lyfjamálum. Við höfum náð verulegum sparnaði varðandi lyf með viðmiðunarverðskrá og munum ná þeim sparnaði áfram á næsta ári. Það verður strangara eftirlit varðandi greiðslur á nýjum lyfjum. Við höfum ýmislegt fleira á prjónunum varðandi sparnað við lyf. Þetta er mjög stór útgjaldaþáttur hjá ríkissjóði. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði líka ítarlega út í það hvernig við ætlum að ná þeim tölum í fjárlagafrv. sem varða ferliverk. Þeir læknar sem fá að nýta sér aðstöðu inni á sjúkrastofnunum eiga að borga aðstöðugjöld. Það verður gengið enn harðara eftir því en hingað til hefur verið gert. Hann spurði líka hvort ég teldi að reglugerðirnar frá Sighvati Björgvinssyni um ferliverk frá því í september 1992 hefðu lagastoð. Ég ætla ekki að fullyrða það hér hvort reglugerðin hefur lagastoð. Það hefur komið í ljós að ýmislegt varðandi almannatryggingalöggjöfina hefur ekki lagastoð. Þannig að ég ætla ekki að fullyrða það úr þessum ræðustól.

Reglugerðin frá 1992 hefur valdið ýmsum vandamálum í heilbrigðiskerfinu og síaukin ferliverk inni á sjúkrastofnunum hafa orðið þess valdandi að starfsfólk sem vinnur hlið við hlið er ýmist verktakar eða á föstum launum. Þetta er málefni sem við erum með í endurskoðun í heilbr.- og trn. Það er erfitt að vinda ofan af þessu en við ætlum að gera það. (**SJS:** Var þetta allt ólöglegt hjá Sighvati?) Ég segi það enn og aftur að ég ætla ekki að fullyrða hér úr ræðustól að þetta hafi verið ólöglegt, en það er ýmislegt sem bendir til þess. Í almennum lögum segir að inni á sjúkrastofnunum eigi fólk að fá ókeypis vistun. Ég er ekki löglærð manneskja en hef látið ýmsa líta á þetta, og eins og ég segi, ég ætla ekki að kveða úr um það á þessari stundu. En þetta er verkefni sem við höfum ekki hlaupið frá.

Hv. þm. Svavar Gestsson hafði áhyggjur af því hvernig við ætluðum að ná utan um þær 580 millj. sem er ráð fyrir gert í fjárlagafrv. að nái fram að ganga en nú þegar hefur verið ákveðið að falla frá. Þá er ég að tala um 500 millj. varðandi lífeyrisgreiðslur og í öðru lagi 80 millj. reyndar varðandi innritunargjöldin. Þessar 500 millj. sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fari til lífeyrissjóðsgreiðslna tekur heilbr.- og trn. ekki á sig. Þeim verður dreift á önnur ráðuneyti. Þær 80 millj. sem eftir standa tekur ráðuneytið á sig, innritunargjöldin. Hvernig það verður gert verður skýrt út við 2. umr. fjárlaga.

Það hefur verið mjög fróðlegt að sitja hér í allan dag og hlusta á stjórnarandstöðuna. Það er ekkert undarlegt á neinn hátt að menn spyrji að ýmsu. En það sem stendur samt upp úr er að stjórnarandstaðan virðist vilja skilja fjárlög þannig eftir að það sé 30 milljarða halli á ríkissjóði. (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Ég hef verið að reikna það hér út. Það hafa ekki komið nokkrar einustu hugmyndir um nýjar tekjur, aðeins aukin útgjöld. (Gripið fram í.) Ég hef verið að reikna það út að við erum að tala um 30 milljarða kr. til viðbótar (**Gripið fram í:** Sem menn hafa verið að krefjast?) sem menn hafa verið að krefjast. Það er nákvæmlega það sem menn hafa verið að tala um hér. (**Gripið fram í:** Það er gott að þetta er komið á spjöld sögunnar.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í þingsal.)

Eða hvað hafa menn verið að tala um annað? (Gripið fram í.) Ef ég tæki allar ræðurnar ykkar og legði þær saman eins og við höfum verið að gera, þá erum við nákvæmlega að tala um þetta. Það eina sem menn eru tilbúnir að fara í er fjármagnstekjuskattur og það er ríkisstjórnin líka og það verður lagður á fjármagnstekjuskattur. Tekjur af honum geta orðið 600 millj., 700. millj. þannig að mér finnst mikið atriði þegar talað er um fjárlagafrv. að menn tali ekki einungis um ný útgjöld heldur leggi eitthvað til varðandi ný gjöld, eða hvar sjá menn að það sé hægt að draga saman? Ég hef ekki heyrt tillögur um það í dag. (**Gripið fram í:** Margar tillögur hafa komið fram.)

[18:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hennar ræðu. Mig langaði til að gera örlitla athugasemd varðandi ekkjulífeyrinn. Mín reynsla sem ég lýsti í ræðu minni er sú að ekkjur eiga síður rétt á atvinnuleysisbótum. Það kom fram hjá mér og þess vegna þurfa þær að eiga þarna aðstoð í samtryggingunni sem er almannatryggingarnar. Og ég lýsti því einnig að þannig mun verða þegar fram í sækir að ekki verður þörf fyrir þennan bótaflokk, enda eru það aðeins 5 millj. sem menn ætla að spara á ekkjunum. Það er verið að vísa þessum konum á félagsmálastofnun. En ég er sammála hæstv. ráðherra í því að það á ekki að vera kynjamunur varðandi bætur almannatrygginga. Breytingar hafa orðið í samfélaginu en enn eru til konur sem missa mennina sína og ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum og þurfa aðstoð.

Mig langar til að vekja athygli á því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, að það eru áhöld um hvort lagastoð sé fyrir þeirri mismiklu gjaldtöku sem á sér stað varðandi ferliverkin, ekki aðeins á læknastofum heldur einnig á sjúkrahúsum. Ég tel fulla ástæðu til að málið verði skoðað rækilega.

[18:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú þannig, hv. 18. þm. Reykv., að það eru líka til karlmenn sem ekki eiga rétt á atvinnuleys-

isbótum þannig að mér finnst erfitt að festa hönd á þessum rökum. Mér finnst eðlilegt að það sama gildi fyrir bæði kynin og ég endurtek: Við erum að lengja dánarbætur sem kemur báðum kynjum til góða.

[18:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér það fyllilega ljóst að til eru karlar líka sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum. En þær konur sem eingöngu eru nú í húsmóðurhlutverkinu, margar hverjar orðnar fullorðnar og missa menn sína áður en þær verða 67 ára eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Það er algengara að konur hafi haft karla sem fyrirvinnur heldur en karlar eiginkonur sínar. Ég vil bara benda á að þetta er svona núna og það eru ekki háar upphæðir sem menn ætla að fara að spara þarna á lítilmagnanum. Ekkjulífeyrir er orðinn mjög tekjutengdur og nánast skertur út úr kerfinu.

[18:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru þingmenn að reyna að greiða fyrir afgreiðslu frv. sem er mjög seint fram komið af hálfu ríkisstjórnarinnar, en svörin sem hæstv. heilbrrh. veitir eru varla boðleg þingheimi. Hæstv. ráðherra er spurður út í það hvernig hún ætli að spara 200 millj. kr. hjá sjúkrastofnunum í Reykjavík og svarið er svona: Með því að sameina þjónustuþætti og einingar, en það er hvorki sagt hvaða þjónustuþætti né hvaða einingar.

Spurt er hvernig eigi að spara 330 millj. í lyfjamálum og svarið er: Með viðmiðunarverðskrá sem þegar er í gangi, með strangara eftirliti og ýmislegt annað er líka í gangi. Það er ekki sagt hvað það er.

Herra forseti. Síðan kemur að þeim þætti í ræðu hæstv. ráðherra sem fjallar um ferliverk. Hæstv. ráðherra nánast fullyrðir að reglugerð um ferliverk eigi sér ekki lagastoð. Hún segir að vísu: Ýmislegt bendir til þess en ég er ekki löglærð manneskja. Herra forseti. Hér er einn af handhöfum framkvæmdarvaldsins að lýsa því yfir að hún telji að tilteknar aðgerðir sem verið er að framkvæma í hennar umboði styðjist ekki við lög en hún er ekki að gera nokkurn skapaðan hlut í því. Hún hefur ekki látið kanna hvort hér er um lögbrot að ræða. Ég hef satt að segja aldrei heyrt nokkurn einasta ráðherra leyfa sér að segja þetta við þingið.

Að lokum ein spurning líka, herra forseti. Hæstv. ráðherra var spurður sérstaklega eftir því hvernig hún hygðist framfylgja 31. gr. frv. sem hér liggur fyrir og fjallar um það að ef maður sinnir ekki þeirri skyldu að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 55/1980, þá sé heimilt að ætla viðkomandi tekjur sem koma síðan til frádráttar þegar tekjutrygging er greidd. Spurt var: Hvernig hyggst hæstv. ráðherrann framfylgja þessu? Ástæðan fyrir því að menn inna eftir þessu er nákvæmlega þessi: Öryrkjar og þeir sem vinna á vernduðum vinnustöðum hafa t.d. ekki leyfi til þess að greiða í lífeyrissjóði. Öryrkjar sem sökum örorku sinnar ná því ekki langtímum saman að starfa úti á vinnumarkaðnum geta þar af leiðandi ekki greitt í lífeyrissjóði. Það er algerlega nauðsynlegt að það komi fram með hvaða hætti ráðherrann ætlar að framfylgja þessu.

[18:12]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta síðastnefnda sem hv. þm. spurði um, lífeyrissjóðsgreiðslurnar, þá vil ég segja það að við erum að tala um atvinnurekendur sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóði en fá samt fullar bætur. Þeir eru æðimargir. Við erum að tala um jafnræði milli þeirra sem hafa greitt í lífeyrissjóði samkvæmt lögum og reglum. Við erum ekki að tala um einhverja öryrkja eða húsmæður sem ekki hefur verið gert að borga í lífeyrissjóði. Við erum að tala um þá sem hafa farið fram hjá kerfinu og í leiðinni lagt sína fjármuni í eitthvað allt annað og eiga eignir, en fá fullar lífeyrisbætur. Um þetta fólk erum við nákvæmlega að tala, hv. þm. Þá hristir hann höfuðið, heyri ég.

Hv. þm. hefur eftir mér að ég hafi fullyrt að reglugerð um ferliverk eigi sér ekki lagastoð. Það er ekki rétt. Það sagði ég ekki en það mátti skilja af máli mínu að eitthvað þarna kynni að vera á gráu svæði og það værum við að rannsaka. Þetta er því hreinn útúrsnúningur. En það hefur komið í ljós svo að ég endurtaki það, að það er ýmislegt í almannatryggingalöggjöfinni sem á sér ekki lagastoð og hv. þm. hefur sjálfur gert athugasemdir við.

Ég held að ég hafi þá svarað þeim fyrirspurnum sem hann lagði fyrir mig.

[18:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annaðhvort talar hæstv. heilbrrh. tóma steypu eða að allur þingheimur hefur misskilið 31. gr. Ef það er eins og hæstv. ráðherra segir að þetta eigi einungis við atvinnurekendur en ekki nokkurn annan, þá fagna ég því. En þá verður það líka að liggja skýrt fyrir eftir þennan fund að 31. gr. tekur einungis til atvinnurekenda en ekki annarra. Þannig skil ég hæstv. ráðherra. En þannig hafa þeir ekki skilið ráðherrann sem hafa talað í dag.

Að öðru leyti varðandi það sem hæstv. ráðherra segir um ferliverkin. Það er alveg rétt hjá henni að hún sagði ekki að hún væri viss um að reglugerð forvera hennar um ferliverk væri lagabrot, en hún sagði orðrétt: „Ýmislegt bendir til þess." Hún sagðist ekki vera löglærð manneskja. Hún vildi þess vegna ekki fullyrða neitt, en hefur hún ekki heilan frumskóg af lögfræðingum til að kanna svona fyrir sig? Og ef ráðherrann hefur minnsta grun um að hér sé um lögbrot að ræða, hvernig í ósköpunum stendur á því að hún er ekki fyrir lifandis löngu búin að láta kanna það til þrautar og gera eins og hv. þm. Ólafur Hannibalsson sagði um daginn, „finna þann þorpara".

[18:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að mótmæla því sem hæstv. heilbrrh. kom með undir lok ræðu sinnar að hæstv. ráðherra hefði setið í allan dag og lagt saman útgjaldaaukann af málflutningi stjórnarandstöðunnar og hann væri upp á 30 milljarða. Ég bið um að hæstv. ráðherra finni þessum orðum sínum stað eða dragi þau til baka ella. Ég fullyrði að þetta er fleipur. (**Samgrh.:** Hefur þingmaðurinn lagt þetta saman?) Ég fullyrði að þetta er fleipur vegna þess að það hefur ekkert slíkt verið til umræðu. Síðan sagði hæstv. ráðherra að menn ættu jafnframt að ræða tekjuöflun þegar þeir væru að ræða fjárlagafrv. Ég vona að það hafi verið mismæli og hæstv. ráðherra viti hvaða frv. við erum að tala um. Við erum ekki að ræða um fjárlagafrv. Við erum ekki að ræða frv. um tekjuskatt og eignarskatt eða aðra slíka almenna tekjuöflun ríkisins eða skattamál. Það stendur væntanlega ekkert á okkur frekar en öðrum hv. þm. stjórnarandstöðunnar að taka þátt í því að ræða tekjuöflunarúrræði fyrir ríkissjóð. Við erum að ræða um bandorm, skerðingar og niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar. Og er þá eitthvað óeðlilegt við það þó að

umræða dagsins lúti að því eða hvað? Um hvað á hún að fjalla? Á ekki að ræða það dagskrármál sem er á dagskrá, herra forseti, að breyttu breytanda?

(**Forseti** (GÁ): Hárrétt.)

Hárrétt, já. Hvað eru menn þá að væla hér, hæstv. ráðherrar, þótt við tölum um það hvort í hverju einstöku tilviki sé réttlætanlegt eða sanngjarnt að ráðast á garðinn þarna og þarna. Það er það sem er á dagskrá. Þetta er frv. um það, hæstv. heilbrrh.

Svo er það þar á ofan rangt að einstakir ræðumenn hafi ekki verið með hugmyndir um tekjuöflun eða tekið undir sparnaðaráform í vissum tilvikum. Ég minni á að bæði gerði ég það í mínu máli og eins kom hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson inn á slíka hluti. Ég tók undir í vissum tilvikum að ákveðin ákvæði þessa frv. væru réttlætanleg og eðlileg vegna þess að þarna væri ekki ástæða fyrir ríkisútgjöldum sem þó væru bundin í lögum. Ég bið því hæstv. heilbrrh. að barna ekki umræðuna með því að fara með fleipur um það sem komið hefur fram og gera mönnum upp skoðanir.

[18:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði að hér hefði ekki verið talað um útgjaldaauka og hér mætti ekki tala um fjárlagafrv. almennt. Það hefur verið spurt út úr um fjárlagafrv. og fjárlagafrv. hefur jafnhliða verið til umræðu. Það getur svo sem vel verið að útgjaldaaukinn hafi ekki verið nema 29 milljarðar. Það getur vel verið að það skeiki einum milljarði, en það er ekki mikið meira en það.

[18:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru náttúrlega útúrsnúningar og málflutningur af því tagi hjá hæstv. heilbrrh. að engu tali tekur. Ætlar hæstv. heilbrrh. að gera svo vel og koma í ræðustólinn, biðja um orðið og fara yfir það með okkur á hvaða grundvelli þetta reikningsdæmi hæstv. ráðherra er, eða gera svo vel og draga þessi ummæli til baka? Eða vill hæstv. heilbrrh. vera ber að fleipri af þessu tagi á Alþingi? Það er verið að ræða um frv. hverrar stærðargráða er um það bil einn milljarður kr. Í mörgum tilvikum hefur umræðan beinst að útgjaldaliðum sem mælast í fáeinum millj. kr. eins og niðurskurður á ekknabótum eða öðru slíku. Að koma svo hér og tala um að menn hafi verið að leggja til útgjöld upp á næstum þriðja part af fjárlögunum er algjört fleipur, hæstv. heilbrrh. Annaðhvort endurspeglar þetta alveg ótrúlegan útúrsnúningavilja eða þá þvílíka vanþekkingu á almennum stærðargráðum í ríkisfjármálum að ég held að sú manneskja sem er þannig á vegi stödd ætti að finna sér annað starf en að vera heilbrrh.

[18:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum fara yfir málin í rólegheitunum, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hér er talað um útgjaldaukningu í öllum málaflokkum. Heilbrigðismálum, menntamálum, samgöngumálum, dómsmálum, sama hvar menn ber niður. Það er málið og við skulum ræða það. Við skulum gera upp heildardæmið. Það er hollt, bæði fyrir stjórn og stjórnarandstöðu. Það er hollt og þá sjáið þið hvað út af stendur. Það er málið sem við eigum að takast á um hér. Ég held að þessi umræða hafi verið mjög góð og ef menn eru tilbúnir að leggja saman dæmin hér, þá er það gott. (**SJS:** Er ekki hæstv. ráðherra búinn að því? Hvar eru rökin?)

[18:21]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er fyrsta tækifærið mitt til að hlusta á hæstv. heilbrrh. fytja ræðu á Alþingi. Ég verð að segja eins og er að það var fátt um fróðleiksmola í útskýringum hennar og svörum. Ég sit í tryggingaráði og mér þykir mjög alvarlegt þegar ráðherra tryggingamála kemur upp í ræðustól á Alþingi og segir það að það sé ýmislegt í löggjöf um almannatryggingar sem eigi sér ekki lagalega stoð. Hvers vegna í ósköpunum er ráðherrann ekki búinn að upplýsa hvað það er í löggjöfinni sem á sér ekki lagalega stoð? Það er ýmislegt, sagði ráðherrann og brosti sínu blíðasta eins og þetta væri bara ekkert mál.

En hins vegar var það eitt sem gladdi mig í ræðu ráðherrans og það er þetta: Hún ætlar að standa við það að draga til baka ákvörðun meiri hluta tryggingaráðs um að afnema bílakaupalán fyrir fatlaða. (Gripið fram í.) Minni hluti tryggingaráðs spurði formann tryggingaráðs og flokksbróður hæstv. ráðherra á fundi hvort hann hefði hugmynd um það hvort hún ætlaði að draga afnám bílakaupalána til baka. Hann kvað svo ekki vera. Hann hefði ekki vitneskju um það. Það er því mjög fróðlegt og eftirtektarvert að hlusta á það hér að ráðherrann ætlar að standa við það. Hún ætlar að draga afnám bílakaupalána til baka.

[18:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi bílalánin hef ég það að segja að ég veit ekki hvenær hv. þm. hefur átt fund með formanni tryggingaráðs. Ég hef átt fund með meiri hlutanum og við höfum komist að samkomulagi um að þetta verði tekið til baka. Og ég býst við því að innan tíðar fái þessi ágæti þingmaður útfærslu um það hvernig það verður.

Hv. þm. sagðist vera hissa á því að heyra það hér að eitthvað ætti sér ekki lagastoð innan almannatryggingakerfisins. Þar hefur tvennt komið til. Ríkisendurskoðun hefur bent á að að bílalánin eiga sér ekki lagastoð og formaður heilbr.- og trn. hefur einmitt lagt það fyrir heilbr.- og trn. að úr því verði bætt. Það hefur líka komið í ljós að endurhæfingarlífeyririnn á sér ekki lagastoð og úr því verður bætt. Það er því ýmislegt úr fortíðinni sem þarf að hyggja að.

[18:26]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get glatt hæstv. ráðherra með því að mér er fullkunnugt um að það er ekki lagastoð fyrir þessum bílakaupalánum. En nú er tækifæri fyrir ráðherra að láta bæta úr því og gera bílakaupalánin lögleg.

[18:26]

Útbýting þingskjala:

Bætt þjónusta hins opinbera, 227. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 308.

Framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli í kjölfar hættumats, 229. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 310.

Fæðingarorlof, 226. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 307.

[18:27]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hvaða þýðingu það hefur að halda svona áfram. Hvað á að halda þessari

umræðu lengi áfram? Ég hygg að það sé töluvert mikið eftir af 1. umr. um þetta stóra og viðamikla mál og nokkrir þingmenn eigi eftir að taka til máls. Ég minnist þess ekki að það hafi verið venjan að vera svona lengi á fundum á föstudögum. (**StG:** Hver bað um svona langan fund?) Ja, nú þykir mér týra þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson er farinn að kvarta yfir löngum umræðum.

En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvað meiningin er að gera hér og ég vil leggja til að þessari umræðu verði slitið. Mér þykir þetta orðið nógu langt í dag og það er nægur tími í næstu viku til þess að halda áfram umræðunni um þetta mál. Ég vil benda á að það er mikið starf sem liggur fyrir í nefndum og miklar kröfur um að mál verði afgreidd þar. M.a. verður væntanlega vísað til okkar í félmn. og umhvn. því alvarlega máli sem hér er til umfjöllunar um snjóflóðavarnir. Við þurfum tíma til að undirbúa þá umsögn ef okkur á að takast að skila henni af okkur á mánudag. Hér er nóg af verkum að vinna og ég legg til, herra forseti, að það verði farið að slíta þessum fundi.

[18:29]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Að mati forseta er ekki langt liðið á þennan dag. Hins vegar mun svo vera, hv. þm., að það liggur fyrir samkomulag um að ljúka þessari umræðu og það fari fram atkvæðagreiðsla milli kl. 7 og 8. Forseti hefur í hyggju að gera ekki matarhlé, heldur halda fundi áfram.

[18:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja langa eða ítarlega ræðu. Ég ætla ekki að endurtaka margt af því sem sagt hefur verið úr þessum ræðustóli í dag, en mig langar til að byrja á því að hrósa hæstv. ríkisstjórn og lýsa ánægju minni yfir þeirri ákvörðun sem hún tók í gær að falla frá því að setja innritunargjöld á sjúkrahús.

Ég vil einnig segja að mér finnst það ánægjuefni að ríkisstjórnin skuli hafa fallið frá því að skerða kjör aldraðra, öryrkja og atvinnulausra á næsta fjárlagaári eins og til stóð að gera.

Ég segi þetta af heilum hug. Mér finnst þessar ákvarðanir skipta mjög miklu máli. Hins vegar kann einhver að segja og hugsa og hefur nokkuð til síns máls að þetta er að sjálfsögðu hrikalegur vitnisburður um eina ríkisstjórn að hér skuli standa þingmenn og fagna því og lýsa sérstakri ánægju með að ríkisstjórnin ætli ekki að ráðast á atvinnulaust fólk, öryrkja eða lífeyrisþega, að þingmenn skuli sjá ástæðu til þess að stíga í pontu til að þakka fyrir að sjúklingar sem eru lagðir inn á sjúkrahús, verði ekki krafðir um innritunargjöld. Þetta er að sjálfsögðu umhugsunarefni. En hins vegar endurtek ég að mér finnst þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í gær skipta mjög miklu máli.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort fjmrh. hæstv. sé í húsinu vegna þess að hann beindi nokkrum spurningum til mín hér úr ræðustól varðandi fjármagnstekjuskatt. Auk þess sem hann hélt hér mikla ræðu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hæstv. fjmrh. er í húsinu og er búinn að gera ráðstafanir til þess að hann komi hér í sal.)

Þakka fyrir það. Vegna þess að hæstv. fjmrh. hélt hér mikla ræðu um hin viðkvæmu mál þegar niðurskurðarhnífnum væri beitt. Hann sagði: Við viljum ekki skila komandi kynslóðum miklum skuldum. Við ættum af ábyrgð að takast á við fjárlagavandann og fjárlagahallann. Hann gerði fjármagnstekjuskatt sérstaklega að umræðuefni og beindi þeirri spurningu til mín m.a. hvort ég vildi ekki láta reikna öllu fólki, líka gömlu fólki, arð af fjármagni til tekna. Ég skal svara þessu. Ég vil láta gera það. En ég vil að allir þjóðfélagsþegnar sitji þá við sama borð. Mér finnst það lýsa ótrúlegum vesaldómi að menn skuli enn eina ferðina heykjast á því að setja hér á fjármagnstekjuskatt. Þeir eru byrjaðir að lýsa því yfir, hæstv. ráðherrar, að það standi til. Við höfum heyrt það oft áður. Við höfum lesið fréttir af því í blöðum að hér eigi að leggja á einhvers konar Tyrkjaskatt. Og hvers vegna köllum við þetta Tyrkjaskatt? Jú vegna þess að ef leitað er í gervöllu OECD þá finnst eitt ríki, eða tvö reyndar, það eru Belgar líka sem eru svo lágt í skattprósentunni, 10% skatti, að íslensku ríkisstjórninni finnst möguleiki að byrja að íhuga málið. Fjármagnskattgreiðendur eiga ekki að sitja við sama borð og aðrir skattþegnar þessa lands. Þar eru engin skattleysismörk. Þar er ekki talað um nein skattleysismörk. Nei það er 10% Tyrkjaskattur sem á að setja hér á fjármagnseigendur og við vitum hvað það er sem vakir fyrir mönnum. Það er að verja stóru fjármagnseigendurna á Íslandi. Menn eru að reyna að finna leiðir til að hafa skattprósentuna sem allra lægsta en koma svo hér upp í ræðustól eins og hæstv. fjmrh. sem ekki einu sinni flytur þó frv. um þetta. Hann ætlar að byrja á gamalmennum. Hann ætlar að byrja á gamla fólkinu. Hann ætlar að byrja á því fólki sem ekki getur varið sig. En ég endurtek um fjármagnstekjur, að hvort sem sá sem aflar þeirra er ungur að árum eða gamall, á að skattleggja þá alla. Ég tek undir það. En það eiga allir þjóðfélagsþegnar að sitja við sama borð að þessu leyti.

Og síðan aðeins varðandi hin viðkvæmu mál, hæstv. fjmrh. Hin viðkvæmu mál. Í hvaða samfélagi býr hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson? Í hvaða samfélagi býr hann? Við vitum það ósköp vel að á Íslandi er mikil og ranglát tekjuskipting. Við sjáum hana allt í kringum okkur. Við sjáum hana í stóru glæsikerrunum, í stóru einbýlishúsunum annars vegar. Munaðarlífi annars vegar og hins vegar vitum við að það eru stórir þjóðfélagshópar, heilar stéttir sem eiga erfitt með að framfleyta sér og sínum. Þetta þekkjum við. Og nefndir á vegum fjmrn. og ríkisstjórna í tímans rás hafa allar komist að þeirri niðurstöðu að hér séu miklir fjármunir sviknir undan skatti án þess að nokkuð sé í alvöru aðhafst til að ná þeim fjármunum inn. Það er ekki gert. Í stað þess er ráðist á hina viðkvæmu hópa. Það er von að mönnum sé tamt að tala um hin viðkvæmu mál. Það eru öryrkjarnir. Það eru atvinnulausir. Það eru sjúklingar. Óþrjótandi tekjulind. Ég tek undir það sjónarmið að við eigum að leita allra ráða til að skila komandi kynslóðum skuldlausu landi. Ég tek undir það. En ég legg líka áherslu á að börnin okkar eigi annað og betra skilið en að við skilum því þjóðfélagi sem hefur rifið niður þá velferðarþjónustu sem þeir sem á undan hafa gengið hafa reist og byggt upp hér á landi. Og hér er komið sögunni að bandormslögunum sem hér eru til umræðu.

Ég vil byrja á því að fara nokkrum almennum orðum um bandorminn og taka undir það sjónarmið sem hamrað hefur verið á hér í dag og harðlega gagnrýnt, að í stað þess sem tíðkast hefur í ormum af þessari tegund á liðnum árum þar sem um er að ræða tímabundnar ráðstafanir í fjármálum, þá er að þessu sinni tekið á grundvallaratriðum í velferðarlöggjöfinni, lögum um almannatryggingar, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum til aðstoðar öldruðum og fötluðum. Það er verið að taka á sjálfum grundvellinum sem öryrkjar, aldraðir og atvinnulausir standa á. Hér eftir verða lífskjör

þessara hópa háð ákvörðunum löggjafans hverju sinni. Ekki háð ákvörðunum með lögum, heldur með fjárlögum. Við þekkjum af reynslunni að þegar þeirri tryggingu, sem er eins konar vísitölubinding, er svipt brott er hætta á skerðingu. Þannig var hækkun persónuafsláttar í upphafi tengd lánskjaravísitölu. En í lok fyrsta staðgreiðsluársins var ákveðið að aftengja persónuafslátt hækkun lánskjaravísitölu, að hluta til. Þetta hefur haft í för með sér að skattleysismörk eru um 5.500 kr. lægri nú en ef tengingunni við lánskjaravísitöluna hefði verið haldið eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Og nú er ég bara að tala um þessa tengingu.

En við þurfum náttúrlega ekki að fara langt til að fá sönnun þess að afnám tengingar bótakerfisins við launaþróun og verðlagsþróun í landinu er varhugaverð vegna þess að gert var ráð fyrir því, fyrir aðeins nokkrum dögum að skerða þessar bætur um 600 millj. Þá er ég að tala um atvinnuleysisbætur og örorkubætur. Þetta eru ekki bara reikningskúnstir. Við erum ekki að fást við einhverjar tölur eða kennisetningar þegar hæstv. félmrh. segir hér áðan að hann sé andvígur hvers kyns vísitölubindingum í kerfinu. Við erum að tala um lífskjör þessa fólks og lífskjör þessara hópa. Hann er annar tónninn í yfirlýsingunni frá Sjálfsbjörg t.d. sem send var út 17. nóvember. Þar er ekki vikið að þessari kerfisbreytingu sem einhverjum reiknikúnstum. Þar er talað um þetta sem mannréttindi. Það er það sem við erum að ræða hér í dag. Við erum að ræða um mannréttindi. Í tilefni þeirra orða hér áðan um að samtök launafólks hefðu komið að þessu máli og þeim hefði verið kynntar þessar breytingar snemma í haust, vil ég segja þetta: Í yfirlýsingum sem komið hafa fram hjá öllum helstu samtökum launafólks á Íslandi hefur verið hamrað á því að ekki yrði skorið á þessi tengsl. Ég endurtek fullyrðingu sem ég setti fram fyrir fáeinum vikum. Svo lengi sem heildarsamtök á vinnumarkaði koma að gerð kjarasamninga á einn eða annan hátt verður það aldrei liðið að kjör þessara hópa, og þá er ég að tala um öryrkja, atvinnulausa og lífeyrisþega, verði skert eins og til stóð fyrir fáeinum dögum eða vikum. Það verður aldrei liðið.

Þetta þýðir það einfaldlega, ef menn ætla að halda sig við þá ráðstöfun að skera á tengslin, að verið er að efna til ófriðar á vinnumarkaði á hverju einasta ári.

Mig langar til að víkja að 41. gr. varðandi mæðra- og feðralaun, ekki vegna þess að ég vilji ekki fara í aðrar greinar frv. einnig heldur af því að mig langar til að vekja athygli á henni fyrir það að hún er dæmigerð um ákveðna þróun. En ástæðan fyrir því að ég ætla ekki að fara yfir allt frv. er sú sem ég gat um í upphafi að það búið er að fjalla um það í mörgum ræðum í dag. En samkvæmt þessari breytingu er gert ráð fyrir að mæðra- og feðralaun með einu barni falli niður. Í greininni segir að þau nemi nú 1.048 kr. á mánuði og lækka bætur um sömu fjárhæð á hvert barn með tveimur og þremur börnum. Árið 1992 var þessi upphæð 56.784 kr. Árið 1995 var þessi upphæð komin niður í 12.000 og nú á árinu 1996 er hún 0 kr. Þetta er pólitík hinna mörgu skrefa til lífskjaraskerðingar á Íslandi. Þeir segja að þetta sé svo lítið, þetta eru 1.000 kr. á mánuði. Þetta voru tæplega 57.000 kr. árið 1992. Fór niður í 12.000 kr. 1995 og nú niður í 0 kr. Með tveimur börnum var þessi upphæð árið 1992 148.776 kr., 1995 var hún komin niður í 60.000 kr., á næsta ári verður hún 48.000 kr. Svona fara menn að því að skræla utan af velferðarkerfinu á Íslandi. **(Gripið fram í:** Þetta var nú Jafnaðarmannaflokkur Íslands.) Það er von að hæstv. fjmrh. tali um hin viðkvæmu mál. Það er viðkvæmt mál þegar sífellt eru valdir út þeir hópar sem síst skyldi.

Hæstv. forseti. Í 61. gr. segir: „Gerð er tillaga um að ráðuneytum verði heimilt að færa verkefni milli stofnana eða fela sveitarfélögum og einkaaðilum að veita lögbundna þjónustu fyrir hönd ríkissjóðs, enda sé það talið hagkvæmt. Við það er miðað að mögulegt sé að breyta þjónustusvæðum og að um tímabundna samninga um þjónustuviðskipti verði að ræða." Mig langar til að spyrja fulltrúa hæstv. ríkisstjórnar hvað sé átt við með þessari einkavæðingarklásúlu? Eru þetta einhverjar sérstakar ráðstafanir sem gilda inni á sjúkrahúsum? Ef ég man rétt var því sýndur áhugi í einhverjum plöggum frá hæstv. ríkisstjórn að stofna hlutafélög um skurðstofur og aðrar deildir inni á sjúkrastofnunum. Mig langar til að vita hvað það er sem vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn með þessari sakleysislegu klásúlu.

[18:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef nú þegar svarað í umræðunni flestöllu því sem fram hefur komið nema síðustu spurningu hv. þm. um 61. gr. Hún á að vera tiltölulega skýr og í greinargerðinni kemur einnig fram við hvað er átt. Hér er ekki átt sérstaklega við sjúkrahús eða slíkar stofnanir. Hér er um almenna heimild að ræða og hér er fyrst og fremst verið að opna fyrir að hægt sé að afhenda verkefni, t.d. sveitarfélögum eða einkaaðilum þegar það fellur betur að markmiðum þjónustunnar eða starfsins. Eftir sem áður ber auðvitað ríkið og viðkomandi ráðuneyti ábyrgð á því að starfsemin sé unnin og þjónustan innt af hendi með þeim hætti sem lög bjóða eða ætlast er til í fjárlögum ríkisins. Hér er verið að opna möguleika því oft gerist það að hægt er að sameina stofnanir. Hægt er að taka út úr stofnunum tiltekin atriði og veita til annarra aðila, ekki síst sveitarfélaga. Hér er verið að opna fyrir það án þess að það þurfi að breyta lögum sérstaklega hvað þetta snertir.

Virðulegi forseti. Ég á von á því að á næsta ári fari fram á vegum ríkisins talsverð endurskoðun á rekstrinum. Við þurfum á því að halda fyrir fjárlagaárið 1997 og það kann að vera eðlilegt að hafa einhvern sveigjanleika til að undirbúa slíkar breytingar. Hér er hins vegar ekkert sérstaklega átt við sjúkrahús og ég á ekki von á því að það þurfi að beita þessu ákvæði hvað það snertir. En ég útiloka það hins vegar alls ekki.

[18:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel þetta svar ekki fullnægjandi. Eitthvað og kannski og e.t.v. Hér er spurt til hvers nákvæmlega er verið að setja þessa klásúlu inn í lögin. Það er eðlilegt líka að það komi fram hjá hæstv. heilbrrh. hvort þessa klásúlu eigi hugsanlega að nota eitthvað í í heilbrigðiskerfinu eins og hæstv. fjmrh. gaf í skyn. En ég tel ekki aðgengilegt að þingmenn fái ekki nákvæmari svör en þetta að það kunni að vera og e.t.v. og kannski eigi að breyta ríkisrekstri og veigamiklum þáttum í velferðarþjónustunni. Ég tel að þingið eigi kröfu á slíku.

[18:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef á þessari stundu hefði verið vitað nákvæmlega hvar ætti að nota þessa tilteknu grein hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra að flytja lagabreytingu þess efnis. Hér er hins vegar verið að óska eftir því að veitt sé almenn heimild til að hægt sé að beita hagkvæmni í rekstri ríkisins. Ég vona að allir hv. þm. séu sammála um að slíkt sé æskilegt.

Auðvitað er ekki hægt að svara spurningunni með „konkret" dæmum einfaldlega vegna þess að ef þau væru til á þessari stundu mundum við beita beinum lagabreytingum ef þess væri þörf vegna viðkomandi máls. Það er því ekki hægt að svara spurningunni öðruvísi á þessari stundu.

[18:53]

Útbýting þingskjala:

Fæðingarorlof feðra, 228. mál, þáltill. ÖJ og SJS, þskj. 309.

Starfskjör í sendiráðum, 230. mál, fsp. MÁ, þskj. 311.

[18:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. og einnig hæstv. samgrh. yrði gert viðvart að ég óska nærveru þeirra.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti mun verða við því. Þeir verða kallaðir hér til að hlýða á ræðu hv. þm.)

Ég þakka fyrir, hæstv. forseti. Ég mun þá fyrst beina máli mínu til hæstv. dómsmrh. á meðan aðrir hæstv. ráðherrar nálgast salinn. (**Gripið fram í:** Það er rétt að spyrja svolítið svona.) Það er líka ágætt að spyrja og kannski verður orðið við óskum hæstv. ráðherra um að leggja fyrir hann spurningar. Það er einkum tvennt sem ég vil gera að umtalsefni varðandi það sem hæstv. dómsmrh. nefndi. Það varðar í fyrsta lagi ábyrgð ríkisins á miskabótum sem hefur auðvitað verið gert að miklu umtalsefni í dag. Mér fannst málsvörn hæstv. ráðherra þar heldur veikluleg, satt best að segja, því að hæstv. ráðherra reyndi að sanna hvort tveggja í máli sínu, að hér væri á ferðinni mikilsverð og tímabær réttarbót fyrir almenning eða þá sem í hlut eiga og hins vegar væri samt réttlætanlegt að skerða þetta með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar sér og eyðileggja lögin strax á fyrsta ári gildistíma þeirra. Þetta fer heldur illa saman, satt best að segja. Það hlýtur að verða að skoða þannig að hæstv. ráðherra sé almennt þeirrar skoðunar að okkur Íslendingum sé svo illa komið að við höfum yfirleitt ekki efni á því að viðhalda þeim hlutum í réttarkerfi okkar og velferðarkerfi sem séu óumdeilanlega nauðsynlegir og af hinu góða. Ég vona að þetta verði eitt af því sem pólitískar forsendur skapist til að taka til endurskoðunar í meðförum þingsins á þessu máli.

Í sambandi við breytingar á sýslumannsembættum bakka ég ekki með það að sú forsenda fjárlagafrv. að velja út úr tvö tiltekin sýslumannsembætti og slá þau af án frekari rökstuðnings en fram hefur komið stenst ekki mál. Ekki hefur verið sýnt fram á það eða ég hef ekki heyrt þau rök ef menn eru á þessari braut á annað borð séu það akkúrat þessi embætti sem beri að leggja niður en ekki önnur. Hvers vegna þau? Hæstv. ráðherra hafði ekki fyrir því að reyna að svara því sem ég spurði hann um. Hvað með þá leið að færa verkefni og stækka svæði umdæmisins, t.d. í Ólafsfirði, eins og vilji er fyrir hendi af hálfu heimamanna til að gera og bæta þannig nýtingu og reksturs embættisins og gera hann þannig hagkvæmari? Hæstv. ráðherra má ekki gefa sér — og gerir vonandi ekki þau mistök í þessu sambandi — að reikna með því að þörfin fyrir þjónustuna verði úr sögunni með því að leggja embættið niður. Vonandi er ekki verið að ganga út frá þeirri forsendu. Ætli það geti ekki verið þetta gamla að sparnaðurinn eigi að vera á kostnað einhverra og þegar upp er staðið sé kannski óútkljáð hvort þjóðhagslega séð verður nokkur framför í þessu tilliti. Frá hinum þrönga sjónarhóli ríkissjóðs og ráðuneytanna í niðurskurðarpælingunum á haustin er kannski möguleiki á að lækka lítilega ríkisútgjöldin með auknun óþægindum og kostnaði fyrir notendurna. En þá greiða aðrir reikninginn og hæstv. ráðherrar hafa væntanlega ekki áhyggjur af því.

Ég held að menn þurfi stundum að horfa á hlutina frá fleiri sjónarhólum en þeim einum að með því að stækka og sameina og leggja niður eitthvað sem er á vegum ríkisins sé sjálfkrafa verið að ná fram þjóðhagslegum sparnaði. Það er ekki endilega svo. Hvað með að endurskipuleggja og nýta betur þá uppbyggingu og þann rekstur sem fyrir er ef það er e.t.v. farsælli lausn út frá sjónarmiði heildarhagsmuna?

Um Fiskifélagið hef ég svo sem ekki margt segja í viðbót við það sem ég gerði fyrr í dag í umræðunni. Mér finnst satt best að segja að þar sé fjallað með heldur ósanngjörnum hætti um hlutina. Mér finnst leiðinlegt að ekki skuli vera hægt að koma slíkum málum einhvern veginn fyrir og semja um þau án þess að það þurfi að vera að hnýta í menn með orðalagi af þessu tagi í greinargerð með opinberu frv. Það er heldur leiðinlegt að bera það upp á þennan merka og mæta félagsskap í greinargerð í stjfrv. sem hæstv. sjútvrh. hefur væntanlega lesið yfir og lagt blessun sína yfir að verið sé að hnýta í aðila eins og Fiskifélagið með þessum hætti. En það verður auðvitað að vera mál hæstv. sjútvrh. hverju hann vill merkja sig í þessum efnum.

Hæstv. félmrh., Páll Pétursson frá Höllustöðum, var næstur í ræðustól. Hann fór mikinn í tilraunum sínum til að verja hinn sértæka fjármagnstekjuskatt á aldraða og öryrkja og sakaði okkur andmælendur um að við værum farnir að standa í málsvörn fyrir ríka fólkið í landinu. Það væri nú meira hneykslið ef menn af vinstri kantinum eins og sá sem hér talar og hv. þm. Svavar Gestsson væru farnir að verja fjármagnseigendur. Það væri meiri ósvinnan. Hann væri þvert á móti væntanlega sá eini sem stæði við sannfæringu sína um að það lið ætti nú „sko vesgú" að borga. En við skulum líta aðeins nánar á málflutning hæstv. félmrh. Er það ríka fólkið í landinu sem á að fara að borga fjármagnstekjuskattinn? Nei, það er ekki endilega svo. Það eru öryrkjar og aldraðir sem ekki hafa neinar tekjur og eru þess vegna að fá bætur sér til framfærslu. Ef þeir skyldu eiga einhvers staðar sparnað á bók og hafa einhverjar minni háttar fjármagnstekjur þá á að skattleggja þær, en aðrir sem eru í fullri vinnu, hafa há laun eða eiga miklar eignir og eru á besta aldri eiga að fá sinn fjármagnsgróða skattfrjálsan. Þetta er málið í hnotskurn. Svo kemur hæstv. félmrh., aumingja karlinn, hér upp og reynir að verja sig með þeim ósköpum að saka þá sem gera þetta að umtalsefni um að verja ríkt fólk og skjóta skildi fyrir þá sem betur mega sín í þjóðfélaginu. Þetta er meiri málflutningurinn, verð ég nú að segja. Og það er von að aumingja framsóknarmennirnir ýmsir séu að verða ókyrrir hér í salnum, langleitir og dauflegir til augnanna. Þannig er frammistaðan hjá Framsókn í þessum efnum eins og svo mörgum fleirum. Hún liggur marflöt undir valtara íhaldsins í hverju málinu á fætur öðru, kyngir ómengaðri frjálshyggjunni og lætur sig hafa það að öðrum málum sem menn hafa barist fyrir, eins og fjármagnstekjuskattinum almennt sé frestað.

Það hafa þegar orðið nokkrar umræður út af orðum hæstv. fjmrh. um tekjuöflun og skuldasöfnun ríkissjóðs og hallarekstrinn og einnig vegna þess sem hæstv. heilbrrh. lagði til umræðunnar um 30 milljarðana. En ég spái því að hæstv. ráðherra verði nokkuð frægur fyrir þetta afrek í stærðfræði áður en lýkur. Ég hugsa að sonur minn 11 ára og fleiri slíkir sem eru að læra samlagningu um þessar mundir yrðu

býsna langleitir ef þeir sæju dæmi eins og hæstv. heilbrrh. hefur verið að setja fram hér í dag. Hann hefur tekið niður málflutning manna og fengið út úr 30 milljarða. Kannski voru það 29 milljarðar. Það gæti verið að það væri svona plús eða mínus 1 milljarður tilhlaupið hjá hæstv. ráðherra. Nákvæmnin var þó ekki meiri en þetta. Það voru ekki margir aukastafir í samlagningardæmi hæstv. heilbrrh. Nei, en ég veit um ágætt námskeið, m.a. hjá Námsflokkum Reykjavíkur og víðar þar sem hægt er að leysa svona vandamál og byrjendum er kennd stærðfræði. (**Heilbrrh.:** Ég held að þú ættir að koma með mér.)

Herra forseti. Nú ætla ég að beina máli mínu til hæstv. samgrh. Satt best að segja komst ég ekki yfir það í morgun því það er svo aftarlega í bandorminum sem fjallað er um skerðingu til samgöngumála. Ég vona að hæstv. samgrh. sé hér nálægur.

Ég segi það sömuleiðis að það olli mér nokkrum vonbrigðum að sjá eftir allt saman bandorminn koma fyrir þingið með þessum ákvæðum óbreyttum eins og þau eru kynnt í fjárlagafrv. Þ.e. að hér skuli stefna í skerðingu í samgöngumálum upp á nærfellt 1 milljarð kr. og það eigi að taka á níunda hundrað millj. kr. af mörkuðum tekjustofnum samgöngumálanna í ríkissjóð og skerða framkvæmdir í þessum málaflokki sem því nemur. Það er kominn tími á það, eins og nú er í tísku að segja, að hæstv. samgrh. komi í ræðustól og svari fyrir málin vegna þess að hæstv. ráðherra fór mikinn á síðasta kjörtímabili og sló um sig með því að hann væri að auka framkvæmdir í samgöngumálum. Síðan hefur hann síðustu missiri verið svo upptekinn við að klippa á borða og halda vígslur og athafnir út um allt að sagan segir að hann sé búinn að slíta upp tvennum skærum með fínasta stáli frá Svíþjóð í eggjunum. En nú er veislunni lokið hjá hæstv. skæraliðaforingjanum, hæstv. samgrh. Nú er veislunni lokið og skærin, eða það sem eftir er af þeim eru komin upp í hillu. Nú er komið að skuldadögunum, hæstv. ráðherra. (**Samgrh.:** Ég þarf að klippa í desember.) Þess sést stað m.a. í því að nú á að skerða framlög til samgöngumála, hina mörkuðu tekjustofna í ríkissjóð, um á níunda hundrað millj. kr. bara í flugmálum og vegamálum. Þar til viðbótar er svo niðurskurður í hafnarframkvæmdum allverulegur þannig að samtals er þetta í málaflokknum upp undir milljarður kr. Því segi ég það að það olli mér vonbrigðum að þetta skyldi standa hér enn eftir. Ég hafði satt best að segja gert mér vonir um að hæstv. ríkisstjórn væri ekki svo heillum horfin að hún myndi taka þessi áform til endurskoðunar nú, m.a. í ljósi þess hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um stórframkvæmdir á suðvesturhorni landsins eða eru í bígerð hér. M.a. af þeim sökum vonaði ég að ríkisstjórnin myndi á nýjan leik fara yfir það hvort þessi harkalegi niðurskurður á mikilvægasta framkvæmdaflokki fjölmargra kjördæma og mest allrar landsbyggðarinnar væri skynsamlegur við þessar aðstæður. Það má auðvitað einnig nefna atvinnuástandið og atvinnuleysið í þessu sambandi því hvernig sem Framsókn montar sig af einhverjum tölum frá Hagstofunni þá stendur hitt óhaggað að atvinnuleysið er í kringum 5%. Á milli 6.000 og 8.000 Íslendingar ganga þessa dagana án atvinnu og engar hundakúnstir í kringum það. Það er alveg sama hvaða árangur Framsókn telur hafa orðið af umtali sínu um að skapa þurfi ný störf. Það var helst að skilja á hæstv. félmrh. að það væri nóg að Framsókn ályktaði um það mál og þar með tæki störfum að fjölga en það er nú ekki svo því miður.

Ég spyr, í fyrsta lagi: Hvað hefur breyst? Er atvinnuleysið nú eitthvað skárra en það var fyrir tveimur eða þremur árum þegar menn urðu sammála um að nauðsynlegt væri að fara í framkvæmdaátak, m.a. í samgöngumálum til að sporna gegn atvinnuleysi? Er 5% atvinnuleysi nú eitthvað skárra en 5% atvinnuleysi var fyrir einu eða tveimur árum síðan? Ég spyr, herra forseti, í öðru lagi, hæstv. ráðherra: Er ekki ætlunin að endurskoða í neinu þessar áherslur í opinberum framkvæmdum hvað varðar landsbyggðina í ljósi ákvarðana um stóriðjuframkvæmdir hér á suðvesturhorni landsins? Ef það fer nú svo sem mjög líklegt er talið að til viðbótar stækkun í Straumsvík, allt gott um það að segja að þar komi til framkvæmdir og ný störf, verði skrifað undir endanlega samninga um gerð Hvalfjarðarganga eins og líklegt er talið að náist fyrir jóladag og e.t.v. í febrúar eða marsmánuði nk. verði teknar ákvarðanir um viðbótarofn og viðbótarframkvæmdir á Grundartanga og er þá nokkuð talið þegar þrjár stórframkvæmdir eru í farvatninu, ýmist þegar ákveðnar eða taldar mjög líklegar og allar hér á sama atvinnusvæðinu við sunnanverðan Faxaflóa, svo ekki sé nú minnst á hitt að eitt eða tvö ef ekki þrjú álver til viðbótar eru að sögn á athugunarstigi. Er þá ætlunin hjá hæstv. ríkisstjórn að láta þetta bara ganga fram si sona án nokkurra tilburða til þess að grípa til jafnvægisaðgerða á móti í atvinnumálum og byggðamálum? Það er satt best að segja harla sérkennilegt ef svo er. Eru stjórnarþingmenn af landsbyggðinni þvílíkar lurðar að þeir ætli ekki að láta í sér heyra um þessi mál, hvorki æmta né skræmta og láta þetta yfir sig ganga? Ef svo er ekki hvers vegna er þetta þá lagt fram m.a. svona? Ég segi fyrir mitt leyti að það er lágmark að þessari skerðingu á samgöngumálunum verði kastað út og vegamálin og flugmálin fái að nýta á næsta ári sína tekjustofna óskerta til framkvæmda og til viðbótar verði það skoðað að áherslur í þeim framkvæmdum verði hagað þannig að þær komi í meira mæli en ella væri í þá landshluta þar sem ekki verður ráðist í sérstakar stórframkvæmdir. Það er sanngjarnt og efnahagslega skynsamlegt til að afstýra því að enn meiri þensla skapist af völdum þessara framkvæmda og enn frekari sporðreising í byggðamálum.

Ég minni á að þegar samið var um álverið í Straumsvík á sínum tíma sem nú á að fara að stækka fylgdi því máli lagasetning um sérstakar aðgerðir í byggðamálum og það var ákveðið að mestallar skatttekjur af álverinu skyldu renna í sérstakan atvinnuuppbyggingarsjóð. Svo geta menn rætt um það að framkvæmdirnar á því hafi orðið meira og minna í skötulíki eða hvernig sem það nú varð, meira og minna fyrir mitt minni en það er þá á ábyrgð þeirra sem að því stóðu. (**Samgrh.:** Það er allt önnur bygging sem var líkt við skötubörð heldur en þessi.) En hvað sem skötum líður, hæstv. samgrh., þá er þetta alvörumál og ég trúi því satt best að segja ekki að hæstv. samgrh. verði glottandi yfir þessum málum ef hann skyldi lenda á fund norður á Akureyri núna á næstu dögum. Ég held að menn séu að vakna til vitundar um það, víða um landið að ef þetta gengur svona óbreytt fram þá er það ekkert annað en meðvituð ákvörðun um að sporðreisa landið enn frekar en orðið er. Það var verið að birta spá núna fyrir nokkrum dögum um að 80% þjóðarinnar yrðu komin hér á suðvesturhornið um aldamót ef svo heldur sem horfir. Ég veit ekki betur en að í vændum séu tölur af Vestfjörðum sem sýna að þar muni fækka um yfir 300 manns á árinu sem gert verður upp miðað við 1. desember sl. Um það hef ég lauslegar upplýsingar. Máttu þó Vestfirðingar síst við þeirri þróun. Ég þekki þess varla dæmi í allri Evrópu að slík byggðaröskun gangi yfir án þess að stjórnvöld séu með

einhverjar tilraunir til að snúa henni við eða sporna gegn henni. Ég held að menn hefðu gott af að kynna sér til að mynda hvernig nú um stundir er staðið að þessum málum í Noregi, í Skotlandi og víðar og er þó ástand mála þar eins og hátíð borið saman við það sem er að gerast á Íslandi. Það er ekki hollt í neinu tilliti og ekki heldur fyrir þetta svæði sem við erum hér stödd á núna að þróunin gangi svona eftir. Hún er líka dýr og óhagkvæm þessu svæði. Hún kostar líka mikið fyrir sveitarfélög hér og hið opinbera vegna þess að á bak við liggja vannýttar fjárfestingar úti um landið en þörf fyrir viðbótaruppbyggingu og fjárfestingar hér ef þessi þróun heldur svona áfram. Og það er sóun í hvaða landi sem er að safna öllu mannfólkinu saman á einn stað og nýta ekki auðlindir og möguleika sem landið að öðru leyti býður upp á. Það er óhagkvæmt frá umhverfissjónarmiðum séð og það er afturför í menningarlegu og sögulegu tilliti og svo mætti lengi áfram telja. Um það þarf, hæstv. forseti, vonandi ekki að deila að byggðaröskun á þennan mælikvarða er óhagstæð. Það hefur orðið niðurstaða allra þjóða sem ég þekki til nema þá helst Íslendinga ef það er að verða uppi um þessar mundir að við þetta sé ekkert að athuga.

Herra forseti. Ég mun svo gera þessu máli betur skil í tengslum við frv. um lögfestingu heimilda til að stækka álverið í Straumsvík sem er til meðferðar í þinginu og mun þá leggja til og flytja breytingartillögur um að áætlun í byggðamálum og aðgerðir í byggðamálum verði afgreiddar í tengslum við það mál ef ekki bólar á neinu slíku af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans hér á Alþingi. En ég er farinn að sakna þess að heyra ekki eitthvað í einhverjum um þetta mál og satt best að segja er hún harla dapurleg þessi þögn hv. stjórnarþingmanna um það sem einhverju máli skiptir hér.

Inn á þingið rignir alls konar sýndarmennskutillögum fluttum af hv. þm. stjórnarliðsins um athuganir á öllu milli himins og jarðar og að það beri að kanna og skoða þetta og hitt af góðum hug og miklum vilja, m.a. að bæta almennt þjónustu, uppræta skattsvik o.s.frv. En eitthvað sem máli skiptir sést ekki hér á borðum hv. þm. stjórnarliðsins. Þeir beygja sig í duftið og kyssa vöndinn og samþykkja framlagningu hvers frv. á fætur öðru sem er í raun og veru hreinasta hneyksli borið saman við þann málstað sem þeir ættu að vera hér að verja. Kannski hrökklast einhverjir hv. þm. af landsbyggðinni úr stjórnarliðinu upp í ræðustólinn hér á eftir, til að mynda hv. þm. af Vesturl., Vestf., eða annars staðar þar sem mönnum er málið skylt og láta eitthvað frá sér fara um hvort þeir skrifa með stolti upp á þennan niðurskurð á samgöngumálunum.

Og hæstv. samgrh. segir okkur e.t.v. frá því hvernig hann hefur hugsað sér að ljúka veisluhöldunum og standa að skuldadögunum, þ.e. því sem nú er verið að bera fram fyrir okkur að það eigi í vaxandi mæli, ár frá ári að skerða tekjustofna til að mynda Vegagerðarinnar til að borga skuldirnar sem hann stofnaði til á síðasta kjörtímabili. Ætli það sé þá ekki að sannast sem haldið var fram að það sé skammgóður vermir að standa þannig að málum eins og hæstv. ráðherra gerði í allt of ríkum mæli.

[19:15]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get varla orða bundist yfir hneykslan minni á þessu frv. og á það jafnt við um innihaldið og formið. Með því síðarnefnda á ég við að ríkisstjórninni skuli detta í hug að leggja fram bandormsfrv. af þessu tagi þar sem að langmestu leyti eru tillögur um varanlegar lagabreytingar og það eru breytingar á tugum lagabálka. Hingað til hefur að verulegu leyti verið um tímabundnar ákvarðanir að ræða í fyrri frv. í ríkisfjármálum að mér skilst og það sem brýnt er að gera vegna fjárlaga næsta árs. Að þessu sinni eru aðeins sex greinar í frv. sem varða tímabundnar aðgerðir, þ.e. sem eiga eingöngu við fjárlögin 1996. Að öðru leyti er verið að fjalla um varanlegar lagabreytingar. Ég ætla að benda fyrst á að þessir sex lagabálkar sem eingöngu á að skerða á næsta ári eru lög um búfjárrækt, um jarðræktarlög, lög um stjórn fiskveiða og reyndar einnig um málefni fatlaðra, um erfðafjárskatt og í vegagerð. Allt annað eru varanlegar breytingar á lögum.

Herra forseti. Ég tel að þessi aðferð við að breyta lögum sé ekki réttlætanleg á Alþingi. Hún er í raun og veru alger vanvirðing við löggjafarsamkunduna sem væntanlega hefur legið yfir hverjum einasta stafkrók í þessum lagabálkum í öllum fagnefndum þingsins og hér á með einu frv. að breyta varanlega einum 27 lagabálkum.

Ég ætla ekki að fara út í öll efnisatriði frv. en þar er töluvert um menningarmál, Listskreytingasjóð, Kvikmyndasjóð, útvarpslögin, þjóðminjalögin og þar er um verulegar efnisbreytingar að ræða. En þó að þetta séu allt saman mjög umdeilanlegar lagabreytingar vil ég sérstaklega taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram varðandi lögin um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, lögin um atvinnuleysistryggingar þar sem á að afnema tengingu á bótum lífeyrisþega við laun, lögin um almannatryggingar, um eftirlaun aldraða og um félagslega aðstoð þar sem á að afnema mæðra- og feðralaun með einu barni. Ég furða mig sérstaklega í því sambandi á ummælum hæstv. heilbrrh. þar sem hún segir að vegna þess að bæturnar séu svo lágar, 12 þús. kr. á ári með einu barni, sé rétt að afnema þær. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að í Skandinavíu eru þessar bætur mun hærri og það hefði verið nær að hækka þær en afnema þær af því þær séu svo lágar. Þær hafa verið skammarlega lágar og það réttlætir ekki að taka þær af. Núna á að lækka árlegar bætur úr 60 þús. í 37 þús. með tveimur börnum og úr 129.600 í 98 þús. með þremur börnum. Þetta eru verulega slæmar tillögur og að mínu mati er frv. allt að því ofbeldisaðgerð. Það á að þvinga í gegn breytingu á 33 lagabálkum með einu frv., þessum ógurlega bandormi. Mér er bara spurn: Er verið að spara tíma? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Mér finnst alls ekki eðlilegt að ganga svona til verks og hefði óskað eftir að það hefðu komið fram mörg frv., þ.e. eitt sem á við hvern lagabálk.

Ef við lítum aðeins nánar á innihaldið virðist mér að hið skelfilega sé að koma í ljós. Það sem var búið að boða að gerðist í fjárlagafrv. til eins árs, þ.e. niðurskurður til aldraðra, til þolenda afbrota, um mæðra- og feðralaun eða yfirleitt þeirra hópa sem verst standa í þjóðfélaginu, á ekki bara við um næsta ár. Nei, það er verið að leggja til varanlegar skerðingar til þessara hópa. Þó það sé vissulega rétt að ríkisstjórnin hafi samið um einhverjar ákveðnar upphæðir til bóta miðað við núv. fjárlagafrv. vegna kjarasamninga eru þó öll prinsippin aftengd með frv., þ.e. tengingin á milli bóta og launa. Þó að vissulega sé æskilegt að minnka hallann á ríkissjóði lýsi ég yfir vanþóknun minni á forgangsröðuninni sem birtist í frv. Ég tek sérstaklega undir gagnrýnina sem hefur komið fram hér í dag hjá Kristínu Ástgeirsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og ýmsum fleiri þingmönnum stjórnarandstöðunnar, um fyrirhuguð áform um að skerða bætur

til þolenda afbrota. Það er mjög mikið réttlætismál gagnvart þolendum afbrota og algjör lítilsvirðing við hv. allshn. sem flutti málið á þessu ári að nú þegar skuli gerð áætlun um að skerða framlög vegna laganna og það varanlega. Vegna þess að hæstv. fjmrh. var að kvarta yfir því hér áðan að ekki kæmu neinar ábyrgar tillögur á móti, þá held ég að hér hafi komið ýmsar ábendingar um annars konar forgangsröðun og ég vil bara fyrir mitt leyti taka undir að nær væri að leggja til fjármagnstekjuskatt, koma með veiðileyfagjald eða krukka eitthvað í landbúnaðarkerfið sem alltaf er verið að hlaða ofan á.

En þó að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar sé hneyksli að mínu mati er það enn meira hneyksli að ætla sér að bylta 27 lagabálkum í einu án eðlilegrar þinglegrar meðferðar. Og það er hneyksli að ætla að gera varanlegar lagabreytingar sem bitna á þeim sem verst standa í þjóðfélaginu án þess að ætla slíkum breytingum hefðbundna meðferð í þinginu.

Ég endurtek því þá skoðun mína að þetta sé ofbeldisleg aðferð við að keyra mál í gegnum þingið og vanvirðing við þær hefðir sem hér hafa gilt. Ég mun því gera mitt til að kanna möguleika á því að forminu á frv. verði breytt því ég tel að þessi aðferð til varanlegra lagabreytinga sé ekki boðleg. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að hæstv. forsrh. er ekki í salnum, hvort hann sé til viðræðu um að breyta formi frv. þannig að eingöngu verði tekist á um það sem er nauðsynlegt að gera vegna fjárlaga næsta árs en allar aðrar breytingar komi síðan inn í þingið í aðskildum lagabálkum eftir jólin og fái þá eðlilega þinglega meðferð.

[19:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég láta það koma fram að ég tel ekki ástæðu til að breyta frv. Ég bendi á að fyrir nokkrum árum var þingsköpum Alþingis breytt og eftir það er ætlast til að sú þingnefnd sem fær mál til meðferðar geti sent vissa hluta þess til annarra þingnefnda. Þannig er tryggt að viðkomandi þingnefndir geti fjallað um málið og það sem að þeim snýr þótt aðeins sé um eitt frv. að ræða. Þessu var öðruvísi farið áður og þá, við þau skilyrði, kann að hafa verið réttlætanlegt að hluta frv. í sundur eins og þetta.

Ástæðan fyrir því að svokölluð „þrátt-fyrir"-ákvæði eru ekki með hefðbundnum hætti í frv. er sú að margoft á undanförnum árum hefur verið kvartað undan því að Alþingi hafi árum saman, jafnvel áratugum saman, látið undir höfuð leggjast að breyta lögum sem vissulega voru orðin úrelt og það var til hnjóðs og vansæmdar fyrir þingið að umgangast lög með þeim hætti að á hverju ári var verið að breyta þeim til eins árs í senn. Þannig að ég vil undirstrika það að mér finnst þetta vera framfaraspor og vænti þess að ríkisstjórnin megi eiga gott samstarf við alla hv. þingmenn um að þetta mál fái afgreiðslu fyrir jólin.

[19:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi nú biðja hæstv. forseta að kanna það hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki örugglega í húsinu. Ég hefði gjarnan viljað að hún væri hér.

(**Forseti** (ÓE): Forseti gerir ráðstafanir til að ráðherra komi í salinn.)

Takk fyrir. Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem þeir hafa veitt hér í dag. Þau hafa að mörgu leyti verið athyglisverð og auðvitað er full ástæða til að fara yfir þau mun rækilegar en kostur er á í þessari takmörkuðu umræðu sem hér stendur yfir.

Ég vil fyrst víkja að því sem fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hv. 17. þm. Reykv. þegar hann sagði: Það verður aldrei liðið að kjör þessa fólks verði skert. Og þá átti hann við elli- og örorkulífeyrisþega og atvinnuleysingja og þann veruleika að í frv. sem við erum að ræða er gert ráð fyrir því að afnema sjálfvirkar lagfæringar á bótum almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs út frá verðlagsbreytingum.

Ég held að það sé mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að undirstrika þetta atriði sem kom fram frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni vegna þess að ég er alveg sannfærður um að þetta er atriði sem á eftir að skipta mjög miklu máli á næsta og þarnæsta ári og alltaf. Ég er alveg sannfærður um að verkalýðssamtökin í landinu og talsmenn láglaunafólks munu ekki geta þolað að þessar bætur verði látnar liggja óbættar í verðlagi og ég veit líka að hæstv. fjmrh. mun segja hér og hæstv. heilbrrh.: Það stendur ekki til að gera það. Við munum lagfæra þetta á hverju hausti. Veruleikinn er hins vegar sá að vandinn sem fjmrh. stendur frammi fyrir á hverju einasta ári við að koma saman fjárlagadæminu mun knýja hann til að taka á málinu með því að skerða bæturnar. Þess vegna er um að ræða mikilvæga og hættulega grundvallarbreytingu og ég skora á hæstv. ráðherra að festa sér í minni þau orð sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hafði hér uppi áðan.

Ég vil í annan stað, hæstv. forseti, víkja að umræðunni um fjármagnstekjuskattinn. Mikið óstjórnlega var hún vitlaus af hálfu hæstv. félmrh. Hann setti þetta upp þannig að ég og fleiri sem höfðum talað gegn fjármagnstekjuskatti aldraðra og öryrkja, værum í raun og veru að verja sérstaklega fjármagnstekjueigendur og snúast gegn fjármagnstekjuskatti yfirleitt. Þetta er auðvitað algjörlega fráleit uppsetning mála. Ég segi það hins vegar alveg eins og er að ég tel það ekkert eftir mér ef þörf krefur að ganga undir því sæmdarheiti að heita „málsvari þeirra sem eru að spara litla fjármuni hér í þessu þjóðfélagi".

Mér finnst það dálítið sérkennilegt og athyglisvert þegar fjmrh. Sjálfstfl. veitist sérstaklega að þessu fólki eins og hann gerði í andsvari sínu hér áðan. Veruleikinn er auðvitað sá þegar við höfum verið að leggja áherslu á fjármagnstekjuskatt þá viljum við að það verði greiddur skattur af fjármagnstekjum eins og greiddur er skattur af vinnulaunatekjum. Hlutfallslega og með frádráttum eins og þar. Við viljum með öðrum orðum að þessir þættir séu gerðir nokkurn veginn jafnsettir í þjóðfélaginu. Vegna þess að við neitum að sætta okkur við að fjármagnið hafi forréttindi umfram vinnuaflið. Af því að við teljum að vinnuaflið sé reyndar undirstaða alls í þessu þjóðfélagi en fjármagnið er afleiðing af vinnuaflinu. Fjármagnið hefur aldrei skapað arð. Kenningarnar um að fjármagnið hafi skilað sjálfvirkum hagnaði, t.d. í kjallara Seðlabankans eins og var haldið fram hér um árið eru rangar. Þegar spurt var hver ætti að borga Seðlabankabygginguna, var svarið þetta: Peningarnir verða til í bankanum. Svona eru hlutirnar ekki. Það er vinnuaflið sem er undirstaða alls í þessu efni. Auðvitað á að skattleggja fjármagnstekjurnar en það á ekki að ráðast að öldruðum og öryrkjum með þeim hætti sem gert er hér í þessu frv.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, vil ég svo víkja aðeins að svörum hæstv. heilbr.- og trmrh. við nokkrum fyrirspurnum mínum varðandi almannatryggingalagabreytinguna. Ég tók eftir því að varðandi þann sparnað sem gert er ráð fyrir

í fjárlagafrv. og ég spurði hér um líka, þá er margt mjög óljóst enn þá. Það er t.d. gert ráð fyrir einhverri nefnd til að skipuleggja þann sparnað sem á að nást hjá sjúkrahúsunum upp á 200 millj. kr. Það er í nefnd. Það liggur ekkert fyrir um það hvernig það á að gerast, það er í nefnd. Varðandi lyfin, er í raun og veru mjög óljóst hvernig á að ná hvorki meira né minna en 330 millj. kr. lyfjasparnaði. Ég heyrði a.m.k. ekki nákvæmlega hvernig á að fara að því. Það á að beita viðmiðunarverðskrá en það er gert hvort eð er. Ég sé því satt að segja ekki hvaða breytingar á að gera í þeim efnum. Það á að vera strangara eftirlit með nýjum lyfjum. Þetta hefur alltaf verið sagt við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár. Þetta hefur t.d. hæstv. fyrrv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, sagt aftur og aftur undanfarin ár. Ég vildi spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er eitthvað nýtt að gerast í þessu sambandi? Fyrir pólitískt ráðuneyti að hafa eftirlit með upptöku nýrra lyfja, er vægast sagt flókið mál og viðkvæmt. Ég átta mig því ekki alveg á því hvernig ætlunin er að taka á þessu máli.

Hitt sem vakti mesta athygli mína í ræðu hæstv. ráðherra var það að ég spurði hvaða lagastoð reglugerðin um ferliverk frá 1992 hefði. Ég spurði ekki hvort hún hefði það. Mér datt ekki í hug annað. En ég spurði, hvaða lagastoð hefur reglugerðin um ferliverk og ráðherrann sagði að hún vildi ekkert fullyrða um það en ýmislegt í almannatryggingakerfinu hefði ekki lagastoð. Það hef ég hér orðrétt eftir ráðherranum. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir þetta sæta nokkrum tíðindum. Ég vil þá fyrst spyrja t.d um bílalánin. Eru það bílalánin sem hæstv. ráðherra á við í þessu sambandi? Hvernig stendur það? Hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir í umræðum fyrir nokkru þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði ráðherrann að því í fyrirspurnatíma hvernig það væri með bílalánin. Þá sagði hæstv. heilbrrh. eftir fyrirspurn frá hv. form. heilbrn.: Ég ætla að láta taka upp bílalánin. Ég ætla ekki að láta leggja niður bílalánin. Hún virtist í raun og veru ætla að snúast gegn meiri hluta tryggingaráðs. Þá vil ég spyrja ráðherrann að því: Gaf hún ekki formanni tryggingaráðs fyrirmæli um að afnema bílalánin? Síðan vil ég segja við hæstv. ráðherra varðandi bílalánin: Það er rangt að þau hafi ekki lagastoð. Bílalánin hafa lagastoð. Þau hafa staðið um áratuga skeið og þau hafa verið staðfest sem veruleiki í fjárlögum íslenska ríkisins um áratugi. Þótt þau séu ekki með beinum hætti tilgreind í almannatryggingalögunum, eins og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé þarna að vitna til, þá hafa bílalánin í raun og veru lagastoð. Alþingi hefur staðfest þau. Alþingi hefur staðfest grunn bílalánanna með fjárlögum hvað eftir annað þar sem bílalánin eru tilgreind í grg. fjárlagafrv. sem einn af útgjaldaliðum Tryggingastofnunar ríkisins. En spurningin er: Hvernig ætlar ráðherrann að tryggja það að bílalánin verði ekki afnumin þrátt fyrir samþykkt meiri hluta tryggingaráðs? Mér skilst að hæstv. ráðherra hafi komist þannig að orði að hún hafi falið heilbr.- og trn. Alþingis að ganga frá málinu. Á hún þá við það að hún hafi falið heilbr.- og trn. Alþingis að flytja frv. sem breytir almannatryggingalögunum þannig að bílalánin verði lögleg? Það er athyglisvert. Þá spyr ég að því: Er samstaða í stjórnarflokkunum um að þetta verði gert? Eru Sjálfstfl. og Framsfl. í heilbrn. tilbúnir að ganga í það verk með form. heilbrn. að bílalánin verði gerð lögleg, þ.e. þessu ákvæði verði skotið inn í almannatryggingalög? Hin einfalda spurning til hæstv. heilbr.- og trmrh. er sem sagt þessi: Hefur Sjálfstfl. samþykkt að breyta þannig lögunum um almannatryggingar að lagastoð verði skotið undir bílalán Tryggingastofnunar ríkisins? Þetta er atriði sem hæstv. heilbr.- og trmrh. þarf að svara.

Síðan vil ég aðeins víkja aftur að ferliverkunum. Ég tel það mjög fróðlegar upplýsingar ef það er mat hæstv. ráðherra að ferliverkareglugerðin hafi ekki lagastoð. Þá sýnist mér einboðið að allir þeir sem hafa borgað fyrir ferliverk fari í mál við hæstv. fjmrh. og láti hann borga þetta aftur. Því hér er um að ræða greiðslur upp á 20 þús. kall fyrir sólarhringinn þegar menn fara í meðferð af einhverju tagi inn á heilbrigðisstofnanir og borga samkvæmt þessari reglugerð um ferliverk. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá nákvæmar upplýsingar um það hvernig hæstv. heilbrrh. lítur á þetta mál.

Ég tel, hæstv. forseti, að þetta séu kannski mikilvægustu atriðin í þeim almennu svörum sem hér hafa komið fram. Ég mótmæli sem sagt mjög harðlega uppsetningu hæstv. félmrrh. varðandi þá sem eiga að fara að borga fjármagnstekjuskatt, fjármagnstekjuskatti á gamalmenni sem á að innleiða hér undir forustu Sjálfstfl. Ég mótmæli harðlega túlkun ráðherrans á því máli. Ég tel að þar sé ekki um rétta uppsetningu mála að ræða.

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. heilbrrh. sagði líka: Endurhæfingarreglugerðin á ekki heldur lagastoð. Er ekki rétt að fara að húrra saman lista yfir þessa bótaflokka Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa ekki lagastoð? Auðvitað hafa þessir þættir lagastoð. Eða er kannski búið að telja hæstv. heilbrrh. trú um að ívilnandi ákvæði almannatryggingalaga séu sams konar og íþyngjandi ákvæði annarra laga? Ég held að menn þurfi að gera að sér grein fyrir því að fyrir því er áratuga hefð að það hafa verið settar reglugerðir um ívilnandi ákvæði til handa öryrkjum og öldruðum á grundvelli almannatryggingalaga í fjölmörgum tilvikum sem væri hægt að rekja hér. T.d. gæti ég nefnt í því sambandi svokallaða bensínreglugerð og fleiri. Það hefur verið viðurkennt af löggjafanum og það hefur verið skoðun heilbrrn. að þessar reglugerðir styddust í raun og veru við lög. Það er furðulegt eða er það kannski það sem er að renna upp hér, hæstv. forseti, að lagatúlkun fjmrn. hafi unnið sigur í þessu efni eins og fleiru? Og að heilbrrn. beygi sig fyrir þessari lagatúlkun fjmrn. Það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur. Það kann að vera skýringin á uppsetningu mála eins og hún hefur birst hér þar sem hæstv. heilbrrh. hefur aftur og aftur sagt að þetta og hitt frá Tryggingastofnun ríkisins hefði ekki lagastoð. Hér situr t.d. í salnum maður sem hefur lengi verið formaður tryggingaráðs og setið lengi í tryggingaráði. Hann situr nú í forsetastóli og veit betur en allir aðrir hér inni að hvað eftir annað hafa verið teknar ákvarðanir um ívilnandi þætti á grundvelli almannatryggingalaganna sem hafa verið staðfestir af heilbrrn. og hafa verið framkvæmdir þannig. Þeir hafa stundum að vísu sætt mótmælum af hálfu fjmrn., einkum á seinni árum. En fjmrn. hefur ekki verið látið komast upp með slíkt múður. Er það það sem er að gerast hér? Er heilbrrn. að lúffa í þessu máli, hæstv. ráðherra?

Ég vænti þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. fjmrh., og þá aðallega hæstv. heilbr.- og trmrh. því ég hef einkum beint spurningum til hennar, svari þeim fyrirspurnum sem ég hef borið hér fram.

[19:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru þrjú atriði sem mig langar til að gera hér að umtalsefni. Í fyrsta lagi vil ég minna hv. þm. á að fjárlög eru líka lög. Menn eiga að fara að fjárlögum þannig

að Tryggingastofnun ríkisins getur ekki ákveðið, ef ekki eru skýrar lagaheimildir til, að veita bætur upp á sitt eindæmi ef það brýtur í bága við fjárlög. Ég er ekki að segja neitt annað en það sem felst í þessari yfirlýsingu minni.

Í öðru lagi vil ég að það komi hér fram að það er ekkert athugavert við það að minni hyggju að taka sjálfvirknina úr sambandi þegar talað er um bætur eins og almennar tryggingabætur frá almannatryggingum ríkisins, vegna þess að smám saman er lífið að breytast og við þurfum að taka tillit til þess að fjárhagur fullorðins fólks hefur batnað og mun batna meira þegar lífeyrissjóðirnar skila meiru til þess fólks sem hefur sparað í þá áratugum saman.

Í þriðja lagi vil ég segja að þetta sem hér er gert ráð fyrir og kallast af sumum fjármagnstekjuskattur, sem eru auðvitað algjör öfugmæli vegna þess að hér er verið að tala um fjármagntekjuskerðingu á bætur en ekki laun, að þá skal það tekið fram að ef einstaklingur hefur ekki lífeyrisgreiðslur eða launatekjur getur hann líklega haft skattfrjálst samkvæmt þessu ákvæði upp undir 40 þús. á mánuði í vaxtatekjur og þarf þá að eiga í banka líklega milli 7 og 9 millj. til þess að bætur fari að skerðast hjá honum. Og ég spyr hv. þm.: Er það virkilega svo að hann sé að verja það fyrir okkur að slíkar tekjur megi ekki undir nokkrum kringumstæðum skerða bótarétt?

[19:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, slíkar tekjur mega skerða bótarétt. En af hverju sagði ráðherrann þetta ekki fyrr? Af hverju hefur hann ekki útskýrt málin betur fyrr? Af hverju þurfti að slíta þessar upplýsingar út úr honum með töngum? Af hverju gerði hann ekki grein fyrir þessu máli áður? Það er auðvitað ótrúlegt að það eru búnar að standa hér yfir viðræður við hæstv. ráðherra í allan dag og hann hefur ekki gert grein fyrir þessu atriði. Auðvitað tel ég ekkert að því að þetta fólk borgi fjármagnstekjuskatt, en það eiga allir að gera það. Ég tel að það sé rangt að byrja á því að skattleggja þetta fólk. Það er rangt að byrja á því að skattleggja aldraða og öryrkja í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Það er rangt að gera Tryggingastofnun ríkisins að útibúi frá skattstofunni, en það er það sem hæstv. ráðherrar eru hér að gera. Þessi nýi fjármagnstekjuskattur á gamalt fólk og öryrkja er þess vegna fráleitur eins og staðan er.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðherra að fjárlög eru líka lög. Það er einmitt það sem ég hef verið að segja hér. T.d. hafa bílalánin og endurhæfingarlífeyririnn verið tilgreind sérstaklega í greinargerðum fjárlagafrv. undanfarin ár og áratugi. Þess vegna er í raun og veru alveg fráleitt að setja hlutina upp hér eins og mér virðist að hæstv. heilbrrh. hafi í seinni tíð lært af hæstv. fjmrh.

[19:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því að hv. 8. þm. Reykv. er að verja þau sjónarmið að maður sem vinnur hörðum höndum í verkamannavinnu og er orðinn sjötugur þarf að sætta sig við að bætur hans skerðast. Maður sem hefur samkvæmt lögum borgað í lífeyrissjóð í lengri tíma og fær þar af leiðandi borgað úr honum verður að sætta sig við að bætur hans frá almannatryggingum skerðist. Hafi hann hins vegar hvorki launatekjur né tekjur úr lífeyrissjóði af því að hann hefur aldrei borgað í hann en á verulegar upphæðir í banka, eiga tekjur af þeirri inneign ekki að skerða bætur. Þetta er sjónarmið hv. þm. Svavars Gestssonar og það er vissulega athyglisvert.

[19:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað hreinn útúrsnúningur. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að leggja fjármagnstekjuskatt á alla. Það á ekki að byrja á því að leggja fjármagnstekjuskatt á gamalt fólk og öryrkja og það á ekki að byrja á því að nota Tryggingastofnun ríkisins sem útibú frá skattstofunni. Það er það sem ég er að segja en hæstv. fjmrh. vill hvorki skilja það né hlusta á það. Er það kannski vegna þess að hann ætlar að nota þessa umræðu til að koma í veg fyrir það í fimmta sinn að fjármagnstekjuskattur verði lagður á yfir línuna? Ætlar hann að búa sér til úr þessu skálkaskjól fyrir íhaldið í landinu?

[19:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson endurtekur spurningar varðandi lagastoð fyrir t.d. liðinn bílalán sem áralöng hefð er fyrir að sé úthlutað úr Tryggingastofnun, allt frá 1947. Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við þetta mál. Og það er Ríkisendurskoðun sem biður um lagastoð fyrir bílalánum. Bílalán hafa ekki verið afnumin, hv. þm. Bílalán verða ekki afnumin á næsta ári, um það hef ég náð samstöðu við meiri hluta tryggingaráðs.

Það hefur líka komið í ljós að það var engin lagastoð fyrir endurhæfingarlífeyrinum. Við erum að vinna að lagafrv. varðandi þessi tvö atriði.

Varðandi ferliverkin vil ég segja það að hv. þm. hefur oftúlkað þau orð sem hér hafa verið sögð. Það eina sem er á gráu svæði og ég vil skýra fyrir hv. þm. er að sé sjúklingur vistaður á sjúkrahús á hann rétt á ókeypis vistun, en í einstaka tilvikum hefur komið í ljós varðandi ferliverk að sjúklingur er vistaður allt að einum sólarhringi á sjúkrahúsi þótt hann greiði fyrir ferliverkið. Ég tel að þetta geti verið á gráu svæði og við erum að skoða það.

[19:50]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og spyrja hana jafnframt þeirrar einföldu spurningar sem ég spurði hana áðan en hún svaraði ekki núna. Er meiri hluti í heilbr.- og trn. fyrir því að skjóta lagastoð undir reglugerðina um bílalán? Er meiri hluti fyrir því og er við því að búast að þessi nýju lög verði þá sett núna fyrir hátíðirnar? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá um þetta upplýsingar og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ábendinguna varðandi Ríkisendurskoðun. Ég hafði satt að segja gleymt því. Það er rétt að Ríkisendurskoðun lét þetta nýlega frá sér fara. En það er æskilegt að fá svar við því hvort hún telur að það sé meiri hluti í heilbr.- og trn. Alþingis fyrir því að tryggja reglugerðinni um bílalán lagastoð. Ef svo er þá er auðvitað ekkert annað að gera fyrir hv. formann heilbr.- og trn. en að halda fund í nefndinni á morgun og ganga frá frv. um þetta efni þannig að það sé klárt og menn þurfi ekki að velkjast í vafa um það stundinni lengur.

[19:51]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur ávallt að vera meiri hluti fyrir því á Alþingi að fara að lögum.

[19:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf meiri hluti fyrir því að fara að lögum á Alþingi en það eru stundum deildar meiningar um það hvað eru lög og hvernig þarf að breyta lögum. Út á það gengur þetta mál. Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað því hvort hún telji að það sé meiri hluti í heilbr.- og trn. fyrir málinu. Er hún þar með að segja eða gefa í skyn að Sjálfstfl. sé að þverskallast við að breyta lögunum þannig að bílareglugerðin verði lögleg? Er hæstv. heilbrrh. að segja að Sjálfstfl. sé að þvælast fyrir í þessu máli? Það verður auðvitað að vera alveg skýrt. Ég geri mér grein fyrir að fjmrh. getur verið tiltekið vandamál í þessu máli. En hann þarf nú ekki að ráða öllu hér. Er það Sjálfstfl. sem er þversum í málinu? Er það þess vegna sem hæstv. ráðherra vill ekki að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kalli saman fund í nefndinni fyrr en á mánudag eða þriðjudag? Hvort þarf að gera? Það þarf að breyta þessu fyrir jól og ég er sannfærður um að stjórnarandstaðan er öll tilbúin til að flýta svo meðferð þessa máls að það verði að lögum fyrir hátíðar. (**Heilbrrh.:** Það er góð samvinna við Sjálfstfl. ég þarf ekki að segja meira.)

[19:53]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að það er dálítið sérkennilegt að hæstv. heilbrrh. var kominn hér í ræðustólinn núna og hefði gjarnan viljað svara spurningum mínum. Hún áttaði sig þá á því að hún var búin að eyða of miklum tíma í andsvör og gat ekki svarað einu sinni enn undir liðnum andsvör en gat fengið orðið. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh. hvort það er ekki hugsanlegt að svara þeirri einföldu spurningu sem ég bar fram áðan með já-i eða nei-i. Er meiri hluti í heilbr.- og trn. fyrir því að breyta lagalegri undirstöðu þessarar bílareglugerðar eða ekki? Já eða nei, hæstv. ráðherra. Ég skora á ráðherrann að svara þessari spurningu.

[19:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil svara hv. þm. Á Alþingi Íslendinga og í hverri nefnd fyrir sig svarar að sjálfsögðu hver fyrir sig. Ég svara ekki fyrir alla nefndarmenn í heilbr.- og trn. hér. (**SvG:** Að sjálfsögðu.) En það er góð samvinna við Sjálfstfl. í þessu máli sem og öðrum.

[19:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og ég skora þá á hv. formann heilbr.- og trn. að láta ekki þessa hluti bíða stundinni lengur og boða tafarlaust til fundar í heilbr.- og trn. til að knýja fram úrslit í þessu máli.

[19:57]

Útbýting þingskjals:

Gjöld fyrir ferliverk, 231. mál, fsp. SvG, þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:57]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 19:58.

59. FUNDUR

mánudaginn 11. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur milli Norðurlanda, stjtill., 198. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.
2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 118. mál, þskj. 130, nál. 305. — 2. umr.
3. Laun forseta Íslands, frv., 224. mál, þskj. 304. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 233. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 314.
Vatnalög, 234. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 316.
Viðskiptabankar og sparisjóðir, 232. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 313.

Tilkynning um breytingar í nefndum.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá formanni þingflokks Alþb. og óháðra:

„Í samræmi við ákvæði 16. gr. þingskapa um mannaskipti í nefndum er þess hér með óskað í fyrsta lagi að Bryndís Hjörleifsdóttir taki sæti Margrétar Frímannsdóttur í fjárln. og í öðru lagi að Margrét Frímannsdóttir taki sæti Bryndísar Hlöðversdóttur í menntmn."

Undir þetta bréf ritar Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb. og óháðra.

Ef ekki eru athugasemdir skoðast þessi mannaskipti í nefndunum samþykkt.

Tilkynning um tilhögun þingfunda 12. des.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess við upphaf þessa fundar að áformað er að þingfundur hefjist ekki fyrr en kl. 2.30 á morgun og það er gert til þess að skapa nefndunum rýmri tíma til fundahalda.

Þá er þess að geta að samkomulag er um það meðal formanna þingflokka að kl. 2.30 á morgun fari fram utandagskrárumræða um fíkniefna- og ofbeldisvandann. Gert er ráð fyrir að umræðan standi í eina og hálfa klukkustund og reikna má með tveimur fundum á morgun.

Samstarfssamningur milli Norðurlanda, fyrri umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248.

[15:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 248 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samkomulag frá 29. sept. 1995 um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda frá 23. mars 1962. Samningurinn er oftast nefndur Helsingforssamningurinn. Hann hefur sætt ýmsum breytingum í gegnum árin eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum á þskj. 248.

Eftir að það varð ljóst að Finnland og Svíþjóð yrðu aðilar að Evrópusambandinu ákváðu forsætisráðherrar Norðurlandanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs á fundi í Tromsö 15. nóv. 1994 að setja á stofn nefnd sem fjalla skyldi um framtíð Norðurlandaráðs. Nefndin skilaði frá sér skýrslunni „Norrænt samstarf á nýjum tímum". Þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1995 féllst á þá stefnu sem kom fram í skýrslunni en jafnframt var forsætisnefnd Norðurlandaráðs falið að gera frekari tillögur að skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs.

Sumarið 1995 lágu fyrir tillögur forsætisnefndarinnar. Á grundvelli þeirra lagði norræna ráðherranefndin fram tillögu um breytingar á 2., 48., 51. og 55. gr. samstarfssamningsins á fimmta aukaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í september 1995 sem samþykkti síðan þessar breytingar. Samkomulag um breytingarnar á samstarfssamningnum var síðan undirritað í lok þess fundar 29. sept. 1995 en gert er ráð fyrir að samkomulagið taki gildi í ársbyrjun 1996 og því er nauðsynlegt að ganga frá þessum breytingum.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að í 1. mgr. 2. gr. samstarfssamningsins verði tekið almennt ákvæði um að jafnræðis skuli gætt milli norrænna ríkisborgara við setningu laga og annarra réttarreglna á Norðurlöndum. Frá þessari reglu eru þó undantekningar ef skilyrði um ríkisborgararétt er bundið í stjórnarskrá. Þetta er nauðsynlegt vegna annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga en samkomulagsins sem hér er til umræðu.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum samningsins skulu Norðurlöndin hins vegar stefna að þessu markmiði. Forsætisráðherrar Norðurlandanna beindu því til samstarfsráðherra á árinu 1993 að kannaðir yrðu möguleikar á gagnsemi þess að fella inn í samstarfssamninginn ákvæði um jafnræðisreglu. Nefndir sérfræðinga hafa fjallað efnislega um málið og niðurstaðan orðið sú sem fram kemur í breytingu á 2. gr. samstarfssamningsins. Hér er um að ræða mikilvæga þjóðréttarlega skuldbindingu sem höfð verður að leiðarljósi við lagasetningu og lagaframkvæmd á Norðurlöndunum.

Í 51. gr. er gerð sú breyting að reglulegt þing Norðurlandaráðs skuli haldið einu sinni á ári en ekki tvisvar eins og nú er. Hins vegar kemur á móti að það er heimilt að kalla saman aukaþing eða þing um sérstakt málefni þegar uppfyllt eru þau skilyrði sem greinin setur og nú þegar hefur verið ákveðið að slíkt aukaþing skuli haldið í mars nk.

Ýmsar breytingar eru gerðar á 52. gr. Í 1. mgr. kemur almanaksár í staðinn fyrir ár. Breytingar eru einnig gerðar 1. mgr. vegna breytinga á ákvæðum 51. gr. um eitt reglulegt þing Norðurlandaráðs á ári. Loks eru ákvæðin um fjölda fulltrúa felld niður en hann skal hér eftir verða ákvarðaður í þingsköpum Norðurlandaráðs.

Hvað 2. mgr. varðar er afdráttarlaust tekið fram að fulltrúar sérhvers flokkahóps skulu eiga fulltrúa í forsætisnefndinni

og jafnframt skal sérhvert land eiga fulltrúa í henni. Þá er skýrt tekið fram að embætti forseta ráðsins færist milli landa samkvæmt þingsköpum Norðurlandaráðs.

Á 53. gr. eru gerðar þær breytingar að 2. og 3. mgr. eru felldar niður en 54. gr. er einfölduð til samræmis við 61. gr. sem tekur til skrifstofu ráðherranefndarinnar. Breytingin á 55. gr. er sú að numið er brott ákvæði um að sérhver tillaga skuli tekin til umfjöllunar í nefnd eða forsætisnefnd áður en hún er tekin til umfjöllunar í ráðinu.

Sú þáltill. sem hér liggur frammi er árangur af löngu starfi. Hér er um að ræða pólitískt samkomulag sem tekist hefur milli fulltrúa Norðurlandanna í Norðurlandaráði. Þetta starf hefur verið unnið í forsætisnefnd og í ýmsum nefndum ráðsins og hér liggur niðurstaðan fyrir. Eins og oft áður má ýmislegt um það segja hvernig til hefur tekist. Það er ljóst að um verulegar breytingar verður að ræða á starfsemi Norðurlandaráðs. Settar eru á stofn nefndir sem hafa ekki verið starfræktar áður. Það er jafnframt ljóst að áhrif stjórnmálaflokka munu aukast verulega að einhverju leyti á kostnað áhrifa einstakra landa. Ég tel mjög þýðingarmikið að þessu starfi er lokið og þetta samkomulag liggur fyrir og ekkert annað að gera en staðfesta þá málamiðlun sem hér er fram komin. Þó að skipulag Norðurlandaráðs sé vissulega mikilvægt er enn þá mikilvægara að starfið geti farið eðlilega fram og deilum um skipulagið linni þannig að hægt sé að taka til starfa af krafti. Ég tel því mikilvægt, hæstv. forseti, að þessu máli ljúki sem fyrst á Alþingi og hægt verði að staðfesta samninginn núna fyrir vikulokin. Með þeim orðum legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[15:13]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Við sjáum fyrir endann á ferli í samstarfi norrænu ríkjanna sem hófst fyrir um það bil ári í kjölfar þess að Finnland og Svíþjóð ákváðu að gerast aðilar að Evrópubandalaginu og í kjölfar atkvæðagreiðslu um sama málefni í Noregi. Eins og fram kom í máli ráðherrans hófst þá umfangsmikill endurskoðunarferill sem beindist bæði að innihaldinu í norrænu samstarfi og formi þess og skipulagi. Í raun og veru má segja að það að þessu skuli nú lokið um að bil ári eftir að ferill þessi hófst er mikilvægur árangur og að tekist hafi að ljúka málinu á hinum norræna vettvangi á ekki lengri tíma. Það sýnir jafnframt að þeir hafa rangt fyrir sér sem halda því fram að Norðurlandaráð sé það stöðnuð stofnun að hún geti ekki tekið hinar minnstu ákvarðanir um skipulagsbreytingar á eigin starfsemi. Það er auðvitað allt saman rangt.

Vissulega má segja að á þessum ferli sem hefur tekið heilt ár hafa verið skiptar skoðanir. Það hefur komið fram, bæði í undirbúningnum fyrir þinghaldið í Reykjavík á síðasta vetri og í þeirri vinnu sem fram fór á vettvangi forsætisnefndar ráðsins í kjölfarið og það hefur sömuleiðis komið fram á aukaþingi því sem haldið var í Kaupmannahöfn í september að svo var. En aðalatriðið er þó að fengist hefur niðurstaða sem byggist á ákveðnum málamiðlunum og er þess eðlis að allir eiga að geta unað við hana.

Það er búið að fara núna í saumana á bæði hinum svokallaða Helsingfors-sáttmála sem og vinnureglum ráðsins sjálfs en þær verða til frekari meðferðar í kjölfar breytinga sem gerðar voru á þeim nú í nóvembermánuði sl. Allt horfir þetta til þess að laga starfsemina að breyttum tímum, gera ráðið og starfsemi þess sveigjanlegri og betur til þess fallna að bregðast við síbreytilegum aðstæðum og tryggja að á þessum vettvangi séu menn að tala um þá hluti sem skipta mestu máli á hverjum tíma en ekki bara að tala um það sem þeir hafa verið að tala um undanfarna áratugi.

Það er jafnframt rétt sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að áhrif stjórnmálaflokkanna og áhrif stjórnmálaskoðana manna munu væntanlega vaxa í kjölfar alls þessa. Það er ekki nema eðlileg þróun. Það er það sem menn hafa fyrir sér annars staðar í Evrópu, hvort sem er á vettvangi Evrópuráðsins þar sem íslenskir þingmenn þekkja slík vinnubrögð mætavel og sömuleiðis á vettvangi Evrópuþingsins. Ef menn vilja takast á við mikilvæg þjóðfélagsleg málefni komast menn ekkert hjá því að gera það á grundvelli stjórnmálaviðhorfa og pólitískra skoðana. Enda þótt það hafi verið okkur Íslendingum að mörgu leyti framandi að fikra okkur yfir í þess háttar vinnubrögð er það bara hlutur sem við verðum að sætta okkur við og horfast í augu við jafnvel þótt það geti kostað með einhverjum hætti minni áhrif einstakra landsdeilda, þar á meðal okkar eigin. Það þýðir einfaldlega að þingmenn verða að hasla sér völl með öflugri hætti á vettvangi hinna pólitísku hópa en auðvitað má segja sem svo að íslenskir þingmenn hafi ekki undan neinu að kvarta á þeim vettvangi enda eru ýmis dæmi þess að menn hafi hlotið ágætan og mikinn trúnað á vettvangi sinna norrænu flokksfélaga.

Meginefnisbreytingin sem ákveðið var að ráðast í á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík var sú að flokka umfjöllunarefnin í þrjá meginflokka: Í fyrsta lagi hin hefðbundnu norrænu málefni. Í öðru lagi mál sem tengjast Norðurlöndum og Evrópu og í þriðja lagi málefni hinna svokölluðu nærsvæða Norðurlandanna. Í kjölfar þessarar ákvörðunar var deilt um það hvort ætti að hafa skipulag ráðsins með sams konar hætti, þ.e. á grundvelli þriggja meginnefnda sem má segja að skiptist landfræðilega eftir þessum forsendum eða hvort ætti að halda sig við hefðbundnari fagnefndir eins og tíðkast í flestum þjóðþingum og eins og verið hefur í Norðurlandaráðinu til þessa. Niðurstaðan varð sú að fara fyrri leiðina en jafnframt þannig að unnt verður að setja á laggirnar ef nefndirnar meta það sjálfar svo að það sé eðlilegt, bæði undirnefndir, sérstaka vinnuhópa og jafnvel nefndir sem starfa þvert á þessar þrjár stóru meginnefndir. Allt þýðir þetta meiri sveigjanleika í kerfinu en jafnframt hugsanlega í byrjun ákveðið los sem þýðir að það er mjög nauðsynlegt að þetta byrji myndarlega og að haldið sé þéttingsfast utan um þessi nefndarstörf þegar þau hefjast. Það er reyndar svo að fyrir fáeinum dögum var haldinn fyrsti fundur á vettvangi forsætisnefndar Norðurlandaráðs með hinni nýju forustu þessara nefnda þar sem farið var yfir þá þætti og ég sé enga ástæðu til þess að óttast að breytingarnar muni ekki takast vel og að nefndirnar verði ekki öflugar í sínu starfi.

Í þessu þingmáli er um að ræða staðfestingu á lokaniðurstöðu þessa ferils alls en í tillögunni felst hins vegar jafnframt að það verður auðveldara en áður að laga regluverkið enn á ný ef það er ósk manna að fenginni reynslu vegna þess að nú er verið að flytja ýmsar slíkar ákvarðanir sem áður áttu heima í Helsingfors-sáttmálanum sjálfum yfir í vinnureglur ráðsins sem það getur sjálft breytt og kallar ekki á fullgildingu í þjóðþingum aðildarlandanna. Þetta er annað dæmi um hinn aukna sveigjanleika sem nú er búið að byggja inn í þessa starfsemi.

Ég hafði ekki hugsað mér að fara frekari orðum um einstakar breytingar sem hér er gerð tillaga um. Utanrrh. hefur gert grein fyrir því en ég vil láta koma fram að lokum að

starfið að þessum málefnum hefur tekið mikinn tíma hjá forsætisnefnd Norðurlandaráðs á þessu ári og hjá þeim þingmönnum sem þar hafa starfað, þar á meðal okkur þremur sem höfum setið þar fyrir Íslands hönd á þessu ári, þ.e. okkur 3. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Austurl., þeirra Valgerðar Sverrisdóttur og Hjörleifs Guttormssonar. Við höfum ekki allan tímann verið alveg sammála í þessu og haft mismunandi áherslur eins og eðlilegt er. Engu að síður tel ég að samstarfið hafi verið mjög gott og ég vil nota tækifærið og þakka þeim báðum fyrir ágætan stuðning við mig í starfi forseta þennan tíma sem ég hef gegnt því embætti á þessu ári meðan unnið hefur verið að þessu á vettvangi forsætisnefndarinnar.

Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði áðan. Formið er vissulega mikilvægt og skipulagið er mikilvægt en innihaldið er aðalatriðið og við Íslendingar höfum alltaf lagt áherslu á það að við höfum tekið þátt í þessu samstarfi af heilum hug og lagt í það sem við höfum getað vegna þess að það hefur skipt okkur efnislega mjög miklu máli sem þjóð og fyrir Íslendinga marga hverja sem einstaklinga að geta verið fullgildir borgarar í þessu norræna samstarfi. Ég held að aðalatriðið sé það að standa vörð um þann þátt málsins. Þó svo að þrjú Norðurlandanna séu aðilar að Evrópusambandinu hafa þau samt öll fullan hug á því að halda hinu klassíska, heföbundna norræna samstarfi áfram þannig að það megi gagnast borgurum landanna svo sem verið hefur og fyrir þessu og þessu til stuðnings liggja pólitískar yfirlýsingar helstu ráðamanna allra landanna. Ég kvíði því ekki þó að hér séu breytingar í náND og hér sé verið að taka ákvarðanir um breytt skipulag og þess háttar. Hin norræna samsemd hverfur ekki þó svo slíkar breytingar séu gerðar. Ég held að með þeim breytingum og með því verki sem nú er búið að vinna hafi tekist að festa í sessi þetta samstarf á breyttum tímum þó að vissulega hafi mátt segja fyrir ári síðan sem svo að viss hætta væri á ferðinni um að nú verði aðskilnaður milli annars vegar Noregs og Íslands og hins vegar Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Það verður ekki á þessum forsendum og það er vel og er ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að fagna því.

[15:24]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem liggur fyrir um staðfestingu á breytingum á Helsingfors-sáttmálanum á sér eins og fram hefur komið alllangan aðdraganda á vettvangi Norðurlandaráðs. Um hana er að formi til full samstaða í Norðurlandaráði eins og fram kom á aukaþingi í lok september í haust og við sem eigum sæti í Norðurlandaráði fyrir Íslands hönd stöndum að þessari tillögu. Norrænt samstarf hefur skipað mikinn sess í hugum Íslendinga eins og raunar í hugum Norðurlandaþjóðanna allra um langt skeið eða frá því að rennt var stoðum undir það upp úr 1950 og á sér mikla rótfestu meðal almennings í löndunum. Fyrir okkur Íslendinga hefur þetta samstarf skipt afar miklu máli allan tímann. Á Alþingi og í ríkisstjórnum Íslands á liðinni tíð hafa menn verið sammála um að standa sem best að þessu samstarfi, leggja á það áherslu og rækta það. Við væntum þess að þrátt fyrir þær breytingar sem verið er að gera á norrænu samstarfi, takist með starfi allra þeirra sem í reynd vilja standa vörð um þetta samstarf að viðhalda því og helst að efla það en a.m.k. að gæta þess að það fari ekki á hinn versta veg og að það verði úr sögunni og á ég þá við hið opinbera norræna samstarf. Þótt ég og ýmsir fleiri í Norðurlandaráði hefðum haft aðrar hugmyndir á þeim formbreytingum sem verið er að innleiða nú með breytingum á Helsingfors-sáttmála og vinnureglum er ég ekki svo svartsýnn að ekki sé hægt að ná nokkrum árangri í opinberu samstarfi Norðurlanda eftir sem áður. Við sem vorum annarrar skoðunar en meiri hlutinn í Norðurlandaráði varðandi formið sem afgreitt var að því er snertir Helsingfors-sáttmálann á aukaþinginu 29. sept. sl. munum að sjálfsögðu leggja okkur fram um það að sem best takist til á grundvelli þess skipulags sem nú er verið að samþykkja.

Það er rösklega ár síðan staða Norðurlanda og möguleikinn til þess að halda áfram norrænu samstarfi lá fyrir eftir að niðurstaða fékkst í þjóðaratkvæðagreiðslum í þremur Norðurlanda um afstöðu til inngöngu í Evrópusambandið. Það var mjög eðlilegt að það væri uppi kvíði hjá mörgum sem horfa til norræns samstarfs að það stæði lítið eftir af því í þeirri mynd eins og við höfum þekkt það ef svo hefði farið að aðeins Ísland eitt fimm Norðurlanda, eitt sjálfstæðra ríkja á Norðurlöndum, stæði utan Evrópusambandsins. Í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslnanna fór fram mikil umræða í Norðurlandaráði um væntanlegar breytingar og það leyndi sér ekki í þeirri umræðu hvert hugur margra stóð sem voru meðmæltir því að Norðurlöndin fjögur sameinuðust innan Evrópusambandsins og þær breytingar sem höfðu verið undirbúnar tóku mikið mið af þessu. Það fór hins vegar svo eins og menn muna að Noregur felldi í þjóðaratkvæðagreiðslu tillögu stjórnvalda og þann samning sem gerður hafði verið um aðild að Evrópusambandinu og sú niðurstaða hafði að sjálfsögðu afar þýðingarmiklar afleiðingar fyrir stöðu málsins. Ég bið menn aðeins um að hugsa það ef við hefðum nú staðið í þeim sporum að Noregur hefði orðið samferða Svíþjóð og Finnlandi inn í Evrópusambandið og við hefðum verið einir þar utan við.

Af forustumönnum fyrir inngöngunni í Evrópusambandið í þessum löndum var ekki farið dult með það að hið formlega norræna samstarf tæki mjög miklum breytingum og mundi að verulegu leyti færast yfir í það form að vera óformlegt samband ríkisstjórna á vettvangi eða í tengslum við vettvang Evrópusambandsins. Norðmenn hnekktu þeirri stefnu að meiri hluta til með því að fella aðildarsamninginn að Evrópusambandinu og þess vegna stöndum við þrátt fyrir allt með formlegt samstarf Norðurlanda sem varðveitir möguleika á áframhaldandi samskiptum og þróun þeirra án þess að það sé fellt undir Evrópuréttinn að öðru leyti en því, sem er auðvitað ekki lítið, sem tengist aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði þar sem Norðurlöndin öll eru aðilar.

Um þetta leyti í desember fyrir ári sátu saman samstarfsráðherrar Norðurlanda og forsætisnefnd ráðsins og lagði á ráðin um hvaða tökum breytingar yrðu teknar eða vinnan við að formfesta breytingar. Það var sett á laggirnar nefnd, svokölluð „reformnefnd" sem undirbjó tillögur fyrir þingið í Reykjavík sem haldin var um mánaðamótin febrúar/mars. Þar var samþykkt viljayfirlýsing byggð á tillögum þessarar nefndar. Fulltrúi þess flokkahóps sem ég starfa í í Norðurlandaráði, vinstri sósíalista, stóð að þessum tillögum í veigamiklum atriðum en hafði þó fyrirvara um nokkra þætti og var ákveðið á þinginu í Reykjavík að fara nánar ofan í saumana á vissum atriðum, en ákveðinn grundvöllur var þó lagður þar.

Að loknu þinginu hafði forsætisnefnd ráðsins undir forustu forseta þess, Geirs H. Haarde, með höndum nánari stefnumótun að því er varðaði samstarfið. Eins og fram kom

í máli hv. þm. Geirs H. Haarde var það mikið verkefni og mikil vinna sem í þetta fór og meiri af þeim sökum að ekki náðist full samstaða. Á það bæði við um forsætisnefndina og Norðurlandaráðsfulltrúa varðandi það hvert væri hið æskilegasta form til framtíðar litið.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 29. september lágu fyrir tvær tillögur, annars vegar tillaga meiri hluta forsætisnefndar sem gerði ráð fyrir því skipulagi sem nú hefur orðið ofan á og var samþykkt í atkvæðagreiðslu í Kaupmannahöfn og hins vegar tillaga frá flokkahópi vinstri sósíalista sem gerði ráð fyrir nokkuð annarri skipan mála að því er varðaði forustu ráðsins og nefndaskipan. Ég legg áherslu á það að við höfðum staðið að samþykktinni í Reykjavík og við töldum í rauninni að í þeirri samþykkt fælist það að ekki yrði farið að breyta róttækt til varðandi nefndaskipan í Norðurlandaráði. Á þetta var hins vegar ekki fallist í framhaldsvinnu og við létum á það reyna á aukaþinginu í Kaupmannahöfn hvort fylgi væri við okkar sjónarmið sem fólst í því að forsætisnefndin væri í rauninni, eins og tillaga meiri hlutans var um, skipuð 11–13 fulltrúum og að fjárhagsnefndin yrði felld niður og lögð undir forsætisnefndina. Um það var ekki ágreiningur. Einnig var lagt til að sett yrði á fót sérstök Evrópunefnd til að fjalla um málefni er varða Evrópu alla en væri þó ekki fjölmennari en með 13–15 fulltrúa. Skilur þar verulega á milli þeirrar tillögu sem varð ofan á að því er snerti slíka nefnd hvað varðar fulltrúatölu, en samkvæmt samþykktri skipan eru það 22 fulltrúar sem í henni starfa.

Síðan var það tillaga okkar að haldið yrði við nefndum á málefnasviðum svipað og verið hefur, þ.e. sérstök efnahagsnefnd starfi áfram, sérstök umhverfisnefnd og menningarnefnd með 13–15 fulltrúum hver og þess utan nefnd sem sameinaði þau svið sem höfðu verið undir laganefndinni og félagsmálanefnd í eins konar félagsmálanefnd sem hefði bæði þessi svið. Þetta var í rauninni það sem bar á milli í sambandi við tillögurnar sem gengu til atkvæða í Kaupmannahöfn.

Það reyndist meiri hluti fyrir tillögu meiri hluta forsætisnefndar eins og við mátti búast og sú varð niðurstaðan. Hins vegar voru fulltrúar úr ýmsum öðrum flokkahópum en þeim sem tillöguna bar fram sem studdu tillögu okkar og mátti þar finna í rauninni fulltrúa úr öllum flokkahópunum sem veittu henni stuðning þó að mikið vantaði á að hún næði fram að ganga.

Hvaða máli skiptir þetta? Jú, það skiptir talsverðu máli að mínu mati hvernig búið er að formi að þessu leyti. Sú skipan sem varð ofan á er mjög sérkennileg, ég held að það greini engan á um það, að búa til þrjár fjölmennar nefndir fyrir utan forsætisnefnd Norðurlandaráðs með 22 fulltrúum í tveimur þeirra og 30 fulltrúum í Norðurlandanefndinni og byggist skiptingin í rauninni á landafræði en ekki á málefnum nema að takmörkuðu leyti. Þetta er skipan sem ég hef hvergi heyrt að væri við lýði í neinum samtökum sem líkja má við Norðurlandaráð og því eðlilegt að margir væru mjög hikandi við þetta. Ég held raunar að það hafi verið miklu meiri stuðningur við þær hugmyndir sem við gerðum tillögu um en fram kom í atkvæðagreiðslu. En eðlilega fylgdi meiri hlutinn forustu sinni í þessum efnum. A.m.k. varð maður var við það að það var mikið hik á mörgum í sambandi við það að velja á milli.

Áhyggjuefnið er kannski sérstaklega það að Norðurlandamálefni sem sett eru undir sérstaka nefnd mjög fjölmenna, fái ekki þá áherslu sem þarf að vera á vettvangi Norðurlandaráðs. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heimilt sé að setja á fót undirnefndir og þá nokkuð hliðstæðar því sem hugmyndir voru um af hálfu vinstri sósíalista og þeirra flokkahóps til þess að taka á málum. Þó leysir það ekki allan vanda. Ég nefni hér aðeins eitt dæmi sem sýnir hversu snúið það getur verið að taka á málum með eðlilegum hætti í því nefndakerfi sem nú hefur orðið ofan á, sem er dæmið um umhverfismálin. Umhverfismálin eiga að falla undir svonefnda grannsvæðanefnd eða nærsvæðanefndina, þ.e. nefnd sem á að fjalla um aðliggjandi svæði á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjum, Norðvestur-Rússlandi og heimskautasvæðið. Þessi nefnd á að hafa forustu um athugun umhverfismála en þau liggja ekki innan Norðurlandanefndarinnar. Og þetta kallar auðvitað á það að byggðar séu einhverjar brýr þarna á milli og kerfið getur orðið allflókið af þeim sökum.

Annar þáttur sem gerir þessa nefndaskipan nokkuð erfiða er að það er engin samsvörun milli hennar og nefndanna sem ráðherraráðið norræna skiptist í. Það getur því verið dálítið erfitt að finna út úr því hverjir það eru sem eiga að tala við hina einstöku ráðherrahópa um málefnin og samsvörunin er sem sagt í rauninni sáralítil þarna á milli. Þetta getur frekar orðið til þess að veikja starfið heldur en hitt, en ég ætla þó ekki að dvelja lengur við þetta atriði. Þetta er búið og gert, ákvörðunin hefur verið tekin og væntanlega munu allir, það á a.m.k. við um þann flokkahóp sem ég starfa í, leggja sig fram um að ná sem bestum árangri út úr því kerfi sem nú hefur verið samþykkt.

Varðandi starfið að þessu máli vil ég taka undir það sem fram hefur komið að Íslendingarnir í Norðurlandaráði lögðu sig fram um að ná sem best saman um þessi mál. Forseti ráðsins hafði auðvitað þá skyldu á herðum að reyna að ná sem breiðastri samstöðu og ég get vottað að Geir H. Haarde, sem forseti ráðsins á þessu ári, hefur lagt af mörkum gífurlega mikið starf við vandasamt verkefni og staðið sig þar að mínu mati með prýði, þótt ég hefði viljað sjá aðra niðurstöðu leidda í höfn undir hans forustu en þá sem varð.

Íslandsdeildin, en svo köllum við þingmannahópinn sem í ráðinu er hverju sinni, fjallaði um málið og sendi inn erindi. Þar var í rauninni mikill stuðningur við að halda því málefnaformi á nefndaskipan sem verið hefur en það fékk sem sagt ekki hljómgrunn hjá meiri hlutanum.

Það eru fleiri þættir sem varða formið og þar á meðal þær vinnureglur sem fjallað var um á þingi ráðsins í Kuopio um miðjan nóvembermánuð. Sú vinna er hins vegar ekki komin í endanlegt form því sérstakur vinnuhópur er að skoða þetta frekar með tilliti til breytinga. Ég vil nefna það hér að ég tel mikla þörf á því að Alþingi búi sem best að því starfi sem fram fer í Norðurlandaráði. Ég tel mikilvægt að aðstaða fyrir Íslandsdeildina sé sem best af hálfu þingsins og ég tel það skipta miklu máli að sú skrifstofa sem stendur að þessum málum fyrir Íslandsdeildina, skrifstofa Norðurlandamála, sem vinnur mjög mikið starf til kynningar á norrænum málefnum og svarar fjölda fyrirspurna, starf sem ekki verður mikið vart við, sú starfsemi verði frekar styrkt heldur en hitt. Og ég vænti þess að um það verði samstaða að halda því formi og styrkja starfsemina að þessu leyti. Á því mun verða vaxandi þörf. Svo mikið er víst að þótt ekki hafi verið gerðar meiri breytingar en raun ber vitni á hinu formlega starfi, þá eru margar spurningar á lofti varðandi framtíðina í þessum efnum og ýmsir sem vilja gera breytingar sem ekki er stuðningur við í okkar hópi frá sjónarhóli Íslendinga.

Þetta var varðandi formið og mætti nefna margt fleira sem ástæða gæti verið til að ræða. T.d. þá breytingu að aðeins eitt formlegt þing verður haldið í Norðurlandaráði í staðinn fyrir tvö eins og verið hefur undanfarin ár.

Ég ætla, virðulegur forseti, aðeins að minnast á vissa þætti sem varða starf ráðsins frekar og þá sérstaklega það sem snýr að umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs um öryggismálefni. Tekin var upp sú nýbreytni að loknu köldu stríði upp úr 1990 að umræða var hafin í Norðurlandaráði, eða heimiluð formlega séð, um utanríkis- og öryggismál. Slík umræða hefur farið fram reglubundið á haustþingum ráðsins frá 1991 að telja, ef ég man rétt. Það er mjög þarfleg nýbreytni og þykir nú í rauninni sjálfsögð að flestra mati þótt það hafi þurft nokkuð fyrir því að hafa að festa hana í sessi í núverandi starfi ráðsins og raunar ekki séð fyrir endann á því. Öryggismálin eru farin að taka á sig mun breiðari svip en áður var sem eðlilegt er og hugtakið um öryggi landa varðar ekki aðeins hið hernaðarlega öryggi heldur einnig marga fleiri þætti eins og á sviði umhverfismála.

Við í flokkahópi vinstri sósíalista í Norðurlandaráði höfum lagt á það áherslu að þetta málasvið fái rúm á vettvangi Norðurlandaráðs og lögðum í nóvember fram tillögu á vettvangi ráðsins í tengslum við þingið í Kuopio tillögu um öryggismál sem nú liggur fyrir forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þar er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd verði sett á laggirnar til að fjalla um þetta málasvið. Að mínu mati gæti hún verið eins konar tenginefnd á milli forsætisnefndar og forustunnar í öðrum nefndum þó að það sé ekki nánar útfært í okkar tillögum og að öryggismálin verði fastur liður í umræðum innan Norðurlandaráðs. Við leggjum sérstaka áherslu á að umhverfismálin og kjarnorkumálin og það sem þeim tengist, bæði á Norðurlöndum sjálfum og alveg sérstaklega á grannsvæðunum og þá í baltnesku ríkjunum og Rússlandi og raunar í Norðurhöfum, verði tekin með inn í þessa mynd og umræðu og að Norðurlöndin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði og reynt verði að færa slíkt svæði út fyrir ramma Norðurlanda til að tryggja og treysta öryggi okkar. Þar er einnig sett fram sú hugmynd að reynt verið að ná saman um sérstakan samning varðandi norðurskautssvæðið, hliðstæðan þeim sem gildir um suðurskautið þar sem reynt verði að tryggja bæði öryggi og útiloka kjarnorku og annað sem getur skapað vá fyrir lífríki á þessu viðkvæma en mikilvæga svæði.

Ég leyfi mér að nefna þetta í tengslum við umræðu um þetta efni vegna þess að ég er sannfærður um að það eru fá svið sem Norðurlöndin sameiginlega gætu beitt sér á mikilvægari en öryggissviðið í víðtækri merkingu þess hugtaks.

Virðulegur forseti. Ég hef átt sæti í Norðurlandaráði síðan haustið 1988 sem fulltrúi í Íslandsdeild og það hefur verið mjög ánægjulegt að starfa á þeim vettvangi á þessum tíma. Raunar kynntist ég starfi Norðurlandaráðs innan ráðherranefndar þess á árunum 1978–1983 og var það auðvitað ekkert síður fróðlegt. Ég var síðan varafulltrúi milli þess sem ég fór inn í Norðurlandaráð. Ég veit auðvitað að allir á Alþingi átta sig á gildi þessa starfs, en margt af því sem þarna fer fram og unnið er af fulltrúum hverju sinni, hvort sem það er úr ríkisstjórn eða kjörnum fulltrúum á Alþingi, skiptir land okkar mjög miklu máli og við eigum mjög margt að sækja inn á þennan vettvang. Ég vil því hvetja mjög eindregið til þess að Alþingi og ríkisstjórn okkar reyni eftir fremsta megni að treysta böndin við hin Norðurlöndin sem best og viðhalda þessu samstarfi eins og við getum frekast haft áhrif á það og vinna gegn þeirri tilhneigingu sem er uppi að draga úr því bæði fjárhagslega og hvað umsvif snertir. Að mínu mati liggja hagsmunir Íslands þannig að við eigum að reyna að standa sem bestan vörð um þetta samstarf og auðvitað að skapa í því þá dýpt sem felst í frjálsu samstarfi innan Norðurlanda, en til þess að veita því sem traustasta undirstöðu skiptir hið opinbera samstarf á vettvangi þjóðþinga, þingmanna og ríkisstjórna afskaplega miklu máli. Í þessum efnum eru ýmsar blikur á lofti sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni varðandi samnorrænar stofnanir sem verið er að skoða, varðandi hin norrænu fjárlög og fleira af þeim toga sem þörf er að gaumgæfa og reyna að ná sem bestri niðurstöðu í. Ég veit að samstarfsráðherra okkar og hæstv. utanrrh. sem hefur átt sæti í Norðurlandaráði lengi hefur hug á því að þarna náist sem best niðurstaða og hefur fyrr sem þingmaður í Norðurlandaráði reynt að andæfa gegn tilhneigingu til niðurskurðar á fjármagni til starfsemi ráðsins fyrr á árum og ég treysti því að um þetta geti orðið góð samstaða af okkar hálfu þannig að við gerum það sem við getum í þessum efnum.

[15:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur átt sér stað og fagna því að það er mjög góð samstaða um þetta mál. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það má hafa ýmsar skoðanir um það hvernig best sé að skipuleggja starf Norðurlandaráðs og ég get um margt tekið undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það er ekkert alveg öruggt að það skipulag sem nú hefur verið ákveðið sé það besta sem til er. En það er eins og gengur að sitt sýnist hverjum í þessum efnum og ég held að það skipti afar miklu máli að það ríki um það samstaða að byggja á þeim grunni sem þarna hefur verið lagður því að áframhaldandi deilur um það, þó að þær hafi kannski ekki verið mjög alvarlegar, gætu orðið til þess að spilla mjög framtíð Norðurlandasamstarfsins. Það er afar þýðingarmikið fyrir okkur eins og komið hefur fram og það er ekki síst í því ljósi mikilvægt að mál eins og þetta sé afgreitt með góðu samkomulagi á Alþingi. Þess vegna vil ég nota tækifærið til að fagna því, því það gefur okkur sem störfum að þessum málum mun betri möguleika til að hafa áhrif í jákvæðar áttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 118. mál (Sléttuhreppur). — Þskj. 130, nál. 305.

[15:52]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, með síðari breytingum. Hér er á ferðinni lítið mál en merkilegt sem skiptir framtíðina nokkru.

Í því frv. sem félmn. hefur fjallað um er lagt til að Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu verði sameinaður Ísafjarðarkaupstað en hreppurinn fór í eyði á sjötta áratugnum. Þar eru allnokkur hús og fólk kemur þangað að sumarlagi til að njóta fagurrar náttúru og svæðið er einnig að verða vinsæll

ferðamannastaður annarra en þeirra sem eiga ættir að rekja til Sléttuhrepps. Því er mjög brýnt að hægt sé að koma lögum yfir þetta svæði, hægt sé að skipuleggja þar og koma þjónustu við ferðamenn í eitthvert form.

Hlutaðeigandi aðilar, þ.e. Ísafjarðarkaupstaður og héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, fengu málið til umsagnar og allir eru sammála því að þetta gerði gert. Hér er gengið út frá Ísafjarðarkaupstað, en svo sem kunnugt er, þá er búið að samþykkja sameiningu sex sveitarfélaga á svæðinu þannig að í framtíðinni mun Sléttuhreppur tilheyra miklu stærra sveitarfélagi við Ísafjarðardjúp og reyndar á stærri hluta Norður-Ísafjarðarsýslu.

Vegna þess hvers eðlis málið er, þá er kannski vert að minnast þess að við erum að ræða um eitthvert harðbýlasta svæði landsins þar sem fólk þraukaði við erfið kjör öldum saman. Þarna var m.a. prestur á 18. öld, Snorri á Húsafelli. Það eru til allnokkrar lýsingar á hans lífi þegar hann var prestur í Aðalvík og af þeirri lýsingu má sjá hversu óskaplega erfitt líf fólks var þarna sem hafði litla landkosti en lifði auðvitað fyrst og fremst á því sem sjórinn og fuglalífið gaf. Enda fór svo að um leið og aðrir möguleikar opnuðust, flutti fólk í burtu. En það breytir ekki því að þarna er ákaflega fagurt og hreppurinn gefur mikla möguleika í ferðaþjónustu að sumri til og því er verið að leggja til þessa breytingu þannig að hægt verði að skipuleggja framtíð svæðisins.

[15:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fjallaði um það stuttlega í máli mínu við 1. umr. hversu merkilegur viðburður það væri þegar Sléttuhreppur væri sameinaður Ísafirði. Eins og fram kom hjá formanni félmn. fór Sléttuhreppur í eyði árið 1951. Þetta var harðbýlt svæði þar sem bjuggu útvegsbændur og það er fróðlegt að reyna að líta um öxl og átta sig á því hvað gerðist fyrir 50 árum og orsakaði þá miklu byggðaröskun sem þá átti sér stað á þessum merkilega stað.

Við erum enn í dag að ræða byggðavanda og orsakir fyrir byggðaröskun, hver sé ástæða þess að fólk sækir í þéttbýli, hvaða grunnþörfum þurfi að sinna svo að búandi sé á afskekktum stöðum og hvort ástæða sé til þess, virðulegi forseti, að stuðla að því að búandi sé á ákveðnum stöðum. Í tilefni þessa finnst mér við hæfi að flytja þingmönnum stutt bréf frá bóndakonu á Sæbóli í Aðalvík, Margréti Magnúsdóttur, til landlæknis og svar hans við þessu merkibréfa bréfi. Mér finnst að það eigi erindi bæði til þingmanna og í Alþingistíðindi. Landlæknir á þeim tíma var Vilmundur Jónsson og þetta bréf er skrifað 1945 þegar svæðið er orðið læknislaust og prestslaust. Eftir stuttan inngang bóndakonunnar segir hún, með leyfi forseta:

„Ég sný mér nú til yðar í sárri neyð okkar hér sem á þessum hala landsins búum og bið yður í nafni guðs að senda okkur lækni þó ekki væri nema yfir vetrarmánuðina því þeir eru okkur erfiðastir, bæði hvað tíðarfar og allar samgöngur varðar. Við getum ekki alltaf sótt hjálp til Ísafjarðar þó líf liggi við og þó að við kvörtum og þurfum á hjálp að halda. Það er ekki alltaf hægt að sinna okkur hér sökum veðurfars og annarra aðstæðna.

Hér sem annars staðar hefur verið mikið um vesöld í haust. Ég á dreng 12 ára og telpu 10 ára sem bæði hafa verið mikið veik. Fyrst fengu þau einhvers konar taugatruflun eða hjartveiki og voru lengi lasin af því og hafa ekki náð sér enn. Síðar fengu þau uppköst og vellu í hálsinn, verk í höfði sem lagði ofan í hálsinn aftan. Ég veit ekki hvað þetta hefur verið, en fleiri tilfelli hafa komið hér af þessu tagi. Og einn ungur drengur varð hálfmáttlaus í handlegg og var lasleiki hans svipaður og í mínum börnum að öðru leyti en því að þau urðu ekki máttlaus. Við vorum hálfhrædd við þetta og báðum Baldur Johnsen á Ísafirði að koma og athuga þetta, en sökum annríkis gat hann ekki sinnt því, hefur meira en nóg að gera maðurinn sá. Það er ekki alltaf hægt að rjúka með mikið veikt fólk til Ísafjarðar, t.d. konur sem ekki er hægt að hreyfa fyrir blóðlátum. Þetta hefur komið fyrir hér og ekki fyrir löngu síðan.

Drengur sem ég á 15 ára gamall sem var við vinnu uppi á fjalli nú um tíma kom heim í dag töluvert meiddur á fæti. Hvern á að sækja til að athuga meiðsli? Mér finnst hann óbrotinn en finn vanmátt minn til að athuga þetta fyllilega þó drengurinn treysti mér fyllilega. Ekki er til neins að síma um svona hluti. Við höfum aðeins einn lækni og það er guð en það er ekki alltaf nóg. Já og nei. Það deyr svo margur að enginn hjálpar. Gætuð þér nú ekki haft einhver áhrif í þá átt að útvega okkur góðan lækni er fengist til að vera hér í vetur þó ekki væri til lengri tíma. Þetta er óbærilegt eins og það hefur verið og er nú.

Þér getið sagt sem svo: Það er enginn að biðja fólk að vera þarna þar sem enginn menntaður maður vill vera eða getur þrifist. En það er nú svo. Það hafa ekki allir ástæður né löngun til að rífa sig upp með rótum þaðan sem þeir einu sinni eru búnir að hreiðra um sig bara til að elta fjöldann og læknana. Það getur annað afl verið sterkara sem við köllum átthagaást, en hún getur líka e.t.v. stundum verið of dýru verði keypt, þessi tryggð við það sem við köllum heima og þá lífsvenju að vera okkar eigin húsbændur og sækja ekki vinnu til annarra.

Jæja Vilmundur. Þá fer ég að hætta þessum bréfaskriftum. Þetta er orðið lengra en ég hafði hugsað mér í fyrstu. Víkin mín er nú að klæðast haustfötunum og sjórinn er farinn að hækka raustina og sendir freyðandi hvítar öldur upp að grundinni sem húsið okkar stendur á. Þar sat einu sinni lítill drengur og lék sér með ofurlítinn seppa er ég átti. Þá var sól og sumar, ég var að vinna í garðholunni minni og virti unga manninn fyrir mér þar sem hann horfði út á spegilsléttan sjóinn og hversu mjúklega hann lét sér að hundinum mínum. Skyldi honum þykja eins gaman að sjá sjóinn þegar hann er sem reiðastur og víkin öll eitt brot svo að löðrið teygir sig upp á græna, sléttu blettinn sem hann hvíldi á þá? Þennan dreng áttuð þér. Þér voru þá hér á ferð og hann var með yður. Guð blessi hann og yður.

Ég hef enga afsökun fyrir þessu masi mínu, get tæplega búist við að þér lesið það til enda, bið velvirðingar á því sem er ábótavant. Ég vona að þér gerið allt sem þér getið til að útvega okkur lækni.

Með vinsemd og einlægri virðingu.
Margrét Magnúsdóttir,
Sæbóli, Aðalvík."

Ég vek athygli á því að þessi kona var ómenntuð bændakona norður á Ströndum.

Þá kemur svar læknisins, Vilmundar Jónssonar, og það er merkilegt fyrir margra sakir og á erindi við okkur enn þann dag í dag:

„Kæra frú Margrét.

Ég bæði klökknaði og mér hitnaði um hjartaræturnar við að lesa bréfið yðar auk þess sem ég dáist að hve vel þér eruð

pennafær. Víst man ég vel eftir yður en ekki því að ég hafi á neinn hátt unnið til þeirrar velvildar sem bréfið ber vitni um. Ef nokkuð hefði vantað á að ég þættist gera allt sem í mínu valdi stendur til að útvega ykkur lækni, hefði bréfið enn hert á mér og ég hefði sent hann samstundis ef unnt hefði verið. En segja verður hverja sögu eins og hún gengur. Á því hef ég engin tök. Allt virðist hafa verið gert sem hugsanlegt er að gera til þess að laða menn í þessi afskekktu læknisembætti sem nú eru launuð á borð við hæstlaunuðustu embætti í landinu. Og opinn vegur þaðan til enn tekjumeiri og eftirsóknarverðari héraða eftir tiltölulega stutta þjónustu. Engin leið er að flytja lækna fremur en aðra þegna þjóðfélagsins nauðuga á landshorn sem þeir vilja ekki vera á, enda tvísýnt þó að upp væri tekið hvernig nýttist þjónusta slíkra bandingja. Til dæmis um það hvernig straumurinn liggur nefni ég að hér í Reykjavík setjast læknakandidatar unnvörpum hver ofan á annan við afarkjör um húsnæði og annan framfærslukostnað, launalausir í meira og minna valtri von um að maður og maður velji þá sjúkrasamlagslækna og aðrir slæðist við og við inn á lækningastofur þeirra. En um Þingeyrarhérað sem lengi hefur verið talið eitt besta læknishérað á landinu og nú er svo launað að læknirinn fær um 30 þús. kr. á ári aðeins fyrir að eiga þar heima (eins og Hesteyrarlækni stendur til boða), sækir enginn fyrr en ég að liðnum umsóknarfresti gat dekstrað til þess ungan kandidat sem þó fæst ekki til að taka við héraðinu strax og bágt að vita nema hann sjái sig um hönd. Læknunum þýðir ekki að lá. Hina sömu sögu er að segja af öllum stéttum. Þið munuð vera prestslaus og svo eru fleiri. Og fluttust ekki 84 burtu úr Sléttuhreppi af 420 íbúum, þ.e. fimmta hvert mannsbarn, árið 1943? Þér segið e.t.v. að þar hafi læknisleysið átt sinn hlut í, en því miður gerist svipuð saga í þeim sveitum sem ekkert hafa haft af læknisleysi að segja. Víst er ekki von til að læknar skeri sig einir úr um þennan flótta frá dreifbýlinu og séu óðfúsir að flytjast úr fjarlægð til þeirra staða þar sem íbúarnr sjálfir, rótfastir að langfeðgatali, vilja með engu móti una. Börn dreifbýlisins sjálfs eru hér síst öðrum fúsari til þjónustunnar. Verst allra taka piltar aldir upp í sveit undir að gerast héraðslæknar í sveitahéruðum en best Reykjavíkurpiltar, enda bjarga þeir helst dreifbýlinu í þessu efni að svo miklu leyti sem því er bjargað — og Reykjavíkurstúlkur þeim við hlið. Margt af þessu aðkomufólki dugir mjög vel og tekur með furðulegu jafnaðargeði því sem stundum lítur út fyrir að til sé ætlast: að það sitji eitt eftir þegar allt heimafólkið er farið.

Nú hef ég málað þetta allt nokkuð svart og e.t.v. raknar eitthvað úr þessu. En satt að segja hef ég ekki mikla von um það. Ég geri ráð fyrir að sú bylting standi fyrir dyrum — fyrst og fremst innra með fólkinu sjálfu — sem gengur mjög nærri tilverumöguleikum hinna dreifðustu byggða uns þar sitja ekki aðrir en þeir sem kunna svo að meta kosti þeirra að þeir sætti sig við þá vankanta sem fylgja, þar á meðal að læknisþjónsta standi þar ekki til boða til neinna líka við það sem á sér stað í þéttbýli. Það er e.t.v. kaldranalegt að segja þetta svona blátt áfram en hitt er óheiðarlegt að dylja staðreyndirnar í þessum efnum, að ég ekki tali um þann loddaraskap að halda því að fólki að unnt sé að viðhalda hinu afskekktasta dreifbýli og sjá því fyrir öllum fríðindum þéttbýlisins. Ég held að hin mesta ógæfa sveitanna sé sú að hvers konar fríðindum kaupstaða hefur verið hampað svo fyrir sveitafólki að því hafi gleymst að það hafi nokkur fríðindi er vegi þar á móti. Metin í meðvitund fólks verða aldrei jöfnuð með því að flytja kaupstaðarlíf upp í sveit sem er jafnóframkvæmanlegt sem að flytja sveitalíf í kaupstaði, heldur mundi hitt vera reynandi: að halda uppi hvoru tveggja, kostum og ókostum dreifbýlisins annars vegar og þéttbýlisins hins vegar. — og svo velji menn á milli að geðþótta sínum. Sá sem gerir skilyrðislausar kröfur um alla kosti og kynjar kaupstaðarlífs fær þeim kröfum aldrei fullnægt annars staðar en í kaupstað og á þar að vera. Sé öllu sveitafólki þannig innanbrjósts — þá í kaupstað með það sem allra fyrst. Ef til vill byggjast svo sveitirnar aftur úr kaupstöðunum af fólki sem áttað hefur sig á að þar er ekki heldur allt fengið. Mér virðist reynsla mín af að skipa sveitirnar læknum jafnvel benda til þess.

Þessar bollaleggingar mínar koma vissulega ómaklega niður þar sem þér eruð, sem svo einlæglega viljið vera kyrr á yðar stað. En eruð þér ekki líka undir þá sök seld að telja jafnvel meira halla á yður í samanburðinum við kaupstaðarfólk en að réttu mati á sér stað — jafnvel í sambandi við aðstöðuna til læknishjálpar? Víst veit ég að enginn meðaltalsreikningur nægir til þess í hverju einstöku tilfelli að sætta mann í dreifbýli við að aðstandandi hans missi heilsu sína, verði örkumla eða bíði jafnvel dauða fyrir örlög fram vegna þess að of seint náist til læknishjálpar. En hins vegar má ekki gleyma því að svo mjög aukin heilbrigðis- og slysahætta fylgir þéttbýlinu að vafasamt er að hin auðsóttari og margbreytilegri læknishjálp þar endist til að jafna muninn. Ég veit ekki hvort þér trúið því, en satt er það samt, að þrátt fyrir alla erfiðleika barnsfæðandi kvenna í sveitum við að ná til ljósmæðra og lækna, hlekkist ekki fleiri konum í sveitum en í kaupstöðum á við barnsburð og í sveitum fæðast færri börn andvana. Hafið þér gert yður ljóst að í raun og veru alið þér börnin yðar upp við meira heilbrigðisöryggi á Sæbóli — og þó að læknislaust sé á Hesteyri — heldur en þér ættuð heima hérna á Laugaveginum. Jafnvel allt læknakraðakið í kaupstöðunum er oft síður en svo til öryggis heilsu manna. Hið sífellda kvabb í tíma og ótíma, langoftast af hégómlegasta tilefni, svæfir læknana á verðinum að ég ekki tali um það sem mjög er tíðkað að hlaupa milli fjölda lækna uns enginn veit hver ábyrgðina ber. Leiðir þetta til margvíslegra mistaka og vanrækslu. Er ekki laust við að að mér hvarfli stundum að hollara væri fyrir báða aðilja, læknana og sjúklinga þeirra, að hafa á milli sín hæfilega breiða vík eða mátulega háan háls yfir að sækja.

Nú megið þér ekki snúa öllu á versta veg fyrir mér og leggja orð mín út á þá leið að ég telji ykkur svo vel sett að þið þurfið engan lækni á Hesteyri. Víst get ég unnað ykkur læknis þó meira væri og mun nóg halla á ykkur fyrir því. Og lækni sendi ég ykkur jafnskjótt sem ég get.

Ég vík nú að lokum að kvillanum í börnum yðar. Mér virðist einsýnt að þau hafi fengið snert af mænusótt og megið þér og þau hrósa happi yfir að þau hafa komist út úr þeim hreinsunareldi örkumlalaus. Þau hafa nú fengið náttúrlega bólusetningu gegn þessari ægilegu veiki og þurfa ekki að óttast hana framar. Einskis hafið þér farið mis við að ná ekki til læknis í þessu tilfelli því að hér standa allir læknar uppi jafnráðalausir sem þér sjálf. Hitt skil ég og þess get ég nærri hver áhyggjuraun hefur verið fyrir yður að horfa upp á þetta og hafa engan yður fróðari til að ráðgast við og leita trausts hjá. Ég vona að drengurinn yðar sem meiddi sig á fæti sé orðinn heill. Fótbrot sem móðurauga og góð greind fer ekki nærri um, er varla hættulegt beinbrot.

Þér fyrirgefið hve bréfið er fátæklegt og nær skammt til að létta af yður kvíða og áhyggjum. Þó er það skrifað af

góðum hug og innilegri hlutdeild í kjörum yðar.

Yðar með einlægri vinsemd og kærum kveðjum.

Vilm. Jónsson."

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að taka tíma Alþingis til að lesa þessi tvö bréf, annað frá alþýðukonunni Margréti Magnúsdóttur frá Sæbóli í Aðalvík og hitt svarbréf Vilmundar landlæknis. Mér finnst þau eiga erindi inn í umræðuna um byggðaröskun og ég tel ljóst að prestsleysið og síðar læknisleysið hafi verið byrjunin á því óumflýjanlega, að þessi blómlega byggð lagðist í eyði 1951. Bréfin eru skrifuð 1945.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Samstarfssamningur milli Norðurlanda, frh. fyrri umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Laun forseta Íslands, 1. umr.

Frv. ÓHann o.fl., 224. mál (skattgreiðslur). — Þskj. 304. [16:21]

Flm. (Ólafur Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um laun forseta Íslands, sem ég flyt ásamt fimm öðrum flutningsmönnum. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa langt og mikið mál um þetta frv. Að vísu væri kannski freistandi að bregða svolítið á leik og ræða nokkuð um forsetaembættið í sambandi við þetta mál. En ég mun ekki falla fyrir þeirri freistingu heldur halda mér við efnið.

Þetta mál er ákaflega einfalt. Frv. er í tveimur greinum: Orðin „og undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum" í 2. gr. laga um launakjör forseta Íslands, nr. 10/1990, falli brott og að lög þessi öðlist gildi 1. ágúst 1996, þ.e. þann dag sem nýr forseti tekur opinberlega við embætti. Jafnframt falli niður 1. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Það er ef til vill eðlilegt að þær spurningar sem vakna við flutning þessa máls séu í fyrsta lagi um tímann. Af hverju er þetta flutt nú? Þar er því til að svara að í stjórnarskránni segir það um launagreiðslur til forseta Íslands að ákveða skuli með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra sem fara með forsetavald og óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. Um uppruna þessa ákvæðis veit ég ekki mikið en mann grunar engu að síður að þetta séu leifar af þeim ákvæðum í stjórnarskrá Íslands sem fluttust yfir til lýðveldisins með bráðabirgðabreytingum á þeirri stjórnarskrá sem Kristján konungur IX. færði okkur úr föðurhendi 1874. Með leyfi forseta vil ég vitna í grein sem dr. Bjarni Benediktsson skrifaði árið 1951 í Tímarit lögfræðinga um lögkjör forseta Íslands, en þar segir á þessa leið til að skýra þetta ákvæði:

„Þetta síðasttalda ákvæði er sett til þess, að Alþingi geti ekki beitt fjárkúgun við forseta eða hann verði því um of fjárhagslega háður, og nær það ekki aðeins til hinna föstu launa, heldur einnig til annarra greiðslna sem forseta er veittur réttur til með lögum."

Þetta orðalag bendir eindregið til þess að þegar konungur færði þjóð sinni, hinni dönsku og íslensku, stjórnarskrá upphaflega og færði nokkur völd í hendur þingsins, hafi verið reynt að verja konungdæmið með því að þetta þing sem nú fékk skattlagningarvald í ríkinu geti ekki gengið of nærri réttindum krúnunnar. Og ef ágreiningur yrði milli konungs og þingsins, gæti þingið ekki hefnt sín á konungi með því að svipta hann að einhverju leyti þeim fríðindum sem hann hefði, enda tók hann áreiðanlega megnið af tekjum sínum í formi ýmis konar fríðinda. Þetta tel ég og aðrir flm. óeðlilegt. Það er mjög óeðlilegt að launakjör forsetans felist að verulegu leyti í skattfríðindum og ég segi að verulegu leyti því ég hef heyrt nefndar tölur sem eru eitthvað á þá leið að a.m.k. þriðjungur eða upp undir 40% af launakjörum forseta felist e.t.v. í þessum skattfríðindum.

Með því að veita embættismönnum slík fríðindi er þeim að nokkru leyti í sjálfsvald sett hvernig þeir taka laun sín. Þeir geta notað þessi fríðindi meira eða minna eftir því sem þeim sýnist og það er að öllu leyti skynsamlegri háttur að laun embættismanna ríkisins séu afmörkuð með lögum og farið nokkuð strangt eftir þeim lögum. Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta að vitna aftur til fyrrnefndrar greinar Bjarna Benediktssonar sem hann skrifaði árið 1951 þar sem hann er með nokkrar skemmtilegar hugleiðingar um það hvað í því felist þegar sagt er að forseti skuli t.d. hafa ókeypis bústað, ljós og hita. Hann tekur þar fram að þá sé að sjálfsögðu einungis átt við embættisbústað forseta sem honum er skipað að hafa í Reykjavík eða nágrenni samkvæmt lögum og tekur þá fram að forseti eigi ekki kröfu til neins annars bústaðar á kostnað ríkisins heldur en þessa. Síðan tekur Bjarni fram að auðvitað beri ríkinu að leggja til í bústaðinn hæfileg húsgögn og annað slíkt, svo og að halda honum við með sæmilegum hætti. Um slíkar aðgerðir beri forseta að vísu að hafa hliðsjón af fjárlögum, en vitanlega eigi hann rétt á hæfilegu viðhaldi bústaðar og búsmuna, nægilegu ljósi og hita og verði hann sjálfur að meta það innan hóflegra marka.

Einnig tekur hann fram að sama gildi um útlagðan kostnað forseta við rekstur embættisins sem til teljist risna, embættisferðalög, bifreiðar o.fl., en þó muni sá háttur hafa komist á, a.m.k. síðari árin, þetta er árið 1951 þegar forsetaembættið er aðeins sjö ára gamalt, að til risnu er goldin fastákveðin upphæð án hliðsjónar af því hvort henni er allri eytt í þessu skyni og sé það að vísu annað en lögin ætlast til.

Það er dálítið skemmtilegt og ástæða til, held ég, að benda á að dr. Bjarni telur ástæðu til í þessari grein sinni að halda svo litlum atriðum til haga eins og hvað teljist hæfilegt ljós og hiti og einnig með risnu ætlist lögin til að hún sé borguð eftir reikningi, en ekki í einhverjum summum án þess að lagðir séu fram reikningar því til sönnunar að öllu hafi verið varið til risnu. Ég held að það sé full ástæða til fyrir okkur að staldra aðeins við og hugleiða þessi mál. Það hefur farið svo með forsetaembættið á undanförnum áratugum að það má segja að komist hafi upp nokkurs konar helgi í kringum

það. Menn eigi alls ekki að gagnrýna eitt eða neitt í embættisfærslu forseta þar sem hann sé eina sameiningartákn þessarar þjóðar og menn eigi ekki að vera með smálegt agg og nagg út í embættið. Það er að vísu rétt en þessi helgi má ekki ganga út í þær öfgar að hún leiði til einhvers konar hræsnisfullrar þagnar um málefni embættisins og forsetann á hverjum tíma. Og einmitt þessi ummæli dr. Bjarna benda til þess að forgöngumenn á fyrstu árum lýðveldisins hafa ekki skirrst við að ræða bæði smátt og stórt í sambandi við embættið og við megum ekki líta þetta embætti svo stórum augum að við gleymum því að það hefur sín takmörk eins og öll önnur embætti á vegum þjóðarinnar.

Það er full ástæða til að flytja þetta frv. nú vegna þess að á næsta ári fer fram nýtt forsetakjör og eins og ég hef rakið hér að framan verður lögum ekki breytt á kjörtímabili forsetans, eða a.m.k. alls ekki til lækkunar. Fyrir það er byggt í stjórnarskrárákvæðinu sem ég talaði um áðan. Ef menn telja á annað borð ástæðu til að gera þessar breytingar á launakjörum forsetans er rétt að gera það núna og kannski rétt að vekja athygli á því að frv. svipaðs efnis var flutt af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni á 115. þingi, ef ég man rétt. Það náði ekki fram að ganga en var einmitt flutt í tilefni af því að þá stóðu til nýjar forsetakosningar. Því er eðlilegt að þetta sé flutt nú þegar líkt stendur á og það sé búið að ganga frá þessum málum áður en til forsetakjörs kemur.

Hin röksemdin er efnisleg. Af hverju ætti að breyta því skattfrelsi sem forsetinn hefur notið? Ég og meðflutningsmenn mínir teljum það mjög óeðlilegt að launakjör forsetans felist í skattfríðindum að miklu leyti og það sé miklu eðlilegra að embætti forseta falli inn í launakerfi ríkisins, hann beri skatta eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins og sé ekki einangraður frá kjörum þjóðarinnar með þeim hætti að hann þurfi ekki að lúta ákvörðunum Alþingis varðandi skatta eins og allir aðrir þegnar. Ég tel raunar að þetta eigi að gilda um alla aðra þegna og alþingismenn eigi líka að gæta sín á því að undanþiggja ekki aðra hópa, þar með talda sjálfa sig undan sköttum og skyldum, hvorki í smáu né stóru. Við teljum að það fari best á því að launakerfi ríkisins sé gagnsætt, æðstu embættismenn þjóðarinnar hafi laun sem hefji þá yfir fjárhagsáhyggjur meðan þeir gegna starfi sínu, en um leið sæti þau almennri meðferð um skatta og opinber gjöld.

Nú kunna menn að hafa skiptar skoðanir um þetta og það hefur komið til í forsetakosningum að einstakir frambjóðendur hafa lýst yfir vilja sínum til þess að breyta þessu og falla frá skattfrelsinu, en þá er það of seint. Hvað sem líður góðum vilja forsetaframbjóðenda í þessu efni, ræður hans vilji ekkert um það. Um það segir prófessor Jónatan Þórmundsson í greininni „Skattskylda einstaklinga" sem kom í Tímariti lögfræðinga, 1. hefti 1982, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorki forsetinn né maki hans geta afsalað sér skattfrelsi sínu almennt. Ef svo væri, gætu þessir aðilar í raun breytt lögum. Ríkisvaldið ákveður einhliða í lagaformi jafnt skattskyldu sem skattfrelsi. Ef forsetinn kýs að inna af hendi til hins opinbera fjárhæðir, sem svara skattgreiðslum af tekjum, eignum og öðru, er þar um frjáls framlög að ræða, sem ekki hagga við skattfrelsinu. Skattyfirvöldum væri óheimilt að ákvarða forseta og maka hans skattgreiðslur, þótt beiðni bærist frá þeim þess efnis. Þar að auki mæla efnisrök gegn slíkum afsalsrétti. Löggjafarástæður þessara skattfrelsisákvæða eru opinbers eðlis og varða hefðbundna virðingu og forréttindi þjóðhöfðingja, en ekki persónuleg sjónarmið þess, er gegnir embætti hverju sinni."

Hér ber að sama brunni og hjá dr. Bjarna að Alþingi ber að ákvarða launakjör forseta áður en kjörtímabil hans hefst og innan kjörtímabilsins verður kjörunum ekki breytt.

Nú kann einhver að spyrja: Hver eiga launin að vera ef skattfrelsið er afnumið? Það tel ég vera utan við efnisatriði þessa frv. Fyrst ber Alþingi að láta vilja sinn í ljós um það hvort hann vilji halda í þessi skattfrelsisákvæði sem ég tel þar að auki hafa orðið úrelt með þeirri breytingu sem lögð var til og samþykkt á Alþingi á 65. gr. stjórnarskrárinnar, svokallaðri jafnræðisreglu, þar sem er viðurkennt að allir þegnar þessa þjóðfélags skuli jafnir fyrir lögunum. En þó að í stjórnarskránni standi að Alþingi skuli með lögum ákvarða greiðslur og ríkisfé til forseta og þeirra sem fara með forsetavald, mun það vera svo að Alþingi hefur fyrir löngu framselt þennan rétt sinn til Kjaradóms, alveg eins og með það að ákvarða sín eigin kjör. Það kemur því til kasta Kjaradóms ef þetta frv. verður samþykkt að ákveða í hverju þessi skattfríðindi hafa verið fólgin, hversu miklu þau nemi og úrskurða þá um hver skuli vera kjör forseta Íslands.

Ég vil að lokum benda á það að nafni minn, Ólafur Þ. Þórðarson, flutti frv. svipaðs efnis einn fyrir fimm árum. Nú eru meðflutningsmenn mínir að þessu frv. fimm úr öllum flokkum. Ég held að það sýni þverpólitískan stuðning við frumvarpið og jafnframt að það hefur orðið hugarfarsbreyting á þeim árum sem liðin eru á milli þessara frumvarpa, þannig að nú sé ekki aðeins tímabært að samþykkja það vegna þess hvernig á stendur varðandi forsetakjör, heldur sé tími þessa frv. kominn efnislega.

Það er kannski rétt að taka fram í framsöguræðu minni að ástæðan fyrr því að enginn alþýðuflokksmaður er með í flutningi þessa frv. er ekki sú að ég hafi viljað útiloka þá ágætu menn eða þeir hafi ekki viljað það. En ég var kominn í tímaþröng með að leggja það fram á þeim tíma sem mögulegt var að ég gæti komið því fram og mælt fyrir því þann tíma sem ég er varamaður á þingi. Alþýðuflokksmönnum gafst því ekki tími til að ræða það í sínum hópi eins og venjan mun vera þegar þeir ákveða að vera meðflm. að frumvörpum. Það segir ekkert efnislega um afstöðu þess ágæta flokks eða þingmanna hans til frv.

Ég mun ekki hafa þessi orð öllu fleiri en vonast til að þetta frv. finni náð fyrir augum Alþingis og verði samþykkt í tíma fyrir næstu forsetakosningar.

[16:42]

Útbýting þingskjala:

Kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi, 236. mál, fsp. SJS, þskj. 318.

Ofbeldisefni í fjölmiðlum, 235. mál, fsp. SJS, þskj. 317.

Starfsþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi, 237. mál, fsp. MF, þskj. 319.

[16:42]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að afnema þau ákvæði laga sem kveða á um að forseti Íslands greiði ekki skatt. Ákvæði um skattfrelsi forseta Íslands er í tvennum lögum, þ.e. lögum um laun forseta Íslands, samanber 1. gr. þessa frv. og lögum um tekju- og eignarskatt, samanber 2. gr. þessa frv. En sá töluliður sem gert er ráð fyrir að falli úr þeim lögum kveður á um að forseti Íslands og maki hans greiði hvorki tekju- né eignarskatt.

Það fyrirkomulag að forseti Íslands sé undanþeginn sköttum er gamalt og styðst við það að hér er um þjóðhöfðingja landsins að ræða en hér áður fyrr var talið eðlilegt að hann væri undanþeginn sköttum. Tekjur forsetans eru að langmestu leyti inntar af hendi af opinberum aðilum þótt forseti og maki hans geti vitaskuld haft tekjur af persónulegum eigum sínum.

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi og sameiningartákn landsmanna og sérstök fríðindi honum til handa eru ekki til þess fallin að skapa honum þann sess meðal landsmanna að vera fremstur meðal jafningja. Störf forseta lýðveldisins hafa einkennst af virðuleika og látleysi og það hefur verið gæfa Íslendinga að hafa átt einstaklega hæfa forseta. Það hefur aldrei staðið styrr um forseta lýðveldisins eftir að þeir hafa verið kosnir. Landsmenn hafa sameinast um að styðja forsetann af heilum hug og allir hafa forsetarnir orðið forsetar allra landsmanna. Þeim mun ríkari ástæða er til að hafa sem jöfnust lagaákvæði um forsetann og þegna landsins.

Í lögum um forseta Íslands er gert ráð fyrir að Kjaradómur ákvarði laun forseta og er ekki gerð tillaga um að breyta því. Verði frv. þetta að lögum mun Kjaradómur ugglaust endurskoða laun forseta Íslands í ljósi þess að hann greiði skatta og hækka laun hans þannig að hann standi persónulega í sömu eða svipuðum sporum og áður. Þetta frv. miðar við að kjör forseta Íslands séu hvorki rýrð né bætt á nokkurn hátt. Markmið frv. er fyrst og fremst það að forseti sitji við sama borð og aðrir þegnar landsins. En það má koma fram í þessari umræðu að skattfrelsi forsetans hefur valdið vissum vandkvæðum varðandi launaákvarðanir Kjaradóms, þótt það virðist nokkuð einkennilegt.

Kjaradómur ákvarðar laun ýmissa æðstu embættismanna ríkisins og raðar eðlilega forseta lýðveldisins efstum. Síðan er öðrum æðstu embættismönnum raðað neðar. Hér er hins vegar sá grundvallarmunur á að skattfrjáls laun svara til mun hærri raunlauna, eða launa í vasann, en jafnhárra launa sem skattur er greiddur af.

Vitaskuld fer ekki vel á því að ákvarða laun t.d. hæstaréttardómara hærri en laun forseta Íslands í ljósi þess að annar greiðir skatta en hinn ekki þannig að í reynd er launabil sem ekki er fyllt inn í af hálfu Kjaradóms nema þá í formi yfirvinnugreiðslna eða annarra greiðslna sem gera launakerfið langt frá því gegnsætt eins og nefnt er í greinargerð með frv. Kjaradómi eru með þessu settar vissar skorður við ákvarðanir. Skattfrelsi forsetans hefur þannig myndað vissa stíflu í launaákvörðunum æðstu embættismanna ríkisins sem Kjaradómi er falið að ákvarða.

Vitaskuld verður forsetinn og forsetaembættið að búa við sérstaka lagaumgerð enda er embættið einn af hornsteinum stjórnskipunar okkar. Það mæla hins vegar engin stjórnskipuleg rök með því að hann njóti skattfrelsis. Þess má einnig geta eins og fram kom að skattfrelsið í núverandi lögum nær ekki aðeins til forsetans heldur einnig til maka hans og hér er gert ráð fyrir að afnema þau ákvæði líka.

Það ber að hafa í huga að forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita eins og það er orðað í lögum og allur útlagður kostnaður forseta vegna rekstrar embættisins er greiddur sérstaklega úr ríkissjóði. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þeim ákvæðum.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 er gert ráð fyrir því að embætti forseta Íslands kosti á næsta ári um 50 millj. kr. Þar af eru laun forsetans aðeins sáralítið brot. Það er því ljóst að launakostnaður forsetans er tiltölulega lítill hluti rekstrarkostnaðar embættisins enda vinna m.a. margir starfsmenn við embættið, skyldur þess eru miklar og kröfur okkar til þess fara vaxandi. En eins og áður sagði fara fram forsetakosningar á næsta ári og því er heppilegt að breytingin taki gildi að þeim loknum en verði ákvörðuð á þessu þingi þannig að væntanlegum forsetaframbjóðendum sé ljós skattaleg meðferð launa forseta Íslands því að eins og fram kom hér hjá 1. flm. má ætla að frambjóðendur til forseta verði inntir um afstöðu til þessara mála eins og gerst hefur áður. En samkvæmt þeim úrskurði sem menn hafa gefið varðandi ákvæði stjórnarskrár þar um er orðið of seint að breyta ákvæðum um launakjör og skattfrelsi forseta Íslands þegar að því kemur að nýr forseti er kosinn.

Ég vænti þess og tek undir orð 1. flm. að þessi tillaga eigi meirihlutafylgi að fagna á Alþingi því að hér er um mál að ræða sem ég tel vafalaust að meiri hluti þjóðarinnar vildi gjarnan sjá þær breytingar sem hér eru lagðar til.

[16:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég greiddi atkvæði gegn því þegar átti að taka þetta mál með flýtimeðferð á dagskrá. Það gerði ég fyrst og fremst vegna þess að ég tel ekki að þetta embætti sé í þeim kröggum eða sé með þeim hætti í okkar stjórnkerfi að ástæða sé til að taka það með einhverjum aðgerðum sem gæti í hugum manna þýtt að það þyrfti sérstakrar meðferðar við. Það var mín eina ástæða fyrir því að ég greiddi atkvæði gegn flýtimeðferð, ekki vegna neins annars.

Eðlileg umræða um þetta mál er að sjálfsögðu sú sem lýðræðið krefst og ég er tilbúinn til að taka þátt í henni. Ég tel persónulega að tillaga sem þessi þurfi að fá mjög mikla umræðu, ekki bara í þinginu heldur í þjóðfélaginu einnig. Hér er alls ekki um mikla fjármuni að ræða eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, heldur er um grundvallarafstöðu að ræða hjá einstökum aðilum, bæði á hv. Alþingi og eins úti í þjóðfélaginu að það skuli enginn einn maður í þessu landi vera hærri en aðrir varðandi lög landsins og þá í þessu tilfelli skattalög þó að ýmis dæmi séu til um það.

Ég er þannig þenkjandi í þessu máli að embætti forseta Íslands sé svo tengt lýðveldinu og upphafi þess að ef það á að vera að breyta því með einhverju móti þurfi að liggja verulega þungar ástæður fyrir slíku. Ég vil taka sem dæmi að sjómenn Íslands njóta sérstakra skattfríðinda á forsendum þess að þeir stunda hættulegt starf og í mínum huga vegna þess að þeir eru sá hópur í þjóðfélaginu sem stendur undir velferð þessa lands. Þess vegna höfum við alla tíð viljað umbuna þeim sérstaklega og láta með því í ljós hversu mikils þeir eru metnir í þjóðfélaginu. Sama finnst mér eiga við um forsetaembættið sem ég tel vera eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði áðan, hornstein lýðræðisins og að mínu mati eigi að njóta ákveðinna fríðinda sem ekki eru endilega öllum gefin en ég tel vera virðingarvott. Ég tel það óþarfa að leggja þetta til bara af grundvallarástæðum en ef menn á annað borð vildu gera eitthvað slíkt vildi ég gjarnan að nefndir eða þeir aðilar sem kæmu til með að fjalla um þetta gerðu á því almenna könnun meðal þjóðarinnar hvað henni finnst um að breyta stöðu forsetaembættisins með þessum hætti sem ekki skiptir neinu máli fjárhagslega fyrir ríkið og breytir í sjálfu sér engu öðru en ímynd embættisins í hugum þjóðarinnar.

Ég held að við eigum að fara varlega í þessu máli og minnast þess að frá því að lýðveldið var stofnað hefur setið

á forsetastóli úrvalsfólk sem hefur á engan hátt rækt sína skyldu með þeim hætti að menn þurfi að taka svona mál upp. Ég tek þó undir mál sem tengjast þessum lögum eins og það að maki forseta sé undanþeginn skatti einnig. Auðvitað gæti það valdið einhverjum misskilningi og kannski er óþarfi að hafa slíkt inni. Ég er einvörðungu að tala um laun forseta Íslands en ekki makans sem getur að sjálfsögðu verið í störfum sem skapa verulegar tekjur en tengjast ekki að neinu leyti forsetaembættinu þannig að mér finnst réttlætanlegt að velta fyrir sér þeim þætti laganna. En að öðru leyti finnst mér að áður en tekin er ákvörðun um breytingu þurfum við að kanna mjög rækilega hvað þjóðinni finnst um þetta og þá með þeim meðulum sem þinginu og ríkisstjórninni eru tæk og hafa verið virkjuð með ýmsu móti.

Ég reikna með því að þetta frv. verði til umræðu í vetur en ég geri mér grein fyrir því eins og aðrir hv. þm. sem hér hafa tekið til máls að ef einhverjar breytingar eiga að verða á þessum málum þá þurfa þær að ganga í gegn á þessu þingi því að eftir að nýr forseti tekur við, væntanlega í sumar verður engu breytt varðandi þetta embætti.

[16:56]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem ein af flm. frv. vil ég fara um það nokkrum orðum þó að flest grundvallarsjónarmið hafi þegar komið fram hjá fyrri ræðumönnum. Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á að meginástæða mín fyrir að styðja frv. kemur fram í 1. og 2. mgr. greinargerðarinnar og er sú að ég tel það grundvallaratriði að allir þegnar landsins séu jafnir fyrir lögum eins og segir skýrt í 65. gr. stjórnarskrárinnar eftir nýsamþykktar breytingar á henni. En þar segir orðrétt: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum."

Ég tel því reyndar að sú skipan sem nú er viðhöfð brjóti í bága við stjórnarskrána svo og þau ákvæði í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt sem segja að forseti Íslands og maki hans séu undanþegin tekju- og eignarsköttum.

Í öðru lagi legg ég áherslu á það sjónarmið sem kemur fram í 1. mgr. greinargerðarinnar að best fari á því að launakerfi ríkisins sé gagnsætt og það eigi jafnt við um æðstu embættismenn ríkisins sem aðra. Að þessu sögðu tel ég eðlilegt að laun forsetans séu í hlutfalli við aðra háttsetta embættismenn og það er okkar skoðun í Kvennalistanum að þau laun eigi að vera í samræmi við þá sérstöðu og virðingu sem embætti forseta Íslands nýtur meðal þjóðarinnar. Ég ítreka þessi grundvallarsjónarmið hér vegna þess að stuðningur minn og okkar kvennalistakvenna er prinsippmál sem tengist ekki forsetaembættinu að öðru leyti, þ.e. kjörum núverandi eða fyrrverandi forseta. Við erum þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag veiki embættið og því sé tímabært að breyta því án þess að þar með sé verið að halda því fram að skerða beri á nokkurn hátt þau heildarkjör sem forseti Íslands hefur nú.

Vegna orða hv. þm. Kristjáns Pálssonar um að það þurfi verulegar ástæður til að breyta máli af þessu tagi vil ég ítreka það að stjórnarskrárbreytingin frá því í vor er ekki bara góð ástæða heldur kallar hún beinlínis á þessa breytingu sem er í takt við almenningsálitið að ég tel ef marka má þá sterku kröfu sem fram hefur komið í vetur um að alþingismenn sem og aðrir eigi að vera jafnir fyrir lögum. Ef þjóðin verður spurð verður auðvitað að koma skýrt fram að það er alls ekki ætlun okkar kvennalistakvenna að breyta á nokkurn hátt heildarkjörum forseta Íslands heldur fyrst og fremst að gefa forseta Íslands sem öðrum þegnum tækifæri til að vera jafnir fyrir lögunum.

[16:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði að samkvæmt breytingum á stjórnarskránni ættu allir að vera jafnir fyrir lögunum og það eru náttúrlega allir jafnir eins og lögin ákveða hverju sinni og að sjálfsögðu förum við eftir því. En ég minni á að það eru ýmsir hópar í þjóðfélaginu sem hafa skattaleg sérréttindi af ýmsum ástæðum sem teygja sig, við skulum segja frá forsetaembættinu. Það eru t.d. sjómenn, starfsmenn utanrrn., starfsmenn á vegum Sameinuðu þjóðanna og stofnana sem starfa á vegum alþjóðasamtaka og jafnvel aldraðir og ýmsir aðrir sem hafa ýmis sérréttindi samkvæmt lögunum. Spurningin er auðvitað alltaf sú hvað á að ganga langt í þeim efnum. Í mínum huga er ekki ástæða til að gera neinar grundvallarbreytingar í þessu tilviki. Ekki vegna þess að forsetinn hafi ekki efni á því eða embættið, heldur vegna þess að það hefur ekkert bent til þess að þetta sé vilji þjóðarinnar. Því hefur verið lýst yfir að þjóðin vilji þetta. Ég hef hvergi heyrt það. Ég benti aftur á móti á að hugsanlega væri rétt að spyrja þjóðina í skoðanakönnun á vegum Alþingis hvort hún vill í rauninni þessar breytingar á kjörum embættis forseta Íslands.

[17:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu en þannig stendur nú á að ég hef hugleitt þessi mál dálítið áður og langaði til að koma þeim sjónarmiðum mínum á framfæri.

Í fyrsta lagi sé ég í sjálfu sér enga ástæðu til að ræða málið á þeim grundvelli hvort hér er um að ræða einstakling sem eiga að gilda um sömu lög og sömu reglur og aðra. Ég held að það sé hafið yfir allan vafa þegar um einstaklinginn er að ræða. Ég held að við þurfum að reyna að ná málinu út úr þeim farvegi að við séum að tala um einstaklinginn. Spurningin er um eðli forsetaembættisins. Hún er ekki um það hvort hann nýtur mikillar eða lítillar virðingar. Það er nánast smekksatriði og mætti kanna það hjá þjóðinni. Hv. þm. Kristján Pálsson nefndi hér áðan að það væri sniðugt að spyrja þjóðina og væri gaman að vita hvenær hún hefur viðtalstíma næst. En hvaða embætti er embætti forseta Íslands? Hvað er það? Er það með svipaða stöðu og t.d. kóngar og drottningar í öðrum löndum? Það er stundum talað þannig um embætti forseta Íslands. Eða skiptir það kannski engu máli, embætti forseta Íslands? Það er stundum talað um forseta Íslands, sérstaklega eftir að núv. forseti Íslands lýsti því yfir að hún mundi ekki gefa kost á sér til endurkjörs, eitthvað á þessa leið: Ja, það þarf nú endilega að fá einhvern í þetta. Ég vil láta það koma fram hér af þessu tilefni að ég tel að núv. forseti Íslands hafi gegnt þessu embætti af miklum glæsibrag. Ég vil ekki að sú umræða sem hér fer fram né heldur umræðan um það hvort þyrfti meirihlutaforsendur fyrir því að forseti yrði kosinn sé á neinn hátt skilin þannig.

Það sem skiptir kannski aðallega máli í þessu sambandi er það að forseti Íslands er ekki embættismaður í venjulegum skilningi og ekki kjörinn fulltrúi eins og t.d. alþingismenn og ráðherrar. Forseti Íslands er kjörinn af þjóðinni beint án þess að það gerist t.d. í tengslum við alþingiskosningar eða aðrar kosningar. Og af hverju er það gert? Það er vegna þess að hugsunin var sú að forsetinn gæti verið pólitískt mótvægi við

Alþingi á hverjum tíma. Þess vegna þarf staðfestingu forsetans á lögum sem sett eru af Alþingi. Sú undirskrift forseta Íslands er ekki bara formsatriði heldur er hún mikilvægur pólitískur veruleiki. Þótt þessu valdi hafi í raun og veru aldrei verið beitt nema til að skrifa undir, er hægt að beita því til að skrifa ekki undir eins og menn þekkja. Þess vegna er mjög mikilvægt að mínu mati að forseti Íslands hafi sjálfstæði, eins mikið og nauðsynlegt er þessa eðlis embættisins vegna, gagnvart Alþingi. Þess vegna finnst mér að það komi alveg til greina að um forsetaembættið eitt gildi aðrar skattareglur en önnur störf í samfélaginu út af því stjórnarskrárbundna undirstöðuatriði að forsetinn sækir vald sitt til þjóðarinnar, til landsmanna. Hann á í raun og veru að mynda mótvægi gagnvart Alþingi eins og embættið er hugsað.

Nú er ég ekki að segja að það sé endilega rétt að hugsa embættið svona. Ég get fyrir mitt leyti ímyndað mér að það væri skynsamlegra að taka öðruvísi á þessu máli. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort núverandi kerfi varðandi kosningu Alþingis, forseta og skipan ríkisstjórna er ekki slæmt kerfi að ýmsu leyti og veikt frá því sjónarmiði séð að stjórnkerfið á að vera plúralístískt. Það á að vera fjölræði hér í þessu landi. Veruleikinn er auðvitað sá að Alþingi hefur orðið veikara og veikara. Það sést hér alla daga. Þeir sem eru í stjórnarflokkum finna það. Ég er ekki að ásaka þá sem nú eru í stjórnarflokkum frekar en þá sem hafa verið áður í stjórnarflokkum, en þeir finna hvernig þessi veruleiki er. Alþingi er of veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þess vegna er það alveg rétt sem þeir nafnarnir, hv. 1. flm. þessa máls og hv. fyrrv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, hafa sagt úr þessum ræðustóli. Hér er frekar stjórnbundið þing en þingbundin stjórn. Það er mikið til í því. Spurningin er þá sú, hvernig á að breyta þessu kerfi? Ég er þeirrar skoðunar að það komi til greina að velta því fyrir sér að hér verði að einhverju leyti tekið upp kerfi þar sem menn kjósa framkvæmdarvaldið beint sem mundi þannig tiltekið mótvægi við löggjafarvaldið. Það merkilega í bandaríska stjórnkerfinu er ekki bara þetta, heldur líka að innan löggjafarvaldsins og fjárlaga- og fjárveitingavaldsins þar er einnig um að ræða tilteknar pólitískar móthverfur þar sem annars vegar er senatið sem er kosið á allt öðrum forsendum heldur en fulltrúadeildin. Þetta kerfi gerir það að verkum, t.d. í Bandaríkjunum, að þar er hægt að tala um frá þessu sjónarmiði plúralístískt stjórnkerfi þótt hin pólitíska hlið þess máls líti allt öðruvísi út að mínu mati.

Ég dreg þetta hérna fram, hæstv. forseti, til að undirstrika að mér finnst það mál sem hér er á dagskrá mikilsvert mál. Mér finnst það snerta grundvallaratriði. Mér brá í brún, eins og hv. þm. Kristjáni Pálssyni, þegar ég tók eftir því að málið var tekið á dagskrá hér með afbrigðum. Það var eins og lægi svo mikið á að gera þetta en það var vegna þess að 1. flm. var þá að fara af þingi þannig að fyrir því voru þau rök en engin önnur. En ég tel sem sagt að þetta sé ekki smámál og eigi að skoða þetta í almennu samhengi. Ég þakka fyrir að frv. skuli vera flutt eða málið sett á dagskrá þannig að það fáist um það umræður en mér finnst ekki að menn geti slegið því alveg föstu að það sé endilega rétt að gera það eitt gagnvart forsetaembættinu sem lagt er til í þessu frv. Ég held að það mætti skoða málið í víðara samhengi.

Hæstv. forseti. Ég bendi á að fyrir nokkru kusum við sérstaka nefnd í stjórnarskrármálið eins og heimilt er samkvæmt þingsköpum og hún hefur þegar a.m.k. eitt annað frv. um forsetaembættið og það er ágætt að hún eyði einhverjum tíma í að ræða þessa hluti. Það er auðvitað alveg ljóst að allar breytingar sem gerðar kynnu að verða á forsetaembættinu verða ekki gerðar á þessu þingi. Það er engin samstaða um það að breyta stjórnarskránni á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir því að ég væri tilbúinn þess. Það mundi þýða þingrof og kosningar um leið þannig að það mundi örugglega ekki standa á okkur að drífa í því. Breyta einu litlu atriði í stjórnarskránni til að losna við ríkisstjórnina. Það er nú vissulega einnar messu virði að reyna að koma henni frá. Annað eins böl fyrir þjóðina og hún er þessi ríkisstjórn. Ég geri ekki ráð fyrir að stjórnarflokkarnir sem að meira og minna leyti standa að þessum tillögum um breytingu á stjórnarskránni sem hér er uppi séu tilbúnir til að setja stjórnina af, eða hvað? Ég hef ekki orðið var við það. Ég held því að þessi tillöguflutningur sé mest svona almennar æfingar í því að takast á um hlutina og það er allt í besta lagi. Til þess er þessi stofnun líka.

[17:10]

Flm. (Ólafur Hannibalsson):

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem þó hefur fengist um þetta frv. nú við 1. umr. Ég fagna því sérstaklega að það hafa líka komið fram andstæð sjónarmið og ýmis rök með og á móti þessari hugmynd sem að hér hefur verið reifuð. Auðvitað er ekki einfalt mál að leggja út í slíka breytingu og á ekki að gera nema að vandlega athuguðu máli. Hv. þm. Kristján Pálsson sagði að menn ættu ekki bara að gera þetta af prinsippástæðum. Ég tel hins vegar þvert á móti að það sé fyrst og fremst af prinsippástæðum sem eigi að gera þetta. Það á að laga þessa grein laga að þeim viðhorfsbreytingum sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum árum.

Varðandi það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um að vísa þessu máli til stjórnarskrárnefndar, tel ég að það sé ekki ástæða til þess vegna þess að hér er ekki um stjórnarskrárbreytingu að ræða. Hér er eingöngu um að ræða breytingu á lögum um launakjör forseta Íslands og það er ekki hróflað við því ákvæði stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um hvernig með þau launakjör skuli farið.

Ég vil ekki hætta mér út í miklar umræður fjarri þessu frv. eins og um ameríska stjórnkerfið og hvort tímabært sé orðið að kjósa framkvæmdarvaldið beint. Ég aðhyllist eindregið þá skoðun að við eigum að greina valdið miklu betur að og koma hér á tregðulögmálum mótvægis eins og eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku og er ástæða til að benda á að sú bylting sem framkvæmd var í Norður-Ameríku fyrir rúmlega 200 árum er eina byltingin sem hefur heppnast svo vel í heiminum að stjórnkerfið stendur enn í meginatriðum lítt breytt. Það hefur einmitt innbyggt þessar margvíslegu mótsetningar, Checks and Balances er það trúlega kallað á ensku, og hefur þrátt fyrir það gefist nokkuð vel. Að vísu hefur mörgum stjórnmálamönnum þótt slíkt kerfi mjög seinvirkt. Það er ekki aðeins að fulltrúaþingið og senatið verði að vera sammála með eða á móti forsetavaldinu, heldur kemur og hæstiréttur inn í með umfangsmikið túlkunarvald svo jaðrar við löggjafarvald. En út í þær umræður ætla ég ekki að hætta mér í þessu sambandi. Ég tel að það mál sem hér er til umræðu sé tiltölulega einfalt, hvort tímabært sé að afnema skattfrelsi forseta Íslands, hvort það sé í takt við tímann og þau stjórnarskrárákvæði sem voru samþykkt sl. vor og hvort Alþingi eigi ekki yfirleitt að taka löggjöf sína upp með tilliti til þeirra breytinga sem voru gerðar með því að efla jafnræði þegnanna fyrir lögum og fara út í endurskoðun á fyrri lögum með þetta viðhorf í huga.

Ég vil að lokum leggja til að þetta frv. fari til allshn. og legg það fyrir hæstv. forseta.

[17:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stjórnarskrárnefndin er með a.m.k. eitt mál sem snertir forsetaembættið. Samkvæmt þingsköpum gæti hún skoðað þetta mál líka þó því sé vísað til allshn. Mér finnst eðlilegt að þessi mál séu skoðuð í samhengi. Það var það sem ég átti við, hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:16.

---

60. FUNDUR

þriðjudaginn 12. des.,
kl. 2.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Laun forseta Íslands, frv., 224. mál, þskj. 304. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 118. mál, þskj. 130. — 3. umr.
3. Vatnalög, stjfrv., 234. mál, þskj. 316. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Samgöngur á Vestfjörðum, þáltill., 159. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
5. Almannavæðing ríkisfyrirtækja, þáltill., 214. mál, þskj. 288. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[14:35]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, 137. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 327.

Einkahlutafélög, 177. mál, svar viðskrh., þskj. 315.

Farskóli fyrir vélaverði, 238. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 320.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 242. mál, frv. ÁE og SvanJ, þskj. 328.

Skattareglur gagnvart listamönnum, 239. mál, fsp. ÁE, þskj. 321.

Skattskylda innlánsstofnana, 135. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 326.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 136. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 324; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 325.

Stjórn fiskveiða, 240. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 322.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 241. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 323.

Laun forseta Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓHann o.fl., 224. mál (skattgreiðslur). — Þskj. 304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 118. mál (Sléttuhreppur). — Þskj. 130.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DSigf, EgJ, EKG, EOK, GB, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KÁ, KH, KB, MF, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, RG, SAÞ, StG, SvanJ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 332).

Umræður utan dagskrár.

Fíkniefna- og ofbeldisvandinn.

[14:41]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú hefst utandagskrárumræða um fíkniefna- og ofbeldisvandann. Um fyrirkomulag umræðunnar er samkomulag milli þingflokkanna. Hver þingflokkur hefur 15 mínútna ræðutíma og samtals mun því ræðutíminn verða um ein og hálf klukkustund. Röð flokkanna verður þessi: Alþfl., Sjálfstfl., Alþb. og óháðir, Framsfl., Þjóðvaki, Samtök um kvennalista. Málshefjandi verður hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, en þrír ráðherrar, þ.e. hæstv. menntmrh., hæstv. heilbrrh. og hæstv. dómsmrh., taka þátt í þessari umræðu fyrir hönd sinna flokka. Gert er ráð fyrir að umferðir verði tvær. Ræðutími hvers flokks er 15 mínútur eins og nú hefur verið sagt, en það er að sjálfsögðu lagt í vald flokkanna hvernig tíma er skipt milli umferða.

[14:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á fundum þingflokksformanna fyrir viku síðan var það fastmælum bundið að við mundum staldra við á Alþingi í dagsins önn á aðventunni, víkja frá hefðbundinni dagskrá og ræða vímuefnavandann, úrræði okkar eða úrræðaleysi. Það er með vilja að ég segi úrræði okkar því sú ægilega vá sem haldið hefur innreið sína í okkar þjóðlíf er sameiginlegt áhyggjuefni og ábyrgðin okkar sameiginlega að leita lausna.

Fjölmiðlar endurspegla umræðu sem á sér stað úti í þjóðfélaginu um þessar mundir. Umfjöllun um áföll og sorg sem þessi vágestur veldur er áleitin og krafan um að bregðast við

er hörð. Spurningar brenna á vörum. Fer eiturlyfjaneysla vaxandi? Er neysla komin niður á grunnskólaaldur? Landlæknir setur fram þá spurningu hvort ólögleg neysla vímuefna sé unglingavandamál eða fullorðinsvandamál. Erum við komin með það þjóðfélagsmein sem ekki verður svo auðveldlega læknað? Hvað veldur? Hraði, spenna, samkeppni, erfiðar aðstæður, samskiptaskotur, nýjungagirni, forvitni? Þessar spurningar skipta okkur öll máli því að þetta gæti verið mitt barn og þetta gæti verið þitt barn.

Fyrir skömmu kom út á vegum lögreglunnar í Reykjavík skýrsla um stöðu fíkniefnamála á árinu 1995. Vonandi verður þessari skýrslu fylgt eftir með stöðugum og markvissum rannsóknum því regluleg úttekt og söfnun gagna er vitaskuld lykilatriði í að gera sér grein fyrir umfangi vandans. Þá er vert að geta þess að níu þingmenn hafa óskað eftir viðamikilli skýrslu um fíkniefnamál, að hún verði tekin saman og lögð fyrir Alþingi.

Rannsóknin sem skýrsla lögreglunnar fjallar um byggir á svörum 50 einstaklinga sem handteknir voru af lögreglunni í Reykjavík vegna fíkniefnamála frá 15. jan. til loka apríl á þessu ári. Þar má sjá að neysla hass, marijúana, amfetamíns, LSD og læknadóps virðist hefjast allt niður í 11 ára aldur, þó flestir hefji neyslu eftir að hafa orðið 16 ára. Þar kemur fram að 30% aðspurðra hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Umræða um sjálfsvíg hefur ekki farið hátt hér á landi, enda er það viðkvæmt og vandmeðfarið efni. En ástæða þess að spurt var um þessi mál í rannsókninni var sá orðrómur sem verið hefur uppi um að tíðni sjálfsvíga sé há meðal neytenda fíkniefna.

Þá er fullyrt að erlendar rannsóknir séu á þann veg að um 70% þeirra einstaklinga sem handteknir hafa verið fyrir ofbeldisverk í ákveðnum borgum í Bandaríkjunum hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

Á sl. tveimur árum hefur hérlendis verið lagt hald á 76 hnífa, 116 skotvopn, 755 skotfæri, 12 táragasbrúsa og 19 vopn. Það er tekið til þess hversu mikil breidd sé á neysluforminu hérlendis og að þeir aðilar sem rannsóknin náði til virtust neyta mjög margra tegunda efna og þykir eðlilegt að tengja það framboði á hverjum tíma. Vakin er athygli á því að níu einstaklingar segjast hafa neytt heróíns, en það efni hefur ekki fundist hér á landi nema í mjög takmörkuðu magni. Aðilar virðast nálgast efnið í gegnum vini eða útvega vinum sínum slíkt efni og síðan fer neysla oftast fram í félagsskap sama fólksins.

Sú meginregla er dregin fram að heimur fíkniefnaviðskipta hér á landi sé mjög lokaður og að sölumenn hafi sína viðskiptamenn en götusala heyri undantekningu til. Þrátt fyrir að götusala virðist heyra til undantekninga, þá kemur einnig fram að dreifing fíkniefna er talin almenn í framhaldsskólum. Við hljótum einnig að spyrja okkur hvort hið nýja efni sem skotið hefur rótum hér, svokallað ecstasy, sé á leið með að breyta þeirri þróun að götusala sé hér takmörkuð.

Virðulegi forseti. Ég ætla mér að nota bókstafinn E um þetta efni, ecstasy, þar sem ég tel að varast beri að halda á lofti þeim boðskap sem felst í nafninu alsælu, en þetta efni virðist hafa náð fótfestu í dreifingu á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að hald var fyrst lagt á þetta efni árið 1992.

Þegar maður grennslast fyrir hjá þeim sem eru að fást við vágestinn mikla og afleiðingar hans fæst það staðfest að E kom á markað 1993 og neysla þess er mikil, bæði á síðasta og þessu ári og skýrir það aukna umræðu um neyslu efnisins. Á meðan sprautulyf eru vinsæl hjá svokölluðum neytendum virðist E eiga greiðan aðgang að ungu fólki sem annars lítur ekki við fíkniefnum og það er verulegt áhyggjuefni.

Þegar litið er um öxl blasir það við að í upphafi 9. áratugar heyrðist lítið um eiturlyf. Í lok áratugarins voru unglingarnir farnir að eiga við þessi efni, börn alls ekki. Í dag er því haldið fram að fíkniefni séu í skólapartíum. Hvers vegna? Er það vegna þess að töfluformið er einfalt og umfjöllun um efnið spennandi? Er þetta e.t.v. tískufyrirbrigði eða er tilefnið annað og verra? Sumir telja að það sé ekki vera ástand meðal ungs fólks í dag, en viðhorf gagnvart eiturlyfjum virðist hafa mildast. Getur það haft eitthvað að segja að við erum á vissan hátt komin með aðra kynslóð frá því að þessi efni fóru fyrst að koma á markað hér, þ.e. að sá eða þeir sem vinna með unglinga hafa e.t.v. kynnst þessum efnum sjálfir í kunningjahópi á sínum tíma, að það þýði að viðkomandi hafi á þessum efnum öðruvísi sýn? Það er alla vega ljóst að það sem var undir borðinu fyrir nokkrum árum er nú komið upp á borðið. Þarna virðist einhver hugarfarsbreyting, því miður.

Í skýrslu landlæknisembættisins sem kom út árið 1991 var talað um að 500 unglingar 13–19 ára hefðu leiðst út í vímuefnaneyslu. Í dag telja þeir sem gerst þekkja að hópurinn sé stærri og yngri hópurinn fyrirferðarmeiri, en enginn veit hve stór. Það er ljóst að neysla er ekki lengur bundin við suðvesturhornið. Allt landið finnur fyrir þessum vanda.

Það er umhugsunarefni að þó landið okkar sé eyja sem auðveldara ætti að vera en ella að verja, þá vitum við ekki hvort innflutningur á sér stað með flugvélum eða skipum, með „burðardýrum" eða vörusendingum, hvort efnið berst frá höfuðborg til landsbyggðar eða öfugt. Okkur finnst að góð tollgæsla og öflug fíkniefnalögregla eigi að geta náð árangri hér á Íslandi, árangri sem e.t.v. væri ekki hægt að ná annars staðar í óðruvísi landi. En hvernig eigum við að taka á þessum málum?

Á hverju ári eru fluttar tillögur og ályktanir á Alþingi um aðgerðir. Þingmenn og þingflokkar hafa flutt tillögur um námsefni í vímuefnavörnum, að þau verði skyldunám í skólum, tillögur um forvarnastarf, um rannsóknir og úttektir, aðhlynningu og umönnun og síðast en ekki síst um eflingu fíkniefnalögreglunnar. Kallað hefur verið eftir hvort Ísland hygðist staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vínarborg árið 1988, en staðfesting samningsins þýðir lagastoð til handa löggæslunni til aðgerða á fjölmörgum sviðum.

Á 115. löggjafarþingi var lagt fram stjfrv. um áfengis- og vímuefnavarnir en það náði ekki fram að ganga. Það tók til fræðslumála og forvarnaaðgerða ásamt meðferðarúrræðum. Þá hafa lögreglulög verið í endurskoðun og er full ástæða til að spyrja dómsmrh.: Hvernig verður tekið á rannsóknar- og fíkniefnalögreglu í þeirri endurskoðun og hvenær er frv. að vænta?

Þegar kastljósinu er beint að aukinni neyslu og ofbeldisverkum sem fylgja fíkniefnavandanum finnst okkur allt of lítið hafa þokast fram á við í þessum málum þó við vitum að fjölmargir séu að leggja hönd á plóg til að vinna bug á þessu stóra vandamáli. En hver er stefnumörkun stjórnvalda? Er forgangsröðun okkar skýr? Í nágrannalöndum hefur verið reynt að taka af krafti á stórum málum en sinna jafnhliða litlu málunum með sólarhringvöktum og góðu samspili þeirra aðila sem eru að fást við hin stærri og smærri verk. Höfum við hnýtt það öryggisnet sem okkur ber? Höfum við nætur- og helgarvaktir hjá fíkniefnalögreglu? Ef ekki, stendur til að

vinna bót á því? Kostum við til því sem þarf til að taka á stóru málunum og tengja netið?

Við verðum að ákveða hvar við staðsetjum fíkniefnaglæpi, innflutning, fjármögnun og sölu, hvort við teljum þetta til alvarlegustu afbrota. Í Noregi eru þessi afbrot flokkuð næst á eftir manndrápum og kynferðislegu ofbeldi.

En hvað með okkur? Hvernig er háttað samstarfi þeirra er vinna á hinum ólíku sviðum auðgunarbrota, fjársvikamála, fíkniefnamála sem oft eru samtengd? Hvernig er háttað samstarfi tollgæslu, skattyfirvalda og fíkniefnalögreglu og samstarfi landsbyggðar og þéttbýlis? Þetta eru áleitnar spurningar sem við verðum að leita svara við svo unnt sé að byggja upp hið rétta form.

Sjálf er ég sannfærð um það að mikilvægi þess að sami aðili fari með rannsókn umfangsmikilla fíkniefnamála á öllu landinu og að öflug fræðsla um vímuefnavarnir verði sjálfsagður hluti skyldunáms í skólum sé mest aðkallandi. Að þetta, ásamt reglulegri og skipulegri úttekt á vandanum og gagnasöfnun sem gerir það unnt að greina umfang vandans, séu þau lykilatriði sem þarf til að ráða að marki bót á þessari vá.

Mér finnst hins vegar eins og að í fræðslumálum höfum við sofnað á verðinum. Það hafa verið frjáls félagasamtök sem hafa gert stærsta átakið í fræðslumálum og vísa ég þá til Lions Quest verkefnisins fyrir ákveðna aldurshópa sem í samvinnu við fræðsluyfirvöld hefur verið farið með inn í skólana. En opinber stefnumörkun hlýtur að taka til þess hvort tímabært sé að gera vímuefnavarnir að skyldunámsgrein í skólum.

Virðulegi forseti. Ég undanskil engan varðandi þá ábyrgð sem á okkur hvílir, ekki heimilin, ekki skólann, ekki stjórnvöld. Þetta er sameiginleg ábyrgð okkar allra og við verðum að bregðast við fyrst og fremst með fræðslu því að þekking er það sem þarf.

[14:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Rannsóknir sýna því miður að fíkniefnaneysla íslenskra ungmenna er heldur að aukast. Margt bendir einnig til að viðhorf framhaldsskólanema til fíkniefnaneyslu sé að breytast í þá veru að neysla ýmissa fíkniefna, svo sem alsælu, sé ekki talið tiltökumál og efnið er jafnvel talið hættulítið eða hættulaust. Ef draga á úr tóbaksnotkun og áfengis- og fíkniefnaneyslu ungmenna verður m.a. að treysta forvarnastarf í skólakerfinu. Nauðsynlegt er að forvarnastarf nái til barna á unga aldri og fylgi þeim eftir fram á unglings- og fullorðinsár.

Á undanförnum árum hefur verið unnið töluvert forvarnastarf í skólum landsins, einkum á unglingastigi grunnskóla, en það hefur verið mismikið bæði eftir skólum og sveitarfélögum. Þá hafa foreldrasamtök unnið gott starf undir merkjum vímulausrar æsku. Til að styrkja þennan málaflokk setti ég á laggirnar fíknivarnahóp innan ráðuneytisins sem tók til starfa í haust og hefur hann nú skilað áfangatillögum til mín. Í þeim er sérstök áhersla lögð á að nú þegar verði gripið til aðgerða í framhaldsskólum og þá ekki síst vegna útbreiðslu alsælu og annarra fíkniefna í skólum. Nefndin hefur átt fundi með ýmsum aðilum tengdum forvarnastarfi, þar á meðal skólafólki, foreldrum og forráðamönnum og Félagi framhaldsskólanema. Félag framhaldsskólanema óskaði eftir því við ráðuneytið að það styrkti félagið við framkvæmd sérstaks verkefnis sem þeir hafa kosið að kalla jafningjafræðslu. Í því felst að framhaldsskólanemar sjálfir verði virkjaðir til að starfa að fíknivörnum og vinna að því að félagar þeirra og jafnaldrar neyti ekki fíkniefna. Menntmrn. hefur nú fallist á að veita Félagi framhaldsskólanema aðstoð við framkvæmd verkefnisins og styrkja það fjárhagslega. Það skal þó undirstrikað að jafningjafræðslan er tilraunaverkefni sem haldið verður áfram ef sýnt þykir að það skili árangri. Markmiðið með verkefninu er:

1. Að draga úr neyslu tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna meðal framhaldsskólanemenda.

2. Að breyta því viðhorfi til neyslu áfengis og annarra fíkniefna að þau séu sjálfsögð.

3. Að draga úr neyslu áfengis á samkomum framhaldsskólanema og því viðhorfi að skemmtanahald tengist sjálfkrafa vímuefnaneyslu.

4. Að efla vitund framhaldsskólanema um áhættu áfengis- og fíkniefnaneyslu og auka þekkingu þeirra á skaðsemi fíkniefna.

5. Að stuðla að því að framhaldsskólar setji sér stefnu í áfengis- og fíkniefnamálum.

6. að Aðstoða nemendur sem eiga í erfiðleikum vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Framhaldsskólanemendur munu vinna að þessum markmiðum með margvíslegu móti. M.a. verður sérstök fræðsla og þjálfun fyrir nemendur sem hyggjast sinna verkefninu. Gefið verður út blað og bæklingur. Haldnir verða umræðufundir o.s.frv. Rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi sýna að vinahópur og almenn viðhorf félaga og samfélags hefur mjög mikil áhrif á neyslu unglinga. Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi hefur komið í ljós að það virðist hvetja unglinga meira til drykkju ef vinahópurinn drekkur en það að foreldrar drekki. Ekki síst vegna þessa bindur ráðuneytið vonir við að jafningjafræðsla geti skilað árangri.

Neysla áfengis og annarra fíkniefna er einn helstu áhrifaþáttur sjálfsvíga og það er ekki síst þess vegna sem mikilvægt er að draga úr fíkniefnanotkun. Mjög umfangsmikið nefndarstarf hefur farið fram á vegum menntmrn. um orsakir og tíðni sjálfsvíga á Íslandi. Sú nefnd var stofnuð í kjölfar þáltill. sem hv. 2. þm. Norðurl. v., Hjálmar Jónsson, flutti og var samþykkt árið 1992. Gert er ráð fyrir að niðurstöður nefndarinnar liggi fljótlega fyrir.

Ég tel mikilvægt að forvarnir í skólum hefjist sem fyrst og ekki er síst ástæða til að minna á að leikskólinn er hluti af skólakerfinu. Gott fíknivarnastarf getur einnig verið mikilvægt forvarnastarf gegn ofbeldi. Þannig er Lions Quest námsefninu „Að ná tökum á tilverunni“ sem er einkum notað í 7. og 8. bekk grunnskóla t.d. ætlað að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd barna og unglinga og vinna þannig gegn fíkniefnaneyslu þeirra og að sama skapi vinnur það gegn ofbeldi.

Nú eru einnig hugmyndir um að efla ofbeldisvarnir í þessu námsefni. Þó að fíknivörnum sé sinnt með Lions Quest námsefninu er mikilvægt að forvarnir í grunnskólum séu efldar og að þær byrji hjá yngri nemendum en nú. Einnig verður að bæta úr brýnni námsefnisþörf fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla og nemendur í framhaldsskólum. Þá er ekki síður mikilvægt að kennaranám verði tengt mun betur við forvarnir og starf foreldra á þessu sviði, en gott starf foreldra í grunnskólum hefur reynst mjög öflugt forvarnastarf á ýmsum sviðum. Að slíkum tillögum er nú unnið í menntmrn. en forsenda fyrir þeim eru m.a. kannanir sem verið er að vinna að innan

ráðuneytisins um hvernig grunnskólar, framhaldsskólar og skólar sem mennta kennara sína í forvörnum.

Ég hef lagt mikla áherslu á að ólíkar deildir menntmrn. vinni saman að öflugu forvarnastarfi. Að sama skapi er það mikilvægt að ráðuneytin vinni saman þannig að baráttan verði sem markvissust. Nú er t.d. starfandi nefnd á vegum heilbrrh. til að vinna að frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir. Í þeirri nefnd eru fulltrúar þeirra ráðuneyta sem helst koma að málaflokknum. Vænti ég þess að það frv. efli forvarnastarf hér á landi og treysti m.a. markvissara forvarnastarf í skólum landsins og í íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Fíknivarnir í skólakerfinu munu aldrei leysa af hólmi annað það fíknivarnastarf sem nú fer fram í þjóðfélaginu, en með vinnu sinni vill menntmrn. m.a. stuðla að því að þeir fjölmörgu aðilar sem hafa sýnt áhuga og mikinn dugnað í forvarna- og meðferðarstarfsemi fái svigrúm og tækifæri til að láta starfsemi sína blómstra. Mikilvægt er að þeir vinni saman þannig að starfið verði markvisst og árangursríkt.

[14:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka öllum hv. þingflokksformönnum allra flokka, fyrir það frumkvæði að taka upp á Alþingi umræðu um sölu, kaup og notkun vímuefna sem er mjög stórt vandamál í þjóðfélaginu í dag. Sérstaklega ber að þakka það fordæmi sem þau gefa því að hér er um að ræða vandamál sem nauðsynlegt er að leysa í samstarfi allra flokka.

Fíkniefnaneysla hefur farið mjög ört vaxandi undanfarin ár og það eru í raun ekkert mjög mörg ár síðan að neysla fíkniefna, og þá einkum hassneysla, var talin vera aðallega hér í Reykjavík og allra næsta nágrenni. Þeir sem neyttu voru flestir komnir yfir unglingsárin og um var að ræða nokkra hópa, neyslu í heimahúsum eða á einstaka skemmtistöðum.

Nú á allra síðustu árum hefur þetta breyst verulega og fullyrt er af þeim sem til þekkja að fíkniefni séu notuð um allt land, að finna megi fíkniefnaneytendur í nánast hverjum þéttbýliskjarna landsins. Þau fíkniefni sem hafa verið ráðandi eru hass og amfetamín en nú nýverið hefur borið mikið á efninu ecstasy sem hlotið hefur rangnefnið alsæla. Talið er að þetta efni hafi fyrst komið á markaðinn 1992, en í ár hafi orðið gífurleg aukning á notkun þess. Að mati fíkniefnalögreglu og í skýrslu sem unnin er af Karli Steinari Valssyni afbrotafræðingi og hér var vitnað í áðan kemur fram að aldur fíkniefnaneytenda hafi lækkað og má finna dæmi þess að 11 ára börn neyti fíkniefna. Auk þess hefur sprautunotendum fjölgað mjög mikið síðustu ár en samkvæmt ársskýrslu SÁÁ fjölgaði þeim um 110 árið 1994. Samkvæmt skýrslu Karls Steinars mátti finna dæmi þess meðal þeirra 50 einstaklinga sem rannsókn hans náði til að neysla hass, marijúana, amfetamíns, LSD og svokallaðs læknadóps hæfist við 11 ára aldur. Flestir hefja þó neysluna eftir 16 ára aldurinn, en könnun hans leiðir einnig í ljós að flestir nálgast efnið í gegnum vini eða útvega vinum sínum það. Neyslan fer oftast fram í félagsskap sama hóps, en 72,9% útvega sér efnið í gegnum vinskap. Í öðrum tilvikum virðist sem viðskiptin fari fram í gegnum aðila sem ekki er vitað deili á.

Niðurstöður könnunarinnar segja talsvert um það hversu lokaður heimur fíkniefnaviðskipta er hér á landi. Meginreglan virðist vera að sölumenn hafi sína föstu viðskiptamenn en götusala heyri undantekningu til. Það kom hins vegar fram í samtali mínu við fulltrúa fíkniefnalögreglunnar að sala og dreifing fíkniefna hefur tekið verulegum breytingum undanfarin ár. Að mati þeirra er um að ræða vel skipulagða starfsemi með sterk sambönd innan lands og utan og í dag sé mjög auðvet að nálgast fíkniefni, framboð sé mikið á öllum efnum.

Í skýrslu Karls Steinars Valssonar kemur fram að 26% þeirra sem hann ræddi við sögðust fjármagna fíkniefnaneyslu sína með afbrotum, enda er það staðreynd að samsetning í fangelsum hefur breyst verulega allra síðustu ár. Það er ekkert langur tími síðan að aðeins lítill hópur fanga hafði neytt annarra vímuefna en áfengis. Í dag er það hins vegar undantekning ef fangi hefur ekki neytt annarra vímuefna en áfengis. Samt er það svo að ef horft er til þess magns fíkniefna sem fundist hefur í fangelsum undanfarin ár, þá koma nokkuð merkilegar tölur í ljós.

Ég hef fengið í hendur tvær töflur sem fela í sér upplýsingar um öll þau fíkniefni og lyf sem tekin hafa verið, annars vegar í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1994 og 1995 og hins vegar í fangelsinu að Litla-Hrauni tímabilið 1992–1995. Hér er ekki um vísindalega úttekt á fíkniefnamálum í fangelsum að ræða heldur vísbendingu um ástand þessara mála. Ef unnt er að ályktа út frá þessum upplýsingum kemur mest á óvart hversu lítið magn vímuefna hefur fundist á þessu tímabili í fangelsunum. Það má hugsanlega þakka mjög hertum aðgerðum fangelsisyfirvalda og breytingum á öryggismálum fangelsanna á þessu tímabili. Starfsemi og starfsháttum fangelsanna hefur verið breytt auk þess sem öryggistæki og leitarhundar hafa í vaxandi mæli verið tekin í notkun. En einnig má benda á að allir fangar sem til afplánunar koma eru látnir skila þvag- og blóðprufu og sýndu þær á árinu 1995 að 74% fanga hefðu ekki neytt kannabisefna síðustu viku fyrir komu í fangelsi. Ef ályktað er út frá þessum upplýsingum með jákvæðum hætti má raunar segja að það komi verulega á óvart hversu lítið er um fíkniefni í íslenskum fangelsum og velta því fyrir sér hvort umræða í fjölmiðlum um þessi mál sé í takt við raunveruleikann og undantekningarnar hafðar að aðalreglu. Hins vegar vekur sérstaka athygli að á seinni hluta ársins 1995 hefur sex sinnum fundist hass í fangelsinu að Litla-Hrauni, alls 56 grömm, þar af í einni sendingu 50 grömm sem er langmesta magn sem fundist hefur í einu. Þessi 56 grömm eru tæp 90% af heildarmagni sem fundist hefur á Litla-Hrauni samanlagt allt frá árinu 1992. Í Hegningarhúsinu og fangelsinu Kópavogsbraut 17 hafa í haust fundist samanlagt 14 grömm eða megnið af því hassi sem fundist hefur á árinu 1995.

Ef ályktað er út frá þessum upplýsingum með sama fyrirvara og áður má reikna með að eftirspurn eftir fíkniefnum í fangelsum haldist í hendur við aukið framboð fíkniefna á hinum almenna markaði. Það kemur heim og saman við upplýsingar frá fíkniefnalögreglunni um það að mjög mikið magn fíkniefna hafi verið á markaðnum síðustu mánuði ársins 1995. Þrátt fyrir þetta er ljóst að mjög stór hluti þeirra sem gista fangelsin eru þar vegna afbrota sem framin eru undir áhrifum sterkra fíkniefna eða afbrota sem framin til þess að fjármagna fíkniefnaneyslu. Það er einnig ljóst að þau refsiúrræði sem við höfum í dag henta í mörgum tilvikum alls ekki þeim sem eru á kafi í eiturlyfjaneyslu. Fangelsisyfirvöld hafa hvorki mannafla né fjármagn til þess að taka sérstaklega á þeim vandamálum sem fylgja þegar eiturlyfjaneytandi kemur í afplánun. Sérstaklega þyrfti að taka á varðandi vanda ungra fíkniefnaneytenda sem eru í fangelsum landsins.

Við höfum nokkuð góð úrræði fyrir þá sem ánetjast hafa fíkniefnum og vilja sjálfir leita sér aðstoðar. En hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir, fræðslu og forvarnir hvers konar stöndum við afar illa að vígi. Mörg undanfarin ár hefur tölulvert fjármagn verið sett til forvarnastarfs. Ýmis félagasamtök og stofnanir hafa fengið styrki frá ríki og/eða sveitarfélögum, en hins vegar hefur vantað mikið upp á að skipulega sé staðið að verki og lítið sem ekkert samráð er milli þeirra aðila sem fjármagn fá til starfsins sem aftur verður til þess að það nýtist illa. Öflug, vel skipulögð fræðsla um skaðsemi eiturlyfja er mikilvægasta forvörnin. Það er því brýnt að taka á þeim þætti nú þegar.

Þá er það vandamálið sjálft, þ.e. eftir að neysla fíkniefna hefst og möguleikar til þess að nálgast fíkniefnin. Að mati lögreglu tekur neysla einstaklinga mið af því framboði sem er á efnum hverju sinni. Það hefur komið í ljós að þegar lagt er hald á mikið magn af einstökum tegundum fíkniefna, þá hefur það umtalsverð áhrif á markað þess efnis. Það getur hins vegar leitt til þess að einstaklingar hefji neyslu annarra efna en áður. Þetta segir okkur að fíkniefnamarkaðurinn hér á landi er viðkvæmur, en það segir okkur einnig hversu mikil tök er hægt að hafa á útbreiðslu fíkniefna með lögregluaðgerð. Við vitum að neysla fíkniefna hefur stóraukist. Við vitum að sölukerfi fíkniefnasala er orðið öflugt og vel skipulagt. Við vitum að vandamálið hefur vaxið hratt undanfarin ár. Við vitum að það verður að taka á því nú þegar. Þess vegna er óskiljanlegt hvers vegna ekki hefur verið mótuð stefna um með hvaða hætti á að bregðast við. Það er meira að segja svo að upplýsingar um umfang vandans er ekki að finna á neinum einum stað.

Ef leitað er til lögreglu til að fá upplýsingar um það í hve mörgum tilvikum hefur verið um að ræða afskipti lögreglu vegna eða í tengslum við fíkniefnaneyslu, þá kemur í ljós að hringja verður í hvert einasta lögregluumdæmi og fá upplýsingarnar þaðan beint því að þeim er hvergi safnað saman. Um skipulögð námskeið fyrir lögreglu eða sérþjálfaða menn til að taka á þessum málum er ekki að ræða í starfi við embættin úti um land nema í undantekningartilvikum. Þó á lögreglan á hverjum stað að vera fær um að sinna svokölluðum minni háttar málum tengdum eiturlyfjaneyslu.

Fíkniefnalögreglan er staðsett í Reykjavík hjá lögregluembættinu. Ekki verður séð af fjárveitingum undanfarin ár til þeirrar starfsemi að þar hafi verið tekið tillit til þess að neysla fíkniefna hefur stóraukist. Sem dæmi má nefna að fíkniefnalögreglan er að störfum frá níu að morgni til miðnættis virka daga. Ekki er um neinar bakvaktir að ræða og lögfræðingur deildarinnar, sem m.a. gefur út leitarheimildir, starfar aðeins á sama tíma.

Árið 1988 störfuðu 15 menn í fíkniefnadeild lögreglunnar og höfðu 120 klukkustundir á mánuði á mann aukalega til að sinna þeim verkefnum sem ekki voru leyst í dagvinnu. Í dag starfa 14 menn hjá sömu deild. Áætlaðir tímar utan venjulegs dagvinnutíma eru 70 tímar á mann hvern mánuð og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá fíkniefnalögreglunni hefur nú þegar verið sett bann við frekari aukavinnu fram að áramótum.

Virðulegi forseti. Á landsfundi Alþb. í haust var sérstakur dagskrárliður þar sem fjallað var um aukna notkun vímuefna og aukið ofbeldi í þjóðfélaginu. Þar talaði fólk sem dags daglega er að vinna við úrlausnir mála tengdum vaxandi vímuefnaneyslu. Á ráðstefnunni var einnig frásögn foreldra ungs fíkniefnaneytanda og ég held að að öðrum ólöstuðum hafi hún snortið okkur mest. Þar kom fram að á öllum stigum frá því að unglingurinn hóf neyslu eiturlyfja höfðu þau rekið sig á veggi í tilraunum sínum til þess að koma honum aftur á rétta braut. Kerfið hafnaði þeim hvar sem komið var. Enginn hafði lausnir eða hjálp sem dugði, engan stuðning var að fá, úrræðaleysið algjört.

Það verður að taka á og koma með heildstæða stefnumótun. Vandamálið er svo stórt að við getum ekki lengur vikist undan að taka á því. Vonandi verður þessi utandagskrárumræða, sem allir flokkar standa að, upphafið að víðtækri samvinnu sem leiða mun til þess að tekið verði á og stefna mörkuð í þessum málaflokki sem aftur mun þá leiða til þess að samhæfa starfsemi hvað varðar forvarnastarfið, fíkniefnalögregluna, tollgæsluna, rannsóknarlögregluna og úrræði varðandi vistun og aðstoð við unga fíkniefnaneytendur sem brotið hafa af sér.

Alþb. lagði til á landsfundi sínum að Alþingi skipaði nefnd sem hefði það verkefni að kanna umfang og afleiðingar fíkniefnaneyslu og gera tillögur um samræmdar aðgerðir. Sérstaklega yrði nefndinni falið að kanna og gera tillögur um eftirtalin atriði:

Hver hefur neysluþróunin verið? Hvernig er staðan núna? Hvað er vitað um orsakir, hverjar eru afleiðingarnar, hverjir eru áhættuhóparnir og hvernig er best að hamla gegn þessari þróun? Hver eru bestu meðferðarúrræðin? Á að breyta refsilöggjöfinni? Á neysla að vera refsiverð eða aðeins innflutningur og sala? Er rétt að hækka sjálfræðisaldurinn? Þarf að breyta skipulagi löggæslu og/eða tollgæslu? Á að breyta reglum um reynslulausnir dómþola? Og hvað á að taka við þegar afplánun dóma lýkur með tilliti til þess að fíkniefnaneytandi eigi hlut að máli?

Mér er kunnugt um það eftir viðræður sem ég átti við hæstv. dómsmrh., sem hér er, að hann hefur fullan hug á því að skipa nefnd sem m.a. taki á þessum þáttum, einhverjum eða öllum.

Ég vil aðeins að lokum leggja áherslu á að það fordæmi, sem hér er gefið þar sem allir flokkar standa að þessari umræðu, verði til þess að við leitum leiða og úrlausna í samstarfi allra flokka, að við tökum á þeim gífurlega vanda sem við blasir, en hættum að ýta honum á undan okkur og vísa ábyrgðinni hvert á annað.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eitt mesta heilbrigðisvandamál nútímans er vímuefnaneysla. Neysla íslenskra ungmenna á áfengi og ýmsum vímuefnum hefur farið vaxandi ár frá ári. Nær daglega berast okkur fréttir af afleiðingunum, við heyrum um slys, dauðsföll, glæpi og afbrot og alls kyns ógnir sem beinast að einstaklingum og þjóðinni allri. Við gerum okkur grein fyrir að þar sem fjölmiðlar varpa ljósi er aðeins hluti vandans, það endurspeglar aðeins brot af þeim hörmungum sem við er að glíma. Flestar sorgarsögur ná ekki á síður dagblaða eða í fréttir ljósvakamiðla, en leggja líf einstaklinga og fjölskyldna þeirra í rúst.

Það er því sannarlega eitt af brýnustu verkefnum samfélagsins að beita sem flestum tiltækum varnarráðum til að koma í veg fyrir að unglingar leiðist út í slíka neyslu. Í þessum málaflokki er alveg ljóst að betra er heilt en gróið og betra er að koma í veg fyrir vandamálið en að leggja fé í meðferð og stofnanir þegar menn hafa ánetjast vímunni. Sífellt koma ný efni á markað og við markaðssetningu er

reynt að telja neytendum trú um að efnið sé hættulaust og saklaust.

Nú snýst umræðan um alsælu eða ecstasy, en nafngiftin alsæla er að sjálfsögðu villandi sölutækni. Þetta eiturefni kom fyrst fram hér á landi fyrir örfáum árum en neysla þess virðist vera orðin þó nokkuð útbreidd. Þess eru dæmi að ungmenni, sem ekki hafa neytt fíkniefna fyrr, leiðist út í neyslu alsælu í þeirri trú að engin hætta stafi af neyslunni. En neysla þessa efnis er dans við dauðann eins og neysla annarra fíkniefna. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu eru helstu eituráhrif þessa nýja efnis krampi, hraður púls, ofhitnun, nýrnabilun, gula, heilablæðing, þunglyndi og önnur geðræn vandamál. Hér á landi hafa milli fimm og tíu einstaklingar verið lagðir inn á sjúkrahús vegna skyndilegra eituráhrifa. Þunglyndisáhrifin geta komið seint fram og jafnvel þó nokkru eftir að efnisins hefur verið neytt. Ekki er vitað hve mörg sjálfsmorð hér á landi tengjast fyrri neyslu ecstasy.

Um útbreiðslu ecstasy hér á landi liggja ekki fyrir neinar tölur. Samkvæmt upplýsingum frá fíkniefnalögreglunni er hér um vaxandi vandamál að ræða og er mun meira um þetta efni á markaði núna en fyrir nokkrum mánuðum síðan. Sem dæmi um afleiðingarnar má nefna að námsráðgjafar framhaldsskólanna leituðu til landslæknisembættisins í síðasta mánuði þar sem þeir hafa miklar áhyggjur af því hve algengt það er að nemendur eigi við mikið þunglyndi að stríða í kjölfar neyslu þessa efnis og annarra vímuefna.

Virðulegi forseti. Hvað er til ráða? Í undirbúningi er á vegum heilbr.- og trmn. nýtt frv. um áfengis- og vímuefnavarnir eins og hæstv. menntmrh. kom inn á áðan. Í því frv. verða ýmis nýmæli og stefnt að því að tengja starf þeirra er koma að þessum tveimur málaflokkum betur saman en nú er. Reyna þarf því nýjar leiðir til þess að stemma stigu við vaxandi neyslu bæði áfengis og annarra vímuefna. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar en líklegast til árangurs var talið að styrkja það starf sem þegar fer fram á þessu sviði af hálfu fjölmargra aðila.

Því var með lagasetningu nú í sumar, í lögum um gjald af áfengi, nr. 96/1995, í 8. gr., gert ráð fyrir að 1% af innheimtugjaldi renni í forvarnasjóð. Tilgangur þess sjóðs er að stuðla að áfengisvörnum og þann 3. okt. sl. var svo sett reglugerð um starfsemi forvarnasjóðs. Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja forvarnastarf félagasamtaka og einstaklinga á sviði áfengisvarna á verkefnagrundvelli með fræðslustarfsemi.

2. Að styrkja rannsóknir er tengjast áfengisvörnum.

3. Að skipuleggja og hafa frumkvæði að verkefnum og rannsóknum á sviði áfengisvarna.

4. Að samræma forvarnastarf á sviði áfengisvarna meðal þeirra ráðuneyta sem fulltrúa eiga í stjórn sjóðsins. — En það er dómsmrn., fjmrn. og menntmrn. auk heilbr.- og trmrn.

5. Að sinna ýmsum verkefnum á sviði áfengisvarna sem sjóðstjórn mælir með og heilbr.- og trmrh. samþykkir.

Ég bendi á að í reglugerðinni er sérstaklega tekið fram að áhersla skuli lögð á að styrkja verkefni sem snúa að ungmennum og áfengisvörnum. Ég tel að með þessu sé brotið blað í forvörnum á þessu sviði. Það er alkunna að félagasamtök ýmiss konar geta lyft grettistaki á sviði forvarna fái þau til þess eitthvert bolmagn. Þar starfar fólk sem vill leggja málefninu lið og er reiðubúið til að leggja á sig vinnu til þess að ná árangri. Oft þekkja þessir einstaklingar líka vel til mála og vita hvar þarf helst að bregðast við hverju sinni. Í hinu nýja frv. um áfengis- og vímuefnavarnir verður stefnt að því að fara svipaða leið og í forvarnasjóði fyrir áfengisvarnir.

Eins og ég gat um áðan er stefnt að því að samræma vinnuna við þessa tvo málaflokka og að úthlutun til verkefna á sviði vímuefna verði með svipuðum hætti og fyrir áfengisvarnir. Ég vil leggja á það áherslu að hinn nýi forvarnasjóður á ekki að koma í staðinn fyrir þær fjárveitingar sem hingað til hafa farið til áfengisvarna heldur er honum ætlað að koma til viðbótar og styrkja starfið. Áætlað er að um 50 millj. kr. verði varið til þessa málaflokks á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég tel alveg einsýnt að við verðum að takast á við vandann með nýjum aðferðum jafnhliða hinum eldri og bind miklar vonir við þær áherslur sem hér hefur verið lýst. Það er sannarlega mikið í húfi.

[15:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það má segja að nær daglega á síðustu dögum og vikum berist fréttir af ólöglegum innflutningi neysluog fíkniefnaefna og hörmulegum afleiðingum þeirra. Það er því brýnt að Alþingi taki þessi mál til rækilegrar umfjöllunar og að þingið og framkvæmdarvaldið leggist á eitt um að gera átak til að sporna gegn útbreiðslu og dreifingu fíkniefna. Í byrjun þings var af nokkrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar lögð fram beiðni um skýrslu um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis. Það hefði verið mjög gagnlegt og reyndar nauðsynlegt að þessi skýrslugerð hefði legið fyrir þinginu nú þegar þessi umræða fer fram. Fyrir síðustu helgi var upplýst hér á hv. Alþingi að þrátt fyrir að átta vikur væru liðnar af þeim tíu sem forsrn. hefur samkvæmt þingsköpum til þessarar skýrslugerðar, þá hefur ekkert verið unnið í málinu. Forsrh. hafði með bréfi til forseta Alþingis fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan sett fram sína skoðun í málinu þess efnis að skýrslubeiðnin væri svo umfangsmikil að setja þyrfti á laggirnar sérstaka rannsóknastofnun til þess að svara efni skýrslunnar. Ráðuneytið þurfi sérstaka fjármögnun til verkefnisins og eðlilegra hefði verið að flytja þingsályktun um málið. Óskaði hæstv. forsrh. síðan eftir viðtölum við forseta Alþingis um málið sem í fyrsta lagi var ekki lokið þótt tæpir tveir mánuðir væru liðnir frá því að bréf forsrh. barst forseta þingsins. Í annan stað voru skýrslubeiðendur ekki látnir vita um athugasemdir hæstv. forsrh. og að ekkert væri verið að vinna í málinu og við sem báðum um þessa skýrslu komumst af hreinni tilviljun að því hvernig í pottinn væri búið.

Þetta, virðulegi forseti, eru fáheyrð vinnubrögð ekki síst í svo stóru máli sem skiptir sköpum fyrir þúsunda heimila og þjóðina alla að sé tekið á fljótt og vel. Í gegnum alla mína þingsetu man ég reyndar ekki eftir svo dæmalausum vinnubrögðum þar sem ljóslega birtist lítilsvirðing og hroki framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu, þar sem hæstv. forsrh. lætur ekki einu sinni á það reyna hjá þeim ráðuneytum og stofnunum sem vinna áttu eða hafa undir höndum umbeðnar upplýsingar, hvort hægt sé að hluta eða öllu leyti að svara umbeðnum upplýsingum og þá hvaða kostnað það hefur í för með sér eða hvaða tíma það taki að afla þeirra. Í tilefni þessarar umræðu á Alþingi í síðustu viku óskaði ég eftir því í gær við lögreglustjórann í Reykjavík að hann legði lauslegt mat á það hve langan tíma það tæki að gefa svör við umræddum spurningum, og um mat lögreglustjórans á gagnsemi slíkrar skýrslu og hvernig slík skýrslugerð falli að öðrum verkefnum embættisins en verulegur hluti spurninganna fellur undir lögregluleg málefni.

Virðulegi forseti. Að þessu gefna tilefni vil ég vitna í svar lögreglustjórans. Þar segir svo:

„Á undanförnum árum hefur lögreglan í Reykjavík gert allmargar rannsóknir og úttektir varðandi afbrotamál sem mjög mundu auðvelda þá vinnu sem fyrirspurnina varðar. Þeim spurningum sem varða lögregluleg málefni og kæmi væntanlega til með að vera beint til lögreglunnar í Reykjavík væri hægt að svara innan fárra vikna og væri framkvæmanleg hjá embættinu án sérstaks kostnaðar.

Um spurningar þar sem leita þyrfti svara hjá öðrum, svo sem dómstólum og heilbrigðisyfirvöldum, er embættið ekki umkomið að segja til um.

Um gagnsemi skýrslu sem unnin yrði upp varðandi framangreinda fyrirspurn þá er hún augljós. Skýrslan ætti að leiða til betri heildaryfirsýnar og meiri möguleika til heilsteyptra úrræða en áður varðandi þessi málefni.

Varðandi spurningu yðar hvernig slíkt verkefni mundi falla að öðrum verkefnum embættis lögreglustjórans í Reykjavík er því til að svara að embættið mundi geta framkvæmt umrædda rannsókn ef það hefði umboð til að leita upplýsinga hjá öðrum stofnunum og aðilum."

Virðulegi forseti. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendir síðan stutt yfirlit yfir allar spurningarnar. Getur þess hverjum er hægt að svara strax í dag án nokkurrar vinnu sem var nálægt helmingur spurninganna. Nokkrum væri að svara með stuttum fyrirvara eða í hæsta lagi á fáeinum vikum og um tíu þessara spurninga er vísað til landlæknisembættisins, Fangelsisstofnunar eða dómsmrn. sem þeir telja að embættið geti framkvæmt ef það hefði umboð til að leita upplýsinga hjá þessum stofnunum og aðilum. Þetta væri framkvæmanlegt hjá embættinu, allt á fáum vikum, án nokkurs sérstaks viðbótarkostnaðar.

Og hver voru rök hæstv. forsrh. í bréfi sínu til forseta Alþingis og í umræðum á Alþingi í sl. viku? Jú, að heila sérstaka rannsóknarstofnun þyrfti að setja á laggirnar til að svara þessum spurningum. Það væri ársverk fjölda manna. Alþingi þyrfti að taka ákvörðun um sérstaka fjárveitingu til verkefnisins og að auki þyrfti að leggja alla aðra vinnu niður í íslenska stjórnkerfinu á meðan verið væri að framkvæma skýrslubeiðnina, sagði hæstv. forsrh. Þetta var nú málflutningurinn sem hv. Alþingi var boðið upp á af yfirmanni framkvæmdarvaldsins og það án þess að hæstv. forsrh. hefði látið kanna það sérstaklega hjá þeim aðilum í stjórnkerfinu sem daglega vinna með svona upplýsingar hve langan tíma það tæki eða hvað það kostaði. Nei, hæstv. forsrh. lét ekki einu sinni á málið reyna hjá fagaðilum í stjórnkerfinu heldur lagði sjálfur mat á verkefnið sem var eitt stykki rannsóknarstofa, ársverk fjölda manna og að leggja til hliðar alla aðra vinnu í íslenska stjórnkerfinu á meðan skýrslan væri unnin. Þetta eru fáheyrð vinnubrögð að bjóða hv. Alþingi upp á og vænti ég þess að hæstv. forseti, sem öðrum fremur á að gæta að virðingu þingsins, sjái til þess að framkvæmdarvaldið bjóði ekki löggjafarvaldinu upp á svona verklag eða vinnubrögð aftur.

Dýrmætur tími minn hefur farið hér í að ræða þetta mál en ég tel óþolandi þá málsmeðferð á þessari skýrslu, sem ég vænti að forseti fylgi fast eftir, en það hefði verið mjög mikilvægt ef skýrslan hefði legið fyrir í þessum umræðum, hún hefði gagnast hér mjög vel. Að ekki sé talað um, eins og lögreglustjórinn segir í bréfi því sem ég vitnaði til, að skýrslan ætti að leiða til betri heildaryfirsýnar og meiri möguleika til heilsteyptra úrræða en áður varðandi þessi málefni eins og var tilgangurinn með þessari skýrslubeiðni og fram kemur í grg. með henni.

Það er engum vafa undirorpið að staða þessara mála er mjög alvarleg hér á landi. Það þurfa að vera stöðugar rannsóknir í gangi, það þarf að rannsaka og meta hvort úrræðin sem beitt hefur verið hafi skilað tilsettum árangri. Að auki þarf að meta hvort og hvernig þau úrræði sem aðrar þjóðir hafa gripið til henta okkur í þessari baráttu. Það hefur verið nokkuð vitnað til nýlegra skýrslna um þetta efni og er ljóst að ýmislegt hefur breyst á þeim tíu árum sem liðin eru síðan Alþingi fékk skýrslu um þetta efni. Þegar skoðað er yfirlit yfir hald lagt á fíkniefni sl. tíu ár má sjá að veruleg aukning hefur orðið á kannabisefnum og amfetamíni sem margfaldast hefur síðastliðin ár auk þess sem vart hefur orðið nýrra fíkniefna eins og heróíns og ekki síst alsælu, en þau tæplega 900 stykki sem hald hefur verið lagt á það sem af er þessu ári er áætlað í sölu um 3 millj. kr. að verðmæti. Í skýrslunni kemur fram að sl. tíu ár hafi fíkniefni sem gerð hafa verið upptæk verið metin á 330 millj. kr. Fíkniefni eins og amfetamín og kókaín eru síðan oft drýgð við sölu þannig að söluverðmæti þeirra er mun meira. Má í þessu sambandi nefna að í skýrslunni, sem lögð var fyrir Alþingi 1986, var líkum að því leitt að einungis 1–5% af löglega innfluttum fíkniefnum náist af tolli eða lögreglu. Og þó erfitt sé að fara með nokkrar tölur í þessu efni þá er söluverðmæti fíkniefna gífurlegt ef einungis er áætlað að um 1–5% þeirra sé gert upptækt og að verðmæti þessa litla hluta sem tekið er sé 330 millj. kr.

Það segir líka sína sögu að í könnun sem gerð var sögðust 18% aðspurðra hafa neytt heróíns en það efni hefur ekki fundist eða verið gert upptækt hér á landi nema í sáralitlum mæli. Sama má segja um neyslu á krakk-kókaíni, en fram kom í þessari könnun að 4% aðspurðra hefðu neytt þess, og það er fíkniefni sem aldrei hefur verið gert upptækt hér á landi. Á það var einmitt bent í beiðni þeirri um úttekt á fíkniefnum sem þingið bíður eftir fá hæstv. forsrh. að samhliða aukinni dreifingu á krakk-kókaíni fjölgaði morðum mjög í Bandaríkjunum og var hægt að tengja það neyslu þessa efnis. Jafnframt er bent á það í greinargerð með skýrslubeiðninni að staða þessa málaflokks hér á landi sé á margan hátt hliðstæð því sem var fyrir um fimm árum annars staðar á Norðurlöndum og fyrir tíu árum í Bandaríkjunum. Því höfum við möguleika til að læra af reynslu annarra þjóða og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að forða okkur frá þeirri þróun sem önnur lönd hafa gengið í gegnum.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé full ástæða til að skoða hvernig og hvaða refsingum er beitt í fíkniefnamálum. Samkvæmt þeirri skýrslu sem vitnað hefur verið í er hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot tíu ár en það hefur aldrei fallið dómur sem falið hefur í sér slíka hámarksrefsingu. Þar kemur einnig fram að ætla megi að fyrir innflutning á einu kílói af hassi megi aðeins vænta þriggja mánaða fangelsisvistar. Söluverð eins kílós af hassi er áætlað 1,5 millj. kr., og sleppi sölumaður fram hjá fær hann 1,5 millj. í vasann, að öðru leyti aðeins þriggja mánaða fangelsisvist. Þetta gengur auðvitað ekki og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort ekki sé í skoðun að endurskoða refsirammann og herða það hvernig refsiákvæðum er beitt.

Í þessari sömu könnun kom fram að nær þriðjungur neytenda fjármagnar fíkniefnaneyslu með afbrotum og fram kemur einnig að vændi sé ekki óþekkt í fíkniefnaviðskiptum. Einnig er leitt getum að því að fíkniefnaneysla á viku

hverri hjá miklum fíkniefnaneytendum geti farið í 40–50 þús. kr. en gramm af amfetamíni kostar 4–5 þús. kr. Það er greinilegt hverjir eru áhættuhópar í þessu efni vegna þess að í þessari könnun kemur fram að 90% þeirra sem spurðir voru í könnun lögregluyfirvalda höfðu ýmist ekki lokið grunnskóla eða höfðu einungis grunnskólamenntun. Þetta er því vissulega áhættuhópur sem þarf að skoða sérstaklega. Það var einnig athyglisvert að stór hluti þeirra eða 42% eru á bótum hjá hinu opinbera, ýmist hjá félagsmálastofnunum, Atvinnuleysistryggingasjóði eða á örorkubótum. Og það er líka alvarleg staðreynd að aðeins lítill hluti þeirra barna sem þurfa þjónustu barnageðdeildar fá hana, en 70–75% þeirra sem leiðast út í fíkniefnanotkun eiga við geðræn vandamál að stríða.

Það hefur verið komið inn á sjálfsvíg sem er ein alvarlegasta afleiðing fíkniefnaneyslunnar og það er vissulega vandmeðfarið umræðuefni. Sú könnun sem nýverið hefur verið gerð sýnir að 30% aðspurðra, en úrtakið var 50 manns, sögðust hafa gert tilraun til sjálfsvígs, þar af 10 á sl. vetri og 60% aðspurðra þekktu einhvern sem framið hafði sjálfsvíg. Þetta eru hrikalegar staðreyndir sem kalla á skjótar og markvissar aðgerðir og að sérstök athugun fari fram á þessari hörmulegu hlið fíkniefnavandans. Ég geri mér vissulega grein fyrir því að umfjöllun um þessa hlið málsins er afar vandmeðfarin en við getum ekki leitt hana hjá okkur. Það eru auknar forvarnir, skipulögð fræðsla, ekki síst í skólum, bættur aðbúnaður fíkniefnalögreglunnar í tækjakosti og mannafla sem hvergi má spara til auk þess sem samhæfa þarf eins og kostur er allar aðgerðir toll- og löggæslu í þessu efni, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu og Keflavíkurflugvelli heldur um land allt, og ekki síst þarf að herða refsingar við fíkniefnabrotum sem virðist ekki hafa nema mjög lítil varnaðaráhrif.

Í lokin, virðulegi forseti, vænti ég þess að þegar hæstv. forsrh. hefur skilað skýrslu þeirri sem ég hef nefnt hér í mínu máli, þá verði þetta stóra vandamál tekið til ítarlegrar umfjöllunar á Alþingi en væntanlega fáum við hv. þm. þá heilsteypta mynd af vandamálinu sem auðveldar öllum sem að því þurfa að koma að taka ákvarðanir um það til hvaða aðgerða er nauðsynlegt að grípa. Ég tel það vera mjög æskilegt, virðulegi forseti, að á þessu þingi gefist tækifæri til að fara skipulega yfir allar hliðar þessa máls og grípa til þeirra lagasetninga eða annarra aðgerða sem kallar á atbeina þingsins.

Ég vil svo í lok máls míns beina því til hæstv. ráðherra, sem hér á eftir að tala, hvort ekki væri rétt að skipa starfshóp í þessu efni með aðild allra flokka á Alþingi sem tækju með markvissum og skipulegum hætti á þessu máli. Hugsanlega gæti það líka verið verkefni allshn. þingsins sem hefði frumkvæði í því máli, en ég held, og það skulu vera mín lokaorð, að við hljótum öll að vera sammála um það að hér er um þverpólitískt verkefni að ræða sem ætti að vera sameiginlegt viðfangsefni Alþingis, allra þingflokka og framkvæmdarvaldsins að leysa.

[15:34]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er það að allir þingflokkar á Alþingi eru sammála um að fíknifnavandi ungs fólks sé áhyggjuefni sem Alþingi og þjóðfélagið í heild verði að bregðast kröftuglega við. Þær lýsingar á ástandinu sem fram hafa komið hjá fyrri ræðumönnum í þessari umræðu benda svo sannarlega til að umræðan sé ekki tilefnislaus þó að ekki sé jafnaugljóst hvernig beri að bregðast við.

En hvað er nýtt við stöðu fíkniefnavanda ungs fólks akkúrat núna? Ég spyr vegna þess að sl. 15 ár sem ég hef kennt kennurum um þroska barna og unglinga í Háskóla Íslands hafa komið reglulegar bylgjur í þjóðmálaumræðunni um þessi mál og þessar bylgjur eru ekki alltaf endilega tengdar eðlisbreytingum á neyslu fíkniefna heldur eru þær stundum tengdar því að eitt og eitt mál kemst í fjölmiðla.

Ef litið er yfir söguna svona 5–10 ár aftur í tímann, þá sjáum við að það hafa komið mjög margar opinberar skýrslur fram um þessi mál og þær endurspegla að vissu leyti þessar stöðugu áhyggjur sem eru uppi í samfélaginu en sem koma þó í bylgjum. En ef við lítum á ástandið núna þá tel ég að það séu nokkur ný atriði á ferðinni.

Í fyrsta lagi bendir margt til að hér á landi sé aukið framboð á ólöglegum fíkniefnum sem skýra má m.a. vegna breytinga á fíkniefnamarkaði í Ameríku og þjóðfélagsbreytingum í Austur-Evrópu. Á þessu ári hefur lögreglan lagt hald á fíkniefni fyrir 30 millj. að götuverðmæti sem er svipað og sl. 10 ár, þ.e. sl. 10 ár hefur verðmætið verið 330 millj. á núvirði. Þó ekki sé mikil heildarbreyting í ár varð greinileg aukning á haldlögðu amfetamíni árið 1993 og ástandið virðist svipað í ár. Þá er einnig nokkur aukning á haldlögðu hassi frá sl. ári, en eins og komið hefur fram í umræðunni er aukningin langmest á svokölluðum ecstasy-töflum sem eru ranglega nefndar alsæla. Þetta birtist m.a. í auknum sprautum í umferð.

Í öðru lagi benda íslenskar rannsóknir til að neysla fíkniefna sé að færast neðar í aldri eða allt niður í 11 ára aldur og 13 ára varðandi áfengi. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir, en vert er að taka fram strax að langflestir unglingar hefja neyslu síðar eða um 15–16 ára aldur. Þetta segir mér fyrst og fremst að ástandið hér varðandi áhættuhópa er ekkert betra en í nágrannalöndunum, er í raun og veru að komast í nákvæmlega sama horf og í nágrannalöndunum.

Í þriðja lagi er ljósara en áður að fíkniefnavandinn er engan veginn bundinn við Stór-Reykjavíkursvæðið.

Í fjórða lagi höfum við nú á Íslandi varanlegt atvinnuleysi í fyrsta skipti sem ungt fólk reynir sjálft, bæði á vinnumarkaði og einnig í sínum uppvexti, og þetta er áhættuþáttur sem er ástæða til að hugsa betur um en hingað til hefur verið gert.

Að síðustu vil ég nefna, sem er nýjung, það merkilega átak sem átt hefur sér stað í Reykjavíkurborg sem að mati lögreglu er gott dæmi um vel heppnað átak sveitarfélags í þessum efnum með þeim afleiðingum að svokallaður miðbæjarvandi er að verulegu leyti úr sögunni. Það eru því líka ljósir punktar á þessu sviði að eiga sér stað núna og þá ber að skoða og læra af og ég kem nánar að því síðar í máli mínu.

Þó að vissulega sé ástæða til aðgerða nú þá lít ég á þetta sem lið í alþjóðlegri þróun, eða afturþróun kannski, sem við verðum að svara með mjög ákveðnum hætti. Full ástæða er til að hæstv. utanrrh. hugi að samstarfi við nágrannalöndin á þessu sviði því að fíkniefnin tengjast ofbeldi og glæpum í vaxandi mæli og mér finnst ekki ólíklegt að þessi mál muni fá meira rými á vettvangi utanríkissamskipta eftir að járntjaldið féll, bæði vegna þess að öryggismálin eru kannski ekki eins í forgrunninum og vegna þess að fíkniefnamálin valda vaxandi vandamálum.

En hvað getum við gert í stöðunni núna? Þessi mál má nálgast á marga mismunandi vegu en ég kýs að skoða þau út frá tveimur sjónarmiðum: Hvernig má minnka framboð-

ið á þessum efnum og hvernig má minnka eftirspurnina. Ég hef reyndar kynnt mér seinni liðinn mun betur en hinn fyrrnefnda.

Ein af þeim fyrirliggjandi skýrslum sem ég hef kynnt mér, og flestir ábyggilega sem hér eru, er skýrsla samstarfsnefndar ráðuneyta um ávana- og fíkniefnamál frá því í mars 1995. Þar er m.a. lagt til að efla löggæslu, m.a. með því að yfirstjórn fíkniefnamála við lögreglustjóraembættið í Reykjavík verði gerð skilvirkari og boðleiðir styttar, að fíkniefnadeildin verði efld með fjárframlögum. Einnig að formlegum samskiptum verði komið á á milli lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, fíkniefnadeildar, rannsóknadeildar ríkistollstjóra og sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli til að gera rannsókn mála skilvirkari. Þá er mælt með aukinni tollgæslu, m.a. vegna aukinna skipakoma og umskipun á gámum og vegna millilandaflugs, m.a. til Akureyrar og Egilsstaða. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það hafi verið gert eitthvað með þessar tillögur í hans ráðuneyti eða á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Okkur kvennalistakonum er ljóst að það er nauðsynlegt að bregðast við því vaxandi framboði á fíkniefnum sem hér er og við áttum okkur á að um alþjóðleg viðskiptasambönd geti verið að ræða. Því verður að efla fíkniefnalögregluna og gera henni kleift að stunda rannsóknir sínar í tengslum við rannsóknir á auðgunarbrotum af ýmsu tagi. Mikilvægast af öllu er að ná til þeirra sem dreifa fíkniefnum og það þarf að nota þá refsiramma sem til staðar eru í íslenskri löggjöf og að stækka þá því það vekur furðu hversu vægt dómstólar taka á málum af þessu tagi. Hagnaðarvonin er of mikil miðað við þá refsingu sem í húfi er. Við óbreytta dómaframkvæmd og óbreytt framlög og skipan fíkniefnalögreglunnar mun framboðið á fíkniefnum ekki fara minnkandi og þessu verður að breyta.

Hin hliðin á þessu máli er að reyna að minnka eftirspurnina eftir fíkniefnum, gera þau lítt eftirsóknarverð, hjálpa þessu unga fólki til að forðast þau með öllu og þá á ég við ólögleg fíkniefni því að ég tel að nokkru öðru máli gegni um áfengi. Forvarnir varðandi áfengi verða að miðast við raunveruleikann, þ.e. að ungt fólk neytir áfengis og því verða fíkniefnavarnir og fræðsla á því sviði að miðast við það. Annars verður ekkert á okkur hlustað.

En þó að athugun okkar á Alþingi í dag beinist að ungu fólki og vímuefnum, þá vil ég leggja áherslu á að vímuefnavandinn í þjóðfélaginu er ekki síst vandamál fullorðna fólksins og að það eru líka til mjög margir unglingar sem alls ekki misnota ávana- og fíkniefni. Ég held að við ættum að leggja áherslu á það að stimpla ekki alla unglinga vegna þessa vandamáls því að langflestir íslenskir unglingar eru hressir krakkar, sem prófa sig áfram með það löglega fíkniefni sem áfengi er. Ungt fólk er ekkert meira vandamál en fullorðna fólkið en það er frekar skilgreint sem vandamál af því að löglega má það ekki kaupa áfengi.

Íslenskar rannsóknir á ávana- og fíkniefnanotkun unglinga eru ekki margar en þær benda þó til að það sé margt líkt með þeim hópum sem hér ánetjast fíkniefnum og kemur fram í erlendum rannsóknum: Í fyrsta lagi er áhættuhópurinn einstaklingar sem hafa ákveðin vandamál, þeir eru mjög reiðir unglingar eftir sinn uppvöxt, þeir eru hvatvísir, oft þunglyndir eða standa höllum fæti í þjóðfélaginu eða í skóla. Í öðru lagi eru einstaklingar þar sem fjölskyldutengsl eru ekki þannig að þeim líði vel og í þriðja lagi eru einstaklingar sem eiga vini sem taka þátt í áfengis- eða fíkniefnaneyslu.

Allir þekkja undantekningar frá þessu. Við þekkjum öll heilbrigða einstaklinga, sem eru frá góðum heimilum, en lenda samt í fíkniefnum. Það er einmitt eðli fíkniefnanna að enginn veit fyrir fram hvernig hann bregst við þeim. Ég tel að það sé mjög mikilvægt núna að allir taki höndum saman og bregðist við þessu vandamáli og í því sambandi vil ég í fyrsta lagi beina athyglinni að skólunum. Í tillögum áðurnefndrar samstarfsnefndar ráðuneyta er lagt til að námsefnið „Að ná tökum á tilverunni" verði sett á námskrá allra grunnskóla og að komið verði á heilsdagsstarfi í fíkniefnavörnum í menntmrn. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt vegna þess að viðhorf unglinga tengjast fíkniefnaneyslu þeirra og þetta námsefni tekur á viðhorfum þeirra og því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvað hann hafi gert í þessu máli og hvort það sé að komast í framkvæmd.

Þá tel ég að fræðslu- og forvarnastarfið sé almennt ekki nægilega vel samhæft og það þurfi að styðja við skipulagðar forvarnir eins og t.d. fræðslumiðstöð í forvörnum. Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. hvort og hvernig forvarnasjóði verði varið og hvort eitthvert heildstætt kerfi sé í burðarliðnum að því leyti.

Varðandi foreldra unglinga þá tel ég verulega ábótavant hvað þeim stendur til boða. Ég tel að efla þurfi almenna foreldrafræðslu um þessi mál, reyndar um uppeldismál almennt, og að hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár yrði til bóta að þessu leyti. Ungir fíkniefnaneytendur eru mjög oft heimilislausir eins og kemur fram í íslenskum rannsóknum, þó að þeir séu ekki nema 16 ára gamlir. Ef þeir eru í skóla mæta þeir oft illa án vitundar foreldra. Ef sjálfræðisaldur væri hækkaður í 18 ár mundi foreldrum verða gert viðvart ef krakkar mættu ekki í framhaldsskóla og það yrði að taka á vandamálum 16 ára krakka í samvinnu við foreldra.

Í þriðja lagi vil ég nefna ábyrgð sveitarfélaga, ekki síst vegna þeirra unglinga sem eru atvinnulausir eða hætta í skóla. Átakið í miðbæ Reykjavíkur sýnir mjög vel hvað hægt er að gera þegar sveitarfélagið og lögreglan taka höndum saman. Að fjarlægja unga fíkniefnaneytendur úr miðbænum, bjóða þeim og foreldrum upp á meðferð og fræðslu, það hefur borið mjög góðan árangur að sögn lögreglunnar.

Ég sé að hæstv. félmrh. er genginn í salinn. Mig langaði að spyrja hann að lokum hvort hann sjái fyrirhugaða stofnun á fjölskylduráði eitthvað tengjast þessu máli. Ég tel það mjög mikilvægt mál þó að ég sé reyndar ekki jafnhrifin af því að tengja fjölskylduráð við Jafnréttisráð, en það er önnur saga. Þá vil ég einnig spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann hyggist beita sér eitthvað varðandi þá dómaframkvæmd sem hér tíðkast þó það væri ekki nema að víkka refsirammana til að dómskerfið fái skýr skilaboð.

Að lokum spurning til framkvæmdarvaldsins, t.d. dómsmrh. Stendur til að setja nýja löggjöf um þessi mál eins og kemur fram í áðurnefndri skýrslu og stendur til að stofna ávana- og fíkniefnaráð? Þessar spurningar mínar hafa skarast við spurningar annarra þingmanna og það sýnir bara að við þingmenn viljum að það sé unnið áfram í þessum málum, að tillögur liggi ekki bara í skýrsluformi heldur komist til framkvæmda.

[15:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mitt álit að það hafi verið mjög þýðingarmikið að þingflokksformenn sameinuðust í því að leita eftir því að fá umræðu hér á hv. Alþingi um fíkniefnavandann. Ég nefndi það í framsöguræðu minni að þingmenn

og þingflokkar hefðu flutt tillögur varðandi þessi mál. Þannig hefur Alþfl. nokkrum sinnum flutt heildstæðar tillögur um auknar varnir gegn vímuefnum sem reyndar hafa ekki náð fram að ganga. En það er eðli slíkra tillagna að þær varpa ljósi á málið og leiða oft til þess að umræða og jafnvel aðgerðir eigi sér stað. Þessar tillögur lutu að rannsóknum á fíkniefnamálum, námsefni í vímuefnavörnum og að regluleg úttekt væri gerð á vandanum og samræmi í sérfræðilegri aðhlynningu og umönnun svo eitthvað sé nefnt. Það sem okkur skortir í dag er að heildarstefnumörkun eigi sér stað og það getum við sameinast um. Hvað á að gera á hverju sviði á næstu 2–4 árum? Er langtímastefna í undirbúningi og hvernig er hægt að byggja fólk upp í fræðslugeira og undirbúa kennara og lögreglu sem heimsækja skóla í þessu þýðignarmikla máli?

Ég fagna því að búið er að koma á laggir forvarnasjóði og eins og fram kom í máli heilbrrh. eru til ráðstöfunar 50 millj. að þessu sinni, en ég vek athygli á því að það sem var til ráðstöfunar áður var yfir 40 millj. þannig að þarna er aukning, en þetta er ekki ný fjármögnun. Það er líka afar mikilvægt að verið er að taka á fræðslu í skólunum og ég fagna því sem fram kom hjá menntmrh. að námsefni tengt vímuefnafræðslu sé nú að koma inn í skólana og að taka eigi á þessum málum í kennaranáminu.

Ég tek líka undir það að fíkniefnavarnir í skóla leysa ekki aðra af sem vinna úti í þjóðfélaginu og ég vil sérstaklega taka undir það sjónarmið að hið óeigingjarna starf sem unnið er á vettvangi bæði félagasamtaka og af hálfu einstaklinga sem hafa gert það að hugsjónastarfi sínu að vinna að þessum málum er ómetanlegt og mikilvægt í samspili hins opinbera og áhugafólks. Það hefur hins vegar lítið verið fjallað um hver á að móta stefnu í útgáfumálum, hvaða upplýsingaefni á að vera til staðar og í höndum þeirra sem eru að vinna að þessum málum og hver á að setja stefnumörkunina í fræðsluefnum, hið opinbera eða áhugasamtökin.

Ég geri mér fulla grein fyrir því og tek undir að það er ekki hægt að leysa vandann eingöngu með forvörnum en þær eru einhver mikilvægasti þáttur þess að komast fyrir þetta rosalega vandamál. Tillögum samstarfsnefndar ráðuneyta í ávana- og fíkniefnamálum hafa verið gerð nokkur skil hér og ég ætla ekki að endurtaka það. Þar er fjallað um ávana- og fíkniefnamál og opinber fjárlög fyrir utan það sem þegar hefur verið nefnt, en ég spyr sérstaklega dómsmrh. um ákvæði í 5. lið tillagna þessarar nefndar. Tillögunum var skilað á þessu ári og þær varða löggæsluna. Þar segir að brýnt sé að gerð verði úttekt á skipulagi og framkvæmd á verkefnum leitarhunda við embætti lögreglu- og tollayfirvalda. Leitarhundar eru nú við fíkniefnadeild lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, ríkistollstjóra og sýslumannsembætta á Keflavíkurflugvelli og talið er að með því að sameina þetta hundahald ættu þeir að nýtast betur, þjálfun starfsmanna verða auðveldari og samskipti verða efld hjá þeim sem sinna toll- og löggæslu.

Virðulegi forseti. Það er mitt mat að við stöndum einna best hvað varðar meðferðarúrræði og aðstoð til handa þeim sem þegar hafa lent í vanda og sannarlega verðum við áfram að hlúa að þeim málum.

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka þessa umræðu og fagna henni, þá vil ég geta þess að ég hóf mál mitt á tilvísun til þess að umræða væri í þjóðfélaginu nú um aukna neyslu. Við heyrum um ákveðin svæði þar sem vímuefni eru nú í boði og óhug slær á þá sem nærri búa. Foreldrafélög í mínum heimabæ hafa rætt ótta sinn og hve vanbúnir foreldrar og skóli eru að bregðast við þegar óhugnaðurinn er kominn við garðshornið.

Hvað er það sem lokkar unglinga á grunnskólaaldri til vímuefnaneyslu og hvar skortir á í fræðslustarfi og uppeldi okkar að þeir skuli freistast til að prófa eina töflu, kannski þá sem reynist skilja milli lífs og dauða? Þessi umræða er mikilvæg sem innlegg í þá stefnumörkun sem þarf eiga sér stað.

[15:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek undir þær þakkir sem hér hafa verið færðar fram til þeirra sem höfðu frumkvæði að þessari umræðu í dag. Ég held að hún sé afar gagnleg og þakka hv. málshefjanda fyrir hans orð. Þar kom skýrt fram að ætlunin með þessari umræðu væri að hefja umfjöllun um þessi efni yfir hið hefðbundna dægurþras stjórnmálanna og hefðbundna þrætubókarlist þeirra sem hér sitja. Mitt mat er að umræðan hafi í öllum aðalatriðum farið eftir þessari ósk hv. málshefjanda ef undan er skilin ræða hv. 13. þm. Reykv.

Við erum að fjalla hér um mjög alvarlegan vanda sem steðjar að fjölmörgum í okkar þjóðfélagi, vanda sem er alþjóðlegur. Við sjáum það í þeirri skýrslu, sem hér hefur verið vitnað til og unnin var á vegum lögreglunnar í Reykjavík af Karli Steinari Valssyni afbrotafræðingi, að þar er talið að fíkniefnaiðnaðurinn velti meiri fjármunum en olíuiðnaðurinn í heiminum og aðeins vopnaiðnaður velti meiri fjármunum í heimsviðskiptum en fíkniefnaiðnaðurinn. Af þessu má glöggt sjá að við stöndum hér frammi fyrir mjög alvarlegum vanda sem vissulega hefur snert okkar þjóðfélag eins og flest önnur. Við vinnum að þessum málum á ýmsum sviðum. Ég geri ráð fyrir því að á flestum heimilum finni menn til ábyrgðar í þessum efnum. Sveitarfélög vinna að þessum málum með ýmsum hætti og í stjórnkerfinu er víða komið að því.

Vissulega er það svo að ábyrgðin er dreifð og stundum kemur það fram í þessari umfjöllun að mönnum finnst sem verkefnin séu dreifð á marga aðila og mörg ráðuneyti og þar af leiðandi sé ábyrgðin ekki jafnskýr. Ég get undir það tekið að það er mjög mikilvægt að reyna að samhæfa þá krafta sem að þessum málum vinna. Hins vegar verður ábyrgðin að liggja hjá ýmsum ráðuneytum og stofnunum þannig að sérþekking nýtist sem best.

Ég held að það sé engum vafa undirorpið að eitt mikilvægasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir er að efla forvarnastarf í þessu efni eins og fyrirhugað er með þeirri endurskoðun á lögum um áfengis- og vímuefnavarnir sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. En forvarnastarf innan lögreglu og á vegum lögreglu og enn fremur á vegum skólayfirvalda verður einnig mjög mikilvægur þáttur í þessu viðfangsefni. Samstarfsnefnd ráðuneyta sem fjallar um ávana- og fíkniefni og skipuð var af forsrh. og laut formennsku deildarstjóra í menntmrn. skilaði skýrslu á sl. vori sem kynnt var í ríkisstjórn. Það hafa ekki verið teknar sérstakar ákvarðanir á grundvelli þessarar skýrslu, en hvert ráðuneyti um sig hefur tekið hana til meðferðar og af hálfu dómsmrn. verður reynt að vinna eftir þeim ábendingum sem þar koma fram. En ég hygg að mikilvægast sé á þessu stigi að huga fyrst og fremst að fræðslu- og forvarnastarfi.

Við þurfum vitaskuld að eiga mjög náið alþjóðlegt samstarf í þessu efni því að það eru ekki líkur á að okkur takist að vinna í alvöru að auknum vörnum gegn ávana- og fíkni-

efnanotkun nema í auknu alþjóðlegu samstarfi. Við höfum átt ágætt samstarf á Norðurlandavettvangi milli lögreglu og tollyfirvalda, höfum þó ekki getað sinnt því sem skyldi en þyrftum að gera það. Enn fremur er um að ræða samstarf á vegum Evrópuráðsins sem við höfum ekki haft tök á að sinna. Hugsanleg aðild að Schengen-samkomulaginu gæti líka gefið okkur aukna möguleika á slíku samstarfi. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur tjáð mér að samskipti við lögregluyfirvöld í Flórída hafi gefið og muni gefa góða raun og miðla upplýsingum, ekki síst um lögregluforvarnastarf í skólum. Á öllum þessum sviðum þurfum við að taka á. Á vettvangi dómsmrn. lúta þessi mál fyrst og fremst að starfi lögreglunnar, ákvörðunum dómstóla og svo fangelsisyfirvalda að því er varðar refsingar.

Hér hefur verið vikið að starfi lögreglunnar og auðvitað er það svo að við getum lengi fært fram rök fyrir því að það starf megi efla og þangað megi verja meiri fjármunum. Ég hygg þó að ef við ætlum að sinna þessum málum sérstaklega í ríkari mæli en verið hefur þá verðum við að huga að enn frekari skipulagsbreytingum innan löggæslunnar sem geta gefið svigrúm til þess að meiri áhersla verði lögð á þennan þátt í lögreglustarfinu. Það eru vissulega möguleikar á því. Það er núna verið að vinna að endurskoðun laga um lögregluna og skipulag hennar þar sem eru uppi áform um verulegar skipulagsbreytingar ekki síst að því er varðar rannsóknaverkefni og málefni rannsóknarlögreglunnar. Sú vinna miðar öll að því að gera framkvæmd þeirra mála skilvirkari og markvissari.

Það er einnig á það að líta að umræða hefur orðið talsverð um refsiramma og refsiviðurlög við afbrotum af þessu tagi. Ég hygg að við höfum allrúman refsiramma á þessu sviði eins og ýmsum öðrum. Það er í sjálfu sér ekki vandinn. Það er alltaf mikið matsatriði hversu þungar refsingar eiga að vera. Ég beindi þeim tilmælum þó til dómara á dómaraþingi nú í haust að þeir yrðu að huga að þeirri umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu varðandi ofbeldisafbrot og ávana- og fíkniefnaafbrot með tilliti til refsinga og það væri þung krafa í þjóðfélaginu um að í dómum kæmi fram þyngri ábyrgð en verið hefur.

Ég hef hugleitt það nokkuð með hvaða hætti væri eðlilegast að vinna að þessum málum. Þessi umfjöllun kemur upp í ýmsum efnum og þess vegna gæti vel komið til álita, og það hefur verið til skoðunar í dómsmrn., hvort koma eigi á fót sérstöku afbrotavarnaráði sem fjalli um ýmis mál sem lúta að afbrotum almennt og þar á meðal refsiviðurlögum. Þau mál eru nú til athugunar.

Það þarf líka að huga að því hvernig reynt er að mæta þörfum ungra afbrotamanna eins og hv. 5. þm. Suðurl. minntist hér á áðan og það þarf að skoða sérstaklega. Ég held að það hafi verið tólf ungir afbrotamenn sem komu til refsingar á fjórum árum, frá 1989 til 1992, sjö þeirra komu aftur til afplánunar vegna ítrekunar á brotum. Það sýnir okkur að það er sérstök ástæða til þess að beina athyglinni að unga fólkinu, beina kröftunum að forvarnastarfinu til þess fyrst og fremst að freista þess að koma í veg fyrir það að unglingar rati inn á afbrotabrautina með þeim hætti sem því miður hefur orðið í of ríkum mæli.

Ég vil svo ítreka, herra forseti, þakklæti mitt til málshefjanda og þeirra sem gengust fyrir þessari umræðu hér í dag. Ég er sannfærður um að hún getur leitt til þess að við stjórnmálamennirnir reynum að stilla saman krafta okkar og vinna að framgangi þeirra umbótamála sem við erum að fjalla um og stuðlað geta að því að það dragi úr notkun þessara efna.

[16:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki vafi á því að vandi vegna neyslu fíkniefna fer dagvaxandi hér á landi. Því er þessi umræða tímabær. Maður heyrir frásagnir af því að fíkniefni af ýmsum toga séu að verða sjálfsagður þáttur í kvöldsamkomum æskufólks í landinu, borin á borð eins og hver önnur aðföng sem þykja nauðsynleg á gleðistundum. En slíkar stundir breytast í andhverfu sína ef fíkniefnin fá þar að vera hluti af veislunni.

Hæstv. dómsmrh. minntist á Schengen-samkomulagið, Schengen-sáttmálann í sambandi við möguleika á alþjóðlegu samstarfi í þessu efni. Ég ætla að gera það hér að sérstöku umtalsefni í örstuttu máli. Það er einmitt sérstakt áhyggjuefni að þessar vikurnar er að því unnið af stjórnvöldum hér á landi að Ísland tengist svonefndum Schengen-sáttmála sem tíu ríki innan Evrópusambandsins hafa gert sín á milli. Ef þetta verður niðurstaðan taka Íslendingar að sér vörslu ytri landamæra Evrópusambandsins að því er varðar vegabréfaeftirlit og ýmislegt sem því tengist. Jafnframt yrði vegabréfaskoðun innan svæðisins afnumin og óheimilt að taka svonefndar stikkprufur nema rökstuddur grunur um misferli liggi fyrir. Á öllum Norðurlöndum eru miklar áhyggjur hjá þeim sem mest fylgjast með fíkniefnavandanum að aðild að Schengen-sáttmálanum beint eða óbeint muni torvelda mjög baráttuna gegn ólöglegri dreifingu fíkniefna. Á þetta minnti ég í umræðum sem hér fóru fram á Alþingi um Schengen-sáttmálann fyrir skömmu, þó að þar verði um óbein tengsl að ræða eða sérstakan aðildaraukasamning. Hafa verður í hug í þessu sambandi að í Mið- og Suður-Evrópu er allt önnur og vægari stefna ríkjandi gagnvart fíkniefnum en á Norðurlöndum, m.a. að því er varðar götumarkaðinn og það að hafa fíkniefni undir höndum til persónulegra nota er ekki í reynd refsivert athæfi í ýmsum þessara landa. Því hefur verið til svarað að gæsla á gæsla á ytri landamærum Schengen-svæðisins verði hert. Meðal þeirra sem gæta munu þessara ytri landamæra verða m.a. Miðjarðarhafslöndin sem hingað til hafa ekki verið þekkt fyrir sérstaka árvekni gagnvart smygli fíkniefna. Þá er það og staðreynd að verulegt magn fíkniefna er framleitt innan Schengen-svæðisins í löndum eins og t.d. Hollandi og er dreift milli þessara landa og smyglað til annarra. Mest allt kannabis sem berst til Svíþjóðar er þannig talið koma inn yfir landamærin frá Schengen-ríkjunum. Sama gildir um efni eins og amfetamín og stóran hluta LSD og svonefnda alsælu. Þá er vitað að mikill hluti þess heróíns sem berst til Norðurlanda er unnið úr morfíni og ópíum á Ítalíu, aðallega á Sikiley. Innan Schengen-svæðisins eru sterk öfl að verki sem slaka vilja á hindrunum gagnvart fíkniefnum og jafnvel afnema þær. Hvergi í Schengen-sáttmálanum er rætt um að vinna gegn því að fólk hafi fíkniefni í fórum sínum til persónulegra nota. Ég tel það furðulegt, virðulegur forseti, að af ríkisstjórnarinnar hálfu skuli ekki vera meiri áhyggjur í þessum efnum þegar rætt er um Schengen-sáttmálann og ég hvet hæstv. viðstadda ráðherra til þess að láta slíka vandlega úttekt fara fram áður en nokkur skuldbindandi skref eru stigin af hálfu Íslands í sambandi við tengsl við þennan sáttmála.

[16:09]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegur forseti. Það er réttur hvers barns á Íslandi

að fíkniefnaófreskjan sitji ekki fyrir því þegar á unglingsárin kemur. Það er réttur hvers heimilis að löggjafarvaldið, dómsvaldið og framkvæmdarvaldið taki strax til hendi með markvissum aðgerðum til þess að reka þessa ófreskju af höndum okkar. Það eru aðgerðir sem þola það ekki að þær séu settar í skoðun heldur þurfa framkvæmdir að hefjast strax. Fyrir örfáum dögum sagði Nóbelsverðlaunahafi að það væri ekki draumsýn að heimurinn yrði án kjarnorkuvopna. Það er heldur ekki draumsýn að Ísland verði án fíkniefna. Hvers vegna er það ekki draumsýn? Það er ekki draumsýn vegna þess að hér eru allar þær aðstæður til þess að vinna á þessum vanda. Við erum fá, við eigum að nýta okkur fámennið. Við erum eyland. Að sjálfsögðu eru til margar leiðir inn í landið en við eigum að nýta okkur þá kosti sem eylandið gefur okkur. Hér er upplýst samfélag í þeim skilningi að hér er menntun á háu stigi. Hér eru hartnær engar stórborgir, með allri virðingu fyrir mínu ágæta kjördæmi, Reykjavík. Við höfum fé og mannafla ef við ætlum okkur og hér er auðvelt að ná til fólks með skipulegum áróðri vil ég segja eða kynningarstarfsemi eins og allir þekkja.

Þingmenn hafa í ræðum í dag lýst ágætlega þeim vanda sem við er að glíma. Þeir hafa líka lýst þeim aðgerðum sem grípa má til gegn vandanum. Ég ætla ekki að segja að ég hafi þar betri tillögur fram að færa en aðrir en vil þó nefna að við framsóknarmenn höfum á mörgum þingum og á þessu þingi líka lagt fram ýmsar ábendingar og tillögur í þessu efni.

Við þrír framsóknarmenn, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason ásamt þeim sem hér stendur, lögðum fram þáltill. þar sem óskað var eftir að Alþingi ályktaði að fela dómsmrh. að leggja fram á þessu þingi frumvörp að samræmdri löggjöf um ávana- og fíkniefni sem byggð verði á tillögum samstarfsnefndar ráðuneytanna frá því í mars 1995.

Í greinargerðinni var vandanum lýst með nokkrum orðum en síðan lögð áhersla á: Í fyrsta lagi að efla þyrfti fræðslu bæði innan skólakerfisins og á öllum öðrum sviðum sem tiltæk væru. Í öðru lagi lögðum við áherslu á að kerfisbundið og skilvirkt eftirlit með innflutningi fíkniefna væri hert. Í þriðja lagi lögðum við til að löggæsla væri hert og lögreglunni gert kleift að vinna gegn innflutningi, sölu og dreifingu fíkniefna. — Ég get ekki tímans vegna farið út í nákvæma útlistun á því en vil þó nefna að lögregluna skortir tilfinnanlega mun rýmri heimildir til aðgerða. — Í fjórða lagi lögðum við til að hert viðurlög væru lögfest til þess að taka á þeim sem brotlegir gerast og að þeim sem brjóta gegn fíkniefnalöggjöfinni verði komið á bak við lás og slá en fái ekki að ganga lausir til sinna illu verka og sölu á dauðanum sjálfum eins og þessir aðilar svo sannarlega gera.

En við skulum ekki halda það sem hér stöndum í dag og tölum um vandann og viðbrögð við honum að við stöndum ein. Löggæslan stendur heldur ekki ein og dómsvaldið stendur heldur ekki eitt. Sá áhugi er nú hjá almenningi í landinu að hann er tilbúinn til aðgerða. Hvert einasta heimili skilur að það þýðir ekki að múra veggina þykkari, það þýðir ekki að slá bröndum fyrir dyr og halda að ófreskjan ætli ekki að knýja dyra. Engin er óhultur hvað þetta varðar. Það þýðir ekki að ætla einum aðila utan dyra að leysa þennan vanda. Ég fullyrði að almenningur í landinu er tilbúinn til að koma út úr húsum sínum og taka á þessu, hvort sem er í skólum eða hverfasamtökum. Nemendur eru líka tilbúnir til verka. Ég vil sérstaklega nefna einn hóp í þjóðfélaginu sem oft hefur verið langt á undan löggjafanum og framkvæmdarvaldinu. Það eru klúbbar og félög sem með svo margvíslegum hætti hafa sýnt mikla fórnarlund og mikið starf. Þessir aðilar eru tvímælalaust tilbúnir til aðgerða.

Það er okkar hlutverk sem hér erum lýðkjörin eða ráðin til forustu í þjóðfélaginu, það er okkar að skapa þessum aðilum, almenningi og félagasamtökum í landinu þann starfsvettvang sem þarf til að taka á þessu með okkur. Ég held að með slíku samræmdu átaki verði mótað viðhorf gegn fíkniefnum, ekki hlutlaust áhorfendahlutverk, heldur virkt almenningsálit gegn fíkniefnum þar sem almenningur og þeir sem eru kjörnir til starfa með lýðræðislegum hætti eins og hér á Alþingi, þar sem þessir aðilar bindast samtökum og taka hönd í hönd að berja þessa óvætti niður og reka hana frá heimilum okkar.

[16:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hefur komið ein fyrirspurn til mín í þessum umræðum frá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Í þeirri tillögu að mótun fjölskyldustefnu sem ég mun leggja fyrir Alþingi er að sjálfsögðu tekið á fíkniefna- og vímuefnavanda, það er einn af áherslupunktunum og það mun að sjálfsögðu heyra til fjölskyldu- og jafnréttisráði að fylgjast með því máli.

[16:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem ég tel að hafi verið mjög góð og gagnleg. Til mín hefur verið beint tveim spurningum. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði um samræminguna varðandi áfengis- og fíkniefnavarnir. Ég held að samræmingunni náum við einmitt með því að dómsmrn., félmrn., menntmrn. og heilbrrn. vinni saman að þessum málum og það eru fulltrúar þessara hópa sem skipa þennan nýja forvarnasjóð. Ég tel að þannig náum við samræmingunni.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði varðandi forvarnarsjóðinn, þetta 1% gjald af innfluttu áfengi. Við erum að tala um nýtt fjármagn, 25–30 millj. í heildina til þessa málaflokks.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom ekki með beina fyrirspurn heldur aðvörunarorð sem ráðherrar hlustuðu að sjálfsögðu á.

[16:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að þessar umræður hafa verið mjög gagnlegar en þær hafa verið allt of stuttar vegna þess að fíkniefnavandinn hefur á sér svo margar ógnvekjandi hliðar að það hefði verið ástæða til að ræða þetta mál miklu ítarlegar heldur en hér hefur verið gert og vonandi gefst tækifæri til þess síðar á þessu þingi.

Sá harmleikur sem fíkniefnavandinn er og fíkniefnaneyslan snertir ekki bara einstaklinga og fjölskyldur sem í þessu lenda heldur er þetta dýrkeypt fyrir þjóðfélagið allt og eykur vissulega útgjöld víða þannig að það er nauðsynlegt að taka á þessu. Og ég vil enn ítreka ósk mína sem fram kom áðan að þetta er þannig mál að það eiga allir flokkar á þingi að koma að því. Það væri að mínu viti eðlilegt, og ég beindi því að vísu til ráðherra að skipaður yrði starfshópur með aðild allra flokka á þingi sem færi ofan í allar hliðar þessa máls.

Hæstv. dómsmrh. gagnrýndi það að ég ein hefði ekki verið með málefnalega umræðu. Ég vísa þessu á bug. Það hefði verið mjög óeðlilegt af mér ef ég hefði ekki vakið athygli á því sem upplýst er nú í þeirri umræðu sem fram fór fyrir helgi varðandi þá skýrslu sem nokkrir þingmenn hafa beðið um þar sem forsrh. upplýsti að útilokað væri að afgreiða

þetta mál án þess að það kostaði mikinn tíma og peninga. Nú eru komnar upplýsingar frá því embætti sem helst á að svara þessum spurningum þar sem hið gagnstæða kemur fram og það er óeðlilegt að þingið hefði ekki verið upplýst um þá nýju stöðu sem upp er komin þannig að gagnrýni ráðherra vísa ég alfarið á bug.

Það er alveg ljóst að það sem fyrst og fremst þarf að gera í þessu máli eru forvarnir. Við komum alltaf að því aftur og aftur að það eru auknar forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir sem þarf að gera í þessu máli. Og það þarf vissulega að efla þann forvarnasjóð sem hæstv. heilbrrh. nefndi í sínu máli og ætti að gera það núna við fjárlagaafgreiðsluna.

Varðandi refsirammann sem hæstv. dómsmrh. kom inn á, þá er hann að mínu viti og fleiri sem hafa komið að þessu máli eina ástæðan fyrir því að það eru engin varnaðaráhrif í þeim dómum sem upp hafa verið kveðnir. Ég beini því til hæstv. dómsmrh. hvort ekki væri ástæða til þess að huga að því að setja eitthvert lágmark í refsirammann sem dómstólum væri gert að fara eftir.

Virðulegi forseti. Það er vissulega áhyggjuefni hvað hefur breyst í þessum málum á undanförnum árum. Bæði eru fíkniefnaneytendur orðnir yngri heldur en verið hefur, neyslan hefur vaxið gífurlega og það virðist vera tiltölulega auðvelt fyrir unga fólkið að ná í fíkniefni. Þetta er verulegt áhyggjuefni og það er mín ósk, og það skulu vera mín síðustu orð, að þetta mál verði á nýjan leik tekið upp á Alþingi síðar á þessu þingi þegar skýrslan væntanlega liggur fyrir sem nokkrir þingmenn hafa óskað eftir frá hæstv. forsrh.

[16:21]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu minna á að það er mjög margt í nútímanum sem við tengjum við vaxandi vímuefni, svo sem vaxandi fjölmiðlaneysla og minnkandi tengsl á milli foreldra og barna. Ég er þeirrar skoðunar að oft sé margt oftúlkað í þeim efnum og það sé engin ástæða til að örvænta. Ég hef í þessari umræðu lagt megináherslu á mikilvægi forvarna og fræðslu og mikilvægi manneskjulegra samskipta og á kerfisbreytingar til að minnka bæði framboð og eftirspurn eftir fíkniefnum.

Ég vil að lokum þakka hæstv. ráðherrum fyrir svörin. Það er von mín að þessi umræða verði til þess að Alþingi taki saman við ríkisstjórnina, eða framkvæmdarvaldið og dómskerfið og þeir aðilar taki þessi mál til alvarlegrar athugunar og komi á þeim umbótum sem hér hafa verið ræddar og einnig að þessir aðilar hvetji sveitarstjórnir, skólana og foreldra með til virkrar mótspyrnu gegn þeim vágesti sem vímuefni eru.

Út af dagskrá voru tekin 3.–5. mál.

Fundi slitið kl. 16:22.

---

61. FUNDUR

þriðjudaginn 12. des.,
að loknum 60. fundi.

Dagskrá:

1. Vatnalög, stjfrv., 234. mál, þskj. 316. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 136. mál, þskj. 162, nál. 324, brtt. 325. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 135. mál, þskj. 161, nál. 326. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Bifreiðagjald, stjfrv., 137. mál, þskj. 163, nál. 327. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 240. mál, þskj. 322. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 241. mál, þskj. 323. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Samgöngur á Vestfjörðum, þáltill., 159. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
8. Almannavæðing ríkisfyrirtækja, þáltill., 214. mál, þskj. 288. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 1.–6. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Vatnalög, 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 316.

[16:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 316 er lítið frv. til laga til breytinga á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Efni þessa frv. er að opna heimild fyrir sveitarstjórn að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Hinn 24. nóv. sl. barst mér erindi frá borgarstjóranum í Reykjavík þar sem komið var á framfæri áskorun borgarráðs þess efnis að ég flytti á Alþingi frv. um breytingu á 87. gr. vatnalaga. Sú breyting verði á þá leið að sveitarstjórnum verði heimilt að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur með sérstakri ályktun tekið undir þetta sjónarmið borgaryfirvalda í Reykjavík.

Í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er heimild fyrir sveitarstjórn til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Það verður að telja eðlilegt að þess konar heimild sé einnig fyrir hendi varðandi holræsagjöld en vafi getur leikið á því að hækkun eða niðurfelling þeirra gjalda sé heimil án sérstaks ákvæðis í lögum. Því má við bæta að þetta frv. hefur að sjálfsögðu ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja þetta meira, enda er hér um afar einfalt mál að ræða og eðlilegt réttlætismál og

ég legg til að að lokinni þessari umræðu fari þetta mál til athugunar í hv. félmn.

[16:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil kveðja mér hljóðs til að vekja athygli á þessu sérkennilega máli, að það skuli þurfa að spyrja Alþingi um leyfi til þess að taka þær ákvarðanir sem þetta frv. mun leiða til að því er varðar álagningu tiltekins gjalds í Reykjavík. Það er nokkuð sérkennilegt að sveitarfélögin skuli vera í þessari stöðu, sveitarfélag eins og Reykjavík að það þurfi að leggja það fyrir Alþingi hvort það má lækka tiltekið gjald af elli- og örorkulífeyrisþegum í þessu tilviki.

Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái rýmri heimildir í þessum málum en þau hafa í dag því það er augljóst mál að staða sveitarfélaganna í þessum efnum er óeðlilega þröng. Þá er ég ekki bara að tala um gjöld eins og þau sem hér um ræðir, fasteignagjöld eða fasteignatengd gjöld. Ég er líka að tala um ýmis önnur gjöld, t.d. það að komið hefur fram að því eru settar ákveðnar lagaskorður, og í raun og veru mjög þröngar lagaskorður, hvaða gjöld sveitarfélög taka fyrir tiltekna þjónustu, t.d. vatnsveitna, hitaveitna og rafmagnsveitna. Um þau efni gilda alveg tiltekin lögmál og tiltekin lög, t.d. er talið að það sé álitamál hvort stjórnvöld í þessu byggðarlagi hafi farið fullnærri þeim mörkum, en alla vega finnst mér að málið sé þannig að þarna sé allt of mikið þrengt að sveitarstjórnaryfirvöldum langt umfram það sem nokkur rök eru fyrir og beini þess vegna þessari fyrirspurn til hæstv. félmrh.

[16:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að koma inn með þetta mál. Ég tel að hér sé um réttlætismál að ræða mun beita mér fyrir því að það fái skjóta og góða afgreiðslu í hv. félmn. enda er þetta mjög einfalt mál.

Varðandi ummæli hv. þm. Svavars Gestssonar um hinar þröngu heimildir sveitarfélaganna til gjaldtöku af ýmsu tagi, þá er það mál ekki eins einfalt og kannski virðist við fyrstu sýn. Við erum með til meðferðar í hv. félmn. frv. til laga um vatnsveitur og reyndar einnig frv. til laga um gatnagerðargjöld og í báðum þessum tilvikum kemur til athugunar með heimildir sveitarfélaganna til þess að ráða þessum gjöldum. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefur í nefndinni gert athugasemdir við þessar þröngu heimildir og við svona ákveðna forræðishyggju ríkisvaldsins hvað þetta varðar.

En málið snýst m.a. um það að umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við gjaldtöku af ýmsu tagi vegna þess að fólk hefur leitað til hans og málið snýst um það hvað eru skattar og hvað eru þjónustugjöld. Þegar um það er að ræða að sveitarfélögin skilgreini það gjald sem þau eru að innheimta sem þjónustugjald, þá er þeim samkvæmt áliti umboðsmanns óheimilt að innheimta meira en þjónustan kostar. Þetta er algjört grundvallaratriði og það hefur einmitt komið til tals varðandi vatnsveiturnar, og hitaveitur reyndar líka, hvort eðlilegt sé að sveitarfélögin hafi af þessum stofnunum sínum meiri tekjur en þjónustan kostar og hvort þeim sveitarfélögunum sé þá heimilt að nota þær tekjur til annars.

Þetta er mál sem snertir t.d. Reykjavík gífurlega og skiptir mjög miklu máli því að þó að við höfum á undanförnum árum gagnrýnt það hvernig fyrrverandi meiri hluti í borginni fór með tekjur Hitaveitu Reykjavíkur og byggði mikla höll, Perluna, þá er ekki þar með sagt að maður fallist á það að hitaveitan eða vatnsveitan megi ekki hafa meiri tekjur. Þetta er að mínum dómi nokkuð flókið mál og spurningin sú hvort neytendur þjónustunnar eða þeir sem borga skattana eigi ekki alltaf að vita að hverju þeir ganga og það sé skilyrði hvort sem kveðið er á um það í lögum eða hvernig sem menn ákveða það, að þá sé alltaf vitað nákvæmlega hvert gjaldið er. En þetta er atriði sem þarf að skoða nánar.

Varðandi þetta frv. ítreka ég að þetta er hið besta mál og fær vonandi skjóta meðferð á hinu háa Alþingi.

[16:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er eðlilegt að lagastoð sé fyrir hendi og þess vegna er þetta frv. flutt. Sama hlýtur náttúrlega að gilda um heimildir til annarra sveitarfélaga. Það verða að vera sömu heimildir til allra sveitarfélaga. Holræsagjald hefur verið innheimt í flestum stærri sveitarfélögum og ekki svo mér sé kunnugt um verið fellt niður á elli- og örorkulífeyrisþegum með sama hætti og fasteignaskatturinn. Lögvísir menn hjá Reykjavíkurborg komust að því að þegar hugmyndir komu upp um að fella niður þetta gjald hjá þeim sem verst voru settir, þá voru ekki lagaheimildir til og þess vegna sendi borgarráð mér þessi tilmæli. Ég brást að sjálfsögðu vel við þessu því að hér er um að ræða réttlætismál.

Varðandi heimildir sveitarfélaga, eða rýmkun á heimildum sveitarfélaga, þá er að sjálfsögðu stefnt að því að efla sjálfstæði sveitarfélaganna í landinu. Það er eitt af þeim atriðum sem kemur til skoðunar við endurskoðun á sveitarstjórnarlögum sem ég mun fljótlega setja í gang.

[16:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, formaður félmn., sagði áðan að málið er ekki einfalt sem hér hefur verið hreyft og það má segja að það rekist á tvennt. Í fyrsta lagi ákvæði stjórnarskrárinnar, þ.e. þau ákvæði að skattlagningarvald er í höndum Alþingis og það má ekki framselja það, það er atriði númer eitt. Atriði númer tvö sem þetta mál rekst á, og þessi hugsun sem þetta mál hlýtur að vekja, er sú staðreynd að þjónustufyrirtæki sveitarfélaganna eru yfirleitt einokunarfyrirtæki. Það er Vatnsveitan í Reykjavík, það er Hitaveita Reykjavíkur, það er Rafmagnsveita Reykjavíkur. Þetta eru yfirleitt einokunarfyrirtæki þannig að það er ekki um að ræða samkeppnisaðhald að þessum fyrirtækjum. Þetta er alveg ljóst

Hitt er líka ljóst að t.d. Reykjavík hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu frá því sem var með niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Það munar heilum milljarði kr. að talið er á ári og það er alveg ljóst að það ásamt öllum stórbyggingunum sem hvíla á borgarsjóði hefur orðið til þess að fjárhagur Reykjavíkurborgar er afar erfiður um þessar mundir. Þess vegna finnst mér sem Reykvíkingi full ástæða til þess að fara fram á það við hæstv. félmrh. að það verði tekið á þessum málum með hliðsjón af lögum og reglum og pólitískri samstöðu í landinu og allt það, bæði á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga og ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það litla sem hann sagði um þau efni áðan. Mér finnst að það sé svona í áttina því að þetta skiptir miklu máli, það er allt of mikið þrengt að sveitarfélaginu Reykjavík og fleiri sveitarfélögum eins og sakir standa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:38]

Útbýting þingskjala:

Ferjuflug um Keflavíkurflugvöll, 244. mál, fsp. HjÁ og DSigf, þskj. 330.

Rannsókn nauðgunar- og sifskaparmála, 243. mál, þáltill. DSigf, þskj. 329.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 162, nál. 324, brtt. 325.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Almannavæðing ríkisfyrirtækja, fyrri umr.

Þáltill. KB, 214. mál. — Þskj. 288.

[16:42]

Flm. (Kristjana Bergsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég flyt svohljóðandi till. til þál. um almannavæðingu ríkisfyrirtækja.

„Alþingi ályktar að einkavæðing ríkisfyrirtækja skuli fara fram á þann hátt:

að fyrirtækjunum verði fyrst breytt í hlutafélög,

og síðan verði öllum fjárráða Íslendingum afhentur endurgjaldslaust jafn hlutur í hverju fyrirtæki."

Með leyfi forseta, vil ég lesa greinargerð:

„Það hefur verið gagnrýnt að við sölu fyrirtækja í eigu íslenska ríkisins sé hagsmuna eigenda, þ.e. alls almennings, ekki nægilega vel gætt. Við þessu telur flutningsmaður að Alþingi þurfi að bregðast án þess að afstaða sé tekin til einkavæðingar sem slíkrar. Við sölu ríkisfyrirtækja á síðasta kjörtímabili var ljóst af þeirri umræðu sem fram fór að almenningi er umhugað um að endurskoðaðar verði aðferðir við einkavæðingu þannig að hagsmunir eigenda, þ.e. íslenskra ríkisborgara, séu vel tryggðir, það kerfi sem notað er sé gegnsætt og réttlátt, og að engin leynd hvíli yfir neinu.

Ljóst er af reynslu annarra ríkja að við sölu ríkisfyrirtækja er verðlagning helsti vandinn. Í riti Alþjóðabankans frá 1992 um einkavæðingu og lærdóm reynslunnar er fullyrt að mat á verðmæti ríkisfyrirtækja til sölu séu ekki vísindi. Jafnvel á þróuðum fjármagnsmörkuðum sé sjaldgæft að tæknilegt mat á markaðsvirði eigna sem aldrei hafa verið seldar áður sé rétt.

Ef sala Lyfjaverslunar ríkisins er tekin sem dæmi er greinilegt að matsverð var of lágt áætlað í upphafi. Matsverð hlutabréfanna, sem seld voru í upphafi, var á genginu 1,34. Gengið er nú 2,10. Þau hafa því hækkað um 63,9% á innan við ári. Langir biðlistar mynduðust eftir bréfum sem seldust upp á nokkrum klukkutímum og fengu miklu færri en vildu — þannig var þegnunum gróflega mismunað.

Sú aðferð að almannavæða ríkisfyrirtæki með því að afhenda ríkisborgurum hlutabréf hefur verið notuð m.a. í Bresku Kólumbíu í Kanada og einnig við einkavæðingu ýmissa fyrirtækja í Rússlandi, Rúmeníu og Tékklandi. Slík almannavæðing ætti einnig að vera auðveld í framkvæmd hjá svo fámennri og vel upplýstri þjóð sem Íslendingum. Afhendingin getur farið fram í áföngum til að aðlaga stjórnkerfi fyrirtækisins hægt að hinu nýja almenningseignarhaldi.

Ríkissjóður tapar af sölutekjum en á móti kemur að skatttekjur af söluhagnaði afhentra hlutabréfa verða hærri. Jafnframt má búast við meiri umsetningu bréfa og þeim mun meiri skráðum söluhagnaði en þegar fáum aðilum er selt fyrirtækið. Enn fremur má gera ráð fyrir auknum óbeinum skatttekjum hins opinbera vegna meiri auðs almennings í kjölfarið.

Hafa verður í huga að sala ríkisfyrirtækja á undirverði felur í sér skattlagningu allra nema kaupenda sem hljóta í raun styrk.

Með þessari aðferð [þ.e. almannavæðingu] má forðast mistök í verðlagningu og spara umtalsverðan kostnað sem fylgt hefur sölu ríkisfyrirtækja." — Má nefna það hér að kostnaður við sölu Lyfjaverslunar ríkisins var 10.750.000. — „Ekki má heldur gleyma þeim mikla ávinningi sem felst í því að sem flestir landsmenn taki beinan þátt í og ábyrgð á atvinnurekstri í landinu.

Allir landsmenn eru nú eigendur íslenskra ríkisfyrirtækja sem hafa verið keypt og byggð upp fyrir skattfé beint og óbeint. Nauðsyn ber til að hægt verði að koma í veg fyrir óeðlilega yfirtöku einokunarafla við sölu á ríkisfyrirtækjum."

Ég vona að þessi tillaga fái góða umfjöllun hér á Alþingi og að við umræður og ákvarðanir um sölu ríkisfyrirtækja verði tekið tillit til þessara aðferða sem ég hef farið hér nokkrum orðum um, almannavæðingu og að hún sé tekin inn í umræður um þessi mál hér á þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:47]

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (úreldingarstyrkur krókabáta). — Þskj. 323.

[16:50]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það er flutt í tengslum við frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Þannig er mál með vexti að ráðuneytið hefur nú um nokkurt skeið átt í viðræðum við viðræðunefnd frá Landssambandi smábátaeigenda sem hafa haft það að markmiði að ná samkomulagi um breytingar á gildandi lögum um veiðar þessara báta í þeim tilgangi að gera lögin skilvirkari og reyna frekar en orðið er að koma til móts við þau sjónarmið að tryggja betur lífsafkomumöguleika þeirra sem haft hafa krókaveiðar að aðalstarfi. Þessum viðræðum er ekki lokið og að því stefnt að ljúka þeim í byrjun næsta árs. Sérstök ósk kom frá Landssambandi smábátaeigenda um það að gerðar yrðu smávægilegar breytingar til leiðréttingar og til hagræðingar nú fyrir lok þessa árs. Ráðuneytið féllst á að leita eftir því við Alþingi að slíkar breytingar næðu fram að ganga.

Önnur þessara breytinga lýtur að því að heimila ráðherra að úreldingarstyrkur vegna krókabáta geti numið allt að 80% af húftryggingarverðmæti þeirra. Í gildandi lögum er þetta hlutfall 45%. En með þeirri tillögu sem hér er lögð fyrir

verður það hækkað verulega og heimild til þess að slíkt átak standi fram til 1. okt. á næsta ári.

Það er samdóma álit ráðuneytisins og forustumanna smábátaeigenda að brýna nauðsyn beri til að gera slíkt átak. Það hefur komið í ljós að það þak sem nú er á úreldingarstyrknum hefur ekki leitt til þess að menn hafi talið það fýsilegan kost að úrelda báta sína þó að þeir kysu að gera svo. Með þessari ráðstöfun á að auðvelda þeim sem þess óska að hverfa frá þessum veiðum að gera það. Gert ráð fyrir því að Þróunarsjóðurinn geti á næsta ári tekið allt að 500 millj. kr. lán vegna þessa sérstaka átaks. Það er sama upphæð og hann fékk með heimild til þess að taka að láni á þessu ári. Að svo stöddu var ekki talin ástæða til að hækka þessa fjárhæð, en það kann auðvitað að koma til þess að sjóðurinn þurfi rýmri lántökufjárhæð ef eftirspurn eftir þessum úteldingarstyrkjum verður veruleg.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. en mælist eindregið til þess við þingflokka og hv. nefnd að reynt verði að greiða fyrir framgangi málsins nú á þessu ári áður en Alþingi fer í jólaleyfi.

[16:54]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þróunarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður á sínum tíma til þess að stuðla að alhliða þróun í sjávarútvegi þótt aðalhlutverk hans væri auðvitað að stuðla að endurskipulagningu flota og vinnslufyrirtækja. Það var hins vegar nokkuð rætt þegar lögin um sjóðinn voru afgreidd að mikilvægt væri að sjóðurinn gæti einnig staðið undir nafni hvað snertir aðra þætti í þróun sjávarútvegsins.

Nú hefur það verið að gerast eins og kunnugt er að ýmis sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að efna til samvinnu við fjölmarga aðila víða um heim á sviði sjávarútvegs og tvímælalaust hefur það orðið til að styrkja þessi fyrirtæki, bæði útgerðarfyrirtæki og sölusamtök. Hins vegar hefur það komið í ljós eftir því sem mér er tjáð að stjórn Þróunarsjóðsins telur sig ekki samkvæmt orðalagi í gildandi lögum hafa heimild til þess að liðsinna þessu nýja sóknarstafi í sjávarútvegi án þess að orðalagi í lögunum sé breytt.

Ég ræddi þessi mál lítillega hér utan þingsalar í vor þegar til meðferðar var minni háttar frv. um breytingar á Þróunarsjóðnum og í þeim viðræðum voru höfð góð orð um það að skoða þetta mál á haustþingi. Nú er flutt hér aftur frv. um Þróunarsjóðinn og þótt það snerti annan þátt en ég hef gert að umræðuefni þá tel ég það mjög mikilvægt að það sé rækilega skoðað í nefnd að gera jafnframt þá breytingu á lögunum að þau a.m.k. heimili stjórninni að taka til alvarlegrar skoðunar þátttöku íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í þróun sjávarútvegsins á þeim sviðum sem ég hef hér vikið að. Ég held að slík breyting eigi ekki að verða neitt deiluefni hér í þingsölum. Ég held að það sé víðtækur stuðningur, óháð flokksaðild, fyrir því að íslenskur sjávarútvegur hafi tækifæri til þess að nýta þá miklu þekkingu, þá miklu uppbyggingu *sem þar hefur átt sér stað, bæði í sölufyrirtækjum og í útgerð*, og einnig að íslenskur sjávarútvegur geti rutt markaðsaðgang fyrir margvísleg iðnaðarfyrirtæki sem framleiða vélar og tæki, net og annan búnað og getur þess vegna orðið mjög mikilvægur þáttur í að efla íslenskan iðnað.

Hér er ekki verið að tala um háar upphæðir. Það er einu sinni eðli þessara viðskipta að litlar upphæðir úr opinberum þróunarsjóðum geta mjög greitt fyrir því að íslensk fyrirtæki geti efnt til samvinnu við öfluga aðila víða um heim. Því miður er það þannig að það er engin slík starfsemi innan íslenska sjóðakerfisins en að mörgu leyti er eðlilegt að sjóði sem ber heitið Þróunarsjóður sjávarútvegsins og á sínum tíma þegar hann var settur upp átti m.a., þótt í litlu væri, að sinna þessu verkefni sé gert það kleift.

Ég vil þess vegna mælast til þess bæði við hæstv. ráðherra og eins við hv. sjútvn. að það verði skoðað um leið og þetta frv. er afgreitt að gera þá breytingu sem þarf að gera, sem mér skilst að sé ekki mikil, á lögunum um Þróunarsjóðinn svo hann hafi heimild til þess að koma til liðs við þess verkefni. Ég er alveg sannfærður um að slík breyting mun skila sér mjög rækilega, ekki aðeins til sjávarútvegsins heldur til íslensks atvinnulífs almennt. Satt að segja er það farið að standa ýmsum möguleikum fyrir þrifum að eiga ekki aðgang að slíku framlagi.

Ég ætla ekki nú við 1. umr. að ræða þetta nánar en fer vinsamlega fram á það við hv. nefnd og við hæstv. ráðherra að þessi þáttur sé rækilega skoðaður og er reiðubúinn að leggja þeim breytingum lið ef til kemur hér í þingsalnum.

[16:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er kannski ekki mjög mikið stórmál sem hér er á ferðinni en varðar framlengingu til eins árs um heimild til að greiða hærri prósentu vegna úreldingar krókaveiðibáta heldur en greidd er til annarra skipa eða gildir um önnur skip. Það er jafnframt lagt til að sú prósenta verði að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti bátanna. Ástæðan er væntanlega ósköp einfaldlega sú að þrátt fyrir það tilboð sem í gangi hefur verið upp á 45% af sömu viðmiðun þá hefur nánast ekkert gerst í formi úreldingar úr þessum hluta flotans. Það á sér aftur þá skýringu að þau tilboð sem mönnum bjóðast í bátana í frjálsri sölu eru yfirleitt heldur betri en þeir fengju út úr þessari úreldingu. Af eðlilegum ástæðum *velja menn frekar þann kost.*

Í ljósi þeirrar stefnu sem mörkuð var og afgreidd hér á þingi á síðasta vetri er eðlilegt úr því að svo hefur farið að menn reyni þá að fylgja þessu eftir með hærri tilboðum, hvað sem menn vilja svo segja um málið að öðru leyti og nauðsyn þess að draga sérstaklega saman í þessum hluta flotans. Eins og kunnugt er þá er ætlunin að gera það annars vegar með þessum tilboðum og hins vegar með mun strangari kröfum um endurnýjun eða úreldingu á móti endurnýjun báta þegar *krókaveiðibátar eiga í hlut.*

En úr því að málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og úreldingarmál fiskiskipa eru hér á annað borð komin á dagskrá þá vil ég rifja upp orðaskipti sem urðu hér milli mín og hæstv. sjútvrh. fyrir nokkrum dögum og varða framtíðarstefnumótun almennt í sambandi við úreldingarkröfur varðandi fiskiskip og þá hreinlega spurninguna um framtíðarfyrirkomulag þessara mála, hvort reikna eigi með því um, ég segi nú ekki ókomin ár, en alla vega í næstu framtíð, að kröfur verði gerðar til þess að afköst *minnki* með þeim hætti sem gert hefur verið eða aukist að minnsta kosti ekki þegar endurnýjun er á ferðinni. Raddir hafa heyrst um að hverfa frá þessu fyrirkomulagi og láta aflamarkskerfið eitt og sér vera ráðandi stýritæki. Mönnum væri þá meira í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir tækju þann afla og á hvernig skipum. En á meðan þetta fyrirkomulag gildir hlýtur eðli

málsins samkvæmt að vera afar bagalegt að hafa uppi einhverja óvissu um framtíð þess. Það sem ég lagði sérstaklega áherslu á í orðum mínum um daginn, og vil endurtaka við hæstv. sjútvrh., er nauðsyn þess að mótuð verði stefna og kveðið upp úr um það alveg afdráttarlaust að eitthvert tiltekið fyrirkomulag í einhvern tiltekinn tíma muni gilda í þessum efnum.

Ég vil fyrir mitt leyti láta það sjónarmið koma fram að úr því að lögin sem slík, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, eru hér til meðferðar verði a.m.k. í síðasta lagi við afgreiðslu þess máls hér frá þinginu búið að ganga frá því í formi yfirlýsingar eða einhverrar stefnumótunar hvaða reglur skuli gilda um þetta efni. Hér er einnig á dagskrá breyting á lögum um stjórn fiskveiða og þá eru hér undir þau tvö lagafrv. sem þetta kemur sérstaklega við. Ég held að það sé þá tilvalið tækifæri til þess að eyða þeirri óvissu sem skapast hefur á þessu hausti m.a. vegna umræðna og ályktana á þingi Landssambands íslenskra útvegsmanna og umræðna sem spunnust í kringum það. Ég held að það sé alveg lágmark að það liggi fyrir á hverjum tíma til að minnsta kosti næstu eins til tveggja ára hvernig þessum málum verði háttað þannig að þeir sem eru að taka stórar og afdrifaríkar ákvarðanir um endurnýjun í sínum fyrirtækjum, þar sem úreldingarkvóðin, tonnin, getur hlaupið á tugum og allt upp undir hundruð millj. kr. þegar stór skip eiga í hlut — það er ekki boðlegt að ætla mönnum að hafa ekki eitthvert fast land undir fótum varðandi slíkar ákvarðanir. Lægi hins vegar fyrir með hvaða hætti þetta yrði eitthvað inn í framtíðina, jafnvel þó að þá kæmu til breytingar sem væru samkvæmt fyrir fram ákveðnu skipulagi þá væri um allt aðra hluti þar að ræða.

Herra forseti. Ég ætla ekki við þessar aðstæður að fara að endurtaka það sem ég hef oft áður sagt, efasemdir mínar um fyrirkomulag þessara mála í heild sinni og nauðsyn þess að móta einhverja stefnu en búa ekki ár eftir ár við fyrirkomulag af því tagi sem við gerum að það er í raun og veru með þessari úreldingarkröfu, og þó sérstaklega með kauptilboðum Þróunarsjóðs á meðan þau voru jafnhagstæð og best varð, verið að leggja mikinn viðbótarkostnað á útgerðina í hvert skipti sem kemur að endurnýjun fiskiskips því í hverju einasta tilviki þarf að kaupa í raun tonnin sem í hinu nýja skipi verða og um leið keppa þá við tilboð Þróunarsjóðsins í þeim efnum. Meðan þetta er gert án nokkurrar yfirlýstrar eða mótaðrar stefnu um tilganginn, þ.e. hversu mikið eigi þá að draga úr afkastagetu í flotanum og hvort allar tegundir fiskiskipa skuli þar settar undir einn hatt, til að mynda núna nótaskipaflotinn þar sem enginn deila er um að mikil þörf hefur skapast fyrir endurnýjun. Flotinn er nánast eins og hann leggur sig úreltur, samræmist ekki kröfum tímans um meðferð hráefnis og hindrar að við Íslendingar getum þróað áfram okkar iðnað í þessum efnum í átt til aukinna gæða og sambærilegs verðs og er að gerast í nágrannalöndunum. Svo er komið að nú eru menn helst að reyna að endurnýja sinn nótaskipaflota með innflutningi á tíu til tuttugu ára gömlum nótaskipum frá nágrannalöndunum sem þó eru tæknilega mun betur búin heldur en obbinn af íslenska flotanum. Þetta hljóta allir menn að sjá að er vandræðaástand, nánast neyðarástand, og það sem hindrar alveg sérstaklega að menn komist af stað í þessari endurnýjun nótaskipaflotans eru úreldingarreglurnar eins og þær eru í dag, m.a. vegna þess að eigi að taka hina nýjustu tækni í gagnið í nýjum skipum, einangraðar lestir og kælikerfi, þá kostar það um 20% afkastaminnkun miðað við óbreytta stærð eða öfugt, að kaupa þarf á móti úreldingu sem svarar 120–130% af þeirri burðargetu sem á að nást í hinu nýja skipi.

Þetta, herra forseti, held ég að sé í raun og veru öllum mönnum ljóst en af einhverjum ástæðum er algjör pattstaða uppi milli þeirra manna sem þarna vilja engar breytingar og hinna sem geta hugsað sér þær og hana verður einhvern veginn að rjúfa. Ég er líka þeirrar skoðunar og lýsti þeim sjónarmiðum þegar lögin um Þróunarsjóð komu hér fyrst fram á sínum tíma og nafni sjóðsins var breytt úr Hagræðingarsjóði yfir í Þróunarsjóð, að þessi sjóður væri síður en svo neinn þróunarsjóður í sjávarútvegi heldur þvert á móti samdráttarsjóður, sjóður sem væri sérstaklega settur á stofn á kostnað útgerðarinnar í landinu til að draga saman umsvif í íslenskum sjávarútvegi og úrelda út úr sjávarútveginum alla þá umfram afkastagetu sem ella yrði hvatning til að nota í annað, t.d. að sækja á fjarlæg mið eða í vannýttar tegundir. Ég stend við það enn að sjóðurinn eins og hann er hugsaður er tímaskekkja að langmestu leyti.

Annan þátt gagnrýndi ég og margir fleiri á þessum tíma og það var að sjóðnum var, eins og frv. var upphaflega fram sett, alls ekki ætlað að standa fyrir neinum eiginlegum þróunarverkefnum í sjávarútvegi eða styðja þau. Þar varð að vísu nokkur breyting á í meðförum Alþingis á sínum tíma og það komu inn í lögin rýmri heimildir heldur en voru í upphaflega frv. til þess að sjóðurinn gæti ráðstafað fjármunum í stuðning við þróunarverkefni t.d. erlendis. En hér er nú upplýst að ekkert hafi orðið úr því enn sem komið er og að einhverju leyti sé þar við ágalla í löggjöfinni að sakast. Það er auðvitað sjálfsagt mál að líta á það hvort nauðsynlegt sé að gera breytingu þannig að sjóðurinn geti beinlínis styrkt eða stutt við bakið á álitlegum verkefnum á þessu sviði. Er það örugglega skynsamlegt að slíkt sé hægt þó margt hafi verið að gerast í þeim efnum fyrir eigin rammleik greinarinnar.

Að síðustu segi ég það, herra forseti, að það er sjálfsagt mál að reyna að greiða fyrir þessari litlu breytingu þannig að hún komi til framkvæmda og frv. nái afgreiðslu fyrir áramót. Það sama á við um hitt málið sem hér er á dagskrá og tengist þessum málefnum smábátanna, og þó fyrr hefði verið, liggur mér við að segja því það er bagalegt að allt of langt líði á þetta fiskveiðiár áður en leikreglurnar að þessu leyti liggja ljóst fyrir.

[17:09]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hér komu fram frá hv. 8. þm. Reykn. vil ég aðeins segja að auðvitað getur það komið til greina að gera breytingar á öðrum ákvæðum laganna um Þróunarsjóð. Ég hef hins vegar talið að það yrði að skoða í ljósi fjárhagsstöðu sjóðsins og skuldbindinga hans og hef gert ráðstafanir til þess að eiga fund með stjórn sjóðsins nú á næstunni til þess að fara yfir fjárhagsáætlun sjóðsins á næsta ári og á hvern veg sjóðstjórnin sér að skuldbindingum hans verði mætt á næstu árum. En ég vil alls ekki útiloka það að málefni eins og þetta sé rætt í tengslum við þetta mál en óska þó eftir því að það leiði ekki til tafa á framgangi þessarar sérstöku breytingar.

Varðandi það atriði sem hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi hér um og lýtur að endurnýjunarreglum er það að segja að það er rétt að nokkur óvissa hefur skapast eftir að aðalfundur Landssambands íslenskra útvegsmanna óskaði formlega eftir því að gildandi reglur um endurnýjun fiskiskipa yrðu endurskoðaðar og flotastýringarákvæði núv. fiskveiðistjórnunarlaga yrði afnumið með öllu. Þetta mál hefur verið til

skoðunar og ég hef áður tekið undir með hv. þm. um að það þarf að hraða niðurstöðum í því en það var útilokað annað fyrir ráðuneytið þegar beiðnin var sett fram með svo formlegum hætti en að taka málið til skoðunar. Ég hef látið það álit mitt í ljós að það sé spurning um tíma hvenær þetta flotastýringarákvæði hverfur en talin veruleg tormerki á því að gera það nú, fyrst og fremst vegna þess að umgengni um auðlindina hefur verið mjög slæm og enginn vafi á því að ein ástæðan fyrir því er sú að það er ójafnvægi á milli veiðiheimilda og veiðimöguleika flotans. Ég tel að það sé svo mikilvægt og brýnt verkefni að ná tökum á umgengni um auðlindina og koma í veg fyrir þá slæmu umgengni sem viðgengist hefur að við megum ekki við því að stíga nein skref sem geta hrakið okkur af leið í því efni.

Þetta eru almennar hugleiðingar mínar um stöðu málsins en ég vænti þess að endanleg niðurstaða í málinu fáist innan skamms tíma en þakka að öðru leyti góðar undirtektir hv. þingmanns um framgang þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (sóknardagar krókabáta). — Þskj. 322.

[17:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða felur í sér lítils háttar breytingu. Í reynd er það svo að hér er verið að leggja til að leiðrétt verði mistök sem urðu við lagasetninguna á sl. vori. Ef hún stendur óbreytt verður ekki unnt að flytja veiðidaga frá vetrartímabilum krókabátanna yfir á sumartímabilin fyrr en á árinu 1997. Það var aldrei ætlun manna að svo yrði og því er lagt til að lögunum verði breytt þannig að þetta verði unnt þegar á næsta ári. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir því að heimilt verði að flytja ónýtta daga með sama hætti, þ.e. að þó að veiði sé hafin á tímabili þá verði unnt að flytja þá daga sem ekki hafa verið nýttir yfir á sumartímabilið.

En ég ítreka það sem ég hef áður sagt í umræðum um Þróunarsjóðinn að þess er að vænta að viðræðum ráðuneytisins við viðræðunefnd Landssambands smábátaeigenda ljúki í upphafi næsta árs og þá fáist heildstæð niðurstaða um nauðsynlegar breytingar á þessari löggjöf að því er lýtur að krókabátunum, en það er mjög mikilvægt að þessi afmarkaða breyting nái fram að ganga nú fyrir jólaleyfi þingmanna þannig að hún verði orðin að lögum í byrjun nýs árs.

Ég vænti góðs samstarfs við hv. þm. um framgang þessa máls og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 162, nál. 324, brtt. 325.

[17:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Nefndin skrifar öll undir nefndarálitið, þó einn nefndarmaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara. Nefndin hefur sent þetta frv. til umsagnar hjá heföbundnum umsagnaraðilum slíkra frumvarpa og fengið á sinn fund fulltrúa fjmrn. og ríkisskattstjóra þar sem rætt var um breytingartillögurnar og þær athugasemdir sem fram höfðu komið.

Nefndin gerir tillögu um breytingar á frv. Það eru fyrst og fremst viðbætur. Í fyrsta lagi bætist ný grein við frv. og hún er í tveimur liðum. Þar er um að ræða tillögu til breytinga á 18. gr. laganna, annars vegar að í stað orðsins „sex" komi: fjóra. Þar er átt við að það er verið að ívilna fyrir námsmönnum með því að rýmkuð eru ákveðin skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla til þess að geta fengið endurgreiðslu á staðgreiðslu og þar er um að ræða að námstíminn þarf ekki að vera nema fjórir mánuðir í stað sex áður.

Við 5. mgr. eru gerðar breytingar þar sem fyrst og fremst er verið að tala um að bæta við álagi upp á 0,2% fyrir hvern mánuð, en það er hluti af þeirri kerfisbreytingu sem verið er að gera í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt og tengdum lögum, að afnema sjálfkrafa uppfærslu vegna verðbóta en miða þess í stað við ákveðið álag. Hér er miðað við 0,2% fyrir hvern mánuð til samræmis við það sem gildir í sambandi við álag að öðru leyti sem er yfirleitt 2,5% fyrir hvert ár.

Eins og áður segir, virðulegi forseti, skrifar nefndin öll upp á þetta nefndarálit nema Steingrímur J. Sigfússon sem skrifar undir með fyrirvara.

[17:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Efni þessa litla frv. og breytingartillagna efh.- og viðskn. er mestan part af hinu góða og tvennt sem þarna er á ferðinni eru tvímælalaust réttarbætur. Það varðar einkum og sér í lagi 1. tölul. brtt. á þskj. 325, um að við bætist ný grein sem verði 1. gr. frv. og færir þann tíma, sem námsmenn þurfa að hafa verið samfellt í námi til þess að sækja um breytingu á álagningu í staðgreiðsu, niður úr sex mánuðum í fjóra. Það er sjálfsagt réttlætismál og eðlilegt að menn geti, áður en allt of langur tími er liðinn og ljóst er að aðstæður þeirra eru að breytast vegna þess að þeir hafa tekið upp reglulegt nám og þá væntanlega einnig hætt vinnu ef slíku hefur verið til að dreifa, fengið eðlilegar lagfæringar á stöðu sinni gagnvart skattheimtunni.

Í öðru lagi er verið að gera breytingu sem varðar áfrýjunarrétt og er sömuleiðis eðlileg, að menn geti skotið þeim úrskurði sem þeir hafa sætt til skattanefndar en það sé ekki ríkisskattstjóri einn sem fari með það mál. Þetta er í samræmi við ábendingu sem komið hefur frá umboðsmanni Alþingis og flokkast undir lagfæringu og réttarbót í skattkerfinu.

Þriðji efnisþáttur þessa máls varðar svo það að í staðinn fyrir verðbætur á einum stað þar sem miðað hefur verið við lánskjaravísitölu og upphæðir færðar fram í samræmi við það, þá skuli nú koma tiltekið álag. Nú er það svo að fyrirvari minn lýtur ekki að því að þetta sé í sjálfu sér óeðlileg efnisbreyting ef aðstæður eru þannig og ákvörðun þessarar álagsupphæðar er þannig úr garði gerð eða þannig með farið að það komi sanngjörn útkoma. Hins vegar er það svo að á nokkrum stöðum í frumvörpum hæstv. ríkisstjórnar eru sambærilegar breytingar á ferð og fyrirvari minn, herra forseti, lýtur aðallega að því hvernig þessi mál eru fram sett af

hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Því ég hygg að nánast í flestöllum tilvikum sem þessi breyting er að gerast sé um það að ræða að verið er að afnema ákveðna tryggingu réttinda launamanna sem falist hefur í fastri viðmiðun eða verðtryggingu upphæða og þá er það þannig að menn gerast óskaplega heilagir og eru á móti allri slíkri sjálfvirkni og slíkri verðtryggingu og slíkum viðmiðunum og segja: Burt með það, burt með það og í staðinn skuli koma fastar upphæðir samkvæmt fjárlögum eða þá einhver föst álagsprósenta eða upphæð eins og hér á í hlut.

Á hinn bóginn vottar ekki fyrir þessu sama þegar kemur að því að afnema þá verðtryggingu og sjálfvirkni skuldbindinga launamanna og þar er komið að hinni hlið málsins. Menn eru ekki samkvæmir sjálfum sér í þessum efnum. Það er til að mynda ekki verið að hrófla við verðtryggingu fjárskuldbindinga almennings, en hins vegar er verið að afnema mikilsverða tryggingu sem launamenn hafa haft í ýmiss konar verðbótum eða tengingu af þessu tagi. Það er gert undir merkjum þessarar krossferðar gegn sjálfvirkni og verðtryggingu í kerfinu, en margir óttast af eðlilegum ástæðum að það sem fyrst og fremst vaki fyrir mönnum eða á bak við liggi séu tilhneigingar til að skerða ýmis þessi réttindi sem þarna eiga í hlut. Ég hef þess vegna fyrirvara, herra forseti, á þessum málum sem slíkum, hvernig að þeim er staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel að í sumum tilvikum séu ekki efnisrök á ferð heldur málamyndarök og það til að mynda þó að þessi breyta í skattalögum væri áfram færð upp með verðbótum skiptir að mínu mati engum sköpum og er ekki í sjálfu sér neitt stórkostlegt réttlætismál að afnema það.

Ég vek líka athygli á því að ef verðbólga er innan skikkanlegra marka, þá má í sjálfu sér einu gilda hvort einhverjar lítils háttar verðbreytingar sem mælast í 1–2 prósentustigum á hverju ári eru fram settar eða leiðrétt er fyrir þeim með verðtryggingu eða hvort einhver slík álagsprósenta upp á 0,2% af tiltekinni upphæð innan tiltekinna tímamarka er notuð. Það er auðvitað sama útkoman eða mjög svipuð útkoma.

Hitt er afar afdrifaríkt hvernig staðið er t.d. að ákvörðun ýmissa réttinda launamanna og tengingu þeirra við verðlagsþróun almennt í landinu. Þar eru menn að rjúfa samhengi í mörgum tilvikum og smíða sér rök af þessu tagi sem ég hef verið að nefna og eru að mínu mati oft og tíðum málamyndarök. Þá eru menn í heilagri krossferð gegn öllu sem heitir verðtrygging og sjálfvirkni og guð má vita hvað. En ég hef ekki orðið var við það að menn væru af sama hetjuskap að afnema þá verðtryggingar yfirleitt, og þar með talið af því sem mestu máli skiptir fyrir almenning í landinu, þ.e. öllum þeim fjölmörgu skuldbindingum sem menn eru með á herðunum og eru verðtryggðar í hólf og gólf. Að þessu lýtur fyrirvari minn, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 2. umr.

Stjfrv., 135. mál (Iðnþróunarsjóður). — Þskj. 161, nál. 326.

[17:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1992, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið. Það snýst um að hnika til ákvæðum um það hvenær skattlagning hefjist á Iðnþróunarsjóði. Nefndin hefur sent þetta frv. til umsagnar hjá hefðbundnum umsagnaraðilum, fengið umsagnir frá Iðnþróunarsjóði, Verslunarráði Íslands og Sambandi ísl. viðskiptabanka og fengið á sinn fund fulltrúa fjmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (upphæð gjalds og ákvörðun þess). — Þskj. 163, nál. 327.

[17:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Þessi breyting felst fyrst og fremst í því að hækka gjöldin með tilliti til þeirra verðbreytinga sem miðað er við í forsendum fjárlagafrv. Enn fremur er samkvæmt frv. verið að koma til móts við bifreiðaeigendur þannig að þeir geta fengið bifreiðar sínar skoðaðar án þess að það sé búið að greiða bifreiðagjaldið. Síðan er í frv. gert ráð fyrir því að flýta eindaga bifreiðagjalds um fjórar vikur eða einn mánuð, en nefndin gerir þær breytingar að eindagar bifreiðagjalds verði sex vikum eftir gjalddaga en ekki fjórar vikur eins og frv. hafði gert ráð fyrir

Öll nefndin stendur að þessari breytingartillögu og nefndarálitinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:35]
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 327 samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Vatnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 316.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 162, nál. 324, brtt. 325.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]
Brtt. 325,1.a (ný grein, verður 1. gr., a-liður,) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 325,1.b (ný grein, verður 1. gr., b-liður,) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GMS, IP, ÍGP, JBH, KB, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP.
8 þm. (GGuðbj, KÁ, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, MS, ÓRG, SighB, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 325,2 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GMS, IP, ÍGP, JBH, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (GGuðbj, KÁ, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, ÓRG, SighB, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 135. mál (Iðnþróunarsjóður). — Þskj. 161, nál. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (sóknardagar krókabáta). — Þskj. 322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (úreldingarstyrkur krókabáta). — Þskj. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Almannavæðing ríkisfyrirtækja, frh. fyrri umr.

Þáltill. KB, 214. mál. — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:44]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 17:44.

---

62. FUNDUR

þriðjudaginn 12. des.,
að loknum 61. fundi.

Dagskrá:
1. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 136. mál, þskj. 162 (með áorðn. breyt. þskj. 325). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 135. mál, þskj. 161. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Bifreiðagjald, stjfrv., 137. mál, þskj. 163 (með áorðn. breyt. þskj. 327). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:46]
Of skammt var liðið frá 2. umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 333.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 3. umr.

Stjfrv., 135. mál (Iðnþróunarsjóður). — Þskj. 161.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (upphæð gjalds og ákvörðun þess). — Þskj. 334.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:47]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, IP, ÍGP, JBH, KÁ, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, ÓRG, PBald, SighB, StB, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 337).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (álag á vanskilafé). — Þskj. 333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, IP, ÍGP, JBH, KÁ, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, ÓRG, SighB, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 335).

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 3. umr.

Stjfrv., 135. mál (Iðnþróunarsjóður). — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, DSigf, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, IP, ÍGP, JBH, KÁ, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, ÓRG, SighB, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 336).

Fundi slitið kl. 17:49.

---

63. FUNDUR

miðvikudaginn 13. des.,
kl. 2.30 miðdegis.

Dagskrá:
Til iðnaðarráðherra:
1. Raforkuframleiðsla Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar, fsp. ÁMM, 141. mál, þskj. 168.
Til félagsmálaráðherra:
2. Norræn karlaráðstefna í Stokkhólmi, fsp. KÁ, 209. mál, þskj. 270.

Raforkuframleiðsla Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar.

Fsp. ÁMM, 141. mál. — Þskj. 168.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. iðnrh. er um aukna raforkuframleiðslu Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar hljóðar svo:

Hversu mikið geta orkufyrirtækin Hitaveita Suðurnesja og Landsvirkjun aukið raforkuframleiðslu sína til þess að mæta aukinni orkuþörf vegna stækkunar álversins í Straumsvík án þess að byggja nýtt stórt vatnsaflsorkuver?

Hversu langan tíma tekur að auka raforkuframleiðsluna?

Hver yrði kostnaðurinn á orkueiningu?

[14:34]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Árni Mathiesen spyr í fyrsta lagi: „Hversu mikið geta orkufyrirtækin Hitaveita Suðurnesja og Landsvirkjun aukið raforkuframleiðslu sína til þess að mæta aukinni orkuþörf vegna stækkunar álversins í Straumsvík án þess að byggja nýtt stórt vatnsaflsorkuver?"

Hitaveita Suðurnesja getur aukið raforkuvinnslu sína nú þegar um 20 gwst. á ári án nokkurra nýrra fjárfestinga. Aukinn rekstrarkostnaður væri sáralítill ef nokkur við þessa viðbótaraukningu.

Til þess að mæta aukinni orkuþörf vegna stækkunar Ísals þarf Landsvirkjun að ráðast í eftirfarandi aðgerðir:

1. Hækka Blöndustíflu sem mun auka orkugetu raforkukerfisins um 165 gwst. á ári.

2. Fara þarf í fimmta áfanga Kvíslaveitu sem felur í sér að veita vatni úr austustu kvíslum Þjórsár um Kvíslaveitu til Þórisvatns. Samhliða er gert ráð fyrir að skipt verði um vatnshjól í Búrfellsstöð og afl hennar aukið þannig um 35 megavött. Orkuvinnslugeta kerfisins mun aukast um 375 gwst. á ári við þessar aðgerðir á Þjórsársvæðinu. Samkvæmt þessu þarf því ekki að byggja nýtt, stórt vatnsorkuver til þess að anna orkuþörf vegna stækkunar álversins í Straumsvík.

Hv. þm. spyr í öðru lagi: „Hversu langan tíma tekur að auka raforkuframleiðsluna?"

Eins og áður kom fram getur Hitaveita Suðurnesja aukið raforkuframleiðslu sína nú þegar um 20 gwst. á ári. Varðandi framkvæmdir Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að framkvæmdum við hækkun Blöndustíflu ljúki haustið 1996, við fimmta áfanga Kvíslaveitu 1997 og að búið verði að skipta um vatnshjól í Búrfellsstöð í ársbyrjun 1998.

Hv. þm. spyr í þriðja lagi: „Hver yrði kostnaðurinn á orkueiningu?"

Kostnaður við að auka raforkuframleiðslu Hitaveitu Suðurnesja um 20 gwst. á ári er óverulegur ef nokkur.

Eins og komið hefur fram við umræðu um frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings um Ísal vegna stækkunar álversins í Straumsvík hefur stjórn Landsvirkjunar ályktað að það geti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu fyrirtækisins að viðsemjendur þess hafi aðgang að orkuverðsákvæðum áður gerðs rammasamnings og samþykkti stjórnin að viðskiptaleynd skyldi ríkja um orkuverðið. Með vísun til þessarar samþykktar hafa forráðamenn Landsvirkjunar óskað eftir að ekki verði greint frá kostnaði á orkueiningu við áðurnefndar framkvæmdir Landsvirkjunar. Ég vek athygli á að Landsvirkjun hefur kynnt orkuverðssamninginn og fyrirhugaðar framkvæmdir til að mæta orkuþörf vegna stækkunar álversins á fundi með iðnn.

[14:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Raforkusamningsmál sem tengjast fyrirhugaðri stækkun álbræðslunnar í Straumsvík eru alltaf að taka á sig skoplegri myndir eða alvarlegri því að hér er ekki aðeins sagt af hæstv. iðnrh. að ekkert megi upplýsa á Alþingi Íslendinga um verð það sem samið er um vegna stækkunarinnar, verð við Ísal. En ekki aðeins það. Það má ekki gefa upp kostnað við fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar. Það tengist þessu máli. Það tengist þessari viðskiptaleynd. Það fer að verða erfitt fyrir Alþingi Íslendinga, sem þarf að standa að heimildum fyrir Landsvirkjun vegna þessara framkvæmda, að átta sig á því hvernig þetta mál er allt vaxið og ég held að það verði að fara að taka þetta einhverjum alvarlegri tökum af hálfu þingsins en gert hefur verið, þessari grafarþögn hæstv. iðnrh. sem ber fyrir sig viðskiptaleynd í sambandi við þessa samninga.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir skilmerkileg svör svo langt sem þau ná. Ég hef vissan skilning á því að hann geti ekki upplýst um þær viðskiptastærðir sem Landsvirkjun telur af viðskiptaástæðum að þeir þurfi að halda leyndum og vil ekki trufla Landsvirkjun í því efni. En það sem er merkilegt við þetta er það hversu fljótt Hitaveita Suðurnesja getur brugðist við með því að auka sína raforkuframleiðslu. Og ég vona að ég megi treysta því að þegar og ef verður af frekari stóriðju hér á landi þar sem þarf að auka raforkuframleiðsluna, þá fái Hitaveita Suðurnesja tækifæri til þess að nýta sína raforkuframleiðslu og jafnframt þá auknu virkjunarmöguleika sem hún hefur til þess að nýta á sínu þjónustusvæði. Því að eins og hv. þingheimur sjálfsagt veit þarf hitaveitan að leita framleiðsluleyfis hjá hæstv. iðnrh. og ég treysti því að það sé hægt ganga að því vísu undir þessum kringumstæðum að hitaveitan fái að auka sína framleiðslu til þess að þjóna sínu veitusvæði.

[14:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykir þetta fróðlegar upplýsingar sem hér koma fram hjá hæstv. iðnrh. Fyrr á þessu þingi spurðist ég fyrir um starfrækslu Steingrímsstöðvar í Soginu. Það kom fram í svari hæstv. iðnrh. að hún hefði ekki verið rekin á fullum afköstum. Það kom líka fram að það væri fyrirhugað að eyða 220 millj. kr. til þess að gera við stöðuna, til þess að ná upp fullum afköstum, og mér skildist á umræðunni sem spannst í kjölfarið að það væri með tilliti til fyrirhugaðrar álversstækkunar í Straumsvík.

Get ég dregið þá ályktun af því sem hæstv. iðnrh. segir að það sé ekki þörf á þessum framkvæmdum við Steingrímsstöð beinlínis til þess að framleiða nægilegt rafmagn til að halda uppi starfrækslu stækkunarinnar í Straumsvík?

[14:41]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Til þess að svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, þá er það rétt hjá hv. þm. að til þess að geta séð um orkuafhendinguna samkvæmt þeim samningi sem núna hefur verið gerður milli Ísals og Landsvirkjunar, þá er ekki nauðsynlegt út af þeim eina samningi að ráðast í framkvæmdir við Steingrímsstöð. Hins vegar til þess að mæta væntanlegri aukningu á almenna markaðnum hér þegar til lengri tíma er litið, þá eru þessar framkvæmdir nauðsynlegar í Steingrímsstöð og í þær verður ráðist. Komi einnig til aukinnar orkusölu vegna nýrra samninga til stóriðju, þá er alveg ljóst að til þeirra framkvæmda þarf að grípa.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði athugasemdir við það að ekki skyldi vera hægt að fá upplýst hver væri kostnaðurinn við framleidda orkueiningu á vegum beggja þessara fyrirtækja. Það er svo að allir stjórnmálaflokkar sem eiga sæti á Alþingi, að Þjóðvaka undanskildum reyndar sem eiga þó varamann í stjórn Landsvirkjunar, eiga fulltrúa í stjórninni. Það var einróma samþykkt í stjórn Landsvirkjunar að óska eftir því að farið yrði með þessar upplýsingar sem viðskiptaleyndarmál. (**HG:** Kostnað við virkjanaframkvæmdir.) Það sama kemur frá stjórnendum fyrirtækisins þar sem þess er óskað þegar beðið er um svar við þessari fyrirspurn að farið sé með þessar upplýsingar sem viðskiptaleyndarmál af þeirri ástæðu, hv. þm., að nú stendur fyrirtækið í samningum við fleiri aðila um hugsanlega orkusölu á næstu árum. Það er ekki þægilegt fyrir fyrirtækið að hafa allar þessar upplýsingar opinberar á sama tíma og verið er að semja við þá aðila sem vilja nýta sér eins hagstæð kjör og nokkur kostur er fyrir utan það að iðnrh. var beðinn um að fara með þessi mál sem trúnaðarmál og hann ætlar að virða og vill virða óskir fyrirtækisins í þessum efnum. Það finnst mér vera eðlilegt. Verði það ekki gert, þá væri trúnaðarbrestur milli stjórnar fyrirtækisins og iðnrn. Þar sem allir stjórnmálaflokkar eiga fulltrúa í stjórn fyrirtækisins þá eiga einstakir þingmenn líka að geta haft greiðan aðgang í gegnum sína fulltrúa í stjórn fyrirtækisins að þeim upplýsingum sem hv. þm. óskar eindregið eftir að fá upplýsingar um.

Norræn karlaráðstefna í Stokkhólmi.

Fsp. KÁ, 209. mál. — Þskj. 270.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Á því ári sem nú er að renna sitt skeið á enda var haldin heimsráðstefna kvenna í Peking, en það var einnig haldin fyrsta norræna karlaráðstefnan í Stokkhólmi. Þar var margt merkilegt til umræðu en allt of litlar fregnir hafa borist af niðurstöðum ráðstefnunnar.

Umræðan um stöðu kynjanna hefur beinst mjög að konum sl. 25 ár, eins og reyndar um aldamótin síðustu þegar kvenréttindaumræðan stóð sem hæst, en þjóðfélagsbreytingar undanfarinna áratuga hafa ekkert síður haft áhrif á líf karla en kvenna og margt hefur verið dregið fram í rannsóknum undanfarin ár varðandi líðan og hegðun karla, ekki síst það sem snýr að ofbeldi, uppeldishlutverki karla, hlut karla inni á heimilum, heilsufari karla og fleiri þætti mætti nefna. Norræna karlaráðstefnan í Stokkhólmi markaði þáttaskil í kynjaumræðunni á Norðurlöndum vegna þess einfaldlega að hún var haldin, og ég tel nauðsynlegt að koma betur á framfæri við íslenskan almenning hvað þar gerðist. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurnum til hæstv. félmrh. og jafnréttismálaráðherra:

Hverjar urðu helstu niðurstöður norrænu karlaráðstefnunnar í Stokkhólmi í apríl sl.?

Hvernig hyggst ráðherra fylgja niðurstöðunum eftir?

[14:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Því miður hafði ég ekki tækifæri til að sitja þessa norrænu karlaráðstefnu þar sem hún hófst annan eða þriðja daginn sem ég var í embætti og ég gat ekki verið þar viðstaddur en hefði haft áhuga á því að vera þar. En samkvæmt þeim fregnum sem ég hef haft dró formaður dönsku karlanefndarinnar, sem heitir Hans Bonde, saman helstu áhersluatriðin. Og þau voru þessi, með leyfi forseta:

1. Ógiftir foreldrar í sambúð fái sjálfkrafa sameiginlega forsjá barna sinna. Skoða þarf ítarlega stjórn yfirvalda á forsjármálum.

2. Réttur til foreldraorlofs á að vera einstaklingsbundinn þar með talinn launaréttur. Foreldraorlof þurfa að vera sveigjanlegri en nú er.

3. Bæði kyn skulu gegna herþjónustu en enginn sæta fangelsisdómi sem víkst undan herskyldu. — Þetta kemur okkur nú ekki mikið við.

4. Karlmönnum þarf að fjölga í störfum á dagvistarstofnunum og í yngstu bekkjum grunnskóla.

5. Rannsaka þarf aðstæður drengja í skólum á Norðurlöndum.

6. Rannsaka þarf ofbeldi karla og leiða ofbeldishneigða karlmenn til ráðgjafar og meðferðar.

7. Rannsaka þarf áhættuhegðun karla t.d. eins og hún birtist í vinnuslysum.

Þriðja atriðið á sem sagt ekki við í okkar þjóðfélagi og það fyrsta kannski ekki nema að hluta. Í lok ráðstefnunnar sendi Norræna ráðherranefndin frá sér fréttatilkynningu þar sem kom fram að ráðherrarnir væru sammála um að halda áfram starfi sem snýr að körlum og jafnrétti á eftirfarandi hátt:

1. Séð yrði til þess að hlutverk karla í jafnréttisstarfi kæmist á dagskrá kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna.

2. Norðurlöndin tækju þátt í sérfræðingaráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna í Kóreu í desember 1995, en þessi ráðstefna var nú ekki haldin.

3. Norðurlöndunum ber að taka frumkvæði í rannsóknum á körlum og hlutverki þeirra í jafnréttismálum og samfélaginu sem heild og dreifa niðurstöðum til meðlima Sameinuðu þjóðanna.

4. Skýrslu ráðstefnunnar, Norrænir karlmenn, verði dreift á kvennaráðstefnunni í Peking.

5. Norrænu jafnréttisráðherrarnir munu leggja áherslu á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs á þessum sviðum í ávörpum sínum á ráðstefnunni í Peking.

6. Norðurlöndin munu einnig ýta á þessi mál innan Evrópu, þ.e. í ESB og í Evrópuráðinu.

Í jafnréttisáætlun Norðurlanda fram að árinu 2000 er áhersla á möguleika samþættingar fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku og aukna möguleika karla til að vera með ungum börnum. Hérlendis er starfandi nefnd á vegum heilbrn. sem á að endurskoða lög um fæðingarorlof þar sem m.a. er stefnt að jöfnun réttar karla og kvenna. Um áramót lýkur starfstíma núv. karlanefndar Jafnréttisráðs en fyrir því er fullur vilji innan ráðsins að slík nefnd starfi áfram. Þrjú ráðuneyti, félmrn., heilbrn. og menntmrn., veittu fjárhagslega aðstoð við átak karlanefndarinnar, Karlar gegn ofbeldi, samanber punkt 6 í tillögum Bondes.

Herra forseti. Ég hef í undirbúningi að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu, aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, og þar er tekið á ýmsum þeim þáttum sem getið er um í niðurstöðum þessarar karlaráðstefnu, t.d. eins og því að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði skilgreind í lögum. Að vernd gegn ofbeldi verði efld jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis og vímuefnaneyslu verði auknar.

Þá er í þessari tillögu minni áform um að styrkja mjög Jafnréttisráð. Færa út verksvið þess og láta það líka yfirtaka málefni fjölskyldunnar í stað þess að í fyrri hugmyndum var hugmynd um að stofna sérstakt fjölskylduráð. Ég tel að það fari betur á því að efla Jafnréttisráð og gera það að fjölskyldu- og jafnréttisráði heldur en að fara að búa til nýtt fjölskylduráð með verksviði sem skarast á mjög mörgum sviðum við Jafnréttisráð því að fjölskyldumál verða ekki í góðu horfi nema jafnréttismál séu í heiðri höfð og jafnréttismál verða ekki í lagi fyrr en málefni fjölskyldunnar verða í lagi. Ég vil líka geta þess að í þessari tillögu er ákvæði um rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs, þ.e. að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til töku fæðingarorlofs.

Herra forseti. Ég hef notað tímann minn. Um þetta væri ég fús að tala lengur en verð að láta þetta duga.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör. Mér fannst mjög athyglisvert það sem fram kom í hans máli. Það sýnir að ég hafði rétt fyrir mér hvað þetta varðar að það þarf að koma miklu betur á framfæri þessum niðurstöðum og þeirri umræðu sem átti sér stað á karlaráðstefnunni í Stokkhólmi. Þessar áherslur sýna að það er ýmislegt sem karlar þurfa að ræða sín á milli en jafnframt eru þarna viðkvæm mál sem snerta samskipti kynjanna, sem snerta réttindi foreldra, yfirráðarétt yfir börnum og fleira slíkt. Þessu þarf vissulega að fylgja eftir.

Varðandi það sem hæstv. félmrh. nefndi síðast um það að breyta Jafnréttisráði, að styrkja Jafnréttisráð, þá þarf maður að sjá þær tillögur, hvernig þær munu verða. Það er rétt að málefni kvenna sérstaklega, jafnréttismál og fjölskyldumál snertast að miklu leyti en það er líka ákaflega mikilvægt og er alls staðar stefnan þar sem ég þekki til að styrkja stöðu kvenna sérstaklega. Það má mjög gæta þess að fara ekki að þynna þau úrræði út með því að blanda málum of mikið saman. En vissulega fléttast þessi mál, málefni fjölskyldunnar sem heildar og svo staða kvenna. Þetta er mjög skylt en þarf ekki alltaf að vera það. Staða kvenna ræðst af ýmsu öðru.

En mig langar í framhaldi af því sem fram kom hjá hæstv. félmrh. að beina tveimur spurningum til hans og þá er fyrri spurningin þessi: Styður hæstv. félmrh. það að karlanefnd Jafnréttisráðs starfi áfram? Ég tel að það sé afar brýnt að hún fái að starfa áfram og nefni þar ekki síst það átak gegn ofbeldi sem hún stóð fyrir og var að mínum dómi afar merkilegt. Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. félmrh.: Er hann reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að hér verði komið upp sérstökum úrræðum fyrir þá karlmenn sem beita ofbeldi hvort sem það er gegn konum eða börnum? Þetta er afar brýnt mál að taka á, ofbeldismálum karla, að reyna að aðstoða þá menn sem beita ofbeldi þannig að því linni.

[14:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get fullvissað málshefjanda um að það er alls ekki hugmynd mín að skerða í nokkru hlutverk Jafnréttisráðs eða draga úr hinni hefðbundnu starfsemi sem Jafnréttisráð hefur haft með höndum. Ég tel að hún sé mikilvæg og ég tel að það sé mjög mikilvægt að auka hana fremur en að draga úr henni. Út á það gengur tillagan. Í fyrsta lagi að efla Jafnréttisráð sem slíkt og í öðru lagi að auka verksvið þess.

Varðandi karlaþáttinn í jafnréttismálum þá hefur hann lent í skugganum. Ég tel að það sé eðlilegt að gefa honum gaum. Það er eðlilegt líka að áherslan hafi fyrst og fremst verið á veikara kynið, ef svo mætti segja, vegna þess að það hefur verið í mörgum tilfellum og áreiðanlega í fleiri tilfellum verr sett heldur en karlkynið, en það hefur skipast þannig að í Jafnréttisráði eru einkum konur. Ég hygg að allir aðalmenn í Jafnréttisráði séu konur en varaformaðurinn er karl. Ég tel að karlar eigi erindi inn í Jafnréttisráð og vil stuðla að því. Það var nú svo komið í sumar að ég var kominn á flugstig með að kæra fiskvinnslustöð fyrir misrétti gagnvart körlum vegna þess að þar var karlmönnum neitað um vinnu af kynferðislegum orsökum. En þessi tiltekna fiskvinnslustöð, sem ég var farinn að undirbúa að stefna, sá að sér og fór að ráða karla til snyrtingar og pökkunar á fiski.

Varðandi störf karlanefndarinnar vil ég heyra álit Jafnréttisráðs áður en ég fer að úttala mig um það hvort hún eigi að halda áfram. Ég geri ráð fyrir því hins vegar að það verði niðurstaðan að karlanefnd haldi áfram. Ég hafði þá ánægju að taka þátt í setningu þessa átaks gegn ofbeldi og flytja þar ávarp. Varðandi sérstök úrræði gegn ofbeldishneigðum karlmönnum, þá takmarkar fjárhagshlið málsins kannski aðgerðir. Ég tel að það sé atriði sem þurfi endilega að gefa gaum.

[14:57]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil gera stutta athugasemd vegna orða hæstv. félmrh. um þá sem sitja í Jafnréttisráði, að það séu einungis konur. Ég vil vekja athygli á því að það eru að sjálfsögðu tilnefningaraðilar sem ráða því hvort þeir skipa karl eða konu. (**Félmrh.:** Það hefur farið þannig.) Já, það hefur farið þannig en reyndar veit ég að lengi vel sat Gylfi Arnbjörnsson t.d. fyrir Alþýðusamband Íslands í ráðinu þannig að það hafa setið í því karlar. En ég vildi bara vekja athygli á því að það eru tilnefningaraðilarnir sem stjórna þessu. Það væri hins vegar verðugt verkefni fyrir félmrn. eða ríkisstjórnina sem hluta af þeirra fjölskyldu- eða jafnréttispólitík, að reyna að hafa áhrif á það hvernig er tilnefnt og ég fagna því ef það er vilji fyrir því.

[Fundarhlé. — 14:59]

[15:10]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 74. mál, nál. allshn., þskj. 338.

Bifreiðagjald, 137. mál, þskj. 334.

Fjöleignarhús, 164. mál, nál. félmn., þskj. 343; brtt. félmn., þskj. 344.

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, 92. mál, nál. allshn., þskj. 339; brtt. allshn., þskj. 340.

Kynferðis- og sifskaparbrot, 245. mál, beiðni DSigf o.fl. um skýrslu, þskj. 331.

Samstarfssamningur milli Norðurlanda, 198. mál, nál. utanrmn., þskj. 342.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 136. mál, þskj. 333.

Útvarpslög, 246. mál, frv. HG og MF, þskj. 341.

Fundi slitið kl. 15:11.

---

64. FUNDUR

miðvikudaginn 13. des.,
að loknum 63. fundi.

Dagskrá:

1. Kynferðis- og sifskaparbrot, beiðni um skýrslu, 245. mál, þskj. 331. *Hvort leyfð skuli.*

2. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 313. — 1. umr.

3. Einkaleyfi, stjfrv., 233. mál, þskj. 314. — 1. umr.

4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 338. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

5. Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, stjfrv., 92. mál, þskj. 94, nál. 339, brtt. 340. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

6. Samstarfssamningur milli Norðurlanda, stjtill., 198. mál, þskj. 248, nál. 342. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

7. Fjöleignarhús, stjfrv., 164. mál, þskj. 201, nál. 343, brtt. 214 og 344. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

8. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296. — 1. umr.

9. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.). — Þskj. 313.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Með frv. því sem hér er lagt fram eru lagðar til breytingar á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Áður hef ég lagt fram frumvörp sem liggja til breytinga á öðrum sviðum fjármálamarkaðarins.

Með þátttöku sinni í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögtaka meginefni ýmissa tilskipana Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu. Lög nr. 43/1993 voru sett í kjölfar aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og var bankalöggjöfin samræmd ákvæðum ýmissa þágildandi tilskipana Evrópusambandsins á þessu sviði.

Ljóst er hins vegar að aðild okkar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði leiðir til þess að innlend löggjöf á þessu sviði verður áfram í stöðugri mótun með hliðsjón af Evrópuréttinum. Þetta frv. er liður í þeirri þróun. Jafnframt er ljóst að enn frekari breytinga kann að verða þörf á umræddri löggjöf til þess að fylgja þeirri þróun sem hér á sér stað og á sér stað hjá Evrópusambandinu.

Ástæða þeirra breytinga sem hér eru lagðar til eru einkum af þrennum toga:

Í fyrsta lagi verði samþykkt að nokkrar nýjar tilskipanir Evrópusambandsins skuli vera hluti af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þær tilskipanir leiða þó ekki allar til breytinga á lögum þar sem unnt var að taka tillit til efnis þeirra við samningu laganna á sínum tíma og með setningu reglugerðar. Ákvæði tveggja tilskipana kalla þó á breytingar á ákvæðum laganna um eiginfjárkröfur viðskiptabanka og sparisjóða og innlánatryggingakerfi.

Í öðru lagi hefur komið í ljós að þrátt fyrir að íslensk bankalöggjöf hafi í meginatriðum verið samræmd helstu tilskipunum ESB sem í gildi voru þegar Ísland gerðist aðili að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, þá eru enn nokkur atriði sem lagfæra þarf með breytingum á lögum þessum. Hefur Eftirlitsstofnun EFTA bent á nokkur atriði þar að lútandi.

Í þriðja lagi hafa með framkvæmd laganna komið í ljós nokkur atriði í núgildandi löggjöf sem betur mættu fara.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að helstu breytingum sem lagðar eru til í því frv. sem hér liggur fyrir. Veigamestu breytingarnar sem lagðar eru til í frv. snúa annars vegar að ákvæðum um eigin fé, eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða en hins vegar að ákvæðum um innstæðutryggingar. Í 8. og 9. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 54. og 55. gr. laganna um eigið fé og eiginfjárhluta viðskiptabanka og sparisjóða. Þær breytingar eru gerðar til samræmis við ákvæði tilskipunar Evrópuráðsins, nr. 6/1993, frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Megintilgangur hennar er að tryggja að eiginfjárhlutfall fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana endurspegli ýmiss konar áhættu sem fyrirtækið tekur á sig vegna markaðsáhættu og vegna gengisáhættu. Þá er í tilskipuninni kveðið á um lágmarksstofnfé fjárfestingarfyrirtækja.

Einnig er þar að finna ákvæði er lúta að hámarki lána og ábyrgða til einstakra viðskiptavina eða fjárhagslega tengdra viðskiptavina og ákvæði er lúta að eftirliti á samstæðugrundvelli.

Í frv. til nýrra laga um verðbréfaviðskipti sem ég hef þegar lagt fram er m.a. kveðið á um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Hér er lagt til að ákvæðum þessara laga verði breytt til samræmis við orðalag hliðstæðra ákvæða í fyrrgreindu frv. til laga um verðbréfaviðskipti.

Mikilvægasta breytingin frá gildandi lögum er sú að viðskiptabönkum og sparisjóðum verður heimilt að telja nýjan lið, eiginfjárþátt C, til eigin fjár. Um er að ræða víkjandi lán sem tekin eru til minnst tveggja ára. Ýmis skilyrði gilda um þennan eiginfjárþátt og eru þau talin upp í ákvæðinu.

Í 16. gr. frv. eru lagðar til verulegar breytingar á X. kafla laganna í því skyni að lögfesta meginatriði tilskipunar nr. 19/1994, frá 30. maí 1994, um innlánatryggingakerfi. Í tilskipuninni er skilgreining á hugtakinu innstæðurými önnur en sú skilgreining sem beitt hefur verið hér á landi. Undir skilgreiningu tilskipunarinnar falla þannig tiltekin verðbréf auk hefðbundinna innlána. Í þessu frv. er hins vegar lagt til að nýtt verði heimild í tilskipuninni til þess að undanskilja liði eins og verðbréf. Þess vegna er gert ráð fyrir að skilgreiningarhugtakinu innlán verði ekki breytt. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að heimild tilskipunarinnar til að undanskilja aðra liði sem lækka tryggingunа á einstökum liðum verði nýtt. Því er gert ráð fyrir að gildissvið tryggingarinnar hér á landi verði óbreytt frá því sem verið hefur að undanskildum innstæðum í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem verða skilyrðislaust að vera undanþegnir tryggingunni.

Hér á landi gildir að bætur skuli skertar hlutfallslega jafnt ef eignir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka eða Tryggingarsjóðs sparisjóða duga ekki til að bæta innstæðu að fullu. Í tilskipuninni er hins vegar gert ráð fyrir því að innstæður upp að jafnvirði 20 þúsund ECU skulu bættar að fullu. Þeta þýðir að breyta verður innstæðutryggingunni hér á landi á þann hátt að samanlagðar innstæður innstæðueiganda undir þessu marki verða að fullu tryggðar, en hugsanleg skerðing vegna ónógrar eignar tryggingarsjóðanna verða að koma á þann hluta samanlagðrar innstæðu sem er umfram fyrrgreind mörk.

Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að til greiðslu úr tryggingarsjóðum geti komið fyrr og undir öðrum kringumstæðum en gilt hefur hér á landi. Í tilskipuninni er miðað við að greiðsla skuli innt af hendi þegar viðskiptabanki eða sparisjóðir að mati lögbærra yfirvalda eru ekki af fjárhagslegum ástæðum færir um að endurgreiða nú þegar eða í nánustu framtíð innstæðu í samræmi við þá skilmála sem um hana gilda. Slíkt mat verður að liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að staðfest var að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður gat ekki endurgreitt innstæðuna.

Hér á landi hefur hins vegar verið miðað við að viðskiptabanki eða sparisjóður hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta. Því verður að breyta með lögum hér að lútandi.

Í 16. gr. frv. er lagt til að sá hluti af starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða sem snýr að innstæðutryggingum verði sameinaður Tryggingarsjóði viðskiptabanka í ársbyrjun 1996

undir heitinu Tryggingarsjóður innlánsstofnana. Sá sjóður mun annast innstæðutryggingar hjá öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum auk þess sem hann getur veitt þessum stofnunum víkjandi lán til að efla eigin fjárstöðu þeirra. Nýi sjóðurinn yfirtekur allar eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og verður sá sjóður lagður niður. Lagt er niður að Tryggingarsjóður sparisjóða greiði Tryggingarsjóði innlánsstofnana 300 millj. kr. við stofnun þess síðarnefnda. Þessi fjárhæð er rétt rúmlega 1% af áætluðum tryggðum innstæðum í sparisjóðunum 1994 miðað við reglur frv. Heildareign Tryggingarsjóðs innlánsstofnana verður milli 1.800 og 1.900 millj. kr. við stofnun hans eða vel yfir 1% af áætluðum tryggðum innstæðum samkvæmt reglum frv. Sameining tryggingarsjóðanna leiðir því ekki til þess að viðskiptabankar og sparisjóðir þurfi að hefja inngreiðslur í hinn nýja sjóð.

Þá er lagt til að Tryggingarsjóður sparisjóða starfi áfram með sömu starfsheimildir og áður að undanskildum innstæðutryggingum. Tryggingarsjóður sparisjóða hefur á undanförnum árum gegnt veigamiklu hlutverki í endurskipulagningu sparisjóðakerfisins og átt þátt í að greiða fyrir sameiningu ýmissa sparisjóða og fjárhagslegri endurskipulagningu nokkurra. Þannig hefur hann átt þátt í því að auka öryggi sparisjóðanna. Ætla má hins vegar að þörf sparisjóðanna fyrir slíka aðstoð muni minnka á næstu árum. Þannig má ætla að sparisjóðaheildir verði öflugri ef frekari árangur næst í sameiningu. Auk þess hafa lög og reglur á þessu sviði tekið nokkrum breytingum á síðustu árum í þá átt að treysta öryggi í rekstri þessara stofnana.

Eins og fram er komið var með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, lögfest meginefni þeirra tilskipana ESB sem áður voru í gildi. Til þess að tryggja fullnægjandi samræmingu hefur Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við viðskrn. og Seðlabanka Íslands farið yfir íslensk lög með tilliti til þess hvort náðst hafi fullnægjandi samræmi milli hennar og tveggja tilskipana í ESB, þ.e. 1. bankatilskipunarinnar, nr. 780/1977, og 2. bankatilskipunarinnar, nr. 645/1989. Í kjölfar þessarar athugunar hefur verið ákveðið að leggja til tilteknar breytingar á lögunum.

Helstu breytingarnar sem rekja má til þessarar sameiginlegu endurskoðunar íslenskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæðum 4., 26. og 89. gr. laganna um veitingu, synjun og afturköllun starfsleyfis verði breytt, sbr. 1., 4. og 20. gr. frv. Þannig er lagt til að kveðið verði ítarlega á um efni og fylgigögn umsóknar um starfsleyfi. Auk þess vantar í lögin ákvæði um að starfsleyfi verði afturkallað ef stofnun hefur ekki starfsemi innan 12 mánaða frá veitingu þess og enn fremur vantar ákvæði um að ákvörðun ráðherra um veitingu leyfis skuli liggja fyrir innan 6 mánaða frá því að umsókn barst til hans.

2. Lagt er til að ákvæðum 3. mgr. 46. gr. laganna um eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði í öðrum fyrirtækjum verði breytt til samræmis við ákvæði tilskipunar, sbr 5. gr. frv.

3. Lagt er til að í lögunum verði kveðið á um að dótturfyrirtæki eins eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóðs í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins geti starfað hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um sambærilegan rétt innlendra fyrirtækja til að starfa annars staðar á hinu Evrópsku efnahagssvæði. Þessar heimildir ná einnig til umræddra dótturfyrirtækja, en með því er átt við hina svokölluðu þriðju kynslóð fjármálastofnana. Ákvæði þessa efnis eru í 17.–19. gr. frv.

Þá er í 21. gr. frv. lagt til að kveðið verði á um að bankaeftirlitinu beri að aðstoða lögbær yfirvöld í öðru ríki á hinu Evrópska efnahagssvæði gerist innlendur viðskiptabanki eða sparisjóður brotlegur við lög þess ríkis.

Auk þess sem hér er á undan rakið hafa við framkvæmd laganna komið í ljós nokkur atriði sem betur mætti fara. Þannig er í 2. gr. frv. lagt til að fellt verði á brott ákvæði laganna um að ríkisviðskiptabankarnir skuli leita eftir samþykki Alþingis til að taka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu sína, sbr 1. gr. frv. Þetta er gert að tillögu Seðlabanka Íslands sem bent hefur á að ríkisbankarnir taki lán með margs konar hætti án sérstakrar heimildar Alþingis, svo sem með sölu verðbréfa og víxla og slíkar lántökur feli í raun í sér ríkari skuldbindingar en víkjandi lán. Því þykir rétt að umrædd ákvæði verði felld brott úr lögum.

Einnig má nefna að lagðar eru til nokkrar breytingar á VII. kafla laganna um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil. M.a. eru lagðar til breytingar til samræmis við lög nr. 144/1994, um ársreikninga, og fyrirliggjandi er frumvarp um verðbréfaviðskipti. Þá er lagt til að reglur sem bankaeftirlitið setur samkvæmt ákvæðum kaflans verði bindandi en ekki almennar og leiðbeinandi eins og nú er.

Þá má nefna að lagt er til að ákvæðum laganna sem kveðið er á um, Lánastofnun sparisjóðanna hf., verði breytt með tilliti til þess að Sparisjóðsbanki Íslands hf. hefur verið stofnaður.

Herra forseti. Ég hef nú rakið meginefni þessa frv. og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækningalyf, lyfjavernd o.fl.). — Þskj. 314.

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

Lagabreytingar þær sem hér um ræðir eru nauðsynlegar vegna skuldbindingar Íslands annars vegar samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og samningnum um hugverkarétt í viðskiptum og hins vegar samkvæmt EES-samningnum. Enn fremur eru teknar inn í frv. nokkrar breytingar samkvæmt tillögum vinnuhóps sem starfað hefur á vegum norrænu einkaleyfastofunnar.

Sú breyting, sem hafa mun mest áhrif, verði frv. að lögum, felst í því að heimilt verður að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi. Hingað til hefur einungis verið unnt að fá einkaleyfi fyrir aðferð við að framleiða lyf. Í núgildandi einkaleyfalögum sem tóku gildi 1. jan. 1992 er ákvæði þess efnis að heimilt skuli að veita afurðaeinkaleyfi, þ.e. fyrir lyfinu sem slíku fimm árum eftir gildistöku laganna. Samkvæmt þessu hefði átt að vera unnt að veita slíkt einkaleyfi hér á landi eftir 1. jan. 1997. Í samningnum um

hugverkarétt í viðskiptum er hins vegar að finna ákvæði sem skyldar aðildarríki sáttmálans til að heimila veitingu slíkra einkaleyfa eftir eitt ár frá gildistöku samningsins sem er 1. jan. 1996. Þetta ákvæði GATT-sáttmálans hefur það í för með sér að umrædd heimild tekur gildi einu ári fyrr en gert var ráð fyrir í einkaleyfalögum okkar.

Önnur breyting sem rétt er að nefna varðar nýtt ákvæði um svonefnd nauðungarleyfi. Samkvæmt hugverkaréttarsamningi GATT er gert ráð fyrir að aðildarríki setji skýrar reglur um nauðungarleyfi. Með nauðungarleyfi er átt við að heimiluð sé hagnýting einkaleyfis án samþykkis einkaleyfishafa. Þessi takmörkun á einkaleyfarétti er talin réttlætanleg þegar almannahagsmunir eða aðrir veigamiklir hagsmunir eru í húfi.

Þá má nefna breytingu vegna umræddra hluta GATT-samningsins er varðar sérákvæði um sönnunarbyrði vegna aðferðareinkaleyfa. Í ákvæðinu felst að sá sem talinn er brjóta gegn einkaleyfi sem tekur til aðferðar við framleiðslu skal færa sönnur á að hans aðferð sé önnur en hinnar einkaleyfðu.

Sú breyting sem leiðir af EES-samningnum varðar viðbótarvottorð fyrir lækningalyf. Lagt er til að ESB-reglugerð nr. 1768/1992 um þessi efni hafi lagagildi hér á landi.

Reglugerð ESB um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja er tilkomin vegna þess að hinn raunverulegi eða virki gildistími einkaleyfa á sviði lyfja er oft mun styttri en annarra einkaleyfðra uppfinninga. Ástæðurnar má rekja til þeirra umfangsmiklu tilrauna sem oft eru undanfari framleiðslu og markaðssetningar margra lyfja. Ekki er óalgengt að helmingur einkaleyfistímans, sem er 20 ár, líði áður en heimilt er að markaðssetja lyf. Til að bæta úr þessu kveður ESB-reglugerðin á um að verndartími fyrir lyf skuli lengdur um fimm ár með útgáfu viðbótarvottorðs.

Í samræmi við framangreint er í frv. kveðið á um lagagildi reglugerðar hér á landi og meginreglur varðandi viðbótarvernd fyrir lyf hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að þessar reglur taki gildi hér á landi fyrr en á árinu 1998.

Rétt er að fara nokkrum orðum um það hver yrðu helstu áhrif þeirra breytinga sem frv. fjallar um. Þegar unnt verður að fá einkaleyfi fyrir lyfjum hér á landi má gera ráð fyrir að erlend lyfjafyrirtæki muni í ríkari mæli en verið hefur sækja um einkaleyfi hér á landi. Hingað til hafa íslensk fyrirtæki getað framleitt svonefnd samheitalyf sem eru eftirlíkingar erlendra lyfja þar sem erlendir lyfjaframleiðendur hafa ekki getað verndað lyfin með einkaleyfi hér á landi. Benda má þó á að breyting þessi snertir aðeins þau lyf sem ekki eru þegar komin á markað hér.

Líklegt er að umrædd breyting muni hafa í för með sér einhverja hækkun á verði lyfja því talsverð bið verður á því að samheitalyf, sem oftast er ódýrara, komi á markaðinn. Þetta mun hafa í för með sér einhverja aukningu á útgjöldum, bæði fyrir almenning og heilbrigðiskerfið.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.). — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kynferðis- og sifskaparbrot.

Beiðni DSigf o.fl. um skýrslu, 245. mál. — Þskj. 331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Beiðni leyfð með 38 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 4.–7. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (alþjóðasamningur um bann við pyndingum). — Þskj. 74, nál. 338.

[15:39]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir nál. á þskj. 338, um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa upp þetta nefndarálit:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Björgu Thorarensen, deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Íslandsdeild Amnesty International, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Fangavarðafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins, Landssambandi lögreglumanna og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Hún vill þó benda á að í umsögnum Íslandsdeildar Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands komu fram ábendingar um nauðsyn þess að gerður verði samanburður á ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasáttmála, sem Ísland er aðili að, og íslenskum lögum og réttarframkvæmd."

Undir nefndarálitið rita Sólveig Pétursdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Kristján Pálsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ögmundur Jónasson, Ólafur Örn Haraldsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Hjálmar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, 2. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 94, nál. 339, brtt. 340.

[15:40]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. á þskj. 339, um frv. til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., ásamt meðfylgjandi brtt. á þskj. 340.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Björgu Thorarensen, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Barnaheillum, barnaverndarstofu, Sálfræðingafélagi Íslands, Bernskunni, Geðlæknafélagi Íslands, Heimili og skóla, Sýslumannafélagi Íslands, barnaverndarráði, biskupsstofu og réttarfarsnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali, eins og ég gat um hér áðan. Í þeim breytingum felst:

1. Tekin eru af tvímæli um að dómsmálaráðuneytinu er aðeins ætlað að endurskoða ákvörðun sýslumanns að því er varðar inntak umgengnisréttarins, en ekki framkvæmd aðfarargerðar að öðru leyti. Skv. 3. mgr. 37. gr. barnalaga úrskurðar sýslumaður ávallt um inntak umgengnisréttar ef foreldra greinir á um umgengnina. Fullnusta sýslumanns á erlendri umgengnisréttarákvörðun á grundvelli Evrópusamningsins er undantekning frá þeirri meginreglu íslenskra laga að ekki verði gerð aðför til að fullnægja ákvörðun um umgengnisrétt, sbr. niðurlag 38. gr. barnalaga. Þykir eðlilegt að ákvörðun um inntak umgengnisréttarins verði áfram í höndum sýslumanns með kæruheimild til dómsmálaráðuneytis en færist ekki til dómstóla samhliða öðrum ágreiningsefnum um aðfarargerðina.

Að öðru leyti en því sem snertir inntak umgengnisréttarins er orðað sérstaklega í breytingartillögunni að komi ágreiningur upp um önnur atriði varðandi aðfarargerðina gildi almennar reglur aðfararlaga. Með þessu er fyrst og fremst átt við ákvæði 14. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, um úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar eða um endurupptöku hennar og 15. kafla sömu laga um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.

2. Með því að bæta inn í 16. gr. frumvarpsins ákvæði um að aðeins beiðandi geti krafið dóminn um skýringar eru tekin af tvímæli um að þessi heimild er einskorðuð við hann. Beiðandi getur krafist skýringanna beint eða fyrir milligöngu móttökustjórnvaldsins hér á landi, þ.e. dómsmálaráðuneytisins.

2. mgr. 16. gr. er byggð á 2. mgr. 11. gr. Haagsamningsins. Þar segir að þeir sem geti krafist skýringa samkvæmt ákvæðinu séu beiðandi eða móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni er beint til (þ.e. dómsmálaráðuneytið hér á landi) annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk móttökustjórnvalds þess ríkis sem ber fram beiðni.

Rétt er að vekja athygli á að þessi regla er undantekning frá þeirri meginreglu íslensks réttarfars að dómari verði ekki krafinn skýringa eða verði skylt að tjá sig um gang máls á meðan það er til meðferðar fyrir dómi. Á móti kemur þó að reglan er afdráttarlaust bundin í 1. mgr. 11. gr. Haagsamningsins og er þannig þjóðréttarleg skuldbinding sem samningsríkjum er óheimilt að gera fyrirvara við. Þess má geta til hliðsjónar að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur reglan verið lögfest í sambærilegar meginreglur réttarfars um að dómari verði almennt ekki krafinn skýringa um mál sem eru til meðferðar fyrir dómi. Um þetta atriði var talsvert rætt í allshn. við meðferð málsins

3. Tilvísun í barnalögin, í 17. gr. frumvarpsins, er gerð afdráttarlaus, enda ekki önnur ákvæði þeirra sem koma sérstaklega til álita varðandi þetta atriði. Í 4. mgr. 34. gr. barnalaganna eru skýrar reglur um hvenær skylt er að leita afstöðu barns og hvaða aðferðum er beitt í því markmiði.

Rétt er að benda á að í umsögn Barnaheilla um frumvarpið kemur fram að nauðsyn sé að kanna hvort ekki beri að fullgilda hér á landi Norðurlandasamning frá 1977, um viðurkenningu og fullnustu norrænna einkamálaákvarðana, sem heimilar að fullnægja ákvörðunum um forsjá, umgengnisrétt eða afhendingu á barni sem teknar eru í einu Norðulandanna í einhverju hinna, ef ákvörðun er fullnustuhæf í því landi þar sem hún var tekin. Tekur þessi samningur bæði til barna giftra og ógiftra foreldra.

Undir þetta nefndarálit og breytingartillögur rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Kristján Pálsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ögmundur Jónasson, Ólafur Örn Haraldsson, Arnbjörg Sveindóttir og Hjálmar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarfssamningur milli Norðurlanda, síðari umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248, nál. 342.

[15:46]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur tekið þetta mál til umfjöllunar og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Að nefndarálitinu standa allir þeir nefndarmenn sem á fundi voru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 2. umr.

Stjfrv., 164. mál (eignaskiptayfirlýsingar og bílskúrar). — Þskj. 201, nál. 343, brtt. 214 og 344.

[15:47]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Hæstv. forseti. Eftir að lög þessi tóku gildi varð nokkur bið á því að reglugerð yrði sett til þess að fylgja einstökum ákvæðum laganna eftir, en þegar sú reglugerð leit dagsins ljós kom í ljós að þar var um nokkuð flókna hluti að ræða sem aftur sýndu fram á það að taka varð á nokkrum atriðum í lögunum. Þau atriði snúa fyrst og fremst að eignaskiptayfirlýsingum sem kveðið er á um við eignaskipti á íbúðum og þurfa að liggja fyrir þegar íbúðir eru keyptar og seldar. Í öðru lagi er kveðið á um það í frv. hvernig staðið skuli að þessum eignaskiptayfirlýsingum og hvaða kröfur skuli gera til þeirra sem vinna slíkar yfirlýsingar og er þar gengið út

frá því að hér eftir þurfi sérstakt leyfi til þess að gera eignaskiptayfirlýsingar og að halda þurfi námskeið til þess að gera fólki kleift að vinna þetta verk sem orðið er býsna flókið. Í þriðja lagi er svo meginefni þessa frv. varðandi bílskúra og hvernig farið skuli með bílskúra í eigu utanaðkomandi aðila.

Nefndin hefur farið yfir þetta mál og kallað fjölmarga aðila á sinn fund og er skemmst frá að segja að það atriði sem einkum var gagnrýnt snýr að því að hér eftir skuli þess vera krafist að þeir aðilar, sem gera eignaskiptayfirlýsingar, skuli hafa sérstakt leyfi, en það komu fram afar sterkar röksemdir varðandi það atriði, að þetta væri einfaldlega það mikið og flókið verk að það væri rétt að hafa fyrirkomulagið með þessum hætti.

Engu að síður vill félmn. leggja til nokkrar breytingar á frv. til þess að gera það skýrara.

Lögð er til breyting á 1. gr. frumvarpsins til skýringar á því hvenær allir eigendur fjöleignarhúss þurfi að undirrita eignaskiptayfirlýsingar. Er þar vísað til A-liðar 1. mgr. 41. gr. laganna, en í 9. og 10. tölul. þess stafliðar er tilvitnun til ákvæða 4. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 57. gr. laganna. Í þeim ákvæðum er annars vegar kveðið á um að einstökum eigendum verði ekki fenginn aukinn og sérstakur réttur til hagnýtingar sameignar umfram aðra eigendur nema allir eigendur ljái því samþykki. Hins vegar segir að húsfélag geti ekki tekið ákvarðanir gegn vilja eiganda sem feli í sér meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og umráðarétti hans yfir séreign en leiði af ákvæðum laganna eða eðli máls. Í slíkum tilvikum þarf eignaskiptayfirlýsing fortakslaust að vera undirrituð af öllum eigendum, þ.e. ef leggja skal ríkari skyldur eða kvaðir á eigendur eða skerða rétt eigenda meira en gengur og gerist í sambærilegum húsum á grundvelli fyrirmæla laganna. Með sömu rökum er lögð til breyting á 4. gr. frumvarpsins.

Þá eru lagðar til breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Breytingarnar eru í fyrsta lagi nánari útlistun á hvaða skilyrðum menn þurfi að fullnægja til að fá leyfi félagsmálaráðherra til að gera eignaskiptayfirlýsingar. Í öðru lagi er lögð til breyting sem felur í sér að þeir sem eftir leyfi sækjast þurfi ekki nauðsynlega að gangast undir próf til að fá leyfið heldur að sýna fram á það, m.a. með verkum sínum að þeir standist þessar kröfur. Nefndin telur að ýmsir aðrir kostir en próf komi til greina.

Þá vill nefndin koma því sérstaklega á framfæri vegna athugasemda sem fram komu hjá lögmönnum að þess verði gætt við samningu reglugerðar á grundvelli þessara breytinga á lögunum að skoðað verði sérstaklega hvort ástæða sé til að leyfishafi taki sérstaka starfsábyrgðartryggingu. Slíkt tíðkast mjög á hinum almenna markaði þar sem menn eru að tryggja sig, einkum fyrir gáleysisbrotum. Þess var einnig getið að menn tryggðu sig fyrir ásetningsbrotum, en það er nokkuð sérstakt og á ekki við í þessu tilviki.

Þá er þess að geta, hæstv. forseti, að við 1. umr. um þetta mál kom fram brtt. frá Kristínu Halldórsdóttur sem snertir dýrahald, þ.e. hunda og ketti, í fjöleignarhúsum. Nefndin tók ekki afstöðu til þessarar tillögu en hún kemur að sjálfsögðu til atkvæða. Hins vegar kom það fram í umfjöllun nefndarinnar að sá ótti sem var uppi þegar þessi lög voru til samþykktar á sínum tíma hefur reynst ástæðulaus. Eins og formaður Húseignafélags Reykjavíkur komst að orði, þá áttu menn von á miklu blóðbaði í fjöleignarhúsum landsins en það varð ekki heldur hefur eftir því sem best er vitað náðst ágætis samkomulag um það hvernig þessum málum skuli háttað og því er það spurning hvort þörf sé á þessari tillögu, en alþingismönnum gefst kostur á því að taka afstöðu til þess þegar þar að kemur.

Hæstv. forseti. Undir nefndarálitið rita auk mín Kristján Pálsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Magnús Stefánsson, Drífa Sigfúsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir en Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296.

og

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297.

[15:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vildi, með leyfi forseta, og ef enginn gerir athugasemdir fá að mæla fyrir 8. og 9. dagskrármálunum sameiginlega. Það eru samkynja mál um innritunargjöld eða skrásetningargjöld í Háskóla Íslands annars vegar og Háskólann á Akureyri hins vegar. Tilefni frumvarpanna er hið sama, þ.e. að umboðsmaður Alþingis gerði athugasemd við það á liðnu vori með áliti sem er dagsett 19. maí 1995 að ekki væri nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella undir skrásetningargjald í háskólana og hvernig megi ráðstafa gjaldinu. Í framhaldi af því eru þessi frumvörp flutt, annars vegar um breytingu á 21. gr. laga um Háskóla Íslands og hins vegar á 15. gr. laga um Háskólann á Akureyri. En eins og segir í athugasemdum við frv. varðandi Háskóla Íslands, þá lýtur breytingin á 21. gr. laganna að því að treysta lagagrundvöll undir töku skrásetningargjalds af stúdentum Háskóla Íslands. Er slík breyting nauðsynleg í ljósi álits umboðsmanns Alþingis.

(**Forseti** (RA): Má ég biðja hæstv. menntmrh. að gera hlé á ræðu sinni andartaksstund. Samkvæmt þingsköpum þarf að leita heimildar þingmanna til þess að mæla megi fyrir tveimur málum samtímis og ef enginn andmælir því, þá verður það gert. — Engum andmælum er hreyft og heldur þá hæstv. menntmrh. áfram ræðu sinni.)

Ég þakka fyrir, herra forseti. Eins og ég sagði er álit umboðsmanns nr. 836/1993, dags. 19. maí 1995, þar sem fram kemur að skrásetningargjaldið er talið þjónustugjald og ekki nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella þar undir og hvernig megi ráðstafa gjaldinu. Sértekjur sem háskólinn aflar með skrásetningargjaldi þurfa þannig að hafa skýra lagastoð. Hið sama gildir um ráðstöfun hluta þeirra til annarra aðila en háskólans sjálfs. Í framhaldi af álitinu mæltist ég til þess við háskólaráð að Háskóli Íslands gerði tillögu um breytingu á háskólalögum til að treysta lagagrunn undir töku skrásetningargjalds. Tillaga þessa efnis var samþykkt í háskólaráði 24. ágúst 1995 og barst menntmrn. 4. sept. 1995 og tekur hún til 1. mgr. 1. gr. frv. að því er Háskóla Íslands varðar.

Ráðuneytið féllst á tillögu háskólans en gerði á henni breytingar að því er varðar árlega endurskoðun gjaldsins við setningu fjárlaga og stöðu stúdentaráðs. Ráðuneytið telur eðlilegt að samið sé við stúdentaráð Háskóla Íslands um að það sinni sérstökum verkefnum fyrir Háskóla Íslands og til þess sé varið hluta skrásetningargjalda til skólans. Í tillögu ráðuneytisins er tekið mið af því að í drögum að samningi háskólaráðs og stúdentaráðs sem fylgja tillögu Háskóla Íslands kemur fram að umsamin verk eru ekki öll á starfssviði stúdentaráðs, heldur einnig stúdentaskiptasjóðs. Í tillögu ráðuneytisins er tekið mið af sjálfstæði stúdentaráðs sem samningsaðila, en í bréfi ráðuneytisins til stúdentaráðs frá 14. ágúst 1995 segir að stúdentaráð sé félagsskapur stúdenta sem komi fram fyrir þeirra hönd í samskiptum við menntmrn. og ráðuneytið telur að tryggja beri stjórnarskrárverndaðan rétt manna til að standa utan félaga.

Sú tilhögun, sem síðan er tekin upp eins og frv. ber með sér, er sú að skrásetningargjaldið er ákveðið 24 þús. kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólaráði er heimilað að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli háskólans og stúdentaráðs Háskóla Íslands sem háskólaráð staðfestir. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan skrásetningartímabila og síðan segir að þeir teljist einir stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms og í reglugerð megi kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

Frv. fylgir síðan sem fskj. drög að samningi Háskóla Íslands og stúdentaráðs Háskóla Íslands og þar er greint frá þeim verkefnum sem stúdentaráð tæki að sér ef þessi skipan kæmist á eins og hér er mælt fyrir um. Umræður hafa orðið um það hvað gerðist ef stúdentaráð tæki ekki að sér slík verkefni fyrir háskólaráð og ekki yrði gerður slíkur samningur. Þá hlyti upphæð gjaldsins að koma til skoðunar og hvernig að því væri staðið, en það er ljóst að um skylduaðild er ekki að ræða að stúdentaráði, enda væri það brot á nýsamþykktum stjórnarskrárákvæðum.

Að því er varðar frv. til laga um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri þá er það, eins og ég sagði, um samkynja mál að ræða. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga að lagabreytingu er flutt eru athugasemdir umboðsmanns Alþingis. Tilhögunin er eins og í Háskóla Íslands. Gjaldið er ákveðið 24 þús. kr. Upphæð þess kemur til endurskoðunar við gerð fjárlaga ár hvert. 13% af gjaldinu má verja til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og allt að 10% til sérstakra verka samkvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri sem háskólanefnd staðfestir. Frumvarpinu fylgir síðan skipulagsskrá Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri. Það er öðruvísi að málum staðið heldur en í Háskóla Íslands þar sem eru lög um Félagsstofnun stúdenta. Hér eru einnig drög að samningi Háskólans á Akureyri og Félagsstofnunar stúdenta.

Málið held ég að liggi mjög skýrt fyrir, herra forseti. Það er einfalt í eðli sínu. Verið er að bregðast við athugasemdum og áliti umboðsmanns Alþingis. Menn geta deilt um það hvort þessi skrásetningargjöld eigi að leggja á eða ekki. Þær deilur hafa verið hér uppi á Alþingi. Ef menn vilja fara út í umræður um það vegna þessara frv. þá er það sjálfsagt og eðlilegt að menn ræði það mál. En hér er verið að formfesta þetta og treysta lagaforsendur fyrir því að innheimta þessi skrásetningargjöld og heimila háskólanum að ráðstafa þeim með þeim hætti sem getið er í viðeigandi lagagreinum.

[16:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli með þessum frv. taka af öll tvímæli um heimild til handa Háskóla Íslands og í þessu tilfelli einnig Háskólanum á Akureyri, en ég er einkum að ræða hér um Háskóla Íslands, að honum sé heimilt að taka þau skráningargjöld sem hann hefur neyðst til að taka undanfarin ár vegna lágra fjárveitinga til skólans. Eins og við vitum er ekki heimilt að setja skólagjöld á í íslenskum skólum og því er hér lagt til að þetta verði skráningargjald og er það þá hugsað sem það standi undir þeim kostnaði sem af skráningu hlýst. Mér er ekki alveg ljóst hvernig þessi upphæð, 24 þús. kr., er fengin og reyndar dreg ég í efa að skráningin kosti þetta mikið fé. Ég vek einnig athygli á því að þetta er ekki föst upphæð heldur er stjórnvöldum heimilt að breyta henni frá ári til árs. Það er stórpólitísk ákvörðun að setja skólagjöld á í Háskóla Íslands sem ég er mótfallin. En við skulum halda okkur við skráningargjöld og þá vil ég sem starfsmaður háskólans vekja athygli á því að það hefur haft jákvæð áhrif innan háskólans að hafa skráningargjöld. Það skapast meiri festa. Nemar skrá sig ekki að óþörfu. Það er auðveldara fyrir kennara að panta bækur og annað slíkt. En mér er stórlega til efs að þessi upphæð sé hin rétta og finnst hún reyndar fullhá og velti fyrir mér hvernig hún er fengin. Og því vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða viðmið eru notuð við að ákvarða þessa upphæð og sér hann fyrir sér að sömu viðmið verði notuð í framtíðinni þegar hún er ákvörðuð?

[16:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er nú nokkuð með blendnum hug sem maður tekur á móti þessum frv. verð ég að segja. Annars vegar er þetta staðfesting á því að það er verið að taka skólagjöld hér í háskólastofnunum og það verð ég að segja að er ekki fagnaðarefni. Þvert á móti tel ég að það sé ástæða til að gjalda varhug við því. Það er mín skoðun þó að fyrir því geti auðvitað verið ákveðin praktísk rök eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi að halda þannig á málum að reynt sé að halda utan um skráningu með ýmsum hætti og jafnvel má beita til þess einhverjum fjárhagslegum úrræðum, ég útiloka það svo sem ekki. En hitt er alveg ljóst að það er verið að innleiða hér skólagjöld í háskólanum og sambærilegum stofnunum á Íslandi og ég tel að það séu býsna alvarleg tíðindi. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var farið inn á þessa braut með því að innleiða í fyrsta lagi skólagjöld í háskóla og í öðru lagi skólagjöld í framhaldsskóla. Ég andmælti því þá mjög ákveðið og stjórnarandstaðan að tekin væru upp skólagjöld í þessum skólum, framhaldsskólum t.d., með þeim rökum að það væri engin lagagrundvöllur fyrir því og í raun og veru væri bannað samkvæmt framhaldsskólalögum að taka gjöld af nemendum til þess að standa undir rekstrarkostnaði skólanna. Það stendur í framhaldsskólalögunum að það sé þannig að ríkið borgi rekstrarkostnað skólanna. Þess vegna tel ég að það sé ekki tryggur lagagrundvöllur fyrir þeim gjöldum sem eru innheimt af nemum í framhaldsskólum. Það vil ég segja í fyrsta lagi. Um þetta urðu miklar deilur, m.a. við hv. þm. Alþfl. hér en þingmenn Sjálfstfl. voru náttúrlega í skjóli eins og venjulega af þeim sem hafa vott af samvisku í viðkomandi samstarfsflokki. En það er venjulega þannig að

það er kannski einn og einn maður í viðkomandi samstarfsflokkum Sjálfstfl. sem hefur vott af samvisku og slagurinn mæðir helst á en íhaldið er í skjóli. Þannig var það á síðasta kjörtímabili. Þeir voru í skjóli af krötunum í þessu máli og núna af Framsókn. Ég tel að það hafi skort lagagrundvöll að því er varðar framhaldsskólagjöldin. Ég tel það enn þá. Það var auðvitað hörmulegur vesaldómur af Alþfl. að láta það mál yfir sig ganga.

Hitt málið á síðasta kjörtímabili sem einnig var tekið upp voru þessi skólagjöld í háskóla. Ég hélt því líka fram þá að það væri mjög hæpið að lagagrundvöllur væri fyrir því. En hæstv. menntmrh. og meiri hluti Alþingis á þeim tíma, þar á meðal Alþfl., hélt allt öðru fram. Það væri allt í lagi að innheimta þessi gjöld. Menn þöndu sig hér daglangt og náttlangt yfir því að þetta væri allt saman í góðu lagi. Það væri nú mikið í lagi að innheimta gjöldin af því að það væri til lagagrundvöllur fyrir því. Hvað gerist svo? Svo kemur umboðsmaður Alþingis og kemst að þeirri niðurstöðu að það sé tæpur grunnur fyrir þessum gjöldum. Hæstv. núv. menntmrh. neyðist því til þess að koma með frv. upp í stólinn til að leiðrétta þessi handaverk forvera síns. Og það má segja að það komi vel á vondan þar sem er núv. hæstv. menntmrh. vegna þess að þegar hann var í menntmn. á síðasta kjörtímabili þá hélt hann utan um þetta ráðslag að taka heimildalaust gjöld af háskólanemum.

Það er náttúrlega dálítið umhugsunarefni, hæstv. forseti, að stjórnvöld geti hagað sér svona, geti leyft sér að haga sér með þessum hætti, að stinga bara höfðinu í sandinn og láta sem ekkert sé þó að fram komi mjög alvarlegar athugasemdir í viðkomandi málum hér í þessari stofnun. Það er algengt að stjórnvöld hagi sér þannig að þau láti sem Alþingi skipti engu máli. Alþingi sé fullkomið aukaatriði. Það sem hér er sagt sé algjör hégómi. Ég tek eftir því að í þeim hrokastjórnum sem Sjálfstfl. hefur myndað, bæði núverandi og fyrrverandi, þá er það línan. Alþingi er algjört aukaatriði. Ekki hlustað mikið á það. Tekur tíma og er vesen. Bara að rukka þegnana hvort sem það er í lögum eða ekki. Það er ekki fyrr að umboðsmaður lemur ráðherrann í hausinn með úrskurðum sínum að menn neyðast til að koma hér inn með mál, að vísu sneyptir, og reyna að mæla fyrir því án þess að hafa leitað heimilda hér á Alþingi í einu lagi í tveimur frv. sem hefði þó verið full ástæða til að taka fyrir í löngum umræðum en erfitt var að andmæla úr því að ráðherrann var kominn í stólinn.

Í öðru lagi er svo í þessu samhengi líka það að hæstv. núv. menntmrh. hefur ákveðið að hlutast sérstaklega til um fyrirkomulag á félagsstarfsemi háskólastúdenta með því að hafa skoðun á því hvort það er skylduaðild að félögum þar eða ekki. Það er raunar afar sérkennilegt að ráðherrar beiti sér með þeim hætti sem núv. hæstv. menntmrh. hefur gert að menn geti ekki haft það fyrirkomulag á þessu máli sem mönnum sýnist í hverjum skóla fyrir sig. Þessi valdsmennska sem núv. hæstv. ráðherra tíðkar í umgengni við skólana er ákaflega sérkennileg. Í þessu frv. er út af fyrir sig ekki kannski komið beint inn á það mál. En þó er komið að því og þess vegna nauðsynlegt að nefna það hér að ég vil láta það koma fram að það sé óeðlilegt að menntmrh. sé að hlutast til um félagsstörf háskólastúdenta með þeim hætti sem núv. hæstv. menntmrh. hefur gert. Ég tel það óeðlilegt.

Ég tel annars vegar ánægjulegt að hæstv. ráðherra skuli hafa tekið eftir því þegar umboðsmaður lamdi ríkisstjórnina í höfuðið með þessum úrskurði en hins vegar þá tel ég það ekki fagnaðarefni þegar verið er að setja lög um skólagjöld á Íslandi. Ég er þess vegna andvígur þessum frv., hæstv. forseti.

[16:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir með hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur sem fagnaði þessum frv. Ég tel að sá partur af hennar ræðu, sem laut að því að það væri ýmislegt jákvætt við skrásetningargjöld í háskólum eða framhaldsskólum, þarfnist nánari útskýringar. Hv. þm. Svavar Gestsson talaði um vesaldóm Alþfl. á síðasta kjörtímabili sökum afstöðu flokksins til innritunargjalda. Ekki vil ég nú taka að öllu leyti undir með hv. þm. og minni hann á að það voru ekki allir sem tóku undir eða voru hluti af þeim stóra hópi stjórnarliða sem greiddi atkvæði með innritunargjöldum við háskóla. Ég bendi honum á að sá sem hér stendur greiddi atkvæði gegn því, ég held einn þingmanna Alþfl. Ég bendi honum líka á að hæstv. menntmrh., páv. hv. þm., Björn Bjarnason fór fyrir þeim flokki þingmanna sjálfstæðismanna sem vildi líka koma á skrásetningargjöldum við framhaldsskóla. Það tókst fyrir atbeina Alþfl. að hnekkja því. Þar var um að ræða, ef ég man rétt, 140 millj. kr. álögur sem áttu að koma á fólk undir tvítugu árlega. Það var beinlínis fyrir atbeina Alþfl. að því var hnekkt.

Ég tel það slæmt að þetta frv. kemur fram. Ég er á móti því að innritunargjöld séu tekin við skóla af þessum toga. Ég er líka þeirrar skoðunar eins og hv. þm. Svavar Gestsson að gjöldin sem tekin eru og fara beinlínis til rekstrar framhaldsskóla styðjist ekki við lög. Ég held að það sé alveg ljóst að löggjöfin um framhaldsskólana kveði skýrt á um það að ríkið, hið opinbera, eigi að greiða rekstrarkostnaðinn en það eru fjölmörg dæmi um það í einstökum skólum, að hluti af skrásetningargjöldunum fer beinlínis til rekstrar skólanna. Og segi ég það, og ég tek undir með hv. þm. Svavari Gestssyni, að þetta er mál sem þarf að skoða. Það kemur hins vegar ekki á óvart að hæstv. menntmrh. kemur með þetta. Hann skýtur sér að vísu á bak við það að þetta sé nauðsynlegt í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis. Að hverju laut álit umboðsmanns Alþingis? Niðurstaða álitsins hneig að því að þarna væri um að ræða gjaldtöku sem ekki styddist við lög. Er þá ekki einfaldasta leiðin, hæstv. menntmrh., að hætta einfaldlega við að innheimta þetta gjald? Ég hefði talið það.

En hæstv. menntmrh. má eiga það að hann er einn þeirra manna sem hafa skýra stefnu á skólamálum. Hann er þeirrar skoðunar og hefur margsinnis komið fram að það beri að auka innritunargjöld og nota þau í ríkari mæli til að standa straum að rekstri skólakerfisins. Hann er líka einn af fáum sem hafa þorað að standa upp og segjast vera fylgjandi því að einkaskólar verði í ríkari mæli teknir upp. Ég held að þetta mál, þó saklaust sé, beri að skoða talsvert að nokkru leyti í tengslum við það. Ég held nefnilega að þó það sé kannski ekki tímabært á þessu stigi að taka umræðu um einkaskóla og innritunargjöld, þá held ég að fyrr en síðar sé það nauðsynlegt vegna þess að stefnan sem hefur gengið fram frá ríkisstjórninni og þá fyrst og fremst af munni hæstv. menntmrh. lýtur að því að á næstu árum megi búast við því að einkaskólum verði gert hærra undir höfði en áður og að innritunargjöld verði ríkari þáttur í rekstri skólanna. Þarna er um að ræða prinsipp-umræðu sem þarf að fara fram. Einkaskólar eru ekki að öllu leyti slæmir. Það eru ákveðnar tegundir einkaskóla sem er vel þess virði að skoða. Ég vil líka í framhjáhlaupi geta þess að ég tel ekki út í hött að nota innritunargjöld í einstökum tilvikum, ég nefni sem dæmi

öldungadeildir og annað því um líkt. Ég tel að þar komi til greina að nota innritunargjöld að hluta til að standa straum af kostnaðinum.

Að öðru leyti vildi ég segja það að hæstv. menntmrh. hefur að vísu ekki til þessa lagt fram sína stefnu mótaða um það hvernig hann sér þennan hluta menntakerfisins, sem ég kalla einkaskóla, þróast. En maður hefur í vaxandi mæli séð vísi að þeirri stefnu, síðast í merku erindi sem hæstv. ráðherra flutti á ráðstefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Og ég tel að innritunargjöld verði að skoðast í því ljósi. Ég held sem sagt að við munum á þessu kjörtímabili sjá aukna viðleitni frá ríkisstjórninni til að lyfta undir einkaskóla til þess að gera innritunargjöld að snarari þætti í rekstri framhaldsskólakerfisins alls. Þess vegna held ég að það sé tímabært að menn taki þessa umræðu og þá hér í þessum sölum þó ég ætli ekki tiltölulega lítt undirbúinn að hefja þá umræðu nú. En ég vil nefna þetta í þessu samhengi.

Annað vil ég nefna af því að ég hef gaman af sögulegri íróníu og hæstv. menntmrh. er einn af þeim sem fylgja þeirri hugmyndafræði sem birtist m.a. glögglega í málflutningi þess félags sem hann tilheyrði á háskólaárum sínum, Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, sem árum saman barðist fyrir því að menn þyrftu ekki að taka þátt í starfsemi stúdentaráðs Háskóla Íslands og þyrftu þar af leiðandi ekki að greiða því gjald. Núna er það hæstv. menntmrh. sem fer í kringum þetta. Hann gat þess hér í sinni ræðu að samkvæmt nýsamþykktum stjórnsýslulögum þyrftu menn ekki að vera aðilar að félagsskap eins og stúdentaráði Háskóla Íslands en þá kemur hann hér með frv. og fylgiskjal með frv. er samningur við stúdentaráð Háskóla Íslands sem gerir það í raun svo að sérhver námsmaður við Háskóla Íslands er samt sem áður knúinn til þess að greiða þetta gjald sem félagar hans í Vöku mótmæltu áður og hann kannski líka á sínum háskólaárum.

En mig langar til að varpa fram tveimur spurningum til hæstv. menntmrh. Ég held að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafi drepið á þá fyrri. Hvernig er þetta gjald, 24 þús. kr., ákveðið? Hver er hækkunin frá síðasta ári? Síðan langar mig að spyrja hæstv. ráðherra og bið forláts á því að ég náði ekki að fylgja allri hans ræðu, kom of seint og veit ekki hvort hann gerði grein fyrir afstöðu stúdentaráðs Háskóla Íslands, en mig langar til að spyrja hann: Hefur þetta mál verið borið undir stúdentaráð Háskóla Íslands og ber að skilja fylgiskjal I með frv. svo að stúdentaráð Háskóla Íslands sé búið að leggja blessun sína yfir þetta fyrirkomulag og þar með í rauninni orðinn þátttakandi í þessum innritunargjöldum sem ráðið hefur áður mótmælt?

[16:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja áherslu á það við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að Háskóli Íslands var neyddur til að setja á skráningargjöld í heimildarleysi vegna þess að fjárveitingar til skólans voru of litlar. Þess vegna finnst mér það jákvætt að ríkisstjórnin komi lagastoð undir það sem þegar er orðið. Það er fyrst og fremst það sem ég var að meina með að ég fagnaði því að háskólinn fengi lagastoð fyrir því sem hann er að gera. Það er óþolandi að háskólinn sé neyddur út í lögbrot.

En um jákvæð áhrif þessara skráningargjalda þá eru það fyrst og fremst þau eins og ég sagði áðan, og útskýrði held ég, að áður fyrr var þetta þannig að kannski voru 100 skráðir í námskeið eða fimm og síðan komu helmingi færri eða fleiri þannig að það var ekki hægt að skipuleggja kennslu. Með því að hafa skráningargjöld þá lagaðist þetta að vissu leyti. En að sjálfsögðu er ég á móti skólagjöldum. Besta lausnin á þessu máli hefði verið sú að það hefði komið lagastoð fyrir skráningargjöldum en þau hefðu verið mun lægri. Ég er að sjálfsögðu á móti skólagjöldum almennt og ég held að við hv. þm. Össur Skarphéðinsson séum algjörlega sammála um það. Ég vil hafa lág skráningargjöld en ekki skólagjöld. Þessi skráningargjöld eru fullhá, því þau vinna auðvitað gegn hinu mikilvæga markmiði um jafnrétti til náms.

[16:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir fagnar því enn þá að það skuli vera skotið lagastoð undir innritunargjaldið til að aðstoða háskólaráð við að taka þessi gjöld. Ef þessi lagastoð kæmi ekki fram í frv. hjá hæstv. menntmrh. þá væri Háskóla Íslands eftir að álit umboðsmanns er komið fram ekki stætt á því að taka þetta gjald. Ég er ekki alveg viss um að ég og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir séum fullkomlega sammála. Hún er á móti skólagjöldum en hún er samt með skráningargjöldum ef þau væru svolítið lægri heldur en þessi. Ég er ekki alveg klár á að ég fylgi þessari rökfærslu. En látum það nú vera. Ég tel alla vega að 24.000 kr. sé mjög hátt. Mér finnst það vera verulega hátt og ég held að það gæti aftrað fólki frá námi. Kannski ekki þessi upphæð. En það sem ég óttast til framtíðar er það að með verkhagan og vinnusaman ráðherra með skýra stefnu í þessu máli, eins og hæstv. menntmrh. hefur, þá óttast ég að á næstu árum muni hann stórauka innritunargjöldin vegna þess að hann hefur marglýst því yfir að hann sé þeirrar skoðunar að skráningargjöld eða skólagjöld með einhverjum móti eigi að verða snarari þáttur í rekstri skóla. Ég segi það hins vegar fyrir mína parta að mér þótti fróðlegt að heyra það hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að skráningargjöld auðvelduðu rekstur háskólans. Hún kom hér með dæmi og ég dreg það ekki í efa, hún hefur reynslu af því en ekki ég. Ég hef ekki þessa reynslu. En ég verð hins vegar að segja að það hefur hryggt mig þegar umræða um innritunargjöld við Háskóla Íslands hefur komið upp hversu tvíbent afstaða háskólakennara hefur verið.

[16:23]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. að kannski væri það mögulegur kostur að banna háskólanum að taka þessi gjöld. En á móti kæmi þá að það er ekki tryggt að mínu mati að háskólinn fengi þær tekjur á móti. Og ég held að háskólinn sé það sveltur núna í fjárveitingum að það megi ekki verða meiri skerðing. Þess vegna var þetta skásti kosturinn í stöðunni en auðvitað þarf Háskóli Íslands stórauknar fjárveitingar.

[16:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að koma með smáathugasemd inn í þessa umræðu. Það varðar upphæð skrásetningargjalda hjá Háskóla Íslands og þá aðferð sem beitt er við innheimtuna. Nú hefur því verið þannig varið að nemendur sem koma til náms eftir áramót og stunda nám aðeins í hálft ár hafa verið krafðir um þessar 24.000 kr. Ég veit að hjá efnaminni námsmönnum hafa þetta verið þó nokkuð mikil útgjöld. Það er algengt t.d. eftir stúdentspróf að námsmenn vinna e.t.v. fyrri hluta vetrar og koma síðan til náms. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh., hvort ekki komi til greina að setja inn

í þetta frv. að menn greiði einungis hálft innritunargjald ef menn koma til náms seinni hluta vetrar eða stunda aðeins nám hálfan veturinn.

[16:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar ágætu umræður. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart, að menn séu ekki sammála því að þetta gjald sé lagt á. Það er gamalkunn deila hér á hinu háa Alþingi og ég get tekið þátt í henni og stofnað til umræðna um það mál. En ég ætla ekki að gera það. Röksemdirnar sem fram hafa komið með og á móti þessum gjöldum hafa verið skýrðar hér í umræðunum. Ég sjálfur hallast að því að það sé rétt að leggja á slík gjöld. Ég sé ekkert athugavert við þá meginstefnu að menn greiði gjöld eins og þessi vegna setu sinnar í Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri frekar en ýmsum öðrum skólum.

Varðandi það hvernig gjaldið er reiknað þá kemur það fram í greinargerðinni að þar er tilgreint hvaða verkefni það eru sem háskólinn lítur á og segir þar, með leyfi virðulegs forseta:

„Skrásetningargjaldið er bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og stendur undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar má sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans."

Þarna er skilgreint hvað felst í þessu hvað það er sem er greitt af rekstrarkostnaði háskólans fyrir þetta fé. Síðan segir:

„Grunngjaldið, sem miðað er við í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, 24.000 kr., er framreiknuð sú upphæð sem háskólinn innheimti fyrir háskólaárið 1992–93. Upphæð gjaldsins mun síðan koma til árlegrar endurskoðunar við setningu fjárlaga."

Ég tel að gjaldið sé nú 24.000 kr., sama og það var á síðasta ári þannig að þarna er ekki um breytingu á fjárhæðinni að ræða. Það var hugmyndin hjá háskólanum eins og kemur fram í greinargerðinni þá breytti menntmrn. því ákvæði í tillögu háskólans að hafa þarna vísitölutengingu en það var horfið frá því miðað við þá meginstefnumörkun ríkisstjórnarinnar að slíkar tengingar séu ekki lengur eðlilegar í lögum og þess vegna stendur þarna að upphæð gjaldsins komi síðan til árlegrar endurskoðunar við setningu fjárlaga. Þannig er gjaldið fundið. Það eru sem sagt þessi efnisatriði sem tíunduð eru í greinargerðinni síðan er þetta framreiknuð fjárhæðin frá 1992–1993 sem vikið var að í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur.

Varðandi það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði um þá er það að segja að í frv. er gert ráð fyrir að innriti menn sig ekki á innritunartíma þá eigi þeir að greiða 15% álag á skrásetningargjaldið. Varðandi það hvort menn geti borgað hálft gjald eða annað slíkt þá eru ekki heimildir um það í þessu lagafrv. eins og hér kemur fram. Það eru engar undantekningar frá því að menn greiði við skrásetningu til náms skrásetningargjald sem er 24.000 kr. Þannig að ég veit ekki heldur hvað er hálft nám í háskólanum og á erfitt með að átta mig á því hvernig menn ætla að skilgreina (**Gripið fram í:** Missiri.) slíka hluti. Það er ekki mælt fyrir um slíkar heimildir í þessu frv., það sést á texta þess.

Varðandi spurninguna um skrásetningargjöld og skólagjöld. Það kom fram í máli Guðnýjar Guðbjörnsdóttur að hún gerði greinarmun, réttilega, á skrásetningargjaldi annars vegar og skólagjöldum hins vegar. Mér finnst mjög mikilvægt að menn hafi þetta í huga þegar þeir ræða þessa gjaldtöku að þarna er ekki um skólagjöld að ræða heldur skrásetningargjald því skólagjald er hugtak sem menn nota um það þegar menn borga hluta af námskostnaði sínum með gjaldi sem kallað er skólagjald. Þannig er það í Endurmenntunarstofnun háskólans. Þar eru greidd skólagjöld því þar greiða menn kostnað af náminu. Það sama er að segja um öldungadeildir framhaldsskólanna. Þar er um skólagjöld að ræða þar sem má innheimta allt að þriðjungi kostnaðar við kennsluna af nemendum. Þetta er ekki skólagjald, heldur er þetta skrásetningargjald. Ef menn ætla út í innheimtu af skólagjöldum þá er verið að stíga annað skref heldur en gert er með þessum frv. og það er mál sem víða er rætt en ekki tillaga gerð um í þessum frv. Hér er um það að ræða að staðfesta heimildina til þess að innheimta skrásetningargjöldin.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að álit umboðsmanns væri högg í höfuð stjórnvalda. Hvaða orð sem menn nota um það þá er það svo og það er hluti af okkar stjórnkerfi að unnt er að skjóta málum, álitaefnum, til umboðsmanns Alþingis og hann segir sitt álit á þeim. Það er misjafnt hvernig menn bregðast við slíkum álitum. Við getum farið í gegnum söguna hér og rifjað upp hvernig ráðherrar hafa brugðist við álitum umboðsmanns Alþingis. Sumir hafa brugðist við á þann veg að segja að álitin séu aðeins álit. Hann segi ekki annað en sína skoðun og hún eigi ekki að ráða afstöðu stjórnvalda. Þau geti farið sínu fram í sjálfu sér án tillits til álits umboðsmanns. Ég taldi hins vegar rétt í þessu tilviki og tel almennt og er þeirrar skoðunar að það séu eðlilegir stjórnsýsluhættir að stjórnvöld taki tillit til álits umboðsmanns, bregðist við með þeim hætti sem skynsamlegt er þegar slík álit liggja fyrir og í þessu tilviki var nauðsynlegt að mínu mati að snúa sér til Háskóla Íslands eins og ég gerði í bréfi til háskólaráðs og fara þess á leit við háskólann að hann gerði tillögu um það hvernig hann teldi best að því staðið að eyða þeirri óvissu sem skapaðist eftir að álit umboðsmanns kom fram. Í framhaldi af þeirri tillögu, sem ég fékk frá háskólaráði, og samþykkt var 24. ágúst 1995, var farið í það að smíða þetta frv. og sömuleiðis frv. um Háskólann á Akureyri.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson varpaði fram þá spurði hann annars vegar: Hvernig er gjaldið ákveðið? Ég tel mig hafa svarað því með vísan í grg. þar sem eru tíunduð rök Háskóla Íslands fyrir því hvað á bak við gjaldið er. Hver er afstaða stúdentaráðs Háskóla Íslands? spurði hv. þm. Í stuttu máli sagt, þá hefðu þau drög að samningi sem liggja fyrir og birtast sem fylgiskjal með frv. að sjálfsögðu ekki komið fram nema af því að þar er um drög að ræða sem unnin eru af háskólaráði eða yfirvöldum háskólans annars vegar og stúdentaráði Háskóla Íslands hins vegar og hef ég ekki orðið var við annað en að stúdentaráð sé í sjálfu sér sátt við þessa málsmeðferð. Ég taldi og er þeirrar skoðunar að það hafi verið nauðsynlegt í umræðum um þetta mál að taka af skarið varðandi stöðu stúdentaráðs Háskóla Íslands, að svara spurningum um skylduaðild sem hafa komið upp og tel ég að eins og þeim spurningum hefur

verið svarað sé tekinn af allur vafi um afstöðu menntmrn. í því efni. Ráðuneytið telur að það beri að tryggja stjórnarskrárverndaðan rétt manna til þess að standa utan félaga í háskólanum eins og annars staðar og í grg. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Framlag háskólans til stúdentaráðs er grundvallað á sömu rökum og undanfarna áratugi. Stúdentar skulu hafa umsjón með nauðsynlegri starfsemi í háskólasamfélaginu og lýðræðislega kjörið stúdentaráð er ákjósanleg leið til að gera það markmið að veruleika. Ekki er um það að ræða að með þessu innheimti háskólinn félagsgjöld stúdentaráðs af stúdentum, heldur ráðstafar hann hluta sértekna sinna til starfsemi þeirra samkvæmt samningi við stúdentaráð."

Samningurinn er tvíhliða. Vilji stúdentaráð ekki gera slíkan samning við háskólaráð finnst mér að það geti komið til álita að lækka þessa fjárhæð um 10% þannig að þá lækki þessi gjöld sem munar því að stúdentaráð taki ekki að sér þau verkefni sem þarna er um að ræða. En það finnst mér vera álitaefni sem ástæðulaust er að velta fyrir sér hér og nú en þannig væri hægt að taka á málum ef menn teldu að stúdentaráð gæti sinnt þessum verkefnum án slíks samnings við háskólaráð.

Ég vil einnig vekja athygli á því að af hálfu stúdentaráðs Háskóla Íslands var núna 1. des. staðið að því að stofna Hollvinasamtök Háskóla Íslands sem ég tel að sé mikið og þarft verkefni, að slík samtök starfi, og við sem höfum stundað nám í Háskóla Íslands og aðrir sem hafa áhuga á að styrkja starfsemi hans, geti lagt sitt af mörkum með þátttöku í þessum Hollvinasamtökum og greitt þar gjald eins og reglur Hollvinasamtakanna gera ráð fyrir. Í sjálfu sér finnst mér að þegar menn af hálfu stúdenta standa fyrir því að stofna samtök þeirra sem eru utan skólans, Hollvinasamtök við skólann, sem byggjast á því að menn vilji láta í ljósi stuðning við skólann með sérstökum framlögum, að þá liggi líka í því viðurkenning á því að þeir sem við skólann eða innan hans starfa og stunda þar nám, að það sé ekkert óeðlilegt við það að þeir inni einnig gjald af hendi til skólans til að styrkja hann auk þess sem hér hefur komið fram frá kennara við skólann að þessi skipan hefur stuðlað að auknu skipulagi við innra starf skólans sem að sjálfsögðu ber ekki að vanmeta. Að sjálfsögðu má deila um það hvað þessar fjárhæðir eigi að vera háar og við getum metið það. Skólagjöld eða skrásetningargjöld í skólum eru mismunandi há. Miklu hærri sum heldur en hér er um að ræða. Menn verða seint sammála um fjárhæðir en hér er, herra forseti, ítrekað verið að leggja lagalegan grunn að því að þessi skrásetningargjöld séu innheimt

[16:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. gerði skýran greinarmun á því sem hann kallar skráningargjald og því sem hann kallar skólagjald. Ég tel að það sé hrein blekking þegar menn ræða með þessum hætti. Ég tel að skrásetningargjaldið sem hér er um rætt sé ekkert annað en skólagjald. En gott og vel. Hæstv. ráðherra segir, og byggir þá á áliti umboðsmanns, að það sé ekki hægt að leggja á skrásetningargjald nema sem þjónustugjald en þá verður líka að afmarka rækilega þá kostnaðarliði sem verið er að greiða fyrir. Þeir eru afmarkaðir hérna. Þar kemur fram að þetta er skráning stúdenta í námskeið og próf, varðveisla upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, o.s.frv. Þarna er löng upptalning þannig að maður hlýtur þá að gera ráð fyrir því, út frá því sem hæstv. ráðherra segir, að menn hafi sest niður og metið það hvað er mikill kostnaður fólginn í því að sinna þessum tilteknu þáttum sem hér eru taldir upp fyrir sérhvern stúdent. Út frá því eiga menn að komast að einhverri tölu og það er skrásetningargjaldið. Það er skrásetningargjaldið og ekkert annað sem er löglegt samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis. En eigi að síður kemur það fram í greinargerðinni, um 1. gr. og reyndar í máli hæstv. ráðherra, að þessi upphæð, 24 þús. kr., er ekki byggð á þessum kostnaðarliðum sem skrásetningargjaldið á að þekja heldur er hún ekkert annað en framreiknuð upphæðin sem sett var á í fyrra og var dæmd ólögleg. Þannig að ég get ekki séð annað en að það gjald sem hæstv. ráðherra er hér að leggja fram sé jafnólöglegt og það gjald sem lagt var á af forvera hans.

[16:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er um mikinn misskilning að ræða hjá hv. þm. Eins og unnt er að standa að málum varðandi lögfestingu á svona gjaldtöku þá er annars vegar reynt að tilgreina í lagatextanum ákveðin viðfangsefni sem standa að baki gjaldtökunni án þess að fjárhæðin sé tíunduð eða, sem er hreinlegra, að tíunda fjárhæðina með þeim hætti sem gert er í þessu frv. Sú aðferð sem hér er beitt við ákvörðun á þessu gjaldi er skýrari og öruggari með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis og byggist á þeim lagarökum sem menn geta kynnt sér þegar þeir lesa hans álit og stenst fullkomlega þær kröfur sem hann gerir í þessu efni.

Ef menn deila hins vegar um fjárupphæðina, sem alltaf má deila um, þá er hægt að gera það en hér eru tíunduð þau atriði sem á bak við þessa fjárhæð búa og komu fram einnig þegar Háskóli Íslands gerði grein fyrir viðhorfum sínum á þeim tíma sem umboðsmaður Alþingis var að semja sitt álit og menn geta kynnt sér ef þeir lesa álitsgerð hans.

[16:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil geta þess að gjarnan vil ég verða fyrstur til að stofna Hollvinasamtök hæstv. menntmrh. Mér sýnist nefnilega að hann þurfi á miklum stuðningi að halda í þessu máli vegna þess að misskilningurinn er ekki minn heldur hans. Það kemur fram í greinargerðinni að það er nauðsynlegt að afmarka þá kostnaðarliði sem verða felldir undir skrásetningargjaldið til þess að hægt sé að meta hversu hátt þjónustugjaldið er. Það var ekki gert áður. Það var ekki afmarkað og þess vegna var það ólöglegt. Síðan eru taldir upp þeir afmörkuðu liðir sem eiga að mynda grunn skrásetningargjaldsins, en það kemur bókstaflega fram í grg. að það hefur ekki verið metið hversu mikill kostnaður er við að uppfylla þessa þjónustu. Heldur kemur hæstv. menntmrh. og segir það blátt áfram, eins og kemur reyndar fram í greinargerðinni, að gjaldið, 24 þús. kr., er ekkert annað heldur en gamla upphæðin framreiknuð miðað við verðlagsþróun. Með öðrum orðum, þetta er jafnólöglegt og í fyrra. Það eina sem hefur breyst er að það á að afmarka ákveðna þjónustuþætti en það á ekki að reikna út kostnaðinn við að uppfylla þessa þjónustu. Og þangað til að það er gert, hæstv. menntmrh., þá hlýtur hæstv. ráðherra, sem er bæði skynsamur og þekktur að rökhyggju, að fallast á það með mér að það sem er að gerast hérna byggir ekki heldur á nægilegri stoð fremur en gjaldið sem forveri hans setti á.

[16:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir að þessi lög hafa verið samþykkt þá er enginn vafi í þessu máli. Það er verið að taka af þann vafa sem umboðsmaður Alþingis taldi að væri fyrir hendi í áliti sínu. Síðan liggur það fyrir, og er ekki birt sem hluti af þessari grg. en menn geta fengið það, hvernig háskólinn hefur reiknað þessa kostnaðarliði sem þarna eru taldir og þeir lágu einnig að baki við ákvörðunina 1992–1993. (**ÖS:** Þeir hafa aldrei verið reiknaðir.) Þeir hafa víst verið reiknaðir, hv. þm., og liggja fyrir og spurningin var sú: Ætti frv. að byggjast upp á því að tíunda þessa kostnaðarliði í frv. eða tilgreina ákveðna fjárhæð? Sú leið var valin með að tilgreina ákveðna fjárhæð og það samrýmist fyllilega þeim kröfum sem umboðsmaður Alþingis gerir til þess þegar um slík álitamál er að ræða.

[16:44]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin varðandi viðmiðin um það hvernig gjaldið er ákvarðað. En ég verð að segja og taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að mér finnst þetta dálítið óljóst, að taka gamla gjaldið og nota það sem viðmið, og finnst þar af leiðandi mörkin á milli skólagjalda og skráningargjalda ekki nógu skýr. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh. haða merkingu hann. leggur í þau ákvæði lagatextans og það sem kemur fram í greinargerðinni að upphæð gjaldsins muni síðan koma til árlegrar endurskoðunar við setningu fjárlaga ár hvert, þ.e. er það hans ásetningur að miða þá aðeins við vísitölubreytingar eins og hann gaf til kynna í fyrri ræðu sinni eða er hann að opna á það að þessi upphæð geti farið upp úr öllu valdi?

[16:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég er ekki að miða við það að þessi upphæð geti farið upp úr öllu valdi. Ég tel að það eigi að standa á bak við þessa fjárhæð skilgreindur kostnaður sem tíundaður er í þessari greinargerð. Háskóli Íslands lagði til að þarna yrði um vísitölutengingar að ræða. Það ákvæði var tekið út. Upphæð gjaldsins mun síðan koma til árlegrar endurskoðunar við setningu fjárlaga. Þá vænti ég þess að Háskóli Íslands muni gera grein fyrir því í fjárlagatillögum sínum hvernig kostnaði við þessa þætti sem hér eru tilgreindir er háttað og þá geti menn metið það hvort nauðsynlegt sé að breyta þessu gjaldi eða ekki. Þannig tel ég að eigi að standa að þessu máli og mörkin á milli skrásetningargjalds og skólagjalds eru alveg skýr eftir þessu frv.

[16:46]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil enn spyrja: Ef sú staða kæmi upp um næstu áramót að það væri vilji framkvæmdarvaldsins að skera verulega niður fjárveitingar til háskólans þannig að Háskóli Íslands sæi sig tilneyddan til að hækka þessi gjöld upp í 100.000 kr., væri þá mögulegt að mati hæstv. menntmrh. að samþykkja þá tillögu?

[16:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel óframkvæmanlegt að rökstyðja hækkun á skrásetningargjaldi í Háskóla Íslands upp í 100.000 kr. með hliðsjón af því að það er verið að sinna þeirri þjónustu sem tilgreind er í þessu frv. Ef Háskóli Íslands gerir tillögu til menntmrh. eða Alþingis um að skólagjöldin verði 100.000 kr., eins og þau eru í a.m.k. einum skóla hér á landi, þá mundi ég líta þannig á að Háskóli Íslands væri að fara fram á að innheimt væru skólagjöld og þá ætti að nota þá fjármuni sem þannig yrðu innheimtir af skólanum til að standa undir öðrum kostnaðarliðum heldur en tilgreindir eru í þessu frv.

[16:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil andmæla þessu frv. mjög harðlega. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa varað við skólagjöldum af þessu tagi. Hverju nafni sem menn kjósa að nefna þau, innritunargjöld eða skólagjöld, þá eru þetta fjármunir sem fólk þarf að reiða af hendi. Ekki finnst mér stórmannlegt að láta Háskóla Íslands fara fram á að þetta frv. verði gert að lögum til að fá lagastoð fyrir innheimtu á innritunargjöldum sem vitað er að háskólanum hefur verið þröngvað til að setja á. Hvort þetta er há eða lág upphæð, það er afstætt. 24.000 kr. fyrir sumt fólk eru ekki miklir peningar, e.t.v. eru það ekki miklir peningar fyrir hæstv. ráðherra sem nýbúinn er að fá mun drýgri kjarabætur en þessari upphæð nemur. En það eru ekki allir búnir að fá kauphækkun og fyrir láglaunafólk á Íslandi eru þetta talsverðir peningar. Atvinnurekendum hafa þótt 24.000 kr. talsverðir peningar þegar farið hefur verið fram á slíkt. Á það bæði við á einkamarkaði og einnig við um ríkið sem atvinnurekanda.

Hér lék allt á reiðiskjálfi fyrir fáeinum dögum þegar ákveðið var að reiða fram hækkun á desemberuppbót á almennum vinnumarkaði. Sú hækkun nam þriðjungnum af þessari upphæð. En ég leyfi mér að fullyrða að með þessu frv. er verið að smíða þröskuld inn í Háskóla Íslands. Þröskuld upp á 24.000 kr. Þetta er ávísun á misrétti til náms og þess vegna hafna ég því.

[16:50]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og alkunna er sá Sjálfstfl. ástæðu til þess að skipta um menntmrh. þegar núv. ríkisstjórn var mynduð. Menn hafa beðið nokkuð spenntir eftir því í allt sumar og allt haust að fá að sjá í reynd hvers vegna Sjálfstfl. skipti um menntmrh. Við höfum beðið eftir því hér á þinginu í haust að fá í hendur hin nýju frv., tímamótafrv., sem útskýrðu nauðsynina á því að nýr maður tæki við að stjórna menntmrn. Nú virðist það einna helst vera að koma í ljós undir lok ársins, á áttunda mánuði eftir að hinn nýi ráðherra tók við stjórn ráðuneytisins að það eina sem hann flytur þinginu eru gömlu frumvörpin frá fyrirrennara sínum. Gömlu frumvörpin frá hæstv. menntmrh., Ólafi G. Einarssyni. Ég sé ekki að það hafi þurft að skipta um mann í menntmrn. til að koma með þessi gömlu frv. Að vísu hefur hæstv. menntmrh., á öðrum vettvangi, gerst brautryðjandi nýjunga. Hann hefur annars vegar tekið að sér í íhlaupum stefnumótandi verk fyrir utanrrh. og svo hefur hann tekið það að sér, eini menntmrh. á Vesturlöndum, að mæla með tilteknum bókum í opinberum fjölmiðli sínum. Ég hélt satt að segja að það væri liðinn sá tími á Íslandi að valdsmenn væru að mæla með bókum og gefa út opinbera línu um það hvað væru góðar bækur. Það eru aðeins tvær bækur af öllum þeim mikla fjölda ritverka, fræðirita, bókmenntaverka, ljóðabóka, sem hæstv. menntmrh. telur þess virði að vekja

athygli alþjóðar á í þeim sérstaka miðli sem hann hefur komið sér upp — og er í sjálfu sér þakkarvert og ber að hæla honum fyrir það að nýta sér tæknina til að eignast þennan sérstaka miðil. En óneitanlega finnst manni það nú sérkennilegt að hæstv. ráðherra skuli nýta hann með þessum gamla hætti. Ég hélt satt að segja að forræðishyggja valdsmanna af þessu tagi heyrði liðinni tíð til. En það er greinilega ekki. Það er bara gamla frjálshyggjuhugmyndafræðideildin sem hæstv. menntmrh. mælir með en ekki ljóðskáldin, ekki höfundar skáldsagnanna, ekki aðrir fræðimenn. Ekki þýðendur á erlendum gullaldarbókmenntum. Það er bara gamla frjálshyggjudeildin.

En það er nú ekki til umræðu hér heldur sú ganga hæstv. menntmrh. að koma bara með gömlu verkin frá fyrirrennara sínum og leggja þau fyrir þingið. Og til þess að það sé nú eitthvert nýjabrum af þessu þá reynir hæstv. menntmrh. að koma með þá sérkennilegu kenningu að það sé einhver munur á skrásetningargjöldum og skólagjöldum og munurinn sé helst fólginn í upphæðinni.

Nú er hægt að vekja athygli á því að í mörgum deildum háskólans innritast á fyrsta ári rúmlega tvöhundruð nemendur og í sumum jafnvel fleiri. Hlutur háskólans í einni deild af rúmlega 200 nemendum samkvæmt þessu gjaldi er í kringum 4 milljónir. Það tíðkast líka í sumum þessara deilda að námskeið, m.a. á fyrsta ári, eru í höndum stundakennara. Tekjurnar af þessu gjaldi fyrir háskóladeild sem er með rúmlega 200 nemendur á fyrsta ári nægir fyrir kennslukostnaði fimm námskeiða ef þau eru í höndum stundakennara og nægir fyrir árslaunum tæplega þriggja fastráðinna háskólakennara. Svo er hæstv. menntmrh. að reyna að halda því hér fram að þessar upphæðir séu svo lágar að þær mælist ekki í eðlilegum kennslu- og rekstrarkostnaði háskólans heldur tengist bara einhvers konar skrásetningu.

Ég held að það sé líka rétt fyrir hæstv. menntmrh. að átta sig á því að það gengur mjög erfiðlega fyrir háskólastúdenta að afla sér tekna utan námsins. Það er því miður nokkuð algengt að heildartekjur háskólastúdenta séu á bilinu 150–200 þús. kr. fyrir þá vinnu sem þeir geta fengið utan námstíma. Hér er verið að tala um upphæð sem getur numið 10–15% af heildartekjum háskólastúdenta sem þeir geta aflað sér með hefðbundinni vinnu námsmanna á Íslandi. Finnst hæstv. menntmrh. það lítið hlutfall? Finnst hæstv. menntmrh. það vera góð skipan að háskólastúdent þurfi að verja 10–15% af heildartekjum sínum í þessi gjöld? Eða á þá svarið að vera að vísa stúdentinum á lánasjóðinn? Það eru margir stúdentar sem telja að kjör lánasjóðsins séu orðin slík að það beri að forðast í lengstu lög að taka slík lán. Það er þess vegna alveg ljóst að hér er verið að lögbinda innheimtu sem gerir háskóladeild með rúmlega 200 nemendur á tilteknu ári kleift að fjármagna næstum því launakostnað allrar kennslunnar á því ári með þeim tekjum sem háskólinn fær í sinn hlut. Það er þess vegna ekki hægt, hæstv. menntmrh., að vera hér með einhverja orðaleikfimi um það að þetta séu bara skrásetningargjöld en ekki skólagjöld.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort honum finnist eðlilegt að námsmenn þurfi að borga 10–15% af heildartekjum sínum í gjöld til háskólans, lögbundin gjöld. Jafnframt vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort honum finnist eðlilegt að deild sem er með rúmlega 200 nemendur í árgangi geti fjármagnað kannski alla kennsluna á heilu missiri, á öðru missirinu með, slíkum tekjum? Hvar byrja þá skólagjöldin samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hæstv. menntmrh. var með hér áðan ef þetta eru ekki skólagjöld?

Auðvitað er það alveg rétt sem hefur komið fram í umræðunni að hér er hæstv. menntmrh. eingöngu að flytja inn á þingið sömu viðhorf, sams konar verk og hæstv. forseti þingsins, fyrrv. menntmrh., var gagnrýndur mjög fyrir á sínum tíma.

Kannski er ekki eðlilegt við umræðu um þetta frv. að taka til meðferðar spurninguna um stefnumótun í menntmrn. En ég verð þó að segja það hér að ég átti von á því að þegar til haustþings kæmi þá mundi nýr menntmrh. sýna það í verki á þinginu að hann ætlaði að hafa forustu fyrir því að framkvæma það sem allir flokkar voru sammála um í síðustu kosningum og sem allir fræðimenn um efnahagsþróun og þjóðfélagslegar framfarir á Vesturlöndum eru sammála um, að fjárfesting í menntun, uppbygging skólakerfis, vöxtur tæknistofnana og háskólastofnana er forsenda fyrir velferð í framtíðinni.

Hér er íslenska ríkið að fagna því mjög að það hafi tekist samningar um stækkun álversins og Landsvirkjun er reiðubúin að leggja í fjárfestingar í þeim efnum. Engu að síður er það sannað af efnahagssérfræðingum að fjárfesting í menntun skilar meiri arði til lengdar heldur en fjárfesting í frumvinnslu á sviði orkugreina. Það er þess vegna spurning um efnahagslega forustu. Um lífskjör þessarar þjóðar í framtíðinni, hvort hæstv. menntmrh. hefur burði til þess að berjast fyrir þeirri stefnu sem hans flokkur og aðrir flokkar kynntu þjóðinni í kosningunum sl. vor að ætti að ráða ríkjum hér á Íslandi næstu fjögur árin. En við virðumst því miður vera komin með menntamálaráðherra sem er enn þá í gömlu skúffunum hjá fyrirrennara sínum. Ég vil hvetja hæstv. menntmrh. til þess að taka höndum saman við þá hér á Alþingi sem eru reiðubúnir til þess að styðja hann í raunverulegum og efnismiklum breytingum varðandi menntakerfið á Íslandi.

Hvað var gert í Svíþjóð þegar jafnvel hægri stjórnin þar fór í öflugan niðurskurð til þess að glíma við erfiðleika ríkisfjármálanna þar í landi? Skar sænska hægri stjórnin niður til menntamála? Nei. Sænska hægri stjórnin jók framlög til menntamála. Þannig er hægt að nefna hægri flokka víða í Evrópu sem eru við völd á erfiðum tímum í efnahagsmálum þeirra landa, en engu að síður láta þeir menntamálin hafa forgang og auka fjármagnið til menntamála. Því þeir gera sér grein fyrir því að þjóðir sem ekki byggja upp menntakerfi sitt í anda þeirrar kröfugerðar sem mun ráða ríkjum í alþjóðlegri samkeppni á nýrri öld, þær munu smátt og smátt dragast aftur úr hvað sem líður fjárfestingum í stórvirkjunum eða á öðrum sviðum. Þess vegna ber hæstv. menntmrh. að mínum dómi meginábyrgð allra ráðherra í ríkisstjórninni á efnahagslegum framförum Íslendinga á nýrri öld. Það er enginn ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem stjórnar ráðuneyti sem er mikilvægara fyrir efnahagsþróun þjóðarinnar heldur en hæstv. menntmrh. Hæstv. viðsk.- og iðnrh. er bara með örlítið brot af því sem mun ráða úrslitum í efnahagsþróun Íslendinga á nýrri öld. Og mér finnst það miður ef nýr hæstv. menntmrh., sem kannski fyrstur manna í því embætti um langa hríð hefði getað treyst því að ná breiðri samstöðu allra flokka á Alþingi til stuðnings mikilli sókn í menntamálum, skuli svo vera að dunda við það að setja inn á Internetið sérstök meðmæli með útgáfuritum frjálshyggjudeildarinnar í stað þess að vera hér á þingi til að hafa forustu um raunverulegar þjóðfélagsbreytingar í þessum efnum.

Við höfum í flokkum stjórnarandstöðunnar ekki verið að gagnrýna hæstv. menntmrh. síðan hann tók við embætti.

Hann er líklegast eini ráðherrann í ríkisstjórninni sem við höfum gefið fullkominn frið í þessa átta mánuði til þess að sýna hvort hann væri reiðubúinn og ætlaði sér að móta hér nýja stefnu. Það hefur verið tekin lota á hæstv. heilbrrh. Það hefur verið tekin lota á hæstv. landbrh. Það hefur verið tekin lota á hæstv. iðn.- og viðskrh. að ógleymdum forsætisráðherranum og ýmsum öðrum ráðherrum og fjármálaráðherranum. En hæstv. menntmrh., ef frá er talin þessi sérkennilega „affera" um herinn á Íslandi sem ég tel nú vera fyrir utan embættissvið ráðherrans, hefur fengið fullkominn frið. Og satt að segja frekar fengið góðan anda og góð orð úr okkar herbúðum. Að við væntum okkur þó nokkuð mikils af því að fá nýjan kraft í þetta ráðuneyti. Mér þykir leitt ef það er nú að koma í ljós með þessu frv. og öðru því sem er að gerast hér undir lok ársins að það hafi í raun og veru ekkert gerst.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka það sem ég dró fram áðan, að það gjald sem þetta frv. fjallar um er umtalsvert gjald. Það er af þeirri upphæð að það er kleift fyrir háskóladeild með rúmlega 200 nemendur í árgangi, sem er algengt, sumar deildir hafa mun fleiri, að fjármagna upp undir heils árs kennslu með skólagjöldunum einum. Það geta menn séð einfaldlega með því að reikna dæmið sjálfir.

Hér er verið að lögbinda gjaldtöku sem getur numið 19–15% af heildartekjum námsmanna. Það er auðvitað ekki eðlilegt að innleiða slíka gjaldtöku án þess að þora þá að viðurkenna að það er um skólagjöld að ræða. Að klæða það í einhvern búning, eins og hæstv. menntmrh. var að reyna að gera hér áðan, að þetta væru ekki skólagjöld heldur miklu sakleysislegra fyrirbæri sem héti skrásetningargjöld, gengur einfaldlega ekki upp.

[17:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur margt rifjast upp fyrir mér við þá umræðu sem hér hefur átt sér stað og ég var í rauninni ekki búin undir þegar hún hófst og átti satt að segja ekki von á því að það yrði farið að ræða þessi mál hér rétt undir þinglok. Og ég spyr mig og hæstv. forseta þeirrar spurningar: Hvers vegna er verið að verja tíma þingsins í þessi mál núna þegar m.a. við sem erum að reyna að stýra nefndum þingsins erum ákaflega aðþrengd í tíma og það gengur erfiðlega að finna tíma fyrir nefndarfundi? Það eru m.a. boðaðir tveir nefndarfundir í kvöld kl. 8. Mér þykir þetta nú sannast að segja sérkennileg ráðstöfun á tímanum. Ég fæ ekki séð að það sé nauðsyn á því að afgreiða þessi frv. á næstu dögum og hefði svo sannarlega mátt bíða þar til eftir áramót því það verður ekki fyrr en með vorinu sem farið verður að skrá stúdenta til náms fyrir næsta vetur og það sem gert var á þessu hausti er auðvitað allt saman búið og gert þó það hafi vantað lagastoð.

En það er fróðlegt hér við þessa umræðu að rifja það upp hvernig málum var háttað þegar síðasta ríkisstjórn lagði til atlögu við skólagjöldin. Ég vil rifja það upp sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að það var ekki bara í háskólunum sem átti að taka upp skólagjöld heldur í öllum framhaldsskólum landsins. Það tókst að koma í veg fyrir að tillagan um framhaldsskólana næði fram að ganga. Það var fallið frá henni en það var haldið við tillöguna um skólagjöld — og ég kalla þetta ekkert annað en skólagjöld, það er búið að taka upp mun hærri gjöld á háskólastiginu heldur en voru við lýði fyrir nokkrum árum. Menn þurfa ekki að kalla hér til sögunnar Samvinnuháskólann á Bifröst. Hann er einkaskóli. Verslunarskóli Íslands er líka einkaskóli. Þó að báðir þessir skólar hljóti einhvern styrk eða fjármagn frá ríkisvaldinu þá eru það skólar sem eru reknir með allt öðru sniði og þeir eru ekki sambærilegir við þá skóla á háskólastigi sem eru fyllilega í eigu íslenska ríkisins.

En mér fannst ástæða til þess, hæstv. forseti, að rifja það upp að þegar sú tillaga kom fram í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 — ég held að ég fari rétt með að það hafi verið um áramótin 1992–1993 sem þessi deila átti sér stað um skólagjöldin — þá var svokallað innritunargjald í Háskóla Íslands 7.700 kr. Þar af runnu 2.000 kr. til háskólans. Afgangurinn fór til stúdentaráðs. Í rauninni var það þannig að það var skrifstofa háskólans sem sá um innheimtu fyrir stúdenta til þeirrar starfsemi sem stúdentar inntu af hendi. En það voru 2.000 kr. sem runnu til háskólans og það var m.a. rökstutt með því að þetta væri t.d. til þess að prenta skólaskírteini fyrir nemendur sem kom þeim að miklu gagni og reyndar fyrir kennsluskrá og fleira. Ég man að mér var tjáð á þeim tíma að þetta 2.000 kr. gjald reyndar dygði ekki fyrir því sem fælist í innrituninni. En háskólinn hafði ekki verið með neinar hugmyndir um það að fá meiri peninga til þeirra hluta. Þannig að það sem gerðist með þeirri tillögu sem samþykkt var 1992 var auðvitað ekkert annað en það að verið var að sækja peninga til námsmanna í rekstur háskólans. Það er ósköp einfalt mál. Það var bara verið að sækja peninga í reksturinn. Þess vegna vakna þær spurningar varðandi þessar 24 þús. kr. sem hér er verið að ræða um og hluti af þeim fer til stúdenta, fyrst 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 10% til sérstakra verkefna. Það segir í frv. „allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta". Nú man ég ekki betur en að stúdentaráð Háskóla Íslands séu sérstök samtök við þann skóla og Félagsstofnun stúdenta er stofnun sem annast ýmiss konar starfsemi. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig þetta kemur út gagnvart stúdentaráði vegna þess að starfsemi stúdentaráðs hefur verið fjármögnuð af þessum peningum og það er svolítið annað heldur en Félagsstofnun stúdenta. Þannig að ég þarf að kynna mér betur hver hugsunin er í þessu máli. En auðvitað fléttast þetta aðeins saman því Félagsstofnun stúdenta sér m.a. um húsnæði fyrir stúdentagarðana og fleira slíkt. En starfsemi stúdentaráðs hefur verið aðskilin. Síðan er í frv. gert ráð fyrir að allt að 10% af gjaldinu fari til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli háskólans og stúdentaráðs Háskóla Íslands sem háskólaráð staðfestir. Ég reikna með að þarna sé verið að ræða um eitthvað allt annað en þessa daglegu starfsemi stúdentaráðs.

Ég kannast við það eins og flestir þingmenn að það hafa komið upp raddir meðal stúdenta í háskólanum um það hversu réttmætt sé að þeir greiði þessi gjöld og ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að menn átta sig ekki á því hvaða starfsemi fer þarna fram. Ef slík umræða hefði komið á þeim tíma þegar ég var við nám í Háskóla Íslands og allt logaði þar í pólitískum deilum og þegar starfsemi stúdentaráðs gekk meira og minna út á það að skipuleggja mótmælagöngur og hápólitíska fundi og 1. des. samkomur snerust einkum um kreppu auðvaldsins og fleira í þeim dúr, þá hefði ég skilið slíkar raddir. En það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá og staðreyndin er sú að stúdentaráð Háskóla Íslands er orðinn ákaflega faglegur aðili. Það er ákaflega faglegt. Það sinnir miklu meira innra starfi háskólans. Það hefur beitt sér mjög kröftuglega í þágu háskólans til að efla hann og má þá minnast á öll póstkortin sem rigndi yfir okkur þingmenn í fyrra þegar verið var að vinna að

hærri fjárveitingum til háskólans, og eins og hér hefur verið minnst á í umræðunni, þau Hollvinasamtök sem stúdentar áttu frumkvæði að að stofna, þannig að starfsemi stúdentaráðs er nú með nokkuð öðrum hætti og í þágu háskólans og í þágu allra stúdenta. Það er því býsna sérkennilegt að mínum dómi þegar námsmenn eru að reyna að komast hjá því að greiða gjöld til stúdentaráðs. En ég átta mig ekki á því, samkvæmt þessu frv., hvernig stúdentaráð kemur inn í þetta. Eins og ég nefndi er einungis minnst á Félagsstofnun stúdenta sem, eins og ég sagði, gegnir öðru hlutverki.

En meginmálið hér er að sú upphæð, sem stúdentar greiddu fyrir aðeins þremur árum, hefur meira en þrefaldast síðan þá. Hér er verið að festa í lög að það sé heimilt að taka þessi gjöld af stúdentum, svokölluð innritunargjöld, og við vitum að það fer hluti af þessum gjöldum til reksturs háskólans og þar með eru þetta orðin skólagjöld. Þetta eru skólagjöld þegar hluti af fjármagninu fer til þessa reksturs. Ég vildi sjá nánari útlistun á því sem hér er talið upp, hvað þetta kostar nákvæmlega sem hér er verið að tala um. Hvað kostar þetta nákvæmlega, þessi skrásetning og þessar upplýsingar? Það er nefndur hér aðgangur að deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis. Fellur þetta undir innritunargjöld? Þetta er bara hluti af starfsemi háskólans. Deildaskrifstofur eru bara hluti af þeirri þjónustu sem alltaf hefur verið veitt í Háskóla Íslands. Af hverju á að taka einhver gjöld fyrir það núna? Allt í einu er það orðinn hluti af innritunargjöldum, þjónusta sem hefur verið veitt um áratuga skeið. (**ÓRG:** Og er aðallega fyrir kennarana en ekki nemendur.) Já, fyrst og fremst. Að vísu kemur fyrir að nemendur þurfa að leita upplýsinga þar. En þetta er allt á sömu bókina lært og ég vil bara taka undir þær áhyggjur sem hér hafa komið fram.

Hér er gengið út frá því að þessi upphæð verði skoðuð árlega og væntanlega hækkuð í samræmi við vísitöluhækkanir eða þær hækkanr sem verða milli ára. Það má kannski segja að það sé hið eina jákvæða við þetta að það kemur þá alla vega fyrir Alþingi ef menn ætla sér að hækka þessi gjöld. Það gerist þá ekki þegjandi og hljóðalaust þó að þessi upphæð hafi hækkað nokkuð síðan 1992. En ég lýsi mig andvíga því að taka upp skólagjöld. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að okkar ríkisskólar eigi að bjóða nemendum upp á ókeypis nám. Ég hef alltaf stutt það að nemendur geti tekið sín gjöld eins og þeir gera og hafa lengi gert og renna til ýmissa verkefna sem þeir eru að vinna að. Það var mikið rætt á sínum tíma þegar verið var að ræða um innritunargjöld eða skólagjöld í framhaldsskólana að það væru innheimtir tugir milljóna í framhaldsskólunum sem enginn vissi í hvað færu. En ég margskýrði það á sínum tíma að það væru peningar sem væru í sjóðum skólanna og væru notaðir til aðstoðar nemendum sem áttu í erfiðleikum, notaðir til þess að styrkja kórastarf, uppsetningu leiksýninga og fleira slíkt til þess að skólinn hefði úr einhverju að moða. Þetta voru oft 1.000 kr. á nemanda safnað saman innan skólanna með þessum hætti. Það væri gaman að fá það upplýst hjá hæstv. menntmrh. hvernig er með þær 3.000 kr. sem innheimtar voru og er af nemendum framhaldsskólanna. Hvernig er það gjald skilgreint? Til hvers fer það gjald og hefur sú upphæð hækkað? Það voru 3.000 kr. þegar upphæðin var samþykkt á sínu tíma og ég hef einfaldlega ekki orðið neins staðar vör við þessa upphæð. Hver hún er orðin núna? Hvernig er hún skilgreind? Fyrir hvað er hún? Það væri fróðlegt að fá það upplýst hér.

En aðalatriðið er þetta, hæstv. forseti, að hér er auðvitað verið að lögfesta skólagjöld og sú hætta er þar með fyrir hendi að þau geti hækkað á næstu árum, en því er ég algerlega mótfallin.

Umræðu frestað.

[17:20]

Útbýting þingskjals:

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 247. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 345.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (alþjóðasamningur um bann við pyndingum). — Þskj. 74, nál. 338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:23]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 94, nál. 339, brtt. 340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:24]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 340,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
11.–15. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 340,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 340,3 samþ. með 41 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KÁ, KB, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (HBl*) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GHall, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KH, KPál, LB, SighB, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

18.–23. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Samstarfssamningur milli Norðurlanda, frh. síðari umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248, nál. 342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DSigf, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KÁ, KB, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, DO, FI, FrS, GE, GHall, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KH, KPál, LB, SighB, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 349). [17:30]

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 1996, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 346; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 347.

Fjöleignarhús, frh. 2. umr.

Stjfrv., 164. mál (eignaskiptayfirlýsingar og bílskúrar). — Þskj. 201, nál. 343, brtt. 214 og 344.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:31]
Brtt. 344,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 344,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DSigf, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KB, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (TIO*) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, DO, FrS, GE, GHall, JóhS, KHG, KH, KPál, LB, SighB, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 344,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 214 felld með 30:6 atkv. og sögðu
já: GuðjG*, GGuðbj, MF, PHB, RA, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, GMS, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (EgJ, HjÁ, HjálmJ, JBH, KB, ÓRG, RG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, DO, FrS, GE, GHall, HBl, JóhS, KHG, KH, KPál, LB, SighB, SP, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

7.–8. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:36.

---

65. FUNDUR

fimmtudaginn 14. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 3. umr.
2. Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, stjfrv., 92. mál, þskj. 348 (sbr. 94). — 3. umr.
3. Fjöleignarhús, stjfrv., 164. mál, þskj. 350. — 3. umr.
4. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frv., 247. mál, þskj. 345. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 346, brtt. 347. — 2. umr.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps. [10:32]

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. KH o.fl., þskj. 353.
Fjöleignarhús, 164. mál, þskj. 350.
Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, 92. mál, þskj. 348.
Tekjustofnar sveitarfélaga, 207. mál, nál. félmn., þskj. 352.
Vatnalög, 234. mál, nál. félmn., þskj. 351.

Athugasemdir um störf þingsins.
2. umr. fjárlaga og heilbrigðiskerfið. [10:33]

Össur Skarphéðinsson:
Herra forseti. Ég hef stríðar athugasemdir að gera við dagskrá þessa fundar. Eins og fram kemur í þeirri dagskrá sem hefur verið dreift á borð þingmanna, er fyrirhugað að ræða fjárlög síðar í dag. Þetta er 2. umr. fjárlaga. Í gær var dreift áliti meiri hluta fjárln. og þar kemur fram að stjórnarliðið hefur tekið þá ákvörðun að fresta allri umfjöllun um þá rekstrarþætti sem tengjast heilbrigðiskerfinu til 3. umr. Þetta hefur ekki gerst í þann tíma sem ég hef átt sæti hér á Alþingi. Ég tel þetta í hæsta máta óeðlilegt og mjög óvönduð vinnubrögð og þessu mótmæli ég. Formenn

þingflokka stjórnarandstöðunnar hafa þess vegna í dag ritað forseta þingsins svofellt bréf sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Í áliti meiri hluta fjárln. á frv. til fjárlaga sem dreift var á Alþingi í dag kemur fram að stjórnarflokkarnir hafa afráðið að fresta allri umfjöllun um rekstrarþætti heilbrigðiskerfisins til 3. umr. þar sem heilbrrh. hefur ekki tekist að vinna breytingartillögur sínar í tíma. Langstærsti hluti fjárlaganna eða yfir 40% varðar heilbrigðiskerfið, umdeildustu þætti fjárlagafrv. er að finna í þeim hluta sem snýr að heilbrigðismálum. Það er því ljóst að með því að fresta heilbrigðishluta frv. verður 2. umr. hvorki fugl né fiskur og með því er gengið á lýðræðislegan rétt þingsins til að eiga tvær umræður um þær breytingar sem boðaðar eru af stjórnarliðinu.

Við undirritaðir formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar mótmælum þessum vinnubrögðum og förum hér með formlega á leit við forseta þingsins að 2. umr. verði frestað þangað til hægt er að taka heilbrigðisþátt frv. inn í umræðuna."

Eins og ég sagði, herra forseti, þá rita undir þetta allir formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar.

Herra forseti. Í tíð núverandi forsetadæmis hefur verið lögð áhersla á ný og vönduð vinnubrögð og allur þingheimur hefur lagt sig í líma við að fara eftir fyrirmælum og óskum hæstv. forseta. Það er lýðræðislegur réttur stjórnarandstöðunnar að fá tvær umræður til þess að fjalla um mikilvægar breytingartillögur, breytingartillögur sem hafa verið boðaðar af þingliðinu. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að það hefur komið fram að það er ágreiningur um fjármögnun rekstrar í heilbrigðiskerfinu. Hæstv. heilbrrh. hefur sett fram hugmyndir sem hefur verið mótmælt harðlega af Sjálfstfl. og það er réttur þingsins að fá að fjalla um þetta í tveimur umræðum. Og það er líka annað, herra forseti. Ég tel að forsetadæmið verði að standa vörð um þau tæki sem þingið hefur í sögu sinni smíðað sjálfu sér til að koma í veg fyrir mistök en það eru tvær umræður. Það er 2. umr. og það er 3. umr. og þingheimur veit auðvitað að milli 2. og 3. umr. er mjög títt að það verða breytingar. Með þessu háttalagi er þingið svipt þeim möguleika að breyta frv. milli 2. og 3. umr. vegna þess að þessir umdeildustu þættir fjárlagafrv. koma bara til einnar umræðu.

[10:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Tíu hv. þingmenn hafa kvatt sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og þingsköp leyfa 20 mínútur. Það þýðir að ef allir eiga að komast að, verða menn að gæta tímamarka. Það eru tvær mínútur en ekki þrjár eins og gerðist hjá síðasta hv. ræðumanni.

[10:37]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárln. hefur haft til meðferðar þau erindi sem henni hafa borist nú um langt skeið og meginhluti þeirra er til umfjöllunar við 2. umr. Hins vegar eru nokkur afar stór erindi sem bíða 3. umr. sem tekið hefur langan tíma að fara ofan í kjölinn á. Þar eru, eins og hv. 15. þm. Reykv. sagði, tillögur sem varða heilbrigðismálin í landinu.

Þetta er síður en svo fordæmislaust og það hefur því miður oft komið fyrir á undanförnum árum að einmitt þessir þættir hafa tekið lengri tíma í meðförum fjárln. en æskilegt hefði verið. Ég vil sérstaklega nefna árið 1992 í því sambandi þar sem hliðstæð frestun á heilbrigðismálum var á milli 2. og 3. umr.

Ef farið er lengra aftur í tímann, eða til ársins 1987, var svipað ástatt. Þá var veigamiklum þáttum fjárlaganna frestað milli 2. og 3. umr. Það er unnið að því hörðum höndum að leggja fram tillögur í þessu efni og ég vona að þær tillögur fái ítarlega umfjöllun við 3. umr. málsins. Það er ósk fjárln. að þessi umræða fari fram í dag, eða ósk meiri hlutans. Ég vona að það gangi ekki á lýðræðislegan rétt þingmanna að svo verði.

[10:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Á Alþingi er nú að hefjast 2. umr. um fjárlög fyrir árið 1996. Ýmsir liðir sem snerta fjárlagafrv. hafa verið til umræðu um nokkurt skeið. Fengnar hafa verið umsagnir víðs vegar að úr þjóðfélaginu þannig að fram geti farið vönduð umræða.

Tvennt hefur þó gerst sem ástæða er til að ræða við upphaf þessarar umræðu og gera alvarlegar athugasemdir við. Í fyrsta lagi er í tengslum við þessi fjárlög svokallaður bandormur þar sem ekki er einvörðungu um að ræða að gera ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna fjárlaga, heldur stendur til að fara í gegn með umfangsmiklar lagabreytingar sem fela í sér kerfisbreytingar til frambúðar. Það verður að segjast að þetta er í hrópandi mótsögn við vinnubrögð við meiri háttar lagabreytingar almennt og gagnrýni vert.

Hitt atriðið sem ástæða er til að gera alvarlegar athugasemdir við í tengslum við þennan þingfund og spyrja hæstv. forseta hvort honum finnist rétt að leyfa að hér hefjist 2. umr. um fjárlagafrv. án þess að fyrir liggi af hálfu ríkisstjórnarinnar breytingartillögur sem ríkisstjórnin hefur boðað á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Hæstv. heilbrrh. ákvað að falla frá áformum um innritunargjöld á sjúkrahús og frekari gjaldtöku sem fyrirhuguð hafði verið, eða hvað? Bíða okkar við 3. umr. tillögur frá ríkisstjórninni sem gera ráð fyrir skerðingum? Það hlýtur að vera krafa þingsins að fram fari eðlileg, lýðræðisleg umræða um málið. Hér fór fram í þingsölum fyrir nokkrum dögum síðan umræða um að efla þingið. Það var talað um að kjósa framkvæmdarvaldið beint og hér stigu á stokk fulltrúar úr stjórnarandstöðunni og einnig stjórnarliðinu. Og nú segi ég: Það þarf ekki að bíða eftir neinum kerfisbreytingum, hæstv. forseti, til þess að þingið efli sína stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við skulum bara gera það hér og nú og við lítum til verkstjórnar hæstv. forseta í því efni.

[10:42]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er háttur þingmanna þegar mál af þessu tagi koma upp um vinnubrögð á þingi að líta til fordæma. Oft og tíðum er sá samanburður mjög yfirborðskenndur og raunverulega villandi. Staðreyndin er sú að við göngum nú til 2. umr. fjárlaga og það er meginefnisumræðan og það er til þess ætlast að fyrir liggi í fram lögðum tillögum og álitsgerðum stefna stjórnvalda að því er varðar fjárlög og ríkisfjármál. Jafnframt er sú krafa gerð að stjórnarandstaðan leggi fram sínar brtt. og marki sína stefnu og sé reiðubúin til þess að tala fyrir henni.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að þetta gengur ekki fram og þetta er ekki hægt. Ég kann engar skýringar á því hvað veldur vandræðagangi stjórnarliða, en ég veit að sú krafa verður ekki af sanngirni gerð til stjórnarandstæðinga að þeir leggi fram sínar breytingartillögur ef þeir hafa ekki séð hverjar eru tillögur ríkisstjórnarinnar að því er varðar rúmlega 40% eða upp undir helming af fjárlögum. Það sem

þess vegna er aðeins unnt að gera af hálfu stjórnarandstæðinga er að leggja fram sínar tillögur miðað við upphaflega fram lagt fjárlagafrv. Það þýðir að þessi umræða er ómerk. Það er þannig staðið að málum að þessi umræða getur ekki gegnt sínu hlutverki. Ég beini því til hæstv. forseta að skoða það. Hér er ekki rétt að málum staðið og í raun og veru þýðir það að því ætti að beina til hæstv. forseta í nafni þingsins og í nafni vinnubragða og þingskapa að hann mælist til þess að þessari umræðu verði frestað.

Því til viðbótar kemur síðan sú umræða sem hv. síðasti ræðumaður nefndi að því er varðaði bandorminn og er tilefni alveg sérstakrar umræðu.

[10:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það kunna að vera til fordæmi í þingsögunni um það að hluti fjárlaga hafi verið skilinn eftir fram að 3. umr., en það eru ekki góð vinnubrögð, hv. þm. Jón Kristjánsson. Og ég spyr hreinlega: Hvaða stefnu á að ræða í dag? Hvað verður til umræðu í dag, 60% fjárlaganna? Það á að skilja eftir langsamlega stærsta þáttinn og reyndar þann mikilvægasta, þar sem menn eru í mikilli glímu við mikil útgjöld. Þetta horfir þannig við okkur, sem ættum að taka þátt í þessari umræðu, að það sé nánast ómögulegt. Og ég spyr enn: Hvað á eiginlega að ræða hér og hvaða yfirsýn eigum við að hafa yfir fjármál ríkisins og fjárlögin með þessum hætti? Þetta er algerlega óviðunandi og ég tek undir þá ósk sem hefur komið fram um að þessari umræðu verði hreinlega frestað þar til niðurstöður liggja fyrir í heilbrigðismálum.

[10:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér koma menn upp hver á fætur öðrum og tala um að hér sé ekki rétt að málum staðið og undir það hljóta allir réttsýnir menn að taka. Nú háttar þannig til að samkvæmt dagskrá á að fara í 2. umr. um fjárlög en þá kemur það í ljós að fjárln. hefur þrátt fyrir ítrekaða fresti ekki tekist að ljúka svo vinnu sinni að hægt sé að taka öll fjárlögin á dagskrá. Á sama tíma og þessi staða ríkir er verið að nauðga, leyfi ég mér að segja, í gegnum nefndir þingsins efnisbreytingum, varanlegum lagabreytingum sem jafnvel hafa ekkert erindi varðandi núverandi fjárlagafrv. Þingmönnum er haldið í ótrúlegri vinnu við slíkar lagabreytingar á sama tíma og þetta er að gerast í fjárln. Og ég spyr: Hvaða mynd gefur þetta af Alþingi Íslendinga? Og er það furða þó að menn spyrji hér: Stendur ekki til að stinga við fótum og aðeins reyna að rétta hér mál af?

Ég tek undir með þeim sem hafa lagt til að þessari umræðu í dag verði frestað og við reynum að kippa upp um okkur buxunum og gera hlutina almennilega og eins og á að gera þá.

[10:47]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér er hafin um störf þingsins kemur út af fyrir sig ekki á óvart. En hins vegar verð ég að segja það, hæstv. forseti, að ég tel ekki sanngjarnt af hálfu hv. 15. þm. Reykv. að krefjast þess að umræðunni verði frestað. Það er nú þannig að í fjárln. hefur verið unnið í góðri sátt stjórnar og stjórnarandstöðu að framvindu mála og heilbrigðismálin eins og önnur mál hafa komið þar til skoðunar. Miðað við þær aðstæður sem við höfum í þeim málum í dag tel ég að það sé full ástæða til og fullar forsendur fyrir því að taka fjárlagfrv. til 2. umr. núna.

Hins vegar er á annað að líta eins og hv. 2. þm. Austurl. nefndi að fyrir því eru fordæmi og ég minnist þess frá síðasta kjörtímabili að árið 1992 þurfti að búa við svipaðar aðstæður. En munurinn er sá að þá vorum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson samherjar og þurftum að verja slíka aðgerð sem hér er gagnrýnd nú, þannig að við þurfum að líta á þetta mál í því ljósi (Gripið fram í.) og taka tillit til aðstæðna. Og ég tel að minni hluti fjárln. hafi svo sannarlega gert það í vinnunni á undanförnum vikum.

[10:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. 15. þm. Reykv. sagði í upphafi umræðunnar að þetta haust sem við höfum sinnt störfum í þessari stofnun hefur verið nokkuð óvenjulegt og það er ekki síst að þakka núv. hæstv. forseta Alþingis og hvernig hann hefur tekið á málum og forsætisnefndin öll. Það hefur tekist gott samstarf um málin og bæði stjórn og stjórnarandstaða, þ.e. stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, hafa lagað sig að þessum veruleika með tíu undantekningum. Það eru ráðherrarnir. Þeir hafa ekki verið tilbúnir til að taka þátt í þessu. Þeir hafa ekki hagað sér með þeim hætti að það gæti orðið til þess að stuðla að góðri samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu um störf þingsins eins og nauðsynlegt er. Og það er auðvitað alveg útilokað að halda áfram umræðunum um fjárlögin í dag öðruvísi en fá nákvæmar upplýsingar um það hvenær tillögur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum koma. Hvenær koma þær? Koma þær í dag? Koma þær á morgun? Hvenær koma þessar tillögur? Þetta er alveg óhjákvæmilegt að fá á hreint.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að það verði skoðað sem hv. síðasti ræðumaður nefndi að það er verið að knýja fram í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fjöldann allan af lagabreytingum sem snerta almenn efnahagsleg grundvallaratriði en ekki endilega fjárlagafrv. sjálft eins og á að afgreiða það núna. Ég held að menn þurfi þess vegna að skoða það mjög alvarlega með tilliti til þess litla tíma sem þingið á nú eftir til jóla að verulegur hluti af frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum verði látinn liggja þannig að eðlilegur tími gefist í fagnefndum þingsins til að skoða þá þætti miklu betur heldur en horfur eru á núna.

Þetta vil ég segja við hæstv. forseta og leggja um leið áherslu á að hlutir eins og árásir hæstv. fjmrh. á Ríkisspítalana undanfarna daga eru ekki til þess fallnir að greiða fyrir eðlilegri umræðu í þessari stofnun um heilbrigðismál á sama tíma og henni er neitað um tillögur þeirrar ríkisstjórnar sem efnir til stórfelldrar atlögu gegn stærstu heilbrigðisstofnun landsins eins og Ríkisspítölunum núna undanfarna daga undir forustu heilbrrh. Því er óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að þessi mál verði rædd nánar á vettvangi forustumanna þingflokkanna og forsætisnefndarinnar.

[10:51]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég hlýt að gera athugasemdir við störf þingsins þegar svona er komið og taka undir kröfu þeirra þingmanna sem óska eftir og biðja um og raunar krefjast þess að 2. umr. verði frestað. Hv. formaður fjárln. sagði að meginhluti fjárlaganna væri fyrirliggjandi. Það má kannski rétt vera. Það eru um það bil 60% en ekki nema 76 millj. af heilbrigðisgeiranum sem eru 40% af fjárlögum íslenska ríkisins. Þegar fulltrúar frá heilbrrn. eru ekki einu sinni tilbúnir til að koma til fjárln. til að skýra stöðuna, þá hlýtur að vera eðlileg krafa þingsins að fresta þessari umræðu.

Til okkar í fjárlaganefnd hefur komið fjöldi fulltrúa frá heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, bæði hér í Reykjavík og alls staðar af landinu. Vandinn sem er bara uppsafnaður vandi, herra forseti, er upp á 700 millj. að lágmarki. Óskirnar til þess að standa við lágmarkskröfur eru að mati þeirra sem hafa verið í viðtölum við fjárln. upp á 2,5–3 milljarða. Við vitum ekkert hvar við stöndum. Við erum með fjárlögin í uppnámi. Það hlýtur að verða krafa okkar að fresta þessari umræðu, herra forseti.

[10:53]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir athugasemdir stjórnarandstöðuþingmanna varðandi vinnubrögð á hv. Alþingi. Það er ósvinna sem hér á að fara fram ef 2. umr. um fjárlög á að hefjast og það vantar útfærslu ríkisstjórnarinnar er varðar tæpan helming af útgjöldum ríkisins. Þetta gerir okkur stjórnarandstöðuþingmönnum ókleift að vinna og við höfum unnið af heilindum í þingnefndum varðandi þennan málaflokk. Þingflokkur Þjóðvaka hefur undirbúið ítarlega tillögugerð varðandi fjárlagafrv. Við munum vegna þeirra atburða sem hér eru að gerast, að fjárlagafrv. er ekki burðugra en raun ber vitni þegar það kemur til 2. umr., ekki leggja fram okkar tillögur við 2. umr. Við munum gera það við 3. umr. til að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér virðast vera í uppsiglingu.

[10:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hafa talað tveir hv. þingmenn stjórnarliðsins, hv. formaður fjárln. Jón Kristánsson og hv. þm. Sturla Böðvarsson. Báðir hafa haldið því fram að hér sé um eðlileg vinnubrögð að ræða. Báðir hafa vísað til fordæma í tíð síðustu ríkisstjórnar og sérstaklega hv. þm. Sturla Böðvarsson. Það kom aldrei fyrir meðan ég og hv. þm. vorum að verja afturenda þáv. ríkisstjórnar að við þyrftum að verja þetta allt saman. (**Gripið fram í:** Og eyrun líka.) Það kom aldrei fyrir að öllum rekstrarþáttum heilbrigðiskerfisins eða þeim þætti fjárlaganna sem tengdist heilbrigðiskerfinu væri vísað með manni og mús til 3.umr.

Það er líka annað sem hefur breyst, herra forseti, og það er að núna situr í forsetastóli maður sem hefur tekið upp vönduð vinnubrögð og hefur kallað þingið allt til stuðnings við sig. Þingið hefur tekið undir óskir hans um betri og vandaðri starfshætti. Við hljótum auðvitað að hugsa um virðingu þingsins. Hér er um að tefla afskaplega róttækar breytingartillögur sem varða heilbrigðismálin og við hljótum að gera kröfu til þess að fá tvær umræður um þær. Það eru vinnubrögð sem þingið sjálft hefur þróað til að koma í veg fyrir mistök og nánast í hvert einasta skipti sem menn hafa verið að ræða frv. til fjárlaga hafa orðið verulegar breytingar milli 2. og 3. umr. Nú er verið að svipta þingið möguleikanum til að gera þessar breytingar.

Herra forseti. Við höfum orðið vitni að afskaplega óvönduðum vinnubrögðum varðandi heilbrigðishluta fjárlaganna og þeim mun nauðsynlegra er að fá tíma til þess að vega og meta þær tillögur sem við höfum nasasjón af. Spurningin er auðvitað: Hvað dvelur orminn langa? Hvað er það sem veldur því að tillögurnar koma ekki fram? Er það ágreiningur innan stjórnarliðsins? Er það sleifarlag innan heilbrrn.? Það má kannski segja sem svo að það komi stjórnarandstöðunni ekki við. Gott og vel. Stjórnarliðið hefur sinn rétt til þess að véla um þetta og ná fram þessum tillögum, en ég segi: Það er krafa stjórnarandstöðunnar að við fáum tvær umræður til að ræða þær. Það er óhjákvæmileg krafa að umræðunni verði frestað þangað til stjórnarliðið er annaðhvort búið að jafna sinn ágreining eða þangað til hæstv. heilbrrh. er búinn að aka út þeim tillögum sem hún vill að þingið fjalli um í fyllingu tímans.

[10:57]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ef hv. 15. þm. Reykv. hefur heyrt það svo að ég héldi því fram að þetta væri óskastaða sem við værum í þá er það misskilningur. Ég mundi auðvitað óska þess að geta lagt fram allar brtt. við 2. umræðu. Ég hef skýrt frá því hvernig stendur á því að það er ekki unnt.

Hins vegar hefur komið fram hjá a.m.k. tveimur ræðumönnum að stefna ríkisstjórnarinnar liggi ekki fyrir við fjárlagagerð. Það er misskilningur. Stefna ríkisstjórnarinnar liggur fyrir. Stefna ríkisstjórnarinnar er að halli fjárlaga verði í kringum 4 milljarðar kr.

Hv. 15. þm. Reykv. sagði einnig að hér hefði í hvert einasta skipti sem fjárlög hefðu verið rædd verið vísað fjöldamörgum málum milli 2. og 3. umr. (**ÖS:** Breyst, sagði ég, breyst á milli.) Og breyst á milli 2. og 3. umr. Þetta er alveg rétt. Auðvitað er þetta ekki óskastaða en hins vegar er betra fyrir fjárln. að fara vel ofan í þau erindi sem henni berast heldur en leggja fram tillögur sem standast ekki. (**JBH:** Hvar eru tillögurnar?) Tillögurnar eru í vinnslu en það er ekki hægt að segja um það á þessu stigi hvaða dag þær koma fram en 3. umr. fer fram innan viku. (**JBH:** Væri þá ekki rétt að hafa umræðuna þegar tillögurnar koma fram.) (Gripið fram í.) 3. umr. fer fram innan viku. Það má sem dæmi nefna af því að ég nefndi fordæmi að 1987 þegar hv. 9. þm. Reykv. var fjmrh. breyttust útgjaldaliðir fjárlaga milli 2. og 3. umr. um hvorki meira né minna en 3,5 milljarða kr. (Gripið fram í.) þannig að það er ekki fordæmislaust þó það sé langt frá því að ég haldi því fram að þetta sé óskastaða. En ég tel ekkert því til fyrirstöðu að þessi umræða geti farið fram nú.

[11:00]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill staðfesta það að mjög gott samstarf hefur verið um þingstörfin á þessu þingi, þakkar þingmönnum sérstaklega fyrir þeirra hlut og ekki síst stjórnarandstöðunni. En svo sem hér hefur komið fram þá eru þess dæmi að viðamiklir þættir fjárlagafrv. hafa beðið afgreiðslu fjárln. til 3. umr. Forseti er ekki að mæla með því vinnulagi en bendir hins vegar á fordæmin.

Það er ljóst að það er erfitt að verða við tilmælum þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar um að fresta þessari fjárlagaumræðu þannig að hún fari ekki fram í dag en til þess að ræða málið frekar biður forseti þingflokksformenn um að koma til fundar nú í forsetaherberginu. Fjárlagaumræðan frestast þar til þeim fundi er lokið en önnur dagskrármál verða tekin fyrir á meðan.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (alþjóðasamningur um bann við pyndingum). — Þskj. 74.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, JóhS, JBH, KÁ, KH, KB, LB, MS, ÓE, PP, PBald, PHB, RA, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÖJ, ÖS.
28 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, FI, GuðjG, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MF, ÓRG, ÓÖH, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 365).

Fullnusta erlendra ákvarðana um forsjá barna, 3. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 348 (sbr. 94).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KB, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BH, DO, FI, GuðjG, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, KHG, KPál, LMR, MF, ÓRG, RG, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 366).

Fjöleignarhús, 3. umr.

Stjfrv., 164. mál (eignaskiptayfirlýsingar og bílskúrar). — Þskj. 350.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁRJ, BBj, DSigf, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KB, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BH, DO, FI, GuðjG, HBl, HjálmJ, HG, IP, KHG, KPál, LMR, MF, ÓRG, RG, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 367).

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 247. mál (dánarbú, viðmiðunarfjárhæð). — Þskj. 345.

[11:06]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem er flutt af efh.- og viðskn. Málið er tiltölulega einfalt. Það er á þskj. 345. Það fjallar um að samræma innbyrðis álagningarreglur um dánarbú fyrsta ár eftir andlát og tengist því að viðmiðunarfjárhæð sérstaks eignarskatts verði fastsett og að tilvísun til skattvísitöluákvæða laga um tekju- og eignarskatt verði felld brott. Þetta er varðandi breyting á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Þar er sérstakur eignarskattur lagður á. Þarna hefur átt sér stað misræmi gagnvart dánarbúum sem láðist á sínum tíma að taka tillit til þannig að hin skattalega meðferð verði rétt gagnvart dánarbúum og það skipti ekki máli hvenær innan ársins þau séu gerð upp. Þess vegna er þetta frv. flutt. Það er flutt, herra forseti, af allri efh.- og viðskn.

Ég geri að tillögu minni að lokinni þessari umræðu að málinu verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 354; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 355; brtt. MF og SvG, þskj. 356; brtt. SJS, þskj. 357; brtt. SvG, þskj. 358; brtt. SvG og RA, þskj. 359; brtt. BH og ÖJ, þskj. 360; brtt. SvG og HG, þskj. 361; brtt. ÖJ, þskj. 362; brtt. SvG og MF, þskj. 363; brtt. SJS o.fl., þskj. 364.

Iðnlánasjóður, 194. mál, nál. iðnn., þskj. 368.

[Fundarhlé. — 13:33]

Tilkynning um dagskrá.

[14:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka eftirfarandi fram:

Forseti hefur átt fundi með formönnum þingflokka, svo og með hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. Það er samkomulag um að 2. umr. fjárlaga fari nú fram samkvæmt dagskrá, en gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla að lokinni 2. umr. verði kl. tvö á morgun. Forsenda fyrir þessu samkomulagi af hálfu stjórnarandstöðu eru skýringar sem hæstv. ráðherrar hafa gefið á stöðu mála varðandi sjúkrahúsin sérstaklega en lokatillögur varðandi þau eru nú til meðferðar hjá fjárln.

Forseti hefur einnig fallist á ákveðnar breytingar frá því sem áður var ætlað varðandi umræður um bandorminn svonefnda og það hafa verið ræddar hugsanlegar breytingar á því frv. í þessum hópi. Það hafa einnig verið rædd önnur mál sem berast nú frá nefndum og þarf að afgreiða fyrir þinghlé. Forseti metur þann samstarfsvilja sem aðilar hafa sýnt varðandi þingstörfin.

Gert verður hlé á fundi þingsins síðar í dag til þess að fjárln. fái tíma til þess að ræða þau mál sem þar eru enn óafgreidd. Þetta hlé verður þá væntanlega gert þegar talsmenn fjárln. og þingflokkanna hafa tjáð sig um frv. við þessa umræðu.

[14:05]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þá yfirlýsingu sem hann hefur gefið og fyrir þá viðleitni hans að reyna að stuðla að sem bestu samkomulagi um þinghaldið. Við höfum setið á fundum núna um nokkurt skeið og rætt við hæstv. ráðherra fjármála og heilbrigðismála.

Eins og hæstv. forseti gat um er niðurstaðan sú, og það er kannski aðalatriði málsins, að þær tillögur í heilbrigðismálum sem við auglýstum eftir í morgun verða væntanlega kynntar undir 2. umr. og áður en henni lýkur. Það er í raun og veru grundvallaratriði í þessu máli og ég hef litið þannig á og skildi umræðuna áðan þannig að það yrði hv. formaður fjárln. sem fjallaði um það mál eftir fund fjárln. sem hæstv. forseti gerði grein fyrir af sínum stóli áðan.

Í annan stað vil ég staðfesta það sem fram kom í máli hæstv. forseta að það yrði fjallað nánar um uppsetningu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og hvernig það yrði afgreitt núna fyrir hátíðarnar. Ég held að það sé líka rétt að bæta því við þannig að öllu sé til skila haldið að við ræddum um það að atkvæðagreiðsla um fjárlögin eftir 2. umr., ef allt fer fram sem horfir, gæti orðið upp úr hádeginu á morgun. Ég tel líka mikilvægt að nefna það í þessu samhengi, þótt ég tæki ekki eftir að forseti hafi gert það. En ég vil þá láta það koma fram af minni hálfu.

Ég vil einnig taka fram að það kom fram á fundum með hæstv. ráðherrum að það er ekki ætlunin að lögfesta róttækar breytingar á yfirstjórn sjúkrahúsanna á þéttbýlissvæðinu. Það er mjög mikilvægt atriði að það liggur núna fyrir að þinginu gefst betri tími til að fara yfir þau mál en horfur voru á um. Og ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forseta fyrir hans viðleitni til að stuðla að góðri sátt um þinghaldið eins og áður.

[14:07]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs einmitt til þess að lofa og prísa stjórn forseta á þessum fundum. Ég kvaddi mér hljóðs í morgun til að geta þess að mér þætti furðu sæta að á dagskrá væru fjárlög til 2. umr. þegar fyrir lægi að þeim mikla hluta fjárlaganna sem tengist heilbrigðismálum hefði verið frestað til 3. umr. Ég benti á í morgun að þingið hefði sjálft smíðað sér ákveðin tæki til þess að reyna að draga úr mistökum sínum með því að öll meiri háttar mál fengju a.m.k. tvær umræður í þinginu. Ég beindi því til forseta að hann gætti þess að ekki yrði farið illa með þessi tæki þingsins og forseti hefur orðið við þeirri bón okkar. Hann hefur sett á fundi með formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðsins og þeim ráðherrum sem málið varðar og ég tel að það hafi náðst farsæl lausn í þessu. Það liggur fyrir að undir 2. umr. verða kynntar þær tillögur sem á vantar í heilbrigðismálum, sérstaklega þær sem tengjast sjúkrahúsmálum í Reykjavík. Það er afskaplega mikilvægt að það liggur fyrir yfirlýsing um að ekki verða lögfestar meiri háttar breytingar á yfirstjórn sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni höfuðborgarinnar. Jafnframt tel ég líka að þær yfirlýsingar sem gengu af munni ráðherra um bandorminn séu þess eðlis að það sé hægt að ná farsælu samkomulagi um lendingu allra þingmála fyrir jól.

[14:09]

Útbýting þingskjals:

Læsivarðir hemlar í bifreiðum, 248. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 370.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 353 og 356–364. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 247. mál (dánarbú, viðmiðunarfjárhæð). — Þskj. 345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Fjárlög 1996, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 346, 354 og 355, brtt. 347, 353, 356, 357, 358, 359, 360, 361, 362, 363 og 364.

[14:13]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Horfur í þjóðarbúskapnum eru nú betri en þær hafa verið um árabil. Þar fléttast saman góð skilyrði heima fyrir og hagstæð framvinda á alþjóðavettvangi. Spár um þróun efnahagsmála eru flestar á þá lund að hagvöxtur í heiminum verði viðunandi á næstu árum. Þannig spáir OECD að hagvöxtur í aðildarríkjunum verði að meðaltali 2,5% á árinu 1996 og 2,8% 1997. Að auki er útlit fyrir að verðbólgu verði haldið í skefjum, að hún verði að jafnaði um 2% og vextir virðast fremur hneigjast til lækkunar.

Þessar forsendur um þróun efnahagsmála á alþjóðavettvangi eru hagstæðar fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Í því sambandi nægir að nefna að almenn eftirspurn í iðnríkjunum eykst, þar á meðal eftir íslenskum vörum, og meiri líkur verða á meiri stórframkvæmdum á sviði orkufreks iðnaðar. Ef framhald verður á vaxtalækkunum erlendis hefur það áhrif á vexti hér á landi í sömu átt.

Flest kennileiti í íslenskum þjóðarbúskap benda til að efnahagsstarfsemin sé á traustum batavegi. Frá því að þjóðhagsáætlun var lögð fram á Alþingi í byrjun október sl. hefur ýmislegt gerst sem bætir hagvaxtarhorfur. Þar má m.a. nefna

ákvörðun um stækkun álversins í Straumsvík og viðbætur við kjarasamninga og tengdar ráðstafanir.

Í þjóðhagsáætlun var spáð 2% hagvexti á árinu 1996 og að jafnaði 2,5% hagvexti á ári næstu árin þar á eftir. Þessar tölur eru í lægri kantinum miðað við horfur í iðnríkjunum. Með stækkun álversins og aukinni eftirspurn innan lands verður hagvöxtur hér á landi hins vegar líklega nokkru meiri en í iðnríkjunum á árinu 1996 og með frekari framkvæmdum á þessu sviði gæti hagvöxtur hér á landi á næstu árum orðið allmiklu meiri en í iðnríkjunum. Í þessu felst jafnframt að atvinnuhorfur eru betri en reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Tölur liggja ekki enn fyrir í þessu efni, en fjárln. á von á greinargerð frá Þjóðhagsstofnun um horfurnar á næsta ári sem liggja munu fyrir að venju við 3. umr. málsins.

Þjóðhagsleg skilyrði hafa því farið batnandi að undanförnu og forsendur virðast vera fyrir því að þau verði áfram góð. Vandi fylgir hins vegar vegsemd hverri. Með batnandi skilyrðum vex hættan á því að þensla myndist. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að svo fari því þensla stefndi efnahagsstarfseminni í ógöngur sem óhjákvæmilega leiddi okkur til lakari lífskjara en nú eru í augsýn. Þess vegna er nauðsynlegt að sporna við þensluhættunni með þéttu taumhaldi í ríkisfjármálum. Það er skilvirkasta aðferðin í þessu skyni því önnur tæki til að hafa hemil á eftirspurn eru vextir og gengi og beiting slíkra tækja í ríkum mæli við svona aðstæður gæti haft slæm áhrif á mikilvægar vaxtargreinar í þjóðarbúskapnum. Það er nú einu sinni svo að stilla verður þessi þrjú tæki saman, ríkisfjármál, vexti og gengi, því eftirgjöf á einum stað kallar á mótvægi á öðrum. Enginn vafi er á því eins og nú horfir í þjóðarbúskapnum að vænlegast er að gera sem mest á sviði ríkisfjármála til að tryggja viðunandi jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það er öruggasta leiðin til að ná sem mestum árangri við þau skilyrði sem blasa við nú.

Þegar fjárlög íslenska ríkisins eru ákveðin og fjármunum deilt út til einstakra verkefna er verið að ákveða umfang ríkisrekstrarins fyrir næsta ár. Þær ákvarðanir sem teknar eru eiga að endurspegla vilja löggjafans um það efni.

Eigi fjárlögin að vera virkt stjórntæki, er mikil nauðsyn á því að verkefnin séu vel skilgreind. Sé svo ekki er mikil hætta á að þær áætlanir sem heimildir fjárlaga byggja á, séu á sandi byggðar. Því miður hefur oft verið svo og fjárlög hverju sinni hafa ekki verið það stjórntæki um opinberan rekstur sem til stóð.

Fjárln. hefur í störfum sínum leitast við að meta einstaka þætti fjárlagafrv. og þau erindi sem henni berast. Þau erindi eru undantekningarlítið óskir um hækkun framlaga eða ný verkefni og aukið umfang. Nefndin hefur reynt að meta þessar óskir eftir bestu getu og mun ég síðar í ræðu minni gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa í meðförum hennar.

Það er sígilt viðfangsefni í stjórnmálum að setja afskiptum ríkisvaldsins ramma og ákveða hlut opinbers rekstrar og opinberrar þjónustu í efnahagslífinu. Endurmat fer nú fram í þessu efni í öllum nágrannalöndum okkar. Það umrót sem orðið hefur í Evrópu á níunda og tíunda áratug þessarar aldar hefur ýtt undir og sett þetta endurmat í sérstakt ljós. Tími hinna algjöru ríkisafskipta er liðinn og þær þjóðir Austur-Evrópu sem bjuggu við slíkt fyrirkomulag eru að feta sig til annarra stjórnarhátta.

Sú aðlögun er mjög erfið fyrir fólkið í þessum löndum og veldur víða upplausn og öryggisleysi.

Stjórnmálastefnur mótast í ríkum mæli af afstöðunni til ríkisvaldsins. Margir telja að besta leiðin til farsælla lífnaðarhátta liggi í gegnum sem mest ríkisafskipti og þau tryggi öryggi og velferð. Aðrir telja að ríkið eigi að hafa sem minnst afskipti af málefnum fólksins og markaðurinn eigi lausnir við nær öllum málum. Við Íslendingar búum við þriðju leiðina. Við álítum eðlilegt að ríkisvaldið myndi öryggisnet í samfélaginu, sinni velferð fólksins í landinu, heilbrigðisþjónustu, menntun og ýmiss konar félagslegri þjónustu. Auk þess hefur ríkisvaldið stórt hlutverk í þjónustu við almenning í öryggismálum og má þar nefna rekstur útvarps og sjónvarps, rekstur Pósts og síma, öryggisþjónustu á sviði almannavarna, landhelgisgæslu og löggæslu svo eitthvað sé nefnt. Ríkið hefur lagt fjármagn til þjónustu við atvinnuvegina í nokkrum mæli hér á landi. Það hefur einnig verið fyrirferðarmikið í bankarekstri landsmanna.

Það endurmat sem nú fer fram um opinberan rekstur hlýtur að ná til okkar Íslendinga eins og annarra þjóða. Ég hygg að ekki sé um það deilt að farsælast er að sá sem ber fjárhagslega ábyrgð á stofnunum sé eins nálægur og áþreifanlegur fyrir þá sem þar vinna og unnt er. Þess vegna verður fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda að vera vel skilgreind. Ríkissjóður er fjarlægur og ópersónulegur þótt bakgrunnur hans sé ofur einfaldur. Tekjur hans eru skattar og skyldur fólksins og gjaldþol hans er það sem innkomnar tekjur hrökkva fyrir. Vandamálið sem við Íslendingar höfum átt við að stríða mörg undanfarin ár er að greitt hefur verið meira út úr ríkissjóði en tekjur hafa innheimst fyrir. Einhverjir kunna að snúa dæminu við og segja sem svo að ekki hafi verið innheimtar tekjur fyrir þeim útgjöldum sem talið hefur verið nauðsynlegt að greiða. Afstaðan til skattheimtunnar er sígilt ágreiningsefni í stjórnmálum hér á landi sem annars staðar.

Það ber brýna nauðsyn til þess að skilgreina vel þá þjónustu sem ríkisvaldinu er falið að sinna. Það á að þjóna almannahagsmunum, vera öryggiskerfi fyrir þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Ríkið á hins vegar ekki að stunda atvinnurekstur nema það sé álitið nauðsynlegt vegna sömu hagsmuna.

Ég hygg að það sé nokkuð breið pólitísk samstaða um það í þjóðfélaginu að beita beri valdinu til að leggja á skatta af hófsemi og ekki sé mikið svigrúm í þeim efnum. Skattlagning verður að vera innan skynsamlegra marka þannig að réttlætiskennd almennings sé ekki ofboðið. Það hefur hins vegar verið ákveðið að taka upp fjármagnstekjuskatt á þeim forsendum að það sé réttlætismál að fjármagnstekjur séu skattlagðar eins og atvinnutekjur. Þá ber að herða enn róðurinn í því að ná inn álögðum gjöldum til ríkissjóðs og berjast gegn neðanjarðarhagkerfi og skattsvikum. Þetta eiga að vera forgangsverkefni í tekjuöflun ríkissjóðs.

Meiri hluti fjárln. hefur tekið ábyrgð á stjórnarstefnunni með stuðningi sínum við ríkisstjórnina og fer með ákveðnar forsendur í veganesti til vinnu við fjárlagafrv. Þær forsendur byggjast á útgjaldarömmum ráðuneyta sem aftur byggjast á þeirri ákvörðun stjórnvalda að ná ríkissjóðshallanum niður á tveimur árum án almennra skattahækkana. Þetta er verkefni sem leggur miklar skyldur á herðar stjórnarliðum og þrengir svigrúm fjárln. til að sinna þeim mörgu og þörfu verkefnum sem kynnt hafa verið fyrir nefndinni.

Veigamesta stefnubreytingin sem frv. felur í sér er sú að afnema sjálfvirkni í útgjöldum á sem flestum sviðum. Þetta er gert til þess að fjárveitingavaldið á hverjum tíma hafi á sínu færi að stýra útgjöldum og forgangsraða verkefnum. Þessi

ákvörðun tekur til viðkvæmra þátta svo sem heilbrigðis- og tryggingakerfisins þar sem er innbyggð útgjaldaaukning sem m.a. má rekja til breyttrar aldursskiptingar þjóðarinnar, hátækni í lækningum og nýjungum í lyfjameðferð sem kosta afarmikla fjármuni.

Á þessu hausti hefur verið veruleg ólga á vinnumarkaði og hafa forustumenn launþega haldið því fram að jafnlaunastefnan hafi brugðist. Nokkur stór verkalýðsfélög hafa sagt upp kjarasamningum og hefur þeim uppsögnum nú verið vísað til félagsdóms.

Á vettvangi stjórnvalda hafa þessi mál verið til meðferðar og haldnir hafa verið fundir með fulltrúum ASÍ, BSRB og vinnuveitanda. Til þess að leitast við að tryggja frið á vinnumarkaði og skapa traustari skilyrði fyrir sátt í þjóðfélaginu um kjaramálin ákvað ríkisstjórnin eftirfarandi aðgerðir:

1. Atvinnuleysistryggingabætur hækki 1. janúar næstkomandi um 150 milljónir króna.

2. Bætur almannatrygginga hækki 1. janúar um 450 milljónir króna.

3. Viðbótarfrádráttur lífeyrisiðgjalds launþega frá tekjuskatti frá og með 1. júlí 1997 komi til framkvæmda 1996. Þetta þýðir 400 milljón króna viðbótarútgjöld.

Ríkisstjórnin gaf yfirlýsingar um þetta efni þann 30. nóvember sl. og þar segir að hún muni leitast við að þessar aðgerðir raski ekki þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hafi sett sér í ríkisfjármálum. Þær þýða að slakað er út einum milljarði króna af þeim sparnaðaráformum sem frv. gerði ráð fyrir. Það gefur auga leið að þessar ráðstafanir urðu til þess að finna þurfti nýjar leiðir til niðurskurðar og svigrúmið til að mæta erindum um útgjaldaaukningu varð enn þrengra en áður. Þetta leiddi m.a. til niðurskurðar á fjárfestingu í framhaldsskólum og menningarbyggingum um 100 millj. kr. og í vegagerð um 350 millj. sem nánar verður gerð grein fyrir í skýringum við brtt. við frv. síðar í ræðu minni.

Miklu veldur um afkomu ríkissjóðs hvernig staða atvinnuveganna í landinu er og það er í raun undirstaðan. Segja má að íslenskur útflutnings- og samkeppnisiðnaður búi nú við góð skilyrði. Hækkun launa í sjávarútvegi umfram áætlaða hækkun afurðaverðs á sama tíma veikir reyndar stöðu atvinnugreinarinnar, en raungengi er í sögulegu lágmarki og samkeppnisskilyrði útflutnings- og samkeppnisiðnaðar eru því góð. Lágt raungengi hefur skapað sóknarfæri fyrir óhefðbundnar útflutningsgreinar á erlenda markaði. Spáð er að útflutningsframleiðsla af þessu tagi aukist um 9,5% í ár. Það eru viss þáttaskil nú að spá um vöxt útflutningsframleiðslu um 1,2% sem á þessu ári byggist nær eingöngu á vexti þeirra útflutningsgreina, þar sem byggt er á háþróaðri tækni, hugviti og þekkingu. Útflutningur á íslenskri verkkunnáttu er orðinn að veruleika og farinn að skipta máli í íslensku atvinnulífi. Framsækin fyrirtæki í sjávarútvegi hafa verið þar í fararbroddi

Forsendur fjárlagafrv. byggja á því að afli á fjarlægum miðum verði svipaður og á síðasta ári. Sömuleiðis bolfiskafli á heimamiðum. Reiknað er með 965 þús. tonna loðnuafla, en aflaheimildir hafa nýlega verið auknar í loðnu upp í 1.100.000 tonn. Síldarafli í forsendum fjárlaga er 170 þús. tonn. Stækkun álvers var ekki reiknuð inn í forsendur fjárlaga í haust eins og áður hefur fram komið.

Við þessi skilyrði er tækifæri til að ná árangri í ríkisfjármálum og frá sjónarmiði efnahagsmála er eðlilegt að ríkið stilli útgjöldum í hóf þegar betur horfir í atvinnuvegunum. Langvarandi hallarekstur ríkis og sveitarfélaga leiðir til aukinnar samkeppni um fjármagn, en íslenskur fjármagnsmarkaður er smár og þjóðhagslegur sparnaður minni en í samkeppnislöndunum. Það er besta aðgerðin fyrir einstaklinga og atvinnufyrirtækin í landinu að stýra málum þannig að vextir lækki. Jafnvægi í ríkisfjármálum er áhrifamikil leið að því markmiði. Náist það markmið að fjárlög verði hallalaus 1997 og afkoman verði orðin jákvæð 1999, er það talið þýða raunvaxtalækkun allt að 1,5% og aukinn hagvöxt um allt að 1%. Nú, þegar horfur eru góðar, er tækifæri til þess að ná þessum markmiðum. Ef það næst ekki þegar ytri aðstæður eru jákvæðar er borin von að það gerist þegar verr árar. Til þess að ná árangri þarf tvennt: Að koma í veg fyrir að útgjöld fari úr böndum og stöðva hinn kerfislæga halla og innheimta þær tekjur sem ríkið á rétt á samkvæmt ákvörðunum löggjafans um skattheimtu og berjast gegn skattsvikum.

Bætt aðstaða og sóknarfæri atvinnufyrirtækjanna í landinu eru traustasta undirstaðan undir atvinnusköpuninni. Markmiðið um að skapa ný störf og halda uppi lífskjörum í landinu næst ekki nema að grundvöllur þeirra sé traustur.

Þegar farið var yfir forsendur ríkisfjármála á síðastliðnu vori var leitast við að gera áætlun um þróun þeirra mála næstu árin. Almennt talað er það mikil nauðsyn að leggja fram svo sem kostur er áætlanir um þróunina fyrir lengri tíma. Í fjármálaráðuneytinu, Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, svo nefndar séu þrjár lykilstofnanir, liggja fyrir æ meiri upplýsingar til grundvallar slíkri vinnu, svo og þeim stofnunum sem útdeila opinberu fé.

Eins og fram kemur í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins hefur mikill halli á fjárlögum verið í brennidepli efnahagsumræðunnar á alþjóðavettvangi undanfarin ár, ekki síst sá halli sem rekja má til áhrifa gildandi laga og reglugerða, en er óháður almennri efnahagsþróun. Þarna kemur að hinum stóru spurningum um velferðarkerfið, hvernig það verði varðveitt til frambúðar. Sú stefnumarkandi ákvörðun hefur verið tekin nú að með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er til meðferðar í efh.- og viðskn. þessa dagana, eru ákvæði um að fjárframlög til ýmissa verkefna sem hafa verið háð mörkuðum tekjustofnum séu framvegis ákveðið framlag á fjárlögum. Undanfarin ár hefur þessu markmiði verið náð með skerðingarákvæðum sem samþykkt hafa verið til árs í senn. Sömuleiðis hefur verið tekin sú ákvörðun að upphæð bóta frá ríkinu sé ákveðin í fjárlögum hverju sinni, en ekki tengd almennum launahækkunum.

Þessar breytingar leggja fjárveitingavaldinu miklar skyldur á herðar og kallar á endurmat vinnubragða og endurskoðun á bótakerfinu í heild. Þótt alltaf hafi verið svo að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis, hafa upphæðir bóta í þjóðfélaginu verið tengdar samningum á almennum vinnumarkaði. Þegar Alþingi tekur nú til sín þetta vald að fullu er brýn nauðsyn á því að fram fari umræða um skipulag og markmið bótakerfisins og hvernig bætur megi tryggja þeim lífsgrundvöll sem þurfa á þeim að halda.

Þegar litið er til lengri tíma og þróun ríkisfjármála skoðuð blasir við að ef ekkert væri að gert og ekki spyrnt við fótum, þá aukast ríkisútgjöld hröðum skrefum næstu árin með tilheyrandi skuldasöfnun opinberra aðila. Ljóst er að eftir fjögur ár væru þær skuldir komnar yfir hættumörk og gætu rýrt lánstraust þjóðarinnar. Vaxtagreiðslur yrðu um 18 milljarðar króna eða viðlíka upphæð og menntakerfið kostar í dag. Vextir eru nú þegar orðnir um 13 milljarðar króna, eða álíka upphæð og allur stofnkostnaður í opinberum framkvæmdum og hjá ríkisstofnunum.

Það er alveg ljóst að ef slík þróun fær að halda áfram án þess að nokkuð sé að gert, mun ekki takast að varðveita velferðarkerfið til frambúðar. Lífskjör munu versna, skuldaklyfjar eru lagðar á herðar næstu kynslóða. Hætt er við að í slíku umróti mundi það velferðarþjóðfélag sem samstaða er um að hafa hér á landi bresta.

Þótt skiptar skoðanir séu um hve mikið og hvernig notendur eiga að greiða fyrir þjónustu í mennta- og heilbrigðiskerfinu hér á landi, má rekja um 70 milljarða af 125 milljarða króna útgjöldum ríkissjóðs til þessara þátta og um 9 milljarða króna til útgjalda í félagsmálaráðuneyti. Ekki verður hjá því komist þegar leitað er leiða til lækkunar útgjalda að líta á þessa þætti.

Þótt áfanga séð náð í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 með afgreiðslu málsins við 2. umr. er sú þriðja eftir. Auk umfjöllunar um tekjuhlið, heimildir á 6. grein og B-hluta stofnanir bíða 3. umr. ákvarðanir um útgjaldaramma sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Þau erindi sem bárust til fjárlaganefndar voru um verulegan útgjaldaauka og var óhjákvæmilegt að fara ofan í saumana á þeim. Einkum er vandi Ríkisspítala og annarra sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu mikill. Unnið er að tillögugerð í þessum málum eins og fram hefur komið hér fyrr í dag undir umræðum um störf þingsins.

Vegna mikillar útgjaldaþarfar í rekstri heilbrigðisstofnana var sú ákvörðun tekin að stöðva allar framkvæmdir við byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva nema þar sem verksamningar voru í gangi og borga skuldir vegna þegar unninna verka. Þrátt fyrir þetta er lagt til að heildarframlag til þessara mála hækki um 48,8 milljónir króna frá frumvarpinu og er gerð nánari grein fyrir því máli í skýringum við brtt. við frv. Endurráðstafað er 20 milljónum króna af óhöfnum fjárveitingum til hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði og byggingar D-álmu í Keflavík og hefur verið unnið að því að endursemja um þau mál bæði.

Herra forseti. Störf fjárln. við afgreiðslu frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 26. september sl. og átti viðtal við fulltrúa sveitarfélaga í landinu sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárln. vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði með bréfi, dags. 14. október sl., eftir áliti fastanefnda þingsins um frv. til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað áliti og fylgja þau nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Þetta er fimmta árið sem þessi skipan er höfð á um samskipti fastanefnda þingsins við fjárln. um afgreiðslu fjárlagafrv. Formenn fastanefnda og talsmenn fyrir minnihlutaálitum komu til viðræðu við fjárln. og lögðu fram álit nefndanna.

Nefndinni hafa borist fjölmargar ábendingar og erindi er varða afgreiðslu vegáætlunar og flugmálaáætlunar. Þau erindi verða send samgn. til umfjöllunar.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárln. og kallar þá nefndin fyrir sig forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 36 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu allra fjárfestingarliða. Brtt. þær, sem eru til umfjöllunar við 2. umr., nema samtals 187,2 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frumvarpsins.

Hér á eftir fylgja skýringar á brtt. meiri hluta nefndarinnar.

1. brtt. fjallar um embætti forseta Íslands. Forseti Íslands hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs í embætti á komandi ári. Af þeim ástæðum þarf að hækka framlag til embættis forseta Íslands um 2,4 millj. kr. vegna biðlauna forsetans. En skv. 4. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, ber að greiða forseta biðlaun.

2. brtt. fjallar um Alþingi. Framlag til Alþingis hækkar um 16,8 millj. kr. vegna rekstrar og er gerð grein fyrir hvernig sú hækkun skiptist í nefndarálitinu.

Umboðsmaður Alþingis. Lagt er til að heimila umboðsmanni Alþingis að ráða einn lögfræðing til viðbótar vegna vaxandi álags á embættið. Að auki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna námsleyfa og fleiri þátta en alls er lagt til að fjárveiting til embættisins hækki um 4,9 millj. kr.

Þessar þrjár brtt. varða æðstu stjórn ríkisins.

Þá kemur að forsrn. Þar eru í fyrsta lagi Ýmis verkefni, Hrafnseyri. Meiri hluti fjárln. leggur til að fjárveiting til Hrafnseyrarnefndar verði hækkuð um 1,5 millj. kr. Framlagið er ætlað sem styrkur til byggingar torfbæjar á Hrafnseyri við Arnarfjörð sem er talin sömu gerðar og bærinn sem Jón Sigurðsson fæddist í 17. júní árið 1811.

Undir menntmrn. eru nokkrar brtt. Sú fyrsta fjallar um Kennaraháskóla Íslands. Lagt er til að fjárveiting til kennslu hjá Kennaraháskóla Íslands hækki um 2 millj. kr. vegna fjarnáms í sérkennslufræðum.

Haustið 1991 hóf hópur fólks fjarnám í sérkennslufræðum við skólann. Auglýst hafði verið 60 eininga nám sem skiptist í tvo 30 eininga áfanga. Skömmu fyrir lok fyrri hluta námsins 1993 urðu þær breytingar að Kennaraháskólinn hóf að bjóða nám til meistaragráðu, m.a. í sérkennslufræðum og féll þá fjarnámið niður. Mikil ásókn hefur verið í nám til meistaragráðu í sérkennslufræðum og hafa inntökuskilyrði mótast af því námi sem nemendur hafa að baki. Þannig hafa þeir nemendur sem höfðu einungis lokið fyrsta áfanga í fjarnáminu ekki komist að. Fjárveitingin sem hér er lögð til er ætluð til að gera þessum nemendum kleift að ljúka sínu námi í sérkennslufræðum í fjarnámi.

Háskóla- og rannsóknastarfsemi, Nýsköpunarsjóður. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna verði hækkað um 5 millj. kr. en sjóði þessum var komið á fót af menntmrh. árið 1993. Markmið sjóðsins er að auka nýsköpun á sviði fræða og vísinda og í því skyni eru ráðnir á vegum sjóðsins námsmenn á háskólastigi til að vinna að afmörkuðum verkefnum undir stjórn umsjónamanns. Sjóðurinn hefur sannað sig á undanförnum árum og til eru fjölmörg dæmi um árangursríkt samstarf sjóðsins við fyrirtæki, ekki síst smáfyrirtæki.

Þá er komið að almennum framhaldsskólum, viðhald og stofnkostnaður. Eins og áður kom fram í ræðu minni er lagður til niðurskurður á stofnkostnaði en í menntmrn. var gert ráð fyrir að lækka stofnkostnað um 100 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 15 millj. kr. teknar af þessum lið og er því til ráðstöfunar til viðhalds og byggingarframkvæmda alls 711

millj. kr. Sundurliðun er að venju sýnd í breytingartillöguskjali meiri hlutans.

Vélskóli Íslands og Iðnskólinn í Reykjavík. Lagt er til að veita 3 millj. í viðbótarfjármagn til hvors skóla í tækjakaupafé. En tækjakaup og endurnýjun tækja vega þungt hjá verkmenntaskólunum. Fjárveiting til tækja- og búnaðarkaupa hefur verið færð sem eignakaup í rekstri í fjárlagafrv. en hér er gert ráð fyrir að þetta verði fært sem sérliður á fjárlagalið skólanna.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins og að meta hversu hátt hlutfall af veittum lánum framlag þurfti að vera af hálfu ríkisins til að varðveita eiginfjárstöðu lánasjóðsins. Niðurstaða Hagfræðistofnunar er sú að fjárframlag ríkisins þurfi að vera 52% af veittum lánum og hefur Ríkisendurskoðun sannreynt þá útreikninga. Framlag í fjárlagafrv. miðast við 51% af veittum lánum. Lagt er til að framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði hækkað um 50 millj. kr. vegna þessa og vegna leiðréttinga á verðlagsútreikningum. Þetta leiðir til breytinga á sjóðnum í B-hluta en að venju eru brtt. við B-hluta fluttar við 3. umr.

Þjóðminjasafn Íslands. Lagt er til að framlag til almenns rekstrar safnsins verði hækkað um 5 millj. kr. vegna tölvumála. Brýnt er að endurskipuleggja á næsta ári tölvukerfi Þjóðminjasafns sem er ófullnægjandi fyrir rannsóknastofnun. Krefst það bæði endurnýjunar á tölvukosti, svo og tengibúnaðar sem ekki er fyrir hendi nú. Örvagreining í tölvumálum er að hefjast og er unnin af sérfræðingum Háskóla Íslands. Einnig er lögð til 1,5 millj. kr. hækkun til byggða og minjasafna sem er sérstaklega ætlað nýjum verkefnum í minjasöfnum og til launa minjavarða.

Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að framlag til héraðsskjalasafna hækki um 1 millj. kr., verði 4 millj. kr. Söfnum af þessum toga hefur verið komið á fót víða um land og myndarlega staðið að uppbyggingu þeirra. Héraðsskjalasöfn gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu skjala og fjárln. telur ástæðu til að efla þau enn frekar.

Blindrabókasafn Íslands. Fjárþörf safnsins hefur aukist verulega á undanförnum árum, m.a. vegna aukinnar námsmannaþjónustu. Eignakaup eru einnig mjög nauðsynleg í blindrabókasöfnum því að starfsemi þeirra er afar tæknivædd. Þar er byggt á hljóðtækni og almennri tölvutækni og er þróunin hröð á þessum sviðum. Meiri hluti fjárln. gerir nú tillögu um að hækka fjárveitingu til safnsins um 2 millj. kr. Þar af er 1 millj. kr. ætluð til almenns rekstrar safnsins og 1 millj. kr. til eignakaupa.

Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Eins og áður var sagt er gert ráð fyrir að lækka stofnkostnað menntmrn. um 100 millj. kr. og eru 85 millj. kr. teknar af þessum lið. Með þeirri breytingu verður heildarfjárveiting 330 millj. kr. og er það sama fjárhæð og veitt var til framkvæmda sem falla undir þennan lið í fjárlögum þessa árs. Sundurliðun er sýnd í breytingartillöguskjali meiri hlutans.

Þá er komið að Sinfóníuhljómsveit Íslands, en fyrirhugað er að hljómsveitin fari til Bandaríkjanna í lok febrúar á næsta ári og leiki þar á ýmsum stöðum, m.a. í Carnegie Hall í New York og er það mikill áfangi í sögu hljómsveitarinnar. Kostnaður við ferðina er áætlaður um 22 millj. kr. og á móti gera forsvarsmenn hljómsveitarinnar ráð fyrir að afla um 14 millj. kr. tekna. Hljómsveitin hefur óskað eftir styrk um 3 millj. kr. vegna þessarar ferðar og leggur meiri hluti fjárln. til að orðið verði við þeirri bón.

Húsafriðunarsjóður. Framlag til húsafriðunarsjóðs í fjárlagafrv. er 10,5 millj. kr. og er óbreytt frá fjárlögum 1995 og reyndar einnig frá fjárlögum ársins 1994. Að auki hefur kostnaður við húsafriðunarnefnd verið greiddur úr húsafriðunarsjóði undanfarin ár og hefur því hlutfallslega minna verið til úthlutunarstyrkja. Styrkur úr húsafriðunarsjóði er stuðningur við þá sem taka að sér varðveislu og viðhald gamalla húsa en eigendur leggja fram mun meira fé en sem nemur styrkjunum. Áhugi á varðveislu gamalla húsa hefur aukist verulega, bæði meðal almennings og sveitarstjórna og leggur meiri hluti fjárln. til að framlag til sjóðsins verði hækkað um 5 millj. kr.

Listskreytingasjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins verði hækkað um 4 millj. kr. og verði 8 millj. kr. Í greinargerð með frv. til fjárlaga 1995 var greint frá því að til stæði að endurskoða lögin um sjóðinn. Nefnd sem var falið að endurskoða lögin hefur skilað áliti, en verið er að fara yfir tillögur nefndarinnar í ljósi umsagna sem borist hafa. Meðan ekki liggur fyrir niðurstaða um málefni sjóðsins er það álit meiri hluta fjárln. að það beri að hækka framlag til sjóðsins svo hann geti fremur staðið við skuldbindingar sínar.

Þá er komið að brtt. um æskulýðsmál, Æskulýðsráð ríkisins. Lagt er til að framlag til Æskulýðsráðs ríkisins verði hækkað um 0,5 millj. kr. til að standa undir hluta kostnaðar við alhliða upplýsingahandbók fyrir ungt fólk. Í bókinni verða margs konar hagnýtar upplýsingar sem ætlaðar eru ungu fólki, þar sem m.a. verði fjallað um land og þjóð, ferðamál, nám og skóla, atvinnumál og réttindi og skyldur. Gert er ráð fyrir að dreifa bókinni til allra nemenda í 10. bekk grunnskóla og til nemenda í tveimur árgöngum í framhaldsskóla.

Ýmis íþróttamál. Undir þennan lið falla fjórar breytingartillögur og skýra þær sig sjálfar. Þó vil ég taka fram varðandi Skáksamband Íslands að veittur var sérstakur byggingarstyrkur að fjárhæð 5 millj. kr. til sambandsins og var hann greiddur í þremur hlutum. Með framlagi nú er gert ráð fyrir að stuðningi ríkissjóðs við uppbyggingu á húsnæði sambandsins að Faxafeni 12 sé lokið.

Þá er komið að utanrrn. og hér er brtt. um fjárlagaliðinn sem ber nafnið Ýmis verkefni". Lagðar eru til nokkrar breytingar í utanrrn. en um er að ræða millifærslur sem eru gerðar að ósk ráðuneytisins. Heildarbreyting á fjárframlagi til ráðuneytisins er engin. Í ljós hefur komið að í fjárlagafrv. er framlag vegna aðstoðar Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael hærra en loforð íslenskra stjórnvalda kváðu á um. Því er lagt til að lækka þá fjárveitingu um 5,4 millj. kr. og hækka aðra liði á móti. Í fyrsta lagi er framlag til tækja og búnaðarkaupa á aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkað um 1,4 millj. kr. Í öðru lagi hækkar fjárveiting vegna samskipta við Vestur-Íslendinga um 1,5 millj. kr. Að lokum er tekinn inn nýr liður sem er hjálparstarf fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Framlag til þessa verkefnis er 2,5 millj. kr.

Þá kemur að landbrn., Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Lagt er til að framlag til RALA hækki um 1,5 millj. kr. til Stóra-Ármóts vegna skuldbindinga um stofnkostnað.

Þá eru tillögur sem varða embætti yfirdýralæknis og liðinn Greiðslur vegna riðuveiki. Meiri hluti fjárln. leggur til að veittar verði 3,2 millj. kr. til yfirdýralæknis til að rannsaka útbreiðslu salmónellu í sauðfé, en á móti verði greiðslur vegna riðuveiki lækkaðar um sömu fjárhæð. Salmónellusýkl-

ar fundust í sviðahausum fyrst árið 1989 og svo nokkrum sinnum eftir það. Öll þessi tilfelli hafa verið staðfest eftir að grunur kom upp um að neysla sviða eða sviðasultu væri völd að matareitrun í fólki. Að öðru leyti hefur ekki verið gerð skipulögð könnun á útbreiðslu salmónellu í sauðfé, en talið er afar brýnt að fram fari skimun á útbreiðslunni m.a. vegna þess að þetta er afurð sem er upprunnin úr hinu hreina lífríki Íslands en ekki af búfé sem er fóðrað á fóðurbæti. Án slíkrar rannsóknar er ekki hægt að koma með raunhæfa tillögu um hvernig hægt verði að koma í veg fyrir að sauðfé og annað búfé sem gengur frjálst um landið á beit mengist af salmónellusýklum. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin fari til að taka sýni úr um það bil 2% af öllu vetrarfóðruðu fé og sambærileg sýnataka úr lömbum þegar þau komu í sláturhús næsta haust. Að því loknu verður könnuð aðstaða á þeim sauðfjárbúum þar sem salmónella verður staðfest. Auk þessa mun yfirdýralæknir leggja fram áætlun um hert heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum með tilliti til þessara nýju aðstæðna.

Þá er tillaga um Bændaskólann á Hvanneyri. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag til tækja og búnaðar skólans um 2 millj. kr. og er hækkunin ætluð til uppsetningar á lyftu í heimavistarhúsnæði skólans. Búnaður þessi er nauðsynlegur til að auka nýtingu húsnæðisins og til að bæta aðgengi fatlaðra.

Garðyrkjuskóli ríkisins. Tilraunagróðurhús við garðyrkjuskólann mun gerbreyta allri aðstöðu vegna tilraunakennslu og er af hálfu skólans og garðyrkjustéttarinnar lögð mjög mikil áhersla á byggingu þess. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 4 millj. kr. fjárveitingu til þessa, en meiri hlutinn leggur til að fjárveitingin verði hækkuð í 8 millj. kr. til að verklok hússins dragist ekki um of.

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Þann 15. október sl. var undirritaður samningur um breytingu á búvörusamningi frá árinu 1991. Þessi samningur sem gildir til ársins 2000 hefur að geyma stuðning við greiðslur úr ríkissjóði til að aðlaga búvöruframleiðsluna að breyttum aðstæðum á samningstímanum, samtals að fjárhæð 986 millj. kr. Samningurinn gerir ráð fyrir að á árinu 1996 greiði ríkissjóður 188 millj. kr. af þeirri fjárhæð. Þar af fari 125 millj. kr. til uppkaupa á fullvirðisrétti og 63 millj. kr. til afsetningar birgða. Auk þess gerir samningurinn ráð fyrir að beingreiðslur til bænda á árinu 1996 verði 1.480 millj. eða 60 millj. kr. hærri en er í fjárlagafrv. 1996. Á móti þessum hækkunum lækka niðurgreiðslur á ull og gærum um 20 millj. kr. og vaxta- og geymslukostnaður um 11 millj. kr. Meiri hluti fjárln. leggur því til að greiðslur til sauðfjárframleiðslu hækki samtals um 217 millj. kr. og verða þær 2.727 millj. kr.

Þá er komið að sjútvrn., liðnum Ýmis verkefni. Tillaga meiri hluta fjárln. varðandi þennan lið er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að framlag til sjóvinnukennslu verði hækkað um 3,5 millj. kr. en fyrirhugað er að leigja bát af Karel Karelssyni með allri áhöfn svo að starf það sem hann hefur hafið með unglinga geti komist í viðunandi horf. Jafnframt er gert ráð fyrir að báturinn verði notaður til ferða með börn í sjóvinnukennslunni en slíkar ferðir hafa ekki verið farnar eftir að Mímir fórst við Hornafjörð fyrir nokkrum árum. Hins vegar er lagður til 2 millj. kr. styrkur til tæknideildar Fiskifélagsins vegna rekstrar og tækjakaupa.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Ýmis verkefni: Mannréttindaskrifstofa Íslands. Mannréttindaskrifstofa Íslands var stofnuð í mars á sl. ári og hefur verið rekin fyrir stofnframlag aðildarfélaganna. Skrifstofan hefur einnig fengið styrk úr ríkissjóði en hér er lagt til 3 millj. kr. framlag til skrifstofunnar sem verði fært á sérlið.

Í öðru lagi dómsmál, ýmis kostnaður. Lögfræðiþjónusta, neyðarmóttöku. Lagt er til að framlag til lögfræðiþjónustu neyðarmóttöku vegna nauðgana, sem er á Borgarspítala, hækki um 1 millj. kr. og verði 3,3 millj. kr. Þetta er mat neyðarmóttökunnar á árlegri fjárþörf eftir 16 mánaða reynslutíma en kostnaðurinn er alfarið vegna starfa lögmanna. Meiri hluti fjárln. fyrirhugar að flytja brtt. við 3. umr. fjáraukalaga þannig að framlag á þessu ári verður sambærilegt við þá heildarfjárveitingu sem hér er lögð til.

Þá kemur að Almannavörnum ríkisins, en lögð er til hækkun fjárveitinga til almannavarna vegna flutnings stofnunarinnar frá Laugavegi 118 að Seljavegi 32. Að mati stofnunarinnar mun beinn kostnaður við flutninginn nema um 6,2 millj. kr., m.a. vegna þess að kaupa þarf hlut Geislavarna í tækjum sem nú eru í sameign þessara stofnana. Meiri hluti fjárln. leggur því til að framlag til stofnunarinnar hækki um 3,5 millj. kr. vegna þessa.

Næsta tillaga fjallar um embætti sýslumannsins á Ísafirði. Lagt er til að sértekjur sýslumannsins á Ísafirði eða embættis hans vegna löggæslu verði lækkaðar um 2,6 millj. kr. þar sem embættið getur ekki lengur innheimt sértekjur vegna vakta á almennum dansleikjum. Á móti verði ýmis rekstrarkostnaður sýslumanna lækkaður um sömu fjárhæð. Þessi tilfærsla er gerð að ósk dómsmrn.

Þá er næsta brtt. sem varðar húsnæði og búnað sýslumanna, en það er sýslumannsembættið í Norður-Múlasýslu sem hún fjallar um. Í frv. til fjárlaga eru 15 millj. kr. ætlaðar til húsnæðis sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og kemur fram í greinargerð með frv. að fjárveitingin er ætluð til að ljúka við byggingu lögreglustöðvar á Vopnafirði á næsta ári. Meiri hluti fjárln. leggur til að fjárveiting til embættis sýslumannsins á Seyðisfirði eða sýslumannsins í Norður-Múlasýslu verði hækkuð um 2 millj. kr. til að sinna viðhaldi á skrifstofuhúsnæði þess að Bjólfsgötu 7. Hús þetta er byggt rétt eftir aldamót og hefur bæði sögulegt og listrænt gildi.

Til embættis biskups Íslands er lögð til 4,8 millj. kr. hækkun og er tillagan af þrennum toga. Fyrsta tillagan varðar kirkjumiðstöð Austurlands, en fjárveiting til hennar var lækkuð verulega í fjárlagafrv. miðað við fjárlög þessa árs. Hækkunartillaga meiri hluta fjárln. miðar að því að fjárveiting til kirkjumiðstöðvarinnar taki mið af þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Í öðru lagi er tekinn inn nýr liður sem varðar starfsemi á Löngumýri í Skagafirði, en þar er starfrækt félags- og fræðslumiðstöð innan þjóðkirkjunnar. Lagt er til að framlag verði 1,5 millj. kr.

Í þriðja lagi er hækkað framlag til að bæta við stöðu aðtsoðarprests. Í erindi biskups var óskað eftir fleiri en einni stöðu, en tillaga fjárln. miðar að því að biskup ráðstafi aðstoðarprestsstöðunni eftir því sem hann telur brýnast að bæta úr.

Þá er komið að félmrn. og breytingartillögum sem um málefni þess fjalla. Þar eru í fyrsta lagi málefni fatlaðra á Reykjanesi. Lagt er til að málefni fatlaðra á Reykjanesi hækki um 1 millj. kr.vegna vistheimilisins að Einibergi 29 í Hafnarfirði. Þar búa mikið fatlaðir vistmenn sem þarfnast mikillar umönnunar. Undanfarin ár hefur heimilinu verið lokað fjórðu hverja helgi og hefur þetta fyrirkomulag reynst aðstandendum erfitt og í raun ófullnægjandi miðað

við aðstæður. Með framlaginu er talið að þjónustan verði viðunandi.

Málefni fatlaðra á Vesturlandi. Meiri hluti fjárln. leggur til 6 millj. kr. hækkun til málefna fatlaðra á Vesturlandi. Hækkunin skiptist þannig að 1 millj. kr. er ætluð til að kosta stöðu þroskaþjálfa í Dalasýslu, 2 millj. kr. til skammtímavistunar á Snæfellsnesi og 3 millj. kr. til skammtímavistunar á Akranesi. Fram hefur komið að framlög til málefna fatlaðra á Vesturlandi eru lág miðað við aðra landshluta og þarna er leitast við að bæta úr brýnustu þörfinni, en fötluðum hefur fjölgað mikið á þessu svæði.

Bjargráðasjóður. Meiri hluti fjárln. leggur til að veittar verði 30 millj. kr. framlag til Bjargráðasjóðs. Fyrir liggur að á árinu hefur orðið mikið tjón á túnum og mannvirkjum af völdum snjóþunga og aurskriða sem ekki er hægt að tryggja fyrir. Þá hafa orðið miklar kalskemmdir í túnum. Bjargráðasjóður hefur bótaskyldu vegna umræddra tjóna en fyrir er séð að hann getur ekki staðið undir bótagreiðslum til tjónþola nema til sjóðsins komi framlag úr ríkissjóði. Bjargráðasjóður er í B-hluta fjárlaga en að venju verða brtt. við B-hluta fjárlaga fluttar við 3. umr.

Vinnumál. Lagt er til að ýmis framlög sem varða vinnumál verði lækkuð um 10 millj. kr. til að mæta þörf fyrir hækkunum á fjárveitingum til málefna fatlaðra.

Félagsmál og ýmis starfsemi. Eins og fram kemur í nefndaráliti er 4 millj. kr. hækkun á þessum lið ætluð til málefna fatlaðra. Sumardvöl nemenda Öskjuhlíðarskóla var fram til ársins 1993 greidd af menntmrn. en fjárveitingin var felld niður í fjárlögum ársins 1994. Foreldra- og kennarafélagið hefur frá árinu 1994 leitað til félmrn. um styrk til þessarar starfsemi og hefur ráðuneytið í tvígang veitt slíka styrki. Það telur sig hins vegar ekki getað mætt þessu núna innan síns fjárlagaramma. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag verði hækkað um 4 millj. kr., m.a. vegna sumardvalar Öskjuhlíðarskólanemenda.

Heilbr.- og trn. Sjúkrahús og læknisbústaðir og Framkvæmdasjóður aldraðra. Lagt er til að heildarframlag til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbúðstaða verði 76 millj. kr. og hækki um 48,8 millj. kr. frá því sem er í fjárlagafrv. Gert er ráð fyrir því að fjármagna hækkunina með því að lækka framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 20 millj. kr. og kemur sú tillaga fram á sérstöku þingskjali. Að auki verður lögð til breyting við 3. umr. fjáraukalaga um lækkun á fjárframlögum til þriggja framkvæmda á þessu ári, en þær eru heilsugæslustöð í Reykjavík, Sjúkrahús Suðurnesja og Hjúkrunarheimilið á Fáskrúðsfirði. Verður hver framkvæmd lækkuð um 10 millj. kr. eða samtals um 30 millj. kr.

Fjmrn. Þar eru fyrst launa- og verðlagsmál en liður þessi hækkar um 100 millj. kr. vegna launabóta sem eru uppreiknaðir kjarasamningar og launabætur sem falla til á næsta ári. Þá eru ýmsar endurgreiðsur. Það er lagt til að framlag til ýmissa endurgreiðslna verði hækkað um 5 millj. kr. og er fjárveitingin sérstaklega ætluð til endurgreiðslna vegna kaupa á björgunartækjum.

Þá er komið að samgrn. Þar eru ýmis verkefni undir liðnum Ýmis verkefni, en tillögur sem varða þennan lið í fjárlögum eru þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til vetrarsamgangna og vöruflutninga hækki um 2 millj. kr. og er sundurliðun þessarar fjárhæðar sýnd í brtt. meiri hluta fjárln. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til 2 millj. kr. hækkun á framlagi til Landsbjargar en þeirri fjárhæð er ætlað að renna óskiptri til kaupa á björgunarbátnum Þór. Að lokum er lagt til að taka inn nýjan lið, heilsárshótel á landsbyggðinni. Fyrr á þessu ári skipaði samgrh. nefnd til að gera tillögur um ráðstöfun á 20 millj kr. sem Alþingi ákvað að veita til hótela á landsbyggðinni sem eru opin allt árið. Meginhlutinn, eða 16 millj. kr., fer samkvæmt tillögu nefndarinnar til markaðsátaks hjá þeim hótelum sem helst uppfylla þau skilyrði að mati nefndarinnar að kallast heilsárshótel á landsbyggðinni. Það sem þá er eftir fer til samtaka hótela sem standa sameiginlega að markaðsátaki. Meiri hluti fjárln. leggur hins vegar til að veittar verði 15 millj. kr. til heilsárshótela á næsta ári og fjárveitingin verði notuð til markaðsaðgerða samkvæmt tillögum framangreindrar nefndar.

Þá er komið að Vegagerðinni. Lagt er til að fjárveiting til Vegagerðarinnar lækki alls um 250 millj. kr. Framlag til framkvæmdaátaks vegna atvinnumála er lækkað um 350 millj. kr. og verður 650 millj. á árinu 1996. Ástæða þessarar lækkunar er af tvennum toga. Annars vegar til að mæta hækkunum á elli- og örorkulífeyri ásamt tekjutryggingu og atvinnuleysisbótum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til launanefndar aðila vinnumarkaðarins í lok nóvember sl. Hins vegar er mikilvægt að draga enn frekar úr fjárfestingu ríkisins á sama tíma og fyrirsjáanlegt er að fjárfesting annarra aðila eykst verulega. Á móti þessari lækkun kemur um 100 millj. kr. hækkun til annarra framkvæmda Vegagerðarinnar, en talið er að markaðar tekjur til vegamála verði hærri sem þessu nemur en gert verður ráð fyrir í frv. til fjárlaga. Jafnframt er lögð til nokkur breyting á framsetningu í fjárlögum og er þessi breyting gerð að ósk Vegagerðarinnar.

Vita- og hafnamálastofnun. Með tillögum meiri hluta fjárln. verður ekki breyting á heildarfjárveitingu til Vita- og hafnamálastofnunar, en nokkuð er um millifærslur milli liða sem eru sýndar í breytingartillögum og nefndaráliti. Undir liðinn 6.70, hafnarmannvirki, falla framlög ríkissjóðs til nýframkvæmda í höfnum í eigu sveitarfélaga og eru þar 567 millj. kr. til skiptanna.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Vita- og hafnamálastofnunar er gert ráð fyrir að skuld ríkissjóðs við hafnarsjóði landsins vegna framkvæmda sem þegar er lokið muni nema um 735 millj. kr. um áramótin 1995–1996. Tillaga um skiptingu fjárveitingar til hafnarmannvirkja gengur út frá að fjórðungur skulda verði gerður upp og um 420 millj. kr. fari í styrki til nýrra verkefna. Í október sl. sendi Vita- og hafnamálastofnun út til umsagnar hjá sveitarfélögunum drög að hafnaáætlun fyrir árin 1996–1999 og hér er gert ráð fyrir að framlög til nýframkvæmda verði í samræmi við þau drög árið 1996. Í hafnalögum, nr. 23/1994, segir að við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skuli tekið tillit til fjárhagslegrar getu viðkomandi hafnarsjóðs til að standa undir naðsynlegum hafnarframkvæmdum. Jafnframt segir að greiðsluþátttaka skuli ákveðin um leið og verk eru tekin inn í hafnaáætlun og nánari reglur skuli settar í reglugerð um það hvernig skerðing á hámarki framlaga vegna fjárhagslegrar stöðu hafnarsjóða skuli framkvæmd.

Nú standa mál svo að Alþingi hefur ekki enn samþykkt hafnaáætlun áranna fyrir 1996–1999 og reglugerðin hefur ekki verið birt. Væntanlega verður hafnaáætlunin tekin til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi á fyrstu mánuðum næsta árs og væntanlega verður einnig gengið frá reglugerðinni á allra næstu vikum þar sem Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð hafa nú lokið umfjöllun um hana. Meiri hluti fjárln. hefur þann fyrirvara að hér sé ekki um endanlega ákvörðun

um skerðingu á greiðsluþátttöku ríkissjóðs að ræða, heldur verði þessum þætti málsins ekki lokið fyrr en með samþykkt hafnaáætlunar á Alþingi eftir áramótin.

Í liðnum 6.80, sjóvarnargarðar, er 51 millj. kr. til skiptanna til landbrots- og flóðavarna. Við skiptingu á liðnum er stuðst við yfirlitsskýrslu Vita- og hafnamálastofnunar frá því í ágúst 1995 um sjóvarnir á Íslandi. Í skýrslunni eru verkefni í meginatriðum flokkuð í þrjá flokka eftir mikilvægi.

Til flokks A teljast verkefni þar sem mikil verðmæti og öryggismál eru í húfi. Nokkur áhætta og töluverð verðmæti fylgja verkefnum í flokki B, en minnst er áhættan og verðmætin sem fylgja verkefnum í flokki C. Í tillöguskiptingu er gert ráð fyrir að ljúka megi að mestu verkefnum í A-flokki á árinu 1996 og verulegum hluta verkefna í B-flokki. Enn eru þó allmörg verkefni eftir í B-flokki, svo sem í Bessastaðahreppi, á Seltjarnarnesi, Akranesi, Suðureyri, Húsavík, Þórshöfn og Stokkseyri og verða þau að bíða a.m.k. til ársins 1997, en meiri hluti fjárln. lýsir sig því fylgjandi að fara að tillögum skýrslunnar í fjárveitingum á næstu árum.

Þá er komið að Ferðamálaráði, en hækkunartillaga á þessum fjárlagalið er í þremur liðum. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 3 millj. kr. fjárveitingu til rannsókna á sviði ferðamála og markaðssetningar í Bandaríkjunum og Kanada, en vaxandi áhugi er á samskiptum við Kanada í kjölfar beinnar flugleiðar til Halifax.

Í annan stað er lagt til að framlag til Ferðamálasamtaka landshluta hækki um 1 millj. kr. og verður þá heildarfjárveiting 6 millj. kr. Samtök þessi sinna m.a. upplýsingagjöf fyrir ferðamenn, ráðgjöf til hagsmunaaðila, útgáfu- og kynningarmálum og ýmsum skipulagsmálum í ferðaþjónustu um land allt. Fyrirhugað er að koma á fót vinnuhópum um einstök mál sem tengjast íslenskri ferðaþjónustu eins og upplýsingamiðlun, umhverfismál tengd ferðamannaþjónustu og lengingu ferðamannatímans.

Við 3. umr. fjárlaga fyrir ári síðan var tekinn inn nýr liður en það var fjárveiting til fjölsóttra ferðamannastaða. Nú lagt til að hækka framlag til þessa liðar um 5 millj. kr. Fjöldi ferðamanna hefur aukist og ýmsir fagrir og sérkennilegir staðir sem draga að sér ferðamenn eru í hættu vegna aukinnar umferðar. Því er brýnt að átak verði gert í varðveislu þessara staða og aðstaða bætt þar.

Gerð er tillaga um að hækka framlag til Iðntæknistofnunar vegna rannsókna- og fræðslumiðstöðvar í hveralíffræði en verkefni þetta er í samvinnu Hveragerðisbæjar og Iðntæknistofnunar. Veitt var fé til þessa verkefnis í fjárlögum þessa árs og var fjárveitingin þá færð undir menntmrn.

Þá er komið að umhvrn. Það er í fyrsta lagi aðalskrifstofan. Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta fjárln. er ástæða hækkunar til aðalskrifstofu umhvrn. margþætt. Þar kemur til aukinn húsnæðiskostnaður, starfsmaður vegna snjóflóðavarna og ráðning bílstjóra. Þá er lögð til sérstök fjárveiting vegna Hollustuverndar ríkisins. Verkefni stofnunarinnar hafa aukist á síðustu árum, m.a. í tengslum við EES-samninginn vegna eftirlits með matvælum og eiturefnum svo og vegna mengunarvarna. Af þeim sökum skipaði umhvrh. samstarfsnefnd til að skoða rekstrargrundvöll Hollustuverndar ríkisins en aðilar að nefndinni eru fjárln. Alþingis, umhvrn., fjmrn. og Hollustuvernd ríkisins. Nefndin hefur skilað áliti og leggur m.a. til að rekstur stofnunarinnar verði skoðaður nánar. Þar þarf m.a. að líta á stjórnskipulag stofnunarinnar, sértekjuöflun hennar og erlend samskipti. Nefndin leggur til að veittar verði 1,5 millj. kr. til að standa undir kostnaði við þá úttekt. Hún er á ábyrgð umhvrn. í samráði við stjórn stofnunarinnar og er fjárveitingin vistuð á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Að úttektinni lokinni mun samstarfsnefndin gera frekari tillögur m.a. um fjárhagsgrunn stofnunarinnar.

Þá er næst Náttúrufræðistofnun Íslands. Lagt er til að framlag til ýmissa umhverfisverkefna verði lækkað um 2,3 millj. kr. og sú fjárhæð fari til Náttúrufræðistofnunar og er þessi millifærsla gerð að ósk umhvrn. Að auki er lagt til að framlag til Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum verði fært undir þennan lið en safnið hefur fengið styrk undanfarin ár af safnlið menntmrn.

Þá er komið að Veðurstofu Íslands en fluttar eru tvær brtt. er varða Veðurstofuna. Ríkisstjórnin hefur nýlega lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Verði frv. óbreytt að lögum mun starfsumfang Veðurstofu Íslands aukast þar sem stofnunin þarf að leggja meiri áherslu á að afla sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Í frv. til fjárlaga 1996 eru útgjöld hennar aukin um 15 millj. kr. vegna þessa málaflokks en hér er lagt til að stofnunin fái 13 millj. kr. til viðbótar vegna sérstaks átaks sem gera þarf í endurskoðun á forsendum hættumats vegna snjóflóða og snjóflóðaspáa.

Síðari tillagan felur í sér hækkun á sértekjum stofnunarinnar. Framlag til veðurþjónustu fyrir millilandaflug hækkar um 1 millj. kr. vegna endurmats launabóta sem ég mun gera nánar grein fyrir á eftir. Þar sem í gildi er samningur við Alþjóðaflugmálastofnunina um að greiða 95% af útgjöldum vegna þessarar veðurþjónustu er lagt til að sértekjur hækki um 0,9 millj. kr.

Þá er næst að telja brtt. vegna launabóta. Fjmrn. hefur endurmetið áhrif kjarasamninga á laun frá því að þau voru talin við gerð fjárlagafrv. 1996. Frá þeim tíma hefur verið samið við nokkur stéttarfélög. Þar má nefna félög kennara á háskólastigi, Félag ísl. náttúrufræðinga og Félag bókasafnsfræðinga. Auk þess bætist við hækkun launa vegna úrskurðar Kjaradóms. Samtals hækka laun einstakra stofnana um 158,4 millj. kr. en á móti þeirri hækkun lækkar framlag til launa- og verðlagsliðar fjmrn. um 100 millj. kr. eins og ég kom að fyrr í skýringum mínum. Á þann lið eru færðar 140 millj. kr. og standa því eftir 40 millj. kr.

Að lokum vil ég minnast á nokkur atriði sem ekki eru fluttar sérstakar brtt. um. Það eru í fyrsta lagi skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði. Í frv. til fjárlaga er framlag til skólabúða á Reykjum lækkað um 3 millj. kr. Í greinargerð frv. segir að skólabúðir séu ekki lögboðið verkefni samkvæmt grunnskólalögum og gert sé ráð fyrir að ríkið hætti rekstrinum haustið 1996, enda miðað við að breytt verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga vegna grunnskóla taki þá gildi. Meiri hluti fjárln. treystir því að málið verði skoðað af þeirri nefnd sem fer með yfirfærslu grunnskólans. Meiri hlutinn telur starf skólabúðanna mikilvægt og leggur áherslu á að starfsemin breytist ekki vegna yfirfærslunnar.

Þá er komið að iðju og iðnaði. Iðnrn. hefur skýrt frá því hvernig það hyggst verja tveimur safnliðum sínum á næsta ári. Hér er um að ræða fjárveitingalið nr. 299, Iðja og iðnaður, viðfangsefni 1.40, smáiðnaður í dreifbýli, og viðfangsefni 1.50, nýsköpun og markaðsmál. Fyrri liðurinn nemur 10,5 millj. kr. og sá seinni 6,3 millj. kr. Ráðuneytið ráðgerir að efna til samstarfs við tvo sjóði, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð um sameiginlegt átak til að efla smáiðnað og stuðla að hvers kyns nýsköpun undir verkefnisheitinu Átak

til atvinnusköpunar. Markmið átaksins er að samræma verkefni ráðuneytisins og sjóðanna á umræddu sviði. Gangi þessi áætlun eftir verður gerður samningur við Iðntæknistofnun um framlag verkefnisins undir sameiginlegri verkefnisstjórn ráðuneytisins og sjóðanna. Í þeim samningi verður einnig kveðið á um að Iðntæknistofnun nýti hluta af aðstöðu sinni og ráðstöfunarfé í sama skyni. Framlag ráðuneytisins verður fé það sem tilgreint er í fyrrgreindum fjárveitingaliðum. Skipan þessi er hugsuð sem sérstakt átak á næsta ári og með hliðsjón af því að markmið umræddra átaks er það sama og liggur að baki téðum fjárveitingaliðum svo og þess að hér er um einhvers konar tilraun að ræða þykir ekki ástæða til að leggja til breytingu á framsetningu fjárveitingaliðanna í fjárlögum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hluti fjárln. leggur fram við 2. umr. fjárlagafrv. Fyrir hönd fjárln. vil ég þakka starfsmanni okkar Sigurði Rúnari Sigurjónssyni fyrir gott starf fyrir nefndina. Einnig ber að þakka Halldóri Árnasyni og Ásdísi Sigurjónsdóttur starfsmönnum fjmrn. sem hafa verið okkur til aðstoðar, sérlega gott samstarf. Þá hefur nefndin notið liðveislu starfsfólks Ríkisendurskoðunar og ýmissa ráðuneyta sem þurft hefur að leita til vegna vinnu við frv.

Starfsfólk Alþingis og ekki síst það starfsfólk sem hefur staðið okkur næst og starfar í Austurstræti 14 á alveg sérstakar þakkir skildar. Það hefur vakað yfir okkur fjárlaganefndarmönnum og leyst okkar vanda, smáan og stóran. Samnefndarmönnum mínum þakka ég sérstaklega gott samstarf og þolinmæði í störfum, en allir hafa lagt sig fram um að störf nefndarinnar mættu ganga sem greiðast og minni hluti fjárln. hefur unnið vel og málefnalega að málum í nefndarstarfinu sem vissulega er oft snúið og mikið að vöxtum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hluta fjárln. og mæla fyrir málinu við 2. umr. og áliti meiri hlutans. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari afgreiðslu vísað til 3. umr. og brtt. verði samþykktar eftir 2. umr. eins og meiri hluti fjárln. leggur til.

[15:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar að starfsfólkið í Austurstræti 14 hefði vakað yfir velferð nefndarmanna. Ég vildi óska að almættið mundi líka vaka yfir velferð a.m.k. framsóknarmannanna sem er að finna í meiri hluta fjárln. vegna þess að þeir munu þurfa á því að halda í framtíðinni. Það er nefnilega svo að í þessa ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar vantaði bara eitt. Það vantaði að gera grein fyrir því hvernig hann hyggðist og hvernig Framsfl. hyggðist uppfylla öll þau miklu loforð sem Framsfl. gaf kjósendum fyrir síðustu kosningar. Ég bendi á að við 1. umr. þess frv. sem hér liggur fyrir, var það upplýst af talsmönnum Alþýðusambands Íslands að yrði það óbreytt að veruleika mundi það leiða til þess að 1.200–1.500 manns töpuðu atvinnunni einungis af þess völdum. Þetta er flokkurinn sem ætlaði sér að útrýma atvinnuleysinu svo að heitið gæti fyrir aldamót.

En það er fullt af öðrum loforðum líka sem rétt er að rifja upp sem tengjast fjárlögunum og fjárlagatengdum frumvörpum. Það var Framsfl. sem ætlaði að sjá til þess að öll menningarstarfsemi yrði undanþegin virðisaukaskatti. Að Rithöfundasjóður yrði efldur. Að skattfrelsismörk yrðu hækkuð. Að persónuafsláttur hjóna og sambýlisfólks yrði millifæranlegur að fullu. Að persónuafsláttur unglinga milli 16 og 20 ára sem væru í námi yrði líka millifæranlegur, svo fremi sem fjölskyldutekjur væru undir ákveðnu lágmarki. Það var Framsfl. sem ætlaði að sjá til þess að hægt yrði að beita skattaívilnunum til að örva almenning til að leggja hlutafé í lítil og meðalstór fyrirtæki. Til að örva fjárfestingu. Það var Framsfl. sem ætlaði að leyfa fyrirtækjum og einstaklingum að draga tapað hlutafé frá tekjum áður en það kæmi til skattlagningar. Það var Framsfl. sem ætlaði að veita nýjum fyrirtækjum sérstakan afslátt af orkuverði fyrstu starfsárin til að efla þau. Hann ætlaði að sjá til þess að fyrirtækin fengju sérstakan afslátt af orkuverði vegna nýsköpunar í atvinnulífi.

Herra forseti. Svona gæti ég haldið lengi áfram. Það var Framsfl. sem boðaði sáttmála milli kynslóðanna og svo kemur hv. þm. Jón Kristjánsson og segir: „Eitt af því sem við ætlum að gera er einmitt að afnema tenginguna á milli hækkunar á bótum til gamla fólksins við launaþróun í landinu.“ Hvenær, herra forseti, á að uppfylla þessi loforð?

[15:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú ágætis sprettur hjá hv. 15. þm. Reykv. Hann hefur greinilega legið í góðum bókmenntum upp á síðkastið og lesið nokkur stefnuskráratriði framsóknarmanna fyrir kosningar. Hann gleymdi samt einu. Grundvallaratriðið í kosningastefnuskrá Framsfl. var að ná jafnvægi í ríkisfjármálum svo uppfylla mætti önnur markmið. Hv. 15. þm. Reykv. er fastur í þeirri hugsun að öll atvinnuuppbygging þurfi að koma frá hinu opinbera. Hann er algjörlega fastur í þeirri hugsun að atvinnulífið í landinu sé þess ekki umkomið að halda uppi fullri atvinnu. Þetta er miðstýringarhugsun sem hv. 15. þm. Reykv. er haldinn þótt hann sé í hægri sinnuðum krataflokki. Það verður að segjast alveg eins og er að það vantaði grundvallaratriðið í stefnuskrá okkar framsóknarmanna inn í þennan annars ágæta upplestur hv. 15. þm. Reykv. Þessi stefnuskráratriði verða einfaldlega ekki uppfyllt nema það takist að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum og reka ríkissjóð án þess að safna skuldum erlendis og hlaða upp vöxtum sem munu nema 18 milljörðum kr. í lok kjörtímabilsins ef ekkert verður að gert.

[15:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson er nú reyndar hinn vammlausasti maður sem ég þekki í Framsfl. og síst vildi ég af öllum mönnum fara að leggja illt til hans. En ég verð samt sem áður að segja að ég þekki stefnuskrá Framsfl. augljóslega miklu betur heldur en hv. þm. Ég veit það vel að þar segir m.a. að halla ríkissjóðs verði eytt á kjörtímabilinu. Það vill Framsfl. gera með því að fjárlög verði gerð til fjögurra ára. Ríkisútgjöld verði föst og með tekjum vegna aukinnar veltu í kjölfar aukins hagvaxtar.

Allt það sem ég taldi hér upp áðan, herra forseti, sagðist Framsókn mundu ná fram á kjörtímabilinu svo fremi sem hagvöxtur yrði 3%. Hvað blasir við núna? Það blasir við að hagvöxtur verður að öllum líkindum 3% eða meira. Samt sem áður er það svo að ekkert af þessum loforðum sem ég las upp áðan er að finna í breytingartillögum sem hv. þm. Jón Kristjánsson veitir forstöðu. Ég gerði mér vonir um að samviskan mundi angra hv. þm., vekja hann af værum blundi á milli 1. og 2. umr. og leiða til þess að hann reyndi að hrinda einhverju af þessu í framkvæmd. En þess sér engan stað. Og það sem verst er, hv. þm. hrósar sér sérstaklega af því að hann og flokkurinn séu að beita sér fyrir því og það sé

ein af meginundirstöðum í þessu fjárlagafrv. að rjúfa það sem hann kallar sjálfvirkar tengingar. Það þýðir að bætur til gamla fólksins og bætur til öryrkjanna hækka ekki í takt við launaþróun. Hér er kominn maðurinn sem lét birta mynd af sér í skinnkápunni og sagði: „Ég hef gert sáttmála milli kynslóðanna.“ Sáttmála milli kynslóðanna sem hann er af, sem við erum af og hinna eldri. En um leið og hann er kominn í ríkisstjórn rýfur hann einmitt þennan sáttmála. Það hefur verið ákveðinn sáttmáli í gildi, en það er Framsfl. sem rýfur hann. En ég fagna því a.m.k. að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. er genginn í salinn. Hann hefði haft gott af því að hlýða á þá upptalningu sem ég fór með hér áðan úr stefnuskrá Framsfl. Vegna þess að það virðist sem þingmenn Framsfl., herra forseti, séu illa haldnir af ótrúlegri gleymsku.

[15:36]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. hefur bætt nokkuð ráð sitt síðan áðan því hann las upp það grundvallaratriði sem ég nefndi í stefnuskránni. Það er rétt að horfur eru nú betri. En hins vegar stöndum við uppi með þá staðreynd að halli ríkissjóðs á yfirstandandi ári verður allt að 10 millj. kr. Við stöndum uppi með það að afgreiða ríkissjóð með halla á næsta ári um 4 milljarða kr. og ætlum okkur að ná halla ríkissjóðs niður á tveimur árum. (**ÖS:** Þið lofuðuð því. Nú svíkið þið.) Það var sérstakt grundvallaratriði í okkar stefnuskrá fyrir kosningar. Ég hef slæma samvisku yfir því að afgreiða ríkissjóð með 10 millj. kr. halla á yfirstandandi ári og 4 millj. kr. halla á næsta ári. Ef þeim klyfjum verður svo með áframhaldandi halla velt yfir á framtíðina handa afkomendum okkar að borga, vekur það mér slæma samvisku. Öll okkar kosningaloforð byggjast á því að hægt sé að ráða við ríkisfjármálin og skapa grundvöll til að sinna hinum þörfustu málum, eins og þingmaðurinn las hér upp ágætlega áðan.

[15:38]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. HG, þskj. 372; brtt. MF og SvG, þskj. 373.

Umgengni um auðlindir sjávar, 249. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 371.

[15:38]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er lærdómsríkt að taka þátt í störfum við fjárlagagerð íslenska ríkisins. Það er ótrúlega umfangsmikið og í mörg horn að líta. Stofnanir fjölmargar og viðfangsefni mörg. Erindi sem berast fjárln. skipta hundruðum og fundahöld nefndarinnar endurspegla það hversu viðamikið verkefni nefndarinnar er.

Ég vil í upphafi máls míns færa samstarfsmönnum mínum í nefndinni þakkir fyrir samstarfið hingað til og þá sérstaklega formanni og varaformanni nefndarinnar en af eðlilegum ástæðum hvílir starfið í nefndinni þyngst á herðum þeirra. Ég vonast til þess að áfram geti verið gott samstarf innan nefndarinnar eins og verið hefur og þurfa stjórnarandstöðufulltrúarnir ekki að kvarta undan samskiptunum. Þá vil ég taka undir þakkir formanns nefndarinnar til starfsfólks fjárln. fyrir lipra og góða þjónustu.

Almennt þykir mér sem störfin hafi mótast af því að viðfangsefnið er svo víðfeðmt að ein þingnefnd hefur tæpast yfirsýn yfir allan rekstur á vegum ríkisins. Svo hægt sé að fara kerfisbundið yfir ríkisreksturinn, stofnun fyrir stofnun og verkefni fyrir verkefni, þarf miklu meiri tíma og mannahald á vegum nefndarinnar. Að mínu viti þyrfti fjárln. að starfa meira og minna samfellt allt árið og hafa yfir að ráða fjölmennara starfsliði en nú er. Það skiptir afar miklu máli að löggjafarvaldið geti haft í fullu tré við fjölmennt og sérhæft starfslið framkvæmdarvaldsins. Skortur á nauðsynlegri faglegri yfirsýn leiðir af sér að illa gengur að samræma rekstur ríkisins að markmiðum stjórnvalda hverju sinni. Afleiðing þessa birtist í því að í æ ríkari mæli er beitt niðurskurði sem beinist einkum að tilfærsluútgjöldum og fjárfestingum þar sem almennur rekstur ríkisins fer sífellt vaxandi. Þá finnst mér skorta á að ríkisstjórnin setji sér markmið og vinni skipulega að því að ná þeim fram á einhverju tilteknu áætlunartímabili. Afgreiðsla fjárlaga hverju sinni markast um of af því að á síðustu stundu, og oft með krampakenndum hætti, er verið að taka stórar ákvarðanir sem eiga að skila svo og svo miklum sparnaði á örskömmum tíma. Yfirleitt verður niðurstaðan sú þegar frá líður að fyrirætlanirnar hafa ekki gengið eftir.

Ég tel að taka eigi upp þá reglu að setja fyrst nokkurs konar markmiðslöggjöf þar sem pólitísk stefna er mörkuð og útskýrð í meginatriðum í öllum helstu málaflokkum. Síðan verði sett fjárlög sem falla eigi að þessum markmiðum. Nauðsynlegt er að fjárlög verði til a.m.k. tveggja ára og verði nokkurs konar rammafjárlög. Enda tekur yfirleitt lengri tíma en eitt ár að ná fram árangri í aðgerðum í ríkisfjármálum. Aðferð af þessu tagi þýðir að pólitísk stefnumörkun er undanfari fjárlaga og knýr á um að ríkisstjórn hverju sinni setji slík markmið áður en aðrar ákvarðanir eru teknar. Megineinkenni fjárlagafrv. nú, eins og undanfarinn áratug, er að ekki er aflað tekna til að mæta útgjöldum og í vaxandi mæli víkja stjórnarflokkarnir sér undan þeirri skyldu að koma fram með tekjuáætlanir til mótvægis við þann rekstur ríkisins sem sömu flokkar leggja til að verði á komandi fjárlagaári. Skýrast birtist þessi tilhneiging í því að markaðir tekjustofnar vegna sérstakra verkefna eru í æ ríkari mæli teknir til að greiða rekstrarkostnað ríkisins. Þetta er ósiður sem á ekki að líðast að verði fremur að reglu en undantekningu. Má nefna markaðar tekjur til vegamála, flugmála og hafnamála auk markaðra tekna til Framkvæmdasjóðs aldraðra og Framkvæmdasjóðs fatlaðra en allir þessir tekjustofnar eru skertir á þann veg að hluti þeirra rennur í ríkissjóð í stað þeirra verka sem viðkomandi lög kveða á um. Þróun í þessa átt er flótti frá þeim veruleika sem stjórnvöld eiga að glíma við, þ.e. afla tekna til að standa undir rekstri ríkisins og í reynd er þetta ekkert annað en dulbúin skattahækkun.

Áður en ég vík máli mínu að nefndaráliti 1. minni hluta nefndarinnar vil ég nefna nokkur atriði. Ekki er að sjá að í fjárlagafrv. nú frekar en undanfarin ár sé minnst á þá röskun sem verður árlega í búsetudreifingu þjóðarinnar. Þar lætur nærri að árlega flytji um 1.000 manns til höfuðborgarsvæðisins frá landsbyggðinni. Halda má því fram með nokkrum rökum að Grafarvogur hafi byggst upp vegna þessara fólkstilflutninga en það hverfi Reykjavíkur hefur byggst upp síðustu tíu ár og nú búa þar um 10.000 manns. Það eru fleiri íbúar í því hverfi einu en í öllu Norðurl. v., svo dæmi sé nefnt. Þessi röskun kostar þjóðfélagið árlega stórar fjárhæðir og ríkissjóður fer ekki varhluta af þeim kostnaði. Það er óásættanlegt að menn skuli loka augunum fyrir vandanum og láta eins og hann sé hreinlega ekki til. Hér er um milljarða kr. kostnað að ræða sem leggst á þjóðfélagið og þar með skattgreiðendur. Búseturöskunin er eitt alvarlegasta

vandamálið í íslensku samfélagi og stjórnvöld verða að opna augun fyrir því.

Útgjöld til heilbrigðismála hafa árlega verið helsti skotspónn sparnaðaraðgerða. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt því til þess málaflokks fara um 40% af útgjöldum íslenska ríkisins, eða um 49 milljarðar kr. í fjárlagafrv. Það þarf að gæta aðhalds og huga af kostgæfni að því hvernig varið er þessari háu fjárhæð. Það er stöðugt verkefni að sýna ráðdeild og sparnað í þessum mikilvæga málaflokki. Á hinn bóginn er að mínu viti alveg bráðnauðsynlegt að minna á ákveðnar staðreyndir svo menn gleymi sér ekki alveg í umræðunni um þörf á niðurskurði í heilbrigðismálum og gleymi sér í fullyrðingunum um stöðugan, óhjákvæmilegan vöxt í heilbrigðiskerfinu næstu árin.

Við athugun á fjárlögum árið 1984, en það ár var síðast afgangur af rekstri ríkissjóðs, kemur í ljós að til heilbr.- og trmrn. það ár er varið 37% af útgjöldum fjárlaganna samanborið við fjárlagafrv. næsta árs, 1996, þar sem fjárhlutfallið er 39,8%. Ég verð að segja að það kemur á óvart hve lítil aukningin er á þessum 12 árum. Þarna munar um 4 milljörðum kr. sem útgjöldin eru hærri samkvæmt frv. fyrir 1996, miðað væri við hlutfallið í fjárlögum 1984. Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslum Seðlabanka Íslands fyrir síðasta ár voru útgjöld ríkisins vegna heilsugæslu, sjúkrahúsa og sjúkratrygginga um 6,5% af landsframleiðslu en voru um 5,3% árið 1984. Það ár voru útgjöldin reyndar minnst á tímabilinu 1980–1994 og því munurinn mestur. En þessi munur er liðlega 1% af landsframleiðslu sem þýðir rúmlega 4 milljarðar kr.

Mér er vissulega ljóst að auknar greiðslur einstaklinga vegna ýmissa læknisverka dylja ákveðinn hluta af auknum kostnaði við heilbrigðiskerfið í heild. En það breytir því ekki að hlutur ríkissjóðs hefur ekki aukist umtalsvert á síðustu 15 árum. Í upplýsingum sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun kemur fram, ef athuguð eru heildarútgjöld til heilbrigðismála árin 1984 annars vegar og 1994 hins vegar, að útgjöld hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, hafa vaxið úr 5,98% af landsframleiðslu upp í 6,77%. Útgjöld heimilanna hafa aukist á sama árabili úr 0,91% í 1,31%. Samtals hefur því aukningin í heildarútgjöldum til heilbrigðismála verið 1,2% af vergri landsframleiðslu á árunum 1984–1994. Þessar tölur ber að sama brunni og ég gat um áður, aukningin í heilbrigðismálum er um 4–5 milljarðar kr. sem er langtum minna en ætla má miðað við þá umræðu sem verið hefur á undanförnum árum um þensluna og sjálfvirka aukningu í heilbrigðiskerfinu.

Til fróðleiks má geta þess að þar sem önnur útgjöld ríkisins og sveitarfélaga hafa aukist meira en aukningin til heilbrigðismála, hafa heildarútgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, lækkað úr 17,72% niður í 16,85%. Það segir okkur að þessir aðilar, hinir opinberu aðilar, verja minni hluta af sínum heildartekjum til heilbrigðismála á síðasta ári en þeir gerðu 1984. Í þriðja lagi vil ég nefna að samanburður á fjárlögum 1984 og fjárlagafrv. 1996 varpar ljósi á tvær afar athyglisverðar staðreyndir.

Í fyrsta lagi hafa vaxtagreiðslur ríkissjóðs vaxið gífurlega á þessu tímabili. Árið 1984 fóru 4,6% af útgjöldum ríkissjóðs til vaxtagreiðslna en nú er áætlað að þessi liður verði um 10,5%. Munurinn nemur um 7.400 millj. kr. sem við verðum að borga meira á næsta ári í vexti, og þá fyrst og fremst út úr íslenska hagkerfinu, en við gerðum árið 1984. Þetta er mikið fé og það ömurlega við þessa staðreynd er að á næstu árum verður að greiða álíka upphæð og heldur vaxandi þó á hverju ári umfram það sem gert var fyrir 12 árum.

Í öðru lagi vil ég nefna framlög til samgöngumála. Fyrir 12 árum fóru tæplega 11% ríkisútgjalda til samgöngumála. Nú er áætlað að þau verði um 6,5% á næsta ári. Munurinn er um 5.000 millj. kr. Það yrði margur þingmaðurinn feginn ef hlutfallið væri nú það sama og það var árið 1984.

Þessi samanburður milli áranna 1984 og 1996 endurspeglar annars vegar gífurlegan hallarekstur á tímabilinu og hins vegar að tilhneigingin er sú að skera niður stofnframkvæmdir á móti vaxandi vaxtakostnaði ríkissjóðs. Tekjur sveitarfélaga voru á milli 6,5 og 7% af landsframleiðslu á árunum 1980–1988 og afkoma þeirra nokkuð stöðug þessi ár þar sem útgjöld voru yfirleitt lægri en tekjurnar. Þetta jafnvægi virðist hafa raskast verulega þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp árið 1988. Þá aukast tekjurnar umtalsvert eða í 7,5–8% af landsframleiðslu en eigi að síður er þeim tekjuauka öllum eytt og miklu meira því útgjöldin vaxa úr 7,5% í rúm 9% af landsframleiðslu. Afleiðingin er sú að frá árinu 1989 hafa sveitarfélög safnað gríðarlegum skuldum. Þetta veldur því að spyrja verður hvort þessi grundvallarbreyting í tekjuöflun sveitarfélaga sé ástæða fyrir eyðslufylliríi sveitarstjórnarmanna undanfarin fimm ár. Það er engu líkara en að við það að fá auknar, öruggar tekjur hafi öll fjármálastjórn farið úr böndunum.

Þessar hugleiðingar urðu til þess að ég fór að athuga tölur um halla ríkissjóðs og hvort þar hefðu orðið álíka stökkbreyting í afkomu og hjá sveitarfélögunum. Það merkilega kom í ljós að frá og með 1989 margfaldast halli ríkissjóðs frá því sem hann hafði verið árin á undan. Það gefur tilefni til að spyrja hvort það geti verið að kerfisbreytingin í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og sveitarfélaga sem ráðist var í á árinu 1988 eigi stóran þátt í því að rekstur hins opinbera fór úr böndunum í framhaldi af þeirri breytingu. Hingað til hefur versnandi afkoma ríkissjóðs verið fyrst og fremst skýrð með áhrifum af efnahagssamdrætti en líklega verður að endurskoða það mat.

Víkjum nú að tillögum meiri hluta fjárln. Þar eru auðvitað ýmsar tillögur sem 1. minni hluti nefndarinnar er sammála um og mun styðja í atkvæðagreiðslu. Má þar t.d. nefna hækkun til Nýsköpunarsjóðs um 5 millj. kr., hækkun á framlögum til Listskreytingasjóðs og húsafriðunarsjóðs, framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands, aukið framlag til neyðarþjónustu vegna nauðgana, hækkun til Blindrabókasafns og héraðsskjalasafna svo fátt eitt sé nefnt. Nánar verður gerð grein fyrir afstöðu okkar til einstakra tillagna síðar í umræðunni og munu félagar mínir í 1. minni hluta rekja það frekar.

Ýmis áform í fjárlagafrv. eru þannig að við treystum okkur ekki til að styðja þau og lýsum beinlínis yfir andstöðu við þau. Þar er fyrst að nefna þá afstöðu stjórnarflokkanna til atvinnuleysisins eins og hún birtist í fjárlagafrv. 1. minni hluti nefndarinnar ætelur harðlega það aðgerðarleysi sem þar er sýnt gagnvart viðvarandi atvinnuleysi og lýsir yfir vanþóknun á áformum um að ráðast alveg sérstaklega að launum hinna atvinnulausu með því að láta þau ekki hækka sambærilega við laun í almennum kjarasamningum. Þetta er lúaleg aðför að atvinnulausu fólki og verður af fullri hörku barist gegn því að rjúfa þau tengsl sem verið hafa milli atvinnuleysisbóta og vinnulauna samkvæmt kjarasamningum. Sama er að segja um afstöðu 1. minni hluta til sambærilegra áforma gagnvart bótum almannatrygginga. Þá lýsum við

sérstakri vanþóknun á tillögum stjórnarliðsins um frestun á gildistöku laga um bótagreiðslur til þolenda afbrota og síðari hugmyndum sem komið hafa fram um skerðingu á þeim bótagreiðslum.

Enn fremur telur 1. minni hluti að óhjákvæmilegt sé að veita nauðsynlegt fé til að tryggja að geðdeildir geti starfað allt árið eins og vera ber, en á því hefur verið misbrestur undanfarin ár vegna niðurskurðar til þeirrar starfsemi.

Að lokum viljum við fagna því að stjórnarliðar hafa hætt við þau áform að setja á sérstakt innritunargjald á sjúkrahúsin.

Verður nú vikið að nefndaráliti 1. minni hluta í fjárln. Nefndin hefur haft frv. fyrir næsta ár til meðferðar undanfarna tvo mánuði. Umfjöllun nefndarinnar hefur einkum beinst að útgjaldahlið frv. og hafa fjölmargir mætt á fund nefndarinnar og gert grein fyrir erindi sínu, einstaklingar, fulltrúar félagasamtaka, sveitarstjórnarmenn, embættismenn ráðuneyta og stjórnendur stofnana ríkisins.

Ekki tókst að leiða til lykta útgjaldaþátt frumvarpsins og verður að fresta til 3. umr. að afgreiða tillögur nefndarinnar um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar. Að auki er nokkrum málum frestað og má þar nefna framlög til Sólheima í Grímsnesi, svo og B-hluta stofnanir og 6. gr. frv. Umfjöllun um tekjuhlið bíður 3. umr. svo sem venja er.

Með endemum er að stjórnarliðið hafi ekki getað afgreitt rekstur heilbrigðisstofnana frá nefndinni til 2. umr. fjárlaga. Að vísu hefur undanfarin ár ekki tekist að afgreiða fjárveitingar til sjúkrahúsanna í Reykjavík fyrr en við 3. umr., en svo slæmt hefur ástandið ekki verið fyrr en nú að allur heilbrigðiskafli frumvarpsins frestast að frátöldum stofnframkvæmdum. 1. minni hluti fjárln. gagnrýnir harðlega þessa málsmeðferð.

Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að dragi úr hagvexti frá yfirstandandi ári og að landsframleiðsla aukist um 2% í stað 3,2% á þessu ári. Eins og á þessu ári er talið að þjóðarútgjöld aukist meira en landsframleiðslan og þjóðartekjur og því muni afgangur af viðskiptajöfnuði minnka.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar er einnig gert ráð fyrir að verðbólga á næsta ári verði 2,5% og að nokkur aukning verði á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann eða um 1,8%. Ljóst er að þessar forsendur þarf að endurskoða. Laun munu hækka meira en gert var ráð fyrir og nú er ljóst að ráðist verður í stækkun álversins í Straumsvík og eru þær framkvæmdir taldar auka landsframleiðsluna um a.m.k. 0,5% sem aftur mun hafa áhrif á fjárlagagerðina, einkum á tekjur ríkissjóðs. Þá virðast forsendur Þjóðhagsstofnunar um aflabrögð á næsta ári ætla að standast í meginatriðum og enn er gert ráð fyrir að afurðaverð erlendis haldist hátt. Því er ljóst að tekjur frumvarpsins eru verulega vanáætlaðar. Það mun skýrast frekar við 3. umr. málsins.

Almennt má segja um þróun efnahagsmála undanfarin ár að ótrúleg umskipti hafa orðið til hins betra eftir að verkalýðshreyfingin beitti sér fyrir tímamótakjarasamningum í febrúar 1990. Grundvöllur þeirra samninga var að nauðsynlegur trúnaður myndaðist milli forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og þáverandi ríkisstjórnar. Með umræddum kjarasamningum tókst að ná verðbólgunni niður og koma á forsendum fyrir efnahagslegum stöðugleika sem birtist í stöðugu gengi, viðskiptajöfnuði við útlönd og minni verðbólgu. Í efnahagshorfum eru nokkrir veikleikar sem ástæða er til að hafa áhyggjur af.

1. Misrétti í launamálum og lág laun. Meðal launþega gætir vaxandi óþolinmæði og gremju með kjör sín. Það er öllum ljóst að þjóðarsáttarsamningarnir byggðust á því að verkalýðshreyfingin féllst á að verkafólk axlaði að mestu byrðarnar af því að koma stöðugleikanum á. Ákveðið var að frysta að mestu þáverandi ástand í launamálum með því óréttlæti sem í því er, enda talið öðrum markmiðum mikilvægara að ná tökum á íslensku efnahagslífi. Það hefur tekist og er komið að því að stjórnvöld styðji við bakið á verkalýðshreyfingunni og mæti kröfum hennar um réttlátari skiptingu teknanna láglaunafólki til hagsbóta og jafnframt að treysta það öryggisnet sem velferðarkerfið á að vera sjúkum, öldruðum og láglaunafólki. Áform ríkisstjórnarinnar eru til þess fallin að vekja upp efasemdir um að stjórnvöld ætli að standa við sinn þátt þjóðarsáttarsamninganna og hafa þegar valdið talsverðum óróa meðal launafólks. Stjórnarstefnan hefur svipt burt þeim trúnaði sem áður ríkti milli verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda og er þannig orðin sjálfstætt efnahagsvandamál.

2. Atvinnuleysi. Lítil sem engin merki sjást um að atvinnuleysi sé á undanhaldi. Gert er ráð fyrir að það verði svipað á næsta ári og þessu eða um 4,8%. Reyndar standa vonir til þess að framkvæmdir við stækkun álvers geti minnkað það eitthvað, að öðru leyti er ekki að finna í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar alvarleg áform um að takast eigi á við atvinnuleysið. Sem dæmi um hversu alvarlega horfir er sú staðreynd að um 15% atvinnulausra hafa verið án atvinnu lengur en eitt ár og að atvinnuleysi meðal fólks á aldrinum 16–24 ára er um 13%. Hin metnaðarlausa atvinnustefna ríkisstjórnarinnar er alvarleg ögrun við stöðugleika í efnahagsmálum af þeirri einföldu staðreynd að verkalýðshreyfingin mun aldrei sætta sig við aðgerðaleysi og tómlæti gagnvart atvinnulausu fólki.

3. Skortur á atvinnuuppbyggingarstefnu. Lítil fjármunamyndun er alvarleg meinsemd í efnahagsstjórn. Á árunum 1992–1994 varð um fjórðungssamdráttur á þessu sviði og þrátt fyrir lítils háttar aukningu síðan er Ísland í hópi þeirra þjóða sem hafa hvað lægst hlutfall fjármunamyndunar af landsframleiðslu eða 15,5%. Að jafnaði er náið samband á milli fjármunamyndunar og atvinnustigs. Það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að stuðla að fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og skapa þannig störf fyrir hið unga fólk sem streymir inn á vinnumarkaðinn. Skortur á slíkri stefnu er ávísun á viðvarandi atvinnuleysi. Varanlegum stoðum verður ekki skotið undir hagvöxt í framtíðinni nema hlutfall fjármunamyndunar hækki. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lækka viðhalds- og fjárfestingarframlög að raunvirði um 3 milljarða kr. og verða þau þá hin lægstu í 10 ár. Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að skerða þessi framlög enn frekar með frekari skerðingu í vegamálum. Með samdrætti af þessari stærðargráðu í viðhalds- og fjárfestingu er stuðlað að auknu atvinnuleysi, almennum samdrætti og alið á viðhorfum svartsýni og vonleysis. Þessi stefna er sannkölluð samdráttarstefna.

Fjórða atriðið sem við teljum veikleika í efnahagslífinu er svonefndur eyðsluhagvöxtur. Verulegum áhyggjum veldur hversu hagvöxtur á þessu ári stendur ótraustum fótum. Meginaflið á bak við hagvöxt ársins um 3,2% er aukin einkaneysla sem skýrir um 80% af hagvextinum. Þegar nánar er athugað kemur í ljós að mikill hluti af þessari auknu einkaneyslu stafar af auknum innflutningi. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næsta ári, þ.e. hagvexti verði að

mestu haldið uppi af eyðslu. Er hér um mikla breytingu að ræða frá síðasta ári þegar hagvöxtur byggðist fyrst og fremst á auknum útflutningi. Þá veldur það frekari áhyggjum að heimilin, sem halda uppi þessum hagvexti, eru talin auka neysluútgjöld sín bæði í ár og á næsta ári meira en sem nemur aukningu kaupmáttar. Það þýðir að annaðhvort er gengið á sparnað eða safnað skuldum. Hvorugur kosturinn getur talist góður þar sem sparnaður heimilanna er afar lítill fyrir á alþjóðlegan mælikvarða og skuldsetning þegar mikil. Það er enn fremur slæmt að vaxandi innflutningur takmarkar mjög áhrif þessarar auknu einkaneyslu á atvinnustig, þ.e. eyðslan skapar færri störf en efni standa til. Fjárlagafrumvarpið hefur ekki áhrif á þessa slæmu þróun að öðru leyti en því að stuðla frekar að henni.

Fimmta atriðið er skuldasöfnun. Hvað varðar opinbera aðila, viljum við taka fram eftirfarandi: Einn veikleikinn enn í efnahagslífinu er hin gríðarlega skuldasöfnun sem orðið hefur undanfarin ár og er enn í gangi. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni að á tímum sæmilegs hagvaxtar skulli halli ríkissjóðs vera svo mikill sem raun ber vitni. Það er óhjákvæmilegt í sæmilegri uppsveiflu eins og nú er að ríkissjóður verði rekinn án halla og jafnvel með afgangi þannig að unnt sé að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Viðvarandi halli á ríkissjóði með tilheyrandi skuldasöfnun er alvarlegasta atlagan sem gerð er að velferðarkerfinu.

Undanfarin ár hafa sveitarfélögin verið rekin með miklum halla. Hann er talinn hafa verið 5 milljarðar kr. árið 1993, 7 milljarðar 1994, ætlaður 3 milljarðar kr. á þessu ári og svipað á því næsta. Þetta þýðir um 18 milljarða kr. halla á fjórum árum að viðbættum vaxtakostnaði af þeirri skuld. Hér er um gríðarlega upphæð að ræða sem sést best af því að hún er þrisvar sinnum hærri en sveitarfélögin höfðu á þessu árabili til fjárfestingar og afborgunar lána, miðað við eðlilegan rekstur þeirra.

Nú er talið að samanlagðar skuldir ríkis og sveitarfélaga nemi um 260 milljörðum kr. og fari vaxandi enda gert ráð fyrir að tekjur hins opinbera dugi ekki fyrir útgjöldum og því enginn afgangur til þess að greiða niður skuldir. Skuldir hins opinbera hafa tvöfaldast á átta árum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eða úr 28% árið 1987 í 55% á þessu ári.

Slíkur búskapur endurspeglar ekki hygginna manna ráð og er algerlega óviðunandi efnahagsstefna, jafnvel að metnum öllum skynsamlegum skýringum um aflasamdrátt og efnahagslægð sem orsaka tímabundna niðursveiflu. Afleiðingar skuldasöfnunarinnar eru gífurlegir vextir sem hið opinbera verður að greiða með skattfé. Alvarlegast er þó þegar gríðarlegar fjárhæðir hverfa úr landi til greiðslu á vöxtum til erlenda skuldareigenda. Þeir peningar verða ekki notaðir til starfsemi og uppbyggingar innan lands.

Í skýslu Seðlabankans um peninga, gengi og greiðslujöfnuð frá því í nóvember sl. kemur fram að vaxtajöfnuður við útlönd á sex ára tímabili 1989–1994 var samtals neikvæður um 85.900 millj. kr. þar sem lagðar eru saman fjárhæðir á verðlagi hvers árs. Þetta eru risavaxnar upphæðir sem greiða þarf til útlanda í leigu fyrir lánsfé. Í skýrslu Seðlabankans er varað alvarlega við áframhaldandi halla á opinberum rekstri og bent á að „langvarandi opinber skuldasöfnun getur enn fremur leitt til þess að traust glatist skyndilega og snögg hækkun verði á vöxtum við það að fjárfestar endurmeta áhættuálag í vöxtum".

Áætlað er að vaxtajöfnuðurinn við útlönd verði neikvæður þetta árið um 16 milljarða kr. og um 15,4 milljarða kr. á næsta ári. Hreinar vaxtagreiðslur til útlanda nema nú um 9–10% af útflutningstekjum og um 3,5% af vergri landsframleiðslu.

Sömu sögu er að segja af heimilunum. Skuldir þeirra hafa vaxið með miklum hraða. Á árunum 1980–1993 sexfölduðust skuldir heimilanna miðað við fast verðlag sem svarar til þess að skuldir hafa aukist um 15% á ári. Þó ber að hafa í huga að endurfjármögnun íbúðalánakerfisins þýðir að lánamöguleikar hafa aukist vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis og skýra nokkurn hluta skuldaaukningarinnar. Fyrirliggjandi upplýsingar um aukna einkaneyslu benda til að heimilin séu enn að auka skuldsetningu sína umfram vöxt vegna íbúðarlána. Að öllu samanlögðu er nauðsynlegt að vara við þeim hættum sem felast í skuldasöfnun undanfarinna ára. Áframhald á þeirri braut af hálfu opinberra aðila og heimila er ein alvarlegasta ógnin við stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar varar við framangreindum veikleikum í efnahagslífinu og telur ástæðu til þess að hafa verulegar áhyggjur af stjórn efnahagsmála í ljósi stjórnarstefnunnar sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Þrátt fyrir nauðsyn á aðhaldi og sparnaði í ríkisrekstrinum er grundvallaratriði að standa vörð um meginstoðir velferðarkerfisins og varðveita hina samfélagslegu ábyrgð.

Verður nú vikið að einstökum málaflokkum sem 1. minni hluti telur rétt að taka til umfjöllunar hér.

Samgöngumál. Samgöngumál fá hrikalega útreið hjá stjórnarflokkunum í frumvarpinu og breytingartillögum stjórnarliðsins.

Framlag til vita- og hafnamála lækkar um 91,5 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum.

Niðurskurður í vegamálum á næsta ári nemur alls 1.015 millj. kr. frá núgildandi vegáætlun sem samþykkt var í febrúar sl. Þar af eru stofnframkvæmdir skornar niður um 940 millj. kr. sem þýðir um fjórðungssamdrátt í áformuðum framkvæmdum næsta árs.

Enn verri útreið fær flugmálaáætlun, en þar er ætlunin að skerða framkvæmdir um helming eða um 190 millj. kr. og er áætlun næsta árs hreinlega í rúst ef þessi áform ná fram að ganga.

Samanlagt er niðurskurður í þessum þremur veigamiklu málaflokkum samgöngumála um 1.300 millj. kr. bara á einu ári.

Engar hliðstæður eru um þvílíkt skilningsleysi á bættum samgöngum í þjóðfélagi samtímans auk þess sem niðurskurður af þessari stærðargráðu fækkar atvinnutækifærum sem nemur hundruðum.

Ég vil bæta því við til frekari upplýsinga varðandi niðurskurð á flugmálaáætlun að frágangur málsins eins og hann er nú í fjárlagafrv. er þannig að þessu sinni, í fyrsta skipti í mörg ár mun ríkissjóður ekki leggja krónu til flugmála. Allur rekstur flugmála og framkvæmdir verður greiddur með tekjum af flugumferð þannig að í stað þess sem gerist meðal siðaðra þjóða a.m.k. á norðurhveli jarðar þar sem stjórnvöld leggja fram verulegar fjárhæðir á hverju ári til að byggja upp flugsamgöngur rétt eins og aðrar samgöngur, þá munu stjórnvöld hér á landi ætla sér að hafa tekjur af þessum málaflokki í stað þess að leggja nokkuð fram. Það hefur verið tekið saman að í fjárlagafrv. þýðir uppsetning mála að ríkissjóður muni hafa um 40 millj. tekjur nettó af flugumferð, þ.e. tekjur umfram útgjöld við rekstur og framkvæmdir.

Framlag ríkisins til flugmála er því mínus 0,031% af niðurstöðutölu fjárlagafrv. Þessu hefur verið harðlega mót-

mælt af hagsmunaaðilum, bæði flugráði og flugrekendum og því verður ekki trúað að óreyndu að Alþingi ætli þeim Íslendingum sem þurfa að nota flugið til að komast á milli staða heiman og heim að greiða hærri skatta en öðrum. Nógur er nú kostnaðurinn við það oft og tíðum að búa fjarri höfuðborgarsvæðinu þó ekki séu lagðir sérstakir skattar á það staðarval.

Vík ég þá aftur að nefndarálitinu og kem að ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta hefur sífellt aukið hlut sinn í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Erlendum ferðamönnum fjölgar ár frá ári og Íslendingar hafa stóraukið ferðalög um eigið land. Tekjur af greininni fara sífellt vaxandi og aðeins sjávarútvegur skilar meiri gjaldeyristekjum en ferðaþjónustan. Enn eru fjölmargir möguleikar vannýttir til fjölgunar starfa og þróunar í ferðaþjónustu og þar hefur ríkisvaldið skyldum að gegna. Það þarf að efla menntun og rannsóknir í greininni til þess að unnt sé að standa skynsamlega að uppbyggingu og þróun. Það þarf að auka upplýsingaþjónustu, almenna landkynningu og markaðsöflun og ekki síst þarf að treysta undirstöðu íslenskrar ferðaþjónustu, vernda sérstæða náttúru landsins og lítt mengað umhverfi, bæta aðstæður á ferðamannastöðum og lagfæra spjöll. Það er því ekki vansalaust að meiri hluti þingmanna Alþingis hefur ekki treyst sér til að standa við ákvæði laga um tekjur til að standa undir þeim verkefnum sem Ferðamálaráði eru falin. Sá lögbundni tekjustofn, þ.e. 10% af sölu Fríhafnarinnar, mundi skila 200 millj. kr. á næsta ári. Nú hefur ríkisstjórnin lagt til að það ákvæði verði fellt úr lögunum en framlagið ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Fjárln. hefur náð samstöðu um aukið framlag til ferðamála á næsta ári og þó hér sé ekki um háar upphæðir að ræða er þessi niðurstaða vonandi til marks um aukinn skilning á mikilvægi greinarinnar.

Mennta- og menningarmál. Framtíð þjóðarinnar og samkeppnisstaða hennar á alþjóðavettvangi byggist að miklu leyti á góðri menntun landsmanna og öflugu rannsókna- og vísindastarfi. Frv. ber ekki vott um framsækna stefnu í þessum efnum og þrátt fyrir auknar fjárveitingar til nokkurra málaflokka í meðförum fjárln. er enn margt sem er athugasemda vert.

Enn er ekki séð fyrir endann á kostnaðarþættinum varðandi flutning grunnskólans til sveitarfélaga þrátt fyrir að lögum um grunnskólann, nr. 66/1995, sé ætlað að taka gildi 1. ágúst 1996. Má þar nefna réttindamál kennara og ýmis mál sem tengjast markmiðinu um einsetningu skólanna innan sex ára frá gildistöku laganna.

Frv. gerir ráð fyrir niðurskurði á framlögum til innlendra rannsókna og menntunar þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að framlög hafi verið aukin til þessa málaflokks. Framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna standa í stað frá árinu 1995 eftir að það hefur verið hækkað um 5 millj. í meðförum fjárln. en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir að framlög til sjóðsins yrðu skert úr 15 millj. kr. í 10 millj. kr. 1. minni hluti vekur athygli á tillögum stúdentaráðs Háskóla Íslands, en samkvæmt þeim er fjárþörf sjóðsins 25 millj. kr. eigi hann að standa undir hlutverki sínu. Rannsóknarnámssjóður fær úthlutað 20 millj. kr. í frv. í stað 25 millj. kr. árið áður og Vísindasjóður Rannsóknarráðs er skorinn niður um 10 milj. kr. á milli ára eða úr 25 millj. kr. í 15 millj. kr. Rannsóknarráð Íslands hefur bent á að niðurskurður til sjóðanna grafi undan trúverðugleika þeirrar stefnu sem lá til grundvallar að stofnun Rannsóknarráðs Íslands og að með niðurskurðinum yrðu send mjög alvarleg neikvæð skilaboð til ungs hæfileikafólks og þar með dregið úr áhuga þess og möguleikum á að hasla sér völl hér á landi.

Fyrsti minni hluti fjárln. varar við þeirri þróun að skera niður framlög til innlendra rannsókna og bendir á að grundvöllur þess að Íslendingar geti verið samkeppnishæfir í alþjóðlegu rannsóknarstarfi er sá að hlúð sé að innlendum rannsóknum og vísindum.

Fyrsti minni hluti bendir á skerðingar á framlögum til Kvikmyndasjóðs en sjóðnum eru ætlaðar 92,3 millj. kr. í stað 101,6 millj. kr. í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skerða enn framlög til sjóðsins þrátt fyrir að í kvikmyndaiðnaðinum felist mikill vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi, ekki hvað síst á seinni árum. Miðað við þau framlög sem sjóðnum eru nú ætluð getur hann ekki staðið að kynningu og markaðssetningu íslenskra kvikmynda erlendis sem þó er nauðsynleg eigi að styðja við íslenskan kvikmyndaiðnað.

Þá bendir 1. minni hluti á óskir um viðbótarframlag til Háskóla Íslands en alls er farið fram á aukningu um allt að 130 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Í samtölum fjárln. við forsvarsmenn Háskóla Íslands kom fram að fjárlagatillögur skólans eru byggðar á áliti fjármálanefndar háskólaráðs sem hefur unnið að því síðustu 18 mánuði að bera saman kostnað við reglubundið nám í Háskóla Íslands og hliðstæða þætti í skólum erlendis. Nefndin lét gera sérstakt reiknilíkan sem ætlað er að leggja mat á lágmarksfjárþörf skólans til þess að hann geti sinnt því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt reglugerð en samkvæmt þeim samanburði vantar verulega upp á að kennslan verði sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Þá vill 1. minni hluti vekja athygli á að fleiri skólastofnanir telja sig vart geta sinnt hlutverki sínu sem skyldi vegna skorts á fjármagni þrátt fyrir að fyllsta aðhalds hafi verið gætt og má þar nefna Tækniskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Stýrimannaskólann svo að dæmi séu tekin.

Félagsmál. Þrátt fyrir að 1. minni hluti telji nauðsynlegt að ná niður ríkisútgjöldum til að minnka fjárlagahallann, telur hann að fjárlagafrv. feli í sér árásir á velferðarkerfið sem ekki verður við unað. Öryggisnet þeirra sem þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda er orðið gisið og stefna er falur í sér yfirbragð ölmusu setur mark sitt á tillögur frv. Áform ríkisstjórnarinnar um að svipta þá sem njóta greiðslna úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins réttinum til hækkana í samræmi við almenna launaþróun fela í raun í sér afnám sjálfsagðra réttinda. 1. minni hlutinn telur slíkar árásir á þá sem síst geta vörnum við komið með öllu óþolandi.

Í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði skertur verulega þrátt fyrir að sjóðurinn hafi í síauknum mæli tekið á sig rekstur sem léttir á þjónustu stofnana. Hingað til hefur erfðafjárskattur runnið óskertur í sjóðinn lögum samkvæmt en nú stendur til að taka 133 millj. af framlagi sjóðsins til reksturs stofnana fatlaðra. 1. minni hluti varar eindregið við því að haldið sé inn á þessa braut jafnvel þótt umrætt fé renni til stofnana fatlaðra.

Með tilkomu barnaverndarstofu hafa miklar breytingar til hins betra átt sér stað í málefnum barna og ungmenna. 1. minni hluti tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í áliti minni hluta félmn. Alþingis um fjárlagafrv. þar sem varað er sérsaklega við þeim vanda sem að þjóðinni steðjar vegna vímuefnanotkunar unglinga. Lögð er á það áhersla í áliti minni hluta félmn. að Alþingi verði að bregðast sérstaklega

við þróuninni í þessum málum með auknum forvörnum, aðstoð við unglinga og harðari refsingum við smygli og sölu fíkniefna.

Í fjárlagafrv. er boðaður verulegur niðurskurður til bygginga nýrra íbúða á vegum Byggingarsjóðs verkamanna og er samdrátturinn skýrður með því að húsnæði standi autt í 25 sveitarfélögum. Vakin er athygli á því ýmislegt bendir til að raunin sé allt önnur, einkum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hundruð fjölskyldna bíða eftir félagslegu húsnæði. Varað er við að nota ástandið á einum stað sem röksemd fyrir niðurskurði á öðrum stöðum en slíkar alhæfingar bitna verst á þeim sem mest þurfa á félagslegu húsnæði að halda. Það er nauðsynlegt að taka tillit til þarfa hvers sveitarfélags fyrir sig og fjármunum þarf að veita þangað sem þörfin er.

Þá vekur 1. minni hluti athygli á þeim áformum sem fram koma í fjárlagafrv. að ríkið hætti þátttöku í kostnaði við greiðslu húsaleigubóta. Varar 1. minni hluti við slíkum áformum án undangenginna samninga við sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra og vekur athygli á ábendingum sem fram hafa komið frá borgarstjóranum í Reykjavík um að þar hafi húsaleigubótakerfið reynst vel og mikilvægt sé að gefa því tækifæri til að þróast í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir 4,8% atvinnuleysi á næsta ári sem er svipað og verið hefur. Þetta hefur í för með sér aukna útgjaldaþörf til atvinnuleysismála en hluta þess vanda ætlar ríkisstjórnin að leysa með því að hækka tryggingagjald um 0,5%. 1. minni hluti telur mikilvægt að tryggja fjármögnun á námskeiðum fyrir atvinnulausa og telur að auka þurfi skilning á mikilvægi þess að skapa atvinnulausu fólki tækifæri til menntunar og vinnu. Í frv. til fjárlaga má sjá áform um að hluta vandans eigi að leysa með því að bjóða atvinnulausum í auknum mæli vinnu og svipta þá bótum ef þeir þiggja ekki þá vinnu sem í boði er. Minnt er á að orsök atvinnuleysisvandans er ekki að finna í því að fólk vilji ekki vinna og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við málefni atvinnulausra eru því brenndar marki fordóma gagnvart atvinnulausum og afneitun á atvinnuleysi sem raunverulegu hagstjórnarvandamáli. Þá bendir 1. minni hluti á að skert er framlag til Félagsmálaskóla alþýðu frá því sem var á fjárlögum 1995 sem verður að teljast óeðlilegt með tilliti til mikillar þarfar á aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu og þjónustu við atvinnulausa.

Fyrsti minni hluti fordæmir þá aðgerð að afnema tengsl greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði og almannatryggingakerfinu við almenna launaþróun í landinu. Í gildandi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er tenging við kjarasamninga fiskverkafólks sem felur í sér að bæturnar hækka í samræmi við almennar launahækkanir í þeirri starfsgrein. Með því að falla frá þessari tengingu er verið að snúa til kerfis sem minnir á ölmusu en slíkar hugmyndir höfðu sem betur fer verið aflagðar hér á landi. Ríkisstjórnin hyggst nú taka slíkt skref til fortíðarinnar og gerir það í nafni þess að það falli undir heildarstefnu um afnám sjálfvirkni og verðlagsuppfærslna. 1. minni hluti telur tengingu við laun vera grundvallarréttindamál fyrir þá sem þurfa á greiðslum úr tryggingakerfinu að halda og gildir sá skilningur allt að einu þótt ríkisstjórnin hafi samið um að greiðslurnar nú um áramót yrðu í tengslum við aðgerðir á vinnumarkaði. Eftir stendur að atvinnulausum er ekki tryggð þessi tenging í framtíðinni en það telur 1. minni hluti vera mikla afturför og minnir á að atvinnulausir eru formlega séð á vinnumarkaði og því er sjálfsagt að greiðslur til þeirra fylgi almennri launaþróun. Þá vill 1. minni hluti benda á að það var almenn krafa verkalýðshreyfingarinnar að fallið yrði frá þessum áformum og það að ekki hefur verið fallist á þær kröfur mun leiða til harðari átaka við frágang kjarasamninga í framtíðinni þar sem verkalýðshreyfingin mun eftir sem áður leitast við að tryggja þessum félagsmönnum sínum sambærilegar launabreytingar og öðrum.

Heilbrigðismál. Fjárln. hefur fengið fjölda fólks á sinn fund vegna reksturs og stjórnunar heilbrigðiskerfisins. Hallatölur frá fyrri árum hljóða upp á að minnsta kosti 700 millj. kr. og samkvæmt framlögðum tillögum þeirra aðila sem lagt hafa fram erindi fyrir nefndina vantar að minnsta kosti 2 til 2,5 milljarða kr. upp á það sem stjórnendur meta að þurfi til að veita nauðsynlega þjónustu. 1. minni hluti vill vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi heilbrigðismál.

Ljóst er samkvæmt heimildum forsvarsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur að sameining Borgarspítala og Landakotsspítala hefur skilað verulegum ávinningi nú þegar, þó formlega verði ekki sameining fyrr en um næstu áramót. Bentu þeir þó á að fyrirhuguð hagræðing næðist ekki að fullu nema að ný skrifstofuaðstaða fengist og jafnframt skapaðist þá meira rými á spítalanum í Fossvogi. Þá lýstu forsvarsmenn sjúkrahússins áhyggjum sínum af lækkun framlaga til reksturs um 225 millj. kr. frá árinu 1995 og telja að leita verði leiða til að ná niður rekstrarhalla þessa árs en hann er áætlaður 105 millj. kr. Þá kom einnig fram að nauðsyn er að huga frekar að viðhaldi búnaðar og tækja.

Varðandi sjúkrahúsin á landsbyggðinni vekur 1. minni hluti athygli á því sem fram kom í máli ýmissa forsvarsmanna þeirra að innlögðum sjúklingum hefur fjölgað nokkuð á meðan ferliverkum hefur fækkað til muna. Þetta hefur í för mér sér stóraukinn kostnað fyrir sjúkrahúsin á landsbyggðinni.

Þá vekur 1. minni hluti sérstaklega athygli á málefnum glasafrjóvgunardeildar Landspítalans en fram kom á fundum með fulltrúum frá nefndinni að um 650 pör eru þar þegar á biðlista. Þá kom einnig fram að meðalaldur kvenna á biðlistanum fer hækkandi í samræmi við lengd biðlistans og hefur hann hækkað um tvö ár síðan á árinu 1991. Þá vöktu fulltrúar deildarinnar athygli á því hversu húsnæði deildarinnar er þröngt og vinnuálag mikið. Þá er mikil óánægja með þá ráðstöfun sem fyrirhuguð er að láta aukna gjaldtöku vegna glasafrjóvgunarmeðferða ekki nýtast til að byggja upp deildina sjálfa, heldur eru framlög til kvensjúkdómadeildar skorin niður sem nemur fyrirhugaðri hækkun. Þá vill 1. minni hluti vekja athygli á ummælum fulltrúa kvennadeildar Landspítalans sem taldi vaxandi vinnuálag auka verulega líkur á mistökum sem auk annars tjóns hefði í för með sér mikinn skaðabótakostnað fyrir ríkið. Einnig bentu fulltrúar kvennadeildarinnar á ófremdarástand er ríkir í menntun ljósmæðra en kennsla í faginu hefur ekki farið fram í tvö ár.

Þær upplýsingar liggja fyrir frá geðdeild Landspítalans að 125 millj. kr. vanti upp á að hægt sé að halda öllum geðdeildum spítalans opnum. Gífurlegt óhagræði getur hlotist af slíkum fjárskorti, enda ekki hægt að ljúka við verkefni sem ráðist hefur verið í og þau nýtast því ekki að fullu. Þá vekur 1. minni hluti athygli á því að göngudeildarmeðferð fyrir börn og unglinga er mjög áfátt.

Fyrsti minni hluti vill vekja athygli á skerðingum í frv. sem bitna á öldruðum og öryrkjum. Mikil óánægja ríkir með að lífeyrisgreiðslur skuli ekki hækka til samræmis við launaþróun í landinu. Tekur 1. minni hluti eindregið undir

þau sjónarmið og vísar til rökstuðnings varðandi tengingu greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði við launaþróun.

Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir hafa farið fram á framlag af fjárlögum sem nemur 2 millj. kr. til að setja á stofn skrifstofu. Samtökin voru stofnuð árið 1992 en sams konar samtök hafa verið starfandi um allan heim í áratugi. Að íslensku samtökunum standa bæði einstaklingar og félög en meginmarkmið samtakanna er að stuðla að heilbrigðu kynlífi og tímabærum barneignum. 1. minni hluti styður það að fé sé veitt í þessa starfsemi enda hafa samtökin samfélagslegu hlutverki að gegna sem ekki er sinnt annars staðar.

Fyrsti minni hluti telur brýna nauðsyn á stefnumörkun í heilbrigðismálum í stað handahófskennds niðurskurðar við fjárlagagerð ár hvert og telur sýnt að lengra verði ekki gengið á þessari braut. 1. minni hluti lýsir andstöðu við aukna gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og telur að ekki megi víkja frá þeim meginþætti í heilbrigðislöggjöf okkar að fólki skuli ekki mismunað eftir efnahag.

Löggæsla, vímuefnanotkun og ofbeldi. Hvergi sér þess stað í þessu frv. að ríkisstjórnin hyggist á einhvern hátt bregðast við vaxandi ofbeldi og eiturlyfjaneyslu í þjóðfélaginu sem er öllum hugsandi mönnum mikið áhyggjuefni. Ástand löggæslumála hefur farið versnandi um allt land á undanförnum árum og er víða talið undir öryggismörkum þar sem tæpast er hægt að halda uppi lágmarksþjónustu. Þótt framlag til embættis lögreglustjórans í Reykjavík sé hækkað er skýrt tekið fram að það sé vegna rauntalna síðustu ára en ekki vegna aukinnar starfsemi. Engin viðleitni er í þá átt að efla starf fíkniefnalögreglunnar og á þau mál er yfirleitt ekki minnst í frv. Öllum ætti þó að vera ljóst að þar er við gríðarlegan vanda að etja sem taka verður á með skipulegum hætti.

Bótagreiðslur til þolenda afbrota. Ljótasti bletturinn á frv. er lítilsvirðing ríkisstjórnarinnar gagnvart nýsettum lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem taka eiga gildi 1. janúar nk. Allshn. Alþingis afgreiddi frv. þessa efnis samhljóða frá sér snemma á þessu ári og frv. varð að lögum rétt fyrir síðustu kosningar með samþykki allra sem tóku þátt í afgreiðslu málsins. Með þessari lagasetningu var náð mikilvægum áfanga í baráttunni fyrir bættri meðferð brotaþola og fyrir breyttum viðhorfum í þeim efnum. Það er alkunna að flestum brotaþolum hefur reynst afar erfitt að sækja bætur í greipar þeirra sem tjóninu valda. Einkum hafa brotaþolar vegna nauðgunar eða annars kynferðislegs ofbeldis verið í erfiðri stöðu. Með einróma samþykkt þessara umbóta fengu þolendur ofbeldisbrota þau mikilvægu skilaboð að samfélaginu væri ekki sama um örlög þeirra. Margra ára barátta ýmissa kvennahópa virtist í höfn. Mörgum brá því illa í brún þegar ljóst var að ekki var gert ráð fyrir greiðslum vegna laga þessara í frv. til fjárlaga 1996 og boðuð tillaga ríkisstjórnarinnar um frestun gildistöku þeirra um eitt ár. Jafnframt átti afturvirkni þeirra að færast til um eitt ár. Um leið voru þeir sviptir voninni sem þegar höfðu fengið úrskurðaðar miskabætur vegna brota sem framin höfðu verið eftir 1. janúar 1993. Vegna harðra viðbragða utan sem innan þings var hafist handa við að leita leiða til að falla frá frestun gildistöku laganna. Nú hefur ríkisstjórnin lagt til að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár í stað eins árs og að jafnframt verði bótafjárhæðir stórlega lækkaðar. Þetta er gjörsamlega óviðunandi niðurstaða sem 1. minni hluti getur engan veginn fallist á og leggur þunga áherslu á að Alþingi tryggi nægjanlegt framlag á fjárlögum 1996 til þess að staðið verði við lögin að fullu. Meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli er öll með eindæmum. Hún er hneyksli sem Alþingi getur ekki þolað.

Landhelgisgæslan. Hún á í töluverðum rekstrarvanda sem stafar fyrst og fremst af rekstri nýju þyrlunnar TF-LÍF. Þó hefur sá kostnaður orðið nokkru lægri en ráð var fyrir gert. Landhelgisgæslan telur sig vanta rúmar 78 millj. til rekstursins. Ekki var orðið við þeirri beiðni og virðist því blasa við að gera þurfi róttækar ráðstafanir til að ná endum saman. Sú leið kynni að verða valin að selja þyrluna TF-SIF sem væntanlega gæfi um 20 millj. kr. Það hefði þann ókost í för með sér að þá yrði ekki lengur hægt að nota TF-SIF í smærri verkefni þar sem hún hentar jafnvel betur en TF-LÍF og er í nokkrum tilvikum mun ódýrari kostur. Auk þess er TF-LÍF frá vegna skoðana í fimm til sex vikur á ári og er þá ekki reiknað með stoppum vegna bilana. Tilkoma stóru þyrlunnar hefur gjörbreytt aðstæðum til björgunarstarfa og gert Landhelgisgæslunni kleift að vinna þrekvirki við erfiðustu skilyrði. Er skemmst að minnast atburðanna á Flateyri í október sl. en einnig fjölmargra ferða eftir sjúkum og slösuðum sjómönnum langt á haf út í slæmum veðrum. Á rekstrarvanda gæslunnar verður að finnast varanleg lausn því Íslendingar hafa ekki efni á því að vera án þessarar þjónustu. Skip hennar eru rekin þannig að nær allt árið er eitt þeirra bundið við bryggju. Áhafnir verða að taka sitt frí þegar skipin eru bundin því ekki eru áhafnir til afleysinga. Þar við það bætist að floti Landhelgisgæslunnar er orðinn mjög gamall og þótt honum sé vel við haldið er nauðsynlegt að hugsa fyrir endurnýjun á næstu árum.

Hafrannsóknir. 1. minni hluti tekur undir sjónarmið um hafrannsóknir sem fram koma í áliti sjútvn. um fjárlagafrv. Þar er lagt til að reynt verði að koma til móts við óskir Hafrannsóknastofnunar um fjárveitingu til að hleypa af stokkunum sérstöku „haustralli" og „þorsknetaralli" í því skyni að efla stofnrannsóknir. Þá er einnig lagt til að haustrannsóknir stofnunarinnar á djúpslóð vegna síaukinna úthafs- og djúpvatnsveiða verði efldar. Þá bendir 1. minni hluti á að fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjútvrn. hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að vinna meira að rannsóknum á nýtingu vannýttra tegunda og tekur 1. minni hluti fjárln. undir það. Þá tekur 1. minni hluti undir ábendingar frá Hafrannsóknastofnun og sjútvrn. varðandi nauðsyn áframhaldandi rannsóknastarfs á klaki og eldi lúðu enda geta miklir möguleikar legið þar í framtíðinni. 1. minni hluti vekur þannig athygli á mikilvægi rannsókna til þess að efla undirstöðu sjávarútvegsins.

Umhverfismál. Mörg og stór verkefni bíða úrlausnar á sviði umhverfismála. Ef Íslendingar ætla að fylgjast með þróuninni í þeim efnum og standa við alþjóðasamninga er ljóst að aukið fé þarf til þessara mála á næstu árum. Í áliti sínu til fjárln. bendir umhvn. á að Náttúruverndarráð skorti rekstrarfé til að geta rækt nægilega vel það hlutverk sem því er ætlað með lögunum. Undir þetta tekur 1. minni hluti. Ráðið fór þó aðeins fram á 3–5 millj. kr. til viðbótar til nokkurra verkefna sem verið er að vinna að eða ætlunin er að hefja vinnu við á næsta ári. Er þar m.a. um að ræða merkingar á friðlýstum svæðum, verndaráætlanir fyrir Jökulsárgljúfur og Skaftafell, rannsóknir og umbætur á hverasvæðinu við Geysi og skipulagningu friðlýsts svæðis á Búðum. Ekki var orðið við þessari hóflegu beiðni ráðsins um aukið framlag.

Ekki treysti meiri hlutinn sér heldur til að taka á rekstrarvanda Hollustuverndar ríkisins sem m.a. með tilkomu

samninga um EES og GATT hefur orðið að taka að sér fjölda nýrra verkefna án þess að fá til þess aukið rekstrarfé. Ákveðið hefur verið að veita 1,5 millj. kr. til að finna leiðir til að leysa vanda Hollustuverndar en augljóst er að með því er aðeins verið að fresta afgreiðslu málsins til næstu fjáraukalaga.

Í áliti umhverfisnefndar er einnig greint frá viðtali við veðurstofustjóra. Hann benti m.a. á þá staðreynd að Veðurstofan hefur ekki ráð á að taka rausnarlegum tilboðum til stofnunarinnar um fjármögnun og uppsetningu jarðskjálftamæla víðs vegar um landið þar sem hún hefur ekki fé til að reka þá og annast. Þá benti veðurstofustjóri einnig á að vegna aukinnar eftirspurnar væru veðurspár orðnar markaðsvara sem skilað gæti verulega auknum sértekjum til stofnunarinnar í framtíðinni en vegna skorts á stofnfjármagni væri ekki hægt að nýta þessa markaðsmöguleika. Var það mat hans að til þessa verkefnis þyrfti að leggja um það bil 10 millj. kr. árlega næstu 2–3 ár. Þróunarmöguleikum Veðurstofu eru þannig skorður settar og væri þarft að leita leiða til að gera henni kleift að efla rannsóknir og þjónustu.

Að lokum vill 1. minni hluti fjárln. taka eftirfarandi fram: Fjárlög markast af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er. 1. minni hluti getur ekki tekið ábyrgð á efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar og mun því sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Undir þetta nefndarálit rita Kristinn H. Gunnarsson frsm., Kristín Halldórsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. í þessu stærsta máli þingsins á hverjum vetri.

[16:47]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. GE o.fl., þskj. 374; brtt. JónK, þskj. 375.

[16:48]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á því að það er ekki einn einasti þingmaður stjórnarinnar í salnum utan hæstv. forseta. Það sýnir kannski þann áhuga sem hv. stjórnarliðar hafa á þeim málflutningi sem hér fer fram. Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að það er ekki einn einasti ráðherra í salnum. Ég reikna með að ráðherrann heyri — ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að sýna sig. (**Samgrh.:** Ég heyrði röddina.) Það er rétt, röddin er sterk og það mun berast nokkuð víða það sem ég læt frá mér fara og ég fagna því að ráðherra og stjórnarliði koma í salinn. En ég vil biðja virðulegan forseta að gera ráðstafanir til þess að fjmrh. sé a.m.k. í húsinu því að ég þarf að eiga við hann orðastað rétt undir lok ræðu minnar.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti upplýsir að hæstv. fjmrh. er í húsinu og hann mun gera ráðstafanir til þess að hann komi hér sem fyrst og verði við umræðuna.)

Herra forseti. Ég hef hugsað mér að virða það samkomulag sem gert var við forseta í hádeginu um að fá umræðu um heilbrigðismálin inn í fjárlagaumræðuna. Það skiptir mjög miklu máli að svo verði þegar við höldum áfram með 2. umr. um fjárlög. Þess vegna hef ég hugsað mér að stytta ræðu mína mikið. Ég hafði hugsað mér að fara mjög ítarlega í gegnum málin vegna þess að það hafði ekki komið neitt fram um heilbrigðismálin fyrr en þetta samkomulag var gert sem ég vil þakka mjög vel fyrir þannig að ég mun að mestu en með þó nokkrum formálsorðum og nokkrum lokaorðum nota tímann núna til þess að fara yfir nefndarálit 2. minni hluta.

Í upphafi vil ég byrja á því að þakka fyrir mjög gott samstarf við meiri hluta fjárln. og 1. minni hluta fjárln. undir mjög góðri stjórn formanns nefndarinnar. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum nefndarinnar og starfsfólki í Austurstræti 14 fyrir frábæra þjónustu og gott samstarf.

Í formálsorðum mínum að nefndarálitinu vil ég nefna að frumvarpsgrunnur fjárlaga er nokkru traustari eftir þá umfjöllun sem farið hefur fram á liðnum vikum. Ráða þar mestu breyttar horfur. Það sem er unnt að gleðjast yfir og bætir stöðuna er að sá afli sem gert var ráð fyrir að ná af loðnu til áramóta fékkst og það má þakka dugnaði sjómanna og útgerðarmanna fyrir framlag þeirra við að setja spelkur á einn af fótum margfætlunnar sem nefnist fjárlagafrv. Tillaga um 1,1 millj. tonna af loðnukvóta á næsta ári eða 200 þús. tonna viðbót frá fyrri tillögum er breyting til batnaðar. En þessi afli sem um ræðir er ekki í hendi þótt hann sé lagður til.

Einnig er ákvörðun um álver í Straumsvík gleðiefni og mun það hafa styrk áhrif á fjárlagagrunninn. Þessu til viðbótar er rætt um aukinn síldarafla og einnig mun smáfiskur koma á ný inn í afla með væntanlegri lagasetningu sem ég vænti góðs af og liggur nú fyrir frv. á borðum þingmanna þar um. Ég vil lýsa ánægju með það og ég trúi að það muni leiða til bættrar umgengni um fiskimiðin. Það sem hér er talið upp gerir það að verkum að frumvarpsgrunnurinn hefur verulega batnað og horfur eru nú betri en um tíu ára skeið. Enn stendur eftir það sem sá sem hér stendur sagði við 1. umr. að grundvöllurinn er ótraustur, a.m.k. með tilliti til þess að gert er ráð fyrir 30 þús. tonna afla úr Smugunni á næsta ári til að fjáröflun standist að því leyti.

Herra forseti. Ég mun nú gera grein fyrir nefndaráliti á þskj. 355 frá 2. minni hluta fjárln. og einnig fara yfir breytingartillögur á þskj. 374 sem eru frá undirrituðum ásamt öðrum þingmönnum Alþfl.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1996 er á margan hátt sérkennilegt. Það er sérkennilegt m.a. fyrir þá sök að það fer á skjön við tíðarandann sem undanfarið hefur einkennst af vaxandi áhyggjum af sífelldum hallarekstri ríkissjóðs. Kröfur um heilbrigðan ríkisrekstur, sem ekki felur í sér stöðuga umframeyðslu, hafa orðið háværari með hverju nýju fjárlagafrumvarpi. Ungt fólk hlýtur að horfa með ótta til þess tíma þegar það þarf að greiða upp skuldir þeirrar kynslóðar sem stofnaði til þeirra, jafnvel á veltitímum góðæris og mikils hagvaxtar. Þegar þær kynslóðir, sem nú stjórna fjármálum þjóðarinnar, tóku við búi af fyrri kynslóð voru yfirteknar skuldir aðeins lítið brot af því sem næsta kynslóð fær í arf.

Sá halli, sem við hefur verið að glíma, hefur verið innbyggður í rekstrarkerfi ríkissjóðs. Hann hefur í reynd leitt til áframhaldandi samfelldrar skuldasöfnunar sem haft hefur bæði verðbólguáhrif og leitt til vaxtahækkana. Það má líkja þessu ástandi við sjálfaukandi vaxta- og skuldagildru.

Skuldastaða ríkissjóðs og ríkisstofnana hefur farið hríðversnandi undanfarin ár. Á meðalverðlagi hafa skuldir ríkissjóðs aukist úr 11,7 milljörðum árið 1985 í 126,7 milljarða árið 1994 sem mun vera um 1.000%. Á sama tíma hafa skuldir sveitarfélaganna aukist úr 7,4 milljörðum í 36,8 milljarða

kr. Þau eru rétt um hálfdrættingur í hundraðshluta. Ef skoðaðar eru skuldir heimilanna hafa þær aukist um tæp 700% en skuldir fyrirtækjanna aðeins um 260%.

Þessar tölur eru settar fram til að sýna þá mjög svo slaklegu fjármálastjórn sem einkennt hefur fjármál hins opinbera. Það sker sig algerlega úr.

Nú er svo komið að áætlað er að vextir og afborganir af skuldum ríkisins nemi á næsta ári um 34,2 milljörðum kr. Það jafngildir öllum útgjöldum menntamálaráðuneytis, öllum útgjöldum félagsmálaráðuneytis og öllum útgjöldum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Herra forseti. Þótt allir geri sér grein fyrir því að þessar skuldir verði ekki greiddar á næstunni er um hrikalegar tölur að ræða. Vaxtagreiðslurnar einar saman eru nokkuð hærri en allar greiðslur til allra framhaldsskóla, grunnskóla og sérskóla.

Það er þessi bakgrunnur sem knýr þingmenn Alþýðuflokksins til að leggja fram breytingartillögur við 2. umr. um fjárlagaframvarpið er miða að hallalausum fjárlögum. Það má ekki fresta því enn í kæruleysi að taka á halla ríkissjóðs. Breytingartillögur þingmanna Alþýðuflokksins eru birtar á sérstöku þskj., en yfirlit yfir þær er birt á fylgiskjali með þessu áliti. Alþýðuflokkurinn lagði sig fram í síðustu ríkisstjórn um að ná halla ríkissjóðs sem mest niður. Þótt margt hafi þar verið vel gert tókst það ekki nema að hluta. Ástæður þess að það tókst ekki sem skyldi voru að þjóðin var að ganga í gegnum sjö ára samdráttarskeið og talið var erfitt að dýpka þá lægð enn frekar með meiri samdrætti í ríkisútgjöldum.

Nú hefur grunnurinn verið lagður að nýju framfaraskeiði og því er rétt að nota hann til að ná tökum á ríkisbúskapnum.

Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að dragi úr hagvexti frá yfirstandandi ári og landsframleiðsla aukist um 2% í stað 3,2% á þessu ári. Eins og á þessu ári er talið að þjóðarútgjöld aukist meira en landsframleiðslan og þjóðartekjur og afgangur á viðskiptajöfnuði muni því minnka.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar er einnig gert ráð fyrir 2,5% verðbólgu á næsta ári og að nokkur aukning verði á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann eða um 1,8%.

Þetta er spá frá Þjóðhagsstofnun frá því í haust og mér sýnast litlar líkur á því að þessar tölur eigi eftir að hækka verulega.

Ljóst er að þessar forsendur þarf að endurskoða, laun muni hækka meira en gert var ráð fyrir og nú er ljóst að ráðist verður í stækkun álversins í Straumsvík og eru þær framkvæmdir taldar auka landsframleiðsluna sem aftur mun hafa áhrif á fjárlagagerðina, einkum á tekjur ríkissjóðs. Þá virðast forsendur Þjóðhagsstofnunar um aflabrögð á næsta ári ætla að standast í meginatriðum og enn er gert ráð fyrir að afurðaverð erlendis haldist hátt og afli aukist.

Almennt má segja um þróun efnahagsmála undanfarin ár að ótrúleg umskipti hafa orðið til hins betra eftir að verkalýðshreyfingin og ríkisstjórnin beittu sér fyrir tímamótakjarasamningum í febrúar 1990. Grundvöllur þeirra samninga var að nauðsynlegur trúnaður myndaðist milli forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og þáverandi ríkisstjórnar. Með umræddum kjarasamningum tókst að ná verðbólgunni niður og koma á forsendum fyrir efnahagslegum stöðugleika sem birtist í stöðugu gengi, viðskiptajöfnuði við útlönd og minni verðbólgu.

Eins og fram kemur í áætlunum um breyttar forsendur í ríkisbúskapnum eru lagðar fram áætlanir um að aukin umsvif og að breyttar forsendur geti skilað, hæstv. fjmrh., a.m.k. 800 millj. kr. tekjuauka í ríkissjóð. Þá er ljóst að framkvæmdir við nýtt álver muni leiða til um 800 millj. kr. aukningu á tekjum ríkissjóðs.

Þingmenn Alþýðuflokks gera þar að auki tillögu um að dregið verði verulega úr starfsemi Lánasýslu ríkisins. Bæði er það að nýjar lántökur ríkissjóðs munu dragast saman ef tillögurnar verða samþykktar, svo og hitt að hægt er að sameina þessa starfsemi sambærilegri vinnu sem fram fer í Seðlabanka Íslands. Þannig má draga úr skerðingu á áhættufé ríkisábyrgða og auka þar með tekjur ríkissjóðs.

Þá eru gerðar tillögur um að sett verði lög um fjármagnstekjuskatt strax á þessu þingi og að hann komi til framkvæmda 1. september 1996. Hér er gengið út frá því að núverandi tekjuskattskerfi verði beitt á fjármagnstekjurnar með ákveðnu frítekjumarki en síðan verði lagt á samkvæmt sérstöku skatthlutfalli sem er um 30%. Þetta gæti gefið tæplega 1.300 millj. kr. yfir heilt ár í tekjur. Eins og hér sést er ekki unnið út frá þeirri reglu að setja flatan staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur. Unnið er út frá því að nýr fjármagnstekjuskattur falli sem best að gildandi tekjuskattskerfi en ekki þurfi að búa til nýtt kerfi fyrir hann.

Að lokum er lagt til að auka tekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr. með því að breyta um aðferð við að ívilna hlutabréfakaupum almennings. Nú háttar svo til að hægt er að kaupa hlut í félögum án þess að vera beinn eigandi að hlut þar. Það er gert með því að kaupa bréf í einhverjum hlutabréfasjóði sem veitir ekki réttindi til setu á aðalfundi. Þetta er gert til að búa til tilefni til skattfrádráttar án þess að áhættan sé mikil. Síðan yrðu bréfin seld eftir þrjú ár og ný keypt.

Hér er lagt til að aðeins þau hlutabréf, sem keypt eru í beinu hlutabréfaútboði fyrirtækja sem gerð eru til að styrkja eiginfjárstöðuna, séu gild til að fá skattfrádrátt. Þá er jafnframt rétt að endurskoða þá upphæð sem fæst í skattfrádrátt hverju sinni.

Herra forseti. Ég hef nokkuð fjallað um tekjuhlið og er þá kominn að gjaldahlið. Lagðar eru fram allmargar tillögur um sparnað á gjaldahlið eða alls um 1.510 millj. kr. Lækkun á framlagi til Byggðastofnunar eða heimildarákvæðum fjármálaráðherra og til ráðstöfunar ríkisstjórnarinnar þarfnast ekki nánari útskýringa. Þar er um hreinar skerðingar að ræða. Það sama gildir um þær skerðingar sem lagt er til að gerðar verði á fjárlagalið landbúnaðarráðuneytis.

Með nýjum búvörusamningi voru fjárveitingar til búvöruframleiðslunnar auknar stórlega þannig að á næsta ári aukast þessar fjárveitingar rétt um 250 millj. kr. Við gerð rammafjárlaga hefur það verið regla að mæta aukningu á einum fjárlagalið innan ráðuneytis með því að skera niður annars staðar. — Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. er sérfræðingur í að útfæra og koma fram í rammatillögum.

Þeirri reglu er fylgt hér en eilítið bætt við sparnaðinn í samræmi við yfirlýsta stefnu um að draga úr stuðningi við landbúnaðinn og búa hann þannig undir breyttan tíma.

Gerð er tillaga um að dregið verði úr starfsemi Námsgagnastofnunar. Hún starfar að hluta í samkeppni við útgáfur á frjálsum markaði og er það óeðlilegt. Þá er mun eðlilegra að bókaforlög á almennum markaði sjái í meiri mæli um gerð námsefnis en verið hefur. Þau sjá nánast um allt námsefni á framhaldsskólastiginu og eru fullfær um að takast á við meiri verkefni á grunnskólastiginu. Þó er áfram þörf fyrir öfluga starfsemi hjá Námsgagnastofnun en til þess verður nægileg fjárveiting eftir.

Á fjárlagalið félagsmálaráðuneytis er lagt til að aukin verði þátttaka aðila utan ríkisins til að létta undir með greiðslum vegna ábyrgðarsjóðs launa. Ræða þarf bæði við fulltrúa vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar til að finna réttan farveg fyrir þessi útgjöld.

Lagt er til að sparað verði í ferðakostnaði og risnureikningi aðalskrifstofa ráðuneytanna. Hér er um mjög stóran lið að ræða og þar sem auðvelt ætti að vera að spara undir venjulegum kringumstæðum.

Að lokum er lagt til að tekin verði upp kostnaðarþátttaka sjávarútvegsins vegna margvíslegrar þjónustu sem ríkið veitir greininni. Rannsókna- og eftirlitsstofnanir sem ríkið rekur í þágu sjávarútvegsins munu fá beina fjárveitingu á næsta ári um 971 millj. kr., þar af er rekstrarkostnaður 844,8 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um svokallaða kostun sem aðferð við að ná niður halla ríkissjóðs og sporna við sjálfvirkum hækkunum. Þessari aðferð hefur að litlu leyti verið beitt í heilbrigðisstofnunum og í meira mæli í öðrum þjónustustofnunum almennings. Árangur þessarar aðferðar er þess eðlis að eðlilegt er að beita henni á fleiri sviðum. Núverandi fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að beita eigi kostunaraðferðinni sem víðast og einnig í sjávarútvegi.

Hér er því lagt til að Fiskistofa innheimti veiðileyfagjald til að standa straum af kostnaði við rekstur sinn, svo og Hafrannsóknastofnunar. Afgangurinn renni í ríkissjóð til að mæta kostnaði við aðrar stofnanir sjávarútvegsins.

Hér er lagt til að innheimt verði 1,65 kr./kg af lönduðum fiski umreiknuðum í þorskígildi. Ekki mun fjarri láta að þau hafi verið tæplega 490 þúsund á síðasta ári. Þannig fæst fram umrædd upphæð.

Þær tillögur, sem gerðar eru um hækkanir á gjaldahlið, nema 645 millj. kr. Lagt er til að framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði aukið um 32 millj. kr. Ísland hefur margsinnis á undanförnum árum skuldbundið sig til að auka framlag til þróunarmála. Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu þess efnis.

Framlag Íslands nemur aðeins rúmlega 0,1% af VLF og er það langlægsta hlutfall, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur um alla norðanverða Evrópu. Þessi hækkun er í samræmi við samþykkt sem stjórn ÞSSÍ gerði á sl. ári og kynnt var í ríkisstjórn. Samþykkt stjórnar ÞSSÍ miðaðist við að ná 0,7% framlagi af VLF á árinu 2002 en til þess þyrfti að hækka framlögin um 15% á ári.

Á þessu ári voru samþykkt lög frá Alþingi um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna þessa í fjárlögum er nauðsynlegt að bæta þar um. Ekki kemur annað til álita en að Alþingi tryggi framgang þessara laga. Þolendur afbrota eru sá hópur þjóðfélagsþegna sem ekki getur með nokkru móti spornað við afleiðingum afbrotanna. Samfélaginu ber því að standa við bakið á þeim. Því er lagt til að framlag til bóta til þolenda afbrota verði ákveðið 60 millj. kr. á fjárlögum fyrir næsta ár.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að spara í lífeyristryggingum við að tekjutengja þær fjármagnstekjum. Þetta á að spara ríkissjóði 250 millj. kr. á árinu. Hér er lagt til að fjármagnstekjutengingin taki ekki gildi fyrr en um leið og fjármagnstekjuskattur verður lagður á. Samkvæmt tillögum hér að framan er lagt til að það gerist 1. september 1996. Við þetta aukast útgjöld til lífeyristrygginga um 190 millj. kr.

Á sviði menntamálaráðuneytisins er lagt til að framlag til Kvikmyndasjóðs verði aukið um 13 millj. kr. Er þetta gert til að framlag til sjóðsins verði sem næst óbreytt að raungildi á komandi ári. Fáar fjárfestingar skila betri arði en framlög til kvikmynda. Það sanna dæmin á undanförnum árum. Það er því lagt til að hér verði gerð á bragarbót.

Alþýðuflokkurinn hefur vakið máls á þeirri miklu tekjutengingu með tilheyrandi háum jaðarsköttum sem innleiddir hafa verið í skattkerfið. Þótt flokkurinn sé ekki alfarið á móti tekjutengingu er hann þeirrar skoðunar að of langt hafi verið gengið. Beri nú að vinda ofan af því með viðeigandi ráðstöfunum. Því er lagt til að til viðbótar þeim 500 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að veita til að auka barnabótaaukann skuli veittar 350 millj. kr. þar til viðbótar. Þá hækkar barnabótaaukinn um 20% í stað þess að hækka um 12,6% eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Með því móti hefur jaðarskatturinn verið lækkaður umtalsvert. Fyrir fjölskyldu með fjögur börn og liðlegar meðaltekjur ætti skerðingin með þessari viðbót að vera orðin lítil með þriðja barni en engin með fjórða barni.

Svipaðar aðgerðir eru nauðsynlegar við vaxtabæturnar. Þar er þó rétt að breyta aðferðinni og taka upp hlutfallslegar bætur af höfuðstól húsnæðisskuldar og afnema skerðinguna. Ekki er gert ráð fyrir að bótaþökum verði breytt. Til að halda óbreyttum útgjöldum ríkissjóðs þarf bótahlutfallið að vera 2,1%.

Þingflokkur Alþýðuflokksins mun leggja þetta fram sem sérstakt mál á yfirstandandi þingi.

Varðandi sölu eigna er lagt til að framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum í eigu ríkisins, sem ekki eru í einokunarstöðu á markaðnum, svo sem Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, verði breytt í almenningshlutafélög og hluti þeirra seldur almenningi samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Auðvelt ætti að vera að selja hlutabréf fyrir u.þ.b. 700 millj. kr. á næsta ári.

Í lok nefndarálitsins er minnst á hallalaus fjárlög. Samhliða þessu nefndaráliti flytja þingmenn Alþýðuflokksins tillögur um breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem miða að hallalausum fjárlögum. Þingflokkur Alþýðuflokksins lítur svo á að það sé skylda Alþingis að afgreiða fjárlög næsta árs án halla. Þannig spornar löggjafarsamkoman best gegn hugsanlegri þenslu og dregur úr skuldum ríkissjóðs, en það forgangsmál.

Ég sé að hæstv. fjmrh. nikkar og tekur undir þessi orð.

Á fylgiskjali með nefndaráliti er gerð grein fyrir breytingartillögum þingmanna Alþýðuflokksins. Tekjuhlið breytist þannig: Í fyrsta lagi almenn hækkun vegna álframkvæmda um 800 millj. Í öðru lagi hækkun vegna aukinna umsvifa í efnahagslífi og breyttra forsendna í veiðum um 800 millj. kr. Í þriðja lagi er áhættugjald ríkisábyrgða, framlag til Lánasýslu ríkisins fellt niður að hluta og starfsemin flutt til Seðlabanka Íslands, 100 millj. kr. Í fjórða lagi er fjármagnstekjuskattur lagður á frá 1. septebmer 1996, 420 millj. kr. Í fimmta lagi er ívilnunum vegna hlutabréfakaupa fækkað, um 200 millj. Samtals er hér um að ræða hækkun tekna upp á 2 milljarða 320 millj. að ræða, hæstv. fjmrh.

Síðan er gerð grein fyrir í öðrum lið lækkun útgjalda einstakra ráðuneyta. Varðandi forsætisráðuneyti er gerð er tillaga um lækkun á framlagi til Byggðastofnunar um 100 millj. kr. Varðandi fjármálaráðuneyti skal sett þak á útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Þar verður lækkun um 50

millj. kr. og lækkun varðandi heimildir til ríkisstjórnarákvarðana verður um 50 millj. kr.

Í c-lið er gerð grein fyrir sértekjum á fimm stöðum. Sértekjur Fiskistofu (veiðileyfagjald) 1,65 kr./kg af löndunum afla umreiknuðum í þorskígildi. Landaður afli var u.þ.b. 485.000 þorskígildistonn á síðasta ári. Gjaldið renni til Fiskistofu, afgangur í ríkissjóð, u.þ.b. 800 millj. kr.

Varðandi menntamálaráðuneytið er gert ráð fyrir að draga saman í starfsemi Námsgagnastofnunar og verkefni þar verði boðin út. Þar fást um 60 millj. kr.

Félagsmálaráðuneyti. Þar er rætt um ábyrgðasjóð launa og gert ráð fyrir aukinni þátttöku atvinnulífsins. Það skilar um 100 millj. kr. Varðandi landbúnaðarráðuneytið er rætt um að leggja niður Hagþjónustu bænda sem skilar um 10 millj. kr. Með minnkandi stuðningi við Bændasamtökin er gert ráð fyrir 100 millj. kr. og framlag til Framleiðnisjóðs er lækkað um 200 millj. kr. Varðandi aðalskrifstofu ráðuneyta eru gerðar tillögur um sparnað í ferðum og rísnu sem á að skila um 40 millj. kr. Það ætti að vera auðvelt miðað við þann kostnað sem í slíkt fer. Samtals er því um að ræða lækkun útgjalda um 1 milljarð 510 millj. kr.

Hér er einnig gerð grein fyrir hækkun útgjaldaliða einstakra ráðuneyta og verður ekki nánar farið yfir það.

Að lokum vildi ég eiga orðastað við hæstv. fjmrh. Ég sé að hann er hér í hliðarsal og heyrir vel til mín. Ég mun því beina þessum orðum til hans. Ég hef gert grein fyrir tillögum Alþfl. þar sem um er að ræða hallalaus fjárlög og þar að auki 5 millj. í afgang. Ég treysti því og trúi að þetta séu tillögur sem falla hæstv. fjmrh. og fjölmörgum öðrum þingmönnum vel í geð. Mér dettur því í hug að ef það næst nú fram að menn samþykkja hallalaus fjárlög þá eigi vel við saga sem ég heyrði hafða eftir fyrrv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, um karlinn sem ætlaði ásamt tveimur sonum sínum að slátra hrút sem var með svo harða hausskel að þrátt fyrir þrjú skot og gífurlega tilburði gekk ekkert að drepa hann. Þá sagði karlinn við synina: Látið hrússa í hús svo byrjum við aftur að slátra eldsnemma í fyrramálið. Þessi slátrunaraðgerð minnir mig svolítið á þá stjórnunarhætti sem núv. hæstv. ríkisstjórn beitir. Nema sennilega er hæstv. ráðherrum hættara við að skjóta sig í fótinn en bóndanum sem hér sagði frá.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að skora á stjórnarþingmenn að kanna vel tillögur okkar alþýðuflokksmanna áður en þeir greiða atkvæði um þær. Ég tel að flestar þeirra séu þannig að það stríði bæði gegn vilja og samvisku fjölda stjórnarliða að fella þær. Ef svo fer má öllum augljóst vera að ekki er orð að marka hástemmdar yfirlýsingar varðandi ráðdeildarsemi og hagræðingu sem ekki bara einn eða tveir stjórnarliðar hafa viljað kenna sig við, heldur tveir til þrír tugir þeirra a.m.k., með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, enda mín orð með því að gera örlitla grein fyrir því að ég tek undir álit 1. minni hluta þó svo ég hafi ekki séð mér annað fært en að gera grein fyrir þessum tillögum með sérstöku nefndaráliti. Þar með hef ég lokið máli mínu, herra forseti.

[17:19]

Útbýting þingskjals:

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 171. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 369.

[17:19]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Fyrstu fjárlög kjörtímabilsins mótast mjög af þeirri meginstefnu að dregið verði úr ríkisútgjöldum svo jöfnuði verði náð á næstu tveimur árum. Þá stefnu hefur Sjálfstfl. boðað bæði fyrir og eftir kosningar og þá stefnu er að finna í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar sem hér er til 2. umr. Þrátt fyrir að hagvöxtur hafi verið svipaður hér eða meiri en í OECD-löndunum sl. tvö ár og allt bendi til þess að hann verði meiri á næsta ári er rík ástæða til að hafa hemil á ríkisútgjöldum en leitast við að bæta stöðu á vinnumarkaði með almennum aðgerðum í tengslum við kjarasamninga eins og gert hefur verið.

Markmið um minni ríkisútgjöld er eina raunhæfa ávísunin á hóflega skattlagningu borgaranna og er mikilvæg til að halda stöðugleika í þjóðfélaginu.

Með hærri meðalaldri þjóðarinnar og með auknum skuldbindingum vegna velferðarkerfisins aukast útgjöld til heilbrigðis- og velferðarmála. Vegna takmarkaðra tekna liggur fyrir að gera verður auknar kröfur gagnvart öllum þáttum í ríkisrekstrinum svo koma megi til móts við aukin útgjöld þeirra þátta sem lúta að velferðarkerfinu án skattahækkana.

Þeir sem tala gegn úrbótum í ríkisrekstri og hvetja til aukinna útgjalda eru vissulega talsmenn skattahækkana eða minni framlaga til velferðarmála og skólamála. Um það varður vart deilt. Ekki er gert ráð fyrir því að heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðartekjum hækki á næsta ári. Af þeim sökum verður víða naumt skammtað og ekki verður veitt fjármagn til margra mikilvægra verkefna að þessu sinni þrátt fyrir að lög leyfi og ríkuleg rök megi færa fyrir því að hefja framkvæmdir, auka rekstur eða hefja rekstur einstakra stofnana. Engu að síður eru bæði í fjárlagafrv. og í brtt. meiri hluta fjárln. að finna skýra stefumótun sem felst í því að við viljum bæta þjónustu hins opinbera og nýta betur þá skattpeninga almennings sem við förum með í umboði þjóðarinnar. Þessi stefnumörkun þarf ekki að þýða niðurskurð heldur kröfu um árangur, skilvirkni, skýra markmiðssetningu og öfluga stjórnun stofnana á vegum ríkisins.

Markmið okkar í ríkisrekstrinum á að vera krafa um einföldun, ábyrgð og árangur í ríkiskerfinu. Sú krafa á að fylgja fjárlögum ársins 1996 um leið og við þingmenn og ráðherrar þurfum að lyfta okkur upp yfir vanda og viðfangsefni dagsins og huga að framtíðinni með gerð langtímaáætlana á sem flestum sviðum með upplýsingatæknina og aukna menntun að vopni. Til þess verks þarf að kalla til aðila úr atvinnulífinu, frá rannsóknastofnunum og háskólastofnunum svo sem kostur er. Frá þeim aðilum þurfum við að kalla á ráð um það hvernig við náum markmiðum um einföldun, ábyrgð og árangur svo hið takmarkaða fjármagn nýtist sem best. Með einföldun á ég ekki síst við eftirlitshlutverk ríkisins og það flókna eftirlitsstofnanakerfi sem sett hefur verið upp á mörgum sviðum og stjórnsýsluna sem stýrir velferðarkerfinu. Einföldun hlýtur að geta falist í aukinni einkavæðingu og því að færa verkefni til sveitarfélaga og/eða stofnana sem næst þeim vettvangi sem sinna á með dreifðu valdi og ábyrgð en sem minnstri miðstýringu. Með ábyrgð vil ég vísa til þess að með skýrum hætti og samningum verði stofnunum gert ljóst hvert hlutverk þeirra er og stjórnendum veitt svigrúm til þess að stjórna innan ramma fjárlaga og þeirra samninga sem gerðir eru og árangur metinn á grundvelli samningsstjórnunar. Árangurinn á að felast í því að skipulag og starfsemi ríkisins sé þannig að ríkið geti sinnt skyldum sínum við borgarana á eins hagkvæman, skjótvirkan og árangursríkan hátt og kostur er jafnframt því að teljast fyrirmyndar vinnuveitandi.

Til þess að ná markmiðum um árangur í ríkisrekstrinum þarf starfsemi ríkisstofnana stöðugt að vera í skoðun og endurmati innan stofnana og utan án þess að það þurfi að virka truflandi á starfsemina. Þá er mjög mikilvægt að móta nýja starfsmannastefnu ríkisins er taki mið af því umhverfi og breytingum sem eru að verða á vinnumarkaði.

Það er trú mín og von að stjórnarflokkunum megi takast að standa að þeim úrbótum í ríkiskerfinu sem okkur eru nauðsynlegar í góðri sátt og í samstarfi við starfsfólkið sem best þekkir til þeirrar þjónustu sem veitt er og talið er að þurfi að veita.

Við 2. umr. um fjárlög ársins 1996 liggja ekki fyrir brtt. er varða rekstur heilbrigðisstofnana eins og komið hefur fram. Er þess að vænta að þær liggi fyrir við 3. umr. þegar heilbrrn. hefur náð að meta stöðu einstakra stofnana sem er mikilvægt og vandasamt verk, svo fjárln. megi taka afstöðu til erinda sem borist hafa nefndinni frá flestum ef ekki öllum sjúkrastofnunum landsins sem telja að frumvarp til fjárlaga taki ekki nægjanlegt tillit til þeirra þarfa sem rekstur einstakra stofnana krefst. Sama má raunar segja um mjög margar stofnanir ríkisins sem heyra undir önnur ráðuneyti. Á nær öllum sviðum sjá menn þörf fyrir ný verkefni sem gefa tilefni til aukinna útgjalda með fjölgun starfsmanna og þörf fyrir aukið húsrými.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki nota tíma minn við þessa umræðu til að gera grein fyrir einstökum brtt. Það hefur hv. formaður fjárln. gert í sinni ræðu. Ég vil fara nokkrum orðum um áherslur sem felast í tillögum meiri hluta fjárlaganefndar.

Eins og fram kemur í fjárlagafrv. og var nokkuð rætt við 1. umr. þá eru framlög til viðhalds og fjárfestinga mjög skorin niður og hafa þau ekki verið svo lág um ára bil. Þó ber að líta á þetta í ljósi þess að framkvæmdir vegna stóriðju munu hafa veruleg áhrif svo og framkvæmdir við Hvalfjarðargöng ef þær hefjast. Engu að síður er þessum þætti ríkisútgjalda mjög haldið niðri svo markmið um halla náist og með því er dregið úr þeirri hættu sem spenna í fjárfestingum getur haft á vaxtastigið í landinu.

Framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir eru sá þáttur fjárfestingar sem mest er lækkaður milli ára. Það markmið var sett að ekki færu af stað nýjar framkvæmdir á næsta ári. Einungis var veitt framlag til uppgjörs og þar sem samningar eru í gildi af hálfu ríkisins um tiltekin verk. Til að ná þessu markmiði þurfti að ná samningum við sveitarfélögin um frestun og má í því sambandi nefna samning við sveitarfélögin á Suðurnesjum um frestun svokallaðrar D-álmu en um byggingu hennar hafði verið gerður samningur. Fyrir milligöngu meiri hluta fjárlaganefndar tókst að leggja drög að samningi um D-álmuna sem ég tel að þjóni hagsmunum íbúa Suðurnesja betur en sá samningur sem áður hafði verið gerður þegar til framtíðar er litið. Ástæða er til að vekja athygli á framsýni þeirra sveitarstjórnarmanna af Suðurnesjum sem að samningunum komu síðustu daga en frestun slíkra verka er ekki auðvelt að skýra.

Samningar milli ríkis og sveitarfélaganna hafa verið gerðir um framkvæmdir. Við þessa umræðu vil ég láta það koma fram að ég tel mjög mikilvægt að samningum við ríkisisvaldið megi treysta. Annað er óverjandi. Hins vegar geta skapast þær aðstæður að leita þurfi eftir breytingum sem geta orðið báðum samningsaðilum til hagsbóta. Það gildir svo sannarlega í þessu tilviki sem ég nefndi. Ber að fagna þeirri niðurstöðu sem um þetta mál náðist og ætti að geta verið til fyrirmyndar um samskipi milli ríkis og sveitarfélaga. Er ekki síst mikilvægt að sýna slíkt fordæmi þegar samningar standa yfir vegna yfirfærslu grunnskólans.

Framlög til hafnargerðar og sjóvarna dragast nokkuð saman eða um tæpar 100 milljónir milli ára. Um 220 millj. eru til uppgjörs eldri framkvæmda og 426 millj. til nýrra verka.

Ástæða er til þess að vekja athygli á því annars vegar að skuld ríkisins vegna styrkhæfra verka er nú 735 millj. kr. sem er mjög há tala og hins vegar að endurbygging mannvirkja er vaxandi hluti þeirra verkefna sem hafnirnar þurfa að fjárfesta í. Staða hafnanna er mjög mismunandi og geta þeirra til framkvæmda ótrúlega ójöfn. Enn um sinn verður því nauðsynlegt að veita þeim höfnum styrk sem einkum þjóna fiskiskipaflotanum en jafnframt er ljóst að taka þarf tillit til þess að bættar samgöngur á landi hafa áhrif á þörfina fyrir hafnargerð og réttmæti þess að styrkja hafnir innan sama atvinnusvæðis meðan aðrar njóta ekki styrks úr ríkissjóði. Einnig er nauðsynlegt að líta til stöðu þeirra hafna sem ekki kunna að hafa nýtt sér heimildir til tekjuöflunar en sækja í ríkissyrki engu að síður. Hafnirnar eru lífæðar við ströndina þeim byggðum sem allt eiga undir sjávarfangi. Til þess þarf umfram allt að líta.

Framlög til viðhalds og nýbygginga á sviði menningar- og menntastofnana eru um 1.600 millj. kr. Stór hluti þeirrar uphæðar er bundinn með samningum sem gerðir hafa verið til margra ára og því lítið svigrúm til að koma af stað nýjum verkum fyrr en þeim byggingum er lokið sem framkvæmdir hafa hafist við. Engu að síður er nauðsynlegt að mínu mati að taka til sérstakrar athugunar byggingar og viðhaldsmál á vegum menntmrn. og þeirra stofnana sem undir það heyra og gera áætlun um þörfina í ljósi þeirrar stefnu sem löggjöf um framhaldsskóla og háskólastofnanir lúta að. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því risastóra og vaxandi verkefni sem snýr að viðhaldi þessara bygginga og um það þarf að gera sérstaka áætlun.

Meiri hluti fjárln. hefur farið yfir fjölmörg erindi sem fyrir nefndinni liggja og hefði svo sannarlega viljað gera tillögur um framlög til margra hluta. En fyrir 3. umr. verða nokkrir liðir teknir til skoðunar, bæði til hækkunar og væntanlega til lækkunar. Ég vil benda á nokkur dæmi um viðfangsefni sem meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á án þess að það sé gert með mikilli hækkun framlaga, heldur sem vísbendingu um hvar nefndin telur m.a. að leggja þurfi áherslur.

Kennaraháskóli Íslands fær hækkun vegna fjarnáms fyrir sérkennara. Nýsköpunarsjóður fær nokkra hækkun vegna þeirra verkefna sem honum er ætlað. Vélskóli Íslands og Iðnskólinn í Reykjavík fá hækkun vegna tækjakaupa sem eru mjög mikilvæg fyrir skóla sem þurfa að fylgja mjög örri framþróun á sviði verk- og tæknigreina. Húsafriðunarsjóður og Listskreytingasjóður eru hækkaðir og telur meiri hluti nefndarinnar mikilvægt að þessir sjóðir geti sinnt hlutverki því sem lög gera ráð fyrir.

Garðyrkjuskólinn fær hækkun á framlagi til byggingar tilraunagróðurhúss sem er mikilvægt þróunar- og tilraunastarf í garðyrkjunni og getur skapað fjölmörg störf við ylrækt.

Í samræmi við búvörusamninginn eru framlög vegna sauðfjárframleiðslu hækkuð um 217 millj. kr., en í þeirri hækkun felast þær áherslur sem lagðar eru í búvörusamningnum sem ræddur hefur verið í þinginu. Þær eru að styrkja sauðfjárbændur til þess að færa framleiðsluna til samræmis við markaði og gera greinin hagkvæma með hækkun og sókn á mörkuðum. En slíkar aðgerðir eru langtímaverkefni sem stjórnarflokkarnir vilja standa að í sátt við bændastéttina

og þá fjölmörgu sem eiga afkomu sína undir þjónustu við sauðfjárbændur.

Ég hef dregið fram nokkur dæmi um tilteknar áherslur sem lagðar eru í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Síðustu vikur hafa mörg spjót staðið á fjárln. vegna þeirra stofnana ríkisins sem þurfa meira rekstrarfé. Ýmsir hafa gengið fram fyrir skjöldu. Nú síðast í morgun kom landlæknir í fjölmiðla rétt eina ferðina til þess að segja þjóðinni frá því að meiri fjármuni þurfi til rekstrar stóru sjúkrahúsanna, sem ég efast ekki um að er rétt. Og eftir orðum hans er tekið. Það er litið svo á að þau beinist að stjórnmálamönnum sem standa gegn auknum framlögum úr ríkissjóði. Á sama tíma hefur mátt lesa lærða texta hagfræðinga um það forgangsverkefni að ná niður halla ríkissjóðs.

Þessi andstæðu sjónarmið eru nær ósættanleg. Að vísu má lesa í greinargerð Seðlabankans frá 5. nóvember sl. að tölfræðilegar rannsóknir Seðlabankans bendi til þess að ríkisfjármál hafi ekki haft afgerandi áhrif á þróun raunvaxta hér á landi á árunum 1984–1994. Þar hafi aðrir þættir en ríkisfjármálin gnæft yfir á þessu tímabili, svo sem þróun viðskiptajafnaðar, þ.e. mismunur þjóðhagslegs sparnaðar og fjárfestingar. Við þessar aðstæður og allar þær umræður sem fram fara um fjárhag ríkisins kemur upp krafan um sterkari forgangsröðun þar sem fleiri komi að en þingmenn og ráðherrar að raða upp fjárfestingu og framlögum. Þegar rætt er um forgangsröðun er það jafnan með þeim formerkjum að auka eigi útgjöld til heilbrigðismála á kostnað annarra þátta, svo sem vegagerðar, hafnargerðar og annarrar mannvirkjagerðar. Umræða um þessi mál er okkur nauðsynleg og sem dæmi um allar mótsagnirnar í umræðunni um forgangsröðun er að ef dregið væri mjög úr framkvæmdum við vegakerfið er víst að á vegum muni verða fleiri og alvarlegri slys sem heilbrigðiskerfið þarf þá að takast á við og kosta. Og með því að láta hafnirnar drabbast niður stóreykst slysahætta sjómanna sem við hafnirnar vinna og þurfa að sigla um þröngar og ófullnægjandi innsiglingaleiðir.

Af þessu má sjá að viðfangsefnið er ekki auðvelt og við þingmenn þurfum að hafa þjóðfélagið allt í huga þegar við fjöllum um framlög af fjárlögum en ekki einblína á einn þátt þess. Okkur ber að varast að láta þann harðsnúna, vel upplýsta og skipulagða hóp, þá talsmenn sjúkrahúsanna, villa okkur sýn en ekki má heldur gera of lítið úr þeim vanda sem daglega er staðið frammi fyrir á sjúkrahúsunum um allt land þar sem bent er á mikla fjárþörf.

Virðulegi forseti. Forsenda þess að lífskjör batni hér á landi er að atvinnulífið megi eflast og atvinnutækifærum fjölgi. Með auknum samskiptum milli landa færumst við inn í samkeppni meðal þjóðanna um það hver veiti bestu lífskjörin. Það er skylda okkar á Alþingi að beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að atvinnulífið eflist og við getum veitt vel menntuðu fólki tækifæri til starfa. Ég leyfi mér að vona að okkur takist á þessu kjörtímabili að nýta þá bættu stöðu sem blasir við og sköpuð hefur verið í efnahagslífinu til þess að við getum með sanni sagt að við stöndumst samkeppni meðal þjóðanna um að veita góð lífskjör á Íslandi.

Virðulegi forseti. Með aga og styrkri stjórn eigum við að geta risið úr öldudalnum og skapað vinnufúsum höndum atvinnu og félagslegt öryggi. Það er okkar verkefni.

[17:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði að við ættum að varast að láta vel skipulagða og harðsnúna hópa talsmanna aukins fjármagns til sjúkrahúsareksturs í landinu glepja okkur sýn. Hann orðaði það svo að við ættum að varast það. Og ég spyr hv. þm.: Gerir hann sér grein fyrir því að frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum, frá því að núv. hæstv. heilbrrh. settist við stjórnvöl heilbrigðismála á Íslandi, hefur þeim sem eru á biðlistum eftir nauðsynlegum aðgerðum fjölgað um 400 á síðustu 4–5 mánuðum? Og gerir hann sér grein fyrir því að þeir hópar sem hann kallar harðsnúna talsmenn aukinnar sóunar, ég get ekki skilið það öðruvísi en hann sé að orða það svo, eru þarna að tala um fjármagn til að koma í veg fyrir að þeim sem sitja á biðlistum fjölgi um 800 á næsta ári, sem ella er óhjákvæmilegt? Finnst honum óeðlilegt að menn reyni að sækja fjármagn til þess að koma í veg fyrir þetta?

Hv. þm. orðaði það svo að í morgun hafi landlæknir komið rétt eina ferðina enn í fjölmiðla og talað um nauðsyn þess að fá meira fjármagn til sjúkrahúsanna og eins og hann sagði er tekið mark á slíkum mönnum. Má ég þá benda honum á að samþingmaður hans af Vesturlandi, hæstv. heilbrrh., kom rétt eina ferðina enn í fjölmiðla þann 10. desember, eins og hann mundi sennilega orða það, og sagði að það þyrfti meira fjármagn í heilbrigðiskerfið. Hún var spurð hvort hún væri reiðubúin að leggja til að það yrðu hækkaðir skattar til þess að auka þessar fjárveitingar og hæstv. heilbrrh. svaraði: „Já. Ég legg það fremur til en að draga úr góðri þjónustu." Mig langar þess vegna að spyrja hv. þm. Sturlu Böðvarsson: Er ágreiningur uppi milli hans og hæstv. heilbrrh.? Hvaða afstöðu tekur hann til tillagna hæstv. heilbrrh. um að hækka skatta til þess að fjármagna heilbrigðiskerfið?

[17:39]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. fór heldur frjálslega með það sem ég sagði þegar hann talar um að ég hafi talað um sóun. Það er fjarri öllu lagi að ég hafi talað um sóun í heilbrigðiskerfinu, það er hans hugarburður.

Mér er mjög vel ljóst að sjúkrahúsakerfið, heilbrigðiskerfið í landinu, þarf mikla fjármuni og það skiptir miklu máli að okkur takist, af þeim skattpeningum sem við höfum til ráðstöfunar, að útdeila sem mestu til sjúkrastofnana þannig að hægt sé að halda uppi fullkominni þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Það er útgangspunktur í þessu máli og ég held að við verðum að treysta því fólki sem fer með stjórn heilbrigðiskerfisins til þess að ráðstafa þessum fjármunum og deila þeim á milli. Það held ég að sé kannski erfiðasta viðfangsefnið. Við eigum að treysta stjórnendum þessara stofnana en engu að síður að eiga við þá orð og skiptast á skoðunum um það hvert fjármunirnir eru settir.

Varðandi það að einhver ágreiningur sé uppi milli mín og hæstv. heilbrrh. um það hvort það eigi að auka skattheimtu til þess að tryggja tekjur, tel ég að við séum ekki í neinum færum til þess að hækka skatta á þjóðina í dag. Við höfum náð tiltekinni sátt á vinnumarkaði og ég tel að það sé ekki tilefni til þess að brjóta þá sátt upp með því að hækka skatta. En við þurfum engu að síður að leita leiða til þess að skapa heilbrigðisstofnununum færi á að sinna þessari mikilvægu þjónustu og stytta biðlistana. Það er hægt að stytta biðlistana með því að forgangsraða innan heilbrigðiskerfisins, hv. 15. þm. Reykv.

[17:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að ég hef kannski lagt honum ákveðin orð í munn sem hann sagði ekki, ég vil að það komi fram.

Ég er sammála honum um það að menn verða að leita allra leiða til þess að auka hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Ég ætti kannski ekki að vera að skammast við hann yfir því sem hæstv. heilbrrh. er að gera. En hæstv. heilbrrh. eigi að síður settist í sinn stól með það á vörunum að nú ætti að grípa til nýrra og annarra leiða. Hvaða leiðir eru það sem hæstv. heilbrrh. hefur gripið til? Hún hefur lagt til að skattar verði hækkaðir og nú hefur það komið fram að samstarfsflokkurinn hefur hafnað þeirri stefnu. Það hefur komið fram að hæstv. heilbrrh. hefur engin úrræði önnur en þau að hækka skatta. Hv. þm. Sturla Böðvarsson situr í fjárln. og hann segir: Við þurfum að útvega þessu fólki sem stýrir heilbrigðisstofnununum það fjármagn sem við höfum raunverulega aflögu í þessu verkefni og síðan er það þeirra að spila úr því. En það er líka okkar að reyna að benda á leiðir.

Ég vísa til þess að landlæknir, sem hann vék að með ekki mjög jákvæðum hætti, kom á framfæri við fjárln. einum 15 erindum þar sem hann taldi að hægt væri að spara verulega fjármuni ef fjárln. legði til þeirra tiltölulega litla fjármuni. Ég nefni eitt alveg sérstaklega. Hann óskaði eftir því að fá fjármuni til þess að kynna betur það sem við höfum kallað sjúklingahótel. Það hefur komið fram að með því að taka upp sjúklingahótel í tengslum við handlækningadeildir mætti draga úr rekstrarkostnaði þeirra um allt að 15–20%. Þetta eru gríðarlegir fjármunir og ég fullyrði það að ef þetta yrði gert þá mundu sparast það mikið af peningunum að það væri hægt að útrýma biðlistunum á tiltölulega skömmum tíma. En þetta hefur hv. fjárln. forsómað að kanna. Hún hefur skellt skollaeyrum við þessum ábendingum landlæknis og það sem verst er, hæstv. heilbrrh. hefur líka gert það, þrátt fyrir allt hennar hjal um forvarnir og nýjar leiðir.

[17:43]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hv. 15. þm. Reykv. sagði um tillögur landlæknis vil ég í fyrsta lagi segja að fjárlaganefndarmenn hlusta með mikilli athygli þegar landlæknir mætir á fundi þeirra. Hann er sennilega sá embættismaður fyrir utan embættismenn fjmrn. sem oftast kemur til þess að eiga ágæta fundi með fjárln.

Við höfum heyrt þessar tillögur landlæknis og þær hafa vakið athygli okkar. Við teljum að það eigi að vinna á þeim nótum sem hann leggur til. En við erum ekki sérfræðingar. Það mætti e.t.v. beina því til heilbr.- og trn. að skoða þetta mál betur og gera tillögur. Hv. 15. þm. Reykv. er formaður þeirrar nefndar þingsins og hefur vakið athygli á þessu. Fjárln. hefur hins vegar ekki lokið vinnu sinni við heilbrigðisþáttinn þannig að ekki er öll nótt úti enn.

Ég vil benda á það að hv. fjárln. hefur tekið upp á hverju einasta ári síðasta kjörtímabil eða þau ár sem ég hef setið þar, einhverjar hugmyndir sem landlæknir hefur komið fram með. M.a. man ég eftir því að hann vakti athygli á því að það væri mikið framfaraspor ef næðist að tengja sjúkrahús þannig að litlar sjúkrastofnanir úti á landi gætu t.d. vegna röntgenrannsókna tengst með línu stóru sjúkrahúsunum öflugu sem gætu þá aðstoðað. Í þessu er einmitt verið að vinna núna og ég veit að sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hefur með þessum hætti fengið beina þjónustu frá stærri stofnun.

Þetta er eitt dæmi og ég tel að það sé vissulega ástæða til þess að fara ofan í þetta sjúkrahótelamál ef það er eins og hv. þm. nefndi. Ég held hins vegar að það þurfi ekki endilega að koma einhver sérstök fjárveiting upp á nokkur hundruð þús. eða nokkrar milljónir til þessa verkefnis því að innan heilbrigðiskerfisins eru nú býsna stórar fjárhæðir að veltast og ef það eru svona miklir sparnaðarmöguleikar í þessu ættu auðvitað sjúkrastofnanirnar eða jafnvel heilbrrn. af sínum óskiptu liðum að taka þetta mál upp.

[17:46]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varaformaður fjárln. var að halda ræðu. Hann sagði að lokinni vinnu fjárln. og við 2. umr. fjárlaga þegar fjárln. og meiri hluti hennar kynnir sínar tillögur að hann varaði menn við að hlusta á talsmenn sjúkrahúsanna. Varaformaður fjárln. segir í ræðustól á Alþingi að hann vari menn við að hlusta á talsmenn sjúkrahúsanna. Ég vil spyrja varaformann fjárln.: Hvaða talsmenn sjúkrahúsanna eru það sem hann er að vara þingið við? Varaformaður fjárln. getur ekki komið í ræðustól og talað undir rós um þessi efni.

Það eru einkum tveir talsmenn sjúkrahúsanna sem að undanförnu hafa verið í fjölmiðlum að fjalla um fjárhagsvandann. Annar er stjórnarformaður Ríkisspítalanna og hinn er hæstv. heilbrrh. Það mætti kannski bæta landlækni í þennan hóp, sérstaklega eftir ummæli hans í útvarpinu í morgun, en hann er þó ekki samkvæmt embættisskyldu talsmaður sjúkrahúsanna. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. Sturlu Böðvarsson, varaformann fjárln að því hvaða talsmenn sjúkrahúsanna hann átti við. Það er nauðsynlegt að hann upplýsi þingið nákvæmlega um það hverjir þetta eru fyrst hann er að vara það við þessum mönnum í sinni meginræðu um fjárlögin.

[17:48]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykn. spyr mig um það við hverja ég hafi átt þegar ég talaði áðan um það að þingmenn yrðu að líta á ábendingar og athugasemdir talsmanna sjúkrahúsanna í víðu samhengi. Ég mun ekki svara því við hverja ég á vegna þess að yfir okkur rignir daglega upplýsingum um erfitt ástand á sjúkrastofnunum. Ég sagði að nær allar sjúkrastofnanir sem eru yfir tiltekinni stærð hafa gert athugasemdir við fjárlagafrv. og tel að það bendi til þess að forsvarsmenn þeirra hafi töluvert til síns máls að sjálfsögðu. En við verðum hins vegar, og á það benti ég í minni ræðu, að líta yfir sviðið allt, ekki láta fipast vegna þess að mjög öflugir talsmenn leggi mjög hart að okkur að taka einhver tiltekin verkefni til meðferðar. Það er með þeim hætti sem ég tel að við þingmenn eigum að vinna. Við eigum að líta yfir sviðið allt en ekki láta hrekjast undan öflugum talsmönnum hversu mikilsvert og mikilvægt málefnið er sem þeir engu að síður flytja.

En ég vil leggja á það áherslu, hv. 8. þm. Reykn., að auðvitað þurfum við hv. þm. góð ráð. Og við hlustum en eigum að sjálfsögðu að meta aðstæður hverju sinni sjálfir.

[17:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson, leiðtogi Sjálfstfl. í fjárln., sá ekki ástæðu til þess að vara þingheim við talsmönnum menntastofnana. Hann sá ekki ástæðu til

þess að vara þingmenn við talsmönnum landbúnaðarins. Hann sá ekki ástæðu til þess að vara þingmenn við talsmönnum húsnæðiskerfisins. Hann sá aðeins ástæðu til þess að vara þingmenn við talsmönnum sjúkrahúsanna. Þegar hann er síðan spurður að því hvaða talsmenn sjúkrahúsanna það eru sem hv. þm. varar þingheim við, þorir hv. þm. Sturla Böðvarsson, leiðtogi Sjálfstfl. í fjárln., ekki að standa við orð sín. Hann þorir ekki að tilgreina í ræðustól hverjir það eru sem hafa rætt þannig um vanda sjúkrahúsanna að hann sjái ástæðu til þess að vara þingheim við slíkum málflutningi og málflytjendum. Það er fullkomlega óábyrgt hjá leiðtoga Sjálfstfl. í fjárln., höfuðtalsmanni Sjálfstfl. við fjárlagagerðina auk fjmrh. að flytja slíkar ásakanir um óábyrgan málflutning talsmanna sjúkrahúsa án þess að vera reiðubúinn að tilgreina nákvæmlega hvað hann á við.

Það eru ekki mjög margir sem eru talsmenn sjúkrahúsanna í þessu landi. Það eru yfirlæknar á tilteknum deildum Ríkisspítalanna og í Borgarspítalanum. Það eru forstöðumenn Ríkisspítalanna, Borgarspítalans og héraðssjúkrahúsanna úti um land og það er stjórnarformaður Ríkisspítalanna og hæstv. heilbrrh. Þetta er ekki mjög stór hópur manna, hv. þm. Hverjir eru það í þessum hópi sem að dómi leiðtoga Sjálfstfl. við fjárlagagerðina hafa haft uppi svo óábyrgan málflutning að hv. þm. sjái ástæðu við 2. umr. fjárlaga að vara þingheim og þjóðina við slíkum málflytjendum?

[17:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef einhver hefur uppi óábyrgan málflutning, þá er það hv. 8. þm. Reykn. eins og hann leggur mál hér upp. (**Gripið fram í:** Slekkur bara á þessu.) Málflutningur hans er svo öflugur reyndar að ljósin slokkna. En það er fjarri öllu lagi að ég hafi varað við einstökum talsmönnum sjúkrastofnana, það er bara fjarri lagi. Ég var að segja og nefndi dæmi um það að við yrðum að gæta þess að láta ekki trufla okkur í þeim erfiðu og viðkvæmu störfum sem við vinnum hér þó að öflugir talsmenn beri fram sínar óskir. Það er þessi almenna ráðlegging sem ég vil gefa hv. 8. þm. Reykn. og fyrrv. fjmrh. sem er býsna sjóaður (**ÓRG:** Það eru eingöngu talsmenn sjúkrahúsanna.) og m.a. stóð í því að semja við stóra og öfluga hópa. Ég veit því auðvitað að hann gerir sér alveg grein fyrir því, sennilega kannski betur en margir aðrir, að við þurfum að gæta þess að láta ekki hrekja okkur frá þeim markmiðum sem við höfum þó öflugir talsmenn beini sínum áróðri, sanngjörnum í mörgum tilvikum, gegn okkur. Við þurfum að huga fyrst og fremst að því að standast þennan þrýsting. Mér sýnist að hv. 8. þm. Reykn. hafi ekki staðist hann.

[17:55]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns flytja öllum meðnefndarmönnum mínum og starfsfólki fjárln. bestu þakkir fyrir samstarfið. Það hefur í flestum atriðum verið með ágætum og oft mjög skemmtilegt þó að hér sé auðvitað um háalvarlegt og erfitt viðfangsefni að ræða, sjálf fjárlög íslenska ríkisins. En starfið í þessari stóru og mikilvægu nefnd væri nánast óbærilegt ef menn reyndu ekki að vinna vel saman og taka tillit hver til annars sem mér finnst menn hafa reynt að gera og ekki sakar að hafa kímnigáfuna í hávegum til þess að létta lundina milli stríða en það er óspart gert í þessari ágætu nefnd.

Allt þetta er ástæða til að virða og meta og það er ekki fyrir ódugnað og viljaleysi nefndarinnar sem þessi umræða er meira en viku seinna á ferðinni en upphaflega var stefnt að. Þar er um að kenna illa undirbúnum tillögum ríkisstjórnarinnar og erfiðleikum hennar við að ná samstöðu um úrvinnslu. Þetta á vitanlega fyrst og fremst við um heilbrigðismálin og veldur þessari ótrúlegu stöðu að við erum nú að ræða frv. til fjárlaga í 2. umr. án þess að fyrir liggi endanleg afstaða og tillögur meiri hlutans í þeim kafla sem markar um 40% af gjaldahlið fjárlaganna.

Svona vinnubrögð ættu auðvitað ekki að líðast og það var því fullt tilefni til þeirrar hörðu gagnrýni sem fram kom fyrr í dag og hefur haft í för með sér ákveðnar breytingar á þinghaldinu. Þessi staða er með eindæmum tel ég og það hefði í raun verið eðlilegast að leggja fram tillögu um að frv. yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar. Það var hins vegar ekki gert og ætla ég ekki að skorast undan að ræða málið eins og það liggur fyrir þótt staðan sé óvenjuleg og gagnrýniverð.

Hv. 5. þm. Vestf. hefur mælt fyrir nefndaráliti 1. minni hluta. Þar koma fram ýmsar megináherslur sem við sem stöndum að því áliti gátum sameinast um. Þar leggjum við öll í púkkið og fram undir það síðasta var ætlunin að fulltrúi Alþfl. í fjárln. stæði að því með okkur. Það breyttist hins vegar á síðustu stundu og er ekkert við því að segja þótt menn kjósi að marka sér sérstöðu því að auðvitað verða áherslur aldrei eins þegar fleiri leggja saman eins og þegar hver er með sitt. Þannig hefðu kvennapólitískar áherslur að sjálfsögðu haft algeran forgang ef sú sem hér stendur hefði skilað séráliti. En dæmi um slíkar áherslur koma fram í breytingartillögum sem við þingkonur Kvennalistans flytjum á þskj. 353. Ég vek athygli á því að þær eru ekki settar upp í neinni forgangsröð heldur eftir númerum kafla frv. Þar er í fyrsta lagi um að ræða aukið framlag til Námsgagnastofnunar sem er ætlað til þess að fara yfir námsbækur með tilliti til jafnréttislaga sbr. þáltill. Kvennalistans á 118. löggjafarþingi. Þar er einnig um að ræða tillögu um framlag til UNIFEM. Við leggjum einnig til 60 millj. kr. fjárveitingu svo að hægt verði að standa við lög um bótagreiðslur til þolenda afbrota. Í fjórða lagi leggjum við til aukið framlag til atvinnumála kvenna. Í fimmta lagi er um að ræða kostnað við fræðslu um kynlíf og barneignir og loks leggjum við til að Alþingi samþykki sérstakt framlag til átaks til að jafna launamun kynjanna.

Ég segi þetta aðeins til að vekja athygli hv. þm. á þessum tillögum en mæli annars ítarlegar fyrir þeim síðar í máli mínu. Þessar tillögur verða að nægja sem dæmi um þær áherslur sem víða sæjust ef Kvennalistinn réði ferðinni. Það er vissulega ánægjuefni að við þurfum ekki að þessu sinni að flytja enn einu sinni árvissar tillögur um hækkun framlaga til Kvennaathvarfsins og Stígamóta þar sem loks var gengið frá ákveðnu samkomulagi um þau mál sem vonandi dugir til langframa. En það má kannski segja að það sé dæmi um dropann sem holar steininn.

Þessar tillögur Kvennalistans hafa samtals í för með sér rúmlega 300 milljóna útgjaldaauka sem er langt undir þeirri hækkun sem fyrirsjáanlegt er að verður á tekjuhlið fjárlaganna. Að okkar mati og margra annarra eru tekjur stórlega vanáætlaðar í frv. og má hiklaust reikna með um milljarðs kr. tekjuaukningu vegna aukinna umsvifa og betri afkomu en menn þorðu að spá. Það eru líkur á meiri sjávarafla en áður var reiknað með og gera má ráð fyrir að tiltölulega hátt afurðaverð erlendis muni haldast. Stækkun álversins með til-

heyrandi virkjanaframkvæmdum hefur sín áhrif og að mörgu leyti eru bjartari horfur á mörgum sviðum atvinnulífsins en menn hafa treyst sér til að reikna með. Ég held því að hækkun tekna um einn milljarð frá því sem birtist tekjumegin í frv. sé síst of hátt áætlað. Auk þess hefðum við kvennalistakonur viljað reikna með skatti af fjármagnstekjum sem lengi hefur staðið til að koma á og við teljum að unnt væri að ná fram sparnaði sem ekki kæmi niður á þeim sem síst skyldi. Þar á ég t.d. við sparnað hjá yfirstjórnum ráðuneyta og ríkisstofnana sem koma ætti fram í minni risnu og ferðakostnaði.

Þá vil ég nefna eitt enn sem löngu er tímabært að taka á og það eru gjöld vegna mengunar. Grundvallarhugsun á bak við slík gjöld er hins vegar ekki sú að afla tekna í ríkissjóð heldur að verka sem hvatning til þess að draga sem mest úr mengun. Ég minni í þessu sambandi á tillögu um þetta efni sem Kvennalistinn flutti ítrekað á síðasta kjörtímabili. En það má ljóst vera af framansögðu að kvennalistakonur eru tilbúnar til þess bæði að spara og afla aukinna tekna sem lagað gætu það dæmi sem hér er verið að fást við auk þess sem við bendum á að tekjuhliðin er augljóslega stórlega vanáætluð í frv.

Hitt er svo aftur annað mál að það er orðið mjög brýnt að endurskoða skattkerfið í heild sem er á margan hátt ranglátt og íþyngjandi fyrir ákveðna hópa í þjóðfélaginu. Þar á ég sérstaklega við tekjuskatt á einstaklinga sem ég tel komna yfir eðlileg mörk, a.m.k. hjá meðaltekjufólki. Jafnvel þótt slík endurskoðun á tekjuskatti einstaklinga leiddi til lækkunar tekna ríkissjóðs á þeim lið er ég sannfærð um að þær mundu skila sér í auknum tekjum annars staðar í kerfinu.

Til gamans má kannski stinga því að við þessa umræðu sem hefur oft verið mér umhugsunarefni að framlög almennings til ýmissa þjóðþrifamála, svo sem í menningarmálum, heilbrigðismálum og félagsmálum, til landgræðslu, til margvíslegrar hjálparstarfsemi, til náttúruverndarmála og jafnvel til margvíslegra byggingarframkvæmda koma ekki fram á pappírum nema að litlu leyti, enda eru það ekki beinir skattar heldur frjáls framlög. Reyndar eru slík framlög oft tengd einhverri hagnaðarvon, happdrætti eða hvað þetta heitir allt saman. Hér er um að ræða hundruð þúsunda og jafnvel hundruð milljóna árlega sem fróðlegt væri að hafa yfirlit yfir því að þetta er fjáröflun og fjárveitingar sem virkilega skiptir máli. Það er t.d. algerlega borðleggjandi að tækjabúnaður í heilbrigðiskerfinu væri ekki upp á marga fiska ef hvers konar félög og félagasamtök hefðu ekki safnað fé til þeirra hluta. Ég nefni þetta hér til umhugsunar því að oft heyrist nefnt jafnvel með hálfgerðri lítilsvirðingu að félög með starfsemi af öllum mögulegum toga komi með betlistaf á fund fjárln. og fá þar reyndar gjarnan einhvern stuðning við sitt ágæta starf, en sjadan er það sett í samhengi við allt sjálfboðastarfið á þeirra vegum og hversu miklu það skilar til samfélagsins í beinum verðmætum.

Herra forseti. Ég sat í fjárln., sem þá hét reyndar fjárveitinganefnd, á árunum 1983–1987 og það hefur verið mjög fróðlegt og athyglisvert að koma aftur að þessu verki. Margt er enn með kunnuglegum hætti en ýmislegt hefur líka breyst. Vinnuaðstæður eru satt að segja miklum mun betri sem er sú breyting sem maður kann kannski best að meta. En erindin hafa líka breyst, áherslur eru aðrar sem vonlegt er, t.d. hjá sveitarfélögunum þar sem ýmis verkefni hafa færst til þeirra sem áður voru sameiginlega á könnu ríkis og sveitarfélaga.

Margt fleira mætti nefna en eitt er það sem ekki hefur breyst nema að því leyti að það hefur stórum versnað. Það er baráttan við að troða of miklu inn í of þröngan ramma. Það er í rauninni alveg makalaust að menn skuli koma að þessu verki ár eftir ár með þessum hætti nema ástæðan sé sú að menn hafi alveg sérstaka nautn af því að þrasa og togast á um hlutina. Allir eru sammála um að óæskilegt sé að reka ríkissjóð með halla og aldeilis ótækt að gera það árum saman eins og gert hefur verið nú um árabil. Hver ríkisstjórnin af annarri setur sér það markmið að ná niður fjárlagahallanum á mislöngum tíma. En eitthvað er bogið við verklagið því árangurinn er harla rýr. Ég held að orsakanna sé fyrst og fremst að leita í aðferðunum en þær hafa einfaldlega falist að mjög miklu leyti í því að koma sér saman um heildartölu, skipta henni á ráðuneytin og segja ráðherrum að gera svo vel og troða sínum verkefnum og stofnunum inn í sinn ramma. Það er svo gjarnan gert með flötum niðurskurði, en aðstæður til að mæta honum eru hins vegar geysilega misjafnar.

Stærsti gallinn við þessa aðferð er auðvitað að sparnaður hjá einni stofnun eða á einu sviði kemur iðulega fram sem útgjöld hjá annarri stofnun eða á öðru sviði. Öllu dæminu mætti líkja við það þegar fingri er stutt á loftfyllta blöðru. Loftið minnkar ekkert í blöðrunni við það, heldur ýtist undan fingrinum og leitar rýmis annars staðar. Ef breyta á umfanginu verður því að hleypa einhverju út af loftinu. Það er oft merkilegt að ræða við fulltrúa einstakra ríkisstofnana sem eru að skýra fyrir okkur hvernig þeir leitast við að uppfylla kröfur um auknar sértekjur vegna lægri framlaga frá ríkissjóði til rekstursins. Það gera þeir oft með því að selja öðrum stofnunum og aðilum ríkisins þjónustu sína. Þannig er þetta mjög oft aðeins spurning um að flytja aurana milli vasa á sömu flíkinni. Þetta er sérstaklega áberandi í heilbrigðisgeiranum og mætti nefna um það mörg dæmi hvernig sparnaður á einu sviði veldur útgjöldum á öðrum stað. Sjúkrahús reynir að halda sig innan fjárlagarammans með því að fækka legudögum og loka sjúkradeildum. Hinum sjúku batnar hins vegar ekkert við þær aðgerðir. Í sumum tilvikum komast þeir inn á eitthvert annað sjúkrahús og útgjöldin verða þá einfaldlega til þar. En oft skila ráðstafanir af þessu tagi sér í lengingu biðlista og aukinni lyfjanotkun sem hvort tveggja er jafndýrt eða jafnvel dýrara fyrir ríkissjóð og alveg áreiðanlega fyrir þjóðfélagið, svo ekki sé minnst á erfiðleika einstaklinga sem fyrir þessu verða.

Tryggingastofnun verður fyrir meiri útgjöldum ef sjúkrahúsin hafa ekki undan að veita þjónustu og sparnaður og vanræksla í forvörnum veldur meira álagi í heilbrigðisþjónustunni en ella væri. Aukið álag á starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni, sérstaklega á stærstu sjúkrahúsunum, hefur þegar skilað sér í versnandi heilsufari meðal þess og valdið alls konar álagssjúkdómum og fjarvistum sem valda auðvitað óþægindum og auknum fjárútlátum. Þannig bítur hvað í annars skott í þessu dæmi sem verður aldrei leyst með því að beita endalaust flötum niðurskurði. Það verður að taka á þessum vanda með samræmdum hætti og undirbúa breytingar, t.d. á skipulagi, með góðum fyrirvara. Það mætti kannski byrja á því að taka til hendi í Stjórnarráðinu og endurskipuleggja það frá grunni. Stærsta verkefnið á þeim vettvangi ætti að vera að sameina ráðuneyti atvinnuveganna í eitt ráðuneyti og um leið væri hægt að setja það markmið að hver atvinnugrein stæði undir þeirri þjónustu sem henni er veitt með beinum hætti. Það væri ekki galin byrjun. Síðan verða menn auðvitað að fara yfir það lið fyrir lið hvaða verkefni og stofnanir eiga heima undir hatti ríkisins og hver ekki og leggja frekar niður starfsemi heldur en að kyrkja hana

hægt og hægt eins og oftast er raunin. En fyrst og fremst held ég að það þurfi að fara vandlega yfir stjórnun og skipulag allrar starfsemi á vegum ríkisins. Ég tel t.d. að með því hefði frekar verið hægt að ná fram sparnaði í rekstri spítala en með því að henda í þá fyrirmælum um flatan niðurskurð eins og gert hefur verið að mestu til þessa.

Herra forseti. Alþingismenn hafa nú séð niðurstöður meiri hluta fjárln. og brtt. hans sem hv. formaður nefndarinnar og raunar varaformaður einnig hafa þegar skýrt og mælt fyrir. Enda þótt þær séu fluttar af meiri hlutanum tók minni hlutinn þátt í afgreiðslu þeirra og var góð sátt um þær margar en ekki um aðrar eins og gengur. Það er vart við öðru að búast í svo stórum hópi með mismunandi áherslur og með tilliti til þess ramma sem lagt var upp með. Ég hef ekki ástæðu til að kvarta umfram aðra þótt ég hefði vissulega viljað sjá margt öðruvísi en niðurstöður sýna.

Ég ætla ekki að fjalla um þessar tillögur í löngu máli en vil þó nefna örfáa liði. Er þar fyrst til að nefna framlag til lögfræðiþjónustu neyðarmóttöku vegna nauðgana. Þetta er nýr liður, þ.e. hann var nýr í frv., en við 1. umr. vakti ég athygli á því að sennilega væri sá liður vanáætlaður. Það kom á daginn en hefur nú verið lagfært og tel ég ástæðu til að fagna því. Lögfræðiþjónustan er mjög mikilvæg í þeim erfiðu tilfellum sem þarna ber að garði, en hún hefur verið veitt til reynslu í hálft annað ár. Fimm lögmenn hafa starfað við móttökuna frá miðjum mánuði 1994, þ.e. komið að einstökum málum. Frá þeim tíma og til loka ágúst á þessu ári hafa lögmennirnir sinnt 72 málum af þeim 115 sem til móttökunnar komu á þeim tíma. Málin hafa tekið mislangan tíma. Flest aðeins nokkrar klukkustundir en sum hafa verið mjög erfið og tímafrek. Hið lengsta tók 44 klukkustundir. Reynslan hefur sannað að þetta starf skiptir verulegu máli og er umtalsverð bót í meðferð þessara erfiðu mála. Það er því ástæða til að fagna skilningi og stuðningi hæstv. ráðherra og nefndarinnar allrar við þetta mál og ætti nú að vera tryggt að þessi fjárveiting dugi til að starf þetta megi fara fram eftir þörfum.

Þá vil ég einnig láta í ljósi ánægju með þá samstöðu sem varð í fjárln. um hækkun framlaga til ferðamála á næsta ári. Þótt hér sé ekki um háar upphæðir að ræða er þessi niðurstaða vonandi til marks um aukinn skilning á mikilvægi greinarinnar sem lengi hefur skort. Ég ætla að láta þetta nægja og ekki nefna fleira í þessum dúr né heldur leggjast í sparðatíning þeirra liða sem ekki tókst að lagfæra. Þær áherslur koma að flestu leyti fram í áliti 1. minni hluta og ekki ástæða til að endurtaka það sem þar er til á prenti og hefur verið ítrekað í ræðu hér.

Ég mun nú mæla fyrir brtt. okkar þingkvenna Kvennalistans sem birtast á þskj. 353. Þar er þá fyrst til að taka tillögu um hækkun framlags til Námsgagnasofnunar um 10 millj. kr. Ástæðuna fyrir þeirri tillögu er að finna í till. til þál. um úttekt á námskrám og kennslubókum grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af jafnréttislögum sem lögð var fram á þinginu sl. vetur. Þar voru að verki hv. þm. Kvennalistans með Guðnýju Guðbjörnsdóttur í fararbroddi. Tillagan var um að fela menntmrh. að skipa nefnd sem gerði úttekt á námskrám og kennslubókum grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og skyldi hún setja fram tillögur um verklag sem tryggi að þær kennslubækur sem eru í notkun hverju sinni samræmist þeirri grein. Á það skal minnt að allt frá árinu 1976, þegar Alþingi Íslendinga samþykkti fyrst lög um jafnrétti kynjanna, fyrst allra Norðurlanda, hefur verið ákveði um að ekki megi mismuna kynjunum í kennslubókum. Þrátt fyrir það hefur lítið verið gert til úrbóta og ekkert sem tryggir að kennslubækur mismuni ekki kynjum. Einnig er óljóst hvernig má losa skólann við þær kennslubækur sem augljóslega brjóta í bága við gildandi lög. Til að skýra þetta enn frekar skal minnt á að í 10. gr. laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir m.a., með leyfi forseta:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað."

Um þetta gildir eins og annað að lögin eru lítils virði ef þeim er ekki fylgt eftir.

Starfshópur um jafna stöðu kynja í skólum, sem starfaði á vegum menntmrn. frá 1987 til 1990, komst að þeirri niðurstöðu að pottur væri brotinn í þessu efni. Starfshópurinn sendi Námsgagnastofnun bréf um það og benti á að í nokkrum könnunum á námsefni skólanna hefði komið í ljós að kynjum væri víða mismunað og sums staðar verulega. Starfshópurinn benti á mikilvægi þess að upplýsa höfunda nýs efnis um málið og að eldra efni yrði ekki endurprentað nema rækileg skoðun færi fram. Einnig var í tillögum starfshópsins gert ráð fyrir að ráðinn yrði starfsmaður í hlutastarf til að sinna þessu verkefni. Námsgagnastofnun sá sér ekki fært að ráða starfsmann í þetta verkefni og taldi ekki svigrúm til þess í stofnuninni. En úr varð að starfshópurinn samdi leiðbeinandi bréf til allra námsefnishöfunda sem Námsgagnastofnun var beðin um að koma á framfæri. Í bréfinu er minnt á að í námsefni skuli kynjum ekki mismunað heldur skuli þess gætt að ámóta fjöldi dæma sé tekinn af hvoru kyni, að áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði og að drengir og stúlkur séu ekki eingöngu sýnd í hefðbundnum hlutverkum. Þessu var dreift til nýrra höfunda en ekki er ljóst hvernig eftirliti er háttað þar sem töluvert virðist enn vanta á að bækur Námsgagnastofnunar samræmist framangreindri lagagrein.

Fjárhagsvandi stofnunarinnar ræður því vafalaust hverju sinni að gamlar og úreltar bækur eru enn í notkun en það er líka áhyggjuefni að ekki virðast allar nýjar bækur vera í lagi hvað þetta atriði varðar samkvæmt athugunum fjölmargra aðila og er ekki vitað til þess að nokkurt eftirlit sé haft með þeim bókum sem kenndar eru í framhaldsskólum að þessu leyti. Þetta er sem sagt ástæðan fyrir tillöguflutningi Kvennalistans þess efnis að framlag til Námsgagnastofnunar verði aukið um 10 millj. til að gera stofnuninni kleift að annast þetta verkefni sem ber að vinna að samkvæmt lögum.

Önnur brtt. á þskj. 353 er við liðinn 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Þar leggjum við til að komi nýr liður sem sé merktur UNIFEM og veitt til hans 5 millj. kr.

Ég vek athygli á því sem kom fram í máli hv. formanns fjárln. að meiri hluti nefndarinnar leggur til 2,5 millj. kr. til UNIFEM á sérstökum lið sem er reyndar merktur aðeins öðruvísi eða með annarri tölu en við gerðum. Ég hafði ekki séð hvernig það var merkt hjá meiri hlutanum þegar tillagan fór frá okkur. En það framlag, 2,5 millj. kr., dugir ekki til að standa við loforð sem gefið var árið 1993 um framlag til þróunarverkefnis á vegum UNIFEM. Þá var ákveðið, því

miður ekki í skriflegu formi, að utanrrn. legði fram alls 15 millj. íslenskra kr. til þessa verkefnis, eða 5 millj. kr. á ári í þrjú ár. Hér er um að ræða stuðning við þróunarverkefni í löndum Andesfjalla.

UNIFEM á Íslandi lítur á þetta verkefni sem mjög mikilvægan þátt í þróunaraðstoð Íslendinga. Þetta er ræktunar- og tækniverkefni og er unnið að því að taka upp og þróa gamlar ræktunaraðferðir sem áður hafði verið kastað fyrir róða svo framleiða mætti lúxusvörur til útflutnings. Sú ráðstöfun varð til þess að fólkið á svæðinu hafði ekki næga fæðuframleiðslu til eigin þarfa og lifði við hungurmörk. Í ár fékkst ekki fjármagn til þessa verkefnis á fjárlögum en þess má geta að Þróunarsamvinnustofnun Íslands tók að sér að hlaupa undir bagga með UNIFEM á Íslandi og leggja fram u.þ.b. þriðjung upphaflegrar upphæðar til að bjarga þessum neyðarlegu aðstæðum. Einnig er rétt að geta þess að utanrrn. mælti með því að veitt yrði á fjárlögum næsta árs 5 millj. kr. til þessa verkefnis en það hlaut ekki náð fyrir augum nefndarinnar sem treysti sér ekki til að leggja til hærri upphæð en 2,5 millj. kr.

UNIFEM hefur nú starfað í 20 ár og hefur ríkisstjórn Íslands styrkt sjóðinn flest árin. Þannig er mál með vexti að UNIFEM er rekið af frjálsum framlögum aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna og til þess að sú starfsemi megi eflast er nauðsynlegt að framlög aðildarlanda fari hækkandi því verkefnin aukast og verða fjölbreyttari. Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að samkvæmt nýrri skýrslu frá Alþjóðabankanum kemur fram að lykillinn að þróun og framförum í heiminum sé fólginn í að styðja fátækar konur í þróunarlöndunum. Það er engum blöðum um það að fletta að starf UNIFEM er með merkari þáttum í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og hefur skilað athyglisverðum árangri. Því er fyllsta ástæða til að styðja UNIFEM á Íslandi til að taka þátt í því starfi með myndarlegri hætti en verið hefur hingað til.

Þriðja tillagan á þskj. 353 þarf ekki að koma neinum á óvart. Þingkonur Kvennalistans brugðust strax hart við þegar ljóst var að ríkisstjórnin hugðist fresta gildistöku þessara mikilvægu laga, þ.e. laga um bætur til þolenda afbrota, aðeins örfáum mánuðum eftir einróma samþykkt þeirra hér á Alþingi. Ég benti á þetta og mótmælti þessum áformum harðlega þegar í umræðu um stefnuræðu forsrh. í byrjun október og aftur við 1. umr. um fjárlagafrv. Allshn. afgreiddi frv. þessa efnis samhljóða frá sér snemma á þessu ári og frv. varð að lögum rétt fyrir síðustu kosningar með samþykki allra sem þátt tóku í afgreiðslu málsins. Með þessari lagasetningu var náð mikilvægum áfanga í baráttunni fyrir bættri meðferð brotaþola og fyrir breyttum viðhorfum í þeim efnum og var það ekki sísti ávinningurinn af lagasetningunni.

Það er alkunna að flestum brotaþolum hefur reynst afar erfitt að sækja bætur í greipar þeirra sem tjóninu valda. Einkum hafa brotaþolar vegna nauðgunar eða annars kynferðislegs ofbeldis verið í erfiðri stöðu. Það er í raun og veru óhugsandi að leggja það á fólk, í felstum tilvikum konur, að bæta þeirri raun ofan á óhugnanlega reynslu af verknaðinum og afleiðingum hans að reyna að innheimta bætur fyrir þann miska sem af honum hlýst og sækja þær í greipar þess sem skaðanum olli. Ábyrgð ríkisins á greiðslum þessara bóta var því öllum fagnaðarefni eða svo skyldi maður ætla. Með einróma samþykkt þessara umbóta fengu þolendur ofbeldisbrota þau mikilvægu skilaboð að samfélaginu væri ekki sama um örlög þeirra og margra ára barátta ýmissa kvennahópa virtist þar með í höfn. Það brá því mörgum illa í brún þegar ljóst varð að ekki var gert ráð fyrir greiðslu vegna laga þessara í frv. til fjárlaga 1996 og boðuð tillaga um frestun gildistöku þeirra um eitt ár. Jafnframt átti afturvirkni þeirra að færast til um eitt ár og um leið voru þeir sviptir voninni sem þegar höfðu fengið úrskurðaðar miskabætur vegna brota sem framin höfðu verið eftir 1. jan. 1993.

Vegna harðra viðbragða, utan sem innan þings, var hafist handa við að leita leiða til að falla frá frestun gildistöku laganna og nú hefur ríkisstjórnin lagt til að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár í stað eins og að jafnframt verði bótafjárhæðir stórlega lækkaðar. Þetta er gjörsamlega óviðunandi niðurstaða sem 1. minni hluti getur engan veginn fallist á eins og segir í nál. okkar og er lögð þung áhersla á að Alþingi tryggi nægjanlegt framlag á fjárlögum 1996 til að staðið verði við lögin að fullu. Þetta mál er nú allt til meðferðar hjá hv. efh.- og viðskn. sem liður í bandorminum mikla og verður því varla trúað að ekki fáist leiðrétt þessi mistök ríkisstjórnarinnar. Kostnaður vegna laganna verður mestur á fyrsta ári þar sem greiða ber bætur vegna miska þrjú ár aftur í tímann og er áætlaður kostnaður vegna þeirra um 60 millj. kr. það ár. Tillaga Kvennalistans miðar að sjálfsögðu við að staðið verði í einu og öllu við þau lög eins og þau voru samþykkt í mars sl.

Fjórða tillagan á þskj. 353 er gamall kunningi hér í þingsölum. Upphaf hennar má rekja allt aftur til ársins 1989 þegar þingkonur Kvennalistans fluttu fyrst frumvarp um sérstaka deild við Byggðastofnun sem ætlað væri það hlutverk að sinna atvinnuuppbyggingu sem tæki mið af óskum og aðstæðum kvenna. Það frumvarp var flutt tvisvar sinnum frekar en þrisvar, ef ég man rétt, og því var fylgt eftir með tillögum um fjárframlag úr ríkissjóði. Þessi liður, atvinnumál kvenna, sem hefur verið á fjárlögum nokkur undanfarin ár, er í rauninni afleiðing þessa tillöguflutnings Kvennalistans og allt gott um það að segja. Þótt hér sé ekki um háa upphæð að ræða hefur hún samt skipt verulegu máli ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. En upphaflega hét þessi liður Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Heiti hans var síðan breytt á síðasta ári þar sem atvinnuleysi meðal kvenna er ekki síður tilfinnanlegt á höfuðborgarsvæðinu en utan þess og þörfin brýn um allt land. Við höfum nú verið mun stórtækari oft áður í sambandi við þennan lið en hlotið of lítinn hljómgrunn. Það er hins vegar mörgum ljóst að engin stórvirki verða unnin fyrir tæpar 20 millj. kr. eins og frv. gerir ráð fyrir og er reyndar lækkun um nokkrar krónur frá þessu ári og hinu síðasta. Framlagið hefur sem sagt verið 20 millj. kr. nú um tveggja ára skeið. En þrátt fyrir að upphæðin sé ekki hærri en þetta er óumdeilanlegt að framlög á þessum lið hafa komið í góðar þarfir. Það hefur verið vakning í atvinnumálum kvenna um land allt á undanförnum árum og þær hafa brugðist með margvíslegum hætti við breyttu atvinnuástandi. Þessi sjóður, sem svo hefur verið nefndur, hefur verkað sem hvati á aðgerðir og starfsemi af ýmsu tagi og oft skipt sköpum um það hvort af framkvæmdum hefur orðið. Sem dæmi má nefna árangursríkt starf á Ísafirði og Akureyri þar sem unnið hefur verið mjög skipulega og markvisst að því að aðstoða konur við atvinnusköpun. Sýnilegasti árangurinn, en þó engan veginn sá eini, eru handverkshópar sem sprottið hafa upp og framleiða ýmiss konar varning til sölu. Margt af því eru minjagripir en líka ýmsir nytjahlutir sem geta orðið og hafa orðið vísir að meiri framleiðslu sem gefur ágætlega í aðra hönd. Enn gætir nokkurrar tortryggni í garð þessarar starfsemi og jafnvel er litið með nokkurri lítilsvirðingu á

þessa viðleitni kvenna til sjálfsbjargar. Menn vilja helst ekki vita af öðru né sjá annað en stóru verkefnin og sjá t.d. tæpast annað en stóriðju sem lausn á atvinnuvandanum. En menn verða að muna þau einföldu sannindi að margt smátt gerir eitt stórt og jafnframt hafa í huga að áhættan af stofnkostnaði og rekstri hinna smærri fyrirtækja er miklum mun minni en þegar stóru verkefnin eiga í hlut.

Reynslan af viðleitni kvenna til atvinnusköpunar er góð og það er fyllsta ástæða til að styðja hana með myndarlegri hætti en gert hefur verið. Það skilar sér til framtíðar og væri reyndar hægt að vitna til erlendra kannana og reynslu sem staðfesta að stuðningur við atvinnusköpun kvenna borgar sig. Við leggjum til að þessi liður hækki um rúmar 30 millj. og verði 50 millj. kr.

Fimmta tillagan á þskj. 353 er undir liðnum 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þar er um nýjan lið að ræða, þ.e. fræðsla um kynlíf og barneignir og til þess liðar verði varið 2 millj. 580 þús. kr. Kvennalistinn hefur árum saman reynt að vekja athygli hv. alþingismanna á því ófremdarástandi sem ríkir í þessum málum hér á landi. Við höfum ítrekað beint fyrirspurnum til bæði heilbr.- og menntmrh. um þessi efni og flutt um þau tillögur. Fræðsla og ráðgjöf um kynlíf og barneignir er raunar bundin í lög allt frá árinu 1975 en hefur ekki verið innt af hendi svo viðunandi sé og vilja margir leita þangað orsakanna fyrir miklum fjölda ótímabærra þungana hjá ungum stúlkum. En ég vil taka það skýrt fram að fræðsla um þessi efni á ekkert síður að beinast að ungum piltum þótt afleiðingar ábyrgðarlauss kynlífs komi ekki jafnilla niður á þeim og stúlkunum.

Kvennalistinn fékk samþykkta tillögu um aukna fræðslu um kynlíf og barneignir árið 1987 og hefur margítrekað minnst á þá tillögu í þessum sal. Því miður hefur allt of lítið verið gert til að efna þá tillögu en nú hafa verið stofnuð athyglisverð samtök, svonefnd fræðslusamtök um kynlíf og barneignir, og er ástæða til að binda vonir við starf þeirra í þessum efnum. Þau voru stofnuð hér á landi árið 1992 en sams konar samtök hafa verið starfandi um allan heim í áratugi. Að íslensku samtökunum standa bæði félög og einstaklingar og er meiri hlutinn fagfólk. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að heilbrigðu kynlífi og tímabærum barneignum. Í ágúst sl. var opnuð móttaka og símaráðgjöf fyrir ungt fólk í Hinu húsinu í Reykjavík. Veitti heilbr.- og trmrn. styrk til greiðslu launakostnaðar fyrir árið 1995 svo ýta mætti þessari starfsemi úr vör. Tilgangur starfseminnar er að veita ungu fólki á aldrinum 16–25 ára fræðslu og ráðgjöf um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir.

Fulltrúar fræðslusamtakanna komu á fund fjárln. og óskuðu eftir styrk. Erindi þeirra var tvíþætt. Annars vegar að óska eftir áframhaldandi fjárveitingu til starfsemi samtakanna í Hinu húsinu og hins vegar að óska eftir fjárhagslegri aðstoð frá ríki til þess að geta komið á stofn skrifstofu samtakanna. Þeir óskuðu eftir styrk að upphæð 580 þús. kr. á næsta ári til að greiða launakostnað fagfólks í Hinu húsinu. Gengið er þá út frá því að starfsemin sé öllum opin einu sinni í viku fjóra tíma í senn og tveir aðilar séu á vakt hverju sinni. Hér er um þróunarverkefni að ræða og þarf því að endurskoða ýmsa þætti þjónustunnar, eins og opnunartíma, með tilliti til þarfa ungs fólks. En miðað við svipaða starfsemi erlendis er alveg ljóst að þörfin er mikil og er það t.d. álit fagfólks í Malmö í Svíþjóð, sem hefur íbúatölu svipaða og hér á landi, að nauðsynlegt sé að hafa a.m.k. fjórar göngudeildir á þessu sviði starfandi alla daga vikunnar. Þá var óskað eftir styrk að upphæð 2 millj. kr. til að geta komið á stofn skrifstofu fyrir fræðslusamtökin með starfsmanni í 50% vinnu. Áætlaður stofnkostnaður er 1 millj. kr. Launakostnaður 600 þús. og leigukostnaður á skrifstofuhúsnæði 400 þús.

Helstu rökin fyrir þessari beiðni eru þau að lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, hefur takmarkað verið fylgt eftir. Samtökin eru ung en mikil þörf á því að taka á mörgum málaflokkum fjölskylduáætlunar svo sem kynlífs og frjósemisheilbrigði, þátt karla í fjölskylduáætlun og stuðla að aðgengilegri og fjölbreyttri þjónustu. Víða erlendis fá sams konar samtök árlegan styrk frá ríki til þess að geta unnið að þessum málefnum. Fræðslusamtökin byggja á því að mikilvægt sé að ungt fólk geti tekið heillavænlegar ákvarðanir varðandi kynlíf og frjósemi og það geti leitað leita til að koma í veg fyrir ótímabæra þungun.

Í Hinu húsinu er lögð áhersla á forvarnastarf en einnig verður veitt fræðsla og ráðgjöf um svokallaða neyðargetnaðarvörn sem hefur sýnt fram á lækkaða tíðni ótímabærra þungana. Þess ber að geta að þungunartíðni ungs fólks á aldrinum 15–19 ára er mun hærri hér heldur en á flestum öðrum Norðurlöndum. Árið 1993 var fæðingartíðni meðal 15–19 ára unglingsstúlkna 22,9 miðað við 1.000 konur, 8,8 í Danmörku, 10,5 í Finnlandi, 11 í Svíþjóð og 15 í Noregi. Um 6% mæðra á Íslandi eru yngri en 19 ára. Árið 1994 urðu 237 unglingsstúlkur mæður, yngri en 19 ára. Þetta vekur upp þá spurningu hvort það sé talið eðlilegra í íslensku samfélagi að unglingsstúlkur séu að fást við þau þroskaverkefni sem tengjast barneign heldur en á hinum Norðurlöndunum.

Í öðru lagi er ástæða til að benda á að mun fleiri unglingsstúlkur hér á landi ákveða að ganga með barnið heldur en að fara í fóstureyðingu miðað við Norðurlöndin. Árið 1993 var tíðni fóstureyðinga á Íslandi meðal stúlkna yngri en 19 ára 15,7 miðað við 1.000 konur en í Danmörku 16, Noregi 18,7 og í Svíþjóð 19.

Í þriðja lagi má benda á að aldur við fyrstu barneign hjá konum er lægri hér á landi heldur en á Norðurlöndum svo sem í Svíþjóð. Það er 24,6 ár borið saman við 27 ár. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að þungun á unga aldri eykur líkur á endurteknum þungunum á því æviskeiði. Kynfræðsla í skólum er ekki nægjanleg til að hafa áhrif heldur þarf ungt fólk að geta í góðu tómi rætt um sín mál við aðila með sérþekkingu til að það sjálft geti tekið ákvörðun um það hvað það vill gera til að takmarka barneign. Unglingsstúlkur eru oft óviðbúnar því að eignast barn og bera þá ábyrgð sem barneign fylgir. Það er okkar mat að mikið skorti á markvissa fræðslu til ungra mæðra og ráðgjöf um þroska barna og uppeldi þeirra. Það er því fyllsta ástæða til að leggja því lið þegar ábyrg samtök með fræðilegan grunn taka það frumkvæði að sinna að verulegu marki því hlutverki sem stjórnvöldum ber að sinna.

Loks mæli ég fyrir 6. brtt. Kvennalistans á þskj. 353 sem er tillaga um nýjan lið undir liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál. Þau heyra undir fjmrh. Liðurinn nefnist Átak til að jafna launamun kynjanna og leggjum við til að hann fái 200 millj. til þessa verkefnis. Ég minni á það að í síðustu kosningabaráttu lagði Kvennalistinn fram áætlun í 12 liðum um það hvernig útrýma mætti launamisrétti kynjanna og bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði en á undanförnum 12 árum hefur Kvennalistinn flutt ótal tillögur hér á hv. Alþingi sem taka á launamálum kvenna.

Í síðustu kosningabaráttu tókst að koma launamálum kvenna á dagskrá með eftirminnilegum hætti og lýstu þá allir stjórnmálaflokkar yfir vilja sínum til að afnema það himinhrópandi launamisrétti kynjanna sem viðgengst hér á landi og var afhjúpað enn einu sinni í rannsókn sem gerð var fyrir Jafnréttisráð og birtist í febrúar sl. Niðurstaða hennar var sú að launamunur milli kynjanna er verulegur og eykst því meiri menntun sem fólk hefur. Launamunur kynjanna hefur aukist frá árinu 1980 eins og fram kemur í bæklingi Hagstofunnar, Konur og karlar, svo og í skýrslu þeirri sem tekin var saman í tilefni af kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Peking í september sl. Þessi þróun er ekki í samræmi við það sem gerst hefur meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við þó þar sé einnig verulegur launamunur milli kynja. Bent hefur verið á af hálfu nefndar Sameinuðu þjóðanna að launamisrétti kynjanna hér á landi jaðri við mannréttindabrot. Jafnframt blasir við okkur sú staðreynd að laun fjölmennra kvennastétta sem vinna mjög ábyrgðarmikil störf eru skammarlega lág enda ber mikið á óánægju þessara stétta svo sem sést hefur í verkföllum og vinnudeilum undanfarinna ára. Nú þegar betur árar í íslensku efnahagslífi er tækifæri til að taka á því óréttlæti sem í launamisréttinu felst og jafnframt að grípa til aðgerða sem bætt geta stöðu kvenna á vinnumarkaði og þar með fjölskyldnanna í landinu.

Einn liður þeirrar áætlunar sem Kvennalistinn lagði til og flutti tillögu um hér á Alþingi á vorþingi var að ákveðinni upphæð yrði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% og starfsmat sýndi að um vanmat á störfum væri að ræða.

Nú er að störfum nefnd á vegum félmrn. um leiðir til að koma á starfsmati og nýta það til að jafna launamun kynjanna. Mun ekki vera langt þar til sú nefnd skilar af sér. Hins vegar sér þess hvergi stað í frv. til fjárlaga næsta árs að menn reikni með neinum útgjöldum til að framkvæma tillögur nefndarinnar og sé ég ekki hvernig menn ætla að leysa þetta mál.

Það er deginum ljósara að niðurstöður nefndarinnar hljóta að kalla á einhver útgjöld á næsta ári ef mönnum var á annað borð einhver alvara með stofnun hennar og með öllum yfirlýsingunum í síðustu kosningabaráttu. Þar gekk maður undir manns hönd að undrast og harma niðurstöður margumtalaðrar könnunar Jafnréttisráðs um launamyndun í þjóðfélaginu og launamisrétti kynjanna. Allir lýstu vilja til að taka á misréttinu en minna fór fyrir hugmyndum um leiðir í því efni. Helst var talað um nauðsyn hugarfarsbreytingar og skal ekki dregið úr því. En það hefur nú raunar verið helsta viðfangsefni Kvennalistans síðustu 12–13 árin. Menn geta ekki setið og beðið eftir þeirri hugarfarsbreytingu. Að henni þarf að vinna með öllum mögulegum ráðum og aðgerðum. Að því miðaði fyrrnefnd áætlun Kvennalistans. Einn liðurinn í þeirri áætlun var tillagan um að lögð yrði til hliðar ákveðin upphæð sem yrði varið til að bæta lægstu launin hjá þeim stéttum, eins og ég sagði áðan þar sem konur eru fleiri en 75% og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða.

Nú 200 millj. eru svo sem ekki há upphæð í því skyni auk þess sem tillögur starfsmatsnefndar kunna að hafa önnur útlát í huga en Kvennalistinn telur einsýnt að ef menn ætla að jafna þennan óréttláta mun fyrr en síðar verður aðgerð af þessu tagi að koma til. Auðvitað væri hin leiðin sú að klípa einhverjar upphæðir af þeim sem hafa tekjur umfram aðra en með fullri virðingu fyrir réttsýni og veglyndi þeirra hinna sömu leyfi ég mér að efast um að þeir séu tilbúnir að láta af sínu. Því teljum við nauðsynlegt að leggja til upphæð í þessu skyni á fjárlögum næsta ár.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir brtt. Kvennalistans á þskj. 353 og vil að svo búnu ítreka það sem ég sagði fyrr í máli mínu að útgjöld vegna þessara tillagna nema aðeins hluta af hækkuninni sem fyrirsjáanleg er á tekjuhlið fjárlaganna svo ekki mundu þær raska þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setti sér við undirbúning frv. Við höfum hvorki lagt fram tillögur á sérstöku þingskjali um frekari öflun tekna né niðurskurð en ég minni á sitthvað sem ég nefndi fyrr í máli mínu um hugmyndir til sparnaðar og tekjuauka. En umfram allt þarf að vanda betur til undirbúnings fjárlagagerðar, setja skýr markmið og undirbúa breytingar með eðlilegum fyrirvara. Það gengur ekki lengur að beita flötum niðurskurði eða kreppa að einstökum stofnunum eða verkefnum með tilviljanakenndum hætti. Það þarf heildarsýn á þennan sameiginlega rekstur okkar landsmanna og beita ákvörðunum sem leiða til árangurs í stað glundroða.

[18:51]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta er í sjálfu sér ekki mjög marktæk umræða því að brtt. þær sem meiri hluti fjárln. leggur til eru ekki umfangsmiklar, 187,2 millj. Þær brtt. ýmsar eru góðra gjalda verðar en auðvitað breyta þær ekki gölluðu frv. Það hefur komið fram áður að það vantar útfærslu á tæpum helmingi fjárlaganna og fyrr en það kemur skýrt fram er óhægt um að tala.

Tekjuhlið frv. er vitaskuld ekki hér til umræðu en þess má geta að það örlar ekki á þeirri stefnumótun í fjárlagafrv. að taka inn nýja skattstofna, tekjuskattstofna eins og fjármagnstekjuskatt, herða aðgerðir við skatteftirlit eða gera ráð fyrir með álagningu veiðileyfagjalds mörkuðum tekjustofni til útgjalda í sjávarútvegi.

Þjóðvaki lætur sér ekki koma til hugar að leggja fram tillögur við fjárlagafrv. nema það séu jafnframt gerðar tillögur um tekjuöflun á móti. Við lítum svo á að það sé minnsta mál í heimi að koma með útgjaldatillögur. Ef menn hugsa ekki fyrir tekjuöflun þar á móti er slík tillögugerð marklaus.

Það er ýmislegt við fjárlagafrv. og afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar að athuga. Nefna má mál eins og gagnvart þolendum afbrota þar sem nýgerð lög eru skert og eru stjórnarandstöðuþingmenn allir, held ég, á sama máli um að sá þáttur verður að taka breytingum. Það má sömuleiðis nefna að ekki virðist vera séð fyrir nægjanlegum framlögum til reksturs innan heilbrigðiskerfisins og minni ég þar á geðdeildir, barnageðdeildir, unglingageðdeildir og þætti sem tengjast bæklunaraðgerðum. Það er til vansa fyrir okkar þjóðfélag hvernig staðið er að þeim málum og ekki örlar á útfærslu eða betrumbót af hálfu ríkisstjórnarinnar á þeim vettvangi.

Herra forseti. Fjmrh. er væntanlega nálægur?

(Forseti (RA)**:** Það má kanna það.)

Það örlar heldur ekki á neinni nýsköpun í fjárlagafrumvarpinu. Má þá nefna þætti sem vitaskuld fela í sér góða fjárfestingu eins og það að efla kvikmyndagerð svo að eitt dæmi sé tekið. Það er hægt að grípa niður í nál. meiri hlutans þar sem koma fram umsagnir hinna ýmsu fagnefnda og þar vek ég alveg sérstaklega áherslu á minnihlutaáliti heilbr.- og trn. þar sem bent er á fjölmörg vandamál við sjúkrahús bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, málefni sem tengjast

glasafrjóvgun og geðhjúkrun. Öll eru þau mál enn þá óleyst. Eða eins og þar segir: „Það vantar heildarstefnumörkun á þessu sviði." Það má jafnframt benda á minnihlutaálit úr landbn. varðandi fjárlagafrumvarpið þar sem fram koma ýmis gagnrýniverð atriði sem ekki fá neinn hljómgrunn í meirihlutaáliti nefndarinnar.

Menntamál fá sorglega afgreiðslu fjárln., bæði hvað viðvíkur grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Átak í þeim efnum var á stefnuskrá allra stjórnmálaflokka fyrir kosningar en efndir núv. ríkisstjórnarflokka eru ekki neinar í samræmi við fyrri loforð.

Afnám verðuppfærslu í skatta- og bótakerfi sem er þungamiðja fjárlagafrv. og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar nú á haustdögum er vitaskuld alvarleg atlaga gegn bæði eldra fólki og þeim sem minna má sín í þjóðfélaginu. Því miður einkennist fjárlagafrv. af þáttum sem tryggja ekki atvinnu og auka ekki atvinnu og því miður gæti sú efnahagsstefna leitt til meiri landflótta en við nú búum við.

Þau orð sem töluð voru við 1. umr. fjárlagafrv. er óþarft að endurtaka. Ég tel fjárlagafrv. endurspegla ranga efnahagsstefnu. Ríkisstjórnin og meiri hluti fjárln. hefur ekki gert þá betrumbót á frv. sem hefði verið nauðsynleg til að ná áttum í þeim efnum.

Fyrr í dag lýsti ég því yfir fyrir hönd þingflokks Þjóðvaka að þar sem svo mikið vantaði í fjárlagafrv. myndum við ekki leggja fram brtt. við 2. umr. heldur bíða og sjá hvað kæmi frá ríkisstjórninni varðandi það efni og leggja okkar tillögur fram við 3. umr. Það er það sem við munum gera. En ég vil gera stuttlega grein fyrir hvernig okkar tillögugerð verður háttað.

Við munum gera ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp á næsta ári og mun innheimtast á síðari hluta ársins. Þar gerum við ráð fyrir tekjum upp á 500 millj. Við gerum ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vaxi vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu m.a. vegna álvers og annarra slíkra þátta. Við áætlum þar tekjubót upp á 700 millj. kr. og er það mjög varlega farið. Það er vafalítið hægt að margfalda þá tölu með tveimur eða þremur til að fá út raunhæfari niðurstöðu en það er betra að vera varkár í slíkri áætlanagerð. Við gerum ráð fyrir að hægt verði að leggja á veiðileyfagjald á næsta ári og gerum ráð fyrir tekjum af því upp á 500 millj. kr. sem gætu þá runnið til útgjalda ríkissjóðs varðandi sjávarútveg. Ef ég man rétt þá eru útgjöld ríkissjóðs í þeim málaflokki u.þ.b. 3 milljarðar. Hvort um þessa hugmynd næst pólitísk samstaða er ekki gott að segja.

Við gerum ráð fyrir að með auknu skatteftirliti megi bæta tekjur fjárlagafrv. frá því sem nú er og gerum þar ráð fyrir tekjum upp á 200 millj. kr. En við höfum varðandi þennan málaflokk, hæstv. fjmrh., gagnrýnt það ótæpilega að ekki er nóg að gert, sérstaklega þegar haft er í huga að um 11–14 milljarðar eru taldir tapast vegna undandráttar frá skatti.

Við gerum ráð fyrir að leggja á hátekjuskatt sem ætti að skila u.þ.b. 50 millj. kr. Við hugsum okkur skattinn þannig að það sé lagður 10% skattur á laun sem nema yfir 700 þús. kr. á mánuði. Þetta er alvöru hátekjuskattur, ekki þessi 5% skattur sem oft er reyndar kallaður hátekjuskattur. Við gerum ekki neinar tillögur um breytingar á því fyrirkomulagi. Skatturinn skilar ekki mjög miklum fjárhæðum en hins vegar er þetta alls ekki ósanngjörn skattlagning miðað við slíkar tekjur sem hér um ræðir, þ.e. fjölskyldutekjur um 1.400 þús. kr. á mánuði. Það eru ekki margir einstaklingar sem það hafa en það er líka réttlátt að þeir leggi meira til samfélagsins.

Við gerum ráð fyrir útgjaldalækkun upp á einar 230 millj. Við gerum ráð fyrir því að hægt sé að draga úr útgjöldum hjá Byggðastofnun upp á 100 millj., í landbrn. upp á 100 millj. og við sjáum enga annmarka á því að hægt sé að lækka ferðakostnað og risnu, sem er umtalsverð hjá hinu opinbera, um 30 millj. Hér er farið varlega í hlutina og ekki verið með nein yfirboð. Þetta eru raunhæfar áætlanir sem væri hægt að ná ef menn vilja. Þessar tekjuaukningatillögur eru upp á 2 milljarða 180 millj. kr. Við gerum hins vegar ráð fyrir því að auka útgjöld okkar um 880 millj. kr. Tillögugerð Þjóðvaka sem mun koma fram við 3. umr. þýðir það að ríkissjóðshalli minnkar um 1.300 millj. eða um 34%, þ.e. um þriðjung miðað við áform ríkisstjórnarinnar. Eins og þingheimur veit var fjárlagafrv. lagt fram með 3 milljörðum 880 millj. kr. í halla þótt það taki vitaskuld breytingum þegar endanlegar tillögur meiri hlutans liggja fyrir.

Við gerum ráð fyrir útgjöldum upp á 880 millj. kr., sem við teljum nauðsynlegt að bæta við í frv. Við áætlum miskabætur til þeirra sem verða fyrir ofbeldi 40 millj. kr. og er miðað við að láta þau lög ná fram að ganga sem áður voru afgreidd. Við viljum auka framlög til barna- og unglingageðdeildar um 60 millj. kr. og teljum brýnt að gera betur í þessum málaflokki. Við gerum ráð fyrir að lækka fjármagnstekjuskatt eldri borgara um 150 millj. Við höfum margoft bent á ósanngirni þess að leggja fjármagnstekjuskatt einungis á í bótakerfinu og þá gagnvart eldra fólki. Við gerum ráð fyrir að taka hluta af því til baka samhliða því að lagður er almennt á fjármagnstekjuskattur. Við gerum ráð fyrir að auka framlög til bæklunaraðgerða um 80 millj. kr. og við teljum að það sé mjög brýnt mál enda eru biðlistar þess eðlis að þar þarf að gera betrumbót á.

Til atvinnumála kvenna gerum við ráð fyrir að veita sérstaklega hækkun sem nemur 50 millj. kr. Við gerum ráð fyrir að þróunaraðstoð verði aukin um 30 millj. kr. en við teljum mjög brýnt mál að Íslendingar marki sér skarpari vettvang þar.

Við gerum ráð fyrir 200 millj. kr. hækkun vaxtabóta til viðbótar því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þar erum við að skila nokkru af þeirri skerðingu sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Við leggjum til nýsköpunar- og rannsóknasjóð og til háskóla 70 millj. kr. en sá málaflokkur er mjög svo vanræktur af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Til Framkvæmdasjóðs fatlaðra gerum við ráð fyrir að veita 130 millj. kr. en hér er dregið úr þeirri skerðingu sem þessi mikilvægi sjóður hefur orðið fyrir. Hér er einungis um það að ræða að það fjármagn sem gert var ráð fyrir með erfðafjárskatti fái sinn farveg eins og áður var.

Við gerum tillögu um að fjármagn í Kvikmyndasjóð verði aukið um 50 millj. kr. Þetta lítum við hreinlega á sem góða fjárfestingu því ef sá iðnaður fær þá innspýtingu sem er nauðsynlegt af opinberri hálfu mun hann skila því margfalt til baka. Við eigum ekki að spara okkur til blóðs í þeim efnum.

Við gerum ráð fyrir að auka framlög til forvarna í vímuefnamálum um 20 millj. Þar hugsum við fyrst og fremst til forvarnasjóðs í áfengismálum sem settur var á laggirnar á sl. vorþingi og teljum nauðsynlegt að bæta þar við fjármagni.

Ýmsar af þessum tillögum koma einnig fram hjá öðrum stjórnarandstöðuflokkum en í mismiklum mæli. Nokkrar hafa sérstöðu og hafa ekki sést áður, bæði á tekjuhlið og útgjaldahlið. Meginmálið varðandi tillögugerðina er að hér er gert ráð fyrir að ríkissjóðshallinn minnki um 1.300 millj. og

ég veit að hæstv. fjmrh. fagnar sérhverri tillögu sem minnkar halla hans. Honum er að vísu ekki eytt með þessum tillögum enda viljum við ekki gera tillögur út í loftið varðandi þetta efni. Þessar tillögur eru varlega gerðar en taka hins vegar á þeim málaflokkum sem skipta verulegu máli og marka ákveðna stefnu varðandi ríkisfjármál. Við lítum svo á ef þessar tillögur yrðu samþykktar væru sniðnir verstu gallarnir af núv. fjárlagafrv. Meira förum við ekki fram á.

Ég vænti þess að þessar hugmyndir fái afgreiðslu og umræðu á hinu háa Alþingi og sú hugmyndafræði sem þar liggur að baki því að brýnt er að reyna að koma fjárlögum og fjármagnsstjórn hins opinbera á næsta ári í annan og betri farveg en þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

[Fundarhlé. — 19:05]

[20:33]

Útbýting þingskjals:

Silfursjóðurinn frá Miðhúsum, 250. mál, fsp. KB, þskj. 376.

[20:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fjárln. kom til fundar nú fyrir klukkutíma þar sem kynnt var eftirfarandi erindi frá heilbr.- og trmrh. og fjmrh. sem ég ætla að lesa hér upp. Það er svohljóðandi:

Í framhaldi af viðræðum heilbrrh., fjmrh., forseta Alþingis, formanns fjárln. og formanna þingflokka í morgun er nauðsynlegt að fara yfir stöðu sjúkrahúsanna nú fyrir 2. umr. frumvarps til fjárlaga. Heilbr.- og trmrh. og fjmrh. óska eftir að hv. fjárln. taki eftirfarandi tillögur til meðferðar:

1. Veitt verði til Ríkisspítala 150 millj. kr. á fjáraukalögum ársins 1995 til viðbótar þeim 90 millj. kr. sem nú eru inni í frv. Með þessari viðbót væri leystur uppsafnaður halli sjúkrahússins frá árinu 1994.

2. Af fjárveitingu til Ríkisspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og Sjúkrahúss Suðurnesja verði 2% eða u.þ.b. 200 millj. kr. sett í sérstakan „pott" til ráðstöfunar heilbrrh. Ráðherra skipi nefnd til skiptingar á honum á grundvelli sameiginlegrar hagræðingar í rekstri stofnanna og breyttrar verkaskiptingar milli sjúkrahúsanna.

3. Veitt verði 150 millj. kr. á fjárlögum ársins 1996 sem sett verði á sérstaka liði í fjmrn. til ráðstöfunar á næsta ári til að kosta hagræðingarátak í rekstri ríkisstofnana og létta undir stofnunum til að ná varanlegum sparnaði. Gert er ráð fyrir að stofnanir geti sótt í þennan sjóð fyrir tímabundnum kostnaði sem fellur á við að ná varanlegri hagræðingu, sérstaklega til greiðslu biðlauna.

4. Vandi nokkurra sjúkrahúsa, sérstaklega á Suðurnesjum, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og á Akranesi, lýtur fyrst og fremst að því sem liðið er og snertir ekki fjárlög ársins 1996, en verði skoðaður í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaga árið 1995.

Þessar tillögur voru kynntar í fjárln. Nefndin mun að sjálfsögðu taka þær til frekari meðferðar og hyggst leggja fram brtt. við 3. umr. málsins sem byggjast þá á meðferðinni á þessu erindi sem borist hefur frá heilbrrn. Nánari umfjöllun um erindið bíður funda fjárln. Ég legg þetta fram til upplýsingar fyrir 2. umr. málsins.

[20:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka forseta þingsins fyrir að ganga eftir því við ríkisstjórnina að knýja fram þessi svör. Ég vil einnig þakka hv. formanni fjárln. fyrir það að knýja á um að orðið verði við tilmælum þingsins frá því fyrr í dag. Hins vegar eru þau svör sem hér hafa verið gefin bæði mjög óljós um margt og harla rýr. Það er talað um 150 millj. kr. framlag til Ríkisspítala til að mæta vanda sem er upp á 1 milljarð. Okkur er sagt að uppsafnaður vandi Ríkisspítalanna nemi 400 millj. kr. og til þess að viðhalda óbreyttu þjónustustigi á næsta ári þyrftu að koma 580 millj. til viðbótar. Síðan er það harla villandi sem hefur verið að heyrast í fréttum í ljósvakafjölmiðlunum núna í kvöld um 200 millj. kr. viðbótarfjárframlag því um er að ræða skerðingu upp á 2% sem síðan er sett í pott og við vitum ekki hvernig á svo að ráðstafa úr honum.

En mín spurning er þessi: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að mæta þeim halla og þeim vanda sem Ríkisspítalarnir búa við og fyrirséð er að þeir muni búa við? Verður það gert með því að skerða þjónustuna? Eða verður það gert með auknum þjónustugjöldum? Það er nauðsynlegt að þingið fái svör við þessu þegar í stað.

[20:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan hefur fjárlaganefnd tekið þetta erindi til umfjöllunar. Það mun að sjálfsögðu verða borið saman við þau erindi Ríkisspítalanna og annarra sjúkrastofnana sem liggja fyrir nefndinni og að hve miklu leyti þetta mætir þeirri þjónustuþörf sem er á sjúkrahúsunum og þeim vanda sem þau erindi greina frá. Það fylgja þessu engar yfirlýsingar um frekari þjónustugjöld af hálfu heilbrrn. og fjárln. hefur ekki fengið slík erindi.

[20:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka formanni fjárln. fyrir svörin. Hann er dæmdur til að gefa mjög óljós svör enda úr mjög óljósum efniviði að moða. En ég vil bæta við þessar spurningar mínar. Til hvers á að nota þær 150 millj. sem fjmrh. er ætlað til hagræðingar í ríkisstofnunum? Fjmrh. hæstv., Friðrik Sophusson, hefur flutt sérstaka lærimóður sína alla leið frá Nýja-Sjálandi til að kenna okkur hvernig á að einkavæða í ríkisrekstrinum. Okkur þingmönnum hlýtur að vera spurn, hvernig eigi að ráðstafa þeim fjármunum sem þarna eru nefndir.

[20:41]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í þriðja lið þessa erindis er lagt til að 150 millj. kr. verði settar á sérstaka liði í fjmrn. til ráðstöfunar á næsta ári til að kosta hagræðingarátak í rekstri ríkisstofnana almennt. Þetta er ekki eingöngu í rekstri sjúkrahúsa. Ég vil taka fram að þetta er eftir orðanna hljóðan í rekstri ríkisstofnana. Vafalaust fá sjúkrahúsin sinn hlut af þessari upphæð en það er ekki ljóst enn þá hvað mikið það verður.

[20:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Fjárlagafrv. endurspeglar öðru fremur þá stefnu sem hver ríkisstjórn stendur fyrir. Þar birtast áherslur stjórnarinnar, afstaða hennar til þess hvernig hún telur rétt að raða samfélagslegum verkefnum niður eftir mikilvægi þeirra. Þar kemur fram hvort stjórnin telji rétt að þeir sem eru sjúkir eigi að bera uppi heilbrigðiskerfið eða hvort það eru hinir sem heilbrigðir eru. Þar má sjá skoðun stjórnarinnar á því hvort hún telji rétt að aðeins þeir sem hafa fé á milli handanna eigi að fá að mennta sig eða hvort það eigi að gæta velvilja

frá stjórnvöldum í garð menntunar svo allir geti menntað sig sem geta og vilja án tillits til efnahags. Í fjárlagafrv. má líka lesa stefnu viðkomandi ríkisstjórnar í byggðamálum. Þar sést hver áhersla er lögð á landsbyggð annars vegar og þéttbýli hins vegar hvað varðar fjárúthlutanir. Maður skyldi af framansögðu ætla að stefna ríkisstjórnarinnar væri sú sem maður læsi í þessu frv. og því ætti frv. að stemma nokkurn veginn við það sem maður sér í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. En í því tilviki sem við höfum hér til skoðunar er það nú ekki alltaf svo, að maður tali ekki um hina svokölluðu kosningastefnu hvors ríkisstjórnarflokksins um sig. Einkum og sér í lagi er sorglegt að horfa upp á Framsfl. í þeirri aðstöðu sem hann er í í dag og enn sorglegra verður það þegar maður gluggar í fjárlögin frá í fyrra þar sem flokkurinn var í stjórnarandstöðu því þar kveður svo sannarlega við annan tón en í frv. sem nú liggur fyrir. Það er eins og flokkurinn gjörvallur hafi dottið á höfuðið. Það er stórmerkilegt að grípa niður í ræðu hv. þm. Framsfl. frá því í umræðunni um fjárlögin í fyrra. Það er engu líkara en að þar fari allt aðrir framsóknarmenn en þeir sem nú sitja á þingi fyrir flokkinn eða eru orðnir hæstv. ráðherrar.

Frsm. minni hluta fjárln. í fyrra var hv. þm. Guðmundur Bjarnason, sem nú er hæstv. ráðherra. Í ræðu hans var farið stórum orðum um afleiðingar af breyttum úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, um tvöfalt mennta- og heilbrigðiskerfi; annars vegar fyrir þá sem geta borgað og hins vegar þá sem ekki geta borgað. Nú situr sami hæstv. Guðmundur Bjarnason í ríkisstjórn og ekkert bólar á betri tíð fyrir þá sem ekki geta borgað. Þeir hafa líklega aldrei áður átt jafnerfitt með að mennta sig eða greiða læknishjálp og nú vegna þess að það kostar of mikið. Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru reyndar vonandi til skoðunar í nefnd, eins og svo margt annað, og enn er ófyrirséð hvernig fer endanlega með gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu. Við bíðum og fylgjumst með, framsóknarmenn. Ekki aðeins með störfunum 12 þús. heldur bíðum við líka eftir hinum loforðunum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór ítarlega yfir álit 1. minni hluta fjárln. fyrr í umræðunni og þar komu fram helstu áhersluatriði okkar í 1. minni hluta. Ég mun ekki eyða tíma í að fara yfir alla þá þætti sem drepið er á í nál. en tek þess í stað nokkra málaflokka út og geri sérstaklega grein fyrir þeim. Áður en ég byrja á efnislegri umfjöllun um einstaka þætti langar mig til að gera vinnubrögð í fjárln. að umtalsefni. Reyndar er með ólíkindum að koma sem nýr þingmaður að fjárlagagerðinni og sjá vinnubrögðin sem eru viðhöfð. Ég vil þó áður en ég vík að gagnrýni minni þakka samstarfsfólki í nefndinni fyrir mjög góða samvinnu og ekki síður starfsfólki nefndarinnar. Samstarfið við meiri hlutann hefur verið ágætt og ég vil taka fram að gagnrýni minni er ekki ætlað að beinast að einstaklingum sem þar sitja, allra síst formanni og varaformanni, heldur mun fremur að þeirri hefð sem ríkt hefur um störf nefndarinnar. Ég vil sérstaklega taka fram að ég tel formanninn og varaformanninn hafa meðhöndlað minni hlutann af stakri prúðmennsku, svo það valdi ekki misskilningi.

Mikill hluti af starfi fjárln. er að taka á móti fulltrúum frá sveitarfélögum, félagasamtökum, stofnunum, eða öðrum sem fá nokkrar mínútur til að gera grein fyrir þeirra hjartans máli. Erindið er jú oftast að kría út einhverjar krónur úr ríkiskassanum. Oft á tíðum er hér um sáralitlar fjárhæðir að ræða, þótt þær skipti miklu máli fyrir viðkomandi einstakling eða félagsskap, og tíminn sem viðkomandi fær fyrir nefndinni er yfirleitt allt of stuttur. Ég hef sjálf staðið í því að fara fyrir fjárln. til að biðja um styrk fyrir tiltekin félagasamtök, sem reyndar hafa fengið fasta fjárhæð á fjárlögum lengi. Það er jafnóþægilegt að koma fyrir nefndina og fyrir nefndarmenn að sitja og yfirheyra fólk um smáatriði. Mér þykir eðlilegra að haga málum þannig að fólk geti sloppið við þessar heimsóknir að einhverju leyti, a.m.k. væri hægt að skera þær eitthvað niður. Fyrirkomulagið sem nú tíðkast þykir mér óhentugt fyrir nefndina sem má ekki vera að því að vinna sitt verk við fjárlagagerðina sem skyldi, því hún eyðir öllum tíma sínum í að taka á móti fólki í viðtöl, auk þess sem mér finnst yfirbragðið yfir því gamaldags og óaðlaðandi. Ég hef kannski engar lausnir uppi í erminni, enda hef ég stoppað stutt við í nefndinni, en ég trúi því hreinlega ekki að ekki sé hægt að viðhafa einhver önnur vinnubrögð í þessum efnum.

Annað sláandi við þessa vinnu er hversu handahófskennda meðferð erindin fá oft á tíðum. Þau fá misgóða umfjöllun eftir því hvernig stendur á í nefndinni og afgreiðsla einstakra mála er gjarnan merkt einstökum nefndarmönnum, sem fylgja sínum gæluverkefnum eftir. Reglur um hvernig fé er úthlutað eru oftast óljósar, þótt stundum sé til um það einhver rammi. Ég get tekið sem dæmi einstök íþróttasambönd, t.d. Glímusamband Íslands sem er innan Íþróttasambands Íslands en fær úthlutað á fjárlögum þótt meginreglan sé sú að einstök íþróttasambönd innan ÍSÍ séu undir sameiginlegum lið ÍSÍ. Nú síðast fékk Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga sérstaklega úthlutað 0,5 millj. á liðnum Ýmis íþróttamál og mér er alveg hulið hvers vegna þeir en ekki einhverjir aðrir. Ég er einungis að vekja athygli á að mér finnst reglur um hvernig þessu fé er varið mjög óskýrar. Ef fjárln. ætlar að deila út peningum á þennan hátt til einstakra íþróttasambanda tel ég fjárveitingavaldið vera farið að hafa mikil áhrif á afkomu einstakra sambanda. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að fjárveitingavaldið merki fjárframlög til íþróttasambanda en þá vil ég líka sjá heildarstefnumótun um hvernig það skuli gert. Ég vildi þá persónulega sjá áherslu á t.d. kvenna- og barnaíþróttir í stað þess að tryggja sérstaklega framlög til glímu, brids eða skákíþróttarinnar, þótt ég hafi ekkert á móti þeim greinum.

Ég vil nefna þá ótrúlega miklu áherslu sem lögð er á málefni landsbyggðarinnar í nefndinni, enda ekki að undra þar sem þingmenn Reykv. eru jafnsjaldséðir og hvítir hrafnar þar inni. Áherslur nefndarinnar mótast að miklu leyti af þessu sjónarmiði sem gerir það að verkum að lítið samstarf er á milli þingmanna Reykv. og t.d. borgarstjórnar. Skortur á samstarfi hefur reyndar verið til umræðu á fundum sem borgarstjóri hefur boðað þingmenn kjördæmisins á í vetur og stendur til að reyna að endurvekja gamlar reglur frá áttunda áratugnum um samskipti borgar og þingmanna kjördæmisins. Ég tel slíkt samstarf nauðsynlegt og liður í því er að þingmenn kjördæmisins komi að fjárlagagerðinni. Ég er ekki að mæla með því að þingmenn Reykv. fari að stunda kjördæmapot í stórum stíl heldur er það svo að í kringum fjárlagagerðina er farið yfir þarfir og hagsmuni kjördæmisins í þingmannahópum sem síðan skila umsögnum til fjárln. Aðeins eitt kjördæmi hefur ekki slíkan þingmannahóp og það er Reykjavíkurkjördæmi. Aðspurður tjáði formaður fjárln. nefndinni að hv. 1. þm. Reykv., sem er hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, hafi ekki séð ástæðu til að kalla slíkan hóp saman þar sem hefð væri fyrir því að ekki væri gert í þessu kjördæmi. Nú ætla ég ekki að draga í efa orð hæstv. ráðherra

um hefðina en hvaðan sem hún er upprunnin er hún arfavitlaus. Hvers vegna skyldu þingmenn Reykjavíkur ekki setjast saman yfir það hvernig fjárlögin koma niður í kjördæminu? Ég sé hreinlega ekkert því til fyrirstöðu og legg til að við næstu fjárlagagerð verði hefðin brotin og þingmannahópurinn a.m.k. kallaður saman til að meta hvort hann eigi að starfa eða ekki.

Eins og fram kom í upphafi dagskrár þingsins í dag er ýmislegt við það að athuga að láta veigamikil mál bíða 3. umr. eins og tíðkast hefur og ætla ég ekki að fjölyrða um það frekar. Það er furðulegt að ríkisstjórnin skuli ekki vera búin að vinna heimavinnuna sína betur en raun ber vitni og engu líkara en að afgreiðsla fjárlaga komi alltaf jafnmikið á óvart hvert einasta ár. Þingið er að dóla sér fram eftir vetri og svo skyndilega er eins og allt fari á annan endann og þingmenn leggja nótt við dag síðustu vikurnar til að endar nái saman. Örþreyttir ráfa þeir á milli húsa við Austurvöllinn og greiða atkvæði um lagafrv. annað slagið. Þetta eru að mínu mati engin vinnubrögð og ég vona að einhvern tímann verði hægt að sjá annað fyrirkomulag hér á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr, heyr.)

Ég vil einnig gera að umtalsefni lagasetningaraðferðina sem felst í bandorminum þar sem tugum laga er breytt í einu hendingskasti. Því miður er það svo að þar er ekki alltaf um að ræða atriði sem eru nauðsynleg í tengslum við fjárlagafrv., eins og reyndar hefur komið fram í umræðunni í dag. Væri þá eðlilegra að gera sumar þessara breytinga sérstaklega á hverjum lögum.

Þá ætla ég að víkja að þeim atriðum í fjárlagafrv. og nál. 1. minni hluta fjárln. sem ég tel ástæðu til að fara frekar yfir en gert hefur verið.

Eins og fram kemur í nál. 1. minni hluta er ljótasti blettur inn á frv. fyrirhuguð frestun og skerðing bóta til þolenda afbrota. Í Morgunblaðið í dag skrifar móðir eins slíks fórnarlambs og segir sögu sextán ára dóttur sinnar sem var nauðgað á hrottafenginn hátt. Móðirin segir frá sýn þessarar stúlku og sjálfrar sín sem aðstandanda á þessa lúalegu sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar og spyr okkur þingmenn að lokum hvort við getum horfst í augu við sjálfa okkur eftir að hafa samþykkt svona tillögur. Ég segi nei. Ég hef aldrei séð jafnlágkúrulega og jafnilla gerða tillögu til sparnaðar. Það er ekki eins og með henni séu miklir fjármunir sparaðir, a.m.k. ef litið er til þess sem ausið er í aðra þætti, svo sem til að koma til móts við vanda landbúnaðarins. Nei, við erum ekki að tala um nein hundruð milljóna heldur nokkra tugi. Því verði er ríkisstjórnin tilbúin að kaupa fullkomið réttarbrot á því fólki sem á í hlut og kosningaskrautfjaðrirnar eru reyttar af fuglinum

Rétt er að víkja lítillega að því hvernig þetta mál er allt saman tilkomið. Á síðasta kjörtímabili flutti páv. og núv. hæstv. dómsmrh., Þorsteinn Pálsson, frv. sem hér um ræðir og voru allir sammála um að þar væri mikil réttarbót á ferðinni. Af hverju? Jú, af því að þeir sem verða fyrir tjóni á líkama og sálu vegna ofbeldisverka búa við að fá fjárhagslegt tjón sitt ekki bætt vegna þess að ógæfumenn sem fremja slíka verknaði eru yfirleitt ekki miklir eignamenn. Lítið stoðar að fá dæmdar háar bætur því þær innheimtast aldrei sökum takmarkaðrar greiðslugetu þess sem á að greiða.

Í greinargerð með frv., sem hæstv. dómsmrh. mælti fyrir á síðasta þingi, segir:

„Markmið frumvarpsins er að styrkja stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, svo og fyrir tjón á munum sem leiðir af slíku broti, enda sé viðkomandi vistaður á stofnun ríkisins vegna afbrots eða gegn vilja sínum.

Bætur vegna tjóns, sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og tjónvaldur er dæmdur til að greiða tjónþola, eru í flestum tilvikum ekki raunveruleg verðmæti þar sem tjónþoli hefur í fæstum tilvikum möguleika á að greiða bæturnar og í mörgum tilvikum er ólíklegt að hann hafi í náinni framtíð möguleika til þess."

Svona er nú raunin og þetta er tilgangur frv. Hið háa Alþingi tók þá ákvörðun í vor að bæta þolendum ofbeldis skaðann að einhverju leyti með því að fella ábyrgð á greiðslu bóta á ríkissjóð, í tilteknum tilvikum og vegna tiltekins skaða. Ekki aðeins ákvað hið háa Alþingi að láta lögin gilda fram í tímann, eins og venjan er, heldur einnig um brot sem framin voru 1. jan. 1993 og síðar. Þannig ná lögin til tjóns vegna brota sem þegar hafa verið framin og því er ekki óeðlilegt að þeir sem hafa orðið fyrir slíku tjóni eftir 1. jan. 1993 en ekki farið í bótamál vegna fjárskorts ofbeldismannsins hafi drifið sig í að höfða mál eftir að hið háa Alþingi gaf fyrirheitin um bótaábyrgð ríkissjóðs með löggjöfinni í vor.

Eins og fram kemur í umræddri grein móðurinnar í Morgunblaðinu í dag birti til í tilveru dóttur hennar þegar hún sá fram á að hún fengi fjárhagslegt tjón sitt mögulega bætt. En myrkrið hefur umlukið marga aftur þegar ljóst varð að hæstv. ríkisstjórn var bara að plata. Hvað var hæstv. ríkisstjórn eiginlega að hugsa þegar hún lagði umrætt frv. fram? Fékk hún ekki upplýsingar um það í fjmrn., eins og vanalega, hvað pakkinn mundi kosta? Eða hélt hún að það yrðu til svo miklu meiri peningar í ríkiskassanum en raun varð á? Hvað er eiginlega að gerast? Mér þykir ljótur blettur á löggjafarvaldinu ef það ætlar að láta hafa sig út í að setja slík lög sem felast í breytingunni á bótaábyrgðarlögunum, ekki aðeins vegna efnislegs innihalds þeirra heldur ekki síður vegna þess réttaróöryggis sem skapað er með því að hringla fram og til baka með lagasetningu. Það má velta því fyrir sér hvort svona lagasetning standist mannréttindasáttmála sem við Íslendingar erum alltaf tilbúnir að skrifa upp á. Ég óttast að margir hafi þegar hafið málsókn í trausti þess að lagasetningin frá í vor stæðist og eins og ég skil málið þá eru allar líkur á því. Það er hætt við að þetta fólk sitji uppi með kostnaðinn af málsókninni en tjón sitt óbætt eða aðeins að litlu leyti. Ég hvet hvern og einn þingmann til að spyrja sig þeirrar samviskuspurningar hvort hann geti horft framan í fólkið eftir að hann hefur samþykkt þessar skerðingar. Ég trúi því hreinlega ekki.

Víkjum þá aðeins að menntamálunum. Framtíð þjóðarinnar og samkeppnisstaða hennar á alþjóðavettvangi byggist að miklu leyti á góðri menntun landsmanna og öflugu rannsókna- og vísindastarfi. Frumvarpið ber ekki vott um mjög framsækna stefnu í þessum efnum og þrátt fyrir auknar fjárveitingar til nokkurra málaflokka í meðförum fjárln. er enn margt athugasemda vert. Enn er ekki séð fyrir endann á kostnaðarþættinum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga þrátt fyrir að lögunum um grunnskóla, nr. 66/1995, sé ætlað að taka gildi þann 1. ágúst 1996. Má nefna í því sambandi réttindamál kennara og ýmis mál sem tengjast markmiðum um einsetningu skólanna innan sex ára frá gildistöku laganna. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið eru líkur á að nefndin um réttindamál kennara skili af sér tillögum í lok þessarar viku en þá er enn eftir að sjá niður-

stöður af vinnu í kostnaðarnefndinni sem þó hlýtur að vera mesta málið.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er klausa um að unnið verði áfram að þróun og eflingu Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Þá segir einnig að öflugt rannsókna- og þróunarstarf sé forsenda framfarasóknar í íslensku atvinnulífi. Síðan segir eftirfarandi: „Nýsköpunarsjóður námsmanna verður studdur og þátttaka námsmanna í rannsóknastarfi verður aukin." Svo mörg voru þau orð í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en veruleikinn er því miður annar í frv. til fjárlaga.

Framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna stendur nú í stað frá árinu 1995, eftir að það hefur verið hækkað um 5 millj. kr. í meðförum fjárln, en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir að framlög til sjóðsins yrðu skert, úr 15 millj. í 10 millj. kr. Ég vil vekja sérstaka athygli á tillögum stúdentaráðs Háskóla Íslands en samkvæmt þeim er fjárþörf sjóðsins 25 millj. eigi hann að standa undir hlutverki sínu. Nýsköpunarsjóðurinn veitti styrki til 150 verkefna sl. sumar og úthlutanir eru til mjög fjölbreytilegra verkefna. Sem dæmi um úthlutanir má nefna verkefni um eignarhald á kvóta, tölvubrot á sviði lögfræði, vetnisvél og viðkomu erlendra fiskiskipa og áhrif þeirra á íslenskt efnahagslíf. Hér er eins og nafngift sjóðsins bendir til um nýsköpunarverkefni að ræða. Sjóðurinn er opinn öllum á háskólastigi en auk þess að fá framlög frá ríki þá hafa sveitarfélög og atvinnufyrirtæki lagt til fé. Í máli forsvarsmanna stúdentaráðs kom fram að mótframlag fyrirtækjanna væri oft miðað við styrkina sem ríkið veitti og því hefði það mjög slæm áhrif fyrir heildarfjárhagsstöðu sjóðsins ef ríkið drægi saman framlög sín eins og til stóð.

Nú hefur sem betur fer verið ákveðið í meðförum nefndarinnar að bæta 5 millj. kr. fjárveitingu í sjóðinn þannig að hann fær sama framlag og á fjárlögum í fyrra. Það er reyndar ekki nóg til að sjóðurinn standi undir því hlutverki sem hann ætti að gegna. Eins og ég tók fram áðan, er lagt til af forsvarsmönnum stúdentaráðs að hann fái 25 millj. kr. Kannski lítur ríkisstjórnin svo á að hún hafi þurft að taka það sérstaklega fram í stefnuyfirlýsingu að hún ætladi að leggja sama fjármagn og verið hefur í sjóðinn eða jafnvel minna en ég hef grun um að klausan hafi átt að þýða aukinn stuðning frá því sem áður var. Ella hefði verið betra að sleppa því að minnast á sjóðinn.

Rannsóknarnámssjóður, Vísindasjóður Rannsóknarráðs og Nýsköpunarsjóður námsmanna mynda ákveðna heildarmynd sem felur í sér alla möguleika ungs fólks til að stunda rannsóknastörf á Íslandi. Ef sjóðirnir eru skoðaðir saman kemur í ljós að Rannsóknarnámssjóður fær úthlutað 20 millj. kr. í frv. í stað 25 millj. kr. árið áður. Og Vísindasjóður Rannsóknarráðs er skorinn niður um 10 millj. kr. á milli ára eða úr 25 millj. í 15 millj. kr. Rannsóknarráð Íslands hefur bent á að niðurskurður til sjóðanna grafi undan trúverðugleika þeirrar stefnu sem lá til grundvallar að stofnun Rannsóknarráðs Íslands og með niðurskurðinum yrðu send mjög alvarleg neikvæð skilaboð ungs hæfileikafólks og dregið úr áhuga þess og möguleikum til að hasla sér völl hér á landi.

Ég held að það sé heilmikið til í þessu því staðreyndin er sú að umhverfið hér á landi er ekki allt of fýsilegt fyrir ungt fólk sem kemur heim úr námi eða yfirleitt til að stunda nám hér á landi. Það hefur komið í ljós í vetur að fólk sem kemur úr námi á mjög erfitt með að eignast húsnæði og kemur þar til samspil greiðslubyrði námslána og húsbréfa. Að auki er atvinnuleysi ungs fólks mjög mikið einkanlega hjá þeim sem taka þá stefnu að fara ekki í skóla. Það er því mjög alvarlegt ástand sem ungt fólk hér á landi stendur frammi fyrir í dag. Aukin framlög til innlendrar rannsóknastarfsemi gæti bætt heilmikið fyrir ungt fólk og eins og Rannsóknarráð bendir á aukið líkurnar á að fólk skili sér heim úr námi og stundi rannsóknir sem nýtast íslensku þjóðfélagi. Það er út af fyrir sig mjög jákvætt að rannsóknir í samvinnu við önnur lönd séu styrktar eins og ríkisstjórnin hefur gert en það kom margsinnis fram hjá viðmælendum fjárln. um þessi mál að grundvöllur þess að við getum nýtt það fé sem við leggjum í rannsóknasamstarf við önnur lönd er sá að hlúð sé að innlendum rannsóknum. Þarna er órjúfanlegt samhengi á milli.

Í áliti 1. minni hluta fjárln. er bent á skerðingar á framlögum til Kvikmyndasjóðs en sjóðnum eru ætlaðar 92,3 millj. í stað 101,6 millj. í fjárlögum 1995. Í kvikmyndaiðnaðinum felst mikill vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi ekki síst á seinni árum. Því er það miður að ekki sé fært að halda a.m.k. óbreyttum fjárlögum til sjóðsins. Það kom fram í máli þeirra forsvarsmanna sjóðsins sem komu fyrir hv. fjárln. að miðað við þau framlög sem sjóðnum eru nú ætluð getur hann engan veginn staðið undir kynningu og markaðssetningu íslenskra kvikmynda erlendis sem er þó nauðsynlegt eigi að styðja við íslenskan kvikmyndaiðnað.

Háskóli Íslands hefur farið fram á aukningu allt að 130 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir á fjárlögum. Í samtölum fjárlaganefndarmanna við forsvarsmenn háskólans kom fram að fjármálatillögur þær sem lagðar hafa verið fram af skólanum eru byggðar á áliti fjármálanefndar háskólaráðs sem unnið hefur að því síðustu 18 mánuði að bera saman kostnað við reglubundið nám í Háskóla Íslands og hliðstæða þætti í skólum erlendis. Nefndin lét gera sérstakt reiknilíkan sem er ætlað að leggja mat á lágmarksfjárþörf skólans til að hann geti sinnt því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt reglugerð. En samkvæmt þeim samanburði vantar verulega upp á að kennslan verði sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndum sem enn og aftur hlýtur að hvetja til að fólk stundi nám sitt þar ef það mögulega kemur því við. Óskir Háskóla Íslands um viðbótarframlag frá því sem fjárlög ákveða eru 130 millj. kr. og þar af eru 70 millj. ætlaðar til að bæta kennsluna og gera hana sambærilega við kennslu á Norðurlöndum.

Þá er farið fram á aukið framlag til rannsókna og framhaldsnáms, alls kr. 60 millj. kr. og leiðrétting á launalið alls 66 millj. kr. Það mátti glöggt heyra á forsvarsmönnum Háskóla Íslands að þeir hafa þungar áhyggjur af ástandi háskólans enda má skilja á máli þeirra að þeir telji skólann ekki þjóna þeim faglega metnaði sem þeir vildu.

Í áliti 1. minni hluta fjárln. er tekið undir þau sjónarmið sem fram komu í áliti minni hluta félmn. um fjárlagafrv. þar sem varað er sérstaklega við þeim vanda sem að þjóðinni steðjar vegna vímuefnanotkunar unglinga. Lögð er á það áhersla í áliti minni hluta félmn. að Alþingi verði að bregðast sérstaklega við þróuninni í þessum málaflokki með auknum forvörnum, aðstoð við unglinga og harðari refsingu við smygli og sölu fíkniefna. Þetta er sérstaklega tekið fram í nál. af þeim sökum að hér er gífurlega aukin þörf á að taka til hendinni. Vandamál sem tengjast fíkniefnanotkun birtast okkur svo til daglega á síðum dagblaðanna og vandinn eykst dag frá degi.

Í fjárlagafrv. er boðaður verulegur niðurskurður til byggginga nýrra íbúða á vegum Byggingarsjóðs verkamanna og

er samdrátturinn skýrður með því að húsnæði standi autt í 25 sveitarfélögum. 1. minni hluti vekur athygli á því í nál. sínu að ýmislegt bendi til þess að raunin sé allt önnur einkum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hundruð fjölskyldna bíða eftir félagslegu húsnæði. Það er fyllsta ástæða til að vara við að nota þannig ástand á einum stað sem röksemd fyrir niðurskurði á öðrum stöðum en slíkar alhæfingar bitna verst á þeim sem mest þurfa á slíku húsnæði að halda. Það er nauðsynlegt að taka tillit til þarfa hvers sveitarfélags fyrir sig og fjármunum þarf að veita þangað sem þörfin er.

Þá er í nál. 1. minni hluta vakin athygli á þeim áformum sem fram koma í fjárlagafrv. um að ríkið hætti þátttöku í kostnaði við greiðslu húsaleigubóta. Varar minni hlutinn við slíkum áformum án undangenginna samninga við sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra og vekur athygli á ábendingum sem fram hafa komið frá borgarstjóranum í Reykjavík um að þar hafi húsaleigubótakerfið reynst vel og mikilvægt sé að gefa því tækifæri til að þróast í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi hljóðar upp á 4,8% sem er svipað og verið hefur og af því er ljóst að gera þarf ráð fyrir auknum útgjöldum til atvinnuleysismála. Hluta þessa vanda ætlar ríkisstjórnin að leysa með því að hækka tryggingagjald um 0,5%. Það er vert að vekja athygli á því að í samtölum við aðila vinnumarkaðarins hefur komið fram að allar líkur eru á að það framlag sem áætlað er í þennan málaflokk dugi engan veginn til. Það kom fram í samtölum aðila vinnumarkaðarins við hv. félmn. Hv. félmn. hefur nú óskað eftir því við yfirvöld á þessu sviði að fá áætlun yfir útgjöld sjóðsins á næsta ári en hún er væntanleg næstu daga. Að meðaltali eru um 70% atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu og 30% á landsbyggðinni. Af þeim sem eru atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu eru 6,2% konur en karlar eru 3,7%. Konur á höfuðborgarsvæðinu eru því stór hluti þeirra sem eru atvinnulausir. Um 75% atvinnulausra á svæðinu, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, eru skráðir í Reykjavík en þessar upplýsingar eru fengnar úr tölum vinnumálaskrifstofu félmrn. um atvinnuástandið.

Það er ljóst samkvæmt þeim tölum sem fyrir liggja að atvinnulausum mun fjölga á næsta ári og er þá gert ráð fyrir óbreyttu atvinnuleysisstigi en fjölgun á vinnumarkaði. Ekki lítur út fyrir að greitt verði úr þessum vandamálum á næstunni og því nauðsynlegt að leggja áherslu á að þjónusta þá sem ekki fá vinnu eins vel og unnt er. Því er mjög mikilvægt að tryggja fjármögnun á námskeiðum fyrir atvinnulausa og auka skilning á mikilvægi þess að skapa atvinnulausu fólki tækifæri til menntunar og vinnu.

Þá bendir 1. minni hluti á að skert er framlag frá Félagsmálaskóla alþýðu frá því sem var á fjárlögum 1995, sem verður að teljast óeðlilegt með tilliti til mikillar þarfar á aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu, fullorðinsfræðslu og þjónustu við atvinnulausa. Ég hef, ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni, lagt fram brtt. þess efnis að framlag til Félagsmálaskóla alþýðu verði hækkað um 500.000 kr. en skerðingin frá í fyrra var 300 þús. kr. Tillagan er á þskj. 360. Þar er lagt til að liðurinn 07-985, Félagsmálaskóli alþýðu, almennur rekstur, verði hækkaður um 500 þús. kr. frá því sem lagt er til í fjárlögunum. Í lögum um Félagsmálaskóla alþýðu segir að rekstrarkostnaður skólans skuli greiddur að fullu úr ríkissjóði, annar en rekstrarkostnaður heimavistar sem greiðist 80%. Á þessu lagaákvæði byggist framlag ríkisins til Félagsmálaskólans.

Forsaga þessa mál er að við gerð kjarasamninganna 1977 lofaði ríkisstjórnin að liðka til fyrir gerð samninganna með sérstöku framlagi á fjárlögum til fræðslustarfsemi á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Félagsmálaskólanum ber að veita félagsmönnum BSRB fræðslu og auk þess ASÍ-félögum en til þessa hefur fjárveiting til skólans ekki tekið mið af því. Hún er að verðgildi svipuð og hún væri ætluð ASÍ-félögum einum þannig að skólinn þjónar því mun stærri hópi en hefur samt sem áður ekki fengið aukið fjármagn. Félagsmálaskóla alþýðu er stjórnað af fulltrúum frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, ASÍ, BSRB og félmrn. Þetta er skipulag sem gerir bæði ríkisvaldinu og samtökunum auðvelt að hafa áhrif á starfsemina og leggja þær áherslur í fræðslustarfi sem skynsamlegastar þykja á hverjum tíma.

Fyrsti minni hluti fjárln. fordæmir þá aðgerð að afnema tengsl greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði og almannatryggingakerfinu við almenna launaþróun í landinu. Í gildandi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er tenging við kjarasamninga fiskverkafólks sem felur í sér að bæturnar hækka í samræmi við almennar launahækkanir í þeirri starfsgrein. Þá er ákveði um það í lögum um almannatryggingar að hækka skuli tryggingabætur í samræmi við kjarasamninga verkafólks. Með því að falla frá þessari tengingu er verið að snúa til kerfis sem minnir á ölmusu en slíkar hugmyndir höfðu sem betur fer verið aflagðar hér á landi. Ríkisstjórnin hyggst nú taka slíkt skref til fortíðarinnar og gerir það í nafni þess að það falli undir heildarstefnuna um afnám sjálfvirkni og verðlagsuppfærslna. Sú tenging við laun sem viðhöfð hefur verið í þessum málaflokkum er grundvallarréttindamál fyrir þá sem þurfa á greiðslum úr tryggingakerfinu að halda og gildir sá skilningur allt að einu þótt ríkisstjórnin hafi samið um greiðslurnar nú um áramót í tengslum við aðgerðir á vinnumarkaði. Eftir stendur að atvinnulausum er ekki tryggð þessi tenging í framtíðinni sem er mikil afturför enda eru atvinnulausir formlega séð á vinnumarkaði og því sjálfsagt að greiðslur til þeirra fylgi almennri launaþróun. Þá er rétt að minna á að það var almenn krafa verkalýðshreyfingarinnar að fallið yrði frá þessum áformum og það að ekki hafi verið fallist á þær kröfur mun væntanlega leiða til harðari átaka við frágang kjarasamninga í framtíðinni þar sem verkalýðshreyfingin mun eftir sem áður leitast við að tryggja félagsmönnum sínum sambærilegar launabreytingar og öðrum.

Fjárlaganefnd hefur fengið fjölda fólks á sinn fund vegna reksturs og stjórnunar heilbrigðiskerfisins. Hallatölur frá fyrri árum í heilbrigðiskerfinu hljóða upp á a.m.k. 700 millj. kr. og samkvæmt framlögðum tillögum þeirra aðila sem lagt hafa fram erindi fyrir nefndina vantar a.m.k. 2–2,5 milljarða kr. á það sem stjórnendur meta að þurfi til að veita nauðsynlega þjónustu. 1. minni hluti vill í þessu sambandi vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi heilbrigðismál þótt það verði samt að segjast eins og er að það er hálfgert hálfkák að vera að ræða mikið um þessi mál á meðan ekki liggja fyrir skýrari tillögur frá ríkisstjórninni. En eins og tillögur hæstv. heilbrrh. voru kynntar fyrir fjárln. hér áðan þá er engan veginn ljóst hvað í þeim felst svo að ég tel rétt að bíða til 3. umr. með frekari umfjöllun um þau mál. Vonandi fáum við þá frekari skýringar í umræðum í nefndinni um það hvað felst í tillögunum.

Í áliti 1. minni hluta fjárln. er þó vakin athygli á nokkrum atriðum sem eru efnislega mest þau sömu og koma fram

í áliti minni hluta heilbrn. um fjárlagafrv. Ég mun aðeins drepa á einstaka mál í minni ræðu.

Ljóst er samkvæmt heimildum forsvarsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur að sameining Borgarspítala og Landakotsspítala hefur skilað verulegum ávinningi nú þegar þótt formlega verði sameining ekki fyrr en um næstu áramót. Bentu þeir þó á að fyrirhuguð hagræðing næðist ekki að fullu nema ný skrifstofuaðstaða fengist og jafnframt skapaðist þá meira rými í spítalanum í Fossvogi. Þá lýstu forsvarsmenn sjúkrahússins áhyggjum sínum af lækkun framlaga til reksturs um 225 millj. kr. frá árinu 1995 og telja að leita verði leiða til að ná niður rekstrarhalla þessa árs, en hann er áætlaður 105 millj. kr. Þá kom einnig fram að nauðsyn er á að huga frekar að viðhaldi búnaðar og tækja.

Athygli er vakin á málefnum glasafrjóvgunardeildar Landspítalans en fram kom á fundum með fulltrúum frá deildinni að um 650 pör eru þar á biðlista. Þá kom einnig fram að meðalaldur kvenna á biðlista fer hækkandi í samræmi við lengd biðlistans en hann hefur hækkað um tvö ár síðan á árinu 1991. Þá vöktu fulltrúar deildarinnar athygli á því hversu húsnæði deildarinnar er þröngt og vinnuálag mikið. Þá er mikil óánægja með þá ráðstöfun sem fyrirhuguð er að láta aukna gjaldtöku vegna glasafrjóvgunarmeðferða ekki nýtast til að byggja upp deildina sjálfa heldur eru framlög til kvensjúkdómadeildarinnar skorin niður sem nemur fyrirhugaðri hækkun. Þá hafa heyrst miklar óánægjuraddir frá þeim sem nota þessa þjónustu út af gjaldtökunum og hefur fólk haft uppi stór orð um háar gjaldtökur í samanburði við það sem annars staðar tíðkast. Það er óneitanlega brotið blað í heilbrigðiskerfinu ef við förum inn á þá braut að láta fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda greiða niður aðra starfsemi í kerfinu og ber að varast þá þróun.

Þá er í nál. minni hluta vakin athygli á ummælum fulltrúa kvennadeildar Landspítalans sem taldi aukið vinnuálag auka verulega líkur á mistökum sem auk annars tjóns hafi þegar haft í för með sér mikinn skaðabótakostnað fyrir ríkið. Þetta eru alvarleg orð og fyllilega vert að skoða ástandið þarna rækilega.

Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir hafa farið fram á framlag á fjárlögum sem nemur 2 millj. kr. til að setja á stofn skrifstofu auk viðbótarframlags til starfseminnar. Ekki hefur sú beiðni samtakanna fengist samþykkt þrátt fyrir þunga áherslu a.m.k. tveggja þingkvenna sem eiga sæti í hv. fjárln. Samtökin um kynlíf og barneignir voru stofnuð árið 1992 en sams konar samtök hafa verið starfandi um allan heim í áratugi. Að íslensku samtökunum standa bæði einstaklingar og félög en meginmarkmið þeirra er að stuðla að heilbrigðu kynlífi og tímabærum barneignum. Minni hlutinn styður það að fé sé veitt í þessa starfsemi enda hafa samtökin samfélagslegu hlutverki að gegna sem ekki er sinnt annars staðar sem skyldi. Ungmæðrafæðingar eru mun algengari hér en annars staðar í nálægum löndum, enda víðast hvar staðið betur að fræðslu um barneignir en hér. Því mun ég styðja þá tillögu til breytinga á fjárlögum sem hér hefur verið lögð fram af hv. þingkonum Kvennalistans. Ég sé ekki ástæðu til að leggja fram sérstaka tillögu þess efnis sjálf, en mun þess í stað styðja tillögu þeirra.

Fyrsti minni hluti telur brýna nauðsyn á stefnumörkun í heilbrigðismálum í stað handahófskennds niðurskurðar við fjárlagagerð ár hvert eins og raunin hefur verið. Það er sýnt af viðtölum nefndarmanna við forsvarsmenn stofnana í heilbrigðiskerfinu að lengra verður ekki gengið á þessari braut og nauðsyn á stefnumótun til langtíma. Það er mikil þörf á að leggja mat á forgangsröð þeirra samfélagslegu verkefna sem við teljum að eigi að sinna og meta til lengri tíma áherslurnar í fjárúthlutunum ríkissjóðs. Það verður að segjast eins og er að á meðan ríkisstjórnin hefur efni á að gera búvörusamning upp á annan tug milljarða, kemur það spánskt fyrir sjónir að klípa nokkra tugi milljóna af réttarbótum til þolenda ofbeldis og slík vinnubrögð misbjóða sómakennd manns stórlega.

Það mætti gera fjölmargar fleiri athugasemdir við fjárlagafrv. en hér hefur verið gert, en ég mun láta staðar numið í bili og láta frekari athugasemdir bíða 3. umr.

[21:17]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki fara í máli mínu svo mjög út í einstök efnisatriði. Það hafa þeir prýðilega gert sem talað hafa á undan mér, hv. formaður og varaformaður fjárln. og ýmsir fleiri. Ég vil nota tækifærið til að þakka nefndarmönnum og starfsfólki öllu gott samstarf í fjárln. Það kemur fjöldi fólks til nefndarinnar, leggur fram sín mál, þau eru skráð, þeim er haldið til haga og við þeim er svo brugðist. Ég hef ekki sömu sögu að segja um fjárln. og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir. Nauðsynlegt er að stofnanir, félög og einstaklingar eigi beinan aðgang að þingnefndinni með erindi sín. Ég hygg að það sé eitt af aðalsmerkjum hins háa Alþingis að það er ekki og á ekki að vera hátt yfir fólkið hafið. Það er ekki hátt í þeim skilningi, heldur í því að vera falin mikil ábyrgð og hátt hlutverk og það er aðalsmerki þess að fólk á beinan aðgang að þinginu. Ég veit að við erum sammála um þetta, ég og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir.

En það er margt í þessum fjárlögum sem ég vildi vissulega sjá öðruvísi og ég deili þeirri skoðun ugglaust með öllum hv. þm. hins háa Alþingis. Ef til væri nóg fjármagn, veit ég um mörg verkefni sem sannarlega þyrftu á meiri framlögum að halda og önnur sem ekkert fá í sinn hlut samkvæmt tillögum okkar. Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á eru þau verkefni einkum í mínu heimakjördæmi eins og hún nefndi sitt, þar sem maður þekkir vissulega best til og veit hvar eldurinn brennur heitastur. En það er margt sem hindrar aukin framlög. Við erum með allt of mikinn fjárlagahalla. Slíkt getur ekki gengið. Að því leyti er tillaga kratanna djarfmannleg að eyða hallanum strax.

Vissulega skiptir það miklu máli að losna við ásókn ríkisins í fjármagn. Það lækkar vextina og auðveldar atvinnulífinu að blómstra. Engin ein aðgerð í efnahagsmálum hefur nálægt því jafnmikil áhrif til góðs fyrir efnahaginn og lífskjör fólks í landinu og sú að koma reglu á ríkisfjármálin. Það er því forgangsverkefni. Þetta væri enginn vandi ef hægt væri að flokka málefnin, setja þau í tvo flokka, annars vegar góð mál, hins vegar slæm eða óþörf mál. En það er ekki auðvelt að segja við sjúkrahússtjórnir, sveitarstjórnarmenn og marga fleiri: Það er fjárlagahalli. Það er ekki hægt að halda áfram að bæta aðstöðuna og þjónustuna. Næstum öll málin eru góð mál.

Í heimi takmarkaðra gæða er ekki hægt að auka þjónustuna í hið óendanlega og kem ég reyndar að því síðar. Það er þröngt um kosti í fjárfestingarliðunum og í upphafi kjörtímabils ríkisstjórnar sem hefur myndað sáttmála um það að koma rekstri ríkisins í viðunandi horf væri það beinlínis firra að byrja á því að sprengja rammana og markmiðin sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar við ræðum um fjárlög næsta árs. Ekki er um þá fjármuni að tefla að hægt sé að gera allt fyrir alla. Þá er líka

nauðsynlegt að hafa það í huga að ekki ber allt upp á sama daginn og ekki allt upp á sömu fjárlögin heldur. Það er einatt svo að auðvelt er að gagnrýna en erfiðara að hafa ábyrgðina þegar þröngt er um kosti.

Ég vil einkum víkja að vanda í heilbrigðisþjónustunni en það er nokkuð sem hefur tekið mikinn tíma hjá okkur í vinnu þingsins undanfarnar vikur og vissulega oft áður. Breytingar á skipulagi þarf að gera í heilbrigðiskerfinu, sagði hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, fara þarf yfir stjórnun og rekstur og ná þannig fram sparnaði miklu fremur en segja þeim að ástunda flatan niðurskurð. Þetta er vissulega rétt og ég vona að ég hafi haft þetta rétt eftir. En vandinn í heilbrigðisþjónustunni er að mínum dómi ekki einungis skipulagsvandi eða stjórnunarvandi innan hennar. Vandinn er miklu meiri og djúpstæðari að mínu mati. Lausnir á honum eru ekki á færi þeirra einna, stjórnenda sjúkrastofnananna eða í heilbrigðiskerfinu að leysa og ekki heldur stjórnmálamannanna einna að leysa.

Í lögum nr. 59/1983 segir svo, með leyfi forseta:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á þeirri fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Hafi þetta verið hægt, þá er það nú þegar orðið nær ómögulegt. Uppsafnaðar skuldir segja sitt um það einmitt núna og mig grunar að það verði æ fjarlægara markmið á komandi árum. Með öðrum orðum sagt breikkar bilið jafnt og þétt milli þeirrar þjónustu sem ríkið getur framast greitt fyrir og þeirrar þjónustu sem verður í boði. Til þessa liggja nokkrar ástæður. Ég nefni fáeinar.

Meðferðarkostir verða sífellt fleiri. Líffæraflutningar gefa t.d. nær óendanlega möguleika. Annað er það að meðferðarkostirnir verða sífellt flóknari og þar með dýrari. Mér hafa sagt sérfræðingar að tæknilega séð væri hægt að leggja árlegan rekstrarkostnað meðalstórs sjúkrahúss í einn eða örfáa sjúklinga með tiltekna sjúkdóma. Í þriðja lagi er svokallað greinimark sjúkdóma orðið miklu lægra en var og sérhver röskun á aðlögun einstaklings að umhverfinu getur talist sjúkleg. Í því sambandi má benda á skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á sjúkdómshugtakinu.

Í fjórða lagi er aldursskiptingin í samfélaginu mjög að breytast eins og raunar hvarvetna á Vesturlöndum. Hér á landi er sjálfvirkur útgjaldaauki vegna breyttrar aldurssamsetningar á annan milljarð kr. á ári þótt ekki sé tekið tillit til sífellt fjölgandi meðferðarkosta með nýrri tækni.

Herra forseti. Forgangsröðun á sér nú þegar stað í heilbrigðiskerfinu og hún mun vaxa á komandi árum. Það er alveg sama hversu mjög hagur þjóðarinnar batnar. Það verður aldrei hægt að greiða fyrir það sem hægt væri að gera fyrir alla sjúklinga. Þetta er kalt mat og þetta er kaldur veruleiki.

Á næstu árum er afar brýnt að stjórnmálamenn geri sér grein fyrir stöðu þessara mála og fari rækilega yfir það hvaða kostir eru í stöðunni. Þar hafa ýmsar fræðigreinar til málanna að leggja, ekki síst siðfræðin, hvaða mælikvarði forgangs er siðferðilega réttur, enda hlýtur niðurstaðan að endurspegla siðferðilega afstöðu þjóðarinnar. Verði ekki farið að vinna að þessu ræður hending og nánast að segja geðþótti einstaklinga allt of miklu. Umræður af þessu tagi hafa farið fram víða á Vesturlöndum undanfarin 10–15 ár, en því miður allt of lítið enn þá hér á landi og það er sannarlega tímabært að sú umræða verði tekin upp og tekin alvarlega. Ég nefni aðeins nokkur atriði í úrræðum stjórnmálamanna og því sem rætt hefur verið í löndunum umhverfis okkur, Vesturlöndum, og tek skýrt fram að ég er alls ekki að kveða upp nokkra dóma, aðeins benda á nokkra þá kosti sem menn hafa rætt.

Eiga þeir sem verða sjúkir vegna reykinga, ofdrykkju, eiturlyfjaneyslu eða varasamrar kynhegðunar heimtingu á að samfélagið axli ábyrgð á því með sligandi útgjöldum? Það er ein spurningin. Á að fara eftir þarfakvarða einstaklinga eða þarfakvarða samfélags þegar ákveðið er? Tekjukvarða? Á fólk að greiða í samræmi við tekjur sínar eða á að taka upp einkarekinn valkost í heilbrigðiskerfinu? Á að taka upp markaðskvarða þar sem þeir ganga fremstir sem mest vilja borga sem er leið frjálshyggjunnar og óheftra markaðsafla eða fara eftir gæðaárakvarða þar sem reiknað er út frá því hversu mörg góð ár séu fram undan hjá viðkomandi sjúklingi eftir aðgerð?

Fram undan er að ræða þessi viðfangsefni, virðulegi forseti, og mörg fleiri þótt aðeins sé í lauslegu ágripi minnst á nokkur hér. Einn af fulltrúum sjúkrahúsanna sagði á nefndarfundi í fjárln. að þörf væri raunar á því að hætta þessum holubúskap og byggja eitt stórt, almennilegt sjúkrahús í Reykjavík. Það mundi ekki kosta nema svona 15 milljarða. Við sjáum af því að kröfurnar eru ekki minni fram undan. Við verðum að taka þessa umræðu alvarlega og ræða hvað okkur er mögulegt í fjárveitingum, hvað við getum lagt af mörkum í þessu efni.

[21:27]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þótt ég taki svona mikið af gögnum með mér í ræðustólinn, er það ekki tákn um að ég ætli að tala neitt gífurlega lengi. Þetta er frekar skipulagsleysi, en snertir þó það sem ég ætla að koma inn á.

Mig langar að byrja á því að ræða örlítið um vinnubrögð. Það urðu umræður í upphafi fundar í dag um þau tíðindi að fjárln. skilar að þessu sinni af sér verki til 2. umr. þar sem vantar inn í viðamikinn þátt fjárlaganna, eða það sem snýr að heilbrigðismálum. Ég fór að velta því fyrir mér, hvað það er sem við erum að ræða. Samkvæmt þingsköpunum segir svo um 2. umr., með leyfi forseta, í 39. gr.:

„Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu eða útbýtingu nefndarálits og skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu."

Nú ber svo við að inn í þessa umræðu vantar viðamikla þætti og þá ekki síður það, hæstv. forseti, að 6. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1996, eins og reyndar önnur ár, er alls ekki til umræðu. Ég fór að velta því fyrir mér hvernig á þessu stæði. Þýðir þetta að engar breytingar liggi fyrir um 6. gr. eða á hvaða heimild byggir fjárln. þann frágang að leggja 6. gr. ekki fram til umræðu? Ég minnist þess ekki að formaður fjárln. hafi komið inn á hana eða hennar sé getið í nefndarálitum, enda veit ég að hér er um þingvenju að ræða. En á hverju byggist hún? Hvers vegna er þessi kafli ríkisfjármálanna ekki til umræðu? Þetta leiðir til þess að hér er verið að sækjast eftir heimildum til ýmissa hluta og eins og ég þekki til þá fellur þessi liður, 6. gr., yfirleitt milli hluta. Hún er yfirleitt ekki rædd í umræðunum. Mér finnst rétt að vekja athygli á þessu og mér finnst að hér þurfi að verða breyting á. Það er fyllsta ástæða til þess að þingmenn fari mjög vel ofan í greinina og spyrji bæði fjárlaganefndarmenn og ekki síst viðkomandi ráðherra hvað liggur að baki. Um alls konar heimildir að ræða, kaup og sölu á eignum, húsum,

jörðum og hinu og þessu sem mér finnst að þingmenn hafi ekki gefið nægilegan gaum.

Það er ákaflega gaman að heyra hvað nefndarmenn í fjárln. eru ánægðir hver með annan og þakka hver öðrum fyrir vel unnin störf. Af þessu má ráða að það hefur verið ákaflega skemmtilegt í fjárln. á þessu hausti. Ég get nú upplýst að nefndarstarf þar sem ég þekki til hefur verið *með ágætum. Ég veit ekki hvort fjárlaganefndarmenn eru* að innleiða þann nýja sið að menn byrji hverja einustu umræðu á að þakka hverjir öðrum fyrir gott samstarf. Ég veit ekki hvar það endar ef að tími þingsins fer í svona miklar þakkarræður. (**Gripið fram í:** Þetta er kínversk aðferð.) Ég *vil geta þess í framhjáhlaupi að þegar ég kom fyrst inn á* hið háa Alþingi sem varamaður, ég held að það hafi verið 1984, lenti ég á fundi í efri deild en þar höfðu menn verið að ljúka einhverju viðamiklu máli. Þá einmitt upphófust svona ræðuhöld. Hver á fætur öðrum fór í pontu og ræðan gekk ekki út á neitt annað en að þakka *formanni, varaformanni,* leiðtoga stjórnarandstöðunnar o.s.frv. Ég held nú sannast að segja að þetta sé óþarfi og samstarf hér sé yfirleitt mjög gott og með eðlilegum hætti. En það hefur verið nokkuð sérstakt að hlusta á þetta hér í dag.

Hæstv. forseti. Umræða um fjárlög er ásamt umræðu um skattamálin og því sem hér gengur undir nafninu ráðstafanir í ríkisfjármálum, helsta tækifæri okkar þingmanna til að ræða almennt um efnahagsmál og þá efnahagsmál í heild. Hvernig efnahagsmál þjóðarinnar tengjast atvinnulífi, launamálum *og öllu því sem við teljum til efnahagsmála. Í fjárlagafrv. má* lesa stefnu ríkisstjórnarinnar. Þar eru útgjöldin sundurgreind og boðaðar leiðir til tekjuöflunar en hér er reyndar tekna aflað með lagaheimildum í sérstökum frumvörpum sem einmitt eru að skríða út úr efh.- og viðskn. þessa dagana.

*Á undanförnum árum hefur mátt lesa ýmiss konar efna*hagsspeki í fjárlagafrv. hvers árs. Ég minnist þess að eitt árið var mikið fjallað um kerfislægan halla. Næsta ár voru höfundar frv. mjög uppteknir af greiningu á orsökum atvinnuleysisins sem þá var í hámarki. En að þessu sinni ber *það til tíðinda að höfundar frv. til fjárlaga fyrir árið 1996* eru búnir að uppgötva framtíðina, að það komi ár eftir þetta ár og jafnvel enn þá fleiri ár. Þeir hafa uppgötvað hugtakið kynslóðareikningur og eru nú að brýna fyrir okkur það sem er auðvitað gott og blessað, að núverandi aðgerðir og núver*andi efnahagsstefna muni hafa mikil áhrif á kjör komandi* kynslóða. Þeim verður mjög starsýnt á halla ríkissjóðs og skuldasöfnun og annað sem er af mjög alvarlegum toga en geta þess ekki að það er ýmislegt annað sem getur haft áhrif á kjörin og framtíð þjóðarinnar eins og það t.d. hvernig aldurs*skipting þjóðarinnar mun þróast, hvernig þróun barneigna* verður á næstu árum og áratugum og ekki síst náttúruleg skilyrði af ýmsu tagi eins og aflabrögð, gróðurhúsaáhrif sem kann að gæta hér á komandi áratugum og fleira. Það er mjög gott að horfa til framtíðar og gera sér grein fyrir því að það sem við erum að gera nú hefur áhrif til framtíðar. En ég hefði óskað þess að sjá stefnumörkun af því tagi miklu fyrr hjá íslenskum stjórnvöldum. Ég fæ nú reyndar ekki séð þrátt fyrir þessar hugleiðingar hagfræðinganna sem skrifuðu greinargerðina með frv., að í því felist mikil stefnumörkun til framtíðar. En við eigum einmitt að skoða það sem hér birtist út frá framtíðinni og þá verður mér ekki síst hugsað til menntamála og atvinnumála sem munu marka spor framtíðarinnar, stöðu atvinnuveganna nú og þeirrar framtíðar sem við þeim blasir og þess grunns sem við erum dag hvern að leggja fram til þjóðarinnar í skólum og menntamálum.

En það verkefni sem við stöndum frammi fyrir nú er einmitt að greina stefnu núv. ríkisstjórnar, taka undir það sem gott er eins og menn hafa nú gert í ræðum sínum í dag og ekki síður að gagnrýna það sem miður fer sem er auðvitað hlutverk okkar sem erum í stjórnarandstöðu. Mér hefur fundist að umræða um efnahagsmál sé mjög einhæf hér á landi eins og hún er reyndar víðast hvar annars staðar. Mönnum verður mjög starsýnt á vexti og vísitölur. Menn ræða sífellt um hallann, útgjöldin, þensluna og ríkissjóðinn og hvernig eigi að afla tekna. Menn velta fyrir sér leiðum í skattamálum og sköttum og skyldum almennings og allt er þetta sett upp í töflur, línurit og sneiðar og hvað það nú heitir allt saman. En það er mjög sjaldan sem spurt er um samhengi milli efnahagsstefnunnar og líðanar fólksins í landinu. Heimspekingurinn Bentham sem uppi var á 18. öld hélt því fram að það væri meginhlutverk stjórnvalda að stuðla að sem mestri hamingju þegnanna. Hann gerði sér grein fyrir því að því betur sem stjórnað er því betur líður fólkinu. Þá segi ég betur stjórnað í þeirri merkingu að stjórna í þágu almannahags. Hann gerði sér líka grein fyrir því að því betri sem líðan fólksins er því betra verður efnahagsástandið. Hagfræðingurinn Keynes áttaði sig líka á þessu og núna verður þess mjög vart í kenningum ýmissa hagfræðinga, ekki síst í Bandaríkjunum, að þeir halda þeirri kenningu mjög á lofti að líðan fólks og félagsleg staða hafi mjög mikil áhrif á efnahagslífið og jafnframt að þær ákvarðanir sem stjórnvöld taka á hverjum tíma hafi mikil áhrif á líðan fólksins. Í rauninni þegar maður fer að hugsa um það þá er þetta svo augljós staðreynd, hvort sem við erum að tala um ríkisstjórnir eða sveitarstjórnir. Allt sem við erum að ákveða, allar þær upphæðir sem við erum að verja til ákveðinna málaflokka eða skerum niður til málaflokka hafa víðtæk áhrif. En mér hefur fundist að á þeim tíma sem ég hef verið hér innan veggja að menn neiti að horfast í augu við afleiðingar gerða sinna eða vilji ekki horfa á dæmið til enda. Hvaða áhrif hefur t.d. sá niðurskurður til lengri tíma sem grunnskólinn hefur sætt? Hver verða áhrifin af niðurskurði í heilbrigðiskerfinu til lengri tíma litið?

Ástæðan fyrir því að menn hafa verið að velta þessu fyrir sér, þar á meðal hagfræðingar, er afleiðingar atvinnuleysisins. Það eru ekki síst hinar margvíslegu afleiðingar þess sem hafa einmitt vakið upp kenningar af þessu tagi sem kannski eins og ég nefndi hér áðan virðast vera svo augljósar staðreyndir. Ýmislegt sem er verið að ákveða hefur áhrif á vinnuþrek, heilsu, á framleiðni á vinnumarkaði, á neyslu vímuefna, á afbrot, skemmdir á umhverfinu, ofbeldi innan sem utan heimilis og fleira sem allt hefur svo áhrif á útgjöld ríkis og sveitarfélaga.

En ég hef ekki orðið vör við það að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi leitað mikið í smiðju til hagfræði af þessu tagi. Þeir hafa mun meiri áhuga á því sem er að gerast t.d. á Nýja-Sjálandi þar sem ýmsir sérfræðingar og spekingar af frjálshyggjuættum hafa gripið til sinna aðgerða sem hafa haft gífurleg áhrif á þjóðfélagið þar. Þar hefur verið gerð einhver mesta árás á velferðarkerfið sem um getur á síðustu áratugum. En ég vil reyndar taka það fram að í þeim miklu sviptingum sem þar hafa átt sér stað er ekki allt til hins verra en þá verður mér sérstaklega hugsað til þeirra róttæku breytinga sem þar voru gerðar á landbúnaði.

Ef ég sný mér nú að sjálfu frv. og þeirri stefnu sem þar er höfð uppi þá er vert að rifja upp fyrir sér hver markmið þess-

arar ríkisstjórnar í efnahagsmálum eru. Út frá því má spyrja sig: Hvernig er þeim í rauninni framfylgt? Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, Sjálfstfl. og Framsfl. eins og hún heitir reyndar, segir á bls. 2 með leyfi forseta:

„Meginmarkmið ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. eru þessi:

Að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir hagvöxt. Hagstætt raungengi og sambærilegir vextir og í helstu samkeppnislöndum eru undirstaða öflugs atvinnulífs og forsenda þess að störfum fjölgi. Með auknum fjárfestingum og nýsköpun í atvinnulífi verður unnið gegn atvinnuleysi.

Að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á ráðdeild og að treysta stoðir velferðarinnar. Í þeim tilgangi er brýnt að stöðva sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs."

Ef við horfum aðeins á þessi markmið í ljósi þess sem liggur fyrir í fjárlagafrv. þá má segja að það markmið að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum virðist vera nokkuð í höfn eins og mál líta út núna, þ.e. í ríkisfjármálunum. Við sjáum það að verðbólga er lág og þó ríkissjóður sé rekinn með halla þá virðist nú vera nokkur stöðugleiki. En sá stöðugleiki nær hvorki til sveitarstjórna í landinu né heimilanna eins og fram hefur komið í þeim nefndarálitum sem hér liggja fyrir því að á meðan ríkið er að vinna að því að ná niður sínum halla er halli heimilanna vægast sagt geigvænlegur og erfiðleikar sveitarstjórnanna einnig mjög miklir.

Að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu. Það markmið er sett í þessum fjárlögum að ná niður halla ríkissjóðs á tveimur árum og það markmið setti ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sér líka í byrjun kjörtímabilsins 1991 og það fór nú eins og það fór. Eins og ég nefndi við 1. umr. þá finnst mér menn ansi brattir að byrja á þessu á nýjan leik og heldur ólíklegt að það takist.

Eins og ég nefndi áðan er það líka markmiðið að vinna gegn atvinnuleysi með auknum fjárfestingum og nýsköpun í atvinnulífi en ég verð að segja eins og er að ég hef ekki orðið vör við áform af þessu tagi hér í frv. Það er dregið úr fjárfestingum ríkisins og eins og hér hefur verið nefnt er lítið um stuðning við nýsköpun í atvinnulífi. T.d. er dregið úr framlögum til rannsóknasjóða og til vísindarannsókna. Enda liggja hér fyrir tillögur um hækkanir á slíkum fjárframlögum. Ég veit ekki hvar þetta markmið er að finna í þeim gögnum sem hér liggja fyrir.

Ef við berum þá stefnu sem kemur fram í frv. saman við aðgerðirnar og spyrjum okkur hvað í raun sé verið að gera mundi ég lýsa því þannig það er í fyrsta lagi verið að reyna að skera halla ríkissjóðs mjög bratt niður. Og ég spyr aftur: Tekst það? Er hér um raunhæf markmið að ræða? Niðurskurðurinn felst fyrst og fremst í því að það er verið að ráðast á ákveðna þjóðfélagshópa. Ákveðnir þjóðfélagshópar eiga að borga brúsann og þá fyrst og fremst gamla fólkið, fatlaðir og einstæðir foreldrar. Þótt hér hafi verið bent á að það eigi að auka fjárframlög til barnabótaaukans sem er tekjutengdur, breytir það ekki því að það er ákveðinn hópur einstæðra foreldra, þ.e. foreldrar sem eru fyrir ofan þessi tekjuviðmið, sem verður fyrir skerðingu. Staðreyndin er að svona tekjuviðmiðanir segja okkur oft harla lítið vegna þess að það er svo margt annað sem ræður kjörum fólks, t.d. námsskuldir.

Það er verið að skera niður fjárframlög til framkvæmda. Við hljótum að spyrja hvaða áhrif það hefur á atvinnulífið. Mér finnst ríkisstjórnin gefa þessu allt of lítinn gaum og gera allt of lítið úr atvinnuleysinu og afleiðingum þess og hvernig eigi að draga úr því. Það er verið að reyna enn einn ganginn að spara í heilbrigðismálum þó reyndar hafi verið hætt við nokkur áform hvað það varðar og við vitum ekki enn hver útkoman verður. Hér er hinn sígildi flati niðurskurður einnig á ferð en það bólar lítið á áformum um einkavæðingu sem hinn galvaski fjmrh. lagði mikla áherslu á í upphafi ferils síns. Hann hefur orðið að bakka með hana þótt hann hafi reyndar endurnýjað nefndina sem á að annast einkavæðinguna.

Ein af þeim spurningum sem vakna hjá mér eftir að hafa farið í gegnum fjárlagafrv. er auðvitað sú: Hvað varð um öll áformin sem menn lýstu svo fjálglega hér fyrir kosningar um sókn í menntamálum? Það voru allir sammála um það í kosningabaráttunni og lýstu því mjög fjálglega yfir að það væri mjög brýnt að auka fjármagn til menntamála og ég man eftir nokkrum fundum um þau mál, m.a. í Háskólabíói. En hér bólar hvergi á þeirri stefnu. Ég fæ ekki séð að hér sé um neina sókn að ræða enda sjá menn það að beiðni Háskóla Íslands hefur ekki verið sinnt og hann fær hvergi nærri það fjármagn sem hann þarf á að halda. Ef svo heldur fram sem horfir verður auðvitað ekkert úr þeirri sókn sem lofað var.

Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum í fjárlagafrv. og þeim breytingartillögum sem fyrir liggja og þá einkum því sem heyrir undir þá nefnd sem ég er í, félmn. Við förum á sínum tíma rækilega í gegnum þann kafla frv. sem undir okkur heyrir og þar eru nokkur mál sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Mér finnst þurfa að gefa þeim mun meiri gaum en gert hefur verið. Það eru í fyrsta lagi málefni fatlaðra. Samkvæmt frv. til fjárlaga gerist það í fyrsta skipti að fjármagn er tekið úr erfðafjársjóði til annarra hluta en því er ætlað. Því er ætlað að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra en að þessu sinni fer ríkisstjórnin þá leið að skerða eða taka af því framlagi a.m.k. 133 millj. kr. Að vísu á að verja þeim fjármunum til reksturs stofnana fatlaðra en það sem þarna er að gerast er það sama og með svo marga aðra sjóði, eins og við sjáum reyndar í bandorminum. Þar sem menn hafa markað ákveðna tekjustofna er byrjað að kroppa í þá og byrjað að taka þá í annað, eins og dæmið er með þennan sjóð. Minni hlutinn í félmn. varar alveg sérstaklega við þessu, ekki síst í ljósi þess hvernig hefur farið með aðra slíka sjóði og aðra slíka eyrnamerkta tekjustofna.

Í öðru lagi vil ég nefna húsnæðismál og benda á að í umræðum í félmn. lýstu menn miklum áhyggjum yfir framtíð Byggingarsjóðs verkamanna. Það er alveg ljóst að það framlag sem er að finna hér í fjárlögum og er verulega skorið niður dugar ekki fyrir rekstri sjóðsins og þeim lánveitingum sem fram undan eru. Þar er aðeins um tvennt að ræða, annaðhvort verður að auka framlag ríkisins svo sjóðurinn rýrni ekki stöðugt og gangi á eigin eignir og stefni hreinlega í gjaldþrot eða hækka vexti. Það hlýtur öllum að vera ljóst að hækkun vaxta í Byggingarsjóði verkamanna er einfaldlega ekki á dagskrá. Þar er verið að sinna þeim hópi fólks sem stendur hvað verst að vígi í samfélaginu og sakna ég nú hv. þm. Péturs Blöndals sem finnst íbúar í félagslega húsnæðiskerfinu búa við mikil forréttindi umfram ýmsa aðra. En staðreyndin er sú að menn gera sér ekki grein fyrir því hvaða hópur fólks það er sem býr í félagslegum íbúðum og hvernig efnahagsstaða þess er. Það var síðast núna í vikunni þegar við vorum að fjalla um bandorminn að fulltrúar Alþýðusambandsins bentu á það hvílíkt óréttlæti felst í því að lögin heimila nú að vextir séu hækkaðir þegar búið er að skoða

tekjur fólks á ákveðnu árabili. Ef fólk fer yfir þau tekjumörk má hækka vextina en ef fólk lendir í einhverjum áföllum, missir vinnu eða lendir í veikindum, er ekki heimilt að lækka vextina aftur. Við kvennalistakonur höfum reyndar flutt tillögu um þetta en hún hefur ekki náð fram að ganga. Þetta er mál sem vissulega þarf að skoða. Jafnframt því að sjóðurinn stendur frammi fyrir þessum erfiðleikum er verið að skera niður sjálf lánin. Það er verið draga úr lánum sérstaklega til bygginga á félagslegu húsnæði. Í nefndaráliti félmn. til fjárln. var varað sérstaklega við því og vakin athygli á því að ekki mætti nota stöðuna úti á landsbyggðinni sem eitthvert skjól til þess að skera niður þegar staðreyndin er sú að hér á höfuðborgarsvæðinu bíða hundruð manna eftir því að fá úthlutað íbúðum. Þörfin er gífurlega mikil og þá á auðvitað að beina fjármagninu þangað sem þörfin er.

Þá vekjum við líka athygli á þeim áformum ríkisstjórnarinnar að koma húsaleigubótum alfarið yfir á sveitarfélögin eins þar er boðað. Þar sem húsaleigubætur hafa verið teknar upp gefast þær vel. En það eru ekki nærri því öll sveitarfélögin sem hafa tekið þær upp, m.a. með eftirfarandi rökum: Það er aldrei neinu að treysta sem ríkisvaldið gerir. Eftir nokkur ár verður búið að koma þessu öllu yfir á okkur. Það er einmitt boðað hér í þessu fjárlagafrv. að það eigi að koma húsaleigubótunum yfir á sveitarfélögin. Það gengur algjörlega þvert á þau markmið sem menn settu sér í upphafi. Því miður eru enn nokkur stór sveitarfélög sem hafa ekki tekið upp húsaleigubætur. En það kom einmitt fram í heimsókn okkar nokkurra þingmanna Reykjavíkur til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar að húsaleigubæturnar skipta skjólstæðinga þeirrar stofnunar verulegu máli. Það er alveg ljóst að eins og staða sveitarfélaganna er núna, eru þau ekki fær um að taka þennan pós á sig. Það er alveg ljóst. Við hljótum því að mótmæla öllum áformum ríkisstjórnarinnar um að gera breytingar á húsaleigubótunum. Það þarf miklu frekar að tryggja þær í sessi. Miðað við alla þá aðstoð sem menn hafa veitt því fólki sem er að kaupa sér húsnæði þá hljótum við að spyrja: Hvað um leigjendur? Eiga þeir engan rétt? Ég vil taka undir það sem hefur komið fram í máli hæstv. félmrh. að það þurfi að auka framboð á leiguhúsnæði og það eigi að vera kostur. Auðvitað á að styðja það fólk eins og aðra. Sé stefna ríkisvaldsins sú að styðja fólk í húsnæðismálum, eiga leigjendur að sjálfsögðu að njóta þess eins og aðrir.

Hæstv. forseti. Ég fer nú að stytta mjög mál mitt. Það eru örfá atriði sem ég vil nefna áður en ég lýk því. Þá er fyrst að nefna að ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því, sem reyndar á eftir að koma hér til umræðu á næstu dögum, hvernig farið er með gamla fólkið í landinu. Í þeim frv. sem hér liggja fyrir, fjárlagafrv., skattafrv. og bandorminum, er um þrefalda árás á gamla fólkið að ræða. Í fyrsta lagi er verið að aftengja þær bætur sem lífeyrisþegar fá, bætur í almannatryggingakerfinu. Þær eiga ekki lengur að fylgja almennum launahækkunum eins og verið hefur. Það er fyrsti liðurinn. Í öðru lagi eiga fjármagnstekjur að skerða þessar sömu bætur. Í þriðja lagi liggur nú fyrir að ríkisstjórnin ætlar að fella alfarið niður þann 15% afslátt sem lífeyrisþegar fengu með samþykkt laga hér fyrir tveimur árum. Ef þingmenn átta sig ekki á því um hvað ég er að tala þá gerðist það fyrir tveimur árum, þegar mikil umræða var um tvísköttun lífeyris, að samþykkt var að byrja á þeim endanum sem snýr að lífeyrisþegum og það var samþykktur sérstakur 15% afsláttur til þeirra. Það var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að þessi afsláttur yrði afnuminn í tvennu lagi, færi fyrst í 7,5% og síðan niður í 0. En nú liggur það fyrir samkvæmt tillögu sem búið er að afgreiða út úr efh.- og viðskn. að hann verður felldur niður með öllu. Þetta þrennt verður til þess að skerða kjör lífeyrisþega verulega. Því miður hef ég ekki fengið útreiknað dæmi um það hversu miklu þetta nemur til að vita hversu háar upphæðir þetta eru, og eftir því þurfum við að kalla. En þarna er þrisvar sinnum ráðist á sama hópinn. Þetta er algjörlega óþolandi.

Menn eru enn að væflast með þennan blessaða fjármagnstekjuskatt í tíunda skiptið í einhverri nefnd úti í bæ, þar sem við kvennalistakonur eigum reyndar fulltrúa, en það mál ætti að vera komið í höfn fyrir löngu. Mér var nú reyndar sagt frá því fyrir nokkrum dögum sem ég vissi ekki, að fjármagnstekjuskattur var afnuminn hér á landi í kringum 1978. Hann var í gildi hér en einhverra hluta vegna var hann afnuminn. Það væri fróðlegt að fara ofan í þá sögu. Það var nú ekki ómerkari maður en Indriði H. Þorlaksson sem upplýsti mig um þetta. (Gripið fram í.) Því miður hef ég ekki vitneskju um það. Það væri frekar að hv. þm. Svavar Gestsson þekkti þessa sögu. Ef ég man rétt var hann kjörinn á þing 1978. (**SvG:** Þetta var forsetinn.) Það væri fróðlegt að fá hæstv. forseta hér í ræðustólinn ef hann gæti upplýst okkur um það hvaða réttlætismál það var á sínum tíma að afnema fjármagnstekjuskatt. En einhverra hluta vegna gerðist þetta og þið sjáið það í ljósi sögunnar hversu illa hefur gengið að koma honum á aftur. Það ætti kannski að kenna mönnum að það eigi aldrei að fella niður neina skatta. Það er nú reyndar ekki mín kenning, en það má kannski draga þá ályktun af þessu. Ég ætla ekki að gera það að allsherjarkenningu.

Ég vil ekki láta hjá líða að minnast á það mál sem við höfum margítrekað hér bæði kvennalistakonur og aðrir og snertir þá tillögu sem við höfum lagt fram sem breytingartillögu við fjárlögin og reyndar aðrir, þ.e. bætur til þolenda afbrota. Það má ekki gerast að sú tillaga til lagabreytingar sem felst í bandorminum verði samþykkt og bæturnar skertar verulega fyrir utan að því verði seinkað að hefja greiðslur þeirra. Við hljótum að beita okkur af öllu afli til að fá þessu hnekkt og tiltölulega nýsamþykkt lög gangi í gildi. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fór mjög rækilega ofan í þetta mál og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég ítreka bara hversu gríðarlega mikið réttlætismál það er að standa við þessi samþykktu lög.

Ég vil líka nefna sérstaklega og ítreka þá tillögu sem við höfum lagt fram um örlítinn styrk til fræðslusamtakanna um kynlíf og barneignir. Það er furðulegt að hv. formaður fjárln. skuli ekki hafa beitt sér í þessu máli.

Herra forseti. Fyrst hv. þm. gat nú verið að yrkja um þessi mál inni í fjárln. þá hefði hann getað veitt þessu stuðning sinn. Ég græt af sorg yfir þessu. (**Gripið fram í:** Er ræðumaður drukkinn?) Nei, fjarri því. En í alvöru talað, þá er hér um mikið alvörumál að ræða og ég vona svo sannarlega að hv. fjárln. taki þetta til skoðunar milli 2. og 3. umr. Ég hefði getað flutt hér nokkra fræðslu um þessi mál í heimssögulegu samhengi og eins hefði ég getað rakið það ástand sem ríkir í þessum málefnum hér á landi. En ég ætla að láta nægja að fullyrða að það er mjög mikil þörf á því að styðja við bak þessara samtaka sem m.a. eru að þreifa sig áfram í starfi hér í borginni og eiga vonandi eftir að láta til sín taka víðar á landinu. Hér er um mjög þarfa starfsemi að ræða enda ríkir nokkuð sérstakt ástand hér á landi bæði hvað varðar unglingaþunganir, endurteknar fóstureyðingar og fleira slíkt. Má þá einnig minnast á að meðlagsgreiðslur eru nánast fjárhagslegt vandamál hér á landi vegna þess hve

mörg börn fæðast utan hjónabands eða eru skilnaðarbörn. Hér fæðast fleiri börn utan hjónabands en í nokkru öðru Evrópulandi, að ég hygg. Og menn eru býsna skuldseigir í þeim málum. Það er ekki hægt að segja annað en að hér ríkir ákveðið ábyrgðarleysi í þessum efnum sem auðvitað bitnar á börnunum.

Hæstv. forseti. Ég á mér fleiri hjartans mál í þessu fjárlagafrv. sem vert væri að koma inn á. Þau snúa að hæstv. menntmrh. Þar vil ég t.d. nefna Listskreytingasjóð og Kvikmyndasjóð en hér liggja fyrir tillögur um hækkun til þeirra mála. Ég vil einnig sérstaklega nefna það sem ég hef tekið fyrir á hverju einasta ári, eða framlög til húsafriðunar. Þótt hv. fjárln. hafi hækkað framlög til þeirra málefna örlítið, sem ég þakka auðvitað fyrir, má enn betur gera. Ég vil minna á að auk þess sem húsafriðun stuðlar að varðveislu menningarverðmæta þá er hún einnig mjög atvinnuskapandi. Ég get ekki ímyndað mér hollari og betri vinnu heldur en þá að varðveita menningarverðmæti og alla þá sögu sem kynna má í því samhengi. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu og þetta varðar reyndar líka bandorminn. Ég fæ tækifæri til að ræða þetta betur síðar. Mér finnst framkoma ríkisvaldsins vægast sagt heldur sérkennileg þar sem sveitarfélögunum er ætlað að standa við sitt, borga ákveðna upphæð á hvern íbúa. En ríkisvaldið sem átti lögum samkvæmt að borga jafnt á móti ætlar bara að hafa það eins og því sýnist. Ákveða á fjárlögum sitt framlag.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég rifja það upp að þetta fjárlagafrv. hefur fengið mikla gagnrýni. Það hefur verið gagnrýnt mjög harðlega af Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu, fulltrúum gamla fólksins, fatlaðra og einstakra hópa sem þar er ráðist á. Þá minni ég t.d. á þann hóp fólks sem hefur verið að leita eftir því að fá glasafrjóvgun. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gagnrýnt frv. allharkalega, það gerist auðvitað enn eitt árið að ráðist er á sveitarfélögin með ýmsu móti. Þetta færir okkur heim sanninn um að það er margt mjög vont að finna í þessu frv., fyrst og fremst það sem snýr að þeim sem verst standa í þjóðfélaginu, öldruðum og fötluðum. Það er að mínum dómi til vansa ef við ætlum að ganga hér frá þessu verki með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv. Ég skora á meiri hluta Alþingis að taka sig nú á og falla frá þeim áformum sem hér er að finna um skerðingu bóta og skerðingu framlaga til þeirra sem orðið hafa fórnarlömb afbrotamanna af ýmsu tagi. Enn er tími til að breyta um stefnu. Hér er ekki um þvílíkar fjárhæðir að ræða að þeirra verði ekki aflað með einhverjum hætti.

[22:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti að hv. formaður fjárln. sé ekki langt í burtu. Hér er hæstv. umhvrh. á meðal vor ásamt hæstv. menntmrh. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að bregðast við ósk minni um að vera nærstaddur því ég mun m.a. og ekki síst koma svolítið að þeim málaflokki. Þó hér sé vissulega við þingið að eiga í sambandi við fjárveitingavaldið, þá má ríkisstjórn sín nokkurs og raunar mikils yfirleitt í sambandi við fjárlagagerð og breytingar frá upphaflegu fjárlagafrv. Þannig að það er ekki óeðlilegt þótt við viljum einnig eiga orðastað við hæstv. ráðherra í sambandi við 2. umr. málsins.

Fyrir hönd 1. minni hluta sem fulltrúar Alþb. í fjárln. eru aðilar að hefur þegar verið mælt í ágætu innleggi af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, sem hafði framsögu fyrir minnihlutaáliti, og síðan af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Þar er fjallað um almenn viðhorf af hálfu Alþb. og minni hlutans til þessara mála. Þess vegna ætla ég að spara mér að fara út í þau efni. Ég hef þar ekki miklu við að bæta, þótt margt mætti um málið segja. Ég ætla fyrst og fremst að mæla hér fyrir breytingartillögum sem ég á aðild að eða flyt hér við fjárlagafrv. Ég minni þó á að Alþb. stendur að mörgum breytingartillögum við fjárlagafrv. bæði tekjuöflunarfrv. upp á 1,5 milljarða kr. og útgjaldatillögum sem ná þó ekki því, þannig að okkar breytingartillögur fela það í sér að minnka fjárlagahallann en ekki auka. Vænti ég að það þyki gott til eftirbreytni og auðvitað mjög eðlilegt að eftir slíku sé spurt þótt sumt af því sem varðar heildarramma fjárlaganna sé auðvitað frekar teygjanlegt, m.a. spurningin um líkurnar á tekjuöflun ríkissjóðs. Eins og menn þekkja er þar gjarnan lyft þakinu eitthvað frá því sem var í áætlunum í sambandi við 3. umr. fjárlaga, þótt það verði auðvitað að fara eftir aðstæðum hvað menn treysta sér til í þeim efnum. Alþb. flytur hér margar breytingartillögur, misjafnlega kostnaðarsamar að því er varðar útgjaldaauka. Þær miðast við einstök svið, ekki síst eftir því að hverju menn einkum beita sér hér í þinginu bæði í nefndum og þess utan, þótt við höfum óbundnar hendur í þeim efnum. Ég minni t.d. á mjög gildar tillögur sem liggja fyrir á sviði menntamála, félagsmála, menningarmála og framkvæmdamála, m.a. þær tillögur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stendur að um leiðréttingu á þeirri tekjuskerðingu til vegagerðar sem fjárlagafrv. felur í sér. Það er auðvitað afskaplega tilfinnanlegt mál fyrir landið allt. Satt að segja mjög sérkennilegt að ríkisstjórnin skuli leggja í það á sama tíma að hún beitir sér fyrir því að nýjar kostnaðarsamar framkvæmdir hefjist hér á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess, að þá skuli framkvæmdaliðir eins og vegagerð og framkvæmdir í flugmálum vera skertar með þeim hætti sem raun ber vitni. Og það sem kórónar í rauninni það verk er að hér er verið að taka niður markaða tekjustofna til þessara mála til almennrar ráðstöfunar í ríkissjóð. Það hefur aldrei þótt gott hver sem að því hefur staðið að þannig sé á máli haldið og mér finnst það afar miður að sjá hér í brtt. meiri hluta fjárln., hversu langt á að seilast í þessum efnum. Það mál hlýtur að verða rætt hér mikið í tengslum við þessi mál.

Virðulegur forseti. Svo ég víki að þeim brtt. sem ég á hlut að þá er það í fyrsta lagi tillaga sem hv. þm. Svavar Gestsson er 1. flm. að á þskj. 361, sem varðar hækkun á framlögum til húsafriðunarsjóðs frá 10 og upp í 30 millj. eða um 20 millj. kr. Tillagan sem gengur lengra en sú tillaga sem meiri hluti fjárln. nú hefur kynnt og er þó í rauninni of lág miðað við það sem væri eðlilegt að rynni til þessara mála. Þörfin í þessum efnum og jafnframt notagildið blasir alls staðar við þar sem mikið af þeim húsum sem af menningarlegum ástæðum er þörf á að vernda geta komið til prýðisnota í ýmsu samhengi eins og ég mun reyndar koma aðeins betur að síðar í sambandi við aðra brtt.

Það hefur sem betur fer orðið afar mikil vakning í þessum efnum og mikil breyting á viðhorfum varðandi verndun gamalla húsa í landinu. Bæði þeirra sem eru friðuð og þess utan og það er sannarlega vel. Það hefði fyrr mátt vera því við höfum auðvitað glatað hér miklum verðmætum og erum að glata þeim vegna þess að ónógt fjármagn er til ráðstöfunar í þessu skyni og til örvunar í þessum efnum. Þessari tillögu okkar, hv. þm. Svavars Gestssonar, er ætlað að bæta þar nokkuð úr.

Þá vil ég, virðulegur forseti, koma að brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 372, sem ég flyt í þremur liðum, og rökstyðja aðeins þær tillögur sem þar koma fram. Þar er í fyrsta lagi tillaga um hækkun eða reyndar nýjan lið, vegna sýslumannsembættisins á Seyðisfirði um að leggja til stofnkostnaðar vegna endurbóta á húsnæði embættisins 7 millj. kr. Ég hef fyrr á þinginu spurst fyrir um þessi efni vegna þess að neyðarástand má segja að ríki í sambandi við húsnæðismál þessa embættis eða a.m.k. óforsvaranlegt ástand þar sem húsið, sem ríkið á og embættið starfar í, er engan veginn boðlegt vegna lélegs ástands. Og þarf þó ekki neitt óskapa fjármagn að koma til til að lagfæra það því að stofnviðir þessa gamla húss sem reist var 1907, að mig minnir, eru í góðu lagi. En á viðhaldið hefur skort um langan tíma. Í svari sem ég fékk við fyrirspurn minni um þetta efni kom fram af hálfu hæstv. dómsmrh. að áætlaður kostnaður við endurbætur hússins væri talinn mikill þar sem lítið viðhald hefur farið fram á undanförnum árum og að framkvæmdarsýslan áætli að kostnaður við einangrun og endurnýjun járns á þaki og útveggjum ásamt endurnýjun glugga og hurða geti verið allt að 11 millj. kr. Þegar spurt var um möguleika á að nýta núverandi húsnæði í þágu embættisins til frambúðar var því til svarað að góðir möguleikar væru á að nýta húsnæðið en til þess þurfi að kosta miklum fjármunum. Varðandi framkvæmdir við endurbætur eða nýbyggingu kom fram að heimild hefur verið í 6. gr. fjárlaga til að selja þetta skrifstofuhúsnæði og kaupa annað hentugra en ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um það hvort ráðist verður í endurbætur á núverandi húsnæði eða annað húsnæði fundið og þetta eigi að kanna. Markmiðið með þeirri tillögu sem ég flyt hér um þetta mál er að það verði tekin um það ákvörðun, sem mér finnst öll rök mæla með, að embættið verði til frambúðar í þessu húsi og tvær flugur slegnar í einu höggi. Þ.e. að bjarga þeim verðmætu menningarminjum sem þetta hús verður að teljast til og þá einnig í samhengi timburhúsabyggðarinnar á Seyðisfirði, sem er afar merkileg og gerð hefur verið úttekt á og skrifað hefur verið um nýlega í tilefni af 100 ára afmæli kaupstaðarins, og tryggja jafnframt að húsið verði endurgert og helst fært sem næst upphaflegu horfi því þetta var glæsilegt hús á sínum tíma. Það er kallað Stefánsbúð því þarna var verslun rekin, verslun Stefáns Th. Jónssonar, sem þarna tók til starfa 1907 eða 1908 og var þá ein allra glæsilegasta verslun á landinu. Verslunin var þarna í rekstri fram til ársins 1930 þegar eigandinn varð gjaldþrota. Það mætti margt upp rifja í sambandi við það efni sem ég ætla ekki að fara út í hér því það er önnur saga, ef svo má segja. En þarna fór síðan fram marghátturð starfsemi. Auk verslunarreksturs var þarna um tíma rekin prentsmiðja, sérstakt prentver. Það var Lárus Jóhannesson, fyrrv. hv. alþingismaður sem átti það, gekkst fyrir um kaup á því prentverki og rak það um nokkurra ára skeið. Þarna voru gefin út merk austfirsk tímarit en einnig ýmislegt af léttara taginu. Bókmenntir eins og Basil fursti. Einhverjir eru kannski það aldnir meðal hv. þm. að muna eftir þeim merkisritum sem stytti mönnum stundir í skammdeginu hér áður fyrr. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn að segja að hann hafi lesið Basil fursta?) Ekki vil ég nú fara langt í það, virðulegur þingmaður, að gangast við því að hafa legið í þeim bókum svona seinni árin. En ekki get ég alveg svarið það af mér á gelgjuskeiði að hafa ekki flett þessum ritum, enda voru þau þá splunkuný af nálinni og gefin út í austfirkri prentsmiðju. Það má því segja að það hafi í rauninni verið mjög eðlilegt.

En ríkissjóður keypti sem sagt þessa húseign, neðri hæðina 1951, að ég held, og efri hæðina 1990. Þarna er sýslumannsembættið nú til húsa og ég vil skora á alla hlutaðeigandi að tryggja að í endurgerð þessa húss verði ráðist. Sú upphæð sem hér er nefnd getur dugað til skynsamlegs áfanga á komandi ári og síðan er hægt að áfangaskipta þessu verki og tryggja varðveislu hússins og ágætis húsnæði yfir embættið. Það er afskaplega mikil skammsýni af opinberum embættum, þótt hugsanlega kunni að muna einhverjum krónum, að fara að steypa upp nýbyggingar yfir embætti sem þetta ef völ er á að koma því fyrir í húsi með góðum anda eins og þarna er. Ég veit að starfsfólkinu líður vel í húsinu þegar sæmilega er hlýtt úti við en hiti helst illa þar innan dyra í vetrarkuldum eins og ástandið er. Ég vona að þetta nægi, virðulegur forseti, sem rökstuðningur fyrir þessari tillögu. Ég sá mér til nokkurrar ánægju að það er litur á því hjá hv. meiri hluta fjárln. að taka undir þetta mál með 2 millj. kr. fjárveitingu samkvæmt brtt. Það er að vísu afar smátt og því vænti ég þess að það verði vilji til að fallast á þessa till. sem mundi tryggja þokkalegan áfanga í þessu máli.

Því er svo ekki að neita að auðvitað var uggur í Seyðfirðingum sem öðrum um að þetta embætti yrði flutt frá Seyðisfirði og voru um það hugmyndir, opinberar hugmyndir, fyrir einum tveimur árum síðan. En þá var sem betur fer frá þeim horfið og ég vona að þær verði ekki vaktar upp að nýju.

Virðulegur forseti, þá ætla ég að koma að 2. lið þessara brtt. sem er hækkun á fjárveitingum til Náttúruverndarráðs, liðarins Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Það er lagt til að sá liður hækki um 5,1 millj. kr. Það er tiltölulega auðvelt að mæla fyrir þessari tillögu því hún er vel rökstudd af ráðinu sjálfu, bæði gagnvart umhvn. þingsins og gagnvart fjárln. og vafalaust ráðuneyti á sínum tíma.

Almennt vil ég segja að það er mikil þörf á því — og ætti ekki að þurfa að rökstyðja það í mörgum orðum — að treysta stöðu þessa unga umhvrn. okkar. Það var stofnsett 1990 og þá var það sammæli að ekki yrði tekið mjög stórt á rétt í byrjun í sambandi við þetta mál, heldur yrði ráðuneytinu komið á í lágmarksstöðu þannig að það gæti hafið störf. En jafnframt var þá þegar lögð áhersla á að það þyrfti að auka fjárveitingar til ráðuneytisins á komandi árum til að það gæti valdið sínu hlutverki að því er varðar fjárveitingar til þess að byggja það upp. Þetta hefur nú ekki gengið eftir sem skyldi á þeim árum sem liðin eru. Þótt sitthvað hafi verið þokkalega gert í þessum efnum vantar mikið á að þar hafi verið unnið markvisst að því að efla ráðuneytið og koma þar á skipulagi mála sem þörf væri á, m.a. til að þetta ráðuneyti gæti orðið sú stjórnstöð þessara mála sem það þarf að verða og unnið og tryggt góð tengsl við þær stofnanir sem undir það heyra, sumar allmannmargar sem gegna mikilvægu hlutverki. En til þess að ráðuneytið nýtist og stjórnvöld nái fram stefnu sinni þurfa ráðuneytin að búa yfir ákveðinni lágmarksþekkingu og mannafla til að geta haldið uppi virkum tengslum við stofnanir sem undir þau heyra.

Ég endurtek það hér sem ég hef oft mælt úr þessum ræðustóli að menn eiga ekki að sjá það sem meginmál að kreista ráðuneytin sí og æ þannig að þau verði sem vesælust, þ.e. að krefjast þar sparnaðar og sparnaðar af því að það þyki til vinsælda fallið að ráðuneytin spari. Ekki ætla ég að hafa á móti því að það sé tekið á í þeim efnum og alls eðlilegs aðhalds sé gætt. En ég held að menn hafi gengið allt of langt í þessum efnum oft á tíðum með þeim afleiðingum að ráðuneytin eru ekki undir það búin að sinna í lágmarki því

hlutverki sem þau þurfa að geta sinnt sem er að stjórna m.a. stofnunum sem undir þau heyra, tryggja tengsl við þær og tryggja eftirlit með þeim, þar á meðal skynsamlega ráðstöfun fjármagns á þeirra vegum. Umhvrn. okkar hefur ekki enn þá vaxið upp í þá stærð eða þannig verið að því búið að það ráði við þetta verkefni. Þar hefði ég viljað sjá margt gerast í þeim efnum. Fyrir utan það sem nú er þar innan veggja hefði ég einnig viljað sjá uppbyggingu á deildum í nýju formi til þess að geta ráðið við verkefnin. Þar er ég vissulega, virðulegur forseti, að vísa til þess að umhvrn. þarf að geta vaktað auðlindir landsins, landið og auðlindir þess lífrænar sem ólífrænar. Og þá sérstaklega hinar lífrænu auðlindir. Það þarf að koma þar upp auðlindadeild og það þarf að endurskipuleggja þessi mál þannig að almenn meðferð auðlindanna, gróðurríkis landsins, sjávarlífs og vatnalífs séu undir vöktun umhvrn. sem leggi almenna stefnu um nýtingu þessara auðlinda en atvinnuvegaráðuneytin deili síðan út því sem sammæli eru um að nýta. Þannig eiga línurnar að vera að mínu mati í þeim efnum.

Þetta þýðir það að almenn gróðurvernd, og skógvernd þar á meðal, á að færast undir umhvrn. og hafrannsóknir og ákvörðun um nýtingu fiskstofna, hámarksnýtingu, á að færast undir umhvrn. En skiptingin í einstökum atriðum, útfærslan, á að vera undir atvinnumálaráðuneytum, landbrn. og sjútvrn. Ég er afar undrandi á því, virðulegur forseti, að um þetta skuli ekki hafa tekist sammæli hér á Alþingi Íslendinga. Jafnmikið og við eigum undir í þessum efnum, jafneðlilegt og auðvelt ætti það að vera að ná saman um stefnu af þessum toga.

Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. hugleiði þessi efni og ég heiti honum liðveislu ef hæstv. ráðherra vill taka á í þessu máli í þessa átt. Að sumu leyti eru hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðherra sem ég sé að gerir út ökutæki úr tveimur ráðuneytum, samrekstur, ef marka má brtt. meiri hluta fjárln. Hæstv. ráðherra ætti því að geta tekið í stýrið landbúnaðarmegin í þessu efni og fært eitthvað yfir til umhvrn. með skynsamlegum hætti án þess að nokkuð sé gengið á hagsmuni þess sem er í raun landbúnaður. Þar fyrir utan þarf að ætla ákveðinn raunvöxt í þessu ráðuneyti þangað til það hefur náð þeirri stærð að vera líklegt til að valda einum þýðingarmestu verkefnum á Íslandi ef ekki þeim allra þýðingarmestu, sem er umhverfi landsins og gæsla auðlinda þess. Sú tillaga sem varð tilefni þessara orða af minni hálfu stendur nú ekki undir mjög miklu í þessum efnum því þar er aðeins verið að leggja til litlar 5 millj. kr. til að ráðast í verkefni sem ekki ætti að vera mikill ágreiningur um að nauðsynlegt sé að hefja eða ljúka við á komandi ári. Þetta varðar sem sagt þjóðgarða og friðlýst svæði og skyld verkefni, verndaráætlun fyrir Jökulsárgljúfur, Skaftafellsþjóðgarð, skipulag á Lónsöræfum, rannsóknir á hverasvæðinu við Geysi sem er auðvitað ein af þeim þjóðargersemum sem menn mega ekki vanrækja. Það er spurningin um að gera nauðsynlegar rannsóknir til að standa að verndun með skynsamlegum hætti. Aðgerða er þörf á Hveravöllum, en þar hefur m.a. staðið uppi skipulagsdeila. Það er alveg nauðsynlegt að gera rannsóknir á því svæði sem er því miður í hraklegu ástandi. Þetta er einn af þessum fjölsóttu ferðamannastöðum margauglýstu, sem fjölmargir, þúsundir, tugþúsundir, heimsækja á hverju ári. En hann er af ýmsum ástæðum, sögulegum sumpart, ekki í því horfi sem getur talist til neins sóma. Þar lentu menn í þeim ógöngum eins og víðar að reisa sæluhús sem kallað er eða ferðamannaskála alveg ofan í aðalnáttúruperlunni, ofan í hverasvæðinu. Þeir hafa síðan prjónað utan á það þannig að það sem verið er að sýna og verið er að vernda nýtur sín ekki vegna bygginga, misjafnlega þekkilegra. Ágangur á viðkvæmt svæði, hverahrúður og annað, verður miklu meiri vegna þess að þarna er dvöl alveg ofan í hverasvæðinu.

Þarna er m.a. skipulag á fleiri svæðum eins og á Búðum á Snæfellsnesi, þannig að víða er við komið, Vatnsfirði og friðlandinu þar og svo merkingar á friðlýstum svæðum. Þetta eru litlar 5 millj. kr., 5,1 samkvæmt áætlun Náttúruverndarráðs. Það væri vel gert núna á jólaföstunni að skoða þessi efni og ég er tilbúinn til að veita umhugsunarfrest til atkvæða um málið til 3. umr., ef það gæti orðið til að greiða fyrir athugun þess.

Ég ætla svo ekki, virðulegur forseti, að eyða fleiri orðum í þessa tillögu en kem þá að þeirri síðustu. Hún fjallar um 5 millj. kr. fjárframlag til Hollustuverndar ríkisins, að þar verði settur upp nýr liður: Verkefni vegna EES-samnings, reglugerðir og eftirlit. Hefði nú einhvern tímann þótt tíðindum sæta að sá sem hér mælir fyrir sé farinn að benda á samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. En ég kemst ekki hjá því að gera það í þessu samhengi vegna þess að fjárhagsvandi stofnunarinnar, þessarar þýðingarmiklu stofnunar, er bundinn í þessum samningi sem meiri hluti Alþingis hefur samþykkt og Ísland er aðili að þjóðréttarlega. Í dag var lögð inn fyrsta kæran í gegnum kerfi þessa samnings til að sækja Íslendinga til saka fyrir brot á honum. Menn verða að átta sig á að það er margt sem fylgir slíkum skuldbindingum. Annaðhvort er að hrista þennan samning af sér eða sýna lit á því að standa við hann, a.m.k. í því lágmarki sem forsvaranlegt er.

Virðulegur forseti. Ef farið er yfir tillögur Hollustuverndar ríkisins til fjárlaga 1996 og þær bornar saman við afgreiðslu þessa máls eins og það er lagt upp hérna, er það satt að segja með miklum fádæmum. Ég get ekki orðað það öðruvísi. Ég tel það vera með miklum fádæmum. Ríkisstjórnin hæstv. reynir að koma sér undan þessu máli með því að setja það bara í athugun. Fyrst átti að leiða hana til lykta fyrir lok nóvembermánaðar. Á meðan nefndir þingsins voru að fjalla um fjárlagafrv. og þá m.a. umhvn. var málið eiginlega sett til hliðar vegna þess að það væri til sérstakrar skoðunar og niðurstaða fengist fyrir lok nóvembermánaðar. En ekki gekk það eftir, ekki gekk rófan sú. Nú heyrum við, þegar hv. formaður fjárln. mælir fyrir málinu, að nefndin sem átti að skoða þetta hafi ekki lokið starfi að öðru leyti en því að hún leggur til sérstaka stjórnsýsluúttekt á Hollustuvernd ríkisins og frekari skoðun mála eitthvað inn í framtíðina. Og til að kosta þessa vinnu, það er úrlausnin í bili, eru lagðar til 1,5 millj. kr., en ekki neitt til að lina þá kreppu sem þessi mikilvæga stofnun er í.

Til glöggvunar á því sem verið er að fara fram á af hálfu stofnunarinnar tel ég rétt að ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa aðeins hér í málið eins og Hollustuvernd setti óskir sínar fram til fjárlagagerðar. Ég tek það fram, virðulegur forseti, að stofnunin hélt sig innan fjárlagaramma til skamms tíma. Ég held að það hafi verið fyrst á árinu 1994 sem hún keyrði að einhverju ráði fram úr. Það er einmitt þá, í ársbyrjun 1994, sem lagðar eru á stofnunina stórfelldar skuldbindingar sem kalla að sjálfsögðu á mannafla og fjármagn með samþykkt EES-samningsins.

Í erindi frá stofnuninni vegna fjárlaga í maímánuði sl. segir: „Gerð er tillaga um 11,5 ný störf þannig að störfum Hollustuverndar ríkisins fjölgi úr samtals 36 í 47,5

og að mengunardeild Siglingamálastofnunar meðtalinni eru stöðugildin 51,5. Ljóst er að tillögurnar eru engu að síður vanreiknaðar með tilliti til þessa þáttar því ekki er tekinn með í reikninginn kostnaður vegna húsnæðis og annarrar aðstöðu og ýmis rekstrargjöld sem hljóta að fylgja nýjum starfsmönnum. Þótt tillögurnar feli í sér umtalsverða hækkun ríkisframlags eins og tillögurnar frá síðasta ári, leggur yfirstjórn stofnunarinnar áherslu á að ekki er raunhæft að líta einungis á hlutfallslega hækkun. Líta verður á ný verkefni sem liggja fyrir og hvernig standa megi undir aðkallandi skyldum."

Síðan segir í liðnum Skýringar á helstu liðum á fjárlagatillögum nánar um þetta efni, um hækkanir. Ég ætla ekki lesa það upp en mig langar að koma hér að hlutverki stofnunarinnar varðandi framkvæmd samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Ef forseti leyfir að ég vitni þar í 5. lið í erindi Hollustuverndar: Undirbúningur og útgáfa tilskipana og gerða.

„Öll fagsvið stofnunarinnar nema rannsóknastofan eru meira eða minna yfirkeyrð af EES-vinnu. Á matvælasviði eru um 100 tilskipanir, á mengunarvarnasviði um 40 og 40–50 á eiturefnasviði." Ég vænti þess að menn átti sig á hvað tilskipanir eru í þessu samhengi. Þetta eru tilskipanir Evrópusambandsins sem okkur er gert að yfirtaka með öllum skuldbindingum.

„Vinna við gerð ESB-tilskipana og annarra stjórnvaldsfyrirmæla, samþykkt þeirra sem hluta af EES-samningnum og framkvæmd þeirra hér á landi, þ.e. setning reglugerða og yfirumsjón og samræming eftirlits er meira en fullt starf fyrir alla starfsmenn þessara fagsviða. Þá má nefna að stöðugt er unnið að nýjum gerðum hjá Evrópusambandinu."

Og undir fyrirsögninni: EES, ESB-tilskipanir í framkvæmd: „Miklar kvaðir fylgja varðandi framkvæmd margra tilskipana svo sem varðandi innra eftirlit í matvælaiðnaði, umhverfisvöktun og úrbætur í frárennslis- og sorpmálum og eftirlits- og skráningarkerfi fyrir eiturefni. Mjög þrengir nú að stofnuninni varðandi framkvæmdaþáttinn samanber nýleg samskipti við ESA." Þetta er enska skammstöfunin, EFTA Surveillance Authority. Við köllum þetta Eftirlitsstofnun EFTA.

Næsti liður: „Auk undirbúnings og framkvæmdar krefst Evrópusamstarfið stöðugra samskipta og verulegra fundarferða. Álag vegna fjarvista þrengir enn að varðandi eftirfylgni og úrvinnslu heima fyrir. Ekki verður séð að Hollustuvernd ríkisins geti með óbreyttum fjárveitingum og mannafla staðið undir þeim skyldum sem EES-samningurinn felur í sér, nema lögum yrði breytt þannig að innlendum skyldum yrði að mestu aflétt og stofnunin gerð að Evrópustofnun. Þetta verður að telja óraunhæft og því ber að stefna að bættri rekstrarstöðu stofnunarinnar."

Hér eru síðan saman dregnar tillögurnar um aukningu. Ég viðurkenni að þetta eru geysilega miklar óskir í fjárveitingum talið eins og það er lagt fyrir. Ég er ekki að leggja til nema örlítið brot af því sem þarna er verið að biðja um og telja menn þó að það sem óskað er eftir sé vanílagt og það verulega. En miðað við að gjöldin samtals á fjárlögum 1995 voru tæplega 106 millj. þá er núna að meðtalinni Siglingamálastofnun, þ.e. mengunarvarnadeildinni, beðið um tæpar 180 millj. Í fjárlagatillögunum var beiðnin um tæpar 160 millj. kr. Síðan gerðist það sl. vor að mengunarvarnasvið Siglingamálastofnunar var flutt yfir og að því meðtöldu er þarna um 180 millj. tæplega að ræða. Síðan dragast frá sértekjur sem stofnunin áætlar þó að fari lækkandi af sérstökum ástæðum sem koma fram og eru rökstuddar í erindi stofnunarinnar.

Einstök svið þessarar stofnunar gera grein fyrir sinni áætluðu fjárþörf. Ég tek fram, virðulegur forseti, að ég er ekki að segja að sjálfsagt mál sé að renna öllum þeim óskum í gegnum þingið. Auðvitað þarf að leggja raunsætt mat á þarfirnar þarna eins og annars staðar og meta hvað telst svartalágmark í þessum efnum ef menn eru að beita hér ýtrasta aðhaldi. En ég fullyrði að menn ganga hér miklu lengra en að beita ýtrasta aðhaldi eða miða við svartalágmark, eins og stundum er sagt. Því til staðfestingar leyfi ég mér, virðulegur forseti, að grípa niður í erindi mengunarvarnadeildar ráðuneytisins. Ég gæti allt eins og ekki síður farið í eiturefnasviðið, menn tækju kannski betur eftir þegar hættuleg efni og eiturefni eiga í hlut. En ég kýs þó að grípa frekar niður í erindi mengunarvarnadeildarinnar vegna þess að það snertir mál sem á að ræða innan skamms í þinginu í sambandi við mengunarvarnir tiltekins iðjuvers sem á að fara að stækka. Hvað segir nú í erindi mengunarvarnadeildar? Ég kem inn í miðjum klíðum, með leyfi forseta. Fyrst er það bjartsýni og lyfting og svo syrtir aðeins á álinn:

„Mikil umskipti urðu eftir að umhvrn. tók til starfa árið 1990 og nú síðast eftir samþykkt EES-samningsins í upphafi árs 1994. Hollustuvernd ríkisins er mengunarvarnastofnunin hér á landi. Fjárveitingar til mengunarvarnasviðs hennar sýna aftur á móti að þar hafa engin umskipti orðið og engin umtalsverð uppbygging á undanförnum árum. Nú er svo komið að mati undirritaðs ..." og undirritaður er forstöðumaður þessa sviðs, Ólafur Pétursson, „... að stofnunin er lengra frá því en nokkru sinni fyrr að geta sinnt málaflokknum með viðunandi hætti. Fjárveitingar og fjölgun starfsmanna hafa ekki verið í takt við aukin verkefni. Allur samanburður við mengunarvarnastofnanir í nágrannalöndunum er okkur mjög í óhag að sjálfsögðu þegar tekið hefur verið tillit til mismunandi fólksfjölda. Eðlilegt væri þó vegna eðlis starfseminnar að samanburðurinn væri á hinn veginn. Fjölbreytileiki verkefna sem vinna þarf er ekki verulega frábrugðinn því sem gerist meðal annarra þjóða og fjöldi ESB-tilskipana og reglugerða sem koma þarf í framkvæmd er sá sami.

Í grg. með fjárlagatillögum fyrir árið 1995 var minnt á fylgiskjal sem fylgdi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, á 116. löggjafarþingi. Enn skal á það minnt. Í fylgiskjalinu sem unnið er af fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að samþykkt EES-samningsins hafi það í för með sér að fjölga þurfi starfsmönnum mengunarvarnasviðsins.

EES-samningurinn hefur nú verið samþykktur. Fyrsti viðbótarpakki hans einnig og auk þess nýlega nokkrar tilskipanir til viðbótar á mengunarvarnasviðinu. Starfsmönnum mengunarvarnasviðs hefur hins vegar lítið fjölgað og fjárveitingar sitja í sama farinu. Afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Framkvæmd ýmissa tilskipana situr á hakanum. Þegar á næsta ári ber okkur að veita upplýsingar um framkvæmd fimmtán ESB-tilskipana á mengunarvarnasviðinu. Þessar upplýsingar eru að stórum hluta ekki til og verða fyrirsjáanlega ekki á tilsettum tíma. Það er nú svo komið að mati undirritaðs að áframhaldandi sjálfvirkni þar sem fjárveitingar taka mið að fjárveitingum fyrri ára dugar ekki. Það er kominn tími til að skoða rækilega þörf á fjárveitingum til sviðsins og gera áætlun um uppbyggingu þannig að hægt sé að segja með sæmilega skammlausum hætti, að verið sé að vinna að málinu".

Þetta segir hógvær forstöðumaður þessa sviðs. Ég segi hógvær eins og ég þekki þennan ágæta starfsmann. Mér finnst þörf á því hér á Alþingi að það sé tekið eftir þessu og yfir þetta farið. Í upphafi skal endinn skoða og það ættum við að hafa í huga nú fyrsta daginn þegar málssókn frá Eftirlitsstofnun EFTA, hin fyrsta er að skella á okkur. Hér er verið að safna í sarpinn fjölda mála svo skiptir ekki bara 100 heldur nær 200 tilskipunum Evrópusambandsins sem þessari einu stofnun er ætlað að sinna og undirbúa að færa í íslensk lög það sem þarf að lögfesta og síðan framkvæmdin og eftirlitið. Og ekkert gerist og ekki er neinu sinnt. Ekki er króna til þess arna. Það er síst meira, ég held að það fari minna fé í reynd til stofnunarinnar á þessu ári þegar tekið er tillit til þess að sértekjumöguleikar hennar eru metnir minni heldur en áður.

Er það nokkur hæfa, hæstv. forseti, að svona sé staðið að málum? Hugsa ég þá til hæstv. umhvrh. sem hlýðir á umræðuna og hlýtur að gera sér grein fyrir í hvern ógnarvanda verið er að stefna varðandi þessa mengunarvarnastofnun Íslands. Mér finnst þetta líka svo raunalegt gagnvart því fólki sem þarna er að reyna að gera sitt besta vafalaust. Það vinnur undir miklu álagi, sér ekki fram úr verkefnum, getur aldrei gert vel og getur aldrei náð í endann á því sem liggur fyrir. Og málið á að afgreiða frá þinginu samkvæmt tillögum meiri hlutans bara með því að segja: Ja, við ætlum nú að skoða þetta hérna eitthvað fram í tímann. Þið fáið ekki krónu. Ekki krónu til að lina þjáningarnar. Ég held að það sé alveg rétt að gera úttekt á stofnuninni. Ég held að það hafi þurft að gera miklu fyrr, ekki síðar heldur en að samþykktur var þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið. Þá hefði auðvitað þurft að gera úttekt á stofnuninni en það má ekki vera afsökun fyrir því að gera ekki neitt til úrbóta. Lágmarkið hefði verið að láta stofnunina hafa það sem blasir við að verður að gera til þess að þeir sem þarna vinna verði eitthvað skár í stakk búnir til að sinna þessum verkefnum.

Eins og ég sagði, virðulegur forseti, ég aðeins greip hér niður í röksemdafærsluna á einu sviði. Staðan varðandi eiturefni og hættuleg efni eða eiturefnaeftirlit Hollustuverndar er síst betri. Þar er kannski váin raunverulega svona nær. Hún er bráðari heldur en hitt. Hitt er vissulega til staðar alls staðar. Ég vil aðeins nefna í þessu sambandi, ég kem kannski að því aðeins í öðru samhengi, að norsk yfirvöld hafa verið að sýna fram á og reikna það út hvað loftgæði þýða. Hvað heilnæmt umhverfi þýðir í sparnaði. Systurstofnun Hollustuverndar í Noregi, Statens forurenings tilsyn hefur verið að draga saman efni um þetta varðandi Óslóarsvæðið alveg sérstaklega, þeirra höfuðborgarsvæði. Hvað það þýðir í sparnaði að varðveita og endurheimta gæði, loftgæði í þessu samhengi alveg sérstaklega. Ég er ekki með það efni sem ég hefði gjarnan viljað vitna til um þetta en geri það kannski seinna til hvatningar vegna þess ég held að við þurfum að skoða málið út frá þessu. Forvarnir þarf víðar heldur en varðandi heilsu mannsins með beinum hætti á heilbrigðissviði. Hér er um svið, nátengt sama eðlis að ræða sem varðar einnig heill og heilsu mannfólksins fyrir utan aðrar lífverur.

Virðulegur forseti. Þetta er var kannski nokkuð í lagt fyrir þessa litlu tillögu sem var nú af minni hálfu hugsuð þannig að hún væri táknræn ef Alþingi féllist á að samþykkja hana. Táknræn um að það væri einhver skilningur hér á Alþingi fyrir því að þarna verði að gera eitthvað. Ég er reiðubúinn til að standa að hækkun á þessari tillögu ef það er lagt til svo ekki stendur á því. Eins og ég segi þá er þetta nánast eins og dropi í hafið miðað við þörfina. Ég vil biðja hv. þingheim í heild sinni og hæstv. ríkisstjórn um að hugleiða þetta mál meðan ráðrúm er til þannig að við vekjum því fólki sem er að vinna þarna vandasöm verk fyrir Ísland á þessu sviði, von um að eitthvað sé verið að hugsa um þessi mál af þingsins hálfu í samhengi við þá bagga sem verið er að binda þessari stofnun af Alþingi Íslendinga.

Ég læt þetta nægja, virðulegur forseti, og máli mínu er lokið.

[22:55]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja það að ég deili skoðunum mínum með hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni varðandi stöðu og verkefnahlutverk ráðuneyta. Ég held að þau eigi og þurfa að vera þannig í stakk búin að þau geti virkað sem stjórnsýslulegar eftirlitsstofnanir og séu þannig búin að mannafla og fjármunum að þau geti sinnt því hlutverki sínu. En ég vil hins vegar minna á það líka að þó umhvrn. sé ungt ráðuneyti að árum held ég að það verði nú að segjast samt að því hafi verið býsna vel sinnt og það sé skilvirkt ráðuneyti. Ég efast ekki um hitt að auðvitað mætti gera betur og þyrfti að gera betur á ákveðnum sviðum.

Aðeins varðandi náttúruverndarmálin. Auðvitað er það svo að Náttúruverndarráð eins og margar aðrar stofnanir gætu nýtt meiri fjármuni ef tök væru á að sinna þeim verkefnum öllum. En ég minni á að undir fjárlagalið 14-190 Ýmis verkefni, eru þó fjárveitingar t.d. bæði til verndar Breiðafirði og til undirbúnings að stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi þannig að það er þó reynt að verða ofurlítið við nýjum, brýnum verkefnum sem ég tel nauðsynlegt að sinna.

Hann hleypur nú hratt tíminn, virðulegi forseti, í andsvari. En síðan er það auðvitað með Hollustuvernd ríkisins að ég hef margoft áður, allt frá þeim tíma er ég var í stóli heilbrrh. því þá heyrði þessi stofnun undir heilbrrn., haft nokkrar áhyggjur af því að þeirri stofnun væri ekki sinnt sem skyldi. Það má kannski segja að hún njóti ekki þess skilnings sem hún í raun þarf hjá löggjafanum og fjárveitingavaldinu. Ég hef líka rætt það hér oft að undanförnu að EES-verkefni stofnunarinnar séu svo mörg og margvísleg það þurfi að taka tillit til þess. Og vafalaust er það rétt hjá hv. þm. að það hefði þurft að taka á málinu strax og þessi ágæti samningur var samþykktur á hv. Alþingi. Hollustuverndin var ein fyrsta stofnunin sem ég heimsótti eftir að ég kom í umhvrn. en strax og ég kom í það ráðuneyti var mér ljóst að þar væri við vanda að glíma. Ég ræddi það við fjárlagagerðina. Niðurstaðan varð sú sem kemur fram í grg. frv. að leggja til að það yrði reynt að líta sérstaklega á fjárhagsmál hennar fyrir fjárlagagerðina. Niðurstaða nefndarinnar sem sett var í málið var hins vegar sú að fallast á að það yrði gefinn meiri tími til þess og stofnunin sett í stjórnsýslulega endurskoðun og ég hef fallist á að það starf verði hafið nú þegar. Það er búið að semja við eftirlitsaðilann eða úttektaraðilann og það er ætlað að hann ljúki störfum sínum í marsmánuði á næsta ári þannig að það er reynt að vinna hratt að þessu verkefni. Ég biðst afsökunar að hafa syndgað svona á tíma, virðulegi forseti.

[22:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að bregðast hér við og deila með mér áhyggjum eins og mér fannst vera inntak í hans andsvari. Að því er varðar Nátt-

úruverndarráð og fjárveitingarnar til þess þá er það svo að þau ein tíu verkefni sem ég kynnti að hugmyndin væri af hálfu ráðsins að ráðast í og kosta þó ekki nema 5 millj. kr. en eru öll mikilsverð komast ekki áfram vegna fjárskorts. Það er alveg ljóst. Ráðið þarf að verja af liðnum Önnur gjöld í verkefni sem brýn teljast en það bitnar í rauninni bara á frumkostnaði sem mjög erfitt er að spara. Ráðið hefur reynt að bæta sinn rekstur mjög á undanförnum árum.

Varðandi Hollustuvernd ríkisins þá finnst mér þetta ekki vera rétt afgreiðsla þó ég taki undir með hæstv. ráðherra að stjórnsýsluendurskoðunin er sjálfsagt verkefni og ég ætla bara að vona að það takist vel til í þeim efnum þannig að stofnunin standi betur í fæturna á eftir. En það vantar eitthvert tannfé hér inn við fjárlagaafgreiðsluna. Ég bið um að það verði athugað í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna til þess að bæta aðeins úr því hörmungarástandi sem hér ríkir. Samningurinn sem nefndur var og kemur fram í breytingartillögunni er í gildi. Sá ágæti samningur, sagði hæstv. ráðherra, ég man eftir því að við vorum samferða í því að greiða atkvæði gegn honum en við búum við hann. Þess vegna verðum við að sjá til þess, ef við ætlum ekki að brjóta á honum æ ofan í æ, að við séum fær um að sinna lágmarksskyldum samkvæmt því máli.

[23:01]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarna sjá orðið „ágæti" innan gæsalappa í þingræðunni þegar hún verður rituð. En eins og allir vita stöndum við frammi fyrir þeim verkefnum sem samningurinn leggur okkur á herðar og er Hollustuvernd ríkisins sennilega ein af þeim stofnunum sem verða mest fyrir því að þurfa að sinna nýjum verkefnum í tengslum við samninginn. Það varð mér ljóst strax á liðnu sumri þegar ég fór að líta á ný á málefni Hollustuverndar ríkisins.

Ég held að ég hafi einhvern tímann áður nefnt hér í umræðum um verkefni stofnunarinnar og þær skyldur sem þessi samningur leggur á okkur, að Hollustuvernd ríkisins hafi í þá tíð sem ég hafði áður afskipti af henni búið við þrjár eða fjórar reglugerðir sem samdar voru upp úr þeim eina lagabálki sem um stofnunina gildir. En nú eru þessar reglugerðir og tilskipanir komnar á a.m.k. þriðja hundrað. Þar hefur staðan augljóslega gjörbreyst og þess vegna er nauðsynlegt að fara yfir málefni hennar. Ég hef líka lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að líta til þess máls. Því miður vannst ekki tími til að skoða það betur fyrir afgreiðslu fjárlaganna en eins og hv. þm. greindi frá hefur nefnd sú sem vann að málinu komist að ákveðinni niðurstöðu. Hún var síðan lögð fyrir stjórn Hollustuverndar ríkisins sem hafði auðvitað ýmislegt við það að athuga að ekki skyldi hafa tekist að gera betur að þessu sinni. En ég hef rætt um það við einstaka stjórnarmenn hvernig að þessu megi standa. Að vísu ekki alla, en suma. Ég hygg að nú verði að líta til þess og þá sérstaklega í þessu sambandi að auka sértekjur stofnunarinnar vegna þess að þetta eftirlitshlutverk er þess eðlis að þar er verið að sinna ýmsum verkefnum fyrir t.d. ýmsa innflutningsaðila og framleiðendur. Þeir verða auðvitað í auknum mæli að standa undir þeim útgjöldum sem því fylgir.

[23:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur fyrr í þessari umræðu um fjárlagafrumvarpið gert grein fyrir afstöðu okkar þingmanna Þjóðvaka til fjárlagafrv. En þar sem ekki voru komnar fram tillögur um rekstrarþætti eða fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar þegar hann hélt sína tölu hér fyrr í dag, var ákveðið að ég færi aðeins yfir heilbrigðis- og tryggingamálin.

Enn eru inni í frv. þær grundvallarbreytingar sem felast í þeim tillögum að aftengja bæði atvinnuleysisbætur og lífeyrisgreiðslur almannatrygginga launaþróun í landinu. Hér er verið að veitast að þeim hópi sem á erfitt með að standa vörð um kjör sín og berjast fyrir réttindum sínum, þ.e. öldruðum og öryrkjum. Hér er verið að gera gagngerar breytingar á almannatryggingalögunum og lögum um félagslega aðstoð, breytingar sem ættu að bíða heildarendurskoðunar laganna sem þegar er hafin í heilbrrn.

Í fjárlagafrv. er sem sagt gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði ekki lengur tengdar við almenna launaþróun í landinu heldur ákvarðist af fjárlögum hvers árs. Ég vil mótmæla harðlega þessari aðför sem gerð er að öldruðum og öryrkjum og það hafa einnig samtök bæði fatlaðra og aldraðra þegar gert. Ég tel að þetta sé mjög alvarleg atlaga að kjörum þeirra lífeyrisþega sem minnst hafa, það eru þeir sem fá greiddar bætur almannatrygginga vegna tekjutengingar bótanna. Ég vil í því sambandi minna ríkisstjórnina á, og þingmenn hennar sem styðja þessar aðgerðir, að hér í Reykjavík þar sem helmingur lífeyrisþega býr, eru lífeyrisþegar fjórðungur þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar miðað við tölur frá 1994. Rúm 23% þeirra sem leita til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar eru lífeyrisþegar.

Hér á við líkingin sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi fyrr í umræðunni, líkingin með blöðruna. Þegar ýtt er á hana leitar loftið annað. Hér verða útgjöldin annars staðar. Þau verða í félagslega geiranum þegar bætur lífeyrisþega almannatrygginga eru skertar. Útgjöldin koma á félagsmálastofnanir sveitarfélaganna. Þetta á líka við margan af þeim sparnaði sem fram kemur í fjárlagafrv.

Ég óskaði eftir því í upphafi sumars að hæstv. heilbrrh. kannaði sparnað af lokunum deilda á sjúkrahúsum. Ég man ekki betur en að út úr þeirri athugun hæstv. ráðherra hafi komið efasemdir um raunverulegan sparnað vegna lokana. Kostnaðurinn kemur fram annars staðar. Nú lítur út fyrir að mörgum deildum verði ætlað sama rekstrarfé og í ár og það þýðir sömu lokanir og lengingu biðlista. Það er ráðstöfun sem hæstv. ráðherra var kominn að niðurstöðu um að væri ekki sparnaður.

Í sjónvarpsfréttum í kvöld kom fram hjá yfirlækni á Landspítalanum að sparnaðurinn gæti snúist upp í andhverfu sína. Biðlistarnir lengjast og sjúklingarnir koma inn sem bráðatilfelli og úrræði verða mun dýrari. Þessi sparnaður kemur líka út sem aukinn kostnaður í heilsugæslunni með heimahjúkrun og á fleiri sviðum. Sérstaklega hefur starfsfólk á geðdeildum áhyggjur af þessum sparnaði. Ástand þar hefur verið algjörlega óviðunandi á þessu ári. Við þekkjum það úr umræðunni hér í þinginu þar sem við höfum verið að ræða þessi mál að það verður ekki lengra gengið í sparnaði hvorki á almennum deildum né á barna- og unglingadeildinni. Hér hafa menn lýst yfir áhyggjum sínum af fíkniefnanotkun og hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að þetta sé stærsti vandi heilbrigðismála hjá okkur, hann gerði það hér í utandagskrárumræðu fyrir nokkrum dögum. Hæstv. heilbrrh. hefur líka lýst yfir skilningi sínum á forvörnum enda hjúkrunarfræðingur að mennt. Viðunandi aðbúnaður barna- og unglingageðdeildarinnar er

ein af þeim forvörnum sem eru nauðsynlegar til að bregðast við þeim vanda.

Við þingmenn í heilbr.- og trn. heimsóttum geðdeildir nú í haust og komumst að þeirri niðurstöðu að hér er stór vandi á ferðum. Það hefur orðið að vísa fólki frá sem kemur veikt að næturlagi vegna þess að það vantar starfsfólk til að sinna þeim sjúku sem koma og leita aðstoðar á geðdeildunum. Einnig hefur okkur þingmönnum borist afrit af bréfum frá námsráðgjöfum í Reykjavík sem sinna 9.000 nemendum hér í höfuðborginni og þeir telja að minnsta kosti 10% þeirra þurfi aðstoð sérfræðinga á geðdeildum vegna félagslegs og andlegs ástands þeirra, bæði þunglyndis og annars.

Einnig vil ég koma aðeins inn á bæklunaraðgerðir sem ég tel mjög brýnt að verði lögð áhersla á að auka. Eins og komið hefur fram er u.þ.b. tveggja ára bið eftir bæklunaraðgerðum og þeir sem bíða eru á miðjum aldri. Þetta er fólk á miðjum vinnualdri og meðan þetta fólk bíður, sem væri fullvinnufært ef það fengi þessar aðgerðir, hleðst upp kostnaður hjá hinu opinbera, bæði í sjúkradagpeningum, greiðslum frá almannatryggingum, dýrum lyfjum o.fl. Auk er þetta mikill vandi og erfiðleikar fyrir þær fjölskyldur sem lenda í því að fyrirvinnan er frá vinnu vegna biðinni eftir bæklunaraðgerð.

Það er vissulega rétt að þetta fjárlagafrv. er aðför að öldruðum, fötluðum, einstæðum foreldrum og bótaþegum vegna tjóns vegna ofbeldisverka. Þetta er líka aðför að sjúklingum með niðurskurðinum í sjúkrahúsrekstrinum.

Mig langar aðeins að koma aftur að almannatryggingunum og lífeyrisþegunum því nú eiga fjármagnstekjur að skerða almannatryggingabæturnar. Fyrstir allra eiga aldraðir og öryrkjar að lenda í óbeinum fjármagnstekjuskatti. Ég get verið sammála því að fjármagnstekjur eigi að skerða almannatryggingabætur eins og aðrar tekjur. En ég get ekki sætt mig við þá forgangsröðun ríkisstjórnarinnar sem felst í því að byrjað er á því að skerða greiðslur til lífeyrisþega vegna fjármagnstekna áður en fjármagnstekjuskatti hefur verið komið á aðra landsmenn. Ýmsar aðrar ráðstafanir í tryggingamálunum tel ég einnig að mætti gagnrýna eins og t.d. að leggja eigi niður ekkjulífeyrinn. Þetta er bótaflokkur sem er að leggjast af vegna breytinga í þjóðfélaginu og hann er einnig orðinn mjög tekjutengdur. Frá því að bótaflokkurinn var tekjutengdur hefur verið 10% fækkun kvenna sem hafa fengið ekkjulífeyri á milli ára. Þetta eru, geri ég ráð fyrir, innan við 100 konur sem lenda í þessari skerðingu. Þannig að langt er nú seilst eftir aurunum. Ég get aftur á móti fallist á að þessi bótaflokkur verði tekinn út ef á móti kæmi samræming á dánarbótum þannig að sett yrði inn heimild til að greiða þær jafnlengi og greiddar eru dánarbætur vegna slysa sem eru átta ár. Það er mjög ósanngjarnt hversu misjafnlega ekkjur standa að vígi við lát manna sinna. Tökum sem dæmi tvær ekkjur, önnur missir manninn sinn í slysi og hin af illvígum sjúkdómi, t.d. krabbameini. Sú sem missir manninn sinn í slysinu fær dánarbætur úr almannatryggingum í átta ár, en sú sem missti manninn sinn úr krabbameini og er búin að ganga í gegnum erfið veikindi, kannski í marga mánuði eða ár, fær bætur í sex mánuði. Það er auðvitað ekkert samræmi í þessu. Vitaskuld á að gera svona breytingar við heildarendurskoðun almannatryggingalaganna en ekki að grípa svona inn í þetta í einhverjum ráðstöfunum í ríkisfjármálum eins og er verið að gera hér. Ég veit að hv. þm. Jón Kristjánsson hefur skilning á þessu og veit að þetta eru þau vinnubrögð sem á að viðhafa. Hann var a.m.k. á þeirri skoðun á síðasta kjörtímabili að þetta væru þau vinnubrögð sem ætti að viðhafa en ekki að vera að grípa í hasti til svona aðgerða rétt fyrir jól þegar menn eru undir pressu að ganga frá fjárlagafrv. Það er allt of mikið í þessum ráðstöfunum í ríkisfjármálum þó þau séu kannski ekki beint til umræðu hér sem alls ekki þarf að gera núna undir pressu rétt fyrir jólin. Ég treysti því, vegna þess að ég veit að hv. þm. er skynsamur maður, að hann taki til sinna ráða og taki út úr þessu frv. það sem ekki þarf nauðsynlega að koma þangað inn vegna fjárlagafrv.

Okkur þingmönnum bárust tillögur um rekstrarþætti heilbrigðisþjónustunnar seint í dag og ég treysti mér ekki til að taka beint afstöðu til þeirra. Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar á fjárln. eftir að fara yfir þessar tillögur og ef til vill koma með breytingartillögur. En mig langar til að spyrjast fyrir um þátt sem á að heyra undir fjmrn. Ég tók eftir því í andsvari áðan að það kom fram að eitthvað af þessum 150 millj. sem eiga að verða til hagræðingar hjá ríkisfyrirtækjum ætti að fara í biðlaun. Því vil ég spyrja: Á að fara að segja upp fólki? Stendur það til hjá þeim sem ætluðu að fjölga störfum um 12.000 til aldamóta? Hvað er þarna á ferðinni? Biðlaun í þeim 150 millj. sem fjmrh. hefur yfir að ráða í þessari svokölluðu „púllíu"? Það væri fróðlegt að fá þá skýringar á því.

Mig langar til að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að minnast á greinina í Morgunblaðinu frá móður stúlku sem varð fyrir tjóni og hafa verið dæmdar bætur vegna ofbeldisverka. Ég skora á hv. stjórnarþingmenn að lesa þessa grein í Morgunblaðinu. Ég held að hún sé holl lesning öllum. Og ég bið þá stjórnarþingmenn í salnum sem eru reyndar ekki nema tveir og hafa verið ansi fáir hér í kvöld — maður sér ekki tilganginn í því að vera að ræða þessi mál hér þegar svona þrír til fjórir, fimm og sex stjórnarandstöðuþingmenn og einn og tveir stjórnarliðar hafa verið í salnum til að hlusta. En ég bið þá um að skila því til þingmanna í stjórnarliðinu að lesa þessa grein frá móðurinni í Morgunblaðinu í dag.

Ég get tekið undir það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði um vinnubrögðin við þá lagasetningu sem hefur verið hér í gangi í tengslum við fjárlagafrv. sérstaklega varðandi hinn svokallaða bandorm eða frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Menn hafa, að minnsta kosti stjórnarandstaðan, hálfan sólarhring til að fara yfir breytingar á 33 lögum sem ég tel í hæsta máta óeðlilegt. Auk þess eru málin keyrð í gegnum nefndirnar eins og heilbr.- og trn. án þess að nokkur þingmaður Framsfl., flokks hæstv. heilbrrh. sé viðstaddur þá umræðu og aðeins tveir stjórnarliðar. Tveir hv. þm. Sjálfstfl. telja ástæðu til að fara í gegnum þá umræðu í nefndinni. Mér finnst þetta ekki boðlegt þegar er verið að ræða mál eins og þessi. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín lengri en vísa til ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar sem talaði hér fyrr í dag.

[23:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykjav. beindi því til mín varðandi yfirlýsinguna sem ég las upp áðan eða tillögurnar sem fyrir fjárln. voru lagðar, hvort það ætti að fara að segja upp ríkisstarfsmönnum vegna biðlauna sem þar voru nefnd. Mér er ekki kunnugt um að neinar hópuppsagnir standi fyrir dyrum. Hins vegar er það títt að það er verið að hagræða í ýmsum fyrirtækjum og af því geta leitt uppsagnir. Það er t.d. verið að fækka í einni ríkisstofnun um nokkra starfsmenn sem ég get nefnt, hjá húsameistara ríkisins. Það kostar biðlaunagreiðslur. Sú hagræðing eða fækkun ríkisstarfsmanna sem þar á sér stað er eitt dæmi. Auðvitað geta verið einhver

viðlíka dæmi. En það standa ekki fyrir dyrum neinar hópuppsagnir svo mér sé kunnugt um. Ég vildi að þetta kæmi fram í andsvari frá minni hálfu.

[23:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að spyrja hvort hæstv. fjmrh. er staddur í þinghúsinu og ef svo er þá óska ég eftir nærveru hans við þessa umræðu.

(**Forseti** (RA)**:** Hann er í húsinu og honum verður gert viðvart.)

Hæstv. forseti. Ég mun hinkra við þar til fjármálaráðherra er kominn í þingsalinn. Það er svolítið undarlegt eftir þessa tæknivæðingu í þinginu að vita til þess að maður er að tala til þingmanna víðs vegar um stofnunina þar sem þeir sitja sjónvarpsvæddir í herbergjum sínum. Undarleg tilfinning er það engu að síður.

(**Forseti** (RA)**:** Hv. þm. getur verið viss um að þeir missa ekki eitt einasta orð.)

Alla vega ætla ég að sjá til þess að hæstv. fjmrh. missi ekki eitt orð af því sem ég segi í upphafi minnar ræðu vegna þess að ég vil, hæstv. forseti, byrja á að vekja athygli á því að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir launahækkunum umfram það sem samið var um fyrr á þessu ári. Í kjarasamningum á fyrri hluta ársins eru endurskoðunarákvæði og hefur það væntanlega ekki farið fram hjá neinum hverjar hræringar hafa orðið á vinnumarkaði vegna þessarar endurskoðunar kjarasamninga. Þetta á við um almenna launamarkaðinn og þetta á einnig við um starfsfólk sem starfar hjá sveitarfélögum og ríki.

Þegar fjmrh. og fulltrúar hans sömdu á sínum tíma við félög ríkisstarfsmanna var frá því greint við upphaf kjarasamninganna að Vinnuveitendasambandi Íslands yrði látið það eftir að skapa samningsrammann og yrði ekki samið við starfsmenn ríkisins umfram það sem þar var skammtað. Gekk þetta að mestu leyti eftir. Kjaradómur eins og við vitum er svo annar handleggur. Honum koma engir samningar við enda hélt hann sig jafnan í sínum úrskurði einhvers staðar nærri plánetunum eins og fyrri daginn en það er önnur saga.

En varðandi kjarasamningana þá létu menn sig þessar málalyktir lynda þótt ánægja væri ekki með niðurstöðuna. En hvað gerist svo? Eftir úrskurð Kjaradóms um kjör alþingismanna, ráðherra og háembættismanna auk kjarabóta til þingmanna og ráðherra sem ákveðnar voru í þessum sal, logaði allt samfélagið í óánægju. Í kjölfarið ákvað Vinnuveitendasambandið að færa þorra launamanna á almennum vinnumarkaði kjarabætur, að sönnu ekki ýkja miklar og ekki var hrópað húrra fyrir þeim enda voru þessar kjarabætur ekki stimplaðar inn í launataxtann eins og óskir manna almennt stóðu til. En engu að síður voru þetta kjarabætur og námu samtals að því er sagt er um 800 millj. kr. En hvað skyldi hæstv. fjmrh. gera í þessari stöðu gagnvart því starfsfólki sem hann semur við? Hvernig skyldi hann axla ábyrgð sína sem launagreiðandi gagnvart starfsmönnum ríkisins? Nú er ég ekki, hæstv. fjmrh., að tala um neitt hálaunafólk. Ég er að tala um starfsstéttir á borð við póstmenn. Ég er að tala um almennt skrifstofufólk sem starfar hjá ríkinu eða aðrar stéttir. Ég er að tala um láglaunafólk sem þúsundum saman er með langt fyrir neðan 70 þús. kr. í dagvinnulaun. Hvernig skyldi hæstv. fjmrh. bera sig að gagnvart sínum starfsmönnum varðandi kjarabætur? Skyldi hann hafa lýst því yfir að hann hygðist láta Vinnuveitendasambandið ákvarða rammann, fara að dæmi atvinnurekenda innan Vinnuveitendasambandsins eins og fyrr á árinu? Við skulum ekki gleyma því að hæstv. fjmrh. hefur margoft lýst yfir því að þetta hafi hann gert og hefur hann vísað á bug öllum fullyrðingum um hið gagnstæða. Hann hefur margoft lýst því yfir að hann hafi samið innan sama ramma og samið var almennt um á almennum vinnumarkaði.

Þess vegna kom mönnum óneitanlega mjög á óvart að hæstv. fjmrh. skyldi bregðast við af annarri eins óbilgirni og raun ber vitni í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Ég hef meira að segja grun um að það hafi komið ríkisstjórninni allri á óvart, alla vega hæstv. forsrh., sem í fréttaviðtölum sagði að starfsmenn ríkisins myndu að sjálfsögðu hljóta svipaðar kjarabætur og gerðust á almennum vinnumarkaði. Að vísu skal það tekið fram að þá hafði ríkisstjórnin ekki fengið línuna frá Vinnuveitendasambandinu. Þar var nefnilega kveðið á um það að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga fengju ekki kjarabætur í sitt launaumslag við fyrrnefnda endurskoðun kjarasamninga.

Það er ekki, hæstv. fjmrh., stórmannlegt að nýta sér þá staðreynd að fólk er seinþreytt til vandræða, seinþreytt til að beita verkfallsvopni. En ég spái því nú að framkoma af þessu tagi, ósanngirni af þessu tagi gagnvart láglaunafólki er ekki til þess fallin að skapa frið og jafnvægi í þjóðfélaginu. Framkoma af þessu tagi leiðir af sér tortryggni og hún leiðir af sér úlfúð. Ef menn á annað borð ætla að framfylgja almennri launastefnu þá er það grundvallaratriði að um hana ríki almenn sátt í þjóðfélaginu. Þetta er grundvallaratriði. Menn mega vita að þegar sáð er til sundrungar og sundurlyndis er uppskeran eftir því. Við erum einmitt að verða vitni að þess konar ástandi í þjóðfélaginu. Ég lít svo á að það sé skylda hæstv. fjmrh. að setjast niður með samtökum fulltrúa opinberra starfsmanna og reyna að ná sátt í þessum málum. Ég tel þetta mjög mikilvægt því ef menn vilja stuðla að farsælli niðurstöðu í kjarasamningum í lok næsta árs, og það hljóta allir að vilja gera, þarf að skapa trúnað og traust um heilindi samningsaðila. Það hljóta allir að vilja ná víðtækri sátt um almennar kjarabætur og leiðir til að ná þeim fram. Það verður fylgst með hæstv. fjmrh. í þessu efni því það kemur dagur eftir þennan dag.

Hitt er svo allt annað mál að sú ákvörðun hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar allrar að falla frá því að setja innritunargjöld á sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús og setja ekki á viðbótargjöld innan veggja sjúkrastofnana eins og til hafði staðið að gera, er ánægjuefni og mjög mikilvægt að mínu mati. Annað sem ríkisstjórnin lýsti yfir gagnvart samtökum launafólks, BSRB og ASÍ um að ekki yrðu skertar tekjur öryrkja, lífeyrisþega og atvinnulausra á næsta fjárlagaári eins og til hafði staðið er einnig mjög mikilvægt enda höfðu samtök launafólks lagt höfuðáherslu á að fallið yrði frá þessum áformum.

Eftir sem áður er gert ráð fyrir því í hinum illræmda bandormi að skera á tengslin sem verið hafa á milli kjara þessara hópa og þeirra hópa sem afla launatekna í þjóðfélaginu. Þetta verður að sjálfsögðu rætt við umræðuna um bandorminn sem öðru nafni nefnist frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Undarlegt heiti á lögum sem að uppistöðu til fjalla um breytingar sem eru hugsaðar til frambúðar og koma sumar hverjar ekki til framkvæmda á næsta ári heldur síðar. Þessar breytingar, sem eru mjög alvarlegs eðlis, verða að sjálfsögðu ræddar rækilega við umræðuna um bandorminn.

En þótt ég leggi áherslu á hve mikilvægt það er að ríkisstjórnin skuli hafa fallið frá því að skerða kjörin hjá öryrkjum,

ellilífeyrisþegum og atvinnulausum, og fallið frá innritunargjöldum, þá er ekki þar með sagt að allt sé eins og best verður á kosið. Því fer reyndar afar fjarri eins og ítrekað hefur komið fram hér við fjárlagaumræðuna. Það sem reyndar einkennir þessa umræðu er að kvartað er um fjársvelti mjög víða í menntakerfi, heilbrigðiskerfi og félagslegri þjónustu almennt. Nú vitum við öll að heilbrigðis- og félagsþjónusta er þess eðlis að henni verður aldrei fullnægt þannig að ekki megi gera betur. Þetta á einnig við um mennta- og uppeldismál. Svona er þetta eðli málsins samkvæmt. En þetta er einnig spurning um forgang í þjóðfélaginu, um hvernig fjármunum þess er ráðstafað. Ekki er nóg með það þó, því þetta snýst einnig um það hvernig greitt er fyrir þjónustuna. Það leikur ekki nokkur vafi á því að sú stefna sem framfylgt hefur verið, að svelta heilbrigðisstofnanir, hefur leitt til þess að þeim er í sífellt ríkari mæli þröngvað til að taka upp sértekjur. Á undanförnum árum hefur t.d. verið skorið niður við Háskóla Íslands. Hann bregður síðan á það ráð að setja á innritunargjöld sem að hluta til renna til reksturs skólans. Þar sem þetta á sér ekki stoð í lögum er þess farið á leit við ríkisstjórnina að lög um innritunargjöld séu samþykkt. Hæstv. menntmrh. talaði hér síðan fyrir nokkrum dögum fyrir þessari lagabreytingu en í grg. með því frv. og í máli hæstv. ráðherra er sagt að nú þurfi að lögfesta þessi gjöld. Hvers vegna? Að beiðni Háskóla Íslands. Með öðrum orðum, Háskóli Íslands er gerður ábyrgur fyrir því að koma á skólagjöldum.

Þetta eru menn einnig að föndra við gagnvart heilbrigðiskerfinu. Ég hef ekki trú á því að þetta sé vilji hæstv. heilbrrh. Ég endurtek það svo hæstv. heilbrrh. heyri orð mín. Ég hef ekki trú á því að innritunargjöld og aukin gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu sé vilji hæstv. heilbrrh. Og ég styð reyndar hæstv. heilbrrh., Ingibjörgu Pálmadóttur, í þeirri afstöðu að afla beri almennra skatttekna t.d. fjármagnsskatts, skatta af tekjum fyrirtækja og hátekjuskatts á einstaklinga til að standa straum af kostnaði við heilbrigðisþjónustuna í stað þess að láta notandann, sjúklinginn, ef því er að skipta, borga úr sínum vasa. Ég styð þessa afstöðu hæstv. heilbrrh. En hæstv. heilbrrh. má vita að hún er í samstarfi við stjórnmálaflokk sem hefur þá stefnu að markaðsvæða spítalagangana. Niðurskurður og fjársvelti er leiðin sem á að fara til að ná þessu markmiði því svo andvíg er þjóðin þessari ráðstöfun að ekki þykir fært að fara öðruvísi að málinu en inn um bakdyrnar.

En hverjir skyldu nú bregðast harðast gegn þessari stefnu? Jú, það eru málsvarar þeirra hópa sem eiga beint hlut að máli. Það hefur bókstaflega rignt yfir mótmælum frá samtökum öryrkja, sjúklingahópum sem eru afskiptir og forsvarsmönnum heilbrigðisstofnana sem sýna þá ábyrgð að styðja við bakið á sjúklingum sínum. Þessir aðilar eru ekkert sérstaklega að leggjast á hnén. Þeir færa mjög góð rök fyrir máli sínu sem í sumum tilvikum ganga út á það að spara fjármuni þegar til lengri tíma er litið. Þannig hefur landlæknir sýnt fram á að með því að stofna til svokallaðra sjúkrahótela megi spara 15–20% af rekstrarfé sjúkrahúsanna. Þetta eru með öðrum orðum fyrirbyggjandi aðgerðir í þeim skilningi að þær verða til þess að spara ríkissjóði fjármuni þegar til framtíðar er litið.

Eru hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. að ræða hvernig eigi að ráðstafa 150 milljónunum? Hvort kalla eigi til sérfræðinga frá Nýja-Sjálandi, sérfræðinga í einkavæðingu, niðurskurði og eyðileggingu á velferðarkerfinu? Hvernig eigi að fara að því að reka fólk? Það var talað í yfirlýsingu sem var lesin hér upp í þessum ræðustóli fyrr í kvöld um varanlegar sparnaðaraðgerðir. Og hvað er það? Það eru biðlaun. Væntanlega greidd til fólks sem hefur verið rekið. Eða ýtt út á gaddinn.

Menn ætlast til þess að þegar verið er að tala um fjárlög að þá hlusti hæstv. ráðherrar á það sem verið er að segja.

Tómas Helgason, yfirlæknir á geðdeild Landspítalans, segir í mjög afdráttarlausri yfirlýsingu sem hann birtir í opnu bréfi fyrir fáeinum dögum, með leyfi forseta:

„Það er dýrt að halda uppi góðri heilbrigðisþjónustu. En það er miklu dýrara að gera það ekki. Slíkt leiðir til minni verðmætasköpunar vegna vinnutaps og meiri kostnaðar vegna örorku og ótímabærs dauða. Þó að beinn kostnaður vegna meðferðar geðsjúkdóma sé töluverður er hann ekki mikill í samanburði við hinn óbeina kostnað og þá þjáningu sem af þeim hlýst. Með viðeigandi meðferð á sjúkrahúsi og göngudeildum er hægt að draga verulega úr þessum óbeina kostnaði, stytta veikindatímabilin, draga úr örorku og koma í veg fyrir sjálfsvíg."

Það er spurt hverjir hefðu helst haldið uppi andróðri gegn þeirri stefnu að skera og skerða í velferðarkerfinu. Ég er hér með stóran bunka af bréfum þar sem samtök eru að andæfa niðurskurðinum og það er einkennandi hve mikil óvissa hrjáir þessa hópa alla nú um stundir. Og reyndar er það umhugsunarefni út af fyrir sig að ríkisstjórn landsins skuli árlega skapa óvissu hjá öllum þeim hópum sem eiga erfitt með að verja sig, óvissu um hvað ríkisstjórnin ætli að gera á þeirra hlut þetta árið. Ætti það ekki að vera okkur öllum svolítið umhugsunarefni? Mér væri sama ef það væru hópar sem ættu eitthvað undir sér. En slíkir hópar stíga af hógværð og hæversku til jarðar núna á þessum dögum fyrir jólin. Öðru máli gegnir um þá sem eiga í erfiðleikum, ekki bara á þessum tíma árs, heldur alla daga allan ársins hring. Það er ekki að ástæðulausu að t.d. fatlaðir hafi áhyggjur. Þannig hafa þeir hjá Sjálfsbjörg, Landssambandi fatlaðra og Öryrkjabandalaginu verið að álykta um bílalán sem Tryggingastofnun hefur veitt öryrkjum. Í yfirlýsingu sem barst frá Öryrkjabandalagi Íslands ekki alls fyrir löngu er fjallað um afnám bílakaupalána til hreyfihamlaðra. Þar segir að þessi lán hafi verið hreyfihömluðum afar dýrmæt í þeirra ríku þörf fyrir að eignast bifreið. Ég er að lesa upp úr ályktun frá Öryrkjabandalagi Íslands, með leyfi forseta:

„Eins og tryggingaráði er best kunnugt er mikil ásókn í þessi lán. Þrátt fyrir hið margumrædda mikla lánaframboð á almennum markaði eru bílakaupalán Tryggingastofnunar ríkisins á svo miklu hagstæðari kjörum en almennt er, afgreiðsla þeirra öruggari fyrir rétthafa og fyrirkomulag afborgana einnig með ágætum fyrir lántakendur. Þörfin fyrir lánafyrirgreiðslu þessa er því alveg jafnótvíræð og verið hefur hvað sem líður misdýrum gylliboðum lánamarkaðarins. Enda vafasamt í raun að þau eigi við alla þá er Tryggingastofnun ríkisins hefur liðsinnt svo vel og gerir vonandi áfram."

Öryrkjabandalagið mótmælir þeirri ráðstöfun að hætta við þessi lán. Svo ég vitni í erindi sem Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra sendir frá sér um sama efni er í þeirra plaggi skírskotað til stjórnmálaflokkanna og stjórnarflokkanna sérstaklega en hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Að lokum viljum við benda á að Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra skrifaði stjórnmálaflokkunum fyrir kosningar til Alþingis 8. apríl sl. og bar fram nokkrar spurningar sem snerta málefni fatlaðra. Í svari Sjálfstfl. segir að flokkurinn hafi alla tíð lagt mikla áherslu á málefni fatlaðra og að rétt sé

að taka tillit til þess sérstaka kostnaðar sem einstaklingurinn hefur af fötlun sinni og koma til móts við þarfir hvers og eins. Í svari Framsfl. sem nú er við stjórnvölinn í tryggingaráðuneytinu segir: Fólk í fyrirrúmi. Atvinnuskapandi aðgerðir og tekjujöfnun eru markmið nýrrar forgangsröðunar í útgjöldum ríkisins. Leggja ber áherslu á jöfnuð og réttlæti og að ávinningi ríkissjóðs verði varið til lífskjarajöfnunar og eflingar velferðarþjónustunnar".

Síðan er vikið mikið að þessum bílakaupalánum. Ég vildi aðeins nefna að þessi samtök hafa mjög miklar áhyggjur af breytingum á þessum hlutum. En það er ekki eingöngu þessir hópar sem hafa verið að andæfa. Það eru einnig Samtök aldraðra. Íslenskum ellilífeyrisþegum eða forsvarsmönnum þeirra hefur ekki orðið neitt sérstaklega svefnsamt nú á aðventunni. Í fyrsta lagi höfðu þeir áhyggjur af skerðingu ellilífeyris. Því var síðan bægt frá í bili, því eins og vikið var að hér fyrr og margir ræðumenn hafa sagt í ræðum sínum, er áformuð kerfisbreyting þar sem menn hyggjast aftengja ellilífeyri almennri launa- og verðlagsþróun.

En það er annað sem mig langaði til að vekja athygli á og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vék að í máli sínu hér áðan. Nú stendur til að endurskoða fyrri ákvörðun stjórnvalda um að undanþiggja 15% af lífeyrisgreiðslum ellilífeyrisþega skattskyldu í ljósi þess að lífeyrisgjöld verða að fullu skattfrjáls á næstu árum. Nú stóð til upphaflega að gera þetta í tveimur áföngum. Fyrst 7,5% og síðan aftur 7,5%. En sú breyting varð gerð á að flýta afslættinum fyrir iðgjaldaprósentuna, flýta þeirri ákvörðun, og þá er ákveðið líka núna í tengslum við fjárlög að leggja þennan 15% skattafslátt lífeyrisþeganna af í einu vetfangi. Ég vil minna á það að þegar baráttan gegn tvísköttun lífeyris hófst hér fyrir alvöru voru það fyrst og fremst Samtök aldraðra, samtök aldraðra um allt land, sem börðust fyrir þessu. Síðan tóku verkalýðssamtök undir með þeim en þar komu fram ólíkar áherslur. Niðurstaðan ætlar að verða sú að aldraða fólkið verður af öllum kjarabótum sem það barðist fyrir með afnámi þessarar tvísköttunar, nema menn framkvæmi það sem vitnað er til í frv. til laga, þskj. 1, í skýringum með fjárlagafrv., en þar segir á bls. 271, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að fella þessa undanþágu niður í tveimur áföngum og kemur sá fyrri til framkvæmda um næstu áramót."

En eins og ég segi er núna búið að ákveða að taka hana alla í einu. Hins vegar verður þeim fjármunum sem sparast við þessa breytingu varið til að hækka grunnfjárhæðir lífeyristrygginga. Þessu er lofað í þessari bók hér. Og nú spyr ég: Hvar er þessar hækkanir að finna? Það er mjög mikilvægt að grunnfjárhæðir lífeyristrygginga verði hækkaðar, að minnsta kosti sem nemur því sem sparast við þessar breytingar, eins og vikið var að í þingskjölum og í fjárlagafrv. þegar það var *birt á sínum tíma*.

Hverjir aðrir hafa verið að beita sér í vörninni fyrir velferðarsamfélagið? Það eru samtök launafólks. Þar gera menn sér grein fyrir að skerðing á velferðarþjónustu með tilheyrandi þjónustugjöldum veldur misrétti í þjóðfélaginu. Og nú spyr ég: Skyldi vera eitthvert samhengi á milli andófs launafólks annars vegar og þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að skera niður framlög til aðila á vinnumarkaði um 10 millj. kr.? Er það til að undirbúa og undirbyggja hagræðingarátak hæstv. *fjmrh., sem sérstakur sjóður upp á 150 millj.* hefur verið stofnaður um? Ég bara spyr. Það eru ekki miklir fjármunir sem samtök launafólks fá ár hvert af fjárlögum. Reyndar fá samtök atvinnurekenda einnig fjármuni, einnig stuðning. Samtök launafólks fá ekki mikla peninga miðað við þann fjölda sem býr að baki og það hlutverk sem þeim er ætlað að sinna. Í ræðum hér í dag hefur ítrekað verið vísað í álitsgerðir þessara samtaka en þær þarf allar að vinna. Og meira en það, þær þarf að ræða og undirbúa á fundum. Þetta eru lýðræðislega unnar álitsgerðir. Allt kostar þetta fjármuni sem ég vil meina að sé einfaldlega kostnaður við lýðræðið í landinu. Ef við ætlum að tryggja öflugt fjölþátta samfélag þurfum við kröftuga verkalýðshreyfingu. Því leyfi ég mér að mótmæla þessum niðurskurði og beini því til fjárln. og ríkisvalds að tillögurnar verði endurskoðaðar.

Um þetta flyt ég ekki breytingartillögu. Það geri ég hins vegar varðandi einn tiltekinn lið, geðheilbrigðisgeirann. Ég flyt tillögu um sérstakt viðbótarframlag á fjárlögum sem renni til geðdeildar Ríkisspítala og barnaspítala samkvæmt nánari ráðstöfun stjórnarnefnda spítala. Þörfin á framlagi til barnaspítala er afar brýn því allri aðstöðu fyrir börnin og foreldra þeirra er mjög ábótavant. Margoft hefur verið sýnt fram á að langvarandi sjúkdómslegur hjá litlum börnum eru þeim og fjölskyldum þeirra afar erfiðar og því nauðsynlegt að vel sé búið að þeim.

Ég hef kynnt mér geðheilbrigðismál nokkuð í sumar og haust og hef sannfærst um þörfina á því að auka fjármagn til þessa málaflokks. Víða er úrbóta þörf en þarna verður ekki undan því vikist. Það er staðreynd að vegna niðurskurðar á fjármagni til þessa málaflokks hefur þurft að vísa bráðveiku fólki frá. Slíkt er skelfilegt fyrir sjúklingana, jafnvel enn skelfilegra á stundum fyrir aðstandendur þeirra og fyrir samferðamenn þeirra á götum úti stundum beinlínis háskalegt. Rétt er að vekja sérstaka athygli á vanda barnageðdeilda og langar mig til að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu í haust, 10. okt. sl., en þar skrifar Valgerður Baldursdóttir, yfirlæknir á barna- og unglingageðdeild Landspítalans, m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Barna- og unglingageðdeild Landspítalans er að mestu í sömu sporum og fyrir 25 árum ef frá er talin legudeild sem opnuð var fyrir unglinga árið 1987."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Enn þann dag í dag hafa ekki komið stöðugildi sem sérstaklega er ætlað að sinna göngudeildarvinnu, sem sýnir sig m.a. í því að við komumst ekki í snertingu við nema um tíunda hluta þeirra barna sem nágrannaþjóðir okkar telja nauðsynlegt að fái þjónustu á svona göngudeildum og hafa þó upp á að bjóða umfangsmeiri þjónustu við börn á öðrum sviðum."

Síðar nefnir höfundur þjónustukreppu. Í þessu samhengi þar sem vísað er til þess að þörf sé á mannafla, á stöðugildum, á fólki, til að sinna geðsjúkum börnum var okkur sagt frá því hér fyrr í kvöld að hæstv. fjmrh. ætli að ráðast í varanlega hagræðingu, „hina endanlegu lausn". Og hvað er það? Það er að leggja niður stöður, að leggja niður störf. Það er sérstakt framlag á fjárlögum til að reka fólk, biðlaunagreiðslur. Hin varanlega hagræðing hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar. En hér kemur hins vegar fram að það vantar fólk.

Í bréfi sem ég vitnaði í áðan, frá Tómasi Helgasyni prófessor, forstöðumanni geðdeildar Landspítalans, segir m.a.:

„Á þessu ári sem nú er að líða þurfti að loka rúmlega 60% rúma móttökudeilda geðdeildarinnar í sex vikur vegna fjárskorts, þar á meðal barnageðdeildinni. Meðferðardeild fyrir fíknisjúklinga á Vífilsstöðum varð að loka alveg í september. Í hennar stað var opnuð dagdeild með miklu minni

mannafla. Þótt aðsókn að dagdeildinni sé mjög mikil og þegar ljóst að hún getur ekki annað meðferðarþörfinni nema með meiri mannafla kemur hún ekki að fullu í stað þeirra deildar sem varð að loka."

Síðar í yfirlýsingu Tómasar Helgasonar, prófessors og yfirlæknis á Ríkisspítölunum, segir orðrétt, með leyfi forseta, og ég ætla að gera þetta að lokaorðum mínum:

„Það er léleg hagstjórn að koma í veg fyrir að þeir sem þurfa lækningu fái hana og það er ómannúðlegt að líkna ekki þeim sem á þurfa að halda. Það er heldur ekki stórmannlegt hjá einni ríkustu þjóð í heimi að láta sparnað bitna mest á þeim sem minnst mega sín og ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér."

[23:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. Ég vil í fyrsta lagi geta þess að kjarasamningar sem ríkið hefur gert gilda almennt til áramótanna 1996–1997. Nú við 2. umr. koma inn í frv. u.þ.b. 137 millj. kr. á launalið. Launaliðir hækka á milli ára um 3–4 milljarða. Þannig hefur ætíð verið haldið á þessum málum að menn hafa þurft að áætla launahækkanir og það er talið tiltölulega auðvelt núna.

Hv. þm. minntist á launastefnu ríkisins. Hún hefur verið metin af óháðum aðilum, þ.e. Þjóðhagsstofnun. Í mati Þjóðhagsstofnunar kemur í ljós að nokkur munur er á samningum sem gerðir voru annars vegar í febrúar og hins vegar síðar. Ríkið gerði yfirleitt samninga síðar, nema við kennara, og ég tel að þess vegna sé ekki ástæða til þess að ríkið hækki laun starfsmanna sinna með sama hætti og laun sumra aðila á almennum vinnumarkaði hafa verið hækkuð. Ég vil hins vegar segja það, virðulegi forseti, að ég kýs að eiga slíkar viðræður um kjaramál við formann BSRB annars staðar en í ræðustól á Alþingi.

Þá spurði hv. þm. um 150 millj. Því er til að svara að með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var horfið aftur til fyrra ráðs. 450 millj. fara inn í grunninn um áramót, sem jafngildir launahækkunum, en eingreiðslurnar verða á öðrum stað. Þær eru greiddar út eins og áður hafði verið gert ráð fyrir og fara ekki í grunninn. Það er eðlilegt að horfið sé frá því að draga greiðslur úr lífeyrissjóðum til ellilífeyrisþega frá skatti úr því að Alþýðusambandið hefur kosið að því sé flýtt að gera greiðslur í lífeyrissjóðina frádráttarbærar frá skatti.

[23:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli lýsa því yfir að hann sé reiðubúinn að ræða kjarasamningana og það sem ég gerði sérstaklega að umræðuefni hér, — við samningaborð, vegna þess að samtök launafólks hafa skrifað hæstv. fjmrh. og farið fram á að slíkar viðræður. Ég fagna því að hann vilji taka upp formlegar viðræður.

Varðandi ellilífeyrisþega og ákvörðun Alþýðusambandsins um að flýta skattbreytingum eru þær nú umdeildar og engin ein afstaða innan launþegahreyfingarinnar gagnvart þeim. Ég vitnaði sérstaklega í þingskjal sem birt var með fjárlagafrv. á sínum tíma þar sem því var heitið að grunnfjárhæðir lífeyristrygginga yrðu hækkaðar um leið og þessi 15% skattafsláttur yrði felldur niður. Ég vil fá skýringu á því hvar þess sjái stað í fjárlagafrv. að þær verði hækkaðar eins og lofað er í þessari bók, á bls. 271.

[00:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. hafi heyrt hvað ég sagði. Ég sagði að ég mundi ekki taka upp viðræður úr þessum ræðustóli um kjarasamninga. Það gildir um samninga almennt. Ég tel að við eigum að ræðast við annars staðar. Það þýðir hins vegar ekki það að ég ætli að taka upp viðræður við hv. þm. um núgildandi kjarasamninga. Um það gilda hins vegar reglur sem við getum rætt á öðrum vettvangi. Það er útúrsnúningur að halda því fram að ég hafi lýst því yfir að ég ætli að ræða um kauphækkun núna við hv. þm. Ég var að lýsa því yfir að við ætlum ekki að gera það hér. Það þýddi ekki það að við ætlum að taka núverandi samning og gera það annars staðar.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á það, hafi það farið fram hjá honum, sem mér þykir nú harla undarlegt því ég afhenti hv. þm. skjal sem hafði upplýsingar að geyma, að ríkisstjórnin hefur gefið yfirlýsingu þess efnis að 450 millj. kr. sem ekki var gert ráð fyrir í frv. fara í grunn lífeyris um áramótin þannig að lífeyririnn verður jafnmikill og nemur jafnmiklum hækkunum og verða á almennum vinnumarkaði. Og þar með verða að sjálfsögðu ekki 150 millj. lagðar til viðbótar enda hefur enginn búist við því. Ég held að hv. þm. verði að skilja að það hefur breyst. Áætlanir ríkisstjórnarinnar hafa breyst frá því að frv. var lagt fram í haust. Það hljóta allir menn að sjá og vita.

[00:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Já, við erum nú ekki, hæstv. forseti, öll sem sjáum þetta og skiljum og eigum eftir að fara nánar ofan í þessa hluti. En eitt langar mig til að segja um hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn Íslands. Hann ákvarðar ekki hvað rætt er í þingsal. Ef menn vilja ræða hér um kjaramál, kjarasamninga eða kjörin almennt, þá gera þingmenn það. Mér hefur skilist það á hæstv. fjmrh. að hann ætli að neita því að ræða við opinbera starfsmenn um kjarabætur á borð við þær sem atvinnurekendur innan VSÍ hafa samið um gagnvart sínum viðsemjendum. Hann hefur neitað slíkum formlegum viðræðum. Þá er ekki óeðlilegt að slíkar viðræður séu teknar upp hér á þessum stað. Hæstv. fjmrh. skammtar mönnum ekkert orðið í þeim efnum. Það má hann vita.

[00:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er nú unaðslegt að fá að taka til máls um lágnættið og ræða fjárlögin. Gott að nóttin er enn ung á þessum degi sem eiginlega er rétt byrjaður þó að nú sé klukkan orðin 12 á hádegi á Kamtsjatka, þ.e. hádegi á föstudag. En dagurinn í gær er enn ungur á vesturströnd Ameríku. Hér er nóttin ung og við ræðum fjárlögin og afrek hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum og það sem hún leggur til og meiri hluti hennar á þinginu.

Mitt aðalerindi er, herra forseti, að mæla fyrir breytingartillögum sem ég flyt á tveimur þingskjölum. Annars vegar einn á þskj. 357 og hins vegar ásamt með öllum öðrum hv. þm. í þingflokki Alþb. og óháðra á þskj. 364.

En það er kannski við hæfi fyrst að fara aðeins nokkrum almennum orðum um aðstæðurnar hér, herra forseti, þegar við ræðum þessi mál og hæstv. fjmrh. spýtist úr salnum enda ókyrr og kvikur undir þessum umræðum jafnan. Einnig er rétt, herra forseti, ... — Ef hv. þm. vildi láta af því að trufla hæstv. forseta sem ekki má við því að vera að hlusta á margt í einu. Ef hæstv. forseti vildi nú vera svo vænn að láta stórvin

minn, hæstv. samgrh., vita því ég hafði gert honum viðvart um að ég vildi gjarnan nærveru hans í þingsalnum. Þegar kemur lítillega aftar í ræðu mína hyggst ég ræða við hann samgöngumál.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. samgrh. er í húsinu og mun gera honum viðvart.)

Þá er vel fyrir því séð, herra forseti. Fer þá að glaðna bragurinn á þessu þegar hinn mikli þinggarpur, hæstv. samgrh. kemur sem var á köflum allra manna hressastur í umræðum af þessu tagi hér fyrr á öldinni eins og ónefndur maður í þingsalnum segir stundum.

Það verður ekki sagt, herra forseti, að svipurinn á umræðunni sé mjög góður. Það er þokkalegur svipur á einum og einum manni hér inni og sumum hv. stjórnarþingmönnum sem bera sig vel en svipurinn á málinu sem slíku og það hvernig það er fram borið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, er ekki góður. Það er nú t.d. þannig að það vakti nokkra athygli hjá þjóðinni þegar þær fréttir bárust út um hádegisbilið að ríkisstjórnin hefði orðið að fresta umfjöllun um 40% af fjárlögunum. Hún ætti í ágreiningi um rúmlega 40% af fjárlögunum. Það vill svo til að ég ferðaðist nokkuð innan lands í dag. Ég brá mér norður í mitt kjördæmi til Akureyrar og var nokkuð spurður út í þetta mál. Hvernig þetta stæði eiginlega hjá ríkisstjórninni. Hvort það væri bara svo að þeir ættu í vandræðum með heil 40% af fjárlögunum. Til hvers eiginlega þessi 2. umr. væri þá. Það var einnig þungt í mönnum hljóðið yfir ýmsum fréttum sem hafa verið að berast frá hæstv. ríkisstjórn eða úr stjórnarherbúðunum undanfarna daga. Ég held satt best að segja að menn hafi bundið vissar vonir við að það yrðu gerðar ákveðnar lagfæringar á fjárlagafrv., jafnvel talsverðar lagfæringar. Ég leyfi mér að fullyrða að úti í þjóðfélaginu hafi verið væntingar um það, til að mynda að ríkisstjórnin mundi skammast til að bakka með sumar þær álögur og þær árásir sem hún er að gera á velferðarkerfið. Ég varð einnig áþreifanlega var við að það voru væntingar um að til að mynda yrði eitthvað bakkað með hinn harkalega niðurskurð í ýmsum framkvæmdum. Ekki síst fannst mér það á fólki sem ég hitti utan af landsbyggðinni. Þess vegna fannst mönnum þær fréttir ekki góðar og satt best að segja eiginlega óskiljanlegt að það væri nú eitthvað annað. Þvert á móti ætti að auka þar í. Ganga þar enn lengra. Höggva enn dýpra í sama farið. (**Gripið fram í:** Knérörið.) Sama knérörið, eins og einu sinni var sagt. Þegar þetta bætist við í þessari mynd, nánast upplausn og lausatökur í allar áttir hjá hæstv. ríkisstjórn sem er hér í uppnámi með afgreiðslu fjárlagafrv. þegar menn er farnir að undirbúa skötuna, þá er það ekki mjög trúverðugt. Þetta er nánast á hveitibrauðsdögunum. Þetta er á fyrsta ári hæstv. ríkisstjórnar. Þá er ástandið ekki betra en þetta.

Á þessu er ekki góður svipur, herra forseti. Það er langt frá því. Það held ég að allir hljóti að viðurkenna og auðvitað reyna hv. stjórnarliðar ekki að bera á móti því að þetta er ekki jafnglæst og þeir hefðu viljað og langt frá því. Það munar um minna en bullandi ágreining um 40% af fjárlögunum. Þegar menn koma sér engan veginn saman um að leysa vandamál af því tagi sem við er að glíma hjá stærstu heilbrigðisstofnunum þjóðarinnar þar sem ástandið er geigvænlegt svo ekki sé meira sagt, þá eru það engin smámál sem þar eru á ferðinni. Þrátt fyrir alla umræðuna sem orðið hefur í þjóðfélaginu um hvernig búið er að þjarma að þessari þjónustu, er ástandið svona við afgreiðslu fjárlaganna. Það er ekki eins og þessi vandamál ættu að koma neinum á óvart. Hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. ættu að hafa haft einhvern tíma til að átta sig á þessum vandamálum. Þeir tóku við embætti í aprílmánuði sl.

Herra forseti. Það er búið að fara svo rækilega yfir hin stórbrotnu kosningaloforð Framsfl., ítrekað bæði í þessum umræðum og áður og þá hroðalegu magalendingu sem maddama Framsókn er að fá í heildina tekið, að það er eiginlega óþarfi að bæta þar miklu við. (**Samgrh.:** Það er ágætt að rifja það upp samt.) Auðvitað er alltaf gott að rifja upp hlutina og ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hvatninguna en hann hefur greinilega náð sér í góða bók þarna og líður vel í sæti sínu. Það er notalegt að vita til þess að það skuli standa svona vel í bólið hjá hæstv. samgrh. þrátt fyrir alla útreiðina sem hann er að fá.

Ég ætla aðeins að nefna tvennt af því það tengist viðamestu málaflokkunum þar sem Framsókn var að gera sig breiða fyrir fólkið í landinu. Fólk í fyrirrúmi, sagði Framsókn og sótti sér líkingamál í sjávarútveginn eins og fleiri gera nú gjarnan þó ég sé ekki viss um að allir framsóknarmenn hafi skilið þetta slagorð, hvað það þýði að vera í fyrirrúmi og jafnvel ekki einu sinni áttað sig á því hvað fyrirrúm er. Það er ekki rúm eins og tómu rúmin á sjúkrahúsunum eru. Nei, ég ætla aðeins að staldra við útkomuna sem tveir málaflokkar fá hér í fjárlagafrv. og efnahagsfrv. ríkisstjórnarinnar. Það eru annars vegar atvinnumálin og hins vegar húsnæðismálin. Hvernig er þetta með atvinnumálin? Hvað er að gerast í þeim efnum í tengslum við fjárlagafrv. og miðað við ástandið eins og það er í úti í þjóðfélaginu? Það sem er að gerast er að atvinnuleysið er svipað eða meira en það hefur mest verið á undanförnum árum og höfum við þó núna tvö, þrjú ár í senn upplifað eitthvert versta atvinnuleysisástand sem hér hefur verið og í raun það versta síðan í kreppunni miklu. Það hefur aldrei áður verið jafnmikið og varanlegt atvinnuleysi á Íslandi síðan í kreppunni miklu. Framsóknarmenn flagga að vísu einhverjum tölum um að það hafi orðið aukning á atvinnumagni og það kann vel að vera að slíkt sé í einhverjum mæli á ferðinni enda kemur það þá fyrst og fremst upp á móti þeim mikla samdrætti sem orðið hefur til að mynda á vinnutíma í landinu á undanförnum árum. Því að til viðbótar atvinnuleysi upp á 5%, þannig að 6–7 þús. Íslendingar á ári að meðaltali ganga án atvinnu núna ár eftir ár, dróst vinnutími hinna sem vinnu höfðu saman um á milli eina og tvær vinnustundir á sl. einu til tveimur árum. Þó þar gangi eitthvað til baka og menn fái aftur eitthvað af þeirri yfirvinnu eða vinnu sem þeir höfðu áður misst er það ekki eitthvað til að hrósa sér af í sambandi við loforð um 12.000 ný störf. Það er ekki svo, hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln.

En það sem er hins vegar að gerast í fjárlagafrv. í tillögum meiri hlutans er að það er verið að draga saman þá þætti í útgjöldum eða umsvifum ríkisins sem einna mest áhrif hafa á atvinnustigið í landinu um 3–4 milljarða ef ekki meira, með viðbótarniðurskurði sem nú er lagður til í samgöngumálum. Ég leyfi mér að spyrja. Hvað hefur breyst síðan í hittiðfyrra og árið þar áður? Þá sáu menn sig knúna til að leggja marga milljarða kr., 2–3 milljarða kr. í átak í atvinnumálum til að sporna gegn atvinnuleysi sem þá var þó minna en það er núna. Ég minni á að þegar fyrsta stóra átakið í atvinnumálum fór af stað var atvinnuleysið væntanlega að mælast á milli 3 og 4% þegar það fór vaxandi á árunum 1992–93. Þá töldu menn það ástand svo óbærilegt að það voru lagðir til milljarðar í sérstakt átak. Var þó hallinn á ríkissjóði meiri en

hann er núna og efnahagsástandið verra. Hvað hefur breyst? Er atvinnuleysið orðið þolanlegra nú en það var þá? Það eina sem hefur breyst í fljótu bragði séð, herra forseti, er að Framsókn er komin í ríkisstjórn í staðinn fyrir Alþfl. (**Samgrh.:** Þetta er allt í rétta átt.) Allt í rétta átt með því? (**Samgrh.:** Já já.) Það bregður svo við að þegar Framsókn er komin í ríkisstjórn hafandi lofað 12.000 nýjum störfum þá eru skorin niður framlög til sérstakra átaksverkefna í atvinnumálum (Gripið fram í.) að óbreyttu atvinnuleysi. Þetta er nú staðreynd málsins. (**Samgrh.:** Þeir stíga nú fastar til jarðar framsóknarmenn en kratar.) Er það svo já. Það kemur nú að því síðar, hæstv. samgrh., hver hefur beygt hvern. Það eru kannski þá framsóknarmenn sem stíga svona fast til jarðar og hafa skellt hæstv. samgrh. til að skera niður í vegamálum. Það verður fróðlegt að heyra frá kærleiksheimilinu ef það er nú tilfellið að það sé sérstaklega að kröfum Framsfl. sem vegamálin eru skorin niður.

En hitt er víst að þetta eru staðreyndir málsins í sambandi við atvinnuleysið. Og svo koma framsóknarmenn hér og reyna að gera sig breiða með því að þeir séu að einhverju leyti að efna sín kosningaloforð þegar gjörsamlega hið gagnstæða liggur fyrir í staðreyndum málsins. Og það sem verra er, þetta viðhorf stjórnvalda virðist leiða til þess að aðrir aðilar í þjóðfélaginu og þá fyrst og fremst sveitarfélögin kippa einnig að sér hendinni. Það er alveg ljóst að það verður mun minna um sértækar aðgerðir til að reyna að berjast gegn atvinnuleysinu á komandi ári heldur en verið hefur að undanförnu. Mun minni framkvæmdir. Sérstöku framkvæmdaátökin eru skorin beint niður og sveitarfélögin fara þá að fordæmi ríkisvaldsins og draga einnig úr sínum aðgerðum á þessu sviði. Það virðist blasa við og eru fréttir um það úr umræðum um fjárhagsáætlanir stærstu sveitarfélaganna einmitt núna þessa dagana.

Hinn málaflokkurinn er húsnæðismál. Það var nú ekki lítið sem hún Framsókn ætlaði að gera í þeim efnum. Endurreisa fjárhag heimilanna og koma húsnæðismálunum algjörlega á koppinn. Hvað er það merkilegast sem við ber þá í þeim efnum, herra forseti? Það er niðurskurður á Byggingarsjóði verkamanna. Hér er verið að stórskerða möguleika félagslega húsnæðiskerfisins til að leysa úr vanda þess fólks sem á erfiðast með að kljúfa sín húsnæðismál með þeim rökum að kerfið sé gallað og það standi hér og þar tómar íbúðir. Það er ekki vegna þess að ekki sé þörf fyrir húsnæðið. Þær eru yfirleitt ekki tómar vegna þess nema þá á einstöku stöðum þar sem afbrigðilegar, sérstakar eða tímabundnar aðstæður ríkja. Þær kunna að standa að einhverju leyti tómar vegna þess að félagslega kerfið er, í takt við lífskjörin eins og þau hafa þróast á síðustu árum, ekki lengur nógu hagstætt til að leysa í raun úr vanda tekjulægsta fólksins. En eru það rök fyrir því að rústa félagslegu húsnæðiskerfi? Eru það rök fyrir því að lífskjörin hafa versnað þannig í landinu að jafnvel greiðslubyrðin í félagslega húsnæðiskerfinu er orðin þúsundum fjölskyldna um megn? Er þá aðferðin sú að rústa því kerfi? Halda menn að það fólk verði betur sett með þeim hætti? Nei. Aðferðin væri þá sú að láta ganga til baka hækkun á vöxtum og íþyngjandi aðgerðir sem voru lagðar á í því kerfi á síðasta kjörtímabili. En Framsókn leggur það ekki til. Hún dregur einfaldlega úr fjárveitingum í félagslega húsnæðiskerfinu. Það er fyrsta stóra merkið sem við höfum um efndir eða öllu heldur svik framsóknarmanna á þessu mikla loforði sem gefið var í sambandi við húsnæðismál og greiðsluerfiðleika fólks. Ég vona að við þurfum ekki oft að horfa upp á aðrar jafnaumlegar uppákomur eins og þær sem voru hér þegar hæstv. félmrh. kom og var að tala um að með því að lengja í húsbréfakerfinu hennar Jóhönnu væri hann að byrja á að efna loforð framsóknarmanna í húsnæðismálum. Það voru málsrök hans og málsbætur hér í umræðum fyrir nokkrum dögum síðan.

Nei, herra forseti. Þetta tvennt nægir held ég af minni hálfu til að taka fyrir mitt leyti þátt í þessari umræðu og undirstrika að auðvitað er útreið framsóknarmanna í þessum efnum alveg hörmuleg, ótrúleg. Það er ótrúlegt að horfa upp á þessa glæstu siglingu enda jafnhroðalega á innan við einu ári og raun ber vitni. Hæstv. utanrrh., sem er hér fjarri góðu gamni eins og stundum endranær eftir að hann náði kosningu og komst í ferðamálastólinn utanríkisráðherrans, geystist hér um í þjóðfélaginu í febrúar og mars og boðaði myndun vinstri stjórnar. Gæti það ekki verið, herra forseti, að þetta sé rétt munað? Að hæstv. utanrrh., og þá tiltölulega ferskur formaður Framsfl., vel klæddur í selskinnskápunni hafi stormað hér um þjóðfélagið og boðað að nú yrði mynduð vinstri stjórn og tekið á vandamálunum. Greiðsluerfiðleikum heimilanna, húsnæðismálunum og öllu þessu. Það er mikið vatn til sjávar runnið síðan formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., ætlaði að mynda þessa vinstri stjórn. (**Samgrh.:** Hann náði skjótum þroska.) Það er þitt mat, hæstv. samgrh., að hann hafi þroskast undraskjótt.

Nei, ætli það hafi ekki annað búið undir, herra forseti. Og satt best að segja er öll sú saga heldur dapurleg. Sannast nú hið gamla og margsannaða tvíeðli Framsfl. Hann fer jafnan þangað með ávinningana sem honum af og til hlotnast því miður í kosningum sem síst skyldi og hann síst sagði mönnum frá. Þegar framsóknarmenn ræða um að mynda vinstri stjórn og tala sem allra fjálglegast um félagsleg úrræði gagnvart vanda fólksins í landinu, talar um að setja fólk í fyrirrúm, þá hlaupa þeir beint upp í með íhaldinu í ómengaða frjálshyggjustjórn. Síðan er þar ekki viðstaða í neinu tilliti í þeirra veru í ríkisstjórninni eins og sést m.a. á þeirri útreið sem félagsleg mál fá í fjárlagafrv. og hæstv. ráðherrar, heilbrrh. og félmrh., verða að sætta sig við.

Herra forseti. Á þskj. 364 flyt ég ásamt öðrum hv. þingmönnum Alþb. og óháðra breytingartillögu við liðinn 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Það mun verða svo að samkvæmt fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir því að þessi liður dragist saman, að hann skerðist að raungildi. Hér er á ferðinni hin eiginlegu framlög Íslendinga til sjálfstæðrar þróunaraðstoðar. Fyrir utan þennan lið er fyrst og fremst um skyldubundnar greiðslur okkar til alþjóðastofnana að ræða og það er tæplega hægt að kalla það sjálfstætt framlag til þróunaraðstoðar heldur fyrst og fremst uppfyllingu á þeim skyldum sem við höfum undirgengist. Það er kunnara en frá þurfi að segja, þótt dapurlegt sé, að frammistaða okkar Íslendinga í þessum efnum er og hefur lengi verið hreint út sagt til stórkostlegrar skammar. Þar bera því miður margir ábyrgð á og eru fáir flekklausir af því í raun sem eitthvað hafa komið að stjórn landsins og borið ábyrgð á fjárveitingum undanfarin 10–15 ár eða svo. Við, sem ein af ríkustu þjóðum heimsins, getum auðvitað engan veginn boðið upp á það að sýna svona tölur hér ár eftir ár. Þegar háttar til eins og nú að það er þó þrátt fyrir allt einhver hagvöxtur í landinu, einhver vöxtur þjóðartekna, þá er auðvitað ekki boðlegt að sýna tölu sem felur í sér raunlækkun þessarar upphæðar. Það er það ekki. Þetta er þeim mun dapurlegra sem Íslendingar hafa að ýmsu leyti ágætt rykti í sambærilegum málum. Við erum t.d. ein

fárra þjóða sem hafa að ég hygg nær undantekningarlaust staðið við og greitt á réttum tíma framlög sín til Sameinuðu þjóðanna og væntanlega flestra ef ekki til allra alþjóðastofnana sem við erum aðilar að. Það er til fyrirmyndar. Það er gott. Af því getum við út af fyrir sig verið stolt þegar jafnvel forríkar stórþjóðir draga algerlega lappirnar og beita síðan pólitískum þrýstingi og hótunum í tengslum við það að borga að einhverju leyti upp skuldir sínar. Kaupa fram vilja sinn með því að borga skyldubundin, lögbundin framlög eins og Bandaríkjamenn hafa iðulega gert. Það gera Íslendingar ekki í því sambandi. En þarna er hins vegar á ferðinni liður sem er okkur stórkostlega til vansa. Og ekki í anda þess bróðurlega eða systurlega kærleika sem okkur ber að sýna í veröldinni gagnvart erfiðleikum bágstadds fólks. Fjarri því. Og stendur nú ýmsum nærri að taka slíkt upp hér fleirum en ræðumanni.

Við leggjum sem sagt til að þarna komi til sögunnar nokkur hækkun. Þarna er farið vægt í sakirnar og farið fram á að þessi liður verði hækkaður um eins og 30 millj. kr. Það liggur auðvitað þannig í því að Þróunarsamvinnustofnun Íslands væri ekki tilbúin að taka við einhverri margföldun þessara framlaga á einu ári eða svo. Þarna verða menn að sjálfsögðu að gæta þess jafnan að fyrir hendi séu næg og vel undirbúin verkefni til að ráðstafa fjármunum í. Það liggur fyrir að Þróunarsamvinnustofnunin hefur beðið um talsvert meira fé, t.d. til þess að beita sér í meira mæli að verkefnum sem hún er vel að sér um og þar sem við Íslendingar getum svo sannarlega veitt aðstoð. T.d. ráðgjöf í sambandi við fiskveiðar til að hjálpa þróunarríkjum að byggja upp sinn sjávarútveg og gera hann að arðbærri atvinnugrein.

Herra forseti. Það er hér eins og venjulega að hv. formaður fjárln., hæstv. fjmrh. og aðrir slíkir mektarmenn mega ekki við bindast í salnum. Ég hefði gaman af að vita hvort hv. fjárln. hefur tekið þetta mál sérstaklega fyrir og hvort þar er einhver niðurstaða sem mark er á takandi, hvort einhver von er til þess að þessi liður verði skoðaður milli 2. og 3. umr. Væri svo þá værum við að sjálfsögðu fús til að kalla þessa brtt. til baka ef einhver minnsti möguleiki væri á samstöðu um að lagfæra þennan lið eitthvað.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég svo mæla hér fyrir brtt. á þskj. 357. Þær lúta flestar að samgöngumálum, nánar tiltekið að samgöngumálum, ferðamálum, vegamálum, vita- og hafnamálum og flugvallarframkvæmdum. Og þá vona ég að hæstv. samgrh. leggi frá sér bókina og komi hér í salinn og geri svo lítið að hlýða á umræðuna.

Já, herra forseti. Það er nú þannig að útreiðin í samgöngumálum er satt best að segja alveg hroðaleg. Ég veit ekki hvernig það er að verða hér. Kannski er það liðin tíð að þeir sem sitja á Alþingi láti sig þau mál einhverju varða. En svo var nú lengi og er enn víða að í hugum manna voru átök í samgöngumálum og uppbygging á því sviði afar nátengd almennri framfarasókn þjóðarinnar og því að reyna að betrumbæta aðstæðurnar í landinu. Og enn er það svo, fyrir stóran hluta þjóðarinnar, að það mál sem nánast undantekningarlaust er nefnt númer 1, númer 2 og númer 3 af hálfu viðkomandi íbúa í landinu þegar spurt er um slík mál, eru samgöngumálin. Það eru úrbætur á því sviði. Það er uppbygging þar sem fólk telur mestu skipta að náist fram til að bæta aðstæðurnar sem við búum við í landinu. Það er líka alveg ljóst að gagnvart almennri þróun atvinnulífs, félagslífs og menningarlífs þá eru samgöngubæturnar úrslitaatriði. Þá tala ég um samgöngur í víðasta skilningi þess orðs og undanskil ekki fjarskipti og alla þá miklu möguleika sem í gegnum þau opnast.

Það hafa orðið miklar breytingar á flutningaháttum hér í landinu á undanförnum árum, mikil tæknibreyting hefur verið að ryðja sér þar til rúms. Vörur berast nú til að mynda í æ ríkari mæli þannig milli aðila að þær eru sendar svo gott sem jafnóðum. Matvara er flutt fersk frá framleiðanda til neytanda o.s.frv. Ýmsar aðrar vörur eru farnar að lúta þeim lögmálum í viðskiptum að þær þurfa að komast á milli áfangastaða svo gott sem samstundis með flugi, landflutningum eða sjóflutningum þannig að flutningatíminn er orðinn brot af því sem hann var fyrir ekki löngu síðan. Þetta er nú einu sinni hið nútímalega og þróaða þjóðfélag sem við stærum okkur af að búa í eða vilja búa í. Hvað segir þetta okkur þá um samgöngurnar og mikilvægi þeirra? Fyrir t.d. þá landshluta sem fjær liggja höfuðmiðstöðvum flutninga og þjónustu? Þetta segir okkur einfaldlega að það er spurning um líf eða dauða fyrir viðkomandi byggðarlög að þau missi ekki af lestinni í þessum efnum. Að það atvinnulíf sem þar er og það mannlíf sem þar þrífst missi ekki af lestinni hvað varðar nauðsynlegar úrbætur og þróun í samgöngumálum.

Þetta vita auðvitað hv. þm. a.m.k. flestir þeir sem eitthvað hafa haft augu og eyru opin í landinu á undanförnum árum. Þeim mun furðulegra er að sjá þetta fjárlagafrv. og þessar nýjustu tillögur hv. fjárln. Þær fela í sér, herra forseti, niðurskurð í samgöngumálum miðað við fjárveitingar og/eða áætlanir sem fyrir hafa legið um áætluð framlög til þeirra hluta á árinu 1996 upp á um samanlagt 1.300 millj. kr.

Herra forseti. Mér finnst það nú varla til of mikils mælst að hæstv. samgrh. tolli í salnum og sé ekki kjaftandi hér við menn í hliðarsölum endalaust á meðan verið er að ræða um hans málaflokk.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður við því og hæstv. samgrh. gengur í salinn.)

(**Samgrh.:** Ég hef beðið óþreyjufullur eftir því að hv. þm. komi sér að efninu.) Þingmaðurinn er nú að ræða um 1.300 millj. niðurskurð í samgöngumálum, hæstv. ráðherra, en það er náttúrlega eitthvert annað efni sem hæstv. ráðherra vill tala um. Mér er ekki, herra forseti, beint hlátur í huga þegar ég ræði þessi mál. Satt best að segja er mér nokkuð þungt niðri fyrir út af því hvernig þessi mál eru að þróast. Og sjá hæstv. samgrh. ganga glottandi um salinn þegar þetta er rætt er náttúrlega til skammar, herra forseti. Hæstv. samgrh. kann ekki að skammast sín. Það er alveg greinilegt. Í mínum huga væri það miklu nær að hæstv. samgrh. segði af sér. Biðjast lausnar og vera maður til þess í stað þess að ganga hér um glottandi. Ég sé ekki annað en að hæstv. samgrh. hafi með einhverjum hætti algerlega hrunið sem stjórnmálamaður og sem ráðherra í sínum málaflokki. Að láta bjóða sér þessa útreið, herra forseti. Þetta er ekki hægt.

Hæstv. samgrh. fór mikinn hér á síðasta kjörtímabili og sló um sig. Hann talaði um að verið væri að auka að raungildi framlög til samgöngumála. Það má til sanns vegar færa, að minnsta kosti héldust þau vel í horfinu hvað vegamálin snerti í eitt eða tvö ár af fjórum á hans síðasta kjörtímabili. Þá talaði hæstv. samgrh. mikið um nauðsyn þess að bæta samgöngur. Hvar eru þau rök núna þegar á að skera niður framlög til vegamála um yfir milljarð króna? Það er sagt, halli ríkissjóðs. Vandi ríkisfjármála. Var hann ekki fyrir hendi á síðasta kjörtímabili? Var ekki ríkissjóður rekinn þá með miklu meiri halla? Þá var m.a. sagt að vegna atvinnuleysis væri nauðsynlegt að auka framkvæmdir í samgöngumálum. Það væru einhverjar brýnustu og þörfustu framkvæmdir sem

hægt væri að auka. Og þar af leiðandi væri rétt að gera þær við þessar aðstæður, þrátt fyrir halla á ríkissjóði. Ég sé ekki betur en nú snúi menn öllum þessum röksemdum meira og minna á haus. (**Samgrh.:** Þau eiga sinn tíma.) Eru þau smíðuð eftir pólitískum aðstæðum á hverjum tíma, hæstv. ráðherra? Getur hugsast að hæstv. ráðherra hafi aldrei reiknað með því að vera ráðherra nema í fjögur ár og sé svo rjúkandi hissa á því að hafa náð kjöri á nýjan leik að hann hafi ekki áttað sig enn þá? Þess vegna hafi þetta aldrei verið ætlað til annars en að tjalda til einnar nætur. Því það er auðvitað það sem var gert. Við héldum því hér fram ýmsir á síðasta kjörtímabili að það mundi koma að skuldadögunum hjá hæstv. ráðherra eins og hann stóð að málum. Hann sló meira og minna um sig með lánuðum fjöðrum. Skreytti sig með lánuðum fjöðrum því hann tók lán að verulegu leyti fyrir þessum framkvæmdaauka. Nú er veislunni lokið. Nú er komið að skuldadögunum.

Getur það hugsast, herra forseti, að til sé leynilegt samkomulag milli hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. um að á þessu kjörtímabili skuli Vegasjóður skila í ríkissjóð öllu því sem tekið var að láni til framkvæmda á síðasta kjörtímabili? Það skyldi nú ekki vera. Það gekk afar illa að toga fram einhver svör á síðasta kjörtímabili um það hvernig sú lántaka sem Vegasjóður þá stóð fyrir í sambandi við sérstakt framkvæmdaátak í samgöngumálum væri hugsuð, hvernig hún ætti að endurgreiðast og hvenær. Það var alltaf meira og minna í þoku þegar um þetta var spurt. Þó liggur fyrir á prenti að hæstv. ráðherra samgöngumála hefur viðurkennt að skerðing á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar í ríkissjóð sé hugsuð sem eins konar endurgreiðsla á þessari lántöku. Það liggur fyrir á prenti. Ég hygg að það hafi verið í athugasemdum eða grg. með fjárlagafrv. síðasta árs sem slíkir hlutir komu fram á prenti. Ég get haft upp á þeim ef menn óska því ég veit að þeir eru til.

Hvað sem því líður er auðvitað ljóst að nú er verið að ganga enn lengra en menn gat órað fyrir með þessari skerðingu á framkvæmdum í vegamálum upp á rúman milljarð króna miðað við vegáætlun eins og hún liggur fyrir enn þá gagnvart framkvæmdum á árinu 1996. Og vita menn hvað milljarður kr. þýðir í þessu sambandi? 940 millj. kr. til stofnframkvæmda? Það þýðir nánast fjórðungs niðurskurð. Ég segi alveg eins og er. Ég óska þingmönnum stjórnarliðsins á landsbyggðinni til hamingju með að fara heim til sín og sinna kjósenda með þessa jólagjöf. Ég hygg að menn þekki það úr fleiri kjördæmum en Norðurl. e. að það hefur verið býsna mikið þrautaverk að skipta þó þeim framlögum sem verið hafa til framkvæmda niður miðað við óskirnar eins og þær liggja fyrir. Það hefur ekki verið vandræðalaust. Satt best að segja átta ég mig ekki alveg á því hvernig menn ætla að koma fram fyrir kjósendur sína með þessa niðurstöðu á bakinu. Ég er hræddur um að hæstv. samgrh. verði ekki eins borubrattur og hann var til að mynda á framboðsfundi á Húsavík sl. vor þegar hann fer að útskýra þessar tölur sem nú eru á pappírum hæstv. ráðherra. Eða hv. þm. Jón Kristjánsson, form. fjárln. Verður hann borubrattur á yfirreið um Austurland þegar hann fer að útskýra fyrir kjósendum þar hvernig þetta á nú að bæta úr brýnni þörf í almennri vegagerð á Austurlandi? Því næst á eftir Norðurl. e. er Austurland sennilega það kjördæmi sem einna lengst á í land með almenna vegagerð til að fá úrlausn sinna mála.

Herra forseti. Þetta er að mínu mati alveg hrakleg niðurstaða. Hér er verið að skerða markaðan tekjustofn til framkvæmda í vegamálum. Mönnum þykja álögur á bifreiðaeign og bifreiðarekstur allmiklar í landinu og það er nú ósjaldan ályktað um það. Að meira en ekki minna af þeim sköttum sem lagðir er á bifreiðarnar ættu að fara til uppbyggingar í samgöngumálum. En hér er verið að halda í þveröfuga átt og það meira að segja mjög langt. Vegna þess að það er verið seilast inn á þennan sérstaka markaða tekjustofn sem runnið hefur til samgöngumálanna, til viðbótar öllum þeim hækkunum sem orðið hafa á undanförnum árum í formi sérstaks bensíngjalds, kílóagjalds á bifreiðar o.s.frv. Það er búið að ganga mjög langt í að skattleggja þetta nauðsynlega tæki, einkabílinn, sem er auðvitað óaðskiljanlegur hluti af lífi velflestra fjölskyldna í þessu landi og er full þörf á í sjálfu sér miðað við þær aðstæður sem við búum við. En nú á sem sagt að ganga enn lengra í raun og veru.

Þessu mótmæli ég, herra forseti. Ég undrast dáðleysi hv. þingmanna stjórnarliðsins að láta þetta yfir sig ganga og sérstaklega hryggir það mig að sjá hæstv. samgrh. svona gjörsamlega flatan í þessu máli. Þvílíkt stjörnuhrap sem orðið hefur á einum hæstv. ráðherra eins og hér sést. Ég er hræddur um að það dugi hæstv. ráðherra lítt á þessu kjörtímabili til vinsælda sem nýttist honum vel á því síðasta þegar Alþfl. gerði honum þann greiða að vera eitthvað að fljúgast á við hann um landbúnaðarmál. Hæstv. ráðherra varð umsvifalaust að hinum merkasta stjórnmálaforingja og elskaður og dáður af bændum af því hann var á móti Alþfl., þótt hæstv. ráðherra gerði satt best að segja ekki svo mikið. Síðan skreytti hann sig með þessum lánuðu fjöðrum í samgöngumálunum og komst furðanlega frá kjörtímabilinu með því móti. Með þessa andlitslyftingu að láni frá Alþfl. í landbúnaðarmálum og lánaðar fjaðrir á afturhlutanum í samgöngumálunum, leit þetta bara prýðilega út. En ég er hræddur um að nú sé þessum skrautfjöðrum að fækka mjög, herra forseti.

Þá ætla ég í öðru lagi að nefna fjárveitingar til flugmála. Ekki er nú staðan betri þar, herra forseti. Hún er þvert á móti verri. Það er enn hörmulegra að sjá hvernig það er. Enn hörmulegra og furðulegra í raun og veru. Það vekur undrun manns að menn sem þekkja til mikilvægis flugsamgangnanna fyrir einmitt þau byggðarlög sem lengst liggja héðan frá þungamiðju viðskipta og þjónustu í landinu, suðvesturhorninu, og eru þar með háðust fluginu, skuli standa að þessu. Að stjórnarþingmenn af Austurlandi og Vestfjörðum skuli láta bjóða sér þetta. Það er furðulegt, herra forseti. Ég gæti fyrirgefið Sunnlendingum sem koma af láglendinu þar sem lítið er um flugvelli, enda ekki mikil þörf fyrir þá nema þá úti í Vestmannaeyjum, að hafa kannski ekki næman skilning á mikilvægi uppbyggingar í flugmálum. En ég hélt satt best að segja að þeir menn fyndust þá a.m.k. annars staðar á landinu sem gerðu það.

Er hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., stoltur af því að skattstofninn sem verið er að taka upp hér með þessum breytingum eru t.d. flugfarseðlarnir milli Vopnafjarðar og Reykjavíkur? Það mun kosta um 20 þús. kr. að fljúga fram og til baka frá Vopnafirði til Reykjavíkur, ef ég man rétt. Það er a.m.k. mjög nálægt því. Það tókst að vísu að afstýra því að virðisaukaskattur yrði lagður ofan á þá flugfarseðla fyrir tveimur árum, en það var ætlun þáv. stjórnar. En sama er að þetta fargjald er einhvers staðar á bilinu 18–20 þús. kr. Það er með öðrum orðum dýrara fyrir fólk á Vopnafirði sem þarf að leita sér lækninga í Reykjavík að fljúga frá Vopnafirði til Reykjavíkur heldur en fyrir menn að fara héðan í verslunarferðir til Írlands, fylla nokkrar ferðatöskur af varningi

og koma svo með heim. Jafnvel heil helgardvöl í útlöndum er á svipuðu verði og að fljúga einfalda ferð fram og til baka innan lands. Það á sér auðvitað sínar skýringar að þessi fargjöld eru há, hér er um að ræða langar leiðir, tvískipt flug o.s.frv. Ég er ekki með þessum orðum að vega að þeim sem halda uppi þessum samgöngum því þeir gera vel við erfiðar aðstæður. En ég er að segja að þetta er einhver svívirðilegasti skattstofn sem til er í landinu að gera flugfargjöldin innan lands að skattstofni með því að taka tekjur flugmálaáætlunar í rekstur sem áður hefur verið greiddur úr ríkissjóði. Þetta er ekki nothæfur skattstofn, svona á ekki að standa að hlutunum. Þá er miklu hreinlegra að leggja þetta gjald niður eða lækka það og leggja í staðinn á almenna skatta ef menn telja að afla þurfi tekna í þessu skyni. Ef menn telja að við höfum ekki efni á því lengur að byggja upp í flugmálum með sama hætti og við höfum gert á undanförnum árum.

Það var ákaflega umdeilt mál á sínum tíma, 1987, þegar flugmálaáætluninni var hrint af stað. Það var ekki síst umdeilt vegna þess að flugrekendur í landinu mótmæltu þessum álögum. Þeir voru hræddir við að þetta mundi gerast sem nú er að gerast. Að menn mundu fyrr eða síðar seilast til þessara tekna til annarra þarfa heldur en uppbyggingar í flugmálum. Samt létu menn þetta yfir sig ganga m.a. vegna þess að þá voru ábyrgir stjórnmálamenn undir forustu páv. hæstv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar sem gáfu skýlaus loforð um að þessi tekjustofn rynni til uppbygginga í flugsamgöngumálum og einskis annars. Ég minnist ráðstefnu varðandi þessa flugmálaáætlun þegar hún var kynnt í Rúgbrauðsgerðinni á sínum tíma, 1986. Og ég minnist þess þegar hæstv. fyrrv. ráðherra Matthías Bjarnason mælti fyrir henni á Alþingi 1987. Þá var svarið og sárt við lagt að til þess kæmi ekki að þetta yrði notað í annað en uppbyggingu í flugmálum. Það var meira að segja sagt að ríkið mundi leggja til viðbótar bein framlög þar á móti. Ég verð að segja alveg eins og er að það er heldur dapurlegt að flokksbræður þessa ágæta stjórnmálamanns skuli nú verðlauna fjarveru hans af þingi hér á fyrsta þinginu sem hann situr ekki, með þessum hætti. Mikill er metnaður þeirra og mikil er virðing þeirra núv. hæstv. samgrh. og annarra flokksbræðra hans fyrir framlagi þessa stjórnmálamanns að standa svona að málum. Að svíkja hann með þessum ódrengilega hætti og allt sem hann stóð fyrir í þessum efnum. Því það er það sem hér er að gerast. Það er ömurlegt.

Eðlilega hafa flugrekendur ekki tekið þessum breytingum eða áformum vel, herra forseti, og ég hef hér undir höndum bréf frá Flugleiðum sem í allítarlegu máli fara yfir það hvernig þessi saga öll er. Rekja loforðin sem gefin voru 1987 í sambandi við afgreiðslu flugmálaáætlunarinnar þá og þegar þessir tekjustofnar voru teknir upp og benda á það hvers konar skattstofn í raun og veru sé hér á ferðinni. Yfirgnæfandi meiri hluti þessara tekna kemur frá þessu fyrirtæki eða eru innheimtir í gegnum umsvif þess í flugmálunum, eða um 85%. Og þar af allverulegur hluti af innanlandsfluginu og umsvifunum þar. Eða nokkur hluti. Vissulega er veltan mikil í millilandafluginu. En það breytir því ekki, herra forseti, að álögurnar eru kannski ennþá tilfinnanlegri þegar innanlandsflugið á í hlut þar sem það er viðkvæmari rekstur sem enn síður má við því en ella að taka slíkt á sig.

Herra forseti. Það á að slátra þessari flugmálaáætlun. Slátra henni eins og hún leggur sig. Þó eru einmitt þessa dagana t.d. umræður uppi um ástandið á Reykjavíkurflugvelli sem er eitt mál af mörgum sem sofið hefur værum svefni á bráðum fimm ára valdaferli núv. hæstv. samgrh. Sofið værum svefni. Enda hrökk hæstv. ráðherra illilega upp og var nokkuð geðstirður þegar umræður hófust um þetta mál fyrir nokkrum dögum. Reykjavíkurflugvöllur er í herfilegu ástandi enda var hann strax í byrjun við upphaf flugmálaáætlunarinnar eitt af sérverkefnunum sem átti að ráðast í. Og þá var reyndar ætlunin að fjármagna þær framkvæmdir utan flugmálaáætlunar með beinum framlögum. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og ástand vallarins versnað og er eins og raun ber vitni orðið hið hörmulegasta.

Ekki eru þær upplýsingar sem m.a. hafa verið að koma fram í þessu sambandi sérstök rök fyrir því eða hvað, herra forseti, að skera flugmálaáætlun niður um helming. Og er ég þó ekki á nokkurn hátt að gera lítið úr þörfinni á áframhaldandi framkvæmdum víða úti um landið og að þeim sé lokið sem sums staðar eru í miðjum klíðum. Þetta er sömuleiðis harla ömurlegt, herra forseti. Ég spyr að því: Hvers á þessi málaflokkur sérstaklega að gjalda? Þótt ýmislegt sé nú grátt leikið í þessu frv., er mér ekki kunnugt um að neinum öðrum flokki sé ætlað að taka á sig helmings niðurskurð á einu ári. Þetta er alveg ótrúlegt, herra forseti. Alveg með ólíkindum.

Ég sé að forseti er mér meira og minna sammála þótt hann megi sjálfsagt ekki láta það áberandi í ljós eins og aðstæður eru allar í málinu. En ég þykist finna það. Það andar heldur skilningi á minn málflutning úr stóli hæstv. forseta.

Að síðustu er það þannig með hafnirnar, herra forseti, að þar er líka verið að skera niður. Hefur þó hæstv. samgrh. oft stært sig af því að hafnarframkvæmdirnar væru afar þýðingarmikill málaflokkur sem hæstv. ráðherrann hafi alveg tekið sérstöku ástföstri við og reynt að sinna. (**Samgrh.:** Það verður að reyna að halda ballans í þessu.) Af því ég læt menn njóta sannmælis jafnvel þótt þeir eigi það varla skilið, eins og hæstv. samgrh. í þessum efnum, vil ég segja að það er rétt að varðandi framlög til hafna stóð hæstv. ráðherra sig nokkuð vel á síðasta kjörtímabili. Ég get verið vel sáttur við að hæstv. ráðherra tókst að verja allmyndarlegt framkvæmdastig í hafnargerð á síðasta kjörtímabili. Það var komið niður undir ekki neitt í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. á árunum 1983–87. Það tókst á árunum sem eftir fóru með margra góðra manna hjálp að ná því verulega upp aftur og því hefur hæstv. samgrh. haldið að miklu leyti þar til núna. Hann beygir sig einnig undir það ok, undir þá svipu, að skera niður framkvæmdafé til hafnargerða. Að vísu ekki nema um tæpar 100 millj. kr. eða svo, en það er samt umtalsverður niðurskurður í ekki stærri málaflokki. Það er ekki vegna þess, leyfi ég mér að segja, hæstv. forseti, að hæstv. samgrh. viti ekki vel hver þörfin er. Það er grenjandi þörf fyrir framkvæmdir í höfnum vítt og breitt um landið. M.a. vegna þess að sem betur fer hefur allnokkur þróun átt sér stað í sjávarútvegi okkar og atvinnulífi. Skip hafa stækkað, bæði fiskiskip og flutningaskip. Þau eru djúpristaðri, þurfa meira viðlegupláss o.s.frv. Hafnarmannvirki ganga úr sér. Mörg þau mannvirki sem byggð voru á árunum eftir stríð þegar umtalsverðar framkvæmdir fóru af stað eru einfaldlega komin á tíma eins og sagt er. Þeim var aldrei ætlað meira en 40 ára endingartími. Ef ég man rétt var við það miðað í grófum dráttum í þeim áætlunum sem þar voru lagðar til grundvallar að meðallíftími slíkra mannvirkja væri um 40 ár. Það er langt í frá að þau hafi verið endurnýjuð með eðlilegum hraða þannig að það liggur hvort tveggja fyrir, mikil þörf nýrra framkvæmda og mikil þörf á viðhaldi eldri mannvirkja. Aðstæður hafa breyst og þarna er um að ræða mikilvæga

undirstöðu atvinnulífsins í landinu, verðmætasköpunarinnar í landinu. Fiskiskipin liggja undir skemmdum. M.a. á nokkrum stöðum í kjördæmi okkar, mínu og hæstv. ráðherra. Það er þannig. Það stórskemmdist bátur í minni háttar brimi á einum stað á Norðurl. e. fyrir nokkrum dögum af því ókyrrðin er svo mikil inni í höfninni að trébátum er þar ekki vært. Það varð milljónakróna tjón. Það má alveg nefna staðinn, Þórshöfn. Og ástandið er svona víðar. Og þá er gripið til niðurskurðar í hafnargerð. Nú geta menn auðvitað rætt um hvort þær framkvæmdir á vegum og flugvöllum sem sumir kalla malbik séu nauðsynlegar þegar grenjandi niðurskurður á sér stað í sambandi við rekstur til velferðarþjónustunnar og spítalanna o.s.frv. Ég minni ég samt á þetta í sambandi við hafnirnar, vegina og auðvitað flugvellina því þar erum við að tala um undirstöðuna fyrir rekstri þjóðfélagsins; verðmætasköpunin, uppsprettan er þarna. Á hverju ætlum við að lifa? Með hverju ætlum við að borga rekstur sjúkrahúsanna ef ekki er hægt að gera út og verja skipin fyrir skemmdum þegar þau eru í höfn? Það er mikil skammsýni að standa svona að málum. Allar þjóðir sem reyna að hugsa eitthvað til framtíðar leggja sérstaka áherslu á tvennt, menntun og rannsóknir. Það er hin efnislega undirstaða, það eru innviðir þjóðfélagsins sem stundum er kallað svo. Infrastrúktúr á vondu máli, herra forseti, og hefur gengið bölvanlega að þýða. Það eru þessir efnislegu innviðir þjóðfélagsins, undirstaðan sem atvinnulífið, mannlífið og félagslífið byggir á. Það er illa komið ef við erum að gefast upp við að bæta aðstæðurnar í landinu og búa okkur undir framtíðina með því að reyna að halda í horfi hvað varðar þróun í samgöngumálum o.s.frv. Þetta er ömurleg niðurstaða, herra forseti.

Og við þessar aðstæður, herra forseti, þennan grenjandi niðurskurð upp á m.a. 1.300 millj. kr. í samgöngugeiranum sem að verulegu leyti bitnar á framkvæmdastiginu úti á landi, er verið að boða hér, með blessun hæstv. ríkisstjórnar, seríu af stórframkvæmdum á einu svæði á landinu, hér á suðvesturhorninu. Þá kemur auðvitað til viðbótar upp sá flötur á málinu að hér er verið að stefna í stórfellt jafnvægisleysi í atvinnu- og byggðamálum í landinu, vitandi vits. Hæstv. samgrh. fer stundum mikinn þegar hann er kominn norður til Akureyrar, svo ég minnist nú ekki á þegar hann er kominn út í Ólafsfjörð, því þar verður nú einna hæst til lofts hjá hæstv. ráðherra. Þá er nú völlur á mínum manni og hann er að eigin sögn einn allra ötulasti baráttumaður fyrir því að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem mótvægi við suðvesturhornið til þess að reyna að halda þar í horfinu fyrir landsbyggðina. (**Samgrh.:** Sem líka er rétt.) Sem er rétt, segir ráðherrann. Og meira að segja sannar nú mál mitt. Hæstv. ráðherra heldur t.d. um það miklar ræður fyrir kosningar að hann ætli að berjast ötullega fyrir þessum málum. (**Samgrh.:** Þingmaðurinn heldur sig í Þistilfirði.) Ég bregð mér nú stundum til Akureyrar. Það skyldi þó ekki vera þegar upp er staðið að það hallist ekki svo mikið á í þeim efnum. Því kannski fara Akureyringar eins og fleiri að dæma hæstv. ráðherra af verkum sínum en ekki orðum. Það dugar ekki, hæstv. ráðherra, að vera mikill vinur Háskólans á Akureyri bara rétt fyrir kosningar og standa svo að því að hann sé sveltur í fjárveitingum á fyrsta árinu eftir kosningar. Það dugar ekki að tala fjálglega um vegaframkvæmdir á framboðsfundum á Húsavík en láta svo skera þær niður um milljarð þegar menn eru skriðnir inn á þing í þriðja, fjórða eða fimmta sinn eða hvað það nú er. Þetta er ekki nógu gott. Þótt hæstv. ráðherra reyni að bera sig mannalega og jafnvel kreista fram bros eða glott eða hvað þetta nú á að vera, veit ég að honum er ekki hlátur í hug. Það getur ekki verið að hæstv. ráðherra sé svo skyni skroppinn og úr tengslum við veruleikann að hann átti sig ekki á því að hér fer meira og minna fram pólitísk jarðarför, herra forseti. Pólitísk jarðarför á orðstí hæstv. samgrh. í þessum efnum. (**Samgrh.:** Orðstír.) Orðstír. Ég þakka leiðbeininguna. Þótt hæstv. ráðherra hafi af mikilli hógværð borið fyrir sig slakri íslenskukunnáttu í sambandi við umræður um láglaunastefnu, er honum þó ekki alls varnað í þessum efnum eins og heyra má.

Nei, þetta er harla dapurlegt, herra forseti. Ég ætlaði síðan að nefna að við leggjum til á þessu sama þskj. smáhækkun á fjárframlögum til ferðamála. Þar eru að vísu lítils háttar lagfæringar á ferð í breytingartillögum meiri hlutans og skal þakka það. Þeim er þó ekki alls varnað í þeim efnum að sjá út yfir þann málaflokk. En það er heldur dapurlegt að til almennra framkvæmda hefur Ferðamálaráð haft óbreytta krónutölu í fjárlögum öll árin sem núv. hæstv. samgrh. hefur verið ráðherra. Það er með þetta eins og fleira. Það hefur sofið værum svefni allan valdatíma hæstv. ráðherrans. (**Gripið fram í:** Var ekki búið að breyta þessu?) Það er nú ekki mikið. Mér skilst að meiri hlutinn í fjárln. leggi til einhverjar lítils háttar eyrnamerktar breytingar til valinna verkefna svo sem að rækja ættartengsl okkar við Kanada. Það er hugsanlega í tilefni af því að Flugleiðir munu ætla að leggja land undir væng og taka upp flug þangað á næsta ári og á nú eitthvað að hjálpa þeim í markaðssetningunni, eða hvað? En sama er, það er allt góðra gjalda vert. En eftir stendur að til almennra verkefna sinna á Ferðamálaráð víst að hafa sömu krónutöluna áfram. Einu sinni enn. Það er nú svolítið dauflegt, bæði vegna þess að einhver verðrýrnun hefur orðið á þessu fimm ára tímabili en ekki síður þó vegna hins að umsvifin í ferðaþjónustunni hafa stóraukist. Þetta er þó þrátt fyrir allt ein af vaxtargreinunum. Er það ekki, hæstv. iðnrh.? Það getur fleira sprottið upp en álver. Menn voru búnir að röfla hér í 25–30 ár um álver og það gerðist aldrei neitt fyrr en þá mikla glópalán varð hjá hæstv. núv. iðnrh. (**Iðnrh.:** Það var ekkert glópalán.) Ja, sumir segja það nú, hæstv. ráðherra. (**Iðnrh.:** Sumir, það eru ekki allir.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Hljóð í sal.)

Það fylgja því hálfgerðar óspektir að hæstv. iðnrh. kemur hér, herra forseti. En það verður að búa við það.

En ferðaþjónustan hefur dafnað og þar erum við að uppskera bæði mikið starf sem ýmsir aðilar hafa unnið en ekki síður þó það að landið okkar einfaldlega selur sig sjálft sökum þess að það býr enn þá sem betur fer yfir gæðum sem eru að verða æ sjaldgæfari. T.d. sæmilega hreinu lofti þótt hv. 4. þm. Austurl. hafi að vísu áhyggjur af að loftgæði fari minnkandi, eins og menn hafa heyrt. Enn er það þó þannig að hægt er að sjá á milli húsa á venjulegum dögum ef ekki er alveg logn og landið er enn svona tiltölulega laust við meiri háttar iðnaðarmengun. En það getur því miður breyst ef hæstv. iðnrh. treður hér niður hverju álverinu á fætur öðru, alltaf á sama landshorninu og hefur lélegan hreinsibúnað í þeim fabrikkum. Það fer auðvitað ekki vel saman við það að ætla að markaðssetja Ísland sem hreint og ómengað og ósnortið land. Þegar menn svo aka frá Keflavík og á aðra hönd er álver og á hina ruslahaugur er það nú satt best að segja ekki gæfulegt. Og svo á að auglýsa landið upp sem hreint og fagurt land og græna ferðamennsku. Það er nú hætt við að þeir ferðamenn komist aldrei norður í Skagafjörð. (**Gripið fram í:** Þeir yrðu að koma inn fyrir austan.) Þeir

snúa við þegar þeir sjá ruslahauginn og álverin.

Herra forseti. Við teljum sem sagt fulla ástæðu til að minna á þennan málaflokk og leggja þarna betur til. Satt best að segja er það þannig, að öllu gamni slepptu, að það er til háborinnar skammar hversu grútmáttlausir menn eru gagnvart því til að mynda að vera með nauðsynlegan viðbúnað á mörgum fjölsóttum ferðamannastöðum. Það er ömurlegt fyrir menn sem hafa einhvern tíma upplifað margar hálendisvinjarnar eins og þær geta skemmtilegastar og fallegastar orðið einar og sér í ósnortinni kyrrð, að koma svo þangað á háannatíma um mitt sumar og sjá ösina og örtröðina en þó fyrst og fremst að sjá hversu viðbúnaðarinn af okkar hálfu er lélegur eða enginn. Það er ömurlegt að sjá að við erum að gera út á þessa viðkvæmu náttúru og selja landið ekki síst út á hana, en ætlumst svo til þess að það sjái um sig sjálft þegar ferðamenn flykkjast þangað inn.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka ræðu minni enda komið fram yfir hádegi á Kamtsjatka. Ég hafði ekki ætlað mér að tala mikið lengur en þar til klukkan yrði orðin eitt eftir hádegi í Petropavlovka og ég bíð líka eftir því að hæstv. samgrh. komist hér að. Mér þætti mjög vænt um það, herra forseti, að það yrði greitt fyrir því að hæstv. samgrh. kæmist fljótlega að í umræðunni. Því auðvitað gef ég mér það að hæstv. samgrh. detti ekki í hug að hann sleppi þannig frá þessari umræðu að hann reyni ekki að verja eða útskýra mál sitt og segja okkur eitthvað um það t.d. hvernig þetta horfir í stjórnarsamstarfinu. Er það virkilega rétt að þessi niðurskurður í vegamálunum sé að kröfu Framsfl., sem hér mátti jafnvel skilja með vissum hætti áðan? Ég óska eftir að það verði upplýst hvort það er svo, hæstv. forseti, að Framsfl. hafi þvingað Sjálfstfl. til að skera niður vegafé um 1 milljarð kr. og það komi á daginn að Alþfl. hafi verið skárri í þessum efnum, miklu skárri jafnvel, og hæstv. samgrh. hafi gengið betur með sín mál í samstarfi við Alþfl. og hafi þá haft meiri skilning á að það þyrfti að leggja eitthvað í samgöngumál heldur en hann hefur í samstarfi við Framsókn. Þetta segir auðvitað heilmikla sögu um það hvers konar (**SvG:** ... íhaldið verið í þessum samgöngumálum.) já, hvers konar fyrirbæri þessi Framsfl. er orðinn, herra forseti. Kannski herra forseti verði að bregða sér úr forsetastólnum, láta leysa sig af og koma í umræðuna, og tala fyrir hönd Suðurlands því að eitthvað á nú eftir að gera þar í vegamálum þó að þar sé víða orðið vel teppalagt.

Herra forseti. Aðrir hafa í umræðunum fyrr og/eða eiga eftir að gera betur skil öðrum málaflokkum sem ég hefði auðvitað getað hugsað mér að nefna, svo sem þá meðferð sem velferðarmálin fá í fjárlagafrv., en ég er hlynntur skynsamlegri verkaskiptingu og hef þess vegna sérstaklega tekið að mér að fjalla um tiltekna málaflokka, samgöngumál, þróunarsamvinnu, ferðamál og annað sem ég hef nefnt og gert grein fyrir. Item hef ég mælt fyrir þeim breytingartillögum sem ég flyt einn eða ásamt með öðrum á þskj. 357 og 364 og ég held að þetta verði ekki af minni hálfu mikið betur gert, í bili a.m.k., herra forseti, og læt því máli mínu lokið.

[01:01]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 205. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 388; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 389.

Tekjuskattur og eignarskattur, 147. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 386; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 387.

Tryggingagjald, 134. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 385.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 100. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 383; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 384.

[01:02]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir mjög ítarlegum tillögum Alþfl. þar sem fjallað er um hallalaus fjárlög, hæstv. fjmrh., (**Iðnrh.:** Hvenær?) Við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1996, hæstv. iðnrh., vegna þeirra forsendna sem nú eru í þjóðfélaginu. Ég gerði grein fyrir áliti mínu og þeim tillögum sem við bárum fram fyrir árið 1996 og nú hef ég hugsað mér að fjalla nokkuð um málið almennt.

Ég sagði í dag að frumvarpsgrunnurinn væri nokkru traustari eftir þá umfjöllun sem átt hefur sér stað í fjárln. og af þeim breyttu forsendum sem eru í þjóðfélaginu, bæði vegna aukins afla og þeirra aðstæðna sem eru að skapast í iðnaðinum.

Það sem hefur bæst við frá 1. umr. og ekki er gerð grein fyrir í frv. er hvernig ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., ætlar að nýta bandorminn til að fæða margfætluna, þ.e. frv. sem er með a.m.k. tíu veikburða ráðuneytisfætur.

Einnig bendir fátt til þess að ríkisstjórnin ætli að draga í land með afnám launatengingabóta til aldraða, öryrkja og atvinnulausra. Alþfl. mælir með fjármagnstekjuskatti, eins og fram hefur komið, en aftengingin við almennar launahækkanir til þessara aðila er óhæfa. Herra forseti. Þeir sem standa fyrir henni ættu að fá ævarandi stimpil fyrir, sem fylgdi þeim það sem eftir er pólitískrar ævi þeirra, og skömm fyrir misgjörð gegn þeim hópi sem kostað hefur mestu framfarir í íslensku þjóðfélagi frá upphafi, margir með svita og tárum. Það er mín skoðun á þessari skammarskerðingaraðgerð, hæstv. forseti.

Stórframkvæmdirnar sem menn fjalla nú um, stækkun álvers í Straumsvík, og aðrar framkvæmdir sem lagður var grunnur að, hæstv. iðnrh., í ráðuneytum Alþfl. á síðustu kjörtímabilum eru að verða að staðreyndum. (**Iðnrh.:** Hvaða ráðuneyti voru það?) Það var í iðnrn. og viðskrn., hæstv. iðnrh. og viðskrh. Það eru að skapast möguleikar til endurskoðunar og það er einmitt það sem ég vona að menn hafi manndóm í sér til að gera, á þeim tíma sem er eftir fram til áramóta, varðandi þau mál sem ég nefndi áðan. Bætt verði úr ágöllum sem sjáanlegir eru.

Möguleiki er á að skila þessum auknu tekjum til þeirra aðila sem hvað harðast er ráðist að með aftengingu kjarabóta áðurnefndra hópa. Það er ástæða til að rukka um fyrirheit Framsfl. að þessu sögðu. Ekki eitt einasta atvinnutækifæri hafa þeir skapað. Þau störf sem kunna að verða til við áðurnefndar framkvæmdir eru vegna verka sem fyrir löngu hefur verið lagður grunnur að. Það er kannski, herra forseti, of mikið sagt því að búið er að ráða nokkra bílstjóra og nokkra framsóknargæðinga í ráðuneytisstörf og annað sem til hefur fallið. Ég hygg að sá hópur fylli ekki enn hundraðið þótt líklega sé stutt í að gefa megi hæstv. ráðherrum Framsóknar hundraðshöfðingjanafnið ef lagt er saman í hversu margar nefndir og ráð gæðingar þeirra hafa verið settir á síðustu mánuðum. Þá rukka ég eftir, hæstv. ráðherra, hinum 11.900 störfum og ætli sé ekki óhætt að fara að hefja einhverjar aðgerðir í þeim málum. En auðvitað verður kyrrstaða eins og ævinlega þegar um þessa stjórn er að ræða, eins og hún er samsett.

Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir fjölgun starfa á tímabilinu sem er alveg eðlileg eða um 4.500–5.000 störf, þ.e. 1.200–1.400 störf á ári, og hún hefur ekkert eða sáralítið með stjórn að gera. Hún er einungis eðlileg, miðað við spá Þjóðhagsstofnunar, ef þróun í nágrannalöndum okkar heldur sem horfir. Ef framsóknarmenn ætla að reikna sér þetta sérstaklega til tekna er ekki um annað en blekkingu að ræða.

Ég vil nú, hæstv. forseti, gera ástandið í velferðarmálum okkar að umræðuefni og þann mismun sem er á áætlanagerð og því sem stjórnendur heilbrigðiskerfisins telja að þurfi til að geta rekið málaflokkinn miðað við þarfir. Ég vil nota tækifærið til að mótmæla því að hér skuli rætt um fjárlög án þess að fyrir liggi hugmyndir frá heilbrrn. um aðgerðir sem varða 40% af fjárlögum ríkisins. Þetta þýðir, herra forseti, að verið að keyra þennan hluta fjárlaga í gegnum hið háa Alþingi án þess að hann fái þrjár umræður eins og lög gera ráð fyrir. Ég var ekki og er ekki í aðstöðu til að koma í veg fyrir það. Sættir náðust í dag um að kynna hluta þeirra lausna sem menn eru að velta fyrir sér að grípa til, en eru alls ekki tilbúnar eins og hv. formaður fjárln. gerði grein fyrir þeim fyrr í kvöld, því að enn vantar 310 millj. upp á bara til þess að geta staðið, herra forseti, við að lækka uppsafnaðan halla sem er um 700 millj., til að geta staðið við þær sjálfsögðu leiðréttingar sem þarf að grípa til.

Það er eðlilegt að spurt sé hvað menn leggja til í þessum málum. Nánast ekkert hefur komið enn þá sem hönd er á festandi. Þjóðin eldist æ hraðar og meiri tæknivæðing eykur stöðugt kostnaðinn. Leiða má líkur að því að aðgerðir fyrrv. heilbrrh. hefðu komið í veg fyrir 7–10 milljarða kostnaðarauka í kerfinu en núna, eftir þær aðgerðir, blasir ekkert annað við en breyttar áherslur og kerfisbreyting. Vaxandi kostnaður innan heilbrigðis- og velferðarkerfisins er helsta viðfangsefni allra nágrannaþjóða okkar þannig að þessi vandi er ekki sérstakt íslenskt fyrirbrigði. Ríkisstjórnin hefur nýlega bætt við einum milljarði til vinnumarkaðarins og ég segi að ef gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur komi á fjóra síðustu mánuði ársins 1996 er lágmarkskrafa að þeir sem lakast eru settir fái leiðréttingar svo jafnist á við laun á almennum markaði.

Herra forseti. Aðgerðir sem varða styrkingu byggðarlaga hafa legið niðri. Hugmyndum um flutning stofnana, svo sem Landmælinga, Brunamálastofnunar og Vegagerðar, út á landsbyggð og kerfisbreytingum sýslumannaembætta hefur ekki verið sinnt. Öllum þessum hugmyndum hefur verið stungið ofan í skúffu eða sópað undir teppið. A.m.k. hefur ekki örlað á neinum aðgerðum til að fylgja eftir tillögunum sem hæstv. forsrh. lét vinna fyrir sig undir stjórn fyrrv. hv. þm., Þorvaldar Garðars Kristjánssonar. Ég leyfi mér, herra forseti, að rukka eftir aðgerðum í þessum málum sem menn ræða á tyllidögum af mikilli festu og alvöru, eða er þetta mas aðeins sett fram til að blekkja fólkið á landsbyggðinni þegar verið er að sækjast eftir atkvæðum fyrir kosningar?

Tillaga sem ég gerði grein fyrir í dag, hæstv. forseti, um breytta fiskveiðistjórnun lýtur að tekjuöflun í ríkissjóð. Miðað er við að greitt verði fyrir afnot af auðlindinni beint í ríkissjóð í gegnum Fiskistofu. Þannig væri fyrir hvert úthlutað þorskígildiskíló t.d. unnt að setja sér það markmið að sjávarútvegurinn stæði undir stoðaðilum sínum, svo sem Hafró, Landhelgisgæslu að hluta, Fiskifélaginu og öðrum slíkum, ásamt rannsóknum sem gerðar eru í þágu hans. Þar að auki, herra forseti, með breytingartillögum við þetta fjárlagafrv. sem við alþýðuflokksþingmenn leggjum fram bjóðum við upp á varanlegar lausnir á fjárlagahallanum og meira að segja 5 millj. í afgang.

Ég sagði sögu í dag, herra forseti, sem ég hafði eftir fyrrv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, um karlinn sem ætlaði ásamt tveimur sonum sínum að slátra hrúti sem var með svo harða hausskel að þrátt fyrir þrjú skot og gífurlega tilburði gekk ekkert að skjóta hann. Þá sagði karlinn við syni sína: „Látum hrússa í hús og svo byrjum við aftur að slátra eldsnemma í fyrramálið." Þessi slátrunaraðgerð minnir mig á stjórnunarhætti núv. hæstv. ríkisstjórnar nema ráðherrum er sennilega hættara við að skjóta sig í fótinn en bóndanum sem hér sagði frá.

Það er fyllsta ástæða til þess að ræða hér og nú um breytta samskiptahætti í nefndum og viðameira hlutverk þeirra í kjölfar breytinganna þegar þingið varð að einni málstofu. Mig langar, herra forseti, að leggja áherslu á að ég tel að þar hafi tekist vel til og að menn séu að gera sér æ ljósara mikilvægi nefndarstarfanna, þó að einhverjir skripli á skötunni, þeir sem ókunnugir eru þeim málum.

Það væri nú gott, herra forseti, ef þessum boðum yrði komið til hæstv. ráðherra ríkisstjórnar sem hafa ekki eirð í sér til að vera hér í salnum eða þá að þeir eru þreyttari en þingmenn og geta ekki — Velkominn, velkominn, hæstv. heilbrrh., í salinn. En það er eins og hluti ráðherra hafi ekki gert sér grein fyrir því að nýir starfshættir hafa verið teknir upp í þinginu. Það er ekki lengur fært að skutla málum inn í nefnd og krefjast afgreiðslu á einum klukkutíma eins og oft hefur viðgengist og mál þá verið afgreidd í einhverju klúðri sem hefur reynst örðugt að lagfæra. Þeir aðilar sem ég ræði um eru búnir að vera of lengi í ráðherrastólum og ættu að fá hvíld til að gera sér ljóst að starf nefnda þingsins snýst ekki bara um að keyra mál ríkisstjórna í gegn eins og þau eru lögð fram hverju sinni af hálfu viðkomandi ráðuneytis.

Ég vil þakka, herra forseti, fyrir þann skilning æðstu stjórnar þingsins á þörfinni á nákvæmri umfjöllun nefnda og vona að svo verði áfram. Ég vil láta þess getið að þó ekki sé um sameiginlegt nefndarálit frá minni hluta fjárln. að ræða að þessu sinni, hefur samstarf minni hluta fjárln. ásamt og við meiri hluta fjárln. verið með miklum ágætum. Og ég vil endurtaka þakkir mínar um það þó ég hefði viljað ná meiri samstöðu um tillögur um hallalaus fjárlög við 2. umr. Aðstæður til þess hafa ekki verið betri í heilan áratug.

Eins og ég sagði hefur einnig verið góður starfsandi í fjárln. þó svo að þegar til tillögugerðar hefur komið um einstaka liði ræður meiri hlutinn eins og hann ávallt hefur gert og setur fram sinn vilja. Það þýðir sjálfsagt ekkert fyrir minni hluta nefndarinnar að mótmæla og á það er auðvitað ekkert hlustað nú frekar en endranær. Það sem skilur í milli er ekki mikið í hinum smærri málum. En það virðist skorta vilja innan meiri hlutans í þeim málum sem við alþýðuflokksmenn gerum tillögur um sem geta leitt til hallalausra fjárlaga. Það verður fróðlegt að sjá hvernig ýmsir stjórnarliðar greiða atkvæði á morgun um tillögur okkar alþýðuflokksmanna.

Ég segi það, herra forseti, að hér mun fara fram eftirtektarverð atkvæðagreiðsla þar sem menn verða spurðir um vilja sinn til þeirra tillagna sem við alþýðuflokksmenn flytjum og við vitum að það er stór meiri hluti stjórnaliðsþingmanna sem hefur mælt með þeim.

Það eru fjölmörg atriði sem mér finnst hafa verið sett til hliðar við fjárlagagerðina. Ég nefni bara t.d. Fjölbrautaskóla Vesturlands sem fær nánast lítil viðbrögð frá íhaldi og Framsókn við beiðni og ég mun nota hvert tækifæri sem gefst

til að minna stjórnendur og nemendur skólans á afgreiðslu erinda þeirra. Bréf sem barst frá Fjölbrautaskóla Vesturlands var að sjálfsögðu ekki sett fram með mikilli beiðni um aukin framlög en þar var mótmælt skerðingu sem fram kom í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 þar sem gert var ráð fyrir lækkun gildistölu og hækkuðum álögum á nemendur og fól í sér ófullnægjandi tillögur vegna Reykholtsskóla svo ég bara nefni þetta sem dæmi.

Að sjálfsögðu get ég haldið áfram og nefnt erindi héraðsnefndar Skagfirðinga svo ég nefni bara það sem ég greip með mér af þessum 575 beiðnum sem bárust til fjárln. Sumum hefur verið mjög vel sinnt en öðrum miður. Ég vil vitna, með leyfi forseta, til erindis frá héraðsnefnd Skagfirðinga sem er svohljóðandi:

„Heimavist skólans er fyrir 140 nemendur. Hún hefur verið fullsetin undanfarin ár. Nemendur við skólann eru nú 478, þar af eru 429 úr kjördæminu. Auk nemenda í heimavist eru á vegum skólans 36 nemendur í húsnæði úti í bæ eða samtals 176 nemendur í vistun á vegum skólans. Sífellt fleirum hefur þurft að vísa frá vegna skorts á heimavistarhúsnæði. Það er áhyggjuefni sérstaklega með tilliti til þess að nemendum úr kjördæminu sem vilja fá skólavist í heimabyggð fjölgar ár frá ári. Það hefur verið gert ráð fyrir stækkun heimavistarinnar um 60 rúm. Á fjárlögum síðustu tveggja ára hafa verið veittar 2 millj. kr. til heimavistarinnar."

Erindinu lýkur þannig:

„Það er von þeirra sem að skólanum standa að samningur náist nú við menntmrn. um að hefja megi framkvæmdir við þennan áfanga."

Í trausti þess var sótt um fjárveitingu á árinu 1996 til byrjunarframkvæmda. Það var sótt um 20 millj. Ég þarf ekkert að rekja það. Heimamönnum og hv. Alþingi er fullkunnugt um hver endalok þeirra mála eru.

Ég gat um það áðan, herra forseti, að hér er um að ræða dæmi sem tekin voru úr bunka 500–600 erinda sem komu til vinnslu fjárln. Það þarf ekki stórar aðgerðir til að mæta óskum fjölmargra eins og hv. form. fjárln. er vel kunnugt um. Ég er ekki, herra forseti, að ásaka hv. form. fyrir hans vinnubrögð þó ég geti um þetta. Hann hlýtur að sjálfsögðu að vinna eftir þeim fyrirmælum sem honum eru gefin frá sínum yfirboðurum. Þá er ég að tala um áðurnefnd dæmi um niðurskurð í búnaðarkaupum. Ef gripið væri til aðgerða til að mæta þessum óskum þá mætti vinna mikið með endurskipulagningu á vinnu ráðuneytanna sem gæti skilað miklu af slíkum framlögum og þar að auki sparnaði ef menn vildu á annað borð taka á málum í búnaðarkaupum og vinnuskipulagi ráðuneyta.

Ég get ekki lokið máli mínu, herra forseti, án þess að minnast á niðurskurð fjárln. sem varðar stofnanir atvinnulífsins. Þá spyrja einhverjir, hvað er nú það? Þar er um að ræða Vinnuveitendasamband Íslands, BSRB, ASÍ o.fl. Sama niðurskurði er beitt á alla. Mér er kunnugt um að þessum fjármunum hjá ASÍ hefur verið veitt til endurmenntunar og fræðslu atvinnulausra og til fólks í atvinnulífinu. En það er enginn mismunur á niðurskurðinum gerður milli ASÍ og VSÍ þó Vinnuveitendasamband Íslands noti sitt framlag í rekstur en ASÍ til fræðslu.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka áskorun mína til stjórnarþingmanna um að kanna vel tillögur okkar alþýðuflokksmanna áður en þeir greiða atkvæði um þær. Ég tel að flestar þeirra séu þannig að það stríði bæði gegn vilja og samvisku fjölda stjórnarliða að fella þær. Ef svo fer má öllum augljóst vera að það er ekki orð að marka hástemmdar yfirlýsingar varðandi ráðdeildarsemi og hagræðingu sem ekki bara einn eða tveir stjórnarliðar hafa viljað kenna sig við heldur tveir til þrír tugir þeirra að minnsta kosti með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar.

Herra forseti. Ég hef ákveðið þar sem langt er liðið á nótt og komið nokkuð fram yfir þann tíma sem ég átti von á að hér stæði fundur, að ljúka máli mínu en ég vil í lokin segja þetta. Ég tel að það sé rangt gagnvart þingmönnum að láta þá halda svona lengi út. Hér er um að ræða menn sem þurfa að mæta snemma til vinnu í fyrramálið og fóru upp kl. sjö í morgun og eru búnir að vera hér að minnsta kosti 18–19 klukkutíma og eiga fyrir höndum þriggja, fjögurra tíma svefn.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 01:25.

---

66. FUNDUR

föstudaginn 15. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 346, 354 og 355, brtt. 347, 353, 356, 357, 358, 359, 360, 361, 362, 363, 364, 372, 373, 374 og 375. — Frh. 2. umr.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 207. mál, þskj. 268, nál. 352. — 2. umr.
3. Vatnalög, stjfrv., 234. mál, þskj. 316, nál. 351. — 2. umr.
4. Iðnlánasjóður, stjfrv., 194. mál, þskj. 242, nál. 368. — 2. umr.
5. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frv., 247. mál, þskj. 345. — 2. umr.
6. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 100. mál, þskj. 105, nál. 383, brtt. 384. — 2. umr.
7. Tryggingagjald, stjfrv., 134. mál, þskj. 160, nál. 385. — 2. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 174, nál. 386, brtt. 387. — 2. umr.
9. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 205. mál, þskj. 266, nál. 388, brtt. 389. — 2. umr.
10. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213, nál. 369. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn. [10:32]

Útbýting þingskjala:

Gufuaflsvirkjun á Nesjavöllum, 201. mál, svar iðnrh., þskj. 378.

Orkufrekur iðnaður, 203. mál, svar iðnrh., þskj. 380.

Raforka til stækkunar járnblendiverksmiðju, 202. mál, svar iðnrh., þskj. 379.

Skipulags- og byggingarlög, 251. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 390.

Fjárlög 1996, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 346, 354 og 355, brtt. 347, 353, 356, 357, 358, 359, 360, 361, 362, 363, 364, 372, 373, 374 og 375.

[10:34]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Mér datt í hug í gær þegar ég heyrði raddir virðulegra stjórnarandstæðinga gamalt orðtak sem segir að hversu hátt sem öldur tilfinninganna rísi, brotni þær á staðreyndum. Það er staðreynd að ríkissjóður er ekki ótakmarkaður. Sjóðir ríkisins eru rýrir, um það verður ekki deilt. Við getum deilt um ástæður, en það tekur því ekki að deila um það hvers vegna sjóðirnir eru rýrir. Þetta er spurningin um hvernig við förum með peningana.

Það er einnig staðreynd að vextir af lánum ríkissjóðs eru þriðji hæsti útgjaldaliður í málaflokki, eða tæplega 14 milljarðar. Þetta er hærri upphæð en við verjum til stofnframkvæmda, t.d. til byggingar vega, hafna, flugvalla, skóla, sjúkrahúsa eða heilsugæslustöðva. Það er staðreynd að velferðarkerfið verður ekki fjármagnað með lántöku til lengdar. Það leiðir til hruns þess og í slíku er engin framtíð. Það er einnig staðreynd að það er sjálfvirk útgjaldaþensla í ríkisfjármálum. Þá útgjaldaþenslu verður að stöðva og við gerum tilraun til þess í fjárlagafrv. Það er einnig staðreynd að ef við eyðum um efni fram, missum við fjárhagslegt sjálfstæði okkar.

Er það ekki skylda okkar þingmanna að sporna við þessari þróun til að vernda framtíð Íslands, unga fólkinu, sem hefur ekki möguleika á að verja sig? Með fjárlagafrv. erum við að reyna að tryggja stoðir velferðarþjóðfélagsins. Ég tel að við náum t.d. ekki lengra í sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Við höfum gengið þann veg á enda miðað við núverandi skipulag.

Við höfum einnig gengið mjög langt í sparnaði í mjög mörgum ráðuneytum. Það hafa allir stjórnmálaflokkar lýst þeim vilja sínum að ná niður fjárlagahallanum. Menn greinir hins vegar á um leiðir. Leiðir stjórnarandstæðinganna eru einfaldar en þær eru jafnframt ótraustar. Það á að halda áfram að eyða um efni fram, en þeir svara því ekki hvernig á að afla teknanna. Þar eru engar nýjar leiðir, þar eru engar nýjar lausnir og þar eru engin ný úrræði, eins og reyndar var boðað að fram skyldi koma í 2. umr.

Fyrir nýja þingmenn eru störf á Alþingi framandleg en þau eru jafnframt spennandi og skemmtileg. Hvers vegna talar enginn um allsherjaruppstokkun á stjórnkerfi landsins? Við Íslendingar erum einungis um 260 þúsund. Við höfum til þess að gera gott samgöngukerfi, en samgöngukerfið er undirstaða endurskipulagningar, sameiningu hreppa og stjórnkerfis. Við höfum byggt upp varanlega vegi umhverfis landið. Við höfum byggt jarðgöng í gegnum fjöll, við höfum byggt hafnir og hafnalög eru beinlínis eyðsluhvetjandi og ég, sem fyrrv. sveitarstjórnarmaður, veit að það er auðvitað hvetjandi fyrir sveitarstjórnir landsins að byggja hafnir vítt og breitt, sem eru auðvitað lífæðar hvers byggðarlags. En ríkissjóður greiðir stærstan hluta af þessum framkvæmdum. (**Gripið fram í:** Er hv. þm. á móti því?) Nei, að sjálfsögðu ekki. Í sjávarplássum eru hafnir auðvitað lífæðar en við gætum hugsanlega komist af með færri hafnir, eins og við höfum t.d. gert á Suðurlandi.

Stjórnkerfi okkar hefur ekki þróast í takt við breyttar aðstæður hvað tækni og samgöngur í landinu varðar. Þetta á við flesta þætti bæði í dreifbýli og þéttbýli. Þetta á við um hreppaskipan, þetta á við um samliggjandi bæjarfélög og þetta á við um kauptún. Þetta á við um prestaköllin í landinu, þetta á við um sýsluskipan, sýslumenn og embættiskerfið í landinu. En þingmenn þora einhverra hluta vegna ekki að takast á við þessi mál. Það er m.a. vegna þess að þetta snertir kjördæmin okkar og um leið og það snertir þau kemur búrahugsunarhátturinn upp í okkur, við viljum gjarnan halda í okkar. Og þar er ég engin undantekning.

Það er líka gjarnan talað um að þeir þingmenn séu duglegastir sem eru duglegastir við að pota fyrir sitt kjördæmi. Ísland er hátæknivæddur þjóðfélag. Við erum afar tölvuvædd. Við erum í raun og veru tækja- og tæknióð. Við höfum nýjar tölvur, við höfum Internet, við höfum mótöld. Símkerfi okkar er orðið mjög fullkomið með ljósleiðurum, samnetum og öllu tilheyrandi. Við höfum skjalasíma og hvað þetta heitir nú allt saman. Við getum skipst á upplýsingum á örskotsstundu.

Alþjóðasamskipti Alþingis kosta 50 millj. kr. Ég er alveg klár á því að þarna gætum við sparað. Það er auðvitað nauðsynlegt að taka þátt í alþjóðasamskiptum en við getum notað þá tækni sem við búum við mikið betur en við gerum. Þessar 50 millj. eru einungis helmingurinn af því sem menntmrn. notar í alþjóðasamskiptum. Svona getum við haldið áfram að telja. Það er í raun og veru sama hvert við lítum. Stjórnkerfið vinnur ekki í takt við bættar samgöngur eða bættan samskiptabúnað. Ég tel að hér höfum við verk að vinna til sparnaðar. Það er í raun og veru nær að taka á þessum málum heldur en hinum fjölmörgu, viðkvæmu málaflokkum.

Ég vil í lok ræðu minnar þakka stjórnarandstæðingum sem hafa verið með okkur í fjárln. fyrir mjög málefnalega vinnu. Ísland er gott og gjöfult land. Möguleikar okkar eru nær ótakmarkaðir. Við erum, þegar á heildina er litið, ríkt þjóðfélag. Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árið 1996 lofar góðu. Þar er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld, þ.e. einkaneysla í landinu, aukist úr 4,9% í 5,6. Það er um 15 milljarða aukning árið 1995. Þar er einnig gert ráð fyrir hagvexti upp á 3,2%.

Ég tel að við Íslendingar stöndum okkur vel á mjög mörgum sviðum. En kerfið okkar, hvar sem á það er litið, er allt of dýrt og allt of gamaldags. Í því liggur stór hluti af fjárhagsvanda ríkissjóðs.

[10:43]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom mér á óvart hversu þungt var í hv. þm. þegar hann hóf ræðu sína. Ég stóð í þeirri meiningu að hann væri nýkominn af fundi fjárln. í morgun þar sem birt voru drög að nýrri spá Þjóðhagsstofnunar. Samkvæmt þeim fréttum sem ég hef er mun bjartara fram undan en menn höfðu haldið. Ég vona því að hann geti litið bjartari augum á framtíðina en fram kom í ræðu hans, þótt vissulega sé margt sem við þurfum að hafa áhyggjur af.

Þingmaðurinn spurði: Hvers vegna talar enginn um allsherjaruppstokkun? Ég held að hann hefi ekki hlustað nógu vel í þessari umræðu né öðrum. T.d. hefur sú sem hér stendur margsinnis bent á ýmsa möguleika í þeim efnum, bæði varðandi það að leggja niður ríkisstofnanir og það atriði að sameina atvinnumálaráðuneytin. Ég held að það gæti haft

mikla þýðingu í okkar stjórnkerfi. Ég er svo sannarlega tilbúin til þess að fara með honum í allsherjaruppstokkun á kerfinu. En ef hann er maður breytinga og uppstokkunar, hvað er hann þá að gera í ríkisstjórn með Sjálfstfl. sem vill engu breyta?

[10:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir ábendingar. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það er bjartar fram undan. Það er m.a. bjartara fram undan vegna þess að í þessari ríkisstjórn situr jafnframfarasinnaður flokkur og Framsfl. er. Það hefur margoft komið í ljós að skoðanir hv. þm. og Framsfl. fara saman í mörgum málum. Og ég hvet hv. þm. (**Gripið fram í:** Til að ganga í flokkinn.) til þess að koma með okkur og breyta því kerfi sem ég var að benda á. Það kom greinilega í ljós að skoðanir okkar fara saman í mörgum málum.

[10:46]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í grein sem einhvern tíma var skrifuð um Kvennalistann var verið að analísera hann eftir ýmsum hugmyndastraumum og þar var talað um framsóknarfemínista. Ég hef nú aldrei talið mig í þeim hópi. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að við kvennalistakonur áttum ákaflega gott samstarf við Framsfl. hér á síðasta kjörtímabili um mörg mál. En Framsfl. á hins vegar eftir að sýna það og sanna í þessu stjórnarsamstarfi að hann sé framfarasinnaður og vilji breyta. Ég hef ekki orðið vör við það enda hafa framsóknarmenn margoft verið inntir eftir kosningaloforðum sínum í umræðum undanfarna daga. Hefur mörgum sýnst að það stæði nú frekar á efndum. Ég er að sjálfsögðu tilbúin til að styðja öll góð málefni hvaðan sem þau koma. En ég fæ því miður ekki séð að þessi ríkisstjórn muni standa fyrir miklum breytingum og því hygg ég að skoðanir þingmannsins muni ekki verða til að breyta miklu hér í framtíðinni.

[10:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru athyglisverðar upplýsingar sem hv. 14. þm. Reykv. kemur hér fram með. Hún innir framsóknarmenn eftir kosningaloforðunum, eins og svo margir gera, en við verðum að ná tökum á ríkisfjármálunum til þess að geta staðið við þau. Ég er alveg klár á því að það tekur lengri tíma en hálft ár að standa við þau loforð sem við gáfum. En það munum við gera. Við munum láta verkin tala, en það er langt í næstu kosningar.

[10:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason gerði í upphafi ræðu sinnar lítið úr málflutningi stjórnarandstæðinga í fjárlagaumræðunni í gær. Hann talaði um að sjóðir væru rýrir og við fengjum því ekki breytt. Auðvitað fáum við því breytt. Við fáum því líka breytt hvernig við ráðstöfum þessum sjóðum. Það gerir náttúrlega sérstaklega hv. þm. sem situr í fjárlaganefnd. Þetta snýst allt um forgangsröðun. Mig langar til að benda á að það eiga að fara 800 millj. í að byggja brú yfir Gilsfjörð á meðan það vantar 580 millj. til þess að Ríkisspítalarnir geti verið reknir óbreyttir á næsta ári. Þess vegna spyr ég hv. þm. sem situr í fjárln. og vélar um þessi mál og forgangsraðar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar: Vill hann skerða heilbrigðisþjónustuna þannig að þar verði enn meiri samdráttur og koma á brú yfir Gilsfjörð? Þetta er spurning um forgangsröðun milli málaflokka, hv. þm.

[10:50]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir ábendingar og ráð. Eins og allir vita er hún sprottin upp úr góðum jarðvegi og margt athyglivert sem hún hefur komið fram með hér. Hún talaði um að það væri enginn vandi að auka sjóði ríkisins. Mig langar til að spyrja hana hvernig við eigum að gera það. Við getum líka velt okkur upp úr einstaka málaflokkum eins og hún gerir, t.d. samgöngubótum og öðru slíku. Ég benti á í ræðu minni áðan að samgöngubæturnar eru undirstaða þess að við getum gert stjórnkerfisbreytingar hér á landi. Það er alveg ljóst. Við verðum að læra að um leið og við bætum samgöngur í landinu með jarðgöngum, ferjum, brúm o.s.frv., verðum við að vera tilbúin að breyta stjórnskipulaginu í takt við það.

[10:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. fyrir hans svör. Ég veit náttúrlega eins og fleiri hér inni að þingmaðurinn sem hér stendur er sprottinn úr góðum jarðvegi og hefur komið víða við. (**Gripið fram í:** Er þetta ættarmót eða hvað?) (**Gripið fram í:** Þjóðarframsóknaflokksins?) Ég átti nú við Framboðsflokkinn í þessu tilliti. (**Gripið fram í:** Þú varst líka í Framsóknarflokknum lengi.) Var þar líka lengi, já. En þetta er spurning um forgangsröðun. Hv. þm. spyr hvernig eigi að auka tekjur ríkissjóðs. Ég vil benda á þrennt. Það er aukið og hert skatteftirlit, veiðileyfagjald og fjármagnstekjuskattur. Aftur á móti var ég að tala um forgangsröðun. Og ég var að tala um forgangsröðun *milli* málaflokka en ekki innan þeirra. Ég benti hv. þm. á það sem fulltrúa í fjárln.

[10:52]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stundum hefur Alþingi verið líkt við leikhús en nú hef ég það sterklega á tilfinningunni að ég sé staddur í fjarstæðuleikhúsi. Hingað kemur hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og maður skyldi ætla, ef maður vissi ekki betur, að hann væri alls ekki framsóknarmaður. Hann flytur hér ræðu um nauðsyn þess að stöðva skuldasöfnun, um að stunda sparnað, aðhaldssemi og ráðdeild í ríkisrekstri. Man hv. þm. ekkert eftir því að í tíð fyrri ríkisstjórnar á seinasta kjörtímabili þegar verið var að reyna að taka á slíkum málum með því að stöðva sjálfvirka útgjaldaþenslu í félagslegu kerfi eða í heilbrigðismálum þá fór flokkur hans hamförum gegn slíkum tillögum. Hann kenndi eingöngu mannvonsku, skilningsleysi og illsku um og talaði aldrei um nauðsyn sparnaðar eða ráðdeildar. Veit hv. þm. ekkert um sögu síns flokks? Veit hann ekki að meginuppistaðan í stefnu og gjörðum Framsfl. áratugum saman hefur einmitt verið þetta kjördæma- og hagsmunapot sem hv. þm. var að fordæma. Þ.e. kröfur um útgjöld, meira að segja nú nýlega staðfest í búvörusamningi upp á 12 milljarða til aldamóta. Ætlar hv. þm. að halda því fram að þetta sé fjárfesting í framtíðinni? Eða þeir 48 milljarðar sem mokað var í tóma hít og skilaði engum árangri í útflutningsbætur á undanförnum árum að undirlagi hans flokks? Veit hv. þm. ekki að það sem hans flokkur stendur fyrir er þveröfugt við það sem hv. þm. var að tala um? Er það í lagi að menn komi fram eins og umskiptingar hér í ræðustóli Alþingis og tali þvert gegn því sem er kjarninn í tilveru flokks hv. þm.

[10:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var kjarnmikil ræða hjá hv. þm., enda fyrrv. ráðherra. Mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar alþýðuflokksmenn tala um hagsmunapot og kjördæmapot. Ég veit ekki betur en að hver einasti maður sem ráðinn var í vinnu í einstök ráðuneyti eða til einstakra stofnana hafi fyrst og fremst verið ráðinn samkvæmt flokksskírteini á meðan Alþfl. stjórnaði landinu á síðasta kjörtímabili. Þar sem hv. þm. kom inn á landbúnaðarmál þá megum við ekki gleyma því að stór hluti þessarar þjóðar lifir á vinnslu landbúnaðarafurða. Í mínu kjördæmi er t.d. talað um að hvert og eitt bú skapi á að giska fjögur störf í þéttbýli. Ég vil halda vörð um þessi störf, bæði íslenskan landbúnað og vinnslu landbúnaðarafurða. Þetta er grundvallaratriði fyrir okkur. Hins vegar megum við gjarnan breyta í landbúnaðarkerfinu eins og ég kom inn á þegar ég talaði um stjórnkerfisbreytingu og annað slíkt. Við erum með allt of margar afurðastöðvar og kerfið okkar er of dýrt. En íslenskur landbúnaður verður að lifa vegna þess að við lifum m.a. á vinnslu landbúnaðarafurða, það sést ef við skoðum þéttbýlisstaði þessa lands, t.d. á Suðurlandi. Okkur ber að fara vel með peninga ríkisins, það er alveg ljóst. Eins og ég sagði áðan tel ég að við séum að treysta grundvöll þessa þjóðfélas með því að ná niður fjárlagahallanum.

[10:57]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við viljum lifa af landsins gæðum. Við viljum að bændur lifi. Það er nú það, hv. þm. Stefna Framsfl. í málefnum landbúnaðar er af því taginu, þrátt fyrir fjárausturinn og þrátt fyrir alla þykjustuumhyggjuna, að þegar bændur landsins koma saman tala þeir um fátt annað en að þeir séu að drepast undan þessu kerfi. Ágreiningurinn er ekki um það að halda uppi bjargálna bændum og lífvænlegum landbúnaði heldur sá að Framsfl. og framsóknarkerfið er búið að koma sjálfbjarga landbúnaði fyrir kattarnef með ofskipulagi og ofverndun, með því að binda framtak bænda í dróma og gera þá raunverulega að ánauðugum mönnum í fátæktargildru. Það er um það sem málið snýst. Að öðru leyti er ekki meira að segja um seinni ræðu hv. þm. en að hún var öll önnur heldur en sú hinn fyrri. Þá var gasprinu hætt um sparnað og ráðdeild og allt í einu farið að fara með gömlu framsóknarrulluna og þá þekkjum við aftur í hvaða flokki hv. þm. er.

[10:58]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess varðandi fundahaldið í dag að það er samkomulag um að atkvæðagreiðsla að lokinni 2. umr. um fjárlagafrv. verði kl. tvö í dag. Núna eru sjö hv. þm. á mælendaskrá og forseti væntir þess að hv. þm. taki tillit til þess í ræðum sínum að umræðu þarf að ljúka helst ekki síðar en kl. hálfeitt vegna þess að fleiri mál eru á dagskrá sem verða þá tekin fyrir áður en atkvæðagreiðsla hefst klukkan tvö.

[10:59]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan óska eftir að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Ég held það veitti ekkert af því.

(**Forseti** (ÓE): Hæstv. fjmrh. er í húsinu. Við gerum ráðstafanir til að hann komi í salinn.)

Áður en þessari umræðu lýkur ættu hv. þm. að spyrja sjálfa sig spurninga um það hvernig til hefur tekist á undanförnum árum með að marka eða ná fram markmiðum, yfirlýstum markmiðum við afgreiðslu fjárlagafrumvarpa. Er kannski talsvert mikill munur á þeim markmiðum sem menn leggja upp með þegar frv. er lagt fram og þegar niðurstaðan síðan er birt okkur í ríkisreikningi? Hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á þessu frv. þótt hann leggi ævinlega áherslu á að það séu tíu fjmrh. í landinu og hann sé engan veginn einstakur. Ég held að hann geri ekki einu sinni kröfu til að vera primus inter pares, fremstur meðal jafningja. Hann er nú að leggja fram sitt fimmta fjárlagafrv. Það er sögulega séð óvenjulegt að fjmrh. hafi haft jafnlangan tíma og hér um ræðir til að ná tökum á viðfangsefninu og til þess að ná fram langtímamarkmiðum.

Nú er ástæða til að rifja það upp að á þessum tíma hefur það ævinlega gerst að upphafleg áform um að koma böndum á halla í fjárlagafrv. hafa aldrei náðst og munar þar mjög miklu. Fjarri fer því að ég sé að nefna þetta sem einhverja persónulega ávirðingu fjmrh. hæstv. Ég held að okkur sé hins vegar hollt að hafa í huga að hallamarkmiðin hafa ekki náðst og ég held að alþingismenn allir ættu að reyna að hugleiða hvernig stendur á því. Hefur frv. breyst yfirleitt í meðförum þingsins á þann veg að hér hafi hv. þm. staðið upp og krafist þess að betur yrði gert, að hætt yrði að bruðla, að forsendur frv. yrðu traustari? Eða hafa þeir komið hér yfirleitt fram með það í huga svona fyrir jólin að færa umbjóðendum sínum glaðning og heldur teygja á útgjaldarammanum? Fjárlagafrv. hefur gjarnan verið sett fram með 3,5 milljarða halla en endað í 13,5 milljarða halla eins og árið 1991 eða árið 1993 með 6 milljarða halla en endaði í 19 milljarða halla. (Gripið fram í.) Þetta eru tölur fengnar frá Ríkisendurskoðun um afkomutölur á verðlagi hvers árs, ég tek það fram. Þessar tölur segja sína sögu um það en ég tek fram að þær eru á verðlagi hvers árs. Það er nauðsynlegt af því að það er útgangspunktur þessarar umræðu eins og sumir hafa nú verið að víkja að, að skuldasöfnunin sem felst í hallarekstri ríkissjóðs sé orðin óviðunandi. Mælikvarðinn á það er að sjálfsögðu greiðslubyrðin af þessum uppsöfnuðu skuldum. Um það liggja fyrir óyggjandi tölur og þær eru strax á yfirstandandi ári hvorki meira né minna en á milli 34 og 35 milljarðar kr. Þegar menn setja það í samhengi fjárlaganna þá eru það alveg gríðarlegar upphæðir og samsvara útgjöldum okkar, öllum utgjöldum, til allrar starfsemi sem heyrir undir menntmrn., allrar starfsemi sem heyrir undir félmrn. og allrar starfsemi sem heyrir undir dóms- og kirkjumrn. Það er ekki langt í það ef haldið verður áfram á sömu braut að þessi tala um afborganir og vexti af skuldum ríkissjóðs slagi upp í það að samsvara öllum útgjöldum okkar til heilbrrn. Þessar tölur eru auðvitað hrollvekjandi. En hvað þýða þær og hvernig bregðast menn við? Nú erum við að marka stefnu í ríkisfjármálum með þessu fjárlagafrv. og þess vegna er ástæða til að spyrja: Er þetta sú grundvallarstaðreynd sem hæstv. ríkisstjórn byggir á? Er hún að móta stefnu sem tekur mið af þessari alvarlegu þróun? Hefur hún sett sér markmið um að snúa þróuninni við? Leggur hún fram úrræði sem eru trúverðug til þess að víkja frá þessari stefnu? Svarið við þessum spurningum er nei. Það er bara hreint og klárt nei, því miður. Því miður er það svo þrátt fyrir að það eru að verða umskipti til hins betra í íslenskum þjóðarbúskap. Verstu samdráttarárin sem við börðumst við í seinustu ríkisstjórn eru þrátt fyrir allt að baki. Nýjustu tölur frá Þjóðhagsstofnun í þjóðhagsáætlun eru

þó nokkuð miklu bjartsýnni en þær sem hingað til hafa birst. Samt sem áður er lagt hér upp með fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir halla upp á 4 milljarða þrátt fyrir efnahagsbata á annað ár. Og nota bene, það er vitað að uppgjör yfirstandandi árs verður með þeim hætti að markmiðin í ríkisfjármálum á því ári munu ekki nást. Hallinn verður til mikilla muna meiri.

Það er út frá þessum grundvallarstaðreyndum sem þingmenn Alþfl. hafa lagt fram sínar tillögur við þessa fjárlagaumræðu. Það er í raun og veru prófsteinn á hvern stjórnmálaflokk, hvort sem hann er í stjórnarandstöðu eða ekki, hvernig hann stendur að slíkum tillöguflutningi. Hér er verið að fást við grundvallaratriði sem eru mótandi um alla heildarpólitík viðkomandi stjórnmálaflokks. Sá stjórnarandstöðuflokkur sem hefur enga framtíðarsýn tekur ekki á þessum vandamálum og lætur sér aðeins nægja að flytja tillögur um útgjaldaauka í því skyni að afla sér vinsælda hjá einhverjum tilteknum hópum. Hann er ekki að taka þátt í slíkri umræðu af neinni alvöru því þetta er fyrirhafnarlaus athöfn og raunverulega marklaus. Hún ekki til marks um annað en að slíkur flokkur hafi ekki unnið heimavinnuna sína og hafi ekkert til málanna að leggja.

Þess vegna er það að nú þegar Alþfl. er í stjórnarandstöðu þá leggjum við fram slíkar heildstæðar tillögur. Við leggjum fram tillögur sem byggja á umtalsverðri lækkun útgjalda og leggjum þær fram lið fyrir lið upp á 1,5 milljarða kr. Við gerum líka ráð fyrir aukningu tekna sem við byggjum á raunsæju mati og reyndar vanmati að því er fram er komið í samanburði við Þjóðhagsstofnun. Þar er einfaldlega verið að vísa til efnahagsbata vegna bættra ytri skilyrða, vegna aukinnar veltu í þjóðfélaginu, vegna nýframkvæmda við ál, vegna nýrrar spár um aflabrögð o.s.frv. Við gerum líka grein fyrir tillögum um hækkun útgjalda og þær eru ekki endanlegar af þeirri einföldu ástæðu að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki gert grein fyrir nema svona helmingi fjárlaganna. En við gerum grein fyrir tillögum okkar um hækkun útgjalda einkum á sviði félags- og heilbrigðismála miðað við forsendur fjárlaga og áskiljum okkur rétt til að flytja eða fylgja öðrum slíkum tillögum þegar heildardæmið liggur fyrir. Loks gerum við ráð fyrir því að einhverra tekna verði aflað við sölu á eignarhlut ríkisins eftir að ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum hefur verið breytt í almenningshlutafélög og rökstyðjum það nánar. Markmiðið með þessum tillögum er að sjálfsögðu í ljósi efnahagsbatans að ná fram hallalausum fjárlögum og við meinum það í fullkominni alvöru. Við teljum að það sé gerlegt og við teljum að það sé efnahagslega nauðsynlegt og við hefðum vænst þess að hæstv. ríkisstjórn legði fram slíkar tillögur ekki síst í ljósi þess að hún metur nú efnahagsbatann jákvæðari augum en áður.

Hitt er svo annað mál að slík markmið munu væntanlega ekki nást með eingöngu hefðbundnum aðferðum. Okkar tillögur miða að því að ná þessu markmiði en ég viðurkenni með þeim fyrirvara að vel má vera að við verðum knúin til að flytja eða styðja fleiri útgjaldatillögur að því er varðar heilbrigðismál þegar sá heildarpakki liggur fyrir. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ástæða er til að undirstrika það að þá kröfu á að gera til allra sem við ríkisfjármál fást, ekki síst þegar hér er komið sögu lýðveldisins, að við erum skuldug upp fyrir haus og erum að kikna undan greiðslubyrði af áður teknum lánum, ekki síst í ljósi þess að reynslan kennir okkur að þeim fjármunum sem áður voru teknir að láni hefur verið ráðstafað að mjög verulegu leyti á svo óskynsamlegan máta að þeir hafa ekki skilað okkur neinum arði. Þetta hefur raunverulega gerst fyrst og fremst í krafti pólitískrar fyrirgreiðslu, pólitískrar ráðsmennsku og pólitískrar forsjárhyggju en þá hafa stórar fjárhæðir verið teknar að láni og endurúthlutað í gegnum opinbert kerfi án þess að nokkur beri ábyrgð á því að þessir fjármunir skili arði. Nú er einfaldlega komið að skuldadögunum. Þess vegna er það prófsteinn á alla stjórnmálaflokka hvernig þeir nálgast þessi mál. Við erum að leggja fram þessar tillögur vegna þess að við fylgjum fram sömu stefnunni í ríkisstjórn og í stjórnarandstöðu. Við skiptum ekki um plötu við það að koma úr ríkisstjórn og í stjórnarandstöðu. Viðleitni okkar í fyrri ríkisstjórn var sú, öllum öðrum flokkum fremur, að taka af alvöru og einurð á þessu vandamáli. Ég viðurkenni að árangurinn, því miður, varð hvergi nærri sá sem við stefndum að. Það breytir ekki því að það er þeim mun meiri nauðsyn á að slaka ekki á klónni í því efni. Þess vegna er það að við leggjum fram sparnaðartillögu og tilgreinum hvar það er sem við viljum spara. Og við fullyrðum að það er víða hægt að spara í ríkisrekstri einfaldlega vegna þess að ríkisrekstrinn lýtur lögmálum sjálfvirks útgjaldaauka og það er ekkert sjálfgefið að þingmenn eigi að koma fram ævinlega sem umboðsmenn þeirra hagsmuna sem leggja auknar kvaðir á ríkið.

Í krafti ábendinga um sparnað getum við með góðri samvisku lagt fram tillögur um aukin útgjöld vegna þess að þar erum við að lýsa gerbreyttri forgangsröðun útgjalda á við það sem birtist í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Og í þriðja lagi erum við að gera ráð fyrir tilteknum kerfisbreytingum í opinberum rekstri. Þar vil nefna sérstaklega eitt mál. Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, eins og hæstv. fjmrh. er áreiðanlega ekki búinn að gleyma var oft um það rætt að það væri æskilegt að taka upp svokallaða grundvallarreglu um kostun opinberrar þjónustu gagnvart atvinnulífinu ekki síður en gagnvart einstaklingum. Nú vill svo til að helstu atvinnuvegir þjóðarinnar njóta mikillar fyrirgreiðslu og mikils stuðnings af hálfu skattgreiðenda. Dæmið um það er það sem ég nefndi í andsvörum mínum áðan að svo er komið hag landbúnaðarins sem áður var ein af uppistöðuatvinnugreinum þjóðarinnar að hann er nánast kominn á opinbert framfæri. Framlag hans til vergrar landsframleiðslu er svona rétt rúmlega 2% en hlutur hans í útgjöldum ríkisins er gríðarlegur þó hann fari að vísu minnkandi enda hlutur greinarinnar minnkandi bæði að því er varðar framleiðslumagn og hlutdeild í þjóðarframleiðslu.

Kostunarprinsipp er í því fólgið að ætlast til þess af atvinnuvegum að þeir borgi a.m.k. að hluta til fyrir þá þjónustu sem ríkið heldur uppi. En það má heita að ríkissjóður borgi ekki aðeins sína þjónustu heldur heldur hann uppi þessari atvinnugrein eins og fram hefur komið að þremur fjórðu hlutum. Þrír fjórðu hlutar af tekjum framleiðenda koma frá skattgreiðendum. Er til of mikils mælst að það verði sagt við allt þetta stoðdeildarkerfi sem hefur hreiðrað um sig í opinberu kerfi og þiggur laun sín hjá ríkinu, alla þessa tugi einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta við að verja kerfið þrátt fyrir að bændur njóti þess ekki og neytendur gjaldi þess, að atvinnuvegurinn sjálfur, samtökin, hagsmunasamtökin og lobbíistarnir í kringum þetta borgi þetta að hluta til sjálfir. Við gerum tillögu um það.

Í annan stað þegar kemur að sjávarútveginum eru það gríðarlega háar fjárhæðir á fjárlögum sem eru þjónusta við sjávarútveginn. Það er ekki rétt fullyrðing að sjávarútvegurinn njóti ekki stuðnings frá ríkinu. Ríkið greiðir niður laun í sjávarútvegi samanber sjómannafrádráttinn. Og ríkið heldur uppi margvíslegri þjónustu við sjávarútveginn ókeypis. Við

gerðum tilraun til þess í tíð fyrri ríkisstjórnar eins og hæstv. fjmrh. man að koma því á að sjávarútvegurinn greiddi þessa þjónustu að hluta til. Það var hörð andstaða gegn því. Í umræðum um veiðileyfagjald sagði hæstv. fjmrh.: Ég er þeirrar skoðunar að gjaldtaka af sjávarútveginum fyrir aðganginn að auðlindinni sé réttlætanleg, ekki síst út frá því sjónarmiði að tekjunum yrði ráðstafað til að greiða fyrir hluta af þeirri þjónustu sem ríkið veitir greininni. Nú flytjum við, hæstv. fjmrh., tillögu um veiðileyfagjald, mjög hóflegt sem verði nánast sértekjur Fiskistofu. Það á að skila um 800 millj. kr. Það á að greiða fyrir hluta af þeirri þjónustu sem ríkið heldur uppi fyrir sjávarútveginn, meira heldur en störf fiskistofu. Afgangurinn gæti farið til þess að lækka útgjöld þjóðarinnar vegna t.d hafrannsókna.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir í heyranda hljóði hér á Alþingi að hann sé fylgjandi þessari tillögu. Ég veit það af samstarfi við hann í fyrri ríkisstjórn. Við vorum samstarfsaðilar við að reyna að koma slíku kerfi á í fjárlagabúskapnum. Af því hlýt ég að ályktа mjög einfaldlega einn hlut: Ég vænti þess, hæstv. fjmrh., að ég eigi óbrigðulan og alveg óbilandi stuðningsmann við að koma þessari tillögu fram. Því að hún er í samræmi við grundvallarsjónarmið hæstv. fjmrh. og við áttum í fyrri ríkisstjórn samstarf um að koma fram svipuðum tillögum. Ég treysti því af því ég veit að hæstv. fjmrh. er maður sem meinar það sem hann segir og segir það sem hann meinar og vill vera sjálfum sér samkvæmur. Ég veit að það breytir engu að hann er nú kominn í annan félagsskap í ríkisstjórn. Prinsippin eru hin sömu. Stefnan er sú sama. Það er sama nauðsynjamálið. Þess vegna treysti ég því að þessi tillaga fái málefnalega umfjöllun og ég treysti því að hann tryggi henni þingmeirihluta þannig hún nái fram að ganga. Reyndar gæti ég sagt hið sama um nýframsóknarmennina, sem stundum eru að reyna að þvo af sér í orði óorðið sem fer af fortíðarstefnu Framsfl., þegar þeir tala allt öðruvísi núna en Framsfl. hefur gert í áratugi um nauðsyn sparnaðar, ráðdeildar og þess að grundvallarsjónarmiða sé gætt í ríkisrekstri, að þeir muni taka undir kostunarprinsippið að því er varðar t.d. stoðdeildarkerfið á Melunum sem hvílir eins og mara á íslenskum bændum.

Veiðileyfagjald sem verði sértekjur til þess að kosta hluta af þjónustu við sjávarútveginn. Lækkun útgjalda til stoðdeildarkerfis landbúnaðarins með þeirri kröfu að það kerfi allt saman, hagsmunakerfið, standi undir þótt ekki væri nema örlitlum hluta af því sem skattgreiðendur verja til þess. Og þriðja grundvallarprinsippið: Stofnunum eða rekstri sem ríkið stendur í þar sem ekki er um einokun að ræða heldur venjulegt samkeppnisumhverfi, annaðhvort nú eða verður svo vaxandi í framtíðinni, eigum við að sjálfsögðu að breyta í almenningshlutafélög og áskilja okkur rétt til þess að selja hlut ríkisins í þeim eftir markaðsaðstæðum. Við gerum tillögu um það að því er varðar ríkisbankana, gætum að sjálfsögðu bent á ýmsar aðrar stofnanir, og gerum ráð fyrir tekjum af þeirri sölu en mjög hóflega. Þetta eru einungis fyrstu skrefin og afar hóflegar tillögur. Þess er fyrst og fremst gætt að tillögurnar séu innan þeirra marka að það sé alveg á hreinu að hér er ekki um sýndartillögur að ræða. Hér er um að ræða tillögur sem eru byggðar á raunsæju mati á því hversu varan er seljanleg og hvað markaðurinn ræður við.

Með tillögum af þessu tagi erum við að undirstrika alvöru málsins. Við erum ekki með neinar sýndartillögur. Við erum með tillögur um að ná yfirlýstum markmiðum, sem allir taka undir, um nauðsyn þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, að stöðva skuldasöfnunina, því að þessi halli og þessi skuldasöfnun er auðvitað ávísun á annað af tvennu: Enn þá meiri erlendar lántökur eða þá þvílíka hækkun skattgreiðslna að það mun kollvarpa allri skynsamlegri hagstjórn á Íslandi á ókomnum árum. Prófsteinninn á hvort stjórnmálaflokkar, hvort heldur eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, segja það sem þeir meina eða meina það sem þeir segja er einmitt hvort þeir eru tilbúnir að leggja fram eða fylgja slíkum tillögum.

Herra forseti. Það hefur verið sagt um hv. þingmenn sem sitja í fjárln. að þeir verji 99% af tíma sínum í að fjalla um innan við 10% af fjárlögunum, einfaldlega vegna þess að útgjöld ríkisins eru að stærstum hluta laun opinberra starfsmanna, sem hefur farið mjög fjölgandi á undanförnum árum, og þau útgjöld sem eru lögbundin með sjálfvirkum hætti að langmestu leyti. Þetta þýðir, með öðrum orðum, að hv. þingmenn, meiri hluti þingmanna, kemur fram og samþykkir lög og lagabálka um góð mál sem krefjast útgjalda. Smám saman verður meiri hluti löggjafarinnar þannig lögbundinn með einum eða öðrum hætti. Þetta getur gerst með því að ákveðinn málaflokkur skal hafa markaða tekjustofna sem renni til hans eða að kveðið er á um að með sjálfvirkum hætti hækki útgjöldin, í takt við vísitölur eða með viðmiðun við annað. Nú ætla ég að taka það skýrt fram að þessar viðmiðanir og sjálfvirkni er ekki öll undir sama hatti. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að á því sé reginmunur að binda í lög markaða tekjustofna fyrir eitthvert framkvæmdasvið eða eitthvert málefni eða hitt að segja að atvinnuleysisbætur, bætur til fólks sem hefur ekki einu sinni náð þeim grundvallarrétti sínum að hafa atvinnu, séu ákveðið hlutfall af launum. Það vil ég að verði. Sömuleiðis má segja að lífeyrisbætur, til þeirra sem fá bætur úr almannatryggingakerfinu, eigi að hafa viðmiðun af launastiginu í landinu vegna þess að þar erum við að tala um sambærilega hluti. Þ.e. við viljum tryggja lágmarksafkomu þeirra sem ekki hafa á öðru að byggja en þessum greiðslum, þessum tilfærslum, sem eru auðvitað grundvallaratriði velferðarþjónustunnar.

En þegar um er að ræða að vegaframkvæmdir eru bara markaður tekjustofn og á „autopilot", alveg burt séð frá því hvernig aflast á Íslandsmiðum eða hvernig kaupin gerast á eyrinni, er það gjörsamlega út í hött, gjörsamlega ábyrgðarlaust og gjörsamlega fráleitt hvernig sem á það er litið. Markaðir tekjustofnar af því tagi sem meiri hluti þingmanna hefur bundið í lög til þess að þurfa ekki að standa frammi fyrir því á hverju einasta ári að verja allt kjördæmahagsmunapotið sitt í vegaáætlun, flugáætlun o.s.frv. Það er þægilegra og ekki eins augljóst almenningi að það er bara búið að setja þetta allt saman á sjálfstýribúnað, alveg án tillits til hver afkoma þjóðarbúsins er og fjandinn hirði þann seinasta. Þá verða bara tekin lán og þess vegna eru þessar tölur svona. 35 milljarðar í vexti og afborganir af erlendum lánum.

Það sem ég er að segja er þetta, virðulegi forseti: Ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt og rétt að stefna að því að draga mjög verulega úr þessari sjálfvirkni. Ég undanskil tvo meginþætti velferðarkerfisins og ég segi í þriðja lagi: Sú aðferð sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að beita í þessu efni er algjörlega út í hött. Það er ekki hægt að fleygja á seinustu dögum þings slíkum bandormi hér inn. Ætlast til þess að málið fái flýtimeðferð í gegnum efh.- og viðskn. og sýndarmeðferð í fagnefndum. Vegna þess að þetta er brot á öllum grundvallarreglum. Hér er verið að fjalla um viðamikla lagabálka á mjög mörgum og ólíkum sviðum sem eiga að fá þá meðferð að fara til rækilegrar málefnalegrar umfjöllunar

í þingnefndum. Fá viðtöl við þá sem helst eiga hagsmuna að gæta. Fá málefnalegar umsagnir um málið og yfirleitt að fara í gegnum þessa lagabálka eins og þingreglur kveða á um. Þess vegna verðum við að gera þá kröfu að það sé gerður er greinarmunur á því ef um er að ræða grundvallarbreytingu, og þetta eru oft grundvallarbreytingar, á viðkomandi lagabálkum eða illa nauðsyn til að skerða markaða tekjustofna við afgreiðslu þessara fjárlaga. Auðvitað er það ömurleg umsögn um hvernig komið er löggjöf í landinu þegar þarf að birta langan lista um að þrátt fyrir ákvæði laga á ótrúlega mörgum sviðum, 17 lagabálka a.m.k., um að málum skuli tryggðir markaðir tekjustofnar, ákveður Alþingi að það er ekki til peningur fyrir þessu.

Þetta eru auðvitað rök fyrir að það á taka pólitískar ákvarðanir um þessi mál, rökstyðja þær út frá efnislegri nauðsyn málsins hverju sinni, með tilliti til efnahags- og afkomumöguleika, og það eiga að vera sýnilegar pólitískar ákvarðanir en ekki að halda að menn lifi í þeirri draumaveröld að þeir geti bara sagt: Ja, útgjöldin eiga að vera sjálfvirk. Þau mega vera sjálfvirkt vaxandi upp í 4–5% og síðan eru bara skattarnir eða lántökurnar afgangsstærð. Það er komið í óefni með slíka löggjöf. Alþingi er í raun og veru búið að afsala sér valdi sínu ef það er rétt að hv. fjárlaganefndarmeðlimir sitji lon og don, daginn út og daginn inn, fram á kvöld og fram á nætur, yfir innan við 10% af fjárlögunum, þ.e. útgjöldum fjárlaga, og spyrji helst aldrei um tekjuhliðina. Hvers konar vinnubrögð eru það? Hver mundi reka fyrirtæki með þessum hætti? Hvaða hagsýn húsmóðir mundi reka heimili með þessum hætti? Engin sem ég þekki.

[11:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að gleðjast yfir því að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa nú flutt tillögur með þeim hætti að reynt er að láta tekjur mæta gjöldum. Sýnir það nýjan skilning, reyndar breytingu frá því sem áður hefur verið, en menn skilja að það þarf að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Flestar tillögur hv. stjórnarandstæðinga eiga það sammerkt að vera tillögur um skattahækkanir og útgjaldaauka. Hv. þm. fór rangt með tölur og það er nauðsynlegt að leiðrétta þær hér og nú. Hann sagði að á fjárlögum 1993 og niðurstöðum hefði orðið gífurlegur munur og nefndi í því sambandi 19 milljarða kr. Hið sanna er að verið er að bera saman tölur á mismunandi grunni. Niðurstaða á greiðslugrunni fyrir það ár var 9,6 milljarðar en á reikningsgrunni 19 milljarðar. Ástæðan er sú að þar er um að ræða áfallna ógreidda vexti, lífeyrisskuldbindingar en þó umfram allt 4–5 milljarða sem eru afskriftir vegna fyrri ára í útistandandi eign vegna tekna.

Það er síminnkandi munur á fjárlögum og útkomu og árið 1994 gerðist það í fyrsta skipti um langan aldur að niðurstöðutalan varð lægri en fjárlagatalan. Líklega var metið árið 1988 þegar menn lögðu af stað með jafnvægistölu en niðurstaðan varð hins vegar 10 milljarða kr. halli. Hver var fjármálaráðherra þá? Enginn annar en hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

[11:28]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það sé enginn misskilningur uppi um tölur. Þó að það sé ekki kjarni þess máls sem við vorum að ræða hér er það nauðsynlegt engu að síður. Ég óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisendurskoðun um muninn á niðurstöðutölum frumvarpa fjárlaga og síðan niðurstöðu ríkisreiknings á tilteknu árabili. Þær eru í þessari töflu og það er tekið fram, eins og ég gerði í ræðu minni, að um er að ræða afkomutölur á verðlagi hvers árs. Að því er varðar árið 1993 var frumvarpstalan 6,2 milljarðar, fjárlög 6 milljarðar 244 millj. og reikningsniðurstaðan á verðlagi þess árs 19 milljarðar 44 millj. kr. Fótnótan sem fylgdi þessu til skýringar var þessi: Á árinu 1989 var gerð breyting á reikningsskilaaðferð með ríkisreikningi þannig að gefnar eru tvær tölur frá þeim tíma, annars vegar með áföllnum skuldbindingum en hins vegar án áfallinna skuldbindinga. Minn skilningur var að eftir árið 1989, þ.e. frá og með árinu 1990, væri þetta með sömu reikningsskilaaðferð samkvæmt þessum upplýsingum. Sé það rangt þá hef ég misskilið það og biðst velvirðingar. En þetta er taflan og tölurnar eins og þær voru lagðar í mínar hendur af Ríkisendurskoðun.

Enginn var með neinn blekkingarleik í þessu tilefni vegna þess að tekið var fram að hér væri að sjálfsögðu um að ræða tölur á verðlagi viðkomandi árs.

[11:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að hér sé um einhvern blekkingarleik að ræða heldur hafi hv. þm. ekki áttað sig á þessu. Kemur það mér reyndar dálítið á óvart. Tölurnar eru til og þær voru birtar m.a. í reikningi fyrir 1993 og það er enginn vandi að lesa þær upp hérna. Það er gerð breyting 1989 og þá er rekstrarjöfnuðurinn, þ.e. talan sem er hallatala 64,4 milljarðar en 1990 verður hún hins vegar miklu lægri því þetta er allt fært upp árið 1989. En það er alveg ljóst að það er ekki hægt að bera saman reikningsjöfnuðinn og greiðslujöfnuðinn, ekki einu sinni frá 1990, vegna þess að það sem er áfallið og ógreitt mælist í ríkisreikningnum en kemur ekki fram í niðurstöðutölum þegar fjárlög eru gerð upp eins og ég hef látið koma fram. Það er aðalatriði málsins. Hins vegar er unnið að því nú að gera þær breytingar að hægt sé að lesa þetta með samsvarandi hætti á milli ára. Ég get hins vegar glatt hv. þm. með því að ég hef fengið nánari talnalegar upplýsingar og mér væri heiður að því og ánægja að fá að sýna hv. þm. þær ef það kynni að auka fróðleik hans í þessum efnum.

[11:31]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þeim kafla ræðu hv. 9. þm. Reykv. sem var ádrepa á það sem hann kallaði hvers konar tilfærslur og stuðningur við atvinnulífið í landinu, vék hann sérstaklega að sjómannaafslættinum sem hann kallaði niðurgreiðslur til sjávarútvegsins. Það fór ekkert á milli mála þegar maður hlýddi á ræðu hv. þm. að honum hugnaðist það alls ekki að verið væri að færa fé til atvinnulífsins í landinu og taldi eðlilegt að leggja það af. Hv. þm. sagði margoft í ræðu sinni áðan með velþóknun að menn ættu að segja það sem þeir meina og meina það sem þeir segja. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að hv. þm. svari því nú undanbragðalaust hvort hann sé með orðum sínum að leggja til að horfið sé frá þeirri áralöngu aðferð við skattheimtu í landinu að hafa svokallaðan sjómannaafslátt eða hvort hann telji að þessi tilfærsla sé eðlileg eftir allt saman.

Það sem er hins vegar mjög athyglisvert í því sem hv. þm. talaði um er að nú glittir í fyrsta skipti með beinum hætti í hina tíu ára gömlu hugmynd Alþfl. um auðlindaskatt. Ég reyndi hér í umræðu fyrr í haust að kreista það upp úr talsmönnum Alþfl. hvað þeir meintu með þessu, hvað ætti að

leggja hér á mikla skatta en gat með engu móti fengið það út. Nú gerist það hins vegar við 2. umr. fjárlaga að Alþfl. leggur til að varpað sé 800 millj. kr. skattbyrði á sjávarútveginn í landinu án þess að til komi neinar hliðarráðstafanir til að mæta því sem þó átti að vera forsenda fyrir því að hægt væri að leggja slíkan skatt á. Þetta þýðir t.d. það að Ísafjörður á að borga 37 millj., Akranes 24 millj., Neskaupsstaður 16 millj., Siglufjörður 14 millj. og Vestfirðir í heild um 80 millj. Hins vegar vekur það mikla undrun að samtímis þessu sér maður ekki neitt frv. sem gerir það að verkum að hægt sé að innheimta þetta gjald. Ég spyr hv. 9. þm. Reykv. hvort ekki megi vænta þess að Alþfl. flytji nú frv. til laga til að tryggja það að hann geti lagt þessa 800 millj. kr. skattbyrði á íslenskan sjávarútveg og 80 millj. kr. skattbyrði á sjávarútveginn á Vestfjörðum.

[11:34]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur komið nokkuð að útgerð og er væntanlega ekki að halda neinu fram að því er varðar staðreyndir öðru en því að tiltekinn frádráttur á tekjuskatti sem nemur eitthvað á annan milljarð króna að því er varðar sjómenn er niðurgreiðsla á launum. Á því leikur enginn vafi að ef ekki væri um að ræða þennan frádrátt frá skatti mundi hann lenda á útgerðaraðilum. Síðan spyr hv. þm.: Er formaður Alþfl. að leggja til að þessi frádráttur verði lagður niður? Ég slæ því alveg föstu að menn muni segja sem svo: Menn eiga að vera jafnir fyrir lögum. Menn eiga að vera jafnir fyrir skattalögum sér í lagi. Það eiga að gilda almennar samræmdar reglur um það að öllu jöfnu. Það þurfa að vera einhver sérstaklega veigamikil rök fyrir því að breyta frá því. Staðreyndin er sú að þessu verður nú samt sem áður ekki breytt t.d. með flutningi einnar tillögu á Alþingi. Til þess þarf að ná fram samstöðu. Þannig að ef spurningin er þessi: Er hv. þm. sá sem hér stendur að setja fram tillögu um að leggja þetta af hér og nú við afgreiðslu fjárlaga, þá er svarið nei. Ella mundi það vera í okkar tillögu. En það má spyrja á móti: Er það sjónarmið hv. þm., er það sjónarmið stjórnarflokkanna, er það sjónarmið meiri hlutans að við eigum að mismuna stéttum og starfshópum eða koma fram einhverjum sérstökum fjárhagslegum stuðningi í gegnum skattkerfið með þessum hætti? Er þetta þá besta aðferðin til þess? Eru einhver sérstök rök til þess?

Að því er varðar tölur hans um skatta á sjávarpláss þá er þetta blekkingariðja. Við flytjum hérna tillögu um sértekjur í ríkissjóð, afar lága upphæð. Hv. þm. veit það kannski betur en ég hversu háum fjárhæðum, mörgum milljörðum viðskipti með veiðiheimildir nema nú þegar. Þetta eru viðskipti með veiðiheimildir sem ríkið hefur úthlutað ókeypis. Þessi tillaga er einungis um lítið brot af þeim gríðarlegu viðskiptum sem þegar fara fram á veiðiheimildum, á sameign þjóðarinnar.

[11:37]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hv. 9. þm. Reykv. tveggja ákaflega einfaldra spurninga og fékk svar við hvorugri. Fyrri spurningin var hvort það væri skoðun hv. þm. að það ætti að leggja af sjómannaafsláttinn. Ég spurði ekki að því hvort það væri gert í tillögum Alþfl. núna. Það vissi ég að er ekki. Ég þurfti ekki að ómaka mig hingað upp til að spyrja um það. Þá sjá allir. Ég var einfaldlega að spyrja hvort það væri skoðun hv. þm. að þetta væri óeðlilegur afsláttur og hvort það ætti að leggja hann af. Því var ekki svarað. Í öðru lagi spurði ég hvernig stæði á því að ekki fylgdi með neitt nauðsynlegt fylgifrv. til að hægt væri að hrinda í framkvæmd hinni stórkostlega miklu hugsjón Alþfl. um upphaf auðlindaskatts og fékk ekkert svar við því. Hv. þm. segir að 800 millj. kr. sérstök skattheimta á sjávarútveginn sé ekki nema lítið brot af þeim viðskiptum sem fari fram með aflaheimildir. Það getur vel verið rétt. En þessi tillaga felur ekki það í sér að það dragi úr því vegna þess að mér hefur skilist að það þyrfti miklu stórfenglegri hliðarráðstafanir til að það gerist með eðlilegum hætti. Þannig að þetta er ekkert innlegg í þá umræðu.

[11:38]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber enga nauðsyn til þess að leggja fram sérstakt frv. til að kveða á um sértekjur til Fiskistofu af þessu tagi. Fyrir því eru ótal fordæmi. Hv. þm. ætti að gefnu tilefni að beina sínum spurningum sérstaklega til flokksbróður síns, hæstv. fjmrh. vegna þess að hann er helsti talsmaður þessarar aðferðar og hefur flutt innblásnar og sannfærandi ræður um það þetta sé rétt að gera, þetta skilji hann og þetta sé raunverulega í samræmi við grundvallarsjónarmið sjálfstæðismanna um að framfylgja grundvallarreglunni um kostun. Þ.e. að fyrir þá þjónustu sem ríkið lætur í té skuli koma eitthvað. Þegar um er að ræða þjónustugjöld á almenning hefur ekki skort á stuðning sjálfstæðismanna við þau. Þeir hafa farið með ræðuna sem er að vísu ekkert óskynsamleg um að það þurfi að koma inn kostnaðarhugtaki, það þurfi að koma inn kostnaðaraðgát. Menn þurfa að fá að vita um það hvaða verðmætum er verið að úthluta sem ævinlega eru vanmetin ef þau eru ókeypis. Þannig að hv. þm. ætti nú bara að snúa sér beint til hæstv. fjmrh. og spyrja hvort þetta sé ekki stefna þeirra sjálfstæðismanna og raunar hvernig hæstv. fjmrh. ætlar sér að koma þessu máli fram því yfirlýst er að hann er ekki bara stuðningsmaður heldur forgöngumaður fyrir því að þetta komi fram. Enda hef ég ekki heyrt neitt frá honum enn þá. En það á eftir að heyrast.

[11:40]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir margt af því sem kom fram. Vill hv. þm. hlýða á mál mitt? Ég vil taka undir margt að því sem kom fram í ræðu hv. þm. og einkum það sem sneri að jafnvægi í ríkisrekstri. En er það nú trúverðugt að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem er að koma út úr ríkisstjórn sem mun gerð upp með líklega 9–10 milljarða halla í árslok þessa árs, síðasta starfsárs, komi fram og segi: Nú get ég, og leggi fram tillögur sem eigi að vera trúverðugar fyrir þjóðina að byggja á og trúa því að hann meini það að nú geti hann boðið upp á hallalaus fjárlög á 1. ári í stjórnarandstöðu. Annaðhvort hefur hv. þm. skipt um skoðun þó hann legði mikla áherslu á að menn ættu að hafa sömu skoðun hvort sem þeir væru í ríkisstjórn eða í stjórnarandstöðu eða þá að hans flokkur hefur verið algjörlega valdalaus í ríkisstjórninni sem hann átti sæti í og í samstarfinu við Sjálfstfl. og Sjálfstfl. þá væntanlega viljað eitthvað allt annað en hallalaus fjárlög. Ég fullvissa hv. þm. um það að svo er ekki í þessari ríkisstjórn. Það er mikil samstaða um að taka á þessum málum og að ná hallalausum fjárlögum á tveimur árum. Við treystum okkur nú ekki til að ganga eins langt og hv. þm. vill í þeim efnum að gera þetta á einu ári heldur á tveimur árum. En það sem ég var mest ósammála hv. þm. í hans ræðu var afstaða hans til atvinnulífsins því það er mín skoðun að það sé grundvöllur

að velsæld og öflugu velferðarkerfi að atvinnulífið sé sterkt.

[11:42]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum sammála um það. Sterkt atvinnulíf sem stendur á eigin fótum og þarf ekki á að halda styrkjum af almannafé heldur er aflögufært til að greiða að minnsta kosti einhvern réttmætan skerf af hagnaði sínum til almannaþarfa. Það er eftirsóknarvert markmið. Hv. þm. spurði: Er það trúverðugt að Alþfl. leggi nú fram tillögur um jöfnuð í ríkisfjármálum í ljósi þess sem hún sló föstu að yfirstandandi ár yrði gert upp með 10 eða 10,5 milljarða halla. Þá er því til að svara: Hvað hefur breyst? Hv. þm., við börðumst fyrir því allan tímann í fyrrv. ríkisstjórn að koma fram fjármagnstekjuskatti. Samstarfsaðili okkar var mjög tregur í því efni. Hann fékkst ekki til að skrifa upp á yfirlýsingu um það fyrr en við gerð kjarasamninga undir lok seinasta árs en skuldbatt sig þá til þess loksins að setja af stað nefndarstarf sem átti að tryggja að sá skattur kæmi til framkvæmda við næstu áramót þannig að fyrir okkar baráttu er þetta mál að komast í höfn en það komst ekki í höfn á seinasta kjörtímabili. Annað. Við höfum barist fyrir því að taka upp þetta kostunarprinsipp og jafnframt fyrir þeirri sjálfsögðu kröfu að þeir sem fá ókeypis úthlutað veiðiheimildum og aðgangi að auðlindinni greiði eitthvað fyrir það. Okkur tókst að hluta til að ná þeirri gjaldtöku fram í gegnum Þróunarsjóð en það rennur alfarið til sjávarútvegsins. Sjálfstfl. beitti sér gegn því þó hann sé klofinn í málinu. Nú leggjum við það undir meiri hluta þings vegna þess að það eru fleiri menn á hv. Alþingi frá öðrum flokkum sem hafa lýst yfir stuðningi við það.

Að því er varðar sparnaðartillögur þá veit ég að hv. þm. mun ekki halda því fram, ekki upp í opið geðið á mér, að það hafi ekki verið látið á það reyna af hálfu ráðherra Alþfl. að ná fram slíkum sparnaði. Ég er tilbúinn í samanburðarfræði um það hvenær sem er. Ef það hefði ekki verið gert væri vandi flokkssystur hennar, hæstv. heilbrrh., að minnsta kosti 7–8 milljörðum meiri en hann er núna og er þó lítið sýnilegt af því hvernig hún eða þeir framsóknarmenn ætla sér að taka á þeim vanda þannig að tillögur Alþfl. eru trúverðugar bæði í samanburði við það sem við gerðum í fyrri ríkisstjórn og það sem við segjum í stjórnarandstöðu.

[11:45]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi síðari ræða hv. þm. fullvissaði mig um að hv. þm. og flokkur hans hefur ekki haft mikil völd í síðustu ríkisstjórn. En af því að hv. þm. talaði um að atvinnulífið ætti ekki að þurfa að vera háð styrkjum af almannafé er það nú svo með landbúnaðinn, sem hann er eflaust að tala um í þessu sambandi, að alls staðar um hinn vestræna heim er landbúnaðurinn stórlega styrktur, ekki síst innan Evrópusambandsins eins og hv. þm. veit. Hvernig er í Noregi þar sem kratar hafa verið við völd nánast svo lengi sem menn muna? Þar er landbúnaðurinn styrktur verulega. Þetta eru svo ódýrar ræður hjá hv. þm. þegar hann kemur upp og kennir milliliðum og Bændahöllinni um, þar er vandamálið, og þykist vilja bændum svo ákaflega vel, miklu, miklu betur en flokkarnir sem nú sitja í ríkisstjórn, eftir því sem ég skil hann.

[11:46]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir: Já, landbúnaðurinn er styrktur annars staðar, meira að segja í Evrópusambandinu. Þess vegna er ekki hægt að gagnrýna að hann er styrktur hjá okkur. Sá samanburður leiðir hins vegar í ljós að okkar styrkir til landbúnaðar eru um það bil tvöfaldir á við það sem gerist hjá Evrópusambandinu. Samanburðurinn innan OECD leiðir í ljós að hlutfallið er yfir 70% af þeim tekjum sem framleiðendur fá hér á landi en rúmlega 40%, 43%, innan Evrópusambandins.

Með öðrum orðum: Á þessu tvennu er reginmunur. Við vorum fyrir tveimur árum í efsta sæti í heiminum um stuðning á mann við landbúnað. Við höfum nú aðeins, m.a. fyrir atbeina okkar í fyrrv. ríkisstjórn, þokað þessum útgjöldum *þannig niður, m.a. með afnámi útflutningsbóta, að við erum* í þriðja eða fjórða hæsta sæti. (**VS:** Hver tók upp útflutningsbætur? Alþingi.) Það sem er athyglisvert í sambandi við útflutningsbætur, eftir að hafa varið 48 þús. millj. kr. í þær án nokkurs árangurs, að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, árið 1989, tókst að koma þeim fyrir kattarnef, koma þeim út, í samstarfi mínu við þáv. landbrh., Steingrím J. Sigfússon, í tilboði okkar til GATT.

[11:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ýmislegt að athuga við málflutning hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar en í nafni góðrar samvinnu í stjórnarandstöðunni ætla ég að leyfa mér að fletta yfir þá kafla í ræðu minni. Ég mun frekar fara í aðra hluti og reyna að beina sjónum manna að þeim veruleika að á undanförnum árum hefur verið um að ræða milljarðatuga hallasöfnun og skuldamyndun á ríkissjóði. Veruleikinn er líka sá, það verða menn að muna og það kemur fram í tillögum stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi núna, að almenn samstaða er um að hallarekstur ríkissjóðs með þeim hætti sem verið hefur gengur ekki lengur. Það eru auðvitað pólitísku kaflaskiptin sem nú er um að ræða í landinu. Loksins viðurkenna allir og skrifa upp á að hérna verður að spyrna við fótum. Það verður að stöðva þessa hallasöfnun. Við alþýðubandalagsmenn göngum lengra í tillögum okkar og það gera alþýðuflokksmenn líka og segja: Hallinn á næsta ári verður að vera minni en ríkisstjórnin áformar. Deilan snýst ekki um það. Og það er líka liðin tíð að stjórnarflokkar geti komið upp og sagt: Stjórnarandstaðan er endalaust með óábyrgar útgjaldatillögur og ekki með hugmyndir um neitt annað. Það er rangt. Stjórnarliðið getur *ekki lengur varið sig með þessu. Stjórnarandstaðan vill taka* á málinu. Ég hygg að segja megi allir stjórnarandstöðuflokkarnir og veit reyndar að svo er. Spurningin er auðvitað með hvaða hætti menn vilja nálgast þessa hluti en markmiðið er algjörlega skýrt, um það er full samstaða í öllum flokkunum, og ég tel að þar sé enginn betri eða verri en hinn.

Deilurnar snúast hins vegar um með hvaða hætti á nákvæmlega að gera þetta. Þar höfum við alþýðubandalagsmenn sagt: Það á að gera með fjármagnstekjuskatti, með hugsanlegum viðbótarhátekjuskatti, með tekjutengdum stóreignaskatti og það á að gera með því að spara og draga sama eins og kostur er á hinum ýmsu sviðum ríkisrekstrarins. Í þeim efnum verða menn að ná samstöðu með þeim m.a. sem stýra ríkisstofnunum. Það þýðir ekki að mínu mati að ætla sér í desember ár hvert að ákveða að árið sem í hönd fer eigi að skera verulega niður, t.d. hjá Ríkisspítölunum, eins og verið er að tala um að gera núna. Það er jafnvitlaust að reyna það núna og í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það er algjörlega óframkvæmanlegt að ráðast að spítölunum með þeim

hætti sem menn eru að tala um af því að það mun ekki skila neinum raunverulegum sparnaði.

Deilurnar snúast sem sagt ekki um hvort á að fara í þennan sparnað og niðurskurð heldur hvernig á að ná þessu saman. Þar eru tvær leiðir til. Önnur er skattlagningarleið á þá sem geta borið skatta, við erum með tillögu um hana. Í öðru lagi er sú leið að reyna að spara. Spurningin er þá hvernig fara á að því og ég ætla að nefna tvo málaflokka. Ég nefni fyrst heilbrigðismálin og ég segi: Það á ekki að leggja skatta á þá sem neyðast til að skipta við heilbrigðiskerfið. Það á ekki að leggja skatta á hina veiku. Það á ekki að leggja skatta á þá sem þurfa að leggjast inn á spítalana. Það á ekki að leggja hærri skatta á þá sem þurfa sérfræðiþjónustu. Það er grundvallarþáttur í afstöðu okkar. Við segjum: Frekar á að leggja skatta á þá sem eru hraustir, hafa tekjur og eiga miklar eignir en á þá sem eru veikir. Þannig séð erum við alþýðubandalagsmenn sammála áherslum sem hafa heyrst t.d. frá hæstv. núv. heilbrrh. þegar hún segir að skynsamlegra sé að leggja á skatta en að leggja á sjúklingaskatta, sem gengu undir dulnefninu innritunargjöld fyrir nokkrum vikum.

Í öðru lagi segjum við, þegar kemur að sparnaði í ríkisrekstri: Það er ekki sama hvernig í hann er farið. Við teljum t.d. að niðurskurður í menntamálum sé svipaður því að safna skuldum. Það að skera niður til menntamála er í grundvallaratriðum svipað því að safna skuldum því að þjóð með veikt menntakerfi tryggir sér ekki aðgang að auðlindum framtíðarinnar með eðlilegum hætti. Hún dæmir sig þannig til verri lífskjara í framtíðinni. Þar af leiðandi er grundvallaratriði að í síðustu stjórn réðust menn gegn menntakerfinu, gegn Lánasjóði íslenskra námsmanna, gegn grunnskólanum. Hvort tveggja er jafnslæmt og kannski verst fyrir þá sök að þau sjást ekki fyrr en eftir nokkur ár óhæfuverkin sem þar voru unnin á lífskjörum framtíðarinnar, lífskjörum barna okkar og barnabarna. Þess vegna þýðir ekkert að koma hér og segja: Skerum, skerum. Hlutirnir liggja ekki þannig. Menn þurfa að átta sig á hvað er hægt að skera, hvar er hægt að spara, en auðvitað er víða hægt að spara.

Þá kem ég að hinu atriðinu sem ég ætla að segja við þá höfðingja t.d. sem sitja mér á hægri hönd og hafa lengi verið í ríkisstjórn., núv. hæstv. fjmrh. sennilega lengur samfellt en nokkur annar maður trúi ég — nema það væri Magnús Jónsson sem náði því kannski að vera með aðeins fleiri fjárlög. Að öðru leyti ... (**Gripið fram í:** Gunnar Thoroddsen.) Jú, Gunnar Thoroddsen gæti hafa náð svipað mörgum fjárlögum, það er rétt. Það eru sem sagt þessir þrír ráðherrar Sjálfstfl. (**Fjmrh.:** Og er þá ótalinn Eysteinn Jónsson.) Ekki samfellt, ég talaði um samfellt. Þetta er umhugsunarefni. Í þessum sömu stjórnum síðustu 7–8 ár hefur t.d. verið hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Hvað hefur hann verið að gaufa? Ja, hann hefur haldið nógu margar ræðurnar um að taka þyrfti niður hallann á ríkissjóði. Af hverju hefur það ekki gerst? Er kannski sanngjarnt að koma hingað, hjóla í hann og segja: Af hverju gerðirðu ekki neitt? Það er ekki sanngjarnt. Það er heldur ekki sanngjarnt að segja um hv. þm. Friðrik Sophusson og hæstv. ráðherra: Hann hefur ekkert gert á þessum árum. Auðvitað hefur hann reynt að halda þessum hlutum niðri. Það veit ég að á við um alla fjmrh. sem ég hef starfað með, bæði í ríkisstjórn og stjórnarandstöðu, m.a. þann sem situr á forsetastóli í dag. Veruleikinn er ekki sá.

Af hverju er þetta þá svona? Ég held að það sé að nokkru leyti vegna þess að aðferðir Alþingis við að fjalla um fjárlög eru of veikar. Það er búið að koma hlutunum þannig fyrir að inn í fjárln. koma allir með allt sitt, allir sem erfiða og þunga eru hlaðnir. Og þegar málið kemur til umræðu hér stendur maður frammi fyrir þeim óþægilega veruleika ár eftir ár, sem ég upplifði mjög sterkt í gær og við síðustu fjárlagaafgreiðslu, í fyrra og hittiðfyrra, að menn tala í umræðunum um allt í sömu ræðunum. Menn eru með málefni fatlaðra, heilbrigðismálin, menntamálin, vegamálin, flugmálin, allt. Ég tel að þetta kerfi sé í grundvallaratriðum vitlaust og að athuga eigi með yfirferð á þingsköpum að taka upp svipaða aðferð við umræður um fjárlög og tíðkast t.d. í norska Stórþinginu. Hún gengur út á að menn ræða hvern kafla fyrir sig. Menn fara í fjárlögin á grundvelli þeirra tillagna sem liggja fyrir, í menntamálin, í heilbrigðismálin o.s.frv. Á grundvelli hvaða tekna gera menn þetta? Á grundvelli þess tekjuramma sem hefur verið ákveðinn af ríkisstjórninni sem fer með ríkisvaldið á hverjum tíma. Menn skipta innan þessara marka. Þetta er svipað og t.d þingmenn kjördæmanna gera þegar þeir eyða vegapeningunum eða gera tillögu um að skipta, auðvitað skipta þeir þessu ekki í raun og veru því að valdið er Alþingis. En veruleikinn er þessi. Þetta held ég að mundi stuðla að miklu vandaðri og ábyrgari meðferð þingsins á þessum hlutum en núna.

Fjárln. er í mjög miklum vanda og það væri fullkomlega ósanngjarnt að gagnrýna hana í sjálfu sér vegna þess að þeir sem sitja þar núna taka við arfi sem erfitt er að eiga við miðað við óbreyttar reglur. Hitt er svo aftur annað mál, hæstv. forseti, að flokkarnir nálgast þessi mál nokkuð misjafnlega. Það verður að segjast eins og er að það liggur í eðli Sjálfstfl. að taka við öllum reikningunum af því að hann er þannig gerður. Hann er hagsmunahrúga eða -haugur og utan á honum eru svona glaðar hagsmunamykjuflugur eins og í sólskini á sumrin. Fjmrh. reynir stundum að blása á þetta eða fara yfir hauginn með ryksugu eða einhverjum öðrum hætti. Stundum tekst það vel en oft illa. (**Gripið fram í:** Sekkur stundum í hauginn.) Hann reynir að vaða í hauginn og sekkur stundum í þennan undarlega fjóshaug Sjálfstfl. upp í klyftir, svo að ekki sé nú meira sagt. Þetta er vandinn. Við erum með sem stærsta flokk þjóðarinnar fyrirbæri sem hefur yfirleitt enga stefnu. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er alltaf að undrast á því að Sjálfstfl. skuli vera á móti sinni eigin stefnu. Ég skil það aldrei. En Sjálfstfl. hefur enga stefnu, nema í ræðum. Að öðru leyti hefur hann enga stefnu. Þetta er hinn alvarlegi veruleiki. Næstur Sjálfstfl. í þessu efni, í þeirri stefnu að vera hagsmunahaugur, er Framsfl. og þegar þeir leggjast saman hlið við hlið er útkoman náttúrlega ekki þrifaleg, eins og menn geta skilið af samlíkingunum sem hér hafa verið dregnar upp. Þetta er veruleikinn.

Munurinn á stjórnarandstöðuflokkunum, t.d. Alþfl. og Alþb., að því er þessa hluti varðar er t.d. sá að út af fyrir sig hafa þeir þó nokkra hagsmuni að verja. Þeir setja sér yfirleitt að markmiði, það á a.m.k. við um Alþb. að ég vil meina, að verja hagsmuni á almennum, hugmyndalegum grundvelli. Að því er varðar stöðu láglaunafólks, atvinnulausra, þeirra sem þurfa að skipta við almannatryggingar og þar fram eftir götunum. En við höfum ekki ákveðið að gera okkar flokk að sjálfsafgreiðsluvél fyrir alla, hvernig sem stendur á fyrir þeim. Og þetta er í raun og veru sá grundvallarmunur sem er á flokkunum þótt hinu skuli ekki leynt að að sjálfsögðu hafa þessir hagsmunaaðilar líka áhrif á þessa flokka og sjálfsagt alla stjórnarandstöðuflokka, Þjóðvaka og Kvennalistann ekki síður en okkur hina. En

munurinn á nálguninni er gífurlega mikill vegna þess að atkvæðahagsmunirnir, áhersluhagsmunirnir liggja allt annars staðar hjá þessum stjórnarandstöðuflokkum heldur en hjá þeim hagsmunabandalögum sem núna skipa ríkisstjórn.

Auðvitað verð ég líka að viðurkenna, svo ég haldi öllu til haga, að að þessu leytinu er Framsfl. fyrir minn smekk miklu skárri vegna þess að það kemur fyrir að hann lyftir aðeins örlítið félagslegum sjónarmiðum í samræmi við uppruna sinn frá árinu 1916 sem hann er ekki alveg búnir að gleyma og ég ætla ekki að fara nánar yfir. En bæði Alþfl. og Framsfl. eiga, eins og kunnugt er, afmæli á næsta ári. Kannski halda þeir upp á það saman og bjóða okkur, Alþb. og óháðum, í partíið.

Ég held með öðrum orðum að í talinu um lítinn halla á ríkissjóði, niðurskurð hallans og allt það þurfum við að gera okkur grein fyrir því að tækin sem Alþingi hefur eru of veik. Við þurfum að ræða um málið á þeim grundvelli en ekki þeim grundvelli að við viljum ekki gera það sem við segjumst vilja gera. Ég held að veruleikinn sé í raun og veru þannig að allir vilji nálgast þessa hluti með skarpari hætti en þeir hafa gert, en það breytir ekki því að Sjálfstfl. er melurinn í félagslegum fjármálum á Íslandi. Það er alveg sama hvort maður lítur á ríkissjóð eða borgarsjóð Reykjavíkur. Það er ofboðslegt að fara yfir þann viðskilnað sem Sjálfstfl. skilur eftir sig þar eftir marga áratugi. Sjálfstfl. á ekki að fara með almannafé. Hann fer illa með almannafé af því að hann þarf að borga svo mörgum sem búa í þessum hagsmunahaug sem hann er samnefnari fyrir. Það er svo dýrt að hafa Sjálfstfl. í þessu. Auðvitað þyrfti að minnka hann og hann ætti ekki að hafa nema 5% eins og ég hef oft tekið fram af því að í raun og veru er hann ekki að tala fyrir nema svona 5% landsmanna.

Þess vegna finnst mér ástæða til þess að þakka þessa umræðu sem hér hefur farið fram núna. Hún snýst um grundvallaratriðið og það er dálítið merkilegt að hin pólitíska umræða um þessar mundir, bæði hér og reyndar í mörgum öðrum löndum einnig, eins og t.d. í Bandaríkjunum, snýst um grundvallaratriði, þetta er pólitík. Hvað á að setja mikið í heilbrigðismálin? Hversu hratt á að fara í að taka niður hallann á ríkissjóði? Á að gera það á fimm árum, sjö árum eða tíu árum? Þetta er pólitík. Og um hvað snýst hún? Í raun og veru er þakkarvert að menn skuli hefja þá umræðu hér. Á grundvelli þeirrar umræðu er mikilvægt fyrir þingflokk okkar að þær tillögur sem við leggjum fram í tengslum við þessa fjárlagaafgreiðslu eru í jafnvægi. Menn geta auðvitað haft einhverjar skoðanir á þessum tillögum. En aðalatriðið er að þær eru í jafnvægi og það er pólitískt undirstrikunaratriði af okkar hálfu, eins og kom reyndar fram í ræðu talsmanns 1. minni hluta fjárln. í gær. Það er pólitísk niðurstaða og það er mikilvægt atriði.

Hitt er svo aftur annað mál sem er enginn tími til að ræða hér að til að lyfta að einhverju marki hinni félagslegu neyslu, þá þurfa menn að fara alveg sérstaklega í það að fjalla um atvinnulífshliðina á þessu máli. Og ég er ekki þeirrar skoðunar að ríkið megi aldrei koma nálægt atvinnulífinu. Ég er þeirrar skoðunar að ríkið, sveitarfélögin og atvinnulífið þurfi að hjálpast að þar sem það á við. Ég er þá t.d. að tala um rannsóknir og slíkla hluti. Auðvitað er hægt að ganga allt of langt í þessari hagsmunatengingu. Hins vegar er alveg ljóst að ef menn ætla að rífa upp félagslega þjónustu og treysta grunn hennar, menntakerfið ekki síður, þá þurfa menn að leggja vinnu í það að taka á málefnum atvinnulífsins. Það hafa menn í raun og veru ekki gert og mér finnst það oft galli á málflutningi t.d. formanns Alþfl., mér finnst hann vera of ortódox í ríkisbúskapnum eins og hann haldi að það geti leyst alla hluti. Ég viðurkenni þó að honum hefur farið fram í þeim efnum frá því að hann hélt fjármálaráðherraræðurnar 1987–1988 sem ég glímdi við í efri deild og mér fundust flestar vondar. En ég er búinn að gleyma því að mestu leyti þannig að ég er tilbúinn til að fyrirgefa honum allt saman vegna þess að mér sýnist að hlutirnir séu að þróast með öðrum hætti. En þá fannst mér örla á þessari þröngu ríkisfjármálasýn. Það er eins og menn breytist oft um leið og þeir ganga inn í hornhúsið í Arnarhvoli, gegnum þær þykku, þungu og útskornu dyr sem þar eru.

Varðandi þetta vildi ég sem sagt koma almennum atriðum á framfæri að því er varðar okkar tillögur. Ég ætla ekki að fara yfir þær í einstökum atriðum. Ég ætla bara að segja að þær byggjast á þessu prinsippi. Við viljum hafa þetta í jafnvægi, en við segjum: Atvinnulífið er undirstaðan fyrir sæmilegan ríkisbúskap og við teljum ekkert á móti því að atvinnulífið, ríkið og sveitarfélögin hjálpist að með ýmsum hætti varðandi rekstur jafnvel einstakra fyrirtækja. Þess vegna á ég mjög erfitt með að skrifa t.d. upp á tillöguna um að slá því alveg föstu að menn taki inn einhverjar tekjur af sölu ríkisfyrirtækja á næsta ári, þótt ég sé í sjálfu sér ekkert á móti því. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að meta það út frá aðstæðum hverju sinni. Ég er alveg til í að standa að því að selja einhver ríkisfyrirtæki. Ég væri líka til í það að gera einhver ríkisfyrirtæki að einkafyrirtækjum. Ég tel að þetta sé pragmatískt og praktískt vandamál og það eigi að nálgast það þannig en ekki sem einhver trúarbrögð eins og mér finnst að örli á, aðallega hægra megin í pólitíkinni.

Ég hef því miður ekki tíma til að tala mikið um veiðileyfagjaldið núna. En það er engin lausn á vandanum eins og menn virðast halda. Það er t.d. ekki lausn á eignamyndun útgerðarmanna á fiskimiðunum, það er misskilningur. Það er ekki rétt. Ef menn vilja hins vegar gera útgerðina að skattstofni, er það mál út af fyrir sig og má í sjálfu sér ræða sem skattamál. En það að eitthvert veiðileyfagjald komi í staðinn fyrir kvótakerfi eins og ég hef heyrt suma menn orða það, er misskilningur. Þannig liggja hlutirnir ekki fyrir mér, sú tillaga er a.m.k. allt of mikið óræð, ég vil fá miklu lengri tíma til að ræða það mál áður en ég skrifa upp á hana. Ég get reyndar sagt ýmislegt um það mál, bæði gott og í gagnrýna veru. Ef við værum með þá stöðu að iðnaðurinn byggi við mjög óhagstætt gengi fyrir sinn hatt, teldi ég koma til greina að skoða þessa hluti í því samhengi að því er varðar samkeppnisstöðu sjávarútvegsins. En aðalgalli kerfisins er eignarmyndun ákveðinna aðila á fiskimiðunum og þar tel ég gjaldið ekki duga. En ég er til í að ræða hvað annað í þessu efni sem mönnum kann að detta í hug vegna þess að ég tel að það sé nánast að segja hryllingur að horfa á það að örfáir aðilar eru að eignast fiskimiðin. Þetta gengur ekki og það er hlutur sem við höfum undirstrikað alveg frá fyrstu tíð þegar við fluttum tillögu 1983 um að í lög yrðu sett ákvæði um að fiskimiðin væru almannaeign.

Hæstv. forseti. Það er spurning hvort hæstv. heilbrrh. er í húsinu.

(**Forseti** (RA)**:** Hún er ekki í húsinu.)

(Gripið fram í.) Já, já. Það er náttúrlega spurning hver þeirra það er. (**Gripið fram í:** Þeir eru þrír.) Já, þeir eru þrír eða fjórir samkvæmt þessu hér.

Ég ætla ekki að fara út í það, en það sem ég ætlaði að spyrja um, hæstv. forseti, var að hæstv. heilbrrh. hefur sagt að það eigi að halda áfram bílakaupalánum öryrkja og það

verður að negla það mál núna fyrir jól. Það er ein af forsendum fjárlaga. Í forsendum fjárlaganna var gert ráð fyrir því að afnema þessi lán. Meiri hluti tryggingaráðs hefur samþykkt það, skilst mér. Síðan hefur heilbrrh. sagt að þessi lán verði ekki afnumin. Ég hef heyrt að það verði fundur um þetta í heilbrn. á mánudaginn. Ég vil vita um málið og ég veit að hv. formaður heilbrn. telur sig líka þurfa á því að halda að vita hvaða afstöðu ríkisstjórnin hefur. Ég hafði því hugsað mér að spyrja hvort á þessu máli hafi verið tekið og og leyfi mér í allri vinsemd að inna eftir því hvort hæstv. fjmrh. getur svarað þessu. Ef ekki, verð ég því miður síðar á fundinum að kalla eftir svari hæstv. heilbrrh. í þessu máli, hæstv. forseti.

[12:10]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki alveg ljóst hvort unnt er að flytja meðmæli undir liðnum andmæli. En ég ætlaði aðeins stuttlega að nota tækifærið til þess að segja að loksins erum við farin að ræða eitthvað sem máli skiptir. Það sætir tíðindum, það er rétt, ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni, að stjórnarandstöðuflokkarnir allir gefa sér það sem grundvallarreglu að þeir flytja tillögur við ríkisbúskapinn í jafnvægi. Þeir flytja tekjujöfnunartillögur til þess að standa undir breyttri forgangsröðun sinni í útgjaldatillögum. Það er grundvallaratriði. Það hefur yfirleitt ekki gerst og sér í lagi er það líka athyglisvert þegar það er gert með þeim hætti að stjórnarliðum er bent á að þeir gætu gert betur, bæði í sparnaði og einnig í því að auka réttlæti í tekjuöflun. Þetta er ánægjulegt og ég vil nota tækifærið og lýsa yfir ánægju minni með það.

Að því er varðar eitt einstakt mál sem heitir veiðileyfagjald, þá verð ég að viðurkenna að ég skil ekki hvernig á því getur staðið að talsmaður Alþb., fyrrv. formaður þess og núv. formaður þingflokks, skilur ekki það mál. Alveg burt séð frá öllum hugmyndum sem uppi kunna að vera um fiskveiðistjórnunarmál, hélt ég að við hlytum að vera sammála um eftirfarandi: Fiskimiðin á Íslandi eru að lögum sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Í lögum er frá því gengið að jafnvel þótt breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnuninni, þá skuli ríkið, almennir skattgreiðendur, ekki vera skaðabótaskyldir af því. Það verður með einhverjum hætti að koma upp afnotaréttindakerfi og það hefur verið gert. Og svo lengi sem það er svo að almannavaldið í nafni almennings á Íslandi sem er eigandi auðlindarinnar úthlutar afnotaréttinum, er það gersamlega óverjandi siðferðilega, hagfræðilega, efnahagslega og alla vega að þetta skömmtunarkerfi sé þannig að einstökum aðilum sé samkvæmt pólitískum ákvörunum úthlutað þessum miklu fémætum upp á tugi milljarða kr. ókeypis. Það er bara óverjandi. Og forustumenn í flokkum sem kenna sig við jafnaðarstefnu hljóta að vera sammála um eftirfarandi grundvallaratriði: Sameiginleg auðlind, sameign þjóðarinnar, ef einkaaðilar eiga að hafa afnot af þeim þá greiði þeir fyrir gjald. Svo getum við deilt um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum að öðru leyti.

[12:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. 9. þm. Reykv. að það er fagnaðarefni að það skuli gefast tími til þess í andsvörum að ræða grundvallaratriði, kannski fjórar mínútur á mánuði eða svo, það er veruleg framför frá því sem maður hefur kynnst hér stundum.

Varðandi það hins vegar sem hann nefndi í sambandi við veiðileyfagjaldið, þá segi ég bara nákvæmlega eins og hann. Ég skil ekki, hæstv. forseti, að formaður Alþfl., jafnaðarmannaflokks Íslands, skuli fá trúarglampa í augun þegar minnst er á veiðileyfagjald af því að ég sé ekki og skil ekki að það leysi þann vanda sem hann rekur hér. En ég er sammála skilgreiningu hans á vandanum. Það er eins og talað út úr mínum ræðum frá 1983–1987 þegar ég hafði með þessa hluti að gera á vegum míns flokks að sú eignauppsöfnun sem á sér stað í sjávarútveginum hjá tilteknum fáum aðilum er auðvitað algerlega siðlaus. Og að það skuli gerast án þess að þeir greiði fyrir það er líka siðlaust. Það að afhenda þeim þetta hluti er líka siðlaust. En veiðileyfagjaldið afnemur ekki þetta siðleysi, heldur getur það orðið til þess að lögfesta og staðfesta þetta siðleysi og veita þeim rétt til að halda siðleysinu áfram af því að þeir segi fyrir dómstólum framtíðarinnar: Við borguðum fyrir siðleysið og þess vegna megum við eiga það. Þess vegna, hv. þm., átta ég mig ekki alveg á því í fullri vinsemd hvers vegna menn færast í þessar stellingar þegar menn nefna veiðileyfagjald, en ég útiloka ekki samtal um neitt.

[12:15]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt athugasemd. Það er alveg þveröfugt, þ.e. ef þessu afnotagjaldi er ekki komið á fyrir nýtingarréttinn mun hefðarrétturinn verða sá í krafti ókeypis útlutunar að nýtingarréttur og eignarréttur rennur saman. Það verður að dómapraxís þannig að ókeypis úthlutun verður eignfærð, hún verður afskrifuð, hún verður leigð, hún verður keypt, hún verður erfð, og þegar svo er komið er munurinn á afnotarétti og eignarrétti orðinn enginn í praxís. Það er algjörlega nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir þetta að það sé skýrt. Þetta er sameign, þetta eru fémæti sem er úthlutað. Fyrir nýtingarréttinn skulu menn greiða gjald sem staðfestir að aldrei er verið að afsala eignarrétti almennings á auðlindinni, aldrei, sem er grundvallaratriði sem við hljótum að vera sammála um.

Hvað það varðar að þetta leysi ekki allan vanda hljótum við bara einfaldlega að vera sammála um það. Veiðileyfagjaldið á ekki að leysa annan vanda en þann sem því er ætlað að leysa, nefnilega að menn greiði þjóðinni fyrir að hafa fengið afhent gríðarlega verðmæt fémæti. Hvort núverandi kvótakerfi nær sínum markmiðum, hagkvæmni o.s.frv.? Ég ætla ekki í andmælum að fara að ræða fiskifræði nema að taka það fram að ég ber svona hæfilega mikla virðingu fyrir þeim vísindum.

[12:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gengisskráningin er aðferð okkar við að ákveða samkeppnisskilyrði og rekstrarskilyrði fiskveiðanna í landinu. Það er grundvallaratriði sem menn þurfa að hafa í huga. Reyndar hefur það lengi verið þannig að ákvörðun gengis var eða gegndi svipuðu hlutverki og veiðileyfagjaldið virðist eiga að gegna að mati hv. þm. En hann setur dæmið rangt upp.

Annars vegar vil ég segja við hann: Það er rétt að það er siðlaust að láta þessa hluti ganga áfram, laukrétt, og það hefur alltaf verið okkar skoðun. Hins vegar er það svo að veiðileyfagjaldsupptakan er ekki eina lausnin á vandamálinu. Hann setur það upp þannig að annaðhvort muni siðleysið halda áfram eða lagt verður á veiðileyfagjald. Ég segi: Veiðileyfagjaldið dugir ekki til að stöðva siðleysið en ég segi líka:

Núverandi kvótakerfi verður að breyta. Það er óþolandi eins og það er, m.a. hvernig menn umgangast náttúruauðlindir okkar. Auðvitað getum við rætt það í heildarsamhengi, m.a. út frá því hvort við eigum að vera með heildarauðlindaskatt á alla hluti þannig að þegar menn taka af auðlindum Íslendinga, hverjar sem þær eru, þá greiði menn peninga fyrir það. Það er hins vegar mál sem ég hygg að sé enn þá flóknara að ræða í andsvarstíma en jafnvel veiðileyfagjaldið og er þá langt til jafnað, hæstv. forseti.

[12:18]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég segi eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði áðan að það er eiginlega ekki andsvar sem ég ætla að koma á framfæri, miklu heldur þakkir til hv. þm. fyrir mjög málefnalega ræðu. Hjá honum kom fram, sem hefur komið fram áður og er mjög mikilvægt, að samstaða er um að hallarekstri á ríkissjóði skuli hætt. Þetta er spurning um aðferðir, um leiðir, og er mikið vandaverk. Því hef ég nú þegar áttað mig á.

T.d. heilbrigðis- og tryggingakerfið sem kostar óskaplega mikla peninga. Talað er um að ekki eigi að skattleggja þá sem eru veikir. Hvað þýðir það? Auðvitað er margt sem kostar peninga í heilbrigðiskerfinu. Erum við þá að tala um að allt eigi að vera ókeypis? Það eigi að vera ókeypis að fara til sérfræðings, vitjanir séu ókeypis, lyf séu ókeypis, (**Gripið fram í:** Við borgum skatta.) þjónusta tannlækna sé ókeypis o.s.frv.? Eins og þetta er núna er flestallt sem lýtur að heilbrigðiskerfinu farið að kosta peninga nema að liggja á sjúkrahúsi. Þess vegna var það að ég vildi skoða möguleikann sem settur var fram í fjárlagafrv. að setja á einhvers konar samræmingargjöld innan sjúkrahúsanna, að líka kostaði eitthvað að liggja sem venjulegur sjúklingur á sjúkrahúsi. Síðan fékk þetta gjald nafnið innritunargjöld og búið er að ákveða að það verði ekki tekið upp að sinni að minnsta kosti. En mér finnst þetta vera grundvallarspurning sem við þurfum að velta fyrir okkur og hafa einhver svör við. Er eðlilegt að það sem er dýrast í heilbrigðiskerfinu, að liggja inni á sjúkrahúsi, eigi endilega að vera alveg ókeypis? Dýrast nema með undantekningartilfellunum, svokölluðum ferliverkum, sem er svo aftur spurning hvort hafa lagastoð.

[12:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig held ég að það sé alveg rétt hjá hv. þm. að í fljótu bragði virðist flókið að draga mörkin í þessu efni. En ég held að það sé kannski ekki eins flókið og menn vilja vera láta. Ég held að menn þurfi bara að leggjast yfir hvað á að gera og hvað ekki.

Ég get nefnt nokkur dæmi um hvað á ekki að gera. Það á ekki að fara með skólatannlækningarnar eins og gert var á síðasta kjörtímabili. Ég tel að í raun og veru muni það hafa í för með sér að almenn heilsa, ekki aðeins tannheilsa heldur almenn heilsa barna og unglinga, verði lakari á komandi árum en ella væri, þannig að með því að skera niður tannlækningarnar séu menn að vísa á hærri kostnað í framtíðinni.

Í öðru lagi finnst mér ferlivaktareglan, gjaldið þar sem menn eru að borga upp í 18–20 þús. kr. á dag fyrir að koma inn á stofnun, mjög vafasöm.

Í þriðja lagi finnst mér innritunargjaldið vera vafasamt líka og ég held að það eigi að halda sig mjög ákveðið við að ekki sé tekið gjald af fólki sem er lagt inn á sjúkrahús. Þ.e. fólk sem getur sætt meðferð á frumstigi heilbrigðisþjónustunnar, í heilsugæslunni, hefur borgað einhvern aðgangseyri síðan í tíð síðustu ríkisstjórnar sem ekki er mjög há upphæð. Sömuleiðis er greitt fyrir sérfræðiþjónustu og dálítið fyrir röntgenþjónustu, utan spítala, en ekki er um að ræða að menn borgi þegar þeir eru lagðir inn á sjúkrahús af því að „prímer" heilbrigðisþjónustan ræður ekki við að leysa verkið. Ég held að þarna eigi að draga markalínuna.

Svo ætla ég líka að segja, hæstv. forseti: Aðförin núna að Ríkisspítölunum er röng frá fjárhagslegu sjónarmiði. Hún hefur ekki skilað árangri af því að það tekur miklu lengri tíma að spara en menn gera ráð fyrir. Og hvað á þá að gera? Ég held að svarið væri m.a. að skoða tækin sem við höfum í höndunum, t.d. fjárlögin, og velta fyrir okkur hvort við getum til að mynda náð samstöðu um að setja fjárlög til lengri tíma. Ég held að sparnaður í heilbrigðiskerfinu sé háður því að við getum horft á málin til mun lengri tíma en núna er gert.

[12:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með 2. umr. um fjárlög fyrir árið 1996, ekki síst vinnubrögðunum sem hér hafa viðgengist. Þar á ég í fyrsta lagi við þann annmarka að fresta umræðu um brtt. meiri hlutans og úrlausnir hans í heilbrigðismálum til 3. umr. en eins og alþjóð veit ná heilbrigðismálin yfir u.þ.b. 40% af fjárlögum íslenska ríkisins.

Í öðru lagi vil ég gagnrýna hversu seint umræðan fer fram, en samkvæmt starfsáætlun þingsins átti hún að vera fyrir rúmlega viku. Þetta endurspeglar væntanlega bæði vandann í ríkisfjármálum og hversu erfiðlega ríkisstjórnarflokkunum gengur að koma sér saman um úrræði.

Þá átel ég vinnubrögðin sem koma fram í svokölluðu bandormsfrv. þar sem ráðgert er að breyta fjölmörgum lagabálkum varanlega vegna þess að ekki verður staðið við markaða tekjustofna í fjárlagafrv. fyrir árið 1996. Þó að ekki sé til fyrirmyndar að breyta lögum árlega með „þráttfyrir"-ákvæðum eiga tillögur um varanlegar lagabreytingar að koma fram sem sérstök þingmál að mínu mati. En vinnubrögðin eru eitt og innihald fjárlagafrv. annað.

Ég ræddi almennt um álit mitt á þessu fjárlagafrv. við 1. umr. en vil nú víkja sérstaklega að breytingartillögunum sem fram hafa komið, einkum þeim er snerta þær nefndir sem ég er í, nefnilega menntmn. og allshn.

Ég vil byrja á að segja örfá orð um tillögur okkar kvennalistakvenna sem kynntar eru á þskj. 353. Þær hafa þegar verið rökstuddar ítarlega, einkum og sér í lagi af Kristínu Halldórsdóttur, fulltrúa okkar í fjárln., en einnig af Kristínu Ástgeirsdóttur. Því ætla ég að láta nægja að fara aðeins örfáum orðum um tillögurnar til þess að leggja áherslu á mikilvægi þeirra. Því miður er ekki algengt að brtt. stjórnarandstöðu við afgreiðslu fjárlaga nái fram að ganga. Í því ljósi leggjum við megináherslu á að leggja fram fáar en skýrar tillögur sem allar hafa þann tilgang að styrkja stöðu kvenna og stuðla að jafnstöðu kynjanna. Stjórnarandstaðan hafði samráð áður en brtt. við fjárlagafrv. voru lagðar fram og varð að ráði að hver flokkur legði fram sínar tillögur en að sjálfsögðu munum við styðja þær sem við teljum góðar hvaðan sem þær koma. Við ákváðum því að stilla okkar tillögum í hóf en munum styðja margar góðar tillögur frá öðrum stjórnarandstöðuflokkum.

Ef ég vík fyrst að tillögum okkar kvennalistakvenna eru þær í fyrsta lagi að auka fjárframlag til Námsgagnastofnunar um 10 millj. kr. Þar erum við einkum með í huga að gera Námsgagnastofnun kleift að gera átak í að koma kennslubókum í það horf að þær séu í samræmi við gildandi jafnréttislög. Við fluttum þáltill. um þetta málefni á sl. ári. Þá dró ég fram helstu rökin fyrir átaki af því tagi sem ég tel að þurfi. Námsgagnastofnun hefur sagt að hún hafi ekki nægilegt fjármagn til þess að standa undir slíku átaki og þess vegna teljum við mjög tímabært og mikilvægt að gengið verði í það.

Í öðru lagi leggjum við til framlag til UNIFEM, til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi þar sem fram hefur komið að framlag til kvenna í þróunarstarfi hefur gefið besta raun. Við teljum að þessi samtök séu að vinna mjög mikilvægt starf og þess vegna þurfi að koma til nýr liður á fjárlögum upp á 5 millj. með framlag til UNIFEM.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í þá mikilvægu tillögu sem við setjum fram um bætur til þolenda afbrota. Allir stjórnarandstöðuflokkarnir, a.m.k. þrír hafa lagt fram tillögu um það mál. Hérna er um mjög mikilvægt réttlætismál að ræða og Alþingi til stórskammar eftir að hafa samþykkt einróma lög um þessi mál rétt fyrir kosningar í vor að ætla engum fjárveitingum til að framkvæma lögin í fjárlagafrv. Þó að stjórnarflokkarnir hafi eitthvað dregið í land með sínum breytingartillögum teljum við þar alls ekki nógu langt gengið og að ekki komi til greina að taka vonina frá því fólki sem átti von á bótum fyrir árið 1993.

Þá leggjum við til 30 millj. kr. í viðbót við liðinn sem kallaður er avinnumál kvenna en þar eru eingöngu ætlaðar 20 millj. Komið hefur í ljós að það átak í atvinnumálum kvenna sem af þessum lið hefur skapast hefur reynst vel og við teljum að það sé veruleg þörf á að styrkja atvinnumál kvenna betur því atvinnuleysi meðal þeirra er meira en hjá körlum.

Þá gerum við tillögu um nýjan lið, fræðslu um kynlíf og barneignir sem við höfum rökstutt ítarlega. Það er mjög mikilvægt að alþingismenn og þjóðin geri sér grein fyrir því að Ísland er að mörgu leyti eins og þróunarland þegar við lítum til tíðni getnaðar hjá ungum stúlkum. Tíðnin er mun hærri hér en í nágrannalöndum okkar flestum. Ég veit til þess að Svíar gerðu stórátak í fræðslumálum á þessu sviði og það hafði veruleg áhrif. Ég tel að með auknu fræðsluátaki getum við komið í veg fyrir ótímabærar þunganir. Þetta er mjög þarft mál því að sú fræðsla sem fyrir er bæði í skólakerfinu og í heilbrigðisgeiranum er ekki nægilega aðgengileg og góð.

Að síðustu leggjum við til á sérstökum lið 200 millj. kr. til þess að gera átak í að jafna launamun kynjanna. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það gífurlega vandamál sem launamunur kynjanna er. Við teljum að þetta sé alger forsenda þess að nokkrar líkur séu á því að jafnrétti kynjanna náist. Allir kannast við þá frægu skýrslu sem kom út rétt fyrir kosningar í vor þar sem kom fram að kynferðið eitt og sér skýrir um 17% af launamun í landinu. Í framhaldi af því lögðum við kvennalistakonur fram sérstaka þingsályktun til þess að gera átak í þessum málum. Ríkisstjórnin er með starfsmat í gangi og ætlar sér vonandi að vinna eitthvert átak í framhaldi af því og nú er nýkomin niðurstaða frá starfshópi fjmrn. þar sem misréttið kemur mjög skýrt fram. Og maður spyr sig: Til hvers er verið að gera svona úttektir, starfsmat eða kannanir í ráðuneytum ef ekki eiga að koma til ákveðnar aðgerðir í framhaldi af því? Þessi könnun í fjmrn. er mjög athyglisverð en þar kemur fram að svokallaðar sporslur eru um 30% meiri hjá körlum en konum ef um er að ræða háskólamenntað fólk en þær eru 100% meiri ef um er að ræða starfsfólk hjá BSRB. Það er einnig munur á grunnlaunum. Hjá háskólamenntuðu fólki er munur á grunnlaunum kvenna og karla um 7% en munurinn á grunnlaunum kvenna og karla í BSRB er aðeins minni, um 5%. Meginmunurinn er í sporslunum. Þetta höfum við reyndar vitað og þetta kemur mjög skýrt fram. Ég á við yfirvinnu, bílastyrki og fríðindi af ýmsu tagi. Við teljum því að ef einhver meining er á bak við þá vinnu sem átt hefur sér stað í sambandi við launamál kynjanna, þá verður að koma til fjármagn og það á að vera hægt að nota þennan lið á ýmsa vegu til að útrýma þessum mun eins og löngu er tímabært að gera.

Ég hef verið spurð að því hvers vegna Kvennalistinn leggi ekki fram tillögu um að tekin verði upp kennsla í kvennafræðum við Háskóla Íslands næsta haust, en það stendur til að gera ef 1 millj. kr. fjárveiting fæst. Því er til að svara að fjárveitingar til Háskóla Íslands eru ekki sundurliðaðar þar sem háskólinn vill sjálfur fá að ráða hvernig því fé sem varið er til kennslu og vísindadeilda er skipt. Þó að það séu vissulega vonbrigði að stjórnarflokkarnir virðast ekki ætla að leggja meira fé til háskólans en raun ber vitni er ég mjög vongóð um að skilningur sé á þessu máli innan háskólans eftir að rektor lýsti yfir stuðningi við þetta mál á sameiginlegum fundi stjórnenda háskólans og þigmanna úr menntmn. og fjárln. í síðasta mánuði. Einnig er ég vongóð vegna undirtekta í fjárln. þingsins. Við ákveðum að virða háskólann og það að hann vill ráða sínum málum sjálfur. Við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu styðja þær brtt. sem þegar liggja frammi og eiga hugsanlega eftir að koma fram um að leggja meira fjármagn til Háskóla Íslands, samanber t.d. þær sem eru á þskj. 356, bæði tillöguna um að auka fjármagn til kennslu og vísindadeilda upp á 130 millj. og til Rannsóknarnámssjóðs og Nýsköpunarsjóðs.

Það eru mikil vonbrigði að menntamálin skulu ekki fá þann forgang í þessum fjárlögum sem ætla mátti eftir ummæli nýskipaðs menntmrh. eftir kosningar. Háskóli Íslands er flaggskip íslenska menntakerfisins og þó að hann fái lítið eitt auknar fjárveitingar umfram verðhækkanir hefur hann verið í fjársvelti undanfarin ár miðað við fjölgun nema og viðfangsefna. Ég bind því miklar vonir við þær kerfisbreytingar sem fyrirhugaðar eru við útreikning á kostnaði náms í háskólanum þó að mér sé ekki nógu kunnugt um hvar það mál er statt núna. Ég á hér við svokallað reiknilíkan sem er verið að smíða til að fjárveitingar til skólans verði sambærilegar við það sem tíðkast í öðrum háskólum. Það mál hefur ekki enn komið inn á borð menntmn. þingsins eins og vissulega er ástæða til en vonandi gerist það með tíð og tíma.

Samkvæmt núverandi skipan fjárlaga til háskólans er það því endanlega á valdi fjárlaganefndar hans að ákveða hvernig fjárveitingum til skólans er varið, m.a. að ákveða hvort tekin verður upp kennsla í kvennafræðum næsta haust. Þetta nám hefur verið samþykkt í háskólaráði og í þeim deildum háskólans sem hlut eiga að máli, þ.e. í félagsvísindadeild og heimspekideild. Það ásamt góðum orðum rektors á áðurnefndum fundi með nefndum þingsins og góðum undirtektum í fjárln. gefur mér góðar vonir um að málið muni ná fram að ganga. Um er að ræða 1 millj. kr. Sú glæsilega ráðstefna sem haldin var um rannsóknir í kvennafræðum í

Háskóla Íslands í lok októbermánaðar er gott dæmi um þá grósku sem er í þessum fræðum hér á landi. Auk þess er það löngu tímbært að háskólinn taki upp formlega kennslu á þessu sviði eins og tíðkast hefur í velflestum háskólum í öðrum löndum í um það bil 20 ár.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara að tilmælum forseta og stytta mál mitt og láta vera að fjalla að nokkru ráði um þær breytingartillögur sem fyrir liggja á sviði menntmn. og við kvennalistakonur munum styðja. Ég vil þó nefna breytingartillögu meiri hlutans og minni hlutans um aukin framlög í Listskreytingasjóð og fagna þeim og fram komnum brtt. um að auka fé til Kvikmyndasjóðs miðað við fyrirliggjandi fjárlagafrv. Eins og ég lagði áherslu á í umfjöllun minni um Kvikmyndasjóðinn við 1. umr. er ljóst að nú er mikið blómaskeið í íslenskri kvikmyndagerð. Það ber að virða og aðstoða t.d. með því að markaðssetja þær frábæru kvikmyndir sem framleiddar hafa verið að undanförnu. Framlag í Kvikmyndasjóð er framlag til menningarauka. Það er atvinnuskapandi og margfaldast við það að oftar en ekki koma til erlendir styrkir á móti sem ekki fást ef íslensk fjármögnun er dregin til baka.

Þó erfitt sé að ræða um framlög til heilbrigðiskerfisins í þessari umræðu þar sem breytingartillögur meiri hlutans koma ekki fram fyrr en við 3. umr. svo og nákvæmar tillögur meiri hlutans eða ríkisstjórnarinnar um vandann í heilbrigðiskerfinu, þá vil ég aðeins minna á utandagskrárumræðuna fyrr í vikunni um vímuefni, sjálfsvíg og ungt fólk. Ég vona að aukin fjárframlög verði til barnageðdeildar og til vímuefnavarna samanber fram komnar breytingartillögur um þau mál. Vímuefnavarnir tengjast einnig allshn. og dómsmrn. en þar á ég ekki síst við það að efla fíkniefnalögregluna og rannsóknir á því sviði.

Ég hef gert að umræðuefni nokkrar breytingartillögur sem við kvennalistakonur munum styðja, einkum á sviði menntmn. og allshn. en ég hef ekki rætt um það hvar við ætlum að fá tekjur á móti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að slíkar útgjaldatillögur séu óábyrgar nema fram komi hugmyndir um hvernig afla á tekna á móti.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, talsmaður okkar kvennalistakvenna í fjárln. gerði skýra grein fyrir því að okkar tillögur eru um mun lægri upphæðir en sú umsvifaaukning er sem fyrirséð er í þjóðfélaginu á næsta ári. Því teljum við að það sé vel fyrir þeim séð bara með þeim þætti, en að auki mætti nota umsvifaaukninguna til að minnka hallann á ríkissjóði. Þar að auki getum við kvennalistakonur tekið undir ýmsar breytingartillögur sem fram hafa komið um tekjuaukningu fyrir ríkissjóð og vil ég þar fyrst nefna fjármagnstekjuskatt og veiðileyfagjald svo að nokkuð sé nefnt. Ég fagna þeirri umræðu sem átti sér stað áðan um veiðileyfagjald og vona að hún sé merki um að það mál verði frekar rætt í þinginu og bendi hæstv. ríkisstjórn á að þar megi væntanlega fá töluverðan pening til að greiða niður vandann í heilbrigðiskerfinu.

Eins og fram kom hjá fyrri ræðumönnum þurfa Sjálfstfl. og Framsfl. að metta mjög marga sérhagsmunahópa. Þeir vilja frekar gera það en halda uppi almennilegu velferðarkerfi og eru nú á góðri leið með að rústa velferðarkerfinu en ég vona svo sannarlega að á þessu verði breyting þó það sé ekki fyrir séð í fjárlagafrv.

[12:46]

Útbýting þingskjala:

Spilliefnagjald, 252. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 392.

Tekjuskattur og eignarskattur, 147. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 391.

[12:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð sérkennilegt hvernig umræður um svokallað veiðileyfagjald eru farnar að ganga aftur í máli ræðumanna í sambandi við tekjuöflun til ríkissjóðs. Satt best að segja er það nokkuð upplýsandi fyrir það sem þarna er á ferðinni að svo miklu leyti sem hægt er að botna í því hvað fyrir mönnum vakir. Ég get ekki orða bundist lengur þegar hv. síðasti ræðumaður tekur undir tillögur Alþfl. um veiðileyfagjald með þeim sérstaka rökstuðningi að þar hafi menn fundið skattstofn sem sé vel til þess fallinn að afla verulegra tekna t.d. á móti útgjöldum í heilbrigðiskerfinu. Það er akkúrat það sem það er. Það er verið að tala um skattlagningu á sjávarútveginn í ríkissjóð að svo miklu leyti sem eitthvert mark á þessum óútfærðu og óútskýrðu tillögum er takandi um veiðileyfagjald. Það er allt og sumt sem í þessu máli felst. Út af fyrir sig er hægt að búa til úr þessu skattstofn eins og mörgu fleiru ef það er það sem vakir fyrir mönnum.

Ég verð að segja, herra forseti, að auðvitað þarf betri tíma heldur en gefst í stuttum andsvörum til að ræða þessi mál og ég mun við eitthvert vel valið tækifæri gera grein fyrir mínum sjónarmiðum í þessu efni þar sem ég var því miður fjarstaddur þegar umræða fór fram um þetta á þingi á dögunum. En ég hef ekki séð ljósið í þessum efnum og hingað til hefur enginn maður útskýrt það þannig fyrir mér að ég hafi fengið botn í það hvaða vanda þetta veiðileyfagjald á að leysa annan en þá þann að búa til nýjan skattstofn, að þessu sinni sértækan skattstofn á sjávarútveginn og ekki síst sjávarútvegsfyrirtækin á landsbyggðinni. Það er auðvitað hægt að búa til þannig skattstofn rétt eins og nú á að gera t.d. flugfarseðla í innanlandsflugi að skattstofni með því að skerða flugmálaáætlun. En er það skynsamlegt og rétt? Ég segi nei. Þess vegna vara ég við því að menn fari að fjalla þannig um málið í miðri fjárlagaumræðu að veiðileyfagjaldi er hent inn sem upplagðri hugmynd til að afla svo og svo mikilla tekna í ríkissjóð. Þá missa menn að mínu mati verulega marks í umræðunni um þetta mál.

[12:48]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er engin spurning að það hefur náðst verulegur árangur í stjórn efnahagsmála á Íslandi á undanförnum árum og er það mikilvægt fyrir möguleika okkar að jafnvægi og framförum í framtíðinni. Það er ástæða til að þakka þeim sem hafa verið í forustu í þeim efnum, ekki síst fjmrh., fyrir markviss vinnubrögð og þeim sem hafa staðið að verki við hlið hans, bæði í ráðuneyti og hér þingmegin. En þess þarf ávallt að gæta að ekki sé blóðmjólkað og ekki sé skorið um of þannig að hlutir fari úr jafnvægi eða óraunsæi komi í ljós.

Horfurnar sem blasa við í þjóðarbúskapnum kalla á aðhaldssama efnahagsstjórn á næstu missirum til að koma í veg fyrir að þensla myndist og til að tryggja viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Þetta er sérstaklega mikilvægt á meðan framkvæmdir standa yfir vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Ef af frekari framkvæmdum verður á sviði

stóriðju á næstunni er brýnt að svigrúm verði skapað fyrir þær með því að draga úr opinberum framkvæmdum eftir því sem kostur er til þess að ekki skapist of mikil þensla sem mundi leiða til verðbólgu sem engum yrði að gagni.

Í morgun var kynnt í fjárln. álit Þjóðhagsstofnunar, horfur fyrir árið 1996 og það eru gleðileg tíðindi að upphafsorð í þeirri kynningu voru þau að áætlanir um framleiðslu og útgjöld á næsta ári bentu til að nú væri bjartara fram undan í íslenskum efnahagsmálum en verið hefur um langt skeið. Þetta eru gleðileg tíðindi og er vonandi að fram gangi sem spáð er. Að öllu samanlögðu má ætla að horfur utan lands og innan gefi færi á 3,2% hagvexti á næsta ári. Þjóðartekjur eru taldar aukast meira eða um 3,7% vegna viðskiptakjarabata og þessi framgangur stafar bæði af horfum um lægri vexti á erlendum fjármagnsmarkaði og góðum skilyrðum fyrir útflutning.

Hvað þýðir 3,2% hagvöxtur? Hann þýðir raunverulega stöðu og raunverulega möguleika til þess að við getum hækkað laun, aukið stöðugleika og gert það þannig að launaaukningin sé raunhæf og komi öllum landsmönnum til góða. Til þess þarf 3–4% hagvöxt á hverju ári og þannig er mikilvægt að halda þeim árangri sem náðst hefur en það þýðir markvissa efnahagsstjórnun.

Hv. þm. Svavar Gestsson hafði orð á því í ræðu fyrr í morgun að Sjálfstfl. væri hagsmunahaugur sem þyrfti að sinna margs konar sérhagsmunum í þjóðfélaginu. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir tók undir þetta með því að segja að Sjálfstfl. og Framsfl. þyrftu að metta sérhagsmunahópa í þjóðfélaginu. Það er sérkennilegt að heyra þessa tvo gömlu samherja úr Alþb., hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, nú þingmann Kvennalista, fjalla um þessi mál á þennan hátt með þessari gömlu lummu úr sovétkrúttinu sem nú er hrunið. En auðvitað er Sjálfstfl., í því fylgi sem hann hefur, hvað raunsæjust spegilmynd þjóðfélagsins af vilja fólksins í landinu og ekki erum við í þessu landi að eltast mikið við stéttaágreining. (**Gripið fram í:** Vill þingmaðurinn endurtaka þetta.)

Það er ætlun mín að fara yfir nokkur atriði í umræðu um fjárlagafrv. sem ekki hefur verið mikið fjallað um. Menn hafa talað út og suður um stórt og smátt og það er auðvitað gott að tala um meginatriðin. Mig langar að fjalla um nokkur smærri atriði, ekki bara vegna þess að hið smæsta er næst guði heldur af því að það sýnir líka svolitla mynd af því hvað er um að vera hér og þar í stofnunum og fyrirtækjum samfélagsins. Það er til að mynda skemmtilegt að um þessar mundir skuli hús vera byggt upp á Vestfjörðum, á Hrafnseyri. Það er teiknað og unnið samkvæmt því húsi sem Jón Sigurðsson forseti bjó í. Þetta verður fallegt hús, það verður til vegsauka fyrir ekki bara Hrafnseyri heldur okkar þjóð og það er vel að slíku málefni sé lagt lið.

Það hefur verið lagt kapp á það af núverandi fjárln. í kjölfar fjárlagavinnu síðustu ára að styrkja rannsóknir og verkmenntun eins og komu fram í ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln. Það má nefna nokkur dæmi sem sýna hvernig þessum málum er lagt lið. Til að mynda er stutt við bakið á Kennaraháskóla Íslands varðandi rannsóknastarf, fjarkennslu og endurmenntun. Þessi þróun undanfarin ár hefur þýtt betri þjónustu í skólum landsins, ekki síst á landsbyggðinni þar sem í mörgum tilfellum er meiri skortur á betur menntuðu fólk en í mesta þéttbýlinu. Það má til að mynda benda á að stutt er við rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands og nýsköpun. Gott dæmi er Nýsköpunarsjóður sem stúdentar hafa lagt mikið kapp á. Nýsköpunarsjóður hefur skapað vinnu á rannsóknarsviði fyrir nemendur Háskóla Íslands undir leiðsögn og forsjá prófessora og fagmanna skólans. Allt hefur þetta skilað miklum og góðum árangri sem vert er að minnast á og sýnir að drifkraftur og bjartsýni ríkja í þessum málum þó að menn séu að keppast við að sníða stakkinn í efnahagsmálum eftir þeim vexti sem þjóðfélagið og fjáröflunarmöguleikar bjóða.

Það má nefna sem gott innlegg í menningarmál þjóðarinnar að framlag til húsafriðunarsjóðs er hækkað í þessum breytingartillögum. Þar er um að ræða það mikilvæga verkefni að sinna endurbyggingu og lagfæringu á gömlum húsum, húsum sem endurspegla sögu þjóðarinnar, reynslu og byggingarlist. Það er líka ánægjulegt að finna fyrir auknum áhuga fólks almennt á mikilvægi þess að sinna þessum þætti menningar þjóðarinnar. Það má minna á að Listskreytingasjóður hefur aftur komist af stað eftir nokkurt áfall og framlög til hans eru hækkuð um 4 millj. kr. Þessi sjóður hefur sinnt verkefnum víða um landið, verið hvatning fyrir listamenn sem í sívaxandi mæli eru að skapa sér sess í þjóðfélaginu með mikilli og góðri menntun og frjóu hugmyndaflugi og dugnaði. Við eigum auðvitað að nýta þessa reynslu og menntun. Það þarf ekki annað en líta til granna okkar og frænda í Danmörku sem hafa lagt mikið kapp á það að skapa myndlistarmönnum á hinum ýmsu sviðum vettvang til þess að njóta sín. Það hefur þýtt framleiðslu. Það hefur þýtt markaðssetningu. Það hefur þýtt viðskipti og fjármagn fyrir danska samfélagið í heild. Við eigum alveg sömu möguleika með því að hlúa að þessari grein í okkar samfélagi.

Það er lagt til að sjóvinnukennsla sé tekin upp í ríkari mæli en gert hefur verið og þá með kennslu eða þjálfun nemenda á sjó. Það er vel. Hörmuleg slys fyrir nokkrum árum drógu úr þessu verkefni og það er mikilvægt að taka það upp aftur. Við munum í náinni framtíð og kannski langt inn í framtíðina byggja á sjómennsku og sjósókn til að afla tekna fyrir okkar samfélag og velferðarkerfi. Og það er mikilvægt að allt er lýtur að sjómennsku verði á engan hátt hornreka í okkar samfélagi og menntunarkerfi en víða má bæta til mikilla muna í þeim efnum frá því sem nú er.

Þegar minnst er á sjómenn og öryggismál má minna á að í brtt. meiri hluta fjárln. er lagt til að ýmsar endurgreiðslur verði hækkaðar úr 35 millj. í 40 millj. Þar er um að ræða endurgreiðslur eða styrki til björgunarsveita landsins samsvarandi og nemur virðisauka af hinum ýmsu björgunartækjum hvort sem það eru snjóbílar, snjósleðar eða sigtæki til björgunarstarfa eða annarra þátta. Fjárln. hefur ákvarðað að sams konar styrkur verði einnig veittur sjómönnum vegna endurgreiðslu virðisauka af flotvinnugöllum. Það var ákveðið á sl. ári í fjárln. að innan þessa ramma skyldi það verkefni hýst. Því miður hefur sú nefnd er fjallar um sjóð þennan og skiptingu hans ekki tekið til greina ákvörðun Alþingis, að tillögu fjárln., að flotvinnugallaverkefni skyldu tekin þar inn en með því að nú er hnykkt á því vona ég að menn dragi ekki lappirnar þar lengur. Og ekki getur það verið baráttumál björgunarsveita landsins að hamla gegn því að hvatt sé til þess að sjómenn kaupi flotvinnugalla til öryggis við sitt starf á sjónum. Eins og kunnugt er er lögbundið að flotgallar séu í öllum skipum og eru þeir þá hluti af búnaði skipsins en flotvinnugalla verða sjómenn sjálfir að kaupa. Það er mikilvægt að stuðla að því að aukning verði í þeim efnum. Ég vona að það verði hnykkt á því enn frekar í umræðunni og við afgreiðslu fjárlaga við 3. umr.

Ýmis mál má nefna sem eru kannski ekki stórmál en eru skemmtileg og jákvæð. Hlúð er að hinum ýmsu samtökum listamanna og listgreina með styrkveitingum, t.d til Íslenska arkitektaskólans, til tónleikahalds um allt land og til uppbyggingar á opinberum mannvirkjum. Má þar nefna sérstaklega „þornin" öll, þ.e. endurbyggingarsjóð opinberra bygginga. Þá er átt við Þjóðarbókhlöðu, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn og Þjóðleikhús. Þarna eru mikil verkefni. Senn lýkur framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu og þá standa „þornin" þrjú eftir, Þjóðminjasafnið, Þjóðskjalasafnið og Þjóðleikhús en mikið fjármagn þarf til að ljúka brýnum aðgerðum svo þessar byggingar standi undir nafni og hægt sé að sinna þar verkefnum af þeirri reisn sem ber.

Það má nefna til að mynda að fjárln. leggur til að styrkja smíði víkingaskips sem einstaklingur er að byggja, Gunnar Marel Eggertsson sem kunnur varð af því að stýra víkingaskipinu Gaiu víða um höf þar sem því var siglt yfir 20 þúsund mílur og var eins konar merkisberi norrænnar menningar. Þetta er skemmtilegt verkefni og ég fullyrði að eins og þjóðin er stolt af því að eiga byggingu eins og Þjóðveldisbæinn sem er eftirmynd bæjarins sem stóð á Stöng í Þjórsárdal, þá mun þjóðin jafnframt verða stolt af því að um flóa og firði landsins muni sigla víkingaskip það sem nú er verið að ljúka smíði á, smíðað eftir Gauksstaðaskipinu fræga frá Noregi. Sérfræðingar allir, innlendir og erlendir, telja að þetta skip sem hér er verið að smíða sé það besta af öllum skipum sem verða smíðuð í þeim dúr og það er mín spá að það eigi eftir að verða þjóðargersemi og mikil hvatning því að allir þessir hlutir, hvort sem við erum að tala um gömul hús eða gamla þætti í menningu, færa okkur nær uppruna okkar og virðingu fyrir því sem við eigum að bera ábyrgð á, landinu og meðferð þess og þeim auðlindum sem það býður upp á.

Þetta eru nokkur atriði svona í smærri kantinum sem mér fannst ástæða til þess að nefna þó og vekja athygli á að það er víða komið að í þeim, ég vil segja, þúsundum atriða sem fjárln. þarf að fjalla um og þó að meginmarkmiðin séu það sem heitir niðurskurður þarf að taka tillit til annarra þátta sem horfa til heilla og framfara. Á því byggjast þessi vinnubrögð og eru sem betur fer að miklu leyti unnin í samstarfi og samvinnu allra sem koma að málum. Það getur alltaf komið upp einhver ágreiningur en samstaðan er ótrúlega mikil þegar á reynir.

Það eru ýmis atriði sem út af standa til 3. umr. Ég vil nefna Kvikmyndasjóð sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir kom inn á áðan. Það er mikilvægt að styrkja þann sjóð og að hann standi undir hlutverki sínu. Hann er lykill að erlendu fjármagni og þannig á að mínu mati að horfa til hans. Eitt stórt verkefni bíður t.d. lokaafgreiðslu 3. umr. fjárlaga. Það er flugmálaáætlun. Það slys má auðvitað ekki verða að flugmálaáætlun verði skorin niður eins og er á blaði í dag því það yrði meiri háttar slys í samgöngumálum og öryggismálum þjóðarinnar. Það vinnst kannski tími til þess að fjalla um það nánar á næstu dögum. Það er engin spurning að flugmálaáætlun sem á að vera um 400 millj. kr. á ári sem er ekki stór liður í heildardæminu, er stór liður í því öryggisneti sem flugvellir landsins eru. Reykjavíkurflugvöllur er móðurskip flugsamgangna Íslendinga. 300 þús. farþegar fara á ári um Reykjavíkurflugvöll. Hann er lykill landsbyggðarinnar að höfuðborginni og eitt stærsta fyrirtækið þar. Flugvöllurinn skapar gífurlega mikla atvinnu hvort sem það er á sviði þjónustu eða annarra þátta sem tengjast beinlínis fjölda farþeganna sem þar fara um. Það er auðvitað skylda höfuðborgarinnar að sinna þessum þætti. Það hefur verið mjög sérstakt að fylgjast með því hvernig fulltrúar meiri hluta Reykjavíkurborgar hafa verið að agnúast út í Reykjavíkurflugvöll. Þeir hafa verið með hugmyndir um að leggja hann af, breyta þannig gersamlega samgöngumynstri þjóðarinnar og í rauninni ráðast á landsbyggðina sem þarf að hafa sem greiðastan aðgang að höfuðborg sinni og þeim stofnunum sem þar eru og hafa m.a. skapað sérstöðu og styrk Reykjavíkur umfram aðrar byggðir landsins.

Það er engin spurning að næsta verkefni sem liggur fyrir samkvæmt flugmálaáætlun er að byggja upp Reykjavíkurflugvöll sem er vægast sagt í lélegu ástandi og er svo komið að sumir reyndir flugmenn reyna að velja sér hluta af brautunum til þess að lenda á. Það segir söguna. Og menn eiga ekki að taka áhættu á því að stórt slys komi upp á Reykjavíkurflugvelli þegar um slíkt er að ræða. Þetta er ekki svo há upphæð sem skekkir myndina í heild en málið er þeim mun mikilvægara. Ég vona að menn taki þann pól í hæðina á næstu dögum að tryggja að flugmálaáætlun gangi fram. Flugmálaáætlun var skert um 30 millj. á síðasta ári. Hún átti að skerðast um 70 millj. en samkomulag náðist á síðustu stundu við gerð fjárlaga að draga úr skerðingunni og er í rauninni illt að vegið sé tvívegis í sama knérunn. Það hefur aldrei kunnað góðri lukku að stýra að vinna á þann hátt. Það er hægt, með því að flugmálaáætlun standi, að byggja Reykjavíkurflugvöll upp eins og þarf öryggis vegna á 2–3 árum þó að það sé greitt á 8–10 árum en þá væri það líka binding á flugmálaáætlun eins og hún er. Jafnframt þessu þarf að ljúka við ýmsa flugvelli landsins sem hafa verið í uppbyggingu á síðustu árum. Það vantar flugleiðslutæki margs konar, sem sagt öryggisbúnaðinn sjálfan, stjórnbúnaðinn sjálfan. Á næsta ári er áætlað að 130 millj. þurfi í það verkefni, á þar næsta ári 110 millj. og talsverðar upphæðir á árunum á eftir þannig að það er ekkert svigrúm á neinn hátt að vera að kroppa í flugmálaætlun, þessa lágu upphæð, í þessar mikilvægu samgöngur þjóðarinnar.

[13:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki taka hér langan tíma og reyna að virða þá samninga sem áður hafa verið gerðir um að við styttum mál okkar, en ég mæli fyrir tveimur breytingartillögum á þskj. 356 og 373. Á þskj. 356 er brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni. Þar eru lagðar til að auknar fjárveitingar til Háskóla Íslands, til Rannsóknarnámssjóðs og til háskóla- og rannsóknastarfsemi Nýsköpunarsjóðs. Þær eru til komnar vegna þess að það hefur komið fram í ræðum og tölum sem hafa birst varðandi rekstur Háskóla Íslands að við höfum fengið um 80% þeirra fjárveitinga sem eru taldar lágmarksfjárveitingar til reksturs háskóla, að mati rektors, í þeim löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við.

Rannsóknarnámssjóður og Nýsköpunarsjóður eru sjóðir sem hafa skapað atvinnu. Við höfum fengið frá stúdentaráði upplýsingar um það hvað þetta þýðir í atvinnusköpun fyrir stúdenta yfir sumartímann og reyndar allt árið og eykur möguleika stúdenta til að taka þátt í rannsóknastarfsemi og starfsemi þeirra rannsóknastofnana sem hér eru reknar. Hér er ekki um háar fjárveitingar að ræða en munu þó gera gæfumuninn ef þær fást samþykktar á hv. Alþingi.

Í öðru lagi er um að ræða brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni. Sú fyrsta er um bætur til þolenda afbrota en Alþingi samþykkti sl. vor frv. um greiðslu bóta til þolenda afbrota en þeir sem verða fyrir tjóni á líkama og

sál vegna ofbeldisverka og búa við fjárhagslegt tjón fá það í mörgum tilvikum ekki bætt vegna þess að þeir ógæfumenn sem fremja verknaðinn eru yfirleitt ekki miklir eignamenn. Því stoðar lítið að fá dæmdar háar bætur.

Í vor þegar þetta frv. var samþykkt og varð að lögum var um það eindreginn samstaða allra flokka. Það er einkennileg ráðstöfun ríkisstjórnarinnar og meiri hluta fjárln. að skera þetta niður og standa ekki við þau lög sem Alþingi samþykkti fyrir aðeins örfáum mánuðum með tilliti til þess að hér er í raun um nokkurra ára baráttumál og réttindamál að ræða sem loksins fékkst samþykkt á hv. Alþingi í vor.

Í öðru lagi leggjum við til að inn komi nýr liður, Dómsmál, ýmis kostnaður. Það eru 5 millj. kr. sem verði notaðar til stefnumótunar varðandi vímuefnavarnir. Í umræðu á Alþingi sl. þriðjudag kom fram hjá öllum þeim sem töluðu þar með fulltrúum ríkisstjórnarinnar að nauðsynlegt væri að fara í stefnumótunarvinnu og taka á þeim mikla vanda sem aukin vímuefnaneysla er í þjóðfélaginu. Við leggjum til að 5 millj. kr. fari til þessarar stefnumótunarvinnu í fyrsta lagi í dómsmrn. og í öðru lagi í félmrn. Í þriðja lagi Félagsmál, ýmis starfsemi, nýr liður, vímuefnavarnir til stefnumótunar, 5 millj. Þá leggjum við til 20 millj. kr. fjárveitingu. Það er nýr liður undir Málefni fatlaðra og varðar aðgengi fatlaðra í opinberum stofnunum. Það er óþarfi að eyða mörgum orðum í það hér hvernig því er háttað. Reyndar hafa samtök fatlaðra vakið athygli á aðgengi fatlaðra í opinberum stofnunum núna á undanförnum vikum.

Mér finnst það slæmt, virðulegi forseti, ef að form. fjárln. sem er jafnframt ábyrgðarmaður Tímans og ritstjóri, er farinn úr salnum þar sem fram kom hér áðan hjá hv. þm. Árna Johnsen að nú væri verið að ná tökum á ríkisfjármálunum og þakkaði hann það sérstaklega ábyrgri fjármálastjórnun eða markvissum vinnubrögðum fjmrh. En Tíminn hefur allt aðra sögu að segja. Form. fjárln. er í forsvari og jafnframt ritstjóri Tímans og ég hefði því gjarnan viljað fá hv. þm. hér inn til að til að ræða þetta aðeins. En ég get nefnt það á meðan að þótt við flytjum hér tillögu, hv. þm. Svavar Gestsson og ég, um 5 millj. kr. til vímuefnavarna og stefnumótunarvinnu í heilbrrn. að ýmislegt hefur komið manni á óvart í málflutningi hæstv. heilbrrh. undanfarið um forvarnir og þá peninga sem eiga að fara til forvarnastarfsemi.

Frá því sl. vor hefur mikið verið rætt um svokallaðan forvarnasjóð sem stofnaður var af því tilefni að breytingar urðu á lögum um innflutning áfengis og sölu. Þar voru ákveðnar þess efnis að 1% af vínandagjaldi samkvæmt frv. og reyndar lögunum, færi í sérstakan forvarnasjóð. Þegar efh.- og viðskn. fjallaði um þetta sl. vor var talið að tekjur af þessu gjaldi yrðu 40–50 millj. Það hefur síðan verið ítrekað bæði í blaðagreinum og ræðum að tekjurnar af þessu gjaldi yrðu um 40–50 millj. Jafnframt hefur hæstv. heilbrrh. mjög oft sagt að um 50 millj. færu í forvarnastarf og að tekjurnar sem kæmu af þessu gjaldi yrðu ekki til að skerða þau framlög sem áður höfðu verið til forvarna, hér væri um hreina viðbót að ræða.

Nú nýverið var sett reglugerð um forvarnasjóð þar sem m.a. er kveðið á um hvert skuli vera hlutverk hans en það er að styrkja forvarnastarf félagasamtaka, einstaklinga á sviði áfengisvarna, á verkefnagrundvelli svo sem fræðslustarfsemi og alls kyns áróðri. Að styrkja rannsóknir sem tengjast áfengisvörnum. Að skipuleggja og hafa frumkvæði að verkefnum á sviði áfengisvarna. Að samræma forvarnastarf á sviði áfengisvarna meðal þeirra ráðuneyta sem fulltrúa eiga í stjórn sjóðsins og önnur verkefni á sviði áfengisvarna sem sjóðstjórn mælir með og heilbr.- og trmrh. samþykkir. Sérstök áhersla skal lögð á að styrkja verkefni sem snúa að ungmennum og áfengisvörnum. Forvarnasjóður greiðir kostnað vegna reksturs og stjórnar sjóðsins samkvæmt nánari ákvörðun heilbr.- og trmrh.

Þessi reglugerð er gefin út líklega 2. eða 3. október sl. og er í beinu framhaldi af þeim lögum sem samþykkt voru hér í vor. Ef leitað er eftir því hvar í frv. til fjárlaga eða í brtt. meiri hluta fjárln. forvarnasjóðurinn er staðsettur, er hans hvergi getið, hvorki í brtt. né í frv. sjálfu. Hins vegar er á bls. 164 í frv. liður 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um fjárveitingu til áfengisvarnaráðs, þ.e. 9,1 millj. kr. Og síðan er liðurinn Annað, upp á 40 millj. og 900 þús. Samtals 50 millj. Þessi liður var á síðasta ári, 1995, samanlagt upp á 29,5 millj. kr. Þarna er um 20 millj. kr. aukningu að ræða sem hlýtur þá að vera sú aukning sem á að koma í gegnum þetta gjald. Ýmsar yfirlýsingar hafa komið fram í ræðum að um að forvarnasjóðinn eigi m.a. að nota til þess að koma skikki á forvarnastarfsemi, skipuleggja hana betur þannig að hún sé undir einum hatti en ekki dreifð og óskipulögð og aðgerðir ósamræmdar eins og verið hefur undanfarin ár. Þrátt fyrir allar þessar yfirlýsingar og þrátt fyrir að þarna er komin sjóðstjórn og reglugerð fyrir sjóðinn er reyndin sú að fjárln. hefur í tillögum sínum nú þegar úthlutað eða gert tillögur um að úthluta nákvæmlega sömu samtökunum og hafa verið á fjárlögum undanfarinna ára. A.m.k. 12 millj. kr. eiga samkvæmt tillögum meiri hlutans að renna til þessara samtaka. Það eru Íslenskir ungtemplarar, Stórstúka Íslands, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, líknarfélagið Skjöldur, áfangaheimilið Dyngjan, Krossgötur, líknarfélagið Þrepið, Áfangi, líknarfélag. Flest þessi félagasamtök hafa sérhæft sig að einhverju leyti í forvarnastarfsemi hvað varðar áfengisneyslu og í máli þeirra flestra hefur á undanförnum árum komið fram nauðsyn þess að skipuleggja þessa starfsemi, henni sé stýrt einhvers staðar að af einum aðila þannig að þeir peningar sem fara til hennar nýtist sem allra best. Þess vegna hefði maður búist við að þær 40 millj. sem eru undir Annað í lið 08-621, heilbrrn., færu fyrst og fremst í þann forvarnasjóð sem búið er að ákveða að setja á laggirnar. Þar er komin stjórn og meira að segja búið að móta reglur um það með hvaða hætti skuli staðið að úthlutun styrkja. Auglýst verði eftir styrkumsóknum og þar verði félagasamtök að uppfylla ákveðin skilyrði til að hljóta styrkina en stýringin í verkefnin verði á einum stað. Þess vegna þykir mér mjög skrítið, að ekki sé meira sagt, að fjárln. skuli hafa haldið sínu striki og úthlutað fjármagni til þessara samtaka án kröfu um samhæfingar eða skýrslu um starfsemi til sjóðsins. Það kemur hvergi fram í tillögunum.

Í öðru lagi langar mig að minnast aðeins á þær tillögur sem hv. form. fjárln. fór yfir í gær varðandi ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í heilbrigðismálum. Ég verð að segja að þar finnst mér lítið koma út úr því ef horft er til þess vanda sem sjúkrahúsin í landinu standa frammi fyrir og búið er að fara hér yfir í löngu máli. Flestum er kunnugt hvernig ástandið var á legudeildum Ríkisspítalanna árið 1995 og hvaða ráðstafana hefur þurft að grípa til þar á þessu ári. Ríkisspítalar og stjórnendur þeirra hafa legið undir mjög þungri gagnrýni sérstaklega af hálfu hæstv. fjmrh. um óstjórn, en forstjóri Ríkisspítalanna er nú orðinn ráðuneytisstjóri í heilbrrn. Þetta er gagnrýni sem ekki er hægt að láta ósvarað hér og fara verður aðeins yfir þær ráðstafanir sem búið er að grípa til

á þessu ári, t.d. það hvað legudögum hefur fækkað á árinu 1995. Þar eru lokanir á handlækningasviði og legudögum hefur fækkað um 6.492 á þessu ári, 15% samdráttur. Á lyflækningasviði hefur legudögum fækkað um 9.073, 11%. Á barnalækningasviði hafa sparast 3.754 legudagar, 15%. Lokanir á kvenlækningasviði hafa sparað 4.934 legudaga, 15%. Geðlækningasvið 8.080, 9% . Lokanir voru samtals 95, það þýðir 32.333 legudaga sem skornir voru niður vegna sparnaðar, 12%.

Hvernig hefur þetta komið niður á starfssemi Ríkisspítalanna? Hverjar eru afleiðingarnar? Á biðlistum Ríkisspítala eftir hinum ýmsu aðgerðum eru nú um 1.200 manns. Og ef sá samdráttur sem boðaður er í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 verður að veruleika mun það lengja biðtímann eftir skurðaðgerðum verulega. Talað er um óstjórn og að ekki hafi verið staðið við svokallaða samninga sem gerðir voru. En skurðaðgerðir á Ríkisspítölunum eru 400 færri á seinni hluta árins 1995 en á fyrri hluta þess. Áætla má að biðlistinn lengist um 400–600 einstaklinga ef samdráttur í rekstri Ríkisspítala verður jafnmikill og frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. Það er tveggja ára bið eftir hryggjaraðgerð og yfir eins árs bið eftir liðskipta- og lýtalækningaaðgerðum. Um sex mánaða bið er eftir almennum skurð- og þvagfæraaðgerðum og bið eftir bæklunaraðgerðum, aðgerðum í kviðarholi og lýtalækningaaðgerðum, svo sem lagfæringum á ýmsum fæðingargöllum sérstaklega á börnum og fjarlægingu æxla, mun lengjast verulega. Hjartaaðgerðir var farið að gera á börnum á Ríkisspítölunum árið 1994. Það hefur verið mikill áhugi fyrir því á Ríkisspítölunum að fjölga hjartaaðgerðum hér á landi á börnum en við höfum ekki haft neitt svigrúm til þess í stjórnarnefnd til að taka þá ákvörðun. Og svigrúmið mun ekki aukast samkvæmt því frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir. Þar mun frekar verða um þrengingu að ræða.

Eitt af því sem við óttumst er að verði þessar fjárveitingar að veruleika muni biðlistinn eftir kransæðavíkkunum lengjast. Þar muni fjölga verulega. Þetta þýðir allt saman annan kostnaðarauka í þjóðfélaginu. Það er nauðsynlegt að menn fari að horfa á dæmið í heild sinni. Menn fari að horfa á hvað það þýðir þegar aðgerðum fjölgar og legutími styttist. Það er vissulega dýrara í rekstrarreikningum sjúkrahússins en það mun bara koma fram á öðrum sviðum í sparnaði. Það verður að horfa á þetta í heild sinni. Mér finnst satt að segja svolítið sérkennilegt að hlusta á að nú séu menn hættir við að ræða samstarf sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu hér á Reykjanesi. Ég hélt satt að segja að það væri byrjunin á þeirri úttekt sem þarf að fara fram á hverri einustu stofnun innan heilbrigðiskerfisins þar sem mótuð eru verkefni hverrar stofnunar og þjónustustig. Það næst enginn árangur til lengri tíma litið nema farið sé í þessi verk. Í forustugrein Tímans í dag er talað um dugnaðarforkana, ráðherra Framsfl. og rétt að fara hér yfir hana. Það er slæmt ef hv. þm. Árni Johnsen er farinn úr húsi því hann var að tala um dugnaðinn í fjmrh. Þar er Tíminn alls ekki sammála. Ég fer yfir það á eftir. En úttekt er nauðsynleg og úr því að hæstv. ráðherrar Framsfl. eru komnir á þennan sprett ættu þeir að taka á þessum málum af einhverri alvöru.

Í forustugrein Tímans í dag stendur, með leyfi hæstv. forseta, og þetta er sagt af því tilefni að hv. þm. Árni Johnsen þakkaði fjmrh. markviss vinnubrögð og dugnað og þess vegna væri verið að ná árangri:

Framsóknarmenn segja: „Samheldni og samkomulag á stjórnarheimilinu virðist vera með miklum ágætum, sem hlýtur að teljast gott mál í ljósi þess að ríkisstjórnin stendur frammi fyrir erfiðum verkefnum nú í fjárlagagerðinni. Einkum eru það þó framsóknarráðherrarnir sem standa í stórræðum, enda fara þeir með þá málaflokka sem fjárfrekastir eru og erfiðastir, landbúnaðarmál, heilbrigðis- og tryggingamál, að ógleymdum félagsmálunum. Á þessum sviðum hefur það komið í hlut framsóknarmanna að stýra undanhaldi sparnaðarins og eru menn að lenda hverju málinu á fætur öðru í þokkalegri sátt við ólíka hagsmunaaðila, þannig að friður hefur haldist."

Þetta er tilvitnun í forustugrein Tímans.

„En framsóknarmenn ríkisstjórnarinnar hafa líka verið í sókn og ber þar að sjálfsögðu hæst fyrirhugaðar og hafnar stóriðjuframkvæmdir, auk þess sem utanríkisráðherra hefur verið á stöðugum þeytingi um heiminn að undirbúa sóknarfæri og semja um réttindi landsmönnum til handa á fjölmörgum sviðum."

Enda hefur, virðulegi forseti, hæstv. utanrrh. ekki mikið verið að þvælast hér í þingsölum og þarna er skýringin. Hún er í forustugrein Tímans. Hann er á stöðugum þeytingi um heiminn. Það er innskot í þessa annars ágætu forustugrein, sem lýsir auðvitað viðhorfum framsóknarmanna, hæstv. iðnrh. þar með, einum af þessum sprellfjörugu. Varla trúi ég því. Kemur nú hæstv. utanrrh. í salinn, er hættur að þeytast og tekur því rólega svona rétt um jólin. Varla trúi ég því nú að hv. formaður fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, hafi skrifað þessa grein í miðjum önnum við að ná samningum og fá niðurstöðu í fjárlagagerðina. En bíðum nú við. (**Gripið fram í:** Hann er ótrúlegur afkastamaður.) Já, hann er ótrúlegur afkastamaður, það er alveg hárrétt, og heiðarlegur og vinnur vel. Þess vegna hef ég ekki nokkra einustu trú á því að hann hafi skrifað greinina.

En svo ég haldi nú áfram að vitna beint í greinina, með leyfi virðulegs forseta:

„Innkoma Framsfl. í ríkisstjórn hefur því verið mjög virk og segja má að langstærstur hluti þess sem er að gerast hafi verið að gerast hjá framsóknarhelmingi stjórnarinnar.

Kyrrstaða og nánast lognmolla hefur hins vegar með örfáum undantekningum einkennt ráðherra Sjálfstfl. og ekki einu sinni fjmrh., sem þó er að reyna að koma fjárlagafrv. sínu í gegnum þingið" — ekki fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar, takið eftir, heldur fjárlagafrv. sínu — „er í hlutverki hins ótvíræða geranda." — Eins og hæstv. ráðherrar Framsfl. (**Gripið fram í:** Þetta er allt tóm vitleysa.) Þetta stendur í Tímanum í dag. (**Gripið fram í:** Það getur verið vitlaust samt.) „Ástæðan er að ráðuneytin sjálf voru gerð ábyrg fyrir sínum málaflokkum í auknum mæli, þegar núv. fjmrh. settist í stól sinn." — Af því hann hefur sjálfsagt kosið lognmolluna, hæstv. ráðherra. Þetta stendur að vísu ekki í greininni, virðulegi forseti, þetta eru mín orð.

En áfram með greinina:

„Búast verður líka við að sjálfstæðismenn verði í hlutverki Björns úr Mörk, þegar virkilega hvessir, og standi þétt að baki Kára" — sem er í Framsfl.

Virðulegi forseti. Mér þætti vænt um ef hv. formaður fjárln. og ritstjóri Tímans mundi fara örstutt yfir innihald þessarar forustugreinar Tímans og þessa viðhorfs framsóknarmanna í ræðu sinni. Hvort þetta er samdóma álit allra framsóknarmanna, svo ég tali nú ekki um, sérstaklega, formanns fjárln. og ritstjóra Tímans.

[13:35]

Útbýting þingskjals:

Afgangsorka í kerfi Landsvirkjunar, 200. mál, svar iðnrh., þskj. 377.

[13:35]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki hafði ég hugsað mér að gera athugasemdir við upplestur hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur úr forustugrein Tímans. Það er nauðsynlegt að koma því á framfæri. En ég vildi gera að umræðuefni í andsvari það sem hv. þm. sagði í fyrsta lagi um samstarf sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Hvergi hefur komið fram, svo ég hafi heyrt, að fallið sé frá hugmyndum um aukið samstarf sjúkrahúsanna á þessu svæði í þeim tilgangi að ná fram hagræðingu og skynsamlegri rekstri en e.t.v. er núna. M.a. get ég vitnað til þess að í margumræddu samkomulagi sem hefur verið gert við forsvarsmenn sveitarfélaganna á Reykjanesi vegna D-álmu er gert ráð fyrir því að samstarf takist við Sjúkrahúsið í Keflavík til að ná betri árangri og styrkja stöðu þessara sjúkrastofnana í heild. Meginviðfangsefni okkar er auðvitað að reyna að koma á slíku samstarfi og bæta heilbrigðiskerfið.

Að öðru leyti vil ég vekja athygli á því að hér talaði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sem jafnframt er stjórnarnefndarmaður á Ríkisspítölunum. Nauðsynlegt er að benda á vegna þess að hún vakti athygli á biðlistum að það er á valdi yfirstjórnar Ríkisspítalanna að standa fyrir forgangsröðun. Komið hefur fram af hálfu stjórnenda Ríkisspítalanna, m.a. í viðtölum við fulltrúa fjárln. Alþingis, að bullandi ágreiningur er um verkaskiptinguna innan spítalanna. Það er náttúrlega nauðsynlegt að þeir sem bera ábyrgð á stjórn þessa mikla og mikilvæga fyrirtækis geri sér grein fyrir að um stefnuna sem þar hefur verið mörkuð virðist vera ágreiningur innan Ríkisspítalanna. Brýnt er fyrir okkur þingmenn að fá sem bestar upplýsingar frá spítölunum til þess að við getum metið stöðuna, ekki síst í ljósi annars ágætrar ræðu hv. þm., sem vakti athygli á vandanum sem vissulega er til staðar hjá þessum sjúkrastofnunum.

[13:38]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tillögunum sem liggja fyrir og hér var farið með, um ráðstafanir í heilbrigðismálum, kom ekkert fram um með hvaða hætti ætti að auka samstarf sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi, ekki neitt. Ef setja á sameiginlega stjórn yfir þessar stofnanir, hvort sem þær eru hér eða á Reykjanesi, hlýtur að þurfa að breyta lögum. Við höfum ekki séð slíkt frv. hér, engar tillögur þar um. Það er ekki hlutverk stjórnarnefndarmanna Ríkisspítala að ákveða hverju sinni hvort lengja eigi biðlista þeirra sem bíða eftir kviðarholsaðgerð eða lagfæringu á axlarlið. Það er bara ekki þannig. Fjárhag Ríkisspítala er núna þannig háttað að ævinlega er verið að taka ákvarðanir um að stytta einn biðlistann með því að lengja annan. Meðan ekki er mörkuð stefna af hálfu stjórnvalda hvernig skuli staðið að rekstri þessa sjúkrahúss, hvert eigi að vera hlutverk Ríkisspítalanna, hvert þjónustustigið skuli vera sem spítalarnir veita, þá getur stjórnarnefnd ekki gert það upp á sitt eindæmi og hennar hlutverk er ekki að halda mánaðarlega fundi til að ákveða við hvaða líffæri skuli gert og hver ekki.

[13:40]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. virðist hafa misskilið það sem ég sagði. Ég geri ekki ráð fyrir því að stjórnarnefnd Ríkisspítalanna fari með einhver fagleg málefni á sviði heilbrigðismála innan Ríkisspítalakerfisins heldur fjalli um og beri ábyrgð á allsherjarrekstrinum. Ég ætlast satt að segja til þess, virðulegi forseti, að stjórnarnefnd Ríkisspítalanna fjalli um áætlanir sem fela í sér m.a. skiptingu þeirra fjármuna sem fjárlög gera ráð fyrir á milli einstakra deilda. Ef ég sæti í þessari ágætu stjórn mundi ég í það minnsta gera fyrirspurn um með hvaða hætti fjármunum er skipt og hvaða rök og forsendur lægju að baki skiptingunni. En um lengd biðlista getur að sjálfsögðu ekki verið fjallað hjá stjórnarnefndinni.

Hvað varðar Ríkisspítalana að öðru leyti eru verkefni þeirra mörkuð í lögum og stjórnarnefndinni falið tiltekið hlutverk sem er mjög mikilvægt. En ég tel að enga lagabreytingu þurfi til þess að sjúkrahúsin geti aukið samstarf sitt. Það þarf fyrst og fremst heilbrigða skynsemi, að skoða þessi mál. Þeir sem best þekkja til fara yfir hvernig þær sjúkrastofnanir sem mest álagið er á geta aukið samstarf sitt til að nýta bæði fjármuni, tæki og mannafla svo sem mestur og bestur árangur geti orðið. Þetta er eitt viðfangsefnið. Ekki þarf að breyta neinum lögum eða slengja saman stjórnum. Það þarf vilja til verksins en því miður virðist hann vanta hjá forustu þessara ágætu sjúkrastofnana.

[13:42]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt að viljann til samstarfs vanti hjá stjórnendum þessara sjúkrahúsa. Það hef ég aldrei nokkurn tíma heyrt, síður en svo. Ég veit að undanfarna tvo mánuði hefur innan stjórnarnefndar Ríkisspítala verið mikið rætt um að auka þurfi samstarfið á milli sjúkrahúsanna. Við erum með samstarfsnefnd sjúkrahúsanna í Reykjavík en hún nær ekki yfir Reykjanes. Ég var hins vegar að tala um að ef setja á eina stjórn yfir þessar sjúkrastofnanir hlýtur að þurfa lagabreytingu til. Það er rétt sem hv. þm. sagði, hlutverk Ríkisspítalanna er skilgreint samkvæmt lögum. Hér er um háskólasjúkahús að ræða. Hins vegar hefur stöðugur flatur niðurskurður og aðferðirnar sem hefur verið beitt í sparnaði, eins og Ríkisspítölunum hefur verið gert að spara á undanförnum árum, gert að verkum að Ríkisspítalarnir geta ekki lengur sinnt hlutverkinu sem þeir eiga að sinna samkvæmt lögum. Þá þarf að breyta lögunum ef hlutverkið á að breytast. Ég fór nákvæmlega yfir það áðan hvað sparnaðurinn hefur þýtt fyrir hverja deild, sem er ákvörðun sem tekin er af stjórnendum Ríkisspítala.

[13:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Nú er komið fram yfir þann tíma sem samið var um að umræðunni lyki svo ég mun stytta mál mitt mjög og koma inn á örfá atriði sem komið hafa fram. Ég vil þakka fyrir umræðuna sem hefur verið góð og málefnaleg og oft á tíðum snúist um grundvallar- og meginatriði. En örfá atriði hafa verið nefnd sem snúa að nefndinni og ég vildi örlítið koma inn á þau.

Hv. 12. þm. Reykv., Bryndís Hlöðversdóttir, ræddi vinnubrögð fjárln. og taldi að sjónarmið landsbyggðarinnar væru þar nokkuð yfirþyrmandi. Vissulega er ekki nema einn þingmaður Reykvíkinga í fjárln. en flestir hinir fyrir landsbyggðarkjördæmi. Hins vegar er það nú svo að við ræðum málefni stofnana hér í borginni á mörgum fundum og löngum. Afar stór hluti fjárlaganna tekur til ríkisfyrirtækja, stofnana og yfirstjórnar sem eru í Reykjavík þannig að ég held að hver sá sem tekur sæti í fjárln. komist ekki hjá því að setja sig

inn í málefni í borginni. Þar að auki var tekið upp núna og mér skilst að það sé í fyrsta skipti um árabil eða jafnvel í alfyrsta skipti að fulltrúar borgarstjórnar Reykjavíkur komu til viðræðna við nefndina. Við áttum með þeim mjög góðan fund þar sem þeir skýrðu sjónarmið sín.

Hvað önnur vinnubrögð nefndarinnar snertir er ég mjög opinn fyrir því að ræða breytta tilhögun og ég er reiðubúinn að hlusta á það sem nýir nefndarmenn hafa fram að færa í þeim efnum. Það er engin ástæða til annars, þegar þessari törn lýkur, en að við fjárlaganefndarmenn gefum okkur tíma til að setjast niður á nýju ári og ræða hvort vinnubrögð eiga að vera svipuð áfram eða hvort beri að breyta þeim á einhvern hátt til að þau verði markvissari. Það verður ekki hjá því komist að það verði jólavertíð í þessu en hins vegar situr fjárln. orðið allt árið og hefur umboð allt árið þannig að það kallar auðvitað á endurmat á vinnubrögðum hennar.

Það var einnig komið inn á hlutverk ráðuneyta sem var annað grundvallarmál og hvað ráðuneytin væru öflug í stjórnsýslunni. Hv. 4. þm. Austurl. kom inn á það mál. Ég tel að það sé nauðsynlegt að ráðuneytin séu sem best útbúin, ef svo má segja, af starfskröftum og búnaði þannig að þau séu öflug faglega og geti tekið á í stjórnsýslunni. Sama er að segja um þingið. Það er nauðsynlegt að huga að þessu.

Þá var rætt um það að ekki væri hlustað á tillögur minni hlutans og allt kæmi tilbúið frá hendi okkar í meiri hlutanum. Það er að sjálfsögðu svo að meiri hlutinn starfar í umboði ríkisstjórnarmeirihluta á hverjum tíma og er að framkvæma ákveðna stjórnarstefnu. Það er ljóst og það mun ætíð verða svo. Þess vegna markast mjög í fjárln. meiri og minni hluti. En eigi að síður er það svo að hlustað hefur verið á það sem minni hlutinn hefur fram að færa og ýmsar ábendingar og tillögur sem hafa komið frá minni hlutanum hafa verið teknar til greina við þessar umræður. Það er auðvitað skiljanlegt að hv. þm. minni hlutans finnist það ekki nógu mikið en eigi að síður er ekki um algera einstefnu að ræða í þessum efnum.

Ég vildi einnig aðeins minnast á umfjöllun fjárln. um málefni Háskóla Íslands. Það varð ekki að ráði við þessa umræðu að gera tillögur um hækkun á fjárframlögum til háskólans. Hann hækkar í frv. um 14,7 millj. auk launahækkana sem eru liðlega 100 millj. Það fer vaxandi að komið er til fjárln. með ýmis erindi sem tengjast háskólanum. Áhugamenn um þau vilja sækja sér styrk til fjárln. til að þau fái frekari framgang innan háskólans. Það hafa komið til okkar þrjú góð erindi sem eiga öll fullan rétt á sér. Það eru rannsóknir í kvennafræðum, það er iðjuþjálfun og það er prófessorsstaða í fiskifræði. Öll þessi mál telur fjárln. að séu nauðsynleg en hins vegar hefur nefndin eigi að síður kinokað sér við því að forgangsraða námi innan Háskóla Íslands og telur að háskólinn eigi að hafa það sjálfstæði í störfum að hann eigi og forustumenn hans að forgangsraða sínum málum sjálfir. Eigi að síður vildi ég nefna þetta þannig að það kæmi fram að fjárln. lítur jákvætt á nauðsyn þessara mála.

Ég vil leiðrétta einn misskilning sem kom fram í gær hjá hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni. Hann ræddi um vinnumálalið félmrn. og komst einhvern veginn þannig að orði að þarna væri um hefndarráðstöfun ríkisstjórnarinnar að ræða fyrir andóf verkalýðshreyfingarinnar. Ég vil bara að það komi fram að ríkisstjórnin kom ekkert nálægt þessu máli. Hún hefur sjálfsagt nóg á samviskunni þó að hún hafi ekki þetta líka og nóg ágreiningsmál á sinni könnu. Þessi tillaga kom frá fjárln. um tilfærslu á þessum lið.

Varðandi forvarnasjóðinn sem hv. 5. þm. Suðurl. minntist á þá er það rétt að sjóðurinn er nýkominn á laggirnar. Honum hefur verið skipuð stjórn. Sú stjórn er ekki komin mjög áleiðis í sínum störfum þannig að fjárln. ákvað að úthluta með svipuðum hætti og á síðasta ári. Eigi að síður teljum við að stjórnin hafi svigrúm til að móta starfið. En varðandi tæknilega uppsetningu á þessum málum í fjárlagafrv. tek ég undir það að það þyrfti að finna greinilegri uppsetningu á þessum lið heldur en er í frv. og við munum skoða þau mál þannig að tilvist þessa sjóðs sjáist í frv. og þeir fjármunir sem hann hefur.

Ég vil að lokum geta þess að Þjóðhagsstofnun kom til okkar í morgun og lýsti þjóðhagshorfum. Það kom fram í minni ræðu í gær að heldur betra útlit væri fram undan hvað hagvöxt snerti. Það kom fram hjá Þjóðhagsstofnun í morgun að hagvöxtur er áætlaður á næsta ári um 3,2%. Það leiðir til endurmats á atvinnuleysisprósentum í þjóðhagsspá þannig að því er spáð að atvinnuleysi fari úr 5% niður í 4,4%. Þetta er afar mikilvægt og afar gleðileg tíðindi. En jafnframt kom það fram að við þessar aðstæður er afar nauðsynlegt að hafa aðhald í útgjöldum ríkisins og beita því tæki til að þessi jákvæða niðurstaða leiði ekki til þenslu og verðbólgu. Þessi tíðindi leiða því ekki til þess að fjárln. geti farið að gerast örlát við 3. umr. málsins. Ég vil að það komi fram að aðstæður hafa ekki breyst hvað það snertir.

Að lokum vil ég þakka fyrir umræðuna því að hún hefur verið mjög góð og málefnaleg eins og ég sagði áðan.

[13:55]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins spyrja hv. formann fjárln. varðandi aukinn hagvöxt og endurmat á atvinnuleysisprósentunni, hvað þetta þýði í beinni aukningu tekna ríkissjóðs á næsta ári og hvort það hafi komið fram hve mikið megi gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs hafi aukist.

[13:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. innti eftir áhrifum nýrrar þjóðhagsspár á tekjur. Ég hef að vísu ekki enn þá nákvæmar tölur í því efni því að ég hyggst halda fund í nefndinni kl. 4 og fá þá fjmrn. til viðræðu við okkur. Það var einn tekjupóstur sem Þjóðhagsstofnun hafði gert áætlun um en að öðru leyti vísaði hún uppreikningi á tekjuhliðinni til fjmrn. Þeir telja að tekjur vegna álvers séu á bilinu 600–800 millj. Þetta er endurreiknuð spá. Fyrri spá var á bilinu 500–1000 millj. þannig að þeir eru aðeins að þrengja rammann.

Að öðru leyti get ég ekki gefið nákvæmar upplýsingar um þetta að sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (fasteignaskattur, þjónustuframlög). — Þskj. 268, nál. 352.

[13:59]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið skrifa allir þeir sem viðstaddir voru á fundinum og fram kemur að Svanfríður Jónasdóttir sem er áheyrnarfulltrúi í félmn. er samþykk áliti þessu.

Ég ætla í örstuttu máli að gera grein fyrir því um hvað þetta mál snýst. Það er í átta greinum. Í 1. gr. frv. er kveðið á um hækkun á fasteignaskatti á atvinnuhúsnæði. Þetta er hugsað þannig að það á að koma til móts við lækkun á sérstökum fasteignaskatti eða þeim skatti sem gengið hefur undir nafninu skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem meiningin er samkvæmt 6. gr. að þrepa niður. En á móti kemur hækkun fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði.

Í 2. gr. frv. er verið að gera breytingar á ákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Nefnd fór yfir lögin og þau ákvæði sem snúa að jöfnunarsjóðnum og hún lagði til nokkrar breytingar. Hér er verið að einfalda lögin og það eru felld saman ákvæði og felld niður ákvæði, t.d. sérstakt ákvæði sem gerði ráð fyrir styrkjum til tónlistarskóla. Í staðinn eru þau felld undir þjónustuframlögin.

Í 3. gr. er svo kveðið á um hvernig jöfnunarframlögum skuli skipt í tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög og nánar kveðið á um hvað fellur undir hvorn lið.

Í 4. gr. er kveðið nánar á um það sem kemur fram í 2. gr. þar sem m.a. er verið að gera ráð fyrir þeim breytingum sem fram undan eru vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna. 5. gr. er í framhaldi af breytingu á 1. gr. þannig að þetta hangir saman.

Í 6. gr. er kveðið á um hvernig eigi að þrepa niður skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og hvernig hinn skatturinn kemur á móti eins og ég nefndi í upphafi.

Nefndin varð sammála um þetta mál eins og kom fram í upphafi og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnalög, 2. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 316, nál. 351.

[14:03]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ef ég færi að eins og fjárlaganefndarmenn ætti ég að flytja hástemmda ræðu og þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir það hve vel þeir brugðust við þegar þetta mál kom til nefndarinnar því að það var lagt fram fyrir aðeins örfáum dögum. Nefndarmenn voru allir sammála um að það fengi eins skjóta afgreiðslu og unnt væri. Enda gekk það eftir, það var tekið fyrir á einum fundi og afgreitt. Þetta lagafrv., sem nefndin leggur til að samþykkt verði óbreytt, lýtur að því að heimila sveitarstjórnum að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Frv. varð til fyrir tilstilli borgarstjórnar Reykjavíkur sem rak sig á það þegar holræsagjald var hækkað í Reykjavíkurborg á þessu ári að nokkur hópur elli- og örorkulífeyrisþega átti í erfiðleikum með að greiða gjaldið.

Við leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir álitið skrifa auk mín Bryndís Hlöðversdóttir, Magnús Stefánsson, Drífa Sigfúsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Svanfríður Jónasdóttir er samþykk álitinu, en fjarverandi voru Pétur H. Blöndal og Kristján Pálsson.

[14:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki höfuðatriði hvort þetta er andsvar eða ræða. Tíminn er rúmur tími og engin þröng í ræðustólinn. En ég er með tvær litlar spurningar til frsm. um þetta efni. Sú fyrri er hvort nefndin hafi athugað hvort ekki væri rétt að útvíkka þessa heimild um að lækka eða fella niður þetta gjald, ekki aðeins miðað við tekjulága elli- og örorkulífeyrisþega heldur almennt til tekjulágra og jafnframt til sjúks fólks. Menn geta orðið veikir um lengri eða skemmri tíma og ég spyr hvort nefndin hafi athugað hvort undir þeim kringumstæðum sé lagaheimild fyrir því að fella niður umrætt gjald.

Í öðru lagi langar mig að spyrja frsm. nefndarinnar að því hvort nefndin hafi athugað ákvæði laganna um holræsagjald út frá þeirri skilgreiningu að gjald er til að mæta kostnaði en ekki skattur og hvort afmörkunin á gjaldtökuheimildinni sé nægilega skýr. Á sínum tíma leit ég á þessa löggjöf, líklega í fyrra, þegar ég var að líta á gjaldtökuheimild fyrir ýmsum lögum og mig minnir að í gömlu vatnalögunum hafi þetta verið frekar óskýrt. En mig langaði að spyrja frsm. nefndarinnar að því hvort nefndin hafi athugað þetta efni og hvort það lægi þá fyrir með sæmilega afmörkuðum hætti hvað þetta gjald mætti vera hátt.

[14:07]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom er þetta má til komið vegna beiðni borgarráðs Reykjavíkur. Hér er fyrst og fremst verið að bregðast skjótt við ákveðinni beiðni sem tengist því að Reykjavíkurborg er eins og önnur sveitarfélög að vinna að sinni fjárhagsáætlun og vill fá að taka á þessu máli í tengslum við hana.

Nefndin fór ekki ofan í þau atriði sem hv. þm. spyr um, en eins og fram kom í máli hans er þar um að ræða tiltölulega gömul lög. Þau eru frá árinu 1923 og eru ákaflega merkileg að mínum dómi því að þau ná yfir svo ótrúlega vítt svið og sýna hvað menn hafa hugsað vítt á þeim tíma. En vissulega er ástæða til að skoða þessi lög nánar og ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur á undanförnum árum og tengst hefur úrskurðum umboðsmanns Alþingis um hvað teljist gjöld, hvað teljist skattur og hvernig eigi að afmarka slík gjöld. Ég er vissulega reiðubúin til að skoða þetta mál en það væri kannski rétt að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh. hvort það standi fyrir dyrum að endurskoða þessi lög.

[14:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að Alþingi eigi auðvitað að taka vel erindum sem berast um beiðnir um breytingu á löggjöf frá þeim aðilum sem málið varðar, svo sem sveitarstjórnum. Hins vegar tel ég ekki góðan svip á afgreiðslu máls að það sé í raun og veru rökstudd hraðferð gegnum þingið að borgarráð Reykjavíkur hafi beðið um það. Það er í sjálfu sér ekki nægjanleg forsenda fyrir því að þingið gefi sér ekki þann tíma sem þarf til að athuga málið.

Ég bar fram tvær spurningar sem varða málið í grundvallaratriðum og fékk ekki svör við þeim, væntanlega vegna þess að það hefur ekki verið athugað. Það er mjög slæmt að nefnd sem er treyst fyrir því að athuga málið, ekki bara út frá hagsmunum þess sem báðu um það heldur almannahagsmunum, skuli ekki gefa sér eðlilegan tíma til athugunar á

því. Mér finnst satt að segja, virðulegur forseti, að hér hafi menn kannski flýtt sér um of og lagt um of upp úr þjónustuhlutverki við sérhagsmunahópa, en gleymt því almenna hlutverki þingmanna að gæta að almannaheill en ekki að snúast í kringum einstaka sérhagsmuni.

[14:10]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en mótmælt þessum málflutningi hv. þm. Við erum að tala um örlítið réttlætismál sem tengist fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Það gerðist á þessu ári að Reykjavíkurborg sá sig tilknúna til að hækka holræsagjald sem hafði ekki verið beitt til fullnustu í borginni um áratugi, eða kannski aldrei. Ástæðan fyrir því að gjaldið var hækkað var sú að Reykjavíkurborg var illa stödd fjárhagslega eftir óstjórn Sjálfstfl. um áratuga skeið. Við erum að tala um örlítið réttlætismál sem snýr að öldruðum og öryrkjum og það er skylda Alþingis að verða við slíku réttlætismáli. Auðvitað er sjálfsagt mál að skoða lögin nánar. En það liggur engin tillaga fyrir um það og hér er bara verið að fara í frv. efnislega. Nefndarmenn eru sammála um að gera þessa breytingu á lögunum. Aðrar breytingartillögur lágu ekki fyrir, en þær kunna að koma fram síðar.

[14:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa tekið svo skjótt á þessu máli, þessu hagsmuna- og réttlætismáli fyrir lífeyrisþega í Reykjavík. Einnig þakka ég hv. félmn. fyrir að bregaðst svo skjótt við og afgreiða málið úr nefndinni. Þetta er mikið réttlætismál fyrir lífeyrisþega í Reykjavík. Hér býr helmingur allra lífeyrisþega á landinu og það er verið að veitast að lífeyrisþegum mjög þessa dagana, bæði í fjárlagafrv. og *ráðstöfunum í ríkisrekstri*. Ég tel því að hér sé mikið hagsmuna- og réttlætismál á ferðinni og þeir sem komið hafa að því eiga þakkir skildar. Og mig langar til að minna á það að fjórði hver maður sem sækir aðstoð til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar er lífeyrisþegi. Við skulum hafa það hugfast þegar við afgreiðum þetta mál.

[14:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst menn vera nokkuð styggir í umræðunni og snöggir upp úr startholunum. Ég vil rifja það upp að ég spurðist fyrir um það hvers vegna sú heimild sem hér er verið að veita, heimild til að lækka eða fella niður umrætt gjald á tiltekna hópa, þ.e. á tekjulitla elli- og örorkulífeyrisþega, er ekki víðtækari. Það geta fleiri verið tekjulitlir en elli- og örorkulífeyrisþegar. Og ég spyr: Endar réttlætið þarna eða þótti félmn. ekki ástæða til að athuga málið? Ég spurði um þetta og frsm. nefndarinnar hafði ekki svör við því vegna þess að það hafði ekki verið athugað. Nú er ég að láta athuga þetta fyrir mig og vonandi skýrist málið við athugun á næstu mínútum.

Mér finnst að ef Alþingi ætlar á annað borð, sem mér finnst sjálfsagt mál, að veita ívilnandi heimildir í lögunum eigi að gæta að því að hin ívilnandi heimild nái til allra þeirra hópa sem menn telja ástæðu til að geti fallið undir það að þurfa á ívilnun að halda.

Ég spyr um tekjulágt fólk almennt, þótt það séu hvorki ellilífeyrisþegar og né örorkulífeyrisþegar. Af hverju er ekki heimild til að lækka eða fella niður gjaldið á þá eða sjúklinga? Það er það sem mig langar að fá að vita. Ég vildi gjarnan beita mér fyrir því, ef lögin eru þannig úr garði gerð eins og ég skil málið núna, að því verði breytt í þann farveg sem ég tala fyrir. Mér finnst ekki ástæða til þess af hálfu þingmanna úr hv. félmn. að taka það óstinnt upp. Ég spyr þá um ástæður þess ef menn eru ósáttir við þessi sjónarmið. Fleira ætla ég nú ekki að segja um málið að sinni. Ég vil bara árétta þetta í tilefni orða framsögumanns nefndarinnar.

[14:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að það er full ástæða til að íhuga hvort ekki eigi að víkka þessa heimild og taka inn heimild til að lækka gjaldið eða fella það niður fyrir t.d. atvinnulausa eða sjúklinga. Ég legg til að það verði skoðað a.m.k. þegar lögin verða skoðuð. Ég tek undir að það er full ástæða til þess. Engu að síður fagna ég þeim áfanga sem hefur náðst með þessu frv.

[14:17]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég hyggst taka hér til máls fyrst og fremst vegna athugasemda hv. þm. Kristins Gunnarssonar. Ég vil gefa þær skýringar sem ég sé fyrst og fremst og mér fannst reyndar að *hluta til koma fram í svari formanns nefndarinnar*, hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Málið kemur til hv. félmn. vegna beiðni Reykjavíkurborgar, það er alveg rétt. Borgin taldi sig skorta lagastoð til að gefa þennan afslátt sem hún taldi mikla þörf á. Það er hins vegar rétt að það komi fram og það kom fram í nefndarviðtölum við Samband sveitarfélaga. Það kom einnig fram hjá ýmsum sveitarstjórnarmönnum sem þekkja sveitarstjórnarmálin og eru í nefndinni að önnur sveitarfélög hafa praktíserað þennan afslátt lengi. Reykjavíkurborg hins vegar sækir um lagastoð til að fá að gera það. Þannig er málið komið til nefndarinnar. Við fengum umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið og sveitarfélögin telja að þau þurfi að fá lögunum breytt til að geta framkvæmt þau eins og þau telja eðlilegt. Þetta eru þeir hópar sem þeir telja að hafi mesta þörf fyrir afslátt. Það má náttúrlega alltaf deila um hversu langt Alþingi á að ganga í endurskoðun laga hverju sinni og í þessu tilviki leit ég svo á að það væri rétt að sveitarfélögin sjálf og sambönd þeirra mætu þörfina á því hvaða hópar þyrftu þennan afslátt. Í sjálfu sér má alltaf ganga lengra og það má vel vera að það væri eðlilegra að hafa heimildina opnari. En þau fara fram á að lögunum sé breytt í þessa átt. Við urðum við þeim óskum og mátum svo að sveitarfélögin sjálf gætu best metið hvaða hópar hefðu þörf fyrir afslátt.

[14:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst nú rétt að árétta að það er Alþingi sem setur lög en ekki sveitarstjórnir. Þær geta borið fram erindi og óskir sem Alþingi tekur til athugunar og afgreiðslu eftir atvikum. En þingnefnd neitar sér ekki um athugun á máli af þeirri ástæðu einni að málshafi hafi ekki beðið um annað en það sem í frv. stendur. Það er hlutverk þingmanna að athuga málið út frá almannahagsmunum en ekki einvörðungu að líta á sig sem þjónustuaðila fyrir tiltekna hópa. Mér finnst nauðsynlegt að mönnum sé þetta ljóst. Ég vil bæta því við að eftir athugun á lögunum sýnist mér sá skilningur minn vera réttur að tekjulágt fólk er undanskilið í *þessari lagabreytingu ef það er hvorki ellilífeyrisþegar og né örorkulífeyrisþegar*. Og ég spyr: Hví vill Alþingi að það fólk

sem er tekjulágt greiði gjaldið að fullu en hlífi tekjulágum hópum sem eru ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar? Ég tel að Alþingi eigi auðvitað að gæta að því að lagabreytingar mismuni ekki þjóðfélagshópum og það er engin ástæða til þess að mínu viti að mismuna tekjulágum Reykvíkingum eða tekjulágu fólki almennt.

[14:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil gjarnan þakka hv. félmn. fyrir snöfurleg viðbrögð og afgreiðslu þessa frv. Það barst til mín sanngjörn ósk frá Reykjavíkurborg og þannig háttar til að flest sveitarfélög nema Reykjavíkurborg hafa um langan tíma innheimt holræsagjald og gefið á því afslátt í einstökum tilvikum. Þegar farið var að athuga þetta hjá Reykjavíkurborg fundu menn engan lagastaf fyrir því að það væri heimilt að undanþiggja örorkulífeyrisþega eða ellilífeyrisþega. Hins vegar er samkvæmt lögunum hægt að undanþiggja þessa hópa fasteignaskatti og þetta er bara til samræmis við fasteignaskattinn. Má ég biðja hv. 5. þm. Vestf. að hlusta. Þetta er gert til að samræmi sé í holræsagjaldinu og fasteignaskattinum, eða sömu undanþáguákvæðin. Ég vil ekki hætta mér út í að fara að fjalla um það af hverju sjúkir séu ekki með í þessu og af hverju heimildin nái ekki til þeirra sem eru tekjulágir. Þá getur maður lent í ógöngum með því að fara að velta því fyrir sér hversu mikið sjúkir menn eigi að vera til að eiga rétt á þessu eða hvar tekjumörkin eigi að liggja. Þarna geta menn lent í ógöngum. Það er auðvitað hægt að finna fyrir þessu einhver sanngirnissjónarmið en menn geta lent í ógöngum. Þeir sem eru mikið sjúkir og varanlega sjúkir fá væntanlega örorkubætur þegar fram líða stundir og þá kemur það ekki við þá.

Ég vil leggja áherslu á að hér er um að ræða samræmingu við fasteignaskattinn. Þessir hópar eiga möguleika á að fá felldan niður fasteignaskatt og það er eðlilegt að þeir eigi kost á að fá holræsagjaldið niðurfellt líka. Það er eðlilegt að festa í lög að þessi heimild sé fyrir hendi þannig að sú aðgerð sveitarstjórna styðjist við lög. En svo virðist ekki vera með þau sveitarfélög sem hafa verið að veita þessar undanþágur á umliðnum árum.

Önnur athugasemd sem kom frá hv. 5. þm. Vestf. var hvort hér væri um að ræða gjald fyrir þjónustu. Ég held að það geti ekki verið vafi á því að þetta sé gjald fyrir þjónustu. Að vísu ekki alltaf árlega þjónustu en hér í Reykjavík hefur stórfé verið varið til holræsaframkvæmda og í sumum bæjarfélögum öðrum. Það eru gífurlega kostnaðarsöm verkefni fram undan í fráveitumálum í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa nú þegar tekið á þeim. Þannig að hér hlýtur tvímælalaust að vera um að ræða gjald fyrir þjónustu en ekki skattheimtu í sameiginlegan sjóð.

Varðandi frekari endurskoðun á lögunum er ekki komin í gang nein vinna við það. Enda eru þau ekki alfarið á forræði félmrn.

[14:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir ræðu ráðherra liggur málið nokkuð ljóst fyrir. Heimildin mun vera þannig að hún nær til sumra sem eru tekjulágir en ekki allra. Þ.e. þeirra sem eru tekjulágir og jafnframt eru ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar. Það er auðvitað pólitísk afstaða. Ég hef látið það koma fram að ég vil ganga lengra. Ég vil að heimildin verði altækari, miðist við efnahag í ríkari mæli en frv. gerir ráð fyrir. Ég er hins vegar ekki ósammála því að gera þessa breytingu frá þeim lögum sem nú er. En ágreiningurinn liggur í því milli mín og hæstv. ráðherra og fleiri þingmanna hér að ég vil ganga lengra.

Ráðherrann spurði: Hvar eiga tekjumörkin að liggja og taldi að þar sem erfitt væri að svara þeirri spurningu væri ekki fært að taka upp almennari athugun málsins en gert er ráð fyrir í frv. Nú vill svo til að frv. gerir ráð fyrir því að einhver meti tekjurnar sem eiga að vera mörkin til þess að heimildinni verði beitt. Og ég spyr ráðherran: Hvar liggja mörkin í þessu frv.?

[14:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég treysti mér ekki til að svara þessari spurningu því ég satt að segja veit það ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:28]

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (fasteignaskattur, þjónustuframlög). — Þskj. 268, nál. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (BH*, LB, SighB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, HBl, IP, RG, SP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2.–8. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 316, nál. 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Fjárlög 1996, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 346, 354 og 355, brtt. 347, 353, 356, 357, 358, 359, 360, 361, 362, 363, 364, 372, 373, 374 og 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, EOK, RG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH*, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr., ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 374,1 felld með 38:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, HjálmJ, JBH, KÁ, KH, LB, PBald, RA, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, JóhS, RG) fjarstaddir.

Brtt. 363,1 felld með 38:10 atkv. og sögðu

já: BH, GÁ, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 363,2 felld með 39:9 atkv. og sögðu

já: BH, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 363,3 felld með 39:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,2 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 374,3–4 felld með 38:11 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, StG*, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, KH, RG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,1 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (EgJ, LB, RG, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Nú fer í hönd atkvæðagreiðsla um 4. gr. þess fjárlagafrv. sem hér hefur verið til meðferðar. Breytingartillögur meiri hlutans nema 0,1% af fjárlagafrv. og eru mest lagfæringar og flestar til bóta. Svo er um ýmsar tillögur stjórnarandstöðunnar einnig að þær eru mjög til bóta.

Þingflokkur Þjóðvaka mun greiða atkvæði með þeim tillögum sem hann telur að séu til bóta á þessu frv. þó svo að við munum greiða atkvæði gegn frv. í heild, enda teljum

við eins og fram hefur komið í umræðunni að það sé í grundvallaratriðum byggt á rangri stefnu.

Brtt. 347,2 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (GE, JBH, KH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,3–4 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 374,5 felld með 47:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 356,1 felld með 38:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,5 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

5 þm. (GE, JBH, LB, PBald, SighB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EgJ, JóhS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 356,2 felld með 39:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,6 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EgJ, EKG, GuðjG, HG, JóhS, LB, PHB, RG) fjarstaddir.

Brtt. 356,3 felld með 39:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,7 samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 347,8.a–b samþ. með 37:13 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁMM, EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,8.c samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, PBald, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, KH, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,9–10 samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 374,6 felld með 50:6 atkv. og sögðu

já: GE, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 353,1 felld með 44:11 atkv. og sögðu

já: BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 359,1 felld með 38:12 atkv. og sögðu
já: BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,11–15 samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 347,16.a samþ. með 38:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,16.b samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, PBald, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 347,17 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 361 felld með 36:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JónK*, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, ÓÖH*, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
7 þm. (GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EgJ, RG, StG) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Brtt. 347,18 samþ. með 61 shlj. atkv.

Brtt. 359,2 felld með 38:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (GE, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EgJ, GÁ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,19 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 359,3 felld með 39:21 atkv. og sögðu
já: ÁE, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.
2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,7 felld með 38:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EgJ, ÍGP, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,20–21 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 358 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 347,22 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EgJ, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 347,23.a–c samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, JBH, LB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, EgJ, RG, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 347,23.d, 1. tölul., samþ. með 50:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRJ, GGuðbj, KÁ, KH.

5 þm. (ÁE, BH, GE, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, RG, SighB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 347,23.d, 2. tölul., samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, LB, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 347,23.e samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, JBH, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 347,24–26 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 374,8 felld með 37:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE.

4 þm. (EgJ, RG, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 364 felld með 37:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

5 þm. (ÁRJ, EgJ, GMS, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 347,27.a samþ. með 48:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

nei: JBH, SighB.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, PBald, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 353,2 felld með 38:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

4 þm. (EgJ, LB, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 347,27.b samþ. með 61 shlj. atkv.

Brtt. 347,28.a samþ. með 50:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: ÁRJ, ÖS.

7 þm. (ÁE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, RG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 347,28.b samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, KÁ, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, EOK, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,29–32 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, JBH, KÁ, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, GE, JóhS, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,9 felld með 48:10 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

2 þm. (EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,33 samþ. með 61 shlj. atkv.

Brtt. 347,34.a samþ. með 40:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, ÓRG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,34.b–c samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,34.d–e samþ. með 39:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GE, JBH, PBald, SighB, ÖS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,10 felld með 46:6 atkv. og sögðu

já: GE, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,11 felld með 49:10 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (ÁJ, DO, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,35 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, EgJ, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,36 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 374,12 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 347,37 samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 353,3 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 373,1 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 374,13 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 347,38 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 373,2 felld með 37:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,39 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 347,40 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, LB, MF, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GÁ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 372,1 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 347,41–43 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,44–45 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 347,46 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, EgJ, GÁ, GGuðbj, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 353,4 felld með 36:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
3 þm. (GE, JBH, LB) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,47 samþ. með 38:10 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, ÓRG, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,14 felld með 45:9 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, KHG, LB, RG) fjarstaddir.

Brtt. 360 felld með 37:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, KHG, ÓRG, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,48 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
2 þm. (JBH, MF) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, GE, RG) fjarstaddir.

Brtt. 373,3 felld með 38:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,15 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 373,4 felld með 38:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 362 felld með 38:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (GE, JBH, LB, PBald, SighB) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,49 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, HG, JóhS, KHG, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,50 kölluð aftur.

Brtt. 375 samþ. með 38:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, JBH, KHG, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, RG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 373,5 felld með 38:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,51 samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 353,5 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 347,52 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 374,16 felld með 37:14 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, JónK*, KÁ, KH, LB, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (BH, HG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, KHG, RG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 347,53 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, EgJ, JBH, ÓÖH, RG) fjarstaddir.

Brtt. 353,6 felld með 37:17 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, PBald, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (JBH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁE, ÁJ, EgJ, JónK, RG) fjarstaddir.

Brtt. 374,17 felld með 38:12 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, PBald, SighB, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (BH, HG, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁE, ÁJ, EgJ, JBH, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,54–56 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
7 þm. (GE, JóhS, JBH, KÁ, PBald, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,57.a–d samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, DO, EgJ, RG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 357,1 felld með 37:9 atkv. og sögðu
já: BH, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PBald, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FrS, RG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 347,57.e samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,57.f samþ. með 37:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GE, PBald, SighB) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, DO, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,57.g–o samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, DO, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,58.a, 1. tölul., samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
6 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,58.a, 2. tölul., samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PBald, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, RG, SvanJ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:03]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli á því að í þessari skiptingu sem greidd eru atkvæði um hafa orðið mikil umskipti á framkvæmdafé í mínu kjördæmi. Vestfjarðakjördæmi hlýtur samkvæmt þessari afgreiðslu næstlægsta úthlutun allra kjördæma á landinu og hefur það ekki gerst áður að Vestfirðingar hafi borið úr býtum í hafnarframkvæmdir aðeins rösk 12% af framkvæmdafé. Ég greiði að sjálfsögðu ekki atkvæði gegn þeim tillögum sem hér hafa verið fluttar, enda á ég hluta að skiptingu innan Vestfjarða, en ég vil vekja athygli á því að hér hafa orðið algjör umskipti frá því sem áður hefur verið. Ég vil mótmæla því og tek því ekki þátt í þessari atkvæðagreiðslu.

[16:04]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er þannig þegar litið er yfir fjárveitingar til hafnamála til einstakra kjördæma yfir nokkurn tíma að þá er ljóst að þær sveiflast ævinlega mjög milli ára. Það ræðst af því hvort verið er að vinna stórverkefni í viðkomandi kjördæmi eða ekki. Þannig var það t.d. árið 1986 að fjárveitingar til Vestfjarða voru rétt rúmar 20 millj. en á næsta ári á eftir 85 millj. og 120 millj. röskar á árinu 1988, en lækkuðu síðan eftir það. Það er rétt að nú háttar svo að fjárveitingar eru hlutfallslega lágar til Vestfjarða og skýrist það af því sem ég hef þegar sagt.

Það er hins vegar ljóst miðað við þær áætlanir sem uppi eru hjá Hafnamálastofnun og liggja fyrir í hafnaáætlun að þetta mun breytast á næsta ári frá því sem er á þessu ári.

[16:05]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki til þess að í gildi séu nokkrar reglur sem segja til um það með hvaða hætti eigi að skipta fjármagni til hafnargerðar eftir kjördæmum. Í þessu efni eins og öðrum verður að líta til þeirra verkefna sem þarf að vinna, meta þau miðað við mikilvægi og því er ekki eðlilegt að gera þessa úthlutun tortryggilega á grundvelli kjördæmaskiptingar. Í ljósi þess að ég tel að skipting þessi hafi verið ágætlega undirbúin, þá get ég samþykkt hana og segi já.

[16:06]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að koma því á framfæri að ég held að menn séu ekki að vinna alveg eftir þingsköpum, að hlaupa hér einn af öðrum til að gera grein fyrir atkvæði. Ég hélt að það væri mál sem forseti tæki afstöðu til í byrjun atkvæðagreiðslu, hverjir hefðu rétt til þess. (**Gripið fram í:** Rétt.)

Brtt. 347,58.b–d samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (JBH, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, RG, SP) fjarstaddir.

Brtt. 357,2 felld með 37:18 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (ÁE, JóhS, PBald, SighB) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, RG, SP) fjarstaddir.

Brtt. 347,58.e–f samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, EgJ, LB, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 357,3 felld með 39:9 atkv. og sögðu
já: BH, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, PBald, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, EgJ, GMS, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,59 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 357,4 felld með 38:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (GE, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,60–61 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GE, JBH, LB, PBald, SighB) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,62.a–b samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 347,62.c samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Brtt. 372,2 felld með 37:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁMM*, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (GE, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 372,3 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 347,63–64 samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 347,65 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PBald, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, EgJ, HBl, JóhS, RG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, BH, EgJ, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 374,18 felld með 45:6 atkv. og sögðu
já: GE, JBH, LB, PBald, SighB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DSigf, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, PBald, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, EgJ, RG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 16:15]

[16:40]

Útbýting þingskjala:

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 171. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 381; brtt. minni hluta iðnn., þskj. 382.

Iðnlánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (tryggingalánadeild). — Þskj. 242, nál. 368.

[16:42]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nefndaráliti iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og þar segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, og Tómas Sigurðsson frá Iðnlánasjóði.

Nefndin leggur áherslu á að trygging verkábyrgða fari eftir almennum reglum sem settar verði af iðnaðar- og fjármálaráðherra sem staðfesta ákvarðanir stjórnar Iðnlánasjóðs um iðgjöld og tryggingarhlutföll, sbr. 15. gr. laga nr. 76/1987.

Í reglunum komi fram:

a. hámark ábyrgða á hverjum tíma,

b. hámark ábyrgða fyrir hvert verkefni,

c. þeir málaflokkar sem ábyrgð er veitt til og skipting milli þeirra.

Jafnframt tekur nefndin undir athugasemdir fjármálaráðuneytisins, sem birtar eru sem fylgiskjal með frumvarpinu, um iðgjöld Iðnlánasjóðs og varasjóðstillag. Einnig er vakin athygli á að iðnaðarráðherra hefur skrifað stjórn Iðnlánasjóðs bréf og mælst til að iðgjöld verði hækkuð til að standa undir útgjöldum sjóðsins vegna verkábyrgðartrygginga.

Með vísan til framangreindra athugasemda leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir nefndirálitið skrifa Stefán Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Svavar Gestsson, með fyrirvara, Drífa Sigfúsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur Blöndal og Petrína Baldursdóttir.

[16:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í greinargerð með þessu frv. kemur fram að útlit sé fyrir að á næstu missirum kunni að vera ráðist í nokkur stórverkefni á Íslandi sem innlendir aðilar eigi erfitt með að keppa um vegna þess að þeir geti ekki sett nauðsynlegar verktryggingar. Þess vegna sé mikilvægt að veita tryggingalánadeild þá heimild sem kveðið er á um í þessu frv.

Það kemur fram m.a. í umsögn um frv. þetta frá fjmrn. að fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík er talin munu kosta um 13,5 milljarða kr. og ætla megi að allt að þriðjungur, eða 4,5 milljarðar kr., sé kostnaður sem gæti fallið í skaut innlendra aðila. Ég vil taka undir mikilvægi þessa máls að heimild sé fyrir hendi að tryggja verkábyrgðir, en ég tel ástæðu til að nefna það hér að það þurfi að huga vandlega að þeim tryggingum sem þarna eru á bak við vegna þess að ríkið ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum Iðnlánasjóðs. Á fund nefndarinnar kom Tómas Sigurðsson frá Iðnlánasjóði og í máli hans, sem reyndar má sjá í greinargerð með þessu frv., er ljóst að skuldbindingar sjóðsins munu aukast talsvert með þessu ákvæði sem hér er lagt til að samþykkt verði.

Það kom einnig fram í nefndinni að eigið fé Iðnlánasjóðs er neikvætt og reyndar er það svo að Iðnlánasjóður skuldar ríkissjóði, að vísu ekki háa upphæð en engu að síður er eigið fé neikvætt. Ég tel því mjög mikilvægt, herra forseti, að það sem fram kemur í nefndaráliti iðnn. nái fram að ganga, en þar leggur nefndin áherslu á að trygging verkábyrgðar fari eftir almennum reglum sem settar verða af iðnrh. og fjmrh. sem staðfesta ákvarðanir stjórnar Iðnlánasjóðs um iðgjöld og tryggingarhlutverk. Það kom fram í máli formanns iðnn. að það eigi að koma fram í þessum reglum sem ég tel mjög mikilvægt. Það væri raunverulega brýnt að Iðnlánasjóður hefði baktryggingu eða endurtryggingu vegna þessa nýja flokks og mjög mikilvægt að þannig sé búið um hnútana af hæstv. ráðherrum að ekki sé hætta á því að ábyrgðir þessar geti fallið á ríkissjóð. Að því lúta mínar athugasemdir.

Ég bar það einnig fram í hv. iðnn. sem ég taldi ástæðu til að huga að, hvort það gæti komið til að samkeppnisráð gerði athugasemdir við þetta ákvæði í þá veru að það bryti í bága við samkeppnislög, en ekki fengust full svör við því í iðnn. Það er ljóst að skuldbindingar sjóðsins munu aukast verulega og þar með talin sú áhætta sem sjóðurinn tekur. Það er ástæða til þess að nefna það í þessu sambandi því það er ljóst að það er ekki síst verið að gera þessar breytingar á lögum Iðnlánasjóðs vegna þeirra miklu framkvæmda sem eru fyrirhugaðar vegna stækkunar álversins. Útboð sem hafa farið fram vegna framkvæmda við Ísal hafa verið langt undir áætlunum og hef ég heyrt þar tölur nefndar um 100 millj. kr. og það er alveg ljóst að það gæti líka leitt til þess að áhætta á sjóðinn ykist vegna þessa.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að lengja mál mitt. Ég styð þetta mál í trausti þess að svo verði búið um hnútana af hæstv. ráðherrum eins og hv. iðnn. kveður á um í sínu nefndaráliti.

[16:49]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi gætt örlítils misskilnings í máli hv. þm. Eigið fé Iðnlánasjóðs er ekki neikvætt. Eigið fé Iðnlánasjóðs er upp á 2,5 milljarða. Hins vegar hefur þessi deild, verkábyrgðatryggingadeildin í Iðnlánasjóði, verið rekin með tapi þannig að eigið fé hennar er neikvætt. Ráðstafanir hafa nú verið gerðar til að tryggja að hún standi undir sér til framtíðar. Eins og kemur fram í nefndaráliti hv. iðnn. hefur stjórn sjóðsins verið skrifað bréf þar sem það á að

vera tryggt að þessi deild standi undir þeim skuldbindingum sem hún tekur að sér þegar til framtíðar er litið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 247. mál (dánarbú, viðmiðunarfjárhæð). — Þskj. 345.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 105, nál. 383, brtt. 384.

[16:51]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum við frv. til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Frv. þetta er gamall kunningi í þinginu og hefur verið flutt allnokkrum sinnum en ekki náð svo langt að vera afgreitt úr nefnd fyrr en nú.

Efh.- og viðskn. hefur fjallað allmikið um þetta frv., sent það til helstu aðila til umsagnar og eins fengið til sín á fund fulltrúa viðskrn. Ég ætla aðeins að gera grein fyrir þeim breytingartillögum sem nefndin leggur til.

Þá er fyrst brtt. varðandi 1. gr. frv. þar sem er tekið af skarið um það í 1. gr. að lögunum sé ekki ætlað taka til starfsemi þeirra aðila sem sérlög eða reglur gilda um. Jafnframt er lagt til að ákvæði IV. og V. kafla skuli einnig gilda þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemur en ákvæði þeirra kafla.

Næst er brtt. við 2. gr. sem orðast þannig að framleiðendur megi einungis markaðssetja örugga vöru, þetta er orðalagsbreyting.

Við 4. gr. frv. er einnig brtt. þannig að hún orðist svo sem þar segir, en þar er verið að endurskilgreina hugtök. Tillagan frá nefndinni er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni, vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig telst framleiðandi vera sá er merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi framleiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi teljast framleiðandi. Aðrir fagmenn í aðfangakeðjunni, að því leyti sem starfsemi þeirra snertir öryggiseiginleika framleiðsluvöru sem er markaðssett, teljast og til framleiðenda."

Þetta skýrir mjög þann texta sem er í 4. gr. þar sem um er að ræða skilgreiningu á hugtökum.

Í 7. gr. er orðalagsbreyting. Við 8. gr. er sömuleiðis orðalagsbreyting. Við 10. gr. er nokkur efnisbreyting þar sem verið er að skilgreina valdsvið ráðherra til reglugerðarsetningar eins og varðandi lögin. Fyrst og fremst er við það miðað að heimildir ráðherra til reglugerðarsetningar takmarkist við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Enn fremur er lagt til að síðari mgr. greinarinnar falli brott, enda er hún sama efnis.

Við 12. gr. er gerð smábreyting þar sem tekið er fram að framleiðendum og dreifingaraðilum skal skylt í sambandi við rannsókn máls að beiðni eftirlitsstjórnvalda að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra. Hér er almennt séð við það miðað að þessir aðilar geti keyrt út úr bókhaldi sínu upplýsingar um hverjir hafa selt þeim vörur og hvert þeir hafa selt sínar vörur. Það er ekki við það miðað almennt séð að haldin sé sérstök skrá sem er eitthvað ofan á þær kröfur sem gilda í bókhaldslögum eða virðisaukaskattslögum um viðskipti aðila.

Síðan er smábreyting á 14. gr. sem er fyrst og fremst til skýringar. Við 15. gr. eru gerðar nokkrar breytingar, einkum til þess að skýra eða afmarka betur hlutverk samkvæmt greininni og þá fyrst og fremst að ákveða að í þessum lögum skuli ekki settar takmarkanir eða verið að ákveða hlutverk annarra eftirlitsstjórnvalda en Löggildingarstofunnar að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til þess að uppfylla kröfur nákvæmlega þessara laga.

Við 19. gr. er gerð ákveðin breyting fyrst og fremst til þess að tryggja að eftirlitsstjórnvöld fari eftir stjórnsýslulögum í sínum vinnubrögðum. Við 20. gr. er hnykkt á því hvernig málsmeðferð eftirlitsstjórnvalda skal vera. Við 24. gr. eru gerðar smábreytingar þar sem gert er ráð fyrir því að sýnataka geti ekki verið úr hófi. Síðan er einnig gert ráð fyrir því að framleiðandi geti annast tilkynningar í fjölmiðlum þannig að varnaðaráhrifum sé náð ef á þarf að halda. Lagt er til að 27. gr. falli brott. Hugmyndin með þessu er ekki sú að afnema allt sem heitir markaðsgæslugjald til eilífðarnóns, heldur að þetta gjald verði lagt á smám saman eftir því sem reynslan af eftirliti þessu gefur tilefni til og það verði fundið út á hvaða vörur slíkt gjald þarf að leggjast og hversu hátt það þarf að vera til þess að standa undir þeim kostnaði sem þessu eftirliti fylgir.

Samhliða því að nefndin leggur til að þessi grein verði felld út hefur verið skrifað bréf til fjárln. með ósk um að það verði lagðar 5 millj. til safnliðs hjá viðskrn. á fjárlögum á næsta ári til að hefja þessa starfsemi. Enn fremur hyggst meiri hluti efh.- og viðskn. flytja frv. til laga um breytingu á lögum um vog, mál og faggildingu þar sem kveðið er á um að yfir Löggildingarstofuna skuli vera sett stjórn.

Með þessum breytingum, hæstv. forseti, hygg ég að nefndin hafi gert margar bætur á frv. og tel að það sé rétt að afgreiða það nú sem lög frá hinu háa Alþingi og sjá til hvort við getum ekki komið þessum hlutum í gott horf eins og ástæða er til.

[16:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég stend að nefndaráliti þessu með fyrirvara og ætla að gera með fáeinum orðum grein fyrir því. Hann er þannig til kominn að þótt þetta frv. hafi lengi verið að þvælast hér með ýmsum hætti fyrir mönnum og hafi komið inn á Alþingi áður. Þá hefur það því miður ekki fyrr en nú fengið þá vönduðu umfjöllun og vinnu sem í raun og veru sýnir sig að var nauðsynleg til þess að koma því yfirleitt í afgreiðsluhæfan búning. Ég hef enn efasemdir um

að nægjanlega vel hafi tekist að ganga þannig frá málinu að sómasamlegt sé og boðlegt og vandað til frambúðar litið.

Það er að vísu hárrétt hjá hv. formanni efh.- og viðskn. að nefndin lagði í það vinnu eftir því sem hún gat nú á síðustu sólarhringum að lagfæra málið og það hefur auðvitað stórbatnað í meðförum nefndarinnar eins og flest annað sem hin ágæta efh.- og viðskn. leggur gjörva hönd á. En það kom hreinlega í ljós þegar farið var að athuga betur ýmsa efnisþætti málsins að frv. var meingallað og illa unnið eins og það var fram sett. Að einhverju leyti mun vera við það að sakast að frv. er á köflum hrá þýðing, hreinlega léleg þýðing úr texta á erlendu máli. Bæði efnislega eða merkingarlega en einnig hvað málfar snertir, voru á þessu hnökrar sem varla voru boðlegir.

Enn er það svo að meginfyrirvari minn lýtur að því að ein aðalröksemdin fyrir því að það verði að troða þessu máli í gegn á knöppum tíma við þessar aðstæður er enn eitt tilfellið eða dæmið um nöldur frá Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins sem er farin að ráða lögum og lofum varðandi vinnubrögð á þinginu. Helsta röksemdin er yfirleitt orðin sú í hverju máli sem hér þarf að afgreiða að annars fáum við skömm í hattinn eða jafnvel málshótanir á okkur frá þessari merku eftirlitsstofnun. Ég hef áður haldið því fram að þetta sé í sjálfu sér ofvirk stofnun með svipuðum hætti og stundum er sagt um fjörug börn að þau séu ofvirk. Það er greinilegt að menn hafa of lítið að gera í þessari eftirlitsstofnun og eru að ragast út af smámunum eins og þeim hvort einhver lög af þessu tagi taka gildi uppi á Íslandi nokkrum mánuðum fyrr eða seinna. Það er auðvitað alveg kostulegt þegar upplýst er að jafnvel Ítalir, meðlimir í sjálfu Evrópuhimnaríkinu, séu búnir að lögleiða eitthvað um þriðjung af réttinum en hunsi hitt og komist upp með það eins og ekkert sé. Þá sé ég ekki að það sé stórglæpur þótt Íslendingar reyni að vanda sómasamlega til löggjafarinnar þegar hún loksins er sett.

Hitt er ljóst, og það vil ég að komi skýrt fram, að það er út af fyrir sig þarft að ganga þannig frá málum að tryggt sé að ekki sé gat í eftirliti með gæðum vöru og öryggi vöru. Og það má segja að í þeim efnum hafi okkar skipulagi eða löggjöf verið nokkuð ábótavant. Hugsunin bak við þetta frv. er þar af leiðandi í raun og veru góð eða sem sagt sú að til sé ein stofnun sem fari með hið almenna eftirlit þar sem sérstofnanir eins og Hollustuvernd, Rafmagnseftirlit eða aðrar slíkar nái ekki til og tryggi að að þessu leyti séu ekki göt í kerfinu og öll vara sem hér er á markaði uppfylli settar kröfur um öryggi o.s.frv. Þannig að ég er ekki með fyrirvara mínum að lýsa neinni efnislegri andstöðu við það að eftirlitsfyrirkomulagi af þessu tagi sé komið á og það tryggt og fest í sessi.

Eitt atriði enn, herra forseti, ber að lokum að hafa í huga í þessu sambandi og það er að það er nokkuð vandasamt að draga landamæri milli þessarar almennu eftirlitsstofnunar eða þessa almenna eftirlitsstjórnvalds, eins og nú er í tísku að segja, og séreftirlitsstjórnvalda sem er þá hitt apparatið eða hin apparötin sem annast þetta eftirlit á afmörkuðum sviðum þannig að hvor aðili um sig haldi fullkomnu sjálfstæði gagnvart sinni starfsemi og þarna verði ekki skörun, tvíverknaður eða árekstrar sem valdi vandkvæðum. Við í efh.- og viðskn. höfum að sjálfsögðu fundið fyrir því við afgreiðslu málsins að það er nokkur viðkvæmni svo ekki sé sagt tortryggni ríkjandi innbyrðis milli einstakra aðila sem starfa á þessu sviði. Og það er fullkomlega skiljanlegt þegar verið er að ganga frá málum með þeim hætti sem hér er verið að reyna.

Að þessu lýtur fyrirvari minn, herra forseti, og þarf ég ekki að hafa um hann fleiri orð en segi að allra síðustu þetta: Mikið óskaplega verð ég og sjálfsagt margir fleiri í efh.- og viðskn. fegnir þegar þetta mál kemst nú loksins frá nefndinni og verður að lögum og vonandi þurfum við ekki að hafa meira af því að segja í bráð.

[17:04]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé hárrétt hjá hv. þm. að þetta mál hefði kannski getað fengið vandaðri meðferð áður en það kom inn á þing. En það er hins vegar svo að þetta mál hefur margoft, eins og kom fram hjá hv. þm., verið hér til umfjöllunar í þinginu og til vinnslu í hv. efh.- og viðskn. Nú er hins vegar komið á þann stað í vinnunni að menn hafa treyst sér til þess að taka málið út úr nefnd og hér til 2. umr. Það vil ég þakka efh.- og viðskn. sérstaklega fyrir vegna þess að ég held að það sé ekki aðeins það að nefndin losni við málið með þeim hætti og það verði hér að lögum, heldur líka hitt að þetta er mjög mikilvægt mál. Það felst í þessu gríðarleg vernd fyrir neytendur að mínu viti. Ég fagna því alveg sérstaklega og þakka nefndinni fyrir að hafa tekið málið þeim tökum sem hún hefur gert. Ég sé af vinnu nefndarinnar að málið hefur mjög mikið lagast í meðförum hennar og það vil ég sérstaklega þakka.

[17:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel skylt að svara þessu gagnmerka andsvari hæstv. iðnrh. Það var út af fyrir sig virðingarvert af hæstv. ráðherra að viðurkenna að málið hefði mátt vera í vandaðri búningi þegar það kom hér inn. Ég tek það ekki upp til þess að ásaka einn eða neinn, en mér er alveg ljóst að það á sér vissar skýringar að mál af þessu tagi hafa oft tilhneigingu til að vera dálítið ótótleg þegar þau koma hér inn. Það er m.a. vegna þess að menn eru að burðast við að þýða þarna upp reglur, stundum býsna framandlegar fyrir okkur sem ekki hafa verið til í réttinum og jafnvel smíða þá um leið hgutök og búa til nýyrði sem er undir hælinn lagt að nokkur maður skilji. Og það mætti tína til dæmi um það eins og t.d. í fyrstu línu 1. gr. frv. en hún hljóðar svona í frv. áður en því verður þó vonandi breytt:

„Lög þessi ná til vöru sem boðin er hér á landi í atvinnuskyni.“ Við áttum erfitt með að átta okkur á því hvað það þýddi að bjóða vöru í atvinnuskyni. Bjóða hana hvar? Svona er auðvitað ekki hægt að ganga frá hlutunum og fjölmörg dæmi af þessum toga mætti tína til upp úr frv. sem best er að sleppa hér. En þetta á þá bara fyrst og fremst að verða okkur öllum til áminningar í þeim efnum að vanda eftir því sem kostur er fráganginn á þessum málum og mér sýnist á köflum að það sé ekki um annað að ræða en að láta bara málfarsráðunauta eða aðra slíka aðila vinna jöfnum höndum með þeim sem eiga að leggja til faglegu þekkinguna og/eða eru að þýða svona hluti úr erlendum málum. Það er ekki vansalaust að stjórnvöld eða ráðuneyti standi fyrir því að leggja fram frumvörp á Alþingi sem eru ekki á boðlegu íslensku máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting grunngjalda, áfengisinnflutningur o.fl.). — Þskj. 266, nál. 388, brtt. 389.

[17:09]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

Þetta frv. snýst ekki um miklar upphæðir en nefndin sendi það engu að síður til umsgnar þeirra aðila sem málið snertir og fékk á sinn fund fulltrúa úr fjmrn. Nefndin gerir nokkrar tillögur um breytingar.

Í fyrsta lagi gerir nefndin tillögu um að leyfi til vátryggingamiðlunar, verðbréfamiðlunar og fasteignasölu verði 50 þús. kr. Nefndin gerir enn fremur tillögu um að skráning hlutafélaga verði með þeim hætti að skráning einkahlutafélaga verði 75 þús., umskráning einkahlutafélaga í hlutafélag verði 75 þús. og að umskráning hlutafélags í einkahlutafélag verði 5 þús. kr.

Síðan eru gerðar tillögur um breytingar á skilgreiningu í 3. gr. um að brúttótonn verði nettótonn og enn fremur að það verði lækkun á þeim hluta gjalds sem farþegaskip greiða þannig að það verði fjórðungur en ekki helmingur. Enn fremur að það lagt verði á gjald vegna endurgerðrar myndbandsupptöku sem verði 1 þús. kr. Loks er tillaga um breytt kaflaheiti.

Enn fremur vill nefndin taka fram í sínu nefndaráliti að hún telur að stefna skuli að því að skráning fyrirtækja, sem er hluti nýsköpunar, eigi ekki að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð. Leggur hún áherslu á að ráðherra kanni hvernig haga megi gjaldtöku fyrir þessa skráningu þannig að gjaldtakan standi undir eðlilegri og hagkvæmri starfsemi skráningaraðila og jafnframt að skráningar allra fyrirtækja verði á einum stað.

Með þessum breytingartillögum og með þessum skilaboðum í nefndaráliti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

[17:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sú gjaldtaka sem hér er fjallað um, hinar svonefndu aukatekjur ríkissjóðs, er hálfgerður leiðindamálaflokkur svo ekki sé meira sagt. Oft og tíðum er þetta þannig að hér er verið að leggja á gjöld, mismunandi vísindalega. Þetta fellur að mestu leyti um sjálft sig því að það er heilmikið stand í kringum það að ná þessu inn. Og þegar upp er staðið skilar gjaldtakan kannski litlum nettótekjum í ríkissjóð en hún situr samt hér inni ár eftir ár. Oft og tíðum hafa ákvarðanir um upphæðir þessara gjalda verið afar geðþóttalega teknar og ekki mikið samhengi við það hvort á bak við liggur einhver raunverulegur kostnaður hins opinbera. Með öðrum orðum er spurning hvort þau eru til að greiða fyrir einhverja veitta þjónustu eða einhvern kostnað sem það opinbera ber af viðkomandi leyfisveitingu, skoðun, eftirliti eða hvað það nú er. Þar af leiðandi er þessi gjaldtaka oft og tíðum á gráu svæði, mitt á milli þess að vera þjónustugjöld eða gjald fyrir veitta þjónustu eða útlagaðn kostnað og skattur. Og það er ekki gott.

Hv. fyrrv. þm. Jóhann Ársælsson flutti á síðasta kjörtímabili gagnmerka tillögu um að þessi mál vrðu tekin til heildarendurskoðunar í stjórnkerfinu og gerð skýr mörk á milli skatta, tekjuöflunar í ríkissjóð, og hins vegar gjaldtöku sem væri til að dekka útlagðan kostnað.

Þetta frv. er heldur til bóta frá því sem verið hefur varðandi þau gjöld sem hér er tekið á, en það er ekki nema hluti af allri súpunni. Þar af leiðandi styð ég þetta mál og tel að þær lagfæringar sem efh.- og viðskn. er m.a. að gera á frv. með breytingartillögum sínum á þskj. 389 séu auðvitað allar skynsamlegar.

Eitt atriði vil ég gera sérstaklega að umtalsefni og nota það tækifæri sem hér gefst til þess. Það varðar álagningu svonefnds afgreiðslugjalds á skip en hér eru gerðar breytingar sem að því lúta, annars vegar varðandi mælieininguna sem stuðst er við eða miðað er við, þ.e. að nettótonn komi í stað brúttótonna. Hins vegar er nokkur breyting á upphæð gjaldsins. Það er lækkað í frv. og efh.- og viðskn. leggur svo til að gerður sé enn meiri greinarmunur á farþegaskipum og öðrum skipum í sambandi við þessa innheimtu. Það á sér þær skýringar að menn fóru að skoða það gjald sem tekið er af farþegaskipum, jafnvel risastórum farþegaskipum, sem hér hefðu stuttar viðkomur, rétt renndu sér inn á hafnir, og sáu að auðvitað var afar lítið samræmi í því eða sanngirni að innheimta þetta gjald miðað við heildarstærð þessara skipa sem eru oft og tíðum miklu miklu meiri heldur en annarra skipa sem hingað eru að sigla, fiskiskipa eða jafnvel fraktskipa. Niðurstaða nefndarinnar var sú að farþegaskip skuli aðeins greiða fjórðung af þessu afgreiðslugjaldi, þ.e. fjórðung af 20 kr. af hverju nettótonni sem hér eftir verður þá miðað við, eða 5 kr. af nettótonni. Þetta er auðvitað heilmikil framför frá þeim 15 kr. sem farþegaskip greiða í dag.

Í tengslum við þetta mál fór ég að afla mér upplýsinga um hvaða gjöld eru lögð á slíkar skipakomur eða slík skip þegar þau koma hingað til hafna. Nú er það ljóst að það er mikið hagsmunamál íslenskrar ferðaþjónustu og efnahags- og atvinnulífs almennt að laða hingað slík viðskipti og fá hingað sem mest umsvif af þjónustu við erlend skip, bæði farþegaskip og önnur skip. Og hvernig halda menn að þetta sé, herra forseti? Það er ekki beinlínis þannig að þessu staðið að það sé hvetjandi fyrir þessa aðila að koma hingað og leita viðskipta. Ég skal nefna dæmi frá Akureyrarhöfn. Þegar stórt erlent skemmtiferðaskip lagðist þar að í sumar, skipið Royal Viking Sun, var lagt á það þetta afgreiðslugjald. Skipið er stórt þannig að það kostaði 210.810 kr. fyrir skipið að borga þetta afgreiðslugjald til ríkisins. En ekki er öll sagan sögð. Til viðbótar þarf þetta skip að borga vitagjald upp á 548.753 kr. þannig að til ríkisins greiðir skipið fyrir þessa einu komu í Akureyrarhöfn 759.563 kr. Samtals nema greiðslur til Akureyrarhafnar 469.187 kr. og svo geta glöggir menn lagt saman og fengið út að gjaldtakan er komin á aðra millj. kr. Á aðra millj. kr. kostar það skipið að renna þarna inn á höfnina og hafa þar stutta viðkomu. (**VE:** Það er eins gott að það sé einhver um borð.) Já, það er eins gott að einhverjir séu um borð og einhver sé tilbúinn til að taka upp veskið. Ég, herra forseti, er sannfærður um að þetta sem við leggjum til sé að sjálfsögðu skref í rétta átt, að lækka þarna niður í þriðjung sýnist mér eða úr 15 kr. í 5 kr. miðað við nettótonn, það gjald sem skipin greiða undir formerkjunum afgreiðslugjald. Þó stendur eftir risahátt vitagjald og samkvæmt lögum um vitamál sem ég hef með mér er það þannig að þetta gjald er rukkað í fjögur fyrstu skiptin sem skip kemur á hverju ári inn á íslenska höfn. Sem sagt, þegar stór skemmtiferðaskip af þessu tagi sigla reglubundið til Íslands og við skulum segja að það sé nokkurt hagsmunamál okkar að ná þeim, þá er

í fjórum fyrstu ferðunum tekið af skipinu yfir hálf millj. í vitagjald. Það er þó þannig gagnvart íslenskum skipum að þau borga þetta gjald ekki nema einu sinni á ári og þar er auðvitað allt önnur gjaldtaka á ferð. Ég held, herra forseti, að þarna sé á ferðinni mál sem eigi alveg tvímælalaust að endurskoða og menn séu þarna í ógöngum.

Ef ég man rétt er svo annars staðar ákvæði um að afgreiðslugjaldið er tekið í sex skipti af erlendum skipum og þá getum við aðeins ímyndað okkur hvernig gjaldtakan er orðin. Þetta er kannski komið í 5, 6, 7 millj. kr. sem tekið er af skipum af þessu tagi fyrir fimm til sex viðkomur í íslenskum höfnum. Ætla má að skip sem sigla hingað reglubundið yfir sumartímann, t.d. frá Evrópu eða koma hér við á milli Evrópu og Ameríku, nái nokkrum ferðum eða þetta mörgum ferðum á hverju sumri.

Það er ljóst að álagning vitagjaldsins heyrir undir önnur lög, þ.e. lög um vitamál, og það þarf því að taka þau upp og skoða ákvæði þeirra ef á að breyta vitagjaldinu. Ég tel bráðnauðsynlegt að gera það, herra forseti, og er tilbúinn til að beita mér fyrr því ef aðrir vilja ekki verða til þess. Ég held að þarna sé afar lítið samræmi í hlutunum og beinlínis óskynsamlegt að standa svona að þessu. Undan þessari gjaldtöku er kvartað. Mér er kunnugt um að ferðaskrifstofur hafa borið sig upp undan því að þær eigi í erfiðleikum með að útskýra fyrir rekstraraðilum slíkra erlendra skemmtiferðaskipa, hvers konar gjald þetta er sem skipin eru að greiða. Eða halda menn að sú þjónusta sem skipin fá af vitum við strendur landsins sé jafngildi hálfrar millj. kr. fyrir það að sigla inn á höfn í eitt skipti eða hvert skipti? Auðvitað er það ekki svo. Hér er um hreina skattlagningu langt umfram alla þjónustu að ræða á þessa aðila og hún er að mínu mati ekki efnahagslega skynsamleg.

Herra forseti. Úr því að þessi gjaldtaka öll er hér til umræðu á annað borð, þá notaði ég tækifærið og vakti máls á þessu. Ég tek þó fram að lokum að breyting sú sem hér er gerð er til bóta og þar af leiðandi styð ég hana og frv. í heild þar sem það er þó frekar en hitt í rétta átt.

[17:21]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í annað skipti sem ég nota þetta tækifæri til þess að nýta heimild til andmæla til þess að koma á framfæri meðmælum. Ég get einfaldlega ekki staðist freistinguna að nota tækifærið til þess að lýsa mig sammála hv. 4. þm. Norðurl. e., í og með vegna þess að það gerist allt of sjaldan.

Hvað er það sem við erum svona sammála um? Við erum sammála um að hér hafi hann nefnt dæmi um geðþóttalega ákvörðun um allt of mikla gjaldtöku fyrir eðlilega þjónustu. Hún er reyndar svo háspennt að hún er líkleg til þess að drepa gullgæsina sem á að verpa eggjunum, þ.e. að koma í veg fyrir viðskiptin. Svona dæmi um ofurtollaaðferð núv. ríkisstjórnar til að koma í veg fyrir viðskiptin með landbúnaðarafurðir.

Það er afar athyglisvert, virðulegi forseti, að þessi viðvörunarorð skuli koma frá formannskandidat Alþb. og studd af formanni Alþfl. Síðan er því við að bæta að slík viðleitni í hv. efh.- og viðskn. er rauði þráðurinn í starfi nefndarinnar. Þar sitja ágætir menn og eiga það eiginlega sameiginlegt að vilja framkvæma lúsarleit í löggjöf og reglum til þess að reyna að hreinsa út úr löggjöfinni bírókratískar reglur sem eru raunverulega hindrun á eðlilegri starfsemi atvinnufyrirtækja, hvort heldur er í eftirlitsiðnaðinum, gjaldtöku af þessu tagi o.s.frv.

Nú er það svo að í því máli sem hér er á dagskrá var viðleitni nefndarinnar að lækka þessa gjaldtöku. E.t.v. hafa skrefin sem stigin hafa verið í þá átt verið of varfærnisleg, e.t.v. þarf að ganga lengra. En það er gott að hafa það að leiðarljósi í nefnd sem fjallar um svo mikið af löggjöf upprunna frá framkvæmdarvaldinu sem hefur sem meginmælikvarða á starfsemi sína að koma í veg fyrir oftöku gjalda sem eru hindrun í starfi fyrirtækja og atvinnulífi.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir andsvarið eða öllu heldur meðmælin. Ég er að vísu ekki að öllu leyti sammála hv. þm. um að það gerist sárasjaldan að við séum sammála. Það gerist þó nokkuð oft að við séum sammála. Ég hygg að það sé kannski í og með vegna þess að þótt við séum af og til pólitískt ósammála, höfum við báðir tilhneigingu til, leyfi ég mér að segja þó að mér sé málið skylt, að reyna að taka, eins og það var orðað í afmælisgrein um hv. þm. Hjörleif Guttormsson, vitsmunalega afstöðu til hlutanna. Og þegar hlutirnir liggja þannig að þeir eru nokkuð raktir og einboðnir verðum við að sjálfsögðu af þeim sökum sammála, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm. að við erum stundum verulega ósammála um ákveðin atriði í pólitík og það er bara eins og það er.

Ég fékk þær upplýsingar úti í þingsalnum, herra forseti, frá einum hv. þm. sem er vel að sér um þessi mál, að komur erlendra skemmtiferðaskipa að landinu hefðu verið 115 talsins á síðasta sumri. Þar af leiðandi voru viðkomur þeirra í höfnum þó nokkuð fleiri því mörg þeirra renna sér inn á fleiri en eina höfn. Það er t.d. þó nokkuð algengt að þau sigli með landinu og komi við bæði á Akureyri og í Reykjavík, svo dæmi sé tekið. Og þá geta menn rétt hugleitt hvers konar dellugjaldtaka í raun og veru er á ferðinni. Það er ekki skynsamlegt að hafa hlutina svona. Og ég held að hér sé rýr og óskynsamlegur skattstofn að gera miklu meira tjón en gagn og fæli frá viðskipti sem gæfu meira af sér í aðra hönd og skiluðu þegar upp væri staðið miklu meiri verðmætum inn í þjóðarbúið heldur en með því fæst að halda áfram þessari gjaldtöku.

[17:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við klögum undan miklu atvinnuleysi hér á landi. Við kvörtum undan lágum launum. Allt er þetta vegna þess að fjárfesting er í sögulegu lágmarki. Menn eru hættir að fjárfesta í atvinnulífinu og þetta hef ég svo sem sagt áður. Þetta er vegna þess að á atvinnulífið eru lagðar viðjar sem oft og tíðum ekki sjást. Og það er einmitt það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á. Hann var að tala um viðjar sem lagðar eru á skemmtiferðaskip sem valda því og geta valdið því að þau komi ekki til landsins og gefa þá ekki þær tekjur sem landið gæti fengið af þeim þúsundum ferðamanna sem með þessum skipum koma. Þetta eru þær viðjar sem er búið að leggja á atvinnulífið og oft og tíðum er mjög erfitt að sjá. Við þurfum að finna þessar viðjar og þær er m.a. einmitt að finna í þessum aukatekjum ríkissjóðs.

Það kostar 50 þús. kr. að stofna fasteignasölu eða fá leyfi til fasteignasölu. Það kostar 50 þús. kr. að fá leyfi til verðbréfasölu. Af hverju í ósköpunum? Af hverju geta menn bara

ekki orðið fasteignasalar og verðbréfasalar létt og leikandi? Af hverju þarf að láta menn borga skatt fyrir þetta? (**Gripið fram í:** Þetta eru leifar frá miðöldum.) Það getur vel verið að það séu leifar frá miðöldum, en þá þarf einmitt að breyta því.

Herra forseti. Skráningargjöld fyrir hlutafélög eru ekkert annað en skattur á nýsköpun. Ef menn ætla að stofna nýtt fyrirtæki, segjum að maður ætli að þurrka þorskhausa eða kona að prjóna sokka eða eitthvað því um líkt en þau vilja ekki stunda viðskiptin á eigin ábyrgð, verða viðkomandi að borga í dag 110 þús. kr. fyrir að fá að hefja þessi viðskipti og til að geta losnað við áhættuna. Þetta eru viðjar á atvinnulífið, þetta eru viðjar á nýsköpun. Fólk fer ekki út í nýsköpunina. Þessi litli atvinnurekstur myndast ekki og þetta er mjög hættulegt.

Þetta var rætt nokkuð mikið í nefndinni og nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það þarf að breyta þessu. Skráning fyrirtækja á að standa undir þeim kostnaði sem ríkið ber, en ekkert umfram það. Og það var það sem var lagt til.

Í Bandaríkjunum kostar 4–5 þús. kr. að skrá fyrirtæki og mér er sagt að það sé mjög lipurt og mjög létt og gangi hratt fyrir sig. Við þurfum að stefna að því að ná léttri og lipurri umgerð fyrir viðskiptalífið. Þá blómstrar allt. Þá fara menn að fjárfesta, þá fara fyrirtækin að fjárfesta. Þá skapast atvinna og samkeppni um fólk. Launin hækka, atvinnuleysið minnkar og þessi hryllilega lágu laun sem við búum við í dag hækka og geta hækkað.

Mér er kunnugt um að hæstv. viðskrh. er mjög jákvæður gagnvart þessum hugmyndum og hann er að vinna að leið til þess að laga þetta og nefndin skorar reyndar á hann að gera það. Svo er spurningin: Af hverju í ósköpunum er gjaldið svona hátt? Fyrir nokkrum árum var það hækkað, að ég held, úr 8.600 kr. í 100 þús. kr. og það var dálítið merkilegt. Það var vegna þess að menn höfðu séð að það var farið að svindla á fyrirtækjum, menn stunduðu kennitöluhopp sem kallað er. Þeir stofnuðu fyrirtæki, stofnuðu til skattskulda, létu fyrirtækið verða gjaldþrota, skildu eftir sig slóð af skuldum, stofnuðu nýtt fyrirtæki o.s.frv. Til að hindra þetta, sem er í rauninni brot á hlutafélagalögunum, hækka menn bæði hlutaféð og stofngjaldið fyrir fyrirtækin. Þá er sem sagt verið að refsa þeim heiðarlegu fyrir þá sem eru glæponar. Þetta má ekki. Menn eiga að ná í þá sem svindla og svíkja með öðrum hætti, ekki með því að refsa þeim sem eru duglegir og heiðarlegir og halda uppi atvinnulífinu. Þessu þarf að breyta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:30]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 147. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 395.

Tryggingagjald, 134. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 393; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 396.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (atvinnutryggingagjald o.fl.). — Þskj. 160, nál. 385, 393 og 396.

[17:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál samhliða frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sú breyting sem hér er lögð til er hluti af þeim skattkerfisbreytingum sem verið er að gera samhliða í tekju- og eignarskatti og enn fremur tengist þessi breyting þeirri ákvörðun sem tekin var í febrúar sl. þar sem heimilað var að launþegar gætu dregið frá tekjuskatti sinn hluta sem eru iðgjöld til lífeyrissjóða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Það er tiltölulega einfalt og gengur út á að hækka þetta gjald yfir línuna um hálft prósentustig. Enn fremur er í frv. gerð sú formbreyting að hluti gjaldsins er eyrnamerktur Atvinnuleysistryggingasjóði, þ.e. 1,5% en afgangurinn rennur sem skattur til ríkissjóðs.

[17:33]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. Hann skipum við hv. þm. Ágúst Einarsson og ég.

Við leggjumst gegn þessu frv. Þetta frv. er hluti af stefnu hæstv. ríkisstjórnar eins og hún birtist gagnvart almenningi nú í þessum frumvörpum, um tryggingagjald, um tekju- og eignarskatt í fjárlagafrv. o.s.frv. Þar eru meira og minna samhangandi tillögur á ferð sem m.a. einkennast af því að margs konar tryggingar og öryggi sem fólk hefur búið við í þessu kerfi, til að mynda atvinnulausir og elli- og örorkulífeyrisþegar, er nú tekið í burtu. Þá er rétt að hafa í huga að ekki var gerð grein fyrir því á sínum tíma þegar aðilar vinnumarkaðarins gerðu almenna kjarasamninga á sl. vori að fjármögnun skattfrelsis lífeyrissjóðsiðgjalda yrði með þessum hætti sem hér er lagt til. Þannig er líka að þessu máli staðið að við fulltrúar minni hlutans treystum okkur ekki til að veita því brautargengi. Umsagnir allra aðila sem til efh.- og viðskn. komu voru neikvæðar í garð þessa frv., að vísu af nokkuð mismunandi ástæðum að segja má. Að sjálfsögðu eru talsmenn atvinnulífsins ekki hrifnir af neins konar álögum eða sköttum sem á þeirra starfsemi eru lagðir eins og skiljanlegt er. En það gildir einnig um forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar að þeir mæltu ekki með afgreiðslu þessa frv. og töldu það ekki vera í þeim anda sem ráð hafði verið fyrir gert að yrði varðandi framkvæmd eða efndir á yfirlýsingum stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga.

Það er svo, herra forseti, að afnám verðtryggingar eða viðmiðana af hvaða tagi sem er gengur eins og rauður þráður í gegnum efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar við afgreiðslu mála á haustþingi. Staðreyndin er sú að þessi aðferðafræði hefur í raun ekkert með afnám sjálfvirkni í ríkisrekstri að gera eins og hún er hér fram sett eða greinilega hugsuð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar heldur er hér fyrst og fremst á ferðinni, eins og dæmin sanna, aðferð hæstv. ríkisstjórnar til að koma aftan að launamönnum og skerða kjör þeirra og draga úr því öryggi sem þeir hafa búið við. Um það vitna

m.a. áformin í fjárlagafrv. eins og það var fram lagt að nota þessa aðferð þegar á fyrsta ári til að skerða sérstaklega atvinnuleysisbætur og elli- og örorkulífeyri. Við erum í minni hlutanum algjörlega andvíg þessum áformum, þessari stefnu hæstv. ríkisstjórnar, og greiðum því atkvæði gegn frv. á þeim forsendum.

Auðvitað má einnig benda á að hæstv. ríkisstjórn er í verulegri mótsögn við sjálfa sig eins og hún stendur að málum. Annars vegar leggur hæstv. ríkisstjórn að sögn mikla áherslu á að ná hér hallalausum fjárlögum en hins vegar gefur svo ríkisstjórnin út víxla í sambandi við kjaramál sem kosta miklar fjárhæðir úr ríkissjóði. Og það væri nú sök sér ef ríkisstjórnin hæstv. væri svo ekki í þriðja lagi bundin í báða skó sökum þess að stjórnin vill ekki leggja á neina skatta. Hver getur þá útkoman orðið önnur en sú að þetta tvennt birtist sem mótsögn í stefnu hæstv. ríkisstjórnar, eitt rekur sig á annars horn. Það kemur að sjálfsögðu á daginn að þessi framganga ríkisstjórnarinnar kallar á kvalræði og vandamál við afgreiðslu ríkisfjármála.

Herra forseti. Ég vil síðan láta það koma fram að þótt ég leggist gegn þessu frv. og telji reyndar að tryggingagjaldið sem slíkt sé að mörgu leyti gallaður tekjustofn til þeirra verkefna sem það þó rennur og eru þörf og brýn þá er það auðvitað ekki að öllu leyti heppileg aðferð við að skattleggja atvinnulífið eða láta það taka eðlilegan og sanngjarnan þátt í rekstri samfélagsins sem því að sjálfsögðu ber að gera. Ég er þeirrar skoðunar að það sé heppilegra til að mynda að hafa tekjuskatt fyrirtækja þannig að hann skili meiri tekjum og það sé frekar reynt að skattleggja hagnað fyrirtækjanna eins og hann er eftir eðlilegar heimildir til að draga frá vegna fjárfestinga eða fyrninga o.s.frv. Þess vegna er andstaða mín við þetta frv. í reynd ekki byggð á því að ég sé andvígur því yfir höfuð að fyrirtækin eða atvinnulífið sé látið borga eðlilega í sameiginlega sjóði heldur vegna þess hvernig að þessu máli er staðið og hvernig kringumstæður þess eru og tengsl við efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Þetta, herra forseti, er í megindráttum það sem ég hef að segja fyrir hönd okkar í minni hlutanum um málið. Ég vísa að öðru leyti í nál. okkar á þskj. 393.

[17:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég vísa um okkar afstöðu til nál. á þskj. 396 þar sem við gerum grein fyrir því hvers vegna þingmenn Alþfl. lýsa sig andvíga þessum skattlagningaráformum um tryggingargjald.

Tilefni þessa máls er það að fyrrv. ríkisstjórn lýsti sig reiðubúna til þess í tengslum við kjarasamninga í upphafi þessa árs að taka fyrsta skrefið í þá átt að heimila að iðgjöld launþega í lífeyrissjóði yrðu undanþegin tekjuskatti. Því var lýst yfir af hálfu þáv. ríkisstjórnar að hún áskildi sér rétt til þess að bæta sér upp tekjutapið ef þörf krefði annaðhvort með lækkun útgjalda eða með öflun tekna. Þetta var stærsta framlag þáv. ríkisstjórnar til umræddra kjarasamninga. En framlag ríkisstjórnarinnar til að ná þeim samningum má meta á nokkra milljarða króna af heildarútgjaldaauka vegna samninganna kannski upp á 14–15 milljarða kr. Þetta var gert vegna þess að innsiglun efnahagsbata og stöðugleika með kjarasamningum til tveggja ára var eitt og sér ígildi verulegs tekjuauka fyrir ríkssjóð fyrir utan allar hinar jákvæðu efnahagslegu afleiðingar sem slíkt stöðugleikatímabil hefði haft. Nú er komið á daginn og það er ekki um að deila að í kjölfar þessara samninga hefur þróunin orðið mjög jákvæð þannig að tekjuauki ríkissjóðs er meiri en nemur meintu tekjutapi vegna skattfrádráttar iðgjaldanna. Afstaða okkar alþýðuflokksmanna er því sú að í fyrsta lagi er tekjuaukinn sem fyrir liggur nægur til þess að það þarf ekki að grípa til slíkra skattlagningar. Í annan stað, jafnvel þótt menn vildu styrkja stöðu ríkissjóðs enn frekar vegna þess að hann er jú rekinn með halla, þá er það okkar afstaða að það beri að gera með sparnaðaraðgerðum og í því efni vísa ég einfaldlega til tillagna sem lagðar hafa verið fram í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna, m.a. nú við 2. umr. fjárlaga, þ.e. þar sem lagðar voru fram tillögur um sparnað í ríkisrekstri upp 1,5 milljarða kr. Þar af leiðir að við teljum þetta frv. óþarft. Því næst er því við að bæta að álagning þessa gjalds á launastofnun er eitt og sér kannski ekki skynsamleg leið. Ég viðurkenni fúslega að tryggingagjöld og launatengd gjöld eru hér lægri en víðast hvar annars staðar. En það er einmitt víti til að varast. Þau eru orðin allt of há í grannlöndum okkar og hafa reyndar greinilega haft áhrif í þá átt að auka atvinnuleysi fremur en hitt. En engu að síður er það svo að tryggingagjaldið er gjaldtaka á laun og skerðir svigrúm atvinnulífsins til þess að stíga frekari skref til að hækka launin, þessi smánarlega lágu laun sem svo voru nefnd réttilega hér áðan.

Loks er síðan það að nefna að framkvæmdin á þessari skattlagningu er ein út af fyrir sig algjörlega óásættanleg. Ef það á að leggja á skatt eins og tryggingagjald á atvinnulífið í landinu þá eiga allir atvinnuvegir og öll fyrirtæki að sitja við sama borðið. Það er óverjandi að ætla að mismuna atvinnugreinum. Og eftir hvaða mælikvarða? Eftir því hversu háværir hagsmunavörslumennirnir eru fyrir hverja atvinnugrein hér á þingi? Eftir því hversu sterk ítök rótgrónir, hefðbundnir atvinnuvegir eiga í stjórnkerfinu? Slík sjónarmið eiga alls ekki heima í þessari umræðu. Ef ríkisstjórnin vill fara þessa leið þá á hún að leggja á einfalt, samræmt tryggingagjald þar sem allir sitja við sama borð. Þessi mismunun sem hér er boðið upp á er reyndar svo gróf að það er ekki ólíklegt að á það verði látið reyna, og þá í samhengi við EES-samninga með málskoti fyrir eftirlitsstofnun og þá að lokum hugsanlega EES-dómstóls, hvort þetta standist almennar samkeppnisreglur sem við erum skuldbundnir af.

Herra forseti. Ég ítreka að ég vísa til þessa nál. sem fyrir liggur og lýsi yfir andstöðu okkar jafnaðarmanna við þessi skattlagningaráform.

[17:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald. Það er til komið vegna breytinga á kjarasamningum og með þessu frv. er ríkisstjórnin að reyna að afla tekna til mótvægis við það sem kjarasamningar kosta. Það er reiknað með því að frv. skili um einum milljarði kr. í ríkissjóð. Enda felst breytingin sem hér er verið að leggja til í því að hækka tryggingagjald um 0,5% auk annarra breytinga og með þessari hækkun er jafnframt verið að breyta fyrirkomulagi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ríkisvaldið ætlar að draga sig til baka við fjármögnun á sjóðnum og ætlar atvinnulífinu að standa undir honum. Þetta mál hefur komið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og jafnframt í félmn. vegna þess að ákvæði sem snerta Atvinnuleysistryggingasjóð er einnig að finna í þeim langa og vonda bandormi sem er til meðferðar í nokkrum nefndum þingsins og fer brátt að koma til lokaafgreiðslu í efh.- og viðskn. Í báðum þessum nefndum hefur það komið fram að þessari hækkun er tekið

afar illa af þeim sem látið hafa frá sér umsagnir um hana, hvort sem það eru Alþýðusambandið, BSRB, BHMR eða hin ýmsu samtök atvinnulífsins. Það leggjast allir gegn þessari hækkun. Ástæðurnar eru fyrst og fremst af tvennum toga þó fleiri ástæður liggi þar að baki.

Í fyrsta lagi þykir aðilum atvinnulífsins það ósanngjarnt að hækka tryggingagjaldið á þá og ætla atvinnulífinu einu að standa undir Atvinnuleysistryggingasjóði. Menn benda á að það væri nær að nota þá peninga sem til eru til að hækka laun. Ég ætla að koma nánar inn á þessar röksemdir. En það er einnig bent á það sem kom ekki síst fram í félmn., að Alþýðusambandið hefur reiknað út að þessi fjárveiting sem hér er gert ráð fyrir muni ekki duga. Því sé þessi leið hrein og klár ávísun á það að aftur verði komið til atvinnulífsins og gjaldið hækkað aftur. Það er mjög alvarlegt mál og hefði þurft að skoðast miklu betur hvort sú staða verður komin upp á seinni hluta næsta árs, eða ljóst verður fyrir fjárlagavinnuna fyrir 1997, að það verði enn að hækka gjaldið og peningarnir muni ekki duga. Mér finnst rétt að koma þessu á framfæri því fulltrúar Alþýðusambandsins, og reyndar BSRB líka, lýstu yfir miklum áhyggjum af þessu.

Ég er þeirrar skoðunar að atvinnulífið eigi að leggja sitt af mörkum til samneyslunnar í þjóðfélaginu, til velferðarþjónustunnar, því hún snertir atvinnulífið að miklu leyti. Eins og ég rakti í ræðu minni við fjárlögin í gær skiptir líðan fólks miklu máli fyrir atvinnulífið og hefur mikil áhrif á hið efnahagslega umhverfi, á framleiðni t.d. og því er það svo að í langflestum löndum og líklegast nánast alls staðar, leggur atvinnulífið sitt af mörkum til hinna sameiginlegu þarfa.

Ég ætla að rifja það upp í þessu samhengi að þegar ég átti þess kost að ferðast um Bandaríkin í fyrra fengum við einmitt að hitta fulltrúa í bandarísku byggingarfyrirtæki. Það var kona sem rekur stórt byggingarfyrirtæki í Los Angeles. Hún var félagi í samtökum sem kallast fyrirtæki með félagslega ábyrgð. Það eru fyrirtæki sem stuðla að því að bæta umhverfi sitt, styðja t.d. við unglingastarf, kvennaathvörf, reisa barnaheimili o.fl. í þeim dúr, vegna þess að þeim er ljóst að fyrirtæki þrífast ekki í óvinsamlegu eða erfiðu umhverfi. Þess vegna eru þau að leggja sitt af mörkum í því tilviki til síns nánasta umhverfis. En þau leggja auðvitað sitt líka af mörkum til síns ríkis og reyndar alríkisins. Ég er fylgjandi því að atvinnulífið leggi sitt af mörkum en mér finnst miklu eðlilegra að gera það í gegnum tekjuskatt og ganga út frá stöðu fyrirtækjanna þannig að þau borgi meira þegar vel gengur en sé hlíft þegar ver gengur. Tekju- og eignarskattar á fyrirtækjum hafa verið lækkaðir mjög verulega á undanförnum árum. En þar á móti eru menn að seilast í ýmsa aðra vasa.

Efh.- og viðskn. kallaði fjölda fulltrúa á sinn fund til að fara yfir þetta mál og það er mjög fróðlegt að glugga í athugasemdirnar sem komu frá þessum aðilum og ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins í þær. Það hefur enginn rakið þessar röksemdir í umræðunni en þær eru allar einróma. Þessari hækkun er mótmælt mjög harðlega. T.d. segir í samþykkt Landssambands íslenskra útvegsmanna:

„Stjórnin samþykkti að mótmæla harðlega fyrirhugaðri hækkun á tryggingagjaldi um 0,5%. Frá því lögin um tryggingagjald tóku gildi í ársbyrjun 1991 hefur það tryggingagjald, sem lagt er á sjávarútveginn hækkað úr 2,5% í 3,63%, nái þessi hækkun fram að ganga eða um 45% á 5 árum."

Við erum að tala um hækkun hér sem á að skila heilum milljarði. Það segir jafnframt í samþykkt LÍÚ: „Tryggingagjaldið er með sama hætti óheppilegur skattur að það tekur ekki tillit til afkomu atvinnulífsins ..." Það er öllum gert að greiða hvernig sem á stendur. Síðan segir: „Þá er því mótmælt að ríkissjóður skuli ekki áfram greiða sinn hlut á móti því sem Atvinnuleysistryggingasjóður hafði í tekjur af tryggingagjaldi. Atvinnuleysi getur vart talist einkamál atvinnulífsins og því ætlað að standa einu undir útgjöldum sjóðsins."

Sams konar rök koma fram hjá Samtökum fiskvinnslustöðva sem benda á að á þeim lendi 50 millj. kr. til viðbótar ef hækkunin nær fram að ganga meðan atvinnugreinin er rekin með tapi og fram undan eru launahækkanir og nýir kjarasamningar. Alþýðusamband Íslands benti á að nær væri að nota þessa peninga í að hækka launin og þeir benda á að hækkun á tryggingagjaldi virki til verðhækkunar á vöru og þjónustu með svipuðum hætti og hækkun virðisaukaskatts. Þeir benda einnig á að þessi hækkun auki hættuna á vaxandi launamun á almennum markaði annars vegar og hjá ríkinu hins vegar. Alþýðusambandið mótmælir þessari hækkun á tryggingagjaldi.

Það sama gildir um Verslunarráðið sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þekkir nú gjörla. Hann þarf að standa í því hér í þingsölum að mæla fyrir málum sem þau samtök sem hann vinnur hjá eru eindregið mótfallin og hlýtur það stundum að vera erfitt hlutskipti þó að þingmaðurinn taki því hetjulega. Verslunarráðið segir í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Verslunarráð lýsir yfir vonbrigðum sínum með þau áform um hækkun tryggingagjalds, sem birtast í 2. gr. frumvarpsins, enda fela þau í sér að lagðar eru auknar álögur á atvinnulífið." Þeir benda einnig á það sem nokkuð var rætt á fundi efh.- og viðskn., að það eru í gildi tvö mismunandi stig á tryggingagjaldi og mörgum finnst óréttlátt hvernig sú skipting er.

Samtök iðnaðarins eru á sömu nótum og telja að með þessu gjaldi sé m.a. verið að koma í veg fyrir fjölgun starfa. Bið ég nú þingmenn stjórnarliðsins að hlusta vel eftir, sérstaklega framsóknarmenn sem hafa lofað því að fjölga störfum um 12.000 fram til aldamóta. Þessar aðgerðir eru ekki beinlínis til þess fallnar.

Bændasamtökin benda á það, og það verður að segjast eins og er, að þó að við höfum verið að gagnrýna samninga sem hafa verið gerðir við bændur, þá er nú ekki vansalaust hvernig komið hefur verið fram við þá. Tryggingagjaldið er einmitt dæmi um það. Bændum er gert að greiða tryggingar sem renna í Atvinnuleysistryggingasjóð en þeir hafa þar engin réttindi. Og þeir benda á að ekkert hefur gerst í þeim málum og segja: „Meðan svo er hljóta Bændasamtök Íslands að mótmæla fyrirhugaðri hækkun skattlagningar á landbúnaðinn til Atvinnuleysistryggingasjóðs."

Loks, herra forseti, ætla ég að vitna í umsögn Vinnuveitendasambandsins og er þá allur skalinn kominn frá Alþýðusambandinu, Bændasamtökum, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráðinu og yfir í Vinnuveitendasambandið og þetta eru nú engin smásamtök sem þarna eiga hlut að máli. Þetta eru hinir frægu aðilar vinnumarkaðarins og þeir sem oftast eru kallaðir til og mikið mark er tekið á. Þeir lýsa því yfir að hækkun tryggingagjaldsins gangi þvert á efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Þeir rifja það upp að meðal markmiða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sé það að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir hagvöxt og einnig að tryggja stöðu og góð rekstrarskilyrði útflutningsgreinanna. Og síðan segir, með leyfi forseta:

„Þetta frumvarp er ekki í neinu samræmi við ofangreind markmið, þvert á móti. Það grefur undan stöðugleika í efnahagsmálum, dregur úr hagvexti og bitnar sérstaklega á rekstrarskilyrðum útflutningsgreina.

Flestum er ljóst að hækkun launatengdra gjalda dregur úr hagvexti og fjölgun starfa. Þannig hefur umræða um atvinnumál á alþjóðavettvangi síðustu misserin markast mjög af samstöðu allra helstu áhrifaafla um nauðsyn þess að lækka launatengd gjöld."

Hér er verið að stefna í þveröfuga átt og þeir benda á að þessi skattahækkun leiði til 0,20–0,25% verðlagshækkunar og segja að lokum: „Vinnuveitendasambandið mælir því mjög eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps á Alþingi."

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir því að þeir aðilar sem kallaðir voru til vegna þessa máls mótmæla gjaldinu harðlega. Ég hefði talið réttara að fara þá leið að hækka aftur tekjuskatt á fyrirtækjum ef menn vilja leita í þá sjóði, ekki síst vegna þess efnahagsbata sem greinilega er að koma í ljós, vegna þess m.a. að þá borga þeir sem betur standa. En með þessari leið er öllum gert að borga hvernig sem á stendur og það er einfaldlega ekki réttlátt. Eftir stendur, hæstv. forseti, og ég hlýt að beina þeim orðum til hv. form. efh.- og viðskiptanefndar, að við verðum að skoða betur að mínum dómi, milli 2. og 3. umræðu, hvort við erum með þessum breytingum, þ.e að draga ríkissjóð út úr Atvinnuleysistryggingasjóði og láta tryggingagjaldið koma þar á móti, að stefna inn í þá stöðu eins og fullyrt var af Alþýðusambandinu fyrst og fremst að þetta mundi ekki duga. Hvar stendur ríkissjóður ef þetta dugar ekki? Hvar stendur Atvinnuleysistryggingasjóður ef þetta dugar ekki? Ætlum við þá að hlaupa til einhverra aðgerða? Ég held að við þurfum að skoða þetta mál nánar og ég ítreka það sem reyndar kemur fram í því nefndaráliti sem ég hef lýst yfir stuðningi við að ég tel þetta ekki rétta leið og mun ekki greiða atkvæði með þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 174, nál. 386, 391 og 395, brtt. 387.

[18:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum — sem hafa verið allmargar og nánast árvissar, jafnvel ein og tvær á ári.

Hæstv. forseti. Ef við lítum á það frv. sem hér liggur fyrir, er þetta fyrst og fremst breyting sem felst í því að afnumin er svokölluð sjálfvirkni í uppfærslu upphæða. Í stað þess að miða við vísitölur innan árs og útreikning svokallaðrar skattvísitölu milli ára eru upphæðir ákveðnar beint í frv. sjálfu og í lögunum sjálfum. Þetta þýðir að ef framhald verður að Alþingi mun jafnan fyrir hver áramót þurfa að endurskoða upphæðir og breyta þeim beint eftir því sem þarf og eftir því sem menn vilja gera í hvert skipti.

Þegar nefndin fjallaði um frv. sendi hún það til umsagnar til hefðbundinna umsagnaraðila, fékk til sín umsagnir og auk þess var haldinn fundur þar sem umsagnaraðilar komu til fundar við nefndina og gerðu grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ákveðið að gera tillögur um breytingar á frv. Það eru fyrst og fremst tæknilegar breytingar og eins breytingar sem tengjast þeirri breytingu að afnema sjálfvirknina en ákveða upphæðirnar beint í lögunum sjálfum. Slíks eðlis eru breytingartillögur í liðum 1, 2 og 3 og síðan í lið 4. Þar er gerð brtt. sem er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um kjaramál frá 29. nóv. sem felast í því að frádráttur launþega vegna iðgjalda í lífeyrissjóði kemur hraðar til framkvæmda en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Síðan er í lið 6 gert ráð fyrir því að bráðabirgðaákvæði V falli brott. Þar er verið að leggja niður svokallaða 15% reglu en hún fólst í því að vegna álagningar tekjuskatts var mönnum 70 ára og eldri heimilt að draga frá 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum. Þessi 15% regla er nú afnumin. Stendur það í samhengi við þá ákvörðun að heimila frádrátt vegna iðgjalds launþega í lífeyrissjóði og má segja að eftir að sú heimild er komin fram sé ekki með nokkru móti hægt að tala um að iðgjöld í lífeyrissjóði séu skattlögð tvisvar sinnum, bæði við inngreiðslu og úttekt.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem ég hef rakið.

[18:06]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. ríkisstjórnarinnar um tekjuskatt og eignarskatt og breytingar á því. Ég vísa til afstöðu okkar þingmanna Alþfl. sem fram kemur í nál. á þskj. 391.

Efni þessa frv. er í aðalatriðum það að auka tekjur ríkissjóðs um 1,8 milljarða með hækkun tryggingagjalds eins og áður var rætt og frystingu persónuafsláttar. Í annan stað er gerð grein fyrir áformum um afnám sjálfvirkni eða sjálfvirkar tengingar skatta og bóta við verð- og launavísitölur auk þess sem kveðið er á um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda launafólks. Hér er enn fremur staðfest framlenging svokallaðs sérstaks tekjuskatts, í daglegu tali nefnt 5% hátekjuskattur, auk þess sem stigið er jákvætt skref til að draga ögn úr of háum jaðarsköttum með hækkun framlags til barnabótaauka um einar 500 millj. kr. sem réttir aðeins hlut barnafjölskyldna gagnvart jaðarsköttum.

Að því er varðar framlengingu hátekjuskattsins er um það eitt að segja að því var heitið á sínum tíma þegar hann var tekinn upp að hann skyldi standa a.m.k. svo lengi sem fjármagnstekjuskattur væri ekki innleiddur, en sem kunnugt er mun núv. ríkisstjórn ekki standa við yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar um það að hann skyldi lögleiddur nú um áramót.

Þessi tvö mál, breytingar á tekju- og eignarskatti eru auðvitað í nánum tengslum við það mál sem við ræddum áðan, um tryggingagjaldið. En það er einkum þrennt sem ber að vekja athygli á við afgreiðslu þess. Í fyrsta lagi eru það áformin um afnám sjálfvirkni í ríkisbúskapnum. Það mál hefur verið rætt við fjárlagaafgreiðsluna. Ég hef fyrir hönd okkar alþýðuflokksmanna lýst því yfir að við erum jákvæðir gagnvart því og teljum reyndar eðlilegt og nauðsynlegt að stíga skref í þá átt að afnema sjálfvirkni, sérstaklega að því er varðar markaða tekjustofna. En við drögum víglínuna nákvæmlega þar sem viðleitni stjórnarflokkanna er sú að

höggva á tengsl milli annars vegar launa og atvinnuleysisbóta og hins vegar á milli launa og bóta lífeyristrygginga.

Við teljum að tengslin milli launa vinnumarkaðarins og bótagreiðslna, atvinnuleysisbóta og lífeyrisgreiðslna séu eðlileg og nauðsynleg og það vakir allt annað fyrir stjórnarflokkunum heldur en einhver umbótaviðleitni í ríkisfjármálum. Hins vegar erum við sammála því að það beri að rjúfa þessa sjálfvirkni, einkum og sér í lagi að því er varðar markaða tekjustofna sem margir hverjir velta á milljörðum króna. Ég nefni sem dæmi vegáætlun eða flugmálaáætlun og reyndar marga aðra lagabálka sem kveða á um markaða tekjustofna til einhverra tiltekinna framkvæmda eða þjónustuþátta. Það er ekki hægt að ná árangri í ríkisfjármálum ef útgjöld í veigamiklum útgjaldaflokkum af þessu tagi eru sett á sjálfvirkni alveg burt séð frá afkomu þjóðarbúsins. Þá kunna menn að spyrja: Já, en hvað með vinnumarkaðinn og bótagreiðslurnar? Það hefur komið á daginn, sérstaklega á undanförnum samdráttarárum, að það er miklu meiri sveigjanleiki á íslenskum vinnumarkaði og launamarkaði heldur en kannski í nokkru öðru þjóðfélagi á nálægum breiddargráðum. Það hefur gengið tiltölulega hratt fyrir sig að laga hlut launa að minnkandi þjóðartekjum. Það finna menn á pyngju sinni, það finna menn í þeirri staðreynd að launin á Íslandi hafa lækkað með lækkandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Það gagnrýniatriði að þau séu ósveigjanleg, þ.e. kveði á um sjálfvirkni útgjaldastigs, reynist því ekki rétt þegar nánar er skoðað.

Að því er varðar það tvennt sem hér er nefnt, jaðarskatta og fjármagnstekjuskatt, vil ég segja það að fyrir seinustu kosningar lýstu fulltrúar þáv. stjórnarflokka og reyndar stjórnarandstöðu því yfir að það væri komið út í hreinar ógöngur með tekjutengingu bótagreiðslna og skerðingar á bótagreiðslum í tengslum við tekjur. Afleiðingarnar væru þær að skattlagning á hverja viðbótarkrónu sem launþegar ynnu sér inn væri orðin allt of há, um að þóttust allir vera sammála. Eins og ég segi, hér er gert ráð fyrir að stíga skref í því að hækka barnabótaauka og það dregur úr jaðarsköttum. Við teljum hins vegar að þetta sé aðeins fyrsta skrefið. Kjósendur máttu ætla af málflutningi framjóðenda að þetta væri það vandamál sem þeir mundu einbeita sér að. Stjórnarflokkarnir hafa ekki staðið við það. Þeir hafa lýst því yfir að þeir munu fresta þessu máli í stórum dráttum, setja það í nefnd og það komi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1997. Í tillögum sem nú liggja fyrir að því er varðar fjárlagaafgreiðslu höfum við alþýðuflokksmenn þess vegna sýnt ákveðna viðleitni til þess að ganga lengra í þessu efni, bæði með því að við viljum verja meiri peningum til þess að barnabótaaukinn verði ekki tekjutengdur með þessum hætti, þ.e. gegn láglaunafjölskyldum og einnig viljum við að sömu reglur verði teknar upp að því er varðar vaxtabætur. Hvort tveggja þetta á að verða til þess að draga úr jaðarsköttunum og þar með að forða því að þeir tekjuhópar sem verða einna verst fyrir barðinu á þessu upplifi það sem vinnuletjandi og ranglátt kerfi.

Að því er varðar skatt á fjármagnstekjur er það staðreynd að núv. stjórnarflokkar lýsa því yfir í orði kveðnu að þeir stefni að því að taka hann upp. Það er mikill ágreiningur um útfærslu en allt bendir til þess að þeir muni ekki koma því í verk að framkvæma þetta á næsta ári.

Að því er varðar síðan þær tillögur sem hér er gert ráð fyrir, þ.e. að framtaldar fjármagnstekjur að ákveðnum hundraðshluta skerði bótagreiðslur, er það svo að þetta á að byggja á því að þær tekjur eru framtalsskyldar þótt þær séu ekki skattskyldar. Grundvallarspurningin sem menn standa þarna frammi fyrir er einfaldlega sú hvort þetta verði framkvæmanlegt í ljósi þess að fjármagnstekjur hafa af langri hefð aldrei verið framtaldar.

Í nefndaráliti okkar um þetta mál segir: „Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að fyrirhugað sé að taka upp fjármagnstekjuskatt á næsta ári. Alþýðuflokkurinn hefur lengi barist fyrir því að koma á fjármagnstekjuskatti sem réttlætismáli. Það var þó ekki fyrr en í tengslum við ráðstafanir sem gerðar voru í desembermánuði sl. að tókst að fá sjálfstæðismenn til að samþykkja yfirlýsingu sem var bindandi og ótvíræð um að lög þess eðlis skyldu samþykkt á því þingi sem nú situr."

Það er athyglisvert að hinn stjórnarflokkurinn tregðaðist við og sinnti lengi vel ekki beiðni um að tilnefna mann í nefnd. Hann gerði það að vísu seint og um síðir en niðurstaðan er sú af hálfu stjórnarflokkanna að þeir hafa ekki staðið við það loforð sem gefið var af fyrrv. ríkisstjórn um að fjármagnstekjuskattur skuli koma til framkvæmda á næsta ári og er það mál reyndar í fullkominni óvissu.

[18:15]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um það að hv. efh.- og viðskn. á að byrja á fundi kl. 8 í kvöld. Þeir menn sem aðallega eru í fyrirsvari fyrir nefndina eða mál hér núna eru úr efh.- og viðskn. og eru búnir að vera að verkum í allan dag. Ég mælist til þess miðað við það sem talað var um áður að menn haldi sig við samkomulagsmál en séu ekki að reyna að þrýsta í gegn erfiðum deilumálum. Það eru einhver samkomulagsmál eftir á dagskránni og á að vera hægt að ljúka þeim. Síðan vil ég í alvöru mælast til þess að þessum mönnum verði gefinn kostur á því að rétta úr sér á milli kl. 7 og 8 eða svo. Það er ekki til of mikils mælst, er það, forseti?

[18:17]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti getur lýst því yfir að hann vill fara að tilmælum hv. 8. þm. Reykv. mjög fljótlega. Hann hefði að vísu óskað eftir því að eins og einn hv. þm. fengi að ljúka máli sínu áður og síðan yrði þessu dagskrármáli frestað og þá færi fram atkvæðagreiðsla.

[18:17]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna salómonsdómi forseta áðan nýföllnum um að menn geti eitthvað dregið andann á milli funda í nefndum og á linnulausum fundi sem hefur staðið í dag. Ég hef ekki um það fleiri orð en tek til að mæla fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þar er fyrst til að taka, herra forseti, að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hvað þetta frv. varðar eru auðvitað sama marki brennd og vinnubrögð hennar við ríkisfjármálin almennt. Þetta mál kom seint fram og síðan hafa verið að koma til nefndarinnar breytingartillögur á allra síðustu dögum. Afstaða okkar í 2. minni hluta efh.- og viðskn. er hin sama til þessa máls og frv. til laga um tryggingagjald sem var næst á dagskrá á undan þessu máli, þ.e. að náist ekki fram á því umtalsverðar breytingar erum við andvíg því og getum ekki stutt efni þess. Það dregur sérstaklega dám af því að hér er

á ferðinni krossferð hæstv. ríkisstjórnar gegn afnámi hvers konar viðmiðunar eða tengingar útgjalda, afslátta- og bótagreiðslna við verðlag eða niðurstöður kjarasamninga. Hér er því verið, herra forseti, að ráðast einhliða með harkalegum hætti á grundvallaratriði í okkar félagskerfi. Hér er um að ræða einhliða árás hæstv. ríkisstjórnar á það fyrirkomulag sem sæmileg sátt hefur verið um á undanförnum árum.

Það þarf ekki að taka það fram að þetta kemur landsmönnum í opna skjöldu. Það var ekkert slíkt boðað af hálfu stjórnarflokkanna fyrir kosningar nema síður sé. Ég fullyrði að þó að menn leiti með logandi ljósi í öllum hinum stórbrotnu bæklingum Framsfl. og loforðalistunum þar, finna þeir hvergi loforð um það að svipta til að mynda atvinnulausa því réttaröryggi og tryggingu sem þeim hefur verið búin í sjálfvirkri viðmiðun sinna kjara við launaþróun í landinu og tiltekin viðmiðunarlaun. Þó að þeir væru býsna útbærir á loforð, framsóknarmenn, þá lofuðu þeir ekki þessu. En þeir gera það hins vegar en svíkja allt hitt sem lofað var. Þannig er þetta nú. Og það má segja að þessi frammistaða nái hámarki sínu í þessum róttæku eða gagngeru grundvallarbreytingum á velferðarkerfinu sem verið er að gera.

Ég held því miður, herra forseti, að það hafi kannski nokkuð skort á að menn hafi áttað sig á því almennt, fyrr en núna allra síðustu dagana, hversu mikil stefnubreyting er hér á ferðinni. Mér er það til efs að menn hafi almennt áttað sig á því og það tekur eiginlega til allra, jafnvel forustumanna verkalýðshreyfingar og samtaka aldraðra og öryrkja líka, hversu alvarleg þessi grundvallarstefnubreyting er vegna þess að hún breytir samskiptareglunum í þessum efnum í grundvallaratriðum. Það er til að mynda þannig að samtök sem starfa og með óeigingjörnum hætti sem er aðdáunarverður við að reyna að gæta hagsmuna margra hópa sem ekki hafa sterka vígstöðu úti í þjóðfélaginu til að heyja sína kjarabaráttu, svo sem Samtök öryrkja svo ekki sé talað um Samtök atvinnulausra, hafa þó getað treyst því að þegar semdist um einhverja tiltekna hluti í launaþróun í landinu mundi það sjálfkrafa koma þeirra félagsmönnum til góða. Þeirra lífskjör þróuðust þar af leiðandi í takt við ákveðna viðmiðunarhópa eða viðmiðunarstéttir. Nú er verið að rjúfa þessa tryggingu og það getur ekki kallað á annað, herra forseti, en átök sem nokkuð borðleggjandi er ef í kjölfarið er ætlunin að nota þetta sem tæki til að skerða kjör þessara hópa sérstaklega. Og velkist menn í vafa um tilganginn er best að lesa greinargerð með fjárlagafrv. því að þar stendur skýrum stöfum að strax á fyrsta ári þessara breytinga er ætlunin að skerða bæturnar.

Þannig er það því miður, herra forseti, að afnám þessarar viðmiðunar, þessi krossferð hæstv. ríkisstjórnar á ekkert skylt við uppstokkun í ríkisfjármálum eða skynsamlega nálgun þeirra hluta. Hér er fyrst og fremst á ferðinni aðferð til að gera annað tveggja og í reynd að nokkru leyti hvort tveggja, hækka skatta með því að afnema þær viðmiðanir sem þar hafa verið, t.d. varðandi uppreikning á persónufrádrætti og öðru slíku og hins vegar skerða ýmsar bótagreiðslur til launamanna eða bótaþega. Við höfnum þessu, fulltrúar minni hlutans, herra forseti, og getum ekki sætt okkur við þessar breytingar á velferðarkerfinu.

Sá skattur hins vegar sem almenn samstaða er um, a.m.k. í orði kveðnu að eigi að taka upp og pólitískur vilji er fyrir að verði tekinn upp til að afla tekna í ríkissjóð, stjórnarandstaðan er tilbúin til að greiða fyrir á þinginu, það er fjármagnstekjuskatturinn, á honum bólar ekki. Það er eins og venjulega með það mál að það eru einhver hulin öfl sem þvælast endalaust fyrir. Einhvers staðar eru lappirnar dregnar stanslaust þannig að málið kemst ekki áfram. Það dragnar skúfurinn hjá mönnum í því máli svo að notuð sé líking úr Eyrbyggju. Þetta er hið dapurlegasta, herra forseti.

Við í 2. minni hluta munum hins vegar taka afstöðu til einstakra greina frv. og/eða breytingartillagna meiri hlutans eftir því hvernig þær liggja og þar af leiðandi styðja sum ákvæði sem við teljum til bóta. Við styðjum að sjálfsögðu framlengingu á svonefndum 5% hátekjuskatti en það er okkar skoðun að það ætti að skattleggja raunverulegar hátekjur í mun ríkari mæli. Það mætti t.d. hugsa sér að annað þrep kæmi til sögunnar við nokkru hærri tekjur en miðað er við varðandi 5%, svo sem eins og 800 þús. kr. tekjur á mánuði. Okkur er að sjálfsögðu ljóst að slíkt skilar ekki neinum umtalsverðum fjárhæðum í ríkissjóð enda er það kannski ekki aðalatriðið heldur hitt að réttlátari skattstigi og eðlilegri dreifing byrðanna næst með því.

Annar minni hluti styður sömuleiðis að framlag launþega í lífeyrissjóð verði undanþegið tekjuskatti og fyrir því standa ýmis rök. En að öðru leyti er það svo, herra forseti, að meginþættir frv. endurspegla stefnu ríkisstjórnarinnar sem er fjandsamleg launamönnum og tryggir ekki þá lausn mála sem við teljum vænlega til árangurs og líklega til að leiða til betri lífskjara í landinu.

Síðan er það þannig, herra forseti, að í tengslum við þá yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstjórn gaf og fylgdi framlengingu kjarasamninga og ákvörðun hinnar margfrægu launanefndar þar um, leggur meiri hlutinn nú til ýmsar breytingar sem margar hverjar eru til bóta og ívilnandi. Að sjálfsögðu getum við stutt þær þó það breyti ekki afstöðu okkar til málsins í grundvallaratriðum.

Ég ætla nú að nefna nokkur helstu efnisatriði frv. og gera um leið grein fyrir afstöðu okkar til hvers einstaks liðar, herra forseti. Ég tek þetta ekki endilega í þeirri röð sem það er í frv. heldur út frá ákveðnum efnisþáttum. Ég hygg að það sé skýrara fyrir menn að reyna að átta sig á þessu þannig heldur en ráða eitthvað í þessa munkalatínu sem hér er fram sett og er fyrst og fremst tölur, í raun gersamlega ólæsilegar merkingarlega nema menn hafi við hendina lögin sjálf. Og jafnvel það er býsna torsótt eins og þeim er búið að breyta oft á undanförnum árum. Það er auðvitað ekki gott hversu feiknalega flókið er fyrir aðra en algera sérfræðinga að átta sig á tekjuskattslögunum í fljótu bragði. Það þyrfti að búa til sérstaka vegahandbók um skattalögin, svo flókin eru þau, ef menn eiga að geta ratað eitthvað um þau. (**VE:** Þetta heyrir til samgönguráðuneytinu.) Já og væri þá spurning hvort það ætti ekki að flokkast undir samgöngumál að rata um skattalöggjöfina.

Í fyrsta lagi, herra forseti, um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Við í 2. minni hluta erum hlynntir því að iðgjöld í lífeyrissjóði séu frádráttarbær frá skatti og ég leyfi mér, herra forseti, að minna á þá afstöðu sem ég fyrir hönd þáverandi minni hluta í efh.- og viðskn. tók í þessu máli á síðasta kjörtímabili þegar hæstv. ríkisstjórn sem þá var, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, datt allt í einu í hug í einum desembermánuði að gefa mönnum í jólagjöf 15% frádrátt á útgreiðslum úr lífeyrissjóðum. Þá taldi ég það óskynsamlega aðferð og lagði til að þess í stað yrði farin sú leið að gera inngreiðslur í lífeyrissjóðina frádráttarbærar frá skatti. Það væri hin eina skynsamlega lausn á þessu máli til frambúðar og þetta óvenjulega örlæti þáv. ríkisstjórnar væri ekki skynsamlegt þó að það að sjálf-

sögðu væri eðlilega vel þegið af þeim sem þá voru eða nú eru að taka við greiðslum úr lífeyrissjóðum.

Mergurinn málsins er sá að hér hafa menn fyrst og fremst verið að tefla fram því réttlætissjónarmiði að nauðsynlegt sé að tryggja að ekki sé um að ræða tvísköttun á þessum greiðslum í þeim skilningi að fyrst greiði menn í lífeyrissjóð sinn hluta hafandi áður greitt tekjuskatt af þeim tekjum sem þeir fá og síðan séu útgreiðslurnar úr lífeyrissjóðnum, þegar þar að kemur, skattlagðar sem tekjur. Þetta ástand er að sjálfsögðu ekki rétt og eina aðferðin til að tryggja til frambúðar og varanlega að um þetta standi ekki deilur er sú að veita skattfrelsi á inngreiðslurnar. Það er auðvitað eina aðferðin vegna þess að ella geta menn endalaust rifist um upphæðir persónufrádráttar o.s.frv. Það er auðvelt að benda á að það er réttlátari leið að hafa inngreiðslurnar frádráttarbærar heldur en hluta af útgreiðslunum eða lífeyristekjunum þegar þær fara að koma, enda ekki alltaf sömu aðilar sem þá eiga í hlut og ekki ná allir því eins og kunnugt er að nýta sér sinn lífeyrisrétt.

Nú hefur það sem sagt gerst, fyrst og fremst fyrir þrýsting frá aðilum vinnumarkaðarins eða verkalýðshreyfingunni, að ríkisstjórnin hefur snúið við blaðinu í þessu máli. Nú hafa menn ákveðið að falla frá jólagjöfinni frá því í hittiðfyrra um að heimila mönnum að draga frá 15% af útgreiddum lífeyri og taka þess í staðinn upp í áföngum, eins og það átti reyndar að verða, skattfrelsi á inngreiðslur. Það veldur því eðlilega vonbrigðum að þessi nýtilkomna gjöf til þeirra sem nú eru að fá lífeyri útgreiddan er allt í einu tekinn af nánast fyrirvaralaust. — Herra forseti, er þetta leikæfing þarna í myndaherberginu eða hvað gengur á þarna eiginlega?

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Þetta herra forseti, læt ég nægja um þetta mál og sný mér þá að barnabótaauka og jaðarsköttum sem koma nokkuð við sögu, í öðru lagi. Það er að sjálfsögðu jákvætt að okkar mati að ríkisstjórnin er loksins að sýna lit í því að draga úr óhæfilegri tekjutengingu bóta í skattkerfinu og það er gert með því að draga nokkuð úr tekjutengdri skerðingu barnabótaauka. Í reynd er sett þak á skerðinguna í þeim skilningi að það er sett þak á skerðingu barnabótaaukans sem slíks. Hér er hins vegar því miður of skammt gengið og ég óttast að við þetta verði látið sitja og menn muni með þessari tiltölulega litlu lagfæringu þykjast hafa þvegið hendur sínar eða gert sitt í þessu vandamáli. Þá er ekki nógu vel að verki staðið. Það sem auðvitað þurfti að gera og þarf að gera er heildarendurskoðun á öllu þessu samspili tekjutengingar bótagreiðslna eða skerðinga í skattkerfinu. En þetta litla sem er er að sjálfsögðu í rétta átt og það er athyglisvert að með þessu er hæstv. ríkisstjórn að taka upp tillögur og stefnu Alþb. í skattamálum því að Alþb. setti á síðasta kjörtímabili fram, fyrst flokka, tillögur um þak á jaðarskatta í skattkerfinu. Við vildum að vísu ganga lengra og að sett yrði ákveðið þak á jaðarskatta við 55%. Þetta kemur þannig út að í reynd er þak á skerðingu barnabóta og barnabótaauka við um það bil 57%.

(**Forseti** (GÁ): Á hv. þm. eftir að halda langa ræðu til viðbótar?)

Nei, ekki mundi ég segja það. Þó er þetta nú afstætt, herra forseti, eftir því við hvað er miðað. Það sem einum finnst langt finnst öðrum kannski stutt.

(**Forseti** (GÁ): Hugmyndin var að fresta þessu máli og fara í atkvæðagreiðslur en ef þm. á ekki ...)

Ég mundi gjarnan vilja ef ég mætti ljúka máli mínu á svona 5–8 mínútum, herra forseti.

(**Forseti** (GÁ): Gjörðu svo vel.)

Það kalla ég svo sem ekki langan tíma. Ég hef ef til vill eitthvert annað tímaskyn en aðrir menn, enda er ég menntaður jarðfræðingur og mér því nokkuð tamt að skoða jarðsöguna í árþúsundum, herra forseti, en ekki einhverjum sekúndum.

Aðeins meira um þetta mál, herra forseti, um barnabótaaukann og jaðarskattinn. Lagfæringin sem hér er gerð kemur þannig út að þak verður á skerðingu barnabótaaukans við um 57–58% jaðarskatt. Að sjálfsögðu er það jákvætt en áfram getur lagst þar til viðbótar skerðing á vaxtabótum eða húsaleigubótum, tekjutengdar afborganir námslána o.s.frv. Þetta er því bara örlítið hænuskref í því að losa fólk út úr hinni hrikalegu gildru sem há jaðaráhrif í skattkerfinu geta haft í för með sér og allt of skammt gengið. Þarna þyrfti að taka stefnu Alþb. upp ómengaða en ekki bara hluta hennar, setja ákveðið þak á jaðarskatta, t.d. með því að forgangsraða bótaþáttunum, þannig til að mynda að barnabæturnar og barnabótaaukinn skertust síðast og þó aldrei meira en að einhverju tilteknu hlutfalli, 55% eða þar um bil. En þetta litla sem er er í rétta átt og svo lengi sem það veit ekki á að ríkisstjórnin ætli ekkert meira að aðhafast má skoða það sem jákvæða viðleitni.

Í þriðja lagi, herra forseti, fagna ég því að nú eru teknar upp afskriftar- eða fyrningarreglur á bílum sem einstaklingar eiga. Sá sérkennilega skattlagningarmáti hefur verið viðhafður að bifreiðar sem ekki eru notaðar í atvinnuskyni, atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, hafa ekki mátt fyrnast. Þær hafa staðið á upphaflegu verði í skattframtölum einstaklinganna og myndað skattstofn að breyttu breytanda sem slíkar. Þetta er að sjálfsögðu óeðlilegt, þeim mun óeðlilegra sem verðlag er orðið stöðugt og verðbólga lítil, og þetta er þar af leiðandi orðið praktískt mál sem hefur áhrif gagnvart skattgreiðslu manna. Ég tók þetta mál upp í efh.- og viðskn. á síðasta kjörtímabili. Fjmrn. hefur skoðað það í millitíðinni og leggur þessa breytingu nú til í frv. og ég fagna því að eitt og eitt réttlætismál af þessu tagi nær fram að ganga.

Í fjórða lagi hef ég þegar, bæði fyrr í þessari ræðu og eins í umræðum um síðasta dagskrármál, gert grein fyrir málamyndarökum hv. stjórnarliða um afnám sjálfvirkni og hef ekki um það fleiri orð. En ég vil staldra aðeins við einn þátt sem er sérstakur fyrir þetta mál og hann er sá að nú á að leggja niður skattvísitöluna. Ekki er nóg með að ekki megi nota hana lengur heldur á beinlínis að leggja hana niður. Væntanlega er eftirleiðis bannað að reikna hana út. Hún má hvergi sjást á prenti eftir þetta, eða hvað? Því að fella á niður úr lögum ákvæðin um hana. Ég spyr menn að því, hafa þeir hafa hugleitt hvort þetta er nú mjög skynsamlegt eða yfirleitt gáfulegt? Gæti ekki reynst nauðsynlegt að hafa áfram útreiknaða skattvísitölu með tilteknum hætti, m.a. vegna samanburðar við fyrri tíð? Ég held að þetta sé alveg óhugsað og út í loftið. Hér er á ferðinni krossferð ríkisstjórnarinnar, undir fölskum formerkjum að sjálfsögðu, gegn allri sjálfvirkni, viðmiðunum og tengingum og ofstækið er þvílíkt að banna á að reikna út skattvísitölu. Sáralítill tími gafst til að skoða málið í nefndinni. Ég óttast að það sé meira og minna óathugað og hef sterkan fyrirvara á um að það sé skynsamlegt. Það er allt annað mál þótt menn taki um það ákvörðun að hætta að nota skattvísitölu í einhverjum

tilteknum tilvikum eða jafnvel alveg. En eftir sem áður gæti verið praktísk þörf fyrir að hún væri reiknuð út.

Ég hafði, herra forseti, einnig nefnt skattafslátt ellilífeyrisþega. Hann átti samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv. að falla niður í áföngum og ellilífeyrisþegar að hafa heimild til þess að draga frá á næsta ári sem nam 7,5% eða helmingnum af því sem var eða er á þessu. En nú er ákveðið með afar litlum fyrirvara, í tengslum við þá ákvörðun að flýta þrepum í skattfrelsi inngreiðslna, að fella þennan frádrátt niður með öllu um áramótin. Það er jólagjöfin til aldraðra m.a. í þessum pakka hæstv. ríkisstjórnar. Þar er á ferðinni ein af mörgum aðgerðum hennar sem vega að hópi sem satt best að segja hefur ekki mjög sterka stöðu til þess að verja hendur sínar, herra forseti.

Þetta læt ég duga, m.a. vegna þess að forseti er heldur að mælast til þess að menn stytti mál sitt og ég er eins og ævinlega allur af vilja gerður að auðvelda forseta störfin og tilveruna yfirleitt og læt því staðar numið.

[18:38]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla að taka fram í upphafi ræðu minnar að ég geri engar athugasemdir við hvernig hæstv. forseti stjórnar fundi. Sá sem situr nú í forsetastól gegnir því starfi með sóma. En ég get ekki komist hjá því að vekja athygli hæstv. forseta á því sem blasir við augum hv. þingmanna í salnum. Allir tíu ráðherrastólar ríkisstjórnarinnar eru auðir. Við höfum verið að ræða um mál sem talsverður ágreiningur er um og varðar a.m.k. þrjá ráðherra. Enginn þeirra, virðulegi forseti, hefur verið viðstaddur þessa umræðu, sem samt er ætlast til að stjórnarandstaðan ljúki á skömmum tíma. Hæstv. forsrh. sést ekki í salnum lengur nema í mýflugumynd. Hæstv. fjmrh. hefur ekki verið viðstaddur umræðuna, sem þó varðar mál sem er á hans forræði. Þarna eru mjög viðkvæm mál sem snerta heilbrigðismál og félagsmál. Hæstv. félmrh. er nú fyrst að ganga í salinn og enginn þeirra fjögurra heilbrigðisráðherra sem almannarómur segir að sitji í ríkisstjórn hefur verið viðstaddur umræðuna.

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta sé ekki boðlegt, að hafa umræður um mál af þessu tagi án þess að nokkur sá ráðherra sem kemur að málinu sé viðstaddur. Ég hafði hugsað mér að leggja fram spurningar til hæstv. fjmrh. varðandi mál sem var fyrr á dagskrá, um hvaða afstöðu hann hefði til þess að búið er að kæra mismunun í tryggingagjaldi til Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar liggur fyrir sú kæra til afgreiðslu og hæstv. fjmrh. ætlar ekki, fremur en í öðrum slíkum málum, að bregðast við með því að leiðrétta augljósan mismun sem er í skattlagningu atvinnufyrirtækja af þessu tagi. En hæstv. ráðherra hefur ekki verið við og því ekki getað svarað neinum spurningum. Ég mótmæli því, virðulegi forseti, og fer þess á leit við forseta að hann sjái til þess framvegis, ekki síst þegar tími er skammur, að ráðherrar sem málið varðar sjái sóma sinn í því að sitja í stólum sínum við háborðið á meðan umræður fara fram. Ég sé að vísu og það gleður mig að einn hæstv. heilbrrh. í ríkisstjórninni er kominn en ég hef ekki tíma til að leggja fyrir hann þær spurningar sem eðlilegt væri.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:42]

Iðnlánasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (tryggingalánadeild). — Þskj. 242, nál. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:53]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 247. mál (dánarbú, viðmiðunarfjárhæð). — Þskj. 345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 105, nál. 383, brtt. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:57]
Brtt. 384,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 384,2–14 samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–30. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (atvinnutryggingagjald o.fl.). — Þskj. 160, nál. 385, 393 og 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]
1. gr. samþ. með 34:12 atkv.
2.–6. gr. samþ. með 33:12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting grunngjalda, áfengisinnflutningur o.fl.). — Þskj. 266, nál. 388, brtt. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
Brtt. 389,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 389,2 samþ. með 44 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 389,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 389,4 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 389,5 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 19:11.

---

67. FUNDUR

föstudaginn 15. des.,
að loknum 66. fundi.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 394. — 3. umr.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 207. mál, þskj. 268. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Vatnalög, stjfrv., 234. mál, þskj. 316, brtt. 397. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Iðnlánasjóður, stjfrv., 194. mál, þskj. 242. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frv., 247. mál, þskj. 345. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 100. mál, þskj. 105 (með áorðn. breyt. þskj. 384). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 205. mál, þskj. 266 (með áorðn. breyt. þskj. 389). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Tryggingagjald, stjfrv., 134. mál, þskj. 160. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:13]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og/eða útbýtingu þskj. í 2.–8. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, DSigf, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GGuðbj, IP, KH, LB, MF, PBald, RA, RG, SP) fjarstaddir.

Fjárlög 1996, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 394.

[19:13]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Enda þótt frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 sé nú tekið á dagskrá samkvæmt ákvæðum þingskapa þá hefur fjárln. ekki lokið athugun sinni á frv. Því vil ég leggja til við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað til þess tíma sem hæstv. forseti telur hagkvæman til áframhaldandi umræðu um málið.

[19:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel út af fyrir sig einboðið að samþykkja þessa tillögu sem hér er flutt en hún er auðvitað staðfesting á þeim allsherjarvandræðagangi sem er á meðferð fjárlaganna af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel að það sé full ástæða til að stjórnarandstaðan veiti sinn atbeina til þess að ríkisstjórnin geti gengið þannig frá sínum málum að það liggi fyrir að hún er með öll mál í steik núna síðustu dagana fyrir jól.

Umræðu frestað.

Vatnalög, 3. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 316, brtt. 397.

[19:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mál þetta var til 2. umr. fyrr í dag og eins og þingheimur eflaust man enn, þá fjallar það um að setja í vatnalög heimild til sveitarstjórna til þess að lækka eða fella niður álagt holræsagjald á efnalitla örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega.

Eins og umræðan og atkvæðagreiðslan við 2. umr. leiddi í ljós er þingheimur sammála því að verða við þessari málaleitan en ég vil árétta þau sjónarmið sem ég setti fram í því að ég tel að þingið eigi að veita rýmri heimildir til sveitarstjórna til að ívilna fátæku fólki en um hefur verið beðið.

Því hef ég leyft mér á þskj. 397 að leggja til að breyta efnismálsgrein 1. gr. frv. á þann veg að heimild sveitarstjórna nái til þess að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum greiðendum er gert að greiða. Verði þessi tillaga samþykkt felur hún þá í sér heimild sem er nú í frv. auk þess sem sveitarstjórnum verður þá heimilt að lækka eða fella niður umrætt gjald hjá fólki sem er sannarlega efnalítið eða fátækt þótt það sé ekki ellilífeyrisþegar og þótt það sé ekki örorkulífeyrisþegar. Þar má nefna sem dæmi sjúklinga eða fólk á miðjum aldri sem af einhverjum ástæðum er efnalítið og því full ástæða til að veita því sömu ívilnun og hinum hópnum.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til þess að Alþingi afmarki eða takmarki heimildir sveitarstjórna til ívilnandi

aðgerða til handa fátæku fólki við ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega einvörðungu, heldur hafi heimildina rýmri eins og eðlilegt er samkvæmt eðli málsins.

[19:18]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu greiða þessu frv. atkvæði mitt en ég tel þó, með tilvísun til þess sem síðasti ræðumaður sagði, að það sé eðlilegt að sveitarfélögin hafi þetta alfarið í sinni hendi, að það sé ekki löggjafinn sem sé að setja sveitarstjórnum svo þröngar skorður. Því væri eðlilegt að texti frv. hljóðaði svo:

Heimilt er sveitarstjórnum að lækka eða fella niður holræsagjald.

[19:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er mótfallinn þessari brtt. Ég tel að nóg sé að gert með frv. eins og það er. Samband íslenskra sveitarfélaga fór ekki fram á þessa heimild. Borgarstjórn Reykjavíkur fór ekki fram á þessa heimild. Og ég tel að heppilegast sé að frv. sé eins og hv. félmn. gekk frá því.

[19:20]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Til þess að þingmenn átti sig á því hvaða mál er hér á ferð þá afgreiddi hv. félmn. með hraði lítið og gott frv. sem gengur út á það að sveitarstjórnir fái heimildir í lögum til þess að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Þessi lagabreyting er til samræmis við þau lög sem gilda um fasteignagjöld og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur þessari heimild víða verið beitt þó ekki hafi verið fyrir henni lagastoð en borgarráð Reykjavíkur beindi þeim tilmælum til hæstv. félmrh. að leggja fram þá lagabreytingu sem hér er til umræðu.

En þeir aðrir aðilar sem hugsanlega treysta sér ekki til að greiða þessi gjöld, þeir sem eru svo illa staddir að geta ekki greitt þessi gjöld og teljast hvorki til ellilífeyrisþega né örorkulífeyrisþega, geta leitað sér aðstoðar félagsmálastofnana sem þá taka á þessum málum. Upplýsingar um þessa meðferð mála fékk ég hjá Þórði Skúlasyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og ef menn vilja ganga í þessum breytingum þurfum við tíma til þess að skoða þau mál betur. Nú stöndum við frammi fyrir því að sveitarfélögin í landinu eru að vinna sínar fjárhagsáætlanir og það liggur á því að fá þessa breytingu. Ég er hins vegar reiðubúin til þess, og áreiðanlega öll félmn., að skoða þessi mál nánar síðar og þá í samhengi við önnur gjöld sem fólki er gert að greiða til sveitarfélaganna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:24]

Brtt. 397 felld með 35:4 atkv. og sögðu

já: HG, JBH, KHG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (SighB, SJS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, GuðjG, GGuðbj, IP, JónK, KH, LB, MF, PBald, PHB, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, DSigf, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, GuðjG, GGuðbj, IP, JónK, KH, LB, MF, PBald, PHB, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 400).

Iðnlánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 194. mál (tryggingalánadeild). — Þskj. 242.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:26]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 401).

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 247. mál (dánarbú, viðmiðunarfjárhæð). — Þskj. 345.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:27]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 402).

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 3. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 398.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:28]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting grunngjalda, áfengisinnflutningur o.fl.). — Þskj. 399.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:29]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 404).

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (atvinnutryggingagjald o.fl.). — Þskj. 160.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:30]
Frv. samþ. með 34:12 atkv.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 405).

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 19:31.

---

68. FUNDUR

laugardaginn 16. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213, nál. 369 og 381, brtt. 382. — 2. umr.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 174, nál. 386, 391 og 395, brtt. 387. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 2. umr.

Stjfrv., 171. mál. — Þskj. 213, nál. 369 og 381, brtt. 382. [10:32]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nál. um frv. til laga um viðaukasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza um álbræðslu við Straumsvík.

Iðnn. hefur fjallað allítarlega um þetta mál og rætt við ýmsa aðila. M.a. komu til nefndarinnar, Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnrn., Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhvrn., Helga Jónsdóttir, stjórnarformaður Landsvirkjunar, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, Agnar Olsen, framkvæmdastjóri verkfræði- og framkvæmdasviðs Landsvirkjunar, Elías B. Elíasson, deildarstjóri þróunarmála hjá Landsvirkjun, Kristján Gunnarsson, yfirmaður fjárhags- og hagmála hjá Landsvirkjun, Stefán Pétursson deildarstjóri fjármála- og markaðsdeildar Landsvirkjunar, Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, Baldur Guðlaugsson, lögmaður Landsvirkjunar, Yngvi Harðarson, hagfræðingur Landsvirkjunar, Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna Ísals, og Einar Guðmundsson og Rannveig Rist frá Ísal.

Þá hittum við frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar fulltrúa bæjarstjórnar, þá Ingvar Viktorsson, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Jóhann G. Bergþórsson, Valgerði Sigurðardóttur, Magnús Jón Árnason, Guðmund Benediktsson og Eyjólf Sæmundsson. Auk þess mætti Eyjólfur á annan fund iðnn. fyrir hönd Vinnueftirlits ríkisins. Þá kom Jón Erlingur Jónasson, varaformaður stjórnar Hollustuverndar ríkisins, og Ólafur Pétursson frá Hollustuvernd á fund nefndarinnar. Einnig bárust að ósk iðnn. umsagnir efh.- og viðskn. og umhvn. um skattalegar hliðar málsins og umhverfisþætti þess, auk gagna sem gestir lögðu fram.

Iðnn. fór einnig og heimsótti álverið í Straumsvík og ræddi þar við forsvarsmenn þess og kynnti sér starfsemi fyrirtækisins eins og tími vannst til. Einnig heimsótti iðnn. Landsvirkjun og átti þar mjög fróðlegan fund um orkumálin og þann orkusamning sem Landsvirkjun hafði gert um þetta mál. Fékk nefndin þar mjög greinargóð svör við öllum þeim spurningum sem við þurftum að fá svör við.

Auk þess sem að framan er talið fjallaði iðnaðarnefnd um málið á 119. þingi. Á fundi nefndarinnar 30. maí 1995 gerðu Halldór J. Kristjánsson og Geir A. Gunnlaugsson nefndinni grein fyrir stöðu álviðræðna og 19. júlí 1995 var haldinn sameiginlegur fundur iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra með iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd þar sem kynnt var mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í álverinu í Straumsvík.

Með viðaukasamningi ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza, sem undirritaður var 16. nóvember 1995 og nú er borinn undir Alþingi til staðfestingar, er áætlað að auka framleiðslugetu álbræðslu Íslenska álfélagsins hf. (Ísals) í Straumsvík úr 100.000 árstonnum í alls 162.000 árstonn í árslok 1997. Til þess að unnt sé að ná því markmiði þarf að reisa nýjan kerskála til álvinnslu með 160 rafgreiningarkerum, auk annarra mannvirkja, svo sem þurrhreinsibúnaðar og viðbótar við álsteypuskála. Þá þarf einnig að bæta hafnaraðstöðu með byggingu nýs 100 m viðlegukants í Straumsvík. Hafnarfjarðarbær mun annast bygginguna sem á að vera lokið áður en rekstur hefst í fyrirhuguðum kerskála. Ísal greiðir kostnað af gerð hafnaraðstöðunnar en verður undanþegið greiðslu vörugjalda fyrir útflutning af áli um það sem nemur framleiðsluaukningu vegna stækkunar fram til 1. október 2014. Stækkun álbræðslunnar leiðir til þess að öll umframorka í raforkukerfi Landsvirkjunar, um 730 gwst. í árslok 1997, fullnýtist auk þess sem ráðast þarf í frekari framkvæmdir til orkuöflunar. Með samningnum um stækkun Ísals er leitast við að gera skattaumhverfi álversins sem líkast

því sem önnur fyrirtæki á Íslandi búa við. Vegna viðaukasamningsins hefur fyrirtækið nú fengið útgefið starfsleyfi á grundvelli íslenskra laga en fram til þessa hafa ákvæði um mengunarvarnir og umhverfismál verið hluti af aðalsamningi.

Eftir nokkurra ára stöðnun í uppbyggingu stóriðju og litlar erlendar fjárfestingar er nauðsynlegt að kanna fyrst hvaða áhrif mætti ætla að viðaukasamningurinn hefði á þjóðarhag. Fjárfesting eykst væntanlega á næstu tveimur árum um 14 milljarða kr. vegna stækkunar álversins og hafnaraðstöðu en um 3 milljarða kr. vegna fjárfestingar í raforkumannvirkjum, eða um 10–11% frá því sem orðið hefði að óbreyttum horfum. Rúmlega þriðjungur þessarar eftirspurnar, um 4,5 milljarðar kr., fer væntanlega til innlendra aðila og væntir meiri hluti nefndarinnar þess að íslensk fyrirtæki geti boðið í sem flesta verkþætti. Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu árið 1996 hækkar um 1,5% og árið 1997 væntanlega um 1,8% og verður þá í heild 18,5%, en talið er æskilegt að hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu sé nálægt 20% til að standa undir væntanlegum hagvexti á næstu árum.

Hér er um að ræða stærstu fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi síðan álverið var upphaflega byggt.

Ársverk vegna framkvæmdanna verða á bilinu 800–900 og er áætlað að eftirspurn verði mest vorið 1997. Stækkun álversins mun auka byggingarstarfsemi um 3–4% árin 1996 og 1997 en þar hafa framleiðsluþættir verið vannýttir að undanförnu og er tímasetning framkvæmdanna því hagkvæm frá þjóðfélagslegu sjónarmiði að mati Þjóðhagsstofnunar. Um 90 varanleg störf munu skapast í Straumsvík vegna stækkunarinnar, 72 hjá Ísal og 18 við verktöku. Á undanförnum árum hefur Ísal leitast við að hagræða í rekstri sínum og hefur starfsmönnum fækkað verulega. Framleiðni í fyrirtækinu hefur aukist verulega og nemur álframleiðsla á þessu ári um 230 tonnum á hvern starfsmann. Byggðastofnun telur að fyrir hvert starf í álverinu skapist 2,6 störf utan þess, aðallega í þjónustu, verslun eða iðnaði, vegna margfeldisáhrifa og varanleg heildaraukning verði því um 324 ársverk, einungis vegna stækkunarinnar. Þegar stækkun álversins er lokið er gert ráð fyrir að heildarfjöldi starfsmanna í Straumsvík verði um 530 manns. Með hliðsjón af framangreindum margfeldisáhrifum má segja að eftir stækkun álversins hafi orðið til hér á landi um 1.900–2.000 störf vegna starfsemi Ísals, ef á heildina er litið.

Lauslegar áætlanir Þjóðhagsstofnunar benda til þess að hagvöxtur árið 1996 verði 0,7% meiri en ella, að viðskiptajöfnuður verði 1% lakari en ella, að verðbólga og kaupmáttur launa verði óbreytt og að atvinnuleysi verði 0,3% minna en ella. Þá má búast við að með stækkun álversins aukist útflutningur um 6,6–8 milljarða kr. á ári, eða sem nemur 3,7–4,4% af útflutningi vöru og þjónustu. Ekki er unnt að gera tæmandi talningu á áhrifum stækkunarinnar á þjóðarhag, en í nýrri endurskoðuðun þjóðhagsspár vegna lokaafgreiðslu fjárlaga, sem er væntanleg innan skamms, verður tekið tillit til stækkunarinnar. Meiri hluti iðnn. telur að með vísan til þess sem að framan er greint og út frá þjóðhagslegum ávinningi hnígi öll rök til þess að viðaukasamningur ríkisstjórnarinnar og Alusuisse- Lonza um álbræðslu við Straumsvík verði staðfestur.

Veigamikil forsenda fyrir viðaukasamningnum, sem nú er lagður fram til staðfestingar, er samningur Landsvirkjunar og Ísals um breytingar á orkusölusamningi til álversins. Var viðauki við samninginn undirritaður 16. nóvember 1995. Stjórn Landsvirkjunar telur þörf á að viðskiptaleynd hvíli yfir orkusölusamningum við einstaka stórnotendur og ályktaði að það gæti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar að því er varðar orkusölu til stóriðju að viðsemjendur fyrirtækisins hefðu aðgang að verðákvörðun áður gerðra orkusölusamninga. Því samþykkti stjórnin að viðskiptaleynd skyldi hvíla yfir orkuverðsákvæði viðaukasamningsins við Ísal. Iðnaðarráðherra féllst á framangreind sjónarmið Landsvirkjunar og því hefur ekki verið skýrt opinberlega frá orkuverðinu sjálfu. Á fundi með iðnaðarnefnd gerði Landsvirkjun grein fyrir öllum þáttum orkusölusamningsins, einnig orkuverðinu sem trúnaðarmáli. Hjá nokkrum nefndarmönnum í iðnaðarnefnd komu fram efasemdir um réttmæti þeirrar ákvörðunar að viðskiptaleynd hvíldi yfir orkuverði, en meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við þá málsmeðferð.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir sérstakan fyrirvara um þetta mál sem hún mun tala fyrir á eftir í ræðu sinni.

Fram kom í máli stjórnarformanns Landsvirkjunar að erlendis hvíli almennt viðskiptaleynd yfir orkusölusamningum í áliðnaði og að slíkt færðist í vöxt hvað varðar orkusölusamninga yfirleitt. Landsvirkjun ætti nú í könnunarviðræðum við aðra aðila um orkuverð en Ísal, eða að slíkar viðræður væru fyrirhugaðar, og því væri talið mikilvægt að meðal annars þeir aðilar gætu ekki fengið staðfestar upplýsingar frá fyrirtækinu um orkuverð í nýgerðum samningi við Ísal. Rétt er einnig að benda á að ályktun stjórnar Landsvirkjunar um viðskiptaleynd nær aðeins til orkusölusamningsins við Ísal en hefur ekki almennt gildi.

Iðnaðarnefnd hefur kynnt sér alla þætti samningsins um orkuverð milli Landsvirkjunar og Ísals sem Landsvirkjun telur mjög hagstæðan sér. Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar verður núvirtur hagnaður af viðaukanum við orkusölusamninginn um 8 milljarðar kr. miðað við grundvallarforsendur og um 80% líkur á því að arðsemi af nauðsynlegum fjárfestingum Landsvirkjunar vegna viðaukans verði 15% eða meira og nánast engar líkur á því að fjárfestingin skili minni arði en 5,5%. Meiri hluti iðnn. tekur undir það mat iðnaðarráðherra að samningurinn uppfylli skilyrði laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, þ.e. hann valdi ekki hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Þvert á móti gerir Landsvirkjun ráð fyrir að orkuverð til almenningsveitna muni lækka til lengri tíma litið fyrir áhrif samningsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að raforkukerfi Landsvirkjunar hefur ekki verið fullnýtt og getur framleitt verulega orku sem í dag er skilgreind sem umframorka. Samkvæmt gildandi raforkusamningi skal Landsvirkjun sjá álverinu fyrir 1.413 gwst. á ári, þar af 106 gwst. sem afgangsorku, auk samnings um 223 gwst. af ótryggu rafmagni á ári til ársins 1997. Samkvæmt nýgerðum orkusölusamningi ber Landsvirkjun að sjá álverinu fyrir 2.583 gwst. á ári eigi síðar en 1. janúar 1998. Aukningin, 1.170 gwst. á ári, samanstendur annars vegar af viðbótarorkuþörf Ísals vegna stækkunarinnar, 947 gwst. á ári, og hins vegar hefur framangreindur samningur um ótryggt rafmagn verið felldur inn í samninginn. Einnig er umsamið að Ísal geti óskað eftir því að árlegt samningsbundið rafmagn verði aukið um allt að 88 gwst. í tveimur áföngum, árin 1999 og 2000. Talið er að um 730 gwst. af forgangsorku verði til reiðu í raforkukerfinu árið 1997 en til þess að útvega það sem á vantar og anna orkuþörf almenningsveitna fram til aldamóta þarf að ráðast í eftirtaldar virkjunarframkvæmdir:

Stækkun Blöndulóns, fimmta áfanga Kvíslaveitu og 35 mw. aflaukningu í núverandi Búrfellsstöð auk þess sem settir verða upp raðþéttar í háspennulínur. Samkvæmt núgildandi orkusölusamningi ber Ísal að greiða að lágmarki fyrir 1.110 gwst. á ári enda þótt orkuneysla ársins kunni að hafa verið minni, en með nýgerðum samningi mun lágmarksmagnið hækka í 2.006 gwst. á ári. Nýti Ísal rétt sinn til að fá allt að 88 gwst. aukningu á árlegu samningsbundnu rafmagni eykst lágmarksmagnið um 0,765 gwst. fyrir hverja gwst. til viðbótar. Samningnum er ætlað að gilda til ársins 2014, en eftir það er gagnkvæm heimild til framlengingar um 10 ár til viðbótar og verða verðákvæði samningsins þá háð endurskoðun. Umsamið orkuverð til stækkunar álversins ræðst á hverjum tíma af verði áls á alþjóðamarkaði. Gert er ráð fyrir að í nokkur ár frá upphafi samningstímabilsins verði í gildi afsláttur á orkuverði til stækkunarinnar. Árið 2004 mun núgildandi orkuverð til tveggja eldri kerskálanna falla úr gildi, en frá þeim tíma gildir fyrir allt álverið það orkuverð sem nú hefur verið samið um.

Viðaukasamningurinn, sem hér er til umfjöllunar, gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á þeim skattareglum sem gilt hafa um Ísal. Felast þær breytingar fyrst og fremst í því að gera skattaumhverfi álversins sem líkast því sem önnur fyrirtæki á Íslandi búa við. Þannig verður horfið frá stighækkandi skattþrepi, á bilinu 35 – 55%, yfir í sama skattþrep og gildir um íslensk hlutafélög, þ.e. 33%. Álverið í Straumsvík hefur að meira eða minna leyti verið rekið með tapi á undanförnum árum. Reksturinn hefur því skilað litlum tekjuskattsgreiðslum í ríkissjóð umfram lágmarksframleiðslugjald. Þar sem álverð hefur hækkað mikið nú á allra síðustu árum og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á næsta ári má búast við verulegum tekjuskattsgreiðslum vegna áranna 1995 og 1996. Ólíklegt er að fyrirtækið greiði tekjuskatt á afskriftartíma meginhluta fjárfestingarinnar, þ.e. frá 1997 og næstu sjö ár þar á eftir. Hins vegar er gert ráð fyrir verulegri hækkun tekna af tekjuskatti miðað við 160.000 tonna framleiðslu eftir þann tíma. Samkvæmt núgildandi samningi er það fastagjald sem Ísal greiðir af framleiðslu sinni að lágmarki 20 Bandaríkjadalir á hvert útskipað tonn af áli og viðbótarframleiðslugjald ef hagnaður gefur tilefni til. Samkvæmt hinum nýja samningi lækkar lágmarksgjaldið í 10 Bandaríkjadali á hvert tonn og verður jafnframt aðeins frádráttarbært frá tekjum sem rekstrarkostnaður í stað þess að vera frádráttarbært frá tekjuskattsgreiðslum. Helsta breytingin frá núverandi fyrirkomulagi er því að lágmarksgjaldið lækkar í 10 Bandaríkjadali fyrir hvert útflutt tonn frá og með 1. janúar 1998 og í stað stighækkandi skattþreps kemur eitt 33% skattþrep sem tekur gildi frá og með 1. janúar 1995. Miðað við gefnar forsendur um álverð er gert ráð fyrir að hagnaður verði af rekstri Ísals á árunum 1995 til og með 1997 eða fram til þess tíma að stækkunin verður tekin í notkun.

Samningurinn gerir ekki ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær fái hlutdeild í tekjuskatti fyrirtækisins eftir 1. janúar 1998. Gert er ráð fyrir að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi á árunum 1995–1997 verði 28% í stað 18% nú og fastagjaldið hækki úr 250.000 Bandaríkjadölum í 500.000 Bandaríkjadali í samræmi við samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkissjóðs. Viðbótarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi áranna 1995 og 1996 gæti því orðið á bilinu 40–80 millj. kr., en er þó alfarið háð afkomu Ísals. Frá 1. janúar 1998 er hins vegar gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær fái 6 Bandaríkjadali fyrir hvert tonn af útfluttu áli. Miðað við 160.000 tonna framleiðslu nemur þetta um 62 millj. kr. á ári. Þetta jafngildir fasteignagjaldi á lögðu með 0,80–0,85% stuðli eða sem svarar um 30% afslætti frá því fasteignagjaldi sem gildir í Hafnarfirði í dag.

Á fundi með bæjarstjórn Hafnarfjarðar komu fram upplýsingar um bréfaskipti Ísals og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og bæjarins hins vegar um þróun byggðar í nágrenni álverksmiðjunnar frá nóvember og desember 1995. Meiri hlutinn lýsir ánægju með að frekari viðræður eigi sér nú stað á milli aðila um þessi mál.

Í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar til iðnaðarnefndar um skattaþátt viðaukasamningsins frá 4. desember 1995 segir: „Ljóst er að til lengri tíma litið mun hinn nýi viðaukasamningur þýða verulega auknar tekjuskattsgreiðslur Ísals í ríkissjóð vegna aukinnar framleiðslu og meiri hagkvæmni. Í raun mun fyrirtækið greiða sambærilega skatta í framtíðinni eins og ef það félli undir gildandi íslensk skattalög að frátalinni heimild til 10% arðsfrádráttar. Efnahags- og viðskiptanefnd gerir því ekki athugasemdir við afgreiðslu frumvarpsins.“ Á fund efnahags- og viðskiptanefndar komu Halldór J. Kristjánsson og Þorkell Helgason frá iðnaðarráðuneyti, Indriði H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti, Ólafur Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá Coopers & Lybrand hf., Sveinn Hannesson og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Jóhann Bergþórsson og Tryggvi Harðarson frá Hafnarfjarðarbæ. Meiri hlutinn tekur undir álit efnahags- og viðskiptanefndar á skattaþætti málsins.

Á liðnum árum hefur Ísal stöðugt bætt mengunarvarnabúnað sinn, nú síðast með rafstýrðum felliþekjum á rafgreiningarkerin sem takmarka opnunartíma keranna eins og unnt er og bæta þar með afköst þurrhreinsibúnaðar verksmiðjunnar. Hollustuvernd ríkisins telur árangurinn af þeim framkvæmdum umtalsverðan. Samkvæmt samningi við íslensk stjórnvöld frá árinu 1992 hafði Ísal heimild til 105.000 tonna ársframleiðslu áls en stækkun umfram það skyldi háð útgáfu starfsleyfis samkvæmt lögum og mati á umhverfisáhrifum. Ísal sótti um starfsleyfi til reksturs allt að 200.000 tonna álvers í Straumsvík og á grundvelli þeirrar umsóknar hefur nú verið gefið út starfsleyfi fyrir stækkun álversins í heild, að undangengnu lögbundnu mati á umhverfisáhrifum. Ef framleiðslugeta álversins verður aukin úr 170.000 tonnum í 200.000 tonn á ári ber að yfirfara og endurskoða það ákvæði leyfisins er fjallar um losun mengunarefna. Á fskj. I er að finna álit meiri hluta umhverfisnefndar til iðnaðarnefndar, en þar segir m.a.: „Það er því mikilvægur áfangi að nýútgefið starfsleyfi nær til allrar framleiðslu fyrirtækisins og fagnar nefndin því. Hér er um að ræða sérstakar aðstæður þar sem verið er að stækka álbræðslu sem þegar hefur starfað um árabil. Mikil vinna hefur verið lögð í gerð umhverfismats og starfsleyfis. Með starfsleyfinu, sem umhverfisráðherra hefur gefið út, er tryggt að allar þær kröfur, sem gerðar eru til umhverfisverndar í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, séu uppfylltar. Gerir meiri hluti nefndarinnar því ekki athugasemdir við afgreiðslu frumvarpsins.“ Álit minni hluta umhverfisnefndar er meðfylgjandi á fskj. II. Meiri hluti iðnaðarnefndar tekur undir álit meiri hluta umhverfisnefndar á umhverfisþáttum málsins.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir fyrirvara vegna umhverfisþáttar málsins og mun hún skýra það hér á eftir í máli sínu.

Meiri hluti nefndarinnar telur einnig æskilegt að umhverf-

isyfirvöld kanni í samvinnu við Ísal hvernig minnka megi hljóðmengun frá súrálsuppskipun í Straumsvík.

Nokkur umræða varð í iðnn. um alþjóðlegar skuldbindingar Ísals varðandi loftmengun. Stækkun álversins í Straumsvík brýtur ekki í bága við neinar slíkar skuldbindingar. Hins vegar kann það að vera sérstakt athugunarefni fyrir stjórnvöld hvernig beri almennt að takmarka útblástur koltvísýrings og brennisteinstvíoxíðs, með tilliti til alþjóðasamnings, án þess að það komi í veg fyrir að hinar hreinu orkulindir landsins verði nýttar til uppbyggingar atvinnu. Jafnframt telur meiri hluti nefndarinnar rétt að huga að frekari endurskoðun þeirra reglna sem gilda um mengunarvarnir með það fyrir augum að skilgreina eins og frekast er kostur mengunarmörk og önnur viðmið í umhverfismálum. Enn fremur er bent á að kanna má nánar samspil þeirra þátta sem teknir eru til athugunar við gerð mats á umhverfisáhrifum annars vegar og gerð starfsleyfis hins vegar, þannig að ekki sé verið að auglýsa og óska eftir athugasemdum hagsmunaaðila nema einu sinni um hvert efni.

Að lokum vill meiri hluti iðnn. taka fram að hann telur þörf á því að iðnrn. athugi sérstaklega hvernig auka megi úrvinnsluiðnað í tengslum við álverið og þá þjónustu sem þar er í boði.

Það er fagnaðarefni að í nýgerðum viðaukasamningi hefur Ísal nú heimildir til þess að reka hérlendis aðra starfsemi en beina álbræðslu, en stofnuð verði sérstök dótturfyrirtæki um slíka starfsemi sem lúta í hvívetna íslenskum skattalögum og verða háð ákvæðum laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Við Íslendingar verðum að kanna rækilega hvort ekki sé unnt að framleiða meira hérlendis af fullunnum vörum úr áli. Það er enginn efi í hugum okkar sem höfum kynnt okkur og fjallað um þessa starfsemi að þar leynast margvíslegir möguleikar. En svo er vissulega víðar í okkar ágæta landi að við mættum huga meira að úrvinnslu- og fullvinnsluþætti afurðanna.

Virðulegi forseti. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir fyrirvara um einstaka þætti málsins og mun gera grein fyrir þeim á eftir eins og ég hef sagt. Einnig skilar hv. þm. Svavar Gestsson sérálíti með þessu frv.

Undir nefndarálitið rita Stefán Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason og Petrína Baldursdóttir. Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir með fyrirvara, eins og áður segir. Kristín Halldóttir sat einnig fundi iðnn., sem áheyrnarfulltrúi Kvennalistans.

Ég vil nota tækifærið og þakka meðnefndarmönnum mínum í iðnn. fyrir ágæt störf og vinnu við að ljúka þessu máli svo það kæmist til afgreiðslu fyrir jólaleyfi.

Ég vil í örfáum orðum, virðulegi forseti, víkja að því sem kemur fram í áliti minni hluta iðnn., hv. þm. Svavars Gestssonar, þar sem fjallað er um athugasemdir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um umhverfisþátt þessa samnings, en í nefndaráliti minni hlutans segir m.a.:

„Talsmenn Hollustuverndar ríkisins komu á fund iðnn. og svöruðu fyrirspurnum frá nefndarmönnum. Er skemmst frá því að segja að þeir staðfestu nær allar athugasemdir Hjörleifs."

Það verður að koma fram, virðulegi forseti, að undir þetta sjónarmið er mér lífsins ómögulegt að taka. Ég held að hér hljóti að vera um mikið og alvarlegt misminni að ræða hjá hv. þm. og ég harma að jafnglöggur og góður þingmaður skuli hafa sett það á blað. Ólafur Pétursson, forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins, kom á fund iðnn. og svaraði ágætlega þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar og snúa að langmestu leyti að athugasemdum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Um þetta geta allir nefndarmenn iðnn. vissulega borið vitni.

Í nefndaráliti minni hlutans segir einnig:

„Að öllu samanlögðu er nauðsynlegt að endurvinna starfsleyfið og er það því ein aðalbrtt. okkar við frv. þetta. Með þessu er ekki varpað rýrð á starf þess fólks sem unnið hefur að málinu; því hafa hins vegar verið settar óeðlilegar pólitískar skorður að ekki sé fastar að orði kveðið."

Mér finnst hv. þm. Svavar Gestsson vega ómaklega að þeim mörgu embættismönnum sem að málinu hafa unnið, vissulega um langan tíma. Um þessa fullyrðingu þarf ekki fleiri orð. Fskj. frv. leiða allt annað í ljós en hér er fullyrt. Með umhverfisþátt samningsins hefur verið farið nákvæmlega samkvæmt íslenskum lögum og því má bæta við að hér eru gerðar strangari kröfur hvað þessi mál varðar en almennt gerist í Evrópu.

Hv. þm. Svavar Gestsson víkur að því í minnihlutaáliti sínu og segir ljóst að álverinu hafi ekki tekist vel að koma sér fyrir í íslensku þjóðlífi. Það er áhyggjuefni ef álit hv. þm. er rétt. Ég dreg þó mjög í efa að svo sé nú. Að vísu er rétt að það er ekki ýkja langt síðan ótrúlega margir Íslendingar töldu að stóriðju skyldi varast. Þetta sjónarmið er á miklu undanhaldi og þó finnast vissulega enn efasemdarmenn á meðal okkar. Umhverfið er annað en fyrr. Nú höfum við þá þekkingu sem getur tryggt okkur að gengið sé örugglega frá samningum um stóriðjuver, bæði varðandi umhverfis- og viðskiptahlið slíkra samninga.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að umræðan sem hér fer fram geti orðið bæði ítarleg og umfram allt málefnaleg. Ég endurtek þakkir, virðulegi forseti, til meðnefndarmanna minna í iðnn. við afgreiðslu þessa máls.

[11:08]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil láta þess getið að ég styð álit meiri hlutans og fylgi þar með fulltrúa Alþfl. í iðnn. En ástæðan fyrir því að ég kem upp er sú bókun sem fylgir áliti umhvn., herra forseti. Þar er gerð grein fyrir að ég sit hjá við afgreiðslu umsagnarinnar frá umhvn. Ég tel rétt að geta um ástæðu þess. Hún er sú að það lá svo mikið á 4. des. að keyra álitið í gegn frá umhvn. að ekki var hægt að verða við þeirri beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að fá tvo til þrjá fulltrúa á fund umhvn. til þess að fara yfir málið 8. eða 9. des. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að ekki væri nægur tími til stefnu. Mér þótti sú málsmeðferð óeðlileg að afgreiða þyrfti málið frá nefndinni á innan við klukkutíma og óeðlilegt að geta ekki fengið að ræða málið. Þess vegna sat ég hjá við afgreiðslu álitsins, herra forseti. Ég taldi og tel mjög óeðlilegt að ekki sé hægt að verða við beiðnum einstakra þingmanna um athugasemdir og viðræður við fulltrúa sem gætu varpað skýrara ljósi á mál sem eru til umfjöllunar.

[11:10]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér kemur fram að það varð að hafa hraðan á við afgreiðslu málsins. Tímaskorður eru þannig að vinna varð mjög hratt í málinu. Ég

hef margtekið það fram í máli mínu. Ég held þó að það sem skiptir mestu máli sé að allar upplýsingar og skjöl liggja fyrir, ég veit ekki annað, og að menn hafa fengið svör við öllum spurningum sínum. Ég hygg að það sé aðalatriðið.

[11:11]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að segja að ég mun gera athugasemdir við nokkur orð sem fram komu hjá hv. frsm. meiri hlutans hér áðan þegar þar að kemur í greinargerðinni sem ég mun nú flytja.

Ég vil einnig láta koma fram að snúningspunkturinn í máli mínu eru tillögur sem ég flyt á þskj. 382 og snerta umhverfismál, atvinnulíf og orku- og stóriðjumál. Ég mun gera nánari grein fyrir því máli síðar. Ég tel mikilvægt ef hægt er á þessu stigi að fá upplýsingar frá hæstv. ríkisstjórn um það hvaða skoðun hún eða þeir sem fyrir hana tala hafa á nálguninni sem birtist í tillögum sem hér eru fluttar um ákvæði til bráðabirgða. Ég hefði gjarnan kosið að hv. talsmaður meiri hlutans hefði farið nokkrum orðum um það en úr því að hann gerði það ekki þá bíð ég spenntur eftir því að heyra hvað hæstv. ráðherra segir um málið.

Þá vil ég einnig víkja að einu mikilvægu atriði í sambandi við þetta mál sem mikið hefur verið talað um. Það er þessi svokallaða leynd um orkuverið. Eins og fram hefur komið samþykkti stjórn Landsvirkjunar á sínum tíma að óska eftir því að farið yrði með tiltekin atriði varðandi orkuverðið sem trúnaðarmál. Fyrir því eru viðskiptaleg rök sem eru í sjálfu sér öll gild að mínu mati. Ég vil hins vegar, vegna þeirra orða sem hér hafa fallið og þess m.a. hvernig hæstv. iðnrh. svaraði í fyrirspurnatíma í vikunni, láta það koma fram að ég átti þess ekki kost að vera á fundi stjórnar Landsvirkjunar sem tók ákvörðun um þessa leynd. Mér finnst það allt í lagi og hef ekki reynt að bera mig upp undan því en hæstv. iðnrh. átti bersýnilega við með orðum sínum að sem stjórnarmaður bæri ég ábyrgð á þessari leynd. Hann hefur a.m.k. aldrei látið svo lítið að segja frá því sem hann þó vissi að ég var ekki á þessum fundi stjórnarinnar. Mér hefði satt að segja fundist það heiðarlegt að segja frá því, án þess að ég sé að kvarta undan því að vera bendlaður við niðurstöður stjórnar Landsvirkjunar, sem ég get út af fyrir sig algjörlega tekið ábyrgð á. Á fundinum sat fyrir mig í stjórn Landsvirkjunar varamaður minn, sem er flokksmaður í Þjóðvaka. En eins og kunnugt er eiga stjórnarandstöðuflokkarnir ekki alltaf bæði aðalmann og varamann heldur kemur oft fyrir að varamaður er úr öðrum flokki en aðalmaðurinn. Ég endurtek að ég er ekkert að bera mig upp undan því að bera ábyrgð á niðurstöðum stjórnar Landsvirkjunar. Ég vil bara að það komi fram að málið liggur svona og þar með hafa fulltrúar allra flokka beint eða óbeint komið með einhverjum hætti að málinu.

Ég verð hins vegar að segja að ég tel að það hefði verið heppilegra ef meiri hluti iðnn. Alþingis eða nefndin öll hefði sjálf tekið þessa ákvörðun frekar en stjórn Landsvirkjunar eins og hún gerði það á sínum tíma. Ég tel að málið liggi þannig og þetta hafi skapað óþarfa tortryggni og erfiðleika. Ég hef sem stjórnarmaður í Landsvirkjun sett mér að fara ekki með þessa hluti á opinberan vettvang og mun ekki gera það. Ég tel engu að síður að þarna hafi verið sköpuð aðstaða til þess að menn hafi orðið tortryggnari umfram það sem nokkur ástæða var til. Og ég endurtek það sem ég hef reyndar sagt áður um þetta að ég vildi frekar halda á þessu máli ef leyndin væri ekki, vegna þess að ég tel satt að segja raforkuverðið það gott og niðurstöðuna það góða miðað við allar aðstæður að það væri auðveldara fyrir mig að halda á þessu máli ef þessi leyndarhjúpur hefði ekki verið lagður á málið. En það er veruleikinn sem ég horfist í augu við og hann er svona.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti á þskj. 381 segir m.a.:

„Minni hlutinn telur að orkusamningurinn sé ásættanlegur miðað við aðstæður. Verðið stendur að öllum líkindum undir kostnaði fyrirtækisins og er ekki lægra en svo að unnt á að vera að knýja fram öruggt kostnaðarverð í næsta áfanga virkjana ef ákveðnar verða á næstunni. Verðið er vissulega lægra en æskilegt væri en taka verður tillit til þess að verulegt orkumagn er ónýtt í orkukerfi landsmanna."

Varðandi þetta atriði vildi ég skýra það aðeins nánar og segja að það verð, sem að öllum líkindum fæst fyrir orkuna samkvæmt þessum samningi um orku til stækkunarinnar, er ríflega framleiðslukostnaðarverð eða flýtikostnaðarverð á orkunni. Það liggur alveg fyrir. Það er ríflega það. Það sem hins vegar bætist við og gerir þennan samning kannski afbrigðilegan er svo að það orkuverð sem tekur gildi þegar afsláttartímabilinu lýkur nær einnig til gamla samningsins, til álverðsins eins og það er nú. Þar af leiðandi er þarna um talsverðan fjárhagslegan ávinning að ræða að bestu manna yfirsýn eða um 8 milljarða kr. núvirta eins og fram hefur komið og kom rækilega fram við 1. umr. málsins.

Það sem átt er við í síðari hluta setningarinnar þar sem segir: „... og er ekki lægra en svo að unnt á að vera að knýja fram öruggt kostnaðarverð í næsta áfanga ..." er ósköp einfaldlega þetta: Þær orkuframkvæmdir sem lagt verður í í tilefni af stækkuninni eru við mjög ódýra orkuöflunarkosti, mjög hagstæða og ódýra orkuöflunrkosti og það er alveg hárrétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur mjög oft sagt að það er verið að fleyta rjómann ofan af orkukostum landsmanna fyrir þessa stækkun, það er alveg ljóst. Þess vegna er það líka ljóst að í næstu lotu, ef til þess kemur að menn þurfa að fara í framkvæmdir vegna stóriðju, verður um það að ræða að menn verða að fara í sérstakar framkvæmdir, jafnvel nýjar virkjarnir og það er augljóst mál að þar verður kostnaðurinn á kwst. mun hærri en hann er í þessum kostum sem hér eru á ferðinni. Hverjir þeir eru er misjafnt eftir aðstæðum. Hins vegar hefur það komið fram á opinberum vettvangi að í þeim nýju virkjunum sem hugsanlega þarf að ráðast í síðar, virkjunum eins og t.d. Vatnsfellsvirkjun, eru menn að tala um framleiðslukostnað sem er um eða yfir 20 mill á kwst. Þar er því um að ræða augljósan framleiðslukostnað sem er flóknara að glíma við í samningum um ný iðjuver en nú er. En ég tel og segi í þessu áliti að sú niðurstaða sem nú liggur fyrir útilokar ekki að að hægt sé að ná slíkum samningum um framleiðslukostnaðarverð fyrir orku til nýrra stóriðjufyrirtækja ef menn af öðrum ástæðum vilja fara í þau. Og ég tel að það sé mikilvægt atriði.

Ég vil einnig láta það koma fram, hæstv. forseti, í þessu samhengi að það hefur að sjálfsögðu ekki verið tekin nein ákvörðun svo mér sé kunnugt um hvaða orkuöflun á að nota næst ef þörf krefur. Ákvörðun um það liggur ekki fyrir og ég vil byrja á því að leggja þá spurningu fyrsta fyrir hæstv. iðnrh.: Liggur slík ákvörðun fyrir hvernig orku verður aflað til næstu skrefa í stóriðju ef út í það færi? Ég geri ráð fyrir því að það séu ýmsar hugmyndir uppi og reyndar veit ég að það eru margar hugmyndir uppi. En ákvörðun í þessum efnum, í einstökum atriðum, kannast ég ekki við að sé til. Mér finnst mikilvægt að því sé slegið föstu á þessu stigi málsins. Hitt

er hins vegar ljóst að miðað við undirbúning, verkfræðilega vinnu og annað sem unnið hefur verið á vegum Landsvirkjunar og fleiri aðila, eru hugmyndir uppi um það hvað er best að fara í. En það eru engar ákvarðanir til í þeim efnum.

Í annan stað varðandi þessa samninga vil ég láta koma fram að ég tel að skattasamningurinn eins og hann liggur fyrir sé spor í rétta átt. Hann er spor í rétta átt fyrst og fremst vegna þess að hann er færður nær íslenskum skattalögum og líkist þannig þeim samningsdrögum sem lágu fyrir í næstsíðustu ríkisstjórn þegar fram fóru viðræður við Atlantsálshópinn um hugsanlegt álver á Keilisnesi. Ég tel reyndar að það væri langeðlilegast að það væru engin sérstök skattaákvæði í samningum um fyrirtæki af þessu tagi heldur lytu þau í einu og öllu íslenskum skattalögum og auðvitað íslenskum lögum yfirleitt. Ég tel að samningurinn sé ásættanlegur hvað varðar skattana og mér sýnist að fjárhagslega, eftir því sem ég hef vit á að mæla það, komi það alveg þokkalega út. Ég verð að segja að mér finnst það eina sem orkar tvímælis eða er breyting vera þeir skattar sem renna á næsta ári og þarnæsta ári samkvæmt samningsdrögunum, til Hafnarfjarðarbæjar. Það er greinilega verið að gera ansi vel við Hafnarfjörð en það er verið að gera það með þeim rökum að Hafnarfjarðarbær sé að missa tekjuvon á næstu áratugum samningsins með þeirri uppsetningu samningsdraganna eins og þau liggja fyrir. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemdir við það. En mér finnst samt að þar hefði mátt horfa á hlutina í aðeins stærra samhengi, bæði af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og annarra. Mér fannst satt að segja dálítið sérkennilegt að upplifa þessar bréfaskriftir af hálfu álversins til bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, örfáum sólarhringum eftir að blekið var þornað á undirskriftum samningsins og mun ég koma að því nánar síðar.

Hæstv. forseti. Til viðbótar við þau atriði sem ég hef nefnt, þ.e. orkuna og skattana, eru önnur atriði sem ég vil gera athugasemdir við. Þau snerta í sjálfu sér bæði þennan samning en líka almennt stöðu álversins í landinu. Það er í fyrsta lagi í sambandi við meðferð umhverfismálanna. Ég segi alveg eins og er að ég tel að þar sé ekki um nægilega vandaða vinnu að ræða. Ég er þar ekki að tala um vinnu starfsmanna umhvrn. og Hollustuverndar ríkisins. Ég er sérstaklega að tala, eins og fram kemur í nefndarálitinu, um hinn pólitíska ramma sem þessum aðilum er settur. Ég ætla að nefna tvennt í því sambandi. Annað er ákvörðun meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins, sem er pólitískt kjörin stofnun, um að vísa frá spurningum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar vegna aðildarskorts hans að málinu. Hitt er 10 mínútna fundur umhvn. til að fjalla um þessi mál. Þetta eru ómöguleg vinnubrögð. Menn geta auðvitað haft þá skoðun að það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er að segja í þessum efnum sé ekki rétt. Menn hafa auðvitað leyfi til þess. En að meðhöndla alvarlegar athugasemdir með þeim hætti sem hér var gert er ekki boðlegt.

Ég tel ástæðu hins vegar til að geta þess og þakka fyrir það, m.a. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. formanni iðnn., að það var allrækilega farið yfir athugasemdir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á fundi iðnn. að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En það breytir ekki því að niðurstaða meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins og umhvn. er algerlega ólíðandi. Hún er ólíðandi ekki bara vegna þessa máls, hæstv. forseti, heldur líka vegna þess að hér getur verið um að ræða fordæmismál. Það á að vinna svona hluti vel. Það á að vanda sig við mál af þessu tagi. Það á að gefa þeim einhvern tíma en ekki umgangast þessi mál eins og þau skipti engu máli.

Ég vil nota þetta tækifæri úr þessum virðulega ræðustól, hæstv. forseti, til að mótmæla áliti Eiríks Tómassonar prófessors en það er á grundvelli þess álits sem meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins byggir sína niðurstöðu um að hafna aðild hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að þessu máli. En í áliti Eiríks Tómassonar prófessors, dags. 31. október 1995, segir svo, með leyfi forseta:

„Það er því niðurstaða mín að þeir einir, sem eiga einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta, geti gert athugasemdir við tillögur að starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, sbr. 8. kafla mengunarvarnareglugerðar."

Það er alveg augljóst mál, hæstv. forseti, að andrúmsloftið á Íslandi eigum við saman, allir Íslendingar, hvar sem við búum á Íslandi. Það er útilokað að hafna því að einhverjir tilteknir aðilar eigi frekar aðild að máli af þessu tagi en aðrir. Ég skora á hæstv. umhvrh. að gera grein fyrir því hver sé hans skoðun á þessum vinnubrögðum. Og ég bendi á að formaður stjórnar Hollustuverndarinnar — hver er hann? Er hann ekki aðstoðarmaður — hvers? Landbrh. sem er sama persónan og er umhvrh. Er þetta ekki athyglisvert, hæstv. forseti? Er þetta ekki þannig að formaður stjórnar Hollustuverndar ríkisins er jafnframt aðstoðarmaður landbrh.? Þetta er ekki gott, eða hvað.

Nú er ég ekki að vantreysta þessum unga manni, það má enginn skilja það svo. Og það má enginn skilja það þannig að ég telji að... (**JóhS:** Er hann ekki varaformaður?) Varaformaður stjórnar Hollustuverndarinnar? (**Gripið fram í:** Jón Erlingur.) Það er undirritað af Jóni Erlingi Jónassyni fyrir hönd meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins, þetta bréf. (**GÁ:** Ingunn er formaður.) Ingunn Svavarsdóttir er formaður já, en hann undirritar þetta bréf sem hafnar aðild hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að málinu. Og ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég tel að þarna séu menn alveg á mörkunum svo ég segi ekki meira. Og ég endurtek að ég er ekki að vantreysta þessum unga manni. Það má enginn skilja orð mín svo. En ég er bara að vekja athygli á því að þetta er... (**ÖS:** En er hann grunaður um græsku?) Ja, ég segi það heldur ekki, hv. þm., heldur vek ég athygli á því að þarna kann þessi ágæti ungi maður að vera settur í óþolandi stöðu miðað við allar aðstæður.

Þetta tvennt, hæstv. forseti og hv. formaður iðnn., er það sem ég á við þegar ég tala um að málið sé sett í pólitíska ramma sem er óþolandi fyrir embættismenn og sérfræðinga. Það er það. Þess vegna held ég að mótmæli hv. formanns iðnn. við orðum mínum í nefndarálitinu um þetta dugi því miður ekki. Ég held að staðan sé því miður þannig að þarna hafi menn ekki gætt sín sem skyldi.

Nú ætla ég ekki, hæstv. forseti, að fara út í umhverfismálin í einstökum atriðum að öðru leyti. Margt er í því gagni sem ég hef látið dreifa á borð þingmanna og er nokkur texti sem er ágætt fyrir menn að lesa, annaðhvort núna eða um hátíðirnar því að hér er margt fróðlegt án þess að það flokkist undir bókmenntir beint, en hér er margt gagnlegt. Og ég vek athygli á því að þarna koma fram upplýsingar um brennisteinsdíoxíðmagn sem fer út samkvæmt þessum samningi, í svörum sem við fengum frá ráðuneyti umhverfismála.

Ég ætla að víkja lauslega, hæstv. forseti, að alþjóðlegum skuldbindingum sem uppi eru í þessum efnum. Það er fyrst samningurinn með langa nafninu eins og við kusum að kalla

hann í iðnn. Styttri útgáfa af nafninu er: Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir. Þetta er styttri útgáfan en það verður ekki farið með þá lengri hér vegna þess að *þingmanninn brestur minni til að fara yfir það í smáatriðum.* Þarna er um að ræða samning eða bókun sem mjög margar þjóðir hafa gerst aðilar að en það hafa Íslendingar ekki gert. Í gögnum sem eru í heftinu, sem ég hef látið dreifa, kemur í ljós að ef Íslendingar væru aðilar að bókun um SO hefði það haft bein áhrif á samninginn um stækkun álversins í Straumsvík og í raun og veru hindrað aðild okkar að honum, eins og hann lítur út. Þ.e. ef Ísland hefði verið búið að setja mörk um árlega losun brennisteins frá landinu samkvæmt þessum samningi. Það er rétt að taka fram að öll nágrannalönd okkar hafa skrifað undir bókunina. Þetta kemur fram í skjali frá umhvrn. sem dreift er með nál. mínu.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara yfir einstök atriði í sambandi við bréf hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar til hv. formanns iðnn. um þessi mál. En þar eru tínd til 17 atriði sem eru öll mjög gild í þessu samhengi. Á fundi í iðnn. með Hollustuvernd ríkisins kom fram að þeir sem þar töluðu fyrir nefndina sem sérfræðingar sýndu öllum athugasemdunum sem hér koma fram fullan skilning. Mér fannst þeir taka þannig á málinu. Ég varð ekki var við að þeir vísuðu neinu á bug af því sem stendur hér. Þeir töldu að því er varðar 1. tölul., ófullnægjandi ákvæði í lögum og reglugerðum, að þar væri kannski ekki um að ræða hluti sem þeir gætu skrifað upp á. En þegar kemur að öðrum þáttum tel ég að þeir hafi á fundum nefndarinnar sýnt þeim beinan skilning. Ég bendi t.d. á ummæli hv. þm. um koltvísýringsmengun og alþjóðlegar skuldbindingar. Ég varð ekki var við að þar kæmu fram nein alvarleg mótmæli við ábendingum hv. þm. Því tel ég að það sé ekki að neinu leyti orðum aukið sem ég segi í nál. í þessu samhengi.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í heftinu sem ég hef látið dreifa er birt bréf, dags. 9. sept. 1995, frá þingflokki Kvennalistans til Hollustuverndar ríkisins þar sem fjallað er um starfsleyfið alveg sérstaklega. Í heftinu er einnig að finna svör umhvrn. við öllum athugasemdum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég held að mjög sé að gagnlegt að hafa það til hliðsjónar, m.a. þær forsendur sem umhvrn. byggir sínar ákvarðanir á. Loks birtist framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings um loftslagsbreytingar, sem er einn af Ríó-samningunum. Þar kemur margt mjög fróðlegt fram, hæstv. forseti, m.a. um koltvíoxíðssamninginn sem ég ætla að fara aðeins nánar yfir.

Í maí 1994 lauk Orkustofnun við gerð bráðabirgðaeldsneytisspár sem unnin var út frá eldsneytisspá frá árinu 1988, að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á aðstæðum síðan. Eldsneytisspáin er síðan forsendan fyrir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna Ríó-samningsins og í henni stendur, með leyfi forseta:

„Stefnumið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar miðast við að vinna að fullu" — ég endurtek — „að fullu á móti þeirri aukningu útstreymis koltvíoxíðs sem búist er við frá 1990 til 2000, eða um 110 þús. tonn. Stefnt er að því að ná um 35 þús. tonna minnkun með breytingum á eldsneytisverði, um 50 þús. tonnum með rafvæðingu katla og öðrum aðgerðum í iðnaði og um 15 þús. tonnum með aðgerðum í samgöngumálum. Til viðbótar er ráðgert að rúmlega 10 þús. tonna takmörkun náist hjá fiskiskipunum. Með þessu móti er talið að heildarútstreymi koltvíoxíðs á landinu verði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990."

Nú vil ég beina spurningu til hæstv. umhvrh. sem við ræddum aðeins við 1. umr. en ég bið hann um að fara *nánar yfir:* Vill *hann* vera svo vinsamlegur að gera grein fyrir því hvernig hann hugsar sér framkvæmdina á þessari framkvæmdaáætlun? Er t.d. farið að leggja drög að því að hækka sérstaklega verð á bensíni út af þessum málum? Hér er verið að segja það. Eru menn að vinna í því að hækka aukalega verðið á bensíni eða dísilolíum eða hvað eru menn að gera? Er það þannig að umhvrn. ætlar að láta sér nægja að skrifa bara undir einhverja pappíra í útlöndum, koma svo heim og brjóta allar reglurnar sem skrifað er undir? Ég er viss um að svarið við þeirri spurningu er nei. Umhvrn. ætlar sér ekki að gera það. Ég veit að bæði hæstv. umhvrh. og ráðuneytisstjórinn í umhvrn. hafa miklu meiri metnað fyrir hönd ráðuneytisins en svo. Ég held að æskilegt sé að fá þessar upplýsingar.

Ég vil einnig vekja athygli, hæstv. forseti, á bréfi því sem Náttúruverndarráð sendi Skipulagi ríkisins um þessi mál, dags. 21. ág. 1995. Þar er um að ræða ábendingar sem benda til þess að ágreiningur sé á milli Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins um þessi mál. Ég vil biðja hæstv. umhvrh. um að fara nokkrum orðum um það mál á eftir hvernig hann ætlar sér að sætta þessar stofnanir sínar, annars vegar Náttúruverndarráð og hins vegar Hollustuvernd ríkisins, sem segja sitt hvað. Náttúruverndarráð segir, með leyfi forseta, í umsögn sinni:

„Gert er ráð fyrir að þurrhreinsibúnaður verði notaður. Náttúruverndarráð telur að nota eigi þann búnað sem gefur bestu hreinsun á kerreyk og bendir á að með vothreinsibúnaði (sjóskolun) megi ná mun meiri hreinsun á t.d. brennisteinstvíoxíði en sem svarar 21 kg/t Al eða allt niður í 2–5 kg/t Al. Þessu má einnig ná með brennisteinssnauðum kolaskautum."

Þetta er mjög athyglisvert. Það er líka athyglisvert að Náttúruverndarráð tekur undir það sem fram hefur komið varðandi veðurmælingar í kringum Straumsvík, að þær séu of litlar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð tekur undir þær athugasemdir sem koma fram í þessum lið um vöntun á veðurmælingum í Straumsvík og þeim byggðu svæðum (Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur o.fl.), sem sérstaklega má ætla að verði fyrir loftmengun frá álverinu."

Því verð ég að segja alveg eins og er, hæstv. forseti: Ég hef engan áhuga á því að varpa rýrð á það sem þetta fólk er að gera í málinu. Ég hef engan áhuga á því. Það sem fyrir mér vakir er að settar séu skynsamlegar, gagnsæjar, faglegar reglur um það hvernig á málum af þessu tagi er tekið. Ég held að ef núna er ekki tekið rétt á málum eins og umhverfismálunum, faglega og gagnsætt, geti það verið hættulegt fyrir framhaldið. Þess vegna tel ég að sú umræða sem nú fer fram sé mikilvæg forvarnaumræða, fyrirbyggjandi umræða, um stóriðjuver sem menn hugsanlega byggja hér í framtíðinni. Ég bið menn um að skilja orð mín sem innlegg í þá framtíðarumræðu, kannski ekki síður en sem umræðu um einmitt þessa stækkun. Hún er út af fyrir sig minna mál sem slík en margt annað sem gert hefur verið í þessu máli.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum, hæstv. forseti, um þessi umhverfismál, þótt ég gæti það sannarlega. Ég hef lagt fram nokkrar grundvallarspurningar um málið.

Ég ætla því næst að víkja að öðrum atriðum í nál. mínu. Það eru samskiptin við Hafnarfjarðarbæ, sem ég kalla svo

í álitinu. Mér finnst það nokkuð skrýtið mál. Ég segi það alveg eins og er. Mér finnst sérkennilegt að íslenskt fyrirtæki skrifar Hafnarfjarðarbæ á ensku, nokkrum dögum eftir að búið er að ganga frá samningnum, þar sem varað er við því að byggja á skipulögðum svæðum í Hafnarfirði og sagt, á þessum eina stað í skjölunum, að stækkunin geti orðið miklu meiri en nú er áformað. Mér finnst að sumu leyti heiðarlegt af álverinu að segja þessa hluti fullum fetum og láta koma fram að þetta geti verið svona. En það hefði átt að koma fram áður en samningarnir voru undirritaðir. Enn þá sérkennilegra er að bréf fyrirtækisins, sem heitir á sérkennilegri íslenskri mállýsku Icelandic Aluminium Corporation, er bréf frá íslensku fyrirtæki til Hafnarfjarðarbæjar. Það er ekki verið að senda þetta annars staðar að. Iðnrn. svarar alveg á stundinni þessu bréfi og segist taka undir þessi mál og bendir á að álframleiðsla í Straumsvík geti aukist í 300 þús. tonn á næstu árum eða þegar fram líða stundir og að hún muni líklega á næstu 5–10 árum aukast í 200 þús. tonn.

Ég vil staldra við þetta, hæstv. forseti, og segja: Ég hef hvergi séð annars staðar að þetta muni gerast á næstu 5–10 árum. Af hverju segir iðnrn. 5–10 ár? Hvaða rök eru fyrir því að iðnrn. segir 5–10 ár? Og hvaðan er þessi tala, 300 þús. tonn, komin? Ég held að það sé nauðsynlegt að iðnrn. geri grein fyrir því. Síðan ber að geta þess að iðnrn. dró að nokkru leyti til baka síðdegis sama dag sitt eigið bréf með símbréfi til Ingvars Viktorssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði. Það bréf er dags. 7. des. 1995. Þar segist ráðuneytið ekki taka neina afstöðu til einstakra þátta í framtíðarþróun byggðar í Hafnarfirði. En auðvitað er alveg ljóst að ráðuneytið er að segja við Hafnfirðinga: Þið verðið að taka tillit til álversins við skipulagningu byggðar á svæðinu. Ætli það heiti ekki sunnan til í Hvaleyrarholti eða niður að veginum sem liggur að gamla sædýrasafninu og þar í grennd, þar sem ráðgert var að byggja nokkra tugi húsa eða hátt í 100 íbúðarhús, ef ég man rétt.

Ég held sem sagt að fara þurfi aðeins betur yfir þetta og ég segi, hæstv. forseti, í þessu skjali: Álverið hefur ekki komið sér nægilega vel fyrir í þjóðlífinu. Ég endurtek það. Það er ekki nógu vel að þessum hlutum staðið. Mér finnst að það eigi að vanda sig við svona mál, bæði að því er varðar umhverfismálin, að ekki sé nú talað um orkumálin, skattamálin og hækkun í hafi og allt það. Ég ætla ekki að fara að tala um það. En þegar maður lítur t.d. á vinnuslysin sem ég kem að á eftir, samskiptin við Vinnueftirlit ríkisins, þessa þætti umhverfismálanna og samskiptin við næstu nágranna, Hafnarfjarðarbæ, þá er þetta ekki nógu gott. Ég held að við verðum líka að horfast í augu við það. Að því er varðar t.d. Járnblendifélagið, það er betra. Þar hefur t.d. tekist betra samstarf við starfsmenn, sýnist mér á öllu, en þarna suður frá. Mjög alvarlegar ábendingar varðandi samskiptin við starfsmenn komu fram í ferð okkar iðnaðarnefndarmanna til Straumsvíkur. Ég tek engu að síður mark á því sem fram kom hjá steypuskálastjóranum, Rannveigu Rist verkfræðingi, að þau hafa að mörgu leyti lagast og það hefur verið unnið skipulega í þeim. En það er ekki hægt að segja að álverinu hafi tekist vel að koma sér fyrir í þjóðlífinu og þar með að eyða tortryggni sem er eðlileg í kringum fyrirtæki af þessu tagi sem er allt öðruvísi en allur annar atvinnurekstur í landinu. Ég fer sem sagt fram á það af iðnrn. að samskiptamálin verði skoðuð og að staða fyrirtækisins verði skoðuð skipulega, með viðræðum við Hafnfirðinga og alla hlutaðeigandi aðila.

Síðan kem ég í nál. aðeins að skýrslu Vinnueftirlitsins sem fylgir hér líka. Þar eru satt að segja hárreisandi tíðindi um vinnuslys í fyrirtækinu. Daginn sem við iðnaðarnefndarmenn komum þangað, um klukkan hálfellefu til ellefu, hafði sama morguninn orðið vinnuslys þar sem þrír menn slösuðust. En okkur var ekki sagt frá slysinu þegar við komum í fyrirtækið. Það var mjög sérkennilegt. Við heyrðum það í útvarpinu á leiðinni til Reykjavíkur að þarna hefði orðið óvenjumikið slys þar sem þrír menn slasast. Nú kunna að hafa verið einhver rök fyrir því, ég skal ekkert um það segja. Ég hef ekki haft aðstöðu til að ræða þetta við forráðamenn fyrirtækisins en alla vega verkaði þetta ekki vel á iðnaðarnefndarmenn. Það var eins og þarna væri verið að leyna einhverju og ég held að maður verði að taka mark á forstjóra Vinnueftirlitsins í þessu máli. Þetta er bara ekki alveg nógu gott hjá okkur.

Þetta er líka forvarnamál. Þetta er líka fyrirbyggjand umræða af minni hálfu til þess að á þessum málum verði betur tekið í framtíðinni.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, um einstök atriði nefndarálitsins vísa ég til þess og fylgiskjala en kem svo að lokum að þeim breytingartillögum sem ég flyt á þskj. 382. Það er tillaga um þrjú ákvæði til bráðabirgða sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ríkisstjórnin láta fara fram úttekt óháðra sérfræðinga á umhverfiskröfum þeim sem gera verður til álversins í Straumsvík með hliðsjón af íslenskum reglum og alþjóðlegum samningum. Úttektinni skal lokið fyrir 1. mars 1996 og verði starfsleyfi álversins þá endurmetið og það endurútgefið í samræmi við niðurstöður úttektarinnar."

Ég ætla að fara yfir þetta. Ég er að biðja um það, hæstv. forseti, að það fari af stað ný úttekt á umhverfismálunum og henni verði samt sem áður lokið svo snemma að það hafi ekki veruleg áhrif á framkvæmdaferlið í Straumsvík ef niðurstaðan verður sú að þetta sé allt í lagi. Ég held að það sé sanngirnisósk að fara fram á þetta eins og málin eru og hafa þróast og þess vegna flyt ég þessa tillögu. Ég vona að hæstv. umhvrh. og meiri hlutinn í þessari virðulegu stofnun taki þessum ábendingum vel.

Í öðru lagi flyt ég tillögu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs strax og lög þessi hafa tekið gildi sjö manna nefnd, atvinnumálanefnd, til þess að gera tillögur um eflingu alhliða atvinnulífs, m.a. með hliðsjón af þeim þjóðfélagslegu breytingum sem það kann að hafa í för með sér ef stórframkvæmdir næstu ára verða nær allar á sama svæði á landinu. Nefndin skili fyrstu tillögum sínum fyrir þinglok vorið 1996."

Hvað er nú þetta? Þetta er það að nú er verið að leggja af stað með þessa stækkun og ég segi alveg eins og er að ég er ósammála þessum óskaplegu útmálunum Þjóðhagsstofnunar á því að þessi stækkun, mér liggur við að segja litla stækkun, muni setja allt á annan endann í þessu landi. Það er ekki þannig. Þetta eru ekki þau undur í atvinnumálum að þessi stækkun setji allt á annan endann á Íslandi. Það er ekki svoleiðis. Ég vil láta það koma fram að ég er ósammála mati Þjóðhagshagsstofnunar að því er það varðar.

Hins vegar er það auðvitað þannig að hin beinu efnahagslegu áhrif sem eru reiknanleg í tölvum Þjóðhagsstofnunar eru eitt, en hin, mér liggur við að segja andlegu áhrif sem svona framkvæmdir hafa, t.d. á fólk á Siglufirði, á Seyðisfirði, á

Vestfjörðum, eru talsverð. Það þarf að grípa til sérstakra ráðstafana út af því, líka vegna þeirra hörmunga sem hafa dunið yfir í ákveðnum hlutum dreifbýlisins, einkum á Vestfjörðum að undanförnu og líka vegna þess að nú er verið að tala um að fara í Hvalfjarðargöng. Ég sé að það eru allir með stjörnur í augunum yfir þessum Hvalfjarðargöngum. Ég er eini pólitíkusinn held ég í þessari stofnun sem hef stundum leyft mér að draga það í efa að nauðsynlegt sé að eyða öllum þessum peningum í þessi Hvalfjarðargöng. Það væri nær að eyða þeim í skóla eða einhverjar þarfar menningarstofnanir en ég er nú einn um það eins og fleira. Og svo eru menn að tala um fleiri stóriðjufyrirtæki. Ég ætla að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann getur frætt okkur nokkuð um frekari áform um stóriðjufyrirtæki. Það er alveg rétt sem bent var á í mínum þingflokki fyrir nokkrum dögum að það er dálítið þriðja heims andrúmsloft á Íslandi í sambandi við þessi stóriðjufyrirtæki. Þegar einhver útlendingur kemur með mikið af dollurum og ætlar að byggja eitthvað þá leysast menn upp í fögnuði, amen og halelúja og spyrja ekkert um hvað menn eru með í pakkanum ef þeir sjá dollarana fyrst. Ég held að málið sé þannig að menn þurfi að vera miklu gagnrýnni á þessa hluti en við höfum verið. Ég vil láta það koma fram að þó að ég verði að teljast tiltölulega jákvæður gagnvart þeim orkusölusamningi sem hér er verið að ræða, lít ég ekki á hann sem fordæmi að einu eða neinu leyti og mér finnst reyndar að það eigi að reyna að móta heildarstefnu í þessum málum eins og ég kem að á eftir. En spurningin er sú, svona í tilefni af þessu öllu, hvort það sé ekki nauðsynlegt, og það er mín skoðun að það sé nauðsynlegt, að Alþingi kjósi sérstaka nefnd til að fara í atvinnuþróunarmál í heild af framsýni og með hliðsjón af því ef allar stóriðjuframkvæmdir næstu ára verða hér á sama svæðinu. Ég segi á sama svæðinu vegna þess að ef við horfum frá Suðurnesjum og upp í Hvalfjörð, upp á Grundartanga þá er þetta er eitt atvinnusvæði þannig að ég tel að þessi tillaga eigi hér við. Og ég bendi á að þegar viðreisnarstjórnin samþykkti álverið 1966 eða 1965, ég man ekki hvenær lögin voru samþykkt reyndar, þá var gerð um leið sérstök samþykkt og tekin ákvörðun um tilteknar aðgerðir í atvinnumálum dreifbýlisins. Ég er sannfærður um að framsóknarmenn vilja síst láta það á sig sannast að þeir séu lakari en viðreisnarstjórnin í þessum málum og spyr að því hvort þeir hafi ekki áhyggjur af atvinnuþróuninni og ástandinu í dreifbýli að því er þessa hluti varðar. Ég beini því bæði til hæstv. iðnrh. og hv. formanns iðnn. því að ég tel að hér sé um að ræða mjög alvarlegt mál.

Í þriðja lagi flyt ég tillögu sem er svohljóðandi:

„Alþingi kýs strax og lög þessi hafa öðlast gildi sjö manna nefnd til þess að gera tillögur til Alþingis um stefnumótun í orku- og stóriðjumálum til næstu áratuga á grundvelli sjálfbærrar þróunar í umhverfismálum. Nefndin skili tillögum sínum til Alþingis við upphaf þings haustið 1996."

Þetta mál hef ég þegar rökstutt og tel að við eigum að horfa á þessa hluti líka í samhengi. Við eigum mikið vatnsafl. Við viljum breyta því í verðmæti. Hverju viljum við kosta til? Við viljum að þeir sem kaupa af okkur rafmagnið borgi fyrir það fullt verð svo ekki sé verið að borga með því. Við viljum ekki að almenningur á Íslandi borgi með þessu í sínum töxtum hjá almenningsrafveitunum. Við viljum tryggja það að þær orkuframkvæmdir sem ráðist er í séu umhverfisvænar og spilli ekki umhverfinu. Við viljum standa þannig að málum að stóriðjufyrirtækin sem byggð eru spilli ekki umhverfinu, á jörðu, í sjó eða í andrúmsloftinu. Þetta viljum við allt saman gera og af hverju ekki að setja þessa hluti niður á blað og reyna að horfa á málið í stærra samhengi. Það er það sem verið er að gera hér.

Nú hefur hæstv. iðnrh. óskað eftir því að stjórnmálaflokkar og fleiri aðilar tilnefni menn í allstóra nefnd til að fjalla um miklu víðara svið, þ.e. þróun orku- og iðnaðarmála til lengri tíma, skipulag orkuiðnaðarins alveg sérstaklega. Mér er kunnugt um að bréf um þetta efni liggur fyrir hjá flokkunum og ég hef orðið var við það reyndar víða. En það sem hér er á ferðinni er hluti af því stóra máli sem hann er þarna að rekja. Hér er bara verið að fara yfir orkunýtingarkostinn og stóriðjumálið en ekki allt sviðið, þ.e. skipulag orkumála o.s.frv. Þess vegna vil ég inna eftir því hvaða afstöðu hæstv. ráðherrar hafa til þessa máls.

Ég segi í lokin á nefndaráliti mínu:

„Afstaða minni hlutans til frumvarpsins ræðst af því hvaða afgreiðslu og undirtektir þær tillögur um orkumál, atvinnumál og umhverfismál fá, sem fluttar eru í formi breytingartillagna við frumvarpið." Og ég þarf svo sem ekki að gera neitt annað en undirstrika þetta. Ég mun og við, taka ákvörðun um það hvernig við stöndum að afgreiðslu málsins við 2. og 3. umr., taka ákvörðun um það með hliðsjón af því hvernig undirtektir verða við almennar ábendingar okkar sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[11:55]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir málefnalega ræðu. Ég vil aðeins þar sem hann vék að ákveðnum þætti þessa máls, samskiptamálunum, taka það fram að það kom greinilega fram í máli Gylfa Ingasonar sem hér var vitnað til, að kveikjan að ágreiningi ef ágreining mætti kalla, eru kannski fyrst og fremst þeir verktakasamningar sem gerðir hafa verið í álverinu og hafa orðið til þess að þar hefur orðið um verulega fækkun manna að ræða. Ég held að það sé meginmálið.

Það hefur líka ýmislegt jákvætt gerst í þessum málum. Það hefur orðið mikil þróun og framleiðniaukning. Til fróðleiks má segja að árið 1991 var framleiðslan á mann í álverinu eitthvað um 163 tonn ef ég man rétt en á þessu ári er áætlað að hún verði um 233 tonn á mann.

Hvað varðar Hafnarfjörð, þá er það engin spurning að Hafnarfjörður hefur mikinn ávinning af þessu máli eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. Hvorki meira né minna en 50% starfsmanna munu vera búsettir í Hafnarfirði og um 30% þeirra munu trúlega vera búsettir í Reykjavík. En það er líka svo að þetta er eftirsóttur vinnustaður hvað svo sem um það má segja að einhver ágreiningur kunni að ríkja innan fyrirtækisins og meðalaldur starfsmanna í fyrirtækinu segir okkur mjög mikið um það mál. Meðalaldur starfsmanna álversins er um 51 ár en meðalstarfsaldur starfsmanna fyrirtækisins er hvorki meira né minna en 17 ár þannig að þetta segir okkur heilmikla sögu um að það virðist vera eftirsóknarvert að vinna þarna.

Það er einnig rétt að það komi hér fram vegna slyssins sem hv. þm. minntist á, að það hefur komið fram í viðræðum við Eyjólf Sæmundsson að nú er unnið að mjög víðtæku eftirliti á vegum Vinnueftirlitsins í mjög góðu samstarfi við álverið um rannsóknir á þessum slysum og hvernig megi auka öryggið í álverinu.

[11:57]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekkert við það að athuga sem hv. þm. sagði. Það er rétt að það hefur orðið mikil breyting í fyrirtækinu á undanförnum árum. Aðalvandinn hefur þó ekki verið sá sem hér hefur til þessa verið rakinn heldur hafa verið gífurlegir erfiðleikar fyrirtækisins í samskiptum við verkafólk og verkalýðshreyfinguna almennt í landinu. Og ég held að við verðum að viðurkenna það að tilraunir eigenda fyrirtækisins til að knýja fram breytingar á vinnulöggjöfinni á Íslandi í tengslum við samningaviðræður sl. vor voru ekki smekklegar. En það er rétt hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að aðaltrúnaðarmaðurinn í Straumsvík telur að menn hafi rekið þennan fjanda af höndum sér a.m.k. í bili og það er út af fyrir sig fagnaðarefni.

[11:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara sem snertir nokkra þætti þessa máls og ég mun gera nánar grein fyrir.

Við 1. umr. kom fram í mínu máli að þingmenn Þjóðvaka mundu greiða fyrir umræðu þessa máls á þingi eins og kostur væri, en nauðsynlegt væri að skoða ítarlega í meðferð málsins, ekki síst orkusamninginn, skattalega hlið samningsins og þá þætti sem lúta að mengunarvörnum. Ýmislegt hefur skýrst varðandi þetta í umfjöllun iðnn. svo og umfjöllun efh.- og viðskn. um skattaþáttinn og umfjöllun umhvn. um umhverfismálin sem ég mun ræða nánar.

Í nefndaráliti meiri hlutans er nokkuð vikið að þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á leyndina sem hvílir yfir orkusamningnum. Við í Þjóðvaka höfum tekið undir þessa gagnrýni og teljum að leyndin sé óeðlileg og til þess fallin að vekja tortryggni um þennan mikilvæga þátt samningsins. Deili ég því ekki með meiri hlutanum þeim þætti málsins sem segir að meiri hluti iðnn. geri ekki athugasemd við þá málsmeðferð.

Upplýsingar komu fram í hv. iðnn. um orkusamninginn, einnig þann hluta er lýtur að trúnaðarþætti málsins en ég mun að sjálfsögðu virða ósk sem fram hefur komið frá stjórn Landsvirkjunar um þann þátt sem þeir vilja að falli undir viðskiptaleynd þó það geri þingmönnum að sjálfsögðu erfitt um vik að fjalla með eðlilegum hætti um þennan stóra þátt málsins. Ég vil þó undirstrika að við lítum svo á að hér sé ekki verið að marka stefnu til frambúðar og að samþykki stjórnar Landsvirkjunar varðandi þessa viðskiptaleynd nái eingöngu til samningsins sem við ræðum hér.

Það má ætla, ef spár ganga eftir, að samningurinn verði Landsvirkjun hagstæður þegar til lengri tíma er litið þó orkuverðið sé snautlega lágt að mínu mati fyrstu árin. Upplýst hefur þó verið að orkuverðið standi undir framleiðslukostnaði á afsláttartímanum sem er mjög mikilvægt. Samkvæmt útreikningi og áætlun Landsvirkjunar reikna þeir líka með hagnaði af samningnum á um 8 milljarða kr. ef spá um þróun álverðs gengur eftir. Þó er ljóst, að mínu mati, að við erum að setja eggin í eina körfu. Tekjur Landsvirkjunar frá Ísal nú eru um 22% af heildartekjunum en verða 30% eftir samninginn og orkumat til Ísals er 37% en verður rúmlega 50%. Þannig verður efnahagslífið verulega háð álverðssveiflum líkt og það hefur verið háð fiskverðssveiflum.

Ég vil líka ítreka mikilvægi þess að það gangi eftir, sem fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans að Landsvirkjun geri ráð fyrir að orkuverð til almenningsveitna muni lækka til lengri tíma litið vegna áhrifa samningsins.

Við 1. umr. þessa máls vakti ég athygli á ýmsum spurningum sem vöknuðu um skattaþátt samningsins. Í fyrsta lagi varðandi það að fastagjald Ísals verði eftir stækkun lækkað úr 20 dollurum á framleitt tonn í 10 dollara á tonn og komi sú breyting til framkvæmda í upphafi fyrsta heila rekstrarárs stækkaðs álvers eða frá 1. jan. 1998. Með stækkuninni og aukinni framleiðslu, í allt að 200 þús. árstonn, mun þetta gjald aðeins gefa 130 millj. sem er sama upphæð og gjaldið gefur nú þannig að aukin framleiðsla mun engu skila umfram það sem verið hefur. Þótt það verði ekki frádráttarbært frá tekjuskattsgreiðslum eftir 2005 og arðgreiðslur geti Ísal ekki nýtt með sama hætti og íslensk fyrirtæki taldi ég að niðurstaðan væri mjög hagstæð fyrir samningsaðila okkar. Ekki síst í ljósi þess að þeir munu búa við núgildandi skattalegt umhverfi út allan samningstímann, þ.e. að þó að skattar á íslensk fyrirtæki breytist á samningstímanum, til að mynda til hækkunar, mun Ísal halda hagstæðri skattalegri stöðu sinni allan samningstímann. Íslensk fyrirtæki gætu því þurft að búa við óhagstæðara skattaumhverfi en fyrirtæki í eigu erlendra aðila.

Eins og fram kemur í umsögn efh.- og viðskn. mun hinn nýi viðaukasamningur engu að síður þýða verulega auknar tekjuskattsgreiðslur Ísals í ríkissjóð til lengri tíma litið vegna aukinnar framleiðslu. Ljóst er að við munum þó þurfa að kosta nokkru til við skattaþátt málsins, í eftirgjöf. Engu að síður hlýtur að vega þungt þegar kostir og gallar skattalegs þáttar samningsins eru metnir að til lengri tíma litið getur hann þýtt verulega auknar skatttekjur ríkissjóðs.

Þó að þessir samningar hafi marga kosti, ekki síst þá að koma hreyfingu á efnahags- og atvinnulífið og að við nýtum alla umframorku okkar strax við gangsetningu verksmiðjunnar, auk þess sem stækkunin leiðir til þess að við þurfum að ráðast í verulegar fjárfestingar í nýjum virkjunum, sem eykur líka umsvif í atvinnulífinu, þá eru líka á þeim gallar. Það er dapurleg staðreynd sem ekki verður fram hjá litið að lág laun í landinu og sá mikli afsláttur af orkuverði sem við þurftum að gefa í nokkur ár, auk þess sem við vorum óþarflega umburðarlynd varðandi mengunarþáttinn, eru meginástæður þess að samningarnir tókust. Á heildina litið vega kostirnir þó þyngra en gallarnir. Það er ástæða þess að ég styð meiri hluta iðnn. í þessu máli, með þeim fyrirvörum sem ég er að lýsa nú við 2. umr.

Ég sé ástæðu til þess að nefna sérstaklega, áður en ég vík að mengunarþætti samningsins, að líka verður að hafa í huga þegar metin eru hve mörg störf samningurinn mun gefa á framkvæmdatímanum að þau eru alls ekki í hendi enn fyrir Íslendinga. Áætlað er að um þriðjungur af 14 milljarða framkvæmdum eða 4,5 milljarður kr. fari væntanlega til innlendra aðila og að ársverk vegna framkvæmdanna verði um 800 en útboð á eftir að fara fram á stærstu hlutum verkefnisins og það er alls óvíst hverjir þeirra koma í hlut íslenskra aðila og þá hve mikið af störfum Íslendingar hljóta.

Herra forseti. Það er ástæða til að nefna þetta til þess að menn geri sér ekki of miklar væntingar um áhrif samningsins á atvinnustigið í landinu þótt þess sé auðvitað að vænta, eins og segir í nefndaráliti meiri hlutans, að íslensk fyrirtæki geti boðið í flesta verkþætti.

Þess verður líka að geta að þrátt fyrir að reiknað sé með um 90 varanlegum störfum vegna stækkunarinnar hefur störfum við álverið fækkað verulega á umliðnum árum. Með

þessum 90 viðbótarstörfum verða þau í allt 497 eftir stækkunina, aðeins þremur fleiri en þau voru árið 1993. Í áliti Þjóðhagsstofnunar sem fram kemur í greinargerð með frv. segir að til greina komi vegna þessara framkvæmda að fresta opinberum framkvæmdum, þá væntanlega umfram það sem fjárlagafrv. *næsta árs gerir ráð fyrir. Um þetta spurði ég* hæstv. iðnrh. við 1. umr. málsins, en hæstv. ráðherra svaraði því þá til að engin áform væru uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar um að draga úr opinberum framkvæmdum frá því sem áætlað er í frv.

Nú finnst mér af svörum sem ég hef fengið í hv. iðnn. um þetta efni að það sé alls ekki á hreinu og gæti allt eins verið að dregið yrði enn frekar úr opinberum framkvæmdum en fram kemur í fjárlagafrv. Því vil ég aftur spyrja hæstv. iðnrh. *þessarar spurningar: Hefur orðið einhver breyting á þessu frá* því að hæstv. ráðherra upplýsti þingið við 1. umr. málsins um að engin áform væru uppi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um að draga frekar úr opinberum framkvæmdum en þegar var áformað?

Ég vil í lokin víkja að umhverfisþætti samningsins sem ýmsir hafa lýst verulegum áhyggjum af og haldið fram að sé ekki nægjanlega metnaðarfullur varðandi mengunarvarnir. Við í Þjóðvaka óskuðum eftir því við 1. umr. málsins að umhverfismálin *fengju ítarlega skoðun, ekki bara í iðnn. heldur* einnig í hv. umvhn. þingsins. Frá hv. umhvn. komu tvö álit, frá meiri hluta og minni hluta. Komið hefur fram, einnig við þessa umræðu, að málið hafi að mati sumra nefndarmanna í umhvn. alls ekki fengið nægjanlega umfjöllun þar, en ég hef gert ákveðna fyrirvara við umhverfisþátt málsins. Ég tel að álit minni hluta umhvn., frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, sé mjög gagnlegt og varpi á margan hátt skýru ljósi á hvað betur hefði mátt fara við mengunar- og umhverfisþátt samningsins. *Það er full ástæða til þess að þakka hv. þm. fyrir þá* vinnu sem hann hefur lagt í málið og mikilvægar ábendingar sem fram koma í áliti hans.

Ég tek undir það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. 8. þm. Reykv., að það sé mjög óeðlilegt og sérkennilegt að stjórn Hollustuverndar ríkisins hafi hafnað aðild hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að málinu vegna þess að hann gerði alvarlegar athugasemdir við starfsleyfið. Auðvitað er alvarlegt að stjórn Hollustuverndar skuli ekki hafa tekið málið til *efnislegrar afgreiðslu, ekki síst í ljósi athugasemda hv. þm.* við umhverfisþátt málsins.

Hv. iðnn. fór ítarlega yfir álit minni hluta umhvn. og fékk á sinn fund, vegna þess álits, fulltrúa frá umhvrn., iðnrn. og Hollustuvernd ríkisins. Í áliti meiri hlutans segir að hann taki undir álit meiri hluta umhvn. Eins og fram kom í máli hv. formanns iðnn. hef ég skrifað undir nál. meiri hlutans með fyrirvara sem snertir nokkra þætti málsins, ekki síst mengunarmálin. Ég tel það hins vegar mjög jákvætt sem *kemur fram í áliti meiri hluta iðnn. varðandi einstaka þætti* umhverfismálanna, m.a. að það kunni að vera sérstakt athugunarefni fyrir stjórnvöld hvernig beri almennt að takmarka útblástur koltvíoxíðs og brennisteinstvíoxíðs, með tilliti til alþjóðasamninga þar um, án þess að það komi í veg fyrir að hreinar orkulindir landsins verði nýttar til uppbyggingar atvinnu. Ég tel einnig afar mikilvægt, sem fram kemur í áliti meiri hluta iðnn., að rétt sé að huga að frekari endurskoðun þeirra reglna sem gilda um mengunarvarnir með það fyrir augum að skilgreina eins og frekast er kostur mengunarmörk og önnur viðmið í umhverfismálum. Vil ég í því sambandi taka undir það sem fram kemur í nefndaráliti minni hluta umhvn. um að ófullnægjandi ákvæði sé í lögum og reglugerð er varðar mengunarvarnir, ekki síst varnir gegn loftmengun.

Afar áríðandi er að framfylgt verði niðurstöðu meiri hluta iðnn. um að æskilegt sé að umhverfisyfirvöld kanni í samvinnu við Ísal hvernig minnka megi hljóðmengun frá súrálsuppskipun í Straumsvík. Á þetta atriði vil ég leggja ríka áherslu.

Ég fagna því sérstaklega sem kemur fram í lok nefndarálits meiri hlutans, og við í Þjóðvaka lögðum mikla áherslu á, en meiri hlutinn telur þörf á því að iðnrn. athugi sérstaklega hvernig auka megi úrvinnsluiðnað í tengslum við álverið og þá þjónustu sem þar er í boði. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. um álit hans á því. Hjá Ísal komu fram upplýsingar um úrvinnsluna, m.a. að Ísal gæti afhent ál af þeim styrkleika sem þyrfti til ýmiss konar úrvinnslu, svo sem alls konar málm- og álvinnslu. Efnagreining væri ódýr hjá þeim en mundi kosta mikið væri hún gerð annars staðar. Væri vel athugandi að setja á stofn einhvers konar sjóð, tímabundið, sem fengi ákveðið hlutfall af skattgreiðslum frá Ísal, jafnvel með mótframlagi þaðan, til að styrkja úrvinnsluiðnað sem notfærði sér það sem Ísal býður upp á, t.d. efnagreiningu og aðhendingu á fljótandi áli. Hugmyndin er vel þess virði að vera skoðuð rækilega í iðnrn. og gæti leitt til ýmiss konar nýsköpunar í úrvinnsluiðnaði. Ég vil inna hæstv. ráðherra sérstaklega eftir þessum þætti, sem fram kemur í áliti meiri hluta iðnn.

Herra forseti. Ég hef farið yfir helstu atriði málsins og reynt að draga fram kosti samningsins og galla, eins og nauðsynlegt er að gera í svo stóru máli. Niðurstaða mín er sú að þrátt fyrir ýmsa galla sem ég hef dregið fram séu kostirnir tvímælalaust þyngri á metunum og því munu þingmenn Þjóðvaka styðja frv.

Í lokin, herra forseti, vil ég ásamt varaþm. mínum, Merði Árnasyni, sem fyrir hönd Þjóðvaka fjallaði að mestu um málið í iðnn. í fjarveru minni, þakka formanni hv. iðnn., Stefáni Guðmundssyni, fyrir trausta forustu í þessu máli og góða samvinnu um það í nefndinni.

[12:15]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vegna anna í fjárln. hef ég ekki getað fylgst jafn vel með umfjöllun þessa máls í hv. iðnn. og ég hefði kosið. *Kvennalistinn á ekki fullgilda aðild að iðnn.* en ég sit þar sem áheyrnaraðili fyrir Kvennalistann og hefði sannarlega viljað nýta þann möguleika til fulls, þar sem hér er um stórt og mikilvægt mál að ræða sem vissulega þarf að fara vel yfir. Nokkra fundi gat ég þó setið, m.a. fund með forsvarsmönnum Landsvirkjunar. Einnig fór ég með nefndinni í heimsókn í álverið þar sem haldinn var fundur með stjórnendum þess. Svipaða ferð og þó öllu ítarlegri gerði ég reyndar fyrir nokkrum vikum í hópi kvennalistakvenna þar sem við vildum kynna okkur aðstæður. Allt var þetta gagnlegt og fróðlegt.

Ég ræddi þetta mál við 1. umr. og benti þá á nokkur atriði sem yrði að athuga nánar áður en hægt væri að taka endanlega ákvörðun um stuðning eða andstöðu við málið í heild. Og sannarlega hefur málið skýrst. Sumir þættir þess líta betur út en ég bjóst við, þ.e. að því er varðar orkuverðið og skattamálin, en umhverfisþátturinn hefur heldur versnað við nánari athugun og veldur mér verulegum áhyggjum.

Helstu kostirnir við þennan samning eru að sjálfsögðu hin auknu umsvif sem hann hefur í för með sér og þau áhrif sem hann hefur á þjóðarbúið í heild. Þessi áhrif eru metin

svo að atvinnuleysi gæti minnkað um 0,6% á næsta ári, þ.e. farið úr 5% í um 4,4%, og að ríkissjóðsdæmið muni réttast af um einar 700 millj. kr. Að vísu hafa þessi umsvif einnig neikvæð áhrif. Þau kalla á verulega aukinn innflutning sem mun samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar leiða til nokkurra milljarða kr. halla á viðskiptum við útlönd en þau hafa skilað afgangi á allra síðustu árum, þjóðhagsspekúlöntum til mikillar ánægju. Þannig er aldrei neitt algott og það er óneitanlega kaldhæðnislegt eftir áralangar áhyggjur af of litlum hagvexti að um leið og vonir standa til aukins hagvaxtar er farið að vara við aukinni þenslu og neikvæðum viðskiptajöfnuði.

Það sem mér finnst reyndar alvarlegast við þessa þenslu er að hún verður að mestu staðbundin og það er atriði sem Kvennalistinn hefur alltaf bent á sem neikvæðan þátt við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir. Þetta eru mannaflafrek stórvirki sem krefjast margra verkamanna á afmörkuðu svæði í tiltölulega skamman tíma, nógu langan þó til þess að valda röskun og búferlaflutningum. En síðan er ekki tryggt að eitthvað taki við því eins og við vitum eru þetta tiltölulega fá störf til frambúðar. Ég vil vekja athygli á því hvernig málið er sett fram í nefndaráliti meiri hlutans þar sem mér finnst koma fram á nokkuð villandi hátt hver áhrif þetta hefur á aukningu starfa. Þær tölur sem þar koma fram eru miðaðar við hvað álverið, eins og það er fyrir, ásamt stækkun til viðbótar leiðir af sér mörg störf í þjóðfélaginu. Þetta er ein af forsendum þess að við höfum verið andsnúnar stóriðjustefnunni þótt vissulega hafi umhverfisþátturinn skipt þar langmestu máli. En hvað sem því líður er ekki hægt annað en fagna auknum atvinnutækifærum þegar ástandið er eins og það er í íslensku atvinnulífi. En ég segi það enn og aftur, ég hefði viljað sjá aðrar áherslur af hálfu stjórnvalda, annars konar atvinnustefnu sem byggði á því sem við eigum best og sem æ færri þjóðir geta státað af, þ.e. tiltölulega hreinu og lítt menguðu umhverfi. Þar liggja okkar stóru möguleikar fyrst og fremst.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að leyndarmálinu mikla, þ.e. raforkuverðinu til Ísals. Það er ekki lengur eins mikið leyndarmál fyrir iðnn. og áður, en þjóðin verður að bíða, a.m.k. enn um sinn. Reyndar var þetta mjög sérstakur fundur sem við áttum með stjórnendum Landsvirkjunar um þetta mál og ég vissi ekki alveg hvað ég átti að halda þegar ég fletti samningnum því þar var fæst skiljanlegt venjulegu fólki, textinn gegnsýrður af skammstöfunum og torkennilegum orðum. En eftir nokkrar skýringar er niðurstaða mín sú að áhrif þessa samnings á afkomu Landsvirkjunar réttlæti það verð sem hún fær fyrir orkuna þótt það hefði sannarlega mátt verra hærra. Það er morgunljóst að Landsvirkjun getur ekki boðið slíkt verð öðrum orkukaupendum sínum, hvorki núverandi né framtíðarkaupendum nema það verði undir kostnaðarverði sem er tæplega það sem menn vilja.

Eins og allir vita, verður orkuverðið til Ísals tengt álverði og miðað við forsendur samningsins verður að telja afar lítil líkindi á að álverðið fari svo langt niður að orkuverðið verði Landsvirkjun óhagstætt miðað við núverandi aðstæður. Hins vegar minni ég enn á þá staðreynd að Ísal verður langstærsti orkukaupandinn hér eftir stækkun. Ísal kaupir nú þegar um 37% allrar raforku frá Landsvirkjun, en eftir stækkun álversins verður það hlutfall komið yfir 60%. Eiginlega undrast ég að það virðist ekki vera þeim hjá Landsvirkjun mikið áhyggjuefni að meira en 60% orkunnar fari til eins einasta fyrirtækis í landinu. Það hlyti að verða meira en lítið áfall ef því yrði lokað skyndilega. Allt er í heiminum hverfult og því skyldi það ekki geta gerst einhvern tíma? Ég veit ekki betur en rekstri álvera hafi verið hætt hér og þar í veröldinni á síðustu árum. Ekki ætla ég að gerast spákona í þessu efni þótt mér finnist fyllsta ástæða til að benda á þetta atriði.

Þetta breytir þó ekki því mati mínu að samningurinn við Ísal skili Landsvirkjun verulegum hagnaði miðað við núverandi aðstæður og er heldur betri kostur en ég átti von á.

Sama má í rauninni segja um skattaþáttinn. Það er mikill kostur að með þessum samningi hafa skattgreiðslur Ísals nálgast mjög þær aðstæður sem íslensk fyrirtæki búa við. Að vísu fyndist mér eðlilegast að álverið félli að öllu leyti undir íslensk skattalög og þyrfti enga sérsamninga um það. En eftir þennan samning er þó orðinn lítill munur þar á. Þá held ég einnig að Hafnfirðingar geti unað glaðir við þann fjárhagslega hagnað sem þessi nýi samningur færði þeim. Hins vegar hlýt ég að lýsa furðu minni yfir þeirri framkomu Ísals gagnvart Hafnarfjarðarbæ sem kemur fram í bréfi frá 21. nóvember sl. og er langt í frá að hægt sé að meta afleiðingar þess bréfs til framtíðar.

Ég lýsti því yfir við 1. umr. um þetta frv. að stækkun álversins í Straumsvík væri skásti kosturinn af þeim sem til athugunar hafa verið á undanförnum árum. Sá kostur hefði minnst spjöll í för með sér. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki lengur jafnviss um þetta atriði, samskipti Ísals og Hafnarfjarðarbæjar hafa valdið því að á mig hafa runnið tvær grímur. Álit mitt þá byggðist á því að álverið í Straumsvík væri þegar á sínum stað og það munaði ekki svo miklu þótt það yrði stækkað og þá fyrst og fremst með tilliti til sjónmengunar. Auk þess yrðu umhverfisáhrif minni en af nýju stóru álveri eins og mest hefur verið í umræðunni.

En ég er ekki lengur jafnviss um að þetta sé skásti kosturinn og þá er ég ekki síst með framtíðarhagsmuni Hafnfirðinga í huga. Og ég verð að segja að þótt meiri hluti iðnn. beri greinilega lotningarfullt traust til Ísals, hefði hann alveg getað kveðið fastar að orði í áliti sínu en að segja ósköp pent að hann telji æskilegt að umhverfisyfirvöld kanni í samvinnu við Ísal hvernig minnka megi hljóðmengun frá súrálsuppskipun í Straumsvík.

Mesta furðu vekur í sambandi við þessar bréfaskriftir Ísals til Hafnarfjarðarbæjar að þær eiga sér stað skömmu eftir að samningar höfðu verið undirritaðir við dúkuð borð og fjölmiðlaljós. Það kom ekki fram í samningaviðræðunum heldur eftir að þær voru í höfn. Fulltrúar Hafnarfjarðar fylgdust allan tímann grannt með öllu ferlinu við umhverfismatið og inntu margsinnis eftir atriðum eins og hávaðamengun og fleiri atriðum sem skipta máli í sambandi við skipulag og nýtingu lands í næsta nágrenni við verksmiðjuna. Þeir fengu aldrei ástæðu til að ætla að til þess þyrfti að koma að það þyrfti að fara að breyta skipulagi vegna þessa. Það er í meira lagi undarlegt að blekið er vart þornað á undirskriftarpappírunum þegar forráðamenn Ísals senda Hafnarfjarðarbæ bréf og vara við skipulagi byggðar á svæði sem bærinn hafði ætlað undir íbúðarbyggð. Og iðnrn. bætir um betur og varar enn frekar við og minnir í bréfi á að miklar líkur séu á aukningu framleiðslugetu Ísals í 200 þús. tonn á næstu 5–10 árum. Ef hæstv. iðnrh. mætti heyra mál mitt ...

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. iðnrh. Það er beðið um að hann verði við umræðuna.)

Mig langaði til að biðja hæstv. iðnrh., sem hefur setið og hlustað mjög grannt á alla umræðuna, að hlusta einmitt á það sem ég er að fjalla um núna sem eru samskipti Ísals

og Hafnarfjarðarbæjar eftir að samningar höfðu verið undirskrifaðir. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að iðnrn. studdi að vissu leyti erindi Ísals til Hafnarfjarðarbæjar og varaði enn frekar í sínu bréfi við og minnir á að miklar líkur séu á aukningu framleiðslugetu Ísals í um 200 þús. tonn á næstu 5–10 árum og að eðlilegt sé að gera ráð fyrir að álframleiðsla í Straumsvík geti aukist í a.m.k. 300 þús. tonn þegar fram líða stundir. Og Ísal er væntanlega að segja hið sama með sínu bréfi. Ég spyr: Hvað þýða yfirlýsingar af þessu tagi? Þýða þær að þegar sé farið að undirbúa slíka framleiðsluaukningu og hvar er slíkur undirbúningur staddur? Ég bið menn að íhuga hvað slíkt mundi þýða, þ.e. stækkun og aukning framleiðslugetu í 300 þús. tonn. Ég hef ekki trú á því að það verði hægt í þeim byggingum sem komnar verða eftir þá stækkun sem fyrirhuguð er núna. Það þyrfti þá væntanlega að byggja frekar og þar með mundi þrengja að möguleikum byggðar í nágrenninu. Og hvaða áhrif mundi það hafa á umferðina um Reykjanesbraut? Sjá menn það sem æskilegan kost að umferðin þurfi að liggja á milli verksmiðjuhúsa álversins í Straumsvík eða e.t.v. undir brú á milli þeirra? Eða yrði að færa Reykjanesbrautina til að auka rými Ísals til framkvæmda? Þá væri farið að versna í málinu, held ég.

Það er augljóslega brýnt að fara þegar að velta fyrir sér hvernig á að bregðast við hugmyndum og yfirlýsingum í þessa veru. Verði af slíku ætla ég rétt að vona að mönnum hafi aukist metnaður á sviði umhverfisverndar og kunni að setja strangari skilyrði fyrir starfsleyfi en nú er raunin. Þetta er það atriði sem við kvennalistakonur höfum alltaf haft mestar áhyggjur af og því miður er mér engu rórra í því sambandi en á fyrri stigum þessa máls. Ég reyndi að fylgjast með undirbúningi eftir föngum og koma athugasemdum okkar á framfæri. Við sendum athugasemdir til Skipulags ríkisins þegar það var með málið til umfjöllunar. Ég skrifaði í blöð til að vekja athygli á því og þingflokkurinn sendi athugasemdir sínar til Hollustuverndar ríkisins þegar hún var að undirbúa starfsleyfið. Allt bar þetta heldur lítinn árangur. Þó tók Skipulag ríkisins undir eina athugasemd okkar, þ.e. þá athugasemd að súrálsturnarnir stingi illa í augu þegar farið væri um Reykjanesbrautina og lagði Skipulag ríkisins til að þeir yrðu málaðir litum sem féllu betur inn í umhverfið og verður gaman að sjá hvort Ísal tekur nokkurt mark á því eða hvort nokkur ýtir á eftir þessu. Þetta er hins vegar ekki stærsta atriðið í mínum huga.

Allar aðrar athugasemdir okkar féllu í grýttan jarðveg enda dýrara að taka mark á þeim, svo og annarra, t.d. sérfræðinga Náttúruverndarráðs sem einnig gagnrýndu m.a. að ekki væru sett skilyrði um vothreinsibúnað en það var okkar megingagnrýnisatriði.

Fyrir fimm árum lagði Hollustuvernd ríkisins mikla áherslu á nauðsyn vothreinsibúnaðar í nýju álveri sem þá var til athugunar og var það rökstutt með því að brennisteinsdíoxíðmengun gæti haft skaðleg áhrif á umhverfið ef ekki kæmi til vothreinsun auk þess sem slíkur búnaður yki einnig hreinsun flúoríðsambanda úr afsogslofti frá kerum. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hafa fulltrúar Hollustuverndar ekki getað rökstutt hvers vegna nú hefur verið snúið við blaði hvað þetta varðar og ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv. að það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. umhvrh. að þessar stofnanir, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins, skuli greina á í þessu efni. Og eins og ég sagði, eftir alla þá umfjöllun sem verið hefur um þetta mál og sem ég hef kynnt mér eftir bestu getu er mér engu rórra en fyrr. Sömu gagnrýnistriði standa eftir sem áður að því er umhverfismálin varðar og um það vísast til þess sem ég hef áður sagt um þetta mál á Alþingi. Ég vísa til þeirra álita sem þingflokkur Kvennalistans sendi Skipulagi ríkisins og Hollustuvernd vegna umhverfismats og starfsleyfis, svo og þess sem fram hefur komið um þetta mál í nefndaráliti minni hluta umhvn. til iðnn. en því áliti var ég efnislega sammála. En ég gat því miður ekki setið þennan títt nefnda fund umhvn. þar sem fjallað var á mjög stuttum tíma um þennan þátt málsins.

Ég vísa einnig til þess sem fram kemur um þetta í nefndaráliti minni hluta iðnn. og lýsi hér með yfir stuðningi okkar kvennalistakvenna við allar breytingartillögur minni hlutans á þskj. 382 um ákvæði til bráðabirgða. Ég vona að hv. þm. styðji þær tillögur sem í fyrsta lagi lúta að því að ná meiri sátt um það hvernig staðið er að umhverfisþættinum. Í öðru lagi að skipuð verði nefnd til að gera tillögu um eflingu alhliða atvinnulífs með hliðsjón af þeim þjóðfélagslegu breytingum sem svo staðbundnar stórframkvæmdir hafa í för með sér og í þriðja lagi að stofnuð verði nefnd til að gera tillögur um stefnumótun í orku- og stóriðjumálum til næstu áratuga á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Í því sambandi vil ég minna á till. til þál. sem þingkonur Kvennalistans fluttu á 111. löggjafarþingi um mörkun orkustefnu sem tekur tillit til umhverfis. Tillagan var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að mörkuð verði stefna í eldsneytis- og orkunotkun þar sem tekið verði tillit til umhverfis, leitast við að spara takmarkaðar auðlindir og draga úr mengun."

Í þessari tillögu og meðfylgjandi greinargerð birtist sú framtíðarsýn í þessum málum sem mér finnst skorta í viðhorfum og afstöðu stjórnvalda sem markast af allt of miklu kæruleysi og stundarhagsmunum.

Herra forseti. Af öllu því sem ég hef sagt má ljóst vera að við kvennalistakonur erum ósáttar við þann þátt málsins sem snýr að umhverfismálunum og hörmum það metnaðarleysi sem stjórnvöld sýna hvað það varðar. Sú afstaða stjórnvalda markast af því að þau virðast fús til að fórna nokkru á því sviði til að tryggja að af þessum framkvæmdum verði. Þetta er auðvitað spurning um áherslur og forgangsröðun. Stjórnvöld meta það svo að mestu skipti sú vítamínsprauta sem þessar framkvæmdir eru fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar, áhrif þeirra á atvinnustigið, aukning hagvaxtar og meiri tekjur í ríkissjóð og þau telja sig hafa náð góðum samningi um skattagreiðslur Ísals og um viðunandi orkuverð. Kvennalistinn er að flestu leyti sammála þeim þáttum málsins en gerir eins og fram hefur komið mikla fyrirvara við umhverfisþáttinn. Það hefði vissulega komið til greina að greiða atkvæði gegn frv. einmitt vegna þessa þáttar en með tilliti til annarra þátta þess sem ég hef nú lýst reikna ég með að við munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

[12:38]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem fallið hafa í umræðunni er rétt að taka fram að umhvn. hefur fjallað mjög ítarlega um málið á löngum tíma, bæði á sumarþingi og nú á haustþinginu og fengið á sinn fund alla þá sem koma að umhverfisþætti málsins. Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar er það aðalatriði hvað varðar umhverfisþátt að starfsleyfið, sem að mínu mati er mjög vel unnið, bæði hvað varðar mat á umhverfisáhrifum og undirbúning að útgáfu þess, er veitt

á grundvelli íslenskra laga og uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru í mengunarvarnareglugerð.

Annað er að það kunna að vera skiptar skoðanir um hversu ítarlegar þessar reglur eru og hvort það þurfi að endurskoða þær en það getur ekki verið notað til að tefja afgreiðslu þessa máls. Þess vegna vísa ég því á bug að meiri hluti umhvn. hafi afgreitt málið á fljótfærnislegan hátt. Þvert á móti hefur verið farið mjög ítarlega yfir það.

Hvað varðar losun mengunarefna frá álverinu, þá lækkar í raun útblástur flúoríðs. Ársmeðaltal verður 1 kg á framleitt tonn af áli. Í því sambandi má benda á að frá 1968 hafa farið fram reglulegar mælingar á flúor á ákveðnum svæðum vegna starfsemi Ísals. Árin 1992–1994 hefur flúor í andrúmslofti mælst að meðaltali 0,1–0,2 míkrógrömm í rúmmetra. Þessu til viðbótar má nefna að mælt hefur verið flúor í gróðri og mælist það nú sambærilegt því sem það var áður en verksmiðjan tók til starfa.

Ég vil þá víkja nokkuð að ryklosuninni í örfáum orðum. Ryklosun er að ársmeðaltali 1,5 kg á tonn og brennisteinstvíoxíðlosun 21 kg á tonn af áli að hámarki. Aukning brennisteinslosunar er um 4 prósentustig þegar ekki er tekið tillit til háhitasvæða. Er það að mati sérfræðinga fyllilega ásættanlegt.

Hvað varðar vothreinsunarbúnað þá eru mjög skiptar skoðanir um gagnsemi hans og sumir sérfræðingar telja það beinlínis óæskilegt að beina brennisteininum öllum á takmarkað svæði á grunnsævi í stað þess að losa hann út í andrúmsloftið þar sem vindmælingar sýna að hann dreifist vel og yfirleitt að þremur fjórðu hlutum til hafs, þó á miklu stærra hafsvæði og með hverfandi áhrifum ef miðað er við vothreinsibúnað.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur tekið sérstaklega norsk álver sem dæmi þar sem gerð er krafa um vothreinsibúnað en reynsla hefur kennt okkur að taka ekki öllu sem gert er erlendis gagnrýnislaust heldur vega og meta hvern hlut út frá okkar eigin aðstæðum og mati. Niðurstaðan varðandi hávaðamengun er viðunandi og mælingar sýna að hávaðamengun er undir öllum viðmiðunarmörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð. Íslenska álfélagið hefur sett sér stefnu í umhverfismálum og hefur lýst yfir eindregnum vilja fyrirtækisins til að ná sem bestum árangri í þeim málum. Fyrirtækið hefur að mati Hollustuverndar ríkisins náð umtalsverðum árangri á sviði mengunarvarna á undanförnum árum og því er ekki ástæða til þess að ætla að það muni gera annað en að halda áfram á sömu braut og leitast við að huga að umhverfinu eftir því sem það er á valdi þess. En ég tek þó undir þau orð sem hér hafa fallið að það er að sjálfsögðu okkar hlutverk, bæði þeirra sem hér eru og allra annarra að vera stöðugt á varðbergi gagnvart jafnstórtækum atvinnurekstri og hér er um að ræða.

Ég vil ítrekað vísa á bug gagnrýni minni hluta umhvn., það hefur ávallt verið vel tekið í óskir okkar um að fjalla um málið. Íslendingar eru að mínu mati umhverfissinnar og gera sér betur en margar aðrar þjóðir grein fyrir hversu lífsafkoma þjóðarinnar byggist á góðri umgengi við náttúru landsins og sjávar. Að sjálfsögðu er rétt að vera alltaf á varðbergi og endurskoða stöðugt afstöðu okkar og viðmið í mengunarvörnum. Það má fyllilega taka undir með þeim hv. þm. sem rætt hafa umhverfisþáttinn að umræðan er mjög mikilvæg og ég treysti því að hún verði höfð til hliðsjónar við umræðu þessa máls því að skoðanaskiptum um umhverfismál á Íslandi lýkur ekki með þessari umræðu á hv. Alþingi. Hér er hins vegar beinlínis til umfjöllunar starfsleyfi fyrir álverið í Straumsvík unnið af okkar hæfustu sérfræðingum. Að þeirra mati eru mengunarvarnir í Straumsvík fulnægjandi. Ég er sannfærður um að mat þessara manna er rétt og þrátt fyrir að um það kunni að vera skiptar skoðanir er algerlega óviðunandi að látið sé að því liggja að mál þetta hafi ekki verið unnið á hlutlægan og eðlilegan hátt af embættismönnum.

Í vinnu við þetta mál hefur umhyggja fyrir náttúru landsins verið höfð að leiðarljósi, hvort sem litið er til starfa embættismannanna eða þeirra sem hafa fjallað um það á Alþingi. Umhvn. hefur frá því að hún hóf fyrst störf með breytingu á þingsköpum 1991 látið sig mál þetta varða og lýsi ég mig reiðubúinn til þess að ræða almennt um mengunarvarnir og viðmiðunarmörk ef ósk um það berst til formanns umhvn. En ég áskil mér jafnframt þann rétt að mega styðja þá skoðun sem yfirgnæfandi hluti hæfustu manna á þessu sviði hefur.

Ég dreg þá saman þau atriði sem ég hef látið koma hér fram. Umhvn. var mjög vel undir það búin að fjalla um þá beiðni sem kom frá iðnn., þ.e. að veita umsögn um málið. Umhvn. var vel undir þetta búin vegna þess að hún hafði fjallað um þetta fyrst á fundi sem boðað var til af tveimur ráðuneytum og vegna þeirrar umræðu sem tekin var upp í nefndinni á síðsumri og hausti þar sem ítarlega var farið í gegnum alla þætti málsins. Þannig að þegar til umsagnarinnar kom, þó að okkur væri gefinn þar knappur tími, vorum við vel undirbúnir og bjuggum að því.

Ég vil líka láta koma fram að umræða í umhvn. um þetta mál hefur verið mjög málefnaleg bæði af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum þessum aðilum þá vinnu, alúð og málefnalegu framsetningu sem hefur verið höfð á fundum umhvn. Við gerum okkur öll grein fyrir að hérna er um mikilsvert mál að ræða, mál sem nær langt út fyrir dægurþras stjórnmála hvers dags. Hér um framtíðarmál og stefnumörkun að ræða sem við hljótum að vanda okkur við. Þetta held ég að hafi verið haft í huga við öll okkar störf.

Við fengum til okkar marga gesti. Við fengum til okkar margvíslegar umsagnir. Við skoðuðum þetta allt frá upphafi til enda og það liggur til grundvallar því endanlega mati sem meiri hlutinn lét frá sér fara. Það er óhjákvæmilegt fyrir mig að fara nokkrum orðum um ummæli sem koma fram í áliti minni hluta umhvn. þar sem getið er um fund sem haldinn var 4. desember 1995, en þar var fjallað um umsögn nefndarinnar að beiðni iðnn. Þykir mér að þau ummæli sem þar koma fram, séu ekki í samræmi við þann anda og þau vinnubrögð sem við höfum tamið okkur í nefndinni. Hér segir, með leyfi forseta:

„Voru þau beðin um skrifleg svör og greinargerðir um nokkur atriði og var á það fallist. Þrátt fyrir að efnislegri athugun málsins væri ekki lokið í nefndinni bar formaður upp tillögu að umsögn sem hlaut stuðning stjórnarliða í nefndinni og afgreiddi meiri hlutinn málið þá samstundis frá nefndinni. Beiðni um að dokað yrði við og beðið greinargerða frá viðmælendum sem formaðurinn hafði boðað á fundinn hafnaði hann staðfastlega.“ Og síðan, með leyfi forseta, held ég áfram og klára þessa tilvitnun með þessum orðum: „Þessum óvenjulegu og óþinglegu vinnubrögðum mótmælti undirritaður og kvaðst mundu skila sérstakri umsögn um málið.“

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði þetta að nokkru leyti að atriði í sínu máli áðan. Ég ætla þá að láta það koma fram

að umhvn. hafði mjög knappan tíma til þess að fjalla um þetta mál. Það var haldinn sérstakur aukafundur um málið að beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á mánudegi vegna þess að sá sami hv. þm. var að fara til útlanda daginn eftir kl. 6 eða 7 að morgni og þetta var eini dagurinn til þess að halda þann fund. Við áttum hins vegar að skila nefndaráliti eða umsögn á miðvikudegi en þá var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson í útlöndum og þrátt fyrir að milli okkar ríki gott samband, treysti ég því ekki að við gætum leyst það með fjarskiptum eða öðrum hætti meðan hann var í útlöndum. Þannig var sérstaklega unnið að því að þessi umræða að hans beiðni gæti komið fram þarna. Það var engin leið að svara þessu skriflega samdægurs, áður en hv. þm. færi til útlanda þannig að það var vitavonlaust að fjalla um þetta á þessum tíma. Því mótmæli ég þeim orðum sem komu þarna fram en vísa að öðru leyti til þess sem ég hef áður sagt um málið og málefnalegan undirbúning þess og þeirrar niðurstöðu sem umhvn. setti fram í sinni umsögn að vandlega yfirveguðu ráði.

[12:50]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki vera að skattyrðast við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson um þetta mál að öðru leyti en því að endurtaka það að ég tel að þessi vinnubrögð séu ófullnægjandi. Ég tel að það hefði þurft lengri tíma í málið og það var að frumkvæði stjórnarandstöðunnar í iðnn. að málið var sent til umhvn. Það var á það fallist af formanni iðnn. að senda þetta til umhvn. En það hefði þurft að gefast lengri tími í málið. Og ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, hvað svo sem hv. formaður umhvn. segir, að þetta var of stuttur tími og vinnubrögð af þessu tagi mega aldrei verða fordæmi í störfum umhvn.

[12:51]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi aftur fram ef það var ekki ljóst að við höfðum þann skamma tíma sem iðnn. setti okkur. En við gátum svarað þessu með málefnalegum hætti vegna þeirrar ítarlegu umfjöllunar sem áður hafði farið fram eins og hérna hefur verið rakið. Þess vegna var þessi tími fullnægjandi fyrir okkur. Ég hefði gjarnan viljað bíða eftir umsögnunum sem um var beðið en það var ekki við formann eða meiri hluta nefndarinnar að sakast heldur hinn knappa tíma sem fyrirspyrjandi og beiðandi þessara umsagna hafði sjálfur til umráða.

[12:52]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umhvn. tekur sér þann tíma sem þarf í svona máli. Hún lætur iðnn. ekki skammta sér tíma. Það er slæmt fordæmi fyrir umhverfismálin ef iðnn. ákveður hraðann í vinnu af þessu tagi. Hafi tíminn verið of stuttur, þá átti umhvn. að taka sér lengri tíma. Umhvn. þarf að temja sér það og þeir sem veita þeim málaflokki forstöðu að átta sig á því að þetta eru forgangsmál og eru engu síður mikilvæg en t.d. mál sem snerta fjmrn. Í rauninni eru umhverfismálin þvert á öll mál, snerta öll undirstöðumál þessarar stofnunar og það má aldrei víkja þeim til hliðar vegna tímaskorts og sérstaklega ekki, liggur mér við að segja, tímaskorts sem ákveðinn er að kröfu iðnn., með fullri virðingu fyrir henni.

[12:53]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessu máli var ekki vísað til umhvn. heldur fékk umhvn. það til umsagnar og skilaði þeirri vinnu sem ég hef lýst. Umhvn. er svo sannarlega tilbúin til þess á hverju stigi að ræða þessi mál eins og öll önnur umhverfismál ef um það er beðið. En ég ætla enn og aftur, vegna þess að það virðist ekki hafa skilist eða heyrst, að segja það að þó að umhvn. hefði ekki haft rýmri tíma en þennan þá var hún búin að fjalla um þetta mjög ítarlega og því þurfti ekki lengri tíma til að kanna þessi mál, þó svo ég taki fyllilega undir að það hefði verið mjög æskilegt að geta orðið við óskum um að þau skriflegu svör sem um var beðið lægju fyrir. Því miður var það ekki hægt af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar en ég ítreka það að við höfðum mjög málefnalega og skýra afstöðu í þessu máli vegna vandaðs undirbúnings nefndarinnar.

[12:55]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við það sem fram kom í máli hv. formanns umhvn. Hann lagði mikla áherslu á að umhvn. hefði verið vel undir það búin að gefa álit á umhverfisþætti málsins til iðnn. á þeim stutta fundi sem haldinn var, þ.e. að tíminn hafi fyllilega nægt til þess vegna mikils undirbúnings og umfjöllunar áður. Ég gat því miður ekki verið á þessum umræddu, stutta fundi eins og fram hefur komið en ég vil minna hv. þm. á að um málið var aðeins fjallað á tveimur fundum umhvn. Hinn fyrri var haldinn seint í ágúst eða fyrst í september. Ég man ekki nákvæmlega dagsetningar. Þetta var á haustdögum. Fyrri fundurinn var haldinn að frumkvæði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það verður að segjast alveg eins og er að á þeim fundi kom fram talsverð óþolinmæði margra nefndarmanna í garð þeirra sem vildu um málið fjalla, að vísu ekki hv. formanns umhvn., ég vil taka það fram, og það kom fram gagnrýni á það að nefndin væri að fjalla um málið. Mörgum nefndarmanna fannst hreinlega óþarfi að umhvn. væri að skipta sér af vinnu við umhverfismat og undirbúning starfsleyfis og þyrfti hvorki að gefa sitt álit á því né koma að því með einum eða neinum hætti. Samt sem áður var haldinn einn fundur í viðbót með öllum þeim sem taldir eru upp í áliti eða umsögn meiri hluta umhvn. Það gæti virst að vel væri að málum staðið en þessi fundur var haldinn með öllum þessum aðilum í einu, öllum þessum fjölda í einu og þó að fundurinn væri á margan hátt gagnlegur og góður, vöknuðu eftir sem áður við þessa umfjöllun spurningar og því var fyllsta ástæða til að athuga þetta enn frekar. Ég reiknaði satt að segja með því að nefndin mundi gera það, það væri ekki bara undir áhuga einstaklinganna komið.

Ég tel, hv. þm., að þetta sé stærra mál en svo að þessi undirbúningur hafi nægt og er ekki sammála því að hér hafi verið um mikla og vandaða umfjöllun að ræða.

[12:57]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allir gestir hafa komið sem við höfum boðað eða beðið um að til okkar kæmu. Engum óskum um viðmælendur hefur verið neitað. Engum óskum um umsagnir hefur verið neitað. Við höfðum nægan tíma þegar við slitum starfi okkar í haust til þess að vinna það mál betur ef mönnum þótti of fjölmennt á einhverjum fundi þannig að sjónarmið kæmust ekki að. Þess vegna fellst ég ekki á þann málflutning sem hér var uppi.

Í öðru lagi vil ég endurtaka það sem ég sagði og mótmæla enn og aftur því að hér hafi verið um óvenjuleg og óþingleg vinnubrögð að ræða. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson

biður um að það sé haldinn aukafundur vegna þess að hann sé að fara til útlanda á þriðjudegi. Fundurinn er haldinn á mánudegi. Hann leggur þar fram margvíslegar óskir um skrifleg svör sem hefðu þá þurft að vinnast á næstu 7–8 klukkutímum. Það var alveg ljóst að það næðist ekki og það var alveg ljóst að þegar hann væri farinn til útlanda var ekki hægt að ræða þetta mál við hann. Á miðvikudegi áttum við að svara iðnn. og hefðum getað gert það ef hv. þm. hefði verið á landinu. Mér þykir það skjóta skökku við að ljúka upphafskafla álits minni hluta umhvn. með þessari gagnrýni og mótmæli henni vegna þess að sá sem um þetta bað hafði ekki tíma til að bíða eftir þeim umsögnum sem hann bað um.

[12:59]

Petrína Baldursdóttir:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól á hinu háa Alþingi til að lýsa ánægju minni með að þetta stóra mál, er varðar stækkun álversins, virðist nú í höfn. Eins og kom fram í nefndaráliti meiri hluta iðnn. skrifar fulltrúi Alþfl. undir meirihlutaálit nefndarinnar.

Það var í ágúst 1994 undir forustu þáv. iðnrh., Sighvats Björgvinssonar, sem vinna hófst við undirbúning að stækkun kerskála við álverið. Það var vegna þessarar vinnu m.a. sem ég tel að þetta stóra mál sé sem næst í höfn. Núverandi hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson hefur fylgt þessari vinnu vel eftir. Alþfl. hefur lagt mikla áherslu á iðnað og framkvæmdir við stóriðju þegar flokkurinn hefur haft áhrif á stefnumótun og fylgir því nú eftir þótt flokkurinn sé í stjórnarandstöðu. Við fylgjum málinu eftir af heilum hug og teljum að ávinningur framkvæmdanna skipti miklu máli fyrir íslenskt þjóðfélag. Það verður þjóðhagslegur ávinningur af viðaukasamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse-Lonza þegar hann verður staðfestur.

Ég vil hins vegar taka undir tvennt sem kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar og hann gagnrýndi. Það er annars vegar það að ég tel það aldeilis óviðunandi sem kom fram hjá fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar á fundi með iðnn. þann 7. desember sl. Þar lýstu þeir óánægju sinni með vinnubrögð af hálfu álversins en þeim hafði borist bréf frá álverinu þar sem varað var við byggð á áður skipulögðu byggingarsvæði í Hafnarfirði. Síðan tekur iðnrn. undir bréf álversins. Ég tel ámælisvert hvernig forusta álversins kemur fram að þessu leyti við Hafnarfjarðrbæ. Menn voru varla búnir að skrifa undir samninga þegar þeim berst þessi viðvörun frá álverinu um byggð í nágrenni við það. Hafnarfjarðarbær hefur látið skipuleggja svæðið sunnan Hvaleyrarholts undir íbúðarbyggð. Það er vægast sagt mjög óþægilegt fyrir Hafnarfjarðarbæ varðandi fyrirhugaða markaðssetningu á skipulögðu svæði að fá svona rýtingsstungu í bakið. Hins vegar er nú verið af hálfu ráðuneytisins að vinna að lausn þessa leiðinlega máls hvað varðar samskipti Hafnarfjarðarbæjar og yfirmanna álversins. Það skiptir mjög miklu máli að samvinna og áreiðanleiki gildi á milli manna í samskiptum sem þessum.

Ég vil einnig taka undir áhyggjur þær er komu fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar varðandi öryggismál í álverinu. Hann vitnar reyndar í minnihlutaáliti sínu til þess er kom fram í máli Eyjólfs Sæmundssonar, forstjóra Vinnueftirlitsins, en Eyjólfur hafði á fundi iðnn. kvartað yfir því að þætti öryggismála væri ábótavant í álverinu. Þegar iðnn. var í heimsókn í álverinu þann 7. desember sl. var fulltrúi álversins, Rannveig Rist, spurð m.a. hvort tíðni vinnuslysa væri mikil. Jú, hún viðurkenndi að vinnuslys væru of mörg innan álversins þótt þeim hefði eitthvað farið fækkandi á sl. árum. Hún sá samt ekki ástæðu til að minnast á vinnuslys sem hafði orðið þarna tveimur klukkutímum áður en hún var spurð. En í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins þennan sama dag og hv. alþm. voru að stíga inn í Alþingishúsið eftir að hafa verið í álverinu kom fram að þrír menn höfðu slasast alvarlega í vinnuslysi þarna um morguninn. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þótti þetta sérkennilegt. Fulltrúi álversins var þarna spurð um tíðni vinnuslysa en sá samt ekki ástæðu til að segja hv. alþm. frá því að um morguninn hefði einmitt orðið alvarlegt vinnuslys. Rannveig Rist tók að vísu fram að unnið væri hörðum höndum innan fyrirtækisins við að uppræta vinnuslys og sagði að eitt slys væri einu of mikið og undir það skal tekið. En það má því taka undir með þeim er lýsa yfir áhyggjum sínum með öryggismál innan álversins og það er alveg ljóst að þar verður að bæta úr.

Herra forseti. Ég vil að síðustu lýsa ánægju minni með þennan samning sem hér um ræðir og ítreka það að við alþýðuflokksmenn erum mjög ánægðir með að málið skuli vera svo sem næst í höfn og teljum samninginn vera stórkostlegan ávinning fyrir þjóðarbúið. Það er það sem skiptir máli í öllu þessu.

[13:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða stórt mál sem er frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík og er þetta 2. umr. málsins. Ég tel, virðulegur forseti, óhjákvæmilegt við þessa umræðu að fara yfir ýmsa þætti sem málið varðar til viðbótar því sem ég kom að við 1. umr. málsins, en ýmislegt hefur komið fram síðan á þeim tíma sem liðinn er, bæði við umfjöllun í nefndum þingsins sem og á opinberum vettvangi, sem óhjákvæmilegt er að fara yfir við 2. umr.

Ég vil segja almennt um málið í upphafi að mér finnst að við umræðu um það og umfjöllun í þinginu og í nefndum á vegum þingsins hafi nokkuð á það skort að farið sé yfir málið í þeirri breidd og í því samhengi sem það verðskuldar. Mér finnst menn hafa haft tilhneigingu til þess að fara yfir málið út frá þessum samningi tiltölulega einangrað án þess að líta á aðra þætti sem eru til umfjöllunar á vegum stjórnvalda um þessar mundir og kynntir hafa verið. Ef marka má yfirlýsingar geta verið líkur á, og þær e.t.v. ekki litlar, að um nýjar skuldbindingar af hálfu stjórnvalda verði að ræða í sambandi við stóriðju alveg á næstunni. Það gengur því ekki að mínu mati að skoða þennan samning einangraðan burt séð frá stefnu stjórnvalda að þessu leyti. Ég mun koma nánar að því í ræðu minni á eftir.

Ég tel líka að það vanti talsvert á að það hafi verið varpað ljósi á þá þætti í aðalsamningi íslenska ríkisins, Íslands og Alusuisse, sem varðar álbræðsluna í Straumsvík, samningi sem gerður var 1966 og sem hefur verið endurskoðaður nokkrum sinnum síðan og er þetta 5. viðauki við samninginn. Ég segi þetta vegna þess að mér finnst að það hefði verið sjálfsagt af hálfu stjórnvalda við upptöku málsins og gerð þessa viðauka að gera kröfur um endurskoðun ýmissa fráleitra ákvæða sem aðalsamningurinn hefur að geyma til þess að ná þar fram lagfæringum. Þetta á m.a. við um ákveðna þætti sem tengjast skattamálum fyrirtækisins sem hafa satt að segja verið til muna of lítið til meðferðar í þessari umræðu og umfjöllunar af hálfu nefnda þingsins. Það er verið

að ganga fram hjá því með afskaplega léttvægum hætti hver niðurstaða gæti orðið miðað við þessar reglur sem hér er verið að innleiða og hvað eðlilegt gæti tekist í því efni. Að því mun ég koma nokkuð síðar í máli mínu, en taldi rétt að nefna þetta í upphafi.

Síðan er sá þáttur sem hefur verið fyrirferðarmikill í 2. umr. til þessa sem snýr að umhverfismálum og er kannski sá þáttur sem þrátt fyrir allt mest umræða hefur orðið um, bæði í þinginu og eins meðal almennings í landinu og fjölmiðla. Það hefur þrátt fyrir allt tekist í sambandi við málið að fá umræðu um það og skoðun á þáttum þess, mörgum hverjum, og sú skoðun leiðir í ljós að mínu mati að hér er um að ræða algerlega óviðunandi frágang að því er varðar umhverfismálin og starfsleyfi fyrirtækisins. Mál sem þetta er samansett úr nokkrum meginþáttum. Eitt er það sem varðar hinn þjóðhagslega þátt, þær væntanlegu tekjur sem íslenska ríkið, fyrirtæki í landinu og þjóðarbúið er talið hafa af þessum samningi. Það er mjög gildur og stór þáttur sem eðlilegt er að sé athugaður, en þá verða menn líka að vega þetta jafnhliða, bæði orkuverðið og skattgreiðslurnar. Það er það tvennt í sameiningu sem skapar hinn þjóðhagslega þátt málsins, þann hagnað sem menn eru að vænta að geta haft af samningnum. Þetta hefur ekki verið gert upp með þeim hætti sem ég hefði talið eðlilegt vegna þess að spurningin gagnvart samningsaðilanum er sú hvaða greiðslur það eru í heild sinni sem þessum atvinnurekanda er ætlað að standa skil á til íslenska þjóðarbúsins, annars vegar Landsvirkjunar sem raforkuframleiðanda og sérstaks fyrirtækis og hins vegar íslenska ríkisins í sambandi við skattgreiðslur. Við höfum langa reynslu fyrir því í samskiptum við Alusuisse á liðnum áratugum að þeir hafa gætt þess af mikilli prýði út frá sínum hagsmunum að halda þannig á málum að um leið og þeir hafa slakað til í sambandi við raforkuverð, um leið og þeir hafa neyðst til að endursemja um raforkuverðið, hafa þeir gætt þess að ná fram breytingum á skattgreiðslum til þess að vega þar upp á móti.

Frægasta dæmið í þessum efnum er endurskoðun samningsins 1975 þegar um var að ræða smávægis aukningu á framleiðslugetu fyrirtækisins og það þurfti að ná samningum þar að lútandi og raforkuverðið var endurskoðað. En það sem gerðist í leiðinni var að slegið var af á skattahliðinni þannig að þegar þetta dæmi var skoðað af óvilhöllum aðilum í kringum 1980 kom í ljós að ef nokkuð var, þá hallaði á ríkið út úr þessum samningum, þá hallaði á ríkið og hallaði á þjóðarbúið, þ.e. sameiginleg niðurstaða úr raforkuverðssamningnum og skattasamningnum varð neikvæð. Að vísu ekki svo miklu munaði, en hún varð samt neikvæð þegar litið var yfir þetta 5–6 ára tímabil sem þarna var til athugunar. Þetta hefur ekki verið farið yfir nú í sambandi við meðferð málsins og það hefur ekki verið litið á ýmsa þætti í aðalsamningnum sem að mínu mati hefði verið sjálfsagt að taka á í sambandi við skoðun málsins.

Það hefur auðvitað komið fram, og það kom fram mjög skýrt fyrri hluta nóvembermánaðar um það leyti sem samningurinn var undirritaður af aðaltalsmönnum Alusuisse, að þeir voru prýðilega ánægðir með niðurstöðuna og töldu sig hafa náð afar hagstæðum samningi fyrir fyrirtæki sitt. Þetta skulum við hafa í huga þegar við erum að meta þetta mál í heild sinni. Síðan verður það auðvitað að vera pólitískt mat hvort menn telja að samningurinn í heild og allt sem honum tengist sé ásættanlegt, sé hagkvæmt. Ég veit að það er mat hæstv. iðnrh. og fleiri sem að þessu máli hafa komið að svo sé. Ég er aftur á móti ekki sammála hæstv. ráðherra að þessu leyti. Ég tel að í þessu máli séu afar margir brestir og veikleikar. Þegar ég met mál af þessum toga tel ég þætti eins og umhverfismál og þá hagsmuni sem umhverfismálunum tengjast ekki síður gilda en spurninguna um einhverja reiknaða þjóðhagslega hagkvæmni. Störf sem eiga að skapast vegna samningsins eru ekki nema 90 talsins með beinum hætti, að vísu fleiri út frá almennum margfeldisstuðli. Á þetta verður að líta og vega nokkuð jafnhliða og líta heildstætt á þetta þegar verið er að skoða hlutina. Þeir sem telja að umhverfisþátturinn sé slæmur eða jafnvel óviðunandi geta að mínu mati ekki verið með þessum samningi. Þeir geta ekki stuðlað að því að samningurinn fái staðfestingu á Alþingi Íslendinga. Það væri mjög undarlegt að mínu mati miðað við það að umhverfishagsmunirnir eru stærsti þátturinn í þessu máli til framtíðar litið. Ég á þá ekki við þetta mál einstakt, heldur almennt. Þegar verið er að ganga frá samningum um fyrirtæki af þessum toga sem geta haft veruleg áhrif á umhverfið, neikvæð áhrif, eru það þeir hagsmunir að mínu mati sem verður að leggja ríkasta áherslu á. Við eigum ekki að hafa þá stefnu á Alþingi Íslendinga að gera samninga um stóriðju eða veita starfsleyfi almennt til atvinnurekstrar sem stenst ekki lágmarkskröfur um umhverfisvernd með viðunandi hætti.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, að þessum inngangi loknum að koma í máli mínu að einstökum þáttum þessa samnings. Ég veit að virðulegur forseti mun ekki hafa neina athugasemd við það þótt ég kæmi að málsskjölum sem ég hef notað hér aðeins til hliðar.

(**Forseti** (ÓE): Það er rétt.)

Ég þakka. Ég ætla að koma að rafmagnsþættinum sem eðlilega hefur mikið verið ræddur. Þessi þáttur málsins, samningur Landsvirkjunar við Ísal um raforkusölu, hefur fengið þann dóm hjá flestum sem hafa tjáð sig um málið að þetta sé heldur góður samningur. Sumir telja hann mjög góðan og hafa jafnvel sterkari lýsingarorð í þeim efnum. Virðulegur forseti. Þar sem ég hef haft aðstöðu til að skoða þetta verð ég að segja að það er ekki mjög einfalt vegna þess að þessi þáttur málsins, sem skiptir mjög miklu í þjóðhagslegu samhengi og kannski frekar varðandi tekjur en skattaþátturinn þótt ég hafi ekki skoðað það nákvæmlega, hefur verið lokaður og honum haldið leyndum fyrir alþingismönnum. Þótt hæstv. iðnrh. segi að iðnn. þingsins hafi verið veittar allar upplýsingar um málið liggur það fyrir að hv. þingmenn í þeirri nefnd eru bundnir af trúnaðarskyldu. Það var ítrekað af hv. talsmanni meiri hluta iðnn. sem talaði hér áðan að svo væri. Ég skil vel að hv. nefndarmenn í iðnn. telji sig bundna af slíkum trúnaði vegna þess að menn vilja ekki ganga gegn því sem þeim hefur verið uppálagt í þessu máli. En ég gagnrýndi það við 1. umr. málsins mjög harðlega hvernig á þessum þætti hefur verið haldið og ég tel í rauninni að þetta sé ekki frambærilegt og þetta sé í rauninni, óttast ég, skálkaskjól frá hendi þeirra sem að þessu máli standa og leggja það fram til þess að opna málið ekki til almennrar umræðu og skoðunar í samfélaginu. Það er mjög alvarlegt mál.

Hér er um að ræða opinbert fyrirtæki, Landsvirkjun, sem er að sækja heimildir varðandi lántökur og annað til Alþingis Íslendinga og það er að ganga til samninga við erlend fyrirtæki með stórfelldar skuldbindingar, en lokar um leið forsendum málsins gagnvart þinginu. Ég leyfi mér að orða það þannig, virðulegur forseti, vegna þess að það er þannig.

Það er lokað gagnvart þinginu vegna þess að iðnaðarnefndarmenn þingsins eru bundnir af trúnaði varðandi málið.

Alþingi Íslendinga á að geta skoðað svona mál óbundið og það væri lágmark að alþingismenn allir, virðulegi forseti, hefðu fengið í hendur gögn málsins og möguleika til að óska eftir upplýsingum um einstaka þætti þess. Ég hefði talið til bóta þó svo að þingið hefði verið bundið af því að fara með málið sem trúnaðarmál út á við. Það hefði verið til bóta. En ég tel samt að eðlilegt hefði verið að málið hefði verið opið til skoðunar. Um þetta mál á ekki að vera leynd. Það varðar engu í spurningunni um hvernig haldið er á málum gagnvart öðrum samningsaðilum, fullyrði ég. Í stöðunni, gagnvart þeim sem á að semja við í framtíðinni um orkusölu, skiptir ekki máli þó að samningarnir liggi opnir fyrir skoðun og umræðu.

Ýmsir þeir sem yfir málið hafa farið, haft aðstöðu til þess, fara sumir hverjir mjög gagnrýnum orðum um það og tala um útsölu á orku, sérstaklega í fyrsta þætti málsins, fram til ársins 2004. Því væri hægt að finna stað í mörgum tilvitnunum, bæði í þingræðum, sem og í viðtölum úti í samfélaginu. Þannig að ekki er nú allt einhlítt í þessum efnum.

Ég vil benda á, virðulegi forseti, að hvað varðar raforkuþáttinn er óhjákvæmilegt að skoða hvað stjórnvöld ætlast fyrir alveg á næstu missirum. Ég leyfði mér að leggja fram á Alþingi fjórar fyrirspurnir til hæstv. iðnrh. sem snerta málið sem hér er til umræðu. Ég mun koma að þeim á eftir.

Áður vil ég þó segja, virðulegi forseti, að það sem er kvíðvænlegast í sambandi við raforkusöluna til Ísals er sú tenging við þróun álverðs sem í samningnum felst. Hún snertir í þessu tilviki, eins og komið hefur fram í umræðunum, yfir 60% af raforkusölu Landsvirkjunar þegar búið er að stækka fyrirtækið eins og óskað er heimilda til. Þá er aðalraforkuframleiðandi landsins bundinn þessum samningi og raforkusala hans, að 60%, sveiflast til eftir þróun álverðs á heimsmarkaði. Ekki einu sinni um það að ræða í samningnum að gengið sé frá botni í þeim efnum, ef ég hef skilið rétt það sem menn hafa látið að liggja um hann. Það var þó botn í gamla samningnum. Þar var reyndar líka þak, sem var auðvitað fráleitt, en þar var botninn 12,5 mill á kwst. á samningstímanum, samningsins sem gerður var við endurskoðun 1984.

Það er tenging við heimsmarkaðsverð á áli við einn kaupanda sem auk þess beitir úreltri tækni. Veruleg hætta er á því að þessi álbræðsla verði í framtíðinni ekki samkeppnishæf vegna þess að hún notar úrelta tækni. Á þetta hefur verði bent af mönnum sem til eiga að þekkja. Ég vitnaði við 1. umr. málsins til Pálma Stefánssonar sem var lengi háttsettur starfsmaður og síðar ráðgjafi Ísals og starfar nú hjá virtu fyrirtæki erlendis í áliðnaði. Hann hefur varað við því að binda trúss sitt við Ísal áfram með vaxandi uppbyggingu þar vegna þeirrar úreltu tækni sem fyrirtækið notar. Þetta snertir samkeppnisstöðu þess fyrir utan að fyrirtækið ræður ekki við, að því er virðist, að sinna eða ná fram eðlilegum lágmarkskröfum um mengunarvarnir.

Þá ætla ég að víkja aðeins að svörum hæstv. iðnrh., sem bárust mér í hendur í fyrrakvöld, við fyrirspurnum mínum. Fyrsta fyrirspurnin sem ég ætla að gera hér að umtalsefni og svörin við henni voru um afgangsorku í kerfi Landsvirkjunar, svonefnda afgangsorku og ótryggða orku. Í þessum svörum kemur fram, að mati hæstv. iðnrh., að um 1.500 gwst. hafi verið árið 1994 af afgangsorku og ótryggðu rafmagni hjá fyrirtækinu.

Spurt er um hversu miklu af afgangsorku fyrirtækin hafi ráðstafað til viðskiptavina sinna, þ.e. Landsvirkjun og/eða Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, samkvæmt sérsamningum á síðustu fimm árum flokkað eftir árum og notendahópum. Svarið við þeirri fyrirspurn er að samtals hafi Landsvirkjun selt u.þ.b. 850 gwst. á árinu 1994.

Þá er spurt um á hvaða verði þessi afgangsorka hafi verið seld og ég leyfi mér, virðulegi forseti, að taka niðurstöðutölurnar en svörin liggja á borðum hv. þm. Því er til svarað að tekjurnar af sölu þessa ótryggða rafmagns eða afgangsorku, eins og hún er skilgreind, hafi numið 619 millj. kr. á árinu 1994, að meðalverð Landsvirkjunar fyrir þessa seldu orku hafi verið 0,73 kr., þ.e. 73 aurar kwst. Það er meðaltalið, sem þýðir umreiknað í bandaríkjamill yfir 10 mill, í kringum 11 mill, meðalverð fyrir hverja orkueiningu sem þarna er seld. Án þess að ég viti nákvæmlega hver botninn getur orðið í raforkusamningnum sem nú er verið að gera við Ísal þá kann að vera að verið sé að semja um raforkusölu næstu árin til Ísals á svipuðum kjörum og þessi afgangsorka er seld til fjölmargra þýðingarmikilla notenda í landinu sem hafa gert samninga þar að lútandi.

Innifalin í þessum tölum er vissulega sú afgangsorka sem stóriðjufyrirtækin kaupa en einnig er um að ræða hitaveitur, mjólkurvinnslu, steinullarframleiðslu, fiskimjölsframleiðslu, þ.e. loðnubræðslurnar sem við köllum svo, svo og hitaveitur, t.d. á Vestfjörðum til Orkubús Vestfjarða, sem fá raforkuna á sérstökum kjörum sem réttlætt eru með því að um afgangsorku sé að ræða.

Síðan er spurt, virðulegi forseti: Hvað gerir Landsvirkjun ráð fyrir mikilli afgangsorku til ráðstöfunar í kerfi sínu á tímabilinu 1998–2004 miðað við fyrirliggjandi áætlanir um virkjanir og sölu forgangsorku? Ég leyfi mér að lesa úr svarinu þannig að ekkert fari þar milli mála, með leyfi forseta. — Ég vænti þess, virðulegi forseti, að hv. frsm. meiri hluta iðnn. sé hér innan seilingar. Ég sé ekki hv. þm. (**Gripið fram í:** Hann er í hliðarherbergi.) Mér þykir nú viðkunnanlegra að aðalforsvarsmenn málsins séu í þingsal við 2. umr.

Í svarinu segir: „Á tímabilinu 1998–2004 má gera ráð fyrir að bæta þurfi við nýjum virkjunum vegna orkuaukningar almenns markaðar, auk þeirra framkvæmda sem þörf er á vegna stækkunar Ísals. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hverjar þær virkjanir verða. Ef gert er ráð fyrir t.d. að 1. áfangi Nesjavallavirkjunar bætist við raforkukerfið árið 2001 og Hágöngumiðlun árið 2004 má gera ráð fyrir að Landsvirkjun hafi í meðalvatnsári" — menn taki eftir því — „til ráðstöfunar eftirfarandi magn af afgangsorku og ótryggðu rafmagni:

Árið 1998 620 gwst., árið 1999 670 gwst., árið 2000 630 gwst., árið 2001 820 gwst., árið 2002 780 gwst., árið 2003 730 gwst. og árið 2004 740 gwst."

Þetta er aðallega á bilinu frá 600 gwst. upp í 750 gwst. en hámarkið er 820 gwst. árið 2001. Ef við berum þessar tölur saman við þá samninga sem gerðir hafa verið um sölu á afgangsraforku eða ótryggðu rafmagni þá er samtalan úr því 844 gwst. Ég spyr hv. talsmann meiri hluta iðnn.: Fór hæstv. iðnn. yfir þessi efni út frá þessari stöðu að því er varðar sölu á afgangsorku til einstakra notendahópa? Ég vænti þess að gerð verði grein fyrir því ásamt ýmsu fleiru sem ég mun spyrja talsmann meiri hluta iðnn. í tengslum við þetta mál.

Það er ekki einhlítt út af fyrir sig að líta á þessar samtölur einar og sér en menn verða jafnframt að líta á hvers eðlis þeir samningar eru sem þarna er verið að gera. Ég tel í rauninni að

óhjákvæmilegt sé fyrir hv. iðnn. að fara yfir þessi efni, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í svörum hæstv. iðnrh. og meta stöðuna að þeim upplýsingum fengnum ef nefndin hefur ekki haft svörin undir höndum á meðan hún fjallaði um málið, sem ég efast um að hafi verið, a.m.k. ekki með beinum hætti því að þau bárust mér í hendur fyrst í fyrrakvöld og var dreift á borð þingmanna í gær. Það kann að vera að spurt hafi verið um sérstaka þætti í iðnn. í sambandi við þetta efni.

Í sambandi við þetta mál er í lokin spurt hvort gert sé ráð fyrir að á árunum eftir 1997 verði til afgangsorka sem svari til þess að unnt verði að fullnægja þeim samningum, sem nú eru í gildi, á sérkjörum til sölu ótryggðrar orku. Svarið er stutt og laggott: „Áætlað er að unnt sé að standa við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir um afhendingu á ótryggðu rafmagni í samræmi við gildandi skilmála."

Nú vil ég biðja hv. form. iðnn. um að upplýsa þingið hverjir þessir skilmálar séu og fá þær upplýsingar fram í sambandi við sölu á ótryggðu rafmagni. Ég hafði ekki fyrir því, sem ég hefði átt að gera, að biðja um þessa samninga fyrir þingið í einstökum atriðum þannig að menn gætu metið stöðuna á grundvelli samninganna. Nú tel ég óhjákvæmilegt að hv. iðnn. afli þessara upplýsinga fyrir 3. umr. málsins þannig að unnt sé að skoða þennan þátt sem varðar ekki litlu í sambandi við mat á viðskiptum við fjölmarga innlenda aðila sem gert hafa þessa samninga á undanförnum árum. Það er vissulega mjög vel að undanfarið hefur tekist að auka markaðinn fyrir raforku sem hefur verið yfirfljótandi, a.m.k. er óhætt að segja að hún hafi verið rúm. Ég dreg til baka yfirfljótandi því að ég held að það sé ekki allt sem sýnist í þeim málum í sambandi við framleiðslugetu kerfisins. Margt af því hefur nýst í raun þó ekki væri nema með óbeinum hætti þannig að hægt hefur verið að viðhalda raforkuverum sem hefði ekki verið hægt að ráðast í viðhald á ef ekki hefði verið þokkalega rúmt um í sambandi við framleiðslugetu í kerfinu. Þá er ég m.a. að tala um viðhald í Búrfellsvirkjun.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki haft ráðrúm til að skoða það efni eða haft þau gögn fyrir mér til athugunar að það hafi ekki verið um að ræða að skerða hafi þurft eða beita hafi þurft takmörkunum í þessum samningum á undanförnum árum frá þeim tíma sem þeir voru gerðir. Samningar um sérkjör gera ráð fyrir möguleika á verulegum takmörkunum. Vegna þess að það hefur verið næg raforka til afhendingar á þessari orku þá hefur það af eðlilegum ástæðum ekki verið takmarkað. Slíkt hefði auk þess verið viðskiptalega óhagkvæmt fyrir Landsvirkjun. En þetta þýðir um leið að möguleikar Landsvirkjunar á aukinni skerðingu á næstu árum eru mun meiri en ef um takmarkanir hefði verið að ræða á liðinni tíð. Þetta getur í rauninni verið svo að hægt sé að loka fyrir söluna, jafnvel klippa alveg á söluna um talsverðan tíma, jafnvel eitt ár ef þannig ber undir að beita þurfi ýtrustu takmörkunum samkvæmt sérsamningum. Þetta segi ég án þess að hafa skoðað málið til hlítar. Ég nefni það þannig að menn átti sig á að hér getur verið um mjög alvarlega stöðu að ræða fyrir þá aðila sem byggja á þessum samningum um afgangsorku eða ótryggt rafmagn. Ég bendi t.d. á aðila eins og þá sem stunda ylrækt, blómaræktendur og aðra þá sem stunda ylrækt. Þar er í rauninni óhjákvæmilegt fyrir viðkomandi að hafa aðgang að raforkunni vegna framleiðslu sinnar. Það hefur komið fram að undanförnu að ylræktendur leggja mjög mikið upp úr því að geta náð samningum til lengri tíma og öruggum samningum í sambandi við þetta og auðvitað hagstæðum frá sínum bæjardyrum séð. Þarna er því um að ræða ótvíræða þörf til nákvæmrar skoðunar málsins miðað við forsendur Landsvirkjunar þannig að þeir mörgu aðilar, sem þarna eiga undir, allt frá þeim sem nýta umframorkuna til húshitunar, t.d. Orkubú Vestfjarða, og þeir sem reka loðnumjöls- og fiskimjölsverksmiðjur, þeir sem stunda steinullarframleiðslu í landinu — það kannast hv. formaður iðnn. vel við úr heimabyggð sinni — og eru með raforku á sérkjörum sem tíundað er í svari hæstv. iðnrh., viti hvað framtíðin kunni að bera í skauti sér ef þetta gengur eftir og þá að teknu tilliti til þess að miðlunargetan í kerfi Landsvirkjunar fari eitthvað niður úr meðaltalinu sem þessar tölur eru byggðar á, sem ég er ekki að gagnrýna út af fyrir sig, en það er miðað við meðalvatnsár. Það verður auðvitað að skoða við slíkar aðstæður og svo lakasta vatnsár sem menn hafa reynt. Enginn veit hvenær það kemur og auðvitað verður að gera ráð fyrir því að það geti orðið innan ekki langs tíma þegar menn eru að líta á þessi efni.

Ég þykist þess fullviss að hv. iðnn. og formaður hennar séu reiðubúin að fara ofan í þessi efni og kynna niðurstöður sínar fyrir 3. umr. málsins þannig að enginn velkist í vafa um þessa stöðu mála. Ég hef því ekki þungar áhyggjur af því að það verði ekki lýst nánar inn í það. En eins og tölurnar bera með sér, eins og ég er að vekja athygli á, þá sýnist vera að þarna geti orðið þröngt um í sambandi við þessi efni. Ég tala ekki um ef ekki er miðað við meðalvatnsár.

Önnur fyrirspurn snertir þá orkuöflun sem miðað er við í svarinu við fyrirspurninni sem ég kom áðan að, þ.e. varðandi Nesjavallavirkjun. Þar var spurt um hvaða áætlanir væru uppi um gufuaflsvirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum. Svarið er ekki mjög langt og ég tel rétt að tengja það máli mínu, með leyfi virðulegs forseta. Ég vitna í svarið frá hæstv. iðnrh.

„Ýmsar frumáætlanir um raforkuver á Nesjavöllum hafa verið unnar á mismunandi stigi sl. 7–8 ár.

Viðræður eru í gangi við Landsvirkjun um framleiðslu Hitaveitu Reykjavíkur á raforku á Nesjavöllum." Ég vek athygli á orðalaginu „viðræður eru í gangi við Landsvirkjun" – væntanlega af hálfu iðnrn. við Landsvirkjun – „um framleiðslu Hitaveitu Reykjavíkur á raforku á Nesjavöllum." Ef ekki – því ég sé að hæstv. iðnrh., gefur táknmerki um að svo sé ekki en mun vafalaust koma að málinu í töluðu máli og upplýsa hver á í viðræðum við hvern um þetta efni. (**Umhvrh.:** Hann hlýtur að geta talað táknmál svona í leiðinni.) Það er allt í besta lagi, hæstv. umhvrh., mjög gott að nota táknmál og svipbrigði og ég kann að lesa í ýmislegt í þeim efnum en tel það nú samt ekki jafngilt vegna þess að þingheimur er ekki varðveittur með opinberum hætti í myndrænu formi, því miður. Það kemur að því vafalaust þannig að hægt sé að telja hversu oft hv. alþm. geispa á löngum næturfundum við að ræða mikilsverðustu mál og kann þá að vera að hylli þeirra meðal þjóðarinnar og skilningur á aðstæðum þeirra og kjörum verði annar en virðist vera um þessar mundir.

„Hvert er ráðgert afl og raforkuframleiðsla slíkrar virkjunar og hvenær hefur verið miðað við að hún gæti komist í gagnið?" Svarið er, með leyfi forseta:

„Til umræðu hefur verið stærð orkuvers." Ég vek athygli á af því að hér er verið að tala um allra næstu ár og framleiðslu ofan í samning sem hæstv. iðnrh. hefur lýst vonum að sjái í og liggi jafnvel ljóst fyrir hvort hægt sé að ná í sambandi við enn annað álver fyrir áramótin. Hvað skyldi vera langt í það? Það eru bara nokkrir dagar, hv. form. iðnn.

En staðan varðandi Nesjavallavirkjun, sem á að vera úrræði til raforkuframleiðslu er sú að til umræðu hefur verið. Það eru umræður í gagni. „Til umræðu hefur verið stærð orkuvers allt að 2 x 30 MW með 300–400 GWh ársframleiðslu. Gert er ráð fyrir að undirbúningur og framkvæmdatími frá því að ákvörðun er tekin um virkjun þar til rekstur getur hafist sé 2,5–3 ár." Þetta segir hæstv. iðnrh. í skriflegu svari sínu til þingsins í gær. Það er ekki búið að semja þannig að það er langt frá því að framkvæmdir geti hafist eða það mætti ætla.

Síðan er spurt: „Hefur verið samið við Reykjavíkurborg um virkjunarréttindi og ef svo er hverjir eru helstu skilmálar þeirra samninga?"

Svar hæstv. ráðherra er svohljóðandi:

„Í 4. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, segir: „Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins." Engir samningar hafa verið gerðir."

Það er kominn 16. desember og hæstv. ráðherra þarf að taka á móti virðulegum útlendingum, hugsanlega fyrir áramót, sem banka upp á kontór ráðherrans. Hann þarf að svara því hvort hann sé ekki til í tuskið og reiðubúinn að tryggja þeim að sett verði niður álbræðsla í Hvalfirði, svona til að byrja með upp á 60 tonna ársframleiðslu. En raforkuframleiðsluhugmyndir iðnrn. og hæstv. ráðherra byggja á einhverju sem engir samningar eru um og aðeins eitthvað til umræðu.

Spurning 4. „ Er búið að kanna umhverfisáhrif virkjunarinnar? Hvaða vandamál eru einkum í athugun í því sambandi?"

Svarið er stutt:

„Umhverfisáhrif raforkuvirkjunar umfram áhrif núverandi varmavirkjunar eru talin nánast engin, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum vegna raforkuvinnslunnar, svo sem frekari borunum eða breytingum á afrennsli eða útblæstri orkuversins."

Þetta svar róar auðvitað þá sem hefðu áhyggjur af umhverfisáhrifum Nesjavallavirkjunar.

Virðulegur forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja um svolítið fleira í sambandi við þetta efni því að það tengist einnig því svari við fyrri fyrirspurn varðandi afgangsorku. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því hvaða líkur hæstv. ráðherra telji á að hann geti snarað saman samningum við Reykjavíkurborg um þessi efni nú á næstu vikum. Hvað er það mál langt komið? Gerir ráðherrann ráð fyrir því? Á því hangir nú hugmyndin um Columbia Aluminiumsamninginn. Hæstv. ráðherra væntir þess heitt og innilega að fulltrúar þeirra komi á kontórinn til að staðfesta áhuga sinn á að koma hingað og ekki aðeins það heldur og ásetning og vilja. (**StG:** Síðan fleiri.) Síðan fleiri, hv. formaður iðnn., sem við komum að síðar í þessum umræðum. Ýmsir fleiri sem eru ekki jafnvolgir eða heitir og Columbia Aluminium. Atlantal er búið að vera lengi á biðstofunni að ógleymdum Kínverjunum sem komu hér m.a. að tilstuðlan hæstv. utanrrh. í samvinnu við hæstv. iðnrh. Þeir eru sagðir býsna volgir í því efni þótt þeir búi ekki yfir neinni tækni svo vitað sé til að framleiða ál. Það er önnur saga. Kínverjar eiga einhvern smáhlut í álbræðslu í Ástralíu. Þeir eru ekki með mjög traustar undirstöður að ég best veit í áliðnaði utan síns heimalands. (**Gripið fram í:** Þeir hafa kommúnistaflokkinn.) Þeir hafa flokkinn alsjáandi sem þeir mörgu sem hafa verið í förum austur þangað hafa prísað mikið. Heitast af öllum hv. þm. Árni Johnsen sem hefur tæpast séð til sólar síðan hann fór austur fyrir hönd hæstv. landbrh. fyrrv. til að vígja þar lakkrísverksmiðju. Hann flutti hér þingmál af því tilefni þar sem slík lofgjörð var uppi höfð um ríkið í miðjunni að ekki hefur heyrst annað eins. Það vantaði aðeins að geta um forsendurnar fyrir allri þessari dýrð sem var hið alsjáandi auga flokksins, vökult og alsjáandi. Hann ríkir þar enn og var núna nýlega að stinga inn til fjórtán ára þeim sem leyfðu sér að hafa aðra skoðun á hlutunum í ríkinu.

Vegna viðbragða hv. formanns iðnn. við máli mínu var nauðsynlegt að koma aðeins að þessum mýrasýsla borgar framtíðarhugmyndum um frekari áliðnað í landinu.

Um þessi efni hefur verið fjallað á opinberum vettvangi og ég leyfi mér hér, virðulegur forseti, að vitna til greinar sem er aðeins fárra vikna gömul. Hún birtist í Morgunblaðinu, 1. des. 1995 og er rituð af Ólafi G. Flóvenz jarðeðlisfræðingi. Ég leyfi mér að vitna til orða hans í þessari grein, sem varða með beinum hætti þetta mál. En þar sem ég reyni að þjappa hér máli saman, tek ég aðeins þann þátt úr greininni, með leyfi forseta. Fyrst fjallar höfundur svona um almennar forsendur og þýðingu Nesjavallavirkjunar vegna hitaveitunnar og það tíunda ég ekki hér. Síðan segir:

„Hefði Reykjavíkurborg hafið framleiðslu á ódýrri raforku á Nesjavöllum meðan ofgnótt af orku var til í orkuverum Landsvirkjunar hefði það aukið á rekstrarvanda Landsvirkjunar. En nú hafa veður skipast í lofti. Samningar um stækkun álversins í Straumsvík hafa gjörbreytt stöðunni í raforkumálum landsmanna, í stað ofgnóttar af raforku þarf nú að hyggja að framkvæmdum til að auka raforkuframleiðslu í landinu. Þetta gefur Reykvíkingum tilefni til að meta stöðu sína upp á nýtt."

Millifyrirsögn: „Raforkunotkun Reykjavíkur."

„Árlega kaupir Rafmagnsveita Reykjavíkur um 660 gwst. af raforku frá Landsvirkjun og greiðir fyrir rúmlega 1.940 millj. kr., eða u.þ.b. 3,0 kr. á kwst."

Einhver hv. þm. með reiknistokk er fljótur að finna það út í Bandaríkjamill, sem oft eru höfð í þessari umræðu. 3 kr. á kwst. deilt með 0,65, þ.e. 65 aurum í 300.

„Talið hefur verið að framleiðsluverð raforku á Nesjavöllum gæti orðið allt niður í 60 aura á kwst. [Þ.e. tæplega 10 mill.] Við þá tölu má bæta flutningskostnaði til Reykjavíkur, sem tæplega vegur mjög þungt. Með varkárni má telja að yfirgnæfandi líkur séu til að raforkuverðið frá Nesjavöllum yrði ekki hærra en 1,00–1,50 kr. á kwst. Talið er að auðveldlega megi framleiða um 500 gwst. af raforku á ári í Nesjavallavirkjun. Verði það gert, geta sparast árlega um 700–1.000 millj. kr. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þennan sparnað mætti nota til að lækka raforkuverð til notenda á veitusvæði Rafmagnsveitunnar og bæta þannig hag heimila og atvinnurekstrar í borginni eða nota ávinninginn til að hamla gegn aukinni skuldasöfnun borgarsjóðs. Hvort tveggja bætir hag íbúa Reykjavíkur.

Landsvirkjun stendur væntanlega frammi fyrir því að fara í fjárfrekar framkvæmdir til að tryggja landsmönnum næga orku eftir að álverið hefur verið stækkað. Því er nauðsynlegt að Reykjavíkurborg móti sér þegar þá stefnu að hefja raforkuframleiðslu á Nesjavöllum á alnæstu árum. Það mun draga verulega úr þörf Landsvirkjunar fyrir nýfjárfestingar og raforkuverð til Reykvíkinga gæti lækkað."

Þetta er grein Ólafs G. Flóvenz í Morgunblaðinu, 1. des. 1995, sem ég er að vitna til. Og að lokum segir hann:

„Ég hvet borgaryfirvöld í Reykjavík eindregið til að huga vel að þessu máli og stefna að raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með það fyrir augum að lækka raforkukostnað borgarbúa um allt að 1 milljarð á ári. Það munar um minna."

Það munar um minna eru niðurlagsorð greinarhöfundar. Ég get tekið undir það. Það munar um minna.

Nú liggur það fyrir að hæstv. ráðherra hefur í huga að bæta stöðu raforkukerfisins og framleiðslu vegna hugmyndanna um stóriðjuframkvæmdir fyrir aldamót og reyndar þegar á árinu 1997 með virkjuninni á Nesjavöllum. Vafalaust hefur Landsvirkjun verið að skoða alla hagkvæmni í sambandi við þessi efni út frá því að eiga þarna aðgang með einhverjum hætti. En um málið virðist ekki hafa verið samið, um þennan grunnþátt. Ég spyr hæstv. ráðherra að því og bið hann að upplýsa hér hvernig þetta mál er hugsað? Hver er staða málsins? Og hv. formann iðnn. um það, hafi það ekki verið gert, að líta á það með tilliti til afgangssölusamninganna, samninganna sem Landsvirkjun hefur gert við viðskiptavini sína um ráðstöfun á afgangsorku á árunum fram til aldamóta og lengur, ég hef ekki yfirlit yfir hversu lengi þeir samningar eru nákvæmlega í gildi. Það er alveg ljóst að þeir sem hafa gert þá gera ráð fyrir að eiga von á framlengingu þeirra fram yfir þann tíma sem kann að hafa verið festur nákvæmlega samningsbundið. Og því þarf að líta yfir málið út frá því.

Það getur tæpast gerst í sömu andránni, virðulegur forseti, að gert sé ráð fyrir að semja um raforkuframleiðslu á Nesjavöllum á kostakjörum, í kringum 10 mill kwst. eða eitthvað nálægt því, eins og mér sýnist vera leiddar líkur að hér og reikna það inn í söludæmið eða hagnað af stóriðjusamningum eða stöðuna varðandi stóriðjusamninga að einu leytinu og hafa að hinu leytinu ekki samið við þann sem hefur forræðið yfir virkjuninni væntanlegu. Nú vil ég ekki leggja mat hér á ummæli þessa ágæta greinarhöfundar vegna þess að ég hef ekki farið yfir þau gagnrýnum augum. En það er ljóst að þarna er um stórt dæmi að ræða. Hagsmunamál, að því er virðist, fyrir þá sem yfir virkjunarréttinum ráða. Mér finnst óhjákvæmilegt að iðnn. þingsins fari yfir það mál á milli umræðna, m.a. í tengslum við afgangsorkusamningana. Er það ekki hátt í 50 mill, verðið sem Rafmagnsveita Reykjavíkur kaupir orkuna á af Landsvirkjun? 300 aurar. Ef þeir væru sextíu þá er þetta nálægt því. Þannig að hér ber mikið á milli. En kannski verður einhver til að hjálpa hæstv. ráðherra út úr þessari flækju. Kannski er þess að vænta að stjórnarformaður Landsvirkjunar leysi málið, að borgarritarinn í Reykjavík, sem gegnir stjórnarformennsku í Landsvirkjun, taki upp viðræður við Reykjavíkurborg um málið og ræði við borgarstjórann, næsta yfirmann sinn, um það hvernig eigi að leysa þennan vanda Landsvirkjunar. En hæstv. iðnrh. gekk frá skipun borgarritara Reykjavíkur í stjórnarformennsku í Landsvirkjun. (**StG:** Hann hafði fulla sæmd af að skipa hana sinn formann.) Hann hafði fulla sæmd af því að skipa hana sinn formann, segir hv. formaður iðnn. Ekki er ég að finna að því. Orð hafa ekki fallið þannig af minni hálfu. Ég tel viðkomandi einstakling vera hinn ágætasta fulltrúa út af fyrir sig hvar sem væri og með góða reynslu. En það er ekki málið í þessu samhengi. Er hugsanlegt, virðulegur form. iðnn., að þarna gæti verið um hagsmunaárekstur að ræða í sambandi við meðferð málsins? Það eru þær áhyggjur sem ég hef haft í sambandi við þessa ráðstöfun af hálfu hæstv. iðnrh. Mér sýnist að það dæmi sem við erum að ræða sérstaklega sé hluti af því og slíkum þáttum þarf að halda sem best í réttu horfi og réttum farvegi. Þess vegna leyfði ég mér aðeins að vísa til þess að ekki er alveg ljóst hvernig farið verður með málið.

Virðulegur forseti. Ég ætla að koma að þriðju fyrirspurninni sem hæstv. ráðherra svaraði og kom fram hjá hv. þm. í gær um stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Það var spurt af minni hálfu frá hvaða virkjun væri ráðgert að afla raforku til hugsanlegrar stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Í svarinu kemur fram að hennar megi afla með byggingu Vatnsfellsvirkjunar upp á 115 MW. Landsvirkjun hafi á áætlunum sínum miðað við að geta afhent orku til stækkunar verksmiðjunnar seint á árinu 1999 og afl og orkuþörf stækkunar um þriðja ofn sé um 450 gwst. á ári þegar tekið hefur verið tillit til taps í orkuflutningskerfinu. Tekið er fram að áætlanirnar séu í sífelldri endurskoðun. Þetta er einn þátturinn og þarna gæti verið um að ræða efni sem iðnrn. þyrfti að svara til um fyrri hluta næsta árs og snertir auðvitað raforkuöflun.

Ég ætla að geyma mér að fara út í aðra sálma sem varða fjórðu fyrirspurnina að sinni en snúa mér aðeins að myndinni sem er dregin upp og fylgir með í svari frá hæstv. iðnrh. varðandi raforkuöflunina og fylgdi raunar fyrirspurninni, líklega þeirri fyrstu. Ég er með útgáfu sem mér barst í hendur um orkujöfnuð. Þar er dreginn upp sá möguleiki að ný álbræðsla, Columbia Aluminium, komist í gagnið um áramótin 1996–1997 því að hugmyndir hafa verið um að það gæti verið að slíkur hraði væri á málinu að verksmiðjan hæfi framleiðslu eftir svo sem ár eða svo. Þannig er þetta sett upp hér myndrænt. Það kemur fram að fyrsti áfangi til að afla orku á árinu 1997 fyrir þetta hugsanlega fyrirtæki sé Nesjavellir 1, það er efst á blaði. Hágöngur, þ.e. Hágöngulón, miðlunarlón við Hágöngur syðst á Sprengisandi eða sunnan Sprengisands. Það fer eftir því hvernig við drögum mörkin þar landfræðilega. Búrfell og Kvíslaveita, fimmti áfanginn sem er í sambandi við það þrep, þá aukningu á orkujöfnuði sem fram er reitt. En í skriflega svarinu frá hæstv. ráðherra kemur fram að framkvæmdatími við Nesjavallavirkjun sé 2,5–3 ár ef ég les það út úr málinu. Það kemur skýrt fram í svari á þskj. 258:

„Gert er ráð fyrir að undirbúningur og framkvæmdatími frá því að ákvörðun er tekin um virkjun þar til rekstur getur hafist sé 2,5–3 ár." En samkvæmt yfirlitinu, sem hlýtur að vera það sem sker úr í þessum efnum, þá ætla menn að hafa raforku úr fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar í lok ársins 1996. Um áramótin 1997 ef á að vera hægt að ýta á hnappinn í nýrri álbræðslu uppi í Hvalfirði og síðan fleiri þættir sem þarna er um að ræða. Mér sýnist að hér rekist hvað á annars horn í þessum áformum. Þetta er náttúrlega eitt af því sem liggur að baki þeirri beiðni minni að hv. iðnn. einblíni ekki bara á þennan samning við Ísal einn og sér heldur fari hún yfir þessi dæmi samtvinnað því að spurningin um það hvort menn telja réttlætanlegt að gera þann samning, sem hér er lagt til um stækkun Ísals, hlýtur m.a. að fara nokkuð eftir því hvaða bagga menn binda sér og hvað menn útiloka hugsanlega varðandi aðra möguleika. Þar á meðal söluna til fjölmargra innlendra fyrirtækja sem nota þá umframorku sem hefur verið til ráðstöfunar sem ótryggð orka í raforkukerfi landsmanna. Ekki einu sinni er búið að semja um virkjunarréttindin í málinu.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. varpi ljósi á þetta mál við umræðuna og iðnn. taki á málinu í

framhaldi af umræðunni, milli umræðna til þess að við áttum okkur betur á því hvað hér er um að ræða.

Virðulegur forseti. Ég ætla að reyna að dvelja ekki lengi við fjórðu fyrirspurnina sem er á þskj. 260 um orkufreka iðnaðarkosti. Þskj. vísar til fyrirspurnarinnar en svarið er á öðru þskj. Það er vísað til spurninganna á þskj. sem var upphaflega lagt fram.

„Hvaða nýir orkufrekir kostir í iðnaði eða viðbætur við starfandi fyrirtæki eru nú eða hafa að undanförnu verið til athugunar hjá iðnrn. eða öðrum aðilum í samvinnu við ráðuneytið?"

Svarið er, með leyfi forseta:

„Auk samninga um stækkun Ísals í 160.000 árstonn standa nú yfir athuganir á vegum Járnblendifélagsins á 60% stækkun járnblendiverksmiðjunnar og nýtt 60.000 árstonna álver er til umræðu við Columbia Aluminium.

Nokkrir aðrir iðjukostir svo sem kísilmálmvinnsla, magnesíumvinnsla og sinkframleiðsla eru til athugunar. Þá er verið að kanna afstöðu Atlantsálsaðilanna til álvers á Keilisnesi. Þessar athuganir eru ekki á því stigi að fyrir liggi nákvæmar áætlanir um framleiðslugetu og orkunotkun.

Svar þetta miðast því við þrjá iðjukosti, þ.e. stækkun Ísals, stækkun járnblendiverksmiðju og nýtt álver á Grundartanga."

Það höfum við rætt og ég ætla ekki að fara frekar ofan í það efni en varðandi þá iðnaðarkosti sem hæstv. ráðherra er að vísa til en hefur ekki nákvæmar áætlanir um er í fyrsta lagi kísilmálmvinnsla. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað líður þeim áætlunum, að minnsta kosti hvað varðar staðsetningu þeirrar kísilmálmvinnslu sem þarna er vísað til? Hvað hefur verið rætt að undanförnu um það efni? Það voru í gildi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði sem voru sett vorið 1981 af Alþingi Íslendinga. Ég held að fróðlegt væri að fá upplýsingar um þetta mál og einnig varðandi magnesíumvinnslu og sinkframleiðslu að því er varðar staðsetningu slíkra fyrirtækja ef lengra yrði haldið.

Ég er svolítið undrandi á því að ekki er hægt að reiða fram nákvæmar upplýsingar um álver á Keilisnesi en við vörðum allnokkrum tíma á Alþingi hér á árum áður, árin 1990–1992, í að ræða um álbræðslu á Keilisnesi. Það ætti að minnsta kosti að liggja fyrir um framleiðslugetu og orkunotkun þess fyrirtækis og ég spyr hæstv. ráðherra: Hverju mun hæstv. iðnrh. svara forsvarsmönnum Atlantal-fyrirtækisins, sem hér var kallað Atlantsál, ef þeir koma í janúarmánuði — ég býst við að þeir reyni að halda jólin eins og aðrir — og spyrja hæstv. iðnrh. að því: Nú höfum við áhuga á því að spretta úr spori og láta verða af því að koma þessu fyrirtæki, álveri á Keilisnesi, í gagnið hið fyrsta? Við ætlum okkur eins og áætlanir stóðu til um að þetta gæti hafið framleiðslu ekki seinna en tveimur árum eftir ákvörðun. Ég segi þetta eftir minni og óbundið. Hverju svarar hæstv. ráðherra talsmönnum Atlantal að því er varðar aðalatriði málsins: Við viljum taka við ykkur núna. Við viljum hefja allan undirbúning. Hvenær og hvernig gerum við ráð fyrir því að geta afhent ykkur raforkuna? Það er ekki spurt af engu tilefni. Það er spurt af tilefni svars sem hæstv. iðnrh. lagði á borð þingsins í gær. Eitt af því sem er til athugunar, álver á Keilisnesi.

Eins og vakin hefur verið athygli á beinist mikið af þessum iðnaði að svæðinu við Faxaflóa. Það hafa lítið sést hugmyndir um annað nema hvað fulltrúar ríkisins skruppu norður í Eyjafjörð í nóvembermánuði. Þá var grátt í hlíðum og heldur lítið bjart yfir þegar þeir horfðu yfir svæðið hjá Dysnesi við Eyjafjörð og svo sem ekki nákvæmar frásagnir af því hvernig þeim hafi litist á. En fyrir utan þennan túr norður yfir heiðar hefur ekki frést af því að verið sé að skoða mikið að koma upp orkufrekum iðnaði utan Faxaflóasvæðisins. Sama gildir í rauninni um þær virkjanir sem eru til umræðu í sambandi við þá þrjá stóriðjukosti sem hæstv. iðnrh. telur að séu nærtækastir í þessum efnum. Hver skyldi vera eina virkjunin norðan vatnaskila? Það er Bjarnarflag 1, fyrsti og annar áfangi. Ég spyr hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. því það fer að nálgast að ég þurfi að beina máli mínu til hæstv. umhvrh., ég leyfi mér að koma að því í tengslum við þessar virkjanir. Hvað segja hæstv. ráðherrar um þá hugmynd, sem vafalaust er komin frá Landsvirkjun, um að fara að reisa gufuaflsvirkjun í Bjarnarflagi 1 og 2? Líklega vestan Námaskarðs, ég les það út úr heitinu Bjarnarflag, því að ella mundi væntanlega vera sagt við hverarönd. Er það ætlan manna og eru það áform manna að fara að bæta við mannvirkjum innan Mývatnshringsins, innan fjallahringsins við Mývatn þar sem hefði þurft að hreinsa til fremur en að bæta við í umhverfi Mývatns, hinnar dýrmætustu perlu Íslands, þar sem engu má til hætta í sambandi við umhverfisspillingu og umhverfisspjöll? Er það hugmyndin að auka við vinnslu úr jarðhitasvæðinu í Bjarnarflagi? Hvar er komið athugunum vegna umhverfisáhrifa slíkrar virkjunar?

Ég vek einnig athygli á annarri virkjun, sem er að vísu sunnan heiða, í umsögn minni til hv. iðnn. en það er 5. áfangi Kvíslaveitu. Að mínu mati þarf hann vandlegrar athugunar við vegna áhrifanna á Þjórsárver, hugsanlegra neikvæðra áhrifa á friðlýsta svæðið í Þjórsárverum. Athygli hefur verið á þeim með opinberum hætti af þeim sem einna gerst þekkir til þar af íslenskum náttúrufræðingum sem er prófessor Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Hún hefur réttilega bent á að þarna sé að mörgu að hyggja í sambandi við Kvíslaveitu 5 sem er einn þátturinn sem á að koma í gagnið í sambandi við það frv., þau lög, sem verið er að biðja um staðfestingu á hér á Alþingi. Ég bendi á þetta vegna þess að upplýsingar um þessa virkjunarkosti tengdust svarinu frá hæstv. iðnrh. þótt ég sé nú aðallega að fjalla um raforkusamninginn.

Ég bendi á, virðulegur forseti, ítreka, að menn eru með misvísandi upplýsingar. Hér er hæstv. ráðherra með misvísandi upplýsingar að því er varðar Nesjavallavirkjun. Auk spurningarinnar sem blasir við, um samningana um þá virkjun, sem tengist þeim aðila sem hefur virkjunarréttinn eða Reykjavíkurborg. Þessir þættir tengjast auðvitað því sem iðnn. þarf að athuga frekar og ég er með óskir um að nefndin geri það.

Varðandi raforkukostnaðinn, sem ekki má ræða um á grundvelli upplýsinga vegna leyndar, vil ég segja það almennt að mér finnst ekki frambærilegt að líta á raforkusöluna sem tengist þessari fyrirhuguðu stækkun einangrað. Þ.e. miðað við þá raforkuöflun sem um er að ræða, stækkun Blöndulóns, 5. áfanga Kvíslaveitu, breytingar í Búrfellsstöð o.s.frv. og einnig lagfæringar eða orkuaukningu í framleiðslu Sogsvirkjana. Mér finnst ekki hægt að ræða um verðið sem fæst fyrir samninginn út frá því að bara sé horft á blómann úr þessari orkuöflun, alhagstæðustu möguleika Íslendinga til raforkuöflunar, og miða mat sitt á þessum raforkusamningi við slíkt. Þetta er eins og að segja við menn sem vilja kaupa mjólk: „Ég hef hérna rjóma sem ég vil afhenda ykkur. Hann vonandi bragðast vel. Þið fáið hann, svo mega aðrir sem koma á eftir súpa undanrennuna." Þannig liggur það gagnvart þessum samningi. Það er ekki annað hægt, virðulegur

forseti, en að óska eftir að Alþingi fái í hendur vel unnar áætlanir — ég er ekki að biðja um það í tengslum við afgreiðslu þessa máls — um líklegan framleiðslukostnað til langs tíma hjá þeim virkjunum sem menn hugsa sér að geti komið við sögu á næstu áratugum í atvinnulífi og við almenna notkun. Menn viti þannig um hvað er verið að tala í þessum efnum *og þau atriði séu endurskoðuð jafnt og þétt.*

Í slíkum athugunum verða menn jafnframt að taka ríkulegt tillit til þess sem kalla má umhverfissjónarmið, umhverfishagsmuni. Þeir miði ekki við að geta hagað þessu út frá tæknilegum forsendum eingöngu því að það nær engri átt. Í því sambandi minni ég á beiðni af mína, sem varðar samþykkt Alþingis frá árinu 1989, um að forgangsraða virkjunarkostum í landinu með tilliti til umhverfissjónarmiða, þannig að ekki þurfi hverju sinni, kannski með stuttum fyrirvara, að ræða málin og gera þau upp í fljótræði, án þess að þokkaleg sátt sé um niðurstöður varðandi eðlilega hlíf við umhverfi landsmanna.

Þetta, virðulegur forseti, ætla ég að sinni að láta nægja um raforkusamninginn og koma þá að öðrum þætti málsins sem varðar þjóðhagsleg áhrif þess, þ.e. skattgreiðslurnar.

Ég tek eftir því, virðulegur forseti, að í umsögn efh.- og viðskn. til iðnn. er fjallað um þetta efni. Ég held að ég viti það rétt að fulltrúi Alþb. í nefndinni, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafi ekki verið viðstaddur afgreiðslu málsins af óhjákvæmilegum ástæðum, tepptur norður í landi, fyrir líklega tveimur vikum, tólf dögum eða svo. Umsögn efh.- og viðskn. er dags. 4. des. Eins og ég hef áður minnst á finnst mér vanta mun nánari skoðun málsins að því er varðar skattana og frágang þess máls nú. Ég hefði talið fulla ástæðu til þess að bera þetta saman við endurskoðun á skattaákvæðum 1985, þegar verulegar breytingar urðu á ákvæðunum. Þá *reyndu menn að reikna sig fram til þess að sjá hvað líklegt* væri að hefðist upp úr breytingunni og hvernig hún reyndist. Mér finnst skorta á að það komi yfirlit um það. Hitt þykist ég vita að á þeim tíu árum sem síðan eru liðin hafi ekki verið um að ræða, nema þá í mjög fá skipti, beinar tekjuskattsgreiðslur eða hagnaðargreiðslur umfram svonefnt framleiðslugjald frá Ísal, vegna þess hvernig búið var um hnútana í samningnum sem þá var gerður. Ég skilaði áliti um hann til þingsins á sínum tíma, í nóvember eða desemberbyrjun 1985, og benti á mörg atriði.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, vegna þess að ég hef ekki haft ráðrúm til þess að skoða það sérstaklega, að spyrja hæstv. iðnrh. og eftir atvikum formann iðnn. Ef til vill er réttara að beina máli til hans, en það má gjarnan vera til beggja: Hvað hefur verið gert varðandi tækni- og söluþóknun til Alusuisse, samanber ákvæði aðalsamningsins sem var endurnýjað 1985? Standa þau ákvæði óbreytt samkvæmt núgildandi samningi? Það eru þau atriði sem mér finnst fráleitast að framlengja ef svo hefur verið gert nú og ef ekki hefur verið tryggt við endurskoðunina að þau yrðu endurskoðuð. Ég ætla að leyfa mér að vitna til nál. sem ég skilaði þinginu um 4. endurskoðun aðalsamnings 1985 um þetta efni, með leyfi forseta:

„Tækni- og söluþóknun til Alusuisse óbreytt. Þótt aflétt sé samningsbundinni kvöð af Alusuisse að tryggja Ísal bestu kjör á aðföngum og við sölu afurða og teknar upp allt aðrar *viðmiðanir um verðlagningu þeirra er í engu hróflað* við skattfríum þóknunum Ísals til Alusuisse sem upphaflega voru rökstuddar með samningsákvæðunum um bestu kjör til handa dótturfyrirtækinu í Straumsvík. Alls nema þessar greiðslur 3,7% af árlegri veltu Ísal sem svarar til 3–7 millj. *Bandaríkjadala eða meira en tvöfalds lágmarksskattgjalds* Ísals.

„Iðnrh. Íslands réttlætti þessi nýlenduviðskipti við 1. umr. um frv. þannig:" „Miklu skiptir fyrir hagsmuni ríkisstjórnarinnar að Alusuisse sé tæknilega sterkt fyrirtæki.""

Það voru orð þáv. hæstv. iðnrh., Sverris Hermannssonar, þegar hann réttlætti þessi atriði. Ég vænti þess að upplýsingar komi um þetta því að það varðar ekki litlu um stöðuna hvað hefur verið gert í þessu efni. Ég hef ekki tekið eftir í gögnum málsins nú að að því hafi verið vikið.

Hitt er ljóst að verið er að lækka framleiðslugjaldið um helming. Það var að lágmarki 20 dalir á hvert útskipað tonn af áli en lækkar niður í 10 Bandaríkjadali á hvert tonn og verður jafnframt frádráttarbært, segir í áliti efh.- og viðskn., sem rekstrarkostnaður í stað uppígreiðslu. Þetta hafa á undanförnum árum verið einu skatttekjurnar flest árin, þetta lágmarksframleiðslugjald, vegna þess að viðbót hefur aðeins fengist í örfáum tilvikum.

Ég leyfi mér að vitna í umsögn efh.- og viðskn., virðulegur forseti, þannig að ekkert fari milli mála, með leyfi:

„Álverið í Straumsvík hefur að meira og minna leyti verið rekið með tapi á undanförnum árum. Reksturinn hefur því skilað litlum sem engum tekjuskattsgreiðslum í ríkissjóð umfram lágmarksframleiðslugjald. Þar sem álverð hefur hækkað mikið nú á allra síðustu árum og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á næsta ári má búast við verulegum tekjuskattsgreiðslum vegna áranna 1995 og 1996." — Eitthvað heyrðist mér að skattgreiðslurnar hefði dregið niður frá síðasta ári og er þá vitnað til nýlegra ummæla blaðafulltrúa Ísals í fréttum. — „ Þannig má gera ráð fyrir að miðað við áætlaðan hagnað á árunum 1995 og 1996 gætu skattgreiðslur fyrirtækisins *numið um 400 millj. kr. hvort ár um sig.* Þetta er um 80 millj. kr. lækkun miðað við eldri samning. Þess ber að gæta að tekjuskatturinn er á þessum tveimur árum reiknaður á þeim grundvelli að fyrirtækið hefur fram til ársloka 1996 heimild til að leggja 20% af hagnaði í varasjóð. Reiknað er með að rekstur nýja kerskálans hefjist á síðasta ársfjórðungi ársins 1997. Ólíklegt er að fyrirtækið greiði tekjuskatt á afskriftartíma meginhluta fjárfestingarinnar, þ.e. frá 1997 og næstu sjö ár þar á eftir. Hins vegar er gert ráð fyrir verulegri hækkun tekna af tekjuskatti miðað við 160.000 tonna framleiðslu eftir þann tíma."

Það er gott að vísa langt inn í óvissa framtíð til þess að sjá blómin í haga í þessum samningi, eins og hér er verið að gera.

Og framhaldið, með leyfi forseta:

„Lágmarksframleiðslugjald Ísals er nú 20 Bandaríkjadalir á hvert útskipað tonn á áli og á síðasta ári nam þessi hluti framleiðslugjaldsins 1 millj. 995 þús. Bandaríkjadala. Verði hagnaður af rekstri álversins greiðir Ísal viðbótarframleiðslugjald sem á síðasta ári nam 1 millj. 539 þús. Bandaríkjadala. Helsta breytingin frá núverandi fyrirkomulagi er að lágmarksgjaldið lækkar *í 10 Bandaríkjadali fyrir hvert útflutt* tonn frá og með 1. jan. 1998 og í stað stighækkandi skattþreps kemur eitt 33% skattþrep sem tekur gildi frá og með 1. jan. 1995."

Síðar í þessari umsögn segir: „Gert er ráð fyrir að afkastageta álversins verði aukin með viðbótarstækkun og endurbótum á eldri kerskálum á næstu árum þannig að ársframleiðslan verði innan fárra ára 200 þús. árstonn. Þá næmi greiðsla fastagjalds miðað við 10 Bandaríkjadali per tonn

um 130–140 millj. kr. eða álíka miklu og lágmarksgjaldið nú."

Eftir að framleiðslan væri komin í 200 þús. árstonn er líklegt að greiðsla fastagjaldsins sem verið er að semja um næmi álíka miklu og lágmarksgjaldið nú. Kannast menn nokkuð við samningatækni Alusuisse sem hefur stundum verið nefnt á íslensku að gefa og þiggja, á ensku give and take? Fór iðnn. yfir þessi efni út frá þeirri samningatækni fyrirtækisins hvernig þessar breytingar á skattaákvæðum koma inn miðað við þann ávinning sem menn telja sig hugsanlega hafa af raforkusamningnum? Ég heyri að enginn talar um ávinning fyrr en eftir 2004 í raun. Hafa menn farið yfir þetta, lagt saman plús og mínus í þessu? Það sem snýr að Hafnarfjarðarbæ er sér á parti og er mál út af fyrir sig og er eitt af þeim almennu atriðum sem af minni hálfu beinist ekki gagnvart Hafnarfjarðarbæ öðrum fremur. Ég tel hina mestu óhæfu í almennri stefnu stjórnvalda að því er varðar stórfyrirtæki og samning um þau að vera að afhenda þeim byggðarlögum þar sem slík fyrirtæki eru niðursett einhver aðlaðandi sérkjör umfram aðra landsmenn af því að fá slík fyrirtæki inn í lögsagnarumdæmi sín. Í tilviki álbræðslunnar varðar það Hafnarfjörð, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga Skilmannahrepp. Er Skilmannahreppur ekki langsamlega best stæða sveitarfélagið á landinu? Ætla menn að ganga þessa götu áfram? Það eru ekki vandræði að fá menn til að taka við iðnfyrirtækjum og jafnvel að kyngja ófullnægjandi ákvæðum um umhverfisspjöll ef dollarafúlgur eru í boði eins og er í raun í sambandi við þetta mál og fleiri fyrirtæki af svipuðum toga. Hér verða menn að stöðva sig af og það ætti auðvitað að vera hluti af máli sem þessu ef menn vilja af almennum ástæðum gera samninga af þessum toga að tryggja að slíkar greiðslur renni í landssjóðinn þannig að sveitarfélögin fái ekki einhverjar stórfúlgur umfram það sem þau þurfa með beinum hætti að kosta til og sannanlega.

Ég tala svo út frá almennu sjónarmiði og skiptir engu máli hvaða sveitarfélag ætti í hlut, hvort það væri í mínu kjördæmi eða annars staðar. Ég hef nákvæmlega sama viðhorf til þessa máls vegna þess að ég tel að þetta sé spurning um almenna og í þessu tilviki skynsamlega stefnumörkun sem því miður er ekki hér á ferðinni.

Í umsögn efh.- og viðskn. frekar varðandi Hafnarfjarðarbæ: „Gert er ráð fyrir að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi á árunum 1995–1997 verði 28% í stað 18% nú og fastagjaldið hækki úr 250 þús. dölum í 500 þús. dali, samanber samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkissjóðs sem birt er á fskj. IV með frv. Samtals leiðir þetta til um 144 millj. kr. í tekjur fyrir bæinn á þessu tímabili eða um 56 millj. kr. meira en hann hefði fengið í sinn hlut ef farið hefði verið eftir gildandi samkomulagi. Þessar tölur miðast við að hagnaður Ísals verði samtals um 46 millj. Bandaríkjadalir á árunum 1995 og 1996. Ljóst er því að af þeim 400 millj. kr. sem falla til ríkissjóðs í formi framleiðslugjalds (tekjuskatts) vegna þessa árs og ársins 1996 mun hann þurfa að greiða Hafnarfjarðarbæ 144 millj. kr. til baka af þeirri fjárhæð.

Ljóst er að til lengri tíma litið mun hinn nýi viðaukasamningur þýða verulega auknar tekjuskattsgreiðslur Ísals í ríkissjóð vegna aukinnar framleiðslu og meiri hagkvæmni." Mér finnst þessi staðhæfing ekki jafnljós og nefndin lætur að liggja. Og framhaldið: „Í raun mun fyrirtækið greiða sambærilega skatta í framtíðinni eins og ef það félli undir núverandi íslensk skattalög að frátalinni heimild til 10% arðsfrádráttar."

Ég hef notað þessa umsögn efh.- og viðskn. sem uppistöðu í umfjöllun minni um skattaþáttinn og gæti margt fleira um þetta sagt, m.a. ef litið væri til forsendunnar 1985 um þetta mál og þær væntingar sem þeir sem stóðu að samningnum 1985 báru fram við þingið í sambandi við þá endurskoðun sem þar fór fram. Mér sýnist að talsvert vanti á að farið hafi verið yfir þennan þátt málsins svo sem vert væri og hef ég því óskað eftir vissum upplýsingum þar að lútandi, ekki síst að því er varðar nýlendugjaldið sem ég vék að frá 1966 sem var framlengt 1985 og heitir Tækni- og söluþóknun og er ekki minni en 3,7% af árlegri veltu fyrirtækisins, sem heimilt er að draga frá áður en farið er að reikna gjöldin á fyrirtækið. Það eru ekki margir sem búa við slíkar aðstæður, virðulegur forseti. Þetta var skattaþátturinn.

Virðulegur forseti. Þá ætla ég að víkja að þriðja þætti málsins sérstaklega sem er umhverfismálin. Það verður því miður ekki hjá því komist af minni hálfu að gera það að nokkru umtalsefni vegna þess að sá þáttur, einn þýðingarmesti þáttur málsins, er sá sem er ljóslega ótækur eins og hann liggur fyrir og mikið áhyggjuefni. Hann tengist ekki bara þessum einstaka samningi heldur tengist hann aðstöðu okkar Íslendinga til að vinna þessi mál með þeim hætti sem þörf er á áður en ákvarðanir eru teknar sem snertir aðbúnað þeirrar stofnunar sem er ætlað það vandasama hlutverk að fjalla um þessi mál og gera um þau tillögur til stjórnvalda. Þar á ég við Hollustuvernd ríkisins sem er mengunarvarnastofnun okkar sem við leggjum traust á að geti fjallað um þetta. Almenningur hlýtur að gera það og þá kröfu að svo sé og jafnframt um þá pólitísku meðferð sem málið hefur haft á undirbúningsferli þess og hefur aðeins borið á góma fyrr í umræðunni, virðulegi forseti, sem og þá málafylgju sem hefur verið höfð uppi af fulltrúum stjórnarmeirihlutans í þessu efni, m.a. í umhvn. þingsins og hv. form. umhvn. fjallaði nokkuð um, því miður ekki alveg með þeim hætti sem ég hefði vonað en ég hlýt að víkja að nokkuð á eftir.

Fyrst af öllu minni ég á þá umræðu sem fór fram undir umræðu um fjárlög, 2. umr. um frv. til fjárlaga, þar sem ég mælti fyrir brtt. við fjárlagafrv. um litlar 5 millj. kr. til ráðstöfunar fyrir Hollustuvernd ríkisins til að bæta þó í litlu væri þá skelfilegu stöðu sem sú stofnun er í vegna lélegs aðbúnaðar fjárveitingavaldsins að stofnuninni. Ég vitnaði þá m.a. í máli mínu til umsóknar stofnunarinnar og röksemdafærslu fyrir fjárveitingabeiðnum sl. vor vegna fjárlaga 1996 þar sem fram koma upplýsingar sem ættu að vera nægar fyrir Alþingi Íslendinga til þess að taka aðrar ákvarðanir en liggja fyrir samkvæmt tillögum um fjárlagagerðina. Við blasir að í öllum þremur megindeildum stofnunarinnar, eiturefnadeild, matvælasviði og mengunarvarnasviði stofnunarinnar, er aðbúnaðurinn slíkur að ekki er nokkur leið að vænta þess að menn geti unnið verkin eins og þeir vilja og eins og eðlilegt er að búa um stofnunina þannig að hún geti gert það, staðið þokkalega að slíkri úrvinnslu. Ég er ekki sérstaklega að vísa í þetta mál eða undirbúning þess heldur er ég að tala um þetta almennt séð en auðvitað snertir það þetta mál líka. Tilvitnun mín í ræðu minni í fyrrakvöld um þetta efni var bein tilvitnun í rökstuðning eða greinargerð forstöðumanns mengunarvarnadeildar vegna fjárlagabeiðni. Um leið og ég minni á þá umsögn — ég ætla ekki að taka tíma til að ítreka það með upplestri svo sem vert væri þó í samhengi þessa máls — bið ég hæstv. umhvrh. þess lengstra orða að fara yfir þessi efni, aðstæður þessarar þýðingarmiklu stofnunar við 3.

umr. fjárlaga, því að 3. umr. er komin á dagskrá þingsins, og sjá til þess að eitthvað verði úr bætt. Það nægir ekki að vísa bara í einhverja stjórnsýsluendurskoðun stofnunarinnar sem enginn veit í rauninni hvenær lýkur þó að það standi til að hraða henni og það leysir ekki þær þrengingar sem stofnunin býr nú við og eru algerlega óbærilegar miðað við þær kröfur sem á hana eru lagðar.

Ég skilaði sérstakri umsögn um umhverfisþáttinn til iðnn. og liggur hún fyrir sem fskj. með áliti meiri hluta iðnn. — Nú er mér horfinn sjónum formaður iðnn. sem ég reikna með að vilji vera við umræðuna og bið ég virðulegan forseta að kanna hvort hv. formaður iðnn., hv. 3. þm. Norðurl. v., er ekki fær um að koma í þingsal og vera við umræðuna. — Þessa umsögn mína er að finna í áliti meiri hluta iðnn. og auk þess var á borð þingmanna í morgun skilað fylgiskjölum sem vitnað er til og fylgdu áliti mínu þannig að þau eru aðgengileg hv. þm.

Fyrst ætla ég aðeins að fara nokkrum orðum að gefnu tilefni um málsmeðferðina að því er varðar þingið, þ.e. umhvn. Mér þótti leiðinlegt að hv. formaður umhvn. skyldi fara að afflytja mál við umræðuna í stuttu innleggi við þetta mál. Ég hefði satt að segja talið að hv. þm., formaður umhvn., hefði varið tíma sínum betur til að fjalla efnislega um málið og ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst það til lítillar eftirbreytni að meiri hluti þingnefndar, sem verður um leið hinn ráðandi aðili í málinu og kveður upp dóma sem eðlilegt er að menn líti á sem nokkuð gilda og þunga dóma þegar meiri hluti fellir þá, að það skuli nánast enginn rökstuðningur fylgja í afgreiðslu og gögnum í þessu tilviki til iðnn. af hálfu meiri hlutans. Það eru teknar upp örfáar línur sem eru í rauninni svo léttvægar og byggja á svo veikum grunni að ég hefði ekki viljað ganga út á þann ís sem þar er, hann er ekki mjög heldur. Og koma síðan hér sem talsmaður umhvn. þingsins og hafa það helst fram að færa að munnhöggvast vegna réttmætra gagnrýniorða af minni hálfu varðandi málafylgju í nefndinni. Ég hef reynt að stuðla að því í vinnu í þingnefndum yfirleitt að menn geti komið að málum þannig að þau fái sem vandaðasta skoðun en það sé ekki verið að svipta málum hálfköruðum út úr nefndum og á ég þá við að nefndin sé ekki sæmilega sátt í heild sinni við málsmeðferðina og skoðun málsins.

Ég var fyrir fáum kjörtímabilum á árabilinu 1988–1991 formaður í einum þremur eða fjórum þingnefndum, virðulegi forseti, og reyndi á þeim tíma, m.a. í sambandi við mál sem tengdust álbræðslum og nýjum frv. til raforkulaga 1990 þar sem ég var í minni hluta eins og oft hefur komið fyrir í þessum efnum þegar þau hafa verið rædd, að sjá til þess að málið fengi bæði þinglega meðferð en jafnframt þannig að þingið gæti unað við þann tíma sem tekinn var. Og þetta á að takast ef vilji er fyrir hendi. Ég vil virða virðulegum formanni og hv. þm., Ólafi Haraldssyni, það til vorkunnar í þessu máli að hafa ekki verið lengi í þingsölum sem alþingismaður. Ég ætla honum alls ekki að vilja ekki standa þokkalega að málum og afgreiðslu þeirra. Margt hefur verið ágætt í samskiptum okkar sem skylt er að geta, en mér þótti þetta ekki réttmætt hvernig að þessu var staðið í umhvn. á þeim eina fundi sem haldinn var til að fjalla um umsögn til iðnn. í þessu mikilvæga máli. Það var því miður rangt hjá formanni nefndarinnar þegar hann sagði ítrekað í máli síðan áðan að ég hefði beðið um fundinn sem haldinn var í iðnn. mánudaginn 4. des. Það er algert misminni hjá hv. þm. Ég hafði ekki borið fram neinar sérstakar óskir um fund í nefndinni. Mér kom algerlega á óvart þegar ég fékk boð um fund mánudaginn 4. des. sem er ekki reglulegur fundartími nefndarinnar. Að sjálfsögðu hagaði ég svo til að ég gæti komið á þann fund og efnið var samkvæmt dagskrá að fjalla um beiðni iðnn. um umsögn. Á þennan fund hafði hv. formaður nefndarinnar boðað þrjá menn til viðræðu, ekki ég. Ég hafði ekki haft neitt ráðrúm til þess. Ég fékk bara fundarboð. Ég hafði ekki haft neitt ráðrúm til þess og hafði ekki borið fram neinar óskir um viðmælendur, enda hélt ég að á þessum fundi yrði ráðgast um málsmeðferð af hálfu nefndarinnar og kynnt þetta erindi sem borist hafði. Ég hefði enga hugmynd um hvaða svigrúm væri eða hvaða hraði væri á afgreiðslu málsins í iðnn. Upplýst var á fundinum af formanni að bréf hefði borist og dagsetning væri 6. des. sem nefndinni væri ætlaður til þess að skila umsögn. Það er hárrétt.

Á þessum fundi notuðu viðstaddir nefndarmenn tækifærið til að fara enn frekar en gert hafði verið á fyrri stigum yfir einstaka þætti málsins og það var ljúflega tekið undir að reiða fram frekari gögn af hálfu viðmælanda sem voru tveir fulltrúar úr umhvrn. og forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar. Allir þessir aðilar tóku ljúflega undir það að veita umbeðnar greinargerðir í skriflegu formi til nefndarinnar. Þegar það lá fyrir og spurningin var um framhald málsins, var það mín ósk í nefndinni að það yrði athugað að við hefðum svigrúm til þess að yfirfara málið að fengnum þessum upplýsingum frá fulltrúum stjórnvalda í málinu til þess að geta metið það á þeim forsendum. Jafnframt upplýsti ég, og ég held að ég hafi verið búinn að því fyrir fundinn í samtali við hv. formann, að ég hefði skyldum að gegna erlendis á næstu dögum. Það hafði í rauninni ekki verið gert ráð fyrir fundi í nefndinni daginn eftir vegna þess að nokkrir fulltrúar úr nefndinni voru fjarstaddir þann 5. des. Þeim fundi hafði verið aflýst vikuna áður. Engu að síður var þess óskað að það yrði skoðað að nefndin fengi meira ráðrúm til þess að fara yfir málið að fengnum greinargerðum sem formaðurinn féllst á að yrði beðið um og lofað var að veittar yrðu af hálfu stjórnvalda. Þegar meirihlutaálit er síðan afgreitt úr nefndinni, eða tillaga sem varð að meirihlutaáliti af hálfu formannsins án nokkurra frekari umsvifa úr nefndinni á þessum sama fundi, gat ég ekki annað en mótmælt þessum vinnubrögðum. Það var ekki einu sinn haft fyrir því að taka upp símann til að spyrja formann iðnn. um það hvað vinnu í iðnn. að þessu máli liði. Getum við fengið eitthvað lengri frest en til 6. des. til að skoða málið í nefndinni áður en við veitum okkar umsögn? Þetta var ekki gert, við þetta var ekki komandi. Ætla menn þá að lá mér þótt ég gagnrýni það með þeim hætti sem gert er í umsögninni að svona er staðið að málum? Lái mér hver sem vill. Það gengur ekki að menn séu að bera fram með röngum hætti staðhæfingar til að réttlæta þessi vinnubrögð. Það er satt að segja afar leitt og dapurlegt að til þess skuli koma. Síðan varð auðvitað reyndin sú í sambandi við málið að það var fullt svigrúm til þess að fjalla um málið í heila viku í viðbót. Málið var afgreitt út úr iðnn. í þessari viku. Þegar eftir að ég hafði gegnt skyldum mínum erlendis settist ég niður við að athuga málið að fengnum skriflegum greinargerðum sem biðu mín frá þeim sem höfðu lofað þeim á fundinum 4. des. Ég tók saman þá umsögn sem liggur fyrir þinginu um þætti málsins og skilaði henni til iðnn. eða til nefndadeildarinnar sl. mánudag. Ég hef ekki orðið var við annað en að það hafi verið allt saman þolanlegt. Meira að segja, og það finnst mér þakkarvert, óskuðu fulltrúar í iðnn. eftir því að fara yfir þessi efni og varð nefndin í heild

við því að fara yfir þessi áhyggjuefni mín og ábendingar í umsögn minni með embættismönnum til þess að leiða sem skýrast fram þeirra viðhorf til málsins. Þetta er vel að verki staðið, þetta er þingleg málsmeðferð og eins og á að vinna að málum í þingnefndum, enda sé svigrúm til af almennum ástæðum að mati meiri hluta. Og ég bið virðulegan formann í okkar ágætu umhvn. að taka þessi orð eins og þau eru sögð. Það eru engir spádómar uppi um það að þetta þurfi að ganga svona áfram, aðeins frómt ósk um að við lærum af þessu innan þeirrar nefndar og menn reyni almennt að nýta sem best þann tíma sem er til ráðrúms til þess að vinna mál fyrir ákvarðanatöku. Læt ég síðan lokið þessum þætti sem snýr að vinnubrögðum í umhvn. En margt mætti segja um málið á fyrri stigum þess og ég mun koma þar að nokkrum atriðum í framhaldinu.

Eins og sjá má af umsögn minni, er efnislega mjög margt við umhverfisþátt þessa máls að athuga, starfsleyfi málsins og meðferð á því á ákveðnum stigum. Á ég þar sérstaklega við þá ábyrgðaraðila sem eru í stjórn Hollustuverndar ríkisins sem gerðu þau miklu mistök 2. nóv. sl. að kveða upp úrskurði á grundvelli pantaðs lögfræðiálits. Ég segi pantaðs en ég er ekki að kasta rýrð á álitið með því. Eftir því hafði verið óskað af stjórninni að höfðu samráði við umhvrn., að því er tekið er fram. Menn neituðu að líta á þann sem hér talar sem gildan aðila, bæran um að bera fram athugasemdir og þá ósk sem ég hafði borið fram um að stjórn Hollustuverndar ríkisins tæki efnislega á athugasemdum þeim sem ég hafði borið fram skriflega. Þetta tel ég hörmuleg mistök, líka þegar því tengist að brotinn er að mínu mati réttur sem á að vera tryggður samkvæmt stjórnsýslulögum til andmæla. Mér hafði ekki gefist neinn kostur á því að fjalla um málið eða koma að athugasemdum áður en ég var dæmdur úr leik af meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Sem betur fer er þannig um hnútana búið að þessu leyti í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að það er áfrýjunarréttur í málum til sérstakrar úrskurðarnefndar. Ég notaði mér að sjálfsögðu þann áfrýjunarrétt þá þegar samdægurs um leið og ég kom því sjónarmiði á framfæri við stjórn Hollustuverndar að úrskurður þeirra væri markleysa þar sem ekki hafði verið leitað eftir andmælum af minni hálfu eins og stjórnsýslulög þó bjóða. Þetta mál var þingfest 7. nóv., minnir mig, í úrskurðarnefnd. Ég hef ekki dagsetninguna fyrir framan mig, þetta er sagt eftir minni. Þar hefur það verið til skoðunar síðan. Báðum aðilum hefur verið gefinn kostur á því að reiða fram málsgögn og mér er tjáð af formanni nefndarinnar að von sé á úrskurði í málinu fyrir jól, en nánar hef ég ekki af því frétt. Ég hef að ásettu ráði ekki verið að leggja þau gögn sem snerta málafylgju fyrir úrskurðarnefnd inn í þau gögn sem ég reiði fram fyrir þingið. Mér finnst ekki passa alveg að fara með mál sem þar er til meðferðar frekar til umræðu hingað inn í þingsali. Þetta er til umfjöllunar á dómsstiginu.

Auðvitað skiptir talsvert miklu máli hver niðurstaðan verður, bæði efnislega hvað þetta mál varðar en líka af almennum ástæðum. Því að ef ekki verður tekið undir kröfur sem ég lagði fyrir nefndina sýnist mér alveg óhjákvæmilegt að ræða um breytingu á lögum til að almenningur eigi örugglega aðgang að máli sem þessu án þess að höft séu á lögð. Að því voru leiddar líkur í umræddu lögfræðiáliti Eiríks Tómassonar prófessors. Ég varð afar undrandi að sjá þá álitsgerð. Mér sýnist hún ganga þvert á það sem er almenn þróun í umhverfisrétti og ætti að vera almennt viðhorf þegar fjallað er um svo mikilvæg almenn gæði og umhverfi okkar. Ég er satt að segja enn þá undrandi á hvernig á þessu var tekið og hryggur yfir því að þetta skyldi til bragðs tekið af meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins.

Meiri hluti iðnn. staðhæfir að í engu sé brotið gegn alþjóðlegum skuldbindingum, lögum eða reglum í sambandi við umhverfisþætti málsins. Við heyrðum það frá hv. talsmanni iðnn. áðan við umræðuna. Í meirihlutaáliti iðnn. er sagt að svo sé þrátt fyrir að leiddar hafi verið líkur að því í umsögn minni að í ýmsum atriðum sé gengið á svig og jafnvel gegn skuldbindingum Íslands að þessu leyti. Að ég tali nú ekki um hitt að teflt sé á tæpasta vað að því er varðar umbúnað málsins varðandi umhverfisþáttinn. Hitt er síðan ábending af minni hálfu og tekið fram nr. 1 í umsögn minni að ákvæði í lögum og reglugerðum um umhverfismál, að því er varðar fyrirtæki eins og hér á í hlut og starfsleyfi fyrirtækja almennt, eru alls ekki með þeim hætti sem ætti að vera. Brýnt er að þessi ákvæði verði endurskoðuð. Ég hef lagt áherslu á það fyrr og það var aðgengilegt þinginu þegar árið 1992. Þá var lagt fyrir Alþingi sérstakt álit eða skýrsla vegna fyrirhugaðrar álbræðslu á Keilisnesi. Þetta er mál út af fyrir sig. Hér verður ekki breytt lögum eða reglugerð vegna afgreiðslu þessa máls til þess að fá aðra stöðu í það en fyrir liggur. En nauðsynin er jafnbrýn að því varðar framhaldið. Ég vil ítreka ábendingar um hvaða atriði það eru sem alveg sérstaklega koma til skoðunar þegar litið er á þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar Íslendinga í þessum efnum og raunar einnig ákvæði gildandi laga og reglna.

Í fyrsta lagi skal nefnt ákvæði mengunarvarnareglugerðar frá 1994, 25. gr. Þar er kveðið á um að halda beri loftmengun í lágmarki og beita til þess fullkomnustu tækni sem völ er á, segir í reglugerðinni. Ég spyr: Eru menn að beita fullkomnustu tækni sem völ er á? Svarið hlýtur að vera nei. Það er viðurkennt í starfsleyfi sem hæstv. umhvrh. hefur gefið út. Ekki er beitt fullkomnustu tækni sem er alveg ákveðið og afmarkað hugtak í alþjóðlegu samhengi, meira að segja skammstafað. Hugtakið er það þróað að farið er að skammstafa það á á ensku, BAT, Best Available Technology. Þó er það ekki notað í starfsleyfinu, besta fáanleg tækni, heldur Ísal-tækni. Það er engin tilviljun heldur vegna þess að Ísal-tækni er ekki besta fáanleg tækni. Þannig stangast þessi gjörningur á við ákvæði 25. gr. mengunarvarnareglugerðar, um að beita beri fullkomnustu tækni sem völ er á.

Um losun flúoríðs gildir alþjóðlegur samningur sem Íslendingar eru aðilar að og er skammstafaður PARCOM, tengdur Parísarkommissjóninni, oft kallaður Parísarsáttmálinn. Í honum er fest lágmark fyrir losun flúoríðs frá álbræðslum. Samkvæmt samþykktinni er það 0,6 kg á tonn, framleitt tonn. Um það er ekki deilt, vænti ég, enda liggur sá samningur fyrir. Hver eru mörkin í Ísal? Þau eru 1,1 kg/tonn fyrir bræðsluna í heild. Starfsleyfið er gefið út fyrir bræðsluna í heild. Aðeins er að finna óskuldbindandi viðmiðun í starfsleyfinu varðandi nýja kerskálann. Ekki upp á 0,6 kg á tonn sem lágmark heldur 0,65, auk 25% heimildar til svokallaðrar hreinálsframleiðslu sem hækka þessi viðmiðunarmörk í yfir 0,8 kg á tonn. Þá sér hver maður hversu miklu munar í þessum efnum. Hér er um lágmarksskröfu að ræða samkvæmt alþjóðasamþykkt. Í næsta grannlandi okkar, Noregi, var sett fram viðmiðun við undirbúning samþykktarinnar. Hún er gerð í ársbyrjun 1994, PARCOM 1/94. Við þá umræðu var krafa Norðmanna, sú krafa sem þeir almennt gera til álbræðslna nú, einnig varðandi endurbætur og stækkun í eldri verksmiðjum, að færa mörkin niður í 0,4% og

beita náttúrlega vothreinsun. Þar í landi beita þeir hvarvetna vothreinsun. Þeir höfðu skjalfest erindi fyrirtækjanna sem í hlut áttu að þau gætu við þetta unað. Svo eru menn hér sí og æ með yfirbreiðslur um þetta. Í dómi hæstv. umhvrh., sem hann fær í hendur og hann staðfestir 7. nóv. sl., stendur meira að segja að um þetta sé deilt. Verið er að deila um hverjar séu kröfurnar og hver sé stefnan í nágrannlandi okkar Noregi. Ég gekk í gegnum þær hremmingar veturinn 1991 – 1992 að þurfa með persónulegum heimsóknum í systurstofnun Hollustuverndar ríkisins í Ósló að fá staðfestar upplýsingar um stöðu mála á sama tíma og verið var að draga falsanir fram fyrir þingnefnd á Alþingi Íslendinga, umhverfisnefnd þingsins sem var að skoða þessi mál. Falskar upplýsingar sem lágu á borðum opinberrar systurstofnunar í höfuðborginni Ósló.

Er að undra, virðulegur forseti, að maður setji spurningar við eitt og annað sem verið er að bera fram í þessum efnum og hljóti að draga þær ályktanir að eitthvað búi að baki þess þegar menn eru að fóðra Alþingi Íslendinga og þingnefndir á ófullnægjandi og sumpart röngum upplýsingum. Af hverju vilja menn ekki vita stöðuna í stórveldinu Noregi í áliðnaði? Af hverju vilja menn ekki vita það? Er það eitthvað óþægilegt, hæstv. umhvrh.? Er það eitthvað óþægilegt að hafa þá stöðu sem ljósasta og skýrasta, þannig að við getum vísað til þess í samningaviðræðum við atvinnufyrirtæki sem á að fara að reisa? Við ætlum ekki að gerast neitt *minni menn en* Norðmenn í verndun umhverfis okkar. Við ætlum ekki að fylgja rýmri eða lakari stefnu í umhverfismálum heldur en þar er gert. Það er alveg augljóst að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert. Ég tók inn í umsögnina til iðnn. upplýsingar um endurbætta stöðu og starfsleyfi í gömlum álbræðslum í Noregi. Þessar upplýsingar eru komnar frá Hollustuvernd ríkisins frá því þegar verið var að skoða mál álbræðslunnar á Keilisnesi. Menn geta séð hvaða kröfur það eru. Í eldri álbræðslum eru gerðar meiri kröfur en gerðar eru til þessa fyrirtækis hér, að minnsta kosti ef tekið er tillit til hinnar rúmu heimildar vegna svonefndrar hreinálsframleiðslu. Svo er auðvitað hægt að vísa til þess. Menn eru með úrelda tækni og svo er fyrirtæki heimilað að byggja upp, auka verulega umsvif sín, með úreltri tækni, Ísal-tækni, sem getur stefnt samkeppnisstöðunni í hættu í framtíðinni.

Síðan eru það alþjóðlegar skuldbindingar sem varða loftmengun, loftslagssáttmálinn frá Ríó. Ég segi ekki að hann sé brotinn hér og nú. Ég hef ekki sagt það. En ég vænti þess að menn sjái, þegar þeir fara yfir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og stöðu málsins eins og hún liggur fyrir, að það er ekki sýnt fram á með neinum viðhlítandi rökum af þeim sem bera þetta mál fram að þeir geti náð því að uppfylla skuldbindingarnar samkvæmt loftslagssamningnum frá Ríó. Það eru uppi alveg furðulegir tilburðir af hálfu stjórnvalda til þess að smokra sér undan skuldbindingum þessa sáttmála. Sáttmálans sem blessaður var í bak og fyrir af yfir 100 *þjóðarleiðtogum sem komu á umhverfisráðstefnuna í Ríó.* Hæstv. páv. umhvrh., Eiður Guðnason, undirritaði hann við hátíðlega athöfn, ég fékk að vera nærstaddur, þann 5. júní 1992 ef ég man rétt. Síðan eru menn að bauka við það á stjórnarkontórunum og í fundarherbergi ríkisstjórnarinnar að búa til einhverjar útgönguleiðir til að geta haldið rakleitt áfram með atvinnuuppbyggingu í landinu án þess að taka á kröfum sáttmálans. Því það eru menn að gera og ekki einungis varðandi samninginn um Ísal. Hér eru samningar á færibandi. Hugmyndirnar frá stjórnvöldum um ný stóriðjuver sem munu bæta aldeilis rækilega í þessa mengun. Því fer víðs fjarri að þess sé nokkur von að menn geti staðið við skuldbindingar þessa samnings ef þeir ætla að ganga þessa götu. Aðeins hann einn og út af fyrir sig nægir, þó að ég fullyrði ekki að ef menn ætluðu að grípa til róttækra ráðstafana á öðrum sviðum, varðandi notkun eldsneytis í fiskiskipaflota og samgöngum, að ekki mætti takast að vega á móti aukningunni á koldíoxíði sem verður með útblæstrinum frá væntanlegri stækkun í Straumsvík. Það er unnt en þess sjást ekki merki í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar að þar sé alvara að baki. Og hver er útgönguleiðin? Það var upplýst af fulltrúa hæstv. umhvrh. í umhvn. þingsins 4. des., ef ég man dagsetninguna rétt. Upplýst að útleiðin fælist í því að einungis ætti að miða við neyslu innan lands. Það ætti bara að miða við aukningu koltvísýrings eða koldíoxíðs, þetta er sama efnið, CO_2, sem kemur til vegna neyslu innan lands. Útflutninginn eigi bara að taka út fyrir sviga.

Virðulegur forseti. Mörg eru þjóðráðin, mér finnst þetta slá flestum við. Hvert halda menn að röksemdafærsla í þessa áttina leiði sem þeir voru að ræða uppi í gamla tugthúsinu í nóvembermánuði, hæstv. ríkisstjórn? Hvert halda menn að þessi röksemdafærsla leiði varðandi mengun á veraldarvísu, ISO 2, ef allar þjóðir brygðu á það þjóðráð sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur sett inn í sínar hugmyndir og túlkað var fyrir umhvn. 4. des. sl.: Við ætlum bara að taka allt sem kemur til af *útflutningi* út fyrir sviga. Síðan svona sem viðbót ef eitthvað er farið að draga fjöður yfir þetta, kemur það næsta sem meira að segja fyrrv. hæstv. iðnrh., Jón Sigurðsson, var kominn með inn í sinn málflutning. Það var svo margt snjallt í hans málflutningi ef farið er út í þá sálma. Ég læt mér nægja að nefna þetta eina hér: Eitt tonn af áli þýðir það sama fyrir íslenskt þjóðarbú eins og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Þessa plötu spilaði páv. hæstv. iðnrh. í ótal skipti í meira en ár á Alþingi í öllum fjölmiðlum. Þjóðhagfræðingur, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, gegndi því embætti meira að segja þá ef ég man rétt, spilaði þessa plötu og menn fóru að spyrja *austur á fjörðum:* Er það virkilega svo að álbræðsla á Keilisnesi sé jafngildi þess sem menn sjá að þorskarnir geta farið niður í, svona niður undir 200 þús. tonn? Það er ekki nein spurning að við þurfum að gera marga svona fína samninga til að sjá okkur farborða.

En þegar var farið að gá undir yfirborðið á þessari plötu kom í ljós að sannleikanum hafði verið snúið heldur betur á haus, ekki bara 100% eða 200% eða 300%. Nei, 500% a.m.k. var það talið. Svona getur snjöllustu mönnum skjátlast. Eigum við ekki að túlka það svo? Þannig getur þetta verið og þetta fer að minna mig á þetta snjallræði, þjóðráð ríkisstjórnarinnar í sambandi við koltvíildi. Þetta þýðir að þjóðir heimsins sem skrifuðu skuldbindandi undir það 1992, og það voru iðnríkin sem stóðu að því að Íslandi meðtöldu, að við ætlum ekki að losa meira koldíoxíð út í andrúmsloftið árið 2000 heldur en við gerðum 1990. Þetta eru mörkin, skuldbindandi mörk. En nú finna menn upp á því að við ætlum bara að taka allan útflutning, þetta er bara það sem stafar af heimanotum, sem við fáum torgað og brennt heima fyrir.

Ætli þetta skipti engu máli? Var þetta bara svona í gamni, eins og sagt er, sem menn voru að fjalla um þessi efni og gera um það sáttmála í Rio de Janeiro? Ég held ekki. Ég held að á þessum vikum og mánuðum þegar við Íslendingar erum að verða fyrir og fjalla um ýmiss konar vá sem á okkur mæðir af náttúrunnar völdum, ófyrirséð margt hvert eins og gengur í þeim samskiptum, ættum við að fara af alvöru yfir

mál sem þessi.

Það er verið að tala um það núna, hæstv. umhvrh., að það verði stórstreymt núna um jólaleytið, sérstaklega suðvestanlands. Menn eru farnir að búa sig undir að mæta þessu stórstreymi og hugsanlegum áföllum sem af því kunna að leiða ef loftþrýstingur reynist lágur og ef vindur stendur á land. Það er vel, það er forsjá, menn eru framsýnir í þeim efnum og farnir að búa sig undir þetta. En hvernig ætli staðan yrði innan ekki langs tíma ef menn fylgdu því þjóðráði sem ríkisstjórnin og talsmenn hennar og embættismenn í þeirra nafni eru að reiða fram varðandi loftslagssamninginn, varðandi þá mengun sem mun hækka hitastig á jörðinni og leiða til hækkunar sjávarborðs sem vægt áætlað nemur um hálfum metra að meðaltali innan 50 ára, að meðaltali bætt á alla? Og nú mun vera að koma út skýrsla alþjóðlegra sérfræðinga sem um þessi efni fjalla sem endurmetur þetta til hækkunar og telur að rökin á bak við ályktanir um gróðurhúsaáhrifin séu gildari en menn höfðu áður haft handa á milli. Til hvers mun þetta leiða um heim allan, þar á meðal hér á Íslandi, ef menn stöðva sig ekki af? Hvað ætlar ríkisstjórnin að leggja inn í þetta púkk? Hún ætlar að leggja inn stækkun Ísals, hún ætlar að leggja inn allar þær stóriðjuhugmyndir sem hér eru uppi og helsta ráðið sem hún vísar á er að græða upp Ísland þannig að það aukna gróðurmagn sem hægt væri að koma upp hátt og lágt í landinu geti vegið á móti þessari mengun sem orkufreka stóriðjan leiðir til. Við skulum athuga hvað er þar uppi og hvað líður fjárveitingum í því efni til skógræktar, landgræðslu o.s.frv. Ég sé ekki mikið fara fyrir því. En þetta er aðalúrlausnarefnið fyrir utan að fara yfir samgöngurnar sem auðvitað er skylt og rétt því þar er mikill valdur í þessum efnum.

En svo er hitt sem fer sem þrautavara hjá ríkisstjórninni í þessum efnum, þ.e. að segja sem svo: Við erum að framleiða þessa raforku ofan í álbræðslurnar með hreinni orku, orku sem ekki mengar. Já, orkan er hrein, hún veldur ekki mengun andrúmsloftsins. Það er erfitt viðfangs vegna landnotkunar, margt af því sem við erum að tala um þar og vegna fegurðargildis vatnsfallanna okkar og fossanna og jarðhitasvæðanna, gleymum því ekki. Orkan veldur ekki mengun andrúmslofts, ekki vatnsorkan. Það er annað mál með jarðvarmaorkuna. En þá er þetta tilvísunin. Rétt eins og menn ættu að ályktа sem svo að menn séu að stunda framleiðslu á áli í útlöndum með kolaorku eða öðru slíku eldsneyti sem veldur sannarlega koldíoxíðmengun. Erum við að keppa við slíkt? Er Columbia Aluminium, hæstv. iðnrh., — eitthvað hefur hæstv. ráðherra skroppið úr augsýn. Hv. formaður iðnn., er það svo í sambandi við Columbia Aluminium, sem er næsti kosturinn og kannski í dyragættinni hjá okkur núna fyrir áramótin, að þar sé um að ræða að velja milli þess fyrir eigendur þess fyrirtækis hvort þeir noti hina hreinu, íslensku orku til að knýja efnagreininguna í kerunum eða að velja á mill kolakyntra orkuvera úti í löndum? Eins og ég hef lesið í málið, þá eru menn að keppa við Venesúela og kannski Kanada og skyldi það vera slík orka? Ég efast um það. Ég held því að það sé ekki mjög mikið í þessu varahjóli ríkisstjórnarinnar í sambandi við loftslagssamninginn heldur.

Hef ég þá vikið að nokkrum dæmum um það að ég tel menn bæði vera að ganga gegn alþjóðlegu samkomulagi og stefnumótun umfram allt í sambandi við alþjóðasamninga í tengslum við þetta mál sem hér er leitað staðfestingar á. Það er ekki gott og ég veit að það er ekkert einfalt fyrir menn að koma hér og standa fyrir máli sínu og réttlæta þessa gjörninga hér og þær áætlanir sem að baki liggja að því er varðar umhverfið. Því miður, verð ég að segja, því enginn óskar eftir að vera í þessum aðstæðum. Þetta eru strangar takmarkanir sem við stöndum frammi fyrir að því er varðar samninginn um loftslagsbreytingar. Það eru strangir skilmálar en þeir varða veröld alla. Við skulum gæta þess, Íslendingar, að fara ekki alveg í spor okkar ágætu þjóðsagnapersóna, Bakkabræðra, þegar við erum að fjalla um þessi mál. Það er margt í þessum gjörningum og röksemdafærslum meiri hlutans sem minnir á þá bræður, sem ætluðu að lýsa upp híbýli sín með því að bera dagsbirtuna þangað inn. Það er því miður ansi margt sem er nákvæmlega af þeim toga. Það er kannski hægt að nota það eitthvað til skrauts í ferðaþjónustunni, þær samlíkingar eins og margt fleira þjóðlegt. En það er ekki vænlegt upp á heill og hamingju okkar hér eða annarra jarðarbúa til framtíðar að ganga þannig um gleðinnar dyr.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem varðar brennisteininn og þar er ekki um neina hreinsun að ræða á brennisteini. Þau mörk sem eru byggð inn í starfsleyfið eru sýndarmörk sem ekki halda nokkrum sköpuðum hlut og gætu þess vegna verið óskrifuð. Það er engin hreinsun og kröfur um mörk um efnainnihald brennisteins í rafskautum eru tengd alþjóðasamkeppnisverði á rafskautum þannig að ef almennt verður um að ræða að það sé dýrara að afla rafskauta með lágu brennisteinsinnihaldi og það fer að bitna á samkeppnisaðstæðum, er engin staða til að verja það eftir þessu starfsleyfi. Því miður er staðan sú.

Ég vil aðeins í þessu samhengi, virðulegi forseti, koma að því sem er eitt helsta haldreipi meiri hlutans í þessu máli. Það gildir bæði um hv. iðnn. og meiri hluta umhverfisnefndar. Það er að nú sé verið að koma Ísal, allri verksmiðjunni, undir mengunarvarnareglugerð. Þetta má lesa í þeim fáu línum sem umhverfisnefndarmeirihlutinn eyddi á okkur í umsögn sinni. Hverju skiptir þetta í raun? Ég skal orða það í stuttu máli. Ég held að þetta skipti litlu sem engu máli. A.m.k. er þetta verri kostur en að láta samkomulagið við Ísal frá 1992 varðandi mengunarvarnir fyrirtækisins gilda varðandi gamla hlutann og setja eðlilegar og strängustu kröfur sem menn treystu sér til að gefinni hinni ófullnægjandi Ísal-tækni í starfsleyfi gagnvart stækkuninni. Þá skulu menn hafa í huga að hér er ekki bara verið að stækka framleiðslu eða opna fyrir stækkun í 60 þús. tonn, það eru að vísu mörkin í þessum samningi, en starfsleyfið er með ótvírætt innbyggt 200 þús. tonna framleiðsluheimild án þess að til komi útgáfa að nýju starfsleyfi. Og hæstv. iðnrh. er nú opinberlega farinn að veifa stækkun upp í 300 þús. tonn þannig að menn skulu aðeins gæta að sér hvað hér er á ferðinni.

Ég tel sem sagt að þetta séu ekki nein haldbær rök fyrir því hvernig hér er á málum haldið. Þvert á móti eru menn að misstíga sig gróflega ef þeir hafa á milli þess að velja að halda ákvæðunum frá 1992 varðandi núverandi framleiðslu og setja ákveðin skuldbindnadi mörk gagnvart viðbótinni, bæði þessari og ekki síður upp á framtíðina varðandi kröfur til þeirrar stækkunar sem verið er að láta liggja að að gæti komið til.

Ég bendi á það í umsögninni og átti að tengja það við spurninguna um alþjóðlegar viðmiðanir að varðandi ryk og rykmengun eru menn enn í þessu starfsleyfi yfir viðmiðunarmörkum Parísarsáttmálans. Hér er verið að heimila rykmengun upp á 1,5 kg/tonn í staðinn fyrir að samkvæmt Parísarsáttmálanum er sett lágmarkið 1 kg/tonn. Þetta var ekki ofar í hugum manna en svo að að þessu hafði sára-

lítið verið hugað í sambandi við þessi mörk í starfsleyfinu og stangast það á við það sem búið er að festa í kröfur samkvæmt Parísarsáttmálanum.

Fleira er þarna afar ófullkomið. Ég bendi á mengun vegna lífrænna kolefnasambanda sem þurfa að vísu ekki að vera stórt áhyggjuefni t.d. varðandi framleiðsluna í Straumsvík vegna þess að þar eru menn með svonefnd forbökuð skaut en ekki Söderberg-rafskaut. Engu að síður á að taka á málum sem þessum í starfsleyfi þessara fyrirtækja til þess að hafa vaktina í gangi að því er varðar framleiðsluna þar sem þessi lífrænu kolefnasambönd eru afar viðsjárverð efni. Sum hver þeirra flokkast undir krabbameinsvaldandi efni og Norðmenn hafa háð mikla baráttu í sambandi við mengun af völdum lífrænna kolefnasambanda í áliðnaði sínum og þá sérstaklega af því að þeir voru áður fyrr með svonefnd Söderberg-rafskaut en í einhverjum mæli fellur þessi mengun til, þó í mun minna mæli sé, við þá tækni sem hér er til umræðu.

Virðulegur forseti. Ég kem þá að því sem varðar hávaðamengun frá álbræðslunni í Straumsvík og tengi það þeim erindum sem gengu frá Ísal til Hafnarfjarðarbæjar og frá hæstv. umhvrh. til Hafnarfjarðarbæjar vegna skipulagsmála kaupstaðarins. Ég hef haft áhyggjur af þessari hávaðamengun frá álbræðslunni alveg frá því að fyrstu drögin að starfsleyfi voru kynnt sl. sumar og kom ég þeim áhyggjum á framfæri þá. Ég benti á að a.m.k. að formi til virtust vera strangari mörk í Noregi að þessu leyti en það var vefengt að mig minnir vegna þess að ekki væri um hliðstæðar mælingar að ræða varðandi mörk, lóðamörk eða húsvegg. En ég ætla ekki að gera mál úr því. Auðvelt á að vera að sjá hvað rétt er að sjá í þeim efnum en hitt liggur aftur á móti fyrir nú þegar að frá núverandi starfsemi í Straumsvík stafar hávaði sem veldur truflun og ónæði í íbúðarbyggð í Hafnarfirði. Þetta á heilbrigðisyfirvöldum auðvitað að vera fullljóst og því mikil nauðsyn á því að gera þarna ýtrustu kröfur sem hægt er að gera í sambandi við rekstur fyrirtækisins, ég tala ekki um aukin umsvif. Þetta er því miður ekki með þeim hætti sem æskilegt væri og það er staðfest í því erindi sem Ísal sendi frá sér 21. nóv. til Hafnarfjarðar og er upphafið að því sem mætti gefa nafnið Hafnarfjarðarbrandari sem stundum er tengt þeim kaupstað þar sem menn eru fundvísir á gamansamar hliðar tilverunnar. En þetta er því miður ekki af þeim toga að það sé hægt að hafa af því sérlega mikla skemmtan.

Virðulegur forseti. Það er með fádæmum að Ísal skuli svo seint sem 21. nóv. sjá ástæðu til þess að senda Hafnarfjarðarbæ sérstakt erindi vegna samskipta við bæjarfélagið sem fyrirtækið er staðsett í. Í þessu erindi, sem var á enskri tungu, kemur fram að þeir vara við því að verið sé að skipuleggja íbúðarbyggð í Hvaleyrarhrauni vegna þeirra áhrifa sem vænta megi frá 60% aukningu í mengun frá álbræðslunni varðandi brennisteinsdíoxíð, koldíoxið, loftkennd flúoríð, hávaða og umferð. Allt þetta draga þeir fram í þessu erindi til bæjarins. Það var eðlilegt að uppi yrði fótur og fit í Hafnarfirði því að það á að vera búið að fara yfir þessi mál nokkuð rækilega, virðulegur forseti, á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því sl. vor að fyrst var farið að fara yfir þau, fyrst með athugun á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og í öðru lagi í sambandi við starfsleyfi. Þar hafði fyrirtækið alla möguleika á því að koma þessum atriðum á framfæri og bar auðvitað siðferðileg skylda til þess að gera það þannig að þessi þáttur kæmi ekki upp seint og um síðir og menn kæmu því á framfæri þeim tilmælum að bæta ekki byggð í Hafnarfirði nær álverinu heldur en orðið er því að það væri í rauninni efnisinnihaldið.

Þegar lýðum varð ljóst að þessar kröfur og óskir voru uppi hjá álbræðslunni og að kannski væri meira á bak við áhyggjur okkar sem höfum verið að reyna að halda í umhverfishagsmunina að því er varðar þessa fyrirhuguðu stækkun en þeir sem eru að berjast fyrir málinu bera það fram í þeim búningi sem það er frá meiri hlutanum á Alþingi, það væri sitthvað á bak við sem ástæða væri til þess að gaumgæfa. Hafnarfjarðarbær brást eðlilega við enda hafði heilbrrn. kaupstaðarins og umhvn. kaupstaðarins fjallað um málið í góðri trú á fyrri stigum þar sem atriði sem þessi höfðu ekki verið á borðum manna. Ég hef umsögn frá þessum aðilum sem bárust á sínum tíma og þar stendur, svo ég aðeins grípi niður í erindi frá Hafnarfjarðarbæ, undirritað af bæjarstjóra, sem vitnar í samþykkt heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar frá 2. ágúst sl., með leyfi forseta:

„Æskilegt er að aflað verði erlendra upplýsinga varðandi viðmiðunarmörk um hversu nærri álverinu byggð, matvælavinnsla eða önnur starfsemi megi rísa og álit framkvæmdaaðila í því sambandi. Nefndin telur að skoða eigi mótvægisaðgerðir vegna hávaða. Í frumvarpsskýrslunni er hávaðaþættinum gerð lítil skil þannig að upplýsingar vantar um hve víðtækar þær aðgerðir þurfa að vera." Þetta er úr samþykkt heilbrigðisráðs í byrjun ágúst sl. Í samþykkt skipulagsnefndar Hafnarfjarðar á fundi nefndarinnar nr. 952 1. ágúst segir, með leyfi forseta:

„Stækkun álversins samkvæmt framanlögðum uppdráttum og frummati á umhverfisáhrifum er öll innan lóðar álvers og fellur að skipulagsáætlunum, bæði gildandi aðalskipulagi 1980–2000 og samþykktri tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 1992–2012. Nefndin vekur athygli á að fyrirhugaður viðlegukantur er ekki í samræmi við gildandi deili- og aðalskipulag og ekki hefur verið formlega gengið frá friðun Straumsvíkur til samræmis við skipulag. Bæjarskipulagi er falið að ýta báðum síðast töldu atriðunum úr vör við endanlega vinnu að tillögu eða endurskoðun aðalskipulags. Nefndin telur að tíunda þurfi nánar áhrif aukins mengunarálags, hljóð- og loftmengunar á landnotkun í nágrenni iðjuversins, svo og mótvægisaðgerðir við því."

Þetta er samþykkt skipulagsnefndar Hafnarfjarðar 1. ágúst sl. Hvað var gert með málið í því ferli sem síðan er liðið þangað til Ísal tekur sig til eftir að hafa þagað þunnu hljóði fram til 21. nóv. og segir þegar allt er undirritað og á að vera klappað og klárt: Að okkar mati, góðir hálsar, færið þið ykkur ekki nær vegna mengunar, vegna hávaða o.s.frv. Þetta eru slík fádæma vinnubrögð, virðulegur forseti, að það er ekki hægt annað en að nefna þau hér. Svo kemur rúsínan í pylsuendanum sem er erindi hæstv. iðnrh. 7. eða 8. des. — dagsetningin er ekki sjáanleg á því afriti sem ég hef — sem ég leyfi mér hér með, virðulegi forseti, að vitna til.

„Með vísan til bréfs bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar dags. 23. nóv. 1995 og bréfs Ísals, dags. 21. nóv. 1995, óskar ráðuneytið að taka fram:

1. Eins og fram kom í máli fulltrúa ráðuneytisins í viðræðum um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldi Ísals verður að telja eðlilegt að gera ráð fyrir að álframleiðsla í Straumsvík geti aukist í a.m.k. 300 þús. árstonn þegar fram líða stundir." — Virðulegi forseti. Hvað dvelur virðulegan formann iðnn. Alþingis? Ég þarf æ ofan í æ að biðja þann sem leggur málið fyrir þingið, meiri hlutann, að fylgjast með umræðu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill upplýsa að formaður iðnn. var hér rétt áðan, þurfti að skjótast frá en mun koma innan stundar og skal forseti gera honum viðvart.)

„Reynsla frá öðrum ríkjum bendir til að endanleg hagkvæmni stærðar náist í álveri með a.m.k. 300 þús. tonna ársframleiðslu."

Svo ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að skjóta inn í lestur úr þessu bréfi: Hvað um Columbia Aluminium? Ætli mörkin séu ekki hliðstæð varðandi Columbia Aluminium varðandi endanlega hagkvæmni að lágmarkið sé þar 300 þús. tonn uppi í Hvalfirði? Er ekki rétt að miða við það, hæstv. iðnrh., samkvæmt þessu þegar sótt er um starfsleyfi fyrir það fyrirtæki ef til kemur? Áfram með bréf ráðherrans:

„2. Ráðuneytið telur reyndar líkur á því að framleiðslugeta Ísals verði á næstu 5–10 árum aukin í um 200 þús. árstonn. Eðlileg endurnýjun búnaðar ætti sjálfkrafa að leiða til a.m.k. nokkurs hluta slíkrar framleiðsluaukningar innan þeirra tímamarka.

3. Aðstaðan sem nú er í Straumsvík gæti einnig nýst sem aðstaða fyrir annan iðnað, t.d. á svæðinu vestan við Straumsvíkina. Með vísan til þessa telur ráðuneytið ábendingu Ísals mjög eðlilega og telur að bærinn ætti að taka þetta mál til nánari athugunar." Ekkert skortir á undirskriftirnar á þetta skjal en það undirrita Finnur Ingólfsson og Halldór J. Kristjánsson. Símbréf sent 7. des. þannig að það mun vera sama dagsetning á bréfinu. (**Iðnrh.:** Bréfið er dags. 27. nóv.) Ég þakka upplýsingarnar. Hæstv. ráðherra upplýsir að bréfið sem ég var að vitna til er dags. 27. nóv. Ég hafði dagsetningu bréfsins ekki fyrir framan mig en þá er það komið fram, enda kemur það fram í símbréfi sem er svohljóðandi svo að öllu sé til skila haldið, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hefur með bréfi dags. 27. nóv. 1995 sett fram sjónarmið um framtíðarþróun álvinnslu og hugsanlegs annars stóriðjureksturs í tilefni af bréfi Ísal, dags. 21. nóv. 1995, um þróun byggðar í grennd við álverið sem bæjarstjóri sendi ráðuneytinu 23. nóv. sl. Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram að ráðuneytið tekur af þessu tilefni enga afstöðu til einstakra þátta í framtíðarþróun byggðar í Hafnarfirði. Ráðuneytið telur hins vegar brýnt að Ísal kynni bænum framtíðaráætlanir álverins og fulltrúar Hafnarfjarðar kynni Ísal sérstaklega skipulagsþarfir bæjarins og aðilar ræði hvernig hagsmunir þeirra verði tryggðir. Taka þarf tillit til þeirra áforma við lokaafgreiðslu á uppbyggingu bæði íbúðarbyggðar og iðnaðarsvæðis.

Báðir aðilar hafa einnig sameiginlega hagsmuni af því að nýta aðstöðuna í Straumsvík til atvinnusköpunar og því væri einnig mikilvægt að aðilar ræði aðgerðir sem greitt geti fyrir því að aðstaðan við Straumsvík nýtist sem best."

Þetta er símbréfið sem í hámæli komst ásamt öðrum gögnum málsins. Einhverjir orðuðu það svo að í því væri verið að draga í land eða jafnvel kalla aftur eitthvað úr fyrra bréfinu sem er auðvitað hin mesta mistúlkun eins og sjá má af þeirri tilvitnun sem hér hefur verið uppi höfð. Þetta er aðeins nánari útlistun á málinu til þess ætluð, að mér hefur skilist, að lægja öldur í kaupstaðnum Hafnarfirði sem risu eftir að þetta komst í hámæli.

Síðan hef ég handa á milli bréf frá bæjarstjóranum í Hafnarfirði, dags. 8. des. 1995, sem ég ætla, virðulegur forseti, að spara mér að lesa upp tímans vegna. En þar er verið að mótmæla þessum íhlutunum og óskum af Ísals hálfu. Hafnarfjarðarbær áskilur sér skaðabótarétt vegna yfirlýsingar Ísals sem ráðuneytið hefur tekið undir og kann að grafa undan markaðssetningu umrædds landsvæðis undir íbúðarbyggð, eins og segir m.a. í þessu bréfi.

Ég gæti vissulega margt um þetta tilvik sagt, virðulegur forseti, sem á vondri íslensku hefur verið kallað uppákoma. Ég vil þó helst ekki nota það orð. Þetta slæma tilvik, sem kom upp snemma í þessum mánuði, kallar fram margar spurningar um skoðun málsins á fyrri stigum og þær ákvarðanir sem teknar eru af stjórnvöldum varðandi umhverfisþætti álbræðslunnar. Ég skal nú reyna að skýra hvað ég hef í huga að þessu leyti.

Þegar hér er komið sögu og þessi bréfaskipti fara fram hefur í fyrsta lagi verið unnið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum og kveðnir upp úrskurðir þar að lútandi, einnig varðandi kærumál. Sama eða hliðstætt ferli hefur farið fram samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og á grundvelli þeirra gefið út starfsleyfi fyrir fyrirtækið 7. nóv. sl. Eftir að þetta hefur gerst er upplýst af framkvæmdaraðila að hann telji meinbugi á því að færð verði út byggð í Hafnarfirði samkvæmt skipulaginu. Framkvæmdaraðili hefur haldið þessari skoðun sinni leyndri fram að því að búið er að gefa út starfsleyfi fyrir fyrirtækið. Er málafylgja af þessu tagi í samræmi við eðlilega málsmeðferð? Hlýtur hún ekki að valda því að spurt sé: Er mark takandi á því ferli sem fram fór á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum álbræðslunnar ef framkvæmdaraðilinn heldur leyndum eða kemur ekki fram með, hvort sem væri, þau sjónarmið sem fram eru sett í erindi fyrirtækisins til Hafnarfjarðarkaupstaðar 21. nóv. sl.? Mín skoðun er sú að þetta samrýmist ekki og að það varði einnig starfsleyfi fyrirtækisins með augljósum hætti þegar svona er að verki staðið. Þetta á við Ísal.

Þá kemur að þætti hins opinbera íslenska stjórnvalds, umhvrn. og vissulega iðnrn. einnig, sem ábyrgðaraðila. Hvernig má það vera að þessir aðilar skuli ekki á eðlilegum tíma þegar verið er að meta aðstæður varðandi umhverfisáhrif koma fram með þá skoðun sína sem tjáð er í bréfi iðnrh. 27. nóv. sl. að vænta megi stækkunar upp í 200 þús. tonn? Látum það vera. Starfsleyfið miðar við þau mörk. En samkeppnisfær álver þurfa að miða við 300 þús. tonna ársframleiðslu til að búast megi við að til þess komi í framtíðinni að stækka þurfi álbræðsluna upp að þeim mörkum a.m.k. Að mínu mati er hér um slíka málafylgju að ræða að ekki aðeins er hún gagnrýni verð heldur sýnist mér að hún kollvarpi því ferli sem menn höfðu unnið að í góðri trú fram að þessum tíma. Mér sýnist að málið sé í þeirri stöðu að hún geri það því að þetta bindur, ef ekki með beinum hætti þá óbeint, hendur manna í framtíðinni, setur þá a.m.k. í mjög örðuga stöðu. Ef óskir koma um það, bornar fram af fyrirtækinu Ísal eða eigandanum Alusuisse, verðum við af samkeppnislegum ástæðum að færa út framleiðsluna í Straumsvík upp í 300 þús. tonn a.m.k. og með tilvísun í opinbert bréf frá hæstv. iðnrh. Íslands. Hver er staðan hjá mönnum til þess að meta málin með óháðum hætti að því er varðar umhverfishagsmuni þegar mál eru þannig í pott búin? Það er ekki góð staða. Hún er satt að segja alveg hörmuleg og það er ámælisvert í meira lagi að þessir þættir skuli ekki hafa verið reiddir fram á eðlilegum tíma í því að mörgu leyti flókna ferli sem markað er lögum samkvæmt í skoðun þessa máls. Tíminn var vissulega afar knappur og skaraðist að því er varðaði málafylgju, eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum annars vegar og hins vegar málafylgju samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem að mínu mati var mjög óheppilegt að gerðist á tímabilinu júlí til nóvember sl.

Þetta er alvörumál sem snertir það fólk sem næst er vettvangi og hlýtur að hafa miklar áhyggjur af þessu og stöðu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði, en það snertir auðvitað miklu víðari hagsmuni og málsferð af stjórnvalda hálfu og því óhjákvæmilegt að koma að því hér.

Virðulegur forseti. Er langt í að vænta megi formanns iðnn. í salinn til að fylgjast með umræðu í máli sem nefndin hefur lagt fyrir þingið?

(**Forseti** (ÓE)**:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að hafa upp á hv. þm. Síðast þegar til fréttist höfðu þær ekki borið árangur.)

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér kemur það mjög á óvart að sá annars, að ég hef talið, samviskusami hv. þm. sem í hlut á skuli ekki vera við umræðu máls sem nefnd sem hann er formaður fyrir skilar til þingsins. Ég á svolítið erfitt með að halda áfram en ég skal reyna að koma að þáttum sem eru kannski meira almenns eðlis en koma þá síðar að málum sem ég vil ræða við formann nefndarinnar sérstaklega í von um að hann birtist fljótlega. Ég ætlaði satt að segja að reyna að fara að stytta mál mitt þó að ég hafi margt í huga enn þá sem ég hefði viljað koma á framfæri við þingið. Ég hef mikinn áhuga á að við getum skipst á skoðunum um málið á þessum degi sem er ætlaður í umræðu um það.

Skal þá koma að atriði sem snertir starfsleyfið. Hæstv. umhvrh. virðist hafa brugðið sér eitthvað úr þingsal.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er mættur.)

Hæstv. umhvrh. er hér. Það varðar það efni sem við höfum að vísu nefnt áður en samhengisins vegna vil ég koma því enn og aftur á framfæri. Það er varðandi mismunandi kröfur um mengunarvarnir fyrirtækja eftir staðsetningu. Ég tel hina mestu óhæfu að sú hugsun skuli vera uppi að heimila eigi og hafa viðmiðun um mismunandi kröfur um lágmark eða hámark, getum við allt eins sagt, útblástur eða losun fyrirtækja á mengandi efnum út í umhverfið, eftir því hvar þau eru sett niður. Þá tek ég fram að þau svæði eru auðvitað mörg þar sem ekki kemur til greina af almennum ástæðum að setja niður fyrirtæki, við skulum segja í áliðnaði, eins og gerðist snemma á öldinni í Noregi þar sem þau voru sett niður innst í fjörðum og hafa orðið til stórvandræða vegna mengunar. Slíkt dettur væntanlega engum í hug lengur, hér á landi eða annars staðar, að stofna þannig til. Ég á við að eðlilegar almennar kröfur um staðsetningu séu uppfylltar en þá sé verið að heimila meiri losun á þessum stað en öðrum. Það leiðir til þess að þar sem umhverfisaðstæður eru taldar geta hugsanlega tryggt að mengun sem berst frá atvinnurekstri dreifist meira en ella megi heimila slíkt en síðan eru gerðar aðrar kröfur þar sem eitthvað öðruvísi hagar og menn hafa meiri áhyggjur af áhrifunum. Til hvers leiðir þetta, hæstv. umhvrh.? Til hvers leiðir þetta gagnvart mati fjárfestingaraðila á hvar setja á niður fyrirtæki ef farið er að hans óskum? Ég held að það blasi við hverjum manni. Það leiðir til þess að valin er sú staðsetning þar sem kröfurnar eru rýmstar, þar sem leggja þarf í minnstan kostnaðinn við mengunarvarnir. Þetta verður ljóslega til þess að svæði, eins og við Faxaflóa, þar sem menn eru búnir að opna fyrir þessi rúmu mörk, draga að sér fjárfestingu en aðrir staðir, t.d. utanverður Eyjafjörður, fælir frá. Heilbrigðisyfirvöld og Hollustuvernd hafa reitt fram það mat að t.d. þurfi að öllum líkindum að krefjast vothreinsibúnaðar við aðstæður eins og í Eyjafirði og austur á Reyðarfirði, svo dæmi séu tekin af stöðum sem hafa verið til umræðu. Er þetta skynsamlegt? Er forsvaranlegt að hafa uppi svona mismunandi kröfur? Ég hef ítrekað spurst fyrir um þetta í grannlandinu Noregi og fengið þessi svör: „Við gerum ekki mismunandi lágmarkskröfur til fyrirtækja um mengunarvarnir heldur höfum sama mælikvarðann. Við útilokum af almennum ástæðum staði þar sem ekki á að setja niður slíkan iðnað, eins og innarlega í fjörðum o.s.frv.“ Þetta er almenn viðmiðun sem ég hefði viljað sjá að væri einnig uppi hjá okkur.

Ég hef ekki fjallað mikið um umhverfisáhrif vegna viðbótarorkuöflunar en ég vil ekki láta hjá líða að minna á það. Ég hef aðeins vikið að því í sambandi við fimmta áfanga Kvíslaveitu. Ég spyr hæstv. ráðherra,, sérstaklega hæstv. umhvrh., hvernig þeir hyggjast standa að athugun mála sem varða umhverfisáhrif virkjana sem þessi stækkun kallar á að mati orkuyfirvalda sem og þeirrar framhaldsorkuöflunar sem rætt hefur verið um. Mér finnst annað ekki ná nokkurri átt en að taka vandað á þeim atriðum og ræða í tengslum við afgreiðslu og umræðu um þetta mál. Ég minni ítrekað á það sem snýr að fimmta áfanga Kvíslaveitu og prófessor Þóra Ellen Þórhallsdóttir hefur komið á framfæri að því er varðar Þjórsárver, þá miklu náttúruperlu. Fleiri þætti er ástæða til að nefna. Ég hef þegar vikið að Bjarnarflagi, sem varðar þó ekki beint þessa virkjun, en allt annað sem þarna er um að ræða þarf nákvæmrar skoðunar við og þörf á að tryggja það sem best að þar sé eðlilega að staðið. Þetta minnir auðvitað enn frekar á það, virðulegur forseti, hver nauðsyn er á því að forgangsraða virkjunarkostum í landinu og reyna að útkljá álitaefni varðandi hugsanleg umhverfisáhrif slíkra virkjana með góðum fyrirvara og vinna það fram í tímann eins og Alþingi samþykkti að gert yrði vorið 1989. (**Iðnrh.:** Eins og verið er að gera í Hvalfirðinum.) Hugsanlega, hæstv. ráðherra. Það kann að vera, en það eru margir Hvalfirðirnir og Ísland er stórt. Virkjunarkostirnir liggja víða og þarf að skoða þetta í almennu samhengi.

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt að enn bólar ekki á hv. formanni iðnn. en ég ætla að koma að einum þætti þessa máls sem hefur lítið verið ræddur, eða hvernig staðið er að framkvæmd laganna um mat á umhverfisáhrifum. Það varðar þá báða, hæstv. ráðherra iðnaðar- og umhverfismála. Það varðar einnig iðnn. þingsins hvernig staðið er að framkvæmd á lögunum um mat á umhverfisáhrifum að því er varðar þennan þátt, stækkun Ísals, en einnig varðandi aðra kosti í stóriðju sem uppi eru til skoðunar hjá stjórnvöldum. Þá er ég m.a. að vísa til Columbia Aluminium álbræðslunnar sem skrifuð er fyrir 60 þús. tonnum. Þau verða þá væntanlega 300 þúsund ef hæstv. iðnrh. hefur rétt fyrir sér um mat á samkeppnisaðstæðum.

Það var upplýst á fundi umhvn. Alþingis þann 15. sept. 1995 af talsmönnum fyrirtækis eða skrifstofu sem heitir markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar, skammstafað MIL, að sú skrifstofa hefði verið mikill örlagavaldur í sambandi við upptöku samninga um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, teldi það raunar sitt hlutverk að leita markaða fyrir orku. Ég get fallist á að samkvæmt stofnsamningi þessarar skrifstofu sé það innan hennar verksviðs að gera það. En það var jafnframt upplýst af skrifstofunni að hún hefði hlaupið undir bagga til að kosta frummat skýrslu um líkleg áhrif á umhverfið. — Nú fagna ég því að hv. formaður iðnn. er kominn á vettvang. (**StG:** Ég hef hlýtt á þingmanninn.) Formaðurinn segist hafa hlýtt á þingmanninn. Það er svolítið erfitt fyrir þá sem mæla úr þessum stóli að sjá inn á skrifstofurnar, þótt ég viti af því hagræði sem mönnum er búið

þar að geta fylgst með umræðu. En ég treysti mér ekki til að bera fram formlegar fyrirspurnir til fjarstaddra. Ég bið menn að hafa skilning á því.

En það kom sem sagt fram hjá talsmanni markaðsskrifstofunnar á nefndum fundi að þeir hefðu orðið að skjóta saman í púkk á vegum markaðsskrifstofunnar til að greiða fyrir frummat skýrslunnar sem unnin var á vegum hennar af tveimur ástæðum. Af tímalegum ástæðum hafði Ísal ekki treyst sér til að vinna verkið jafnhratt og hugmyndir voru um af hálfu markaðsskrifstofunnar eða iðnrn. og vildi þess vegna ekki standa fyrir skýrslugerðinni með formlegum hætti sem beiðandi. Svo mun hafa orðið að lokum að þeir settu nafnið sitt undir en treystu sér ekki af fjárhagslegum ástæðum til að leggja í kostnaðinn við gerð þessarar skýrslu. Þá var einfaldlega á það ráð brugðið að markaðsskrifstofan lagði út fyrir þeim kostnaði í von um, ég veit ekki hvort um vissu var að ræða, að fá endurgreiðslu á þessum kostnaði síðar. Síðan mun formsatriðunum hafa verið fullnægt vænti ég samkvæmt lögunum eftir á með því að markaðsskrifstofan hafi fengið umboð Ísals og Ísal hugsanlega sjálft reitt fram skýrslurnar, eða a.m.k. svarað fyrirspurnum Skipulags ríkisins sem fer með ferli málsins eftir að hafa skilað frummatsskýrslu. Mér finnst umhugsunarefni að svona skuli staðið að verki. Ég efast um að það sé í samræmi við stofnsamning markaðsskrifstofunnar að þannig sé haldið á málum. Ég les ákvæði þessa samnings. Hann er einhvers staðar í málsgögnum. Ég les ákvæði þessa stofnsamnings þannig, virðulegur forseti, að hlutverk markaðsskrifstofunnar sé ekki það að ganga í þjónustu af þessum toga eða gerast ábyrgðaraðili fjárhagslega fyrir vinnu af þessum toga. (**Iðnrh.:** Það er ekkert sem bannar það.) Það er ekkert sem bannar það, segir hæstv. iðnrh. Það má vera, en væri nú ekki eðlilegt að ráð væri fyrir slíku gert í stofnsamningi? Ég segi þetta ekki sakir nísku eða vegna þess að ég sjái svo eftir þessum aurum í lán til fátækra fyrirtækja eins og í þessu tilviki Ísals sem hafa ekki ráð á að standa undir slíkum kostnaði. Ég er einfaldlega að benda á þá hagsmunaárekstra sem greinilega eru uppi þegar svona er staðið að máli, þegar sá aðili sem á að vera vöktunaraðili, að vísu var þetta ekki umhvrn. í þessu tilviki, er farinn að hlaupa undir bagga með þeim hætti sem hér er og ganga í rauninni í hlutverk framkvæmdaraðilans. Ég gæti hér, virðulegi forseti, lesið upp stofnskjalið. Það er hvergi að finna í stofnskjali markaðsskrifstofunnar að það sé á verksviði hennar að vera einhvers konar ábekingur fyrir framkvæmdaraðila gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Ef menn eru að þræða þessa götu frekar eins og mér skilst að uppi sé varðandi Columbia Alumunium fyrirtækið... (**Iðnrh.:** Ekki endilega það, heldur almennt í Hvalfirðinum.) Ekki endilega það, heldur almennt í Hvalfirði. Hvalfjörður er bara orðinn stóriðju-„stasjón" samkvæmt orðum hæstv. ráðherra. Hann er bara að verða framkvæmdaraðili ef marka má upplýsingar hæstv. ráðherra. Vafalaust hefur ráðherrann einnig í huga hugsanlega íslenska járnblendifélagið í þessu samhengi — hann kinkar kolli — en ekki er málið betur vaxið fyrir það að mínu mati.

Ég tel að menn séu á afar óeðlilegu spori að því er varðar mat á umhverfisáhrifum eins og sá farvegur er markaður í lögum og því er lýst vel af Skipulagi ríkisins í þessari útgáfu: Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum. Í tilvikinu Columbia Aluminium mun málið vera þannig vaxið að markaðsskrifstofa iðnrn. í rauninni gengur í verkin fyrir þetta fyrirtæki. Ég veit ekki hvernig umboðin eru þar á milli og er ástæða til að fá það fram hvernig frá þeim málum er gengið. En er það virkilega hugmynd hæstv. iðnrh. að þannig eigi að halda á máli? Og hvað segir hæstv. umhvrh. sem er ábyrgðaraðili laganna um mat á umhverfisáhrifum? Er eðlilegt að markaðsskrifstofa iðnrn., þótt hvergi sé nefnt í stofnsamningi hennar að hún eigi að sinna verkum af þessum toga, sé farin að eigin frumkvæði að framkvæma fyrir þau stóriðjufyrirtæki sem eru að banka hér upp á slíka hluti? Og ekki bara það, heldur leggja út fyrir þeim líka. Og ég spyr hæstv. iðnrh.: Er þetta mörkuð hugsun hjá hæstv. iðnrh. sem aðila að þessari skrifstofu og hvaða peningum hefur verið ráðstafað í þessu skyni og á þessu ári? Hvaða peningar hafa verið veittir til athugana á umhverfisáhrifum fyrir hönd Ísals vegna stækkunar Ísals á vegum markaðsskrifstofunnar og hvað hefur verið gert í sambandi við Columbia Aluminium í þessu sambandi? Væntanlega fæst það upplýst hér.

Mér hefur skilist að það séu beiðnir um það frá einu fyrirtækinu uppi í Hvalfirði, ekki bara að sinna þessu mati á umhverfisáhrifum, heldur líka sækja um starfsleyfi. Það er beiðni um það góðfúslega að þessi markaðsskrifstofa fari að sækja um starfsleyfi. Menn eru komnir í slíkt tvöfalt kerfi í þessum efnum að þetta er auðvitað gersamlega á svig við anda laganna um mat á umhverfisáhrifum. Það gengur því ekki að mínu mati að menn þræði þessa götu lengur. Ég vara menn sterklega við því að svona sé staðið að málum og vonandi verður ekki meira um það, hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh., að menn séu að reka samtímis athuganir á umhverfisþáttum mála, þessa almennu athugun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, og hins vegar starfsleyfisþáttinn. Þetta eiga að vera aðgreind ferli í tíma. Það er ekki nokkurt vit í að vera að samkeyra þetta eins og gert hefur verið í sambandi við þetta mál og ég bið hæstv. ráðherra að tjá sig um það efni hér á eftir.

Ég fer senn að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. Ég hef komið að mörgu af því sem ég tel þörf á að fá inn í þessa umræðu. Ég hef gefið yfirlit um málsmeðferðina, sérstaklega í umsögn minni. Menn sjá hvernig þar hefur verið staðið að verki. Menn hafa aðgang að fylgigögnum málsins, talsverðum upplýsingum sem varða málið. Þeim gögnum hefur verið komið á framfæri við þingið í dag þannig að menn eiga að geta rætt þessi efni á grundvelli þeirra. Ég hef, eins og menn heyra, mjög margt við þetta mál að athuga og í rauninni alla þætti málsins. Ég tel því miður að það skorti mikið á að það hafi verið farið yfir málið eins og þörf er á. Þótt þetta mál sé ekki af stærstu gerð miðað við stóriðjusamninga, er það stórt og það tengist stefnumörkun stjórnvalda að öðru leyti í stóriðjumálum. Ég er mjög á annarri skoðun en hv. formaður iðnn. sem talaði um það fyrr í dag að það væri allt annað viðhorf komið upp í landinu að því er varðaði stóriðjumál. Það sagði hv. formaður iðnn. í framsögu sinni og eitthvað á þá leið að það sé hægt að ganga frá slíkum þáttum örugglega bæði í viðskiptalegu og umhverfislegu tilliti. (**StG:** Við höfum meiri þekkingu nú.) Betur að satt væri, virðulegur formaður iðnn., hv. þm. Í því sambandi bendi ég á þá horrim sem mengunarvarnastofnun Íslands, Hollustuvernd ríkisins, er haldið á í sambandi við hennar aðstöðu til þess að vinna verkin. Getum við miðað við það að Alþingi Íslendinga skammti svo naumt til þessarar stofnunar að hún sér ekki fram úr verkunum? Er það líklegt til þess að menn geti vandað til sem vert væri undirbúnings stórra mála sem varða umhverfishagsmuni?

Ég vara einnig sterklega við þeirri öldu sem núv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. stendur fyrir sérstaklega, að gera því

skóna og þá væntanlega reyna að láta það ganga eftir að hér eigi menn að þræða upp alla mögulega samningsaðila sem hugsanlega vilja bíta á krókinn og komast að íslenskum orkulindum til sinnar framleiðslu og líta á það sem einhverja gullöld og gleðitíð sem almennt eigi að klappa fyrir. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé skynsamleg atvinnustefna hér á landi að miða við þetta og er ég þá einfaldlega að vísa til þeirra hugmynda sem liggja á borðum okkar frá hæstv. iðnrh. Og ef við lítum á þann tímaramma sem menn eru að tala um, eru menn að tala um einn áratug eða svo og þá tek ég Keilisnes með og hvað þetta heitir allt saman sem ekki er alveg fyrst í röðinni á óskalista stjórnvalda eða líkur sem taldar eru á að hér komi formlegar óskir um.

Ég vil einfaldlega minna á til hvers það mun leiða í íslensku samfélagi ef menn ganga svona fram. Miðað við þá staðsetningu á þeim fyrirtækjum sem mörkuð er af stjórnvöldum og við þekkjum að verulegu leyti, mun það auðvitað leiða til þess að það verður átak af stjórnvalda hálfu, formlegt og skipulegt stórátak í þá veru að safna þeirri dreif af þjóðinni sem er enn utan suðvesturlands hingað suður, til suðvesturhornsins. Það verður með skipulegum hætti staðið að því. Það verður í öðru lagi um að ræða slíka árekstra við umhverfishagsmuni í landinu að það mun leiða til stórátaka. Þá á ég bæði við þá mengun sem menn virðast telja eðlilega varðandi þessa stækkun og það að menn taki fram að þeir telja það ekki fordæmisgefandi fyrir framhaldið. Gott og vel. En ég á eftir að segja að þeir verði ekki minntir á það hvað þeir eru að reyna að fá fram og hafa þegar markað í starfsleyfum og þar að auki virkjunarmálin og allsendis óklár og óuppgerð mál í sambandi við orkuöflunina sem er svo fjarri lagi að sé líklegt að gangi upp með eðlilegum hætti eins og staðið hefur verið að undirbúningi þeirra. Ég tala nú ekki um þá drauma sem eru ekki á þessum blöðum en eru samt á fullu í umræðunni, útflutning raforku með sæstreng frá Íslandi sem búið er að kosta stórfé til. Það eru athuganir í gangi af margvíslegum toga þar að lútandi þar sem lítið er hugsað um orkuþáttinn og gersamlega óuppgert hvar á að taka orkuna og hvernig á að afla hennar. En menn eru eins og Bakkabræður í þeim efnum sem öðrum, að draga upp einhverjar framtíðardraumsýnir um slíkar framkvæmdir og verja stórfé í athugun mála. Ég held að það sé sérstakt fyrirtæki með skoðun á mögulegri framleiðslu á þessum sæstreng með þátttöku Reykjavíkurborgar ef ég man rétt. Það er bara til þess að kóróna hvernig menn standa að verki í þessum efnum á meðan sjálf orkuöflunin og virkjunarkostirnir eru í uppnámi að því er snertir umhverfislega hagsmuni.

Það vill svo til að ég kannast svolítið við þetta efni, virðulegi forseti. Þeir snerta norðausturland og vatnsföllin þar öðru fremur og það sem þar er á döfinni. En ég vara menn sterklega við að vera að byggja á þeim draumsýnum sem liggja fyrir á teikniborðum Landsvirkjunar og með aðstoð góðra tæknimanna í þeim efnum án þess að taka málið til umræðu og skoðunar út frá almennum víðtækum forsendum, að umhverfisþættinum meðtöldum.

Það er raunalegt, virðulegi forseti, að menn skuli ekki hafa notað það hlé sem hefur verið á stóriðjuframkvæmdum í landinu frá 1979, að járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði tók til starfa, til að marka með skýrari hætti málsmeðferð í þessum efnum og til stefnumörkunar af stjórnvalda hálfu. Það er undarlegt að menn skuli standa í þeim sporum þegar þessi framkvæmd kemur sem farið var að tala um 1983 og var reyndar mörkuð í bráðabirgðasamningi við Ísal um athugun á stækkun álbræðslunnar í september 1983, að hafa ekki notað þennan tíma til að reyna að koma málsmeðferðinni í skaplegra horf og skilgreina betur almenna hagsmuni í þessu sambandi, bæði fjárhagslega, þjóðhagslega og umhverfislega hagsmuni.

Hv. þm. Svavar Gestsson, sem skilar inn séráliti um þetta mál, hefur lagt til breytingartillögur í formi viðaukaákvæða við frv. sem hér er til umræðu. Ég tel að þar sé um að ræða eðlilega og nauðsynlega viðleitni til mótvægisaðgerða og nánari skoðunar á málum. En það dugar skammt ef ekki er vilji til þess að taka á slíkum þáttum af alvöru í tengslum við þetta mál og er ég þó ekki þar með að segja að það breyti eðli málsins eitt út af fyrir sig. En eftir sem áður eru slíkir þættir brýnir og nauðsynlegir og þá ekki síður vegna hugmynda um aðrar og stærri framkvæmdir sem stjórnvöld eru nú að vinna að.

Ég vil inna formann iðnn. eftir því hvort hann sé ekki reiðubúinn að taka á þeim þáttum sem ég hef minnst á að þurfi einhverrar skoðunar við áður en til 3. umræðu málsins kemur og ég endurtek ekki vegna þess að ég hafði komið þeim á framfæri. En um leið og ég andmæli því sjónarmiði sem fram kom af hálfu meiri hluta iðnn., að hér sé ekki gengið gegn neinum alþjóðlegum skuldbindingum okkar, vil ég inna hv. þm. formann iðnn. eftir því hvort hann sé ekki reiðubúinn til að stuðla að því að sett verði í gang vandaðri skoðun á forsendum þessara mála. Ég tel að við þurfum að læra af þeirri stöðu sem stjórnvöld hafa sett okkur í í þessu máli og ég held að þingið þurfi líka að læra sitt af því. Það er vissulega afar óheppilegt að mál af þessum toga, almennt séð sé til athugunar innan jafnþröngra marka og raun ber vitni. Ég er ekki að tala um þingið þessa dagana sérstaklega. Ég er að tala um málsmeðferðina frá júlímánuði sl. til dagsins í dag. Við erum að vinna að skoðun málsins innan afar þröngra marka og það er mikil þörf á því að hægt sé að standa betur að málum af skyldum toga í framtíðinni.

Virðulegur forseti. Ég ætla að láta þessari umfjöllun af minni hálfu lokið að þessu sinni í 2. umr. málsins. Ég hef borið fram ýmsar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra auk hv. formanns iðnn. og vantar þó mikið á að ég hafi komið að ýmsum þáttum sem væri þörf á að ræða í málinu að þessu sinni. Ég biðst velvirðingar á því að ég hef tekið nokkurn tíma til að koma á framfæri þessum atriðum en ég tel að það réttlætist af því hve málið er viðamikið og margbrotið og hvað það varðar margs konar hagsmuni einnig í tengslum við þá stefnumótun sem núv. ríkisstjórn hefur verið að draga upp í sambandi við orkufrekan iðnað nú upp á síðkastið og læt þar með máli mínu lokið.

[16:25]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur farið örfáum eða ja, nokkrum orðum skyldi ég segja, um umhverfisþátt þessa álsamnings. Ég hef heyrt að hann hefur fundið að því við okkur þegar við höfum þurft að víkja úr þingsal á þessum þremur og hálfa tíma sem umfjöllun hans hefur tekið. Ég bið hann velvirðingar á því, en nauðsyn hefur kallað. Þess vegna þætti mér vænt um ef hægt væri að fá samantekt á ræðunni sem hann flutti. Ég tiltek ekki hversu löng hún þyrfti að vera en þarft væri að fá þetta sett í skýran og stuttan búning.

Ég vil þó aðeins, af því að ég hef ekki jafnlangan tíma til þess að tala, segja þetta í örfáum orðum, meginatriði málsins. Það kemur fram í áliti meiri hluta umhvn. Þar segir:

„Mikil vinna hefur verið lögð í gerð umhverfismats og starfsleyfis. Með starfsleyfinu, sem umhverfisráðherra hefur gefið út, er tryggt að allar þær kröfur, sem gerðar eru til umhverfisverndar í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, séu uppfylltar."

Þetta er meginatriði málsins. Þetta var sá grunnur sem umhvn. hafði til þess að vinna eftir og innan þess ramma héldum við okkur. Ég ítreka það að við í umhvn. unnum okkar mál vel. Þar fór málefnaleg umræða fram og meiri hluti umhvn. gerði þess vegna ekki athugasemdir umfram það sem komið hefur fram.

[16:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er bara fyrir kurteisis sakir að ég kem hér því að ekki fólst neitt nýtt í máli hv. þm. nema það sem hann nefndi ekki og varðaði þær athugasemdir sem ég bar fram um hans málflutning hér fyrr. En hv. þm. hefur svarað með þögninni.

[16:28]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er að vísa til þeirra orðaskipta sem fóru fram um afgreiðslu umhvn. á fundi sem haldinn var að mig minnir 4. des., þá hafa sjónarmið mín og rök komið fram í því máli. Umhvn. vann þetta mál mjög vel á sumri og hausti og var þess vegna mjög vel undirbúin til að takast á við þá umsögn sem við vorum beðin um. Þurftum við þess vegna skemmri tíma.

Það hefur komið fram að beðið var um skriflega umsögn. Það var alveg ljóst áður en sá fundur hófst og ég hafði kannað það að ekki var hægt að fá lengri frest til að skila þessu áliti. Vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þurfti að fara til útlanda til skyldustarfa eins og kom fram, og ég hafði þegar kannað það að aðrir þingmenn yrðu ekki viðstaddir þegar hann kæmi til baka, var ljóst að ekki var hægt annað en afgreiða þetta á fundinum sem þarna var haldinn, ella hefðum við lent í því að þurfa að afgreiða þetta á rúmri viku og slíkt gat ekki orðið. Læt ég lokið umræðunni af minni hálfu um þennan fund. En mér þykir vænt um föðurlegar ábendingar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem ég veit að voru mæltar af heilindum. En ekki getur hann ætlast til þess að ég taki allt upp af hans góðu ráðum og breytni í þinginu þó að ég vilji vanda mig við þingstörfin eins og aðrir.

[16:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að fram komi að fyrir utan þann fund 4. des. sem haldinn var um málið í umhvn. að fenginni beiðni hv. iðnn. um umsögn um málið var að frumkvæði forustu nefndarinnar málið ekki tekið sérstaklega fyrir. Þann 19. júlí fengu nefndarmenn tækifæri til þess að fenginni kvaðningu frá hæstv. ráðherrum umhverfismála og iðnaðarmála að hlýða á boðskap þeirra og sérfræðinga þeirra og embættismanna sem þar voru viðstaddir. Síðan var haldinn fundur að minni ósk í nefndinni 31. ágúst sem leiddi til þess að allmargir voru kallaðir til viðræðu við nefndina 15. sept. Þetta var umfjöllun nefndarinnar um málið og af því geta menn markað þann áhuga sem ríkti í þessum efnum af máli sem lá svo mikið á að koma frá nefndinni lítt athugað 4. des. sl.

[16:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli mínu í morgun í upphafi umræðunnar hefur iðnn. farið mjög ítarlega yfir þetta mál og lagt mjög mikla vinnu í það og reynt að fá svör við öllu því sem um hefur verið spurt. Ég get sagt vegna þeirra fyrirspurna sem komu fram frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég vonast til þess að geta aflað þeirra upplýsinga sem hér var beðið um fyrir 3. umr. málsins.

[16:32]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það hafa eðlilega orðið miklar umræður um þetta mál sem er nú á dagskrá þingsins og það sem ég ætla að leggja inn í þá umræðu snýr fyrst og fremst að umhverfisþætti málsins. Þetta mál er á starfssviði hæstv. iðnrh. og hann mun svara fyrir aðrar spurningar varðandi það, en ég ætla fyrst og fremst að snúa mér að því að fara nokkrum orðum um umhverfisþáttinn og þá spurningar og athugasemdir einkum þriggja hv. þm. sem hér hafa talað í umræðunni.

Hv. 12. þm. Reykn., Kristín Halldórsdóttir, lét þau orð falla almennt um málið og þá þann þátt þess, þ.e. vinnubrögð við útgáfu starfsleyfisins varðandi umhverfis- og mengunarþáttinn væru ekki nægjanlega vönduð. Það má segja að það hafi einnig komið fram hjá hinum hv. þm. báðum, sem ég ætla að tala við, hv. 8. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, og hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni. Ræður þeirra og athugasemdir hafa hvað þetta mál varðar snúist um það að vinnubrögð hafa ekki verið nægilega vönduð og starfsleyfið sé ekki þess eðlis að þeir geti talið það fyllilega ásættanlegt. Ég vil almennt segja í upphafi máls míns að ég er ósammála þessum fullyrðingum. Það hefur reyndar komið fram áður, það kom fram eðlilega við 1. umr. málsins þar sem farið var yfir þennan þátt og athugasemdir sem þá höfðu verið gerðar og voru gerðar í þeirri umræðu. Það kom fram við útgáfu sjálfs starfsleyfisins. Það er auðvitað ákvörðun ráðherrans þegar hann gefur það út að hann telur málið þá í ásættanlegum búningi. Það hefur líka komið fram í úrskurði sem ráðuneytið hefur gefið og umhvrh. skrifað undir svo að það eru svo sem ekki ný tíðindi. Það er viðhorf mitt að hér sé um að ræða starfsleyfi sem fullnægi þeim ákvæðum sem við höfum sett okkur varðandi mengunarvarnir í mengunarvarnareglugerð og í þeim samningum sem við höfum skuldbundið okkur til að uppfylla eða sinna.

Í nefndaráliti frá minni hluta iðnn., sem hv. 8. þm. Reykv. skrifaði undir, er auðvitað kveðið mjög fast að orði hvað þetta varðar og athugasemdir gerðar við það hvernig staðið hafi verið að umhverfisþættinum. Þó er sérstaklega ein setning í þessu nefndaráliti sem ég geri alvarlega athugasemd við og það er þar sem hv. þm. fjallar um nauðsyn þess að endurvinna starfsleyfið og sé með því ekki að varpa rýrð á starf þess fólks sem hefur unnið að málinu eða komið að því en svo segir, með leyfi forseta:

„Því hafa hins vegar verið settar óeðlilegar pólitískar skorður að ekki sé fastar að orði kveðið." Ég geri athugasemd við þessa setningu. Ég tel að hér sé um að ræða fullyrðingu sem getur a.m.k. falið í sér aðdróttanir að stjórnvöldum og þá trúlega að ráðherra að hann hafi beitt starfsmenn þá sem vinna faglega að gerð starfsleyfisins einhverjum pólitískum þrýstingi og sett þeim óeðlilegar pólitískar skorður. Því mótmæli ég.

Það sem e.t.v. hefur verið gert af hálfu stjórnvalda og beint til opinberra embættismanna sem hafa unnið að þessu máli er að hraða málsmeðferð. Það kom ekki síst fram í máli hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Austurl., að hann teldi að málsmeðferðinni hefði þurft að gefa betri tíma. Ég vil láta það koma fram sem gæti þá verið ábendingar og vilji stjórnvalda að hraða málinu. Það er skoðun mín að það hafi ekki haft nein þau áhrif á málsmeðferðina eða niðurstöðu Hollustuverndarinnar og síðan útgáfu starfsleyfisins að það hafi haft nein þau áhrif sem gerir málið að einhverju leyti óásættanlegt eða það sé ekki nógu vel unnið af þeim ástæðum.

Ég vil koma þá næst að því varðandi brtt. hv. 8. þm. Reykv. á þskj. 382 og þá einkum a-liðnum sem er sá sem skiptir mengunarvarnirnar einhverju máli. Ég get ekki heldur fallist á þá tillögu sem þar er lögð fram. Til þess að árétta þau atriði sem ég er að velta fyrir mér í því sambandi þá segir þar, með leyfi forseta:

„Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ríkisstjórnin láta fara fram úttekt óháðra sérfræðinga á umhverfiskröfum þeim sem gera verður til álversins í Straumsvík með hliðsjón af íslenskum reglum og alþjóðlegum samningum. Úttektinni skal lokið fyrir 1. mars 1966 og verður starfsleyfi álversins þá endurmetið og það endurútgefið í samræmi við niðurstöður úttektarinnar."

Það eru þrjú atriði í þessari tillögu sem ég vil sérstaklega velta upp. Það er í fyrsta lagi „úttekt óháðra sérfræðinga". Það er í öðru lagi „með hliðsjón af íslenskum reglum og alþjóðlegum samningum" og það er í þriðja lagi að endurmeta og endurútgefa starfsleyfið. Í fyrsta lagi tel ég að þeir sérfræðingar sem hafa unnið þetta af hálfu stjórnvalda séu þeir sem eru best fallnir til þess og færir og þeir sérfræðingar sem við hljótum eðlilega að fela slíkt verk, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnadeildin og starfsmenn hennar.

Í öðru lagi það sem ég nefndi með íslenskar reglur og alþjóðlega samninga þá hef ég áður sagt það og segi það enn að við teljum að hér sé fullnægt öllum þeim kröfum sem þar eru settar fram og er að finna í mengunarvarnareglugerð okkar og í þeim samningum sem við höfum undirgengist.

Í þriðja lagi að endurmeta eða endurútgefa starfsleyfið. Þá er auðvitað verið að lýsa algerri vantrú á þá aðila sem hafa komið að málinu fram að þessu og gefa það út í samræmi við niðurstöður þessarar úttektar, þ.e. þá er sagt að Hollustuverndin og þeir sem að málinu hafa unnið, umhvrn. og síðan umhvrh. hafi ekki verið færir um að gera það sem þeir hafa fram að þessu gert. Þessu verð ég að mótmæla.

Í starfsleyfinu sem hér hefur verið til umræðu koma fram þær kröfur sem yrðu gerðar með tilliti til umhverfisins hvað mengunarvarnir varðar. Þær kröfur sem þar eru settar fram eru í samræmi við íslensk lög og reglur, einkum mengunarvarnareglugerðina ásamt síðari breytingum, nr. 48/1944. Jafnframt var við gerð starfsleyfisins tekið mið af þeim reglum sem gilda um þessa starfsemi í nágrannalöndum okkar og í alþjóðasamningum um umhverfismál og mengunarvarnir. Til að mynda má reyndar einnig nefna það að í mengunarvarnareglugerð eru ákvæði sem koma fram í EES-samningnum og varða mengunarvarnir. Sérfræðingar Hollustuverndar ríkisins unnu að þessari gerð starfsleyfisins í ljósi þessara aðstæðna og þessara staðreynda og með þau skilyrði sem hér eru sett og sem eru hér talin upp að leiðarljósi.

Síðan má líka nefna að í starfsleyfinu eru í raun nokkuð mörg ákvæði sem varða endurskoðun og mig langar að nefna hér nokkur. Það segir m.a.:

„Sérstakar reglur gilda um endurskoðun eða endurútgáfu starfsleyfa. Til að mynda er kveðið á um það í 2. mgr. 56. gr. mengunarvarnareglugerðarinnar að eigi megi breyta eða auka við atvinnurekstur ef það geti leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar nema að fengnu nýju starfsleyfi."

Í starfsleyfinu er þetta nánar skilgreint, þ.e. þessi ákvæði mengunarvarnareglugerðarinnar. Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta sem ekki var áður ljós, skal samkvæmt grein 1.3 í starfsleyfinu endurskoða kröfur starfsleyfisins ef nauðsyn er til. Ef ákvæði krafna í starfsleyfinu eru ekki lengur talin vera í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum eins og þau eru tilgreind í aðalsamningi við svipaðar aðstæður skal endurskoða starfsleyfi. Við stækkun álversins úr 170 þús. tonn í 200 þús. tonn skal yfirfara og endurskoða þá grein starfsleyfisins sem fjallar um útblástursmörk ef Ísal eða Hollustuvernd fara fram á það þannig að það er hægt að taka málið þar upp líka. Í starfsleyfinu eru mörk þynningarsvæðis vegna loftmengunar sett fram til bráðabirgða í samræmi við niðurstöður dreifingarspár fyrir heildarflúoríð. Þessi mörk skal endurskoða að loknum mengunarmælingum og dreifiútreikningum sem skulu fara fram á öðru ári eftir að framleiðsla er hafin í þeim áfanga sem hefur 170 þús. tonna framleiðslugetu.

Í starfsleyfinu er sett fram áætlun um mælingar sem Ísal skal fylgja til eftirlits með mengun. Þessa áætlun og mæliaðferðir skal endurskoða í fyrsta skipti þegar eitt ár er liðið frá því að starfsleyfið tekur gildi og síðan á tveggja ára fresti eftir það ef Ísal eða Hollustuvernd ríkisins óska þess. Af því að ég er að vitna til samningsins var það eitt af því sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi. Það var varðandi hávaðamengun og þá þætti. Í síðustu málsgrein í lið 3.1 í stafsleyfinu segir, með leyfi forseta:

„Ísal skal í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem geta haft áhrif út fyrir lóðamörk. Reikna skal dreifingu hávaða frá þessum uppsprettum. Ef breytingar verða á rekstri skal endurmeta dreifingu hávaða frá álverinu."

Það kann að vera að einhverjum hv. þm. finnist ekki sterkt að kveðið en það er þó alla vega um þetta mál fjallað og gerð grein fyrir því að með þessu verði fylgst og ákvæði um að ef breytingar verða á rekstrinum skuli endurmeta þennan þátt.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði líka um ágreining milli Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins og vitnaði til bréfs Náttúruverndarráðs um málið frá 21. ágúst sl. Ég tel reyndar að þar sé ekki um djúpstæðan ágreining að ræða sem þurfi sérstaklega að taka á af hálfu umhvrh. eins og hv. þm. var þó að velta fyrir sér og spurði reyndar hvernig ráðherrann ætlaði að sætta sjónarmið þarna á milli. Það er einkum eitt atriði sem eru að vísu skiptar skoðanir um og það er að Náttúruverndarráð segir í bréfi sínu eða telur að nota eigi þann búnað sem gefur besta hreinsun á kerreyk og bendir á að með vothreinsibúnaði megi ná meiri hreinsun, t.d. af brennisteinsdíoxíði en sem svarar 21 kg/tonn áls eða allt niður í 2–5 kg/tonn áls eins og segir í bréfinu ef ég vitna til þess.

Þetta er auðvitað mál sem við erum margsinnis búin að fjalla um, m.a. í þinginu við 1. umr. og síðan hafa auðvitað nefndir, bæði hv. umhvn. og iðnn. fjallað um málið. Það er niðurstaða í starfsleyfinu að gera ekki kröfu til vothreinsibúnaðarins og ég þarf ekkert að orðlengja um það. Hv. þm.

þekkja afstöðu mína og rökin fyrir því að gera það. En það er vitað að hægt er að ná betri hreinsun með vothreinsibúnaði. Því hefur að sjálfsögðu aldrei verið mótmælt.

Ég sé ekki annað í þessu bréfi Náttúruverndarráðs sem getur beinlínis fjallað um ágreining. Það er bent á nokkur þau atriði. Stundum er því miður ekki verið að bera saman alveg sambærilega hluti. Ég nefni t.d. tölu varðandi hávaða þar sem talað er um annars vegar íslenskar kröfur og hins vegar norskar kröfur. Mér hefur verið bent á það hvað varðar íslensku kröfurnar að verið er að tala um mælingu á iðnaðarsvæði og talað um 70 dB, sem þýðir líklega desibel, og í norsku kröfunum er talað um 40–50 dB, en þar er hins vegar að fjalla um íbúðarsvæðið. Hér er því miður ekki alveg um sambærilega hluti að ræða.

Ég nefni þetta bara sem dæmi úr þessu bréfi án þess að ég ætli að fara að öðru leyti ítarlegar yfir það. En ég hef sem sagt ekki miklar áhyggjur af því að þarna sé um að ræða einhvern óleysanlegan ágreining milli tveggja stofnana sem heyra undir umhvrn.

Síðan spurði hv. 8. þm. Reykv. og reyndar einnig 4. þm. Austurl. töluvert um rammasamninginn um loftslagsbreytingarnar og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem honum tengist og ég mun fara nokkrum orðum um það mál, hæstv. forseti. Vissulega er rétt að ríkisstjórnin hefur sett sér ákveðna framkvæmdaáætlun í þessu sambandi og á hún nokkurn aðdraganda, reyndar frá því fyrir svokallaða Ríó-ráðstefnu. Það má segja að það hafi verið allt frá ársbyrjun 1991 að hæstv. páv. umhvrh. skipar nefnd sem kölluð hefur verið koltvíoxíðsnefndin en síðan er auðvitað fyrst og fremst fjallað um þessi mál í kringum Ríó-ráðstefnuna og eftir hana. Nefnd þessi skilaði áfangaskýrslu í maí 1992 en í kjölfar Ríó-ráðstefnunnar skipaði páv. hæstv. umhvrh. sjö starfshópa á árinu 1993 til þess að fjalla um hin ýmsu umhverfismál tengd þessari ráðstefnu og umræðuna eftir ráðstefnuna og var markmið þeirra að vinna að stefnumótun í umhverfisvernd og sjálfbærri þróun í eftirtöldum greinum. Það voru sjö hópar og þeir fjölluðu í fyrsta lagi um iðnað og orkumál, í öðru lagi um sjávarútveg, þriðja lagi um samgöngur, í fjórða lagi um skipulagsmál, í fimmta lagi um sorphirðu og meðferð spilliefna, í sjötta lagi um landbúnað og í sjöunda lagi um menntun og fræðslu.

Allir þessir starfshópar hafa nú skilað umhvrn. skýrslum sínum. Þetta hefur verið mikil vinna og margir komið að þessu og það nú er unnið á vegum umhvrn. að heildstæðri umhverfisáætlun til ársins 2000 undir forustu ráðuneytistjórans í umhvrn. og með þátttöku formanna allra þessara starfshópa þannig að nú er í gangi ítarleg vinna og stefnumörkun á þessu sviði.

Ég hef reyndar ekki setið lengi í umhvrn., eins og hv. þm. vita, en þar er í gangi mikil vinna og við gerum ráð fyrir því að síðar á þessum vetri verði hún komin í þann búning að hægt sé að tala um a.m.k. drög að þessari áætlun. Við stefndum reyndar að því að halda síðar í vetur svokallað umhverfisþing þar sem farið yrði yfir þessi mál og gerð grein fyrir stefnumótuninni. Ég hef ekki treyst mér til að dagsetja það enn þá en vona enn að fyrri hluta næsta árs sé hægt að halda slíka samkomu og kynna stefnumótunina.

Það segir kannski ekki allt um það hvernig ríkisstjórnin hyggst taka á eða hvaða aðferðum hún hyggst reyna að beita til þess að standa við rammasamninginn um loftslagsbreytingar. Auðvitað má minna á að hann sem slíkur hefur vissulega ekki lagaígildi en hann er stefnumótun og stefnumörkun sem stjórnvöld hafa undirgengist að reyna að standa við. Það segir m.a. í framkvæmdaáætluninni að markmiðið í stefnu ríkisstjórnarinnar til þess að sporna gegn gróðurhúsaáhrifum er að útstreymi koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda verði ekki meira um aldamótin en það var árið 1990, í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna, eins og margsinnis hefur komið fram. Það segir líka í áætluninni og reyndar held ég að hv. 4. þm. Austurl. hafi minnt á það eða hvort það kemur fram í bréfi hans eða nefndaráliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Það er álit ríkisstjórnarinnar að skuldbindingar um takmörkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda eigi ekki að koma í veg fyrir að reist verði ný stóriðjufyrirtæki í landinu, ef þau vilja nýta sér hinar hreinu orkulindir landsins, jafnvel þótt fyrirtækin noti kol eða koks sem hráefni og auki útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna þess.“ Það er því skýr fyrirvari í framkvæmdaáætluninni hvað þennan þátt mála varðar. Ég tel rétt að halda honum til haga í þessari umræðu, enda veit ég að það hefur verið gert víðar, eins og ég nefndi áðan, þótt ég muni ekki í augnablikinu hvar vitnað er til þessa ákvæðis hennar.

Í framkvæmdaáætluninni er lögð megináhersla á fjórar leiðir eða fjóra þætti sem verði að nýta til þess að ná þessum markmiðum. Það eru hvetjandi aðgerðir, fræðsla, hagstjórnartækin og að lokum má hugsa sér þvingandi aðgerðir. Með hvetjandi aðgerðum er auðvitað fyrst og fremst átt við það að ríkisstjórnin og stofnanir hennar, í samvinnu við aðra aðila geri grein fyrir þessum markmiðum og hvetji alla sem málið varðar, eins og sveitarfélög, fyrirtæki, einkaaðila og áhugafélög, til samstarfs við að reyna að ná þeim. Þá er talið að fræðsla sé mikilvægur hluti framkvæmdaáætlunarinnar, eins og gefur að skilja, að virkja almenning sem er mjög mikilvægt. Auðvitað kemur þar fræðsla og áróður fyrst og fremst að gagni, síðan eru það hagstjórnartækin og þá e.t.v. þvingandi aðgerðir.

Varðandi hagstjórnartækin verður að minna á að mestur hluti útstreymis koldíoxíðs á Íslandi er rakinn til samgangna og fiskveiða. Þar eigum við við nokkurn vanda að glíma. Fiskveiðarnar eru okkur eðlilega, ekki þarf að rekja það fyrir hv. þingheimi, mikilvægar sem undirstaða efnahagslífsins og með stækkandi fiskiskipaflota og öflugri tækjum er hætt við því að meiri orka sé notuð. Þó er hugsanlegt líka og nauðsynlegt að gæta þess að nýr vélbúnaður, ný skip og tækni sé þess eðlis að dregið sé úr útblæstri og mengun eins og lífsins mögulegt er. Án þess að ég ætli að fara að gera fiskveiðistefnu að aðalmáli eða draga hana inn í umræðu um það mikilvæga mál sem er á dagskrá má samt segja að fiskveiðistjórnunarkerfið sem við notum sé þess eðlis að reynt er að draga sem mest úr óþarfa siglingum. Útgerðin og sjávarútvegurinn reyna, miðað við stjórnunarkerfið í fiskveiðunum, að ná aflanum sem leyfilegt er að veiða með sem minnstum tilkostnaði og þar með orkusparnaði. Hans er gætt sérstaklega.

Þetta er kannski erfiðasta viðfangsefnið í sambandi við markmiðin hvernig við getum haft áhrif á þennan stóra þátt efnahagslífsins og reynt að fá hann til þess að vinna með okkur í því að draga úr útstreymi koldíoxíðs. Í framkvæmdaáætluninni er fjallað um ýmsa aðra þætti, t.d. samgöngur, bæði innanlandssamgöngur og almennar samgöngur. Ég nefndi sérstaklega fiskveiðarnar en í áætluninni er auk þess getið um iðnað, sorphirðu og úrgangsmál, svo að eitthvað sé nefnt en ég eyði ekki tíma í að lesa upp eða fara mörg-

um orðum um þessi mál. Umfjöllun um þau finna menn í gögnum málsins, sem lögð hafa verið fram. Þó langar mig að nefna sérstaklega framkvæmdaáætlun í landgræðslu og skógrækt af því að hv. 4. þm. Austurl. sagði að ekki færi mikið fyrir því hjá núverandi stjórnvöldum hvernig ætti að ná markmiðum með þessu úrræði, þ.e. að græða upp Ísland, eins og hann orðaði það, sem ég vona að við séum sammála um að sé mikilvægt markmið. Auðvitað er ekki um að ræða að fjármunir til þessara verkefna séu stórauknir, t.d. í fjárlögum eða fjárlagafrv. nú, en ég vil þó minna á að þessi áhersla kemur t.d. fram í nýgerðum búvörusamningi. Þar er þessi þáttur tilgreindur sérstaklega og viðleitni í þá átt að hvetja bændur landsins til þess að breyta til og snúa sér meira að verkefnum á þessu sviði.

Varðandi landgræðsluáætlun, sem nefnd er í framkvæmdaáætluninni, er unnið að henni á vegum Landgræðslu ríkisins. Ég hef nýlega skoðað þá vinnu og rætt við forstjóra Landgræðslunnar um hana. Það er sem sagt vel á vegi að útbúa slíka áætlun, sem er afar mikilvæg undirstaða að frekari vinnu á þessu sviði. Í sambandi við skógræktina má líka minna á að mikil vakning er um allt land hjá almenningi, bændastéttinni og áhuga- og hagsmunafélögum. Trjáplöntun hefur stóraukist á undanförnum árum.

Þetta tók ég út sérstaklega og nefni bæði vegna þess að mér fannst hv. 4. þm. Austurl. gera heldur lítið úr því og hins að þetta heyrir undir annað svið sem ég fjalla um, þ.e. landbúnaðarmálin, og kem því að þessum þætti sérstaklega. Um aðra þætti sem ég nefndi áður þarf auðvitað að vera gott samstarf milli ráðuneyta umhverfismála annars vegar og t.d. sjútvrn., samgrn. og annarra ráðuneyta sem koma að þessum málum hins vegar.

Síðan og ekki síst vil ég geta eins varðandi hina hagrænu stjórnun. Umhvrn. hefur nú þegar tekið upp viðræður við fjmrn. um það með hvaða hætti sé hægt að beita skattamálum í þágu umhverfismála til þess að styðja og styrkja þau sjónarmið sem þar koma fram. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði m.a. um það hvort t.d. hefði verið rætt um að breyta eða hækka verð á orkugjöfum, bensíni og olíu. Reyndar er umræðan ekki komin á það stig, en hún er hafin og felst í því að umhverfissjónarmiða sé gætt í skattlagningu. Ég held að afar mikilvægt sé að koma þeirri hugsun inn í skattakerfið. Það er það sem ég á við og umhvrn. og fjmrn. hafa þegar hafið umræður um.

Þá má nefna, svona í framhjáhlaupi, að lagt hefur verið fyrir þingið, ég held að því hafi verið dreift í gær eða fyrradag, frv. til laga um svokallað spilliefnagjald, á þskj. 392. Þó að það varði ekki sérstaklega framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um loftslagsbreytingar kemur þar fram sú stefna að bæði stjórnvöld og atvinnulífið séu tilbúin að taka á sig gjaldtöku eða innheimtu til þess að standa undir kostnaði á sviði umhverfismála. Það var þess vegna sem ég vildi nefna þetta í þessu samhengi. Það frv. var unnið í góðu og nánu samráði við aðila úr atvinnulífinu. T.d. má nefna þar Landssamband ísl. útvegsmanna sem kom að því máli og Vinnuveitendasambandið. Ég hygg því að þau sjónarmið og þau viðhorf séu ríkjandi og vaxandi að bæði atvinnulífið og almenningur skuli taka tillit til þessara þátta.

Ég held að ég hafi, virðulegur forseti, farið nokkuð yfir þá þætti sem hv. 8. þm. Reykv. nefndi sérstaklega eða beindi til mín. Ég ætla þá að fara nokkrum orðum um þætti sem komu fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. Hann hóf umræðu sína um umhverfismálin með því að hann teldi þann þáttinn algerlega óviðunandi og ótækan, ef ég skrifaði rétt eftir honum tvö eða þrjú orð um lýsingu hans á þessu máli almennt. Ég ítreka fyrri skoðanir mínar á því og er ljóst að þótt við deilum kannski stundum skoðunum hvor með öðrum, þá gerum við það ekki að þessu sinni varðandi þau efnisatriði sem hér er fjallað um. Ég tel að hér hafi verið framfylgt þeim skilyrðum og kröfum öllum sem ástæða er til að gera.

Það kom fram í 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir nokkrum dögum að við erum nokkuð sammála um að betur þarf að búa að Hollustuvernd ríkisins hvað varðar fjárveitingar og þar með líka möguleikum hennar til þess sinna öllum sínum mikilvægu störfum. Sú málsmeðferð er í ákveðnum farvegi og verður ekki nánar um það fjallað hér. Hins vegar er það pólitíska málsmeðferðin og svo efnislega umræðan um umhverfismálin sem okkur greinir kannski meira á um heldur en þennan fyrsta þátt ef ég má skipta ræðu hans í þá þrjá þætti, þ.e. tala í fyrsta lagi um atvinnu- og hollustuvernd, í öðru lagi um pólitísku meðferðina og í þriðja lagi um efnisatriði hvað varðar umhverfismál.

Mig langar að segja um pólitísku málsmeðferðina það sama og ég sagði reyndar áðan varðandi nefndarálit minni hluta iðnn., hv. þm. Svavars Gestssonar, að mér finnst að í máli hv. þm. og þeirra beggja hv. þm. gæti aðeins þess sjónarmiðs að einhver óeðlilegur þrýstingur hafi verið af hálfu umhvrh. um að knýja þessi mál áfram. Ég ítreka að ég hef lagt til að málsmeðferðinni verði hraðað en að öðru leyti geri ég þá kröfu til embættismannanna að þeir vinni verk sín af fullri samviskusemi og einurð og að sjálfsögðu samkvæmt bestu vitund.

Hv. þm. fjallaði aðeins um úrskurð stjórnar Hollustuverndar frá 2. nóvember 1995 og talaði þar m.a. um pantað lögfræðiálit. Hann útskýrði að vísu orðið „pantað", nánar. Ég læt útskýringar hans duga hvað það varðar, ég fer ekki nánar út í það. Það kom fram í sambandi við lögfræðiálitið að um það væri beðið í samráði við umhvrn. Það samráð er aðeins á þann hátt að Hollustuvernd ríkisins eða stjórn Hollustuverndar eða forsvarsmenn, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri Hollustuverndar svo að nákvæmlega sé skýrt frá, leita eftir því við umhvrn. að fá afstöðu til þess hverjir eigi aðild að máli. Og umhvrn. leggur til að eftir því sé leitað utan ráðuneytis. Það er það samráð sem haft er við umhvrn. um málið. Það er okkar tillaga að það sé leitað eftir slíku áliti utan ráðuneytis en ekki innan þar sem ráðuneytið þurfi að koma að málinu með öðrum hætti og þess vegna sé ekki eðlilegt að umhvrn. gefi álit eða hafi afstöðu til þess á þessu stigi, heldur sé þess álits leitað annars staðar. Það vil ég aðeins um þetta mál segja.

Hins vegar finnst mér kannski örlítið hafa bryddað á því í umræðunni, bæði nú og áður, hjá sumum hv. þingmönnum, ekki endilega hjá hv. 4. þm. Austurl., en það hefur komið fram í umræðu áður að það sé verið að vekja á því athygli sérstaklega og jafnvel talið tortryggilegt að sá maður sem er varaformaður stjórnarinnar og skrifar undir þetta umrædda bréf skuli vera aðstoðarmaður landbrh. Um það mál vil ég aðeins segja að umhvrh. skal skipa tvo menn í stjórn Hollustuverndar, formann og varaformann. Ég er ekki með lögin fyrir framan mig þannig að ég hef þetta kannski ekki orðrétt eftir, en efnislega er það svona.

Umhvrh. hefur valið tvo hæfa menn að hans áliti til að gegna þessu verkefni. Þar er annars vegar sem formaður sveitarstjóri norður í landi, norður á Kópaskeri, sem ég held að hafi góða burði til þess að gegna þessu mikilvæga

starfi og það sé mikilvægt að það sé einmitt sveitarstjórnarmaður vegna þess að Hollustuvernd ríkisins þarf að hafa mikil afskipti af sveitarstjórnarmálum á vissan hátt í gegnum heilbrigðiseftirlitið. Það er því mjög góð tenging að sveitarstjórnarmaður skipi sæti í stjórninni. Hinn fulltrúi ráðherrans er líffræðingur, en það hlýtur líka að teljast mjög góð menntun fyrir mann í stjórn Hollustuverndar ríkisins. Ég tel því að það ágæta fólk sem situr í þessum embættum af hálfu umhvrh. sé vel í stakk búið til að skipa þær stöður og fjalla um þau mál sem þar kunna að koma upp á borðið. Ég vona að það sé engin tortryggni eða efasemd í því að öðru leyti að annar þessara einstaklinga skuli að aðalstarfi sínu nú um stundir vera aðstoðarmaður landbrh. Það er ekki óeðlilegt að til þessara starfa séu valdir menn sem umhvrh. þekkir af samskiptum og treystir til starfans. Læt ég lokið umfjöllun minni um þann þáttinn.

Þá vil ég aðeins víkja að þeim þáttum í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem varða efnisatriði. Hann talar í fyrsta lagi um reglugerðarákvæði um það að beita skuli fullkomnustu tækni sem völ er á en álítur að þessu sé ekki fullnægt. Nú hefur það margsinnis komið fram í umræðum og gerir það þá einu sinni enn að niðurstaða þeirra sem fjallað hafa um málið er sú að sætta sig við þá kertækni sem ríkir í þeim hluta fyrirtækisins sem þegar er risinn og hefur starfað lengi og það sé ekki gerð krafa um aðra kertækni. Þetta getur auðvitað verið álitamál hvort hér sé verið að brjóta þessi reglugerðarákvæði. En að áliti Hollustuverndar ríkisins og embættismanna þar leiði þeir að hér sé um ásættanlegan hlut að ræða að metnum þessum aðstæðum og teknu tilliti til þessara sjónarmiða sem margsinnis hafa komið fram. Mig langar einnig að vitna í minnisblað frá umhvrn., Ingimar Sigurðssyni, sem sent var hv. iðnn. Alþingis þegar hún var að fjalla um þetta mál á dögunum. Minnisblaðið er dags. 28. nóvember. Þar segir m.a. um þennan þátt málsins, með leyfi forseta:

„Ísal-tækni í kerskálum hefur verið endurbætt verulega þannig að hún innfelur í dag flesta þætti BAT." — Ég þarf ekki að rekja það. Það hefur verið skýrt áður hvað í því felst, Best Available Technique eða besta fáanlega tækni. Síðan held ég áfram tilvitnuninni: „Það er helst „minimal opening of enclosures during operation" sem þeir ná ekki alveg eins vel og tækni sem notar stærri ker og endurbætta útfærslu", svo ég ljúki tilvitnun í þetta minnisblað. Þetta er sem sagt staðreyndin um kertæknina og það hefur verið viðurkennt og er vitað að það er til betri kertækni. En sú kertækni sem þarna er fallist á er ásættanleg og alls ekki úrelt. Hún hefur alls ekki verið talin úrelt og hefur verið endurbætt verulega að undanförnu þannig að talið er ásættanlegt.

Hv. þm. ræddi enn um losun flúors og PARCOM-ákvæðin. Ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta en get þó auðvitað einu sinni enn vitnað í úrskurð sem ég hef sent frá mér varðandi þetta mál. Í PARCOM-sáttmálanum er talað um 0,6 kg/tonn og sagt er að því ákvæði sé ekki fullnægt hér þar sem fallist er á 0,65 með hreinálsálagi. Í úrskurðinum segir m.a., með leyfi forseta: „Í PARCOM-recommendation 94/1" — og það mætti minna á að PARCOM eru tilmæli en ekki samningur — „kemur fram að með bestu tækni í dag eigi við álframleiðslu að vera unnt að halda losun flúoríðs innan við 0,6 kg/tonn AL. Norðmenn telja að mörkin geti verið lægri en um það eru menn enn ósammála. Hollustuvernd ríkisins telur að unnt sé að ná lægri tölu þegar engin vandamál eru til staðar."

Ég vil undirstrika að Hollustuvernd ríkisins telur að hægt sé að ná lægri tölum en 0,6 og Norðmenn hafa verið að tala um lægri mörk. Þau hafa þó ekki verið sett. Norska tilvitnunin í 0,4 kg/t, ef ég man rétt, er ekki reyndin hjá Norðmönnum. Það hefur enn ekki reynt á það. Þeir hafa ekki reist neitt slíkt álver þar sem þeir hafa sett fram þessa kröfu. Ég held þá áfram með tilvitnunina:

„Í raunveruleikanum, þegar litið er til lengri tíma, koma hins vegar alltaf fyrir vandamál og því er ekki eðlilegt að gera kröfu um svo lág mörk að ekki sé möguleiki á nokkrum sveiflum." Það er það sem hér er sæst á og starfsleyfið byggir á 0,65.

Ég hef farið nokkuð yfir þann þátt úr ræðu hv. þm. sem fjallaði um loftslagssáttmálann frá Ríó og það að íslensk stjórnvöld reyni að smokra sér undan ákvæðum. Ég vil aðeins árétta það sem ég hef áður getið um og kemur auðvitað ítrekað fram í málsskjölum. Væri þessi verksmiðja reist annars staðar, þ.e. við aðra orkutækni en hér, væri mengunin eða útsleppingin og hættan fyrir andrúmsloftið auðvitað enn meiri. Auðvitað hefur þetta áhrif á markmið okkar í þessu sambandi og það er enginn að draga undan með það, enda sérstaklega um það talað í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. En svo að ég vitni aftur til úrskurðarins sem ég var að lesa upp úr áðan, má ég kannski, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð í viðbót. Þar segir m.a.:

„Menn hafa ekki áhyggjur af koltvísýringi vegna svæðis- eða staðbundinnar mengunar heldur vegna alheimsmengunar. Sú raforka sem notuð verður í stækkuðu álveri í Straumsvík verður framleidd með vatnsorku. Það er því mun minni koltvísýringsmengun af völdum framleiðslu í Ísal en ef samsvarandi magn væri framleitt einhvers staðar annars staðar í veröldinni með rafmagni sem ætti uppruna sinn í kola- eða olíukyntum orkuverum."

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara mikið fleiri orðum um það. Um þetta höfum við rætt áður og þarf ekki að fara öllu fleiri orðum um það en ég er þegar búinn að gera. Hv. þm. ræddi síðan um rykmengun og PARCOM-tilmælin í því sambandi og minnti á að við setjum okkur markmið 1,5 í stað PARCOM-tilmælanna sem eru upp á 1,0 en ég minni á það aftur að þá er verið að tala um ný álver. Tilmælin eða markið er samkvæmt PARCOM 3,0 fyrir gömul álver þannig að þegar við erum að tala um allt álverið, gamla og nýja hlutann og erum með 1,5, þá erum við í raun nær markmiðinu fyrir ný álver heldur en þau gömlu sem að sjálfsögðu er eðlilegt.

Ég var aðeins búinn að ræða um hávaðamengunina sem hv. þm. nefndi líka og síðan ræddi hann ofurlítið og beindi til mín meðal annars því sem hann taldi hina mestu óhæfu, að gera mismunandi kröfur eftir staðsetningu. Varðandi það vil ég fyrst og fremst segja og ítreka það sem ég hef sagt áður að ég tel þetta starfsleyfi, miðað við þær aðstæður sem það er gefið út fyrir, þ.e. stækkun á eldra álveri, ekki vera fordæmi. Þetta hef ég sagt áður og ítreka enn og lýsi yfir og það hygg ég að hafi líka komið fram m.a. við viðræður við t.d. mengunarvarnadeild Hollustuverndarinnar sem hefur auðvitað lagt mesta vinnu í undirbúning starfsleyfisins. Þess vegna kom fyllilega til álita og er í raun eðlilegt að gera aðrar kröfur til mengunarvarna ef verið er að reisa nýja verksmiðju á öðrum stað.

Ég er ekki heldur alveg sammála hv. þm. um að ekki sé mögulegt að gera aðra kröfu, þó við værum að tala um tvær nýjar verksmiðjur eftir því hvar verksmiðjan er staðsett í hvoru tilviki án þess að ég ætli að vera með einhverja

sérstaka yfirlýsingu um það að einn staður þýði þetta en annar hitt. Ég tel að það verði að meta í hverju einstöku tilviki og meina þá aðeins það að ég tel að það þurfi og sé ekki óeðlilegt að tekið sé tillit til staðsetningar.

Það má auðvitað líka hugsa sér að ef vilji er hjá útlendum væntanlegum samstarfsaðila sem hefði áhuga á að reisa hér verksmiðju, að íslensk stjórnvöld hefðu fyrst og fremst hug á því að sú starfsemi væri reist á einhverjum ákveðnum stað. Þá segðu menn við það fyrirtæki: Þetta er það sem þú verður að sætta þig við og það gæti auðvitað ráðið úrslitum um það hvort slíkt fyrirtæki færi af stað yfir höfuð. Það gæti verið t.d. byggðasjónarmið, atvinnuleg sjónarmið og slíkir þættir sem hefðu áhrif á ákvarðanatöku af því tagi.

Hv. þm. spurði síðan um umhverfisáhrif og mat á umhverfisáhrifum vegna þeirra mannvirkja sem ráðast þarf í vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Eftir því sem ég hef fengið upplýst munu heimildir fyrir svokallaðri Kvíslaveitu verið veittar fyrir lagasetninguna um mat á umhverfisáhrifum enda sú ákvörðun gömul. Þetta hef ég ekki skoðað sértaklega þannig að ég mun auðvitað líta á það mál nánar. Og með nýjar virkjanir sem ég tel t.d. að hugmyndir um virkjun í Bjarnarflagi séu, þá hlýtur að vera eðlilegt og nauðsynlegt að slík framkvæmd fari að öllu leyti eftir gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta segi ég þó með þeim fyrirvara við hv. þingheim, að þessi mál hef ég ekki skoðað sérstaklega og þau hafa ekki verið í umræðu af minni hálfu nú seinustu daga. En þetta er svona það sem mér sýnist að hljóti að liggja í augum uppi.

Ég veit ekki hversu mörgum orðum ég á að eyða í vangaveltur og þann þátt ræðu hv. þm. um markaðsskrifstofuna svokölluðu og hvernig hún standi að málum og hvort hún hafi frumkvæði að því að leita upplýsinga og búa í haginn fyrir ný fyrirtæki (**HG:** *Lána.*) *Lána fátæklingum í Straumsvík eins* og ég held að hv. þm. hafi nánast orðað það. Kannski var það ekki nákvæmlega svona orðað en efnislega. Ég tel auðvitað sjálfsagt og eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að þegar íslensk stjórnvöld eru að bjóða fram kosti eða möguleika og við erum að leita eftir fjárfestingu, við erum að leita eftir erlendri fjárfestingu, ekki endilega í nýjum álverum heldur meina ég almennt, þá þurfi þeir sem sinna því markaðsstarfi að geta gefið upplýsingar sem byggja á ákveðnum þáttum sem er búið að kanna og rannsaka. Að því leytinu til getur þetta verið réttlætanlegt og eðlilegt. En ég þekki ekki til einstakra atriða og get þess vegna ekki haft á því aðra skoðun en þessa almennu og beini því þá til hæstv. iðnrh. og veit að hann mun auðvitað svara því nánar hvernig staðið hefur verið að þessari framkvæmd.

Hæstv. forseti. Þetta er orðin miklu lengri ræða en ég ætlaði og hélt ég þyrfti að flytja hér og hef ég þó sjálfsagt ekki svarað öllum atriðum sem til mín hefur verið beint. En ég hef reynt að gera það eftir bestu samvisku að fara yfir þau efnisatriði sem ég taldi að hefði sérstaklega verið til mín beint varðandi umhverfisþáttinn. Ég veit auðvitað að við erum ekki sammála, ég og hv. þingmenn sumir sem hér hafa talað um þessi efnisatriði þannig að ég á ekki von á *því að með ræðu minni hafi ég breytt mikið skoðun þessara* ágætu þingmanna.

[17:22]

Útbýting þingskjala:

Lögskráning sjómanna, 253. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 406.

Vatnalög, 234. mál, brtt. KHG, þskj. 397.

[17:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Margt væri þess virði að ræða nánar við hæstv. umhvrh. en í örstuttu andsvari vil ég aðeins nefna tvo eða þrjá þætti. Það þá fyrst að í sambandi við mengunarmörk þar sem ráðherrann er enn að leggjast á sömu sveif og honum er rétt í hendurnar varðandi Noreg og viðmiðunarmörk þar og staðfesti nú enn það sem ég var að láta liggja að í ræðu minni, hvað menn væru iðnir við þann kola að draga í efa að það séu einhver raunsæ mörk hjá Norðmönnum að gera kröfu um 0,4 kg/tonn í útblæstri í losun flúors. Ég hvet hæstv. ráðherra til að banka upp á hjá þeim í Statens forurenings tilsyn næst þegar hann á leið til Óslóar og láta leiða sig í allan sannleika um stefnu norskra stjórnvalda í þessum efnum. Þetta er ekki bara spurningin um eldri álver, það er ekki verið að setja þau undir, þennan rekstur sem verið hefur. En það er þó markmið að ná líka eldri álverum undir þessi mörk og allar viðbætur líka í eldri álverum því að menn skulu varast að teygja þann lopa svo að segja: Við erum hér með einn eða tvo kerskála, svo koma tveir eða þrír í viðbót og þá sé það bara eldra álver. Þetta er röksemdafærsla sem gengur ekki upp. Við hana geri ég mjög alvarlegar athugasemdir og þessa eilífu tortryggni á það hvaða mörk séu sett í Noregi.

Varðandi svo CO og kolakynt orkuver. Til hvers er verið að vísa í þeim efnum? Það er þetta varahjól í sambandi við CO sem ég kallaði svo. Halda menn að menn séu hér í samkeppni við kolakynt orkuver í sambandi við álbræðslur hér eða annað þess háttar? Þetta eru bara undaskot að mínu mati sem eiga sér enga stoð í þeim veruleika sem við erum að fjalla um. Ég geri athugasemdir við þetta og fleira sem ég þyrfti að víkja að en sleppi núna tímans vegna.

[17:25]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki miklu við að bæta um Noreg og þessi viðmiðunarmörk. Við bætum okkur ekkert meira með lengri deilu eða umræðu um það. Hins vegar er það sjálfsagt þörf ábending hjá hv. þm. að ég ætti að koma við hjá kollegum mínum eða einhverjum þeim sem fjalla um þessi mál í Noregi og ræða við þá. Það er góð ábending. Almennt held ég að við höfum reynt að taka mjög virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi með því að kynna okkur hvað er að gerast í kringum okkur. Þetta nýja og enn ekki stóra eða fjölmenna ráðuneyti sem fjallar um umhverfismálin og við ræddum ofurlítið um við fjárlagaumræðuna á dögunum, held ég að standi sig bara býsna vel á þessu sviði miðað við að það er ungt að árum og hefur sjálfsagt ekki náð enn tökum á öllum þeim málum sem undir það ættu þó að heyra. En ég fullyrði að menn hafa þó raðað þar í forgang eftir því sem menn hafa talið mikilvægast og reynt að sinna því vel sem þeir hafa tekið að sér.

Varðandi svo orkuverin og hvaða aðferðir eru notaðar til þess að framleiða raforku til þess að framleiða ál, þá er það auðvitað rétt hjá hv. þm. að það eru fleiri heldur en við sem framleiða raforku með vatnsafli eða svokallaðri hreinni orku eða hvað við viljum kalla hana. En þó vitum við að enn þá eru til orkuver sem valda mikilli mengun og eru óásættanleg eða væri a.m.k. nauðsynlegt að komast sem mest hjá að nýta. Og þó er auðvitað ein orkan enn sem við mundum kannski telja hreina í þessu tilliti en hefur með sér annan alvarlegan ókost. Það er auðvitað kjarnorkan og ég býst við því að hv.

þm. sé ekki endilega mjög fýsandi þess að við tökum upp orkuframleiðslu með þeirri aðferðinni.

[17:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Ég vil segja það almennt, virðulegur forseti, að ég met viðleitni hæstv. umhvrh. til að setja sig inn í samhengi mála og mér finnst það bera vott um að það er ákveðinn vilji til þess að reyna að taka á þessum málum. En sumpart er það svo að hæstv. ráðherra hefur ekki þær upplýsingar sem hann þyrfti í þessum efnum og síðan eru ákveðin prinsipp sem menn þurfa að geta virt. Þetta á við um loftslagssamninginn almennt séð. Þessi áform ríkisstjórnarinnar og málafylgja gengur ekki upp sem hæstv. ráðherra var að vitna til, að ætla að undanskilja stóran þátt í atvinnuáformum stjórnvalda og bara taka það út fyrir sviga eða setja það innan sviga. Mér finnst það ekki ganga upp.

Það er líka þetta sem ég vil eindregið vara við sem á almennt við um þessi mál. Við skulum hætta að réttlæta mengunariðnað með því að segja: Gamli þáttur fyrirtækisins er slæmur. Hann er ósköp slæmur. Við skulum því taka málin í heildarsamhengi eins og gert er í þessu starfsleyfi. Ég hvet til þess að við látum þetta gamla vera sér á parti. Gerum skilgreindar strangar kröfur til þess nýja. Menn eru ekki komnir á endastöð í Straumsvík ef marka má hæstv. iðnrh. Menn eiga eftir að bæta þar við ekki bara einum kerskála. Ætla menn þá virkilega að semja á þeim forsendum sem hér er verið að gera, að hafa allt undir sama hatti í sambandi við bindandi mengunarmörk. Það gengur ekki. Og ég hvet þingmenn sem eru þarna fulltrúar þessa kjördæmis aðeins að ýta á að menn standi í fæturna í sambandi við kröfur í umhverfismálum. Það varðar heildarhagsmuni.

[17:30]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka hv. þm. fyrir. Ég met það svo að þetta hafi verið fremur hlý orð í minn garð fyrir að sýna viðleitni og reyna að setja mig inn í málaflokkinn. Ég hef sannarlega reynt að gera það. Ég viðurkenni fúslega að þegar ég kom að þessum málaflokki fyrr á árinu hafði ég ekki sinnt honum sérstaklega. Ég hafði sem þingmaður frekar verið með aðra efnisþætti á minni könnu. T.d. sat ég á síðasta kjörtímabili aðeins í einni þingnefnd, þ.e. fjárln. Alþingis, það voru því slík efnisatriði sem ég einbeitti mér frekar að. Hins vegar veit ég bæði og finn að hér er mikilvægur málaflokkur á ferðinni sem ber að sinna vel. Ég reyni því að gera mitt besta til að setja mig inn í þau mál. Tíminn einn leiðir í ljós hvernig til tekst í því efni og aðrir kannski dómbærari um verk mín. En þetta vil ég reyna að gera.

Örfá orð að lokum varðandi fyrirtækið eins og það mun líta út eftir stækkunina og hinn gamla og hinn nýja hluta þess. Staðreyndin er sú að til hins nýja hluta eru gerðar ákveðnar kröfur. Það er ætlast til að þar séu hlutirnir með þeim hætti sem ásættanlegt er og undir það er nú í fyrsta skipti allt fyrirtækið sett, þ.e. það er gefið út starfsleyfi fyrir allt fyrirtækið. Ég tel það mikilvægt þótt hv. þm. geri kannski minna úr þeim þættinum. Þau mörk sem við sjáum í heildarstarfseminni taka auðvitað mið af fyrirtækinu öllu, þ.e. bæði hinum gamla og hinum nýja hluta.

[17:32]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu eitt af viðkvæmari og stærri málum sem þetta þing fjallar um. Það er eðlilega viðkvæmt því það snertir stóriðju. Þótt Íslendingar hafi haft stóriðju nú um hríð, er hún lítill hluti af atvinnu- og efnahagslífi okkar. Stóriðjan hins vegar snertir menningarhefð okkar, atvinnuhefð og annað því um líkt. Stóriðja mun því ávallt verða mjög viðkvæmt mál hér á Íslandi.

Þetta er líka viðkvæmt mál og stórt mál vegna þess að þetta snertir orkuforða landsmanna. Þetta er viðkvæmt vegna þess að þetta snertir umhverfisþætti og mengunarmál, eins og hér hefur verið mjög ítarlega um fjallað. Þetta snertir hugsanlega röskun á jafnvægi í byggðum landsins og þannig má áfram telja. Ég tel þó meginatriðið það að niðurstaða er komin í málinu, ásættanleg eins og hæstv. umhvrh. orðaði það áðan, þótt vitaskuld mætti ávallt og vonandi verður það svo áfram að megi gera betur.

Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, beindi einmitt þeirri spurningu til hv. formanns iðnn. Þótt ég sé ekki sá aðilinn, þá hygg ég að allir geti svarað þeirri spurningu játandi að ávallt er hægt að gera betur og það eiga menn ávallt að gera.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs er að ég vildi beina spurningum til hæstv. iðnrh. varðandi mál sem upp kom eftir að skrifað var undir starfsleyfi. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mun hafa borist bréf frá álverinu, frá Ísal, þar sem mælst er mjög sterklega til þess að bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoði áform sín um stækkun byggðar í Hafnarfirði vestur að Hvaleyrarholtinu, milli Hvaleyrarholts og álversins. Þetta bréf mun hafa verið sent í ljósriti til iðnrn. og iðnrn. fyrir sitt leyti tekið undir þau sjónarmið sem þar voru kynnt.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur að þar hafi um sumt verið komið í bakið á sér og óeðlilega hafi verið að þessu staðið. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar var fyrir löngu búin að skipuleggja byggð á þessu svæði og samþykkja það skipulag, enda er mjög takmarkað rými til stækkunar byggðar í Hafnarfirði. Þetta bréf sem ég gat um áðan frá álverinu barst aðeins nokkrum dögum eftir að starfsleyfið var gefið út og setti dálítinn skugga á öll þau mál. Það hefur að vísu gengið á ýmsu í samskiptum Íslenska álfélagsins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar en í það heila hafa þau samskipti verið ágæt. Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. hver staða þessara mála er í samskiptum álfélagsins annars vegar við bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hins vegar við iðnrn.

[17:36]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. iðnn. fyrir störf sín að þessu máli milli 1. og 2. umr. Hér er eins og fram hefur komið mjög stórt mál á ferðinni, mikilvægt og skiptir þjóðarhag gríðarlega miklu. Mér sýnist að iðnn. hafi unnið hratt að framgangi þessa máls í þinginu, enda er mikilægt að það fái afgreiðslu þingsins sem fyrst. Jafnframt hefur þess verið gætt í meðförum iðnn. að vinna málefnalega. Það vil ég þakka hv. þingmönnum í iðnn. fyrir og ekki vil ég síður þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu í dag fyrir málefnalegar umræður.

Það er auðvitað svo að mönnum getur sýnst sitt hvað í þessum efnum og greinir auðvitað á. Það er eðlilegt í svo stóru máli sem þessu. En ég held að það megi kannski skipta því upp í þrjá meginþætti. Það er í fyrsta lagi orkusala. Í öðru lagi eru það umhverfismálin og í þriðja lagi eru það skattamálin og starfsheimildir fyrirtækisins.

Tveir fyrstu þættir þessa máls eru í raun og veru ekki til formlegrar afgreiðslu á Alþingi, þ.e. orkumálin og umhverf-

ismálin. Þau hafa verið afgreidd í samningum milli þar til bærra yfirvalda, þ.e. umhvrn. með útgáfu starfsleyfis fyrir fyrirtækið og svo í samningum milli Ísals og Landsvirkjunar þar sem gengið hefur verið frá orkusamningi. Það er eðlilegt að þessir hlutir séu ræddir í þessu samhengi og það hefur verið gert.

Margir hverjir hv. þingmenn gera lítið úr því að þetta stóra mál sé jafnstórt og menn vilja vera láta. Það hafi sáralitla efnahagslega þýðingu. Ég er því reyndar alveg ósammála. Ég tel að það hafi gríðarlega mikla efnahagslega þýðingu. Auk þess sem það hefur bein áhrif á efnahagslífið er alveg ljóst að það hefur líka, eins og hv. 8. þm. Reykv. orðaði það fyrr við umræðuna, mikil sálfræðileg áhrif. Smátt og smátt kemur í ljós að þetta virkar sem vítamínsprauta á íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Þær spár sem núna koma um afkomu þjóðarbúsins á næsta ári, hagvöxtur fer sennilega yfir 3% sem ekki hefur verið í mjög langan tíma og það mun draga úr atvinnuleysi, eru auðvitað hlutir sem menn eiga að gleðjast yfir við þessar kringumstæður. Kannski hefur þetta mál haft meiri áhrif í þessa veru en nokkur annar hlutur.

Ég fagna því og mér finnst að það hafi skapast hér gríðarlega víðtæk, pólitísk samstaða um þetta mál. Hún lýsir sér best í því að það er eitt minnihlutaálit frá iðnn. sem kemur inn á þingið. Það ber þess ekki merki eftir því sem ég best fæ séð að hv. 8. þm. Reykv. sem að því stendur leggist gegn málinu heldur vill hann koma á framfæri athugasemdum sínum og brtt. við málið og mun ég koma að því á eftir. Hinu er ekki að leyna að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, leggst gegn málinu. Af því má marka að Alþb. sé klofið í afstöðu sinni til þessa máls.

Nú er það svo að menn hafa örlítið verið að velta því fyrir sér hvaða hæstv. iðnrh. hafi komið þessu máli í höfn og hverjum beri að þakka. Það finnst mér ekki skipta öllu máli. Reyndar skiptir það engu máli, aðalatriðið er að nú hefur verið frá þessum samningum gengið. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var búið að vinna vel að undirbúningnum. Af klofinni afstöðu Alþb. má hins vegar ráða að hefði Alþb. komist í ríkisstjórn að afloknum síðustu alþingiskosningum, hefði þetta mál sennilega ekki komist í höfn. Það er hin alvarlega og blákalda staðreynd sem blasir við.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði leyndina yfir orkusamningnum að umtalsefni fyrr við umræðuna. Það kom fram hjá hv. þm. að hann hefði verið fjarstaddur afgreiðslu málsins í stjórn Landsvirkjunar. Það er rétt. Hins vegar tjáði hv. þm. sig samdægurs, þar sem hann var staddur á þingi Sameinuðu þjóðanna vestur í Bandaríkjunum, símleiðis við fjölmiðla hér á landi. Hann sagðist standa að orkusamningnum eins og hann lægi fyrir, enda hefði hann, hv. þm., kynnt sér efnisinnihald samningsins. Hins vegar hefur það ekki komið fram við umræðu hvort hv. þm. hafi staðið að þeirri ósk sem kom frá fyrirtækinu um að yfir þeim kafla samningsins sem snýr að orkuformúlunni og orkuverðinu ríkti sérstök viðskiptaleynd. Þær óskir komu frá fyrirtækinu, að því var staðið af hálfu stjórnar fyrirtækisins með þeim hætti að stjórnin samþykkti ályktun í þessa veru. Það varð til þess að nú hefur orkusamningur verið kynntur fyrir iðnn. en hann er ekki hluti af því staðfestingarfrv. sem nú liggur fyrir þinginu.

Mér finnst eðlilegt að þessar óskir fyrirtækisins séu virtar og það hefur áður komið fram af minni hálfu. Ég tel að þetta þurfi ekki að skapa fordæmi fyrir þau mál sem samið verður um í framtíðinni en mér finnst ekki óeðlilegt að það gerist. Það hlýtur að teljast eðlilegt að fyrirtæki sem þarf að eiga viðskipti, hvort sem það er við innlenda eða erlenda aðila, geti hagað samningum sínum þannig að það sé hægt að gera mismunandi samninga eftir því við hvern er verið að semja. Það setur hins vegar fyrirtækið í mjög erfiða stöðu að ná samningum við aðila ef alltaf er vitað nákvæmlega hversu langt viðkomandi fyrirtæki getur gengið, eða kannski öllu heldur hversu skammt það getur gengið.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði að öðru leyti ágæta grein fyrir orkusamningnum, enda þekkir hv. þm. þann samning ágætlega þar sem hann á setu í stjórn Landsvirkjunar.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði nákvæma grein fyrir þeim svörum sem liggja fyrir í þinginu við fyrirspurnum frá hv. þm. og var beint til iðnrh. Ég vil í örfáum orðum gera nokkrar athugasemdir við það sem fram kom hjá hv. þm. og þá um leið styðjast við þau svör sem hv. þm. fékk frá iðnrn.

Fyrst er frá því að greina að á þskj. 377 er spurst fyrir um hversu mikið af afgangsorku Landsvirkjun og/eða Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hafi selt til viðskiptavina sinna samkvæmt sérsamningum á síðustu fimm árum, flokkað eftir árum og notendahópum (garðyrkjubændur, fiskeldi, loðnuverksmiðjur, járnblendi o.s.frv.). Út úr þessu koma 844,308 gwst. Ótryggða orkan sem Landsvirkjun hefur selt Ísal er 161. Eftir samning um stækkun er gert ráð fyrir að hún fari upp í 223 gwst. Aukningin er á milli 50 og 60 gwst. Þess vegna er þessi tala talsvert lægri en um getur þarna. Ef það er síðan borið saman, sem svar við spurningu 4, á tímabilinu frá 1998–2004 má gera ráð fyrir að bæta þurfi við nýjum virkjunum vegna orkuaukningar almenna markaðarins auk þeirra framkvæmda sem þörf er á við stækkunar Ísals. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hverjar þær virkjanir verða en gert er ráð fyrir t.d. að fyrsti áfangi Nesjavallavirkjunar bætist við raforkukerfið árið 2001 og Hágöngumiðlun árið 2004. Má gera ráð fyrir að Landsvirkjun hafi í meðalvatnsári til ráðstöfunar eftirfarandi magn af afgangsorku og ótryggu rafmagni: Hæst 844 gígavattstundir og allt niður í 620. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt er hann þarna að bera saman þessar tölur.

Nú trúi ég því ekki að hv. þm. sé að leggja til að farið verði sérstaklega að virkja fyrir ótryggða orkusölu. Af því höfum við frekar slæma reynslu. Ég trúi því ekki að hv. þm. sé að tala um að fara að byggja virkjanir til þess að mæta þessari hugsanlegu orkusölu sem væri ótrygg eða, eins og mætti skilja hv. þm., að menn þurfi almennt ekkert að virkja, eigi ekkert að vera að leita að nýjum orkusölukostum vegna þess að við höfum nóg einmitt þessa stundina og nýtum þar af leiðandi auðlindina ekki sem skyldi.

Hins vegar spurði hv. þm. um hvaða virkjanir væru fyrirhugaðar í þeirri virkjanaröð og hvort ákvarðanir hefðu verið teknar um uppbyggingu eða byggingu ákveðinna virkjana. Á þskj. 380, sem er einnig svar til hv. þm. um orkufreka iðnaðarkosti, kemur fram að vegna stækkunar Ísals sé gert ráð fyrir stækkun Blöndulóns, fimmta áfanga Kvíslaveitu og nýjum vatnshjólum í Búrfellsstöð. Fram kemur að vegna hugsanlegra samninga við Columbia-fyrirtækið, ef af þeim verði, þurfi að ráðast í fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar, Bjarnarflag, fyrsta og annan áfanga, Hágöngulón og Nesjavallavirkjun, annan áfanga. Í þriðja lagi, vegna þriðja ofns í járnblendiverksmiðjunni sem hefur komið til tals að bæta við í reksturinn þar, þá verði um aldamótin tilbúin orka úr Vatnsfellsvirkjun.

Hv. þm. gerði athugasemdir við það sem fram kemur í þskj. 378, sem var svar við því hvert væri ráðgert afl og orkuframleiðsla Nesjavallavirkjunar og hugsanlegur byggingartími hennar. Það alveg hárrétt hjá hv. þm. að þegar þessu er stillt saman virðist gæta örlítils misræmis þar sem menn eru að tala um að í árslok 1997 eða á árinu 1996 sé hugsanlega hægt að fara af stað, eins og áform hafa verið uppi um hjá Columbia-fyrirtækinu, með framleiðslu um áramótin 1996 og 1997, ef samningar næðust, og hins vegar þann tíma sem þarf til að byggja virkjun til að geta afhent orku á þeim tíma. Viðræður hafa verið í gangi milli Reykjavíkurborgar eða Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar um samninga um byggingu á Nesjavöllum. Þeir hafa ekki verið fyrir milligöngu iðnrn. heldur beint á milli Reykjavíkurborgar og Landsvirkjunar. Þar hefur ekki náðst samkomulag. Menn hafa fyrst og fremst verið að tala saman um með hvaða hætti væri hægt að koma þessu fyrir. Talið er að tvö og hálft til þrjú ár taki að byggja Nesjavallavirkjun. Í svarinu er gengið út frá því að þessum framkvæmdum verði ekkert hraðað, ekki settur meiri kraftur í þær en áformað hefur miðað við að þetta væri eðlilegur hluti af raforkukerfi landsmanna. Hins vegar er ljóst að hægt er að stytta byggingartímann. Ef samningar um þessa orkusölu tækjust milli Reykjavíkurborgar og Landsvirkjunar og samband þar á milli hafa menn gengið út frá því að byggingartíma Nesjavallavirkjunar þyrfti að stytta til að hægt yrði að verða við þeim óskum. Þegar ég segi óskum á ég fyrst og fremst við þær hugmyndir sem voru uppi þegar fulltrúar þessa bandaríska fyrirtækis komu í heimsókn hingað og voru að kanna aðstæður fyrir byggingu álverksmiðju á Grundartanga. Ég vona að þetta skýri þann mun sem kann að vera í svörunum sem koma úr iðnrn. til hv. þm.

Samskiptin við Hafnarfjarðarbæ. Um þau hafa spurt þrír hv. þm., hv. þm. Svavar Gestsson, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og nú síðast hv. þm. Hjálmar Árnason. Það er rétt að í bréfi til Hafnarfjarðarbæjar frá Ísal, dags. 21. nóv., koma fram, að ég vil meina, almenn sjónarmið um að gæta þurfi að byggðinni í nábýli við álverið. Það kemur líka skýrt fram í bréfinu að ekki er verið að gera athugasemdir við starfsleyfið sem gefið hafði verið út. Starfsleyfið er fyrir stækkun fyrirtækisins upp í 200 þús. tonn og fyrst og fremst eru þetta varnaðarorð af hálfu fyrirtækisins varðandi þróun byggðar á þessu svæði. Ég vonast til að hv. þm. taki undir það að eðlilegt og skynsamlegt sé að fara varlega í þessum efnum. Afrit af bréfinu barst síðan til iðnrn. frá bæjarstjóranum í Hafnarfirði, dags. 23. nóv., og fáum dögum síðar, 27. nóv., svaraði iðnrn. því bréfi. Það var út frá þessum almennu sjónarmiðum, byggð á reynslu erlendis frá, að þegar skipulögð væri íbúðarbyggð væri ekki gott að hún þróaðist mjög að slíkum iðnaðarsvæðum. Staðreyndin er svæðið í kringum álverið er kannski eitt það besta til atvinnuuppbyggingar um þær slóðir, ekki síst í iðnaðarstarfsemi.

Varðandi það atriði í bréfinu að hugsanlega geti álverið stækkað í 300 þús. tonn er sagt að ekki þætti óeðlilegt að slíkar óskir kæmu fram þar sem hagkvæmast virðist vera að reka þá stærð af álverum. Ljóst er að ef slíkar óskir kæmu fram þyrfti auðvitað að fara fram umhverfismat á því og gefa þyrfti út nýtt starfsleyfi fyrir slíku. Leiddi slík rannsókn í ljós að af slíkri stækkun stafaði umhverfinu hætta af væri ekki hægt að fara út í þær framkvæmdir.

Annar liður bréfsins snýr að því að ráðuneytið telur að á næstu fimm til tíu árum geti Ísal stækkað upp í 200 þús. tonn. Það er byggt á að eðlileg endurnýjun búnaðar ætti sjálfkrafa að leiða til þess að nokkur hluti slíkrar framleiðsluaukningar yrði innan þessara tímamarka. Það er komið að því að endurnýja búnað álversins því var mat okkar, eftir samtöl við eigendur og stjórnendur álversins og alla sem hafa komið að samningunum, að þessi þróun gæti átt sér stað á næstu fimm til tíu árum. Enda hefur fyrirtækið gert ráð fyrir að slíkt gæti gerst og sótt um starfsheimildir fyrir fyrirtækið til að stækka í 200 þús. tonn. Ráðuneytið tók með þessum almennu athugasemdum undir bréf Ísals. Okkur virtist örlítill misskilningur á ferðinni milli bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði og iðnrn. á því sem fram kom í bréfi ráðuneytisins og því sendum við þann 7. nóv. bréf til bæjarstjórnarinnar þar sem við skýrðum nánar innihald bréfsins, eins og hv. þm. lýsti áðan. Í framhaldi af þessu hafa síðan átt sér stað ágætar viðræður milli bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, fulltrúa iðnrn. og stjórnenda Ísals. Ég veit að þær eru í góðum farvegi og nú eru þessir þrír aðilar með til skoðunar sérstaka sameiginlega yfirlýsingu um með hvaða hætti eðlilegast sé að málið þróist. Ég held sem betur fer að öllum misskilningi sem virtist vera milli manna hafi verið eytt og málið því komið í eðlilegan farveg.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði einnig hvað væri fram undan í stóriðjumálum og hvaða fyrirætlanir væru uppi, hvort samningar stæðu yfir. Eftir því gekk líka hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Engar formlega samningaviðræður eru í gangi milli fulltrúa íslenskra stjórnvalda og þeirra aðila sem nefndir hafa verið, eins og eigenda bandarískra fyrirtækisins Columbia, Járnblendifélagsins og Atlantsálshópsins. Því er hins vegar ekki að leyna að í september komu fulltrúar bandarískra fyrirtækisins hingað til lands til þess að kynna sér aðstæður. Í framhaldi af heimsókninni hafa þeir óskað eftir frekari upplýsingum um hvaða kostir væru í boði, hvernig ýmsum hlutum væri háttað. Þær upplýsingar hafa verið sendar og nú, eftir því sem ég veit best, er fyrirtækið að bera saman kostina hér og kosti sem í boði eru í Venesúela. Valið stendur á milli þessara tveggja landa, Íslands og Venesúela og fulltrúar fyrirtækisins eru núna að meta og bera saman þessi tvö lönd, ef svo má að orði komast. Eigandi fyrirtækisins hefur sagt að að því sé stefnt að fyrir áramót verði hægt að taka ákvörðun um á hvorn staðinn ákjósanlegra er að fara. Það þýðir ekki að gengið hafi verið frá samningum á milli aðila. Það þýðir að ef Ísland yrði fyrir valinu væri það fyrst og fremst ákvörðun um að taka upp samningaviðræður. Reynslan er sú að oft vill langur tími líða frá því að menn hefja samninga um stóriðjumál og þar til þeir komast að endanlegri niðurstöðu.

Um síðustu mánaðamót kynnti stjórn Íslenska járnblendifélagsins hagkvæmnisathugun sem gerð hefur verið af hálfu fyrirtækisins þar sem þeim erlendu eignaraðilum sem eiga með okkur í fyrirtækinu var gerð grein fyrir þessari athugun. Hún er nú til enn frekari skoðunar milli eigenda og er gert ráð fyrir því að um mánaðamótin janúar/febrúar verði hægt að taka afstöðu til þeirrar athugunar. Þau skilaboð hafa komið frá þeim aðilum sem við vorum í samvinnu við fyrir fáum árum og hafa gengið undir vinnuheitinu Atlantsálshópurinn að þeir væru tilbúnir til þess að dusta rykið af samningnum sem pakkað var ofan í skúffu á sínum tíma þegar menn treystu sér ekki til þess að halda samningaviðræðunum lengur áfram og hann metinn upp á nýtt. Í mínum huga er ekki nokkur einasti vafi á því að allar þær forsendur sem þá voru til staðar hafa breyst hér á Íslandi við þennan samning um stækkun álversins. En það er auðvitað alveg sjálfsagt að ganga til samninga

við þá aðila sem óska eftir því að taka upp samninga í þessum efnum vegna þess að við eigum að mínu viti að nýta öll þau tækifæri sem við höfum til þess að ná í erlenda fjárfesta. Við verðum að gæta að í umhverfismálunum og við eigum að gera það á okkar forsendum. Það er ekki þar með sagt að þó að við séum tilbúnir til að ganga til samninga við erlenda aðila að allir þeir samningar náist.

Af því að hv. þm. spurði hverju ég mundi svara þegar þeir spyrðu hvort ekki væri rétt að spretta úr spori hið fyrsta og ganga til samninga þá mun ég svara því til að ég tel rétt að menn spretti úr spori í þessu og reyni að leita leiða til þess að ná þessum samningum vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt að við nýtum alla þá kosti sem við getum kræki í í þessum efnum. Þau áform voru uppi á sínum tíma að byggja þar 200 þús. tonna álver. Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að breyta slíkum áformum, taka 200 þús. tonna álver í smærri einingum, taka eitt skref í einu, og reyndar eru þessir samningar ekki farnir af stað. En það er gert ráð fyrir því að eftir áramótin setjist menn niður og meti þá stöðu upp á nýtt.

Hv. þm. Svavar Gestsson flytur hér brtt. við frumvarpið eins og það liggur fyrir. Hæstv. umhvrh. hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til 1. liðar þeirrar tillögu og ég tek undir þau sjónarmið sem þar komu fram. Annar liður tillögunnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs strax og lög þessi hafa tekið gildi sjö manna nefnd, atvinnumálanefnd, til þess að gera tillögur um eflingu alhliða atvinnulífs, m.a. með hliðsjón af þeim þjóðfélagslegu breytingum sem það kann að hafa í för með sér ef stórframkvæmdir næstu ára verða nær allar á sama svæði á landinu. Nefndin skili fyrstu tillögum sínum fyrir þinglok vorið 1996."

Í þessum lið er gengið út frá því að allar stóriðjuframkvæmdir næstu ára verði á sama svæði á landinu. Svo þarf ekki að vera og er raunar markvisst unnið að því að kynna staðsetningarkosti utan þess. Í því sambandi vil ég nefna samvinnu iðnrn. og markaðsskrifstofu iðnrn. og svo Landsvirkjunar annars vegar við héraðsnefnd Eyjafjarðar og hins vegar við orku- og stóriðjunefnd Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi um staðarvalsathuganir vegna orkufreks iðnaðar á þessum svæðum. Þessi verkefni fela m.a. í sér mælingar á veðurfari og í framhaldi af því gerð spár um dreifingu mengunarefna í lofti, könnun á ýmsum tæknilegum þáttum, svo sem hvað varðar iðnaðarlóðir, aðstæður til hafnargerðar, athuganir á vinumarkaði, samgöngur, þjónustu og margt fleira. Markmiðið með þessari vinnu er að aðstoða sveitarstjórnir við að móta sér skýra stefnu í sambandi við stóriðju, stefnu sem þarf að njóta almenns stuðnings meðal íbúa svæðanna og þessari vinnu verður haldið áfram.

Í gangi er talsvert mikil vinna í þessum efnum á vegum iðnrn. Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar er beitt í þessum efnum til atvinnuuppbyggingar. Fjárfestingarskrifstofa viðskrn. og Útflutningsráðs er einnig að vinna að þessum hlutum í leit að fjárfestum til að koma hingað til lands. Nefnd um lítil og meðalstór fyrirtæki sem iðnrh. og viðskrh. skipaði í vor hefur skilað af sér sínum fyrstu tillögum sem er lýsing á þeim sóknarfærum sem lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi hafa í gegnum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er gert ráð fyrir því að fara strax eftir áramót í kynningarferð um allt land þar sem þessir kostir lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru kynntir og nýta þannig þann möguleika sem þannig skapast til þess að fyrirtæki sem fyrir eru fari inn í þennan farveg og það er verkefni næstu vikna.

Í samvinnu við fjárfestingarlánasjóðina, þ.e. Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Iðntæknistofnun, iðnrn. og Samtök iðnaðarins, er að fara af stað upp úr áramótum sérstakt verkefni sem við köllum átak til atvinnusköpunar sem m.a. beinist að því að efla atvinnulífið á landsbyggðinni og þar reynum við að draga að til samstarfs sveitarstjórnirnar.

Fleiri verkefni mætti nefna í þessum efnum. Fyrirhugaðar eru breytingar á fjárfestingarlánasjóðakerfi atvinnulífsins í þeim tilgangi að standa við bakið á nýsköpun í atvinnulífinu. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson efaðist um þau verk sem markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar er að vinna að og velti fyrir sér hvort hún hefði heimildir m.a. til þess að standa að þessum umhverfisathugunum, leggja út fjármuni fyrir álrisann Ísal sem væri svo fátækur að hann gæti ekki kostað þessar umhverfisathuganir og þær aðar sem núna væru í gangi í Hvalfirðinum.

Fyrst um Ísal. Það er rétt að markaðsskrifstofan lagði út fyrir þeim kostnaði. Áætlaður kostnaður var í kringum 4 millj. kr. við gerð þessara umhverfisathugana sem Ísal mun endurgreiða á næstu vikum eða um leið og allur kostnaður sem þeirri úttekt var samfara liggur fyrir. Þetta var gert fyrst og fremst til þess að hraða undirbúningi af hálfu íslenskra stjórnvalda til þess að vera í stakk búin til þess, ef það tækifæri kæmi, að gera þennan samning sem núna hefur verið gerður. Sú ákvörun sem þarna var tekin er að mínu viti rétt og varð til þess að það var hægt að flýta samningsgerðinni.

Það sama liggur að baki þegar nú hefur verið framkvæmt umhverfismat í Hvalfirði. Það er gengið út frá því að þar verði byggt 180 þús. tonna álver og umhverfismatið byggist á því. Áætlaður kostnaður er upp á 4,7 millj. kr. Það er gert á ábyrgð markaðsskrifstofunnar. Það eru engar skuldbindingar sem liggja þar að baki gagnvart Columbia-fyrirtækinu, þ.e. að þeir taki þátt í þeim kostnaði. Verði það hins vegar þeirra ákvörðun að byggja álver í Hvalfirðinum, á Grundartanga, þá er það ljóst að þessi kostnaður mun verða endurgreiddur af fyrirtækinu. Fari svo að fyrirtækið ákveði að koma ekki hingað þá er það ljóst að þetta er fjárfesting fyrir markaðsskrifstofuna í þessum umhverfisathugunum og er innlegg í umræðu um atvinnuuppbyggingu sem þarf að eiga sér stað. Þær upplýsingar sem þarna hefur verið aflað og liggja fyrir eru því fjárfesting fyrir framtíðina.

Á vegum markaðsskrifstofunnar og fjárfestingarskrifstofunnar í samvinnu við mörg sveitarfélög er verið að skilgreina einstaka kosti víða um land þannig að menn geti metið þau landgæði sem til staðar eru og hvaða kostir það eru sem ákveðin landsvæði hafa upp á að bjóða til þess að draga að fjárfesta til atvinnuuppbyggingar. Gleggsta dæmið um þetta er bæklingur sem núna hefur verið gerður og er samvinnuverkefni Hitaveitu Suðurnesja, sveitarfélaganna á Suðurnesjum, markaðsskrifstofu iðnrn. og fjárfestingarskrifstofu viðskrn. þar sem kostir Suðurnesjanna, Reykjanessins, hafa verið skilgreindir og nú er með skipulögðum hætti í gegnum erlenda ráðgjafa, bandaríska ráðgjafa, enskan og þýskan ráðgjafa, sérstaklega verið að leita að erlendum fjárfestum sem eru að leita þeirra kosta sem þetta landsvæði hefur upp á að bjóða. Með þessum hætti ætlum við núna að beita þessum tveimur skrifstofum, markaðsskrifstofunni og fjárfestingarskrifstofu iðnrn. og Útflutningsráðs, í leit að erlendum fjárfestum. Við þurfum auðvitað að vera búnin að vinna okkar heimavinnu þegar erlendir fjárfestar eða

hvaða fjárfestar sem það eru koma hingað og fara að kanna með hvaða hætti þeir geta sett sig hér niður. Það verkefni sem núna er verið að vinna á vegum markaðsskrifstofunnar í Hvalfirði, í umhverfismatinu, er því fjárfesting í þessari framtíð sem ég var að lýsa.

C-lið brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs strax og lög þessi hafa öðlast gildi sjö manna nefnd til þess að gera tillögur til Alþingis um stefnumótun í orku- og stóriðjumálum til næstu áratuga á grundvelli sjálfbærrar þróunar í umhverfismálum. Nefndin skili tillögum sínum til Alþingis við upphaf þings haustið 1996."

Ég vil ítreka að stöðugt er unnið að stefnumótun sem þessari á vegum ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi vil ég nefna að á sl. vori skilaði starfshópur um umhverfismál, iðnþróun og orkumál sem umhvrh. skipaði skýrslu sem bar heitið: Framkvæmdaáætlun um orkumál. Orka, iðnaður, nytjavatn og jarðefni. Í hópnum sátu 20 fulltrúar er tilnefndir voru af ýmsum ólíkum aðilum, svo sem iðnn. og umhvn. Alþingis, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, orkuveitum, aðilum vinnumarkaðarins, Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands auk fulltrúa umhvrn. og iðnrn. Í skýrslu hópsins eru tillögur að stefnumótun og framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í orku- og iðnaðarmálum. Í skýrslunni er gengið út frá meginreglum sjálfbærrar þróunar. Þá vil ég jafnframt minna á skýrslu sem iðnrn. hefur gefið út um nýtingu innlendra orkulinda.

Það sem hér hefur verið sagt segir auðvitað að upplýsingar um það sem hv. þm. er að leggja til liggja fyrir og hafa nú þegar verið unnar fyrir utan það að núna í haust skipaði ég nefnd til þess að semja skýrslu um helstu iðjukosti sem til athugunar hafa verið að undanförnu, hvenær rekstur iðjuveranna gæti hugsanlega hafist miðað við ákveðinn orkuafhendingartíma og hvernig hagkvæmast yrði að afla orku vegna þeirra. Í þessu sambandi þarf nefndin að leita upplýsinga um virkjunarkosti sem Hitaveita Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið að kanna.

Það var óskað eftir því að nefndin skilaði skýrslu ekki síður en 15. nóvember 1995. Það hefur því miður ekki tekist einfaldlega vegna þess að ýmsar breytingar hafa verið að eiga sér stað bæði á hugsanlegri virkjanaröð og hugsanlegri fjárfestingu í vænlegum iðjukostum. Nefndin er að störfum enn og hluti af starfi nefndarinnar birtist m.a. í svörum iðnrn. við fyrirspurnum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Þar að auki, eins og kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, hefur iðnrn. óskað eftir tilnefningu fulltrúa í sérstaka nefnd til þess að fara ofan í skipulag orkumálanna í landinu. Þar verða fulltrúar allra stjórnmálaflokka, Sambands ísl. sveitarfélaga, þeirra stóru sveitarfélaga sem mestra hagsmuna eiga að gæta varðandi Landsvirkjun, Reykjavíkurborgar og Akureyrar. Þannig verður reynt að draga saman alla þá sem þessum málum tengjast og leita leiða til að ná vonandi góðri sátt um breytt fyrirkomulag á skipulagi þessara mála.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom örlítið inn á skattamálin. Mér fannst hann gera heldur lítið úr samningnum, hann taldi hann fremur ómerkilegan og skila okkur litlu. Hv. þm. spurði líka um tækniaðstoðargjaldið og um hvað hefði verið samið í þeim efnum. Tækniaðstoðargjaldið var 2,2% og er óbreytt, þ.e. það er 2,2% af veltu til viðbótar 1,5% í söluþóknun, eins og hv. þm. gerði grein fyrir. Gjaldið er því samtals 3,7%. Í þessum samningum var ekki samið um breytingu á þessu gjaldi. Þau gjöld sem þarna um ræðir eru algeng viðskiptum sem þessum. Og þess má geta að í þeim samningsdrögum sem lágu fyrir um Atlantsálsverkefnið, var gert ráð fyrir að þetta heildargjald yrði 4%. Svarið við fyrirspurninni er því að gjaldið er óbreytt.

Varðandi skattamálin er það mat þeirra sem hafa fjallað um þau mál að heildartekjur næstu 20 ára, aðrar en launaskattur, verði á föstu verðlagi sem hér segir:

1. Að lágmarksskattar verði á bilinu 2–2,4 milljarðar, en tekjutengdu skattgreiðslurnar gætu orðið á bilinu 15–25 milljarðar. Þetta þýðir að tekjurnar af stækkunni einni og sér eru 7,5–12,5 milljarðar kr. vegna þessa samnings. Auðvitað mun þetta ráðast mjög af því hver afkoma fyrirtækisins verður þegar til lengri tíma er litið. En í samningunum var gengið út frá meðalverði á áli, kringum 1.700–1.750 dali á tonnið. Spár eru hins vegar uppi um að verðið geti orðið enn hærra á næstu árum.

Með þessu hygg ég að ég hafi svarað allflestum og vonandi öllum þeim spurningum sem til mín var beint í þessari umræðu. Ég vonast til að svörin skýri að mestu leyti það sem hefur ekki verið á hreinu áður.

[18:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var á köflum nokkuð sérkennileg ræða hjá hæstv. ráðherra. Einkum fannst mér upphafið sérkennilegt þegar hæstv. ráðherra fór að gera mikið úr því að svo liti út sem einhverjir þingmenn Alþb. eða fulltrúar þingflokks Alþb. og óháðra yrðu ekki endilega samferða í atkvæðagreiðslu um þetta mál. Hæstv. ráðherra taldi þetta stórmál. Að þessari forsendu gefinni fór svo hæstv. ráðherra að fimbulfamba um það að þar með lægi ljóst fyrir að ef Alþb. hefði átt aðild að ríkisstjórn nú um stundir, hefði ekki orðið af þessari stækkun. Hvað er hæstv. ráðherra að fara? Hvað vakir fyrir hæstv. ráðherra? Er það e.t.v það að hæstv. ráðherra gefur sér þá forsendu að Alþb. hefði ekki verið tilbúið til að slaka jafnmikið á í umhverfismálum og Framsfl. og þar með hefði álverið ekki komið? Er hæstv. ráðherra með öðrum orðum að segja okkur að það hefði verið keypt hingað með því að slaka á kröfum um umhverfismálin? Er það það sem hæstv. ráðherra er að segja? Eða hvað er hæstv. ráðherra að fara með slíkum dylgjum? Auðvitað er þetta út í loftið því um slíkt er ekkert hægt að fullyrða. Og það er líka til sú leið, hæstv. ráðherra, sem hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki dottið í hug og það er að ná einfaldlega betri samningum. Samningum sem eru það góðir að allir eru ánægðir með þá. Það er líka hægt. En það gerist auðvitað ekki nema menn reyni það, hvort sem heldur er verið að gefa eftir í sambandi við síldarsamninga eða álversviðræður.

Í öðru lagi hlýt ég að lýsa miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra varðandi afstöðu til brtt. sem fluttar eru af hv. þm. Svavari Gestssyni og alveg sérstaklega b-liðinn. Það eru mikil vonbrigði og í raun og veru alveg óskiljanlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki reyna að sýna a.m.k. einhvern lit í sambandi við það mál. Síðan segir hæstv. ráðherra að menn eigi ekki að gefa sér þá forsendu að allar stórframkvæmdir verði á næstunni á einum stað á landinu. Það erum við ekki að gera. En því miður lítur út fyrir að svo verði. Allt það sem er í burðarliðnum, eins og nú er í tísku að segja, er bundið við þetta svæði. Hæstv. ráðherra fór einmitt sjálfur yfir þær rannsóknir sem verið er að gera á Grundartanga, stækkun í Straumsvík og Keilisnesi bíður. Þar er búið að kaupa lóð undir batteríið o.s.frv. Ég skora því á hæstv. ráðherra að gefa skýrari og jákvæðari svör í þessu efni.

[18:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað grannt í dag á þessa umræðu og ég met það svo að þeir þingmenn Alþb. sem talað hafa séu ekki alveg samstiga. Það finnst mér hafa komið glöggt fram í ræðum hv. þm. Svavars Gestssonar og Hjörleifs Guttormssonar. Mönnum þótti mikill munur á ræðuflutningnum hjá þessum tveimur hv. þm.

Hvað eftirgjöf við samninga varðar er það bara svo, hv. þm., að það hefur ekkert verið gefið eftir. Þar vitna ég í orð hv. þm., fyrrv. formanns Alþb., Ólafs Ragnars Grímssonar, við 1. umr. þessa máls. Ég held að hann hafi kannski ekki kallað það kraftaverk, en hann sagði að það væri ótrúlegt hversu góðan samning menn hefðu gert við svo erfiðar aðstæður í orkumálunum. Svona er þetta mál allt, frá upphafi til enda. Menn hafa gert gríðarlega góðan samning, bæði í orkumálum og skattamálum.

Varðandi umhverfismálin er það alveg klárt að þar gilda ákveðin lög og eftir þeim lögum er algerlega farið og hvergi gefið eftir í þeim efnum. Það er alveg ljóst.

Varðandi tillögur hv. þm. Svavars Gestssonar og það að sá sem hér stendur treystir sér ekki til að styðja þær, þá er það vegna þess að ég tel þær óþarfar. Eins og ég kom að í ræðu minni áðan er verið að vinna að öllum þeim þáttum sem þessar tillögur eiga að taka til, að atvinnuuppbyggingunni og skipulagi orkumálanna. Það er því óþarfi flytja tillögur um verk sem nú þegar eru í gangi.

[18:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þetta er ótrúlegur samningur, en ótrúlegur fyrir hvað og í hvaða áttir? Ég tel ekki óeðlilegt og í raun og veru fullkomlega eðlilegt að svo geti farið að leiðir skiljist eitthvað með þingmönnum þegar þeir fara að taka afstöðu til þessa máls, eins og það er fram borið. Málið er ekki einboðið eða rakið og það sem verra er, menn hafa ekki allar upplýsingar málsins hér á borðinu. Þingmönnum er ætlað að taka afstöðu til þessa máls að hluta til á grundvelli leyndar um innihald samningsins sem þarna skiptir alveg sköpum. Og það er auðvitað ekki sú aðstaða við ákvarðanatöku sem á að líðast á þjóðþingi þar sem menn eiga skýlausan rétt á öllum upplýsingum til að mynda sér afstöðu til mála.

Um byggðamálin segi ég, herra forseti, að það er auðvitað enginn málflutningur hjá hæstv. iðnrh. að segja að þetta sé allt í lagi og engin ástæða til að taka á því máli af því að menn eru eitthvað að dunda við það í ráðumeytinu. Ég fer fram á, herra forseti, að forsrh. gefi út yfirlýsingu um þessi mál áður en málinu verður lokið héðan frá þinginu. Ég geri ekki kröfur til þess að það verði nú við þessa umræðu, ef því verður illa við komið. En byggðamál heyra undir hæstv. forsrh. og ég tel ekki boðlegt að fara svona frá þessum málum. Það þýðir ekkert að vísa í einhverjar nefndir og einhverja staðarvalshringekju sem á að fara af stað að því er mér heyrðist á hæstv. ráðherra í anda Jóns Sigurðssonar, að rugla um landið og fá menn til að setja sig á einhvern biðlista eða pöntunarlista eftir álverum sem koma svo aldrei. Þetta er bara rugl, hæstv. ráðherra. Það sem við okkur blasir er að það er verið að stækka í Straumsvík. Það er verið að undirbúa stækkun á Grundartanga, það á að fara í Hvalfjarðargöng og næsta stóra álverið yrði svo á Keilisnesi. Á sama tíma er t.d. verið að skera niður í samgöngumálum um 1.300 millj. kr. Þetta eru ekki kringumstæður í þessum efnum sem ég get sætt mig við. Það væri því lágmark að ríkisstjórnin féllist á að setja nefnd í að skoða þessa hluti þar sem stjórnarandstaðan gæti átt aðild að. Ég vek athygli á því að sú vinna sem hæstv. ráðherra er að verja sig með er auðvitað á þann veginn að þar komast engir að nema gæðingar ráðherrans og flokksbræður. Svona viljum við ekki hafa þetta.

[18:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo að það liggja allar upplýsingar fyrir um þennan samning um stækkun álversins sem þingið þarf að taka ákvörðun um. Það er því mikill misskilningur hjá hv. þm. þegar hann fullyrðir að það liggi ekki fyrir allar upplýsingar. Allar upplýsingar liggja fyrir um þetta mál sem þingið þarf að taka afstöðu til. Þær eru í því frv. sem menn munu koma til með að greiða atkvæði um.

Varðandi orkuþáttinn er það svo að það er samningur milli Landsvirkjunar og fyrirtækisins. Það er ekki Alþingis að fjalla um þann þátt. Hafi hv. þm. haldið að svo væri er það misskilningur. Samningur er frágenginn og iðnn. þingsins hefur fengið allar þær upplýsingar, eins og um var talað við 1. umr., sem hún taldi sig þurfa að fá til þess að geta sannfærst um að sá samningur er skynsamlegur og hagstæður. Og hann er það hagstæður að hann bætir stöðu Landsvirkjunar um 8 milljarða kr. á samningstímanum fyrir utan það að upp úr aldamótum er gert ráð fyrir því að raforkuverð til almennings fari lækkandi um 3% að raunvirði á ári. Segi menn svo að þetta sé ekki góður samningur er erfitt að sjá hvaða frekari upplýsingar þarf þingið að fá. Hér er engu leynt, hv. þm.

Varðandi staðarval og aðra slíka hluti og hvernig skuli staðið að atvinnuuppbyggingunni er það svo að markaðsskrifstofan og fjárfestingarskrifstofan vilja vinna að mati á aðstæðum eftir kjördæmum í samvinnu við sveitarstjórnirnar á viðkomandi stöðum en ekki bara frá iðnrn. Og það er auðvitað miklu mikilvægara að hafa sveitarstjórnirnar með í þessum efnum, heimamennina, heldur en þurfa að hafa stjórnarandstöðuna þar með.

[18:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er því miður afar erfitt fyrir mig að skilja svona við málið. Ég sé mig knúinn til að hafa aðeins um þetta fleiri orð. Ég gerði að vísu grein fyrir meginviðhorfum mínum til málsins við 1. umr. og ætlaði ekkert að endurtaka það hér, enda ekki vanur að vera að endurtaka mjög mikið eins og kunnugt er. Ég ætla þó, vegna þess hvernig orðaskipti féllu hér milli mín og hæstv. iðnrh., að gera aðeins frekari gangskör að þessu með byggðaþátt málsins og endurtaka þá líka í leiðinni að ég met þennan samning nokkuð öðruvisi en til að mynda hæstv. ráðherra og sá ónefndi þingmaður Reykn. sem hann vitnaði í, hæstv. ráðherra.

Ég tel ekki mikið kraftaverk að halda þessa útsölu á rafmagningu, satt best að segja. Ég viðurkenndi hins vegar fúslega að sennilega er staða Landsvirkjunar slík að það er mun betra fyrir hana að fá þó þetta verð heldur en ekki neitt. Ég dreg ekki í efa að dæmið snúi þannig að því fyrirtæki sem slíku að það sé betra fyrir Landsvirkjun að koma þessu rafmagni sem er ónotað í eitthvert verð og út af fyrir sig ljóst að það sem þarf að gera til viðbótar vegna þessa máls er ekki mikið. Þetta er því allt saman afstætt eins og fleira og eftir því frá hvaða sjónarmiði menn nálgast málið. En samningur, sem á einhverjum gefnum forsendum er líklegur til að gefa á ákveðnu árabili allmiklu lægra raforkuverð en við þyrftum að fá vegna nýrra virkjana, er ekki góður samningur að mínu

mati. M.a. fordæmisins vegna. Hann er það ekki. Þannig lít ég á málið. Og þetta langa afsláttartímabil er auðvitað heilmikill herkostnaður sem menn þar með eru að taka á sig og viðurkenna í reynd að við sitjum uppi með þær aðstæður að við erum knúin til þess. Og það mætti margt um það segja hvernig þau mál hafa þróast hjá okkur, virkjun Blöndu á sínum tíma allt of snemma, anað út í þá vitleysu og síðan hefur ekki verið markaður fyrir orkuna. Það sem einu sinni var talið að ætti að styrkja stöðu okkar að hafa orkuna á lager, þá gætu menn bara labbað inn í búðina og keypt hana, hefur því miður reynst okkur myllusteinn um háls og veikt samningsstöðu okkar. Því miður reyndist það hin argasta vitleysa.

Hvað byggðaþáttinn varðar eru aðstæður þær sem ég var lítillega að gera grein fyrir í andsvari áðan. Við stöndum frammi fyrir því að það er mikil byggðaröskun í gangi. Talsvert á annað þúsund manns flytja af landsbyggðinni á þessu ári og reyndar flýja úr landinu 1.554 á fyrstu 11 mánuðum ársins , ef marka má Morgunblaðið í dag. Þannig er staðan í málinu. Og það er alveg ljóst að ef, og ég legg áherslu á ef, hér fer í gang mikið uppbyggingar- og þensluskeið á þessu eina stóra atvinnusvæði við sunnanverðan Faxaflóa, mun það verka sem segull og auka enn á þá öfugþróun sem þarna er í gangi. Þetta er stóralvarlegt mál, ekki bara fyrir landsbyggðina og þau svæði sem eru líkleg til að verða undir, þetta er líka alvarlegt fyrir svæðið hér, fyrir okkur öll. Þetta er óhagstæð, þjóðhagsleg þróun frá heildarhagsmunum séð. Þetta er alveg jafnvont fyrir menn hér, óhagstætt og dýrt í raun og veru, eins og það er fyrir þolendur þessa í útjöðrum byggðum landsins.

Ég tek fram að ég tel að stækkun álversins í Straumsvík ein út af fyrir sig mundi ekki skipta sköpum í þessum efnum ef ekki annað kæmi til. Einfaldlega vegna þess að það er ekki það stór framkvæmd að hún mundi breyta mjög miklu. Hún gæti samt haft allnokkur áhrif á andrúmsloftið og hinn sálræna þátt málsins sem skiptir miklu. Líklegt er að auk þess verði skrifað undir framkvæmdir um jarðgöng undir Hvalfjörð öðru hvoru megin við hátíðarnar. Í þriðja lagi eru líkur á að hafist verði handa um að undirbúa viðbótarofn í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og í fjórða lagi gætu einhverjir Kólumbíumenn eða hvað það nú er komið og sett upp eitt stykki álver á Grundartanga. Eitthvað var víst líka talað um sinkbræðslu, hún er líka hér á suðvesturhorninu. (**Gripið fram í:** Magnesíum.) Magnesíum, já, það er enn fínna. Síðan liggur fyrir að það er búið að ganga frá og semja um risastórt álver á Keilisnesi sem gæti vaknað upp aftur að sögn manna. Þá liggur þetta þannig að þessar fjórar, fimm stórframkvæmdir í seríu eru allar bundnar við þetta svæði. Þá kárnar gamanið að mínu mati.

Nú er það þannig að Þjóðhagsstofnun er strax farin að vara við hættunni á ákveðinni þenslu. Einkaneysla hefur aukist mikið og ef þessar framkvæmdir fara í gang, þá þekkjum við okkar heimafólk, Íslendingar, það er allmikil hætta á því að andrúmsloftið verði slíkt að það fari viss þensla í gang. Jafnvægið er einhvern veginn afar fínstillt í þessum efnum hjá okkur Íslendingum. Það er ýmist í ökkla eða eyra. Hér hefur auðvitað verið atvinnuleysi og er á þessu svæði eins og annars staðar. Það er vont og það viljum við ekki. Þess vegna er gott að fá framkvæmdir og störf. En við viljum heldur ekki að það verði svo mikið á skömmum tíma að allt fari á hvolf og í vitleysu. Og um það vil ég einmitt ræða í þessu sambandi. Tækifærið til þess er hér og nú. Menn geta sagt eins og hæstv. ráðherra að af því að það sé ekki verið að fjalla um þetta eða hitt nákvæmlega í þessu frv., þá sé það annað mál. Þetta er ekki þannig. Þetta er tækifærið sem við hér á þinginu höfum. Og þingið sem pólitískur vettvangur skoðanaskipta býður upp á að ræða alla þætti þessa máls sem því tengjast. Eins og hæstv. forseti veit og getur sýnt mönnum fram á eru þingsköpin nákvæmlega þannig að það er ætlast til þess að menn ræði þá hluti sem efnislega hanga saman við dagskrármál.

Ég skýt því að í leiðinni að auðvitað var sú formúlering hæstv. ráðherra að þinginu kæmi orkusölusamningurinn ekki við af því að hann væri ekki hér til atkvæðagreiðslu sem slíkur bara rugl og bull. Þetta er að sjálfsögðu ekki þannig. Svo er sagt að engu sé leynt. Nema samningnum. Afstaða manna til málsins mótast m.a. af af þáttum sem liggja annars staðar. En þingið hefur vald til að segja já eða nei við málinu sem slíku og þá fer það ekkert lengra. Það er nú þannig. Þótt það sé út af fyrir sig verkefni Landsvirkjunar að gera samning við fyrirtæki sem ætlar að kaupa af þeim orkuna, þá veit ég ekki betur en að þjóðin eigi þetta fyrirtæki að hálfu og öllu leyti auðvitað, því íbúar ákveðinna sveitarfélaga eiga það svo á móti ríkinu. Þarna er verið að virkja orku sem við erum væntanlega sammála um að sé sameign þjóðarinnar. Þó ekki væri nema af þeim sökum er engin goðgá að ræða málin hér.

Herra forseti. Ég tel sem sagt þennan frágang málsins í sambandi við byggðamálin algerlega óásættanlegan ef niðurstaðan verður sú að á næstu mánuðum eða missirum raðist upp stórframkvæmdir allar á einu og sama landshorninu. Ég hef ekki trú á og reyndar veit ég að hæstv. ráðherra er ekki í neinni alvöru að segja að það sé líklegt að stóriðjuframkvæmdir hefjist einhvers staðar annars staðar á landinu á næstu árum.

Það er líka að því að hyggja að það er þá væntanlega bundið við einhvern einn stað en kæmi landsbyggðinni og öðrum kjördæmum eða öðrum svæðum ekki til góða sem slíkum. Ég hef ekki heyrt t.d. um að það standi til að reisa álver á Vestfjörðum. Ætli það verði ekki frekar seint sem vandi manna á Vestfjörðum verður leystur með álverum? Og hvað þá? Þá ber að skoða aðra þætti þess máls, ef menn vilja ekki missa Vestfirðina í eyði. Þar nefni ég til að mynda samgönguframkvæmdirnar sem koma öllum til góða út um allt land. En að það skuli akkúrat standa þannig á að hæstv. ríkisstjórn er að skera niður framkvæmdir í samgöngumálum um 1.300 millj. sömu dagana og hér er verið að ræða um þetta mál, er ansi nöturlegt. Jafnvel halda sumir að það sé að sérstakri kröfu Framsfl. að samgrh. er píndur til að skera svona niður í vegamálum. Ljótt er ef satt er.

Ætla menn heim í sín kjördæmi með þetta nesti? Ætlar t.d. vinur minn, hæstv. landbrh. og umhvrh., norður með þetta um jólin í farteski sínu? Að annars vegar hilli undir hverja stórframkvæmdina á fætur annarri hér en á hinn bóginn sé verið að beinskera niður alla helstu framkvæmdaþætti sem gætu komið atvinnuástandi á öðrum svæðum í landinu til góða.

Að lokum endurtek ég, herra forseti, að ég sætti mig ekki við þennan frágang á málinu ef það fer svo ógæfulega að sú tillaga sem hefur verið flutt fyrir hönd Alþb. af hv. þm. Svavari Gestssyni verður felld. Ef það er ekki einu sinni skilningur fyrir því hjá hæstv. ríkisstjórn og liði hennar hér á þinginu að sýna þó lit í því að gera samkomulag um að afgreiða einhverja slíka tillögu í tengslum við málið, vandast

efnið. Ég mun þá óska eftir því að hæstv. forsrh. komi til umræðu um þessi mál við 3. umr. Og reyndar hvet ég hæstv. iðnrh. til þess að velta þessu máli fyrir sér og skoða það áður en kemur til atkvæðagreiðslu að lokinni þessari umræðu. Það mun ekki standa á okkur, ef vilji er fyrir hendi að skoða þessi mál, að kalla tillöguna til baka þannig að ekki þurfi að koma til þess að hún verði felld, ef menn vilja gefa sér eitthvert tóm til að velta þessum málum fyrir sér á milli umræðna.

[18:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði, tel ég, lokið umræðu við hæstv. umhvrh. með andsvörum áðan í því formi að við má una af minn hálfu. Ég ætlaði að koma að nokkrum atriðum sem hæstv. iðnrh. ræddi í máli sínu vegna þess að mér fannst ekki fullnægjandi að nota andsvar í því samhengi þar sem um nokkur efnisleg atriði er að ræða. Ég hef því kvatt mér hljóðs öðru sinni við umræðuna.

Ég ætla ekki að taka upp þann þráð sem hæstv. ráðherra reyndi að kveikja í eða spinna í sambandi við pólitíska stöðu málsins í upphafi ræðu sinnar. Ég veit ekki hvernig menn ráða atkvæði sínu í þessu máli á Alþingi og ætla ekkert um það að fullyrða. Menn hljóta þar að fara eftir sannfæringu sinni í afstöðu til málsins. Ég vil aðeins taka fram að gefnu tilefni, hafði reyndar komið því að held ég í fyrri ræðu minni, að allir þættir þessa máls hljóta að ráða niðurstöðu. Sá málflutningur sem hæstv. iðnrh. hafði uppi um að stórir þættir málsins lægju utan þings og væru ekki til afgreiðslu er mjög sérkennilegur, svo ekki sé meira sagt. Á bak við lá að þá þyrftu menn ekki að hafa miklar áhyggjur af þeim þáttum. Með slíku orðalagi er auðvitað verið að segja að þá þyrftu menn ekki að hafa sérstakar áhyggjur af þeim þáttum eða það þyrfti ekki að ráða afstöðu manna hér á þingi. Þetta er mikill misskilningur og mjög röng uppsetning máls því auðvitað hljóta menn að skapa sér heildstæða mynd af málinu. Hvað mig varðar, móta ég mína afstöðu til málsins heildstætt, þar á meðal með tilliti til þeirra þátta og ekki síður, sem er ekki á færi Alþingis að ákvarða, í tengslum við afgreiðslu þessa frv.

Hæstv. ráðherra fjallaði um orkuiðnað til lengri tíma litið, kannski ekki mjög langs tíma en næstu ára, og frekari skýringar og svör við fyrirspurnum sem hann hefur veitt til þingsins í tilefni fyrirspurna minna. Hæstv. ráðherra kom að nokkrum atriðum sem ég skildi svo að væru sett fram til frekari skýringar af hans hálfu. Ég vil ekki fullyrða að ég hafi alveg fengið botn í þau efni sem hæstv. ráðherra var að ræða en svo mikið var ljóst að hann beindi þeirri spurningu til mín hvort ég væri að gera kröfu um virkjanir til þess að geta uppfyllt samninga um sölu á afgangsorku. Að því spurði ráðherrann, beint eða óbeint. Af minni hálfu er ósköp einfalt að svara því. Menn eru almennt ekki að selja eða virkja til þess að framleiða slíka orku og selja hana með afsláttarkjörum. Það er ekki það sem liggur á bak við slíka orkusölu. Það sem hér er um að ræða, eins og ég kom að í fyrri ræðu minni, er það hver afdrif þeirra samninga verða sem þegar hafa verið gerðir um sölu ótryggðrar orku til ýmissa í samfélaginu, atvinnurekstrar og húshitunar, þar á meðal á Vestfjörðum. Hver verður staða þeirra samninga í ljósi þeirra skuldbindinga um forgangsorkusölu sem hér er verið að gera, aukinna skuldbindinga í tengslum við þetta mál og hugsanlega aðra samninga um stóriðju á næsta áratug? Þessu vil ég að menn velti fyrir sér og fari yfir efnislega í tengslum við málið. Hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður iðnn., lofaði því við umræðuna að á vegum nefndarinnar yrði farið yfir þessi efni. Ég tel mjög gott að yfirlýsing skuli liggja fyrir um það því að það er það sem ég er að biðja um.

Ég túlkaði svör hæstv. ráðherra svo að þarna gæti orðið þröngt í búi, með tilliti til þessara sérsamninga, og svo gæti farið að að þurfi að láta reyna á, hugsanlega til hins ýtrasta, skerðingarkjör samkvæmt samningunum. Það er auðvitað ekki rof á samningi en breytir aðstöðu þeirra sem samninginn hafa gert, miðað við t.d. það ástand sem verið hefur á undanförnum árum. Ekki hefur þurft að skerða neitt vegna nægrar raforku í kerfinu. Þetta tel ég nauðsynlegt að menn líti á. Þá er jafnframt á það að líta að verðið sem Landsvirkjun fær fyrir ótryggða orku í þessum sérsamningum reynist vera, samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra sjálfs, líklega um 11 mill, 73 aurar að meðaltali, sem er ekki langt kannski frá kjörum sem Ísal fær stóran pakka af raforku á. Það fær mikið magn orku á næstu árum með sérstökum afsláttarkjörum. Þannig að þessi viðskipti eru sannarlega umhugsunar virði.

Síðan fjallaði hæstv. ráðherra um athugasemdir mínar og ábendingar varðandi Nesjavallavirkjun, framkvæmdatíma og stöðu samninga. Það kom skýrt fram í því efni að ekki væri fyrirliggjandi samningur milli Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Ég leit svo á að lögin sem vitnað er til í svari hæstv. ráðherra, á þskj. 378, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Iðnrh. er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli".

Ég byggði fyrirspurnir mínar til ráðherrans á því að það er í höndum hans að veita leyfið. Hæstv. ráðherra hlýtur að vera samstillingaraðili í þessu efni en það mátti skilja að hann vísaði þessu, virðulegur forseti, til Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. E.t.v. er málið þá þannig vaxið að hann hafi falið þessum aðilum að reyna að komast að samkomulagi. Þetta var ekki upplýst af ráðherranum og væri gott að hann kæmi aðeins frekar að þessu.

Eitt atriði sem virðist vera í þessu máli sagði ráðherrann ekki orð um. Þarna liggur á milli allt að einn milljarður. Það gætu verið hagsmunir Reykjavíkur að virkja þarna á eigin vegum og minnka raforkukaup Landsvirkjunar sem því svarar. Landsvirkjun yrði þá af möguleikanum að afla þessarar orku með framleiðslukostnaði nálægt 10 mill, ef marka má það sem sagt hefur verið um þetta. Það eru auðvitað ekki nákvæmar upplýsingar. Þá missa menn af því í tengslum við samningana sem þeir eru að tala um. Hér er því mjög stórt mál á ferðinni hvað þetta varðar.

Af upplýsingum, sem fram komu í svari ráðherrans, er líka ljóst að það er skörun, hæstv. ráðherra viðurkenndi það, misræmi á milli þess sem sett var upp. Mér er fullkomlega ljóst að menn setja ekki Nesjavallavirkjun inn með sama hætti ef ekki kemur til nýr stóriðjukaupandi. Þá getur ártalið 2001 verið það sem um er að ræða en menn hafa tengt virkjun á Nesjavöllum með beinum hætti við hugsanlega álbræðslu á vegum Columbia Aluminium, sem kann að vilja kaupa raforkuna eftir eitt ár eða svo. Það er tekið inn í svör hæstv. ráðherra. Það stangast auðvitað á við að í svörum ráðherrans er sagt að tvö og hálft til þrjú ár taki að reisa þessa virkjun, koma henni í gagnið, þá væntanlega eftir að samningar liggja fyrir. Þarna er a.m.k. bil á milli en í svari ráðherrans um orkujöfnuð er meiningin hins vegar að þetta geti gerst á einu ári eða svo. Að þessu leyti er ekki

samræmi í hlutunum. Ég tel þetta ekki þurfa að vera meginmál en það snertir þó spurninguna um stöðu sérsamninga á þessu tímabili ef nýr stóriðjukaupandi kemur. Viðskiptavinir Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða um sérsamninga hafa auðvitað mikla hagsmuni af því að skerðing afgangsorku verði sem minnst. Ég er ekki með neina predikun um að það sé óeðlilegt að samningsaðili, í þessu tilviki raforkufyrirtækin, láti reyna á kjörin. Það er auðvitað hlutur sem menn ganga til samninga um. Engu að síður getur það breytt stöðu og verið mjög óhagstætt fyrir viðkomandi samningsaðila, ef á þetta reynir í verulegum mæli og langt umfram það sem hann hefur haft vonir um í áætlunum sínum.

Síðan kom hæstv. ráðherra að Hafnarfjarðarmálinu og ég ætla aðeins að víkja frekar að því. Hann var að reyna, sem ekki er óeðlilegt, að lægja öldurnar sem risið hafa út af þessu máli, m.a. í Hafnarfirði. Ég tek málið upp sérstaklega með tilliti til þess hve óeðlilegt það er að aðvaranir Ísal og sjónarmið skuli koma fram á þessum tíma, eftir að búið er að undirrita samninga og ganga frá starfsleyfi. Ég tel það í hæsta máta óeðlilegt svo og viðbrögð hæstv. iðnrh. sem tekur undir þetta. Það er ámælisvert að framkvæmdaraðilinn skuli koma með þessi sjónarmið. Síðan kemur nýtt mál inn, sem auðvitað væri eðlilegt að halda til haga í mati á umhverfisástæðum: Hæstv. ráðherra metur það svo að komið geti til þess að þarna verði reist a.m.k. 300 þús. tonna álbræðsla. Það er þetta. Auðvitað er hugsanlegt að stöðva sig af á þessum ferli en það er ekkert einfalt mál, eins og ég hef þegar vikið að. Það er ekkert einfalt mál ef fyrirtæki ber við samkeppniástæðum í framtíðinni, kannski til að halda lífi, að það þurfi að ráðast í enn eina stækkun. Að því leyti er þetta býsna stórt mál. Líka öll málsmeðferðin. Ég tel, virðulegur forseti, í ljósi þessara umræðna að óhjákvæmilegt sé að fara ofan í saumana á málsmeðferð stjórnvalda, þar á meðal af hálfu hæstv. iðnrh. Þá á ég við þá skrifstofu sem iðnrn. er aðili að og kölluð er markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar. Ég tel þessa málafylgju sem nú er uppi ekki við hæfi. Það er viðurkennt af hæstv. ráðherra, ekki aðeins að markaðsskrifstofan láni stórfyrirtækjum sem eru að sækja um starfsleyfi og fjármagn til að standa kostnað af lögbundnum skýrslum heldur einnig að engar skuldbindingar um endurgreiðslur hafa verið gerðar vegna umhverfisathuga uppi í Hvalfirði. Þær eru til komnar vegna óska Columbia Aluminium um að fá hugsanlega að reisa þar álbræðslu. Það voru nefndar 4,7 millj. kr. eða svo sem menn höfðu tekið á sig, bara einn, tveir, þrír, af þessu tilefni. Ég er ekki á móti rannsóknum, sem geta haft almenna þýðingu, en tel ekki að markaðsskrifstofan sé aðili til að standa fyrir slíku. Ég tel alveg fráleitt að hún gerist einhver milligönguaðili í því sem eðlilegt er að haldið sé utan um af umhverfisyfirvöldum og aðilum sem geta talist óháðir skipulagsyfirvöldum. Auðvitað varðar staðsetning orkufrekra stórfyrirtækja skipulagsmál í víðu samhengi og þau eiga að vera aðilar að slíku en ekki einhver söluskrifstofa, eins og markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar. Hún er ekki traustvekjandi aðili til að halda utan um þá hagsmuni, verð ég að segja. Ég mun beita mér fyrir því, virðulegur forseti, að rækilega verði farið ofan í saumana á þessum starfsháttum vegna þess að mér sýnist að þeir gangi á svig, svo ekki sé meira sagt að sinni, við það sem gert er ráð fyrir í lögum um þessi mál. Þá er ég m.a. með í huga lögin um mat á umhverfisaðstæðum frá 1993 og ferlið sem þeim tengist.

Hæstv. ráðherra kom að skattamálunum á ný og það er eðlilegt. Ég þakka fyrir að hann leitast við að svara og kom með fallegar tölur. Þær sem máli skiptu til lengri tíma litið, næstu 20 ára, voru að vísu tekjutengdar. Von væri á 2–2,4 milljarða lágmarksskatti af fyrirtækjunum, á 20 ára tímabili, en síðan von um 15–20 milljarða, tekjutengt eftir afkomu, í framtíðinni. Þannig að óvissan er gífurlega mikil. Þessi þóknun í tveimur þáttum, tækni- og söluþóknun, er einfaldlega nýlenduskattur þessara fjölþjóðafyrirtækja og ekki betra fyrir það að stjórnvöld ætluðu að láta Keilisnessamsteypuna hafa sig í það að veita þeim álíka fríðindi og þarna var verið að gera. Upphaflega var þetta nýlenduákvæði, sem hefði auðvitað stórfelld áhrif á greiðslur fyrirtækisins, tengt því að það væri samningsbundin kvöð Alusuisse að tryggja Ísal bestu kjör á aðföngum og við sölu afurða. Það var rökstuðningurinn í aðalsamningnum á sínum tíma fyrir þessu. Ákvæðið var tekið út 1985, við endursamningu, en samt hélt fyrirtækið þessum fríðindum inni og nú er þetta bara orðið sjálfsagt mál að mati hæstv. iðnrh., þóknunin sem hér er um að ræða. Mér þykir þetta alveg hörmulegt. Eitt er að una, af því að menn komist ekki lengra, en annað að skrifa upp á. Ég hélt að hæstv. iðnrh. færi ekki að taka á sig ábyrgð af Keilisnessamningunum. Ég dreg ekki í efa að þessi prósenta hafi verið álíka eða 4%, eins og hæstv. ráðherra nefndi, en það er ekki betra fyrir það. Margt í þeim samningum var ekki til fyrirmyndar frekar en það sem hér er á ferðinni, sumt af því mun verra satt að segja, t.d. í sambandi við umhverfismál.

Kem ég þá að öðru atriði sem varðar skattgreiðslurnar. Það er spurningin um verðtryggingu. Hver ætli hafi orðið þróunin á raunvirði þess framleiðslugjalds sem samið var um á sínum tíma? Hver ætli hafi orðið þróunin á því? Ég hef upplýsingarnar frá 1985. Hverjar voru þær? Jú, þá kom fram og var ekki vefengt að framleiðslugjaldið, sem hafði verið óbreytt í dollurum talið frá 1975 eða 20 dollarar á þeim tíma á framleitt tonn eða 1,7 millj. dollarar á ári, raunvirði þessa lágmarksgjalds hafði rýrnað á 10 ára tímabili sem svarar að það hafi fallið úr 20 Bandaríkjadölum niður í 11,45 á tonn, miðað við þróun heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum. Þetta voru upplýsingar sem komu frá hæstv. iðnrh. á þeim tíma. Ég veit ekki til þess að þetta lágmarksgjald hafi verið verðtryggt síðan og ég er hræddur um að það hafi aðeins orðið breyting á því vegna alþjóðlegrar verðbólgu. Ég veit ekki til þess að þar inni séu neinar tryggingar. Menn eru með þessa tengingu á skattgreiðslum við tekjustöðu fyrirtækisins. Sá þáttur er tengdur verðþróun á áli og menn geta auðvitað haldið því fram að þar inni séu einhverjar slíkar viðmiðanir sem eigi að halda í við alþjóðlega verðþróun en ekki er það tryggt með nokkrum hætti þannig að þessar skatttekjur og þessi lágmarksskattur sem er það eina sem menn hafa þarna öruggt af fyrirtækinu er ekki verðtryggður að ég best fæ séð. Og menn ættu að hafa það bak við eyrað þegar verið er að reiða fram framreikninga 20 ár fram í tímann.

Ég vildi síðan aðeins koma að spurningunni um önnur stóriðjufyrirtæki, sem hæstv. iðnrh. vék að í máli sínu og ég þakka honum fyrir það, þar á meðal Atlantsálsfyrirtækinu á Keilisnesi. Af því tilefni spyr ég hæstv. ráðherra um stöðu þess máls. Er það svo, hæstv. iðnrh., að íslensk stjórnvöld telji sig nú algerlega óskuldbundin gagnvart Atlantsálsaðilanum að því er varðar samninga og þau mál sem búið var að binda talsvert fast á milli aðila fyrir fáum árum? Er það svo að menn séu þar með hreint borð? Ég held að það væri

gott að fá það upplýst í þessari umræðu því að það mátti jafnvel lesa á milli línanna í því sem hæstv. ráðherra sagði að það væri staðan að allar forsendur hefðu breyst og það þyrfti alveg að skoða þetta mál frá grunni. Það væri gott að frétta af því.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki því sem ég spurði varðandi kísilmálmvinnslu og vikið er að í svari hans til mín sem kom inn í þingið í gær. Ég spurði sérstaklega eftir því hvernig þessar athuganir á kísilmálmvinnslu sem hafa staðið yfir undanfarið tengjast staðsetningu. Ég vænti þess að fá fyrir lok umræðunnar svör við því atriði.

Þá held ég að meiri hlutinn af því sem ég ætlaði að víkja að vegna ræðu hæstv. ráðherra sé kominn og ég ætla ekki að fara frekar að ræða við ráðherrann um þá staðhæfingu hans að hér sé allt í hinu besta lagi varðandi umhverfisþætti málsins, allt samkvæmt lögum og reglum. Við höfum farið yfir þau efni. Hæstv. ráðherra neitar að horfast í augu við þær staðreyndir sem fyrir liggja í þeim málum. Hæstv. ráðherra lætur hæstv. umhvrh. um að verja stöðuna gagnvart samningnum um loftslagsbreytingar og hæstv. umhvrh. leitaðist við að svara því en lenti auðvitað ofan í það díki sem framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er í þeim efnum, svo teygjanleg sem hún er og með þessum furðulegu forsendum að menn ætla að taka útflutning út fyrir sviga og skella skollaeyrum við mengun á koltvísýringi að því er varðar áhrif frá stóriðju sem samkvæmt því sem komið hefur fram í dag og reyndar áður á að vera helsti vaxtarbroddur í atvinnustarfsemi í landinu á komandi árum ef vilji ríkisstjórnarinnar gengur fram og þeir fjárfestar koma sem verið er að leita eftir svo fast.

Ég tel að þessi umræða hafi verið gagnleg. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir að taka þátt í henni með þeim hætti sem þeir hafa gert. Ég vissi að formaður iðnn. hafði þörf fyrir það að komast til síns heima um þessa helgi og ég tók tillit til þess og geri ekki athugasemdir við það þó að hann sé ekki hér við lok umræðunnar, enda höfðum við rætt um efni okkar á milli og hv. þm. brugðist vel við að taka ákveðna þætti til skoðunar milli umræðna. Þetta tel ég allt saman vera vel og í sambandi við viðbrögð hæstv. iðnrh. varðandi tillögur hv. þm. Svavars Gestssonar, um það hefur þegar verið rætt. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. um það efni og allt sem hann sagði varðandi byggðaþátt málsins var síst ofsagt þannig að ég get gert hans orð að mínum að því leyti og læt þessu lokið af minni hálfu.

[19:05]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það voru nokkrar spurningar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beindi til mín við síðari umræðuna. Fyrst um afgangsorkuna. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að við þennan samning þrengist um umframorkuna, það er ekki nokkur vafi og þýðir ekkert að berja hausnum við steininn í þeim efnum. Það eyðist auðvitað sem af er tekið. Hins vegar verður staðið við þá samninga sem í gildi eru. (Gripið fram í.) Auðvitað, þá verður það gert.

Í öðru lagi samningarnir við Reykjavíkurborg. Eins og ég gat um þá hefur ekki verið samið við Reykjavíkurborg um Nesjavelli. Þeir samningar eru hins vegar í gangi og hafa verið nú um nokkra hríð milli Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar um hugsanleg orkukaup og það kemur ekki til kasta iðnrh. í þessum efnum fyrr en ljóst er að samningur liggur fyrir um starfsheimildir.

Í þriðja lagi um markaðsskrifstofuna. Eins og kom fram þá mun Ísal endurgreiða kostnaðinn við umhverfismatið í Straumsvík. Hvað varðar Hvalfjörðinn og Grundartangann, þá eins og ég sagði fyrr, er áætlaður kostnaður í kringum 4,7 millj. kr. Það eru engar skuldbindingar af hálfu markaðsskrifstofunnar að fá það endurgreitt hjá þessu bandaríska fyrirtæki. Komi til þess að það fari af stað með byggingu án þess að það náist samningar við það, þá hefði ég litið svo á og það er litið svo á af stjórn markaðsskrifstofunnar að það sé fjárfesting til framtíðar litið. Komi aðrir fjárfestar þá munu þeir að sjálfsögðu þurfa að greiða kostnað af því umhverfismati sem þá liggur fyrir. Hvort sem það verður nú eða síðar þá mun markaðsskrifstofan fá þetta gjald endurgreitt frá öðrum aðilum. Komi hins vegar til þess að þarna verði aldrei byggð nein stóriðja eða sú atvinnustarfsemi sem þarf á umhverfismati að halda þá má búast við að þetta verði útgjöld fyrir markaðsskrifstofuna. En auðvitað vonast ég til þess að þarna muni í framtíðinni rísa orkufrekur iðnaður vegna þess að ég tel að þetta svæði sé gríðarlega vel í stakk búið til þeirra hluta.

Það er nú ekki svo að markaðsskrifstofan sé að stíga þau skref núna í fyrsta skipti að vera með slíkar rannsóknir og kosta slíkar rannsóknir. Það er nefnilega þannig að í gangi hafa verið í mjög langan tíma rannsóknir á Reyðarfirði, það veit ég að hv. þm. þekkir, á vegum markaðsskrifstofunnar og kostaðar af markaðsskrifstofunni, veðurathuganir í tengslum við byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þetta eru rannsóknir sem hafa algerlega verið kostaðar af markaðsskrifstofunni í þeim tilgangi að afla upplýsinga komi til þess að í slíkar stóriðjuframkvæmdir verði ráðist á þessum stað og þetta er í raun og veru eins og ég sagði með Hvalfjörðinn að nokkru leyti fjárfesting í framtíðinni, vera betur í stakk búnir þegar svona verkefni koma upp að geta svarað þeim aðilum sem þarna sýna áhuga.

Varðandi skattamálin sem var fjórða atriðið sem hv. þm. gekk eftir frekari svörum við. (**HG:** Kísilmálmvinnsla.) Já, það kemur síðar, hv. þm. Varðandi framleiðslugjaldið, eins og samningurinn liggur fyrir í þinginu og allir geta séð, þá er það rétt að framleiðslugjaldið lækkar úr 20 niður í 10 dollara fyrir tonnið. Hins vegar breytist samningurinn þannig árið 2004 að það dregst ekki beint frá tekjuskatti heldur fer inn í rekstrarkostnað fyrirtækisins svo að það kemur út á eitt.

Í fimmta lagi gekk hv. þm. eftir frekari og skýrari svörum um Atlantsálshópinn. Ákveðið var að hætta þeim viðræðum þrátt fyrir að fyrir lægi samningur sem var svo til fullmótaður en óundirritaður vegna þess að þeir aðilar sem stóðu að honum voru ekki tilbúnir til að taka áhættuna, sem þá var til staðar, af því að ganga til samninga, hvorki Íslendingar né fulltrúar þeirra erlendu aðila sem áhuga höfðu fyrir að fjárfesta. Ég lít svo á að við séum að öllu leyti óbundnir af þeim samningi þrátt fyrir að talað hafi verið um að menn mundu dusta rykið af honum og meta stöðuna upp á nýtt sl. haust. Það var ekki gert, en eins og ég sagði áðan voru hugmyndir uppi um að menn dustuðu rykið af samningnum í upphafi nýs árs og mætu stöðuna upp á nýtt.

Það er alveg ljóst að með þessum samningi við Ísal og þeirri orkusölu sem þangað fer hafa allar forsendur gerbreyst.

Kísilmálmvinnsla er það eitt af mörgum verkefnum sem hefur verið til umfjöllunar sem möguleiki í orkufrekum iðnaði. Engar ákvarðanir hafa verið teknar í þeim efnum, hvorki að ráðast í slíka fjárfestingu eða einhverjir ákveðnir fjárfestar

séu þar til staðar og því síður hefur nokkur ákvörðun verið tekin um hvar slík staðsetning skuli vera.

[19:12]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að nota þetta form til þess að koma því á framfæri að því miður átti ég ekki kost á því af persónulegum ástæðum að hlýða á ræðu hæstv. iðnrh. Mér er sagt að hann hafi aðallega notað hana til árása á Alþb. og enn fremur vísað á bug öllum þeim tillögum sem ég hef gert grein fyrir. Ég mun meta stöðuna með hliðsjón af þessum viðbrögðum hæstv. ráðherra í framhaldi af atkvæðagreiðslu um málið á mánudaginn.

[19:12]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mikill misskilningur og talsvert rangar upplýsingar sem hv. 8. þm. Reykv. ber hér um þau viðbrögð sem hann hafi fengið við tillögum sínum. Það kom fram í ræðu minni áðan, hv. þm., að ég taldi að flest þau verk og öll, sem hv. þm. óskaði eftir að skipa nefndir um þegar þessi samningur væri fullfrágenginn af hálfu Alþingis, væru í vinnslu á vegum iðnrn. og viðskrn. í gegnum ýmsar nefndir, stjórnir og ráð sem starfandi eru á vegum iðnrn. og viðskrn. og tók þar til markaðsskrifstofuna, fjárfestingarskrifstofuna, nefnd um erlenda fjárfestingu, ráðgjafarnefnd sem er í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og viðsknrn., um lítil og meðalstór fyrirtæki til að nýta sér þá kosti sem þau hafa gegnum Evrópska efnahagssvæðið og þannig mætti lengi telja. Öll þessi verk sem fram koma og nefndir þær sem hv. þm. leggur til að verði settar á fót eru þegar í vinnslu á vegum ráðuneytisins þannig að ég taldi það vera óþarfa að fara að skipa nefndir um verk sem nú eru í ákveðnum farvegi.

Varðandi árásir á Alþb. þá gætir þar oftúlkunar af hálfu þeirra sem bera þessar upplýsingar í hv. þm. vegna þess að ég var aðeins að reyna að meta hvernig staðan væri, hvernig stuðningur við þetta mál væri og ég taldi að hv. 8. þm. Reykv. styddi málið að mér fannst af hans ágætu ræðu fyrr í dag á sama tíma og ég efaðist um að hv. 4. þm. Austurl. styddi málið eftir að hafa hlustað á hans ræðu í dag.

[19:14]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til þess að ræða þessi mál við 3. umr. sem hér hafa verið nefnd varðandi viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við tillögum mínum. Ég tel að menn þurfi auðvitað að gera sér grein fyrir því að þessar tillögur sem hér er um að ræða eru spurning um ákveðna tilraun til þess að skapa hér víðtæka, pólitíska samstöðu eins og mögulegt er í þessari virðulegu stofnun. Ég tel að viðbrögðin við tillögunum hafi þess vegna pólitíska þýðingu og læt mig þá einu gilda hvort einhverjir aðrir eru að vinna að einhverjum svipuðum verkum eða ekki. Það skiptir máli hvernig máli af þessum toga er lent, hvernig stjórnvöld taka í hlutina.

Varðandi það hvort þessi samningur hefði verið gerður með Alþb. í ríkisstjórn eða ekki, verð ég að segja alveg eins og er að ég tel að það liggi í raun og veru ekkert fyrir um það að svo hefði ekki verið. Í fyrsta lagi tel ég fyrir mitt leyti að það liggi fyrir að Alþb. hefði sem flokkur getað sætt sig við meginatriði þessa orkusamnings, ég tel að málið liggi þannig. Ég tel aftur á móti að jafnljóst að við hefðum farið öðruvísi með umhverfismálin. Við erum mjög ósátt með hvernig á þeim er haldið. Ef hins vegar hefði tekist allt í senn að ná sæmilegri lendingu í orkumálum, skattamálum og að fara vel með umhverfismálin, útiloka ég ekki að okkur hefði tekist að ná þessum samningi, rétt eins og hverjum öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 174, nál. 386, 391 og 395, brtt. 387.

[19:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hafa þegar farið fram allítarlegar umræður um þetta mál við 2. umr. málsins og 3. umr. er vitaskuld eftir þannig að þá er hægt að taka á málum. En hér er auðvitað um að ræða eitt allra stærsta mál þingsins, þ.e. hvernig verður háttað tekju- og eignarskatti núna sem grundvallarforsendu fjárlaga íslenska ríkisins árið 1996. Það sem skiptir þarna langmestu máli er að það er í raun og veru verið að aftengja það að þeir þættir sem lúta að persónuafslættinum verði fengnir með þeim hætti sem verið hefur. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert ágæta grein fyrir því máli af hálfu okkar í þingflokki Alþb. og óháðra. Ég tel því ekki ástæðu til að bæta þar miklu við.

Ef ekki er unnt að halda þessari umræðu áfram að viðstöddum ráðherrum, vil ég áskilja mínum þingflokki allan rétt til þess að taka nokkurn tíma í þetta mál við 3. umr. þótt óvenjulegt sé með hliðsjón af því að það er gert ráð fyrir þingfrestun um eða upp úr miðri næstu viku.

[19:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess vegna orða hv. þm. að það er ljóst að málið fer til nefndar á milli umræðna og boðaðar hafa verið breytingartillögur þannig að það gefst tóm til þess að ræða málið frekar.

[19:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að þetta frv. verður aftur til umræðu í þingsalnum þannig að þingmönnum gefst tækifæri til að ræða þær mikilvægu breytingar sem frv. boðar við 3. umr. En það er einn efnisþáttur sem mig langar sérstaklega til að víkja að núna og hann lýtur að þeim breytingum sem nú er gert ráð fyrir varðandi 15% skattafslátt til lífeyrisþega sem náð hafa 70 ára aldri. Áður hafði verið gert ráð fyrir því að fella þennan skattafslátt niður í tveimur áföngum, 7,5% og síðar 7,5%, en nú kemur í ljós að það á að fella skattafsláttinn niður í einu vetfangi.

Ég hef vakið máls á því áður í ræðustól að þegar fjárlagafrv. birtist á sínum tíma, segir í greinargerð sem birtist með því varðandi þennan skattafslátt að gert sé ráð fyrir að fella þessa undanþágu niður í tveimur áföngum og kemur sá fyrri til framkvæmda um næstu áramót. Og hér vitna ég í þetta þskj., með leyfi forseta:

„Hins vegar verður þeim fjármunum sem sparast við þessa breytingu varið til að hækka grunnfjárhæðir lífeyristrygginga."

Mín spurning til þeirra sem um þessi mál hafa vélað er sú, hvort til standi að gera þetta. Hvort til standi að hækka

grunnfjárhæðir lífeyristrygginga í samræmi við þá breytingu sem nú er boðuð. Það er svolítið nöturleg staðreynd að þegar baráttan gegn tvísköttun lífeyris hófst fyrir fáeinum árum stóðu þar í fararbroddi eldri borgarar, samtök þeirra. Þau vildu leita leiða til að bæta kjör lífeyrisþega og lögðu ríka áherslu á að tvísköttun lífeyris yrði afnumin. Fleiri tóku undir þessa kröfu, þar á meðal stór hluti verkalýðshreyfingarinnar. Alþýðusambandið lagði ríka áherslu á að tvísköttun yrði afnumin en nálgaðist málið frá annarri átt. Í stað þess að létta skattlagningu af lífeyrisþegum, yrði veittur skattafsláttur vinnandi fólki og skatti aflétt af iðgjaldi til lífeyris. Sú lausn varð síðan ofan á og nú hefur hún orðið endanlega alveg ofan á. Það skýrir þær breytingar sem nú eiga sér stað að ríkisstjórnin ákvað að verða við kröfu Alþýðusambandsins og fleiri aðila um að flýta þessum skattbreytingum og láta skattafsláttinn af lífeyrisiðgjöldum koma fyrr til framkvæmda. En eftir standa þá lífeyrisþegarnir sem hófu þessa baráttu án þess að þeir hafi fengið nokkuð fyrir sinn snúð. Þess vegna legg ég ríka áherslu á að fá að vita, áður en endanlega verður frá þessu máli gengið, hvort tillit verði tekið til þeirra loforða sem gefin voru þegar fjárlagafrv. var birt þinginu í haust að grunnfjárhæðir lífeyristrygginga yrðu hækkaðar.

Hér er um mjög stórt og mikilvægt mál að ræða, allar þessar aftengingar sem boðaðar eru með frv., og ljóst að um þær mun fara rækileg umræða við 3. umr. málsins. Að svo stöddu ætla ég því ekki að lengja þessa umræðu, en vildi leggja ríka áherslu á að þeir sem um þessi mál hafa vélað veiti þinginu svör við 3. umr. málsins.

(**Forseti** (ÓE): Forseti ítrekar að það sýnist gefast tími til þess að ræða þetta mál frekar, bæði í nefnd og við 3. umr.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:25.

69. FUNDUR

mánudaginn 18. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213, nál. 369 og 381, brtt. 382. — Frh. 2. umr.

2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 174, nál. 386, 391 og 395, brtt. 387. — Frh. 2. umr.

3. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 207. mál, þskj. 268, brtt. 407. — 3. umr.

4. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 253. mál, þskj. 406. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 205. mál, þskj. 399.

Fjárlög 1996, 1. mál, þskj. 394.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 207. mál, brtt. félmn., þskj. 407.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um tvö fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson og hæstv. dómsmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Bifreiðakaupalán til öryrkja.

[15:04]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var rætt um það í þessum sal hvernig yrðu afgreidd mál sem lúta að bílalánum öryrkja frá Tryggingastofnun ríkisins. Hér er um að ræða 40 ára gamla hefð og öryrkjar hafa getað gengið að tvenns konar tilteknum lánum vegna bifreiðakaupa. Um þessi mál hefur verið ágæt samstaða í þjóðfélaginu. Fyrir nokkrum vikum ákvað meiri hluti tryggingaráðs síðan fyrir sitt leyti að rétt væri að fella þetta niður og þá var það mál tekið upp í þessari stofnun í fyrirspurnatíma, m.a. að mínu frumkvæði. Þá svaraði hæstv. heilbrrh. því til að þessi lán verði ekki felld niður þrátt fyrir samþykkt tryggingaráðs og hún vísaði í því sambandi á heilbr.- og trn. Alþingis sem mundi taka málið fyrir.

Nú er mér kunnugt um að heilbr.- og trn. Alþingis hefur tekið þetta mál fyrir aftur og aftur, síðast í morgun. Það er bersýnilegt að stjórnarflokkarnir eru klofnir í málinu og það er líka bersýnilegt, hæstv. forseti, að það er full samstaða um það í stjórnarandstöðuliðinu, eða þannig hef ég skilið það, að ljúka ekki þingstörfum fyrir jól öðruvísi en að þessu máli verði séður farborði með eðlilegum hætti. Þess vegna skora ég á hæstv. heilbrrh. að standa nú þannig að málum að það verði sett lög sem treysta undirstöðu þessara bílalána vegna þess að ný samþykkt tryggingaráðs er ekki nægileg að mati stjórnarandstöðunnar, trúi ég.

Nú eru þeir hlutir þannig að stjórnarflokkarnir hafa ekki tekið mikið tillit til stjórnarandstöðunnar að undanförnu. Nú vill hins vegar þannig til að þeir neyðast til þess að hlusta á stjórnarandstöðuna a.m.k. þá daga sem eftir eru fram að jólum. Og ég segi við hæstv. ráðherra og hæstv. forseta, á bak við þessi orð mín varðandi bílalán er full alvara.

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar vil ég geta þess að tryggingaráð hefur nýverið haldið fund eða sl. föstudag. Þar var ákveðið að þessi bílalán verði óbreytt, það verði áfram lánað til öryrkja eins og verið hefur að því undanskildu að prósentan hækkar varðandi vextina. Vextir hækka úr 1% í 4%. Að öðru leyti er þetta óbreytt.

Það er hálfrar aldar hefð fyrir þessum lánum. Ef stjórnarandstaðan ætlar að stoppa þing vegna þess að það þarf að breyta lögum vegna þessarar hálfrar aldar hefðar, er ýmislegt að breytast í þinginu.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir að heyra hæstv. heilbrrh. tala um að það komi henni undarlega fyrir sjónir að stjórnarandstaðan ætli að gera röfl út af því að það vanti stoð í lögum fyrir þessum bílakaupalánum. Það var ekki stjórnarandstaðan sem benti á það í þessum sal. Það var hæstv. heilbrrh. sem kom hingað og tjáði þinginu sjálf að það væri ekki hægt að hafa þessi bílakaupalán áfram vegna þess að það skorti lagastoð. Og það var í þeim umræðum sem ég kom upp og spurði hæstv. heilbrrh. hvort hún hygðist leggja fram frv. sem skyti stoðum undir þessi lán. Ég bætti því við að ef hún ætlaði ekki að gera það, þá mundi ég hlutast til um að stjórnarandstaðan gerði það. Hæstv. heilbrrh. kom þá upp og sagði: „Eigum við ekki að gera það saman?“

Fjölmiðlar túlkuðu það svo að hæstv. heilbrrh. hefði boðið hinum léttstíga formanni heilbr.- og trn. upp í dans og ég tók það svo. Það var af þeim sökum sem þetta mál hefur ítrekað verið tekið upp í heilbr.- og trn.

Ég vísa líka til þess, herra forseti, að í síðari umræðum sagði hæstv. heilbrrh.: „Ég hef falið heilbr.- og trn. að vinna þetta mál.“ Ég varð þess auðvitað áskynja að þetta kom ýmsum í meiri hluta nefndarinnar á óvart, en svona er staðan.

Heilbr.- og trn. hefur rætt þetta mál og það er ljóst að það er ekki samstaða innan nefndarinnar. Ég tók þá ákvörðun að bera þetta mál ekki upp innan nefndarinnar vegna þess að ég taldi að það væri verra fyrir málið. Það var alveg ljóst á fundi í morgun að það var ekki samstaða um þetta. Til að draga málið saman, herra forseti, það var ekki stjórnarandstaðan heldur hæstv. heilbrrh. sem kom hingað og sagði að það skorti lagastoð fyrir lánunum.

Að lokum. Í ályktun sem samþykkt var á miðstjórnarfundi Framsfl. fyrir réttu ári um málefni fatlaðra segir að

þeir sem þurfi á bifreið að halda vegna fötlunar sinnar verði aðstoðaðir við að eignast og reka eigin bifreið.

Ég veit að Framsfl. er ekki eins og fíllinn. Hann hefur miklu takmarkaðra langtímaminni. En það er svo skammt um liðið að ég er viss um að forusta Framsfl. hlýtur að muna eftir þessari eigin samþykkt sinni.

[15:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Vandinn í þessu máli er auðvitað sá að það skortir greinilega aðeins traustari aðbúnað málsins. Þess vegna er óhjákvæmilegt, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. eða kannski einmitt vegna yfirlýsinga hennar, að flytja frv. og gera það að lögum í þessari stofnun. Ég geri ekki ráð fyrir að mönnum sé neitt að vanbúnaði með það að afgreiða frv. til þess að skjóta lagastoðum undir afstöðu heilbr.- og trmrh. í þessu efni. Ég tel að hún ætti fremur að þakka fyrir það heldur en amast við því að stjórnarandstaðan komi til liðs við hana í þessum krappa dansi sem hún stígur núna við íhaldið í ríkisstjórninni.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er verið að endurskoða almannatryggingalöggjöfina og ég trúi ekki öðru en að stjórnarandstaðan geti beðið með okkur og við getum haldið áfram þessari lánafyrirgreiðslu eins og verið hefur án þess að stöðva þingstörfin. Ég hef áhuga á að breyta þessum lögum, það er rétt sem hv. formaður heilbr.- og trn. sagði. Ég hafði áhuga á því að heilbr.- og trn. kæmi sér saman um það. Það hefur ekki orðið samkomulag um það og ég spyr þingheim: Á að stöðva þessa lánafyrirgreiðslu vegna þess, þrátt fyrir hálfrar aldar hefð? Eru menn ekki komnir ansi langt í smámunasemi?

[15:12]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Í mínum huga er málið mjög einfalt. Það er hæstv. heilbrrh. sjálf sem skýrði Alþingi frá því að það væri ekki hægt að halda þessum greiðslum áfram nema lög yrðu sett sem gætu orðið grundvöllur áframhaldandi greiðslna. Hæstv. heilbrrh. sagði þetta á Alþingi og hæstv. heilbrrh. tók undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það þyrfti þá að vinna í samráði heilbr.- og trn. og ráðuneytisins til að bæta það sem þarna væri áfátt.

Nú virðist vera að þess þurfi ekki lengur. Ég legg til, virðulegi forseti, að hæstv. heilbrrh. leysi þetta með einföldum hætti. Sem sé þeim að hún leiti til ríkislögmanns og fái álit hans sem allra fyrst þannig að það liggi fyrir hvort ríkislögmaður sé þeirrar skoðunar að það sé hægt að halda þessum greiðslum áfram án lagastoðar. Þetta er tiltölulega einfalt mál og ríkislögmaður gæti leyst það í fljótheitum. Ef það kemur í ljós að áliti ríkislögmanns að það sé hægt að halda þessum greiðslum áfram eins og ekkert hafi í skorist, þarf ekki lagabreytingu. Komi það hins vegar í ljós að ríkislögmaður sé sammála hæstv. ráðherra miðað við þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf Alþingi fyrir skemmstu, hafa verið tekin af öll tvímæli um að það þarf lagastoð fyrir greiðslunum. Ég er sannfærður um að hæstv. heilbrrh. og þá ekki síður hæstv. fjmrh. vilja hafa slík atriði í lagi áður en haldið er áfram greiðslum með þeim hætti sem hefð er þó komin á um.

[15:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar að benda á að eftir að heilbr.- og trn. hefur rætt þessi mál nokkuð oft. Þar hefur komið í ljós að það er meiri hluti fyrir því að lagastoð verði sett fyrir bílakaupalánunum í nefndinni ef fulltrúar Framsfl., samflokksmenn ráðherrans, eru á sama máli um þörfina fyrir lagastoðina.

Varðandi endurskoðun almannatryggingalaganna, get ég sannfært menn um það að við erum tilbúin til að bíða með ýmislegt fleira sem nú er á döfinni eftir endurskoðun almanntryggingalaganna, fleira en lagastoðina fyrir bílakaupalánunum.

[15:15]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar ábendingar frá Sighvati Björgvinssyni, fyrrv. heilbr.- og trmrh. En ég vil minna hann á að það var Ríkisendurskoðun sem benti á í hans tíð að það vantaði þessa lagastoð. Síðan eru liðin þrjú ár. Og nú allt í einu er ekki hægt að halda áfram þessari hefð í einhverja mánuði vegna þess að nú skortir lagastoð. Ég benti á að hana skorti. En við höfum langa hefð. Við höfum ekki náð samkomulagi varðandi lagastoðina og því eru menn að gera veður út af þessu á þessu augnabliki. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tók þetta aldrei upp í ríkisstjórninni, aldrei. Nú kemur hann með leiðbeiningar sem eru að sjálfsögðu ágætlega þegnar. En ég segi enn og aftur, ætla menn að tefja þingið út af þessu?

[15:17]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert nýtt að það þurfi að segja sama hlutinn tvisvar við hæstv. ráðherra. Það var með öðrum orðum þessi hæstv. ráðherra sjálfur sem upplýsti Alþing um það að hún teldi ekki vera lagalega stoð fyrir þessum greiðslum. Ég hef ekki haft þá skoðun. Ég hef ekki flutt Alþingi slíkan boðskap. Það var hæstv. heilbrrh. sem gerði það. Vandi málsins stafar af því að þetta er ekki bara einhver samkoma í gagnfræðaskóla sem við sitjum. Þetta er löggjafarþing Íslendinga og hæstv. heilbrrh. er þrátt fyrir allt ráðherra. Ef hæstv. ráðherra lýsir því sem skoðun sinni gagnvart Alþingi að ákveðin gerð standist ekki lög, þá hlýtur Alþingi að taka mark á því. Og þá hlýtur heilbrrh. að hafa eitthvað fyrir sér í því sem hann segir.

Vitaskuld geta fleiri átt aðild að því að óska eftir áliti ríkislögmanns en hæstv. heilbrrh. sem auðsjáanlega vill ekki gera það sjálfur. Mín ráð til heilbr.- og trn. væru því sú að nefndin kallaði ríkislögmann á sinn fund og leitaði eftir því við hann að hann gæfi álit sitt á því hvort lagastoð þyrfti fyrir því að halda þessum greiðslum áfram eftir yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. hér í þinginu. Það er hins vegar með öllu rangt að stjórnarandstaðan ætli að stöðva þingstörf út af þessu máli. Það sem stjórnarandstaðan er að segja og hefur komið fram hjá hv. þm. sem talaði hér síðast er að það er meiri hluti í heilbr.- og trn. fyrir að gera þá breytingu sem gera þarf til þess að taka af öll tvímæli um þetta. Og hæstv. ráðherra er spurður hvort hann vilji veita því atbeina að sá gerningur geti gengið hér fram. Þá verður engin töf á málinu af hálfu stjórnarandstöðufulltrúanna því þeir eru reiðubúnir til að ganga til liðs við hæstv. ráðherra eins og hæstv. ráðherra bauð fyrir nokkrum dögum.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að sá góði lögspekingur, umboðsmaður Alþingis, hefur vakið athygli á því að það kunni að vera svo í einstökum efnum að ívilnandi aðgerð

af hálfu ríkisvaldsins í garð hópa eða einstakinga kunni að hafa verið byggð á sínum tíma á lökum lagagrundvelli. Þá hefur umboðsmaður sagt: Breyting af þeim ástæðum verður ekki gerð á ívilnandi aðgerð nema með lögum. Ég tel því að hér sé ekkert vafamál á ferð. Sú ákvörðun sem tryggingaráð hefur tekið að halda þessari hefð áfram stenst fyllilega alla lögfræðilega skoðun. Hins vegar kann að vera rétt að rétt sé að athuga þann lagagrundvöll á nýjan leik í framtíðinni þegar lög eru skoðuð nánar. En ég tel að hæstv. heilbrrh. sé algerlega á réttu róli í þessu máli með því að afgreiða það með þessum hætti. Við getum öll verið sátt við það. Afgreiðslan fer fram. Þeir hópar sem hv. þingmenn bera fyrir brjósti fá sitt og lögfræðilegi grundvöllurinn verður tryggður frekar þegar fram í sækir. Menn eru að framkvæma hluti sem fjölmargir hv. þingmenn sem heilbrigðisráðherrar hafa framkvæmt í góðri trú og það mun hæstv. heilbrrh. einnig gera.

[15:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst það koma dálítið einkennilega fyrir að hér er verið að hefja þingstörf í dag og einn hv. þm., 8. þm. Reykv., fer fram á einföld svör, útskýringar af hálfu hæstv. ráðherra. Og þá heitir það hér að við séum að tefja þingstörf eða það sé ætlun okkar að tefja þingstörf. Það er sjálfsagt að flytja þetta frv. Við getum gert það, lagt það fram hér, flutt það og afgreitt það fyrir jól. Mér heyrist á hæstv. forsrh. að það sé vilji til þess a.m.k. hjá hluta stjórnarliða að afgreiða málið. Þá getum við gert það, lagt fram frv. og afgreitt það. Það er síst af öllu ætlunin að tefja þingstörf þótt einstakir hæstv. ráðherrar séu beðnir um útskýringar á málum sem eru til umræðu og allir vita að verið er að ræða.

[15:22]

Útbýting þingskjals:

Afnám laga nr. 96/1936, 206. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 408.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, frh. 2. umr.

Stjfrv., 171. mál. — Þskj. 213, nál. 369 og 381, brtt. 382.

[15:23]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Á þskj. 382 er brtt. við frv. sem er flutt af minni hluta iðnn., hv. þm. Svavari Gestssyni. Tillaga þessi er í þremur liðum og gæti hver liður tillögunnar í raun verið sjálfstæð samþykkt Alþingis. Því geri ég eftirfarandi athugasemdir varðandi a-lið tillögunnar: Starfsleyfi hefur verið gefið út fyrir Ísal af þar til bærum yfirvöldum, af umhvrh. samkvæmt lögum og reglugerðum. Samningurinn við Alusuisse-Lonza var undirritaður af hálfu íslenskra stjórnvalda, m.a. með tilliti til þessa starfsleyfis. Væru gerðar breytingar fyrr en samningurinn sem undirritaður hefur verið gerir ráð fyrir eins og þessi tillaga felur í sér, væru það samningsrof.

Varðandi b-lið tillögunnar er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi sjö manna atvinnumálanefnd sem geri tillögur um alhliða eflingu atvinnulífsins. Svo er að nú eru í gangi á vegum ríkisstjórnarinnar verkefni á mörgum sviðum sem gera ráð fyrir því að atvinnulífið verði eflt. Þar vil ég minna á, eins og ég gerði við 2. umr. málsins, verkefni um lítil og meðalstór fyrirtæki, fjárfestingarskrifstofu iðnrn. og viðskrh. og markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Þær verða notaðar í þeim tilgangi að efla atvinnulíf, ekki síst á landsbyggðinni. Þar eru nokkur verkefni núna í undirbúningi. Í þriðja lagi er í vændum sérstakt samstarfsverkefni Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Iðntæknistofnunar og iðnrn. sem gengur undir vinnuheitinu Átak til atvinnusköpunar og mun því verða komið af stað upp úr áramótum. Allt miðar þetta að því að reyna að efla atvinnulífið og leggja sérstaka áherslu á þau svæði sem núna standa höllum fæti og varla fyrirsjáanlegt að þær stóru framkvæmdir sem um er talað í tillögunni lendi einmitt þar. Að þessu leyti til tel ég að þessi tillaga sé óþörf.

Í c-lið tillögunnar er gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi sérstaka sjö manna nefnd til stefnumörkunar í orkufrekum iðnaði og stóriðju á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Skýrsla um þetta efni, sem allir stjórnmálaflokkar komu að, kom út í upphafi þessa árs. Þar er nákvæmlega tekist á við þessi verkefni og bendi ég hv. þm. á hana. Í öðru lagi er verið að skipa sérstaka nefnd þar sem óskað er eftir tillögum frá öllum stjórnmálaflokkum og öllum hagsmunaaðilum varðandi endurskipulagningu á orkukerfi landsmanna.

Í þriðja lagi hefur verið á vegum iðnrn. og markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar sérstök nefnd til að stilla upp þeim virkjunarkostum sem hugsanlega væru fram undan miðað við tiltekna iðjukosti. Þessi nefnd mun á næstu dögum skila áliti og þess vegna segi ég: Það er verið að vinna að öllum þeim þáttum sem þarna er um getið og því legg ég til að þessari tillögu verði hafnað í atkvæðagreiðslu.

[15:26]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þessi ræða hæstv. iðnrh. hafi verið mjög á mörkunum. Ég veit ekki betur en umræðunni hafi lokið á laugardaginn og síðan fer hæstv. ráðherra upp í stólinn sérstakra erinda til að leggja sínu liði, ef hann á eitthvert lið í salnum, línurnar um það að fella tillögu mína. Ég kann satt að segja ekki við þessi vinnubrögð og kannast ekki við að þau hafi verið tíðkuð í þessari stofnun. Eða er verið að breyta þingsköpum með þessu brautryðjendastarfi hæstv. iðnrh.? Ég mótmæli þessum vinnubrögðum ráðherrans og ég ráðlegg þingheimi að hafa orð hans að engu. Málið liggur þannig, sérstaklega úr því að hann níðist á þingsköpunum með þeim hætti sem hann gerði áðan.

Ég skora þess vegna á þingheim að samþykkja mína tillögu vegna áskorana hæstv. iðnrh.

[15:27]

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Lengi má manninn reyna. Það sem kom mér á óvart í röksemdafærslu hæstv. iðnrh. var afstaða hans til b-liðar tillögu minni hluta iðnn. um að þegar í stað skuli skipa nefnd til að gera tillögu um eflingu alhliða atvinnulífs o.s.frv. vegna þess að miðvikudaginn 3. október 1990 kemur fram í viðtali við Þjóðviljann sama tillaga frá sitjandi ráðherra í þáv. ríkisstjórn, hæstv. ráðherra Guðmundi Bjarnasyni. Hann sagði svo um álversframkvæmdir á Reykjanesi sem þá stóðu fyrir dyrum, með leyfi forseta:

„Guðmundur sagðist hafa gert grein fyrir því á ríkisstjórnarfundi á mánudag að ef niðurstaðan í álmálinu yrði

sú sem iðnrh. hefði kynnt, yrðu að fylgja henni tillögur og ákvarðanir um það hvernig skuli brugðist við þeirri röskun sem af ákvörðuninni hlytist. Í þeim efnum væri um ýmsa kosti að velja. Það mætti t.d. skoða hvernig skipuleggja megi hina opinberu þjónustu, bæði hvað varðar mennta- og heilbrigðismál. Guðmundur sagði e.t.v. nauðsynlegt að stöðva eða fresta opinberum framkvæmdum á svæðinu í kringum álverið, en það sem mestu máli skipti væri að finna ný grundvallaratvinnutækifæri úti á landsbyggðinni."

Ég sé ekki betur en þarna hafi minni hluti iðnn. hlaupið undir bagga með hæstv. ráðherra Guðmundi Bjarnasyni og lagt til það sem hann sagðist ætla að leggja til í ríkisstjórninni 1990. Það hefur víst farist fyrir, enda gleyma menn ýmsu á svona löngum tíma. Ég átti því von á því að a.m.k. sá hæstv. ráðherra yrði mjög ánægður með þennan tillöguflutning, svo ég nefni nú ekki iðnrh. sjálfan, því þetta er tillöguflutningur framsóknarmanna frá því fyrir aðeins fimm árum. En þeir hafa nú gleymt ýmsu, blessaðir framsóknarmennirnir á þeim tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

1. gr. samþ. með 52:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, ÓE.

nei: HG.

9 þm. (GGuðbj, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

1 þm. (PBald) fjarstaddur.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sá samningur um stækkun álbræðslu í Straumsvík sem leitað er staðfestingar á er slæmur samningur. Raforkusamningurinn felur í sér útsölu á orku a.m.k. til ársins 2004 og setur jafnframt í hættu sérsamninga við fjölmörg innlend fyrirtæki um sölu ótryggðrar orku en þessi fyrirtæki gefa þó í aðra hönd svipað verð og forgangsorka til álbræðslunar næstu átta árin. Að gerðum raforkusamningi vegna stækkunarinnar verða yfir 60% af raforkusölu Landsvirkjunar með beinum hætti tengd sveiflum sem fylgja heimsmarkaðsverði á áli. Skattar á Ísal eru lækkaðir stórlega með því að lágmarksframleiðslugjald er lækkað um helming, úr 20 Bandaríkjadölum á framleitt tonn í 10 dali. Viðurkennt er að ekki muni koma til greiðslu tekjuskatts á afskriftatíma fjárfestingarinnar, a.m.k. næstu átta ár. Jafnframt heldur gildi sínu það fráleita ákvæði aðalsamnings Ísal að fyrirtækið fær að draga frá fyrir skattgreiðslu á 3,7% tækni- og söluþóknun til eiganda síns, Alusuisse.

Við umhverfismál álbræðslunnar hef ég gert rökstuddar athugasemdir í 16 liðum, sem minni hluti umhvn., og vísa til þess. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir því að reisa hvert stóriðjufyrirtækið á fætur öðru á Faxaflóasvæðinu. Það er þjóðfélagslega stórhættuleg stefna. Ég ítreka, herra forseti, þetta er slæmur samningur á heildina litið. Því segi ég nei.

[15:33]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að þessi samningur sem nú er lagt til að lögfesta hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Stærsti kosturinn er að stækkun álversins í Straumsvík og meðfylgjandi framkvæmdir munu verka sem vítamínssprauta á íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Í öðru lagi hef ég komist að þeirri niðurstöðu eftir athugun og umfjöllun milli umræðna að þótt raforkuverðið mætti sannarlega vera hærra þá er það viðunandi og að samningur þar að lútandi muni breyta afkomu Landsvirkjunar verulega frá því sem ella hefði orðið.

Í þriðja lagi tel ég til bóta að skattalegt umhverfi álversins í Straumsvík verði nú fært í átt til þess sem gildir um íslensk fyrirtæki og er það vel þótt eðlilegra hefði verið að fyrirtækið félli einfaldlega undir íslenskt skattalög. Þetta voru hinar jákvæðu hliðar málsins.

Hins vegar höfum við kvennalistakonur margt við umhverfisþátt málsins að athuga, svo sem ég lýsti við 2. umr. málsins sl. laugardag. Í þeim efnum tel ég að íslensk stjórnvöld hafi veitt afslátt af ýtrustu skilyrðum um mengunarvarnir í ákafa sínum við að koma stækkun álversins í gegn. Af þeim sökum getum við kvennalistakonur ekki greitt þessu frv. atkvæði okkar og munum sitja hjá við það en styðja brtt. minni hlutans.

[15:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Meginatriði álmálsins sem hér er lagt fyrir eru orkusölusamningur og samningur um skattamál. Ég er sátt við þessa þætti málsins. Jafnframt eru umhverfismálin hluti málsins þó að þau séu ekki lögð formlega fyrir Alþingi. Enn fremur er ljóst að stækkun álversins getur með öðrum framkvæmdum á sama svæði haft áhrif á efnahags- og atvinnulíf í landinu þannig að enn meira halli á landsbyggðina en verið hefur. Fari svo að fleiri stóriðjuver verði reist er einnig æskilegt í tengslum við stækkun álversins að undirbúin verði stefnumörkun í orkumálum til lengri tíma.

Fulltrúi Alþb. í iðnn. hefur við 2. umr. málsins flutt þrjár brtt. við frv. sem er á dagskrá, brtt. sem snerta hið almenna og efnislega umhverfi málsins. Afstaða Alþingis til þeirra tillagna liggur ekki fyrir fyrr en að lokinni þessari atkvæðagreiðslu. Þess vegna mun ég ekki gera grein fyrir endanlegri afstöðu minni til málsins og greiði ekki atkvæði.

[15:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Sá samningur sem hér liggur fyrir er á margan hátt mjög góður. Ég hef lýst því yfir áður og ítreka það nú að ég tel að það orkuverð sem fékkst með þessum samningi sé betra en hægt var að ætlast til miðað við þær aðstæður sem Íslendingar hafa búið við í orkumálum.

Í öðru lagi tel ég að sá skattasamningur sem fékkst með þessum samningi sé veruleg framför frá þeim málum, eins og þeim hefur verið háttað til þessa.

Í þriðja lagi tel ég að þótt umhverfisþátturinn hefði á margan hátt mátt vera betri þá sé hann fyllilega viðunandi. Ég tel því að frv. sem hér er verið að afgreiða sé mjög jákvætt framlag til efnahagsþróunar á Íslandi, samningurinn muni styrkja mjög fjárhagsstöðu Landsvirkjunar, hann muni draga úr erlendum skuldum þjóðarbúsins og auðvelda Íslendingum að ráða fram úr efnahagslegum örðugleikum sem hér hafa verið um langt skeið. Þess vegna tel ég sjálfsagt og

eðlilegt að styðja þennan samning með frv. og segi því já.

[15:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt hefur þetta mál átt sér nokkurn aðdraganda. Við alþýðuflokksmenn höfum tengst því með því frumkvæði sem við höfðum um lausnina sem nú er orðin. Hæstv. núv. iðnrh. hefur lokið málinu mjög farsællega. Við styðjum samninginn sem gerður hefur verið. Vonandi verður hann upphafið að því að frekari erlendar fjárfestingar geti orðið í íslensku atvinnulífi til þess að fjölga atvinnutækifærum og bæta lífskjörin.

Ég vil ekki heldur láta hjá líða að minnast á að breytingarnar sem síðasta ríkisstjórn gerði m.a. á skattaumhverfi fyrirtækja til frjálsræðis í gjaldeyrisviðskiptum og ekki síst til markaðsöflunar með aðild að EES hafa án efa átt sinn hlut að því að svo farsællega hefur nú tiltekist. Ég segi já.

[15:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá þeim hv. þm. sem nú hafa talað, eru bæði góðar og slæmar hliðar á samningi þessum. Það er ljóst að hann hefur í för með sér fjölgun atvinnutækifæra á suðvesturhorni landsins, til skemmri og lengri tíma. Á þessu svæði býr stór hluti atvinnulausra á landinu og ástandið í atvinnumálum er þar hvað alvarlegast.

Þótt ekki sé um að ræða framkvæmd sem skiptir sköpum í atvinnu landsmanna þá skiptir hún verulegu máli. Þá liggur það ljóst fyrir að samningurinn hefur jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf og afkomu Landsvirkjunar. Ég tel þessi rök vega mjög þungt í málinu og mun fyrst og fremst með tilliti til þessara þátta styðja málið. Ég segi því já.

2.–4. gr. samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: HG.

7 þm. (GGuðbj, KHG, KH, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, HBl, ÍGP, KÁ, MF, PBald) fjarstaddir.

Brtt. 382.a felld með 43:11 atkv. og sögðu

já: BH, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, HBl, ÍGP, KÁ, PBald) fjarstaddir.

Brtt. 382.b felld með 38:16 atkv. og sögðu

já: BH, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, SighB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, ÍGP, KÁ, PBald) fjarstaddir.

Brtt. 382.c felld með 37:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (GE, JBH, LB, RG, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, HjÁ, ÍGP, PBald) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: HG.

2 þm. (RA, SJS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, EKG, ÍGP, PBald) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 174, nál. 386, 391 og 395, brtt. 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, GE, ÍGP, PBald, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., a-liður, samþ. með 38:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

4 þm. (ÁJ, ÍGP, PBald, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., b–e-liðir, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, ÍGP, PBald) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér koma til atkvæða allmargar af tölum við 30. gr. laganna og sama mátti segja um breytingar á talnagildum í 2. gr. og í öðrum þeim greinum sem fela í sér einfaldar verðuppfærslur eða breytingar á talnagildum almennra fjárhæða í frv. Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslur um þessi talnagildi þó að þar sé í mörgum tilvikum um upphækkun að ræða, með vísan til þess samhengis sem þetta stendur í, í frv. hæstv. ríkisstjórnar. Síðan er lagt til að brott falli almenn verðlagsuppfærsluákvæði laga um tekju- og eignarskatt, í 121. gr., og það er hluti af stefnu hæstv. ríkisstjórnar, sem svo er kölluð, að afnema hvers kyns sjálfvirkni eða tengingar.

Við erum andvíg þeirri breytingu og munum greiða atkvæði gegn því að hún verði gerð og sú grein falli út úr tekjuskattslögunum, en sitjum þar af leiðandi hjá við atkvæðagreiðslu um einstakar upphæðir talnagilda.

Brtt. 387,1 (tvær nýjar greinar, verða 4. og 5. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, ÍGP, PBald) fjarstaddir.

4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, ÍGP, PBald) fjarstaddir.

Brtt. 387,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, ÍGP, PBald) fjarstaddir.

5. gr., a–d liðir, (verður 7. gr., a–d-liðir) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÍGP, PBald) fjarstaddir.

5. gr., e-liður, (verður 7. gr., e-liður) samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (ÍGP, JóhS, PBald) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í tilefni þessarar atkvæðagreiðslu minni ég á að þingmenn Alþfl. fluttu brtt. við 2. umr. fjárlaga sem gerði ráð fyrir hækkuðu fjárframlagi vegna barnabótaauka, hærra framlagi en hér er áætlað. Tilgangurinn var að sjálfsögðu sá að draga úr jaðarskattaáhrifum barnafjölskyldna. Því miður var þeirri tillögu hafnað af stjórnarmeirihlutanum. Þessi tillaga felur samt sem áður í sér breytingu til bóta og þess vegna styðjum við hana. Ég segi já.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. höfum ítrekað á undanförnum árum gagnrýnt of mikil jaðaráhrif í skattkerfinu og þar á meðal lagt til þak á jaðarskatt. Hér er gengið eitt örstutt skref í þá átt að draga úr óhóflegri tekjutengdri skerðingu barnabótaauka, þó að okkar mati sé allt of skammt gengið. En við styðjum þessa breytingu sem spor í rétta átt í trausti þess að það ekki látið staðar numið hér heldur haldið áfram og farið í gagngera endurskoðun á tekjutengingu í skattkerfinu almennt.

5. gr., f–k-liðir, (verður 7. gr., f–k-liðir) svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

1 þm. (PBald) fjarstaddur.

6. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 62 shlj. atkv.

7.–8. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÍGP, ÓÖH, PBald) fjarstaddir.

Brtt. 387,3 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
2 þm. (DO, PBald) fjarstaddir.

9.–12. gr. (verða 12.–15. gr.) samþ. með 61 shlj. atkv.

13. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 39:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (DO, EOK, PBald) fjarstaddir.

14. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DO, ÍGP, PBald, RA) fjarstaddir.

15. gr., a-liður, (verður 18. gr., a-liður) samþ. með 39:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (DO, JóhS, PBald) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er lagt til að 1. og 2. mgr. 121. gr. tekjuskattslaganna falli brott. Þar segir, með leyfi forseta, að fjárhæðir sem um ræði í tilteknum greinum, 68. og 69. gr., skuli 1. júlí á hverju ári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu frá fyrra ári og til þess árs sem yfir stendur. Með öðrum orðum: Hér eru á ferðinni hin almennu verðuppfærsluákvæði tekjuskattslaganna. Það er enginn vafi á því að með því að fella þetta úr lögum og frysta upphæðir, til að mynda persónufrádráttar í krónutölu, þannig að þær taki ekki verðlagsbreytingum á miðju ári eins og verið hefur er verið að skerða kjör manna, þ.e. þyngja skattbyrðina, enda mun það þegar á næsta ári hafa umtalsverð áhrif til lækkunar á persónufrádrætti og skattfrelsismörkum frá því sem ella hefði orðið. Við erum algjörlega andvíg þessari viðbótarkjaraskerðingu á landsmenn sem ríkisstjórnin ætlar að innleiða með þessum tæknibrellum og segjum því nei.

[15:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi greinarhluti sem hér kemur til atkvæða er langsamlega alvarlegustu tíðindi þessa frv. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að áskilja þingflokki mínum rétt til þess, þrátt fyrir tímanauð síðustu dagana fyrir jól, að taka þó nokkurn tíma í umræðu um þetta frv. vegna þess að 2. umr. lauk án þess að þessi þáttur málsins væri fullræddur.

15. gr., b-liður,liður (verður 18. gr., b-liður) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DO, HÁs, KPál, PBald) fjarstaddir.

16. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 37:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
4 þm. (DO, KPál, PBald, StG) fjarstaddir.

Brtt. 387,4.a (ný grein, verður 20 gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 387,4.b (ný grein, verður 21. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DO, KPál, PBald, StG) fjarstaddir.

Brtt. 387,5 samþ. með 59 shlj. atkv.

17. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, PBald, StG) fjarstaddir.

Brtt. 387,6 (ákv. til brb. V falli brott) samþ. með 39:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DO, PBald) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Verði þessi tillaga meiri hluta efh.- og viðskn. samþykkt þá er verið að breyta tillögunni sem kom fram í upphaflegu frv. um að sérstakur 15% afsláttur til lífeyrisþega vegna tvígreidds skatts lífeyris falli niður í þrepum. Hér er gert ráð fyrir því að hann falli niður í einu lagi.

Í þessu felst veruleg kjaraskerðing lífeyrisþega og ekki nóg með það heldur er í frv. sem við höfum til meðferðar á hinu háa Alþingi um þrefalda árás á kjör ellilífeyrisþega að ræða. Í fyrsta lagi er verið að afnema tengingu við launavísitölu og breytingar á launum. Í öðru lagi fara fjármagnstekjur að skerða lífeyrisbætur ellilífeyrisþega, sem eini hópurinn í samfélaginu sem sætir því, og í þriðja lagi er verið að fella niður þennan afslátt. Ég hef getað tekið undir að þrepa hann niður en þetta er of langt gengið. Ég segi nei.

[16:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þessi ríkisstjórn vegur að öldruðum úr mörgum áttum. Hér er verið að afnema að fullu þann skattafslátt sem Alþingi samþykkti fyrir ári síðan að veita ellilífeyrisþegum, sem var í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þá um að jafna kjörin í landinu og þá áherslu sjálfstæðismanna að afnema tvísköttun á lífeyri aldraða. Þessi skattafsláttur gæti numið, ef hann hefði fengið að haldast, um 22–82 þús. kr. á ári, miðað við meðallífeyri hjá ellilífeyrisþegum í SAL-sjóðunum og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þetta er ein af mörgum atlögum ríkisstjórnarinnar nú að öldruðum og sennilega ein sú versta. Ég segi nei.

[16:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er enn vegið að öldruðum. Verið er að afnema að fullu það ákvæði í lögunum sem sett var til að koma í veg fyrir tvísköttun lífeyrisþega. Ég vil benda á að það er annar hópur aldraðra sem nýtur góðs af skattafrádrætti lífeyrisiðgjalda en af þessum 15% skattafslætti.

Ég mótmæli þessari aðför að öldruðum og ég vil benda á að það er ekki bara þreföld aðför að öldruðum, sem er í gangi hjá ríkisstjórninni, heldur var upplýst á fundi heilbr.- og trn. í morgun að ráðherra hefur fleira í pokahorninu. Nú á að fara að skerða, með hærri prósentu, grunnlífeyri lífeyrisþega. Það á eftir að koma inn í umræðuna. Þannig að það er víða leitað fanga.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er hæstv. ríkisstjórn að fella úr gildi tæplega ársgamalt ákvæði um skattafslátt ellilífeyrisþega vegna iðgjalda eða tekna úr lífeyrissjóðum. Þetta var jólagjöf eða kosningagjöf fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar til aldraðra í aðdraganda kosninga 1994–1995. En nú er hins vegar ekki tilefni til að standa við slík gæði í garð þessa hóps heldur eru þau felld niður. Í stað þess að þrepast niður í áföngum og lækka um helming, eins og til stóð, þá er tillaga flutt um að fella þetta niður með öllu, strax um áramót. Var þó rökstuðningurinn á sínum tíma sá að þetta væri liður í afnámi tvísköttunar lífeyristekna. Þar af leiðandi er ekki rökrétt að þessi frádráttur skuli allur falla niður nú um áramótin þar sem skattfrelsi eingreiðslna kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en um mitt þetta ár. Hér er hæstv. ríkisstjórn að svíkja þær forsendur sem gefnar voru um að það skuli haldast í hendur að afsláttur inn á ellilífeyristekjunum verði þó ekki felldur niður fyrr en skattfrelsi eingreiðslna er komið til framkvæmda að fullu.

Hér er enn ein árásin á aldraða á ferðinni og óréttmætt hvernig að þessu er staðið. Ég mótmæli því. Við leggjum til að þetta verði fellt.

[16:07]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að rifja upp að krafan um afnám tvísköttunar á lífeyrisgreiðslum er nánast ævaforn í íslenskri þjóðfélagsumræðu. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var tekið á þessu máli með þeim hætti sem nú er verið að afnema, þ.e. það átti að veita lífeyrisþegum skattfrádrátt sem átti að samsvara hlut tvísköttunar í þeim greiðslum.

Í tengslum við kjarasamninga var það síðan svo að verkalýðshreyfingin á Íslandi setti fram kröfur um að reyna að leysa þetta vandamál með öðrum hætti og á það var fallist. Það sem núv. ríkisstjórn er að gera með því að afnema þetta og þurrka út í einu vetfangi er hins vegar að hún að kippir til baka ákvörðun fyrri ríkisstjórnar. Hún stendur ekki við að gera það að siðaðra manna hætti, þ.e. þegar skattfrádráttur iðgjaldagreiðslanna hefur að fullu komið til framkvæmda. Þetta er þess vegna bæði órökrétt og siðlaust. Ég segi nei.

[16:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þau lög sem hér er verið að afnema voru sett fyrir um það bil ári síðan af fyrrv. ríkisstjórn, eins og komið hefur fram. Forsenda þess að þessi leið var farin var sú að ekki stóð til að hægt væri að draga lífeyrisgreiðslur frá skatti þegar verið var að greiða inn í lífeyrissjóðina. Lífeyrisiðgjöld voru ekki skattfrádráttarbær. Á sl. vori gekkst þáv. ríkisstjórn fyrir því að gera breytingu á þessari stefnu sinni, einungis vegna þess að samið hafði verið við ASÍ um að greiðslur inn í sjóðina skyldu vera skattlausar. Það er eðlileg afleiðing af þeirri stefnu að hverfa frá þessari, sem mörkuð var fyrir ári síðan. Nú gerðist það fyrir fáeinum dögum að ný yfirlýsing kom frá núv. ríkisstjórn þar sem sagði að flýtt yrði frádrætti á lífeyrisinngreiðslum og þá er að sjálfsögðu eðlilegt að flýtt verði fyrir því að þetta ákvæði falli niður að fullu.

Það skal síðan tekið fram að það er rangt sem stundum er haldið fram að hér sé um að ræða sanngirnismál gagnvart öllum þeim sem greitt hafa í lífeyrissjóð á undanförnum árum vegna þess að allt fram til ársins 1988 var hægt að

draga lífeyrisiðgjöld frá skatti eða að nota svokallaða 10% reglu. Um leið og ég leiðrétti þann sem talaði síðast og vissi betur þá segi ég já.

18. gr., svo breytt, samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GMS, MF, PBald) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:11]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er spurning, hæstv. forseti, um meðferð á fyrirsögnum og hvaða reglur gilda um þær. Hér er verið að samþykkja nokkur ákvæði til bráðabirgða um sérstakan tekjuskatt, fyrirframgreiðslu manna á sérstökum tekjuskatti, en þó tekur steininn úr þegar lagt er til að ein fyrirsögnin sé niðurfærsla bifreiða. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir lagfæringu á þessum fyrirsögnum öllum.

(**Forseti** (ÓE): Við skoðum þetta á milli umræðna.)

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
2 þm. (RA, SvG) greiddu ekki atkv.
3 þm. (GMS, MF, PBald) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Neyðarsímsvörun.

[16:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Tilefni þess að ég hef óskað eftir að fram fari utandagskrárumræða um Neyðarlínuna hf. er margþætt. Í fyrsta lagi er ljóst að þrátt fyrir að lög kveði beinlínis á um að samræmdri neyðarsímsvörun verði komið á um þessi áramót bendir margt til að þessi mál séu enn í miklu uppnámi og ólestri. Þar að auki er margt svo alvarlegt við þessa framkvæmd að athuga að nauðsynlegt er að fá umræður um málið á Alþingi. Mun ég færa rök fyrir því að í framkvæmdinni hafi hæstv. dómsmrh. farið með málið, sem allir eru sammála um að er hið mesta þjóðþrifamál, inn í farveg sem er gersamlega óásættanlegur, reyndar svo mjög að ég tel nauðsynlegt að taka málið allt upp frá grunni og endurskoða það í heild sinni.

Varðandi fyrra atriðið má benda á að nú þrettán dögum fyrir áramót er verið að auglýsa eftir starfsmönnum og aðeins fimm daga umsóknarfrestur gefinn. Þá er á það að líta í þessu sambandi að fullkomin óvissa ríkir hjá starfsliði lögreglu og slökkviliðs um hvað gerist. Hverjir verða þeir starfsmenn sem eiga að axla ábyrgð á neyðarsímsvörun landsmanna á nýársdag? Þetta er ekki vitað en það er ekki bara í þessu sem endar eru lausir. Samkeppnisstofnun hefur gert alvarlegar athugasemdir við framkvæmdina og fullyrðingar um óeðlilega viðskiptahætti eða hringamyndun hjá eignaraðilum Neyðarlínunnar hf. hafa komið fram opinberlega.

Um eftirlitsþáttinn er það að segja að allt er á huldu hvernig honum verður háttað. Við skulum ekki gleyma því að eins og málin standa nú er ætlunin að láta hlutafélag sem félagasamtök og öryggisfyrirtæki á einkamarkaði, Securitas, Vari og Sívaki, eiga yfirgnæfandi meiri hluta í annast milligöngu trúnaðarsamtala við lögregluna í landinu, taka þau upp á segulband og varðveita.

Þetta hefur komið fram í skriflegu svari hæstv. dómsmrh. til undirritaðs um þetta efni. Í svari ráðherrans er fullyrt að trúnaðar verði gætt í meðferð persónuupplýsinga en ekkert er sagt um það hvernig. Hvernig ætti almannavaldið að tryggja borgaranum trúnað í hlutafélagi sem er í meirihlutaeign félagasamtaka og einkafyrirtækja á markaði? Hæstv. dómsmrh. verður að átta sig á því að fólk mun ekki sætta sig við annað en að fullkomið traust og fullkominn trúnaður ríki um þessi efni. Með öðrum orðum, hvernig sem á þessi mál er litið eru þau í fullkomnu uppnámi.

Það sem meira er, ef ekki verður gripið í taumana þegar í stað þá er ljóst að til verður fyrirkomulag sem engin sátt getur orðið um. Hvers vegna? Víkjum nú nánar að því.

Þegar lögin voru sett um neyðarsímsvörun var jafnan gengið út frá því að lögregla og slökkvilið gegndu þar lykilhlutverki. Þetta var ítrekað staðfest af hálfu stjórnmálamanna, þar á meðal tveggja hæstv. ráðherra í núv. ríkisstjórn, þ.e. þeim Birni Bjarnasyni, hæstv. menntmrh., og Finni Ingólfssyni, hæstv. iðnrh., sem sagði á fundi hjá Landssambandi lögreglumanna í mars sl. að ekki kæmi til greina að einkavinavæða þessa þjónustu eins og hann orðaði það.

En skyldi reyndin hafa orðið önnur? Mér finnst rétt að hæstv. dómsmrh. svari því nú. Í skýrslu Samkeppnisstofnunar segir að það kosti öryggisþjónustufyrirtæki 8–10 millj. kr. á ári að manna vaktstöð með sólarhringsvöktum. Samkomulag hafi hins vegar orðið um að fyrirtækin greiddu aðeins 5 millj. kr. árlega þannig að sparnaður þeirra næmi 3–5 millj. kr. á ári. Nú mun vera rætt um að hafa þessa greiðslu enn lægri og hagnaður þessara aðila yrði eftir því meiri. En hver skyldi síðan borga brúsann? Gert er ráð fyrir því að allir eignaraðilar greiði grunnupphæð og einhver þjónustugjöld en ríki og sveitarfélög komi með það sem á vanti. Samkvæmt upplýsingum dómsmrn. er gert ráð fyrir 300 millj. kr. framlagi ríkis og sveitarfélaga á næstu átta árum en þegar allt er reiknað saman má ætla að heildarkostnaðurinn á tímabilinu nemi 0,5 milljörðum kr. Margt bendir til að þessi upphæð kunni að verða enn hærri. Þannig gætu menn komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að koma á svæðastöðvum í öðrum landshlutum til að fulltryggja öryggi á landsbyggðinni.

Hæstv. dómsmrh. Ég hef gert mjög alvarlegar athugasemdir við allan framgang þessa máls. Það er í fullkomnu uppnámi og mikilvægir þættir ófrágengnir og óljósir, en það sem verra er, ekki ríkir sátt um fyrirkomulagið sem hæstv. dómsmrh. ætlar að koma á varðandi samræmingu á neyðarsímsvörun landsmanna. Allir vilja samræma þessa þjónustu. Allir vilja að einstaklingar, hópar og fyrirtæki geti notið góðs af henni. Ég vil taka undir með hæstv. iðnrh. Finni

Ingólfssyni að neyðarsímsvörun landsmanna eigi ekki að einkavinavæða. Nú spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort einmitt þetta hafi ekki verið gert.

[16:18]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að rifja upp með örfáum orðum aðdraganda þessa máls en hann er sá að ég skipaði í aprílmánuði 1993 nefnd til þess að hafa frumkvæði að tillögugerð um samræmda neyðarsímsvörun. Hún skilaði síðan skýrslu og á grundvelli hennar var nefndinni falið að vinna lagafrv. sem fjallað var um á Alþingi og samþykkt á sl. vori.

Í þeim lögum segir skilmerkilega að dómsmrh. sé heimilað að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einstaklinga um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri. Það er einmitt það sem að hefur verið stefnt og unnið að. Tillögugerðin er í upphafi samin af nefnd. Að henni komu fjölmargir aðilar, fulltrúi frá Pósti og síma, fulltrúi frá Slysavarnafélagi Íslands, heilbrrn., Almannavörnum, frá sveitarfélagi úti á landsbyggðinni og frá Reykjavíkurborg.

Frv. sem byggt var á tillögum nefndarinnar fékk ítarlega umfjöllun á Alþingi og var samþykkt að tillögu og á grundvelli sameiginlegs nefndarálits frá hv. allshn. Allir flokkar sameinuðust um þann grundvöll sem unnið hefur verið að síðan, að leita eftir samstarfi opinberra stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila um rekstur á þessu samræmda neyðarsímanúmeri. Við val á rekstraraðilum fór fram útboð á grundvelli samstarfsútboðs sem Ríkiskaup sáu um. Í framhaldi af því var gerður verksamningur við Póst og síma, Reykjavíkurborg, vegna Slökkviliðs Reykjavíkur, Securitas, Sívaka, Slysavarnafélagið og Vara. Ég ber fullt traust til þeirra einkafyrirtækja sem þarna eiga hlut að máli og opinberu fyrirtækjanna, bæði þess ríkisfyrirtækis sem um ræðir og borgarfyrirtækisins. Ég ber fullt traust til Slysavarnafélags Íslands til þess að eiga aðild að rekstri neyðarlínunnar.

Það hefur með öðrum orðum verið full sátt frá upphafi um þann grundvöll sem unnið hefur verið að. Ráðuneytið hefur unnið að framkvæmd málsins nákvæmlega eftir þeirri forskrift sem lögin kveða á um. Ráðuneytið hafði frá upphafi fullt samstarf við Samkeppnisstofnun, lét hana fylgjast með hverju skrefi, í þeim tilgangi fyrst og fremst að tryggja að ekki kæmu upp efasemdir um að samningurinn væri með þeim hætti að hann gæti raskað samkeppnisstöðu. Samkeppnisstofnun gerði athugasemdir á lokastigi samningsins. Þegar í stað var farið í að leiðrétta eða gera þær breytingar á samningnum sem Samkeppnisstofnun taldi nauðsynlegar til þess að tryggja eðlilega samkeppnisstöðu þannig að öllum efasemdum í þeim efnum hefur verið eytt.

Bæði ríkið og þeir aðilar sem hér eiga hlut að máli telja sig vera að spara peninga með því að sameina krafta sína. Það er vissulega svo að sú upphæð sem þessir aðilar greiða lækkaði lítið eitt eftir meðferð Samkeppnisstofnunar. Ráðuneytið hafði ætlað sér að hafa upphæðina heldur hærri en eftir meðferð Samkeppnisstofnunar var hún lækkuð. En hér stendur ekkert út af að því er varðar samkeppnisskilyrði.

Auðvitað verður lögum samkvæmt fullur trúnaður um starfsemina og engin rök eru fyrir því að halda því fram að Íslendingar séu misjafnlega til þess fallnir að gæta trúnaðar eftir því í hvaða stéttarfélögum þeir eru. Það er ekki svo. Ákvæðin um trúnað eru skýr, sérhæft fólk verður fengið til starfa, til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni, og um það er nauðsynlegt að skapa traust og festu. Því miður hafði það nokkra tímatöf í för með sér þegar endurskoða þurfti samningana á grundvelli álits Samkeppnisstofnunar þannig að undirbúningi varð ekki lokið á þeim tíma, herra forseti, sem hafði verið vænst. En þetta neyðarnúmer mun taka til starfa um áramótin þó að í bráðabirgðahúsnæði verði og ekki að fullu eins og lögin segja til um fyrr en síðar á árinu. Það mun taka til starfa og gegna þeim skyldum sem lög kveða á um.

[16:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að bera þetta mál fyrir þingið því að samræmd neyðarsímsvörun fyrir landið er af hinu góða, á því leikur enginn vafi. En hins vegar verður að draga í efa aðferðafræði hæstv. ráðherra í þessu máli sem er vægast sagt frekar umdeild og kallar á að hann geri betur grein fyrir máli sínu.

Hver eru rökin fyrir að einkavæða neyðina? Hvers vegna er verið að einkavæða neyðina? Hvaða nauðsyn er á því að einkavæða starfsemi um samræmda neyðarsímsvörun á landsvísu, símsvörun sem ætlað er að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita, sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð? Hvers vegna er þessi leið farin hér á land þveröfugt við það sem þekkist víðast erlendis? Á þessu hefur hæstv. ráðherra ekki gefið neinar skýringar. Hvers vegna voru Securitas hf., Vari hf. og Sívaki hf. valin til að koma að þessu máli? Hefur dómsmrn. kannað innbyrðis tengsl þessara þriggja fyrirtækja? Það hefur m.a. verið fullyrt við mig að Securitas hf. hafi nú þegar keypt fyrirtækið Vara hf. Jafnframt má benda á að vaktstöð Vara hf. var flutt í stjórnstöð Securitas hf. 1. október sl. Þá hefur Sívaki hf. ekki sérstaka stjórnstöð en býður viðskiptavinum sínum að tengjast stjórnstöð Securitas.

Það er því von að spurt sé um einokun þessara fyrirtækja á öryggisþjónustumarkaðnum. Er verið að tryggja fákeppni og einokun á þessum markaði með aðstoð ríkisvaldsins? Ef tekið er mið af þeim verkefnum sem Neyðarlínunni er ætlað að sinna hlýtur það að vera krafa að fyrirtæki sem hleypt er inn í eignarhaldið séu fjárhagslega sterk. Samkvæmt upplýsingum frá hlutafélagaskrá eru tvö þeirra þriggja fyrirtækja sem aðild eiga að neyðarlínunni skráð með 400–500 þús. kr. í hlutafé. Tvö af þremur fyrirtækjum sem ætlað er að koma að því verkefni að sinna viðtöku símhringinga frá fólki í neyð hafa innan við 1 millj. í skráð hlutafé. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Félaginu eru tryggðar tekjur upp á hálfan milljarð næstu átta árin og af þeirri upphæð greiða ríki og sveitarfélög 80–90%. Er eðlilegt, herra forseti, að ríkið sé að greiða með rekstri öryggisþjónustufyrirtækja sem starfa á einkamarkaði?

[16:27]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þeir sem aðallega hafa sinnt neyðarþjónustu á Íslandi undanfarna áratugi eru annars vegar lögreglumenn og hins vegar slökkviliðsmenn, þótt ýmsir aðrir aðilar hafi þar einnig komið við sögu. Það var athyglisvert að í svari sínu minntist hæstv. dómsmrh. ekki orði á að samtök þessara tveggja greina, lögreglumanna og slökkviliðsmanna, hafa mótmælt harðlega því sem hér er verið að gera. En hins vegar áréttaði ráðherra hvað eftir annað að samkeppnisráð væri nú sátt við skipan mála. Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Síðan hvenær varð samkeppnisráð aðalaðilinn að neyðarþjónustu landsmanna? Ég er viss um, hæstv. dómsmrh., að

ef landsmenn væru spurðir: Á að taka mark á eftirfarandi aðilum í umræðum um neyðarþjónustu:

a. slökkviliðsmönnum,

b. lögreglumönnum,

c. Samkeppnisráði?

Þá fengi Samkeppnisráð ekki mörg atkvæði en slökkviliðsmenn og lögregluþjónusta í landinu fengju hins vegar allan þorra atkvæða.

Það er leitt að þurfa að segja það við hæstv. dómsmrh. að svör hans áðan voru engan veginn viðhlítandi. Í ljósi upplýsinga síðasta hv. ræðumanns þá er alveg ljóst að hæstv. dómsmrh. verður að gera miklu ítarlegri grein fyrir málinu. Annars stendur það eftir, eftir þessa umræðu, að hann í fyrsta lagi hunsi álit lögreglumanna og slökkviliðsmanna og í öðru lagi sé að skapa einhverjum einkaaðilum í landinu aðstöðu til að græða stórfé á neyðarþjónustunni og skýli sér þar á bak við Samkeppnisráð. Það er engin þjóðarsátt á Íslandi, hæstv. dómsmrh., um að fáeinir einstaklingar eigi að fá aðstöðu til þess að græða stórfé á neyðarþjónustu við landsmenn.

[16:30]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um talsvert mikilvægt mál að ræða og það undrar mig hversu margir þingmenn hlupu héðan úr þingsal eins og um einhverja sérstaka neyð væri að ræða. Þeir hafa líklega ætlað að hringja í neyðarþjónustuna þegar þetta mál komst á dagskrá.

Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að taka þetta upp svo menn geti glöggvað sig á því hvað hér er um að ræða. En ég er ekki alveg sátt við svör hæstv. ráðherra. Mér fannst hann taka óstinnt upp þá gagnrýni sem færð hafa verið nokkuð sannfærandi rök fyrir. Það er fyllsta ástæða til að skoða þetta mál. Allir munu einhuga um ágæti og mikilvægi þess að koma á samræmdri neyðarsímsvörun og það er rétt að þau lög voru samþykkt samhljóða héðan frá Alþingi. Enda er það ekki álitaefni dagsins í dag, heldur með hvaða hætti framkvæmdin hefur verið. Hún hefur því miður ekki verið alveg hnökralaus og brýnt að laga það sem miður hefur farið.

Mér virðist málið fyrst og fremst snúast um tvennt. Í fyrsta lagi það hvort framkvæmd málsins samræmist í raun og veru ákvæðum 7. gr. laganna þar sem segir að starfsmenn vaktstöðva skuli hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila sem neyðarþjónustu sinna. En eins og fram hefur komið er framkvæmdin í höndum Neyðarlínunnar hf. og þar kemur t.d. lögreglan hvergi nærri. Ég á erfitt með að skilja þá afstöðu sem hefur komið fram, að vísu ekki hér en ég las það einhvers staðar í gögnum, að það sé kostur að aðskilja þjónustu af þessu tagi og þá þjónustu sem felst í viðbrögðum við neyð.

Í öðru lagi hefur Samkeppnisráð komist að þeirri niðurstöðu að náið samstarf Securitas, Vara og Sívaka í Neyðarlínunni geti haft skaðleg áhrif á samkeppni á öryggismarkaðnum og ég hlýt að taka undir með hv. 6. þm. Suðurl. að allt það samkrull er ekki sérlega góð latína.

Þá er umhugsunarvert að upplýsingar sem koma inn til Neyðarlínunnar við neyðarsímsvörun, svo sem við innbrot og fleira, geta komið sé vel fyrir suma þá aðila sem að Neyðarlínunni standa og það fer ekki vel á því. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að athuga þetta mál gaumgæfilega því að það varðar miklu að framkvæmdin verði sem best.

[16:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er mikill fnykur af þessu máli. Það lítur út fyrir að hagsmunahaugurinn sem Sjálfstfl. er í raun og veru meira og minna táknmynd fyrir sé að skríða af stað. Ég held að það væri skynsamlegt í þessu máli, hæstv. forseti, að endurmeta það í heild. Ég segi fyrir mitt leyti eftir að hafa heyrt þær lýsingar sem hér hafa komið fram og lesið blaðafréttir og blaðagreinar að undanförnu, að mér sýnist augljóst mál að hæstv. ráðherra á í raun og veru bara einn leik í stöðunni. Hann er sá að leggja fyrir þingið frv. um að fresta þessu máli um a.m.k. eitt ár.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það var tiltölulega góð samstaða um þetta mál í fyrra. Það stafaði þó ekki af því að allir væru ánægðir með málið heldur stafaði það m.a. af því að það var mikil tímapressa hér við lok þingsins. En það stafað líka af því að menn treystu því að það yrði betur haldið á málinu af hálfu dómsmrh. en orðið hefur. Nú blasir við að það eru að koma áramót, þessi kerfisbreyting er í sjónmáli og undirbúingur í raun og veru í skötulíki, málið í heild er í uppnámi. Við hljótum því að beina þeirri áskorun til hæstv. dóms- og kirkjumrh. að hann beiti sér fyrir því að þessu máli verði frestað. Það er óhæfa að halda áfram með þetta mál eins og það er bersýnilega vaxið. Það er verið að stofna einum mikilvægasta þætti þjóðlífs á Íslandi í hættu með þeim vinnubrögðum sem ráðuneytið hefur viðhaft í þessu máli.

[16:34]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör þótt þau séu langt frá því að vera fullnægjandi. Reyndar vil ég ganga enn lengra og segja að þau séu ekki þinginu boðleg. Hann leyfir sér að koma upp, hæstv. dómsmrh., og fullyrða að um þessi mál ríki fullkomin sátt, að um þau sé sátt í þjóðfélaginu. Eins og hér hefur komið fram hefur Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðsmanna og fleiri aðilar ályktað og mótmælt þessum breytingum. Við höfum ekki fengið nein svör við þeim spurningum sem hér voru bornar fram, t.d. um það grundvallaratriði hver eigi að axla ábyrgðina á nýársdag eða hvernig þessi mál standi. Þessi mál eru í fullkomnu uppnámi. Ég er hér með bréf undirritað af aðalvarðstjórunum og varðstjórum Slökkviliðsins í Reykjavík þar sem þeir lýsa undrun og setja stór spurningarmerki við þessa ráðagerð alla. Síðan segir hæstv. dómsmrh. máli sínu til stuðnings um að sátt ríki um málið að menn treysti Reykjavíkurborg, Slökkviliðinu í Reykjavík, jafnvel Slysavarnafélaginu. Spurningin snýst ekki um þetta. Spurningin snýst um það hvort eðlilegt sé að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði, fyrirtækjum á borð við Vara, Sívaka og Securitas, sé afhent neyðarsímsvörun landsmanna. Ég hef borið fram ýmsar spurningar um trúnað. Síðan hafa komið fram mjög alvarlegar upplýsingar sem lúta að hringamyndun og þegar talað er um einkavinavæðingu, þá meina menn það. Þá eru menn í alvöru að spyrja um einkavinavæðingu.

Að lokum vil ég segja að mér er spurn: Hvers konar afskræmingu ætla menn eiginlega að búa til í kringum þetta? Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að byggja þessa þjónustu upp í kringum aðila sem óumdeilanlega njóta trúnaðar í þjóðfélaginu, aðila sem hafa þekkinguna, aðila sem hafa reynsluna? Þá er ég að sjálfsögðu að tala um lögreglu og slökkvilið. Þess má geta að í Finnlandi er verið að fella saman

í eitt þjónustu þessara tveggja aðila til að sinna samsvarandi vakt og hér er um að ræða. Í Danmörku sinnir lögreglan þessu lykilhlutverki að undanskilinni Kaupmannahöfn, þar er það slökkviliðið. Varðandi eignaraðild má nefna að í Svíþjóð er það algert skilyrði að einkaaðilar eigi ekki hlut að máli og má nefna í því sambandi að sænski síminn, sem átti 50% hlut í neyðarlínunni sænsku, var umsvifalaust látinn afsala sér þessari eign sinni þegar stofnunin var gerð að hlutafélagi. Í Noregi fer einvörðungu lögregla og slökkvilið með þessa þjónustu en hér á landi, einu Norðurlandanna, eru það hins vegar einkaaðilar, félagasamtök og fyrirtæki í öryggisþjónustu sem fara með mikla meirihlutaeign í stofnun sem í eðli sínu getur aldrei búið við annað en einokunarskilyrði. Svona verður þetta ef hæstv. dómsmrh. forðar okkur ekki frá þessu slysi. Ég vil að lokum geta þess að ég hef orðið áþreifanlega var við það eftir að þessi umræða kviknaði sl. haust að þau sjónarmið sem ég hef verið að lýsa fá mjög mikinn hljómgrunn í samfélaginu. Og ég lýsi ábyrgð á hendur dómsmrh. ef hann tekur þessi mál ekki upp til gagngerðrar endurskoðunar.

[16:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu. Þegar að því er spurt hvers vegna einkafyrirtæki, sjálfstæð félög og opinberir aðilar séu fengnir að slíkum rekstri er nauðsynlegt að ítreka enn og aftur að það er vegna þess að lögin sem Alþingi samþykkti gera ráð fyrir því að slíkt sé gert. Það vekur nokkra furðu þegar fulltrúar þeirra flokka sem að því stóðu koma nú og þykjast aldrei hafa nærri komið. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um hæstv. iðnrh.?) Hvers vegna eiga þessi fyrirtæki hlut að máli sem um getur? Þau voru valin á grundvelli útboðs sem fram fór hjá Ríkiskaupum hf. Þar að auki er gengið þannig frá þessum samningi að önnur fyrirtæki sem það kjósa geta komið þarna inn. Það er því ekki verið að skapa neinum fyrirtækjum neins konar forréttindastöðu á þessum markaði með þessum samningi. Hann er algerlega opinn gagnvart öðrum sem vilja koma þarna að máli.

Síðan vil ég minna á að til þessara starfa verða ráðnir lögum samkvæmt menn sem hafa reynslu og þekkingu á þessu sviði. Að þessu fyrirtæki koma einkaaðilar sem hafa rekið vaktstöðvar, Slökkvilið Reykjavíkur sem hefur mikla reynslu í þessum efnum og Slysavarnafélagið sem hefur langa reynslu í þessum efnum og Póstur og sími sem hefur yfir tækniþekkingunni að ráða. Hér hafa engin gild rök verið færð fram fyrir því að þessum aðilum sé ekki treystandi til að reka starfsemi af þessu tagi. En ég tek undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað. Þetta er mikilvægt öryggisatriði, það er mikilvægt að að því sé þannig staðið að það skapist öryggi og traust og ráðuneytið mun fyrir sitt leyti leggja sig fram við að svo verði.

[16:41]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég veit að hæstv. dómsmrh. getur ekki talað aftur í þessari umræðu svo ég vil ekki beina beinni spurningu til hans. En hér er svo sannarlega um mikilsvert málefni að ræða sem varðar okkur öll.

Ég bið hins vegar hæstv. ráðherra að huga sérstaklega að þjálfunarþætti og þá sérstaklega með hliðsjón af því, ef ekki er enn búið að ráða þá menn sem eiga að fara að taka til starfa, að vel verði hugað að því að öryggi okkar sé ekki sett í hættu á neinn hátt nú um áramótin. Ég er ekki fyrst og fremst að hugsa um áramótin þótt væntanlega eigi mikið eftir að ganga á þá eins og oft áður, heldur bið ég fyrst og fremst hæstv. ráðherra að huga vel að því hvort þær kröfur sem gerðar eru til þjálfunar hjá þeim fyrirtækjum og aðilum sem eru að taka þetta mál að sér séu fyllilega í samræmi við það sem nægjanlegt er. Ég tel þetta mikilsvert vegna þess að við vitum að þeir aðilar innan slökkviliðs og lögreglu sem hafa sinnt þessu máli eru svo sannarlega í fullri þjálfun og í mjög nánu sambandi hver við annan og hafa leyst þetta mál mjög vel af hendi hingað til.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (fasteignaskattur, þjónustuframlög). — Þskj. 268, brtt. 407.

[16:44]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Eftir að félmn. lauk umfjöllun um frv. til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga barst nefndinni ábending frá fjmrn. um að nauðsynlegt væri að samræma 32. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga við 112. gr. laga nr. 31/1995, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. 112. gr. í lögum um tekjuskatt og eignarskatt fjallar um ofgreiðslu skatta og er þar að finna nýtt ákvæði þess efnis að vextir skuli vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma, þ.e. vextir sem þeir fá í sinn hlut sem hafa ofgreitt skatta. Ákvæði þetta er nýtt og mun ganga í gildi hinn 1. janúar nk.

Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga er gengið út frá vöxtum á ákveðnum sparireikningi í Landsbanka Íslands sem nú er með 0,5% vöxtum meðan hæstu vextir á óbundnum sparireikningum eru nú 3%. Tekjuskattur og útsvar eru innheimt samtímis og því er ótvírætt hagræði af því að sömu reglur gildi um ofgreiddan tekjuskatt og ofgreitt útsvar. Því mælir félmn. með því að breyting verði gerð á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga og eru þær breytingartillögur svohljóðandi:

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein er verði svohljóðandi: 2. málsl. 2. mgr. 32. gr. orðist svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.

2. Við 8. gr. (er verði 9. gr.). Við greinina bætist nýr málsliður svohljóðandi: Ákvæði 6. gr. tekur til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tímamark.

Þetta ákvæði er samhljóða því sem kveðið er á um í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt eða svo að ég fari rétt með þetta, þá heita þau Lög um breytingar á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum.

Hæstv. forseti. Hér er um leiðréttingu að ræða. Menn ráku sig á það að það var ekki samræmi milli þessara laga og því nauðsynlegt að gera þessa breytingu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið úr fjmrn., þá er þarna um óverulegan kostnaðarauka að ræða fyrir sveitarfélögin. Samkvæmt þeim tölum sem þeir hafa þar yfir árið 1995, eru inneignarvextir samtals 120 þús. kr. og ef ég hef skilið það rétt er það vegna þessara 0,5% vaxta. Ef vextirnir hækka upp í 3%, þá gerir þetta 720 þús. kr. fyrir sveitarfélögin þannig að það er augljóst að þetta er óverulegur kostnaðarauki en mjög til hagræðis við úteikninga á vöxtum og við útreikninga á

ofgreiddum sköttum. Félmn. mælir þess vegna með því að þessar breytingartillögur verði samþykktar.

[16:48]

Útbýting þingskjala:

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 221. mál, nál. allshn., þskj. 410; brtt. allshn., þskj. 411.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 253. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 406.

[16:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í gildandi lögum er kveðið á um það að yfirmenn eða skipstjórnarmenn skulu hafa hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum sambærilegum hætti eigi síðar en 31. desember 1995 til þess að fá lögskráningu. Nú hefur komið í ljós að ýmsir skipstjórnarmenn hafa ekki fengið þessa fræðslu og er því nauðsynlegt að lengja aðlögunartíma til hins 31. desember 1996 til þess að flotinn geti farið óhindrað út eftir áramótin.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að þetta frv. nái fram að ganga nú fyrir jól og legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (fasteignaskattur, þjónustuframlög). — Þskj. 268, brtt. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

Brtt. 407 samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, GE, GMS, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, LB, MF, ÓRG, ÓÖH, PBald, SighB, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 412).

Fundi slitið kl. 16:54.

---

70. FUNDUR

mánudaginn 18. des.,
að loknum 69. fundi.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 221. mál, þskj. 300, nál. 410, brtt. 411. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Afnám laga nr. 96/1936, stjfrv., 206. mál, þskj. 267, nál. 408. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 2. umr.

Stjfrv., 221. mál (yfirstjórn, rýmingarsvæði, ofanflóðasjóður o.fl.). — Þskj. 300, nál. 410, brtt. 411.

[16:56]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir nefndaráliti á þskj. 410, um frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, samanber lög nr. 50/1995, og brtt. á þskj. 411.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta til að ræða þessi mál og er óhætt að segja að þetta mál hafi fengið vandaða meðferð í þinginu. M.a. var haldinn sameiginlegur fundur þriggja þingnefnda, þ.e. hv. allshn., félmn. og umhvn., og kom fjöldi gesta á þann fund. Það er rétt að benda á að allshn. sendi málið til umsagnar hv. félmn. og umhvn. og þær umsagnir fylgja með sem fskj. með þessu nefndaráliti.

Meginbreytingin, sem frumvarpið felur í sér, er að yfirstjórn þessa málaflokks verði færð frá félagsmálaráðherra til umhverfisráðherra og rannsóknir og forvarnir verði þá jafnframt færðar til Veðurstofu Íslands. Þá er gert ráð fyrir að gerðar verði sérstakar neyðaráætlanir um rýmingu húsnæðis á afmörkuðum svæðum þegar Veðurstofan gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir sérstöku hættuástandi. Loks er lagt til að teknar verði upp í lögin reglur um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna sem keyptar kunna að verða eða fluttar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu, en reglur þessar er nú að finna í reglugerð nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Brýnt er að frumvarp þetta verði afgreitt fyrir áramót og leggur nefndin til að það verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Þá er einnig rétt að ítreka að ýmsar ábendingar komu fram í nefndinni um þetta mál, m.a. athugasemdir varðandi rannsóknir á skriðuföllum, en á það hefur verið bent að ekki stendur til að gera breytingar á því starfi sem unnið hefur verið við. Tel ég rétt að láta þetta koma fram með nefndarálitinu.

Ef litið er á þessar brtt., þá er lagt til í fyrsta lagi að áréttað verði að Veðurstofunni beri að gæta samráðs við hlutaðeigandi lögreglustjóra og almannavarnanefnd áður en hún gefur út viðvörun. Er þetta í samræmi við athugasemdir sem nefndinni bárust um aðild heimamanna að ákvörðun um rýmingu húsnæðis á hættutímum.

2. Þegar meta skal hvort hagkvæmt sé að flytja hús þykir rétt að miða við kaupverð eins og það er skilgreint í 5. gr. frumvarpsins í stað þess að miða eingöngu við staðgreiðslumarkaðsverð.

3. Að við lögin verði bætt bráðabirgðaákvæði vegna kaupa á eignum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995. Fyrstu tveir málsliðirnir í því bráðabirgðaákvæði eru í aðalatriðum eins orðaðir og í reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 440/1995. Fyrir því eru einkum tvær ástæður, annars vegar sú að íbúar á þessum svæðum hafa almennt mátt búast við að greiðslutilhögun yrði með þeim hætti sem reglugerðin kveður á um og miðað ráðstafanir sínar við það og hins vegar að með nýjum lögum um brunatryggingar, nr. 68/1984, færðist gerð brunabótamats frá sveitarfélögum til Fasteignamats ríkisins sem vinnur eftir sérstöku matseiningakerfi. Eftir þá breytingu má búast við að meira samræmis og þar með jafnræðis gæti við úttekt fasteigna í þessu skyni. Með það að markmiði að íbúar á þeim svæðum, sem orðið hafa fyrir snjóflóði á yfirstandandi ári, njóti jafnræðis á við þá sem nú eiga þess kost að láta endurmeta eignir sínir, þykir eðlilegt að um uppkaup eigna þeirra gildi sú sérregla sem lögð er til í 3. tölul. í brtt. Jafnframt leggur nefndin til að inn í þetta bráðabirgðaákvæði verði tekin heimild til að greiða bætur úr sjóðnum til viðbótar bótum frá Viðlagatryggingu Íslands til þeirra húseigenda sem orðið hafa fyrir tjóni á þessu ári þannig að þeir verði jafnsettir öðrum húseigendum sem ekki hafa orðið fyrir tjóni en verið með nýlegra mat á húsum sínum. Þannig vill nefndin tryggja að tímasetning á mati á eignum leiði ekki til mismunandi bóta. Það verður í höndum þeirrar nefndar sem tiltekin er í 6. gr. frv. að meta hvenær greiða skuli slíkar bætur, en endanleg ákvörðun síðan í höndum umhverfisráðherra.

Rétt er að taka fram að ákvæði þau sem þetta bráðabirgðaákvæði felur í sér voru m.a. rædd út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er að mestu komið til móts við þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist um málið. Nefndin leggur til að athugasemdir, sem ekki er tekið á að þessu sinni, svo sem varðandi gatnagerðargjöld, verði hafðar í huga við heildarendurskoðun laganna. Í umsögn umhverfisnefndar kom fram tillaga um að umhverfisráðherra verði einnig skylt að hafa samráð við skipulagsyfirvöld, þar á meðal hlutaðeigandi sveitarstjórnir, áður en hann setur reglur um flokkun og nýtingu hættusvæða, sbr. 2. mgr. 2. gr. frv. Þá leggur umhverfisnefnd einnig til að 9. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt í þá veru að ekki megi hefja byggingar né þétta byggð sem fyrir er á svæðum þar sem hætta hefur verið talin á snjóflóðum fyrr en tilskildum varnarmannvirkjum hefur verið komið upp og endurmat á snjóflóðahættu farið fram. Allsherjarnefnd telur þessi atriði þarfnast nánari skoðunar og beinir því til nefndar sem mun vinna við endurskoðun laganna á næsta ári að þetta verði haft í huga. Rétt er að taka fram að frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi málaflokkur færist yfir til umhverfisráðuneytisins og umhverfisnefnd mun því væntanlega fá til umfjöllunar frumvarp til nýrra heildarlaga sem leggja á fram á næsta ári. Í sambandi við 3. gr. frumvarpsins leggur nefndin áherslu á að tryggt sé að jafnan verði séð fyrir hvernig ákvarðanatöku um snjóflóðahættu og tilkynninga þar um verði hagað ef fjarskipti bregðast.

Að lokum vill nefndin ítreka að skv. 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin um varir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði endurskoðuð á næsta ári og frumvarp til nýrra heildarlaga verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desember 1996. Í þeirri endurskoðun verður lagður grundvöllur að þessum málum til frambúðar.

Virðulegi forseti. Undir nefndarálitið rita allir fulltrúar allshn. sem voru á fundi nefndarinnar þann 16. desember sl. Þeir eru Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ögmundur Jónasson, Sighvatur Björgvinsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jón Kristjánsson, Kristján Pálsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Hjálmar Jónsson.

[17:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert að hér á Alþingi er verið að vinna að breytingum á lögum að því er varðar varnir gegn snjóflóðum og hefði fyrr mátt vera í ýmsum greinum en á síðasta þingi var gerð lagabreyting vegna þeirra atburða sem urðu í janúar sl. í Súðavík. Ég hefði talið að æskilegt hefði verið að þingið tæki sér meiri tíma til að athuga þau efni sem varða kerfisbreytingar varðandi viðvaranir gegn snjóflóðavá, þar á meðal um ákvörðun um rýmingu á hættusvæðum. En ég skil að það er ýtt mjög á um það vegna atburða haustsins að teknar verði ákvarðanir. Nefnd þingsins sem fjallar um þetta mál, hv. allshn., hefur fjallað um málið og leitað umsagna og er hér með tillögu sem nefndin stendur að í heild sinni. Ég ætla ekki að fara að ganga gegn því að hér verði lögfestar breytingar eins og hér eru tillögur um, þótt ég hafi vissulega efasemdir um nokkur atriði. Ég tel miður að ekki skuli hafa verið tekið tillit til samhljóða umsagna umhvn. varðandi samráð við skipulagsyfirvöld í 2. efnisgrein frv. sem hefði verið eðlileg og sjálfsögð breyting að mínu mati og eins lagfæring á orðalagi síðustu efnisgreinar 5. gr. frv. varðandi byggingar á óbyggðum hættusvæðum og þéttingu byggðar. Þetta voru atriði sem komu fram í umsögn hv. umhvn. um málið og hefði verið til bóta að taka tillit til þeirra ábendinga.

Ég vildi einnig vekja athygli á því, sem raunar kom fram í framsögu formanns hv. allshn., að ekki er með frv. þessu stefnt að breytingu á rannsóknum eða úttekt á skriðuföllum, enda hefur það mál ekki verið tengt umræðu um þessi efni. Hins vegar er mér kunnugt um að áform hafa verið uppi um það að gera þar einhverjar breytingar varðandi vinnulag. Ég held að það mál þyrfti að athuga betur og ég er ánægður með að formaður nefndarinnar hefur vikið að því efni í framsögu fyrir hönd nefndarinnar.

Ég ætla ekki að fara að vekja upp umræður um stór efni sem varða þessi mál. Til þess er ekki ráðrúm hér og ekki ástæða miðað við þau áform sem koma fram í frv. að lögin í heild verði endurskoðuð innan árs og lögð fyrir þingið. Ég vil þó inna eftir því við umræðuna hvort hægt sé að greina frá því hvernig háttar varðandi fjármuni til þessara mála, alveg sérstaklega til byggingar varnarvirkja. Ég hef haft áhyggjur af því frá því fjallað var um þessi efni á næstsíðasta þingi að of eindregin áhersla væri komin upp, ég segi ekki af stjórnvalda hálfu en í hugum margra sem á snjóflóðasvæðum búa, líklegum eða raunverulegum hættusvæðum, að horfa mest til þess að húseignir eða fasteignir verði keyptar með aðstoð

hins opinbera en ekki lögð sama áhersla á að úttekt sé gerð varðandi varnarvirkin. Sérstaklega hef ég áhyggjur af því að ekki verði þegar á reynir eðlilegt fjármagn til ráðstöfunar í því skyni að reisa varnarvirki þar sem það er metið skynsamlegt að bestu manna yfirsýn. Ég væri þakklátur ef eitthvað kæmi fram um þau efni við þessa umræðu, hvort gera megi ráð fyrir því að ekki standi á fjármagni í því skyni, enda hafi þær athuganir farið fram sem skylt er áður en afstaða er tekin til snjóflóðavarna með mannvirkjum.

Að öðru leyti ætla ég að standa að þessari breytingu og flyt enga tillögu til breytinga þótt ég leyfi mér að koma fram með þessi sjónarmið við umræðuna.

[17:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fyrir mitt leyti tekið undir með hv. þm. að það þarf að hafa jafnræði hvað þessa þætti varðar, þennan kost sem nefndur hefur verið varðandi kaup á húsnæði en jafnframt ekki síður hitt að tryggja það að þar sem hægt er að stuðla að öryggi byggðanna með varnaraðgerðum, megi ekki gefa það frá sér.

Það má vel vera að eftir þá miklu atburði sem orðið hafa hafi menn brostið kjark til að horfast í augu við að mögulegt sé að veita allgott öryggi, þótt það sé kannski aldrei fullkomið. Og ég tek undir með hv. þm. að við endurskoðun málsins og í umræðum og við meðferð þess eigi að tryggja þann kost. Við hljótum líka að sjá að við gætum stefnt byggð í voða með því að leggja of mikla áherslu á hinn fyrri þátt. Það kann að vera að allstór hluti byggðar mundi ekki eiga að njóta samkvæmt reglunum slíks réttar. Þá yrðu þær eignir verðlausar eða verðlitlar af mannavöldum en ekki náttúrunnar. Ég tel því að þetta sé réttmæt ábending.

[17:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. hans orð í þessu sambandi. Ég vil aðeins nefna að ég held að hjá þjóðum sem búa við erfiðar aðstæður að því er varðar snjóflóð hafi á liðinni tíð verið sú meginstefna að reyna að verja byggð með mannvirkjagerð, þ.e. byggð sem hefur verið reist án þess að menn hafi tekið tillit til þess arna, og óvíða hafi verið horfið að því ráði að kaupa upp fasteignir í stórum stíl eða miklum mæli. Mér var sagt af fulltrúa sem skoðaði þessi efni t.d. í Austurríki á þessu ári að þar væru aðeins þrjú dæmi reidd fram um að keyptar hefðu verið upp fasteignir. Búa þó Austurríkismenn við mjög mikla hættu í þessum efnum en auðvitað landþrengsli líka sem ýtir á eftir að menn verji mannvirki. Ég hvet að sjálfsögðu til fulls raunsæis í sambandi við það hvenær gripið verði til þess ráðs að reisa kostnaðarsöm varnarvirki, það þarf að gera. En ég er sannfærður um að þannig er hægt að verja hluta af byggðum sem hugsanlega eru metnar í hættu og það ber finnst mér, eins og hæstv. forsrh. nefndi, að ríkja jafnræði í skoðun mála að þessu leyti.

[17:13]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð um þetta mál. Mér sýnist að allar þær tillögur sem hv. allshn. leggur til til breytinga á frv. séu mjög til bóta og þar hefur m.a. verið tekið mið af þeim umræðum sem áttu sér stað bæði í hv. félmn. og umhvn. Ég vil þó halda til haga nokkrum athugasemdum sem komu fram með þeim tilmælum að sú nefnd sem mun vinna að endurskoðun þessara laga skoði vel þær athugasemdir sem hér koma fram.

Ég vil upplýsa það, eins og reyndar fram kemur í umsögn félmn., að þar urðu mjög miklar umæður um þetta frv. Þar er skemmst frá að segja að skoðanir voru mjög skiptar, þótt varla verði mikið um ágreining við afgreiðslu þessa máls. Þetta mál er ákaflega vandmeðfarið, menn eru að reyna að vega og meta hvað rétt sé að gera við aðstæður eins og þessar. Menn voru í fyrsta lagi að ræða um samráð við heimamenn sem hv. allshn. hefur tekið tillit til. Það var rætt um það atriði laganna hvort heimaaðilum ætti að vera heimilt að beita valdi í einstaka tilvikum og meiri hluti félmn. var á því að það skyldi vera heimilt og allshn. gerir enga breytingu á því ákvæði.

Það var mikið rætt um 5. gr. frv., bæði um hvernig ber að meta eignir sem eru á hættusvæðum og það markmið sem kemur fram í greinargerð frv., sem ég gerði að umræðuefni við 1. umr. um málið. Rætt var um hvort eðlilegt væri að ofanflóðasjóður yrði eigandi húsa sem þyrfti að rýma endanlega eða hugsanlega að flytja og hvort það væri verkefni stjórnar sjóðsins að ráðstafa þessum húsum. Þá var einnig fjallað mikið um síðustu málsgrein 5. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp."

Allmörgum nefndarmönnum í félmn. fannst að þetta væri atriði af því tagi sem þyrfti að íhuga mjög gaumgæfilega. Ég sé að einnig er minnst á þetta atriði í umsögn umhvn. Býsna margt þarf að skoða og meta þegar við hyggjum að framtíðinni. Ég ætla að láta allar mínar hugleiðingar um þetta liggja á milli hluta og styðja frv. en ítreka að sú nefnd sem á eftir að endurskoða lögin kynni sér sjónarmiðin sem koma fram í umsögnum félmn. og umhvn. og taki vonandi mið af þeim, enda er þarna margt verulegrar íhugunar virði.

[17:18]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. þm. fyrir þessar umræður og ábendingar sem komið hafa fram. Ég vil einnig ítreka að umsagnir hv. þingnefnda, bæði félmn. og umhvn., voru ræddar vandlega í allshn. Þessi atriði munu að sjálfsögðu verða vandlega skoðuð í nefnd sem starfar að heildarendurskoðun laganna og mótar framtíðarstefnu í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga nr. 96/1936, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 267, nál. 408.

[17:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um afnám laga um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

Nefndin fékk á fund sinn marga aðila sem tengjast þessu máli, m.a. fulltrúa úr fjmrn., frá ríkisskattstjóra og framkvæmdastjóra og löggilta endurskoðendur Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Ég til taka fram varðandi skattamál Sölusambands ísl. fiskframleiðenda að þetta hefur einungis sögulega þýðingu þar sem því félagi eða félagsskap hefur þegar verið breytt í hlutafélög.

Frv. gengur út á að gera skattastöðu Mjólkursamsölunnar sambærilega við stöðu annarra fyrirtækja í landinu. Niðurstaða nefndarinnar var að það bæri að gera það með þeim hætti sem frv. er gert úr garði, þó með þeirri breytingu að í stað orðanna „kaup eða byggingarári til ársloka 1995" í 1. málsl. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: upphafi fyrningartíma skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Þessi breyting sem efh.- og viðskn. gerir á frv. felur í sér að frádráttur frá framreiknuðu kostnaðarverði fyrninga fyrir hvert ár verður ekki talinn hafa hafist fyrr en eign Mjólkursamsölunnar var komin í notkun.

Allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. standa að þessu nefndaráliti.

[17:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að taka aðeins til máls vegna þessarar tillögu. Í fyrsta lagi vegna þess að það má merkilegt heita að skattfríðindi þessara tveggja fyrirtækja skuli hafa verið við lýði svo gríðarlega lengi en í öðru lagi vegna þess að lögin sem verið er að afnema eru mjög söguleg.

Lögin voru sett árið 1936 af stjórn hinna vinnandi stétta og höfðu m.a. þann tilgang að tryggja mjólkursölu í Reykjavík og að lækka verð á mjólk. Þetta voru álitin einokunarlög og gegn þeim var gríðarleg andstaða á sínum tíma þannig að þetta er sögulegt augnablik sem nú á sér stað en líka eitthvað sem heyrir fortíðinni til og þess vegna erum við að sjálfsögðu öll sammála um að afnema þessi lög.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HG, IP, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FI, GE, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, MF, ÓRG, PBald, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HG, IP, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FI, GE, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, MF, ÓRG, PBald, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 408 samþ. með 35 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 221. mál (yfirstjórn, rýmingarsvæði, ofanflóðasjóður o.fl.). — Þskj. 300, nál. 410, brtt. 411.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 411,1 samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 411,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

6.–11. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 411,3 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:33.

---

71. FUNDUR

mánudaginn 18. des.,
að loknum 70. fundi.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 221. mál, þskj. 300 (með áorðn. breyt. þskj. 411). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Afnám laga nr. 96/1936, stjfrv., 206. mál, þskj. 267 (með áorðn. breyt. þskj. 408). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:34]

Of skammt var liðið frá 2. umr. beggja mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 3. umr.

Stjfrv., 221. mál (yfirstjórn, rýmingarsvæði, ofanflóðasjóður o.fl.). — Þskj. 413.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:35]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
28 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FI, GE, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, MS, MF, ÓRG, PBald, SighB, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 415).

Afnám laga nr. 96/1936, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 414.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:36]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, KÁ, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
29 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, MS, MF, ÓRG, PBald, SighB, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 416).

Fundi slitið kl. 17:37.

---

72. FUNDUR

þriðjudaginn 19. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 409. — 3. umr.
2. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Petrína Baldursdóttir, 9. þm. Reykn.
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 420.
Lánsfjárlög 1996, 43. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 421; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 422.
Lögskráning sjómanna, 253. mál, nál. samgn., þskj. 417.
Tekjuskattur og eignarskattur, 147. mál, þskj. 409.

[Fundarhlé. — 13:33]

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingstörf fram að jólahléi.

[14:18]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi mega byrja þessa umræðu á að rifja upp ummæli forseta vors frá því fyrr í haust um að hann óskaði að sjálfsögðu eftir góðu samstarfi við þingheim sem við teljum að hann hafi efnt í alla staði, enda samstarf gott. En þá hafði hann sérstaklega á orði að það væri nauðsynlegt að reyna að sjá til þess í ljósi reynslu að hefðbundið öngþveiti skapaðist ekki á Alþingi og það væri helst að reyna að ráða við það með því að tryggja að stór mál kæmu tímanlega fram og þeim væri gefinn sómasamlegur tími til umfjöllunar og unnt væri að fjalla um þau í samræmi við þinglegar venjur og hefðir.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að þau mál sem þingheimur er nú við að glíma eru hvert öðru stærra, að sjálfsögðu fjárlög og lánsfjárlög en ekki síst geysilega viðamikill bálkur um ríkisfjármál sem er einstæður að því leyti að hann tekur til gríðarlega margra málefnasviða í löggjöfinni. Enn fremur vill svo til að það er verið að hringla með og leggja fram breytingartillögur á seinustu stundu í hverju málinu á fætur öðru sem bendir til þess að stjórnarliðar hafi ekki lokið heimavinnu sinni. Þeir eru að koma með nýjar tillögur sem jafnvel fást ekki kynntar eða ræddar í þingnefndum sem um þær eiga að fjalla. Þannig að ef hægt er að lýsa með réttum rökum að það ríki uppnám í störfum þingsins vegna þess að stjórnarliðar hafi ekki lokið sinni heimavinnu, hafi ekki náð samkomulagi um hvert stórmálið á fætur öðru, þá held ég að það sé óhætt að lýsa því svo nú.

Við erum með dagskrá þingsins og á því standa tvö mál, tekjuskattur og eignarskattur og síðan viðaukasamningur um álbræðslu. Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að beina þeim spurningum til forseta: Getur hann upplýst þingheim nú hvernig hann hyggst halda fram þingstörfum, hvernig dagskrá þingsins verður það sem eftir er þessa dags og næstu daga eða hvaða ráðstafanir unnt er að gera til þess að tryggja að réttur þingnefnda til þess að fjalla um veigamiklar breytingartillögur á þeirra málasviði verði virtur og að tími gefist til að leita umsagna og samtala við þá aðila sem eru þolendur þessara mála? Þetta lýtur allt að spurningunni um skipulag þingstarfa og samstarf stjórnarliða og stjórnarandstöðu ef menn vilja setja sér eitthvert sameiginlegt markmið um lúkningu mála.

Ég vildi leyfa mér, virðulegi forseti, að beina þessum spurningum til forseta.

[14:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill segja fyrst að frá hans sjónarhóli hefur samstarf milli forseta þingsins og þingmanna verið sérstaklega gott og það metur forseti mikils. Vissulega hefðu ýmis mál mátt koma fram fyrr og áttu reyndar að gera samkvæmt yfirlýsingum sem gefnar voru þegar við upphaf þings. Það hefur ekki enn komið að sök en vissulega er fyrirsjáanlegt, ef við eigum að ljúka þingstörfum í þessari viku eins og ætlunin var, raunar ætluðum við að gera það í dag, að menn verða að ná samkomulagi um afgreiðslu þeirra þungu mála sem nú eru óafgreidd.

Hv. þm. spurði hvernig forseti sæi fyrir sér daginn. Forseti hafði hugsað sér að hefja núna umræðu um 2. dagskrármálið, viðaukasamning um álbræðslu við Straumsvík, 3. umr. Þegar við lukum 2. umr. um fyrra dagskrármálið, tekjuskatt og eignarskatt, á laugardaginn var, lýsti forseti því yfir að það mál færi til nefndar á milli umræðna þannig að færi gæfist fyrir hv. þm. að athuga það bæði í nefnd og ræða það við 3. umr. Forseta skilst að þeirri athugun í þingnefnd sé ekki lokið. Þess vegna er ekki hægt að hefja umræðu um það mál nú en yrði þá vonandi síðar í dag eða í kvöld eftir atvikum.

Þá hafði forseti gert sér vonir um að frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, svokallaður bandormur, gæti komið til umræðu og afgreiðslu í dag. Það er sama með það að þar eru nefndarálit ekki komin þannig að það er alveg ljóst að það gerist ekki alveg á næstu klukkutstundum en forseti vonast þó enn til að það geti orðið síðar í dag eða í kvöld.

Þetta er það sem forseti sér á þessari stundu. Önnur mál eru að vísu að koma frá nefndum, léttari mál en þessi sem hér hafa verið nefnd, og kynnu að koma fyrir á síðari fundi í dag eða síðar ef samkomulag verður um það. Þannig lítur málið út á þessari stundu.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki nema von að menn staldri aðeins við og reyni að átta sig á því hvernig staðan er varðandi lúkningu þinghaldsins ef það á að takast með einhverjum skaplegum hætti fyrir hátíðirnar. Það er skaði, herra forseti, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna því það væri eðlilegt að hann væri einnig til svara um störf þingsins sem ábyrgðarmaður málefna sem eru að koma frá hæstv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Láta sækja hann.)

Ég held, herra forseti, að það sé óhjákvæmilegt að ræða líka í þessu samhengi ástand meiri hlutans á þingi því það vandamál sem við erum í hnotskurn að fjalla um er ekki tímaleysi og ekki skipulagsleysi í störfum hér inni á Alþingi, heldur alger upplausn í meiri hlutanum og samstöðuleysi sem birtist í því að hvert málið á fætur öðru er að koma inn í nefndir og ný og ný efnisatriði eru tekin upp þegar umfjöllun um mál er svo gott sem lokið eða menn hafa talið vera svo. Ég heyri að einn ónefndur hv. þingflokksformaður er eitthvað órólegur í salnum út af þessum orðum en ætli það geti ekki verið að við sem höfum verið að starfa í efh.- og viðskn. undanfarna daga getum sagt eitthvað frá því hvernig störfin hafa gengið fyrir sig þar. Það má t.d. upplýsa það ef hv. þingflokksformaður Framsfl. veit það ekki að nú er bandormurinn tekinn upp á því að fjölga sér. Það er sennilega kynlaus æxlun. Það er upplýst að bandormurinn hafi eignast afkvæmi sem eigi að koma inn í þingið, herra forseti, skröltormur eða pottormur eða hvað sem menn nú vilja kalla það. Þar eiga að koma til umfjöllunar í nýjum lagafrumvörpum splunkuný mál sem ekki hafa verið til umfjöllunar enn þá.

Ég er, herra forseti, þeirrar skoðunar um fundahaldið nú að það væri langskynsamlegast að gefa fundahlé eða frí í dag og afhenda þann tíma meiri hlutanum til að reyna að koma sér saman um málið, til að mynda til fundahalda um stefnu sína í heilbrigðismálum þannig að menn væru ekki með mismunandi þætti almannatryggingalöggjafarinnar og heilbrigðismálanna í höndunum hér sólarhring eftir sólarhring. Gerist það ekki fljótlega að meiri hlutinn komi sér saman um lendingu í þessum efnum og átti sig á því með hvaða hætti hann vill reyna að greiða fyrir þingstörfum, er ekkert annað að gera en taka jólafrí og hittast aftur að hátíðunum loknum. Það þjónar afar litlum tilgangi að menn séu að funda nánast í lausu lofti meðan ástandið er eins og raun ber vitni hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er aldrei að vita hvað kemur næst frá klukkutíma til klukkutíma.

[14:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér eru menn búnir að fara með smásjá yfir fjárlagafrv. og bandorma, senda einstakar greinar út í þjóðfélagið til umsagnar eins og eðlilegt er. Úr þessu hefur spunnist mikil umræða, bæði í þingsalnum og úti í þjóðfélaginu. Það er verið að fjalla um grundvallarbreytingar, kerfisbreytingar sem snerta almannatryggingar, sem snerta bótakerfið, sem snerta innritunargjöld á sjúkrastofnanir og gjaldtöku innan veggja heilbrigðisstofnana.

Nú erum við hins vegar að heyra í fréttum, hæstv. forseti, að tillögur liggi frammi um það að hækka eigi innritunareða komugjöld á heilsugæslustöðvar og til sérfræðinga um á bilinu 17–50%. Við heyrðum það frá ríkisstjórninni núna nýlega að fallið hefði verið frá því að setja innritunargjöld á sjúkrastofnanir. Þetta er ekkert annað en innritunargjald sem hér er verið að tala um, eitt form af því. Ég hef stutt hæstv. heilbrrh. í ýmsum góðum verkum sem hún vill hafa í frammi. Ég var sammála hæstv. heilbrrh. þegar hún féll frá því að setja innritunargjöld á sjúklinga. Hæstv. heilbrrh. hefur talað um nefskatt. Er meiningin að setja nefskatt á þá eina sem eru með brotið nef? Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Ég hef farið fram á það og krafist þess af formanni heilbr.- og trn. þingsins að nefndin verði kölluð saman þegar í stað og hæstv. heilbrrh. geri nefndinni grein fyrir þeim tillögum sem hún hefur sett fram á síðum DV og í öðrum fjölmiðlum. En ég vil taka undir þá tillögu sem hér hefur verið sett fram að hlé verði gert á þingstörfum þar til ljóst er hverjar eru raunverulegar tillögur ríkisstjórnarinnar varðandi fjárlögin og bandorminn og þau mál sem eru til umræðu.

[14:29]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem eiga sæti í efh.- og viðskn. Við höfum reynt að starfa bæði í anda þingskapa og í anda þeirra orða sem forseti lét falla í upphafi þings. Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að ríkisstjórnin er að koma með í sínum bandormi í tengslum við fjárlagafrv. meiri háttar breytingar til langs tíma. Þarna er verið að gera grundvallarbreytingar á mjög mörgum þáttum í okkar þjóðlífi sem á að afgreiða á einni viku. Við höfum gert athugasemdir við þetta form vegna þess að hér er ekki um að ræða hina þinglegu meðferð sem mál þurfa að fá. Við höfum ekki verið að gera athugasemd á þessu stigi varðandi þennan

þátt um efnisatriðin þó að vitaskuld séum við ósammála þeim. En það hefur ekki tekist samkomulag eins og oft vill verða í anda þess að setja lög með réttum hætti. Í stað þess höfum við upplifað hvað eftir annað stórar breytingar. Þær síðustu komu fram í morgun og í gærkvöldi, sérstaklega í heilbrigðismálum.

Við fengum í morgun á fund nefndarinnar fulltrúa aldraðra og marga sem þekkja þar til mála. Hægt væri að hafa langt mál um þá skelfingu sem hefur gripið um sig meðal fullorðins fólks. Það hefur ekki náðst samkomulag um að breyta vinnubrögðum við afgreiðsluna. Okkur hafa verið borin þau skilaboð að það strandi á samningavilja flm. frv., sem er hæstv. forsrh.

Ég vil biðja hæstv. forseta um að leitast við að setja niður ágreininginn sem er uppi innan stjórnarliðsins um málsmeðferð á þeim dögum sem eftir eru til jóla. Það er orðið óbærilegt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni sem höfum verið öll af vilja gerð að hafa þingstörf með eðlilegum hætti að láta þetta ganga svona mikið lengur. Grípa þarf í taumana, setjast niður og finna einhverja þá sátt um meðferð þeirra mála sem eftir er að afgreiða því að svona vinnubrögð sem við gerum að umtalsefni eru, herra forseti, ekki í anda þess sem við vitum að hann óskar sér.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór þess á leit við forsetadæmið að nú yrði gert hlé á þingfundum til þess að menn gætu farið yfir heilbrigðismálin og séð hvaða tillögur liggja þar fyrir. Ég held að tillagan sé góð. Ég held að á þessum tímapunkti þinghaldsins sé rétt að hlé verði gert á þingstörfum og við förum yfir það með hverjum hætti er hægt að ljúka þinghaldi fyrir jól.

Ég vil núna, herra forseti, rifja upp yfirlýsingu af forsetastóli þegar hnökrar urðu á þinghaldi síðustu viku. Þá lýsti hæstv. forseti yfir, eftir fundi með formönnum þingflokka, heilbrrh. og fjmrh., að stjórnarandstaðan og stjórnarliðið ætti í formlegum viðræðum um breytingar á bandormi. Þessi yfirlýsing kom í framhaldi af því að okkur voru gefnar væntingar um það, af munni hæstv. fjmrh., að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á bandorminum. Ég nefni sérstaklega til þann part bandormsins sem lýtur að því að breyta lögum um miskabætur til þeirra sem lent hafa í ofbeldisgjörningum. Hins vegar blasir ekkert við á þessum tímapunkti um breytingar í þá veru sem stjórnarliðið gaf þá til kynna. Og ég spyr, herra forseti: Er þetta ekki rétt munað hjá mér, voru þetta ekki hlutirnir sem átti að ræða? Ef þetta blasir við núna hlýt ég að draga þá ályktun, herra forseti, að það sé enginn vilji hjá stjórnarliðinu til þess að uppfylla þær væntingar sem þá voru veittar. Þess vegna held ég að á þessum tímapunkti sé rétt að við setjum nú niður og ræðum hvort ekki sé rétt að fresta þinghaldi nú þegar í dag og menn komi þá frekar saman milli jóla og nýárs.

Ég vil líka geta þess, herra forseti, að mér þykir undrum sæta hvernig vinnubrögð eru núna uppi í heilbrigðismálunum. Í gær kom aðstoðarmaður heilbrrh. til fundar við heilbr.- og trn. og að hans eigin frumkvæði voru okkur þá veittar ágætar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á bandormi. Við fengum hins vegar ekkert að vita um það sem kom fram í fréttum um kvöldið að verið er að hugsa um að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar og greiðslur til sérfræðinga um 17–50%. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt annað en að nefndinni verði gerð grein fyrir þessum breytingum, þrátt fyrir, herra forseti, að ég skilji mætavel að ekki þarf lagabreytingar til þess. Þess vegna finnst mér krafa hv. þm. Ögmundar Jónassonar réttmæt.

[14:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Á þeim tíma sem ég hef verið hér man ég sannast að segja ekki eftir öðru eins og því sem við erum nú að upplifa. Þó hefur ýmislegt gerst á undanförnum árum. Í gærkvöldi var fundur í efh.- og viðskn. Þar voru kynntar nýjar tillögur í skattamálum, nýjar tillögur til breytinga á bandorminum langa og einnig var kynntur nýr bandormur, nýtt frv. sem enn er ekki komið inn í þingsali. Hæstv. forseti er að vonast til að þessi bandormur og afkvæmi hans komi til umræðu í kvöld. Að mínum dómi er svo mikil umræða eftir um þetta mál, sem kallað er ráðstafanir í ríkisfjármálum, að vandséð er að takist að ljúka því fyrir jól. Það er ekki síst vegna þess, hæstv. forseti, að í bandorminum er að finna margfalda árás á gamla fólkið og maður hlýtur að spyrja: Hvað er eiginlega að gerast í ríkisstjórninni? Finnst hæstv. ráðherrum virkilega að gamla fólkið séu þeir einu sem hafi breið bök og geti tekið á sig allar þessar hækkanir og þær skerðingar sem á því dynja? Ætlar meiri hlutinn að láta þetta yfir sig ganga? Þetta kallar á mjög mikla umræðu. Það er augljóst að mikil viðbrögð eiga eftir að verða í samfélaginu vegna þessara breytinga.

Enn eitt málið er í uppsiglingu. Háskóli Íslands er nú búinn að átta sig á niðurstöðunni eftir 2. umr. fjárlaga og er fara af stað í baráttu. Menn skulu gera sér grein fyrir því að það er mjög mikið eftir í þingstörfum. Ég tek undir að eina vitið væri að gera hlé og menn reyni að ljúka vinnu við frágang mála. Meiri hlutinn á að koma sér saman um hvað hann eiginlega ætlar að gera. Við verðum einfaldlega að bíta í það súra epli að mæta á milli jóla og nýárs. Ekki stendur á mér. En það er mikil umræða eftir.

[14:36]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég vil bara leiðrétta þann misskilning ef einhver hefur staðið í þeirri meiningu að ekki væri samstaða hjá meiri hlutanum í efh.- og viðskn. um afgreiðslu bandormsins. Þar standa allir saman. Eins vil ég geta þess að meiri hlutinn hyggst flytja frv. með þremur efnisatriðum sem hafa verið nefndarmönnum í efh.- og viðskn. vel kunn.

Við afgreiddum í gærkvöldi lánsfjáráætlun, frv. til lánsfjárlaga, og eins lukum við vinnunni við bandorminn, að undanteknum þremur til fjórum atriðum frá heilbr.- og trn. sem við kláruðum í morgun. Hins vegar stóð ég í þeirri meiningu eftir fund efh.- og viðskn. í morgun að fulltrúar minni hlutans í nefndinni þyrftu tíma til að ljúka nál. og þyrftu að leggja mikið á sig til í þeirri vinnu þannig að ekki væri hægt að ræða málið fyrr en nokkuð væri liðið á daginn. Ég sé núna og það kemur á óvart að þeir hafa allt í einu hafa tíma til að þrasa um mál utan dagskrár um stjórn þingsins. (**KÁ:** Þeim ber skylda til að sitja þingfundi.) (**ÖS:** Þú hefur kannski ekki gert þér grein fyrir því.)

[14:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það að nauðsynlegt er að heilbr.- og trn. komi saman og ræði þá atlögu, þá aðför sem nú er gerð að öldruðum og öryrkjum í fjárlögum og bandormi. Ég hef tekið saman að í tíu atriðum er ráðist á gamla fólkið. (**Gripið fram í:** ... athugasemdir um störf þingins.) — Þetta er um þau. Ég er að fara fram á að heilbr.- og trn.

komi saman til að fá skýringar á atriðum sem er verið að bæta við bandorminn, fleiri atriðum sem eru að koma inn í umræðuna þar sem á enn að ráðast á aldraða og öryrkja.

Í gærkvöldi kom fram að það ætti að hækka gjöld á heilsugæslustöðvum og hjá sérfræðingum. Í gær fékk heilbr.- og trn. upplýsingar um að það eigi að skerða grunnlífeyri hjá öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Það mun hafa í för með sér allt að 84% skerðingu á lífeyrisgreiðslum til hjóna á vissu tekjubili og 62% skerðingu lífeyrisgreiðslna til einstaklinga.

Fleira en það sem kemur fram hér og hefur komið fram í fjölmiðlum tel ég skylt að upplýsa heilbr.- og trn. um áður en þingstörfum verður haldið áfram.

[14:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkuð sérkennilegar fréttir sem eru að berast núna á öldum ljósvakans. Er það rétt að hæstv. heilbrrh. ætli að hækka sjúklingaskattana sem hún er á móti? Það eru mjög athyglisverð tíðindi. Er þá nokkur maður hissa á því að nefndir þingsins vilji ræða nýja stöðu sem upp er komin?

Verið er að fjalla um heilbrigðismál í þremur nefndum þingsins, í efh.- og viðskn., í fjárln. en síst í heilbrn. Það á auðvitað að gera þá kröfu að heilbrn. fái yfirlit yfir breytingar sem ætlunin er að gera á heilbrigðisþætti fjárlaganna frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Það hefur enginn, — ég endurtek enginn — yfirlit yfir það í nefndum þingsins eins og sakir standa. Það er ekki hægt að ljúka þessu máli óöruvísi en þetta yfirlit verði tekið saman og menn geri sér grein fyrir hvert hæstv. ríkisstjórn er að fara, sérstaklega þegar þingið stendur frammi fyrir þeim vanda að hæstv. heilbrrh. er greinilega með allt aðra skoðun á þessum málum en hún var fyrir örfáum sólarhringum. Þá var hún á móti því að leggja á innritunargjöld en ætlar núna að hækka sjúklingaskatta eins og fram hefur komið.

Í öðru lagi veit ég ekki betur en að ríkisstjórnin sé stöðugt að breyta sínum eigin tillögum og ég spyr, hæstv. forseti: Verður frv. um tekju- og eignarskatt tekið fyrir til 3. umr. núna? Það mun vera fyrra málið á dagskránni sem liggur fyrir. Verður það tekið fyrir? Verði það ekki tekið fyrir, hæstv. forseti, af hverju er það? Er það vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um breytingar sem hún ætlar að gera á því frv. við 3. umr. málsins? Er það vegna þess? Eða er það af einhverjum öðrum ástæðum?

Að lokum vil ég segja við hv. þm. Vilhjám Egilsson sem hann virðist ekki hafa uppgötvað og kemur engum á óvart í salnum nema honum. Það er skylt samkvæmt lögum fyrir alþingismenn að sækja þingfundi.

[14:42]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Forseti sagði áðan í svörum sínum við spurningum mínum að hann hefði gert sér vonir um að unnt væri að taka á dagskrá þings frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, með öðrum orðum bandorm. Nú er upplýst að í gærkvöldi gerðist það að fréttir bárust frá aðstoðarmanni hæstv. heilbrrh. um að heilbrrh. hefði uppi áform um að ganga enn lengra í skerðingum á bótagreiðslum lífeyrisþega, fella niður sumar skilgreindar bætur en skerða aðrar enn frekar. Jafnframt var upplýst að um þetta hefði engin efnisleg umræða farið fram í heilbrn. og í rauninni var til þess ætlast að afgreiða þetta bara ganske pent í efh.- og viðskn. án þess að málið hefði fengið nokkra eðlilega og sómasamlega þinglega umfjöllun. Að sjálfsögðu neituðum við því og a.m.k. var orðið við þeirri kröfu að við fengjum til samtala t.d. fulltrúa aldraðra, fulltrúa Félagsmálastofnunar Reykjavíkur og fleiri aðila í morgun, til þess að fá a.m.k. frumupplýsingar um þetta mál. Síðan er það að efh.- og viðskn. var á fundum í hádegi. Það er reyndar svo að tíðir fundir þar hafa orðið til þess að menn hafa orðið að skipta með sér verkum til sækja þá fundi. Ef forseti býst við að unnt sé að taka þessi mál á dagskrá þannig að fyrir liggi brtt. og nál. að því er varðar bandorminn sjálfan og skröltorminn, afkvæmi hans, tekju- og eignarskattsfrv., lánsfjárlög, tekjugrein fjárlaga o.s.frv. þá er það til of mikils mælst. Ég veit að jafnþingreyndur maður og hann veit, öfugt við það sem hv. formaður efh.- og viðskn. var að gefa í skyn áðan, að með þessum hætti ganga mál ekki. Fyrir utan að verið er að sniðganga starfsreglur þingsins um eðlileg vinnubrögð nefnda er verið að bjóða heim stórkostlegri slysahættu í löggjöf og það er ekkert smávegis sem er undir. Það eru nokkurn veginn meginþættirnir af gervallri velferðarríkislöggjöf Íslendinga sem eru undir þessa fáeinu daga. Niðurstaðan er því einfaldlega sú tillaga sem fram er komin um að menn staldri við, líti á þessi vinnubrögð, reyni að gera hvað þeir geta til þess að forða stórslysum í löggjöf og geri hlé. Meiri hlutinn sem að þessum málum stendur getur þá ráðið ráðum sínum og tekið almenna afstöðu til þess hvort hann ætlar að standa sómasamlega að vinnubrögðum við afgreiðslu mála.

[14:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti óskar samvinnu við hv. þingmenn um framgang mála í dag en fer ekki fram á meira á þessari stundu en að umræðan um 2. dagskrármálið geti hafist. (**SvG:** Af hverju ekki fyrsta?) Forseti hafði þegar gert grein fyrir því í upphafi fundarins að þegar við lukum 2. umr. á laugardaginn var, var fallist á það í góðri samvinnu milli forseta og þeirra fáu þingmanna sem voru í salnum að hv. efh.- og viðskn. gæfist tími til að fara frekar yfir málið og það yrði ekki tekið til 3. umr. fyrr en þeirri athugun væri lokið. Og forseta hefur skilist að það sé eitthvað eftir. Þess vegna sagði hann í upphafi fundar að það yrði ekki hafin umræða um það mál.

Forseti lét þess líka getið í upphafi fundar að hann gerði ráð fyrir öðrum fundi í dag þar sem rædd yrðu mál frá nefndum og þá sérstaklega ráðstafanir í ríkisfjármálum. Sá fundur verður ekki settur fyrr en tími hefur gefist til að halda fund með þingflokksformönnum og aðrir sem þar koma að geti ræðst við.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom með þá tillögu að nú yrði fundi frestað og þingið kæmi saman á milli jóla og nýárs. Forseti telur að ákvörðun um það sé ekki tímabær hér og nú, það verði að ræðast í hópi þingflokksformanna í forsætisnefnd og við ríkisstjórnina. Það þykist ég vita að allir hv. þingmenn skilji.

Forseti fer fram á það að í sátt verði nú hafin umræða um 2. dagskrármálið.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 3. umr.

Stjfrv., 171. mál. — Þskj. 213.

[14:47]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls óskaði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eftir frekari upplýsingum um nokkur atriði, m.a. varðandi skilmála Landsvirkjunar um sölu á ótryggðu rafmagni. Í máli sínu bar hann saman sölu Landsvirkjunar á ótryggðu rafmagni og afgangsorku sl. ár og áætlaði afhendingu afgangsorku frá Landsvirkjun árin 1998–2004 og lýsti áhyggjum sínum af því að ekki yrði unnt að mæta eftirspurn eftir ótryggðri orku. Með vísan til óska hv. þm. var aflað upplýsinga frá Landsvirkjun og ég vitna hér til bréfs Landsvirkjunar sem mér barst í dag. Þar segir m.a. undir lið 2, Skilmálar varðandi sölu Landsvirkjunar á ótryggðu rafmagni:

„Um sölu Landsvirkjunar á ótryggðu rafmagni gilda almennir skilmálar sem settir voru af stjórn fyrirtækisins á sínum tíma og hafa gilt síðan 1. janúar 1991 og komu í stað skilmála um sama efni sem höfðu gilt frá 1. janúar 1977. Samkvæmt núgildandi skilmálum gildir eftirfarandi að því er snertir almenn skilyrði um viðskipti þessi, afhendingu og verðlagningu hins ótryggða rafmagns."

Bréfinu fylgir minnisblað um afhendingu á afgangsorku og ótryggðu rafmagni árin 1998 og 2004. Þar kemur fram að unnt væri að afhenda að meðaltali rúmlega 82% af samanlagðri hámarksnotkun samkvæmt samningnum um sölu á afgangsorku og ótryggðu rafmagni í meðalvatnsári að meðaltali 72–95%. Eins og fram kom í bréfi Landsvirkjunar er lágmarkstími sem ótryggt rafmagn skal vera tiltækt miðað við sölu í þrepum 1, 2 og 3 76% á fimm ára tímabili. Miðað við framangreint tímabil og meðalvatnsár gerir Landsvirkjun ráð fyrir að unnt verði að afhenda a.m.k. 81% af samanlagðri hámarksnotkun samkvæmt ofangreindum samningum á hverju 5 ára tímabili á umræddu árabili. Í lélegum vatnsárum yrði unnt að afhenda minna og í góðum vatnsárum meira. Kaupendur hafa, eins og áður kom fram, engar skyldur til að kaupa þá orku sem tilgreind er í samningnum, hvað þá hámarksnotkun. Því er mjög ólíklegt að allir kaupendur óski eftir að kaupa hámark á sama tíma. Reynslan hefur raunar sýnt að svo er ekki. Það er því líklegt að framangreint hlutfall um afhendingu sé vanmetið.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði áhyggjur af því að skerðing á sölu ótryggðs rafmagns kæmi niður á ylrækt. Svo er ekki, því það hafa ekki verið gerðir samningar um sölu á ótrtyggðu rafmagni til ylræktar. Forgangsorka er í sumum tilfellum seld sem víkjandi orka samkvæmt gjaldskrá almenningsrafveitna.

Varðandi aðra starfsemi sem nýtir ótryggt rafmagn eða afgangsorku er, eins og fram kom í bréfi Landsvirkjunar, gerð krafa um að þeir sem nota ótryggt rafmagn skuli setja upp og reka á eigin kostnað olíukyndingu eða annað varaafl sem nægir til eðlilegra afkasta þegar skerða þarf afhendingu rafmagns eða þeir gefi yfirlýsingar um að þess sé ekki þörf. Þar sem ótryggt rafmagn er notað til hitunar á vatni hjá hitaveitum yrði gripið til þess að kynda með svartolíu meðan skerða þarf. Sama á við um fiskimjölsverksmiðjur og aðra sem nota ótryggt rafmagn til framleiðslu gufu.

Nokkuð hefur verið rætt um áhrif breytinga á samningnum á afkomu Landsvirkjunar og orkuverð til almenningsveitna. Í umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar um samninginn segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar verður núvirtur hagnaður af fjórða viðaukanum við rafmagnssamninginn um 8 milljarðar kr. miðað við grundvallarforsendur og um 80% líkur á því að arðsemi af nauðsynlegum fjárfestingum Landsvirkjunar vegna viðaukans verði 15% eða meira og nánast engar líkur á því að fjárfestingin skili lægri arði en 5,5%. Það er því sameiginlegt mat okkar að viðauki sá sem hér um ræðir sé Landsvirkjun verulega hagstæður og hafi mjög jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins."

Það er því ljóst að samningurinn auðveldar fyrirtækinu að lækka raforkuverð til almenningsrafveitna, en um það atriði segir í bréfi fyrirtækisins sem er dagsett í dag og ég hef áður vitnað til. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þróun heildsöluverðs Landsvirkjunar á rafmagni til almenningsrafveitna.

Í fjárhagsáætlunum sínum til lengri tíma litið gerir Landsvirkjun ráð fyrir því að meðalverð forgangsrafmagns frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna verði óbreytt að raungildi til loka ársins 2000 en raunverðið lækki síðan árlega um 3% þar til það verði komið í 1,75 kr. á kwst. á árinu 2014 sem er jafnt hinu svonefnda langtímajaðarkostnaðarverði og hafi þá lækkað úr 2,95 kr. á kwst. eins og það er í dag eða alls um 41%. Auknar tekjur Landsvirkjunar vegna sölu á rafmagni til stækkunar Ísals samkvæmt rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Ísals, dags. 16. nóvember 1995, gerir umrædda verðlækkun auðveldari en ella.

Almenn skilyrði. Ótryggt rafmagn má selja til hvers konar nota, einkum þar sem rafmagn kemur í stað annarra orkugjafa. Gerð er krafa um að notandi ótryggðs rafmagns geti á annan hátt séð fyrir rafmagnsþörf sinni ef afhendingu rafmagnsins er hætt, nema þegar um er að ræða framleiðslu sem getur lagst niður tímabundið meðan skerðing varir. Uppsett afl þess búnaðar sem nýtir ótryggt rafmagn skal að lágmarki vera 100 kw, eða með áætlaða ársnotkun að lágmarki 500 mwst.

Viðkomandi kaupandi og Landsvirkjun sem seljandi skulu gera með sér rammasamning um viðskipti með hið ótryggða rafmagn. Verð á slíku rafmagni skal vera samkvæmt heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma. Samningar um endanlega sölu ótryggðs rafmagns eru síðan gerðir milli kaupanda og einstakra notenda og eru þeir háðir staðfestingu Landsvirkjunar. Í þeim samningum skal koma fram til hvaða starfsemi ótryggða rafmagnið skal notað og um hve mikið magn er að ræða.

Forstjóra Landsvirkjunar er heimilt að gera samninga um sölu á ótryggðu rafmagni á grundvelli hinna almennu skilmála Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns og heildsöluverðskrár Landsvirkjunar eins og hún er á hverjum tíma.

Afhending ótryggðs rafmagns. Landsvirkjun skuldbindur sig til að afhenda frá kerfi sínu ótryggt rafmagn allt að umsömdu afl- og orkumagni. Í samningi kaupanda og notanda ótryggðs rafmagns skal eftirfarandi vera tilgreint:

Samningsbundið afl (meðaltal á klst.).

Samningsbundin orka á almanaksári.

Landsvirkjun ákveður hvaða gjaldskrárþrep skuli gilda á hverjum tíma í viðskiptum með ótryggt rafmagn og þá út frá stöðu og horfum í vatnsbúskap fyrirtækisins. Landsvirkjun er heimilt hvenær sem er að breyta verði milli gjaldskrárþrepa með minnst 7 daga fyrirvara.

Landsvirkjun er enn fremur heimilt að skerða eða rjúfa algerlega afhendingu samningsbundins ótryggðs rafmagns eftir stöðu og horfum í vatnsbúskapnum svo fremi að slík skerðing eða rof stytti ekki, að teknu tilliti til hugsanlegrar þrepaskiptingar þann tíma sem orka er tiltæk í heild á neinu einu almanaksári eða samanlagt yfir lengri tíma niður fyrir tiltekið lágmark sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Landsvirkjun mun að jafnaði ekki beita skerðingu eða rofi nema um sé að ræða:

a) Vatnsskort í vatnsmiðlunum Landsvirkjunar.

b) Nauðsynlegar afltakmarkanir til að koma í veg fyrir yfirálag.

c) Truflanir í veitukerfi Landsvirkjunar og óviðráðanleg öfl.

Landsvirkjun mun aðvara kaupanda með þeim fyrirvara sem við verður komið hverju sinni þegar ætla má að skerðing eða rof sé yfirvofandi og upplýsa eftir því sem unnt er hvað gera megi ráð fyrir að skerðingin eða rofið verði víðtækt eða langvinnt. Ef vatnsskortur (a) veldur skal fyrirvarinn ekki vera skemmri en 72 klukkustundir en í öðrum tilvikum (b) og (c) skal hann ekki skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

Landsvirkjun ábyrgist að ótryggt rafmagn sé tiltækt að lágmarki í eftirtalinn tíma í viðkomandi verðþrepum:

Lágmarkstími sem ótryggt rafmagn er tiltækt á þrepi 1:

Á einu ári: Ekkert lágmark (0%).

Á 5 ára tímabili: 770 dagar (42%).

Lágmarkstími sem ótryggt rafmagn er tiltækt í þrepum 1 og 2:

Á einu ári: 36 dagar (10%).

Á 5 ára tímabili: 1.330 dagar (73%).

Lágmarkstími sem ótryggt rafmagn er tiltækt á þrepum 1, 2 og 3:

Á einu ári: 110 dagar (30%).

Á 5 ára tímabili: 1.390 dagar (76%).

Landsvirkjun mun stefna að því að langtímameðaltal tiltæks ódýrs rafmagns verði eftirfarandi:

Samkvæmt verðþrepi 1: 237 dagar á ári (65%).

Samkvæmt verðþrepum 1 og 2: 318 dagar á ári (87%).

Samkvæmt verðþrepi 1, 2 og 3: 328 dagar á ári (90%).

Notandi ótryggðra rafmagnsins skal setja upp og reka á eigin kostnað olíukyndingu eða annað varaafl sem nægir til eðlilegra afkasta þegar rafmagnið er tekið af, nema fyrir liggi skrifleg yfirlýsing frá honum til hlutaðeigandi kaupanda um að þess sé ekki þörf.

Verð ótryggðs rafmagns er tilgreint í gjaldskrá Landsvirkjunar og skiptist í þrjú verðþrep. Verðið breytist í samræmi við þróun á almennu orkuverði og er tekið tillit til samkeppnisstöðu ótryggðra rafmagnsins gagnvart olíu."

Í ræðu sinni við 2. umr. málsins spurði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hvaða ríki væru keppinautur Íslendinga varðandi fyrirhugaða álverksmiðju Columbia Aluminium. Hann nefndi í því sambandi Venesúela og Kanada. Þessi ríki vinna raforku, eins og hv. þm. nefndi, einkum með vatnsorku. Í Kanada er þó ríflegur þriðjungur af allri raforku sem þar er framleidd unnin með öðrum hætti, kolum, olíu, jarðgasi eða kjarnorku og í Venesúela um fjórðungur með olíu og jarðgasi. Ríki við Persaflóa var einnig í myndinni hjá Columbia Aluminium, en það eru ekki bara þessi lönd sem eru keppinautar Íslands varðandi orkufrekan iðnað. Á þessu ári var tekið í notkun stórt álver í Suður-Afríku þar sem kol voru notuð til raforkuframleiðslunnar. Gert er ráð fyrir að framleiðsla þess verði um 65 þús. tonn á þessu ári, um 300 þús. tonn á næsta ári og um 460 þús. tonn árið 1997. Kol sjá einnig fyrir mestum hluta af raforkuþörf álvera í Ástralíu og fleiri ríkjum. Við Persaflóa er raforka til álvera framleidd með jarðgasi.

Á árinu 1990 var einn þriðji raforkunnar sem notaður var við framleiðslu áls í heiminum unnin í orkuverum sem notuðu jarðefnaeldsneyti. 1990 var þetta 33,6% jarðefnaeldsneyti, 6,2% kjarnorka og um 60,2% vatnsaflsnotkun.

Ísland og Noregur hafa sérstöðu varðandi nýtingu endurnýjanlegra orkulinda til raforkuvinnslu. Í Noregi er nánast eingöngu notuð vatnsorka en hér á landi sjá vatnsorkan og jarðhitinn fyrir 99,9% af orkuþörfinni. Til samanburðar vil ég nefna að þessar orkulindir sjá fyrir um 19% af raforkuvinnslunni í heiminum, kjarnorkan um 17% en jarðefnaeldsneyti, kol, jarðgas og olía um 64%. Í OECD-ríkjunum í Evrópu sér jarðefnaeldsneyti fyrir rúmlega helmingi raforkunotkunar. Það er því ljóst að Ísland hefur sérstöðu hvað þetta varðar.

Möguleikar á aukinni framleiðslu á raforku með endurnýjanlegum orkulindum með því að nýta vatnsorku til framleiðslu á orkufrekum afurðum, t.d. áli, dregur úr þörfinni á að nýta jarðefnaeldsneyti og kjarnorku til raforkuvinnslu. Slík nýting okkar hreinu orkulinda stuðlar að því að lokamarkmiði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verði náð. Því losun koldíoxíðs vegna álframleiðslu sem nýtir rafmagn framleitt með vatnsorku er einungis tíundi partur af því sem losað er með rafmagni sem unnið er í kolorkuveri.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði einnig ákvæði samningsins um tækni og söluþóknun að umræðuefni. Það er rétt að það komi fram að með þeim viðaukasamningi sem hér er rætt um er ekki verið að breyta þessum ákvæðum. Algengt er að semja um sérstök sölu- og tækniaðstoðargjöld milli dótturfélags og aðaleiganda þegar móðurfélagið sér alfarið um sölumál og veitir rekstrar- og tækniaðstoð. Er þetta svo í þeim samningum sem gerðir hafa verið hér á landi við járnblendiverksmiðjuna, Kísiliðjuna og Steinullarverksmiðjuna. Söluþóknun sem Ísal greiðir Alusuisse nemur um 1,5% af veltu og hefur verið svo frá upphafi. Alusuisse sér um sölu á allri framleiðslu Ísals og veitir samkvæmt sérstökum aðstöðusamningi alla aðstoð við sölu og dreifingu. Sala á áli hefur tekist mjög vel og má geta að uppbætur til Ísals voru um 11% umfram heimsmarkaðsverð á áli á árinu 1994 og stefnir í það sama nú. Þessar uppbætur koma til vegna hreinálsframleiðslu og vegna sérvöru sem framleidd er.

Þessi þóknun er eðlileg og verður óbreytt við gerð þessa viðaukasamnings. Til samanburðar má geta þess að Kísiliðjan greiðir Celite Corporation 12% söluþóknun. Hlutdeild járnblendiverksmiðjunnar í sölukostnaði er um 2% af veltu.

Tækniaðstoðargjald hefur frá upphafi verið 2,2% af veltu og er það endurgjald til Alusuisse fyrir að láta Ísal í té að staðaldri fjárhagslega og stjórnunarlega aðstoð svo og tæknilega aðstoð og sérkunnáttu vegna rekstrar. Gjald þetta er nokkuð rætt í viðræðum nú en niðurstaðan varð sú að gjaldið hélst óbreytt. Hafa ber í huga að þessi heildaraðstoð tekur til allra helstu rekstrarþátta, þar með talið innkaupa á hráefnum. Gjald þetta er sambærilegt við það sem aðrar verksmiðjur greiða hér erlendum samstarfsaðilum. Nefna má að Kísiliðjan greiðir 2% gjald, Steinullarverksmiðjan greiðir 1,5% af veltu í tækniaðstoðargjald. Járnblendiverksmiðjan greiddi í upphafi 3% af veltu í tækniaðstoðargjald. Í tengslum við samning um fjárhagslega endurskipulagningu árið

1991 var þeirri tilhögun þó breytt og er gjaldið nú fallið niður en þátttaka í sameiginlegum rannsóknarverkefnum tekin upp í staðinn. Með hliðsjón af þessu verður að telja tækniaðstoðargjald Ísals eðlilegt.

Í Atlantsálssamningunum var gert ráð fyrir heildarþóknun fyrir sölu og rekstur og tækniþekkingu að fjárhæð 4% af veltu. Þetta má bera saman við 3,7% samanlögð gjöld sem Ísal greiðir.

Vegna umræðna um skattamál og mat á heildarávinningi Íslands af viðaukasamningnum er rétt að hafa í huga að orkusamningurinn er beinn viðskiptasamningur milli Landsvirkjunar og Ísals og hefur ávinningur af honum að sjálfsögðu verið metinn í ljósi aðstæðna Landsvirkjunar og á grundvelli þeirra ákvæða Landsvirkjunar í landsvirkjunarlögunum sem gilda um raforkusölu til stóriðju. Það mat liggur ljóst fyrir að samningurinn er óumdeilanlega hagstæður fyrir Landsvirkjun.

Skattasamningurinn hefur tekið mið af þróun skattlagningar á Íslandi sem reyndar hefur þróast að mörgu leyti á sama veg og í OECD-ríkjum. Í samningnum um skatta koma íslensk yfirvöld fram sem stjórnvald og samningarnir um skatta eru fyrst og fremst að tryggja að heildarskattbyrði Ísals sé sambærileg því og fyrirtækið verði skattlagt samkvæmt íslenskum lögum. Viss sérákvæði hafa þó verið talin eðlileg vegna stærðar og umfangs þessa rekstrar. Útreikningar sem lagðir hafa verið fyrir iðnn. sýna að heildarskatttekjur af stækkuðu álveri munu aukast verulega sérstaklega eftir að meginafskriftartíma fyrirtækisins er lokið.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim helstu fyrirspurnum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fyrir mig við 2. umr. þessa máls.

[15:11]

Útbýting þingskjala:

Vatnsveitur sveitarfélaga, 119. mál, nál. félmn., þskj. 423; brtt. félmn., þskj. 424.

[15:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v., Stefáni Guðmundssyni, formanni iðnn., fyrir þá greinargerð sem hann flutti hér og svör við ýmsum álitaefnum sem ég kom að við 2. umr. málsins. Ég hafði að vísu óskað eftir því að hv. iðnn. tæki málið til sérstakrar athugunar milli umræðna þegar ég ræddi um þetta fyrir skömmu til þess að nefndin gæti sameiginlega farið yfir þessi efni sem varða vissulega miklu í sambandi við mat m.a. á raforkusamningnum. Það virðist þó ekki hafa verið gert heldur er hv. þm. að kynna álit Landsvirkjunar eftir minnisblaði sem þingmaðurinn las upp fyrir okkur. Ég ætla ekki að vanvirða að það sé kynnt hér, síður en svo. Mér finnst það mjög góðra gjalda vert að þessar tölur komi fram og sjónarmið Landsvirkjunar í málinu. En ég hefði talið eðlilegt að iðnn. í heild tæki málið til skoðunar að fengnu þessu minnisblaði. Ég skýt því til hv. iðnaðarnefndarmanna að athuga hvort ekki sé ástæða til þess, áður en þessari umræðu lýkur, að nefndin fari yfir þetta minnisblað frá Landsvirkjun alveg sérstaklega þar sem það varðar efni sem ekki virðist hafa verið tekið mikið fyrir við skoðun málsins í hv. iðnn. Þessari ábendingu kem ég á framfæri og vænti þess að hún verði metin af hv. formanni nefndarinnar og einstökum nefndarmönnum svo að sem best verði farið yfir efnisþætti málsins.

Ég vil þá koma að nokkrum atriðum í ljósi þess sem fram hefur komið hjá hv. formanni iðnn. og fjalla í upphafi sérstaklega um raforkuþátt málsins, raforkusamninginn og upplýsingar sem fram hafa komið frá Landsvirkjun og reiddar voru fram í svörum við fyrirspurnum af minni hálfu varðandi stöðuna að því er snertir svonefnda afgangsorku og ótryggða orku í raforkukerfinu á næstu árum. Tilefni þess að um er spurt eru m.a. þeir sérsamningar sem Landsvirkjun hefur gert ýmist beint við stóriðjufyrirtæki eða einstakar rafveitur sem nota þessa orku til framhaldssölu á sínum vegum til ýmissa þátta sem eru mjög mikilvægir í okkar atvinnulífi og hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Ég segi sem betur fer vegna þess að það var auðvitað langt frá því að það væri í lagi hvernig haldið var á markaðsfærslu innlendrar orku meðan sannanlega var af nógu að taka í raforkukerfinu. Þannig hefur orðið veruleg aukning á einstökum þáttum sölu á ótryggðu rafmagni á undanförnum árum og tekin upp sala sem ekki var áður eins og m.a. til fiskimjölsiðnaðarins, fiskimjölsframleiðslu í loðnuverksmiðjum sem við köllum svo þar sem um nokkra sölu er að ræða og vafalaust hægt að auka hana mjög verulega á næstu árum ef þessi ótryggða orka er þá til ráðstöfunar.

Nú heyrðum við það í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. að það væri ekki ástæða til þess, ef marka mátti túlkun hans á erindi frá Landsvirkjun, að hafa sérstakar áhyggjur í þessum efnum. Ég er ekki alveg viss um að það sé hægt að líta svo til að þetta mál liggi skýrt fyrir í þessu sambandi.

Ég held að sú tala sem reidd var fram af Landsvirkjun um heildarmagn afgangsorku og ótryggðrar orku í raforkukerfi landsmanna eins og fram kom í svari við fyrirspurn minni á þskj. 257, um afgangsorku í kerfi Landsvirkjunar, sé verulega ofmetin og þar kom fram að þessi afgangsorka hefði árið 1994 numið 1.510 gwst. og hækkað úr 820 gwst. á árinu 1990.

Ég tel mig vita það að staðan í miðlunarkerfi Landsvirkjunar á þessu ári sem ekki er reitt fram í svörum við þessari fyrirspurn hafi verið með því allra lakasta sem gerst hefur, að vatnsstaða í Þórisvatni hafi sjaldan verið lakari en sl. vor, en slík þróun hefur ákvarðandi áhrif á þá afgangsorku sem hægt er að selja sem ótryggða orku. Þegar litið er til þessa atriðis held ég að það sé mjög varlegt að taka þær áætlanir, sem fram koma í tilvitnuðum tölum Landsvirkjunar og raunar komu fram í svörum hæstv. iðnrh. við fyrirspurnum mínum, sem gilda vöru án þess að betur sé yfir það farið. Ég held að mat ýmissa þeirra sem fylgjast með rekstri Landsvirkjunar og stöðunni í kerfinu sé í rauninni mun varkárara en það sem hér kemur fram og menn hafi af því verulegar áhyggjur að það geti orðið þröngt í búi að gerðum þeim samningi sem hér er um að ræða og jafnvel án hans að nokkrum árum liðnum í sambandi við orku til ráðstöfunar.

Það kom líka fram í svörum hæstv. iðnrh. á sínum tíma að það sé metið nauðsynlegt að fara í frekari orkuöflunaraðgerðir fyrir hinn almenna markað að gerðum samningi við Ísal um frekari orkuafhendingu og þær aðgerðir beinast m.a. að Nesjavallavirkjun sem gæti komið í gagnið upp úr aldamótum og sérstöku miðlunarlóni við Háganga sunnan Sprengisands. Þetta eru atriði sem liggja fyrir.

Hver staðan í þessu verður nákvæmlega er auðvitað ómögulegt að segja um því að þetta er undir árferði komið og vatnsbúskap í landinu að því er varðar varðar raforkuvirkin og þess vegna er eðlilegt að mínu mati að það sé litið til ekki aðeins meðaláferðis heldur einnig til lakra ára

í vatnsbúskpanum til þess að meta þessa stöðu. Í rauninni þyrfti að skoða lökustu árin sem reynsla er fyrir í þessum efnum.

Ég hefði talið eðlilegt, virðulegur forseti, af tilefni þessa máls að hv. iðnn. kæmi saman og fengi til viðræðu þá aðila sem mest fjalla um og fylgjast með vatnsbúskapnum hjá Landsvirkjun og þurfa að sjá þar um reksturinn frá ári til árs til þess að heyra í þeim hljóðið og fá þeirra mat því að ég hef ástæðu til að ætla að hér geti verið um bjartsýnni áætlanir að ræða í þeim gögnum sem fram hafa verið leidd í málinu en raunverulega er ástæða til að ætla að geti orðið niðurstaðan. Ég er ekki að fullyrða neitt um það að hér séu rangar upplýsingar í því samhengi að ræða. Það skiptir auðvitað máli inn í hvaða samhengi er verið að tala, á hvaða forsendum er byggt, og þessar niðurstöður eru auðvitað fengnar að ákveðnum forsendum gefnum. En vissulega er ekki ólíklegt að það sé haldið fram frekar hinu bjartsýna af hálfu fyrirtækis sem er að ráðast í samning sem getur verið á tæpu vaði að því er varðar þá sérsamninga sem gerðir hafa verið.

Þá skulum við koma að því hvers eðlis þessir sérsamningar eru um ótryggða orku sem snerta hitaveitur, mjólkurvinnslu, steinullarframleiðslu, fiskimjölsframleiðslu, ullariðnað, fóðurframeiðslu, ölgerð og einnig fiskvinnslu, fyrir utan síðan sölu afgangsorku til stóriðjufyrirtækja eins og Ísals og Íslenska járnblendifélagsins. Þessir samningar byggjast á sérstökum skilmálum sem hv. þm. vitnaði til og koma fram í minnisblaði Landsvirkjunar. Ég hef þá raunar handa á milli eins og þeir eru gefnir út, þessir gildandi skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns. Af þessum gögnum blasir við að eins og samningarnir eru gerðir geta viðkomandi fyrirtæki þurft að taka á sig mjög verulegar skerðingar að því er varðar raforkukaup og samkvæmt yfirliti Landsvirkjunar um ábyrgðir varðandi ótryggt rafmagn, þá segir varðandi þrep 1 í þessum skilmálum að ekkert lágmark sé samkvæmt 1. þrepi, ekkert lágmark á einu ári. Þetta las hv. þm. upp og ég vænti þess að hv. þm. átti sig á því hvað í þessu felst. Það er ekkert lágmark sem tiltækt sé samkvæmt þessu þrepi og á einu ári. Það er sem sagt hægt að taka út, það er hægt að fella niður orkuafhendingu í heilt ár samkvæmt þessu þrepi. Hins vegar gilda gilda ákveðnar prósentur fyrir meðaltöl á ákveðnu tímabili. Á fimm ára tímabili eru skerðingarheimildirnar samkvæmt þrepi 1 42%. Og það er að sjálfsögðu ekki lítið.

Auðvitað á að vera tekið tillit til þessara þátta í sambandi við mat á verðlagningu. En hver er þá verðlagningin samkvæmt þessum samningum og hvernig ætli það verð sé borið saman við það verð sem stóriðjufyrirtækjum er ætlað að greiða og hér er verið að semja um næstu árin? Ég held að það sé fróðlegt fyrir hv. þm. að líta á það og nú veit ég að hv. 3. þm. Norðurl. v. má ekkert segja um það hvaða verð sé lágmarkið miðað við söluna til næstu átta ára eða svo, til 2004. Hann er bundinn þagnarskyldu að segja ekki orð um það úr þessum ræðustól hvert se lágmarkið. En mér þætti ekki ósennilegt að það lágmark sé ekkert mjög fjarri því sem verið er að semja um í þessum sérsamningum. Hvert er það lágmark? Hvert er það verðlágmark sem samið er um samkvæmt þessum sérsamningum? Það eru 0,73 aurar á kwst. eða um 11 mill, heldur lægra fyrir það sem fengið er frá rafveitunum en til stóriðjunnar, 0,63 aurar meðalverðið til rafveitna og meðalverðið til orkufreks iðnaðar 0,78. Meðaltalið úr þessu er sem sagt 0,73 eða um 11 mill. Þetta eru 10 mill til rafveitnanna og um 12 mill sem stóriðjan greiðir fyrir þessa ótryggðu orku.

Ef við gefum okkur það að í sérsamningunum fáist álíka verð og það útsöluverð sem ég hef kallað svo og fleiri sem verið sé að semja um til Ísals næstu átta árin eða svo, er þá eðlilegt nema spurt sé, er það sjálfgefið að ganga til slíkra samninga sem hér er um að ræða og taka áhættu um það eins og hér er verið að gera ... (**Iðnrh.:** Menn verða að horfa fram í tímann.) Hæstv. iðnrh., virðulegur forseti, er framsýnn maður, ég fullyrði að hann sé framsýnn ef ég hef tekið rétt eftir. Menn verða að horfa fram í tímann, sagði hæstv. ráðherra, og það er vafalaust rétt að hæstv. ráðherra er að reyna að horfa fram í tímann. Hæstv. ráðherra var m.a. með spádóma uppi um það að það væri að vænta margra, margra milljarða í skattgreiðslu eftir 2004. Hann fór með tölur í því sambandi og telur sig vera framsýnan. Þessar áætlanir byggjast á gefnum forsendur um verðþróun á áli á þessu tímabili og ætli hæstv. ráðherra sé í nokkuð betri færum að spá um það heldur en sá sem hér talar. Hann byggir auðvitað á einhverjum sérfræðingum sem eru að selja þjónustu sína og við þekkjum það ósköp vel á liðinni tíð og það er nú fróðlegt, virðulegi forseti, að fara yfir þau efni, spádóma sérfræðinga sem reiddir hafa verið fram í sambandi við margar af þeim hugmyndum sem uppi hafa verið hér á landi svo að ekki sé farið víðar í sambandi við líklega verðþróun á áli og það sem menn hafa verið að leiða af líkum í því sambandi.

Þá held ég að komi út úr því dæmi, virðulegi forseti, að það sé heldur hæpið að treysta einhverjum spám eða byggja á spám eins og hæstv. iðnrh. er að gera í sinni málafylgju hér í þinginu. Ég held að það sé fróðlegt fyrir hv. þm. að líta til veruleikans að því er varðar skattgreiðslurnar frá Ísal á þeim tíma sem liðinn er frá 1985 að um þær var samið og menn voru með miklar væntingar uppi um arðgreiðslur frá fyrirtækinu á grundvelli þeirra breytinga sem þar voru gefnar. En hver ætli hafi orðið niðurstaðan í því efni? Það er svo að það hefur verið að jafnaði um skattgreiðslur að ræða frá Ísal á þeim tíma umfram það lágmarksframleiðslugjald sem í gildi hefur verið frá 1975 og hefur farið lækkandi frá ári til árs vegna þess að það er óverðtryggt og er aðeins helmingurinn af því eða alls ekki meira en helmingurinn af því eða lægra en samið var um 1975. Ætli þetta hafi verið spádómarnir sem reiddir voru fram í umræðum á Alþingi í nóvember og desembermánuði 1985? Ónei, það er ekki og þetta geta menn skoðað með því að fara í gegnum þingtíðindi um þessi efni og gögn málsins sem lögð voru fram. Að sama skapi skulu menn gæta þess að treysta varlega þeim sjóðum sem verið er að reifa á þinginu sem eigi að koma til skila eftir átta ár eða svo. En fyrir liggur það mat efh.- og iðnn. þingsins að ekki sé að vænta neinna tekjuskattsgreiðslna í formi skatta af fyrirtækinu á þessu tímabili, næstu átta árin eða svo og ég kem að þessu aðeins síðar.

Ég fór út í að nefna þessi atriði vegna ummæla hæstv. iðnrh. og frammíkalls sem mér þykir ágætt að fá frá hæstv. ráðherra sem telur sig vera framsýnan. Þess vegna vil ég segja það í sambandi við raforkuverðið sem við vorum að ræða að menn hljóta að horfa á þann veruleika að verið er að bjóða raforku til Ísals á svipuðu verði og gert er ráð fyrir sem lágmarki í þeim samningi sem verið að gera, ef marka má það sem fram hefur komið um málið. En eins og allir vita er það eiðsvarið að ekki megi birta heildarupplýsingar um málið á Alþingi Íslendinga. Þannig er frá þessu gengið af hálfu stjórnar Landsvirkjunar og hæstv. iðnrh. sem hefur tekið undir hennar sjónarmið í þessu máli.

Það kann sem sagt þannig að fara að það reyni á skerðingarákvæðin gagnvart sérsamningum um það leyti sem hin nýja viðbót, stækkunin við Ísal, fer í gang og fyrstu árin þar á eftir. Ekki vill hæstv. iðnrh. virkja til að standa við þessa sérsamninga. Ég hef tekið fram að ég legg það ekki til. Það verður samt að líta á málið ef verið er að afhenda forgangsorku, eins og hér er um að ræða, og á að samningsbinda með samþykkt þessa frv. og samþykkt þessarar stækkunar. Þá er verið að samningsbinda sölu forgangsorku til Ísals á ekki ólíkum kjörum og verið er að selja til þeirra aðila sem heimilt er að skerða orkuna hjá, jafnvel að klippa algerlega á afhendingu í heilt ár, ef svo ber undir, samkvæmt þessum sérsamningum. Í staðinn taki menn í not varaaflið sem sagt er að skuldbundið sé að hafa samkvæmt samningunum, þ.e. þeim aðilum sem notfæra sér sérkjör frá Landsvirkjun er gert að setja upp varaafl, þá í formi olíu eða annars eldsneytis, til þess að geta gripið til þess ef Landsvirkjun hentar að grípa til skerðingarinnar.

Ég rifja það aftur upp að um er að ræða húshitun landsmanna, m.a. á Vestfjörðum, margháttaðan iðnað, úrvinnslu landbúnaðarfurða, steinullarframleiðslu og úrvinnslu sjávarfangs. Þetta er því ekkert smámál og það er fátt sem lýsir því betur hvers konar samning verið er að gera um raforkusölu en að á næstu árum mun verðið sem á að taka fyrir forgangsorkusölu til Ísals ekkert verða hærra en það sem hægt er að selja afgangsorku á.

Við skulum líka taka eftir því að ekki er gert ráð fyrir að auka sölu orku á þessum sérkjörum sem væri þó ekkert óeðlilegt því að það hefur reynst markaður fyrir afgangsorku í landinu í vaxandi mæli. Það hefur reynst vera aukinn markaður fyrir svonefnda ótryggða orku á þessum kjörum, álíka kjörum og verið er að tryggja þessu stóriðjufyrirtæki í Hafnarfirði. En það er ekki gert ráð fyrir því í þeim útreikningum sem fram eru reiddir, heldur að það verði óbreytt ástand í þessum efnum, ekki verði boðin fram aukin orka á þessum kjörum fyrir innlendan iðnað. Því er hér um að ræða stórt mál. Ég býst við því að þeir sem samþykkja samninginn verði minntir á, ef til þess kemur eins og gerðist t.d. árið 1979 ef ég man rétt. Þá þurfti, flestum að óvörum, að hefja stórfellda framleiðslu á raforku með eldsneyti til þess að halda uppi þjónustu. Ég held að hæstv. iðnrh. ætti að kynna sér hvaða staða var í Þórisvatni sl. vor, hvernig staðan var þá. Það er ekki innifalið í því svari sem hér var reitt fram. Hvað ætli væri mikið af afgangsorku fyrirliggjandi miðað við að Ísal væri komið inn og með þeirri viðbótarorkuöflun sem um er að ræða ef vatnsstaðan væri svipuð og hún var sl. vor í kerfinu. (**Iðnrh.:** Nú hefur mikið rignt.) Nú hefur mikið rignt, já. Drottinn hefur skilað einhverju til baka, einhverju niður, ég nota ekki verri orð um slíkan gjörning í þessum ræðustól. Hæstv. ráðherra ætlar að treysta á það, en það er nú háð sveiflum eins og annað sem verið er verið að semja um. Við ráðum litlu um úrkomuna og veðurfarið, hæstv. ráðherra, en við getum ráðið því hvort við önum út í samningsgerð sem kann að vera tvísýn eða óráðleg. Við getum tekið ákvarðanir um það en ekki hvað af himni fellur.

Mér er fyllilega ljóst að bæði hæstv. ráðherra og margir fleiri sem eru að prísa þennan samning á Alþingi hafa tilhneigingu til þess að hafa ekkert fyrir því að fara ofan í stöðu mála. Þetta atriði sem nú er loks uppi við 3. umr. málsins hefur bara ekkert verið til skoðunar. Iðnn. þingsins hefur ekkert verið að hafa fyrir því. Það er fyrst í svörum við fyrirspurnum að þetta er dregið fram. Þar eru gefnar mjög bjartsýnar forsendur og menn segja: Það stefnir ekki í að það þurfi að brjóta samninga sem gerðir hafa verið, þá sem í gildi eru núna. Ég er ekki að vefengja að það standi ekki til að brjóta þá samninga. Þeir eru bara háðir þeim ströngu skilmálum afgangsorkusölunnar að hægt sé að skerða þetta í heilt ár, samkvæmt fyrsta þrepi, án þess að nokkuð komi fyrir gagnvart þeim fyrirtækjum sem þurfa þá að grípa til annarra ráða, olíukyndingar eða annars, til þess að tryggja stöðu sína.

Ég endurtek, virðulegur forseti, ég held að það væri mjög gagnlegt að iðnn. athugaði hvernig aðstæðurnar voru, t.d. í vatnsári eins og var sl. vetur. Það kom líka fram í því sem lesið var af hv. 3. þm. Norðurl. v. að Landsvirkjun hafi heimildir til þess, umfram það sem verið var að gera skóna að væri stefna Landsvirkjunar, jafnvel heldur rýmri en ströngustu skilmálar samninga. En auðvitað hefur fyrirtækið tryggt sig fyrir því við þessa sérsamninga að geta klippt á ef um vatnsskort er að ræða, til nauðsynlegra afltakmarkana eða vegna truflana í veitukerfinu. En þessu er ekki svo farið í sambandi við forgangsorkusölusamninginn sem hér er til umræðu. Þar er þröngt skorinn stakkur og ólíku saman að jafna, eins og ekki þarf að hafa mörg orð um.

Nú kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. talsverður lestur, upplýsingar um stöðuna í sambandi við... (Gripið fram í.) Jú, jú, enda er ég margbúinn að þakka fyrir þær upplýsingar. Ég var bara að víkja að því að hv. þm. las upp talsvert um samkeppnisaðila Íslendinga í áliðnaði. Það tengist því, sem er sannarlega umræðunnar virði, að við erum að hefja rekstur, ef samningurinn verður gerður og verður virkur, á starfsemi sem eykur verulega mengun með koldíoxíði og teflir í tvísýnu, svo ekki sé fastar að orði kveðið, þeim alþjóðaviðmiðunum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til samkvæmt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Auðvitað var það sem fram kom hjá hv. þm. staðfesting á því sem ég hélt fram við 2. umr. að við erum engir keppinautar í sambandi við áliðnað okkar. Þau fyrirtæki sem hugmyndir eru um að geti risið á næstunni eru engir keppinautar einhvers jarðeldsneytis. Þó svo að nokkur hluti orkuframleiðslu í Kanada og Venesúela, $^1/_4$ eða $^1/_3$, sé framleiddur með slíkum hætti eru menn í þeim löndum og mörgum fleiri ekki að ráðgera að byggja upp áliðnað til þess að keppa með jarðeldsneyti. Þannig að hér væri í rauninni ekkert annað á ferðinni en staðfesting á því sem bent var á við 2. umr. Auðvitað er það svo að lönd sem búa við tiltölulega ríkulega, ef hafa má það orð um jarðeldsneyti sem er endanleg auðlind, Austurlönd nær, sem búa yfir tiltölulega miklu jarðeldsneyti, eru vissulega að eyða ógætilega þessari endanlegu auðlind sinni. Svo er um marga fleiri, t.d. nágranna okkar Norðmenn. Henni er eytt miklu hraðar en öll skynsemi býður með tilheyrandi mengun með koldíoxíði Þessi lönd hafa verið að koma sér upp iðnaði, ekki aðeins að selja þetta sem eldsneyti á heimsmarkaði til almennra nota, heldur komið sér upp iðnaði heima fyrir, byggðum á þessari endanlegu auðlind. Þetta er eitt dæmið um mikla skammsýni sem við verðum mjög víða vitni að í sambandi við meðferð endanlegra auðlinda. Menn ganga fram af fullkomnu ábyrgðarleysi gagnvart komandi kynslóðum og eyða efnum sem geta verið mjög verðmæt fyrir jarðarbúa almennt séð til annars en að nota þau í iðnaði eða í samgöngum eins og gert er og er það önnur saga.

Ég tel því að ekkert nýtt hafi að þessu leyti komið fram í upplýsingunum sem komið var með. Það er ágætt að þær

skuli vera fram reiddar og lesnar upp. Það er ekki nema gott um það að segja.

Ég vil aðeins minna á varðandi raforkusamninginn, virðulegur forseti, á hvaða bláþræði hann er reistur á heildina litið. Hann er reistur á bláþræði þess mats um þróun heimsmarkaðsverðs á áli sem er meginforsendan í sambandi við tekjurnar sem eiga að skila sér. Þar gefa menn sér ákveðin meðaltöl eins og í slíkum útreikningum og við getum ekki annað en beðið til ársins 2010, 2014 eða 2024 til þess að fá niðurstöðuna úr því, samanburðinn af þeim áætlunum sem reiddar eru fram og því sem raunverulega verður. Þetta sýnir með öðrum orðum hversu erfitt er að ræða þessi mál þegar um er að ræða samningagerð til svo langs tíma, hversu erfitt er að fullyrða. Það gildir jafnt um þá sem eru með bjartsýnina uppi eins og hina sem gefa sér svartsýnar forsendur. Menn verða að vega og meta hvort er skynsamlegra. En ætli sé ekki ráðlegt fyrir okkur að líta öðru fremur til næstu ára? Ætli sé ekki vert að hafa í huga alla þá orka sem við erum að binda til lengri tíma? Einhvern tíma var sagt að gefa ætti 21 mill eða svo þegar kæmi fram á næstu öld, þ.e. nokkurn veginn framleiðslukostnaðarverð orkunnar sem þá gæti verið að vænta. Ætli ekki sé betra að líta á það sem horfir til næstu framtíðar í þessum efnum? Er nokkuð gefið að við eigum ekki völ á því að fá betra verð fyrir þá orku sem hér á að fara að virkja með hagstæðustu virkjunarkostum Íslendinga, þegar þar að kemur? Þetta er hin stóra óvissa þessa máls.

Við erum að beisla allra hagkvæmustu virkjunarkosti landsmanna í von um að fá eitthvað nálægt framleiðslukostnaðarverði fyrir orkuna á næstu öld, eftir 2004 en ætlum að gefa hana þangað til, svona langt til. Ég held að það séu valtar stoðir undir viðskiptum af þessum toga og hugsun sem þar liggur að baki. Ég held að það hafi verið nefnt af hæstv. ráðherra sem ekkert má segja, einhver nefndi það hér að það væru svona 16 mill yfir heildina sem ættu að fást út úr þessu, jafnað út yfir samningstímann, eitthvað nálægt 16 mill. Það er alveg ljóst að það liggur undir jaðarkostnaðarverði nýrra virkjana í landinu eins og það hefur verið metið á liðnum árum þótt ekki sé tekið til virkjunarkostnaðar Blönduvirkjunar og stofnkostnaðar þeirra virkjana sem hér um ræðir.

Árið 1982 gaf Landsvirkjun það út og það þóttu tíðindi þegar Landsvirkjun fór að gefa það út að langtímaverð eða virkjunarkostnaður nýrra virkjana til lengri tíma litið væri áætlaður af fyrirtækinu 22 mill, margfölduð með tveimur, virðulegi forseti, sú tala sem er lágmarkið í þeim samningi sem hér er verið að efna til. Það vantar svona helminginn upp á að það nái þeirri tölu sem Landsvirkjun áætlaði fyrir 13 árum síðan. Og ætli virkjunarkostnaður og annar tilkostnaður hafi farið lækkandi á þeim tíma? Síðan höfum við í gangi alþjóðlega verðbólgu og eina verðtryggingin sem á að vera er álið, sveiflurnar á áli, verðsveiflurnar á áli sem eiga að vera tryggingin undir þessum búskap.

Nei, virðulegur forseti, Það er auðvitað hægt að láta gyllast af útreikningum af þeim toga sem ég veit að hæstv. iðnrh. hefur fengið í hendurnar og þeir sem eru að reyna að bakka upp þennan samning fullyrða að hér séu kostakjör á ferðinni. Ég held að menn ættu jafnframt að leggja hlustir við þegar Alusuisse hefur talað í þeim efnum um hversu afbragðs og afburða góður samningur hafi verið gerður út frá sjónarhóli fyrirtækisins. Auðvitað voru þeir líka með skattana þá í huga, skattana. Ég heyrði ekki betur en hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði einmitt verið að víkja að sköttunum og endurtaka það rugl sem sagt hefur verið um þau efni að hér væru hagstæðir samningar á ferðinni. Menn hafa verið að segja að það sé mjög jákvætt að skattasamningurinn hafi verið færður nær íslenskri skattalöggjöf. Það er eitt af því sem hefur verið sagt í þessu máli að sé svo gott við þessa samninga að því er skattana varðar að þeir hafi verið færðir nær íslenskri skattalöggjöf. Það er ekki svo að þeir hafi verið sniðnir að henni alveg, ónei.

Þá skulum við aðeins líta á það, virðulegur forseti, hver þróunin hefur verið í skattlagningu fyrirtækja á Íslandi undanfarin ár. Það er rétt. Þessi samningur gerir ráð fyrir því að skatthlutfall Ísal verði ekki stighækkandi eins og var hinum gamla samningi heldur hafi verið miðað við skatthlutfallið 33%, almennt hlutfall sem greiðslu fyrirtækja í landinu af arði sem hefur verið lækkað svo miklu nemur á undanförnum árum á sama tíma og skattbyrði hefur verið flutt frá fyrirtækjum yfir á almenning í stórfelldum mæli. Og þá var komin röðin að því að veita Alusuisse sérstakan glaðning, virðulegi forseti. Þegar svo var komið að fyrirtæki á Íslandi voru komin niður á þetta stig varðandi skattgreiðslur, var komið tilefni til þess að fara að taka upp íslenskar reglur fyrir Ísal en jafnframt og það fylgir þessari sögu og meira að segja styðst við mat efh.- og viðskn. þingsins, mun ekkert á þetta reyna á afskriftatíma fjárfestingarinnar. Það er ekki að vænta neinna skattgreiðslna frá þessu fyrirtæki á afskriftatíma. Og í sama vetfangi og þessi samningur er gerður eru lágmarksgreiðslur fyrirtækisins í formi svonefnds framleiðslugjalds lækkaðar um helming. Framleiðslugjald sem hefur verið óverðtryggt frá 1975 og farið hríðlækkandi síðan af þeim sökum að það er óverðtryggt og verður áfram óverðtryggt, er að nafnvirði fært niður sem viðmiðun úr 20 Bandaríkjadölum í 10. Og þá geta menn auðvitað haldið því fram að það verði svona svipað sem gæti væntanlega komið út úr þessu í tekjum af því að fyrirtækið er að auka framleiðslu sína. En það nær nú ekki einu sinni því og auk þess er engin verðtrygging þarna á bak við.

Síðan, virðulegur forseti, ætla ég aðeins að koma að þessu sölu- og tæknigjaldi sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að í sínu máli og gekk í gildru, hv. þm., ég verð að segja því miður og skjöplast svo þótt skýr sé eins og stendur einhvers staðar. Ég held að það hljóti að hafa verið vangá hjá hv. þm. að fara í það afleita hlutverk að réttlæta þetta ákvæði, sölu- og tækniþóknun Ísals samkvæmt aðalsamningi Alusuisse og íslenskra stjórnvalda. Þetta hefur, virðulegur forseti, alltaf verið talinn, einnig af málsvörum samningsins, mjög neikvæður þáttur í honum, enda segir það sig sjálft. Hér er um að ræða ákvæði sem menn gengust undir 1966 við gerð aðalsamningsins og létu sig hafa það sem stóðu að þeim samningi. Það var ekki Framsfl. sem gerði það. Ég held að það væri fróðlegt að fara yfir þingtíðindin og heyra hvað þingmenn Framsfl. á þessum tíma höfðu að segja um sölu- og tæknigjaldið í aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um fyrirtækið Ísal. Þá held ég að komi talsvert annað upp á borðið en það sem mátti heyra hjá hv. formanni iðnn. sem gekk í það hlutverk að réttlæta þetta gjald. (**StG:** Þarf ég að skipta um skoðun þó þeir hafi sagt þetta?) Ég var ekkert að biðja hv. þm., virðulegur forseti, um að skipta um skoðun. Það væru nú meiri afarkostirnir ef ég ætti að gera þingmanninum að skipta um skoðun. Það verður að vera hans ákvörðun. Það geri ég ekki fyrir hv. þm. Ég var aðeins að benda á það að ólíku væri saman að jafna, málflutningi framsóknarmanna á fyrri tíð og því sem ég held að þingmaðurinn hafi, virðulegi forseti, tekið upp af tómri vangá við umræðuna. Ég áttaði mig ekki

á hvort þingmaðurinn í ræðu sinni tók undir rökstuðning frá Landsvirkjun. Mér finnst það frekar ólíklegt að hún sé farin að ræða skattamál. (**StG:** Ekki frá Landsvirkjun.) Ekki frá Landsvirkjun, segir hv. þm. en ég hef grun um það að hv. þm. hafi fengið einhver minnisblöð, virðulegur forseti. Kannski ofan úr ráðuneyti, einhver minnisblöð þar sem menn láta sig hafa það að setja fram skoðanir sem ganga þvert á íslenska hagsmuni í máli sem þessu og taka ekki einu sinni tillit til þess að botninn er dottinn úr þeirri röksemdafærslu sem þó var reidd fram og kannski gat staðist eitthvert mál hér áður fyrr á meðan hluti af þessu máli, þessari sölu- og tækniþóknun svo að ég tali um þetta tvískipta gjald undir einu, þegar því fylgdi sú kvöð samkvæmt aðalsamningi að Alusuisse bæri að tryggja Ísal kaup á aðföngum á bestu kjörum. Þetta átti að vera þóknun fyrir það ákvæði í aðalsamningi vegna þess að það var reynt að tryggja framan af að fyrirtækið, þessi samtengdi risi sem Alusuisse er sem eigandi allrar myllunnar frá upphafi til enda, allt frá báxíti til hrááls sem framleitt er í Straumsvík, er eigandi á framleiðsluferlinum, skuldbindi sig til að útvega dótturfyrirtæki sínu hráefni til úrvinnslu í Straumsvík á bestu kjörum. Og fyrir þetta ákvæði átti að greiða ákveðna söluþóknun. Það fór hins vegar svo að fyrirtækið notaði þessi ákvæði í aðalsamningi ekki með þeim hætti sem samningar stóðu til um og braut samninga á Íslendingum gróflega með þeirri svikamyllu sem afhjúpuð var 1980 og kennd er við „hækkun í hafi". Ég ætla ekki að fara út í þá sögu, virðulegi forseti, hún er löng en hún er líka merk því að hún leiddi til þess að það var hægt að opna annars bundinn raforkusölusamning við fyrirtækið þannig að það tók það frekar á sig að greiða nær tvöfalt hærra verð fyrir raforkuna að lágmarki frá því sem verið hafði til þess að losna undan dómsáfellingu fyrir að hafa brotið samninga á Íslendingum. Það var það sem við höfðum upp úr því að afhjúpa þetta. Það var að vísu um nokkra endurskoðun að ræða 1984 en aðalendurskoðunin á skattákvæðunum var gerð með samþykkt á sérstökum viðauka á Alþingi í árslok 1985 og þá voru teknar upp allt aðrar viðmiðanir varðandi verðlagningu og tekið út úr samningnum skuldbindandi ákvæði um það að tryggja dótturfyrirtækinu í Straumsvík aðföng á bestu kjörum. En við söluþóknuninni var ekki hróflað, megingrunninum undan söluþóknuninni sem nú er haldið fram árið 1995, 10 árum síðar á Alþingi, að sé ofureðlilegt.

Ég verð að segja það að mér finnst hörmulegt, virðulegi forseti, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli af vangá detta ofan í þann pytt hér á þingi að lýsa því yfir að það séu eðlileg viðskipti að heimila fyrirtækinu frádrátt á 3,7% af veltu, þar af 2% ef ég man rétt í söluþóknun og minnka þar með líkur á tekjuskattsgreiðslum ef einhvern tíma til kemur því þetta er fyrir skatta, eftir að hin raunverulegi rökstuðningur fyrir þessum ákvæðum er kominn fram fyrir löngu síðan.

Ég ætlaði að reyna að hafa þennan lestur við 3. umr. ekki mjög langan en ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt samt, virðulegi forseti, af þessu tilefni og til upprifjunar og upplýsingar fyrir hv. 3. þm. Norðurl. v. að rifja upp matið á stöðunni varðandi þetta ákvæði 1985, ekki bara mitt mat heldur mat íslenskra stjórnvalda á þeim tíma. Með leyfi forseta vil ég lesa upp úr nefndaráliti sem lagt var fram af 1. minni hluta iðnn. á þskj. 226, 108. löggjafarþingi um þetta efni og ég veit að hv. þm. leggur við hlustir. Þar stendur:

„Felld voru niður ákvæði um bestu kjör á aðföngum frá Alusuisse til Ísals sem voru meðal grundvallaratriða hins upphaflega samnings frá 1966 og höfðu reynst sérstaklega þýðingarmikil fyrir Ísland í mati á verði aðfanga, svo sem súráli og rafskautum," — Hvar er hæstv. iðnrh., virðulegur forseti?

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að iðnrh. hæstv. verði kallaður í salinn.)

Mér þykir mjög miður ef ég þarf að endurtaka það sem ég er að flytja vegna þess að hæstv. iðnrh. er hlaupinn úr sal. Það er alveg dæmalaust, virðulegur forseti, að forræðisaðili málsins skuli ekki haldast við í þingsal. Ef ekki hefði komið til þessarar fyrirspurnar af minni hálfu væri málið farið frá hv. 3. þm. Norðurl. v., formanni iðnn., en hv.þm. var svo vinsamlegur að taka til athugunar ýmis atriði sem um var beðið.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. iðnrh. er genginn í salinn.)

Hæstv. ráðherra er kominn hér. Það er ánægjuefni. Þá vil ég bara til að hæstv. ráðherra nái þræði því að ég hafði ekki veitt því athygli að ráðherrann var kominn úr þingsal. (**Iðnrh.:** Bara hlusta.) Bara hlusta, segir hæstv. ráðherra. Það er verst, virðulegi forseti, að ég get ekki tekið hæstv. ráðherra upp hér til að hlýða honum yfir til að tryggja þetta. En ég trúi hæstv. ráðherra í þessu efni þó að ég trúi honum ekki um margt annað sem hann er að flytja. En aðalatriðið í því sem ég var að byrja að segja er þetta.

Rökin fyrir því að halda sérstakri söluþóknun til Ísal féllu fyrir borð fyrir 10 árum síðan, 1985. En þau voru því miður *endurflutt af formanni iðnn. Alþingis sem lenti í þann pytt* að lesa upp eitthvert minnisblað sem stungið hafði verið að hv. formanni iðnn. (**StG:** Af hverju segir þú þetta?) sem rök fyrir þessari þóknun. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Ekki samtal úr sal.)

Virðulegur forseti. Vafalaust kemur þingmaðurinn með heimildir sínar á eftir og ég hlusta þá að sjálfsögðu á það. Ég er að gera því skóna (**StG:** Hver samdi þetta fyrir þig?) að hæstv. — Hver samdi þetta fyrir þig? spyr hv. þm. Hver samdi hvað fyrir mig? (**SJS:** Formaður iðnn. ókyrr.) Ja, það finnst mér. Ég er aðeins að fara yfir atriði að gefnu tilefni, hv. 3. þm. Norðurl. v. Og það var ekkert sjálfgefið mál að um leið og tekið var út úr aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse 1985 að Alusuisse væri ekki lengur skuldbundið að útvega dótturfyrirtækjum sínum aðföng, hráefni á bestu fáanlegum kjörum eins og það heitir á enskunni „at arms length" þannig að um væri að ræða eins og viðskipti milli óháðra aðila. Þetta er fellt út.

Ég var að vitna til ummæla í áliti 1. minni hluta iðnn. á þeim tíma. Það er reyndar samið af þeim sem hér stendur og þar get ég kannski upplýst hv. 3. þm. Austurl. hvaðan tilvitnunin kemur:

„Felld voru niður ákvæði um bestu kjör á aðföngum frá Alusuisse til Ísals sem voru meðal grundvallaratriða hins upphaflega samnings frá 1966 og hafði reynst sérstaklega þýðingarmikill fyrir Ísland á mati á verði aðfanga, svo sem súráli og rafskautum, á liðnum árum og skeinuhætt fyrir Alusuisse í gerðardómsmálinu í New York á árinu 1984. Krafa um að fella þetta ákvæði út var gerð að úrslitaatriði fyrir undirskrift samningsins 5. nóv. [1985, undanskilið ártalið], aðeins degi áður en Sverrir Hermannsson hélt til Zurich til að undirrita samkomulagið. Fyrir iðnn. neðri deildar viðurkenndi ráðherrann að hér væri um að ræða „stóra veikingu á þessum ákvæðum" gildandi samninga. Samt var á þessa kröfu fallist sem sett var fram af fáheyrðri óskammfeilni að kröfu Alusuisse á síðustu stundu. Hjörtur Torfason hrl. greindi frá því fyrir iðnn. 5. des. 1985 að umræðan um bestu-

kjaraákvæðin hafi verið „mikill fleinn í holdi Alusuisse" og Ragnar Aðalsteinsson hrl. lagði áherslu á gildi þessa ákvæðis í málflutningi fyrir gerðardómi vegna skattadeilna 1984.

Þetta ákvæði átti þátt í þeirri niðurstöðu gerðardómsins í New York að Alusuisse bæri að opna bókhald sitt og leggja fram frumreikninga sem sönnuðu sakargiftir af Íslands hálfu um „hækkun í hafi" og skattsvik Ísals. Á dómsniðurstöðu reyndi hins vegar ekki þar eð íslenska ríkisstjórnin féllst á beiðni Alusuisse um sáttargerð í skattadeilunni gegn greiðslu 3 millj. Bandaríkjadala um (125 millj. íslenskra króna) og algera sakaruppgjöf. Eftir að aðilar höfðu orðið ásáttir um slíka málsmeðferð í júlí 1984 varð fyrst afráðið í september 1984 að undanskilja samninga um breytingu á skattkerfi og láta þá bíða síðari tíma. Þar með skapaðist sú staða sem íslenskir samningamenn þurfa að vinna við á þessu ári, [1985], og gat talist óskastaða fyrir Alusuisse."

Virðulegur forseti. Þetta var ástæða til að rifja upp vegna þess að hv. 3. þm. Norðurl. v. fór að réttlæta að þrátt fyrir að verið væri að taka upp ákvæði um skattlagningu fyrirtækisins væri inni í aðalsamningi þessi meðgjöf til fyrirtækisins látin standa eftir sem er algerlega óeðlileg eins og málum er háttað í þessu samþætta fyrirtæki sem á allan framleiðsluferilinn eins og menn þekkja. Hér er verið að færa á milli vasa peninga sem lítið sem ekkert kemur fyrir til þess að létta skattgreiðslur fyrirtækisins. Auðvitað láta menn hafa sig í það eins og fleira í samningnum — og er nú hluti af ríkisstjórninni farinn að taka upp samræður í salnum, virðulegur forseti. Ég legg það í dóm forseta hvort eðlilegt sé að fimmti hluti ríkisstjórnarinnar sé að halda fund í þingsal undir umræðu þessara alvarlega máls.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti biður hæstv. ráðherra að gæta þingskapa.)

Við 2. umr. málsins hafði ég rætt um skattahliðina og ég held að því hafi ekkert verið hnekkt hér. Það er mitt mat að hér sé um vondan samning að ræða að því er varðar skattana, hér hafi Alusuisse halað inn verulega í málinu sem auðvitað er ætlað til að vega á móti þeim þáttum sem þeir telja að sé útgjaldahlið af þeirra hálfu og er ekki víst að það sé mjög íþyngjandi en það er raforkusamningur. Þar er í rauninni gamla dæmið á ferðinni sem a.m.k. hæstv. félmrh. kannast við, þingreyndur maður og margreyndur úr glímunni við þetta fyrirtæki um aðferðina að gefa og þiggja á móti, give and take á enskunni, sem verið hefur ein meginreglan í þessu og verið notað sem aðferð við upptöku samninga til þess að íslenskir valdamenn geti borið sig borginmannlega að samningum gerðum og aðallega með því að vísa í einhverja raforkuverðshækkun. Nú er málið þannig vaxið að það er ekki einu sinni hægt að flagga henni opinberlega heldur eru hafðar uppi hálfkveðnar vísur en á móti kemur sá afsláttur í sambandi við endurskoðun skattákvæða sem um er að ræða og haldið inni nýlenduákvæðinu um sölu- og tækniþóknun þessa samþætta fyrirtækis. Það er von að þeir heiðursmenn sem undirrituðu samninga með hæstv. iðnrh., mig minnir að það hafi verið 7. eða 9. nóv. sl., bæru sig vel og teldu sig hafa gert afar góðan samning frá sjónarhóli fyrirtækisins.

Virðulegi forseti. Ég hef þá að gefnu tilefni fjallað um nokkur atriði sem hv. þm., formaður iðnn., vék að í máli sínu og ég ítreka þakkir til hv. þm. fyrir það að taka á þessum efnum. Ég vænti þess að metið verði hvort ekki sé ástæða til þess af hálfu iðnn. þingsins að líta á málið í ljósi þess minnisblaðs sem kom fram og kannski minnisblaða sem hv. þm., formaður nefndarinnar, var að vitna til, en iðnn. hefur ekki litið á sérstaklega. Því fæ ég að sjálfsögðu ekki ráðið og treysti því að það verði metið af nefndinni og formanni hennar hvað menn vilja gera í þeim efnum.

Umhverfisþáttur málsins var ræddur ítarlega við 2. umr. Hann barst lítillega inn í þessa umræðu vegna mengunar, þ.e. koldíoxíðmengunar frá fyrirtækjunum í sambandi við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Að öðru leyti hafði ég ekki ætlað mér að taka þann þátt upp frekar. Ég minni aðeins á að hér er um að ræða mjög slæman þátt í þessu máli þó að erfitt sé að vega það og meta upp á móti hinum þáttunum, þ.e. hinum fjárhagslega þætti málsins, en að mínu mati er það þáttur sem snertir almenna stefnu í umhverfismálum og hætt er við að hafi fordæmisgildi þó að hinu beri að halda til haga að hæstv. umhvrh. hefur sagt opinberlega á Alþingi að þessi gjörningur hafi ekki fordæmisgildi. Auðvitað hljótum við að minna á það ef og þegar til samninga um önnur stóriðjufyrirtæki kemur og ég er raunar nokkuð viss um að sú umræða sem fram hefur farið um þetta mál hlýtur að verða stjórnvöldum til umhugsunar og væntanlega til einhvers aðhalds í framtíðinni. Menn hafa átt fullt í fangi með að réttlæta þennan gjörning sinn og það er mjög langt frá því að eðlilega sé haldið á máli að mínu mati í mörgum greinum og ég vænti þess að því verði haldið til haga sem hér hefur fram komið ef til einhverra viðlíka samninga kæmi í framtíðinni og þeirra sem hér er verið að vinna að.

Ég nefni einnig í þessu sambandi það sem er verulegur þáttur í þessu máli en enginn, sem styður samningana, virðist taka alvarlega þ.e. hversu Ísal er í rauninni vanbúið tæknilega, hversu mikil óvissa tengist því fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækisins í framtíðinni að búa ekki yfir betri tækni en raun ber vitni. Þessi tækni veldur því að umhverfisþáttur málsins er miklu lakari en ella væri. Þetta er ekki aðeins ábending sem ég hef komið með og þeir sem eru að horfa til umhverfismálanna sérstaklega heldur þeir sem gjörla mega vita eins og Pálmi Stefánsson sem um langt árabil var framarlega hjá fyrirtækinu í Straumsvík og starfar nú enn í áliðnaði sem sérfræðingur. Það ættu menn að hafa í huga í sambandi við málið.

Ég vil líka nefna þau rök sem fram eru færð að því er varðar aukna í atvinnu af völdum þessa samnings. Mér finnst menn vera að fara þar í geitarhús að leita ullar þegar litið er til þess hversu óverulegur sá þáttur er miðað við þá fjármuni sem um er að ræða og miðað við það að þá fjármuni mætti nýta á margan hátt til þess að ná hliðstæðum árangri í atvinnulífi en samkvæmt spádómum er talað um að þetta gæti þýtt samdrátt í atvinnuleysi upp á 0,3% eða þar um bil. Meira er það ekki sem þarna er um að ræða.

Ég átti svo sem ekki von á því að hæstv. iðnrh. færi að taka undir með okkur alþýðubandalagsmönnum í sambandi við áhrif þessa máls á samfélagið með því að styðja eða stuðla að því að tekið yrði á málum eins og við höfum verið að leggja til. Ég átti ekki von á því. Framsfl. virðist því miður nokkuð heillum horfinn í þessum efnum. Undir forustu hans er verið að undirbúa stórframkvæmdir á Faxaflóasvæðinu meiri en orðið hafa hér fyrr og síðar ef eftir gengur með þeim hrikalegu afleiðingum sem slíkt mun hafa fyrir byggðina í þessu landi. Ekki aðeins þær byggðir sem munu tapa mannafla af þeim sökum heldur einnig fyrir alla stöðu byggðar í landinu, þar á meðal á höfuðborgarsvæðinu margnefnda. Það er ekki lítill þáttur sem tengist þessum áformum sem eru á borðinu á sama tíma og við erum að ræða um staðfestingu á samningnum.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð hér af minni hálfu nú. Ég hef varað við samningnum, ég hef gert það sem ég hef getað til að lýsa inn í samhengi hans og síðan verður framtíðin og reynslan að skera úr um það vegna þess að ég heyri að það eru ekki margir á Alþingi sem deila áhyggjum mínum með mér út af samningnum. Framtíðin verður síðan að skera úr um það hvernig reynist og hver hafi á réttu að standa í mati á þessu máli.

[16:18]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi um orkubúskapinn og taldi þar um verulegt ofmat að ræða og að iðnn. hefði ekki kynnt sér þetta mál sem skyldi. Ég vil bara að það komi fram að þetta er ekki rétt því iðnn. fór mjög ítarlega yfir þetta atriði á fundi með Landsvirkjun sem ég vitnaði í þegar ég talaði fyrir málinu. Þá fórum við mjög ítarlega yfir þetta atriði og ég trúi því nú, hv. þm., að hjá Landsvirkjun og Orkustofnun séu þær bestu og öruggustu upplýsingar sem hægt er að fá um orkubúskap okkar Íslendinga og þar sé vitneskjan miklu meiri en hér hjá ákveðnum þingmönnum þótt þeir viti sjálfsagt eitthvað um þessi mál.

Hvað samninginn sjálfan varðar og álit mitt á honum þá er það nú svo að það eru fleiri á hinu háa Alþingi sem hafa trú á honum. Ég vitna til orða fyrrv. formanns Alþb. sem hann viðhafði hér í gær í atkvæðagreiðslu. Þá sagði Ólafur Ragnar Grímsson, með leyfi virðulegs forseta: „Sá samningur sem hér liggur fyrir er á margan hátt mjög góður samningur." Þetta voru orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrv. formanns Alþb.

[16:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað var hv. þm. að segja í andsvari sínu? Hann var að segja að menn ættu bara að treysta því sem fram kæmi hjá sérfræðistofnunum sem eru spurðar í sambandi við þetta mál og þær byggju yfir öllu viti. Það væri svo sem ekkert vit að hafa úr heilabúum þingmanna á Alþingi Íslendinga. Ég ætla ekki að vanmeta það sem kemur frá þessum stofnunum. En ég ætla aðeins að vekja athygli á því að það er ekkert sem hægt er að byggja á sem einhverjum endanlegum sannleik. Það er því miður ekki, það hefur reynslan sýnt okkur. Það hefur m.a. komið fram í sambandi við orkuspár fyrr á tíð sem hafa orðið býsna afdrifaríkar þar sem allt annað kom á daginn en þeir spádómar sem voru reiddir fram í digrum skýrslum frá fulltrúum, m.a. frá þeim stofnunum sem áttu aðild að orkuspárnefnd á sínum tíma. Ég nefni þetta vegna þess að það hafði auðvitað verulegar afleiðingar fyrir áform í orkubúskap okkar. Ég felli ekki neina dóma vegna þess. Ég vil einnig nefna það sem gerst hefur í sambandi við vatnsbúskapinn á Íslandi og hvað menn hafa verið ógætnir oft á tíðum í sambandi við áætlanir þar að lútandi og snertir með beinum hætti það efni sem hér er til umræðu. Ég nefni einnig það sem varðar þjóðhagslega þætti þessara mála að svo miklu leyti sem sérfræðistofnanir, það eru fleiri en Þjóðhagsstofnun sem hafa komið að slíkum málum, hafa verið fallvaltir dómar. Menn ættu að gæta sín að draga sem víðast að upplýsingar og hafa eigið hyggjuvit einnig vel virkt í sambandi við mat á þessum hlutum. Hv. þm. getur leitað fanga í stuðningi við þetta mál hvert sem er og í hvaða flokk sem er sem styður þetta mál. Það breytir engu varðandi það mat sem ég hef fengið á þessu máli sem byggir á þeirri þekkingu sem ég tel mig hafa á því. Samningurinn verður ekki betri þó fleiri styðji hann á fallvöltum forsendum.

[16:22]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði: Hvað var þingmaðurinn raunverulega að segja? Það sem ég var að segja, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, var það að ég trúi því að bestu upplýsingar sem við höfum um orkubúskap okkar Íslendinga liggi hjá þessum tveimur stofnunum. Annars vegar Landsvirkjun og hins vegar Orkustofnun og hjá starfsmönnum þessara stofnana.

Mér finnst það ekki maklegt sem hv. þm. sagði gagnvart þeim starfsmönnum sem þarna vinna. Ég trúi því að það sé hægt að byggja á þeim upplýsingum sem þeir gefa þingnefndum Alþingis um þessi mál. Ég trúi því. Ég trúi því að haldbetri upplýsingar um þessi mál liggi ekki annars staðar. Ég vil frekar fara í smiðju til þeirra til að fá haldbærar upplýsingar um þessi mál en til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

[16:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er óskaplega dapurlegt þegar þingmenn koma með málflutning af þessum toga og eru í rauninni að segja að ef menn efast um að byggt sé á bestu upplýsingum sem hægt væri að fá þá séu menn að vanvirða upplýsingar sem fram hafi komið. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég vitnaði til fortíðar og benti á að mönnum getur skjátlast, einnig þeim sem starfa hjá þessum stofnunum. Ég veit ekkert hvernig unnið er í stofnunum eins og Landsvirkjun. Ég veit ekkert hverjir sitja þar á fundum til að reiða fram þær matsgerðir sem um er að ræða. En ég er ansi smeykur um að nokkuð skorti á varfærnina þegar verið er að meta stöðuna í núverandi kerfi Landsvirkjunar að því er varðar öryggi, rekstraröryggi, að því er varðar vatnsbúskapinn, að því er varðar á hversu tæpt vað skuli tefla. Það þurfa margir að koma að slíku mati. Hv. þm. kom og las eitthvert minnisblað, hann hefur ekki haft fyrir því að upplýsa hvaða minnisblað það var, þar sem hann réttlætti sölu- og tækniþóknunina til Ísals. Ég held að hv. þm. hefði betur skyggnst um gáttir áður en hann kom með það mat sitt hér inn í umræðuna sem sitt mat. Það er eitt af þessu sem reitt er fram af mönnum í ofurkappi sem eru að fóðra alþingismenn á rökum til að fá þá til að samþykkja þennan samning. Þannig ganga hlutirnir fyrir sig. Það væri betur að menn legðu sig fram um það á Alþingi Íslendinga, þeir tækju sér þann tíma sem til þess þarf að fara ofan í saumana á stórum málum, þá hefði ýmislegt farið öðruvísi í sambandi við fjárfestingar á Íslandi. (Forseti hringir.) Þá hefði farið öðruvísi á síðasta áratug undir forustu Framsfl., m.a. þegar verið var að koma upp loðdýrarækt í landinu með þeim hætti sem raun bar vitni og fiskeldi í landinu með þeim hætti sem raun bar vitni, undir forustu framsóknarmanna. Það reyndist heldur fallvaltur búskapur og skil ég vel að forseti lemji nú í bjöllu.

[16:26]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi engum spurningum til mín við þessa umræðu enda met ég það svo að flest af því hafi komið fram við 2. umr. sem hefur verið farið yfir í dag. Ég vil þó við lok umræðunnar gera athugasemdir við síðustu

ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þar sem hann segir að þessi umræða hafi orðið til þess að stjórnvöld hafi kannski áttað sig á að menn þyrftu að vanda sig örlítið betur næst ef til fleiri samninga kæmi. Þessu er ég algjörlega ósammála, hv. þm., einfaldlega vegna þess að samningurinn er ekkert sem menn þurfa að skammast sín fyrir. Hann virkar sem vítamínsprauta inn í íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar um þjóðarbúskapinn á næsta ári förum við nú upp fyrir að meðaltali OECD-ríkin í hagvexti, sennilega upp í 3,2%. Af hverju er það? Einfaldlega vegna þess að það tókst að gera þennan samning um stækkun álversins. Hagvöxtur mun núna fara yfir 3% og það hefur ekki gerst svo árum skiptir. Hann mun leggja grunn að bættum lífskjörum hér í framtíðinni fyrir þjóðina. Hv. þm. leggst gegn þessum hlutum og það er auðvitað grafalvarlegt. Við erum með þessum samningi að fara út úr þeim vítahring, þeirri kyrrstöðu sem hefur ríkt hér á undanförnum árum. Samningurinn mun skapa ný störf fyrir þjóðarbúið. Hann mun draga úr því atvinnuleysi sem hér hefur verið á undanförnum árum enda er það svo að aðeins einn hv. þm. á Alþingi leggst gegn þessum samningi og það er alvarlegt.

[16:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög gaman að fylgjast með hæstv. iðnrh. þegar hann fer með himinskautum í mati á þeim gjörningi sem hann lagði fyrir Alþingi Íslendinga. Hann gleymdi að vísu því lýsingarorði sem honum er tamast þegar hann ræðir málið, það er orðið gríðarlegt. Það kom ekki fyrir núna í þessu andsvari en hins vegar ýmislegt annað af stórum einkunnum sem hæstv. ráðherra var að skreyta sig með. Hann telur það grafalvarlegt mál að ég skuli standa gegn þessum samningi. Ég skil það vel að hæstv. ráðherra líkar ekki að það skuli ekki vera almennt klappað á Alþingi Íslendinga fyrir þessum gjörningi. Ég met það nokkurs að hæstv. ráðherra tekur eftir því. En ég held að hitt sé jafnljóst að þau ummæli sem ráðherrann hefur uppi um þennan samning eru mjög óraunsæ og þær væntingar sem hæstv. ráðherra gefur þjóðinni í tengslum við þennan samning eru mjög fjarri því að eiga stoð í veruleikanum.

Ég skil vel að ráðherra úr liði Framsfl. sé að reyna að efna upp í eitthvað af kosningaloforðum flokksins í sambandi við ný störf. En það sem hangir á spýtunni er ekki nema 90 manns eins og meðal fiskvinnslufyrirtæki sem fá með beinum hætti atvinnu af stóriðjunni í Straumsvík. Hinu vill svo hæstv. ráðherra gleyma að þessi samningur er dæmalaus að því er varðar umhverfisþáttinn því þar er ekki einu sinni reynt að verða við þeim skuldbindingum sem við Íslendingar höfum gert varðandi nýja stóriðju eins og hér er verið að efna til með nýjum kerskála í Straumsvík þar sem gengið er gegn eðlilegum viðhorfum í umhverfismálum þannig að það mundi í engu vera undir það tekið í grannlöndum okkar. Það er framlag sem á eftir að hitta okkur Íslendinga fyrir og er miklu alvarlegra en það sem varðar krónur og aura og tengist þessu máli.

[16:30]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur nú margoft komið fram við þessa umræðu að umhverfisþáttur samningsins var löngu frágenginn þegar umræðan hófst á Alþingi. Frá þeim þætti hefur verið gengið samkvæmt íslenskum lögum og reglum. Hv. þm. átti þátt í að setja þau lög á Alþingi, lögin um umhverfismat. Af þeim þætti stafar engin hætta. Aðrir þættir sem eru til umfjöllunar hafa fengið rækilega umræðu í þinginu. Þingheimur hefur sannfærst og sæst um skattamálin og orkumálin, að öðru leyti en því að einn þingmaður hefur ekki getað sætt sig við niðurstöðuna sem þar fékkst. Allir aðrir þingmenn sem hér hafa mælt og talað fyrir þessum samningi hafa bent á að þessir þættir, orkumálin og skattamálin, séu í mjög góðu lagi. Framtíðin ein mun hins vegar skera úr um hvernig samningurinn reynist þjóðinni. Fyrstu vísbendingar um þá framtíð erum við að fá í Þjóðhagsspá fyrir árið 1996 þar sem segir að hagvöxtur muni aukast, framleiðsluverðmætin í þjóðfélaginu munu aukast og draga muni úr atvinnuleysi. Að því erum við auðvitað að stefna, hv. þm.

[16:32]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnrh. segir að í sambandi við umhverfismál hafi verið farið í öllu eftir íslenskum lögum og reglum. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að minnast þess hvernig hann hélt leyndu fyrir þeim sem áttu að vinna eftir lögum um mat á umhverfisástæðum því mati sínu að komið gæti til greina að auka álvinnslu í Straumsvík upp í 300 þús. tonn. Hann tók undir aðvaranir Ísals sem komu fram eftir á, eftir að starfsleyfi hafði verið veitt, um að óráðlegt sé að færa byggð í Hafnarfirði nær álbræðslunni. Þetta er að halda upplýsingum sem varða mikilvæga þætti leyndum. Enda hefur heyrst í Hafnfirðingum í sambandi við þetta atriði málsins. Það sem hæstv. ráðherra segir nú breytir heldur engu um eðli þessa máls. Þar verða menn að fara yfir einstaka þætti. Við útgáfu starfsleyfis hefur sú skylda verið brotin að halda málinu opnu og veita almenningi aðgang að því. Það mál er enn fyrir sérstakri úrskurðarnefnd. Dómsvaldið fjallar um það efni, hæstv. ráðherra. Sú málsmeðferð er ekki til fyrirmyndar. Hún er þvert á móti til skammar og gengur gegn eðlilegum viðhorfum til þróunar á umhverfisrétti.

Um hinn þátt málsins, hinn þjóðhagslega þátt, þá er málinu varið eins og ég hef vikið að. Það er sýnd veiði en ekki gefin, enda byggist hún á því að arðurinn sem menn eru að vænta hangir algerlega á því hvað gerist í verðþróun á áli eftir að því tímabili lýkur sem við Íslendingar færum fyrirtækinu stórfé með orku á undirverði, þannig að ekki er skilað nema í mesta lagi hálfvirði af framleiðslukostnaði, og með því að slá stórlega af þeim skattaákvæðum sem í gildi voru áður en samningurinn var gerður, fyrirtækinu til hagsbóta. Það er von að þeir séu glaðir. Hitt er alvarlegra að meiri hluti á Alþingi Íslendinga skuli láta blekkjast.

[16:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Andsvörum er lokið. Vegna orða hv. 4. þm. Austurl. um að forseti hafi barið í bjöllu vegna efnisatriða í svari hv. þm. þá vill forseti taka fram að það er rangt. Forseti stjórnar fundi samkvæmt lögum og í 56. gr. þingskapa segir: „Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum."

[16:35]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þennan upplestur. Það er alltaf þarflegt að lesa upp úr þingsköpunum. Ég tók einmitt eftir að það var sérstaklega góður hljómur í bjöllunni þegar forseti sló í hana eftir að ég hafði

nefnt Framsfl. í sambandi við offjárfestingu. Það er aldeilis prýðilegt að slegið sé undir slíkt með fögrum hljómum úr bjöllu forseta. Ég þakka forseta fyrir ábendinguna.

(**Forseti** (GÁ): Forseti notar bjölluna eftir því sem honum ber að gera.)

[16:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Erindi mitt hingað er fyrst og fremst að ræða lítillega einn afmarkaðan þátt þessa máls við hæstv. forsrh. Eins og ég boðaði við 2. umr. þá undi ég satt best að segja og uni enn illa svörum hæstv. iðnrh. Ég óska eftir að hæstv. forsrh., sem fyrir skömmu var hér í húsi, verði gert aðvart um að ég óski eftir viðveru hans sem yfirmanns byggðamála í landinu.

Meðan við bíðum hingaðkomu hæstv. forsrh. kemst ég ekki hjá því að gera athugasemdir við málflutning hæstv. iðnrh. áðan. Ég held að hæstv. iðnrh. eigi ekkert að vera að túlka orð manna sem fallið hafa í umræðunum heldur leyfa mönnum að tala fyrir sig sjálfa. Þó að honum þyki halla á sig í rökræðum við hv. 4. þm. Austurl. er alveg ástæðulaust að afflytja sjónarmið og skoðanir sem komið hafa fram. Ég hef til að mynda aldrei tekið mér þau orð í munn að ég telji ákvæði þessa orkusölusamnings í góðu lagi. Ég hef þvert á móti gert orð leiðarahöfundar Dagblaðsins að mínum að þarna sé um að ræða útsöluverð á orkunni á afsláttartímanum og þriðjaheimsbragur sé á frágangi umhverfismála. Ég dró fram þennan ágæta leiðara og las upp úr honum hér við 1. umr. málsins og hvika ekki frá því að færa má rök fyrir þeim sjónarmiðum.

Um skattamálin er það að segja að bæði sterkir og veikir hlekkir eru að mínu mati í þeirri keðju. Það er eðlilegt að reynt sé að færa skattskil þessa fyrirtækis nær því sem gerist með íslensk fyrirtæki en á móti kemur að sá fasti tekjustofn sem af álverinu hefur verið, framleiðslugjaldið, er lækkaður um helming og fyrir liggur að afkoma fyrirtækisins hefur verið þannig að það á gífurlega mikið óuppsafnað tap, fær miklar fyrningar vegna nýrra fjárfestinga, þannig að það er nú alllangt úti við hafsbrún að þetta fyrirtæki fari að borga tekjuskatt. Ef menn minnast þess hvernig afkoman hefur verið þá hefur tekist þannig til að sá hluti „anleggsins" sem er hér uppi á Íslandi hefur af einhverjum ástæðum átt afar erfitt með að skila góðri afkomu. Fyrr á tíð var nú talið að það væri vegna hinnar margumræddu hækkunar í hafi en á seinni árum hafa aðstæður í áliðnaði verið óhagstæðar um alllangt skeið, þannig að útkoman er sú að afkoman hefur verið mjög léleg. Allir vita hvað það þýðir í sambandi við tekjuskattsgreiðslur slíks fyrirtækis. Þótt ekkert annað kæmi til en þessar forsendur í málinu þá liggur það auðvitað fyrir að í því dæmi eru bæði plúsar og mínusar fyrir íslenska ríkið. Það kann vel að vera og guð láti gott á vita að afkoman í iðnaðinum verði þannig á komandi tímum, í fyllingu tímans, eins og útvarpsstjóri segir stundum þegar hann tekur hvað hátíðlegast til orða, að þarna verði gullöld og gleðitíð og gróði mikill og fyrirtækið skili myndarlegum tekjuskatti í ríkissjóð. En mér sýnist að það sé ekki fyrr en út við ystu hafsbrún að undir það hilli. Á næstu árum þýðir þetta væntanlega minni skatttekjur til ríkisins en ella hefði getað orðið.

Í öðru lagi er alveg fráleitt af hæstv. iðnrh. að gera að stórum hluta í rökstuðningi sínum og máli að það segi eitthvað um langtímaáhrif og gæði þessa samnings þótt til verulegra áhrifa í efnahagslífi okkar komi á byggingar- og framkvæmdatímanum. Það held ég að allir hafi viðurkennt og alltaf vitað. Skárra væri það nú. Þegar fjárfesting af þessu tagi kemur inn í landið og farið er í stórframkvæmdir á stuttu árabili þá eru skammtímaáhrifin af því að sjálfsögðu jákvæð, umtalsverð og jákvæð. Hitt er lakara að langtímaáhrifin eru minni vegna þess að ekki skapast mjög mörg störf til lengri tíma litið. Þetta er þvert á móti feiknarlega dýr fjárfesting á hvert ársstarf til frambúðar, jafnvel þótt margföldunaráhrif séu tekin inn í myndina. Glöggir menn hafa reiknað að dýr mundi Hafliði allur ef svo skyldi hver limur, þ.e. ef jafnmikið kostaði að skapa hvert af 12 þús. nýjum störfum Framsfl. og í þessu tilviki þar sem kannski 70–80 varanleg störf kosta fjárfestingu af stærðargráðunni 12–15 milljarðar kr. eða hvað það nú er.

Skammtímaáhrifin eru auðvitað jákvæð og umtalsverð, t.d. verða þau væntanlega allveruleg á verktakamarkaðnum. Það er gott því þar hafa verið erfiðleikar og samdráttur. Að sjálfsögðu er það einn af jákvæðum þáttum þessa máls, um það er ekki deilt. En mér leiðast satt best að segja þessar tilraunir manna til að stilla hlutunum upp í svart og hvítt. Þeim mun eldri sem ég verð og hef hugsað meira um tilveruna þeim mun vitlausara finnst mér alltaf þegar menn taka eitthvert ofstækisfullt, trúarbragðalegt viðhorf til hlutanna og sjá ekki nema helminginn af litrófinu. Allt sé hvítt og fullkomið og fallegt. Hæstv. iðnrh. má vel vera hreykinn af sjálfum sér og því sem hann hefur sjálfsagt réttilega afrekað í þessu máli. Eftir sem áður er honum ekki til vegsemdar að fallast ekki á að í litrófinu geti ferið fleiri litir og enn síður að tala með þeim hætti að aðrir eigi ekki rétt á öðrum skoðunum en hann sjálfur. Rýrir það gildi skoðana manns eða, svo ekki sé nú talað um, réttar manns til að hafa sínar skoðanir þó að hann standi einn með þeim? Ætli það gæti ekki farið þannig að það eigi einmitt eftir að gefa þeim meira gildi þegar frá líður að viðkomandi einstaklingur hafi haft bein í nefinu til að standa á sinni sannfæringu og sínum sjónarmiðum, jafnvel þótt hann réri þar móti straumnum. „Hún snýst nú samt" var einu sinni sagt af manni sem stóð á móti býsna þungum straumi fordóma og fáfræði á þeim tíma. Það kom í ljós nokkrum hundruðum ára síðar að jörðin snerist, þótt það kostaði viðkomandi mann næstum lífið að láta þau orð út úr sér. Hún snýst enn. Við skulum því reyna að umgangast sjónarmið og viðhorf hvers annars með virðingu Mér falla það ekki sem rök, hvort sem það er hæstv. iðnrh. sem lætur þau falla eða aðrir menn í viðtölum við fjölmiðla, að reyna að gera lítið úr sjónarmiðum manna vegna þess að þeir hafa sérstöðu í málum. Ég til að mynda hef búið við það alllengi og flokkur minn að hafa umtalsverða sérstöðu í tilteknum málum í íslenskri pólitík, varðandi afstöðu til erlendrar hersetu o.s.frv., og ég tel það ekki rýra gildi þeirra sjónarmiða þótt aðrir flokkar hafi haft aðrar skoðanir og hana nú.

Svo ætla ég að lokum að segja við hæstv. iðnrh. að ég tel að hann hafi ekki vaxið af málflutningi sínum í þessum umræðum sem snúa að Alþb. Hæstv. iðnrh. hefði betur tekið á því sem hlut sem á sér eðlilegar skýringar að uppi geta orðið mismunandi sjónarmið í þessum máli. Ég tel að það sé fullkomlega skiljanlegt. Ég get þar talað frá eigin brjósti að fyrir mér er þetta mál langt í frá þannig rakið í eina áttina eða aðra að það hafi verið fyrir fram sjálfgefið hvar afstaða mín mundi endanlega leggjast í málinu. Það ræðst meðal annars umtalsvert af kringumstæðum í málinu, sem ég hef reynt gera að umtalsefni en gengið nokkuð erfiðlega því að

menn vilja afgreiða þetta ofan í einhverri lokaðri skúffu, þar sem ekkert kemst að nema hinar jákvæðu röksemdir.

Herra forseti. Ég vona að hæstv. iðnrh. verði ekki með meira skítkast í garð Alþb. í þessu máli.

Þá er það spurningin um hæstv. forsrh., hæstv. forseti. Ég hafði óskað eftir því við 2. umr. að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þá þriðju vegna þess að ég vildi fá að eiga orðastað við yfirmann byggðamála í landinu áður en málinu yrði lokið. Ég held að einhvern tímann hafi nú að minna tilefni verið hóað í eins og eitt stykki hæstv. forsrh. Ég held ég geri bara hlé á máli mínu þangað til leitinni lýkur og upplýsingar berast um hvernig hæstv. forsrh. hefur það. Hefur forseti einhverjar upplýsingar um hæstv. forsrh.?

(**Forseti** (RA): Mér er tjáð að hæstv. forsrh. sé væntanlegur innan tíðar. Ég veit ekki nákvæmlega hversu langt er í það.)

Oft kemur góður þá getið er.

(**Forseti** (RA): Það er styttra en ætlað var.)

Eigum við ekki að hafa það þannig að oft komi góður þá getið er. (**Forsrh.:** Eða hitt.) Ja, það verður hæstv. forsrh. þá að velja sjálfur. (**Gripið fram í:** Það kemur í ljós.)

Þannig er mál með vexti, herra forseti, að ég vildi ræða nokkuð við 2. umr. málsins áhrif þessara framkvæmda og þá kannski ekki síður annarra stórframkvæmda sem áform eru uppi um að ráðast í hér á næstunni. Þær eru því miður, leyfi ég mér að segja, allar því marki brenndar að fyrirhuguð staðsetning þeirra er á einu og sama atvinnusvæðinu við sunnanverðan Faxaflóa. Það hefur komið fram að líklegt er talið að skrifað verði undir framkvæmdasamning um jarðgöng undir Hvalfjörð á næstu dögum og aðgerðir séu í undirbúningi til að stækka járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og bæta þar við ofni. Líklegt er að í slíka fjárfestingu verði ráðist. Áhugasamir Ameríkumenn eru líklega með eitt stykki álver í handraðanum, þeir hafa áhuga á að skoða aðstæður til að setja það upp á Grundartanga. Fyrir liggur að búið er að ganga frá staðsetningu álvers á Keilisnesi í samstarfi við svonefndan Atlantsáls-hóp og mögulegt að þau áform vakni upp á nýjan leik á næstunni.

Enn fremur er í frv. því sem hér er til umræðu heimild til frekari stækkunar álversins í Straumsvík en nú er verið að ákveða. Ber þar allt að sama brunni. Enn munu vera fleiri iðnaðarkostir í athugun eins og magnesíum-vinnsla og eitthvað því um líkt miðaðir við staðsetningu hér á sama svæðinu.

Nú er það auðvitað svo að við fögnum því að fjárfestingar og framkvæmdir komi til sögunnar hér eins og annars staðar í landinu ef þær eru þannig úr garði gerðar að þær séu arðgefandi og þeim fylgi jákvæð áhrif í efnahagslífi okkar. En hitt er alveg jafnljóst að það jafnvægi sem við búum við í þessum efnum á vinnumarkaði, fjármagnsmarkaði o.s.frv. er afar viðkvæmt í okkar litla og lokaða hagkerfi og á okkar fámenna vinnumarkaði. Sérstaklega er það hættulegt með tilliti til þess ef öll umsvif verða á einu landshorni. Við höfum langa og bitra reynslu af því að því fylgir mikið jafnvægisleysi og röskun sem er öllum landsmönnum afar óhagstæð og dýr hvort sem menn búa hér við Faxaflóann eða annars staðar.

Herra forseti. Eins og ég hef reynt að rökstyðja í umræðum um þetta mál bæði fyrr og nú tel ég mikið ábyrgðarleysi að horfa ekki með einhverjum hætti á þennan hluta málsins. Ég sætti mig til að mynda afar illa við að hæstv. forsrh., yfirmaður byggðaþróunar og byggðamála í landinu, skuli a.m.k. ekki með einhverjum hætti lýsa sjónarmiðum sínum í þessu efni. Viðbrögð hæstv. iðnrh. voru því miður algjörlega ófullnægjandi og ollu hér miklum vonbrigðum. Breytingartillaga fulltrúa minni hlutans í iðnn., sem var nánast eins og orðrétt upp úr áherslum Framsfl. í sambærilegu máli fyrir 4–5 árum síðan, var felld með sérstakri hvatningu frá hæstv. iðnrh. Ekki einn einasti framsóknarmaður sýndi minnstu tilburði til að muna eftir byggðamálum í þessum efnum. Enda er þegar alveg borðleggjandi og sannað að byggðamál eru eingöngu til þess hugsuð af hálfu Framsfl. að krafsa saman einhver atkvæði úti á landsbyggðinni rétt fyrir kosningar. Síðan má bara gleyma þeim.

Ég hef þess vegna sagt það opinberlega að sá maður einn sem ég set eitthvert traust á í þessum efnum er hæstv. forsrh. Ég geri minna en ekki neitt með marklausar yfirlýsingar framsóknarmanna í þessum efnum. Þeir eru að mínu mati niðurlægðir með svo margvíslegum hætti í sambandi við þessi mál hvað varðar harkalegan niðurskurð á framkvæmdum til samgöngumála og margt því um líkt að það er varla fleiri orðum á þá eyðandi.

En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., sem mælti hér t.d. fyrr í haust fyrir skýrslu um byggðamál og ársskýrslu Byggðastofnunar, hvort það sé virkilega svo að hæstv. forsrh. sem yfirmaður byggðamála í landinu hafi ekkert leitt hugann að þessari stöðu. Og í öðru lagi hvort hæstv. forsrh. sé tilbúinn til að beita sér fyrir aðgerðum sem gefi a.m.k. einhverjar vonir um að hæstv. ríkisstjórn ætli að sýna lit í þessum efnum. Sú staða sem nú blasir við er að byggðaröskunin, flutningarnir af landsbyggðinni umfram þá sem þangað flytja, eru talsvert á annað þúsund. Sú staða sem nú blasir við er að byggðaröskunin, flutningarnir af landsbyggðinni umfram þá sem þangað flytja, eru talsvert á annað þús. manns núna á milli ára. Og reyndar er landflótti einnig í gangi. Og það er alveg borðleggjandi að sú byggðaröskun er líkleg til að stóraukast ef það verður að veruleika sem ég hef verið að ræða hér.

Það er óhjákvæmilegt að nefna í þessu samhengi hinn mikla niðurskurð opinberra framkvæmda sem bitnar þungt á framkvæmdastiginu á landsbyggðinni. Það er t.d. alveg ljóst að niðurskurður í almennri vegagerð upp á um 1 milljarð kr. hlýtur að bitna mjög harkalega á framkvæmdum þar. Nú er það svo að þeir aðilar sem væntanlega fá mesta vinnu í tengslum við stóriðjuframkvæmdir eða framkvæmdir í tengslum við virkjanir eru hin stærri verktakafyrirtæki í landinu. Vissulega munu þau þá í einhverjum mæli draga sig út af verktakamarkaði fyrir smærri verk í almennri vegagerð. En eftir stendur að minni verktakar í öðrum landshlutum fá væntanlega ekki mikið að gera í tengslum við þessar virkjanaframkvæmdir, eða þeir verktakar sem hafa bolmagn til að bjóða í minni háttar nýbyggingar í almennri vegagerð en hafa hvorki tækjakost, þekkingu né aðstöðu til að bjóða í 100 millj. kr. verk við stóriðjuframkvæmdir. Það væri hægt að hafa veruleg áhrif á jafnvægið í þessum málum ef til kæmu annars vegar auknar framkvæmdir á einhverjum völdum sviðum, t.d. í samgöngumálum, og hins vegar áherslubreytingar.

Kynni ekki svo að vera, herra forseti, að það væri beinlínis efnahagslega skynsamlegt að draga úr einhverjum framkvæmdum hér eða hægja t.d. á framkvæmdum í samgöngumálum hér á suðvesturssvæðinu og auka þær þess í stað úti á landi til þess að forðast óæskilega þenslu og kollsteypu á þessu svæði og þar með í grófum dráttum okkar

efnahagsmálum? Það örlar ekki á neinni slíkri viðleitni af neinu tagi. Þvert á móti er hér verið að afgreiða fjárlög með harkalegum niðurskurði í samgöngumálum sem bitnar mjög þungt á framkvæmdum á landsbyggðinni samtímis því að stórframkvæmdir koma til með að stórauka umsvif hér á þessu svæði.

Ef þetta verður niðurstaðan, herra forseti, þá er ekki hægt að lesa út úr því nema eitt, þ.e. meðvitaða ákvörðun stjórnvalda um að standa þannig að málum að í kjölfarið verði stóraukin byggðaröskun. Landsmenn geta ekki misskilið þau skilaboð. Forsvarsmenn sveitarfélaga, fjórðungssambanda og aðrir þeir sem eru að reyna að sinna atvinnuþróunarmálum og byggðamálum úti um landið geta ekki misskilið þessi skilaboð. Þeir geta ekki tekið þetta öðruvísi en þannig að þeir standi einir og gleymdir í baráttunni og stjórnvöldum sé sama hvað um þá verði, hvort byggðarlög eða heilir landshlutar hrynji í kjölfarið á þessari miklu byggðaröskun.

Herra forseti. Að lokum langar mig að upplýsa að ég spurðist fyrir um það hjá Hagstofu Íslands hvenær væri að vænta talna um byggðaþróun í landinu eftir það ár sem nú verður gert upp miðað við 1. desember sl. Það var upplýst af Hagstofunni að í fyrsta lagi mundu þær tölur berast á morgun. Því miður ná þær þar af leiðandi ekki inn í þessa umræðu sem ég hefði gjarnan viljað. En betur en ekki ef þær verða eftir sem áður orðnar opinberar áður en þing lýkur störfum og fjárlagafrv. verður afgreitt. Ég óttast því miður að þar muni menn sjá grafalvarlega hluti eins og mikla fólksfækkun á Vestfjörðum sem er þó sá landshluti sem síst mátti við slíku. Mér finnst satt best að segja ekki vansalaust hversu lítill áhugi er að verða á þessum viðfangsefnum hér. Maður virðist tala fyrir daufum eyrum, jafnvel þeirra manna sem með þessi mál eiga að fara. En vonandi heyrum við hér eitthvað jákvætt frá hæstv. forsrh. um þessa hluti og ég lýk því máli mínu og gef honum kost á því að svara.

[16:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þeirra þátta sem tengjast álmálinu og hv. þm. vék að í ræðu sinni, vil ég fyrst nefna að það er hið almenna atvinnuástand sem skiptir sköpum um þróun byggðar í landinu. Jafnvel frekar en einstakar framkvæmdir, tímabundnar eða jafnvel varanlegar, eins og álversstækkun er að hluta til. Varanlegi þátturinn í álversstækkuninni er þó ekki jafnstórbrotinn og virðast mætti af umræðum um þann þátt. En varðandi það sem hv. þm. gat um síðast virðist stundum ekki algjört samhengi í þessum efnum. Hann nefndi það sem við vitum að það hefur orðið fólksfækkun á Vestfjörðum. En þar er atvinnulífið nú samkvæmt tölum með bestum og mestum blóma í landinu. Samkvæmt skrám sem ríkisstjórnin var með í morgun hygg ég, það kann að vera að ég fari ekki með það nákvæmlega, að atvinnuleysi á Vestfjörðum hafi mælst 0,7% eða eitthvað svoleiðis sem er sennilega samkvæmt venjulegum tölum minna en ekkert atvinnuleysi. Þar virðist samhengið sem við tölum báðir um og ég byrjaði á að tala um í ræðu minni ekki alveg ganga upp. Atvinnuástand er sem sagt best á Vestfjörðum, mun best samkvæmt þessum tölum af landinu öllu. Við sáum fyrir skömmu viðtal við forsvarsmenn fyrirtækja á Vestfjörðum þar sem þeir sögðu að þar vantaði mannskap í fjölmargar greinar atvinnulífsins. Þrátt fyrir þessa athugasemd held ég að við getum sameinast um að meginmálið fyrir byggðir í landinu sé að hið almenna grundvallaratvinnulíf sé í lagi. Það er allþokkalegt um þessar mundir þrátt fyrir það að við förum enn mjög varlega í veiðar á mikilvægustu fisktegund okkar, þorskinum. Samt hefur sjávarútvegurinn á undanförnum árum verið rekinn réttu megin við núllið, sumar greinar vel réttu megin við núllið, aðrar aftur á móti, því miður, nokkuð á hina hliðina. Í heild hefur sjávarútvegurinn, grundvallaratvinnugreinin, verið í þokkalegu standi, jafnvel í sæmilegu standi á undanförnum árum. Það er mikilvægt.

Þegar álver var reist á sínum tíma fyrir 30 árum í Straumsvík var mjög um það fjallað hvaða áhrif það verk hefði á byggðaþróun í landinu. Reyndar var gripið til tiltekinna aðgerða og samþykkta í tengslum við uppbyggingu þess. Þá skulum við hafa í huga að þessi stækkun nú, sem er auðvitað mikilvæg, er þó mjög ólík því sem þá gerðist. Atvinnulífið á Íslandi var þá miklu einhæfara. Það hefur styrkst og byggst upp og orðið fjölbreyttara á þessum 30 árum, hér eins og annars staðar í veröldinni hið næsta okkur. Í annan stað urðu menn þá að byggja mjög hratt upp virkjunarmöguleikana í tengslum við uppbyggingu álversins. Nú horfir málið öðruvísi við. Bæði er þessi stækkun miklu minni að vöxtum en þá var, hafnaraðstaða er til staðar og ýmsir þess háttar hlutir sem ekki var til að dreifa í upphafi. Umframraforka er til staðar. Þótt nokkuð þurfi að bæta við upp á framhaldið er það óverulegt miðað við það mikla átak sem bygging Búrfellsvirkjunar var samhliða byggingu álsvers, hafnaraðstöðu og öllu þess háttar. Þetta er því ekki alveg sambærilegt við það sem nú er. Í annan stað hefur það gerst að landið er orðið meira „hómógen", það er heildstæðara en þá var. (**Gripið fram í:** Ein heild bara.) Já, ég hélt ég hefði sagt það. Þar hafa líka komið til bættar samgöngur, meiri hreyfanleiki fólks og vinnuafls o.s.frv. Við sjáum að stórframkvæmdir á einum stað geta komið mörgum til góða. Til að mynda hefur jarðgangagerð á Vestfjörðum og við Ólafsfjörð styrkt stöðu verktakafyrirtækja víða um land, hér í Reykjavík ekkert síður en annars staðar. Ég tel að vinnuaflið sé orðið miklu hreyfanlegra hvað þetta varðar en áður var. Álverið sem slíkt, þessi viðbótarstækkun upp á 60 þús. tonn, mun ekki valda neinum stórbreytingum til lengri tíma horft varðandi vinnumarkað á þessu svæði. Menn eru að tala um 90–100 manns. En á byggingartímanum verður auðvitað vöxtur atvinnutækifæra á þessu svæði.

Sama gildir miklu fremur um Hvalfjarðargöng sem ég vona auðvitað að verði af því þau eru mjög mikilvæg fyrir landið allt. Þar mun koma til töluverð vinna um stundarhríð en engin störf sem tengjast þeirri framkvæmd sérstaklega þegar fram í sækir.

Hv. þm. nefndi aðra kosti sem ræddir hafa verið og tengjast þessum hluta landsins. Hann nefndi þar hugmyndir sem hafa verið ræddar um stækkun eða aukningu ofna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Jafnvel álver á svipuðum slóðum ef hið keypta álver Columbia-fyrirtækisins kæmi hingað. Áformin um Keilisnes eru enn þá uppi á borði en engu að síður er raunsætt að meta það að þau séu nokkuð langt undan enn og hvergi nærri komið að ákvörðunum í þeim efnum.

Ég get verið hv. þm. sammála ef allir þessir þættir, eða jafnvel flestir þeirra, kæmu til nú á skömmum tíma. Þá yrðum við að hugsa um það hvort þær væru til þess fallnar að sporðreisa landinu í atvinnulegu tilliti. Ég tel einsýnt að ríkisstjórnarþingmenn ættu að skoða með hvaða hætti væri rétt að bregðast við því máli. Hinn sálræni þáttur er einnig mikilvægur í þessum efnum gagnvart íbúum þessa lands sem búa annars staðar en hér á suðvesturhorninu. Ég get tekið

undir með hv. þm. að ef uppbyggingin verður sú sem hv. þm. nefndi hér, sem auðvitað mundi koma öllu landinu til góða, þá þarf engu að síður að horfa sérstaklega til annarra byggða í landinu við þær aðstæður. Ég held að það væri óraunhæft að gera það ekki og tek undir þau sjónarmið sem hann hafði í frammi í þeim efnum. Ég legg áherslu á og undirstrika að allir þessir þættir, öll þessi fjárfesting mun gagnast landinu öllu til lengri tíma. Bara viðbótarstækkun álversins mun þýða vegna afkomubata Landsvirkjunar að landsmenn geti vænst þess eftir fáein ár að búa hér við lægra raforkuverð en þeir gera nú. Lægra og lækkandi ár frá ári. Það er mikilvæg bót fyrir alla landsmenn. Það er bót sem er líka til þess að efla atvinnulífið. Efla möguleika minni iðnfyrirtækja sem hafa verið í sókn hér á landi á undanförnum árum. Ég er þeirrar skoðunar að þau sjónarmið sem Kvennalistinn hefur haft uppi um mikilvægi lítilla fyrirtækja og vaxtarmöguleika þeirra séu rétt sjónarmið og sjónarmið sem eiga vaxandi skilningi að mæta á Vesturlöndum. Svo við nefnum hið stóra ríki kapítalismans, Bandaríkin, en þar binda menn vonir við uppbyggingu meðalstórra eða smærri fyrirtækja. Þá er ekki vafi á því að almennt lækkandi raforkuverð í landinu mundi stórstyrkja samkeppnisstöðu slíkra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum í umheiminum sem þau væru í samkeppni við.

Hv. þm. nefndi að það væri nöturlegt að skera niður framkvæmdir í vegamálum á sama tíma og þessi uppbygging ætti sér stað á þessum slóðum. Ég tel áríðandi í þessum efnum að menn miði ekki umræðuna við vegáætlun heldur frekar við það vegafé sem hefur verið til umráða og magn framkvæmda. Það er frekar það sem hefur áhrif á vinnu og framkvæmdaþáttinn, magn framkvæmdanna en það hvort vegáætlun sé ekki fylgt samkvæmt þeim metnaðarfullu áætlunum sem voru lögð í hana á sínum tíma. Það er ljóst að við höfum staðið fyrir mjög myndarlegum vegaframkvæmdum á undanförnum árum. Vegakerfi landsmanna fleygir fram sem er afar mikilvægt fyrir byggðina og fyrir það sjónarmið sem hér er uppi að landið allt eigi með sem bestum hætti að njóta ávaxtanna af framkvæmdum og bættum vinnuskilyrðum hvar sem þau koma á landinu.

Hv. þm. sagði að það örlaði ekki á því að menn væru að skera niður á þessu svæði. Einmitt í þeim hugmyndum sem reifaðar hafa verið að undanförnu hafa menn talað um það að fresta framkvæmdum hér, draga úr framkvæmdum sem byggðar eru á hinu sérstaka framkvæmdaátaki sem var innheimt með sérstökum hlutföllum sem næst höfðatölu í viðkomandi kjördæmum. Það er ljóst að það bitnar á framkvæmdum hér og framkvæmdum til að mynda í kjördæmi hv. þm. En ekki síður hér. Það eru menn að gera. Ég gleðst ekki yfir því að sú sé niðurstaðan en ég hygg að fyrst það þurfti að skera einhvers staðar niður þá hafi sanngirnissjónarmið legið til þess að sá niðurskurður yrði þar. Ég tel að þessi áfangi með álverið hafi verið afar mikilvægur fyrir okkur þó áfanginn sé ekki stærri en þetta. 60 þús. tonna viðbót er miklu minni hluti sem innspýting íslensks efnahagslífs en álversbyggingin hlutfallslega var árið 1965 með virkjunum og öllu tilheyrandi og miðað við það afl sem þá var í íslensku atvinnu- og efnahagslífi og miðað við það afl sem er í því í dag.

Ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til þess að taka þátt í því að leggja þau sjónarmið til grundvallar sem hv. þm. nefndi um athugun á því hvernig menn ættu að tryggja að ákveðins jafnræðis sé gætt í landinu þegar atvinnuuppbygging á sér stað. Í þeim orðum mínum felst þó ekki það að ég telji að menn eigi að leggja ofurkapp á að stýra því hvar einstök stórfyrirtæki lendi með stjórnvaldsákvörðunum. Ég held að það kunni ekki góðri lukku að stýra. Það segir okkur sagan.

[17:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. viðveruna og svörin þó að þau séu mér fyrst og fremst vonbrigði. Ekki vegna þess að hugleiðingar hæstv. forsrh. um byggðamál voru að mörgu leyti ágætar en út úr þeim kom það að hæstv. forsrh. er á sömu línu og hæstv. iðnrh. að ekki sé tilefni til að gera nokkurn skapaðan hlut. Í raun og veru eiga orðin ein að nægja sem notalegar hugleiðingar um að það þurfi nú kannski að líta á þetta ef illa fer á næstu árum og menn verði kannski búnir að byggja nokkur álver og það verði farið að halla verulega á. Þá verði líklega að kíkja eitthvað á þetta en ekki fyrr. Það sé ekki ástæða til þess að hafa neinar fyrirbyggjandi aðgerðir eða vera strax vakandi gagnvart því að til jafnvægisaðgerða af einhverju tagi geti þurft að grípa í efnahags- og atvinnulífi okkar til að ekki verði þar röskun á.

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum með að hæstv. ríkisstjórn er að mínu mati með þessu skeytingarleysi við þau sjónarmið sem við höfum hér sett fram í sambandi við þetta mál og önnur sem afgreiðslunni tengjast og fluttar voru um sérstakar breytingartillögur. Með því skeytingarleysi er hæstv. ríkisstjórn að hafna víðtækri samstöðu um þetta mál sem ég held að hefði getað verið í sjónmáli þannig að mun meiri sátt hefði tekist um þessar framkvæmdir. Þá á ég ekki bara við hér á þingi heldur í landinu öllu. Það er dapurlegt vegna þess að að mínu mati býður þetta mál upp á það að um það væri miklu meiri samstaða í þjóðfélaginu en nú er að verða. Það er fyrst og fremst vegna einhvers konar sinnuleysis, áhugaleysis eða viljaleysis hæstv. ríkisstjórnar til að taka eitthvað á í þeim efnum. Auðvitað er alveg hárrétt sem hæstv. forsrh. nefnir að almennt ástand skiptir mjög miklu og kannski sköpum fyrir byggðaþróun. Að sjálfsögðu er það númer eitt að það atvinnulíf sem fyrir er í landinu gangi og það dafni. Þó menn hafi vinnu við það sem menn eru vanir að vinna við o.s.frv. og í byggðarlagi sínu og allt þar fram eftir götunum. Menn verða hins vegar að varast mjög allar alhæfingar í þessum efnum, til að mynda það að segja sem svo: Af því það er ekki atvinnuleysi á Vestfjörðum, eða ekki nema 0,7%, þá afsannast það þar með að vandinn liggi í einhæfu atvinnulífi þar eða aðstæðum fólks þar. En hvers vegna m.a. er ekki atvinnuleysi á Vestfjörðum í dag? Það er vegna þess að mörg hundruð manns hafa flust í burtu á undanförnum árum. Þar á meðal um 300 manns á þessu ári eða fækkunin nemur um það bil þeirri tölu. 300 manns af 9.000 er býsna há prósenta. Ef við gæfum okkur að á Vestfjörðum væru í dag 300 fleiri en þar eru, og væru á atvinnuleysisskrá, við gefum okkur að það sé um það bil jafnvægi á vinnumarkaði, þá væri atvinnuleysi á Vestfjörðum orðið svipað og í mörgum öðrum landshlutum. Svo einfalt er dæmið. Hæstv. forsrh. er að gleyma því sama og maðurinn sem var að ræða um ástandið í Færeyjum og sagði: Það er merkilegt að það skuli ekki vera meira atvinnuleysi í Færeyjum eftir allt sem á undan er gengið. Af hverju er ekki meira atvinnuleysi í Færeyjum, hæstv. forsrh.? Það er af því að um 15% þjóðarinnar eru flutt úr landi og eru í Danmörku eða einhvers staðar annars staðar, hvort sem þeir hafa þar atvinnu eða ekki. Þar af leiðandi eru þau 15% ekki á atvinnuleysisskrá í Færeyjum. (Gripið fram

í.) Það er heilmikið til í því en það er m.a. vegna þess að það hefur flust svo margt fólk í burtu. (Gripið fram í.) Hvort kemur nú á undan, eggið eða hænan, hæstv. forsrh.? Snúum dæminu við og segjum að þetta fólk flytti skyndilega til baka til Vestfjarða? Hvað yrði um það þá? Færi það þá ekki inn á atvinnuleysisskrá? (Gripið fram í.) Það eru fullyrðingar hæstv. forsrh. í sjálfu sér. Sumt af þessu fólki hefur farið burtu vegna tímabundinna áfalla og atvinnuleysis kannski í sínu byggðarlagi þegar þau hafa gengið yfir og síðan ekki flutt þangað aftur. Ég held að það sé því miður of einföldud mynd af ástandinu. En þetta skiptir ekki meginmáli heldur hitt að reynslan hefur sýnt okkur að jafnvel næg atvinna í afskekktum byggðarlögum og í fábreyttu og einhæfu atvinnulífi dugar ekki til að halda þar uppi þróttmikilli byggð þannig að hún dafni. Það þarf fleira að koma til. Hvað nefna forsvarsmenn þeirra byggða yfirleitt númer 1, númer 2 og númer 3? Þeir nefna bættar samgöngur. Það er mat flestra sem eitthvað hafa nennt að leggja sig eftir þessum málum á undanförnum árum að úrslitaatriði í sambandi við þróun byggðamála í landinu séu bættar samgöngur. Þá á ég við samgöngur í víðustu merkingu þess orðs, líka fjarskipti og allt sem þar fellur undir.

Það er líka rétt að taka það upp, og það nefndi reyndar hæstv. forsrh., að spurningin um byggðamál og byggðaþróun og aðstæður í atvinnu- og byggðamálum, eru að stórum hluta til spurning um andrúmsloft. Um sálarástand. Það er ekki síður þess vegna, herra forseti, sem ég hef reynt að gera þessi mál að umtalsefni og reynt að kveikja einhverja hugsun hjá hæstv. ríkisstjórn um stöðuna í þessum málum. Ég held að skilaboðin sem eru að berast frá Alþingi og hæstv. ríkisstjórn þessa dagana séu mjög neikvæð ef þau verða eins og nú horfir. Þá á ég ekki síst við þennan harkalega niðurskurð í samgöngumálunum sem þarna er verið að fara í.

Herra forseti. Ég held að menn hafi ekki almennilega tengt þessa hluti saman eins og vert væri og skylt væri. Ég spái því að þegar menn sjá útfærðan niðurskurðinn á vegáætlun í einstökum verkum sem á að fresta eða skera niður á næstu árum muni renna upp ljós fyrir ýmsum en fullseint að vísu. Það er auðvelt að skjóta sér á bak við eina tölu. Hvað er einn milljarður króna milli vina ef menn vita ekki í hvaða samhengi það er? En þegar menn átta sig á því að það er fjórðungur af öllu framkvæmdafé í vegamálum og fara svo að skoða það hver hjá sér hvað það gæti þýtt þá er nú hætt við að það fari að hvína í einum og einum nösum einhvers staðar. En það verður þá sjálfsagt of seint í rassinn gripið þegar búið er að afgreiða allar skerðingarnar sem hér eru til meðferðar.

Hæstv. forsrh. sagði ef, ef þetta verður nú svona og svona, ef það verður ráðist í þessa seríu stórframkvæmda á suðvesturhorninu þá verður kannski ástæða til að kíkja eitthvað á þetta, grípa til aðgerða. Ég, herra forseti, tel að „efið" sé „nú" vegna þess að við erum með þessa hluti í einum og sama punktinum. Við erum með það. Við erum að afgreiða þennan samning um stækkun álversins plús viðbótarheimild um stækkun upp í 200 þús. tonn og á þingi verða ekki önnur betri tækifæri til að ræða t.d. áhrifin af öðrum líklegum framkvæmdum heldur en núna. Og á Alþingi þessa dagana er verið að afgreiða niðurskurðinn samkvæmt fjárlagafrv. í ýmsum mikilvægum þáttum opinberra framkvæmda, samgöngumálum og fleiri hlutum.

Við erum að gera þetta, herra forseti, við þær aðstæður að samkvæmt nýframreiknaðri spá verða 80% þjóðarinnar komin í eina borg við Faxaflóann um eða fljótlega upp úr aldamótunum. 80% þjóðarinnar. Ég veit ekki hvort menn hafa einhvern tímann gluggað eitthvað í landafræði, þeir sem hér eru eða kannski lesa hv. þm. lítið í þeim fræðum sem eru ein allra gagnlegustu vísindi til að skoða fyrir þá sem vilja eitthvað fylgjast með þróun í mannlegum samfélögum og breytingum á búsetuháttum og öðru slíku. En ég þykist a.m.k. vita nóg til þess að svona búseturöskun og svona byggðamynstur í einu landi er að verða gjörsamlega fáheyrt a.m.k. í öllum hinum vestræna heimi. Að 80% þjóðar sem býr í stóru og vel byggilegu landi og hefur eitthvert mesta landrými í allri Evrópu, búi svo gott sem öll á sama blettinum. Að fjórir fimmtu hlutar þjóðarinnar verði komnir í eina borg. Hvers konar nýting er það á landgæðum og möguleikum sem hér bjóðast? Og er það æskileg og heppileg þróun? Er það mynstrið sem við viljum sjá hér að afgangurinn af landinu og þeir sem annars staðar búa skipti sífellt minna og minna máli, verði orðin eins og hver annar lítill minnihlutahópur sem í vaxandi mæli verði horft fram hjá og ekki þurfi að taka tillit til? Ég held að þetta sé mjög, mjög slæm þróun, herra forseti, og þarna væri þvert á móti betra að hlutirnir væru á þann veginn að jafnvægi þróaðist heldur í hina áttina, að þau svæði styrktust sem liggja annars staðar í landinu. Kannski er Ísland svona sérstakt að þetta þyki bara allt í lagi. Eina landið á öllum Vesturlöndum þar sem menn hafa ekki neinar áhyggjur af slíkum hlutum. Það er a.m.k. ekki svo hér í kringum okkur. Mér er vel kunnugt um það t.d. í Noregi, í Skotlandi, í Kanada og víðar eru geysiviðamiklar aðgerðir af ýmsum toga í gangi til þess að sporna gegn því sem þar er metið og skilgreint sem óæskileg byggðaþróun og röskun. Nýjar hugmyndir í umhverfismálum og margt, margt fleira þar fram eftir götunum mælir heldur með því að slík viðleitni sé höfð uppi af hálfu stjórnvalda, en ekki hér, ekki upp á Íslandi. Sá flokkur sem lengi hefur gefið sig út fyrir að vera alveg sérstakur skjöldur manna á landsbyggðinni og fer þangað einu sinni á fjögurra ára fresti til að sækja sér fylgi, deplar ekki auga í umræðum um þetta mál. Deplar ekki auga. Það segir kannski sína sögu um það hvert sá flokkur er kominn.

Hæstv. utanrrh., sem á að heita formaður í þessum flokki, örugglega er hann a.m.k. formaður þessa fáu daga á ári sem hann er heima, hlýtur að hafa góðan varaformann, hæstv. utanrrh., því hann sést hér afar lítið. Hann hefur þetta svona eins og selstöð, kemur hér við af og til, hvílir sig og hleður batteríin eins og sagt er, milli hinna löngu og erfiðu ferða í útlöndum. Hann hefur ekki mikið lagt til málanna í umræðunum um þetta, hæstv. utanrrh. Er það kannski vegna þess að það kynni að vera svo þrátt fyrir allt að það sé eitthvert feimnismál fyrir hv. 1. þm. Austurl. hvernig verið er að ganga frá þessum hlutum? Kannski það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Mér eru þessi svör hæstv. ráðherra mikil vonbrigði. Þau eru á engan hátt sú viðleitni í þessum málum sem ég hefði talið að hæstv. ríkisstjórn væri rétt og skylt að sýna og sú viðleitni sem hefði getað aukið samstöðu um þetta mál og afgreiðslu þess á þingi. Það er alveg ljóst að ég treysti mér ekki til að greiða þessu máli atkvæði eins og allar kringumstæður þess eru í pottinn búnar. (**Gripið fram í:** Hættur við?) Það stóð í sjálfu sér aldrei neitt frekar til, hæstv. forseti, í frammíkalli, sem hefur nú enga björgu til að lemja í þannig að það er nú gott, menn fá að tjá sig óhindrað fyrir því. Ég harma þetta satt best að segja vegna þess að ég tel að ef betur hefði

verið að málum staðið varðandi a.m.k. tvo af þremur þáttum þessa máls sem við höfum sérstaklega fjallað um og fluttar hafa verið brtt. um, þ.e. umhverfisþáttinn og þennan þátt sem lýtur að atvinnu- og byggðaþróun, þá hefði það getað greitt mjög fyrir mun víðtækari samstöðu um málið. Það hefði verið gleðilegt ef það hefði tekist en því hefur hæstv. ríkisstjórn klúðrað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:21]

[17:36]

Útbýting þingskjala:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 254. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 425.

Stjórn fiskveiða, 240. mál, nál. sjútvn., þskj. 426.

Tekjuskattur og eignarskattur, 147. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 430; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 431.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 241. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 427.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 147. mál (fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 409, frhnál. 430, brtt. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[17:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. vegna frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum. Þær brtt. sem við í meiri hluta efh.- og viðskn. leggjum til eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis sem ekki náðist að koma inn við 2. umr. málsins.

Í fyrsta lagi er lagt til að það verði gerð breyting á orðalagi í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. þannig að þetta verði samræmt orðalagsbreytingu sem gert er ráð fyrir í 3. gr. laganna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lagfæra fjárhæðir til samræmis við aðrar breytingar á fjárhæðum.

Í þriðja lagi er lagt til að leiðrétta greinatilvísun í sambandi við barnabótaauka. Þetta snýr að skattfrelsi happdrættisvinninga sem skerða téðar bætur.

Síðan eru nokkur atriði sem snúa að gildistökuákvæðum, þar sem verið er að færa gildistökuákvæði til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á frv. við 2. umr.

[17:40]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er í lokameðferð hv. Alþingis er einn meginþátturinn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þær brtt. sem kynntar voru af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. lúta allar að tæknilegum breytingum sem gerðar voru á frv. milli umræðna, nokkrar dagsetningar færðar til réttsvegar auk þess sem villur sem komu í ljós eru leiðréttar. Minni hluti í efh.- og viðskn. gerir ekki athugasemdir við þær brtt. sem eru lagðar til á frv. af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. Hins vegar er full ástæða til að vekja athygli á nokkrum þáttum í frv. sem hér er til umræðu. Það er eins og ég nefndi áður ákveðinn hornstein í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, þeirri efnahagsstefnu sem sér skýr merki í fjárlagfrv., í þessu frv. og í svokölluðum bandormi og fylgifrv., en nokkur þeirra eru enn órædd eða í þinglegri meðferð á hinu háa Alþingi. Það er fyrst og fremst sá þáttur sem snýr að afnámi viðmiðunar verðlags- og launaþróunar af hálfu ríkisstjórnarinnar, þ.e. það efni sem hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum efnahagsstefnu stjórnvalda á haustdögum.

Nú er það svo að slíkar vísitöluviðmiðanir má vitaskuld taka til endurmats, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á verðlagsþróun undanfarin missiri. Það er hins vegar ekki hægt að lesa út úr neinum af þessum frv. ríkisstjórnarinnar þá ætlun að afnema viðmiðanir sem lið í efnahagsstefnu og uppstokkun í ríkisfjármálum heldur er fyrst og fremst um það að ræða að afnám þessara viðmiðana er beitt til þess að rýra kjör almennings. Þetta endurspeglast í fjölmörgum frv. sem við höfum haft til afgreiðslu á aðventunni.

Það eru nokkur ákvæði í þessu frv. er lúta að breytingum sem hægt er að fella sig mjög vel við. Það má nefna skattfrelsi lífeyrisiðgjalda sem er hluti af samningsgerð aðila vinnumarkaðarins með aðild ríkisvaldsins. Afnám skattvísitölu hins vegar er það atriði sem dregur hvað mest úr öryggi þegnanna sem ekki áttu von á þessum breytingum núna á haustdögum. Þetta hefur komið mjög skýrt fram í umfjöllun um annað frv. ríkisstjórnarinnar sem tengist bótum almannatrygginga en allt er þetta sama stefnan sem gengur hér fram.

Ég vil draga sérstaklega fram við afgreiðslu þessa máls að skattafsláttur ellilífeyrisþega skyldi vera afnuminn með öllu. Það var gert eftir 1. umr. Til stóð að lækka þennan skattafslátt í áföngum í takt við að áhrif af skattfrelsi lífeyrisiðgjalda færu að koma fram. Þessi aðgerð sparar ríkissjóði um 150 millj. kr., samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. efh.- og viðskn. fékk við umfjöllun á frv.

Ég vil geta þess að í tengslum við bandorminn og aðgerðir í heilbrigðismálum komu forsvarsmenn félags aldraða á fund nefndarinnar í morgun. Þeir höfðu verulegar áhyggjur af þessu og litu á breytingar sem gerðar voru á frv. mjög alvarlegum augum. Þær þýða mikil fjárhagsleg útlát fyrir aldraða sem eiga ekki hátrömm hagsmunasamtök til að berjast fyrir málum sínum en eru mjög háðir velvild annarra í þjóðfélaginu.

Það kom greinilega fram við afgreiðslu málsins á hinu háa Alþingi hvað viðvék þessum þætti hve mikið óöryggi öldruðu fólki er búið. Það líður varla sá fréttatími að ekki berist fregnir frekari skerðingum ríkisstjórnarinnar sem hitta fólk sem er komið á efri ár og fólk sem þarf að leita sér hjálpar í heilbrigðiskerfi eða félagslega kerfinu. Það verður að líta á þessi mál í samhengi. Þótt hér sé um að ræða frv. um tekju- og eignarskatt þá hangir það vitaskuld saman við fjárlögin og hinn svokallaða bandorm, auk nýrra aðgerða í heilbrigðiskerfinu.

Yfir landsmenn, sérstaklega fólk sem er óöruggt með stöðu sína, dynja sífelldar fréttir af niðurskurði. Það verður ekki búið við að nú nokkrum dögum fyrir jól skuli mál vera

afgreidd á þennan hátt. Það er í engu samræmi við yfirlýsingar sem núv. ríkisstjórnarflokkar gáfu fyrir kosningar. Líklega hefur sjaldan verið mynduð ríkisstjórn sem hefur gengið meira á svig við stefnumál sín fyrir kosningar. Þetta er sérstaklega áberandi hvað viðvíkur Framsfl., sem reið um héruð fyrir kosningar og lofaði öllu fögru, kvaðst vilja leysa hvers manns vanda. Það fór eins og gjarnan þegar rekin er harðvítug kosningabarátta að mjög margir landsmenn lögðu trúnað á orð þeirra.

Nokkrum sinnum í þessari umræðu hafa verið rifjuð upp ummæli þingmanna Framsfl., ýmissa núv. ráðherra, frá því fyrir u.þ.b. ári síðan þegar þeir lögðust gegn ráðstöfunum í ríkisfjármálum þáv. ríkisstjórnar. Þeir hafa farið létt með að snúa gjörsamlega við blaðinu í þessu efni og bætt um betur með skerðingu í fjölmörgum liðum. Það er leitun á öðru eins.

Vitaskuld er jákvæð sú aðgerð sem gerð var í samningum við aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar nú fyrir nokkrum vikum að láta ganga til baka hluta af fyrirhuguðum skerðingum og aftengingar. En það var ekki gert fyrr en eftir þrýsing frá aðilum vinnumarkaðarins. Ég bendi enn á að öll aftengingarákvæðin í þessu frv. og skyldum frv. eru varanleg sem gerir að verkum að berjast þarf fyrir réttmætri leiðréttingu á hverju einasta ári. Menn geta spurt sig hvort það sé eðlilegt fyrirkomulag stjórnkerfisins að sá hópur sem minnst má sín, sjúklingar eða aldraðir, þarf á hverju hausti að óttast um afkomu sína vegna aðgerða ríkisstjórna.

Það upplýstist einnig í efh.- og viðskn. í morgun þegar rætt var við félagsmálastjóra Reykjavíkur að persónulegum vandamálum sem þar er fengist við hefur fjölgað mjög verulega á þessu ári. Við ættum að hugleiða að þótt meðaltalskaupmáttur sé sagður hafa hækkað nokkuð á árinu hefur atvinnuleysi aukist og staða þeirra sem verst eru settir versnað enn frekar. Það er ekki hægt að gera það að kjarnaatriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnar að sauma svo að þessari stétt manna að hún geti ekki varið sig. Það verður einnig að hafa í huga að þegar ríkisvaldið dregur úr framlögum til þessara málaflokka er verið að velta vandanum yfir á sveitarfélögin. Þær áhyggjur komu einmitt mjög skýrt fram þegar félagsmálastjóri Reykjavíkur lýsti stöðunni fyrir nefndarmönnum í efh.- og viðskn. Flestir þingmenn vita að mörg sveitarfélög eru komin í svo mikla erfiðleika að þau eiga erfitt með að uppfylla nauðsynlegar skyldur á þessu sviði.

Í frv. er m.a. framlengdur svokallaður 5% hátekjuskattur sem stjórnarandstaðan hefur stutt. Þetta er skattur sem kemur ofan á tekjur sem eru ríflega 200 þús. kr. á mánuði og er vart hægt að tala um raunverulegan hátekjuskatt. Tími er kominn til að leggja á sérstakan skatt á tekjur sem nema t.d. yfir 700–800 þús. kr. á mánuði. Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar kemur hins vegar skýrt fram í því efni að ekki er hugleidd nein slík skattlagning. Hún birtist einnig í því að ekki er lagður á fjármagnstekjuskattur, sem mundi auka réttlæti í innheimtu skatts og aukja tekjur ríkissjóðs. Þar bólar ekki á neinum hugmyndum um útfærslu þessa nema á því eina sviði sem tengist afgreiðslu við ríkisfjármálin nú á haustdögum, fjármagnstekjuskattur er lagður á eldra fólkið. Það er fyrst látið greiða þennan skatt. Þessi frv. verða því að skoðast í heild og ekki er hægt að greina þau í sundur með auðveldum hætti í umræðu. Það sem er alvarlegast við frv. er afnám viðmiðunar, hin einhliða skerðing sem var notuð til viðmiðunar við skattvísitölu. Það allra versta í þessu er að skattafsláttur ellilífeyrisþega er afnuminn með öllu.

Brýnt er, herra forseti, þótt frv. sé komið býsna langt í afgreiðslu þingsins, að leitað verði leiða til að vinda ofan af fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar. Hópurinn sem oft hefur þurft að bera byrðar umfram aðra fái nú ekki þá jólagjöf frá Alþingi að að missa öryggi í meðhöndlun á skattafslætti af lífeyrisiðgjöldum.

[Fundarhlé. — 17:57]

[20:30]

Útbýting þingskjala:

Bjargráðasjóður, 125. mál, nál. félmn., þskj. 441.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 215. mál, nál. félmn., þskj. 439; brtt. félmn., þskj. 440.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 438.

Umferðarlög, 259. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 436.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 241. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 442.

[20:32]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að koma ákveðnum upplýsingum á framfæri við hæstv. forseta og þingheim. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera þinginu grein fyrir því að á fundi heilbr.- og trn. sem haldinn var í þinghléinu kom til umræðu sá vandi sem sjúkrahúsin almennt, Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalar standa frammi fyrir verði ekki gerðar breytingar á fjárlagatillögum ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að verði ekkert að gert standa menn frammi fyrir stórfelldum niðurskurði og samdrætti í þjónustu, uppsögnum starfsfólks og þar af leiðandi auknu starfsálagi innan veggja sjúkrahúsanna eða auknum þjónustugjöldum. Allt þetta kom fram á fundum heilbr.- og trn. með fulltrúum frá sjúkrahúsunum, stjórnendum og starfsliði.

Herra forseti. Ég tel brýnt að fjárln. fái sérstaka skýrslu um þetta frá heilbr.- og trn. þingsins þar sem afstaða eða álit nefndarinnar komi fram. Ég tel að nefndin rísi ekki undir skyldum sínum ef hún ekki kemur á formlegan hátt frá sér upplýsingum til fjárln. um þessi efni.

Fulltrúi meiri hluta í heilbr.- og trn. óskaði sérstaklega eftir fresti til að taka afstöðu til þessarar beiðni frá minni hluta nefndarinnar. Nefndarmenn voru reiðubúnir að veita þennan frest til að þingmenn meiri hlutans gætu íhugað málið til morguns. En þetta segir mér, hæstv. forseti, að svo alvarlegum augum líta fulltrúar í heilbr.- og trn. þann vanda sem sjúkrahúsin standa frammi fyrir að minni hlutinn óskar eftir afgreiðslu með þessum hætti og meiri hlutinn hefur óskað eftir að málið verði tekið fyrir að nýju á fundi heilbr.- og trn. á morgun. Það er ljóst að hér er um alvarlegan vanda að ræða sem mér þótti rétt að gera forseta þingsins og þingmönnum almennt grein fyrir hér í upphafi þessa fundar.

[20:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður sífellt erfiðara að átta sig á því við hvaða aðstæður verið er að ræða mál og hvernig hlutirnir standa á Alþingi um þessar mundir. Það berast sífellt nýjar upplýsingar á hverri klukkustund, ef svo má að orði komast, annaðhvort inn í einstökum þingnefndum eða hér úr ræðustóli um nýjar og nýjar uppákomur í fjárlagadæminu eða hluti sem varða afgreiðslu þessara mála sem hér eru til umfjöllunar. Það eru eins og kunnugt er fyrst og fremst tekjuöflunarfrv., frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem hér er á dagskrá, bandormurinn illræmdi og fjárlagafrv.

sjálft. Auk þess auðvitað ýmis mál sem þessu tengjast og eru hefðbundin eins og lánsfjárlög og annað því um líkt.

Það er afar erfitt að ræða þessa hluti nema eitthvert samhengi liggi fyrir og einhver heildarmynd sé komin á það hvernig fjárlagadæminu verði lokað og hlutirnir líti út í heild sinni. Ég held því, herra forseti, að sú hugmynd sem kom hér fram um miðjan dag í dag hafi verið sú eina skynsamlega — að fresta þessu fundahaldi og gefa mönnum tíma til að reyna að ná landi með óleyst ágreiningsmál sem greinilega eru mýmörg og virðist heldur fara fjölgandi en fækkandi ef marka má nýjustu upplýsingar. Ef eitthvert samkomulag tækist um hlutina á annað borð og menn áttuðu sig á því hvað þyrfti að afgreiða og um hvað væri samkomulag, sérstaklega milli stjórnarflokkanna, held ég að menn hefðu getað raðað því niður og lokið því á einhverjum hæfilegum tíma, hvort sem það tækist fyrir jól eða milli jóla og nýárs.

Því miður er það svo, herra forseti, að frv. sem hér er til umræðu er eitt af þeim málum hæstv. ríkisstjórnar þar sem verið er að troða hinu nýja trúboði upp á þjóðina. Þá á ég alveg sérstaklega við hina heilögu krossferð hæstv. ríkisstjórnar gegn öllu sem heita viðmiðanir eða verðtengingar eða tryggingar af einum eða öðrum toga.

Varðandi frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þá snýr þetta fyrst og fremst að því að við 2. umr. var staðfest í atkvæðagreiðslum sá ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að afnema uppfærslu bótaliða í skattkerfinu og fella úr gildi hina almennu verðuppfærslugrein tekjuskattslaganna sem hefur á ári hverju á undanförnum árum tryggt mönnum uppreikning á bótaliðum, persónufrádrætti og þar með á skattleysismörkum í takt við verðlagsbreytingar milli ára. Ofstækið gekk reyndar svo langt að í næstu grein þar á eftir, 122. gr. tekjuskattslaganna, var skattvísitalan felld út og þar með bönnuð. Ég held að öllu lengra verði ekki komist en að ganga svo langt að banna með lögum að skattvísitala sé reiknuð út.

Það kann að virðast svo, herra forseti, að þetta mál sé ekki mjög stórt í sniðum. Það er það heldur ekki í talnagildum einmitt nú við afgreiðslu þessara fjárlaga og tekjuskattsfrv. sem því fylgir nú fyrir áramót af þeim einföldu ástæðum að þessi uppreikningur hefur nú um skeið farið fram á miðju sumri. Þar af leiðandi eru bótaliðirnir sem hér eiga hlut að máli ekki að breytast svo ýkjamikið og hefðu ekki gert það þótt öðruvísi hefði verið staðið að málum. Það er að vísu ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur í hyggju að frysta með öllu þessar upphæðir þannig að í reynd er verið að lækka allverulega skattleysismörkin á Íslandi. Í grófum dráttum er það þannig að þessi frysting persónufrádráttarins vegur upp nánast að fullu það hagræði sem menn hafa eða hefðu annars haft af upptöku skattfrelsis á iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða eða frádráttarbærni slíkra greiðslna. Það má auðvitað spyrja sig að því, herra forseti, hvað sé þá orðið um allt streðið sem menn stóðu í til þess að fá inngreiðslur í lífeyrissjóði frádráttarbærar. Hverju eru menn bættari þótt það heiti svo á pappírunum að þessar inngreiðslur séu skattfrjálsar? Á móti kemur að skattfrelsismörkin hafa lækkað nokkurn veginn sem því nemur. Þannig að skattbyrðin er óbreytt. Það er þá í raun og veru ekki orðið neitt annað en einfalt bókfærsluatriði að láta það heita svo að iðgjöldin séu frádráttarbær því skattbyrðin er ein og hin sama.

Ég óttast nú, herra forseti, að menn hafi keypt köttinn í sekknum eins og stundum áður og menn hafi í einfeldni sinni haldið að með því að ná fram skattfrelsi inngreiðslna væru menn í reynd að bæta stöðu sína gagnvart skattkerfinu sem því næmi, að það hafi í skilningi þjóðarinnar verið réttlætismálið að ná fram afnámi tvísköttunar en ekki hitt að skattfrelsismörkin yrðu þá bara einfaldlega lækkuð á móti. Menn væru þannig að vísu að nafninu til lausir við alla tvísköttun en sætu uppi með óbreytta skattbyrði. Það er það sem gerðist, herra forseti, og gerist með afgreiðslu þessa frv. úr því að meiri hlutinn var svo lánlaus að fella brtt. okkar í minni hlutanum eða öllu heldur taka ekki afstöðu með okkur í atkvæðagreiðslu um frv.

Herra forseti. Að þessu sögðu er eftir sem áður rétt að undirstrika að við í minni hlutanum erum eindregið þeirrar skoðunar að þetta sé rétt aðferð að hafa frádráttinn á inngreiðslunum en ekki á útgreiðslunum þegar til lengri tíma er litið. Strax í desember 1994 þegar þessi mál komu hér á dagskrá þingsins lýsti ég þeirri skoðun að það væri sú aðferð sem stefna ætti að til lengri tíma litið. Ég er því að sjálfsögðu efnislega sáttur við að sjá þá breytingu lögfesta. En hitt verð ég að játa að ég hafði allan tímann reiknað með því og gert mér vonir um að þessu mundi fylgja einhver lagfæring á skattleysismörkunum.

Herra forseti. Þessa hluti eiga menn örugglega eftir að rekast á og heyra meira um hér á Alþingi á komandi árum um þetta leyti árs af þeirri ósköp einföldu ástæðu að það sem verið er að stofna til hér er árvisst skak um upphæðir þessara bótaliða. Deilur og átök verða að mínu mati nánast ófrávíkjanlega svo lengi sem stjórnvöld með því hugarfari sem núverandi ríkisstjórn hefur sitja að völdum. Þær munu reyna að ganga á lagið og nota sér afnám þessarar verðuppfærslutryggingar til að skerða kjör launamanna í skjóli þess. Það þarf ekki neinna sérstakra vitna við, herra forseti, um þau efni. Staðreyndin er að fjárlagafrv., eins og það var lagt fram á borð þingmanna í byrjun þings, bar þess vitni að tilgangurinn með því að hætta annars vegar viðmiðunum atvinnuleysisbóta og elli- og örorkulífeyris við launaþróun og hins vegar að afnema verðuppfærsluákvæði tekjuskattslaga var sá og er sá að skerða. Það stóð til að mynda strax til á næsta ári að skerða kjör atvinnulausra elli- og örorkulífeyrisþega um hálfan milljarð kr. eða svo af þessum sökum. Og í reynd er verið að skerða skattfrelsismörkin og þyngja skattbyrðina þegar á næsta ári með afnámi verðuppfærsluákvæðanna. Það er eins ljóst og tvisvar tveir eru fjórir að væru þau áfram við lýði mundi koma til uppfærslu á næsta ári. Kannski meiri en menn sjá nú fyrir vegna þess að það er ýmissa mat að líkur séu á að verðbólga verði meiri á næsta ári en nú er fyrir séð. Það eru ýmis þenslumerki í kerfinu og það gæti eins og kunnugt er leitt til þess að verulega reyndi á gildi þess að hafa verðuppfærsluákvæði af þessu tagi fyrir hendi í lögum. Þeim mun verra auðvitað er að þau séu út horfin ef einhverjar umtalsverðar breytingar á verðlagsforsendum eru í farvatninu.

Ég tel, herra forseti, að hér horfi mjög ógæfulega um þessi mál og þetta boði ekki gott í samskiptum aðila á komandi árum. Þá á ég við bæði samskipti ríkisvalds og verkalýðshreyfingar sem auðvitað verða hér fyrst og fremst að takast á um hlutina. En þarna gætu einnig komið til í vaxandi mæli hópar sem sjá sig knúna til að fylkja liði og taka upp harðari baráttu fyrir sínum kjörum en þeir hafa gert hingað til. Ég nefni sem dæmi Samtök aldraða og félög aldraða um allt land. Ég sé ekki í fljótu bragði að mönnum sé annar kostur boðinn í þessum efnum en að búa sig undir að heyja harðari kjarabaráttu á sjálfstæðari forsendum en hingað til

hefur verið, þegar ríkisvaldið er með einhliða aðgerðum að slíta þá úr lögum við launamenn í landinu eins og hér er ætlunin. Það hefur verið svo á undanförnum árum og það er vel og hefur lýst félagslegum þroska á býsna háu stigi, að verkalýðshreyfingin, samtök almennra verkalýðsfélaga og samtök opinberra starfsmanna hafa haft í sínum áherslum við kjarasamninga, kröfur um að séð væri um réttindamál þessara hópa í leiðinni þegar verið er að gera breytingar á launakjörum í landinu og semja um kjarabætur, að þá skiluðu þær sér til þessara hópa sem samkvæmt lögum hafa átt að taka mið af launaþróun varðandi sín kjör. Nýleg dæmi um þetta eru til að mynda talsverðar stimpingar og deilur sem hafa orðið um það þegar þurft hefur að knýja ríkisstjórn, fyrri ríkisstjórn að vísu því á það hefur ekki reynt í miklum mæli gagnvart þessari, til að skila ýmsum sérstökum launauppbótum, eingreiðslum og desemberuppbótum og öðru slíku til þeirra sem lögum samkvæmt eiga að fá kjör í takt við launaþróun. Þetta þekkja menn nú og hefur oft orðið að einhvers konar skiptimynt eða deiluatriði við kjarasamninga. Þá hefur verkalýðshreyfingin tekið að sér að draga vagninn fyrir hönd þessara hópa og sjá um að þeirra kjör væru tryggð.

Þetta hefur í og með gerst, herra forseti, vegna þessarar tengingar sem þarna hefur verið á ferðinni. Nú er verið að segja sundur griðum. Tilgangurinn vefst ekkert fyrir mönnum. Hann er sá að geta skilið þessa aðila eftir þó að þetta sé að vísu klætt í þennan fína búning, að verið sé að afnema sjálfvirkni og verðtryggingar og annað því um líkt í kerfinu. Það, herra forseti, eru málamyndarök. Hrein málamyndarök. Það að einhver óheilbrigð sjálfvirkni felist í því að upphæðir persónufrádráttar og bótaliða séu aðlagaðar verðlagi milli ára, er bull. Ég ætla að leyfa mér að segja, herra forseti, að það er kjaftæði. Vegna þess að ef það er ekki gert þá felst í því ákvörðun um að þyngja skattbyrðina. Þá felst í því ákvörðun um breytingu. Auðvitað er algjörlega verið að snúa hlutunum á haus. Ef hlutdeild launamanna í afrakstri þjóðartekna og þeirra kaupmáttur og þeirra kjör eiga að haldast í takt við þróunina, ef ekki á að breyta hlutaskiptunum, þarf einmitt að færa upp þessa liði. Þá þurfa þeir að vera í takt við verðlag á hverjum tíma því annars er verið að þyngja skattana og auka skattbyrðina. En það er greinilega það sem þessi hæstv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. er alveg sérstaklega að gera. Það velkist held ég enginn í vafa um það, að minnsta kosti ekki ræðumaður sem þekkir orðið sitt heimafólk, að tilgangurinn með afnámi tengingarinnar, í þessu tilviki í tekjuskattslögunum, verðuppfærslugreinum laganna, er þessi og enginn annar.

Ég ætla að koma aftur að öðrum þætti, herra forseti, vegna þess að mér fannst ekki að hann fengi nóga athygli við 2. umr. málsins. Það er sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að fella niður á einu bretti nú um áramótin skattafslátt ellilífeyrisþega í stað þess að lækka hann í áföngum í takt við það að áhrif á skattfrelsi lífeyrisiðgjalda fari að koma fram. Nú er það að vísu svo að hæstv. ríkisstjórn gaf um það yfirlýsingu í tengslum við framlengingu kjarasamninga að frádrátturinn skyldi koma til framkvæmda í þeim þrepum sem ákveðin höfðu verið, fyrr en áður hafði verið reiknað með. Dagsetningar sem áður voru 1. júlí á þessu ári og 1. janúar 1996 skildu færast fram um sex mánuði og verða 1. janúar nk. og síðan 1. júlí á miðju ári. Eftir stendur að fullt skattfrelsi inngreiðslna verður ekki komið til framkvæmda fyrr en á miðju næsta ári. Með þeim rökum að skattafsláttur til ellilífeyrisþega hafi átt að mæta þessum breytingum, hefði að minnsta kosti átt að láta standa eftir þrep sem því nam eða helmingnum af því sem áður hafði verið áformað. Það hefði mátt færa efnisleg rök fyrir því að þá hefði verið eðlilegt að lækka það þrep sem áður átti að vera upp á 7,5% niður í 3,75% eða eitthvað því um líkt. Að fella það niður með öllu stenst ekki. Þær forsendur sem ríkisstjórnin sjálf hefur áður lagt upp í málinu standast ekki. Fyrir utan það að með þessu er verið að raska mjög skyndilega högum aldraðra, draga til baka ívilnun sem áður var búið að lofa þeim og var nú ekki gert svo lítið úr í aðdraganda kosninga þegar það kom sér vel fyrir íhaldið að hirða atkvæði gamla fólksins. Þá var gott að geta grobbað af því að svona væri nú íhaldið alltaf gott við gamla fólkið. Nú ætlaði það að veita því alveg sérstakan skattafslátt á næstu árum. Á þessu var ekki beinlínis legið í aðdraganda kosninganna, á þingi, í Morgunblaðinu og öðrum helstu stofnunum. En hvað er nú gert? Áður en þessi kosningamorgungjöf varð ársgömul er komin tillaga um að kippa henni fyrirvaralaust til baka með öllu og standa ekki einu sinni við það þrep sem átti að gilda á næsta ári.

Þetta er nú öll reisnin. Það er þó ekki eins og þetta sé það eina kveðjan til aldraðra um þessi áramót frá sjálfri brjóstvörn gamals fólks í landinu, Sjálfstfl. Nei, heldur er búið að reikna það út að samtals er líklega í sex eða sjö liðum í mismunandi frv. samtímis sem hér eru til umfjöllunar á Alþingi, verið að ráðast á aldraða. (**Gripið fram í:** Tíu liðum.) Tíu liðum, er upplýst hér. Og þarf nú fara að taka þessa skrá saman. (**Gripið fram í:** Ég er með hana.) Það verður fróðleg og reyndar dapurleg lesning. En eitthvað af þessu man ég nú og kann utanbókar. Þar er þessi liður mér alveg sérstaklega ofarlega í huga sem er reyndar býsna stór því þarna er verið að fella niður eða hækka skulum við orða það, skatta á ellilífeyrisþegum um 250–300 millj. miðað við það sem orðið hefði að óbreyttu fyrirkomulagi þessa árs.

Þannig er nú það, herra forseti. Þetta á að sjálfsögðu við um aldraða á Suðurlandi eins og í öðrum kjördæmum. Það er rétt að forseti hafi það í huga.

Herra forseti. Að öðru leyti er það þannig að fátt er svo með öllu illt eins og þar stendur að ekki megi finna þar eitthvað jákvætt. Ég hafði áður gert grein fyrir því við 2. umræðu, að við í minni hlutanum styðjum vissar breytingar sem hér eru á ferðinni í tekju- og eignarskattslögunum. Þar er fyrst og fremst á ferðinni ein breyting sem einhver ástæða er til að staldra við og fagna. Það er það litla skref sem er tekið í þá átt að draga úr tekjutengingu eða tekjutengdri skerðingu barnabótaaukans og þar með jaðaráhrifum í skattkerfinu gagnvart þeim hópi sem þar á í hlut, þ.e. barnafólkinu og fólki sem er með húsnæðisskuldbindingar og tekjutengdar afborganir námslána og annað því um líkt á herðunum. Það er vissulega ekki vanþörf á að grípa til aðgerða því eins og dæmin sanna og sýnt hefur verið fram á með útreikningum finnast mýmörg dæmi um jaðarskattsprósentur hjá slíkum hópum sem nálgast 100%. Það er algengt að ungt fólk með þrjú börn á barnabótaaldri og húsnæðisskuldbindingar á bakinu sé með jaðarskatta á bilinu 66–75% samkvæmt dæmum sem ég hef séð. Eftir standa víða í okkar mjög svo tekjutengda kerfi ótrúlegir hlutir eins og 100% og yfir 100% jaðarskattur í vissum tilvikum, t.d. hjá þeim sem eru að fá lífeyrisbætur. Og nú á enn að auka á tekjutengingu með nýboðuðu ákvæði í bandorminum um að hækka skerðingu vegna annarra tekna ellilífeyrisþega úr 25% í 35%. Þetta þýðir nú í einu vetfangi að jaðarskattur þeirra aðila fer að lágmarki í ein 77% því skerðingin verður virk á tekjubili þar sem fullur tekjuskattur

upp á 42% er þegar kominn til sögunnar. Þar af leiðandi þarf ekki reikningsvana menn til að sjá að af þessu leiðir sjálfkrafa að jaðaráhrif slíkra breytinga eru orðin þessi.

Þetta á að afgreiða, herra forseti, án þess að menn hafi fyrir sér nokkrar myndir eða útreikninga á því hvaða afleiðingar þetta hefur, til að mynda þessi 10% hækkun á skerðingunni vegna annarra tekna hjá ellilífeyrisþegum. Þetta er önnur jólagjöfin sem íhaldið er að gefa gamla fólkinu í landinu um þessar mundir, þessum vaxandi hópi þjóðarinnar sem skipar þann aldursflokk. Eins og okkar aldursdreifing er að sjálfsögðu að þróast líkt og í flestum öðrum löndum, þá er aldurspíramídinn að breytast nokkuð í samsetningu og eftirlaunamenn og aldraðir verða sífellt fjölmennari hópur í þjóðfélaginu. Velferð og heill þess hóps skiptir að sjálfsögðu sköpum og allra síst væri það við hæfi, uppi á Íslandi þar sem er á ferðinni kynslóð sem sennilega hefur unnið flestum öðrum meira frá landsnámstíð við uppbyggingu í þessu þjóðfélagi, þ.e. það fólk sem er að komast á eða er á eftirlaunaaldri, að fara nú sérstaklega að ráðast að því einu og sér.

Það er alveg lýsandi, herra forseti, að á sama tíma og verið er að ganga í skrokk á þessum hópum, trekk í trekk með mörgum mismunandi aðgerðum í senn, þannig að það er ráðist á aldraða úr öllum áttum í einu, eru ekki tilburðir uppi til að koma á almennum fjármagnstekjuskatti. Þeir sem hafa nú gróðann af stóreignum og vaxtatekjur verða því áfram skattfrjálsir. Það er með semingi að ríkisstjórnin framlengir sérstakan hátekjuskatt um eitt ár í viðbót. Það lýsir sér alveg í orðalaginu að þeir hafa nauðugir viljugir íhaldsforkólfarnir, dregist á það að hafa þetta eitt ár í viðbót, þennan sérstaka skatt á launatekjur hjóna yfir 450 þús. kr. á mánuði og einstaklinga yfir 225. Það finnst því auðvitað blóðugt, íhaldinu, að vera að skattleggja þær tekjur. En aldraða, það er sjálfsagt að reita af þeim upphæðir af því tagi sem hér eiga í hlut.

Herra forseti. Að öðru leyti er nú rétt að víkja betur að þeim þáttum sem varða stöðu aldraðra samkvæmt öðrum ákvæðum en þeim er heyra undir lögin um tekju- og eignarskatt þegar þar að kemur og þegar eða ef, langar mig nú eiginlega til að segja, bandormurinn kemur til umfjöllunar. Hér eru það fyrst og fremst efnisbreytingar sem ég tel að séu mjög alvarlegs eðlis og ég átel og gagnrýni að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki vera til viðtals um að breyta þeim.

Ég bind reyndar enn vonir við það, herra forseti, að ná megi einhverju samkomulagi við hæstv. ríkisstjórn varðandi þessa þætti og auðvitað væri eina lendingin sem eitthvert vit væri í við afgreiðslu þessara mála nú fyrir jólin að fresta átökunum um hin stóru pólitísku deilumál sem varða afnám verðuppfærslna og afnám tengingar bótaliða við launaþróun. Slá þeim deilum þá á frest ef hæstv. ríkisstjórnin vill halda þeim til streitu og taka til umfjöllunar að siðaðra manna hætti í sérstöku frv. um viðkomandi mál eftir jólaleyfið. Það vill nú svo til að það skiptir orðið sáralitlu máli fyrir sjálfa afgreiðslu fjárlaganna hvort þetta væri gert eða ekki vegna þess að í mörgum tilvikum hefði slík breyting engin áhrif á bótafjárhæðirnar strax í upphafi. Þær breytingar koma fram síðar í takt við verðlagsþróun á miðju næsta ári. Menn gætu þess vegna ýtt öllum þessum varanlegu breytingum út úr frv. um tekju- og eignarskatt, út úr bandorminum og afgreitt fjárlögin. Það mætti geyma sér átökin um grundvallaratriðin þangað til síðar.

Það er dapurlegt ef það er svo, herra forseti, sem flýgur um í hliðarsölum að samkomulag um lúkningu þinghaldsins á þessum nótum strandi fyrst og fremst á einum manni, hæstv. forsrh. Mér skilst að hæstv. forsrh. hafi sagt í útvarpsfréttunum að minni hlutinn væri að kúga meiri hlutann á Alþingi með miklu ofbeldi. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. Ég hef sjaldan orðið vitni að því að jafnmikill minni hluti kúgi meiri hlutann með jafnmiklu ofbeldi og nú er að gerast. Ef hæstv. forsrh. einn af 63 mönnum á þingi ætlar að kúga þingið til að taka þessar breytingar í gegn með þessum hætti, fyrir áramótin. Það mikið ofbeldi af hálfu mikils minni hluta ef rétt er hermt að fyrst og fremst strandi á hæstv. forsrh. að gera þarna breytingar.

Ég átel og harma þetta. Mér finnst æskilegt, herra forseti, áður umræðan verður öllu lengri og þetta næsta óskipulega fundarhald í kvöld, sem maður veit ekki alveg í hvaða tilgangi er meðan allt hangir í lausu lofti, öðrum en þá þeim að hæstv. forseti geti dundað sér við að lesa góða bók, sem er í sjálfu sér allra góðra hluta maklegt, en ég hefði talið æskilegt, herra forseti, að hæstv. forsrh. kæmi einhvern tímann hingað til skrafs og ráðagerða í þinginu. Hann gæti þá gert grein fyrir viðhorfum sínum í þessum efnum.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. er í húsinu.)

Já, það er mjög ánægjulegt. Gjarnan mætti þá hæstv. forsrh. staðfesta eða bera til baka sem hér er orðið altalað að fyrst og fremst strandi á stífninni og nauðhyggjunni í hæstv. forsrh. að ná einhverju landi í þingstörfunum. Það væri gaman að vita af því eða fregna hvort hæstv. forsrh. mundi þá kannski koma til umræðunnar og setja sig á mælendaskrá og veita slíkar upplýsingar.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[21:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að spyrja hvort hæstv. fjmrh. er staddur í þinghúsinu og ef svo er óska eftir að hann verði viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. fjmrh. er í húsi og skal forseti gera honum viðvart.)

Ég óska einnig eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. komi í þingsalinn.

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að hæstv. heilbrrh. er hér einnig og verður henni gert viðvart.)

Ég óska eftir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., verði einnig viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er staddur í húsi og verður honum einnig gert viðvart um óskir hv. þm.)

Ég mun ekki hefja mína tölu, hæstv. forseti, fyrr en þessir aðilar eru komnir í þingsalinn en geta þess að þetta var mjög athyglisverð ræða sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti áðan. Hann skýrði mjög vel hvernig ríkisstjórnin virðist hafa fundið sérstakan markhóp til tekjuöflunar og er þar um að ræða aldrað fólk. Það er með ólíkindum hve miklar kjaralegar árásir eru gerðar á aldraða, bæði í fjárlagafrv. og einnig í hinum illræmda bandormi, sem svo er nefndur.

Ég hef fjallað nokkuð um efni frv. við fyrri umræður í þinginu. Bæði hef ég fjallað um meginkerfisbreytingar sem boðaðar eru með þessari lagasmíð, svo og í bandorminum, sem ganga út á að aftengja bætur í tryggingakerfinu, launaþróun og fjárhæðir í skattkerfinu, verðbreytingum. Einnig hef ég gert að sérstöku umræðuefni atlöguna sem gerð er að öldruðu fólki. Hún virðist engan enda ætla að taka, eins og ég gat um áður. Ég fagna því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson,

formaður efh.- og viðsk., er kominn í þingsalinn til að vera viðstaddur umræðuna og er gleðilegt að sjá hann í þingsal. Það sætti furðu fyrr í dag þegar hann veitti öðrum þingmönnum ákúrur fyrir slælega þingsetu, þingmönnum sem hafa sótt þingið mjög vel en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson virðist okkur hinum tala úr glerhúsi þegar hann ávítar aðra fyrir slaka mætingu. Ég bíð þess að hæstv. fjmrh. komi til umræðunnar en ég hef sérstaklega óskað eftir því. En það var annar hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, sem óskaði eftir að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því sem hv. þm. sagði að flygi fyrir að minni hluti upp á einn mann, hæstv. forsrh., tefði framgang þingmála. Ég ætla nú ekki að hafa eftir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Það er rétt að hann geri sjálfur grein fyrir máli sínu. Ég hef óskað eftir því sérstaklega að tveir hæstv. ráðherrar verði viðstaddir umræðuna.

(**Forseti** (GÁ): Því miður misskildi forseti áðan beiðnina og lét kalla til hæstv. forsrh. en nú hefur forseti gert ráðstafanir til þess að kalla hæstv. fjmrh. í salinn.)

Ég hélt að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umræðuna þar sem ég gerði grein fyrir áhyggjum sem ég hef af lagabreytingum sem verið er að knýja í gegn og snerta sérstaklega kjör aldraðra. En ég ætla að leyfa mér að gera hlé á tölu minni þangað til hæstv. fjmrh. kemur.

Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli gera okkur þann heiður að vera viðstaddur þessa umræðu um fjármál ríkisins. Ég gat um í upphafi, hæstv. fjmrh., að ég hefði áður í ræðum fjallað nokkuð um efni frv. sem hér er til umræðu og einnig þær kerfisbreytingar sem eru boðaðar í svokölluðum bandormi. Ég vakti athygli á því að í öllum þessum frv., sem snerta kjör fólks, sem liggja núna fyrir er sérstaklega vegið að öldruðum. Mig langar til að víkja að nokkrum atriðum sem snerta þessa lagasmíð. Þannig er að fyrir fáeinum árum hófu ýmis samtök aldraðra mikla baráttu gegn tvísköttun lífeyris. Menn sögðu sem svo: Það gengur ekki að skattleggja lífeyrisgreiðslur tvisvar sinnum, bæði þegar iðgjald er sett inn í lífeyrissjóð til geymslu og einnig þegar lífeyrir er tekinn út úr þessari sömu geymslu, úr lífeyrissjóðnum, þ.e. að skattleggja sjálfan lífeyrinn. Urðu nokkrar deilur um á hvorum endanum bæri að aflétta skattinum ef á annað borð yrði í það ráðist. Deilurnar mögnuðust nokkuð þegar sýnt þótti að stjórnvöld hygðust verða við þessum kröfum aldraðra um að afnema tvísköttun á lífeyri.

Ég skal gera hlé á máli mínu, hv. form. efh.- og viðsk., Vilhjálmur Egilsson, meðan hv. þm. þarf að ljúka erindum í þingsalnum.

Sem sagt, það var deilt um það á sínum tíma á hvorum endanum ætti að aflétta skattheimtunni, af iðgjaldinu eða af sjálfum lífeyrinum. Það varð síðan úr að sett voru lög sem kváðu á um að 15% af lífeyrisgreiðslum til einstaklinga sem náð hefðu 70 ára aldri yrðu undanþegin skatti. Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa ráðstöfun. Þannig benti Alþýðusambandið t.d. á að þetta gagnaðist betur þjóðfélagshópum sem byggju við traust lífeyrisréttindi en hinum sem að byggju við ótraustari réttindi. Þar sem lífeyrisréttur opinberra starfsmanna væri almennt betri þegar á heildina væri litið en þeirra sem störfuðu á almennum vinnumarkaði kæmi þetta opinberum starfsmönnum betur. Heppilegra væri, að mati ASÍ, að létta sköttum af hinum endanum, þ.e. létta sköttum af hinum vinnandi manni, ekki lífeyrisþeganum. Með öðrum orðum, létta skattbyrðinni af iðgjöldunum í stað lífeyrinum. Þetta varð síðan niðurstaðan og var ákveðið að létta sköttum af iðgjöldum í tveimur tímasettum áföngum. Þá kom gagnrýni úr gagnstæðri átt. Samtök aldraðra, svo og samtök opinberra starfsmanna bentu á að þessi leið til afnáms tvísköttunar væri ekki síður ranglát en hin. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að því hærri sem launin eru þeim mun hærri iðgjöld eru greidd í lífeyrissjóð og eftir því skattafslátturinn meiri til hátekjufólks en lágtekjufólks. Einstaklingur með 50 þús. kr. á mánuði fær þannig 4% af launum sínum undanþegin skatti, upphæð iðgjaldsins, eða 2 þús. kr., sem reyndar breytir engu því þessi einstaklingur er undir skattleysismörkum en 500 þús. kr. maðurinn fær 20 þús. kr. undanþegnar frá skatti. Þannig að sama er á hvorum endanum er tekið, um mismunun er að ræða. En það er um annars konar mismunun að ræða einnig sem kemur fram í yfirlýsingu sem BHMR, Bandalag háskólamanna, sendi frá sér í dag og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Bandalag háskólamanna, BHMR, mótmælir harðlega þeirri skerðingu á tekjum ellilífeyrisþega sem felst í niðurfellingu á 15% frádrætti af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóði. Í fyrirliggjandi frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, var upphaflega gert ráð fyrir að þessi frádráttur yrði helmingaður í 7,5%. Bandalagið taldi að hér væri í raun um ýtrustu skerðingu að ræða en lét málið átölulaust. Niðurfelling á 15% frádrættinum í heild mun hins vegar valda mörgum ellilífeyrisþeganum umtalsverðum tekjumissi og bitnar harðast á þeim sem sparað hafa lengst og mest í lífeyrissjóði. Það er því ljóst að þessi breyting á frv. beinist einkum gegn opinberum starfsmönnum.

Bandalagið vill einnig mótmæla vinnubrögðum í þessu máli. Bandalaginu var sent frumvarp til umsagnar með skömmum fyrirvara sem gerði ráð fyrir 7,5% frádrætti eins og áður hafði verið talað um. Eftir að bandalagið hafði tjáð sig um málið var þessum forsendum breytt án þess að bandalaginu gæfist kostur á að koma að sjónarmiðum sínum.

Bandalag háskólamanna, BHMR vill í þessu sambandi einnig benda á að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda samkvæmt fyrirliggjandi skattalagabreytingum nýtist opinberum starfsmönnum miklu síður en öðrum launamönnum þar sem opinberir starfsmenn greiða aðeins iðgjöld af dagvinnulaunum. Bandalagið telur að þennan mismun verði að bæta opinberum starfsmönnum í kjörum."

Undir þetta skrifar nafn sitt, Páll Halldórsson formaður BHMR og lýkur þar með tilvitnun í þessa ályktun BHMR sem samtökin sendu frá sér í dag.

Mismununin sem bent var á í þessari yfirlýsingu er sú að hluti vinnandi fólks greiðir iðgjöld af öllum tekjum og fær skattafslátt í samræmi við það. Þetta er sú regla sem tíðkast á almennum vinnumarkaði. En hjá opinberum starfsmönnum þá eru iðgjöld greidd af föstum launum einvörðungu. Þannig að á þessari forsendu skapast mismunun opinberum starfsmönnum í óhag. Þeir sem eru með hæstar heildartekjur á vinnumarkaði, fólkið og einstaklingarnir sem eru með 500, 600 og 700 þús. kr. hagnast að sjálfsögðu mest á þessum skattkerfisbreytingum sem verið er að gera.

Ég vil leyfa mér að taka undir með Landssambandi aldraðra og öðrum samtökum sem hafa andæft þessum breytingum, andæft því að skattaívilnanir aldraðra séu afnumdar. En hver skyldi nú, hæstv. forseti þings, vera lágmarkskrafan hjá þeim sem hafa forgöngu um þessa baráttu af hálfu aldraðra og annarra? Hún hlýtur að vera sú að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin voru þegar fjárlögin voru birt um að þegar 15% skattaívilnunin yrði færð niður, mundu

þeir skattpeningar sem þannig yrði aflað látnir renna inn í hækkun grunnfjárhæða lífeyristrygginga.

Þetta sjónarmið kemur fram í áliti BSRB, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá 8. des. þar sem fjallað er sérstaklega um þetta frv. og var það sent Alþingi. Það skal tekið fram að BSRB hefur áður mótmælt niðurfellingu á skattaívilnunum til lífeyrisþega en í þessu áliti er sett fram skilyrði að því gefnu að þessar skattkerfisbreytingar yrðu keyrðar í gegn. Í áliti BSRB segir orðrétt m.a., með leyfi forseta:

„Hvað varðar breytingar á skattfrelsi hluta af útgreiddum lífeyri til einstaklinga yngri en 70 ára skorar BSRB á ríkisstjórnina að standa við það sem stendur í fjárlagafrumvarpinu að nýta þá fjármuni sem við þetta sparast til að hækka grunnfjárhæðir lífeyristrygginga og telur það forsendu þess að ellilífeyrisþegar séu sviptir þessum skattaívilnunum."

Þetta var yfirlýsing sem ég hef áður vitnað til í þessum ræðustól þar sem ég vísaði í frv. til fjárlaga 1996 þar sem það fyrirheit er gefið beinlínis að verði þessar skattaívilnanir numdar brott þá verði þeir fjármunir sem þannig sparast látnir renna til að hækka grunnfjárhæðir lífeyristrygginga. Þessu geta menn flett upp á bls. 271 í frv. til fjárlaga 1996. Hvað skyldi hér vera um miklar fjárhæðir að ræða? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað úr fjmrn. ætla menn að 15% skattaívilnun til lífeyrisþega nemi um 250–300 millj. kr. á ári hverju. Nú vil ég beina þessari spurningu til hæstv. fjmrh.: Hvað líður þeim loforðum sem lífeyrisþegum og öldruðum voru gefin í frv. til fjárlaga 1996 um að láta þá fjármuni sem spöruðust við það að afnema þessar skattaívilnanir til aldraðra, renna til að hækka grunnfjárhæðir lífeyristrygginga? Hvað líður þessu loforði?

Ef við lítum á hvaða upphæðir við erum að tala um fyrir einstaklingana, þá hefur komið fram í opinberum gögnum, þar sem tíundaður er fjöldi lífeyrisþega, útborgaður lífeyrir og meðallífeyrir fyrir árið 1993, að 4.528 fyrrverandi starfsmenn ríkisins fengu greitt úr lífeyrissjóði LSR. Frádrátturinn þýddi fyrir þennan hóp að meðaltali 82 þús. kr. á ári. Við erum að tala þarna um að meðaltali 7.000 kr. á mánuði en ríkisstjórnin og fjmrh. höfðu heitið lífeyrisþegum að ef af því yrði að þessar ívilnanir yrðu numdar brott þá mundi þetta verða látið renna í lífeyriskerfi almannatrygginga. Hvað líður þessu loforði? Ætla menn að ganga á bak orða sinna? Það er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þessu við umræðuna á eftir því þetta stendur skrifað í frv. til fjárlaga. Ef ekki verður orðið við því að efna þau fyrirheit sem lífeyrisþegum voru gefin er niðurstaðan úr þessari áralöngu baráttu lífeyrisþeganna einfaldlega sú að þeir fá ekki neitt. Þeir fá ekkert út úr þessari áralöngu baráttu. Og reyndar er það verra en svo því samkvæmt þeim breytingum sem boðaðar eru í fjárlagafrv. og öðrum tengdum frv., m.a. því sem hér er til umræðu, þá eru boðaðar enn frekari álögur á aldraða. Nú er talað um að hækka hlutfall á skerðingu á grunnlífeyri úr 25% í 35% sem fyrir marga einstaklinga þýðir 5.000–6.000 kr. á mánuði. Síðan er fundinn sérstakur markhópur ríkisstjórnarinnar, þ.e. sá hluti aldraðra sem býr við einhvers konar veikindi eða krankleika, vegna þess að það á að hækka viðmiðunarmörk á afslætti í heilbrigðisþjónustunni til aldraðra úr 67 árum til 70 ára. Það á að svipta þennan hóp þeim afslætti sem hann hefur búið við auk þess sem það þak sem sett var á þennan aldurshóp og fólk yfir sjötugt býr við, 3.000 kr., hækkar upp í 12.000 kr. Þannig að það er ekki nóg með það að dregið sé úr afslættinum heldur er þakið einnig hækkað. Þetta er sérstakur markhópur að auki. Mér finnst að ríkisstjórnin þurfi að gera nánar grein fyrir þessum áformum sínum og skýra þau fyrir öldruðum og samtökum þeirra. Skýra það fyrir lífeyrisþegum almennt hvernig hún ætlar að réttlæta þessar gjörðir.

Varðandi aðrar hliðar frv. tel ég góðra gjalda vert að reynt sé að bæta barnafólki upp þá skerðingu á kjörum sem það varð fyrir á síðasta kjörtímabili og lækka jafnframt jaðarskatta þessa hóps með því að lækka skerðingarhlutfall barnabótaaukans. Á það ber þó að líta að óvíst er hvað gerist í framtíðinni vegna aftenginga fjárhæða í skattkerfinu. Einnig er rétt að leggja áherslu á að afnám vísitölubindinga í skattkerfinu nú þýðir niðurskurð í millifærslukerfinu sem tekur til persónuafsláttar, barna- og vaxtabóta og bitnar því á almennu launafólki, ekki síst barnafólki sem er að kom sér upp húsnæði.

Hingað til hefur tenging virkað sem ákveðið öryggi fyrir því að bótaupphæðir og afsláttarliðir í tekjuskattskerfinu fylgi launa- og verðlagsþróun í landinu. Aftenging hefur í för með sér að hækkun þessara fjárhæða verður geðþóttaákvörðun stjórnvalda hverju sinni. Ákveðin reynsla er komin á það hvað slík aftenging hefur í för með sér. Hækkun persónuafsláttar var í upphafi tengd lánskjaravísitölu en í lok fyrsta staðgreiðsluársins var ákveðið að aftengja persónuafslátt að hluta til hækkun lánskjaravísitölunnar. Þetta hefur haft í för með sér að skattleysismörk eru 5.500 kr. lægri, þ.e. miðað við núverandi skatthlutfall en ef tengingunni við lánskjaravísitöluna hefði verið haldið eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Nú, ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að þessu sinni. Ég bíð spenntur eftir því að heyra skýringar hæstv. fjmrh. á þeim skerðingum sem að aldrað fólk verður fyrir vegna fjárlagafrv., vegna þeirra lagabreytinga sem hér eru til umræðu og vegna bandormsins að sjálfsögðu einnig. Nú það verður fróðlegt að heyra skýringar form. efh.- og viðskn., Vilhjálms Egilssonar, sem óvænt heiðrar þingið með nærveru sinni. Mér finnst ekki stætt á því að ljúka þingi fyrir jólin fyrr en ríkisstjórnin hefur gefið viðhlítandi svör við því hvernig á því stendur að ekki á að standa við þau fyrirheit sem gefin voru í fjárlagafrv. Það er allt annar handleggur hvað gerðist gagnvart verkalýðshreyfingunni um að kjör öryrkja, atvinnulausra og lífeyrisþega yrðu ekki skert á næsta fjárlagaári. Það er aðskilið mál því sem að ég hef nefnt hér og fjallar um sérstakar skattaívilnanir til aldraðra.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni. Ég er ekki mjög langorður maður. En ég vona að hæstv. fjmrh. og hv. form. efh.- og viðskn. gerist nokkuð langorðir og gefi okkur rækilegar skýringar á þeim breytingum sem þeir eru að innleiða gagnvart öldruðu fólki og ekki síst þeim hluta aldraðra sem býr við veikindi.

[21:29]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frv. til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Við erum komin í 3. umr. Ég gat því miður ekki verið viðstödd lok 2. umr. málsins af sérstökum ástæðum og þess vegna var ég aldrei búin að láta í ljós skoðun mína á breytingunum sem eru til umræðu en ég sýndi það náttúrlega í atkvæðagreiðslu hver hugur minn er til frv. Það hefur jafnan talist til tíðinda þegar skattafrumvörpin koma fram. Ég minnist þess að við 1. umr. um málið fagnaði ég því hvað þetta frv. kom óvenjusnemma fram. Við höfum mátt búa við

það á undanförnum árum að skattafrv. hafa komið ákaflega seint fram og þinginu gefist lítill tími til að fjalla um þau.

Þegar maður horfir á þá miklu málasúpu sem við erum að glíma við þessa dagana og innihald hennar þá skilur maður hvers vegna ríkisstjórnin beitir þessum aðferðum. Það er vegna þess, hæstv. forseti, að hér eru á ferð þvílíkir hlutir að ég hef aldrei séð annað eins. Ég verð að segja, hæstv. forseti og hæstv. fjmrh., að mér er gróflega misboðið. Ég meina það frá innstu hjartans rótum að mér finnst það sem ríkisstjórnin er að leggja til á þessu ári vera svo hrikalegt að ég hlýt að spyrja, eins og ég reyndar gerði úr ræðustól í dag: Hvað gengur hæstv. ríkisstjórn til? Þá er ég fyrst og fremst að meina og vísa til þess að aftur og aftur er ráðist á sama hópinn. Þá er ég að tala um fjárlögin, bandorminn og skattafrumvörpin. Ráðist er á sama hópinn aftur og aftur, gamla fólkið. Hvenær fékk ríkisstjórnin þær upplýsingar að aldrað fólk á Íslandi hefði breiðustu bökin og þangað væri mest að sæka? Töluvert af gömlu fólki á miklar eignir. Það er líka til einhver hópur af fólki sem hefur fjármagnstekjur og það jafnvel miklar, eins og ég hef nefnt dæmi um fyrr. En að hægt sé að rýra tekjur alls þessa hóps með þeim hætti sem verið er að gera er algjörlega ótækt. Ég væri sjálf reiðubúin til að standa að því að hækka svokallaðan hátekjuskatt um 5%, þó að það komi líka óréttlátt niður. Það lendir á sjómönnum, á mörgum sem vinna mjög mikið. En það sem hér er verið að gera er ekki réttlátt. Ég ítreka að mér finnst þetta svo hrikalegt að ég var hálfmiður mín í gærkvöldi eftir fund í efh.- og viðskn. Þar var verið að kynna enn eina súpuna af áformum frá heilbrm. sem öll bitnar meira og minna á gömlu fólki. Ég spyr enn og aftur, hvað gengur ykkur til? Það þarf ekki annað en að skoða þessar tölur sem hafa verið birtar þar sem menn hafa verið að reyna að slá á hvað sé nú verið að spara mikið til að sjá að það eru verulegar fjárhæðir sem á að sækja til gamla fólksins. Samkvæmt lauslegum útreikningum starfsmanns fjmrn. þá er það einhvers staðar á bilinu 400–450 millj. kr. Suma liðina er býsna erfitt að áætla, m.a. hvaða áhrif fjármagnstekjur muni hafa á skerðingu lífeyrisgreiðslna. Menn vita að það er töluvert mikið um að fólk hafi ekki gefið upp þær fjármagnstekjur sem það hefur, enda hefur það svo sem ekki skipt miklu máli. Þótt fólki beri reyndar skylda til þess lögum samkvæmt hefur ekki verið gengið mjög hart eftir því þannig að menn hafa ekki mjög áreiðanlegar tölur um hversu mikið þetta er. Þó kom fram á fundi efh.- og viðskn. að það væri líklega um þriðjungur af fjármagnstekjum sem er gefinn upp á skattframtölum. Samt sem áður eru þetta einhvers staðar á bilinu 400–450 millj. kr. sem menn ætla að hafa af gamla fólkinu. Þá er því svarað til að bæturnar hækki á móti. Þær hækka um 3,5% núna um áramótin. Inni í því er hækkun ellilífeyris, hækkun örorku og hækkun tekjutryggingar, þ.e. hækkun upp á u.þ.b. 450 millj. kr. sem nær bæði til ellilífeyrisþega og öryrkja. Þannig að það er langt í frá, hæstv. fjmrh., að sú hækkun vegi upp það sem verið er að skerða hjá gamla fólkinu.

Við eigum eftir að fara betur í þessi mál, í einstök atriði þessarar skerðingar, þegar við komum að bandorminum. En ég vil taka sérstaklega fyrir það atriði sem hv. síðasti ræðumaður kom einnig inn á. Því miður var samþykkt við 2. umr. að fella niður á einu bretti 15% frádrátt vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, eins það heitir í frv. Þetta er enn eitt dæmið um þessi dæmalausu vinnubrögð sem viðgangast hérna. Þetta var tekið upp fyrir ári síðan. Fyrir ári síðan var ákveðið að nálgast tvísköttunina með þessum hætti og það veit hamingjan að þáv. ríkisstjórnarflokkum var sannarlega bent á hvað það væri vitlaust að fara þessa leið, m.a. vegna þess að það yrði gífurlegur vöxtur í útgjöldum ríkisins við þetta, afslátturinn mundi vaxa mjög mikið. Það væri miklu nær að nálgast málið hinum megin frá. Þeir sem núna greiða í lífeyrissjóði séu ekki tvískattaðir. Hvernig sem menn hefðu svo hugsanlega ívilnað fólkinu sem orðið er 67 eða 70 ára og borgaði í lífeyrissjóði, a.m.k. hin síðari ár. En þáv. ríkisstjórnin ákvað að fara þessa leið. Þetta var vissulega glaðningur til margra gamalmenna.

En núna, ári síðar, eftir að búið er að gera samninga við verkalýðshreyfinguna er ákveðið að taka þetta aftur af á einu bretti. Látum nú vera að menn hefðu farið þá leið sem var búið að boða í frv., um að afnema þetta í þrepum. Þó það hefði jafnvel verið vægar en gert var ráð fyrir, í þremur þrepum, vegna þess að fólk munar um þetta. En að taka þetta svona á einu bretti og ofan á allar hinar skerðingarnar. Mér finnst þetta svo gróft, svo makalaust, að ég á ekki orð yfir þetta. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar var gerð rækileg grein fyrir þessu í nál. minni hluta efh.- og viðskn. fyrir ári síðan. Þar kemur einmitt fram hvað fólk munar um þetta að meðaltali. Þar eru þeir nefndir sem t.d. hafa greitt lífeyri í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem er nú enginn smáhópur. Samkvæmt þessum tölum voru það 4.528 manns. Það eru kennarar, hjúkrunarfræðingar og ýmsir starfsmenn ríkisins. Fyrir þetta fólk voru þetta að meðaltali 82 þús. kr. á ári. Það er á milli 7 og 8 þús. kr. á mánuði fyrir fólk sem hefur kannski 60–80 þús. kr., gefum okkur 70–80 þús. kr. Það eru nú engin ósköp til að lifa af. Við erum að tala um fólk sem þarf líka að borga af því skatta, mjög iðulega fasteignagjöld og náttúrlega að sjá fyrir sér. Þessi skerðing er veruleg og fólk munar verulega um þetta. Ég hefði svo sannarlega verið tilbúin til þess að standa að því að afnema þetta í áföngum. Eins og þetta er gert, búið að samþykkja skerðinguna við 2. umr., er þetta svo gróft að það ná engin orð yfir það.

Það er ýmislegt fleira í frv. sem aftur tengist bæði fjárlögunum og bandorminum. Það er auðvitað fyrst og fremst það atriði að aftengja, eins og við höfum kallað það, bætur örorku- og ellilífeyrisþega, atvinnuleysisbætur og reyndar ýmsar fleiri greiðslur sem verða föst upphæð. Ég get ekki annað en tengt þetta atriði við nýendurskoðaða spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagslífið á næsta ári. Þar spáir Þjóðhagsstofnun því að hagvöxtur verði mun meiri en búist hafði verið við og þar af leiðandi veltan í þjóðfélaginu og síðan tekjur ríkissjóðs í framhaldi af því. Það vekur spurningar um hver verðlagsþróun verður á næsta ári, hvaða breytingar verða hugsanlega á kauptöxtum, þrátt fyrir þá samninga sem gerðir hafa verið. Maður hefur í gegnum árin séð að ríkisstjórnin gerir ekki ráð fyrir neinum launahækkunum en iðulega er nú samið um þær samt.

Hér er gengið inn á þá braut að festa bætur elli- og örorkulífeyrisþega og reyndar atvinnuleysisbæturnar sem hafa verið tengdar launaþróun í landinu með ákveðnum hætti. Atvinnuleysisbæturnar eru t.d. miðaðar við taxta fiskverkunarfólks og hafa fylgt hækkunum á honum. Þannig hækka þær t.d. meira núna um áramótin en bætur örorku- og ellilífeyrisþega. Þær hækka um 5,4% vegna þessara viðmiðana við kauptaxta fiskverkunarfólks, á meðan hinar bæturnar hækka um 3,5%. Hver verður svo þróunin á árinu? Þessar upphæðir sem á að festa í lög verða óbreyttar allt næsta ár, svo framarlega sem ekki takist að knýja fram einhverjar breytingar, fyrir utan það

3% svigrúm sem er sums staðar að finna. En hver verður þróunin annars staðar? Hvaða úrbætur fá launþegar? Bent hefur verið á í álitum nokkurra fagnefnda Alþingis, þ.e. minni hlutans, að það er sálrænn þáttur í þessu að taka bæturnar úr tengslum við laun. Þetta er einhver bótahugsun sem verið er að styrkja að nýju í stað þess að ganga út frá því að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfi að lifa eins og aðrir og ættu að fá hækkanir til samræmis við hækkandi verðlag í samfélaginu. Hér á að keyra þessa stefnu í gegn. Eins og bent hefur verið á í útreikningum Alþýðusambandsins þá er viss feluleikur í þessu og það kemur svo sem reynar kemur fram. Verið er að spara ákveðnar upphæðir. Það sama gildir um útreikninga á persónuafslætti og alla útreikningana sem hér eru. Það hefur um árabil staðið deila milli Alþýðusambandsins og fjmrn. um þá og Alþýðusambandið heldur því fram að kjör fólks hafi verið stórlega skert með þessum útreikningum.

Hér eru líka til umræðu ýmis atriði sem tengjast kjarasamningum og ekki er mikið um að segja eins og flýting á því að hætta tvísköttun lífeyris á launþega. Um þetta var samið við samtök launafólks og ekkert er við því að segja. Þetta kostar ríkið auðvitað stórfé og það er eðlilegt að ríkisvaldið þurfi að ná þessum tekjum inn. En það er bara ekki sama hvernig það er gert. Það er ekki sama hver það er sem er látinn borga.

Hér er reyndar enn einu sinni framlengt ákvæði um sérstakan tekjuskatt manna, þ.e. 5% aukatekjuskattur á þá sem hafa 225 þús. kr. í laun sem er reyndar uppreiknað hér eins og annað. Það er spurning eins og ég nefndi áðan hvort ekki hefði verið nær að leita betur hjá hinum raunverulega breiðu bökum en að fara ofan í vasana hjá gamla fólkinu. Ekki hef ég miklar vonir um að komið verði á fjármagnstekjuskatti á næsta ári. Ég hef ekki mikla trú á því að það takist núna frekar en áður. Það hefur staðið til að koma honum á a.m.k. undanfarin fimm ár og sennilega lengur. Get ég þá rifjað það upp sem fram kom í umræðum að það er merkileg staðreynd að fjármagnstekjuskattur skyldi hafa verið afnuminn árið 1978 og er Ísland sennilega eina ríkið í Evrópu sem hefur afnumið þennan skatt en það gengur afar illa að koma honum á. (**Fjmrh.:** Það er verið afnema hann í tveimur löndum.) Það er verið að afnema í tveimur löndum, segir hæstv. fjmrh. og væri fróðlegt að fá að vita hvaða rök eru fyrir því.

Fjármagnstekjuskattur er með ýmsu móti í hinum ýmsu ríkjum og eflaust eru margar leiðir til að nálgast þær tekjur fólks. Eins og oft hefur verið bent á í því sambandi þarf auðvitað að fara varlega þegar verið er að koma á fjármagnstekjuskatti. Þetta er viðkvæmt mál og það þarf bæði að forðast fjármagnsflótta úr landi eða að skapa einhvern óþarfa ótta hjá sparifjáreigendum. Skattur af þessu tagi má ekki vera til að draga úr sparnaði. Þetta er ekki auðvelt. Það er augljóst mál. Hins vegar er alveg stórmerkilegt hvernig komið hefur verið á fót hverri nefndinni á fætur annarri ár eftir ár sem skilar þykkum og ítarlegum skýrslum og síðan verður aldrei neitt úr neinu. Kann Alþfl. líklega sögu af því frá síðasta kjörtímabili hvernig stóð á því að það náði aldrei fram að ganga þrátt fyrir ítrekaðar samþykktir innan ríkisstjórnarinnar og milli ríkisstjórnarflokkanna um það. (Gripið fram í.) Ég stóð í þeirri meiningu að Alþfl. hefði verið í ríkisstjórn með Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili. Ég minnist þess að hafa séð það og heyrt margsinnis frá þeim að þeir hafi fengið Sjálfstfl. til að samþykkja það að koma á fjármagnstekjuskatti. Er þetta ekki rétt, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson? (Gripið fram í.) Þeim er eitthvað farið að förlast minni. Þetta er kannski túlkunaratriði hver samdi um hvað við hvern og hvenær. Það er auðvitað ekki meginatriði þessa máls heldur þetta. Við stöndum frammi fyrir því að það er að birta til í íslensku efnahagslífi og meira að segja meira en menn áttu von á. Tekjur ríkisins munu aukast og menn eru meira að segja farnir að vara við þenslu og því að menn fari hér á eitthvert fjárfestingar- og eyðslufyllirí. En spurningin er hvernig ríkisstjórnin ætlar að nýta sér þann bata. Í hvað á að verja þeim peningum sem inn koma? Hvert er verið að sækja þær tekjur sem ríkisstjórnin er að reyna að afla sér?

Við höfum séð undanfarna daga að í fyrsta lagi er verið að sækja dágóða summu til atvinnulífsins með hækkun tryggingagjalds sem var mótmælt mjög harðlega af aðilum atvinnulífsins og reyndar Alþýðusambandinu líka vegna þess hvað þetta kemur misjafnlega við fyrirtækin. Þetta er einn af þessum óréttlátu sköttum. Það er líka verið spara með því að frysta persónuafslátt og ýmsar bætur. Síðast en ekki síst er verið að sækja peninga til gamla fólksins. Ætla ég ekki að tíunda það enn einu sinni hvernig það er gert. Um það á eftir að verða mikil umræða á næstu dögum.

Hæstv. forseti. Að lokum langar mig til að koma inn á örlítið atriði sem eru þau vinnubrögð sem við tíðkum á hinu háa Alþingi. Þau hafa oft verið afar slæm og eins og ég nefndi hér í upphafi eru þau m.a. tilkomin vegna þess að það er verið að koma í gegn á örskömmum tíma alls konar breytingum sem eru þess eðlis að þeir sem þær snerta hafa ekki tíma til viðbragða. Fólk hefur ekki tíma til að átta sig á því hvað er verið að gera. En það er líka margt sérkennilegt sem gerist í þessum ferli síðustu vikurnar fyrir jól. Eitt dæmi um það eru breytingartillögur frá meiri hluta efh.- og viðskn. við þetta frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem eru lagðar fram fyrir 3. umr. málsins. Þar koma til atriði sem menn eru að bæta við eitthvað sem er verið að leiðrétta. Fyrst og fremst virðist þetta þó stafa af því að þeir hafi tekið sig til, annaðhvort hjá ríkisskattstjóra eða hjá skattadeild fjmrn. og farið að lesa lögin um tekjuskatt og eignarskatt og uppgötva þá ýmsar villur og leiðréttingar sem væri aldeilis fínt að laga núna fyrir jólin. Þessu er mokað út úr ráðuneytinu og í stað þess að menn gefi sér nú tíma til að vinna þetta almennilega er verið að þessu hér í fljótheitum fyrir jól. Í framhaldsnefndaráliti efh.- og viðskn. þar sem búið er að gera grein fyrir þessum breytingum segir svo: „Ástæða þess er sú að við þinglega meðferð frv. sem síðar varð að lögum nr. 147/1994 láðist að lagfæra þessa greinartilvísanir."

Hér fyrir ári urðu mistök við lagasetningu sem nú er verið að leiðrétta. Ég spyr mig og reyndar sem formaður í einni af nefndum þingsins: Hvað gerum við mikil mistök í þeim flýti sem hér er núna, í þessum hamagangi? Það væri fróðlegt að vita. Ég finn fyrir því sjálf að mér finnst það visst álag að reyna að afgreiða hér jafnvel stór og mikilvæg mál á örskömmum tíma og maður er með lífið í lúkunum yfir því að það séu einhverjar villur eða að okkur sé að yfirsjást einhver atriði sem kunni að reynast mistök síðar meir.

Hæstv. forseti. Staðreyndin er að sú stefna sem er að finna í þessu frv. til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og sú stefna sem kemur hér fram í frv. til fjárlaga og í bandorminum er algjör mistök. Því miður höfum við sem erum í stjórnarandstöðu ekki afl til að breyta eða koma í veg fyrir þessi mistök þó við séum að reyna allt hvað við getum til að reyna að fá fólk til að átta sig á því hvað er að gerast. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér hefur þótt heldur sorglegt

að sjá svipinn á mínum fyrri félögum úr stjórnarandstöðu, hv. framsóknarmönnum, sem margir hverjir glotta við tönn og minnast þess hvernig þetta var nú á seinasta kjörtímabili þegar við áttum vissulega í mjög harðri baráttu við þáverandi ríkisstjórn. En það sem núverandi ríkisstjórn er að gera er engu betra. Það er erfitt að mæla slíkt á einhvern mælikvarða en það sem hér er lagt til er, eins og ég hef áður sagt, með því versta sem ég hef séð. (**Fjmrh.:** Leiðréttingar.) Ekki leiðréttingar heldur sú stefna sem er að finna í frv. og þetta er ekki fyndið, hæstv. fjmrh. Við erum að tala um aðgerðir sem bitna á fólki, gömlu fólki sem er að reyna að lifa á sínum lífeyri og reyna að standa undir því sem það kostar að lifa og búa, hvort sem það er í borginni eða úti á landi. Ég beini því enn og aftur til meiri hlutans á Alþingi að skoða hvað er raunverulega verið að gera. Við höfum ekki fengið neitt einasta heildardæmi um það hvað þessar breytingar þýða fyrir einstaklinga. Það gengur erfiðlega að fá slík dæmi. Við höfum fengið einhverjar áætlaðar heildartölur, heildarsparnað upp á 357–450 millj. Þar á móti hækkun á bótum upp á 450 millj. sem eins og ég nefndi áðan ná bæði til örorku- og ellilífeyrisþega. En hvað þýðir þetta fyrir einstaklingana? Ég minntist á það við 2. umr. um fjárlögin að sú kenning var vinsæl á 18. öldinni og hefur verið tekin upp af mörgum hagfræðingum síðan að það væri hlutverk stjórnvalda að reyna að skapa sem mesta farsæld eða hamingju þegnanna. Mönnum er tíðrætt um það í hagfræði nútímans um samhengi á milli efnahagslífsins og þess hvernig fólki líður. Um samhengi á milli þjóðfélagsástandsins, líðanar fólks og aðgerða stjórnvalda. Það er samhengi þarna á milli. Það sem ríkisstjórnin er að gera með þessu frv. og öðru því sem hér verður til umræðu á næstu dögum er að skapa óhamingju. Það er verið að skapa óhamingju og erfiðleika. Gegn þessu verðum við að beita okkur af öllu afli.

[21:58]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 437.

[21:58]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja ekki heiglum hent að fá yfirsýn yfir allar þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn beitir sér fyrir í lok þings fyrir jólin. Það er verið að fjalla um þessar aðgerðir í frv. því sem hér er til umræðu. Það er verið að fjalla um þessar aðgerðir í svokölluðum bandormi sem er fylgifrv. með fjárlögum ríkisstjórnarinnar. Síðan er að sjálfsögðu einnig verið að fjalla um þessar aðgerðir í fjárlögum og þar að auki hefur hæstv. heilbrrh. notað þá óvanalegu aðferð að láta Ríkisútvarpið skýra Alþingi og nefndum þingsins frá því að hún hyggist með reglugerð í upphafi næsta árs hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar og hlut sjúklinga í sérfræðilæknishjálp um á bilinu 17–50%. Það er umhugsunarvert og athyglivert að í framkvæmdinni velur hún þá leið að láta þá sem erfiðust hafa kjörin og lakasta greiðslugetuna, þ.e. gamla fólkið og öryrkjana, taka á sig 50% hækkun á sama tíma og aðrir þegnar þjóðfélagsins þurfa að taka á sig 17% hækkun. Það er undarlegt í fyrsta lagi hvaða hátt hæstv. ráðherra hefur valið á því að skýra frá þessari ákvörðun sinni að láta útvarpið gera það í kvöldfréttum í stað þess að skýra viðkomandi þingnefndum frá því. Það er ekki síður umhugsunarvert að hæstv. ráðherra skuli hafa valið þessa leið því í þingtíðindum eru þráfaldlega prentaðar umsagnir hennar um það að með svona ákvörðunum hafi verið ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur. Það er ekki lengra síðan en rétt rúm vika að hún réðist sérstaklega á Alþfl. í umræðum í þinginu fyrir að hafa lagt á sjúklinga þessi gjöld og lýsti því yfir að þá væri nær að fara þær leiðir sem hún hefði valið, hæstv. ráðherra. Það er hins vegar staðreynd að hæstv. heilbrrh. hefur engu breytt í öllum þeim aðgerðum sem Alþfl. stóð að á síðasta kjörtímabili og hún gagnrýndi þá manna mest. Hún hefur ekki breytt stafkrók í neinu þessu jafnvel þó svo að það væri á hennar valdi, hæstv. ráðherra, að gera það með einfaldri breytingu á reglugerð.

Þessi hæstv. ráðherra lætur þar ekki staðar numið. Hún gerir sér lítið fyrir og lætur tilkynna Alþingi það í gegnum sjónvarpsfréttir á Stöð 2 að hún hyggist hækka um allt að 50% hluta af þessum gjöldum. Þetta gerir það að verkum, þar sem verið er að krukka í málin víða, ekki bara í einu þingmáli heldur mörgum, að það er nokkuð erfitt að fá yfirsýn yfir það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera. Mun sjaldan hafa verið jafntorvelt að rata í frumskógi slíkra lagasetninga eins og nú.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein almennt fyrir því hvaða áhrif svona flóknar aðgerðir hafa haft á raunverulega tekjuskattsgreiðslu landsmanna. Það er haft við orð að hæsti jaðartekjuskattur hér á landi sé rúmlega 46% en með hugtakinu jaðartekjuskattur er átt við það hlutfall sem menn borga af hverri krónu sem þeir vinna sér inn til viðbótar þegar tilteknu tekjubili er náð. Býst ég við að mörgum mundi þykja nægilegt að þurfa að greiða í tekjuskatt eins og flestir landsmenn þurfa að gera nema þeir allra tekjulægstu, 46 aura af hverri krónu sem þeir vinna sér inn. En ef betur er að gáð kemur í ljós að umrætt skattahlutfall er miklu meira og þá ekki fyrir hátekjufólkið heldur lágtekjufólkið. Ef við lítum t.d. á hag aldraðra og ellilífeyrisþega verða menn jafnhliða tekjuskattshlutfallinu að skoða hvernig atvinnutekjur eru látnar skerða þær bætur sem þetta fólk hlýtur. Það að nota tekjutengingu til að skerða bætur verkar nefnilega nákvæmlega eins og ef tekjuskattur á þennan hóp er hækkaður. Af hverri krónu sem þetta fólk vinnur sér inn skilast því sem skerðingunni nemur ásamt tekjuskattinum það sem viðkomandi fær til ráðstöfunar.

Tekjur elli- og örorkulífeyrisþega skerðast og greiðslur þeirra úr tryggingakerfinu skerðast með þrennum hætti. Í fyrsta lagi ef um atvinnutekjur er að ræða ganga atvinnutekjurnar að fullu til skerðingar á lífeyri eins og skerðingarhlutföllin framast leyfa. Ef um tekjur af lífeyrissjóðsgreiðslum er að ræða, þ.e. hinn aldraði eða öryrkinn á aðild að lífeyrissjóði, og fær þaðan einhverjar tekjur til viðbótar við tekjur sínar úr tryggingakerfinu, er skerðingin til muna minni heldur ef viðkomandi einstaklingur hlýtur atvinnutekjur. Þannig er fyrsta mismununin sem gerð er gagnvart öldruðu fólki og öryrkjum. Það er ekki sama hvaðan það fær tekjur sínar. Ef aldraður eða öryrki hefur aldrei átt tækifæri á því að greiða í lífeyrissjóð en vinnur sér í staðinn inn einhverja smápeninga með atvinnu sinni þá er full skerðing gerð á lífeyrisbótum hans sem því nemur. Ef hann hins vegar hefur greitt í lífeyrissjóð á ævi sinni og hlýtur tekjur úr honum þá ganga þær tekjur ekki til eins mikilla skerðingar og atvinnutekjurnar. Þannig er öldruðu fólki og öryrkjum mismunað eftir því hvers eðlis tekjurnar eru. En það er ekki aðeins að þeim sé mismunað ef menn bera saman hvort um lífeyristekjur er að ræða eða atvinnutekjur. Þriðji tekjumöguleikinn eru fjármagnstekjur. Ef hinn aldraði hefur tekjur af fjármagni ganga þær tekjur ekki til skerðingar á lífeyrisgreiðslum úr almannatryggingakerfinu, eins og bæði atvinnutekjurnar og

lífeyrissjóðstekjurnar gera. Þannig eru dæmi þess að stóreignamenn sem hafa mjög miklar tekjur af fjármagnseign sinni séu á fullum lífeyri frá almannatryggingum, eins og hann getur mestur orðið. Álíka miklum lífeyri og bláfátækur ellilífeyrisþegi eða öryrki sem ekkert annað hefur fyrir sig að leggja en tekjur úr almannatryggingakerfinu. Það er einhver mesta mismunun sem hægt er að hugsa sér þegar auðugustu menn þjóðarinnar geta með þessum hætti fengið fullar tekjur úr tryggingakerfinu óskertar, með öllum uppbótum sem þar þekkjast, til jafns við fátækling sem ekkert á og ekkert þénar. Það er vegna þess, virðulegi forseti, að tregða hefur verið á að taka upp fjármagnstekjuskatt, þ.e. meðhöndla fjármagnstekjur eins og hverjar aðrar tekjur. Ef það væri gert mundi ekki aðeins fjármagnstekjuskatturinn koma á þá sem hafa miklar tekjur af eignum sínum en litlar atvinnutekjur heldur mundi sú breyting að sjálfsögðu jafnframt gera að verkum að í almannatryggingakerfinu yrðu fjármagnstekjur meðhöndlaðar með sama hætti og aðrar atvinnutekjur.

Þar sem nú er rætt um að auka skerðingarhlutfallið frá því sem verið hefur á tekjum gamals fólks og öryrkja þá vil ég ekki láta hjá líða að reyna að varpa nokkru ljósi á hvernig raunveruleg tekjuskattsálagning er á þetta fólk sem yfirleitt heyrir ekki til auðugasta fólkinu í okkar samfélagi. Grunnlífeyrir er nú fyrir einstakling rúmar 12 þús. kr. á mánuði ef ég man rétt. Hann er tengdur atvinnutekjum þannig að hann skerðist með tilteknum hætti með þeim atvinnutekjum sem einstaklingur hefur og grunnlífeyririnn er uppurinn ef viðkomandi einstaklingur hefur um eða yfir 120 þús. kr. á mánuði. Þetta þýðir einfaldlega að jaðarskatturinn á slíkan einstakling er sá jaðarskattur sem við þekkjum, þ.e. 41% rúmlega upp í 46% rúmlega, eins og almenningur þarf að sætta sig við. Þar á ofan skerða atvinnutekjur hans grunnlífeyrinn sem kemur eins út fyrir einstaklinginn, þennan aldraða eða öryrkjann, eins og ef tekjuskatturinn hefði verið hækkaður á honum sem því svarar. Þannig er nú þegar búið að tekjutengja grunnlífeyrinn sem veldur því að aldrað fólk og öryrkjar sem njóta grunnlífeyris þurfa í reynd að borga hærra tekjuskattshlutfall en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Þetta er sérstaklega áberandi þegar um er að ræða svokallaðar heimilisuppbætur eða sérstakar heimilisuppbætur. Heimilisuppbæturnar voru á síðasta ári 845 millj. kr. og sérstakar heimilisuppbætur 177 millj. kr. til bótaþega sem þeirra nutu. Þar er skerðingin miklu meiri en gagnvart grunnlífeyrinum. Hún er gagnvart hinum aldraða eða öryrkjanum, sem t.d. nýtur sérstakrar heimilisuppbótar, króna fyrir krónu. Öryrkjar eða ellilífeyrisþegar sem njóta slíkra uppbóta eru aðeins þeir sem hafa fulla tekjutryggingu, engar tekjur utan lífeyriskerfisins og búa við mjög alvarlegar og erfiðar heimilisaðstæður. Þetta fólk þarf að una því að ef það vinnur sér inn eina krónu í atvinnutekjur þá skerðist sérstaka heimilisuppbótin um sömu fjárhæð, þ.e. eina krónu á móti einni. Þannig sér viðkomandi öryrki eða ellilífeyrisþegi ekki eina krónu af afrakstri vinnu sinnar fyrr en atvinnutekjurnar eru komnar talsvert á 5 þús. kr. á mánuði, ef ég man rétt. Fyrir þetta fólk þýðir þetta að það er látið greiða 100% tekjuskatt. Jaðartekjuskatturinn gagnvart þessu fólki er 100%, virðulegi fjmrh. Þetta er það fólk í þjóðfélaginu sem hefur nánast engar tekjur og hefur ekkert fyrir sig að leggja annað en óverulegan lífeyri frá almannatryggingakerfinu. Ef um er að ræða aldraða konu sem reynir að bæta eitthvað við ráðstöfunarfé sitt, t.d. með því að prjóna sokka eða vinna eitthvert slíkt handverk og selja það, þá verður það ekki fyrr en hún er búin að vinna fyrir á milli 4 og 5 þús. kr. á mánuði sem hún fer að sjá einhvern afrakstur vinnu sinnar. Fram að því hverfur allt hennar aflafé til baka til ríkissjóðs, eins og hún greiddi 100% skatt til ríkisins.

Þetta hefur gerst m.a. vegna þess að á Alþingi hafa menn verið að afgreiða þessi mál án þess að hafa heildaryfirsýn yfir hvað þeir eru að gera. Menn hafa verið að afgreiða skerðingar á lífeyri aldraðra og öryrkja án þess að hugleiða hvernig lífeyriskerfið og skattkerfið spila saman. Enn þá flóknara er þetta þegar við bætist að skerðingin er mismunandi eftir því hvers eðlis tekjurnar eru, hvort um er að ræða atvinnutekjur, þar sem skerðingin er mest, lífeyristekjur, þar sem skerðingin er minni, eða fjármagnstekjur, þar sem skerðingin er engin. Nú kemur hæstv. ríkisstjórn og ætlar sér að auka enn skerðingarhlutfallið. Ég gæti trúað því að jaðarskattsígildi gamla fólksins og öryrkjanna sé einhvers staðar á bilinu frá 75–76%, herra forseti, til 100%. Á sama tíma og aðrir landsmenn, utan barnafjölskyldur, borga 41–46% jaðarskatta þá er gamalt fólk og öryrkjar sem hefur einhverjar óverulegar atvinnutekjur að greiða jaðarskatta að upphæð 76–100%.

Ég hef veitt því athygli að hæstv. fjmrh. hefur aðeins vikið sér úr sal og ég vildi biðja hæstv. forseta að gera ráðstafanir til að hann komi aftur því ég hef ákveðnar spurningar um málið fyrir hann að leggja.

(**Forseti** (GÁ): Óskar hv. þm. eftir að hæstv. fjmrh. komi?)

Já, ég óska eftir því.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun gera ráðstafanir til að hann komi sem fyrst í salinn en hann gekk út héðan fyrir augnabliki síðan.)

Það er rétt. En ég er kominn, herra forseti, á þann stað í ræðu minni að ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. örfárra spurninga. Það get ég ekki gert, virðulegi forseti, nema hann heyri mál mitt.

(**Forseti** (GÁ): Það er rétt.)

Virðulegi forseti. Sá forseti sem nú sest í stólinn hefur verið fjármálaráðherra en hann er ekki sá sem ég hef verið að bíða eftir.

(**Forseti** (RA): Hæstv. fjmrh. hefur fengið skilaboðin og er væntanlegur innan tíðar.)

Ég þakka hæstv. fyrrv. fjmrh. fyrir. En þá er best að víkja að nokkrum öðrum málum sem tilheyra þessu. Mér sást yfir það að vekja athygli á því að það er fleira sem tengist skerðingu á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega en eingöngu það sem hér hefur verið nefnt. Sá elli- og örorkulífeyrisþegi sem nýtur fullra bóta og þar á meðal sérstakra heimilisuppbóta hefur möguleika á því að fá þar að auki fellt niður fastagjald á síma og útvarpi. En einnig það er tekjutengt eins og ég sagði áðan. Örfárra hundruða króna atvinnutekjur á mánuði geta kostað þennan einstakling ekki bara að hann missi jafnháa upphæð í bótakerfi almannatrygginga, borgi sem sé 100% skatt af atvinnutekjum sínum, heldur geta þessar örfárra hundruða króna atvinnutekjur á mánuði kostað viðkomandi einstakling missi fríðinda þar að auki. Missi hann önnur fríðindi sem hann hefur haft, svo sem niðurfellingu á afnotagjaldi af síma og niðurfellingu á afnotagjaldi af útvarpi þá samsvarar þetta því að viðkomandi einstaklingur sé farinn að borga meira en 100% tekjuskatt. Hann sé farinn að borga meira en 100% af aflafé sínu til baka í ríkissjóð. Ég veit ekki nokkur dæmi þess að jaðarskattsígildi geti verið af þessum toga. Það er því mesti misskilningur þegar menn halda því fram og hörfa bara á jaðarskattinn einan og sjálfan sem samkvæmt opinberum tölum á Íslandi

getur hæstur verið 41–46%, 46% og rúmlega það fyrir þá sem þurfa að borga svokallaðan hátekjuskatt til viðbótar almennum tekjum sínum en 41% til hinna. Það er ekki rétt þegar menn bera saman í alþjóðlegum samanburði skattbyrði og nefna til sögunnar að á Íslandi séu jaðarskattar á þessu bili. Ef menn ætluðu að bera saman raunverulega skattbyrði yrðu menn að bera saman ekki eingöngu hvaða almennu prósentu launþegar þurfa að greiða af tekjum sínum til hins opinbera heldur líka með hvaða hætti tekjutengingin spilar inn í tryggingakerfið, þ.e. með hvaða hætti bætur tryggingar eru tengdar atvinnutekjum manna eins og gert er í allt of ríkum mæli hér á Íslandi en allt lífeyristryggingakerfið er tekjutengt með þessum hætti. Ekki bara heimilisuppbætur og sérstakar heimilisuppbætur á grunnlífeyri heldur einnig ýmis önnur fríðindi eins og ég hef þegar nefnt auk að sjálfsögðu tekjutryggingar í lífeyriskerfinu. Þannig er allt íslenska lífeyristryggingakerfið tekjutengt og tekjutengt langt niður eftir tekjubilinu og framkvæmdin er þannig að þeir sem hafa allra minnstar atvinnutekjur en tilheyra þessu kerfi þurfa að borga jafnvel yfir 100% tekjuskattsígildi og væri nær að nota slíkan samanburð á skattbyrði Íslendinga eins og hún getur orðið hér á landi þegar borið er saman við aðrar þjóðir fremur en þau 41–46% sem svo oft eru nefnd.

Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á að það eru ekki bara lífeyristryggingarnar, þ.e. framfærslueyrir aldraða og öryrkja, sem tekjutengdur er með þessum hætti. Ef við komum að öðrum stórum hópi sem er barnafólkið þá er velferðarkerfið gagnvart barnafjölskyldum einnig tekjutengt með mjög sambærilegum hætti. Þá á ég að sjálfsögðu við barnabóta- og vaxtabótakerfin sem eru tekjutengd eins og allir vita. Mér hefur ekki gefist tími til að skoða hvaða breytingar verða á því eftir samþykkt tillögu ríkisstjórnarflokkanna en ef menn skoða barnabótakerfið eins og það var má segja að ígildi jaðarskattsálagningar á barnafólk þegar saman spila jaðarskattur í tekjuskatti og tekjutenging kerfisins sé fyrir barnafólk með tvö börn á framfæri sínu 61–67% og barnafólk með þrjú börn á framfæri sínu nokkuð yfir 70%. Ég veit að þetta eru háar tölur en ef menn skoða samspil jaðarskattlagningarinnar í atvinnutekjunum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og barnabótakerfisins, þá er þetta svona. Þá er vaxtabótakerfið eftir. Þá má segja að almennur jaðarskattur fólks með börn á framfæri sínu, tvö eða fleiri, hafi verið á bilinu 60–70%. Ég veit að nú hefur þetta breyst eilítið með þeim breytingum sem hafa verið gerðar. En mér hefur ekki gefist tími til að skoða með hvaða hætti sú breyting virkar inn á þennan samanburð sem ég er hér að gera. (**Viðskrh.:** 58% hámark.) 58% hámark, segir hæstv. iðnrh. og þá væntanlega án tillits til barnafjölda. Þá er vaxtabótakerfið eftir. Væri forvitnilegt að sjá hver niðurstaðan yrði af samanburðinum ef það yrði tekið líka. Þá býst ég nú við að jaðartekjuskattsígildið sé ekki langt frá því að vera milli 60–65% að minnsta kosti fyrir þennan hóp.

Ég bið hv. alþm. að hugsa aðeins um þetta. Við erum hér með tvo hópa fólks þar sem er að finna sennilega þá einstaklinga sem erfiðast eiga á Íslandi. Það er annars vegar hópur elli- og örorkulífeyrisþega og hins vegar hópur barnafólks sem yfirleitt er ungt fólk sem m.a. er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er búið að tekjutengja velferðarkerfi þessara hópa svo grimmt að annar hópurinn, aldraða fólkið, er að greiða 76–100% ígildi skatts með samspili þessa kerfis, tekjutengingarkerfis lífeyristrygginga og tekju- og eignarskattskerfisins, og hinn hópurinn, unga fólkið, sem er að reisa sér þak yfir höfuðið og framfleyta börnum sínum, er sennilega að greiða eitthvað á bilinu 60–70% í skattígildi þegar saman vinna tekjutengingin í velferðarkerfinu og áhrif tekjuskatts- og eignarskattsálagningarinnar. Ég efast um að finna megi þjóð þar sem jaðarskattsígildi eru jafnmikil og hér. Að minnsta kosti veit ég að Svíar eru þar orðnir miklir eftirbátar okkar Íslendinga. Er því ekki vanþörf á að skoða í heild samspil velferðarkerfisins og skattkerfisins en á því hefur verið mikill meinbugur á undanförnum árum og er það m.a. vegna þess að þessi kerfi hafa fallið undir tvö eða jafnvel þrjú ráðuneyti, fjmrn., heilbr.- og trmrn. og að nokkru félmrn. Menn hafa því miður lagt meira kapp á að verja hver sinn túngarð en taka samspil þessara kerfa til heildarskoðunar með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

Virðulegi forseti. Mér er engin launung á því að ég sem heilbrrh. gerði á síðasta kjörtímabili ítarlegar tilraunir til þess, og ég get fúslega vottað að þær tilraunir voru rækilega studdar af þáv. hæstv. félmrh., núv. hv. alþm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að samspil þessara kerfa yrðu tekin til skoðunar og reynt að gera breytingar á til að fá yfirsýn yfir það hvernig skattkerfið, velferðarkerfið og tryggingakerfið spiluðu saman. Þær tilraunir báru því miður ekki árangur vegna þess að þær strönduðu yfirleitt á því sem ég nefndi áðan, og þá á ég ekki við félmrh. í þessu samhengi heldur miklu frekar fjmrn. Það ráðuneyti hafði ef til vill meiri áhuga á því að gæta síns túngarðs og sjá til þess að ókunnugt fé væri ekki að ryðjast þar yfir mörkin fremur en að leggja slíkri athugun lið.

Að minnsta kosti hvað varðar gamla fólkið og öryrkjana gengur hæstv. ríkisstjórn að sumu leyti enn lengra í þessa skerðingarátt en gengið hefur verið áður. Það er ekki aðeins verið að auka álagningu á gamalt fólk og öryrkja í velferðarkerfinu með því að hækka á því um 50% komugjöld á heilsugæslustöðvar og ætla því að greiða auk þess ýmsan annan viðbótarkostnað umfram það sem það hefur þegar gert. Það er ekki aðeins verið að íþyngja aldraða fólkinu á þessum sviðum sem gengur þvert gegn því sem hæstv. heilbrrh. sagði að væri sinn vilji á Alþingi fyrir aðeins 10 dögum og margendurtók á síðasta kjörtímabili, að hún og flokkur hennar berðust gegn, þ.e. sjúklingaskattunum. Ekki aðeins að það gangi þvert gegn því með þessar hækkanir á þjónustugjöldum heldur er nú einnig verið að auka enn skerðingu í tryggingakerfinu gagnvart þessu sama fólki. Það má því segja að það sé við því snert á öllum vígstöðvum. Hæstv. ríkisstjórn hefur haldið því fram að rök fyrir þessu séu þau að hagvöxtur sé að aukast á Íslandi. Hann verði nú meiri en hann hefur verið á undanförnum árum og meiri en í okkar helstu nágrannalöndum. Þetta er m.a. vegna þess að náðst hefur lofsverður árangur í samningum við erlenda aðila um stóriðjuframkvæmdir á Íslandi.

Nú leikur mér forvitni á að vita, af því hæstv. iðnrh. er hér í salnum, hvað hann býst við að margir öryrkjar og 67 og eldri karlar og konur fái vinnu við álversframkvæmdir á Íslandi. Er honum kunnugt um að það séu mjög margir öryrkjar og mjög margir aldraðir, konur og karlar, sem muni fá tækifæri til að stórauka við tekjur sínar við byggingu álvers? Virðulegi forseti, skyldi hæstv. samgrh. halda að margir öryrkjar muni vinna við að bora göng undir Hvalfjörð og þar muni þeir fá verulega bætt sín kjör? Hvaða líkur eru á því að aldrað fólk og öryrkjar sem hafa ekkert annað fyrir sig að leggja en lífeyri úr tryggingakerfinu njóti hagvaxtar, sem vissulega eru vonir til að verði á næsta ári, þegar menn ætla að tilkynna það og tilkynna það eins og hæstv. ríkisstjórn gerir að nú

ætli menn að skera á tengsl almannatryggingabóta við launabreytingu lægstu launa. Með hvaða hætti á þá gamla fólkið að njóta þess hagvaxtarbata sem spáður er að verði á næsta ári? Ekki fær þetta fólk vinnu við byggingaframkvæmdir í Straumsvík eða við að bora göng undir Hvalfjörð.

Ekki á að tengja bótagreiðslur þess við þær launahækkanir sem væntanlega munu koma í kjölfar hagvaxtaraukningar á Íslandi. Þar sem launþegar ætla sér sjálfsagt sinn hlut, hvernig á þetta fólk þá að njóta hagvaxtaraukningarinnar sem spáð er að verði á næsta ári? Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera það? Þegar hæstv. ríkisstjórn kemur í veg fyrir það með aðgerðum sínum að aldrað fólk og öryrkjar geti gert sér nokkrar vonir um að fá í sinn skerf sambærilegar aukningar á lífeyrisgreiðslum eins og það fólk getur ef til vill fengið sem er á lægsta vikukaupi í landinu eins og hún hugsar sér að gera með því að rjúfa tengingu tryggingabóta við lægstu laun hvernig getur hún þá komið og réttlætt það að nú vegna þess að hagvöxtur sá að aukast þá séu rök fyrir því að auka skerðingar á lágar atvinnutekjur gamals fólks og láta það borga meira en það hefur þurft að gera á mestu þrengingartímum í sögu þjóðarinnar fyrir heilbrigðisþjónustu. Ég sé ekki rökin í þessu. Ef það lægi fyrir að þetta gamla fólk og öryrkjarnir væru að bæta hag sinn á næsta ári þá gætu menn auðvitað skoðað hvort ekki væri rétt að þetta fólk tæki aukinn þátt í þjónustu þeirri sem samfélagið veitir því en þá til jafns við aðra. En að ætla sér, herra forseti, að koma í veg fyrir að þetta gamla fólk og öryrkjar geti í nokkru notið þess hagvaxtar sem menn eru að vonast til að verði á næsta ári, koma í veg fyrir það að það geti í nokkru notið hans. Ætla sér á sama tíma að hækka greiðslur þess fyrir almenna læknisaðstoð um 50% og auka svo enn skerðingu lífeyrisgreiðslna til þessa fólks sem nú veldur því að jaðarskattsígildið sem þetta fólk þarf að greiða af atvinnutekjum sínum er á bilinu 76–100% og fer í sumum tilvikum yfir 100%. Það er fyrir ofan minn skilning.

Virðulegi forseti. Var það þetta sem Framsfl. lofaði fyrir kosningar? Var það þetta sem hann meinti þegar hann sagði „fólk í fyrirrúmi"? Er það þetta sem er í fyrirrúmi hjá Framsfl.? Hvernig skyldi þeir þá vera sem flokkurinn telur að eigi ekki að vera í fyrirrúmi fyrst svona er farið með þá sem minnst mega sín í samfélaginu?

Virðulegi forseti. Eins og öllum er ljóst fór sá sem hér stendur ekki varhluta af því að þurfa að taka við ýmsum skömmum vegna aðgerða sem fyrrv. ríkisstjórn beitti sér fyrir á þeim tíma í sögu þjóðarinnar sem hún hefur orðið fyrir einna mestum áföllum. Áfallið eftir 1987 miðað við þá sókn sem þjóðin var í fram að þeim tíma var fyrir þjóðina meira en áfallið sem varð á svokölluðu kreppuárunum milli stríða. Þá er ég auðvitað að miða við aðstæðurnar eins og þær voru í þjóðfélaginu áður en áföllin dundu yfir. Það urðu meiri umskipti eftir árið 1987 og fram til ársins 1994 í efnahagslífi þjóðarinnar, meiri umskipti til ills, en á kreppuárunum miklu á milli styrjaldanna miðað við aðstæður eins og þær voru áður en sú kreppa dundi yfir. Vissulega þurfti að grípa til ýmissa harkalegra og alvarlegra aðgerða á þeim árum. Vissulega var það réttmætt að vera gagnrýndur fyrir það sem við þurftum þá að gera. Framsfl. var mjög harður í þeirri gagnrýni.

Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, að loksins þegar fer að birta til, loksins þegar hæstv. iðnrh., eins og hann sagði í dag við okkur með réttu, spáir því og hefur mikið til síns máls, að hagvöxtur hér á Íslandi á næsta ári geti orðið 3,5% og mun meiri en í viðskiptalöndunum, hvernig stendur á því að þá fyrst kastar tólfunum? Að þá fyrst þegar allt er á uppleið í samfélaginu finnur ríkisstjórnin sig knúna til að grípa til miklu harkalegri aðgerða gagnvart þeim sem minnst mega sín en nokkur dæmi eru um að þurft hafi að gera á krepputíma? Ég fæ það ekki saman, virðulegi forseti, hvernig menn geta fundið góðæri sem rök fyrir slíkum aðgerðum. Hvernig stendur á því að það á að hækka gjöld í heilsugæslu um 50% á gömlu fólki? 50% meira en þessi gjöld voru þegar hagvöxtur var neikvæður á Íslandi? Hvernig stendur á því að umskiptin til hins betra valda því að þá þarf að hækka gjöldin á gamla fólkinu um 50%? Þá þarf að auka enn frekar hvernig atvinnutekjur skerða lífeyri þessa gamla fólks. Ætlar Framsfl. að efna kosningaloforð sín með þessum hætti? Þetta eru furðuleg rök enda verð ég að segja að ég hef ekki heyrt nein viðhlítandi rök úr munni hæstv. heilbrrh. um þessi mál um margra vikna skeið og á ekki von á því að heyra þau frekar hér eftir en hingað til.

En þennan mikla þingstyrk sinn, virðulegi forseti, ætlar hæstv. núv. ríkisstjórn að nota til að senda þau skilaboð frá sér að nú sé í vændum betri tíð með blóm í haga. Nú sé í vændum meiri hagvöxtur heldur en sé í nágrannalöndunum. Meiri hagvöxtur en við höfum þekkt í tíu ár. Vegna þess að horfurnar séu svona góðar ætli hún að ráðast með þessum hætti að öldruðum og öryrkjum. Mætti ég þá frekar biðja um meiri kreppu en meiri efnahagsbata ef rök efnahagsbatans á að nota svona.

[22:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn frá því að þessi ríkisstjórn komst til valda að ónáða hæstv. heilbr.- og trmrh. þótt oft hafi verið ærin ástæða til. Ég held að það verði ekki hjá því komist við þessa umræðu að óska eftir nærveru hæstv. heilbr.- og trmrh. sem öðrum ráðherrum fremur ber ábyrgð á málaefnum aldraðra en þetta frv. snertir einmitt að hluta til aðgerðir gegn þessum hópum.

(**Forseti** (RA): Hv. ræðumaður hefur óskað eftir því að heilbrrh. verði hér nærstaddur. Það skal upplýst að samkvæmt töflu er hæstv. heilbrrh. ekki í húsinu en ég er að láta athuga hvar hann er niðurkominn. — Hæstv. heilbrrh. mun vera í nálægu húsi og er væntanlegur.)

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að hæstv. ráðherra verði hér við þessa umræðu. Hún þarf að svara ýmsu um þetta frv. og annað sem snertir þennan málaflokk. Það er mjög mikilvægt að ráðherrarnir, sem leggja áherslu á að fá mál sín afgreidd í gegnum þingið á þeim fáu sólarhringum sem eftir lifa til jóla, geri svo lítið þá að vera viðstaddir umræðurnar til þess að greiða fyrir því að málin gangi í gegnum þingið.

Ég get auðvitað notað tímann þangað til að hæstv. heilbr.- og trmrh. kemur í salinn og spjallað við hæstv. iðnrh. sem lætur svo lítið að sitja hér með okkur. Það er ærið tilefni til að spjalla við hæstv. iðnrh. um málefni aldraðra og málefni tryggingaþega yfirleitt.

Hæstv. forseti. Ég lagði á mig undir umræðum hér í dag og líka í gærkvöldi að lesa nokkrar af ræðum hæstv. iðnrh. og hæstv. heilbrrh. sem þeir hafa flutt hér á liðnum árum, ekki síst á síðasta ári, um árásir fyrrv. ríkisstjórnar á kjör aldraðra og öryrkja. Þar voru ekki spöruð stóru orðin. Ég er ekki með ræður hæstv. iðnrh. mér við hönd vegna þess að ég ætlaði að lesa þær upp þegar ég kæmi upp í annað sinn við þessa umræðu síðar í nótt. Vænti ég þess að hæstv. ráðherra

geti þá verið viðstaddur síðla nætur. En ég minnist þess þó að hæstv. iðnrh. talaði um það aftur og aftur að það væri svívirða af fyrrv. ríkisstjórn að byrja á því að ráðast að elli- og örorkulífeyrisþegum. Taldi hann það mikið óheillaverk og þó ég ætli ekki að taka að mér að verja hv. síðasta ræðumann, fyrrv. heilbrrh., hann getur vel gert það sjálfur, mátti hann sitja undir mörgum ræðum frá hæstv. iðnrh., vegna aðgerða sem hann beitti sér fyrir að því er varðaði aldraða og öryrkja. Honum voru ekki spöruð stóru orðin.

Það er full ástæða til þess að eyða hér tíma á eftir að fara yfir þessar ræður, hæstv. forseti. Vegna þessa tiltekna máls sem við ræðum hér vil ég byrja á því að vitna til þess að ríkisstjórnin síðasta sendi frá sér yfirlýsingu 14. des. sl. Þá var öðru fremur tveimur atriðum sérstaklega fagnað í þeirri yfirlýsingu og ASÍ hafði beitt sér fyrir meðal annarra. Það var ákvæðið um hækkun á persónuafslættinum og ákvæðið um afnám tvísköttunar á lífeyri sem Samtök aldraðra höfðu barist mjög fyrir. Allir voru sammála því að hér væri um verulega kjarabót að ræða fyrir lífeyrisþega. Ég minnist þess að þingmenn Sjálfstfl. fluttu frv. um þetta efni. Mig minnir að hv. 10. þm. Reykv. hafi aftur og aftur flutt frv. um þetta mál. Það var því full ástæða til þess að aldraðir fögnuðu þessu máli þar sem nú átti að afnema tvísköttun á lífeyri hjá þeim. Þetta var rétt fyrir jólin fyrir ári síðan. Þetta voru jólagjafir sem ríkisstjórnin var þá með, vissulega rétt fyrir kosningar. Nú eru kosningarnar búnar, liðnar og við hefur tekið ríkisstjórn Sjálfstfl. og framsóknarmanna. Eitt af fyrstu verkum þeirrar ríkisstjórnar er að afnema þessar kjarabætur til aldraðra og frysta persónuafsláttinn gagnvart launafólki.

Við erum ekki að tala um neinar smáfjárhæðir í þessu sambandi. Það kom fram fyrir ári að hér gæti verið um að ræða skattafslátt til aldraðra sem gæti numið, miðað við meðallífeyri hjá SAL-sjóðunum og hjá opinberum starfsmönnum, frá 22 þús. til 82 þús. kr. Við erum kannski að tala um skattafslátt til aldraðra upp á 6–7 þús. kr. á mánuði. Ég vil, virðulegi forseti, taka undir það með síðasta ræðumanni, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að það er ansi sérkennilegt svo ekki sé sterkara að orði kveðið, að eftir það samdráttarskeið sem við höfum gengið í gegnum sl. sjö ár og nú tala allir um að við séum að sigla inn í góðæri og efnahagsbata, að þá skuli aldrei sem nú vera ráðist að öldruðum. Það er ekki bara á þessu eina sviði, heldur höfum við í Þjóðvaka tekið saman langan lista þar sem vegið er að öldruðum og öryrkjum úr öllum áttum.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það er mjög sérkennilegt að hér skuli einungis vera tveir þingmenn Þjóðvaka og virðulegur forseti í sínum sætum að hlýða á ræðu mína sem fjallar um mikilvægt mál og skerðingu á kjörum aldraða. Ég sé að hæstv. iðnrh. hefur liðið virkilega illa undir þessari umræðu vegna þess að hann er flúinn líka. Ráðherrabekkirnir eru tómir hvort sem litið er til hægri eða vinstri. Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en það séu ráðherrarnir sem séu að leggja áherslu á að við afgreiðum þetta mál núna fyrir jólaleyfið.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vil taka það fram sérstaklega að hæstv. iðnrh. fór úr þingsalnum til að athuga hvort að hann gæti ekki flýtt fyrir því að hæstv. heilbrrh. kæmi hér, því það er samkomulag um afgreiðslu mála í kvöld og gert ráð fyrir að það líði senn að fundarlokum. Forseti vildi gjarnan að hæstv. heilbrrh. kæmi samt áður en hv. ræðumaður lýkur ræðu sinni og þess vegna er lagt á það kapp að fá hana í salinn. Þetta er skýringin á því.)

Já ég skil. Ég hélt að hæstv. iðnrh. hefði flúið af því ég var komin með ræður hans frá því fyrir ári um heilbrigðismál í hendurnar. En það er þá ekki skýringin. Það er gott.

En virðulegi forseti, það er mjög sérstakt að þessi tími sé notaður þegar við erum að sigla inn í efnahagsbata að því er ríkisstjórnin segir, til að ráðast á þennan hóp. Við vorum í gær að fá það upp varðandi tekjuhlið fjárlaganna að það eru aukin umsvif núna miðað við það sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, um 1 milljarð kr. og samt sjá þeir ástæðu til enn þá á þessum degi að bæta við á þennan langa lista sem við höfum tekið saman og lýtur að því að skerða kjör aldraðra.

Ég ætla, virðulegi forseti, aðeins að hlaupa á því hvað hér er verið að gera. Það er tvísköttun á lífeyri sem ég nefndi og þó það sé verið að breyta þessu þannig að það verði iðgjaldið sem verður skattfrjálst í staðinn fyrir lífeyrinn, þá munu lífeyrisþegar einskis njóta af því. Það sem er náttúrlega alvarlegast í þessu er að það er verið að gera grundvallarbreytingu á velferðarkerfinu með því að hætta að tengja lífeyrisbætur almannatrygginga við launaþróun í landinu. Ég hygg að þetta sé kannski hvað alvarlegasta atlagan að öldruðum og öryrkjum. Eins og hv. þm. vita þá hafa lífeyrisgreiðslurnar fylgt hækkunum á vikukaupi verkamanna í áratugi.

Ég held að það verði að leggja mikla áherslu á það að hnekkja áformum ríkisstjórnarinnar um það að lífeyrisgreiðslur fylgi ekki lengur launahækkunum. Ég held að svo sé komið að forsvarsmenn aldraðra og samtök aldraðra verði að fara taka raunverulega upp mjög harða kjarabaráttu varðandi þá atlögu sem sífellt er í gangi gagnvart þessum hópi.

Ég óskaði eftir nærveru hæstv. heilbrrh. þar sem ég sagði sem ég veit að hæstv. ráðherra hlýtur að vera mér sammála um að ráðherrann ber öðrum fremur ábyrgð á málaflokki aldraðra og finnst mér ekki til of mikils mælst, virðulegi ráðherra, að ráðherrann sitji undir þessari umræðu. Hér stígur hver ræðumaðurinn í stólinn á fætur öðrum til að gagnrýna þessa atlögu að öldruðum. Ég hef ekki lagt í vana minn eins og ég sagði að óska eftir nærveru hæstv. heilbrrh. Ég vildi gefa henni smátíma vegna þess að ég trúði því ekki að hæstv. ráðherra myndi samþykkja þessa aðför að öldruðum, öryrkjum og atvinnulausum, ekki síst í þeim málaflokki sem hún ber ábyrgð á. Ég er ekki að ónáða hæstv. ráðherra, en mér blöskrar svo að ég get ekki orða bundist. Það sem er mjög sérstakt, af því ég var að ræða hér við hæstv. iðnrh. áðan meðan ég beið eftir hæstv. heilbrrh., er að ég lagði líka á mig að lesa ræður hæstv. heilbrrh. frá síðasta þingi og þinginu þar áður þar sem við vorum að fjalla um bandorm og fjárlagafrumvörp. Þar voru ýmsar aðgerðir að því er varðaði elli- og örorkulífeyrisþega en eru þó smámál á móti þeim aðgerðum sem nú er beitt gagnvart þessum hópum. Ég verð að segja að aðgerðir hæstv. fyrrv. heilbrrh., Sighvats Björgvinssonar, voru hátíð til móts við það sem hæstv. heilbrrh. stendur nú fyrir gagnvart þessum hópum. Allt það sem ég las í ræðum ráðherrans ætla ég nú að geyma mér að lesa upp þar til við ræðum bandorminn á morgun. Þá ætla ég að fara yfir það. Ég hafði ætlað mér að gera það í kvöld en mér skilst að hér sé komið eitthvað samkomulag sem ég skal virða og skal því stytta mál mitt. En ég mun fara yfir þetta allt saman vegna þess að ráðherrann talaði um atlöguna að sjúkrahúsunum, það væri ekki hægt að ganga þar lengra eða skerða þar þjónustuna meira. Hún talaði um atlöguna að öldruðum og öryrkjum. Það má rekja hér lið fyrir lið hvernig ráðherrann tók á þessu máli á síðasta þingi og þetta er nákvæmlega,

hæstv. ráðherra, það sama sem þessi ríkisstjórn er að gera núna nema miklu verra. Það er vegið að þessum hópum úr miklu fleiri áttum.

Ég ætla aðeins, virðulegi forseti, úr því hér er komið samkomulag, rétt bara að rekja mig í gegnum þennan tíu punkta lista sem ég ætla að gera fljótt en mun fara mjög ítarlega í við umræðuna um ráðstafanir í ríkisfjármálum á morgun. Ég hef nefnt að lífeyrisgreiðslurnar fylgja ekki lengur launahækkunum í landinu. Ég hef nefnt að tvísköttun lífeyris er hafin að nýju gagnvart öldruðum. Fjármagnstekjur eiga að skerða almannatryggingabætur. Það á að byrja á því að skerða lífeyri gamla fólksins og láta fjármagnstekjurnar telja þar. Það hefur verið grundvallaratriði. Ég kannast við að það hefur verið reynt í ríkisstjórn eftir ríkisstjórn að byrja á öldruðum. Það hefur alltaf verið komið í veg fyrir þessi áform. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir því að fjármagnstekjuskattur á aldraða verði ekki tekinn upp fyrr en hann verður tekinn upp á alla þjóðina. Ég skildi orð hæstv. ráðherra svo í útvarpi, fjölmiðlum fyrir skömmu, að hann mundi beita sér fyrir því að þetta yrði tekið upp samtímis. Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að fjármagnstekjuskattur skerði ekki almannatryggingabætur fyrr en hann hefur verið lagður á alla? Líka á þá sem eiga tugi og hundruði milljóna í bönkum en sleppa þessa ferðina hjá ríkisstjórninni. En aldraðir, þeir skulu ekki sleppa. Hver króna sem þeir hafa í vaxtatekjur skal nú skerða þeirra lífeyri.

Síðan er sagt hér og ég ætlaði varla að trúa mínum eigin eyrum. „Skerða á tekjutryggingu þeirra sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóð," eins og það er orðað í fjárlagafrv. Hverjir eru það sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóði? Í hópi þeirra sem ekki hafa getað greitt í lífeyrissjóði eru m.a. öryrkjar á vernduðum vinnustöðum, húsmæður og heimavinnandi fólk. Ætlar hæstv. ráðherra virkilega að beita sér fyrir því að skerða tekjutryggingu þessara hópa af því þeir hafa ekki getað greitt í lífeyrissjóð? Ég er svo yfir mig gáttuð á því hvað hér er að gerast að ég held, virðulegi forseti, að þingið geti hreinlega ekki farið heim fyrr en komið er samkomulag um hvernig haldið verður á þessum málum. Þetta getur ekki verið meining ríkisstjórnarinnar þegar hún sér þetta allt í heild sinni. Ég er viss um að ríkisstjórnin áttar sig ekki á því hvað hér eru mörg atriði á ferðinni sem skerða kjör elli- og örorkulífeyrisþega. Því hljótum við að ná einhverju samkomulagi í þessu málum.

Ég hef talað um fjögur atriði. Það síðasta sem við fengum frá ríkisstjórninni var að grunnlífeyrir er skertur um 35% gagnvart tekjum í staðinn fyrir 25%. Ég held að það hafi verið í morgun sem þessar nýjustu hugmyndir komu fram. Þá var enn þá verið að leita leiða til hægt væri að ná meira fé af þessu fólki í ríkiskassann. Fólki með kannski 40–50 þús. kr. á mánuði. Ég er alveg viss um það að til hæstv. heilbrrh. hafa komið elli- og örorkulífeyrisþegar sem er búnir með sinn framfærslueyri um miðjan mánuðinn. Ég veit það og það hefur komið fram á nefndarfundum að stór hópur öryrkja og aldraðra þarf að leita til félagsmálastofnunar til að eiga bara fyrir brýnustu framfærslu og mun hann enn stækka með þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, með þessari aðgerð að grunnlífeyrir er skertur um 35% gagnvart tekjum í stað 25%. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að greiðslur grunnlífeyris geta skerst hjá einstaklingum um allt að 62% við þessa breytingu og í allt að 84% hjá hjónum. Ég spyr: Er þetta síðasti jólaglaðningurinn sem aldraðir fá frá hæstv. ríkisstjórn eða eigum við kannski von á meiru? Það er nú einn dagur eftir. Það er kannski hægt að leita í einhverri músaholunni þarna í heilbrrn. að einhverju meira á þennan hóp.

Síðan er það Framkvæmdasjóður aldraðra. Nú er leitað eftir heimild sem var tímabundin, til að framkvæmdaféð fari að mestu í rekstur. Á meðan eru það yfir 100 manns sem bíða í brýnni neyð eftir hjúkrunarrými í Reykjavík einni.

Síðan er það sem við vorum að heyra í dag. Það eru þessi komugjöld. Það er hægt að fletta ræðu eftir ræðu og lesa yfir þar sem hæstv. núv. heilbrrh. var að mótmæla sjúklingasköttum sem hún kallaði svo. Hún hélt þessar fínu ræður á síðasta þingi þar sem hún mótmælti því að sífellt væri verið að auka gjöld á sjúklinga og aldraða. Nei, nú boðar hæstv. ráðherra, í sjónvarpi í gær að mér skilst, að gjöld fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu verði hækkuð. Það er talað um 17–50%. Ég spyr: Á að undanþiggja aldraða, öryrkja eða barnafólk frá þessum gjöldum?

Ég skal senn ljúka máli mínu vegna þess samkomulags sem gert hefur verið. En ég óska eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra svari þótt ekki væri nema tveimur spurningum áður en umræðunni lýkur. Það er í fyrsta lagi spurningin um hvort gjöldin fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu verði hækkuð, hvort hún ætli að beita sér fyrir því að aldraðir, öryrkjar og barnafólk verði þá undanþegið þessari greiðslu. Hverjir eru það helst sem sækja þjónustu heilsugæslunnar? Eru það ekki börn og aldraðir? Þó að hæstv. ráðherra finnist þetta ekki mikið og tali um 100 eða 200 kr., þá eru þetta miklir peningar fyrir aldraða, sérstaklega þá sem oft þurfa að leita þangað.

Síðan er það níunda atlagan, þ.e. að aldraðir greiði fullt gjald fyrir læknisþjónustu og lyf til 70 ára aldurs í stað 67 ára. Ég veit ekki til þess að hæstv. ráðherra hafi breytt þessu. Þá er hægt að nefna að Framkvæmdasjóður fatlaðra er skertur um 150 millj. kr. sem ég ætla, virðulegi forseti, að taka nánar upp þegar við ræðum um bandorminn.

Ég skal ljúka máli mínu þótt ég eigi ýmislegt ósagt. Ég geri það einungis vegna þess samkomulags sem mér skilst að hafi náðst. En ég spyr hæstv. ráðherra um gjöldin fyrir læknisþjónustu, bæði til sérfræðinga og heilsugæslu, hvort þau verði hækkuð og hvort þessum hópi verði hlíft. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hún muni beita sér fyrir að beðið verði með að fjármagnstekjur skerði almennar tryggingabætur þangað til við höfum komið á fjármagnstekjuskatti, sem taki þá til allra í þjóðfélaginu en ekki bara aldraðra.

[23:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði nokkurra sjálfsagðra spurninga. Hún spurði um fjármagnstekjutengingu lífeyrisþega. Hún verður sett á 1. september. Ég á von á að fjármagnstekjuskattur verði kominn á þá. Atvinnutekjur skerða lífeyri almannatrygginga og hafa gert um langa hríð. Ég spyr hv. þm.: Er óeðlilegt að miklar tekjur lífeyrisþega skerði lífeyri? Er það óeðlilegt? Er óeðlilegt að fólk sem hefur miklar fjármagnstekjur, segjum hundruð þúsunda, jafnvel milljónir kr., hafi skertan lífeyri? Hér er ekki verið að ráðast á garðinn þar sem hann lægstur heldur þar sem hann er hæstur. Það tel ég eðlilegt.

Hv. þm. spurði fleiri spurninga. Hv. þm. spurði um lífeyrissjóðina, um þá sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóði og hún segir: Er hér verið að tala um öryrkja, um húsmæður? Nei, hvorki er verið að tala um öryrkja né húsmæður. Þvert á móti. Það er t.d. átt við atvinnurekendur sem ekki hafa hirt

um að greiða í lífeyrissjóði. (**JóhS:** Eingöngu atvinnurekendur?) Hér er eingöngu verið að tala um þá sem sjáanlega hafa háar tekjur en ekki hafa greitt í lífeyrissjóði. Er hv. þm. ekki sammála mér um það? Engin upphæð er sett á þetta, heldur erum við að tala um jafnræðisreglu sem ég tel mjög eðlilega og sanngjarna. Síðan spyr hv. þm. um hækkun gjalda á heilsugæslu og þjónustu sérfræðinga. Það er ekki einfalt og ekki auðvelt fyrir þá sem hér stendur að hækka þessi gjöld. Það er alls ekki einfalt. Við féllum frá innritunargjöldum. En hér er talað um lága upphæð í hækkun gjalda. Við erum að tala um 100 kr. á heilsugæslustöð og 200 kr. til sérfræðinga. Hv. þm. spyr að því hvort við tökum sérstaklega tillit til aldraðra og öryrkja. Við gerum það. (Gripið fram í.) Þakið er er 3 þús. kr. fyrir aldraða og 6 þús. kr. fyrir barnafjölskyldur. (Gripið fram í.) Við erum að t.d. endurskoða í heilbr.- og trmrn. hinn háa lyfjakostnað við fúkalyf fyrir börn, sem er núna greiddur að fullu og Alþfl. setti á á sínum tíma. Ég ætla ekki að horfa á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur því að hún hefur fyrir löngu gengið úr þeim flokki. Við erum að skoða hvort við getum ekki lækkað þennan lyfjaflokk fyrir börn. Við erum sérstaklega, við þessar aðgerðir, að reyna að varast það að þetta komi þyngst niður á þeim sem síst skyldi. Þetta eru erfiðar aðgerðir en við sjáum það og Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út fyrir okkur að þetta kemur þó síst niður þeim sem hafa lágar tekjur, lífeyristekjur. Það skal ég sýna hv. þm. svart á hvítu á eftir.

[23:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held það krefjist betri umræðu, við annað tækifæri þá, að fara nánar yfir gjöldin fyrir sérfræðiþjónustu og heilsugæslu. Ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, þá ætlar hún að undanþiggja aldraða, öryrkja og börn frá þessari hækkun. Ef hún neitar því ekki þá lít ég svo á að það verði gert.

Varðandi fjármagnstekjuskattinn. Mér finnst ekkert óeðlilegt að þegar er kominn á fjármagnstekjuskattur skerði hann bætur almannatrygginga alveg eins og atvinnutekjur gera. Það sem okkur finnst óeðlilegt er að það skuli vera byrjað á þessum hópi. Hæstv. ráðherra sagðist vonast til að fjármagnstekjuskattur yrði almennt kominn á 1. september. Það er ekkert öruggt í því efni. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er hún ekki tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þetta ákvæði varðandi almannatryggingabætur og fjármagnstekjurnar falli út og við tökum það upp á þinginu eftir jól samhliða því að við ræðum fjármagnstekjuskattinn? Finnst hæstv. ráðherra það ekki eðlilegra? Ég spyr: Ef hún er ekki tilbúin í það, er hún þá tilbúin að beita sér fyrir því að fallið verði frá þessu 1. september á næsta ári ef ekki verður kominn fjármagnsskattur á alla?

[23:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar við erum að tala um aldraða, hv. þm., þá er það ekki einlitur hópur. Það er bæði fólk sem hefur mjög lítið til framfærslu og líka fólk sem hefur verulegar tekjur, ekki einlitur hópur. Varðandi fjármagnstekjutengingguna vil ég segja að mér finnst hún alls ekki óeðlileg og ekki ósanngjörn í þessu sambandi, vegna þess að tekið er af þeim sem hafa verulegar tekjur af fjármagni. Er það óeðlilegt? Það finnst mér ekki.

[23:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég fagna því að það hefur þá komið skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að gjöldin fyrir sérfræðiþjónustuna og á heilsugæsluna munu ekki ná til aldraða, öryrkja eða barnafólks. En ég vil segja, hæstv. ráðherra, að það er ekkert óeðlilegt að tengja þetta við almannatryggingabætur þegar þetta er komið á alls staðar. Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni. Ég spurði hana í fyrsta lagi hvort hún mundi beita sér fyrir því að þetta færi út úr frv. núna og við ræddum þetta samhliða því að tekin væri upp fjármagnstekjuskattur á alla, væntanlega á þinginu núna eftir jól. Ef ekki, er hún þá tilbúin til þess ef hún vill ekki fallast á það að lýsa því yfir að 1. september þegar þetta fer að skerða bætur almannatryggina muni hún beita sér fyrir því að það verði ekki gert ef fjármagnstekjuskattur verður ekki kominn á alla.

[23:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins eitt orð. Ég mun beita mér fyrir því að fjármagnstekjuskattur verði lagður á.

[23:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Nóttin er ung og málið sem við höfum hér til umræðu afskaplega mikilvægt. Ég tel því henta núna þegar við höfum hæstv. heilbrrh. til andsvara að nota tækifærið og spyrja hana út í nokkur atriði sem tengjast málunum sem hér eru undir. Raunar eru það einungis örfá atriði sem mig langar til þess að hún hnykki frekar á í ræðum sínum.

Það kom fram í andsvari hennar við ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hún hafði örlítið breytt svari sínu við afskaplega mikilvægri spurningu. Hún er svohljóðandi: Hvaða menn eru það sem hún á við í þeirri grein bandormsins sem fjallar um að tekið skuli tillit til manna sem hafa forsómað að greiða í lífeyrissjóði eins og þeir hefðu gert það. Þetta hefur komið til umræðu áður í þessum þingsölum og þá sagði hæstv. heilbrrh. að hún ætti einungis við atvinnurekendur. Það var sérstaklega gengið eftir því á fundi heilbr.- og trn. hvort þessi túlkun hennar stæðist og ráðuneytisstjóri hennar, Davíð Á. Gunnarsson, staðfesti að svo væri. Undir það tóku tveir fulltrúar Framsfl. í nefndinni. Nú kemur hins vegar hæstv. heilbrrh. og segir í svari sínu, þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir innir hana eftir þessu, að það væru „til dæmis" atvinnurekendur. Það er allt annað en að segja það fortakslaust að það séu bara atvinnurekendur. Hægt er að sýna fram á það í ræðum hæstv. ráðherra að hún tvítók, fyrir örfáum dögum, að hún ætti einungis við atvinnurekendur. Þannig að það er nauðsynlegt, til þess að greiða fyrir umræðunni, að fá þetta alveg á hreint.

Herra forseti, það er annað atriði sem mig langar til að hnykkja á. Ég er eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ekki á móti því að tekinn verði upp fjármagnstekjuskattur. Ég er ekki á móti því að þegar reiknaðar eru út bætur aldraðra eða öryrkja sem eiga mikið fjármagn og hafa miklar tekjur af fjármagni sínu sé tekið tillit til þeirra tekna. En ég er hins vegar algerlega á móti því að það verði fyrst tekið upp á þann hóp. Ég spyr því hæstv. ráðherra, vegna þess að ég veit að hún er í hjarta sínu sanngjörn manneskja: Í fyrsta lagi, finnst henni eðlilegt að það sé fyrst tekið upp á þessum hópi? Ég veit svar hennar. Hún mun segja: Ég mun beita mér fyrir því að það verði tekið upp á alla. En getur hún þá ekki fallist á, til þess að greiða fyrir þingstörfum, sem

við öll erum jú að gera, að inn í þetta verði skotið ákvæði þess efnis að þetta verði tekið upp á þennan hóp sem hún hefur lagt til, enda verði tekinn upp fjármagnstekjuskattur á alla aðra landsmenn. Tengja þetta tvennt, það er réttlæti. Þá gætum við, stjórnarandstaðan fylgt þessu ákvæði, ef þetta tvennt væri tengt.

Ég vil nú ekki hafa ræðu mína mikið lengri að þessu sinni en vegna þess að hæstv. heilbrrh. talaði um að rifja upp að þau í ráðuneytinu hefðu fallið frá innritunargjöldum eins og það væri eitthvað sérstaklega þakkarvert. Nú er það svo að ég er auðvitað á móti innritunargjöldum en til skamms tíma þá var hæstv. heilbrrh. líka á móti þeim. Hæstv. heilbrrh. hélt merka ræðu í eldhúsdagsumræðum þar sem að hún lagðist harkalega gegn innritunargjöldum í skólum og á sjúkrahúsum. Svo kemur hún hingað og segir: Vegna þess að við féllum frá því að setja upp innritunargjöld þá þarf að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar. Það er merkilegt. Hún hætti við það sem hún var á móti og vegna þess þarf að taka upp gjöld eða aukagjöld á heilsugæslustöðvar. Þá er rétt að það komi líka fram, herra forseti, að fyrir tveimur árum sagði hæstv. heilbrrh., en þá var hún vaskur stjórnarandstöðuþingmaður, að komugjöld á heisluverndarstöðvar væru ekkert annað en sjúklingaskattar og hún væri á móti sjúklingaskröttum. En núna hefur hún velt því fyrir sér að koma á innritunargjöldum og hefur formlega lagt það til. Henni hefur að vísu verið hnikað til þess að hætta við það en í staðinn tekur hún upp þann sið að auka komugjöldin á heilsugæslustöðvar sem hún sjálf kallaði óásættanlegan sjúklingaskatt.

Herra forseti. Ég gæti haldið langar ræður um þetta efni en ég ætla að bíða með það til morguns. En til þess að greiða fyrir þingstörfum vænti ég þess að hæstv. heilbrrh. svari þeim tveim spurningum sem ég beindi til hennar í upphafi máls míns, önnur varðaði fjármagnstekjuskattinn og hin þá sem eiga að sæta einhvers konar skerðingu á lífeyri sínum vegna þess að þeir hafa forsómað að greiða í lífeyrissjóð. Mér þætti afskaplega vænt um ef hún svaraði því nákvæmlega hvort hún á þar bara við atvinnurekendur eða ekki? Hér er líka um frv. að ræða sem varðar ráðstafanir í ríkisfjármálum og hún benti á það sjálf, hæstv. heiblrrh., að það væri engin upphæð sett á þetta tiltekna ákvæði. Það er hárrétt hjá henni. Úr því að það er ekki gert og jafnframt tekið fram í greinargerðinni að það sé ekki gert ráð fyrir að þetta skili miklum tekjum á næstu árum, hvers vegna er hún þá að þvælast með þetta og spilla því góða samstarfi sem ella hefði getað náðst a.m.k. um þennan örlitla þátt frv.?

[23:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan greiða fyrir þingstörfum og gjarnan ná góðri samstöðu við stjórnarandstöðuna.

Hv. þm. spyr nokkurra spurninga varðandi lífeyristryggingarnar. Hann spyr: Hverjir eru það nákvæmlega sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóði? Ég hef margsagt að það er áberandi að það eru atvinnurekendur. Húsmæðrum og öryrkjum hefur ekki verið gert að greiða í lífeyrissjóði. Við þurfum því ekki að ræða þetta frekar, þetta er spurning um jafnræðisreglu. Þetta er bara spurning um aðvörun til atvinnurekenda sem ekki greiða í lífeyrissjóði. Ég hélt að fólk væri sammála um þetta vegna þess að sú aðvörun er nauðsynleg.

Við tölum um ýmiss konar gjöld. Ég hef talað um að ég hafi áhuga á að koma á persónugjöldum, ég þori ekki að tala um nefskatt eftir umræðurnar í dag því þá fara menn að tala um nefbrot o.s.frv. Persónugjöld varðandi einstaklinga til að létta á sjúklingum hafa ekki náð fram að ganga. Þess vegna bendi ég á að við erum ekki leggja nein stórkostleg gjöld á einstaklinga, við erum að tala um 100 kr. hækkun til heilsugæslu og 200 kr. til sérfræðinga. Ég hef sagt það að mér er það ekki ljúft og við munum taka sérstakt tillit til þeirra sem minnst hafa. Er þetta ekki nægilegt til sátta? Ég spyr. Ég hef sagt það hér og það liggur fyrir að Þjóðhagsstofnun hefur sýnt fram á að þeim er hlíft sem minnst hafa. Menn eru að tala um fjármagnstekjutengingu og finnst það óeðlilegt þó svo að tvinnutekjur skerði lífeyri manna. Mér finnst réttlætismál að miklar tekjur af fjármagni skerði lífeyri. Ég held að í hjarta sínu séu menn sammála um það.

[23:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í prinsippinu sammála því sem hæstv. ráðherra segir um fjármagnstekjuskatt og tengingu hans við lífeyrisbætur. Ég er í prinsippinu sammála. En ég segi hins vegar: Það er ekki verjanlegt að hefja upptöku fjármagnstekjuskattsins með því að ráðast fyrst að þessum hópi. Og það er alls ekki verjanlegt hjá ráðherra flokks sem bauð upp á sérstakan sáttmála milli Framsfl. og öryrkja, sérstakan samning milli Framsfl. og eldra fólks í þjóðfélaginu. Það er ekki boðlegt. Það er allra síst hægt fyrir Framsfl. að ætla sér t.d. að hefja fjármagnstekjuskatt fyrst á öryrkjum. Ég bendi hæstv. heilbrrh. á að lesa aftur kaflann sem samþykktur var á flokksþingi Framsfl. sem haldinn var í í Reykjavík 25.–27. nóvember 1994 og fjallaði um fatlaða. Ég get skrifað undir hvert einasta orð sem þar stóð. En hæstv. heilbrrh. hefur gengið fram fyrir skjöldu og hann er búinn að rjúfa þann samning sem formaður Framsfl. sagði í sjónvarpinu að því þingi loknu að hann vildi gera í senn við öryrkja landsins og við aldraða Íslendinga. Gott og vel. Ég spurði hins vegar: Getum við ekki sæst á að greinin verði tengd ákvæði um það að hún komi því aðeins til framkvæmda að fjármagnstekjuskattur yrði tekinn upp á alla landsmenn? Ég veit að það er stefna hæstv. heilbrrh. Er það ekki bara réttlætismál?

Í annan stað gengur það ekki, hæstv. heilbrrh., að hlaupa frá því sem ráðherra hefur sagt. Orð ráðherra eru gulls ígildi þegar kemur að því að skýra frumvörp og merkingu þeirra. Og það er á grundvelli orða ráðherrans sem féllu hér í síðustu viku sem ég tjáði ákveðna afstöðu til þessarar greinar um þá sem hafa forsómað að greiða í lífeyrissjóði. Ráðherrann sagði þá fortakslaust: Þetta eru atvinnurekendur. Núna segir hún að atvinnurekendur séu „áberandi“ í þessum hóp.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Hvað til að mynda um öryrkja sem hafa með óreglulegum hætti getað tekið þátt í atvinnulífi landsmanna en hafa löngum tímum þurft að vera fjarri atvinnu sökum sjúkleika síns? Hvað með þá? Hvernig er t.d. tæknilega hægt að finna þetta fólk sérstaklega og sýna fram á að það hefur unnið sér þennan rétt sem hæstv. heilbrrh. nefnir til handa nokkrum hópum en hefur enga útfærslu á?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:24.

73. FUNDUR

miðvikudaginn 20. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 147. mál, þskj. 409, frhnál. 430, brtt. 431. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 171. mál, þskj. 213. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 225. mál, þskj. 306, nál. 437, brtt. 438. — 2. umr.
4. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 253. mál, þskj. 406, nál. 417. — 2. umr.
5. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 215. mál, þskj. 289, nál. 439, brtt. 440. — 2. umr.
6. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 119. mál, þskj. 131, nál. 423, brtt. 424. — 2. umr.
7. Bjargráðasjóður, stjfrv., 125. mál, þskj. 143, nál. 441. — 2. umr.
8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 240. mál, þskj. 322, nál. 426. — 2. umr.
9. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 241. mál, þskj. 323, nál. 427 og 442. — 2. umr.
10. Umferðarlög, frv., 259. mál, þskj. 436. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
11. Lánsfjárlög 1996, stjfrv., 43. mál, þskj. 43, nál. 421, brtt. 422. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[10:05]

Útbýting þingskjala:

Starfskjör í sendiráðum, 230. mál, svar utanrrh., þskj. 428.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 100. mál, þskj. 398.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingstörf fram að jólahléi.

[10:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það mun vera almenn skoðun meðal landsmanna að það sé stutt til jóla og ég hef grun um að þingmenn telji það vera þannig líka. Það er eðlilegt að fólk fari að búa sig undir að það geti þurft að fresta störfum áður en langur tími líður og halda jól og síðan koma menn væntanlega hingað aftur og hefja löggjafarstörf glaðbeittir á ný. Það er rétt að láta það koma fram að þó að svo skammt sé til jóla er ekkert samkomulag enn þá um þinghaldið. Það hefur ekki verið gengið frá neinum samningum milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það hvernig málum lýkur fyrir jólin eins og þó er venja að reyna síðustu sólarhringana fyrir jólahlé.

Hæstv. forseti hefur beitt sér fyrir sitt leyti fyrir því að samtöl gætu farið fram um það að ljúka þinginu eðlilega fyrir jól en því miður hefur ekki náðst pólitískt samkomulag um málin. Fullt ósamkomulag er ríkjandi ef svo má að orði kveða um það hvernig á málum er haldið.

Hæstv. forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að vekja athygli á þessu heldur hinu sem er aðalatriðið að auðvitað er það hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn á Alþingi sem ræður ferðinni og við sem erum í minni hluta getum engu breytt um það fyrr en kannski í næstu kosningum. Þess vegna er veruleikinn sá að við hljótum að lýsa því yfir á þessu stigi að öll ábyrgð á málum er í höndum ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Fari illa hér vegna hroðvirkni í lagasetningu, sem er yfirvofandi, er það á ábyrgð Framsfl. og Sjálfstfl. Stjórnarandstaðan hlýtur að segja sig frá allri ábyrgð á þeirri hroðvirkni í vinnubrögðum sem hér er fram undan ef það á að reyna að ljúka þeim frumvörpum sem nú liggja fyrir fyrir hátíðarnar. Þessari ábyrgð vil ég lýsa á hendur stjórnarflokkunum þannig að það sé alveg skýrt að stjórnarandstaðan eða a.m.k. minn þingflokkur, og ég geri ráð fyrir aðrir þingflokkar stjórnarandstöðunnar einnig segi sig frá hroðvirkni af þessu tagi og óvönduðum vinnubrögðum.

[10:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að það er enginn vilji af hálfu stjórnarliðsins til þess að ná samningum við stjórnarandstöðuna svo hér megi lenda málum farsællega fyrir jól. Þetta kemur mér á óvart, herra forseti, vegna þess að ég átti undir verkstjórn forseta í samningaviðræðum ásamt öðrum þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar fyrir helgi við stjórnarliðið. Þar var því lýst afdráttarlaust yfir af hæstv. fjmrh. að það væri vilji til samninga og hæstv. fjmrh. tók sérstaklega undir eitt mál sem við höfðum sett á oddinn, þ.e. að fallið yrði frá þeim limlestingum á frv. um miskabætur til fórnarlamba ofbeldis sem hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh. hafa flutt í þessum sölum, jólagjöf þeirra til þolenda ofbeldis á þessu ári.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gaf góðar væntingar um það að á þessu yrðu breytingar. Samt sem áður kemur það í ljós í samningum stjórnar og stjórnarandstöðu að enginn vilji er til að uppfylla þær væntingar og þau loforð sem voru gefin.

Herra forseti. Það er líka annað sem gerir það að verkum að ég kveð mér hljóðs. Við kvörtuðum sáran undan því í stjórnarandstöðunni að við værum svipt okkar lýðræðislega rétti til þess að fá tvær umræður um veigamiklar breytingar sem varða heilbrigðismálin, þ.e. sem varða fjárhagsvanda sjúkrahúsanna. Nú hefur það komið í ljós í yfirferð heilbr.- og trn. að vandi sjúkrahúsanna er miklu meiri en jafnvel hæstv. heilbrrh. átti von á. Hann er svo mikill að innan heilbr.- og trn. er nú til umfjöllunar tillaga frá stjórnarandstöðunni um það að tekið yrði sérstaklega á þessu máli innan nefndarinnar, að fagnefndin kallaði málið til sín til að geta veitt um það umsögn til hv. fjárln. Stjórnarliðið innan heilbr.- og trn. treysti sér ekki til þess að hafna tillögunni vegna þess að stjórnarliðið er bersýnilega þeirrar skoðunar sem hæstv. heilbrrh. er ekki að vandi sjúkrahúsanna sé miklu meiri en ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir. Vegna þessa og til þess að koma í veg fyrir að einhver slys verði í meðförum þingsins á þessum mikla vanda vil ég vekja upp tillögu mína frá því í gær að við látum nú staðar numið og höldum til jólaleyfis og notum tímann til þess að fjalla um vanda þessa mikilvæga þáttar í heilbrigðiskerfinu, þ.e. sjúkrahúsanna, til að finna

farsæla lausn sem við getum síðan sæst á milli jóla og nýárs.

[10:11]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vona að það þurfi ekki að verða fastur liður eins og venjulega að stjórnarandstaðan kveðji sér hljóðs til þess að ræða um störf þingsins enda engin ástæða til þess að kvarta undan því við forseta. Menn segja hér: Það er ekkert samkomulag um störf þingsins. Það er ekki bara það. Staðreyndin er sú að ef um væri að ræða vilja til að ljúka verkum er stjórnarmeirihlutinn einfaldlega ekki tilbúinn til þess vegna þess að hann hefur ekki lokið sínum verkum. Það er alkunna að stjórnarmeirihlutinn getur ekki lagt fram tillögur sínar að því er varðar fjárlög af þeirri einföldu ástæðu að fjárlög eru í uppnámi, m.a. vegna þess að það er ólokið með öllu að finna lausn á fjárhagsvanda spítalanna og það mál er til faglegrar umfjöllunar í heilbrn.

Að því er varðar efh.- og viðskn. og bandorma, hringorma og skröltorma hæstv. ríkisstjórnar er því til að svara að umfjöllun þeirrar nefndar er heldur ekki lokið. Menn hafa lagt þar nótt við dag við að bæði funda og fjalla um mál, taka við nýjum og nýjum tillögum, vinna að nefndarálitum og breytingartillögum en það er enn boðaður fundur til þess að ræða um mál sem er alveg nýtt og nýlega fram komið. Það er ekki aðeins spurning um samkomulag heldur einfaldlega það, maðurinn leyfir sér að láta í ljósi efasemdir um það að stjórnarliðar geti vegna innbyrðis ósamkomulags eða verkstjórnarleysis raunverulega lokið þeirri vinnu sem þeim ber til þess að unnt sé að ljúka þinghaldi af einhverju viti fyrir jól fyrir utan það að skilaboð stjórnarliða eru dálítið misvísandi svo ekki sé meira sagt. Annars vegar eru þeir að boða gullöld og gósentíð með áli, hagvexti og björtum þjóðhagsspám en hins vegar geta þeir ómögulega lokið verkum sínum fyrir jól án þess að leggja fram bandorma og hringorma um að rjúfa þjóðarsátt um velferðarkerfið og sérstaklega að ráða upp fyrir byssurnar sínar öldruðum, öryrkjum og öðrum þeim sem höllustum fæti standa í þessu þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki út af fyrir sig neina lausn á þessum málum aðra en þá að stjórnarliðar byrji á því að ljúka verkum sínum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti biður hv. þm. að gæta tímamarka. Margir hv. þm. hafa kvatt sér hljóðs um störf þingsins og tíminn er takmarkaður samkvæmt þingsköpum.)

[10:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Við hljótum að velta fyrir okkur undir þeim kringumstæðum sem nú hafa skapast hvert hlutverk stjórnarandstöðunnar er. Það er auðvitað að sýna það aðhald sem þarf til þess að löggjöf og þær ákvarðanir sem hér eru teknar séu gerðar með vandaðri hætti, með aðhaldi og með þeirri nákvæmu skoðun sem þarf að vera aðall þessarar stofnunar. Þetta hlutverk fær stjórnarandstaðan ekki að rækja nú um stundir.

Hér er hrúgað inn eins og margoft hefur verið komið inn á í bandormi frumvarpi til breytinga á mörgum lagabálkum. Viðunandi efnisumfjöllun hefur ekki fengist í ýmsum fagnefndum og þær hafa ekki einu sinni enn allar lokið störfum. Þetta er þeim mun merkilegra að svo skuli vera staðið að málum nú að ýmsar þær lagasetningar sem eru á ferðinni í nefndum bandormi hafa í sjálfu sér ekkert með þau fjárlög að gera sem menn eru að reyna að setja fyrir árið 1996.

Vegna þessara aðstæðna allra tek ég undir það sem hér hefur komið fram að stjórnarandstaðan hlýtur að firra sig ábyrgð af þeim hugsanlegu mistökum sem hér kunna að vera á ferðinni, af þeim hugsanlegu mistökum sem hér kunna að verða við lagasetninguna. Það hlýtur að vera algerlega ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna það sem hér er að gerast þar sem stjórnarandstöðunni er ekki einu sinni skapað ráðrúm til að koma að þeim athugasemdum í fagnefndum sem hún þó hefði þurft og viljað gera.

[10:16]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins að koma fram með leiðréttingu í tilefni af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem er formaður heilbrn. Það var nokkur misskilningur í máli hans áðan þegar hann ræddi um tillögu sem væri til umfjöllunar í heilbrn. um að farið væri yfir málefni sjúkrahúsanna og skilað áliti til fjárln. áður en fjárlög verða afgreidd. Það er a.m.k. ekki sá skilningur sem ég hef sjálf á því máli. Sami misskilningur kom einnig fram í gær í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar og ég ræddi í gær við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um. Því kemur það mér á óvart að hann skuli koma upp núna í dag með sama misskilning. Minn skilningur er sá að það átti að ræða um heilbrigðismálin vítt og skynsamlega að sjálfsögðu í heilbrn. og átti að taka þarna upp mál að frumkvæði nefndarinnar eins og hægt er samkvæmt nýjum reglum. Það var ekkert ákveðið hvort ætti að senda það til fjárln. eða hvert ætti að senda slíkt álit, hvort það kæmist bara yfirleitt á leiðarenda eða mundi klofna upp í meiri hluta eða minni hluta. Það kemur mér því mjög á óvart að þessi tillaga skuli vera túlkuð með þessum hætti því hún var alls ekki lögð svona fram í heilbrn. í gær. (**ÖS:** Jú.) Það er rangt. Eftir fundinn fór ég í þingflokk minn og útskýrði þetta fyrir þingflokknum. Það var reyndar ekki tekin afstaða til málsins þar enda mörg mál voru þar á dagskrá. Það kemur mér því á óvart nú að formaður heilbrn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sé að taka undir þennan misskilning eftir að ég hafði útskýrt fyrir honum í gær hver skilningur okkar væri á málinu. Að sjálfsögðu mundum við ekki samþykkja tillögu í heilbrn. ef hún væri sérstaklega til þess að tefja fjárlög.

[10:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram hjá öðrum stjórnarandstöðuþingmönnum. Þetta er fyrsta reynsla mín af jólaönnum á Alþingi. Víst er óhætt að segja að margt hefur komið á óvart en fyrst og fremst er það hvað ríkisstjórnin kemur seint fram með sín mál. Það er á henni sem stendur en ekki stjórnarandstöðunni.

Þessi reynsla hefur líka sýnt mér hvað það er mikið heljartak sem framkvæmdarvaldið hefur á störfum þingsins. Mér finnst það til háborinnar skammar að við alþingismenn sitjum hér allt að því aðgerðarlausir dag eftir dag og bíðum eftir því að ríkisstjórnin komi málum í það horf að það sé hægt að afgreiða þau hér á Alþingi.

Það að 40% af fjárlögunum sé ekki í endanlegu formi fyrr en í 3. umr. og að koma með ráðstafanir í ríkisfjármálum núna inn í bandorminn alveg undir það síðasta er hreinlega ekki boðlegt að mínu mati. Því tek ég undir með þeim sem gera þær kröfur til stjórnarflokkanna að þeir ljúki málum sínum af og semji við stjórnarandstöðuna um eðlilega meðferð á

þeim lagabreytingum sem fyrirhugaðar eru í bandorminum.

[10:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er að velta því fyrir mér hvaða augum menn almennt líta þessa umræðu, hvort menn líta þetta sem einhvers konar glímuæfingu í þinginu, eitthvað sem tilheyrir þessum hluta þingstarfanna. Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að það geri ég ekki.

Í heilbrn. í gær var fjallað um vanda sjúkrahúsanna, bæði Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þar kom fram að þessi vandi er miklu meiri en við höfðum áður gert okkur grein fyrir. Ég setti fram þá tillögu í nefndinni að nefndin kæmi áliti sínu á framfæri við fjárln. Það urðu síðan um það umræður í nefndinni hvaða kosti við ættum og hv. formaður nefndarinnar, Össur Skarphéðinsson, reifaði þar tvo kosti. Annars vegar að við kölluðum frv. aftur til nefndarinnar eða að við legðum fram sjálfstætt mat og álit sem við kæmum á framfæri við fjárln. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir óskaði eftir því að við tækjum okkur frest til morguns. Hún vildi ræða þetta í þingflokki sínum áður en hún greindi frá afstöðu sinni.

Nú er hv. þm. að segja okkur að það hafi allt annað vakað fyrir sér, það átti að ræða málin vítt og breitt — og hvað? Koma þeim á framfæri á næsta ári, einhvern tíma? Ég talaði um það í tillögu minni að við kæmum áliti okkar núna til þeirra sem um þessi mál véla, þ.e. fjárln., kæmum áliti þingnefndarinnar til hennar. Ég vil vekja athygli á því að sami þingmaður, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, bar upp frv. fyrir nokkrum vikum um aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Til hvers? Til þess að efla aðhald löggjafarsamkundunnar gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það þarf ekki, hv. þm., að bíða eftir slíkri lagabreytingu. Tíminn til þess að veita framkvæmdarvaldinu aðhald er núna og ábyrgðin hvílir hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur ekki síður en okkur hinum.

[10:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að líta fram hjá því hve mikil alvara blasir við í störfum þingsins í dag. Þetta sem hér er að gerast og sú umræða sem hefur farið fram um störf þingsins undanfarna daga er ekki upphlaup. Þetta hefur verið sérstaklega málefnaleg umræða um stjórn þingsins. Fulltrúar í efh.- og viðskn. og heilbrn. hafa verið með réttmætar athugasemdir um vinnubrögð, hér hefur verið hringlað með stórmál fram og til baka, breytingartillögur á öllum sviðum og nýjar og nýjar niðurskurðartillögur verið lagðar fram hver annarri verri.

Virðulegi forseti. Það er þungi í þessum málflutningi sem verður að bregðast við. Lítið hefur verið rætt um stöðuna fyrr en í gærkvöld, svo seint að það er eiginlega kvöldið áður en á að ljúka þingi og umræður milli stjórnar og stjórnarandstöðu sigla strax í strand á fyrsta kvöldi eða inni í nóttinni.

Forsrh. hefur lýst því yfir að minni hluti á Alþingi geti ekki beitt meiri hlutann ofbeldi. Það er alveg rétt, það er meiri hlutinn sem ræður. En ríkjandi meiri hluti á Alþingi Íslendinga er að sýna Alþingi ofbeldi. Hvernig? Með því að misbjóða harkalega þingræðinu hér, með því að koma með varanlegar lagabreytingar í mjög mörgum af þeim 33 lögum sem fjallað er um í bandorminum. Þetta hefur ekki gerst og það hefur ekki hvarflað að mér nokkra einustu stund, virðulegi forseti, annað en það yrði orðið við því að bregðast við gagnrýni minni hlutans. Ég áfellist ríkjandi meiri hluta á Alþingi fyrir að misbjóða þingræðinu með þessum hætti og óska eftir því að forseti bregðist við.

[10:25]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Það var ekki skilningur minn að það ætti að fara núna yfir heilbrigðismálin í heild, málefni sjúkrahúsanna, fyrir áramót. Það var ekki skilningur minn (**ÖJ:** Hver var skilningur þingmannsins?) eftir þessa tillögu þína, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Ef þú hefur komið með svona tillögu, þá hefurðu sett hana svo óskýrt fram að það var ekki fyrir nokkurn mann að skilja hana. (Gripið fram í.) Við höfum rætt það í meiri hlutanum að þetta var a.m.k. okkar skilningur og ég ræddi þetta við hv. þm. Össur Skarphéðinsson í gær, hvort það væri virkilega hugmyndin að fara yfir málefni sjúkrahúsanna núna fyrir áramót í einum grænum hvelli og hann kom því á framfæri við mig í gær að það væri hugsanlegt að tala um það í fjóra tíma í dag. Það er ekki minn skilningur á því hvernig á að fara yfir svona mál. Hér er bara um sérstakan misskining að ræða. (**ÖJ:** Hver var skilningur þingmannsins?) Ég er búin að útskýra það tvisvar, hv. þm.

[10:26]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Sá tími sem þessari umræðu er ætlaður er úti og umræðunni þar með lokið um störf þingsins. Forseti lýsir vonbrigðum með að ekki hefur náðst samkomulag um afgreiðslu mála fyrir þinghlé. Það þýðir víst samkvæmt venju að lengri tími fer í hvert mál og við það verður þá að búa þar til afgreiðslu hinna nauðsynlegustu mála lýkur eða samkomulag næst sem forseti vill ekki útiloka að náist. Við hljótum að ræða stöðu mála, þingflokksformenn og forseti, síðar í dag.

Um fundahaldið vill forseti annars segja það að hann hyggst hafa atkvæðagreiðslur um fyrstu tvö málin og önnur sem kunna að verða afgreidd kl. 1.30 í dag. Æskilegast er að geta tekið til við þriðja dagskrármálið, Ráðstafanir í ríkisfjármálum, og raunar ellefta dagskrármálið, Lánsfjárlög, sem fyrst, en ef forseti veit rétt eru þingskjöl ekki komin fram enn þá um þriðja málið. Á meðan við bíðum eftir þeim tökum við fyrir önnur mál sem eru vonandi ekki deilumál í þinginu.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 253. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 406, nál. 417.

[10:28]

Frsm. samgn. (Magnús Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, sbr. lög nr. 16/1944.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgrn. Í frv. er lagt til að aðlögunartími fyrir skipstjórnarmenn til að ljúka öryggisfræðslunámi verði framlengdur um eitt ár eða til 31. des. 1996 þannig að hann verði sá sami og fyrir aðra skipverja.

Í gildandi lögum er áskilið að skipstjórnarmenn skuli hafa lokið öryggisfræðslunámi fyrir 31. des. 1995 en aðrir skipverjar 31. des. 1996. Þannig háttar til að ekki hefur tekist að uppfylla þetta lagaákvæði þannig að sýnt þykir að fresta þurfi gildistímanum og frv. fjallar einmitt um það.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Árni Johnsen og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi afgreiðslu málsins en undir nefndarálit samgn. skrifa hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Ragnar Arnalds og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bjargráðasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 143, nál. 441.

[10:31]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 441 frá félmn. um frv. til laga um Bjargráðasjóð.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra frá félagsmálaráðuneytinu.

Skriflegar umsagnir um málið bárust nefndinni frá Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi hrossabænda.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að stjórn Bjargráðasjóðs, sem skipuð skal fimm mönnum, verði ekki bundin við tiltekin embætti eins og nú er heldur velji hlutaðeigandi samtök sjálf sína fulltrúa. Þá er lagt til að sjóðurinn hafi ekki heimild til styrk- og lánveitinga heldur er einungis talað um afgreiðslur. Meginbreytingin er hins vegar sú að framlag af söluvörum landbúnaðarins getur verið allt að 1% í stað 0,6% eins og nú er.

Þar sem frumvarpið kveður mun skýrar á um bótareglur og bótasvið sjóðsins en gert er í núgildandi lögum leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu."

Undir þetta nál. skrifa auk mín Arnbjörg Sveinsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Kristján Pálsson, Einar K. Guðfinnsson, Pétur H. Blöndal og Rannveig Guðmundsdóttir.

Hæstv. forseti. Því er við þetta að bæta að við ræddum þetta mál við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og það er alveg ljóst að það er sátt um þetta mál. Ég vil láta það koma fram að í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er ákveðin hvatning til stjórnvalda um að fara yfir þessi mál í heild, þ.e. það sem snýr að Bjargráðasjóði og Viðlagatryggingu og ofanflóðasjóði. Það kemur fram í athugasemdum við lagafrv. að nefndin sem þáv. hæstv. félmrh. setti á fót 2. mars 1993 velti því fyrir sér hvort rétt væri að leggja Bjargráðasjóð niður. En það kom í ljós í könnun nefndarinnar að til þess var ekki vilji og eins og menn vita þá hefur mikið vatn til sjávar runnið síðan og hér hafa orðið atburðir sem snerta þessi mál verulega, m.a. urðu bændur fyrir verulegu tjóni nú síðast í haust.

Þegar þeir atburðir áttu sér stað, en þá urðu m.a. hrossabændur fyrir tjóni, kom það fram að hrossabændur höfðu sagt sig frá Bjargráðasjóði. Því fannst okkur í félmn. rétt að leita sérstaklega álits þeirra ef þeirra afstaða hefði eitthvað breyst. Þeir sendu okkur álit þar sem þeir taka undir þessar breytingar en það er auðvitað þeirra að ákveða hvernig þeir svo síðar standa að aðild að sjóðnum.

Hæstv. forseti. Hér hefur verið farið yfir lögin í heild. Það hafa engar athugasemdir komið fram við þetta frv. og eftir þá könnun sem fram fór í félmn. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 240. mál (sóknardagar krókabáta). — Þskj. 322, nál. 426.

[10:39]

Frsm. sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 426 frá sjútvn. Nefndin fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Þar sem ekki var um veigamikla efnisbreytingu að ræða á lögunum náðist full samstaða um frv. Hér voru, virðulegur forseti, fyrst og fremst á ferðinni mistök sem áttu sér stað við lagasetninguna í vor, mistök sem lutu að ártali. Því fór það svo að eftir að nefndin hafði fjallað um málið og fengið á sinn fund þau Arndísi Steinþórsdóttur frá sjútvrn. og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda lagði nefndin einróma til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Undir álitið skrifa Steingrímur J. Sigfússon, Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson, Stefán Guðmundsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson og Árni R. Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 10:40]

Vatnsveitur sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 131, nál. 423, brtt. 424.

[11:02]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu til fundar við nefndina Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri Samorku, Guðmundur Þóroddsson, vatnsveitustjóri í Reykjavík, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Skriflegar athugasemdir bárust nefndinni frá Egilsstaðabæ, Reykjanesbæ, bæjarstjóranum á Akranesi, Hita- og vatnsveitu Akureyrar, Blönduósbæ, Bæjarveitum Vestmannaeyja, Hita- og vatnsveitu Sauðárkróks, bæjarverkfræðingi Kópavogsbæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, borgarlögmanni Reykjavíkurborgar, bæjarstjóranum á Selfossi, Húsavíkurkaupstað og Samorku.

Eins og sjá má á þessum lista, hæstv. forseti, var þetta mál sent til allra kaupstaða á landinu, enda er hér um mikið hagsmunamál að ræða, einkum fyrir kaupstaðina. Nefndin hefur lagt verulega vinnu í að skoða þetta mál og tók mjög mið af þeim athugasemdum sem fram komu við frv. sem voru mjög góðar og gildar. Nefndin leggur því til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. Við gerum grein fyrir þessum brtt. með eftirfarandi hætti:

Lagðar eru til breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að notað verði orðið sveitarfélag í stað sveitarstjórnar um eignarhald á vatnsveitum þar sem sveitarfélögin sjálf eru eigendur þeirra.

Í öðru lagi að orðið dreifiæð komi í stað orðsins götuæð. Víða eru aðstæður þannig að vatnsveitulagnir frá aðalæð liggja ekki endilega um götur heldur baklóðir eða opin svæði. Orðið dreifiæð nær þá yfir götuæð og einnig vatnsæðar sem liggja um önnur svæði, þ.e. þær vatnsæðar sem eru ekki aðalæðar eða heimæðar.

Í þriðja lagi er skýrt nánar hver sé eigandi heimæðar og hver beri ábyrgð á viðhaldi hennar. Er þetta breyting frá núverandi fyrirkomulagi þannig að vatnsveita sveitarfélags verður ekki sjálfkrafa eigandi allra heimæða um áramótin 1996/97, heldur verður fasteignareigandi að gera samning við sveitarstjórn um yfirtöku vatnsveitunnar á heimæð sem lögð var fyrir gildistöku laga nr. 81/1991.

Með breytingum á 2. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi gert ráð fyrir þeim möguleika að heimæð húss tengist hvers konar dreifiæð eða jafnvel aðalæð, allt eftir því hvað vatnsveita sveitarfélagsins telur hentugast. Þá er í öðru lagi fellt niður ákvæði um að heimæðargjald skuli miðað við rúmmál fasteigna. Notkun á köldu vatni er ekki í samræmi við rúmmál fasteignar eins og er með notkun á heitu vatni. Því þykir eðlilegra að hafa til hliðsjónar raunkostnað og miða gjaldið við gerð, stærð og lengd heimæða. Jafnframt er gert ráð fyrir að gjaldið megi nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu en með því er að nokkru leyti jafnað út kostnaði á fasteignareigendur. Aðstæður við lagningu heimæða geta verið mjög mismunandi vegna aðstæðna sem eru húseiganda óviðkomandi. Sem dæmi má nefna að sumar heimæðar þurfa að fara um klöpp en aðrar ekki. Í þriðja lagi er sveitarstjórnum veitt heimild til að gera kröfur um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Slík heimild er eðlileg í ljósi þess að vatnsveita sveitarfélags mun verða eigandi heimæðar og bera ábyrgð á henni.

Breyting sú, sem lögð er til á 3. gr. frumvarpsins, felur í sér nýmæli. Með henni er sveitarstjórn heimilað að miða vatnsgjald við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Samkvæmt núgildandi lögum er eingöngu heimilt að miða vatnsgjald við endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Með því að binda gjaldtöku eingöngu við þessar viðmiðanir er hætta á að fasteignareigendum verði mismunað og gjaldtakan henti ekki rekstri vatnsveitunnar. Fasteignareigendur greiða meira fyrir vatn ef þeir eru í nýju húsi en gömlu á meðan kostnaður vatnsveitu af viðhaldi heimæða og annarra lagna eykst með aldri einstakra hverfa. Eðlilegt er því að heimila sveitarstjórnum að velja hvaða viðmiðun þær nota. Hins vegar er rétt að sama hámark gildi um álagningu vatnsgjalds, þ.e. að fjárhæð vatnsgjalds sé aldrei hærri en kveðið er á um í 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar.

Með hliðsjón af framangreinum breytingum er lagt til að 2. mgr. 14. gr. laganna verði felld brott þar sem hún er nú óþörf.

Nefndin ræddi sérstaklega þá breytingu að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum, en ekki einungis vatnsgjald eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Nefndin telur að í þessu felist ekki efnisbreyting.

Undir þetta álit rita auk mín Pétur H. Blöndal, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson og Bryndís Hlöðversdóttir.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Hæstv. forseti. Ég vil í örfáum orðum bæta nokkru við þær skýringar sem hér hafa komið fram. Þá er fyrst að nefna síðasta liðinn, þ.e. hvort sú ákvörðun sem hér er lögð fram um vatnsgjald þrengi hag vatnsveitnanna á nokkurn hátt. Samkvæmt okkar túlkun er ekki verið að gera neinar þær breytingar á þessum lögum sem þrengja hag vatnsveitnanna. Þetta tengist þeirri umræðu sem orðið hefur um frv. um gatnagerðargjöld og fleiri slík mál í kjölfar úrskurðar umboðsmanns Alþingis þar sem reynt er að skýra hvað eru skattar og hvað eru gjöld. Samkvæmt úrskurðum umboðsmanns Alþingis á neytendum þjónustu að vera ljóst fyrir hvað þeir eru að borga. Það er skilgreining umboðsmanns Alþingis að gjaldtakan eigi ekki að vera meiri en nemur kostnaði þeirrar þjónustu sem verið er að veita. Þá kemur spurningin: Hver er kostnaðurinn? Samkvæmt þeirri túlkun sem menn hafa verið að reyna að koma sér niður á felst kostnaðurinn ekki eingöngu í því sem er að gerast nákvæmlega í dag heldur verða menn líka að taka inn í dæmið morgundaginn og það viðhald og fjárfestingar sem eru nauðsynlegar til að viðhalda þeirri þjónustu sem verið er að veita.

Ég nefni þetta hér, hæstv. forseti, vegna þess að það kom fram í umsögnum frá ýmsum bæjarfélögum og reyndar hjá fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að þeim þætti löggjafinn og framkvæmdarvaldið vera að skipta sér um of af heimildum sveitarstjórnanna til að taka gjöld. Þeirra ósk er að fá að taka gjöld eftir þörfum og það sem umfram er sé þá nýtt í þágu sveitarfélagsins. En samkvæmt þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og tengjast skattlagningu er löggjafarvaldinu ekki heimilt að veita öðrum heimild til skattlagningar óbeinni en að það sé mjög nákvæmlega kveðið á um það í lögum og jafnframt verður að taka inn í dæmið þessa túlkun umboðsmanns Alþingis á þjónustugjöldum. Okkur eru því takmörk sett og menn eiga að vita nákvæmlega fyrir hvað er verið að borga. Ég vildi að það kæmi hér fram að umræðan og túlkun á þessum breytingum á eftir að þróast. Menn eiga eftir að gera sér betur grein fyrir því hvað fylgir þessum stjórnarskrárbreytingum og túlkunum umboðsmanns Alþingis.

Þá vil ég líka nefna að það er skilningur félmn. að með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til eigi sveitarfélögin þriggja kosta völ þegar þau ákveða hvernig vatnsgjaldi skuli háttað. Í fyrsta lagi er hægt að miða það við eitthvert meðalverð, þ.e. taka mið af raunverulegum kostnaði og miða við gerð vatnslagnarinnar. Í öðru lagi er heimilt að taka fastagjald og jafnframt álag. Þriðji kosturinn svo sá að taka hugsanlega fastagjald og gjald samkvæmt mæli. Þetta tengist því, hæstv. forseti, að vatnsveitur eru reknar með mismunandi hætti og hvað þetta síðast talda atriði varðar,

gjald samkvæmt mæli, snertir það alveg sérstaklega Vatnsveitu Vestmannaeyja sem býr við allnokkra sérstöðu vegna þess að þar er náttúrlega um ákaflega dýrar framkvæmdir að ræða, vatnslögn sem liggur milli lands og Eyja. Til þess að halda þeim kostnaði í lágmarki er reynt að draga sem allra mest úr vatnsnotkun. Í umsögn vatnsveitu Vestmannaeyja var einmitt bent á að ef vatnsnotkun ykist verulega yrði að leggja í miklar fjárfestingar, hugsanlega nýja lögn milli lands og Eyja. Og til að fjármagna slíkt verður að vera heimilt að afla fjár í samræmi við notkun og við þann kostnað sem fylgir vatnsveitunni.

Hæstv. forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þeim breytingum sem við leggjum fram á frv. Hér hefur verið komið mjög til móts við athugasemdir vatnsveitnanna og ég tel að í þessu felist allnokkur sveigjanleiki sem vatnsveiturnar geta nýtt sér.

Það kom í ljós eftir að lögin höfðu verið samþykkt árið 1991 að í þeim fólst breyting sem kostað gat sveitarfélögin gífurlegar fjárhæðir. Hér er komið á móts við það sjónarmið að sveitarfélögin verði ekki sjálfkrafa eigendur heimæða og séu þar með orðin skaðabótaskyld og þurfi hugsanlega að leggja í gífurlegan kostnað við viðhald. Við reiknum með að eftir því sem að endurnýjun á sér stað þá verði heimæðarnar eign sveitarfélaganna. Þetta er ekki einfalt mál fyrir þá sem ekki þekkja til vatnsveitna og þeirrar tækni sem um ræðir en það er trú okkar að við höfum með þessu komið mjög til móts við þarfir sveitarfélaganna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (úreldingarstyrkur krókabáta). — Þskj. 323, nál. 427 og 442.

[11:18]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta sjútvn. og brtt. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 89 21. júní 1995. Sú tillaga sem liggur fyrir þinginu í frumvarpsformi er að framlengja bráðabirgðaákvæði. Síðan er bætt við nýrri grein í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum þar sem að kveðið er á um að hækka húftryggingarverðmæti eða styrk til úreldingar. Það skuli að hámarki nema 80% af húftryggingaverðmæti á krókabátum í stað 45% í núgildandi lögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín Arndísi Steinþórsdóttur frá sjútvrn., Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt, þó með breytingum sem að hljóða svo, með leyfi forseta:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta numið að hámarki 80% af húftrygginarverðmæti. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

Ef ákveðið verður að greiða úreldingarstyrki skv. 1. mgr. skal endurreikna styrki til þeirra krókabáta sem þegar hafa fengið greidda styrki til samræmis við hinar breyttu reglur."

Tillögur nefndarinnar til breytingar á frv. eru annars vegar að Þróunarsjóði sjávarútvegsins verði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úteltir og nýta í þróunarverkefnum erlendis m.a. Með þessu er ekki verið að hrófla við heimildum til að nýta úrelta fiskibáta til annarrar starfsemi, svo sem ferðamannaþjónustu eða sportveiða.

Hins vegar er svo lagt til að sérstaklega verði tekið fram að ef ákveðið verður að nýta heimild ákvæðisins megi sú hækkun sem þar kemur fram á prósentunni einnig nýtast þeim sem þegar hafa fengið útreikninga á sínum styrk eða fengið hann útgreiddan samkvæmt ákvæði þessara laga.

[11:21]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta sjútvn. í fjarveru hv. 4. þm. Vestf. Nál. er á þskj. 442. Frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er annað tveggja frv. sem óskað var eftir að flutt yrðu og lögfest á Alþingi fyrir áramót og tengjast málefnum smábátaútgerðarinnar. Eins og fram hefur komið standa yfir viðræður milli Landssambands smábátaeigenda og sjútvrn. um ýmis mál sem ástæða er til eða áhugi er á að taka á af hálfu smábátasjómanna. Þær viðræður standa yfir þannig að ekki er ljóst hvernig þeim lyktar í einstökum atriðum. Samkomulag varð milli þessara aðila um að leggja til að gerðar yrðu tvær breytingar á lögum sem vörðuðu málefni eða hagsmuni smábátaútgerðarinnar. Sú fyrri varðar lagfæringu á lögum um stjórn fiskveiða sem þegar hefur verið rædd á fundinum og fullt samkomulag var um að gera. Það lá reyndar alltaf fyrir, frá því þau mistök uppgötvuðust sem þar á að leiðrétta, að nauðsynlegt og sanngjarnt væri að breyta þar um dagsetningar eða ártöl, sem höfðu farið rangt inn í lagatextann á sl. vori.

Þetta mál hins vegar tengist öðrum þætti þessara hluta, þ.e. úreldingarmálum smábáta eða krókabáta og endurnýjunarreglum, sem vissulega eru samhangandi. Teknar voru upp, í tengslum við breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á sl. vori, úreldingarkröfur í krókabátaflotanum og jafnframt lögfest að Þróunarsjóður, sem svo heitir nú, tæki upp tilboð til eigenda krókaveiðibáta um að úrelda báta af því tagi. Þá varð niðurstaðan að styrkur til úreldingar skyldi að hámarki nema 45% af húftryggingaverðmæti fiskiskipa eða krókabáta. En komið hefur á daginn að þetta tilboð var nú satt best að segja ekki mjög vel hugsað og sýnir sig að menn renna nokkuð blint í sjóinn stundum með hlutina, jafnvel þótt þeir séu til meðferðar á hinu háa Alþingi. Þegar betur var að gáð kom í ljós að í gangi voru tilboð til manna um kaup á þessum bátum sem atvinnuleyfið eitt, ef svo má að orði komast, krókaveiðileyfið eitt var verðmætara en tilboð Þróunarsjóðs. Það leiðir því af sjálfu að ekki var mikið um viðskipti á þessum grundvelli og samkvæmt upplýsingum frá stjórn Þróunarsjóðs hafði aðeins einn bátur fengið útgreiddan sinn styrk á grundvelli þessara nýju ákvæða.

Aðalástæða þess að sjútvn. er ekki samferða í áliti um þetta mál á sér aðdraganda og skýringar í meðferð þessara mála á þingi á undanförnum árum og þá sérstaklega því að sjútvn. klofnaði á sl. vori í afstöðu sinni, m.a. til þessa hluta

málefna smábátanna. En eins og kunnugt er urðu miklar og langar umræður um þau mál. Þá lýstu ýmsir efasemdum um að rétt væri að hafa reglur um úreldingu og/eða endurnýjun smábáta með þeim hætti og miklu strangari hætti en á við um önnur fiskiskip eins og lögfest var.

Nú er ljóst að miklir erfiðleikar eru fram undan í þessum hluta útgerðarinnar, þ.e. hjá krókaveiðibátum. Fyrir þann hluta hópsins sem velur áframhaldandi stýringu með banndögum eða róðrardögum en ekki veiðar á grundvelli þorskaflahámarks eru fram undan miklar þrengingar að óbreyttu og veruleg fækkun sóknardaga strax á næsta fiskveiðiári. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að menn segi sem svo að mikil þörf sé á að fækka í þessum hópi og auka þá olnbogarými þeirra sem eftir verða. Engu að síður vakna ýmsar spurningar þegar mismunun af þessu tagi er innleidd og hvort fyrir því liggi einhver sérstök rök að hafa mun strangari kröfur um endurnýjun og í gangi mjög há tilboð um úreldingu í þessum hluta flotans. Annars vegar þarf að kaupa út tvöfalt stærri rúmlestatölu ef menn velja þá leið að endurnýja en hins vegar eru í gangi há tilboð til eigenda báta sem vilja úrelda þá. 80% af húftryggingaverðmæti eru mun hærri tilboð en nokkurn tíma hafa verið greidd til annarra skipa en þá, ef ég man rétt, fór prósentan hæst í 50%, gagnvart aflamarksskipum, og sérstakt þak sett á upphæðina. Þannig að hér gengið mun lengra til þess að hvetja menn til úreldingar og til að draga saman í þessari tegund útgerðar. Það vekur svo aftur ýmsar spurningar um þau byggðarlög og svæði sem einkum og sér í lagi eru háð þessari tegund atvinnustarfsemi. Alveg er ljóst að fjölmörg byggðarlög hafa bjargað sér á undanförnum árum fyrst og fremst á smábátaútgerð í kjölfar þess að stærri fiskiskip með veiðiheimildir hafa horfið á braut. Um þetta má nefna mörg dæmi og það er alveg ljóst að byggðin hefur fyrst og fremst þrifist á smábátaútvegi á mörgum stöðum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi undanfarin ár. Það er til að mynda svo komið, eins og mörgum er kunnugt, að ekkert stórt togskip er gert út sunnanverðum Vestfjörðum og smábátaútvegur skiptir þar orðið sköpum, t.d. á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal. Á Suðureyri hefur þetta verið undirstaðan í sjósókn og atvinnu á staðnum nokkurt árabil. Fleiri dæmi mætti nefna. Þannig að *mikill samdráttur í greininni hlýtur að koma víða við.*

Ég vil líka nefna, herra forseti, í samhengi við þetta mál að þrátt fyrir miklar umræður á undanförnum árum hefur því miður ekki náðst fram heildstæð stefnumótun um úreldingar- eða þróunarsjóðsmálefni. Hér er rekin einhver stefna sem enginn botn er í í þeim skilningi að aldrei hefur fengist upp gefið hvaða markmið eru lögð til grundvallar, hversu mikið menn hyggist þá draga saman í íslenska fiskiskipaflotanum og hve lengi menn ætli að halda þessari tilhögun áfram. Það hafa komið fram raddir um að réttast væri að hverfa með öllu frá því að stjórnvöld væru að skipta sér af stærð fiskiskipastólsins og þegar hér er búið að vera við lýði kvótakerfi sem byggir á aflamarki á annan áratug þá séu það miklar ofstjórnartilhneigingar að vera jafnframt með í gangi takmarkanir á flotastærðinni af þessu tagi. Auðvitað er það svo að fiskveiðistjórnunarkerfið er ekki bara einfalt og ekki bara tvöfalt, heldur þrefalt eða fjórfalt eða margfalt því að margs konar reglur um veiðarfæri og friðun svæða, úthaldsdaga og annað því um líkt, leggjast þarna að sjálfsögðu til viðbótar sem hluti af fiskveiðistjórnuninni.

Það er svo að þegar eitthvert fyrirkomulag af þessu tagi hefur verið lengi við lýði er ekki við því að búast að menn hendi því fyrirvaralaust og það er ekki verið að biðja um slíkt eða lýsa eftir því hér. En mér hefur gengið illa, satt best að segja, að toga það upp úr mönnum hvaða vísindi liggja að baki hugsuninni í heild sinni um úreldingu eða starfsemi Þróunarsjóðsins. Í mín eyru hefur aldrei verið nefnd nein tala um það hversu mikið menn teldu æskilegt að draga úr *afköstum íslenska fiskiskipastólsins. Ég hef gerst svo djarfur* á undanförnum árum að færa fram þau sjónarmið að það væri beinlínis stórhættulegt að reka þessa stefnu blinda áfram án nokkurra skilgreindra markmiða.

Ég leyfi mér að draga stórlega í efa að ef menn hefðu jafnharðan með rekstri úreldingarkerfis af þessu tagi úrelt alla umframafkastagetu, sem er löggilt stofnanamál yfir það sem hér er á ferðinni, út úr flotanum jafnóðum og hún kom til þá hefði til að mynda orðið lítið um sókn okkar á fjarlæg fiskimið. Þá hefði ekki verið sami hvati fyrir hendi í kerfinu að leita nýrra verkefna, auka sókn í vannýttar tegundir o.s.frv. eins og þrátt fyrir allt hefur gerst á undanförnum árum. Það er það sem hefur haldið íslenskum þjóðarbúskap á floti undanfarin ár og fleytt okkur yfir langt samdráttarskeið. Það er fyrst og fremst öflug viðleitni sjávarútvegsins til að bregðast við minni afla á heimamiðum og samdrætti í veiðum á hefðbundnum tegundum, ekki síst þorski, með *því að sækja á fjarlæg mið og nýta betur aðrar tegundir.* Það er þess vegna í raun alveg ljóst að kerfi af þessu tagi er í mótsögn við slíka viðleitni. Það býður upp á þann valkost að í stað þess að leita nýrra verkefna og sækja á ný mið þá eigi menn þann kost að selja ríkinu draslið og hætta og gefast upp. Og ég held þess vegna að hvað sem mönnum sýnist í sjálfu sér um þetta þá hljóti menn a.m.k. að geta viðurkennt að kerfi af þessu tagi eigi ekki að starfrækja um árabil án þess að fyrir liggi einhver mótuð stefna um tilganginn og yfirlýst markmið um það hvað menn ætli sér. Ætla menn að draga úr stærð fiskiskipastólsins eða afköstum um 5%, 10%, 15%? Hve lengi hyggjast menn halda þessu áfram? Ætla menn að starfrækja þetta kerfi áfram þannig að enginn greinarmunur verði gerður á tegundum fiskiskipa, á því hvaða hluta flotans er verið að úrelda? Þetta held ég að verði mjög brennandi spurning á næstunni ekki síst vegna ástandsins í nótaskipaflotanum en eins og kunnugt er liggur þar fyrir *gífurleg endurnýjunarþörf.* Flotinn er meira og minna úreltur og þær reglur sem í gildi eru að þessu leyti verka mjög hamlandi, mjög hamlandi á endurnýjun í þessum hluta flotans, ekki bara kostnaðarins vegna sem er auðvitað ærinn því þarna þarf að kaupa hvert tonn sem endurnýjað er um dýrum dómum, heldur líka vegna þess að það stendur þannig á að vilji menn endurnýja nótaskip í dag og innleiða nýjustu tækni með einangruðum lestum og kælikerfi þýðir það um 20% afkastaminnkun miðað við sömu stærð hjá flotanum. Þar af leiðandi er verið að mismuna ef eitthvað er með öfugum formerkjum þessum hluta flotans þar sem þetta liggur alveg fyrir. Eftir sem áður er keyrt áfram með óbreyttar reglur.

Herra forseti. Mér finnst satt best að segja að það sé ekki vansalaust að þrátt fyrir umræður um þetta og að mönnum hafi verið ljóst nú um margra missira skeið hver staðan er í þessum efnum að þá gerist ekki neitt. Ef eitthvað er þá er það svona heldur til að trufla menn og gera ástandið enn ruglaðra að t.d. á sl. hausti urðu miklar umræður um það á þingi Landssambands íslenskra útvegsmanna að það bæri að fella þetta kerfi niður. Hæstv. sjútvrh. tók að nokkru leyti undir þau sjónarmið í ræðu á þinginu eða í viðtölum við

fjölmiðla um svipað leyti. Þetta hefur skapað óvissu og óróleika um þessi mál sem mikil nauðsyn er að eyða. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. sjútvrh. gæfi einhverja yfirlýsingu um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum fyrr en síðar til að menn vissu a.m.k. svona til næstu framtíðar litið að hverju þeir gengju í þessum efnum. En slíkt hefur ekki komið fram þannig að málin eru hálfpartinn í lausu lofti og við þær aðstæður eru stjórnendur einstakra útgerða eða sjávarútvegsfyrirtækja að taka ákvarðanir um fjárfestingu þar sem þessi tiltekni kostnaður getur hlaupið á tugum eða jafnvel upp undir hundruðum milljóna króna. Það munar um minna þegar menn eru að gangast undir slíkar skuldbindingar.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að taka þetta upp í tengslum við umræður um þetta mál og lýsa inn í þetta samhengi þessara endurnýjunar- og úreldingarmála í heild sinni. Að sjálfsögðu er það tengt þessu frv. í þeim skilningi að menn hljóta að reyna eftir því sem kostur er að hafa samræmdar reglur í gildi um mál af þessu tagi gagnvart öllum sem í einni atvinnugrein starfa þó það sé að vísu ljóst á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem varð hér um úreldingarmál krókabáta á sl. vori, að í reynd er umtalsverð mismunun á ferðinni. Það má segja að endurnýjunarreglurnar séu harðastar gagnvart krókabátunum og þá næststífastar gagnvart nótaskipum eins og á stendur í þeim hluta flotans.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að benda á það sem nefnt er í nál. minni hlutans, að það virðist einhver misbrestur hafa orðið á um eðlilegt samráð við undirbúning þessa frv. Það kom t.d. í ljós að þegar fulltrúar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins komu á fund sjútvn. að við þá hafði ekkert samráð verið haft um undirbúning málsins og stjórn sjóðsins hafði ekki fregnað af frv. fyrr en sama dag og því var útbýtt á Alþingi. Þar af leiðandi gafst þeim ekki tækifæri á að segja álit sitt á efni þess eða vera með í ráðum áður en frv. var lagt fram. Þegar talsmenn sjóðsins voru spurðir um rökstuðninginn sem að baki lægi prósentutölunni sem þarna er sett inn, þ.e. 80%, varð eðlilega fátt um svör því það mál hafði aldrei verið við þá rætt. Í nefndarálitinu er hvatt til þess að sjútvrn. standi öðruvísi að undirbúningi mála af þessu tagi, bæði hvað varðar samskiptin við framkvæmdaaðila eins og Þróunarsjóð og reyndar einnig sjútvn. sem fékk ýmis skilaboð um nauðsynlegar breytingar á málinu með öðrum hætti en æskilegt var.

Ég vil líka aðeins koma að brtt. frá meiri hluta sjútvn., sem út af fyrir sig er full samstaða um í nefndinni, þ.e. að verði sú breyting gerð og lögfest að undanþáguákvæðið gagnvart 7. gr. um að fram til ársloka 1996 skuli styrkur til úreldingar krókabáta mega vera hærri en almenna ákvæðið gerir ráð fyrir, þá sé óhjákvæmilegt að það ákvæði verði afturvirkt gagnvart þeim bátum eða það má nú víst segja þeim eina báti sem þegar hefur fengið útgreiddan styrkinn. Það leiðir þá af sjálfu sér að þetta á jafnframt við um þá innan við tíu báta sem sótt hafa um og fengið samþykkta úreldingu án þess að til útgreiðslu hafi komið. Auðvitað hefði ekki gengið að mismuna mönnum eins og í pottinn er búið þannig að nauðsynlegt er að verði þetta mál afgreitt þá verði það gert með þeirri breytingu sem lögð er til á þskj. 427.

Herra forseti. Þá vil ég að lokum hvetja til þess að þeim viðræðum sem yfir standa milli sjútvrn. og Landsambands smábátaeigenda um lausn á ýmsum vandamálum og erfiðleikum sem menn horfast þar í augu við í þessari grein útvegsins, verði hraðað og reynt verði að ná í þær niðurstöður sem allra fyrst. Það er ljóst að það líður á fiskveiðiárið og sóknin þyngist með vorinu þegar banntímabilinu lýkur. Margir munu nýta sína róðrardaga með þeim hætti að færa þá yfir á vor- og sumarmánuðina og flest bendir til að það stefni í umtalsverða erfiðleika gagnvart þessum hluta flotans strax á næsta hausti þegar ljóst verður hver sóknardagafjöldinn verður á næsta fiskveiðiári. Nú horfir sem betur fer kannski til þess að eitthvað bjartara sé fram undan varðandi þorskveiðar og þá hlýtur að koma til álita með hvaða hætti hlutdeild þessa hóps sem eftir stendur og ekki byggir á aflahámarki með sína sókn verður frágengin í heildarskiptunum. Það er alveg ljóst og ekki síst ef kemur nú til enn frekari fækkunar í þessum hópi að þarna er ekki lengur á ferðinni sú sóknargeta sem skiptir miklum sköpum um þann afla sem tekinn er af Íslandsmiðum þegar aflahæstu bátarnir frá undanförnum árum eru komnir út úr pottinum og hafa í flestum tilvikum valið sér sókn samkvæmt aflahámarki. Endurnýjunarreglur eru orðnar mjög stífar þannig að í raun verður helmings minnkun í flotanum við hvern nýjan bát sem kemur til sögunnar. Þessir hlutir munu gerast því mjög hratt á næstu missirum ef eitthvað gerist á annað borð. Þar af leiðandi er ekki lengur fyrir hendi sú hætta að mínu mati að einhver stórkostleg viðbótarafkastaaukning eða sprenging verði þarna á ferðinni. Eftir stendur að mikilvægi þessarar útgerðar er gífurlegt fyrir ákveðin landsvæði og ákveðin byggðarlög og með hliðsjón af því verður að taka á þeim vandamálum sem þarna eru uppi. Í ljósi þess að viðræður standa yfir milli sjútvrn. og Landsambands smábáta og með von um að þær leiði til jákvæðrar niðurstöðu og menn nái þar einhverri lendingu um úrlausn ýmissa vandamála sem við blasa, þá viljum við í minni hlutanum ekki leggjast gegn afgreiðslu þessa frv. En í samræmi við þá afstöðu sem við höfðum til sambærilegra hluta á sl. vori treystum við okkur ekki til að greiða málinu atkvæði, a.m.k. ekki sá sem hér talar. Efasemdir mínar um að þessi mál séu nægjanlega vel grunduð og í réttu samhengi eru of miklar til þess, herra forseti. En úr því að þetta er sameiginleg ósk viðræðuaðilanna er sjálfsagt að greiða fyrir því að það nái fram að ganga. Við leggjumst sem sagt ekki gegn því að þetta ákvæði verði lögfest fyrir jólin.

[11:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það ákvæði sem hér er til efnislegrar umfjöllunar lýtur að krókabátum og hefur hlotið umfjöllun í hv. sjútvn.

Það háttar þannig til nú síðustu daga fyrir jól að hér eru alls átta lagabreytingar í gangi sem um hefur verið fjallað í hv. nefnd með einum eða öðrum hætti. Og svo sérkennilegt sem það má virðast koma tvær þeirra fram með eðlilegum hætti. Annars vegar liggur fyrir og hefur verið rætt við 2. umr. í morgun frv. til laga um stjórnun fiskveiða og hins vegar frv. það sem við fjöllum nú um. Hinar, virðulegur forseti, eru hluti af bandormi, þar af þrjár sem einnig eru til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Það má vissulega spyrja sig þeirrar spurningar af hverju ekki var hægt að bera þau mál að hér með sama hætti og málið sem við fjöllum nú um og það mál sem kom hér sjálfstætt inn til breytinga á sömu lögum. En það er svo sérkennilegt að sumar lagabreytingar koma á sama tíma fyrir þingið og hv. nefnd í bandormsforminu en aðrar aftur sem sjálfstæð frv. til breytinga á lögum. Það verður ekki í fljótu bragði séð að ýkjamikill munur sé á efni þessara frv. eða eðli þeirra. En eitt eiga þau öll sameiginlegt

og það er að vera mjög seint fram komin. Við hljótum að ályktа sem svo þegar við lítum á efni þessara frv. að flest þessara mála hafi legið fyrir nokkuð lengi þannig að menn hafi átt að sjá að þarna þurfti breytinga við.

Eins og fram kom í morgun þarf m.a. atbeina þingsins vegna mistaka við lagasetningu í vor þegar menn flýttu sér um of. Reyndar óttast ég að það sama gildi varðandi ýmsar lagabreytingar að þessu sinni. Annars má kannski segja að þá hafi ekki frekar en nú gefist nægjanlegt ráðrúm til að ígrunda það sem menn voru að fara að lögfesta. Það sem hér liggur fyrir varðandi Þróunarsjóðinn er framlenging á ákvæðum til bráðabirgða. Þar á að heimila áfram að miða styrk vegna úreldingar krókabáta við hærra hlutfall af húftryggingarverðmæti en gildir um önnur skip.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom í ljós að tilboðið sem fólst í bráðabirgðaákvæði því sem samþykkt var í vor til úreldingar krókabáta hafði ekki uppfyllt þær væntingar sem menn höfðu til þess varðandi flýtiúreldingu fjölda báta. Einungis nokkrir bátar höfðu meldað sig, ef svo má að orði komast, í úreldingu og einungis hafði verið gengið frá úreldingu eins. Það sem er á ferðinni þegar við fjöllum um krókabáta er auðvitað ákveðin tegund stjórnar fiskveiða. Hv. þm. sem hér talaði á undan mér lét þess getið að við værum með nokkur kerfi í gangi þó svo að í meginatriðum sé byggt á aflahlutdeildarkerfi eða svokölluðu kvótakerfi. Hvað varðar krókabátana erum við hins vegar með smáæfingu í gangi í því sem menn hafa kallað sóknar- og flotastýringarkerfi. Það hefur margoft komið fram, bæði hér í þinginu og utan þings, að býsna mörgum í þessu samfélagi, bæði þeim sem sækja sjóinn og hinum sem eru áhorfendur, er nokkuð í mun að því kerfi sé viðhaldið á þessum hluta flotans. Af þeim ástæðum er það svo að við erum ekki með heildstætt kerfi, ekki einu sinni í sinni grófustu mynd, hvað varðar fiskveiðistjórnunina. Virðulegur forseti, þar sem við erum hér að fjalla um sóknar- og flotastýringarkerfi má telja afar eðlilegt að menn reyni við flotastýringuna eftir að hafa komið á banndagakerfi og sóknardagakerfi í einhverju skötulíki. Það er gert þannig, eins og menn vita og ákvarðað var með lögunum frá í vor, að endurnýjunarreglur krókabáta eru helmingi strangari en endurnýjunarreglur annars hluta flotans. En þar er ekki látið við sitja, mun hærra hlutfall af húftryggingarverðmæti er einnig tekið gilt þegar slíkir bátar eru úreltir. Og um það erum við einmitt að fjalla. Þannig má segja að lagst sé með tvöföldum þunga á það að stýra afkastagetu þessa hluta flotans.

Í samfélagi okkar hafa mjög lengi staðið miklar deilur um stjórn fiskveiða. Þeim deilum er ekki lokið. Þær eiga sér ýmsar hliðar og um þær er fjallað af býsna mörgum. Enda þykir mörgum sem þeim komi málið við sem eðlilegt er þar sem hér er um það að ræða hvernig við nýtum okkar undirstöðuauðlind. En það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að hluti af þeirri gagnrýni sem fram kemur er vegna þess að hér er á ferðinni að hluta til mikil ofstjórn sem er fullkomlega út í hött og raunar hlægileg ef við horfum á hversu hátt við skrifum okkar sjávarútveg, bæði hérlendis og erlendis. Þar vil ég nefna sem dæmi þá ofstjórn sem ríkir gagnvart aflahlutdeildarskipunum sem eru hér á kvótakerfinu og vali þeirra á því með hvers slags skipum þeir sækja þann afla sem þeim er úthlutaður. Það er, virðulegi forseti, afskaplega sérkennilegt að menn skuli ekki ráða því sjálfir með hvers slags skipum þeir sækja þann afla sem þeim er úthlutaður. Menn tala gjarnan um það hér í þinginu að þeir treysti sjávarútvegsmönnum afskaplega vel til að ráða sjálfir sínum málum. Engum sé betur treystandi en útvegsmönnum og útgerðarmönnum til að taka ákvarðanir um það hvernig þeir hagi sínum málum. Undir þessu sitjum við en hljótum ávallt að velta því fyrir okkur hvort ekki væri þá í ljósi þessara sömu orða eðlilegt að líta á þau ákvæði núgildandi laga um stjórn fiskveiða sem einmitt lúta að ofstjórn sem tekur fram fyrir hendurnar á útvegsmönnum t.d. með þeim hætti að menn ráða því ekki sjálfir hvers slags skip þeir nýta til veiða sinna. Menn mega ekki stækka við sig eða breyta skipum sínum þannig að þeir geti með hugsanlega hagkvæmari hætti sótt þann kvóta sem þeim er úthlutaður eða búið betur að skipverjum sínum. Menn verða sem sagt að lúta þar afskaplega ströngum og í rauninni hlægilegum reglum. Ég held, virðulegi forseti, að þá fyrst getum við tekið mark á þeim sem segjast treysta útvegsmönnum best sjálfum til að ráða sínum málum þegar þeir eru tilbúnir til að líta á ofstjórnarreglur sem þessar.

Í upphafi ræðu minnar vék ég að því að þessa dagana eru alls tíu lagabreytingar á ferðinni í þinginu sem snúa að sjávarútveginum. Ég tel því rétt að við veltum örlítið fyrir okkur því samhengi sem er í löggjöf okkar hvað varðar þessi mál. Menn tala gjarnan um að þessi atvinnugrein þurfi ákveðinn stöðugleika í umgjörð sinni. Hún þarf þess áreiðanlega engu síður en aðrar atvinnugreinar hér á landi. Þótt segja megi að í sjávarútvegi sem og landbúnaði séu menn vanari því en kannski víða annars staðar að taka við ýmis konar áföllum, er auðvitað eðlilegt að löggjafinn geri sitt til að skapa eins mikinn stöðugleika og hægt er. Ég er nokkuð viss um það, virðulegi forseti, að ef okkur gæfist betri tími til að fjalla um þá löggjöf sem lýtur að sjávarútveginum hér á hinu háa Alþingi þá tækist okkur að hafa betra samhengi í þessari löggjöf. Það væri meira samræmi og minni þörf á að vera ýmist með bandormsákvæði eða sjálfstæð frv. til laga til breytinga á öðrum lögum í önnum fyrir jól og að vori og þar með minni hætta á mistökum við lagasetninguna. Það er sem sé hluti af þeim vanda sem sjávarútvegurinn á við að glíma hversu seint fram komin mál eru hér alla jafna og því miður þess vegna oft á tíðum alls ekki nægjanlega vel efnislega unnin. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim vanda, virðulegi forseti, ég held að hann sé því miður of mikill.

Ég vil aðeins til undirstrikunar á máli mínu, virðulegi forseti, víkja að öðrum þeim málum sem hér liggja fyrir sem hefðu þurft mun betri umfjöllunar við hér í þinginu, engu síður en mál sem eiga eftir að koma hér aftur fyrir þingið til betri og ítarlegri efnislegrar umfjöllunar.

Eitt af þeim málum sem liggja fyrir þinginu er lagabreyting sem felur í sér að þau fiskiskip sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum — krókabátarnir eru auðvitað hluti af því — greiði sambærilegt veiðieftirlitsgjald og önnur fiskiskip greiða við úthlutun aflamarks. Það er ekkert óeðlilegt við það að fram komi lagabreyting af þessu tagi því að hér er verið að leita ákveðins samræmis í flotanum. En maður veltir því auðvitað fyrir sér af hverju þetta er að koma fram núna. Var þetta ekki eitt af því sem menn hefðu getað séð fyrir í vor ef þeir hefðu haft betri tíma til umfjöllunar? Og þá kannski líka það, virðulegi forseti, sem ég tel óhjákvæmilegt að verði skoðað hér nánar. Smábátarnir greiða u.þ.b. 75% af þeirri upphæð sem innheimt er í formi gjalda vegna útgáfu veiðileyfa. Það er greitt fyrir veiðileyfi í dag. Menn greiða líka fyrir sérveiðileyfi og það hefur komið í ljós að það eru smábátarnir sem standa að

stærstum hluta undir þessum veiðileyfum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessi staðreynd verði tekin upp þegar betra tóm gefst til að fjalla um þessi mál hér í þinginu og á vettvangi nefndarinnar og m.a. verði skoðað hvernig hægt verði að ná betra samræmi, af því að við erum að tala um samræmi, það verði hægt að ná betra samræmi í flotanum. Ég tel einnig að það geti varla talist sanngjarnt að smábátaflotinn standi undir 75% af þeirri upphæð sem innheimt er vegna veiðileyfa.

Minni hluti sjútvn. skilar ekki sjálfstæðu nefndaráliti vegna þess að hann sé efnislega á móti þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til. Það er ekki vegna þess að minni hluti nefndarinnar átti sig ekki á því að ef menn ætla að vera með sóknar- og flotastýringarkerfi, þarf auðvitað að beita þeim tiltæku ráðum sem það kerfi færir mönnum upp í hendurnar til að stýra sókninni. Mönnum finnst hins vegar að það hefði þurft að skoða þessi mál í ögn stærra samhengi, að menn hefðu aðeins þurft að velta því fyrir sér hvernig þeir ætla að enda þetta mál. Hvert er markmiðið? Ætla menn sér að ná einhverjum tilteknum árangri og munum við framlengja hugsanlega heimildina til að úrelda krókabátana við hærra hlutfall af húftryggingaverðmæti eða ætlum við að láta staðar numið í lok næsta árs? Hversu lengi ætlum við að krefjast þess að krókabátarnir séu úreltir þannig að fyrir eitt tonn þurfi að koma tvö? Erum við með einhver ákveðin mörk þar sem við ætlum að stoppa við eða hversu langt á þetta að ganga? Er einhver pólitísk samstaða um það hér eða úti í samfélaginu? Má kannski vænta þess að einhver svona „um það bil" mörk verði fundin á þetta mál í viðræðum sjútvrn. við Landssamband smábátaeigenda? Það eru sem sagt ýmsar spurningar sem minni hlutinn hlýtur að spyrja áður en hann án fyrirvara samþykkir breytingar sem framlengja ástand sem þótti ekki nógu gott þegar því var komið á. Það hefur komið í ljós eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans að viðræður eru í gangi á milli ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda og það hefur jafnframt komið fram að þess er að vænta að niðurstöður þeirra viðræðna liggi fyrir einhvern tíma fljótlega. Það hefði e.t.v. verið eðlilegra að menn reyndu að ná þessari heildarsýn sem ég vék að áðan, áður en farið var af stað með breytingar á þessum lögum.

Ég vildi, virðulegi forseti, fyrst og fremst vekja athygli á þessum atriðum, þ.e. þeim atriðum að menn gæta ekki alltaf samræmis hlutanna þegar hér er verið að setja lög. Mál eru seint fram komin og e.t.v. er það hluti af vanda sjávarútvegsins hversu seint mál koma fram og hversu illa þau eru oft og tíðum undirbúin. Það sannaðist reyndar á þessu frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þar sem ekki hafði gefist ráðrúm til þess svo mikið sem að ráðgast við stjórn sjóðsins áður en frv. var lagt fram í þinginu og brtt. við frv. barst með sérkennilegum ef ekki fullkomlega óvenjulegum hætti inn í nefndina á síðustu stundu.

Ég taldi líka eðlilegt að menn veltu aðeins vöngum yfir þeim stjórnunaraðferðum og oft og tíðum ofstjórnaraðferðum sem notaðar eru við sjávarútveginn. Ég held, virðulegi forseti, að við þurfum að hafa þetta allt undir þegar við erum að ræða málefni sjávarútvegsins. Ugglaust verður það svo þegar við tökum til umræðu þær átta greinar bandormsins sem snúa að sjávarútveginum með einum eða öðrum hætti og hafa verið ræddar að svo miklu leyti sem bandormurinn hefur verið til umfjöllunar í hv. sjútvn. Vissulega voru þar á ferðinni önnur atriði en nákvæmlega þau sem tengjast beint þessu frv. svo sem umfjöllun um stöðu Fiskistofu og einnig Fiskveiðasjóð. Við hljótum að þurfa að ræða þau atriði mun betur í dag eða á morgun eða milli jóla og nýárs eða jafnvel eftir áramót eftir því hvenær bandormurinn kemst á dagskrá vegna þess að þar eru á ferðinni hlutir sem hreint ekki fengust útræddir í nefndinni. Svör lágu ekki fyrir en hugsanlegt er að menn viti ögn meira eða ættu kannski að vita meira þegar tími hefur gefist til þess að skoða þessa hluti. Líka brenna spurningar á mönnum varðandi það hvers vegna ábendingar minni hluta sjútvn. varðandi Fiskveiðasjóð voru ekki teknar til greina af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. þegar sú nefnd skilaði af sér nefndaráliti og breytingartillögum varðandi bandorminn.

Virðulegi forseti. Ég á sem sagt von á því að málefni sjávarútvegsins komi til umfjöllunar eins og ég sagði áðan kannski seinna í dag, kannski á morgun, kannsi milli jóla og nýárs og kannski eftir áramótin í bandorminum. En ég held að það sé alveg ljóst að hér hafa líka verið vakin upp atriði sem gera það að verkum að hv. nefnd hlýtur að taka tíma í að skoða hvort ekki sé rétt að hún hafi uppi sjálfstæðan málatilbúnað, eins og ég gat um áðan, varðandi það hversu stóran hluta veiðileyfanna smábátarnir greiða nú og með hvaða hætti eðlilegt þætti að samræma það.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:08]

[13:02]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 445.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 443; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 444.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 147. mál (fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 409, frhnál. 430, brtt. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:04]

Brtt. 431,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LB, MS, ÓRG, PP, PHB, RA, RG, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EKG, EOK, GGuðbj, GMS, HBl, KHG, KH, LMR, MF, ÓE, ÓÖH, SighB, SAÞ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 431,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, ÓRG, RA, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EKG, EOK, GGuðbj, GMS, HBl, KHG, KH, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SAÞ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 431,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, KÁ, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EKG, EOK, GMS, HBl, KHG, KH, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SAÞ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 431,4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, ÓRG, RA, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, EKG, EOK, GMS, HBl, KHG, KH, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SAÞ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, ÓE.
nei: GGuðbj, KÁ, KH, ÁRJ.
17 þm. (HG, JóhS, JBH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, BH, GE, GÁS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (GMS, HBl, KHG, SighB, SAÞ, TIO, ÁJ, EKG, EOK) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:07]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessu skattafrv. er verið að aftengja skattaviðmiðanir og launa- og verðlagsþróun í landinu. Jafnframt er verið að skerða kjör hóps lífeyrisþega grimmilega. Þetta eru vond lög sem fela í sér ómaklega árás á hóp fólks sem jafnframt á von á enn verri sendingum frá meiri hluta Alþingis og hæstv. ríkisstjórn. Ég hafna þessari skerðingarstefnu og segi nei.

[13:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gagnrýndum við mjög harðlega þá breytingu að afnema verðuppfærsluákvæði tekjuskattslaganna og draga þar með úr tengingu við verðlagsþróun sem verið hefur á bótaliðum og þáttum eins og persónufrádrætti og skattfrelsismörkum í skattalögum okkar. Við greiddum að sjálfsögðu atkvæði gegn þeim tillögum frv.
Á hinn bóginn eru í frv. einnig jákvæðir þættir sem ástæða er til að taka undir, t.d. skrefið sem stigið er í átt til þess að draga úr óhóflegri tekjutengingu barnabótaauka í skattkerfinu. Sömuleiðis má nefna upptöku fyrningarákvæða á einkabifreiðar og fleira í þeim dúr. Með vísan til þessarar afstöðu sitjum við hjá við endanlega afgreiðslu málsins og ítrekum gagnrýni okkar á kerfisbreytinguna sem í því felst. En auðvitað er ljóst að með einhverjum hætti þarf að leggja á tekjuskatt á næsta ári og því kannski ekki efni til að leggjast gegn málinu sem slíku við lokaafgreiðslu þess.

[13:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér er komið til lokaatkvæðagreiðslu er slæmt frv. fyrir margra hluta sakir. Skorið er á tryggingar í bóta- og skattkerfi og afleiðingin verður að öllum líkindum lækkun bóta og lækkun skattleysismarka, þegar til lengri tíma er litið. Þá er mjög alvarleg sú atlaga sem gerð er að öldruðum með þessum lögum. Ellilífeyrisþegar eru sviptir skattaívilnunum sem hjá mörgum námu þúsundum kr. á mánuði og, það sem verra er, fyrirheit um að fjármagn sem sparaðist við þá ráðstöfun yrði látið fara til hækkunar grunnfjárhæða lífeyristrygginga eru svikin. Ég mun ekki greiða atkvæði.

[13:12]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í þessu frv. er skattvísitala afnumin og skattafsláttur ellilífeyrisþega, svo tvö gagnrýnisverð ákvæði séu nefnd sem stjórnarandstaðan hefur lagst gegn á fyrri stigum málsins. Hins vegar eru í frv. ákvæði um framlengingu hátekjuskatts, ákvæði til bóta varðandi barnabótaauka og afnám skatta á lífeyrisgreiðslur. Í ljósi þessa sé ég ekki ástæðu til annars en að sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[13:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Með lögsetningu þessari er verið að koma á aftur tvísköttun hjá hópi lífeyrisþega sem var afnumin fyrir um það bil ári síðan. Ég mótmæli þeirri atlögu að öldruðum sem felst í þessu og fleiru sem kemur frá ríkisstjórninni þessa dagana. Ég segi nei.

[13:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að gera eitt af tekjulagafrumvörpum stjórnarmeirihlutans að lögum og við það tækifæri er hægt að ná ágætis yfirliti yfir þær skattbreytingar sem hafa orðið hér á landi á yfirstandandi ári og verða á því næsta. Þar á meðal má benda á að nú má á næsta ári draga lífeyrisgreiðslur frá skatti upp að 4%. Barnabótaauki verður hækkaður um 500 millj. Þegar saman eru dregnar allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum á þessu ári og því næsta, kemur í ljós að skattar eru að lækka um um það bil 470 millj. og skatthlutfallið, þ.e. hlutfall skatttekna af landsframleiðslu, verður 23,2%. Það er lægsta skatthlutfall sem hefur þekkst hér á landi síðan 1987. Ég segi já. (**SvG:** Þetta er örugglega rangt.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 446).

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, frh. 3. umr.

Stjfrv., 171. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:17]
Frv. samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: HG.

6 þm. (GGuðbj, KÁ, KH, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, EKG, EOK, GMS, HBl, KHG, SighB, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sat hjá við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. þessa máls eins og flestir aðrir þingmenn Alþb. Ég vildi að þingið afgreiddi tillögur okkar um mótun framtíðarstefnu í orku- og stóriðjumálum og könnun á byggðaáhrifum áður en ég tæki afstöðu til málsins. Það hefur verið gert og því miður bar þingið ekki gæfu til að samþykkja þær.

Ég er mjög hugsi yfir afleiðingum þess fyrir þróun byggðar í landinu ef stofna á til annarra stórframkvæmda á suðvesturhorni landsins. Ég er ekki sátt við þær kröfur sem gerðar eru um mengunarvarnir álversins og þær eru ekki í samræmi við það yfirlýsta markmið ríkisstjórnarinnar að Ísland verði til fyrirmyndar á sviði umhverfismála um aldamótin. Athafnir þurfa að fylgja orðum eigi þau ekki að vera marklaus.

Á hitt ber að líta að stækkun álversins mun bæta afkomu Landsvirkjunar og efnahag landsins og draga úr atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu sem er skelfilega mikið. Á þessu svæði eru um 5 þúsund manns án atvinnu eða um 70% þeirra sem eru án atvinnu í landinu öllu. Það ber einnig að líta til þess að samningurinn um orkusölu er ásættanlegur að mínu mati og sama er að segja um skattaþáttinn.

Niðurstaða mín, herra forseti, er að samþykkja málið þó ég sé ósátt við ýmsa þætti þess, sérstaklega hversu metnaðarlaus ríkisstjórnin er á sviði umhverfismála. Möguleikarnir á að bæta efnahag landsins og draga úr atvinnuleysi ráða afstöðu minni. Ég segi því já.

[13:19]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við umræður um þetta frv. hefur komið í ljós að líklegt er að Landsvirkjun verði á næstu árum að láta skerðingarákvæði í samningum um sölu ótryggðrar orku til innlendra atvinnufyrirtækja koma til framkvæmda. Verð fyrir þessa afgangsorku er svipað og það útsöluverð sem Ísal greiðir eða á að greiða fyrir forgangsorku vegna stækkunar álbræðslunnar fyrstu átta árin. Allt raforkuverð til bræðslunnar verður að því loknu háð verðþróun á áli. Með breytingum á skattákvæðum aðalsamnings er óverðtryggður lágmarksskattur í formi framleiðslugjalds lækkaður um helming. Engar líkur eru á að Ísal greiði tekjuskatt á afskriftatíma fjárfestingarinnar. Áfram getur Ísal dregið frá fyrir skatta sölu- og tækniþóknun sem nemur 3,7% af veltu þótt engin rök séu fyrir slíkum fríðindum. Fjárhagsleg hagnaðarvon af þessum samningi er sannarlega sýnd veiði en ekki gefin.

Með starfsleyfi umhvrh. er bræðslunni heimilað að menga umhverfið langt umfram það sem viðgengst á öðrum Norðurlöndum. Skipulagsmál Hafnarfjarðar eru sett í uppnám vegna mengunarhættu og eftir að starfsleyfi hefur verið útgefið boðar iðnrh. þreföldun á framleiðslu verksmiðjunnar.

Herra forseti. Illa hefur verið staðið að þessum samningi af hálfu íslenskra stjórnvalda. Þetta er slæmur gjörningur. Ég segi því nei.

[13:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég styð heils hugar það mál sem hér er til afgreiðslu. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist við lokaafgreiðslu málsins að geta þess sem í kjölfarið fór eftir að frá því hafði verið gengið. Ég vísa til óheppilegra yfirlýsinga forsvarsmanna álversins og enn óheppilegri afskipta iðnrh. og iðnrn. til málsins vegna þróunar íbúðarbyggðar í Hafnarfirði. Það er alveg ljóst á þessu stigi máls að þar þarf að gaumgæfa mál miklum mun betur og stórar spurningar eru um skaðabótaskyldu ríkisins ellegar Ísals. Að öllu leyti þarf nánar um þau mál að fjalla. Það breytir hins vegar ekki þeirri skoðun minni að vel hefur verið frá máli gengið að flestu leyti, enda undirbúið gaumgæfilega og um margra ára skeið. Ég segi já.

[13:22]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni hagstæður samningur sem hefur afar jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Samningurinn er mjög hagstæður Landsvirkjun en núvirtur hagnaður fyrirtækisins af viðauka við raforkusamninginn er talinn verða um 8 milljarðar kr. Fjárfesting eykst um 16 milljarða á næstu tveimur árum vegna stækkunar álvers, hafnaraðstöðu og raforkumannvirkja og þar af fer rúmlega þriðjungur til innlendra aðila. Alls verða 750 ársverk við framkvæmdir á næstu tveimur árum og föstum starfsmönnum fjölgar um 90–100 eftir að framkvæmdum lýkur. Útflutningur eykst um 7–8 milljarða, hagvöxtur eykst og atvinnuleysi minnkar. Síðast en ekki síst er rofin tveggja áratuga kyrrstaða í stóriðjumálum. Vonandi fylgja fleiri slíkir samningar í kjölfarið. Ég segi já.

[13:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil að fram komi að ég hef ákveðnar efasemdir um þennan samning, einkum með tilliti til mengunarvarna. Þar eru ekki gerðar nægar kröfur af hálfu okkar Íslendinga og það er ástæða til að vara við því að hér verði til einhvers konar þriðja heims hugsunarháttur þar sem réttmæt gagnrýni er hrópuð niður ef hægt er að sýna fram á hagvöxt. Yfirgnæfandi meiri hluti má aldrei meina okkur að leita sannleikans. Alþingi má aldrei vera í sporum bæjarstjórnarinnar í leikriti Ibsens um þjóðníðinginn sem stimplaði Tomas Stockmann lækni óvin samfélagsins vegna þess að hann sagði sannleikann um heilsuböðin sem bæjarbúar byggðu afkomu sína á. Stundum getur sá reynst sterkastur sem þorir að standa einn. Sú varð niðurstaða Ibsens.

Það verður svo ekki fram hjá því horft að þessi framkvæmd mun skipta miklu máli fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og atvinnustigið í landinu. Sönnunarbyrði er þar af leiðandi mikil, ætli menn að hafna þessum samningi. Þar sem þetta fer saman við þá staðreynd að hér er fyrst og fremst verið að fjalla um orkusölu og skatta, þá hef ég ákveðið að segja já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 447).

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 253. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 406, nál. 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:25]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 131, nál. 423, brtt. 424.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:30]
Brtt. 424,1 (ný 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 424,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 424,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 424,4 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 143, nál. 441.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 240. mál (sóknardagar krókabáta). — Þskj. 322, nál. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SF, SP, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (ÁRJ, GÁS, JóhS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, EKG, EOK, GMS, HBl, JBH, KHG, SighB, SAÞ, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 306, nál. 437 og 443, brtt. 438 og 444.

[13:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, oftast kallað bandormur.

Nefndin hefur fjallað um málið, sent það til umsagnar til fagnefnda þingsins og fengið á sinn fund ýmsa aðila sem raktir eru í nefndarálitinu. Nefndin hefur lagt til ýmsar breytingar á frv. á þessu stigi málsins og ætla ég þá að rekja þær breytingar.

1. Lagt er til að 21. gr. frv. falli brott. Í þessari grein var kveðið á um endurskipan í stjórnsýsluumdæmi og aðsetur sýslumanna. Það er hætt við þær breytingar á þessu stigi en dómsmrh. hyggst skipa nefnd til að fjalla um hvernig skipan stjórnsýsluumdæma og aðsetur sýslumanna verður best háttað, hvernig þjónustu sýslumannsembætta við íbúana verður hagkvæmast fyrir komið.

2. Gert er ráð fyrir því að prósentutalan 70% í 30. gr. frv. lækki í 50%. Þetta þýðir að fjármagnstekjur eins og þær eru skilgreindar samkvæmt skattalögunum koma aðeins að helmingi inn í ákvörðun á tekjum vegna frádráttar þeirra fyrir mat á tekjutryggingunni og öðrum tekjutengdum bótum almannatrygginga.

3. Lagt er til að skerðingarprósentan vegna ellilífeyrisins verði hækkuð úr 25% í 35%.

4. Lagt er til að á eftir 34. gr. komi ný grein er verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef reiknaðar bætur einstaklings samkvæmt lögum þessum auk bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, sbr. 13. gr. þeirra laga, nema 600 kr. á mánuði eða minna skulu þær falla niður. Þetta nær þó ekki til sjúkrahjálpar skv. III. og IV. kafla laga þessara og endurgreiðslu skv. 12. gr. laganna um félagslega aðstoð.“

Hér er gert ráð fyrir því að bætur sem ná ekki ná þessari upphæð á hverjum mánuði verði felldar niður, með ákveðnum undantekningum þó.

5. Gert er ráð fyrir því að breyta 47. gr. frv. Efnisleg þýðing þessarar breytingar er að halda áfram því fyrirkomulagi að ráðherrafulltrúar í stjórnum heilsugæslustöðva komi af starfssvæði á viðkomandi stöð.

6. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að tilnefna varamenn í stjórn Ríkisspítala og enn fremur er í þessum lið lagt til að ráðherrafulltrúar í stjórnum sjúkrastofnana komi af starfssvæði viðkomandi stofnunar.

7. Verið er að bæta við efnismálslið 55. gr. tveimur orðum og að greinin orðist þannig í heild sinni:

„Tekjum af flugvallargjaldi skal varið til framkvæmda í flugmálum og til rekstrar flugvalla samkvæmt flugmálaáætlun.“ Orðunum „samkvæmt flugmálaáætlun“ er bætt við og þessu orðalagi breytt til þess að afmarka þau rekstrarframlög sem tekjur af flugvallargjaldi geti runnið til.

Samhliða þessum breytingartillögum hefur meiri hluti nefndarinnar lagt fram sjálfstætt frv., svokallaðan skröltorm, sem er fylgimál með þessu frv. Ástæðan er sú að í því frv. er verið að gera tillögur um breytingar á lögum sem er ekki fjallað um í svokölluðum bandormi og verður nefndin því að flytja um það sjálfstætt mál samhliða þessu frv.

[13:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við störf meiri hluta hv. efh.- og viðskn. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvaða hlutverki þjónar það starf sem fer fram í fagnefndunum. Við fáum til umsagnar þá kafla bandormsins sem varða beinlínis fagsvið þessara nefnda, þær vinna afskaplega samviskusamlega og menn senda frá sér tillögur. Eins og gengur og gerist skerst það oft eftir pólitískum línum og menn skila áliti meiri hluta og minni hluta fagnefndanna.

Hv. allshn. fékk þetta frv. til umsagnar og hún hefur mjög alvarlegar athugasemdir, bæði meiri hluti og minni hluti varðandi tiltekin atriði bandormsins, þ.e. lög um miskabætur til fórnarlamba ofbeldis. Það kemur mjög skýrt fram. Í fyrri umsögn hv. allshn., frá 23. nóv. minnir mig, þar sem menn taka hreinlega af skarið og leggjast gegn frv. og síðan er aftur vísað í það álit í umsögn meiri hluta allshn. um bandorminn. Svo kemur hv. formaður, Vilhjálmur Egilsson og flytur hérna álit meiri hluta efh.- og viðskn. og það kemur fram hjá honum að þetta álit allshn. er að engu haft. Fagnefndin sem hann og fólk hans hefur vísað málinu til umfjöllunar hefur unnið það mjög samviskusamlega og hv. formaður efh.- og viðskn. hefur það að engu, meiri hlutinn hefur það að engu.

Herra forseti. Það tengist því líka að hæstv. fjmrh. gaf í samtölum, formlegum viðtölum við þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar mjög sterkar væntingar um það að þessu máli yrði breytt. Hvernig stendur þá á því að hæstv. ráðherrar standa ekki við orð sín og í öðru lagi hvernig stendur á því að meiri hluti hv. efh.- og viðskn. hefur að engu álit meiri og minni hluta fagnefndarinnar?

[13:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstvirti forseti. Ég verð að viðurkenna að í viðleitni minni til þess að tefja ekki fyrir þingstörfum fjallaði ég ekki um 18. gr. sem ég hefði kannski átt að gera hér. Um það hefur verið rætt í efh.- og viðskn. að þetta mál sé enn þá til umfjöllunar og muni koma til álita milli 2. og 3. umr. málsins. Nefndinni var fullkunnugt um afstöðu allshn. til málsins og einnig þann áhuga sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sýnt þessu máli. Við höfum rætt þetta mál hér á göngum utan ræðustóls og þar hef ég tjáð honum að þessu máli væri ekki lokið og ég vil biðja hv. þm. að sýna efh.- og viðskn. smábiðlund að þessu leyti eða a.m.k. spara sér skammirnar þar til ljóst er hvernig málinu lyktir.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér gerist það að hv. form. efh.- og viðskn. biður mig að koma ekki fram með mótmæli gegn þeim tillögum sem ég er á móti fyrr en umfjöllun er lokið. Á ég að koma til hv. þm. og segja honum að ég sé á móti eftir að búið er að samþykkja? Hvers konar aðferðafræði er hér lögð til?

Herra forseti. Ég hef enga ástæðu til þess að treysta hv. þm. stjórnarliðsins. Þeir eru þegar byrjaðir að brjóta það samkomulag sem að þeir buðu upp á. Hæstv. fjmrh. gaf í votta viðurvist væntingar um að þetta yrði verulega breytt og svo kemur hv. form. efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, og segir að ég eigi ekki að æsa mig yfir þessu vegna þess að hann sé að íhuga að breyta þessu milli 2. og 3. umræðu. Herra forseti. Í þessu felst ekkert annað en yfirlýsing um það af hálfu stjórnarliðsins að þeir eru ekki með fullbúnar tillögur. Þá hlýtur það auðvitað að vera eðlileg krafa hjá stjórnarandstöðunni að það komi þegar í stað fram hvaða tillögur það eru sem hv. stjórnarliðar eru með í pokahorninu. Eða á kannski að fara með þetta mál eins og sjúkrahúsmálið og fjárlagafrv., þ.e. að stjórnarandstaðan eigi ekki að fá sitt lýðræðislega tækifæri til þess að fjalla um málið? Ég bendi herra forseta á að hér er upplýst af form. hv. efh.- og viðskn. að það kann að vera ein tillaga eða jafnvel fleiri sem varða mjög umdeild mál sem þeir eru búnir að ákveða að koma fram með en hafa ekki gert enn þá. Það hlýtur að vera krafa stjórnarandstöðunnar að þær tillögur sem meiri hlutinn hefur í þessum málum verði þegar í stað sýndar stjórnarandstöðunni. Það myndi e.t.v. greiða fyrir þingstörfum. Hv. þm. undrast mikinn áhuga minn á því máli sem ég er að ræða hér. Ég skal skýra þann áhuga. Ég var einn af flm. þáltill. sem var samþykkt árið 1993 og í kjölfar hennar lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. sem gervallur þingheimur samþykkti. Og nú ætla menn að limlesta það. Hv. form. efh.- og viðskn. talar um að hann hafi einhverjar tillögur í pokahorninu. Ég og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar eigum heimtingu á að fá að sjá í öll pokahornin þeirra.

[13:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr áhuga hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á þessu máli né heldur að gera lítið úr málinu sem slíku. Ég hygg að allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. hafi áhuga á því að leita leiða til þess að fá hér viðunandi lausn. En ég hélt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson væri nú reyndari í þessum sölum en svo að hann vissi ekki að þegar menn eru að semja þá gefa menn auðvitað ekki allt eftir fyrir fram. Og hv. þm. þekkir vel til laxveiða. Maður má nú aðeins þreyta laxinn áður en maður landar honum.

[13:50]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég er nú ekki viss um að ég geti sem frsm. minni hluta efh.- og viðskn. lofað jafn stuttri ræðu og framsöguræða formanns var. Með fullri virðingu fyrir okkar ágæta formanni í efh.- og viðskn. verð ég að segja alveg eins og er að ég hef sjaldan heyrt jafnrýra framsöguræðu fyrir jafnstóru máli og hér var flutt. Og ég leyfi mér að efast um að margir hv. þm. séu miklu nær um efni frv. eða umfjöllun efh.- og viðskn. eftir þessa 2–3 mín. löngu framsöguræðu. Ég hélt satt best að segja að það væri venjan að gera í

einhverjum mæli grein fyrir störfum nefndar, fyrir þeim sem til nefndarinnar hefðu komið og sjónarmiðum þeirra ásamt brtt. sem fluttar væru í meiri háttar máli af þessu tagi við 2. umr. En hér eru uppi nýjar venjur af ýmsum toga og þar á meðal sú að framsögumenn meiri hlutans sleppi því að skýra málin þegar þau eru hér til umfjöllunar og efnislegrar afgreiðslu við 2. umr. Er þó ekki eins og hér sé verið að ræða einhverja minni háttar tæknilega lagfæringu á einum lögum heldur eru hér undir 33 mismunandi lagafrv. og 62 greinar. Reyndar stendur til að þær verði talsvert fleiri, herra forseti. Sá bandormur sem hér er á dagskrá hefur fjölgað sér og lítið afkvæmi hans er nú komið hér á borð þingmanna, lítill ormsungi ef svo má að orði komast. Guð má vita hversu mikill þessi ættbogi verður orðinn áður en yfir lýkur ef svo heldur áfram sem horfir.

Herra forseti. Það er alveg óhjákvæmilegt að gera hér aðeins athugasemdir við vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á þingi í þessu máli. Það mun hafa verið hæstv. núv. forseti vor sem hóf feril sinn m.a. með nokkuð metnaðarfullum yfirlýsingum um að hann hefði hug á að bæta samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu í sambandi við meðferð mála á þingi og koma betri svip á vinnubrögðin hvað varðar skipulag og framgangsmáta allan. Og ekki dreg ég í efa góðan vilja hæstv. forseta. Ég hygg að hæstv. forseti hafi einmitt reynt að gera sitt til að mál kæmust fram á skikkanlegum tíma og að sæmileg sanngirni ríkti í samskiptum manna hér inni, einstakra hv. þm. stjórnar og stjórnarandstöðu, meiri hluta og minni hluta o.s.frv. En einhvers staðar annars staðar liggur þá meinsemdin, herra forseti, og það er spurning hvort að ekki er nauðsynlegt að ræða aðeins þá hluti hér í upphafi umfjöllunar um þetta mál. Í því sambandi langar mig að spyrja hæstv. forseta hvort flm. málsins, hæstv. forsrh., sé einhvers staðar á næstu grösum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er nú ekki skráður í húsið en forseti gerir ráðstafanir til að ...).

Mér finnst nú heldur dapurlegt, herra forseti, að hæstv. forsrh. skuli ætla okkur að ræða þessi mál án þess að hann sé viðstaddur. Það er spurning hvort ég fæ þá ekki að gera hlé á máli mínu, herra forseti, þar til forsrh. er kominn í húsið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Jú, það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni. Þá gerum við hlé í stutta stund, vonandi stutta stund.)

[Fundarhlé. — 13:55]

[14:14]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. HG, þskj. 418; brtt. HG, þskj. 419.

[14:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að ætlunin er að gera hlé á fundinum um kl. sex í kvöld til þess að þingflokkar geti haldið fundi sína. Það verður um kl. sex, eftir því hvernig stendur á ræðum hjá hv. þm.

[14:15]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég vona að herra forseti hafi ekki verið að veita þessar síðustu upplýsingar með sérstakri vísan til þess að hann óttist að ég verði enn í ræðustól kl. sex og þurfi þá að gera hlé á máli mínu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hv. þm. má ekki misskilja þessa tilkynningu forseta. Þessi tímaákvörðun er sett í samráði við þingflokksformenn.)

Já, það er nefnilega það. Það er gott að heyra. (**Gripið fram í:** Þetta er áskorun ...) Þetta er heldur ekki áskorun frá forseta, eða hvað?

(**Forseti** (ÓE)**:** Nei, nei.)

Þá er hæstv. forsrh. væntanlega mættur til leiks og getur hlýtt á upphaf þessarar umræðu. Ég hafði einmitt hugsað mér að gera í byrjun athugasemdir við ýmislegt sem lýtur að eðli málsins og vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar. Ég tek þá upp hanskann fyrir hæstv. forseta vorn sem, eins og ég sagði áðan, hefur lýst góðum áformum sínum um að betrumbæta vinnubrögð og forðast uppsöfnun mála og þann harða hnút sem þingstörfin hafa gjarnan verið komin í undir lokin, fyrir jól og að vori. En því miður verður ekki sama sagt um hv. ríkisstjórn, að hún sýni viðleitni í þessum efnum. Það á bæði við um þetta mál, hvernig það er fram borið og innihald þess. Einnig verður að segjast eins og er um viðhorf og viðmót hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forsrh. í tengslum við þetta mál. Við í stjórnarandstöðunni höfum gjarnan reynt að fjalla þannig um frv. að við héldum aðgreindum annars vegar efniságreiningi eða pólitískum ágreiningi um einstaka þætti þess og hins vegar djúpstæðum ágreiningi sem uppi er og lýtur að vinnubrögðum og spurningu um hvort það nýmæli í lagasetningu sem hér er verið að leggja til fái yfirleitt staðist. Að Alþingi sé samboðið að vinna að lagasetningu með þessum hætti.

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að rifja upp að við erum hér að tala um 33 lagafrv. í einu, ef menn hafa talið rétt. Hér er verið að breyta jafngjörsamlega óskyldum hlutum og framlögum til lista og menningarmála, málefnum á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs, málefnum á sviði dómsmála, réttindamálum þeirra sem orðið hafa fyrir líkamsárásum og fengið dæmdar bætur, yfir í lög um málefni fatlaðra og aldraðra, atvinnuleysistryggingar, almannatryggingar, lög um heilbrigðisþjónustu, lög um félagslega aðstoð sveitarfélaga, ferðamál, hafnamál, flugmál, lög um vernd og friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, um húsnæðismál ríkisstofnana, um eftirlit með ráðningu starfsmanna ríkisins, um fjáröflun til vegamála o.fl., herra forseti, ekki er allt talið. Það er ekki ýkjamikið eftir af lagasafninu, ef út í það er farið. Það fer að verða spurning hvort borgi sig yfirleitt að leggja fram nema eitt frv. á hverju þingi. Við siglum hraðbyr í þá átt að hæstv. ríkisstjórn geti lagt fram eitt frv. á hausti, tínt inn í það allt sem henni sýnist, nema kannski stjórnarskrárbreytingar, það stæði e.t.v. eitthvað í mönnum fyrst um sinn a.m.k. Síðan sé þeirri súpu allri saman troðið í gegn með góðu eða illu, sem oftast mundi þá verða, fyrir jól og svo kannski aftur að vori. Þingstörfin verði þá fyrst og fremst fólgin í afgreiðslu tveggja bandorma. Það er ekki að verða langur vegur frá því að svo sé.

Grundvallaratriði málsins, sem nauðsynlegt er að taka á í byrjun — nú væri æskilegt að hæstv. forsrh. legði eyrun vel við. Nú veit ég ekki hversu fjölhæfur maður hann er, hvort hann geti gert hvort tveggja í senn, rætt við hv. þm. Vilhjálm Egilsson og hlustað. Hæstv. forsrh. kinkar kolli og virðist þannig gefa sjálfum sér þá einkunn að hann ráði við hvort tveggja í senn. Er það þá meira en ónefndur forseti Bandaríkjanna var sagður geta því hann ku ekki hafa getað jórtrað tyggigúmmí og gengið samtímis, svo vel færi.

Ég held að hæstv. forsrh. verði að gjöra svo vel og taka alvarlega þær athugasemdir okkar að í þessum bandormi er farið út á alveg nýja braut. Það er eðlisbreyting á þessu máli, borið saman við önnur sambærileg sem hér hafa verið til umfjöllunar á undanförnum árum og hafa þau þó ekki þótt góð latína. Ekki þótt fyrirmyndarvinnubrögð við lagasetningu. Þessi eðlismunur liggur í því, herra forseti, að í frv. eru gerðar í mörgum tilvikum tillögur um varanlegar lagabreytingar, um stefnubreytingar í grundvallarmálaflokkum. Það er auðvitað með ólíkindum að menn skuli í einu og sama frv. með þessum hætti vera að leggja til kannski stærstu pólitísku breytinguna á grundvelli velferðarkerfisins sem við höfum séð framan í í langan tíma og ætla að gera það svona. Að læða því með í bandormi sem að nafninu til er sagður vera tengdur afgreiðslu fjárlaga. Svo vill svo nöturlega til að vegna þeirrar meðgjafar sem hæstv. ríkisstjórn lét af hendi rakna í tengslum við framlengingu kjarasamninga á dögunum þá eru viðkomandi ákvæði hætt að hafa útgjaldaáhrif. Þau hafa ekki lengur útgjaldaáhrif á komandi ári vegna þess að búið er að hækka bæturnar eða ákveða að hækka þær þannig að það skiptir engu máli hvort gildandi lagaákvæði stæðu áfram eða ekki. Sú tenging við afgreiðslu fjárlagafrv. sem að nafninu til var röksemdin fyrir því að hafa þetta inni í bandormi er því farin. Ekkert stendur eftir annað en að metnaðarleysi hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á Alþingi við vinnubrögð við lagasetninguna er með þessum endemum. Þetta er, herra forseti, afar dapurlegt.

Ég held að hæstv. forseti vor verði aðeins að huga að því út frá sjónarhóli Alþingis sem stofnunar og sjálfstæði löggjafarvaldsins hvert er verið að fara með þessu. Nú er það svo, herra forseti, að það gilda hér ákveðnar leikreglur, þingsköp, sem eru lög í landinu og eftir þeim skal fara. Þar er m.a. kveðið á um að til þess að tryggja vandaða málsmeðferð skuli hvert einstakt lagafrv. fá sjálfstæða umfjöllun og fara í gegnum þrjár umræður á þingi. Að sumu leyti eru þessi vinnubrögð bundin í stjórnarskrá, ef ég man rétt. Ég sé ekki annað en að menn séu hér komnir út á mjög grátt svæði. Þá er vel við hæfi að að þingflokkur sem að þessu stendur, undir forustu hæstv. forsrh., skartar víst flestum lögfræðititlum af öllum, a.m.k. örugglega öllum þingflokkum á Íslandi ef ekki í Evrópu eða heiminum. Menn komast helst ekki á þing fyrir Sjálfstfl., eins og kunnugt er, nema vera lögfræðingar. Karlkyns lögfræðingar á milli fertugs og fimmtugs eru eitthvað um 75% af þingflokki Sjálfstfl. Það er kannski aðeins fært í stílinn en það munar ekki miklu. Þá er það nú aðallega aldursbilið sem er ekki nákvæmt en ekki að miklu skakki að lögfræðingahlutfallið sé þetta hátt. (Gripið fram í.) Það er þá þannig sem þeir vilja halda í heiðri orðstír stéttar sinnar að taka upp algjört nýmæli hvað varðar metnaðarleysi og sóðaskap í vinnubrögðum við lagasetningu.

Við höfum, herra forseti, til að reyna að greiða fyrir afgreiðslu mála, margboðið upp á að einangra deilur um hina formlegu hlið málsins og vinnubrögð frá, til að þau megi leiða til lykta að siðaðra manna hætti. Menn þurfa þá ekki að standa í deilum um leikreglurnar en pólitískur ágreiningur um innihald málsins hefur sinn gang. Að sjálfsögðu gerum við okkur ljóst að ef ríkisstjórnin er staðráðin í að afnema öryggisnetið undir velferðarkerfinu sem aldraðir, öryrkjar og atvinnulausir hafa búið við í gegnum tengingu og viðmiðun við launaþróun í landinu þá verður það að vera hennar mál. Við höfum ekki stöðu til að hindra framgang þess að hún nái fram pólitísku áhugamálum sínum, svo geðsleg sem þau eru. En hitt þykir okkur mjög sárt að það skuli ekki heldur vera hægt að ná neinu tauti við hæstv. ríkisstjórn um formlega hlið málsins og góð vinnubrögð í þinginu. Og það eins þótt hæstv. forseti þingsins sé allur af vilja gerður og hafi lagt sitt lóð á vogarskálar til að það verði reynt. Þau skilaboð eru borin trekk í trekk inn í efh.- og viðskn. og til stjórnarandstöðunnar að þar strandi fyrst og fremst á flutningsmanni málsins, hæstv. forsrh. Hann. sé alveg ósveigjanlegur og ákveðinn í að hann vilji reisa sér þessa níðstöng sem eðli frv. er og komast á spjöld sögunnar fyrir að hafa orðið fyrsti hæstv. forsrh. sem leggur slíka hluti fyrir Alþingi, með þessum endemum. Ég held að það verði þá að hafa sinn gang ef hæstv. forsrh. vill endilega að eftirmælin um sig verði eins og þá er stofnað til.

Þetta er óhjákvæmilegt að nefna hvað vinnubrögðin snertir. Að öðru leyti vísa ég til þess sem komið hefur ítrekað fram á undanförnum sólarhringum, að hæstv. ríkisstjórn hefur, hvað vinnulag snertir, tafið mjög allan framgang mála. Það er að koma upp nánast á hverjum sólarhring ný og ný mál sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að leggja fyrir þingið, flytja í formi nýrra frv. eða brtt. Fréttir koma utan úr bæ af einstökum ákvörðunum hæstv. ráðherra, til að mynda gjaldskrárhækkunum í heilbrigðismálum sem fréttir bárust af í gær að hæstv. heilbrrh. hefði ákveðið. Það koma upp fréttir um að sópað hafi verið undir teppið stórfelldum óleystum vanda á stærstu heilbrigðisstofnunum þjóðarinnar. Við þessar aðstæður er náttúrlega ekki von að vel gangi að koma saman í einn pakka afgreiðslu fjárlaga, tekjuöflunarfrv. og efnahagsfrv., eins og þess sem hér um ræðir. Það er varla von á góðu. Hvert einasta af þessum málum sem nú er til umfjöllunar hefur verið þannig úr garði gert þegar það hefur komið til umræðu að því hafa fylgt yfirlýsingar frá meiri hlutanum um að fyrir fram lægi fyrir að málið væri hálfkarað og yrði að fara aftur til nefndar á milli 2. og 3. umr. Það á við um þetta mál. Því er lýst yfir í annars einhverri stystu framsöguræðu í stórmáli sem flutt hefur verið í þingsögunni, þegar hv. þm. Villhjálmur Egilsson talaði í kannski 90 sekúndur og mælti fyrir þessu máli, að það væri hálfkarað og efh.- og viðskn. yrði að koma saman á nýjan leik á milli 2. og 3. umr. Þar lægi fyrir að gera þyrfti breytingar og bæta inn í frv. hlutum sem hæstv. ríkisstjórn væri með í höndunum. Þetta eru ástæðurnar. Þetta átti við um tekjuskatt og eignarskatt og að sjálfsögðu um fjárlagafrv. þar sem 43% af fjárlögunum, öllum heilbrigðismálunum, var frestað til 3. umr. Þetta á við um þetta bandormsfrv. Það liggur fyrir að þar eru óleyst mál, lausir endar sem á að reyna að hnýta upp á við 3. umr., eftir umfjöllun í nefnd milli umræðna. Svona er það nú, herra forseti.

Ég sný mér síðan að því að taka fyrir einstaka efnisþætti í frv. Þeir eru þannig upp settir í nál. minni hlutans, á þskj. 433, að fjallað er um helstu efniskafla frv. í 19 tölusettum liðum. Þetta var gert til þess að reyna að einfalda uppsetningu málsins og umfjöllun um það vegna þess að það yrði seinlegt, svo ekki sé nú meira sagt, að ræða frv. grein fyrir grein. Þess vegna höfum við valið að reyna að setja upp sem sjálfstæða efniskafla í aðalatriðum þau mál sem heyra undir hverja einstaka fagnefnd í þinginu. Það dregur athyglina að því að það væri það minnsta að þessi mál væru lögð fyrir þingið í formi svo sem eins og tíu frv. Þannig væri safnað saman í eitt frv. ákvæðum á sviði menntamála, í annað ákvæðum á sviði samgöngumála o.s.frv., svo dæmi séu tekin. En því er nú ekki að heilsa og því er okkur ekki gefinn kostur á öðru,

herra forseti, en að fjalla um þetta með þessum hætti.

Þá vil ég skjóta því inn að vitaskuld gerum við ráð fyrir og dettur ekki annað í hug en að fagráðherrar viðkomandi málaflokka verði viðstaddir umræður um sín málefni eða málefnasvið. Einstökum köflum bandormsins var vísað til fagnefnda og það hlýtur að teljast jafnsjálfsagður hlutur að ráðherra viðkomandi málaflokks verði viðstaddur umræðu um þá þætti. Ég bendi því hæstv. forseta á að hafa til hliðsjónar nál. fyrsta minni hluta og gera ráðherrum aðvart um að nærveru þeirra sé óskað alveg sérstaklega í takt við það sem umfjöllun um einstaka efnisflokka miðar fram. Að sjálfsögðu gefum við okkur að ráðherrar sinni embættisskyldum sínum og séu hér viðstaddir. Þá væri til að mynda röðin komin að hæstv. menntmrh. fyrstum þar sem fyrstu fimm greinar frv. og fjögur mismunandi lagaákvæði fjalla um málefni á sviði menntamálanefndar. Ég byrja á því, herra forseti, að óska eftir því að menntmrh. verði viðstaddur.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. menntmrh. situr hér og hlýðir á mál hv. þm.)

Ég skal ekki gera athugasemdir við það, herra forseti, ef menntmrh. hæstv. líður betur í hliðarsal en í sæti sínu en sný mér að því að fjalla um þau mál. Í fyrsta lagi er í 1. gr. fjallað um Listskreytingasjóð. Þar er á ferðinni ákvæði sem mundi gera varanlega skerðingu á núverandi ákvæðum 3. gr. laganna sem kveða á um tilteknar tekjur í Listskreytingasjóð en stefna ríkisstjórnarinnar felur í sér að Listskreytingasjóður skuli ekki hafa neinn fastan tekjustofn og enga fasta fjárveitingu til að byggja starfsemi sína á heldur sæta geðþóttaákvörðunum ríkisvaldsins um fjárveitingar á hverju ári. Um þetta atriði og svo fjölmörg önnur sem á eftir fylgja gilda því athugasemdir okkar um form frv. Við teljum óeðlilegt að farið sé inn í sérlög með þessum hætti, að vaðið sé inn í sérlög og gerð á þeim grundvallarstefnubreyting í bandormsfrv. af þessu tagi. Að öðru leyti er ekki annað um Listskreytingasjóð að segja en það að nokkur hækkun mun þrátt fyrir allt hafa fengist á framlagi til sjóðsins við 2. umr. fjárlaga og er það vel því sannanlega gegnir hann mikilvægu verkefni þó sorglega litlir fjármunir hafi þar verið á ferðinni hin síðari ár til þess að fegra og betrumbæta opinber mannvirki okkar og sinna öðrum þeim verkefnum sem sjóðurinn fer með.

Í öðru lagi er í 2. gr. lögð til breyting á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál. Þá er fyrst og fremst verið að breyta ákvæðum um Kvikmyndasjóð, þ.e. 5. gr. laganna um Kvikmyndasjóð. Þar er lögð til varanleg breyting, í stað þeirra tekna sem Kvikmyndasjóður á að hafa samkvæmt gildandi lögum og eiga að jafngilda í grófum dráttum tekjum ríkisins af virðisaukaskatti af kvikmyndum eða skatttekjum af kvikmyndum, hvernig sem það er nákvæmlega orðað, þá er lagt til að framlagið verði árlegt úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Hér er auðvitað á ferðinni formbreyting en líka spurning um grundvallarstefnumið í þessum efnum hvort menn telja óskynsamlegt að viðhalda þeirri viðmiðun að til kvikmyndagerðar í landinu renni fjárframlög sem taki mið af því sem umsvifin í þessari grein eru að gefa ríkissjóði í tekjur með beinum hætti í gegnum virðisaukaskatt og aðra skatta. Er óskynsamlegt að ríkið skili sem stuðningi við þessa listgrein a.m.k. sambærilegum fjárhæðum og það halar beinlínis inn? Nú er ekki um það deilt að íslensk kvikmyndagerð hefur náð ótrúlegum árangri við erfiðar aðstæður og það er auðvitað alveg einstakt í heiminum að það skuli þrátt fyrir allt vera framleiddar hér vandaðar myndir sem jafnvel vinna til verðlauna sem ekki hafa við annað að styðjast heima fyrir en þennan örsmáa markað sem við erum og afar takmarkaða fjármuni sem hefur verið unnt að veita til slíkra hluta á undanförnum árum. Samt hefur það gerst ítrekað að íslenskar myndir hafa borið hróður landsins víða og orðið okkur góð landkynning og vakið athygli á þeirri menningu og mannlífi sem hér þrífst. Þarna hefur hæstv. ríkisstjórn ákveðið að troða fram þessari nýju stefnu eins og á fjölmörgum öðrum sviðum.

3. gr. fjallar um útvarpslög. Þar er á ferðinni gamall kunningi sem oft áður hefur sést, að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum renna í ríkissjóð í staðinn fyrir að mynda tekjustofn fyrir framkvæmdir og fjárfestingar hjá Ríkisútvarpinu. Um þetta er ekkert að segja nema það eitt sem lýtur að forminu að hér er lögð til varanleg breyting á þessu en ekki sami frágangur og verið hefur, að þetta sé þá takmarkað við tímabil þeirra fjárlaga sem verið er að ganga frá. 4. gr. tengist því sama.

5. gr. fjallar um breytingu á þjóðminjalögum. Þar er á ferðinni langalvarlegasta ákvæðið hjá hæstv. ríkisstjórn sem fellur undir þennan lið um menntamálin. Það er spurning hvort hæstv. menntmrh. er tilbúinn til að leggja aðeins eyrun við. Leggja t.d. frá sér blaðið og hlusta smá stund. Það sem hér er að gerast er býsna mikil valdníðsla af hálfu ríkisins svo ekki sé nú meira sagt ef þetta nær óbreytt fram að ganga. Hvað er þarna á ferðinni? Jú, það er að framlög til þjóðminjavörslu, einkum og sér í lagi framlög í svonefndan húsafriðunarsjóð, hafa verið samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna og eru samkvæmt gildandi lögum. Þar er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig leggi fram 100 kr., ríkið miðað við alla landsmenn og sveitarfélögin miðað við íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Þannig sé tekjustofninn myndaður sem sjái síðan um þetta brýna verkefni að varðveita menningarsögulega verðmæt hús og sjá um að halda þeim við og verja þau skemmdum og hafa þau í sómasamlegu ástandi.

Húsafriðunarsjóður hefur því miður fengið allt of lítið fjármagn á undanförnum árum og það bíða tugir ef ekki hundruð mikilvægra verkefna af því tagi sem er sárgrætilegt að ekki skuli vera unnt að ráðast í, ég tala nú ekki um á tímum atvinnuleysis því fátt er meira atvinnuskapandi en einmitt það að sinna slíkum verkefnum sem eru fyrst og fremst vinna þar sem útgjöldin eru einkum fólgin í launagreiðslum. Ég hef einhvern tímann sagt í umræðum um slík mál að það væri sennilega ekki til í heiminum jafngott verkefni af því tagi eins og að viðhalda t.d. gömlu torfbæjunum. Það er vinna, ekkert nema vinna, torfið er ókeypis í flestum tilvikum geri ég ráð fyrir. Þar af leiðandi er það svo að varsla slíkra menningarverðmæta er nánast hrein vinna.

En hvað á svo að leggja hér til, herra forseti. Það er ekki að sinna þessum málum betur eða gera einhverjar breytingar á þessu í takt við sveitarfélögin og í sátt við þau. Nei, hæstv. ríkisstjórn leggur til að ríkið dragi sig einhliða út úr þessum samskiptum að því leyti til að það ákveði hér eftir á fjárlögum einhverja upphæð sem því sýnist hverju sinni að eigin geðþótta en sveitarfélögin eiga samkvæmt ákvæðinu að sitja áfram uppi með þá lagaskyldu að leggja í þetta verkefni 150 kr. á hvern íbúa. Talan er hækkuð samkvæmt frv. úr 100 í 150. Hvers konar samskipti eru þetta, herra forseti? Hvers konar framkoma er þetta við sveitarfélögin? Úr því að ríkið telur sig geta með þessum hætti ákveðið að það þurfi ekki að leggja þarna fram neina tiltekna fjármuni frekar en því sýnist hvers vegna í ósköpunum eru þá sveitarfélögin ekki látin fá sama frjálsræði? Er stætt á því að koma svona fram

í samstarfsverkefni af þessu tagi? Hvað með fjármálalegt sjálfstæði sveitarfélaganna í því sambandi? Hvað með það að sveitarfélögin eru eða eiga a.m.k. að vera að nafninu til óháð stjórnsýslustig sem ríkið er meira að segja beinlínis samningsbundið til að taka tillit til? Ég veit ekki betur en Íslendingar hafi staðfest m.a. evrópskan sáttmála um samskipti ríkis og sveitarfélaga og sjálfstæði sveitarfélaganna gagnvart löggjafanum eða ríkisvaldinu. Að sjálfsögðu er þá ætlunin að slík samskipti séu á siðaðra manna grundvelli.

Herra forseti. Ég tel þetta mjög ósanngjarnt ákvæði og hæstv. menntmrh. vera mann að minni að láta þetta standa hér. Ég skil ekki hvað hæstv. menntmrh. er að fara í þessum efnum og hvers vegna hann vill kosta til þeim óvinsældum sem hljóta að leiða af þessu. Því það gefur auga leið að sveitarfélögin taka eftir þessari framkomu í sinn garð og hún getur ekki verið gott innlegg í samskipti ríkis og sveitarfélaga og ekki gott veganesti fyrir t.d. hæstv. mennmrh. í sambandi við það vandasama mál sem hann er með í höndum og lýtur að yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Þetta er náttúrlega í takt við þann valdhroka sem kemur fram í hverju málinu á fætur öðru og einkennir framgöngu ríkisstjórnarinnar í öllum tilvikum.

Í öðru lagi eru hér málefni á sviði landbúnaðar og væri gaman að vita hvar hæstv. landbrh. er til sjós eða lands. Ágætt væri að forseti gerði honum grein fyrir því að hans nærveru væri óskað hér eins og annarra fagráðherra.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. landbrh. er ekki staddur í húsinu.)

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hversu margir hæstv. ráðherrar eru staddir í húsinu af þeim sem eiga aðild að málum í dag. Eru hér hæstv. landbrh., hæstv. sjútvrh. er hér sé ég, hæstv. samgrh. á hér stórmál undir, heilbrrh., félmrh. Ég held að það sé alveg eins gott að fá þetta upplýst strax.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. samgrh. mun vera með leyfi í dag. Ég sé það á töflu þingsins.)

Í allan dag? Er ætlunin að umræðunum verði samt haldið áfram og þá jafnvel um málaflokka hans engu að síður? Ég held að við hljótum að sjá það, herra forseti, ef hér væru flutt ein tíu frv. þar sem eitt væri á sviði samgöngumála, annað á sviði heilbrigðismála, mundi engum detta í hug að umræðan færi fram nema ráðherra viðkomandi málaflokks væri viðstaddur. Það kæmi það ekki til tals. Ég óska því eftir því að hæstv. forseti geri gangskör að því að ráðherrarnir geti orðið viðstaddir og það fyrr en seinna. Ella held ég að það sé ekki um annað að ræða en að fresta umræðunni ef ríkisstjórnin leggur ekkert á sig til að vera hér viðstödd og taka þátt í málum.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir samkvæmt óskum hv. þm. þannig að hann getur haldið áfram ræðu sinni.)

Það er nú það, herra forseti, hvort ég get það. Ég sé engan ráðherra. Ég lít á vinstri hönd og þar eru fimm tómir stólar. Á hægri hönd eru líka fimm tómir stólar en síðast þegar ég vissi voru tíu manns í ríkisstjórninni. Þetta mundi samkvæmt mínum útreikningum þýða að enginn ráðherra væri í þingsalnum.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hins vegar ef við lítum hér aðeins lengra þá sjáum við að þar sitja tveir hæstv. ráðherrar og hlýða á mál hv. þm.)

Að vísu og svo eitt ráðherraígildi má segja þar sem er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. En það er nú ekki það sem hér er spurt um. Ég vil ítreka það að ég óska eftir að hæstv. landbrh. verði viðstaddur.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hefur sagt það áður að hann hefur gert ráðstafanir til þess að landbrh. komi innan stundar.)

Á ég þá að fresta máli mínu á meðan?

(**Forseti** (GÁ)**:** Að sjálfsögðu.)

Þá þigg ég það, herra forseti.

(**Forseti** (GÁ)**:** Fleiri hv. þm. eru á mælendaskrá.)

Ég geri ekki ráð fyrir að þeir hafi áhuga á að tala yfir tómum sölum frekar en ég.

(**Forseti** (GÁ)**:** Til máls tekur hv. 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson.)

(**JBH:** Ég óska eftir því eindregið, herra forseti, á sömu forsendum að fresta ræðu minni þangað til sá ráðherra sem beina á málinu að er í salnum.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hverjar eru óskir hv. þm.?)

(**JBH:** Ég vísa til allra lagabálkanna sem eru á dagskrá.)

[14:44]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég fer fram á það fyrir hönd þingflokks míns að ráðherrar verði viðstaddir umræðu málaflokka sinna. (Gripið fram í.) Ég vænti þess að stjórnarandstaðan taki undir það að við óskum eftir því að ráðherrar verði kallaðir til viðræðna og þeir geta líka vel verið í salnum. Þetta eru alveg sæmilegir stólar sem sumir sækjast eftir að sitja í og það er allt í lagi að leyfa þeim að vera hérna. Ég skora því á hæstv. forseta að gera ráðstafanir til að fresta fundi þangað til að ráðherrarnir eru komnir hingað inn með góðu eða illu. (**Gripið fram í:** Allir.) Allir, já. (**SJS:** Ég held að forseti ætti að gera korters hlé og ....)

[14:46]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti tekur undir það að hæstv. ráðherrum ber að vera við umræðuna og auðvitað eru stólarnir hér ætlaðir þeim sem til hliðar eru við forsetastól. Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að þeir ráðherrar sem óskað er eftir komi hér fyrst til umræðunnar. Eins og forseti upplýsti er hæstv. samgrh. með fjarvistarleyfi í dag en það er verið að gera öðrum hæstv. ráðherrum viðvart um óskir þingmanna. Ég býst því við því að þeir verði hér innan stundar.

[14:46]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)***:**

Ég þakka hæstv. forseta fyrir liðlegheitin og vildi kannski bæta því við að mér skilst að hæstv. samgrh. sé kominn til bæjarins eins og aðrir þm. sem fóru vestur á firði í dag tiltekinna opinberra erinda. Ég skora því á hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að hæstv. samgrh. verði leiddur hér í salinn. Gríðarlega stór hluti af þessum málum snertir samgrn. þar sem verið er að skera hrottalega niður framlög til samgöngumála. Auðvitað verður hann að svara fyrir sig í þeim efnum, hann einn getur það.

[14:47]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti mun verða við óskum hv. þm. og láta kanna hvar hæstv. samgrh. er staddur og hvort hann getur ekki komið hingað sem fyrst. (**SJS:** Vill forseti þá ekki gera smáhlé?)

Hv. 4. þm. Norðurl. e. frestaði ræðu sinni. Hv. 9. þm. Reykv. bíða með að tala. Næstur á mælendaskrá er þá hv. 11. þm. Reykn. (Gripið fram í.)

[14:47]

Jón Baldvin Hannibalsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Leyfist mér nú öllu náðarsamlegast að vekja athygli forseta á því að hér er verið að ræða í hæsta máta óvenjulegt frv. Hann gæti jafnvel fært rök fyrir því að þetta sé einsdæmi í þingsögunni. Það er ekki aðeins að þetta mál er viðamikið heldur tekur það til breytinga á 33 lagabálkum eða svo. Þar er um að ræða bæði tímabundnar og varanlegar breytingar og það er óhjákvæmilegt að vekja athygli forseta á því að þessar breytingar taka á málasviðum allra ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Hér eru auðvitað mál sem heyra undir forsrh., sem er flm. málsins. Hér eru mál sem heyra undir fjmrh. Hér eru mál sem heyra undir félmrh., landbrh., samgrh., menntmrh., dómsmrh., landbrh., sjútvrh. og þannig mætti lengi telja. (**Gripið fram í:** Alla nema ráðherra Hagstofu Íslands.) Sennilega alla nema ráðherra Hagstofu Íslands. Það sem hér er á dagskrá er einfaldlega stærsta mál þingsins.

Þessi ríkisstjórn, virðulegi forseti, hefur ekki íþyngt Alþingi með mörgum eða stórum umbótamálum. Satt að segja hefur þessi ríkisstjórn flutt tiltölulega fá mál sem skipta verulegum sköpum pólitískt. Það vill svo til að í þessum bandormi og meðfylgjandi hringormum og skröltormum er allur málabúnaðurinn sem ríkisstjórninni liggur á hjarta að koma fyrir Alþingi og til afgreiðslu á Alþingi nú fyrir jól. Eigi að ræða þessi mál á forsendum ríkisstjórnarinnar sjálfrar er hin einfalda krafa sú að ráðherrarnir séu viðstaddir.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur tekið undir skoðun hv. þm. í meginatriðum. Hann mun gera hlé á þessum fundi til kl. þrjú og kanna stöðu mála. Nú verður gert hlé á fundinum til kl. 15.00.)

[Fundarhlé. — 14:50]

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður við rekstur grunnskóla, 255. mál, fsp. ÖJ og KHG, þskj. 432.

Skuldir sveitarfélaga, 260. mál, fsp. ÖJ og KHG, þskj. 449.

[15:02]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (frh.):

Herra forseti. Ég geri þá þriðju tilraunina til að flytja ræðu mína og vona að aðstæður verði hagstæðari en hingað til og hæstv. ráðherrar láti svo lítið að vera viðstaddir og þeir aðilar sem bera málið fram verði hér til svara. Það er spurning hvort ekki þarf að fara að taka upp einhvers konar viðveruskrá eða kladda fyrir hæstv. ráðherra til að halda reiður á því hvar þeir halda sig þannig að það þurfi ekki að tefja þingstörfin aftur og aftur að hæstv. ráðherrar eru út og suður jafnvel þótt þeir eigi hér mál á dagskrá.

Þar var komið sögu, herra forseti, að við vorum ræða 6. til og með 10. gr. frv. en þar er fjallað um mál sem eru á sviði landbúnaðar. Í fyrsta lagi breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og þar er á ferðinni að koma á varanlegum ákvæðum sem skerði framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar frá því kveðið er á um í gildandi lögum. Þar má fara fljótt yfir sögu því efnislega sambærileg skerðingarákvæði hafa verið á ferðinni undanfarin ár. Ríkissjóður hefur ekki greitt beint framlag til Stofnlánadeildar um nokkurt skeið, það er ég best veit. Hér er hins vegar á ferðinni ákvörðun um að gera þetta varanlega og á það bendum við í okkar nál. og gilda þá allar þær sömu athugasemdir og fyrr um þá hlið mála.

Í öðru lagi á sviði landbúnaðar eru í 7. gr. fjallað um breytingu á búfjárræktarlögum en þá bregður svo við að allt í einu er komið „þrátt-fyrir"-ákvæði. Þá á að skerða framlög ríkissjóðs einungis á árinu 1996 eða miða það við tiltekna upphæð. Það verður auðvitað fróðlegt að heyra rök hæstv. ríkisstjórnar fyrir því að þarna sé allt í einu í lagi að hafa sjálfvirkni og ekki ástæða til að vera að gera breytingar varanlegar úr því að það er lagt til víðast hvar annars staðar. Eða voru einhverjir sértakir menn sem pössuðu upp á þetta mál umfram önnur þannig að þarna er mönnum allt í einu hlíft við því að kippa varanlega burtu tekjustofninum.

Það sama á við í 8. gr. um breytingu á lögum um jarðrækt eða jarðræktarlögum. Þar er á ferðinni „þrátt-fyrir"-ákvæði sem einungis takmarkar framlög ríkissjóðs til launa og rekstrarkostnaðar héraðsráðunauta við tiltekna upphæð á árinu 1996. Síðan er fjallað um breytingu á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum í 9. gr. og um breytingu á lögum um flokkun og mat á gærum og ull með síðari breytingum í 10. gr. Þar eru á ferðinni ákvæði sem heimila ráðherra að taka tiltekin gjöld af viðkomandi aðilum til greiðslu þess kostnaðar sem ríkissjóður hefur af yfirmati sem af ákvæði laganna leiðir. Þessi ákvæði eru því býsna ósamstæð. Það er í fyrsta lagi varanleg breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, í öðru lagi tvenn „þrátt-fyrir"-ákvæði um búfjárrækt og jarðræktarlög og svo þessi tvö síðustu ákvæði sem ég gerði grein fyrir.

Svo vil ég koma að því að í áliti sínu lagði hv. landbn. til breytingar á þessum ákvæðum sem að ég fæ ekki séð að neitt hafi verið gert með af hálfu hv. meiri hluta efh.- og viðskn. Ég sé ekki í breytingatillöguskjali að þar sé verið að gera neitt með þær athugsasemdir sem landbn. gerði í umsögn sinni og er þó ekki minni maður en hæstv. forseti sem ritar undir álit landbn. Hlýtur það að sæta mikilli undrun að álit undirritað af slíkum þungavigtarmanni hér í þinginu skuli ekki hafa meiri vigt en þetta gagnvart meiri hlutanum. Það er ekkert með það gert og aukast nú vandræðin enn. En í umsögn landbn., sem er fylgiskjal II með nál. minni hlutans og dags. er 14. desember 1995, eru lagðar til beinar breytingar á 9. og 10. gr., þ.e. á orðalagi efnismálsgreina þeirra greina.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, og væri hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, form. efh.- og viðskn. hér í salnum sem hann er ekki og er auðvitað ekki gagnrýnilaust þar sem hann er form. nefndarinnar og ber ábyrgð á starfinu, ekki síst meiri hlutans, hefði ég óskað eftir því að hann svaraði því hvort til stæði að gera eitthvað með þessar athugasemdir landbn.

(**Forseti** (GÁ): Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er í húsinu og á næstu grösum.)

Á næstu grösum, já. Það er mikið gott að vita að hann sé á grösum. (**Gripið fram í:** Er verið að ræða landbúnaðarmál?) Já. Ég hefði líka viljað heyra hvað hæstv. landbrh. hefur að segja um þennan mismun sem er á meðferð einstakra þátta sem heyra undir landbúnaðinn, af hverju Stofnlánadeildin er skert varanlega en ákvæði um búfjárrækt og jarðrækt ekki, án þess að ég sé að mæla með því eða óska eftir því að svo sé gert. En það vekur athygli að þarna er ekki eitt látið yfir alla ganga innan sama málaflokksins og mér sýnast röksemdir hæstv. ríkisstjórnar í krossferðinni miklu gegn sjálfvirkni verða pínulítið götóttar þegar betur er að gáð. Í einstökum tilvikum hafa fengið að læðast með óskert nema innan eins

árs þau sjálfvirkniákvæði sem annars staðar eru mönnum svo mikill þyrnir í augum.

Herra forseti. Þá er í þriðja lagi komið að málefnum á sviði sjútvn. Það eru 11. til og með 16. gr. í frv. Ég tek það fram að ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. sé hér til skrafs og ráðagerðar við okkur. 11. gr. varðar breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þ.e. að c- og d-liður 3. gr. laga um Fiskveiðasjóð falli brott. Þessi ákvæði munu lúta að framlagi ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs sem að vísu hefur ekki verið fyrir hendi á undanförnum árum og þar af leiðandi hefur sú lagagrein í reynd verið óvirk. Hér er hins vegar lagt til að þetta sé fellt niður með þessum hætti varanlega og við það gerum við athugasemdir. Hér er að vísu um lágt gjald að ræða sem er gamall arfur frá fyrri tíð þegar sjóðamálum sjávarútvegsins var skipað með öðrum hætti. Það er þess vegna ekki af þeim ástæðum þörf á að hafa um þetta mörg orð eða gera út af þessu mikið veður. En tilefni þess að við leggjumst sérstaklega gegn þessu og vekjum athygli á þessu ákvæði er líka það að varað hefur verið við því af aðilum sem komu til fundar við sjútvn., eins og fram kemur í nál. hennar, að óskynsamlegt kunni að vera að hrófla við ákvæðum laga um Fiskveiðasjóð einmitt eins og nú stendur á. Eins og hæstv. forseti veit hafa verið uppi umræður um að breyta stöðu þessara sjóða, jafnvel að gera þá að hlutafélögunum eða einkavæða þá. Það liggur í loftinu að verði slíkt gert með Fiskveiðasjóð getur komið upp deila um það hver sé hinn raunverulegi eigandi sjóðsins. Það er alveg ljóst að sjávarútvegurinn telur sig í reynd eiga sjóðsinn en sjóðurinn hefur verið ríkisfyrirbæri sem slíkt og var stofnað til hans sem slíks. Hann naut mjög lengi ríkisábyrgðar á lántökum sínum og inn í sjóðinn gengu þessi ákvæði um framlög ríkisins þannig að fyrir því eru auðvitað sögulega mörg sterk rök að ríkið geti átt þarna hagsmuna að gæta. Það má spyrja hvort að það sé þá skynsamlegt, ef þessar breytingar standa fyrir dyrum, að vera að hrófla við þessu lagaákvæði. Það hefur í sjálfu sér ekkert upp á sig. Hér er í fyrsta lagi svo lág upphæð á ferðinni að jafnvel þótt hún kæmi til greiðslu breytir það afar litlu. Í öðru lagi mætti ganga frá þessu með svipuðum hætti og gert hefur verið undanfarin ár ef menn vildu upphefja ákvæðið um framlag ríkissjóðs, þ.e. að gera það með „þrátt-fyrir"-ákvæði.

Í 12. til og með 14. gr. er fjallað um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Um það efni segir minni hlutinn í nál. sínu að hann sjái ekki ástæðu til að leggjast efnislega gegn þeim þáttum, það megi færa fyrir því ákveðin rök að þar sé um eðlilega samræmingu á gjaldtöku að ræða þar sem að veiðieftirlitsgjald er nú lagt á aðrar greinar í sjávarútvegi. Þess vegna má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að smábátar sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagtakmörkunum, þ.e. krókabátar, borgi slíkt gjald. Þar er einnig undir sá afli sem til kemur vegna tvöföldunar á línuveiðum yfir vetrarmánuðina, nóvember, desember, janúar og febrúar, en þá er bátum sem sækja með línu heimilt að tvöfalda afla sinn innan aflamarks. Hitt er svo annað mál að afgreiðsla þessara ákvæða nú skiptir í sjálfu sér engum sköpum um tekjur vegna þess að það á ekki að koma til gjaldtaka á grundvelli þessara ákvæða fyrr en við upphaf næsta fiskveiðiárs, 1. september á næsta ári. Þar af leiðandi nemur þessi innheimta afar óverulegum upphæðum fyrir fjárlagaárið sem í hönd fer. Nægur tími hefði verið til stefnu til að lögfesta slíkar breytingar á vorþinginu. En við í minni hluta sjútvn. leggjumst sem sagt ekki gegn þessum breytingum. Við teljum þær ekki skipta þeim sköpum og auk þess megi færa fyrir þeim ákveðin sanngirnisrök.

Það er hins vegar rétt að nefna, þar sem gjaldtöku af þessu tagi ber á annað borð á góma, að á það er minnt í nál. minni hluta sjútvn. að smábátar greiða uppistöðuna af því sem greitt er vegna vegna útgáfu veiðileyfa af þeirri einföldu ástæðu að þar er um fast gjald á hvert fiskiskip að ræða, 12.500 kr. ef ég man rétt vegna útgáfu hvers veiðileyfis. Og það er lagt jafnt á lítil skip sem stór og þegar fjöldinn er hafður í huga liggur í hlutarins eðli að uppistaðan af þeirri gjaldtekju lendir á smábátum og bátum. Um 75% af öllum tekjum sem ríkið fær vegna útgáfu veiðileyfa koma frá smábátaútveginum. Þannig mætti færa rök fyrir því að gjaldtakan þar væri nú þegar fyrir hendi og allríkuleg. Að því leyti væri ekki ósanngjarnt að hlífa smábátunum áfram við þessu veiðieftirlitsgjaldi.

Greinar 15 og 16 fjalla um breytingar á lögum um Fiskistofu og lögum um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Um þetta mál hefur talsvert verið fjallað. Við áteljum það í minni hlutanum hvernig staðið er að þessum málum að það skuli vera án nokkurs samkomulags lagt til að breyta einhliða þeim samskiptum sem í gildi hafa verið milli Fiskifélags Íslands annars vegar og Fiskistofu og sjútvrn. hins vegar. Við teljum að eðlilegra hefði verið að þessir aðilar hefðu reynt að leysa sín mál með samkomulagi og síðan hefðu lagabreytingar, ef efni stæðu til, verið bornar inn í þingið í formi frumvarpa. Það er því okkar afstaða eins og fram kemur á breytingartillöguskjali að þessar greinar falli brott. Ég tek það fram, herra forseti, að minni hlutinn hefur flutt breytingartillögur á þskj. 444 og félagar mínir í efh.- og viðskn. munu gera nánari grein fyrir þeim síðar í umræðunni. Ég vil benda mönnum á að hafa þær til hliðsjónar eftir því sem ég fer í gegnum einstaka efnisþætti.

Herra forseti. Þá er komið að 17. gr., hvorki meira né minna en kirkjubyggingasjóði. Þar er það ákvæði á ferð að ríkissjóður skuli veita fé til kirkjubyggingasjóðs eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Þarna er sem sagt um varanlegt skerðingarákvæði að ræða en þetta framlag hefur verið skert eða fellt niður með sérstöku tímabundnu ákvæði nokkur undanfarin ár. Þar af leiðandi er ekki mjög mikið um það mál að segja fyrir utan þetta sem gildir um sambærilegar breytingar að við gagnrýnum formið sem hér er viðhaft. Að öðru leyti er ræðumaður tiltölulega ófróður um málefni kirkjubyggingasjóðs og treystir sér ekki í djúpar umræður um það mál hafandi ekki meiri gögn undir höndum en raun ber vitni. En að sjálfsögðu væri ástæða til þess að fyrir lægju efnislegar forsendur um það hvernig sjóðurinn er á vegi staddur og búinn undir það að mæta þessum skerðingum.

Þá er komið, herra forseti, að 18. gr. eða í raun og veru 18.–20. gr. sem er um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hér er á ferðinni, eins og segir í nefndaráliti minni hlutans, fádæma lágkúra af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er í raun og veru ekki hægt að gefa þessu nokkurt annað nafn en þetta, fádæma lágkúra. Á síðasta þingi tókst mjög góð samstaða um afgreiðslu laga sem fólu í sér ótvíræða og löngu tímabæra réttarbót að þessu leyti, þ.e. að ríkið gangist í ábyrgð fyrir greiðslum bóta til þolenda afbrota. Fólk sem orðið hefði fyrir líkamstjóni, líkamsárásum eða miska af ýmsum toga og fengi loksins eftir langa mæðu dæmdar bætur þyrfti þá ekki að sæta því að fá bætur ekki greiddar eins og raunin hefur verið undanfarin ár í mörgum eða jafnvel flestum tilvikum vegna þess að ekki

hefur náðst til þess sem brotið fremur eða þá að hann er ekki borgunarmaður fyrir bótum.

Það þarf ekki að fjölyrða um það hvernig aðstæður slíkra þolenda eru oft og tíðum, hversu viðkvæm þau mál eru og erfið og sárt að þurfa að ýfa þau upp með því að standa í langvinnum málarekstri til að ná rétti sínum ef það bætist svo við að þær bætur sem mönnum eru loksins gert að greiða fást ekki greiddar. Ég tel því að það sé í fullu samræmi við þá samfélagslegu ábyrgð á velferð þegnanna, sem við viljum trúa að enn sé við lýði í landinu, að ríkissjóður gangist þarna í ábyrgð og um það varð að lokum gott samkomulag. Lög voru afgreidd um það mál á síðasta vetri og áttu að ganga í gildi nú um áramótin og verða afturvirk þannig að bætur frá síðustu þremur árum eða svo fengjust jafnframt greiddar.

Ég tek það fram að hér er þrátt fyrir allt ekki á ferðinni ýkjamkið stórmál hvað útgjöld snertir. Að vísu er það svo að vegna afturvirkni laganna er þar um nokkra uppsöfnun að ræða. Það mun kosta 60–80 millj. kr. að lögin gildi óskert á fyrsta ári en síðan mun lægri upphæð eftir það. Ég minni á, herra forseti, að þessi lög eru ekki einu sinni eins árs gömul.

Hvað gerist þá? Þarna finnur hæstv. ríkisstjórn allt í einu tilefni til að bregða niðurskurðarhnífnum á loft og rústa þessum lögum *meira og minna áður en þau ná því að verða* árs gömul og áður en þau komast til framkvæmda. Þetta er auðvitað sérlega harkalegt í ljósi þess að nú hafa fjölmargir einstaklingar frá og með því að lögin voru sett á Alþingi á síðasta vetri beðið þess með óþreyju að þau gengju í gildi þannig að það geti náð rétti sínum og fengið sínar bætur greiddar. Það gefur auga leið að þessi skerðingartillaga raskar mjög öllum forsendum fólks sem bundið hefur vonir við að sjá loksins úrlausn mála sinna nálgast í formi þessara laga.

Herra forseti. Það þarf heldur ekki að hafa mörg orð um það hversu aumingjalegt Alþingi er í raun og veru gagnvart þessu máli ef það lætur það yfir sig ganga. Eitt af dagblöðum landsins skrifar einmitt leiðara um það, annaðhvort í morgun eða gær. Er það virkilega svo að við getum látið bjóða okkur málsmeðferð af því tagi að lög um tilteknar réttarbætur og úrbætur í samfélagi okkar sem alger samstaða er um og eru afgreidd fyrir nokkrum mánuðum séu eyðilögð á sama ári og það áður en þau ná að koma til framkvæmda? Hvað er orðið um metnaðinn í þessari stofnun, Alþingi Íslendinga, ef menn láta þetta yfir sig ganga? Hvar eru einstakir hv. þm. meiri hlutans á vegi staddir ef þeir láta ráðherra sína og ríkisstjórn komast upp með slíka hluti? Ég trúi því ekki enn, herra forseti, að þetta nái svona fram að ganga. Ég tel að hér dugi í raun og veru engar minni háttar lagfæringar. Málið snýst um það að lögin fái að gilda óskert eða ekki. Það má segja að fyrir því séu ákveðin rök að fyrsta árið sem lögin gilda verði nokkuð útgjaldasamt borið saman við kostnað af þeim þegar frá líður vegna uppsöfnunar bóta frá undanförnum árum. Gera mætti áætlun um að jafna út með einhverjum tilteknum hætti útgjöld vegna laganna t.d. tvö eða þrjú fyrstu gildistímaárin. Það mætti hugsa sér ýmsar aðferðir í því sambandi og með því að vaxtareikna bætur og annað því um líkt mætti að mínu mati ná brúklegri lendingu í þeim efnum, a.m.k. mun skárri lendingu en þeirri að eyðileggja lögin strax í fæðingu. Af tvennu illu fyndist mér jafnvel skárra að gildistökunni yrði eitthvað frestað heldur en lögin sem slík væru gerð nánast ónýt til frambúðar áður en þau ganga í gildi. Ég skora því á menn að taka þessa hluti betur til skoðunar. Nú veit ég að vísu að þetta er eitt af þeim málum sem hv. efh.- og viðskn. hefur reiknað með að fjalla betur um milli 2. og 3. umr. Það stafar væntanlega af því að hv. stjórnarliðum er þrátt fyrir allt nokkuð órótt yfir því sem hér er að gerast. Mönnum sem m.a. áttu aðild að því að afgreiða málið á síðasta þingi eða hafa staðið að flutningi þingmála á undanförnum árum sem tengdust því að ná fram þessari réttarbót, er auðvitað svolítið ómótt vegna þessa máls, það skilur maður vel. Vonandi dugar það þá til þess að menn manni sig upp í að láta ekki þetta tiltölulega litla útgjaldamál verða að ásteytingarsteini.

Það er ömurlegt ef við Íslendingar erum orðnir svo fátækir að réttarbót af þessu tagi, sem á þó ekki að kosta meira en fáeina tugi milljóna þegar jafnvægi er komið á í kerfinu, nær ekki fram að ganga sökum þess að menn telja sig ekki hafa efni á því. Er þetta þolendahópur sem sanngjarnt er að svipta þeim rétti sem þarna er verið að koma til skila? Og er þá ekki horft fram hjá því að stærsta tjónið og mesta miskann er aldrei hægt að bæta? Þar á ég við það líkams- og heilsutjón og þau andlegu áföll sem oft tengjast afbrotunum þeim sem hér eiga í hlut. Ég læt lokið umfjöllun um 18.–20. gr., herra forseti. Mér býður líka í grun að fleiri geti lagt hönd á plóginn við að rökræða þetta mál.

Í 21. gr. er enn á ferðinni mál sem heyrir undir hæstv. *dómsmrh.* Hún fjallar um að fella niður eða leggja niður tvö sýslumannsembætti í landinu, þ.e. sýslumannsembættin í Bolungarvík og á Ólafsfirði. Þetta atriði hafði verið gagnrýnt. M.a. var spurt um rök fyrir því að tína út úr þessi tvö atriði sérstaklega og níðast á þeim en ekki taka þá þessi mál í heild sinni til einhverrar samfelldrar skoðunar. Nú hefur meiri hlutinn fallist á þessar röksemdir og er fallinn frá því að leggja niður þessi embætti. Gert er ráð fyrir því að lög um skipan landsins í sýslumannsumdæmi gildi óbreytt á næsta ári en boðuð er einhvers konar heildarendurskoðun á þeim málum. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert því að auðvitað er sjálfsagt að leita hagræðingar í þessum málaflokki eins og öðrum. En þá hlýtur að koma til greina að skoða málið *í einhverju öðru samhengi en því* að velja úr tvö tiltekin sýslumannsembætti og leggja þau niður en halda öllu öðru óbreyttu. Það er t.d. spurning hvort ekki mætti þá líta aðeins á kjördæmi hæstv. dómsmrh. þar sem aðstæður eru að ýmsu leyti þægilegar, samgöngur góðar og láglent og greiðfært yfirferðar. Þar gæti hugsanlega komið til mála að sameina einhver sýslumannsembætti ef menn eru að þessu á annað borð. En af einhverjum ástæðum hafði hæstv. ráðherra ekki séð neitt grand í því að hrófla við þessum hlutum á Suðurlandi þótt hann gæti hugsað sér að leggja til hagræðingu í fjarlægum landshlutum.

Ég vona sem sagt að þetta sé til marks um það að menn ætli að reyna að ná áttum í þessum efnum og vanda betur til *vinnubragða verði á annað borð farið á flot með þetta aftur* á nýju ári.

Herra forseti. Þá er komið að 22. og 23. gr. frv. Þar eru á ferðinni ákvæði úr tvennum lögum sem varða málefni fatlaðra. Það er í fyrra lagi breyting á lögum um málefni fatlaðra sem varðar meðferð ráðstöfunarfjár Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1996 og í seinna tilvikinu er um að ræða ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila með síðari breytingum. Þá mun hæstv. félmrh. að sjálfsögðu vera hér viðstaddur. (**Félmrh.:** Hann er hér.)

Varðandi fyrra ákvæðið vekur það athygli að þar er ekki lögð til varanleg breyting á lögunum um Framkvæmdasjóð fatlaðra heldur gildir það tímabundið fyrir árið 1996, þrátt *fyrir ákvæði gagnvart 40. gr. laganna um að verja megi allt að*

40% ráðstöfunarfé til tiltekinna rekstrarverkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra á því ári. Þetta er kunnuglegt ákvæði og væri ekki út af fyrir sig tilefni af okkar hálfu í minni hlutanum til að gera við þetta miklar athugasemdir aðrar en þær að vara við þeirri þróun sem þarna er á ferðinni, að menn eru að taka sífellt meira af þessu fé til rekstrar og minna til uppbyggingar en það er því miður ekki því að heilsa að þeim málum sé alls staðar lokið eða þeim málum sé komið í gott horf.

Hitt er alveg sérstaklega ámælisvert sem lagt er til í 23. gr. frv. en það er, herra forseti, að þrátt fyrir ákvæði laganna um erfðafjárskatt, sem gerir ráð fyrir honum sem tekjustofni fyrir þennan málaflokk, skulu allar tekjur af erfðafé umfram 257 millj. kr. á næsta ári renna í ríkissjóð. Hér er um að ræða stórfellda upptöku ríkissjóðs á þessum tekjum málaflokksins Fatlaðir. Það munu vera um 133 millj. kr. sem renna í ríkissjóð á næsta ári samkvæmt tekjuáætlun Framkvæmdasjóð fatlaðra sem lögð var fram í efh.- og viðskn. og var ætlunin að yrði í fylgiskjölum. Við höfum ekki flett því nógu vandlega hvort svo er en ég get þó a.m.k. upplýst að sú tekjuáætlun er nokkuð sérkennileg.

Hún byggir á því að tvær upphæðir upp á 80 millj. kr. renni í sjóðinn á næsta ári og framlög erfðafjárskatts séu skert sem því nemur, þ.e. að inneign Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá fyrra ári eða tekjur umfram áætlun upp á 80 millj. kr. verði notaðar á árinu 1996 til að lækka framlögin sem því nemur með skerðingu í ríkissjóð. Það sem er þó verra að mínu mati er það að það sama á að gera við söluhagnað af Sólborg, nokkurn veginn upp á krónu, þ.e. að 80 millj. kr. tekjur sem málaflokkurinn fær vegna sölu eignanna á Sólborg verði látnar standa undir rekstri og framkvæmdum hjá sjóðnum á næsta ári en ríkisframlagið eða tekjustofn sjóðsins skertur í ríkissjóð um sömu upphæð. Ég spyr hæstv. félmrh. hvort hann sé ekki með neitt samviskubit út af þessari málsmeðferð og satt best að segja ætlaði ég ekki að trúa mínum eigin augum þegar ég sá hvernig hér væri í pottinn búið, hvernig fjárhagsáætlun framkvæmdasjóðins var sett upp á næsta ári vegna þess, herra forseti, að Sólborg var sjálfseignarstofnun í byrjun og reist að mestu leyti fyrir gjafafé, áheitafé, safnanir og sjálfsaflafé. Ég er ekki viss um að það fólk sem gaf jafnvel heilu íbúðirnar á sínum tíma til þess að byggja upp þessa aðstöðu fyrir fatlaða á Norðurlandi hafi ætlast til þess að í fyllingu tímans yrði henni stolið af ríkinu með þessum hætti. Ég held ekki, herra forseti. Úr því að fallist var á það á annað borð að afhenda eignir Sólborgar með þeim hætti sem gert var er algert lágmark að þær renni saman við rekstur svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og inn í málaflokkinn sem slíkan. Þegar að því kemur að þær ganga undan þessum málaflokki og eru seldar á það fé að renna til einhverrar nýrrar viðbótaruppbyggingar á þessu málefnasviði. Það liggur alveg í hlutarins eðli að ef það er ekki gert þá er verið að gera þetta gjafafé upptækt og það er að mínu mati mjög ámælisvert siðferðislega að standa þannig að málum. Með þessari skerðingu er ríkissjóður að hirða þessa eign sem var eins og ég sagði áðan að miklu leyti byggð upp fyrir samskot, gjafir og áheit. Ég veit ekki hver verður málsvörn hæstv. félmrh. í þessum efnum. Maður þekkir auðvitað hið hefðbundna, klassíska hugarfar fjmrh. sem er á höttum eftir peningum alls staðar og skiptir yfirleitt ekki máli hvaðan er tekið í hvert eitt skiptið. Ég þekki nokkuð til mála í þessu tilviki og verð að segja eins og er að mér þykir ákaflega sárt að sjá þetta meðhöndlað svona og dapurlegt og ég hefði einhvern tíma ekki trúað því að mönnum dytti þetta í hug eins og í pottinn er búið með þessi mál.

Herra forseti. Ég held að ég láti þetta að mestu leyti duga um þann málaflokk sem snýr að málefnum fatlaðra. Þessi hópur fær glaðninginn frá hæstv. ríkisstjórn á fjölmörgum stöðum í frv. fyrir utan þetta sem hér er á ferðinni. Umfjöllun um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra er sérlega ósanngjörn og skerðingar af ýmsu tagi bitna á öryrkjum og öðrum slíkum hópum í þessu frv.

Herra forseti. Næst verða fyrir okkur ákvæði um Bjargráðasjóð í 24. gr. Þar er á ferðinni að gera tiltölulega hefðbundið „þrátt-fyrir"-ákvæði varanlegt og vísast til þess sem áður hefur verið sagt í sambærilegum tilvikum um þau mál.

Herra forseti. Næst koma breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum í 25.–29. gr. Þetta er stórmál og grundvallarbreyting og hefði að sjálfsögðu átt að meðhöndla það í sjálfstæðu frv. sem nægur tími hefði gefist til að fjalla um á Alþingi. Það sem hér er á ferðinni er að annars vegar eru tekin út í 25. og 27. gr. ákvæðin um bein framlög ríkissjóðs inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og hins vegar er í 28. gr. aftengd eða afnumin sú viðmiðun atvinnuleysisbóta við launaþróun sem verið hefur í gildi um langt árabil.

Þá er komið að þeirri grundvallarkerfisbreytingu sem einna mestur ágreiningur er um í tengslum við þetta mál og á það bæði við um efnið sjálft, innihaldið í þessu, sem við erum ósammála en þó ekki síður formið og aðferðina sem hér á að viðhafa við að gera róttæka grundvallarbreytingu á einni af máttarstoðum og undirstöðum velferðarkerfisins í landinu.

Herra forseti. Þau rök sem hæstv. ríkisstjórn hefur fært fram í þessum efnum að verið sé að afnema skaðlega vísitölutengingu eða sjálfvirkni sem sé til óþurftar í málum af þessu tagi standast ekki þegar betur er að gáð nema það sé orðin sjálfvirkni í hugum hæstv. ríkisstjórnar að menn skuli yfirleitt fá að semja um kaup og kjör og bæta kjör sín. Auðvitað má segja að það sé ákveðið form af sjálfvirkni að verkalýðshreyfingin skuli hafa samningsrétt og hún skuli þar af leiðandi geta barist fyrir því að launin þróist í takt í grófum dráttum við verðmætasköpun í landinu. Það er þá ákveðin sjálfvirkni en það er þá um slíka sjálfvirkni að ræða því að auðvitað er það ekki sjálfvirkni eða einhver ósanngjörn tilhögun í þjóðfélaginu að lífskjör ákveðins hóps sem þarf á stuðningi að halda vegna tímabundinna erfiðleika, sem er sá að missa atvinnu sína, taki mið af öðrum lífskjörum í landinu. Vilja menn hafa þetta einhvern veginn öðruvísi? Vilja menn hafa einhverjar reglur í gangi sem tryggja það að þegar t.d. lífskjör batna í landinu fái sumir hópar ekki að njóta þess bata? Það er það sem menn eru að segja. Við viljum ekki að lífskjör atvinnulausra, ellilífeyrisþega eða öryrkja þróist í takt við annarra í landinu. Við viljum a.m.k. hafa frelsi til þess að láta þetta vera einhvern veginn öðruvísi. Væri svo sem í lagi að fyrir lægi yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar um að þeir vildu losa um þessi tengsl og þessa viðmiðun til þess að hækka atvinnuleysisbætur og ellilífeyri vegna þess að þeir teldu þá hópa búa við of slök kjör svo að ekki sé minnst á öryrkja sem eiga að mörgu leyti einna erfiðast í þessu sambandi. En því er ekki aldeilis að heilsa, herra forseti, vegna þess að yfirlýstur tilgangur strax á fyrsta ári þessara breytinga samkvæmt fjárlagafrv. var sá að skerða bæturnar og það þurfti að berja ríkisstjórnina til þess í tengslum við framlengingu kjarasamninga að hækka

þessa liði þannig að lífskjör þessara hópa þróuðust í takt við kjör annarra launamanna í landinu á næsta ári. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það hvað vakti fyrir hæstv. ríkisstjórn. Hún ætlaði að afnema þessa tenginu, þetta öryggisnet undir velferðarkerfinu til þess að skerða lífskjör þessara hópa sérstaklega. Eru menn eitthvað hissa á því þó að þetta verði að pólitísku átakamáli? Það væri eitthvað illa komið ef enginn nennti að vakna til meðvitundar út af málum af þessu tagi, segi ég bara og kosti það það sem það kosta vill.

Málið verður enn sérkennilegra þegar það liggur alveg fyrir að vegna þess að það tókst að knýja ríkisstjórnina til að hækka grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta og ellilífeyris þannig að þær taki tilteknum breytingum og tiltekin viðmiðunarlaun um áramótin skiptir þetta atriði ekki lengur máli í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það er í raun orðið þeim óviðkomandi vegna þess að þær bótafjárhæðir sem nú hafa verið ákveðnar yrðu í grófum dráttum eins þó að viðmiðunarákvæðin héldust í lögum. Hver er þá orðin réttlætingin fyrir því að vera með þetta inn í þessu frv.? Hún er engin. Hér er í fyrsta lagi um varanlega breytingu að ræða sem hefur ekki verið venjan að hafa í bandormum eða lánsfjárlögum og hér er í öðru lagi um að ræða pólitíska breytingu sem er ekki tengd afgreiðslu fjárlaga. Það eru ekki heldur þau rök þannig að í tvöföldum skilningi er mjög óeðlilegt að hæstv. ríkisstjórn sé að halda því til streitu að hafa þessi ákvæði þarna inni.

Herra forseti. Ég vil svo að síðustu um þennan þátt málsins gera eitt enn að umtalsefni og það er að ég óttast það mjög að menn séu að halda út á mjög ógæfulega braut í samskiptum þessara aðila í þjóðfélaginu, að þetta kalli á árviss illindi og átök um ákvörðun þessara bótaliða. Í staðinn fyrir að um þetta hefur ríkt þokkaleg sátt undanfarin ár vegna þess að ákvæði laganna hafa sjálfkrafa tryggt að lífskjör þessara hópa þróuðust í takt við það sem gerist í þjóðfélaginu. Þá hefur verið um þetta sæmilegur friður og það hefur ekki þurft að standa í deilum við afgreiðslu fjárlaga í hvert skipti um það hverjar atvinnuleysisbætur skyldu verða á næsta ári eða elli- og örorkulífeyrir vegna þess að það mál hefur verið leitt til lykta sjálfkrafa með tiltekinni viðmiðun. Eru menn virkilega að biðja um það ástand að um þetta verði átök á hverju einasta ári, að það verði núningur og deilur um þetta í hvert einasta skipti eða hvað eru menn að fara fram á? Sumir segja að það sem er hér að gerast sé það að hæstv. forsrh. vilji fá gildari skiptimynt í sambandi við kjarasamningagerð í þjóðfélaginu á komandi árum. Hæstv. ráðherra hafi áttað sig á því að stundum er hægt að kaupa framlengingu á kjarasamningum með því að bæta aðeins í atvinnuleysisbætur, ellilífeyri o.s.frv. og þess vegna þyki mönnum þægilegra af tæknilegum ástæðum að hafa þetta þannig að þeir hafi þetta í hendinni í hvert skipti og geti þá notað það sem gulrót að skammta lífskjör þessara hópa í þjóðfélaginu í tengslum við einhverjar slíkar æfingar á vinnumarkaði eða í ríkisfjármálum.

Þetta finnst mér, herra forseti, heldur ógeðfelldur hugsunarháttur svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þetta er ógeðfelldur hugsunarháttur og ógæfuleg breyting sem hér er farið út í. Ég spái illa fyrir þessum breytingum. Ég spái því að þær geti ekki haft annað í för með sér en það að þeir hópar sem hér eigi í hlut reyni að þétta raðirnar og reyni að mynda hagsmunasamtök til að berjast fyrir sínum kjörum. Þeir eiga í raun og veru engan annan kost ef þessi breyting verður gerð. Finnst okkur það þá líka æskileg þróun að samtök fatlaðra og félög aldraðra þurfi að breytast í hálfgerð stéttarfélög, úr þeim tiltölulega faglegu baráttusamtökum sem þau hafa verið sem fyrst og fremst hafa staðið vaktina í sambandi við ýmis réttindamál og umbótamál varðandi aðstæður síns fólks. Það hlýtur að vera það sem gerist vegna þess að það sem blasir við þessum hópum er þá bara grímulaus hagsmunabarátta, launabarátta, lífskjarabarátta á hverju einasta ári. Það kemur auðvitað að því að lokum að menn spyrja: Verða þá ekki þessir aðilar bara að fá samningsrétt gagnvart ríkinu hvernig sem hann yrði útfærður? Nei, herra forseti. Ég held að þetta sé heldur ógæfulegt og ég blæs á einhver málamyndarök um að með þessu vinnist eitthvað í sambandi við afnám einhverrar sjálfvirkni. Sjálfvirkni hvað? Hvaða sjálfvirkni er það að þegar búið er að semja um kjarabætur á almennum vinnumarkaði, þá þróist lífskjör þessara hópa í takt við það? Það er bara rugl. Ef forsendur eru fyrir þessum kjarabótum í þjóðfélaginu eða breytingum á launasummunni, hljóta að vera sams konar forsendur fyrir því að þessir hópar njóti þess.

Að síðustu vil ég líka segja það, herra forseti, að ef menn telja vandann í sambandi við atvinnuleysisbæturnar vera að viðmiðunin sé óheppileg, er hægt að breyta því sem sjálfstæðu máli án þess að rjúfa þessa tengingu eða þetta samhengi hlutanna. Sumir segja að það sé ekki skynsamlegt að atvinnuleysisbætur taki mið af einum tilteknum launataxta fiskvinnslufólks eins og þetta mun vera. Það geti leitt til þess t.d. að í kjarasamningum komi upp sú tilhneiging að reyna að halda akkúrat þessum taxta niðri vegna þess að í takt við hann verða mikil útgjöld í samfélaginu. Þá segi ég einfaldlega: Þá skulum við breyta því. Þá skulum við finna aðra og breiðari viðmiðun, t.d. taka meðaltal af mörgum kauptöxtum eða gera það með einhverjum öðrum hætti meira í takt við það sem er með elli- og örorkulífeyrinn þannig að það sé í grófum dráttum einhver almenn launavísitala sem miðað sé við. Þetta er tæknilegt mál, útfærsluatriði sem engin vandi er að leysa með öðrum hætti en þeim að fórna þessu samhengi hlutanna.

Herra forseti. Ég ítreka enn og aftur mótmæli okkar við því hvernig hæstv. ríkisstjórn er að standa að málum. Það er alveg ömurlegt ef það er rétt að hæstv. forsrh. sé meira og minna einn sem minni hluti að kúga þingið í þessum efnum því að sú saga flýgur fyrir að hv. stjórnarliðum mörgum þyki mjög slæmt að þurfa að standa að þessum breytingum. En þeir reisa ekki rönd við ofurefli hæstv. forsrh. sem heimtar að þetta verði svona og standi svona í frv. hvað sem tautar og raular jafnvel þó að það sé hætt að hafa nokkurt útgjaldagildi eða nein praktísk áhrif í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þar er sko sannarlega minni hluti að kúga meiri hlutann ef hæstv. forsrh. einn sem er einn sextugasti og þriðji af þinginu kúgar alla hina sextíu og tvo. Að vísu flaug sú saga fyrir í nótt að hæstv. utanrrh. hefði að einhverju leytið hlaupið undir bagga með hæstv. forsrh. og kemur svo sem ekki á óvart þó að Framsókn birtist í því gervi hér en hún er eins og kunnugt er í einu allsherjarhjálparkokkshlutverki með íhaldinu um þessar mundir.

Þá, herra forseti, næst að breytingu á lögum um almannatryggingar, greinum 30 til og með 36. Þar get ég mjög stytt mál mitt vegna þess að flestar þær röksemdir sem ég hef fært gegn breytingu á viðmiðunum atvinnuleysisbóta eiga hér einnig við og í raun og veru allar að því undanskildu að það er rétt að hafa í huga að viðmiðunin er nokkuð önnur samkvæmt almannatryggingalögunum heldur en í lög-

unum um atvinnuleysistryggingar. Við erum að sjálfsögðu algerlega andvíg þessari breytingu á högum elli- og örorkulífeyrisþega. Það má segja að hún sé enn þá víðtækari árás á mikilvæga undirstöðu velferðarkerfisins en breytingin á atvinnuleysisbótunum því að vonandi verður það svo í framtíðinni að atvinnulausir verða færri en þessi stóri hópur sem þarna á réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar í heild sinni. Þar af leiðandi er þetta breyting sem snertir enn þá fleiri. Þegar talsmenn Samtaka aldraða á höfuðborgarsvæðinu komu til efh.- og viðskn. lögðu þeir áherslu á eitt í sambandi við þetta mál sem ástæða er til að minna á. Það er öryggisleysið sem þessum breytingum fylgir fyrir gamalt fólk. Við þekkjum það væntanlega að eitt af því sem getur verið erfitt í sambandi við ellina er það að menn geta farið að kvíða hlutum sem áður hefðu kannski ekki vaxið mönnum mjög í augum. Öryggið, m.a. um afkomu, skiptir menn æ meira máli til þess að geta eytt ævikvöldinu áhyggjulaust. Og það má segja að þrátt fyrir deilur um það hvort lífskjör þessa hóps, ellilífeyrirnir sem slíkur sé fullnægjandi, þá hafa menn a.m.k. búið við öryggi að því leyti til að þeir vissu að þeir fengju hann og hann mundi þróast í grófum dráttum í takt við verðlagsbreytingar og launabreytingar. Þetta öryggi á nú að svipta þennan fjölmenna hóp. Ég skil mjög vel og ég held að það sé alveg hárrétt mat hjá forustumönnum aldraðra að þetta sé ekki hvað síst áhyggjuefni í sambandi við þessa breytingu, til viðbótar áhyggjum af því að þetta verði síðan notað til þess að skerða lífskjör með beinum hætti á næstu árum eins og til stóð með fjárlagafrv.

Þá er líka rétt að hafa í huga að ríkið og almannatryggingakerfi þess er ekki eyland í þessum efnum. Það eru líka til hlutir sem heita sveitarfélög og framfærsluskylda þeirra og útgjöld til félagsmála. Hvað segir hæstv. félmrh. um samskipti sveitarfélaganna við ríkið í þessu sambandi? Veit hæstv. félmrh., sem gæti hugsanlega vitað það af ýmsum ástæðum, að útgjöld Reykjavíkurborgar til að mynda hafa þrefaldast á örskömmu árabili vegna félagsmálastofnunar? Þau stefna í að verða ef ég man rétt um 700 millj. kr. á þessu ári og skjólstæðingar félagsmálastofnunar hátt á fimmta þúsund. (**Gripið fram í:** Þar á meðal fullvinnandi fólk.) Þar á meðal að vísu fullvinnandi fólk. En einn stór hópur skjólstæðinga félagsmálastofnunar, hver er hann? Hann eru aldraðir í leiguhúsnæði. Það er óumdeilt að þeir öldruðu einstaklingar eða öldruð hjón sem ekki eiga sitt húsnæði af einhverjum ástæðum, eru ofurseld leigumarkaðnum og hafa ekki annað sér til framfærslu en bætur úr almannatryggingakerfinu, búa við mjög kröpp kjör. Úr þeim hópi er býsna algengt að fólk leiti til félagsmálastofnunar ósköp einfaldlega vegna þess að endar nái ekki saman. Þá er borgin oft að reyna að leysa vanda slíks fólks með því að útvega því ódýrara leiguhúsnæði o.s.frv.

Hvað er þá líklegt að gerist þegar ríkið með margvíslegum hætti skerðir kjör aldraðra eins og til stendur að gera nú með þessu frv. og fleirum? Hvað er líklegt að gerist með þennan hóp? Jú, hann lendir í auknum erfiðleikum og byrðarnar sem leggjast á sveitarfélögin í staðinn vaxa. Ég fullyrði það, herra forseti, að ríkið er meðvitað með skerðingum sínum í velferðarkerfinu að velta byrðunum yfir á sveitarfélögin. Hæstv. félmrh. ætti að verða maður til að koma upp og reyna að verja sveitarfélögin, a.m.k. mótmæla því að samskiptin gerist þannig að ríkið velti þarna byrðunum einhliða yfir á sveitarfélögin án nokkurs samráðs við þau. Það verður fróðlegt að vita hvort hæstv. félmrh. leggur það á sig og sinn skrokk að fara í ræðustólinn og gera grein fyrir viðhorfum sínum til þessara mála.

Eitt að lokum, herra forseti, vil ég segja við hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er það að hæstv. ráðherra hefur mikið talað um endurskoðun almannatryggingalaga. Hæstv. ráðherra grípur oft til þess í erfiðleikum sínum t.d. í ræðustólnum en þeir eru nokkuð umtalsverðir. (**ÁRJ:** Til að stoppa góð mál.) Jafnvel til að stoppa góð mál grátbiður hún menn um að hafa skilning á því að þetta eða hitt eigi betur heima í endurskoðun almannatryggingalaganna og það sé betra að halda áfram að veita bílakaupalán á hæpnum lagagrundvelli og lagfæra svo það mál í endurskoðun almannatryggingalaganna. Og það sé ekki rétt að hrófla við þessu eða hinu af því að það eigi að endurskoða almannatryggingalögin. En hvar er endurskoðunin, hæstv. ráðherra, þegar kemur að þessari grundvallarbreytingu á almannatryggingalöggjöfinni, þeirri langviðamestu sem við höfum séð um langt árabil? Nei, þá er engin endurskoðun. Þá er ekki ástæða til þess að ónáða hina virðulegu endurskoðunarmenn með því að fjalla um þetta af því að þetta skiptir væntanlega engu máli eða hvað. Auðvitað er þetta alveg ótrúlegur málflutningur, herra forseti. Ef það er eitthvað sem ástæða er til að endurskoðunarnefndin taki til skoðunar, er það auðvitað grundvallarmál af þessu tagi. Hvernig á viðmiðunin að vera til frambúðar litið? Og ég leyfi mér að spyrja, herra forseti, er líklegt að fólk nenni að sitja í þessari endurskoðunarnefnd hjá hæstv. ráðherra? Ég segi fyrir mitt leyti, ekki mundi ég nenna því. Ef mér væri sýnd þvílík lítilsvirðing að ég sæti í stjórnskipaðri nefnd til að endurskoða löggjöf í einhverjum heildarmálaflokki af þessu tagi og svo tækju menn sig upp og gerðu grundvallarbreytingar á kerfinu sem kipptu að verulegu leyti öryggisnetinu undan þeim hópum sem þar eiga hlut að máli, held ég að ég nennti nú ekki að sitja þar yfir einhverju fokki. Það segi ég alveg eins og er. Þannig að ég spái illa, því miður, fyrir afrakstrinum af þessu endurskoðunarstarfi hæstv. ráðherra ef þessir hlutir eiga að birtast manni svona. Ég tel að það sé algert lágmark að þessum ákvæðum, 35. gr. sérstaklega, verði kippt út úr frv. og vísað til endurskoðunarnefndarinnar til umfjöllunar. Það er algjört lágmark. (**ÁRJ:** Algjört skilyrði.) Algjört skilyrði. Auðvitað á að fella þessar greinar í heild sinni niður. Þær þjóna engum tilgangi og eru fyrst og fremst mjög tortryggilegar, herra forseti, í ljósi þess sem á undan er rakið.

Það er rétt að minnast á 30. gr. sem felur í sér að taka á upp sérstaka fjármagnstekjutengingu við lífeyri fólks. Með því er óbeint verið að taka upp ígildi fjármagnstekjuskatts á aldraða sérstaklega. Það er auðvitað afar sérkennileg aðferð að byrja þar áður en nokkuð gerist í sambandi við skattlagningu fjármagnstekna almennt. Það er einkennileg röð á hlutunum að ríkisstjórnin skuli hafa fundið breiðu bökin þar sem fjármagnstekjur aldraðra eru. (**JóhS:** Brot á stjórnarskránni.) Þetta er auðvitað alveg púra mismunun og varðar við jafnræðis- og jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar um að þegnarnir skuli jafnt settir.

Auðvitað er það svo að hér er ekki um algerlega hliðstæða hluti að ræða. Það skulum við viðurkenna því að við viljum halda okkur við staðreyndir málsins (**Gripið fram í:** Sanngjarnt fólk.) hér í minni hlutanum. Við erum sanngjörn og réttsýn og viðurkennum það að tenging fjármagnstekna við bætur eru ekki alveg sambærilegur hlutur og skattlagning þeirra, en þó mjög hliðstæður. Og það hlýtur að koma til skoðunar að ef fjármagnstekjuskatti yrði komið á, yrðu

aldraðir ekki látnir gera hvort tveggja, borga skatta af sínum fjármagnstekjum og missa svo bætur. Ég gef mér ekki að menn hafi hugarflug til þess. Til hvers er þá verið að þessu áður en fjármagnstekjuskatturinn kemst á sem almenn aðgerð í þjóðfélaginu? Það er engin sýnileg ástæða önnur en sú að ríkisstjórnin hefur ákveðið að krukka aðeins í kjör aldraðra. Það er engin önnur ástæða og ekkert „aðeins" því að þetta er býsna veigamikið atriði.

Nú hefur meiri hlutinn í efh.- og viðskn. að vísu fallist á að þarna sé nokkuð langt gengið að tekjur samkvæmt þessum lið skuli metnar að 70% til skerðingar og leggur til í brtt. að þetta hlutfall verði lækkað í 50. Það gæti verið að það hafi verið vegna þess, herra forseti, að við óskuðum eftir að sérfróðir aðilar reiknuðu út dæmi um jaðaráhrif í þessu kerfi, ef tekjutengdri skerðingu yrði skellt ofan á allt annað. Niðurstöðuna höfum við hér í allþykku skjali sem sjálfsagt er að ljósrita og dreifa til þingmanna, ef þess er óskað. Við höfum undir höndum í efh.- og viðskn. að jaðaráhrifin í þessu kerfi eru frá bilinu 100% niður í 70–73% á algengu tekjubili. Það segir allt sem segja þarf um hvað þarna er að gerast. Verið er að frysta alveg gjörsamlega lífskjör þessara hópa við einhverja tiltekna tölu vegna þess að jaðaráhrifin eru orðin það nærri 100% að fyrir hverja krónu sem menn hafa í tekjur, vegna annarra launa eða af fjármagnstekjum, skerðast bætur nokkurn veginn sem því nemur. Það er algjörlega vonlaus staða. Menn eru dæmdir til að sitja þarna, frystir á einhverjum tilteknum lífskjörum, þegar jaðaráhrif í bóta- eða skattkerfinu eru komin þetta nálægt 100%. Þetta þurfa menn að hafa í huga. (**Gripið fram í:** Fólk í fyrirrúmi.) Já, þetta er sennilega að hafa fólk í fyrirrúmi à la Framsókn. Gamalt fólk í fyrirrúmi að hætti Framsóknar.

Herra forseti. Ég læt þá staðar numið umfjöllun um þann þátt sem snýr að almannatryggingunum. Þetta er sennilega þyngsta ágreiningsatriðið sem hér er til umfjöllunar af öllum, líka vegna samhengisins sem það er í. Hæstv. ríkisstjórn ræðst að öldruðum úr nánast öllum áttum í senn. Þetta er machiavellísk aðferð, að koma óvininum að óvörum og ráðast að honum úr öllum áttum í senn, þá verði varnirnar minnstar. Það er líklegt að einhver af herfræðingum ríkisstjórnarinnar hafi lesið Machiavelli sáluga og kynnt sér bardagalistina sem þar er upplögð. (**JBH:** ... enginn nema menntmrh.) Það kann að vera að það sé þá helst menntmrh. sem kunni eitthvað í þeim fræðum. (**Gripið fram í:** ... riddaraliðið.) Þetta er akkúrat sú herstjórnarlist: Koma óvininum að óvörum, segja honum alls ekki frá því fyrir fram hvað ætlast er fyrir, þ.e. að tala sem minnst um það fyrir kosningar hvað standi til, og ráðast síðan á hann úr öllum áttum í senn, þegar áhlaupið er gert. Það er nákvæmlega þetta sem á við um aldraða. Þeir eru sá einstaki hópur sem fær mestar skerðingar og íþyngjandi ráðstafanir eru gagnvart honum á fjölmörgum sviðum.

Í 37.–39. gr. er fjallað um eftirlaun aldraðra. Þar, herra forseti, eru á ferðinni breytingar sem tengjast nýsettum lögum um tryggingagjald og er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um. Það leiðir af sjálfu að breyta þarf með vissum hætti uppsetningu þeirra mála hvað varðar greiðslur eftirlaunanna. Ég vísa til þess sem þar er sagt.

Í tólfta lagi í nál. minni hlutans, 12. tölusetti liðurinn, þá erum við rúmlega hálfnaðir, herra forseti, svo að ég upplýsi það, er fjallað um félagslega aðstoð. Ég er hálfnaður með hina tölsettu liði, þeir eru 19. Þar er í 40.–44. gr. fjallað um breytingu á lögunum um félagslega aðstoð. Þar er sú snilldin uppi að felld eru niður mæðra- og feðralaun með einu barni og lækkuð með tveimur og þremur börnum. Sú kostulega röksemdafærsla hefur heyrst af hálfu hv. stjórnarliða að best sé að fella niður þessar bætur því að þær séu hvort sem er svo lágar, best að fella þær bara niður. Með öðrum orðum ef einhver er farinn að fá nógu lítið er best að taka það sem eftir er af honum. Þetta er röksemdafærslan. Þetta er alveg satt. Þetta er það sem ríkisstjórnin segir, af því að þetta sé orðið svo lítið sem fólk, sem er að reyna að ala upp börn, fái sé best að taka það sem eftir er af þeim. (**KÁ:** Einstæðir foreldrar.) Einstæðir foreldrar. Þetta er sem sagt umhyggjan fyrir þeim. Það er rétt að vekja athygli á því að þessi breyting, sem var lymskulega kynnt sem ákvörðun um það eingöngu að fella niður bæturnar með einu barni, felur í sér skerðingu á bótum með öðru og þriðja barni. Sú upphæð sem fyrir hendi var gagnvart fyrsta barni lagðist ofan á bætur með hinum. En nú er hún tekin af yfir línuna. (**LB:** Hvaða fólk var í fyrirrúmi?) Þetta eru einstæðir foreldrar í fyrirrúmi à la Framsókn. Þetta er útfærslan á kosningaloforðunum „fólk í fyrirrúmi" þegar einstæðar mæður og feður eiga í hlut. (Gripið fram í.) Það hefur orðið mikill fellir á ráðherrum, herra forseti, þunnskipaðir bekkirnir.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa að hann hefur orðið við beiðni hv. þingmanna sem óskuðu þess að ráðherrar væru við umræðuna. Níu hæstv. ráðherrar eru staddir í húsi. Það er einungis hæstv. iðn.- og viðskrh. sem verður fjarverandi fram eftir deginum.

Forseti vill enn fremur upplýsa hv. þm. sem hefur talað frá því kl. tíu mín. fyrir tvö ...)

Það er rangt.

(**Forseti** (GÁ)**:** ... að vísu með hléum, að það eru níu hv. þingmenn á mælendaskrá sem óska eftir að halda stuttar og snarpar ræður.)

(**JóhS:** Langar, langar.) (**KÁ:** Þetta er misskilningur hæstv. forseta.) (**ÓRG:** Hvað kom þetta fyrirspurn ræðumanns við, hæstv. forseti?)

Ég þakka forseta kærlega fyrir þessa gagnmerku athugasemd eða skýrslu, ef ég má leyfa mér að kalla svo. Ég mun að sjálfsögðu hafa þetta til hliðsjónar í máli mínu í framhaldinu. Ég skildi þetta sem svo að forseti væri óbeint að beina til mín því að ég skyldi taka mér allan þann tíma sem ég þyrfti þar sem aðrir ræðumenn ætluðu að tala mjög stutt. (**Gripið fram í:** ... hlýtur að skilja þetta þannig.) Ég gat ekki skilið þetta öðruvísi. (Gripið fram í.) Forseti var sérstaklega að koma þeim skilaboðum til mín að það væri í góðu lagi þar sem hann hefur upplýsingar um að aðrir ræðumenn ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í sal. Ræðumaður heldur áfram ræðu sinni.)

Ég þarf þá líka að fá frið fyrir bjöllunni, herra forseti, (Gripið fram í.) ef ég á að geta haldið áfram. (**JóhS:** Og hæstv. ráðherra inn í salinn.)

Herra forseti. Það er sem sagt þannig að ég var að reyna að komast af stað við að fjalla um ákvæðin næst á eftir breytingum á lögum um félagslega aðstoð. Ég tel þau dæmi sig nú þannig sjálf að ekki þurfi að hafa mörg orð um þau. Þetta eru 40.–44. gr. Við leggjum einfaldlega til að þær falli brott og það gildi óbreytt ákvæði um þetta efni í lögum.

Þá er komið að 45. gr. sem fjallar um lög um málefni aldraðra og þar er komið að sambærilegri viðmiðunargrein og við höfum áður verið að ræða um. Þarna er lagt til að ríkissjóður muni hér eftir ákveða einhliða með fjárlögum hverju sinni hvaða fé Framkvæmdasjóður aldraðra hefur á

hverju ári. Það skuli orðast þannig að hlutverk sjóðsins sé að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga.

Nú er það þannig, herra forseti, að Framkvæmdasjóður aldraðra er fjármagnaður með nokkuð sérstökum hætti. Lagður er á svokallaður nefskattur sem er afar sérstakt fyrirbæri og hann rennur til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Fyrir þann tekjustofn átti að og hefur í verulegu mæli verið byggt upp í þágu málefna aldraðra. Nú var umdeilt mál á sínum tíma að leggja á nefskattinn. Ég veit ekki hversu gott minni, herra forseti, — nú, nú er kominn nýr forseti. Þá versnar í því. Ég er búinn að eiga mjög hlýleg orðaskipti við forsetann sem áður sat á forsetastóli en honum var orðið órótt undir lokin, þeim hæstv. forseta. Ég sé að hann hefur látið leysa sig af og ég óska nýjum forseta (**Gripið fram í:** Gæfu og gengis.) gæfu og gengis í störfum og velfarnaðar. (**Gripið fram í:** Gleðilegs árs.) Það er hugsanlegt að ég eigi fleiri tækifæri til að koma því á framfæri við forseta undir lok ræðunnar (**KÁ:** ... lýkur ræðunni þá?) þegar nær dregur áramótum.

Ég var þar staddur, herra forseti, að nefskatturinn var á sínum tíma auðvitað mjög umdeilt mál. Menn hefðu, held ég, aldrei unað því að hann yrði lagður á og væri við lýði sem slíkur með þeim hætti sem raun ber vitni nema vegna þess að þessi fjáröflun var í þágu mjög sérstaks málefnis, þ.e. uppbyggingar fyrir aldraða. Nefskattur er skattur sem lagður er á hvern og einn skattskyldan landsmann án tillits til tekna eða aðstæðna að mestu leyti og er þar með sem slíkur afar hæpinn tekjustofn, a.m.k. ef hann er lagður á í einhverjum umtalsverðum mæli. Ef þar er umtalsverð fjárhæð á ferðinni. En þessu hafa menn unað bærilega fyrst og fremst vegna þess að málefnið er gott. Nú ætlar hæstv. ríkisstjórn að skerða þetta. Sjálfstæði tekjustofnsins eða málaflokksins sé afnumið og málin sett í þennan farveg.

Næst eru það 47.–50. gr., herra forseti, um lög á sviði heilbrigðismála. Þar er verið að troða inn í þennan bandorm ákvæðum um alls óskyld mál, öllu sem varðar útgjöld ríkisins, þ.e. hvernig stjórnir heilsugæslustöðva skuli skipaðar og hvert skuli vera kjörtímabil þeirra o.s.frv. Hér eru á ferðinni 100% fagleg mál innan heilbrigðisgeirans. Maður spyr sig náttúrlega að því: Hvað dettur mönnum næst í hug? Af hverju skutla menn ekki breytingum á stjórnarskránni með í næsta bandorm eða ákveða að leggja niður Grænlandsverslunina eða eitthvað svoleiðis? Menn geta alveg eins tekið slíka hluti inn í hann. Þetta á bókstaflega ekkert skylt við neitt sem lýtur að fjárhagslegum málefnum ríkisins, með hvaða hætti stjórnum heilsugæslustöðva er skipað. Það segir sína sögu um það út á hvaða braut menn eru að lenda, hvert þessi þróun mun leiða ef hún heldur áfram sem horfir nokkur ár í viðbót. Þá verður þetta þannig, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, herra forseti, að bráðum verður bara lagður fram einn bandormur að hausti og annar að vori. Öll löggjafarstörf vera komin í það far.

15. liðurinn lýtur að 51. gr. frv. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Það á að leggja niður ákvæðin um gæsluvistarsjóð. Er þar vísað til þess að í tengslum við afgreiðslu laga um áfengismál á síðasta vori voru sett inn ákvæði um sérstakan forvarnasjóð og honum tryggðar ákveðnar tekjur. Þarna verður endingarstutt í hinum fögru fyrirheitum eins og víðar. Auðvitað var hugsunin sú að sjóðurinn yrði til viðbótar því sem fyrir var í þeim efnum og að ekki yrði ekki farið að leggja niður forvarnir eða forvarnatæki sem fyrir voru. Að vísu er það svo að gæsluvistarsjóður mun ekki hafa sinnt mikilvægu verkefni upp á síðkastið en hann hefur þó verið þarna til. Rétt að minna á þetta í samhengi við afgreiðslu málsins.

Þá, herra forseti er komið að 52.–55. gr. um samgöngumál. Nú var upplýst að hæstv. samgrh. hefði fallið frá fjarvist sinni í dag og væri kominn í húsið. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherra verði gert viðvart um að nærveru hans sé óskað. Til upplýsingar sígur nú mjög á seinni hluta frv. því að það er ekki nema 62 greinar eins og kunnugt er.

Fyrst undir liðnum samgöngumál er að nefna 52. og 53. gr. Þær fjalla um skipulag ferðamála. Þar er lagt til að með varanlegum hætti verði horfið frá því að tekjustofn Ferðamálaráðs skuli taka mið af umsvifum í ferðaþjónustu, nánar tiltekið sölutekjum Fríhafnarinnar í Keflavík. Þannig hefur sú viðmiðun verið undanfarin ár. Að vísu hefur hún verið skert í verulegum mæli og sérstaklega á síðustu árum í tíð núv. hæstv. samgrh. hefur óbreytt krónutala runnið til þessa málaflokks nú fimm ár í röð. Það er öll frammistaðan af því sem hæstv. samgrh. hefur af að státa í því efni. (**JóhS:** Hvar er ráðherrann?)

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill geta þess að ráðherrans er leitað í húsinu og kemur hann væntanlega að vörmu spori.)

Það hlýtur að takast að finna hæstv. ráðherra úr því að hann er í húsinu. Það eru ekki svo margar vistarverur í þessu litla þinghúsi okkar að svo stór maður eins og hæstv. samgrh. geti leynst lengi.

Herra forseti. Ég þarf svo sem ekki að bíða eftir samgrh. varðandi þessa þætti því að þeir eru nokkuð gamalkunnir. Ég læt nægja að undirstrika að frammistaðan er að þessu leyti til mjög slök hjá hæstv. ráðherra. Málaflokkurinn ferðamál og ferðaþjónusta hefur vaxið mikið að umfangi á síðustu árum. Sem betur fer eru menn að uppskera þar uppbyggingarstarf frá umliðnum árum og mikla landkynningu af ýmsum toga en kannski fyrst og fremst það að Ísland er einstakt land og selur sig að miklu leyti sjálft. (**KÁ:** Þetta er kolröng forgangsröð hjá ríkisstjórninni.) Að skerða þetta svona? Að sjálfsögðu og ég ætladi reyndar að koma að því að það er ömurlegt að á þessum lið skuli frammistaðan vera eins og raun ber vitni vegna þess að það er ekki búið að halda svo fáar ræðurnar um það að eitt af því sem einmitt geti gefið af sér aukin verðmæti, tekjur og störf í framtíðinni séu ferðamálin. Ég hygg að það alvarlegasta í þeim efnum sé vanræksla gagnvart viðbúnaði og móttöku ferðamanna á mörgum fjölsóttum og vinsælum ferðamannastöðum, ekki síst inni á hálendinu. Ferðamálaráð hefur verið nánast máttlaust gagnvart því að sinna þeim verkefnum sökum fjárskorts og ekki batnar ástandið ef hér eru í bígerð enn meiri skerðingar á komandi árum.

Í 54. gr. er fjallað um hafnalög. Þar eru á ferðinni ákvæði um að tekjur til Hafnabótasjóðs skuli frá og með breytingu þessari ráðast af niðurstöðu fjárlaga hverju sinni en ekki vera einhver tiltekin föst fjárhæð í sjóðinn. Að vísu hafa verið skerðingarákvæði í gangi á tekjustofnum Hafnabótasjóðs undanfarin ár en hér gilda þó a.m.k. sömu athugasemdir og annars staðar gagnvart formi málsins.

Þessi þrenn lög um ferðamál eru hér undir og er þá það langmest að í 51. gr. er sett inn skerðingarákvæði gagnvart flugmálaáætlun. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. samgrh. komi hér. Og er hann þá staddur í dyrunum í þeim töluðum orðum. Hæstv. ráðherra er að taka sjálfum sér mikla gröf með þessari útreið sem hann ætlar að láta yfir sig ganga í samgöngumálum. Sennilega er þar útkoma verst hvað flugmálin snertir. Flugmálaáætlun á í grófum dráttum að skera

niður um helming. Það á að slátra flugmálaáætluninni og það liggja fyrir upplýsingar um að það hlýtur að hafa í för með sér gríðarlega mikla erfiðleika og mikla röskun á öllum framkvæmdum og öllum áætlunum á þessu sviði.

Ég held að það séu, herra forseti, engin dæmi um einn einstakan málaflokk á framkvæmdasviðinu sem fær jafnhrikalega útreið og flugmálin og er það þó þannig að það er oft til þess vitnað að fáar þjóðir ef nokkrar séu jafnháðar flugi eins og Íslendingar, bæði innan lands og milli landa. Það fljúga mjög fáar þjóðir í heiminum neitt í líkingu við það hvort sem heldur er mælt í ferðatíðni á íbúa eða flugkílómetrum eins og Íslendingar gera. Ég hugsa að það sé enginn einn hópur í heiminum sem flýgur yfirleitt meira en Íslendingar gera að meðaltali nema atvinnuflugmenn og geimfarar. Það stafar ósköp einfaldlega af því að landið er eyja úti í miðju Atlantshafinu og landið er stórt og miklar flugsamgöngur eru innan lands þannig að flugmálin eru afar mikilvægur málaflokkur og þær eru hluti af því að hér séu nútímalegar samgöngur, greiðar og skjótar, þannig að menn komist milli áfangastaða og geti verið fullgildir þátttakendur í nútímasamfélagi. Þetta hafa hugsandi menn fyrir löngu uppgötvað og framsýnir menn börðust fyrir því á sínum tíma fyrir tæpum 10 árum að sett var af stað myndarleg áætlun um uppbyggingu í flugmálum og til þess að komast eitthvað áleiðis í þeim efnum var tekinn upp markaður tekjustofn til að standa undir framkvæmdunum. Hann er þannig úr garði gerður að í raun og veru fól hann í sér hreinar viðbótarálögur á flugrekstur og flugfarþega. Menn létu það yfir sig ganga vegna þess að það var svarið og sárt við lagt að þessum tekjum yrði öllum varið til uppbyggingar í flugmálum.

Herra forseti. Hefur forseti nokkra hugmynd um hvaða bók hæstv. samgrh. er að lesa? Það er alltaf gaman að vita hvaða jólabækur eru mest í tísku, en kannski eru þetta fornrit sem hæstv. ráðherra er að rýna í? Alla vega er hæstv. ráðherra djúpt hugsi. En það er í samræmi við þá virðingu sem hæstv. ráðherra sýnir málaflokkum sínum að hann nennir að sjálfsögðu ekki að hlusta á umræður um þá á Alþingi, enda lélegur ráðherra eins og ég er hér að sýna fram á með máli mínu.

Herra forseti. Ég held að í ljósi þessarar forsögu málsins og hvernig tekna er aflað til flugmálaáætlunar, hvernig pólitískar kringumstæður þess máls voru á sínum tíma og hafa hingað til verið, þá sé þetta alveg óvenjulega löðurmannleg atlaga sem þarna er á ferðinni gagnvart flugmálunum. Ég minni enn á að í þessu sambandi er verið að gera t.d. flugfarseðlana í innanlandsfluginu að skattstofni. Það er verið að gera það vegna þess að álögur á flugrekendur hljóta að enda úti í verðlaginu og þar með er verið að segja að það sé réttlætanlegt að gera flugfar, t.d. frá Vopnafirði til Reykjavíkur sem ég hef stundum leyft mér að taka sem dæmi um eina lengstu og dýrastu áætlunarflugleið innan lands þar sem farseðillinn kostar líklega tæpar 20 þús. kr., að skattstofni. Ef íbúi á Vopnafirði þarf að leita sér lækninga til Reykjavíkur og á ekki annars kost en að taka flug kostar það 20 þús. kr. tæpar, svipað og helgarferð til útlanda. Ofan á það ætlar ríkið að leggja sérstakan skatt með því að skerða hinn markaða tekjustofn í ríkissjóð.

Flugmálastjóri kom fyrir efh.- og viðskn. og gerði grein fyrir því í grófum dráttum hvaða áhrif þetta hefði á framkvæmdastöðuna í flugmálunum og þau gögn eru birt með nefndaráliti minni hlutans. Það kom margt mjög athyglisvert fram í máli flugmálastjóra. Til að mynda hefur á vegum Flugmálastjórnar verið unnin 10 ára áætlun um það að koma flugsamgöngumannvirkjum og flugmálum okkar Íslendinga í það horf á 10 árum að við fullnægjum alþjóðastöðlum, stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Það kostar 5 milljarða kr. Inni í þeirri tölu eru að vísu framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli upp á á annan milljarð. Þetta mundi þýða að til þess að menn næðu þessu takmarki á 10 árum þyrftu fjárveitingarnar að vera 500 millj. á ári. Tekjustofnarnir skila um 400 millj. kr. þannig að menn væru þá ekki lengra frá því takmarki en þetta og væru með um fjóra fimmtu af tekjunum sem til þess þyrfti að standa straum af svona útgjöldum. En nú á að skerða þetta um helming, niður í 200 milljónir. Í stað rúmra 10 ára tæki þetta því rúm 20 ár með þessu áframhaldi. Það er von að menn séu stoltir af afrekum sínum á þessu sviði.

Það er líka rétt að minna menn á að þegar svona tölur eru nefndar eru það ekki bara einhverjar tölur á blaði. Það er ekki svo gott að menn geti bara látið óánægju sína í ljós út af því að það standi einhverjar tölur um niðurskurð á blaði og síðan gerist ekkert meir. Það sem gerist á næsta ári er að framkvæmdir sem átti að ráðast í verða slegnar af. Það er t.d. alveg morgunljóst að miklar framkvæmdir á næsta ári á stöðum eins og Akureyri, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Reykjavík verða meira og minna skornar niður. Sá staður sem samkvæmt flugmálaáætlun átti að fá mest framkvæmdafé á næsta ári var Akureyri vegna mjög brýnna framkvæmda sem þar þarf að ráðast í, þ.e. breikkun á malbiki út af ljósum þannig að stærri flugvélar geti athafnað sig þar á vellinum án þess að liggja undir skemmdum. Það á t.d. við stærri gerð flugvéla sem Flugleiðir nota, 757-vélar Flugleiða. Þær geta mjög illa notað Akureyrarflugvöll vegna þess að bundna slitlagið, malbikið, er svo mjótt að þar má ekkert út af bera. Þá lenda hreyflar vélanna út af slitlaginu og geta þá sogið upp í sig sand og möl og legið undir stórskemmdum. Er þá ekki lítið í húfi því að hvert slíkt stykki kostar eins og kunnugt er fleiri hundruð millj. kr. ef ekki milljarða.

Eitt enn að lokum um flugmálin. Það er alveg ljóst að þessi niðurskurður er dæmdur til að koma niður á flugöryggi á Íslandi vegna þess að margar af þeim framkvæmdum sem gert hefur verið ráð fyrir á síðari hluta flugmálaáætlunarinnar lúta að öryggisþáttunum. Þær lúta að ýmsum öryggisbúnaði á flugvöllum, svo sem slökkvibúnaði. Þær lúta að brautartækjum, aðflugstækjum og öðru slíku sem eru mjög mikilvægir öryggisþættir í sambandi við flugsamgöngurnar. Það er því rétt að menn hafi í huga að með þessum hætti er auðvitað verið að taka ákvarðanir sem geta komið stórkostlega illa við þann þátt mála.

Í 56.–58. gr., herra forseti, eru lagðar til breytingar á skipulagslögum sem minni hlutinn leggur til að verði felldar út af þeirri einföldu ástæðu að það hefur verið þannig að þeim málum staðið að það er satt best að segja heldur ógæfulegt. Í þessu tilviki eins og fleirum er vaðið yfir sveitarfélögin án nokkurs samráðs við þau og ríkisstjórnin hendir inn einhliða breytingartillögum um mál sem varða sameiginlega hagsmuni ríkis og sveitarfélaga. Það er satt best að segja að verða frekar regla en undantekning að ríkisstjórnin standi þannig að hlutunum þegar sveitarfélögin eiga í hlut að það sé komið fram við þau af fullkomnu skeytingarleysi og með einhliða aðgerðum. — Ég ætla að biðja hæstv. samgrh. að fara ekki langt því að vegamálin eru eftir, þau eru aðeins aftar í frv.

Í 56. og 60. gr. er fjallað um lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og heyrir

undir hæstv. umhvrh. Þar er á ferðinni krukk í þau lög sem er nokkuð gamalkunnugt. Það hefur með einum og öðrum hætti verið hringlað í þeim málum undanfarin ár. Oft hafa skerðingarákvæði verið sett inn í litlu samhengi við raunveruleikann og raunverulegar þarfir á þessu sviði og ýmsir hafa af því áhyggjur að menn séu farnir að sýna mikið andvaraleysi gagnvart eyðingu vargs, bæði dýra og fugla og þó sérstaklega kannski minknum vegna þess að það leiðir af sjálfu að þegar ríkið dregur úr sínu framlagi á þessu sviði aukast byrðar sveitarfélaganna og/eða málunum er einfaldlega ekki sinnt og ég held að það sé rétt að hafa það í huga. Að öðru leyti tekur minni hlutinn undir athugasemdir minni hluta umhvn. og vísar til þeirra og bendir á mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga sem liggja fyrir um þessi mál.

Herra forseti. Þá er komið að einni merkri grein í þessu frv. sem er 61. gr. Hún er afar sérkennileg skepna svo ekki sé meira sagt. Þegar menn lásu fyrirsögn þessarar lagabreytingar bjuggust menn satt best að segja ekki við neinum stórtíðindum því að þarna er á ferðinni breyting á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og ekki áttu menn held ég von á því að til neinna stórtíðinda mundi draga í sambandi við húsnæðismál ríkisstofnana. En bíðum við. Þarna er allt í einu laumað inn í frv. afar sérkennilegu ákvæði sem hefur gengið illa að fá nokkrar skýringar á en í greininni segir, með leyfi forseta:

„Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun nema með lögum." Þetta er það ákvæði sem staðið hefur í greininni og er óbreytt. En svo kemur: „Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt, telji hann það hagkvæmt, að sameina þjónustusvæði og semja við sveitarfélög eða einkaaðila um að þeir taki að sér að veita þjónustu sem tiltekinni ríkisstofnun er ætlað að veita," og þá væntanlega ætlað að veita alveg samkvæmt lögum „svo og að heimila einni ríkisstofnun að taka að sér þjónustu sem er á ábyrgð annarrar ríkisstofnunar. Flutningur verkefna og fjárheimilda samkvæmt þessari málsgrein skal vera tímabundinn."

Þetta er satt best að segja, herra forseti, afar sérkennilegt. Ef þessi frumvarpsgrein er tekin alvarlega verður ekki annað séð að í reynd sé ætlunin að veita ráðherrum fullt sjálfdæmi um það hvernig þeir standa að ríkisrekstri á sínu sviði að öllu öðru leyti en því að það þurfi að heita svo að breytingarnar séu tímabundnar. Það virðist nokkuð augljóst mál að það er t.d. hægt að taka öll verkefni af einni ríkisstofnun og fela annarri þau, það er alveg augljóst samkvæmt textanum. Það er hægt að taka einhver tiltekin verkefni ríkisins og fela þau einkaaðilum, það er ljóst og það er hægt að taka einhver verkefni ríkisins og fela þau sveitarfélögum o.s.frv. Það eina sem virðist þurfa að gera til að fullnægja forminu er að láta það heita svo að viðkomandi breytingar séu tímabundnar. Ekki er nánar skilgreint hvað er átt við, hvort þar er talað um ár, áratugi eða hvað.

Það er fróðlegt að lesa umsögnina um þessa grein, herra forseti, til þess að menn átti sig á því hvers konar aðstæður við lagasetninguna eru hér á ferðinni. Maður skyldi ætla að málið væri útskýrt og það afmarkað hvað menn hefðu í huga. Hvað vakir fyrir mönnum? Hvaða heimildir eru menn að biðja um og hverjar halda menn að útskýringarnar séu? Þær eru eftirfarandi, með leyfi forseta, tvær línur:

„Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs árið 1996 en lagagreinin eykur sveigjanleika í ríkisrekstrinum sem gefur möguleika á hagræðingu síðar."

Þetta er öll útlistunin, þetta er lögskýringin. Ef menn ætla að spyrja, taka einhver dæmi og segja: Veitir þetta menntmrh. t.d. leyfi til að fela Bylgjunni að reka Rás 2 og fara svo í lögskýringuna þá yrðu menn ekki mikils vísari. Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Veitir þessi heimild menntmrh. leyfi til þess að fela einkaaðila að reka Rás 2? Það er ekkert í greininni sem gefur annað til kynna.

Rás 2 er önnur af tveimur hljóðvarpsrásum sem Ríkisútvarpinu ber samkvæmt lögum að starfrækja allt árið um allt land en að öðru leyti er ekki nánar kveðið á um það. Greinin verður varla skilin öðruvísi en þannig að heimilt sé að færa til starfsemi milli ríkisstofnana, frá ríkisstofnun til einkaaðila þó að kveðið sé á um þá starfsemi í lögum því að greinin er ekki takmörkuð. Svo annað dæmi sé tekið má spyrja sig að því, hvort heilbr.- og trmrh. geti í vandræðum sínum ákveðið að fela t.d. einhverjum einkaaðilum að reka lyfjabúrin á Landspítalanum. Því ekki? Gæti ekki bara Delta og Pharmaco tekið það að sér? Það er ekkert í lagagreininni sem takmarkar það á nokkurn hátt. (**Gripið fram í:** Einstakar deildir á spítölum.) Þess vegna einstakar deildir á spítölum. Það verður ekki í raun og veru annað séð en að greinin heimili ráðherrunum í grófum dráttum að gera það sem þeim sýnist. Hvers konar lagasetning er það þá eiginlega orðin að fyrst baksa menn við að setja lög um Ríkisútvarpið og það skuli gera þetta og þetta og þetta, halda úti menningarstarfsemi, senda út tvær hljóðvarpsrásir um allt land o.s.frv. En svo búa menn til í einni einustu lagagein í bandormi heimild til handa menntmrh. til þess að vaða yfir það þvers og kruss, gera það sem honum sýnist og sama mundi þá eiga við um öll önnur lög. Auðvitað munu stjórnarliðar koma og segja: Þetta stendur ekki til, þetta er bara rugl í stjórnarandstöðunni því það stendur ekkert svona til o.s.frv. Þetta er bara til að auka sveigjanleika o.s.frv. og það getur vel verið að það sé. Það skiptir ekki máli hér. Hvernig er gengið frá lagaákvæðunum í prinsippinu? Hvað er verið að gera? Ég leyfi mér að segja, herra forseti, ég held að það sé langt síðan menn hafa séð aðra eins lagagrein á prenti, langt síðan hugkvæmni manna hefur orðið jafnstórkostleg að henda inn ákvæði af þessu tagi, útskýra það ekki nokkurn skapaðan hlut, því fylgja engin lögskýringargögn, ekki nokkur sem hægt væri að styðjast við ef deilur mundu rísa síðar og verður það þá væntanlga fyrst og fermst háð mati viðkomandi ráðherra hverju sinni og geðþótta hans til hvers hann kynni að kjósa að nota greinina. Það er auðvitað ekki hægt að hafa þetta svona, það er ekki nokkur leið. Þessi grein á að fara út úr frv., herra forseti. Það er að mínu mati reginhneisa fyrir alla viðkomandi ef þetta verður samþykkt, fyrir hæstv. forsrh. sem ber málið fram og hlýtur að roðna sem löglærður maður að standa ábyrgur fyrir annarri eins vitleysu, fyrir ríkisstjórnina og meiri hluta hennar, fyrir þingið sem stofnun ef maður lætur þessi ósköp yfir sig ganga og alla viðkomandi og auðvitað alla þjóðina fyrir að eiga slíkt yfir sér ef þetta gerist.

Herra forseti. Þá er komið að rúsínunni í pylsuendanum, næstsíðustu greininni í frv. Það er 62. gr. um framlög til vegamála. Við höfum áður átt orðaskipti um þá hluti, ég og hæstv. samgrh., og það liggur flest fyrir um þau mál sem upplýsa þarf um. Það er alveg ljóst að það stefnir í gífurlegan niðurskurð á framkvæmdum á næsta ári frá gildandi vegáætlun eða nærfellt einn milljarð kr. Það má deila um samkvæmt skilgreiningum hvar á bilinu 920–1.050 millj. það eru en það breytir ekki öllu. Staðreyndin er sú að þarna er á ferðinni fjórðungsniðurskurður í almennri vegagerð. Það

þýðir auðvitað að fjölmörgum framkvæmdum, sem búið var að setja á áætlun og jafnvel undirbúa að ráðast í á næstu árum, hlýtur að þurfa að fresta eða slá þær af.

Vegamálastjóri kom á fund efh.- og viðskn. út af þessu máli og reiddi fram greinargóð gögn um það hvað þetta þýðir nákvæmlega í tölum talið. Það er í grófum dráttum þannig að framreiknuð á núgildandi verðlagi ættu framlög til vegamála á næsta ári að vera 7.618 millj. en stefna í að verða 6.663 millj. eða 955 millj. kr. lægri. Þetta segir allt sem segja þarf um málið. Hér er á ferðinni mjög harkalegur niðurskurður og þegar þetta er lagt saman sem er að gerast í flugmálum, í hafnamálum, þar sem líka er á ferðinni niðurskurður samkvæmt fjárlagafrv. og svo í vegamálum, þá er verið að skerða framkvæmdir í samgöngumálum um nærfellt 1.300 millj. kr. og það er auðvitað gífurleg skerðing.

Herra forseti. Þá er ekki eftir að gera grein fyrir öðru en því að í breytingartillögum sínum leggur meiri hluti efh.- og viðskn. til enn nýja fþyngjandi hluti sem rétt er að nefna og vara við. Þar er fyrst og fremst tvennt á ferðinni. Það sem lýtur að almannatryggingalöggjöfinni er að utanaðkomandi tekjur ellilífeyrisþega yfir tilteknum mörkum skuli skerða lífeyrinn um 35% í staðinn fyrir 25% áður. Þarna er verið að hækka skerðingarhlutfall annarra tekna gagnvart grunnlífeyri verulega og er að sjálfsögðu skerðing á kjörum þessa hóps aldraðra á þessu tekjubili sem á í hlut og talið að þetta muni skila ríkissjóði um 30 millj. kr. á næsta ári. Þetta er einn af mörgum liðum hjá hæstv. ríkisstjórn sem heggur í þennan þjóðfélagshóp sérstaklega.

Hitt atriðið sem þarna er á ferðinni og er sérstaklega gagnrýnivert er sú snilld að hæstv. ráðherra hefur dottið í hug að leggja það til að allar greiðslur almannatrygginga og greiðslur samkvæmt lögunum um félagslega aðstoð á bótum til einstaklinga þar sem fjárhæðir eru lægri en 600 kr. á mánuði skuli falla niður. Þetta er væntanlega samkvæmt röksemdafærslunni að ef einhverjir eru farnir að fá nógu lítið er best að taka allt af þeim, það sé þá einfaldast. En það er þannig samt að 600 kr. eða 599 kr. ef við segðum að það væri í 12 mánuði á ári hverju gera 7.200 kr. og það munar um minna hjá þessum hópum. Mér er kunnugt um að Öryrkjabandalaginu er þetta ákvæði sérstakur þyrnir í augum því að það telur að býsna mikill fjöldi félagsmanna sinna sé að fá litlar upphæðir af þessu tagi í hverjum mánuði sem safnast þegar saman kemur og skipta auðvitað verulegu máli. Menn verða að hafa í huga hver lífksjör og hverjar tekjur þessa hóps eru sem líklegur er til þess að fá slíkar greiðslur. Þær eru þannig að upphæð af þessu tagi, 7.000 þús. kr. á ári hverju, skiptir miklu máli. Það er a.m.k. 7.000 kr. minna til að spila úr eða kannski er því miður réttara að orða það þannig að í mörgum tilvikum vanti 7.000 kr. meira upp á að endar nái saman.

Þessar breytingar komu fyrir efh.- og viðskn. þegar stóð til að ljúka umfjöllun um málið, á sama fundi og hv. formaður ætlaði að afgreiða málið út. Mig minnir að það hafi verið í fyrrakvöld. Þannig voru vinnubrögðin hvað það snertir. Daginn eftir komu svo fréttirnar af gjaldskrárhækkunum hæstv. heilbrrh. varðandi komugjöld á heilsugæslustöðvar og hækkun á gjöldum vegna komu til sérfræðings o.s.frv. Hver glaðningurinn hefur komið á fætur öðrum og nú er svo komið að ræðumaður sem telur sig þó vera alveg þokkalega talnaglöggan hefur ekki lengur tölu á því. Mér er kunnugt um að hér á þingi er manneskja sem hefur sett þetta skipulega niður og tölusett þessar einstöku árásir á aldraða og vonandi kemur það fram í umræðunni síðar í einni af þeim stuttu og snörpu ræðum sem samkvæmt upplýsingum fyrrverandi forseta hér á stóli verða fluttar á eftir.

Herra forseti. Ég hef þrælast í gegnum þetta nefndarálit og allar 63 greinar frv. í grófum dráttum (**Gripið fram í:** 33 lagabálka.) 33 lagabálka og ég leyfi mér að halda því fram að það sé langt síðan fluttar hafa verið að meðaltali styttri framsöguræður fyrir nefndarálitum minni hluta í 33 frumvörpum. Ég bið menn að fletta upp á því í þingsögunni hvort það sé að meðaltali svo að framsöguræður fyrir 33 málum hafi ekki staðið nema í rúma tvo tíma eða liðlega það því að þegar dregin eru frá ítrekuð hlé sem ég varð að gera á ræðu minni vegna þess að hæstv. ráðherrar voru að slóðast einhvers staðar annars staðar en þeir áttu að vera, þ.e. hér í vinnunni sinni á þingi mun þetta vera um það bil ræðutími.

Herra forseti. Þetta er hið versta mál. Þetta er sennilega eitthvert ljótasta mál sem komið hefur fyrir þingið í háa herrans tíð, bæði að innihaldi og formi og er þá mikið sagt og við leggjum auðvitað til að það verði sent þangað sem það er best komið, þ.e. til föðurhúsanna.

[16:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. var að velta fyrir sér þeim breytingum sem boðaðar eru á lögum sem heyra undir landbrn. og hvers vegna þar væri ekki sami háttur á hafður hvað varðaði skerðingarákvæðin. Í tvennum lögum er talað um „þrátt-fyrir"-prinsippið sem er að öðru leyti ekki í frv. Skýringin á því er sú að ég hef boðað það í vetur að það verði farið í endurskoðun á báðum þessum lögum, þ.e. jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum. Ég lagði þess vegna til að á þessu stigi væri ekki verið að setja inn breytingarákvæði sem væru varanleg, heldur „þrátt-fyrir"-ákvæði af hinum hefðbundna gamla stíl. Að öðru leyti gildir það sama með Stofnlánadeildina með lögum um flokkum og mat á gærum og ull, með lögum um skoðun og mat á sláturafurðum. Þetta er sú aðferð sem er almennt boðuð í frv. og hefur nú valdið nokkrum umræðum ef ekki deilum og ágreiningi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég hygg að að öðru leyti sé samræmi í málinu nema hvað varðar þessi tvö frumvörp og skýringin er sem sagt sú að ég fór fram á að það yrði óbreytt.

Sama er að segja um lög sem heyra undir umhvrn. Þar er verið að gera varanlegar breytingar. Hvað snertir sveitarfélögin mun það hafa fjárhagslega lítil áhrif á þau. Þarna er verið að gæta samræmis í lagasetningunni. Það er gert ráð fyrir því að ákvæðin um framlög fari eftir fjárlögum hverju sinni og gera það til samræmis í þessum lögum öllum. Má minna á það að í frv. til fjárlaga segir í greinargerð um Skipulagsstjórn ríkisins, með leyfi forseta: „Skerðing var á endurgreiðslum til þessara sveitarfélaga á árinu 1995 sem er ekki ráðgerð á árinu 1996." Þetta á ekki að hafa teljandi áhrif. (Gripið fram í.) Mér er kunnugt um það, ég hef séð bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það gerir athugasemdir við þessa lagabreytingu, en hún hefur ekki fjárhagsleg áhrif.

[16:48]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fyrir það að vera viðstaddur umræðuna og svara. Það er til fyrirmyndar og væri öðrum til eftirbreytni.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að mér finnst eðlilegt úr því að svo háttar til að búið er að ákveða að endurskoða lögin um bæði búfjárrækt og jarðrækt ef ég tók rétt eftir að beina þessu máli inn í þá endurskoðun og það er nákvæmlega það sem við höfum verið að biðja um t.d. í sambandi við almannatryggingar. Þar stendur einmitt nákvæmlega eins á og hæstv. ráðherra talar dögum oftar um að það standi yfir heildarendurskoðun á lögunum með nákvæmlega sömu rökum og hæstv. landbrh. flytur og ætti þar af leiðandi að beina varanlegu breytingunum á almannatryggingalögunum inn í þá endurskoðun. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra í þessu. Það eru eðlileg og skynsamleg vinnubrögð.

Enn eru óútskýrðir hlutir í þeim frv., t.d. að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er skert með „þrátt-fyrir"-ákvæði eða tekjum hans stýrt með „þrátt-fyrir"-ákvæði í viðkomandi grein frv. en Framkvæmdasjóður aldraðra með varanlegu þannig að það ýmislegt enn dularfullt í þessu. Auðvitað má ræða það og það kemur öðrum kannski meira við að útskýra hvað þar er á ferðinni.

Að síðustu um skipulagslögin. Það er ugglaust rétt sem hæstv. ráðherra segir að breytingin þar hafi ekki fjárhagsáhrif á næsta ári en af einhverjum ástæðum mótmæla sveitarfélögin engu að síður breytingunni. Ef hún hefur ekki fjárhagsáhrif má spyrja til hvers er verið að gera hana í þessum bandormi og í tengslum við fjárlög. Þá sé ég ekki annað en menn séu aftur komnir í mótsögn við sjálfa sig í þeim efnum og þá væri eðlilegra að slík breyting væri gerð í þessu frv. óháð fjárlagaafgreiðslunni.

[16:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara örstutt. Ég ætla ekki að svara fyrir önnur lög sem hér er breytt en þau sem heyrir undir þau ráðuneyti sem ég er að fást við, landbrn. og umhvrn. Ég tel að ég hafi gert það á þann hátt að fyrst og fremst sé leitað eftir því að almennt sé samræmi í þeim lagabreytingum sem hér er verið að gera með undantekningum sem ég gerði grein fyrir varðandi búfjárræktarlögin og jarðræktarlögin. Það kann að vera, ég ætla ekki að svara fyrir það, með aðra þætti eða önnur ráðuneyti, hvaða rök hafa verið hjá þeim hæstv. ráðherrum sem þar hafa lagt til mála inni í málaflokkum sínum hvernig breytingarnar hljóðuðu hvað þetta varðar.

Örstutt um skipulagslögin. Þetta er eins og ég sagði áðan fyrst og fremst til þess að gæta hins almenna samræmis sem ég hélt að væri í þessu og er a.m.k. með þau lög eða þau frumvörp sem hér eru gerðar tillögur um að breyta sem heyra undir þau ráðuneyti tvö, umhverfis- og landbúnaðarmálin með þessum tveimur undantekningum sem varða landbúnaðarmálin. Ég hélt að það væri alveg skýrt hvað skipulagsmálin varðar að öðru leyti og ég endurtek að í það minnsta muni þetta ekki vera fjárhagsmál sem neinu nemur. Ég vil ekki fullyrða að það geti verið nánast algerir smáaurar, 2 eða 4 milljónir sem eru ekki stórar tölur í þessu dæmi, sem varðar endurgreiðslu til sveitarfélaganna af skipulagsgjaldinu sem ákveðið er af því að það greiðist í raun eftir á. Það er innheimt 1995 en endurgreiðist 1996 og sama hefur auðvitað verið á árinu áður. Það var skert 1995 en ekki var gert ráð fyrir skerðingu á árinu 1996 þannig að það sem þarna gæti munað væri þá aldrei nema eitthvert misræmi sem mætti hugsanlega leiðrétta eftir á en þá verður það eins og lögin kveða á samkvæmt ákvæðum fjárlaganna sjálfra. Fjárlögin yrðu þá að kveða á um það hvernig ætti að standa að endurgreiðslunni að ári liðnu.

Ég hef það kannski flókið og ekki nægilega skýrt í stuttu máli en ég var að reyna að gera það eins skilmerkilega og ég gat, herra forseti.

[16:53]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Við erum að ræða um stefnu og tillögur hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Stærsta mál ríkisstjórnarinnar á því málasviði er að sjálfsögðu fjárlagafrv. og samkvæmt hefð tekjufrumvörp tengd fjárlagafrv. en eins og hefur reyndar oft hefur gerst áður eru þessi tvö meginríkisfjármálafrumvörp ríkisstjórnarinnar ekki svo burðug að þau standi á eigin fótum. Þess vegna er fram lagður þessi einstæði bandormur sem hefur enst hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem umræðuefni í um tvo og hálfan tíma og þarf kannski ekki að undra vegna þess að þetta þskj. er því sem næst einsdæmi í þingsögunni. Til þess að ná fram tiltölulega litlum sparnaði í ríkisfjármálum í samanburði við útgjaldahlið fjárlaga er hvorki meira né minna undirlagt af ríkisstjórninni en 33 lagabálkar lagasafnsins þar sem verið er að boða breytingar, misjafnlega róttækar, misjafnlega skynsamlegar, misjafnlega óskynsamlegar, en í sumum tilvikum boða þær þó stefnubreytingu.

Það er ástæða til að spyrja, herra forseti, hvaða skilaboð það eru sem hæstv. ríkisstjórn er að senda frá sér til þjóðarinnar nú fyrir jólahaldið með þessum málabúnaði. Það er eðlilegt að spyrja: Hver eru skilaboðin til skattgreiðenda sem eru þeir sem standa undir útgjöldum ríkisins? Hvað er það sérstaklega sem er ekki að finna í þessum bandormi og yfirleitt ekki í þessum ríkisfjármálapakka ríkisstjórnarinnar? Er ríkisstjórnin kannski í ljósi þess að hún tíundar mjög væntanlegan efnahagsbata að boða landslýðnum einhver gleðitíðindi svona rétt fyrir jólin? Er hún að sýna fram á að erfiðleikaárin séu að baki og að fram undan sé betri tíð? Eru stjórnarflokkarnir kannski í þessum meginlagafrumvörpum sínum að sýna kjósendum sínum fram á að þeir hafi lokið heimavinnunni til þess að standa við stóru orðin frá því fyrir kosningar, efna eitthvað af kosningaloforðum sínum? Hver eru skilaboðin frá hæstv. ríkisstjórn? Hver eru skilaboðin til þeirra sem lent hafa í þeirri lífsreynslu að vera fórnarlömb afbrotamanna? Hver eru skilaboðin sérstaklega vegna þeirra væntinga sem vaktar voru um réttarbót þeim til handa með lagasetningu sem samþykkt var einróma í tíð fyrrv. ríkisstjórnar á Alþingi Íslendinga? Hver eru skilaboðin sérstaklega með hliðsjón af boðuðum efnahagsbata til hinna öldruðu í þjóðfélaginu, til öryrkja og til barnafjölskyldna? Hver eru skilaboðin sérstaklega frá hæstv. heilbrrh. í stjórnarandstöðu sem óbreyttur þingmaður Framsfl. boðaði það að nærtækast væri á sviði heilbrigðismála að afnema þau þjónustugjöld sem sett höfðu verið á í tíð fyrri ríkisstjórnar, afnema þau með öllu, hefur boðað privat og persónulega skattahækkanir, markaðan tekjustofn fyrir heilbrigðiskerfið í formi nýs sjúkrasamlagsgjalds?

Hver eru skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til þess stóra hóps Íslendinga sem orðið hefur fyrir þeirri þungbæru reynslu að missa vinnuna og þurfa að framfleyta sér og sínum á atvinnuleysisbótum? Hver eru skilaboðin til þeirra sem lokið hafa dagsverkinu og byggja afkomu sína á lífeyrisbótum eða bótagreiðslum almannatrygginga? Hver eru skilaboðin í þessum bandormi til fatlaðra og þá sérstaklega að því er varðar Framkvæmdasjóð fatlaðra sem verið hefur þeim skjól

og hlíf? Hver eru skilaboðin að því er varðar aðbúnað aldraðra sem er í verkahring Framkvæmdasjóðs aldraðra? Hver eru skilaboðin til aldraðra að því er varðar yfirlýst áform um að taka upp fjármagnstekjuskatt? Á að bjóða öldruðum sparifjáreigendum sem komnir eru yfir 67 ára aldur að vera þeir einu sem eiga að þola skertar bætur vegna framtalinna fjármagnstekna og á þannig að bjóða upp á mismunun þegnanna? Hver eru skilaboðin til þeirra sem standa í fararbroddi í nýsköpun á sviði menningar og mennta eins og t.d. til kvikmyndaframleiðenda sem gert hafa garðinn frægan að undanförnu? Hver eru skilaboðin til Alþingis að því er varðar vinnubrögðin sem hér eru sýnd frá þeirri ríkisstjórn sem hefur innbyrðis fleiri lögfræðinga en setið hafa á ráðherrabekkjum langa hríð? Hver eru skilaboðin að því er varðar málsmeðferðina í heild gagnvart Alþingi þar sem boðið er upp á í einum bandormi og einum skröltormi sem svo hefur verið kallaður, endurskoðun á ýmsum grundvallarþáttum löggjafar á a.m.k. 33 meginsviðum löggjafar sem tekur ekki aðeins til ríkisfjármála, ekki aðeins til skattamála, ekki aðeins til velferðarmála, atvinnuleysismála, málefna lífeyrisþega heldur einnig jafnframt til menntamála, landbúnaðarmála, samgöngumála, hafnamála, ferðamála, flugmála og svo mætti lengi telja? Hver eru skilaboð hæstv. ríkisstjórnar?

Lítum á þessi mál lið fyrir lið, herra forseti.

Þegar Alþingi Íslendinga samþykkti samhljóða á seinasta þingi nýja löggjöf þar sem það var boðað að þolendur afbrota, fórnarlömb afbrotamanna, skyldu ekki lengur sæta því að geta ekki innheimt dæmdar eða úrskurðaðar bætur, einfaldlega vegna þess að afbrotamennirnir sjálfir reyndust ekki vera borgunarmenn þótt um niðurstöðu dómstóls væri að ræða, þá var það löngu tímabær réttarbót og um það var fullkomin samstaða á Alþingi Íslendinga. Þessi lög voru reyndar sett í framhaldi af þáltill. sem einn hv. stjórnarþingmaður hafði frumkvæði að. Þessu er nánar lýst í bandorminum í athugasemdum við 18.–20. gr. þar sem segir á þessa leið:

„Fyrr á þessu ári voru sett lög nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Við gerð fjárlagafrv. ákvað dómsmrh., þar sem fjárveitingar til dóms- og kirkjumálaráðuneytis væru takmarkaðar, að leita eftir frestun á gildistöku laganna um eitt ár og jafnframt að ákvæði laganna gildi um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. jan. 1994 og síðar í stað 1. jan. 1993". Með öðrum orðum frestun á gildistöku og lögin skyldu ekki ná afturvirkt til þess tíma sem áður hafði verið boðað.

Þar að auki er síðan í framhaldi af þessu í bandorminum gert ráð fyrir því að skerða þær bótagreiðslur sem ríkið ábyrgist mjög verulega. Það kom fram strax við 1. umr. af hálfu stjórnarandstöðunnar að þetta væri kannski einhver smánarlegasta aðgerð sem ríkisstjórnin hefði gert sig seka um að boða borgurum þessa lands. Ég held að það sé hvergi ofmælt ef menn líta af sanngirni á það hvernig þetta mál er til komið. Að hæstv. dómsmrh. skuli hafa gert tillögu um það að ná fram sparnaði í rekstri ráðuneytis síns með þessum hætti er hneyksli, hneyksli sem ber að andmæla harðlega og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa, láti bjóða sér þetta. Það er athyglisvert að bera saman aðgerðir og það hugarfar sem býr að baki í sambandi við sparnaðaraðgerðir ráðherra í ráðuneytum sínum þegar annars vegar er um þetta mál að ræða og svo hins vegar tillögur dómsmrh. um það að fækka sýslumannsembættum um tvö með sameiningu sýslumannsembætta. Þetta er svokölluð frönsk tillaga, frönsk vegna þess að þetta er sýndartillaga sem engin alvara lá á bak við. Tillagan staðfestir að hæstv. dómsmrh. heyktist á því að koma fram sparnaðartillögum sem hann hafði þó samþykkt við ríkisstjórnarborð með því að fallast á rammafjárlög og eins og reyndar var fordæmi fyrir áður, setur hann fram tillögu sem honum var fullkunnugt um af fyrri reynslu að hann hafði ekki stuðning fyrir í þingflokki sínum eða meðal þingflokka stjórnarliða og mundi því fara á þann veg sem reyndar er þegar opinbert leyndarmál að tillagan nái ekki fram að ganga.

Nú reynir á hvort þessir hinir sömu alþingismenn sem vilja ekki fallast á sparnaðaraðgerð eins og sameiningu tveggja sýslumannsembætta ætla að láta bjóða sér að hæstv. dómsmrh. tryggi sér það að halda ráðuneyti sínu innan útgjaldaramma fjárlaga með því að láta það bitna á hópi fólks sem hefur orðið fórnarlömb afbrotamanna og Alþingi hefur einróma samþykkt að ríkið eigi að taka ábyrgð á að niðurstöður dómstóla um bætur skuli greiddar.

Á það verður látið reyna áður en umræðu um þetta mál lýkur, hvort Alþingi réttir hlut þessa fólks og ég endurtek, herra forseti, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn láti bjóða sér slíkt.

Ég spurði áðan, herra forseti: Hver eru skilaboðin sem hæstv. ríkisstjórn er að senda landslýð með þessum málabúnaði? Hver eru skilaboðin til aldraðra? Það er sá hópur fólks, reyndar einn af mörgum fjölmennum hópum í þjóðfélaginu sem Framsfl. sem nú stýrir þessum málaflokki, skírskotaði til fyrir kosningar. Framsfl. gagnrýndi þá mjög harðlega allar aðgerðir fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem miðuðu að því að ná fram sparnaði eða stöðva sjálfvirkan vöxt í sumum þáttum heilbrigðiskerfisins. Sú viðleitni hans fékk óblíðar viðtökur hjá Framsfl. Nú standa þeir í þeim sporum að hafa heilbrrh. í sínum röðum og því reynir á hverjar efndir fylgja orðum þeirra frá stjórnarandstöðutímanum. Sannleikurinn er sá að þau hafa reynst ómerk, ómagaorðin þeirra framsóknarmanna frá því fyrir kosningar og kannski hvergi með eins átakanlegum hætti og í þessum málaflokki. Tökum nokkur dæmi.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga var loksins tekið á því máli sem kennt hefur verið við tvísköttun lífeyrisgreiðslna ellilífeyrisþega. Það var gert með þeim hætti að lögleiða að þeir skyldu njóta skattfrádráttar sem samsvaraði 15% af þessum lífeyrisgreiðslum en það var sú tala sem menn töldu að samsvaraði tvígreiðsluþættinum að því er varðar þessar greiðslur. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka þetta til baka og taka það til baka áður en skattfrelsi iðgjaldagreiðslna vinnandi fólks í lífeyrissjóði hefur að fullu komið til framkvæmda. Hér er um að ræða að taka til baka tekjur af lífeyrisþegum sem samsvara að mati sérfróðra manna sem komið hafa fyrir efh.- og viðskn., um það bil 250–300 millj. kr. Þetta eru skilaboð til lífeyrisþega.

Önnur skilaboð eru þau að sparifjáreigendur í hópi hinna öldruðu mega búast við því, ef þetta mál nær fram að ganga, að bætur þeirra skerðist við framtaldar fjármagnstekjur á seinasta ársfjórðungi næsta árs. Það mun þýða tekjuskerðingu þessa hóps á bilinu 80–90 millj. kr. á þessum hluta ársins en um eða yfir 200 millj. kr. á heilu ári. Hvað felst í þessu? Í þessu felst að ríkisstjórnin ætlast til þess að þessi hópur sæti þeirri mismunun að jafnvel þótt fjármagnstekjuskattur hafi ekki verið lögleiddur og því miður virðast satt að segja engar líkur á því að núverandi ríkisstjórn takist það innan þessara tímamarka, þá eigi þessi hópur einn og sér samt sem áður að þola skerðingu ef um er að ræða framtaldar

tekjur af uppsöfnuðum sparnaði þeirra. Með öðrum orðum, jafnræðisreglan gagnvart þessum hópi aldraðra er brotin. Það eru skilaboðin til þessa hóps.

Þriðju skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til lífeyrisþega eru um þær bótagreiðslur, 600 kr. á mánuði, 7.200 kr. á ári, sem þykja svo lágar að þar mætti næla í sparnað fyrir ríkissjóð upp á 12 millj. kr. Hvaða hópur er þetta? Þetta er kannski fyrst og fremst sá hópur aldraðra sem jafnframt eru öryrkjar. Röksemdafærslan er sú, sem verið er að boða í miðju góðærinu, að þarna sé fundið fé, þarna megi spara. Þetta eru sömu mennirnir og lögðu fyrir á Alþingi Íslendinga samning við handhafa landbúnaðarkerfisins upp á 12 þús. millj. kr. sem fól í sér a.m.k. 200 millj. kr. aukaútgjöld á ári hverju fyrir skattgreiðendur í fimm ár umfram gamla búvörusamninginn.

Fjórðu skilaboðin til lífeyrisþega eru þau að hækka hlutfall sem er í gildi og varðar skerðingu á grunnlífeyri þeirra ef þessi hópur hefur einhverjar óverulegar tekjur aðrar en úr lífeyrissjóði. Þetta hlutfall á að hækka úr 25 í 35% og reyna þannig að ná fram sparnaði upp á 30 millj. kr.

Eins og þetta væri ekki nóg í miðju góðærinu, þá bárust þau tíðindi núna á seinustu dögum, reyndar í gær, frá hæstv. heilbrrh., þessum hinum sama hæstv. heilbrrh. sem hefur sagt að hún sé algerlega ósátt við öll þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu og það ætti að afnema þau, lofaði því reyndar fyrir kosningar eins og flokkurinn hennar, þessum hinum sama heilbrrh. sem hefur sagt að hún vilji leysa fjárhagsvanda heilbrigðiskerfisins með sérstökum nefskatti. Efndirnar eru þær að nú er sagt að það eigi að hækka þessi gjöld fyrir komu á heilsugæslustöðvar eða fyrir þjónustu sérfræðinga í læknastétt og þar á meðal líka hjá þeim sem teljast í hópi aldraðra, öryrkja og barna. Sú aðgerð ein í þessari tekjuöflun, kannski upp á annað hundrað millj. kr. felur í sér um 15–20 millj. kr. sparnað, er enn á ný fundið fé frá hæstv. heilbrrh. Framsfl. Þetta eru skilaboðin frá Framsfl. til þeirra kjósenda sem lögðu trúnað á málflutning þeirra fyrir kosningar um að þar færi sá flokkur sem setti fólk í fyrirrúm, sem hafnaði af einhverjum grundvallarástæðum allri þjónustugjaldtöku, meira að segja frá fólki sem væri vissulega heilbrigt og í sæmilegum efnum. Með öðrum orðum, það er allt á sömu bókina lært. Öllu er snúið öfugt. Engin af þessum loforðum eru efnd og hæstv. ráðherra situr frammi fyrir vandamálum í heilbrigðiskerfinu, vandamálum varðandi sjúkrahúsin almennt í landinu. Hún reynist vera úrræðalaus og athafnir hennar eru yfirleitt þveröfugar við það sem hún hefur heitið og flokkur hennar fyrir kosningar.

Með þessum fimmföldu skilaboðum til aldraðra hefur ríkisstjórnin uppi áform um að spara í ríkisútgjöldum á þeirra kostnað upphæð sem hefur verið metin á bilinu frá 390–452 millj. kr. Eins og þetta sé ekki nóg. En ríkisstjórnin hafði enn fremur uppi áform um að spara til viðbótar með því að afnema lögbundna og hefðbundna tekjutengingu elli- og lífeyrisgreiðslna. Það átti að vera sparnaður upp á 450 millj. kr. Það er ekki fyrr en eftir að fjárlagafrv. var fram komið að verkalýðshreyfingin knúði ríkisstjórnina til undanhalds í því máli. Þau sparnaðaráform upp á 450 millj. kr. áttu reyndar að ná ekki bara til aldraðra heldur einnig til öryrkja, þannig að þetta eru skilaboðin um það sem ríkisstjórnin telur brýnast að koma á framfæri og fá lögfest á Alþingi nú fyrir jólin til þess að ná fram markmiðum sínum um sparnað í ríkisfjármálum.

Herra forseti. Skilaboðin eru fleiri. Í 28. gr. bandormsins og í 35. gr. er tekið á tveimur grundvallarþáttum velferðarþjónustunnar á Íslandi. Önnur greinin varðar rétt atvinnulausra til atvinnuleysisbóta. Hin greinin varðar rétt allra lífeyrisþega almannatryggingakerfisins á Íslandi. Hver eru skilaboð ríkisstjórnarinnar? Þau eru að aftengja bætur til atvinnulausra umsömdum kjarasamningum eða launum og sömuleðis að aftengja bætur til lífeyrisþega launaþróun.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að atvinnuleysisbætur á Íslandi eiga sér þá sögu að þeim var komið á eftir langvinn verkföll á sjötta áratugnum fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar. Þrátt fyrir margar atrennur á hinu háa Alþingi til þess að fá atvinnuleysisbætur lögfestar sem hlut af velferðarkerfinu, hafði það ekki tekist áratugum saman fyrr en þetta var gert. Þetta er eitthvað sem er knúið fram í kjarasamningum. Allan tímann síðan hefur það verið svo hér á landi sem annars staðar að það þykir eðlilegt að miða bótarétt þeirra sem verða atvinnulausir við einhvern tiltekinn kjarasamning til að tryggja, af því að þetta er afkomutrygging, að atvinnuleysisbætur hafi einhverja viðmiðun við laun. Sömu sögu er að segja um lífeyrisbætur. Ef menn vilja segja sem svo að það sé æskilegt að draga úr sjálfvirkni í ríkisfjármálum með því að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda, mörkuðum tekjustofnum, t.d. til framkvæmdaþátta o.s.frv., þá eru það rök út af fyrir sig sem vel er hægt að hlusta á. Hér er hins vegar gjörsamlega ólíku saman að jafna vegna þess að þessi tengsl milli atvinnuleysisbóta og lífeyrisbóta eru rökrétt eðlileg og sjálfsögð og hafa ekkert að gera með sjálfvirkni í ríkisútgjöldum. Þetta eru grundvallaratriði að því er varðar sjálfa velferðarþjónustuna og á þau hefur verið lögð rík áhersla allt frá upphafi, ekki síst af samtökum launþega sem upphaflega voru frumkvöðlar að því að koma þessu kerfi á.

Sjálfsagt reyna stjórnarliðar að færa einhver rök fyrir þessum gerðum sínum og þá helst þessi að því er varðar atvinnuleysisbæturnar. Þeir segja sem svo að það sé ekki vel ráðið að tengja atvinnuleysisbætur við tiltekinn taxta í kjarasamningum stéttarfélaga sem mun reyndar vera tiltekinn taxti í samningum fiskvinnslufólks. Hvers vegna ekki? Vegna þess að vinnuveitendur reyni þá eins og þeir geti í kjarasamningum að halda þessum taxta niðri eða fara fram hjá honum og nefna má dæmi um að slíkt hafi gerst. Það er einmitt vegna þessa sem sú lagabreyting var gerð fyrir allmörgum árum að því er varðar lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega, að þetta var ekki miðað við einn tiltekinn taxta, heldur vísitölur launaþróunar þar sem ýmsir taxtar starfshópa voru lagðir undir þannig að það endurspeglar almenna launaþróun og almenn lífskjör í landinu. Ef það hefði vakað fyrir stjórnarliðum að taka raunverulega á þessu máli með þeim hætti að rétta hlut hinna atvinnulausu, hefðu þeir gert það með því að taka upp einhverja slíka viðmiðun til að tryggja að hlutur atvinnulausra væri í réttu hlutfalli við almenna launaþróun á vinnumarkaðnum. En það hafa þeir ekki gert. Með þessu eru þeir raunverulega að segja: Velferðarríkið íslenska afsalar sér allri ábyrgð á afkomutryggingu þessara hópa, lífeyrisþega og þeirra sem verst hafa orðið úti á vinnumarkaðinum með því að missa vinnuna. Síðan bíta þeir höfuðið af skömminni með því að þetta gera þeir í sömu andránni og ríkissjóður er að þvo hendur sínar með öllu af ábyrgðinni á atvinnuleysisbótum með því að hann leggur Atvinnuleysistryggingasjóði ekki til fimmeyring. Með þessu eru þau skilaboð send til verkalýðshreyfingarinnar í miðri kjarasáttarumræðunni að þeir skuli sjálfir bera fjanda sinn og skuli sjálfir og einir bera ábyrgð á kjörum þessa fólks sem hefur farið út af vinnumarkaðnum við það að missa vinnuna eða á ævistarfið að baki og eru lífeyrisþegar. Þar með er

verið að stefna þessum málum í algert uppnám og bjóða upp á það að í hvert skipti sem kjarasamningar eru á dagskrá, verði verkalýðshreyfingin, launþegahreyfingin að taka þessi mál upp á sína arma og beita afli samtaka sinna í átökum við ríkisvaldið um að tryggja þessi sjálfsögðu mannréttindi.

Ég hef heyrt einhverja stjórnarliða halda því fram að þetta sé gert svo til með þegjandi samkomulagi við verkalýðshreyfinguna. Því hefur verið haldið fram að í viðtölum milli forustumanna ASÍ og forsrh. hafi niðurstaðan orðið sú að verkalýðshreyfingin hafi sætt sig við þetta vegna þess að ríkisstjórnin bauð a.m.k. á næsta ári, að láta atvinnuleysisbætur fylgja umsömdum kjarasamningum í upphafi þessa árs. Í ljósi slíkra fullyrðinga er athyglisvert að rétt í þessu var að berast ályktun frá Alþýðusambandi Íslands, undirrituð af Benedikt Davíðssyni, forseta ASÍ, um það sem þeir kalla atlögu heilbrrh. og ríkisstjórnar að velferðarkerfinu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega tillögum heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnarinnar um verulegan niðurskurð og aukna gjaldtöku í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem kynntar hafa verið undanfarna daga. Ef þessar tillögur verða samþykktar á Alþingi jafngilda þær einhverri alvarlegustu og víðtækustu atlögu að velferðarkerfinu sem nokkur ríkisstjórn hefur kynnt í seinni tíð.

Miðstjórn ASÍ lýsir sig algerlega andsnúna áformum ríkisstjórnarinnar um að afnema þær tengingar sem verið hafa um áratuga skeið milli bótaflokka almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga og kjarasamninga verkalýðsfélaganna. Með því væri ríkisstjórnin að koma í veg fyrir að þessir hópar, sem búa við lökustu kjörin, fái notið þeirra kjarabóta sem um semst í kjarasamningum. Ef þetta ranglæti verður látið koma til framkvæmda mun verkalýðshreyfingin þegar við undirbúning að gerð næstu kjarasamninga á komandi hausti taka þetta mál til umfjöllunar með kröfu um að tengingin verði órofin eða með beinum kröfum um hækkanir á þessum bótum til samræmis við breytingar á kjarasamningum, áður en formlega verður gengið frá kjarasamningum við viðsemjendur.

Miðstjórn ASÍ átelur harðlega útfærslu ríkisstjórnarinnar á hækkun almannatryggingabóta um næstu áramót. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. nóvember sl. ættu allir bótaflokkar almannatrygginga að hækka um 3,5% frá og með 1. janúar nk. Nú hefur komið í ljós að fyrirhugað er að þessi hækkun nái ekki til allra bótaflokka almannatrygginga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessi hækkun verði látin ná til allra bótaflokka almannatrygginga eins og fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega tillögum ríkisstjórnarinnar um að hækka gjaldtöku á sjúklinga vegna komu til heimilislækna og sérfræðinga og telur að skattlagning á veikindum fólks samrýmist engan vegin þeirri grundvallarforsendu sem velferðarkerfið hefur byggt á.

Miðstjórn ASÍ lýsir einnig megnustu andúð sinni á tillögu heilbrigðisráðherra um að auka enn frekar við tekjutengingu grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega úr 25% í 35%. Það framferði að hækka skattbyrði elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með tekjur á bilinu 68–100 þúsund króna með þessum hætti en halda skattbyrði þeirra sem eru með yfir 300 þúsund krónur á mánuði óbreyttri segir meira um pólitískar áherslur og siðferði ráðherrans og ríkisstjórnarinnar en orð fá lýst."

Virðulegi forseti. Það er ósatt að þessar grundvallarbreytingar um aftengingu atvinnuleysisbóta og lífeyrisbóta miðað við launaþróun séu gerðar með þegjandi samþykki launþegahreyfingarinnar. Því er yfirlýst að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við yfirlýsingu sína frá 29. nóv. (**Gripið fram í:** Það er nýr punktur í umræðunni.) Já. Það er nýr punktur í umræðunni — vegna þess að nú hafi komið á daginn að ríkisstjórnin ætli ekki að láta þá 3,5% hækkun sem um var samið í kjarasamningum 1. jan. ná til allra bóta. Þess vegna ber að fá það upplýst við þessar umræður — nú er tímabært að fá hæstv. heilbrrh. í salinn — hverju hæstv. ráðherrar svara yfirlýsingum Alþýðusambandsins um vanefndir eða svik á loforðum. Ég veit ekki til þess að það hafi verið upplýst áður. Það hefur hvergi komið fram á öllum þeim fjölmörgu fundum sem efh.- og viðskn. hefur haft um þetta mál, þótt hún hafi kallað fyrir óteljandi aðila, að því hafi verið haldið fram fyrr af viðmælendum ríkisstjórnarinnar að hér sé um vanefndir að ræða. Hæstv. heilbrrh. þarf að svara hvernig á því standi og hverjir þeir bótaflokkar séu sem eru undanþegnir í framkvæmd og útfærslu ríkisstjórnarinnar.

Hefur hæstv. forseti gert ráðstafanir til að hæstv. heilbrrh. komi í salinn?

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti hefur gert þær ráðstafanir og er hans að vænta þá og þegar.)

Ég hef verið að ræða um skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til ýmissa þeirra hópa í þjóðfélaginu sem flokkur hæstv. heilbrrh. gerði sér hvað mest dælt við fyrir kosningar með hástemmdum loforðum um að rétta þeirra hlut. Meðan við bíðum eftir því að hæstv. heilbrrh. komi í salinn er rétt að halda áfram að lýsa þessum skilaboðum.

Ein skilaboðin í bandorminum varða hag fatlaðra. Í 22. og 23. gr. eru ákvæði um að skerða framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þ.e. tekjustofninn sjálfur, erfðafjárskattur, er skertur sem svarar 133 millj. kr. og því næst, eins og reyndar hefur verið gert áður, er bundinn tiltekinn hluti, 40%, við rekstur en ekki framkvæmdir. Ég geri ekki athugasemdir við það þótt hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins fari til rekstrar. Hitt er annað mál að þegar um er að ræða skerðingu frá hinum markaða tekjustofni og þá staðreynd að verið er að gera það um leið og ríkið er að sölsa undir sig söluandvirði stofnunar, Sólborgar, sem byggð er af almannasamskotum á Akureyri, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þá eru athugasemdir við það að gera og aðferðina sömuleiðis.

Að því er varðar Framkvæmdasjóð aldraðra er nýmælið að fyrir utan hefðbundin skerðingarákvæði er breytingin gerð varanleg. Þar er athugasemdin fyrst og fremst sú að hann er byggður á sérstakri skattlagningu, sérstökum nefskatti.

Þá er komið að því að ræða eftirlætismál hæstv. heilbrrh. Hún hefur sem sé í hremmingum sínum undanfarna daga lýst því yfir að hún vilji helst leysa vanda heilbrigðiskerfisins með því að taka upp nýjan nefskatt, þ.e. einhvers konar sjúkratryggingagjald, sem áður er þekkt úr sögunni, sem leggist þá á alla landsmenn. Það verði sérstakur markaður tekjustofn fyrir heilbrigðiskerfið. Hér höfum við einmitt slíkan markaðan tekjustofn sem á að standa undir Framkvæmdasjóði aldraðra, nefskatt sem allir greiða en nú er verið að taka að hluta til í ríkissjóð. Það er einfaldlega svo að úr því að settur er á sérstakur skattur til þess að sinna sérstökum verkefnum þá ber að framfylgja þeim lögum. Ef ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að of mikið sé byggt eða að þörfin fyrir framkvæmdir á þessu sviði sé ekki lengur slík sem hún var þá ber hæstv. ríkisstjórn jafnframt að sjálfsögðu að koma með frv. til laga um breytingar á þessum skatti.

Sáttin sem um hann var á sínum tíma var um að standa undir þessum framkvæmdum fyrir aldraða en ekki um að hér væri um að ræða almennar skatttekjur ríkissjóðs.

Tilefni þess að ég bað um að hæstv. heilbrrh. kæmi í salinn var sérstakt og annað. Ég var að ræða um þau áform stjórnarliða að breyta þeim grundvallarþætti velferðarþjónustunnar á Íslandi að aftengja hvort tveggja, atvinnuleysisbætur og lífeyrisbætur, almennri launaþróun í landinu. Það hefur verið gefið í skyn af hálfu ýmissa stjórnarliða að þetta sé aðgerð sem ekki sé gerð í ósátt við verkalýðshreyfinguna. Ríkisstjórnin hafði jú ákveðið að í fjárlögum fyrir árið 1996 skyldi þrátt fyrir aftenginguna leggja til aukið fé sem samsvaraði kauphækkunum, 3,5%, umsömdum 1. jan., og verkalýðshreyfingin væri að sumu leyti gagnrýnin á viðmiðun atvinnuleysisbóta við tiltekinn taxta fiskvinnslufólks.

Nú vill svo til, hæstv. ráðherra, að hingað var að berast yfirlýsing frá Alþýðusambandi Íslands. Þar er því einfaldlega lýst yfir að þetta hvort tveggja sé rangt. Yfirlýsingin ber heitið „Ályktun um atlögu heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnar að velferðarkerfinu". Þar er með hörðum orðum fordæmd breytingin á þessum grundvallarþætti velferðarkerfisins, ekki síst á sama tíma og ríkissjóður ákveður í fyrsta sinn að leggja ekki einn fimmeyring, ekki krónu með gati, lengur í Atvinnuleysistryggingasjóð. Með þessari aðgerð er ríkissjóður, með öðrum orðum ríkisstjórnin og sér í lagi hæstv. heilbrrh., að segja að velferðarríkið á Íslandi afsali sér allri ábyrgð á því að lífeyrisþegar og þeir sem misst hafa vinnuna skuli njóta lágmarksafkomu sem tengd er umsömdum launum í landinu.

Það er meira, hæstv. ráðherra. Hér er því mótmælt harðlega að ríkisstjórnin, eins og hér segir, hyggist ekki efna yfirlýsingu sína frá því 29. nóv., gefin loforð um að þessi upphæð, 3,5% hækkun, skuli ná til allra bótaflokka almannatrygginga. Í ályktuninni segir á þessa leið:

„Miðstjórn ASÍ átelur harðlega útfærslu ríkisstjórnarinnar á hækkun almannatryggingabóta um næstu áramót." — Útfærslunni. „Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. nóv. sl. ættu allir bótaflokkar almannatrygginga að hækka um 3,5% frá og með 1. jan. nk. Nú hefur komið í ljós að fyrirhugað er að þessi hækkun nái ekki til allra bótaflokka almannatrygginga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessi hækkun verði látin ná til allra bótaflokka almannatrygginga eins og fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar."

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu, sem undirrituð er af forseta Alþýðusambandsins, þar sem vísað er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er þess farið á leit að hæstv. ráðherra svari því: Er það rétt sem forseti ASÍ heldur fram að ráðherrann og ríkisstjórnin ætli ekki að efna yfirlýsinguna frá því í nóvemberlok? Hvaða bótaflokkar eru það sem ríkisstjórnin ætlar ekki að láta þessa 3,5% hækkun ná til? Hvaða hópar fólks eru það sem ríkisstjórnin ætlar að undanþiggja og hver eru rök hennar fyrir því að svíkja með þessum hætti loforð sitt við aðila vinnumarkaðarins sem gefið var í lok nóvember? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum á eftir.

Ég hef verið að tala, hæstv. ráðherra, um skilaboðin sem berast frá hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórn sérstaklega til aldraðra í tengslum við þennan ríkisfjármálapakka allan saman. Ég hef verið að minna á að þessi skilaboð eru talsvert önnur en kjósendur hefðu mátt búast við hafi þeir lagt trúnað á orð frambjóðenda Framsfl., þar með talinn hæstv. ráðherra, fyrir seinustu kosningar. Ég minni á að frambjóðendur Framsfl. í stjórnarandstöðu á seinasta kjörtímabili héldu uppi stöðugri, harðri og óvæginni gagnrýni á fyrrv. ríkisstjórn þegar hún tók upp þjónustugjöld. Hæstv. ráðherra hefur látið þau orð falla að það bæri að afnema þessi þjónustugjöld.

Frambjóðendur Framsfl. fengu áreiðanlega mikið fylgi í seinustu kosningum, fylgi sem entist þeim til þess m.a. að ná samningum um myndun núv. ríkisstjórnar, út á loforðin um að afnema þjónustugjöld, út á loforðin um það að standa vörð um grundvallaratriði velferðarþjónustunnar og út á málflutninginn á fyrra kjörtímabili þar sem tekið var undir alla gagnrýni á sparnaðaraðgerðir. Nú er spurt um efndirnar. Seinustu efndirnar eru þær, frá hæstv. heilbrrh., að það sé helst að leita sparnaðar þar sem kemur að bótagreiðslum sem eru svo lágar, 600 kr. á mánuði, 7.200 kr. á ári, að það taki því ekki að greiða þær út. Þarna er fundið fé til þess að spara í ríkisfjármálum upp á 12 millj. kr. eða að ganga lengra í tekjutengingum en áður var gert með því að skerða grunnlífeyri lífeyrisþega, ekki um 25% heldur um 35% miðað við aðrar tekjur. Hæstv. ráðherra gerir sér vonir um að spara 42 millj. kr. með þessum hætti.

Því næst bætir hún um betur með boðaðri reglugerð sinni sem snertir þjónustugjöld, þjónustugjöldin sem hæstv. ráðherra hefur lofað að leggja af. Þá er helst til ráða að hækka þau, alveg sérstaklega fyrir aldraða, örykja og börn, lyfta þakinu fyrir þessa hópa vegna þess að það er hækkun, bæði almennt og einnig fyrir þá. Þegar þetta hefur verið rætt í efh.- og viðskn. og spurt hver sé raunverulega sparnaðurinn sem næst með þessu þá er hann mjög óverulegur. Það er því ótrúlegt hvernig hæstv. ráðherra hefur breyst á stuttum tíma í ráðuneyti sínu frá því þegar hæstv. ráðherra var frambjóðandi Framsfl. í seinustu kosningum eða talsmaður flokksins í stjórnarandstöðu á seinasta þingi þar til hún hefur náð því markmiði í krafti kosningaloforðanna að sitja nú í stóli heilbrrh. til þess að standa við stóru orðin. Satt að segja held ég að það sé leitun á öðrum kapítula í íslenskri stjórnmálasögu sem er jafndapurlegur þegar bornar eru saman yfirlýsingar eða loforð og svo raunverulegar efndir eða verk eins og þessi dæmi sem hér er lýst.

Herra forseti. Skilaboð ríkisstjórnarinnar til þolenda afbrota, til aldraðra alveg sérstaklega, til atvinnulausra, til lífeyrisþega, til þeirra sem eiga hluta af afkomu sinni mjög undir uppsöfnunarsjóðum, eins og Framkvæmdasjóði fatlaðra og aldraðra, skilaboðin varðandi frekari tekjutengingar bóta, skilaboðin um hina nýju reglugerð ráðherrans um hækkun þjónustugjalda, allt er þetta eins og langur listi um hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hefur snúið öllu öfugt. Frá því sem málflutningurinn snerist um á seinasta kjörtímabili og loforðin sem gefin voru í seinustu kosningum. Þetta eru allt saman öfugmælavísur. Þar með er allt tal hæstv. ráðherra og reyndar Framsfl. í fjögurra ára stjórnarandstöðu orðið að ómerkum ómagaorðum.

Af því að við erum að tala um stjórnmál og um heilindi í stjórnmálum og hvort stjórnmálamenn viji láta taka mark á sér eða ekki þá er sérstök ástæða til þess að nefna það að út á loforðin, skrumið, fengu framsóknarmenn fylgið sem dugði þeim til þess að sitja á þessum ráðherrabekkjum. Hver er svo hlutur flokksins í þessu stjórnarsamstarfi? Hver er það ræður ferðinni í þessu stjórnarsamstarfi? Hver er það rúllar yfir hæstv. heilbrrh. í hverju málinu á fætur öðru? Hver er það sem gefur fyrirmæli um hvað má og hvað má ekki? Hver er það sem snýr öllum kosningaloforðum Framsfl. öfugt?

Hver er það sem gerir framsóknarmenn á ráðherrastólum að umskiptingum? Og hvernig er það í slíku stjórnarsamstarfi, hvar er formaður Framsfl., holdgervingur traustsins, sem birtist þjóðinni í seinustu kosningum í selskinnsjakkanum? (**Gripið fram í:** Kletturinn í hafinu.) Hvar er kletturinn í hafinu? Hvar er nú sá sem kjósendur Framsfl. settu allt sitt traust á? (**Gripið fram í:** Kletturinn í hafinu í selskinnsjakkanum.) Það er nákvæmlega eins og Framsfl. sé með öllu forustulaus, hugmyndalaus, viljalaus og manndómslaus í þessu stjórnarsamstarfi. Eru engin takmörk fyrir því hvað hann lætur bjóða sér? Ég er ekki að gera honum upp orð. Ég er ekki að gera honum upp skoðanir. Það er reyndar ástæða til þess, í nafni heilbrigðrar stjórnmálaumræðu á Íslandi, að gefa út og senda inn á hvert einasta heimili í landinu bæklinginn þar sem væru endurtekin og prentuð orð fyrir orð loforð frambjóðenda Framsfl., loforðin sem öfluðu honum þess fylgis sem skilaði honum hingað á þessa ráðherrabekki. Þannig að almenningur geti orð fyrir orð, málaflokk fyrir málaflokk, borið saman hvernig komið er fyrir þessum flokki. Og maður spyr sig: Hvað er orðið af þeim Framsfl. sem hafði þann metnað til að bera yfirleitt, ef hann átti þess kost, ef hann náði þeim atkvæðastyrk sem hann reyndar náði í seinustu kosningum, að leita eftir því að veita forustu í ríkisstjórn á grundvelli einhverra hugmynda eða stefnumála sem Framsfl. hefði borið fram? Hvað er orðið af þeim flokki? Hvað er orðið af forustu þess flokks?

Reyndar er eftirtektarvert að formaður Framsfl. hefur ekki sést í þingsölum nánast það sem af er þessu hausti. Og nú get ég sem hér stend trútt um talað því ég er forveri hans á stóli utanrrh. En ég bið menn að gera samanburð á því hvort Alþfl. í fyrra stjórnarsamstarfi hefði látið bjóða sér þær trakteringar sem Framsfl. lætur bjóða sér upp á núna. Formaður Framsfl. er ekki aðeins utanrrh. heldur hefur hann einnig tekið að sér að vera samstarfsráðherra Norðurlanda og hann hefur gengið í fleiri alþjóðasamtök en áður voru í gildi. Það er mikið áhugamál hjá honum að stofna sérstakt norðurhjararáð og hann er genginn í Eystrasaltsráð. Með því að bæta við Norðurlandasamstarfinu hefur hann nokkurn veginn tryggt það að hann er alls ekki hér á landi og hefur enga aðstöðu til þess að veita þessum flokki neina forstöðu, enda sýna verkin merkin. Það er engin forusta. Þessi flokkur er forustulaus hjörð og hann lætur það yfir sig ganga að hvert einasta orð sem hann hefur sagt og kjósendur tóku mark á er orðið að öfugmælum.

Virðulegi forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um skilaboð ríkisstjórnarinnar hæstv. og þeirra ráðherra Framsfl. sem eru helstir verkstjórnendur velferðarkerfisins á Íslandi til kjósenda eins og þau birtast í þessum frumvörpum ríkisstjórnarinnar. En það er athyglisvert líka að víkja að því hvað ekki felst í þessum skilaboðum, um hvað þau snúast ekki.

Hvað var það sem frambjóðendur nánast allra flokka sögðu fyrir seinustu kosningar að væri brýnast að gera að því er varðar ríkisfjármál og þá sérstaklega skattamálin? Hvað var það? Það er ástæða til þess að rifja það alveg sérstaklega upp. Öllum bar saman um að það sem væri brýnast væri að rétta hlut þeirra hópa í þjóðfélaginu sem eru orðnir sérstaklega fórnarlömb tekjutengingar á öllum sviðum og eru farnir að bera jaðarskatta, þ.e. skatta af viðbótartekjum umfram ákveðið lágmark upp á um það bil 70–100%. Þetta er það sem sagt var að væri langsamlega brýnast að gera, t.d. gagnvart ýmsum hópum aldraðra og þeim sem sætt hafa tekjutengingu bótagreiðslna og annarra tekna, sérstaklega reyndar barnmörgum fjölskyldum vegna tekjutengingar á fjölskyldubótum, barnabótum, barnabótaauka og vaxtabótum. Og þessi loforð voru gefin með margvíslegum rökum.

Því hefur stundum verið haldið fram að tekjutenging væri rétt leið til þess að jafna byrðar og væri þá eins konar réttlátara form skattheimtu en ella væri kostur á. Staðreyndin er sú að það er enginn munur á því þegar þessi dæmi eru tekin af skattahækkunum og tekjutengingum nema einn. Þessar tekjutengingar hafa leitt til þvílíkrar mismununar milli ýmissa hópa í þjóðfélaginu að það er með öllu gjörsamlega óásættanlegt. Þegar svo er komið að tilteknir hópar eru farnir að bera 60, 70, 80% jaðarskatta en aðrir ekki, er verið að rífa niður allt traust á skattkerfinu.

Að því er varðar unga fólkið er þetta kerfi sannarlega vinnuletjandi vegna þess að það er verið að koma þeim skilaboðum til fólks að þeim sé ekki lengur fært að leggja á sig aukna vinnu, lengri vinnudag eða forsjármönnum fjölskyldu að vinna bæði, vegna þess að af auknum tekjum umfram venjulegar tekjur eru teknar 70, 80 kr. af hverjum 100 í skatta. Þetta er sérstaklega alvarlegt og sérstaklega áberandi að því er varðar annars vegar barnmargar fjölskyldur með mikil útgjöld, fjölskyldur sem eru að leggja á sig mikla vinnu og eru að reyna að afla mikilla tekna vegna húsnæðiskostnaðar og því næst ýmissa annarra í hópi hinna öldruðu þar sem tekjutengingarnar eru komnar út yfir allan þjófabálk. Sér í lagi er þetta svo órétttlátt í þjóðfélagi þar sem skattundandráttur er jafnútbreiddur og mat opinberra aðila stendur til. En allt byggist þetta á skattframtalinu og í raun og veru er það svo eins og fram kom í umræðum í efh.- og viðskn. af hálfu fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins að í vaxandi mæli eru aldraðir farnir að hringja í Tryggingastofnunina eða koma og leita upplýsinga um það hvort eða í hve miklum mæli þeim er yfirleitt óhætt að afla einhverra aukatekna áður en að því kemur að bótagreiðslur skerðast, jafnvel að fullu, enda er hægt að finna hópa þar sem þannig háttar til að tekjutenging bóta er orðin 100%.

Herra forseti. Ég er að tala um skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til kjósenda, til almennings. Ég tek eftir því að það eru engin skilaboð frá hæstv. ráðherrum, hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. heilbrrh. til kjósenda um að leiðrétta þetta nema þó í einum mæli í fjárlagafrv., þ.e. það er varið auknum fjármunum til að draga úr tekjutengingunni að því er varðar barnabótaauka. En eftir er skilið mjög stórt svið þar sem á þessu máli er ekki tekið.

Hvað var hitt málið sem mönnum bar saman um, kannski fyrir utan frambjóðendur Sjálfstfl. að væri brýnasta umbótaaðgerðin að því er varðar skattamál á Íslandi? Það var að koma á fjármagnstekjuskatti, vegna þess að menn sögðu: Til þess að vera jafnir fyrir skattalögum er ekki hægt að réttlæta það lengur að allar tekjur sem menn afla með vinnu sinni séu skattlagðar upp í topp og með jaðarsköttum eins og ég hef verið að lýsa, en mjög verulegur hlutur af tekjum af fjármagni er ýmist algerlega tekjuskattsfrjáls eða að mestu leyti.

Það vill svo til að í tíð fyrri ríkisstjórnar var lögð mikil vinna í þetta mál og ítarlegar skýrslur liggja fyrir um það með hvaða hætti megi útfæra slíkt skattkerfi. Í tengslum við kjarasamninga, einnig í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, var gert pólitískt samkomulag um að ljúka þessari vinnu og það skyldi lagt fram frv. á hinu háa Alþingi á þessu hausti þannig að tekjuskattslög gætu tekið gildi nú um áramót. Ég fullyrði

af reynslu minni og þekkingu á þróun þessa máls frá fyrri tíð að það er ekkert sem varðar nauðsyn á aukinni vinnu vegna tæknilegrar útfærslu sem dugar til skýringar á því að af þessu hefur ekki orðið. Staðreyndin er einfaldlega sú að um er að ræða vanefndir þrátt fyrir það að leitað hafi verið til stjórnarandstöðuflokkanna fyrir seinustu kosningar um atbeina að þessu máli auk aðila vinnumarkaðarins. Þetta tvennt, að leiðrétta jaðarskattana og að koma á fjármagnstekjuskatti hefur verið vanefnt. Þetta tvennt sem bar hæst í umræðunni og frambjóðendur lögðu mesta áherslu á að þyrfti að leiðrétta. En í staðinn eru skilaboð ríkisstjórnarinnar þau sem við höfum verið að lýsa. Sparnaðarviðleitnin er fyrst og fremst í því fólgin að leggja auknar byrðar á aldraða og öryrkja, að draga úr afkomuöryggi þeirra með því að afnema grundvallarþætti eins og tengsl launa og velferðargreiðslna auk þess sem hæstv. heilbrrh. beygir sig jafnvel á götu til þess að ná lítilfjörlögum sparnaði á kostnað þessara hópa.

Önnur framtíðarsýn um sparnað í ríkisrekstri eða tekjuöflun eins og með fjármagnstekjuskatti? Nei. Og þannig er niðurstaðan sú í hverju málinu á fætur öðru að Framsfl. er orðinn að ómerkingi í þessu stjórnarsamstarfi.

Virðulegi forseti. Ég vona að menn lái mér ekki þegar ég segi að skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til þjóðarinnar nú skömmu áður en að jólahelgin gengur í garð, hin mikla fjölskylduhátíð friðar og eindrægni, bera vott um það sem mætti kalla svolítinn snert af geðklofa. Í einu orðinu birtir ríkisstjórnin nýja þjóðhagsspá og nýjar tölur um tekjuhlið fjárlaga. Hver eru skilaboðin frá ríkisstjórninni að þessu leyti? Þau eru þessi. Erfiðleikatímabilið er að baki. Batamerkin, efnahagsbatinn blasir við. Hagvöxturinn á næsta ári verður meiri en að meðaltali í OECD-ríkjunum. Helsta skrautfjöðrin í hatti núv. ríkisstjórnar er að sjálfsögðu álmálið sem við samþykktum fyrr í dag. Það boðar verulegar fjárfestingar. Það boðar umsvif vegna þátttöku erlends fjármagns við uppbyggingu á atvinnulífi á Íslandi eftir langt kyrrstöðutímabil. Tölur eru nefndar um það að fjárfestingar sem verið hafa í sögulegu lágmarki á Íslandi eru aftur að aukast, fyrst og fremst auðvitað með þessum stórframkvæmdum. Menn boða ekki bara stækkun álvers. Menn gefa í skyn og eru bjartsýnir á að það komi nýtt álver og jafnvel að það verði tekin ákvörðun um það fyrir áramót. Í framhaldi af því boða menn nýjar stórframkvæmdir í virkjunarmálum og jafnvel fleiri stóriðjuáform. Í raun og veru er það svo að menn eru ekki bara að boða hagvöxt og auknar fjárfestingar. Menn eru líka að segja að þjóðarútgjöldin eru að vaxa og uppi eru ýmis þenslumerki vegna þess að neyslan er vaxandi. Útflutningur fer að vísu minnkandi en innflutningur fer ört vaxandi og viðskiptahallinn er að snúast við. Hann hefur verið jákvæður á undanförnum þremur árum en tölur eru nú birtar um það að hann verði allverulega neikvæður á næsta ári.

En hvað þýðir þetta á mannamáli? Þetta þýðir það að ríkisstjórnin er að segja: Ytri skilyrði eru að batna. Við höfum fengið happdrættisvinninginn að því er varðar stækkun álversins og þetta þýðir að kaupmáttur er að vaxa og umsvif eru vaxandi. Fyrirtækin nýta sér það í auknum mæli eftir að þau gátu rétt hlut sinn á seinasta kjörtímabili vegna þeirrar aðhaldsstefnu sem þá var beitt og vegna stöðugleikans sem þá náðist. Allt er þetta gott og jákvætt.

Hin skilaboðin eru hins vegar til almennings. Á sama tíma og ríkisstjórnin boðar batnandi hag og betri tíð, aukinn hagvöxt og aukin þjóðarútgjöld, auknar fjárfestingar og vonandi fjölgun starfa, eru helstu úrræði þessarar sömu ríkisstjórnar, að því er varðar sparnað í ríkisfjármálum að höggva í þann knérunn sem ég var að lýsa hér áðan, þ.e. að leita eftir sparnaði hjá öldruðum og öryrkjum og lífeyrisþegum og svipta atvinnulausa afkomuöryggi og réttindum og auka þjónustugjöld vegna þess að ríkisstjórnin hefur að því er virist engin önnur úrræði. Þetta er vissulega dauflynd og verkasmá ríkisstjórn. En það er ömurlegt hlutskipti fyrir Framsfl. sem boðaði vissulega allt aðra hluti fyrir kosningar að standa nú eins og þvara í potti í þessari dauflyndu og verkasmáu ríkisstjórn með ábyrgðina á því að gera allt öfugt við það sem þeir sögðu fyrir kosningar.

Hver eru svo þriðju skilaboðin frá hæstv. ríkisstjórn? Þau eru þessi, einmitt vegna þess að það er nokkur vottur um aukna þenslu, vissulega má gera ráð fyrir nokkrum vexti miðað við fjárlagafrv. og ríkisfjárlagapólitíkina. Skilaboðin eru þessi: Þrátt fyrir þenslumerki, þrátt fyrir að atvinnulífið er að taka við sér og þrátt fyrir að fjárfestingar eru að aukast og maður skyldi ætla að ríkissjóður ætti þar af leiðandi að auka eitthvað svigrúm atvinnulífsins og draga úr skuldasöfnun sinni og lántökum, nei, þá er enn lagt fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir umtalsverðum halla. Sá halli mun ef nokkuð er fara vaxandi, frá fjárlagafrv. til niðurstöðutölu fjárlaga, í meðförum stjórnarliða.

Hvaða sögu segja lánsfjárlög, hin hliðin á því máli? Þau segja að það er haldið áfram á braut skuldasöfnunar. Það á að halda áfram að slá lán. Neikvæður viðskiptajöfnuður segir þá sögu að við eigum áfram að auka skuldasöfnunina. Eins og ekki væri nóg, hæstv. heilbrrh., að við borgum núna 35 milljarða á ári hverju í afborganir og vexti af gömlum lánum. Það mætti kannski nota eitthvað af þeim peningum, ef þeim hefði verið varið á skynsamlegri máta og ef þeir hefðu skilað þjóðinni þeim arði sem ætlast hefði mátt til, núna í sálarangist og vanda hæstv. heilbrrh. gagnvart útgjaldaþenslunni í heilbrigðiskerfinu. En á sama tíma og þetta gerist leggur ríkisstjórnin fram fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv., sem eru ekki aðhaldsfrumvörp. Þau staðfesta að vegna innbyrðis ágreinings meðal stjórnarliða geta þeir ekki náð samstöðu um skynsamleg úrræði við eðlilegan sparnað í ríkiskerfinu. Þar er undanhaldið, undanhaldið fyrir sérhagsmunahópunum, landbúnaðarkerfinu og sægreifunum. Þar er ekki tekið á málum. Ég held að ég hafi fært rök fyrir því, virðulegi forseti, að kannski er ekkert ofmælt að þessi þrenn misvísandi skilaboð frá ríkisstjórninni til landslýðsins, núna fyrir jólahelgina, eru dálítið „skitsó" eins og menn mundu segja. Þau bera vott um dálítinn pólitískan geðklofa vegna þess að það er eins og önnur höndin viti ekki hvað hin gerir. Hér er ekki ríkisstjórn sem hefur sett sér markvissa stefnu, sem veit hvað hún er að gera. Hér er heldur ekki að verki róttæk umbótastjórn sem þorir að taka á vandamálum og kemur með ný úrræði og nýjar hugmyndir eða hefur burði til þess, þrátt fyrir líkamsburðina, þ.e. þessa 40 hausa eða svo sem styðja ríkisstjórnina, að koma fram með kerfisbreytingar sem horfa til framtíðar.

Í ljósi þessa, virðulegi forseti, er athyglisvert að það eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem leggja fram brtt. við 2. umr. fjárlaga sem stefna að því að draga úr hallarekstrinum í ríkisbúskapnum, leggja fram sparnaðartillögur upp á 1,5 milljarða í rekstri ríkisbáknsins og fara inn á aðrar brautir að því er varðar tekjuöflun með því að leggja fram tillögur um tekjuöflun, bæði af fjármagnstekjum sem og af veiðileyfagjaldi, þ.e. að tryggja þjóðinni arð af auðlindinni sem lög kveða á um að hún eigi sameiginlega. En slíkar tillögur fá

ekki fylgi í núv. ríkisstjórn. Þær eru róttækar. Þær taka nefnilega á sérhagsmununum. En sérhagsmunir sitja alls staðar á fleti fyrir í þessari ríkisstjórn og ráða. Þeir skilgreina hvað má og hvað má ekki. Þá er þrautalendingin að skipa hæstv. heilbrrh. að leita eftir sparnaði í húsum hinna öldruðu, öyrkja og annarra slíkra.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. velvirðingar, en leyfir sér að spyrjast fyrir um hvort hann hafi nokkra hugmynd hve langt er eftir að ræðu hans. Forseti spyr af því tilefni að ráð var fyrir því gert að gera hlé á þessum fundi um sexleytið og gefa þá ráðrúm til þingflokksfunda. Spurning er hvort stefna beri að því að hv. þm. ljúki ræðu sinni eða geri á henni hlé.)

Mér var kunnugt um það, virðulegi forseti, að stefnt væri að fundarhléi til þingflokksfunda um þetta leyti. Ég tel að ég hafi komið til skila öllum aðalatriðum máls míns í þessari lotu þannig að ég get prýðilega fallist á að láta ræðu minni lokið hér með, enda nógir aðrir til þess úr röðum stjórnarliða að halda þessari umræðu áfram.

(**Forseti** (GÁS): Í samræmi við orð forseta verður nú gert hlé á þessum fundi. Ráð er fyrir því gert að honum verði fram haldið kl. átta.)

[Fundarhlé. — 20:02]

[21:16]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1995, 44. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 450; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 451; frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 453.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands, 258. mál, þáltill. utanrmn., þskj. 435.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands, 257. mál, þáltill. utanrmn., þskj. 434.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens, 256. mál, þáltill. utanrmn., þskj. 433.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 119. mál, þskj. 448.

[21:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða eitt stærsta mál þingsins fram til þessa sem er frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Það gengur undir nafninu „bandormurinn mikli" og ég verð að segja, virðulegi forseti, að hef ég setið lengi á Alþingi og fjallað um ýmsa bandorma, en engan hef ég séð skrautlegri eða ljótari en þann bandorm sem við ræðum hér.

Það er ljóst að það hlýtur að kalla á mjög langa umræðu að fara í gegnum þennan bandorm sem tekur á hvorki meira né minna en 34 lögum og er einar 63 greinar. Það ljótasta við þennan bandorm, eins og kannski í mörgum frumvörpum sem frá þessari ríkisstjórn koma að ekki sé talað um fjárlögin, er að þar er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Þessi ríkisstjórn virðist helst hitta fyrir aldraða, öryrkja, sjúklinga eða atvinnulausa þannig að hér er verið að ráðast mjög grimmilega að kjörum þessa fólks.

Það er auðvitað einnig ljóst, virðulegi forseti, að hér er ekki einungis verið að gera breytingar sem tengjast fjárlagaafgreiðslunni sem er nú kannski alvanalegt að sjá í bandormum. Hér er verið að gera grundvallarbreytingar á ýmsum mikilvægum lögum í þessu þjóðfélagi, ekki síst almannatryggingalögunum, lögum um málefni fatlaðra, málefni aldraðra o.s.frv.

Við fórum yfir það fyrr í dag, virðulegi forseti, þegar byrjað var að ræða þennan bandorm að hann snertir alla ráðherra í þessari ríkisstjórn. Það er ljóst að ríkisstjórn, sem leggur svona mikla áherslu á að fá þetta mál í gegnum þingið þó stutt lifi til jóla, hlýtur að gefa sér tíma til þess að sitja undir þessari umræðu sem hér fer fram. Ég tel því alveg nauðsynlegt, virðulegi forseti, að kalla til þá ráðherra sem þetta mál heyrir undir. Ég hef helst hug á að eiga orðastað við hæstv. forsrh. Fjmrh. er auðvitað nauðsynlegt að fá hingað í salinn líka að ekki sé talað um hæstv. heilbrrh. Ég sé að hæstv. félmrh. heiðrar okkur með nærveru sinni og ég mun örugglega eiga orðastað við hann. Ég læt mér því nægja við fyrri hluta ræðu minnar ef þessir ráðherrar kæmu a.m.k. hingað í salinn.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður við því og gerir ráðstafanir til þess að fá nefnda hæstv. ráðherra til fundarins.)

Ég held að það liggi alveg í augum uppi að það virðist svo sem þessi ríkisstjórn, og við höfum reynslu af því frá því í vor, hafi í raun enga aðra stefnu en bullandi árás á velferðarkerfið í landinu, velferðarkerfi fólksins. Það er sorglegt til þess að vita að Framsfl. sem vann kosningabaráttuna undir kjörorðinu Fólk í fyrirrúmi skuli standa að þessum aðgerðum sem við verðum vitni að dag eftir dag af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar er helst ráðist á báða bóga á garðinn þar sem hann er lægstur, að kjörum aldraðra, öryrkja og atvinnulausra svo ekki sé minnst á sjúka í þjóðfélaginu. Það er þeim mun alvarlegra, þar sem við erum á siglingu út úr kreppunni samkvæmt þjóðarspá, að ríkisstjórnin virðist helst sjá matarholurnar hjá þeim sem vart eiga til hnífs eða skeiðar.

Ráðherrarnir hafa talað um að það sé tiltölulega bjart fram undan, það sé efnahagsbati. Við vorum að fjalla um það á síðasta sólarhringi að tekjuhlið fjárlaganna skilar einum milljarði meira í ríkiskassann en menn gerðu ráð fyrir þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust. Og nóg var um atlöguna gagnvart þeim sem minnst mega sín í fjárlagafrv. En þegar birtir til, eins og sést af tekjuhlið fjárlaganna þar sem milljarði meira var til ráðstöfunar en menn gera ráð fyrir, er enn haldið áfram nánast á hverjum einasta degi að finna nýja matarholu, einhverjar nýjar aðgerðir, einhverja nýja atlögu gagnvart þeim sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Það er alveg furðulegt að hv. framsóknarmenn skuli standa að þessum aðgerðum. Ég er svo sem ekkert hissa á sjálfstæðismönnum. Þeir sýna sitt rétta andlit en það gerðu framsóknarmenn ekki fyrir kosningar. Þeir gerðu það eftir kosningar. Þá féll grímann. Og ég held að þetta séu kannski mestu kosningasvik síðari ára sem Framsfl. er ber að á þessum haustdögum og vetrardögum núna fyrir jólin. Þar er hver jólaglaðningurinn á fætur öðrum sendur inn á heimili öreiga, aldraðra og sjúkra.

Sjálfstfl. er samur við sig. Hann verndar fjármagnseigendur og peningafólk í þjóðfélaginu með dyggri aðstoð framsóknarmanna og ræðst af fullkominni hörku á þá sem síst skyldi. Ég verð að segja að ég hafði meiri trú á framsóknarmönnum en svo. Það hafa orðið alger umskipti á framsóknarmönnum. Ekki einn einasti framsóknarmaður snýst til varnar gegn atlögu gagnvart þessum hópum. Ekki einu sinni nýir þingmenn Framsfl. eins og hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Örn Haraldsson, snúast til varnar fyrir þennan hóp. Ég verð að segja að ég bjóst við meiru af þessum hv. þm. sem auglýsti dag hvern, ég man ekki hvort það var í Morgunblaðinu eða DV, að hann stæði vörð um þetta og hitt í þjóðfélaginu. Það

voru ekki síst aldraðir og öryrkjar og heimilin í landinu. Hvar er þessi hv. þm. nú? Af hverju snýst hann ekki til varnar fyrir þessa hópa í þjóðfélaginu?

Nei, þetta eru svik og blekkingar við fólkið í landinu þar sem eitt er sagt í stjórnarandstöðu og annað í ríkisstjórn. Ég bjóst líka við miklu af hv. 4. þm. Reykn. þegar hann settist í þingsalinn. Og mér fannst aðeins bjartara um að litast í þessari leiðinlegu ríkisstjórn þegar ég sá hér ungan og sprækan þingmann eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég var alveg sannfærð um að hún mundi með dyggri aðstoð heilbrrh. standa vörð um það þegar sjálfstæðismenn færu að gera atlögu að velferðarkerfinu eins og þeir gera ávallt þegar þeir eru í ríkisstjórn. Það hefur ekkert heyrst frá hv. þm., ekki orð. Á hverjum einasta degi sjáum við atlögu gagnvart þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Og jafnvel þótt við sjáum aukningu, hv. þm., á tekjuhlið fjárlaganna, eða um 1 milljarð kr., er enn ráðist að öldruðum. Ykkur þarf því ekki að undra, hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar, að við skulum standa hér í ræðustóli og þurfa að tala nokkuð mikið um þetta mál sem hér er til umræðu.

Ég geymi mér viss atriði, virðulegi forseti, þar til hæstv. heilbrrh. heiðrar okkur með nærveru sinni sem ég vona að verði fljótlega. Ég get enn sýnt biðlund ef ráðherrann er vant við látinn.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess af þessu tilefni að hæstv. forsrh. er í húsinu og hefur fengið boð um óskir hv. þm. Hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. eru hins vegar ekki í húsinu. Þeim hafa verið gerð boð um að mæta hingað til fundar og hlýða á mál hv. þm. Við vonum því hið besta.)

Ég hef ekki gert mikið af því að ónáða hæstv. heilbrrh. en mér finnst full ástæða til að hressa upp á minni hæstv. ráðherra. Það virðist svo að gleymskan sé það mikil að hæstv. ráðherra, sem var hér þingmaður fyrir ári, sé búinn að gleyma hverju einasta orði sem hann sagði í þessum ræðustól fyrir ári. Hún var með stór orð og yfirlýsingar. Hún gerði atlögu að þáv. ríkisstjórn og Alþfl. varðandi öll þau atriði sem hún stendur sjálf að núna í enn verri mynd. Ég ætla, virðulegi forseti, að fara yfir það sem fram kemur í þessum bandormi. Ég fer ekki yfir hverja einustu grein þótt ástæða væri til þess. Það hefur verið gert fyrr í dag úr þessum ræðustól. Ég fer þó yfir nokkur atriði sem ástæða er til að skoða sérstaklega.

Það hefði vissulega verið ástæða til þess líka, hæstv. forseti, að fá hingað hæstv. dómsmrh. vegna 18. gr. í þessu frv. Það er ákvæðið um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Maður hefur gegnum árin í þessum þingsal séð ýmislegt sem maður trúir varla að þessi virðulega stofnun ætli að festa í lög. En ég held að ég hafi aldrei séð ljótari aðgerð en þá sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir varðandi það að breyta ákvæðunum í nýsettum lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Og er þó af mörgu að taka.

Ég hef sagt og ræddi það í hv. allshn. að ég tel að það jaðri við að um brot á stjórnarskránni sé að ræða. Hér var verið að lögfesta ákvæði sem átti að ná til þolenda afbrota frá 1993. Ríkisstjórnin ætlaði sér að fella niður með lögum að þetta næði til ársins 1993, þótt hún sé kannski fallin frá því núna. Við erum ekki að tala um verulega stórar fjárhæðir í þessu sambandi. Dómarnir sem hafa fallið í þessu efni eru ekki upp á háar fjárhæðir. Ég hygg að þótt menn séu tala um 60 millj. kr. séu þessar tölur í reynd ekki svo háar þegar upp er staðið. En þær geta auðvitað skipt sköpum fyrir þolendur afbrota.

Hér á dögunum vakti athygli mína grein sem birtist í Morgunblaðinu sem var opið bréf til ráðherra og þingmanna stjórnarflokkanna af þessu tilefni. Þar var móðir að skrifa þeim bréf um afleiðingar og áhrif þess þegar dóttir hennar sem var nýlega orðin 16 ára hafði lent í þessari bitru reynslu. Hún lýsir andlegu ástandi dóttur sinnar. Hún lýsir hræðslu hennar við að fara út úr húsi um hábjartan dag, brotinni sjálfsímynd, ofsahræðsluköstum, sektarkennd og martröðum á hverri einustu nóttu, mánuðum saman. Hún talar um hvernig hún datt út úr skóla og tónlistarnámi vegna þessa og treysti sér varla til eins eða neins. Hún lýsir þrautagöngu sinni gegnum kerfið, sem er kapítuli út af fyrir sig, og hún lýsir því hvernig dómurinn síðan hljóðaði upp á fjögurra ára fangelsi og 500 þús. kr. miskabætur. Hún lýsir því í greininni að þegar hún hafði samband við lögfræðinginn kom hinn bitri sannleikur í ljós: 16 ára barnið átti sjálft að sjá um að innheimta sektina og það hjá stórhættulegum síbrotamanni. Þess vegna segir móðirin frá því að það hafi verið ljós í myrkri óréttlætisins, eins og hún segir, þegar Alþingi setti lög um greiðslu skaðabóta til fórnarlamba glæpamanna og skyldu þau taka gildi um áramótin 1995/1996. Þetta treysti fólkið á, virðulegi forseti, og hafði gert sínar ráðstafanir í samræmi við þessi lög sem voru sett á þinginu sl. vor. Farið var að skipuleggja nýja framtíð fyrir dóttur hennar varðandi nám og fleira en síðan kom hinn bitri sannleikur í ljós. Hún taldi að þessi lög væru viðurkenning yfirvalda á sjálfsögðum mannréttindum en sannleikurinn kom í ljós á þessu þingi, eins og hún orðar það: „Nú ætli þessi ríkisstjórn, sem komst á þing vegna fallegra loforða um bætt kjör þeirra sem minna mega sín og fegurra mannlíf í landinu, að sýna það snautlega atferli" — ég les orðrétt, virðulegi forseti, upp úr greininni í Morgunblaðinu — „að fresta bótagreiðslum og ýmist að afnema þær eða lækka um helming. Þó sat rúmlega helmingur ykkar í þeirri stjórn sem samþykkti lögin, rétt fyrir síðustu kosningar."

Móðirin endar greinina með því að segja, orðrétt, virðulegi forseti:

„Ég spyr ykkur, virðulegu alþingismenn: Getið þið virkilega horfst í augu við sjálfa ykkur og samfélagið?"

Ég held að grein þessarar móður segi allt sem segja þarf um aðgerð ríkisstjórnarinnar sem er fyrir neðan allt velsæmi, virðulegi forseti. Ég hefði trúað því að hv. 4. þm. Reykn. sæi óréttlætið í þessu og mundi berjast mjög hart fyrir því í þingflokki sínum að fallið yrði frá þessari fráleitu aðferð. Við erum ekki þarna að tala um stórar fjárhæðir sem ekki hefði verið hægt að ráða við. Stjórnarandstaðan hefur komið með tillögur um hvernig afla skuli tekna á móti til að fallið verði frá þessari aðgerð, sem fólkinu var lofað með lögum. Ég held að þetta jaðri við stjórnarskrárbrot. Það er alveg ástæða til þess, virðulegi forseti, að hafa mörg orð um þessa grein í frv.

Ég ætla næst að víkja að lögunum um málefni fatlaðra, sem heyra undir hæstv. félmrh. Hér er ráðist að sjóði fatlaðra sem ég held að hafi verið pólitískt samkomulag um að skerða ekki. Í síðustu tveimur ríkisstjórnum var það samkomulag að skerða ekki Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þó að menn þyrftu að fara í niðurskurð á ýmsum stöðum þá var pólitísk samstaða um það í fyrri ríkisstjórnum. Menn vissu, ekki síst þeir sem setið höfðu lengi á þingi, hver var ástæðan fyrir því að þessi framkvæmdasjóður var samþykktur. Það var vegna þess að málaflokknum hafði ekki verið sinnt og menn töldu ástæðu til þess að setja verulegt fjármagn í hann til þess að jafna

stöðu fatlaðra gagnvart öðrum hópum í þjóðfélaginu. Það hefur verið gert gífurlegt átak í því efni.

Árið 1991 var fallist á og samstaða um að sjóðurinn tæki að hluta til á sig ýmis rekstrarverkefni, gegn því skilyrði, hæstv. félmrh., að hann fengi óskertar tekjur erfðafjársjóðs, ég vona að ráðherrann hlýði á mál mitt, að ekki væri verið að skerða tekjur sjóðsins og setja hluta af erfðafjárskatti í ríkissjóð. En nú bregður svo við að hér er alger stefnubreyting, undir forustu hæstv. félmrh. Hér er gerð grundvallarbreyting sem samstaða hefur verið um í þinginu að gera ekki, Tekjur sjóðsins eru skertar tekjur og ekki um neina smáaura. Í fararbroddi er hæstv. ráðherra, virðulegi forseti. Hann stendur fyrir því að skerða sjóðinn um 150 millj. kr. Þar af eru 130 millj. kr. (Gripið fram í.) Já, ég held að hv. þm. Guðni Ágústsson ætti að hlýða á mál mitt. Ég hélt einmitt að hann bæri fyrir brjósti hag fatlaða. Hér stendur hv. þm. og ætlar að standa að því að skerða framlög í sjóðinn um hvorki meira né minna en 150 millj. kr. Hvaða áhrif heldur hv. þm. að það hafi á hagi fatlaðra? Ég vænti þess að hann hafi hlustað á formann Öryrkjabandalagsins nýverið sem lýsti því hvernig hundruð fatlaðra, bara í Reykjavík, væru á biðlista eftir búsetuúrræðum. Hv. þm. ætlar væntanlega að styðja hæstv. félmrh. í því að skerða framlög í sjóðinn. (**ÖS:** Hann er í stjórnarandstöðu ...) Ég vænti þess að það komi í ljós við atkvæðagreiðslu að hv. þm. styðji okkur stjórnarandstöðuþingmenn í því að verja sjóðinn. Þetta eru 130 millj., hæstv. ráðherra, sem er erfðafjárskattur, sem gengur núna beint í ríkissjóð. Síðan eru það 20 millj. kr. sem áttu að ganga til uppbyggingar í málefnum geðfatlaðra. Það átti að vera fimm ára átak og ef ég man rétt þá er þetta síðasta árið. Þetta áttu að vera 20 millj. á hverju ári til þess að bæta úr slæmum aðstæðum sem geðfatlaðir búa við. En hæstv. ráðherra stendur að því að skerða sjóðinn um 150 millj. kr.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra og hv. þm. Guðni Ágústsson hafa lesið skýrslu landlæknis um stöðu geðfatlaðra. Verulegt átak hefur verið gert í fyrir geðfatlaða á sl. fjórum árum, sérstaklega varðandi búsetuúrræði því að margir þeirra eru á götunni og í reiðuleysi. Nei, nei. Ríkisstjórninni kemur það náttúrlega ekkert við. Þar er ein matarholan til að ráðast í. Hún sér ekkert nema þá sem verst hafa það í þjóðfélaginu. (**GÁ:** ... ráðherrann úr ríkisstjórn?) Ráðherrann fyrrverandi — ég held að ég hafi lagt sérstakan metnað í að framlög kæmu í þennan sjóð, Framkvæmdasjóð fatlaðra. Aldrei nokkurn tímann var gerð atlaga að þessum sjóði þótt skorið væri niður. Menn vissu fyllilega um þörfina og hve brýnt væri að sjóðurinn væri óskertur þrátt fyrir þær þrengingar sem við höfum búið við. Það er athyglisvert, hv. þm., (Gripið fram í.) að í þau sjö ár sem við gengum í gegnum samdrátt og efnahagsþrengingar var þessi sjóður ekki skertur. Menn stóðu nefnilega vörð um málaflokkinn. En núna þegar birtir til, við sjáum efnahagsbata og bjartara er fram undan, þá tekur ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. sig til og skerðir þennan mikilvæga sjóð. Meira að segja Tímanum blöskrar þetta, málgagni hæstv. ráðherra og hv. þm. Guðna Ágústssonar. (Gripið fram í.) Maður sér í fyrirsögnum hvernig málgagnið hneykslast á þingmönnum Framsfl.: „Ríkissjóður seilist í erfðafé fatlaðra." Það er meira að segja gengið fram af málgagni hv. þm. (**Gripið fram í:** Er þetta í Tímanum?) Þetta er í Tímanum, hv. þm. Mig rak í rogastans og las fyrirsögnina aftur og aftur. (**Gripið fram í:** Ég trúi því.) „Ríkissjóður seilist í erfðafé fatlaðra." Þar fundu þeir músarholu, 150 millj. kr. (**Gripið fram í:** Það er góð hola.) (**Gripið fram í:** Tíminn styður eitt og annað.) Hver eru svo rökin? Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. er nú kominn í salinn. Hver voru rökin fyrir því að skerða þennan sjóð? Jú, þeir voru að selja Sólborg á Akureyri og fengu fyrir Sólborg á Akureyri 80 millj. kr. sem síðan áttu að ganga í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þá var allt í lagi að skerða erfðafjárskattinn sem átti að renna í sjóðinn. En ég minnist þess að þegar ég var ráðherra, þá gekk hæstv. núv. heilbrrh. hvað eftir annað að mér og spurði um það þegar til stóð að selja Sólborgu hvort ekki væri öruggt að féð mundi renna í sjóðinn. Nú er það látið renna í sjóðinn en í staðinn eru teknar 150 millj. kr. sem þessi sjóður á að hafa. Þetta er nú öll reisnin. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherrar Framsfl. þekki langa biðlista sem er að finna hjá Öryrkjabandalaginu og Sjálfsbjörgu eftir búsetuúrræðum fyrir fatlaða.

Þessi sjóður hefur einmitt haft það verkefni að fjármagna t.d. aðgengismál fatlaðra. Nú verður honum gert erfitt fyrir í þessu efni. Þetta er einmitt það sem Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg í Reykjavík og Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra hafa sérstaklega mótmælt skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Þeir tala um að 173 millj. fari nú til almenns rekstrarkostnaðar í málefnum fatlaðra og er það til viðbótar 40% heimildinni. Það er því ekki ofáætlað að skerðing sjóðsins verði 143 millj. kr. og eru þá ekki taldar með þær 20 millj. sem eiga að ganga til geðfatlaðra.

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega mótmæla þessari aðgerð gegn fötluðum. Að þessu standa hv. þingmenn Framsfl. sem ætluðu að verja heimilin í landinu, verja kjör aldraðra og fatlaðra. Bara að kjósa Framsfl., þá yrði heimilunum borgið. (**GÁ:** Þetta er til enn.) En nú er þetta ekki lengur fólk í fyrirrúmi, þetta er Framsókn gegn kjörum fólksins í landinu. Ekki síst þess sem verst stendur.

Ég hef orðið vör við það undanfarna daga að það er ekki síst hv. þm. Guðna Ágústssyni sem líður mjög illa hér og ráfar um þinghúsið með hendur í vösum, óróleguur mjög. Honum líður best í forsetastóli þar sem hann þarf ekki að standa fyrir máli sínu. Þetta er rétt byrjunin, virðulegi forseti, vegna þess að hér er af mörgu að taka.

Ég ætla næst, virðulegi forseti, að snúa mér að málefnum aldraðra. Nú hefur einmitt borist ályktun frá Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra. Þar er ýmsu af því sem fram kemur í bandorminum og reyndar fjárlögunum líka mótmælt og kallað aðför og atlaga að kjörum lífeyrisþega og aldraðra í þjóðfélaginu. Þar er listinn langur, virðulegi forseti. Það er ástæða til að fara yfir þann langa lista. Ég vísa í bréfið sem barst í dag frá landssambandi fatlaðra þar sem farið er yfir þau atriði sem koma m.a. fram í þessum bandormi.

Í gær var mikið rætt um tvísköttun á lífeyri. Nú er verið að taka skattafsláttinn af öldruðum en fyrir ári var hann jólagjöf ríkisstjórnarinnar rétt fyrir kosningar til aldraðra. Þar er verið að taka af öldruðum upphæð miðað við meðallífeyri sem samsvarar á bilinu 22–82 þús. kr. Hér getur verið um að ræða 6–7 þús. kr. á mánuði sem er verið að taka af fólki sem er kannski með 40–50 þús. kr. tekjur. Ég segi að þetta hljóti líka að jaðra við brot á stjórnarskránni. Fólkið treysti því að fá þessa upphæð. En jólagjöfin sem þessu fólki var rétt á sl. ári er tekin af því aftur núna rétt fyrir jólin. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa er þetta?) Hvaða vitleysa, segir hv. þm. Þetta segir mér glögglega að hv. þm. er hættur að þora að lesa frumvörpin sem koma frá þessari ríkisstjórn ef hann veit ekki af þessari atlögu ríkisstjórnarinnar að fötluðum og öldruðum í landinu.

Síðan hefur borist frá Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra mótmæli vegna fjármagnstekna, að þær skuli skerða almannatryggingabætur. Ég er ekki hissa á því að landssamband fatlaðra mótmæli því. Ég vitna hér í bréfið fyrir hv. þm.:

„Byrjað verður á því að skerða greiðslu til þeirra sem fá lífeyri, þ.e. aldraðra og öryrkja, gagnvart fjármagnstekjum áður en fjármagnstekjuskattur hefur verið lagður á aðra landsmenn."

Þeir eru út af fyrir sig ekki að mótmæla því að fjármagnstekjur geti skert lífeyri. Þeir eru að mótmæla því að það sé byrjað á öldruðum og lífeyrisþegum áður en lög um fjármagnstekjuskatt eru komin á. Ég ætla að lesa hér bréf sem Sjálfsbjörg sendi frá sér í dag sem ég held að þurfi að skoða milli 2. og 3. umr. um þetta mál, virðulegi forseti. Ég tel að hér sé mjög alvarlegt bréf á ferðinni en þar segir, með leyfi forseta:

„Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra lítur það alvarlegum augum ef niðurstaða Alþingis verður sú að fjármagnstekjuskattur verði látinn skerða bætur almannatrygginga." Hvar er hæstv. heilbrrh. nú? Ég spyr, virðulegi forseti, hlýðir hæstv. heilbrrh. á mál mitt?

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun gaumgæfa hvort hæstv. ráðherra sé ekki nærstaddur og gera ráðstafanir til þess að fá hann enn nær.)

Ég tel að hún sé einhvers staðar í hliðarsal en það nægir mér ekki nema ég viti að hún hlýði á mitt mál. — Já, gott að sjá hæstv. heilbrrh. í salnum. Við vorum einmitt að ræða í gær um fjármagnstekjuskattinn. Hann mun skerða bætur almannatrygginga á næsta ári og mér fannst hæstv. ráðherra hafa góð orð um það að hún mundi beita sér fyrir því að fjármagnstekjuskattur mundi ekki skerða bætur almannatrygginga fyrr en búið væri að setja heildarlög varðandi fjármagnstekjuskatt. Og ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa bréf frá landssambandi fatlaðra sem hljóðar svo:

„Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra lítur það alvarlegum augum ef niðurstaða Alþingis verður sú að fjármagnstekjuskattur verði látinn skerða bætur almannatrygginga þegar byrjað verður á því að skerða greiðslu þeirra sem fá lífeyri, þ.e. aldraðra og öryrkja, gagnvart fjármagnstekjum áður en fjármagnstekjuskattur hefur verið lagður á aðra landsmenn á næsta ári." Síðan kemur það, virðulegi forseti, sem ég óska eftir að ráðherrann veiti athygli: „Það hlýtur að koma mjög til álita hvort hér er um brot á stjórnarskránni að ræða sem kveður á um að allir séu jafnir fyrir lögum. Auk þess er um afturvirkni skattalaga að ræða og svo virðist að gengið sé einnig gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessi aðgerð kemur mjög í bakið á ákveðnum hópi í þjóðfélaginu þar sem skattur á fjármagnstekjur vegna ársins 1995 verður látinn skerða bætur á árinu 1996.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra mun leita niðurstöðu hjá umboðsmanni Alþingis verði þetta ákvæði að lögum."

Hér er verið að segja að það sé álitaefni hvort hér sé hreinlega um brot á stjórnarskránni að ræða. Þegar við hv. þingmenn fáum í hendur svona alvarlegt bréf frá landssambandi fatlaðra, hlýt ég að gera kröfu til þess að hv. efh.- og viðskn. fjalli um þetta mál milli 2. og 3. umr. Ég kem þeirri ósk á framfæri, virðulegi forseti, að þegar við erum komin með svona alvarlegt bréf í hendurnar að hv. nefnd fjalli um það mál og fái úrskurð lögfróðra aðila um það hvort hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða.

Mér sýnist reyndar á þessu bréfi að hér sé um tvíþætt brot eða a.m.k. komi til álita að hér sé um tvíþætt brot að ræða. Annars vegar að allir skuli jafnir fyrir lögum en hér er verið að leggja skatt á einn ákveðinn þjóðfélagshóp, fjármagnstekjuskatt, og í annan stað er um afturvirkni skattalaga að ræða, ef ég skil málið rétt, vegna þess að skattur á fjármagnstekjur aldraðra á yfirstandandi ári, árinu sem er að líða, verður látinn skerða bætur almannatrygginga á næsta. Maður spyr því: Ef aldraðir hefðu vitað fyrr á árinu að fjármagnstekjur mundu skerða bætur þeirra á næsta ári, hefðu þeir þá ekki gert aðrar ráðstafanir? Það er ávallt svo, hæstv. ráðherra, og hef ég mörg vitni að því á þingi, að þegar kemur að því að leggja skatta á fyrirtæki kannski í desembermánuði sem eiga að taka gildi í janúarmánuði, er því alltaf borið við að þar sé um að ræða afturvirkni skattalaga. En hvað annað er hér um að ræða en afturvirkni skattalaga? Fjármagnstekjuskattur eða skattur á vexti sem til falla á árinu sem er að ljúka á að skerða bætur almannatrygginga á næsta ári og þetta er ekki einu sinni orðið að lögum. Mér finnst ekki skrýtið þótt hér liggi fyrir bréf frá landssambandi fatlaðra sem varar Alþingi við að samþykkja þessi lög og segist leita álits umboðsmanns Alþingis verði þetta að lögum. Ég ítreka því ósk mína um það, virðulegi forseti, að nefndin sem um þetta fjallar, efh.- og viðskn., ræði þetta milli umræðna. Ég held að það hljóti að koma til álita, og þá reynir á orð hæstv. heilbrrh. hér í gær, að það verði flutt tillaga sem kveður á um að þetta ákvæði í bandorminum komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt. Þetta ákvæði á að taka gildi 1. september á næsta ári gagnvart vaxtatekjum á þessu ári og þá finnst mér útgjaldalaust fyrir hæstv. ráðherra, ef hann meinar það sem hann sagði í gær, að samþykkja tillögu þess efnis, hugsanlega ákvæði til bráðabirgða, að þetta ákvæði komi til framkvæmda um leið og sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að þykja það mjög ásættanleg niðurstaða. Væntanlega munum við í stjórnarandstöðunni styðja ráðherrann í að fá þetta samþykkt á þingi. Þegar fyrir liggur bréf frá landssambandi fatlaðra þar sem að því er látið liggja að hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða og aldraðir munu leita til umboðsmanns Alþingis, getur það ekki verið nein spurning að við verðum að lögfesta ákvæði um að byrja ekki að skerða bætur fyrr en sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt.

Síðan er hér sérkennilegt ákvæði sem felur í sér að skerða tekjutryggingu þeirra sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóð, eins og orðað er í fjárlagafrv. Þetta hefur nokkuð verið rætt og ástæða til að ræða það frekar hvaða hópa er hér verið að tala um. Hæstv. ráðherra nefnir að hér sé eingöngu um atvinnurekendur að ræða sem ekki hafi greitt í lífeyrissjóði og það sé verið að reyna að ná til þeirra með þessu. Hér sé ekki um að ræða að verið sé að skerða tekjutryggingu þeirra sem ekki hafa getað greitt í lífeyrissjóð eins og öryrkja á vernduðum vinnustöðum, heimavinnandi fólk o.s.frv.

Síðan var ákvæði um frekari skerðingu á grunnlífeyri, að hann verði skertur um 35% gagnvart tekjum í stað 25%. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það kom mér mjög á óvart að sjá þessa breytingu sem nýlega er til komin. Ég hélt reyndar að hér væri nóg að gert. En ríkisstjórninni fannst það greinilega ekki og leggur til að ofan á ýmsa aðra skerðingu á kjörum þessa hóps lífeyrisþeganna og aldraðra verði grunnlífeyririnn einnig skertur um 35% gagnvart tekjum en ekki 25%.

Ég minnist þess að hæstv. heilbrrh. var mjög mikill

málsvari lífeyrisþega á síðasta þingi. Hæstv. ráðherra steig aftur og aftur í ræðustól og skammaðist m.a. út í forseta þann sem nú situr í stóli sem þá var hæstv. heilbrrh. og taldi hann ganga mjög hart að kjörum lífeyrisþega. Ég verð að segja það að hæstv. ráðherra sem þá var þingmaður varði kjör þessara hópa með mikilli reisn. En nú gengur hæstv. heilbrrh. miklu lengra en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson þegar hann var ráðherra eða hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þegar hann var heilbrrh. og áttu framsóknarþingmennirnir mörg orð þá til þess að hneykslast yfir framferði forvera sinna í starfi, hvernig þeir réðust að kjörum þessara hópa.

Síðan vil ég einnig ræða það sem ég raunar trúði ekki að hæstv. ráðherra mundi standa að en það er að gjaldtaka fyrir sérfræðilæknisþjónustu og heilsugæslu yrði hækkuð, vegna þess að ég taldi þegar við ræddum þessi mál í gær að hæstv. ráðherra mundi beita sér fyrir því að hlífa öldruðum, öryrkjum og barnafjölskyldum við þessari hækkun á komugjaldi. Hæstv. ráðherra talaði ekki svo sjaldan fyrir ári síðan um sjúklingaskatt og menn fyndu ekki neitt nema sjúklingaskatta og hækka þjónustugjöld á fólk en hér er hæstv. ráðherra nákvæmlega að beita sér fyrir sjúklingasköttum, hækkun á þjónustugjöldum. Ég hélt að hæstv. ráðherra mundi hlífa a.m.k. öldruðum og öryrkjum við þessari kostnaðarhækkun og þjónustugjaldi á heilsugæslustöðvar og til sérfræðinga. Mér fannst og ég skildi ekki orð hennar öðruvísi í gær en að hæstv. ráðherra mundi gera það. En samkvæmt samtölum mínum við ráðherrann í dag virðist vera komið annað hljóð í hæstv. ráðherra og það eigi ekki að hlífa þessum hópi. Það veldur mér vissulega miklum vonbrigðum að svo er.

Virðulegi forseti. Áður en ég vík frá því sem snýr að málefnum heilbrrh. er ástæða til að fara yfir ályktun frá Alþýðusambandi Íslands sem þingmönnum barst í dag. Eftir því sem menn átta sig betur á því með hverjum degi hvað þetta er grimmileg atlaga að kjörum fólksins, aldraða og öryrkja í þjóðfélaginu, eru samtök þessara hópa og verkalýðshreyfingin farin að senda inn ályktanir til að mótmæla eins og það er orðað „atlögu ríkisstjórnarinnar að velferðarkerfinu". Ég ætla að lesa þessa ályktun, virðulegi forseti. Ég þarf að beina spurningu til hæstv. ráðherra í sambandi við ályktunina og ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi fengið hana. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega tillögum heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnarinnar um verulegan niðurskurð og aukna gjaldtöku í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem kynntar hafa verið undanfarna daga. Ef þessar tillögur verða samþykktar á Alþingi jafngilda þær einhverri alvarlegustu og víðtækustu atlögu að velferðarkerfinu sem nokkur ríkisstjórn hefur kynnt í seinni tíð."

Þetta er góð einkunn fyrir flokkinn sem segir „fólk í fyrirrúmi". (**Gripið fram í:** Og stendur við það.) Hvað segja stærstu samtök launafólks? Þau segja að hér sé um að ræða víðtækustu atlögu að velferðarkerfinu sem nokkur ríkisstjórn hefur kynnt í seinni tíð. Það er bara hvorki meira né minna, þannig að það er tekið undir það sem við höfum verið að vara við. Og það er enn tími, hv. þm. Guðni Ágústsson og hæstv. félmrh., til að sjá að sér í þessu efni vegna þess að atkvæðagreiðslan er eftir. Er hv. þm. að bera það upp á Alþýðusamband Íslands að það sé að skrökva í þessu bréfi? (Gripið fram í.) Hv. þm. taldi það nú alltaf heilagan sannleik sem kom frá Alþýðusambandi Íslands þegar hann var í stjórnarandstöðu ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn Framsfl. eru algerir umskiptingar. Það er sama hvar maður ber niður í þessu efni. Þetta eru ekki sömu menn og voru hér fyrir ári síðan. Þið eruð búin að plata fólk til að kjósa Framsfl. og þá bara snúið þið við blaðinu, bara sisvona. Ég held að ég hafi aldrei nokkurn tíma á mínum ferli á þingi upplifað annað eins. Ég ætla að fá að halda áfram, virðulegi forseti, því að hér er sagt að þetta sé víðtækasta atlaga að velferðarkerfinu sem nokkur ríkisstjórn hefur kynnt í seinni tíð og síðan segir:

„Miðstjórn ASÍ lýsir sig algerlega andsnúna áformum ríkisstjórnarinnar um að afnema þær tengingar sem verið hafa um áratuga skeið milli bótafjárhæða almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga og kjarasamninga verkalýðsfélaganna. Með því væri ríkisstjórnin að koma í veg fyrir að þessir hópar, sem búa við lökustu kjörin, fái notið þeirra kjarabóta sem um semst í kjarasamningum. Ef þetta ranglæti verður látið koma til framkvæmda mun verkalýðshreyfingin þegar við undirbúning að gerð næstu kjarasamninga á komandi hausti taka þetta mál til umfjöllunar með kröfu um að tengingin verði órofin eða með beinum kröfum um hækkanir á þessum bótum til samræmis við breytingar á kjarasamningum, áður en formlega verður gengið frá kjarasamningum við viðsemjendur.

Miðstjórn ASÍ átelur harðlega útfærslu ríkisstjórnarinnar á hækkun almannatryggingabóta um næstu áramót. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. nóvember sl. ættu allir bótaflokkar ..." og nú kemur að hæstv. ráðherra að hlusta, af því að ég beini spurningum til ráðherrans. „Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. nóvember sl. ættu allir bótaflokkar almannatrygginga að hækka um 3,5% frá og með 1. janúar nk. Nú hefur komið í ljós að fyrirhugað er að þessi hækkun nái ekki til allra bótaflokka almannatrygginga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessi hækkun verði látin ná til allra bótaflokka almannatrygginga eins og fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega tillögum ríkisstjórnarinnar um að hækka gjaldtöku á sjúklinga vegna komu til heimilislækna og sérfræðinga og telur að skattlagning á veikindum fólks samrýmist engan vegin þeirri grundvallarforsendu sem velferðarkerfið hefur byggt á.

Miðstjórn ASÍ lýsir einnig megnustu andúð sinni á tillögu heilbrigðisráðherra um að auka enn frekar við tekjutengingu grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega úr 25% í 35%. Það framferði að hækka skattbyrði elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með tekjur á bilinu 68–100 þúsund króna með þessum hætti en halda skattbyrði þeirra sem eru með yfir 300 þúsund krónur á mánuði óbreyttri segir meira um pólitískar áherslur og siðferði ráðherrans og ríkisstjórnarinnar en orð fá lýst."

Ég tek undir þetta en mér finnst alveg óþarfi að kenna hæstv. heilbrrh. um. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi verið þröngvað til þess af Sjálfstfl. að fara þessa leið. Ég trúi því að það sé þvert gegn vilja hæstv. heilbrrh. að leggja þessar auknu álögur á lífeyrisþega. En ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. að því og vænti þess að fá svar við því hvort það sé rétt sem fram kemur hér að þessi fyrirhugaða hækkun, 3,5%, nái ekki til allra bótaflokka almannatrygginga eins og um var samið í kjarasamningum.

Virðulegi forseti. Það er af ýmsu að taka sem ég get út af fyrir sig látið bíða 3. umr. Það er löng mælendaskrá og ég veit að það eru margir sem vilja komast að. En ég vil ræða örfá atriði til viðbótar. Það snertir ekki síst 61. gr. Hún er mjög sérstæð eins og hér hefur komið fram og raunverulega

veit enginn hv. alþm. hvað hann er að samþykkja með þessari grein. Hún orðast svo:

„Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun, nema með lögum. Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt, telji hann það hagkvæmt, að sameina þjónustusvæði og semja við sveitarfélög eða einkaaðila um að þeir taki að sér að veita þjónustu sem tiltekinni ríkisstofnun er ætlað að veita, svo og að heimila einni ríkisstofnun að taka að sér þjónustu sem er á ábyrgð annarrar ríkisstofnunar. Flutningur verkefna og fjárheimilda samkvæmt þessari málsgrein skal vera tímabundinn."

Það er enga skýringu að fá í frv. um hvað hér er raunverulega á ferðinni. Eftir því sem mér best skilst hafa engar upplýsingar heldur komið fram um það í þeirri nefnd sem fjallað hefur um þetta mál hvaða einkavæðing er hér á ferðinni. Ég óttast mjög að hægt sé að beita þessari einkavæðingu, t.d. gagnvart heilbrigðiskerfinu. Ég spyr: Er það nokkuð á döfinni að beita þessari grein, t.d. að því er varðar einkavæðingu á velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu? Það er mjög nauðsynlegt að fá það upplýst og það er ekki boðlegt fyrir Alþingi að hér sé verið að setja fram ákvæði í frv. sem enginn veit hvað þýðir og síðan geti framkvæmdarvaldið og ráðherrarnir farið með það nánast eins og þeim þóknast. Því er mjög mikilvægt að þessi grein sé skoðuð sérstaklega.

Virðulegi forseti. Það er af nógu að taka og ég mun ræða málið frekar, annaðhvort síðar í þessari umræðu eða við 3. umr. málsins. Margt af því sem ég hefði viljað ræða fellur einnig undir fjárlagagerðina og mun ég taka upp ýmsa þætti þessa máls þar. Það á við um m.a. Framkvæmdasjóð fatlaðra sem ég ræddi mikið. Ég trúi vart enn að framsóknarmenn og hæstv. félmrh. ætli að hafa forgöngu um að breyta þessum sjóði sem hefur grundvallarþýðingu fyrir fatlaða og brjóta upp þá samstöðu sem verið hefur milli allra flokka á þinginu um að þessi sjóður ætti að hafa óskertar tekjur erfðafjársjóðs og það sé verið að skerða sjóðinn eins og hér er gert. Hér erum við að tala um verulegar fjárhæðir. Þetta var raunverulega forsenda fyrir því að sjóðurinn tók á sig aukin verkefni. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hugsar sér í þessu efni. Hæstv. félmrh. hefur væntanlega kynnt sér þau mörgu viðfangsefni sem þessi sjóður hefur og hæstv. ráðherra hlýtur að hafa kynnt sér þá löngu biðlista sem eru hjá fötluðum, hjá Sjálfsbjörgu og Öryrkjabandalaginu. Öryrkjar svo að hundruðum skiptir bíða eftir búsetuúrræðum.

Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég held að það sé nauðsynlegt og ítreka það að milli 2. og 3. umr. verði skoðað það bréf sem hefur borist frá landssambandi fatlaðra um að hér gæti verið á ferðinni stjórnarskrárbrot að því er varðar það að fjármagnstekjur fyrir árið 1995 geti skert bætur á næsta ári. Ég ítreka því þá ósk mína að það verði gert.

Ég lýk svo máli mínu, virðulegi forseti, að sinni en mun síðar í umræðunni eða við 3. umr. fara nánar yfir ýmis atriði sem ekki hefur gefist tími til þess að ræða frekar.

[22:16]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér ræða hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar af miklum tilfinningahita málefni aldraðra og fatlaðra og láta í veðri vaka að ríkisstjórnarflokkarnir fari hamförum gegn kjörum þessa fólks. Þetta er ekki rétt. Það er ekkert slíkt í gangi. Gamla fólkið sér í gegnum blekkingartal stjórnarandstöðunnar næst þegar það fær greitt út. Bæturnar hafa ekki verið skertar um eyri. Desemberuppbót hefur aldrei verið hærri en nú og 3,5% hækkun um áramót blasir við. Það hringdi t.d. í mig í dag gamall maður sem sagði að félagi sinn sæti alveg undrandi yfir desemberuppbótinni. Af tali stjórnarandstöðunnar að dæma hélt hann að hann ætti ekki eyri í umslaginu. En þegar hann opnar það voru þar ekki 26 þús. eins og hann bjóst við heldur 56 þús. Þannig er hlutunum snúið hér á hvolf.

Hvað fatlaða varðar er það furðulega að þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir stóð síðast að fjárlagagerð fór til Framkvæmdasjóðs fatlaðra 330 millj. Framkvæmdasjóður hefur á næsta ári 337 millj. til ráðstöfunar. Til málefna fatlaðra fer á næsta ári 10% meira en á þessu ári. Þetta eru staðreyndir málsins og það er aumt að halda þessu tali áfram með þeim hætti að öldruðu fólki og fötluðum skuli líða illa vegna þessa tals sem hér viðgengst og er ekki rétt. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir segir að við framsóknarmenn séum aðrir menn en í fyrra. Þetta er alrangt. Ég er nákvæmlega sami maðurinn og ég var í fyrra. En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er dálítið breytt og önnur kona en hún var áður í stjórnarandstöðu. Hún býr nú við þær aðstæður að flokkur hennar, Þjóðvakinn sjálfur, er gleymdur og týndur og fylgið vart mælanlegt.

[22:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Framsfl. og ekki síst hv. þm. Guðna Ágústssyni er einstaklega lagið að snúa hlutunum á hvolf. (**Gripið fram í:** Hann er á hvolfi.) Ég trúi því ekki að hann finni ekki fyrir því að öryrkjar og aldraðir um allt land eru skelfingu lostnir yfir þeim aðgerðum sem þessi ríkisstjórn stendur að. Ég spyr þingmanninn: Hefur hann ekki lesið bréf sem komið hefur frá Sjálfsbjörgu þar sem í 10 liðum er farið yfir þá atlögu sem framsóknarmenn standa nú að gagnvart fötluðum, öldruðum og atvinnulausum? Bara einn liðurinn, afnám á tvísköttun aldraða, getur þýtt 82 þús. á ári fyrir lífeyrisþega, og þá á ég níu atriði önnur eftir ótalin. Ég tel ástæðu til þess að biðja um orðið aftur og bið um að ég verði sett á mælendaskrá vegna þess að ég get ekki í stuttu andsvari farið yfir allar þær staðreyndir sem hv. þm. lokar eyrum og augum fyrir. Ég þarf að flytja ræðu mína enn einu sinni til að fara ítarlegar í málið og stafa ofan í þingmanninn þá grimmu atlögu sem Framsfl. stendur að gagnvart fötluðum og öldruðum í þjóðfélaginu.

Hvað sjóð öryrkja varðar bið ég hv. þm. um að lesa fjárlagafrv. betur. Það eru 257 millj. í Framkvæmdasjóði fatlaðra og það er verið að ráðast að þeim sjóði sem aldrei hefur verið gert fyrr á undanförnum árum. 150 millj. kr. skerðing lengir biðlistana en nú skipta öryrkjar sem bíða eftir búsetuúrræðum hundruðum. Ég bið hv. þm. að fara með rétt mál úr þessum ræðustóli.

[22:21]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. geti lesið sér til um að þær staðreyndir sem ég fór með eru réttar. Það þýðir ekkert að hafa umræðuna með þessum hætti, hún verður að vera rétt og hún verður að vera rökum samkvæmt. Það þýðir ekkert að gera fólk skelfingu lostið.

Framsfl. stendur með öldruðum og ver málstað fatlaðra. En Framsfl. stendur frammi fyrir því að eitt alvarlegasta vandamálið er hvernig við komum að ríkisfjármálunum eftir samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. sl. fjögur ár. Á því þarf að taka. Gagnvart ungu kynslóðinni sem á að erfa landið er ekkert mikilvægara en að ná hallalausum fjárlögum. Við verðum því víða að setja mörk þannig að þeir sem minnst mega sín

fái að njóta þess sem þeir höfðu og fá í sumum tilfellum meira.

Ég hef hlustað á málflutning hv. þm. Ég hef hvergi séð hana benda á tekjur. Það eru útgjaldaliðirnir sem eru hv. þingmanni efstir í huga. Ég hef áhyggjur af unga fólkinu ef við náum ekki tökum á ríkisfjármálunum á næstu árum og getum lækkað vexti og náð árangri. Samstarf Framsfl. og Sjálfstfl. í þessari ríkisstjórn hefur þegar borið árangur. Betri tíð blasir við. Hagvöxtur sem fylgir framkvæmdum í landinu gefur okkur vonir um að geta á síðari hluta þessa kjörtímabils staðið við öll okkar góðu fyrirheit til þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Síðari hlutann já.)

[22:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það erum ekki við í stjórnarandstöðunni sem erum að hræða aldraða og öryrkja. Aldraðir og öryrkjar munu finna mjög fljótlega fyrir því hvernig þessi ríkisstjórn herðir að þeim. Þið hafið ekki, hv. þm. Framsfl., fólk í fyrirrúmi. Þetta er Framsókn gegn lífskjörum fólksins í landinu. Þegar hv. þm. segir að við í Þjóðvaka höfum engar tillögur um tekjur er það ósatt. Við kynntum þær við 2. umr. fjárlaga. Hv. þm. þorir sjaldan að vera í þingsölum þannig að þær tillögur hafa farið fram hjá honum. Í tillögum okkar erum við að leiðrétta það sem Framsfl. er að gera. Við viljum að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái sínar óskertu tekjur úr erfðafjársjóði. Við erum með tillögur um ýmsar aðgerðir, t.d. í sjúkrahúsmálum sem er nauðsynlegt að taka á, framlög í forvarnasjóð, bætur til þolenda ofbeldis en samt skilum við 1.400 millj. kr. meira í tekjuafgang en hv. þm. Framsfl. Þetta er nefnilega allt saman spurning um forgangsröðun. Við viljum koma á fjármagnstekjuskatti, ekki bara á gamla fólkið eins og hv. þingmenn Framsfl. Við viljum koma á fjármagnstekjuskatti sem nær til þeirra sem raunverulega eiga fjármagn í þessu landi. Ef hv. þm. gæfi sér tíma til að kynna sér tillögur okkar, þá tökum við þetta lið fyrir lið. Við skilum 1.400 millj. í tekjuafgang en leiðréttum það sem hægt er af þeirri grimmilegu atlögu sem framsóknarmenn standa að gagnvart öldruðum og öryrkjum.

[22:25]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, brtt. VE o.fl., þskj. 456.

Læsi, 208. mál, svar menntmrh., þskj. 452.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 455.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:30]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 444, 445 og 456. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, FI, GE, GHall, HjálmJ, HG, JónK, KH, LMR, LB, MF, RG, SAÞ, SF, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:28]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Fyrir mínútu barst á borð okkar þingmanna brtt. á þskj. 456 um að það eigi allt í einu að fara að veita ríkisábyrgð upp á einn milljarð vegna framkvæmda sem búið er að segja í mörg ár að markaðurinn einn eigi að bera uppi. Það voru undirritaðir samningar á sínum tíma um jarðgöng undir Hvalfjörð á þeirri forsendu að umferðin ein ætti að bera þann kostnað og framkvæmdaaðilar ættu að taka lán á almennum markaði til þess að standa undir framkvæmdinni. Það var aldrei í öll þessi ár sagt að ríkið ætti hugsanlega að taka á sig einn milljarð vegna þessara framkvæmda með ríkisábyrgð.

Allt í einu berst brtt. frá fjórum þingmönnum með hv. þm. Vilhjálm Egilsson í fararbroddi um að veita á síðustu stundu þingsins ríkisábyrgð upp á einn milljarð. Mér fyndist nú réttast að þessi tillaga yrði dregin til baka í stað þess að smygla henni inn án nokkurrar umræðu eða greinargerðar. Vegna þinghefðar ætla ég að samþykkja afbrigðin. Ég vona hins vegar að þessi tillaga verði dregin til baka þannig að menn hverfi ekki héðan með þeim afar sérkennilegum hætti, svo vægt sé til orða tekið, að einstakir þingmenn flytji tillögu upp á ríkisábyrgð upp á einn milljarð á framkvæmd sem aldrei hefur verið talað um að ætti að fá ríkisábyrgð. Þvert á móti er búið að segja í mörg ár að forsenda framkvæmdarinnar sé að aldrei verði veitt ríkisábyrgð vegna hennar.

[22:30]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en næsti ræðumaður tekur til máls vil ég láta þess getið að eftir því sem við best vitum þá er ekki von á fleiri atkvæðagreiðslum í kvöld. Á morgun verður fundur kl. 9.30. Hann hefst með atkvæðagreiðslu en á þessum fundi er ætlunin að klára dagskrána sem fyrir liggur.

[22:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur verið heldur dapurlegt að hlusta á þá framsóknarmenn sem hafa verið að kalla fram í og koma inn í umræðuna í andsvörum. Það verður ekki annað séð af því sem þeir hafa sagt en að þeir viti harla lítið um hvað verið er að fjalla í kvöld og út á hvað sú umræða gengur sem hér stendur yfir. Ég vildi nú beina þeim tilmælum til þeirra að þeir setji sig ögn inn í það hvað er væntanlegt á næstu vikum og mánuðum og hvað þær ráðstafanir þýða sem verið er að boða í frv. sem kallað er ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Hér er það einfaldlega að gerast að það á að afgreiða á tæpum tveim vikum breytingar á 33 lagabálkum, sem reyndar þróuðust þannig í nefnd að til varð nýtt frv. Í því var breytt nokkrum lagabálkum í viðbót. Við höfum upplifað það á undanförnum dögum að fæðst hafa nýjar tillögur á nánast hverjum einasta degi. Og þær eru enn að fæðast. Það var verið að leggja fram brtt. við lánsfjárlög sem var kynnt fyrir u.þ.b. klukkustund síðan á fundi efh.- og viðskn. Þannig að þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar. Ég harma að þurfa á hverju einasta ári að taka þátt í umræðum af þessu tagi.

(**Forseti** (RA)**:** Ég vil eindregið hvetja hv. þingmenn til að gefa ræðumanni gott hljóð. Þurfi þeir að rökræða þá gerist það utan fundarsalarins.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Menn hafa verið að reyna að semja um lok þingstarfa. Margir hafa mjög margt um þetta frv. að segja og ef þessi umræða á að ganga eitthvað þá verða menn náttúrlega að hafa frið til að tala. Það er nú fyrsta atriðið.

Ég var að nefna þau vinnubrögð sem tíðkast við frv. af þessu tagi en eins og fram hefur komið í umræðunni þá er það sérstakt við þetta frv., fyrir utan hvað það er viðamikið, að

um er að ræða stefnubreytingu í fjölda mála. Hún felst í því að lagt er til í málum þar sem tekjustofnar hafa verið markaðir með ákveðnum hætti verði því hætt og hér eftir verði ákveðið á fjárlögum hverju sinni hversu miklu fjármagni verði varið til þessara málaflokka. Þarna er um margvísleg mál að ræða og misjafnlega mikilvæg, mismunandi hugstæð þeim sem fjalla um þau hér. En hvert einasta þessara mála hefði auðvitað átt að koma í sérstöku frv. til að fá eðlilega málsmeðferð á Alþingi. Ég nefni þar t.d. kvikmyndamál, húsfriðunarmál, Listskreytingarsjóð o.fl. o.fl. sem hér er til umræðu.

Þá er hér enn að finna hin hvimleiðu „þrátt-fyrir-ákvæði" þar sem löggjafinn er með þessum hætti að grípa fram fyrir hendurnar á sjálfum sér með því að taka út gildi það sem áður hefur verið samþykkt. Þetta er vægast sagt hvimleið aðferð þótt hún sé nú heldur skárri en það sem er gert á öðrum sviðum þar sem lögum er breytt endanlega.

Það sem einkennir bandorminn er í fyrsta lagi að skorin eru niður framlög til ótal málaflokka. Í þessum endanlegu breytingum á lögum felst yfirleitt niðurskurður þó að reyndar hafi tekist að knýja fram örlitlar hækkanir í einstaka tilvikum í umræðum um fjárlög. Það er lagt til að tengsl bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga við þróun launa verði afnumin þó að vonandi sé að verða eitthvert afturhvarf í því ef stjórn og stjórnarandstaða ná samkomulagi í kvöld eða nótt, hvað sem síðar gerist. Það er í nokkrum atriðum verið að velta byrðum yfir á sveitarfélögin og ég get ekki annað sagt en að mér finnst þau vera heldur andvaralaus gagnvart því sem hér er að gerast. Þó að þetta sé ekki í veigamiklum atriðum þá er þetta framkoma við sveitarfélögin af því tagi sem á ekki að líðast. Hér er um það að ræða að löggjafinn samþykkir að þau eigi að leggja ákveðna upphæð á hvern íbúa af mörkum í málefnum þar sem samið hafði verið um milli ríkis og sveitarfélaga að ákveðin verkaskipting og gjaldaskipting ætti sér stað. En nú leyfir ríkisstjórnin sér að leggja til að sveitarfélögin borgi. Þau eiga að borga en ríkið ætlar að hafa það nákvæmlega eins og því sýnist. Mér finnst þetta vera lúaleg framkoma við sveitarfélögin. Hér er ég annars vegar að tala um húsafriðun, þar sem sveitarfélögunum er gert að borga 150 kr. á íbúa. Ríkið á samkvæmt núgildandi lögum að koma með jafnmikið á móti en nú á að breyta þessu og ríkið ætlar bara að hafa það eins og því sýnist. Ég ætla reyndar að koma betur að þessum málaflokki á eftir. Sama gildir um skipulagsgjaldið sem hæstv. umhvrh. gerði heldur lítið úr í dag. Við höfum undir höndum bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem þessum breytingum er mótmælt og því haldið fram að þetta eigi eftir að kosta sveitarfélögin tugi milljóna en fulltrúar umhvrn. og hæstv. umhvrh. hafa gert mjög lítið úr þessu. Það sem þar er um að ræða ekki síður er einhliða breyting á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta höfum við reyndar horft upp á ár eftir ár.

Þá er að nefna, herra forseti, að í bandorminum er verið að breyta nýsettum lögum um bætur til þolenda afbrota. Lögð hefur verið gífurleg áhersla á það í þessari umræðu að fá meiri hlutann til að sjá að sér. Ég hef vonir um að nokkur árangur náist í því. Sannleikurinn er nú sá að það er algjörlega óþolandi að ríkisvaldið skuli ganga fram með þessum hætti. Menn vissu fyrir nokkrum mánuðum hvað þessi lög mundu kosta. Nú leyfa menn sér að koma hér og breyta þeim, skerða bæturnar til brotaþola. Þetta er ekki síður nöturlegt í ljósi þess að sami ráðherrann og stendur að þessari skerðingu gerir sér nú lítið fyrir og lætur undan þrýstingi þingmanna af Vestf. og Norðurl. e., þar sem til stóð að fækka sýslumannsembættum þó að augljóst sé að fólk á viðkomandi stöðum, Bolungavík og Ólafsfirði, getur auðveldlega fengið þessa tilteknu þjónustu í nágrannabæjum. Nei, þessu má ekki breyta. En það er hægt að gera atlögu að gamla fólkinu, að fötluðum og skerða bætur til brotaþola. Maður spyr sig, hvers konar forgangsröðun er þetta? Hvers konar siðferðismat er þetta? Það er sorglegt á þetta að horfa.

Þá er verið að koma á fjármagnstekjuskatti hjá gömlu fólki, þ.e. þeim öldruðu sem hafa fjármagnstekjur. Það er einnig verið að þrýsta mjög á og vonir eru um að slakað verði nokkuð á í þessu. Reyndar er komin fram tillaga um það. En eftir sem áður er reglan í gildi. Það er verið að taka þennan eina hóp út úr og fjármagnstekjur eiga að skerða tekjur hans, þ.e. aldraða og öryrkja, en skerða ekki tekjur annarra. Ég get ítrekað að samkvæmt fréttum sem ég hef fengið af framgangi fjármagnstekjuskatts hjá þessari ríkisstjórn hef ég ekki sterkar vonir um að honum verði komið á á næsta ári. Ég hef það ekki, en annað kann að koma í ljós.

Í frv. er Framkvæmdasjóður fatlaðra er skertur í fyrsta sinn. Í fyrsta sinn gerist það að tekjur erfðafjárskatts renna ekki óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er ekki hægt annað en að vara við þessu. Það er rétt sem komið hefur fram að framlög til málefna fatlaðra eru ekki skert. En það eru þarna tilfærslur sem eru vægast sagt vafasamar. Það er verið að nota sölu Sólborgar á Akureyri til þess að fjármagna Framkvæmdasjóð fatlaðra en það þarf líka uppbyggingu á Akureyri í staðinn. Það bara verið að taka þá peninga og setja þá í nauðsynlegar framkvæmdir, nýjar framkvæmdir. Þetta er afar vafasamt, ekki síst í ljósi þess hvernig farið hefur verið með þessa sjóði. Menn hafa búið til markaða tekjustofna til að standa undir ákveðnum framkvæmdum. Eftir nokkur ár er svo farið í sjóðinn og byrjað á að taka peninga í rekstur og svo er gengið lengra og lengra. Það sama gildir um Framkvæmdasjóð aldraða.

Hæstv. forseti. Þá á að fella niður mæðra- og feðralaun með fyrsta barni og lækka mæðra- og feðralaun með öðru og þriðja barni. Hæstv. fjmrh. rökstyður þetta með því að á móti komi hækkun á barnabótaauka. En það er ekki sami hópurinn sem fær mæðra- og feðralaun og sá sem fær barnabótaauka. Svo sannarlega styð ég að hækka barnabótaauka því hann gengur til þeirra sem verst standa. En það er bara svo afstætt hvað tekjur fólks segja manni um stöðu. Hver er stefna íslenskra stjórnvalda í þessu efni? Á ekki að veita barnafólki neinn stuðning? Það er gert í flestum löndum Evrópu, a.m.k. í Vestur-Evrópu, og reyndar víðar í þeim ríkjum sem reyna að halda uppi sæmilegu velferðarkerfi. Hver á stuðningurinn að vera? Það felst í þessu stefnubreyting. Hún er sú að hætta stuðningi við fólk sem er yfir ákveðnu tekjubili. Er þetta æskilegt? Væri ekki réttara að móta stefnu í þessum málum heldur en að vera sífellt að klípa af hér og þar?

Þá er að nefna enn eitt efnisatriði sem felst í því að upphæðin sem greidd er í Framkvæmdasjóð aldraða er fryst. Það er enn ein aftengingin.

Loks er það efnisatriðið sem ég hygg nú að muni fara út úr frv., sem er 61. gr. Það er aldeilis makalaust mál sem mér finnst þingmenn ekki hafa gert sér nægilega grein fyrir. Reyndar veit enginn enn þá hvaðan það er ættað, en það er galopin heimild til ríkisstjórnarinnar til að breyta ríkisrekstri og stofnunum ríkisins eins og henni sýnist. Þetta er svo galopin heimild að það er aldeilis makalaust. Hvaðan er þetta komið? Og til hvers er þetta hér? Það kemur í ljós að þessi

grein eins og reyndar margar fleiri koma ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við. Þær skila engum sparnaði, hafa lítil áhrif að sögn þeirra sem sömdu frv. Til hvers er þetta þá þarna? Hvers vegna er ríkisstjórnin að leita eftir þessari heimild í þessum langa lagabálki? Við hljótum að spyrja þess. Til hvers er þessi grein hér og hvaðan er hún ættuð? Kannski hæstv. menntmrh. geti svarað því. (Gripið fram í.) Já, það liggur vonandi fyrir tillaga um að hún verði felld út úr frv. En ég spyr samt sem áður: Hver var tilgangurinn með þessari grein? (**Gripið fram í:** Það fæst ekki upplýst.) Nei, það fæst ekki upplýst. En sem betur fer virðist ríkisstjórnin vera að sjá að sér en ég verð að upplýsa hæstv. menntmrh. um það að enn liggja ekki fyrir hér skriflegar tillögur um það nákvæmlega hvað verður fellt út úr... (**Gripið fram í:** Þær eru komnar.) Eru þær komnar? Það væri ágætt ef að einhverjir hv. þm. vildu vera svo vinsamlegir að... (**Gripið fram í:** Hvernig væri að þingmaður kynni sér málið áður en hann fer að tala um það?) Þær hafa komið eftir að ég steig hér í ræðustól. Hér eru komnar fram tillögur. Það eru mikil tíðindi, hæstv. forseti. Það er búið að dreifa brtt. við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og það er eins gott að líta á hvað þetta er. Þar er fyrst að telja að hér eru breytingar á 18. gr. frv. sem fjallar um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. En hér er ekki verið að breyta upphæðunum.

(**Forseti** (RA)**:** Ég vil benda hv. þm. á að þetta eru brtt. sem við veittum afbrigði fyrir áðan.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að upplýsa mig um það. Ég hef verið svo upptekin við að undirbúa ræðu mína að ég áttaði mig ekki á því að þetta væri komið hér fram. Það er sem sagt verið að breyta þessari grein og hún felur í sér að það er dregið úr þeirri skerðingu sem fyrirhuguð var. Í öðru lagi er verið að breyta 28. gr. og hér er ríkisstjórnin að slaka á fyrir stefnu sinni að aftengja bætur. Í þessu tilviki eru það atvinnuleysisbætur. Það á sem sagt að taka tillit til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála við ákvörðun á bótum á næsta ári. En í því samhengi vil ég upplýsa að það er búið að ákveða hækkun á þessum bótum um næstu áramót, eða um 5,4%. Þetta þýðir væntanlega að einhvern tíma fá hinir atvinnulausu bætt það sem launþegar munu fá með desemberuppbót á næsta ári. Síðan er hér breyting á væntanlegri bótaskerðingu vegna tekna, hún lækkar úr 35% í 30%. Síðan kemur breyting á 35. gr., bætur almannatrygginga. Þar skal hafa þróun launa, verðlags og efnahagsmála til hliðsjónar við ákvörðun bóta. 61. gr. fellur brott. Það er því ljóst að ríkisstjórnin ætlar að slaka nokkuð á í sínum málum og auðvitað fagna ég því. En eftir stendur nú ýmislegt. Það er mjög margt í þessum bandormi sem er gagnrýnivert, þótt þetta séu hin stóru atriði hér, þ.e. aftenging bótanna og bætur til þolenda afbrota. Hér er heldur gengið til móts við þær kröfur og þá gagnrýni sem hér hefur komið fram og ég fagna því. En ég vil jafnframt minna á að það er mjög margt eftir sem ég vil leyfa mér að mótmæla. Þetta þýðir sem betur fer að aðeins er dregið úr þeirri margföldu árás á gamla fólkið sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar og hv. þm. Guðni Ágústsson var að mótmæla hér áðan. Eftir stendur sú samþykkt sem gerð var í gær um að fella niður 15% afslátt til lífeyrisþega. Það standa eftir einhverjar hækkanir á komugjöldum á heilsugæslustöðvar sem munu bitna á öllum. Reyndar er ekki ljóst hvernig þau verða í útfærslu. Það var upplýst í hv. heilbr.- og trn. í gær að hugmyndin er að reyna að dreifa þessari hækkun en útfærsla á henni er ekki komin. Og það er ýmislegt fleira í þessum aðgerðum sem eftir er. Það er t.d. fjármagnstekjuskatturinn. Það er reyndar búið að lækka hann aðeins, eins og ég nefndi hér áðan. Eftir stendur skerðing á tekjutryggingu þeirra sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóði. Reyndar er upplýst að það skipti ekki miklu máli einmitt núna. Og svo eru það auðvitað Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður fatlaðra, eins og áður er nefnt.

Hæstv. forseti. Ég hef farið á nokkuð mikilli hraðferð yfir flest þau atriði sem ég vil nefna hér. Úr því að ég hef hér hæstv. menntmrh. í sjónmáli vildi ég gjarnan spyrja hann um stefnu hans varðandi bæði Kvikmyndasjóð og húsafriðun. Þetta eru hvort tveggja mál sem ég ber mjög fyrir brjósti. Ég hef mikla trú á íslenskri kvikmyndagerð og finnst að við eigum að reyna að stuðla að sem bestum stuðningi við hana. Það hefur komið fram að ýmsir þeir samningar og sáttmálar sem við erum aðilar að sem tryggja erlent fjármagn til íslenskrar kvikmyndagerðar byggjast á því að framlög okkar sjálfra séu með ákveðnum og góðum hætti. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hver stefna hans sé varðandi Kvikmyndasjóð þegar hann missir það hald sem hann hefur í núgildandi lögum og þarf að berjast fyrir fjárveitingum á hverju einasta ári. Hver er stefna hæstv. menntmrh. í þeim málum? Það sama gildir um húsafriðunarmál. Því miður hafa framlög ríkisins verið skert ár eftir ár til þessa mjög svo þarfa verkefnis. Ég vildi gjarnan fá að heyra afstöðu hæstv. menntmrh. til húsafriðunarmála. Finnst honum að þar sé um brýnt mál að ræða? Og finnst honum réttlætanlegt að velta þessu yfir á sveitarfélögin með þeim hætti sem hér er verið að gera en ríkið tryggir ekki sinn hlut á móti?

Ég gæti flutt hér langa ræðu um húsafriðun og öll þau verkefni sem þar eru fyrir hendi en ég ætla að stilla mig um það. Vonandi fæ ég tækifæri til þess síðar. Það er eitt sem ég vil koma á framfæri, hæstv. forseti, sem þyrfti auðvitað að koma fram í tillöguformi. Reyndar fer það eftir því hvað gerist á næstu dögum í þinginu. Hér er til meðferðar frv. til laga um Bjargráðasjóð og reyndar er aðeins eftir að ræða það við 3. umr. Í því er að finna lagagrein þess efnis að framlög ríkisins til Bjargráðasjóðs skuli ákveðin á fjárlögum hverju sinni. Ákvæði það sem er að finna í þessum bandormi er því óþarft og væri auðvitað eðlilegast að fella það niður með tilvísun til þess að við munum væntanlega á morgun samþykkja ný lög um Bjargráðasjóð. Ég vil bara koma þessu á framfæri.

Það er auðvitað spurning hvað ég á að eyða miklum tíma í ýmis þau mál sem eftir eru. Ég vil þó aðeins nefna niðurskurð til flugmálaáætlunar og til vegagerðar. Þótt mér finnist mörg mál brýnni en einmitt þau, var afar athyglisvert að hlusta á útskýringar vegamálastjóra og flugmálastjóra á þessum niðurskurði og hvar hann myndi lenda. Í rauninni er það nokkuð merkilegt miðað við þær áherslur sem verið hafa hér í þinginu ef menn ætla að sætta sig við niðurskurð úti á landi, bæði til flugvalla og vegagerðar. En vissulega bitnar þessi niðurskurður líka mjög hart á okkur hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur komið fram í fréttum að undanförnu að það er mjög brýnt að endurnýja Reykjavíkurflugvöll. Ég vil reyndar taka það fram að ég hef miklar efasemdir varðandi þann flugvöll og staðsetningu hans. Það hefði átt að flytja hann fyrir löngu. Því miður völdu Bretar ekki góðan stað þegar þeir byggðu flugvöll þarna á sínum tíma þegar þeir hernámu Ísland. Þetta er mýri, flugbrautirnar á hreyfingu og hann þarfnast mikillar lagfæringar. Eins er brýnt að byggja nýja flugstöð. Sá niðurskurður sem hér er lagður til hefur

auðvitað áhrif á forgangsröðun. Hann þýðir það, að sögn flugmálastjóra, að það verða engin ný mannvirki byggð á næsta ári. Og hvað þýðir það fyrir atvinnulífið? Það sama gildir um vegáætlun. Sá niðurskurður bitnar t.d. á Ártúnsbrekkunni. Framkvæmdum mun seinka um heilt ár. Þessu hafa sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu mótmælt harðlega í bréfi til okkar þingmanna Reykv. og Reykn. Jafnframt er bent á að ríkisstjórnin stendur ekki við þá framkvæmdaáætlun sem um var samið við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma til atvinnusköpunar. Það hefur alls ekki verið staðið við hana. Ég er eiginlega undrandi á því hversu litla áherslu verkalýðshreyfingin hefur lagt á þá hlið málsins. En mál hafa þróast þannig að menn hafa frekar farið í vörn fyrir þá sem verst standa í samfélaginu.

Hæstv. forseti. Að lokum ætla ég að reyna að draga saman það sem mér finnst eftir standa í þessu frv. Ég endurtek að þótt ég sé mjög örg yfir þeim aðgerðum sem hér er verið að framkvæma og boða er þó nokkur léttir að því að hér er verið að slaka á. Þótt sú stefna ríkisstjórnarinnar að taka úr sambandi tengsl bóta og launakjara og launaþróunar lifi eftir sem áður er samt víða slakað á. Þó er harla mikið eftir og ég vil minna á að við eigum hér mikla umræðu fyrir höndum á morgun um heilbrigðismálin. Eftir því sem ég best veit er ekki komin nein niðurstaða í þau mál. Það kann að vera að hún sé að fæðast á þessari stundu í fjárln. Það er mikil umræða eftir um þann þátt. Það er líka eftir umræða um Háskóla Íslands og hvort menn ætla virkilega að skilja við hann í brotum eins og lýst hefur verið í okkar eyru af stúdentum og talsmönnum háskólans. Enn þarf þar að reyna að sporna við og bæta úr. Það sem eftir stendur í þessu máli eru auðvitað algjörlega ólíðandi vinnubrögð meiri hlutans á Alþingi í frv. sem er allt of seint fram komið, hefur tekið við stöðugum breytingum og felur í sér stefnubreytingu í fjölda mörgum málum án þess að þær breytingar fái viðhlítandi umræðu eða meðferð á Alþingi. Frv. felur í sér skerðingar og árásir á málefni fatlaðra, málefni aldraða og allnokkuð marga aðra málaflokka og þessu, hæstv. forseti, mótmæli ég. Ég mótmæli þessu þrátt fyrir þær tilslakanir sem eru komnar fram og ég get ekki með nokkru móti stutt þetta frv. og mun greiða atkvæði gegn því í heild.

[23:01]

Útbýting þingskjals:

Hagræðing í ríkisrekstri, 262. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 457.

[23:02]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir beindi til mín fyrirspurnum varðandi afstöðu mína til Kvikmyndasjóðs og húsafriðunarsjóðs og þeirra breytinga sem gerðar eru í þessu frv. varðandi fjárveitingar og við hvað skuli miðað. Ég held að um formbreytingar sé að ræða en ekki efnisbreytingar. Ég mun beita mér fyrir því á meðan ég gegni mínu starfi að þessir sjóðir verði efldir eftir því sem kostur er því ég tel að þessar aðferðir sem þarna er verið að ræða um taki mið af þeim raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir og höfum staðið frammi fyrir á Alþingi um langt árabil. Stigið er skref í þá átt að breyta forminu en ekki efninu. Það verður áfram eins og það er nú undir okkur alþingismönnum komið að lokum að ákveða hve háar þessar fjárveitingar verða. Ég lít á það sem eðlilegt markmið að standa vel að kvikmyndagerð með Kvikmyndasjóði og einnig að húsafriðun með húsafriðunarsjóði og tel að þær breytingar sem við erum að gera með þessu frv. dragi ekki úr líkum á því að reynt verði að gera það.

[23:03]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ánægð með að heyra jákvæð viðbrögð hæstv. menntmrh. gagnvart þessum málefnum og vona ég að hann standi við þau orð sem hann lét hér falla áðan. Hann kom reyndar ekki inn á það sem ég spurði um áðan sem er framkoma ríkisvaldsins og þar með hans ráðuneytis gagnvart sveitarfélögunum. Það felst í þessari lagabreytingu um Þjóðminjasafnið að það er verið að leggja ákveðnar skyldur á sveitarfélögin, skyldur sem ríkið hafði tekið að sér að standa að til jafns við sveitarfélögin. En núna ætlar ríkisvaldið að haga sér nákvæmlega eins og því sýnist. Og það gildir um fleiri málaflokka. Finnst hæstv. menntmrh. að þetta sé viðeigandi framkoma við sveitarfélögin þegar jafnframt er verið að flytja til þeirra grunnskólann og reyndar verið að rýra tekjustofna þeirra með ýmsum hætti, alla vega sumra þeirra? Finnst hæstv. menntmrh. að hér sé rétt að málum staðið?

[23:04]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í frv. sé ekki vegið neitt að sveitarfélögunum. Þarna er haldið óbreyttu ákvæði varðandi sveitarfélögin en tekið mið af þeim raunveruleika sem menn hafa staðið frammi fyrir varðandi húsafriðunarsjóð og þessa sjóði að því er ríkið varðar. Það hafa verið ákvæði í lögum um langt árabil þar sem ríkið breytir ákvæðum laga að því er það sjálft varðar og í þessu er verið að stíga það skref eins og við sjáum. En ég tel að í því felist engin aðför að sveitarfélögunum. Ef sveitarfélögin vilja að þetta breytist, þá hljóta að koma fram tillögur um það og það verður þá tekið til athugunar. En ég tel að í þessu frv. felist engin aðför að sveitarfélögunum með því að hafa þetta eins og þetta er og hefur verið. Sveitarfélögin hafa innt þessar skyldur af hendi og greitt þetta fé eins og við vitum og sveitarfélögin hafa mikla hagsmuni af því að sjálfsögðu að vel sé staðið að húsafriðun og það er sameiginlegt markmið okkar.

[23:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nefnilega mergurinn málsins. Sveitarfélögin hafa staðið við sitt en ríkið stendur ekki við sitt. Ég held að sveitarstjórnarmönnum sé það mjög vel ljóst hvað húsafriðun er mikils virði og hvað hún er atvinnuskapandi og gott mál. En það er fyrst og fremst framkoma ríkisins, þessar einhliða breytingar sem ríkisvaldið er stöðugt að gera gagnvart sveitarfélögunum sem eru bara algjörlega ólíðandi og því miður virðast sveitarfélögin koma litlum vörnum við. Hér erum við að ræða nokkur slík dæmi og við höfum upplifað önnur og stærri á undanförnum árum en ég held að samskipti ríkis og sveitarfélaga geti ekki haldið áfram með þessum hætti.

[23:06]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég mun í aðalatriðum gera grein fyrir brtt. minni hluta efh.- og viðskn. varðandi bandormsfrv. sem hér er til umræðu. Þetta frv. sem er meginþáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar er vont frv. bæði að efni til og formi. Það eru margvísleg efnisatriði í því sem stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt harðlega og komu mjög skýrt fram í ræðum stjórnarandstæðinga í efh.- og viðskn., þeirra hv. þm. Steingríms J.

Sigfússonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar, auk þess sem Kristín Ástgeirsdóttir ræddi málið hér ítarlega. Þær brtt. sem minni hlutinn leggur til eru á þskj. 444 og þær eru 26 talsins þannig að það er augljóst að það er mjög margt athugavert við frv. Þær brtt. sem minni hlutinn leggur til og lúta að 1., 2., 3., 4. og 5. gr. frv., kveða allar á um að gera ekki þá varanlegu skerðingu á tekjustofnum á sviði menntamála eins og meiri hlutinn leggur fyrir. Það er afnuminn fastur tekjustofn Listskreytingasjóðs og Kvikmyndasjóðs. Það eru gerðar breytingar á tekjumöguleikum Ríkisútvarpsins og það eru skertar tekjur til þjóðminjavarna.

Við teljum að kjósi ríkisstjórnin að skerða þessi framlög til að koma fram sínum fjárlögum, sem má vera stefna hennar, þó við séum ekki sammála henni, þá beri að gera það með svokölluðum „þrátt-fyrir"-ákvæðum og gera ekki varanlegar breytingar í bandormi rétt fyrir jól þegar verið er að afgreiða fjárlög. Þessi stefna að afgreiða nú með þessum hætti eins og meiri hlutinn leggur fyrir er gjörsamlega óviðunandi, ekki einungis fyrir þá sjóði sem hér um ræðir heldur fyrir þingstarfið í heild. Þessi mál eiga að koma fram í sérstöku frv. og fá eðlilega þinglega meðferð. Allir þessir sjóðir byggja á sérlögum og það má vel vera að það sé eðlilegt að endurmeta tekjustofna þeirra en þá eiga menn ekki að smygla þeim inn í bandorm eins og hér er gert til að ná þannig fram varanlegum breytingum sem auk þess er mikið vafamál að séu til bóta. Okkar tillögur miða við það að þetta mál verði afgreitt með svokölluðum „þrátt-fyrir"-ákvæðum en að fjárlagatillögurnar sem meiri hlutinn leggur til standi. Þetta væri þinglega rétt afgreiðsla á málinu.

5. brtt. okkar sem varðar Stofnlánadeild landbúnaðarins er sömuleiðis þessa efnis um að gera ekki niðurfellinguna varanlega heldur endurskoða það í heild við betra tækifæri.

6. brtt. okkar lýtur að ákvæði um Fiskveiðasjóð. Við leggjumst gegn því að þetta sé fellt varanlega niður, ekki vegna upphæðarinnar heldur vegna þess að það er óóeðlilegt breyta á einhvern hátt stöðu Fiskveiðasjóðs, sérstaklega í ljósi þess að það eru uppi hugmyndir að breyta rekstrarfyrirkomulagi hans á næsta ári.

7. brtt. okkar lýtur að því að fella brott 15. og 16. gr. bandormsins. Þar er fjallað um Fiskistofu og Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Það er fullkomlega óeðlilegt að taka þessi ákvæði inn í bandorminn með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar.

8. brtt. okkar er um samsvarandi ákvæði varðandi kirkjubyggingasjóð. Vera má að þetta þurfi endurskoðunar við en þá eiga menn að gera það í víðara samhengi í sérstöku frumvarpi.

Áður en ég kem að 9. brtt. okkar sem fjallar um 18.–20. gr. frv. um þolendur afbrota, vil ég geta þess að það hefur verið tekist mjög harkalega á um bandorminn undanfarna daga. Þær viðræður sem hafa fyrst og fremst verið innan efh.- og viðskn. hafa leitt til þess að meiri hlutinn leggur nú fram brtt. við þennan sama bandorm. Þessar brtt. meiri hlutans eru gerðar til að mæta gagnrýni okkar og aðila í þjóðfélaginu varðandi þau skerðingarákvæði sem voru í bandorminum. Þannig eru endurbættar núna greinar varðandi bætur til þolenda afbrota en það var með eindæmum ákvæðið í bandorminum sem gerði það að verkum að nýsett lög voru í reynd afnumin. Það má lýsa því þannig að hafi lögin gert ráð fyrir greiðslum eða réttindum sem við getum mælt í 100, má segja að bandormurinn sýndi að niðurstaðan væri um 30, 30% af þeim fyrirheitum sem lögin kváðu á um voru í bandorminum. Nú hefur meiri hlutinn, því miður, ekki fallist á að fella niður þessi skerðingarákvæði algjörlega heldur gert á þeim endurbætur þannig að ekki verður um að ræða þá 70% skerðingu sem þar var gert ráð fyrir. Nú er komið inn að taka tillit til vaxta auk þess sem bætur hafa verið hækkaðar og getum við þá sagt á sama mælikvarða að nú séu komin 70% af þeim áætluðu 100 sem upphafleg lög gerðu ráð fyrir. Þetta er til bóta og minni hlutinn fagnar því að þessi breyting hafi verið gerð. Vissulega hefði þurft að gera þarna betur og þetta ákvæði í bandorminum hefði vitaskuld átt að fella niður eins og við gerum tillögu um í 9. brtt. okkar.

Varðandi brtt. meiri hlutans vil ég geta þess að það er ekki einungis varðandi þolendur afbrota sem meiri hlutinn hefur komist að því að rétt sé að lina þau högg sem bandormurinn greiddi því það eru einnig gerðar breytingar á ákvæðum 28. gr. frv. sem varðar eitt af grundvallaratriðum þess þ.e. um afnám tengingar atvinnuleysisbóta við laun og verðlag. Þetta er það ákvæði sem stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt hvað harðast í þessari umræðu. Nú er gerð brtt. af hálfu meiri hlutans um að þegar þessar bætur eru ákveðnar á fjárlögum, þá bætist við í þessa grein að þessar bætur ákvarðist, með leyfi hæstv. forseta: „... með tilliti til þróunar launa, verðlags- og efnahagsmála". Hér eru gefin fyrirmæli í lögum með hvaða hætti löggjafinn mun ákvarða þessar bætur þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Það hefði vissulega verið betra að fella þessa grein algjörlega út en það verður ekki á allt kosið í þeim efnum og þessi brtt. sem meiri hlutinn gerir er þó í áttina að meira réttlæti varðandi þennan þátt.

Ein af brtt. sem meiri hlutinn lagði til varðandi bandormsfrumvarpið var um skerðingu á lífeyrisgreiðslum sem eru nú 25%. Upprunalega var gert ráð fyrir að hækka þessa skerðingu í 35%. Nú gerir meiri hlutinn tillögu um að skerðingin verði 30%. Þarna er dregið úr skerðingu. Því ber að fagna en vissulega hefði verið best að þetta ákvæði hefði verið fellt niður.

35. gr. frv. er aðalgrein þess og varðar það að afnumin er tenging bóta almannatryggingakerfisins við laun og verðlag í landinu sem verið hefur um langt árabil. Sú breyting er gerð að sett er inn ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „ Frá 1. jan. 1996 til ársloka 1997 skulu eftirfarandi ákvæði gilda í stað ákvæða 65. gr. laganna ..." Jafnframt kemur inn í textann tilvísun til þess að þessar bætur, þegar þær eru ákveðnar á fjárlögum, skulu settar þannig í fjárlög að það sé með tilliti til þróunar launa og verðlags- og efnahagsmála. Þessi útfærsla gildir einungis í tvö ár eins og brtt. meiri hlutans hljóða nú upp á. Við í minni hlutanum fögnum þessari brtt. og teljum hana stefna í rétta átt. Þarna er að nokkru komið til móts við gagnrýni okkar varðandi þennan þátt þótt svo við hefðum kosið að þetta ákvæði hefði verið fellt algerlega úr og það fyrra öryggi gagnvart bótaþegum hefði mátt standa. Einnig er gerð sú breyting að 61. gr. frv., sem fjallar um mjög sérkennilega endurskipulagningu í ríkisrekstri, er tekin út úr bandorminum og það er víst ætlun ríkisstjórnarinnar að taka það mál í sérstöku frv. til eðlilegrar, þinglegrar meðferðar. Jafnframt er dregin til baka tillaga sem varðar það að felldar eru niður bætur sem nema 600 kr. og lægra á mánuði. Þetta var eitt af þeim skerðingarákvæðum sem við gagnrýndum harðlega en þessi hlutur er dreginn til baka í tillögum meiri hlutans.

Eins og heyra má á þessari upptalningu eru fjölmörg atriði sem meiri hlutinn leggur fram sem betrumbæta þennan

bandorm að nokkru leyti og hér er komið eitthvað til móts við þá gagnrýni sem við höfum haldið uppi á þessu frv. Í ljósi þess hafa nokkrar af brtt. minni hlutanum náð fram að ganga með þessum brtt. meiri hlutans en þrátt fyrir það standa nógu margar eftir svo þær koma allar til atkvæða. Við teljum að það hefði þurft að gerbreyta þessu frv. og stjórnarandstaðan í heild er andsnúin því þrátt fyrir að hér hafi verið gerðar nokkrar lagfæringar á því.

Í 13. brtt. á þskj. 444 gerum við tillögur um að fella niður þau ákvæði sem kveða á um fjármagnstekjuskatt eldri borgara. Eini fjármagnstekjuskatturinn sem ríkisstjórnin leggur á er gagnvart eldri borgurum. Þetta finnst okkur vera ósanngirni. Við höfum gert ítrekaðar tilraunir til að fá stjórnarliða ofan af þessari ráðagerð. Þeir koma að nokkru til móts við það með því að lækka það hlutfall í útfærslu þessarar greinar en hér er samt sem áður um mikið óréttlæti að ræða og tillaga okkar gengur út á það að fella þennan fjármagnstekjuskatt eldri borgara niður.

Sömuleiðis gerum við tillögu um það að skerða ekki hlut þeirra einstaklinga sem hafa ekki sinnt því að greiða í lífeyrissjóði. Við teljum fullkomlega óeðlilegt að taka slík ákvæði inn í bandorm því að bandormur er eðli málsins samkvæmt óaðskiljanlegur hluti fjárlaga hvers árs og það á ekki að gera varanlegar breytingar við slíka lagasetningu. Við gerum sömuleiðis tillögu um fella þau ákvæði sem lúta að slysabótum sjómanna út fyrst og fremst með þeirri tilvísun að þessi atriði eiga að koma til vandaðri umfjöllunar. Að ýmsu leyti snúa þau að samningsmálum sjómanna og útgerðarmanna og aðila á vinnumarkaði og það er óeðlilegt inngrip á þennan hátt eins og hér er gerð tillaga um. Það þarfnast þá miklu betri og ítarlegri umfjöllunar.

Við gerum tillögu um að 35. gr. falli öll í burtu. Ég lýsti áðan hvaða brtt. meiri hlutinn vill gera á henni. Þar er komið að nokkru til móts við hugmyndir okkar en eftir sem áður stendur tillaga okkar um að fella þetta ákvæði alveg niður. Sömuleiðis eru í þessu frv. skerðingar hvað varðar mæðra- og feðralaun og ekkjulífeyri. Þar ná þeir í 5 millj., þeim er svo sem ekkert heilagt í þessum efnum. Við gerum tillögu um að þessi ákvæði verði felld út úr bandorminum. Þeir hafa ekki léð máls á því. Við gerum líka tillögu um að skerðingarákvæði sem tengjast Framkvæmdasjóði fatlaðra verði felld niður og bíði heildarendurskoðunar laga um almannatryggingar eins og eðlilegt er við slíkan málaflokk. Það er fullkomlega óeðlilegt að gengið sé að þessum málum eins og hér er gert. Stjórnarandstaðan hefur ekki skorast undan því að tekið sé á ýmsum þáttum í löggjöf sem varða markaða tekjustofna og er reiðubúin hvenær sem er í alvarlega umræðu um það við stjórnarliða þegar þeir eru búnir að búa þau mál í þann farveg sem hæfir hinu háa Alþingi. Þannig eru forkastanleg ákvæði einnig í þessum bandormi sem lúta að stjórnskipulagi í heilbrigðisþjónustunni, þættir sem hafa ekkert með afgreiðslu fjárlaga að gera en eru sett inn í eins og fjölmörg önnur ákvæði til að stytta ráðherrunum biðina eftir að koma sínum málum í gegn. Ég sé með því að líta mér til beggja handa virðingu hæstv. ríkisstjórnar gagnvart löggjafarvaldinu. Hér sé ég, herra forseti, ekki einn einasta ráðherra sitja í sæti sínu til að fylgjast með því máli sem þeir bera svo fyrir brjósti. Þetta er e.t.v. lýsandi fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna gagnvart þeirri gagnrýni sem kemur á þá. Þeir kjósa að vera fjarri þegar á þá er deilt.

Við gerum sömuleiðis tillögu um það í 21. brtt. okkar að skerða ekki á varanlegan hátt tekjustofna Ferðamálaráðs eins og stjórnin leggur til. Þeir skerða allt sem þeim dettur í hug. Enginn steinn er látinn óhreyfður í því sem þeir ná höndum yfir. Það átakanlegasta í þessum bandormi og fjárlögunum er þó það að einungis er ráðist á þá sem minni máttar eru. Það er ráðist á velferðarkerfið, þar er atlagan gerð. Þar liggja menn best við höggi. Það er látið falla með fullum þunga bæði í þessu frv. og fjárlagafrv. og öðrum tengdum frv.

Við gerum sömuleiðis tillögu um að fella á brott skerðingarákvæði sem eru viðkomandi flugmálum á Íslandi þar sem það er óeðlilegt að gera það eins og hér er lagt til að kippa gjörsamlega úr sambandi allri tengingu við áætlanagerð og ekki beðið heildarendurskoðunar á þeim málaflokki eins og eðlilegt væri.

Sömuleiðis er gerð tillaga um að fella niður ákvæði sem lúta að skipulagsmálum sem snerta sveitarfélögin. Þar er ráðist á og skert framlög en gengið er úr skugga um að sveitarfélögin verði að standa að fullu við sinn hlut. Þessu hafa sveitarfélögin mótmælt harðlega og er ekki að efa að þessi ákvæði sem meiri hlutinn ætlar að láta standa óbreytt munu hafa mjög slæm áhrif á samskipti ríkis og sveitarfélaga sem er beinlínis hættulegt efni þegar litið er til þeirra verkefnaflutninga sem nú eru í gangi. En þarna er slegið utan undir alveg eins og gert er í fyrri ákvæðum. Það er algerlega óeðlilegt að gera þetta með þessum hætti. Þessi ákvæði hafa engin fjárhagsleg áhrif, þau eru sett inn vegna þæginda fyrir ríkisstjórnina til að láta stjórnarflokka sína afgreiða þau mál á færibandi eins og við höfum orðið vitni að.

Sömuleiðis eru gerð ákvæði um breytingar á þáttum sem snerta umhverfismál, verndun dýra og menn geta spurt sig hvað í ósköpunum þetta komi fjárlögunum við. Jú, þeir fundu þarna þátt sem þeir gátu aðeins klipið í og rétt eitthvað af án þess að leggja til nokkra heildarendurskoðun.

Síðasta tillaga okkar er að fellt verði út úr þessum bandormi hin sérkennilega tillaga um endurskipulagningu í ríkisrekstri sem fól raunverulega ráðherrum allt vald bæði til að leggja niður stofnanir og færa verkefni fram og til baka án þess að það væri rökstutt á nokkurn hátt. Það var ætlun ríkisstjórnarinnar að fá „blankó" ávísun líka með þessu frv. til að geta valsað innan ríkiskerfisins án þess að ræða það á hinu háa Alþingi hvernig þessum málum væri best fyrir komið.

Þessar brtt. sem minni hlutinn leggur fyrir og rökstuðningur hefur að öðru leyti komið mjög vel fram í málflutningi stjórnarandstæðinga fyrr í dag. Þær standa hér til afgreiðslu þegar kemur að því að afgreiða þetta mál. En ég endurtek að lokum þau orð að efnið í því frv. sem ríkisstjórnin ætlar að knýja hér í gegn er mjög slæmt. Það er mikil skerðing á viðkvæmum þáttum í þjóðlífi okkar. Það er formlega mjög illa búið og það er lítilsvirðing fyrir löggjafann eins og það er búið úr garði.

[23:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þingheim með afskaplega langri ræðu eins og hugur minn stendur þó til en ég vil þó spyrja hæstv. forseta: Hvað dvelur nú orminn langa sem jafnan heldur til í sæti hæstv. heilbrrh.? Er hann ekki hér í kvöld?

(**Forseti** (RA): Ég geri ekki ráð fyrir að þingmaðurinn eigi við hæstv. ráðherra.)

Svo er þó.

(**Forseti** (RA): Þá bið ég hann að gæta orða sinna. En ég skal aðgæta hvort hæstv. heilbrrh. er nærstaddur.)

Herra forseti. Ég mun reyna að gæta hófs í ummælum mínum um framsóknarmenn, jafnt hæstv. ráðherra sem aðra. En mér þætti vænt um ef hæstv. heilbrrh. kæmi innan stundar í sæti sitt vegna þess að ég þarf að eiga orðastað við Framsfl. í kvöld.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hafa verið umræður í gangi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um breytingar á því frv. sem við höfum hér til umræðu í kvöld, þ.e. hinum fræga bandormi. Ég hef verið afskaplega undrandi á þeim vinnubrögðum sem hafa verið uppi, sérstaklega af hálfu hæstv. heilbrrh. Það má orða það svo, herra forseti, að nýjar tillögur hafi verið að koma fram alveg fram á síðustu stund. Bendir margt til þess að þær tillögur sem hafa komið fram undan hatti hæstv. heilbrrh. séu í rauninni ekki hennar smíð heldur séu þær búnar til í allt öðru ráðuneyti, þ.e. í fjmrn. Það er svo mikil handarbakavinna, herra forseti, að sérfræðingar hæstv. heilbrrh., sem hafa komið til fundar við heilbr.- og trn., hafa ekki getað skýrt lykilatriði. Orsakirnar fyrir því eru einfaldlega eftir því sem gengur fram af þeirra munni: Það er ekki búið að útfæra þær breytingar sem varða þó fjölda manna gríðarlega miklu. Ég nefni dæmi: Það er búið að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar samtals um 50–60 millj. Það er eðlilegt að þingheimur spyrji hæstv. heilbrrh. um það, sem hefur nú gengið í salinn öllum til óblandinnar gleði og ánægju, ekki síst okkur unnendum Framsfl. á þessu þingi.

Það er eðlilegt, herra forseti, að eftirfarandi spurningum sé varpað til hæstv. heilbrrh.: Hvernig verður útfærslan á hækkun á komugjöldum á heilsugæslustöðvar? Hvað mun það t.d. þýða varðandi gjaldtöku fyrir börn sem koma á heilsugæslustöðvar? Er það til að mynda rétt að gjaldtaka vegna komu barna á heilsugæslustöðvar muni aukast um 50%? Ég spyr vegna þess að það hefur komið fram í tveimur fjölmiðlum. Ég spyr vegna þess að sendimenn hæstv. heilbrrh. sem komu á fund heilbr.- og trn. gátu ekki svarað þessari spurningu.

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með hvernig tillögur hafa komið úr heilbrrn. síðustu daga. Einn af þingreyndustu mönnum stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, lýsti yfir í ýtarlegri, málefnalegri ræðu sinni fyrr í dag að hann hefði ekki yfirlit yfir hvernig staðan væri því að svo margar og miklar hefðu breytingarnar verið. Því hefur verið lýst yfir af hálfu stjórnarsinna að þetta sé nauðsynlegt fyrir ýmissa hluta sakir. Í fyrsta lagi vegna þess að dregnar hafa verið til baka tillögur sem hafi leitt til þess að það þurfi að finna nýjar fjárlindir. Þessar tillögur voru til að mynda innritunargjöldin sem hæstv. heilbrrh. lagði á sínum tíma fram. Nú er það svo að hæstv. heilbrrh. lagði fram tillögur um innritunargjöld og auðvitað má hafa sérstakt mál um það. Framsfl. lýsti yfir megnri andstöðu við innritunargjöld í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það sem meira var, hæstv. heilbrrh. gekk fram fyrir skjöldu og lýsti yfir sérstakri andúð sinni og mótstöðu við það sem hún kallaði sjúklingaskatta. Hvað var það sem hæstv. heilbrrh. kallaði sjúklingaskatta? Það voru þjónustugjöld. Það voru m.a. gjöld fyrir komur barna og annarra á heilsugæslustöðvar. Hæstv. heilbrrh. lýsti sérstakri andstöðu við þetta. Nú, þegar hæstv. heilbrrh. er spurð að því hvernig standi á því að henni dettur í hug sú ósvinna að hækka gjöld fyrir komur þeirra sem þurfa að leita læknis á heilsugæslustöðvar þá segir hún: „Það er vegna þess að ég dró til baka tillögur um innritunargjöld." Hæstv. heilbrrh. var á móti innritunargjöldum í tíð síðustu ríkisstjórnar og hún var líka á móti þjónustugjöldum. Eigi að síður grípur hún nú til þeirra ráða þegar hún fellur frá innritunargjöldum, sem hún var sjálf á móti, að hækka komugjöld vegna heimsókna á heilsugæslustöðvar. Hæstv. heilbrrh. var á móti því á síðasta kjörtímabili. Það er rétt að ítreka það, herra forseti, að allt það sem hæstv. heilbrrh. leggur til í bandorminum eru atriði sem hún var á móti í síðustu ríkisstjórn. Það er hægt að taka dæmi, lítil dæmi sem litlu skipta, en sýna þau algjöru umskipti sem hafa orðið í kolli hæstv. ráðherra. Ég nefni t.d. tillögu í bandorminum um að fella niður ekkjulífeyri. Samkvæmt greinargerð fjmrn. þá er sparnaðurinn afskaplega lítill, 5 millj. kr. eða þar um bil. Rökin fyrir því, hver eru þau? Rökin sem koma frá hæstv. ráðherra eru að ekki sé rétt að hafa kyntengdan lífeyri með þessum hætti. (Gripið fram í.) Herra forseti, þessi hugmynd var líka rædd á síðasta kjörtímabili. Það er hægt að finna ræðu hjá hæstv. heilbrrh. þar sem hún er einmitt að ræða þetta atriði og þá leggst hún gegn því að ekkjulífeyririnn sé felldur niður en segir: „Hvers vegna ekki í staðinn að taka upp ekklalífeyri?" Með öðrum orðum, hún var á móti því sem hún gerir núna í tíð síðustu ríkisstjórnar, jafnvel í hinum smæstu atriðum.

Herra forseti. Fyrst ég er kominn út í það sem mér liggur mest á hjarta í kvöld, þ.e. það sem ég kalla hina svívirðilegu framkomu Framsfl. í garð aldraðra, öryrkja og þeirra sem minna mega sín þá finnst mér rétt að fara nokkrum orðum um það.

Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með hringlandahætti hæstv. ráðherra í þeim efnum. Ég minni t.d. bara á þær umræður og ótrúlegu hamskipti sem hafa orðið í viku hverri á hæstv. ráðherra þegar kemur að bílakaupalánum öryrkja. Það er sem betur fer búið að sigla því máli í höfn. En nú spyr ég hæstv. ráðherra, ef hún vildi fylgjast með máli mínu: Er ekki rétt að þegar tryggingaráð tók ákvörðun um að fella niður bílakaupalán til öryrkja þá hafi það verið gert ef ekki að ósk hæstv. ráðherra þá a.m.k. með samþykki ráðherrans? Hæstv. ráðherra hefur í þessum sölum ítrekað varið þessa aðgerð með því að segja að þetta stafi af því að lagastoð skorti fyrir bílakaupalánum til öryrkja og hefur vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar um það. Þegar hæstv. ráðherra varð, ekki síst vegna andstöðu í þinginu og reyndar í þjóðfélaginu líka, knúinn til þess að skipta um skoðun þá var henni bent á það að hún hefði sjálf sagt að það væri ekki til lagastoð fyrir þessum litla útgjaldaflokki hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hún bauð upp á samvinnu við heilbr.- og trn. um að flytja slíka lagabreytingu. Í ljós kom að hæstv. ráðherra var það ókleift. Hæstv. heilbrrh. hafði bersýnilega ekki haft tóm til eða ekki gefið sér tíma til að ræða þetta við hinn stjórnarflokkinn í heilbr.- og trn. sem lagðist gegn málinu. Staðan er núna sú að þrátt fyrir að hún hafi verið knúin til þess að taka upp þessi lán á ný og hafi sjálf eftir umræður í þinginu beitt sér fyrir því innan tryggingaráðs þá er samt sem áður engin lagastoð fyrir málinu samkvæmt skilgreiningu ráðherrans. Við í stjórnarandstöðunni höfum boðið upp á flutning tillögu til þess að gera þetta löglegt og festa þetta endanlega í sessi. Þannig að hún, ef henni býður svo við að horfa, eða einhver annar ráðherra geti ekki fellt þessi lán niður aftur. Framsóknarmenn í hv. heilbr.- og trn. tóku undir málstaðinn en Framsfl. treysti sér ekki til þess að fylgja málinu eftir, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. heilbrrh.

Hvaða ályktun dreg ég af því? Ég dreg þá ályktun að í þessu máli eins og fjölmörgum öðrum hefur Sjálfstfl. valtað yfir Framsfl. Sjálfstfl. hefur ekið eins og stór jarðýta yfir Framsfl. í þeim málum sem tengjast velferðinni.

Herra forseti. Til þess að ítreka þetta frekar þá vildi ég gjarnan rekja hérna lítillega hluta af því sem Framsfl. notaði sem kosningastefnuskrá sína. Það var þessi bæklingur, undir kjörorðinu Fólk í fyrirrúmi og undirfyrirsögnin er Sáttmálinn milli kynslóðanna. Á grundvellinum sem birtist í þessum bæklingi háði m.a. hæstv. heilbrrh. farsæla kosningabaráttu sína sem var sigursæl. Hvers vegna? Vegna þess að fólkið trúði hæstv. heilbrrh., vegna þess að fólkið trúði forustu Framsfl. „Sáttmálinn milli kynslóðanna." Hvað segir í honum? Herra forseti, mig langar að lesa, með ágætu leyfi forsetans, nokkrar setningar úr kafla sem Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl. og núv. hæstv. utanrrh., skrifar í þennan bækling. Þau orð eru svofelld og vildi ég nú gjarnan að hæstv. heilbrrh. hlýddi á mál mitt vegna þess að þetta er sú stefna sem hæstv. ráðherra byggði á þegar hún háði kosningabaráttu sína. Nú ætla ég að bíða, hæstv. forseti, á meðan ráðherrann lýkur símtali sínu.

Herra forseti. Það er velkomið að ég geri hlé á ræðu minni á meðan ráðherrann sinnir ýmsum símtölum við vildarmenn úti í bæ.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti væntir þess að ráðherra leggi nú við eyrun og forseti fer þess á leit við hæstv. heilbrrh. að hann geri það nú þegar, enda kemur það í ljós.)

(**Heilbrrh.:** Þetta var mjög áríðandi samtal ...) Að sönnu geri ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi ekki komist í kast við hv. þm. Árna Johnsen og hafi þess vegna tvö eyru heil og geti léð mér þau bæði.

Herra forseti. Það sem hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. segir hér í texta undir fyrirsögninni „Sáttmálinn milli kynslóðanna" er m.a. eftirfarandi:

„Við sem fylkjum okkur undir merki Framsóknarflokksins lítum svo á að í gildi sé sáttmáli milli kynslóðanna sem eigi að vera undirstaða að allri umræðu um þjóðfélagsmál. Stjórnmálamönnum er trúað fyrir þessum óskráða en órjúfanlega sáttmála og mega aldrei hrófla við meginmarkmiðum hans."

Hver er þessi sáttmáli, herra forseti, sem ekki má rjúfa? Síðan segir:

„Okkur ber skylda til að nýta almannafé í því augnamiði að rétta hlut þeirra sem minna mega sín, liðsinna sjúkum og fötluðum, gefa hinum ungu tækifæri til að þroskast og hinum eldri færi á hvíld eftir unnið dagsverk."

Undir sérstökum lið sem heitir „Sáttmáli sem ekki má rjúfa" segir, herra forseti, með þínu góða leyfi, og það er verið að tala um fyrri ríkisstjórn:

„Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur rofið þessa sætt með því að stórauka álögur á sjúklinga, öryrkja, ellilífeyrisþega og aðra þá sem þurft hafa að leita sér læknisaðstoðar. Fjárveitingar til sjúkrahúsanna hafa verið skornar niður og hefur jafnvel þurft að loka einstökum deildum."

Síðan segir og það er lykilsetningin í þessum texta, herra forseti:

„Framsóknarflokkurinn telur brýnt að horfið verði af þessari braut."

Þetta eru merkileg orð. Merkileg í ljósi sögu undangenginns missiris. „Framsóknarflokkurinn telur brýnt að horfið verði af þessari braut." Hvernig hefur hæstv. heilbrrh. beitt sér fyrir því að horfið verði af þessari braut? Hún hefur aukið það sem hún sjálf kallaði sjúklingaskatta, sem eru komugjöld, m.a. barna, á heilsugæslustöðvar. Hún hefur aukið álögur á þá sem eru eldri en 67 eða 70 ára. Og það sem mér þykir verst, háværust svikin sem bókstaflega kalla framan í hæstv. ráðherrann, er hvernig hún hefur lagt fram tillögur í bandorminum sem rjúfa þá sátt sem hefur árum saman ríkt í þjóðfélaginu um kjör aldraðra og öryrkja.

Á Íslandi ríkir ákveðin sátt og hefur ríkt um nokkurra áratuga skeið um að þessir hópar, þeir sem hafa lokið dagsverki sínu og þeir sem vegna slysa eða meðfæddrar fötlunar geta ekki með sama hætti og við hin tekið þátt í hinu daglega lífi þjóðfélagsins, skuli njóta þróunarinnar, hagsældarinnar, og þess þegar vel gengur. Það kemur líka niður á þeim þegar illa gengur. Það hefur verið bundið í lög um almannatryggingar að bætur til atvinnulausra, til aldraðra og til öryrkja skuli fylgja því sem hefur jafnan verið grunneining á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. vikukaupi verkamannsins. Þegar vel árar í þjóðfélaginu þá hækkar þetta vikukaup, þegar illa árar hefur það að sjálfsögðu tilhneigingu til að lækka miðað við verðlag. Bætur til þessara hópa sem einhverra hluta vegna standa ekki jafn vel að vígi og við hafa fylgt þessu. Það hefur verið eins konar sátt í þjóðfélaginu, sátt þess hjarta jafnaðarmannsins sem slær í flestum Íslendingum, að við þessu verði ekki hróflað. Á dauða mínum, herra forseti, hefði ég fremur átt von en að það yrði flokkurinn sem gekk til baráttunar undir kjörorðinu Fólk í fyrirrúmi, undir kjörorðinu Sáttmálinn milli kynslóðanna sem rýfur þessa sátt. En það er svo, herra forseti. Það er Framsfl. sem gengur fram fyrir skjöldu og er hálfu verri en Sjálfstfl. í þessum efnum. Hálfu verri segi ég vegna þess að það er Framsfl. sem fer með þessi ráðuneyti, sem gaf þessi loforð, sem er að svíkja þessi loforð. Sárast er að sú vaska þingkona sem gat sér gott orð sem talsmaður Framsfl. í heilbrigðismálum á síðasta kjörtímabili, þáv. hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, sem ábyggilega vann hug og hjörtu margra aldraðra Íslendinga, margra úr hópum öryrkja, margra þeirra sem lásu t.d. stefnuskrá Framsfl. frá flokksþinginu sem haldið var í Reykjavík 24.–27. nóv. á sl. ári. Þar var m.a. lofað að standa vörð um bílakaupamálin og standa vörð um þessa sátt. En það er þessi fyrrv. þingkona, núv. hæstv. ráðherra, sem leggur fram tillögurnar sem rjúfa þessa sátt. Það er hæstv. heilbrrh. sem með einu hnífsbragði ætlar að skera sundur kaðalinn sem heldur uppi öryggisnetinu sem þessir hópar hafa lagt sinn hlut í.

Þetta er fólkið sem við tökum arf eftir, þetta er fólkið sem hefur byggt þjóðfélagið sem við tökum í arf og er býsna gott og þetta eru systur okkar og bræður sem einhverra hluta vegna, vegna slysa eða meðfæddrar fötlunar, geta ekki tekið þátt í þjóðlífinu með sama hætti og við. Það getur hent okkur öll að verða fyrir slíku slysi. Flest okkar, m.a. ég, eigum nána ættingja sem hafa allt sitt á þurru út af þessu öryggisneti. Ef það er eitthvað eitt sem Íslendingshjartað hefur slegið með þá er það að standa vörð um hlut þessa fólks. Sá vörður er ekki staðinn lengur, ekki af hálfu ríkisvaldsins, örugglega ekki af hálfu Framsfl. og því miður ekki af hálfu hæstv. heilbrrh. sem hefur svikið hvert einasta loforð sem forusta flokks hennar gaf gagnvart þessu fólki undir kjörorðunum: Sáttmáli milli kynslóðanna og Fólk í fyrirrúmi. Hennar brigð eru meiri en annarra vegna þess að hún var talsmaður flokksins í þessum efnum á síðasta kjörtímabili. Það var hún sem gaf loforðin. Það var hún sem sagði: „Framsóknarflokkurinn mun breyta þessu." Og það var Framsfl. sem sagði að það væri jafnvel

svo að það hefði þurft að loka einstökum deildum. Herra forseti, hvað blasir við núna? Það blasir við að ef þær tillögur sem hæstv. fjmrh. hefur gert fyrir hönd hæstv. heilbrrh. um sjúkrahúsin á Íslandi verða að veruleika, munu lokanir ekki verða af svipuðu tagi og á síðasta kjörtímabili þegar þær fóru á Ríkisspítulunum hæst í 11,6% af öllum legurúmum. Aukningin á fjölda auðra legurúma verður nánast 90%. Það blasir sem sagt við á árinu 1996 að allt að 20% allra legurúm á Ríkisspítölunum muni standa auð vegna þess að hæstv. heilbrrh. hefur gert sínar tillögur um fjármál spítalanna. Þær eru með þeim hætti að hennar eigin flokksmaður, Guðmundur G. Þórarinsson, stjórnarformaður Ríkisspítalanna, fyrrv. þingmaður Framsfl., hefur á fundi heilbr.- og trn. lagt fram útreikninga sem sýna svart á hvítu að ef tillögur hæstv. heilbrrh. verða að veruleika þá muni fimmta hvert legurúm á Ríkisspítölunum standa autt.

Hæstv. heilbrrh. hélt ræðu á síðasta kjörtímabili hér í þessum þingsal. Þar líkti hún því nánast við glæp að loka deildum. Það má líka benda á að hæstv. heilbrrh. hélt nokkrar ræður um geðverndarmál á síðasta kjörtímabili og eina ræðu eftir að hún var orðin heilbrrh. þar sem hún m.a. gat þess að það yrði tekið sérstaklega á þeim málum sem varða geðvernd barna og unglinga. Hæstv. heilbrrh., ég bið bara um einn greiða. Getur ráðherrann bent mér á hvar hún hefur efnt þessi orð. (**Heilbrrh.:** Já.) Hún getur það ekki. Vegna þess að það er meira að segja svo illa staðið að geðverndarmálum undir hennar stjórn að það fæst ekki einu sinni fjármagn til að ljúka við ákveðna tilraun sem gerð var með dagdeild. Þetta hefur komið fram á fundum yfirlæknis deildanna með heilbr.- og trn.

Herra forseti. Það er eitt annað mál sem mig langar að gera að sérstöku umræðuefni hér í kvöld. Það eru þær breytingar sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt til að verði gerðar á lögum um bætur til handa fórnarlömbum ofbeldis. Ég minni á það, herra forseti, að mér er málið skylt vegna þess að ég var einn fjögurra eða fimm flutningsmanna að því frv. á síðasta kjörtímabili. Það er svo, herra forseti, að þegar það frv. var afgreitt frá þinginu var enginn þingmaður á móti því, ekki nokkur einasti maður. Þetta frv. átti sér þann aðdraganda, herra forseti, að við fjórir eða fimm þingmenn, þ.e. einn þingmaður frá hverjum þáverandi flokka sem áttu sæti hér á þingi, lögðum fram þáltill. þar sem lagt var til að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Þessi tillaga spratt ekki fullsköpuð úr okkar höfði heldur kom hún í kjölfar umræðu sem hafði átt sér stað í þjóðfélaginu um að þolendur kynferðisbrota sem hefðu fengið dæmdar bætur hefðu ekki getað innheimt þær. Þessi tillaga var samþykkt hér, herra forseti, og í kjölfar þess lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. um það. Það er að vísu svo að ég taldi á þeim tíma að hugur hæstv. dómsmrh. með þessu máli væri ekki mjög fastur. Ég vísa til þess, herra forseti, að þegar hæstv. dómsmrh. hélt framsöguræðu sína með þessu frv., sem við töldum að bryti í blað, var hún einungis 27 línur. En frv. var samþykkt og hlaut náð fyrir augum allra þingmanna. Ég tel að það hafi verið sögulegt og hafi gengið lengra en svipuð löggjöf í öðrum málum. Nú gerist það hins vegar, herra forseti, að þetta frv. sem hefur hlotið þrjár umræður á þinginu og mjög ítarlega umfjöllun af hálfu þingmanna kemur skyndilega fram í bandormi, eitt af 33 málum, 33 lagabálkum sem ríkisstjórnin hyggst breyta. Það á að limlesta þetta frv. Ég segi það fyrir mig, herra forseti, að ég get ekki fallist á það. Ég mun aldrei greiða því atkvæði og mun gera allt sem í mínu valdi stendur hér á þessu þingi til að koma í veg fyrir að sú tillaga sem er í bandorminum verði samþykkt. Ég vísa líka til þess, herra forseti, að þegar þetta mál var til umfjöllunar hið fyrsta sinni 23. nóv. hjá allshn., sem er sú fagnefnd sem á að fjalla um það, var lagst harkalega gegn því af allri nefndinni. Hv. allshn. hafði þá til umfjöllunar fjárlög þar sem gert var grein fyrir því að ein af forsendum fjárlaga væri sparnaður sem næmi 40 millj. kr. með því að gjörbreyta eðli þessara laga, sem er algerlega óásættanlegt. En það verður að segjast meiri hlutanum í hv. allshn. til hróss að hann lagðist gegn þessu og sendi fjárln. álit sitt og ég vitna hér í það, með leyfi hæstv. forseta: „Leggur nefndin til að leitað verði annarra leiða þannig að meginmarkmiðum laganna verði náð." Þegar kom til umfjöllunar um bandorminn í allshn. þá klofnaði nefndin að vísu. En minni hlutinn var harkalega á móti þessum breytingum og í áliti meiri hluta allshn. kom líka fram mjög sterk andstaða gegn því. Þessi andstaða og þetta álit meiri hlutans í hv. allshn. varð þess valdandi að ég átti hér í munnhöggi við hv. þm. Villhjálm Egilsson vegna þess að mér sýndist að hann hefði ekki tekið nokkurt einasta tillit til umsagna, hvorki meiri hluta né minni hluta. Og þótt samningaviðræður hafi verið millum stjórnar og stjórnarandstöðu síðan á föstudag hef ég ekki enn séð útfært endanlegt samkomulag um að þessu verði breytt. Og ég mun aldrei fallast á það og gera allt sem í mínu valdi stendur til að koma í veg fyrir að þetta verði samþykkt eins og í bandorminum stendur.

Herra forseti. Að lokum langar mig að drepa á nokkur atriði sem varða heilbrigðiskafla bandormsins. Mig langar sérstaklega að ræða um 30. gr. þar sem gert er ráð fyrir að leggja eigi fjármagnstekjuskatt á þá sem þiggja lífeyri frá hinu opinbera. Nú er það svo, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að taka upp fjármagnstekjuskatt hið bráðasta. Alþfl. gerði það sem hann gat í tíð síðustu ríkisstjórnar til að fá slíkan skatt upp tekinn en Sjálfstfl. lagðist gegn því. Enda er ég sannfærður um að Sjálfstfl. mun leggjast gegn því aftur á þessu kjörtímabili. Ég deili ekki hinni bernsku sýn hæstv. heilbrrh. sem sagði hér í umræðum í gær að hún væri sannfærð um að fjármagnstekjuskatturyrði lögfestur fyrir 1. sept. á næsta ári. Ég segi og býð upp á það fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, eins og við höfum áður gert, ég er reiðubúinn til að samþykkja þetta ákvæði svo fremi sem hnýtt verði aftan í það: Enda verði fjármagnstekjuskattur tekinn upp.

Nú veit ég, þrátt fyrir efasemdir sem ég hef haft uppi um þær tillögur sem hæstv. heilbrrh. hefur fært fram í þessari umræðu, að hún hefur gott hjartalag. Ég veit að það er ekki hennar ósk að níðast sérstaklega í þessu tilliti á öldruðum og öryrkjum umfram aðra. Hvers vegna getur hún þá ekki fallist á þetta? Ef hún er í hjarta sínu sannfærð um að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp fyrir 1. sept. eins og hún sagði hér í umræðunni í gær, hvers vegna getur hún þá ekki fallist á þetta góða boð stjórnarandstöðunnar? Við yrðum þá samferða inn í þessa nýju veröld fjármagnstekjuskattsins.

Í annan stað, herra forseti, er grein í bandorminum sem varðar þá sem ekki hafa sinnt lagaskyldu um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóð. Það hefur verið tillaga hæstv. heilbrrh. að hvað slíkt fólk varðar verði gert ráð fyrir að viðkomandi hafi greitt í lífeyrissjóð þegar kemur til útreikninga bóta. Þarna kemur að því sem hefur verið einkenni á hæstv. heilbrrh. í þessari umræðu og aðdraganda þessarar umræðu, hringlandaháttur-

inn. Hæstv. heilbrrh. hefur ítrekað verið spurð að því hvað þetta ákvæði þýddi. Hverjir eru þessir hópar sem eiga að gjalda þessa ákvæðis? Hæstv. heilbrrh. svaraði fyrirspurn frá mér í fyrri viku og sagði hiklaust, „Það sem ég á við eru atvinnurekendur." Ég þráspurði hana og hún sagði að þetta væru atvinnurekendur. Í umræðum hér í gær við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kom í ljós að það voru ekki bara atvinnurekendur heldur sagði hún: „T.d. atvinnurekendur." Og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Er hún reiðubúin til að lýsa því hér skorinort yfir að það séu bara atvinnurekendur? Ef svarið er nei bið ég hana að lýsa því skorinort yfir að engir öryrkjar muni verða í þeim hópi sem kunni að gjalda þessa. (**Heilbrrh.:** Það eru engir öryrkjar.) Ég spyr vegna þess að hæstv. heilbrrh. hefur ekki getað haldið sig við eina skoðun í þessu máli, eins og fram hefur komið. Ég spyr vegna þess að síðast í kvöld komu forráðamenn öryrkja og fatlaðra bréfi í hendur formanna þingflokka og stjórnarandstöðunnar þar sem þeir eru enn að lýsa þessum áhyggjum sínu. Og þessar áhyggjur eiga sér þá stoð að talsmenn þessara hópa fóru á fund hæstv. fjmrh. í síðasta mánuði og komu heldur skelfdir um þetta atriði þaðan. Það hefur sýnt sig því miður að þegar það er ágreiningur á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh., er það jafnan hæstv. heilbrrh. sem lætur undan víkja og í þann poka sem minni er.

Mig langar líka, herra forseti, þótt það sé ekki á fagsviði minnar nefndar, hv. heilbr.- og trn., að víkja hér að þeim breytingum sem lagðar eru til um málefni fatlaðra. Þar er gert ráð fyrir því að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á næsta ári til tiltekinna rekstrarverkefna. Gott og vel. Ég get fallist á þetta. Þetta hefur forusta öryrkja og fatlaðra á Íslandi fallist á undanfarin ár. En það hefur jafnan verið á þeirri forsendu að þær tekjur sem hafa runnið í sjóðinn úr erfðafjársjóði væru óskertar. Nú gerist það hins vegar í fyrsta skipti að það á að skerða þær tekjur um, að því er mér sýnist, u.þ.b. 130 millj. Á þetta er ekki hægt að fallast, herra forseti. Ég spyr hæstv. félmrh. hvort hann geti ekki á grundvelli þeirra yfirlýsinga sem ég hef rakið hér frá forustu Framsfl. og á grundvelli þess ágæta kafla um málefni fatlaðra sem hann samþykkti með öðrum forustumönnum Framsfl. á flokksþinginu 24.–27. nóv., lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að breyta þessu? Vegna þess að hérna brýtur Framsfl. í blað með afskaplega neikvæðum hætti. Ég verð að segja, herra forseti, að hæstv. félmrh. er sá ráðherra Framsfl. sem hefur staðið sig langbest. Það hefur ekkert komið mér á óvart en hann hefur staðið sig vel. En þetta er ekki bara ljóður á ráði hans, þetta er blettur á ráðherraræru hans. Og ég veit að hæstv. ráðherra er umhugað um að hún skíni spegilfögur ekki síður en sá gljáandi skalli sem er að finna á þeim manni sem situr við hlið hans núna, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég gæti um þetta sagt.

Það er eitt sem ég vil spyrja um undir lok ræðu minnar. Það er 61. gr. frv. Ég hygg, ef hæstv. félmrh. mætti hlýða á mál mitt, að þar sé um að ræða grein sem er á hans verksviði. Það er breyting á lögum um ráðningu starfsmanna og um húsnæðismál ríkisstofnana. Er það ekki á sviði hæstv. félmrh.? (Gripið fram í.) Enginn hefur sagt mér frá því en það skiptir ekki máli. Ég vildi gjarnan að hæstv. félmrh. mundi þegar líður á nóttina, svona í kringum tvöleytið þegar ég hef lokið ræðu minni, gera grein fyrir því hvað þessi grein þýðir. Hvað þýðir að hlutaðeigandi ráðherra verði heimilt að semja við sveitarfélög eða einkaaðila um að þeir taki að sér að veita þjónustu sem tiltekinni ríkisstofnun er ætlað að veita? Þýðir það t.d., hæstv. félmrh., að þarna sé komið ákvæði sem heimili hæstv. menntmrh. að einkavæða hluta af skólakerfinu? Hæstv. menntmrh. hefur nýverið haldið ræðu þar sem hann hefur lýst yfir pólitískri stefnu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hún felur í sér að lyfta eigi undir einkaskóla. Við höfum fengið forsmekkinn af því hvernig það er gert. Það er t.d. hægt að gera það með því að gera sérstaka verkefnasamninga við skóla. Einn slíkur hefur verið gerður við Kvennaskólann í Reykjavík. Hann er merkilegur að ýmsu leyti. Hið jákvæða við slíka samninga, herra forseti, er að það gerir viðkomandi stofnunum kleift að hnitmiða starfsemi sína, gera sér skýrari grein fyrir sínum eigin verkum. Ég leggst ekkert gegn verkefnastjórnun en mér þótti afskaplega merkilegt þegar ég kynnti mér samninginn við Kvennaskólann í Reykjavík. Þar kemur t.d. fram að það má ekki hnika til launum kennaranna. Hvernig í ósköpunum, hæstv. félmrh., sem er í hjarta sínu samvinnusinnaður eins og sá þingmaður sem hér stendur, ættu t.d. ríkisskólar að geta keppt við einkaskóla undir slíkum kringumstæðum? Er hér ekki, með 61. gr., verið að búa til tæki sem til að mynda gerir hæstv. menntmrh. kleift að ýta fram stefnu sinni um að flytja t.d. hluta af skólakerfinu yfir í einkageirann? Ég spyr, herra forseti, vegna þess að mér finnst allt í lagi að ræða um einkaskóla, mér finnst það, og ég tel að tími sé kominn á það, eins og ég sagði í ræðu fyrir tveimur vikum, að ræða það til hlítar. En það er ekki hægt að taka það með 32 öðrum lagabálkum á einu kvöldi. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. félmrh., sem ég tel skynsamastan þeirra ráðherra sem enn eru með rænu í þessu húsi, svari þessu fyrir mig.

Herra forseti. Ég sé að mér hefur e.t.v. ekki tekist mjög vel upp með þessari ræðu. (**Gripið fram í:** Nei.) Eitt hefur mér þó tekist og það er að vekja hæstv. félmrh. af dvala sínum. Og væri ég til í, herra forseti, að eyða öðrum klukkutíma af lífi mínu, jafnvel annarri nóttu, jafnvel einhverjum hluta af vinstri hönd minni, ef það mætti verða til þess að vekja Framsfl. af dvala sínum. Framsfl. er þrátt fyrir allt stofnaður af sama manni og stofnaði Alþfl. Hann er þrátt fyrir allt afsprengi Jónasar frá Hriflu. Og ég get veitt hæstv. félmrh. það siðferðisvottorð að hann er sannkallað afsprengi Jónasar frá Hriflu. Hann hefur lent í ógöngum. Hann er kominn í vondra manna hendur. Hann er kominn í björgin. En hann er samt sem áður af þeim meiði sprottinn, lítil grein að vísu, en tilheyrir honum samt, sem ég kalla heiðarlega samvinnumenn. Hvernig stendur þá á því að svona menn taka þátt í því að leggja fram ákvæði sem gera þetta kleift sem ég var að ræða hér um áðan, einkavæða skólakerfið?

Nú er það svo að hæstv. félmrh. hefur gaukað að mér ýmsu meðan á okkar samvinnu hefur staðið, m.a. núna á litlum miða sem segir að þessi grein falli brott. Það er mér mikið fagnaðarefni en ég spyr samt sem áður: Hvernig datt hæstv. félmrh. í hug að vera aðili að slíku frv.? Mér þætti vænt um ef hann gæti svarað mér. Hvað fólst í þessu? Hinu veit ég að hann getur ekki svarað, hvað var það sem gerðist í brjósti og hugum framsóknarmanna þegar þeir leyfðu sér þetta, eftir að hafa háð kosningabaráttu sem m.a. byggðist á því að gera sáttmála milli kynslóðanna, á milli Framsfl. og aldraðra Íslendinga, á milli Framsfl. og öryrkja. Hvernig í ósköpunum geta þeir þá horft í spegilinn í augu sjálfra sín á morgnana eftir að hafa lagt fram frv. sem ríf ur þá sáttagjörð sem hefur þrátt fyrir allt verið aðall þeirrar jafnaðarstefnu sem einkennir alla flokka á Íslandi ekki. Ég veit að þetta er

erfitt fyrir hæstv. félmrh. vegna þess að hann er að upplagi ærlegur Húnvetningur sem hefur lent í tröllahöndum. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég vildi gefa mikið til að heimta hann úr þeirri helju.

[00:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður heilbr.- og trn. hélt ágætisræðu eins og hans er von og vísa. Hann heldur ávallt góðar ræður og hjartnæmar. Hann hefur greinilega slæma reynslu af stjórnarsamstarfinu við Sjálfstfl. því hann er sár eftir þann bardaga.

Ég vil leiðrétta nokkrar missagnir hjá hv. formanni heilbr.- og trn. Hann talaði eins og við værum að leggja niður bílakaupalán. Þau eru óbreytt. Hann talaði um að við værum að leggja niður ekknabætur. Hann talaði ekki um að dánarbætur koma í staðinn sem eru bæði fyrir ekkjur og ekkla. Hann talaði um 50% hækkun á þjónustugjöldum. Það er alveg rétt að gert er ráð fyrir að komugjald á heilsugæslustöðvar hækki um 100 kr. og um 200 kr. til sérfræðings. Við ræddum það í gær að sérstakt tillit yrði tekið til öryrkja og þeirra sem minna hafa. (**ÖS:** Hvar er sú útfærsla?) Sú útfærsla kemur, enda er ekki búið að hækka þessi komugjöld, hv. formaður og haltu nú stillingu þinni. (**ÖS:** Viltu ekki bara að ég þegi?) Nei, nei, ég vil endilega að hv. þm. tali.

Hann talaði um geðverndarmál og sagði að þar hefði ekkert gerst. Hann hefur ekki fylgst mikið með. Það er búið að byggja upp barna- og unglingageðdeild á Akureyri og það er verið að byggja upp unglingadeðdeildina á Landspítalanum. Mér finnst mjög mikilvægt að hv. formaður heilbr.- og trn. viti þetta. Það er verið að hækka örorkubætur og ellilífeyrisbætur. Þannig að ræða hv. formanns heilbr.- og trn. er ekki alveg í takt við raunveruleikann. Hann minnist aldrei á þau gjöld sem erfitt er að leggja af sem Alþfl. setti á með einfaldri reglugerð án þess nokkurn tímann að ræða um það hér á hinu háa Alþingi. Sett var ferliverkagjald þar sem sjúklingar borga 15–20 þús. kr. fyrir hverja komu til sérfræðings. Sérfræðingurinn fær 60% af því í vasa sinn. Hann ræðir aldrei um það. Það var aldrei kynnt á Alþingi. Ég kynni það þó hér að komugjald á heilsugæslustöðvar og til sérfræðinga verður hækkað um 100 kr. og 200 kr. Tíma mínum er lokið og er nú formaðurinn á leið í stólinn og þrunginn spennu og tilfinningum.

(**Forseti** (GÁS): *Forseti vill minna hæstv. ráðherra á að tími til andsvara er tvær mín en ekki rúmar þrjár.*)

[00:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að hún fær stundum hjarta mitt til að slá örar. Ég hef metnað fyrir hönd hæstv. ráðherra og ég taldi að hennar biði glæsilegur ferill. Ég er því miður að komast á aðra skoðun. Ég velti því fyrir mér hvernig hún eyðir tíma sínum. Ekki í að fylgjast með því sem er að gerast í ráðuneyti hennar. Hún kemur hér og ber á brjóst og segir: „Ég kynni þó reglugerð um hækkun á komugjöldum." Herra forseti, var það ekki svo að það voru m.a. sá þingmaður sem hér stendur, hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem þurftu að krefjast þess utan dagskrár í gær að það fengist umræða um nákvæmlega þetta í heilbr.- og trn. Aðstoðarmaður hæstv. heilbrrh. hafði komið á fund nefndarinnar og kynnt breytingar á bandormi en að þeim fundi loknum nokkrum tímum síðar sáum við í sjónvarpinu að verið var að breyta þessum reglugerðum. Þannig að það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að tala um að hún hafi haft frumkvæði að því að kynna þessar brtt., enda skiptir það engu máli.

Stundum gengur pólitík út á tákn og kannski bara út á tákn og því miður er hæstv. heilbrrh. nú að verða tákn ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum. Hún nefndi bílakaupalánin. Þau skipta kannski ekki miklu máli nema fyrir örlítinn hóp manna en þau lán eru ekki hæstv. heilbrrh. að þakka nú. Það var hún sem óskaði eftir því að lánin yrðu tekin til baka og það var ekki fyrr en eftir harkalegar umræður hér í þingsölum að hún tók þau upp aftur eða bað um að það yrði gert. En hún hefur ekki enn treyst sér til þess að láta sinn eiginn flokk styðja tillögu um að skjóta lagastoð undir lánin. Hún getur hvenær sem er eða eftirmaður hennar tekið þetta til baka. Hún nefndi líka ekkjulífeyrinn. Það skiptir líka litlu máli en ég tek það sem dæmi um að hæstv. ráðherra skiptir um skoðun, rétt eins og smellt sé fingrum, eftir því hvort það rignir í dag eða það er sól á morgun, eftir því hvort hún er í ríkisstjórn eða ekki. Allar grundvallarskoðanir hennar á heilbrigðismálum hafa breyst við það að hún varð ráðherra. Það þýðir ekkert fyrir hana að tala um þjónustugjöld sem erfitt sé að taka af. Hún háði kosningabaráttu þar sem hún lofaði að taka þau aftur. Munurinn á mér og hæstv. ráðherra er hins vegar sá að ég hugsaði um þessi þjónustugjöld, þau eru erfið, en ég komst að þeirri niðurstöðu að í stöðunni væri rétt að taka þau upp. Ég blekkti ekki kjósendur, ég sagði þeim frá því. Hæstv. ráðherra fór fram með eina stefnu og sveik hvert einasta snitti sem hún hefur sagt um heilbrigðismál. Mér þykir það miður vegna þess að þrátt fyrir allt þá ber ég hlýhug í brjósti til þessarar ágætu þingkonu.

[00:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hlýjan streymdi úr hverju orði frá hv. formanni heilbr.- og trn. Ég endurtek það, hv. formaður, að ekkert hefur verið svikið af kosningaloforðum Framsfl. Ekki eitt einasta orð. Það er alveg hárrétt sem hv. formaður heilbr.- og trn. sagði áðan að þetta er tákn. Hann er nefnilega tákn. Hann kemur hér upp og þenur sig einhver lifandis býsn. En hvar eru hans lausnir? Hvar eru þær? Þær eru víðsfjarri, nú sem endranær. Heypur hann nú aftur í stólinn og veri hann ætíð velkominn.

[00:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég hleyp í stólinn ákafur til að svara rangfærslum hæstv. ráðherra en það verður bið á því að kjósendur hlaupi í faðm hennar eða Framsfl. Hæstv. ráðherra segir að Framsfl. hafi ekkert svikið. Þá ætla ég að lesa hér aftur, með leyfi hæstv. forseta, úr „sáttmálanum milli kynslóðanna" sem er nú að verða mesta grín seinni ára. Þar segir forusta Framsfl., Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh.:

„Okkur ber skylda til að nýta almannafé í því augnamiði að rétta hlut þeirra sem minna mega sín, liðsinna sjúkum og fötluðum".

Hæstv. ráðherra. (**Heilbrrh.:** Er það ekki gert?) Hvar hefur ráðherrann rétt hlut þeirra sem minna mega sín, fatlaðra eða sjúkra? Hún stendur fyrir gríðarlegri lokun en dæmi eru til um á sjúkrahúsum landsins. Hún er að rýra hlut fatlaðra á mörgum sviðum. Hún er að rýra hlut atvinnulausra. Hún er að rýra hlut aldraðra. Ef hæstv. ráðherra getur bent mér á einhvern þjóðfélagshóp sem hún eða flokkur hennar hefur

hjálpað á sínu stutta skeiði í ríkisstjórn þá mundi ég éta hattinn minn ef ég ætti hann.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvar tillögur mínar séu. Alþfl. og reyndar stjórnarandstaðan upp til hópa lagði fram ábyrgar tillögur sem gengu að því leyti til framar tillögum ríkisstjórnarinnar um fjárlög að þær gerðu ráð fyrir að þau yrðu hallalaus. Með öðrum orðum, Alþfl. lagði fram tillögur um tekjuöflunaraðgerðir sem við hefðum t.d. getað nýtt til þess að hjálpa þessum hópum. En í annan stað, hæstv. ráðherra, hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur, fyrir þrýsting stjórnarandstöðu, fyrir þrýsting verkalýðshreyfingarinnar, fallið frá aðgerðum sínum um að aftengja bætur öryrkja, aldraðra og atvinnulausra við launaþróun í landinu fyrir næstu ár. Það kostar ekki, nei. En það er hin pólitíska stefna til framtíðarinnar sem hér birtist. Það kostar hæstv. ráðherra ekkert að breyta henni. Hún er á móti henni en hefur ekki pólitískt þrek eða pólitískt áræði til að ganga gegn Sjálfstfl. í því máli fremur en öðrum. Framsfl. liggur eins og drusla undir Sjálfstfl. í þessu máli og flestum öðrum.

[00:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að lauma mér hér inn til að mæla fyrir brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., sem koma jafnframt til umræðu við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu fyrir árið 1996. Það hefur nú aðeins verið minnst á þær í fyrri ræðum, m.a. af hv. þm. Ágústi Einarssyni en ég tel rétt að ég geri grein fyrir þeim engu að síður.

Í fyrsta lagi er brtt. við 18. gr. frv., grein sem hefur verið töluvert umrædd, þ.e. um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Þar er gert ráð fyrir því að 50% hlutfall verði afnumið að fullu og fjárhæð greidd að því marki sem rakið er í brtt. Þar er fyrst og fremst verið að hækka bætur fyrir miska og hækka bætur vegna missis framfæranda.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að gagnvart ríkissjóði beri krafa um bætur vegna verknaðar sem framinn var fyrir gildistöku laga þessara fyrst vexti frá 1. júlí 1996.

Þriðji liður brtt. er að í 28. gr. frv. bætist tilvísun vegna ákvörðunar atvinnuleysisbóta í fjárlögum um að taka skuli tillit til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þetta skýrir að sjálfsögðu þau markmið sem voru með því að afnema hina sjálfvirku tengingu atvinnuleysisbóta við ákveðinn taxta fiskvinnslufólks en gerir viðmiðunina miklu sveigjanlegri og nauðsynlega þannig að hægt sé að taka tilliti til fleiri þátta.

Í fjórða lið tillögunnar er gert ráð fyrir því að skerðingarprósentan á ellilífeyrinum verði lækkuð úr 35% í 30%. 35% var í fyrri brtt. þannig að þessi brtt. á við þá brtt. sem áður hafði komið frá nefndinni.

Í 5. lið brtt. er gert ráð fyrir að ákvæði 35. gr. verði gert tímabundið þannig að það falli úr gildi sjálfkrafa í árslok 1997 og þannig vakni upp núgildandi ákvæði laganna. Enn fremur er bætt inn í sams konar sveigjanlegri viðmiðun og lögð er til fyrir 28. gr.

Það er lagt til að 61. gr. falli brott en meiri hluti nefndarinnar hyggst flytja sjálfstætt frv. um það mál. Enn fremur vil ég lýsa yfir að við atkvæðagreiðslu við 2. umr. mun meiri hluti nefndarinnar draga til baka 4. lið brtt. sem voru áður komnar fram, þ.e. um það að bætur sem eru 600 kr. á mánuði eða lægri falli niður.

[00:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 3. lið þessara brtt. bætist við 3. málsl.: með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Hér er vísað til breytingar á greininni þar sem almannatryggingabætur eru aftengdar launaþróun í landinu. Eftir miklar umræður um þetta efni og þrýsting frá stjórnarandstöðunni hefur orðið samkomulag um að breyta þessari grein eins og kemur hér fram. En mig langar til að spyrja hv. formann efh.- og viðskn.: Á 3%-ákvæðið um það að ráðherra geti að fengnu samþykki ríkisstjórnar breytt bótafjárhæðum — þetta á nú reyndar við atvinnuleysistryggingarnar en hið sama á við almannatryggingarnar — á að halda sig við þessi 3% mörk sem koma fram í upphaflegu greininni? Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það. Sama gildir um 35. gr. Á að taka út eða standa áfram inni þessi 3%? Getur ráðherra ekki hækkað bæturnar meira en um 3% þó svo að þróun launa, verðlags og efnahagsmála verði sem nemur meira en 3%? Eru þá hendur ráðherra bundnar við 3%? Ég vil fá skýringar á þessu, hv. formaður.

[00:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. 3%-heimildin sem er inni bæði í 28. gr. og 35. gr. á við breytingar innan ársins. Ef tilefni gefst til meiri breytinga en 3% til eða frá þá vil ég vekja athygli hv. þm. á að Alþingi situr nú að störfum venjulega frá því seinni partinn í janúar til miðs maí og hefur aftur störf í byrjun október. Ég tel því að það sé afar ólíklegt að nákvæmlega á þeim tíma sem þing situr ekki, komi til þess að það valdi einhverjum miklum vandræðum þótt ráðherra hafi ekki heimild til að breyta bótum almannatrygginga og atvinnuleysisbótum um meira en 3%. Ég er viss um það að ef brýna nauðsyn ber til þá mun hv. þm. ekki þvælast fyrir því að þessar bætur séu hækkaðar á þingtímanum ef áhersla er til þess.

[00:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er áreiðanlega alveg rétt hjá hv. formanni að þingmaðurinn sem hér stendur mun ekki þvælast fyrir því að almannatryggingabætur hækki. Aftur á móti finnst mér ekki ástæða til þess að binda hendur ráðherra við það að geta ekki hækkað bætur um meira en 3% á árinu og það þurfi að fara að kalla Alþingi til, til að veita ráðherra leyfi til að hækka bætur. Ég teldi mun æskilegra að þessi prósenta færi út og þarna kæmi inn breyting sem hljóðaði á þann veg að ráðherra væri heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að hækka bótafjárhæðir frá forsendum fjárlaga o.s.frv. En ekki að binda hann við þessi 3%. Við vitum ekkert hvaða þróun verður hér í efnahagslífinu. Það á ekki að binda ráðherrann við að geta ekki hækkað bætur um meira en 3% á ári. Mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt.

[00:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dáist nú alveg að bjartsýni hv. þm. sem hér hefur talað og ímyndað sér það að á miðju sumri gefist allt í einu tilefni til þess að hækka bætur um meira en 3% á meðan þing er ekki að störfum. Það eru fáir sem hafa sýnt jafnmikla tiltrú á efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar.

[00:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. flutti nokkrar brtt. sem vissulega eru ljós í myrkrinu vegna þess að þær milda nokkuð þær aðgerðir sem fyrirhugaðar voru, sérstaklega gagnvart öldruðum og öryrkjum. Því ber að fagna og þá sérstaklega þeim aðgerðum þar sem mildaðar eru þær ákvarðanir sem fjölluðu um aftengingu bóta við verðlag. En ég verð að lýsa vonbrigðum með það að hv. meiri hluti hefur ekki treyst sér til að flytja brtt. um að fallið verði að fullu frá því að skerða miskabæturnar sem við höfum mikið fjallað um í kvöld. En alla vega hefur þetta nokkrum árangri skilað því að þessar brtt. eru hér fluttar. En ég vil spyrja hv. formann efh.- og viðskn. að því, af því að okkur barst bréf í kvöld frá landssambandi fatlaðra, þar sem að segir, með leyfi forseta, og þá er verið að fjalla um fjármagnstekjuskattinn og bætur aldraðra. Þar segir:

„Það hlýtur að koma til álita hvort hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða sem kveður á um að allir séu jafnir fyrir lögum. Auk þess er um afturvirkni skattalaga að ræða og svo virðist að gengið sé einnig gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessi aðgerð kemur mjög í bakið á ákveðnum hópi í þjóðfélaginu þar sem skattur á fjármagnstekjur vegna ársins 1995 verður látinn skerða bætur á árinu 1996."

Síðan kemur fram að ef þessi aðgerð gangi fram þá muni landssamband fatlaðra leita niðurstöðu hjá umboðsmanni Alþingis. Ég tel að þarna sé um mjög alvarlega aðvörun að ræða þar sem að því er látið liggja að hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða. Ég ræddi um það í kvöld að nauðsynlegt væri að efh.- og viðskn. kæmi saman til fundar milli 2. og 3. umr. til að fjalla um þetta bréf landssambands fatlaðra og vil spyrja hv. formann nefndarinnar hvort hann verður við þeirri ósk.

[00:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé óþarfi að kalla nefndina saman vegna þessa máls sérstaklega. Ég fagna því að málinu skuli vísað til umboðsmanns Alþingis og að sjálfsögðu hlýtur nefndin og Alþingi að taka tillit til þess ef umboðsmaður sér eitthvað athugavert við afgreiðslu málsins. Það sem ég vil hins vegar vekja athygli á í þessu sambandi er það að hér er verið að fjalla um breytingu á lögum um almannatryggingar með síðari breytingum en ekki breytingu á skattalögum. Það hefur verið talinn vera töluverður eðlismunur á því hvort breytingar á bótum eru gerðar með afturvirkri viðmiðun eða breytingum á sköttum. Þannig er hægt að rekja mörg dæmi t.d. frá síðasta kjörtímabili þar sem tengingar bóta t.d. við eignir voru skertar með afturvirkri viðmiðun. Eins þegar tekjutenging ellilífeyrisins var upphaflega tekin upp, þá var að sjálfsögðu verið að nota afturvirka viðmiðun sem voru tekjur sl. árs. Fyrir þessu eru að sjálfsögðu mörg fordæmi. En málið hefur verið talið liggja þannig fyrir að þegar bótalögum hefur verið breytt þá hefur það verið látið átölulaust og ekki talið andstætt stjórnarskránni að nota afturvirka viðmiðun með þessum hætti. En við í efh.- og viðskn. erum að sjálfsögðu reiðubúin til að taka mark á áliti umboðsmanns Alþingis og allra góðra manna sem fjalla um þetta mál á faglegum grunni.

[00:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög sérkennilegt að formaður efh.- og viðskn. vilji ekki fara ofan í þetta bréf Sjálfsbjargar. Hann vill heldur bíða eftir því hvort niðurstaða umboðsmanns Alþingis verði sú að hér hafi verið um að ræða brot á stjórnarskránni. Mér finnst þetta mjög einkennileg vinnubrögð af hálfu Alþingis.

Í stjórnarskránni er kveðið á um að allir skuli jafnir fyrir lögum. Það eru ekki allir jafnir fyrir lögum ef það er verið að taka út einn ákveðinn hóp í þjóðfélaginu, skoða hvaða vaxtatekjur hann hefur haft á þessu ári og láta þær skerða síðan bætur á árinu 1996. Þetta heitir að koma aftan að fólki og ég tel að hér sé um að ræða afturvirkni á skattalögum og brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar vegna þess að ef þessi hópur hefði vitað að það ætti að fara að skattleggja vaxtatekjur eins og vissulega er verið að gera, það er ekki hægt að mótmæla því, þá hefði hann kannski hagað sínum fjármálum með öðrum hætti á þessu ári en hann gerði. Núna rétt fyrir áramótin á að festa í lög fjármagnstekjuskatt á gamla fólkið sem ríkissjóður notar síðan til að skerða bætur til þessa hóps. Ég tel að annað eins hafi nú verið athugunarefni fyrir eina nefnd í þinginu. Og mér finnst það mjög alvarlegt ef formaður efh.- og viðskn. ætlar að láta þessa aðvörun fram hjá sér fara og bíða bara eftir því hvort niðurstaða umboðsmanns verði sú að um brot sé á stjórnarskránni að ræða. Mér finnst þetta sérkennileg vinnubrögð. Ef það gengur eftir að formaður efh.- og viðskn. hunsar þetta og ef tillaga stjórnarliða verður samþykkt við 2. umr. málsins, hljótum við að neyðast til að flytja brtt. við 3. umr. sem kveður á um að ákvæðið komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt.

[00:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að óheppilegt er að setja í lög hluti sem eru afturvirkir með einhverjum hætti. Ég vil þó aftur vekja athygli hennar á því að fyrir þessu er löng hefð og málið liggur í sjálfu sér ljóst fyrir. Hitt er ekki rétt hugsun hjá hv. þm. að tala um þetta sem skattlagningu vegna þess að hér er um að ræða bætur almannatrygginga og (Gripið fram í.) lækkun bóta er ekki það sama og skattgreiðslur til ríkissjóðs. Tala má um jaðaráhrif af einhverjum þáttum í þessu og að sjálfsögðu er rétt að þessar tekjur munu lækka bætur almannatrygginga. Það sem hins vegar er úrvinnsluatriði í öllum svona málum er að sjálfsögðu að þingmenn og stjórnvöld, ég er viss um að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er í þeim hópi, reyna að verja þeim peningum sem til velferðarmála renna til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda. Sem betur fer hefur stöðugleikinn sem hér hefur byggst upp á undanförnum árum og það vit sem hefur náðst á fjármagnsmarkaðnum gert að verkum að sumt af því fólki sem nýtur bóta hefur allnokkrar fjármagnstekjur.

Það er spurning, þegar menn eru að velta fyrir sér hvert peningunum á að verja, hvort að fólk sem hefur mjög miklar tekjur af fjármagnseign sinni þurfi á sams konar bótum að halda og fólk sem á litlar eignir af þessum toga og hefur ekki sömu fjármagnsstöðu.

[00:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram hefur hv. form. efh.- og viðskn. flutt tillögur til breytinga á bandorminum sem gerir að verkum að ég get stytt mál mitt. Komið hefur verið á móts við stjórnarandstöðuna í nokkrum málaflokkum.

En engu að síður eru mörg ákvæði enn þá inni í bandorminum sem vega að lífeyrisþegum, öldruðum og öryrkjum.

Í dag ræddum við um álmálið og mönnum, sérstaklega í stjórnarliðinu, var tíðrætt um að það væri að birta til í íslensku þjóðfélagi. Sú sem hér stendur hefur e.t.v. verið með það í huga þegar hún talaði um að kannski yrði efnahagsbatinn það mikill að hægt væri að hækka bætur almannatrygginga um meira en 3% á árinu. A.m.k. ber hún þá von í brjósti. En þó svo að menn telji að það sé að birta til er greinilegt að sú birta á ekki að ná til lífeyrisþega. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. er búin að finna breiðu bökin í þjóðfélaginu. Þeir eru búnir að finna hvar hægt er að skera, hvert hægt er að sækja peninga í ríkiskassann til þess að ná niður fjárlagahallanum. Það er hjá lífeyrisþegum, öldruðum og öryrkjum. Við erum nýbúin að lögfesta að tvísköttun skal hafin aftur á hópi lífeyrisþega. Ákvæði sem var tekið út úr lögum fyrir um það bil ári síðan. Það er búið að koma því aftur á núna. Hv. þingmenn stjórnarliða hljóta að vera ákaflega hreyknir af þessu framtaki sínu. Þar eru tölur sem marga lífeyrisþega munar um. Fram hefur komið að bara hér í Reykjavík er fjórði hver sem sækir fjárhagsaðstoð til Félagsmálastofnunar Reykjavíkur lífeyrisþegi. Þannig að við vitum hvernig fjárhagsástandið er hjá lífeyrisþegum í borginni.

Um greinina um að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga skuli aftengdar launaþróun í landinu ætla ég ekki að hafa langt mál. Komið hefur verið til móts við okkur vegna mótmæla okkar að hluta til. Ég hef þó enn þá mjög miklar áhyggjur af þessu orðalagi í greininni, að enn þá skuli vera inni takmörkun á því hvað hægt er að hækka bæturnar, þessar 3% takmarkanir. Ég velti fyrir mér hvað það þýðir orðalagið í brtt. um að tillit skuli taka til þróunar launa, verðlags- og efnahagsmála. Ég velti fyrir mér hvað það þýði, hvað eigi að taka þarna inn. Það á auðvitað eftir að koma í ljós. Eins og kom fram í máli hv. form. efh.- og viðskn. er hægt að biðja Alþingi um að breyta þessari grein ef sú staða kemur upp. Við skulum hafa það hugfast. Við höfum hugfast á árinu að við getum breytt þessu. Það er greinilega vilji fyrir því í stjórnarliðinu, þó svo að ég telji réttara að taka þessi 3% út þannig að ráðherra hafi frjálsari hendur til að hækka bæturnar ef þær aðstæður skapast.

Það sem hefur verið nokkuð til umræðu undanfarnar mínútur eða kannski klukkustundir er ákvæðið um að fjármagnstekjur skerði almannatryggingabætur. Skerða á greiðslur til lífeyrisþega, þ.e. aldraðra og öryrkja, áður en fjármagnstekjuskattur er kominn á aðra landsmenn. Ég get alveg lýst því yfir að ég tel að fjármagnstekjuskattur eigi að vera en hann á að vera á alla.

Það er annað í þessu. Frá Sjálfsbjörgu kemur réttmæt athugasemd um að verið sé að koma aftan að lífeyrisþegum með þessu ákvæði. Mig langar til að benda á einn hóp sem getur orðið sérstaklega illa úti vegna fjármagnstekjuákvæðisins. Það eru öryrkjar sem hafa slasast og fengið slysabætur sem eingreiðslu. Þeir fá bætta örorku sína í eitt skipti fyrir öll, fyrir lífstíð, fyrir varanlega skerta starfsgetu. Þeir fá eina greiðslu. Þegar menn fá eina greiðslu fyrir lífstíð reyna þeir auðvitað að ávaxta féð, sem á að duga þeim alla ævina. Ég er sannfærð um að lífeyrisþegar sem eru í þessari aðstöðu hefðu auðvitað ávaxtað fé sitt öðruvísi hefðu þeir vitað að ætti að skerða örorkubæturnar vegna fjármagnstekna sem þeir hafa fengið af þessum eingreiðslum. Menn hefðu auðvitað keypt sér ríkisskuldabréf, sem eru skattfrjáls. Þetta fólk lendir í skattlagningu. Ég leyfi mér að kalla þetta skattlagningu vegna þess að þetta eru jaðarskattar. Það er verið að skerða bætur þessa fólks með því fjármagni eða tekjum sem það hefur. Þetta er mikið mál fyrir lífeyrisþega. Ég þekki það mjög vel sjálf. Fólk hringir mikið í Tryggingastofnun og spyr: Hvað má ég vera með miklar tekjur svo bætur mínar skerðist ekki? Má ég hafa þetta eða má ég hafa hitt? Það reynir að haga fjármálum sínum þannig að það lendi ekki í að þurfa að borga t.d. hverja umframkrónu aftur til ríkisins, eins og er víða í þessu kerfi. Því það er, eins og komið hefur fram, 100% jaðarskattur víða í tryggingakerfinu. Þannig að hverja krónu sem menn vinna sér inn umfram bætur þarf að borga aftur í ríkiskassann. Og það er ekki óeðlilegt að menn reyni að komast hjá slíku.

Eins og ég hef áður sagt hér í þingsal er almannatryggingakerfið ákaflega vinnuletjandi. Þeir sem þurfa að ná sér í viðbótarframfærslu er ekki gefinn kostur á því. Sérstaklega langar mig til að benda á að bætur frá félagsmálastofnun skerða almannatryggingabætur, sem er náttúrlega alveg makalaust og jafnvel króna á móti krónu. Það er eins gott að þingflokksformaður Framsfl. forði sér nú bara úr húsi þegar hún heyrir þessi tíðindi. Já, bara hlaupa út. Það er nefnilega enginn framsóknarmaður hérna inni. Þeir standa að aðalskerðingunni hjá þessum hópi. Framsóknarmenn sem eru með þennan hóp í fyrirrúmi þar sem niðurskurðarhnífurinn er annars vegar hlaupa auðvitað úr húsi þegar þeir heyra sannleikann. Nei, það er margt mjög athugunarvert við þennan bandorm, þó svo að menn hafi komið með brtt. til þess að reyna að milda þetta eitthvað, milda þessi óhæfuverk.

Ríkisstjórnin sem gaf út stefnuyfirlýsingu sína 23. apríl 1995 þar sem segir: „Áhersla verður lögð á að treysta stoðir velferðarinnar." Það er svona sem þeir treysta stoðir velferðarinnar, með því að ráðast á þennan hóp, á lítilmagnann í samfélaginu.

Varðandi ákvæðið um að skerða tekjutryggingar þeirra sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóð, eins og það er orðað í fjárlagafrv., þá er eins gott að hér komi fram að hæstv. heilbrrh. — sem greinilega er líka horfinn úr húsi. Hér er enginn ráðherra. Ég vil gjarnan að hæstv. heilbrrh. komi hingað inn og heyri mál mitt. Ég er tilbúin til að bíða eftir honum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir til þess að hæstv. heilbrrh. komi í salinn. — Heilbrrh. er kominn í salinn.)

Hæstv. heilbrrh. er boðinn velkominn í salinn. (**Heilbrrh.:** Ég þakka innilega fyrir.) Ég held að hæstv. heilbrrh. hefði gott af að heyra smáábendingar. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hefur verið sagt í þingsölum í dag um bandorminn. Mig langar til að benda hæstv. heilbrrh. á einn hóp sem fer mjög illa út úr þessari fjármagnstekjuskerðingu almannatrygginga. Ég velti fyrir mér hvort ráðherrann, ef hann er ekki tilbúinn að fallast á að fara ekki út í þessa skerðingu fyrr en kominn er fjármagnstekjuskattur á alla landsmenn, að hann a.m.k. að sjá til þess, ef til vill með reglugerð, að einn hópur sérstaklega lendi ekki illa út úr þessu ákvæði og það eru þeir sem hafa fengið eingreiðslu eftir slys. Slysabætur eingreiðslu eiga að duga þeim út lífið vegna skertrar starfsgetu eftir slys. Þessi hópur reynir auðvitað að ávaxta þessa eingreiðslu svo hún dugi þeim eitthvað fram eftir ævinni og þar koma auðvitað til fjármagnstekjur sem eiga síðan eftir að skerða örorkubæturnar frá Tryggingastofnun. Þetta er mjög ósanngjarnt og ég er sannfærð um það að þessi hópur hefði fjárfest öðruvísi hefði hann vitað að það ætti að fara að nota þessar fjármagnstekjur til þess að skerða bæturnar

þeirra. Hann hefði t.d. keypt ríkisskuldabréf sem skerða ekki bæturnar. Það er óréttlátt að koma svona aftan að fólki og miða við fjármagnstekjur 1995. Ég bið því hæstv. heilbrrh., sem ég veit að er sanngjörn, að taka mið af þessu þegar hún fer að koma þessu á.

Varðandi skerðingu grunnlífeyris langar mig til að benda aðeins á eitt sem kom fram í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Hann sagði að það hefði tíðkast að menn skertu bætur og miðuðu við tekjur frá fyrra ári. Það er rétt hjá hv. þm. En verði breytingar á tekjum er hægt að koma með tekjuyfirlýsingu og fá þessari viðmiðun breytt. Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Munu lífeyrisþegar með fjármagnstekjur sem sjá fram á að vera með minni fjármagnstekjur á næsta ári geta komið með tekjuyfirlýsingu og fengið leiðréttar bætur samkvæmt því?

Ég vil einnig gagnrýna að nú á að setja Framkvæmdasjóð aldraðra varanlega í rekstur. Varðandi það að aldraðir greiði fullt gjald fyrir læknisþjónustu og lyf til sjötugs er mjög mikilvægt að það komi fram að þetta gildi aðeins um þá 67 ára til sjötugs sem eru í fullri vinnu. Það hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra og ég tel mjög mikilvægt að því verði haldið til haga. Eingöngu þeir sem eru með atvinnutekjur munu lenda í því að greiða fullt gjald fyrir læknisþjónustu og lyf og munu þá einnig hækka frá hámarkinu 3.000 kr. áður en þeir fá afsláttarkort upp í 12.000 kr. Þetta gildir þá aðeins um þá sem eru í atvinnu á þessu aldursskeiði. Það tel ég mjög mikilvægt.

Síðan vil ég aðeins koma að Framkvæmdasjóði fatlaðra sem ég tel mjög alvarlegt mál. Reyndar heyrir það ekki undir hæstv. heilbrrh. en ég vil engu að síður gagnrýna það hér. Nú er framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra mun lægra en undanfarin fjögur ár. Forsenda þess að hluti af fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra færi til rekstrar var að í sjóðinn kæmi óskert framlag. En eins og menn hafa heyrt margoft hér í dag er verið að skerða verulega framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þarna eru enn breiðu bök ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Fólkið í fyrirrúmi. Ég er sannfærð um að öryrkjarnir og gamla fólkið sem trúði mér fyrir því í Tryggingastofnun að það gæti ekki annað en kosið Framsfl. því hann ætlaði að taka á málum þeirra og standa vörð um réttindi þeirra er ekki mjög glatt heima hjá sér núna þegar það fær þessa sendingu. Það telur sig auðvitað hafa verið svikið. Og það hefur verið svikið. Ég skil ekki hvernig hv. þingmenn Framsfl. og hæstv. ráðherrar geta horft framan í þetta fólk eftir öll loforðin í vor. Ég fór helst á fundi hjá lífeyrisþegum og öldruðum hér í Reykjavík og ég man ekki eftir þeim fundi þar sem fulltrúi Framsfl. yfirbauð ekki alla. (**Gripið fram í:** Var þetta betra hér áður fyrr?) Svo sannarlega. Og ég trúi því ekki á mína fyrrum félaga að þeir geti brugðist þessu fólki svona.

Ég lofaði því í upphafi að ég myndi ekki hafa mál mitt langt en varðandi sparnað í heilbrigðiskerfinu langar mig til að benda hæstv. ráðherra á tillögur sem birtast í Morgunblaðinu í morgun í grein eftir Skúla Thoroddsen. Þar bendir hann á leiðir sem farnar hafa verið í Noregi og víðar á Norðurlöndum. Með því að fara þær má spara háar fjárhæðir með eftirliti í Tryggingastofnun. Eftirliti hefur ekki verið sinnt sem skyldi varðandi greiðslur sem Tryggingastofnun innir af hendi. Þar er ég ekki að tala um bótaþega heldur ýmsar stéttir sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun. Þetta þarf auðvitað að passa. Það þarf að fara vel með það fé sem er í velferðarþjónustunni. En ekki alltaf ráðast á lítilmagnann, ekki alltaf ráðast á þá sem þurfa að treysta á velferðarkerfið sér til framfærslu. Það er alröng forgangsröðun, hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra, þótt ég gæti talað lengi um þessi mál. En við eigum eftir að ræða fjárlögin og vanda sjúkrahúsanna sem er ærinn. Og enn á heilbr.- og trn. eftir að koma saman og ræða það hvort fagnefndin þurfi að kalla málið til sín til að ræða þá alvarlegu stöðu sem sjúkrahúsin hér í Reykjavík eru komin í.

[00:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gefa eitt fyrirheit hér í upphafi og það er að ég ætla ekki að verða langorður. En á móti fer ég fram á eitt. Ég hef áhuga á að njóta hér samvista við hv. þm. Vilhjálm Egilsson, form. efh.- og viðskn., vegna þess að ég vil fá að ræða við fulltrúa þeirra sem eru ábyrgir fyrir þeirri lagasmíð sem hér er til umræðu. Áður en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kemur í salinn langar mig til að ræða eitt lítið mál við hæstv. heilbrrh. sem sagði hér áðan að bílakaupalán til öryrkja yrðu óbreytt. Hæstv. heilbbrh. hefur lýst þessu yfir. Hæstv. forsrh. hefur gert slíkt hið sama og ég trúi því að þær yfirlýsingar komi til með að standa.

Hins vegar hef ég frétt af því að ákveðið hafi verið að hækka vaxtaprósentuna á þessum lánum úr 1% í 4%. Ég hef lagst í ofurlitlar reikningskúnstir og komist að raun um að fyrir einstakling sem tekur lán að upphæð 340.000 kr. þýðir þessi hækkun um 3% 10.200 kr. á ári hverju. Ég ætla ekki að fara út í neinar deilur um þetta atriði hér en ég vil vinsamlegast beina því til hæstv. heilbr.- og trmrh. að ráðherrann beiti sér fyrir því gagnvart tryggingaráði að ákvörðun verði tekin um það að halda sig við óbreytta prósentu. Hér erum við ekki að tala um markaðsviðskipti í eiginlegum skilningi. Við erum að tala um lán sem eru verðtryggð og eðlilegt að Tryggingastofnun fái fjármuni til að greiða fyrir vinnu sem hlýst af þessum lánum en þar á að láta við sitja. Og ég vil ítreka þá beiðni mína til hæstv. heilbr.- og trmrh. að ráðherra beiti sér fyrir því gagnvart tryggingaráði að tryggingaráð haldi sig við óbreytta prósentu, 1%, þannig að yfirlýsing ráðherrans hæstv. frá því fyrr í kvöld um að engin breyting verði á þessum lánum standi. Þetta er nokkuð sem ég vildi vekja athygli á í upphafi máls míns, en ég lofaði forseta þingsins að það yrði ekki mjög langt. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að ég óskaði ekki eftir nærveru hv. þm. Vilhjálms Egilssonar til þess að hann gæti verið hér á tali við hæstv. forseta þingsins heldur til þess að hann kæmi hingað til að hlýða á mál mitt.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann hlustar.)

Gott. Það er margt mjög alvarlegt að athuga við þau lög sem hér eru til umræðu, hinn svo kallaða bandorm, frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Að sjálfsögðu er margt mjög mikilvægt sem áunnist hefur í þeirri viðleitni stjórnarandstöðunnar til þess að knýja fram breytingar á þessum illræmda bandormi og reyndar á fjárlagasmíðinni allri. Þannig var mjög mikilvægt þegar ríkisstjórnin ákvað að koma til móts við kröfur sem höfðu orðið til úti í þjóðfélaginu og hér í þessum þingsal um að falla frá því að krefja fólk sem veiktist og þyrfti að leggjast inn á sjúkrahús um 5–7 þús. kr. í innritunargjald. Það var mjög mikilvægt að okkur tókst að fá ríkisstjórnina til að falla frá þessum áformum og hið sama gildir að sjálfsögðu um ferliverkin. Ráðgert var að krefja sjúklinga sem gengjust undir læknisaðgerðir inni á sjúkrahúsum, svokölluð ferliverk, um sérstaka greiðslu. Vísað var til þess að sjúklingar sem ættu kost á slíkum aðgerðum utan veggja sjúkrahúsanna væru krafðir

um greiðslu og það væri í réttlætisins nafni að þeir fengju að greiða svipaða upphæð inni á sjúkrahúsunum. Það var líka fallið frá þessu og það er einnig mjög mikilvægur árangur.

Ég er reyndar sannfærður um það að þetta er í þeim anda sem hæstv. heilbrrh. helst vildi breyta en hæstv. heilbrrh. er í samstarfi við stjórnmálaflokk og stjórnmálamenn og þess vegna óskaði ég sérstaklega eftir nærveru hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, fulltrúa þess flokks. Hæstv. heilbrrh. er í samstarfi við stjórnmálaflokk sem telur það beinlínis vera heppilegt fyrirkomulag að hver borgi fyrir sig innan velferðarþjónustunnar. Það er stjórnmálastefna sem sá stjórnmálaflokkur fylgir að dregið verði úr samtryggingu, hver borgi fyrir sig. Nú höfum við fengið það staðfest af hálfu stjórnenda Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur að sá vandi sem þessar stofnanir standa frammi fyrir sé í raun miklu alvarlegri en menn höfðu áður gert sér grein fyrir. Stjórnendur þessara stofnana hafa lýst því í heilbr.- og trn. þingsins að þeir valkostir sem þeir standi frammi fyrir núna á komandi fjárlagaári, verði ekki gerðar breytingar á fjárlagafrumvarpinu, séu ekki beint gæfulegir. Áframhaldandi lokanir, samdráttur í þjónustu, uppsagnir starfsfólks eða aukin gjaldtaka. Nú hlýtur hver og einn að spyrja sjálfan sig hvort verið sé að þröngva heilbrigðisstofnunum til kerfisbreytinga með því að halda aftur af fjárveitingum til þeirra. Fyrirgefðu, hæstv. forseti. Ég leyfði mér að óska eftir nærveru hv. þm. Vilhjálms Egilssonar til að hlusta á ræðu mína. Ég vil gjarnan hafa fulltrúa þess stjórnmálaflokks hér í salnum, sem er ábyrgur fyrir þeirri lagasmíð sem hér er til umræðu. Ég mun gera hlé á ræðu minni þar til hann kemur aftur í salinn. Forseti verður að afsaka þessa töf á ræðu minni.

(**Forseti** (ÓE): Já, þessi töf er eðlileg. Við bíðum andartak.)

Ég gæti trúað að það sé verið að ræða svokallað Spalarmál sem gengur út á það að ríkisstjórnin gangist í ábyrgð upp á 1 milljarð fyrir...

(**Forseti** (ÓE): Það er ekki á dagskrá nú.)

Nei, en ég var að vekja athygli á því. Er ég ekki sjálfráður um hvað ég tek til umræðu hér?

(**Forseti** (ÓE): Nei, það er dagskrármálið.)

Það er dagskrármálið. Já, en ég flétta þau mál inn í málflutning minn sem mér sýnist.

(**Forseti** (ÓE): Það er dagskrármálið.)

Ég gæti trúað að þessi dagskrá gæti dregist nokkuð á langinn. Ég sem ætlaði að stytta mál mitt. Ég mun endurskoða þá ákvörðun mína.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vill skýra að hann grípur fram í svokallað Spalarmál. Það kemur til umræðu í 11. dagskrármálinu um lánsfjárlög.)

Þegar allt kemur til alls, hæstv. forseti, þá erum við að tala um ráðstöfun fjármuna íslenska ríkisins. Við erum að tala um forgang í þeim efnum. Hvað er látið ganga til sjúkrastofnana. Við erum að tala um skerðingar til aldraðra, til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og þar fram eftir götunum. Í því samhengi vil ég ræða um ráðstöfun fjármuna eða skuldbindingar ríkisins til Spalar sem voru teknar hér öllum að óvörum til umræðu fyrr í kvöld. Ég fagna því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson skuli sjá sér fært að koma aftur í salinn og hlýða á mál mitt. Hv. þingmaður. Ég mun ekki láta bjóða mér svona framkomu. Það sem ég er að ræða, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson...

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir nú enn einu sinni á 54. gr. þingskaparlaga hvernig hv. þm. úr ræðustól ávarpa hér í salnum. Þeir ávarpa hv. þingmenn ekki beint í beinni ræðu.)

Ég óska eftir því að hæstv. forseti taki mig í kennslustund og kenni mér þingsköp.

(**Forseti** (ÓE): Já.)

Ég vil fara fram á að hæstv. forseti beiti sér fyrir því fyrir hönd okkar þingmanna að þeir þingmenn sem eru ábyrgir fyrir lagasmíð sem er til umræðu í þingsalnum sýni þeim sem tala úr þessum stóli kurteisi.

(**Forseti** (ÓE): Forseti styður þá ósk.)

Það er ágætt að heyra það. Það sem ég var að gera að umræðuefni hér áðan, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson...

(**Forseti** (ÓE): Þarna kemur þetta enn með ávarpið.)

Þetta er óskaplega erfitt. Hef ég hann ekki nógu háttvirtan? Ber ég kannski ekki nógu mikla virðingu fyrir háttvirtum þingmanni? (**Gripið fram í:** Það á að beina máli sínu til forseta.)

(**Forseti** (ÓE): Það á að beina máli til forseta en ekki til þingmanna beint. Það er það sem forseti hefur verið að reyna að kenna þingmönnum á þessu þingi en gengur afskaplega illa.)

Það sem hér er til umræðu er sú spurning hvort Sjálfstfl. er að reyna með þessu fjárlagafrv. og þeim bandormslögum sem hér eru til umræðu að knýja fram kerfisbreytingar í íslensku velferðarþjóðfélagi. Er hann með því að svelta heilbrigðisstofnanir að gera svipaða hluti og við upplifðum hér nýlega gagnvart Háskóla Íslands? Skorin voru niður framlög til háskólans. Háskólinn bregst við með því að setja á innritunargjöld og síðan mætir hæstv. menntmrh. hingað í þingsal með frumvarp ekki alls fyrir löngu til þess að afla lagastoðar fyrir þessi sömu skólagjöld eða innritunargjöld. Og nú spyr ég hvort við megum vænta þess á komandi fjárlagaári að fulltrúar heilbrigðisstofnana óski eftir hinu sama varðandi innritunargjöld á sjúkrahús, að hér mæti hæstv. heilbrrh. einn góðan veðurdag og óski eftir því að fá lagastoð fyrir innritunargjöld á sjúkrahús. Þetta gæti verið niðurstaðan þegar upp er staðið.

Í þessum bandormslögum er verið að takast á um grundvallaratriði og það er það sem við höfum verið að gera hér undanfarna daga í umræðu um þessi mál. Við höfum verið að takast á um það hvort höggva eigi á þá tengingu sem hefur verið á milli annars vegar launa og verðlagsþróunar í landinu og hins vegar þeirra kjara sem öryrkjar, aldraðir og atvinnulausir njóta. Við í stjórnarandstöðu höfum andæft því kröftuglega hér í þingsal. Það sama hafa aðilar úti í þjóðfélaginu gert, samtök launafólks, samtök aldraðra, samtök öryrkja, Sjálfsbjörg, hagsmunahópar og hópar sem láta sér annt um velferð þjóðfélagsins og velferðarþjóðfélagið hafa sameinast í andstöðu gegn þessum áformum ríkisstjórnarinnar. Mér finnst það mjög mikilvægur áfangasigur sem við erum að vinna núna með þeim lagabreytingum sem er verið að kynna hér í kvöld um að fallið skuli frá því að höggva á þessa tengingu. Mér finnst þetta mjög mikilvægur áfangi. Ég hef ákveðnar efasemdir um samsetningu á þessum vísitölubindingum þar sem skírskotað er til launa, verðlags- og efnahagsþróunar. Ég hefði viljað sjá þetta fastnegldar niður.

Hins vegar geng ég út frá því að þetta þýði að ríkisstjórnin hafi þann staðfasta ásetning að svíkja ekki þessa hópa, að kjör þeirra verði ekki skert, að þau verði eigi síðri en þau hefðu orðið með þeim tengingum sem þessum þjóðfélagshópum eru núna búnar. Ef þessi fullyrðing mín og trú stenst ekki eða menn hafa einhverjar efasemdir um hana, vænti

ég þess að fulltrúar ríkisstjórnarinnar stígi hér í ræðustól og andæfi þessu. Ef það gerist ekki, hlýt ég að ganga út frá því og þá hlýtur þingið að ganga út frá því og þessir hópar allir og samtök þeirra að þessi fullyrðing standist, að með þessari lagabreytingu verði tryggt að kjör aldraðra, öryrkja og atvinnulausra rýrni ekki umfram það sem ella hefði verið tryggt með óbreyttu fyrirkomulagi.

Reyndar er aðförin sem hefur verið gerð að kjörum aldraðra svo yfirgengileg að engu tali tekur. Hv. form. efh.- og viðskn. þingsins, Vilhjálmur Egilsson, var í útvarpi í morgun. Hv. þingmaður vildi gera lítið úr þeim breytingum sem nú er verið að véla um hér á þingi. Hann sagði eitthvað á þá leið að verið væri að krukka eitthvað í kjörin en ekki væri verið að gera neinar grundvallarbreytingar. Að vísu er verið að gera meira en að krukka lítið eitt í kjörin hjá öldruðu fólki. Það er verið að svíkjast aftan að því með því að afnema 15% skattafslátt til lífeyrisþega án þess að þeir fjármunir, sem þannig sparast, 250–300 millj. kr., séu látnir fara til hækkunar á grunnfjárhæðum lífeyristrygginga eins og lofað var í fjárlagafrv. Þetta er meira en að krukka lítið eitt í kjörin. Ég hef aflað mér gagna um það að árleg meðaltalsskattaívilnun aldraðra starfsmanna ríkisins er eða var 82.000 kr. á ári. Því var heitið í fjárlagafrv. að það sem sparaðist við þessa skattbreytingu, 250–300 millj., yrði látið renna inn í grunnfjárhæðir lífeyristrygginga. Það var ekki gert. Það er líka meira en að krukka í kjörin þegar aldurstakmörk þeirra sem njóta afsláttarkjara í heilbrigðisþjónustunni eru færð úr 67 árum í 70 ár með tilheyrandi hækkun á greiðsluþaki sem eitt sér rýrir ráðstöfunarfé um 9.000 kr. Og það er líka meira en að krukka í kjörin þegar skerðingarhlutfall á grunnlífeyri er fært úr 25% í 30%. Það átti að vera 35%, við erum búin að fá því framgengt að það verður 30%. Þetta er enn einn áfanginn og fagnaðarefni, þótt við hefðum kosið að þetta hefði verið óbreytt. En þarna er líka um nokkur þúsund kr. skattlagningu að ræða. Svo enn er verið að gera hér meira en krukka lítið eitt í kjörin. Við erum að tala um kjaraskerðingu sem getur numið á bilinu 10–20 þús. kr. á mánuði. Og þetta kallar hv. form. efh.- og viðskn. að krukka örlítið í kjörin.

Við höfum mörg hver verið að reyna að fá hæstv. fjmrh. til að krukka svolítið í kjörin, reyndar með öfugum formerkjum við það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefnir. Við höfum viljað fá hann til þess að bæta kjörin, ekki rýra þau. Og þegar þær upphæðir sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir léttvægar hefur borið á góma á því samningaborði hefur hæstv. fjmrh. ekki aldeilis verið á sama máli, langt frá því.

Ég ætlaði ekki að gera 61. gr. bandormsins að sérstöku umræðuefni vegna þess að í kvöld kom í ljós að sú lagagrein verður numin brott úr bandorminum. Nú kemur fram að það á að flytja þessa grein að nýju. Þá hlýtur aftur að vakna sú spurning hvað það er eiginlega sem vakir fyrir mönnum. Á bls. 404 í fjárlagafrv. sem okkur var birt á sínum tíma segir í kafla um heilbrigðisþjónustu, með leyfi forseta:

„Lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, verði breytt til að heimila sjúkrahúsum að stofna hlutafélög um rekstur sérhæfðra deilda. Þá verði komið á yfirstjórn til að auka samstarf milli sjúkrahúsa í Reykjavík og á Reykjanesi."

Ég fór að velta því fyrir mér hvort einhverja slíka breytingu væri að finna í bandormslögunum. Þar er vikið að þessum lögum, nr. 97/1990, án þess að tekið sé á þessu ákvæði. Þegar frumvarpsgrein 61 dúkkar síðan upp vakna þær spurningar hvort geti verið átt við hlutafélagavæðingu inni á sjúkrahúsunum. Ég hef spurst fyrir um þetta úr ræðustól fyrr við umræður í þinginu án þess að fá nokkur svör. Það virðist enginn vita nákvæmlega hvað átt er við. Í framhaldinu fer maður að spyrja hvort það geti verið lýðræðinu boðlegt að menn séu að samþykkja lög sem enginn veit hvað þýða, óútfylltan víxil, óútfyllt lög sem þingmenn almennt vita ekki hvað þýða. Þetta gengur náttúrlega engan veginn og það er að mínu mati afskræming á okkar störfum ef slík lagasetning næði fram að ganga.

Eitt atriði enn vil ég nefna sérstaklega í þessum bandormslögum sem felur í sér mikla afturför en það er fyrirhuguð skerðing á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og nemur 150 millj. kr. eða þar um bil. Auk þess er nú til frambúðar gert ráð fyrir því að framkvæmdasjóðurinn sem hlaut ekki þessa nafngift fyrir ekki neitt, Framkvæmdasjóður hét hann og framkvæmdasjóður átti hann að vera, verði í raun rekstrarsjóður vegna þess að 40% af fjármunum hans eiga að renna til rekstrar. Þetta mun leiða til þess að draga mun úr uppbyggingu á aðstöðu fyrir fatlaða. Er það þetta sem Íslendingar vilja? Á sú aðstaða sem fötluðum er búin hér í þinginu að vera táknræn fyrir þá mismunun sem hreyfihömluðum og fötluðum er búin í þjóðfélaginu almennt? Á fólk ekki að geta lifað eðlilegu lífi án meiri háttar tilfæringa og sérstakra ráðstafana? En hvernig skyldi standa á því að sérstakur aðgerðahópur Sjálfsbjargar — að Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og önnur samtök fatlaðra skuli fjölmenna á þingpalla? Hvernig skyldi standa á því að samtök fatlaðra skuli sjá sig knúin til að fylgjast sérstaklega með störfum Alþingis og löggjafarsamkundunnar? Ekki til að fagna nýjum framfararsporum. Nei, til að hafa áhrif á ríkisstjórn Íslands. Til að hafa áhrif á að ríkisstjórn Íslands láti af árásum á þennan þjóðfélagshóp.

Vekur þetta ekki hæstv. ríkisstjórn til umhugsunar? Ætti þetta ekki að vera öllum umhugsunarefni? Ætti það ekki að vera öllum umhugsunarefni að ríkisstjórn sem enn eina ferðina heykist á því að setja fjármagnsskatt á fjármagnseigendur skuli ráðast gegn lífeyrisþegum og öryrkjum einum, hvað þetta snertir? Er það ekki umhugsunarefni fyrir alla? Ég er að velta því fyrir mér að það er enginn á þingpöllunum frá Kaupþingi. Enginn frá Fjárfestingarfélaginu. Það eru engir stórbraskarar á þingpöllunum. Það er enginn frá Vinnuveitendasambandinu, enginn. Það er enginn frá fulltrúum hátekjufólks á Íslandi á þingpöllunum. Þeir aðilar geta allir sofið rólega þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar smíðar fjárlög. En það er aðgerðahópur Sjálfsbjargar sem stendur vaktina fyrir sína félaga.

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að reyna að læra að hafa ávörpin rétt.

(**Forseti** (ÓE): Já.)

Ég hef margt við þetta lagafrv. að athuga en ég ætla að láta hér staðar numið einfaldlega vegna þess að röksemdir sem ég tel nauðsynlegt að komi fram við þingumræðuna hafa áður verið prýðilega fram settar. En ég vil sérstaklega taka undir mótmæli gegn öllum skerðingum á bótum til þeirra sem hafa verið beittir ofbeldi.

Í þessari ræðu minni hef ég staðnæmst sérstaklega við þá þætti frv. sem mér finnast skaðlegastir og ástæða til að hnykkja á þótt aðrir þingmenn hafi einnig gert það og það meira að segja mjög rækilega. En sennilega verður það aldrei of rækilega gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (lánstími húsbréfa o.fl.). — Þskj. 289, nál. 439, brtt. 440.

[01:23]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 439 um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta nál. er undirritað af allri félmn. og verður að teljast til tíðinda, hæstv. forseti, að það tókst samkomulag í nefndinni um breytingar á frv.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Inga Val Jóhannesson deildarstjóra frá félagsmálaráðuneytinu. Þá komu til fundar við nefndina Grétar J. Guðmundsson verkfræðingur, Sigurður Geirsson og Þórhallur Jósefsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Bjarni Ármannsson frá Kaupþingi, Davíð Björnsson frá Landsbréfum, Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur og Grétar Þorsteinsson frá ASÍ og Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur frá BSRB."

Hæstv. forseti. Ég vil þegar í stað gera hér örlitlar leiðréttingar. Það er mikill flýtir á þingstörfum og ég sé að það hafa orðið smámistök. Grétar J. Guðmundsson er starfsmaður Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sigurður Geirsson ef forstöðumaður húsbréfadeildar, en Þórhallur Jósefsson er stjórnarmaður í Húsnæðisstofnun ríkisins. Við látum bara leiðrétta þetta.

Skriflegar umsagnir bárust nefndinni frá Húsnæðisstofnun, Neytendasamtökunum og ASÍ.

Eftir þá skoðun sem fram fór í nefndinni leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeildin kaupir skuli vera 40 ár. Ekki þykir rétt að að festa í lög að lánstíminn skuli vera 15, 25 eða 40 ár. Nefndin telur réttara að svigrúm sé til staðar svo að unnt sé að meta hvað geti átt best við hverju sinni.

2. Einnig er lögð til sú grundvallarbreyting á 2. gr. frumvarpsins að hætt verði við að flytja skuldbreytingarlán í húsbréfakerfið. Húsnæðismálastjórn verður nú með lögum heimilað að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til lánþega fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og Byggingarsjóðs ríkisins til allt að 15 ára vegna tímabundinna erfiðleika. Hingað til hefur slík heimild verið til staðar í reglugerð nr. 414/1993, um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, sem breytt var með reglugerð nr. 168/1995. Fyrrnefnda reglugerðin var sett með stoð í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, og var þar kveðið á um það fjármagn sem verja skyldi til skuldbreytingarlána. Með breytingum á þeirri reglugerð var sú fjárhæð síðan hækkuð og er nú 300 millj. kr. Í öðru lagi er lagt til að fest verði varanlega í lög VI. bráðabirgðarákvæði laga nr. 97/1993, en samkvæmt því er Húsnæðisstofnun ríkisins heimilt að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi 1. janúar 1996. Til samræmis er því lagt til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt og að gildistaka þess miðist við 1. janúar 1996. Þá er lagt til að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessara mála að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

3. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 3. gr. frumvarpsins þar sem talið er að það felist í eftirliti með útgáfu húsbréfa að fjárhagur húsbréfadeildarinnar verði kannaður.

Eins og ég nefndi áðan þá ritar öll félmn. undir þetta nál. Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Hæstv. forseti. Því er einungis við að bæta að ég ætla nú að nota tækifærið og feta í fótspor nefndarformanna sem þakka sínum meðnefndarmönnum hlýlega og heils hugar fyrir samstarfið. Það var mjög ánægjulegt að samstaða skyldi nást í málinu. Það var öllum ljóst að það var brýnt að fá niðurstöðu í þetta mál fyrir áramót. Könnun á málinu leiddi í ljós að við vorum öll sammála um að gera lánstíma hjá húsbréfadeildinni sveigjanlegan þannig að það sé hægt að ákveða á hverjum tíma til hversu langs tíma skuli lánað. Ég nefni sérstaklega rök hv. þm. Péturs H. Blöndals sem oft benti á að það gæti verið til fólk sem vildi t.d. taka lán til 10 ára og eiga þess kost að borga lán sín upp á skemmri tíma. Aðrir bentu á lán til lengri tíma eins og lagt var til. En fyrst og fremst var niðurstaðan sú að það verður á valdi húsnæðismálastjórnar og ráðherra að ákveða hvernig þessum málum verður háttað eftir ástandi á hverjum tíma.

Þá vil ég líka geta þess að nefndin kannaði sérstaklega og velti fyrir sér hvaða áhrif þessi lenging á lánstíma hefði á markaðinn með húsbréf og það jafnvel að hafa lánsflokka bundna til ákveðins árafjölda eða vera með nokkur slík lán í gangi í einu. En það var álit þeirra sem við kölluðum til að þau áhrif yrðu alveg ágæt og ekkert væri við það að athuga. Markaðurinn mundi laga sig að slíkum breytingum og sennilega yrðu vextir á lánum til lengri tíma heldur lægri og ekki væri ástæða til að hafa neinar áhyggjur af því að menn væru með lán eða flokka í gangi til mismunandi langs tíma. En auðvitað verður reynslan að leiða í ljós hvort ástæða væri til að hafa einhverjar áhyggjur af þessu þó að menn væru með lán eða flokka í gangi til mismunandi langs tíma.

Þá var það líka vilji nefndarinnar að miða nokkurn veginn við þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð hjá stofnuninni þó að í ljós hafi komið að greiðslubyrði hjá nokkrum hópi lántakenda hafi orðið mjög mikil. Það var skýrt fyrir okkur á þann hátt að þar væri um að ræða dæmi um fólk sem orðið fyrir mjög miklum tekjumissi. Nú fyrst er að koma reynsla á þetta og upplýsingar farnar að liggja fyrir um það hvernig lánþegum hefur vegnað og þetta hefur virkað. Í ljós hefur komið að nokkur hópur hefur við verulega greiðslubyrði að stríða. Menn munu læra af reynslunni og vega og meta hvernig aðstoðinni skuli háttað, enda er vert að vekja athygli á því sem segir í brtt., lið 2. Þar er rætt um aðstoð við fólk sem lent hefur í erfiðleikum. Þar segir, með leyfi forseta:

„... enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda."

Meiningin er að þessi aðstoð verði til þess að leysa vanda fólks en ekki til þess að íþyngja enn meira eða, eins og stundum hefur verið sagt, að lengja í hengingarólinni.

Hæstv. forseti. Við mælum með því að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem við leggjum til.

[01:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í nóvembermánuði fyrir rúmu ári síðan héldu framsóknarmenn flokksþing sitt, nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Helsta fréttin sem barst frá þinginu var sú

að fram þyrfti að fara skuldbreyting aldarinnar vegna stöðu heimilanna í landinu. Þar var tínt til að þar þyrfti að ráðast í breytingar í húsnæðiskerfinu og varðandi fleiri þætti til þess að létta skuldabyrði af heimilunum. Virðulegi forseti. Aðalfréttin var sú að ráðast þyrfti í stærstu skuldbreytingar Íslandssögunnar. Framhald flokksþingsins var það að þingmenn Framsfl. á því þingi ræddu mikið um skuldastöðu heimilanna, báðu um skýrslur, utandagskrárumræður, fluttu þingmál, m.a. frv. um greiðsluaðlögun og fleira sem allt átti að miða að því að létta verulega skuldastöðu heimilanna.

Fyrir kosningar gáfu þingmenn Framsfl. út kosningaloforð sín sem voru undir fyrirsögninni Fólk í fyrirrúmi og í kosningastefnuskránni var fyrirferðarmikill kafli sem bar yfirskriftina Endurreisn heimilanna. Þar var m.a. fjallað um greiðsluerfiðleika sem höfðu skapað neyðarástand á þúsundum heimila þar sem gjaldþrot blasti við mörgum þeirra. Meginástæðurnar væru atvinnuleysið, stórhækkaðir skattar, auknar álögur í heilbrigðis- og menntamálum, lækkun barna- og vaxtabóta, gallað húsbréfakerfi, stuttur lánstími og háir vextir. Því var síðan lofað að komið skyldi á lögum greiðsluaðlögun eða slíkt sagt nauðsynlegt og síðan sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Gripið verði til víðtækra skuldbreytinga sem feli í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt, skuld sé lækkuð eða fryst um tíma meðan fólk leitar lausnar á tímabundnum erfiðleikum, svo sem vegna atvinnuleysis og veikinda.“ Einnig var talað um að lengja lánstíma húsbréfakerfisins.

Við erum nú, eftir að Framsfl. hefur sest að á stjórnarheimilinu ásamt sjálfstæðismönnum, að sjá efndir á þessum loforðum. Ég hygg að þingið hafi búist við verulegu átaki af hálfu framsóknarmanna í þessu máli, miðað við loforðin og ég er sannfærð um að fólk í greiðsluerfiðleikum batt miklar væntingar við frv. sem við höfum fengið inn í þingið.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta frv. hlýtur að valda mörgum miklum vonbrigðum. Ég átti þess ekki kost að vera viðstödd 1. umr. um málið en a.m.k. tveir þingmenn, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, fóru mjög ítarlega yfir frv. og röktu fyrir hæstv. ráðherra þá galla sem væru á því. Þær sögðu að hér væri um þrengingar að ræða miðað við ákvæði sem í gildi væru og lytu að greiðsluerfiðleikum. Þær bentu á að úrlausnir fyrir landsbyggðina væru verri en fyrir höfuðborgarsvæðið, miðað við veðhæfni eigna, og færri fengju fyrirgreiðslu, miðað við ákvæði sem var í frv. hæstv. ráðherra. En svo bar við við umræðuna að hæstv. ráðherra sá ekki ástæðu til þess að svara ýmsum spurningum sem til hans var beint og taldi fjarri lagi að um nokkrar þrengingar væri að ræða.

Nú hefur, virðulegi forseti, þetta mál hæstv. ráðherra fengið umfjöllun í nefnd og allt sem þessir tveir hv. þm. sögðu við 1. umr. virðist hafa komið á daginn að var rétt. Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að fara um það nokkrum orðum, þó að orðið sé áliðið, enda mun ég ekki setja á almenna umræðu um húsnæðismál, aðeins benda á breytingar sem hafa orðið á frv. Ég hlýt, virðulegi forseti, í leiðinni að vekja athygli á nokkrum loforðum framsóknarmanna í húsnæðismálum.

Varðandi fyrsta ákvæðið, sem var eitt af helstu kosningaloforðum framsóknarmanna, um að lengja lánstímann í húsbréfakerfinu, vil ég enn ítreka það sem ég hef sagt, bæði innan þings og utan, að ég tel að lengingin á lánstíma muni litlu breyta fyrir kaupendur íbúða. Ég tel að mikil óvissa sé um hvaða áhrif þetta hafi á afföll, raunar viti það enginn, en mjög líklegt er í mínum huga að þetta muni hafa aukin afföll í för með sér.

Ég tel einnig að við munum standa frammi fyrir því að þetta skekki verð á fasteignamarkaðnum þannig að ef íbúð er til sölu sem tveir aðilar bjóða í, annar með húsbréfum til 15 eða 25 ára, segjum 25 ára, en hinn til 40 ára, þá muni seljandi íbúðar óska eftir hærra kaupverði frá þeim sem býður 40 ára bréfin frá Húsnæðisstofnun. Ég held að þetta muni koma í ljós. Ég spái því að hérna geti verið um að ræða um 300–500 þús. kr. á meðalíbúð. Þetta eigum við eftir að upplifa á fasteignamarkaðinum á næstu mánuðum. Þannig að ég held að lækkun á greiðslubyrði sem sumir hafa reiknað út að geti orðið um 17%, framsóknarmenn sögðu að vísu 25% við kjósendur, muni ekki skila sér til íbúðarkaupenda.

Í ofanálag liggur í augum uppi að eignamyndun verður mun hægari hjá þeim sem taka 40 ára lán en þeim sem taka lán til 25 ára. Heildarvaxtagreiðslur á lánstímanum verða helmingi hærri. Það hefur verið reiknað út að miðað við 25 ára lán og meðallán húsbréfakerfinu, sem eru 3 millj. kr., þá sé heildargreiðslubyrði um 2 millj. á lánstímanum en miðað við 40 ára lán þurfi fólk að borga helmingi meira eða 4 millj. á lánstímanum. Að hafa fasta vexti í svona langan tíma, í 40 ár, hlýtur að vera mjög varhugavert. Þetta eru aðvaranir sem ég hef sett fram, virðulegi forseti, og vil ítreka varðandi þetta atriði málsins.

Eitt vil ég spyrja ráðherrann um, sem mér kemur mjög á óvart. Þetta ákvæði, sem framsóknarmenn töldu að væri lausnin eða a.m.k. ein mikilvæg lausn á greiðsluvanda heimilanna, nær ekki til eldri lána. Ég hygg að allir hafi staðið í þeirri trú að þegar framsóknarmenn kæmu með tillögu sína um lengingu á lánstíma í húsbréfakerfinu í 40 ár þá mundi það einnig ná til eldri lána. En eftir því sem ég fæ upplýst, það verður ekkert af því séð í þessu frv., þá á þessi 40 ára lenging eða lenging úr 25 í 40 ár, ekki að ná til fólks sem þegar hefur tekið húsbréfalán. Ég hygg að margir standi í þeirri meiningu að eftir að frv. hefur orðið að lögum geti fólk með 25 ára bréf, sem stendur í þeirri trú að það muni lækkað greiðslubyrði sína, sem ég ítreka að ég efast um, gengið upp í Húsnæðisstofnun og fengið skuldbreytingu á 25 ára lánum í 40 ár. En, virðulegi forseti, það virðist ekki vera raunin. Það eru eingöngu ný lán sem tekin eru eftir að þetta ákvæði hefur verið lögfest. Ég hygg að margir verði gapandi undrandi yfir því að geta ekki gengið upp í Húsnæðisstofnun og fengið þessa lánalengingu.

Þetta eru, virðulegi forseti, í mínum augum og örugglega margra annarra ekkert annað en svik af hálfu hv. framsóknarmanna og hæstv. ráðherra við almenning. Ég hygg að framsóknarmenn og Framsfl. hafi fengið verulega fylgisaukningu út á loforð sín um að endurreisa heimilin, taka á skuldabyrði þeirra o.s.frv. En við erum að upplifa á þessu þingi, virðulegi forseti, í máli eftir mál svik framsóknarmanna. Það er svona á mörkunum að maður geti reiðst yfir þessu. Manni finnst þetta fremur dapurlegt og sorglegt fyrir hönd fólksins í landinu sem treysti á Framsfl. að þetta skuli vera niðurstaðan.

En þá kem ég að aðalatriði máls míns sem er 2. gr. frv. Þar lagði hæstv. ráðherra til verulegar breytingar frá því ákvæði sem í gildi var. Og hver er niðurstaða hv. félmn. þegar hún hefur fjallað um málið sem hún stendur einhuga að? Það er að umbreyta algjörlega 2. gr. frv. og lögfesta núverandi ástand í húsnæðismálum. Það var nefnilega þannig, virðulegi forseti, að árið 1993 var sett reglugerð sem heimilaði Byggingarsjóði

ríkisins að veita greiðsluerfiðleikalán, að vissum skilyrðum uppfylltum, vegna verulegs atvinnuleysis og greiðsluvanda fólks. Í þennan lánaflokk voru settar 300 millj. kr. Ég hygg að það hafi verið í ráðherratíð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þegar hún var félmrh., að enn var bætt við þennan lánaflokk 200 millj. kr. Þannig að þá voru 500 millj. settar í lánaflokkinn. Síðan var sett ákvæði til bráðabirgða í lögin um Húsnæðisstofnun sem heimilaði frystingu á lánum í allt að þrjú ár ef um verulega greiðsluerfiðleika var að ræða og skuldin sem safnaðist upp átti að leggjast við höfuðstólinn. Og hvað gerist nú, virðulegi ráðherra? Menn héldu að hér yrðu verulegar breytingar, fólk fengi að strika út sínar skuldir eða lækka þær verulega eins og segir í þessu plaggi um endurreisn heimilanna. Og ráðherrann hefur kannski staðið í þeirri trú að hann væri að gera eitthvað slíkt þegar hann lagði frv. fyrir Alþingi. En þegar hv. félmn. hefur fjallað um frv. umturnar hún því öllu og breytir því í núverandi horf, eða eins og það er í húsnæðislánakerfinu. Hv. félmn. stendur öll að því ásamt stjórnarliðum að breyta frv. og setja í lög þau ákvæði sem eru í gildi og voru í gildi áður en hæstv. félmrh. Páll Pétursson settist í ráðherrastól. Þetta er öll reisnin. Þarna sjáum við hvernig Framsfl. efnir sín loforð.

Nú kem ég að kjarnanum í máli mínu. Húsnæðisstofnun hefur sent álit sitt á þessu frv. til laga sem ráðherrann flytur. Og að hverju kemst Húsnæðisstofnun? Hún kemst að því að hér sé um verulegar breytingar að ræða í frv. ráðherrans frá því sem gilt hefur á undanförnum árum. Fram kemur í áliti Húsnæðisstofnunar að 2.000 manns hafa fengið greiðsluerfiðleikalán og skuldbreytingu frá 1993 þegar reglugerðin var sett og nýr lánaflokkur stofnaður. Hefðu ákvæði ráðherrans sem hann er að beita sér fyrir verið í gildi 1993 í stað þeirra ákvæða sem þá voru í gildi, hefði 80% af þeim 2.000 sem fengu fyrirgreiðslu verið hafnað. Aðeins 20% þeirra sem fengið hafa fyrirgreiðslu frá 1993 hefðu fengið hana samkvæmt þeim tillögum sem ráðherrann lagði fram í frv. fyrir tveimur eða þremur vikum, 400 manns í stað 2.000.

Mér þykir með ólíkindum að ráðherrann hafi vitað hvað hann var að gera þegar hann flutti þetta frv. Nefndin sem fékk það úrlausnarefni frá ráðherranum að leysa skuldavanda heimilanna var skipuð 2. júní 1995. Hún hefur sjálfsagt fundað stíft síðan eða upp undir hálft ár og hver er niðurstaðan? Að koma með ákvæði sem þrengja verulega stöðu fólks í greiðsluerfiðleikum til að fá fyrirgreiðslu.

Mér skilst að hv. 3. þm. Vesturl., Magnús Stefánsson, hafi veri formaður nefndarinnar sem kom með þetta snjallræði um hvernig leysa ætti greiðsluerfiðleika heimilanna. Hann hlýtur að hafa platað ráðherrann. Ráðherrann hefði varla farið að flytja þetta frv. inn í þingið ef hann hefði vitað að þar var um að ræða verulegar þrengingar frá því sem verið hefur. Ekki síst gagnvart fólki úti á landi. Það er verið að þrengja verulega veðhæfni sem sett er sem skilyrði. Í áliti Húsnæðisstofnunar kemur fram að veðsetning miðaðist áður við 70% af brunabótamati. Ráðherrann vildi breyta veðsetninguni þannig að hún miðaðist við 65% af matsverði. Húsnæðisstofnun telur næsta víst að a.m.k. um 20% umsækjenda sem fengu fyrirgreiðslu samkvæmt fyrri ákvæðum fengju samkvæmt þessu ekki skuldbreytingu vegna ónógrar veðsetningar. Það var ekki bara verið að þrengja, virðulegi forseti, að fólki í greiðsluerfiðleikum í heild sinni á landinu öllu, heldur var sérstaklega í frv. ráðherrans og ríkisstjórnarinnar þrengt að fólki sem býr úti á landi. Það var sérstaklega tekið fyrir af ráðherranum, sem er þó þingmaður Norðurl. v. að því er ég best veit. Mér er það algerlega óskiljanlegt, virðulegi forseti, hvað hæstv. ráðherra var að hugsa þegar hann lagði þetta frv. fram í þinginu. Efndir loforðanna um endurreisn heimilanna, um skuldbreytingu aldarinnar, eru sem sagt þær að ef ákvæði ráðherrans hefðu verið í gildi 1993 hefðu 80% af þeim 2.000 manns sem fengið hafa fyrirgreiðslu frá þeim tíma ekki fengið hana. Og það er hv. félmn. sem bjargar ráðherranum frá þeirri skömm að lögfesta slík ákvæði. Það ber að þakka hv. félmn. fyrir það hvernig hún tekur á þessu máli. Niðurstaðan er sú að það er verið að lögfesta það ástand sem verið hefur í gildi á umliðnum árum sem engir gagnrýndu meira en hv. framsóknarmenn. Þingið er raunverulega að bjarga framsóknarmönnum frá þeirri skömm að þrengja, eins og ráðherrann vildi, enn frekar þessi ákvæði en verið hefur. Þetta er alveg með ólíkindum.

Virðulegi forseti. Það er komið fram á nótt og ég skal ekki lengja mál mitt frekar nema tilefni gefist. Það liggur fyrir að þegar fjallið tók jóðsótt, fæddist lítil mús. Lausnir framsóknarmanna í húsnæðismálum voru skrum og blekking gagnvart fólkinu í landinu. Ég held að blekking og svik framsóknarmanna hafi aldrei opinberast jafn vel og í þessu frv. Og er þó af mörgu að taka hér á þingi.

Ég vil leggja þrjár spurningar fyrir ráðherrann sem ég óska eftir að fá svar við. Það liggur fyrir að verið er að lögfesta núverandi ástand, því verður ekki á móti mælt. Þetta var áður í reglugerð og ráðherrann hefði ekki endilega þurft að fá lagastoð undir það nema hann ætli að greiðsluerfiðleikalán eigi að vera til frambúðar. Varðandi frystinguna á lánunum var um bráðabirgðaákvæði að ræða sem átti að renna út 1. janúar 1996. Það var einungis hægt að framlengja það ákvæði og þurfti ekki nefnd margra manna í hálft ár til að komast að þeirri niðurstöðu. Spurningar mínar til ráðherrans eru þessar:

Er það virkilega rétt að ákvæðið um lánalenginguna nái ekki til fólks sem þegar hefur tekið lán? Flestir standa víst í þeirri trú. Er einungis verið að gefa þeim kost á lánalengingum sem taka húsbréfalán eftir að þetta ákvæði hefur verið lögfest?

Í annan stað vil ég spyrja ráðherrann hversu mikið fjármagn sé ætlað til þessara lánaflokka, því nú er verið að breyta frá því sem ráðherrann lagði til. Merkilegt nokk, virðulegi forseti, lagði hann til að komið væri til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum með húsbréfum, sem hann hefur þó gagnrýnt manna mest. En nú þegar þessi fyrirgreiðsla flyst yfir í Byggingarsjóð ríkisins er nauðsynlegt að ætla til hennar ákveðið fjármagn. 500 millj. kr. hafa verið markaðar í því skyni frá 1993 og ég spyr ráðherrann: Hve hárri fjárhæð ætlar hann að verja í þennan greiðsluerfiðleikalánaflokk sem hann ætlar greinilega að verði viðvarandi úr því að hann vill fá hann lögfestan. Verður gert ráð fyrir því núna við 3. umr. fjárlaga að setja fjármagn í þennan greiðsluerfiðleikalánaflokk? Þetta, virðulegi forseti, er mikilvægt að fá upplýst.

Ég skal ekki lengja mál mitt frekar. Það væri mjög freistandi að fara í ýmis ummæli sumra framsóknarmanna sem nú eru orðnir ráðherrar um húsnæðismál, en það bíður betri tíma. En ég spyr hvort hv. þm. Guðni Ágústsson sé í húsinu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti upplýsir að hann er það ekki.)

Hann hefur auðvitað hlaupið á brott þegar hann heyrði að það átti að fara að ræða húsnæðismál vegna þess að hv. þm., sem er mikill áhugamaður um að reyna að greiða úr greiðsluerfiðleikum fólks, treystir sér auðvitað ekki til að

sitja undir þeirri skömm sem þessi niðurstaða hlýtur að vera fyrir framsóknarmenn. Hv. þm. sagði 15. júní að hann ætlaði að það kæmu fram í haust þingmál sem tækju á þeim vanda sem við blasti, aðgerðir sem dygðu til að koma til móts við skuldugar fjölskyldur sem eiga í erfiðleikum. Hv. þm. sagði sem eðlilegt var að hann ætlaði að gefa ráðherranum tíma til að leysa þessi mál, en það var greinilegt að hv. þm. ætlaði ekki að gefa ráðherranum lengri tíma en fram á haust, eða til jóla.

Virðulegi forseti. Hér er engin lausn á ferðinni. Þetta frv. gerir það eitt að afhjúpa blekkingar framsóknarmanna. Þeir hafa enga lausn á húsnæðisvanda fólks eða greiðsluerfiðleikum fólks í landinu.

Þriðja spurningin er: Hvenær megum við eiga von á frv. um greiðsluaðlögun sem framsóknarmenn sögðu að þyldi enga bið þegar þeir ræddu þetta mál fyrir ári?

[01:58]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 429; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 459; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 460, 461, 462.

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 458.

[01:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. félmn. og formanni hennar, hv. 14. þm. Reykv. Kristínu Ástgeirsdóttur, fyrir afar góð störf að þessu frv. eins og reyndar mörgum fleiri frumvörpum sem hv. félmn. hefur haft til meðferðar á þessu haustþingi. Ég legg líka mjög mikið upp úr því að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi standa að þessu nefndaráliti og um það er fullkomin sátt. Vegna orða sem hér féllu vil ég láta í ljósi, herra forseti, að ég er afskaplega sáttur við þá niðurstöðu sem hv. félmn. komst að.

Hv. formaður nefndarinnar, 14. þm. Reykv., sagði að nefndin hefði gengið að sínu verki í því skyni að leysa vanda fólks, ekki að lengja í snörunni. Þetta er nákvæmlega það hugarfar sem ég tel að við öll sem að þessum málum komum eigum að hafa í huga. Það eru ekki tækifæri til þess að gefa fólki peninga en það á að reyna að greiða fyrir því að það geti staðið við skuldbindingar sínar, skynsamlegar og eðlilegar skuldbindingar. Ég var ekki hissa þó að hv. 13. þm. Reykv. tæki sig út úr hópnum og hefði eitthvað við þetta að athuga. Hún lýsti vonbrigðum sínum með þetta frumvarp. En hv. þm. getur ekki ætlast til þess, eftir allt sem á undan er gengið að ég leysi allan vanda á örfáum mánuðum, skuldavanda heimilanna eða vandræði sem skapast hafa í húsnæðismálum, síðan hún tók við embætti félmrh. árið 1986. Ég veit að hv. þm. hefur gífurlega mikla reynslu af afföllum húsbréfa. Hún innleiddi eiginlega afföll, í okkar hugarheimi. Þau komust á húsbréfum allt upp í 25%. En þrátt fyrir að henni sé myrkt fyrir augum, enda er skammdegi og klukkan auk þess orðin rúmlega tvö, þá held ég hún sé óþarflega svartsýn.

Hv. þm. spurði hvort lengingin næði ekki til eldri lána. Það er ekki meiningin að lengja 25 ára húsbréf upp í 40 ára húsbréf með því að breyta tölum. Hins vegar er þeim sem eru í vandræðum eða basli með bréfin sín gefinn kostur á að fá frestun og lán úr Byggingarsjóði til allt að 15 ára. 2. gr. hins upphaflega frv. var byggð á áliti nefndar sem ég skipaði í sumar. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tæplega væri óhætt að hafa þetta rýmra en þar sagði. Umsagnir um frv. bentu hins vegar til að þarna væri borð fyrir báru og ég var að sjálfsögðu allra manna fegnastur þegar álit komu þar um. Ég er afar ánægður með textann sem hv. nefnd kom sér saman um í 2. gr. Ég fæ, sem félmrh., afar mikið vald, miklu meira en var í upphaflegri frumvarpsgrein, til að ráðstafa fé og setja reglur. En ég vil láta koma fram að ég tel að engum sé greiði gerður með því að setja hann á hausinn.

Hv. þm. spurði síðan hve mikið fjármagn væri ætlað til þess að standa undir lengingu. Í fyrsta lagi vitum við ekki hversu margir munu óska eftir frestun á afborgunum og rennum dálítið blint í sjóinn með það hverjir uppfylla skilyrði, sem sett kunna að verða. Enda er ekki búið að ganga nákvæmlega frá þeim skilyrðum. Þarna á að vera svigrúm.

Hv. þm. spurði líka hvenær von væri á frv. um greiðsluaðlögun. Satt að segja hefði ég gjarnan viljað geta sýnt það frv. og helst fengið það afgreitt fyrir jól. Það mál hefur dregist. Það er ekki einfalt mál og fleiri ráðherrar en ég þurfa að koma að því. Ég vænti þess að þegar við komum saman eftir jól geti ríkisstjórnin sett heildstæðan pakka sem miðar að því að ráða fram úr vandræðum fólks.

[02:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni var hugmyndin ekki sú að setja á langar ræður um húsnæðismál um miðja nótt, þótt e.t.v. væri ástæða til. En orð ráðherrans áðan gefa mér aðeins tilefni til þess að lengja mál mitt.

Hæstv. ráðherra var ánægður með að allir stæðu að þessu nál. en hvað felst í því, virðulegi forseti,og brtt. sem nefndin flytur? Það er verið að leiðrétta afglöp ráðherrans og ég skil vel að hann sé afar ánægður með að þingið grípi í taumana og leiðrétti afglöpin áður en þau koma til framkvæmda og fólk sér hvaða leiðir framsóknarmenn hafa í húsnæðismálum. Hæstv. ráðherra sagði að sú sem hér stendur væri sú eina sem ekki væri ánægð með niðurstöðu nefndarinnar. Ég er svo sannarlega ánægð með niðurstöðu nefndarinnar. Ég vil láta það koma fram að ég mun styðja brtt. sem nefndin hefur gert varðandi greiðsluerfiðleikanana. Mér finnst mjög ánægjulegt, eftir allar ræðurnar sem hæstv. ráðherra hefur flutt um hvernig sú sem hér stendur hefur tekið á húsnæðismálum og aðrir framsóknarmenn einnig, að hann skuli lýsa því yfir núna úr ræðustól að hann sé afar ánægður með tillögurnar sem nefndin flytur.

Hverjar eru þessar tillögur, virðulegi forseti? Það er verið að lögfesta ákvæði sem hafa verið í framkvæmd frá 1993 og hann er afar ánægður með þessar tillögur, tillögur sem hann og Framsfl. hafa verið að hamast gegn á undanförnum mánuðum og árum áður en framsóknarmenn komust í ríkisstjórn. Nú lýsir núv. félmrh. því yfir, og ég er afar stolt af því sem fyrrv. ráðherra og lít á þetta sem komplíment, að hann sé afar ánægður með þær tillögur um greiðsluerfiðleikalán, skuldbreytingu og frystingu lána sem hafa verið í gildi frá 1993. Og sem betur fer, virðulegur forseti, kom þingið í veg fyrir að lögfest yrðu ákvæði sem þrengdu verulega þá aðstöðu sem fólk hefur þó til skuldbreytinga og hefur verið möguleg frá 1993.

Þegar ráðherrann svaraði spurningu minni áðan hvort lánalengingin í 40 ár muni gilda gagnvart fólki sem þegar hefur tekið húsbréfalán, hvert er þá svar hæstv. ráðherra? Jú, það sé ekki hægt að skuldbreyta og lengja lán til 40 ára hjá því fólki sem þegar hefur tekið húsbréf. Af hverju sagði ráðherrann þetta ekki við fólkið fyrir kosningar? Hvað ætli framsóknarmenn hafi fengið mikið fylgi út á þau orð að hér væri um einhvern ávinning fyrir fólk að ræða? Ráðherrann

segir áðan: Nei, við getum ekki leyft fólki sem er með 25 ára lán í húsbréfakerfinu að lengja sín lán en við ætlum að leyfa þeim sem eru í basli með bréf sín, eins og hann orðaði það, að fresta afborgunum eða skuldbreyta. Það er nákvæmlega það sem hefur verið hægt, virðulegi forseti, á undanförnum árum. Fólk sem með 25 ára lán sem hefur verið í basli eða greiðsluerfiðleikum hefur getað fengið frestun í þrjú ár, sem er lengri tími en hæstv. ráðherra var að bjóða upp á í tillögum sínum. Fólkið gat einnig tekið skuldbreytingu. Þannig að það er nákvæmlega ekkert verið að gera fyrir fólk sem er í greiðsluvanda núna, ekki neitt, ekki neitt nýtt. Hv. félmn. hefur einungis komið í veg fyrir að lögfest væri sú vitleysa, sú þrenging sem ráðherrann vildi að þingið lögfesti. Það er ástæða til að þakka henni fyrir og fagna þessu því þessi þrenging var sérstaklega gagnvart landsbyggðarfólki. Það væri vissulega ástæða til þess að fara mjög ítarlega ofan í það, virðulegi forseti, lið fyrir lið, setningu fyrir setningu, í 2. gr. frv. hvaða afleiðingar það hefði haft fyrir almenning ef minni hluti félmn. hefði ekki haft vit fyrir meiri hlutanum og hæstv. ráðherra í þessu efni. Þess vegna er ástæða til þess að þakka, eins og ráðherrann gerði áðan, hv. form. nefndarinnar fyrir að leiða ráðherrann og meiri hluta nefndarinnar af villu síns vegar. Ég býð ekki í það hver staðan hefði verið ef þingið hefði lögfest þessa vitleysu, þessar svakalegu þrengingar. Fólk hefði svo komið upp í Húsnæðisstofnun til þess að reyna að fá lausn sinna mála og þá hefði það staðið frammi fyrir því að búið væri að þrengja verulega ákvæðin sem í gildi voru. Ef lausnir ráðherrans, það sem eftir lifir af þeim tíma sem hann situr í ráðherrastól, verða eins og ráðherrann boðar í þessu frv., þá segi ég bara: Guð hjálpi fólkinu.

Síðan fer hann með þuluna sína um að sú sem hér stendur hafi innleitt afföllin í húsbréfakerfinu. Húsbréfakerfið var þó ekki verra en svo að það var það sem hann ætlaði að bjóða fólki í greiðsluerfiðleikum upp á. Hann ætlaði að innleiða lánaflokk í húsbréfunum til þess að bjóða fólki upp á í greiðsluerfiðleikum. Flokk með hærri vöxtum en hv. félmn. kemst að niðurstöðu um þegar hún breytir þessu í núverandi ástand. Auðvitað veit ráðherrann það, ef hann hefur á annað borð eitthvað kynnt sér húsnæðismál, hverjar ástæðurnar fyrir þessum afföllum voru, í þann eina mánuð sem afföll voru veruleg. Það var af því að við komum ekki framsóknarmönnunum ofan af því að hætta við þetta galna 86-kerfi og þurftum að standa í að leysa greiðsluerfiðleika fólks sem var að kikna undan greiðslubyrði í því kerfi. Það veit hæstv. ráðherra vel.

Auðvitað veit hæstv. ráðherra líka að afföll hafa verið til í húsnæðislánum allar götur síðan var farið að bjóða þau. Það held ég að hafi verið heldur betur afföll í 86-kerfinu þegar fólk var að selja lánsloforðin á verðbréfamarkaðnum með miklum afföllum.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir það komplíment sem ég fékk úr ræðustól af hans vörum. Því átti ég ekki von á. Hann er afar ánægður, hæstv. ráðherra, með það ástand sem hefur verið í gildi frá 1993 sem ég þakka hv. formanni nefndarinnar enn og aftur fyrir að hafa leiðrétt hjá ráðherranum. Þetta sýnir að allt sem framsóknarmenn hafa verið að segja um húsnæðislán og húsbréfakerfi er dæmt ómerkt með orðum ráðherrans, sem er afar ánægður með ástandið í húsnæðismálum á undanförnum mánuðum.

[02:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti.

Ein er núna ögn í lægð
ekki að marki lagin.
Hún er ósköp óánægð
eins og fyrri daginn.

[02:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að fá kveðskap hjá hæstv. ráðherra svona á miðri nóttu til að hressa upp á mannskapinn. Ég hef nú heyrt vísurnar betri frá hæstv. ráðherra enda er honum órótt. Þegar mönnum er órótt og þeim líður illa geta þeir aldrei kveðið vel. Þetta sýndi náttúrlega að ráðherrann greip bara til þess að reyna að setja niður vísu sem mér fannst ekki merkileg. Hann hafði ekkert við það að athuga sem ég sagði. Ég þakka ráðherranum aftur fyrir hvað hann er ánægður með þá húsnæðisstefnu sem hefur verið í gildi á undanförnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (úreldingarstyrkur krókabáta). — Þskj. 323, nál. 427 og 442.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 259. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 436.

[02:18]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Mál þetta gengur undir nafninu skröltormur. Það er þrjár greinar og er fylgifrv. með hinum svokallaða bandormi. Ástæðan fyrir því að þetta er flutt sem sjálfstætt frv. er sú að í þessum greinum er verið að taka á málum þar sem verið er að breyta lögum sem ekki er fjallað um í bandorminum og því verður formsins vegna að flytja um það sjálfstætt þingmál sem skröltir með hinu.

Efni frv. er í stórum dráttum það að breytingin á umferðarlögunum felst í því að hækka sérstakt umferðaröryggisgjald um 100 kr., úr 100 kr. í 200. Gjald þetta er greitt við almenna skoðun ökutækis, skráningu þess og skráningu eigendaskipta. Hækkun á þessu gjaldi var gerð í tengslum við breytingu á 18. gr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um vog, mál og faggildingu, þ.e. lögum sem fjalla um Löggildingarstofuna.

Tillagan í frv. er sú að setja stjórn yfir þá stofnun, þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar og setur erindisbréf.

Í þriðja og síðasta lagi er lögð til breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar er verið að framlengja ákvæði sem heimilar nýtingu á hagræðingarfé til hagræðingar mjólkurbúa. Framlengingin er um tvö ár, þ.e. það er hægt að nýta þetta fé 1996 og 1997. Áður var einungis miðað við að það væri hægt að nýta þetta á árunum 1993–1995.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað beint til 2. umr. Það þarf ekki að koma til nefndar vegna þess að um það hefur þegar verið fjallað mikið í nefndinni.

[02:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér kemur á dagskrá og hefur legið fyrir undir dulnefninu umferðarlög eða frv. til breytinga á umferðarlögum er eins og frsm. gat um áðan eitt af fylgifrv. fjárlagafrv. Þess vegna er óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að um leið og fjallað er um þetta mál, komi til umræðu einnig þau önnur mál sem eru þar með í för, m.a. í því frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem mikið hefur verið rætt í kvöld og nótt, jafnvel það frv. til breytinga á tekju- og eignarskatti sem rætt var í dag. Það er nefnilega svo að allt er þetta hluti af því sama, þ.e. þetta eru þau mál sem hæstv. ríkisstjórn telur brýnast að koma fram fyrir jólin og eru öll meira og minna tengd innbyrðis.

Það er svolítið merkilegt að horfa á þessi mál í samhengi. Það er merkilegt fyrir það hvaða forgangsröðun og áherslur koma þar fram og sýna kannski betur en margt annað hvern hug hæstv. ríkisstjórn ber til einstakra málaflokka.

Mér verður fyrst fyrir, herra forseti, að kíkja á upphaf frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem er í fimm greinum fjallað um menningarmál. Þar er um það að ræða að breytt er varanlega ákvæðum fjögurra lagabálka en áður hefur í þeim tilfellum verið gripið til svoakllaðra „þrátt-fyrir"-ákvæða og þannig hefur ríkisstjórn á hverjum tíma aðlagað þessi lög að þeirri peningalegu getu sem hún hefur talið vera fyrir hendi. En að þessu sinni var það ekki hægt og það var ákveðið á einu bretti að skófla þessu öllu út og það án þess að nokkurs staðar komi fram með hvaða hætti er fyrirhugað að fjármagna það sem hér er verið að henda út. En það er athyglisvert að næst í röðinni, þegar fjallað er um ráðstafanir í ríkisfjármálum, næst í röðinni þegar menningarmálakaflanum lýkur, koma landbúnaðarmálin. Þar eru hins vegar „þrátt-fyrir"-ákvæðin enn þá inni. Þar er ekki verið varanlega að svipta menn möguleikum og augljóst að núverandi ríkisstjórn ber meiri virðingu fyrir lögum um búfjárrækt eða jarðalögum en lögum sem lúta að Listskreytingasjóði, Kvikmyndasjóði, þjóðminjum eða öðru slíku.

Fyrr í dag var einmitt rætt um þessi ákvæði og landbrh. var inntur eftir því af hverju „þrátt-fyrir"-ákvæði væru í þessum tilteknu lögum sem sneru að landbúnaðinum, hvað kæmi til að þeim væri þyrmt með þessum hætti. Svör hans voru þau að það væri gert vegna þess að endurskoðun þessara laga stæði fyrir dyrum. Þá komum við, virðulegi forseti, að því misræmi sem hér er í málflutningi því það rímar vart saman að þyrma tilteknum lagabálkum vegna þess að þar standi endurskoðun fyrir dyrum þegar á sama tíma er verið að henda varanlega út ákvæðum annarra laga þar sem endurskoðun stendur ekki bara fyrir dyrum, heldur er henni nánast lokið. Það liggja fyrir nánast fullbúin frumvörp til nýrra laga eins og er raunin með útvarpslög og með lög um Kvikmyndasjóð Íslands. Þarna kemur fram merkileg mismunun og órúlega mikill munur á virðingu sem menn sýna löggjöf í landinu eftir því hvort um er að ræða menningu og listir annars vegar eða landbúnað hins vegar.

Í því frv. sem hér er til umfjöllunar og gengur undir dulnefninu umferðarlög eins og ég sagði áðan er líka, virðulegi forseti, ein greinin um landbúnað. Hv. flm., Vilhjálmur Egilsson er ekki í salnum en það væri ágætt að hann væri hér vegna þess að ég vildi gjarnan fá svar við spurningu sem brennur á mér og fleirum vegna 3. gr. þar sem lagt er til að bráðabirgðaákvæði búvörulaga um hagræðingu í mjólkuriðnaði verði framleingt um tvö ár og gildi til loka árs 1997. Menn eru að ræða það að þarna sé um að ræða dulítinn sjóð upp á um það bil 250 millj. og honum verði að halda gangandi „ef ske kynni að". Ég verð bara að segja eins og er að ef þetta er rétt, þá er þetta fyrirhyggja sem mér finnst bera vott um tiltölulega mikil búhyggindi hjá þeim sem um véla. En ég hlýt jafnframt að spyrja: Er það ekki líka merki um sérkennilega áhersluröð ef þarna er hægt að vernda 250 millj. í sjóði ef ske kynni að á þyrfti að halda á meðan heilbrigðisþjónustan t.d. líður fyrir fjárskort? Það er af þessum sökum, virðulegi forseti, vegna þessa samhengis sem ég tel að sé nauðsynlegt að ræða þetta þannig að allt sé undir. Það er ekki hægt að ræða þetta aðskilið.

Menn hafa líka bent á að ýmsir stjórnarliðar virðast standa í þeirri meiningu að löggjöf af því tagi sem um er að ræða í þessum tveimur fylgifrumvörpum fjárlagafrv. sé svo sem ekkert umfram það sem verið hefur, að hér sé meira og minna um að ræða einhvers konar hreingerningu. Menn eru að reyna að sætta sig við þessi vinnubrögð með því að afsaka það þannig fyrir sjálfum sér, eða eins og einn hv. þm. orðaði það: Menn eru að afnema þann árlega masókisma að þurfa við fjárlagagerð að taka ákvarðanir um „þrátt-fyrir"-ákvæði þar sem ekki eru til nægir fjármunir til að uppfylla lagaskyldu samkvæmt ýmsum lögum. Eða þá að menn segja: Æ já, en við erum nú búin að skerða þetta svo oft. Er þá ekki bara í lagi að henda því út? En þarna er grundvallarmunur á. Ef þessi ákvæði til varanlegrar lagabreytingar kæmu fyrir hv. Alþingi hvert fyrir sig, sitt í hvoru frv., fengju þau mun ítarlegri efnislega umfjöllun í nefndum en þau fá núna. Ég er líka viss um, virðulegi forseti, að viðkomandi fagráðherra sæti þá í salnum og fylgdist með því hvernig hans málaflokki reiddi af í umræðunni og hvaða athugasemdir eða jafnvel spurningar hv. þm. hefðu fram að færa. Nú bregður svo við að þegar hér eru hvorki meira né minna en 33 lagabálkar undir í senn, sér enginn hæstv. ráðherra ástæðu til þess að fylgjast með. Það sýnir okkur kannski best muninn á því sem hér er að gerast.

Er þetta þá bara hreingerning sem hægt er að hrista fram úr erminni án þess að þurfa að hugsa frekar um það? Nei, það er nefnilega ýmislegt fleira og sumt af því býsna alvarlegt. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort allir þeir stjórnarliðar sem ég veit að munu greiða leið þessa frv. í gegnum þingið með atkvæði sínu á morgun hafi kynnt sér í þaula þær tillögur sem uppi eru um ýmist varanlegar eða tímabundar skerðingar á kjörum þeirra sem helst þurfa á aðstoð samfélagsins að halda. Ég velti því líka fyrir mér hvort þeir eru tilbúnir til að bera ábyrgð á því sem í vændum er. Eins og ég sagði er margt af því býsna alvarlegt. Stjórnarandstaðan hefur reynt að sinna sínu hlutverki með því að benda á margt af því

sem hér er komið fram með og þær afleiðingar sem það gæti haft. En það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að stjórnarsinnar hafa ekki verið ýkja margir í salnum við þessar umræður. Mig uggir að þeir hafi kannski engan sérstakan áhuga á að leggja við eyrun þegar sú hliðin á þessu öllu saman er leidd fram.

Menn hafa bent á það í umræðunni að Framkvæmdasjóður fatlaðra sé skertur um a.m.k. 133 millj. miðað við áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1996. Auk þess kemur fram að 40% af því fé sem eftir er rennur til reksturs. Hér gætir sömu tilhneigingar og varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra sem um er fjallað í 45. og 46. gr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar hefur það gerst að sífellt stærri hluti tekna Framkvæmdasjóðs aldraðra er tekinn til reksturs. Nú er svo komið, verði frv. þetta að lögum, að heimilt verður að taka allt það fé til reksturs. Þar hafa stofnframlög verið að lækka frá ári til árs. Nú lækka þau um tæplega 70% á milli ára. Þar hefur það líka gerst að ýmsar þær deildir og stofnanir sem byggðar hafa verið fyrir framlög úr sjóðnum hafa verið teknar til annarra nota án þess að nokkuð kæmi í staðinn.

Ég vil minna á að þessi sjóður fær tekjur sínar með innheimtu nefskatts. Sá nefskattur var upphaflega lagður á með göfugt málefni að leiðarljósi en nú eftir að þetta frv. verður að lögum rennur þessi nefskattur í ríkissjóð eins og hver annar skattur og verður ráðstafað þaðan. Ég spyr: Væri ekki ráð á meðan tími er til og hægt er að vinna hlutina með eðlilegum hætti að menn settust niður og veltu fyrir sér framtíð þessara sjóða og þeirra málefna sem þeir hafa átt að styðja við? Og komi svo með raunhæfar tillögur um þessi mál áður en einhver snillingurinn dettur niður á þá lausn sem nú er vinsælust að skera þá bara af í einhverju fjárlagafárinu í trausti þess að menn hafi sofnað á verðinum. Eða kannski það sem verra er að þeir verði skornir niður með því hugarfari að okkur varði ekkert um aldraða eða fatlaða.

Það er svo skrýtið að þrátt fyrir andstyggð ríkisstjórnarinnar á föstum og mörkuðum framlögum eða tekjustofnum samkvæmt lögum og mikilli atlögu að slíkum ósóma í bandorminum, eru menn samt sem áður á sama tíma að taka slíkt upp. Þannig er t.d. með þennan skítaskatt sem hér er lagður á samkvæmt 1. gr. frv. til laga um breytingu á umferðarlögum. Þar eru menn að hækka sérstakt umferðaröryggisgjald úr 100 kr. í 200 kr. Þannig munu þeir sem færa bifreiðar sínar til skoðunar taka það sérstaklega að sér að fjármagna að hluta til fyrirhugaða breytingu á 18. gr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Þarna er sem sagt, virðulegi forseti, verið að taka upp markaðan tekjustofn. Á sama tíma eru helstu rökin fyrir því að ýta ýmsu varanlega út úr lagabálkum sem hefur verið í gildi þau að markaðir tekjustofnar séu bara tímaskekkja og menn verði að útrýma slíku. Það heyrir ekki allt upp á sama daginn hjá hæstv. ríkisstjórn, það er augljóst mál. Rétt eins og þeim nefskatti sem fjármagnaði Framkvæmdasjóð aldraðra, en rennur héðan í frá í ríkissjóð eins og hver annar skattur, var komið á sem svo göfugum og góðum skatti vegna þess að málefnið var svo gott er þetta líka auðvitað voða góður skattur af því að þetta er málefni sem við berum öll fyrir brjósti.

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka fram vegna umfjöllunar heilbrrh. um nefskatta, sem hún kallar persónugjöld og er eitthvað allt annað en sjúklingaskattur, að slíkir skattir eru óréttlátasta form skatta sem til er því þar er hvorki tekið tillit til efna né aðstæðna. En hugmyndir um slíka skatta eru því miður í fullkomnu samræmi við annað sem á borð er borið í þessum efnum nú um stundir.

Áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, verð ég að nefna það sem kannski er verst af öllu af því sem hér er borið fram í frumvörpum. Það lýtur að þeim sem eru atvinnulausir, eða þeim sem hafa heilsu sinnar eða fötlunar vegna þegið atvinnuleysisbætur eða lífeyri. Ég hélt að við værum öll sammála um mikilvægi þess að menn hræruðst að svo miklu leyti sem það er unnt í hinu félagslega umhverfi vinnunnar þótt þeir missi atvinnuna tímabundið. En hæstv. ríkisstjórn vill slíta bótagreiðslur úr sambandi við vinnumarkaðinn. Þær á að ákvarða á fjárlögum og fyrir því eru nákvæmlega engin rök. Enda eru einu svörin sem við fáum: „bara". Það er ekkert mark takandi á rökunum um vísitölubindingu eða sjálfvirka hækkun þegar miðað er við laun vegna þess að hæstv. ríkisstjórn veit nákvæmlega jafn vel og við sem erum hér í þessum sal að sú vísitala var tekin úr sambandi árið 1983. Það má kannski segja að það hafi verið sama framsóknarhagfræðin sem þá var notuð og sú sem nú er notuð til þess að réttlæta að fjármagnsskattar skuli vera settir á þá sem njóta lífeyrisgreiðslna, þ.e. fyrst það eru einhverjir sem fá mikið, er allt í lagi að taka af öllum hinum.

Þegar vísitalan var afnumin hvað launin varðaði voru réttlætisrökin nákvæmlega þau sömu. Sumir voru nefnilega með hærra kaup en aðrir og þess vegna mældi vísitalan þeim meiri uppbætur. Það þótti nægjanleg réttlæting, a.m.k. að mati þáv. ríkisstjórnar, til að rjúfa þá vísitölu eða taka hana úr sambandi. Og nú er sem sagt nákvæmlega sama hugsunin uppi hvað varðar þessa skerðingu og fleiri þætti þar sem verið er í rauninni að berja á þeim sem minna mega sín í skjóli þess að einhverjir hafi það svo gott að það verði bara að taka allt af öllum. Það er í rauninni sami mórallinn gegnumgangandi. Menn hlífa ekki þeim sem skyldi og telja að það sé endalaust hægt að nota þá sem mest hafa til að klípa af hinum. Og það að skella aftur á tvísköttun lífeyris hjá gamla fólkinu með því að afnema 15% skattafsláttinn í einu höggi er líka réttlætt með því að þeir sem hafi fengið mikið úr lífeyrissjóði hafi líka fengið þennan afslátt. Hvílíkt réttlæti! Eða eru þeir svo óskaplega margir sem þiggja háar upphæðir úr lífeyrissjóðum? Og eru það upphæðir sem við í þessum sal teldum okkur of sæl af, ef út í það væri farið? Ef þessi röksemdafærsla ætti að ganga í gegn, þyrfti þá ekki líka að horfa til þeirra sem nú njóta þess að verið er í áföngum að afnema skatta af lífeyrisiðgjöldunum? Er sama þegar þar er komið hversu há laun menn hafa fyrir? Og er þá allt í lagi að þeir njóti helst sem hæst hafa launin? Nei, það heyrir ekki allt upp á sama daginn hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt öllu lengra, virðulegi forseti, þótt ýmislegt fleira mætti segja um umferðarlög. En það eru ákveðnar spurningar sem ég vildi gjarnan koma á framfæri. Nú veit ég ekki hvort hæstv. sjútvrh. og hæstv. menntmrh. eða hæstv. landbrh. eru í salnum en hugsanlega getur hv. formaður efh.- og viðskn., flm. þessa máls, leyst úr spurningum mínum og það er þá vel.

Í fyrsta lagi langar mig að vita hvaða nauðir rekur til þess að breyta varanlega ákvæði um framlög ríkisins til Fiskveiðasjóðs. Nú er það svo að það hefur verið sett „þráttfyrir"-ákvæði við þetta í mörg ár, en hv. þm. veit jafn vel og ég að sjútvrh. hefur boðað breytingar á lögunum um Fiskveiðasjóð strax á næsta ári þar sem Fiskveiðasjóður verður gerður að hlutafélagi. Þar sem ekki er alveg ljóst hver er hinn rétti eigandi Fiskveiðasjóðs og það má reikna með að

menn fari að togast á um það þegar þar að kemur, þarf ég mér til skilningsauka að fá að vita hvaða nauðir rekur til þess að veikja stöðu ríkissjóðs nákvæmlega á þessum tímapunkti. Hér er verið að veikja stöðu ríkissjóðs þegar kemur að því að ákveða hver eigandi Fiskveiðasjóðs er. Hv. þm. veit nákvæmlega eins vel og ég að um það hafa menn ekki verið á einu máli.

Ég vildi líka gjarnan fá að vita hvernig menn ætla að standa að því að veita framlög til Listskreytingasjóðs og Kvikmyndasjóðs. Það hefur ekkert komið fram um það hvernig eða með hvaða hætti hið opinbera ætlar að standa að þessum málum áfram. Það hefur komið fram að þeir listamenn sem hafa sótt til þessara sjóða hafa þurft að gera það með nokkrum fyrirvara. Það hefur líka komið fram og það er okkur öllum ljóst að íslensk kvikmyndagerð er ekki bara landkynning, sem stuðlar að því að við fáum inn í landið mikið erlent fé til þess að vinna með, heldur er hún líka atvinnuskapandi og við hljótum að velta því fyrir okkur, við sem höfum áhyggjur af framtíð þessara hluta, hvað á að koma í staðinn. Meðan þessi ákvæði eru inni í lögunum hafa menn þurft á hverju ári að gera það upp við sig hversu há upphæð þarna ætti að vera og menn hafa þurft að hugsa um þessa hluti og verið minntir á það hvað á að taka við.

Í síðasta lagi vil ég endurtaka þá spurningu sem ég kom með í upphafi: Hvað merkir þessi 3. gr. í umferðarlagafrv.? Þó svo að hv. flm. hafi mælt fyrir frv. þá komu afskaplega fátæklegar skýringar á því hvað þarna er verið að bardúsa. En eins og fram kom í mínu máli áðan þá hefur það verið rætt í hliðarherbergjum og á göngum þessa húss að þarna væru menn að vernda um 250 millj. í sjóði „ef ske kynni". Ég vildi að við gætum, ef rétt er, verndað fleiri slíka sjóði ef ske kynni. Hér hefur verið talað um þolendur ofbeldis. Þar er enginn sjóður ef ske kynni. Ég hef vikið að menningarmálum. Þar eru engir sjóðir ef ske kynni og svo mætti lengi telja. (Forseti hringir.) Ég tek það svo, virðulegi forseti, að þessi bjalla sem mér glymur sé vegna þess að ég sé búin með tímann. Ég mun þá hlíta því.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill bara geta þess til upplýsinga að hér er um að ræða 1. umr. og tíminn er 20 mínútur.)

[02:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna spurninga hv. þm. um frv. til laga um vog, mál og faggildingu, breytingu á umferðarlögum og sölu á búvörum skal ég upplýsa þá skoðun mína að ég tel að það sé hreingerningamál að losa úr lögum þessi hefðbundnu „þrátt-fyrir"-ákvæði sem hefur snúist um framlög ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs þar sem það hefur ekki verið notað í mörg herrans ár og ég er ekki á þeirri skoðun að það skipti nokkru einasta máli varðandi hvernig það verður til lykta leitt hver á þann sjóð þegar og ef til kemur að breyta honum í hlutafélag.

Varðandi aðra þá sjóði sem hv. þm. sá ástæðu til þess að ræða undir þessu frv. um breytingu á umferðarlögum, svo sem Listskreytingasjóð og Kvikmyndasjóð, vil ég taka það fram og af því að ég er líka í því hlutverki að vera formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs, að ég tel það engu skipta hvort inni í lögunum er einhver viðmiðun sem aldrei næst og menn eru að beiskjast út af að hafi ekki verið náð. Ég tel að málið snúist fyrst og fremst um það hve miklu fé sé veitt til þessara mála og að ég sem forsvarsmaður Kvikmyndasjóðs get ekki vikið mér undan því að taka þátt í lýðræðislegri umræðu á hverju hausti um það hve mikið fé eigi að ganga til þessa málaflokks frekar en ræða önnur þau mál sem snerta útgjaldamál ríkisins.

Síðan kom spurning frá hv. þm. um síðustu grein frv. sem fjallar um framlengingu á notkun á hagræðingarfé í mjólkuriðnaði. Þetta er vegna þess að það er settur upp ákveðinn sjóður við gerð búvörusamnings, ekki þess sem nýlega er gerður heldur sem var gerður þar á undan og þar var að mig minnir búinn til sjóður með ákveðnu gjaldi sem var myndað af mjólkuriðnaðinuum og má þá túlka sem sérstakan skatt á þá vöru í því skyni að greiða fyrir hagræðingu í mjólkuriðnaði, greiða fyrir úreldingu í mjólkurbúum og slíkt. Ég hygg að það væri ansi einkennilegt ef ætti að fara að leggja sérstakan skatt á mjólk af öllum vörum til þess að standa undir þeim góðu málum sem hv. þm. ber fyrir brjósti.

[02:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur orð um þetta frv., þennan litla bandorm eða skröltorm eða hvað sem menn kjósa að kalla það. Það má eiginlega segja að hér hafi þau tíðindi gerst að bandormurinn hafi tekið til við að fjölga sér og eigi nú afkvæmi í þessum litla bandormi eða skröltormi sem ég heyrði á göngum áðan að einhverjir voru farnir að kalla skrölta litla.

Hér eru sem sagt á ferðinni breytingar á þrennum lögum, lagaákvæðum, sem hæstv. ríkisstjórn hefur dottið í hug að standa fyrir eftir að svonefnt bandormsfrv. var lagt fram á þingi. Í samræmi við þá reglu að öll frumvörp skulu fá þrjár umræður hefur hæstv. ríkisstjórn ekki treyst sér til að leggja til að þetta yrði sett inn í bandorminn þótt henni verði ekki flökurt af smámunum og því er þetta frv. flutt, þetta viðtengi eða þessi viðbót við bandorminn.

Ég vil gera lítillega athugasemdir við 1. gr. frv. eða láta a.m.k. fyrir mitt leyti það sjónarmið koma fram að þær breytingar sem þar eru lagðar til á umferðarlögum eigi ekki að vera nema tímabundnar og taka til þess árs sem í hönd fer. Með því er ég svo sem ekki að leggja neina blessun mína yfir ákvæðin en ástæða þess að ég segi þetta, herra forseti, er sú að það liggur fyrir þinginu till. til þál. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Þetta er á borðum þingmanna í fallegu hefti með glanskápu og er afrakstur af nefndastarfi sem undirritaður tók þátt í og unnið var mestan part á síðasta ári og reyndar fram á þetta ár að gera tillögur um aðgerðir í umferðaröryggismálum og sérstaka framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum sem tæki til næstu ára og hefði það að markmiði að fækka umferðarslysum verulega. Nú liggur á borðum þingmanna afrakstur þessa nefndastarfs í formi till. til þál. um slíka áætlun og það vill svo meinlega til að 3. tölul. tillagna nefndarinnar er einmitt á þá leið að þetta umferðaröryggisgjald sem lagt er á og rennur til Umferðarráðs skuli mynda tekjustofn fyrir sérstakan sjóð sem verði stofnaður og veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Ef ég má, með leyfi forseta, aðeins vitna í skjalið, þ.e. tillöguna sem hér liggur fyrir, þá segir þar í 3. tölul.:

„Stofnaður verði sjóður sem veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Sjóðurinn geti einnig stutt áhugaverðar aðgerðir ef sýnt þykir að þær stuðli að meira umferðaröryggi, t.d. hjá sveitarfélögum. Nú er innheimt

umferðaröryggisgjald við aðalskoðun, nýskráningu og eigendaskipti hverrar bifreiðar að upphæð 100 krónur. Til að efla umferðaröryggisstarfið er lagt til að hækka gjaldið í 150 krónur. Umferðarráð nýti hluta þessarar fjárhæðar til að styrkja einstök umferðaröryggisverkefni sem áhugaverð eru" o.s.frv.

Með öðrum orðum, herra forseti, það liggur samtímis því að þetta frv. er lagt fram fyrir þinginu tillaga um að hækka þetta sama gjald og í þágu allt annarra málefna heldur en hér er um að ræða, þ.e. þetta gjald eða hækkun þess eigi að mynda tekjustofn fyrir aðgerðir í umferðaröryggismálum. Mér er mjög annt um að þessir hlutir eins og þeir voru hugsaðir af hálfu nefndar um umferðaröryggisáætlun nái fram að ganga. Það gerist ekki með samþykkt þessa frv. að þessi tekjustofn verði varanlega skertur í ríkissjóð þannig að áform þessi um aðgerðir á umferðaröryggissviðinu nái ekki fram að ganga. Ég mælist því til þess að það verði hugað að samhengi þessara tveggja mála sem hér liggja fyrir þinginu. Ég er ekki viss um að mönnum hafi kannski öllum verið ljóst að svona er í pottinn búið og í ljósi þess að mér er alveg fullkunnugt um að menn hafa hugsað sér þær tekjur sem ríkissjóður fái með samþykkt 1. gr. frv. um breytingu á umferðarlögum í tiltekin verkefni á næsta fjárlagaári þá mundi ég alveg geta sætt mig við þá málsmeðferð að það yrði lögfest sem tímabundið ákvæði, líka í ljósi þess að það er ekki búið að staðfesta áætlunina um umferðaröryggisáætlun og aðgerðir á því sviði. Það verður væntanlega til meðferðar eftir áramót og því alveg ljóst að sú áætlun kemst ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári svo að ég fer fram á að þetta samhengi hlutanna verði skoðað.

Í öðru lagi tek ég undir ákvæði 2. gr. Hér hafa verið til umfjöllunar á þingi fyrr lög um öryggi vöru og þjónustu sem með nokkrum hætti tengjast málefnum Löggildingarstofunnar og ég tek undir það sjónarmið sem hér er sett fram að það sé ástæða til að koma stjórn yfir þá stofnun. Hún fer með býsna víðtækt hlutverk og er í raun og veru samræmingaraðili varðandi öll mál sem varða þessa þætti og það er eðlilegt að yfir henni sitji þingkjörin stjórn eða stjórn einhvern veginn skynsamlega skipuð. Hér er að vísu lagt til að ráðherra skipi þrjá menn án tilnefningar sem er ekki endilega sú tilhögun sem ég hefði helst viljað sjá heldur að þingkjörin stjórn væri þarna á ferðinni. En eftir sem áður stendur það að ég held að það sé í sjálfu sér eðlilegt og til bóta að stofnun af þessu tagi hafi yfir sér stjórn.

Um 3. gr. er ástæðulaust að fjölyrða. Þar er staða mála sú að menn telja ekki lokið þeirri hagræðingu sem yfir standi í mjólkuriðnaðinum og því sé ástæða til þess að framlengja gildi þessarar lagaheimildar og í sjálfu sér geri ég ekki sérstakar athugasemdir við það.

En aðalerindi mitt hingað, herra forseti, er þetta sem ég hef fyrst og fremst eytt tíma í að ræða, þ.e. efni 1. gr. Mér finnst ekki hægt að Alþingi afgreiði hluti með þeim hætti þegar fyrir liggur tillaga um aðra ráðstöfun þessara tekna eða hækkun þessa gjaldstofns í allt öðru skyni heldur en nú er lagt til í skrölta litla þá verða menn a.m.k. að vita um þetta samhengi hlutanna. Ég óska eftir því að áður en málið verður tekið til 2. umr., verði búið að huga að þessu samhengi. Ég vek athygli á því að hvort tveggja eru stjórnarfrv. eða stjórnartillögur. Það er ekki eins og hér sé á ferðinni eitthvert ómerkilegt þingmannamál eða stjórnarandstöðugaspur, heldur liggur fyrir þinginu stjórnartillaga um þessa tilhögun varðandi álagningu umferðaröryggisgjalds. Ég held að ég sé þá fremur í því hlutverki að vekja góðfúslega athygli meiri hlutans á því að málin eru í þessu samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1996, 2. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 43, nál. 421 og 445, frhnál. 458, brtt. 422 og 456.

[03:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996. Ég vek athygli á að ég mæli einungis fyrir breytingartillögum sem eru á þskj. 422. Ég hyggst draga til baka við 2. umr. brtt. á þskj. 456 og mæli því eigi fyrir þeirri tillögu hér.

Þær breytingartillögur sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir við frv. til lánsfjárlaga eru eftirfarandi:

Í 1. lið eru lagðar til þær breytingar að upphæð lækki og 3. og 6. tölul. falli brott. Þeir flytjast í rauninni til milli greina.

Í 2. lið er lagt til að lánveitingaheimild til Rafmagnsveitna ríkisins verði hækkuð. Rafmagnsveiturnar fá lántökuheild samkvæmt frv. vegna yfirtöku á veitum. Veiturnar hafa orðið fyrir nokkrum skráveifum vegna þess að það þarf að endurnýja nokkrar línur með lagningu jarðstrengja og því er fyrirtækinu nauðsynlegt að fá auknar lántökuheimildir.

Í 3. lið er lagt til að það komi inn ný grein þar sem fjmrh. verði heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila: Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, allt að 470 millj. til skuldbreytingar eldri lána. Bæjarveitna Vestmannaeyja, allt að 24 millj. til skuldbreytingar. Lyfjabúð Háskóla Íslands, allt að 110 millj. kr. vegna kaupa á fasteigninni Austurstræti 16 í Reykjavík. Flugmálastjórn, allt að 92 millj. kr. til endurnýjunar á flugvél. Þetta er í rauninni framlenging. Ríkisútvarpið, allt að 200 millj. kr. vegna kaupa á langbylgjusendi. Þetta er liður sem fluttist til á milli greina. Loks er lagt til að Orkusjóður geti tekið lán með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, allt að 15 millj. kr. til jarðhitaleitar á þeim svæðum þar sem ástæða er til að slíkt fari fram.

Í 4. lið er lagt til að inn komi þrjár nýjar greinar. Í fyrsta lagi að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimilt að taka allt að 350 millj. kr. viðbótarlán á árunum 1995 og 1996 vegna skuldbreytinga á lausaskuldum bænda. Þetta er kunningi frá því fyrir ári síðan. Þá var við það miðað að þessi heimild yrði upp á 900 millj. en síðan kom í ljós að eftirspurnin eftir þessum skuldbreytingarlánum er meiri en svo og eftirspurnin fellur bæði til á þessu ári og því næsta. Því er nauðsynlegt að Stofnlánadeildin fái heimild til þess að taka allt að 350 millj. kr. í viðbót til að skuldbreyta lausaskuldum bænda.

Í öðru lagi er lagt til að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilt að yfirtaka allar skuldir Herjólfs hf. vegna kaupa á ferjunni Herjólfi. Hér er loksins komið að því að menn horfist í augu við þann vanda sem Herjólfur hf. hefur átt við að glíma vegna fjármögnunar á ferjunni milli lands og Eyja. Þetta er ákveðið hreingerningamál sem er nauðsynlegt að sé á hreinu.

Í þriðja lagi er lagt til að fjmrh. verði fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Meiningin með þessu er að koma til móts við fjármagnsmarkaðinn og auðvelda starf viðskiptavaka þar sem viðskipti með þessi bréf, sérstaklega á eftirmarkaði, verða þjálli þegar flokkarnir eru stærri.

Síðan er í 5. lið lagt til að lántökuheimildir sem Stofnlánadeildin fær á árunum 1995 og 1996 eigi við einnig á árinu 1995. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt sé að nýta þessar heimildir á yfirstandandi ári eins og á því næsta. En að sjálfsögðu er meginefni frv. eins og nafn þess gefur til kynna um lánsfjárbúskap ríkissjóðs á árinu 1996.

[03:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga á þskj. 445. Undir það rita auk mín þeir hv. þm. Ágúst Einarsson og Steingrímur J. Sigfússon. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi efh.- og viðskn. í þessu máli sem áheyrnarfulltrúi lýsir sig samþykka áliti minni hlutans.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður með því að rekja þá gagnrýni sem fram kemur í nefndarálitinu á þá lausbeisluðu og ómarkvissu stefnu sem okkur sýnist birtast í frv. til lánsfjárlaga. Þar er drepið á staðreyndum um hina hrikalegu skuldasöfnun sem enn heldur áfram á vegum ríkisins og athygli vakin á því að á undanförnum árum hefur verulegur árangur náðst á grundvelli aukins stöðugleika, bæði vegna þess að það hefur dregið úr skuldasöfnun fyrirtækja og eins hins að þótt skuldasöfnun heimila sé vissulega alvarleg og hafi farið vaxandi, þá eru ýmis merki þess að það versta sé afstaðið þar. En það er í þessum samanburði staðreynd að ríkisbúskapurinn er áberandi verst staddur að því er varðar aðhaldssemi og ráðdeild í rekstri. Skuldasöfnunin þar er mest og fer vaxandi.

Í ljósi þess að umskipti hafa orðið til hins betra í efnahagsmálum almennt er augljóst að aðhaldssemi er nauðsynleg, sérstaklega í ljósi þess hve ríkisfjármálin hvíla á veikum grunni. Útgjaldaþenslan er það mikil og hallarekstur heldur þar áfram og því hefði verið nauðsyn á því að aukin aðhaldssemi hefði birst í frv. til lánsfjárlaga og að þeim tækjum á sviði peningamála sem hér er verið að fjalla um, yrði beitt til frekari aðhaldssemi. Því er heldur ekki að heilsa.

Að því er varðar einstök mál, þá vekjum við athygli á nokkrum þeirra og þá sérstaklega á þeirri staðreynd að skuldavandi, uppsafnaður til margra ára varðandi málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er óleystur og engin viðleitni uppi af hálfu núverandi ríkisstjórnar til þess að taka á því máli. Enn fremur vekjum við athygli á skuldastöðu Byggingarsjóðs verkamanna og háskalegri stöðu hans sem blasir við ef ekki verður um aukin framlög að ræða. Að öðrum kosti þarf að hækka vexti af lánum ef sjóðurinn á ekki að lenda í fyrirsjáanlegu greiðsluþroti.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en vísa til nefndarálitsins um frekari rökstuðning fyrir afstöðu okkar sem er sameiginleg af hálfu minnihlutaflokkanna.

Að því er varðar fram komna brtt. á þskj. 456 frá meiri hluta efh.- og viðskn. og framhaldsnefndarálit á þskj. 458 sem varðar tillögu um ríkisábyrgð til einkaaðila, fyrirtækisins Spalar hf., þá vil ég taka það fram að þetta mál kom ekki fram fyrr en minni hlutinn hafði lokið umfjöllun um málið og skilað nefndaráliti sínu. Samkomulag er orðið um að þetta mál er tekið til baka til 3. umr. svo sem rök standa til. Ég mun því ekki við þessa umræðu ræða það mál frekar en læt mér nægja að lýsa því yfir að við teljum þetta stórlega gagnrýni vert en munum rökstyðja það við 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 03:12.

---

74. FUNDUR

fimmtudaginn 21. des.,
kl. 9.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, frv., 259. mál, þskj. 436. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 215. mál, þskj. 289, nál. 439, brtt. 440. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 241. mál, þskj. 323, nál. 427 og 442. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 225. mál, þskj. 306, nál. 437 og 443, brtt. 438, 444 og 455. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lánsfjárlög 1996, stjfrv., 43. mál, þskj. 43, nál. 421 og 445, frhnál. 458, brtt. 422 og 456. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens, þáltill., 256. mál, þskj. 433. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
7. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands, þáltill., 257. mál, þskj. 434. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
8. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands, þáltill., 258. mál, þskj. 435. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
9. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 119. mál, þskj. 448. — 3. umr.
10. Bjargráðasjóður, stjfrv., 125. mál, þskj. 143. — 3. umr.
11. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 253. mál, þskj. 406. — 3. umr.
12. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 240. mál, þskj. 322. — 3. umr.
13. Hagræðing í ríkisrekstri, frv., 262. mál, þskj. 457. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:35]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6.–8. og 13. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 259. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 436.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (lánstími húsbréfa o.fl.). — Þskj. 289, nál. 439, brtt. 440.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:38]
Brtt. 440,1 (ný 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 440,2 (ný 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Framsóknarmenn boðuðu fyrir kosningar skuldbreytingu aldarinnar fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. Frv. hæstv. félmrh. þrengir verulega þá aðstoð sem verið hefur við fólk í greiðsluerfiðleikum frá 1993 og það mikið að einungis 20% þeirra sem hafa fengið fyrirgreiðslu frá árinu 1993 hefðu fengið fyrirgreiðslu ef tillögur ráðherrans hefðu verið í gildi frá því ári. Hv. félmn. kom í veg fyrir afglöp ráðherrans og með brtt. félmn. eru greiðsluerfiðleikalán færð til þess horfs sem þau hafa verið frá 1993. Hæstv. ráðherra sagði í gær að hann væri afar ánægður með þessar breytingar og það er auðvitað viðurkenning á þeirri stefnu og aðstoð sem verið hefur við fólk í greiðsluerfiðleikum frá 1993. Ég lýsi mig einnig afar ánægða með þessa brtt. og segi já.

[09:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Með þessari grein er verið að taka af öll tvímæli um að sú stefna sem Alþfl. hefur haft í þessu máli reyndist rétt vera vegna þess að fyrir tilstilli hæstv. félmrh. er nú verið að lögfesta þá stefnu. Því segi ég já við þessari grein.

Brtt. 440,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 440,4 (ný 6. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (úreldingarstyrkur krókabáta). — Þskj. 323, nál. 427 og 442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:42]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG*, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (JóhS, KHG, KÁ, RA, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. í nál. 427 (ný 2. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1996, frh. 2. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 43, nál. 421 og 445, frhnál. 458, brtt. 422.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:45]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 422,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 422,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, JBH, LB, MF, PHB, RG, SAÞ) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 456 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 422,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, ÖJ) fjarstaddir.

5.–9. gr. (verða 6.–10. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 422,4 (þrjár nýjar greinar, verða 11.–13. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 422,5 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

10. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, SP) fjarstaddir.

11. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GÁS, GGuðbj, HBl, IP, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, KÁ, KH, RA, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, ÖJ) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 306, nál. 437 og 443, brtt. 438, 444 og 455.

Umræðu frestað.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 256. mál. — Þskj. 433.

og

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 257. mál. — Þskj. 434.

og

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 258. mál. — Þskj. 435.

[09:52]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þeim þremur þáltill. sem á dagskrá hafa verið teknar. Hér er um að ræða till. um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Eystrasaltsríkjanna, Litáens, Lettlands og Eistlands hins vegar.

Fram skal tekið að málsmeðferð varðandi þessar tillögur er eilítið óvenjuleg. Fyrir utanrmn. hafa legið þáltill. um fullgildingu tveggja tvíhliða samninga milli Íslands annars vegar og Litáens og Lettlands hins vegar. Frá því að þeir samningar komu fram hafa hins vegar verið gerðir fjölþjóðasamningar milli EFTA og þessara tveggja ríkja en einnig Eistlands. Þar sem tími er naumur og mikil áhersla er á það lögð bæði af viðskiptalegum en ekki síður af pólitískum ástæðum að ljúka þessum samningum hefur orðið samstaða um að utanrmn. flytti þessar tillögur til fullgildingar í stað þess að þær kæmu frá ríkisstjórninni eins og venja er og eins og alla jafna eðlilegast er.

Þessir fríverslunarsamningar eru með hefðbundnum hætti. Þar er um að ræða ákveðna aðlögun að fríverslun með fisk, svo nefndir séu helstu hagsmunir Íslands, mislanga í hverju tilfelli og reyndar enga að því er varðar Eistland.

Samningarnir skipta Eystrasaltslöndin miklu máli og þessi ríki hafa lagt þunga áherslu á að geta lokið samningum sem þessum við ríki EFTA. Þess vegna er eðlilegt að við Íslendingar, sem staðið höfum framarlega í flokki ríkja sem stutt hafa við bakið á Eystrasaltslöndunum, kostum kapps um að fullgilda þessa samninga sem fyrst.

Utanrrh. gerði Alþingi grein fyrir efni tvíhliða samninganna milli Íslands og Lettlands og Litáens þegar þeir komu hér til umræðu og efnislega má segja að fjölþjóðasamningurinn sé eins. Í samningnum milli EFTA og Litáens er gert ráð fyrir sjö ára aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla á söltuðum, þurrkuðum og reyktum fiskafurðum frá Íslandi miðað við hins vegar níu ára aðlögunartíma í tvíhliða samningnum. Jafnframt er 340 tonna tollfrjáls kvóti fyrir saltsíld frá Íslandi sem tekur gildi fyrsta ár fríverslunarsamningsins og stækkar um 40 tonn á ári. Litáen fær aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla á vissum iðnaðarvörum frá EFTA en slíkur aðlögunartími var hins vegar ekki í tvíhliða samningnum.

Fjölþjóðlegi fríverslunarsamningurinn milli EFTA og Lettlands er sömuleiðis nær samhljóða tvíhliðasamningnum. Fjögurra ára aðlögunartími gildir fyrir niðurfellingu tolla á vissum fiskafurðum frá Íslandi en þó þannig að tollurinn lækkar um þriðjung eftir tvö ár og á ný um þriðjung eftir þrjú ár en fellur alveg niður eftir fjögur ár. 200 tonna tollfrjáls kvóti fyrir saltsíld frá Íslandi verður í gildi árlega á aðlögunartímanum og gert er ráð fyrir endurskoðun hans með stækkun í huga. Eins og fram hefur komið í máli mínu gerir fríverslunarsamningurinn milli EFTA og Eistlands ráð fyrir fullri fríverslun með fiskafurðir og sömuleiðis iðnaðarvörur strax frá gildistöku hans.

Ég vil leggja áherslu á að þessu máli verði lokið hér í dag, virðulegi forseti. Ég þakka meðnefndarmönnum mínum í utanrmn. fyrir að hafa fallist á þá málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Það er að sjálfsögðu gert í ljósi þeirra aðstæðna sem lýst hefur verið en ekki síst vegna þess að nefndin og auðvitað þingið allt, vona ég, vill undirstrika stuðning sinn í verki við baltnesku löndin þrjú.

Það liggja hins vegar fyrir fleiri samningar af þessu tagi en þeim verður komið til afgreiðslu á Alþingi með hefðbundnum hætti eftir áramót. Það er ekki gerð tillaga um það, virðulegi forseti, að þessu máli verði vísað til nefndar þar sem það er nefndin sem flytur tillögurnar. Hins vegar er lagt til að tillögunum verði vísað til síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens, frh. fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 256. mál. — Þskj. 433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:57]

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands, frh. fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 257. mál. — Þskj. 434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:58]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands, frh. fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 258. mál. — Þskj. 435.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:58]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 448.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:00]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MF, RG, SighB, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 466).

Bjargráðasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 143.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:00]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
16 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MF, RG, SighB, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 467).

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 253. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:01]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
16 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MF, RG, SighB, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 468).

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 240. mál (sóknardagar krókabáta). — Þskj. 322.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:02]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
16 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MF, RG, SighB, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 469).

Um fundarstjórn.

Frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

[10:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir svo sem einni mínútu eða svo var verið að samþykkja lög um Bjargráðasjóð. Þau gera það að verkum að mínum dómi að sú tillaga sem mun koma til afgreiðslu hér í ráðstöfunum um ríkisfjármál og snerta Bjargráðasjóð er þar með óþörf. Ég vil vekja athygli forseta á því að ég tel að sá kafli eigi ekki að koma til atkvæða hér á eftir vegna þess að það er þegar búið með lögum að taka þá ákvörðun sem hér er verið að leggja til.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta verður tekið til athugunar.)

[Fundarhlé. — 10:03]

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 306, nál. 437 og 443, brtt. 438, 444 og 455.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:23]

Brtt. 444,1 felld með 33:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða sú fyrsta af mörgum brtt. sem við gerum við sambærileg ákvæði þessa frv., þ.e. að í staðinn fyrir að um varanlega lagabreytingu verði að ræða sem kveði á um aðra tilhögun ríkisframlaga en verið hefur eða er í gildandi lögum komi heföbundið skerðingarákvæði sem taki eingöngu til þess fjárlagaárs sem í hönd fer. Við leggjum því til að þetta orðist með þeim hætti og það tengist afstöðu okkar til málsins í grundvallaratriðum að það sé óeðlilegt að standa að lagasetningunni með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn leggur til, þ.e. að gerð verði varanleg breyting, stefnumarkandi breyting í mörgum tilvikum, á fjölmörgum lagaákvæðum í bandormsfrv. af þessu tagi. Þessi atkvæðaskýring vísar því til annarra sambærilegra brtt. sem koma hér fram við allmargar greinar í frv. á eftir.

[10:22]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki vakið nægilega mikla athygli að í þessu frv. eru tillögur um að skerða varanlega tekjustofna fjögurra mjög mikilvægra menningarstofnana.

Það er í fyrsta lagi Listskreytingasjóður sem hér kemur til atkvæða.

Í öðru lagi Kvikmyndasjóður.

Í þriðja lagi tekjustofn Ríkisútvarpsins sem útvarpið hefur að vísu ekki séð mikið af á undanförnum árum en það kemur ekkert í staðinn. Engin tillaga um neitt annað í staðinn.

Í fjórða lagi veigamikil brtt. við þjóðminjalögin sem snertir húsafriðunarsjóð.

Það er nauðsynlegt að vekja rækilega athygli á því, hæstv. forseti, strax við þessa atkvæðagreiðslu að í þessum fjórum tillögum felst mjög alvarleg atlaga að menningarstarfsemi í landinu sem óhjákvæmilegt er að ræða í öðru samhengi og betra tómi en hér gefst.

1. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, ÍGP, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:24]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um till. sem felur í sér skerðingu á framlögum til einnar helstu vaxtargreinar í íslensku samfélagi. Þá er verið að tala um kvikmyndagerð. Við erum þar að tala um atvinnugrein sem að vísu nýtur innlendra styrkja ...

(**Forseti** (ÓE): Nei, það er með 1. gr. frv. Það er ...)

(**Gripið fram í:** Hann er líka með listskreytinguna.)

Það er verið að tala hér um fjóra sjóði. Það er Listskreytingasjóður, Kvikmyndasjóður og húsafriðunarsjóður, ég geri mér grein fyrir því. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að því er varðar þá 2. gr. frv. að hún lýsir afstöðu stjórnvalda á þann veg að þeir hafi lítið vit á viðskiptum. Ég tek þetta þá út fyrir fram með því að gera grein fyrir atkvæði mínu við allar þrjár atkvæðagreiðslurnar og segi nei.

Brtt. 444,2 felld með 34:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, ÍGP, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um skerðingu á tekjustofnum til Kvikmyndasjóðs. Ég tel þetta stefnu sem á engan hátt er réttlætanleg. Hér er ekki einungis verið að skerða tekjustofna til eins mesta vaxtarbroddar í íslensku þjóðlífi. Fjármagn til þessa þáttar er einfaldlega góð fjárfesting. Við 2. umr. fjárlaga voru felldar tillögur um aukið fé í þennan málaflokk. Ég vil vekja athygli á því að enn getur þingheimur bætt um betur við lokaafgreiðslu fjárlaga og veitt aukið fé í þennan mikilvæga málaflokk. Ég segi já.

[10:26]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Varðandi þá grein sem hér er verið að greiða atkvæði um og varðar Kvikmyndasjóð vil ég vekja athygli á því að framlög miðast við fjárlög eins og þau eru árið 1995. Ég vek sérstaka athygli á því og bendi hv. þm. á þær brtt. sem fela það í sér að framlög verða þau sömu og á þessu ári. Hv. þm. Alþfl. geta þá áttað sig á því að þeir samþykktu sömu upphæð vegna fjárlaga 1995 og hér er verið að fjalla um í væntanlegum fjárlögum. Ég segi já.

2. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, HjálmJ, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilega nauðsynlegt að vekja athygli á því að í þessum tillögum, m.a. þeirri sem verið er að greiða atkvæði um hér, felst varanleg skerðing á Kvikmyndasjóði. Hér er um að ræða róttækustu breytingu sem gerð hefur verið á lögunum um Kvikmyndasjóð frá því þau voru sett. Það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur því að hér er ekki um að ræða takmarkaða, tímabundna skerðingu sem stendur bara skamma tíð heldur er verið að skerða hér tekjustofna Kvikmyndasjóðs til frambúðar. Það er nauðsynlegt að mótmæla sérstaklega þessari stefnu í menningarmálum sem fylgt er undir forustu núv. hæstv. menntmrh.

Brtt. 444,3 felld með 35:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, GÁ, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 444,4 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÁ, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, StG) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 36:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, JóhS, JBH, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um breytingar á þjóðminjalögum. Þessi grein felur í sér að ríkið skyldar sveitarfélögin áfram til að leggja sitt fram. Þó ætlar ríkið að haga sér eins og því sýnist. Það ætlar ekki að standa við sitt, eins og því ber samkvæmt núgildandi lögum. Þetta er að mínum dómi óviðunandi framkoma við sveitarfélögin og þýðir því miður að framlög til húsafriðunar verða áfram skorin niður, miðað við núgildandi lög. Ég er á móti þessari framkvæmd. Ég tel að það sé þörf á að styðja húsafriðun, hún er atvinnuskapandi og stuðlar að varðveislu menningarverðmæta, því greiði ég atkvæði gegn þessari tillögu.

Brtt. 444,5 felld með 35:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HÁs*, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

6. gr. samþ. með 35:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, HG, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 444,6 felld með 36:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LB, MS, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

12.–14. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: KHG.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 444,7 felld með 35:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 35:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, EOK, GÁS, KÁ, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 444,8 felld með 37:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG*, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

17. gr. samþ. með 36:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 444,9 felld með 36:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 455,1 (ný síðari efnismgr. 18. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu er verið að koma til móts við þá hörðu gagnrýni sem kom fram á þau áform hæstv. dómsmrh. og ríkisstjórnarinnar að skerða verulega bætur til brotaþola. Við kvennalistakonur munum styðja þessa tillögu en við viljum láta koma skýrt fram að engin breyting hefur orðið á afstöðu okkar og við hörmum að farið skyldi út í að breyta núgildandi lögum. Við munum að sjálfsögðu beita okkur fyrir því að breyting verði á og horfið verði aftur til þeirrar samþykktar sem Alþingi gerði einróma á sl. vetri.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í brtt. sem áðan voru greidd atkvæði um, 9. tölul. á þskj. 444, kom fram afstaða minni hluta efh.- og

viðskn. Hún er sú að við viljum að þessi ákvæði falli út úr frv. og lögin gildi óbreytt eins og þau voru sett á Alþingi á sl. vetri. Hins vegar er það svo að brtt. sú á þskj. 455 sem hér er til atkvæða er tvímælalaust til bóta frá því sem í frv. stendur, þar sem dregið er verulega úr þeirri skerðingu á bótaábyrgðinni sem í upphaflega frv. felst. Við styðjum brtt. þar sem hún er í rétta átt og lagfærir málið. Það breytir þó engu um þá grundvallarafstöðu okkar að helst hefðum við viljað sjá lögin ganga í gildi óskert.

[10:42]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í seinustu atkvæðagreiðslu kom fram afstaða stjórnarandstöðuflokkanna allra að því er varðar þetta mál. Brtt. var á þá leið að ákvæði laga um fullar og óskertar bætur til þeirra sem eru þolendur afbrota kæmu í gildi. Þar með var verið að andmæla þeirri tillögu hæstv. dómsmrh. við fjárlagaafgreiðslu að fresta gildistöku þeirra laga. Um þetta mál hefur mikið verið tekist á og niðurstaðan er sú málamiðlun sem hér er lýst. Hún er þó skárri hlutur en það sem fyrir lá vegna þess að henni er þannig lýst að í staðinn fyrir að 70% af upphaflegum réttindum sem lögin ákváðu til þolenda slíkra afbrota væru skert. Það má segja að með brtt. sem samkomulag hefur tekist um séu 70% af upphaflegum réttindum endurreist. Sjötíu prósent réttlæti er betra en ekkert réttlæti. Ég segi já.

[10:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég harma þá niðurstöðu að brtt. minni hlutans sem áðan voru greidd atkvæði um var felld. Hins vegar horfir þessi brtt. meiri hlutans, sem hér eru greidd atkvæði um, til bóta. Þessu máli er ekki þar með lokið. Við munum beita okkur fyrir því að gerðar verði breytingar á þessum lögum og þau færð í upprunalegt form. Ég segi já.

18. gr., fyrri efnismgr., samþ. með 36:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

9 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

19. gr. samþ. með 35:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, GÁ, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 455,2.a (ný 20. gr., a-liður) samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 455,2.b (ný 20. gr., b-liður) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 438,1 (21. gr. falli brott) samþ. með 42:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: GE, GGuðbj, HG*, JóhS, KÁ, KH, ÓRG, RA*, SighB, ÖS.

11 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GHall, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

22. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 33:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, KÁ, KH.

15 þm. (ÁE, BH, GE, HG, JóhS, JBH, KHG, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 444,10 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GGuðbj) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GHall, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

23. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ, SF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að skerða framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra um 133 millj. kr. Um það hefur verið sátt hér í þingsölum milli allra stjórnmálaflokka þrátt fyrir efnahagsþrengingar á undanförnum árum að skerða ekki framlög í þennan mikilvæga sjóð. Nú ber svo við að þrátt fyrir að við séum að sigla út úr þessari efnahagskreppu að mati ríkisstjórnarinnar ætlar hún að skerða framlög í þennan sjóð um 133 millj. kr. Þetta sýnir vel hug ríkisstjórnarinnar til málefna fatlaðra sem eiga svo mikið undir því komið að þingmenn hafi skilning á því að skerða ekki framlögin í þennan sjóð. Ég segi nei.

[10:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Meginatriðið er það að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur til ráðstöfunar á næsta ári 337 millj. kr., þ.e. 7 millj. kr. meira en hann hafði í ár. Ég segi já.

Brtt. 444,11 kölluð aftur.

24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 34:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, JóhS, JónK, KHG, LMR, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

25.–27. gr. (verða 24.–26. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, JóhS, JónK, KHG, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 444,12 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Efni þessar brtt. er það að 28. gr. falli brott. Það er í samræmi við þá afstöðu okkar að leggjast gegn því að rofið sé það samhengi atvinnuleysisbóta og reyndar einnig elli- og örorkulífeyrisgreiðslna við launaþróun í landinu sem frv. felur í sér. Við teljum að það hafi ekki verið færð fram nein sannfærandi rök fyrir því að þetta sé skynsamleg eða farsæl breyting. Það er því okkar meginafstaða að leggja til að þessar greinar, 28. gr., 35. gr. og önnur ákvæði í frv. sem eru sambærilegs eðlis og tengjast breytingunni falli brott. Við leggjum þess vegna áherslu á að þetta verði samþykkt.

[10:55]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. 28. gr. og 35. gr. eru einar mikilvægustu greinar þessa bandorms. Það er ástæða til að rifja það upp að frá því að verkalýðshreyfingin knúði það fram með langvinnum verkfallsátökum að taka upp atvinnuleysistryggingar hefur það verið svo að ákveðin tengsl hafa verið milli kjarasamninga og lágmarksréttinda atvinnuleysisbóta. Núv. hæstv. ríkisstjórn er að leggja tvennt til. Í fyrsta lagi að rjúfa þessi tengsl og í annan stað, í fyrsta sinn að leggja Atvinnuleysistryggingasjóði ekki til einn einasta eyri í framlagi heldur leggja á sérstakan skatt. Að því er þetta varðar þá leggjum við til, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að þessi grein falli brott og að við viðhöldum þeirri grundvallarreglu að atvinnuleysisbætur eigi að vera tiltekið hlutfall og hafa traust af tilteknum kjarasamningum í launum. Afstaða okkar er þess vegna sú að flytja brtt. um að greinin falli brott. Niðurstaðan varð hins vegar samkomulag um að með breytingu á orðalagi verði tiltekinni viðmiðun haldið. Ég segi já við brtt.

Brtt. 455,3 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að gera breytingu á viðmiðun atvinnuleysisbóta og er nú skírskotað til launa, verðlags og efnahagsþróunar. Ég geng út frá því að þessi breyting muni ekki hafa í för með sér neina skerðingu frá fyrra fyrirkomulagi og í trausti þess segi ég já.

28. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EKG, EOK, GE, GÁS, GMS, HBl, JónK, LB, MF, RG, SAÞ, SF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:58]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari lagagrein er í raun verið að rjúfa tengsl atvinnuleysisbóta við launaþróun og festa tölur í

lögum sem síðan þarf væntanlega að breyta árlega. Nær væri að ákveðnar reglur gildi um að atvinnulausu fólki sé tryggður ákveðinn réttur. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa þó komið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar. En eftir stendur að það er verið að rjúfa þessi tengsl. Því kýs ég að greiða ekki atkvæði.

29. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, BBj, DO, EKG, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég greiði ekki atkvæði um þessa grein en vil láta það koma fram við þessa atkvæðagreiðslu að ríkisstjórnin gerði tillögu um að rjúfa algjörlega tengslin milli atvinnuleysisbóta og annarra efnahagsþátta. Hún hopaði í málinu fyrir þrýsting frá stjórnarandstöðunni. Það er mikilvægt að undirstrika það og skoða þessa grein og niðurstöðuna að því er varðar atvinnuleysisbæturnar með hliðsjón af 35. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að takmarka þessa viðmiðun um takmarkaðan tiltekinn tíma. Þess vegna er ekki um það að ræða að verið sé að rjúfa að fullu tengsl atvinnuleysisbóta og annarra efnahagsstærða í landinu.

Brtt. 444,13 felld með 35:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er gerð tillaga af hálfu minni hlutans um að Alþingi felli tillögur meiri hlutans sem fela í sér að byrjað verði á að setja fjármagnstekjuskatt á lífeyrisþega áður en sett eru lög um fjármagnstekjuskatt. Landssamband fatlaðra hefur fært sannfærandi rök fyrir því að hér geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða og hefur í bréfi til Alþingis upplýst að fatlaðir muni leita álits umboðsmanns Alþingis á því hvort svo sé, verði tillaga meiri hlutans samþykkt. Verði hún felld og vilji meiri hlutans nær fram að ganga við þessa atkvæðagreiðslu mun ég, ásamt fleiri þingmönnum, fresta því til 3. umr. málsins að flytja brtt. þess efnis að tillagan komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt.

Brtt. 438,2 samþ. með 52 shlj. atkv.

30. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að setja í lög að fjármagnstekjur skerði bætur almannatrygginga. Ég vil mótmæla þeim óstöðugleika og sífelldum breytingum sem gerðar eru á reglum sem gilda um kjör lífeyrisþega og valda þeim bæði vanlíðan og óöryggi. Sérstaklega gildir það um fjármagnstekjuskattinn vegna þess að tillit er tekið til tekna ársins í ár. Lífeyrisþegar vissu ekki um að þarna yrði tekið tillit til fjármagnstekna. Einn hópur verður sérstaklega illa úti. Það eru þeir sem hafa fengið miskabætur eða slysabætur í eingreiðslu, sem eiga að duga þeim út ævina, og setja hana þá auðvitað til ávöxtunar og fá þar af fjármagnstekjuskatt sem skerðir síðan örorkubætur þeirra. Ég tel mjög mikilvægt að það verði tekið tillit til þessa hóps varðandi fjármagnstekjuskattinn og að ekki eigi að taka hann upp fyrr en fjármagnstekjuskattur er kominn á alla í landinu. Ég segi nei.

Brtt. 455,4 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 438,3 (ný grein, verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JBH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (JóhS, KÁ, KH, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EKG, FI, GE, GÁS, HG, ÍGP, JónK, KHG, LB, MF, RG, SighB, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 444,14 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM*, ÁRJ, BH, EgJ*, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

31. gr. samþ. með 32:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, HBl, JónK, LB, MF, RG, SAÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við erum hér að fjalla um frv. sem varðar ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir næsta ár. Í greinargerð fjmrn. með þessari grein kemur fram að þetta skiptir engu máli og skapar engan sparnað fyrir ríkissjóð. Þess vegna á þetta ekki heima hér og skiptir engu máli fyrir ríkisfjármálin. Jafnframt hefur komið fram í umræðum hér að hæstv. heilbrrh., sem er höfundur greinarinnar, hefur ekki getað skýrt með fullnægjandi hætti við hvaða hópa hún á. Ýmist hefur hún sagt hana eiga við atvinnurekendur eina eða atvinnurekendur og einhverja fleiri. Það hefur aldrei fengist upp, þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan í þessum þingsölum, við hvaða hópa þetta á nákvæmlega og þess vegna segi ég nei.

32. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 444,15 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

33.–34. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, DO, EKG, GÁS, JónK, LB, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 438,4 kölluð aftur.

Brtt. 444,16 felld með 34:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, JBH, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Með 35. gr. bandormsins er lögð til grundvallarbreytingu á velferðarþjónustu í íslensku samfélagi. Lagt er til að rofin verði tengsl milli ákvörðunar lífeyrisbóta og annarra bóta og launa sem gilt hafa lengi. Þau hafa hingað til verið miðuð við tiltekna umsamda launavísitölu, þ.e. allmarga launataxta, samkvæmt þeirri hugsun að afkoma lífeyrisþega væri í samræmi við launaþróun í landinu. Eins og með atvinnuleysisbætur var það tillaga ríkisstjórnarinnar að rjúfa þessi tengsl og gera þannig, í bandormi rétt fyrir jól, grundvallarbreytingu á hefðbundnum réttindum þessa fólks, annars vegar atvinnuleysingjum og hins vegar lífeyrisþegum. Við leggjum þess vegna til að greinin verði felld, fyrir utan að við andmælum harðlega því lagafúski að koma með þvílíkar grundvallarbreytingar í réttindalöggjöfinni í lögum af þessu tagi. Við leggjum til að greinin verði felld og ég segi nei.

[11:10]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er lagt til afnám tengingar almannabóta við þróun launa og verðlags. Segja má að þetta sé aðalatriðið í bandorminum. Stjórnarandstaðan leggur til að þessi ákvæði verði felld brott út frv. Tillaga meiri hlutans, sem kemur hér síðar til atkvæða, bætir þetta að nokkru leyti með sólarlagsákvæði eða ákvæði til bráðabirgða. Þrátt fyrir það er hér um að ræða mjög alvarlega atlögu að velferðarkerfinu og þeirri hugsun sem við höfum búið lengi við og reynst vel. Ég segi já.

Brtt. 455,5 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, EKG, FI, GÁS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Meginafstaða minni hlutans til þessa máls kom fram í brtt., sem kom til atkvæða áðan, um að fella út þetta ákvæði úr lögunum. Það hefur hefur hins vegar gerst, eins og sést á brtt. á þskj. 455, 5. tölul., að meiri hlutinn hefur komið verulega til móts við gagnrýni okkar í þessu sambandi og er því flutt brtt. um að annars vegar færist þetta ákvæði frv. yfir í ákvæði til bráðabirgða, tímabundið ákvæði sem einungis gildi á árunum 1996 og 1997. Áfram standi í löggjöf þau ákvæði sem verið hafa og tengt hafa upphæðir þessara bóta við launaþróun. Enn fremur kemur í b-lið brtt. sambærilegt ákvæði og sett var inn í 28. gr., um ákvörðun upphæða atvinnuleysisbóta. Þ.e. að við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni skuli hafa til hliðsjónar varðandi ákvörðun um upphæð bótanna þróun launa, verðlags og efnahagsmála. Við teljum þessar breytingar hvorar tveggja verulega til bóta. Enn fremur má benda á að upphæðir bótanna á árinu 1996 verða þegar ákvarðaðar með fjárlögum nú, þannig að þetta ákvæði hefur fyrst og fremst gildi í eitt ár, þ.e. á árinu 1997.

[11:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að gera breytingu á viðmiðun lífeyris- og tryggingabóta og er nú skírskotað til launa, verðlags og efnahagsþróunar. Ég geng út frá því að þessi breyting muni ekki hafa í för með sér neina skerðingu frá fyrra fyrirkomulagi og einvörðungu á þeirri forsendu segi ég já.

[11:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að undirstrika það að sú breyting sem hér er verið að gera er veruleg framför frá því sem til stóð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hún hefur hopað á hæli í þessu máli a.m.k. hálfa leið af eftirfarandi ástæðum: Í fyrsta lagi þeirri að fjármunir eru tryggðir til bóta almannatrygginga eins og horfur eru fyrir árið 1996 samkvæmt fjárlagafrv. sem liggur fyrir. Í öðru lagi er ljóst að sú breyting sem hér er verið að gera mun í mesta lagi hafa áhrif á árinu 1997, en í upphafi þess verða gerðir nýir kjarasamningar. Þá er þetta mál bæði á borði Alþingis og líka verkalýðshreyfingarinnar. Í þriðja lagi er það þannig, það er grundvallaratriði málsins, að gildandi ákvæði þessa máls vakna á ný til lífsins og til viðmiðunar fyrir almannatryggingabætur í síðasta lagi frá og með 1. jan. 1998. Það er ávinningur í málinu og þess vegna styð ég þetta.

[11:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er verið að ræða um brtt. við grein sem í felst ákveðin stefnubreyting. Verið er að rjúfa tengsl milli eðlilegs samhengis launa og bóta. Brtt. er vissulega til bóta en stefnan er lögfest eftir sem áður og hún gildir út árið 1997, þrátt fyrir að taka á tillit til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þar að auki lít ég svo á að ekki sé tryggt að þær breytingar sem verða á launum á næsta ári, m.a. desemberuppbót, skili sér til bótaþega fyrr en eftir á. Þannig felst í þessu ákveðin breyting þó að ríkisstjórnin hafi vissulega komið til móts við þau sjónarmið sem stjórnarandstaðan setti fram. Því kýs ég að greiða ekki atkvæði með þessari tillögu.

35. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ*, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Með því að greiða atkvæði með þessari lagagrein er verið að lögfesta alvarlega atlögu að lífeyrisþegum og í raun er verið að binda hendur heilbrrh. sem getur þá ekki hækkað bætur meira en um 3% á árinu. Þó má segja að ríkisstjórnin hafi að hluta til komið til móts við stjórnarandstöðuna og hörð mótmæli hagsmunasamtaka lífeyrisþega í þessu máli og skal það virt en ég kýs að greiða ekki atkvæði.

[11:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að ræða þessi mál betur við 3. umr. vegna þess að það kemur fram augljós misskilningur í atkvæðagreiðslunni. Í síðustu atkvæðagreiðslu vorum við að greiða atkvæði um brtt. eins og hún lá fyrir en núna kemur efnisgreinin fyrst til atkvæða og hún kveður ekki á um það, eins og fram kom áðan, að hækkunarheimildin sé takmörkuð við 3%. (**ÁRJ:** Það er greinin sjálf.) Hún kemur ekki þannig til atkvæða heldur verða menn að lesa þessa hluti í samhengi. (**ÁRJ:** Að sjálfsögðu.) Því er nauðsynlegt að átta sig á því að þessi takmörkun liggur ekki í 3%. Og ég skora á hv. þm. að átta sig á því að hæstv. fjmrh. má ekki og getur ekki túlkað vilja löggjafans með þeim hætti að þessi hækkunarheimild sé takmörkuð við 3%. Það verður að vera alveg skýrt.

En í tilefni af þessu, hæstv. forseti, sýnist mér augljóst að ræða verði þessi mál ítarlega við 3. umr. málsins.

36. gr. samþ. með 32:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, KH, RA, ÖJ, ÖS.

6 þm. (BH, ÓRG, SighB, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, HBl, HG, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, SP, TIO) fjarstaddir.

37.–39. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,17 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, GE, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj*, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, SP, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

40.–44. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,18 felld með 33:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

45. gr. samþ. með 33:16 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GE, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 444,19 felld með 33:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

46. gr. samþ. með 33:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,20 felld með 34:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því að verið er að greiða atkvæði um breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustu. Minni hlutinn leggur til að þessar greinar verði felldar brott. Röksemdin er m.a. sú að slík ákvæði eiga einfaldlega ekki heima í bandorminum, þar sem verið er að tengja mál afgreiðslu fjárlaga. Þessi mál, ásamt ýmsum fleiri sem eiga eftir að koma til atkvæða, eiga heima við heildarendurskoðun og þá í sérstöku frv. sem fá eðlilega þinglega meðferð á Alþingi. Það er ekki boðið upp á það við þessa afgreiðslu. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 438,5 (ný 47. gr.) samþ. með 34:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, GE, JBH, SighB, ÖS.
13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, JóhS, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 438,6 samþ. með 50 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
49.–50. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

51. gr. samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: SvG, ÖS.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, KPál, LB, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,21 felld með 34:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

52.–53. gr. samþ. með 34:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,22 felld með 34:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

54. gr. samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,23 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, StG, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi gr. frv., 55. gr., tengist þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á þingi að skerða framlög til framkvæmda í flugmálum mjög harkalega eða nærfellt um helming frá því sem markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunarinnar gefa tilefni til. Um 190 millj. kr. af þessum tekjum, sem aflað er sérstaklega með álögum á flugrekstur og flugfarþega, á nú að verja til rekstrar í stað uppbyggingar í flugmálum og til flugöryggismála, eins og lögin mæla fyrir um. Þetta er einhver versta útreið sem nokkur einstakur framkvæmdaflokkur hins opinbera fær og er þá langt til jafnað, eins og kunnugt er, við afgreiðslu þessara fjárlaga. Ég tel að með þessu sé komið mjög lúalega aftan að þeim mönnum sem stóðu fyrir því að flugmálaáætlun var sett á sínum tíma og beittu sér fyrir að hinn markaði tekjustofn yrði tekinn upp. Hér er um að ræða þvílíka útreið að mikla undrun vekur að allir hv. þm. meiri hlutans skuli treysta sér til að styðja málið fyrir utan þá, að vísu, sem eru af einhverjum ástæðum fjarstaddir.

Brtt. 438,7 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

55. gr., svo breytt, samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 444,24 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

56.–58. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

10 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Hæstv. forseti. Með þeim breytingum sem hér er verið að lögfesta á skipulagslögum, og raunar einnig á lögum um breytingu á lögum um veiðar og vernd villtra dýra, er verið að leggja auknar álögur á sveitarfélögin og taka upp löggjafaratriði um skipti ríkis og sveitarfélaga, án nokkurs faglegs undirbúnings. Þessi breyting setur í uppnám samskipti sveitarfélaganna við Skipulag ríkisins, að því er skipulagslöggjöfina snertir, og ég undrast mjög að hæstv. umhvrh. skuli láta þetta yfir sig ganga í ljósi þess að nýkomið er fram frv. til breytinga á skipulagslögunum í heild og hin lögin sem verið er að breyta eru nýlega samþykkt á Alþingi. Engin fagleg skoðun hefur farið fram á áhrifum þessara breytinga. Ég segi nei.

Brtt. 444,25 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GÁS, IP, MF, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

59.–60. gr. samþ. með 31:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GÁS, GÁ, IP, MF, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 444,26 (61. gr. falli brott) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, GGuðbj, MF, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í gær náðist samkomulag um að fella út 61. gr., enda var afar vandséð hvaða erindi þetta dularfulla mál, sem kostar ekki neitt og breytir engu en gefur möguleika á hagræðingu síðar, eins og segir í skýringu við greinina, átti inn í ráðstafanir í ríkisfjármálum. Mjög mikið var kvartað yfir því að ekki gafst tími til að ræða þetta mál. Ég vil því fagna því að meiri hluti efh.- og viðskn. er búinn að leggja málið fram sem sérstakt lagafrv. og því gefst tækifæri til þess að fá botn í þetta síðar. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til forseta að sjá til þess að þetta mál komist til umræðu sem allra fyrst eftir jólahlé, enda fýsir mig mjög að vita hvað liggur hér á bak við og hvað þetta þýðir eiginlega.

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er afar ánægjulegt að samstaða hefur tekist við afgreiðslu þessa frv. og menn fallist á þau sjónarmið okkar að 61. gr. frv. eigi þar ekkert erindi og hana beri að fella brott úr frv., af tveimur ástæðum að okkar mati. Annars vegar er það svo að við erum andvíg efni hennar, að svo miklu leyti sem það er venjulegu fólki skiljanlegt. Það hefur satt best að segja ekki komið mikið fram um það hvað fyrir mönnum vakir með þessari torkennilegu og torræðu grein, en hvað sem því líður er að hinu leytinu alveg ljóst að breyting af þessu tagi á ekki heima inni í bandormi sem tengdur er við afgreiðslu fjárlaga. Þess vegna eru tvöföld rök a.m.k. fyrir því að greiða brtt. minni hluta efh.- og viðskn. um að greinin falli brott atkvæði. Það er afar ánægjulegt fyrir okkur í minni hlutanum að sjá að algjör þverpólitísk samstaða er að takast í atkvæðagreiðslunni um brtt. okkar.

[11:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi ber að fagna víðtækri samstöðu allra flokka gegn einkavinavæðingu sem er að nást hér í salnum. En í annan stað verð ég, því miður, að viðurkenna að það er með nokkrum trega að þessi grein er felld út vegna þess að það þýðir væntanlega að þar með kemur hún ekki aftur til meðferðar á þessu þingi. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að lagagrein sem hefur verið felld brott komi á ný til meðferðar á sama þingi. Það væri mjög sérkennilegt og ég held að þarna stöndum við frammi fyrir mjög flóknu þingtæknilegu verkefni. Ég tel því fulla ástæðu til þess að sakna niðurstöðunnar út af fyrir sig vegna þess að verið er að hafna málinu, sem þó hefur verið flutt á sérstöku þingskjali, ég vek athygli á því.

Brtt. 455,6 kölluð aftur.

62. gr. (verður 61. gr.) samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, KHG, RA, SJS, SvG.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁ, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, ÓRG, ÓÖH, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Tekjur af umferð eru um 18.000 millj. kr. á ári hverju. Stærstur hluti þeirra rennur beint í ríkissjóð. Þó er ætlað að um 7 milljarðar renni til vegaframkvæmda og reksturs Vegagerðar ríkisins, í samræmi við vegáætlun hverju sinni. Nú er gert ráð fyrir að skerða um tíunda hluta markaðra tekjustofna, svokallaðra, og taka í ríkissjóð til viðbótar við það sem áður er þangað komið. Ég bendi á að gríðarlega mikil verkefni bíða í umferðarmálum hér á landi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni, og sú þörf vex með ári hverju en minnkar ekki. Skerðing á framkvæmdafé er einfaldlega að búa til vanda og geyma til framtíðar það sem verður að leysa úr með frekari framlögum. Ég greiði því atkvæði gegn þessari tillögu, virðulegi forseti, og bendi á að það er verulega kjánalegt að leggja til að skerða fé til framkvæmda í vegamálum og koma svo á eftir með tillögu um ríkisábyrgð til sams konar framkvæmda.

63. gr. (verður 62. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, GÁS, MF, RG, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 11:43.

75. FUNDUR

fimmtudaginn 21. des.,
að loknum 74. fundi.

Dagskrá:

1. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens, þáltill., 256. mál, þskj. 433. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

2. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands, þáltill., 257. mál, þskj. 434. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

3. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands, þáltill., 258. mál, þskj. 435. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

4. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 215. mál, þskj. 289 (með áorðn. breyt. á þskj. 440). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 241. mál, þskj. 323 (með áorðn. breyt. á þskj. 427). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Umferðarlög, frv., 259. mál, þskj. 436. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

7. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 225. mál, þskj. 306 (með áorðn. breyt. á þskj. 438, 444, 455), brtt. 472. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 293, frhnál. 450 og 453, brtt. 451. — 3. umr.

9. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 394, frhnál. 459, brtt. 418, 419, 420, 429, 460, 461 og 462. — Frh. 3. umr.

[12:33]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 263. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 470.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, brtt. VE, þskj. 472.

Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, 261. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 454.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:37]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og útbýtingu þskj. í 1.–7. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 256. mál. — Þskj. 433.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:39]

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, JBH, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, TIO, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, BH, DO, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 473).

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 257. mál. — Þskj. 434.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:40]

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, JBH, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP.

28 þm. (ÁE, ÁJ, BH, DO, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 474).

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 258. mál. — Þskj. 435.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:42]

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, JBH, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP.

30 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 475).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (lánstími húsbréfa o.fl.). — Þskj. 463.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:43]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, JBH, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP.
29 þm. (ÁE, ÁJ, BH, DO, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 476).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (úreldingarstyrkur krókabáta). — Þskj. 464.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:44]
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KPál, LMR, MS, PP, PHB, RA, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP.
9 þm. (GE, GÁS, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, SJS) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 477).

Umferðarlög, 2. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 259. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 436.

[12:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég talaði lítillega um þetta mál sem manna á milli gengur undir nafninu skröltormur eða skrölti litli sökum þess að það er hálfgert afkvæmi bandormsins. Ég ræddi það í nótt að mér þætti ekki við hæfi að ekki væri með einhverjum hætti gerð grein fyrir því að fyrir þinginu liggur tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Þar er ein af tillögunum, akkúrat sú sama og 1. gr. þessa frv. fjallar um, en þó í öðrum tilgangi, þ.e. að hækka svo nefnt umferðaröryggisgjald. Frv. gerir ráð fyrir að þetta sé gert í því skyni að afla tekna í ríkissjóð. Á sama tíma liggur fyrir þinginu stjórnartillaga flutt af hæstv. dómsmrh., yfirmanni umferðarmála, sem gengur út á það meðal annars að hækka svonefnt umferðaröryggisgjald og verja þeim peningum til aðgerða í umferðaröryggismálum. Ég vakti athygli á þessu ósamræmi sem ég held að hljóti að verða að teljast, í nótt og bað um að meiri hlutinn skoðaði þetta milli umræðna og það yrðu gefnar skýringar á því hvernig menn hygðust halda á þessu máli. Ég lýsti því sjónarmiði mínu að ef þessi breyting, sem frv. gerir ráð fyrir, næði fram að ganga, að umferðaröryggisgjaldið yrði hækkað og þeim tekjum ráðstafað til annarra þarfa en að auka umferðaröryggi, þá vonaði ég að sú breyting yrði tímabundin.

Mér finnst ekki við hæfi, herra forseti, að menn vinni þannig að málunum að samtímis liggi á borðum þingmanna tvenns konar stjórnartillögur eða plögg sem ganga í sína áttina hvor. Það má láta bjóða sér ýmislegt hér hvað vinnubrögð snertir, eins og kunnugt er og sjá má, en þetta er að mínu mati fulllangt gengið. Ég tel líka að það sé þá að fara fyrir lítið það starf sem liggur að baki þessari þingsályktunartillögu sem mér finnst nokkur akkur í. Ég vil gjarnan heyra hvað hv. 6. þm. Reykv., formanni í nefnd um þetta mál sem lagði til efniviðinn í þingsályktunartillöguna, finnst um þessa stöðu sem upp er komin.

Ég fer fram á að það komi hér einhvers konar skýring á þessu máli, a.m.k. yfirlýsing frá hæstv. ráðherra eða hv. form. efh.- og viðskn. um hvernig menn hyggist hafa þessa hluti í framtíðinni. Er ætlunin að falla frá afgreiðslu tillögunnar um umferðaröryggismál? Ef hún verður afgreidd síðar á þinginu, hvað þá með þennan fjáröflunarþátt málsins til þess að auka umferðaröryggi? Á þá að leggja þá hækkun ofan á það sem hér er lagt til í frv. þannig að gjaldið verði hækkað í tvennum tilgangi í þetta mikið á skömmum tíma? Langbest þætti mér að afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu hæstv. ríkisstjórnar kæmi um að þessi fjáröflun í ríkissjóð yrði bara í eitt ár og að því loknu breyttist þetta í tekjustofn fyrir umferðaröryggisáætlunina eins og ráð var fyrir gert. Það er alveg nóg fyrir hæstv. fjmrh. að ræna þessu gjaldi í eitt ár. Það eru lagðir nógir skattar á umferðina, samtals um 18 milljarðar kr. eins og kom fram í atkvæðaskýringu fyrir nokkru síðan, þó að það bætist nú ekki við að þetta gjald verði stórhækkað fyrst og fremst sem tekjustofn í ríkissjóð.

Herra forseti. Ég fer fram á að umræðunni verði frestað ef ekki koma einhver svör við þessu frá hæstv. ríkisstjórn eða hv. form. efh.- og viðskn.

[12:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í andsvari aðeins ræða um þetta mál. Það liggur fyrir brtt. þess efnis að hækka þetta gjald til frambúðar enda eru engin tímabundin ákvæði í sjálfu sér í þessari grein. Ég vek hins vegar athygli á því að við næstu fjárlagagerð, hljóta öll þessi mál að koma til skoðunar, þ.e. sértekjur Umferðarráðs og verkefni þess og hvað menn ætlast fyrir um þá starfsemi og þá að sjálfsögðu í ljósi allra þeirra tillagna sem samþykktar verða á þinginu sem í hönd fer eftir áramótin.

[12:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er gjörsamlega ófullnægjandi. Ég vek athygli á því að í greininni sjálfri segir að ráðherra setji reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Hvað segir í greinargerð með greininni í þessu afar stutta og ómerkilega frumvarpi, skrölta litla? Þar segir:

„Í 1. gr. er lagt til að sérstakt umferðaröryggisgjald, sem sett var á með lögum nr. 15/1992, hækki úr 100 kr. í 200 kr. Er þessi breyting lögð til í tengslum við fyrirhugaða breytingu á 18. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996."

Hvað er þarna verið að segja? Það er verið að segja að þessar 100 kr. sem eiga að leggjast ofan á skoðunargjöld bifreiða séu eyrnamerktar því að standa undir kostnaði vegna laga um ábyrgð ríkisins á greiðslum bóta til þolenda afbrota. Ég hef nú ýmislegt séð um dagana en svona hlutir held ég að taki öllu fram. Það er verið að segja það hér að vegna þess að ríkisstjórnin lét undan þrýstingi og dró aðeins úr skerðingu þeirra lagaákvæða, og það kostar viss útgjöld að sjálfsögðu umfram það sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, þá verði alls óskyldur tekjustofn hækkaður og því fé varið í þessu skyni. Eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir, þá er sú breyting ekki tímabundin eða bundin við afgreiðslu fjárlaga þessa árs eins og málum er hér skipað ef marka má greinargerð með skrölta.

Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að það er alveg óviðunandi að fá ekki skýringar á þessu máli og þessu verði þá breytt og það komi a.m.k. einhvers konar yfirlýsing sem hafi lögskýringargildi gagnvart framtíðinni í þessum efnum. Ég tel eitt vera hvernig menn ganga frá þessu máli vegna fjárlagaársins 1996 út af fyrir sig, þó það sé ekki beinlínis áferðarfallegt að hafa svona hrossakaup skjalfest. En látum það nú vera. En að ætla sér með það inn í framtíðina án frekari skýringa, það gengur ekki. Svo óska ég eftir því og ítreka að ég vil fá að heyra eitthvað frá þeim sem fara með umferðaröryggisþátt málsins, hæstv. ráðherra eða hv. 6. þm. Reykv.

[12:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Til skýringar á því sem hér er verið að fjalla um er rétt að taka fram að umferðaröryggisgjaldið rennur að sjálfsögðu allt til Umferðarráðs til umferðaröryggismála. Það er verið að leggja til að það verði hækkað um 100 kr. og verði framvegis 200 kr. Á móti verður framlag ríkissjóðs til Umferðarráðs skert til þess að auka svigrúm ráðuneytisins til að verja fé til annarra mikilvægra verkefna. Þetta gjald rennur óskipt til umferðaröryggismála á vegum Umferðarráðs. Ég tel að þetta sé alveg skýrt og greinilegt og það þurfi ekki að valda neinum misskilningi að gjaldið er varanlegt og fer til umferðaröryggismála. En framlag ríkissjóðs verður skert og skapar þannig svigrúm fyrir ráðuneytið að leggja fjármuni til ráðstöfunar til annarra mikilvægra verkefna.

[12:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi skýring hæstv. dómsmrh. var býsna góð svo langt sem hún náði en það vantaði í hana botninn. Botninn þarf að vera sá að hæstv. ráðherra taki af tvímæli um að þessi skerðing á ríkisframlaginu til Umferðarráðs á móti sé tímabundin og aðeins ákveðin fyrir árið 1996. Ef það er ekki gert, sér náttúrlega hver heilvita maður í gegnum það, að það er ekki verið að bæta stöðu umferðaröryggismálanna um eina einustu krónu með þessari ráðstöfun. Og þá verður ekkert úr framkvæmdaáætlunum um aðgerðir í umferðaröryggismálum því þær gera að sjálfsögðu ráð fyrir því að það komi til viðbótartekjustofn hjá Umferðarráði með hækkun gjaldsins til að standa undir nauðsynlegum nýjum aðgerðum og útgjöldum, fræðslu og ráðstöfunum í umferðar- og öryggismálum. Markmið áætlunarinnar er að draga úr alvarlegum umferðarslysum um 20% á nokkrum næstu árum þannig að það þýðir ekki að bjóða okkur svona einfalda röksemdafærslu. Það verður að banka í kollinn á hæstv. fjmrh. og hætta að láta hann stjórna alls óskyldum málum. Umferðaröryggismál heyra ekki undir fjmrn. og fjmrh. verður að gjöra svo vel að láta sér nægja að það liggi fyrir við afgreiðslu málsins að það sé eingöngu verið að ganga frá þessu til eins árs með þessum hætti. Öðruvísi er ekki hægt að sætta sig við þetta sem niðurstöðu.

[12:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Málið er enn alveg í uppnámi. Þetta er enginn frágangur á því og ég sætti mig mjög illa við að þetta verði ekki til lykta leitt með skýrum hætti. Aðstæður í málinu er engan veginn boðlegar. Ég trúi því ekki að stjórnarliðar hafi ekki meiri metnað til hlutanna en þann að þeir vilji láta stjórnartillögu liggja í reiðileysi fyrir þinginu og örlög mín eru nú nokkuð sérkennileg, stjórnarandstöðuþingmannsins, að vera orðinn sá eini sem ber hana fyrir brjósti. Stjórnartillaga um aðgerðir í umferðaröryggismálum liggur hér fyrir þinginu. Hvað eigum við þingmenn þá að gera með hana? Eigum við að henda henni? Hún er í glanskápu, eitthvert fallegasta þingskjal sem hefur verið dreift um áraraðir. Ég man aldrei áður eftir því að það sé haft svo mikið við að notað sé „hard-cover", glanskápa á þingmáli, af því þetta er svo fínt. Þetta er þá virðingin sem á að sýna því. Það á í raun og veru að henda því með afgreiðslu þessara mála hér.

Ég ætla ekki að tefja tímann með umræðum um þetta frekar og sætti mig svo sem við það að 2. umr. ljúki hér. En ég mótmæli því, herra forseti, að þetta verði tekið til 3. umr. fyrr en komin er einhver niðurstaða í þetta mál. Mér sýnist á ýmsu, m.a. á áköfum símtölum hæstv. fjmrh. út í bæ, hér í dyrunum, að stjórnarliðar þurfi einhvern tíma til að ná áttum í málinu. Ég legg til að þeir fái hann og málið verði tekið af dagskrá, helst að þessari umræðu verði frestað um sinn. Það má svo klára málið ef botn kemst í þetta síðar í dag.

[12:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé óþarfi að fresta umræðunni um málið. Það er rétt hjá hv. þm. að nefndin hefur greinilega unnið vel. Það getur ekki verið annað en að innihaldið sé eitthvað sérstaklega fínt þegar svo falleg kápa er utan á skýrslunni. En málið er einfaldlega það að ef eitthvað verður gert í framhaldi af samþykkt þingsályktunartillögu um þetta mál kemur það væntanlega til umfjöllunar við gerð næstu fjárlaga. Hv. þm. veit það eins vel og aðrir þingmenn að það er ekki hægt að samþykkja og ekki venjan að samþykkja fjárlög tvö eða þrjú ár fram í tímann þótt það myndi kannski bæta vinnubrögð að við hefðum svo mörg ár undir. Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að vera með áhyggjur út af fjárlagafrv. og fjárlögum fyrir 1997.

[13:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mikla speki var mér nú ljós að fjárlög eru afgreidd til eins árs í senn en ég þakka hv. þm., formanni efh.- og viðskn., fyrir það að upplýsa það samt ef einhver

hefur verið í vafa um þetta. Hins vegar er ekki verið að leggja til slíka afgreiðslu á þessu frv. sem við erum að ræða. Tekjustofninn sem verið er að mynda er varanlegur. Það er ekki gert ráð fyrir því að gjaldið lækki aftur á næsta ári. Það er verið að hækka þetta gjald um 100% og fjárlögin byggja á því að tekjur Umferðarráðs verði skertar á móti um nákvæmlega sömu upphæð. Ef ekki kemur einhver yfirlýsing frá hæstv. ríkisstjórn um stefnuna í þessum málum, þá þyrfti nú meira en lítið bláeyga menn til þess að gera því ekki skóna að ætlunin sé að hafa þetta svona áfram. Á meðan ekkert annað liggur fyrir, neyðumst við til að trúa því, hv. þingmenn. Ef það er ekki ætlunin, þá er væntanlega einfalt mál að koma og gefa yfirlýsingu um það. En mér sýnist að hæstv. fjmrh. haldi hér öllum í gíslingu og það megi ekki láta þau orð út úr sér. Kannski er rétt að heyra hvað hæstv. dómsmrh. hefur að segja um þetta ef honum hefur vaxið kjarkur. Mér finnst alveg ótrúlegt að hæstv. fjmrh. skuli getað haldið mönnum í gíslingu með þessum hætti.

[13:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að málið þurfi ekki að valda hv. þm. Steingrími Sigfússyni þvílíku hugarangri sem það gerir. Málið er að það er verið að hækka þetta gjald núna og það getur verið að þurfi að hækka það á næsta ári ef áform hv. þm. og umfjöllun þingsins nú í vor og meðferð fjárlaga fyrir næsta ár gefa tilefni til. En ég tel að það væri enn þá asnalegra og asnalegast af öllu að hækka þetta gjald fyrst núna úr 100 í 200 tímabundið til þess að hækka það svo varanlega við gerð næstu fjárlaga í samræmi við tillögur þeirrar nefndar sem hann starfaði í og gaf út þessa fínu skýrslu.

[13:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er í reynd ósköp einfalt. Það liggur fyrir þinginu stjórnartillaga um að auka tekjur Umferðarráðs til að hefja aðgerðir í umferðaröryggismálum. Vonandi verður sú tillaga afgreidd sem ályktun Alþingis innan fárra mánaða. Við skulum segja í febrúar næstkomandi. En þá er hún í raun og veru í lausu lofti og innistæðulaus nema tekjustofninn verði fyrir hendi, að Umferðarráð fái viðbótartekjur sem nemi útgjöldum vegna þeirra verkefna sem áætlunin gerir ráð fyrir. Það var talið að til þess þyrfti a.m.k. 50 kr. hækkun á umferðaröryggisgjaldinu.

Það sem ég er að biðja um er að áður en þessi ráðstöfun á hækkun gjaldsins, sem í reynd rennur beint í ríkissjóð í gegnum skerðingu á móti á framlagi ríkisins til Umferðarráðs, verði afgreidd, verði okkur gerð grein fyrir því hvernig menn hugsa sér þá að fullnusta tillöguna sem hér liggur fyrir, stjórnartillöguna. Í hvaða samhengi á hún þá að vera við afgreiðslu málsins? Það sem þarf að liggja fyrir til þess að hægt sé að afgreiða málið er að menn heiti því að tryggja Umferðarráði þennan viðbótartekjustofn með einum eða öðrum hætti þegar áætlunin kemur til framkvæmda. Það er það sem þarf að liggja fyrir og ég er að biðja um af umhyggjusemi fyrir þessari stjórnartillögu sem ég, einn manna hef tekið að mér að verja og reyna að sjá um að verði ekki eyðilögð.

[13:05]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að málið sé alveg skýrt eftir þá umræðu sem hefur farið fram. Hér er um að ræða tillögu um að hækka umferðaröryggisgjaldið. Það fer ekki í ríkissjóð. Það rennur allt óskipt til umferðaröryggismála á vettvangi Umferðarráðs. Á móti verður skorin niður áður áformuð fjáveiting til Umferðarráðs á fjárlögum. Sú ákvörðun er vitaskuld tekin, eins og allar aðrar ákvarðanir sem teknar eru með fjárlögum, til eins árs í senn og er enginn munur á þeirri fjárveitingu og öðrum sem fjárlögin taka til. Á þessu stigi er ekki ástæða til þess að blanda þessu saman við þá umferðaröryggisáætlun sem hv. þm. gerði að umtalsefni og liggur fyrir þinginu. Ég met mikils að hann styður hana svo eindregið enda átti hann hlut að máli við samningu þeirrar tillögugerðar. Ég vænti þess að síðar á þinginu fáist umfjöllun um það mál og góð samstaða. Ég vil líka minna á að þó að sú tillaga leiði til nokkurra aukinna verkefna Umferðarráðs og kosti meiri fjármuni en það hefur haft til ráðstöfunar, liggur meginástæðan í fyrirliggjandi umferðaröryggistillögu á samræmdum vinnubrögðum. Kostnaðurinn af framkvæmd áætlunarinnar er fyrst og fremst borinn af ýmsum öðrum aðilum en Umferðarráði sjálfu. Þó það sé ljóst að aukinn kostnaður leggist á Umferðarráð, mun meginkostnaðurinn af framkvæmd tillögunnar liggja á herðum annarra aðila.

[13:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú að tosast áfram. Hæstv. dómsmrh. komst núna hálfa leið í mark. Hann fór býsna nærri því að segja að þetta væri einstök ráðstöfun bundin við þetta ár og síðan ekki söguna meir. A.m.k. má segja að það hafi legið í hans máli að svo yrði það svona „den tid, den sorg" þegar að því kæmi og hann væri ekki skuldbundinn hæstv. fjmrh. til þess að leggja honum til þessar tekjur í formi þeirrar sérkennilegu ráðstöfunar að gera umferðaröryggisgjaldið að skattstofni með þessum hætti. Það er það sem í reynd er verið að gera. Við höfum oft áður séð svona æfingar, bókhaldslegar eða færslulegar æfingar um einhverja starfsemi sem áður hefur verið kostuð af ríkinu. Henni eru merktar einhverjar tekjur og síðan sker ríkið niður framlag sitt á móti. Þar með segja menn að þetta sé allt í lagi og algjörlega sjálfstæður tekjustofn fyrir viðkomandi málaflokk en það kemur auðvitað alveg út á eitt. Ég er nú að hugsa um að taka þann kostinn, herra forseti, að lýsa þeim skilningi mínum að hér liggi í raun og veru fyrir yfirlýsing hæstv. dómsmrh. um það að fyrir þessum tekjustofni til aukinna aðgerða á sviði umferðaröryggismála verði séð og Alþingi sé í trausti þess óhætt að afgreiða þetta frumvarp nema hæstv. fjmrh. mótmæli því sérstaklega. Ég lít svo á að hans þögn yrði sama og samþykki við því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, LMR, MS, PP, PHB, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, GuðjG, HÁs, HG, JónK, KH, KPál, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KHG, LMR, MS, PP, PHB, SF, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, RA, SighB, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, GuðjG, HÁs, HG, JónK, KH, KPál, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddur.

3. gr. samþ. með 26:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, LMR, MS, PP, PHB, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, JóhS, SvanJ.

12 þm. (ÁE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, LB, RA, SighB, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, GE, GuðjG, HÁs, HG, JónK, KH, KPál, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, LMR, MS, PP, PHB, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, GuðjG, HÁs, HG, JónK, KH, KPál, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, LMR, MS, PP, PHB, SF, SP, SvG, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (GÁS, JBH, KHG, KÁ, LB, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, GuðjG, HÁs, HG, JónK, KH, KPál, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddur.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9 mál.

Fundi slitið kl. 13:14.

---

76. FUNDUR

fimmtudaginn 21. des.,
kl. 1.25 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv., 263. mál, þskj. 470. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Umferðarlög, frv., 259. mál, þskj. 436. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 225. mál, þskj. 306 (með áorðn. breyt. á þskj. 438, 444, 455), brtt. 472 og 479. — 3. umr.

4. Lánsfjárlög 1996, stjfrv., 43. mál, þskj. 43 (með áorðn. breyt. á þskj. 422), brtt. 456. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 293, frhnál. 450 og 453, brtt. 451. — 3. umr.

6. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 394, frhnál. 459, brtt. 418, 419, 420, 429, 460, 461 og 462. — Frh. 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:29]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og/eða útbýtingu þskj. í 1., 2. og 4. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 263. mál (starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur). — Þskj. 470.

[13:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum. Frv. þetta er flutt af efh.- og viðskn. Frv. er aðeins ein efnisgrein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem við gildistöku laga þessara starfa hjá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík, og eiga aðild að sjóðnum, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu frá þeim tíma sem Sjúkrahús Reykjavíkur tekur til starfa."

Þetta lagafrv. er lagt fram í tengslum við stofnun Sjúkrahúss Reykjavíkur sem tekur til starfa 1. janúar 1996 samkvæmt samningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala. Þetta er lagt fram í því skyni að það séu tekin af öll tvímæli um réttarstöðu starfsmanna sem flytjast frá St. Jósefsspítala yfir á Sjúkrahús Reykjavíkur.

Ég geri ekki tillögu um að þessu máli verði vísað til nefndar heldur beint til 2. umr.

[13:31]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. sem hv. formaður efh.- og viðskn. var að mæla fyrir. Um það er samkomulag í nefndinni. Hér er eytt ákveðinni óvissu sem var varðandi þá þætti sem þetta mál snýr að, þ.e. uppstokkun á sjúkrahúsum í Reykjavík. Það hefur verið áhugamál þeirra stéttarfélaga sem hafa komið að þessum málum að þeir hlutir væru skýrðir nánar. Það er gert með þessu lagafrv. og ég fagna því að það er komið fram.

[13:32]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja í þessu sambandi: Hvað er um að ræða marga starfsmenn? Og hvað er reiknað

með að skuldbindingar þeirra vegna, hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, verði miklar umfram það að þessi breyting hafi ekki verið gerð? Þ.e. hvað eykur þessi breyting skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins mikið? En eins og kunnugt er er sá lífeyrissjóður tryggður með bakábyrgð hjá ríkissjóði.

[13:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað því um hvað marga starfsmenn er þarna að ræða. Ég hugsa að hv. þm. ætti að vita það betur en ég því að hann hóf þetta mál allt saman á sínum tíma.

Ástæðan fyrir flutningi frv. er einfaldlega sú að starfsmenn á Landakotsspítala eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það er verið að gera Sjúkrahús Reykjavíkur að borgarstofnun og þegar það gerist er viss hætta á því að réttindaávinnsla þeirra hverfi. Til að koma í veg fyrir það verða þeir áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það verður engin breyting á skuldbindingum af því að ríkið ber þessar skuldbindingar hvort sem er þannig að hér er ekki um að ræða nein útgjöld hvorki í dag né til framtíðar. Það er einungis um formbreytingu að ræða sem er nauðsynleg vegna þess að fyrirtæki verður að borgarstofnun. Það fyrirtæki var áður sjálfstæð stofnun en rennur nú saman við Borgarspítalann í Sjúkrahús Reykjavíkur. Þetta verk var hafið af hálfu fyrrv. heilbrrh. Sighvatar Björgvinssonar.

[13:34]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er þetta alveg ljóst. En ég spurði vegna þess að ég hélt að flutningsmenn frv. hefðu athugað þetta mál m.a. vegna þess að eins og hæstv. fjmrh. sagði þá er hér um borgarstofnun að ræða sem er samkvæmt þeim reglum sem ég þekki til ætlað að taka á sig hluta þeirra skuldbindinga sem þarna eru veittar. Ég spurði ekki vegna þess að ég væri andvígur þessari breytingu á einn eða neinn hátt nema síður væri. Ég bara grennslaðist fyrir um það sem einn af 63 alþingismönnum sem standa að afgreiðslu fjárlaga og ríkisábyrgða, um hve marga einstaklinga væri að ræða — þá er ég kannski ekki að heimta að það yrði nefnt upp á tug — og hvaða áhrif þetta hefði á skuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóðs.

Ég ætla, virðulegi forseti, að hv. nefnd sem flytur málið geti svarað þessu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

[13:37]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú verður leitað afbrigða vegna breytingartillagna við 3. dagskrármálið sem útbýtt hefur verið.

[13:38]

Jón Baldvin Hannibalsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs út af brtt. á þskj. 478 við bandorm sem flutt er af formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni. Brtt. er við 47. gr. Ég vil vekja athygli á því að efh.- og viðskn. hefur lokið umfjöllun um þetta mál og þessi brtt. sem væntanlega er fram komin að undirlagi hæstv. heilbrrh. hefur ekki fengið neina umfjöllun í efh.- og viðskn. Minni hlutanum hefur þar með ekki gefist kostur á að fjalla um málið. Ég andmæli þessum vinnubrögðum og óska eindregið eftir því að ekki verði veitt afbrigði til þess að taka þessa tillögu á dagskrá. Og ég beini því formanns efh.- og viðskn. að boðað verði til fundar í nefndinni til þess að fjalla um málið vegna þess að það var fullkomin samstaða um afgreiðsluna á 47. gr. með þeim skýringum sem þar var að finna.

[13:39]

Vilhjálmur Egilsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi kannski staðið of hvatlega upp út af þessari brtt. Þetta er tillaga sem kemur fram í ljósi þess að menn fóru að prófarkalesa lagatextann. Það hafði verið ætlan nefndarinnar að sjálfsögðu að hin nýja skipan sem þar er verið að samþykkja tæki gildi frá og með gildistöku laganna. Einhverjir voru samt að velta þessu fyrir sér þannig að brtt. er flutt með það að markmiði að það sé enginn sem getur neitt velkst í vafa um það hvað hafi vakað fyrir flutningsmönnum málsins.

[13:40]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla að reyna að hliðra mér hjá því að fara í efnisumræðu um þessa tillögu og tilurð hennar. En ég vil taka undir þau tilmæli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að hæstv. forseti fresti því að leita afbrigða fyrir þessari tillögu. Ég vil hins vegar vísa til hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Hann segir: Nefndin ætlaði sér auðvitað að hafa þetta svona. Ég skildi þessa tillögu með allt öðrum hætti þannig að það er alveg ljóst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er að gjörbreyta efni hennar. En ég mælist til þess, hæstv. forseti, að því verði frestað að leita afbrigða fyrir þessari brtt. hv. þm. Vilhjálms Egilssonar.

[13:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér er augljóslega um efnisbreytingu að ræða en engan veginn þá formbreytingu sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lætur í veðri vaka. Í ljósi þess er bráðnauðsynlegt að hv. nefnd taki málið til umfjöllunar. Ég fyrir mína parta leit svo á að um það væri að ræða í nefndum frumvarpsgreinum að hæstv. heilbrrh. vildi skapa sér rými til þess að fara í boðaðar skipulagsbreytingar á stjórnkerfi þessara mála allra saman en ekki það að fyrir henni og ríkisstjórninni vekti að skipta út öllum formönnum og öllum nefndarmönnum í sjúkrahúsum og heilsugæslum um land allt þann 1. janúar nk. Hér er því algerlega nýtt mál á ferðinni og engan veginn bjóðandi þessari virðulegu stofnun að menn afgreiði það á 2–3 mínútum með afbrigðum. Ég tek því undir þær óskir, hæstv. forseti, að þetta mál fái gaumgæfilega skoðun í nefnd og menn taki það ekki til afgreiðslu með afbrigðum.

[13:42]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. efh.- og viðskn. Varðandi þetta mál vil ég segja að það var gert samkomulag um bandorminn svokallaðan. Það kemur oft fyrir í lokaafgreiðslu mála að einhver mistök hafa orðið. Formaður nefndar kemur þá við lokaumræðu til að bæta úr mistökum sem hafa átt sér stað við umfjöllun í nefndinni. Það er ekki svo í þessu tilviki. Ég minnist ekki umræðna í hv. efh.- og viðskn. um það að með þessum lagabálki, 47.–50. gr. stæði til að skipta

út öllum forsvarsmönnum spítala í landinu. Ég minnist þess ekki þannig að það er efnisbreyting sem hér kemur fram. Ég mælist til þess við hæstv. forseta að fara að tillögu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að láta ekki fara fram atkvæðagreiðslu um afbrigði við málið að svo komnu, þannig að hægt verði að að skoða það hér aðeins áður en menn fara að takast á í þeirri atkvæðagreiðslu.

[13:44]

Vilhjálmur Egilsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti dálítið einkennilegt hvernig alþýðuflokksmenn höfðu sérstaka skoðun á þessu máli og síðan var ákveðin sameiningarumræða milli Alþfl. og hv. þm. Ágústs Einarssonar. En fyrst málið er þannig vaxið að það sé hugsanlega hægt að ganga þarna lengra í sameiningarátt á þessu sviði, þá gæti verið viturlegra að geyma það að taka afstöðu til þessarar tillögu eða ræða hana um nokkra stund meðan viðræður geta farið fram um þessa mál. (**JBH:** Þetta er smekklaust af hv. formanni efh.- og viðskn.) (**Gripið fram í:** Hann er smekklaus hvort sem er.)

[13:45]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Það hefur komið fram í umræðunni að óskað er eftir því að afbrigðum um þskj. 478 verði frestað og mér sýnist að það ætti að geta tekist samkomulag um það. Þess vegna vil ég óska eftir því við hv. þingmenn að við styttum þessa umræðu því að mér sýnist að við ættum að geta haldið áfram ágreiningslaust.

[13:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg nauðsynlegt ekki aðeins að gera hlé heldur einnig að draga þessa tillögu til baka, eftir því ég fæ best séð, því að í þessari brtt. er verið að vísa í b- og c-lið 48. gr. Í 48. gr. upphaflegs frv. er ekkert til sem heitir c-grein, aðeins greinar a og b. Þó að breytingar hafi orðið á röð greina þá er hvergi í nágrenninu að finna neinn c-lið þannig að hér eru einhver mistök á ferð sem verður að leiðrétta hvert svo sem innihaldið er.

[13:46]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ég dreg til baka tillöguna sem ég flutti áðan um afbrigði vegna þriggja brtt. Ég lít svo á að samkomulag sé um að atkvæðagreiðsla um afbrigði um brtt. á þskj. 478, verði síðar á fundinum og umræðunni verði ekki lokið fyrr en þetta mál er útkljáð. Fer þá fram atkvæðagreiðsla um brtt. á þskj. 472 og 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 472 og 479. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Umferðarlög, 3. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 259. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 436.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]

Frv. samþ. með 26:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ.

13 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LB, MF, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 480).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 471, brtt. 472 og 479.

[13:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að fara aðeins yfir viss atriði í sambandi við frv. sem snerta breytingar á bótum almannatrygginga og atvinnuleysisbótum. Ég ætlaði að reyna að halda til haga nokkrum atriðum sem mér finnst skipta máli.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það aðalatriði málsins að ríkisstjórnin hafði ákveðið að höggva algjörlega á tengsl þessara bóta við aðrar efnahagsstærðir í landinu. Hún hafði tekið um það ákvörðun. Hún lýsti því yfir að það væri grundvallarþáttur í pólitískri stefnu hennar að ekki væru nein tengsl milli þessara bóta annars vegar og annarra efnahagsstærða í þjóðfélaginu hins vegar.

Stjórnarandstöðuflokkarnir lýstu því yfir í umræðum um málið, bæði 1. umr. og í umræðum úti í þjóðfélaginu, að þetta væri alvarlegasti þátturinn í bandorminum. Væri þá langt til jafnað vegna þess að þar væri vegið að grundvallaratriðum á kjörum aldraðra, öryrkja og atvinnulausra sem hefur verið samstaða um alveg frá því að lögin um alþýðutryggingar voru sett fyrst, á fjórða áratugnum, og lögin um atvinnuleysisbætur, árið 1956, eftir langa verkfallið árið 1955 þegar verkalýðshreyfingin náði að knýja þetta fram og semja um 12% launahækkun sem var síðan tekin með gengisfellingu um haustið. (**Gripið fram í:** Manstu hvaða dag það var?) Nei. Það var í nóvember en ég man ekki nánar hvenær það var. En þessi veruleiki, að sátt var um þessi atriði, gerir að verkum að atlaga ríkisstjórnarinnar, skv. 28. og 35. gr. frv., var tilræði við þjóðarsátt um grundvallaratriði. Af þeim ástæðum brugðust stjórnarandstöðuflokkarnir og fleiri í þjóðfélaginu jafnhart við og raun ber vitni.

Það sem nú hefur hins vegar gerst er að, m.a. vegna þess að tíminn hefur verið knappur og það hefur verið hægt að beita því fyrir sig og vegna þess að stjórnarandstaðan hefur verið samstillt um málið, þá hefur tekist að ná fram vissum breytingum. Fyrri breytingin snertir atvinnuleysisbætur og þar er gengið út frá því að þær eigi að miða við laun, verðlag og efnahag. Ég vek athygli á þessari orðaröð en mér er ljóst að ekki er endanleg samstaða um það hér eða annars staðar hvernig þetta yrði nákvæmlega túlkað. Það er líka ljóst að þetta má ekki túlka þannig að þessi formúla yrði notuð til að

skerða kaupmátt þessa fólks umfram það sem hefði orðið að óbreyttri viðmiðun í lögunum og þetta er meginatriðið.

Segja má að með þessu sé verið að rjúfa hið gamla samhengi. Það er rétt, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur oft sagt. Það er ekki verið að rjúfa þessar stærðir úr almennu, efnahagslegu samhengi, eins og ég hef rakið. Til viðbótar þessu er svo 35. gr. og hún bætir rökum við 22. gr. vegna þess að þar næst breyting sem byggist á því að breytingar á almannatryggingabótum á að miða við laun, verðlag og efnahag. Það gildir fyrir árin 1996 og 1997. Fyrir árið 1996 hefur þegar verið tekin ákvörðun í þessu efni með fjárlögunum, á grundvelli yfirlýsingar sem ríkisstjórnin gaf gagnvart verkalýðshreyfingunni fyrir nokkrum vikum. Það var ekki þannig að verkalýðshreyfingin, ASÍ eða BSRB, hefðu samið um breytingarnar á almannatryggingalögum eða atvinnuleysistryggingalögum, heldur var yfirlýsingin send þessum aðilum án þess að þeir hefðu út af fyrir sig aðstæður til þess að hafa áhrif á bakgrunn hennar í einstökum atriðum. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Í öðru lagi snertir yfirlýsingin og þessi niðurstaða hér árið 1997. Hvað er merkilegt við það ár í þessu sambandi? Það er fyrst og fremst að í byrjun ársins 1997 og í lok ársins 1996 undirbúa menn nýja kjarasamninga, lausir úr viðjum þeirra samninga sem voru gerðir síðast og eru umdeildir, eins og fram hefur komið og ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur hér. Það er a.m.k. alveg ljóst að menn hafa átt erfitt með að hreyfa sig vegna þeirra samninga sem þar voru gerðir. Menn geta losað sig úr þeim samningum í árslok 1996. — Það er fundur, hæstv. forseti, úti í sal. Það er dálítið óþægilegt að ...

(**Forseti** (RA): Ég vil eindregið skora á hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Það er útilokað að tala hér ef það eru fundir út um allan sal. Það segir sig sjálft.

Það sem skiptir máli er þá það að með þessari niðurstöðu skapast auðvitað möguleikar fyrir verkalýðshreyfinguna í til þess að knýja fram breytingar á þessum forsendum, a.m.k. í byrjun ársins 1997, sem mundu þá gilda út árið 1997. Því að 1. jan. 1998 vakna lögin sem enn eru í gildi, að því er viðmiðun varðar, til lífsins á ný og það er aðalatriðið. Þessi viðmiðun sem snertir almannatryggingabæturnar er gerð í sömu lögum og í sömu andránni og við erum að breyta atvinnuleysistryggingalögunum. Þó að hún snerti ekki atvinnuleysisbæturnar sem slíkar, en ekki er nokkur leið að halda því fram, þá minni ég á þetta í þessu samhengi. Það verður að horfa á hlutina með þeim hætti. Þetta er mjög mikilvægt atriði, hæstv. forseti, að menn hafi í huga og geri sér grein fyrir eðli þessa máls.

Þá er það að lokum eitt í sambandi við þetta sem ég vil útskýra eða a.m.k. segja frá því hvernig ég skil það. Það er hin sérstaka 3% regla sem er inni í þessu og er í 35. gr., eins og henni hefur nú verið breytt. Hægt er að færa til bætur almannatrygginga um 3% til eða frá með tilteknum hætti. Þá vil ég segja frá því hvernig ég skil þessa reglu um 3%. Ég skil hana þannig: Segjum að talan í ár sé 100 og að það sé niðurstaða fjárlagavinnunnar og meiri hlutans á Alþingi að hækka hana í 110. Þá er sú tala grunnur fjárlaga viðkomandi árs og það er hún sem getur hreyfst til eða frá um 3%. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir. Það er ekki neðri talan sem menn gætu farið að miða við þessi 3% heldur er það talan sem er grunnurinn plús hækkunin sem getur hækkað eða hreyfst til um 3%. Það er mikilvægt að þetta sé alveg skýrt. Mér þætti satt að segja vænt um ef hv. formaður efh.- og viðskn. gæti fjallað um málið vegna þess að það skiptir máli að menn stilli sig sæmilega saman í því. Hann kinkar kolli og þó að ég kunni að meta táknmál, þá er það ekki skráð alla jafna í þingtíðindum, eins og kunnugt er, þannig að hitt er betra.

(**Forseti** (RA): Hann er næstur á mælendaskrá.)

Og hann er næstur á mælendaskrá, upplýsir hæstv. forseti.

Þessi atriði vildi ég nefna til þess að menn átti sig á því hvað það er sem stjórnarandstöðuflokkarnir, að ég hygg allir, meta mikils í þessu máli. Það næst hálfur ávinningur og viðspyrna fyrir framhaldið. Auðvitað erum við ekki fullkomlega ánægð með þetta vegna þess að við hefðum sennilega flest viljað hafa svipaða viðmiðun og hefur verið. Ég sagði svipaða. Ég sagði ekki eins vegna þess að gamla viðmiðunin varð til við tilteknar aðstæður og hefur oft verið breytt á undanförnum áratugum. En henni hefur alltaf verið breytt með samkomulagi, samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og sitjandi ríkisstjórnar. Ég hygg að mjög langt sé síðan nokkur ríkisstjórn hafi reynt að breyta viðmiðunum án þess að ná fyrst um það sátt við verkalýðshreyfinguna. Ég hygg að það sé alveg nýtt að menn geri þetta svona. Þess vegna er líka mikilvægt frá okkar sjónarmiði að hafa getað hrundið þessari árás þó að það sé ekki nema hálfa leiðina.

Virðulegi forseti. Síðan bætist það við í þessu samhengi sem ég ætla að láta verða mín síðustu orð. Bandormurinn eða frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er afar vont mál í heild. Það hefur tekist að lagfæra örfá atriði en þau eru ekki nærri nógu mörg. Ég tel vera grundvallarágreining í þinginu um efni þessa máls og ég vek athygli á sterkri samstöðu sem var með stjórnarandstöðuflokkunum í nær öllum atkvæðagreiðslum um málið í dag, sem voru sennilega um 100. Það skiptir máli. Það er pólitískt innlegg og tilvísun til framtíðar að mínu mati. Hver svo sem sú framtíð er, þá er það pólitísk tilvísun til framtíðar.

Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði í útvarpsviðtali fyrir nokkrum kvöldum, ríkisstjórnin hefur mikinn meiri hluta. Þeir eru 40, við erum 23. Það er rétt. Það er hins vegar veruleiki sem við höfum hugsað okkur að breyta í næstu kosningum, sem verða í allra síðasta lagi árið 1995 og þá á þetta vonandi eftir að breytast talsvert. Við höfum þurft að horfast í augu við þennan veruleika sem eru kosningaúrslitin og sú staðreynd að hér eru tveir flokkar, misjafnlega afturhaldssamir, í ríkisstjórn. En jafnframt því komum við að málinu þannig að það voru gerðir kjarasamningar fyrir alllöngu sem binda tiltekna hluti í samfélaginu, sem er mjög erfitt að hrófla við meðan þeir eru til. Þess vegna er mjög mikilvægt, að mínu mati, við afgreiðsluna málsins núna að slá því föstu úr þessum ræðustól að í breytingum þeim sem nást fram felst pólitísk viðspyrna sem skapar vissa möguleika í framtíðinni, ekki aðeins fyrir stjórnarandstöðuna heldur líka fyrir verkalýðshreyfinguna. Það hefur verið dapurlegt að undanförnu, að ekki sé meira sagt, að horfa á menn bundna á höndum og fótum sem ekki vissu hvað þeir áttu af sér að gera. Það er ljóst að menn verða lausir í lok næsta árs og þá þarf að halda þannig á málum að baráttutækifærin nýtist alls staðar og samstillt, annars vegar í hinni almennu launamannahreyfingu og hins vegar í stjórnarandstöðunni og pólitísku liði sem að henni stendur. Þess vegna getur falist í þessari niðurstöðu núna mikilvæg pólitísk viðspyrna, bæði fyrir okkur hér og pólitíkina í þjóðfélaginu og líka fyrir samtök launafólks. Þetta vil ég undirstrika og segja um leið að full ástæða er til þess að óska stjórnarandstöðunni til

hamingju með árangurinn þó að hv. 5. þm. Norðurl. v. og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands hafi vissulega lagt gjörva hönd á plóginn. Hann á þakkir skildar fyrir.

[14:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hlý orð hv. þm. Svavars Gestssonar í minn garð. Erindi mitt í ræðustól er að mæla fyrir brtt. á þskj. 472 þar sem kveðið er á um að ákvæði frv. um að framlag ríkissjóðs í Bjargráðasjóð samkvæmt ákvörðun í fjárlögum skuli falla niður. Áðan voru afgreidd lög um Bjargráðasjóð þar sem ákvæðið er aðeins öðruvísi orðað og því er eðlilegt að það falli niður í frv. til ráðstöfunar í ríkisfjármálum. Ég vek athygli á að sú grein sem var í upphaflega bandorminum og á við um þetta mál er 24. gr. en vegna þess að ein grein þar á undan hafði verið felld niður þá er sett 23. gr. í brtt. til að rétt sé farið með stöðu málsins eins og það er núna.

Ég vil hins vegar út af ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar segja að ég tel að það hafi verið til bóta að skýra betur út hvað við var átt og hvernig ákvæðið sem hann fjallaði um var hugsað, þ.e. í 35. gr. upphaflegs frv., Ég held að ástæða sé til að gefa þessu fyrirkomulagi tækifæri. Það er alveg rétt sem hann segir að með því að þessi mál eru ákveðin með þessum hætti þá hljóta þau að koma upp við gerð kjarasamninga. Ég er ekki frá því að þegar menn taka stöðuna, undir árslok 1997, þá gæti hugsast að þeim litist ekkert illa á að þetta fyrirkomulag væri við lýði. En eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði í ræðu sinni, ef menn ákveða ekki þá að framlengja það þá fellur það úr gildi og eldra ákvæði laganna vaknar upp á nýjan leik.

[14:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það væri út af fyrir sig ástæða til þess við 3. umr. um þetta mál að setja á nokkra tölu um einstök atriði í frv., þær aðgerðir og hremmingar sem boðaðar eru fyrir fjölda heimila í landinu, ekki síst heimila elli- og örorkulífeyrisþega og atvinnulausra. En í nafni þess samkomulags sem hefur verið gert um málið mun ég stytta mál mitt, virðulegi forseti, og ræða eingöngu um brtt. sem ég flyt við 3. umr. Ég vil þó ekki láta hjá líða við þessa umræðu að lýsa vonbrigðum mínum með að ekki hafi náðst samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að stjórnarflokkarnir falli að fullu frá skerðingu á bótum til þolenda afbrota sem þeir hafa boðað. Engu að síður hefur áfanga verið náð í að leiðrétta hlut þolenda afbrota sem er mjög mikilvægur. En við hljótum að láta reyna á það við afgreiðslu fjárlaga, 3. umr., hvort ekki sé hægt að ná frekari sátt um að horfið verði að fullu frá því að skerða bætur til þolenda afbrota. Samt sem áður ber að þakka það sem vel er gert og stjórnarflokkarnir hafa að mörgu leyti komið vel til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar. Það ber að þakka.

Ég vil, virðulegi forseti, snúa mér að brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Svavari Gestssyni og Össuri Skarphéðinssyni. Virðulegi forseti. Þar sem mér er kunnugt um að hæstv. heilbrrh. er mikil áhugamanneskja um framgang þessarar tillögu væri æskilegt að hún væri viðstödd umræðuna. — Ég þakka fyrir það að hæstv. heilbrrh. er mættur í salinn.

Við 2. umr. um málið var felld tillaga frá minni hlutanum þess efnis að ekki yrði gengið til þess verks sem ríkisstjórnin ætlar sér, að láta fjármagnstekjur skerða almannatryggingabætur. Byrjað yrði á því að skerða greiðslur til þeirra sem fá lífeyri, þ.e. lífeyrisþega, vegna fjármagnstekna áður en fjármagnstekjuskattur hefur verið lagður á aðra landsmenn. Því miður, virðulegi forseti, var tillaga minni hlutans felld við 2. umr. málsins en þess er nú freistað, af þeim þingmönnum sem standa að þessari brtt., að vekja málið á nýjan leik við 3. umr. málsins. Við flytjum því tillögu um að í stað þess sem af hálfu meiri hlutans er kirfilega neglt niður í lögum að fjármagnstekjuskattur skuli byrja að skerða bætur lífeyrisþega „frá og með 1. september árið 1996 vegna tekna ársins 1995" komi eftirfarandi, með leyfi forseta:

[þar til] „sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt og þau komi til framkvæmda. Jafnframt komi þá ákvæði 29., 32. og 36. gr. laga þessara til endurskoðunar."

Áður en ég held lengra vil ég vekja athygli forseta á því að það hafa orðið mistök í prentun við þessa brtt. Það er talað um að hún sé við 63. gr. frv. en hún er við 62. gr. frv. (**Gripið fram í:** 63. gr. er ekki til.)

Ég held að öllum sem skoða málið vandlega séu ljós rökin fyrir þessari breytingu. Það hafa iðulega verið uppi hugmyndir af hálfu fyrri ríkisstjórnar um að fara þá leið sem núv. ríkisstjórn ætlar að fara, þ.e. að byrja á því að koma á fjármagnstekjuskatti með því að láta fjármagnstekjuskatt skerða bætur til lífeyrisþega. Það hefur ávallt verið komið í veg fyrir slíkt þegar þeir sem hafa ætlað að reyna þetta hafa krufið málið til mergjar og skoðað hve mikið óréttlæti felst í að byrja upptöku fjármagnstekjuskatts með þessum hætti.

Ég vil minna á, eins og ég gerði raunar við 2. umr. málsins og eins í atkvæðagreiðslu við brtt. 1. minni hlutans, að landssamband fatlaðra hefur gert mjög alvarlegar athugasemdir við þessa tillögu meiri hlutans um að standa þannig að upptöku fjármagnstekjuskatts að hann byrji á því að skerða bætur lífeyrisþega. Athugasemdir landssambands fatlaðra eru svo alvarlegar að ég óskaði eftir því við 2. umr. málsins og beindi þá orðum mínum til formanns efh.- og viðskn. að hann sæi svo til að boðað yrði til fundar milli 2. og 3. umr. Þar yrði fjallað um gagnrýni landssambands fatlaðra og ábendingar um að mjög komi til álita, og sé álitaefni sem nauðsynlegt sé að skoða, hvort hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða. Þegar svo alvarlegar ábendingar og athugasemdir koma fram hjá svo stórum landssamtökum, eins og landssamtökum fatlaðra, en umbjóðendur þeirra verða margir fyrir þessari skerðingu, þá ætti formaður efh.- og viðskn. að verða við sanngjarnri ósk sem kemur fram um að efh.- og viðskn. taki málið til umfjöllunar og skoðunar. Athugað sé hvort rök sem landssamband fatlaðra setur fram, sem ég tel mjög sannfærandi, eigi sér einhverja stoð.

Hv. formaður efh.- og viðskn. taldi ekki til þess ástæðu. Landssamband fatlaðra segir í bréfi sínu að ef vilji meiri hlutans nái fram að ganga og þetta ákvæði verði að lögum, þá muni það leita niðurstöðu hjá umboðsmanni Alþingis. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., sagði að það væri þá bara gott og blessað. Þeir mundu þá leita álits hjá umboðsmanni Alþingis og Alþingi tæki málið upp ef umboðsmaður Alþingis kæmist að þeirri niðurstöðu að verið væri að brjóta á þessu fólki. Ég hefði talið eðlilegri vinnubrögð hjá hv. Alþingi að það rannsakaði það sjálft, kryfi þetta mál til mergjar og skoðaði hvort sú ábending, sem hér kemur fram og er alvarleg, hafi við einhver rök að styðjast. Það eru eðlileg vinnubrögð. En við sem erum í minni hlutanum verðum sennilega að lúta því að

meiri hlutinn ætlar sér ekki að skoða þetta álitamál sem hér er komið upp. Ég verð ég að una því þó illt sé, virðulegi forseti, að efh.- og viðskn. taki þetta mál ekki til sérstakrar skoðunar. En ég vil, með leyfi forseta, lesa bréf landssambands fatlaðra þar sem það verður ekki tekið fyrir í efh.- og viðskn., en það er dags. 20. des. eða í gær, og hljóðar svo:

„Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra lítur það alvarlegum augum ef niðurstaða Alþingis verður sú að fjármagnstekjuskattur verði látinn skerða bætur almannatrygginga þegar byrjað verður á því að skerða greiðslur til þeirra sem fá lífeyri, þ.e. aldraða og öryrkja, gagnvart fjármagnstekjum áður en fjármagnstekjuskattur hefur verið lagður á aðra landsmenn á næsta ári.

Þá hlýtur að koma mjög til álita hvort hér er um brot á stjórnarskránni að ræða sem kveður á um að allir séu jafnir fyrir lögum."

Þetta er mjög veigamikill punktur sem landssambandið setur fram. Auk þess segir í bréfinu að „... hér sé um afturvirkni skattalaga að ræða og svo virðist að gengið sé einnig gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessi aðgerð kemur mjög í bakið á ákveðnum hóp í þjóðfélaginu þar sem skattur á fjármagnstekjur vegna ársins 1995 verður látinn skerða bætur á árinu 1996. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, mun leita niðurstöðu hjá umboðsmanni Alþingis verði þetta ákvæði að lögum." Undir þetta ritar Guðríður Ólafsdóttir, formaður landssambands fatlaðra.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef greint frá er um mjög alvarlega ábendingu að ræða sem hefði átt að taka eðlilega fyrir hjá nefndinni. Ég lít svo á að þeirri ábendingu sé beint til þingsins að hér gæti verið um tvenns konar brot á stjórnarskránni að ræða. Í fyrsta lagi á ákvæði 65. gr. sem segir að allir skulu jafnir fyrir lögum en hér er verið að taka út einn ákveðinn þjóðfélagshóp sem eru lífeyrisþegar, bótaþegar almannatrygginga, að láta fjármagnstekjuskattinn eingöngu ná til þeirra meðan aðrir sleppa, fólk sem hefur kannski miklu meiri fjármagnstekjur en lífeyrisþegar nokkurn tíma hafa. Þetta er einfalt, hæstv. heilbrrh. Með þessari aðgerð eru ekki allir jafnir fyrir lögum.

Í annan stað er nefnt bæði afturvirkni skattalaga og að gengið sé gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég held að það sé alveg ljóst að samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í frv. ríkisstjórnarinnar er skýrt tekið fram að allar vaxtatekjur vegna yfirstandandi árs, ársins 1995, sem hafa myndast á bankabókum lífeyrisþega og öryrkja, munu skerða bætur almannatrygginga á árinu 1996 eða frá 1. sept. að telja þannig að hér er um afturvirkni að ræða í mínum huga. Ef lífeyrisþegar hefðu vitað að það stæði til að skerða bætur með þeim hætti að láta vexti, hverja krónu — það er ekki hver króna, það er að vísu 50% — skerða bæturnar hefði þetta fólk hugsanlega gert aðrar ráðstafanir varðandi tekjur sínar sem það á í banka.

Það hefur komið fyrir á þeim árum sem ég hef setið á þinginu að reynt hefur verið að setja fram skattbreytingar gagnvart fyrirtækjunum í landinu einmitt fyrir jólin en viðbáran af hálfu sjálfstæðismanna hefur allaf verið sú að það geti ekki tekið gildi fyrr en ári seinna þar sem hér sé um afturvirkni að ræða, það sé verið að setja skatt á tekjur yfirstandandi árs. Einmitt það erum við að gera, hæstv. ráðherra, gagnvart þessum hópi.

Síðan er ein röksemdin til viðbótar og hún er sú að eins og þetta er framkvæmt núna er raunverulega ekkert eftirlit haft með því hvort lífeyrisþegar telji fram vaxtatekjur sínar. Bæturnar skerðast hjá þeim sem eru samviskusamir og telja fram vaxtatekjur sínar en kannski ekki hjá öðrum lífeyrisþegum sem hafa ekki talið fram vaxtatekjur sínar.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta allt því vera í skötulíki hjá hæstv. ríkisstjórn. Þess vegna er það mjög eðlileg tillaga sem við fjórir hv. þm. setjum fram og tökum þá raunverulega undir með sjónarmiðum hæstv. ráðherra sem hefur haldið því fram að fjármagnstekjuskattur yrði kominn á 1. sept. á næsta ári og að fjármagnstekjuskattur skerði ekki bætur bótaþeganna fyrr en sett hafa verið lög um fjármagnstekjuskatt. Ég tel algerlega útlátalaust af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu hæstv. ráðherra og ég veit að ef hún mundi beita sér í þessu máli gæti hún náð því fram hjá hæstv. ríkisstjórn að þetta héldist í hendur sem er mjög eðlileg krafa sérstaklega vegna allra þeirra galla sem ég hef talið fram varðandi framkvæmd málsins.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson taldi að hér væri ekki um skatt að ræða. Hér væri um að ræða bætur og þess vegna væri hægt að skerða þær, jafnvel þó að þetta væru bætur sem hefðu komið til á yfirstandandi ári. Ég lít ekki á þetta sömu augum. Ef við skoðum röksemd hv. þm. Vilhjálms Egilssonar um að þetta séu bætur og því ekki skattur í skilningi skattalaganna þá vil ég minna á að rétt fyrir jólin árið 1993 var samþykkt skerðing á vaxtabótum. Þá var það röksemd þáv. ríkisstjórnar og fjmrh., þess sama fjmrh. sem nú er, að skerðingin á vaxtabótum gæti ekki komið til framkvæmda 1. jan. 1994, það var sem sagt í desember 1993 sem skerðingin var samþykkt. Vegna þess að þarna væri um afturvirkni að ræða væri ekki hægt að láta skerðinguna koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1996. Ekki vegna tekna yfirstandandi árs. Hér gildir alveg sama röksemdin. Ef við sleppum því nú sem hér er verið að halda fram að verið sé að leggja skatt á einn hóp og brjóta gegn stjórnarskránni og færum okkur yfir í röksemd hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, tökum hana góða og gilda... (Gripið fram í.) Það er ekki verið að rugla neinu saman. Vaxtabætur er ein tegund af bótaflokki sem ríkið borgar til þess að auka kjör heimilanna í landinu. Með sama hætti eru lífeyrisbætur líka bætur sem eru greiddar úr ríkissjóði þannig að þarna gildir nákvæmlega það sama.

Hæstv. ráðherrar. Ábending sem kom fram í atkvæðagreiðslunni áðan frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur er líka mjög alvarleg og ber að skoða sérstaklega og sýnir hún enn einn gallann á þessari framkvæmd. Ég efast ekki um að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir hafi rétt fyrir sér í þessu máli. Hún bendir á þá sem hafa orðið fyrir slysum og orðið fyrir varanlegri örorku þannig að viðkomandi verði kannski ekki vinnufær það sem eftir er og hann fái ákveðna eingreiðslu í slysabætur sem gætu verið um 3–5 millj. kr. sem ættu að vera framfærsla hans um ókomin ár. Segjum svo að hann hafi fengið þessar bætur 1. jan. 1995 og sé búinn að vera með þetta á vöxtum til þess að ávaxta þetta lítilræði sem hann hafi fengið til þess að lifa næstu árin. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort hæstv. ráðherra hefur meðtekið hve alvarlegir hlutir eru á ferðinni. Er það meiningin ef um varanlega örorku er að ræða, og öryrkinn hefur fengið eingreiðslu í ársbyrjun 1995, og hefur ávaxtað hana, að vextirnir af slysabótunum, af þessari eingreiðslu, skerði bætur hans á árinu 1996? Ég sé að hæstv. ráðherra hefur mikinn skilning á þessu máli.

Herra forseti. Af því að ég ætla ekki að verða til þess að tefja umræðuna þá vil ég segja það í lokin af reynslu minni af samstarfi við Sjálfstfl. að ég hef enga trú á því að það sé nokkur vilji af hálfu sjálfstæðismanna til þess

að koma á fjármagnstekjuskatti nema fjármagnstekjuskatti á lífeyrisþega. Það þekkjum við sem höfum verið í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Þess vegna væri mikil trygging fyrir hæstv. ráðherra og hv. framsóknarmenn ef það ákvæði kæmi inn sem við fjórir þingmenn erum að tala fyrir og er þess efnis að fjármagnstekjuskattur skerði ekki bætur ellilífeyrisþega fyrr en komin eru lög um fjármagnstekjuskatt. Við gerum enga athugasemd við að það sé 1. sept. á næsta ári svo fremi að hér hafi verið lögfestur fjármagnstekjuskattur sem taki til allra í landinu þannig að allir séu jafnir fyrir lögum, hæstv. ráðherra. En við gerum alvarlega athugasemd við að einn ákveðinn hópur sé tekinn út úr.

Ég ætla í lokin að nefna að í því plaggi sem oftast er nefnt í ræðustólnum og vitnað í, „Fólk í fyrirrúmi", hefur Framsfl. ákveðnar skoðanir á því hvernig eigi að taka upp fjármagnstekjuskatt og þar segir, með leyfi forseta:

„Eignarskattsstofn verði breikkaður og fjármagnseignir skattlagðar með sama hætti og aðrar eignir. Frítekjumark verði hækkað og persónuafslættir hjóna millifæranlegir að fullu."

Mér skilst að framsóknarmenn hafi mjög ákveðna tillögu um hvernig eigi að útfæra fjármagnstekjuskatt sem skoðanir eru verulega skiptar um. Eftir því sem ég hef spurnir af talar Sjálfstfl. í þeirri nefnd sem fjallar um fjármagnstekjuskatt fyrir allt annarri leið. Til þess að framsóknarmenn geti að einhverju leyti staðið við fyrirheit sín um fjármagnstekjuskatt þó að Sjálfstfl. knýi þá til þess að fara aðra útfærslu varðandi upptöku hans er hér ákveðin trygging sem við í stjórnarandstöðunni bjóðumst til þess að styðja framsóknarmenn með. Ég ítreka, virðulegi forseti, þetta er útlátalaust af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og ekki síst hæstv. heilbrrh. ef hún meinar það sem hún hefur sagt í umræðunni. Ég spyr hæstv. heilbrrh. að því í lokin hvort hún sé ekki sama sinnis og hún var þegar við ræddum málin á dögunum að hún sagði að það væri ekki spurning að fjármagnstekjuskattur yrði tekinn upp 1. sept. Ég spyr hvort hún telji þá ekki eðlilegt að þessi tillaga fái framgang í þinginu og ég spyr hvort það sé virkilega svo að eingreiðslur, sem koma til örorkulífeyrisþega vegna slysabóta, skerði bætur hjá lífeyrisþegum. Í þriðja lagi ætla ég að spyrja ráðherrann hvernig hún ætlar að tryggja að þessi skattlagning sem skerðir bætur á næsta ári lendi ekki bara á þeim lífeyrisþegum sem telja samviskusamlega fram vaxtatekjur sínar á skattframtölum og lendi þar af leiðandi í skerðingu bóta en hinir sem gera það ekki, af því að það er lítið eftirlit hægt að hafa með þessu eins og það er núna, sleppi við skerðingu bóta. Hér er enn um mismunun að ræða.

Öll þessi rök sem ég hef sett fram, virðulegi forseti, mæla með því að hv. Alþingi samþykki tillögu okkar fjórmenninganna.

[14:30]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ruglar dálítið saman annars vegar skattamálum og sköttum og hins vegar bótum almannatrygginga. Það hefur verið viðtekin hefð og viðtekin skoðun að bótum almannatrygginga skyldi breytt með afturvirkum viðmiðunum. Ég get t.d. nefnt þegar ellilífeyririnn var tekjutengdur í tíð fyrri ríkisstjórnar og alls kyns eignatengingar hafa verið gerðar afturvirkar. Bætur almannatrygginga eru í eðli sínu eitthvað sem er mismunandi. Það eru ekki allir jafnir fyrir bótum almannatrygginga. Þær eru við það miðaðar að hjálpa mest þeim einstaklingum eða hópum sem af einhverjum ástæðum eru aðstoðar þurfi og að tala um að allir eigi að vera jafnir fyrir bótum almannatrygginga er náttúrlega alls ekki hluti af því máli.

Eitt vekur líka vissar spurningar í þessu sambandi um fjármagnstekjuskattinn. Hann er að sjálfsögðu blindur á það hvernig fjármagnstekjurnar verða til, hvort sem þær verða til af sparnaði, með því að fólk erfir eða með því að fólk lendir í slysi og fær uppgerðar slysabætur í eingreiðslu og hefur af þeim vaxtatekjur. Það yrði mjög flókið að gera greinarmun á slíku í einhverju kerfi sem ætti að nota fyrir vitrænan fjármagnstekjuskatt. Ég tel að Alþingi sé að fylgja viðtekinni venju og viðteknum reglum og það hefur alla tíð verið álitið löglegt og í samræmi við alla stjórnarskrá að tengja bætur við tekjur afturvirkt þannig að hér er ekki verið að ganga á skjön við stjórnarskrána.

[14:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. formaður efh.- og viðskn. misskilja málið mjög mikið og þær tillögur og röksemdir sem ég hef sett fram. Ég er ekki að tala um að allir eigi að vera jafnir fyrir bótum almannatrygginga. Ég er að tala um að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum sem stjórnarskráin kveður á um þegar verið að taka upp skatt með þessum hætti.

Ef við tökum röksemd þingmannsins góða og gilda og lítum bara á þetta sem bætur, sem ég er mjög ósammála, eru mörg fordæmi fyrir því að þegar menn eru að skerða bætur í þinginu, eins og vaxtabæturnar 1993, treysti þeir sér ekki í gildistöku á þeirri skerðingu fyrr en ári seinna vegna þess að þá voru vaxtagjöld, sem fólk varð fyrir á yfirstandandi ári 1993, talin inn í þessa skerðingu. Þetta gildir með alveg sama hætti ef við tökum röksemd þingmannsins góða og gilda. En ég ítreka að ég stend fast við það og deili þar með skoðunum landssambands fatlaðra að þetta er á virkilega gráu svæði og lögfræðilegt álitaefni hvort hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða.

[14:34]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því að um vaxtabætur er fjallað í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og þær eru hluti af skattkerfinu, sömuleiðis barnabætur og barnabótaauki. Við skulum gera okkur grein fyrir því að bætur almannatrygginga eru skertar eftir tekjum með ýmsum viðmiðunum. Ellilífeyririnn er skertur miðað við tekjur, tekjutryggingin er skert miðað við tekjur og meira að segja er gengið það að langt að tekjutryggingin er skert mjög mismunandi eftir því hvers eðlis tekjurnar eru. Þannig er sérstakt frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna og sérstakt frítekjumark vegna almennra tekna og vaxtatekjurnar koma fyrst núna inn í þessa mynd.

Ég tel að Alþingi væri t.d. fyllilega í rétti ef það kysi að taka upp eitt frítekjumark fyrir allar tekjur þannig að lífeyrissjóðstekjur nytu ekki sértekna, atvinnutekjur væru meðhöndlaðar eins og aðrar tekjur og fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. En það væri ekki hægt að gera það nema með afturvirkri viðmiðun ef maður ætlaði að láta þetta ganga í gildi sama ár. Ég tel að afturvirkni í skattalögum og að breyta bótum með slíkum hætti væri alls ekkert á skjön við nein stjórnarskrárákvæði.

[14:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að það þjónar litlum tilgangi

að deila um röksemdir fram og til baka í þessu máli í stuttum andsvörum við hv. þm. sem hefur lokað öllum skilningarvitum fyrir því að hér geti verið um rök að ræða í þessu máli. Ég ætla að tefla einum rökum fram til viðbótar þeim fjölmörgu sem ég hef þegar teflt fram.

Ef lífeyrisþegar hefðu vitað það í upphafi árs 1995 að vaxtatekjur þeirra ættu að skerða lífeyrinn á árinu 1996 og þeir hefðu átt peninga á venjulegum bankabókum hefði þá ekki verið skynsamlegt fyrir lífeyrisþegana að taka þetta allt út af bankabókum og setja í skuldabréf hjá ríkissjóði sem telur ekki vexti fyrr en lífeyrisþegarnir taka þetta út? Hér er komið aftan að fólki. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur iðulega hátt í ræðustól þegar hann álítur að komið sé aftan að fyrirtækjum eða stóreignafólki. Núna teflir hann öllum gagnrökunum fram gegn þeim hópi sem heita lífeyrisþegar.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta ekki stórmannlegt og mér er nær eftir þessa umræðu að ítreka kröfu mína að umræða fari fram í efh.- og viðskn. um þetta mál. Ég læt það í hendur efh.- og viðskiptanefndarmanna, sem hér hafa setið og hlýtt á umræðuna, hvort ekki sé full ástæða til þess að nefndin óski eftir því við formann efh.- og viðskn. að málið sé tekið upp af nefndinni áður en umboðsmaður Alþingis fer að reka málið inn í þingið af því að málið hefur ekki verið skoðað eðlilega af nefnd þingsins sem á að fjalla um þetta.

Ég ítreka spurningu mína til ráðherrans sem ég hef borið fram til hans.

[14:38]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ég vil eindregið óska eftir því við hv. þm. að þeir geri sér grein fyrir því að ekki er við hæfi að tala með fullum raddstyrk við sessunauta sína meðan umræður fara fram. Mér finnst að sá ósiður færist heldur í vöxt á seinustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi og vil eindregið hvetja menn til þess ef þeir þurfa að koma orðum til sessunautar síns að tala þá í hálfum hljóðum svo að ekki verði af truflun.

[14:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, varðandi það hversu óréttlátt það er að fjármagnstekjur skerði almannatryggingabætur á miðju næsta ári eða 1. sept. næsta ár og hversu illa það kemur niður á þeim sem hafa fengið miskabætur sem eingreiðslur, sérstaklega eingreiðslur sem eiga að duga sem bætur vegna varanlegs heilsutjóns og eiga að duga alla ævina. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann hyggist gera gagnvart þessum hópi.

Ég tek einnig undir með hv. 13. þm. Reykv. varðandi afturvirknina því að þeir lífeyrisþegar sem eru með fjármagnstekjur af þessum orsökum vegna þess að þeir hafa fengið eingreiðslur eða aðrar fjármagnstekjur hafa ekki átt kost á því að fjárfesta með það í huga að þessar bætur skerða almannatryggingabæturnar þeirra mánaðarlega. Eins og hv. þm. benti á hefðu margir e.t.v. fjárfest í ríkisskuldabréfum sem byrja ekki að skerða fyrr en þau eru leyst út og það munar um fyrir þennan hóp. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra taki tillit til þessara hópa og svari okkur um það hvernig hún hyggst bregðast við til þess að þetta óréttlæti gangi ekki yfir lífeyrisþega.

[14:40]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ég bendi hv. þm. og hæstv. ráðherrum á að óskir um andsvör verða að koma fram strax og ræðumaður hefur lokið máli sínu og ekki er hægt að óska eftir andsvari í miðri andsvaraumræðunni.

Í öðru lagi vildi ég taka sérstaklega fram vegna orða hv. 18. þm. Reykv. að andsvarið er að sjálfsögðu ætlað til að koma fram athugasemdum og jafnvel gagnrýni á það sem ræðumaður hefur sagt en ekki er við hæfi að beina spurningum eða athugasemdum til ráðherrans sem tekur ekki þátt í andsvaraumræðunni. Það er þá frekar að menn geri það með sjálfstæðri ræðu eftir að andsvörum er lokið.

Nú var hv. 18. þm. Reykv. að ljúka máli sínu og það eina sem eftir stendur er spurningin um það hvort hv. 13. þm. Reykv. vill svara. (**JóhS:** Ég vil bíða eftir því að hæstv. ráðherra komi. Ég ætla ekki að svara hv. 18. þm. Reykv.) Þá er andsvörum lokið og þá vaknar spurningin: Óskar hæstv. heilbrrh. eftir að taka nú til máls sem hann getur að sjálfsögðu gert? (**Heilbrrh.:** Það eru fleiri spurningar, ég tek þær saman fyrst frá næsta ræðumanni.) Ágætt. Þá skrái ég hæstv. ráðherra á mælendalistann.

[14:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hlutir gerast hratt á hinu háa Alþingi og brtt. sem kom fram fyrir um klukkutíma hefur verið dregin til baka með annarri og það er sannast að segja býsna erfitt að átta sig á því hvað hér er á ferð. Vegna þess að ég hljóp upp til handa og fóta þegar fyrri brtt. kom fram vil ég koma því á framfæri að athugasemd mín var byggð á misskilningi vegna þeirra breytinga sem höfðu verið á frv. og ég lýsi yfir fullkomnu trausti á lögfræðingum Alþingis sem vinna verk sitt vel og dyggilega og það var mín yfirsjón að gera þessa athugasemd. Ég hafði ekki áttað mig á því að það var kominn inn nýr liður a þannig að a varð b og b varð c. Það er skýringin á þessu. Ég vildi koma þessu á framfæri að það er ekki á álagið bætandi að vera með gagnrýni af þessu tagi sem beinist að þeim sem vinna á bak við tjöldin og hafa unnið eins og reyndar við þingmenn fram á rauða nótt. Það kom auðvitað í ljós að þeir höfðu verið að gera hárrétta hluti.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma örfáum athugasemdum að, ekki síst vegna þeirrar umræðu og þeirra athugasemda sem urðu við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. og þá fyrst það sem snýr að atvinnuleysisbótum og bótum almannatrygginga. Ég tek undir þann skilning sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni varðandi þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessum greinum. Ég lít svo á að þarna hafi stjórnarandstöðunni tekist að ná fram breytingum sem skipta máli og tryggja það að bæði þeir sem fá atvinnuleysisbætur og bótaþegar almannatrygginga fái í sinn hlut á næsta ári og þarnæsta í það minnsta hækkanir, hverjar sem þær verða. En eftir stendur og ég vil einmitt ítreka það að hér er verið að festa í lög að bæturnar verða ákveðnar á fjárlögum hverju sinni. Áður var um ákveðnar viðmiðanir að ræða og til þess að skýra þetta betur er það svo að samkvæmt þeim lögum sem enn eru í gildi varðandi atvinnuleysisbætur miðast þær við ákveðinn launaflokk fiskverkunarfólks og vegna þess að hann tekur nokkrum breytingum núna um áramótin, þá hækka atvinnuleysisbætur um 5,4% en bætur almannatrygginga miðast við aðrar hækkanir. Í hlut þeirra sem eru á slíkum bótum kemur 3,5% hækkun þannig að þarna er um mismunandi hækkanir að ræða.

Maður spyr sig auðvitað þegar menn fara eftir um það bil ár að ákveða bætur ársins 1997: Hver verður viðmiðunin þá eftir að búið er að taka atvinnuleysisbæturnar úr þessu samhengi sem þær eru í núna? Við hvað verður þá miðað og

verður hækkunin þá hugsanlega minni en ella hefði orðið? Þetta finnst mér að menn þurfi að hafa í huga og fyrst og fremst það að hér er gerð sú grundvallarbreyting að hér eftir eru bæturnar ákveðnar á fjárlögum og ég er algerlega andvíg því. Mér finnst að t.d. atvinnuleysisbætur eigi einfaldlega að vera skilgreindur réttur og síðan eigi þær upphæðir að þróast í samræmi við annað og það sama gildir um bætur almannatrygginga. Þær eiga að vera skilgreindur réttur en ekki að vera háðar ákvörðunum fjárveitingavaldsins hverju sinni þó að auðvitað hljóti bætur að taka mið af almennri efnahagsþróun og annarri þróun. Það geta verið mismunandi breytingar, hvort sem það er hjá verkafólki eða öðrum og við hvern á að miða? Hver er þessi almenna viðmiðun þó að auðvitað felist í því trygging sem við vorum að reyna að knýja fram. Það er þó ákveðin trygging gagnvart fólki sem er á atvinnuleysisbótum og bótaþegum almannatrygginga. Ég tek því undir það að hér hefur verið unninn svokallaður varnarsigur.

Hæstv. forseti. Í öðru lagi ítreka ég það að þó að hér hafi orðið nokkur breyting varðandi það stórmál sem mjög hefur verið rætt í þessu samhengi, sem var sú hrikalega skerðing sem boðuð var á nýsamþykktum lögum um greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stendur það samt sem áður eftir að breyting hefur verið gerð, bæturnar verða skertar og það verður miðað við að höfuðstóll kröfu sé 100 þús. kr. en í lögunum var miðað við 10 þús. kr. og þarna er gífurlegur munur. Það er kannski ekki síst nöturlegt að ræða þetta því að það vantar einungis 15 millj. kr. til þess að ná þeirri upphæð sem áætluð var upphaflega. Að vísu hefur verið bent á ákveðna uppsöfnun, þ.e. að mikið af kröfum bíður en svo dregur úr þessu. Þegar um svona mál er að ræða og við erum að tala um 15 millj. kr. er hræðilega nöturlegt að menn skuli klípa í þetta meðan verið er að samþykkja allt milli himins og jarðar. Ég tók ekki með mér í ræðustólinn þær breytingar sem hér liggja fyrir á fjárlögum en þær eru ekki allar jafnskynsamlegar eða viturlegar. Þetta er spurningin um það hver það er sem þrýstir á, hver hefur aðstöðu til þess að knýja fram vilja sinn. Allan þennan tíma höfum við verið að tala um þá sem veikast standa að vígi, þolendur afbrota, gamla fólkið og fatlaða. Það verður enn og aftur að undirstrika, hæstv. forseti, hve nöturlegt er að standa í þessum umræðum og menn skuli vera að leita fanga á þessum stöðum þó að ég skuli vissulega viðurkenna það eins og við kvennalistakonur höfum margítrekað að það þarf að skoða allt almannatryggingakerfið í heild eins og reyndar stendur til. Það þarf að stokka upp í heilbrigðiskerfinu og breyta þar áherslum. Ég trúi því að hægt sé að ná miklum árangri með fyrirbyggjandi aðgerðum, bæði hvað varðar aldraða og fatlaða og ekki síst að sjá til þess að fólk haldi heilsu betur en því miður leggja menn litlar áherslur í þeim efnum.

Við höfum í umræðunum bent á ferðalög ríkisstarfsmanna, risnukostnað og fleira slíkt sem auðvitað er miklu nær að skera niður en að sækja til hópa eins og þessara. Halda þingmenn virkilegra að við gætum ekki náð því saman að spara risnu og ferðakostnað um 15 millj. kr. til þess að ná upp í það sem á vantar til þess að lögin um bætur til þolenda afbrota næðu fram að ganga?

Hæstv. forseti. Það vill svo til að meiri hluti þeirra þingmanna sem hér sitja í salnum á þessu augnabliki eru konur og ég er viss um... (**Gripið fram í:** Það eru karlar líka.) Já, ég sagði að meiri hlutinn eru konur og þær og vonandi þeir karlar sem hér sitja líka hafa oft góða þjálfun að halda vel um pyngjuna þó að við séum kannski misjafnar í því eins og aðrir en ekki trúi ég öðru en við gætum ef við legðum saman fundið þessar 15 millj. og það er enn þá tími til stefnu.

Það stendur líka eftir og það er rétt að halda því til haga þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessu lagafrv. að hér er verið að skerða tekjur ellilífeyrisþega með því að beita fjármagnstekjum þeirra. Því miður hefur ekki tekist að hrinda öllum áformum um hækkanir gjalda sem m.a. munu bitna á bótaþegum almannatryggingakerfisins og við eigum að sjálfsögðu eftir að sjá hvernig þetta kemur út í framkvæmd og þá er ég m.a. að tala um þá hækkun sem fyrirhuguð er á komugjöldum heilsugæslustöðvanna. Þeim verður að vísu dreift á mismunandi hátt á hinn almenna hóp, 16 ára til 67 ára og börnin tekin sérstaklega og aldraðir sérstaklega. Samt sem áður er þarna um hækkun að ræða eins og hefur verið margítrekað í umræðunni. Ég á aðeins eftir að nefna það í þessu samhengi að hér áðan var verið að samþykkja það að lífeyrir skerðist fyrr vegna tekna en áður var í lögum.

Þá á ég aðeins örlítið eftir, hæstv. forseti, og það er spurningin til hæstv. heilbrrh. Að vísu er búið að draga til baka þá brtt. sem lá áðan fyrir varðandi breytingar á 46. og 48. gr. en það væri fróðlegt að fá upplýst hvað þarna er á ferðinni. Hvað knýr á um breytingar á stjórnum heilsugæslustöðva og Ríkisspítalanna, ef ég man rétt stjórnarnefnd Ríkisspítalanna? Reyndar var þar um að ræða ákveðið samkomulagsmál. Það er verið að taka inn varamenn. Nú er ég ekki að tala um það að þetta skuli vera í þessum lögum en hvað knýr á um breytingar á stjórn heilsugæslustöðvanna? Tengist þetta eitthvað áformum hæstv. heilbrrh. um breytingar á því kerfi eða hvað liggur eiginlega að baki? Ég hef ekki fengið neina skýringu á þessu.

Hæstv. forseti. Ég ætla að reyna að greiða fyrir þingstörfum og þætti mér afar vænt um ef forseti vildi kalla á hæstv. forsrh. því einu örlitlu atriði er ósvarað áður en þessum umræðum lýkur. Á meðan ég bíð eftir hæstv. forsrh., sem ég hygg að sé í húsinu, vil ég taka undir orð síðasta hv. ræðumanns, Jóhönnu Sigurðardóttur, varðandi athugasemdir fatlaðra. Ég tel að okkur beri skylda til þess að skoða þær athugasemdir mjög alvarlega. Það er alltaf mjög alvarlegt þegar bent er á það að Alþingi sé að gera lagabreytingar sem stangast hugsanlega á við stjórnarskrána og þarna er spurning um það hvað er skattur. Telst það vera skattur þegar tekjur af þessu tagi, þ.e. fjármagnstekjur, eru allt í einu farnar að skerða bætur og þegar það gerist aðeins gagnvart örlitlum hluta fólks? Ég get tekið undir það að þetta orkar mjög tvímælis gagnvart því að allir séu jafnir fyrir lögum en ég er ekki eins viss á þessu varðandi þá grein stjórnarskrárinnar sem fjallar um skatta. Og það er hárrétt hjá þingmanninum að hún hljóðar á þá leið að það má ekki taka skatta fyrr en það ár er liðið sem tekjurnar ná til sem verið er að skattleggja og mörg dæmi eru um slíkt. Sannast að segja er ég ekki sannfærð um það að þessi aðferð mundi túlkast sem skattur en ég man vissulega eftir þessu dæmi um vaxtabæturnar. Bara til þess að við værum örugg á því hvað við værum að gera hér væri auðvitað svo sjálfsagt mál að skoða þetta og væri heldur óskemmtilegt fyrir ríkisstjórnina að fá á sig málaferli vegna þessa og er þó nóg að gert varðandi bæði fatlaða og aldraða. — Er það ekki rétt hjá mér, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. sé í húsinu?

(**Forseti** (RA)**:** Jú. Hæstv. forsrh. er í húsinu og hefur lofað að koma innan fárra mínútna og segist eiga í viðræðum

við nokkra hv. þm. til að greiða fyrir þingstörfum en ég skal ítreka óskina.)

Við eru öll að gera okkar besta til að greiða fyrir þingstörfum. Ég vil aðeins beina til hans einni spurningu sem ég hygg að hann geti svarað fljótt og vel í andsvari en það er atriði sem mér finnst ekki hægt að skilja við. Ég get á meðan rifjað upp þessa sérkennilegu forgangsröð stjórnarflokkanna að ekki megi leggja niður embætti og ekki breyta stjórnkerfinu á nokkurn hátt. Þá verða þingmenn landsbyggðarinnar ólmir og leggjast á dómsmrh. og ná því fram að sjálfsögðu að hætt sé við að leggja þessi sýslumannsembætti niður. (**Gripið fram í:** ... úti á landsbyggðinni? Hefur þingmaðurinn sem þingmaður Reykjavíkur aldrei lagst gegn því að leggja niður stofnun í Reykjavík eins og fæðingardeildina eða héraðslæknisembættið í Reykjavík ...?) Nei, ég hef einmitt barist fyrir því að reyna að halda því heimili gangandi vegna þess að þar var í gildi ákveðinn samningur milli Reykjavíkurborgar og ríkisins. Reyndar tengist því hvort sá rekstur er skynsamlegur og það er einmitt verið að skoða það, hv. þm. Það orkar vissulega tvímælis, ekki síst í ljósi þess niðurskurðar sem kvennadeild Landspítalans má nú sæta og þarf vissulega skoðunar og heldur vildi ég að sú deild væri vel rekin og að við skoðuðum rekstur Fæðingarheimilisins vel og rækilega. Ég er eingöngu að benda á það, hv. þm., hvað forgangsröðunin virðist stundum sérkennileg hjá ríkisstjórnarflokkunum.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma í salinn og vona að ég hafi ekki verið að trufla mikilvægar samningaviðræður. En í gær þegar rætt var um það hvernig við gætum greitt fyrir þingstörfum og verið var að reyna að komast til botns í þessum langa lagabálki, bandorminum, þá kom til umræðu bréf Alþýðusambands Íslands sem barst okkur þingmönnum í gær. Í bréfi Alþýðusambandsins er að finna býsna alvarlega gagnrýni og alvarlegar athugasemdir við það sem ríkisstjórnin hefur verið að boða undanfarnar vikur. Sumt af því hefur verið dregið til baka en í þessu bréfi er því haldið fram að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við yfirlýsingu sína frá 29. nóv. en í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. nóv. sl. ættu allir bótaflokkar almannatrygginga að hækka um 3,5% frá og með 1. jan. nk. Nú hefur komið í ljós að fyrirhugað er að þessi hækkun nái ekki til allra bótaflokka almannatrygginga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessi hækkun verði látin ná til allra bótaflokka almannatrygginga eins og fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar."

Spurning mín til hæstv. forsrh. er þessi: Þau boð bárust inn á fund efh.- og viðskn. í gær að forsrh. segði að hann teldi að ríkisstjórnin hefði staðið við þessa yfirlýsingu og ég vil fá að heyra það úr ræðustóli á hinu háa Alþingi frá honum sjálfum hvernig hann svarar þessari fullyrðingu og þeirri ásökun sem hér kemur fram. Var því lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar að allar bætur yrðu hækkaðar? Hvert er svar forsrh. við þessum ásökunum?

[15:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að fá tilefni til þess að svara þessu. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þessi yfirlýsing Alþýðusambandsins, með fullri virðingu fyrir þeim miklu samtökum, nokkuð óvarlega orðuð svo ekki sé meira sagt. En það hefur kannski gerst í hita einhvers leiks. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Til að tryggja frið á vinnumarkaði og skapa traustari skilyrði fyrir sátt í þjóðfélaginu um kjaramál hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi aðgerðir:

1. Atvinnuleysisbætur hækki 1. jan. 1996 um 150 millj. kr." Það er gert.

„2. Bætur almannatrygginga hækki 1. jan. 1996 um 450 millj. kr." Það er gert þannig að það var staðið algerlega við þessar yfirlýsingar.

Til viðbótar og umfram þetta var síðan í meðferð hv. efh.- og viðskn. bætt inn einum 40 millj. kr. til að styrkja enn frekar þessa þætti og þá einkum varðandi fæðingarorlofið ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Í fjárln.) Var það í fjárln.? Já, auðvitað. Þannig að þetta fær alls ekki staðist og hv. þm. getur verið algerlega róleg yfir því. En síðan segir í ályktuninni, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir einnig megnustu andúð sinni á tillögu heilbrrh. um að auka enn frekar við tekjutengingu grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega úr 25% í 35%. Það framferði," eins og það er orðað „að hækka skatta elli- og örorkulífeyrisþega sem er með tekjur á bilinu 68–100 þús. kr. með þessum hætti en halda skattbyrði þeirra sem eru með yfir 300 þús. kr. á mánuði óbreyttum, segir meira um pólitískar áherslur og siðferði ráðherrans og ríkisstjórnarinnar en orð fá lýst."

Ég hlýt að vekja athygli á því að ríkisstjórnin hefur að kröfu Alþýðusambandsins einmitt gert sérstakan þátt, þ.e. lífeyrissjóðsgreiðslur, frádráttarbærar frá skatti sem kemur ekki síst til góða þeim sem hærri hafa tekjurnar þannig að ég tel að þetta sé afar óvarlega orðað af hálfu Alþýðusambandsins.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör. Þetta er greinilega spurning um túlkun. Alþýðusambandið túlkar það sem svo að ríkisstjórnin hafi lofað því að hækka allar bætur almannatrygginga en í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að það eigi að hækka um ákveðna upphæð og þá er spurningin hvernig menn hafa skilið það.

Ég hlýt að mótmæla því síðasta sem fram kom í máli hæstv. forsrh. vegna þess að í yfirlýsingu Alþýðusambandsins er verið að tala um að hækka skattbyrði elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með tekjur á bilinu 68–100 þús. kr. Reyndar er verið að vísa þar í tekjutenginguna en ég get ekki annað en minnt á að það var samþykkt að fella niður 15% afslátt á lífeyrisgreiðslur sem lífeyrisþegar höfðu notið og það er veruleg tekjuskerðing einmitt á þennan hóp.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að nefna 15% í samhengi við kvörtun frá Alþýðusambandinu þá er þess að geta að Alþýðusambandið lagðist hart gegn því að við veittum þennan 15% afslátt og benti okkur á það að við gætum fellt það í burtu þegar við veittum hinn afsláttinn sem ég var að nefna sem kemur ekki síður hátekjufólki til góða. Það fer ekki vel saman að finna að því að við séum ekki að ganga erinda Alþýðusambandsins og nefna 15% því að Alþýðusambandið lagðist gegn þeim afslætti og var algerlega sátt við Alþýðusambandið eins og ég skýrði það a.m.k. að þau 15% færu á brott.

[15:06]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh. að Alþýðu-

sambandið vildi alltaf nálgast málið frá hinum endanum og það var ekki aðeins verkalýðshreyfingin og reyndar vinnuveitendur sem gagnrýndu þá aðferð og þá leið sem þá var farin heldur benti stjórnarandstaðan líka á það, eins og ég hef reyndar margoft rifjað upp í umræðunni, að þetta væri dæmi sem yrði ákaflega erfitt. Ég segi það enn og aftur að ég hefði verið tilbúin að styðja það að trappa þetta niður, taka þetta í áföngum. En eins og þetta var gert af hálfu ríkisstjórnarinnar er þetta svo mikið högg að fá akkúrat þennan hóp sem er með tekjur á bilinu 70–100 þús. kr. og það, hæstv. forsrh., er ekki hátekjufólk, það veit guð almáttugur. Það er einmitt verið að skerða hjá þeim hópi með aðgerðum ríkisstjórnarinnar á margfaldan hátt.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Afnám laga nr. 96/1936, 206. mál, þskj. 414.

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. GE o.fl., þskj. 484.

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 482; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 483.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, brtt. VE, þskj. 478; brtt. JóhS o.fl., þskj. 479; brtt. VE, þskj. 481.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 221. mál, þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 481, 483 og 484. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum sem ég vil gjarnan svara.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði nokkurra spurninga, m.a. hvernig ætti að tryggja það að menn teldu fram tekjur sínar. Það er nú málið, hv. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, það er erfitt að tryggja það og hef ég ekkert svar við því. (**KÁ:** Með eftirlitskerfi.) Með eftirlitskerfi, segir hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og það er ágætis ábending en það hefur ekki dugað hingað til og það þarf að taka það mál upp af meiri krafti.

Enn einu sinni er spurt um fjármagnstekjutenginguna og sérstaklega er spurt um hvernig eigi að fara með mál þeirra sem hafa fengið miskabætur, eingreiðslur. Ég hef rætt það við lögfræðinga hvernig eigi að fara með mál þeirra og það er hægt að gera með sérstakri reglugerð að þeir verði undanskildir þessari tengingu.

Í 35. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru ívilnandi ákvæði. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að þar eru ívilnandi ákvæði varðandi þau 3% sem eru aukalega ef forsendur fjárlaga breytast og verulegar breytingar verða á þjóhagsforsendum frá því að fjárlög eru samþykkt og menn hafa glaðst yfir því og eru sammála um það.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði sérstaklega um það hvað væri fyrirhugað varðandi stjórnskipulag á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum og nú eru í vinnslu miklar stjórnskipulagsbreytingar þar sem menn búast við því að ein stjórn verði fyrir allar heilbrigðisstofnanir í hverju kjördæmi.

Í þeirri tillögu sem hefur verið dregin til baka í samkomulagi við stjórnarandstöðuna var innifalið að formennska í heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum fylgdi ráðherra hverju sinni og ég tel að það hljóti að vera réttmæt krafa því að það sé mjög mikilvægt að það haldist í hendur. Aftur á móti hefur ekki náðst um það samkomulag nú en að öllum líkindum verður lagt fram sérstakt frv. þar að lútandi eftir áramót.

[15:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég fagna því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að með reglugerð væri hægt að undanþiggja þá sem fá þessar eingreiðslur í slysabætur sem búa við varanlega örorku. Ráðherrann sagði að það væri hægt að tryggja það með reglugerð. Ég vil fá skýrari svör. Mun hún tryggja það með reglugerð að þeir verði undanþegnir ef svo fer að þessi grein sem stjórnarliðar leggja áherslu á verði samþykkt?

Í annan stað talaði hæstv. ráðherra um að það væri vitanlega ekki hægt að tryggja að fólk teldi fram tekjur sínar. Mér er það auðvitað ljóst og það er bara útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að setja þetta svona fram. Ég var að vekja athygli ráðherrans á því að eins og stjórnarliðar hugsa sér að koma á fjármagnstekjuskattinum á lífeyrisþega með því að láta þá telja niður bætur gæti þetta leitt til mikillar mismununar, þ.e. að bæturnar verða taldar niður hjá þeim sem telja samviskusamlega fram vaxtatekjur sínar en ekki hjá þeim sem telja ekki fram sínar vaxtatekjur. Þegar fjármagnstekjuskattur er komin á verður væntanlega komið á kerfi sem tryggir að bankarnir sjái til þess að vaxtatekjurnar skili sér inn á skattframtölin. Þess vegna erum við með þetta ákvæði í breytingartillögum okkar að þessi ákvæði í bandorminum verði endurskoðuð þegar almennur fjármagnstekjuskattur kemur á.

Virðulegi forseti. Ég fékk ekki svar frá hæstv. ráðherra og spyr því aftur um það hvort ráðherrann geti ekki fallist á að styðja þessa brtt. okkar fjórmenninganna sem fellur nákvæmlega að þeim orðum sem kom fram hjá ráðherranum í gær að hún teldi eðlilegt að fjármagnstekjuskattur á lífeyrisþega og almennur fjármagnstekjuskattur í landinu héldist í hendur. Ráðherrann hefur enga tryggingu fyrir því að þetta haldist í hendur nema tillaga sú sem við tölum um verði samþykkt. Ég beini því tveim spurningum til ráðherrans.

[15:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fjármagnstekjuskattur verður lagður á a burt séð frá tillögu hv. þm. (**JóhS:** Hvenær?) Eins og hv. þm. veit er nefnd að vinna að þessu máli þverpólitískt og hún mun innan tíðar ná samkomulagi um hvenær það verður gert. Það verður á næsta ári. (Gripið fram í.) Ég hef þegar svarað þessu með slysabæturnar sem hv. þm. spurði mig um. Þarna erum við að tala um hóp sem hefur fengið eingreiðslu, miskabætur. Þetta er ekki hópur sem er með miklar tekjur og þar af leiðandi er ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af þessum hópi. Þetta er ekki sá hátekjuhópur og hefur ekki það mikla vexti af sínum tekjum. Ég sagði að þarna á reglugerð að tryggja hver verði undanskilinn og slík reglugerð verður sett. Þessu hafði ég svarað áður.

[15:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta kemur skýrt fram hjá ráðherranum núna og ég þakka fyrir upplýsingarnar sem eru mikilvægar inn í umræðuna. En ráðherrann fæst ekki til þess að svara því hvort hún vilji styðja brtt. okkar fjórmenninganna og

því spyr ég ráðherrann að því aftur: Ef ráðherrann fellst ekki á að styðja þessa brtt. og hún nær ekki fram að ganga og lögin verða afgreidd eins og stefnir í mun ráðherrann beita sér fyrir því ef almennur fjármagnstekjuskattur verður ekki kominn á 1. sept. að lagagreininni varðandi lífeyrisþegana verði kippt úr sambandi og þá frestað þar til almennur fjármagnstekjuskattur er kominn á?

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum oft rætt um fjármagnstekjutenginguna í þessum þingsal. Mér finnst fjármagnstekjutengingin mjög eðlileg og sanngjörn. (**JóhS:** Það var ekki spurningin.) Ég er að tala, hv. þm. og svara spurningu hv. þm., ég bið hana að vera rólega á meðan. Mér finnst fjármagnstekjutengingin eðlileg og sanngjörn og mér finnst fjármagnstekjuskattur líka eðlilegur og sanngjarn skattur. Hvort hann verður kominn á nákvæmlega 1. sept. er ég ekki tilbúin að segja úr þessum stól en það er ósk mín að svo verði.

[15:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 481 sem ég flyt. Hún er þess efnis að greinar 47 og 48 í bandorminum falli út þar sem kveðið er á um breytingu á skipan stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana. Það var fjallað um þetta mál í nefndinni og gerðar ákveðnar breytingartillögur og síðan var lögð fram brtt. á þskj. 478 sem olli ákveðnum óróa. Í kjölfar umræðna til þess að greiða fyrir þingstörfum og lægja þennan óróa hef ég fallist á að flytja þessa brtt. og ég vona að hv. þm. geti fallist á hana.

[15:22]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þá tillögu sem hv. formaður efh.- og viðskn. var að kynna áðan, þ.e. að fella niður tvær greinar í bandorminum, 47. og 48. gr., sem kveða á um stjórnir í heilbrigðiskerfinu. Ég tel eðlilegt að þessi málsmeðferð sé viðhöfð með tilliti til forsögu málsins og þau komi þá til skoðunar við betra tækifæri og þá væntanlega við heildarendurskoðun á þessum þáttum. Hér hefur verið komið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar því að ég minni á að það var ein af tillögum stjórnarandstæðinga við 2. umr. bandormsins að einmitt þessar tvær greinar yrðu felldar niður. Nú hefur það orðið með tillögum hv. formanns efh.- og viðskn. og því ber að fagna.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að honum tókst með framferði sínu fyrr í dag að skapa ákveðinn óróa. Nú hefur hann séð að sér og hann hefur lægt þennan óróa. Hann hefur orðið við sanngjörnum óskum okkar alþýðuflokksmanna um að taka þessar tvær greinar út úr frv. Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti, að þó að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi ekki útlit jólasveinsins þá sýnir þetta að hann hefur a.m.k. innræti hans.

[15:24]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Mín ræða verður stutt. Við erum nú komin að lokum mikillar lotu um ríkisfjármál. Það sem tekist hefur verið á um er hvort tveggja: meginstefna ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum eins og hún birtist í bandorminum. Í annan stað höfum við tekist á um stefnu almennt í efnahagsmálum sem birtist í fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. Þegar púðrinu slotar eftir þessa lotu og menn geta kannað vígvöllinn er ástæða til þess að draga saman niðurstöður í örstuttu máli.

Ríkisstjórnin hafði uppi áform um að leggja á sérstök innritunargjöld á sjúkrahús. Hún hefur fallið frá því.

Í annan stað: Ríkisstjórnin hafði uppi áform um að aftengja atvinnuleysisbætur við tiltekinn kauptaxta, þ.e. við laun. Ríkisstjórnin er á undanhaldi í því máli og hefur fallist á breytingar þannig að fjármunir á árinu 1996 eru áfram tryggðir. Þar var það verkalýðshreyfingin sem knúði á um undanhaldið. Í annan stað er kominn inn texti um viðmiðun við þróun verðlags, launa og efnahagsmála sem gildir árið 1997. Þá er komið að kjarasamningum þannig að málið er í höndum hvors tveggja, verkalýðshreyfingar og Alþingis þannig að þarna hefur náðst þýðingarmikill varnarsigur.

Þriðja málið var aftenging lífeyrisbóta og launa. Þar er staða málsins sú að verkalýðshreyfingin hefur tryggt fjármuni í samræmi við kjarasamninga á árinu 1996. Því næst kemur árið 1997 þar sem viðmiðunin er sú hin sama að því er varðar atvinnuleysisbætur við laun, verðlag og efnahagsþróun. Síðan kemur sólsetursákvæði og þau ákvæði sem nú gilda í lögum og við beittum okkur fyrir að stæðu óbreytt standa óbreytt. Það er ákveðin trygging í því máli.

Í fjórða lagi er að nefna það mál sem varðar þolendur ofbeldisverka og þeirra réttarbót sem átti að vera fólgin í því að þeir hefðu tryggar greiðslur sem þeim höfðu verið dæmdar eða úrskurðaðar af réttarkerfinu. Þetta mál var upphaflega rekið þannig af hæstv. dómsmrh. að hann vildi bæta sér upp getuleysi sitt til þess að spara í ráðuneyti sínu innan rammafjárlaga með því að slá á frest gildistöku laga sem Alþingi hafði einróma samþykkt í málinu. Alþingi brást við því nánast ókvæða og niðurstaðan er sú að frá þeim tillögum sem lágu fyrir í bandormi hefur þessu máli verið gerbreytt og margir hafa lýst óánægju sinni með það að ekki hefur náðst fullnaðarsigur. Því hefur verið lýst á þann veg að frá því sem upphaflega var áformað hafi bandormurinn skert réttindi þessa hóps um 70%. Með þeim breytingum sem við höfum nú náð fram hefur verið tryggt að réttindin haldast um það bil 70%.

Hvað varðar ábyrgð ríkisins að viðbættum vöxtum, það varðar að fá út ábyrgð ríkisins takmarkaða við 50%, það varðar að þök á bótafjárhæðir hafa verið hækkuð þótt vextir komi ekki á höfuðstól ef um er að ræða afturvirkar greiðslur. Þetta er áfangasigur. Menn geta sagt: 70% réttlæti er ekki réttlæti. Það er rétt. Engu að síður hefur þessi smánarblettur sem virkilega var á Alþingi ef málin hefðu staðið óbreytt verið þurrkaður af.

Að því er varðar einstök mál hefur sá ávinningur náðst að tilraunin til þess að fella niður bótagreiðslur sem voru til þeirra verst settu og voru lágar hefur mistekist sem og tilraunin til þess að hækka skerðingarhlutfallið að því er varðar tekjutengingu lífeyrisþega við grunnlífeyri.

Loks náðist það fram að 61. gr., sem var óskiljanleg en lýsti þó áformum um opna heimild til ráðherra um gerbreytingar í ríkisrekstri, hefur verið dregin til baka þrátt fyrir það að ríkisstjórnin áskilji sér rétt til þess að flytja um það sjálfstætt mál sem hún hefur að sjálfsögðu.

Að því er varðar fjárlögin eru þau mál enn í uppnámi og við vitum ekki á þessari stundu hvernig tekið er á því máli að leysa innbyggðan ríkisfjármálavanda sjúkrahúsanna en um það verður tekist á við afgreiðslu fjárlaganna.

Loks er þess að geta að það eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar á þessu þingi sem hafa lagt fram tillögur um að draga verulega úr ríkissjóðshallanum, bæði með því að leggja fram tillögur um almennan sparnað í ríkisrekstri þannig að á hvorum tveggja vígvellinum, annars vegar þegar verið er að takast á um mikilvæg grundvallaratriði velferðarþjónustunnar á Íslandi og svo hins vegar stefnumörkun til framtíðar í efnahagmsálum og ríkisfjármálum hefur stjórnarandstaðan að mínu mati sýnt með samstöðu sinni, tillöguflutningi og málflutningi að hún hefur staðist þetta próf. Þetta er raunverulega fyrsta prófið á þessu kjörtímabili sem verulega reyndi á.

Hitt er svo annað mál að það er vaxandi halli í fjárlögum, trúlega niðurstaðan hjá því sem var í upphaflegu fjárlagafrv. og var þó teflt á of tæpt vað. Þá hefur ríkisstjórnin lýst áformum sínum með tillöguflutningi, sem við fjöllum um á eftir við frv. til lánsfjárlaga, með einstakri tillögu sem varðar Spöl hf., sýnt að hún er aldeilis ekki á þeim buxunum að beita lánsfjárlögum til stuðnings aðhaldssamri efnahagsstefnu. Þetta er að mínu mati aðalatriði þessa máls. Það var mjög mikilvægt að menn eru sammála um túlkun á þessum atriðum eins og fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar sem síðan var samsinnt af formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni.

Nú þegar þessari lotu er lokið vil ég, virðulegi forseti, draga upp þau aðalatriði málsins sem upp úr standa vegna þess að þau skipta sköpum. Það hefur reynt á það hverju stjórnarandstaðan hefur fengið áorkað og getur fengið áorkað *með einörðum málflutningi og vönduðum tillöguflutningi* og hún hefur staðist það próf.

[15:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég byrja á því að taka undir með fyrrv. ræðumanni, hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að enda þótt sú niðurstaða sem nú blasir við sé ekki að öllu leyti góð, síður en svo, þá hefur verkalýðshreyfingin, samtök launafólks, BSRB, Alþýðusambandið og stjórnarandstaðan á þingi náð umtalsverðum árangri með tilliti til þeirra skerðingaráforma sem ríkisstjórnin hafði uppi fyrir nokkrum vikum.

Ég kem fyrst og fremst hingað til að leggja áherslu á að ég lít svo á að þær umræður sem hafa farið fram um breytta viðmiðun fyrir atvinnuleysisbætur, lífeyris- og tryggingabætur, séu afar *mikilvægar. Hér hefur verið staðfestur sá* skilningur sem ég setti fram við atkvæðagreiðslu fyrr í dag í þá veru að breytt viðmiðun fyrir atvinnuleysisbætur og lífeyris- og tryggingabætur munu ekki hafa í för með sér neinar skerðingar frá fyrra fyrirkomulagi.

Margir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa komið upp og ítrekað þetta sjónarmið og hv. þm. Svavar Gestsson fór mjög rækilega yfir þessi mál í ræðu sinni að viðstöddum fjmrh. og hv. formanni efh.- og viðskn. þingsins. Við atkvæðagreiðsluna fyrr í dag var nær öll ríkisstjórnin viðstödd án þess að þeim skilningi, sem hér er lýst, væri andmælt eða önnur sjónarmið höfð uppi. Mér finnst ástæða til þess að leggja mjög ríka áherslu á þetta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]

Brtt. 472 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 479 felld með 33:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, GÁS, HjálmJ, HG, ÍGP, KHG, KH, LB, MS, MF, RG, SighB, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 481 samþ. með 47 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁJ, BH, EgJ, EKG, GÁS, HjálmJ, HG, ÍGP, KH, LB, MS, MF, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þá er loks eftir langa mæðu komið að lokum umfjöllunar þingsins um þetta leiðindamál, bandorminn, á herrans árinu 1995. Þó að þetta mál hafi í meðförum þingsins vegna baráttu stjórnarandstöðunnar og þrýstings utan að úr þjóðfélaginu tekið nokkrum framförum og innihald þess skánað í mörgum veigamiklum atriðum er það samt svo að eitt af því sem gerir það nokkuð sérstakt er að þrátt fyrir alla lengdina er það að uppistöðu til heldur til hins verra. Satt best að segja er sjaldgæft að finna jafnviðamikið frv. þar sem nánast öll helstu efnisákvæði frv. eru íþyngjandi eða fela í sér skerðingar eða afnám réttinda af einum eða öðrum toga. Ég minnist þess varla að hafa áður tekið þátt í að vinna að máli sem er svo einhliða illt og þetta plagg hér. Þar af leiðandi er það svo, herra forseti, að þó að það hafi heldur skánað í meðförum þingsins er það enn að uppistöðu til þannig að ekki er hægt að sætta sig við það og ég greiði því atkvæði gegn þessu frv.

[15:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Við lokaafgreiðslu bandormsins ber að taka fram að frv. var mjög slæmt þegar það kom inn í þingið. Það voru gerðar á því nokkrar breytingar til bóta með samkomulagi og fyrir forgöngu stjórnarandstöðunnar. Þrátt fyrir það er frv. veruleg árás á velferðarkerfið, endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar sem stjórnarandstaðan er andvíg í meginatriðum. Þess vegna greiðum við atkvæði gegn þessu frv. við lokaafgreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 487).

[15:44]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. minni hluta fjárln., þskj. 485; brtt. ÁE o.fl., þskj. 486.

Lánsfjárlög 1996, 3. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 465, frhnál. 482, brtt. 456 og 483.

[15:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum við frv. til lánfsjárlaga frá meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 456 og 483 og frhnál. sem eru á þskj. 458 og 482.

Brtt. sem er á þskj. 456 er þess efnis að við 3. tölul. þeirra breytingartillagna sem lágu fyrir í dag bætist nýr tölul. um að það sé hægt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán fyrir Spöl hf. allt að einum milljarði kr. vegna kostnaðar við gerð vegganga undir Hvalfjörð og tengingu þeirra við vegakerfið. Heimildin er veitt með því skilyrði að ríkissjóði standi til boða að kaupa hlutabréf Spalar hf. eigi síðar en 2018 og að staðfest kostnaðar- og tekjuáætlun sé við það miðuð að öllum greiðslum af lánum og innheimtu veggjalds verði lokið innan 30 ára eftir að veggöngin verða tekin í notkun.

Til skýringar á þessari beiðni um sjálfskuldarábyrgð vil ég nefna eftirfarandi:

„1. Til þess að unnt yrði að ganga frá samningum við Enskilda Bank í Svíþjóð var óhjákvæmilegt að verktakar tækju á sig kostnað vegna tafa á því að vinna við jarðgöngin gæti hafist. Jafnframt hafa verktakar tekið ábyrgð á kostnaði sem verða kann ef verklok dragast fram yfir það sem samið er um. Þá bera verktakar ábyrgð á vissum ófyrirséðum áhættuþáttum sem ekki er hægt að tryggja sig fyrir." — Allt þetta hækkar kostnað við verkið. — „Ábyrgð af þessum sökum nemur allt að 300 millj. kr. sem þó gjaldfalla ekki fyrr en séð verður að staðið verði við samninginn.

2. Taldar 1–12% líkur á að til frekari styrkingar á göngunum en segir í verksamningi kunni að koma. Ógjörningur er að meta slíkan ófyrirsjáanlegan kostnað en hér er reiknað með að ríkisábyrgð af þessum sökum á lánum til Spalar hf. kunni að nema allt að 300 millj. kr. sem gjaldfalla einu ári eftir að göngin hafa verið tekin í notkun.

3. Reiknað er með að vegtenging við göngin kosti um 800 millj. kr. Gert er ráð fyrir að Spölur hf. taki lán með ríkisábyrgð fyrir helming fjárhæðarinnar sem endurgreiðist af veggjaldi. 400 millj. kr. verða greiddar af vegafé Reykjaneskjördæmis og Vesturlandskjördæmis á árunum 1999–2003 en vextir greiðast þó af óskiptu fé Vegasjóðs."

Áður en þetta mál er hingað komið hafa að sjálfsögðu orðið um það nokkrar umræður. Það má segja að þetta sé að sjálfsögðu álitamál eins og mörg önnur en ég hygg að afstaða manna til þess fari að nokkru leyti eftir því hvern útgangspunkt menn hafa í viðhorfum sínum til þessara framkvæmda. Ástæðan fyrir því að ég get stutt þetta mál og geri það af heilum hug er sú að ég tel að þessi framkvæmd sé þjóðþrifaframkvæmd, hagkvæm framkvæmd sem engin spurning er að þarf að leggja í. Ég tel meira að segja að það hefði verið eðlilegt frá upphafi að Vegagerð ríkisins hefði annast þessa framkvæmd hvort sem það hefði verið gert með því að fyrir hana hefði verið greitt af notendum hennar eða það hefði verið farið með hana með sama hætti og aðrar framkvæmdir í vegamálum. Ég tel það sjálfsagt mál þegar um framkvæmd af þessum toga er að ræða að greitt sé fyrir notkunina. Þetta er minn útgangspunktur í málinu. Í umræðum um málið á árum áður var hins vegar ekki samstaða um það að þessi framkvæmd væri nauðsynleg og ýmsir sem töldu að það væri ekki eðlilegt að í hana væri lagt nema það væri gert á þeim grundvelli að að henni stæði sjálfstætt einkafyrirtæki sem þá hefði möguleika á að láta notendur greiða fyrir notkunina.

Fyrir mér snýst því málið um að framkvæmdin er komin á það stig núna að hún er að fara í gang. Það er búið að undirbúa málið. Það er búið að skrifa undir alla samninga og mér finnst þess vegna sjálfsagt mál að ríkið komi til skjalanna með þessum hætti til að lækka kostnaðinn við verkið og tryggja að það geti hafist.

Ég vek líka athygli á því að eins og þetta mál er lagt upp, þá er gengið út frá því að notendurnir greiði fyrir framkvæmdina á löngum tíma. Ég vek líka athygli á því að ef ekki verður lagt í þessa framkvæmd, þarf að leggja í kostnað við veginn fyrir Hvalfjörð upp á meira en 2 milljarða kr. Hámark þess sem ríkið getur tapað við það að lagt er í framkvæmdina er einn milljarður kr. ef öll þessi sjálfskuldarábyrgð fellur á ríkið. Reyndar eru afar litlar líkur á að sú fjárhæð tapist. Ég tel að það sé fyllilega réttlætanlegt að leggja í þetta vegna þess að hámarkið sem hægt er að leggja til framkvæmdarinnar úr ríkissjóði með því að fara í göngin er einn milljarður. Meðan það er alveg tryggt að ekki verður farið í göngin og þau verða aldrei byggð, er alveg öruggt mál að það þarf að leggja yfir tvo milljarða úr ríkissjóði í aðra framkvæmd. Þess vegna tel ég að að sé full ástæða til þess fyrir Alþingi að greiða fyrir þessu máli þannig að þetta þjóðþrifaverk komist af stað.

Í breytingartillögunum sem eru á þskj. 483 er í fyrsta lið lögð til breyting á 1. gr. frv. til lánsfjárlaga. Þetta er leiðrétt niðurstaða 1. gr. fjárlagafrv. Í 2. lið er leiðrétting á orðalagi. Í 3. lið er lögð til heimild fyrir fjmrh. til að taka lán, allt að 70 millj. kr. á árinu 1995 og endurlána til Spalar hf. Í 4. lið er lögð til gildistökuheimild vegna lántökuheimildar fyrir árið 1995.

Til skýringar á 3. og 4. lið brtt. á þskj. 483 er að í framhaldi af þáltill. sl. vor um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð undirrituðu samgrh. og fjmrh. samning við Spöl hf., 22. apríl sl. Samtímis undirrituðu sömu aðilar sérstakt samkomulag með vísan til samningsins. Það fól í sér að hlutafé félagsins var ákveðið 86 millj. kr. á nafnvirði og skyldi ekki hækkað án sérstaks samkomulags samningsaðila. Þ.e. félagið er bundið af því að geta ekki hækkað hlutaféð umfram 86 millj. kr. Jafnframt var samþykkt að lána félaginu úr ríkissjóði allt að 70 millj. kr., m.a. til að koma til móts við þessa takmörkun. Höfuðstóll lánsins ásamt vöxtum skyldi vera víkjandi gagnvart framkvæmda- og fjármögnunarlánum félagsins. Þetta lán var til viðbótar 50 millj. kr. láni úr ríkissjóði sem veitt var árið 1993 til þess að ljúka rannsóknum vegna Hvalfjarðarganga. Hér er lagt til að ráðherra verði veitt þessi heimild til lánveitingar á árinu 1995.

Allar þessar aðgerðir, þ.e. þessi lán upp á 70 millj. og sjálfskuldarábyrgðin vegna þeirra þátta sem ég hef rakið, eru til þess fallnar að draga úr kostnaði við verkið, stytta þann tíma sem notendur þurfa að greiða fyrir notkun á göngunum til þess að standa undir kostnaðinum og færa mannvirkin eins fljótt í hendur ríkissjóði og unnt er. Þess vegna tel ég að þetta sé hið besta mál og vona að það verði hægt að komast í gegnum Hvalfjarðargöng áður en þetta kjörtímabil er úti.

[15:56]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli 1. flm. þessarar brtt., þá er um þetta mál að segja að sannarlega orkar það

tvímælis þegar menn líta það fyrst augum. Ég taldi því rétt að gera þingheimi grein fyrir því hvernig stendur á því að ég er einn af flm. þessarar tillögu.

Ég vil taka það fram svo að það sé alveg skýrt að persónulega fannst mér mjög óþægilegt hversu seint þetta mál er fram komið og hlýtur að vera til mikilla óþæginda fyrir þingið að þannig gerist það.

Ég var mjög lítt kunnur þessum málum öllum fyrr en fyrir fjórum dögum að það kom fyrst á okkar borð hjá efh.- og viðskn. Mér komu því þessar beiðnir dálítið spánskt fyrir sjónir. Eftir að hafa eftir atvikum reynt að kynna mér það og kynna mér alla málavöxtu eins og ég hef getað á þessum skamma tíma, var það niðurstaða mín að vera meðflm. að þessari tillögu. Eins og ég lít á þetta mál og eins og ég lít á það hvernig það er tilkomið, þá er það þannig að það má raunverulega skipta þessum eina milljarði í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn eða 300 millj. kr. eru einfaldlega vegna þess að verkið hefur hækkað. Það hefur hækkað þann tíma sem liðinn er frá útboðinu en það eru einir 16 mánuðir síðan gengið var frá því. Hvort það er réttmætt eða ekki get ég ekki efnislega lagt dóm á en verð að treysta þeim aðilum sem þarna er um að fjalla og því að þeir séu að gera þetta af viti og samviskusemi. Þetta er bónus ofan á verkið sem verður þó ekki greiddur fyrr en því er lokið. Að mínu mati er því þarna um fjárskuldbindingu ríkisins að ræða, 300 millj., sem er einfaldlega hækkun verksins.

Í öðru lagi er þarna um aðrar 300 millj. að ræða sem er ábyrgð til fyrirtækisins Spalar hf. Í þeim 300 millj. er sannarlega eins og kom fram í máli 1. flm. nokkur áhætta. Ég tel að það sé þó nokkur áhætta. En fyrst og fremst eru rökin fyrir því að veita þessa ábyrgð þau að þetta fyrirtæki sem menn hafa sannfærst um fyrir einhverjum árum að væri rétti aðilinn til þess að annast verkið, er ákaflega lítið fyrirtæki. Það á reyndar mjög litlar eða engar eignir og er nánast skúffufyrirtæki. Það getur því ekki fjármagnað sig nema með ofurvöxtum þannig að stórum hluta til er verið að lækka kostnaðinn í heild með því að veita því ríkisábyrgð.

Um þetta má að sjálfsögðu deila og það er ástæða til þess að staldra við. Er rétt að veita fyrirtæki ríkisábyrgð til þess að lækka hjá því vexti? Almennt talað mundi það ekki vera. Almennt talað mundu menn ekki gera það, ekki að mínum dómi. En sannarlega eins og málum er komið mun þetta lækka verkið og sé áhættan tiltölulega lítil eins og gögn sýna sem við höfum skoðað, þá getur verið réttlætanlegt að gera það.

Í fjórða lagi er þarna um 400 millj. kr. að ræða vegna vegalagninganna að göngunum. Ég lít þannig á að með þessar 400 millj. séum við að fjalla um gamalt heimatilbúið vandamál í ríkisfjármálunum. Það er svo að það hefur löngum verið metnaðarmál manna að láta fjárlögin líta út með sem minnstum halla og er skiljanlegt. Að mínu mati eru menn að ofmeta þá þýðingu sem lítill halli fjárlaganna segir því að réttu ættum við að meta saman fjárlögin og lánsfjárlögin og reyna þannig að mynda okkur skoðun á því hvort staða ríkissjóðs er að veikjast eða styrkjast. Það er auðvelt að sýna fram á að fjárlög kannski með þó nokkrum halla, tíu milljörðum eða svo þar sem mikið er um arðbærar fjárfestingar, kunna að vera jafnvel betri en þau fjárlög sem hafa engan halla en allir peningarnir fara í eyðslu. Ég held því að undirrót þessa liggi í því að við yrðum betur í stakk búin til að fjalla um fjárlagavandann ef við tækjum hreinlega Vegagerðina, þetta stóra fjárfestingarfyrirtæki ríkisins út úr A-hluta ríkissjóðs og fjölluðum ekki um þær tölur sem Vegagerðin skapar í fjárlögunum jafnhliða því að fjalla um rekstrarvandann.

Viðfangsefni þingsins nú hlýtur að vera og er það sama og það hefur verið áratugum saman, að reyna að ná tökum á rekstrarvanda ríkissjóðs. Það er vandamál þessa þings. Það er vandamál allra þjóðþinga Evrópu og allir vita að hvorki okkur né öðrum hefur gengið svo mjög við það. Í heild má segja, ef við metum þetta og ég get sagt það hreinskilnislega að ég met þennan 3. lið eða þessar 400 millj. sem samsvörun þess að við værum með 400 millj. kr. meiri halla á fjárlögum. Ég segi það bara beint út. Ég sé enga ástæðu til að draga dul á það.

Ég ætla að það séu þrjár ríkisstjórnir sem hafa fjallað um þetta mál. Ég er í sjálfu sér ekki að draga í efa ágæti framkvæmdarinnar en það fellur óneitanlega mikill skuggi á þetta vegna þess að allan tímann sem málið hefur verið til umfjöllunar hefur það verið rætt á forsendum þess að ríkið þyrfti ekki og ætti ekki að koma nálægt því. Þess vegna hefur það fengið sérstaka afgreiðslu. Þess vegna má segja að þessi framkvæmd hafi komist fram fyrir aðrar framkvæmdir í þeirri goggunarröð sem unnið er eftir í vegaframkvæmdum. Það má því segja að fyrirtækið Spölur, sem mér skilst að sé hlutafélag í eigu opinberra fyrirtækja norðan Hvalfjarðar, hafi náð tilgangi sínum því að hann virðist vera sá að hafa komið þessari framkvæmd núna af stað, ella hefði framkvæmdin átt sér stað einhvern tíma um miðja næstu öld að því mér er sagt. Í sjálfu sér er því ástæða til að óska þeim aðilum til hamingju með það. Að öðru leyti verð ég að segja að mér finnst hlutur þessa fyrirtækis bágur að öllu leyti. Það hefur ekki getað staðið við það sem til var ætlast og því miður stöndum við uppi með það að allir þeir aðilar sem að málinu hafa komið í þrjár ríkisstjórnir, hafa því miður verið ósannindamenn af því að þær forsendur að þetta yrði án ríkisábyrgðar fást ekki staðist. Og það er mjög leiðinlegt því að ég veit að allir þeir sem hafa lýst þessu yfir í gegnum tíðina hafa verið að gera það í góðri trú. Ég efast ekki um það.

Hins vegar er mér ekki ljóst hvenær það varð að þetta verk gæti ekki gengið fram öðruvísi en með aðstoð og hjálp ríkisins. Ég veit það ekki. Ég verð þó að trúa því og ætla að það hljóti að hafa verið eitthvað áður en fyrir fjórum eða fimm dögum þegar þinginu var fyrst sagt frá þessu á mánudag. Ég trúi ekki öðru og mér finnst það mjög miður að svona beri málið að. Mér finnst það mjög miður því að það hlýtur að skaða alla sem að málinu koma því það hlýtur að hafa verið þekkt fyrr.

Eftir að hafa reynt að skoða þetta mál eins og hægt er á fjórum sólarhringum, varð það mín niðurstaða og okkar nefndarmannanna að það væri ljóst að án þessarar hjálpar kæmi þetta verk ekki til framkvæmda. Það væri sem sagt búið spil. (**ÓRG:** Það eru nýjar upplýsingar í málinu.) Það er mitt mat og okkar að komi ekki ríkisábyrgð til, muni ekki koma til þessara framkvæmda. Það er bara mat.

Þótt mér finnist þetta bera illa að og hörmulegt að vegaframkvæmdum skuli hafa verið raðað upp á fölskum forsendum, lít ég þannig á að það væri meira tjón og meiri ábyrgðarhlutur að koma í veg fyrir framkvæmdina heldur en að veita þessa ríkisábyrgð sem mér er þó alls ekki ljúf. Þótt aðdragandinn hafi verið slæmur, met ég það svo að framkvæmd þessa verks sé í sjálfu sér þjóðinni og öðrum til ágætis og get ekki annað en óskað þeim til hamingju sem

munu njóta þessarar framkvæmdar. Þess vegna tek ég þá afstöðu að styðja málið. Ég vil heldur gera það en eiga þátt í því að verkið falli niður og allt sem unnið hefur verið að í 6 ár fari í súginn. Ég tel það skárri kost af tveimur illum.

Ég met það líka svo að með því að gera þetta á þennan veg þótt ógeðfelldur sé, séu menn að styrkja heildarstöðu ríkisins. Ég ætla hvorki að leita blórabögguls í þessu máli né sakafella neinn vegna þeirra röngu upplýsinga sem voru hér á ferðinni. En ég tel það skyldu okkar að reyna að halda tjóni ríkissjóðs í lágmarki og koma með tillögur um það á hvern veg þetta gengur best úr því sem komið er. Þess vegna er ég flm. þessarar tillögu.

[16:08]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var satt að segja hálfsorglegt að hlusta á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson reyna að rökstyðja þessa tillögu hér áðan. Ein af röksemdum hv. þm. var að lántökukostnaður mundi lækka. Að sjálfsögðu, hv. þm. Ef ríkið er ábyrgðaraðili, lækkar alltaf lántökukostnaðurinn. Íslandsbanki þarf t.d. að greiða hærri lántökukostnað en ríkisbankarnir erlendis. Eigum við þá að fara að veita Íslandsbanka ríkisábyrgðir til að lækka lántökukostnaðinn, hv. þm.? Það er ein af röksemdunum fyrir því að einkavæða ríkisbankana að þeir sitji til jafns við Íslandsbanka hvað lántökukostnað snertir. En nú er málunum snúið á haus og sagt að til þess að lækka lántökukostnaðinn, eigi að veita ríkisábyrgð. Það getur ekki verið alvara hv. þingmanns að færa það sem rök hér fyrir því að ríkið gangi inn í þennan rekstur með þessum hætti.

Í öðru lagi segir þingmaðurinn að í þessum þúsund millj. séu 300 millj. sem aldrei komi til með að falla ábyrgð á fyrr en verkinu er lokið. Hv. þm., það stendur bara ekki í tillögunni. Það er ekki stafur um það í tillögunni, hv. þm. Eina skilyrðið sem sett er í tillögunni er að ríkissjóði standi til boða að kaupa hlutabréfin. Þess vegna er þingmaðurinn að lýsa hér skilyrði sem ekki er nefnt á nafn. Þótt eitthvað sé tilgreint í hliðarnefndaráliti þeirra þingmanna sem flytja tillöguna, þá hefur það ekkert gildi varðandi bindingu hæstv. fjmrh. Samkvæmt þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar er fjmrh. heimilt að veita þessa þúsund milljóna ríkisábyrgð án nokkurra annarra skilyrða en kaupa á hlutabréfunum. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. auk fyrirspurnar minnar um lækkun lántökukostnaðarins: Ætlar hann að breyta tillögunni til að setja þetta skilyrði inn?

[16:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég tók skýrt fram orkar það að sjálfsögðu tvímælis svo ekki sé meira sagt að veita ríkisábyrgð til að lækka vexti. En mér er sagt að þannig hátti til um samninga ríkisins og Spalar hf. að frá þeim hafi verið gengið þegar annað ráðuneyti Steingríms Hermannssonar var við völd. Þá gegndi hv. þm. starfi fjmrh. Þannig var frá málum gengið að Spölur hf. fékk einkaleyfi á þessari framkvæmd. Með því að lækka vaxtakostnað fyrirtækisins styttist einfaldlega sá tími sem gjald er tekið af veginum. Hér er einfaldlega verið að lækka framkvæmdakostnað. Það eru rökin sem lögð voru fyrir nefndarmennina og þannig skildum við málið eftir að hafa reynt af fremsta megni að kynna okkur það.

Í öðru lagi skýrði ég frá því að þeir samningar sem allt stendur og fellur með eru þannig að beðið er um 300 millj. kr. ríkisábyrgð til að framkvæma verkið, með því fororði að það gjaldfalli ekki fyrr en því er lokið. Ég skýri bara frá þeim upplýsingum sem við fengum þegar við kynntum okkur málið. Ég tel mig fara með rétt mál og óhætt sé að treysta því að svona er þetta.

[16:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það dugir ekki að einhver þingmaður komi upp og segi að honum hafi verið sagt að 300 millj. verði ekki borgaðar út fyrr en verkinu er lokið þegar ekki stendur stafur um það í hinni formlegu lagasetningu. Það er jafneinfalt og tvisvar tveir eru fjórir. (Gripið fram í.) Það skiptir engu máli hvað ráðherrann segir um það. Það getur komið annar fjmrh. og veitt þessa heimild samkvæmt þessum lagatexta.

En hitt er alveg rétt, hv. þm., að þessu fyrirtæki var veitt einkaleyfi á göngunum. En hvert var skilyrðið sem þeir lýstu sjálfir hvað eftir annað yfir að þeir væru stoltir af? Skilyrðið var að það færi aldrei króna í formi ríkisábyrgðar eða greiðslu úr ríkissjóði eða sveitarfélögunum í þessa framkvæmd. Og við undirritunarathöfnina 1991 var því lýst yfir af fulltrúum allra eignaraðilanna sem þar tóku til máls að forsenda þessara framkvæmda væri sú að þeir mundu aldrei biðja um krónu frá ríkinu í ábyrgð eða greiðslu vegna þessarar framkvæmdar. Það er því afgerandi stefnubreyting þegar það gerist nú. Það er ekki lengra síðan en nokkrir mánuðir að núv. hæstv. samgrh. lýsti því yfir á Alþingi að það væri skýrt. Hæstv. samgrh. sagði: „Ekki er gert ráð fyrir því að bæjar- eða ríkisábyrgð komi til sögunnar." Í rúm fimm ár hefur það verið samfelld stefna stjórnvalda, sama hvaða ríkisstjórn hefur setið við völd eða hvaða ráðherra hefur gegnt þessum embættum. Þess vegna er ekki hægt á einum sólarhring að kollvarpa allri þeirri stefnu með einhverjum sögusögnum um að hitt eða þetta hafi verið sagt hér eða þar á síðustu fjórum dögum og ef slík ríkisábyrgð sé ekki veitt í skyndi verði ekkert af þessari framkvæmd. Þannig er einfaldlega ekki hægt að halda á málum, hv. þm.

[16:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hélt að hefði komið mjög skýrt fram í máli mínu þá er það hörmulegt, og þessi tillaga liggur frammi í þeim skugga, að allir þeir aðilar sem að þessu máli hafa komið hafa lýst yfir að það skyldi aldrei verða. Það er alveg hárrétt. Mér er það fullkomlega ljóst og ég hef gagnrýnt það mjög. En ég lagði fram í röksemdafærslu minni hvers vegna ég gerði þetta.

Þó að svona hörmulega sé að verki staðið, og ég ætla að ég og hv. þm. höfum engan meiningarmun um það, þá er spurningin þessi: Hvort er betra að falla frá þessu þegar ljóst er að forsendurnar sem sannanlega voru lagðar fyrir í upphafi eru ekki lengur til staðar eða að veita þessu ábyrgð? Það er röksemdin fyrir því hvers vegna ég tæki þá þennan vonda kost af tveim vondum. Ég lét það í ljós og það kom mjög skýrt fram að þessi málsmeðferð er mjög slæm. En ég get ekki borið ábyrgð á því og get ekki sagt um það hvers vegna þetta var svona. Hvers vegna hafa þrjár ríkisstjórnir verið plataðar í málinu? Hvers vegna hefur þjóðþingið núna í fimm ár talið sig gera þetta á röngum forsendum? Ég ber enga ábyrgð á því. Ég var aðeins að skýra hverju ég taldi mig hafa komist að.

[16:17]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur glöggt vit á samgöngumálum sem hefur endurspeglast í

miðlun þekkingar til nefndarmanna í efh.- og viðskn. Hann sagði áðan að mikil sinnaskipti hafi orðið og ekki ætlum við að álasa mönnum fyrir að breyta um skoðun þegar ný rök koma fram í málinu.

Það er ekki hægt að ræða málið efnislega í andsvörum en það verður gert betur síðar. Ég spyr hv. þm., sem er meðflm., af hverju gerð er tillaga um að veita ríkisábyrgð á þúsund millj. Hefði lægri upphæð dugað? Hefðu 300 millj. dugað til að leysa þennan vanda sem hér er verið að ræða um? Ég spyr hv. þm. í öðru lagi hvort honum finnist eðlileg vinnubrögð að fyrirtæki sem lagði upp með það allan tímann að það yrði án bæjar- og ríkisábyrgðar komi síðan núna á jóladögum til þings með beiðni um ríkisábyrgð þegar þessi einkaaðili vill greiða betur úr fjármálum sínum. Finnst honum að slíkt eigi almennt að gilda um fyrirtæki í landinu?

[16:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal endurtaka það sem ég taldi hafa komið fram í fyrri ræðu minni. Að mínu mati mundi 300 millj. kr. ríkisábyrgð duga í dag til þess að koma í veg fyrir að verkið félli út. Það er mitt mat.

Ég taldi mig líka segja frá því að niðurstaða okkar flutningsmanna var sú að með því að veita heildarábyrgðina upp á þúsund millj. værum við í sjálfu sér að tryggja betur stöðu ríkissjóðs þó að það sé sannanlega rétt að heilar 400 millj. í þennan veg séu náttúrlega hlutur sem ætti að öllu eðlilegu að vera inni í fjárlögum. Þetta samsvarar hækkun fjárlaga. Ég er ekki að draga neitt dul á það. Ég met það svo. En það er þessi eilífi hráskinnaleikur um þessar tölur og niðurstöður fjárlaga sem neyða menn til þess að taka út verkframkvæmdir og koma svo með það hinum megin í nafni ríkisábyrgðar. Mér finnst þetta sem nýliða hér mjög einkennileg vinnubrögð og við hljótum að taka það til endurskoðunar eins og ég lagði til að við tækjum vegagerðina út úr A-hlutanum.

Varðandi spurningu hv. þm. um hlut Spalar taldi ég mig hafa sagt það áðan að mér finnst hlutur þessa fyrirtækis mjög vondur. Þó að þessu fyrirtæki hafi tekist það sem hann ætlaði sér, að ráða upp vegaframkvæmdum upp á nýtt, er hlutur þess samt mjög vondur. Ég tel að samskiptin við það séu ekki til fyrirmyndar undir neinum kringumstæðum.

[16:21]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér í ræðustól upplýsti einn flm. þessa frv. að varðandi efnisþætti mundu 300 millj. kr. duga til að klára þetta mál. Hann sagði einnig að viðbótin væri í reynd hækkun fjárlaga. Hér er verið að leggja til tillögu um þúsund millj. kr. ríkisábyrgð þegar 300 millj. mundu duga og menn gætu þá komið með annað frv. þegar betur stæði á.

Herra forseti. Ég verð að biðja um það þegar einn flm. þessa frv. upplýsir þetta með þessum hætti í umræðunni að lögð sé til óþarfaríkisábyrgð upp á 700 millj. að gert verði hlé á umræðu málsins þannig að mönnum gefist ráðrúm til að fara yfir efnisþætti þess, þ.e. hinar tölulegu upplýsingar sem hér liggja að baki. Það er ekki hægt, herra forseti, að ætlast til þess að knúin verði fram ríkisábyrgð upp á þúsund millj. þegar upplýst hefur verið í málinu að 300 millj. væru nóg til að greiða úr þeim bráða vanda sem blasir við. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann verði við þeim tilmælum mínum að þetta mál verði látið kyrrt liggja um stund og menn fari betur yfir þá þætti í ljósi yfirlýsinga eins af flm. frv.

[16:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er persónulegt mat mitt að til að koma í veg fyrir að þetta mál fari í algert strand núna mundi 300 millj. kr. duga. Það liggur fyrir. Ég fer ekkert í launkofa með það. Ég sagði líka að ég teldi og hefði trú á því að með því að taka allan pakkann værum við að tryggja best hag ríkissjóðs miðað við hinar hörmulegu aðstæður sem við erum í. Það er mitt mat.

Herra forseti. Ég veit ekki hvað menn geta gert annað í tillöguflutningi sínum en fara eftir sinni samvisku um það hvernig þeir vinni best ríkissjóði.

[16:23]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég byrja á því að taka undir þá rökstuddu ósk hv. þm. Ágústs Einarssonar í ljósi þeirra upplýsinga sem þessi umræða hefur þegar leitt fram að umræðu verði frestað en ég tel rétt hins vegar að gera það eftir að fram hafa komið — og þær munu koma fram í máli mínu — upplýsingar um hina þinglegu málsmeðferð gagnvart efh.- og viðskn.

Ég mótmæli því harðlega sem hv. formaður efh.- og viðskn. sagði í upphafi ræðu sinnar að hann teldi að efnisleg afstaða manna til Hvalfjarðarganga, til verkefnisins sjálfs, ráði afstöðu manna til þessa máls. Allur aðdragandi málsins afsannar það. Þetta mál er ekki nýtt. Það á sér langan aðdraganda. Sennilega hefur verið fjallað um það í þremur ríkisstjórnum, ég veit ekki hve mörg ár. Það hafa verið gerðir um það samningar af hálfu stjórnvalda og þeir samningar verið skilyrtir og bundnir rækilega tilteknum forsendum. **(Gripið fram í:** Og afgreiddar tillögur á Alþingi.) Og afgreiddar tillögur á Alþingi og það sem nú er að gerast er það að fáeinum klukkustundum fyrir þinglok er verið að kippa þessum forsendum öllum til baka og segja síðan að allt sem áður hafi verið gert í málinu og öll áform um þessar framkvæmdir í framtíðinni séu í hættu nema því aðeins allir aðilar falli frá gefnum forsendum málsins. Sá sem vefengir þessa málsmeðferð er ekki að taka afstöðu til verkefnisins sem slíks. Það er allt annað mál.

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég ræða málsmeðferðina. Það var ekki fyrr en í gærkvöldi á fundi efh.- og viðskn. sem við fulltrúar stjórnarandstöðu í efh.- og viðskn. fengum að vita að uppi væru áform um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja fram tillögu um ríkisábyrgð upp á einn milljarð. Það er rétt að formaður nefndarinnar hafði skýrt frá því að ríkisstjórnin hefði uppi áform um tillöguflutning í þessu máli sem við þekktum ekki efnislega og engar upphæðir nefndar. Það vorum við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem óskuðum sérstaklega eftir því og gerðum um það kröfu að aðilar málsins kæmu á fund efh.- og viðskn. til þess að veita upplýsingar. Það er þá fyrst þegar þeir setjast á fund með okkur sem okkur er ljóst að fyrir dyrum stendur við lokaafgreiðslu hér úr þingi að leggja fram tillögu um algera stefnubreytingu í þessum málum undir þeim formerkjum að framhald málsins sé algerlega undir því komið að ríkið falli frá boðaðri stefnu og forsendum áður gerðra samninga og kúvendi málinu. Rétt er að taka fram að þær upplýsingar sem við fengum voru í alla staði ófullnægjandi þegar ræðum mál af þessari stærðargráðu og mál sem bundið er þessari áhættu. Fjarri því að upplýsingarnar væru fullnægjandi eða málið hefði verið rætt til nokkurrar hlítar. Við hlustuðum á þessa menn sem komu á fund nefndarinnar. Í þeim umræðum

kom fram að menn voru mjög gagnrýnir og fjöldi spurninga vaknaði í þeim umræðum sem við teljum að sé enn ósvarað samanber þær umræður sem hér fara fram.

Virðulegi forseti. Um málsmeðferðina. Þegar um er að ræða mál sem er svona stórt þar sem þær fjárhæðir sem um er að ræða eru jafnháar og raun ber vitni og í ljósi þeirrar staðreyndar að ríkið er áður búið með samningum að leggja niður forsendur málsins, svo er allt í einu komið og kúvent málinu gersamlega fyrirvaralaust, þá spyr ég: Hvernig dettur nokkrum heilvita ábyrgum manni í hug að ætla að keyra þetta mál í gegnum Alþingi á seinustu klukkustundum þinghalds bara með þeirri fullyrðingu: Já, málið er ella í hættu og við ætlum að fara að byrja framkvæmdir núna í janúar, „come hell or high water", hver svo sem áhættan er burt séð frá stefnubreytingunni, burt séð frá því að forsendur eru gerbreyttar. Er það boðlegt í ljósi þess að einn flutningsmanna, eins og hér hefur komið fram, segir: Ég tel persónulega að 300 millj. kr. séu nægar í formi ríkisábyrgðar til þess að koma í veg fyrir það að málið sé í hættu eða uppnámi en flytur síðan tillögu um einn milljarð? Eða viðbótarrökin að 300 millj. af þessu séu settar fram ósk um ríkisábyrgð til þess að lækka vaxtakostnað skúffufyrirtækis sem ríkið hefur samið við á þeirri forsendu að til engrar ríkisábyrgðar komi. Það er ekki eins og þetta mál hafi byrjað í gær eða fyrradag. Síðan afgangurinn, 400 millj., vegna þeirrar ábyrgðar sem ríkið hefur frá upphafi haft á vegtengingunni sem er allt annað mál og er ekki svo knýjandi í tímanum að Alþingi eigi að taka slíkar ákvarðanir á þessum forsendum.

Forsaga málsins er sú að víðtækur stuðningur var við það að fara af stað með þessar framkvæmdir á tilteknum forsendum. Forsendurnar voru þær að einkafyrirtæki samdi um og fékk einkaleyfi um það að það ætlaði að annast þessar framkvæmdir. Það kynnti áætlanir um fjármögnun framkvæmdanna og tók það fram í hvert einasta skipti að það óskaði ekki eftir ríkisábyrgðum. Ekki væri verið að fara fram á neinar ríkisábyrgðir og stuðningur ríkisins og samningar ríkisins eru á þeirri forsendu. Þess vegna var á það fallist að þessi framkvæmd færi ekki bara í vegáætlun og færi ekki bara í langtímaáætlun ríkisins um opinberar framkvæmdir eða byggðist á samningum milli hv. þm. um skiptingu á vegafé milli kjördæma. Hvernig stendur á því að þessar forsendur eru nú allar fallnar? Hvenær var upplýst að þessar forsendur stæðust ekki lengur? Ef það er staðreynd að þær standist ekki lengur, hver eru viðbrögðin? Liggur ljóst fyrir að þá eigi bara að segja: Ja, því miður? Einkaaðilinn hefur brugðist og þá er engin önnur leið en sú að opna tékkhefti ríkissjóðs og almennings? Hvað er að segja um hina erlendu fjármögnunaraðila? Hvað er að segja um þá aðila sem hafa sagt: „Þessi framkvæmd er í lagi vegna þess að hún er byggð á arðsemismati til lengri tíma?" Hefur það breyst? Hefur stefna erlendra aðila og aðild að fjármögnuninni, hér er nefndur Enskildabank, breyst? Er nú verið að leggja fram einhverjar nýjar kröfur á hendur ríkinu vegna þess að af hálfu fjármögnunaraðila sé ekki lengur traust á milliaðilanum, Speli hf.? Er staðreynd að búið sé að semja um að veita verktakanum sem vann útboð um framkvæmdina tryggingar fyrir því að hann megi ganga kannski 300–420 millj. kr. umfram umsamið verk á ríkisáhættu? Ef það er svo, hvað er að segja um vinnubrögðin í málinu þegar jafnstór og mikil framkvæmd er boðin út gagnvart öðrum tilboðsaðilum sem lögðu fram tilboð í verkið og fengu þau metin á allt öðrum forsendum?

Það er líka ástæða til að spyrja: Er það svo að þegar hafi átt sér stað greiðslur úr ríkissjóði, án heimildar, upp á tilteknar upphæðir til þessa fyrirtækis sem Alþingi hefur ekki lagt blessun sína yfir? Ég bið menn að staldra við. Ég er einfaldlega að varpa fram eðlilegum og sjálfsögðum spurningum og upplýsa um það hvernig þetta mál ber að gagnvart þinginu. Ég bið menn og segi við hv. stjórnarliða, hv. þingmenn í liði ríkisstjórnarinnar sem hefur meiri hluta á Alþingi: Er ekki ástæða til þess af ykkar hálfu að þið staldrið nú ögn við? Ætlið þið einfaldlega að láta ykkur nægja þær upplýsingar sem hér hafa komið fram? Teljið þið ykkur hafa fengið þær upplýsingar sem duga til þess að kúvenda þeirri stefnu sem mótuð hefur verið í þessu stóra máli? Þurfið þið ekki að fá fyllri upplýsingar ef þið ætlið að axla ábyrgð af stefnubreytingunni? Verður ykkur ekki hugsað til annarra sambærilegra ákvarðana sem hafa verið teknar í skyndingu og að lítt athuguðu máli og reynst í framkvæmd með allt öðrum hætti heldur en þegar upp var lagt? Það þýðir ekki að segja sem svo að þetta séu nú ekki nema 400 millj. kr. í aukinn halla í ríkisbúskapnum. Það er verið að kúvenda frá boðaðri stefnu í gríðarlega stóru máli. Ég spyr: Úr því að það er kúvent svona léttilega núna og lögð er fram tillaga um milljarð þegar flm. segir að 300 millj. séu nóg, hafið þið fengið upplýsingar, sem eru sannfærandi og þið treystið, um að ekki verði komið aftur og beðið um meiri ríkisábyrgð að kröfu fjármögnunaraðila vegna þess að þeir hafa glatað trú á Speli hf.? Væri nú ekki æskilegt að menn hugsuðu ráð sitt og litu ekki á þetta mál sem eitthvert metnaðarmál að keyra í gegnum Alþingi með þessum hætti? Hugið þið að málsmeðferðinni. Ég hygg að við séum allir undir þá sök seldir að eiga rétt á því áður en svo viðamiklar ákvarðanir eru teknar um að kollvarpa gildandi stefnu að rannsaka málið miklu, miklu betur, að krefjast miklu meiri upplýsinga en t.d. við sem eigum sæti í efh.- og viðskn. höfum undir höndum. Þetta mál er þess eðlis, það er það mikið í húfi, að ekki á að keyra það í gegn með einhverjum asa og ofurmetnaði á örstuttum tíma. Við erum á kafi í risavöxnum verkefnum þótt þetta bætist ekki við. Þetta eru viðvörunarorð og ég segi ekki meira á þessari stundu.

En ég endurtek, virðulegi forseti, í ljósi þeirra upplýsinga sem fram eru komnar um að flm. telur að hér sé verið að fara fram á miklu meiri ríkisábyrgð en nauðsyn krefji og í annan stað að hluti af því sem verið er að fara fram á sé til þess að lækka vaxtakostnaðinn hjá skúffufyrirtæki, svona röksemdir duga ekki til þess að keyra málið í gegn. Þess vegna er það eðlileg og sanngjörn ósk og í alla staði þingleg að óska eftir því við hæstv. forseta að hann gæti nú sóma þingsins og þetta mál verði tekið af dagskrá og það fái eðlilega umfjöllun, hver svo sem niðurstaðan kann að verða.

[16:37]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sterk venja í þinginu að þegar beðið er um ríkisábyrgð af því tagi sem hér er til umfjöllunar þá sé það viðkomandi ríkisstjórn sem leggi slíka tillögu fram með ítarlegum rökstuðningi. Það er ekki gert í þessu máli heldur kom hér í gær rétt fyrir miðnættið tillaga upp á einn milljarð, fyrst flutt af fjórum þingmönnum, svo prentað upp og tveir í viðbót skikkaðir til að vera með. Enginn ráðherra hefur rökstutt þetta mál í umræðunum eða tekið á því ábyrgð, enginn. Síðan er upplýst til viðbótar af hv. síðasta ræðumanni að efh.- og viðskn. hafi engar upplýsingar fengið sem geri nefndarmönnum kleift að meta málið eða

mynda sér afstöðu á grundvelli upplýsinganna, þrátt fyrir ítarleg störf í nefndinni, og ég bið hæstv. forseta að taka vel eftir þessu. Það er nú búið að rekja það hér að engar upplýsingar hafa komið fram í nefndinni sem hægt er að telja viðhlítandi.

Síðan bætist það við að einn af flm. hefur nú flutt ræðu þar sem hann rökstyður það álit sitt að 300 millj. kr. nægi á þessu þingi fyrir áramót til þess að greiða úr því sem flm. kalla vanda málsins. Það má vel vera að það sé rétt, hæstv. forseti. En ég segi við hæstv. forseta: Í ljósi þessa alls er afar óskynsamlegt að eyða tíma þingsins í áframhaldandi ræðuhöld í þessu máli. Ég legg til að hæstv. forseti samþykki þá tillögu að umræðu sé frestað, efh.- og viðskn. fái að fjalla um málið og safnað sé efnislegra gagna í málinu en ekki hafinn hér langur og mikill málfundur um þetta mál sem liggur fyrir með þeim hætti sem nú þegar er búið að upplýsa. Ég vil þess vegna eindregið styðja það, hæstv. forseti, að málinu verði frestað nú og tekið til við önnur mál svo hægt sé að greiða fyrir störfum þingsins.

[16:40]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti segja að honum finnst eðlilegt að hæstv. samgrh. fái að halda sína ræðu um málið og tekur nú til máls hæstv. samgrh., Halldór Blöndal.

[16:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það var, ég veit ekki hvort ég á að kalla það tilbreytingu, en lýsandi fyrir málafylgju síðasta ræðumanns, hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að bera sig að með þeim hætti að biðja um orðið um stjórn þingsins þegar hann heyrði að ég átti að taka næstur til máls. (**ÓRG:** Það var ekki búið að því.) Það var búið að segja: „Næstur tekur til máls hæstv. ...“ og þá barði í borðið þessi hv. þm. því þá vissi hann að ráðherrann mundi taka til máls næstur. Hann vissi kannski ekki hver það yrði. Upphafssetning hans var sú að hann kvartaði yfir því að enginn ráðherra hefði tekið til máls um þetta mál né tekið ábyrgð á því í umræðunum. Hann skaust upp þegar hann heyrði að búið var að gefa ráðherra orðið til þess að kvarta undan því að enginn ráðherra hefði tekið til máls og lauk svo ræðu sinni með því að fara fram á að umræðunni yrði frestað án þess að ráðherrann fengi að taka til máls og skýra hvað lægi á bak við beiðnina um ábyrgðina. Þetta lýsir með skemmtilegum hætti leikfimi hv. þm. þegar hann stígur í ræðustólinn, enda rómaður mjög fyrir málafylgju sterka. Má segja að fáir séu jafnokar hans í því.

Ég held að nauðsynlegt sé að rifja þetta mál upp í heild sinni og ég verð að segja að ýmislegt af því sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði áðan kom mér mjög á óvart og satt að segja í opna skjöldu miðað við þær umræður sem voru í síðustu ríkisstjórn um þetta mál og álit sem sú ríkisstjórn hafði á samningnum sem gerður var um Spöl hf. í ársbyrjun 1991 og ég hygg að nauðsynlegt sé að rifja örlítið upp.

Mörgum þótt merkilegt að það skyldi vera alþýðubandalagsmaður í sæti samgrh. sem hafði forustu um að bryddað yrði upp á þeirri leið til fjármögnunar mikilla vegaframkvæmda hér á landi að stofna sérstakt hlutafélag um framkvæmdina sem skyldi bera ábyrgð á henni og vera sá aðili sem bæri ábyrgð á fjármögnun verksins gagnvart erlendum lánardrottnum. Auðvitað gerði sú ríkisstjórn sem þá sat sér grein fyrir því eitthvað varð að hanga á spýtunni. Það varð að leggja einhverja beitu fyrir þá sem hygðust fjármagna eða kaupa hlutafé í Speli hf. vegna þess að hér var um áhættuframkvæmd að ræða. Á þeirri stundu lá engan veginn fyrir að það væri tæknilega mögulegt að ráðast í gerð jarðganga undir Hvalfjörð. Það lá engan veginn ljóst fyrir og kom raunar ekki í ljós fyrr en við samþykktum það, ég og þáv. utanrrh., núv. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að fara fram á við Alþingi að úr ríkissjóði yrðu greiddar 50 millj. kr. til þess að ljúka rannsóknum á hugsanlegu gangastæði undir Hvalfirði. Þannig að það er algjörlega rangt sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði áðan að nú sé einhver stefnubreyting í þeim efnum, að ríkið komi ekki með eigið fjármagn inn í þessa framkvæmd eftir að samningurinn við Spöl var undirritaður á öndverðu ári 1991. Hann stóð sjálfur að samþykkt slíkrar tillögu, eftir ítarlegar umræður á fleiri en einum fundi í síðustu ríkisstjórn. Er auðvelt að fletta upp í gögnum þingsins til þess að fá úr þessu skorið, að fletta upp í breytingum á samningnum við Spöl sem síðasta ríkisstjórn stóð fyrir, til þess að leiða þetta í ljós.

En hvert var agnið sem fjárfestar fengu í ársbyrjun 1991 þegar Steingrímur J. Sigfússon var samgrh., Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. og Jón Baldvin Hannibalsson var utanrrh.? Agnið var að hluthafar skyldu fá á meðan á greiðslutímanum stæði 14% arð af hlutafénu og til viðbótar 14% vexti á uppsafnaðan arð ef fyrirtækið gæti ekki greitt arðinn út jafnóðum vegna þess að fyrstu árin er fyrirtækið auðvitað ekki rekið með bókhaldslegum hagnaði. Og ekki nóg með það. Það var líka gert ráð fyrir því að endurgreiðslutíminn yrði 25 ár. Nú liggur fyrir að endurgreiðslutíminn á hinum erlendu lánum verður kringum 18 ár. Það er því alveg ljóst að ef þær áætlanir standast mundi endurgreiðslan koma til 7 árum fyrr. Þá er ákvæði um það í hinum upphaflega samningi að ef endurgreiðslutíminn styttist með þessum hætti er að mati þeirra stjórnmálamanna sem gerðu samninginn gengið á rétt hluthafanna, þeir fengju ekki eðlilegan arð fyrir þá áhættu sem þeir hefðu ráðist í. Fyrir þær sakir var það ákveðið að þeir ættu að fá í tvö ár 35% af nettóhagnaði fyrirtækisins ár hvert eftir arðgjöf og skattheimtu. Á 19. og 20. ári, með öðrum árum ef áætlunin gengur fram, erum við að tala um að hluthafar ættu að fá í sinn hlut mörg hundruð millj. kr. Við í síðustu ríkisstjórn sögðum að slíkt kæmi ekki til greina, hvorki vaxtavextirnir hé heldur þessi sérstaki bónus sem fjárfestum var boðið með samningunum í ársbyrjun 1991.

Svo koma báðir þessir þingmenn og segja að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því að ríkisábyrgð kæmi ekki til. Og bættu við: „*Hluthafarnir óskuðu ekki eftir ríkisábyrgð.*“ Nei, auðvitað óskuðu þeir ekki eftir ríkisábyrgð. Það tók margra mánaða stapp að fá þá til þess að fallast á að þeim hafi verið gefið of mikið í upphaflega samningnum. Þeim var gert alveg ljóst að við mundum ekki fallast á þær gjafir til þeirra sem fólust í upphaflega samningnum. Þetta var langt umfram allt velsæmi og það var líka skoðun síðustu ríkisstjórnar, þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sat í og var oddviti Alþfl. fyrir. Ég held því að það sé alveg óþarfi fyrir hv. þm. Jón Baldvin að koma hér upp og segja að núna sé í fyrsta skipti eftir að samningurinn var gerður í árdaga 1991 verið að fletta einhverju blaði. Það var alveg ljóst hjá okkur sjálfstæðismönnum að við mundum ekki gefa einkaaðilum þá fjármuni sem fólust í upphaflegu samningsgerðinni. Alveg ljóst.

Nú skulum við í öðru lagi athuga hvernig þetta hefur gengið. Við vorum sammála um það, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, og lögðum það fyrir þingið að það

væri nauðsynlegt að ríkið legði fram 50 millj. kr. til þess að kanna betur botninn og jarðveginn undir Hvalfirðinum. Það var fyrst þegar þær kannanir höfðu farið fram samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar sem unnt var að bjóða verkið út. Á þeirri stundu var það svo að ýmsir verktakar töldu að mjög hæpið væri að bera ábyrgð á framkvæmdunum með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í útboðinu. Niðurstaðan hefur samt orðið sú að þrír buðu í verkið og þeir sem fengu verkið var Ístak frá okkur Íslendingum, Skanska í Svíþjóð og Phil og Sön. Niðurstaða þeirra er sú að þetta verk gangi upp og þeir eru reiðubúnir til þess að leggja mikið undir. Skanska ábyrgist um 4 milljarða kr., 5 ef allt fer á versta veg. Þó áhættan yrði ekki svo mikil eru það þó þeir fjármunir sem Skanska ætlaði að ábyrgjast.

Þá kom upp það vandamál sem ég hef áður lýst og aðrir hafa lýst hér. Við ræddum það líka í ríkisstjórninni, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, og ég vona að þeir hafi líka talað um það í ríkisstjórninni, sem hann var í þar á undan. Það var að Spölur væri auðvitað pappírsfyrirtæki í þeim skilningi að það væri ekki sterkur höfuðstóll á bak við hann. Þetta vissum við allir. Það þarf enginn að segja mér að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson eða hv. þm. Ágúst Einarsson sem er prófessor í hagfræði og lærður í sjálfu Þýskalandi viti ekki að erlendar lánastofnanir taka ekki bakábyrgð gilda til fulls af fyrirtæki sem ekki á gilda varasjóði. Þess vegna var nauðsynlegt á síðasta stigi málsins að brúa bilið eftir að Spölur gat ekki lengur komið til sögunnar varðandi ýmsa áhættuþætti sem ekki er hægt að tryggja sig fyrir hjá vátryggingafélögum. Þar voru ýmsar áhættur.

Enn fremur hafði það komið til að verkið hafði dregist á langinn vegna verðbólgu, sem er auðvitað fyrir hendi þótt hún sé ekki mikil, og ýmiss annars kostnaðar sem upp hafði hlaðist. Og þá var spurningin: Viljum við í ríkisstjórninni taka alla ábyrgð á þessum þáttum eða er verktakinn reiðubúinn til þess að taka á sig ábyrgðina? Við gengum jafnlangt og við gátum gagnvart verktakanum og verktakinn bauðst til þess að taka ábyrgð á þessum þáttum gagnvart lánardrottnum. Við settum það skilyrði að ríkisábyrgðin félli ekki fyrr, nema göngunum yrði skilað fullbúnum á réttum tíma. (**ÓRG:** Það stendur ...) Og þá erum við að tala um 300 millj. Nei, það stendur ekki, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það er hins vegar svo að hv. þm. hefur heyrt þetta margsinnis og hann veit það af því að hann er glöggur maður og skýr og og leiðbeinir oft öðrum mönnum í þessum þingsölum að það sem fagráðherrar segja um orsakir beiðna af þessu tagi er auðvitað bindandi fyrir framkvæmdarvaldið. Þar að auki veit hann og getur gengið úr skugga um að rétt er með farið. Það er því ástæðulaust að brigsla mönnum um að þeir séu að tala þvert um hug sér, að brigsla okkur um að við séum að bera þetta mál fram á fölskum forsendum og biðja um 300 millj. kr. ríkisábyrgð af einhverjum allt öðrum ástæðum en við tölum um. Það er alveg ástæðulaust að brigsla mönnum um þetta. Samkomulag, ef undirritað verður, mun liggja fyrir. Og það er ástæðulaust að vera með aðdróttanir af þessu tagi og ekki trúverðugt, allra síst fyrir mann sem hefur jafnmikla pólitíska reynslu og hv. þm. Þegar þetta gjald fellur eftir að göngin eru tilbúin og öll áhætta af gerð þeirra úr sögunni er spurningin sú hvort einhver maður í þingsalnum sé á þeirri stundu reiðubúinn til að gefa út pappíra þar sem ríkið verður að greiða 14% ávöxtun verðtryggða á hverju ári. Það er ekki dónalegur búskapurinn sá. 14% arð verðtryggðan á hverju ári. Þessi 14% arður miðast ekki við að öll áhætta sé úr sögunni. Hún miðast ekki við það. Við sögðumst ekki vilja fallast á að Spölur útvegaði nýtt hlutafé á þessari stundu til þess að standa undir þessum hluta samningsins. Þá var mér sagt að þeir í Speli vildu það, þeir vildu fá að kaupa hlutaféð. Þeir vilja fá að kaupa pappíra þar sem ríkið ábyrgist 14% arð í 16–20 ár, kannski 30 ár að hluta til. Ég fellst ekki á það. Og ég verð að segja að sá stjórnmálamaður sem lýsir því yfir að hann vilji fallast á það er ekki trúverðugur í fjármálum ríkisins. Þess vegna er verið að tala í fyrirsögnum. Það er verið að tala á móti því sem maður sjálfur vill og það er verið að tala á móti þeim prinsippum sem einn af ráðherrum síðustu ríkisstjórnar lýsti svo fagurlega hér úr þessu ræðustól og sagði: Í fyrsta lagi, í öðru lagi og í þriðja lagi. Hér er sem sagt ekki verið að biðja um ríkisábyrgð til eyðslu, heldur stendur eign á bak við hana.

Það er líka eitt í þessu sem við skulum gera okkur grein fyrir af því að mér finnst vera kjarni málsins. Þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hv. þm. Ágúst Einarsson, ef þeir eru á annað borð skiljanlegir, vilja að þetta viðbótarfé komi til endurgreiðslu á ábyrgð Spalar. Það þýddi að við héldum áfram að borga 14% vextina svo og svo mörgum árum lengur af fé sem engin áhætta fylgir. Sú skuldbinding fellur samkvæmt núgildandi samningi niður um leið og það fé hefur verið greitt sem aflað hefur verið til jarðganganna sjálfra. Og við teljum raunar að það sé kannski of seint, við teljum að þessi ávöxtun sé of mikil, of há.

Þá komum við að hinum 300 millj. Nú er það svo í öllu verki, ekki bara jarðgöngum undir Hvalfjörð, ekki bara jarðgöngum við Ísafjörð, ekki bara jarðgöngum við Ólafsfjörð heldur líka í stíflumannvirkjum og öðru slíku þar sem menn hafa leitað lánsábyrgðar hjá ríkissjóði til þess að ráðast í ákveðnar framkvæmdir, að stundum kemur til ágreinings eftir á milli verktaka og verkkaupa um það hvort þetta eða hitt falli innan útboðs eða utan. Ólafsfjarðargöng heppnuðust vel og því lítið um slíkt. Aftur á móti varð mikið slys fyrir vestan sem kostaði mörg hundruð millj. kr. en það var hinn mikli foss sem skyndilega braust niður í bergið, sennilega vegna þess að menn höfðu ofmetið styrk þess.

Taldar eru 1–12% líkur á því að það þurfi að setja meiri steypu, styrkja göngin meir en í útboðslýsingu stendur. Samkvæmt fjármögnun höfum við 150–200 millj. kr., við getum sagt 150 millj. svo varlega sé talað, til að mæta áhættu af þessu tagi. Á hinn bóginn væri óvarkárni, bæði af okkur og eins af verkkaupum að láta þar við sitja og reyna ekki að brjóta það mál betur til mergjar. Þess vegna förum við fram á það að heimild verði fyrir 300 millj. kr. ábyrgð til viðbótar ef til þess kynni að koma að verulegra styrkinga væri þörf.

Nú er það svo að Spölur á kost á því að fá allt að 300 millj. kr. lán hjá Þróunarfélaginu með 9,2% vöxtum, verðtryggt fé, í staðinn fyrir það lán sem við kynnum að geta útvegað með ríkisábyrgð. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um það sem sjálfsagðan hlut að ef ríkisábyrgð fylgdi væru vextirnir lægri. Hann hefur auðvitað gott vit á því. Þeir eru alveg ólmir í það hjá Þróunarfélaginu að fá að lána þessa peninga og þeir telja ríkið raunar skuldbundið til þess að verða við því að hluta. Þeir heimta að fá að lána a.m.k. 100 millj. kr. Af hverju? Af því að þeir meta það svo að vextirnir séu ekki í samræmi við áhættuna, séu hærri en áhættan gefur tilefni til. En auðvitað er það álitamál. Og þeir menn sem gerðu upphaflega samninginn á þeim grundvelli að hlutafjáreigendur gætu í lokin átt von á uppbót, glassúr,

upp á mörg hundruð millj. á kostnað íslenskra vegfarenda og íslenskra skattgreiðenda, þykir náttúrlega ekki mikill munur á því hvort vextirnir séu 9,2 eða 6,5%. En það munar um það á 25 árum.

Síðan eru það 400 milljónirnar hinar síðustu. Í samningnum sem gerður var í ársbyrjun 1992 er sú kvöð og skylda lögð á ríkið að kosta að fullu og öllu veg sem skilgreint er nákvæmlega eftir hvaða kröfum skuli gerður að gangamunnum báðum megin og hvenær því verki skuli lokið, miðað við framkvæmd verksins. Það kostar um 800 millj. kr. Sú skuldbinding hvílir á ríkinu og hefur verið samþykkt af Alþingi. Það er þess vegna alveg augljóst að sama daginn og samningur er undirritaður við verktaka, um að hefja þessa vinnu, þá ber ríkinu að hefja undirbúning og það verk sem að því snýr. Það er alveg öldungis ljóst, morgunljóst eins og þeir segja fyrir norðan. Það þýðir ekki fyrir menn jafnreynda og þessir þrír menn eru, tveir hagfræðingar og einn alþjóðlegur ráðgjafi, að koma upp í þennan stól og segja: Við vissum af því í gærkvöldi að þessi samningur mundi hafa í för með sér einhverjar kvaðir fyrir ríkissjóð. Við vissum það ekki fyrr en í gærkvöldi. Hvar voru þessir menn staddir? Um hvað hafa þeir verið að hugsa? Hvernig horfðu þeir á fjárlögin? Vissu þeir ekki að þessi jarðgöng eru inni í fjárlögunum, eru í forsendum þjóðhagsspár? Og láta svo eins og þetta mál detti af hinum ofan. Við segjum að við viljum láta veggöngin standa undir helmingi fjárhæðarinnar, 400 millj. kr., en láta þá sem um veginn fara greiða helminginn. Á hinn bóginn er það í okkar tillögu að helmingur skuli greiddur af vegáætlun og þó með þeim hætti að vextir af því fé, þangað til það endurgreiðist af kjördæmisfé á Vesturlandi og á Reykjanesi, skuli greiddur af óskiptu fé Vegasjóðs til að koma til móts við fólk sem býr í þessum kjördæmum. Hér erum við því ekki að tala um nýja ábyrgð ríkisins. Þessi ábyrgð liggur fyrir.

Þeir sögðu báðir, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að þeir hefðu ekki vitað um þetta mál fyrr en í gærkvöldi, þá hefði það dottið hingað inn „eins og þjófur úr heiðskíru lofti". Hvernig stóð á því, ef svo var, og ef það er líka rétt sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði í ræðustól áðan að það væri að hans uppástungu sem aðilar málsins voru kallaðir fyrir nefndina? Þessir menn voru boðaðir í fyrradag og eftir því sem ég veit best var stjórnarandstaðan höfð í ráðum um hverjum var boðið. Ég fékk að vita í fyrrakvöld að það hefði verið samkomulag milli meiri hluta og minni hluta að boða þá á nefndarfund. Samt segja þeir að þeir hafi ekki vitað um málið fyrr en í gærkvöldi. Þetta er hálfgerður fyrirsagna-málflutningur satt að segja.

Nú skulum við gera okkur grein fyrir því að á þessari stundu liggur það ekki fyrir að samningar muni takast við lánardrottna og verktaka um að unnt verði að ráðast í framkvæmdina í janúarmánuði. Þess vegna er ástæðulaust að tala á þeim forsendum eða þeim grundvelli að það liggi fyrir. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að við skilgreinum nákvæmlega hversu langt við viljum ganga og hvernig við viljum standa að málinu. Síðan hafa þeir í Speli einkaleyfi á því að ráðast í jarðgöng undir Hvalfjörð, samkvæmt gamla samningnum, fram á næstu öld sem er náttúrlega ekki þægileg staða fyrir okkur. Það er engin óskastaða. Þeir munu auðvitað ekki vera ginnkeyptir fyrir því að sleppa þeirri stöðu bara svona. Þannig að við erum auðvitað bundin í þessu máli. Og þeir sem bera ábyrgð á hinum upphaflega samningi ættu, vegna orða sinna áðan að nauðsynlegt sé að brjóta málið til mergjar, að reyna að skýra nákvæmlega fyrir okkur hvernig að því var staðið og fjmrh. á þeim tíma var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. (**SJS:** Ég held að ráðherrann þurfi svona tíu mínútur í viðbót til að drepa málið.) (**ÓRG:** Ég held að hann sé nú þegar búinn að drepa það, ég held að hann þurfi ekki tíu mínútur í viðbót.)

Að síðustu vil ég benda á að ef niðurstaðan verður sú að hætta við jarðgöngin er óhjákvæmilegt að vekja aftur upp þær áætlanir sem voru um uppbyggingu vegarins fyrir Hvalfjörð. Það er talið að sú vegagerð, ný vegarlagning á þessari leið muni kosta um einn milljarð kr. og það er talið að styrking vegarins, þar sem við það verður látið sitja, muni kosta um hálfan milljarð. Við erum að tala þar um fjárhæð sem er svona 1 – 1,5 milljarðar. Brúin yfir Laxá t.d. þolir ekki þann öxulþunga sem áskilinn er samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og er nauðsynlegt að endurbyggja hana og sömuleiðis brú yfir Botnsá. Þarna erum við því að tala um framkvæmdir sem ekki geta lengi dregist og er óhjákvæmilegt að ráðast í. Þunginn af þessum framkvæmdum verður auðvitað greiddur af kjördæmisfé Reykjaneskjördæmis og Vesturlandskjördæmis, sem eðlilegt er, þar sem þessi umferð og vegaþörf er inni í reikniformúlu þessara kjördæma. Síðar mun meiri þungi hvíla á veginum yfir Geldingadragann, Hestháls, og búast má við að ný vegagerð á þeirri leið ásamt nauðsynlegri brú á Hvítá upp í Norðurárdal muni kosta um hálfan milljarð kr.

Þessi mál voru mjög rædd á síðasta þingi og þingmenn úr Vesturlandskjördæmi voru mjög áhugasamir um þessa vegagerð (**Gripið fram í:** Og eru.) og eru. Að vísu saknar maður eins þingmanns úr Alþb. sem náði ekki kjöri en hann var einn þeirra manna sem sýndi þessu máli hvað mestan áhuga. Ég hygg að allir flokkar séu með einhverjum hætti skuldbundnir í því nema vitaskuld Þjóðvaki. Ég hygg að sá flokkur hafi lítið að því komið en hins vegar hefur formaður hans verið í ríkisstjórn sem hefur komið að þessu máli.

[17:10]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ræða hæstv. ráðherra var samfelldur rökstuðningur fyrir því að það er ekki hægt að afgreiða málið hér og nú á þessum síðustu klukkustundum eða síðasta sólarhring þessa þings. Hæstv. ráðherra ræddi um þetta mál 25. febr. á þessu ári. Í þeim ítarlega málflutningi hæstv. samgrh. var ekki að finna orð, ekki eitt orð af þeirri gagnrýni, efasemdum og ásökunum, sem hann flutti nú í ræðu sinni, varðandi samninginn sem gerður var 1991. Þvert á móti kom þessi sami hæstv. samgrh. til Alþingis og bað um staðfestingu árið 1994 á samningnum sem hann breytti svo með undirritun 23. júní 1993. Ekki orð um það af hálfu hæstv. ráðherra að hann sjálfur og núv. fjmrh. undirrituðu samning 23. júní 1993 sem var staðfestur á Alþingi 20. apríl 1994 og 25. febrúar á þessu ári flytur hæstv. samgrh. ræðu á Alþingi þar sem allt er í þessu fína lagi. Hvers vegna er það í fínu lagi? Það er vegna þess að virtir aðilar eru með það í sínum höndum og ráðherra rekur það hér. Það eru Landsbréf hf., Nomura Bank, Babcock & Brown, það er Union Bank of Switzerland og það er Prudential, bandaríska tryggingafélagið. En það er ekki orð um þessa aðila nú. Hafa þeir bara gufað upp, hæstv. ráðherra? Öll þessi fínu alþjóðlegu nöfn sem ráðherrann kom með 25. febrúar. Í staðinn eru fluttar ásakanir samfleytt á mig, fyrrv. utanrrh. og fyrrv. samgrh.,

hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Hvenær uppgötvaði hann þessi sannindi í málinu sem hann var að flytja þingheimi nú? Ekki flutti hann þau þegar hann var að biðja um staðfestingu þingsins 1994 og ekki flutti hann þau 25. febrúar sl.

[17:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með samningi sem undirritaður var í Reykjavík 23. júní 1993 við Spöl hf. var gengið svo frá 6. gr. samningsins að 7. tölul., svohljóðandi: „35% af nettóhagnaði fyrirtækisins ár hvert eftir arðgjöf og skatti", var felldur út. Þannig að það er alveg ljóst af þessu að síðasta ríkisstjórn taldi samninginn, eins og upphaflega var frá honum gengið, ekki viðunandi.

[17:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru engin ný sannindi. Það lá fyrir á Alþingi 1994 þannig að ekki þarf að koma upp núna í andsvari og flytja þinginu þau tíðindi. Þessi breytti samningur var staðfestur á Alþingi 20. apríl 1994 og 25. febrúar á þessu ári lýsti hæstv. ráðherra mjög rækilega hvað þetta væri í góðu lagi, varðandi fjármögnun, með því að þylja upp alla þessa fínu erlendu aðila sem hefðu komið að málinu. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvenær hann uppgötvaði þau sannindi sem hann flutti í ræðu sinni áðan. Það var ekki 1994, þegar hann bað um staðfestingu á samningnum á Alþingi. Það var ekki í febrúar á þessu ári, heldur allt í einu nú. Þess vegna segi ég við virðulegan forseta: Það er alveg augljóst að það er óhjákvæmilegt að fresta þessari umræðu hér og nú. Hafi verið einhverjar efasemdir um það áður en hæstv. samgrh. flutti sína ræðu þá er orðið alveg ljóst að ekki er hægt að halda áfram með málið í umræðu eins og hæstv. ráðherra lagði það fyrir með ræðu sinni.

[17:15]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég veitti því athygli að forseti ætlar ekki að fallast á beiðni um að hv. efh.- og viðskn. skoði þetta mál betur og ég ætla að bæta við einni mjög mikilvægri röksemd þar um.

Fyrir nokkrum árum var flutt á Alþingi tillaga um að ríkið veitti ábyrgð til þeirra aðila sem voru að leita að gullskipinu. Í tillögunni var gert ráð fyrir því að það væri skilyrði fyrir ríkisábyrgðinni að Ríkisábyrgðasjóður fengi veð í góssinu. Þegar menn fóru að skoða þetta betur kom í ljós að mál hefðu gengið þannig fyrir sig að ef ekkert góss hefði fundist, eins og raunin varð á, og greiðslur fallið á Ríkisábyrgðasjóð, þá átti Ríkisábyrgðasjóður veð í því sem ekki fannst.

Ég ætla að vekja athygli hæstv. forseta á því að eins og frá þessu máli er gengið er hér sama mál á ferðinni því að það er gert að skilyrði fyrir ríkisábyrgð að fjárhæð 1 milljarður kr. að ef ekki ganga upp áætlanir fyrirtækisins um kostnað og tekjur, er það skilyrði að ríkissjóði gefist kostur á því að kaupa fyrirtækið sem ekki hefur getað staðið í skilum með skuldbindingar sínar þannig að ríkisábyrgð hefur á fallið. Ég efast um það, virðulegi forseti, að þetta fyrirtæki þurfi frekari ríkisábyrgðir á sínum ferli því þarna er verið að lýsa því yfir að ef illa gangi hjá því þannig að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sé það skilyrði ríkisins að ríkið fái að kaupa fyrirtækið og yfirtaka skuldbindingar þess eins og þær eru á þeim tíma. Ég sé ekki, herra forseti, að það þurfi frekar um að binda í framtíðinni ef þetta skilyrði verður samþykkt. Ég er ansi hræddur um að erlendir lánardrottnar slíks fyrirtækis mundu sætta sig við það að ábyrgðin væri afgreidd með slíkum skilmálum.

Ég held að það fari ekki hjá því þegar á þetta er bent að menn verði sammála um það að efh.- og viðskn. þurfi að skoða þetta svolítið betur því ég sé ekki betur en að ef vilji hæstv. samgrh. ætti að ganga fram eins og hann hefur lýst honum, væri það helst gert með því að fella niður síðari setninguna í þessum tillögum. Annars væri hv. Alþingi að samþykkja það sem það vildi ekki samþykkja fyrir nokkrum árum síðan þegar fram kom svipuð tillaga um að veita ríkisábyrgð vegna leitarinnar að gullskipinu. Þá er verið að gera ráð fyrir því að ef ríkisábyrgðin falli á ríkissjóð vegna þess að góssið ekki finnst eða með öðrum orðum tekjuáætlunin og kostnaðaráætlunin gengur ekki upp, eigi ríkið að borga og fá í sinn hlut það sem ekki finnst, þ.e. framgang kostnaðar- og tekjuáætlunar eins og kemur fram í brtt. Ég ætla nú að biðja um það, virðulegi forseti, til að Alþingi verði ekki sér til skammar með afgreiðslu máls af þessu tagi, að það verði gert hlé og efh.- og viðskn. gefist kostur á að skoða þetta mat.

[17:19]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti hefur heyrt óskir hv. þingmanns og reyndar fleiri hv. þingmanna. Málið er komið frá nefnd, það hefur fengið umfjöllun, hér liggur fyrir samhljóða álit frá meiri hluta nefndarinnar og málið er komið til umræðu í þinginu. Margir hv. þingmenn vilja halda áfram að ræða málið og að það fái þinglega meðferð. Því er það er niðurstaða forseta að hann mun ekki beita sér fyrir því að fresta umræðunni. Það er annað mál hvað nefndarmenn í efh.- og viðskn. eru að hugsa um.

[17:19]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. forseti gaf hæstv. samgrh. orðið áðan, sagði hæstv. forseti að honum fyndist rétt að hæstv. ráðherra fengi að ljúka ræðu sinni fyrst áður en málinu væri frestað.

(**Forseti** (GÁ): Forseti sagði ekki þessi orð.)

Eða fengi að ljúka máli sínu fyrst, sagði forseti. Það er alveg ljóst.

(**Forseti** (GÁ): Já. Það er hárrétt hjá þingmanninum. Þannig var það orðað.)

Og það skildu auðvitað allir í þingsalnum þannig að eftir ræðu ráðherrans yrði málinu frestað. Nú er það hins vegar rangt hjá hæstv. forseta að málið liggi fyrir með skýrum hætti af hálfu flutningsmanna. Það hefur komið fram í umræðunni að einn af flutningsmönnum telur að 300 millj. nægi. Það hefur komið fram.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill taka fram að það kom fram jafnframt í ræðu hv. þm. að það væri hans mat í nefndinni. En hann skrifaði eigi að síður undir nefndarálitið með meiri hlutanum og rakti sinn málflutning áðan.)

Það er auðvitað alveg rétt, hæstv. forseti, enda erum við læsir á nefndarálit. En það er hins vegar rangt hjá hæstv. forseta að málið hafi fengið eðlilega umfjöllun í nefnd. Það er rækilega búið að lýsa því af hálfu eins nefndarmanns hvernig það gekk til í nefndinni og þeirri lýsingu hefur ekki verið mótmælt.

Nú er það vilji allra manna í þinginu að reyna að ná eðlilegri og góðri samstöðu um afgreiðslu mála og það tókst okkur í gær. Eftir að það samkomulag var gert, hæstv. forseti, er þessi tillaga flutt og það er auðvitað staðreynd sem hæstv.

forseti getur ekki litið fram hjá að þessi tillaga um ríkisábyrgð upp á einn milljað er flutt nokkrum klukkustundum eftir að samkomulag er gert um afgreiðslu mála hér. Nú er síðan verið að pína í gegn áframhaldandi umræður um málið án þess að verða við þeirri ósk að efh.- og viðskn. fái að fjalla um það. Það er lágmark, hæstv. forseti, að það verði orðið við þeirri ósk. Auðvitað er það brot á öllum eðlilegum siðareglum í þinginu að þegar búið er að gera samkomulag, hæstv. forseti, um þinglok, þá komi tillaga upp á hvorki meira né minna en einn milljarð í ríkisábyrgð og þess krafist að hún verði afgreidd. Það er staðreynd sem forseti verður að hafa í huga í sínum ákvörðunum.

Þess vegna tel ég skynsamlegt, hæstv. forseti, að umræðunni verði frestað og mönnum gefist tóm til að skoða þetta mál utan við ræðustólinn. Ég trúi því að forsetaembættið sjái skynsemina í því í stað þess að fara að tefla samkomulagi sem hefur orðið um þingstörfin og lok þeirra í stórkostlega hættu vegna undarlegs ákafa um að pína í gegn ríkisábyrgð fyrir áramót sem greinilega er engin þörf á að afgreiða á þessu þingi.

[17:23]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka þá ósk mína að þessari umræðu verði frestað. Það eru fjórir þingflokkar, allir stjórnarandstöðuflokkarnir, sammála um það að svona getur þetta ekki gengið áfram.

Í umræðunni voru upplýst af hálfu eins flutningsmanns efnisatriði sem gera það að verkum að málið þarf betri skoðunar við. Ræða hæstv. ráðherra var ekki mikið innlegg í þá umræðu. Það eru efnislegir og formlegir meinbugir á þessu máli auk verulegra efasemda um upphæðirnar. Við erum að afgreiða fjárlög og lánsfjárlög þar sem hver króna skiptir verulegu máli og getum því ekki fjallað um þessa hluti af einhverju kæruleysi.

Ég á sæti í efh.- og viðskn. Ég vil staðfesta frásögn hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar varðandi aðdraganda þessa máls. Málið er ekki hluti af samkomulagi um þinglok. Það hafa komið fram mjög alvarlegir meinbugir á þessu máli sem ég ætla ekki að ræða nú þegar verið er að tala um stjórn fundarins, herra forseti. Ég hef rætt við þingflokksformann Kvennalistans sem ekki hefur komið að umræðunni nú þegar og það liggur fyrir frá þingflokki Þjóðvaka, Alþfl. og Alþb. að forustumenn þeirra hafa tjáð sig í málinu. Og þegar það liggur fyrir ósk frá fjórum þingflokkum um að málið verði skoðað betur í efh.- og viðskn. eða með öðrum samtölum, þá tel ég rétt, herra forseti, til að flækja málið ekki á þessum hugsanlega síðasta degi þingsins, að verða við þessari eðlilegu ósk.

[17:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hvetja hæstv. forseta til að halda þessari umræðu áfram. Ég tel að málið sé algerlega í þeim búningi að það geti fengið þá meðferð sem þarf. Það liggur fyrir að meiri hluti efh.- og viðskn. stendur að þessari tillögu og ég hygg að í stjórnarflokkunum sé líka drjúgur stuðningur við þetta mál. Ég veit ekki til þess að neinn af þeim þingmönnum sem eru í stjórnarliðinu ætli ekki að greiða þessu atkvæði.

Varðandi meðferð málsins í efh.- og viðskn., þá kom málið fyrst upp í fyrrakvöld þar sem ég lýsti því á fundi að við mundum verða með málefni Spalar á dagskrá í gærkvöldi. Öllum þingmönnum var ljóst að málið gæti orðið umfangsmikið. Það lá ekki ljóst fyrir á þeim tímapunkti hver upphæðin yrði í þessu sambandi enda var hún þá heldur ekki endanlega ákveðin. Síðan var haft samstarf við nefndarmenn um það hverja skyldi kalla til fundar í gærkvöldi til þess að ræða um þetta mál. Þeir voru kallaðir til sem samkomulag náðist um að væri ástæða til þess að tala við. Þeir komu til fundar við nefndina í kvöldmatnum í gærkvöldi. Ég vil vekja athygli á því að í lok fundarins eftir að búið var að kynna þá tillögu sem fyrir lá, eftir að það var búið að ræða við nefndarmenn og eftir að nefndarmenn höfðu fengið tækifæri til þess að spyrja gesti okkar og kynna sér málið, þá lagði ég fram þær breytingartillögur sem meiri hlutinn hugðist gera við frv. til ráðstafanir í ríkisfjármálum eða bandorminn. Ég las líka upp ákveðna þætti, m.a. um afgreiðslu lánsfjárlaganna og því vissu allir sem í hlut áttu að fyrirhugað væri að afgreiða þetta mál og þessi tillaga lá fyrir. Ég taldi mig spyrja og ég vona að allir nefndarmenn hafi heyrt það líka að ég spurði þá að því hvort ég ætti að leggja fram þessa tillögu sem meiri hluti nefndarinnar lagði síðan fram um bandorminn í ljósi þess sem um var talað og í ljósi þess að það ætti að afgreiða lánsfjárlög með þeim hætti sem tillaga lá fyrir um. Ég tel því ekki að ég sem formaður nefndarinnar hafi staðið að því að brjóta eitt eða neitt samkomulag um þinglok og að þessi tillaga hafi legið fyrir áður en gengið var frá breytingartillögum meiri hluta efh.- og viðskn. um bandorminn. Þess vegna tel ég að það sé ástæðulaust annað en að afgreiða þetta mál hér.

[17:29]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Þrír hv. þingmenn óska enn að ræða um fundarstjórn forseta. Forseti vill taka fram að hann vill gera allt til þess að greiða fyrir þingstörfum og miðað við þessar umræður telur hann eðlilegt að t.d. formaður og einhverjir nefndarmenn úr minni hluta ræði saman í hliðarsal en umræðan fái að ganga áfram.

[17:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu um fundarstjórn forseta en nauðsynlegt er að rétt sé rétt. Það hefur engin formleg afstaða verið tekin til þess í þingflokki Alþfl., um form þessa máls, aðdraganda þess og efnisinnihald. Þær staðhæfingar sem fram komu hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni eru þar með ekki réttar.

Af þessu gefna tilefni hlýt ég að lýsa því viðhorfi mínu til hins efnislega þáttar þessa máls að ég styð þessa tillögu og mun greiða henni atkvæði mitt. Enda þótt segja megi að aðdragandi málsins sé ákaflega skammur og fyrirvari lítill og það megi með réttmætum hætti gera við það efnislegar athugasemdir, þá er mér þrátt fyrir þetta ekkert að vanbúnaði að halda umræðunni áfram og ljúka þessu máli og afgreiða það hér.

[17:31]

Gísli S. Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem féllu um heildstæða samstöðu stjórnarandstöðunnar gegn þessu máli er það rangt. Ég hefði gjarnan viljað að menn færu að tilmælum hv. þm. Jóns Baldvins Hanninbalssonar um að menn ræddu betur saman en að því frágengnu ef við því verður ekki orðið sé ég mig knúinn til þess að styðja þetta mál. Ég mun styðja þetta mál. Mér þykir það hins vegar hart og mælist eindregið til þess að farið verði að orðum forseta í málinu og að formaður

nefndar og þeir nefndarmenn sem hér hafa verið að ræða málið tali saman og kanni hvort einhver lausn er á því. Hér kom hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson með þá skoðun um að 300 millj. kr. ábyrgð væri nægjanleg. Það sýnir annan flöt á málinu. En komi málið fyrir óbreytt, herra forseti, mun ég styðja þá tillögu sem fyrir liggur.

[17:32]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., upplýsti áðan að það hefði ekki verið fyrr en í gærkvöldi sem ljóst var hver upphæðin ætti að vera. Með öðrum orðum, málið er svo illa undirbúið af hálfu stjórnvalda þrátt fyrir þær lýsingar sem hæstv. samgrh. gaf áðan að formaður efh.- og viðskn. segir hér formlega að ekki hafi verið vitað fyrr en í gærkvöldi hver upphæðin ætti að vera. Það sannar rækilega þörfina á því að fara yfir þetta mál á öðrum vettvangi en í ræðustólnum. Flutningsmenn tillögunnar höfðu engin gögn í höndum fyrr en seint í gærkvöldi til að meta það hvort þeir ættu að leggja til 300 millj., 1.300 millj., 1.000 millj. eða aðra upphæð. Hverjir voru það sem gátu ekki svarað því fyrr en í gærkvöldi hver upphæðin ætti að vera? Eða er þetta kannski bara þannig í reynd að hér sé á ferðinni einfaldur slumpureikningur sem ekkert sé á bak við? 300 millj. vegna lánveitinga, 300 millj. vegna lokaframkvæmdanna, merkilegt að það er sama upphæð í báðum tilvikum, og svo 400 millj. vegna aðkomunnar eða samtals hin þægilega tala einn milljarður akkúrat. Upplýsingar hv. þm. staðfesta auðvitað það að hér er á ferðinni alger slumpureikningur eða með öðrum orðum, hv. þm., nefndin hefur ekkert í höndum um það að þessi upphæð muni duga. Það var það sem hv. þm. var að segja áðan. (**VE:** Hún er nú nokkuð rúm.) Nokkuð rúm? Merkileg yfirlýsing, merkilegt framm'kall hjá formanni efh.- og viðskn. að þetta sé nokkuð rúm upphæð. Og er bara verið að veita hérna svona rúmar ríkisábyrgðir, rétt eins og menn gefa krökkum hundrað kall fyrir gotti í staðinn fyrir 50 kallinn sem þau biðja um? Nokkuð rúm upphæð, sagði hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Er það ekki staðfesting á því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði fyrr í umræðunum að 300 millj. mundu duga? Eða var þetta bara svona rúmt slump hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að leggja til einn milljarð akkúrat? Hvers konar vinnubrögð eru þetta um meðferð ríkisfjármála og ríkisábyrgða á þinginu að nú er staðfest af formanni efh.- og viðskn. að þetta sé slumpupphæð? Þar með er hann auðvitað að segja að hvorki hann né neinir aðrir hafa fengið tryggingu fyrir því að þessi upphæð dugi, það verði ekki komið aftur og beðið um meira. Það er nefnilega það sem hugsanlega er hér að gerast að það sé verið að draga ríkið stig af stigi í það að veita núna einn milljarð, koma svo síðar og biðja kannski um 700 millj. í viðbót til að glata ekki þessum eina milljarði og þannig koll af kolli.

Hæstv. forseti. Ég ítreka þá ósk að í nefnd þingsins fari fram efnisleg könnun á málinu og við tökum til við önnur mál. Þetta mál geti komið fyrir aftur ef menn vilja síðar en það greiðir fyrir umfjöllun um málið að yfir það sé farið á vettvangi nefndarinnar.

[17:36]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn sem vilja ræða um fundarstjórn forseta að spara sér efnislegar umræður. Það eru einir fimm hv. þingmenn á mælendaskrá sem vilja ræða efnislega um málið.

[17:36]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel að rétt sé að það sé upplýst sem ég sagði áðan. Það á við málsmeðferð varðandi þetta efni að gert verði hlé og málin skoðuð betur. Í því felst engin afstaða. Ég talaði um fjóra þingflokka stjórnarandstöðunnar. Það er ekki rétt með farið. Það eru ekki þingflokkssamþykktir sem liggja að baki þessari ósk um málsmeðferð og vitaskuld liggur ekki fyrir nein afstaða þingflokka eða þingmanna um efni tillögunnar. Við erum ekki að ræða um hana. Við erum að ræða um formið á umræðunni. Tilteknir forustumenn stjórnarandstöðunnar hafa tjáð sig og ég skil það svo að stjórnarandstæðingar almennt geti fallist á það en ég vil ekki fullyrða neitt um alla þingflokka eða einstaka þingmenn í því efni.

Í öðru lagi vil ég taka fram til að upplýsa hæstv. forseta um málsmeðferð af því að hv. formaður efh.- og viðskn. gerði hana að umtalsefni að þegar komið var á fund efh.- og viðskn. í gærkvöldi var þessi tala, 1.000 millj., fyrst rædd og talað út frá þeim hugmyndum, nokkrir menn kallaðir þar til og farið yfir málið á stuttum fundi. Mjög mörgum spurningum var ósvarað í efninu. Síðan viku þingmenn stjórnarandstöðunnar af fundi vegna þess að meiri hlutinn vildi ráðgast aðeins sín á milli og við þá aðila sem komu að málinu hvaða upphæð ætti að vera á ríkisábyrgðinni. Það var alveg ljóst að meiri hlutinn vildi flytja málið á sína ábyrgð, minni hlutinn var ekki aðili að því, og umræða í efh.- og viðskn. var á þeim nótunum og það er þess vegna sem menn hafa verið að tala um 300 millj. eða 400 millj. Umræðan var meira á þeim nótunum, líka meðal meiri hlutans. Það er fyrst, herra forseti, þegar við sitjum í þingsal um kvöldið að við nefndarmenn í efh.- og viðskn. sjáum hvaða tala er í tillögu meiri hlutans, einn milljarður. Þannig að það er alveg ljóst hvernig málið er afgreitt frá efh.- og viðskn. Það er gert með þessum hætti. Þetta mál er ekki inni í samningum okkar enda gat það ekki verið inni í samningum þegar tölur lágu ekki fyrir. Miðað við allt þetta er ekki verið að fara fram á mikið. Við höfum ekki tekið afstöðu til efnis málsins á nokkurn máta. Við höfum bent á ýmis atriði sem þarf að skoða nánar. Ég gæti vel trúað því að innan stjórnarflokkanna vildu menn e.t.v. líta á nokkra þætti, ekki síst í ljósi ræðu eins flutningsmanns eins og ég nefndi áðan að það sé heppilegt allra hluta vegna að gera hlé á fundinum á þessu máli þannig að það gefist ráðrúm að ræða það í efh.- og viðskn. frekar.

[17:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að mælirinn sé fullur og að það hljóti að vera einhver takmörk fyrir því hvað hægt er að bjóða minni hlutanum og stjórnarandstöðunni. Mér finnst stjórnarandstaðan hafa sýnt meiri hlutanum mikla þolinmæði í hverju stórmálinu á fætur öðru sem kemur inn í þingið og hér hafi fengið að fara í gegn stórt mál eins og bandormurinn á tiltölulega stuttum tíma.

Virðulegi forseti. Mér finnst að lýðræðinu sé virkilega misboðið í þinginu. Á þeim árum sem ég hef setið hér á þingi hef ég sjaldan upplifað að í svona stóru máli þar sem verið er að biðja um einn milljarð í ríkisábyrgð skuli því vera neitað að málið verði tekið til efnislegrar umfjöllunar í efh.- og viðskn. Þetta er fáheyrt. Ekki síst í ljósi þess að hér er því haldið fram að 300 millj. af þessum eina milljarði muni falla á ríkissjóð með tíð og tíma. Ég minnist þess þegar ég var í ríkisstjórn að þetta mál var rætt. Það 50 millj. kr. framlag

sem ríkissjóður lagði þá fram var undir þeim formerkjum og skilyrðum að ekki kæmu til meiri peningar í þetta verkefni úr ríkissjóði og ekki þyrfti að koma til nein ríkisábyrgð. Þetta er staðfest nú síðast í febrúarmánuði af hæstv. samgrh. þar sem hann segir í ræðu í þinginu að ekki sé gert ráð fyrir neinni ríkisábyrgð í þetta verkefni. En maður heyrir það á stjórnarliðum að þeir eru meira að segja hissa á þessari málsmeðferð og höfðu ekki séð þetta eða búist við þessu máli inn í þingið fyrr en það birtist í þinginu í gær. Maður heyrir líka að þeir sem skrifa upp á tillöguna hafa raunverulega verið dregnir til þess. Virðulegi forseti. Þetta er alveg einsdæmi.

Fjöldi þingmanna hefur komið í ræðustól með þá ósk að þetta mál verði tekið til efnislegrar umfjöllunar. Hæstv. samgrh. hefur komið í ræðustól og ég er raunverulega engu nær eftir ræðu hans. Mér finnst fleiri spurningar hafa vaknað í mínum huga eftir ræðu hans en áður. Ef ekki verður orðið við þeirri ósk, virðulegi forseti, að gera hlé á umræðum þannig að nefndarmenn í efh.- og viðskn. geti fjallað eðlilega um málið þá hlýt ég a.m.k. fyrir hönd flokks míns að óska eftir því að gert verði hlé á fundum til þess að þingflokkar geti þá rætt þetta mál og þá stöðu sem hér er komin upp. Það eru takmörk fyrir því og ég endurtek það, virðulegi forseti, hvað hægt er að misbjóða lýðræðinu í þessum þingsal.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur meiri hluta en hún verður að sýna minni hlutanum lágmarkskurteisi með því að taka þetta mál til efnislegrar umfjöllunar.

[17:43]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram að hann vill ekki misbjóða lýðræðinu og það kann að vera að einhvern tíma í þessari umræðu verði málinu frestað en margir hv. þm. eru á mælendaskrá og það er vilji forseta að halda umræðunni áfram.

[17:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil upplýsa forseta um það að ég hef látið boða óformlegan fund í efh.- og viðskn. kl. 8, (**Gripið fram í:** Óformlegan?) óformlegan fund og væri æskilegt að hægt væri að halda slíkan fund og ræða þessi mál og önnur meðan umræða stendur yfir um fjárlagafrv. eða fjáraukalög. Ég mælist til að þessi umræða fengi að halda áfram þannig að þeir sem eru á mælendaskrá og vilja tjá sig efnislega um málið gætu haldið því áfram en umræðunni ljúki ekki formlega fyrr en að lokinni umræðu um fjárlögin eða fjáraukalögin hvenær sem það yrði. Þá skulum við sjá hvort hinn óformlegi fundur í efh.- og viðskn. gæti ekki gert menn aðeins sáttari við málið en nú er. Ég tel að það væri ekki alveg í takt við lýðræðið ef þetta mál fengi ekki að ganga til atkvæða vegna þess að það liggur fyrir að það hefur mjög mikinn stuðning í þingsalnum, bæði í hópi stjórnarliða sem ætla að styðja þetta einum rómi. Auk þess eru allmargir stjórnarandstæðingar sem geta vel hugsað sér að greiða þessu máli atkvæði. Ég tel að þeir sem munu standa þannig að málinu og klára það og horfa fram á að þessi framkvæmd fari í gang fljótlega eftir áramótin muni stoltir aka þessi göng þegar þau eru búin og fagna því að hafa staðið í stykkinu og klárað þetta mál í kvöld.

[17:45]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hv. þm. hafa heyrt áform formanns efh.- og viðskn. Hv. þm. boðar óformlegan fund og ég vil spyrja hv. þm. hvort þeir fallist þá ekki á að umræðan fái að halda áfram.

[17:46]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þótt hv. þm., formaður efh.- og viðskn., sé þegar ekinn út úr þessum göngum með brosi á vör, vil ég í allri vinsemd segja eftirfarandi. Hvernig halda hv. þm. að því yrði tekið ef svo háttaði til að þingflokkar Sjálfstfl. og Framsfl. væru í stjórnarandstöðu og hér væri verið að leggja fram mál af þessu tagi sem hefði enga efnislega umfjöllun fengið í þingflokkum þeirra við 3. umr. lánsfjárlaga? Hvers vegna hefði hún enga efnislega umfjöllun fengið? Einfaldlega vegna þess að málið var sett á dagskrá við fulltrúa þessara flokka, þ.e. núverandi stjórnarandstöðuflokka, með tölulegri áætlun um einn milljarð í gærkvöldi. Það er upplýst að við vikum af fundi áður en stjórnarmeirihlutinn hafði komið sér niður á niðurstöður. En áður en við fórum af fundi gátum við allt eins haldið að þar yrði niðurstaðan 300 millj. eins og hv. flutningsmaður, Einar Oddur Kristjánsson, telur nægilegt, eða einhver önnur.

Með öðrum orðum, við erum að óska eftir því og við erum að tala um málsmeðferð að efh.- og viðskn. í heild komi saman til þess einfaldlega að fá svör við spurningum og fá upplýsingar í málinu sem liggja ekki fyrir og að þingflokkar stjórnarandstöðuflokkanna fái að þeirri umfjöllun lokinni ráðrúm til þess að ræða málið efnislega á grundvelli staðreynda vegna þess að ég hygg að allir séu sammála um það að mál af þessu tagi verða ekki leyst í ræðustól á Alþingi, hvort heldur er undir venjulegum umræðum eða í umræðum um fundarstjórn forseta. Ég verð að beina því til forseta í allri vinsemd að þetta séu lágmarksóskir ef menn hafa áhuga á því að málið fái málefnalega umfjöllun.

[17:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé eftir að það hefur komið fram hjá hv. formanni efh.- og viðskn. að hann mun boða til óformlegs nefndarfundar að forseti skeri úr um muninn á óformlegum og formlegum nefndarfundum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að nefndarmenn í efh.- og viðskn. viti hvaða rétt þeir hafa á slíkum fundi. Hafa þeir þann rétt t.d. á slíkum fundi að kalla til aðila sem þeir telja nauðsynlegt að kalla til til þess að fjalla um málið? Þó ég eigi ekki sæti í efh.- og viðskn., þætti mér t.d. alveg nauðsynlegt að kalla fyrir fulltrúa frá fjmrn., ráðuneytisstjórann og jafnvel fjmrh. sjálfan. Fjmrn. ber ábyrgð á þessum ríkisábyrgðum og það er nauðsynlegt að fá fram skoðanir þeirra og afstöðu í þessu máli og svör við spurningum sem brenna á vörum okkar nokkurra hér inni. Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að forseti skeri úr um muninn á formlegum og óformlegum nefndarfundi og hvaða rétt einstakir nefndarmenn hafa á slíkum fundi. Ég held að það væri einfaldast til að greiða fyrir málinu að forseti beitti sér fyrir því að um formlegan nefndarfund væri að ræða og beini því til forseta.

[17:50]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hvað varðar formlegan og óformlegan fund, þá sýnist forseta að allt stefni í að þetta verði formlegur fundur sem haldinn verður kl. 8 í kvöld og ég trúi ekki öðru en formað-

ur nefndarinnar og nefndarmenn muni koma sér saman um hvernig staðið verði að þeim fundi.

[17:50]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1996, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 488.

[17:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það reynist nauðsynlegt að ræða þetta sérkennilega mál sem hér er komið upp með nokkuð öðrum hætti og undir öðrum formerkjum en kannski hefði verið heppilegast og nauðsynlegt ef hæstv. samgrh. hefði ekki hagað máli sínu eins og hann gerði áðan. Satt best að segja er langt síðan ég hef séð einn hæstv. ráðherra leggja jafnmikið af mörkum í þágu málefna sinna að koma þeim áfram í gegnum þingið eins og hæstv. ráðherra gerði.

Herra forseti. Ég hafði ætlað að lýsa þeim tilfinningum mínum í bland við þessa tillögu að ég tel mikil vonbrigði að svona skuli komið eftir allt sem á undan er gengið í sambandi við þetta mál. Því miður eru að rætast spár sem sumir höfðu uppi um að svona mundi að lokum fara þrátt fyrir yfirlýsingar um annað og þrátt fyrir að grundvöllur málsins hafi frá upphafi verið annar, þ.e. sá að hér væri og yrði um algerlega sjálfstætt mál að ræða sem stæði á eigin forsendum utan vegáætlunar og ríkið bæri ekki neina ábyrgð á eða lenti í öðrum kostnaði en þeim sem alltaf hefur legið fyrir að tengja mannvirkið inn á þjóðvegakerfið. Þannig voru forsendur málsins lagðar í byrjun og þannig hafa þær verið kynntar allt fram til gærdagsins. Af því að sá sem hér stendur á nokkra aðild að og ber að segja má mikla ábyrgð á upphafi málsins tel ég óhjákvæmilegt að verja með vissum hætti hendur mínar gagnvart málflutningi hæstv. samgrh. áðan.

Ég átti lengi vel erfitt með að átta mig á því hvaða tilgangi þau ræðuhöld þjónuðu hjá hæstv. ráðherra að rifja söguna upp með þeim hætti sem hann gerði. Af því að ég er orðinn nokkuð vanur að lesa í hringlaga eða sporöskjulagað hugsunarferli hæstv. samgrh. af löngu samstarfi við hann og sambúð við hann í pólitík held ég að ég hafi undir lokin áttað mig á því hvað hæstv. ráðherra ætlaðist til að menn læsu út úr orðum sínum. Það er sem sagt að gallaður upphafssamningur og mistök þeirra sem stóðu að því að hrinda þessu máli úr vör kostaði það nú að nauðsynlegt væri að veita ríkisábyrgð upp á milljarð. Í reynd var hæstv. ráðherra að reyna að segja að vegna þess að í upphafssamningnum hefðu menn boðið fyrirtækinu Speli hf. upp á of hagstæð skilyrði og hugsanlega of mikinn hagnað í fyllingu tímans hefði reynst nauðsynlegt að knýja fram ýmsar breytingar og það kostaði svo aftur ríkisábyrgð núna. Ef átti að reyna að fá einhvern botn í málflutning samgrh. þá fannst mér hann helst verða þessi. En þetta er stórfurðulegur málflutningur svo að ekki sé meira sagt.

Voru það áhyggjur hæstv. samgrh. út af því að fyrirtækið mundi hagnast svo gríðarlega á þessu máli og hluthafar þess, sem reyndar eru að stærstum hluta opinberir aðilar, að það væri nauðsynlegt að fara í sérstakar aðgerðir gegn því? Og hvernig gæti fyrirtækið hagnast? Það mundi væntanlega ekki gera það, hvorki að breyttum né óbreyttum samningi nema þá vegna þess að allt gengi svo skínandi vel á besta máta. Framkvæmdin tækist vel, yrði ódýr ef ekkert kæmi upp á, engin ófyrirséð útgjöld yrðu, rekstrarkostnaður yrði lágur og mikil umferð um göngin. Að öllum þessum forsendum uppfylltum er það alveg rétt. Bæði elsti samningurinn og seinni samningar hafa gert ráð fyrir þeim möguleika að fyrirtækið og hluthafar þess gætu fengið hlutdeild í þeim hagnaði en ekki nema hlutdeild vegna þess að verulegur hluti hagnaðarins á samkvæmt samningnum að ganga til þess að flýta afborgunartímanum og verða til þess að mannvirkinu er skilað fyrr til Vegagerðarinnar. Svona er nú málið. Það er þá orðin staðreynd sem er nokkuð merkileg og umhugsunarefni fyrir menn að hæstv. ráðherra er svona harður á móti því að einkaaðili geti átt arðsvon í vændum í verkefni af þessu tagi, að hann fer í allar þessar skógarferðir til að koma í veg fyrir það og breyta þá forsendum málsins að því leyti til.

Í samningum sem hæstv. ráðherra sjálfur ber ábyrgð á og hefur gert við fyrirtækið eru áfram möguleikar fyrirtækisins á því að greiða arð og draga hann frá rekstri upp á 14% sem er væntanlega aðalstærðin í þessum efnum því að endanlegur hagnaður eftir rekstur og arðuppgjör og afborganir verða ekki stóra talan í þessum efnum. Þá er nokkuð sérkennilegt að hann skuli þá gera þetta að úrslitaatriði.

Herra forseti. Því miður er óhjákvæmilegt að leiðrétta hæstv. ráðherra í þeim tilvikum sem hann fer beinlínis rangt með. Hæstv. ráðherra gerði það að miklu máli áðan að það þrengdi að mönnum, okkur held ég að hæstv. ráðherra hafi sagt því að hann talaði mjög mikið ýmist í 1. persónu eintölu eða fleirtölu, að fyrirtækið hefði einkarétt á jarðgangagerð undir Hvalfjörð fram á næstu öld. Þetta voru óbreytt orð ráðherrans. Þetta er beinlínis rangt. Það hefur aldrei átt sér stoð. Það hafa aldrei í neinum samningum, hvorki upphafssamningnum, breytingunum 1993 né breytingunum í vetur verið slík ákvæði fyrir hendi. Maður verður að spyrja sig, herra forseti, hvaða traust er hægt að bera til hæstv. ráðherra sem kann ekki einu sinni grundvallarstaðreyndir í máli af þessu tagi og fer rangt með það úr ræðustóli. Í upphafssamningnum sem ég hef í höndunum er þannig gengið frá þessu í 3. gr. að leiði hagkvæmnisathugunin, sem fyrirtækinu var í upphafi heimilað að standa fyrir, það í ljós að mati félagsins að veggöngin geti orðið arðvænleg þá skuli fyrirtækið hafa í sjö ár einkarétt á því að leggja veggöng um utanverðan Hvalfjörð. Þetta er á árinu 1991 þannig að sjö ár í viðbót við það er árið 1998. En hefjist hins vegar ekki framkvæmdir innan fjögurra ára fellur einkarétturinn niður þannig að fyrirtækið hefur þá aldrei frá því að niðurstöður hagkvæmnisathugunar liggja fyrir haft nema fjögurra ára tíma til þess að hefja framkvæmdirnar. Þá fellur rétturinn niður. Jafnvel frá deginum í dag nær þetta ekki fram yfir aldamót og er þá hagkvæmnisathuguninni löngu lokið þannig að verulega er farið að ganga á þann tíma sem fyrirtækið hefur til þess að hefja framkvæmdir. Það er þannig. Þetta er kannski ekki stórt mál en ég taldi rétt að leiðrétta þetta hér út af því að hæstv. ráðherra fór út í þetta á annað borð að fara beinlínis rangt með hlutina.

Herra forseti. Ég sagði að það væru vonbrigði að svona væri komið í þessu máli og það eru mér sannarlega mikil vonbrigði, sérstaklega í ljósi upphafs málsins. Það er alveg rétt sem hæstv. samgrh. sagði og ég man vel eftir því einnig að það vakti nokkra athygli að sá sem hér talar, alþýðubandalagsmaðurinn sá, skyldi á sínum tíma standa fyrir því að þessu einkafyrirtæki var heimilað að ráðast í könnun á því hvort þetta verk væri hagkvæmt og þá standa fyrir framkvæmdum á því ef svo yrði og þá jafnframt, sem liggur í eðli málsins, að leggja á vegtoll í göngunum til þess að fjármagna framkvæmdina. Þetta var ekki gert í neinu fljótræði heldur að vandlega athuguðu máli og á grundvelli

tiltekinna forsendna. Í mínum huga hefur það allan tímann verið nauðsynleg prófraun í sambandi við mál af þessu tagi að menn stæðu við þær forsendur, gæfu þær ekki eftir. Það hefur alltaf verið áætlun mín að þannig ætti að standa að málunum. Verkið ætti að sanna sig sjálft og standa og falla með því að hinar upphaflegu forsendur þess héldu, því að þannig var það kynnt. Þannig var það kynnt stjórnvöldum og þannig var á það fallist.

Það er rétt að menn hafi þá í huga það upphaf málsins að áhugasamir aðilar á Vesturlandi hrintu því úr vör, stofnuðu þetta undirbúningsfélag eða bundust samtökum um það. Þeir komu til stjórnvalda og spurðu hvort þeir mættu láta á það reyna hvort hægt væri að taka þetta verk út úr allri vegáætlun, allri röð og láta framkvæma það með þessum hætti á sjálfstæðum forsendum. Ég sem þáv. samgrh. athugaði málið og sagði að vandlegri athugun lokinni að ég teldi rétt að leggja ekki stein í götu þess að þetta einkafyrirtæki gerði þetta. Ég flutti þáltill., stóð fyrir samningum og fékk málin þannig úr garði gerð að fyrirtækið gat farið af stað með athugunina. (**Gripið fram í:** Það styttir leiðina norður.) Ég held að það sé alveg ástæðulaust að gefa sér einhverjar sjálfstæðar forsendur af því tagi. Mörg samgöngumannvirki sem komust til framkvæmda og voru undirbúin í minni tíð styttu ekki beinlínis leiðina norður í land, hv. þm., eins og jarðgöng á Vestfjörðum eða ferja til Vestmannaeyja. Hafi einhver samgrh. á seinni árum sýnt að hann hugsaði ekki eingöngu um sitt kjördæmi, hygg ég að það sé sá sem hér stendur. Það er annað en nú er uppi.

Þannig var það að þessi sósíalisti lagði fyrstur manna í samgöngusögunni til að þetta yrði gert. Ég veit að það kemur ýmsum á óvart eins og hæstv. samgrh. að ég er þrátt fyrir allt ekki íhaldssamari en þetta. Ég þorði að beita mér fyrir þessari nýbreytni sem enginn annar hefur gert, hvorki fyrr né síðar. A.m.k. ekki í sambærilegu máli eða af sambærilegri stærðargráðu. Þetta vekur eðlilega undrun og þykir mörgum merkilegt, sérstaklega þeim sem hafa haft það fyrir iðprótt að stimpla ræðumann sem alveg sérstakan talsmann fortíðarinnar og gæslumann íhaldssamra sjónarmiða. En lengi skal manninn reyna og svo kynni að vera að slíkar einkunnir ættu ekki alltaf stoð í veruleikanum þegar betur er að gáð. Ég treysti mér til að gera þetta vegna þess að ég taldi efnislegar forsendur málsins vera slíkar að það væri skynsamlegt. Og ég hef þann leiða sið að reyna að taka vitsmunalega afstöðu til hlutanna og skynsamlega og láta ekki einhverjar fyrir fram gefnar skoðanir hindra mig í því. En ég stend hins vegar líka við mína grundvallarsannfæringu í pólitík og skammast mín ekki fyrir það og mér er alveg nákvæmlega sama þótt einhverjir kalli það íhaldssemi. Það er önnur íhaldssemi en sú sem ég hef skömm á.

Mjög mikilvægt undirstöðuatriði í sambandi við þetta mál allt er það að verkið væri ekki þar statt sem það er í dag ef ekki hefði verið það sem ég hélt vera algjöra pólitíska samstöðu um að það skyldi byggja á þessum grundvelli. Um það hefur að ég hélt verið alger pólitísk samstaða. Og það er ekki fyrr en í tíð núv. ríkisstjórnar og að einhverju leyti fyrri ríkisstjórnar eða í tíð hæstv. samgrh. á fyrra kjörtímabili sem menn byrja að læðast út á þá braut að þetta verði smátt og smátt að ríkisframkvæmd. Og hvers vegna er mjög mikilvægt að menn hafi þetta í huga? Vegna þess að það hefði væntanlega ekki orðið samstaða um að taka þetta mál fram fyrir mörg önnur stór samgöngumál í landinu ef það hefði verið sett inn á vegáætlun og sett í forgangsröðun samgöngumannvirkja. Þá hefðu hlutirnir litið öðruvísi út. Réttlætingin fyrir því að taka það til hliðar og láta athugun fara fram á því hvort þetta gæti gerst svona til hliðar og viðbótar öðrum framkvæmdum var sú að það stæði á eigin forsendum.

Ég hef trekk í trekk á undanförnum árum varið þetta mannvirki eða undirbúninginn að framkvæmd þess og ég hef gert það einmitt með þessum rökum. Það á að standa til hliðar og ekki koma niður á öðrum framkvæmdum nema að þessu eina leyti að auðvitað þarf svo að tengja það við vegakerfið þegar það verður komið í gagnið.

Nú er það svo, herra forseti, að í gamla daga var tæknin ekki orðin slík sem hún er í dag og m.a. ekki hér í þingsölum. Vorið 1991 þegar greidd voru atkvæði um þáltill., hvar samningur um Spöl var fylgiskjal var ekki til þetta ratkerfi sem skráir viðveru manna. En þingtíðindin geyma það þó að 35 alþm. greiddu samhljóða atkvæði með tillögunni. Það skar sig enginn úr, þingmenn allra flokka, þar með talið flokks núv. hæstv. samgrh. E.t.v. er hæstv. samgrh. svo minnugur og þá jafnframt svo vinsamlegur að hann upplýsi okkur um það hvort hann man sig hafa verið með í þessum hópi. En það er ljóst að allir sem viðstaddir voru greiddu atkvæði með tillögunni og um það var einróma samstaða á þingi. Ég lít því svo á að allar þessar forsendur málsins hafi notið víðtæks, pólitísks stuðnings. Samningurinn með þeim ákvæðum sem hæstv. samgrh. hamast núna gegn var líka studdur af Sjálfstfl. Það er því alveg ótrúlegt að menn skuli koma og ætla að snúa hlutunum svona á haus eins og hæstv. ráðherra er núna að gera. Það er málinu ekki til framdráttar.

Ég endurtek að mér fannst ekki þá og finnst ekki enn að aðalatriði málsins sé hvort fyrirtækið Spölur og hluthafar hagnist eitthvað í fyllingu tímans ef allt gengur upp, eftir mikla áhættu og langa bið. Enda er alveg ljóst að þetta fyrirtæki var ekki stofnað til þess sem slíks. Það var ekki tilgangurinn með hluthöfunum, fyrirtækjunum á Vesturlandi, sveitarfélögum og öðrum slíkum aðilum. Markmiðið með stofnun félagsins var að koma þessu verki á og ég veit ekki til þess að það hafi nokkurn tíma verið keppikefli aðstandendanna að einhverjar alveg sérstakar hagnaðarvonir væru inni í dæminu. Nema þá að menn tengdu þær við möguleika fyrirtækisins til þess að fá verkið framkvæmt og hugsunin væri þá að ná aðilum inn í fyrirtækið með fé á grundvelli hagnaðarvona sem gerði það svo sterkt að það gæti framkvæmt verkið. En ætti það þá ekki að geta það án ríkisábyrgðar? Við skyldum ætla það. Ef mönnum litist svo vel á þetta sem gróðavænlegt fyrirtæki að þeir streymdu inn í það með hlutafé þyrftu þeir a.m.k. ekki að hafa áhyggjur af þætti ríkisins í því sambandi. Þannig hefði það þó verið aðgerð í sjálfu sér.

Eitt enn er nauðsynlegt að hafa í huga í þessu sambandi og það er spurningin um það hvort hætta sé á því að í krafti þessa einkaleyfis til þess að byggja og reka jarðgöngin geti rekstraraðilinn misfarið með aðstöðu sína, okrað á umferðinni og grætt óhóflega af þeim sökum. Svarið er nei. Það er ekki vegna þess að Verðlagsstofnun eða Samkeppnisstofnun eigi að setja gjaldskrá, í því tilviki var líka farin önnur og ný leið. Það er vegna þess að í samningnum stendur að vegurinn umhverfis Hvalfjörð skuli alltaf vera opinn mönnum til þess að fara hann ef gjaldskráin í göngunum verður ósanngjörn. Það er beinlínis tekið fram að fyrirtækinu er óheimilt að hækka gjaldskrá sérstaklega ef tímabundnir samgönguerfiðleikar yrðu á landi. Þetta er með öðrum orðum hugsað þannig að göngin og gjaldskráin þar verði alltaf að keppa við þann

möguleika að menn fari veginn. Þar með stillir það sig sjálft af að einhvers staðar liggja efri mörk fyrir þeirri gjaldtöku sem gerir umferðina um göngin samkeppnishæfa. Ef menn hækkuðu gjaldskrána of mikið skiptu menn einfaldlega ekki við rekstraraðila ganganna heldur keyrðu hringinn. Þetta er ósköp einfalt. Það liggur í eðli málsins og í samningnum frá byrjun þannig að sú hætta er ekki fyrir hendi. Og þá átta ég mig í raun og veru ekki lengur á því hver átti að vera botninn í málflutningi hæstv. samgrh. Nema þá sá að spilla vísvitandi fyrir málinu og setja allt í loft upp með alls konar árásum og skotum út og suður á alla aðila sem komið hafa að málinu, kennandi öllum öðrum um en sjálfum sér. Það er hvorki merkileg né rismikil framganga, herra forseti.

Að lokum, herra forseti, fáein orð um tillöguna sjálfa og stöðuna gagnvart henni. Það er að mínu mati mjög bagalegt að málið skuli koma svona seint inn og vera svo illa kynnt sem raun ber vitni. Hvað sem hver segir er það ekki vönduð meðferð á máli að það birtist mönnum efnislega og í endanlegri gerð í fyrsta sinn að kvöldi dags um það bil sólarhring áður en ætlunin er að drífa það út. Einhvern tíma hafa menn tekið sér aðeins meiri umhugsunarfrest vegna minni mála en það að ákveða á einu bretti reyndar ekki bara 1.000 millj. kr. ábyrgð ríkisins heldur 1.070 millj. kr. því það kemur á daginn að það er búið að veita þessu fyrirtæki í tvígang fyrirgreiðslu. Því miður að því er virðist í bæði skiptin áður en heimildanna var aflað. Fyrst á árinu 1993 að ég hygg, frekar en 1994, var fyrirtækinu veitt 50 millj. fyrirgreiðsla til að standa straum af rannsóknarkostnaði. Ég hef fyrir því skjalfestar sannanir úti á skrifstofu minni að þeir fjármunir voru reiddir af hendi af hálfu fjmrh. áður en heimild var fengin fyrir því á Alþingi. Gögnin fékk ég í hendur af því að ég sat og sit reyndar enn í efh.- og viðskn. Nú er komið hér aftur undir lok ársins 1995 og beðið um 70 millj. í viðbót fyrirtækinu til handa. Mér er ekki grunlaust um að aftur hátti þannig til að í reynd sé fyrirtækið búið að fá þessa fjármuni eða a.m.k. búið að ákveða að veita því þessa fjármuni án þess að heimildar hafi verið aflað fyrir því. Það skyldi þó ekki vera þannig, herra forseti, að þeir sem ættu að ganga hægt um gleðinnar dyr og vera hógværir í orðavali væru einmitt þeir sem svona hafa staðið að hlutunum? Það var ekki farið í felur með neitt þegar málið var kynnt í byrjun og upphaflegur samningur var lagður fyrir þingið. Þá var það á hverjum tíma sem opin bók fyrir öllum mönnum. Á meðan málið var í höndum þeirrar ríkisstjórnar afgreiddi þingið allar heimildir á tilsettum tíma áður en til nokkurs kostnaðar var stofnað.

Niðurstaðan sem hér blasir við er sem sagt sú, herra forseti, að með þessum heimildum í viðbót upp á 70 og síðan 1.000 millj. er verið að leggja til að samtals verði ábyrgð ríkisins í þessu dæmi þar með komin í 1.120 millj. kr. Og hvað sem hver segir er íslenska ríkið auðvitað komið býsna langt inn í verkið þegar svo er komið. Þegar til viðbótar kemur svo innlend fjármögnun á byggingartíma að einhverju leyti með aðild Íslandsbanka og Landsbanka og langtímafjármögnun með aðild lífeyrissjóðanna er alveg ljóst að ábyrgðin af velferð þessa máls er að mjög verulegu leyti komin á íslenskar herðar: Ríkisins, eigenda Spalar sem eru opinberir og hálfopinberir aðilar og svo innlendra fjármögnunaraðila. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að hér sé spurt hvað sé næst. Enda var það mín fyrsta spurning í gærkvöldi í efh.- og viðskn. Erum við ekki því miður að hrekjast inn á þá braut að fjárfesting í málinu af hálfu innlendra aðila sé orðin svo mikil og svo mikið í húfi að það verði ekki um annað að ræða en klára málið hvað sem það kostar? Og ríkið í reynd komið í þá stöðu að það geti ekki bakkað út? Kannski má segja að við séum búin að setja býsna mikið í málið nú þegar. Fyrirtækið Spölur er búið að leggja í þetta um 100 millj. Ríkið er fyrir löngu búið að veita 50 millj. í viðbót og sennilega a.m.k. búið að lofa ef ekki greiða þar á ofan 70 millj. Það sem þegar er búið að binda í málinu er þá af stærðargráðunni 150–220 millj. Það er þó nokkuð, kannski 5–10% af áætluðum heildarkostnaði við málið. Þannig er nú þetta.

Að lokum, herra forseti, fáein orð varðandi þessa ábyrgðarhlið á málinu. Það fer mjög tvennum sögum af því hver þörf fyrirtækisins er í dag fyrir viðbótarábyrgðir. Það er alveg ljóst að það hvernig vegtengingin við göngin verður leyst er sjálfstætt mál. Ég lagði til strax í gærkvöldi að því yrði ekki blandað saman við þessa ábyrgð, að 400 millj. kr. sem eru vegna veganna yrði haldið algjörlega aðskildum og utan við þetta mál. Þeir eiga ekkert skylt við það hvort ríkið fer að veita einhverjar ábyrgðir vegna jarðganganna sjálfra. Þess vegna átti að sjálfsögðu ekki að biðja um einhverja ríkisábyrgð, lántökuheimild eða annað slíkt í einni óskilgreindri tölu þar sem 400 millj. kr. væru vegna veganna. Eða er verið að reyna að plata menn eitthvað með því? Það er að vísu lagt til að sú breyting verði á að göngin sjálf eða vegtollurinn borgi helming af kostnaðinum, 400 millj. af 800 millj. kr. Það er efnisleg breyting sem er allt í lagi að ræða og taka afstöðu til en það átti þá að gera með algjörlega sjálfstæðum hætti, annaðhvort í sérmáli eða í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar síðar. Þá hefði talan lækkað í 600 millj.

Síðan er röksemdin fyrir 300 millj. í viðbót að þær séu til þess að lækka vexti. Það sé eini tilgangurinn fyrir ríkisábyrgðinni, að lækka vexti. Hvernig fá menn það út? Menn fá það út með því að segja: Fyrirtækinu stendur til boða að taka þetta að láni hjá Þróunarfélaginu. Þróunarfélagið ætlar að okra á fyrirtækinu. Þess vegna verðum við að lækka vextina með því að veita ríkisábyrgð. Með öðrum orðum, menn nota okurvexti Þróunarfélagsins sem röksemdir fyrir því að gefa út 300 millj. kr. ríkisábyrgð til að lækka vaxtakostnaðinn. Þetta er dálítið sérkennilegt svo ekki sé meira sagt. Þá stendur eftir, að því er best verður séð, raunveruleg beiðni eða þörf til þess að verkið komist áfram fyrir 300 millj. kr. ábyrgð til fyrirtækisins sem þó á ekki að verða virk fyrr en göngin hafa verið byggð. Það er þá það efnislega sem menn ættu að hafa uppi á borðinu og taka afstöðu til. Auðvitað hefði átt að setja málið svona upp, þótt ekki væri nema að breytingartillöguskjalið væri sett upp í þremur stafliðum:

a. Ábyrgð vegna 300 millj. kr. við verklok,

b. Ábyrgð vegna ófyrirséðs kostnaðar á byggingartíma, þ.e. meiri styrkingar til þess að losna undan okurvöxtum Þróunarfélagsins, og

c. Sjálfstæð ákvörðun um það hvort menn vildu fara þá leið að veita ríkisábyrgð á lán til Spalar hf., sem aftur tæki þá á sig 400 millj. kr. kostnað eða helminginn af kostnaðinum við vegtenginguna.

Svona liggur málið efnislega. Ef menn vilja að vitað sé hvað verið er að tala um, taka afstöðu til og greiða atkvæði um þá á að leggja málin þannig upp að það sé hægt að skilja þau. Það er hneykslanlegt, herra forseti, að málið skuli vera lagt fyrir með þeim hætti sem raun ber vitni.

Það vill svo til að ég þykist hafa þokkalegar forsendur til að átta mig á málinu af vissum, sögulegum ástæðum. En ég get kannski ekki gert sömu kröfu til allra. Mér er alveg

ljóst að menn máttu vera meira en lítið glöggir og snöggir til að skilja málið til botns t.d. á fundi efh.- og viðskn. í gærkvöldi, þegar það nú bættist við að skýringar gesta nefndarinnar gengu alveg í kross. Ég ætla ekki að rekja það í einstökum atriðum af því að ég er ekki viss um að það væri mjög til hagsbóta eða gerði verkefnið trúverðugt út á við og ég vil ekki skemma fyrir því. En það var sérkennilegt að heyra ráðuneytisstjóra samgrn. og stjórnarformann fyrirtækisins tala í kross um tiltekna þætti þessa máls. Manni brá dálítið og velti fyrir sér hvort það gæti þá virkilega verið þannig að fleira væri ekki eins vandlega undirbúið og það þyrfti að vera. Þetta er nú ekki gott, herra forseti. Svona er ekki gaman. Okkur mörgum sem er annt um þetta mál og berum til þess hlýjan hug þykir þetta ekki gott, a.m.k. á það við um undirritaðan. Ég er dapur yfir stöðunni sem komin er upp í málinu. Vegna þess — þá kemur loksins að því, herra forseti, — að ég er og hef verið spenntur fyrir því að unnt yrði að ráðast í þessa framkvæmd. Ég hef verið það. Ég gæti tekið undir sjónarmið ríkisrekstrarsinnans, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, að ég væri alveg tilbúinn til þess að Vegagerðin annaðist þetta mál, var það frá byrjun, en það var bara borið öðruvísi upp við stjórnvöld. Óskin var um að einkaaðilar fengju að spreyta sig á því að gera þetta, án hjálpar ríkisins, og ég var líka tilbúinn til þess.

Mér finnst slæmt ef málið er komið í óefni og hálfgert klúður vegna þess að það væri mjög gott mál ef á sjálfstæðum forsendum væri hægt að stytta leiðina fyrir alla umferðina vestur og norður um land um 45 km eða þar um bil, búa til enn stærra og sterkara atvinnusvæði við sunnanverðan Faxaflóa. Í því er auðvitað fólgin veruleg þjóðhagsleg arðsemi að samgöngubætur af þessu tagi verði að veruleika, nýting ökutækja og tíma manna, sparnaður á eldsneyti, greiðari samgöngur og allt sem því fylgir. Það er geysilegt stórmál fyrir samgöngur í verulegum hluta landsins að þessi framkvæmd geti komist á, ef hún er hagkvæm, gengur upp og málið stenst. Ef það verður svo að tollurinn þurfi ekki að verða hærri en það að menn borgi með glöðu geði nokkur hundruð kr. til þess að spara sér krókinn og eldsneytið og til að flýta fyrir sér.

Það er líka rétt að ástæða er til að benda á ástand vegarins fyrir Hvalfjörð. Þar bíður stórt verkefni sem lendir inn á almenna vegáætlun ef ekki reynist unnt að ráðast í göngin, það er alveg ljóst. Það verða mönnum gríðarleg vonbrigði, sérstaklega um vestanvert landið, ef ekki tekst að ráðast í framkvæmdina. Því er ábyrgð manna, sem standa þannig að þessu að málinu er stofnað í hættu, líka mikil. En það er síður en svo að þeir sem vilja ræða um þetta mál efnislega beri þar sökina. Það er frekar hæstv. samgrh. sem kemur hingað og er, það er ekki hægt að segja annað, eins og naut í flagi, ber menn alls konar sökum og fer jafnvel rangt með staðreyndir málsins. Hann greiðir ekki mjög fyrir framgangi þess. Það er þess vegna vont, herra forseti, að mönnum er eins og málið liggur nú fyrir og er statt í umræðunni stillt upp við vegg. Það er sagt: Já eða nei við þessu, eins og þetta er, á þeim forsendum sem liggja fyrir. Engar frekari upplýsingar gefnar, ekkert fundarhlé, enga nefndarfundi, engar breytingar á tillögunni, bara já eða nei. Þá eru menn settir í þá óþægilegu aðstöðu að annaðhvort kyngja þeir þessu og greiða því atkvæði eða ... (**Samgrh.:** Eða eru bara á móti t.d.) Eða eru þá á móti, já. (**Samgrh.:** Það er hægt að sitja hjá.) Bíddu rólegur, hæstv. ráðherra. Ég get alveg botnað þessa vísu hjálparlaust. Já, eða greiða atkvæði á móti. Hvað fengju þeir þá á sig? Þótt þeir mundu gera það á fullkomlega efnislegum forsendum, fyrst og fremst vegna þess að málið væri ekki bært til afgreiðslu, þá fengju þeir að sjálfsögðu hæstv. samgrh. og aðra slíka á bakið og hæstv. ráðherra mundi segja: Þarna eru þrjótarnir sem urðu þess valdandi að það var ekki hægt að gera jarðgöng undir Hvalfjörð. Ég hef breitt bak og hefur áður þurft að standa af mér svona gusur frá hæstv. ráðherra þannig að það mundi í sjálfu sér ekki hræða mig, a.m.k. ekki málflutningur þess hæstv. ráðherra. En ég hef þurft að verja ýmsar mínar ákvarðanir fyrir linnulausum árásum hans um langt árabil eins og t.d. hamaganginn í hæstv. ráðherra gegn Vestmannaeyjaferjunni og mætti þar fleira skrautlegt nefna til, sem hefur satt best að segja verið sérkennilegt að upplifa af hálfu yfirmanns samgöngumála í landinu á köflum. (**Samgrh.:** Voru nægar lánsheimildir fyrir hendi þegar skrifað var undir?) Það var á hverjum tíma gert nákvæmlega í samræmi við heimildir Alþingis eins og þær lágu alltaf fyrir (**Samgrh.:** ... ekki nægar lánsheimildir.) Nákvæmlega ... (**Samgrh.:** Þetta er ósatt. Þetta er ósatt)

(**Forseti** (GÁS)**:** Ekki samtöl ...)

Um árabil var búið að samþykkja á Alþingi heimildir til handa samgrh., bæði forverum mínum og mér, að endurnýja þessa ferju (Gripið fram í.) og málið var borið undir þingið á hverju stigi eins og venjulegt er. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Ekki samtöl í þingsal.)

Þarna heyrir hæstv. forseti hvernig hæstv. samgrh. lætur í þessum málum, umsvifalaust kominn upp með dylgjur og rógburð um menn, umsvifalaust. Afflytur málin til þess að reyna að koma höggi á pólitíska andstæðinga sína, getur aldrei farið rétt með staðreyndir stundinni lengur, ef hann þá kann þær, þannig að maður veit yfirleitt ekki hvort það er af vankunnáttu eða öðrum hvötum sem málflutningur hæstv. ráðherra er með þessum hætti.

Já, herra forseti. Það er vont að mönnum sé stillt upp við vegg með þessum hætti. Ég skil vel að margir eigi bágt sem eru ekki sáttir við það í hvaða búningi málið er en er samt annt um þetta verk og vilja ógjarnan verða til þess að leggja stein í götu þess. Þess vegna hefði það verið mín ósk og beiðni númer eitt að menn reyndu til þrautar að fara yfir málið og átta sig á því hvort ekki væri hægt að ná einhverju betra samkomulagi um meðferð þess en nú liggur fyrir. Ég væri ákaflega mikill áhugamaður um það og skal ekki verða verri liðsmaður en hver annar í því að reyna að fara yfir það. Getum við á næstu klukkutímum, samhliða öðrum störfum í þinginu, fundið okkur lendingu og samkomulag um málsmeðferðina a.m.k., sem gerir málið betur bært til þess að um það sé tekin ákvörðun. Ég hef sjálfur lagt til alveg mögulegar og skynsamlegar forsendur í þeim efnum um að þessari stóru tölu verði deilt upp, menn líti á hvern þátt fyrir sig og spyrji sig að því hvort hann sé nauðsynlegur. Það er ekki alltaf vitlaust að segja í fyrsta lagi, í öðru lagi og í þriðja lagi. Stundum er það kannski þannig að efni máls er þríeitt eða þar um bil. Þá er ekkert vitlaust að skýra málin aðeins með slíkum aðferðum. Ég veit að vísu að hæstv. samgrh. er ekki mikið fyrir það, eins og fréttamenn þekkja vel. Þess vegna vil ég að lokum, herra forseti, taka undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að kostur gefist til þess.

Að allra síðustu er það þetta. Nú er það svo að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra fer með framkvæmdarvaldið í landinu. Það er þeirra hlutverk að sjá um mál af þessu tagi og einnig að bera þau fram fyrir þingið, þegar svo ber undir. Ef ákveðinn vilji þeirra er að að afgreiða hluti hér í krafti

síns meiri hluta þá að sjálfsögðu gera þeir það og bera líka pólitíska ábyrgð á því. Þá verður það að hafa sinn gang. Ég mun ekki leggja stein í götu þess, með ræðuhöldum eða öðrum slíkum hætti, að ákvörðun verði tekin um þetta mál. Hvort ég verð neyddur til að hverfa frá stuðningi við málið, í þeim skilningi að ég geti ekki í fyrsta skipti greitt atkvæði með þingmáli sem er ætlað til að liðka fyrir framgangi þess, verður að ráðast af því hver verður endanlegur búningur málsins. Ég efast um að ég gæti samvisku minnar vegna gert það, greitt atkvæði ríkisábyrgð í einni tölu af þessu tagi. Ég er bara ekki það kjarkmikill, eins og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa þó lýst yfir að þeir séu, að ég telji mig geta tekið ábyrgð á svo víðtækri ráðstöfun almannafjár, án þess að hafa betri forsendur til þess. En ég mundi gera það mjög nauðugur að styðja ekki meðferð mála á þingi, sem væri að mati manna til þess að reyna að greiða fyrir framgangi málsins. Ég held að ég mundi ekki greiða atkvæði gegn því, ekki leggja stein í götu þess, að ríkisstjórnin færi þá fram með málið eins og hún hefur stofnað til þess, þó að það sé ógæfulegt. Í því felst að sjálfsögðu lýðræðið, að meiri hlutinn geti ráðið slíku, og við þingmenn stjórnarandstöðunnar getum því miður ekki betrumbætt vinnubrögð ríkisstjórnar sem við eigum ekki aðild að, og verðum auðvitað að búa við það og sæta því.

Herra forseti. Það er dapurlegt, að sjá hvernig hlutirnir eru í pottinn búnir. Ég hefði sannarlega viljað að hægt væri að ræða um væntanlegt upphaf þessara framkvæmda undir öðrum og skemmtilegri kringumstæðum á þingi rétt fyrir jólin heldur en raun ber vitni.

[18:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hvalfjarðargöngin eru merk og þörf samgöngubót sem ég er hlynntur. Okkur hefur frá upphafi verið tjáð að þau yrðu lögð án tilstilli ríkisvaldsins. Nú er sá draumur allur.

Það er gagnrýni vert að þessi beiðni kemur fram svo seint að ekki hefur unnist tími til að kanna allar hliðar þessa flókna máls svo vel sem skyldi. En mér finnst að við eigum að horfa á stöðuna eins og hún er núna. Hver er staðan nú? Hún er sú að búið er að gera samning við Spöl hf. um framkvæmd þessa verks og ríkið á að taka að sér að leggja veg að göngunum báðum megin frá. Sá vegur mun kosta 800 millj. kr. Það er í raun nú þegar ríkisábyrgð á verkinu. Ég fer í það á eftir hvað ríkisábyrgð þýðir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust hv. efh.- og viðskn. má skipta þessari ábyrgð í þrennt. Það kemur reyndar fram á þskj. 458, frhnál. Það eru í fyrsta lagi 300 millj. kr. vegna kostnaðar og áhættu af þegar gerðum samningum, þ.e. ef eitthvað bregst, dráttur verður á framkvæmdum sem er mjög líklegt o.s.frv., þá eigi ríkið að ábyrgjast þær 300 millj. en væntanlega gegn því að Spölur hf. endurgreiði það ef það félag getur það. Þetta er sú áhætta sem ég tel vera nauðsynlega til þess að koma þessu verki í framkvæmd.

Í öðru lagi eru 300 millj. til þess að ríkistryggja skuldabréf vegna hugsanlegrar áhættu við styrkingu ganganna. Rökin fyrir þessari ábyrgð eru þau að hún muni lækka vexti á þeim skuldabréfum sem Þróunarfélagið ætlar að kaupa af Speli og muni stytta þann tíma sem vegfarendur þurfa að borga toll til að fá að fara um göngin, þ.e. að það mundi stytta þann tíma sem borgarar landsins þurfa að borga, ef ríkið veitti ábyrgð á þetta lán, í tvö eða þrjú ár, hef ég heyrt. Þetta er ekki endilega nauðsynlegt en kann að vera skynsamlegt og á þetta reynir ekki fyrr en heilu ári eftir að fyrsti bíllinn keyrir í gegnum göngin. Þá þurfa menn að taka ákvörðun um þessa ábyrgð, hvort menn vilja stytta tímann sem vegfarendur borga tollinn í tvö til þrjú ár gegn ríkisábyrgð.

Að síðustu er 400 millj. ábyrgð ætluð til þess að flytja jafnstóran hluta, þ.e. 400 millj., helminginn af þessum 800 millj. sem ríkið átti að byggja hvort sem er, frá ríkissjóði inn í verkefnið þannig að það verði greitt með veggjöldum þeirra sem fara um göngin í framtíðinni. Þetta er að mínu mati ekki bráðnauðsynlegt. Það kann að vera skynsamlegt að flytja verkefni frá ríki til einhvers aðila sem borgar það eins og þarna veggjöldin en það er í sjálfu sér ekki þörf á þessu og þetta breytir engu um ábyrgð ríkissjóðs. Þessi um 400 millj. ábyrgð ríkissjóðs breytir akkúrat engu. Ef eitthvað kemur upp á er ríkissjóður hvort sem er búinn að tapa því í þessum 800 millj. Þessi ábyrgð sem ég get um kemur til viðbótar 50 millj. vegna rannsókna og 70 millj. sem ríkissjóður hefur lagt fram að undanförnu vegna þess að Spölur hefur ekki verið megnugur að standa í samningaviðræðum, samningagerð og slíku. Þetta hefði að sjálfsögðu mátt gera með því að auka hlutaféð þar sem ríkissjóður kæmi inn sem hluthafi en Spölur er eins og hér hefur komið fram einkafyrirtæki, næstum alfarið í eigu opinberra aðila.

Á þskj. 456 kemur fram, með leyfi hæstv. forseta: „Heimildin er veitt með því skilyrði að ríkissjóði standi til boða að kaupa hlutabréf Spalar hf. eigi síðar en árið 2018 og að staðfest kostnaðar- og tekjuáætlun sé við það miðuð að öllum greiðslum af lánum og innheimtu veggjalds verði lokið innan 30 ára eftir að veggöngin verða tekin í notkun."

Þetta er tvennt. Í fyrsta lagi er þessi ábyrgð, þessar 1.000 millj. veittar gegn því að ríkissjóður megi kaupa hlutabréfin til baka og í öðru lagi þurfa veggjöldin að standa undir framkvæmdinni á ekki lengri tíma en 30 árum. Þetta eru tvö skilyrði sem þarf að uppfylla en ekki annaðhvort.

Ég vildi gjarnan koma inn í þessu sambandi í fyrsta lagi: Hvað er ríkissjóðshalli? T.d. þegar Verslunarskólinn byggir viðbyggingu, leikfimishús, þá er það ekki ríkissjóðshalli. En ef Menntaskólinn í Reykjavík byggir leikfimishús, þá er það ríkissjóðshalli vegna þess að annað fyrirtækið er einkafyrirtæki sem er greitt með gjöldum frá ríkissjóði en hitt er hreint ríkisfyrirtæki. Þetta sýnir okkur í raun hvað halli ríkissjóðs er hæpinn eins og hann er reiknaður nú og leiðir okkur í þann sannleik að við verðum að finna betri mælikvarða á halla ríkissjóðs. Ég tel að halli ríkissjóðs sem fer í framkvæmd sem stendur undir sér sjálf, t.d. með veggjöldum sé ekki í rauninni halli því að ríkissjóður kemur ekki til með að borga.

Hver er áhættan í þessu dæmi? Þetta er tvenns konar áhætta. Það er áhætta af byggingartíma og það er áhætta af rekstri. Áhættan af byggingartíma er tvenns konar: Það er í fyrsta lagi „tótaláhætta". Það geta opnast þarna einhver göng, þar sem vatnið fossar niður og göngin verða aldrei tekin í notkun. Þetta á við um allar framkvæmdir. Þetta hefði getað gerst inni á Sigöldu, þetta hefði getað gerst við Blöndu. Það hefur gerst úti í heimi að menn hafa verið að byggja heilu stíflugarðana og svo fossar bara allt vatnið í burt. Þetta hefur komið fyrir og þetta gerðist við Kröflu. Það var ekki búið að framkvæma. Við náðum ekki nema helmingnum af þeirri orku sem átti að koma þar fram þannig að þetta getur gerst. Þetta er sú áhætta sem ríkissjóður tekur með þessum 800 millj., með veginum að göngunum. Ef þetta kæmi upp mundi ríkissjóður tapa í fyrsta lagi 50 millj. í rannsóknir, síðan 70 millj. sem hafa farið í samningagerð og svo hluta af

þessum 800 millj. sem eru vegurinn að göngunum. Á þessu eru að mínu mati ekki voðamiklar líkur.

Ef við lesum hvernig þessar tvær ábyrgðir koma til, fyrstu 300 millj. kr. ábyrgðirnar, þá er önnur ekki greidd fyrr en ljóst er að við samningana verður staðið og það mundi ekki gerast ef það yrði altjón og önnur verður ekki greidd fyrr en ári eftir að fyrsti bíllinn keyrir í gegn og það kæmi heldur ekki til við altjón.

Svo getur komið önnur áhætta sem felst í því að það þarf að styrkja göngin sérstaklega. Þá kemur til 300 millj. kr. seinni liðurinn sem talinn er upp á þskj. 458. Ef þarf að styrkja göngin getur ríkissjóður ábyrgst þetta skuldabréf fyrir því. Það getur gerst að það þurfi ekkert að styrkja göngin. Þá kemur 2. liður ekki til. Þá getur Þróunarfélagið alls ekki lánað neitt eða keypt neitt skuldabréf. En ef það skyldi koma til, þá getur Þróunarfélagið keypt skuldabréfið með 9,2% vöxtum. Það sem verið er að fara fram á hérna er það að ríkissjóður hafi heimild til að kaupa þetta skuldabréf og þar sem ríkissjóður borgar miklu lægri vexti er hægt að stytta tímann sem veggjald er nauðsynlegt. Allt er þetta háð því að ríkissjóður geti keypt göngin eftir 2018 eða Spöl.

Áhættan er sem sagt þessi og hún verður aldrei meiri en 300 millj. sem er bráðnauðsynlegt eins og ég taldi upp og 120 millj. sem þegar er búið að leggja upp í. Það er öll áhættan sem í reynd er í þessum samningi eins og ég er þegar búinn að fara í gegnum, umfram það sem er nú þegar komið.

Nú stöndum við frammi fyrir því að fara út í viðbótar 300 millj. kr. ábyrgð sem er í reynd sú ábyrgð sem fellur á ríkissjóð og þess að þurfa að laga veginn inn Hvalfjörðinn, endurbyggja hann allan og reisa brýr og það sem ekki hefur komið fram, kaupa Akraborg því að ríkissjóður þarf líka að borga stofnkostnaðinn af Akraborginni. Sá kostnaður fellur núna að sjálfsögðu niður. Sá kostur sem við stöndum frammi fyrir frá sjónarhorni ríkissjóðs er annars vegar að taka á okkur 300 millj. kr. ábyrgð til viðbótar við það sem er í dag eða að byggja veginn inn Hvalfjörðinn með brúm og öllu slíku. Þetta er valkosturinn sem við stöndum frammi fyrir.

Það sem gerist við það að þessi göng eru grafin svo að maður tali um kostina er það að tíma- og bifreiðasparnaður borgaranna verður umtalsverður. Borgararnir spara mikinn tíma. Það tekur tíma að keyra 45 km. Menn spara bensínkostnað og slit á bílum og það er umtalsvert.

Svo er annað sem ekki hefur heldur verið minnst á. Þessi göng gera það að verkum að Akranes og jafnvel Borgarnes og Reykjavíkursvæðið allt saman verður eitt atvinnusvæði. Menn geta unnið uppi á Grundartanga og búið í Reykjavík. Menn geta unnið í Reykjavík og búið uppi á Akranesi. Þessu má ekki gleyma heldur þannig að þetta dæmi allt saman er að mínu mati mjög arðbært nema til komi einhver „katastrófa", að göngin verði ónýt en þá áhættu tökum við alltaf þegar við förum út í framkvæmdir hvort sem það eru virkjunarframkvæmdir eða annað. Vegna þess arna alls og að við erum ekki að tala um raunverulega aukningu á ábyrgð ríkissjóðs nema um 300 millj. með þessari tillögu, þá er ég hlynntur henni og gerðist meðflm. hennar.

[18:40]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði hvað eftir annað í ræðu sinni að hin raunverulega ábyrgð í þessu máli væri bara 300 millj. og hann lauk ræðu sinni með því að segja að vegna þess að hin raunverulega ábyrgð væri bara 300 millj. væri hann hlynntur málinu. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm.: Af hverju er þá ekki talað um 300 millj. í tillögunni sem hann flytur? Af hverju er hann að flytja tillögu um að veita ríkisábyrgð upp á milljarð ef hin raunverulega ríkisábyrgð er ekki nema 300 millj.? Ég get sagt hv. þm. það vegna þess að ég hafði það einu sinni að atvinnu að sýsla með ríkisábyrgðir að ef milljarður er veittur í ríkisábyrgð einkafyrirtæki sem verður gjaldþrota, geta kröfuhafar krafist milljarðs. Þannig er málið. Það er mjög einfalt. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm., ef það er skoðun hans eins og fram hefur komið í ræðunni og er reyndar sama skoðun og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti fyrr í dag, af hverju þeir flytja þá ekki tillögu um 300 millj.? Þá er hægt að ræða það á þinginu hvort sú tillaga verður afgreidd í staðinn fyrir að vera með milljarðinn sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur þar að auki upplýst að sé slumpupphæð.

Ég ítreka þessa spurningu til hv. þm.: Hvers vegna flytur hann þá ekki tillögu um 300 millj. fyrst það er hin raunverulega ríkisábyrgð?

[18:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór í gegnum það af hverju svo er. Í fyrsta lagi eru það þessar 300 millj. sem ég tel vera alls nauðsynlegar og eru í rauninni hin eina sanna ástæða fyrir þessu. Önnur ástæðan er sú að það er mjög líklegt að ríkissjóður, einu ári eftir að fyrsti bíllinn hefur ekið í gegn, vilji kaupa þetta skuldabréf. Það er mjög skynsamlegt fyrir hann að gera það til að stytta þann tíma sem þeir sem keyra göngin borga veggjald. Í þriðja lagi er skynsamlegt að taka hluta af þessari framkvæmd sem hvort sem er fellur á ríkissjóð, helminginn af þessum 800 millj. og láta hana borgast með veggjöldum. Þetta er skynsamlegt og sú ábyrgð fellur á ríkissjóð hvort sem er, hvernig sem fer og lendir ekki hjá neinum kröfuhöfum Spalar eða neins staðar annars staðar. Til þess að vera ekki að koma aftur og aftur til Alþingis með beiðni um ríkisábyrgð er skynsamlegt að gera þetta allt í einum pakka og gera sér grein fyrir hvað menn eru að gera.

[18:43]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fullt af arðbærum framkvæmdum í vegamálum þar sem hægt væri að beita þessu „patenti" sem hv. þm. var að tala fyrir varðandi 800 millj. eða 400 millj., þ.e. taka bara ríkisábyrgð og framkvæma og borga það svo síðar meir af vegafénu. Það getur víst talist nokkuð arðbært að breikka Reykjanesbrautina. Því ekki að nota þetta „patent" á það, veita bara ríkisábyrgð fyrir breikkun Reykjanesbrautarinnar? Og svo er það borgað síðar af vegáætlun eins og á að gera með þennan hluta ríkisins

Hér er auðvitað verið að fara inn á þá braut sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti alveg réttilega í dag, að breyta hefðbundnum framlögum til vegamála í ríkisábyrgðir. Var það virkilega erindi hv. þm. Péturs Blöndals inn á Alþingi að gerast talsmaður slíks sukks í ríkisfjarmálum? Þetta er auðvitað ekkert annað en sukk í ríkisfjármálum, hv. þm. Aðhaldið sem hefur þó verið haft í vegamálum byggist á því að menn hafa orðið að beygja sig undir þann ramma að tekjustofnar Vegagerðarinnar stæðu undir framkvæmdum. En nú allt í einu á að fara að opna það að þingið bara afgreiði ríkisábyrgðir upp á greiðslur síðar meir. Auðvitað er þá fullt af framkvæmdum hér sem hægt er að framkvæma með jafnsterkum rökum um arðsemi eins og þau rök sem hv. þm. flutti en um leið eru menn náttúrlega búnir að missa gjörsamlega alla stjórn á framkvæmdum í vegamálum út frá

efnahagslegu sjónarmiði. Ég hefði ekki trúað því að hv. þm. Pétur Blöndal ætti eftir að gerast talsmaður slíks sukks í ríkisfjármálum sem enginn hefur leyft sér að leggja til fyrr en það var gert milli kl. 11 og 12 í gærkvöldi.

[18:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að menn ætla út í þessa framkvæmd á næsta ári, það liggur fyrir. (**ÓRG:** Hvaða menn?) Í fjárlögum er gert ráð fyrir því og í forsendum þjóðhagsspár gert ráð fyrir því. (Gripið fram í.) Já, já, en ríkið ætlar að borga þessar 800 millj. sem vegurinn að göngunum kostar. Það liggur fyrir. Menn eru að breyta 400 millj. af þessum 800 millj. sem ríkið ætlar hvort sem er að borga á næsta ári, setja þær inn í framkvæmdina þannig að þær verði greiddar af veggjöldum í framtíðinni en ekki óborgaðar.

Auðvitað gætum við farið þessa leið t.d. með breikkun Reykjanesbrautar ef hægt er að bjóða borgurunum upp á einhvern kost í staðinn. Það mætti bjóða hana út, leyfa einhverjum einkaaðila að gera það og hann getur innheimt kostnaðinn með veggjöldum. Þetta er gert mjög víða og kemur ríkissjóði viðkomandi landa lítið við. Það þarf fjármagn til þess að gera þetta og vexti þarf að borga en ef þetta er greitt með veggjöldum, þá kemur það ríkissjóði ekkert við. Hér er því um það að ræða að búið er að ákveða að fara út í framkvæmd og það eina sem menn gera í þessu er að flytja það inn í verkið sjálft og láta það borgast með veggjöldum en ekki láta það vera óborgað í framtíðinni. Þetta er það sem við erum að tala um og ekkert annað.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:47]

Fjáraukalög 1995, 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 293, frhnál. 450 og 453, brtt. 451.

[20:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995. Við 2. umr. um frv. gerði nefndin og meiri hluti hennar 11 breytingartillögur við frv. sem voru samþykktar við þá umræðu. Í ræðu formanns kom þá fram að fjallað hefði verið um nokkur mál til viðbótar í nefndinni en ákvörðun um þau hefði verið frestað til 3. umr. Að auki hafa komið fram nokkur ný útgjaldatilefni síðar. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frv. verði samþykkt með þeim 20 breytingum sem gerðar eru tillögur um á þskj. 451, en útgjaldaauki þeirra vegna nemur alls 522,9 millj. kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Nefndarálitinu fylgja yfirlit yfir fjárheimildir ráðuneyta árið 1995 og þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert tillögur um við 2. og 3. umr. frumvarpsins.

Ég sný mér að skýringum við einstakar brtt. og þær skýringar hefjast á málaflokkum menntmrn.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. Þar er leitað eftir heimild fyrir 7 millj. kr. viðbótarframlagi. Undanfarin ár hefur myndast halli á rekstri stofnunarinnar sem að stærstum hluta stafar af því að nokkur tími líður frá því að verkefni eru framkvæmd og þar til greitt er fyrir þau. Framlaginu er hins vegar ætlað að mæta þeim hluta hallans sem á rætur að rekja til þess að fjáröflun eins verkefnis brást óvænt og til þess að greiða kostnað við mál sem leggja þurfti í og tengjast verndun einkaleyfisréttar.

Ýmis fræðistörf. Í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 var ákveðið að ráðast í útgáfu á Sögu Íslands og annaðist Hið íslenska bókmenntafélag ritstjórn og útgáfu verksins. Gert var samkomulag um að umsjónarkostnaðurinn yrði greiddur úr ríkissjóði en að hann yrði síðan endurgreiddur með hlutdeild í söluandvirði útgefinna rita. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. aukafjárveitingu þar sem tekjur af sölu ritanna hafa ekki orðið þær sem vænst var.

Ýmis íþróttamál. Farið er fram á 5 millj. kr. viðbótarheimild vegna fjárhagserfiðleika Handknattleikssambands Íslands í kjölfar heimsmeistaramótsins í handknattleik sem haldið var hér á landi sl. sumar.

Þá er komið að landbrn. Í fyrsta lagi ætti að breyta fyrirsögninni Búnaðarfélag Íslands í Bændasamtök Íslands. Á árinu 1992 var lögum breytt á þann veg að greiðsluskylda framlaga samkvæmt jarðræktarlögum myndast ekki lengur sjálfkrafa heldur er hún háð fjárveitingu Alþingis. Í fjáraukalögum ársins 1994 var þó veitt sérstakt framlag til bygginga áburðarhúsa og vatnsveitna á árunum 1992 og 1993 þar sem þær jarðabætur voru að stórum hluta tilkomnar vegna stjórnvaldsákvæða um hreinlæti við mjólkurframleiðslu. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. viðbótarheimild til að ganga frá eftirhreytum þessara uppgjöra.

Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Í frv. til fjáraukalaga árið 1995 er gerð tillaga um 4,7 millj. kr. viðbótarframlag til ráðuneytisins, einkum vegna ófyrirséðra útgjalda sem hlutust af samningaviðræðum um fiskveiðar við önnur ríki. Í kjölfar endurmats á þeim kostnaði er leitað eftir viðbótarheimild að fjárhæð 2,5 millj. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Undir liðnum Dómsmál, ýmis kostnaður, er gerð tillaga um 1,7 millj. kr. heimild til að kosta lögfræðiþjónustu neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Félmrn. Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Í byrjun þessa árs gekk óveður yfir Vestfirði sem olli verulegri röskun á starfsemi vistheimilisins Bræðratungu vegna snjóflóðahættu á Ísafirði. Farið er fram á 0,6 millj. kr. viðbótarframlag til að mæta þessum ófyrirséðu útgjöldum.

Styrktarfélag vangefinna. Leitað er eftir 9,5 millj. kr. viðbótarheimild til að jafna uppsafnaðan rekstrarhalla félagsins frá síðustu árum þar sem verkefni félagsins hafa verið umfangsmeiri en gert hefur ráð fyrir í fjárveitingum. Tillagan miðast við að gerður verði samningur við kaup ríkisins á þjónustu frá félaginu til að tryggja að starfsemin rúmist framvegis innan ramma fjárlaganna.

Sólheimar í Grímsnesi. Félmrn. hefur látið gera mat á þjónustuþörf fatlaðra á Sólheimum og í framhaldi af því hefur verið unnið að gerð þjónustusamnings um starfsemina. Fjárþörf vistheimilisins hefur verið endurmetin á þeim grundvelli. Afla þarf aukinnar fjárheimildar sem nemur 18,7 millj. kr. til að mæta hækkun rekstrargrunns og til að bæta áhrif kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 1995. Tillagan miðast við að viðbótarframlagið verði greitt þegar félmrn. og stjórn Sólheima hafa komist að samkomulagi um þjónustusamning um starfsemina.

Heilbr.- og trmrn. Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Leitað er eftir 75 millj. kr. viðbótarframlagi til að mæta

rekstrarvanda nokkurra sjúkrahúsa utan Reykjavíkur. Þar er einkum um að ræða Sjúkrahús Suðurnesja, St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, Sjúkrahús Akraness og Sjúkrahúsið í Stykkishólmi. Framlagið miðast við tillögur heilbrrn. sem vinnur að lausn á fjárhagsstöðu sjúkrahúsanna en þeirri skoðun er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að fjárveitingunni verði skipt þegar gengið hefur verið frá samkomulagi við stjórnir sjúkrahúsanna um fjárframlög og starfsumfang og verði henni úthlutað eftir því sem aðhaldsaðgerðir koma til framkvæmda.

Ríkisspítalar. Forsvarsmenn Ríkisspítala gerðu samning við heilbrrh. og fjmrh. um lausn á fjárhagsvanda spítalanna í desember á síðasta ári. Í framhaldi var því var veitt 296 millj. kr. framlag til spítalanna í fjáraukalögum ársins 1994 auk 84 millj. kr. vegna kjarasamninga heilbrigðisstétta. Einnig var fjárlagagrunnur ársins 1995 hækkaður um 195 millj. kr. Samkvæmt samkomulaginu var Ríkisspítölum ætlað að ná jafnvægi í rekstrinum með því að spara á móti hallanum sem þá stóð eftir frá árinu 1994, en hann var metinn á 70 millj. kr., og síðan 160 millj. kr., til viðbótar á árinu 1995. Í þessu frv. er 90 millj. kr. viðbótarheimild til þess að unnt verði að draga úr lokun deilda vegna sparnaðaraðgerða. Þessar áætlanir hafa ekki gengið eftir en rekstrarhallinn árið 1994 var um 130 millj. kr. og stefnir í að uppsafnaður halli spítalanna verði um 400 millj. kr. í árslok 1995. Í samræmi við nýtt samkomulag milli heilbrrh. og fjmrh. varðandi fjárhagsstöðu spítalanna er gerð tillaga um að hækka viðbótarframlag ársins 1995 í 242 millj. kr. eða um 150 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir þegar frv. var lagt fram.

Sjúkrahús Reykjavíkur. Í samningi um sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti, var kveðið á um að gert yrði samkomulag um framlag til sjúkrahússins vegna uppbótargreiðslna á lífeyri starfsmanna þar sem ekki hafði verið tekið tillit til þeirra í framlögum samkvæmt fjárlögum. Fjmrn. og Reykjavíkurborg hafa nú komist að samkomulagi um málið miðað við uppgjör á uppsöfnuðum greiðslum fyrri ára. Í framhaldi af því er gerð tillaga um að fjárheimild sjúkrahússins verði aukin um 83 millj. kr.

Sjúkrahús og læknisbústaðir. Fyrirhugað er að hækka framlag liðarins um 49 millj. kr. í fjárlögum ársins 1996 til þess að unnt verði að standa við þá verksamninga sem eru í gildi og ganga frá skuldum vegna verka sem er lokið. Engin ný verkefni koma til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að þar af verði 30 millj. kr. fjármagnaðar með lækkun fjárveitingar í ár sem síðan verði endurráðstafað á næsta ári. Miðað er við að 10 millj. kr. verði teknar af fjárframlögum ársins 1995 til hverrar eftirtalinna framkvæmda: Heilsugæslustöðva í Reykjavík, Sjúkrahúss Suðurnesja og Hjúkrunarheimilis Fáskrúðsfirði. Á móti kemur 1,5 millj. kr. viðbótarheimild til Sjúkrahúss Austur-Húnvetninga, Blönduósi, en síðan verði gerð breyting á verksamningi til að tryggja fjármögnunina þar á næsta ári.

Heilsugæslustöðin Akranesi. Settur hefur verið tilsjónarmaður til að vinna að úrlausn á uppsöfnuðum rekstrarhalla stöðvarinnar. Í framhaldi af því er gerð tillaga um 8 millj. kr. viðbótarframlag til stöðvarinnar. Tillagan miðast við að gengið verði frá samkomulagi við stjórn heilsugæslustöðvarinnar um aðgerðir til þess að koma á jafnvægi í rekstrinum til frambúðar.

Heilsugæslustöðin Akureyri. Farið er fram á 4,4 millj. kr. aukafjárveitingu til stöðvarinnar. Í sértekjuáætlun stöðvarinnar í fjárlögum er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins endurgreiði henni kostnað við slysastofugjöld fyrir verk sem unnin eru á aðgerða- og skiptistofu. Það fyrirkomulag hefur nú verið aflagt. Framlagið er ætlað til að mæta tekjutapinu.

Heilsugæslustöð Suðurnesja. Verulegur halli hefur myndast á rekstri stöðvarinnar undanfarin ár. Settur hefur verið tilsjónarmaður til að vinna að lausn á fjárhagsvandanum og í framhaldi af því er gerð tillaga um 35 millj. kr. viðbótarframlag til stöðvarinnar. Tillagan miðast við að gengið verði frá samkomulagi við stjórn heilsugæslustöðvarinnar um aðgerðir til þess að tryggja að starfsumfangið verði framvegis í samræmi við heimildir fjárlaga.

Fjármálaráðuneyti. Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Í óveðrinu sem gekk yfir landið undir lok október sl. varð mikið tjón á staurum fyrir rafmagnslínur hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, auk þess sem fyrirtækin þurftu að keyra dísilstöðvar með talsverðum tilkostnaði til þess að tryggja orkuflutning um Vestfirði. Lagt er til að veitt verði 80 millj. kr. viðbótarframlag til greiðslu tjónabóta til fyrirtækjanna sem skiptist þannig að 50 millj. kr. renni til Rafmagnsveitna ríkisins og 30 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða. Fyrirtækin mæti tjóninu að öðru leyti með lántökum eða af rekstrarfé. Tillagan er gerð í ljósi samkomulags milli fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra um að ekki muni koma til slíkrar fyrirgreiðslu framvegis. Gert er ráð fyrir að orkudreifingarfyrirtækin geri sjálf fjárhagsráðstafanir til þess að mæta slíkum áföllum með því að leggja fé til hliðar í tryggingasjóði.

Ýmislegt. Lagt er til að liðurinn hækki alls um 50 millj. kr. af tveimur tilefnum. Í frumvarpinu er gerð tillaga um 25 millj. kr. framlag til björgunaraðgerða og annarrar aðstoðar við íbúa Flateyrar í kjölfar snjóflóðsins sem féll þar í októberlok. Leitað er eftir 10 millj. kr. viðbótarheimild, m.a. til kaupa á bráðabirgðahúsnæði fyrir íbúa sem misstu hús sín í snjóflóðinu. Í öðru lagi hefur gerðardómur nú verið kveðinn upp í máli jarðeigenda í Einarsnesi í Mýrasýslu gegn landbúnaðarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins út af netalögnum við ósa Hvítár í Borgarfirði. Niðurstaða málsins er að ríkissjóði ber að greiða um 40 millj. kr. í bætur sem reiknaðar skulu með sömu forsendum og aðferðum og gilda fyrir aðrar jarðir við ósa Hvítár. Gerðarsamningurinn er með fyrirvara um samþykki Alþingis fyrir fjárveitingu til að greiða bæturnar sem gerðardómurinn kann að úrskurða. Gerð er tillaga um viðbótarframlag til þess að ganga frá uppgjörinu.

Samgönguráðuneyti. Vita- og hafnamálastofnun. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. viðbótarheimild sem renni til endurbóta við Seyðisfjarðarhöfn fyrir móttöku ferðamanna með ferjunni Norrænu.

Iðnaðarráðuneyti. Ýmis orkumál. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. viðbótarframlag sem renni til að aðstoða litlar hitaveitur sem átt hafa í rekstrarerfiðleikum, einkum til greiðslu afborgana af lánum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra undirbúi samninga við viðkomandi hitaveitur með hliðsjón af skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu þeirra og að fjárlaganefnd taki málið síðan til umfjöllunar þegar þeir samningar liggja fyrir.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim tillögum sem meiri hluti fjárln. leggur fram við 3. umr. fjáraukalaga. Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

[20:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitt þeirra mála sem einkennt hafa meðferð heilbrigðismála á þessu þingi eru deilur sem staðið hafa um fjármál heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss á Suðurnesjum. Því hefur verið lýst yfir af hálfu fulltrúa sveitarfélaga á fundi með þingmönnum Reykn. að liður í því samkomulagi sem gert var og formaður og varaformaður fjárln. settu stafina sína undir — og er það nú satt að segja nokkuð nýr siður í þinginu að formaður og varaformaður fjárln. undirriti samningsígildi í formi minnisblaða. Ég ætlaði ekki að ræða það í andsvörum en ýmislegt má segja um þann sið. Mig langar að biðja formann fjárln. að útskýra við þessa umræðu, vegna þess að ein upphæðin í fjáraukalagafrv. snertir uppgjör á skuldum Sjúkrahúss Suðurnesja, hvernig heildarlausnin á fjárhagsvanda Sjúkrahúss Suðurnesja lítur út þegar tekið er tillit til upphæðarinnar sem er að finna í þessu frv. og í öðru lagi þeirra upphæðar sem verður að finna í fjárlagafrv. þegar það kemur til afgreiðslu. Við séum ekki að ræða þetta í brotum undir ýmsum liðum heldur fáum heildaryfirlit yfir uppgjörið á skuldastöðunni og síðan fjárframlög til rekstrar Sjúkrahúss Suðurnesja á næsta ári. Mér þætti vænt um að fjárlaganefndarmaðurinn Árni Mathiesen, sem líka skrifar undir nál., mundi einnig útskýra það eða staðfesta skilning formanns fjárln. í þessari umræðu svo að við sjáum strax í upphafi áður en við förum lengra hvernig dæmið lítur út.

[20:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu minni eru tveir liðir í fjáraukalagafrv. sem varða heilbrigðismál á Suðurnesjum. Það er í fyrsta lagi framlag til heilsugæslustöðvar Suðurnesja upp á 35 millj. kr. Í öðru lagi eru framlög í sameiginlegan sjóð, ef svo má segja, upp á 75 millj. kr. til að leysa vanda tiltekinna sjúkrahúsa, sem nefnd eru í nál. Úthlutun þess fjár er ekki lokið en gerð er grein fyrir því í nál. hvernig hún er. Með svipuðum hætti er tekið á þessum málum í fjárlagafrv. sem verður til umræðu á eftir. Ég mun vissulega gera grein fyrir því að lausn þessa vanda byggist á því. Í öðru lagi má nefna að heilsugæslunni á Suðurnesjum er veitt ákveðið fjárframlag en vandi sjúkrahússins er undir sérstökum lið sem er óskiptur enn og heilbrrn. mun gera tillögur um þá skiptingu.

[20:55]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með þetta svar. Ég get ekki séð að af þessu svari sé hægt að ráða nokkurn skapaðan hlut um það hvernig á að leysa fjárhagsvanda Sjúkrahússins á Suðurnesjum og heilsugæslustöðvarinnar í heild sinni, þótt skýrt sé sagt á minnisblaði sem formaður og varaformaður fjárln. hafa undirritað að það sé liður í samkomulaginu um frestun framkvæmda. Það er lágmarkskrafa að útskýrt sé í ræðu, ég skil að það sé kannski erfitt í andsvari, alveg nákvæmlega hvað menn eru að tala um.

Það vekur t.d. athygli að í brtt. við fjárlagafrv. er verið að minnka framlagið til Sjúkrahúss Suðurnesja frá því sem það er í fjárlagafrv. Sumir hafa sagt, ég ætla ekkert að fullyrða um hvort það er rétt, að það sé vegna þess að sjóðurinn, sem sjúkrahúsið á svo að sækja í, sé þannig til kominn að niðurskurður á upphaflegu framlagi sjúkrahússins sé látinn renna í sjóðinn. Það hefur verið skilningur allra sem að málinu hafa komið, bæði þingmanna, sveitarstjórnarmanna og forustumanna sjúkrahússins, að þessi sameiginlegi sjóður sem verið er að tala um feli alfarið í sér viðbótarfjármagn, nýtt fjármagn sem komi til skiptanna. Það gengur ekki, hv. formaður fjárln., að þegar formaður og varaformaður nefndarinnar eru búnir að setja stafina sína undir að það sé liður í lausn málsins, í sérstöku minnisblaði, þá sé bara vísað á hæstv. heilbrrh. og sagt að hann eigi svo að annast skiptinguna. Þar með er engin trygging fyrir því að það fyrirheit sem merkt er upphafsstöfum formanns og varaformanns fjárln. sé efnt.

Ég vona, virðulegi þingmaður, að við þurfum ekki að efna til langrar umræðu í þingsalnum um þetta mál, það er ekki vilji minn. En ég vil fá það fram alveg skýrt hvernig fjárhags- og rekstrarvandi sjúkrahússins og heilsugæslunnar er leystur í þessari sameiginlegu afgreiðslu fjárlagafrv. og fjáraukalaga.

[20:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun vissulega gera grein fyrir þessu máli þegar ég flyt framsöguræðu fyrir frv. til fjárlaga á eftir og þá í heild sinni. En það er rétt að samkomulag sem formaður og varaformaður fjárln. unnu í samráði við fjmrn. og heilbrrn. um þetta mál gerði ráð fyrir að rekstrarmál þessara stofnana yrðu tekin til sérstakrar meðferðar. Ég ætla ekki að gera því ítarleg skil í andsvari en ég mun gera grein fyrir þeim málum nánar í framsöguræðu við fjárlagafrv. sjálft. Þar er fjallað um framtíðina í þessum efnum þótt vissulega sé fjáraukalagafrv. liður í aðgerðum sem fyrirhugaðar eru þarna suður frá.

[20:58]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995 frá minni hluta fjárln. Þetta er stutt nál. og vísað er til fyrra álits, frá 2. umr.

Það hefur orðið veruleg hækkun á fjárheimildum frv. Við 2. umr. var gerð grein fyrir nokkrum veigamiklum atriðum sem þá þegar var ljóst að áttu eftir að auka fjárlagahallann, t.d. málefni Sjúkrahúss Reykjavíkur og Sólheima í Grímsnesi. Þar hafa nú bæst við beiðnir um auknar fjárheimildir.

Við 2. umr. voru afgreiddar tillögur um auknar fjárheimildir upp á 5,3 milljarða kr. Eftir nána yfirferð og athugun beiðna milli umræðna hafa verið afgreiddar fyrir 3. umr. hækkanir um 522,9 millj. kr. þannig að halli fjárlaga 1995 verður því enn meiri en búist var við og heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður með viðbótinni u.þ.b. 31,4 milljarðar kr.

Þau atriði sem hafa komið minni hluta nefndarinnar mest á óvart er langur listi óuppgerðra skuldbindinga ríkissjóðs, allt að 21 ári aftur í tímann eða til ársins 1974. Hér er vísað til tillagna um 6 millj. kr. framlag til Hins íslenska bókmenntafélags á fjáraukalögum fyrir árið 1995, en þar að auki er gerð ný tillaga um 12 millj. kr. framlag á fjárlögum 1996 til sama aðila. Um það er svo sem ekki meira að segja, en svona geta hlutirnir verið.

Minni hlutinn áréttar þá skoðun sína að fjárvöntun, sem löngu er vitað um, eigi að koma fram með rökstuddum beiðnum strax og hún liggur fyrir. Vísað er til álits Ríkisendurskoðunar, sem gaf umsögn um frumvarpið, og þeirra réttmætu ábendinga sem í þeirri umsögn eru. Mikilvægt er að fram komi hvers vegna útgjaldatilefni voru ekki séð fyrir þegar fjárlög ársins voru afgreidd þannig að ganga hefði mátt frá fjárheimildum við fjárlagaafgreiðsluna.

Einstakar tillögur, sem settar eru fram á sérstöku þingskjali, eru að fjárhæð allt frá 600 þús. kr. til 150 millj. kr.

Minni hlutinn vísar til nefndarálits við 2. umr. um fjáraukalög 1995 og áskilur sér rétt til að styðja einstakar tillögur um viðbótarheimildir en mun að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Undir nefndarálitið rita eftirtaldir hv. þm.: Kristinn H. Gunnarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Gísli S. Einarsson.

Það má kannski bæta því við að það ber að harma að menn skuli ekki treysta sér til að taka á uppsöfnuðum vanda í heilbrigðisgeiranum. Það er alvarlegasta vandamálið sem við er að etja í fjárlagagerðinni. Nú liggur fyrir að enn er óleystur a.m.k. 550 millj. kr. uppsafnaður halli bara hjá sjúkrahúsum Reykjavíkur og Ríkisspítölunum. Það er vandamál sem hefði átt að taka á og ljóst að þarf að leysa. Þetta tel ég eitt það alvarlegasta í málinu. Það blasir við áframhaldandi stór vandi á téðum sjúkrahúsum. Það mál hefur enn ekki verið leyst, hvorki með fjárlögum fyrir árið 1996 né með fjáraukalögum. Þegar við talsmenn minni hlutans í fjárln. ræðum þetta mál í fjárlagaumræðunni munum við koma að því að stærsti vandinn er heilbrigðismálin og skýra mál okkar betur.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

[21:04]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta þessa umræðu líða svo að nota ekki tækifærið til að gera nokkrar athugasemdir vegna ummæla sem komið hafa fram er varða árið 1995. Mér finnst rétt að það komist a.m.k. inn í þingtíðindi þótt ekki séu líkur á að margir hlusti á umræður svona síðla kvölds.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði um vanda Sjúkrahúss Suðurnesja. Ég vil láta þess getið að ég hef hér í höndum nýútkomið blað framsóknarmanna í Vesturlandskjördæmi þar sem hæstv. heilbrrh. gefur að nokkru leyti svör við því sem hv. þm. spurði um. Sjúkrahúsið á Suðurnesjum er eitt af þremur sjúkrahúsum sem sérstakur tilsjónarmaður var settur með. Þau voru eins og kunnugt er sjúkrahúsin á Akranesi, í Hafnarfirði og í Keflavík. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði hvers mætti vænta í sambandi við Sjúkrahús Suðurnesja.

Í þessu blaði er viðtal við hæstv. heilbrrh. þar sem margt athyglisvert kemur fram en þar segir hæstv. heilbrrh. ýmislegt sem full ástæða er til að vekja athygli á. Um þetta mál sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vék að spyr blaðamaðurinn hæstv. heilbrrh. sisvona, með leyfi hæstv. forseta:

„Þú lentir í hörðum slag vegna tilnefningar tilsjónarmanna með sjúkrahúsum, þar á meðal í þínum eigin heimabæ. Var þörf á þessu?" Hæstv. heilbrrh. svarar orðrétt, með leyfi forseta: „Hörðum slag, segir þú. Hann er nú ekki harður hér á Akranesi enda er skynsamt fólk hérna." Með öðrum orðum, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, það er ekki eins skynsamt fólkið á Suðurnesjum svo ekki sé minnst á Hafnfirðingana. Þetta er þá væntanlega skýringin á því af hverju einskis sérstaks er að vænta fyrir það fólk. Það er ekki eins skynsamt eins og Skagamenn. Þetta er a.m.k. það sem hæstv. heilbrrh. lætur eftir sér hafa um þessi mál.

Annars staðar í sama blaði lætur hæstv. heilbrrh. hafa það eftir sér að þegar hún hafi tekið við völdum í heilbrrn. hafi verið þar ófrágenginn skuldahali upp á 1 milljarð kr. Þetta er sennilega í fjórða sinn sem hæstv. heilbrrh. lætur hafa það eftir sér. Ég vildi því nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þeim upplýsingum sem m.a. er að hafa í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995 og í þeim tillögum sem koma um viðbætur frá hæstv. fjárln. sem hv. formaður fjárln. gaf upplýsingar um hér áðan. Í frv. er sótt um aukafjárgreiðsluheimildir til stofnana ríkisins á vegum hinna einstöku ráðuneyta fyrir árið 1995 og þar kemur glögglega fram hvaða viðbótarheimildum er verið að sækjast eftir og af hvaða ástæðum sóst er eftir þeim.

Af hálfu fjmrn. er beðið um aukningu á fjárgreiðsluheimildum heilbr.- og trmrn. samtals um röska 2,3 milljarða kr. í frv. Ég vildi gjarnan eyða örlitlum tíma, virðulegi forseti, til að setja fram skýringar fjmrn. og heilbrrn. á tilorðningu þessa erindis.

Þar segir í fyrsta lagi um lífeyristryggingarnar, sem er hluti af þessum 2,3 milljörðum kr., að farið sé fram á að fjárveiting liðarins verði hækkuð um 1.330 millj. kr. sem er sundurliðað þannig að annars vegar er um að ræða 630 millj. vegna kostnaðarauka í eingreiðslum lífeyrisþega vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að þær skyldu greiddar í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Þetta var ákvörðun sem ríkisstjórnin tók á grundvelli laga um almannatryggingar sem nú á að afnema.

Í annan stað hækka bæturnar samkvæmt gildandi lögum miðað við almennar launabreytingar á vinnumarkaði um 700 millj. kr. Þannig að þarna var annars vegar um bein lagafyrirmæli að ræða og hins vegar ákvörðun ríkisstjórnar um að hækka bætur til samræmis við það sem gerst hafði í kjarasamningum. Ekki er hægt að segja að þetta hafi verið vanstjórn heilbrrh. sem var að hverfa úr ráðuneytinu þá um vorið. Þannig skýrast allar umframfjárveitingar vegna lífeyristrygginga á árinu 1995.

Í öðru lagi er upplýst að farið er fram á að framlag vegna sjúkratrygginga verði aukið um 550 millj. Þar eru gefnar tvær meginskýringar: Í fyrsta lagi töpuðust 100 millj. kr. sem áætlaðar voru vegna sparnaðar í sérfræðilækningum vegna áhrifa þess að tilvísanakerfið var ekki upptekið. Hver ber ábyrgð á því? Er það sá sem hér stendur sem tók þá ákvörðun? Nei, virðulegi forseti. Það er núv. heilbrrh. sem tók þá ákvörðun að tilvísanakerfi skyldi ekki ganga í gildi. Þess vegna vantaði 100 millj. kr. Það er beðið um að hv. Alþingi sjái til að greiða þær.

Í þriðja lagi náðist ekki fram áform um 100 millj. kr. lækkun vegna þess að áformum um lyfjalög sem ég lagði fram á þessu þingi var frestað. Og ég spyr: Hver gekk harðast fram í því? Var það sá sem hér stendur? Nei, virðulegi forseti. Það var sá sem þarna átti að sitja í stóli heilbrrh. en ekki verður það skrifað á reikning okkar alþýðuflokksmanna.

Þá er vikið að nokkrum minni atriðum svo sem héraðslækni í Reykjavík og héraðslækni á Norðurl. e. Í tillögum mínum og ríkisstjórnarinnar fyrir fjárlög ársins 1995 var gert ráð fyrir að bæði þessi embætti yrðu lögð niður og spöruðust þar nokkrir fjármunir. Alþingi féllst hins vegar ekki á þetta og hafnaði þessum tillögum. Það er ábyrgð Alþingis en ekki ríkisstjórnar.

Þá er rætt um Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Þar er farið fram á tæplega 40 millj. kr. hækkun fjárheimildar — vegna hvers? Vegna dóms Hæstaréttar. Vegna þess að Hæstiréttur kvað upp þann úrskurð að ríkissjóður skyldi bæta Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum þessa fjárhæð vegna bakvaktagreiðslu til starfsmanna sjúkrahússins. Var það sök

fráfarandi ríkisstjórnar eða heilbrrh. að Hæstiréttur kvað upp þennan dóm?

Þá er rætt um Ríkisspítala. Þar er lagt til að fjárheimild verði aukin um alls 92 millj. af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi vegna þess að ég hafði með samþykki ríkisstjórnarinnar gert sérstakt samkomulag við stjórnarnefnd spítalanna í mars um 50 millj. kr. viðbótarfjárhæð. Í öðru lagi hafði núv. heilbrrh. gert samkomulag við þennan sama spítala með samþykki ríkisstjórnarinnar um 35 millj. til að unnt yrði að fjölga hjartaaðgerðum og loks ákvað ríkisstjórnin að leita eftir heimild fyrir 7 millj. kr. aukaframlagi til að koma á fót miðstöð fyrir áfallahjálp hjá Ríkisspítölunum. Allt ákvarðanir ríkisstjórna sem teknar höfðu verið að tillögum ráðherra, bæði þess ráðherra sem hér stendur og sat þá í ráðuneytinu og núv. ráðherra. Ber að skrifa þetta á kostnað óstjórnar Alþfl. í heilbrigðismálum?

Hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur er tekið fram að þar þurfi ekki viðbótarfjárveitingu nema bara vegna lífeyrisskuldbindinga sjúkrahússins sem samið var um á yfirstandandi ári og Alþingi hefur nýlega afgreitt.

Um Framkvæmdasjóð aldraðra er tekið fram að þar hafi uppgötvast 209 millj. kr. sem ríkissjóður hafði innheimt og átti að skila til Framkvæmdasjóðsins en stóð ekki skil á. Þar með, herra forseti, er upp talið það sem segir í fylgiskjölum með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995 varðandi útskýringar á því hvers vegna óskað er eftir að fjárheimildir heilbr.- og trmrn. verði auknar um 2,3 milljarða kr. Og ég spyr: Hvar í þessum tölum er sá milljarður sem hæstv. heilbrrh. þráfaldlega er með yfirlýsingar um að sé að kenna óstjórn fyrrv. ráðherra og þeirrar ríkisstjórnar sem hann sat í? Það er ekki að finna hér. Vissulega skal ég fúslega viðurkenna að þarna er um að ræða nokkra fjárvöntun vegna þess að það gekk ekki allt eftir sem vonast var til. En meginhluti þessarar fjárhæðar stafar af ákvörðunum sem teknar voru vegna ákvæða laga um tryggingabætur vegna kjarasamninga og aðgerða sem hæstv. fyrrv. ríkisstjórn stóð að með samþykki bæði forsrh. og fjmrh.

Mér finnst síðan full ástæða til þess, af því að hér hefur í þjóðfélaginu verið allveruleg umræða um málefni Ríkisspítala, að fara nokkrum orðum um stöðu Ríkisspítala á árinu 1995 og eftir það ár. Það kemur fram að í desember á því ári, árinu 1994, voru veittar til Ríkisspítalanna umfram það sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir samtals 491 millj. kr. með sérstöku samkomulagi við þáv. stjórnendur Ríkisspítala. Fjárlagafrv. var lagt fram fyrir árið 1995 í byrjun þings eins og vani er og auðvitað voru Ríkisspítalar ekki sáttir við sínar fjárveitingar. Þar var gert ráð fyrir því að hækka í desember fjárframlögin til Ríkisspítala um 296 millj. kr. í fjáraukalögum ársins 1994, auk 84 millj. kr. vegna samnings heilbrigðisstétta. Þar að auki var fjárlagagrunnurinn hækkaður um 195 millj. kr. fyrir árið 1995 þannig að Ríkisspítalarnir fengu í lok ársins 1994 um 500 millj. kr., hvorki meira né minna en um 500 millj. kr. umfram það sem fjárlagafrv., sem lagt var fram í október 1994, gerði ráð fyrir. Þá stóð eftir halli frá árinu 1994 sem metinn var á 70 millj. og síðan var Ríkisspítölum ætlað að ná 160 millj. í sparnað á árinu 1995, þ.e. Ríkisspítalarnir fá næstum því þrefalt meira fé í desember 1994 en þeim er ætlað að spara á næsta ári.

Ekki er nóg með það, herra forseti, heldur var í ársbyrjun 1995 ráðstafað 90 millj. kr. til viðbótar til spítalans, 90 millj. kr. í lok aprílmánaðar þannig að þá erum við komin með ráðstöfun til Ríkisspítalanna umfram fjárlagafrv. það sem lagt var fram í október 1994 hvorki meira né minna en 600 millj. kr. Ekki nóg með það heldur er í þessu fjáraukalagafrv. gert ráð fyrir því að Ríkisspítalarnir fái til viðbótar í fjáraukalögum fyrir þetta ár 90 millj. kr. Þá eru Ríkisspítalarnir búnir að fá samtals tæplega 700 millj. kr. á nokkrum mánuðum umfram það sem gert var ráð fyrir að þeir fengju í fjárlagafrv. ársins 1995. Þá er löngu búið að jafna allan halla ársins 1994 og svo að segja búið að jafna alla þá fjárvöntun sem þeir töldu sig sjálfir þurfa á árinu 1994. Þá standa eftir hjá þessari voldugu stofnun af fjármunum sem þeir hafa ekki fengið samkvæmt eigin áætlun í ársbyrjun 1995 þegar lagðar eru saman fjárþörfin á árinu 1995 og fyrri ára um 60 millj. kr.

Ef menn skoða það sem kemur fram frá fjárln. þá hafa Ríkisspítalarnir á árinu 1995 fengið svo til algerlega jafnaða þá fjárþörf sem þeir töldu sig sjálfir við fjárlagagerðina við lok ársins 1994 þurfa til að geta staðið undir eðlilegum rekstri. Það er búið að láta þá hafa á örfáum mánuðum til viðbótar við upphaflegar tillögur í fjárlagafrv. um 700 millj. kr. Það standa ekki út af nema 40–60 millj. kr. af samanlagðri fjárþörf þeirra eins og þeir mátu hana sjálfir við upphaf fjárlagaársins 1995. Samt sem áður virðist niðurstaðan vera sú að rekstrarhalli á spítalanum í árslok samtals sé uppsafnaður 530 millj. kr. Með öðrum orðum hafa bæst um 500 millj. kr. á árinu við fjárþörf spítlans frá því sem þeir áætluðu hana sjálfir vera við upphaf ársins. Ég bið hv. þm. aðeins að hugleiða hvernig þessi mál standa, hversu mikið viðbótarfjármagn hefur verið veitt í þennan rekstur, hversu litlu munaði að þeirra eigin fjárþörf eins og hún var metin hefði verið að fullu jöfnuð. Ég bið hv. þm. að skoða það í samhengi við það að á sama tíma og gert var samkomulag við Ríkisspítalana í desembermánuði og þeir fengu síðan viðbótarfjárveitingu í mars árið 1995 var sams konar samkomulag gert við Sjúkrahús Reykjavíkur, nákvæmlega sams konar samkomulag sem að mati starfsmanna heilbrrn. og fjmrn. áttu í báðum tilvikum að tryggja eðlilegan og áfallalausan rekstur þessara stofnana allt árið. Þegar upp er staðið er niðurstaðan sú að Sjúkrahús Reykjavíkur þarf ekki viðbótarfjárveitingu. Sjúkrahús Reykjavíkur var rekið á sléttu á árinu 1995 miðað við þá afgreiðslu sem gerð var á vandamálum þess samhliða þeim afgreiðslum sem gerðar voru á vandamálum Landspítalans. Niðurstaðan verður sú að á sama tíma og fjárveitingarnar nægja til reksturs Sjúkrahúss Reykjavíkur skilar Landspítalinn 530 millj. kr. halla.

Herra forseti. Þetta er til umhugsunar. Það er líka til umhugsunar að stjórnendur Ríkisspítala skuli ekki hafa nýtt með sama hætti eins og stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur möguleika sem lög og reglugerðir ráðuneytisins gefa til þess að auka tekjur sínar en þetta er vissulega til umhugsunar vegna þess að í þessu kemur fram að Ríkisspítalarnir voru ekki sniðgengnir á árinu 1995. Svo miklum viðbótarfjármunum var veitt til þeirra, bæði af fyrrv. ríkisstjórn og einnig fyrir tilstuðlan núv. hæstv. heilbrrh.

Það er eitt atriði, herra forseti, sem ég vildi koma að einnig og spyr í því tilefni hvort hæstv. heilbrrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (RA): Hæstv. heilbrrh. mun vera í húsinu og verða gerðar ráðstafanir til að láta hana vita af óskum hv. þm.)

Þá vildi ég gjarnan, virðulegi forseti, fá að gera hlé á máli mínu því að ég hef erindi upp að bera sem ég tel að hæstv. heilbrrh. verði að vera nærstaddur til að ég geti fengið svör við en það eru nokkrar skýringar á því sem hefur komið fram

hjá hæstv. ráðherra í umræðum fyrr og skiptir mjög miklu máli um framhaldið og þá ekki síst um þá innheimtu sem nú á sér stað af fólki sem þarf að leita sér lækninga. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að koma.

Það sem mig langar til að spyrjast sérstaklega fyrir um vegna þess að ég átti ekki kost á því að vera viðstaddur þær umræður, ég hef þær eftir annarra sögn og þær eru ekki komnar enn í þingtíðindi og því get ég ekki gengið úr skugga um hvort rétt sé hermt, en mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt eftir henni haft að hún hafi látið þau orð falla á fundi fyrir nokkrum dögum að það orkaði tvímælis að innheimta svokallaðra ferliverka hefði við lög að styðjast. Ferliverk eru verk sem unnin eru án þess að til innlagnar þurfi að koma, þ.e. sjúklingur hefur ferlivist. Þannig skýrist þetta ókunnuglega orð. Þetta eru verk sem eru yfirleitt unnin á læknastofum úti í bæ en einnig er hægt að vinna á spítölum. Ég gaf út á meðan ég sat í heilbrrn. reglugerð um innheimtu ferliverka og eftir henni hefur verið starfað, þó ekki á öllum sjúkrastofnunum. Ríkisspítalarnir hafa ekki starfað samkvæmt þessari reglugerð en fjöldamargar aðrar sjúkrastofnanir og mér er sagt að hæstv. ráðherra hafi sagt á Alþingi að hún teldi að það orkaði mjög tvímælis að þessi reglugerð stæðist lög.

Virðulegi forseti. Þetta er mikið alvörumál. Það er mikið alvörumál þegar ráðherra eins málaflokks kemur upp í ræðustól á Alþingi og gefur þá yfirlýsingu að innheimta sem getur numið þúsundum kr. á greiðslum sjúklinga fyrir læknisverk standist ekki lög. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hún hafi látið slík ummæli falla. Ég vil gjarnan upplýsa að þessi innheimta var ákveðin í tíð síðustu ríkisstjórnar, það mál var borið upp á ríkisstjórnarfundi, rætt af ráðherranefnd og samþykkt og því ekki bara á ábyrgð eins ráðherra heldur allrar ríkisstjórnarinnar. Það er alvörumál ef heilbrrh. lætur í ljós þá skoðun á Alþingi að það sé vafasamt að þessi innheimta standist lög. Hafi það gerst sem ég spyr hæstv. ráðherra um hvort hafi gerst er eingöngu um tvennt að ræða: Ef ráðherra vill skjóta stoðum undir slíka innheimtu þannig að hún sé lögleg þá bregði ráðherra tafarlaust við, geri bragarbót eða óski eftir að Alþingi setji þau lög sem veita slíkri innheimtu stuðning. Ef hæstv. ráðherra gerir ekkert slíkt ber honum skylda til að hætta þá þegar innheimtunni og gefa út fyrirmæli um að þar sem lagaheimild skorti sé ekki lengur heimilt að innheimta viðkomandi þóknun af sjúklingum. Ráðherra getur ekki lýst því yfir á Alþingi að innheimta af þessu tagi hafi vafasama lagastoð án þess að aðhafast nokkuð í málinu, með öðrum orðum að láta fara fram innheimtu af þessu tagi eins og ekkert hafi í skorist þó að ábyrgðaraðili málaflokksins telji að hún standist ekki lög.

Hæstv. forsrh. hefur að vísu gefið þá lagaskýringu fyrr á þinginu að sé um ívilnandi ákvæði að ræða eins og um bílalán öryrkja, sem hafi öðlast hefðarrétt með því að þau hafi tíðkast í 40 ár eða meira, þó svo vafasamt sé hvort lög séu á bak við sem veiti þeim nægilega stoð, þá sé hefðarrétturinn orðinn svo ríkur af því að þetta sé í þágu fólks að sérstök lög þurfi til að taka hann af. Þetta hefur hæstv. forsrh. sagt. En mér er ekki kunnugt um að þetta gildi líka á hinn veginn, þ.e. ef innheimt hefur verið gjald af fólki án lagastoðar þó að það hafi verið gert í 2–3 ár hafi innheimtan unnið sér hefðarrétt þannig að hægt sé að halda því áfram án þess að undirbyggja innheimtuna með lagasetningu. Ég vil fá, virðulegi forseti, alveg ótvírætt frá hæstv. heilbrrh. hver er skoðun hans. Hafi hæstv. heilbrrh. haldið því fram að það sé vafasamt að innheimtan sé byggð á lagalegum grunni ber ráðherranum skylda til að aðhafast. Hafi hæstv. ráðherra ekki sagt þetta eða hafi hæstv. ráðherra skoðað málið betur síðan hann sagði þetta og komist á þá skoðun að um sé að ræða löglega innheimtu, þá ber hæstv. ráðherra skylda til þess að skýra Alþingi frá því þannig að menn þurfi ekki að velkjast í vafa um það hvort forráðamaður þessa málaflokks telji að innheimta af þessu tagi standist lög eða ekki.

[21:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ferliverk voru nokkuð til umræðu fyrir nokkrum dögum síðan. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var þá ekki í þingsalnum og vill fá skýringar á því hvernig umræðan fór fram og hvað sú er hér stendur sagði um þau mál. Ég sagði nákvæmlega þetta að þegar um ferliverk væri að ræða og innlögn sjúklings færi á eftir, þá kynni það að vera á gráu svæði. Það var það sem ég sagði. Hv. þm. spyr síðan að því hvort ég hafi ekki látið lögfræðilega skoðun fara fram á málinu. Ég hef gert það og fengið tvöfalda túlkun á því þannig að lengra kemst ég ekki í bili að skýra málið.

[21:32]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins skýra fjarveru mína. Ég var þá í opinberum erindum í útlöndum og átti því ekki kost á að vera við umræðuna. En nú eru menn í nokkrum vanda því að nú þarf hæstv. ráðherra að hafa skoðun. Það er ekki nóg að hæstv. ráðherra lýsi því yfir að hún hafi fengið tvö gagnstæð álit frá lögfræðingum. Nú verðum við, hv. alþm., og við eigum kröfu á því og þeir sem eru að greiða þessi gjöld eiga kröfu á því að fá að vita hver er skoðun ráðherrans. Hvort telur hún sem ber ábyrgð á málinu, réttari túlkun þess lögfræðings sem telur að það vanti lagastoð fyrir þessari framkvæmd eða túlkun lögfræðingsins sem telur að lagastoðin sé fyrir hendi? Nú auglýsi ég eftir skoðun hæstv. ráðherra og auðvitað fer það eftir skoðun hæstv. ráðherra á málinu, hvort ég telji eðlilegt að óska eftir því að hæstv. forsrh. komi í salinn.

[21:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig skýra þetta út fyrir hv. þm. áðan og það er engu við það að bæta á þessari stundu. Hann þekkir þessi ferliverk jafn vel og sú er hér stendur. Í undantekningartilvikum leggst sjúklingur inn og það er í þeim tilvikum sem þetta getur verið á gráu svæði og um það er ekkert meira að segja á þessari stundu.

[21:34]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú kastar tólfunum. Er virkilega ekki hægt að kreista upp úr þessum hæstv. ráðherra skoðun í einu einasta máli? Ég vek athygli á, herra forseti, um hvað er verið að spyrja. Það er undir í þessari umræðu hvort innheimta gjalds af fólki sem kemur veikt til að leita sér læknis er byggð á lögum eða ekki. Hæstv. ráðherra lýsir þessum vafa fyrir nokkrum dögum fyrir þingmönnum og hún er ekki enn tilbúin að segja sína skoðun á hvort svo sé eða ekki. Og við hvaða óvissu eiga þá greiðendur þessara gjalda að búa?

Svona framkoma, virðulegi forseti, nær ekki nokkurri átt. Það nær ekki nokkurri átt að ráðherra sem ber ábyrgð á slíkri

innheimtu skuli lýsa því fyrir Alþingi að það leiki vafi á um það hvort lagastoð sé fyrir innheimtunni. Hæstv. ráðherra kemur síðan og segist hafa leitað upplýsinga hjá lögfræðingum, fengið tvær gagnstæðar niðurstöður en hafi ekki skoðun á því hvor sé rétt. Hvað á fólkið að gera? Hvað á fólk að taka til bragðs sem þarf að borga slík gjöld í framtíðinni þegar sjálfur yfirmaður málaflokksins getur ekki skýrt það fyrir löggjafarsamkundunni hvort hann telur að hann þurfi að leita til löggjafans til þess að fá stoð fyrir innheimtu sem hann ber ábyrgð á eða ekki?

Ég verð að segja það alveg eins og er að oft hef ég kynnst skrýtnum hlutum en aldrei neinu þessu líku. (**Gripið fram í:** Áttu við formann fjárln.?) Virðulegi forseti. Ef framkvæmdarvaldið ekki veit hvort þarf að leita til löggjafans til að fá stuðning fyrir aðgerðum sínum eða ekki, hvar erum við þá stödd?

[21:36]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Þar sem hv. 8. þm. Reykn. fór fram á það að ég skýrði afstöðu mína til þess hvernig standa ætti að lausn fjárhagsvanda heilsugæslu Suðurnesja á Sjúkrahúsi Suðurnesja, þá er mér ljúft að gera það hér. En á því minnisblaðið sem hann nefndi í sinni ræðu, þá stendur í seinustu málsgreininni:

„Í ljósi tillagna tilsjónarmanns, skýrslu Hagsýslu ríkisins um einingasamanburð á kostnaði heilsugæsustöðva og skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur sjúkrahúsa eru aðilar sammála um að fram fari sérstök athugun á rekstrarfjárveitingum til sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar 1995 og 1996 og verði lokið eigi síðar en 1. október 1996."

Það er því minn skilningur að á grundvelli þessarar málsgreinar fari fram þessi athugun. Hún byggist á því er fram kemur í þeim skýrslum sem í málsgreininni eru nefndar sem er í meginatriðum að fjárveitingar til þessara stofnana hafi verið ónógar á undanförnum árum. Í fjáraukalögunum er gert ráð fyrir því að 75 millj. kr. verði notaðar m.a. til þess að leysa vanda Sjúkrahúss Suðurnesja og eins og fram hefur komið þá er í brtt. við frv. til fjárlaga um að ræða fjárveitingu til heilsugæslustöðvarinnar. Ég held að þessi tilvitnuðu orð og mín orð í því framhaldi ættu að skýra afstöðu mína til málsins og ég vona að okkur takist á þessu tímabili að leysa úr vandanum svo að viðunandi sé fyrir reksturinn og íbúa svæðisins.

[21:39]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að gera tilraun til þess að skýra þetta mál. Ég verð hins vegar að segja eins og er að ég er eiginlega engu nær. Mér finnst svör hv. þm. og hv. formanns fjárln. fela það í sér og bið um að það sé útskýrt fyrir mér hvort sá skilningur er réttur, að það verði ekki ljóst fyrr en á seinni hluta næsta árs hvaða upphæðir Sjúkrahúsið á Suðurnesjum og heilsugæslan fær til þess að leysa þessi vandamál. Ég hélt satt að segja að málið lægi þannig fyrir eftir þá fundi sem við, þingmenn kjördæmisins, höfum átt með forráðamönnum sveitarfélaga og sjúkrahússtjórninni, að nú við endanlega afgreiðslu fjáraukalaga og fjárlagafrv. yrðu nefndar upphæðir sem færu langleiðina í það að duga til að gera upp þessar skuldir og tryggja viðunandi rekstur á næsta ári.

Nú heyrist mér hins vegar þessir tveir hv. fjárlaganefndarmenn vera að segja að nú viti enginn hvaða upphæð fer til Sjúkrahúss Suðurnesja vegna þess að heilbrrh. eigi eftir að ákveða það og það verði hugsanlega ekki ákveðið fyrr en á seinni hluta næsta árs. Ef þetta er réttur skilningur hjá mér sem ég vona að sé ekki, þá tel ég að þetta sé allt allt annað en var kynnt fyrir okkur sem inntak þess samkomulags sem formaður og varaformaður fjárln. settu stafina sína undir ásamt hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. Ég bið um að það sé útskýrt alveg nákvæmlega fyrir mér: Er þetta virkilega þannig að upphæðirnar verði ekki ljósar fyrr en á seinni hluta næsta árs?

[21:41]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt ef málið er ekki ljóst fyrir hv. 8. þm. Reykn. og ef hann hefur eitthvað misskilið það minnisblað sem hann taldi að væri kynnt fyrir sér. Ég held að ég muni það rétt að ég hafi verið viðstaddur þegar inntak minnisblaðsins var kynnt fyrir honum í fyrsta skipti. Þá lá minnisblaðið jafnframt á borðunum og hann fór höndum um það þannig að ég get ómögulega skilið að hann hafi haft einhvern annan skilning á því en texti þess bar í sér. Það er rétt að samkvæmt textanum gæti þetta mál dregist fram til 1. október 1996. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að vona að það dragist ekki svo lengi og að málsaðilar, þar á meðal hæstv. heilbrrh. og starfslið hennar í heilbrrn., muni vinna snarpar að málinu en dagsetningin 1. október 1996 gefur til kynna. Ég held að það sé nauðsynlegt bæði fyrir þær stofnanir sem í hlut eiga og ekki síður fyrir ráðuneytið til þess að það hafi yfirsýn yfir sinn málaflokk.

[21:42]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta skjal, minnisblað með stöfum formanns og varaformanns fjárln., hefur verið rætt á tveimur fundum þingmanna Reykjaneskjördæmis. Á fyrri fundinum voru eingöngu þingmenn kjördæmisins, á seinni fundinum voru fulltrúar sveitarfélaganna, Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum og stjórnarmenn í Sjúkrahúsi Suðurnesja. Það var á þeim fundi sem framkvæmdastjóri sjúkrahússins lagði fram ítarlega lýsingu á því í framhaldi af niðurstöðum sérstaks skoðunarmanns, hvaða fjárhæðir þyrfti til þess að gera upp skuldahalann og leysa fjárhagsvanda sjúkrahússins. Þannig hafa verið nefndar á fundum þingmanna kjördæmisins ákveðnar upphæðir í þessum efnum. Mig minnir að hv. þm. Árni Mathiesen hafi því miður verið fjarverandi á þeim fundi.

Ég tel að það sé alveg nýtt í málinu sem nú hefur verið staðfest að í dag viti enginn hverjar þessar upphæðir verða og það muni hugsanlega ekki koma í ljós fyrr en á seinni hluta næsta árs. Vonandi fyrr, sagði hv. þm., en hugsanlega ekki fyrr en á seinni hluta næsta árs. Þetta er alls ekki grundvöllurinn sem okkur var kynntur sem inntak þessa minnisblaðs.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér er ekki ljóst hvernig við eigum þá að taka á málinu í framhaldinu því að það gefst sjálfsagt ekki tími til að ræða við forustumenn sveitarfélaganna eða sjúkrahússins á grundvelli þessara mála. En ég fullyrði það að forustumenn sjúkrahússins hafa talið að í þessari niðurstöðu lægi skýrt fyrirheit um tilteknar lágmarksupphæðir a.m.k. til lausnar þessum vanda.

Hitt er svo efni sem er kannski rétt að ræða síðar hvort ekki er óhjákvæmilegt að formaður og varaformaður fjárln. birti þinginu samninga sem þeir eru byrjaðir að undirrita. Ég tel það satt að segja hæpið fordæmi að formaður og

varaformaður fjárln. séu að undirrita samninga sem ekki eru birtir þinginu.

[21:45]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get vel ímyndað mér að forsvarsmenn þeirra stofnana sem við höfum verið að ræða um geri sér ákveðnar hugmyndir um hvaða tölur ættu að vera í fjárveitingum sem til þeirra renna. Væntanlega eru þær byggðar á tölum sem fram koma í skýrslum sem minnisblaðið vitnar til. Það er hins vegar ljóst að sú athugun sem minnisblaðið gerir ráð fyrir hefur ekki farið fram enn þá. Þess vegna tel ég að það væri ábyrgðarleysi af minni hálfu að fullyrða eitthvað um hvaða tölur muni koma fram við lok athugunarinnar. En ég vil leyfa mér að tjá þá von mína að athugunin verði skjót og niðurstaðan verði á þann hátt að allir aðilar geti vel við unað.

[21:46]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 489; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 490.

[21:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki verða til þess að teygja þessa umræðu um of, enda hefur minni hluti fjárln. gert glögga grein fyrir afstöðu okkar stjórnarandstæðinga til þeirra mála sem hér er um fjallað. Ég mun því einskorða mig við tiltölulega fáa afmarkaða þætti frv. til fjáraukalaga og brtt. sem fram eru komnar nú við þessa umræðu og þá einkum og sér í lagi við það mál sem drepið hefur verið á á umliðnum mínútum, nefnilega málefni Sjúkrahúss Suðurnesja. Sérstaklega eins og þau mál birtast í þskj. 451, brtt. meiri hluta fjárln. undir 13. lið, þar sem er vélað um stofnkostnað sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.

Þar kemur fram að einar þrjár stofnanir skila til baka af inneign, þ.e. fjárveitingum yfirstandandi árs, einum 30 millj. kr. Þar er um að ræða í fyrsta lagi títtnefnt Sjúkrahús Suðurnesja, í öðru lagi heilsugæslustöðvar í Reykjavík og í þriðja lagi hjúkrunarheimili á Fáskrúðsfirði.

Hvað varðar mál sem hvað helst hefur verið staldrað við, staða mála á Suðurnesjum, er alveg ljóst í mínum huga hvað þar er á ferð. — Ég vil fara þess á leit, hæstv. forseti, að hæstv. heilbrrh. sé viðstödd umræðuna. Ég held hún hafi fulla þörf fyrir það. Ég vil helst sjá hana, virðulegi forseti, ef þess er nokkur kostur þannig að ég sjái hvort hún heyri.

(**Forseti** (RA): Heilbrrh. er nú komin.)

Ég þakka fyrir það, virðulegi forseti. Það er alveg augljóst mál hvað hér hefur verið á ferð því að ekki þarf annað en líta á minnisblaðið, sem dags. er 12. des. og undirritað af formanni og varaformanni, hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og Jóni Kristjánssyni, sem og hlutaðeigandi ráðherrum, þ.e. hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., og hins vegar fulltrúum heimamanna, til að sjá að það er allt mjög laust í reipum. Það þarf engan snilling til að átta sig á því hvað verið hefur á ferð. Hér hefur verið slíkur þrýstingur af hálfu framkvæmdarvaldsins á hendur heimamönnum um að ef ekki yrði gerð breyting á fyrirliggjandi samningi frá í apríl á yfirstandandi ári þá yrði ekkert um það að ræða að þetta sjúkrahús yrði leyst úr þeirri heljarkló sem það er í vegna rekstrarvanda. Með öðrum orðum, heimamönnum er stillt upp við vegg, annaðhvort opnuðu þeir á að gera breytingar á samningnum frá 8. apríl, ef ég man rétt, vegna byggingar D-álmu og þá yrði gaukað að þeim einhverju til þess að gera reksturinn mögulegan og ef ekki þá yrði gengið í að framkvæma til hins ýtrasta tillögur tilsjónarmanns.

Þetta kemur fram á bls. 2 í brtt. meiri hluta fjárln. Það kemur fram í 16. lið brtt. með eintölu til heilsugæslunnar upp á 32 millj. kr. Þetta eru vond vinnubrögð, mjög slæm vinnubrögð því að sannleikurinn er sá að byggingaráform D-álmu, eins og ég hygg að hæstv. heilbrrh. sé nú orðið ljóst, eru ekki neitt nýtt af nálinni. Það er mál sem er búið að vera í undirbúningi um tíu ára skeið og menn hafa gaumgæft á alla kanta og fram og til baka. Nú var að því komið að láta hendur standa fram úr ermum. Það er ekki heiðarlegt, finnst mér, af fulltrúa framkvæmdarvaldsins, hæstv. fagráðherra heilbrigðismála, að ganga þannig til verka að þrýsta á, ég vil ekki nota orðið kúga en það er mér ofarlega í huga, til þess að ganga til samninga og opna samning um byggingu D-álmu, sem var að flestu leyti klár og kvitt og lá skýr fyrir, með það í huga að ef ekki þá yrði sjúkrahúsinu og rekstri þess látið blæða. Þannig er málið í hnotskurn, virðulegi forseti. Það er ljótt frá að segja en svona er það nú samt.

Mér er kunnugt um það af viðtölum við heimamenn að nákvæmlega svona upplifðu þeir þetta mál. Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki til eftirbreytni. Ég og væntanlega aðrir þingmenn kjördæmisins munum ganga eftir því að við þau vilyrði, sem þó má lesa milli línanna í þessu galopna minnisblaði, verði staðið. Varðandi byggingaráformin má í fljótu bragði má sjá að ætlan hæstv. heilbrrh. er að fresta framkvæmdinni um tvö ár en þá hefjist málið af fullum þunga, eins og til var stofnað á yfirstandandi ári. Það er nákvæmlega þetta sem ég hef áður sagt í þessum sama ræðustóli, virðulegi forseti. Svona stöðvun á löngu brýnum framkvæmdum gerir ekkert annað en að safna þeim upp. Svo losnar um stífluna og þá þurfa menn að hefjast handa. Þetta held ég að séu ekki góð vinnubrögð og að þau eigi eftir að koma í bakið á hæstv. heilbrrh., eins og raunar mörg mál önnur.

Ég ætla ekki að bregða á einn eða annan hátt fæti fyrir þetta samkomulag. Heimamönnum er auðvitað frjálst að undirrita og ganga frá samkomulagi af þessum toga. Þeir gera það væntanlega með opin augu. En ég hygg að þeir þurfi á því að halda, innan fárra mánaða, að við þingmenn þessa kjördæmis, þingmenn sem hafa fylgst með þessum málum um margra ára skeið, verði þeim innan handar og til aðstoðar þegar kemur að því að fylla inn í stórar eyður sem er að finna í minnisblaðinu frá 12. des. og gera það úr því sem eitthvert gagn er að.

Það er eftirtektarvert að hér er um minnisblað að ræða sem í sjálfu sér hefur ekkert formlegt gildi. Þ.e. hér er vísað til þess að ganga eigi til samninga um að breyta gildandi samningi frá 3. apríl 1995. Samt sem áður er það tillaga meiri hluta fjárln. hér og nú að taka 10 millj. af þessu verki, enda þótt ekki hafi verið gerð formleg breyting á samningnum. Það er umhugsunarefni í þessu sambandi. Ég velti því upp hversu traust það er í lengd og bráð. Ég hef um það miklar efasemdir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að staldra lengur við þetta mál þó að um það mætti fara mörgum orðum. Hitt er þó sýnu verra og sem kemur fram í b-lið þessarar greinar, þ.e. 13. gr. brtt. meiri hluta fjárln. og lýtur að hjúkrunarheimili á Fáskrúðsfirði. Á sama hátt og gert er með Sjúkrahús Suðurnesja eru teknar af fjárveitingu yfirstandadi árs heilar 10 millj. kr. Ég hef gengið eftir því á síðustu dögum, í gær og aftur í dag, að fá upplýsingar um hvort samkomulag sé

við heimamenn um að búa þannig um hnúta. Ég hef spurt starfsmann fjárln. um hvort einhvers konar minnisblað, af því að nú er tími minnisblaðanna, sé til staðar þar sem um sé að ræða ígildi samkomulags við heimamenn. Ég hef fengið þau munnlegu svör að jú, víst sé það til. Ég hef beðið um það og bað síðast fyrir örfáum stundum síðan hv. formann fjárln. um að fá afrit af minnisblaðinu. Ég hef ekki fengið það í hendur enn og árétta þá ósk mína að ég fái minnisblaðið sem ku vera til þannig að ég geti séð svart á hvítu hvað í því stendur og ... (Gripið fram í.) Við hvern? Heima í héraði. Ég er að ræða um Fáskrúðsfjörð, hv. þm., og missir hann þá áhugann. — En ég hef ekki fengið þetta minnisblað í hendur. Mér er kunnugt um það eftir tal mitt við heimamenn, hreppsnefndarmenn í Búðahreppi, að þeir hafa ekki séð það og er allsendis ókunnugt um hvað í því stendur. Samt sem áður er hér farið fram með tillögu í þá veru að taka 10 millj. kr. af þessari framkvæmd sem páv. heilbrrh. og páv. fjmrh. undirrituðu, ef ég man rétt, í mars sl. Ég spyr: Hverju sætir þetta?

Í gildi er samningur um þetta verk. Menn geta haft á því ýmsar skoðanir og hæstv. heilbrrh., ef hún vildi gefa sér tíma til að hlusta, hefur haft uppi stór orð um hvers konar flónska það væri að ráðast í þessa framkvæmd austur á Fáskrúðsfirði. Hún kinkar kolli. Ég man hins vegar mjög gjörla eftir því að fyrir tæpum tveimur árum síðan þegar formaður fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, þá raunar í stjórnarandstöðu, gekk mjög hart fram í því, í þessum sama sal, að tryggt yrði með öllum ráðum að Alþingi gæfi skýrar og klárar vísbendingar um að í þetta verk yrði ráðist. Ef ég man rétt, þá var þetta við afgreiðslu fjárlaga í desember 1993. Þá var sá sem hér stendur í embætti heilbrrh. og það varð samkomulag við títtnefndan hv. þm. Jón Kristjánsson og aðra þingmenn Austurl. að frá málinu yrði gengið með yfirlýsingu undirritaðs um að þetta yrði næsta stórverkefnið í fjórðungnum á sviði heilbrigðismála þegar framkvæmdum við hjúkrunarheimilið á Hornafirði yrði lokið. Ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti: Hvað hefur breyst í huga hv. þm. Jóns Kristjánssonar? Sakna ég nú vinar í stað þar sem er Egill Jónsson. Hann er víst farinn heim í hérað því að hann gekk ekki síður hart fram í því að fá skýr loforð um að í þetta verkefni yrði ráðist. Mér skilst að hann sé farinn til sinna heima en hefur haft um það stór orð, raunar á yfirstandandi þingi líka að ekki yrði hvikað þumlung frá þeim fyrirætlunum sem samningar kveða á um.

Því árétta ég enn og aftur, virðulegi forseti, að hv. þm., núverandi formaður fjárln., skýri þingmönnum frá því hvað hafi í raun breyst á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að hann mátti tæpast vatni halda yfir því að ekki yrði ráðist þá þegar í þessa framkvæmd. Nú gengur hann í þveröfuga átt og tekur til baka 10 millj. sem Alþingi veitti á fjárlögum 1994 til þessa verkefnis.

Enn vil ég undirstrika þá spurningu mína og raunar fara fram á það hér og nú að þetta svokallaða minnisblað sem ég hygg að sem fæstir hafi séð í þessum sal og raunar hef ég ítrekað spurt fjárlaganefndarmenn hvort þeir hafi haft þetta minnisblað undir höndum. Þeir hafa ekki haft það. Ég bið um minnisblaðið. Ef það er ekki við höndina þá vil ég auðvitað fá um það skýr svör hver undirritaði það. Í hvers umboði var það gert? Hafa viðkomandi sveitarstjórnir fjallað um það og tekið afstöðu til þess? Mér er kunnugt um það eru ein þrjú sveitarfélög sem þarna eiga hlut að máli, Stöðvarhreppur, Búðahreppur og Fáskrúðsfjörður og mér er einnig kunnugt um að Stöðvarfjörður hefur ekkert verið um þetta spurður. Ég hef haft af því lausafregnir að í þessu minnisblaði sé kveðið á um það að einhvern tíma síðar verði hugsanlega ráðist í byggingu dvalarheimilis á staðnum en ekki hjúkrunarheimilis. Hvaða hugsun er að baki þess, hæstv. heilbrrh., að fjölga dvalarheimilum þegar yfirlýst stefna í heilbrigðismálum hefur fram að þessu, a.m.k. undir það síðasta, verið sú að treysta þá þjónustu sem þarf að vera til staðar til þess að aldraðir geti verið í heimahúsum sem allra lengst? Er mikil þörf fyrir dvalarheimili á þessum stað? Hver er sparnaðurinn í byggingarkostnaði miðað við þessar breyttu forsendur, ef réttar eru, því að ég get ekki annað en rætt málið á grundvelli einhverra lausafregna? Ekki einu sinni heimamenn, hreppsnefndarmenn sem að forminu til eiga auðvitað að hafa haft tækifæri til að fjalla um þetta, hafa hugmynd um það þannig að hér eru vinnubrögð með slíkum endemum að engu tali tekur. Engu að síður gengur meiri hluti fjárln. þannig fram að þeir kinoka sér ekki við að leggja til að inneign þessara sveitarfélaga til þessa verkefnis er aftur tekin. Ég hlýt því að gagnrýna þessi vinnubrögð og þetta verklag mjög harðlega. Ég flutti ekki fyrir margt löngu þáltill. þar sem ég lagði til að brýnast væri að þeir stofnsamningar sem ráðherrar heilbrigðismála og fjármála hefðu undirritað fengju kvitta og klára staðfestingu Alþingis þannig að heimamenn, hinn aðili viðkomandi samninga, gæti tekið á þeim mark og fólk í viðkomandi byggðarlögum, en því hefur ekki verið að heilsa.

Það er reyndar fagnaðarefni að það hefur kviknað ljós einhvers staðar því að í breytingartillögum fjárln. við 2. umr. hefur verið komið mjög til móts við þörfina í þessum efnum, þ.e. að í flestum tilfellum hafa verið hækkuð framlög til þeirra 9 eða 10 verkefna sem ríkisvaldið, framkvæmdarvaldið, hefur bundið í samningum á næsta ári. Tillaga mín hefur þó orðið til þess að opna augu manna fyrir því að samningar eru meira en orð á blaði. Þeir eru auðvitað til þess gerðir að á þeim sé tekið mark og eftir þeim sé farið. En undantekningin er þó þessi sem ég hef gert að umtalsefni og farið nokkrum orðum um, enda brýn nauðsyn á, þ.e. hvað er að gerast á Fáskrúðsfirði. Ég held að það liggi nær hv. formanni fjárln., hv. 2. þm. Austurl., Jóni Kristjánssyni, þessum gamla baráttumanni fyrir þessari uppbyggingu, að skýra það út vel og rækilega hvað hafi breyst í efni málsins, hvað hafi breyst í hugarheimi hans.

[22:06]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gerði að umtalsefni það minnisblað sem rætt hefur verið nokkuð um en það er afrakstur tilrauna okkar formanns og varaformanns fjárln. til þess að hafa áhrif á það að samkomulag næðist á Suðurnesjum um endurskoðun á samningum milli ríkisins og sveitarfélaganna þar vegna Sjúkrahúss Suðurnesja. Mér fannst óþarfi hjá hv. þm. að reyna að gera þessa tilraun sem varð að minnisblaði tortryggilega, en það er ástæða til þess að gera nokkra grein fyrir því þó að til þess gefist ekki mjög langur tími í andsvari. Engu að síður er nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir þessu.

Í fyrsta lagi vil ég segja að vandi Sjúkrahússins á Suðurnesjum var og er mikill. Það liggur jafnframt fyrir auk þess sem vandinn er mikill að ekki hefur verið gerð tillaga eða fundin lausn á því með hvaða hætti eigi að styrkja rekstur þessarar mikilvægu heilbrigðisstofnunar. Hins vegar er til umræðu í fjáraukalögum og verður við 3. umr. fjárlaga gerð grein fyrir með hvaða hætti meiri hluti fjárln. leggur til að lausn finnist á vanda þessa sjúkrahúss. Hún

felst í fyrsta lagi, sem er afar mikilvægt, í því að reyna að leysa bæði vanda heilsugæslunnar og sjúkrahússins. Þess vegna er í fjáraukalagafrv. gerð tillaga um 35 millj. í rekstur heilsugæslustöðvarinnar auk þess sem 75 millj. kr. pottur er ætlaður til þess að leysa vanda nokkurra sjúkrahúsa og þar á meðal Sjúkrahúss Suðurnesja. Þetta er afar mikilvæg aðgerð en hún tengist því að samkomulag finnist milli heimamanna og heilbrrn. um með hvaða hætti eigi að standa að endurskipulagi á rekstri þessarar stofnunar. Þetta vildi ég segja í fyrsta lagi. (**Gripið fram í:** ... heimamenn, þá fá þeir ekki neitt.) Heimamenn fá náttúrlega það sem við samþykkjum á Alþingi, hv. þm. Að sjálfsögðu treystum við því og við gerum ráð fyrir að það samkomulag sem undirritað hefur verið og undirritað verður, standi. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en bærilegt samkomulag náist um það.

Hæstv. forseti. Ég verð í seinni hluta andsvarsins að fá tækifæri til þess að koma inn á aðra hluti.

[22:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekkert andartak um hug hv. 2. þm. Vesturl. til þess að reyna eftir fremsta megni að leysa þann vanda sem Sjúkrahús Suðurnesja stendur frammi fyrir. Hins vegar undirstrika orð hans það sem ég sagði áðan að yfirlýsingin frá 12. des. galopnar málið. Það er nákvæmlega ekkert handfast í samkomulaginu heldur byggir það algerlega á því í hvernig skapi hæstv. heilbrrh. verður þann daginn. Það er vandi þessa máls og mér fannst hv. þm. Sturla Böðvarsson eiginlega segja þá sögu alla. En hann hefur kannski í seinni umferð kost á því að skýra það nánar út þannig að menn hafi þá eitthvað í höndum.

[22:10]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt að e.t.v. hefur þetta samkomulag sem við hv. þm. Jón Kristjánsson vorum aðilar að galopnað málið til þess að hægt sé að finna lausn á því. Vandi þessarar sjúkrastofnunar var mikill og margar ástæður eru fyrir því hvers vegna hann var upp kominn. Ég tel að það sé mikilvægt viðfangsefni okkar hv. þm. í fjárln. og hv. þm. Reykn. að finna sameiginlega lausn á vanda þessarar stofnunar fremur en reyna að gera tilraunir okkar til samkomulags tortryggilega. Ég er sannfærður um að það er fullur vilji meiri hluta fjárln. að standa þannig að málum að þegar upp verður staðið og samkomulag hefur náðst við Suðurnesjamenn muni þessi stofnun standa sterkari eftir. Það er sannfæring mín og vissa að svo verður vegna þess að við fundum það mjög vel þegar við stóðum í þessari milligöngu að það var ríkur og mikill vilji hjá Suðurnesjamönnum til þess að ná samkomulagi en því miður hafði þetta mál farið í strand vegna þess að menn höfðu e.t.v. farið fullgeyst af stað. Það er alltaf þannig að það þarf að leita samkomulags til þess að niðurstaða geti fengist og ég held að það minnisblað sem er auðvitað óformleg yfirlýsing aðila eigi að geta verið leiðarvísirinn og leiðarsteinninn að því samkomulagi sem er nauðsynlegt að ná til þess að hægt sé að styrkja þessa stofnun, Sjúkrahús Suðurnesja. Eins og fram kemur í margnefndu minnisblaðinu gerum við ráð fyrir því að samstarf við sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu eigi að geta verið þáttur í því að styrkja stöðu þessa sjúkrahúss og það vona ég að verði.

[22:12]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. spurði eitthvað á þá leið hvað hefði breyst í hugarheimi mínum frá því fyrir tveimur árum. Það hefur breyst að við fjárlaganefndarmenn vorum í þeirri þröngu stöðu í heilbrigðismálum að sjá til þess að engar nýframkvæmdir yrðu í stofnkostnaði við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og dvalarheimili á næsta ári. Aðeins skyldi greiða skuldir og standa við verksamninga.

Við stóðum frammi fyrir því að samningum hafði verið slegið á frest og við vildum stuðla að því að það væri endursamið um þau mál. Það var vilji okkar. Ég hef ekki haft afskipti af Fáskrúðsfjarðarmálinu ef svo má segja í fjárln. Ég stuðlaði að því sem þingmaður Austurl. með öðrum þingmönnum Austurl. að það mál var sett í ákveðinn farveg. Nefnd heimamanna og ráðuneytisins vann að því að endurskoða það mál og komast að niðurstöðu og ég veit ekki annað en nefnd hafi skilað áliti til ráðuneytisins en fjárln. hefur ekki fengið þau plögg í hendurnar. Ráðuneytið hefur ákveðna tillögu í því máli þar sem sveitarstjórnarnefnd á Fáskrúðsfirði skipaði sér fulltrúa í nefndina.

Ég vona að þessar skýringar nægi en í þessum aðgerðum er einlægur vilji af okkar hálfu að endursemja um þessi mál og koma þeim í tryggan og ákveðinn farveg miðað við þá þröngu stöðu sem við erum í núna.

[22:15]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi fyrra svarið. Það sem breyst hefur í hugarheimi hv. þm. er það að nú er hann í ríkisstjórn en áður var hann í stjórnarandstöðu og ekki fleiri orð um það.

Hitt skildi ég öllu síður að allt í einu er eins og meiri hluti fjárln. hafi í raun ekki haft afskipti af þessum málum á Fáskrúðsfirði og hafi enga hugmynd um það í hverju þessir breyttu samningar, endursamningar eins og hv. þm. orðaði það, eru fólgnir. Samt sem áður leggur hv. meiri hluti fjárln. til að taka 10 millj. af þessu verkefni þótt hún hafi litla eða enga hugmynd um það. Ég spyr því hæstv. heilbrrh. sem gengur fram hjá: Hvar er þetta minnisblað og þetta samkomulag? Ég geri þá skýru kröfu til þess að ég fái það í hendur þannig að hægt sé að fjalla um þetta mál með efnislegum hætti, ekki bara einhverjar tölur á blaði upp á það að teknar séu 10 millj. af Fáskrúðsfirðingum, Austlendingum, orðalaust með vísan til einhverrar nefndarskipunar sem enginn veit hver er og enginn hefur séð afrakstur af. Ég geri skýra kröfu til þess og ég beini orðum mínum til hv. formanns fjárln. þar sem þetta eru hans tillögur sem við fjöllum um, að hann komi höndum yfir þetta minnisblað sem hann hlýtur að byggja sínar tillögur á og komi þeim í hendur þeirra þingmanna sem eftir því óska. Ég hlýt að gera þá eðlilegu kröfu. Öðruvísi er ekki hægt að fjalla efnislega um þessa tillögu. Annars erum við bara að blaðra út í loftið. Annars erum við að ræða málið á svart/hvítum nótum. Hv. þm. er í ríkisstjórn. Hann var utan hennar fyrir tveimur árum og mikill áhugamaður um málið. Nú hefur hann fullkomlega misst áhugann á því og heldur að það sé eitthvert minnisblað uppi í ráðuneyti. Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem við getum ekki sætt okkur við við þessa umræðu, virðulegi forseti.

[22:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja hv. 9. þm. Reykn. að auðvitað er mér og nefndinni kunnugt um niðurstöður nefndarinnar í þessu máli. Það er vilji fyrir því að endursemja um málið á þeim forsendum að framkvæmdinni verði frestað um sinn.

Það eru því möguleikar á að endurráðstafa þessu fé að sinni og skila því svo síðar inn í framkvæmdina. En að málinu hefur verið unnið af fullum heilindum og mun því væntanlega lykta með því að samningurinn verður endurskoðaður og húsið á Fáskrúðsfirði rísi. Ég hef, eins og fram hefur komið, mikinn áhuga á því. Það mun rísa jafnvel þótt það verði ekki á næsta ári.

[22:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikill áhugi hv. þm. á þessu verkefni birtist með ákaflega undarlegum hætti. En nú vil ég biðja hæstv. heilbrrh. að leggja við hlustir vegna þess að ég vil árétta skýrt og klárt þá formlegu ósk mína að hv. þm. fái tafarlaust að sjá minnisblaðið sem meiri hluti fjárln. hlýtur að byggja á. Ég get ekki ímyndað mér að hér sé um leyniplagg að ræða þótt það sé með þeim hætti heima í héraði að hreppsnefndarmenn hafa ekki séð þetta blað og hafa ekki hugmynd um hvað í því stendur. Enda hefur ekki komið fram í þessari umræðu hverjir undirrita það í umboði heimamanna né heldur hvað í því stendur. Eigum við ekki að taka af öll tvímæli í þessu sambandi og fá að sjá þetta minnisblað. „Áhugamaður" um framgang þessa máls sýnir hér áhuga sinn með því að leggja til 10 millj. kr. mínus tölu til þessa stóra verkefnis. Auðvitað fá Austfirðingar fregnir af þessu. Það gefur auga leið.

Það er hins vegar spurning um formsatriði þessa máls, virðulegi forseti. Við búum núna við formlegan, gildan samning sem undirritaður er af hæstv. heilbrrh. fyrrv. og fjmrh. og eitthvert minnisblað sem er í tösku eða handröðum uppi í ráðuneytum og hefur auðvitað ekkert gildi í þessu sambandi. Þess vegna hlýt ég að árétta að þessar breytingartillögur meiri hluta fjárln. eru auðvitað tómt plat og ganga þvert á það sem gildandi samningar segja til um. Ég hygg því að meiri hluti fjárln. hljóti að gaumgæfa að draga þessa tillögu til baka. Það er ekki hægt að byggja hana á einhverjum lausafregnum ofan af Laugavegi 116. Það gengur ekki.

[22:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fara þess á leit að hæstv. forseti kanni hvort hæstv. fjmrh. er hér í húsinu.

(**Forseti** (RA): Hæstv. fjmrh. mun ekki vera í húsinu.)

Þá verð ég að biðja um að málinu verði frestað vegna þess að ég á sérstakt erindi við hæstv. fjmrh. Ég leyfi mér að óska eftir því að málinu verði frestað. Ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. fjmrh. fáeinar spurningar og það er eiginlega ekki við hæfi að ég sé mikið að tala í þessu máli að honum fjarstöddum því að þetta kemur honum við.

(**Forseti** (RA): Það er sjálfsagt að forseti láti hæstv. ráðherra vita af þessu og þá er auðvitað hugsanlegt að annar þingmaður tali á meðan ef það tekur einhvern tíma að fá hæstv. fjmrh. í húsið.)

Ég vík þá úr stólnum.

[22:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Klofinn persónuleiki er vel þekkt hugtak á sviði geðlæknisfræðinnar. Í bókmenntaheiminum er dr. Jekyll og mr. Hyde ígildi þessa hugtaks geðlæknisfræðinnar. Á vettvangi Alþingis er hv. þm. Jón Kristjánsson bæði formaður fjárln. og jafnframt ritstjóri Tímans.

Á forsíðu Tímans í dag birtist grein þar sem greint var frá því að ef miða mætti við þá peninga sem stjórnvöld ætla nú að leggja til sjúkrahúsmála á Íslandi, þá er það pólitísk stefna þeirra að draga úr lækningum á Íslandi og draga úr þjónustu sjúkrahúsanna. Svo segir í blaði sem er ritstýrt af hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Hv. þm. Jón Kristjánsson hefur líka þá skyldu á sínum breiðu og vösku herðum að stýra þeirri vinnu sem hefur farið fram innan fjárln. til að leysa úr vanda sjúkrahúsanna. Nú hefur hann í kvöld gert tilraun til að skýra fyrir þingheimi með hvaða hætti hann hefur gert það og þá fer ekki hjá því að upp í hugann komi einmmitt þessi bókmenntafígúra sem ég nefndi til sögunnar áðan, dr. Jekyll og mr. Hyde. Sá mikli vandi sem lýst er með svo grafískum hætti á forsíðu Tímans í dag verður að engu í höndum hv. þm. Jóns Kristjánssonar þegar hann hefur klætt sig úr kufli ritstjórans og steypt yfir sig hempu formanns fjárln. Þá eru hlutirnir allt öðruvísi.

Nú er það svo að við vitum að það hefur farið fram mikil umræða um hinn alvarlega vanda spítalanna á Íslandi. Hv. heilbr.- og trn. vildi gera sitt til að aðstoða hv. fjárln. til þess að ráða bót á þessum vanda. Við vildum freista þess að kalla til okkar þann hluta fjárlaganna sem varðar rekstrarvanda sjúkrahúsanna og gera á þeim faglega úttekt, kalla til sérfræðinga sem tengjast þessum sjúkrahúsum og senda síðan okkar úttekt til fjárln. til þess að auðvelda henni starfið. Mér virðist hins vegar að hv. þm. Jón Kristjánsson hafi ekki þurft neina aðstoð í því máli. Ég sé það á því hvernig hann talaði fyrr í kvöld að hann þykist hafa leyst það mál með afskaplega vel.

Við erum að ræða um fjáraukalög, herra forseti. Þegar horft er til þeirrar lausnar sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt fram á vanda sjúkrahúskerfisins á Íslandi er í rauninni bara ein tillaga í frv. til fjáraukalaga sem hann kallar handtæka. Þar var fyrir fjárveiting upp á 90 millj. kr. til þess að ráða bót á rekstrarvanda Ríkisspítalanna og síðan hefur hv. þm. Jón Kristjánsson, eftir að hann klæddi sig úr kufli ritstjórans og steypti sér inn í fjárln., komist að því að til þess að leysa uppsafnaðan rekstrarvanda Ríkisspítalanna sé nóg að bæta við 150 millj. kr. í viðbót. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson, sem hefur ábyggilega kannað vanda spítalanna afskaplega vel, til hvaða niðurstöðu sú könnun hans og hv. fjárln. hafi leitt. Hver er rekstrarvandi Ríkisspítalanna? Hver er uppsafnaður rekstrarhalli þeirra núna þegar kemur fram í lok ársins 1995? Með hvaða hætti telur hann að þær tillögur sem hann hefur lýst í kvöld leysi þennan vanda?

Hv. þm. Jóni Kristjánssyni ber auðvitað siðferðileg skylda til að kanna afleiðingar tillagna sinna. Þess vegna langar mig líka til að spyrja hann, herra forseti, hverjar hann telji að afleiðingarnar verði af því að ekki er meira sett á fjáraukalögum til þess að leysa þennan uppsafnaða rekstrarvanda. Hverjar telur hann að afleiðingarnar verði varðandi þjónustu spítalanna? Telur hann í fyrsta lagi að það sé mögulegt fyrir spítalana að halda óbreyttri þjónustu? Ef svo er ekki, hvað telur hann þá í öðru lagi að spítalarnir þurfi að draga saman þjónustu um hátt hlutfall? Þetta kunna að virðast flóknar og e.t.v. ítarlegar spurningar. En hér er um að ræða þann þátt heilbrigðiskerfisins sem er einna mikilvægastur. Öllum er ljóst að það eru einmitt sjúkrahúsin sem hafa verið í vanda. Menn hafa beðið eftir því að hv. þm. Jón Kristjánsson legði fram tillögur sínar vegna þess að í umræðunni hefur hæstv. heilbrrh. vísað til þess að það væri von á tillögum frá fjárln. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að það var ekki hægt að halda uppi 2. umr. um fjárlög með hefðbundnum hætti og alls ekki með sæmilegum hætti vegna þess að

tillögurnar frá hæstv. heilbrrh. bárust svo seint. Auðvitað jók það ábyrgðina á herðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar og þeirrar vösku liðssveitar sem hann hefur stýrt í fjárln. Það er þess vegna sem menn bíða með eftirvæntingu. Hv. þm. hefur nú lagt fram tillögur nefndarinnar og þess vegna spyr ég og ítreka það: Hversu langt fer það með að leysa þennan uppsafnaða rekstrarvanda Ríkisspítalanna? Hversu mikill er sá vandi og hverjar verða afleiðingarnar? Nægir þessi fjárveiting til að leysa þennan vanda? Ef ekki, hversu mikið þarf að draga saman? Hv. þm. er vandaður þingmaður og þess vegna veit ég að hann hlýtur að hafa leitað aðstoðar sérfræðinga til að kanna þetta. Hafi hann ekki gert það, er hann ekki starfi sínu vaxinn og því trúi ég ekki.

Mér, sem formanni heilbr.- og trn., var ekki leyft af meiri hlutanum að skoða þetta mál til þeirrar hlítar sem ég vildi vegna þess að það var hv. þm. Jón Kristjánsson og hans nefnd sem átti að fara í þetta mál. Þess vegna bíð ég eftir því, herra forseti, að hlýða nú á þann boðskap af vörum hv. þm. sem ég hefði e.t.v. komist að sjálfur ef ég hefði fengið tóm til. Síðan í framhaldinu, herra forseti, mundi ég kannski áskilja mér rétt til að nota síðari ræðu mína í þessum umræðum til þess að fara nokkrum orðum um þau svör sem ég veit að hv. þm. og ritstjóri Tímans mun nú veita mér. Og fái ég þau ekki í kvöld er ég viss um að ég get lesið þau í Tímanum á morgun. Ég verð þó að ítreka, herra forseti, að svo virðist sem hv. þm. Jón Kristjánsson taki nokkrum hamskiptum þegar hann bregður sér úr fjárln. og sest í ritstjórastólinn, a.m.k. ef marka má hvernig hann tekur í sitt hvort skiptið á vanda spítalanna.

[22:30]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. gerðist svona „litterer", með leyfi forseta, eins og fyrri daginn og ræddi um blaðaútgáfu og bókmenntir. Hann er reyndar gamall ritstjóri og það er nú þannig að í ritstjórnartíð minni leyfist fréttadeildinni að hafa skoðun og setja hana á blað og jafnvel á forsíðu, en það hefur kannski ekki verið þannig í tíð hv. 15. þm. Reykv. þegar hann var ritstjóri á sínum tíma. Sjálfsagt er ritskoðunin ekki jafngóð hjá mér og honum en blaðamenn mínir og fréttadeildin hafa leyfi til þess að setja fram skoðanir.

Nú vil ég víkja að Ríkisspítölunum. Það er alveg ljóst að aukafjárveiting leysir ekki allan vanda Ríkisspítalanna. Það er mér fullkunnugt um. Hins vegar er von í því fólgin að afkoma Ríkisspítalanna hefur batnað verulega á seinni hluta ársins og hallareksturinn var mjög verulegur á fyrri hluta ársins. Síðan eru áform um að reyna að nýta fé sem er lagt til spítalanna á höfuðborgarsvæðinu sem best með því að auka eins og kostur er samstarf þeirra á milli. Sú áætlun sem fjáraukalögin og fjárlögin byggjast á er í því fólgin.

[22:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði nú búist við því að eftir að hv. þm. Jón Kristjánsson hafði setið með sínum mönnum yfir vanda spítalanna fengi ég ítarlegri svör. Ég ætla hins vegar ekki að álasa honum fyrir það að geta ekki svarað mér með ítarlegri hætti vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að þetta er spegilmynd af vinnubrögðum stjórnarliðsins í þessu mikilvæga máli. Þeir einfaldlega hafa ekki náð utan um það. Þeir hafa ekki kafað djúpt ofan í það og þeir skilja það ekki út í hörgul. Ég skil það svo af máli hv. formanns fjárln. alveg eins og þegar ég hlýði á hæstv. heilbrrh. Mér finnst hvorugt þeirra skilja málið út í hörgul. Ég verð að segja það að mér finnst það undrun sæta að hv. formaður fjárln. veit ekki einu sinni hver rekstrarvandinn er. En ég get upplýst hann um að það sem upp á vantar eru um það bil 380 millj. kr. til þess að ráða bót á þessum uppsafnaða rekstrarhalla. Hann hefur eða stjórnarliðið og hann fyrir þess hönd hefur nú látið til þess ganga 250 millj. kr. Þá eru eftir 130 millj.

Það er alveg ljóst að þetta mun valda verulegum vandræðum innan spítalakerfisins. Það er alveg ljóst að það vantar þarna miklar fjárhæðir. Það mun leiða til þess að biðlistar munu aukast verulega og það mun líka leiða til þess að lokanir munu stóraukast. Ég bendi á það, herra forseti, að það var einmitt hæstv. heilbrrh. sem er í sama flokki og hv. þm. Jón Kristjánsson sem lét svo ummælt í einni af merkum ræðum sem hún flutti á síðasta kjörtímabili að það að loka deildum stappaði nærri glæpi.

Á síðasta kjörtímabili fór það aldrei verr en svo að mestar voru lokanirnar 11,6%. Það var reyndar árið 1995 þegar flokkur hv. þm. Jóns Krisjánssonar réði fyrir heilbrigðismálunum hálft árið. 1994 voru það 7,6% allra legurúma sem stóðu auð.

Hver verður niðurstaðan, herra forseti, á næsta ári þegar tillögur hv. þm. Jóns Kristjánssonar og hæstv. heilbrrh. ná fram að ganga? Þær munu leiða til þess að fimmta hvert rúm á Ríkisspítölunum mun standa autt. Með öðrum orðum, það sem kölluð var glæpastarfsemi á síðasta kjörtímabili af hæstv. heilbrrh. er nú glæpastarfsemi þremur sinnum meiri að umfangi. Mundi maður ekki kalla það mafíuverk?

[22:36]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ræða hv. 15. þm. Reykv. sýni í hnotskurn þann vanda sem við er að glíma í heilbrigðiskerfinu og ég held að það þurfi ekki að vera með nein brigslyrði um það hverjir skilja vandann og hverjir ekki. Ég veit að hv. formaður heilbr.- og trn. skilur þennan vanda og hann veit það jafnframt að það er ekkert auðvelt að ráða bót á honum í einu vetfangi. Það hefur ekki reynst auðvelt á þeim tíma sem hans flokksbræður voru í ríkisstjórn og stýrðu þessum málum.

Ég endurtek að það er viss von í því fólgin að halli Ríkisspítalanna hefur minnkað núna síðari hluta ársins. Það er vilji til þess hjá sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu að taka upp samstarf til að spara fjármuni þannig að það standa til þess vonir að hægt verði að koma böndum á þennan rekstur því öll viljum við stefna að eins góðri heilbrigðisþjónustu eins og unnt er. Ég held að það sé sameiginlegt markmið okkar allra.

[22:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það vel að vandinn er alveg gríðarlegur og hæstv. heilbrrh. er sannarlega ekki öfundsverður af sínu hlutskipti. Ég er þeirrar skoðunar að vandinn verði ekki leystur nema með því að fjölga lokunum, nema með því að auka þjónustugjöld á einhverjum sviðum. Ég er alveg klár á því. Jafnvel þó að ég sé mótfallinn slíkum leiðum eru engar aðrar leiðir til. (**Gripið fram í:** Ertu mafíósi þá?) En munurinn á mér og mínum flokki og hæstv. heilbrrh. og flokki hv. þm. Jóns Kristjánssonar er þessi: Við höfum ekki logið að fólkinu. Við höfum sagt það hreint út að það eru ekki aðrar leiðir. En hæstv. heilbrrh. hefur sagt að það stappi nærri glæpi að loka deildum og hæstv. heilbrrh. hefur

líka sagt að þjónustugjöld séu sjúklingaskattur og hún sé á móti þeim. Með öðrum orðum, allar þær leiðir sem menn neyðast til að grípa til eru leiðir sem hæstv. heilbrrh., meðan hún var óbreyttur stjórnarandstæðingur, dansaði stríðsdans gegn og beitti öllum ráðum til þess að mótmæla og andæfa. Það sem ég er að sýna fram á, hv. þm. Jón Kristjánsson, er einfaldlega þetta: Stóru orðin eru lítils virði. Þegar til kastanna kemur eru engar aðrar leiðir en þær sem Alþfl. var að reyna að fara í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá gengu engir í stjórnarandstöðunni jafnhart fram í að mótmæla þeim og flokkur hv. þm. Jóns Kristjánssonar og fremst í flokknum var hæstv. heilbrrh. Hvert einasta orð sem hún sagði á síðasta kjörtímabili um aðgerðir Alþfl. liggur dautt og ómerkt vegna þess að hvert einasta einstigi sem við fetuðum hefur hún fetað lengra. Á því sem henni þótti við gera slæmt á síðasta kjörtímabili hefur hún hert. Skrúfurnar sem hún kvartaði undan að við hefðum sett í gatið hefur hún keyrt enn lengra niður og naglarnir sem hún kvartaði undan að við hefðum rekið hefur hún keyrt á kaf. (**Gripið fram í:** Þetta er vond samviska.)

[22:40]

Svavar Gestsson (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað eiga orðastað við hæstv. fjmrh. en það kann að vera sérkennilegt að biðja um það. Maður skyldi ætla að slíkur maður sem flytur málið sjálft sæti í salnum en ég hef ekki séð hann hér í allt kvöld þannig að hann leggur greinilega ekki mikla áherslu á að málið sem hér er til meðferðar fái afgreiðslu, þ.e. fjáraukalög fyrir árið 1995. Satt best að segja er það býsna oft þannig að meðferð fjáraukalaga er ekki mjög nákvæm hjá þessari stofnun. Ég held að stundum gerist það að hv. fjárln. gefi sér kannski fulllítinn tíma til að fara yfir fjáraukalög þó að í fjáraukalagafrumvörpum leynist oft ákvæði sem eru ákaflega athyglisverð.

Það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. um kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans á bls. 5 og er undir liðnum „999 Ýmislegt" og orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi hefur gerðardómur nú verið kveðinn upp í máli jarðeigenda í Einarsnesi í Mýrasýslu gegn landbúnaðarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins út af netalögnum við ósa Hvítár í Borgarfirði. Niðurstaða málsins er að ríkissjóði ber að greiða um 40 millj kr. í bætur sem reiknaðar skulu með sömu forsendum og aðferðum og gilda fyrir aðrar jarðir við ósa Hvítár. Gerðarsamningurinn er með fyrirvara um samþykki Alþingis fyrir fjárveitingu til að greiða bæturnar sem gerðardómurinn kann að úrskurða. Gerð er tillaga um viðbótarframlag til þess að ganga frá uppgjörinu."

Hér á að fara að borga litlar 40 millj. kr. samkvæmt þessu skjali samkvæmt gerðardómi eða sök sem kveðin hefur verið upp og það er býsna umhugsunarvert. Ég vil sem sagt beina spurningum til hæstv. fjmrh. um þetta mál og ég tek eftir, ef ég sé rétt, hæstv. forseti, að hann hefur ekki komið í salinn enn þá. Það er spurning hvort ég á von á því að hann komi hérna.

(**Forseti** (RA)**:** Það mun rétt vera. Hann hefur ekki komið í salinn enn þá. En það hefur þegar verið sent eftir honum en ég veit ekki hvað tefur hann.)

Ég bíð þá, hæstv. forseti, með að bera fram spurningar mínar þangað til hæstv. ráðherra kemur í salinn.

(**Forseti** (RA)**:** Hæstv. ráðherra mun vera á næstu grösum.)

Virðulegi forseti. Ég þurfti að ræða við hæstv. fjmrh. um eitt atriði í fjáraukalagafrv. Það er svo sérkennilegt að hann hefur ekki látið sjá sig í þessari umræðu. Það er nokkuð athyglisvert hvaða alúð ráðherrarnir leggja við að koma sínum málum fram. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra varðandi fjáraukalagafrv. og frhnál., það sem kemur fram í nefndarálitinu að ríkissjóður ætlar að greiða 40 millj. kr. í bætur til eigenda Einarsness í Mýrasýslu. Hér er um að ræða afar sérkennilegt mál svo að ekki sé meira sagt og það á sér mjög langan aðdraganda.

Þannig háttar til að með lögum um lax- og silungsveiði frá 1957 var ákvæðum um netaveiði breytt þannig að möguleikar bænda til netaveiða voru skertir. Í framhaldi af því hófust langvinn málaferli, málarekstur af ýmsu tagi. Matsmenn voru kallaðir til, gerðardómar settir niður og það tókst að ljúka þessum málum með vissum hætti gagnvart fáeinum aðilum, veiðiréttareigendum. Eins og ég sagði áðan er hér um að ræða netalagnir. Þegar málið hafði gengið alllengi þannig fyrir sig að ekki fengust niðurstöður óskaði eigandi Einarsness, Óðinn Sigþórsson, eftir úrskurði umboðsmanns Alþingis um þetta mál. Ég hygg að Óðinn Sigþórsson hafi verið varaþingmaður einhvern tíma fyrir Sjálfstfl. á Vesturlandi, munaði þá litlu alla vega. Umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, úrskurðaði sig frá málinu og Stefán Már Stefánsson tók að sér að sinna verki umboðsmanns og kvað upp niðurstöður sínar sem hann kynnti með bréfi sem er dags. 29. september 1993. Í lok álits umboðsmanns sem er ítarlegt eða 23 síður A4 segir svo, með leyfi forseta:

„Lokaniðurstöður mínar eru því þær að ég tel rétt að landbrn. hefji samningsumleitanir við Óðin Sigþórsson, eiganda Einarsness, um ákvörðun og greiðslu bóta vegna veiðiskerðingarinnar fyrir landi Einarsness á þeim grundvelli sem fram kemur í liðum 22 og 24–26" sem er svo nánar rakið í þessu skjali.

Þetta er kveðið upp 29. desember 1993 og þar er lagt til að það verði hafnar samningsumleitanir við Óðin Sigþórsson. Af einhverjum ástæðum tekur það landbrn. ótrúlega langan tíma að fjalla um þessa niðurstöðu umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður skilar áliti sínu til landbrn. 29. des. 1993 og það er reyndar ekki fyrr en 4. apríl 1995 eða um það bil fjórum eða fimm dögum fyrir síðustu alþingiskosningar að gert er samkomulag í landbrn. um gerðardóm í þessu máli undirritað af Halldóri Blöndal, þáv. landbrh. og Jóni Steinari Gunnlaugssyni lögmanni sem er nokkuð þekktur líka og í sama stjórnmálaflokki. Vitundarvottur annar er aðstoðarmaður landbrh. Samkomulagið er á rúmlega einni síðu A4 og er athyglisvert fyrir þær sakir að þar er gert ráð fyrir að setja gerðardóm í málið en honum er falið algerlega 100% nákvæmt hlutverk. Í rauninni eru ákvæðin þannig og samningurinn um gerðardóminn með þeim hætti að gerðardómurinn hefur svo sem ekkert annað hlutverk en það að skrifa svo að segja upp það sem stendur í samkomulaginu. Ég ætla að lesa, hæstv. forseti, þetta einstæða samkomulag sem er gert í kosningavikunni 1995:

„Hinn 29. des. 1993 skilaði settur umboðsmaður Alþingis, Stefán Már Stefánsson, áliti til landbrh. í tilefni af kvörtun Óðins Sigþórssonar í Einarsnesi, Mýrasýslu, mál nr. 629/1992. Kvörtun Óðins laut að því að hann taldi sig hafa orðið að sæta ólögmætri mismunun við uppgjör eignarnámsbóta vegna tjóns sem hann hlaut af veiðiskerðingarákvæðum 35. gr. þágildandi lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957" eins og rakið er í áliti umboðsmanns og ég vitnaði til áðan.

„Í niðurstöðum umboðsmanns kemur fram að ríkissjóði beri að beita sömu meginsjónarmiðum um ákvörðun á greiðslu bóta gagnvart öllum sem hann semur eða hyggst ganga til samninga við í tilefni af umræddum skerðingarákvæðum. Taldi umboðsmaður rétt að landbrn. hæfi samningaumleitanir við Óðin á þessum grundvelli. Aðilar hafa ræðst við án þess að til samninga hafi leitt.

Af þessum sökum og með vísan til laga um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989, hafa aðilar orðið sammála um að leggja málið í gerð þriggja manna á neðangreindum forsendum og skal hvor aðili um sig tilnefna einn mann í dóminn en aðilar hafa komið sér saman um að Valtýr Sigurðsson héraðsdómari verði oddamaður héraðsdómsins.

1. Við útreikning á veiðitjóni Einarsness fyrir árin 1977–1983 skal leggja sömu forsendur til grundvallar og gert er í samkomulagi ríkissjóðs við Bóndhól og fleiri jarðir frá því í maí 1991. Það skal gera þetta svona. Tjón skal metið á verðlagi ársins 1983 eins og gert er í fyrrgreindu samkomulagi og skulu ákvæði samkomulagsins um vexti gilda að jöfnu. Ríkissjóður greiðir eiganda Einarsness 200 þús. kr. vegna lögmannsþóknunar fyrir störf fram að meðferð málsins fyrir gerðardóminum.

2. Við útreikning veiðitjóns fyrir árin 1984–1987 skal viðhafa sömu aðferð hvað varðar veiðitjón í kílóum og verðútreikning og gert var með ákvörðun ríkissjóðs um bætur til Bóndhóls og fleiri frá í des. 1993.

3. Þær bætur sem eigandi Einarsness hefur fengið greiddar á umræddu tímabili skulu koma til frádráttar sem hér segir:

a. Fyrir árin 1977–1983 á verðlagi ársins 1983.

b. Fyrir árin 1984–1987 á sama verðlagi og ákvörðun samkvæmt 2. tölul. tók mið af.

4. Aðilar verði sammála um að gerðardómurinn leggi mat á hvort og þá hvernig nýja veiðisvæðið fyrir landi Einarsness, sem skapaðist í kjölfar þess að óslína Hvítár var færð, samanber yfirmatsgerð 1977 frá Nestá um Borgarfjarðarbrú, kemur til álita í þessu máli þannig að jafnræðis verði gætt með jörðunum í heildarbótagreiðslum.

5. Reikningsforsendur skulu fylgja gerðinni þannig að ljóst megi vera að sömu aðferðinni hafi verið beitt við útreikning bóta vegna allra jarðanna sem sættu veiðiskerðingu vegna 35. gr. laga nr. 53/1957.

6. Aðilar eru sammála um að úrskurður gerðardómsins felur í sér fullnaðarbætur vegna skerðingar bankaákvæðis, laga nr. 53/1957, þannig að jafnræði hafi verið náð við eigendur jarðanna sem aðild áttu að samkomulaginu í maí 1991.

7. Kostnaður við gerðardómsmeðferðina, þar með talinn kostnaður eiganda Einarsness vegna málsmeðferðar fyrir gerðardóminum, skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun gerðardómsins. Af hálfu landbrh. er ágreiningsmál þetta lagt í gerðardóm með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlega fjárveitingu til að greiða þær bætur sem gerðardómurinn kann að úrskurða og verða bætur inntar af hendi þegar heimild til þeirra liggur fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Undir þetta rita 4. apríl 1995 Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og Halldór Blöndal landbrh.

Þetta samkomulag er gert 4. apríl 1995, örfáum dögum fyrir kosningar og það eru nokkrir félagar sem setjast niður og ganga frá málinu. Maður hlýtur auðvitað að velta því fyrir sér, hæstv. forseti, hvort það er heppilegt fyrirkomulag í stjórnkerfinu að svona nokkuð geti gerst. Það held ég að sé ekki.

En þeir komu sér nákvæmlega saman um hvernig gerðardómurinn ætti að starfa og það er svo nákvæmt og svo smámunasamt í einstökum atriðum að það er meira að segja tekið fram í hvaða mælieiningum eigi að vigta laxinn, það sé í kílóum en ekki grömmum þegar úrskurður er kveðinn upp. Ég hygg satt að segja að það hefði ekki þurft ákaflega löglærðan mann til þess að reikna út niðurstöðu þessa samkomulags vegna þess að það er stafað ofan í gerðardóminn algerlega í smáatriðum. Í rauninni virkar þetta þannig að gerðardómurinn sjálfur sé svo að segja formsatriði miðað við þær aðstæður sem hér er lagt upp með.

Síðan fjallar gerðardómurinn að sjálfsögðu um málið eins og lög gera ráð fyrir og hann kveður upp niðurstöðu 20. okt. 1995 og þeir sem kveða upp gerðardóminn samkvæmt þessari fyrirskipun eru Valtýr Sigurðsson, oddamaður dómsins, Árni Jónsson, fyrrv. landnámsstjóri og Jón Sveinsson hdl. sem margir hér þekkja. Með öðrum orðum birtist niðurstaðan okkur á bls. 5 í þessu þskj., lengst inni í nefndaráliti meiri hluta fjárln. um fjáraukalögin fyrir árið 1995.

Það er alveg 100% öruggt, hæstv. forseti, að það hefur ekki öllum þingmönnum gefist kostur á að kynna sér forsendur þessa máls. Ég fullyrði að lítil grein hafi verið gerð fyrir málinu hér. Ég fullyrði að það hafi lítil grein verið gerð fyrir því af hverju ríkissjóður þarf að punga út 40 millj. kr. vegna skerðingar á veiðirétti með netum fyrir tiltekinni jörð í Borgarfirði. Ég fullyrði að menn hafa ekki haft aðstæður til að meta þá hluti. Ég fullyrði líka, hæstv. forseti, að umbúnaður málsins er ákaflega óheppilegur svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Hæstv. forseti. Það eru í þessu máli nokkur atriði sem ég tel óhjákvæmilegt að fjalla um en ég veit að það er lítill möguleiki til þess að fjalla um þetta mál sem skyldi. Klukkan er 11 og á morgun er ætlunin að ljúka þingi fyrir hátíðar og það er greinilegt að tíminn til að fjalla um þetta mál er mjög lítill. Ríkisstjórnin kaus að taka allan tíma Alþingis í dag í umræður um milljarð, ríkisábyrgð á milljarði í göng beint ofan í umræðuna um það að nú þurfi að skera og koma í veg fyrir að skuldirnar lendi á börnunum okkar, beint ofan í umræðuna um að hallann á ríkissjóði þurfi að minnka, beint ofan í umræðuna um að það sé ekki hægt að reka Ríkisspítalana, beint ofan í umræðuna um að ekki sé hægt að reka Sjúkrahús Reykjavíkur eða heilbrigðisþjónustuna í landinu yfirleitt. Milljarður króna kemur í litlum snepli hér inn og menn ætla að taka hér í gegn rétt si svona. Í nefndarálitum meiri hluta fjárln. um hin ýmsu mál koma upp atriði eins og þetta þar sem verið er að taka í gegn tugi milljóna króna án þess að Alþingi hafi verið gerð grein fyrir málinu í einstökum atriðum þannig að nokkur sómi sé að.

Auðvitað er þetta mál þannig að um það mætti nota miklu stærri orð en þau sem ég hef flutt hér en ég fullyrði og endurtek: Ég tel að hérna hafi ekki verið heppilega að málum staðið. Ég vil fara yfir þetta atriði:

1. Ég tel að gerðardómurinn hafi ekki fengið neitt svigrúm til að fjalla um málið af því að honum hafi verið sniðinn svo þröngur stakkur af samkomulaginu sem var undirritað í landbrn. í kosningavikunni.

2. Hvar var ríkislögmaður í þessu máli? Af hverju rak ríkislögmaður ekki þetta mál fyrir gerðardómnum? Af hverju var málið tekið úr höndum ríkislögmanns, því að það var upphaflega í höndum ríkislögmanns, og sett í hendur lögmanns

sem hefur í rauninni hætt málflutningsstörfum í meginatriðum fyrir þó nokkrum árum vegna allhás aldurs? Af hverju fékk ríkislögmaður og hans embætti ekki að fara með málið? Hvar var ríkislögmaður?

3. Var hagsmunum ríkisins nægilega vel sinnt? Getur hæstv. fjmrh. sannfært Alþingi um að hagsmunum ríkisins hafi verið nægilega vel sinnt í þessari stöðu sem með þeim hætti eins og ég hef hér rakið að kunningjahópur kemur að málinu þar sem menn eru svo að segja að semja hver við annan? Vill hæstv. fjmrh. rökstyðja hvernig hann telur að hagsmunum ríkisins hafi verið nægilega vel sinnt í þessu máli.

4. Ég spyr hv. formann fjárln.: Á hvaða forsendum var þetta mál afgreitt í fjárln. Hvaða gögn lágu fyrir fjárln. í þessu máli? Hver voru þau? Ég vil fá lista, hæstv. forseti, ef kostur er yfir þau gögn, fylgiskjöl málsins í fjárln. Ég vil vita á hvaða grunni fjárln. tekur ákvörðun um 40 millj. kr. í fjáraukalögunum með þeim hætti sem ég hef verið að rekja.

Hæstv. forseti. Ég vildi fyrst og fremst draga fram þessi atriði til að undirstrika það meginatriði að í þessu máli er ekki heppilega haldið á hlutunum til að fá fram upplýsingar um það á hvaða forsendum þessar 40 millj. eru settar út og líka til að vekja athygli á því að hér er verið að afgreiða fjölda flókinna mála á þessu síðkvöldi, án þess að það gefist eðlilegt tóm til að fara yfir hlutina. Við lýstum því yfir fyrir hönd stjórnarandstöðuflokkanna í gærmorgun að ábyrgðin á þinghaldinu, niðurstöðunum í þessum flýti og asa, væri öll á ríkisstjórninni, hroðvirknin lægi á ábyrgð hennar. Það verður auðvitað að ítreka það af þessu tilefni og þetta mál er enn ein staðfestingin á því að Alþingi Íslendinga er í hættu statt þegar ekki gefst kostur á að fara eðlilega yfir mál fyrir utan það að hagsmunailminn leggur af þessu máli ótrúlega víða, hæstv. forseti.

[23:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar skiljanlegt að hv. þm. reyni að drepa málum á dreif, ekki síst eftir þær umræður sem urðu í dag um svokölluð Hvalfjarðargöng. Það er gamalt bragð þegar menn skammast sín fyrir flokksbræður sína að grípa til þess bragðs að reyna að drepa málinu á dreif með þeim hætti sem hv. þm. hefur gert. (**SvG:** Hvaða yfirlýsing er nú þetta?)

Ýmsir þeir sem styðja það að framkvæmdarvaldið ráði öllum málum og þykir slæmt að framkvæmdarvaldið hafi ekki eitt vald yfir öllu saman, hata orðið „gerðardómur". Eins og fram kom í máli hv. þm. varð samkomulag, eins og oft vill verða í málum og við þekkjum sem erum löglærðir, um það að gerðardómur skilaði niðurstöðu sem báðir samningsaðilar yrðu bundnir af. Þetta er að sjálfsögðu miklu betri aðferð en stundum hefur verið notuð hjá framkvæmdarvaldinu eins og t.d. þegar fulltrúar þess semja án þess að tala við þriðja aðila. Ég minni á t.d. mál eins og Kirkjuferjuhjáleigumálið sem hv. þm. ætti að þekkja því að þar átti flokksbróðir hans í hlut.

Það skal tekið fram að þingmönnum hefur að sjálfsögðu gefist kostur á að kynna sér allt málið og ég get ekki séð að það sé neitt bogið við þetta. Það eru að sjálfsögðu dylgjur að halda því fram að þetta séu menn úr sama stjórnmálaflokki því að fyrir síðustu kosningar mynduðu gerðardóminn meðal annarra lögmaður sem áður var aðstoðarmaður forsrh. úr Framsfl., sem þá var í stjórnarandstöðu.

Það er einnig alkunna, virðulegi forseti, að ríkislögmaður ræður til sín menn ásamt ráðuneytum sem ekki eru starfandi hjá ríkislögmanni. Ég sé ekki og ég hef kynnt mér málið, að þetta sé neitt öðruvísi en mál sem eiga sér rætur í deilum tveggja aðila. Framkvæmdarvaldið verður að sjálfsögðu að sætta sig við niðurstöður gerðardóms ef um það hefur verið samið að hlíta niðurstöðum hans.

[23:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvers lags eiginlega, með leyfi forseta, kjaftæði var þetta nú eiginlega? Að byrja á almennum árásum á stjórnarandstöðuna fyrir það að hún sé að fara halloka í einhverju máli í umræðum og þess vegna séu menn að drepa því máli á dreif með því að tala um þetta mál. Hvaða eiginlega blaður er þetta, hæstv. forseti? Ef hæstv. fjmrh. finnst þetta vera svona þá er það dapurlegt en það er leiðinlegast fyrir hann sjálfan. Veruleikinn er ekki svona. Í fyrsta lagi er veruleikinn þannig að það hafa komið fram mjög veigamikil rök í þessu Hvalfjarðargangamáli og ég get talað um það á eftir þegar tími vinnst til undir tíma. En í öðru lagi verð ég að segja það varðandi þetta mál, hæstv. forseti, að það er grafalvarlegt. Það þýðir ekki fyrir hæstv. fjmrh. að ætla sér að þvo hendur sínar með ummælum eins og hann viðhafði áðan.

Gallinn er sá að hann svaraði engu af því sem ég bar fram áðan í spurningaformi. Ég spurði: Af hverju fékk dómstóllinn ekkert svigrúm? Ég spurði: Hvar var ríkislögmaður í þessu máli? Ég spurði: Vill hæstv. fjmrh. rökstyðja það að hagsmunum ríkisins hafi verið nægilega vel sinnt í málinu? Hann svaraði þessu ekki. Hann svaraði engu af þessu. Eftir stendur mjög alvarlegur hlutur, hæstv. forseti. Það er ekki kostur á því að ræða það í andsvaratíma en það verður væntanlega hægt að gera það síðar í þessari umræðu um fjáraukalög ársins 1995, því að nóg er nóttin sýnist mér, hæstv. forseti.

[23:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá mér þá kom ríkislögmaður að sjálfsögðu að þessu máli í fyrsta lagi. Í öðru lagi átti fulltrúi ríkisins sæti í gerðardómnum og það eru engin pólitísk tengsl á milli hans, eins og auðvelt er að sanna, og þess ráðherra sem átti í hlut. Í þriðja lagi sýnir það kannski best hversu mikil alvara er í þessum málflutningi hjá hv. þm. að hann notar hugtök eins og kjaftæði og blaður. Menn verða sjálfir að dæma um það þegar gripið er til slíkra raka, hvort þau séu trúverðug eða ekki.

[23:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kjarni þessa máls að forsendur gerðardómsins, samkomulagið sem var undirritað í kosningavikunni í landbrn., eru of þröngar. Gerðardómurinn sjálfur hafði ekki svigrúm til að fjalla um málið á víðum grundvelli vegna þess hversu samkomulgið var niðurnjörvað á milli þessara aðila, Jóns Steinar Gunnlaugssonar hrl. og Halldórs Blöndals, hæstv. ráðherra. Þetta er veruleikinn og af þessu getur hæstv. fjmrh. ekki þvegið hendur sínar. Þetta er veruleikinn sem blasir við og mér sýnist að hann í þessu máli sé, ef ég má leyfa mér að nota þá samlíkingu, holdi klætt rökþrota bú.

[23:11]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég mælist til þess að hæstv. fjmrh. verði

áfram í salnum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er það.)

Já, ég veit að hann er í salnum. Ég var bara að mælast til þess að hann yrði áfram í salnum, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ég tek undir það.)

Og í öðru lagi þætti mér vænt um að hv. varaformaður fjárln. sem hér flutti nokkrar ræður fyrr í kvöld yrði einnig í salnum.

Meðan beðið er eftir honum vil ég segja við virðulegan og ágætan forseta að það hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir forseta Alþingis sem hefur flutt ræður með réttu um nauðsyn þess að vanda vinnubrögð í þinginu, að afgreiðsla mikilvægustu mála í þinginu, fjáraukalaga, fjárlaga og lánsfjárlaga, sé með þeim hætti, virðulegi forseti, að það er ekki hægt að koma við með góðu móti efnislegri og nauðsynlegri umræðu. Við sem teljum að það þurfi að ræða mikilvæga hluti erum settir í þá stöðu, virðulegi forseti, að liggja undir hugsanlegum ásökunum um að við séum að tefja einhver lok þingsins ef við viljum fá eðlilega umfjöllun um málin. Ég vil þess vegna beina því til virðulegs forseta að um leið og hann vinnur að endurbótum í þinghaldinu og er studdur í því verki af þingheimi öllum, hugi hann rækilega að því að stjórnarmeiri hluti hverju sinni, því þetta er ekki nýtt vandamál, hagi afgreiðslu lánsfjárlaga og fjárlaga og fjáraukalaga með þeim hætti að efnisleg umræða geti farið fram án þess að sníða henni þann þrönga stakk sem hér er verið að gera í kvöld.

Það hefur nokkuð verið rætt í umræðunni með hvaða hætti samningar sem undirritaðir hafa verið af hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. eru afgreiddir af fjárln. eða ráðuneyti. Í öðru tilvikinu er það gert þannig að formaður og varaformaður fjárln. búa til minnisblað sem að þeirra dómi upphefur — ég bið menn að hlusta vel eftir þessu — sem að þeirra dómi upphefur þá lagalegu skyldu fjmrh. að gera tillögu til Alþingis um þær fjárhæðir sem um var samið. Það hefur með engum hætti verið rökstutt við þessa afgreiðslu hvernig þetta megi vera.

Í hinu tilvikinu er sagt að það sé til minnisblað í heilbrrn. sem þó fæst ekki sýnt á Alþingi en sagt er að upphefji lagaskyldu ráðherranna um að gera tillögu til Alþingis um þær fjárhæðir sem kveðið er á um í samningnum. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að hér sé teflt á mjög tæpt vað. Ég óska eftir, eins og ég mun rökstyðja nánar, nánari útskýringu frá bæði hæstv. fjmrh. og formanni og varaformanni fjárln. á því hvernig þeir rökstyðja það að ráðherrarnir verða ekki við lagaskyldu sinni um að leggja til við þingið þær upphæðir sem kveðið er á um í samningum. Það er nefnilega misskilningur að minnisblaðið sem formaður og varaformaður fjárln. settu stafina sína undir varðandi sjúkrahúsið á Suðurnesjum hafi breytt gildandi samningi. Það hefur það ekki gert. Það er aðeins í gildi einn samningur sem gerður hefur verið milli sveitarstjórnanna á Suðurnesjum og ráðuneytanna. Ég sé að hv. formaður fjárln. samþykkir þá túlkun mína með höfuðhreyfingu sinni.

Samkvæmt þeim samningi ber hæstv. fjmrh. að gera tillögu til Alþingis um ákveðnar upphæðir. En það er ekki gert.

Hver hefur verið þróun þessa máls í þinginu? Hún hefur verið með þeim hætti að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson efndi til umræðu sem leiddi til þess að hæstv. fjmrh. með réttu lýsti því alveg skýrt yfir að ef samningnum yrði ekki breytt, bæri honum skylda til að leggja til þær upphæðir sem kveðið er á um í samningnum. Ég studdi hæstv. fjmrh. í því og ég bar af honum ásakanir sem voru fluttar á fundi þingmanna Reykjaneskjördæmis með sveitarstjórnarmönnum úr Reykjaneskjördæmi um að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir á fundi með sveitarstjórnarmönnum í fjmrn. að það hefði aldrei hvarflað að honum að standa við þann samning.

En hvað gerist svo? Það sem gerist síðan og hefur verið staðfest hér í umræðunum er að formaður og varformaður fjárln. leggja af stað í leiðangur í því skyni, eins og hv. varaformaður fjárln. sagði í umræðunum í kvöld, að ná sáttum í málinu og búa til minnisblað sem ekki hefur verið birt á þinginu. Það hefur ekki verið birt á þinginu, hv. þm. Sturla Böðvarsson. Það var ekki kynnt þingmönnum Reykjaneskjördæmis áður en frá því var gengið sem hefur orðið til þess að það sem fjmrh. sagði ótvírætt í þessum ræðustól að honum bæri skylda til að gera hefur hann ekki gert. Það hefur síðan komið fram á fundum stjórnar sveitarfélaga á Suðurnesjum með þingmönnum kjördæmisins fyrir nokkrum dögum að fulltrúar sveitarstjórnanna segja ótvírætt: Það er bara einn samningur í gildi. Nýr samningur hefur ekki verið gerður. Eini samningurinn sem er í gildi er sá sem kveður á um upphæðina sem fjmrh. ber skylda til að leggja til að verði í fjárlögum fyrir árið 1996.

Hér er verið að búa til nýjan sið sem ég vona þó að verði ekki venja sem felur það í sér að formaður og varaformaður fjárln. geti upphafið þá lagaskyldu fjmrh. að leggja til við Alþingi upphæðir samkvæmt undirrituðum samningum, á grundvelli minnisblaðs sem ekki hefur ígildi samnings. Ég vil þess vegna lýsa þeirri skoðun minni eindregið að þar sem það liggur fyrir að í gildi er bara sá samningur sem undirritaður var, hefur hæstv. fjmrh. ekki orðið við lagaskyldu sinni sem hann lýsti í ræðustól að honum bæri ótvírætt að hlíta. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og hv. formann og varaformann fjárln.: Eru þeir ekkert uggandi um þá braut sem verið er að fara inn á, að í stað formlegra undirritaðra og fullgerðra samninga milli sveitarfélaga og ríkisvalds sé verið að innleiða einhverja óljósa siðvenju um minnisblöð sem búin eru til í krafti embættisheita formanns og varaformanns fjárln., þar sem að fjárupphæðum er lofað fram í tímann? Og ég spyr þessa tvo ágætu þingmenn: Síðan hvenær og samkvæmt hvaða lagabókstaf hafa formaður og varaformaður fjárln. fengið samningsumboð til að semja um fjárveitingar fram í tímann? Ég tel að það sé afar mikilvægt að það komi skýrt fram á grundvelli hvaða lagaheimilda formaður og varaformaður fjárln. eru að gera skuldbindandi samkomulag fram í tímann sem upphefur þá lagaskyldu fjmrh. að leggja til við þingið þær upphæðir sem tilgreindar eru í hinum formlega samningi.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lýsti því að mínum dómi með réttu í umræðum fyrr í kvöld að minnisblaðið sem gert var 12. des. er þannig orðað að á því eru margvísleg göt sem gera heilbrrn. og fjmrn. kleift að efna ekki þau fyrirheit sem heimamenn telja að í því felist. Því miður hefur komið í ljós í kvöld varðandi þann þátt minnisblaðsins sem snýr að lausn fjárhagsvanda sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Suðurnesjum að sá skilningur sem heimamenn leggja í minnisblaðið er á engan hátt skilningur hinna sem undirrita það einnig. Við erum því strax í kvöld að upplifa bresti í þeim skilningi sem gagnaðilar lögðu í minnisblaðið. Ég er alveg sannfærður um það, því miður, að fulltrúar sveitarfélaganna á Suðurnesjum og stjórnarmenn í sjúkrahúsunum verða furðu lostnir þegar það fréttist á Suðurnesjum hverju

lýst var í kvöld að fælist í þessari afgreiðslu á tillögum fjárln. um fjárveitingar til sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á næsta ári. Það hefur aldrei hvarfað að þeim að gengið yrði þannig frá málum hér að það yrði ekki ljóst fyrr en á seinni hluta ársins 1996 hvaða upphæðir þeir fengju og ekki einu sinni nefndar einhverjar lágmarksupphæðir.

Virðulegi forseti. Ég get ekki haldið áfram ræðu minni ef hv. varaformaður fjárln. ætlar ekki að vera við umræðuna.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir til að varaformaður fjárln. verði við umræðuna. Hann gengur nú í salinn.)

Hv. þm. Sturla Böðvarsson, varaformaður fjárln., lýsti því yfir áðan þegar hann var að reyna að verja þennan gerning að hann óskaði eftir sameiginlegum lausnum, það voru hans óbreyttu orð, sameiginlegum lausnum fjárln. og þingmanna Reykjaneskjördæmis. En, hv. þm., fjárln. tók þetta mál úr höndum þingmannanna og lauk málinu án þess að kynna þingmönnum kjördæmisins hver niðurstaðan væri. Það þýðir því ekki, hv. þm., að koma hér og bera fram fróma ósk um samvinnu og sameiginlegar lausnir fjárln. og þingmanna kjördæmisins þegar varaformaður og formaður fjárln. tóku málið í sínar hendur og ræddu aldrei — aldrei við þingmenn kjördæmisins áður en niðurstaða var fengin. Til viðbótar við þessa sérkennilegu minnisblaðaaðferð var ákveðið að ljúka málinu án þess að ræða það við þingmenn kjördæmisins, enda hefur það verið upplýst á fundum þeirra að 1. þm. kjördæmisins var ekki kallaður til þessa verks. Það hefur einnig verið upplýst á fundum þeirra að fulltrúi kjördæmisins í fjárln. samkvæmt ákvörðun þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Árni Mathiesen, vissi heldur ekki um þessa niðurstöðu fyrr en hún var orðin. Og ég spyr þessa tvo ágætu þingmenn, formann og varaformann fjárln.: Hvers konar vinnubrögð eru það eiginlega, í ljósi þess sem á undan var gengið í málinu og umræðunni sem fór fram í þingsalnum, að upphefja lagaskyldu ráðherranna við að leggja til upphæðir samkvæmt gildandi samningi án þess svo mikið sem ræða málið við þingmannahóp kjördæmisins? Það er sem ég sæi hv. 1. þm. Austurl. láta bjóða sér það að þannig væri farið með málefni Austfjarða.

Ég gæti nefnt mörg dæmi frá liðnum árum þar sem 1. þm. Austurl., svo að ég tali ekki um 3. þm. Austurl., hv. þm. Egil Jónsson, hefðu aldrei tekið það í mál að svona væri unnið að samningsbundnum skyldum, hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., samningsbundnum skyldum framkvæmdarvaldsins við framkvæmdir í kjördæminu. Ég vona að þessir hv. þm. geri sér grein fyrir því að með þessum vinnubrögðum eru þeir komnir á mjög hættulegar brautir. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Sturlu Böðvarsson að koma svo hér og segja að hann óski eftir sameiginlegum lausnum þingmanna kjördæmisins og fjárln. Formaður og varaformaður fjárln. gengu frá minnisblaði þar sem samningurinn er gerður ónýtur varðandi árið 1996. Það furðulega í málinu er engu að síður það að forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Eigum við ekki að hafa bara einn fund í þingsalnum?)

... forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, 1. varaþm. Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, hefur lýst því yfir á formlegum fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum og þingmanna kjördæmisins að sætti sveitarfélögin sig ekki við þann samning sem á eftir að gera milli fjmrn., heilbrrn. og sveitarfélaganna — því að það á eftir að vinna það verk. Það á að gera nýjan samning, það er yfirlýst. Það á eftir að vinna verkið. Minnisblaðið er það götótt að það býður upp á margvíslegar túlkanir og þess vegna er sá möguleiki fyrir hendi að það náist ekki samkomulag um nýjan samning — að þá gildir sá samningur sem undirritaður var fyrr á þessu ári með ákvæðunum um fjárveitingar á árinu 1996. Ég spyr hv. formann og hv. varaformann fjárln.: Eru þeir sammála þessari túlkun? Eru þeir sammála þeirri túlkun að ef sveitarfélögin á Suðurnesjum sætta sig ekki við samninginn sem á eftir að gera, beri í fjáraukalögum fyrir árið 1996 að flytja tillögu um þá upphæð sem samið var um í samningnum sem fjmrh. og páv. heilbrrh. undirrituðu fyrr á þessu ári. Þetta verður að vera alveg á hreinu. Þetta verður að vera alveg skýrt í þinginu, hv. þingmenn, því að ef þetta er ekki skýrt, eru menn að segja miklu meira en þeir hafa sagt til þessa. Þá eru hv. formaður og hv. varaformaður fjárln. að lýsa því yfir að þeir séu að ónýta lagaskyldu fjmrh. um tillögugerð gagnvart þinginu. Það er með góðum vilja hægt að hugsa sér þá biðstöðu að minnisblaðið gildi um einhvern ákveðinn tíma. Ég ætla í sjálfu sér ekki að leggjast gegn þeim skilningi þó ég telji vinnubrögðin afar óheppileg eins og ég hef látið koma fram og satt að segja ámælisverð í hæsta lagi, sérstaklega gagnvart þingmannahópi kjördæmisins. En það verður að vera alveg skýrt að leiði minnisblaðið ekki til nýs formlegs samnings undirritaðs af fjmrh. og heilbrrh., fullbúins samnings og samþykktan af öllum sveitarfélögunum, þá gildir gamli samningurinn og þá munu formaður og varaformaður fjárln. gera tillögur á Alþingi við fjáraukalög fyrir árið 1996 um þær upphæðir sem kveðið var á um í samningnum frá í apríl. Við þessu vil ég fá alveg skýr svör, hv. þm. Jón Kristjánsson.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði í ræðu sinni í kvöld að Sjúkrahús Suðurnesja fengi ekkert úr þeim 70 millj. kr. sjóði sem stofnaður var til að leysa vanda þriggja sjúkrahúsa nema samkomulag næðist milli Sjúkrahúss Suðurnesja og heilbrrn. varðandi þær óskir sem heilbrrn. hefði um breytt vinnubrögð í sjúkrahúsinu. Þetta er efnisleg endursögn mín á því sem hv. þm. sagði. Efnislega var það alveg skýrt að hv. þm. skilyrti úthlutun úr 70 millj. kr. sjóðnum við það að Sjúkrahús Suðurnesja samþykkti kröfur heilbrrn. varðandi nýtt skipulag og starfshætti á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Þetta, hv. þm., er alveg nýtt í málinu og ég fullyrði að það hefur aldrei verið flutt sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum eða stjórn sjúkrahússins, að aðgangur Sjúkrahúss Suðurnesja að hinum sameiginlega sjóði sem sagt er að sé lausnin á fjárhagsvanda sjúkrahússins, sé skilyrtur því að það samþykki tillögur heilbrrn. um verkaskiptingu og ný vinnubrögð. Ég óska eftir því að annaðhvort verði yfirlýsingin dregin til baka þannig að hún standi ekki eins og hún kom frá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, varaformanni fjárln., mannsins sem setti stafina sína undir samkomulagið og er þess vegna ábyrgur túlkandi þess hvað í síðustu málsgreinunum felst, eða þá að málið verði rökstutt miklu nánar ef þetta er virkilega veruleikinn því þá er það ljóst að strax á fyrstu dögum þessa samkomulags var verið að koma aftan að Suðurnesjamönnum með alveg ótrúlega óforskömmuðum hætti. Og ég vona bara að þetta hafi verið einhver orð sem hv. þm. lét falla í ógáti en fela ekki í sér rétta lýsingu hv. þm. á því hvernig eigi að standa að lausnum á fjárhagsvanda Sjúkrahúss Suðurnesja.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði líka að ástæðan fyrir því að hann og formaður fjárln. hefðu gripið inn í málið væri sú skoðun og ég vitna orðrétt í hv. þm., „að menn hefðu farið of geyst af stað" varðandi málefni Sjúkrahúss Suðurnesja. Ég spyr hv. þm.: Hvaða menn fóru of geyst af stað? Það

hefur ekkert annað legið í málinu í sumar og haust en endir á formlegum samningi sem núv. hæstv. fjmrh. undirritaði fyrir hönd ríkisins með þáv. hæstv. heilbrrh. Eru það ráðherrarnir sem að dómi hv. þm. fóru of geyst af stað? Ef svo er, þá er hv. þm. að lýsa þeim skilningi sínum að það sé engin trygging fyrir sveitarfélög í undirritun samninga af hálfu fjmrh. og viðkomandi fagráðherra. Ég vona að orðin feli ekki í sér þá merkingu. Það er því nauðsynlegt að hv. þm. útskýri nánar hvað hann á við með orðunum „að menn hafi farið of geyst af stað".

Ástæðan fyrir því að ég hef gert þessi mál að umræðuefni með þeim hætti sem ég hef gert er sú að í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem hafa oft verið mjög erfið og eru enn, (**StB:** Það þekkir hv. þm.) Það þekkir líka hv. þm. — þá hefur það verið talin lágmarkstrygging að þegar sá áfangi hefur náðst að fjmrh. og viðkomandi fagráðherra hafa undirritað samninga um framkvæmdaáfanga í viðkomandi kjördæmum, hvort sem það er í menntamálum, öldrunarmálum eða heilbrigðismálum, þá standi þeir samningar.

Þegar ég var fjmrh., undirritaði ég nokkra samninga sem snertu Reykjaneskjördæmi og önnur kjördæmi. Ég hef sagt núv. hæstv. forseta Alþingis til hróss að þegar hann var menntmrh., lagði hann metnað sinn í það að standa við samninga sem höfðu verið undirritaðir þó að hann væri kannski ekki alltaf sáttur við þá. Hann skildi það grundvallaratriði að samningsaðilar verða að geta treyst því að þótt aðrir ráðherrar komi í staðinn, þótt aðrar ríkisstjórnir komi í staðinn, þá standa samningarnir. Á formlegum fundi sveitarstjórnarmanna með þingmönnum Reykjaneskjördæmis fluttu sveitarstjórnarmenn okkur það að fjmrh. hefði sagt á fundi með sveitarstjórnarmönnum að ekkert væri að marka þennan samning sem var undirritaður í apríl á þessu ári vegna þess að nú væri komin ný ríkisstjórn. Þá sögðum við margir á fundinum að það gæti ekki verið að núv. hæstv. fjmrh. hefði látið frá sér fara slíka yfirlýsingu, við tryðum því ekki. Og við bárum blak af hæstv. fjmrh. á þeim fundi sem satt að segja lá undir miklum ásökunum af hálfu sveitarstjórnarmanna. (**StB:** Man hv. þm. eftir gömlum dæmum um slíkt?) Nei, ég man ekki eftir gömlum dæmum um slíkt, hv. þm. Það man ég ekki.

Ég spyr hv. þm. hvort hann geti nefnt einhvern samning sem undirritaður hefur verið á síðari árum af fagráðherra og fjmrh. um framkvæmdir í einstökum landshlutum í ákveðnum málaflokkum sem ekki hefur verið staðið við. Geta formenn og varaformenn fjárln. nefnt einhvern slíkan samning, fyrr en nú? Þegar við þingmenn Reykn. fréttum af því að búið væri að ná samkomulagi í þessari deilu stóðum við margir í þeirri meiningu að búið væri að gera nýjan samning. Svo kom það hins vegar í ljós að málið lá ekki þannig fyrir. Það var bara minnisblað sem hafði verið undirritað. Það er eftir að gera samninginn og satt að segja veit enginn hvenær þeirri samningsgerð verður lokið.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að með þeirri afgreiðslu sem fjárveitingar til sjúkrahúsmála og heilsugæslu á Suðurnesjum fá í þessu frv. og fjárlagafrv., sem eru samtengd, vegna þeirrar yfirlýsingar sem undirrituð var, sé verið að fara inn á nýjar brautir sem verði eiginlega að stífla strax í upphafi svo ekki sé hægt að keyra eftir þeim brautum áfram. Hitt er líka mjög athyglisvert að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur upplýst hér að til sé annað minnisblað uppi í heilbrrn. varðandi framkvæmdir á Fáskrúðsfirði sem líka greinilega að dómi ráðherra og fjárln. upphefur lagaskyldu, ég legg aftur áherslu á það, lagaskyldu ráðherranna, að gera tillögu til Alþingis um þá fjármuni sem kveður á um í samningnum. Og ég vil spyrja þessa tvo mætu þingmenn sem veita fjárln. núna forustu: Finnst þeim ekki óeðlilegt að þannig sé haldið á málum að lagaskylda ráðherranna, sem hingað til hefur verið talin eina örugga tryggingin þegar samningar hafa náðst, sé upphafin með minnisblöðum sem ekki eru formlega birt á Alþingi? Því að hvorugt þessara minnisblaða hefur verið formlega birt á Alþingi, þó að segja megi um minnisblaðið sem snertir Suðurnesin að það gangi í ljósriti á milli manna. Fyrir utanaðkomandi aðila er það hvergi að finna í opinberum gögnum þingsins. Mér finnst það vera lágmarkskrafa, virðulegu þingmenn, forustumenn fjárln., að þegar nefndin tekur sér fyrir hendur — mér er ekki einu sinni ljóst hvort það er fjárln. vegna þess að einn af fulltrúum í fjárln. hefur tjáð mér að nefndin standi ekki að þessu samkomulagi heldur bara formaður og varaformaður fjárln. og ef svo er þá er það út af fyrir sig dálítið sérkennilegt — að þegar hún uppfærir slíka samningsgerð þá birti hún í nál. sínu allar efnisforsendur máls.

Virðulegi forseti. Því miður hefur verið nauðsynlegt við þessa umræðu þótt langt sé liðið á kvöld og senn kominn nýr dagur að fara yfir þetta mál, því að þetta er vont mál. Með vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð er búið að búa til óvissu af margvíslegu tagi sem felur í sér að núna veit enginn hvernig málið er í raun vaxið. Það hefur mjög greinilega komið fram í umræðunum í kvöld. Því vona ég að þessi vinnubrögð verði einstök, verði ekki fordæmi á næstu árum.

Ég óska svo eftir því, virðulegi forseti, að veitt verði svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram því ég tel nauðsynlegt að málin liggi skýrt fyrir. Einkum og sér í lagi tel ég nauðsynlegt að alveg skýrt liggi fyrir að ef sveitarfélögin á Suðurnesjum sætta sig ekki við nýja gerð samnings þá muni formaður og varaformaður fjárln. beita sér fyrir því að í fjáraukalögum á árinu 1996 verði flutt tillaga um þá upphæð til þessarar byggingar sem kveðið var á um í þeim eina samningi sem til er um það.

[23:45]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykn. ræddi töluvert um það hvort hér væri um eðlileg vinnubrögð að ræða, hvort það yrði framhald á þessum vinnubrögðum sem hann kallar svo. Ég vona sannarlega að ekkert framhald verði á þeim vegna þess að ég álít að ef framkvæmdarvaldið treystir sér ekki til að standa við undirskrifaða samninga þá eigi að fara fram á endurskoðun á þeim. Það var einfaldlega vegna þess að málið var í erfiðri stöðu og við stóðum frammi fyrir fjárlagagerð að við varaformaður fjárln. höfðum um það frumkvæði að koma málinu í ákveðinn farveg, þ.e. þann að endurskoða gildandi samning. Tekið er fram á hinu margumtalaða minnisblaði að aðilar séu sammála um að endurskoða gildandi samning á tilteknum forsendum, sem eru einnig teknar fram. Þetta er einfaldlega það sem við varaformaður fjárln. höfum aðhafst í þessu máli.

Ef aðilar ná síðan ekki saman verður að meta stöðuna upp á nýtt en samningurinn er auðvitað í gildi. Það er langt í frá að það séu einhver skilyrði frá okkar hendi eða þvinganir í þessu efni um fjárveitingar til Sjúkrahúss Suðurnesja. Það mál fer eftir þeim farvegi sem hefur verið kynntur í fjáraukalagafrv. og fjárlagafrv.

[23:48]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér nokkuð mikilvægt að formaður fjárln. skuli viðurkenna að honum finnist þetta ekki góð vinnubrögð. Ég verð þó að lýsa nokkrum vonbrigðum mínum með að þingmaðurinn skyldi ekki taka afdráttarlaust af skarið um flutning tillögu um fjárveitingar í samræmi við gildandi samning, ef ekki verður gerður nýr samningur. Ekki dugir að segja að þá verði málið metið, hv. þm. Það er ekki það sem var spurt var um. Það var spurt um hvort hv. þm. viðurkenndi ekki alveg afdráttarlaust að verði ekki undirritaður nýr samningur með formlegum hætti milli sveitarfélaganna og fjmrn. og heilbrrn. þá beri að leggja til við þingið, svo ræður þingið hvaða afstöðu það tekur, það vitum við öll, upphæð í samræmi við þann eina samning sem í gildi er. Ég vona að hv. þm. komi aftur upp í andsvari og taki af skarið í þessu efni en láti ekki sitja við það að segja að þá verði málið metið. Því ef það er þannig er ljóst að verið er að segja að samningsgerðin sé fullkomlega ónýt.

[23:50]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi einfaldlega að þegar niðurstaða liggur fyrir um þetta mál þá munum við meta hana. Sá samningur og þeir samningar, sem hafa verið undirritaðir á hverjum tíma og hv. 8. þm. Reykn. undirritaði sjálfur þegar hann var ráðherra, eru með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis. Það verður að ræða og taka afstöðu til þess þegar niðurstaðan liggur fyrir. En málið er einfaldlega þannig að þessir tilteknu aðilar, sem ræddu við okkur, voru sammála um að setja það í tiltekinn farveg. Málið var í nokkurri sjálfheldu. Ég vona auðvitað að það leysist farsællega og að niðurstaðan verði farsæl.

[23:51]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að hv. formanni fjárln. hafi verið gefið annað tækifæri til þess að kveða skýrt að kaus hann að gera það ekki. Formaður fjárln. skilur þá þannig við málið, ef hann ræðir ekki um það aftur, að hann telur ekki skyldu fjárln. að gera tillögu um að staðið verði við þá samninga sem ráðherrar hafa undirritað. Það er satt að segja afar merkileg braut, hv. þm. Vonandi verður þeirri aðferð ekki beitt gagnvart Austurlandi.

Mér sýnist þess vegna að í ljósi yfirlýsinga hv. þm. og ýmislegs annars sem hér hefur verið sagt í kvöld þá sé þetta mál því miður miklu verr statt en haldið var fram fyrir nokkru síðan. Það er þó þannig að hvaða þingmaður sem er á rétt til að leggja til á Alþingi að staðið verði við samninga. Ég get sagt hv. þm. að ef hann sem formaður fjárln. ætlar í fyrsta sinn að fara að taka upp þá siðvenju að leggja ekki til við þingið að undirritaðir samningar milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins séu efndir þá munum við örugglega margir úr hópi þingmanna Reykn. leggja til að staðið verði við samninginn. Sú tillaga mun liggja fyrir þinginu þegar að því kemur.

[23:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. hefur mjög gert að umtalsefni í kvöld það minnisblað sem skrifað var upp á í tengslum við tilraunir til þess að ná samkomulagi við Suðurnesjamenn út af sjúkrahúsmálum þar. Hann hefur velt því fyrir sér hvort verið sé að búa til venjur eða skapa venjur. Ég vona svo sannarlega það sé verið að því, já. Venjur sem felist í því að menn telji ríkari ástæðu til að leita samninga en e.t.v. hefur stundum áður verið gert af hálfu framkvæmdarvaldsins. Og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði hvort þekktir væru einhverjir samningar sem hefðu verið undirritaðir af fjármálaráðherrum og viðkomandi fagráðherrum og ekki hefði verið staðið við. Ég get frætt hv. þm. um að ég þekki slíka samninga. Allt hefur nú gerst. Það sem við hv. þm. Jón Kristjánsson vildum leggja áherslu á var að gengið yrði til samninga til þess að reyna að ná niðurstöðu í þá veru, eins og ég sagði fyrr í kvöld, að sameiginlega mætti leysa þetta viðkvæma og erfiða mál til hagsbóta fyrir Suðurnesjamenn.

Ég leyfði mér að vona og raunar veit að hv. þm. Reykn. eru allir af vilja gerðir. Hins vegar eru það e.t.v. mikil meðmæli með samkomulaginu sem gert hefur verið og felst í minnisblaðinu, að svo mikill pólitískur pirringur af hálfu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar skuli koma fram. Ég held að það kannski bendi frekar en hitt til að býsna vel hafi verið að verki staðið, enda liggur fyrir að Suðurnesjamenn undirrituðu þetta minnisblað og eru reiðubúnir til þess að vinna að lausn þessa máls.

[23:55]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hv. þm. svaraði ekki mikilvægustu spurningunni sem ég bar fram við hann. Hún var sú hvort hann hefði virkilega verið að lýsa því yfir fyrr í kvöld að ef Sjúkrahús Suðurnesja sætti sig ekki við skipulagsbreytingar sem heilbrrn. legði til þá fengi það ekkert úr þeim 70 millj. kr. sjóði sem ætti að verja til að leysa fjárhagsvandann. Það er nefnilega þannig, hv. þm., að engin niðurstaða hefur fengist í málinu. Það rangt hjá hv. þm. að segja að niðurstaða hafi fengist. Allir vita að af hálfu sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum og þingmanna Reykjaneskjördæmis er engin niðurstaða komin í málið. Það eina sem gerst hefur er að undirritað hefur verið minnisblað og eftir á að útfæra það og túlka með samningum. Engin niðurstaða fæst fyrr en þeim er lokið. Af hálfu heimamanna er ljóst, eins og fram hefur komið á formlegum fundum með okkur, að með minnisblaðinu er búið að tengja saman, hv. þm., lausnina á fjárhagsvanda Sjúkrahúss Suðurnesja og heilsugæslustöðvarinnar og byggingarmálin. Það sem hefur verið að upplýsast í kvöld er að lausnin á fjárhagsvandanum er fullkomlega í lausu lofti. Þess vegna er það þannig, hv. þm., að það er engin niðurstaða fengin. Það er misskilningur hjá hv. þm. að einhver pólitískur pirringur sé í þessu máli af minni hálfu. Satt að segja hefur sú siðvenja orðið mjög rík hjá okkur þingmönnum Reykn. að við stöndum saman að hagsmunamálum kjördæmisins og erum ekki með flokkspólitíska leikfimi um það. Það kom skýrt fram á fundi þingmanna kjördæmisins með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum að í þessu máli var um að ræða eindregna samstöðu þingmanna kjördæmisins og við vitum fullvel að ekki hefur fengist niðurstaða í málinu. Þess vegna tökum við það til umfjöllunar. Við erum að reyna að skýra málið til þess að reyna að ná þessari niðurstöðu fram.

[23:58]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. vil ég segja að auðvitað hafa engin skilyrði verið sett. Það er misskilningur ef hann hefur skilið mín orð þannig að um það væri að ræða. Ég tók einmitt fram í ræðu minni fyrr í kvöld að í fjáraukalögum, sem við erum að fjalla um núna einmitt

í þessari umræðu, eru auðvitað fyrstu merki þess að meiri hluta fjárln. er mikil alvara með að finna lausn á málefnum Sjúkrahúss Suðurnesja með því að leggja til 35 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum til heilsugæslustöðvarinnar. Hún er auðvitað hluti af þessum rekstri. Síðan er gert ráð fyrir að framlög komi úr potti upp á 75 millj. kr. til þess sjúkrahúss. Það er ekki sannngjarnt af hans hálfu að ætlast til þess á þessari stundu að um það liggi fyrir niðurstaða. Það liggur hins vegar fyrir vilji meiri hluta fjárln. til að vinna að málum sjúkrahússins. Ég tel að með tillögum sem við höfum lagt fram, bæði í fjáraukalögum og fjárlögum sem verða vonandi innan skamms til umræðu, sé það sýnt í verki á hvaða leið við viljum vera í þessu máli, þ.e. á þeirri leið að finna lausn á málefnum Sjúkrahúss Suðurnesja. Ég er sannfærður um það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mun koma í það lið sem vill vinna að þessu máli. Ég vonast til þess að hv. þm. hætti þessari pólitísku leikfimi sem hann hefur iðkað hér á síðkvöldi og gangi til liðs við okkur hv. þm. Jón Kristjánsson sem höfum svo sannarlega reynt að finna lausn á þessu máli.

[00:00]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandinn í þessu máli, hv. þm. Sturla Böðvarsson, er fólginn í því að stjórn Sjúkrahúss Suðurnesja hefur á fundi með þingmönnum Reykn. lagt fram formlegar greinargerðir um það hvernig þarf að ganga frá þessu máli til þess að viðunandi lausn fáist. Samningsaðilar hv. þm. Vesturl., sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, hafa á þeim *sama fundi lýst því alveg skýrt yfir að endanleg og full*mótuð lausn á fjárhagsvanda sjúkrahússins sé hluti af þessu samkomulagi. Það hefur verið að koma í ljós, hv. þm., að svo er ekki. Það hefur verið upplýst (**StB:** Það eru þín orð, hv. þm.) Það eru ekki mín orð, hv. þm., vegna þess að það var upplýst af hv. þm. Árna Mathiesen, 2. þm. Reykn., að það yrði ekki fyrr en síðar á árinu 1996 að ljóst yrði hvað Sjúkrahús Suðurnesja fengi úr þessum 70 millj. kr. sjóði.

Ég fer fram á það við hv. þm. ef hann heldur virkilega að málið standi svona eins og hann er að lýsa í ræðum sínum að hann eigi mjög fljótlega viðræður við forráðamenn Sjúkrahússins á Suðurnesjum og sveitarfélaganna til þess að hann geti áttað sig á því hvernig málið er vaxið. Það er ljóst ef dæma má eftir yfirlýsingum formanns og varaformanns fjárln. í kvöld að þeir eru að lýsa allt öðru samkomulagi en forsvarsmenn Sjúkrahúss Suðurnesja og sveitarfélaganna á Suðurnesjum lýstu fyrir okkur þingmönnum kjördæmisins á formlegum fundi með okkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[00:04]

Útbýting þingskjala:

Aðgengi fatlaðra að umhverfisráðuneytinu, 264. mál, fsp. ÖJ, þskj. 491.

Aðgengi fatlaðra að Þjóðleikhúsinu, 267. mál, fsp. ÖJ, þskj. 494.

Aðgengi opinberra bygginga, 266. mál, fsp. ÖJ, þskj. 493.

Fjárlög 1996, 1. mál, brtt. GHH o.fl., þskj. 495.

Könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum, 265. mál, fsp. ÖJ, þskj. 492.

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, þskj. 465.

Afbrigði um dagskrármál.

[00:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa um fundahaldið. Tvö mál eru eftir á dagskránni. Það eru lánsfjárlög og fjárlög 1996 sem við munum ræða á nýbyrjuðum degi. Ætlunin er að halda síðasta fund fyrir jól á morgun kl. 11. Þá verða atkvæðagreiðslur. Atkvæðagreiðsla verður hins vegar nú um afbrigði vegna fjögurra þingskjala, brtt. á þskj. 485, 486, 490 og 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:06]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 485, 486, 490 og 495. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1996, frh. 3. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 465, frhnál. 482 og 489, brtt. 456, 483 og 490.

[00:07]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara yfir frv. til lánsfjárlaga í þessari ræðu að öðru leyti en því sem umræður hafa snúist um í dag, þ.e. þá tillögu sem kom fram í gærkvöldi um að veita fyrirtækinu Speli hf. ríkisábyrgð fyrir lántöku.

Mig langar í stuttu máli að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirrar tillögu. Ég minni á að tekjur af skattlagningu af umferð er um 18.000 millj. kr. á ári. Megnið af þeirri upphæð rennur í ríkissjóð en þó er nokkur hluti sem rennur til Vegagerðar, bæði reksturs og stofnframkvæmda samkvæmt svonefndum mörkuðum tekjustofnum. Það er um liðlega 7 *milljarðar kr. á ári af þessum 18.000 millj. kr. eða nokkur* minni hluti. Þetta er rétt að hafa í huga þegar menn eru að meta framkvæmdir í vegamálum og tillögur þar að lútandi.

Í öðru lagi er líka rétt að hafa í huga að það hefur ekki miðað sem skyldi í uppbyggingu vega hér á landi. Þó margt hafi vel gengið á undanförnum tveimur áratugum eða svo hefur framþróunin samt verið svo ör að menn hafa víða ekki gert meira en að halda í horfinu. Sums staðar er enn mikið óunnið í vegamálum og annars staðar bíða fjárfrek verkefni bæði vegna þess að umferð hefur aukist svo mjög að hún kallar á miklar framkvæmdir og eins hitt að víða eru vegir orðnir ófullnægjandi miðað við þær aðstæður sem menn búa við í dag, þann bílakost sem menn nota og þá umferð sem er á vegum. Þetta er líka rétt að hafa í huga þegar menn meta þetta mál, hver þörfin er.

Almennt hefur verið litið svo á að samstaða sé um að vegaframkvæmdir ættu að vinnast af hálfu ríkisins með aflafé þess og greiðast að mestu leyti af sköttum en ekki með sérstökum gjöldum af umferð hverju sinni. Þó eru dæmi um það eins og Keflavíkurvegurinn var á sínum tíma en ég hygg að þeir séu ekki fleiri. Auðvitað er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort að það eigi að taka tiltekið verkefni út fyrir vegáætlun og vinna þau með sérstökum hætti og fjármagna með tekjum af umferð sem nota þær framkvæmdir þegar þeim er lokið. Það er sjálfstætt efni sem menn geta rökrætt um og það er í sjálfu sér ekkert endilega að það eigi að vera

þannig að Hvalfjarðargöng eigi að greiðast utan vegáætlunar. Málið hefur hins vegar farið í þann farveg að menn hafa ákveðið að reyna að koma þessu verki á með sérstökum hætti utan hinnar hefðbundnu vegáætlunar. Ekki leggst ég gegn því af þeirri einföldu ástæðu að verkin eru svo mörg sem bíða að geti menn leyst einhver þeirra með öðrum hætti en með tekjum af vegáætlun léttir það á þeim framkvæmdum sem annars myndu bíða. Ég er því almennt hvetjandi þess að þetta gangi eftir bæði vegna verksins sjálfs og eins vegna áhrifa á aðrar framkvæmdir ef tekst að taka þetta verkefni og fjármagna það með sérstökum hætti.

Eiga menn að ganga svo langt sem hér er lagt til að veita ríkisábyrgð til þess að unnt verði að koma þessari framkvæmd af stað? Forsaga málsins hefur verið rifjuð upp og þarf ekki að endurtaka hana. Ég get tekið undir þær gagnrýnisraddir sem hafa komið fram og gagnrýnt aðdraganda þessa máls. Að vissu leyti má líka gagnrýna þá bjartsýnu menn sem hafa haldið því fram og sjálfsagt trúa því sjálfir að þeim myndi takast af eigin rammleik að fjármagna þetta verk án atbeina ríkisvaldsins. Ég var aldrei mjög bjartsýnn á að það mundi ganga eftir þannig að það kemur mér ekki mjög á óvart þó að menn þurfi að leita til ríkisins nú til að fá styrk þess og atbeina til að fá lánsfé svo unnt verði að koma framkvæmdinni af stað. Sú beiðni sem er komin upp núna kemur mér ekki mjög á óvart heldur er hún fremur í takt við það sem ég hafði ímyndað mér á sínum tíma að málið mundi ganga eftir með þessum hætti, að ríkið yrði fyrr eða síðar að leggja þessu máli lið.

Eiga menn að fallast á það eða eiga menn að leggjast gegn því? Það er spurningin sem menn verða að svara því að á endanum eru menn að greiða atkvæði um það en ekki aðdraganda málsins eða forsögu. Það er fortíðarmál sem menn geta gert upp í ræðum og út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja að menn fari yfir þau mál en menn greiða einfaldlega bara atkvæði um það hvort menn vilja að þetta verði eða þeir vilji að þetta verði ekki. Svar mitt við því er mjög einfalt. Ég er þess fylgjandi að af þessu geti orðið og er tilbúinn til að stuðla að því með því að styðja þá tillögu sem liggur fyrir í málinu. Fyrir því eru einfaldar ástæður eins og ég hef reynt að draga upp. Ég bendi enn frekar á til skýringar málinu að jafnvel þótt að reyndi á ábyrgðina eins og leitað er eftir þá yrði langstærstur hluti verksins fjármagnaður með lánsfé sem síðan yrði endurgreitt af umferðinni sem notar mannvirkið. Kannski verða um 4 milljarðar kr. eða svo fjármagnaðir með öðrum hætti en með framlögum frá ríki eða framlögum af vegáætlun. Það munar mikið um að geta tekið þetta verk til hliðar og notað það fé sem við öflum til vegagerðar í önnur verkefni sem eru mjög brýn og þörf. Ég teldi mikinn skaða ef þetta verkefni dytti upp fyrir og við yrðum þess í stað að fara að taka frá fé af takmörkuðum efnum til vegáætlunar í vegaframkvæmdir fyrir Hvalfjörð sem mundi fylgja í kjölfarið.

Ég hygg að ekki sé deilt um að ástand vegarins fyrir Hvalfjörð er það alvarlegt miðað við umferðarþunga, bæði fjölda bíla og marga, þunga og stóra flutningabíla, að það verður ekki hægt að láta það standa óbreytt um nokkurra ára tímabil eins og mundi verða að óbreyttu ef ekki yrði gripið til sérstakra ráðstafana til þess að fara í framkvæmdir strax fyrir Hvalfjörð eins og menn mundu þurfa að gera. Ég held að engum detti í hug að hafa núverandi ástand óbreytt næstu þrjú til fimm árin. Það væri ábyrgðarhluti sem enginn stjórnmálamaður er að mínu viti tilbúinn til að axla miðað við ástand mála á þessum slóðum. Fyrir mér er spurningin því þessi og ég svara henni játandi. Ég er tilbúinn til að styðja þetta mál og mun hvergi draga af í þeim efnum. Það felur þó ekki í sér að ég tali gegn þeim sem hafa gagnrýnt ákveðna þætti í aðdraganda málsins, þvert á móti. Ég get tekið undir það að verulegu leyti. Ég tel t.d. ámælisvert að koma með svona stórt mál inn í 3. umr. máls. Þetta er mál sem á að koma strax fram við 1. umr. og hljóta þrjár umræður eins og eðlilegt er í málum af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja meira um afstöðu mína til málsins. Ég hef þegar gert grein fyrir henni.

[00:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 490 og frhnál. á þskj. 489 vegna frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996. Mál þetta olli talsverðum umræðum í dag en síðan var haldinn fundur í efh.- og viðskn. og í kjölfar þessa fundar var ákveðið að meiri hlutinn skyldi flytja hér brtt. um frv. til lánsfjárlaga. Hún er í rauninni efnislega sú sama og brtt. sem flutt var við þá tillögu sem lá fyrir áður með þeirri viðbót að sú heimild til sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs sem veitt er vegna lántöku Spalar hf. er skilyrt að því leyti að flokka þarf fyrir hvað má nýta þær 1.000 millj. sem um er að ræða. Í þeirri brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til er lagt til að af heimildinni megi nýta 300 millj. kr. vegna kostnaðar af töfum á því að verkið hafi hafist og meiri undirbúningskostnaðar. Þar er og lagt til að 300 millj. kr. af heimildinni megi nýta við verklok vegna mögulegs kostnaðarauka við verkið á verktíma. Síðast en ekki síst er lagt til að 400 millj. kr. af heimildinni megi nýta vegna vegtenginga við göngin eftir því sem þörf krefur.

Þá er sérstaklega tekið fram í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. að það sé álit meiri hlutans að til frekari ríkisábyrgðar eigi ekki að koma vegna þessa verks. Með þessu telur meiri hluti efh.- og viðskn. að verið sé að afmarka mjög þann tilgang og skilgreina sem liggur fyrir varðandi þá heimild til sjálfskuldarábyrgðar sem verið er að veita með tillögunni og komið sé verulega til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram í umræðum um þetta mál bæði í þingsölum og eins í efh.- og viðskn. Ég vænti þess að þessi nýja brtt. leiði til þess að menn geti staðið sáttari upp frá þessu verki og ekið ánægðari um göngin þegar þau verða að veruleika.

[00:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Tillaga um ríkisábyrgð vegna Hvalfjarðarganga orkar vitaskuld tvímælis þegar haft er í huga að allt frá því að hugmyndin vaknaði var rætt um að það kæmi ekki til ríkisábyrgðar varðandi þessa gangasmíði. Það ber þó að hafa í huga að hluti af þessu verkefni er á sviði ríkisins, þ.e. það sem varðar vegtengingu við þessi göng. Þegar málið kom upphaflega inn í þingið var það illa úr garði gert. Það kom mjög seint fram og á því voru bæði efnislegir og formlegir gallar. Í millitíðinni hefur það hins vegar gerst að kynntar hafa verið hér af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni tillögur meiri hluta efh.- og viðskn. varðandi þetta mál. Með þessum brtt. er afmarkað skilmerkilega í lagagreininni með hvaða hætti þessari ríkisábyrgð verði varið. 300 millj. af heimildinni má nýta vegna kostnaðar af töfum á því að verkið hafi hafist, aðrar 300 millj. af heimildinni má nýta við verklok

vegna mögulegs kostnaðarauka og 400 millj. af heimildinni má nýta vegna vegtenginga. Síðastnefndi liðurinn tengist í reynd vegáætlun þar sem þar er um hlutverk ríkisins að ræða. Í frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn. er tekið fram að það sé álit meiri hlutans að til frekari ríkisábyrgðar eigi ekki að koma vegna þessa verks.

Ég tel brtt. á þessu frv. mjög til bóta. Þar hefur verið komið verulega til móts við sjónarmið stjórnarandstæðinga á hinu háa Alþingi, bæði hvað varðar formlega framsetningu og þá spurningu hvort menn eru hér að leggja út í áframhaldandi ríkisábyrgðir.

Komið hafa fram sterk rök, bæði hér í umræðunni fyrr í dag og í umfjöllun efh.- og viðskn., fyrir því að sú upphæð sem um er rætt, 1.000 millj., sé of há. Það er skoðun mín, studd sjónarmiðum annarra, að vilji menn greiða götu málsins á þann veg að framkvæmdir geti hafist strax eftir áramót með tiltekinni ríkisábyrgð á afmarkaðan hluta væri 300 millj. kr. ríkisábyrgð fyllilega nægjanleg.

Vissulega er það sjónarmið líka gilt að einkaaðili sem leggur upp með hugmyndir um göng og segist hvorki vilja né þurfa ríkisábyrgð verði þá að standa andspænis því sjálfur þegar kemur að erfiðleikum varðandi fjármögnun. Hins vegar er ljóst að málið er komið býsna langt í undirbúningi og göngin verða vafalítið lögð, þótt það verði ekki samkvæmt þeirri aðferðafræði sem bjó að baki stofnun Spalar. Mjög margt orkar tvímælis varðandi þetta mál, t.d. hlutverk Spalar í framkvæmdinni eins og málum er nú háttað. Vissulega má hugleiða hvort ríkisvaldið ætti ekki að koma inn í þessa framkvæmd með sérstakri ákvörðun.

Eins og tillagan er lögð fram núna af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. studd af stjórnarflokkunum hér á Alþingi er þó boðið upp á skýra valkosti fyrir þingmenn til afstöðu í málinu. Þeir geta tekið afstöðu gegn málinu í heild sinni eða stutt það en þeir geta einnig vegið og metið þau einstöku skilyrði eða þá einstöku þætti skiptingarinnar sem getið er um í tillögunni. Ég vil benda á að þessi nýja tillaga efh.- og viðskn. er ekki einungis formbreyting. Þetta er breyting að efni til vegna þess að áður var þessi ríkisábyrgð óskilgreind og mátti verja henni í hvern þann þátt sem menn hefðu kosið. Jafnframt ber að hafa sterklega í huga þá yfirlýsingu að það sé álit Alþingis að til frekari ríkisábyrgða eigi ekki að koma vegna þessa verks, verði tillagan samþykkt.

Það er mitt mat, herra forseti, að eins og tillagan er nú úr garði gerð geti hv. alþingismenn tekið afstöðu til málsins á grundvelli hennar. Ég tel þessa tillögu meiri hluta efh.- og viðskn. koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar að nokkru leyti. Hún skapar skýra valkosti við þá atkvæðagreiðslu sem væntanlega fer fram um málið og mun vafalítið greiða fyrir störfum á Alþingi. Fyrr í dag bað ég um frestun þar sem við stjórnarandstæðingar vorum allir sammála um að fara yrði betur yfir málið. Ég tel að sá búningur sem það er komið í núna sé hæfur til ákvarðanatöku og hægt sé að taka skýra afstöðu til frv. eins og það liggur fyrir núna. Ég tek einnig skýrt fram að þótt ég geti sætt mig við að hluti af ríkisábyrgð yrði veittur leggjast sumir í þingflokki mínum gegn því. Enda getur nú hver og einn tekið sína skýru afstöðu til þessa máls.

[00:29]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ferill þessa máls á síðasta sólarhring er nokkuð sérkennilegur. Það eru rétt rúmar 24 klukkustundir síðan hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ásamt þremur öðrum þingmönnum lagði fram tillögu um einfalda ríkisábyrgð upp á 1.000 millj. kr. Ég gerði strax athugasemd við þá tillögu þegar leitað var afbrigða. Það varð til þess að í skyndi var skotið á fundi eða fundum hér í námunda við þingsalinn og nýju þingskjali dreift þar sem tveir þingmenn höfðu bæst í hóp þeirra sem fluttu tillöguna. Síðan er það upplýst í umræðum í kvöld og í dag að engin sérstök vísindi liggi á bak við þá upphæð sem tilgreind var í upphaflegu tillögunni. Tveir af flutningsmönnum, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Pétur Blöndal, lýsa því síðan yfir að í raun og veru þurfi eingöngu að afgreiða heimild til þess að veita 300 millj. kr. ríkisábyrgð hér og nú. Síðan er gefið í skyn í umræðunni að til þess kunni að koma að þessi upphæð til ríkisábyrgðar verði hækkuð. Við kröfðumst þess, fulltrúar ýmissa stjórnarandstöðuflokka, að málið væri endurskoðað, það væri ekki hægt að afgreiða ríkisábyrgðina með þeim hætti sem lagt hafi verið til.

Það tók, því miður, virðulegi forseti, marga klukkutíma í dag að ná því fram að efh.- og viðskn. kæmi saman til fundar til að endurskoða málið. Mikið værum við betur stödd, virðulegi forseti, í starfsháttum þingsins ef menn hefðu strax orðið við ósk okkar. Fljótlega í dag hefðu komið þau þingskjöl sem nú liggja fyrir. Ég held að það geti verið bæði þeim forsetum sem á stólnum sitja hverju sinni og stjórnarmeirihlutanum íhugunarefni að skynsamlegt kunni að vera að verða við óskum okkar í stjórnarandstöðunni.

Loksins tókst eftir ítarlegt þóf að berja fram að haldinn yrði fundur í efh.- og viðskn. um málið. Niðurstaða hans liggur svo fyrir á tveimur þingskjölum sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur mælt fyrir. Hver er hún? Hún er í fyrsta lagi að orðið er við kröfunni sem ég setti fram í upphafi umræðna að þessari upphæð yrði skipt upp með formlegum hætti. Í öðru lagi yrði formlega sagt í sjálfum lagatextanum að óheimilt væri að veita 300 millj. kr. af þessari upphæð fyrr en verkinu væri lokið. Í þriðja lagi er orðið við þeirri ábendingu að 400 millj. kr. vegna vegtenginganna er í reynd bara hluti af almennu vegafé og hefur ekkert með ríkisábyrgð að gera, þótt stjórnarmeirihlutanum þyki þægilegra vegna ríkisfjármála- og fjárlagahallakúnstna sinna að afgreiða það í gegnum þingið með þessum hætti. Eftir stendur það sem við sögðum fyrr í dag að eingöngu væri hæstv. fjmrh. veitt heimild til þess að afgreiða 300 millj. kr. af þessari upphæð.

Síðan er til viðbótar orðið við ósk okkar um að tilgreina skýrt þann vilja meiri hluta nefndainnar og þar með þingsins, eins og segir á þskj. 489, „að til frekari ríkisábyrgðar eigi ekki að koma vegna þessa verks“. Þar með er skrúfað fyrir að hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. geti komið hér á nýjan leik og beðið um hærri upphæðir með sama hætti og gert er nú. Með þessu ákvæði á þskj. 489 er verið að gefa hæstv. ráðherrum þá leiðsögn að það eru eingöngu þær 300 millj. kr. sem tilgreindar eru í upphafi 2. málsgr. á þskj. 490 sem heimild er til að veita ríkisábyrgð fyrir. Þannig hefur það náðst fram með, því miður, allt of mikilli fyrirhöfn, virðulegi forseti, að málið hefur loksins nú eftir miðnætti verið klætt í þann búning sem er þó boðlegur. Auðvitað stendur það eftir að með þeim 300 millj. sem verið er að heimila nú, en ekki 1.000 millj. til afgreiðslu strax, er ríkið að taka á sig ákveðinn hluta þessa fjárframlags. Það er að vísu mjög lítill hluti. Upphaflega tillagan var um fjórðung upphæðarinnar. Það er nú komið undir 10% af upphaflegum og núverandi áætluðum kostnaði við gangagerðina.

Ég tel mjög mikilvægt að meiri hlutinn hefur gert það alveg skýrt, á þskj. 489, að þar með sé málinu lokið af hálfu þingsins samkvæmt áliti meiri hlutans.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. Ég tel mikilvægt að þessar breytingar hafa náðst fram, að málið liggur fyrir með þessum hætti. Eins og ég hef sagt hefði átt að gera það strax í upphafi og þetta á að vera mönnum lexía um það hvernig ekki á leggja fyrir mál. Hitt er svo annað mál að ég mun ekki greiða þessum tillögum atkvæði mitt því ég tel að það sé eingöngu verk meiri hlutans að bera ábyrgð á að ríkisábyrgðin sé veitt. Ég hef ekki sannfærst um að nauðsynlegt sé að gera það. Þó er alveg ljóst að málið er mun skárra í þeim búningi sem það birtist nú þinginu en það var þegar það var lagt fram fyrir 24 klukkustundum.

[00:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp í andsvari en það ætti eiginlega að heita undirtekt vegna þess að ég var mjög ánægður með ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og undirtektir hans við brtt. sem við lögðum fram, meiri hluti efh.- og viðskn. Ég er næstum því svo ánægður að það liggur við að ég sé að hugsa um skokkbraut fyrir hv. þm. í gegnum göngin en ég treysti mér samt ekki til að leggja það til á þessu stigi málsins. Ég vona að við getum einhvern tímann orðið samferða í gegnum göngin þegar þau verða opnuð og búið að vinna að þessari þarfaframkvæmd.

[00:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi vekja athygli á því að hér er ekki til umræðu sú framkvæmd sem á að vinna, þ.e. hvort að eigi að ráðast í hana eða ekki. Ég tel að menn séu almennt sammála um að hún sé þörf. Hún styttir verulega leiðina fyrir þá sem aka þurfa um Hvalfjörð, hvort heldur vestur eða norður í land, auk þess sem með þessu móti er vegfarendum gefinn kostur á því annaðhvort að aka veginn um Hvalfjörð í þeirri mynd sem menn þekkja hann eða aka um göng undir fjörðinn og greiða þá veggjald fyrir. Er það nýmæli að menn hafi val um slíkt hér á landi. Út af fyrir sig held ég að menn hafi ekkert á móti því. Ég vil því taka fram að umræðan sem hefur orðið um þetta mál hefur ekki verið til þess að lýsa ágreiningi um þetta verk í sjálfu sér.

Í öðru lagi vil ég taka fram að ég tel að það sé heldur ekki nein andstaða við því í þinginu eða a.m.k. mjög ríkur meiri hluti til þess að láta reyna á hvort þessi aðferð við framkvæmdir sé skynsamleg og farsæl. Hugsanlega geti aðilar utan ríkiskerfisins þannig átt hlut að því að byggja upp vegakerfi okkar og þá fjármagnað það með lánum sem þeir greiða síðan niður með veggjaldi. Það er ekki heldur andstaða við það eða mikil mótspyrna að reyna slíkar nýjar lausnir. Það sem menn hafa verið að tala um nú og er megínatriði málsins er aðferðafræðin.

Ég vil minna á, virðulegi forseti, að fyrir nokkrum árum tóku menn ákvarðanir um umtalsverðar vegaframkvæmdir og vildu af ýmsum ástæðum ekki sýna þær sem útgjöld á vegáætlun eða bein útgjöld í fjárlögum. Þá var valin sú furðulega leið að búa til sérstaka stofnun í B-hluta sem var kölluð Áhaldahús Vegagerðar ríkisins. Af því að það var gert að B-hluta stofnun, þó að ekkert stæði á bak við það annað en nafnið, þá gat hún tekið lán til framkvæmda eins og aðrar stofnanir í B-hluta án þess að það væri sýnt á vegáætlun eða fjárlögum með sama hætti og venjulegar vegaframkvæmdir. Þetta þykir nú ekki og hefur aldrei þótt góð latína, enda er búið að fella niður úr B-hluta fjárlagafrv. heitið Áhaldahús Vegagerðar ríkisins, þannig að menn geta, virðulegi forseti, ekki lengur farið slíkar krókaleiðir. Það sem menn höfðu áhyggjur af og veltu fyrir sér var hvort að með ríkisábyrgð, sem ekki væri nánar skilgreind vegna þessarar framkvæmdar, væri verið að búa til leið til þess að ráðast í framkvæmdir án þess að sýna það í fjárlögum, án þess að framlag ríkisins kæmi fram í gjaldahlið fjárlaga og ylli því meiri halla heldur en ella hefði verið. Auðvitað er hægt að hugsa sér að fara fram hjá fjárlagagerð með þeim hætti að fela aðilum utan ríkisins að standa fyrir hinum ýmsu framkvæmdum, svo sem skólabyggingum, vegagerð, hafnargerð o.s.frv., gegn því að ríkissjóður veitti síðan viðkomandi aðila ábyrgð. Í fyllingu tímans kallaði hún á greiðslur úr Ríkisábyrgðasjóði sem kæmu ekki fram á sama tíma, eins og framkvæmdirnar eru unnar, sem framlag ríkisins á fjárlögum.

Þetta held ég að allir alþingismenn séu sammála um að sé ekki viturleg leið, því að ef hún væri valin væri ekkert að marka fjárlög, þá gæfu þau ekki rétta mynd af útgjöldum ríkisins til framkvæmda, þó að þegar upp væri staðið kæmi féð allt úr sama vasa. Þess vegna var það sem frá upphafi var lögð á það áhersla, af öllum aðilum, að sú framkvæmd sem hér er verið að vinna ætti fjármagnast að öllu leyti af einkaaðilum utan ríkisfjárlaga og ekki ætti til að koma ríkisábyrgð vegna hennar. Þetta kom síðast fram hjá hæstv. samgrh. Halldóri Blöndal í andsvari sem hann gaf 21. feb. 1995 en þar sagði hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Frá upphafi skilst mér að hafi verið gert ráð fyrir því að um þriðjungur verksins eða þar um bil yrði fjármagnaður af innlendu fé og ekki veit ég betur en þær hugmyndir standi enn í grófum dráttum. Ekki er gert ráð fyrir því að bæjar- eða ríkisábyrgð komi til sögunnar."

Þarna er enn og aftur tekið fram að ekki verði um ríkisábyrgð að ræða vegna þessa verks. Eins og brtt. var upphaflega lögð fram hefði mátt ætla af henni og ekki síst vegna orða sem féllu úr þessum ræðustól að þetta væri e.t.v. upphafið að því að veita ætti almenna ríkisábyrgð til verksins. Þá er þetta í rauninni orðin ríkisframkvæmd sem ætti að fara inn á fjárlög með sama hætti og aðrar ríkisframkvæmdir. Enn eimir svolítið eftir af þessu, þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni, þ.e. ef ekki hefði verið gengið frá málum með þeim hætti sem hér er gert með ríkisábyrgð hefði hæstv. ríkisstjórn orðið að flytja tillögu um að við útgjöld fjárlaga fyrir árið 1996 bættust 400 millj. kr. sem ættu þá að ganga til vegaframkvæmda, til vegatenginga ganganna. Það hefði aukið halla ríkissjóðs sem því svaraði. Þess í stað velur hæstv. ríkisstjórn þá leið að gera ráð fyrir að fyrirtækið Spölur hf. leggi þessa tengivegi og afli fjár til þess með lántöku sem ríkið ábyrgist síðan. Þetta er aðferð til þess að koma þessari fjárveitingu fram hjá fjárlögum og er út af fyrir sig gagnrýni verð.

Eins og málin standa nú er búið að gera verulegar breytingar á hinni upphaflegu brtt. þannig að hún er mun skýrari. Þegar lesið er frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn. sem stendur að tillögunni er þar í gadda slegið að ekki sé gert ráð fyrir frekari ríkisábyrgð. Með öðrum orðum það eigi að vinna verkið eins og stóð upphaflega til af einkaaðila og án ríkisábyrgðar annarrar en þeirrar óverulegu ríkisábyrgðar sem brtt. gerir nú ráð fyrir. Ég tel að með þessari breytingu hafi verið tekin af öll tvímæli um það að það er ætlunin að standa

að þessu verki eins og var ráðgert upphaflega. Þingflokkur Alþfl. mun skoða málið eins og það liggur nú fyrir og afstaða hans mun koma fram í atkvæðagreiðslu á morgun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárlög 1996, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 394, frhnál. 459 og 488, brtt. 418, 419, 420, 429, 460, 461, 462, 484, 485, 486 og 495.

[00:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Nefndin hefur haft fjárlagafrv. til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 14. des. sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins, Lánasjóðs ísl. námsmanna. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frv. og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í máli fulltrúa Þjóðhagsstofnunar kom fram að horfur í efnahagsmálum eru hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í haust.

Þjóðhagsstofnun áætlar að þjóðarútgjöld aukist um 4,9% á árinu. Afgangur af viðskiptajöfnuði stefnir í að verða minni á þessu ári en gert var ráð fyrir. Reiknað væri með að afgangurinn væri 2 milljarðar á þessu ári í staðinn fyrir 4,7 milljarða samkvæmt þjóðhagsspá. Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir að hagvöxtur á árinu verði 2,6% í stað 3,2% í þjóðhagsáætlun og spáð er 3,2% hagvexti á næsta ári og aukningu þjóðartekna um 3,7%.

Vegna aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki á árinu 1996 og verði 4% í stað 5% eins og þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þjóðhagsstofnun telur líklegt að verðbólga aukist nokkuð á næsta ári og er spáð að neysluverð hækki um 2,75% á milli ára.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum. Tillögur meiri hluta nefndarinnar, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda um 829,6 millj. kr.

Niðurstöður eru að heildargjöld verði 124,8 milljarðar og heildartekjur 120,9 milljarðar sem leiðir til þess að halli ríkissjóðs verði um 3,9 milljarðar þannig að markmið sem sett voru í fjárlagafrv. um halla hafa náð fram að ganga.

Ég mun nú skýra þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til við 4. gr. frv. en fyrir breytingunum er einnig gerð grein í nefndarálitinu þannig að ég mun stikla á stóru og svara fyrirspurnum ef fram koma í umræðunni á eftir.

Æðsta stjórn ríkisins. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka fjárveitingu til viðhalds fasteigna Alþingis um 20 millj. kr. vegna endurbóta á húseignum Alþingis. Fjárhæðin er ætluð til að hefja síðasta áfanga endurgerðar húsanna við Kirkjustræti.

Forsrn., aðalskrifstofa. Lagt er til að framlag til aðalskrifstofunnar hækki tímabundið um 6 millj. kr. en frá næstu áramótum tekur Ísland við formennsku í EFTA og stendur hún allt næsta ár. Formennskunni fylgir m.a. að Íslendingar þurfa að taka að sér forustu í fleiri nefndum innan EFTA en nú er og nauðsynlegt er að auka starfsemi í sömu nefndum til að gera EES-starfið virkara. Lausleg áætlun bendir til að kostnaður geti numið 8–10 millj. kr. en viðkomandi ráðuneyti verða að einhverju leyti sjálf að standa undir þessum kostnaði. Eins og áður er sagt er lagt til að veittar verði 6 millj. til þessa verkefnis og ráðuneytisstjórum forsrn. og utanrrn. verði falið að taka umsóknum einstakra ráðuneyta um framlög af þessum lið og gera tillögur til forsrh. og utanrrh. um úthlutun.

Ýmis verkefni vegna 1000 ára afmælis kristnitöku. Nefnd skipuð forseta Íslands, forsrh., forseta Alþingis og biskupi er að störfum við að undirbúa hátíðahöld árið 2000 til að minnast 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi. Eftir tillögu nefndarinnar er lagt til að veittar verði 4 millj. kr. til undirbúnings.

Byggðastofnun. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar verði hækkað um 8 millj. kr. vegna sérstakra aðgerða til stuðnings ferðaþjónustu.

Menntmrn. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag til Háskóla Íslands um 15 millj. kr. Hækkunin er að hluta til vegna fjölgunar nemenda og nýrra verkefna. Lagt er til að hækka fjárveitingu til Háskólans á Akureyri um 1,5 millj. kr. vegna nýrra verkefna.

Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til Kvikmyndasjóðs verði hækkað um 9,3 millj. kr. og verði 98 millj. kr. sem er svipuð fjárveiting og í fjárlögum þessa árs. Lagt er til að framlag Íslensku óperunnar verði hækkað um 6,8 millj. kr. og verður framlag þá sambærilegt við það sem er í fjárlögum 1995. Á næstunni verða hafnar viðræður við Íslensku óperuna um endurskoðun á þeim samningi sem í gildi er milli óperunnar annars vegar og menntmrn. og fjmrn. hins vegar.

Meiri hluti fjárln. leggur til að tekinn verði nýr liður þar sem framlag til Hins íslenska bókmenntafélags verður 12 millj. kr. Í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 var ákveðið að ráðast í útgáfu Sögu Íslands og annast hið íslenska bókmenntafélag í ritstjórn og útgáfu verksins. Gert var samkomulag um að umsjónarkostnaðurinn yrði greiddur úr ríkissjóði en hann yrði síðan endurgreiddur með hlutdeild í söluandvirði útgefinna rita. Tekjur af sölu ritanna hafa ekki orðið þær sem vænst var. Forsrn. mun gera nýjan samning við félagið vegna ritunar á útgáfu þeirra binda sem eftir eru. Verður gert ráð fyrir að ríkið styrki útgáfu þeirra með beinum hætti.

Lagt er til að framlag til Íþróttasambands fatlaðra hækki um 4 millj. kr. vegna ólympíuleika fatlaðra á næsta ári. Færist þetta undir ýmis íþróttamál. Einnig er lagt til að hækka framlag til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna um 2 millj. kr. og verður heildarframlag þá 7,5 millj. kr.

Utanrrn., aðalskrifstofa. Um miðjan nóvember sl. var skipuð samstarfsnefnd um verkefnaútflutning og fjárfestingu íslenskra fyrirtækja erlendis. Lagt er til að kostnaði af starfi nefndarinnar verði skipt á þrjú ráðuneyti, utanrrn., sjútvrn. og iðnrn. og hækkar framlag til hvers þeirra um 3 millj. kr. Verkefnið er unnið í samvinnu við Útflutningssjóð, Þróunarsjóð sjávarútvegsins og Iðnþróunarsjóð.

Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til Þróunarsamvinnustofnunar muni hækka um 5 millj. kr. en framlag til aðstoðar Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael lækki um

sömu fjárhæð. Síðastnefndi liðurinn var einnig lækkaður við 2. umr. fjárlaga en eins og fram kom í ræðu minni hefur komið í ljós að framlag Íslands eins og það er áætlað í fjárlagafrv. er hærra en loforð íslenskra stjórnvalda kváðu á um.

Landbrn. Brtt. er varðar aðalsskrifstofu landbrn. er vegna stöðu ritara við ráðuneytið. Lagt er til að taka inn nýjan lið vegna Stóra-Ármóts og er framlag 1,5 millj. kr. Í fjárlögum 1994 og 1995 var 1,5 millj. kr. framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem ætlað var til að mæta afborgunum af lánum vegna framkvæmda við Tilraunastöðina á Stóra-Ármóti. Nú er lagt til að þessi fjárveiting verði sérmerkt.

Í frv. til fjárlaga var gert ráð fyrir að starfsemi RALA, sem er nú til húsa í straumfræðihúsinu á Keldnaholti, yrði flutt yfir í húsnæði Veiðimálastofnunar í Kollafirði. Vegna kýlaveiki sem kom þar upp verður ekki af flutningunum. Áætlað hafði verið að þessi flutningur mundi spara 4 millj. kr. í rekstrarkostnað en þar sem þessi áform ganga ekki eftir er gerð tillaga um að hækka framlag um 4 millj. kr. en á móti á að lækka framlag um 1,5 millj. kr. vegna tilflutnings á fjárveitingu til Stóra-Ármóts eins og ég gat um að framan.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag um 8,1 millj. kr. vegna endurgreiðslu stimpilgjalda á grundvelli skriflegrar yfirlýsingar fyrrv. fjmrh. frá 11. maí 1990.

Sjútvrn. Lagt er til að framlag til aðalskrifstofunnar hækki um 3 millj. kr. vegna samstarfsnefndar um verkefnaflutning sem ég gerði grein fyrir í umfjöllun minni um utanrrn.

Ýmis verkefni. Mannréttindaskrifstofa Íslands. Við 2. umr. var lagt til að stofna nýjan lið með fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Lagt er til að hækka þennan lið enn frekar eða um 1 millj. kr. og verður heildarframlag 4 millj. kr.

Bætur brotaþola. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að fresta gildistöku laga um bætur úr ríkissjóði til þolenda afbrota. Af þeim sökum var ekki gert ráð fyrir fjárveitingu í fjárlagafrv. Gerðar hafa verið breytingar á þessu í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og leiða þær til þess að heildarkostnaður vegna laga um bætur til brotaþola verði 40 millj. kr. á næsta ári. Meiri hluti fjárln. leggur til að stofnaður verði nýr liður og fjárveiting verði 45 millj. kr.

Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka sértekjur Umferðarráðs um 13 millj. kr. en við það lækkar ríkisframlagið um sömu fjárhæð.

Í frv. til fjárlaga miðuðust fjárveitingar til fjögurra sýslumannsembætta í Bolungarvík, Ísafirði, Ólafsfirði og á Akureyri við að leggja embættin í Bolungarvík og á Ólafsfirði niður. Fjárveitingar til þeirra voru lækkaðar en fjárveitingar embættanna á Ísafirði og Akureyri hækkaðar þar sem fyrirhugað var að kosta lögregluvarðstofur í Bolungarvík og Ólafsfirði af þeim liðum. Nú hefur verið fallið frá þessum áformum en þess í stað hyggst dómsmrh. skipa nefnd til að endurskoða starfssvið og rekstur allra sýslumannsembætta. Breytingartillögur meiri hluta fjárln. miða því að færa fjárveitingar umræddra fjögurra embætta til fyrra horfs.

Lagt er til að framlag til sýslumannsins í Keflavík hækki um 9 millj. kr. og er þar um að ræða millifærslu frá fjárlagalið Gjaldheimtu Suðurnesja. Sá liður er felldur niður vegna breytts fyrirkomulags á innheimtu opinberra gjalda á Suðurnesjum.

Undir félmrn. er lögð til 17,4 millj. kr. hækkun til Sólheima í Grímsnesi og verður heildarfjárveiting 98,8 millj. kr. Útgreiðsla þessarar hækkunar er skilyrt því að gengið verði frá þjónustusamningi milli félmrn. og Sólheima sem byggist á þeirri fjárveitingu sem ofar greinir.

Að venju þarf að endurskoða framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þegar endurskoðuð tekjuáætlun liggur fyrir en framlag ríkisins til sjóðsins samanstendur á 1,4% af skatteimtu ríkisins, fjárveiting í stað landsútsvars sem hefur verið lagt niður, og 35 millj. kr. framlagi vegna átaks um sameiningu sveitarfélaga.

Við 2. umr. fjárlaga var lagt til að lækka óskiptan lið vinnumála um 10 millj. kr. Meiri hluti fjárln. hefur endurskoðað þessa ákvörðun og leggur til að hækka liðinn aftur um 6 millj. kr.

Lagt er til að lækka Atvinnuleysistryggingasjóð um 400 millj. kr. og skýrist það af þremur þáttum. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að bætur atvinnuleysistrygginga hækki um 2.700 kr. á mánuði frá 1. jan. 1996 sem eykur útgjöld sjóðsins um 15 millj. kr. Þá gerir endurskoðuð þjóðhagsspá ráð fyrir 0,4% minna atvinnuleysi sem lækkar útgjöld sjóðsins um 300 millj. kr. Loks er gerð tillaga um að færa 250 millj. kr. framlag af fjárlagalið Atvinnuleysistryggingasjóðs yfir á fjárlagaliðinn Eftirlaunasjóður aldraðra í heilbrrn. Með þessu er verið að létta af Atvinnuleysistryggingasjóði kostnaði vegna eftirlauna aldraðra sem sjóðurinn hefur samkvæmt lögum borið hingað til. Þess í stað mun hlutur sjóðsins framvegis verða greiddur beint úr ríkissjóði. Þessi breyting tengist ákvörðun um að skipta tryggingagjaldi, atvinnutryggingagjaldi og almennu tryggingagjaldi. Atvinnutryggingagjaldinu er alfarið ætlað að standa undir kostnaði við Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Lagt er til að hækka óskipt framlag til félagasamtaka en sundurliðun hefur verið birt sem sérstakt yfirlit og lagði fjárln. fram brtt. um þennan lið við 2. umr. fjárlaga. Auk þess að hækka liðinn er lögð til leiðrétting á sundurliðun liðsins þannig að inn komi nýr undirliður sem er 2 millj. kr. framlag til Blindrafélagsins.

Heilbr.- og trmrn. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjaramála var ákveðið að hækka bætur almannatrygginga um 450 millj. kr. Hluti þeirrar hækkunar kemur á bætur laga um félagslega aðstoð sem hækka um 50 millj. kr. Þá er fjárhagsrammi hækkaður um 30 millj. kr. vegna þess að áform um lækkun heimildarbóta í fjárlagafrv. munu ekki ganga að fullu eftir eins og ráðgert hafði verið.

Gerð er tillaga um að framlag til lífeyristrygginga hækki samtals um 460 millj. kr. Stærstur hluti þess er vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um hækkun bóta sem skiptist á lífeyristryggingar og bætur félagslegrar aðstoðar. Lífeyristekjutrygging, örorkubætur og örorkustyrkur, auk fæðingarorlofs, mun því hækka um 3,5% 1. jan. 1996. Hækkun bóta er heldur meiri en felst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Samhliða hækkun bóta er fallið frá því að fella svonefndar eingreiðslur inn í grunnfjárhæðir bóta og verða eingreiðslur þess í stað greiddar með hliðstæðum hætti og áður.

Fyrirsjáanlegt er að áform um að telja fjármagnstekjur með tekjugrunni við ákvörðun tekjutengdra bóta mun ekki taka gildi fyrr en 1. sept. 1996 og veldur það 200 millj. kr. minni sparnaði en ráðgert var.

Lagt er til að framlag til sjúkratrygginga lækki um 135 millj. kr. Í fyrsta lagi lækkar framlagið um 120 millj. þar sem fallið er frá gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrahúsum. Í

upphaflegum tillögum heilbrrh. var áætlað að gjaldið skilaði 200 millj. kr. tekjum til sjúkrahúsanna. Við lokafrágang tillagnanna var áformunum breytt þannig að gjaldið átti að skila 100 millj. kr.

Í samræmi við ákvæði í lögum um almannatryggingar er lagt til að útgerðarmenn greiði sérstakt iðgjald í slysatryggingar vegna kaups og aflahlutar sjómanna. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði ákveðið í reglugerð og innheimt af Tryggingastofnun ríkisins. Samtals er áætlað að gjaldið skili 110 millj. kr. tekjum á árinu 1996 og er gerð tillaga um að framlag ríkissjóðs til slysatrygginga lækki um sömu fjárhæð.

Gerð er tillaga um að fjárveiting til eftirlauna aldraðra hækki um 250 millj. kr. Er það í samræmi við þær breytingar sem ráðgerðar eru á fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til landlæknis verði hækkað um 2 millj. kr. og er hækkunin af tvennum toga. Annars vegar til að kosta átak til að draga úr lyfjaávísunum. Hins vegar er framlagið ætlað til að hrinda af stað fræðsluherferð til að kynna almenningi hvernig megi draga úr líkum á beinþynningu.

Málefni fatlaðra. Gerð er tillaga um nýjan lið, Gigtarráð, og eru færðar á þann lið 2 millj. kr. en á móti lækkar liðurinn Málefni fatlaðra, ýmis starfsemi, um sömu fjárhæð.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framlög til sjúkrahúsa utan Reykjavíkur og Reykjaness lækki um 50 millj. kr. Heildarfjárveitingar til sjúkrahúsanna voru lækkaðar um 100 millj. kr. og þar af voru 50 millj. kr. settar á sérstakan fjárlagalið til útdeilingar síðar. Hér er gerð tillaga um úthlutun á 48 millj. kr. til 11 sjúkrahúsa, eins og fram kemur í nál., og lækkar fjárveiting á liðnum 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

Gerð er tillaga um að framlag til Sjúkrahússins á Akranesi hækki um 13,6 millj. kr. Þar af eru 7,6 millj. kr. færðar á rekstrarhagræðingarlið, samanber það sem fram kom að framan, og 6 millj. kr. eru vegna þess að fallið var frá gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrastofnunum. Gerð er tillaga um að framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hækki um 37 millj. kr. Þar af er 22,5 millj. kr. úthlutað af rekstrarhagræðingarlið og 4,5 millj. kr. eru vegna nýrrar stöðu sérfræðings í geðlækningum og lækkar fjárveiting á liðnum 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi um sömu fjárhæð. Gerð er tilfærsla milli launa og sértekna þannig að fjárveiting til launa hækkar um 15 millj kr. og sértekjur hækka að sama skapi. Að síðustu er gert ráð fyrir að sértekjur lækki um 10 millj. kr. þar sem fallið er frá gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrahúsum.

Framlag til Sjúkrahússins á Suðurnesjum er lækkað um 5 millj. kr. sem eiga að renna í sérstakan sjóð sem notaður verður til að koma á aukinni og hagkvæmari verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Sjúkrahúsið hefur átt við mikinn rekstrarvanda að stríða á þessu ári og hefur sérstakur tilsjónarmaður skilað tillögum um lausn á þeim vanda. Til að létta vandann er sérstök fjárveiting í fjáraukalögum fyrir árið 1995 sem getur að hluta til komið á móti uppsöfnuðum halla frá fyrri árum. Fjárveitingin verður greidd út eftir því hvernig stjórnendum sjúkrahússins tekst til við að ná tökum á rekstri spítalans.

Gerð er tillaga um að liðurinn Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi hækki um 195,5 millj. kr. Hækkunin stafar af 200 millj. kr. framlagi sem tekið er af sjúkrahúsunum í Reykjavík og Reykjanesi og nota á til að auka verkaskiptingu og koma á meira hagræði í skipulagi sjúkrahúsþjónustu á svæðinu. Heilbrrh. mun ráðstafa fénu með hliðsjón af ráðstöfunum til að koma rekstri sjúkrahúsanna í lag og verður gerð úttekt á rekstri sjúkrahúsa með fjölþætta starfsemi með það fyrir augum að marka stefnu þeirra til næstu ára. Fjárln. verði kynntar niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Gerð er tillaga um að framlag til Ríkisspítalanna lækki samtals um 23 millj. kr. frá frv. eftir 2. umr. Í fyrsta lagi lækkar fjárveiting til spítalanna um 120 millj. kr. sem er framlag í sérstakan sjóð undir fjárlagaliðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, eins og þegar hefur komið fram. Í öðru lagi lækka sértekjur um 82 millj. kr. þar sem hætt hefur verið við gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrahúsum og hækka því framlög til spítalanna um sömu fjárhæð. Loks hækkar fjárveiting um 14,5 millj. kr. sem flytjast á sjúkratryggingum. Ríkisspítalar eiga við verulegan vanda að stríða á þessu ári en halli á rekstri spítalanna er áætlaður um 400 millj. kr. í árslok. Til að lækka skuldastöðu spítalanna er gert ráð fyrir 150 millj. kr. framlagi í fjáraukalögum fyrir árið 1995. Gert er ráð fyrir að Ríkisspítalarnir fái framlag af liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi til að styrkja reksturinn í tengslum við samvinnu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi.

Gerð er tillaga um 37,7 millj. kr. hækkun á framlagi til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Lagt er til að framlag spítalans í sjóð vegna sjúkrahúsanna í Reykjavík og Reykjanesi verði 70 millj. kr. og lækkar fjárveiting til hans að sama skapi. Þar sem fallið hefur verið frá gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrahúsum lækka sértekjur spítalans um 97 millj. kr. og framlög frá ríkissjóði hækka að sama skapi. Loks hækka sértekjur spítalans um 10,7 millj. kr. vegna neyðarvaktar á Reykjavíkursvæðinu en eins og þegar hefur komið fram í umfjöllun um sjúkratryggingar er um tilfærslu frá Tryggingastofnun ríkisins að ræða. Gert er ráð fyrir að Sjúkrahús Reykjavíkur fái framlög á liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi til að styrkja reksturinn í tengslum við samvinnu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Fjárln. leggur áherslu á aukið samstarf þessara sjúkrahúsa og væntir árangurs af því í betri nýtingu fjármuna.

Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag til tækjakaupa á liðnum Sjúkrahús og læknisbústaðir um 2 millj. kr. Hækkun þessi er ætluð til hópslysabúnaðar á Sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Gerð er tillaga um hækkun á styrk til reksturs Krýsuvíkurskóla um 2 millj. kr. og verður styrkurinn því 14 millj. kr. Heildarframlög til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, er óbreytt frá frv. en þær breytingar eru lagðar til að framlag spítalans í sjóð til að auka hagkvæmni á sjúkrahúsunum í Reykjavík og á Reykjanesi verði 5 millj. kr. Framlag til spítalans hækkar um 5 millj. kr. vegna þess að hætt hefur verið við gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrahúsum. Verulegur rekstrarvandi hefur verið hjá spítölum á þessu ári og undanfarin ár. Til að taka á þeim vanda var skipaður tilsjónarmaður yfir spítalann. Til að létta vandann er sérstök fjárveiting í fjáraukalögum fyrir árið 1995. Hluta hennar er ætlað að koma á móti uppsöfnuðum halla frá fyrri árum og er hún færð á fjárlagaliðinn 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Fjárveitingin verður greidd út í samræmi við væntanlegt samkomulag við spítalann og framgöngu stjórnenda hans við að koma rekstrinum til samræmis við fjárlög.

Sjálfsbjörg. Tryggingastofnun ríkisins hefur gefið Sjálfsbjörgu tvo valkosti varðandi fyrirkomulag sjúkraþjálfunar: Að keypt verði þjónusta af sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfur-

um eða stofnunin reki sjálf sjúkraþjálfun og fái aðeins 60% taxta sem greiddur hefur verið fyrir þjónustuna hingað til. Við þessa breytingu lækka laun um 17 millj. kr. en sértekjur lækka á móti um 17 millj. þannig að heildaráhrif á fjárveitingu Sjálfsbjargar eru engin. Hins vegar lækka önnur gjöld nokkuð og leggur meiri hluti fjárln. til að komið verði til móts við stofnunina með 3,3 millj kr. úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárliðnum 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

Lagt er til að liðurinn Heilsugæslustöðvar almennt lækki um 5 millj. kr. Fénu verður ráðstafað til heilsugæslustöðvanna í Efra-Breiðholti, Mjódd og Seltjarnarnesi og fjölgar um eina stöðu læknis á hverri stöð. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag til heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri um 0,7 millj. kr. vegna heimahlynningar.

Heilsugæslustöðinni á Suðurnesjum var settur sérstakur tilsjónarmaður vegna mikils uppsafnaðs rekstrarvanda. Heilbrrn. lagði til að fjárveiting til heilsugæslustöðvarinnar yrði hækkuð að fengnum tillögum tilsjónarmanns. Meiri hluti fjárln. féllst á þessa tillögu og leggur til 8 millj. kr. fjárveitingu. Þar er m.a. gert ráð fyrir ráðningu heilsugæslulæknis.

Gerð er tillaga um 50 millj. kr. hækkun á tekjum heilsugæslustöðva og hefur skiptingu teknanna verið dreift í brtt. Gert er ráð fyrir að komugjöld til stöðvanna hækki þannig að þegar tekið hefur verið tillit til innheimtu og afsláttarkjara þar sem stöðvarnar fá að halda sjálfar í sjóði verði nettótekjuauki þeirra 50 millj. kr.

Að lokum er gerð sú tillaga um breytingu hjá heilbr.- og trmrn. að framlag til liðar 950 Rekstrarhagræðing lækki um 40,6 millj. kr. Eins og fram hefur komið lækkar framlagið um 48 millj. kr. vegna þess að ráðstafað var á safnlið til ýmissa sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um að framlag hækki um 7,4 millj. kr. vegna tilraunaverkefnis ríkis og Hornafjarðarbæjar um yfirtöku heilsugæslu á grundvelli laga um reynslusveitarfélög.

Fjármálaráðuneyti. Óskað hefur verið eftir 2 millj. kr. millifærslu milli tveggja fjárlagaliða. Af þeim sökum hækkar framlag til Skattstofu Reykjaness en framlag til óskipts liðar vegna skattaeftirlits lækkar um sömu fjárhæð. Lagt er til að liðurinn Gjaldheimta á Suðurnesjum verði felldur niður og fjárveiting flutt til sýslumannsins í Keflavík, eins og áður hefur komið fram. Áætluð greiðsla til lífeyrisþega sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og öðrum lífeyrissjóðum sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir hafa verið endurmetnar í kjölfar kjarasamninga og úrskurðar Kjaradóms og kjaranefndar. Niðurstaða er sú að endurgreiðslur ríkissjóðs vegna uppbótar á lífeyri verða 90 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1997. Af því tilefni hefur ríkisstjórnin samþykkt að hefja nú þegar starf er miði að því að lækka rekstrarútgjöld A-hluta ríkissjóðs um 6% eða 3 milljarða kr. á árinu 1997. Fyrirhugað er að það verkefni verði unnið á ábyrgð og undir forustu ráðherranefndar um ríkisfjármál. Ráðinn verði sérstakur verkefnisstjóri nefndinni til aðstoðar. Ráðgert er að með verkefnisstjóranum starfi ráðgefandi verkefnisstjórn auk samráðsnefndar skipaðri einum fulltrúa frá hverju ráðuneyti. Til að auðvelda framgang verkefnisins á næsta ári er lagt til að verði veittar 150 millj. kr. á fjárlagaliðinn Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og verði á þeim lið sett á sérstakt viðfangsefni sem heitir Sparnaður í ríkisrekstri. Fjárveitingin verði nýtt til að kosta verkefnið og til að létta undir með ríkisstofnunum sem draga úr sinni starfsemi, t.d. með því að taka þátt í hugsanlegum miðlunargreiðslum.

Samönguráðuneytið hefur óskað eftir því að sértekjur Siglingamálastofnunar lækki þar sem þeir telja ekki unnt að hækka gjaldskrá stofnunarinnar. Meiri hluti fjárln. fellst á þetta sjónarmið og leggur til að áætlaðar sértekjur næsta árs verði lækkaðar um 2 millj. kr.

Við 2. umr. var lögð til 3 millj. kr. hækkun til Ferðamálaráðs vegna rannsókna á sviði ferðamála og markaðssetningar í Bandaríkjunum og Kanada. Í ljós hefur komið að fjárveiting þessi var færð á rangan lið og hér er gerð tillaga um að leiðrétta það. Að auki leggur meiri hluti fjárln. til 1 millj. kr. hækkun vegna samstarfssamnings Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála.

Lagt er til að framlag til aðalskrifstofu iðnrn. hækki um 3 millj. kr. vegna samstarfsnefndar um verkefnaútflutning sem ég gerði grein fyrir í umfjöllun um utanrrn. og er samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta.

Aðalskrifstofa viðskrn. hækkar um 5 millj. kr. vegna ákvæða frv. til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Nefndin gerir tillögu um nokkrar breytingar á heitum liða í fjárlögum og er gerð grein fyrir þeim í lok umfjöllunar um 4. gr. í nefndaráliti. Hér er einungis um leiðréttingu að ræða en ekki neinar efnisbreytingar og því eru ekki fluttar um þær sérstakar breytingartillögur.

Fjárln. ræddi við nokkrar B-hluta stofnanir og fór yfir þann hluta fjárlaga sem fjallar um B-hlutann. Það má geta þess að tillögur fjárln. gera ekki ráð fyrir gjaldskrárhækkunum í B-hluta en hins vegar gerir meiri hluti fjárln. tillögu um breytingar á sjö áætlunum í B-hluta. Þar er fyrst að nefna Lánasjóð íslenskra námsmanna en áætlanir sjóðsins hafa verið endurskoðaðar. Það leiðir til þess að útlán verða um 2.790 millj. kr. sem er um 40 millj. kr. hækkun frá fjárlagafrv. Í frv. var framlag ríkisins miðað við 51% af áætluðum útlánum en nú er gert ráð fyrir að hlutfallið hækki í 52%.

Þá er gerð leiðrétting á Sinfóníuhljómsveit Íslands í B-hluta en í A-hluta var framlag til hljómsveitarinnar hækkað um 3 millj. kr. vegna tónleikaferðar.

Í þriðja lagi er áætlað að veita 30 millj. kr. til Bjargráðasjóðs en sjóðurinn hefur bótaskyldu vegna tjóna á túnum og mannvirkjum af völdum snjóþunga, kals og aurskriða sem hann getur ekki staðið við nema fá aukið framlag úr ríkissjóði.

Atvinnuleysistryggingasjóður er leiðréttur með tilliti til þeirra tillagna um sjóðinn sem ég hef þegar gert grein fyrir í skýringum mínum um málefni sjóðsins.

Póst- og símamálastofnun. Breytingartillögum má skipta í fernt. Í fyrsta lagi gerðu forsendur fjárlagatillagna stofnunarinnar ekki ráð fyrir launabreytingum eða verðlagsbreytingum milli áranna 1995 og 1996. Í breytingartillögum er hins vegar gert ráð fyrir 12% hækkun launa auk almennra verðlagsbreytinga og hækka því laun um 460 millj. kr. og önnur rekstrargjöld um 224 millj. kr.

Í öðru lagi var í frv. til fjárlaga gert ráð fyrir að stofnunin greiddi 810 millj. í arð til ríkissjóðs en samkeppnissviðið 50 millj. kr. Lagt er til að samkeppnisrekstur inn beri stærri hlut af þessari arðgreiðslu eða 125 millj. kr. og annar rekstur greiði 735 millj. kr. Í þriðja lagi er fjárfesting stofnunarinnar áætluð 10 millj. kr. lægri en áður vegna millifærslna.

Í fjórða lagi blasir við að rekstrarniðurstaða stofnunarinnar árið 1995 verður betri en ráð var fyrir gert þegar fjárlagatillögur hennar voru frágengnar. Af þessum sökum hækkar greiðsluafgangur frá fyrra ári um 169 millj. kr. hjá samkeppnissviðinu og um 250 millj. kr. hjá öðrum hluta stofnunarinnar.

Við 2. umr. fjárlaga var framlag í A-hluta Hafnabótasjóðs lækkað um 27,6 millj. kr. Var þetta gert til að mæta auknum framlögum til hafnarmannvirkja. Áætlun í B-hluta er breytt á þann hátt að veitt lán Hafnabótasjóðs lækka úr 45 millj. kr. í 17,4 millj. kr.

Þá er að lokum komið að iðnaðarráðuneyti. Raforkukerfi fyrirtækisins, Rafmagnsveitna ríkisins, urðu fyrir töluverðu tjóni á þessu ári vegna óveðurs og ísingar. Lagt er til að fyrirtækinu verði heimilað að taka ný lán að fjárhæð 200 millj. kr. til framkvæmda í viðbót við þær 450 millj. kr. sem í fjárlagafrv. voru áætlaðar til að fjármagna kaup á veitum og greiðslu skammtímalána. Er þetta gert til að flýta framkvæmdum við lagningu jarðstrengs á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti vegna ísingar á síðustu árum. Annars vegar er um að ræða 100 millj. kr. sem verður varið til lagningar jarðstrengs sem komi í stað helmings línunnar frá Kópaskeri til Brúarlands í Þistilfirði, en framkvæmdin var ráðgerð 1998. Hins vegar er um að ræða 100 millj. kr. til lagningar jarðstrengja í sveitum, en þar af eru um 50 millj. kr. til að flýta framkvæmdum sem voru áformaðar 1997.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir breytingartillögunum en auk þess vil ég taka fram eftirfarandi:

Í viðræðum fjárln. við forsvarsmenn sveitarfélaga hefur komið í ljós að ýmsir þeirra telja sig eiga óuppgerðar eldri skuldir við ríkissjóð vegna stofnkostnaðar sjúkrahúsa og annarra heilsustofnana. Meiri hlutinn leggur til að heilbrrn. gangi frá endanlegu samkomulagi um uppgjör þessara skulda og tillögu að greiðsluáætlun og leggi fyrir fjárln. fyrir mitt næsta ár.

Við 2. umr. var lögð til hækkun, 5 millj. kr., á liðnum 989, Ýmsar endurgreiðslur, undir fjmrn. vegna björgunarbúnaðar. Tekið skal fram að hækkunin er vegna flotvinnugalla. Þá leggur meiri hluti fjárln. til að fjmrn. gangist fyrir viðræðum í samvinnu við menntmrn. um hvernig að uppgjöri og verklokum við Húsið á Eyrarbakka skuli staðið, en fram hefur komið að sveitarfélögin í Árnessýslu hafa tekið við húsinu og telja að eftir standi krafa á ríkissjóð til að ljúka byggingunni. Nauðsynlegt er að samkomulag takist um niðurstöðu í þessu máli. Auk þess fjallaði fjárln. um heimildargrein fjárlaga, 6. gr., og er hún lögð fram á sérstöku þskj., eða þær breytingartillögur sem nefndin gerir við 6. gr. Þessar brtt. skýra sig sjálfar og vísa ég í þskj. nr. 462 í því sambandi.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir góða og málefnalega vinnu milli 2. og 3. umr. fjárlaga. Samstarfið í fjárln. hefur verið óvenjulipurt á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og það hefur haldist svo við alla þá vinnu sem við höfum lagt í fjárlagafrv. Öllu starfsliði sem með okkur vann þessa annasömu daga þakka ég lipurð og vel unnin störf.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[01:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer ekki hjá því að ræða hv. þm., Jóns Kristjánssonar, form. fjárln., valdi talsverðum vonbrigðum. Eins og þingheimur man var ekki hægt að taka til 2. umr. þann kafla fjárlaga sem laut að vanda sjúkrahúsanna. Það var vegna þess að það var verið að smíða tillögur. Hverjir voru að smíða tillögur, herra forseti? Það var hv. þm. Jón Kristjánsson og það fólk sem hann stýrir til verka í fjárln. Nú blasa þessar tillögur við og það er satt að segja ekki gæfuleg niðurstaða. Það kemur fram í máli hv. þm. að hann virðist í fyrsta lagi ekki gera sér nokkra grein fyrir vanda sjúkrahúsanna og í öðru lagi skortir verulega á að hann sé að einhverju marki leystur. Hv. þm. sagði að vísu að Ríkisspítalarnir drægju hala sem næmi 400 millj. kr. Þennan hala ætlar hann að klippa að nokkru leyti af. Á fjáraukalögum fyrir þetta ár er gert ráð fyrir 250 millj. samtals, eftir eru 150 millj. Má ég í fyllstu vinsemd, herra forseti, minna hv. þm. á að flokkur hans gekk fram fyrir skjöldu og álasaði fyrrv. hæstv. heilbrrh., Sighvati Björgvinssyni, fyrir að leysa ekki þann vanda sem einmitt tengdist uppsöfnuðum rekstrarhalla. Nú lendir hann í nákvæmlega sömu gryfju. Það sem verra er, hann virðist ekki gera sér grein fyrir því að Sjúkrahús Reykjavíkur skortir verulegt fé til þess að geta látið enda ná saman á næsta ári. Þessu furðulega samkrulli einhverra potta sem ég veit ekki hver hefur haft hugmyndaflug til að hugsa upp er samkvæmt því sem hrýtur af vörum hv. þm. Jóns Kristjánssonar ætlað að leysa rekstrarvanda sjúkrahúsanna. Þetta er allt saman blekking. Annars vegar er þetta pottur sem heyrir undir hæstv. fjmrh. og heilbrrh. kemur ekki nálægt. Og nú vil ég spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson: Er það ekki rétt hjá mér að 200 millj. kr. pottur sem hann vísaði oft í er í rauninni 2% sem tekið er af rekstrarfé nokkurra sjúkrahúsa og síðan er því deilt aftur út til þeirra? Hvernig má það vera lausn á vanda þeirra, hv. þm.?

[01:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi, vegna orða hv. 15. þm. Reykv., taka það fram að veitamestu tillögur í heilbrigðismálum voru kynntar við 2. umr. fjárlaga.

Í öðru lagi er verið að vinna á þeim nótum að auka samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík eins og kostur er og reyna að ná hagkvæmni út úr því. Sá margumtalaði 200 millj. kr. pottur er til þess. En hann er myndaður með framlagi sjúkrahúsanna eins og sá 50 millj. kr. pottur sem úthlutað er úr til sjúkrahúsa út á landsbyggðinni.

Ég dreg enga dul á það að fyrrv. heilbrrh. hafði fullan vilja til að ná utan um útgjöldin í heilbrigðiskerfinu. Hins vegar fannst okkur sem þá vorum í stjórnarandstöðu ekki nægilega vel að því staðið að draga sjúkrahúsin í Reykjavík til samstarfs eða stuðla að samstarfi þeirra, heldur miðuðu aðgerðirnar í þá átt að byggja upp tvo samkeppnisspítala hér í höfuðborginni. Það er ekki tími til að fara yfir alla þá sögu en ég efast ekki um vilja hæstv. fyrrv. heilbrrh. til að leysa málin. En oft vorum við ósammála, það er alveg rétt.

[01:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vænt þykir mér um að heyra að hv. þm. Jón Kristjánsson efast ekki um vilja hæstv. fyrrv. heibrrh. Það mátti hins vegar ekki skilja af orðum þeirra vígreifu baráttumanna Framsfl. sem þá gengu harðast fram í því að gagnrýna ráðherrann. Gagnrýna hann fyrir hvað, herra forseti? Gagnrýna hann fyrir að gera nákvæmlega það sama og flokkur hv. þm. gerir núna. Nema hæstv. fyrrv. heilbrrh. var miklu vaskari og náði betur utan um vandann heldur en núv. forusta í heilbrigðismálum.

Herra forseti. Það sem mér þykir merkilegt er að hv. þm. Jón Kristjánsson viðurkennir það alveg opið í ræðu sinni að talsvert vantar upp á að vandi spítalanna sé leystur. Hann virðist hins vegar ekki gera sér nákvæmlega grein fyrir því til hvers þetta mun leiða. Það mun leiða til þess að fimmtungur allra legurúma á sjúkrahúsum í Reykjavík mun á næsta ári verða auður. Það mun leiða til þess að biðlistar lengjast verulega. Sennilega mun fjölga á biðlistum eftir bæklunaraðgerðum um 800–1.000 manns á næsta ári. Flokkurinn sem gekk til kosninga undir kjörorðinu Fólk í fyrirrúmi fær því áorkað. Er það þetta sem fólkinu var lofað? Að sjálfsögðu ekki. Fólkinu var heldur ekki lofað uppsögnum eða brottrekstri. En fyrir liggur að Ríkisspítalarnir t.d. munu þurfa að draga saman rekstrarumfang sitt sem svarar 200 millj. kr. og þar að auki að ná fram 120 millj. kr. sparnaði vegna þessarar hagræðingar, sem hv. þm. gat um áðan. En hvað þýðir þetta fyrir fólkið sem starfar á spítölunum? Þetta þýðir að 80–100 manns þurfa að hætta. Framsfl. ætlar með öðrum orðum að reka 80–100 manns og það sem meira er það er sérstakur pottur, hagræðingarpottur. Í plaggi sem ég hef undir höndum, frá hæstv. heilbrrh., segir að hann eigi að nota til að greiða þessu fólki biðlaun. Er þetta arfleifð Framsfl.? Er þetta hin sigursæla ganga samvinnumannanna sem lofuðu öllu fögru á síðasta kjörtímabili, herra forseti?

[01:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hyggst ekki eyða tíma hér á næturfundi í allsherjarsamanburð milli ráðherra eða rifja upp einhverjar ræður frá síðasta kjörtímabili. Það má vel vera að (Gripið fram í.) framsóknarmenn hafi verið vígreifir í gagnrýni sinni, ef hv. þm. vildi hafa hljóð örstutta stund. (Gripið fram í.) Það eru nú kaup kaups. Menn ganga nú fram nokkuð vígalegir núna til þess að gagnrýna hæstv. heilbrrh. sem er að reyna að koma böndum á útgjöld í heilbrigðiskerfinu og nýta þar peninga. Þeir gefa sér fyrir fram að það sé allt saman unnið fyrir gýg. Ég held að eitt stærsta verkefnið sem við stöndum nú frammi fyrir í íslenskum stjórnmálum sé að tryggja ramma heilbrigðiskerfisins þannig að allir fái notið góðrar heilbrigðisþjónustu. Það er mergurinn málsins og að því verða allir að vinna af fullum heilindum. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ekki alltaf sanngjörn sú gagnrýni sem hæstv. heilbrrh. fær á sig í þeim erfiðu verkefnum sem hún stendur í þessa dagana.

[01:35]

Frsm. minni hluta fjárln. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. minni hluta fjárln., sem lagt hefur verið fram á þskj. 488.

Eins og fram kom í máli framsögumanns meiri hluta fjárln. hefur nefndin frá því að 2. umr. lauk haft frv. til meðferðar og hefur hún farið yfir tekjuhlið þess, fjallað um B-hluta stofnanir og 6. gr. frv. og afgreitt mál sem meiri hluti fjárlaganefndar og ríkisstjórn ákváðu að fresta afgreiðslu á til 3. umr. Þar er að finna heilbrigðispakkann að mestu leyti. Þá hefur meiri hlutinn lagt til breytingar á nokkrum þáttum frumvarpsins, m.a. með tilliti til endurskoðaðrar þjóðhagsspár en hún var kynnt á fundi fjárlaganefndar 14. des. sl.

Í inngangi nál. minni hlutans er þess getið að minni hlutinn telur að upplýsingar um fyrirhugaðan sparnað í heilbrigðiskerfinu séu vægast sagt mjög óljósar og að gögn sem hafa borist frá heilbrigðisráðuneytinu séu óskýr og gefi á engan hátt heildarmynd af vandanum. Fram á síðustu stundu hafa nefndarmenn minni hlutans verið að biðja um gögn til upplýsinga frá heilbrrn. um stöðuna en það verður að segjast eins og er að fleiri gögn hafa ekki skýrt málið að neinu leyti. Það virðist ekki vanþörf á töluglöggu fólki í heilbrrn. eða einhverjum sem kann að setja hlutina upp á mannamáli. Óðruvísi er vægast sagt erfitt að átta sig á vandanum sem við blasir og ómögulegt að átta sig á stöðu einstakra stofnana.

Framsögumaður meiri hlutans gerði nokkra grein fyrir forsendum endurskoðaðrar þjóðhagsspár í ræðu sinni. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eru horfur á hagvexti á næsta ári betri en búist var við og reiknað er með að hann verði 3,2% í stað 2% í þjóðhagsáætlun. Það er því svo komið að a.m.k. forsendur Framsfl. fyrir því að uppfylla kosningaloforðin um 12.000 ný störf, ásamt öllum hinum loforðunum, eru nú til staðar því ef ég man rétt þá var boðsakpurinn fyrir kosningar matreiddur þannig að hann væri unnt að framkvæma við þau skilyrði að hagvöxtur væri 3%.

Víkjum aftur að endurskoðaðri þjóðhagsspá. Áður hafði Þjóðhagsstofnun áætlað að þjóðarútgjöld ykjust um 2,8% á næsta ári, þannig að endurskoðuð áætlun tvöfaldar vöxtinn. Ástæðan er annars vegar framkvæmdir vegna stækkunar álvers og hins vegar aukin einkaneysla frá því sem áætlað var í fjárlagafrumvarpinu. Áhrifin verða jákvæð að því leyti að atvinnuleysi minnkar úr 4,8% í 4,4% og ríkissjóður hefur verulegar tekjur af veltuaukningunni eða um 1.500 millj. kr. Hins vegar mun viðskiptajöfnuður verða neikvæður á næsta ári og aukinn þrýstingur verður næstu mánuði á vaxtastigið til hækkunar.

Forsendur endurskoðaðrar þjóðhagsspár gefa okkur tilefni til að álíta að nú sé bjartara fram undan í íslenskum efnahagsmálum en verið hefur um langt skeið. En hvað skyldu þessar björtu horfur annars skila þeim sem bágust hafa kjörin? Hefur hæstv. ríkisstjórn í huga að bæta kjör þess fólks á einhvern hátt? Hefur hún hugsað sér að skila einhverju af þessu til þeirra sem lægst hafa laun eða til þeirra sem hafa skertar tekjur vegna örorku eða eru atvinnulausir? Nei, það lítur ekki út fyrir það. Þvert á móti er meiningin að gæta áframhaldandi aðhalds gagnvart þessum hópum.

Alþýðusamband Íslands ályktaði í gær um atlögu ríkisstjórnarinnar að velferðarkerfinu. Þar er mótmælt harðlega tillögu ríkisstjórnarinnar um verulegan niðurskurð og aukna gjaldtöku í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Miðstjórn ASÍ lýsir þeim sem einhverri alvarlegustu atlögu að velferðarkerfinu sem nokkur ríkisstjórn hefur kynnt í seinni tíð. Það eru stór orð. Blekið á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að tryggja frið á vinnumarkaði er varla þornað þegar stærstu launamannasamtök landsins hafa séð ástæðu til að semja harðorða ályktun þar sem stórum orðum er farið um fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar og atlögu að velferðarkerfinu.

Í 2. umr. um fjárlagafrv. var varað stórlega við fyrirhugaðri aftenginu greiðslna úr almannatryggingakerfinu og atvinnuleysistryggingakerfinu við almenna launaþróun í landinu. Bent var á að slík aðför að réttindum þeirra hópa sem njóta greiðslna úr þessum kerfum þýddi í raun erfiðleika í komandi kjarasamningum. Þar var m.a. fullyrt að slíkar aðgerðir mundu einungis hafa í för með sér harðari átök við gerð kjarasamninga í framtíðinni þar sem verkalýðshreyfingin mundi eftir sem áður sjá til þess að þessum hópum verði tryggðar sambærilegar launabreytingar og öðrum félagsmönnum hreyfingarinnar. Margir stóðu reyndar í þeirri trú að með því að semja um hækkunina nú um áramótin án

þess að ganga frá því að tengingin yrði tryggð í framtíðinni væri verkalýðshreyfingin að falla frá þeirri kröfu að bætur úr *tryggingakerfinu fylgdu almennri launaþróun*. Það hefur nú komið á daginn að það var aldrei ætlun verkalýðshreyfingarinnar og kemur það mér reyndar ekki á óvart þar sem hér er um margra ára baráttumál að ræða. Í yfirlýsingu ASÍ kemur nefnilega kýrskýrt fram að miðstjórnin lýsir sig algerlega andsnúna áformum ríkisstjórnarinnar um að afnema þessar tengingar og ekki er haft í hyggju að gefa neitt eftir af þessum *sjálfsögðu réttindum*.

Nú hefur verið gerð breyting á þeim ákvæðum bandormsins sem snúa að launaviðmiðun tryggingabótanna. Áfram er gert ráð fyrir að Alþingi endurskoði fjárhæðirnar við fjárlagagerð hverju sinni en nú skal það gert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Þá er breytt ákvæði 35. gr. bandormsins er snýst um bætur almannatryggingabóta, *nú á þá lund að það skal aðeins* gilda til ársloka 1997. Hefur afnámið því aðeins gildi til bráðabirgða. Ég tel að hrossakaupin sem í þessu felast séu varasöm. Hins vegar verður að skilja breytinguna á bandorminum svo að reglan um að atvinnulausir og bótaþegar almannatrygginga eigi rétt á því að fá hækkanir til samræmis við það sem samið er um á vinnumarkaði sé virt. Í ljósi þess *trausts samþykktu a.m.k. margir stjórnarandstöðuþingmenn* breytinguna.

Það fór svo að lokum að 3. umr. um fjárlögin fór fram fyrir jól. Það er reyndar þrekvirki út af fyrir sig þar sem allt sem heitir lýðræðisleg umræða um einstök atriði fjárlaga hefur verið algjört aukaatriði og mikilvægum ákvörðunum hefur verið skellt á borð þingmanna eftir dúk og disk. Ég *hef velt því fyrir mér hvort þessi seinagangur stafi af því* að stjórnarflokkarnir hafi ekki vitað fyrr en í gær hvað þeir ætluðu að gera í mikilvægum málum eða hvort hann stafi af því að ákvörðunum hafi vísvitandi verið haldið frá stjórnarandstöðunni. Ofan á allt saman fer svo umræðan fram um miðja nótt svo tryggt sé að sem flestir hv. þm. séu horfnir heim og þar af leiðandi fer væntanlega lítil umræða fram um *málið*.

Í stjórnskipunarrétti lærir maður að fjárveitingavald þjóðþingsins sé forsenda þingræðis. Því sá aðili sem hafi fjárveitingavaldið í hendi sér hafi einnig í reyndinni aðalráð um framkvæmastjórn ríkisins almennt. Með fjárstjórnarrétti sínum hafa þjóðþingin í raun réttri tryggt sér lyklavöldin að þjóðarbúinu, sagði Ólafur Jóhannesson í riti sínu Stjórnskipun Íslands. *Þingleg meðferð fjárstjórnarinnar er ekki síður* nauðsynleg í því skyni að hún sé opinber og fólk eigi þess kost að fylgjast með ráðstöfunum hins opinbera og gagnrýna þær ef því er að skipta. Þá er það eðlilegur hluti lýðræðisins að þeir sem með fjárstjórnarvaldið fara þurfa að standa fólkinu í landinu skil á ráðsmennsku sinni annað slagið og leggja umboð sitt í vald þess, enda þykir það sjálfsagt í *lýðræðisríkjum að fjárforræði ríkisins sé hjá þjóðþingunum*. En hvers vegna er ég að rifja upp kafla úr stjórnskipunarrétti? Jú, mér flaug það í hug við þessa fjárlagagerð hvar þessum grundvallarsjónarmiðum væri nú fyrirkomið við fjárlagagerð íslenska ríkisins.

Það er með ólíkindum hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum nú á milli 2. og 3. umr. Langur tími hefur liðið á milli *funda í fjárln. og síðan voru allar stóru tillögurnar kynntar* sama daginn eða að kvöldi 18. des., sl. mánudag. Stjórnarandstaðan fékk sáralítinn tíma til að kynna sér tillögur meiri hlutans áður en henni var boðið upp á að spyrja fulltrúa heilbrrn. út úr einstökum efnisatriðum plaggs í 16 liðum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að stjórnarandstaðan var ekki í stakk búin til að spyrja neinna stórra spurninga eftir að hafa rennt augum lauslega yfir plaggið. Þá fór minni hluti nefndarinnar fram á að forsvarsmenn ýmissa stofnana svo sem Sjúkrahúss Reykjavíkur og Háskóla Íslands kæmu aftur fyrir nefndina en þessar stofnanir hafa borið sig mjög illa undan þeim tillögum sem frv. felur í sér. Ekki var unnt að verða við þessum beiðnum, enda svo langt liðið á frestinn sem ákveðið var að gefa stjórnarandstöðunni til að skoða málið að það var orðið of seint. Svona vinnubrögð eru ekki til sóma. Það er ekki viðunandi að fjárlaganefndarmenn þurfi að fara af fundum trekk í trekk með ósvaraðar spurningar í farteskinu um mikilvæg málefni, enda er það hlutverk þeirra þingmanna sem þar sitja að kynna sér vel það mál sem til umfjöllunar er hverju sinni og leysa það eftir bestu getu eða greiða atkvæði á *þann veg sem hver telur best*. Hvernig eiga hv. þm. að geta sinnt þessari skyldu sinni ef málum er svona háttað?

Nefndarmenn í fjárln. fóru fram á skýringar á tillögum heilbrrn. og óskuðu eftir upplýsingum um það hvernig ætlunin væri að ná fram sparnaði í kerfinu. Fulltrúar ráðuneytisins virtust litlar hugmyndir hafa um það og greinargerðin sem *fyrir nefndina var lögð um óskir heilbr.- og trmrn. um atriði* sem skyldi koma að við 3. umr. frv. var svo óljós að ómögulegt var að átta sig á því hvað hún þýddi. Þá fóru nefndarmenn stjórnarandstöðunnar fram á að fá skýringar á þessum hlutum með tilliti til þess hvað þær þýddu fyrir einstaka bótaflokka almannannatrygginga. Svörin sem þá bárust frá hinu háa ráðuneyti eru enn síður upplýsandi.

Herra forseti. Er hæstv. heilbrrh. í húsinu?

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hæstv. heilbrrh. er í húsinu og skal gera ráðstafanir til þess að hann komi í þingsal.)

Það kemur reyndar fram varðandi aukna gjaldtöku á heilsugæslustöðvum að vegna reglna um afsláttarkort, greiðsluþök á ári og lítilla upplýsinga sem fyrir liggja um *aldursskiptingu einstaklinga sem koma á heilsugæslustöðvar*, er mikil vinna fyrir höndum í ráðuneytinu áður en hægt verður að segja hvernig hægt er að ná fram sparnaðinum um 50 millj. kr. eins og áætlað er vegna þessara liða. Ég tel mikilvægt að minna hið háa heilbrrh. á að til þess að unnt sé að framkvæma umrædda reglugerð þannig að hún skili svo og svo miklum tekjum í ríkissjóð er nauðsynlegt að *fá samþykki fjárveitingavaldsins*. Og *fjárveitingarvaldið* þarf jú auðvitað að vita hvað það er að gera ef það á að samþykkja breytinguna. Það ætti ekki að vera þörf á slíkri áminningu en ég tel með ólíkindum hversu óljósar tillögur ráðuneytisins um sparnað eru þegar þær eru lagðar fyrir hið háa Alþingi.

Hér að framan var getið um ályktun ASÍ um áform *ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum* og drepið á nokkrum vafasömum aðgerðum sem fyrirhugaðar voru, t.d. auknum gjaldtökum á heilsugæslustöðvum og hjá sérfræðilæknum, afnámi tenginga bóta í almanna- og atvinnuleysistryggingakerfinu við launaþróun og aukningu á tekjutilliti grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega úr 25% í 35%. Nú hefur til allra lukku verið fallið frá hluta þessara áforma eftir mikinn þrýsting frá stjórnarandstöðunni og eru breytingarnar vissulega til batnaðar.

Varðandi heilbrigðismálin vill minni hlutinn benda á ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu en þar segir:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Fjárlög þau, sem nú er verið að afgreiða á Alþingi, eru skilaboð um að draga eigi úr lækningum og þau skilaboð eru fyrst og fremst ætluð hátæknisjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu.

Í samtölum fjárln. við forsvarsmenn spítalanna hefur komið fram að miðað við óbreyttar fjárveitingar liggja fyrir lokanir fleiri deilda, fækkun starfsfólks og lenging biðlista. Stjórnendur spítalanna á höfuðborgarsvæðinu bera sig svo illa undan tillögunum sem fyrir liggja um fjárveitingar að það vekur mann til umhugsunar um það hvort ekki sé komið að leiðarlokum í handahófskenndum sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Undanfarin ár hefur athyglin beinst mjög að útgjöldum til heilbrigðismála og því að nauðsynlegt sé að halda aftur af útgjöldum á þessu sviði. Er þar nefnt til að annars vegar séu þau mjög mikil og hins vegar að þau muni aukast verulega næstu árin að óbreyttu. Ekki er dregið úr því að aðhalds er þörf á þessu sviði og að það er stöðugt verkefni að vinna að sparnaði og ráðdeild í þessum mikilvæga málaflokki.

Á hinn bóginn telur minni hlutinn nauðsynlegt að minna á ákveðnar staðreyndir svo að menn gleymi sér ekki í umræðunni um þörf á niðurskurði í heilbrigðismálum. Ég vísa í þeim efnum til fylgiskjals með nál. sem geymir upplýsingar fengnar frá Þjóðhagsstofnun.

Í fyrsta lagi kemur það fram að útgjöld til heilbrigðismála hafa ekki aukist um nema tæplega 3% af ríkisútgjöldum á tólf ára tímabili. þ.e. frá árinu 1984 til 1996.

Í öðru lagi sýna upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun að á síðasta ári voru gjöld hins opinbera til heilbrigðismála 16,85% af heildarútgjöldum en 17,72% árið 1984. Þetta þýðir að vöxtur í öðrum útgjöldum hins opinbera hafði á tímabilinu verið meiri en aukningin í heilbrigðismálunum.

Í þriðja lagi er bent á að heildarkostnaður við heilbrigðisútgjöld er á síðasta ári áætlaður 8,09% af vergri landsframleiðslu í stað 6,89% árið 1984, þar af er hlutur hins opinbera 6,77% af vergri landsframleiðslu í stað 5,98% fyrir 12 árum.

Að lokum vill minni hlutinn vekja athygli á því að Ísland er einungis í 13. sæti af ríkjum OECD í útgjöldum til heilbrigðismála. Mikilvægt er að halda þessum staðreyndum til haga í umræðum um sparnað í heilbrigðiskerfinu.

Minni hluta fjárlaganefndar er fullljóst að grípa þarf til nýrra úrræða í heilbrigðiskerfinu og að setja verður fram tillögur um stefnumótun til framtíðar. Nauðsynlegt er að móta heildstæða stefnu um uppbyggingu, starfsemi og rekstrarfyrirkomulag sjúkrahúsa landsins í framtíðinni. Það er hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hafa forgöngu um mörkun þeirrar stefnu og dugir þá skammt að fela sjúkrahússtjórum að skera niður og hagræða, án þess að fyrir liggi pólitísk ákvörðun um hvar eigi að skerða þjónustuna. Minni hlutinn vekur athygli á að eitt af hlutverkum stjórna sjúkrahúsa er að gera áætlanir varðandi rekstur og þróun. Þetta er hins vegar ekki mögulegt á meðan niðurskurður á fjárlögum er svo handahófskenndur sem raun ber vitni. Uppbygging eitt árið þýðir kannski niðurskurð það næsta og þannig verða áætlanir vart marktækar.

Miðað við þær upplýsingar sem minni hlutinn hefur fengið lítur út fyrir að óleystur sé stór hluti vanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í erindum Ríkisspítalanna fyrir fjárln. Í samanburði sem gerður er á fjárveitingum og rekstrarkostnaði fyrir árið 1995 kemur fram að vöntun spítalans er 275 millj. kr. Enn fremur kemur fram að uppsafnaður halli vegna áranna 1994 og 1995 stefnir í 350–400 millj. kr. Tillaga er gerð um fjárveitingu í fjáraukalögum 1995 upp á 150 millj. kr. til að koma til móts við þennan vanda. Ljóst er að sú fjárhæð nægir engan veginn. Fjárvöntun samkvæmt erindi Ríkisspítala vegna ársins 1996 er 558 millj. kr. og fyrirsjáanlegur halli virðist vera 267 millj. kr.

Það kemur fram í erindi Ríkisspítalanna að forsvarsmenn spítalans telja að til að ná fram sparnaðaráformum sem áætluð eru í frv. þurfi miklar breytingar á skipulagi sjúkrahúsþjónustunnar til að slíkt sé yfirleitt mögulegt. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að heildarframlög lækki um 23,5 millj. kr. Ef við lítum hins vegar á Sjúkrahús Reykjavíkur kemur þar fram að framlag á fjáraukalögum 1995 er hækkað um 83,3 millj. kr. vegna samninga um lífeyrisskuldbindingar og í tillögum meiri hlutans vegna afgreiðslu fjárlaga 1996 hækka heildarframlög til sjúkrahússins af þessum sökum um 37,7 millj. kr. Sjúkrahúsið hefur listað upp beiðni um viðbótarútgjöld að fjárhæð um 620 millj. kr. sem virðast miðast við óbreyttan rekstur ársins 1995 þar sem ekki er tekið tillit til áforma um sparnað, samanber samstarf stóru sjúkrahúsanna og fleira. Virðist eiginleg fjárþörf Sjúkrahúss Reykjavíkur vera að lágmarki um 300 millj. kr. á árinu 1996 samkvæmt erindum sjúkrahússins.

Eins og fram kom í máli framsögumanns meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir að á móti fjárvöntun þessara sjúkrahúsa komi svokallaðir pottar, samanber fjárlagaliðinn Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, að fjárhæð 195,5 millj. kr. auk potts sem vistaður er undir fjmrn. undir heitinu Sparnaður í ríkisrekstri, að fjárhæð 150 millj. kr. Ég vil biðja hæstv. heilbrrh. um að hlusta því ég hyggst leggja fyrir hana fyrirspurn von bráðar.

Ég minntist á pott upp á 150 millj. kr. sem vistaður er undir fjmrn. undir heitinu Sparnaður í ríkisrekstri en ætla má að eitthvað af þeirri fjárhæð verði ráðstafað til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þessar hugmyndir voru að minnsta kosti kynntar varðandi síðastnefnda pottinn í fjárln. í tengslum við fjárhagsvanda sjúkrahúsanna. Því vil ég leggja fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um það hve mikið hennar ráðuneyti sé ætlað úr pottinum og hve miklum hluta sé þá meiningin að verja til sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Þær stofnanir sem hér er fjallað um eru lykilstöðvar lækninga á Íslandi og því er brýnt að starfseminni þar sé haldið í sómasamlegu ástandi. En því miður virðist langt í land miðað við þær hugmyndir sem fyrir liggja úr hinu háa heilbrrn.

Í Morgunblaðinu í gær, 20 desember er vakin athygli á vandamálum Sjúkrahúss Reykjavíkur og að auki fær ríkisstjórnin ákúrur í leiðara fyrir handahófskenndan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Meira að segja Morgunblaðið telur að lengra verði ekki gengið í þessum efnum. Ég leyfi mér að vitna í leiðara blaðsins, með leyfi forseta. Þar segir:

„Flatur niðurskurður getur, þegar hart er í ári, haft einhver áhrif í skamman tíma. Þegar er ljóst orðið að ekki verður gengið lengra í þeim efnum, að því er varðar niðurskurð til heilbrigðismála og menntamála."

Þá segir í umfjöllun sama blaðs um fjárveitingu til Sjúkrahúss Reykjavíkur að verði fjárveiting til sjúkrahússins óbreytt, verði að reka 140–200 manns og leggja niður 4–5 deildir sem hefðu 25–30 sjúklinga hver. Þá segir einn forstöðulækna spítalans í viðtali við blaðið að þau ráð sem grípa þyrfti til svo endar næðu saman væru í raun eins og

ógreiddur víxill og sjúklingarnir hyrfu ekki þótt deildum væri lokað eða starfsfólki fækkað.

Í samræmi við það sem hér hefur komið fram leggur minni hlutinn fram brtt. um aukin framlög til sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu en leggur jafnframt áherslu á að í ráðuneyti heilbrigðismála sé mótuð skýr stefna í málefnum alls heilbrigðiskerfisins. Brtt. eru á þskj. 485. Þar er lagt til að framlög til Ríkisspítala verði hækkuð um 150 millj. kr. og til Sjúkrahúss Reykjavíkur um 100 millj. kr.

Í frhnál. minni hluta fjárln. er vikið nokkrum orðum að menntamálum. Minni hlutinn gerði ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til menntamála við 2. umr. um frv. og vísar til þeirrar umræðu. Þó er talin ástæða til að vekja athygli á nokkrum atriðum er tengjast menntun og menningu.

Í nál. 1. minni hluta fjárln. við 2. umr. var varað sérstaklega við því ástandi sem ríkir varðandi flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Var bent á að enn væri ekki séð fyrir endann á kostnaðarþættinum þrátt fyrir að lögum um grunnskólann væri ætlað að taka gildi 1. ágúst 1996. Dregist hefur úr hófi að þær nefndir, sem fjalla um flutninginn, skili niðurstöðum og er það miður. Minni hlutinn ítrekar þessar áhyggjur og vekur athygli á ályktun Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags þar sem bent er á seinagang málsins og kennarasamtökin lýsa því yfir að ekki geti orðið af flutningnum á tilætluðum tíma ef lausir endar verði ekki hnýttir í málinu fyrir miðjan janúarmánuð næstkomandi. Ályktun kennarasamtakanna fylgir með nál. minni hluta fjárln.

Það er vissulega áhyggjuefni hversu dregist hefur úr hófi að ganga frá nauðsynlegum hlutum varðandi flutning grunnskólans eins og bent er á í ályktuninni. Það er ekki óeðlilegt að nauðsynlegar breytingar á lögum og samningar um réttindamál kennara liggi fyrir nokkrum mánuðum áður en breytingin tekur gildi enda þurfa skólarnir væntanlega að ráða kennara með einhverjum fyrirvara og þá er jú nauðsynlegt að vitað sé á hvaða kjörum það eigi að vera. Eins og staðan er núna er þetta óljóst. Réttindamál kennara eru í óvissu og kostnaðarþátturinn vegna flutnings grunnskólan einnig

Minni hlutinn leggur áherslu á áhyggjur sínar af stöðu mála í Háskóla Íslands og fer um það nokkrum orðum í nál. sínu. Fjárhagur skólans er með þeim hætti að nauðsynlegt mun reynast að skerða gæði kennslunnar, en eins og forsvarsmenn skólans bentu fjárlaganefnd á þegar fyrir 2. umr. vantar 70 millj. kr. upp á að kennslan geti orðið sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Alls námu beiðnir Háskóla Íslands um 130 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í frv. í upphafi og því er ljóst að vandi skólans er gífurlegur. Vandi háskólans hefur ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með fréttum upp á síðkastið og fjölmargir hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna þessa, bæði forsvarsmenn skólans, stúdentar og velunnarar aðrir.

Ég vil enn vitna í Morgublaðið í gær, þann 20. desember, en þar lýsti háskólarektor því yfir að ef ekkert yrði að gert vegna fjárhagsvanda skólans, væri ástæða til þess að óttast að skólinn kæmist í greiðsluþrot. Þá bendir hann á þann vanda sem skólinn stendur frammi fyrir, að vera sífellt uppálagt að spara á meðan honum er skylt skv. lögum að taka við öllum sem stúdentsprófi ljúka og sækja um. Þá bendir rektor á að skólinn þurfi mun meira fé til að standa undir vaxandi fjölda nemenda. Enn fremur vekur hann athygli á því hversu uppsafnaður vandinn er enda eru takmörk fyrir því hversu lengi er hægt að svelta stofnun eins og Háskóla Íslands.

Meiri hluti fjárln. gerir reyndar tillögu um 15 millj. kr. framlag til háskólans er gangi að hluta til nýrra verkefna en að $^2/_3$ vegna fjölgunar nemenda. Þessar tillögur eru til bóta en minni hlutinn bendir á að þessi fjárhæð leysir ekki vandann sem fyrir er í málefnum skólans þar sem skólinn gerir ráð fyrir að 70 millj. vanti upp á að kennslan geti orðið sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndum auk annars vanda er skólinn stendur frammi fyrir.

Minni hlutinn vill vekja sértaka athygli á viðvörunum stúdentaráðs Háskóla Íslands þar sem segir, m.a., með leyfi forseta:

„Ef fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fer óbreytt í gegn verða afleiðingarnar þessar:

Meiri og róttækari niðurskurður í kennslu og námsframboði heldur en 1992.

Nýráðningar og nýmæli koma ekki til greina.

Enn meiri samdráttur í endurráðningum, sem jafnframt hefur í för með sér að draga verður úr rannsóknum innan skólans.

Háskólinn getur ekki greitt skuldir sínar."

Ályktun stúdentaráðs Háskóla Íslands fylgir með áliti þessu sem fylgiskjal.

Þeim háskólamönnum barst reyndar óvæntur liðsauki í leiðara margtilvitnaðs Morgunblaðs í gær en þar fær ríkisstjórnin ádrepu fyrir niðurskurð sinn til Háskóla Íslands. Í leiðaranum segir, með leyfi forseta:

„Háskóli Íslands hefur farið fram á að við afgreiðslu fjárlaga verði framlag til skólans aukið um 70 milljónir króna til að tryggja að „kennsla verði með viðunandi hætti". Stjórnvöld verða að tryggja starfshæfni háskólans og átta sig á þeirri staðreynd, að menntun er fjárfesting til framtíðar úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Fjárframlög til menntamála eru ekki óarðbær útgjöld."

Síðar segir: „Það er stóralvarlegt mál að fjárhagsvandi háskólans, æðstu menntastofnunar þjóðarinnar, sé orðinn slíkur að stjórnendur hans eru farnir að óttast greiðsluþrot. Ljóst er að ýmsar deildir háskólans búa við slíkan fjár- og tækjaskort, að þær rísa vart undir nafni, sem sjálfstæðar háskóladeildir."

Minni hlutinn gerir tillögu um aukin framlög til Háskóla Íslands sem nemur 75 millj. kr. aukningu frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Er þá miðað við að 5 millj. sé ætlað að verja til nýrra verkefna en 70 millj. til grunnkennslu.

Minni hlutinn telur sérstaka ástæðu til að vekja athygli á nýjum lið í frumvarpinu, 02-983 Ýmis fræðistörf, viðfangsefni 123, Hið íslenska bókmenntafélag. Undir hann eru settar 12 millj. kr. en að auki er lagt til að 6 millj. kr. gangi til félagsins á fjáraukalögum 1995 samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar við fjáraukalögin.

Ekkert skriflegt erindi hefur borist fjárln. vegna þessa liðar heldur virðist sem munnleg tilmæli hafi komið frá forsrn. um fjárveitingar þessar.

Minni hluti fjárlaganefndar hefur leitað eftir skýringum á því að ríkisstjórnin skuli nú óska eftir að styrkja bókaútgáfu á þennan hátt og með svo rausnarlegum framlögum sem raun ber vitni. Hefur sú skýring ein fengist að hér sé um að ræða greiðslu til félagsins vegna þjóðhátíðarútgáfu á Sögu Íslands í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974. Þessi rausnarskapur að 21 ári liðnu kemur minni hlutanum í opna skjöldu á sama tíma og framlög til menntunar og menning-

armála eru skorin við nögl og grundvallarmenntastofnanir í landinu lýsa yfir neyðarástandi vegna fjárskorts.

Minni hlutinn vísar í nefndarálit 1. og 2. minni hluta við 2. umr. um almennar athugasemdir um félagsmál. Sérstaklega þykir þó ástæða til að vekja athygli á nokkrum atriðum. Eins og bent er á í kaflanum um breyttar efnahagsforsendur er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 4,4% á næsta ári í stað 4,8% eins og þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þá verða töpuð ársverk 5.800 í stað 6.400 miðað við fyrri spá. Þetta hefur í för með sér að hægt er að gera ráð fyrir minna fé til atvinnuleysistrygginga en áætlað var og hefur þó verið tekið tillit til hækkunar bóta atvinnuleysistrygginga samkvæmt nýlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við aðgerðir á vinnumarkaði. Minni hlutinn vill vekja athygli á því að komið hefur í ljós að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs voru verulega vanáætluð í fjárlagafrumvarpinu. Hefur verið vakin athygli á þessu í fjárln. Samkvæmt áætlunum vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins var, miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1996, gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins yrðu 4.003.672.224 kr. á árinu en í fjárlagafrumvarpinu var í upphafi gert ráð fyrir að útgjöldin yrðu aðeins 3.760.000.000 kr. Nú gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögur um skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs á grundvelli endurskoðaðrar þjóðhagsspár en tekur ekki tillit til skekkjunnar sem falin er í upphaflegum tölum frumvarpsins eftir því sem ég best fæ séð og fengið upplýsingar um. Hér virðist því vera um vanáætlað fjármagn til atvinnuleysismála að ræða og lýsir minni hlutinn furðu sinni á því að þetta hafi ekki verið leiðrétt í meðförum fjárln.

Minni hlutinn harmar að ekki skuli hafa verið fallist á tillögu um aukið framlag til Félagsmálaskóla alþýðu og lýsir yfir furðu sinni á því að ríkisstjórnin skuli skera niður framlög til þessa málaflokks á meðan þörf fyrir fullorðinsmenntun og menntun atvinnulausra hefur síst minnkað. Þá vill minni hlutinn lýsa yfir vanþóknun sinni á þeirri skerðingu sem orðið hefur á lið 07-981 Vinnumál, viðfangsefni 190, Ýmislegt. Framlög samkvæmt þessum lið hafa að mestu gengið til aðila vinnumarkaðarins í þágu þeirra samfélagslegu verkefna sem þeir sinna og er síst minni þörf en áður fyrir þá mikilvægu starfsemi sem fram fer hjá þessum samtökum.

Að lokum greinir minni hlutinn í áliti sínu frá því að mjög margir útgjaldaliðir frv. hafi verið til athugunar í nefndinni milli 2. og 3. umr. svo sem sjá má af brtt. meiri hlutans. Minni hlutinn tók þátt í þeirri afgreiðslu og styður margar tillagnanna en ekki allar. Því varð að ráði að meiri hlutinn flytti þær en ekki öll nefndin.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja eftir brtt. sem fram kunna að koma.

Minni hlutinn fór fram á að áætlanir ríkisstjórnarinnar um skerðingu bótagreiðslna til þolenda afbrota yrðu að fullu dregnar til baka. Ekki virðist vilji hjá ríkisstjórninni fyrir því og harmar minni hlutinn það. Ríkisstjórnin boðaði í upphafi þings tillögu um frestun á gildistöku laganna um bótagreiðslur til þolenda afbrota um eitt ár og að auki að afturvirkni þeirra flyttist fram um eitt ár. Hörð viðbrögð utan sem innan þings leiddu til nýrra tillagna um frestun gildistökunnar um hálft ár án þess að það hefði áhrif á afturvirknina. Jafnframt voru lagðar til breytingar á bótafjárhæðum sem leitt hefðu til stórfelldrar lækkunar frá því að lögin voru samþykkt í mars sl. Útilokað var að sætta sig við þær breytingar og hefur síðan verið unnið að því með öllum ráðum að fá meiri hlutann til að hætta við þau áform. Nú hefur enn þokast í baráttunni gegn þessari hróplega óréttlátu lagasetningu við 2. umr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Eins og fram kom í nefndarálitum, ræðum og breytingartillögum við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið lagði minni hlutinn áherslu á að Alþingi tryggði með fjárlögum það framlag sem þarf til þess að staðið verði við lögin í einu og öllu, og mun minni hlutinn enn freista þess að tryggja framkvæmd laganna eins og þau voru afgreidd á Alþingi rétt fyrir síðustu kosningar þótt til þess séu reynar ekki miklar líkur eftir að lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafa verið samþykk.

Herra forseti. Minni hlutinn vekur að lokum í nál. sínu athygli á hækkun til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, til Mannréttindaskrifstofu Íslands og til Krýsuvíkurskólans þótt hér séu ekki stórkostlegar fjárveitingar á ferð. Þá má nefna 500 þús. kr. hækkun á liðnum 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, en sú upphæð er ætluð til fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir. Allt eru þetta liðir sem minni hlutinn hefur lagt áherslu á og þótt hér sé um smáar upphæðir að ræða er víst að þær koma í góðar þarfir.

Herra forseti. Undir nál. rita Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gísli S. Einarsson og Kristín Halldórsdóttir.

[02:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir beindi einni spurningu til mín sem ég vil gjarnan svara. Hún spyr að því hversu mikið heilbrigðismálin fái af þessum 155 millj. kr. potti sem áætlaður er til hagræðingar. Ég býst við því að heilbrigðismálin fái meginhluta þessarar upphæðar. Þar er þörfin mest.

[02:06]

Frsm. minni hluta fjárln. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svarið. Sá pottur sem ég er að tala um er vistaður undir fjmrh. undir heitinu Sparnaður í ríkisrekstri að fjárhæð 150 millj. kr. Ég geri ráð fyrir að hæstv. heilbrrh. sé að tala um sama pott. Það vekur reyndar undrun mína af hverju þessi liður er þá ekki settur undir heilbrrn. frekar en í fjmrn. Ég leita eftir skýringum við því við hæstv. heilbrrh. hvernig standi á því að þessi liður sé þá ekki hreinlega settur undir heilbrrn.

[02:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skylt er skeggið hökunni. Það varð að samkomulagi að þessi upphæð væri í fjmrn. en ég endurtek að ég býst við að meginhluti þessarar upphæðar fari til heilbrigðismála.

[02:07]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 420 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 frá menntmn. Menntmn. hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár. Af þeim 17 sem hlutu heiðurslaun á þessu ári er einn látinn. Að þeim mæta listamanni frátöldum leggur nefndin til að sömu listamenn og njóta heiðurslauna í ár hljóti heiðurslaun á árinu 1996. Þeir eru:

Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Halldór Laxness, Hannes

Pétursson, Helgi Skúlason, Indriði G. Þorsteinsson, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Sigfús Halldórsson, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson. Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun verði áfram 900.000 kr.

Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu.

[02:09]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að hafa orð á því að hér hefur fólk verið við vinnu undanfarna sólarhringa frá morgni til kvölds og enn skal haldið áfram og meira að segja er það þannig að fólk er farið að draga sig til baka frá eðlilegri umræðu og umfjöllun um mál vegna þess tíma sem er tekinn í þingstörfin.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill taka fram að þetta er allt gert í fullu samkomulagi milli flokka.)

Herra forseti. Mér er kunnugt um að það er gert í samkomulagi en samt sem áður er ástæða til að geta þess hvernig vinnulagið er. Ég tel að fyllsta þörf sé á að breyta því. Ég tala ekki um að þegar maður er farin að velta þessu fyrir sér, þá kemur náttúrlega ekki til greina annað en að flytja málið a.m.k. að nokkru. Ég hafði undirbúið mig undir að flytja mál mitt ítarlega í klukkutíma eða svo en við nánari íhugun sé ég ekki tilganginn vegna þess að hæstv. forsrh. bar þá gæfu að ná málinu varðandi Spöl fram á réttum tíma þannig að fókusinn af fjárlagaræðunni fór á Spöl í staðinn fyrir fjárlagaumræðuna sem er mikilvægasta mál sem við ræðum hverju sinni. (**Forsrh.:** Þetta er allt spurning um tímasetningu.) Það er rétt, herra forsrh., þetta er allt saman spurning um tímasetningu. (**Gripið fram í:** Og forgangsröð.)

Fjárln. hefur á þeim fáu dögum sem liðnir eru milli umræðna haft frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 til meðferðar og skoðunar. Fulltrúar fjmrn. hafa rætt tekjuhlið frv. við nefndina og kynnt óbreytta stöðu hvað varðar halla. Hækkun um litlar 100 millj. eða svo. Tekjuhliðinni hefur verið lyft sem útgjaldaauka nemur. Það liggur fyrir að um verulega meiri tekjur er að ræða út frá þeirri aukningu sjávarafla sem gerð hefur verið tillaga um frá því að frv. var lagt fram. Nú ber svo við, herra forseti, að fjmrn. notar forsendur öðruvísi en á haustdögum. Um það er auðvitað ekkert að segja annað en að hæstv. fjmrh. ætlar að eiga varasjóð upp í erminni án þess að gera grein fyrir því hversu mikið það er miðað við útreikninga á haustmánuðum. Um er að ræða upphæðir sem nema að líkindum 1–1,5 milljörðum kr. Í frv. er ekki að finna tilhneigingu hæstv. ríkisstjórnar til kerfisbreytinga á neinn hátt nema á þann að níðast á þeim sem lakast eru settir í íslensku þjóðfélagi.

Ég get ekki látið hjá líða að ræða örlítið um vinnubrögð og starfshætti. Minni hluti fjárln. hefur ekki neitað að koma til funda hvort sem um hefur verið að ræða að nóttu eða degi, virka daga eða um helgar. Það er undarlegt í meðferð fjárlaganna að til þess að vinnu verði komið áfram hefur orðið að taka við málum frá ráðuneytum í stikkorðastíl í mörgum tilvikum og ýmis mál hafa komið til nefndarinnar símleiðis og hafa síðan verið staðfest með tilskrifum eftir á. Hringlandaháttur í einstaka málum af þessum sökum hefur vakið aðhlátur, ekki bara minni hlutans. Mál hefur borið þannig að að þau hafa verið sett inn með brtt. símleiðis, dregin til baka með bréfi og síðan sett aftur inn með tilskipan ráðuneytis. Ég ætla ekki að tilgreina málin en svona hefur þetta samt gengið fyrir sig.

Ég kann meiri hluta nefndarinnar og formanni bestu þakkir fyrir samstarfið. Það er ekki þeirra að svona skuli gengið til verka. Ég veit að það er vilji til að breyta þessu vinnulagi en til þess verður að breyta starfsháttum í ríkisstjórn og ráðuneytum. Það sem ég á við er að gögn voru að berast fram á síðustu stund og fyrir liggur að það verður að taka ýmsar fjárheimildir þegar til athugunar og inn á fjáraukalög fyrir árið 1996. Þetta ber auðvitað þess merki að ekki er nægjanlega vel að málum staðið. Fjárln. hefur ekki gefist nægur tími til að fjalla um mál svo sem þyrfti. Ekki þarf annað en vísa til þess frv. sem nefnt er bandormur og afkvæmi hans, fylgifrv. sem er hálfgerður ánamaðkur ásamt öllu því sem steypt er saman í skerðingum og öðrum aðgerðum ríkisstjórnarinnar með hæstv. fjmrh. með sleifina við pottinn að útbúa þann kattarláfujafning sem kallast fjárlagafrv.

Fjárlög hvers árs eru mikilvægastasta málið sem fjallað er um hverju sinni. Þess vegna ber að gagnrýna vinnubrögð sem birtast í því sem áður er lýst, með handahófskenndum vinnubrögðum við framlagningu, samanber ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Herra forseti. Ég fór við 2. umr. um fjárlög yfir skuldastöðu ríkissjóðs og hvernig hallinn hefur verið innbyggður í rekstrarkerfi hans. Hann hefur leitt til áframhaldandi skuldasöfnunar og veldur verðbólguáhrifum og vaxtahækkunum. Skuldastaða ríkissjóðs og ríkisstofnana hefur farið hríðversnandi undanfarin ár og ég tel rétt að gera enn grein fyrir því að skuldir ríkissjóðs hafa aukist úr 11,7 milljörðum árið 1985 í 126,7 milljarða árið 1994 eða um það bil 1000%. Skuldir sveitarfélaga hafa aukist úr 7,4 milljörðum í 36,8 milljarða eða um það bil 500%. Skuldir heimilanna hafa á sama tíma aukist um 700% en skuldir fyrirtækjanna, sem betur fer kannski, ekki nema um 260%. Afborganir af skuldum ríkissjóðs eru nú um 34,2 milljarðar fyrir næsta ár.

Herra forseti. Afborganir og vextir íslensku þjóðarinnar eru gífurlegar. Afborganir nema sem svarar öllum útgjöldum menntmrn., öllum útgjöldum félmrn. og öllum útgjöldum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þessar skuldir verða ekki greiddar í einni svipan en það verður að gera á skipulegan hátt, vinna á skuldum og minnka afborganir og vexti. Og vel að merkja, herra forseti, vaxtagreiðslurnar einar saman eru hærri en allar greiðslur til framhaldsskóla, grunnskóla og sérskóla. Ég bið menn að taka eftir því, þær eru hærri einar sér en allar greiðslur til framhaldsskóla, grunnskóla og sérskóla.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að ræða örlítið um stöðuna í heilbrigðismálunum. Við 2. umr. um fjárlagafrv. var gerð lítillega grein fyrir aðgerðum sem fyrirhugaðar voru vegna þess vanda sem er í heilbrigðiskerfinu. En það er nú ljóst, þegar 3. umr. fer fram, að ekkert hefur verið leyst úr þeim vanda sem fyrir liggur. Lög nr. 59/1983 kveða á um að allir landsmenn skuli eiga rétt á þeirri fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndunar andlegri og líkamlegri heilbrigði. Það er langt frá því að við þetta lagaákvæði sé staðið. Vandinn í heilbrigðiskerfinu er yfirstíganlegur og ekki ætti að vera þörf á að grípa til þeirra óyndisúrræða sem nú blasir við að framkvæmd verði, miðað við uppstillt fjárlög ríkisstjórnarinnar.

Fjárlögin sem nú er verið að keyra í gegnum Alþingi eru skilaboð um að draga eigi úr lækningum. Þessi skilaboð eru fyrst og fremst til hátæknisjúkrahúsa höfuðborgarsvæðisins. Þau úrræði, sem rekstraraðilum er ætlað að framkvæma, gera það að verkum að fyrir liggja lokanir fleiri deilda, fækkun

starfsfólks og lenging biðlista á öllum sviðum. Sérfræðingarnir hafa bent á að kostnaður vegna sjúkra á Íslandi sé með því lægsta sem þekkist í löndum sem við berum okkur saman við. En þeir benda jafnframt á að með hækkandi aldri þjóðarinnar og vaxandi tækni og sérhæfingu við læknisaðgerðir muni kostnaður aukast verulega. Þess vegna, herra forseti, er óásættanlegt að ekki sé leyst úr þeim uppsafnaða vanda sem enn er í heilbrigðiskerfinu vegna halla sem nemur a.m.k. 500 millj. kr.

Herra forseti. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að 49 milljörðum 196 millj. 300 þús. kr. verði varið til heilbrigðis- og tryggingamála. Hækkunartillögur á milli umræðna til málaflokksins eru um það bil 247,5 millj. og það leiðir, eins og áður sagði, af sér að enn er óleystur halli upp á 450–500 millj. kr. Það verður að bæta miðað við stöðuna eins og hún var kynnt í fjárln. Minni hluti fjárln. harmar að ekki skuli vera gerð áætlun um lausn þess bráða vanda sem eftir stendur í heilbrigðiskerfinu. Málefni Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur eru hvað alvarlegust. Þessir spítalar hafa ekki fengið þær leiðréttingar sem verður að gera. Þessar stofnanir eru lykilstöðvar lækninga á Íslandi. Þar fara fram sérhæfðustu aðgerðirnar, vegna þess búnaðar og aðstöðu sem þar er að finna. Og af þessari ástæðu þarf sérstaka fjármálaaðgerð vegna þessara spítala sem framkvæma aðgerðir sem eru ekki framkvæmdar á sjúkrahúsum landsbyggðarinnar. Herra forseti. Ég vísa til tillagna minni hluta fjárln. varðandi þessi atriði.

Ég mun nú gera grein fyrir brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 484 sem eru frá undirrituðum og öðrum þingmönnum Alþfl. Fyrri tillagan er við 3. gr. um nýjan lið, nr. 415, fjármagnstekjuskatt frá 1. sept. 1996 upp á 420 millj. kr. Hér er gengið út frá því að núverandi tekjuskattskerfi verði beitt á fjármagnstekjurnar með ákveðnu frítekjumarki en síðan verði lagt á samkvæmt sérstöku skatthlutfalli sem er 30%. Þetta gæti gefið tæplega 1,3 milljarða kr. í tekjur yfir heilt ár. Eins og hér sést er ekki unnið út frá þeirri reglu að setja flatan staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur heldur því að nýr fjármagnstekjuskattur falli sem best að gildandi tekjuskattskerfi en ekki þurfi að búa til nýtt kerfi fyrir hann.

Í öðru lagi. Við 4. gr. fjárlaga, við liðinn 05-204 Fiskistofa eða sértekjur. Í staðinn fyrir 112 millj. kr. kemur 912 millj. kr. Hér er lagt til, herra forseti, að Fiskistofa inniheimti veiðileyfagjald til að standa straum af kostnaði við rekstur sinn, svo og Hafrannsóknastofnunar. Afgangurinn renni í ríkissjóð til að mæta kostnaði við aðrar stofnanir sjávarútvegsins. Lagt er til að innheimt verði 1,65 kr. á hvert kg af lönduðum fiski, umreiknuðum í þorskígildi. Það mun ekki láta fjarri að það hafi verið tæplega 490 þús. tonn á síðasta ári og þannig fæst umrædd upphæð.

Herra forseti. Ég hef lítillega farið yfir málin eins og þau ber að hjá mér og gert grein fyrir tillögum frá Alþfl. sem eru fyrirliggjandi og með því læt ég máli mínu lokið.

[02:24]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og við var að búast hefur margt breyst síðan við ræddum frv. við 2. umr. Ég gagnrýndi það harðlega þá, sem og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að frv. væri tekið til 2. umr. án þess að fyrir lægju tillögur um útgjaldafrekasta kaflann, þ.e. heilbrigðismálin nánast eins og þau lögðu sig. Ég vil ítreka þá gagnrýni hér og nú. Það er vitanlega ekki boðlegt að þingmenn hafi svo skamman tíma til að gaumgæfa þær fjölmörgu tillögur til breytinga sem síðan hafa komið fram við þann kafla og allt of lítið svigrúm til umfjöllunar, bæði í nefnd og í þingsölum. En nánar um þann þátt síðar.

Eins og ég benti á við 2. umr. er ljóst og viðurkennt að tekjuhlið frv. var verulega vanáætluð. Ég nefndi þá töluna 700 millj. kr. a.m.k. og raunar líklegra að hún yrði allt að einum milljarði. Það hefur gengið eftir. Niðurstaðan er að breyttar forsendur auki tekjur ríkissjóðs um hartnær milljarð eða nánar tiltekið 976 millj. kr. Sú niðurstaða ræðst af spá um meiri hagvöxt en áður var reiknað með. Hann er nú áætlaður um 3,2% í stað 2% í þjóðhagsáætlun.

Atvinnuleysi er talið verða nokkru minna en áður var ætlað og kaupmáttur heimilanna heldur meiri og þannig munu aukin umsvif skila sér í auknum tekjum til ríkissjóðs. Að mínum dómi er varlega áætlað. M.a. er ekkert tillit tekið til vænlegri horfa í sjávarútvegi, líkur á aflabrögðum eru í þokkalegu meðallagi, og viðunandi fiskverði á erlendum mörkuðum. Skuggahlið dæmisins er hins vegar að viðskiptajöfnuður mun væntanlega snúast úr afgangi í halla, en viðskiptajöfnuður hefur verið jákvæður nú síðustu árin. Þá er hugsanlegt að verðlag hækki umfram það sem æskilegt getur talist og verðbólga aukist umfram spár. En að öllu samanlögðu tel ég þessa hækkun á tekjuhlið frv. ekki ofáætlaða, fremur í hina áttina.

Á móti eru lagðar fram fjölmargar tillögur um aukin útgjöld þannig að niðurstöðutölur eiga ekki að leiða til meiri halla en lagt var upp með í frv. Hvort þær standast tímans tönn er svo aftur annað mál. Ég hef miklar efasemdir um það. Mér finnst miklu líklegra að við eigum eftir að afgreiða verulegar breytingar með fjáraukalögum næsta árs, bæði tekju- og gjaldamegin, eins og venjan hefur verið, en sú umræða bíður síns tíma. Það er deginum ljósara eða morgunljóst, eins og hæstv. samgrh. hefur nú upplýst að menn segi fyrir norðan, að stjórnarandstaðan hefði viljað hafa afgreiðslu þessa frv. að mörgu leyti á annan veg, bæði tekju- og gjaldamegin. Ég for nokkuð ítarlega í hugmyndir okkar kvennalistakvenna við 2. umr. um frv., bæði um tekjur, sparnað og útgjöld. Ég stend að nál. minni hlutans við 2. umr. málsins, svo og frhnál. við þessa umræðu. Þar er tekið á ýmsum þáttum sem við höfum orðið ásátt um að leggja áherslu á og vekja athygli á.

Þær áherslur koma einnig fram í sameiginlegum brtt. okkar á þskj. 485 þar sem við leggjum til 75 millj. kr. hækkun til Háskóla Íslands, 150 millj. kr. hækkun til Ríkisspítalanna, 100 millj. kr. hækkun til Sjúkrahúss Reykjavíkur og loks er tillaga um 60 millj. kr. til að standa við lögin um greiðslu bóta til þolenda ofbeldisbrota eins og þau voru samþykkt á Alþingi í mars sl.

Einhver kann að áfellast okkur fyrir að leggja fram tillögur um hækkun útgjalda sem nema samtals 385 millj. kr. en spá mín er sú að bregðist Alþingi ekki jákvætt við þessum tillögum minni hlutans þá munum við engu að síður sjá þær á þskj. frá meiri hlutanum við afgreiðslu fjáraukalaga á næsta ári. Svo augljós er fjárvöntun til þessara liða og svo rækilega má rökstyðjar þessar beiðnir að annað er að mínum dómi óraunhæft.

Ég vildi aðeins bæta við þetta. Framganga stjórnarflokkanna er ekki til vitnis um mikinn siðferðisstyrk. Ég á þar m.a. við afgreiðslu meiri hlutans á fjárveitingum til Háskóla Íslands. Hún er ekki í neinu samræmi við fyrirheit allra stjórnmálaflokkanna í síðustu kosningabaráttu um aukinn

stuðning, brýna nauðsyn á auknum stuðningi við menntun og rannsóknir í landinu, aukið framlag um 15 millj. kr. verður ekki til að leysa vanda æðstu menntastofnunar þjóðarinnar sem lagt hefur fram rækilega rökstuddar beiðnir um aukið framlag til kennslu og raunar einnig 60 millj. kr. til rannsókna og framhaldsnáms. Ég tel stefnu stjórnarflokkanna eins og hún birtist í fjárlagafrv. og þessum breytingartillögum beinlínis stefna framtíð æðri menntunar í landinu í hættu. Ég skora á hv. stjórnarliða að íhuga það vandlega að bæta sitt ráð.

Herra forseti. Ég benti á strax á við 1. umr. um frv. til fjárlaga 1996 að ekki færi mikið fyrir kvenvinsamlegum áherslum í frv. til fjárlaga 1996. Raunar má segja að þar sé sitthvað kvenfjandsamlegt og ber þar hæst áformin um frestun gildistöku laganna um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda ofbeldisbrota sem ég hef margsinnis rætt og gagnrýnt hvar sem færi hefur gefist.

Kvennalistakonur hafa öll sín ár á hv. Alþingi lagt fram fáar en stefnumarkandi tillögur til breytinga á fjárlagafrv. og lagt þar áherslu á mál sem teljast einkennandi fyrir hlutverk okkar í íslenskum stjórnmálum. Við settum fram fáeinar breytingartillögur við frv. við 2. umr., fáar og tiltölulega hógværar en af þeim má marka á hvern veg við mundum setja svip á fjárlög ef við réðum ferðinni. Allar lutu þær að því markmiði að bæta hag kvenna og tryggja þeim jöfnuð til athafna, til bótagreiðslna og launa. Fjórar þeirra voru felldar af stjórnarliðum og var svo sem ekki við öðru að búast. Svo að ég aðeins rifji þær upp voru þær í fyrsta lagi um aukið framlag til Námsgagnastofnunar í því skyni að gera stofnuninni kleift að endurskoða og yfirfara námsbækur með hliðsjón af jafnréttislögum, en kannanir hafa sýnt að þar er víða pottur brotinn. Það er ekki við því að búast að vel gangi að koma á margnefndri viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu ef menn láta það áfram viðgangast ár eftir ár að skólabörn fái skekkta mynd af þjóðfélaginu í námsbókum en stjórnarliðar felldu þá tillögu allir sem einn.

Í öðru lagi lögðum við til 5 millj. kr. framlag til UNIFEM á Íslandi sem hefur unnið gagnmerkt starf í þágu kvenna í þróunarlöndunum og hafði fengið munnleg vilyrði ráðherra fyrir fjárstuðningi til styrktar athyglisverðu verkefni í Andesfjöllum. Meiri hluti fjárln. lagði til 2,5 millj. kr. til þessa liðar og sú niðurstaða varð ofan á.

Í þriðja lagi varð svo tillaga um aukið framlag til atvinnumála kvenna sem hefði verið sanngjarnt, m.a. með tilliti til þess að fram undan er talsverð aukning starfa sem karlar hafa hingað til einkum sótt í og menn munu svo vafalaust gera áfram svo og ekki síður vegna þess að reynslan af þessu framlagi ríkisins er mjög góð og hefur varðað miklu. Framlag af þessum lið hefur orðið konum um allt land hvatning til þess að hrinda af stað hugmyndum um atvinnusköpun af ýmsu tagi, að vísu allt í frekar smáum stíl enda ekki um háar upphæðir að ræða í þessum sjóði. Þessi liður í frv. nemur aðeins 19,6 millj. kr. og verður svo áfram. Stjórnarliðar felldu tillögu okkar um hækkun þess liðar upp í 50 millj. og verð ég að segja að skilningsleysið hjá stjórnvöldum á sérstökum aðstæðum kvenna ríður ekki við einteyming. Við kvennalistakonur höfum með ýmsu móti reynt að breyta viðhorfum í þessum efnum og lagt fram margar tillögur á hv. Alþingi í því skyni. Smásálarlegt framlag ríkisins til atvinnumála kvenna eru skilaboð til þeirra um að það þyki ekki ómaksins vert að leggja neitt verulegt af mörkum til að styðja viðleitni þeirra á þessu sviði. Það er annað uppi á teningnum þegar rétta þarf hlut atvinnugreina sem samkvæmt hefðum og venjum njóta þar náðar og skilnings og er þar vitaskuld um hefðbundnar karlagreinar að ræða.

Í fjórða lagi lögðum við til að Alþingi samþykkti 200 millj. kr. framlag sem merkt yrði átaki til þess að jafna launamun kynjanna. Sú tillaga var í samræmi við áætlun sem Kvennalistinn hefur kynnt um aðgerðir til að afnema launamisréttið. Það hróplega misrétti voru allir stjórnmálaflokkar einhuga um í kosningabaráttunni að væri óþolandi og bæri að afnema. Minna hefur farið fyrir tillögum og aðgerðum nema tillögum frá Kvennalistanum sem lagði fram þáltill. um aðgerðir strax á vorþingi og flutti nú tillögur við 2. umr. fjárlaga í samræmi við þá tillögu. Ekki vildu stjórnarliðar fallast á þessa fjárlagatillögu en við munum að sjálfsögðu beita okkur áfram í þessu réttlætismáli sem hlýtur á endanum að bera árangur. Tvær tillögur ákváðum við að draga til baka í þeirri umræðu í þeirri von að þær yrðu athugaðar nánar og það varð raunin.

Fyrst er til að nefna tillögu um nýjan lið við heilbrigðismál, Ýmis starfsemi. Liðurinn yrði merktur Fræðsla um kynlíf og barneignir og til hans yrði varið 2 millj. 580 þús. kr. til þess að stofna skrifstofu samtaka um þessi málefni og standa straum af ráðgjöf og fræðslu sem reyndar er þegar hafin. Meiri hlutinn hefur nú tekið tillöguna upp á sína arma og leggur til 500 þús. kr. hækkun á safnliðnum Ýmis framlög sem ætluð eru til þessarar starfsemi. Þótt hér sé um talsvert lægri upphæð að ræða en við hefðum viljað sjá og lögðum sjálfar til fögnum við auknum skilningi meiri hlutans og stuðningi um málið. Við endurflytjum ekki tillögu okkur við þessa umræðu en vonumst auðvitað til þess að hér sé aðeins um fyrsta skref að ræða og frekari stuðningur komi til síðar. Loks lögðum við til 60 millj. kr. fjárveitingu til greiðslu bóta til þolenda afbrota og þarf sá liður varla mikilla skýringa við. Upphæðin var miðuð við að staðið yrði við nýsett lög um bótagreiðslur vegna ofbeldisbrota en ríkisstjórnin vildi fresta gildistöku þeirra um eitt ár. Þá sögu þarf ekki að rekja í löngu máli. Stjórnarandstæðingar hafa allir sem einn lagst á árar um að koma í veg fyrir það glapræði og hafa þó náð þeim árangri að verulega hefur dregið úr þeim skaða sem upphafleg áform ríkisstjórnarinnar hefðu valdið.

Ég vil láta koma fram að mér er fullkunnugt um nokkra stjórnarliða sem eru okkur fyllilega sammála um þetta efni og hafa lagt mikið á sig til að bæta skaðann. Það má víst ekki nefna nein nöfn í þessu sambandi en ég vil engu að síður færa þeim þakkir mínar og annarra fyrir þeirra liðveislu. Engu að síður varð það að ráði nú við 3. umr. og gera lokatilraun til að tryggja fullnustu þessara laga eins og þau voru samþykkt fyrr á árinu og því lagði minni hlutinn fram tillögu um 60 millj. kr. framlag í því skyni. Það er hins vegar orðið nokkuð ljóst að sú lota er töpuð í bili.

Herra forseti. Í þessu samhengi tel ég rétt að skýra afstöðu okkar kvennalistakvenna til brtt. á þskj. 495 um hækkun styrks til þingflokka um 25 millj. kr. auk þess sem lögð er til breyting á texta liðarins. Eins og ljóst má vera standa að þeirri tillögu formenn allra þingflokka annarra en Kvennalistans. Ástæða er til að taka það skýrt fram að Kvennalistinn er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt og æskilegt að stjórnmálaflokkar fái framlög til starfsemi sinnar og við höfum hingað til staðið að tillöguflutningi um þau efni. Við höfum hins vegar margsinnis gagnrýnt hvernig staðið er að úthlutun þessa liðar og flutt tillögu um setningu reglna

um þau efni en það er annað mál sem ég ætla ekki að ræða frekar við þetta tilefni.

Framlög til stjórnmálastarfsemi hafa verið með ýmsu móti í áranna rás. Í eina tíð var um að ræða framlög sem merkt voru blöðunum án þess að ég muni nákvæmlega hvernig liðurinn var orðaður. Það var svo fyrir um það bil 10 árum sem samkomulag varð um það á hv. Alþingi að setja nýjan lið inn á fjárlög sem væri merktur útgáfustarfsemi á vegum þingflokkanna. Ég held að ég muni það hárrétt að það hafi verið í minni tíð sem formaður þingflokks Kvennalistans og ég hafi staðið að flutningi tillögunnar ásamt formönnum annarra þingflokka. Æ síðan höfum við tekið þátt í breytingum á þessum lið í góðu samkomulagi við aðra þingflokka. Í þetta sinn höfnum við því og ástæðan er eftirfarandi. Hv. þm. stjórnarflokkanna hafa ekki treyst sér til að standa við nýsett lög um greiðslu bóta til þolenda ofbeldisbrota. Breytingar á þeim lögum voru samþykktar fyrr í dag og það áður en lögin taka gildi. Sparnaðurinn sem þar með náðist nemur 15 millj. kr. Það var með hliðsjón af þessari niðurstöðu sem við höfnuðum að flytja tillögu um 25 millj. kr. hækkun til þingflokkanna.

Herra forseti. Ég hlýt að gera mjög alvarlegar athugasemdir við afgreiðslu þess kafla fjárlagafrv. sem tekur til sín um 40% allra útgjalda ríkissjóðs í heilbrigðismálum. Vinnubrögðin í þeim málum hafa verið algerlega með eindæmum og hef ég orð mér þingreyndari manna fyrir því. Oft hafa verið erfiðleikar við að ná endum saman og ná samkomulagi, ekki bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þessi mál, heldur einnig milli stjórnarliða en aldrei hafa hlutirnir gengið jafnbrösulega og nú.

Herra forseti. Mér þykir ekki ólíklegt vegna tæknivæðingar á svæðinu að hæstv. heilbrrh. fylgist með umræðu einhvers staðar nálægt einhverju af þessum nýju tækjum sem gera okkur auðveldara fyrir að fylgjast með en mér þætti vænt um ef hæstv. heilbrrh. kæmi til okkar í salinn og fylgdist með þessu sem við erum að ræða hérna.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. heilbrrh. komi í salinn.)

Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. kom í salinn. Í sjálfu fjárlagafrv. birtust áform um lækkun til fjölmargra liða í heilbrigðiskaflanum, áform um niðurskurð, aðhald og sparnað en minna fór fyrir skýringum á því hvernig þeim markmiðum yrði náð. Það voru aðeins lauslegar hugmyndir um gjaldtöku fyrir einstök læknisverk og fyrir sjúkrahúslegu, hugmyndir um skerðingu bóta og fleira af því tagi sem engin leið var að átta sig á. Þrátt fyrirspurnir og eftirgrennslan í nefndinni var fátt um svör enda augljóst að útfærslu skorti algerlega. Sama dag og áformað hafði verið í upphafi þings að lokaafgreiðsla fjárlaga færi fram fengum við loks nýjar hugmyndir um leiðir til að ná fram niðurskurðaráformum hæstv. heilbrrh. og verður að segjast alveg eins og er að enn var lítið að græða á svörum við fyrirspurnum hvað einstakir liðir hefðu í för með sér. Sumir liðirnir voru gersamlega óskýranlegir og aðeins vísað til þess að hæstv. ráðherra hefði algert vald til útfærslu þeirra. Síðan hefur reyndar nokkuð skýrst með hugmyndir um komugjöld á heilsugæslustöðvar og til sérfræðinga og þau gjöld verða væntanlega hækkuð um 100 kr. eða svo vegna komu á heilsugæslustöðva og 200 kr. til sérfræðinga. Þar að auki mun vera áformað að afsláttarkjör vegna aldurs hefjist ekki fyrr en við 70 ára aldursmarkið í stað 67 ára. Er þar komin enn ein aðferðin við að kroppa í buddur eldri borgara og það á tvöfaldan hátt. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hér sé rétt með farið að þessi áform séu uppi. En þetta er nú reyndar eitt af því sem var tiltölulega fljótlegt að átta sig á. Ýmislegt annað var öllu flóknara og erfiðara að skilja þrátt fyrir góðan vilja. Ég verð að segja að þetta eru auðvitað ekki boðleg vinnubrögð. Frumvarpstillögur voru gjörsamlega óunnar og lítt skýrðar og vikur liðu án þess að við yrðum nokkru nær í nefndinni um þennan umfangsmikla hluta fjárlaga. Kaflinn var svo nánast í heilu lagi látinn liggja milli hluta við 2. umr. um frv.

Síðan tekur við nokkurra daga tímabil þar sem nýjar tillögur og nýjar tölur koma í smáskömmtum og myndin breytist frá einni stundu til annarrar. Þetta minnti nánast á andrúmsloft kosninganætur. Um leið var verið að ganga frá lokatillögum til breytinga á frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár og allt blandast þetta saman í einn herjans hrærigraut. Það er vægast sagt mikil hugarleikfimi og púsluspil að átta sig á lokatölum. Til að skýra aðeins hvað við er að fást langar mig til að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í skýringar meiri hlutans við lið 08-358 í brtt. meiri hlutans en þar segir: „Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 37 millj. kr. Launagjöld hækka um 15 millj. kr. vegna innbyrðis leiðréttinga á fjárveitingu til stofnunarinnar. Á móti lækkar framlag um sömu fjárhæð vegna hækkunar sértekna þannig að heildaráhrif verða engin. Í annan stað lækka sértekjur um 10 millj. kr. en fallið er frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum. Í þriðja lagi hefur verið samþykkt 75% staða barna- og unglingageðlæknis við sjúkrahúsið. Fjárveiting vegna þess er 4,5 millj. kr. en á móti lækkar fjárveiting til fjárlagaliðarins 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi um sömu fjárhæð. Að lokum hækkar rekstrarframlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um 22,5 millj. kr. og er það hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð."

Mér finnst þessi útlistun svolítið dæmigerð og sýna við hvað er að fást þegar maður reynir að átta sig á merkingu allra þeirra breytingartillagna og tilfærslna til og frá á meðan verið er að vinna að þessu máli.

Verst er að reyna að fá botn í spítaladæmið á höfuðborgarsvæðinu og sá botn finnst vitaskuld ekki endanlega fyrr en einhvern tíma á næsta ári, ef hann finnst þá nokkurn tímann. Við þekkjum öll þá umræðu sem hefur verið rúmfrek hér á Alþingi og í fjölmiðlum undanfarna daga þar sem hart er tekist á um leiðir og markmið í spítalarekstri. Að sjálfsögðu væri farsælla að menn gætu náð saman um skilgreiningu vandans og lagst á eitt um að vinna bug á honum en það virðist nú ekki alveg í sjónmáli. Enn eina ferðina er hnífnum beitt á báða bóga án þess að mörkuð sé áður stefna um framtíðarskipan. Eins og fram kemur í nál. minni hlutans er nokkuð ljóst að án aðgerða stefnir í hallarekstur stóru spítalanna í Reykjavík á næsta ári sem gæti numið 500–600 millj. kr. Engar beinar tillögur eru í hendi um það hvernig tekið verður á þeim vanda en ætlunin er að ganga til þess verks með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi að stjórnir spítalanna hvor um sig leggi fram tillögur um aðgerðir til þess að draga úr kostnaði eða auka tekjur og hafa þær frest fram í næsta mánuð að skila þeim tillögum. Nokkuð ljóst er að þær sjá fátt annað til ráða en að loka deildum og minnka þjónustu. Hagræðing og sparnaður er þegar orðinn ærinn og farinn að setja verulega mark á alla starfsemi spítalanna. Aukið vinnuálag á spítölunum er farið að hafa áhrif á reksturinn, veikindadögum starfs-

fólks fjölgar og álagssjúkdómar aukast. Biðlistar lengjast og sjúkdómstilfelli verða þyngri og erfiðari þar sem sjúklingar komast seinna í meðferð en æskilegt er. Þetta er fyrst og fremst vandinn sem við erum að kalla yfir okkur og menn verða auðvitað að horfast í augu við þennan vanda og svara óþægilegum spurningum um forgangsröðun og ábyrgð í heilbrigðisþjónustu. Það þarf að ræða skipulagningu hennar og reyna að ná utan um allt dæmið í heild, gera sér grein fyrir afleiðingum sparnaðar á einu sviði sem oftar en ekki dúkkar upp sem kostnaður annars staðar í kerfinu af þeirri einföldu ástæðu að niðurskurður í heilbrigðisþjónustu læknar ekki sjúka. Það eru meira að segja gild rök fyrir því að niðurskurður geri sjúka enn veikari og þar með dýrari.

Í öðru lagi mun hæstv. heilbrrh. skipa samráðsnefnd ráðuneyta til að leita leiða til að auka samvinnu sjúkrahúsanna. Í tengslum við það eru 200 millj. kr. til ráðstöfunar þegar sýnt er fram á möguleika á lækkun útgjalda. Og hér erum við komin að þeim lið þar sem fyrst er tekið af öllum sjúkrastofnunum og síðan deilt út eins konar verðlaunum eftir frammistöðu.

Í þriðja lagi eru svo 150 millj. krónurnar sem vistaðar eru hjá fjmrh. og stofnanir geta sótt í gegn tillögum um aðgerðir sem leiða til a.m.k. jafnmikils sparnaðar árið 1997. Það sem mesta athygli vekur við þennan lið er heimilisfangið sem honum er ætlað. Hæstv. heilbrrh. hefur margítrekað að þessi pottur sé fyrst og fremst settur á hlóðir vegna vanda sjúkrahúsanna og þau muni að mestu leyti fá skammtað úr honum. Spurningin er þá, hvers vegna heyrir þessi liður ekki undir hæstv. heilbrrh.? Hvers vegna hefur hann ekki forræði á hendi um úthlutun úr þessum sjóði úr því hann er fyrst og fremst til kominn til að leysa vandann í heilbrigðiskerfinu? Treystir hæstv. fjmrh. ekki hæstv. heilbrrh.? Ég leita eftir frekari skýringum hjá hæstv. heilbrrh. og þar með ef hún gæti látið í ljósi skoðun sína á ágæti þessa fyrirkomulags eða hvernig hún lítur á það.

Þessir þrír liðir eru allir dæmi um leiðir sem má reyna og gætu skilað árangri en taka ekki á þeim bráða vanda sem stjórnir sjúkrahúsanna standa frammi fyrir. Þarna er hver potturinn á fætur öðrum, heitur pottur, kaldur pottur og jafnvel hálfgerður lottópottur. Allt myndar þetta einn allsherjargrautarpott og það er ekki til sóma að taka á málunum með þessum hætti. Kannski væri reyndar réttast að tala um naglasúpu sem engan mun seðja.

Ég get raunar í þessu sambandi sagt orðrétt eins og hv. fyrrv. þingkona Kvennalistans, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, sagði í umræðu um fjárlög þessa árs fyrir réttu ári. Hún sagði þar, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur verið mikill uppsafnaður vandi á hverju ári hjá sjúkrastofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Samt er enn áformað að lækka framlag til þeirra og taka ekki á þeim fjárlagahalla öllum sem þar er kominn og uppsöfnuðum vanda heldur á enn að auka kostnað sjúklinga og láta þá borga þjónustuna í auknum mæli sem njóta hennar. Sameining sjúkrahúsa í Reykjavík og hagræðing á landsbyggðinni á enn að skila einhverjum hundruðum millj. sparnaði sem ég tel óraunhæft. Það er enn verið að höggva í sama knérunn með sparnaði inni á sjúkrastofnunum sem eru búnar að hagræða og spara eins og þær mögulega geta á undanförnum árum."

Þannig erum við því miður að segja það sama ár eftir ár um þessi efni, nákvæmlega sömu hlutina. Ég hef, herra forseti, miklar áhyggjur af þessari endalausu styrjöld um heilbrigðiskerfið í landinu og legg áherslu á það enn og aftur að menn verða að taka á vandanum í heild og móta stefnu til framtíðar.

Ég fer nú að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég hef reynt að undirstrika hvaða þættir þess valda mér þyngstum áhyggjum. Þeim áherslum má skipta í megin atriðum í þrjá þætti.

Í fyrsta lagi vantar í þetta frv. með öllu einhverja sönnun þess að hér sé að aukast skilningur á nauðsyn kvenfrelsis og jafnrar stöðu kvenna og karla.

Í öðru lagi verður augljóslega bið á því að hv. þingmenn standi við fögur fyrirheit í síðustu kosningabaráttu um eflingu menntunar og rannsókna í landinu.

Í þriðja lagi er það aðförin að heilbrigðis- og tryggingakerfi landsmanna sem staðfest er með tölum í þessu frv. Mig langar til þess að taka hér að lokum dæmi um afleiðingar þess sem hefur verið að gerast í heilbrigðiskerfinu á undanförnum árum. Í gær eða fyrradag, maður er svolítið ruglaður í tímatalinu, barst mér í hendur skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun á sjúkrahúsum Suðurnesja, á Ísafirði, Neskaupstað og á Suðurlandi. Þetta er þykk og mikil skýrsla sem ég mun kynna mér vel í betra tómi. Ég fletti henni lauslega í gær og þá fyrst og fremst kaflanum um Sjúkrahús Suðurnesja. Þar rakst ég á klausu sem mér finnst nokkuð dæmigerð fyrir það sem hefur verið að gerast og er enn að gerast. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég hér í þessa skýrslu:

„Reynt hefur verið markvisst að stytta legutíma sængurkvenna vegna mikillar aðsóknar á fæðingardeildinni. Sængurkonur mega fara heim eftir 36 tíma en flestar liggja þó lengur. Legutími sængurkvenna hefur styst nokkuð á undanförnum árum eða úr 6,1 degi á árinu 1993 í 5,65 daga á árinu 1994. Á sama tíma hefur legudögum almennra sjúklinga á sjúkrahúsinu fækkað úr 9,7 dögum í 8,7 daga. Meðalnýting rúma á deildinni var 97% á árinu 1994. Talsverður hluti af vinnutíma ljósmæðranna er fólginn í því að sinna þeim brjóstavandamálum sem koma upp hjá konunum eftir að þær koma heim af fæðingardeildinni. Þessi vandamál koma upp hvort sem konan liggur inni eða ekki en í raun er búið að útskrifa hana. Því ætti að greiða fyrir þjónustuna eða jafnvel að beina konunum til heilsugæslunnar."

Ég læt, herra forseti, mönnum eftir að velta þessu dæmi fyrir sér og lýk hér með máli mínu.

[02:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kvennalistinn er vandur að virðingu sinni eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Hún gat þess að hér hefðu formenn allra þingflokkanna flutt tillögu um hækkun á fjárveitingum til stjórnmálaflokkanna, allir utan formaður þingflokks Kvennalistans. Hv. þingmaður gat þess líka að henni þætti í sjálfu sér ekki óeðlilegt að hið opinbera styrkti starfsemi stjórnmálaflokkanna. Út af fyrir sig virði ég þessa skoðun hv. þingmanns og ég virði þessa skoðun Kvennalistans sem hreyfingar. Í þeirri tillögu sem við þingflokksformenn höfum lagt fyrir þingið í kvöld er þess getið að til þess að fá styrk úr þessum sameiginlega sjóði þurfi menn að sækja skriflega um það. Ég verð að segja, herra forseti, að eftir ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur teldi ég siðferðilega óverjandi af Kvennalistanum, sem hafnaði því að flytja þessa tillögu, að sækja skriflega um styrk úr þessum sjóði. Ég veit að Kvennalistinn er vandur að virðingu sinni en mig langar að fá þetta algjörlega á hreint, herra forseti, og spyr því hv. þm.: Er það ekki alveg ljóst, eftir ræðu hennar, að Kvennalistinn mun ekki sækja skriflega

um hluta af fjárveitingunni sem þarna er lögð til?

[03:00]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er mikið niðri fyrir og ég kýs að skilja hann svo að áhyggjur hans séu af einlægri umhyggju fyrir velferð Kvennalistans, enda þekki ég hann ekki að öðru en vinsemd og virðingu í garð okkar kvennalistakvenna. Það var allt saman rétt eftir tekið sem hann hafði eftir mér úr þessari ræðu. Ég verð nú að segja, hv. þm., að ég er ekki þeirra skoðunar að Kvennalistinn hafi fyrirgert rétti sínum, nú frekar en áður, til þess að sækja í þennan sjóð rétt eins og aðrir þingflokkar. En af þessu tilefni vil ég spyrja hv. þm. hvort hann muni beita sér gegn því ef Kvennalistinn sækir um framlag úr þessum sjóði samkvæmt reglum sem þar um verða settar?

[03:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég svara strax spurningunni sem hv. þm. beindi til mín. Ég er ekki í þeirri aðstöðu að geta liðsinnt eða beitt mér gegn umsókn Kvennalistans um fjárveitingu úr þessum sjóði. En ef ég væri í þeirri aðstöðu þá mundi ég ekki leggjast gegn því. Ég tel að það sé sjálfsagt að flokkar fái styrkveitingu frá hinu opinbera til þess að geta starfað eðlilega.

Hins vegar verð ég að segja, af einlægri umhyggju fyrir Kvennalistanum, að þetta þykir mér vera pólitísk hræsni. Þetta er pólitísk tvöfeldni sem Kvennalistinn hefur gersamlega verið laus við til þessa. Það er ekki hægt, hv. þm., að leggjast gegn því að flytja slíka tillögu og tala um hana með þeim hætti sem hv. þm. gerði áðan, sem var ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að hún væri siðferðilega ámælisverð miðað við tilteknar forsendur, en koma síðan og ætla að njóta góðs af henni. Það er tvöfeldni sem Kvennalistinn hefur ekki verið þekktur að áður. Ég get ekki annað en lýst hryggð minni yfir því sem ég kalla siðferðilega álitshnekki af hálfu Kvennalistans að tala eins og það sé rangt og það sé ekki verjandi framferði af hálfu okkar hinna að bera fram þessa tillögu. Lýsa því síðan yfir, eins og hv. þm. gerði, að Kvennalistin mundi eigi að síður sækja fast í að fá réttan hlut sinn úr sjóðnum sem hann hefur þó ekki pólitískan kjark til þess að leggja til að verði veittur stjórnmálaflokkunum sameiginlega.

[03:03]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil vel og trúi því að hér sé um djúpa hryggð að ræða, eins og hv. þm. lýsti. Reyndar tel ég að hann hafi eitthvað misskilið orð mín. Ég sagði ekkert um að þingflokkur Kvennalistans myndi sækja fast í þennan sjóð. Hins vegar lýsti ég þeirri skoðun minni að með því að hafna því að leggja til hækkun til þessa liðar í þetta sinn þá hefði Kvennalistinn ekki fyrirgert rétti sínum til að sækja í sjóðinn. (**ÖS:** Þú spurðir um afstöðu mína til ...) Ég spurði um afstöðu hv. þm. Hann sagðist ekki ráða neinu um það. Hins vegar hefur hann vald til þess að skrifa upp á þessa tillögu þannig að ég tel að hann hljóti að hafa eitthvað um það að segja eða hafi einhverja skoðun á því hvernig þessum lið verði varið.

[03:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla í máli mínu m.a. að gera grein fyrir 20 brtt. sem þingmenn Þjóðvaka leggja til við frv. til fjárlaga. Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. fjmrh., sem ég held að sé í húsi, verði viðstaddur umræðuna, svo og hæstv. heilbrrh. en ég sé að hann er í salnum. Hluti af þessum tillögum var kynntur við 2. umr. fjárlaga. Þar gerðum við ítarlega grein fyrir afstöðu okkar til meginatriða fjárlagafrv. Við teljum að þar verði að gera á miklar betrumbætur svo að vel fari. Í tillögum okkar koma fram atriði sem bæði lúta að tekjuöflun og niðurskurði útgjalda, svo og að aukningu útgjalda í öðrum þáttum. Tillögurnar í heild gera ráð fyrir auknum tekjum upp á 2,6 milljarða og ég vil benda á að tillögurnar eru listaðar upp á skilmerkilegan hátt á þskj. 486, aðgengilegar fyrir hv. þm.

Varðandi lækkun útgjalda vil ég nefna þætti sem lúta m.a. að því að við gerum ráð fyrir að lækka útgjöld til landbúnaðarmála um 100 millj. kr. og þegar haft er í huga að útgjöld ríkisins til landbúnaðarmála á næsta ári eru 6 milljarðar teljum við um fyllilega raunhæfa aðgerð að ræða. Sömuleiðis leggjum við til að útgjöld við Byggðastofnun og þann málaflokk verði lækkuð um 100 millj. kr. Við teljum að með endurskipulagningu þess þáttar í ríkisrekstrinum mætti spara slíka upphæð. Við gerum einnig tillögu um að ferðakostnaður og risna ráðuneyta, sem er umtalsverð, lækki um 30 millj. kr.

Herra forseti. Ég vildi vegna þess að það er orðið áliðið nætur fara tiltölulega hratt yfir en nokkur atriði tengjast hæstv. fjmrh. Er hann að koma?

(**Forseti** (GÁ): Forseti hefur gert ráðstafanir til að kalla hann til fundarins.)

Nokkra þætti í tillögugerð okkar vil ég geta um áður en kemur að spurningum í tengslum við tillögurnar sem ég vil fá svör við frá hæstv. fjmrh., sem gengur nú í salinn. Ég fagna því að hann er viðstaddur og heyrir umfjöllun um brtt. sem hér eru lagðar fram.

Á þskj. 486 leggjum við m.a. til hert skatteftirlit. Þannig væri hægt að ná 200 millj. kr. Nú gefst ekki tími til að fara út í nákvæma útlistun á því. Við höfum lagt fram ákveðnar hugmyndir um framkvæmdina en miðað við að um 11–14 milljarðar kr. tapist í skattkerfinu teljum við að slíkur tekjuauki, um 2%, sé fyllilega raunhæfur.

Samkvæmt tillögum okkar getur fjármagnstekjuskattur gefið 500 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., því hann hefur gefið um það fyrirheit og hefur nefnd starfandi að þeim efnum, hvort hann geti ekki fullvissað þingheim um það við lokaafgreiðslu fjárlaga að hann muni á næsta ári leggja fram frv. um þennan skatt, þannig að hann verði tekinn upp einhvern tímann á næsta ári. Jafnframt hvort hann telji slíka tekjuöflun, eins og hér er gert ráð fyrir, geti þá komið til greina, þótt ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. fjmrh. muni styðja tillöguna við þessa afgreiðslu.

Við leggjum sömuleiðis til sem tekjuöflun álagningu veiðileyfagjalds upp á 500 millj. kr. Þetta er nokkuð sérstæð tillaga vegna þess að við höfum lagt fyrir Alþingi tillögu um útfærslu á veiðileyfagjaldi en töldum hins vegar rétt að gera beina tillögu við fjárlögin um ákveðna upphæð í því skyni til að undirstrika mikilvægi málsins. Ég minni á að kostnaður ríkisins við sjávarútveg er um 3 milljarðar kr, en hér er lagt til að gjaldtakan gæti numið 500 millj. kr. Þótt ég geri ekki ráð fyrir að þingheimur samþykki þetta á þessu stigi gefur það ákveðna vísbendingu í hvaða átt málið stefnir.

Við leggjum sömuleiðis til að lagður verði á hátekjuskattur, sem við köllum svo, sem gæti skilað 50 millj. kr. Þar eigum við við 10% skatt á mánaðartekjur sem eru yfir 700

þús. kr. Það eru ekki mjög margir einstaklingar sem hafa slíkar tekjur, fjölskyldutekjur upp á 1,4 millj. á mánuði. Þetta eru mjög háar tekjur og okkur finnst ekki ósanngjarnt að þeir sem þær hafa leggi nokkuð meira til samfélagsins en nú er.

Við gerum ráð fyrir að lækka svokallaðan fjármagnstekjuskatt eldri borgara. Við höfum barist hatrammri baráttu í tengslum við bandorm og fjárlagafrv. gegn því að fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar varðandi hann nái fram að ganga. Það hefur ekki tekist og þess vegna gerum við tillögu um það í lokaafgreiðslu fjárlaga um að þessi liður verði lækkaður.

Við leggjum til aukið framlag til Háskóla Íslands um 70 millj. kr. og hækkunar til Rannsóknarnáms- og Nýsköpunarsjóðs um 30 millj. kr. Þarna er stigið skref í áttina til þess sem háskólinn hefur talið vera lágmarksfjárþörf sína en afgreiðsla ríkisstjórnarinnar er ekki viðunandi, langt undir þeim hungurmörkum sem háskólamenn hafa skilgreint og í alþjóðlegum samanburði. Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. af því að hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur. Ég vil ekki biðja hann að koma hingað þar sem hann er ekki í húsinu en ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari spurningum um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að bæta fjárhag æðstu menntastofnunar okkar. Þar eru hlutir komnir mjög úr lagi vegna fjársveltis undanfarin ár og sífellt erfiðara er að halda uppi kennslu og rannsóknum á þeim alþjóðlega mælikvarða sem við þurfum á að halda. Nú háttar þannig til að ég þekki nokkuð til málefna háskólans og ég get fullvissað hæstv. fjmrh. um að ég hef af þeim verulegar áhyggjur, m.a. þess vegna er tillagan gerð. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. gefi einhverjar vísbendingar um hvað hann hyggst gera á næsta ári, sem gæti þá endurspeglast í næsta fjárlagafrv. hans, til að fullnægja eða nálgast lágmarkskröfur í þessum málaflokki.

Ein af brtt. okkar lýtur að því að hækka framlag til Kvikmyndasjóðs um 50 millj. kr. Meiri hluti fjárln. hefur ekki tekið upp slíkar fjárfestingar eða hugmyndir um slík framlög, því miður. Ég vil spyrja um afstöðu hæstv. fjmrh. til þess hvort hann getur ekki og lítur ekki á framlög í Kvikmyndasjóð sem arðbæra fjárfestingu. Er hér ekki einfaldlega um að ræða arðbæra fjárfestingu í nýjum iðnaði, fremur en framlag til mennta- og menningarmála, sem hefur skilað okkur og mun skila okkur umtalsverðum útflutningstekjum? Það er ekki fráleitt að bera saman auðlind kvikmynda og hugmyndaauðgi á þeim vettvangi við nýjan fiskstofn sem við mundum finna innan eða utan landhelgi. Þá er ég viss um að ekki hefði staðið á framlögum hins opinbera. Þarna er verulegt áhyggjuefni þar sem við spörum okkur til blóðs. Ég spyr hæstv. fjmrh. um það hvort hann geti litið á aukin framlög til Kvikmyndasjóðs, þótt hann geri það ekki í þessu fjárlagafrv. sem arðbæra fjárfestingu sem við eigum að stuðla að, m.a. til þess að halda okkar góðu listamönnum á þessu sviði innan lands og auk þess að fá mótframlög erlendis frá.

Við leggjum til hækkun vaxtabóta um 200 millj. sem mætir að nokkru þeirri kjaraskerðingu sem allt þetta fjárlagafrv. gengur út frá. Við leggjum sömuleiðis til aukin framlög til þróunarmála erlendis um 30 millj. kr. en það mætti hafa langt mál um það að framlög okkar og þátttaka á þessum vettvangi er okkur sem þjóð orðið til skammar. Við tökum ekki sanngjarnan þátt í þeirri viðleitni flestra þjóða í heiminum að styðja fátækari þjóðir því að þótt við Íslendingar séum vön að kvarta og umræða okkar um fjárlagafrv. hefur e.t.v. einkennst mikið af vandamálaumræðu þá ættum við í reynd að prísa okkur sæla að búa við þau skilyrði sem eru þó í þessu landi miðað við nágranna okkar hvað þá ef lengra er leitað. Þarna þurfum við að leggja til aukinn stuðning og við höfum vel efni á því.

Við gerum sérstaka tillögu um að verja til atvinnumála kvenna 50 millj. kr. Við teljum að þessi málaflokkur hafi ekki fengið þá umfjöllun og þá aðstoð og styrk frá hinu opinbera sem nauðsynlegt er. Þarna viljum við gera markvert átak til að bæta úr. Við leggjum sömuleiðis til að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði aukið um 133 millj. kr. sem er að því við best sjáum sú skerðing sem gert er ráð fyrir í núverandi fjárlagafrv. Sú ætlun ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum sjóðum í félagslega kerfinu er ekki góð stefna enda höfum við barist gegn henni í tengslum við fjárlagafrv. og önnur frumvörp en þarna gerum við tillögu um að rétta hlut þeirra aftur.

Einnig gerum við tillögu um að málið um þolendur afbrota, sem mikið hefur verið rætt um og nokkuð var komið til móts við okkar í stjórnarandstöðunni við afgreiðslu málsins, verði fært í það horf sem upprunalega var gert ráð fyrir þegar lögin um þann málaflokk voru afgreidd.

Við leggjum einnig til aukið fjármagn til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Við viljum auka framlög í forvarnasjóð um 20 millj. kr. en forvarnasjóður var settur á laggirnar í tengslum við breytingar á áfengislögum á síðasta vori. Þarna er brýn þörf og við teljum rétt að þarna sé framlag aukið til að mæta þessu vaxandi vandamáli og vafalítið er hægt að tengja það öðrum vímuvanda en áfengisvandanum.

Í breytingartillögum okkar að heilbrigðismálum leggjum við til aukið framlag til Sjúkrahúss Reykjavíkur um 380 millj. kr. Þetta er sú upphæð sem okkur skilst að vanti til að reka þennan málaflokk á næsta ári. Meiri hlutinn hefur ekki fallist á tillögugerð sem ég veit að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa barist fyrir innan fjárln. Ríkisstjórnin hefur gengið frá fjárlagafrv. sínu. Það er veruleg vöntun í þessum málaflokki, bæði á þessu ári og næsta ári. Þrátt fyrir að stefna hæstv. heilbrrh. nái mjög líklega fram að ganga því að eins og ég les hug hæstv. fjmrh. á ég ekki von á atkvæðum hans við þessar breytingartillögur. Við breytingartillögur varðandi heilbrigðismálin er ólíklegt að hæstv. heilbrrh. greiði þeim atkvæði. Þær verða samt sem áður lagðar fram og tillagan um 380 millj. aukið framlag til Sjúkrahúss Reykjavíkur er nauðsynleg að okkar mati. Spurning mín til hæstv. heilbrrh. er sú hvort hún muni kanna þennan vanda sjúkrahúsanna í Reykjavík sérstaklega á næsta ári. Ég er ekki að biðja hæstv. heilbrrh. um að gefa einhverjar yfirlýsingar sem ég gæti túlkað sem loforð um fjárframlög. Ég geri mér fulla grein fyrir því að slíkt getur hæstv. ráðherra ekki gefið þegar verið er að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár. En ég vildi mjög gjarnan heyra svör hæstv. ráðherra varðandi þennan málaflokk, hvernig hann hyggst taka á því, hvort hann hyggst gera það með sérstökum hætti og hvernig hann hugsi sér að koma að þessu vandamáli því að hæstv. ráðherra er fullkomlega ljóst að þótt fjárlögin verði afgreidd í þessu formi verða mörg vandamál sem bíða úrlausnar hæstv. ráðherra strax í upphafi næsta árs.

Sömuleiðis leggjum við til aukið framlag til barna- og geðdeilda um 60 millj. kr. og til bæklunaraðgerða um 80 millj. kr. Við teljum að fjárframlög í þessa málaflokka séu mjög nauðsynleg og brýn og ég vildi gjarnan fá skoðanir hæstv. heilbrrh. á þessum hugmyndum vegna þess að í þeim kemur fram ákveðin hugsun, ákveðin forgangsröð um þá þætti í heilbrigðismálum sem við teljum að þurfi brýnasta úrlausn við. Ég spyr hæstv. heilbrrh. hvort hann líti svo á

og hvort hann stefni að því á næsta ári að vinna að tillögum og fá fylgi við það að í fjárlögum sem lögð verða fram á ári gætum við hugsanlega átt von á auknum framlögum í þennan málaflokk.

Við leggjum einnig til tillögu sem er nýmæli, þ.e. að könnuð verði áhrif sparnaðaraðgerða á sjúkrahúsum sl. tvö ár á þjónustu- og heilsufarslegt öryggi sjúklinga, vinnuskilyrði og heilsu starfsfólks. Við áætlum í þessa könnun 2 millj. kr. Við leggjum til að gera ítarlega úttekt og þótt ég geri ekki ráð fyrir því frekar en áður að hæstv. ráðherra styðji tillögu okkar þótt hann gæti e.t.v. fallist á að hún væri skynsamleg. En mig langar til að spyrja hana að því hvort hún gæti hugsað sér á næsta ári að vinna að slíkri könnun um áhrif sparnaðaraðgerða á sjúkrahús sl. ár og á þjónustu og heilsufarslegt öryggi sjúklinga, vinnuskilyrði og heilsu starfsfólks. Þetta er mikilvægur þáttur í endurskipulagningu og nálgun að heilbrigðiskerfinu. Það er okkar skoðun að þessir þættir verði að koma til betri skoðunar.

Í ræðu minni hef ég forðast að koma með stórar yfirlýsingar um ástandið eins og það er. Ég hef kosið að fara nokkuð hlutlaust yfir þessar tillögur og óskað svara frá ráðherranum varðandi þau atriði sem ég beindi sérstaklega til þeirra. Ég vil geta þess í lok máls míns að þessar tillögur eru engar sýndartillögur því að ég geri mér grein fyrir því að það er einfaldasti hlutur í heimi að koma fram með einhvern óskalista og ætla að vera góður við alla. Það eru vinnubrögð sem þekktust oft á Alþingi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Við í Þjóðvaka höfum ekki unnið á þann hátt. Þrátt fyrir aukin útgjöld um 1,2 milljarða eru gerðar tillögur um auknar tekjur upp á 2,6 milljarða þannig að heildarniðurstaðan varðandi þessa uppsetningu eins og við leggjum upp með hana er að halli ríkissjóðs mun minnka um 1,4 milljarða. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að það verði afgreitt með halla upp á 4 milljarða eða um 3 milljarða 992 millj. Hér væri um að ræða minnkun á halla ríkissjóðs um 36%. Enda þótt það geti verið pólitískt matsatriði teljum við að tillögur okkar séu raunhæfar. Auðvitað getur verið álitamál varðandi ýmsa tekjustofna, hvort menn vilji fara þá leið eða fara einhverjar aðrar leiðir. Hins vegar leggjum við fram tillögur okkar sem heilsteyptar tillögur til að lina þá árás sem við teljum að felist í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og í þeim fylgifrumvörpum sem við höfum verið að afgreiða. Það ber því að líta á tillögur okkar sem koma til atkvæða í fyrramálið í samhengi. Þær ganga upp að okkar mati, þær draga úr ýmsum vandkvæðum, sérstaklega á sviði velferðarmála, en eru samt sem áður þannig úr garði gerðar að hæstv. fjmrh. getur vel við unað fyrir hönd ríkissjóðs.

[03:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað er góðra gjalda vert þegar fulltrúar stjórnarandstöðunnar vilja ná jafnvægi í ríkisfjármálum og það er vissulega nýr hugsunarháttur sem kemur fram af þeirra hálfu núna í ár þegar þeir birta tillögur sínar en þá ber að líta á þessar tillögur efnislega. Það hlýtur að vekja athygli þegar hv. stjórnarandstæðingar birta ekki útfærslu á tillögum sínum þegar rætt er um tekjufrumvörp ríkisstjórnarinnar heldur einungis þegar verið er að tala um fjárlögin sjálf. Það er ekki trúverðugt. Öll vitum við að nefnd sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokkanna er að vinna að fjármagnstekjuskatti. Við vitum einnig að fjármagnstekjuskatturinn getur ekki skilað neinum tekjum á næsta ári, þær tekjur falla að mestu leyti til í lok ársins og mun ekki mynda tekjur fyrr en 1997. Nefndin hefur í hyggju að skila niðurstöðu í janúar.

Varðandi útgjöldin bendi ég á að Háskóli Íslands er sjálfstæð stofnun og ríkisstjórnin leggur upp úr því að hún sé það áfram. Vilji háskólinn fá meiri fjármuni til ráðstöfunar hygg ég að það gerist best með því að háskólinn leggi til við stjórnvöld að hann geti tekið inn nýjar tekjur, t.d. með skólagjöldum á nemendur eins og víða tíðkast erlendis. Ég bendi á að háskólinn fær meiri tekjur samkvæmt tillögum sem liggja fyrir frá fjárln. og það sama gildir um kvikmyndagerðina sem mun á næsta ári fá sömu fjárhæð og á yfirstandandi ári. Það er hins vegar gamall galdur að benda á aukið skatteftirlit þegar það er haft í huga að skattsvik á Íslandi eru ekki meiri en í nágrannalöndunum og meira hefur verið unnið á undanförnum árum við að uppræta skattsvik og afla tekna með þeim hætti en nokkurn tíma fyrr. Þess vegna er sýnd veiði en ekki gefin þegar menn telja sig geta náð 200 millj. með þeim hætti enda hefur verið mikið á sig lagt til þess að ná inn sem allra mestum tekjum með þessu móti.

Ég virði þær tillögur sem koma frá hv. þm. Ágústi Einarssyni en það er eins og hann áleit að ég get ekki stutt þær en ég skil vel viðleitni hans og fleiri hv. stjórnarandstæðinga.

[03:30]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans þótt vitaskuld valdi þau mér vonbrigðum. Ég hefði getað farið nánar út í útfærslu á ýmsum þáttum í tekjuhugmyndunum. Það sem er ámælisvert hjá hæstv. fjmrh. varðandi fjármagnstekjuskattinn er hvað það mál hefur dregist lengi. Þetta var á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og það er búið að vinna að því nokkuð lengi. Það hefði því átt að geta komið fyrr til framkvæmda en horfur eru á núna. Ég varð sömuleiðis fyrir vonbrigðum með að hann skuli ekki sjá sér fært að gefa afdráttarlausari yfirlýsingar um hluti, eins og t.d. Kvikmyndasjóð og Háskóla Íslands. Þetta er vandamál sem ég held að við ættum að líta á sem sameiginlegt vandamál. Ég hefði kosið að hæstv. ráðherra hefði sýnt meiri djörfung og bjartsýni hvað þessa málaflokka varðar. Að lokum vil ég benda hæstv. fjmrh. á að tillaga um hert skatteftirlit er ekki lögð fram sem einhvers konar galdur. Þar vil ég t.d. benda á eina tillögu sem bætir skatteftirlitskerfið, þ.e. að hafa sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum. Það er gert víða erlendis og gæti hugsanlega komið þeim þáttum í betra lag. En svör fjmrh. valda vitaskuld vonbrigðum vegna þess að þar er lítið um loforð, enda kannski ekki við því að búast. Hins vegar finnst mér að fjmrh. hafi tekið á þessum tillögum eins og ég vonaðist til. Hann tekur þær alvarlega og það finnst mér þó af hinu góða.

[03:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla bæði að svara hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og hv. þm. Ágústi Einarssyni. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði að það vantaði stefnu í heilbrigðismálum. En það er einmitt með slíkt í huga sem sett var á laggirnar nefnd um forgangsröðun í heilbrigðismálum sem stjórnmálamenn taka þátt í og við stefnum að því að það sé ein stjórn yfir öll heilbrigðismál í kjördæmi. Það er þess vegna sem við ætlum að stýra sjúkrahúsunum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu í einn farveg og sérhæfa þau þannig.

Hv. þm. Ágúst Einarsson ræddi um vanda sjúkrahúsanna. Það er rétt sem fram hefur komið, hann er ærinn. En við þurfum fyrst og fremst að veita í einn farveg hátæknisjúkrahúsunum hér á Reykjavíkursvæðinu. Við erum að tala um 17 milljarða til allra sjúkrastofnana á landinu og 12 milljarðar fara til Reykjavíkursvæðisins. Það er eðlilegt því hér er viss endastöð fyrir alla sjúklinga á landinu. En við verðum fyrst og fremst að taka á þeim vanda sem fyrir er og við náum því ekki nema samhæfa þessar stofnanir.

[03:34]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin, þótt ekki kæmu fram í máli hennar neinar lausnir á þeim vandamálum sem blasa hér við á næsta ári. Ég vil hins vegar benda á að sú stefna að hagræða innan heilbrigðiskerfisins er komin á enda. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir, við verðum að skoða forgangsröðun innan þessa kerfis. En ég bendi einnig á það óöryggi sem hefur skapast í þessum málaflokki núna á haustdögum og í kringum fjárlagafrv., óöryggi sem kemur fram í vanlíðan sjúklinga, starfsfólks og allra sem koma að þessu máli. Ég held að það geti orðið verðugt verkefni og sameiginlegt verkefni margra aðila að reyna að vinna að þessum málum. Það ætti að vera óþarfi að skiptast sífellt í pólitískar fylkingar um þennan mikilvæga málaflokk sem varðar þá þætti sem eru hverjum manni dýrmætastir.

[03:35]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið að lokum afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996. Vinna hv. fjárln. hefur verið býsna ströng og hefur einkennst af þeirri vörn sem við stöndum frammi fyrir um það markmið stjórnarflokkanna að halli á ríkissjóði verði ekki umfram 4 milljarða. Samkvæmt brtt. meiri hluta fjárln. við 2. og 3. umr. verður halli á fjárlögum ársins 1996 um 3,9 milljarðar. Nemur hann 0,8% af landsframleiðslu. Gangi þessi áform eftir er það minnsti halli á ríkissjóði síðan 1984 og er ástæða til að fagna þeim árangri. Ef hægt er að tala um einhverja sérstaka merka niðurstöðu af afgreiðslu fjárlaga eins og þau liggja hér fyrir tel ég það vera að það skuli hafa tekist að halda hallanum undir 4 milljörðum kr.

Það væri hræsni af minni hálfu að halda því fram að það hafi reynst okkur auðvelt verk að gera tillögur sem ekki fólu í sér hækkun eða minni hækkun en óskir stóðu til vegna margra stofnana, einkum á sviði mennta- og heilbrigðismála. Það er öllum ljóst að stóru viðfangsefnin, stóru vandamálin, eru hjá sjúkrahúsunum og þá sérstaklega stóru sjúkrahúsunum hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hlýtur að verða áfram okkar mikilvægasta verkefni að ná sátt um rekstur sjúkrahúsanna og um þá þjónustu sem þar verður að veita. Ég tel engu að síður að tillögur meiri hluta fjárln. feli í sér markvissar aðgerðir til að ná árangri í ríkisfjármálunum. Ýmsir benda á að með batnandi hag ætti að vera hægt að auka ríkisútgjöldin. Eins og fram kemur í brtt. við tekjugreinina eru hækkanir ekki svo miklar milli ára að svigrúm gefist til aukinna ríkisútgjalda nema til þess að draga úr hallanum og leitast við að greiða niður skuldir. Vegna þess að nauðsynlegt hefur reynst að hækka ýmsa liði voru nokkrir þættir framkvæmdaliðanna lækkaðir og er lækkun stofnkostnaðar á milli áranna 1995 og 1996 2,5 milljarðar kr. Verða framkvæmdir á vegum ríkisins því dregnar mjög saman í ljósi þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á vegum annarra en ríkisins. Þrátt fyrir það er spáð 3,2% hagvexti á næsta ári og eru tekjur áætlaðar 6,4 milljörðum hærri en á þessu ári. Gjöldin hækka um 1,1 milljarð kr. á milli áranna 1995 og miðað við fjárlagafrv. með breytingum eins og það er núna og er gert ráð fyrir að hallinn verði 5,3 milljörðum lægri en er á árinu 1995. Hækkun gjalda skiptist þannig að rekstur hækkar um 2,5 milljarða, tilfærslur um 0,5 milljarða, vextir um ríflega 0,5 milljarða og stofnkostnaður lækkar um 2,5 milljarða eins og fyrr getur. Hækkun útgjalda er því um 1,1 milljarður kr.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1996 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni hækka um 976 millj. kr. frá fjárlagafrv. og er gert ráð fyrir því að heildartekjur verði 120 milljarðar og 865 millj. kr.

Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá eru horfur á mun meiri þjóðarútgjöldum á næsta ári en áður var gert ráð fyrir. Hagvöxtur verði því meiri og atvinnuleysi hins vegar minna. Tvennt skýrir þessar breytingar. Annars vegar auknar framkvæmdir vegna stækkunar álvers sem fyrst og fremst hafa áhrif á fjárfestinguna. Hins vegar eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna mun meira en áður var spáð og gæti þar bæði áhrifa meiri launabreytinga og ákvarðana ríkisstjórnar eftir viðræður við aðila vinnumarkaðarins.

Breyttar efnahagshorfur hafa tvenns konar áhrif á hagstjórn og ríkisfjármál. Annars vegar aukast tekjurnar í kjölfar aukinna tekna og útgjalda heimilanna, hins vegar lækka útgjöld til greiðslu atvinnuleysisbóta. Spá um halla á viðskiptum við útlönd á næsta ári gefur til kynna að þjóðhagslegur sparnaður muni dragast saman, þ.e. útgjöld þjóðarinnar aukast meira en tekjur. Við þessar aðstæður er mikilvægt að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem miðar að því að draga úr hallarekstri og ná jafnvægi sem fyrst. Að öðru jöfnu ættu bjartari efnahagshorfur að leiða til minni halla á ríkissjóði en ella. Ýmislegt veldur auknum útgjöldum. Má þar nefna ákvarðanir ríkisstjórnar eins og fyrr er getið og Alþingis eftir viðræður við aðila vinnumarkaðarins nú í nóvember en þær fela í sér aukin útgjöld og lækkun tekna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þá mun nýgerður búvörusamningur hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér á næsta ári umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Enn fremur er útgjaldavandinn á ýmsum sviðum meiri en áður var talið, m.a. í heilbrigðiskerfinu eins og rækilega hefur komið fram í umræðu.

Viðbótartekjur ríkissjóðs á næsta ári munu því að mestu leyti ganga til að mæta auknum útgjöldum. Þessi niðurstaða gerir enn brýnna en ella að fylgt sé fast eftir því markmiði að ná hallalausum fjárlögum á árinu 1997. Það verður að vera markmið okkar um leið og við vinnum að úrbótum í ríkisrekstrinum, treystum atvinnulífið í landinu og styrkjum þannig efnahagslega stöðu þjóðarinnar, bæði í lengd og í bráð.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka samstarfið í fjárln. sem hefur verið með miklum ágætum. Fram undan er áframhaldandi vinna í nefndinni á nýju ári við afgreiðslu ríkisreikninga og við eftirlit með framvindu fjárlaga á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 03:44.

77. FUNDUR

föstudaginn 22. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1996, stjfrv., 43. mál, þskj. 465, frhnál. 482 og 489, brtt. 456, 483 og 490. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 44. mál, þskj. 293, frhnál. 450 og 453, brtt. 451. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Fjárlög 1996, stjfrv., 1. mál, þskj. 394, frhnál. 459 og 488, brtt. 418, 419, 420, 429, 460, 461, 462, 484, 485, 486 og 495. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv., 263. mál, þskj. 470. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[11:06]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 268. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 496.

Lánsfjárlög 1996, 43. mál, þskj. 465.

Athugasemdir um störf þingsins.

Starfsleyfi fyrir álver í Straumsvík.

[11:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í gærkvöldi um kvöldmatarleytið fékk ég í hendur bréf frá úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningum þriggja aðila, þ.e. Hæstaréttar, landlæknis og Sambands ísl. sveitarfélaga. Aðdragandi þess sem hér verður reifað í örstuttu máli er þinginu að nokkru kunnugt.

Ég sendi stjórn Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar athugasemdir vegna starfsleyfis fyrir Ísal þann 20. október sl. með vísan til mengunarvarnareglugerðar. Meiri hluti stjórnar Hollustuverndar vísaði athugasemdum mínum frá á þeim forsendum að ég ætti ekki kærurétt i málinu. Minni hluti stjórnar Hollustuverndar var hins vegar ósammála þessari niðurstöðu og gerði um það sérstaka bókun. Þennan úrskurð meiri hlutans sendi ég samdægurs til áðurnefndrar úrskurðarnefndar. Nefndin kemst í úrskurði sínum frá 18. desember sl. að sameiginlegri niðurstöðu og hér kemur örstutt tilvitnun í niðurstöðuna sem alþingismenn hafa fengið á borð sín:

„Áður en stjórn Hollustuverndar ríkisins úrskurðaði í máli þessu bar henni samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að kynna kæranda álitsgerð Eiríks Tómassonar prófessors og gefa honum kost á að tjá sig um efni hennar. Þar sem það var eigi gert ber að ógilda hinn kærða úrskurð og leggja fyrir stjórnina að taka kærumál þetta fyrir að nýju og fjalla efnislega um athugasemdir kæranda, enda verður framkoma stofnunarinnar gagnvart kæranda í þessu sérstaka máli eigi túlkuð á annan veg en þann að hún hafi í reynd viðurkennt kæruaðild hans."

Úrskurðarorð nefndarinnar eru síðan eftirfarandi: „Framangreindur úrskurður meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 2. nóvember 1995 er úr gildi felldur og ber stjórninni að taka mál þetta til úrskurðar að efni til."

Virðulegur forseti. Mér virðist staða málsins að felldum þessum úrskurði vera í aðalatriðum þessi:

Starfsleyfið sem hæstv. umhvrh. gaf út 7. nóvember sl. er nú skilyrt. Ráðherra gaf starfsleyfið út að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins án þess að stjórn stofnunarinnar hefði um þær fjallað. Stjórn Hollustuverndar ber samkvæmt úrskurðinum að fjalla efnislega um athugasemdir mínar. Leiði sú umfjöllun til annarrar efnislegrar niðurstöðu en fyrri tillögur sem ráðherra fékk í hendur, getur þurft að breyta starfsleyfinu. Þessi niðurstaða er mjög verðmæt í almennu samhengi. Tilraun meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins til að losna undan ábyrgð með því að komast hjá því að taka efnislega á málinu og hafna því að ég hafi rétt til athugasemda hefur verið hrundið. Almannaréttur inn í umhverfismálum hefur styrkst verulega við þessa niðurstöðu.

Lögfræðiálitið sem meiri hluti stjórnar Hollustuverndar óskaði eftir og vísaði til í niðurstöðu sinni hefur ekki reynst bitastætt. Þessa álitsgerð fengu hv. þingmenn í hendur sem fylgiskjal fyrr í vikunni.

Lagadeild Háskólans er þar í bréfhausnum og prófessor við lagadeildina undirritar. Best er að hafa sem fæst orð um þá leiðsögn.

Mér þótti rétt, herra forseti, að greina Alþingi frá þeirri nýju stöðu málsins sem nú liggur fyrir að því er varðar starfsleyfi álbræðslunnar í Straumsvík og um leið aðildarrétt almennings að þessum mikilsverða þætti umhverfismála.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa tækifæri til þessa nú í miklum þingönnum.

[11:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þar sem prófessorinn sem nefndur var á ekki sæti á þinginu og til að forðast misskilning vil ég segja að í þessum úrskurði er enginn áfellisdómur um álitsgerð prófessorsins. Það er eingöngu fundið að því og á því byggt að andmælendaréttur hv. þm. var ekki virtur.

[11:11]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þar sem hv. 4. þm. Austurl. hefur kosið að hreyfa þessu máli í þingsölum og gera grein fyrir úrskurði úrskurðarnefndarinnar vil ég aðeins segja að ég ætla mér ekki og tel ekki rétt að fjalla um sjálfan úrskurð nefndarinnar hér, né heldur hver viðbrögð stjórnar Hollustuverndar ríkisins verða. Ég vil hins vegar benda á að niðurstaða úrskurðarnefndarinnar stangast á við álit sem umboðsmaður Alþingis gaf árið 1990 í máli þar sem umsækjandi um lán til Húsnæðisstofnunar ríkisins krafðist þess að fá að sjá lögfræðilega álitsgerð sem lá frammi í málinu. Umboðsmaður taldi ekki skylt að veita hlutaðeigandi færi á að tjá sig um þetta lögfræðilega álit þar sem um væri að ræða lagaskýringar. Þetta taldi ég rétt að kæmi fram sem hliðstætt mál.

Í öðru lagi langar mig að segja að öll þau atriði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði athugasemdir við þegar starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins lágu frammi komu einnig fram við mat á umhverfisáhrifum en þingmaðurinn kærði úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til ráðuneytisins og ráðuneytið kvað upp úrskurð sinn 7. nóvember 1995. Þannig hefur umhvrn. í reynd nú þegar tekið efnislega afstöðu til athugasemda hv. þm. þótt eftir öðrum leiðum sé. Hollustuvernd ríkisins og skipulagsstjóri ríkisins hafa staðfest að athugasemdirnar sem fram komu frá hv. þm. Hjörleifi

Guttormssyni annars vegar við starfsleyfistillögurnar og hins vegar við úrskurð vegna mats á umhverfisáhrifum hafa verið nákvæmlega þær sömu. Samkvæmt þessu hefur ráðuneytið því í reynd þegar tekið efnislega afstöðu til athugasemda hv. þm. og starfsleyfinu verður ekki breytt.

Það má svo auðvitað til frekari upplýsinga einnig benda á að hv. þm. hefur í raun komið athugasemdum sínum á framfæri og fengið umfjöllun um þær, ekki aðeins í umhvn. þar sem hann á sæti heldur og í iðnn. af því að þetta er tekið aftur upp í þinginu nú. Athugasemdirnar voru þær sömu og við starfsleyfatillögurnar og við matið á umhverfisáhrifunum. Í áliti meiri hluta umhvn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er því mikilvægur áfangi að nýútgefið starfsleyfi nær til allrar framleiðslu fyrirtækisins og fagnar nefndin því. Hér er um að ræða sérstakar aðstæður þar sem verið er að stækka álbræðslu sem þegar hefur starfað um árabil. Mikil vinna hefur verið lögð í gerð umhverfismats og starfsleyfis. Með starfsleyfinu sem umhvrh. hefur gefið út er tryggt að allar þær kröfur sem gerðar eru til umhverfisverndar í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, séu uppfylltar. Gerir meiri hluti nefndarinnar því ekki athugasemd við afgreiðslu frv."

Í iðnn. Alþingis var farið yfir sömu athugasemdir lið fyrir lið og meiri hluti nefndarinnar var sammála mati því sem umhvrn. hefur þegar staðfest eins og fram kemur annars vegar í mati á umhverfisáhrifum og hins vegar í starfsleyfi. Starfsmenn umhvrn. og Hollustuverndar ríkisins unnu náið með báðum þingnefndum þegar málið var þar til meðferðar og veittu munnlega sem og skriflega svör auk þess sem þeir sendu inn greinargerðir um einstaka þætti.

Ég taldi rétt, hæstv. forseti, að ítreka þetta núna varðandi efnisatriði málsins þótt hér sé að vísu fyrst og fremst vakin athygli á niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Ég mun að öðru leyti ekki fjalla um hana, en ítreka að það starfsleyfi sem ég hef gefið út mun ekki breytast við þetta.

[11:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Að mínum dómi snýst þetta mál ekki um starfsleyfi álversins heldur um rétt almennings til þess að gera athugasemdir. Í úrskurði þeim sem hér hefur verið til umræðu eru afar merkilegar upplýsingar, ekki síst þær að stjórn Hollustuverndar ríkisins virti ekki lagaskyldu samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, um að kynna kæranda álitsgerð Eiríks Tómassonar prófessors og gefa honum kost á að tjá sig um efni hennar eins og segir í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að þessi úrskurður er kominn. Ég lít á þetta sem ákveðinn sigur og ákveðna vörn fyrir almenning í landinu og rétt allra til þess að gera athugasemdir við fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda. Ég vil koma því á framfæri hér að fulltrúi Kvennalistans í stjórn Hollustuverndar, Kristín Einarsdóttir, var mjög ósátt við þessa málsmeðferð. Hún gerði bókun í stjórninni sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta. Hún sagði:

„Það er fráleit niðurstaða að stjórn Hollustuverndar ríkisins vísi frá athugasemdum við starfsleyfistillögur fyrir Ísal sem henni hafa borist. Sú niðurstaða er í engu samræmi við málsmeðferð til þessa. Stjórninni ber að taka erindi til efnislegrar afgreiðslu svo fljótt sem auðið er."

Það hefur nú verið staðfest að hennar skoðun var rétt og vonandi verður þetta fordæmi fyrir aðrar stjórnir ríkisstofnana og annarra sem koma að slíkum málum. Lokaniðurstaða mín í þessu máli er sú að það er greinilegt að það þarf að kynna stjórnsýslulögin miklu betur og það ekki síst fyrir þeim aðilum sem eru kjörnir af Alþingi til þess að verja hagsmuni ríkisins og almannahag.

[11:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið til að óska hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni til hamingju með þann sigur sem hér liggur fyrir. Ég óska einnig Alþingi til hamingju með þennan sigur vegna þess að með þessari niðurstöðu hefur réttur almennings til áhrifa í umhverfismálum verið styrktur mjög verulega. Það er rangt sem hæstv. umhvrh. sagði áðan að þetta mál hafi snúist um það hvort hv. þm. gæti komið athugasemdum sínum á framfæri í umhvn. eða úr þessum ræðustól. Það kemur þessu máli ekki við. Þetta mál snerist um rétt almennings til að hafa áhrif á tiltekið mál og það er úrslitaatriði.

Með þessum úrskurði hafa orðið kaflaskipti í þeim málum vegna þess að úrskurðurinn segir: Allir Íslendingar eiga aðild að málinu. Íslendingar eiga allir sameiginlega andrúmsloftið sem við öndum að okkur og umhverfið í landinu. Það er niðurstaðan. Afstaða stjórnar Hollustuverndar ríkisins byggðist á áliti Eiríks Tómassonar prófessors. Því áliti er hafnað vegna þess að þar var verið að þrengja rétt almennings og þess vegna vísa ég túlkun hæstv. forsrh. á bug. Ég er algerlega ósammála henni, ég tel hana ranga.

Ég vil einnig láta það koma fram, hæstv. forseti, að ég tel að staða málsins sé einnig sú sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði grein fyrir áðan. Með þessum niðurstöðum hefur verið settur fyrirvari við starfsleyfið og hæstv. umhvrh. verður að taka á því máli með formlegum hætti. Hann getur ekki sagt að málið hafi þegar verið afgreitt. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir umhvrn. og yfirvöld umhverfismála í þessu sambandi að læra af þessum úrskurði og hætta að ýta út af borðinu pappírum sem þeim líkar ekki við.

[11:20]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem hér hafa komið fram sem ég vil gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi það sem fram kom hjá hæstv. forsrh. Ég tel að hans ummæli séu á misskilningi byggð. Úrskurðarorðin kveða á um það með skýrum hætti að stjórn Hollustuverndar ríkisins ber að taka afstöðu til athugasemda minna að efni til. Þar fyrir utan hefur hann ekki virt andmælaréttinn. Ég gerði kröfur um hvort tveggja, aðalkrafan var spurningin um efnislega afstöðu. Hún er viðurkennd og jafnframt hitt sem ég greindi stjórn Hollustuverndar frá samdægurs, þ.e. að ég teldi niðurstöðu hennar markleysu vegna þess að hún virti ekki andmælaréttinn.

Hæstv. umhvrh. sagði að það væri í rauninni búið að fjalla um þetta efni af ráðuneytinu vegna þess að ég kærði niðurstöðu skipulagsstjóra í málinu. Það er mikill misskilningur að hæstv. ráðherra geti farið að bera það ferli fyrir sig. Það er reist á sérstökum lögum. Undirbúningur starfsleyfisins er samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnareglugerð og byggir á því. Þar ber Hollustuvernd ríkisins að skila inn tillögum. Þær tillögur liggja ekki fyrir. Það ber að taka efnislega á málinu og hæstv. ráðherra getur ekki skotið sér undan því að líta á þau efni þegar þar að kemur, auk þess sem áframhaldandi ferli með frekari málskoti til úrskurðarnefndar liggur fyrir lögum samkvæmt.

Það er því alveg ljóst að það er margt eftir í þessu efni. Starfsleyfið er skilyrt og breyta þar orð hæstv. ráðherra að mínu mati engu um það.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram. Það má segja eins og sagt var við Jón Hreggviðsson forðum: Það er ekki þitt mál. Stóra málið í þessu er sem sagt réttur almennings til athugasemda um umhverfismál í víðu samhengi sem hér hefur fengist viðurkenndur og stórfelld breyting orðið með þessum úrskurði í þeim efnum.

[11:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að málið fjallaði ekki um það hvort hv. þm. hefði getað komið skoðunum sínum á framfæri í þingi eða þingnefndum. Auðvitað fjallar úrskurðurinn ekki um það. Það sem ég var að tala um áðan er að efnisatriði málsins hafa komið mjög ítarlega fram og kæruatriðin sem hv. þm. hefur vísað bæði inn í þingið til skipulagsstjóra ríkisins og til Hollustuverndar ríkisins eru efnislega öll þau sömu. Og um þau atriði hefur verið fjallað af hálfu ráðuneytisins. 7. nóvember var kveðinn upp úrskurður um þau efnisatriði og undirritaður af ráðherra. Ég vildi láta þetta koma skýrt fram og ítreka það að starfsleyfi hefur verið gefið út.

Síðan bendir hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir á það að málið fjalli um aðgengi almennings og andmælarétt. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Enda sagði ég í upphafi að ég geri úrskurð úrskurðarnefndarinnar í sjálfu sér ekki að umtalsefni hér. Sjálfur er ég ekki að kveða neinn dóm upp í því máli, enda er það alls ekki í mínum verkahring. Stjórn Hollustuverndarinnar tekur það mál til athugunar eins og þessi úrskurður kveður á um. En auðvitað er það ráðherra sem gefur starfsleyfið út og það er á hans ábyrgð. Hann hefur farið yfir þessi efnisatriði og ég álít, án þess að geta svarað því sem lögfræðingur, að þá sé ekki annarra en dómstóla að kveða upp úr um það ef hnekkja á þeim úrskurði sem ráðherra hefur kveðið upp.

Lánsfjárlög 1996, frh. 3. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 465, frhnál. 482 og 489, brtt. 456, 483 og 490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]

Brtt. 483,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GMS, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 483,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓRG, SighB, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 456 kölluð aftur.

Brtt. 490 samþ. með 37:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, JóhS, ÖJ.

15 þm. (ÁE, BH, GÁ, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, SighB, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til afgreiðslu er eitt stærsta einstaka verkefnið á vettvangi samgöngumála næstu ára. Vonir stóðu til þess að verkefnið fjármagnaði sig að öllu leyti sjálft, þ.e. að Spölur tæki lán til framkvæmdanna sem yrði síðan endurgreitt á tilteknum árafjölda með tekjum af veggjaldi. Þar þyrfti ríkissjóður ekki að hlaupa undir bagga. Á fyrstu skrefum verksins hefur ríkissjóður hins vegar stutt verkefnið með beinum og óbeinum hætti og það virðist nú ljóst að tæpast verður framhald á verkefninu án frekari tilhlutan ríkisins.

Ég hef trú á því eftir sem áður að hér sé um skynsamlega fjárfestingu að ræða sem muni skila arði í þjóðarbúið og vegaframkvæmd sem í raun er meira aðkallandi en ýmsar áformaðar framkvæmdir í samgöngumálum aðrar. Því vil ég styðja framgang þess þótt málið hafi komið inn á þing með stuttum fyrirvara og með óheppilegum hætti til umfjöllunar rétt fyrir lok haustþingsins, auk þess sem upphæð þessarar ríkisábyrgðar á þessu stigi málsins virðist óþarflega há. Ég segi já.

[11:29]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að gera grein fyrir atkvæði mínu eftir þá umræðu sem átti sér stað í gær varðandi þetta mál.

Málið hefur borið að á mjög óvenjulegan hátt á þingi og raunar á allt annan hátt en fyrirtækið Spölur gerði ráð fyrir. Fyrirtækið Spölur sótti um 300 millj. kr. ríkisábyrgð til ríkisstjórnarinnar fyrir einum og hálfum mánuði. Þess vegna finnst mér óeðlilegt á hvernig þetta hefur borið að á næstsíðasta degi þingsins rétt fyrir miðnætti.

Hér er um allt aðra upphæð að ræða en sótt var eftir. Ég vil vekja athygli á því að annaðhvort er um að ræða að styðja ábyrgð á þessum milljarði eða ekki neitt. Ábyrgðarveitingin sem sótt var eftir upp á 300 millj. kom frá Speli. 700 millj. er tillaga ríkisstjórnarinnar vegna vegaframkvæmda. Ég segi já, herra forseti.

[11:30]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Í febrúar sl. þegar lokaafgreiðsla þáltill. um Hvalfjarðargöng fór fram á hinu háa Alþingi sat ég hjá vegna þess að ég hef alltaf haft efasemdir um þessa

framkvæmd og hvernig að málinu hefur verið staðið frá upphafi.

Nú kemur í ljós að á meðgöngunni hafa forsendur breyst. Einkafyrirtækið þarf ríkisábyrgð þannig að orð standa ekki eins og upp var lagt. Fæti er stungið á milli starfs og hurðar. Hver verður næsta beiðni? Mér er spurn. Kemur sú beiðni fram níu nóttum fyrir næstu jól? Ég vona eigi að síður að blessun fylgi framkvæmdinni. Ég er sömu skoðunar og fyrir ári og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 483,3 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 483,4 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, KH, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 498).

Fjáraukalög 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 293, frhnál. 450 og 453, brtt. 451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]

Brtt. 451,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SighB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, SighB, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, KÁ, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,3 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (JBH, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁE, EgJ, EOK, GuðjG, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, KHG, MS, RG, SAÞ, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,5 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,6–8 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 451,9 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁE, JóhS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EgJ, EOK, GuðjG, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,10 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 451,11 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

11 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, GB, JBH, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ítrekaður rekstrarhalli Ríkisspítalanna er vandamál sem ekki er tekið á með aukafjárveitingunni sem hér er lögð til. Árlegar aukafjárveitingar til stofnana sem ekki fara að fjárlögum og flatur niðurskurður heilbrigðisstofnana skapa óviðunandi agaleysi í ríkisrekstrinum og þeim sem fara að lögunum er mismunað. Stuðningur minn við tillöguna er því skilyrtur. Ég ætlast til þess að það svigrúm sem fjárveitingin skapar verði nýtt til þess að finna viðunandi lausn á rekstrarvanda en ekki síst stjórnunarvanda Ríkisspítalanna. Ég segi já. (**ÖS:** Ef það verður ekki gert hvað ætlar hv. þm. þá að gera?) Þá styður hann ekki svipaða tillögu næsta ár.

Brtt. 451,12 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 451,13 (liður 08-381) samþ. með 33:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, GÁ, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,13 (liður 08-381 690 a.1) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (ÁRJ, JBH, KÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, GÁ, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 451,13 (liður 08-381 690 a.2–3) samþ. með 33:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KPál) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:41]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er gengið þvert á gildandi samkomulag um byggingu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja og títtnefnt minnisblað sem gengur í aðrar áttir hefur á þessu stigi málsins ekkert formlegt gildi. Þessi gjörningur er að mínu mati ólög og á engan hátt sæmandi Alþingi að ganga þannig frá málum. Því segi ég nei.

Brtt. 451,13 (liður 08-381 690 b) samþ. með 34:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

8 þm. (EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að taka 10 millj. kr. til baka af áformuðum byggingarframkvæmdum við hjúkrunarheimilið Fáskrúðsfirði. Það liggur ekkert formlegt samkomulag við heimamenn fyrir um þetta. Ég hef gengið ítrekað eftir því að fá að sjá eitthvert leyniplagg, minnisblað sem enginn veit hver skrifar undir og enginn veit hvað í stendur, en ekkert fengið þótt fyrirheit hafi verið gefin um annað af hálfu hæstv. heilbrrh. Það er því ljóst að gildandi samningur um byggingu hjúkrunarheimilisins Fáskrúðsfirði er í fullu gildi og því gjörsamlega fráleitt á þessu stigi málsins að lækka inneign sem er til verksins á yfirstandandi ári um 10 millj. kr. Því segi ég nei.

[11:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér varð á í messunni áðan. Ég ætlaði að biðja um sérstaka atkvæðagreiðslu um 3. lið og ætla að leyfa mér að koma með atkvæðaskýringu eftir á, ef forseti leyfir það.

Ég vil koma því á framfæri vegna lækkunar til heilsugæslustöðva í Reykjavík að hvergi á landinu er uppbygging heilsugæslustöðva jafnskammt á veg komin og á höfuðborgarsvæðinu. Ef ég man rétt eru um það bil 10 þúsund manns utan heilsugæslustöðva í Reykjavík einni. Þess vegna er algjörlega óviðunandi að þessar fjárveitingar skuli lækka með þessum hætti, enda greiddi ég atkvæði gegn því.

Brtt. 451,14–17 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 451,18.a samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÁ, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, EgJ, EOK, FrS, GB, GGuðbj, HBl, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða ákvörðun um að greiða bætur samkvæmt niðurstöðu í svokölluðu Einarsnesmáli sem var til nokkurrar umræðu í gærkvöldi. Þá voru lagðar ýmsar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. sem kaus að svara ekki. Þannig að það verður að ræða málið rækilega síðar. Ég tel að mjög óeðlilega hafi verið staðið að því og vil ekki styðja tillöguna eins og hún liggur fyrir og greiði því ekki atkvæði. Ég áskil mér jafnframt rétt til þess, hæstv. forseti, að taka þetta mál til frekari meðferðar í þessari virðulegu stofnun bak jólum.

Brtt. 451,18.b samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 451,19–20 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, HjÁ, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, HjÁ, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 499).

Fjárlög 1996, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 394, frhnál. 459 og 488, brtt. 418, 419, 420, 429, 460, 461, 462, 484, 485, 486 og 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:49]

Brtt. 486,1 felld með 34:6 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (BH, GE, GÁS, HG, JBH, KHG, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,2 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KH.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (BH, GE, GÁS, HG, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,3 felld með 32:10 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

9 þm. (BH, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EOK, GB, JónK, MS, RG, SighB, SAÞ, StG, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 486,4 felld með 34:8 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (BH, GE, GÁS, HG, JBH, KHG, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 484,1 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁE, EgJ, EOK, GB, JónK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,5 felld með 34:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,6 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, GB, KHG, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,7 felld með 35:11 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (BH, HG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:52]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um veiðileyfagjald að fjárhæð 500 millj. kr. í fjárlögum næsta árs. Þetta er nokkuð óvanaleg tillaga þar sem fyrir Alþingi liggur þegar tillaga um veiðileyfagjald og útfærslu þess. Við töldum hins vegar rétt að fram kæmi tillaga í þessu formi. Við bendum á að ríkisvaldið veitir eða kostar til sjávarútvegsins um 3.000 millj. kr. á ári. Ég skil mjög vel að veiðigjaldamenn ýmsir mundu ekki vilja að málið kæmi fram með þessum hætti, þ.e. sem fastmótuð tillaga um upphæð, en okkar skoðun er sú að rétt væri á þessari stundu að fram kæmi með skýrum hætti hvaða upphæð mætti hugsa sér við útfærslu á þessu nauðsynjamáli. Ég segi já.

[11:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil að fram komi að ég er hlynntur veiðileyfagjaldi. Ég tel hins vegar að ekki hafi verið rætt nægilega um útfærsluna til að taka afstöðu til þessarar tillögu og greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 461 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (DO, EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GE, KH, SighB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég styð að sjálfsögðu tillöguna en vil láta það koma fram að ég tel að þessi niðurstaða sé skelfileg afgreiðsla á málefnum Alþingis. Ótrúlegt sinnuleysi virðist ríkja um þessa stofnun hjá þingmönnum yfirleitt, nema í orði þegar þeir koma upp í þennan stól. Ég harma þessa niðurstöðu, hæstv. forseti, og tel hana mjög veika. Ég skora á forseta og forsætisnefnd að beita sér fyrir því á nýju ári að betur verði tekið á málefnum Alþingis en gert er í þessari tillögu.

Brtt. 460,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EgJ, EOK, GB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,3 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

8 þm. (DO, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,8 felld með 40:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, SighB, VE, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

10 þm. (DO, EgJ, EOK, MS, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SvanJ, VS) fjarstaddir.

Brtt. 460,4 samþ. með 41:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS.

9 þm. (BH, GE, GÁS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EgJ, EOK, MS, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,9 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (GE, GÁS, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 485,1 felld með 34:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

8 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, VS) fjarstaddir.

Brtt. 460,5–6 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 486,10–11 felld með 35:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,12 felld með 35:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,7–8 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 420 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 460,9 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KH, LB, MF, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, JóhS, MS, ÓÖH, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,10 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 460,11 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 460,12 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,13 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 460,14 samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GE, GÁS, JBH, LB, SighB.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,13 felld með 35:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,15–18 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,14 felld með 43:9 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, SighB, VE.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460,19 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, JBH, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 484,2 felld með 35:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, ÓRG, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (BH, HG, KH, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,20 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 485,2 felld með 34:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

8 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 486,15 kom ekki til atkv.

Brtt. 460,21 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 460,22 samþ. með 35:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, JóhS, JBH, KÁ, LB.

14 þm. (BH, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GE, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,23–27 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, SighB, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, IP, LMR, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, SvG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,28 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁE, JóhS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,16 felld með 35:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (GÁS, JBH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,29 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 486,17 felld með 35:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, SighB, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (GE, JBH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EOK, LB, MS, RA, RG, SAÞ, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460,30 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GB, JóhS, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,31 samþ. með 34:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA.

14 þm. (BH, GE, GÁS, HG, JBH, KHG, LB, MF, ÓRG, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, LMR, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,32–34 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EOK, HÁs, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,35 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SighB, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EgJ, EOK, GÁ, JóhS, JBH, LB, MS, ÓÖH, RG, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460,36–48 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JBH, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EOK, JóhS, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,49 samþ. með 35:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (ÁRJ, KHG, KPál) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,50 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JBH, KHG, KÁ, MF, ÓRG, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EgJ, EOK, LB, MS, ÓÖH, RA, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 485,3 felld með 35:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér kemur til atkvæða brtt. varðandi framlag til Ríkisspítalanna og seinna á því sama skjali sem við erum með fyrir framan okkur eru tillögur sem varða Sjúkrahús Reykjavíkur. Af því tilefni vil ég segja að ég er nokkuð sannfærður um að ákvörðun og afstaða meiri hlutans í þessu máli varðandi sjúkrahúsin í Reykjavík þýðir það að allt þetta ár verður viðvarandi spenna milli yfirstjórnar spítalanna og starfsfólks spítalanna annars vegar og heilbrrn. hins vegar. Ég er sannfærður um það að heilbrrn. og fjmrn. ráða ekkert við dæmið á þeim forsendum sem hér eru lagðar upp.

Við bætist þessi sérkennilegi pottur, verðlaunapottur upp á 150 millj. sem er talinn einhvers staðar inni í fjmrn. og er ætlaður sem verðlaun til þess að reka fólk úr starfi hjá spítölunum. Ég tel að hér sé um að ræða stórhættulega afgreiðslu og sú tala sem liggur fyrir varðandi halla á fjárlögunum upp á 3,9 milljarða kr. er vitleysa. Það er hægt að rökstyðja það með mörgum dæmum en spítalarnir eru besta sönnun þess og það mun sjást þegar menn greiða atkvæði um fjárlagafrv. fyrir árið 1997. Þetta er fráleit niðurstaða, hæstv. forseti, en ég styð að sjálfsögðu þessa tillögu minni hlutans sem er í áttina.

[12:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hæstv. heilbrrh. hefur gefið fyrir hennar hönd, þá mun fjárhagsvanda sjúkrahúsanna ekki mætt með innritunargjöldum eða gjaldtöku á sjúklinga frá því sem þegar hefur verið ákveðið. Ljóst er að sjúkrahúsin munu standa frammi fyrir miklum vanda á komandi ári sem gæti leitt til samdráttar í starfsemi, lengri biðlista, uppsagnar starfsfólks og auknu starfsálagi á þá sem eftir starfa.

Þrátt fyrir vilja hæstv. heilbrrh. um hið gagnstæða óttast ég að með fjársveltifrv. ríkisstjórnarinnar gagnvart sjúkrahúsunum sé settur aukinn þrýstingur á einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Slíkt má ekki gerast því að það er ávísun á aukna mismunun í samfélaginu. Því styð ég að sjálfsögðu þær breyingartillögur sem hér eru settar fram til þess að ráða bót á þessum vanda. Ég segi já.

Brtt. 460,51.a samþ. með 33:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
2 þm. (HG, KHG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, EKG, EOK, FrS, MS, RA, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Tillaga meiri hlutans um niðurskurð á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu felur í sér að þjónustu og öryggi sjúklinga er stefnt í hættu auk þess sem álag á starfsfólk og aðbúnaður þess er orðinn óverjandi og vinnuskilyrði fyrir neðan velsæmismörk. Vegna fjölda uppsagna, lokana deilda og samdráttar í þjónustu sem við blasir er álitamál hvort þjónusta og öryggi sjúklinga er réttu megin við öryggismörk. Þetta er gersamlega óverjandi ástand og óábyrg stefna sem engum raunsparnaði mun skila. Ég segi nei.

Brtt. 460,51.b samþ. með 35:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB.
14 þm. (ÁE, BH, GE, HG, JBH, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SighB, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:18]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega fagnaðarefni að hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnin í heild hefur fallið frá hugmyndum og áformum og tillögum um sérstök innritunargjöld, sérstakan aðgöngumiða að sjúkrahúsum í landinu og m.a. þess vegna er þessi lækkun á sértekjum tilkomin. Eftir sem áður er inni í þessari tölu áform hæstv. heilbrrh. um sértekjur á kvennadeild Landspítalans og þá einkanlega á glasafrjóvgunardeild þrátt fyrir það að heilbrrh. hafi lýst því yfir og lofað því í þessum ræðustól að sú hækkun yrði óveruleg og eingöngu 5–10%. Ég geng út frá því að hún standi við þau loforð að réttur þessa sjúklingahóps verði ekki fótumtroðinn heldur að hann geti notið þeirrar þjónustu sem honum ber eins og aðrir hópar og aðrir þegnar þessa lands. Eftir sem áður er þessi tala um auknar álögur á þennan sjúklingahóp enn þá inni í frv. Þess vegna get ég ekki stutt þennan lið og segi nei.

Brtt. 486,18 felld með 35:15 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (GE, GÁS, SighB) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, EOK, JBH, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 485,4 felld með 36:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (JBH) greiddi ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,52.a samþ. með 35:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,52.b samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EKG, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,53 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 486,19.a felld með 34:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, GMS*, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (GE, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EOK, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 486,19.b felld með 36:15 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (GE, JBH, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EgJ, EOK, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga felur í sér að könnun fari fram á áhrifum sparnaðaraðgerða á sjúkrahúsum sl. tvö ár á þjónustu og heilsufarslegt öryggi sjúklinga, vinnuskilyrði og heilsu starfsfólks auk raunsparnaðar fyrir ríkissjóð. Miðað við það neyðarástand sem blasir við spítölum á höfuðborgarsvæðinu er þessi tillaga nauðsynleg. Hér er aðeins um 2 millj. kr. að ræða og ég vek athygli hæstv. heilbrrh. á því að verði tillagan felld mun ég beita mér fyrir því að það verði flutt beiðni um skýrslu um að þetta ástand verði kannað þannig að það þýðir ekki fyrir hæstv. heilbrrh. að kvarta eftir á og tala um að peninga vanti í slíka könnun. Nú er tækifæri. Ég segi já.

Brtt. 486,19.c–d felld með 32:14 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (GE, JBH, SighB) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, GGuðbj, KPál, LB, MS, RG, SAÞ, SP, StG, SvanJ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460,54 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 460,55.a samþ. með 35:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, ÓRG, RA, SighB, SvG, ÖJ, ÖS.

4 þm. (HG, KHG, MF, SJS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:26]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Sérstök ástæða er til þess að hafa áhyggjur af því hvernig hæstv. heilbrrh. hefur meðhöndlað málefni St. Jósefsspítala. Hann er síst af öllu ofhlaðinn fjárframlögum og hefur verið rekinn með halla af þeim sökum á umliðnum árum og brýnt að bæta þar úr og tryggja rekstraröryggi hans. Þessi tillaga gerir ekki ráð fyrir því. Þvert á móti verður áframhaldandi óöryggi í þjónustu og hlutverki spítalans á komandi fjárlagaári og það er auðvitað ekki nógu gott og því segi ég nei.

Brtt. 460,55.b samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EOK, LB, MS, MF, RG, SAÞ, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,56 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (BH, GGuðbj, HG, MF, ÓRG, RA, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EgJ, EOK, JóhS, LB, MS, RG, SAÞ, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,57–67 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, EgJ, EOK, GE, HjÁ, MS, RG, SAÞ, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,68 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, FI, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða óskilgreinda ráðstöfun fjármuna. Ég vil að fram komi að ég hef meira en litlar efasemdir um hagræðingarátök hæstv. fjmrh. eins og hann hefur lýst þeim samkvæmt nýsjálenskum frjálshyggjuforskriftum. Í skýringum með þessari grein hefur verið talað um varanlega hagræðingu, varanlegar lausnir og er þar skírskotað til biðlauna. Að sjálfsögðu á að virða biðlaunarétt og gera ráð fyrir slíkum fjármunum. Ég get hins vegar ekki stutt óskilgreindan brottrekstrarsjóð eins og hér virðist vera um að ræða og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 486,20 felld með 34:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG*, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (GÁS, JBH, KHG, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EOK, GÁ, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 495 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu sem flutt er af formönnum þingflokka annarra en Kvennalistans er verið að leggja til hækkun framlags til þingflokkanna um 25 millj. kr. Þar sem fáir voru í þingsölum þegar fulltrúi Kvennalistans í fjárln. gerði grein fyrir afstöðu Kvennalistans til málsins vil ég taka fram eftirfarandi:

Við kvennalistakonur erum þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt og æskilegt að stjórnmálaflokkar fái framlög til starfsemi sinnar og höfum við margsinnis staðið að tillögum um það efni. Hins vegar er rétt að minna á að Kvennalistinn hefur gagnrýnt hvernig staðið er að skiptingu þessa liðar og skort á lögum og reglum um fjárframlög til stjórnmálaflokka.

En meginástæðan fyrir því að við kvennalistakonur stöndum ekki að tillögu um hækkun þessa liðar nú er sú að hv. þm. stjórnarflokkanna hafa ekki treyst sér til að standa að fullu við nýsett lög um greiðslu bóta til þolenda ofbeldisbrota og sparað með því 15 millj. kr. á næsta ári. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu höfnuðum við að flytja tillögu um 25 millj. kr. hækkun til þingflokkanna. Hér er því fyrst og fremst um táknræna aðgerð að ræða af okkar hálfu. Við munum því sitja hjá.

Brtt. 460,69 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, EgJ, EOK, GE, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,70.a samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, ÁRJ, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,70.b–c samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (KHG, MF) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EOK, JóhS, JBH, LB, MS, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,71–72 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EOK, GGuðbj, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 419 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

5 þm. (GE, GuðjG, GÁS, JóhS, SighB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EKG, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 418 felld með 35:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (GE, GÁS, JBH, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EgJ, EOK, JóhS, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 460,73 samþ. með 35:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, ÓE.

nei: GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS.

7 þm. (MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, EgJ, EOK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Atkvæðagreiðsla þessi gengur út á að gera ráð fyrir því í fjárlögum að komugjöld sjúklinga á heilsugæslustöðvar hækki um, að því er frést hefur, 17% hjá almenningi en 50% hjá gömlu fólki og öryrkjum. Þetta er sú innheimta sem Framsfl. kallaði sl. fjögur ár sjúklingaskatta og lofaði að berjast gegn. Nú er þessi sami flokkur að hækka þessi gjöld um 17–50%. Það eru ekki rök fyrir slíkum hækkunum og ég segi nei.

[12:39]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eitt af heitustu deilumálum þessa hausts voru innritunargjöld. Ríkisstjórnin heyktist á þeim áformum og sömuleiðis tókst að lagfæra ýmsa hluti sem hún gerði tillögur um í svokölluðum bandormi. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að leggja sérstaka sjúklingaskatta á gamalt fólk og aðra sem þurfa að skipta við heilsugæslustöðvar. Ég tel að það sé nauðsynlegt í tilefni af þessu, hæstv. forseti, að velta því fyrir sér hvort ekki beri að takmarka reglugerðavald sem heilbrigðisráðherrar hafa til þess að leggja á komugjöld til heilsugæslustöðva. Það er annað mál, hæstv. forseti, en ég segi nei við þessari tillögu.

[12:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel að farið hafi verið inn á mjög vafasamar brautir þegar farið var að krefjast innritunar- eða aðkomugjalda hjá heilsugæslustöðvum fyrir fáeinum árum. Ég tel að þessi gjöld eigi að fella algerlega niður, ekki hækka þau, og segi nei.

[12:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar. Gjöldin sem innheimt eru nú þegar eru mörgum efnalitlum einstaklingum, lífeyrisþegum og stórum barnafjölskyldum ofviða og veit ég að komum þeirra hefur fækkað á heilsugæslustöðvar í Reykavík. Ég tel ekki hæfa að hækka þessi gjöld meira en nú er. Ég segi nei.

Brtt. 429 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BBj, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, SP, StG, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 462,1–9 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 462,10 (liðir 5.12–5.14) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Einn gallinn við þau fjárlög sem verið er að afgreiða núna er sá að það verður ekki hægt að lesa saman ríkisreikninginn fyrir árið 1996 og fjárlögin vegna þess að þar eru svo margir óskiptir liðir sem dreifast síðan yfir allan ríkisreikninginn. Þar af leiðandi verða þessi gögn sem þurfa að vera samanburðarhæf ekki gagnsæ. Þetta kemur t.d. fram í lið 5.12 sem við erum að greiða atkvæði um. Þetta er afar sérkennileg fjárlagagerð verð ég að segja, hæstv. forseti. Þó að það sé göfugt markmið að lengja fjárlagatímabilið, er aðferðin alveg ótrúleg og mjög sérkennilegt að fjmrn. skuli standa að vinnubrögðum af þessu tagi.

Brtt. 462,10 (liður 5.15) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 462,10 (liður 5.16) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BBj, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 462,10 (liður 5.17) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, EgJ, EOK, LB, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 462,10 (liðir 5.18–5.21) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, EgJ, EOK, MS, RG, SAÞ, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Nú liggja fyrir um það bil niðurstöðutölur fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir næsta ár. Gangi áform eftir verður halli ríkissjóðs rétt innan við 4 milljarðar árið 1996 eða sem svarar 0,8% af landsframleiðslu og er það þá minnsti halli frá 1984. Útgjöld lækka í hlutfalli við landsframleiðslu um 1,5% frá árinu 1995 eða úr 27,1% í 25,6% og hefur útgjaldahlutfallið ekki verið lægra síðan 1987. (**Gripið fram í:** Er þetta orðið staðreynd?) Skatttekjur munu lækka sömuleiðis eins og áður hefur komið fram. Lánsfjárþörf ríkisins er talin geta lækkað um 2,3 milljarða og skuldir ríkisins munu lækka í hlutfalli við landsframleiðslu. Þetta hlýtur að teljast viðunandi árangur og skref í átt til jafnvægis og þess vegna segi ég já.

[12:51]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Afstaða Kvennalistans til frv. markast fyrst og fremst af eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi vantar í þetta frv. með öllu einhverja sönnun þess að hér sé að aukast skilningur á kvenfrelsi og nauðsyn þess að jafna stöðu kvenna og karla í samfélaginu.

Í öðru lagi verður augljós bið á því að hv. þingmenn stjórnarflokkanna standi við fögur fyrirheit í síðustu kosningabaráttu um eflingu menntunar og rannsókna í landinu.

Í þriðja lagi er það svo aðförin að heilbrigðis- og tryggingakerfi landsmanna sem staðfest er með tölum í þessu frv. Kvennalistinn gagnrýnir harðlega vinnubrögðin við undirbúning og umfjöllun um frv. til fjárlaga 1996, sérstaklega að því er varðar þann stóra kafla sem tekur til um 40% á útgjaldahlið frv. í heilbrigðismálum. Frumvarpstillögur voru illa undirbúnar og óraunhæfar og breytingar á niðurskurðar- og hagræðingaráformum komu fram á tólftu stundu. Þær fengu allt of litla umfjöllun í nefnd og við umræður í þingsal. Auk þess er einstaklega erfitt að átta sig á áhrifum þeirra á niðurstöður frv. vegna ruglingslegrar uppsetningar. Öll meðferð þess máls er þinginu til vansæmdar. Ég greiði ekki atkvæði.

[12:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Með þessu fjárlagafrv. sem nú er verið að afgreiða er allt velferðarkerfið á Íslandi sett í spennitreyju og það verður afar erfitt fyrir starfsmenn heilbrigðisstofnana og félagslegrar þjónustu á Íslandi að búa við þennan veruleika allt næsta ár. Ég spái því að fyrir hæstv. heilbrrh. og aðra ráðherra verði það erfitt verkefni að framkvæma þessi fjárlög, að ekki sé meira sagt.

Í öðru lagi er ljóst að sá halli sem hér er verið að tala um og hæstv. fjmrh. talar um eins og þegar ákveðinn veruleika, mun ekki standast. Það er alveg ljóst að það eru svo mörg göt og svo margir þættir óljósir í fjárlögunum að hallinn verður mun meiri heldur en hér er talað um. Forsendur fjárlaganna eru veikar mjög víða.

Auk þess er það þannig, hæstv. forseti, að fjárlögin eru gölluð að því leytinu til að þar hafa aldrei verið eins margir safnliðir og gert er ráð fyrir hér og vald fjmrn. yfir einstökum fagráðuneytum hefur aldrei eins mikið og samkvæmt þessum fjárlögum sem nú er verið að afgreiða. Það er í fullri mótsögn við ítrekaðar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að ráðuneytin og stofnanirnar eigi að vera sjálfstæðar að því er þetta varðar. Ég er því sannfærður um að niðurstaða ársins 1996 verður ekki sú sem hæstv. fjmrh. lýsti áðan. En það er best að spyrja að leikslokum.

[12:54]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er ekki verið er að afgreiða gott fjárlagafrv. á hinu háa Alþingi. Flestar tillögur stjórnarandstæðinga sem hefðu betrumbætt fjárlögin voru felldar. Þó náðist fram nokkur leiðrétting í umfjöllun um fjárlagafrv. og önnur mál því tengdu. Eftir stendur að þetta frv. endurspeglar alvarlega aðför að velferðarmálum hérlendis og felur í sér ranga stefnu í grundvallaratriðum. Ég greiði því ekki atkvæði.

[12:55]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. talaði áðan eins og hann væri að lýsa árangri af ríkisbúskap á árinu 1996. Það virðist hafa farið fram hjá hæstv. ráðherra að það ár er ekki hafið enn. Það færi betur að skýra frá árangrinum þegar árinu er lokið. Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf um markmið sín í stuttu, afmörkuðu máli áðan því að þeim mun auðveldara verður að bera efndirnar saman við árangurinn þegar árinu er lokið.

Það er mjög einkennilegt, þegar menn hugsa til þess að um er að ræða ár þar sem í fyrsta sinn er spáð auknum hagvexti upp á 3,5% eftir langt kyrrstöðuskeið, að það ár skuli hæstv. ríkisstjórn nota til þess að taka með þeim hætti á málefnum velferðarkerfisins sem ekki á sér nein fordæmi. Og það er líka umhugsunarvert að slíkt uppgangsár skuli eiga að nota til þess að taka sérstaklega á kjörum aldraða og fatlaðra til skerðingar. Það er það sem einkennir þetta fjárlagafrv. öðru fremur.

[12:56]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að minna á það þegar við ljúkum afgreiðslu fjárlaga á þessu ári að þessi þjóð er sokkin í skuldir. Við borgum í afborganir og vexti til erlendra lánardrottna 35 milljarða kr. Það samsvarar öllum útgjöldum menntmrn., félmrn. og dómsmrn. Þessi skulduga þjóð er þess vegna fyrst og fremst í vandræðum fjárhagslega vegna fortíðarvandans.

Það er ótímabært að ræða um niðurstöður fjárlaga næsta árs en Þjóðhagsstofnun spáir því að viðskiptajöfnuður snúist til verri vegar úr jákvæðum í neikvæðan upp á um það bil 7 milljarða. Þess vegna hefði þurft að taka á í ríkisfjármálum og beita þessu stjórntæki í átt til ráðdeildar og aðhaldssemi. Það er tímanna tákn að þrátt fyrir stórauknar tekjur í ljósi aukins hagvaxtar hefur hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn mistekist þetta. Það eru stjórnarandstöðuflokkarnir sem leggja fram tillögur um sparnað til þess að ná auknum jöfnuði í ríkisfjármálum. Þetta frv. dugar ekki og ég greiði þess vegna ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 500).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 263. mál (starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur). — Þskj. 470.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:59]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 13:00.

78. FUNDUR

föstudaginn 22. des.,
að loknum 77. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í flugráð, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1996 til ársloka 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1998, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember 1980, um Grænlandssjóð.

3. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 20. desember 1995, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

4. Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 13 1987, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1999.

5. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1997, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

6. Kosning eins fulltrúa í Norðurlandaráð í stað Hjörleifs Guttormssonar og eins varafulltrúa í stað Steingríms J. Sigfússonar. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram.

7. Kosning eins fulltrúa í Vestnorræna þingmannaráðið í stað Steingríms J. Sigfússonar og eins varafulltrúa í stað Svavars Gestssonar. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram á þessu þingi.

8. Frestun á fundum Alþingis, *stjtill.*, 268. mál, þskj. 496. — Ein umr.

9. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv., 263. mál, þskj. 470. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[13:20]

Útbýting þingskjals:

Gjald af áfengi, 269. mál, frv. MF o.fl., þskj. 497.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:22]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 9. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í flugráð, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1996 til ársloka 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen alþm. (A),
Karvel Pálmason, fyrrv. alþm. (B),
Gunnar Hilmarsson framkvstj. (A).

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson alþm. (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrv. alþm. (B),
Ólafur Örn Haraldsson alþm. (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1998, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen alþm. (A),
Hrönn Hrafnsdóttir viðskiptafræðingur (B),
Haraldur Ólafsson dósent (A),
Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur (A),
Þóranna Pálsdóttir veðurfræðingur (B).

Varamenn:
Jóhanna Vilhjálmsdóttir nemi (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir kennari (B),
Anna Jensdóttir kennari (A),
Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur (A),
Gestur Gestsson stjórnmálafræðingur (B).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 20. desember 1995, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Thomas Möller hagverkfræðingur (A),
Guðrún Árnadóttir meinatæknir (B),
Unnur Stefánsdóttir leikskólakennari (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir alþm. (A).

Varamenn:
Þór Sigfússon hagfræðingur (A),
Margrét Frímannsdóttir alþm. (B),
Siv Friðleifsdóttir alþm. (A),
Kristján Pálsson alþm. (A).

Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 13 1987, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1999.

Gengið var til kosningar. Atkvæði féllu þannig að **Gaukur Jörundsson** hlaut 45 atkvæði.

Jón Oddsson lögfræðingur hlaut eitt atkvæði, auðir seðlar voru þrír.

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1997, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sigurður Líndal prófessor (A),
Sigþrúður Gunnarsdóttir háskólanemi (B),
Magdalena Sigurðardóttir skólafulltrúi (A).

Varamenn:
Brynhildur Ragnarsdóttir fulltrúi (A),
Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður (B),
Ólafía Ingólfsdóttir skrifstofumaður (A).

Kosning eins fulltrúa í Norðurlandaráð í stað Hjörleifs Guttormssonar og eins varafulltrúa í stað Steingríms J. Sigfússonar. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Steingrímur J. Sigfússon.

Varamaður:
Bryndís Hlöðversdóttir.

Kosning eins fulltrúa í Vestnorræna þingmannaráðið í stað Steingríms J. Sigfússonar og eins varafulltrúa í stað Svavars Gestssonar. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram á þessu þingi.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Svavar Gestsson.

Varamaður:
Kristinn H. Gunnarsson.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 268. mál. — Þskj. 496.

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1995 og standi sú frestun til 30. janúar 1996."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BBj, EgJ, EOK, GÁ, MS, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 501).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 263. mál (starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur). — Þskj. 470.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SF, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BBj, EgJ, EOK, GÁ, MS, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 502).

Jólakveðjur.

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Hér hafa verið miklar annir síðustu daga og bregður ekki venju í því efni. Það verður auðvitað aldrei hjá því komist að taka duglegan lokasprett við afgreiðslu viðamikilla mála

undir jól. Ég verð þó að segja að það er nauðsynlegt að bæta hér úr og freista þess að jafna álagið meira við þingstörfin.

Ég nefndi í ræðu minni á þingsetningarfundi 2. október sl. að ég teldi að ríkisstjórn hverju sinni þyrfti að ætla Alþingi rúman tíma til að afgreiða þau mál sem hún leggur fram og vill fá afgreidd. Því miður tókst ekki sem skyldi að standa við þau áform sem uppi voru um bætta starfshætti í þessum efnum. Ég mun halda áfram að beita mér fyrir umbótum á þessum sviðum.

Ég læt þó í ljós ánægju mína með þingstörfin þessa haustönn Alþingis. Góður starfsandi hefur einkennt haustþingið líkt og var á vorþinginu. Ég vil því láta í ljós sérstakar þakkir mínar til þingmanna fyrir samstarfsvilja þeirra og þakkir til hæstv. ríkisstjórnar fyrir samstarfið.

Jólahátíðin er í nánd, sú hátíð sem mest og best bindur fjölskyldurnar saman. Því miður held ég að þáttur alþingismanna í undirbúningi jólanna á heimilum sínum sé ekki mikill. Þannig þarf það ekki að vera og þannig á það ekki að vera. Ég ítreka því það sem ég sagði í ræðu minni við þingsetningu í haust að við þurfum að bindast samtökum um að skipuleggja störf okkar betur þannig að fjölskyldur þingmanna gleymist ekki. Þær þurfa líka og eiga að fá sinn tíma.

Hv. alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gefst nú tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðarnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna. Ég hygg að við séum öll vel að þessu jólaleyfi komin eftir langar vinnustundir undanfarna daga. Ég færi því þingmönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis, bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð og bið fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og ég bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

[13:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir skörulega forustu á haustþinginu og einkar gott samstarf. Átökin sem hér hafa verið að undanförnu voru pólitísk átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu en ekki við forsetann eða forsætisnefndina. Ég tel að þessi störf hafi tekist vel og skipulag þeirra í meginatriðum verið gott þó svo hann hafi orðið býsna drjúgur að lokum síðasti spölurinn.

Ég vil nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til að þakka starfsliði Alþingis fyrir dugnað, lipurð, samviskusemi og þolinmæði gagnvart okkur þingmönnum og óska þeim gleðilegra jóla. Ég óska einnig hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Og ég bið hv. þingmenn um að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[13:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir hlý orð og óskir í minn garð og fjölskyldu minnar. Og ég þakka hv. þingmönnum fyrir undirtektirnar og ítreka óskir mínar.

Þingfrestun.

[13:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 120. löggjafarþings, frá 22. desember 1995 og standi sú frestun til 30. janúar 1996.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 120. löggjafarþings er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 13:41.

Efnisskrá.

Afbrigði um dagskrármál 2342, 2348, 2445, 2558, 2589, 2598, 2599, 2698, 2773.
Afnám laga nr. 96/1936 (206. mál) 2346, 2349.
Athugasemdir um störf þingsins:
Bifreiðakaupalán til öryrkja 2317.
Starfsleyfi fyrir álver í Straumsvík 2743.
Þingstörf fram að jólahléi 2350, 2421.
Bjargráðasjóður (125. mál, heildarlög) 2427, 2445, 2565.
Fjáraukalög 1995 (44. mál) 2659, 2749.
Fjárlög 1996 (1. mál) 2705, 2753.
Frestun á fundum Alþingis (268. mál) 2776.
Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Eistlands (258. mál) 2563, 2565, 2590.
Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands (257. mál) 2563, 2565, 2590.
Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens (256. mál) 2563, 2564, 2589.
Húsnæðisstofnun ríkisins (215. mál, lánstími húsbréfa o.fl.) 2539, 2559, 2591.
Jólakveðjur 2776.
Kosning í Norðurlandaráð 2775.
Kosning í Vestnorræna þingmannaráðið 2775.
Kosning í flugráð 2773.
Kosning í stjórn Grænlandssjóðs 2774.
Kosning í stjórnarnefnd ríkisspítalanna 2774.
Kosning umboðsmanns Alþingis 2775.
Kosning í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar 2775.
Lánsfjárlög 1996 (43. mál) 2556, 2560, 2623, 2698, 2747.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (263. mál, starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur) 2598, 2772, 2776.
Lögskráning sjómanna (253. mál, öryggisfræðsla) 2341, 2426, 2445, 2566.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum (225. mál, breyting ýmissa laga) 2446, 2563, 2567, 2602.
Stjórn fiskveiða (240. mál, sóknardagar krókabáta) 2428, 2445, 2566.
Tekjuskattur og eignarskattur (147. mál, fjárhæðir, sérstakur tekjuskattur, frádráttur lífeyrisþega o.fl.) 2326, 2387, 2440.
Tekjustofnar sveitarfélaga (207. mál, fasteignaskattur, þjónustuframlög) 2340, 2341.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 2317.
Um fundarstjórn:
Frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2566.
Um fundarstjórn — sjá:
Afbrigði um dagskrármál 2599.
Lánsfjárlög 1996 2632, 2639.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2456.
Tekjuskattur og eignarskattur 2390.
Umferðarlög (259. mál, breyting ýmissa laga) 2548, 2559, 2591, 2601.
Umræður utan dagskrár:
Neyðarsímsvörun 2333.
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (221. mál, yfirstjórn, rýmingarsvæði, ofanflóðasjóður o.fl.) 2342, 2348, 2349.
Vatnsveitur sveitarfélaga (119. mál, heimæðar, vatnsgjald) 2428, 2445, 2565.
Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík (171. mál) 2321, 2357, 2442.
Þingfrestun 2778.
Þróunarsjóður sjávarútvegsins (241. mál, úreldingarstyrkur krókabáta) 2431, 2548, 2560, 2591.

Leiðrétting.

Í 8. hefti, 1682. dálki, í upphafi 54. fundar. Eftirfarandi texti falli brott:

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.

79. FUNDUR

þriðjudaginn 30. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 371. — 1. umr.
2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 251. mál, þskj. 390. — 1. umr.
3. Spilliefnagjald, stjfrv., 252. mál, þskj. 392. — 1. umr.
4. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296. — Frh. 1. umr.
5. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Halldór Blöndal, samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá 230 starfandi lögmönnum og lögmannsfulltrúum.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 30. janúar 1996, kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1996.
Vigdís Finnbogadóttir.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis, óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í minn garð og okkar alþingismanna og óska jafnframt alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs og vænti þess að störf okkar á síðari hluta þessa þings verði þjóðinni til farsældar.

Þrátt fyrir snarpa lotu í desembermánuði liggja enn fyrir þinginu mörg mál, bæði stjfrv. og frumvörp frá einstökum alþingismönnum. Þau munu koma til umræðu og afgreiðslu á næstu vikum og mánuðum.

Ég vænti þess að sá blær sem var yfir þinghaldinu sl. haust fylgi okkur áfram á þessu þingi. Samkvæmt yfirliti, sem ég hef látið taka saman, voru afgreidd fleiri frumvörp á haustþinginu en undanfarin ár þótt þingtími væri styttri en venjulega og kvöldfundir færri en verið hefur um nokkurt árabil. Það þakka ég góðu samstarfi við ríkisstjórn og þingflokka.

Ég hef nýlega skrifað ríkisstjórninni bréf og óskað þess að ráðherrar leggi fram svo fljótt sem verða má þau mál sem þeir hyggjast fá afgreidd á þessu þingi og ég nefndi í því sambandi 15. febr. sem hæfilegan frest. Það verður að ætla Alþingi góðan tíma til þess að afgreiða hin stærri mál. Þessi tilmæli hafa hlotið góðar undirtektir hjá hæstv. forsrh. og fyrir það þakka ég.

Þá hef ég einnig skrifað formönnum fastanefnda og hvatt þá til að hefja nefndarstörf af fullum krafti í þessari viku. Miklu varðar að nefndirnar skipuleggi vel störf sín og afgreiði frá sér mál jafnskjótt og athugun þeirra er lokið þannig að mál hrannist ekki upp á dagskrá þingsins þegar nær dregur þinglokum í vor.

Á fundi forsætisnefndar í gær voru ræddar nokkrar breytingar á starfsáætlun Alþingis fram að þingfrestun og verður alþingismönnum gerð grein fyrir þeim í vikunni þegar ákvörðun hefur verið tekin í samráði við ríkisstjórn og þingflokka.

Þá er þess að geta að gengið hefur verið betur frá fyrirkomulagi sjónvarpsútsendinga héðan úr þingsalnum. Eins og hingað til mun Ríkisútvarpið – sjónvarp annast útsendingarnar og standa þær fram undir kl. 5 á daginn. Sé fundi þá ekki lokið mun það sem eftir er fundarins verða sent út að morgni næsta dags og hefjast þær útsendingar kl. 9.30.

Eins og menn hafa eflaust veitt athygli hefur verið unnt að koma jafnóðum á skjáinn upplýsingum um ræðumenn og dagskrármál en fljótlega verður einnig hægt að sýna hverjir eru næstu ræðumenn, þ.e. mælendaskrána, en tölvudeild skrifstofunnar er rétt að ljúka við uppsetningu tölvufærðrar mælendaskrár. Það er von okkar í forsætisnefndinni að þetta fyrirkomulag muni verða alþingismönnum til þæginda svo og þeim mörgu áhorfendum um land allt sem fylgjast með sjónvarpsútsendinginum héðan úr þessum sal.

Ég ítreka óskir mínar um farsælt starf Alþingis nú á vorþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Reglugerð um greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu.

[13:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna framkvæmda í kjölfar fjárlaga og spyr hæstv. forseta hvort orð ráðherra í þingsölum eigi ekki að gilda. Ástæða þessa er sú að út er komin reglugerð frá heilbrrn. um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu og þar kemur fram að 67 ára og eldri skulu greiða fullt gjald fyrir heilbrigðisþjónustu.

Í umræðunum fyrir jól sagði hæstv. heilbrrh. ítrekað, og ég er með útskrift af ræðum ráðherrans, að einungis þeir

sem væru með atvinnutekjur yrðu krafðir um fullt gjald fyrir þjónustu, fyrir læknishjálp og heilsugæslu. Í reglugerðinni, sem tekur gildi á næstu dögum, kemur ekkert fram um það að þeir sem ekki eru með atvinnutekjur og eru á þessu aldursskeiði séu undanþegnir fullri greiðslu.

Ég geri einnig athugasemd við fækkun á lægri bílakaupastyrkjum til hreyfihamlaðra. Í fjárlagaumræðunni kom aldrei fram að til stæði að fækka nánast um helming bílakaupastyrkjum hreyfihamlaðra. Þarf ekki að taka þetta til umræðu í þinginu?

Ég hef gert opinberlega athugasemdir við reglugerðina um heilbrigðisþjónustu og fékk þau svör frá ráðherranum að tilmæli kæmu frá ráðuneytinu um að tekið yrði tillit til þeirra sem hefðu ekki atvinnutekjur. Ég spyr hæstv. forseta hvort hér sé um nýja stjórnarhætti að ræða. Vaninn er að túlkun ráðherra á lögum komi fram í reglugerðum en ekki með tilmælum eða tilskipunum.

[13:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Spurningu hv. þm. sem beint var til forseta hlýtur forseti að svara svo að hæstv. ráðherrar og hv. þm. bera sjálfir ábyrgð á orðum sínum. Forseti leggur ekki mat á þetta tiltekna mál og vísar þessum orðum til hæstv. heilbr.- og trmrh.

[13:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannedóttur segi ég þetta: Orð munu standa. Þeir sem eru 67–70 ára og hafa undir milljón á ári fá sérstakt skírteini þar að lútandi og munu því ekki borga fullt verð, hvorki hjá heilsugæslu né hjá sérfræðingum. Þeir munu greiða 300 kr. hjá heilsugæslulæknum og 500 kr. hjá sérfræðingum.

[13:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að tekið verði tillit til þess hóps sem er ekki með atvinnutekjur og er 67–70 ára þegar þeir greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Aftur á móti langar mig til að spyrjast fyrir um það sem varðar seinni spurningu mína: Mun það koma fram í reglugerð eða á að koma með tilskipun eða tilmæli úr ráðuneytinu? Mér finnst það þurfa að koma fram hvort hér séu nýir stjórnarhættir á ferðinni. Áður hafa komið fram tilskipanir eða tilmæli varðandi aðra málaflokka, þ.e. bílakaupalánin fyrir jól og einnig endurhæfingarlífeyrinn.

[13:43]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þetta er efni í fyrirspurnatíma á Alþingi en ekki um störf þingsins.

Umgengni um auðlindir sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 371.

[13:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 371 liggur frammi frv. til laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Það er svo að eitt af þeim atriðum, sem helst hafa verið til umræðu á vettvangi sjávarútvegsmála undanfarin missiri, er umgengni um þessa mikilvægu auðlind þjóðarinnar. Að minni hyggju er slæm umgengni um auðlindina eitt af alvarlegustu vandamálunum sem við glímum við um þessar mundir. Enginn vafi er á því að ef okkur tekst ekki að koma á góðri skipan í þessum efnum þá er veruleg hætta á því að alvarlegir brestir komi í alla viðleitni okkar og allar tilraunir til að fylgja fram skynsamlegum reglum um fiskveiðistjórnun. Slæm umgengni um auðlindina dregur þess vegna úr líkum á því að við getum notið hámarksafraksturs af auðlindinni þegar til lengri tíma er litið. Þjóðin á því hér mikilla hagsmuna að gæta.

Auðvitað er erfitt að meta hversu mikill þessi vandi er, hversu mikil brögð eru að því að fiski sé hent í sjóinn og menn landi fiski fram hjá vigt. Engum dylst þó að hér er um vanda að ræða. Við heyrum lýsingar þeirra manna sjálfra sem stunda sjóinn og vinna við sjávarútveg sem staðfesta að hér er um alvarlegan vanda að ræða. Hitt geta menn deilt um, hversu mikill hann er, hversu mikil brögð eru að því að fiski sé hent og landað fram hjá vigt.

Fjölmargar ástæður geta legið til þess að gengið sé á svig við settar reglur í þessu efni og góða háttu að því er umgengni varðar. Við höfum fjölmörg dæmi um það að fiski er hent án þess að nokkrar stjórnunarreglur gildi um veiðarnar. Við höfum slík dæmi frá fyrri tíma úr fiskveiðisögu okkar sjálfra innan landhelgi meðal annarra þjóða og við höfum dæmi um slíkt úr okkar eigin veiðum utan lögsögu þar sem engin stjórnun hefur átt sér stað. Við vitum líka að það getur leitt til aukinnar freistni í þessum efnum þegar aflaheimildir eru rýrar í hlutfalli við afkastagetu fiskiskipastólsins.

Ég afréð því að leita eftir samvinnu og samstarfi stjórnvalda, samtaka sjómanna og útvegsmanna til þess að fjalla um þennan vanda og gera tillögur til úrbóta. Það er alveg ljóst að að baki sumra sögusagna í þessum efnum eru viðhorf þeirra manna sem vilja leggja allt sitt af mörkum til þess að bæta þessa umgengni og upplýsa hvað fer fram í raun og veru. Auðvitað er það líka til að menn komi fram með sögusagnir um slæma umgengni í þeim tilgangi að brjóta á bak aftur stjórnunarreglur eða knýja á um að ákvörðunum um heildarafla sé breytt. En einu gildir að ég hygg, hvernig sem á málið er litið blasir við okkur vandi í þessu efni sem nauðsynlegt er að takast á við. Sannfæring mín er sú að heppilegasta og skynsamlegasta leiðin í því efni sé að laða saman sjómenn og útvegsmenn til samstarfs og samvinnu. Þeirra er ábyrgðin og því líklegast að með þeim hætti geti okkur auðnast að ná betri tökum á þessu viðfangsefni. Ég skipaði því sérstaka nefnd í þessu efni í maímánuði 1994. Nefndinni var falið að meta í hve miklum mæli sjávarafla var varpað fyrir borð á íslenskum skipum og hvernig auka megi kjörhæfni veiðarfæra svo og kanna með hvaða hætti bæta megi nýtingu aukaafla og enn fremur hvernig bæta megi virkni veiðieftirlits. Í nefndinni áttu þessir menn sæti: Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmundur Karlsson frá Fiskistofu, Guðni Þorsteinsson frá Hafrannsóknastofnun, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Kristján Þórarinsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem var formaður nefndarinnar, Snorri Rúnar Pálmason frá sjútvrn. og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, en hann hefur nú tekið við formennsku í nefndinni því að henni er ætlað áframhaldandi starf.

Í septembermánuði 1994 óskaði ég eftir því við nefndina að hún hraðaði sérstaklega tillögugerð er lyti að því hvernig mætti koma í veg fyrir að afla væri varpað fyrir borð og hvernig auka mætti virkni veiðieftirlits. Nefndin skilaði um

það áfangaskýrslu í desember 1994. Í þeirri skýrslu kemur fram að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fiski sé varpað fyrir borð og fiski sé landað fram hjá vigt. Í áfangaskýrslunni er m.a. bent á að nauðsynlegt sé að aflaheimildir byggi á vísindalegri ráðgjöf og að afli fari ekki fram úr heimildum auk þess sem samræmi þurfi að vera í aflaheimildum milli tegunda. Bent er á að reglur um veiðar og umgengni um auðlindina þurfi að vera einfaldar og skýrar og veiðieftirlitið markvisst og það skuli beinast að þeim vandamálum sem við er að glíma hverju sinni. Viðurlög við brotum eigi að vera ströng og þyngjast við endurtekin brot.

Í skýrslu nefndarinnar kemur enn fremur fram að lagaákvæði er varða umgengni um auðlindir sjávar skorti og því þurfi að setja ákveðnar lagareglur um umgengnina og viðurlög við brotum gegn þeim. Í skýrslunni eru síðan settar fram ýmsar hugmyndir í þessu efni. Á grundvelli þessarar skýrslu samdi ráðuneytið frv. sem lagt var fram á Alþingi í byrjun síðasta árs en ekki vannst tími til að ræða og því síður afgreiða á því þingi.

Síðasta vor urðu allmiklar umræður um þessi efni í fjölmiðlum og í framhaldi af þeirri umræðu óskaði ég eftir því við nefndina að hún endurmæti fyrri tillögur og það frv. sem lá fyrir í ljósi þeirrar umræðu sem fram hafði farið og þeirra athugasemda sem fram höfðu komið við frv. Nefndin skilaði áliti um þetta sem fól í sér athugasemdir við einstakar greinar í upphaflega frv. Ráðuneytið tók þessa framhaldsskýrslu til meðferðar og breytti fyrirliggjandi frv. í samræmi við þær athugasemdir sem fyrir lágu frá samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Þegar því verki var lokið fékk samstarfsnefndin frv. á ný til umsagnar og sammæltist um að styðja framgang þess og óska eftir því að þær lagareglur sem frv. mælir fyrir um yrðu lögfestar á Alþingi.

Ég tel mjög mikilvægt að slíkt samstarf skuli hafa tekist á milli forustumanna allra helstu samtaka sjómanna og útvegsmanna og met mikils að forustumenn þeirra hafa lagt sig fram við að ná samstöðu í þessi efni.

Í frv., sem liggur fyrir, má segja í stuttu máli að þær reglur séu settar skýrt fram sem gilda eiga um umgengni um auðlindir hafsins og þær viðmiðanir sem stendur ekki til að líða. Ekki stendur til að líða það að fiski sé hent og ekki stendur til að líða það að fiski sé landað fram hjá vigt og ekki stendur til að líða að veitt verði umfram aflaheimildir.

Auðvitað er því ekki þannig varið að lög af þessu tagi feli í sér töfralausnir og þau leysi sjálfkrafa slíkan vanda. En flestir eru á einu máli um, og þar á meðal þeir forustumenn samtaka sjómanna og útvegsmanna sem hér hafa um vélað, að nauðsynlegt sé að til staðar séu lagaákvæði af þessu tagi til þess að tryggja það samstarf sem þarf að eiga sér stað í þessu efni og gera það mögulegt að snúa þróuninni við og bæta umgengnina. Markmið frv. er því fyrst og fremst að leggja grundvöll að því að taka á þeim vandamálum sem verið er að fjalla um.

Segja má að í frv. felist þrír höfuðþættir. Fyrsti þátturinn lýtur að veiðunum sjálfum og hvað þær varðar er lagt til að lögfest verði bann við að landa fiski í hafið og óheimilt verði að hefja veiðiferð nema skip hafi veiðiheimildir af þeim tegundum sem líklegt er að náist í veiðiferðinni, þar með talinn líklegum meðafla sem svo er kallaður. Skylt verði að draga reglulega veiðarfæri sem skilin eru eftir í sjó, svo sem línu og net og heimilt verði að draga veiðarfærin á kostnað eiganda sé því ekki sinnt.

Annar höfuðþáttur frv. lýtur að vigtun sjávarafla og í ákvæðum er lúta að því viðfangsefni er kveðið skýrar á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila sem koma að vigtun sjávarafla, svo sem skipstjóra, ökumanna flutningstækja, starfsmanna hafnarvoga og kaupenda. Þeir bera allir hver fyrir sig ábyrgð á því að rétt sé staðið að málum.

Þá er það nýmæli lagt til að óheimilt verði að landa sjávarafla í öðrum höfnum en þeim sem hafa fullnægjandi vigtunaraðstöðu. Þar er þó veitt visst svigrúm til aðlögunar en að öðru leyti er ákvæði um vigtun að miklu leyti samhljóða gildandi reglugerð um vigtun sjávarafla.

Í þriðja meginþætti frv. er fjallað um framkvæmd laganna og viðurlög. Þar er lagt til að skýrt verði kveðið á um viðbrögð stjórnvalda vegna brota á lögunum og er það mikilsvert nýmæli. Gert er ráð fyrir að skip verði svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í ákveðinn tíma og að ítrekun varði lengri leyfissviptingu. Þá er gert ráð fyrir að aðili geti misst leyfi til vigtunar afla standi hann ekki rétt að vigtun og að unnt verði að svipta uppboðsmarkað starfsleyfi vegna brota á reglum um vigtun sjávarafla. Jafnframt er í frv. kveðið á um sektir við brotum á lögunum og auk þess að stórfelld og ítrekuð ásetningsbrot geti auk sekta varðað varðhaldi eða fangelsi.

Á það skal lögð sérstök áhersla að hinum þyngstu refsingum, sem hér er talað um, er aðeins ætlað að vera beitt í tilvikum þar sem brot eru stórfelld eða þau eru margítrekuð. Í áfangaskýrslu, sem samstarfsnefndin um bætta umgengni um auðlindir sjávar skilaði í desember 1994, var m.a. lagt til að heimild til að hluti af undirmálsfiski teljist til aflamarks verði afnumin og allur undirmálsafli teljist til aflamarks. Ástæðan var sú að ofmikil brögð voru talin vera að því að fiski, sem var ekki undirmálsfiskur, væri landað í skjóli þessarar heimildar. Þessari tillögu nefndarinnar var fylgt eftir með reglugerðarbreytingum.

Talsverð umræða hefur spunnist um réttmæti þeirrar ákvörðunar og í framhaldi af því óskaði ég eftir því við nefndina að hún tæki tillögugerð sína í þessu efni til endurskoðunar. Nefndin tók málið til umfjöllunar og skilaði nýju áliti. Þar kemur fram að hún hefur endurskoðað fyrri afstöðu og leggur til að á ný verði sett í lög heimild um að hluti af undirmálsafla verði ekki tekinn til aflamarks. Í samræmi við þetta var reglugerð þar að lútandi breytt og hafa þær nýju reglur tekið gildi.

Nefndin lagði síðan á það sérstaka áherslu að auk lagabreytinga yrði skoðað skipulag veiðieftirlitsins með það að markmiði að gera það virkara og kanna sérstaklega hvort auka mætti samstarf veiðieftirlits Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar. Nú er unnið að því á vegum ráðuneytisins og Fiskistofu að grandskoða þetta skipulag og kanna, eins og lagt hefur verið til af nefndarinnar hálfu, hvernig ná megi meiri virkni í þetta starf með samvinnu veiðieftirlits og Landhelgisgæslu.

Það er engum vafa undirorpið að sú verndarstefna sem fylgt hefur verið á undanförnum árum hefur verið að skila árangri. Enn er þó margt sem við getum betur gert í þeim efnum. Við höfum með mjög markvissum hætti, einkanlega að því er þorsktofninn varðar, dregið úr aflaheimildum. Við höfum lokað stórum uppeldissvæðum þorskstofnsins. Við höfum við ýmsar veiðar sett strangari skilyrði fyrir notkun veiðarfæra í þeim tilgangi að draga úr smáfiskaveiði og seiðadrápi og við höfum lokað og bannað veiðar yfir háhrygningartímann á stórum hafsvæðum. Allt þetta hefur verið að skila árangri og í samræmi við þær niðurstöður

sem komu fram í síðustu ársskýrslu Hafrannsóknastofnunar bendir nú flest til þess að þorskstofninn sé að braggast og við getum vænst þess að þorskveiði fari smám saman vaxandi á nýjan leik. En við stöndum frammi fyrir vandamálum að því er varðar ýmsar aðrar veiðar og ég nefni sérstaklega karfaveiðarnar og grálúðuveiðarnar.

Ég tel mjög mikilvægt að þær tillögur sem samstarfsnefndin hefur lagt hér fram sem grundvöll þess að unnt verði af hálfu stjórnvalda og sjómanna og útvegsmanna sjálfra að bæta umgengnina, verði lögfestar á þessu þingi. Samstarfsnefndin mun starfa áfram og veita ráðuneytinu ráðgjöf um það sem betur má fara því að það er vissulega svo að við leysum þessi mál aldrei í eitt skipti fyrir öll. Nýr formaður nefndarinnar, Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, lýsti því yfir þegar tillögur nefndarinnar voru kynntar að hann mundi af sinni hálfu leggja höfuðáherslu á það að nefndin tæki fyrir sem næsta verkefni hvernig bæta mætti kjörhæfni veiðarfæra. Og ég geri ráð fyrir því að í samræmi við þessa yfirlýsingu verði fyrst og fremst hugað að þeim þáttum á næstunni.

Það er vissulega svo að í þessu efni hefur ýmislegt verið að gerast. Það hefur verið tekinn upp leggpoki við rækjuveiðar, það hafa verið teknir í notkun vegggluggar við humarveiðar, seiðaskilja er nú almennt áskilin við rækjuveiðar og hefur leitt til mjög verulegra umbóta. Nú kemur miklu minna af smáfiski sem meðafli við rækjuveiðarnar en áður og má segja að seiðaskiljan hafi að þessu leyti markað sérstök tímamót í þessum efnum.

Á döfinni eru tilraunir með smáfiskaskilju við botnvörpuveiðar og enn fremur eru fyrirhugaðar tilraunir með botnvörpu sem á að sleppa þorski að miklu leyti. Þannig eru fjölmörg verkefni sem við blasa í þessu efni. En það er mjög mikils um vert að stjórnvöld taki höndum saman við þá ábyrgu forustu í samtökum sjómanna og útvegsmanna sem vill taka á þessum vanda og okkur auðnist að setja þær nauðsynlegu lagareglur sem eru forsenda fyrir því að við getum haldið uppi virku eftirliti og skapað þann aga í hinum daglegu störfum að umgengnin um auðlindina batni.

Ég vænti þess að frv. fái ítarlega umfjöllun hér og meginefni þess þann nauðsynlega framgang sem óskað er eftir og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjútvn.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna þessu frv. Ég held að það sé tímabært að hér komi fram frv. að sérstökum lögum um umgengni um auðlindir sjávar. Margt er ágætt í þessu frv. og sumt verður að telja sjálfsagt úr því að lagasetning af þessu tagi á annað borð er á dagskrá.

En þetta frv. veldur einnig vonbrigðum að ýmsu öðru leyti. Því er áfátt að mínu mati um ýmislegt og það sem kannski alvarlegast er, það vantar í það heiðarlega tilraun til þess að takast á við meginfylgikvilla þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem við búum við, þ.e. aflamarks, þ.e. þá hættu að meðafla af einstökum tegundum sé hent við slíkar aðstæður almennt séð. Ég held að ekki sé um það deilt að okkur hafi í heildina tekið farið verulega fram hvað varðar umgengni um sjávarauðlindina og hvað varðar alla meðhöndlun afla, en samt sem áður má þar ýmislegt betur fara enn sem komið er.

Í fyrsta lagi vil ég, herra forseti, gera hér að umtalsefni samsetningu þeirrar nefndar sem stóð að samningu þessa frv. eða skilaði hæstv. sjútvrh. skýrslu þeirri sem er grundvöllur frv. Það vekur strax athygli að í þessari nefnd sátu engir fulltrúar smábátasjómanna eða smábátaútgerðarinnar og það verður í fljótu bragði ekki heldur ráðið af efni frv. að sjónarmið smábáta og bátaútgerðar hafi yfirleitt átt þar upp á pallborðið. Það vekur t.d. athygli að eina beina og umtalsverða takmörkunin sem lögð er á einhvern tiltekinn hóp útgerðarmanna í landinu snýr að sérstöku veiðibanni á bátum og smábátum sem róa með net tiltekinn hluta ársins.

Ég vil líka láta þá skoðun mína koma fram að í nefnd af þessu tagi væri ástæða til að fulltrúar jafnvel fleiri þátta sjávarútvegsins væru til staðar, ósköp einfaldlega sökum tengsla veiðanna við vinnsluna í landi og ýmsa aðra hagsmuni í greininni. Það eru að mínu mati full rök til þess að aðrir en þeir sem koma í þrengsta skilningi að veiðunum beint geti átt hagsmuna að gæta eða eigi að hafa um það að segja með hvaða hætti þessum hlutum er skipað. Ég nefni þar t.d. þætti eins og þá að ná sem mestu og auðvitað helst öllu af því hráefni sem á annað borð er tekið úr auðlindinni á hafi úti og landað síðan til einhverrar verðmætasköpunar. Og þá geta önnur sjónarmið en þau sem snúa að útgerðinni eða útgerðarhagsmunum í þrengsta skilningi átt fyllilega rétt hjá sér.

Fjölmörg ákvæði þessa frv., herra forseti, eru eins og ég sagði áðan fullkomlega eðlileg og sjálfsögð. Ég tel til að mynda sjálfsagt að grundvallarregla laga af þessu tagi sé sú að bannað sé að henda fiski í sjóinn. Það sé grundvallarreglan sem annað byggi á. Ég tel í öðru lagi að það sé einnig eðlileg grundvallarregla að allur afli skuli koma að landi til vinnslu hér, nema annað sé sérstaklega heimilað. Þetta tvennt ætti að byggja meginundirstöðuna undir þá hugsun sem að baki liggur auk almennrar nýtingar og velsæmissjónarmiða í sambandi við alla framgöngu manna.

Í þriðja lagi er auðvitað eðlilegt, herra forseti, að einhver viðurlagaákvæði fylgi í lögum af þessu tagi. Það vekur efasemdir mínar í vissum tilvikum hvort fésektir eða jafnvel fangelsi séu eðlileg eða nauðsynleg viðurlög strax við brot af þessu tagi og hvort ekki sé heppilegra að byggja viðurlögin inn í sjálft stjórnkerfið með þeim hætti að almenna reglan sé svipting veiðiheimilda eða einhverjar takmarkanir af því tagi sem lúti að umsvifum í greininni sjálfri. Það held ég að sé að mörgu leyti farsælla. Ég geri því þá almennu athugasemd við viðurlagakaflann að þar mætti vera meiri áhersla á slík innri viðurlög, ef svo mætti að orði komast, en minni á ytri viðurlög eins og fésektir eða fangelsisvist.

Þá vil ég nefna, herra forseti, ákvæði 3. gr. frv. sem lýtur að því að bátum undir 20 brúttótonnum að stærð sé óheimilt að stunda veiðar með þorskfiskanetum frá 1. nóvember til febrúarloka. Ég hef efasemdir um að þarna sé í raun og veru með skynsamlegum eða réttlátum hætti verið að fjalla um málefni eins einstaks hluta af útgerðinni. Ég hef farið yfir það hvaða rökstuðningur liggur að baki þeirri almennu fullyrðingu að þarna sé sérstök ástæða til að beita bannákvæðum af þessu tagi. Ekki er margt um þetta sagt í lagagreininni sjálfri því að hún er ekki nema tvær og hálf lína og ég las meiri hlutann af henni. Ekki er heldur margt um þetta sagt í umsögn um 3. gr. með frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Lengi hefur verið rætt um að banna eigi minnstu bátunum netaveiðar að vetrarlagi, fyrst og fremst vegna þess að þeir nýti afla illa og hendi miklu vegna þess hve oft veður

hamlar að vitjað sé um net, en einnig af öryggisástæðum. Umgengnisnefndin gerir tillögur um slíkt bann samanber IV. kafla, lið 2.5 í fskj. I með frumvarpinu. Það er nokkuð vandasamt að ákveða til hvaða stærðar báta og hvaða tímabils slíkt bann skuli taka. Nefndin gerir tillögur um síðara atriðið og er þeim fylgt í frumvarpi þessu." — Fyrst var ætlunin að miða við 30 tonn en síðan varð niðurstaða þessa frumvarps að þau skyldu vera 20.

Þá er að leita að rökstuðningi fyrir svo býsna stórum fullyrðingum um að þessi hluti veiðanna á þessum tíma nýti afla illa og hendi miklu. Hvar er hann í skýrslunni? Við skulum líta á það, herra forseti, en þar segir um þetta efni að banna ætti minnstu netabátum að stunda netaveiðar yfir háveturinn, þ.e. nóvember til febrúar, þegar veður er verst og oft ekki hægt að vitja neta nógu reglulega. Og endar þar rökstuðningur, ef rökstuðning skyldi kalla, fyrir því að taka þennan hóp sérstaklega út úr og fullyrða með býsna sveru orðalagi að þarna sé um alveg sérstaklega slæma umgengni um auðlindina að ræða. Ég tel þetta, herra forseti, ekki nógu vandaðan rökstuðning fyrir grófri mismunun sem í raun og veru er þarna lögð til. Og ég leyfi mér að fullyrða að þeir menn sem þarna hafa vélað um hafa ekki farið nógu vel ofan í saumana á þeim miklu breytingum sem hefur orðið á sóknarmynstri báta af þessu tagi á undanförnum árum. Það er fullyrt við mig af mönnum sem þekkja mjög vel til sem þátttakendur í þessari útgerð, af þeim mönnum, sem kaupa af þeim hráefnið, af þeim mönnum sem veita þeim þjónustu í höfnum og þekkja mjög vel til þeirra útgerða að það heyri að mestu leyti sögunni til að net þessara báta liggi yfir höfuð í sjó ef vondu veðri er á annað borð spáð eða ef helgi er fram undan.

Margir fiskverkendur og fiskkaupendur, t.d. hér um suðvestanvert landið, á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, á Snæfellsnesi og víðar segja að þetta sé einfaldlega besta hráefni á Íslandi í dag og fiskurinn af þessum bátum sé nær undantekningarlaust fyrsta flokks hráefni. Ástæðan fyrir því að þessir bátar sækja nokkuð í að róa einmitt á þessum árstíma sem hér um ræðir er einfaldlega sú að þá gefa markaðsaðstæður oft mjög gott verð fyrir hráefnið þannig að takmarkaður kvóti bátanna nýtist mjög vel til tekjuöflunar fyrir viðkomandi aðila. Kvótakerfið veldur svo því að þessir bátar hafa yfirleitt engan hag af því að láta net liggja í sjó í reiðuleysi í ótíð eða um helgar ef ekki er kostur á að vitja þeirra af þeirri einföldu ástæðu að þeir eru ekki í nokkrum minnsta vanda með að ná sínum veiðiheimildum. Það þjónar engum tilgangi fyrir þá að taka á sig veiðarfæratjón eða annað óhagræði með því að standa þannig að útgerðinni. Ég geri ekki lítið úr að að því hafi verið of mikil brögð áður fyrr að útgerðarhættir minni netabáta gætu þýtt slakara hráefni eða hugsanlega hitt að fiski væri í meira mæli hent, en ég leyfi mér að fullyrða að það sé órökstutt að svo sé nú. Þetta atriði, herra forseti, tel ég að þurfi að athuga mun betur.

Ég tel, herra forseti, að það sé líka spurning hvort inn í frv. af þessu tagi eigi ekki að koma ýmis fleiri almenn grundvallaratriði sem varða umgengni okkar um auðlindina. Ég tel t.d. að inn í svona umgengnisfrv. eigi að koma almenn grundvallarregla um sjálfbæra nýtingu lífríkisins. Ef hún á einhvers staðar heima, þá á hún heima hér að mínu mati. Það á að vera alger hornsteinn og grundvöllur fiskveiðilöggjafar okkar og þá alveg sérstaklega þess hluta hennar sem lýtur að umgengni um auðlindina að við ástundum sjálfbæra auðlindanýtingu. Útgangspunktur okkar í allri umgengni og ákvarðanir um nýtingu á t.d. fiskstofnum á að vera hyrningarsteinn umhverfisvænna sjónarmiða. Í því sambandi mætti vísa til alþjóðlegra skuldbindinga okkar og sáttmála sem við höfum gerst aðilar að, til að mynda samþykkta umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro.

Í öðru lagi ætti nýtingarstefna, almenn grundvallarstefna um hámarksnýtingarsjónarmið að vera inni í svona frv. Ég minni á að Íslendingar búa við fágæta stöðu hvað varðar möguleika á próteinframleiðslu til manneldis úr sínum auðlindum. Í sveltandi heimi þar sem vaxandi fólksfjöldi gerir síauknar kröfur til fæðu, hlýtur það að vera mikilvægt að þjóðirnar setji sér réttláta og sanngjarna nýtingarstefnu sem miði að hámarksafrakstri framleiðslu af þessu tagi.

Í þriðja lagi nefni ég sem álitamál um almennt grundvallaratriði sem gæti átt heima í svona frumvarpi. Það eru viðhorf til vistvænna veiðarfæra. Ef það á einhvers staðar heima, þá á það heima í frv. af þessu tagi að sett sé fram sem almennt grundvallarsjónarmið að við viljum byggja okkar sókn á vistvænum veiðarfærum að breyttu breytanda eins og kostur er.

Herra forseti. Það mætti ýmislegt segja um það sem bæta mætti þarna við. En alvarlegasta vöntunin í frv. er þó að mínu mati sú að ekki er með neinum trúverðugum hætti glímt við aðalvandamálið sem flestir telja að sé samfara fiskveiðistjórnun með aflamarki. Það er hættan á að almennt geti það leitt til freistinga til að henda afla fyrir borð. Það er ekki gert. Því miður er ekki að finna í frv. nein ákvæði um meðafla eða aðrar slíkar ráðstafanir sem flestir hafa talið að væru óhjákvæmilegar ef takast eigi að sneiða fram hjá hættum sem fylgja aflamarkskerfi umfram sóknartakmarkandi kerfi og önnur slík. Það er ekki um það deilt að þegar fiskveiðistjórnunin byggir á takmörkun aflans sem að landi kemur og er vigtaður, þá liggja þessar freistingar í aðstæðunum.

Ég er þeirrar skoðunar og hef verið um nokkurt árabil að einasta leiðin til þess að samþætta fiskveiðistjórnun með aflamarkskerfi annars vegar og hámarksnýtingarstefnu hins vegar sé sú að leyfa samkvæmt einhverjum settum reglum, löndun á meðafla. Ég sé ekki að því þurfi að fylgja þau vandkvæði að ekki verið við það ráðið. Það er a.m.k. miklu skárri hinu að búa við þær aðstæður varanlega og til frambúðar að þessi hætta sé fyrir hendi. Við vitum vel að við leysum vandann ekki með þyngdum viðurlögum. Það er ekki aðferðin. Lögregluríkið mun ekki verða lausnarorðið hér frekar en annars staðar. Ég hef séð þetta þannig fyrir mér að það verði tilteknar heimildir til þess að landa afla sem hafi komið um borð í veiðiferð, jafnvel þótt umfram kvóta viðkomandi skips sé. Það mætti gera kröfu um að menn tilkynntu það samstundis ef þannig væri orðið ástatt í veiðiferð að komið hefði upp afli sem væri umfram veiðiheimildir skipsins á líðandi stundu. Sá afli væri sérstaklega aðskilinn og frá honum gengið. Hann kæmi að landi og væri sérstaklega veginn. Útgerðin eða áhöfnin fengju lágmarkstilkostnað greiddan, sem næmi beinum útlögðum kostnaði við að færa aflann að landi. Hann væri síðan seldur á opinberum markaði og fénýttur til einhverra þarfra málefna. Menn hafa gjarnan séð fyrir sér aflann nýttan til hluta eins og öryggismála sjómanna eða aukinna rannsókna í lífríkinu þannig að í ráðstöfun fjármunanna lægi líka hvatning til handa sjómönnum að færa þessi verðmæti að landi. Ég er ekki viss um að vandamálið sé bundið við þennan hóp smábáta sem ég gerði áðan að umtalsefni og ég sakna þess að tekið sé á vandamálinu að því er lýtur að stærri skipum. Það er ekki minnst á það í frv.

að þar séu líka hættur á ferðinni af því tagi sem sérstaklega eru nefndar þegar rætt er um báta sem stunda netaveiðar og eru undir 20 tonnum.

Reynslan af undirmálinu sem hæstv. sjútvrh. kom aðeins inn á ætti að vera mönnum nokkurt umhugsunarefni. Undirmálið er meðafli. Það er búið að vera þannig að um langt árabil hefur ein tegund meðafla mátt koma að landi utan kvóta. Það er undirmál. Hvað gerðist þegar snillingunum sem sömdu skýrsluna datt það í hug að banna þetta? Hann hætti að koma að landi. Það brá svo undarlega við nánast frá dags „dato" að undirmál hætti að fara í troll, hætti að koma í net, hætti að lenda á krókum og sást bara ekki meir. Eða trúir einhver að ástæðan hafi verið að boðin hafi skilað sér svona vel niður í hafdjúpin og undirmálið hafi tekið þessa ákvörðun nefndarinnar svona alvarlega að það hafi synt á fullri ferð í burtu frá öllum veiðarfærum, frá og með því að reglugerðin var gefin út? Ég held ekki.

Og hver varð niðurstaðan? Hún varð sú og það skal þakkað, að þegar menn sáu að þetta gekk auðvitað ekki, voru þeir þó menn til að viðurkenna mistökin og taka aftur inn reglu um að hluti af undirmáli mætti koma að landi án þess að teljast til kvóta. Það er lofsvert þegar menn eru þó menn til þess að læra af reynslunni.

Herra forseti. Ég tel að langstærsta málið sem tengist umgengnismálum og þessu umgengnisfrv. sé spurningin um það hvort menn reyni með einhverjum trúverðugum hætti að takast á við þennan fylgikvilla aflamarkskerfisins og byggja úrræði af þessu tagi inn í stjórnkerfið því að ég gef mér það að a.m.k. um eitthvert árabil verði byggt á þessu stjórnkerfi. Annað er ekki í kortunum eins og stendur og ég heyrði engin orð falla um það hjá hæstv. sjútvrh. að hann hygðist gerbreyta um fiskveiðistjórnunarkerfi og þess þá heldur sakna ég þess að ekki væri komið inn á þessa hluti. Ég tek það að vísu fram að ég tel regluna í 4. gr. frv. að óheimilt sé að hefja veiðiferð nema að viðkomandi skip hafi veiðiheimildir sem ætla megi að dugi í ferðina, að sjálfsögðu góða reglu og vera til bóta í þessu sambandi. En við vitum að því miður mun hún ekki duga vegna þess að menn geta leyst það vandamál einfaldlega með því að sjá alltaf til þess að þeir eigi sem svarar einum túr af kvóta í viðkomandi tegundum þó að svo gangi kannski ekkert á hann mánuðum saman af einhverjum ástæðum. Þannig er þetta nú. Þannig að svo ágæt regla og svo sjálfsögð sem hún er, setur ekki undir þennan leka, því miður.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum spyrja hæstv. sjútvrh. um eitt atriði sem mér finnst óljóst í sambandi við stöðu frv. Það er samhengi þess við nýtingarákvæðin gagnvart vinnsluskipunum á sjó úti. Nú vitum við að þau mál standa þannig ef rétt er munað, að strax næsta haust á að ganga í gildi regla um að vinnsluskip á hafi úti færi allt að landi sem upp kemur. Ástandið er hins vegar þannig nú að fjöldinn allur af vinnsluskipum hefur ekki einu sinni gert tilraun til að útbúa sig til þess að uppfylla þessa reglu þannig að þau munu þá væntanlega, haldi menn þessari stefnu til streitu, í stórum stíl missa vinnsluleyfi sín næsta haust.

Það er jafnvel fullyrt að skip sem nýlega hafa verið byggð eða komið inn í flotann og hafa útbúnað til að vinna úr öllu, geri það ekki því það sé slökkt á bræðslununum í nýju, glæsilegu frystitogurunum Íslendinganna og hausar og bein hökkuð og þeim dælt í sjóinn. Þetta er ekki gott ástand, herra sjútvrh. Við skulum ekki gera tilraun til að fara með umgengnisfrv. um auðlindir sjávar í gegnum Alþingi án þess að taka á þessu máli og ræða opinskátt og af hreinskilni. Hvað ætlum við að gera í þessu vandamáli? Mér er að sönnu ljóst að afkoman er ekki glæsileg fyrir þá sem eiga að taka á sig, við skulum segja þá kvöð, að skila öllu þessu að landi. En á hinn bóginn er ekki hægt að stinga hausnum í sandinn og láta eins og menn sjái ekki vandamálin. Það er ekki uppburðugt af okkar hálfu. Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að fara mjög vel yfir þessa þætti. Mörgu fleiru gæti ég þar bætt við, en læt tímans vegna staðar numið.

[14:27]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Að mínu mati er hér komið fram eitt af stærstu málum þessa þings vegna þess að það lýtur að okkar undirstöðuatvinnugrein. Ég vil strax nota tækifærið og koma að athugasemd varðandi það sem fram kemur í greinargerð að 80% af útflutningstekjunum komi frá sjávarútveginum. Það er ástæða til að þeir átti sig á því í sjútvrn. að sem betur fer erum við komin með útflutningstekjur af mun fleiru en sjávarútvegi þó að það sé rétt að sjávarútvegurinn eigi 80% af vöruútflutningi. En þetta var svona í framhjáhlaupi.

Þetta er eitt af stóru málunum vegna þess að það hafa verið mikil átök um sjávarútvegsstefnuna og það er ekki fyrir séð að þeim átökum muni linna, enda eðlilegt þar sem miklir hagsmunir eru í húfi. En það er líka alveg ljóst að fólkið í landinu hefur sínar skoðanir á sjávarútvegsstefnunni og snýst gegn henni og hefur þar með áhrif á stjórnmálamenn, ekki hvað síst vegna tveggja hluta. Í fyrsta lagi lýtur gagnrýni fólks mjög að því að hér skuli tilteknum aðilum vera úthlutað ókeypis heimildum til þess að veiða í landhelginni og þeir skuli jafnframt geta selt eða leigt fyrir gjald þessar heimildir án þess að nokkuð komi til réttmæts eiganda auðlindarinnar sem er þjóðin sjálf samkvæmt lögum.

Í öðru lagi hefur fólk gagnrýnt mjög harðlega hversu miklu er kastað í sjóinn af nýtanlegu hráefni. Það sem menn eru að tala um þegar rætt er um útkast á fiski er fyrst og fremst byggt á þeim sögusögnum sem við öll höfum heyrt. Það gengur ekki eins vel að bera þær til baka þó svo að einhverjir reyni slíkt og jafnvel þó að fullyrt sé af þeim sem best þekkja til að umgengni um auðlindina fari batnandi, þá dugar það ekki til. Það veldur óróa meðal fólksins í landinu sem hefur áttað sig á því að hafið er ekki auðlind sem við getum sótt í án takmarkana að mönnum skuli líðast að henda verðmætum sem ella væri hægt að nýta og skapa með því aukna atvinnu og auknar tekjur. Af þessum ástæðum, herra forseti, vil ég endurtaka að þetta mál hlýtur að vera eitt af stærstu málunum vegna þess að ef við getum ráðið nokkra bót á umgengninni, ef við getum komið þeim skilaboðum út að verið sé að vinna að því að umgengnin batni og það sé með ábyrgum hætti verið að taka á því sem helst hefur verið gagnrýnt, þá tel ég það stórt skref í áttina að því að skapa umræðu á þingi og í þjóðfélaginu um aðra hluti sem kunna að skipta máli varðandi stjórn sjávarútvegs okkar, önnur atriði en þetta eða það sem ég ræddi um áðan og lýtur að sölu veiðiheimilda. Á því máli getur þingið nú einnig tekið í vetur því eins og menn þekkja þá er hér til umfjöllunar þáltill. um upptöku veiðileyfagjalds sem mundi mæta þeirri gagnrýni að verulegu leyti.

Eins og ráðherrann gat um áðan þá má skipta frv. í þrjá þætti. Sá fyrsti lýtur að því að allur afli eigi að koma að landi og fjallar um það hvernig það megi gerast og jafnframt hvaða undantekningar þar megi gera á. Tilgangurinn er augljóslega

sá að koma í veg fyrir að nýtanlegum meðafla sé hent í sjóinn. Ég fagna því að í frv. örlar á að menn átti sig á að það þarf að mæta veruleikanum eins og hann blasir við. Mér finnst ekki mikil óskhyggja í frv. Mér finnst það byggja á tilteknum veruleika þó að ég kysi að lengra væri gengið í ýmsum atriðum.

Það er ljóst að menn reyna að taka tillit til þess að við þurfum að reka arðbæra útgerð í landinu. Menn reyna líka að taka tillit til þess að sjómenn vilja fá tekjur fyrir vinnu sína rétt eins og aðrir þjóðfélagshópar. Tilgangurinn er sá að menn komi með sem verðmætastan afla að landi og þar fara hagsmunir sjómanna og útgerðar saman. Þetta vil ég marka af því að það er tekið fram í athugasemd um 2. gr. að afla megi henda eða það þurfi ekki að koma með afla að landi en þar segir: „... enda hafi tegundin ekki verðgildi.“ Í öðru lagi segir varðandi það sem má varpa fyrir borð af afskurði og öðru slíku: „... enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.“

Ég veit að við vildum öll að þarna gæti staðið afdráttarlaust að allt ætti þetta að koma að landi. En mér sýnist að hér sé verið að reyna að sætta annars vegar þá eðlilegu kröfu að allt komi að landi, allt nýtanlegt sé nýtt, og hins vegar þá kröfu sem við gerum til útgerðarinnar um að hún sé rekin með arðbærum hætti og sjómenn hafi tekjur fyrir sína vinnu.

Ég held að það hafi allt of lengi verið svo í vitund okkar býsna margra að hægt væri að gera kröfur bæði til útgerðar og sjómanna að farið væri í ýmsar aðgerðir, vinnu og fleira, án þess að menn hefðu nokkuð fyrir sinn snúð. Nú er það svo að það er ekkert óeðlilegt að ætlast til að menn leggi svolítið á sig og kannski mikið í ýmsum tilfellum til verndar auðlindinni en þarna verðum við auðvitað að reyna að finna hvar mörkin liggja.

Dæmið sem hv. síðasti ræðumaður nefndi um reglugerðina varðandi undirmálsfiskinn sýnir okkur best hvers er að vænta ef reglurnar eru í hróplegu ósamræmi við þann veruleika sem gerlegt er að byggja þær á eða í ósamræmi við það sem framkvæmanlegt er. Ég held að í frv. séu og lúti þá að I. kafla frv. eins og ég sagði, ýmis atriði sem eru til þess fallin að laða fram og treysta það ágæta samstarf sem ráðherrann hæstv. lýsti áðan. Ég er nokkuð viss um að hv. nefnd mun fara vandlega yfir þennan kafla til þess að reyna enn frekar að laga ákvæði frv. að þeim veruleika sem við búum við og einnig að laga hann að því sem við viljum ná fram og teljum gerlegt.

II. kafli frv. er af allt öðrum toga. Hann fjallar meira um kerfið sjálft, þ.e. aflamarkskerfið og eftirlit með því. Eftirlit með því hversu mikill afli kemur að landi úr hverju skipi. Hvernig bæði þeir sem vigta afla og flytja eru gerðir ábyrgir fyrir því að menn séu ekki með einum eða öðrum hætti að koma með að landi afla sem ekki rúmast innan þeirra veiðiheimilda.

Í þriðja lagi er fjallað um framkvæmd laganna og viðurlög. Þegar við komum að viðurlagakaflanum finnst mér nokkuð langt seilst í refsigleðinni. Ég er alveg klár á því að við þurfum að hafa ákveðin refsiákvæði til viðvörunar. Ég er líka alveg klár á að þau munu fæla einhverja frá hugsanlegum brotum í þessu tilfelli eins og í öllum öðrum tilfellum þar sem þau eru sett inn. Þau mega hins vegar ekki verða afkáraleg og þau verða að ríma eðlilega við það sem verið er að refsa fyrir. Þannig held ég að svipting veiðiheimilda sé refsiatriði sem við ættum að skoða mun nánar. Ég held að þessi kafli í heild sinni þurfi skoðunar við hvað varðar viðhorf vegna þess að það liggur á borðinu að árangri í þessum efnum — mér fannst það reyndar koma fram hjá hv. ráðherra — náum við frekar með jákvæðri umbun en tómum refsingum.

Fyrir sex eða sjö árum þá mælti sú sem hér stendur fyrir þáltill. sem laut að því að sjómönnum yrði skylt að koma með allan meðafla að landi, undirmál sem annað og að með það yrði farið þannig að sjómenn ættu andvirði þess afla, enda yrði hann boðinn upp á markaði. Þessi afli kæmi því ekki í hlut útgerðar. Hugsunin var sú að með því gæti myndast ákveðin togstreita, þ.e. útgerð hefði lítinn áhuga á því að sjómenn væru uppteknir meira og minna við að ganga frá afla sem þeir ættu sjálfir og ef hann kæmi síðan allur að landi og um mikið magn væri að ræða yrði að treysta því að almenningsálitið og fjölmiðlar kæmu þar til sögunnar.

Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að skoða hugmyndir af þessu tagi. Fleiri hafa verið reifaðar, flestar í þá veru að löndun á meðafla verði leyfð og að greitt verði tiltekið hugsanlega lágt gjald sem taki mið af kostnaði við að koma slíkum afla að landi og þá að sjómenn eða samtök þeirra, sem er engu lakari hugmynd, fái andvirði aukaflans. Það er nauðsynlegt að sá afli sé boðinn upp á markaði vegna þess að öðruvísi kemur tæpast í ljós, ef um nýjar tegundir er að ræða, hvort viðkomandi tegund hefur verðgildi. Ég held sem sagt að við eigum að skoða refsikaflann bæði út frá því hvers lags refsingum er lagt til að verði beitt og hvort ekki er hægt með jákvæðum hætti að draga úr brotum.

Ég fagna því að nefnd um umgengni við auðlindir sjávar starfar áfram og þeirri áherslu sem hún leggur á notkun veiðarfæra. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt og það sé fullkomlega á sínum stað innan nefndarinnar. Mér finnst einnig skipta máli að það kemur fram í 6. gr. frv. að öllum afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að einhverju eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands verði landað og hann vigtaður í íslenskri höfn. Í greininni er reyndar strax gefin undanþága frá þessu. En ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði, ekki bara af því að við þurfum að ná í þennan afla til að vigta hann, heldur ekki síður vegna þess að það er mjög mikilvægt að íslenskri fiskvinnslu gefist kostur á að fá afla sem veiddur er í landhelginni til vinnslu eða íslenskum aðilum til umfjöllunar að öðru leyti, til sölu eða annarra hluta. Ég held því að þetta atriði sé mikilvægt ekki einungis til aðhalds kvótakerfinu heldur líka vegna fiskvinnslunnar í landinu. Ég vil a.m.k. líta þannig á það nú.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. á þessu stigi máls. Það á eftir að fjalla mikið um það í þinginu geri ég ráð fyrir. Málið er það stórt að það á það skilið og það merkilegt að það hlýtur að vekja langa og mikla umræðu bæði í nefnd og síðan áfram í þingsölum.

[14:43]

Útbýting þingskjala:

Samningsveð, 274. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 510.

Umferðarlög, 271. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 506.

Veiting prestakalla, 273. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 508.

[14:43]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum er eitt af þeim mikilvægustu sem ég hef kynnst í þinghsölum. Við Íslendingar erum þjóð sem um allan meginþrótt atvinnulífs og efnahagsstarfsemi treystir á afkomu og heilbrigði auðlinda sjávarins, hinar lifandi auðlindir hans. Við erum því sérstaklega háðir þeirri velgengni sem þar felst. Umgengni okkar

sjálfra er af þessum sökum afar mikilvæg og sennilega einhver mikilvægasti þátturinn í hátterni okkar eða framkomu við náttúruna yfirleitt.

Í þessu frv. birtist efnahagsleg nauðsyn á varfærni í nýtingu náttúrunnar og á því að áhrif verndunarsjónarmiða fái notið sín meðal rekstrarsjónarmiða. Í fáum málaflokkum verður sagt eins hreinskilnislega að þessi umhverfissjónarmið sem við getum kallað svo eigi jafnmikinn hljómgrunn í okkar máli eins og einmitt þegar við ræðum um auðlindir sjávarins og framtíðarafkomu sjávarútvegs.

Hæstv. sjútvrh. hefur gert góða grein fyrir frv. og þýðingu löggjafar um þetta viðfangsefni. Að öllu jöfnu erum við almennt sammála um það mikilvægi. Þó verður að huga að því að í þessu efni glímum við við tvö sjónarmið sem á stundum eru gjörólík. Annað er það að allur afli skuli nýtast og hitt að veiðimönnum verði ekki heimilt að fara yfir veiðiheimildir. Það verður að segjast eins og er að millivegurinn milli þessara sjónarmiða er oft býsna vandrataður og þau rekast víða á. Á allra síðustu árum hefur borið mjög á umræðu og vaxandi skilningi þeirra sem starfa í sjávarútvegi, ekki síst sjómanna sjálfra, fyrir bættri umgengni við auðlindina, bættri nýtingu aflans og aukinni varfærni í nýtingu eða í veiðisókninni. Sömu atriði og gerð hafa verið að umtalsefni í þessari umræðu og birtast í greinargerð með frv. hafa komið fram í máli manna við okkur þingmenn, ég held í hverju einasta kjördæmi, og sannarlega alls staðar þar sem sjútvn. þingsins hefur farið og hitt að máli starfsmenn og stjórnendur í sjávarútvegsfyrirtækjum. Það er ljóst af því að það er mikill og sterkur hljómgrunnur fyrir löggjöf um þetta efni og talin brýn þörf.

Í frv. eru nokkur atriði sem munu sannarlega gefa okkur góð tæki til að takast á við viðfangsefnið. En við þurfum að fara með nokkurri varfærni og ég vil í því efni geta sérstaklega tveggja atriða. Annars vegar er tillaga um meiri strangleika um veiðar hinna smærri netabáta en almennt er viðhöfð um veiðar smærri báta við notkun annarra veiðarfæra. Ég efast um að þetta sé réttmætt. Ég veit af eigin reynslu að útgerðarhættir þessara báta hafa batnað mjög síðasta áratug og þau orð sem eru höfð um starfshætti þeirra í skýrslu nefndarinnar, sem hefur unnið þetta frv., eiga ekki að öllu leyti við. Þess vegna tel ég rétt að við höfum sérstaklega vara á okkur um ákvæði um þetta til að við mismunum ekki frá almennri reglu nema til þess sé mjög greinileg ástæða og ekki vafi á að ástæða sé til.

Annað atriði hefur mjög komið hér til tals, þ.e. hvernig við eigum að ganga fram með refsingum. Það er rétt að við verðum að fara þar bil beggja. Annars vegar í því að refsimöguleikinn fæli frá brotum og hins vegar að refsingin sé ekki hvorki í eðli sínu né efni þyngri eða ólík brotinu. Að því leyti tel ég að það komi mjög til álita að beita ekki hinum almennu refsingum, sektum eða fangelsun, heldur nánast eingöngu strangri sviptingu veiðileyfa. Um yrði að ræða brot til að bæta eða auka tækifæri til tekjuöflunar og ég tel að það ætti að refsa þeim á ámóta hátt þannig að menn missi veiðileyfi um mun lengri tíma en þeir þurfa til að annast eðlilegar og nauðsynlegar viðgerðir á skipunum. Á þetta tvennt hefur verið bent af sjómönnum, þ.e. starfandi mönnum í sjávarútvegi.

Að öðru leyti vil ég ekki ræða málið á þessari stundu. Ég er tilbúinn til að taka þátt í athugun og mótun málsins. Ég veit að sjútvrh. mun hvenær sem er verða tilbúinn til að koma til móts við einhverjar þær hugmyndir sem við nefndarmenn kunnum að hafa eftir að hafa tekið frv. til athugunar og rætt það við ýmsa sem munu þurfa að búa undir nýjum lögum og ný lög þurfa að framkvæma.

Vegna þess að hér var vikið nokkrum orðum að annarri nefnd sem starfar á vegum sjútvrh. og endurskoðar lög um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum vil ég geta þess að það starf hefur tafist á undanförnum vikum. En ég er þeirrar skoðunar að það muni brátt koma fyrir hæstv. ráðherra og hann muni geta unnið úr hugmyndum þeirrar nefndar.

Um það sem sagt var segi ég þá almennu skoðun mína að ég tel nauðsynlegt í því efni eins og öðru að hin almenna löggjöf liggi fyrir áður en við tökum til við sértæka löggjöf sem á að byggja á ramma hinnar almennu löggjafar. Það frv. sem við fjöllum nú um er raunverulega ný almenn löggjöf sem verður ytri rammi þess sem við gætum gert að viðfangsefni væntanlegra nýrra laga eða lagabreytinga, sem eiga við um útgerð fullvinnsluskipa, eins og við köllum þau. Ég tel líka rétt að við höfum í huga þegar þar að kemur að fyrir liggja mjög sterkar vísbendingar um að með núgildandi lögum um fullvinnsluskip hafi þeim verið mismunað á einhvern hátt miðað við önnur veiðiskip. Auðvitað verður líka að skoða hvort fullvinnsluskipum eru á einhvern hátt í löggjöf gefin betri tækifæri eða lakari en öðrum. Þetta er hið raunverulega viðfangsefni þegar við ræðum um fullvinnsluskip og það getum við betur gert en áður á grundvelli almennrar löggjafar um það hvernig við eigum að umgangast auðlindina í hverju við eigum að sýna varfærni og hvar við höfum heimildir til að hegða okkur líkt og áður.

[14:51]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt fyrir þjóð sem byggir afkomu sína að stærstum hluta á sjávarútvegi að ganga vel um auðlindir sjávar. Á því hefur verið talinn verulegur misbrestur á undanförnum árum. Þess vegna er lagasetning um umgengni auðlinda sjávar löngu tímabær þó auðvitað megi deila um hve víðtæk þau lög eigi að vera og á hvað eigi að leggja mesta áherslu.

Fljótt á litið við skoðun frv. virðist dálítið skrýtið að aðeins fjórar greinar frv. fjalla um veiðar en átta greinar um vigtun sjávarafla og þrettán greinar um framkvæmd og viðurlög. Ég tel að meginmarkmið laga um umgengni um auðlindir sjávar hljóti að vera að koma í veg fyrir að fiski sé hent í sjóinn. Almennt er viðurkennt að það hafi verið gert í miklum mæli undanfarin ár og er náttúrlega fylgifiskur þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem við búum við. Ég verð að taka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um þetta efni og um meðferð meðafla og undirmálsafla. Ég tek undir allt sem hann sagði um það. Þetta tel ég að sjútvn. verði að skoða vel því að þetta er auðvitað mál málanna varðandi umgengni um auðlindir sjávar.

Annað markmið þessara laga finnst mér að ætti að vera könnun á einstökum veiðarfærum og áhrifum þeirra á lífríki sjávar en um það er ekkert í þessu frv. Ég tel t.d. að það þurfi að kanna vel áhrif dragnótaveiða og togveiða á hrygningarslóðum. Mér finnst vanta í frv. grein um þetta atriði og vona að sjútvn. hugi að því við meðferð málsins.

3. gr. frv., sem fjallar um bann við netaveiðum smábáta á tímabilinu 1. nóv. til febrúarloka, þarf að skoða vel í sjútvn. Í frv. er gert ráð fyrir að banna þessar veiðar bátum undir 20 brúttótonnum. Ég hef reyndar haft efasemdir lengi um netaveiðar smæstu báta yfir hörðustu vetrarmánuðina bæði

vegna slysahættu og eins vegna þess að þessir bátar komist ekki til veiða vegna veðurs og fiskur drepist í netum af þeim ástæðum. En ég tek undir það sem hv. þm. Árni R. Árnason sagði áðan að þessar veiðar hafa breyst nokkuð á undanförnum vertíðum og nú taka menn nær undantekningarlaust netin í land þegar lítur út fyrir illviðri og eins hafa allra smæstu bátarnir hætt þessum veiðum. Ég tel að mörkin sem hér er miðað við séu of há, þ.e. 20 brúttórúmlestir. Ég tel athugunarefni hvort ekki eigi frekar að miða við opna báta og leyfa þilfarsbátum að stunda þessar veiðar. Þetta bið ég sjútvn. að skoða vel og ræða við þá sem best þekkja til, m.a. fulltrúa Landssambands smábátaeigenda. Ég tel reyndar miður að þeir skuli ekki eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvn. skipaði til að fjalla um auðlindir sjávar og vitnað er til í athugasemdum með frv. Í þessari nefnd sátu fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, sjútvrn. og Sjómannasambandi Íslands. Ég tel að eðlilegt hefði verið að smábátaeigendur ættu þarna fulltrúa. Það eru á annað þúsund smábátar með leyfi til veiða og eðlilegt að sjónarmið þeirra, sem stunda þær veiðar, kæmu fram í þessari nefnd. Þetta voru þau atriði sem ég vildi nefna við 1. umr. Ég ítreka og legg áherslu á að sjútvn. geri breytingar á 3. gr. og eins að inn í frv. komi könnun á áhrifum einstakra veiðarfæra.

Að lokum fagna ég því að það skuli vera komið fram frv. um umgengni um auðlindir sjávar. Þetta er tvímælalaust eitt af stærstu og þýðingarmestu málum sem tekin verða fyrir á þinginu. Það er mjög aðkallandi að taka ákveðið á þessum málum og þó þetta frv. sé að mínu áliti að sumu leyti gallað á ég von á að það taki þeim breytingum í meðförum þingsins að niðurstaðan verði lög sem leiði til stórbættrar umgengni um auðlindir sjávar.

[14:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og aðrir þeir hv. þm. sem hér hafa talað vil ég segja að sú stefna sem kemur fram í þessu frv. vísar til framtíðar og það er ljóst að hæstv. sjútvrh. á réttum brautum. Það er þó ekki svo að það sé hægt að fella sig alls kostar við þetta frv. eins og það kemur af skepnunni.

Herra forseti. Ég byrja á því að lýsa undrun minni yfir því að hæstv. sjútvrh. ræðir hér um hið góða samstarf sem hafi tekist við samningu þessa frv. milli ráðuneytisins og þeirra sem koma að störfum innan sjávarútvegsins. Nú er það svo, eins og ég hygg að hver einasti hv. þm. sem hefur rætt undir þessari umræðu á undan mér hefur drepið á, að þeir sjómenn sem þetta varðar ekki hvað síst og t.d. 3. gr. snertir mjög illyrmislega, voru útilokaðir frá umræðunni sem fór fram í aðdraganda þess að frv. var samið. Trillukarlar og smábátaeigendur áttu ekki kost á því að koma að gerð þessa frv. Þegar hæstv. sjútvrh. lýsir yfir ánægju sinni með hið góða samstarf sem hafi tekist við sjómenn þá er það alveg ljóst að það samstarf hefur ekki tekist við smábátaeigendur. Þeir eru þrátt fyrir allt sá hópur sem dregur að landi um það bil 30% þorskaflans eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði hér áðan. Þeir eru hátt á annað þúsund og ætli þeir séu ekki fjórðungur eða fimmtungur allra sjómanna á Íslandi í dag. Það hefði verið eðlilegt, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. hefði staðið betur að undirbúningi frv., að hann hefði fengið þá til ráðslags við sig og þá hefði hann e.t.v. líka orðið aðnjótandi þeirrar reynslu sem þeir hafa. Hann hefði þá e.t.v. getað sniðið af þá agnúa sem eru verstir á 3. gr.

Herra forseti. Þrátt fyrir það hvernig hæstv. sjútvrh. stóð að undirbúningi frv. tel ég að þetta sé að mörgu leyti gott frv. og ég treysti hv. sjútvn. til að fara um það höndum og bæta það enn betur.

Nú er það svo þegar við ræðum að nauðsynlegt sé að bæta umgengni við auðlindir sjávarins þá erum við fyrst og fremst að tala um útkastið, brottkastið. Það er aflinn sem er dreginn úr sjó en ónýttur með því að honum er fleygt í hafið aftur. Þetta er fyrst og fremst undirmálsfiskur og svokallaður meðafli. Það er alveg nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því undanbragðalaust, líka þeir sem styðja aflamarkskerfið, að undirrótin að þessu öllu saman er aflamarkskerfið. Það er aflamarkskerfið sem gerir það að verkum að undirmálsfiski hefur verið fleygt og að meðafla er fleygt.

Nú sé ég að hæstv. sjútvrh. gerir lítinn punkt á sitt gula blað vegna þess að hann ætlar að gera athugasemd við þetta hér á eftir, svo vel þekki ég hæstv. sjútvrh. Þess vegna vil ég til að fyrirbyggja að hann tefji umræðuna með því að fara hér í tilgangslaust stagl um þetta atriði vísa til þess sem fram kemur í niðurstöðu þeirrar nefndar sem hann hefur svo mjög dásamað. Á bls. 17 í því þskj. sem hér liggur fyrir er kafli úr skýrslunni, sem kom frá samstarfsnefnd um bætta umgengni við auðlindir sjávar, sem heitir: II. Lýsing vandans. Þar er fyrsti liðurinn: „Aðstæður sem leitt geta til útkasts fisks eða löndunar fram hjá vigt." Þeir ágætu menn sem gerðu skýrsluna segja að þeir telji fyrst upp það sem er mikilvægast. Þann þátt sem mestu veldur. Það er alveg ljóst að þeir eru ekki í nokkrum vafa um að það er aflamarkskerfið sem veldur því að gríðarlegu magni af fiski hefur verið hent. Ég ætla að lesa þetta fyrir hæstv. sjútvrh., með góðu leyfi virðulegs forseta:

„1. Hvati til að henda fiski eða landa fram hjá vigt myndast helst þegar kvóti er mjög takmarkaður samanborið við veiðigetu skips. Viðleitni til að gera sem mest verðmæti úr heimiluðum afla kann þá að hafa þau áhrif að besti fiskurinn sé nýttur og lakari fiski hent. Ef lakari fiskinum er hent gerist það tæpast fyrr en viðkomandi skip er talið öruggt um að ná öllum sínum kvóta í viðkomandi tegund. Þess vegna er brottkast líklegast hjá kvótaminni skipum og þá einkum á síðari hluta fiskveiðiárs. Vandamálið getur svo versnað við blandaðar veiðar (t.d. almennar botnfiskveiðar) ef heimildir eru skertar til veiða á einni eða fáum tegundum (t.d. þorski) meðan nægur kvóti er til veiða á öðrum tegundum (t.d. ýsu og ufsa). Við jafnlítinn þorskafla og nú er leyfður má ætla að útkast þorsks eða framhjálöndun hefjist því fyrr á fiskveiðiárinu sem þorskkvóti skips er minni miðað við annar botnfiskskvóta og hefjist jafnvel í einhverjum mæli strax við upphaf fiskveiðiársins hjá kvótaminnstu skipunum. Er þetta, að mati nefndarmanna, stærsti vandinn sem nú er við að glíma."

Ég held að við sem höfum verið hallir undir aflamarkskerfið, og sérstaklega þeir sem hafa trúað á það í blindni eins og hæstv. sjútvrh., verði að geta horfst í augu við þetta feimnislaust. Ég tók eftir því í máli hæstv. sjútvrh. að hann tengdi aldrei saman aflamarkskerfið og slæma umgengni um auðlindir sjávarins. En það er svo að þær sögur, sem við höfum heyrt frá sjómönnum og það sem hefur komið fram í ýmsum könnunum sem hafa verið gerðar á þessu máli, segja frá því að umgengnin um auðlindina er langt í frá nægilega góð og það er vegna aflamarkskerfisins. Við eigum bara að hafa kjark til þess að ræða það. Hér hefur það loksins gerst að hæstv. sjútvrh. kemur með frv. sem gengur í rétta átt en hann

hræðist mjög að viðurkenna að sá leki, sem hann er núna að skjóta byttu undir, er einmitt vegna aflamarkskerfisins.

Herra forseti. Það er fyrst og fremst tvennt sem við þurfum að velta fyrir okkur. Það er hvernig má draga úr því að undirmálsfiski sé fleygt og hvernig má draga úr því að meðafla sé fleygt. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem er formaður sjútvn. sem um þetta mun véla, benti á það af þeirri skarpskyggnu rökvísi sem honum var gefin í vöggugjöf að það er ekkert í þessu frv. sem tekur á meðaflanum. Það er nákvæmlega ekkert sem gerir það að verkum að menn munu hallast til þess að hætta að fleygja meðafla nema auðvitað það sem stendur í 1. málsl. 2. gr.: „Skylt er að hirða og koma að landi með allan afla." Hvað gera sjómenn sem eru í bullandi ýsuveiði og fá talsvert af þorski og þorskkvótinn er búinn en nóg er af ýsukvóta? Þeir fleygja þorskinum. Það er þessi dauði golþorskur sem stundum hefur komið upp í trollum nærverandi skipa. Það er þetta sem spæjarar hæstv. sjútvrh. festu á filmu og það er þetta sem ég hygg að a.m.k. nokkrum hv. þm. í sjútvn. var sýnt á myndbandi fyrir tveimur eða þremur árum þegar leyst var frá hali með sennilega 10–15 tonn af ufsa.

Herra forseti. Ekkert í frv. dregur úr því að menn freistist til þess að koma með meðafla að landi og það er stór galli á frv. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon reifaði lauslega hugmyndir sem mér fannst eins og ég skildi þær af því takmarkaða viti sem ég hef fengið í vöggugjöf, ganga til réttrar áttar og menn eiga að kanna rækilega. En er það svo að frv. leysi vandann sem tengist undirmálsfiski? Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég þekki þetta mál sennilega ekki jafn vel og margir þingmenn sem hér eru staddir og tími minn hefur undanfarið farið meira í heilbrigðismál en sjávarútvegsmálin en ég velti því fyrir mér hvernig þetta fer með undirmálsfiskinn. Getur verið að það felist í þessu frv. samfara þeim reglugerðum, sem þegar er búið að setja, hvati til þess að menn komi með undirmálsfisk, hvati sem er of mikill? Ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það þarf að vera hæfilegur hvati þannig að menn fái a.m.k. fyrir kostnaðinum við að flytja undirmálsfiskinn að landi en því sem umfram er verði varið til þess að efla öryggismál sjómanna, til þess að efla rannsóknir.

Nú er það svo að undirmálsfiskur sem kemur að landi fer á markað er seldur á markaði og útgerðin og sjómenn fá það til hlutar með nákvæmlega sama hætti og annan hluta aflans. Helmingur aflans er talinn til kvóta og ég velti því fyrir mér: Getur verið að það sé fólgin eins konar hvatning í þessu til þess að menn færi sig alla vega ekki þegar þeir eru komnir í smáfisk? Þetta er atriði sem ég tel að hv. sjútvn. þurfi að kanna talsvert en ég er sáttur við það að hæstv. sjútvrh. tekur á þessu máli.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um ýmislegt í 2. gr. Það kemur fram að heimilt sé að varpa fyrir borð fisktegundum sem eru ekki kvótabundnar enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi. Er hægt að segja að einhver fiskur hafi ekki verðgildi? Hefur ekki allur fiskur eitthvert verðgildi? Er það ekki svo með þeirri ágætu nýjung sem hrint var í framkvæmd fyrir nokkrum árum, aflakaupabankanum, hefur skapast markaður fyrir velflestar tegundir fiska sem teljast ekki til hefðbundinna nytjafiska? Ég leyfi mér að efast um að það sé hægt að taka svona til orða og leyfi mér þar með að efast um það leyfi sem hæstv. sjútvrh. er með frv. að veita mönnum til þess að fleygja þessu.

Ég geri líka athugasemd við orðalag næsta málsliðar þar sem greint er frá því að heimilt verði að varpa fyrir borð innyflum, hausum, afskurði og öðru sem fellur til við verkun eða vinnslu um borð. Síðan segir: „enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti." Hvernig á að meta þetta? Er það rétt leið hjá okkur að leggja til að það verði sagt bókstaflega í lögum að þetta sé heimilt? Felst ekki betri framtíðarsýn í því að menn mundu segja að þetta væri óheimilt? Hins vegar væri ráðherra með reglugerð heimilt að leyfa að fleygt yrði tilteknum úrgangi og af tilteknum flokkum skipa. Hvernig ætla menn að meta það hvort fiskúrgangur verði nýttur með arðbærum hætti eða ekki? Ég er t.d. þeirrar skoðunar að það sé afskaplega hæpið að leyfa mönnum að fleygja lifur af hvaða bát sem er, hvaða bátastærð sem er, svo fremi sem tæknilegir annmarkar séu ekki á því að viðkomandi skip eða áhöfn komi með þann hluta innyflanna í land. Hvað með hrogn? Að vísu kemur fram einhvers staðar í greinargerðinni að þegar verið er að ræða um ísfisktogara sé líklegt að það megi fleygja öllu nema hrogn og lifur. En hver á að meta þetta og hvað með sundmagann í þeim fiskum sem sundmaga hafa? Er það ekki orðin afurð sem menn eru farnir að hafa talsvert fjármagn upp úr? A.m.k. hjá þeim vinnslustöðum sem vinna aðallega fiskinn sem kemur af krókabátunum.

Herra forseti. Ég tek svo undir þá gagnrýni sem menn hafa komið með á 3. gr. Þar er lagt fyrir að bátum undir 20 brúttótonnum verði óheimilt að stunda netaveiðar í fjóra mánuði, þ.e. frá byrjun nóvember til febrúarloka. Ég er ekki kunnugur þessum veiðum og þó ég hafi migið í saltan sjó hef ég aldrei verið á svona litlum netabátum. Ég veit að það var vandamál áður fyrr að menn létu liggja margar nætur og voru að koma með margra nátta fisk, dauðblóðgaðan, vont hráefni og sem lítið fékkst fyrir. Þegar aflamarkskerfið kom síðan til sögunnar fleygðu menn einfaldlega þessum fiski.

Það hefur verið greint frá því hér, m.a. af hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, að vinnsluhættir og sóknarmynstur hafi breyst hjá þessum bátum og menn skilji yfirleitt ekki eftir einhver drauganet, menn dragi ef það er spáð illviðri. Ég held að þetta sé rétt. Mér er sagt þetta líka af þeim sem ég hef rætt lauslega við um þetta. Ég velti því fyrir mér. Ef hæstv. sjútvrh. hefði haft rænu á því að hafa einmitt fulltrúa þessa útgerðarflokks með í nefndinni hefði í góðu bróðerni mátt ræða þetta og vega og meta rökin vegna þess að það sem mér flaug strax í hug þegar ég heyrði á þessari grein voru öryggissjónarmið. Það eru sjónarmið sem ég skil. Ég minnist þess þegar menn hafa verið að deila um sókn smábáta að þá höfum við sem höfum verið dálítið hallir undir þeirra málstað aldrei tekið undir kröfur, sem hafa komið fram hjá ýmsum þeirra, um að leyfa einmitt sókn yfir háveturinn af öryggissjónarmiðum. Þess vegna varð ég ekki glaður þegar ég las rökstuðninginn með 3. gr. Þar segir:

„Lengi hefur verið rætt um að banna eigi minnstu bátunum netaveiðar að vetrarlagi, fyrst og fremst vegna þess að þeir nýti afla illa og hendi miklu vegna þess hve oft veður hamlar að vitjað sé um net, en einnig af öryggisástæðum."

Herra forseti. Aðalástæðan fyrir því að hæstv. sjútvrh. leggur þetta til er ekki vegna þess að hann telji að öryggi sjómannanna, sem eru á þessum bátum, sé tryggara. Hann hefur heyrt sögusveim um að miklu sé hent og þeir nýti afla illa. Ég geri þá kröfu til ráðherra þegar þeir koma með mál að þeir undirbyggi frumvörp sín rækilega og ég spyr: Hvar í greinargerðinni með þessu frv. er að finna einhvers konar úttekt á því sem sýnir í fyrsta lagi að slys á þessum bátum,

t.d. frá 10–20 tonnum, séu meiri en frá 20–60 tonnum? Hvar í greinargerðinni er að finna einhvers konar gögn eða yfirlit sem sýna mér, sem þarf að taka afstöðu til frv., svart á hvítu að aflinn sem þessir bátar eru að koma með sé verri en afli stærri báta? Hvað er það sem styður þá fullyrðingu sem kemur hérna fram að þessir bátaflokkar nýti aflann verr en aðrir? Það má vera að hægt sé að færa einhver rök fyrir því. Ég er ekki alveg viss um að þau standist tímans tönn eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði áðan. Það er rétt að þessir smærri bátar sækja talsvert stíft á þessum tímum. Það er kannski fyrst og fremst vegna tveggja hluta. Á þessum tíma vetrar er verðið afskaplega hátt og hærra en á öðrum árstímum. Þess vegna sækja þeir í þetta góða verð og á þessum tímum tíðkast líka að þessir litlu bátar notfæri sér þann sveigjanleika sem er í aflamarkskerfinu og þeir kaupi eða leigi sér tímabundinn kvóta til þess að veiða yfir þetta tímabil með netum. Þessi kaup yrðu náttúrlega úr sögunni og um leið kynni það að hafa einhver áhrif á þau byggðarlög sem eru fyrst og fremst háð veiðum þessara smábáta. Þetta held ég að sé ástæðan fyrir því að þessir bátar sækja svona stíft og auðvitað hef ég orðið var við það eins og aðrir sem fylgjast með fjölmiðlum að maður hefur oft á tilfinningunni að slys séu óhóflega tíð hjá þessum smáu bátum. Ég hefði þá kosið í fyrsta lagi að hæstv. ráðherra gerði okkur grein fyrir því í fylgiskjölum sem fylgja frv. þannig að við gætum séð það svart á hvítu og tekið afstöðu til þessa á grundvelli raunverulegra öryggissjónarmiða. Ef ráðherrann getur sýnt mér fram á að þetta skipti verulegu máli frá öryggissjónarmiði þá skal ég styðja það. En ég vil að hann geri a.m.k. tilraun til þess að sýna mér tölur í því sambandi. Þær hljóta að liggja fyrir.

Ef honum tekst ekki að sýna líka fram á að sú fullyrðing sem sett er fram í greinargerðinni sé sönn, þ.e. smábátarnir nýti aflann verr og þeir komi með verra hráefni að landi, gef ég ekkert fyrir það. Það eru fyrst og fremst öryggissjónarmiðin við eigum að láta ráða afstöðu okkar til 3. gr.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira smálegt sem ég hef við þetta frv. að athuga en ég ætla ekki að gera það. En þetta eru stærstu atriðin, þ.e. 3. gr. Á að banna smábátum undir 20 brúttótonnum að stunda veiðar með þorsknetum? Það eru ekki færð nægilega sterk rök fyrir því, alls ekki í ræðu hæstv. sjútvrh., hann kom varla nokkuð inn á þetta, og ekki heldur í greinargerðinni. Í annan stað, herra forseti, hlýtur ábending hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að með engu móti sé tekið á því vandkvæði sem felst í brottkasti meðafla að vera stórt atriði þegar menn fjalla um frumvarpið. Ég nefndi ýmis smærri atriði varðandi 2. gr. og mælist ég til að hæstv. sjútvrh. svari þeim spurningum sem ég setti fram viðvíkjandi þeim. Ef ekki, mælist ég til að hv. sjútvn. kanni þetta mál og tryggi með öllu því skyggna mannviti sem þar er innan stokks að þetta frumvarp verði að lokum nægilega gott til að menn geti samþykkt það tiltölulega hratt því þarna er gengið í rétta átt.

[15:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir ummæli fyrri ræðumanna að hér er á ferðinni eitt mikilvægasta frumvarp sem við afgreiðum. Við erum að tala um nýtingu á aðalauðlind okkar og brottkast sem sumir segja að nemi milljörðum að verðmæti upp úr sjó. Það frumvarp sem hér liggur fyrir einkennist nokkuð mikið af boðum og bönnum. Menn reyna að ná tökum á vandanum með því að setja reglur og aftur reglur og viðurlög. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Vesturl., Guðjón Guðmundsson, sagði. Það er of mikið um reglur, boð og bönn. Ég vil leyfa mér að lesa 2. mgr. 4. gr., með leyfi forseta:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni, jafnt þeirri tegund eða þeim tegundum sem veiði beinist sérstaklega að sem og líklegum meðafla af öðrum tegundum."

Þetta er furðulegt ákvæði. Ætla menn að kanna í hvert skipti hvað skipið hugsanlega geti veitt? Eða á skipið að vera með nægilega miklar aflaheimildir af öllum tegundum til að geta veitt? Þetta verður mjög erfitt í framkvæmd. Þegar þorskkvótinn er almennt orðinn knappur og verðið hátt, munu sjómenn auðvitað henda þorskinum þó þeir séu með heimild fyrir honum af því að þeir fara líka út næsta dag. Þá þurfa þeir aftur að eiga heimild. Þeir munu því ekki ganga á þessa heimild, þeir munu gæta hennar og henda þorskinum. Þetta er hættan. Það sem við sem löggjafarsamkunda þurfum að kappkosta er að gæta þess að hagsmunir þegnanna fari saman við hagsmuni heildarinnar. Við megum ekki setja menn í þá stöðu að það sé hagkvæmara fyrir þá að gera eitthvað sem er óhagkvæmt fyrir þjóðina. Lagafrumvarpið hér gengur út á að mönnum sé skylt að koma með allan afla að landi en mönnum verður það ekki alltaf heimilt. Auðvitað verður mönnum að vera heimilt að gera það sem þeim er skylt að gera. Við þurfum að gæta þess að hagsmunir sjómanna og skipstjórnarmanna fari saman við hagsmuni þjóðarinnar. Við þurfum að setja okkur í spor þessara manna sem eru að veiða, hvað þeir gera og hvað þeir hugsa.

Herra forseti. Ég legg til að hv. sjútvn. skoði eftirfarandi kost sem að einhverju leyti kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, og hljóðar svona:

Skylt og heimilt verði að koma með allan afla að landi. Ekki bara skylt. Skipstjóri ákveði við löndun hvað af afla skipsins falli undir kvóta þess. Annar afli verði eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins sem greiði útgerðinni fyrir hann svo lágt verð að ekki borgi sig að gera út á viðkomandi tegund en samt nógu hátt til að hvetja sjómenn til að koma með aflann að landi, t.d. 10–15% af markaðsvirði. Með þessari aðferð er leystur allur vandi með undirmálsfisk og meðafla. Þeir sem hafa komið út á sjó, ég varð nú þeirrar gæfu aðnjótandi að fara einu sinni einn túr á skipi, furða sig á því þvílíkur dýragarður kemur upp með dragnót. Hve margar tegundir koma í nótina. Og það er fráleitt að ætla sér að veiða bara þorsk, bara ufsa eða bara síld. Það kemur alltaf annar afli með og hvað eiga menn þá að gera við þann afla? Með þessari aðferð gætu t.d. síldveiðibáturinn komið með þorskinn að landi. Hann afhendir hann við löndun og fær smáverð fyrir þorskinn. Sjómennirnir munu áreiðanlega sætta sig við að fá lítið verð vegna þess að þeir vita að andvirði þessa afla fer til rannsókna þeim til hagsbóta, rennur til rannsóknastofnana sem er þeim til hagsbóta.

Mönnum þykir alltaf slæmt að henda verðmætum. Ég hef talað við sjómenn sem hafa lent í þeirri stöðu að verða að henda fiski. Þeim finnst það hart. Það á ekki að setja menn í þannig stöðu.

Herra forseti. Við þurfum að gæta þess að hagsmunir sjómanna og skipstjórnarmanna fari ætíð saman við hagsmuni þjóðarinnar. Það er meginmarkmiðið.

Það hefur sýnt sig erlendis þar sem menn hafa gætt mikið að umhverfisvernd að auðvitað streitast aðilar á móti slíku

þegar á að fara að setja alls konar viðurlög fyrir rekstri og slíkt. En það hefur líka oft sýnt sig og kannski í flestum tilfellum að fyrirtækin græða á umhverfisvernd. Það kemur nefnilega í ljós að þau þurfa að nýta hráefnið betur og á annan hátt en gert hefur verið, þannig að þau græða á því. Það getur vel verið ef mönnum yrði gert að koma með allan afla að landi, þar á ég líka við innyflin og allt sem fylgir, að menn mundu útbúa skipin þannig að þeir á endanum hagnist á því.

Þegar við sjáum sjónvarpsmyndir af veiðum úti á hafi fylgir alltaf hverju skipi heilt ský af múkka. Og hvað skyldi fuglinn vera að gera? Hann er éta aflann sem er hent, alls konar innyfli, hausa og annað sem hent er. Markmiðið ætti að vera að múkkinn hverfi, hætti að éta aflann og aflinn sé fluttur í land þjóðinni til hagsbóta.

[15:22]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er eins og áður hefur verið bent á til umræðu afskaplega mikilvægt frumvarp enda snertir það gjöfulustu auðlind þjóðarinnar. Það er vert að hafa í huga hvernig umræða meðal almennings hefur verið um sjávarútveg og fiskvinnslu en þó einkum fiskveiðar á síðustu árum. Það má með sanni segja að um sumt hefur þessi umræða snúist á neikvæðari veg þannig að sú jákvæða umræða sem áður fór fram almennt um fiskveiðar og sjómennsku hefur breyst. Til þess eru vitaskuld margar ástæður. Má þar nefna m.a. þá tilhneigingu fjölmiðla að velta upp fyrst og síðast hinum neikvæðari hliðum mála. Í öðru lagi hlýtur umræðan að eiga einhverja rót í því að afli á miðum okkar hefur verið í vonandi sögulegu lágmarki og er vissulega gleðilegt að nú skulum við vera á leið upp á við. En ekki síst hygg ég að umræðan hafi mótast af því úrkasti sem hér hefur verið gert að umtalsefni. Menn draga svo af þessu ólíkar ályktanir. Hér má heyra ályktanir um að úrkastið megi rekja til þess að við búum við aflamarkskerfi. Á móti því má hins vegar benda á að sögusagnir úr Smugunni og af þeim veiðum sem ekki eru bundnar við aflamark fela í sér ekki síður ógeðslegar sögur af því hvernig fiski er hent í sjóinn. Þar er ekki aflamark ráðandi heldur sóknarstýring. Hins vegar hygg ég að flestir geti verið sammála um að helstu annmarkar aflamarkskerfisins eru þeir tveir þættir sem hér hafa verið nefndir og tengjast úrkastinu, þ.e. annars vegar meðafli og hins vegar undirmálsafli. Ég lít svo á að með þessu frumvarpi sé verið að reyna að sníða þessa helstu annmarka af aflamarkskerfinu.

Það er líka vert að hafa í huga að álit nefndarmanna er samhljóma. Nefndarmenn eru einstaklingar sem allir eiga það sammerkt að hafa reynslu og starfa að fiskvinnslu og útgerð. Það hlýtur að vera mark á þeim takandi enda vilji þeirra til að bæta umgengni um auðlindina fyrir hendi. Ég tek reyndar undir þá gagnrýni að ekki skuli þó fulltrúar allra þeirra útgerðaraðila sem að málinu ættu að koma hafa átt sæti í nefndinni.

Í heildina tel ég að frumvarpið sé til bóta. En ég vil nefna hér nokkur atriði sérstaklega. Ég hlýt að andmæla þeim orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann segir að engin tilraun sé gerð til að taka á hinu svokallaða meðaflavandamáli. Þar virðist hv. þm. hafa litið fram hjá því sem stendur í 4. gr., þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni," o.s.frv. Þarna er verið að gera tilraun til að fá útgerðir til að skipuleggja veiði sína á grundvelli úthlutaðs aflamarks. Af þessu er reynsla og í nýlegri ferð hv. sjútvn. um Norðurland kom einmitt fram í máli útgerðaraðila að þannig hafa þeir skipulagt veiðar sínar og útgerð á síðustu árum. Það er það sem er verið að gera og segir beinlínis í 4. gr. Þannig að ákvæði um meðafla tel ég vera af hinu góða og þar sé stigið mjög djarft skref til að draga úr úrkasti tengdu meðafla. Hér er um samhljóða álit nefndarinnar að ræða og það hlýtur að segja hv. þingmönnum töluvert um gildi þess.

Ég vil nefna til viðbótar tvo þætti sem ég hef efasemdir um. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að á grundvelli vinnu þeirrar nefndar sem frumvarp þetta byggir á hafi verið gefin út reglugerð þar sem heimilað er koma með hluta af undirmálsfiski að landi án þess að það dragist frá aflaheimildum. Ég hef verulegar efasemdir um framkvæmd þessa máls, hvernig hægt er að mæla þennan hluta undirmálsfisksins. Ég hef áður lýst því hér á þessum vettvangi og geri það aftur að ég tel ekki nógu langt gengið af hálfu hæstv. ráðherra. Ég teldi eðlilegt að allur undirmálsfiskur skuli koma að landi og hann síðan seldur á verði sem er verulega undir almennu markaðsverði á aflamarkstegundunum. Þetta er veikleiki sem ég sé í þessu frumvarpi.

Í annan stað vil ég taka undir þá gagnrýni sem kemur fram um 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir að netabátar undir 20 brúttólestum skuli ekki geta stundað veiðar á bilinu 1. nóvember til loka febrúar. Ég sé ekki nein vísindaleg eða markviss rök færð fyrir þessu. Ég tel álit þeirra sem stunda m.a. saltfiskvinnslu og eru mjög háðir veiðum þessara báta á Suðurlandi, Reykjanesi og á Vesturlandi skipta miklu. Þeir aðilar telja að vandamálið sé ekki til staðar, það heyri sögunni til. Þeir netabátar undir 20 brúttólestum sem nú stunda netaveiðar fyrir m.a. saltfiskvinnslu fylgjast mjög vel með veðurfari og það má heita með öllu horfið að þessir bátar skilji eftir net í sjó. Ég sé sem sagt ekki vísindaleg rök fyrir þessu, ég sé ekki að vandamálið sé til staðar. En verði þetta ákvæði að lögum mun það hafa mjög óheppileg áhrif fyrir þau svæði sem ég nefndi áðan, ekki síst í saltfiskvinnslu. Þess vegna teldi ég eðlilegra að færa mörkin niður í 10 brúttólestir. Enda segir í frumvarpinu að ráðherra hafi heimild til að hafa tveggja ára aðlögunartíma. Ég teldi eðlilegt að gefa þessari stærð báta þann aðlögunartíma og meta stöðuna síðan að tveimur árum liðnum.

Þá vil ég enn fremur taka undir orð hv. þm. Péturs H. Blöndals, þar sem hann fjallaði um meðaflann og taldi hyggilegra að hann kæmi allur að landi. Það má hafa í huga að skammar eru skipsrár og hverful haustgríma. Auðvitað geta óhöpp orðið jafnt á minni bátum sem hinum stærri og þegar þau óhöpp verða er óeðlilegt að ganga rösklega fram í refsingum. Það ætti frekar að heimila bátum þegar óhöpp verða að koma inn með allan aflann, en setja góða stjórn á verðlagningu hans.

Þetta eru þau ákvæði sem ég tel vera helstu annmarka þessa frumvarps. Það má svo sem gera að umtalsefni refsigleði frumvarpsins, en ég læt það eiga sig að sinni. Ég vil hins vegar taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um vistvænar veiðar. Það hugtak mætti sjást inni í þessu frumvarpi. En ugglaust kallar það á langa og mikla umræðu því nokkuð virðist óljóst og á reiki hvað menn eiga við með hugtakinu „vistvænar veiðar". Ég á því von á að það verði nokkuð skemmtilegt starf fram undan í sjútvn. þar sem þeir þættir sem hér hafa sérstaklega verið gerðir að umtalsefni koma til umræðu.

[15:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki kem ég upp til að andmæla hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Ég var honum sammála að nánast öllu leyti í þeim greinum frumvarpsins sem hann fjallaði um áðan. Þó er eitt sem mig langar til þess að inna hann frekar eftir. Mér fannst hann ekki tala nógu skýrt þegar hann var að ræða um samþættingu, annars vegar frumvarpsins sem hér liggur fyrir og hins vegar þeirrar reglugerðar sem ráðherra hefur breytt og tengist því hversu mikið af undirmálsfiski sem landað er fellur undir kvóta. Hv. þm. sagði að hann hefði viljað sjá hæstv. ráðherra ganga lengra í þessu efni. Er það rétt skilið hjá mér að hann hefði viljað sjá reglur sem væru þannig að allur undirmálsfiskur sem landað væri, væri utan kvóta?

[15:32]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að svara prófspurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Spurningunni svara ég játandi.

[15:32]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla að öllum sem nálægt sjávarútvegi koma sé fyrir löngu ljóst eftir að við höfum reynt að stjórna fiskveiðum okkar með svokölluðu aflamarki í 12 ár að stjórnun fiskveiðanna með aflamarki getur aldrei verið annað en eilíf vandræði, alveg sama hvernig á það er litið. Þar rekst hver á annan.

Eigi að síður hlýtur það að vera virðingarvert og skiljanlegt að hæstv. sjútvrh. leggi fram frumvörp þar sem hann reynir að koma inn í löggjöfina einhverjum þeim atriðum sem gætu orðið til að bæta þá umgengni sem við vitum að hefur verið þannig að þessari svokölluðu stjórnun fylgir gífurleg sóun.

Mér fannst samt, herra forseti, dapurlegt að heyra hæstv. ráðherra geta þess að hann teldi að sumir þeirra sem segðu sögur af mikilli sóun væru kannski menn sem vildu brjóta niður fiskveiðistjórnarkerfið. Ég tel að þetta sýni hvumpni og viðkvæmni sem ástæðulaust er að hafa. Ég veit að engu hefur verið logið þar um og ég ætla að hið háa Alþingi hafi hvorki heyrt um né vitað af nema broti af þeirri skelfingu sem yfir okkur hefur dunið varðandi meðferð fisks og því gríðarlega magni sem hefur verið hent á umliðnum árum eftir að við tókum upp þessa stjórnun.

En á meðan þessi löggjöf er í gildi komumst við ekki hjá því að reyna að stjórna eftir henni og því er eðlilegt að slíkt frumvarp sé lagt fram. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til að vinna að því þegar frumvarpið kemur til meðferðar sjútvn. þingsins að við reynum að gera okkar besta til þess að lögin verði þannig úr garði gerð að til gagns geti orðið.

Það er þó fjöldamargt í frumvarpinu sem ég verð því miður að viðurkenna að ég skil alls ekki. Ég skil ekki hvernig menn hugsa sér framkvæmdina. Þar stingur mest í augu hjá mér er seinni hluti 4. gr. eins og hv. þm. Pétur Blöndal las hana upp áðan. Væntanlega munu höfundar frumvarpsins, fiskistofumenn og ráðuneytismenn, koma til nefndarinnar og skýra þá fyrir okkur hvern veg þeir ætla að þetta geti gengið fram. En í mínum huga er þetta sem sagt enn þá óskiljanlegt. Þetta er nefnilega mjög flókið mál hvernig á að ætla hugsanlegan afla í einni veiðiferð. En við skulum láta það bíða betri tíma.

Fleiri atriði stinga líka dálítið í augu eins og hin rismikla 11. gr. um þátt ökumanna í þessu máli o.fl. o.fl. Við skulum varast að fara út í það að tína til svona smámuni. Ég ætla ekki heldur að ræða á þessu stigi málsins um refsigleðina sem þessu fylgir. Mér finnst þó dálítið skrýtið að sjá þessi paragröf hér sömu dagana og rætt er um það að glæpamenn þjóðarinnar gangi meira og minna lausir vegna þess það sé ekki pláss fyrir þá í betrunarhúsum.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég áskil mér allan rétt til breytinga, fyrirspurna og stuðnings við einstakar greinar frumvarpsins. Ég vil jafnframt taka það fram að ég ætla að sjálfsögðu að vinna eins vel og hugsast getur að því í sjútvn. að það sem til heilla kann að horfa megi fram ganga.

[15:37]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir málefnalega umfjöllun og í meginatriðum stuðning við höfuðmarkmið þessa frumvarps, en vil gjarnan víkja að nokkrum atriðum sem komið hafa fram í umræðunni.

Hv. 15. þm. Reykv. vék að því að aflamarkskerfið væri undirrótin að þeim vanda sem hér er verið að fjalla um. Það er rétt að harðir andstæðingar kvótalaganna hafa tekið í sama streng. Nú er það vissulega rétt, eins og fram kemur í athugasemdum með frv. og skýrslu nefndarinnar og ég tók fram í minni framsöguræðu, að það leiðir til aukinna freistinga þegar aflaheimildir eru af skornum skammti í hlutfalli við afkastagetu fiskiskipastólsins. Það er vissulega vandi sem við eigum við að stríða þegar þær aðstæður eru fyrir hendi. Hins vegar geta menn ekki leyft sér að draga af því þær ályktanir að þetta stjórnkerfi öðru fremur leiði til slíkra vandamála. Ég ætla þó ekki að gera hv. 15. þm. Reykv. upp slíkar skoðanir af því að ég veit að hann þekkir málin betur en svo.

Auðvitað vitum við að í sóknarmarkskerfi höfum við mörg dæmi erlendis frá um miklu verri umgengni en við erum að fjalla um í okkar lögsögu undir þessu kerfi. Við vitum um dæmi um veiðar okkar eigin skipa utan landhelgi þar sem engin stjórnun er sem hafa verið mun verri en alvarlegustu dæmin um slæma umgengni innan okkar lögsögu. Það er sem sagt alveg ljóst að þetta er almennur vandi við fiskveiðar. Hann getur verið fyrir hendi við hvaða fiskveiðistjórnunarkerfi sem er og reyndar án nokkurra fiskveiðistjórnunarkerfa. Og væri hægt að fara mörgum orðum um það.

Hv. 15. þm. Reykv. gerði athugasemdir við það að ákveðnar undanþágur væru í frv. svo sem verið hefur um heimildir til þess að henda fiski sem ekki hefur verðgildi. Ég held að það væri afar óskynsamlegt að hafa löggjöf af þessu tagi svo ósveigjanlega að með öllu væri óheimilt að henda þeim afla sem ekkert verðgildi hefur. Og það verður auðvitað að meta með hliðsjón af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Sem betur fer eru þeir hlutir alltaf að þróast. Eins og hv. þm. benti á hefur til að mynda aflakaupabankinn bætt verulega úr í þessu efni. Menn gera sér verðmæti úr fleiri tegundum og auk þess úr stærri hluta fisksins en áður. Það er þróun sem er vert að líta til og meta.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. fór ítarlega yfir málið og þar komu fram nánast öll þau atriði sem síðan hafa komið fram í umræðunni. Hann minntist fyrst á það sem hann taldi megingalla frumvarpsins, þ.e. að þar er ekki gert ráð fyrir því að heimila meðafla. Hann taldi að í því gæti verið lausn á

þeim vanda sem við er að etja. Um þetta hefur orðið talsverð umræða og nefndin fjallaði mjög rækilega um þetta atriði. Á bls. 19 í frumvarpinu kemur fram í skýrslu nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Það er því frumforsenda árangurs að hvergi verði gefið eftir við fiskveiðistjórnun og aðgerðir til eflingar þorskstofnsins. Ef eftir væri gefið nú í þeim efnum og aukinn þorskafli heimilaður, t.d. sem aukaafli við veiðar á öðrum tegundum, þá væri þess að vænta að sókn í aðrar tegundir ykist og vandamál vegna umframafla þorsks gætu enn versnað. Aukin sókn í aðrar tegundir, til að bæta upp tekjutap vegna minnkaðs þorskafla, gæti síðan leitt til minnkandi stofna þessara tegunda einnig, og þannig gæti vandamálið náð til fleiri tegunda, t.d. ýsu, e.t.v. ufsa og svo koll af kolli. Á endanum gæti sókn í verðminni tegundirnar orðið mest, enda heimildir til veiða á þeim þá tiltölulega rúmar, og stórum hluta þess sem af verðmeiri tegundunum veiddist hent í hafið aftur eða landað fram hjá vigt vegna skorts á aflaheimildum. Þegar svo væri komið yrði ekki við neitt ráðið og afraksturinn af auðlindinni yrði enginn."

Þetta álit er sett fram af hálfu nefndarinnar eftir mjög ítarlega umfjöllun um hugmyndir af þessu tagi. Ég tel þess vegna ekki efni til að taka ákvæði sem þessi inn í frumvarpið. Við skulum hafa í huga að undirmálsfiskur hefur minnkað, fyrst og fremst vegna þess að við höfum lokað svo stórum veiðisvæðum þar sem um hefur verið að ræða smáfisk. Það er meginástæðan fyrir þessu og ég tel að við þurfum áfram að byggja á því sjónarmiði að vernda uppeldisstöðvar fisksins og loka veiðisvæðum með þessum aðferðum.

En það eru fleiri atriði sem koma þarna til greina. Ég nefni þær athuganir sem nú fara fram á möguleikum þess að setja smáfiskaskilju í botnvörpu. Þær athuganir eru vel á veg komnar þótt þær hafi ekki enn náð langt fram að fyrir liggi tillögur um að setja slíkt í veiðarfæri. Ég vona þó að athuganirnar leiði brátt til þeirrar niðurstöðu að þetta verði unnt. Ég bendi einnig á þær tilraunir sem fram hafa farið og verða frekar kannaðar á Hafrannsóknastofnun um hreinar þorskskiljur í botnvörpu. Með öðrum orðum á sér stað mjög ör þróun í gerð veiðarfæra og ég held að við eigum að einbeita kröftum okkar að þessum atriðum því að með þeim náum við miklu meiri árangri en þeim atriðum öðrum sem hér hefur verið minnst á.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess einnig að ekki hefði verið fulltrúi smábáta í samstarfsnefndinni og það er rétt. Ástæðan var e.t.v. fyrst og fremst sú að í allri umræðunni um slæma umgengni um auðlindina hafði miklu minna borið á því að við þennan vanda væri að etja í þeim veiðiskap, þótt auðvitað séu ýmis dæmi um að þar hafi verið gengið á svig við reglur Þess vegna er ekki hægt að sýkna þann veiðiskap með öllu af því að hafa ekki tekið þátt í að ganga á svig við reglurnar. Í miklu minna mæli hefur umræðan verið um þennan veiðiskap. Markmiðið með þessu var fyrst og fremst að ná til stærri skipa en ekki smábátanna eins og frv. ber glögg merki.

Þá voru settar fram efasemdir um viðurlög eins og fésektir og fangelsi. Ég skil viðkvæmni manna í þessu efni en meginuppistaðan í viðurlögum frv. eru veiðileyfasviptingar. Þær eru meginuppistaðan í þeim viðbrögðum sem frv. gerir ráð fyrir með alveg skýrum hætti. En við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að hér er um að ræða mjög alvarleg brot, efnahagsbrot, brot sem íslenska þjóðin þolir ekki að framin séu. Það væru mjög alvarleg skilaboð frá Alþingi ef það hefði lægri refsingar við alvarlegustu efnahagsbrotum af þessu tagi en öðrum efnahagsbrotum. Það væru mjög alvarleg skilaboð frá Alþingi ef við samþykktum lög þar sem misræmi væri á í þessu efni. Sérfræðingar í refsirétti voru til aðstoðar við samningu frv. og þeir fóru yfir þetta með nefndinni. Því varð niðurstaðan sú sem hér greinir í frv.

Það er svo hygg ég rétt, sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að því er varðar netaveiði minni báta að það hefur orðið mikil framför í þeim veiðiskap. Hann tók réttilega fram að það er fyrst og fremst kvótakerfið sem hefur hvatt til bættrar umgengni. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að hv. nefnd taki þau sjónarmið til skoðunar í umfjöllun um þetta atriði.

Hv. þm. nefndi svo að æskilegt gæti verið að setja fleiri ákvæði í frv. eins og grundvallarviðhorfið um sjálfbæra nýtingu, nýtingarsjónarmið og vistvæn veiðarfæri. Um þetta vil ég segja að mér finnst fyllilega koma til álita að setja inn í frv. ákvæði um skýr grundvallarmarkmið. Ég tel að grundvallarreglan um sjálfbæra nýtingu sé atriði af því tagi og tel vel koma til greina að skýr ákvæði um slíka grundvallarreglu komi inn. Ég hef hins vegar meiri efasemdir um óljós stefnumarkandi ákvæði í löggjöf. Það á ekki bara við um þessa löggjöf heldur almennt um lagasetningu, að það fer ekki vel á því að vera með óljós stefnumarkandi ákvæði. Ef menn eru ekki með alveg skýrar hugmyndir um að bjóða eða banna tiltekna nýtingu, held ég að verr sé af stað farið en heima setið ef sett eru inn óljós markmið sem menn geta ekki skilgreint. Það sama á við um vistvæn veiðarfæri. Almenn stefnumörkun í þá veru, án þess að menn segi nákvæmlega hvað það er sem menn vilja, tel ég að eigi ekki heima í löggjöf. Ég tek hins vegar undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að við þurfum að leggja miklu meiri rækt við rannsóknir á kjörhæfni veiðarfæra. Þar er unnið kappsamlega og hefur verið unnið kappsamlega á undanförnum árum og er að eiga sér stað mikil þróun sem getur leyst ýmis af þeim viðfangsefnum sem við erum að tala um. En að hluta til get ég tekið undir athugasemdina sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að því er varðar skýr grundvallaratriði.

Hv. þm. spurði svo um samhengi frv. við lagaákvæði um fullvinnsluskip. Síðasta haust skipaði ég nefnd þingmanna til að endurskoða þau lög og ég á von á því alveg á næstu dögum að hún skili niðurstöðu sem væntanlega verður grundvöllur að breytingum á gildandi lögum. Ég hef ekki fengið niðurstöðu nefndarinnar í hendur enn þá enda er nefndarstörfunum ekki að fullu lokið, en nefndarmenn hafa fullvissað mig um að alveg á næstu dögum ljúki því starfi.

Ég hygg þá, herra forseti, að ég hafi vikið að flestum atriðum sem minnst hefur verið á í umræðunni og vil ítreka af minni hálfu þakkir fyrir mjög málefnalega umræðu. Það er auðvitað svo að um vandmeðfarið mál eins og þetta eru engin algild sannindi og upp hljóta að koma ýmis álitaefni í umfjöllun og umhugsun um það. Við stöndum frammi fyrir alvarlegum vanda, það vitum við. Það er hins vegar ekki fullljóst hversu mikill vandinn er. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það þarf skýr viðurlagaákvæði um framkvæmd þessara atriða til þess að gott samstarf og samvinna geti tekist með þeim sem á sjónum starfa um að snúa þessum málum til betri vegar, því að auðvitað er það svo að það er starf þeirra og ábyrgð sem ræður því á endanum hvort við náum árangri. Það starf og sú ábyrgðartilfinning þurfa að byggja á skýrum forsendum eins og við erum að reyna að leggja til með þessu frv. en það er fullkomlega eðlilegt að ýmis álitaefni og ólík

sjónarmið komi fram þegar við fjöllum um jafnviðamikið og flókið viðfangsefni og hér er til umfjöllunar.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, enda málið þess eðlis að það skiptir kannski ekki öllu máli hvort við ræðum það í nokkra klukkutíma eða nokkra daga. Við tæmum það víst seint. En ég kemst ekki hjá því að tjá mig aðeins vegna þess sem hæstv. sjútvrh. sagði um vandamál sem tengjast aflamarki og spurningu um lögleiðingu þess að einhvers konar meðafla verði heimilt að landa. Ég tek það skýrt fram að ég hef aldrei sagt það og aldrei verið þeirrar skoðunar að vandamál sem tengjast útkasti fisks séu eingöngu bundin við aflamark og hafi ekki komið til sögunnar fyrr. Það vill svo til að ég stóð í því að moka þorski út um lensport löngu áður en nokkurt kvótakerfi kom, norður á Hala um jólaleytið fyrir mörgum árum síðan. Þá var ekki kvótanum um að kenna heldur eingöngu því að menn náðu ekki að skipuleggja veiðarnar nógu vel. Það kom of mikið í trollið og eitthvað kramdist undir í móttökunni eins og gengur. Auðvitað hafa þessir hlutir alltaf þekkst og munu áfram verða að einhverju leyti fylgifiskur þess að menn veiði með stórvirkum veiðarfærum úr miklum geymi eins og hafið er.

En hinu verður ekki á móti mælt — það þýðir ekki og það er barnalegt að lemja höfðinu við steininn í þeim efnum — að aflamarkskerfinu fylgir viðbótarhætta í þessum efnum, viðbótarfreisting. Það er alveg borðleggjandi. Það þarf ekkert að fjölyrða um það, það skilja það allir menn. Við eigum að ræða málið nákvæmlega eins og það snýr að þessu. Ég tek þar undir orð hv. 3. þm. Vestf. að meðan þetta fiskveiðistjórnunarkerfi er við lýði, hvað sem okkur svo sýnist um það, hvort við erum sanntrúuð á það, algerlega andvíg því eða eitthvað þar á milli, svona heiðin í þeim efnum eins og sumir eru og viljum ræða kost og löst á hlutunum, þá eigum við að geta rætt þetta út frá staðreyndum sem nánast blasa við.

Ég tek ekki gild þau rök sem hæstv. sjútvrh. skaut aðallega fyrir sig í sambandi við það að ekki væri staða til að ræða einhver meðaflaákvæði, að með því væru menn að slaka á ábyrgri fiskveiðistjórnun og það leiddi sjálfkrafa til þess. Ég mótmæli þessu. Ég tel að menn geti eftir sem áður viðhaft mjög ábyrga eða stranga fiskveiðistjórnun eftir því sem þeim sýnist. Í fyrsta lagi er það hægt með því að gera ráð fyrir þessum meðafla ef út í það er farið og áætla fyrir honum og jafnvel bakreikna fyrir honum og hann verður meiri en áætlað var. Mönnum er leyft að geyma veiðiheimildir eða fiskinn óveiddan í sjónum eða taka fram fyrir sig þannig að ég sé ekki að það megi þá ekki alveg eins leiðrétta fyrir meðafla eins og hann hefur reynst á hverju fiskveiðiári. Ég tel reyndar að menn eigi ekki að vera of smámunasamir í þeim efnum. Mín hugmynd hvað varðar t.d. leyfilegan meðafla í þorski hefur verið sú — ég tek það fram að ég tel nú að menn séu oftast að ræða um meðafla í þorski þegar verið er að ræða um meðafla. Það er ekki sjálfgefið að meðaflaákvæði yrðu bundin við þá tegund en það er náttúrlega nærtækast og mest þörfin þar — að menn ættu að prófa sig áfram t.d. með því að ákveða eins og 20 þúsund tonn í meðafla á þorski, byrja með þá einu tegund. Það eru sérstök rök fyrir því þegar þorskveiðiheimildir eru jafnlitlar og þær eru nú vegna þess að það er svo erfitt að ná öðrum afla á Íslandsmiðum án þess að fara fram úr í þorski ef menn eru ekki með nema 150 þúsund tonn. Hvað er sagt við skipstjórana hringinn í kringum landið þegar þeir fara út? Reynið að ná í ýsu, reynið að ná í karfa, reynið að ná í ufsa og þið hafi ekki nema þetta af þorski. Þið megið ekki taka meira. Togaraskipstjórarnir t.d. fyrir norðan hjá þeim fyrirtækjum sem reyna að skipuleggja sína hráefnisöflun yfir árið fara út með tiltekinn kvóta af þorski í hvern túr. Þið megið ekki taka meira en 15–20% af þorski. Afgangurinn verður að vera í öðrum tegundum. Þetta er vegna þess að menn eru að reyna að skipuleggja sig, dreifa veiðiheimildunum yfir árið með þá kvöð m.a. á bakinu að halda uppi fullri vinnu í fiskvinnslustöð í landi allt árið.

Svona eru aðstæðurnar. En þetta tekst ekki alltaf og það eru ekki allir sem reyna að standa jafnskipulega að málum. Sumir lenda þarna fram úr, það verða slys o.s.frv. Segjum að það verði ákveðin 20 þúsund tonn af þorski, jafnvel þó að menn gerðu sér ekki rellu út af 5 eða 10 þúsund tonnum til eða frá. Ef fiski sem þessu nemur er hent, þá eru menn engu verr staddir gagnvart lífríkinu þó það yrði leyft að landa þessum afla, ekki satt? Þorskstofninn vex ekkert við það að 20 þúsund tonn fari á hafið á meðan enginn veit af því. Þorskurinn er drepinn samt. Fyrsta forsendan er því sú að ef útkast af þessu tagi, þessari stærðargráðu á sér stað, þá er það ekki á kostnað lífríkisins þó að leyft sé að landa þessum afla. Fyrsta staðreynd.

Í öðru lagi vitum við þá hvað er tekið úr stofninum. En það vitum við ekki endilega nú og í raun og veru er það svo að það er nánast ekki gert ráð fyrir neinu útkasti í áætlunum fiskifræðinga og er það þó nánast staðreynd sem allir viðurkenna í verki.

Síðan skil ég alls ekki, herra forseti, hrollvekjuna á bls. 19 í skýrslunni sem hæstv. sjútvrh. bar fyrir sig. Ég skil hana ekki. Ég ósköp einfaldlega skil ekki þá forsendu sem nefndarmenn virðast hafa gefið sér að með því að leyfa tiltekinn meðafla, t.d. í þorski, áætla fyrir honum, þá skapist hætta gagnvart öðrum tegundum. Eru þær ekki kvótabundnar í dag? Gáfu nefndarmenn sér þá staðreynd að það yrði aukið við kvótann í öðrum tegundum, eða hvað? Hvers konar della er þetta? Eða gáfu þeir sér að sóknin færðist yfir í ókvótabundnar tegundir? Af hverju eru þær ókvótabundnar? Það er af því að það er væntanlega talið að stofninn sé ekki í neinni hættu og það megi þess vegna taka meira úr honum. Þessi framsetning á málinu er lokleysa. Ég lýsi eftir höfundinum. Hver vill taka höfundarábyrgð á þessu meistarastykki, að með því að taka tiltekinn meðafla inn í ákvarðanir um aflamark og breyta engu að öðru leyti þegar flestallar tegundir eru kvótabundnar, skapist hætta á svona hrollvekju, svona rúllettu? Það er kannski nauðsynlegt að lesa þessi ósköp aftur, herra forseti. Það stendur:

„Ef eftir væri gefið nú í þeim efnum," með þínu leyfi, forseti, „og aukinn þorskafli heimilaður, t.d. sem aukaafli við veiðar á öðrum tegundum, þá væri þess að vænta að sókn í aðrar tegundir ykist" — hvers vegna, ef þær væru kvótabundnar? Hvernig ætti það að gerast? „og vandamál vegna umframafla þorsks gætu enn versnað." Hvers vegna í ósköpunum? Ef væri nú áætlað fyrir meðaflanum að hann væri föst stærð eða jafnvel leiðrétt eftir á, þá vex ekki neitt við það, ekki neitt. „Aukin sókn í aðrar tegundir, til að bæta upp tekjutap vegna minnkaðs þorskafla, gæti síðan leitt til minnkandi stofna þessara tegunda einnig, og þannig gæti vandamálið náð til fleiri tegunda, t.d. ýsu, e.t.v. ufsa, og svo koll af kolli. Á endanum gæti sókn í verðminni tegundir orðið mest, enda heimildir til veiða á þeim þá tiltölulega rúmar, ..."

Hvers vegna „þá tiltölulega rúmar" ef engum ákvörðunum hefur verið breytt um kvótann í kvótabundnum tegundum? Þetta er rugl. Hér eru menn ósköp einfaldlega að reyna að smíða sér rök með því að draga upp einhverja hrollvekju sem engar forsendur eru fyrir og að það er greinilegt að þeir sem þarna hafa vélað um eru bara á móti því að horfast í augu við þetta vandamál eða taka á því. Ég skil ekki þessi ósköp og ég tel engin rök fólgin í því að vísa í þennan texta, engin rök.

Að öðru leyti vil ég segja, herra forseti, varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um undirmálið að það er alveg rétt að það vandamál er vonandi minnkandi m.a. vegna ekki bara friðana, heldur líka af því að stærri möskvar eru notaðir í veiðarfærum. Einnig er spennandi sá möguleiki sem hæstv. ráðherra vék að, um sorteringu eftir stærð, skiljur og annað slíkt, jafnvel möguleikar sem menn eru farnir að spá í um að aðgreina afla á grundvelli mismunandi hegðunar við veiðarfæri. Þá eru þeir fiskar sem hækka sig þegar trollið nálgast teknir inn sérstaklega og svo framvegis. Þetta eru allt mjög spennandi möguleikar en þeir leysa okkur í sjálfu sér ekki, fyrr en eitthvað er orðið að veruleika í þessum efnum, undan vandamálunum sem við erum nú að glíma við og eigum að horfast hreinskilnislega í augu við. Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir það. Það á ekki að vera felumál að það er enn ýmislegt sem mætti betur fara í sambandi við umgengni okkar um auðlindina. Við getum vissulega bent á að það hafa orðið stórstígar framfarir í þessum efnum frá því sem áður var, þegar ekki er lengra síðan en svo að menn á mínum aldri stóðu í veiðiskap þar sem nánast öllum öðrum tegundum en þorski var hent, jafnvel sumum þeim sem nú eru hvað verðmætastar eins og skötusel eða eitthvað því um líkt. (**Gripið fram í:** Grálúðu.) Grálúðu, það er nú svo furðulegt sem það er (**Gripið fram í:** Og háfum.) að það er ekki lengra síðan en kannski eins og 15 ár, 20 ár síðan sjósóknin var með þessum hætti. Það var helst ekki staðið í því á togurunum að hirða annað en þorsk, kannski ýsu og eitt og eitt slíkt kvikindi, kannski til gamans en að öðru leyti var þessu hent. Þannig var það nú.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir undir þau sjónarmið mín að vissar almennar grundvallarleikreglur og stefnumarkandi atriði eigi heima í frv. af þessu tagi og að til dæmis reglan um sjálfbæra nýtingu eigi gjarnan að vera einn af útgangspunktunum eða forsendum þessa máls. Þetta mun sjútvn. að sjálfsögðu skoða eftir föngum eins og allt annað sem þessu máli tengist.

[16:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta hefur að mörgu leyti verið fróðleg umræða og hæstv. sjútvrh. hefur svarað mörgum fyrirspurnum sem hefur verið beint til hans en þó ekki öllum. Áður en ég kem að því sem mér fannst hæstv. sjútvrh. skjóta sér undan með nokkuð ódýrum hætti vil ég segja eitt. Hæstv. sjútvrh. þarf ekkert að skammast sín fyrir það að vera einn af dyggustu stuðningsmönnum aflamarkskerfisins. Það eru rök með því kerfi og það eru rök á móti því. Um þessar mundir vill svo til að margt er að birtast í hafinu sem bendir til þess að aflamarkskerfið hafi meiri kosti til að bera en margir töldu áður fyrr. Ég tel að þá vaxandi þorskgengd sem við verðum nú varir við í hafinu megi nota sem röksemd fyrir því að loksins sjást merki þess að aflamarkskerfið verndi fiskstofnana. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem það hefur gerst þannig að hæstv. sjútvrh. getur vel við unað en hann eins og aðrir menn sem dauðlegir eru gerir ekki alla hluti fullkomna. Það er svo að jafnvel kerfi sem ganga upp hafa sínar skuggahliðar. Það er einfaldlega staðreynd sem hæstv. sjútvrh. á ekkert að reyna að burðast við að neita að aflamarkskerfið hefur þann djöful að draga að það hvetur með vissum hætti, við vissar kringumstæður, til sóunar. Þegar hæstv. ráðherra talaði um að úti í heimi höguðu menn sér verr og fyrir utan lögsöguna höguðu jafnvel íslensk skip sér verr en dæmi eru um innan lögsögunnar, þá eru það engin rök. Ég dreg líka í efa að það finnist miklu verri dæmi um framferði íslenskra skipa utan lögsögunnar en þau sem ég veit um og sennilega hæstv. ráðherra líka, innan lögsögunnar. Staðreyndin er einfaldlega sú að aflamarkskerfið felur í sér við ákveðnar kringumstæður sem hafa ríkt í hafinu vissan hvata til sóunar. Ég er ekki einn um þessa skoðun heldur einnig þeir menn sem hæstv. sjútvrh. hefur kvatt sem vitni fyrir dóminn hér í dag. Ég á við þá menn sem sátu í nefndinni sem fjallaði um skýrsluna um bætta umgengni um auðlindir sjávar. Þeir taka það skýrt fram í skýrslunni. Þegar þeir skila af sér til ráðherrans nefna þeir þá ástæðu sem þeir telja ríkasta fyrir þessari sóun og það er aflamarkskerfið. Þeir segja að lokum: Er þetta að mati nefndarinnar stærsti vandinn sem nú er við að glíma. Vandi sem að öllu leyti stafar af því að það er mismunur á milli aflaheimilda og veiðigetu skipanna.

Herra forseti. Mér þótti sem að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kvæði hæstv. sjútvrh. ansi rækilega í kútinn í þeirra fróðlegu orðræðu um meðaflann. Það er einfaldlega svo að hvergi í frv. er tekið á þeim vanda sem felst í meðafla. Mér finnst það vera uppgjöf hjá sjútvrn. Mér finnst það vera uppgjöf hjá þeim mönnum sem hann hefur skipað til verka að reyna að minnsta kosti ekki með einhverjum hætti að taka á þessu. Við vitum t.d. að þorskur sem meðafli er afskaplega mismunandi eftir því að hvaða tegund skipið er að einbeita sér. Við vitum að það eru miklu minni líkur, við venjulegar kringumstæður, á að þorskur komi sem meðafli t.d. þegar menn eru að veiða humar en þegar menn eru að veiða ufsa eða þá ýsu. Mér þótti fróðlegt að heyra hjá hæstv. sjútvrh. að hann væri að beita sér fyrir því að í gang færu öflugri rannsóknir á veiðni veiðarfæra á hinar ýmsu tegundir. Menn hafa beðið eftir þessu talsvert lengi. Það kom mér á óvart en ég fagna því ef að það er svo að hæstv. ráðherra hefur hrundið í framkvæmd tilraunum sem miða að því að skilja þorskinn frá með sérstakri þorskskilju í botnvörpum. Ég hafði ekki heyrt um þetta. Ég hafði svona látið mér detta til hugar að það væri kannski hægt með því að stýra hæð netops í vörpum. Þá mætti reyna að draga úr því t.d. að menn fengju þorsk þegar þeir eru að veiða flatfisk með því að hafa það mjög neðarlega eða með því að draga úr hlutfalli þorsks þegar menn eru að veiða ufsa með því að hafa netopið ofar. Ég hélt það væru ef til vill svona hugmyndir sem menn væru að ræða. Það er alveg ljóst að meðaflinn er mjög mismunandi eftir því hver sú tegund er sem menn eru að einbeita sér að. Þess vegna hefði ég talið að hæstv. sjútvrh. sem stundum er kjarkmikill maður að minnsta kosti þegar hann hafði góða menn sér við hlið, hefði átt að stíga svolítið skref að þessu leyti. En þetta er eitthvað sem hæstv. sjútvn. mun fjalla um.

Það sem hæstv. sjútvrh. skaut sér algjörlega undan að ræða eru þær röksemdir sem liggja til grundvallar 3. gr. frv. sem hér liggur fyrir. Ég held að vel flestir sem tóku til máls fyrr í umræðunni, hafi gagnrýnt þetta með einhverjum hætti. Tveir af þremur stjórnarliðum gagnrýndu þetta ákvæði. Hæstv. sjútvrh. flutti engin rök fyrir því í sinni framsögu og ekki heldur í svarræðu sinni áðan. Hvers vegna

á að banna bátum sem eru undir 20 brúttótonnum að veiða fjóra mánuði á ári? Ég spurði hæstv. sjútrh.: Eru einhver rök sem tengjast öryggi sjómanna sem valda því að þetta er fram komið? Spurning mín helgast af því að í greinargerðinni er alveg ljóst að öryggissjónarmiðin hafa miklu minna vægi en orðrómur sem ráðherrann og hans starfsmenn hafa bersýnilega heyrt um að aflanýting þessara litlu netabáta sé miklu verri en annarra báta. Og ég sagði, herra forseti, það getur vel verið að þetta styðjist við einhver rök en ég vil fá að sjá þessi rök. Ég er líka reiðubúinn til að samþykkja 3. gr. ef hæstv. ráðherra getur sýnt mér fram á það að hún er nauðsynleg vegna öryggissjónarmiða. En það kemur hvergi fram í frv. að einhverjar tölur séu tækar yfir þetta. Þá velti ég fyrir mér hvort það geti verið að vinnubrögðin í sjútvrn. séu svo lök að starfsmenn hæstv. sjútvrh. hafi ekki einu sinni verið settir til þeirra verka að taka saman „statistikk" yfir þetta. Hún hlýtur að liggja fyrir. Ég kann því líka illa, herra forseti, þegar segja má að starfsæra heillar stéttar, þ.e. smábátasjómanna, sé sett undir skugga með því orðalagi sem er að finna í 3. gr. Það er látið að því liggja að þeir nýti aflann illa og þeir komi með lakara hráefni að landi. Þegar menn halda svona fram þá verða þeir að færa einhver rök fyrir máli sínu. Hæstv. ráðherra skaut sér undan því að flytja þessi rök í svarræðu sinni áðan eins og hann var þó beðinn um og hvergi í þessu plaggi koma þessi rök fram.

Ég segi það, herra forseti, að lokum, þessi vinnubrögð eru ekki bjóðandi og þau eru ekki heldur sæmandi hæstv. sjútvrh. sem er þekktur að því að vilja vanda verk sín og vilja styðja sitt mál með þéttum rökum.

[16:11]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka lítillega þátt í þessari umræðu um umgengni um auðlindir sjávar, fyrst og fremst á þeirri forsendu að í þeirri umræðu sem ég hef tekið þátt í um sjávarútvegsmál í gegnum árin, kannski sérstaklega hin síðari ár, hef ég verið einn af þeim sem hafa gagnrýnt mjög umgengni um fiskimið landsmanna. Eftir því sem sannað er í dag og sögusagnir hafa verið hafa menn hent ótæpilega afla af öllum mögulegum tegundum og í alls konar ástandi. Og eftir því sem mér sýnist hafa menn verið að slaka á þeirri samviskukló sem hefur verið yfir íslenskum fiskimönnum í gegnum aldirnar. Ég hef verið sjómaður í nokkra áratugi og fiskimaður þar af nokkuð lengi. Ég get alveg upplýst að á þeim árum sem ég var á togurum og við fiskuðum undir kerfi sem þá var kallað skrapdagakerfi, hentum við jafnvel dögum saman tugum tonna á dag af fiski, ekki vegna þess að við gætum ekki nýtt hann með einhverju móti heldur bara vegna þess að okkur fannst hann of smár. Reglurnar sem þá voru heimiluðu okkur ekki að taka nema ákveðinn hluta af smáum fiski í land þannig að því var bara öllu hent. Maður henti kannski 80% af því sem kom inn jafnvel af 10 tonna hali. Það eru 20 ár síðan þetta gerðist en þetta er búið að gerast oft síðan. Í hv. Alþingi get ég upplýst að þetta var gert svona þó svo að allir um borð, að mér fannst, tækju út fyrir það að þetta skyldi vera gert. Þetta var gert undir skrapdagakerfi. Það er talað um að hættan sé miklu meiri við svokallað aflamarkskerfi og menn hendi meiru undir þeirri fiskveiðistjórnun en einhverri annarri. Ég held að það sé misskilningur því að reynslan sýnir okkur allt annað þó svo að ég geti svo sem tekið undir það að menn freistist til að henda kannski undir einhverjum öðrum formerkjum. Í þessum kerfum báðum hafa menn freistast til að henda fiski. En það er ekki hægt að segja í hve miklum mæli í hvoru tilviki fyrir sig.

Ég kom fyrst og fremst upp út af 2. gr. sem mér finnst beinlínis heimila íslenskum sjómönnum samkvæmt lögum að henda fiski í sjóinn. Það kemur fram í 2. mgr. 2. gr., með leyfi forseta.

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um er að ræða."

Hvað þýðir þetta? Í mínum huga getur þetta þýtt alveg ótrúlega margt og t.d. á togveiðum er nánast hægt að segja að afli úr 40–50 tonna hali í flottroll geti allur verið ónýtur, meira og minna marinn, blóðsprunginn og smár. Ég sé fyrir mér að menn geti réttlætt með lögum að þeir hendi öllum afla sem kemur inn undir þannig kringumstæðum. Ég get líka séð þetta gerast á dragnótaveiðum þar sem menn geta tekið mjög stór höl. Það getur náttúrlega gerst á öllum mögulegum netaveiðum að menn skemma meira og minna fisk og er þá undir mati og vilja sjómanna hverju sinni hvað þeir telja skemmt og hvað þeir telja heilt. Mér finnst þetta atriði mjög vafasamt svo að ekki sé meira sagt.

Ég man eftir því þegar ég var á línu, sem telst mjög vistvænn veiðiskapur, var tindabikkja yfirleitt aldrei hirt. Í dag þykir hún herramannsmatur. Það hefur komið fram áður að fisktegundum eins og skötusel og langhala var yfirleitt alltaf hent en núna eru þær tegundir hirtar og seldar dýru verði þannig að menn hafa smám saman verið að reyna að koma aukaaflanum í verð. Hins vegar sýnist mér að með því að segja beinlínis í lögunum að leyfilegt sé að henda aukaafla séum við að heimila að henda nánast öllu því sem við ætlum ekki að nota. Með þessu er verið að opna fyrir ansi margar gáttir.

Ég vildi vekja athygli á þessu. Ég veit að þetta á eftir að koma fyrir hv. sjútvn. og verða rætt en ég hygg að margur geti sagt svipaða sögu. Ég get reyndar sagt miklu fleiri sögur en tel ekki ástæðu til þess við 1. umr. Ég vara eindregið við því að þetta verði gert og sjútvn. og ráðuneytið þurfa að skoða það sérstaklega. Ég held að það sé mjög hættulegt að losa svo mjög um þá siðferðilegu hömlu sem hefur verið á sjómönnum. Ég óttast að vinna ráðuneytisins að bættri umgengni um fiskimiðin við Ísland sé fyrir bí með þessu ákvæði. Ég vonast til að að þessu verði breytt í meðförum þingsins, við þurfum að herða á reglum um umgengni á fiskimiðum okkar við Íslandsstrendur.

[16:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. vék enn að 3. gr. frv. Auðvitað er að þeir bátar sem falla undir þessa grein tilheyra tveimur hagsmunafélögum, þ.e. bæði LÍÚ og Félagi smábátaeigenda. Ég tók hins vegar fram í ræðu minni áðan að ég væri sammála því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að mikil bót hefði orðið á netaveiðinni vegna kvótakerfisins og þar hafi orðið mjög umtalsverðar breytingar. Þau sjónarmið, sem vísað er í í áliti nefndarinnar sem frv. er byggt á, eru því ekki jafnsterk nú og áður var. Ég tók fram að ég teldi eðlilegt að hv. sjútvn. liti á þessi nýju viðhorf þegar hún færi yfir 3. grein frv.

Varðandi þá umræðu sem hefur orðið um meðafla er það alveg rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að útvegsmenn hafa verið að bæta skipulag veiðanna. Menn skipuleggja þær betur en áður með tilliti til kvótastöðunnar og þá kröfu verð-

ur að gera til útvegsmanna. Ef við tækjum upp hugmyndina um 20 þúsund lesta meðafla — hann fengi sjálfsagt fljótt viðurnefnið meðaflapotturinn — hvaða fyrirmæli fengju sjómennirnir? Þeir fengju auðvitað fyrirmæli um að ná strax í sem stærstan hlut úr meðaflapottinum þannig að aðrir fái minna. Svo keppast menn við að ná sem stærstum skerf úr meðaflapottinum og hann yrði uppurinn á örfáum dögum eða vikum og svo standa menn í sömu sporum. Ég veit að það er góð hugsun á bak við þetta og ég dreg ekki á nokkurn hátt úr því að ég er alveg sannfærður um að hv. 4. þm. Norðurl. e. og 15. þm. Reykv. meina vel með þessum hugmyndum. En því miður duga þær ekki til þess að leysa vandann. Við eigum að gera þær kröfur og veita útvegsmönnunum það aðhald að þeir skipuleggi veiðarnar. Þar hefur orðið umtalsverð verðbót. Þar er mikil framför og við eigum að stefna að því að loka smáfiskasvæðum og við eigum að þróa veiðarfærin eins og við höfum verið að gera með góðum árangri til þessa. Það er augljóst að við okkur blasir ný tækni sem auðveldar okkur enn frekar að takast á við þetta því að við erum sammála um vandann og að það þurfi að taka á honum. Ég hef ekki trú á að sú leið sem þarna var nefnd dugi og tel að hún mundi frekar skemma fyrir þó að ég viti að góður hugur sé þar að baki.

[16:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er nauðsynlegt að ræða hluta af þessu tagi í rólegheitum þegar nægur tími er til stefnu. En ég get ekki látið því ómótmælt að málið sé einfaldlega svona vaxið eins og hæstv. sjútvrh. sagði. Ef gert væri ráð fyrir einhverjum meðafla mundu allir rjúka til og reyna að ná sem mestu út úr þeim potti. Hvers vegna ættu þeir að gera það? Í fyrsta lagi ef meðaflinn væri það lágt verðlagður og fénýttur í annarra þágu að það svaraði tæplega kostnaði fyrir útgerðina að taka þann afla. Ef eitthvað væri borgaði hún frekar með honum. Ég held að heppilegasta fyrirkomulagið væri gömul hugmynd, þ.e. að áhöfnin ætti frekar að hafa einhvern hagnað af því að taka þetta á land en útgerðin gæti tapað á því. Þá yrði þetta væntanlega þannig að sjómennirnir um borð sæju til þess að þetta kæmi að landi ef þetta kæmi upp á annað borð en útgerðarmaðurinn hvetti til þess að reynt væri að forðast þetta. Auðvitað tæki ekki að ganga á þennan pott fyrr en veiðiheimildir viðkomandi skips væru uppurnar eða því sem næst og þar með reyndi ekki á þetta fyrr en á síðari hluta fiskveiðiársins. Það væri engin ástæða til þess fyrir útgerðarmenn að keppa eftir því að ná úr pottinum sem slíkum vegna þess að það væri væntanlega ekki ætlunin að gera úr honum einhverjar varanlegar veiðiheimildir í framtíðinni. Það er ástæða þess að menn hafa rokið til og sækja núna af miklu kappi á línutvöföldun að þeir eru að gera sér vonir um að í fyllingu tímans myndi það varanleg réttindi. Menn eru væntanlega ekki svo heillum horfnir að láta meðaflapott nokkurn tíma gera það.

Ég held að heppilegast væri að tala ekki um neinn pott og binda sig jafnvel ekki við tiltekið magn heldur láta aðstæðurnar í lýðríkinu ráða því að hve miklu leyti einhver meðafli kæmi og hann yrði svo skráður og fyrir honum yrði reiknað og að hve miklu leyti ekki. Ég held að menn verði að hugsa þetta nokkuð vel og nálgast þetta frá réttum sjónarhóli ef menn eiga að fá einhvern botn í þetta. Kvótahugsunin gengur auðvitað ekki upp hvað þetta úrræði varðar sem mér fannst hæstv. sjútvrh. vera flæktur í og vera svolítið fljótur á sér að slá af hugmyndirnar, a.m.k. með þeim rökum sem hann notaði hér.

[16:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að þessi atriði séu rædd og yfirveguð í ró. Þetta er umræðuefni sem út af fyrir sig er ekki tilefni til orðahnippinga og því síður æsinga. Í röksemdafærslu hv. þm. kemur fram að þetta komi aðeins til undir lok veiðitímabilsins þegar hver og einn er búinn með kvóta sinn. Á hinn bóginn er alveg augljóst að kvótaskip í viðkomandi tegund eða kvótaminnstu skipin mundu þá byrja á því í upphafi fiskveiðiársins að taka þetta til sín og ég hygg að það mundi ekki skapa það réttlæti eða ná þeirri úrlausn sem við erum að leita að. Það er á ýmsar hliðar þessa máls að líta áður en við hröpum að niðurstöðu.

[16:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er ekkert af þessu einfalt og það eru engar töfralausnir til í þessu. Menn mega ekki alltaf umgangast umræður um þessi mál þannig að um leið og bent er á einhverja erfiðleika samfara breytingum á þessu kerfi sé það þar með slegið af. Það hafa menn gert of lengi og nánast rætt um aflamarkskerfið eins og það væri fullkomið. Það væri einfaldara að neita öllum göllum á því en horfast í augu við það og reyna að leysa það. Það er óskynsamlegt.

Í öðru lagi er mismunandi auðvelt fyrir útgerðirnar að skipuleggja útgerðarhætti sína með tilliti til þess að nýta veiðiheimildirnar yfir allt árið. Það er auðveldara hjá stórum útgerðum með mörg skip og blandaðan kvóta. Það er erfiðara hjá einyrkja í útgerð sem tekur kannski fiskkvóta á vetrarvertíðinni og stundar svo rækjuveiðar á sumrin. Hann hefur ekki sömu aðstöðu til þess að dreifa þessu yfir allt árið. Ef meðafla er hent svo nemur tugum þúsunda tonna á ári hverju á Íslandsmiðum svo að eitthvað sé nefnt er það engum til góðs að horfast ekki í augu við þá staðreynd, reikna með þeirri úrtöku úr auðlindinni og reyna að ná þeim verðmætum að landi. Aðalatriðið er að horfast í augu við það og ræða þá ekki um málin út frá þeirri staðreynd að ef ástandið er svona er það engum til góðs að reyna að takast á við það. Ég vona að það sé ekki vilji nokkurs manns að mæla úrkasti bót og ekki sé betra að meðaflinn kæmi þá að landi.

[16:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalatriðið er að við erum sammála um að koma í veg fyrir umframveiðina, koma í veg fyrir frákastið og frv., sem við erum að ræða, er viðurkenning á því að það er við alvarlegan vanda að glíma í því efni. En við ætlum okkur að koma í veg fyrir þennan vanda. Við ætlum okkur ekki að líða frákast, við ætlum okkur ekki að líða umframafla og ætlum okkur ekki að líða að það verði landað fram hjá vigt. Með öðrum orðum, við megum ekki tala um lausnir á þessum vanda sem fela í sér viðurkenningu á því að við veiðum umfram það sem skynsamlegt er.

[16:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan í sinni friðsemdarræðu að menn ættu að fjalla um þessi mál yfirvegað og í rósemd. Það er alveg rétt. Þetta mál er þess eðlis að það er nauðsynlegt. En til þess að það sé hægt þurfa að vera fyrir hendi þau rök sem hinar ýmsu frumvarpsgreinar byggja á. Ég hef í tveimur ræðum mínum fyrr í dag óskað eftir því að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir þeim rökum sem liggja að baki þeirri ákvörðun hans að leggja til að bátum, sem eru

undir 20 brúttótonnum, verði óheimilt að veiða með netum fjóra mánuði á ári. Ég hef sagt að ég sé út af fyrir sig reiðubúinn til þess að samþykkja þetta ef hæstv. ráðherra getur sýnt fram á að það sé nauðsynlegt vegna öryggissjónarmiða. Það kemur hins vegar fram í greinargerðinni að þetta er ekki af öryggisástæðum. Aðallega leggur hann þetta til vegna þess að viðkomandi bátar nýta afla sinn illa. Það er talið að þeir hendi meiru vegna þess að veður hamli að vitjað sé um net.

Ég vísa til þess, herra forseti, að hans eigin flokksmenn hafa komið í dag og dregið þetta í efa og þess vegna spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvar eru rökin annars vegar fyrir þeim öryggissjónarmiðum sem því miður er aðeins tæpt á í greinargerðinni og hins vegar fyrir þeim órökstuddu fullyrðingum sem kalla má orðsveim, jafnvel slúður sem getur að líta í greinargerðinni, þar sem sagt er fullum fetum að þessir bátar fari illa með sinn afla.

[16:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að allur sá vandi sem við erum að tala um varðandi þetta mál byggir á sögusögnum. Við höfum engar vísindalegar niðurstöður um þetta. Við byggjum þetta á frásögnum sjómannanna sjálfra, bæði að því er varðar þennan þátt flotans og eins að því er varðar stærri skipin.

Í skýrslu nefndarinnar sem leggur þetta til er vísað í tvennt, annars vegar að þegar minnstu bátarnir eigi í hlut geti verið um öryggissjónarmið að ræða og hins vegar þess álits að þarna var um talsvert mikinn vanda að ræða að því er netaveiðarnar varðar. Í verstu veðrum skildu menn net eftir í sjó og það kom slæmur afli að landi. Ég held að um það sé í sjálfu sér ekki deilt þó að vísindalegar niðurstöður liggi ekki fyrir. En jafnskarpur málflutningsmaður og hv. 15. þm. Reykv. er, og ég veit að hann vill njóta viðurkenningar sem slíkur, þá finnst mér að hann eigi að fylgjast betur með þróun umræðunnar en svo að hann endurtaki sig í sífellu vegna þess að ég hef í umfjöllun minni um þetta atriði tekið undir það sem hér hefur komið fram, þ.e. að á þessu hefur orðið veruleg breyting. Eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á er það fyrst og fremst vegna kvótakerfisins að þessi veiðiskapur er með allt öðrum hætti en áður var. Það er einmitt þess vegna sem ég hef tekið það fram að það eru rök fyrir því að nefndin við skoðun á þessari grein líti á aðstæður sem eru aðrar í dag en þær voru fyrir aðeins örfáum árum og vitnað er til í röksemdum nefndarinnar fyrir þessari tillögugerð. Og á þessi sjónarmið sem ég hef verið að lýsa finnst mér að hv. 15. þm. Reykv. ætti að hlusta í stað þess að vera í sífelldri þrákelkni með spurningar sínar. Ég veit að hann er metnaðarfullur og vill njóta viðurkenningar sem rökvís og skeleggur málflutningsmaður, sem hann vissulega er.

[16:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Má ég í tilefni þess lofgerðaróðs sem hæstv. sjútvrh. flutti um mig hér áðan, grípa til engilsaxnesku og segja: Flattery gets you nowhere.

Virðulegi forseti. Það er einn af kostum hæstv. sjútvrh. að hann á afskaplega erfitt með að fara vísvitandi með ósannindi. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan í sinni örstuttu ræðu sem var hin langmerkasta sem hann hefur flutt í dag, nokkra afar merka hluti. Hann sagði: Þetta var vandamál. Síðan benti hann mér á að hann hefði þróað skoðanir sínar við umræðurnar í dag í þá veru að hann er nú farinn að segja að það hafi dregið úr þessum vanda. Ég er sammála um hvort tveggja, en þá spyr ég, herra forseti: Ef þetta vandamál er miklu minna en áður og ef það heyrir bara fortíðinni til, hvers vegna er þá lagt til að þessum bátum verði bannaðar þessar veiðar? Þetta er í fyrsta skipti, herra forseti, sem ég beinlínis sé hæstv. sjútvrh. leggja lensu sinna eigin raka í eigið brjóst og það þarf nokkuð til þess.

[16:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að þótt hér sé um smáa báta að ræða, þá geta viðhorf verið mismunandi að því er varðar stærstu bátana í þessum flokki og hvað eigi að gera gagnvart hinum minni eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Vesturl. í hans umfjöllun. En eins og hv. 15. þm. Reykv. á að vita, er þetta frumvarp samið á grundvelli þeirra tillagna sem samstarfsnefndin lagði til í skýrslu sinni. Við freistuðum þess að viðhalda þeirri samstöðu með því að flytja frumvarpið eins og nefndin lagði til. Það er vissulega svo, ég hef ekkert dregið úr því hér, að hvað þetta atriði varðar hafa orðið verulegar breytingar til batnaðar og það er fullkomlega eðlilegt að hv. nefnd taki það til skoðunar.

[16:36]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna umræðu um 2. gr. vil ég taka fram að ég sé enga lausn í því að koma með sérstakan meðaflapott sem eigi að taka við þeim afla sem menn telja skemmdan eða ónýtanlegan. Ég tel að við eigum að halda okkur við það meginmarkmið að allur fiskur sem kemur inn fyrir borðstokkinn verði að koma að landi.

Í 2. gr. segir m.a., með leyfi forseta: „Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi." Ég held að þetta ákvæði sé svo vafasamt og einkennilegt inni í þessu frv. frá samstarfsnefndinni að það sé ekki hægt annað en ítreka það enn og aftur að með þessu er verið að opna fyrir það að menn hendi nánast öllu sem þeir telja sig ekki þurfa að nota, ef það hefur ekki einhvern tíma verið verðsett. Þá er spurning hvers konar verð það er. Það er bæði ný saga og gömul að menn hafa í gegnum árin reynt að nýta allan þann afla sem hefur komið um borð vegna þess að það er skylda að gera það. Með þeim hætti hafa menn getað nýtt sér aukategundir sem hafa reynst þjóðinni gagnlegar og skapað okkur auð sem við vissum ekki af áður. Ég tel að við eigum ekki að gefa því undir fótinn að menn megi henda öllu sem ekki hefur einhvern tíma áður verið komið í verð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (heildarlög). — Þskj. 390.

[16:38]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til skipulags- og byggingarlaga sem flutt er á þskj. 390 og er 251. mál þingsins. Frv. er unnið í umhvrn. í náinni samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og skipulagsstjóra ríkisins.

Frv. sama efnis var lagt fram á 118. löggjafarþingi til kynningar og er nú lagt fram á ný lítið breytt frá því sem þá

var. Við vinnu á frumvarpinu var einkum byggt á frumvörpum svipaðs efnis og lögð voru fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 og 115. löggjafarþingi 1991–1992 og þeim athugasemdum sem við þau voru gerð, en frumvarpið er þó um margt frábrugðið þeim.

Meðan frumvarpið var í vinnslu leitaði ráðuneytið sérstaklega umsagna um 40 valinna aðila, þar á meðal ráðuneyta, stofnana, hagsmunasamtaka og áhugamannasamtaka. Flestir skiluðu athugasemdum og sýndu málinu mikinn áhuga. Voru umsagnirnar teknar til gaumgæfilegrar meðferðar og hafa margar hverjar leitt til verulegra breytinga á frumvarpinu frá því að það birtist á 113. og 115. löggjafarþingi.

Gildandi skipulagslög eru að grunni til frá 1964 og byggingarlög frá 1978. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á lögunum frá þeim tíma í samræmi við breyttar aðstæður og áherslur er langt í frá að þau svari kalli tímans og mun ég gera grein fyrir því sérstaklega á eftir þegar ég fjalla um helstu breytingar og nýmæli sem fólgin eru í lagafrv.

Áður en ég vík að efnisþáttum frumvarpsins vil ég geta þess að í ákvæðum til bráðabirgða í lögunum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, kemur m.a. fram að þau lög skuli endurskoða jafnframt því sem fram fari endurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Það er hins vegar álit ráðuneytisins, sem og annarra sem komu að vinnu þessa frumvarps, að sú endurskoðun sé enn ekki tímabær.

(**Forseti** (RA)**:** Ég var að biðja hv. þingmenn að veita ekki hv. ræðumanni samkeppni.)

Þakka þér fyrir, hæstv. forseti. Ég var að ræða um þau atriði sem fram koma í ákvæðum til bráðabirgða um lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, að það ætti að taka þau til endurskoðunar og jafnframt fari fram endurskoðun á byggingar- og skipulagslögum. Það er hins vegar álit ráðuneytisins og annarra sem komu að vinnslu þessa frumvarps að sú endurskoðun sé enn ekki tímabær því lög um mat á umhverfisáhrifum tóku fyrst gildi 1. maí 1994 og er því tiltölulega lítil reynsla komin á framkvæmdina.

Ég lít svo á að æskilegt væri að taka lögin um mat á umhverfisráhrifum til endurskoðunar þegar fengin er lengri reynsla, t.d. þriggja ára reynsla, af framkvæmd þeirra. Verður þá að sjálfsögðu litið til þess að fella þau lög inn í skipulags- og byggingarlög. Það er skoðun ráðuneytisins sem og Skipulags ríkisins og byggingaryfirvalda sveitarfélaga, þ.e. sveitarstjórnanna í landinu, að nauðsynlegt sé að endurskoða skipulags- og byggingarlögin, m.a. til þess að einfalda meðferð mála á því sviði, ekki síst með það fyrir augum að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna í þessum málaflokkum.

Auk þess hafa komið fram ábendingar frá eftirlitsaðilum, þ.e. Félagi byggingarfulltrúa, um nauðsyn þess að fjalla á ítarlegri hátt um byggingareftirlitið en gert er í gildandi lögum og að byggingarfulltrúum verði auðvelduð störf að eftirliti og gerðar kröfur til þeirra, svo sem um starfsréttindi. Á fundum sem umhvrn. átti með sveitarfélögunum haustið 1994 komu fram óskir varðandi áðurnefnt á öllum fundunum en þeir voru 14 samtals í öllum landshlutum.

Eins og ráða má af því sem ég hef þegar sagt má telja að nokkuð góð samstaða ríki milli ráðuneytisins, Skipulags ríkisins og sveitarstjórnanna um framgang þessa máls sem og ýmissa annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta, svo sem Félags byggingarfulltrúa. Með frumvarpinu er lagt til að sameinuð verði í ein lög tvenn eldri lög, þ.e. annars vegar skipulagslögin frá 1964 og hins vegar byggingarlögin frá 1978, enda er um svo samtengd mál að ræða að ástæðulaust er að greina þau í sundur með þeim hætti sem gert er í dag.

Helstu nýmæli frumvarpsins felast í því að gerð er tillaga um einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og um aukið frumkvæði sveitarfélaga innan málaflokksins. Þannig er lagt til að tilgreind verði mismunandi stig skipulagsáætlana, þ.e. deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag. Þessi stigsmunur er ekki í gildandi lögum en hefur verið útfærður í reglugerð, að landsskipulagi undanteknu, en hlutverk landsskipulagsins er að stuðla að samræmdri landnýtingu og landnotkunaráætlun. Þannig er ætlunin að leggja áherslu á skipulagsáætlanir með hliðsjón af efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þörfum landsmanna með heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Enn fremur að taka beri tillit til nýtingar lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Með þessum hætti yrði hugtakið „sjálfbær þróun“ í fyrsta skipti sett í lög hér á landi, en skipulagsmál eru samkvæmt eðli sínu grundvallarþáttur umhverfisverndar og ráða einna mestu um hvernig þau mál skipast. Eitt aðalstef frumvarpsins byggist einmitt á því að þegar á skipulagsstigi verði hugað að umhverfismálum með það að leiðarljósi að í upphafi skuli endinn skoða.

Eitt meginverkefni laganna hlýtur og að vera að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þar sem réttur einstaklinga og svokallaðra lögaðila verði ekki fyrir borð borinn. Enn fremur að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og tryggja eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Lagt er til að frumkvæði skipulagsgerðar, þ.e. aðalskipulag, deiliskipulag og ábyrgð, verði flutt til sveitarfélaganna. Samkvæmt gildandi lögum er frumkvæði og ábyrgð hjá Skipulagsstjórn ríkisins. Þetta hefði m.a. í för með sér að ekki þyrfti að leita heimildar ríkisvaldsins til þess að auglýsa skipulagstillögur eins og nú háttar til. Þannig yrði frumkvæði og forræði við gerð skipulagsáætlana ótvírætt sett í hendur sveitarstjórna sem hlýtur að teljast í hæsta máta eðlilegt þar sem skipulagsáætlanir þjóna því hlutverki fyrst og fremst að vera tæki sveitarstjórna til þróunar og mótunar byggðar auk þess að tryggja með eftirliti að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma. Sveitarfélögin hafa í auknum mæli kallað eftir því að fá að taka yfir það frumkvæði, forræði og ábyrgð sem slíku fylgir.

Lagt er til að embætti skipulagsstjóra ríkisins sem og skipulagsstjórn ríkisins verði lögð niður og að við taki ný stofnun, Skipulagsstofnun, sem sjái um skipulags- og byggingarmál sem stjórnsýslustofnun. Hlutverk Skipulagsstofnunar er skýrt í 4. gr. frv. en það er m.a. fólgið í verkefnum sem skipulagsstjóri ríkisins sér um í dag að svo miklu leyti sem þau eru ekki færð til sveitarfélaganna. Auk þess er stofnuninni fengin ný verkefni, svo sem rannsóknir á sviði skipulags- og byggingarmála. Skipulagsstofnun er ætlað að aðstoða sveitarfélögin sérstaklega við gerð skipulagsáætlana og láta enn fremur í té umsagnir, svo sem um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála. Hlutverk stofnunarinnar yrði því fyrst og fremst eftirlit með framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og að sjálfsögðu einnig framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum, eins og áður segir, ráðgjöf til sveitarstjórna og ríkisvaldsins, umsagnir um tillögugerð og

rannsóknir og útgáfa upplýsinga, eins og nánar er lýst í 4. gr. frumvarpsins. Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar og skal hann skipaður til fimm ára í senn. Hann ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra en ekki er gert ráð fyrir stjórn yfir stofnuninni.

Í frumvarpinu er að finna það nýmæli í 8. gr. að ráðherra skal skipa til fjögurra ára í senn þriggja manna úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem ætlað er að kveða upp úrskurð í ágreiningsmálum samkvæmt lögunum. Er nefndinni ætlað að taka yfir úrskurðarvald ráðherra í þessum málum og yrðu úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi sem yrðu aðeins undir dómstóla bornir. Slíkar úrskurðarnefndir eiga sér ýmis fordæmi í stjórnsýslunni. Í fyllsta máta er eðlilegt að úrskurðarvaldið verði fengið sérstakri nefnd í hendur en ekki líður sú vika í umhvrn. að þar komi ekki úrskurðarmál samkvæmt skipulags- og/eða byggingarlögum. Rétt er að geta þess að hér er eingöngu verið að leggja til að úrskurðir á sviði skipulags- og byggingarmála verði færðir undir sérstaka úrskurðarnefnd þannig að stjórnsýslukærur vegna annarra málaflokka yrðu að sjálfsögðu verkefni umhvrh. í samræmi við stjórnsýslulög, nr. 37/1993. Auk þess yrðu áfram í höndum umhvrh. úrskurðir í málum vegna mats á umhverfisáhrifum enda í þeim tilvikum oftar um svokallað huglægt mat að ræða en samkvæmt byggingar- og skipulagslögum sem miklu fremur byggja á lögfræðilegum úrlausnum.

Gert er ráð fyrir því eins og í gildandi lögum að í hverju sveitarfélagi starfi byggingarnefnd kjörin af sveitarstjórn. Jafnframt að sveitarstjórn geti ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skuli einnig starfa sérstök skipulagsnefnd. Í gildandi skipulagslögum eru engin ákvæði um störf skipulagsnefnda og styðjast þær sem slíkar því við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga og hafa í sjálfu sér ekkert annað hlutverk samkvæmt gildandi skipulagi en að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar. Hér er lagt til að skipulagsnefndir verði lögboðnar en að heimilt sé að sameina byggingar- og skipulagsnefndir kjósi sveitarfélögin slíkt. Til að taka af allan vafa er lagt til að formenn skipulags- og byggingarnefnda skuli vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn en krafa um slíkt var gerð í byggingarreglugerð en skorti lagagrundvöll og var því felld úr gildi vegna mótmæla frá sveitarfélagi.

Það nýmæli er að finna varðandi byggingareftirlitssvæðin, sem eru í dag sveitarstjórnarsvæðin, að sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa skuli mynda sameiginlega byggingarnefnd með nágrannasveitarfélagi eða nágrannasveitarfélögum, svokallaða svæðisbyggingarnefnd, og sameinast um ráðningu byggingarfulltrúa. Er þetta gert til þess að meiri möguleikar gefist á því að ráða byggingarfulltrúa í fullt starf þannig að hægt verði að gera frekari kröfur til þeirra. Gert er ráð fyrir því að sérstakur samningur verði gerður milli sveitarfélaganna þegar svo háttar til sem umhvrh. staðfestir. Félag byggingarfulltrúa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að sett verði ákvæði sem þetta og Skipulag ríkisins tekið undir þau sjónarmið félagsins. Auk þess er leitast við að tryggja að byggingarfulltrúar hafi næga menntun og starfsreynslu og verður þeim gert skylt að hafa starfsleyfi umhvrh., t.d. með sama hætti og heilbrigðisfulltrúar þurfa vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlitsins, og yrði ekki hægt að ráða aðra til byggingarfulltrúastarfa en þá sem slíkt leyfi hafa.

Einnig má nefna að skilgreind er betur en í gildandi lögum hvað átt er við með hönnunargögnum bygginga og ríkari áhersla lögð á faglegar kröfur til áætlanagerðar og hönnunar á þessu sviði.

Lagðar eru til breytingar á skipulagsgjaldi þannig að það leggist einnig á mannvirki sem ekki eru metin til brunabóta eins og nú háttar til og að í slíkum tilvikum skuli miðað við endurstofnverð mannvirkis. Þannig er ætlunin að skipulagsgjöld verði innheimt af öllum mannvirkjum og skiptir ekki máli hvort um er að ræða mannvirki sem metið er til brunabóta eða ekki. Samkvæmt frumvarpinu er allt landið skipulagsskylt og verður skipulagsgjaldið innheimt í samræmi við það.

Varðandi þvingunarúrræði laganna vil ég geta þess að þau eru að mestu samhljóða gildandi lögum. Þó er sú breyting gerð að þar sem byggingarfulltrúi stöðvar framkvæmdir skal hann leita staðfestingar byggingarnefndar um stöðvun svo fljótt sem við verður komið. Enn fremur er lagt til það nýmæli að skipulagsstjóri getur hlutast til um að mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna og reist hafa verið án samþykkis sveitastjórna verði fjarlægð á kostnað sveitarfélagsins ef sveitastjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verk innan sex mánaða frá því henni var kunnugt um málið. Hér er um öryggisákvæði að ræða til þess að ýta á eftir því að sveitarstjórnin sinni þeirri skyldu að láta fjarlægja mannvirki sem reist hafa verið án leyfis.

Enn fremur eru það nýmæli að ef brunaöryggi er ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skuli byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun þar til úr hefur verið bætt. Nánar er fjallað um þetta í 59. gr. frumvarpsins. Þá vil ég geta þess að í 63. gr. er að finna nýmæli í tengslum við refsimál og er því aðeins reiknað með að refsimál skuli höfðað að áður hafi reynt á þvingunarúrræði 59.–62. gr. Með þessu ætti ekki að koma til afskipta ákæruvaldsins fyrr en reynt hefur á þvingunarúrræðin.

Í 26. gr. er fjallað um svæðisskipulag miðhálendisins en það hefur mikið verið til umræðu að undanförnu. Samkvæmt frumvarpinu er landið allt skipulagsskylt en ekki einungis sveitarfélögin eins og nú er. Miðhálendi Íslands fellur hér undir og er starfandi sérstök samvinnunefnd á vegum umhvrn. sem vinnur að skipulagningu þess í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í gildandi skipulagslögum, samanber breytingu nr. 73/1993. Gert er ráð fyrir að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis sem nú starfar af fullum krafti ljúki störfum með tillögu að svæðisskipulagi á árinu 1997. Hér er um veigamikið mál að ræða sem lengi hefur verið þrætuepli svo sem um stjórnsýslumörk, svo ekki sé talað um eignarréttinn, en hvorugur þessara þátta er viðfangsefni skipulags- eða byggingarlaga. Þó er ljóst að eigi samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins að geta skilað tillögum þarf hún að geta tekið mið af tilteknum stjórnsýslumörkum sveitarfélaga og hefur nefndin óskað aðstoðar umhvrn. þar að lútandi. Ráðuneytið hefur leitað eftir aðstoð félmrn. og dómsmrn. til þess að aðstoða nefndina við þetta viðfangsefni.

Eins og gildandi lög gera ráð fyrir verður áfram óheimilt með örfáum undantekningum að reisa, rífa eða breyta húsi eða öðrum mannvirkjum án sérstaks byggingarleyfis sem byggingarnefndir veita. Til að framkvæma í samræmi við byggingarleyfi þarf hins vegar sérstakt framkvæmdaleyfi og er það nýjung. Því er ætlað að tryggja að fullnægjandi burðarþolskerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir, bygg-

ingarstjóri og iðnmeistari hafi verið ráðnir til verksins og þeir undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum. Mjög mikilvægt er að leggja áherslu á sjálft framkvæmdaleyfið sem í sjálfu sér segir ekkert annað en að þannig sé að málum staðið að óhætt sé að ráðast í framkvæmdina.

Ég hef hér á undan farið yfir helstu breytingarnar og nýmælin sem fram koma í frumvarpinu þótt af meiru sé vissulega að taka.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frumvarp en ítreka að hliðstæð frumvörp hafa verið flutt á 113. og 115. löggjafarþingum og vísa ég til umfjöllunar um þau á þeim tíma auk þess sem á 118. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til kynningar sem er að verulegu leyti samhljóða því frumvarpi sem hér er lagt fyrir. Ég legg enn fremur áherslu á þá samstöðu sem ég tel að ríki um framgang málsins hjá skipulagsyfirvöldum, þ.e. umhverfisráðuneyti, Skipulagi ríkisins, sveitarfélögum og Félagi byggingarfulltrúa. Ég legg því á það áherslu að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi með gildistöku frá og með 1. janúar nk.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Spilliefnagjald, 1. umr.

Stjfrv., 252. mál. — Þskj. 392.

[16:55]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. til laga um spilliefnagjald sem flutt er á þskj. 392 og er 252. mál þingsins.

Frv. til laga um spilliefnagjald, þ.e. sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum, er samið í umhvrn. Það var fyrst lagt fram á 117. löggjafarþingi til kynningar en hlaut ekki afgreiðslu þá. Hér er þetta frv. endurflutt í nokkuð breyttri mynd. Við undirbúninginn að gerð frv. var m.a. haft samráð við Samtök iðnaðarins, Vinnuveitendasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, fjmrn., Hollustuvernd ríkisins og þá aðila sem sjá um meðhöndlun spilliefna hér á landi.

Frv. þetta var unnið í nánu samráði við atvinnulífið og óskir þess. Mér finnst vert að geta þess hvað það samstarf hefur verið markvisst og í raun ánægjulegt. Ég lít svo á að breið samstaða sé um frv. þetta eins og það birtist hér.

Verði frumvarpið að lögum mun það færa mjög mikla ábyrgð til atvinnulífsins sem hefur mikilla hagsmuna að gæta að verkefni það sem frumvarpið fjallar um verði leyst vel af hendi og á sem hagkvæmastan hátt.

Spilliefni er hvers kyns sérstakur úrgangur, hættulegur úrgangur sem inniheldur tiltekin efni, eða er mengaður af þeim á þann hátt og í slíku magni eða af slíkum styrkleika að það geti stofnað eða stofni heilsu manna eða umhverfi í hættu. Hér má til að mynda nefna ýmsan olíuúrgang, lífrænan leysiefnaúrgang og annan lífrænan efnaúrgang, úrgang sem inniheldur þungmálma og þrávirk efni, skordýraeitur og rotvarnarefni, efnaúrgang frá rannsóknastofnunum og útrunnin lyf.

Hætta sem stafar af spilliefnum er margvísleg og alvarleg. Þessi efni geta við ranga meðhöndlun komist út í umhverfið svo sem í vatn og sjó og þannig átt greiðan aðgang í fæðukeðjuna. Mörg þeirra eru þannig að þau safnast auðveldlega upp í náttúrunni. Mjög brýnt er að taka á þessum vanda og gera þeim aðilum sem eiga að sinna þessu verkefni mögulegt að gera það. Fullyrða má að spilliefnin séu einn alvarlegasti mengunarvaldur hér á landi, ekki síst olíuúrgangur sem er langsamlega stærsti þátturinn.

Það er rétt í þessu sambandi að gera lítillega grein fyrir framkvæmd sorphirðu hér á landi. Skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, eru sorphreinsun og sorpeyðing verkefni sveitarfélaga. Skylt er að halda einstökum spilliefnum aðgreindum frá öðrum úrgangi. Í stórum dráttum hefur framkvæmdin hvað spilliefni varðar verið með þeim hætti að sorpmóttökustöðvar einstakra sveitarfélaga hafa tekið á móti þeim og séð um meðhöndlun þeirra eða flutning til þeirra aðila sem hafa fullnægjandi aðstöðu til þess að taka á móti þeim. Vegna þeirrar mengunarhættu sem stafað getur af spilliefnum er meðhöndlun þeirra að jafnaði flókin og kostnaðarsöm. Kostnaðurinn er ýmist greiddur úr sjóðum einstakra sveitarfélaga eða sveitarfélög hafa farið þá leið að leggja á almennt sorphirðugjald eða innheimt gjöldin með sérstökum gjaldskrám sem einstök fyrirtæki hafa þurft að greiða eftir þegar efnunum er skilað. Þetta fyrirkomulag hefur því miður haft í för með sér að einungis litlum hluta spilliefna er skilað til móttökustöðva.

Hér á landi liggja fyrir upplýsingar um magn spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðva allt frá árinu 1990. Hins vegar eru ekki til nákvæmar upplýsingar um það magn spilliefna sem fellur til hér ár ár hvert. Árið 1991 lagði danskt ráðgjafarfyrirtæki mat á magn spilliefna hér á landi. Með hliðsjón af niðurstöðum danska fyrirtækisins, mati Hollustuverndar ríkisins og umhvrn. er miðað við að til falli um 4.500 tonn af spilliefnum frá atvinnurekstri og heimilum í landinu árlega. Verði frv. að lögum er þeim ekki ætlað að taka á uppsöfnuðum vanda. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður vandi sé ekki verulegur ef frá eru taldir ónýtir rafgeymar. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að hér á landi séu um 3.000 til 4.000 tonn af ónýtum rafgeymum. Brýnt er að leysa þessi mál með samkomulagi þeirra aðila er málið varðar áður en frumvarpið verður að lögum eða einstakir þættir laganna koma til framkvæmda. Vinnuveitendasamband Íslands hefur þegar nefnt þetta atriði við umhvrn.

Spilliefnum hefur verið skilað til móttökustöðva að undanförnu en mikill hluti hefur því miður farið á hauga eða í fráveitur. Stefnt er að því með frv. að koma eins og hægt er í veg fyrir mengun af völdum spilliefna. Ófullnægjandi meðferð og eyðing spilliefna skapar hættu, m.a. fyrir matvælaframleiðslu. Verði frv. þetta að lögum er verið að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, endurnýtingu og förgun spilliefna og leggja þannig grunn að skipulagðri söfnun spilliefna fyrir landið allt.

Meðal helstu markmiða ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er að stefna að aukinni endurnýtingu og bættri förgun úrgangs og beita til þess umhverfisgjöldum í ríkari mæli. Í frv. er leitast við að útfæra svokallaða mengunarbótareglu á þann hátt að hún hvetji til betri söfnunar og meðferðar spilliefna. Í mengunarbótareglunni felst að þeir sem menga

umhverfið eða spilla því greiði kostnað af aðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Það fyrirkomulag sem er í dag, þ.e. að greiða fyrir móttöku og förgun spilliefnanna þegar komið er með efnin til förgunar, er letjandi þótt það byggist einnig á mengunarbótareglunni. Markmið frv. er að koma í veg fyrir umhverfismengun af völdum spilliefnanna með því móti að einstaklingar og lögaðilar skili spilliefnunum til viðurkenndra móttökustöðva.

Leiðin sem valin er í frv. á að tryggja að á hverjum tíma sé fyrir hendi fé til að standast straum af kostnaði við venjulega meðhöndlun, eyðingu og flutning spilliefnanna til móttöku- eða eyðingarstöðvanna. Stefnt er að því að einstaklingar og lögaðilar sem skila spilliefnum til móttökustöðva þurfi að jafnaði ekki að greiða fyrir þjónustuna enda hafi sérstakt gjald verið lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Í frv. er valin sú leið að leggja á sérstakt spilliefnagjald er standi undir kostnaði við söfnun, meðhöndlun og eyðingu eða endurvinnslu eða endurnýtingu spilliefna að því marki sem nánar er kveðið á um þar. Í samráði við Samtök iðnaðarins og Vinnuveitendasamband Íslands er lagt til að gjaldinu verði skipt í flokka og að sem flestir þættir sem tengjast verkefninu verði boðnir út til að ná fram ýtrustu hagkvæmni. Gert er ráð fyrir að uppgjör fari fram samanber tollflokka eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og að gjald verði lagt á einstaka tollflokka og síðan leiðrétt samkvæmt uppgjöri. Þannig er leitast við að miða gjaldið við raunverulegan kostnað við eyðingu eða endurnýtingu einstakra efna eða efnaflokka.

Verði frv. að lögum mun söfnun spilliefna aukast umtalsvert. Bætt skil til móttökustöðva munu stuðla að frekari umhverfisvernd og tryggja örugga meðhöndlun þessara efna. Til þess að hægt sé að koma á skipulegri söfnun spilliefnanna þarf að tryggja nægjanlegt fjármagn til að standa undir þeim kostnaði sem fylgir endurnýtingu eða eyðingu þeirra. Frv. sem hér er lagt fram er ætlað að stuðla að því. Þegar kostnaður við endurnýtingu og eyðingu spilliefna er metinn verður m. a. að taka mið af kostnaði við eftirfarandi rekstrarþætti þ.e. flutning, meðferð, flokkun og pökkun. Hingað til hafa spilliefni, sem eytt hefur verið eða endurnýtt með viðunandi hætti, að mestu leyti verið flutt til útlanda til eyðingar. Hluta þeirra hefur þó verið eytt hér en möguleikum til að eyða spilliefnum innan lands hefur fjölgað.

Kostnaður við meðhöndlun og eyðingu spilliefna fer eftir tegundum. Efnin eru sett saman á ólíkan hátt og misjafnlega flókið að eyða þeim. Þetta hefur í för með sér að eyðingarkostnaður er ekki alltaf sá sami. Enn fremur er misjafnt hversu hátt hlutfall af tiltekinni vöru verður að spilliefnum eins og fyrr hefur verið rakið.

Við vinnslu frv. var reynt að meta hve hátt gjald, sem greiða þarf við innflutning, þarf að vera fyrir einstaka vöruflokka. Í fyrsta kafla frv. er fjallað um markmið og gildissvið og vörur sem geta orðið að spilliefnum skilgreindar. Til þess að standa straum af kostnaði við söfnun, meðhöndlun og endurnýtingu eða eyðingu spilliefna er kveðið á um að heimilt sé að leggja sérstakt gjald, spilliefnagjald, á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Skylda til að greiða spilliefnagjald hvílir á öllum þeim sem flytja til landsins slíkar vörur hvort sem þær eru til eigin nota eða endursölu og öllum innlendum aðilum sem framleiða þessar vörur.

Ákvæði er í frv. um að ráðherra skipi spilliefnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti sex menn, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Samtökum iðnaðarins, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Kveðið er á um að spilliefnanefnd skuli gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefnanna. Nefndin skal hafa náið samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila um skilgreiningu markmiða hvað einstök viðfangsefni varðar og um val á aðferðum til að ná settum markmiðum.

Í II. kafla frv. er fjallað um spilliefnagjald. Gjaldið skal standa undir óhjákvæmilegum kostnaði af söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefnanna og lýtur stjórn spilliefnanefndar. Gjaldinu skal skipt í flokka og skal hver flokkur vera fjárhagslega sjálfstæður. Að fengnum tillögum spilliefnanefndarinnar skal umhvrh. kveða nánar á um skiptinguna í reglugerð. Gjaldinu skal varið til greiðslu kostnaðar vegna móttöku spilliefnanna, meðhöndlunar, flutnings frá söfnunarstöðvum, til eyðingarstöðva og eyðingar enda hafi verið greitt sérstakt gjald af viðkomandi vöru. Jafnframt skal því varið til greiðslu kostnaðar við framkvæmd laga þessara. Spilliefnanefnd skal semja við þar til bæran aðila um vörslu og ávöxtun gjaldsins.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum spilliefnanefndar skal kveða á um hlutverk nefndarinnar, starfshætti og úthlutunarreglur. Ákvæði er um að spilliefnanefnd skuli að jafnaði bjóða út söfnun, meðhöndlun og eyðingu einstakra spilliefnaflokka til allt að fimm ára í senn. Á grundvelli útboðs skal nefndin semja um endurgjald vegna móttöku, söfnunar, flutnings og eyðingar og meðhöndlunar á spilliefnunum. Skal þetta gert fyrir landið allt eða einstök landsvæði eða vegna framkvæmda einstakra verkþátta eftir því sem henta þykir. Við gerð áætlana og samninga samkvæmt framanskráðu skal við það miðað að ná sem mestum árangri með sem minnstum tilkostnaði. Þar sem útboð tekst ekki skal spilliefnanefnd gera tillögur um upphæð gjalda.

Í III. kafla frv. er kveðið á um hvaða vörur eru gjaldskyldar og hvert er hámarksgjaldið sem heimilt er að leggja á samanber 6. gr. frv. Gjaldskylda nær til allra vara sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar hér á landi. Spilliefnagjald skal lagt á olíuvörur, þ.e. svartolíu og aðra olíu en brennsluolíu, lífræn leysiefni, halógeneruð efnasambönd, ósoneyðandi efni og ísósyanöt, málningu og litarefni, rafhlöður og rafgeyma, framköllunarvökva og svokallaða fixera, sem eru kallaðir festar á íslensku, og ýmsar aðrar efnavörur.

Ráðherra skal, að fenginni tillögu spilliefnanefndar, ákveða með reglugerð upphæð gjaldsins á vörur í vöruflokkum skv. 2. mgr. Nefndin skal miða tillögur sínar við áætlun um söfnun, endurnýtingu og eyðingu viðkomandi spilliefna á grundvelli útboða og verksamninga, svo og að tekjur og gjöld í hverjum flokki, sbr. 1. mgr., standist á. Að fengnum tillögum spilliefnanefndar er ráðherra heimilt í reglugerð að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu.

Kveðið er á um í 8. gr. frv. að fyrir spilliefni, sem verða til hjá einstaklingum og lögaðilum og ekki eru til komin vegna notkunar á vörum sem getið er í 6. gr., skal greiða gjald til móttökustöðva í samræmi við þann kostnað sem af eyðingunni hlýst. Hér má t.d. nefna ryk frá hreinsibúnaði iðnfyrirtækja og eiturefni sem hreinsuð hafa verið úr hráefnum. Það er mikilvægt að ná utan um þessi efni á þennan hátt þar sem þessi spilliefni eru ekki úrgangur í tengslum

við tiltekna vöru sem flutt er inn eða framleidd hér á landi. Atvinnurekstur sem telst geta haft í för með sér mengun er háður starfsleyfi samkvæmt mengunarvarnareglugerð og þar er kveðið á um hvernig fylgjast skuli með meðferð spilliefnanna.

Í IV. kafla frv. eru ýmis ákvæði. Kveðið er á um að ráðherra skuli, að fengnum tillögum spilliefnanefndar, ákveða í reglugerð með hvaða hætti spilliefnum skuli skilað til móttökustöðva, svo og um fyrirkomulag útboða skv. 5. gr. Í reglugerðinni skal birta skrá yfir vörur sem geta orðið að spilliefnum, tollskrárnúmer þeirra og heiti, sbr. 6. gr. Uppfylli umbúnaður og samsetning spilliefna ekki settar reglur er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum spilliefnanefndar, að ákveða með gjaldskrá sérstakt gjald í móttökustöðvum fyrir meðhöndlun eða undirbúning spilliefna fyrir endurnýtingu eða eyðingu þeirra.

Jafnframt er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum spilliefnanefndar, að kveða á um greiðslur til aðila ef umbúnaður eða úrvinnsla spilliefna sem þeir skila er með þeim hætti að það spari kostnað á síðari stigum.

Gert er ráð fyrir að verði frv. að lögum að þau öðlist þá þegar gildi. Í ákvæði til bráðabirgða er þó kveðið á um að innheimta gjalda skuli eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1996 og ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar eigi fyrr en 1. des. 1996.

Heimilt er einnig samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða að fresta álagningu gjalda samkvæmt einstökum töluliðum 6. gr. eftir því sem spilliefnanefnd leggur til. Stefnt skal að því að álagningu gjalda verði komið á í áföngum og að fullu í síðasta lagi árið 2000. Spilliefnanefnd skal fyrir 15. júní 1996 skila tillögum að áætlun um framkvæmd álagningar á einstaka vöruflokka til umhverfisráðherra.

Hæstv. forseti. Vegna þessara dagsetninga sem ég hef hér talið upp og koma fram í frv. er auðvitað rétt að geta þess að gert var ráð fyrir því að mæla fyrir frv. þessu fyrir áramót og það tækist að hefja vinnu við það og vonandi afgreiðslu þess frá þinginu fyrr en nú stefnir í. Ég vona samt að það takist að ljúka frumvarpsvinnunni í nefndinni á þessu þingi og að það verði að lögum en auðvitað gæti þurft að breyta einhverjum af þessum ákvæðum um gildistöku með tilliti til þess hvenær þingið samþykkir frv.

Lagt er til í ákvæði til bráðabirgða að 6. gr. taki gildi áður en kemur til greiðslu kostnaðar við meðhöndlun og förgun spilliefna en með því móti er reynt að tryggja að þegar lögin koma að fullu til framkvæmda verði fyrir hendi fé til að standa straum af þeim kostnaði sem framkvæmdinni fylgir. Þetta er einnig eðlilegt í ljósi þess að einhver tími líður að jafnaði frá því að vörur eru fluttar til landsins þar til þær verða að spilliefnum. Þá er nauðsynlegt að einhver tími líði frá gildistöku laganna þar til innheimta gjalda getur hafist þar sem áður þarf að fara fram útboð á þjónustu sem ákvarða mun upphæð gjaldanna sem ákveðin verða með reglugerð. Þar sem óvissuþættir vegna kostnaðar við meðhöndlun og eyðingu spilliefnanna eru nokkrir þykir einnig rétt að lögin komi til framkvæmda í áföngum.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið ítarlegri framsögu um þetta frv. til laga um spilliefnagjald en hér er um að ræða nýmæli sem vert er að gera ítarlega grein fyrir. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:14.

---

80. FUNDUR

miðvikudaginn 31. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Endurskoðun á kosningalöggjöfinni, fsp. SF, 103. mál, þskj. 108. — Frh. umr.

Til samgönguráðherra:

2. Varnir gegn landbroti, fsp. HjÁ o.fl., 212. mál, þskj. 273.

3. Upptökumannvirki til skipaviðgerða, fsp. ÓÖH, 223. mál, þskj. 303.

4. Ferjuflug um Keflavíkurflugvöll, fsp. HjÁ og DSigf, 244. mál, þskj. 330.

Til viðskiptaráðherra:

5. Kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi, fsp. SJS, 236. mál, þskj. 318.

Til menntamálaráðherra:

6. Ofbeldisefni í fjölmiðlum, fsp. SJS, 235. mál, þskj. 317.

Til fjármálaráðherra:

7. Skattareglur gagnvart listamönnum, fsp. ÁE, 239. mál, þskj. 321.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, 270. mál, þáltill. SighB o.fl., þskj. 504.

Beiðnir um fjárnám hjá ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga, 275. mál, fsp. JóhS, þskj. 511.

Embætti umboðsmanns jafnréttismála, 279. mál, fsp. KÁ, þskj. 515.

Framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 278. mál, fsp. KÁ, þskj. 514.

Framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli í kjölfar hættumats, 229. mál, svar samgrh., þskj. 505.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 213. mál, svar menntmrh., þskj. 509.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, 280. mál, þáltill. KÁ og GGuðbj, þskj. 516.

Silfursjóðurinn frá Miðhúsum, 250. mál, svar menntmrh., þskj. 503.

Sjóvarnir, 281. mál, frv. StB o.fl., þskj. 517.

Skattlagning skulda einstaklinga, 277. mál, fsp. JóhS, þskj. 513.

Vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir, 276. mál, fsp. JóhS, þskj. 512.

Virðisaukaskattur, 272. mál, frv. JóhS og ÁE, þskj. 507.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 241. mál, þskj. 464.

Endurskoðun á kosningalöggjöfinni, frh. umr.

Fsp. SF, 103. mál. — Þskj. 108.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. forsrh. er eftirfarandi:

Hvað líður framkvæmd á því ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem segir markmið hennar vera „að endurskoða eigi kosningalöggjöfina með það fyrir augum að hún verði einfaldari og tryggi jafnara vægi atkvæða milli kjördæma"?

Stjórnmálaflokkar eru sammála um nauðsyn þess að breyta kosningalöggjöfinni eins og allir muna síðan í síðustu kosningabaráttu. Meðal ungs fólks í stjórnmálaflokkunum er einnig breið pólitísk samstaða um þá kröfu að kosningalöggjöfin verði endurskoðuð. Nýleg sameiginleg ályktun allra stjórnmálahreyfinga ungs fólks er mjög athyglisverð en þar segir, með leyfi forseta:

„Núverandi misvægi atkvæða er óþolandi brot á grundvallarmannréttindum. Kosningalög eru hornsteinn lýðræðis í hverju landi og þar eiga allir sitja við sama borð. Ekki má þó horfa fram hjá þeirri staðreynd að landsmönnum er mismunað eftir búsetu innan stjórnkerfisins. Það ber að taka á því en þessi mismunun verður aldrei leiðrétt með misjöfnu vægi atkvæða. Krafa okkar er að kosningalög tryggi mannréttindi og lýðræði en ekki hagsmuni stjórnmálaflokka eða stjórnmálamanna eins og nú er."

Svona sterkt hefur ungt fólk í stjórnmálaflokkunum tekið til orða sameiginlega. Að mínu mati er kosningalöggjöfin grundvöllur að öllum meiri háttar ákvarðanatökum í þjóðfélaginu. Það er því mjög brýnt að meingallað kosningalöggjafarkerfi okkar verði endurskoðað hið allra fyrsta. Ástæður þess eru aðallega þær að núverandi misvægi atkvæða er algerlega ólíðandi. Til að mynda náði þingmaður kjöri við síðustu kosningar á 648 atkvæðum en ekki frambjóðandi með 3.248 atkvæði á bak við sig. Einnig er löggjöfin svo flókin að kjósandi hefur í raun ekki hugmynd um hver hagnast á atkvæði hans í hvert sinn. Kjósandi kýs ákveðið framboð í kjördæmi sínu en vegna flókinna reiknireglna er ekki tryggt að það atkvæði nýtist í kjördæmi kjósandans heldur getur það nýst framboði í allt öðru kjördæmi, jafnvel frambjóðanda sem kjósandinn er andsnúinn.

Ástæða þess að fyrirspurnin er lögð fram og þannig ýtt við ríkisstjórnarflokkunum, Sjálfstfl. og Framsfl., mínum eigin flokki, er sú reynsla sem við höfum á síðasta kjörtímabili. Þá var svipað ákveðið í hvítbók þáv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. En hver varð árangurinn? Nánast enginn. Menn sváfu værum svefni þar til í desember 1994 eða rétt fyrir kosningar. Þá fyrst var sest niður og árangurinn varð eiginlega enginn og tímaskorti að sjálfsögðu um kennt. Þessi ferill má alls ekki endurtaka sig nú. Það er mjög brýnt að þessi vinna hefjist sem fyrst. Okkur veitir ekki af tímanum af því að flokkarnir eru með skiptar skoðanir, bæði á milli flokka og líka innan flokka. Við framsóknarmenn, t.d. sú sem hér stendur og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og hæstv. ráðherra Finnur Ingólfsson, höfum komið fram með hugmyndir um að gera landið að einu kjördæmi. Aðrir hafa ýmsar aðrar hugmyndir eins og okkar ágæti og hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, um að kjósa helminginn af þingmönnum á landslista og hina úr kjördæmum. Meðan skoðanir eru svo skiptar er brýnt að hefjast handa sem fyrst og því spyr ég:

Hvenær á að hefjast handa? Hvernig á að vinna málið? Á að undirbúa þetta mál í nefnd og hvernig á þá að skipa hana?

[13:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta mál er mikilvægt og af þeim ástæðum er sérstaklega að því vikið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem er að öðru leyti knappur, og ég hygg að það sé fullur vilji innan stjórnarflokkanna og reyndar í þinginu öllu að taka á því máli.

Hv. fyrirspyrjandi ræddi allmarga þá annmarka sem eru á núverandi reiknireglum kosningalaga, hversu flókið það er og hversu óaðgengilegt það er almenningi sem er alveg hárrétt hjá hv. þm. Það hlýtur að vera ein af forsendum í lýðræðisríki að slík grundvallarlög séu þess eðlis að menn fái skilið þau án sérstakrar sérþekkingar.

Hv. þm. nefndi einnig að það var sett á laggirnar nefnd í lok síðasta kjörtímabils eða haustið 1994. Þó að sú nefnd hefði ekki rúman tíma hélt hún engu að síður 16 fundi um málið og þar fór fram heilmikil grundvallarvinna. Í nefndinni var m.a. fjallað um nokkur mjög mikilvæg atriði eins og þau að einfalda reiknireglur kosningalaganna, gera þær skýrari, um að breyta kjördæmamörkum. Það kom fram hugmynd um að fækka kjördæmum og stækka þau, einnig þær hugmyndir sem hv. þm. nefndi að gera landið að einu kjördæmi eða fjölga kjördæmum og minnka þau. Ýmsar breytingar á kjördæmamörkum voru viðraðar. Rætt var um að breyta fjölda þingsæta. Fram komu hugmyndir um að fækka þingsætum og einnig um að fjölga þeim. Þá var rætt um að breyta úthlutun jöfnunarsæta þannig að úthlutun þeirra væri ekki bundin kjördæmum en með því móti mundu fleiri jöfnunarsæti færast til höfuðborgarsvæðisins og þéttbýlisins hér. Þá var rætt um að setja hámark á misvægi atkvæða milli kjördæma þannig að ef misvægið fer yfir ákveðin mörk komi sjálfkrafa til leiðréttting. Þá var rætt um að auka valfrelsi kjósenda þannig að persónukjör geti að einhverju leyti farið fram á kjördegi.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að vegna þess skamma tíma sem var um að ræða voru ekki gerðar í raun aðrar breytingar að því sinni en að flytja flakkarann svokallaða á höfuðborgarsvæðið. Það var nokkur breyting þó að hún hafi ekki verið veigamikil. En það er kannski meginatriðið í sambandi við það sem hv. þm. spurði um að í greinargerðum um störf nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Það er sameiginleg niðurstaða nefndarmanna að halda beri starfinu áfram og vinna að stjórnarskrárbreytingum að því er varðar kosningaskipan á næsta kjörtímabili þannig að þau atriði sem rætt hefur verið um innan nefndarinnar verði áfram til skoðunar."

Ég lít þannig á að þessi nefnd sé enn til. Segja má að eðlilegt væri að huga að skipan hennar og skipun. Núverandi stjórnarflokkarnir munu hafa fjóra nefndarmenn í nefndinni meðan stjórnarandstaðan hefði helmingi fleiri. Út af fyrir sig gerir það ekkert til því að umræðan fór þannig fram innan nefndarinnar að það var unnið faglega og fræðilega. Síðan munu menn skiptast eftir öðrum línum þegar til ákvörðunar um einstaka þætti kemur. Ég tel rétt og hef rætt það við formann nefndarinnar, hæstv. fjmrh., að hann leiti eftir umræðum í nefndinni um það hvort hún starfi ekki með sama hætti áfram eða hvort æskilegt sé að fram fari breytingar í nefndinni. Ég tel að hún hafi farið vel af stað og það sé mikilvægt að hafa nána samvinnu þingsins alls um hina fræðilegu og faglegu úttekt þó ég geri mér grein fyrir því að þegar til loka málsins kemur má búast við að þingmenn skiptist eftir skoðunum, kannski ekki endilega eftir flokkum alfarið og ekki endilega eftir kjördæmum heldur muni koma fram einstaklingsbundin viðhorf og þá verður þingið að höggva á þann hnút. En sú vinna sem þarna er hafin er mjög mikils virði. Við verðum auðvitað að gæta að því eins og hv. þm. nefndi og ekki ástæða til að ætla annað en við getum losnað við að lenda í því tímahraki sem við lentum í síðast. Þá var nefndin mjög seint skipuð og þar bar sá sem hér stendur mesta ábyrgð á.

[13:43]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þá fyrirspurn sem hér var lögð fram og eins þau svör sem gefin hafa verið af hálfu hæstv. forsrh. Ég tek undir þau meginsjónarmið sem komu fram hjá fyrirspyrjanda um það að hér erum við að ræða um grundvöll lýðræðisins, að við séum öll jöfn og að leikreglur meiri hluta og minni hluta séu að þessu leyti tryggðar eins og á öðrum sviðum eftir því sem mögulegt er. Ég hafna algerlega þeim röksemdum sem stundum hafa verið settar fram um það að jafna eigi aðstöðumun þegnanna eftir landshlutum eða hópum með því að breyta atkvæðavægi. Slíkt verður að leysa með öðrum hætti.

Ég tek undir það að tíminn er naumur og við verðum að vinna vel að þessu verkefni og tek undir þau sjónarmið að þetta er að sjálfsögðu mál þingsins alls. Án góðrar samvinnu, góðs vilja allra alþingismanna ásamt ríkisstjórninni tekst þetta mál ekki en ég hvet eindregið þá sem hlut eiga að máli til að hraða þessari vinnu sem allra mest þannig að við lendum ekki í tímahraki með svo mikilsvert mál.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Mér heyrist á svari hæstv. forsrh. að nánast ekkert sé búið að huga að þessu máli. Ég get ekki túlkað svar hans öðruvísi. Það er tekið undir það að ekki veiti af tímanum og klukkan tifar. Mér fannst þetta svar frekar óljóst.

Það kom fram að gamla nefndin gæti starfað áfram en það kom líka fram að hugsanlega væri betra að skipa nýja. Ég átta mig ekki alveg á svarinu. Ég hefði viljað sjá vinnu fara í gang núna strax þar sem allar þessar leiðir væru skoðaðar sem hér hafa komið fram þó ég telji sjálf best að landið yrði gert að einu kjördæmi þar sem maður getur valið fólk af landslista og það væri einnig persónuval þannig að listanum væri ekki raðað upp. Hann væri þess vegna í stafrófsröð og síðan gæti kjósandinn sjálfur raðað upp listanum. Þetta mundi krefjast mjög mikils af frambjóðendum, þeir væru í prófkjöri allan tímann fram á kjördag, en ég tel að þetta yrði mjög gott val fyrir kjósandann. Hann þyrfti ekki að sætta sig við frambjóðanda sem væri ofarlega á lista sem honum líkaði ekki. Hann gæti sjálfur haft áhrif með atkvæði sínu.

Mig langar að ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh.: Hvenær á þessi vinna að hefjast? Er hægt að segja eitthvað aðeins nánar um það?

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel það af hinu góða að stjórnarliðar haldi hæstv. forsrh. sínum við efnið. Ég hlýt að leyfa mér að vekja athygli á því að það er nokkuð afstætt með hvaða hætti hv. þingmenn Framsfl. túlka nauðsyn þess að efna kosningaloforð og fyrirheit. Þegar við höfum verið að gagnrýna framsóknarmenn fyrir að það gangi hægt og lítið að efna hin stórbrotnu kosningaloforð segja þeir gjarnan að það liggi ekki mikið á, allt kjörtímabilið sé eftir og nógur tími til stefnu. En þegar kemur að einhverjum sérstökum hugðarefnum einstakra hv. þingmanna stjórnarliðsins er tíminn afar naumur, lífið liggur á og hæstv. forsrh. er haldið við efnið. Ég vona að það flokkist ekki undir atriði utan dagskrár að vekja athygli á þessu, herra forseti.

[13:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það má vel vera að ég hafi ekki talað nógu skýrt en það sem ég var að reyna að segja í svari mínu var að ég lít þannig á að starfið sé í gangi. Það þarf ekki að hefja starf á nýjan leik. Þessi nefnd var sett á laggirnar með þeim hætti að formenn eða talsmenn allra flokka sem sæti áttu á Alþingi komu saman og ákváðu með hvaða hætti ætti að vinna að þessu máli. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram að menn reyndu að ná þokkalegri samstöðu, þótt ég kenni engum öðrum um en mér að þetta fór heldur seint af stað. Ég vakti athygli á þeim þáttum sem nefndin var þegar byrjuð að ræða og taka til umfjöllunar og safna gögnum um. Það má vel vera að sú hugmynd sem hv. þm. nefndi varðandi kosningar sé eftirsóknarverð. Ég get þó ímyndað mér að sú tillaga gæti reynst nokkuð flókin, þvælin og erfið. En sjálfsagt þarf líka að skoða þá hugmynd og menn kunna að hafa skiptar skoðanir um hana. Mér hefur þó lærst á nokkuð löngum tíma, það gekk nú kannski illa í fyrstu, að átta mig á því að við náum ekki neinu fram nema við leitum nokkuð sæmilegs samkomulags um slík atriði og þessi nefnd er til þess fallin til að gera það.

[13:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli. Ég verð að segja að mér kemur svar forsrh. nokkuð á óvart. Ég stóð í þeirri meiningu að sú nefnd sem starfaði af miklum krafti síðastliðið haust og í kringum jólin og eitthvað fram yfir áramót hefði lokið sínu verki og skilað því af sér. Því miður náði hún ákaflega lítilli samstöðu um breytingar á kosningakerfinu og þess vegna vil ég biðja hæstv. forsrh. að íhuga hvort ekki sé nær að skipa nýja nefnd. Ég vil benda á að flokkum hefur fjölgað á Alþingi og mætti auðveldlega bæta þeim við. En ég tel þörf á að íhuga skipan þessarar nefndar og huga að leiðum sem færðu okkur nær einhverjum árangri. Ég vil koma því á

framfæri að ef menn vilja fjölga konum á hinu háa Alþingi þá tel ég breytingu á kosningakerfinu og kjördæmaskipan nánast algjöra forsendu til að það takist.

Varnir gegn landbroti.

Fsp. HjÁ o.fl., 212. mál. — Þskj. 273.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn sem fram borin er af þeim er hér stendur ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni og hv. varaþm. Drífu Sigfúsdóttur, sem sat á þingi þegar fyrirspurnin var lögð fram. Raunar er eðlilegt að ég hefji mál mitt á þakklæti til náttúruaflanna fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda. Ég tek svo til orða þar sem fyrirspurnin snýst um sjóvarnargarða á Suðurlandi og Reykjanesi sérstaklega.

Herra forseti. Ég er ekki viss um að allir geri sér fulla grein fyrir því hættuástandi sem skapast hefur á þessum tveimur landsvæðum. Kemur þar tvennt til. Annars vegar er um að ræða jarðfræðilegar skýringar þar sem suðvesturhornið mun síga í sæ svo nemur allt að einhverjum millimetrum árlega. Má glöggt sjá merki þess t.d. á gömlum bryggjum sem fara að öllu leyti í kaf á háflóði. Þær bryggjur voru vitanlega ekki byggðar til að fara í kaf á flóði heldur að standa upp úr jafnt á flóði sem fjöru. Þá er landbrot víða farið að höggva iskyggilega í ýmis mannvirki. En þetta landsig er ekki eina orsökin. Í desember, janúar og fram eftir febrúarmánuði mun flóðhæð verða með hæsta móti. Ekki skal hér á skömmum tíma lagt í náttúruskýringar á því fyrirbrigði en lán okkar, og vísa ég þar enn til þakklætis til náttúruaflanna, var að veður hafa verið óvenjustillt síðustu mánuði. Hefðu hin dæmigerðu janúarveður brostið á er vitað að tjón á mannvirkjum og af völdum landeyðingar hefðu numið tugum ef ekki hundruðum milljóna króna. Ég nefni nokkur dæmi. Á Álftanesi sem og á Seltjarnarnesi munu íbúðarhús vera í beinni hættu. Í Hafnarfirði munu fyrirtækjaeigendur í miðbænum hafa verið uggandi um húsakynni sín á sjálfan jóladag af ótta við brim í miðbæ Hafnarfjarðar og er þá ekki átt við pólitískt brim í þeim bæ. Í októberfárinu sem gekk yfir kom skarð í hafnargarðinn við Voga á Vatnsleysuströnd. Í næsta áhlaupi er veruleg hætta á að garðurinn gefi sig endanlega og þá um leið fyllist höfnin. Kostnaður við að hreinsa úr höfninni er ómældur. Í Keflavík er ástandið svipað sem og í Sandgerði og þannig má áfram telja. Það má benda á hrikaleg landbrot við Vík í Mýrdal sem og flóðahættu við Stokkseyri og Eyrarbakka.

Herra forseti. Við höfðum lánið með okkur síðustu mánuði. Ekki er víst að svo verði áfram. Veður eru hér válynd. Því spyr ég hæstv. samgrh. hvort hann hyggist grípa til sérstakra aðgerða til varnar mannvirkjum á þeim svæðum sem um ræðir. Aðgerðir eru nauðsynlegar en ég tel hyggilegra að ráðast í þær áður en frekari skemmdir verða og hindra þannig tjón upp á tugi milljóna króna úr vösum skattgreiðenda. Segja má að hæstv. ráðherra sé spurður um forvarnastarf á þessu sviði.

[13:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur af hálfu Vita- og hafnamálastofnunar verið skipulega unnið að áætlunum og framkvæmdum við landbrots- og flóðavarnir. Athyglinni hefur sérstaklega verið beint að þeim tveim kjördæmum sem um getur í fyrirspurninni, þ.e. Suðurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi, enda einna stærstu verkefnin þar. Í nóvember 1983 gaf Vita- og hafnamálastofnun út sérstaka skýrslu um landbrot og flóðahættu á Reykjanesi og í ágúst 1984 tilsvarandi skýrslu um Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Selvog. Allar götur síðan hafa tillögur um fjárveitingar til sjóvarnargarða byggt á þessum skýrslum.

Eftir mikið flóð sem varð í óveðri hinn 9. janúar 1990 voru skýrslurnar endurskoðaðar og gefin út ný skýrsla í ágúst 1990 sem náði til verkefna í báðum kjördæmunum. Í framhaldi af því var ráðist í stórframkvæmdir við endurbyggingu sjóvarnargarða á Eyrarbakka og Stokkseyri á árunum 1990 og 1991 og kostuðu þær framkvæmdir um 120 millj. kr. framreiknað til verðlags í dag.

Á árinu 1993 hóf Vita- og hafnamálastofnun samstarf við Skipulag ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands um úttekt á sjóvörnum og skipulags- og byggingaráðstöfunum á lágsvæðum. Í framhaldi af því kostuðu þessir þrír aðilar gerð tveggja skýrslna. Sú fyrri kom út í nóvember 1994 og fjallaði um Vík í Mýrdal en hin síðari kom út í ágúst 1995 og fjallaði á almennari hátt um málið en þó voru verkefni í nokkrum sveitarfélögum svo sem Eyrarbakka, Stokkseyri og Bessastaðahreppi tekin sérstaklega fyrir. Eftir að skýrslan um Vík í Mýrdal lá fyrir fékkst fjárveiting á fjáraukalögum 1994 til að byggja upp flóðvarnargarð framan við þorpið. Flóðvarnargarðurinn var byggður síðastliðinn vetur og kostaði um 12 millj. kr. Í ágúst 1995 gaf Vita- og hafnamálastofnun út yfirlitsskýrslu um sjóvarnir og náði hún til alls landsins. Í skýrslunni er gerð tilraun til að gefa innsýn í heildarframkvæmdaþörf við sjóvarnir á næstu 10 árum. Niðurstaða skýrslunnar er sú að verja þurfi 860–1.000 millj. kr. til sjóvarnargarða á tímabilinu eða 90–100 millj. að meðaltali á ári. Þá er átt við framlög til verkefna sem nú þegar eru þekkt, framlög til að bæta tjón vegna hugsanlegra áfalla í óveðrum og framlög til viðhalds sjóvarnargarða.

Verkefni í Suðurlands- og Reykjaneskjördæmum vega þungt í þessum tölum, með um 60%. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er veitt 51 millj. kr. til sjóvarnargarða og tillaga samgrn. um skiptingu fjárhæðar byggir á umræddri skýrslu. Samgrn. mun jafnframt beita sér fyrir að farið verði eftir niðurstöðum skýrslunnar við fjárlagagerð á næstu árum.

Nú vita bæði ég og hv. fyrirspyrjendur að kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða. Við höfum komið okkar saman um það í þessari ríkisstjórn sem nú situr og stuðningsmenn hennar á Alþingi að draga heldur úr framkvæmdum til samgöngumannvirkja og þess sér auðvitað stað þegar við tölum um sjóvarnargarða á Reykjanesi og sjóvarnargarða á Suðurlandi og raunar líka í öðrum kjördæmum landsins. Ég held að það sé rétt að tala um þetta í svo víðu samhengi að nái til landsins alls. Vissulega yrði ég þakklátur hv. þingmönnum ef þeir vildu reyna að standa með mér í næstu fjárlagagerð og okkur tækist í sameiningu að hnika upp þessum fjárveitingum sem eru til sjóvarnargarða.

[13:58]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni

fyrir að hreyfa þessu þarfa máli. Það er rétt sem hann segir að það er víða sem þarf að taka á varðandi landbrotsvarnir. Ekki bara á þeim stöðum sem hann og hæstv. ráðherra nefndu heldur einnig á Vesturlandi, Norðurlandi og víðar þar sem bíða milljóna og tugmilljóna framkvæmdir á þessu sviði. Ég vildi aðeins minna á það í þessari umræðu að það gilda engin lög um sjóvarnir í dag og að hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur ásamt fimm öðrum hv. þingmönnum flutt frv. til laga um sjóvarnir sem nú bíður 1. umr. hér á hv. Alþingi. Þar er gert ráð fyrir því að samgrh. skipi matsnefnd um sjóvarnir og að hún skuli starfa sem sjálfstæð ráðgjafarnefnd á vegum Hafnamálastofnunar. Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sendar Hafnamálastofnun sem gerir áætlanir um sjóvarnir. Síðan fjallar matsnefnd um þessar áætlanir og metur styrki til þeirra. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði $^{7}/_{8}$ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir en landeigendur og sveitarfélög greiði það sem á vantar, þ.e. $^{1}/_{8}$. Ég vildi aðeins koma því að við þessa umræðu að hér er á ferðinni frumvarp sem ég vona að fái greiða leið í gegnum Alþingi í vetur og verði að lögum áður en þessu þingi lýkur.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör sem og hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir hans innlegg í umræðuna. Þá vil ég sérstaklega fagna því sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson minntist hér á, framkomið frumvarp um sjóvarnir, en fyrir tilviljun að því er virðist var því frumvarpi dreift hér í dag. En eins og fram kom í máli hv. þingmanns er mikil nauðsyn á að fá lög um sjóvarnir. Það er ekki óeðlilegt að Suðurland og Reykjanes skuli hafa um 60% af fjárveitingum til sjóvarna á þeim jarðfræðilegu rökum sem nefnd voru hér áður. En eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er ekki nóg að gert í fjárveitingum þrátt fyrir ítarlegar skýrslur og úttektir á nauðsyn aðgerða. Ég tel því ekki óeðlilegt að þær séu enn endurskoðaðar, ekki síst í ljósi þeirra náttúruhamfara sem hér urðu í októbermánuði og kunna að hafa breytt forsendum verulega. Hins vegar mun ég ásamt örugglega öðrum þingmönnum taka frýjunarorðum ráðherra um stuðning við næstu fjárlagagerð þannig að konungur geti siglt þegar byrjar.

[14:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Að gefnu tilefni þegar talað var um það mikla tjón sem varð í októbermánuði bæði á hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum er rétt að það komi fram að tekið var tillit til þess bæði um framlög til hafnargerðar og sjóvarnargarða.

Upptökumannvirki til skipaviðgerða.

Fsp. ÓÖH, 223. mál. — Þskj. 303.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hefur ríkissjóður á sl. fjórum árum tekið þátt í kaupum eða viðhaldi á eldri hafnar- eða upptökumannvirkjum?"

Í hafnalögum frá 1994, 26. gr., kemur skýrt fram að aðeins er ætlunin að greiða vegna stofnkostnaðar hvað hafnaframkvæmdir varðar en þar segir í 3. lið að ríkissjóður skuli greiða allt að 60% stofnkostnaðar við framkvæmdir, þar á meðal upptökumannvirki fyrir skip.

„2. Hefur verið gerð greining á þörfum fyrir upptökumannvirki til skipaviðgerða? Liggur slík greining til grundvallar við núverandi forgangsröð og áætlanagerð um upptökumannvirki?"

Ég vil benda þar á 29. gr. hafnalaga frá 1994 en þar er skýrt kveðið á um að slík forgangsröðun framkvæmda skuli liggja til grundvallar þegar framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum eða landinu öllu eru ákveðnar.

„3. Hafa fjárveitingar ríkisins til upptökumannvirkja, til skipasmíða og skipaviðgerða á sl. fimm árum skekkt eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja í skipaviðgerðum í landinu?"

Hér er komið inn á mjög mikilvægt mál um að gætt sé fyllstu aðsemi og ekki sé skapað neitt óhagræði innan skipasmíðaiðnaðarins umfram það sem nauðsynlegt er. En þær upplýsingar sem ég hef benda til þess að um umframfjárfestingu sé að ræða og að menn hafi ekki nýtt þá fjárfestingu sem fyrir hendi er svo sem hér í Reykjavík.

„4. Hefur verið unnið í samræmi við niðurstöður skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins A Appledore International Ltd., sem var unnin fyrir iðnaðarráðuneytið 1989, en í þeirri skýrslu var varað við frekari fjárfestingum í upptökumannvirkjum í landinu? Gilda þær enn um hagkvæmni skipasmíðaiðnaðarins í landinu?"

Í þessari skýrslu sem ég nefni kemur fram að varað er við því að greiða upp uppsafnað tap í greininni og að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna því slíkt muni koma niður á skipasmíðaiðnaðinum og útgerðinni þegar til lengri tíma er litið.

[14:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: „Hefur ríkissjóður á sl. fjórum árum tekið þátt í kaupum eða viðhaldi á eldri hafnar- eða upptökumannvirkjum?" Svar: Samgrn. veitti á grundvelli 24. og 26. gr. hafnalaga fé til kaupa á skipalyftu á Akranesi á sl. ári. Kaupverð skipalyftunnar var 40 millj. kr. Hlutur ríkisins nemur 40% eða 16 millj. kr. Aðrir styrkir hafa ekki verið veittir á síðustu fjórum árum til kaupa á eldri upptökumannvirkjum.

Spurt er: „Hefur verið gerð greining á þörfum fyrir upptökumannvirki til skipaviðgerða? Liggur slík greining til grundvallar við núverandi forgangsröð og áætlanagerð um upptökumannvirki?" Svar: Nei. Slík heildargreining hefur ekki verið gerð á vegum samgrn.

Spurt er: „Hafa fjárveitingar ríkisins til upptökumannvirkja, til skipasmíða og skipaviðgerða á sl. fimm árum skekkt eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja í skipaviðgerðum í landinu?" Svar: Leiða má að því líkur að styrkur til kaupa á skipalyftu á Akranesi hafi gert það að verkum að sú lyfta sé enn í notkun. Á vegum samgrn. hefur hins vegar engin fjárveiting runnið til skipasmíða og skipaviðgerða enda heyrir það undir iðnrn.

Spurt er: „Hefur verið unnið í samræmi við niðurstöður skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins A Appledore International Ltd., sem var unnin fyrir iðnaðarráðuneytið 1989, en í þeirri skýrslu var varað við frekari fjárfestingum í upptökumannvirkjum í landinu? Gilda þær enn um hagkvæmni skipasmíðaiðnaðarins í landinu?" Svar: Nei. Þessi skýrsla er úrelt og á ekki rétt á sér.

[14:06]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Varðandi 3. lið fsp.: „Hafa fjárveitingar ríkisins til upptökumannvirkja, til skipasmíða og skipaviðgerða á sl. fimm árum skekkt eðlilega samkeppnisstöðu ...“ o.s.frv., þá vil ég aðeins segja að þetta er ekkert sem hefur verið að gerast á sl. fimm árum. Þetta hefur verið að gerast á undanförnum áratugum. Þegar stálskipasmíðaiðnaðurinn var byggður upp á Íslandi með nýjum og myndarlegum skipasmíðastöðvum keyptu hafnarsjóðirnir upptökumannvirkin eða byggðu og fengu til þess styrk frá ríkinu, að ég held alls staðar nema á Akranesi. Þannig að sú leiðrétting sem nú hefur verið gerð með því að hafnarsjóður Akraness kaupir upptökumannvirkin þar og fær til þess sama styrk frá ríkissjóði og önnur upptökumannvirki hafa fengið er aðeins leiðrétting á eðlilegri samkeppnisstöðu. Það er ekki verið að skekkja hana.

[14:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það má vera sökum þess að ég er tekinn að hníga að aldri og heyrn mín e.t.v. tekin að skerðast að ég náði ekki nema u.þ.b. 10% af því sem hæstv. samgrh. las í örskjótu svari sínu. En ég þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir að drepa á þetta mál. Staðreyndin er sú að Reykjavíkurhöfn er umfangsmesta höfn landsins. Hún hefur mikla möguleika á að draga aukinn gjaldeyri til Íslands en hún hefur hins vegar verið afskipt. Það er alveg ljóst að þegar verið er að styrkja byggðarlög út á landi til að kaupa upptökumannvirki og til að gera ýmislegt fleira sem lýtur að starfsemi sem því tengist er auðvitað um að ræða beina aðstoð til fyrirtækja á því svæði. Við sem erum mjög skeleggir kjördæmisþingmenn, ég og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, hljótum auðvitað að setja spurningarmerki við þetta. Samkvæmt hafnalögum styrkir ríkissjóður nýframkvæmdir í hafnargerð. Reykjavíkurhöfn er eina höfnin á Íslandi sem nýtur þeirra ekki. Yfirvöld í Reykjavík hafa lengi vel ekki gert neinar athugasemdir við þetta en það er hins vegar alveg ljóst að framhald slíkra styrkja mun skekkja samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem hér eru í Reykjavík.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Örn Haraldsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan þakka hæstv. samgrh. þau svör sem hann gaf hér. Heyrn hef ég góða en verð að viðurkenna að svo fljótmæltur var hæstv. samgrh. að það var illt að greina öll þau atriði hin merku sem hann lagði fram.

Meginatriði málsins er að sjálfsögðu það að við getum ekki ætlað skipasmíðaiðnaðinum að búa við þau skilyrði að samkeppnisstaðan sé skekkt. En ég tel að samkeppnisstaðan hafi svo sannarlega verið skekkt þegar ekki er horft til þess að hér í Reykjavík hefur verið full afkastageta til að ráða við langstærstan hluta skipaviðgerða í landinu. Þær viðbætur sem hafa verið gerðar á öðrum stöðum hefði svo sannarlega mátt gera hér í Reykjavík. Ég vil vekja athygli á því að gerðar eru fyllstu arðsemiskröfur til skipasmíðastöðvarinnar sem er í Reykjavík, þeirrar stærstu, Stálsmiðjunnar, þegar aðrar skipasmíðastöðvar búa við það að greiða mun lægri leigu og ekki eru gerðar sömu arðsemiskröfur til fjárfestinga sem þar eru til staðar. Það er líka meginatriði þessa máls ef svo er að bæjarfélög fari langt fram úr því sem fjárveitingar til hafna frá Alþingi og fjárveitingavaldinu gefa tilefni til og skapi þar með vissan þrýsting á fjárveitingavaldið um fjárveitingar. Þetta tel ég að sé varhugaverð þróun, ekki aðeins í hafnamálum heldur einnig á öðrum sviðum.

Hér í Reykjavík eru um 1.000 manns sem vinna við skipasmíði og þjónustu og atvinnu tengda skipasmíðum. Það er ekki hægt að sætta sig við það að byggðamál séu leyst með því að skekkja þennan samkeppnisgrundvöll sem hefur verið nefndur. Ef styrkja á byggðirnar þarf að gera það með beinum hætti en ekki að grípa inn í atvinnuvegina og valda þar með því óhagræði sem ég tel að hafi orðið í skipasmíðaiðnaðinum að undanförnu.

[14:11]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. 4. tölulið fsp. um niðurstöður skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins A Appledore International Ltd. er ekki beint til rétts ráðherra því þetta mál er á forræði hæstv. iðnrh. Mér er ekki kunnugt um annað en að í iðnrn. og hjá samtökum skipasmíðaiðnaðarins sé svo á litið að niðurstöður þessarar ráðgjafar standi fyllilega fyrir sínu. Síðast árið 1993 var það endurtekið og ítrekað af samtökum skipasmíðastöðvanna sjálfra. Mér er því forvitni á að vita hjá hæstv. iðnrh. hvort hann sé sömu skoðunar og hæstv. samgrn. sem þetta mál heyrir ekki undir, að aðstæður í skipasmíðaiðnaðinum séu nú aðrar en þær voru á árinu 1993 þegar ítrekað var að skýrslan sem hér um ræðir væri enn það sem byggja ætti á í sambandi við uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins.

[14:12]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Út af þeirri spurningu sem var beint til mín varðandi aðstæðurnar í skipasmíðaiðnaðinum þá hefur nýlega verið gerð könnun á vegum samtaka iðnaðarins á því hverjar þessar aðstæður eru. Það eru gjörbreyttar aðstæður. Í fáum orðum sagt eru flestallar skipasmíðastöðvar reknar með hagnaði um þessar mundir. Verkefnastaða skipasmíðastöðvanna er miklu betri en á sama tíma fyrir ári sem segir auðvitað mikið um þær breytingar sem átt hafa sér stað og eru að eiga sér stað, þannig að við getum fagnað því að aðstæðurnar eru betri, hagnaðurinn meiri og þar af leiðandi bjartara fram undan í atvinnugreininni sem slíkri.

[14:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kom mér kannski ekki á óvart að Framsfl. væri kominn á mölina. En það heyrðist mér á hv. fyrirspyrjanda, þingmanni Framsfl. í Reykjavík, að afkastagetan í skipasmíðaiðnaðinum í Reykjavík væri svo mikil að réttast væri bara að leggja þessa atvinnugrein niður annars staðar á landinu. Ég hélt nú að flestum væri kunnugt að Slippstöðin á Akureyri hefur löngum verið öflugasta fyrirtæki bæði í skipasmíðum, skipaþjónustu og skipaviðgerðum hér á landi. Þetta er raunar í fyrsta skipti sem ég hef heyrt við því amast að reynt sé að halda við þeirri tækniþekkingu sem er þar nyrðra og talað um að ástæðulaust sé að styrkja undirstöður greinarinnar þar fyrir norðan sem í sumum árum hefur verið sá staður sem hefur haldið uppi járnsmíðum hér á landi. Stundum hafa járnsmíðar og plötusmíðar ekki verið kenndar í Reykjavík sökum þess að skort hefur nemendur en hins vegar kennt fyrir norðan. Ég man ekki betur en að ég hafi séð það í Degi nú nýlega að hin nýja flotkví fyrir norðan væri sérstakt afkvæmi Framsfl. og hann stæði heill og óstuddur á bak við þessa miklu og nýju fjárfestingu í skipasmíðaiðnaðinum norður þar. Og að ég auminginn væri

að fljúga á stolnum fjöðrum þegar ég væri að minnast á þetta mikla ágæti þeirra framsóknarmanna norður þar. En eins og ég sagði áðan þá virðist Framsfl. kominn á mölina.

Auðvitað er það svo að allt breytist. Skipasmíðaiðnaðurinn hefur verið í öldudal og hann hefur átt sína toppa. Nú er ástandið þannig að hin mikla og nýja fjárfesting t.d. fyrir norðan hefur skilað sínu. Það eru mikil umsvif í Slippstöðinni á Akureyri. Þangað vantar járnsmiði, plötusmiði og aðra kunnáttumenn. Við fáum til landsins viðskipti sem án flotkvíarinnar hefðu verið óhugsandi. Að þessu leyti er skýrslan auðvitað úrelt. Hún á ekki við og það er gagnslaust að vera að tala um hana héðan af, best að gleyma henni.

Ferjuflug um Keflavíkurflugvöll.

Fsp. HjÁ og DSigf, 244. mál. — Þskj. 330.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn til hæstv. samgrh. um flutning svokallaðs ferjuflugs til Keflavíkurflugvallar. Fyrirspurnin er fram borin af þeim sem hér stendur ásamt hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur, en hún sat á þingi þegar fyrirspurninni var dreift.

Almennt er viðurkennt að ferjuflug, þ.e. flug lítilla flugvéla milli Evrópu og Ameríku, sé áhættusamt flug enda flugvélakosturinn að öllu jöfnu ekki ætlaður til langflugs í misjöfnum veðrum. Við höfum líka mýmörg dæmi um óhöpp og slys sem orðið hafa á þessum vettvangi á liðnum árum. Í skýrslu sem tekin var saman á vegum samgrn. árið 1991 kemur m.a. fram að samkvæmt mati Alþjóðaflugmálastofnunar fullnægir Reykjavíkurflugvöllur ekki ákvæðum um öryggisatriði vegna ferjuflugs. Þetta mun vera staðfest í nýútkominni skýrslu frá Almennu verkfræðistofunni hf. þar sem kveðið er á um að engin flugbraut Reykjavíkurflugvallar muni uppfylla þessi tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunar. Kemur þar fyrst til nálægð vallarins og aðflugsreina hans við byggð. Íbúum höfuðborgarinnar er með öðrum orðum hætta búin af hinum tíðu lendingum og flugtökum ferjuflugs í Reykjavík.

Þá er kunnara en frá þurfi að segja að hið bágborna ástand brautanna á Reykjavíkurflugvelli eykur enn frekar á áhættuna. Í raun þyrfti ekki fleiri rök í málinu. Öryggisþáttur hlýtur ávallt að vega þyngst í öllu mati. Hér er ekki bara um að ræða öryggi flugmanna heldur og öryggi íbúa Reykjavíkur og jafnvel Kópavogs. Af þeirri ástæðu er rökrétt að spyrja hvort hæstv. ráðherra sé ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir flutningi ferjuflugs frá Reykjavík. Þá er eðlilegt að spurt sé hvert flytja ætti þessa flugstarfsemi. Þar kemur aðeins til greina af sömu rökum Keflavíkurflugvöllur. Rökin eru þessi:

1. Öryggisbúnaður þar er mun fullkomnari en í Reykjavík.
2. Keflavíkurflugvöllur er ekki aðþrengdur af byggð.
3. Ástand vallarins, einkum flugbrautanna, er sérlega gott.
4. Sá flugvöllur stenst kröfur Alþjóðaflugmálastofnunar um ferjuflug.
5. Eftirliti þar er til muna betur hagað en á Reykjavíkurflugvelli enda um afmarkað og lokað svæði að ræða. Benda má á að Keflavíkurflugvöllur er á lokuðu svæði en í Reykjavík er almenn umferð mikil nærri flugvélunum. Má í þessu sambandi benda á öryggi með vélunum sem eignum og þá ekki síður möguleika á fíkniefnasmygli, vopnasmygli o.s.frv. Aðstæður allar til að sinna slíku eftirliti eru margfalt betri í Keflavík.
6. Það er almennt mat íslenskra flugrekstraraðila að ferjuflugið sé betur sett í Keflavík en í Reykjavík.

Hér hafa rök verið nefnd og því er hæstv. samgrh. spurður hvort hann hyggist beita sér í krafti embættis síns fyrir flutningi ferjuflugs frá Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkurflugvallar.

[14:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Flugmálastjórn hefur ekki talið fært að beina umferð ferjuflugvéla sérstaklega til Keflavíkurflugvallar umfram það sem þegar hefur verið gert með hækkun lendingargjalda á Reykjavíkurflugvelli í millilandaflugi. Reykjavíkurflugvöllur er alþjóðlegur flugvöllur og því ýmis vandkvæði á að takmarka umferð um hann á öðrum en tæknilegum forsendum. Öryggisbúnaður á Reykjavíkurflugvelli er meira en fullnægjandi fyrir þá alþjóðlegu umferð sem um flugvöllinn fer og því engin ástæða til að beina alþjóðlegri umferð frá flugvellinum vegna skorts á búnaði eða þeirri þjónustu sem þar er veitt og ég kannast ekki við að skemmdarverkamenn hafi unnið þar á flugvélum eða að fíkniefnasalar eigi þar greiðari umferð eða aðgang en annars staðar á landinu. En vissulega eru fíkniefni vandamál hér á landi.

Af framansögðu er ljóst að eðlilegt er að flugmönnum sé í sjálfsvald sett hvorn flugvöllinn þeir nota ef engar tæknilegar ástæður eru í veginum. Ég vil svo taka fram að aðstaða til þjónustu við ferjuflugvélar og einkaflugvélar í millilandaflugi hefur til skamms tíma verið ófullnægjandi á Keflavíkurflugvelli. Nú er það að færast í betra horf og af þeim sökum er sá þrýstingur uppi sem fram kemur m.a. í þeirri fyrirspurn sem hér var varpað fram.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin þó ekki sé ég að öllu leyti sáttur við þau. Hæstv. ráðherra nefndi hér þjónustumiðstöð sem upp er að rísa á Keflavíkurflugvelli einmitt til þess að þjóna hinum minni flugvélum. Ég minntist ekki á þá þjónustumiðstöð í ræðu minni og er hún ekki ástæða fyrirspurnar minnar heldur fyrst og fremst þau öryggisatriði og þau rök sem nefnd voru og tengjast öryggisþáttum. Að því leytinu til eru það mér vonbrigði að ekki skuli standa til að flytja þetta flug til Keflavíkur og ég minni enn á að það mun vera mat Alþjóðaflugmálastofnunar að Reykjavíkurflugvöllur, vegna nálægðar við byggð, uppfylli ekki tilmæli hennar um öryggisþætti.

Þá hafa ferjuflugmenn þeir sem hingað koma kvartað undan eftirliti, eða öllu frekar skorti á eftirliti. Þá má líka nefna að í aðflugi að Reykjavíkurflugvelli eru nú hvorki meira né minna en aðaleldsneytisgeymslur höfuðborgarsvæðis, eins og eitt stykki ráðhús, Alþingishús, helstu bankastofnanir og mikilvægar stjórnsýslubyggingar sem eru í rauninni í hættu því að hætta í flugi mun vera mest í aðflugi og flugtaki. Þess vegna lýsi ég vonbrigðum mínum með þau svör að ekki standi til að flytja ferjuflugið til Keflavíkur af öryggisástæðum.

[14:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hef ekki heyrt um það fyrr að Alþjóðaflugmálastofnunin hafi gert athugasemdir við Reykjavíkurflugvöll af öryggisástæðum og veit satt að segja ekki hvað

hv. þm. er að tala um þar. En það er sjálfsagt að kynna sér málið og reyna að fá upplýsingar um það hvað þingmaðurinn er að fara í þeim efnum. Ég kannast ekki við slíkt álit.

Ég vil jafnframt segja að sú hugsun hefur annað slagið skotið upp kollinum að leggja Reykjavíkurflugvöll niður, eins og mér heyrðist á hv. þm. að hann væri að gera skóna, ef nauðsynlegt er að hætta flugi um flugvöllinn vegna ráðhúss, Alþingishúss og annars slíks og að við séum í mikilli hættu í þessum sal. Þá á það auðvitað einnig við um innanlandsflug, flug áhugamanna og annað þvílíkt. Eina rökrétta ályktunin sem dregin verður af orðum hv. þingmanns er þá sú að hann mun í öðru skrefi ætlast til þess að innanlandsflugið færist til Keflavíkurflugvallar sem ég held að sé miklu flóknara mál og alveg sýnilegt að sumar áætlunarleiðir munu þá leggjast niður. Sauðárkrókur liggur beint við. Ég skal ekki segja um Akureyri, en ætli það yrði ekki áfram flogið til Egilsstaða, hv. 2. þm. Austurl.? (**JónK:** Hann er ekki viss um það.) Hann er ekki viss um það. Það má svo sem velta mörgu fyrir sér í þessu sambandi. En ég kannast ekki við að Alþjóðaflugmálastofnunin hafi gert athugasemdir við öryggismálin á Reykjavíkurflugvelli.

Kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi.

Fsp. SJS, 236. mál. — Þskj. 318.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það var lengi svo að í íslenskri löggjöf var ekki að finna nein ákvæði um málefni auglýsinga eða auglýsenda. En fyrir allmörgum árum samþykkti Alþingi þáltill. frá þeim sem hér talar um að setja skyldi slíka löggjöf með sérstöku tilliti til þess að veita börnum og unglingum vernd fyrir innrætandi eða óhollum áhrifum af auglýsingum.

Hæstv. þáv. viðskrh. Jón Sigurðsson brást vel við og samdi frv. til laga um auglýsingamál. Það var lagt fram á þingi í tvígang en náði ekki fram að ganga. Þegar frv. til samkeppnislaga var í vinnslu varð að ráði að fella inn í þau lög ákvæði um augýsingar og sér þess stað í VI. kafla laganna um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Þar er sérstök lagagrein, 22. gr., um auglýsingar.

Þar er sérstaklega vikið að því að auglýsingar skuli við það miðast að börn sjái þær og heyri og megi þar á engan hátt misbjóða þeim. Í auglýsingum verði að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau. Enn fremur segir að komi börn fram í auglýsingum skuli þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

Nú er það hins vegar svo að það viðgengst bæði í sjónvarpi og í kvikmyndahúsum og jafnvel víðar að auglýsingar með atriðum úr bönnuðum ofbeldismyndum eru sýndar. Mér skilst að bæði tilmæli Samkeppnisstofnunar og eins viðleitni umboðsmanns barna til að fá úr þessu bætt hafi komið fyrir ekki. A.m.k. fæ ég ekki betur séð en enn séu af og til að birtast á sjónvarpsstöðvum auglýsingar af þessu tagi, jafnvel á þeim tíma kvölds eða dags sem þess er ekki síst að vænta að börn séu framan við sjónvarpsskjáinn.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í því felist skýlaust lögbrot að sýna ofbeldiskennd atriði úr kvikmyndum, sem eru bannaðar börnum að mati Kvikmyndaeftirlits, í sjónvarpsdagskrá þegar við því er að búast að börn sjái þau. Og ég vitna aftur til þess að auglýsingar skuli miðast við það samkvæmt lögum að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Af þessum sökum vil ég spyrja hæstv. ráðherra:

„Telur ráðherra að kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi, þar sem sýnd eru ofbeldisatriði úr kvikmyndum sem bannaðar eru börnum, samrýmist ákvæðum samkeppnislaga, sbr. sérstaklega 22. gr.?

Ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra aðhafast í málinu?"

Auðvitað mætti einnig vísa þessu máli víðar, svo sem eins og til þeirra yfirvalda sem fara með barnaverndarmál. Ég hef einnig á dagskrá síðar fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvað varðar þátt þessa máls í fjölmiðlum. Þetta eru spurningar mínar, herra forseti, til hæstv. viðskrh.

[14:29]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 318 hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beint til mín tveimur fyrirspurnum vegna kvikmyndaauglýsinga í sjónvarpi. Hin fyrri hljóðar svo:

„Telur ráðherra að kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi, þar sem sýnd eru ofbeldisatriði úr kvikmyndum sem bannaðar eru börnum, samrýmist ákvæðum samkeppnislaga, sbr. sérstaklega 22. gr.?"

Nei. Ég tel að margar þessara auglýsinga samræmist ekki 22. gr. samkeppnislaga, en þar segir m.a. eins og hv. þm. hefur rifjað upp:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau."

Þeir sem hafa horft á þessar auglýsingar hljóta að geta verið sammála um að í fjölda þeirra eru ofbeldisatriði sem alls ekki eru við hæfi að barna. Síðari spurningin hljóðar svo:

„Ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra aðhafast í málinu?"

Í tilefni þessara fyrirspurna hef ég aflað mér upplýsinga hjá Samkeppnisstofnun um hvað samkeppnisyfirvöld hafi aðhafst í málinu.

Á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þ.e. auglýsinganefndar, þann 21. mars 1995 var fjallað um auglýsingar frá kvikmyndahúsunum í sjónvarpi þar sem sýnd eru kvikmyndaatriði sem ekki hæfa börnum. Í framhaldi af fundinum sendi Samkeppnisstofnun bréf til Ríkisútvarpsins og kvikmyndahúsanna í Reykjavík þar sem þeim tilmælum var beint til þeirra að virða ákvæði 22. gr. samkeppnislaganna. Tilmælin báru árangur sl. vor en að undanförnu hafa auglýsingar með kvikmyndaatriðum sem ekki hæfa börnum tekið að birtast aftur og nú einnig frá myndbandaleigum. Því var ákveðið á fundi auglýsinganefndar Samkeppnisstofnunar 11. des. 1995 að ítreka fyrri tilmæli. Samkeppnisstofnun sendi síðan tilmæli um að virða 22. gr. samkeppnislaga til allra sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa í Reykjavík og samtaka myndbandaleiga þar sem jafnframt var bent á þau viðurlög sem unnt er að beita til að framfylgja lögunum. Viðurlögin eru að samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 22. gr. samkeppnislaga og fylgt banninu eftir með dagsektum.

Skömmu eftir að hin ítrekuðu tilmæli voru send fyrrgreindum aðilum barst samkeppnisráði bréf frá umboðsmanni barna, dags. 17. jan. Í bréfinu er m.a. bent á þau skaðlegu áhrif sem ofbeldi í kvikmyndahúsum getur haft á börn og telur umboðsmaður því brýnt að samkeppnisráð

grípi til þeirra úrræða sem því eru tiltæk til þess að banna auglýsingar af þessu tagi. Í framhaldi af bréfi umboðsmanns barna kom auglýsinganefnd saman og mér er kunnugt um að hún hefur í undirbúningi tillögur sem ræddar verða á fundi samkeppnisráðs sem verður haldinn í byrjun næstu viku. Niðurstöðu þess fundar vil ég bíða.

Ég tel brýnt að reynt verði að ná samkomulagi um það milli þeirra aðila sem að þessu standa að stemma stigu við þessu án þess að þurfa að beita þeim ákvæðum sem hægt er að beita á grundvelli samkeppnislaganna til þess að stöðva þetta, þ.e. banninu og dagsektunum. Áður en það verði gert tel ég rétt að það reyni á hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi eins og tókst í upphafi síðasta árs. Takist það hins vegar ekki eru auðvitað engin önnur úrræði til en að beita ákvæðum samkeppnislaga sem þar eru heimiluð.

[14:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og jafnframt fagna ég því að hæstv. viðskrh. hefur þegar beitt sér í málinu sem og umboðsmaður barna. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að það hefur verið yfirgengilegt að fylgjast með auglýsingum í sjónvarpi nú um alllangt skeið. Það eru ekki aðeins börn sem eru viðkvæm fyrir atriðum af því tagi sem verið er að sýna, þar er ekki síst gamalt fólk. Þetta efni á ekkert erindi inn í sjónvarp allra landsmanna eða hvaða sjónvarpsstöð sem er á þeim tíma þegar fólk horfir almennt á sjónvarp.

Hæstv. forseti. Ég minni á að það eru í gildi lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum þar sem segir m.a., með leyfi forseta: „Bannað er að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir." Jafnframt segir í 1. gr.: „Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum." Ég tel að þessi lög hafi verið gróflega brotin og það vekur þá spurningu hvernig þeim er framfylgt. Þau heyra undir hæstv. menntmrh.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin og enn fremur það sem hæstv. ráðherra hefur aðhafst í málinu. Ég er að sjálfsögðu ánægður með að bæði Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð og auglýsinganefnd, sem starfar á vegum þess, hafa sinnt þessu máli. Sömuleiðis hefur umboðsmaður barna látið það til sín taka. Ég sætti mig einnig prýðilega við að reynt sé að ná fram úrbótum með góðu, ef svo má að orði komast, að reynt sé með fortölum og með því að benda mönnum á gildandi lög að bæta ráð sitt. Því miður læðist að manni sá grunur að hér þurfi að taka nokkuð fast á málum. Þetta á sér þann aðdraganda að vakin var athygli á þessu fyrir ári og það hafði einhver tímabundin áhrif en síðan sótti strax í sama farið ef ekki í hið verra. Ég segi það hiklaust sem skoðun mína að ef ekki fæst á þessu tafarlaus úrbót og þessar ofbeldisauglýsingar hverfa þá á að beita mjög hörðu gagnvart framferði af þessu tagi. Það er ekki á svo mörgum stöðum þar sem er þó til að dreifa ótvíræðum lagaákvæðum til þess að verja sig með gagnvart þeirri ofbeldisdýrkun og ofbeldisöldu sem ríður yfir þjóðfélögin. En það er í þessu tilviki. Það eru skýlaus lagaákvæði sem eiga að vernda börn og ungmenni fyrir þessum hlutum og þeim á þá að beita. Gagnvart ýmsum öðrum þáttum þessa vandamáls sem auðvitað er margslungið og kemur víða við, og á ég þá við þessa ofbeldisdýrkun og ofbeldisöldu sem yfir gengur, er hins vegar úr vöndu að ráða. En í þessu tilviki á það ekki að aftra mönnum að taka fast á málum að það er við ótvíræð lagaákvæði að styðjast.

Ég skora á hæstv. ráðherra að fylgja málinu eftir með sama hætti og hann hefur hafið það. Dugi ekki annað til á hann að vera ófeiminn við að beita hörðu á grundvelli þeirra heimilda sem hann hefur samkvæmt lögum.

Ofbeldisefni í fjölmiðlum.

Fsp. SJS, 235. mál. — Þskj. 317.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef einnig leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. sem er almenns eðlis og varðar umfang ofbeldisefnis eða ofbeldistengds efnis af ýmsu tagi í fjölmiðlum. Er þá sérstaklega átt við ljósvakamiðla og útvarp og sjónvarp sem áhrifamestu fjölmiðlana að þessu leyti en þó fyrst og fremst sjónvarpsstöðvarnar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að víða um lönd fer fram mikil umræða um áhrif þess að ofbeldisefni er jafnumfangsmikið og útbreitt og jafnvíða í boði og raun ber vitni. Rætt er um og jafnvel deilt um tengsl þessa mikla framboðs af ofbeldisefni og þeirrar ofbeldistilhneigingar sem gætir í samfélögunum, alvarlegra árása á börn og unglinga og ofbeldistilhneiginga almennt. Um þetta er að sjálfsögðu margt hægt að segja og engin ein lína viðtekin í því að þarna sé beint samhengi sem auðvelt sé að sanna eða sýna fram á. Almennt vex þeirri skoðun þó fiskur um hrygg að þarna sé samhengi á milli og ganga ýmsir fræðimenn býsna langt í að fullyrða í þeim efnum.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh., sem fer með málefni fjölmiðla og sem jafnframt hefur á sinni könnu mikilvæg svið sem varða uppeldis- og menntunarmál í landinu, hvort hæstv. ráðherra telji þörf á sérstökum aðgerðum til að draga úr ofbeldisefni í dagskrá fjölmiðla eða hvort þurfi að breyta tilhögun dagskrár fjölmiðlanna til þess að slíkt efni komi síður fyrir augu barna og annarra sem eru viðkvæmir fyrir slíku efni. Það getur bæði snúið að því að færa til slíka dagskrárliði í dagskránni með tilliti til útsendingartíma að gera enn frekar gangskör að því að við ústendingu slíks efnis sé varað o.s.frv. Ég tek fram að ég er hér að sjálfsögðu ekki að tala aðeins um auglýsingar, samanber þá fyrirspurn sem hér var á dagskrá á undan og rædd var. Mér er ljóst að ákvæði útvarpslaga hvað snertir auglýsingar sérstaklega eru fátækleg og gefa hæstv. ráðherra ekki mikið vald í þeim efnum. En efnið almennt og dreifing þess hlýtur að vera mál sem varðar yfirvöld þessara mála og því hef ég lagt þessa fyrirspurn fram fyrir hæstv. menntmh.

[14:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum, bera sjónvarpsstöðvar fulla ábyrgð á eigin útsendingum. Hins vegar hafa stjórnvöld á síðustu árum unnið að því að setja reglur sem hafa það að markmiði að stemma stigu við vaxandi ofbeldi í fjölmiðlum.

Ísland er aðili að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ný lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995, sem voru samþykkt á Alþingi

sl. vor hafa tekið gildi. Með þeirri lagasetningu voru felld saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði um skoðun kvikmynda til að meta sýningarhæfni þeirra fyrir börn.

Í 1. gr. laganna segir að bannað sé að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir. Enn fremur er bönnuð sýning, dreifing og sala slíkra mynda. Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum. Hin nýju lög við bann við ofbeldiskvikmyndum eiga að sjálfsögðu einnig við um fjölmiðla.

Hin íslenska löggjöf um þessi efni verður að teljast harla ströng miðað við það sem gerist í nágrannalöndum okkar og hæpið að lengra verði komist eftir þeim leiðum. Stjórnvöldum ber að sjálfsögðu að sjá til þess eftir fremsta megni að gildandi lagaákvæðum sé framfylgt en meginatriði er að fjölmiðlar og ekki síst foreldrar og aðrir forráðamenn barna finni til þerrar ábyrgðar sem hvílir á þeim í þessum efnum. Samvinna allra þessara aðila er forsenda þess að árangri verði náð.

Að því er sjónvarpsstöðvar varðar gera lög ráð fyrir ákveðnu samráði milli þeirra og kvikmyndaskoðunar þótt stöðvarnar beri sjálfar ábyrgð á dagskrárefni sínu eins og áður var sagt. Kvikmyndaskoðun hefur í ábendingum sínum til sjónvarpsstöðva einkum lagt áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Að efni séð raðað í dagskrá með tilliti til áhorfstíma barna og ofbeldiskenndu efni valin staður sem seinast á dagskrá.

2. Að viðvaranir um dagskrárefni séu samræmdar og fylgi allri dagskrárkynningu.

Að mati kvikmyndaskoðunar hefur skort nokkuð á að þessara atriða sé nógu vel gætt ekki síst hjá Ríkisútvarpinu. Árangursríkast til að draga úr grófu ofbeldisefni í fjölmiðlum væri vafalaust ef takast mætti að efla með ungu kynslóðinni það viðhorf að slíkt efni sé ómerkilegt og ekki þess virði að eyða í það tíma frá öðrum áhugaverðari viðfangsefnum. Þar reynir enn á hlutverk og fordæmi foreldra. Einnig kann að þurfa að huga að því hvort efla beri fræðslu í skólum sem geti stuðlað að þessu markmiði og auðveldað börnum að átta sig betur á því myndmáli sem ber fyrir augu þeirra í fjölmiðlum og annars staðar.

[14:43]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda spurninguna og hæstv. mennmrh. fyrir svörin. Mér er kunnugt um að hjá Ríkisútvarpinu er unnið eftir ákveðinni hugmyndafræði í þessu efni þar sem vandlega skuli þess gætt í öllum tilvikum að í sjónvarpsefni sérstaklega ætluðu börnum og unglingum sé ekkert það sem kunni augljóslega að efla ofbeldishneigð eða veikja almenna siðferðisvitund. Við vitum auðvitað að börn sjá fleira í sjónvarpi en barnaefni og líka fleira en foreldrarnir vilja. EBU, sem eru samtök evrópskra sjónvarpsstöðva, hafa gefið út viðmiðunarreglur þar sem kemur fram að ekki megi á nokkurn hátt upphefja ofbeldi né hvetja til þess. Það er aftur annað mál að það er vissulega gert á köflum og það hlýtur að vera ætlast til þess að sjónvarpsstöðvar fari betur eftir mælikvörðum og viðmiðunum varðandi slík efni.

Almennt talað er nauðsynlegt að taka útvarpslögin öll til umræðu og það frv. sem kynnt hefur verið en ekki hefur fengist lagt fram á hv. Alþingi.

[14:45]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda spurninguna en vek um leið athygli á því sjónarmiði að þótt vissulega sé ástæða til að stemma stigu við ofbeldisefni fjölmiðla þá er það að öllum líkindum mikil einföldun að ofbeldiskennd barna og unglinga eigi fyrst og fremst rætur að rekja til fjölmiðla. Að mínu mati spila þar mjög margir þættir saman, ekki síst sú staðreynd að vinnuálag á foreldra hefur verið mjög mikið hér á landi á undanförnum árum og losaralega löggjöf varðandi börn, t.d. það að miða sjálfræðisaldur við 16 ár. Ég tel því að það beri vissulega að taka þetta mál, fjölmiðla og ofbeldi í fjölmiðlum, föstum tökum. En til þess að ráðast gegn sjálfu meininu, ofbeldiskennd barna og unglinga, verður að líta á málið í mun víðara samhengi.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Vegna þessara síðustu orða vil ég taka fram að ég hef ekkert fullyrt um það að vaxandi ofbeldi og ofbeldisglæpir í samfélögunum hér sem annars staðar í kringum okkur séu sérstaklega eða fyrst og fremst ofbeldi í fjölmiðlum að kenna þótt vissulega hafi flestir fræðimenn þá skoðun að það eigi þar hlut að máli, jafnvel verulegan. Um það má deila. Samfélagslegar ástæður af ýmsu tagi gegna þar einnig án efa miklu hlutverk og kannski mest.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, þau voru ágæt svo langt sem þau náðu. Það er ljóst að í a.m.k. sumum lögum eru ströng ákvæði sem á að vera hægt að beita í þessum efnum, annars staðar síður. Ég er þeirrar skoðunar að útvarpslögin sjálf séu of fátækleg hvað varðar nauðsynleg ákvæði til að tryggja vernd barna og ungmenna í þessu sambandi, þótt lög um ofbeldiskvikmyndir og lög um vernd barna og ungmenna og ýmis fleiri lög séu ágæt.

Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gera almennt átak til að stemma stigu við ofbeldi sem veður uppi í þjóðfélaginu á öllum stigum. Það þarf að reyna að fá ráðuneyti, fjölmiðla, fræðsluyfirvöld, foreldrasamtök, skóla o.s.frv. í samræmt átak í þessum efnum. Þegar farið er yfir málið er vaxandi ofbeldi í boði nánast á öllum vígstöðvum í samfélaginu. Það er í fjölmiðlum, það er í kvikmyndahúsum, það er á myndböndum, það er í tölvum og leiktækjum ýmiss konar, það er jafnvel í útgáfuefni, teiknimyndablöðum o.s.frv. Auk þess er það nánast dýrkað í samfélaginu með ýmsum hætti. Öfugt við það sem kom fram áðan um að alþjóðlegir sáttmálar og lög kveði svo á um að ofbeldi skuli hvergi leyft, er samfélagsverkanin því miður að mörgu leyti gagnstæð. Gegn þessu verður að berjast og ég vil að lokum hvetja hæstv. menntmrh. til að beita sér í þessu efni, en að sjálfsögðu kemur hann að þessu máli á mjög mörgum vígstöðvum, m.a. sem yfirmaður fræðslu- og menntamála og fjölmiðla.

[Fundarhlé. — 14:51]

Skattareglur gagnvart listamönnum.

Fsp. ÁE, 239. mál. — Þskj. 321.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh.:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum þannig að íslenskir listamenn, eins og Björk Guðmundsdóttir og Kristján Jóhannsson, sem njóta heimsathygli og hafa veruleg fjármálaleg umsvif, geti verið með starfsemi sína í íslensku skattaumhverfi?"

Tilefni þessarar fyrirspurnar eru fréttir fyrir áramót um að þessir listamenn hafi kosið að vera með skattalegan þátt starfsemi sinnar erlendis. Þetta er mikilvægt mál en það ber að skoða það í víðara samhengi. Ég, ásamt öðrum Íslendingum, er mjög stoltur af þessum listamönnum sem hafa öðlast heimsfrægð. Þeir njóta vinsælda og virðingar ekki einungis erlendis heldur einnig hérlendis. Hins vegar starfa þau í atvinnugrein sem er ein sú stærsta í heimi. Það felst ótrúlega mikil verðmætasköpun m.a. í plötuútgáfum, upptökum, myndböndum, miðlunum, geisladiskum, hljómleikum og kvikmyndum svo fátt eitt sé nefnt.

Björk Guðmundsdóttir og Kristján Jóhannsson eru ekki einungis einstaklingar heldur einnig fyrirtæki með umsvifamikinn atvinnurekstur alveg eins og frystihús eða álver og þau veita fjölda manns atvinnu. Ég tel að það eigi að breyta skattalögum þannig eða skoða þau þannig að þessi starfsemi gæti komið hér til skatta og verið í íslensku efnahagsumhverfi. Ég vil laða þessa starfsemi að Íslandi ásamt annarri sem við getum bæði haft atvinnu og tekjur af. Má þar nefna t.d. alþjóðlega fjármálastarfsemi. Við notum skattamál í viðræðum við álver svo tekið sé nýlegt dæmi. Við eigum að brjótast út úr þeim hugsunarhætti að hugsa aðeins um fiskstofna og rafmagn þegar við erum að tala um alþjóðaviðskipti. Við getum litið á þessa listamenn, Björk og Kristján, sem vannýtta fiskstofna ef mönnum líður betur við þá samlíkingu. Landkynning þessara einstaklinga er stórkostleg og milljónir manna vita það eitt um Ísland að Björk Guðmundsdóttir kemur þaðan. Vinsemd þeirra og óþreytandi áhugi á að koma landinu að á alþjóðlegum vettvangi lýsir því kannski einna best að hér er um okkar bestu sendiherra að ræða.

Þessi fyrirspurn snýst ekki um að hækka eða lækka persónulega skatta Bjarkar Guðmundsdóttur eða Kristjáns Jóhannssonar heldur að þau og þeirra starfslið geti starfað hér í okkar umhverfi. Við eigum að styðja þessa starfsemi og það ber að efla hana. Í ljósi þess er fyrirspurnin fram komin og hún er tilefni til að skoða þessi mál í víðara samhengi.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í íslenskum skattalögum er ekki farið í manngreinarálit og eru allir menn skattlagðir með sama hætti með hliðsjón af tekjum þeirra og eignum án tillits til mannkosta, mannvirðinga, þjóðfélagsstöðu og þess háttar ef frá er talinn forseti Íslands sem er skattfrjáls samkvæmt sérstökum lögum um laun forseta. Ég tel ekki ráðlegt að víkja frá þessari meginreglu og skattleggja menn eingöngu eftir efnum og aðstæðum. Reyndar kom það fram hjá hv. fyrirspyrjanda að hann er sömu skoðunar hvað það snertir.

Skattareglur einstaklinga hér á landi, hvort sem um er að ræða listamenn eða aðra, eru fyllilega sambærilegar við þær sem almennt gerist í löndum umhverfis okkur. Skattstofninn er sambærilegur og hæstu jaðarskattar yfirleitt lægri hér á landi. Velji menn að koma list sinni á framfæri með milligöngu lögaðila, t.d. hlutafélaga, er skattalegt umhverfi slíkra aðila ekki síðra en það sem best gerist annars staðar. Íslenskir listamenn sem starfa erlendis eiga þess yfirleitt ekki kost að ákveða hvar þeir eru skattskyldir sem einstaklingar. Samkvæmt viðurkenndum reglum milli ríkja sem m. a. koma fram í tvísköttunarsamningum er réttur til fullrar skattlagningar hjá því ríki þar sem einstaklingurinn hefur dvalið í meira en 183 daga á sama ári. Réttur til skattlagningar tekur þá til allra tekna viðkomandi einstaklings hvar sem þeirra tekna er aflað. Með gerð tvísköttunarsamninga er verið að tryggja að tekjur manna verði ekki skattlagðar í tveimur löndum samtímis, þ.e. í því landi þar sem einstaklingurinn er búsettur og er skattskyldur og í því landi þar sem teknanna er aflað ef um annað land er að ræða. Íslensk stjórnvöld hafa gert tvísköttunarsamninga við allmörg lönd og í gangi er sérstakt átak til að fjölga þeim. Í tvísköttunarsamningum er m.a. fjallað um skattlagningu á þóknun listamanna og greiðslum fyrir höfundarrétt. Eru meginreglurnar þær að slíkar greiðslur eru skattlagðar með 0–10% skatti í því landi þar sem þær eru upprunnar og kemur sá skattur til frádráttar við skattlagningu í búsetulandinu. Skattlagning íslenskra listamanna sem vegna starfsemi sinnar eru búsettir erlendis ræðst því yfirleitt ekki af íslenskum skattalögum heldur lögum þess lands þar sem þeir hafa aðsetur. Til þess að komast hjá skattlagningu aðseturslandsins kjósa þessir aðilar þó oft að skrá starfsstöð sína utan þess lands og leita þá til skattavinja svo sem Mónakó eða Bahamaeyja sem beitt hafa skattívilnunum og tekist með því að beina til sín fjármagni af ýmsum uppruna. Á hitt er sjaldnar minnst að þeir sem eru í aðstöðu til að nýta sér þessar ívilnanir njóta þar með ekki þeirra félagslegu réttinda sem skattgreiðslur í heimalandinu standa undir. Eru þess ófá dæmi að þegar á bjátar leiti þeir til heimalandsins eftir slíkri þjónustu, bæði heilbrigðisþjónustu og tryggingum.

Vestur-Evrópulönd og önnur sambærileg lönd hafa ekki talið rétt að sporna við þessu með því að beita sambærilegum ívilnunum en hafa gert aðrar ráðstafanir til að takmarka áhrif þessara skattavinja m.a. með því að útiloka að tekjur frá þeim njóti ívilnana samkvæmt tvísköttunarsamningum eða með sérstakri löggjöf sem oft eru í gildi í löndum hér í kringum okkur.

Hvað varðar þessa tvo ágætu Íslendinga sem nefndir eru í fyrirspurninni er ekki vitað til þess að þeir eða aðrir einstaklingar í þeirra sporum njóti sérstakra skattfríðinda sem einstaklingar í aðseturslöndum þeirra. Líklegt er þó að þeir eins og margir aðrir listamenn nýti sér hlutafélagaformið í rekstri sínum en slík félög er hægt að starfrækja í ýmsum löndum. Ekki hafa verið í gildi sérstakar skattareglur fyrir listamenn hér á landi ef talið er frá skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og annarra sambærilegra norrænna menningarverðlauna. Eins og hér hefur komið fram og reyndar margoft áður höfum við breytt íslenskum skattalögum þannig að þau eru fyllilega sambærileg þeim lögum sem gilda annars staðar, ekki síst þegar um er að ræða hlutafélög en þar hefur skatthlutfallið lækkað mjög mikið á undanförnum árum. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að gera frekari breytingar á skattalögum að þessu leyti.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með svar hæstv. fjmrh. Vitaskuld er ekki verið að tala um persónur. Það er ekki verið að ræða um að fara í manngreinarálit. Ég dró fram skýrt bæði í framsögu minni og í fyrirspurninni að við erum að tala um starfsemi þessara einstaklinga. Vitaskuld eru mismunandi skattareglur gagnvart fyrirtækjum hér á landi alveg

eins og dæmið sem ég tók til um álverið sannar. Ég bendi á að umsvif Bjarkar Guðmundsdóttur nema líklega milljörðum króna í plötusölu, framleiðslu, tónleikum og öðru slíku. Surningin er hvernig við getum verið með hluta af þessum viðskiptum hér í okkar umhverfi. Það er það sem málið snýst um. Ég sakna þess að hæstv. fjmrh. notaði ekki þetta tilefni með þessa ágætu einstaklinga til að hafa frumkvæði að því að gera íslensk skattalög og skattaumhverfi þannig úr garði að við getum laðað að starfsemi í þessari mikilvægu atvinnugrein. Það eru margir þættir sem tengjast henni. Það er ekki bara söngur, það eru kvikmyndir og fleiri þættir sem fjöldinn allur af þjóðum hefur skapað skattalega umgjörð um til að styðja slíkan atvinnurekstur. Fyrirspurnin gaf hæstv. fjmrh. tilefni til að sýna frumkvæði í endurskoðun á skattalögum varðandi þetta efni. Hann gerði það ekki við þetta tækifæri en ég er þess fullviss að þegar hann hugleiðir málið betur sér hann að tilefni er til frekari skoðunar.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vissi það svo sem að hv. þm. var ekki að hugsa um lítilmagnann þegar hann var að spyrja um skattfrelsi þessara ágætu Íslendinga sem vill svo til að ég þekki báða allvel, annars vegar stórsöngvarann okkar sem er ágætur kunningi minn og hins vegar frænku mína, Björk Guðmundsdóttir. Það hvarflaði kannski að einhverjum að verið væri að hugsa um þetta fólk persónulega en auðvitað er hv. þm. fyrst og fremst að hugsa um það hvernig hann geti náð í skattfé af fjármunum og umsvifum þessara einstaklinga. (**Gripið fram í:** Og eflt atvinnulífið.) Og þar með eflt atvinnulíf hér á landi. Þessi fyrirspurn gaf mér að sjálfsögðu tilefni til að rifja það upp að við höfum á undanförnum árum gjörbreytt íslenskum skattalögum þannig að nú standast íslensk skattalög, sérstaklega skattalög sem snúa að fyrirtækjum og reyndar líka að einstaklingum, fyllilega samkeppni við skattalög í nágrannalöndunum. Nú er það svo að þau fyrirtæki sem við höfum átt í samvinnu við hér á landi og hafa búið við sérstök skattalög hafa beðið um að fá að færa rekstur sinn undir íslensk skattalög. Og nú er það svo að íslensk skattalög þvælast ekki lengur fyrir fyrirtækjum sem eru að leita eftir upplýsingum hér á landi um rekstrarfyrirkomulag því að þau eru með þeim hætti nú að þau jafnast fyllilega á við skattalög annarra ríkja. Við getum hins vegar aldrei keppt við, og munum vonandi aldrei reyna að keppa við skattalög sem eru í skattavinjum eins og Mónakó og Bahamaeyjum. Það getum við ekki gert og ég tel að menningarríki eins og Ísland, réttarríki eins og Ísland, eigi frekar samleið með öðrum þjóðum sem eru að reyna að koma í veg fyrir að slíkar skattavinjar leiði til þess að í raun séu peningar til staðar í ríkjum sem veita enga þjónustu þeim sem greiða þá litlu skatta sem af þeim peningum fást þar. Þetta tækifæri hér hef ég fyrst og fremst notað til þess að vekja athygli á þeim hagstæðu breytingum sem hafa átt sér stað á íslenskum skattalögum að undanförnu. Ég þakka hv. þm. fyrir að gefa mér þetta tækifæri til þess að lýsa þeim breytingum.

Fundi slitið kl. 15:14.

81. FUNDUR

miðvikudaginn 31. jan.,
að loknum 80. fundi.

Dagskrá:

1. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 371. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 251. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Spilliefnagjald, stjfrv., 252. mál, þskj. 392. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[Fundarhlé. — 15:15]

Umgengni um auðlindir sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (heildarlög). — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Spilliefnagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 252. mál. — Þskj. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Háskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:01.

---

82. FUNDUR

fimmtudaginn 1. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, stjfrv., 271. mál, þskj. 506. — 1. umr.
2. Veiting prestakalla, stjfrv., 273. mál, þskj. 508. — 1. umr.
3. Samningsveð, stjfrv., 274. mál, þskj. 510. — 1. umr.
4. Samgöngur á Vestfjörðum, þáltill., 159. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
5. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 184. mál, þskj. 228. — Fyrri umr.
6. Tímareikningur á Íslandi, frv., 197. mál, þskj. 246. — 1. umr.
7. Starfsþjálfun í fyrirtækjum, þáltill., 210. mál, þskj. 271. — Fyrri umr.
8. Nýting Krýsuvíkursvæðis, þáltill., 211. mál, þskj. 272. — Fyrri umr.
9. Loftpúðar í bifreiðum, þáltill., 219. mál, þskj. 298. — Fyrri umr.
10. Bókaútgáfa, þáltill., 220. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
11. Bætt þjónusta hins opinbera, þáltill., 227. mál, þskj. 308. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv. [10:32]

Útbýting þingskjala:

Lán ríkissjóðs í Bretlandi 1981, 162. mál, svar fjmrh., þskj. 518.

Talsett og textað efni í sjónvarpi, 282. mál, fsp. SvanJ, þskj. 519.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Utandagskrárumræða fer fram kl. 15.30 í dag. Málshefjandi er Margrét Frímannsdóttir og til andsvara verður hæstv. heilbr.- og trmrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er: Staða heilsugæslunnar.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 271. mál (einkamerki). — Þskj. 506.

[10:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir breytingu á umferðarlögum. Hún felur það í sér að heimila einstaklingum að velja skrásetningarnúmer á ökutæki, bókstafi og tölustafi, samkvæmt reglum sem um það yrðu sett. Það er ráð fyrir því gert að þeir sem velja slík merki sjálfir greiði 50 þús. kr. fyrir og það gjald renni til Umferðarráðs til að styrkja átak þess til bættrar umferðarmenningar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting prestakalla, 1. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 508.

[10:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 508 liggur fyrir frv. til laga um veitingu prestakalla. Þau sjónarmið komu fram mjög sterkt á síðasta ári að rétt væri að endurskoða gildandi lagaákvæði um veitingu prestakalla. Ég skipaði því sérstaka nefnd til að endurskoða lögin. Í nefndinni áttu sæti Markús Örn

Antonsson framkvæmdastjóri, formaður nefndarinnar, Baldur Kristjánsson biskupsritari, Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, Guðríður Eiríksdóttir, sóknarnefndarformaður á Akureyri, séra Karl Sigurbjörnsson, sóknarprestur í Reykjavík og Sváfnir Sveinbjarnarson, prófastur á Breiðabólsstað. Ritari nefndarinnar var Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndin skilaði tillögum að nýjum lögum um veitingu prestakalla. Þau lög fela í sér tvær breytingar frá gildandi lögum. Annars vegar er lagt til að stofnuð verði sérstök stöðunefnd sem skipuð verði fulltrúum þriggja aðila, fulltrúum frá Prestafélagi Íslands, guðfræðideild háskólans og fulltrúa sem tilnefndur verður af biskupi Íslands. Þessi nefnd á að gefa rökstudda umsögn um umsækjendur um prestsembætti, um menntun þeirra, framhaldsnám og starfsferil.

Í annan stað er ráð fyrir því gert að í öllum tilvikum verði skylt að auglýsa prestsembætti. Því aðeins komi köllun prests til álita að enginn hafi svarað auglýsingu um laust embætti. Að öðru leyti er lagt til að sömu reglur gildi um val presta eins og er í gildandi lögum.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að það hafa orðið allmiklar deilur í mörgum söfnuðum á landinu þar sem komið hefur í ljós að söfnuðir sætta sig ekki við ýmsar starfsaðferðir sem þar eiga sér stað, einkum og sér í lagi hjá sóknarprestum. Hætta er á því að mínu viti að það ástand geti skapast að í kirkju sé þjónandi prestur sem ekki hafi stuðning safnaðar á bak við sig, þ.e. að þar sé hirðir sem ekki hefur traust þeirrar hjarðar sem hann á að sinna. Ég tel að það eigi að koma til skoðunar í þessu sambandi, vegna þess hversu erfitt það hlýtur að vera fyrir hjörð að hafa hirði sem hún ekki treystir, að gera þær breytingar að ríkið haldi áfram að greiða laun presta og sjá til að þeir hafi öll þau réttindi, þar á meðal lífeyrisréttindi sem þeir hafa í dag, en í staðinn fyrir það fyrirkomulag sem nú ríkir séu þau laun greidd til safnaða sem síðan ráði sér sjálfir prest. Þeir geta þá ákveðið sjálfir með hvaða hætti þeir hafa þá ráðningu, hvort þeir fela safnaðarstjórn eða kjörmönnum að ganga frá henni, ellegar tækju upp prestkosningar eins og áður var. Þrátt fyrir alla galla gera þær það þó að verkum að ganga má út frá því a.m.k. í byrjun að prestur sem ráðinn er með þeim hætti hafi stuðning safnaðarins. Það væri síðan hlutverk safnaðarins að ráða prestinn sem áfram fengi sín laun frá ríkinu. Þá gæti ég vel hugsað mér að söfnuðurinn gæti ráðið því sjálfur hvort hann réði prest með æviráðningu eða til skemmri tíma, svo sem til fimm ára eða svo. Það kæmi svo í ljós hvort söfnuðurinn sætti sig við þann prest sem hann hefur. Það gefur auga leið að það er ekki æskilegt ástand að það komi upp vantraust á milli prests og safnaðar. Ég vil taka fram að mér finnst rétt að í þeirri nefnd sem fær þetta mál til skoðunar, allshn., sem ég sit nú sjálfur í, þá verði þetta mál gaumgæfilega athugað í ljósi þeirra atburða sem nú hafa verið að gerast innan kirkjunnar. Ég tek sérstaklega fram að með þessu er ég ekki að leggja til að kjör, hvorki laun né starfskjör presta, séu á nokkurn hátt skert frá því sem nú er. Ég er heldur ekki að leggja til með þessum orðum að það sé skilið á milli ríkis og kirkju því að kirkjan verður áfram þjóðkirkja og ríkissjóður greiðir áfram laun prestanna. En ég ítreka að ég tel að það komi mjög vel til skoðunar að gera breytingar á ráðningu presta frá því sem nú er þannig að söfnuðurinn hafi meira um það að segja og geti m.a. ráðið hvort hann ræður prest tímabundið til starfa eða til lífstíðar eins og segja má að gert sé með núgildandi aðferðum.

Herra forseti. Ég vil aðeins koma þessu sjónarmiði á framfæri og ég mun beita mér fyrir því í allshn. að þetta mál verði skoðað, m.a. með þessum hætti.

[10:41]

Kristján Pálsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið mælt hér fyrir frv. um veitingu prestakalla. Það má segja að það komi upp á tíma þegar róstur innan kirkjunnar standa hvað hæst t.d. innan Langholtskirkjusafnaðar, en þar hafa menn deilt um hver skuli gera hvað. Rifjar það upp ýmislegt annað sem komið hefur upp í söfnuðum víða um landið á undanförnum mánuðum. Þótt hér sé ekki verið að tala um forræði innan kirknanna beinlínis er ljóst að þetta er angi af sama máli, þ.e. hvernig prestar eru ráðnir til starfa. Ég held að óhætt sé að fullyrða að fyrir söfnuðina almennt er óviðunandi að innan sama húss skuli margir geta ráðið, a.m.k. gengi aldrei til sjós að hafa marga skipstjóra á sama skipinu. Í þessu tilfelli höfum við séð að prestar sem ráðnir eru af dómsmrh. vilja fara eina leið á meðan sóknarnefndir sem ráða safnaðarheimilunum vilja fara aðra leið. Síðan fer allt í stál og enginn virðist átta sig á því hver það er sem á að ráða.

Mín skoðun er sú að nauðsynlegt sé að skera úr um það hvernig þessum málum verði skipað í framtíðinni, hverjir það séu sem eiga í raun að ráða yfir kirkjum þannig að einn geti ekki ráðið yfir öðrum hluta hússins á meðan annar ræður yfir hinum. Fyrir það fyrsta verður að úrskurða hver sé hæstráðandi. Spurningin er þá sú hvort ekki sé nauðsynlegt að annaðhvort ráði presturinn yfir öllu starfi safnaðarins og sóknarinnar eða sóknarnefndin. Prestur gæti þá verið starfsmaður sóknar og starfaði í umboði hennar.

Það hefur tíðkast í öðrum löndum að prestar séu ráðnir af söknunum. Aftur á móti eru það ríkisstofnanir eða ríkið sem greiða viðkomandi laun, þó ekki beint heldur í gegnum sjóð sem sóknin fær umráð yfir í því skyni. Sóknarnefndin ræður prestinn, fær launin greidd í sjóð frá ríkinu og hefur þar með yfirumsjón með sókninni og þeim byggingum sem henni tilheyra og ræður þá hvernig mál skipast.

Það er óviðunandi að slíkar deilur um forræði geti jafnvel gengið mánuðum saman, öllum til armæðu og mikillar skapraunar. Ég tel nauðsynlegt að taka á þessu, í mínum huga er ekki eftir neinu að bíða með það. Ég mun beita mér fyrir því að breytingar verði gerðar sem lúta að því að skilgreina betur hverjir það eru sem stjórna söfnuðunum. Þannig yrði komið í veg fyrir deilur sem gera söfnuðinum sjálfum, safnaðarfólkinu og kristilegu lífi í þessu landi mikið ógagn. Ég held að það hljóti að vera öllum sem nálægt þessu koma mikið fagnaðarefni ef hægt væri að einfalda löggjöfina þannig að menn skildu hana til hlítar.

[10:46]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um veitingu prestakalla. Gerðar eru tvær breytingar sem báðar horfa til bóta að mínu viti á þessum lögum. Annars vegar á að skipa hæfnisnefnd til að kanna umsóknir og kynna sér hvort umsækjandi sé hæfur til að sinna því ábyrgðarstarfi sem prestsstarfið sannarlega er en hin breytingin lýtur að því sem fengið hefur miklu meiri umræðu í þjóðfélaginu, þ.e. að skylt sé að auglýsa öll prestaköll. Þetta hvort tveggja tel

ég horfa til bóta. Inn í umræðuna hefur blandast deila sem hvorki hefur farið lágt eða leynt innan safnaðar austur í bæ, Langholtssöfnuði. Hv. þingmenn velta fyrir sér æviráðningu presta. Ég hygg að eðlilegt sé að ræða það mál og taka það upp á sama hátt og önnur mál er varða æviráðningu. Æviráðning innan kirkjunnar ætti að geta breyst engu síður en annars staðar í þjóðfélaginu.

Ég vil gera fyrirvara um það að færa ráðningarvaldið frá biskupi eða frá yfirstjórn kirkjunnar, og þá bæði frá kirkjumálaráðherra og biskupi, alfarið til safnaðanna. Það er í eðli sínu breyting sem miðar að því að hverfa frá þjóðkirkjufyrirkomulagi og yfir í safnaðarkirkjur, í ekklesíur. Það er stærra mál en svo að hægt sé að taka það í aukasetningu með lítils háttar breytingu á núgildandi lögum um val á sóknarpresti.

Spurningin um það hver ráði í kirkjunni er einmitt ástæðan fyrir því að biskup hefur leitað eftir sérfræðiáliti lögfræðiprófessors svo hann viti til hlítar hver staðan er. Það er nauðsynlegt að þessi mál séu ljós og skýr svo að fólk geti vel við unað, bæði starfsmenn safnaða og söfnuðir. Það er afar slæmt og hryggilegt þegar samskiptabrestur verður milli prests og safnaðar eða safnaða. Ég verð að segja að þrátt fyrir þau leiðindi sem málið í Langholtinu hefur valdið í þjóðfélaginu sýnir það jafnframt að kirkjan er áberandi í þjóðfélaginu og fólki er ekki sama hvernig gengur. Það er nauðsynlegt að iðka kristilegan kærleika í söfnuðunum og þess vegna er það enn meira harmsefni þegar svona fer. Það eru víða átök í þjóðfélaginu. Það er víða ósætti og ósamlyndi milli fólks í fyrirtækjum og stofnunum en ég hygg að ekkert hafi fengið aðra eins athygli og þetta mál á undanförnum mánuðum og jafnvel árum. Ég vona að því linni og það verði ekki til þess að spilla fyrir boðun fagnaðarerindis í þessu landi.

[10:50]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með það að hér skuli vera lagt fram frv. til laga um veitingu prestakalla og þær breytingar lagðar til sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held það fari ekki á milli mála að þörf er á því að taka þessa löggjöf til meðferðar og ég tel að þær breytingar sem hér er verið að gera ráð fyrir að verði séu til bóta. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Það er nauðsynlegt að hafa þann hátt á, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, að öll prestaköll skuli ávallt auglýst til umsóknar. Mér finnst nauðsynlegt að það sé skýrt og klárt í lögum, að þar fari ekkert á milli mála.

Sömuleiðis tel ég að það hljóti að vera til mikilla bóta, eins og kemur fram í 3. gr. frv., að sett sé stöðunefnd sem meti umsóknir út frá faglegum sjónarmiðum en taki einnig tillit til sérstakra staðbundinna aðstæðna í viðkomandi prestakalli. Auðvitað eru þetta allt saman erfið og viðkvæm mál eins og starfsmannamál almennt. Ég held hins vegar að það fari ekki á milli mála að ráðningar í stöður presta eru annars konar og ef til vill vandasamari ráðningar en ráðningar í stöður almennt. Starf prestsins er mjög sérstakt. Það er vandasamt og mjög mikilvægt starf og þess vegna ber að vanda mjög val í þessar stöður og umfram allt að hafa reglur skýrar um það með hvaða hætti skuli valið og hverjir skuli velja í stöðurnar og beri ábyrgð á því.

Ég vil taka fram við þessa umræðu að afstaða mín er sú að það eigi ekki að hlaupa upp til handa og fóta og breyta lögum þótt deilur verði í einstökum söfnuðum. Það er nánast lífsins gangur að það sé deilt í okkar samfélagi um menn og málefni. Ég held því að þótt deilur komi upp í austurbænum í höfuðborginni þá séu þær fyrst og fremst til að læra af þeim og óþarfi að rjúka til og breyta lögum þess vegna. Skoðun mín er samt sú að e.t.v. ætti að ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég get að ýmsu leyti tekið undir það sem hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, nefndi. E.t.v. ætti að gera róttækari breytingar á þessum málum. Ég hefði t.d. talið að það mætti ræða þann kost að prestar væru ráðnir til fimm ára í senn eins og venjan er með ýmsa embættismenn. Síðan væri að sjálfsögðu gert ráð fyrir þeim möguleika að þeir væru endurráðnir en jafnan væri þetta fimm ára ráðning. Þannig ættu prestarnir bærilega útgönguleið frá söfnuði sínum og söfnuðurinn sömuleiðis bærilega útgönguleið frá presti sínum. Þannig gæti þetta gengið með eðlilegum, skýrum og skilmerkilegum hætti. En þá kemur upp sú hætta að slíkum endurnýjunarreglum fylgir oft tiltekið agaleysi, þ.e. ef stöðugt er verið að skipta um embættismenn í mikilvægum stöðum. Ég tel samt að prestsstarfið sé þannig að ef til vill gæti þetta verið bæði söfnuði og viðkomandi prestum til góðs. Á þessu stigi mun ég hins vegar ekki leggja fram neinar breytingar eða leggja áherslu á að þessu verði breytt í slíkt horf núna. Ég tel rétt að sjá hvaða afleiðingar þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa í för með sér, hvort ekki skapist ró í þessum málum og hægt verði að halda þannig á ráðningarmálum presta að viðunandi sé. En ég tel nauðsynlegt að huga að því hvernig þessi mál geti best verið.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleiru við þetta að bæta á þessu stigi. Ég tel að það frumvarp sem hér er lagt fram og hæstv. dóms- og kirkjumrh. mælti fyrir sé til bóta og lýsi stuðningi mínum við það.

[10:57]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að tilefni þeirra orða sem hér hafa fallið frá mér og ýmsum öðrum þingmönnum hafi verið deilurnar í Langholtssókn. Ég tók það sérstaklega fram að svo er ekki. Hins vegar tók ég fram að deilur eins og þær í Langholtssókn virtust nú fara vaxandi á milli presta og söfnuða. Deilan í Langholtssókn er aðeins eitt dæmi þar um þótt hún hafi verið mest áberandi í fjölmiðlum. Ég vísa í því sambandi til viðtals við Gunnlaug Finnsson kirkjuráðsmann. Því miður hef ég það blaðaviðtal ekki við höndina en þar lýsti hann því yfir að slíkar deilur, þar sem ágreiningur er á milli prests og safnaða, hafi komið upp í mörgum sóknum og fari vaxandi.

Ég tel að í ljósi slíkra ummæla og þeirrar vitneskju sem þingmenn hafa, bæði úr kjördæmum sínum og annars staðar frá, sé mjög eðlilegt að það komi til umræðu og skoðunar hvort ekki sé rétt að treysta tengsl safnaðanna og prestsins með því að söfnuðurnir hafi meiri áhrif en þeir hafa í dag á ráðningu presta. Ég tek fram, herra forseti, að ég var ekki að boða tillöguflutning í þessu efni. Hins vegar mun ég beita mér fyrir því í allshn. að mál þessi verði skoðuð sérstaklega. Eftir allar þær umræður sem orðið hafa og þau mörgu dæmi sem við höfum um slíka stöðu, sem komið hefur upp á tiltölulega skömmum tíma, held ég að kirkjunnar mönnum ætti ekki að koma á óvart þótt margir þeirra alþingismanna sem hér hafa tekið til máls láti í ljós slíkar skoðanir. Við lítum þessi mál alvarlegum augum og teljum að það hljóti að koma til skoðunar hvort ekki sé hægt að gera breytingar á ríkjandi fyrirkomulagi til þess a.m.k. að koma í veg fyrir það sem Gunnlaugur Finnsson sagði að væri orðið vandamál innan kirkjunnar, þ.e. að slíkar deilur virðast fara vaxandi og mjög víða er að skapast gjá á milli presta og safnaða.

Presturinn á að vera andlegur leiðtogi safnaðarins. Það segir sig sjálft að hann getur ekki sinnt því hlutverki ef söfnuðurinn er ekki sáttur við handleiðslu hans og ef um er að ræða miklar deilur á milli safnaðarins sem hann á að stýra og prestsins. Ég vona síðan að kirkjunni takist að leysa þessi deilumál. En það breytir ekki því að það hefur komið skýrt fram á Alþingi af þeim sem hér hafa talað að alþingismenn vilja láta skoða hvort ekki sé tímabært, rétt og eðlilegt að gera þá breytingu að söfnuðir hafi meiri áhrif en þeir hafa nú á ráðningu presta, þar á meðal til hversu langs tíma þeir skuli ráðnir. Það þjónar ekki góðum tilgangi að með valdboði sé söfnuði settur prestur sem hann hefur ekki áhuga á að fá til þjónustu. Ég held að það væri að kasta tólfunum ef skipulagið byði upp á að kirkjustjórnin gæti sett söfnuði prest sem mikill meiri hluti safnaðarbarna sættir sig ekki við.

[11:01]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er mjög eðlilegt í tilefni af umræðu um þetta frv. að umræður snúist um aðra þætti í málefnum þjóðkirkjunnar. En þetta afmarkaða frv. lýtur aðeins að því hvaða lagareglur gilda um veitingu prestakalla. Ég minni á að gildandi lög og þetta frv. sem hér liggur fyrir kveða á um að fjórðungur sóknarmanna getur óskað eftir því að almenn atkvæðagreiðsla fari fram þegar prestur er ráðinn.

Í þessum lögum og frv. sem hér liggur fyrir er ekki verið að fjalla um starfsskyldur eða ábyrgð presta og ekki um stjórnun kirkjunnar eða einstakra sókna. Við höfum verið að fjalla um þessi mál á undanförnum árum. Í kirkjumálaráðuneytinu hefur verið mótuð sú stefna að það sé rétt að viðhalda þjóðkirkjuskipulaginu en við þurfum að stíga ákveðin skref til að auka sjálfstæði kirkjunnar í sínum innri málum. Það hefur verið unnið að gerð rammalöggjafar um stöðu kirkjunnar og hennar innri mál. Þessi rammalöggjöf hefur verið til umfjöllunar hjá ráðuneytinu og kirkjustjórninni. Það er að mínu viti eðlilegt að taka þessar spurningar sem hér hafa komið upp og allar eru fullkomlega eðlilegar og nauðsynlegar til umræðu á Alþingi þegar við fjöllum um frv. Ég hafði vonast til þess að geta lagt það fram á þessu þingi en það verður að ráðast af því hvernig lokavinnan við frv. gengur. Ég hefði talið eðlilegt að þessi sjónarmið komi til umfjöllunar þegar það mál kemur til meðferðar í þinginu því að þetta frv. fjallar einvörðungu um það hvernig staðið skuli að ráðningu prestanna en hvorki um starfsskyldur þeirra né ábyrgð að öðru leyti né skipulagið innan kirkjunnar. Það á eðli máls samkvæmt heima í annarri löggjöf. Með því að ég segi þetta er ég alls ekki að draga úr því að menn ræði þau álitaefni sem vakin hefur verið athygli á. Þvert á móti tel ég mikilvægt að þau séu rædd í þinginu en bendi á að það er eðlilegra að gera það þegar þessi löggjöf kemur síðar til umfjöllunar.

[11:04]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka fram að ég með mínum málflutningi er ég alls ekki að taka afstöðu með öðrum hvorum deiluaðilanum í svokallaðri Langholtskirkjudeilu. Það er síður en svo. Ég er fyrst og fremst að benda á að við svo búið getur ekki staðið. Það er að sjálfsögðu hlutverk Alþingis að laga löggjöfina þannig að tiltölulega góð sátt geti verið um túlkun hennar og að hægt sé starfa innan hennar í friði og spekt. Þess vegna held ég að þetta mál sem kemur upp í Langholti verði óhjákvæmilega til umræðu vegna þess einnig að það hafa orðið mjög margar deilur innan kirkjunnar víða annars staðar á landinu sem hafa verið af svipuðu tagi.

Ég efa ekki að það séu margar góðar hugmyndir í frv. sem geta orðið til bóta. En ég er samt á þeirri skoðun, eins og fleiri ræðumenn að það eigi að færa meira vald til sóknanna og þær eigi að hafa meira um það að segja hver sé ráðinn prestur en þær hafa haft hingað til. Þær eiga líka að hafa eitthvað um það að segja hvort presturinn geti orðið áfram ef söfnuðinum líkar ekki eða söfnuðinum og prestinum kemur ekki saman. Það er sama lögmál sem gildir um það mál og aðra starfsmenn.

Auðvitað er þetta viðkvæmt og þarf að ræðast sem slíkt og allt er þetta hið mesta sómafólk sem við erum að ræða um. Ég held samt að þegar biskup þarf að leita álits um það hver ráði hverju og hver eigi að gera hvað og hann leitar til prófessors úti í bæ, þá hlýtur að vanta eitthvað á löggjöfina. Við vitum að það geta komið mjög mismunandi álit frá lögfræðingum þannig að það eru engan veginn nein úrslit í málinu þó það komi álit frá lögfræðingi til biskups um það hvað hann eigi að gera í þessari einu deilu. En deilurnar hafa orðið vegna þess að söfnuðirnir eru að breytast. Svokölluð safnaðarheimili eru tiltölulega ný í kirkjusögunni. Kirkjuskipin hafa verið notuð en safnaðarheimilin hafa verið byggð á hinum síðari árum af söfnuðinum sjálfum. Þar hefur safnaðarstarfið farið fram. Starfsmenn safnaðarstjórnanna hafa sinnt því starfi meðan prestarnir hafa sinnt starfinu inni í kirkjuskipinu þannig að það kannski hefur vantað að skilgreina þarna á milli.

Eins og ég sagði áðan, þá hef ég aldrei getað áttað mig á því sem gamall sjómaður að það séu fleiri en einn skipstjóri um borð í hverju skipi. Það hefur greinilega sýnt sig í þessum deilum að þarna er vald svo ógreinilegt að menn vita ekki gjörla hver það er sem á að stýra skútunni í þá átt sem sá sem á að ráða telur rétt. Á þessum málum verðum við því að taka sameiginlega.

Varðandi það hvort prestar eigi að vera ráðnir í fimm ár í senn eða ekki þá er það alltaf spurning hvort það sé heppilegra heldur en að menn séu ráðnir ótímabundið og svonefnd æviráðning falli niður.

Ég mun innan allshn. að sjálfsögðu ræða þetta mál en samhliða því mun ég eins og ég sagði áðan vinna að breytingum sem geta orðið til þess að skýra hvernig þessi mál ættu að vera þannig að slíkar deilur rísi ekki aftur.

[11:09]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. kirkjumálaráðherra hefur reyndar komið að því sem ég vildi koma á framfæri að það væri eðlilegt að ræða þetta mál miklu betur og ítarlegar þegar lagt verður fram tilbúið frv. um stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þar er eðlilegt að taka þetta allt saman inn. En varðandi þessar smávægilegu breytingar á frv. til laga um veitingu prestakalla, þá er varla efni til þess.

Hins vegar er ástæða til að fagna þeirri umræðu sem hér fer fram og því að menn lýsi því yfir að þeim sé ekki sama um hvernig gangi í samskiptum presta og safnaða. Ég er í þeim hópi og lýsi því einnig yfir að tengsl prests og safnaða hljóta að vera góð þegar allt er með felldu en vissulega getur komið upp að menn deili. Þjóðkirkjan riðar ekki til falls þó nokkrir menn deili. Þeir eru ekki margir í þessu tilviki en fleiri sem hafa áhyggjur af því hins vegar.

Kristur sagði forðum og hann mundi nú segja inn í þessa deilu: „Farðu og sæstu við bróður þinn." Það er ekki hægt

að sinna safnaðarmálum svo vel sé nema menn séu sáttir og það er þetta sem ég vil endilega koma á framfæri.

Varðandi æviráðningu, þá er eðlilegt eins og ég áður sagði að æviráðning presta sé tekin til endurskoðunar eins og annarra embættismanna en ekkert fyrr og ekkert síðar hjá þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsveð, 1. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 510.

[11:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 510 liggur fyrir frv. til laga um samningsveð. Frv. er nú lagt fram í fjórða sinn á hinu háa Alþingi. Það var upphaflega lagt fram árið 1993 á síðari hluta 116. löggjafarþings og síðan endurflutt á haustþingum 1993 og 1994, en til þessa hefur ekki náðst að ljúka afgreiðslu þess í þinginu.

Við fyrri meðferð frv. hafa hv. allshn. borist umsagnir frá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sem láta sig þetta mál skipta. Er þessara umsagnaraðila getið í prentuðum athugasemdum sem fylgja frv. Við frágang þessarar gerðar frv. hefur verið höfð hliðsjón af fram komnum athugasemdum og nokkrar breytingar gerðar á því miðað við fyrri gerð þess. Er þeirra breytinga getið í hinum prentuðu athugasemdum.

Núgildandi veðlög eru sem kunnugt er frá árinu 1887 og fela þau í sér mjög ófullnægjandi ákvæði um samningsveð.

Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna hafa verið sett ýmis lög varðandi samningsveð. Á það einkum við um veðsetningu í þágu lánastarfsemi ákveðinna atvinnugreina. Þróun réttarins á þessu sviði hefur því verið mjög brotakennd og ómarkviss og ólíkar reglur hafa þannig gilt um veðsetningu eftir því hvaða atvinnugreinar hafa átt í hlut. Með frv. þessu er stefnt að því að setja í fyrsta skipti heildarlöggjöf um samningsveð og taka á helstu álitaefnum sem uppi eru, gera löggjöfina samræmda þannig að sambærilegar reglur gildi um veðsetningar, hver sem í hlut á og að hagsmunir þeirra sem lána út á veðsetningar séu tryggðir og jafnræði ríki og hvers kyns mismunun eytt. Jafnframt er verið að rýmka heimildir til veðsetningar og þjónar það í verulegum mæli hagsmunum atvinnuveganna í landinu.

Ónauðsynlegt er að fara í einstökum atriðum um efni frv. og vísast um það til fyrri framsöguerinda með frv. og athugasemdum með því en verði það samþykkt eins og það liggur hér fyrir, yrðu helstu breytingar á gildandi löggjöf þessar:

1. Gildi taka almenn lög sem að meginstefnu til ná til allra samningsveðsetninga, en lagaákvæði um samningsveðsetningar er nú að finna dreifð í ýmsum lögum og eru þau frá ólíkum tíma.

2. Heimildir til veðsetninga í þágu atvinnuveganna verða rýmkaðar til mikilla muna ef frv. verður að lögum. Felast breytingarnar annars vegar í því að heimildin til að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé verður gerð almenn og tekur til allra þeirra sem atvinnurekstur stunda, en nær ekki til tiltekinna rekstraraðila, eins og nú er. Verður með þessu eytt því mikla misræmi, sem nú ríkir í þessum efnum milli einstakra atvinnugreina. Hins vegar felst breytingin í því að fleiri lausafjárverðmæti verða sett að sjálfsvörsluveði sem heildarsöfn muna en gildandi réttarreglur heimila. Þá verður og heimild til slíkrar veðsetningar hvorki tímabundin né einskorðuð við það að bankar og aðrar lánastofnanir eigi í hlut, heldur á hún við hver svo sem lánveitandinn er.

3. Lögfestar verða reglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttinda, en skráð efnisákvæði hefur skort í íslenskan rétt um handverk er frá er talið ákvæði 2. gr. veðlaga.

4. Lögfestar verða reglur um ýmis þýðingarmikil almenn atriði sem sett ákvæði skortir á um í gildandi rétti. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði frv. um töku arðs af veði, afnotarétt, viðhald og vátryggingarskyldu, áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta, eindögum veðkröfu, framsal og veðsetningu á veðrétti, framsal veðandlags, sameiginlegt veð, útlausnarrétt og afmörkun veðréttar.

5. Eytt verður óvissu um gildandi rétt í dag varðandi ýmis veðréttarleg álitaefni sem gildandi löggjöf lætur ósvarað. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði í 20. gr. frv. um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en í þeim efnum hefur íslensk dómaframkvæmd verið á reiki eins og nánar er rakið í skýringum við þá grein frv.

6. Lögfestar verða réttarreglur um eignarréttarfyrirvara sem í frv. er kallað söluveð, en skráðar réttarreglur skortir hér á landi um þess háttar tryggingarréttindi. Hér er um þýðingarmikil tryggingarréttindi að ræða sem mikið er tíðkað að nota í viðskiptum með ýmsar algengar verslunarvörur og því full þörf á að setja skýrar reglur þar um. Skipar frv. söluveði í flokk venjulegra veðréttinda, með ákveðnum frávikum þó.

7. Lögfestar verða almennar reglur um stofnun og réttarvernd samningsveðs í viðskiptabréfum, almennum fjárkröfum og innlausnarbréfum, en við skráðar réttarreglur í þeim efnum er ekki að styðjast hér á landi nema að takmörkuðu leyti. Er í frv. m.a. tekin afstaða til þess hverra tryggingaráðstafana er þörf þegar kröfuréttindi eru veðsett, en full þörf er á að eyða óvissu í þeim efnum.

8. Frv. gerir ráð fyrir því að lögfestar verði réttarreglur um svokallað „factoring" eða vörureikningsveð sem svo er nefnt í frv., en þar er um það tilvik að ræða þegar rekstraraðili veðsetur þær almennu fjárkröfur sem hann fær í rekstri sínum að aðgreindum hluta rekstrarins.

9. Enn má nefna að í gildandi réttarreglum skortir ákvæði um það að hvaða marki veðþola er heimilt að ráðstafa einstökum munum út úr heildarsöfnum sem löglega hafa verið sett að sjálfsvörsluveði. Þar sem frv. þetta gerir ráð fyrir auknum heimildum til þess að setja heildarsöfn muna að sjálfsvörsluveði er nauðsynlegt að byggja á samræmdum reglum í þeim efnum.

10. Þá er þess loks að geta að í sérstökum kafla frv. er fjallað um samningsveð í fasteignum. Fasteignir eru án efa þau verðmæti sem mesta þýðingu hafa við veðsetningar, en þrátt fyrir það skortir að mestu skráð efnisákvæði um veðsetningar þeirra ef frá voru talin ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd. Er í frv. tekin afstaða til þess hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett, hvernig afmarka beri veðréttinn. Fjallað er um veðsetningu í varanlegum afnotarétti til lands og húsa, um veðsetningu aðgreindra eignarhluta og réttarvernd auk þess sem almenn ákvæði I. kafla frv. um útlausnarrétt og skipti á veðskuldum eiga við um fasteignir.

Ég hef hér vikið að aðalþáttum frv. og þeim breytingum sem það felur í sér frá gildandi réttarreglum í höfuðatriðum

og hvaða nýmæli eru helst í frv. frá því sem nú er vegna þess að á mörgum sviðum veðréttar skortir nú settar lagareglur.

Eins og ég hef þegar gert grein fyrir er frv. nú lagt fram á Alþingi í fjórða sinn. Ég vísa að öðru leyti til þeirrar umræðu sem áður hefur farið fram um aðalefnisatriði þess. En ég tel sérstaka ástæðu til þess að geta hér um eitt atriði sem allnokkur umræða hefur orðið um, en þar er um að ræða veðsetningu á aflahlutdeild skips. Í fyrri gerðum frv. hefur í 3. mgr. 31. gr. verið við það miðað að veðréttur nái ekki til aflahlutdeildar skips eða veiðiheimildar, eins og það var orðað í frv., nema um það sé samið í veðbréfi. Slíkt samningsákvæði í veðsamningi mundi eðli máls samkvæmt fela í sér takmarkanir á heimild veðþola til að skilja aflahlutdeild frá skipi. Ekki hefur verið sátt um að hafa slíkt ákvæði í frv. Með frv. nú er þetta ákvæði fellt úr frumvarpsgreininni og er þá í engu vikið að veðsetningu aflahlutdeildar skips í frv. En eins og kunnugt er er samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og reglugerð nr. 367/1991 heimilt að framselja aflahlutdeild skips að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Aflahlutdeild getur því samkvæmt þessum heimildum gengið kaupum og sölum og unnt er að leigja hana og getur hún sem slík haft í för með sér mikið verðmæti. Það getur því varðað þann miklu sem veðrétt á í skipi að aflahlutdeild verði ekki frá skipinu skilin, enda sýna dæmin að markaðsverð skipa sem ekki hafa aflahlutdeild er allt annað og miklu lægra en þeirra sem aflahlutdeild hafa. Má því til sanns vegar færa að óheft heimild eiganda skips til þess að skilja aflahlutdeild frá skipi án alls samráðs við þá sem eiga veðrétt í skipinu getur leitt til mjög verulegrar rýrnunar veðsins og skert þá tryggingu sem veðréttinum er ætlað að veita.

Enda þótt lögin um stjórn fiskveiða mæli fyrir um heimildir til framsals aflahlutdeildar skips láta lögin ósagt með öllu hver áhrif það hafi á veðrétt þeirra sem veð eiga í skipi að aflahlutdeildin er framseld. Við þeirri áhættu sem af því leiðir geta lánastofnanir þó að nokkru séð og tryggt hagsmuni sína með sérstöku samkomulagi við útgerðaraðila þannig að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis veðhafa og að slíkt framsal feli í sér uppsögn veðsamnings.

Hér er í sjálfu sér um tiltölulega lítið atriði að ræða sem ekki hefur nein veruleg áhrif. Í lögunum um stjórn fiskveiða eins og þau voru samþykkt 1990 er kveðið á um það hvernig fara skuli með veðsetningar skipa og aflaheimilda og ráð fyrir því gert að þeir sem lána útgerðarmönnum út á veð í skipum verði að tryggja stöðu sína með samningum. Það er vissulega svo að í því felst að mínu mati ófullnægjandi öryggi vegna þess að útvegsmenn geta selt aflaheimildirnar frá skipum sínum til annarra skipa og þannig rýrt stöðu lánveitandans. Þess eru þó ekki dæmi svo mér sé kunnugt um að af þessu hafi hlotist neinir alvarlegir árekstrar. Ég þekki ekki dæmi um það þótt það kunni auðvitað að vera. Mín skoðun var sú að þess vegna væri eðlilegra að tryggja með lögum betur réttindi lánastofnana og setja útgerðarmönnum þrengri skorður en verið hefur, en um það hefur ekki náðst samkomulag. Það eru sem sagt fleiri þingmenn sem telja að útgerðarmenn eigi að geta framselt aflaheimildir sem veðsettar hafa verið með skipum og þannig rýrt stöðu lánveitenda. Um þetta má auðvitað deila og eins og kunnugt er hafa ekki komið upp nein alvarleg ágreiningsefni í þessum efnum.

Hér er ekki um að ræða ágreining um það hvort unnt sé að veðsetja veiðiheimildir. Þetta ákvæði laut ekki að því og það að það hverfur úr frv. snertir það mál á engan hátt. Hér var einvörðungu um að ræða atriði sem laut að tryggingu fyrir þá sem lán veita til útgerðarinnar. Það er með öðrum orðum verið að rýmka frá fyrri gerð frumvarpsins frelsi útgerðarmanna til að ráðstafa veðsettum aflaheimildum og takmarka tryggingu lánveitenda. En ég tel ekki að það leiði til neinnar verulegrar röskunar af því að það felur í sér óbreytt ástand sem fram til þessa hefur ekki valdið neinum óróleika á lánamarkaði.

Þess misskilnings hefur nokkuð gætt að slík trygging til lánveitenda hafi með einhverjum hætti áhrif á stöðu fiskveiðistjórnunarlaganna eða kvótakerfisins, en það er að sjálfsögðu mikill misskilningur. Aukin trygging lánveitenda hefur ekki á nokkurn hátt áhrif á lögin um stjórn fiskveiða eða svokallaða aflahlutdeild. Hún stendur óhögguð hvernig sem ákvæði af þessu tagi eru og löggjafinn getur breytt þeim ákvæðum hvenær sem honum sýnist burt séð frá því hvaða tryggingar við veitum lánveitendum útvegsmanna. Og auknar tryggingar til lánastofnana hvorki veikja né festa þau ákvæði í sessi. Það er þess vegna á misskilningi byggt, kannski vegna þess að einhverjir hafa staðið í þeirri trú að unnt væri að taka veð í aflahlutdeildinni sérstaklega, en það er að sjálfsögðu ekki hægt og væri andstætt fiskveiðistjórnunarlögunum því að aflahlutdeild og aflamark er bundið við skip. Þeir sem lána útgerðarmönnum út á veð í skipi geta þannig tekið veð í skipinu og verðmæti þess án aflahlutdeildar. Þeir geta tekið veð í skipinu og verðmæti þess með aflahlutdeild, en þeir geta aldrei tekið veð í aflahlutdeildinni einni og sér vegna þess að hún er bundin við skip og lögaðili getur ekki fært hana til sín. Það væri algerlega í andstöðu við fiskveiðistjórnunarlögin ef það væri heimilað. Ég hygg ekki að nokkrum manni hafi komið það til hugar, en ég geri ráð fyrir því að misskilningurinn sé kannski í því fólginn að einhverjir hafi haldið að lánastofnanir gætu tekið til sín aflaheimildir með þessum hætti. En það er að sjálfsögðu ekki möguleiki.

Þannig liggur þetta frv. fyrir. Ég hef ekki leynt þeirri skoðun minni að ég hefði heldur talið að það ætti að veita lánastofnunum og lánveitendum frekari lagalega tryggingu þannig að þeir væru ekki einvörðungu háðir því að samningsákvæði yrðu virt í þessu efni. En að sjálfsögðu er það mat meiri hluta þingsins sem hlýtur að ráða því, ef meiri hluti þingsins vill að útgerðaraðilar geti ráðstafað þessum verðmætum án tillits til hagsmuna veðhafanna. Ég ítreka að framkvæmdin hefur sýnt að það er ekki mikil hætta á ferðum í þessum efnum þótt einstök tilvik geti auðvitað komið upp og þess vegna hefði verið eðlilegra að hafa þessi tryggingarákvæði í lögunum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þar sem ég á sæti í allshn. sem fær þetta mál til meðferðar er ástæðulaust fyrir mig að hafa mörg orð um það almennt. Ég vil aðeins ræða það sem hæstv. ráðherra gerði einnig að sérstöku umræðuefni í sinni ræðu, þ.e. heimildir til veðsetningar skips með aflaheimild.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þetta er í fjórða sinn sem slíkt frv. er lagt fram og í þau þrjú skipti sem það hefur áður verið lagt fram á Alþingi hafa verið í því ákvæði um að veðsetning skips tæki einnig til aflaheimilda sem skipið hefði.

Ég skal alveg viðurkenna að þetta ákvæði í frv. fór fram hjá okkur alþýðuflokksmönnum í síðustu ríkisstjórn þegar við afgreiddum það til þings. (**Gripið fram í:** Þrisvar sinnum?) Meðal annars vegna þess að frv. var þar sérstaklega kynnt sem frv. sem ætti fyrst og fremst lagfæra og færa ákvæði um samningsveð til nútímahátta. Það var ekki fyrr en málið hafði komið inn á Alþingi sem okkur varð ljóst, og engin ástæða til þess að liggja á því, að verið var að leggja til að gera mjög umfangsmikla breytingu, þ.e. þá breytingu að heimila útgerðarmönnum með lögum eða við getum líka orðað það þannig að heimila lánveitendum með lögum að taka veð, ekki bara í skipi heldur einnig aflaheimildum þess. Ég held að menn muni það vel að við í Alþfl. féllumst ekki á að afgreiða frv. með þeim hætti. Afgreiðsla þess gekk ekki fram því mér er ekki kunnugt um að þingmenn annarra flokka hafi viljað stuðla að því með hæstv. sjútvrh. að málið yrði afgreitt þannig. Það lá því fyrir þá þegar að það var ekki þingmeirihluti fyrir því.

Morgunblaðið rekur þessa sögu nokkuð í dag á bls. 10 og kynnir það undir fyrirsögninni, með leyfi forseta: „Famsóknarþingmenn á Reykjanesi taka upp röksemdir krata." Blaðið segir orðrétt svo, með leyfi forseta undir millifyrirsögninni: „Alþýðuflokkur hindraði samþykkt":

„Er frumvarpið um samningsveð var lagt fram á Alþingi í desember 1994 var það gagnrýnt harðlega af hálfu Alþýðuflokksins, sem hélt því fram að með umræddu ákvæði væri stjórnvöldum gert erfiðara fyrir að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Fyrsta grein laga um stjórn fiskveiða, þar sem kveðið er á um að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar og úthlutun veiðiheimilda skapi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum, gerði stjórnvöldum kleift að breyta kerfinu án þess að handhafar kvóta gætu gert neinar kröfur um skaðabætur. Ef það yrði hins vegar lögfest að veðsetja mætti kvóta, mætti túlka það svo að ef ríkið breytti eða afnæmi kvótakerfið, ættu þeir skaðabótakröfu, sem hefðu tekið veð í skipi og veiðikvóta.

Vegna andstöðu Alþýðuflokksins dagaði frumvarpið uppi í þinginu."

Ég tel að ég þurfi ekki að bæta mörgum orðum við þessa frásögn Morgunblaðsins því þarna er rétt skýrt frá. Það er ef til vill ástæða fyrir mig að geta þess sérstaklega að andstaða mín við málið mótaðist ekki síst af því að í þáverandi ríkisstjórn, þ.e. ekki í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar heldur ríkisstjórninni sem sat þar á undan, hafði ég forustu um það innan Alþfl. að krafa var gerð um að í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða kæmi ákvæði um að fiskimiðin væru sameign þjóðarinnar. Á það sjónarmið var fallist af þáverandi þingmeirihluta og þetta ákvæði sett inn í greinina. Þess vegna þótti mér og öðrum alþýðuflokksmönnum ástæða til að stöðva afgreiðslu málsins, sem að okkar áliti var til þess fallið að grafa undan þessu ákvæði í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Ég vil, virðulegi forseti, síðan aftur víkja að frásögn Morgunblaðsins í dag en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Það [þ.e. frv.] var lagt að nýju fyrir ríkisstjórn og fyrir þingflokka stjórnarflokkanna í desember síðastliðnum og mætti þá strax harðri andstöðu þingmanna Reykjaness í þingflokki Framsóknarflokksins. Athyglisvert er að þeir hafa nú uppi nákvæmlega sama rökstuðning og alþýðuflokksmenn fyrir rúmu ári" segir í Morgunblaðinu. Síðan er tekið viðtal við Siv Friðleifsdóttur, þingmann Reykn. þar sem hún lýsir þessu sjónarmiði með nákvæmlega sömu orðum og við gerðum haustið 1993. Og loks segir Morgunblaðið:

„Eftir langar rökræður í þingflokki Framsóknarflokksins náðist loks samstaða innan hans um að leggjast gegn því að umrætt ákvæði yrði í frumvarpi dómsmálaráðherra."

Ég tel enga ástæðu til að efast um að þessi frásögn Morgunblaðsins sé nákvæmlega rétt. Ég vil aðeins segja að ég óska Framsfl. til hamingju með það að hafa náð þessu ákvæði út úr frv. og ekki síst þingmönnum Framsfl. í Reykjaneskjördæmi sem höfðu um það frumkvæði með sömu röksemdum og við í Alþfl. Þetta er vissulega þakkarvert og ég lýsi ánægju minni með þann árangur sem þingmenn Framsfl. hafa náð í þessu efni, því þeir byggja á sömu röksemdarfærslu og við alþýðuflokksmenn þegar við stöðvuðum afgreiðslu frv. á sínum tíma.

Hæstv. dómsmrh. hefur í orðræðum látið að því liggja að þetta skipti svo sem ósköp litlu máli. Hann hefur látið í það skína að menn hafi ekki gert sér grein fyrir í hverju þessi tillaga hans fælist og væru haldnir þeim misskilningi að hún hefði falist í því að hægt væri að tak veð í aflaheimildum „per se", þ.e. menn gætu tekið veð í aflaheimildum sérstaklega án þess að veðtaka fylgdi um leið í skipinu. Það hefur engum manni dottið þetta í hug og það er alveg fráleitt af hæstv. ráðherra að nota þetta sem röksemd gegn afstöðu Framsfl., Alþfl. og að ég held Alþb. líka. Við erum ekki haldnir neinum misskilningi í þessu efni. Hins vegar ef lánastofnanir hafa tekið veð í skipi sem hefur haft aflaheimildir, eins og flest skip hafa, a.m.k. öll þau sem gerð eru út til fiskveiða við Ísland, þá hafa þær — vegna þess að þær hafa ekki getað tekið veð í aflaheimildum skipsins um leið og þær hafa tekið veð í skipinu sjálfu — farið þess á leit við eigendur skipanna að þeir gæfu yfirlýsingu um að þeir mundu ekki svo lengi sem veðið væri í skipinu selja eða leigja aflaheimildir frá því nema með samþykki lánastofnunarinnar. Það að þetta þyrfti að gera var það sem átti að afnema með tillögu hæstv. ráðherra. Þessi yfirlýsing hefur hins vegar ekki sama gildi og að taka veð í umræddum heimildum vegna þess að þrátt fyrir hana geta útgerðarmenn og eigendur skipa framselt, leigt eða selt aflaheimildir því að veðið sem lánastofnanirnar eiga í skipinu nær ekki til þeirra. Þetta er áhætta sem lánastofnanir hafa þurft að taka í sambandi við lánveitingar til útgerðarfyrirtækja. Þetta er áhætta sem lánastofnanir hefðu ekki þurft að taka ef tillaga sjútvrh. hefði náð fram að ganga og þetta er sú áhætta sem þær verða áfram að taka ef tillagan verður samþykkt eins og hún er nú frágengin. Það er því mesti misskilningur að þeir sem ekki hafa verið sammála ráðherranum hafi ekki verið sammála honum af einhverjum misskilningi. Menn vissu nákvæmlega um hvað þeir voru að tala.

Það er ekki heldur rétt að hæstv. ráðherra hafi ávallt verið þeirrar skoðunar að það skipti litlu máli hvort ákvæðið sem nú hefur verið fellt út væri inni í lögum eða ekki. Í ágætri úttekt sinni í morgun teflir Morgunblaðið nefnilega fram orðum ráðherrans frá því í fyrri tíð gegn orðum ráðherrans nú til að sýna fram á að þeir sem hafa verið andvígir því að þessi tillaga hans næði fram að ganga hafa ef til vill náð þeim árangri að sannfæra hæstv. ráðherra um réttmæti síns málstaðar því að í seinni tilvitnuninni er hann kominn í andstöðu við það sem hann segir sjálfur í þeirri fyrri. Morgunblaðið rekur þetta svona, með leyfi forseta. Þar segir:

„Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra sagði fyrir rúmu ári, er deilt var um málið milli þáverandi stjórnarflokka:

„Aflaheimildir eru að sjálfsögðu veðsettar í dag. Það er forsenda þorra lánaviðskipta við útgerðirnar í landinu og um leið það öryggi, sem innstæðueigendur hafa. Það væru ekki margir fúsir að leggja sparifé sitt í banka ef bankastjórunum væri óheimilt að taka veð í aflaheimildunum, því ekki er mikils virði að taka veð í skipi, sem ekki hefur veiðirétt. Við búum hér við löggjöf, þar sem er með skýrum hætti kveðið á um að fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar, en veiðiréttirnir er á höndum útgerðarinnar. Sá réttur felur í sér verðmæti og er því takmörkuð eignarréttindi. Það er heimilt að framselja hann og það væri skringilegt ef menn gætu ekki ráðstafað honum með takmarkaðri hætti með því að veðsetja hann.““

Þetta var afstaða hæstv. sjútvrh. þegar deilurnar stóðu í fyrrv. ríkisstjórn um þetta ákvæði hans. Nú segir hæstv. ráðherra að það skipti engu máli hvort ákvæðið er með eða ekki með. Einhver hefur því fengið hæstv. ráðherra til að skipta um skoðun og er það vel, því ég les ummæli hans þannig að hann beiti sér ekki lengur fyrir því að tillagan sem hann bar fram bæði í fyrrv. og núv. ríkisstjórn um þetta efni verði samþykkt. Ég tók hins vegar vel eftir því þegar hann sendi samstarfsmönnum sínum og þá ekki síst þingmönnum Framsfl. í Reykjaneskjördæmi nokkra pillu fyrir þeirra afstöðu, því hann sagði að afstaða meiri hluta þingmanna, þ.e. að hafa ekki umdeild ákvæði í lögum, bæri vott um að mikill meiri hluti þeirra styddi frjálst framsal aflaheimilda. Hvað kemur það málinu við? Það er nú ekki mikið. Hæstv. ráðherra getur því ekki dregið þá ályktun af afstöðu þingmanna sem tjáð sig hafa um málið, þar á meðal þingmanna Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, að þeir séu að lýsa því yfir að þeir séu sammála því að aflaheimildir eigi að vera að fullu framseljanlegar. En af hverju sagði hæstv. ráðherra þetta? Vegna þess að hann veit mætavel að af hálfu þingmanna Framsfl. í Reykjaneskjördæmi hefur það sjónarmið mjög sterklega komið fram, nú síðast hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að það bæri að afnema frjálst framsal aflaheimilda. Þetta kom hv. þm. m.a. fram með í nýlegu blaðaviðtali og var mjög afdráttarlaus í þessari afstöðu sinni. Nú ætla ég ekkert að fjalla um afstöðu þessa hv. þm. eða annarra þingmanna Framsfl. um afsal aflaheimilda, um að afnema frjálst afsal aflaheimilda. Þeir eru frjálsir að hafa þá skoðun sína, að sjálfsögðu. En hæstv. ráðherra gat ekki látið hjá líða að senda stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, þingmönnum Framsfl. í Reykjaneskjördæmi þessa pillu, að með því að hafa þessa afstöðu til veðsetningar á aflaheimildum væru þeir að undirgangast það jarðarmen að falla frá sinni fyrri afstöðu um framsal aflaheimilda. Þannig að eitthvað er hæstv. ráðherra þungt í geði til þeirra þingmanna Framsfl. sem hafa beitt sér fyrir sömu afstöðu og Alþfl. hafði í síðustu ríkisstjórn og fært það mál til sigurs. Ég ítreka það, að ég er þakklátur þessum þingmönnum Framsfl. fyrir þennan árangur og að hafa beitt sér í málinu með þeim röksemdum sem þeir gerðu. Og ég er líka þakklátur hæstv. sjútvrh. fyrir það að telja málið litlu skipta nú þegar hann hefur hvort eð er tapað því.

[11:44]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er um margt merkileg og að mínu mati mjög merkileg hvað varðar framgöngu og ræðu hv. 4. þm. Vestf. vegna þess að hv. þm., fyrrv. hæstv. viðskrh., fjallaði um frv. á þann veg að hann talaði einungis um það sem ekki er í frv. og hann er sammála um að eigi ekki að vera í því. Hann nefndi ekki einu einasta orði öll þau mörgu og mikilvægu atriði frv. sem varða viðskiptamál heldur lagði aðallega út af því að tilteknir hv. þm. Framsfl. hafa verið að reyna að slá sig til riddara með því að segja þjóðinni að þeir hafi bjargað einhverjum málum. Það er út af fyrir sig sérstakt mál og væri hægt að halda margar ræður um það.

Ég vil vekja athygli á þessu og spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson um það hvað hann segir þá um ákvæði 29. gr. um heimild til að veðsetja greiðslumark bújarða sem á vissan hátt er sú auðlind sem bændur og eigendur bújarða verða að byggja á. Hver er munurinn á þeim heimildum sem frv. gerir ráð fyrir og varðar greiðslumark bújarða og hins vegar þeim aflaheimildum í sjónum sem þingmaðurinn telur að ekki sé eðlilegt að heimila að veðsetja? Fróðlegt væri að heyra afstöðu þingmannsins til þessa og þess vegna veiti ég hér andsvar.

[11:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í upphafi ræðu minnar að þar sem ég ætti sæti í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til umfjöllunar teldi ég ekki ástæðu til að ræða almennt um efnisatriði þess heldur mundi ég velja sama kost og hæstv. sjútvrh. og verja mest öllu máli mínu í að ræða veðsetningu aflaheimilda sem ekki er í frv. Þar fylgdi ég fordæmi hæstv. sjútvrh. sem mestallan sinn ræðutíma sinn ræddi einmitt þetta efni sem ekki er í frv. Ég átti því von á að hv. þm. spyrði hæstv. sjútvrh. ekkert síður hvernig á því stæði að hann verði svona miklum tíma til að ræða mál sem ekki eru í frv. Ég held að ég þurfi ekki að skýra það frekar.

Hv. þm. spyr hvað ég segi um veðsetningu greiðslumarks. Munurinn er að sjálfsögðu sá að við erum annars vegar að tala um nýtingu náttúrauðlinda sem lögum samkvæmt er þjóðareign og hins vegar um nýtingu auðlinda sem ótvírætt er í eigu bænda. Greiðslumarksákvæðin eru hins vegar ákvæði sem sett hafa verið í samningi bænda og ríkisvaldsins um verðábyrgð ríkisvaldsins á framleiðslunni. Munurinn er því sá að annars vegar er verið að tala um nýtingu auðlinda sem eru í þjóðareign. Aflamarkið eða kvótakerfið er aðeins tímabundin stjórnunaraðferð til þess að veita einstaklingum aðgang að náttúruauðlind sem þjóðin á. Hins vegar er um að ræða náttúruauðlind sem er í einkaeign, eign bænda sem þeir nýta til búskapar. Ég held að enginn hafi látið sér til hugar koma, a.m.k. ekki um áratuga skeið, að leggja fram á Alþingi frv. til laga um það að þjóðnýta bújarðir bænda.

[11:48]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sínu leyti merkilegt innlegg í umræðuna að alþýðuflokksmenn gefi yfirlýsingu um það að þeir hafi ekki í hyggju að þjóðnýta bújarðir bænda. En um það snýst umræðan ekki. Engu að síður væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. gerir ráð fyrir því að leggja fram breytingartillögur við þetta frv. eða beita sér fyrir breytingum á því í hv. allshn. En við erum ekki að ræða hér um stjórn fiskveiða, við erum að ræða um það með hvaða hætti veðsetningar séu sem tryggastar. Þess vegna væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. er sömu skoðunar og fyrrv. hæstv. viðskrh. um það að lánastofnanir séu með tryggingar sínar fullkomlega í lagi. Það er grundvallaratriði að ekki sé staðið þannig að málum með löggjöf að um það ríki óvissa. Þetta varðar aðalatvinnuveg þjóðarinnar og það er eðlileg og skilyrðislaus krafa til okkar þingmanna að við göngum þannig frá hnútunum í þessu máli

að það ríki engin óvissa um veðsetningu í sjávarútvegi þar sem hún getur skaðað hagsmuni sjávarútvegsins og skapað vissa hættu gagnvart lánastofnunum og þeim aðilum sem leggja fram fjármuni í þessa mikilvægu atvinnugrein.

[11:50]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um þjóðareign á auðlindinni tryggir að Alþingi getur hvenær sem er sett lög um breytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu, t.d. afnám aflamarks, án þess að af þeirri lagabreytingu hljótist skaðabótaskylda. Útgerðarmenn sem búa við núverandi kerfi geta ekki farið fram á skaðabætur þótt núverandi stjórnkerfi yrði afnumið og tekið upp annað stýrikerfi en aflamarkskerfið. Ef sú breyting hefði verið gerð á lögum um samningsveð sem hæstv. dómsmrh. lagði til hefði það breytt stöðunni þannig að lánastofnanir, sem fengið hefðu að taka veð í aflaheimildum, hefðu getað gert skaðabótakröfu á ríkisvaldið ef Alþingi hefði breytt lögum, þó svo að útgerðarmenn hefðu ekki getað gert það. Með því að hafa þetta ákvæði ekki inni í lögunum, heimila ekki lánastofnunum að taka veð í aflaheimildum, hefur Alþingi enn frjálsar hendur um breytingar vegna þess að það er í gadda slegið að fiskurinn í sjónum er þjóðareign. Þetta breytir ekki með neinum hætti þeirri aðstöðu sem verið hefur gagnvart veitingu lána til sjávarútvegsins. Þeir sem sjávarútveginum lána verða einfaldlega áfram, hér eftir sem hingað til, að taka þá áhættu að Alþingi kunni að breyta aflakvótakerfinu og afnema það kerfi sem nú hefur verið í gildi við stjórn fiskveiða. Ég mundi telja, miðað við þær yfirlýsingar sem komið hafa nú upp á síðkastið frá ýmsum stjórnmálaflokkum, t.d. Alþb. um afstöðu til breytingar á stjórnun fiskveiða, Kvennalista og mörgum þingmönnum Framsfl., að nú séu meiri líkur en áður á því að þessu fiskveiðistjórnunarkerfi kunni að verða breytt í framtíðinni. En breytingar á afstöðu lánveitenda til sjávarútvegsfyrirtækja hafa á engan hátt orðið með afgreiðslu þessa frv.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður að taka fram að andsvar stendur aðeins í tvær mínútur.)

[11:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að halda því fram að ákvæði sem tryggir lánastofnanir betur gagnvart útgerðarmönnum, sem hafa viljað ganga á svig við ákvæði í veðsamningum, skapi einhverja skaðabótaskyldu. Alþingi getur í dag og hefði eftir sem áður getað afnumið fiskveiðistjórnunarlögin án þess að nokkur öðlist skaðabætur þar fyrir. Það er algjörlega úr lausu lofti gripið hjá hv. þm. Hann verður að skýra afstöðu sína, mér virðist hún mjög á reiki. Ég skildi hann á þann veg í fyrra þegar um þetta var deilt að hann væri beinlínis á móti því að lánastofnanir tækju veð í samanlögðu verðmæti skips og aflahlutdeildar þess. Mér finnst hann vaða svolítið reyk í þessari umræðu í dag og ég hef ekki alveg áttað mig á því hvaða skoðun hann hefur. Þó þetta ákvæði fari hér út þá geta lánastofnanir eftir sem áður tekið veð í veðmæti skips og aflahlutdeildar. Það var skýrt kveðið á um það í fiskveiðistjórnunarlögunum sem voru samþykkt 1990 og hans flokkur samþykkti þótt hann hafi ekki greitt því atkvæði. En það gerði páv. stjórnarmeirihluti. Þá var samþykkt að veðsetningar sem kæmu til á aflahlutdeild eftir þann tíma, yrðu að vera ótryggar. Það kerfi gildir enn í dag. Spurningin er aðeins hvort það eigi að tryggja þessa hagsmuni. En hv. þm. verður að svara því hvort hann er á móti því að veðið nái til verðmætis skips og aflahlutdeildar. Ef svo er, ætlar hann þá að flytja tillögu hér í þinginu um að banna að veðið nái til verðmætis aflahlutdeildarinnar? Ef hann gerir það ekki þá meinar hann ósköp lítið með því sem hann er að segja. Svo afstaða hans sé skýr verður hann að svara því hvort hann ætlar að flytja tillögu um að banna að veðið nái til þessa hluta af verðmæti skipsins.

[11:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gamalkunnug aðferð í pólitíkinni að skamma Albani fyrir Kínverja, eins og það er orðað. Ég skil ósköp vel hvað hæstv. sjútvrh. á við. Hann er ekki að kasta fram spurningum til mín. Hann er að kasta fram spurningum til þeirra þingmanna stjórnarflokkanna sem eru mér sammála, sem er Framsfl. Og mér fannst það einnig koma fram í ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar áðan að ekki hafði hann nú mörg hlýleg orð að mæla í garð samstarfsmanna sinna úr Framsfl. fyrir afstöðu þeirra til þessara mála. En látum það nú vera. Það sem fyrst og fremst vakir fyrir mér og ég vil að komi skýrt fram er að ég samþykki ekki lagasetningu frá Alþingi sem veitir lánastofnunum sérstaka heimild til að taka veð í aflaheimildum sem þau ekki hafa í dag óðruvísi en með þeim hætti að útvegsmenn gefi skriflega yfirlýsingu um það að þeir muni ekki afsala sér aflaheimildum á meðan viðkomandi lánastofnun hefur veð í slíku. Það er mín skoðun að slík breyting gæti kallað á skaðabótakröfu ef lögum um stjórn fiskveiða yrði breytt og aflaheimildir teknar af þeim skipum sem standa á bak við veðið. Það er mín skoðun að ef slík breyting yrði gerð, sem hæstv. sjútvrh. vildi láta gera, mundi það styrkja viðkomandi lánastofnanir í því að krefjast þess, ef lögunum yrði breytt og skip svipt aflaheimildum, að til skaðabóta kæmi. Ég tel óvarlegt að taka þá áhættu og er því á móti þeirri breytingu, eins og þingmenn Framsfl. Ég hef hins vegar ekkert við það að athuga að ef lánastofnanir vilja taka þá áhættu sem þær hafa þurft að taka fram til þessa dags og hafa ekki tryggari pappíra við að styðjast en yfirlýsingar útgerðarmanna þá sé þeim það ekki bannað.

[11:57]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. þetta svar. Það hefur algjörlega skýrt hans afstöðu. Þrátt fyrir allt sem hv. þm. hefur sagt er hann sammála því að bankar geti áfram tekið veð í verðmæti aflahlutdeilda með þeim hætti sem gert hefur verið. Það eina sem hann er á móti er að veita lánveitendunum aukna tryggingu. Hann vill tryggja áfram að óprúttnir útvegsmenn geti selt veð frá sér án þess að tryggja hagsmuni þeirra sem tekið hafa veð í verðmæti skips og aflahlutdeildar. Hann hefur tekið það skýrt fram hér. Mér finnst það grundvallarstefnubreyting af hans hálfu því hann hefur alltaf haldið því fram að það ætti ekki að leyfa veðsetningu í þeim hluta verðmætis skipsins sem væru aflahlutdeildir. Núna segir hann að það eigi að leyfa þetta áfram eins og verið hefur. Þetta er gildandi regla og gildandi réttur í dag og hann segir að það eigi að leyfa áfram. Það eina sem hann vill ekki gera er að setja útvegsmönnunum nokkrar skorður við því að þeir geti selt frá sér aflahlutdeild sem þeir hafa veðsett. Hann vill að útvegsmennirnir hafi þá heimild að geta óheft selt frá sér aflaheimild sem þeir hafa veðsett á meðan það kerfi er við gildi. Ég er ekkert að draga í efa að hann er á móti frjálsu framsali. En á meðan það kerfi er í gildi vill hann tryggja

hagsmuni útvegsmanna. Hann segir þetta alveg skýrt og það kemur mér gjörsamlega í opna skjöldu því hv. þm. hefur lýst því margsinnis yfir að hann sé algjörlega á móti veðsetningu þessa hlutar af verðmæti skipsins, verðmæti aflahlutdeildar. Nú á bara að leyfa það áfram. Síðasta ræða hv. þm. sætir því miklum tíðindum. En auðvitað fagna ég því. Kannski er þetta ekki stefnubreyting hjá honum, kannski hefur hv. þm. bara ekki talað nægilega skýrt fram til þessa. En það gerir hann nú og því ber að fagna.

[12:00]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að lánastofnanir óski eftir því um leið og þær taka veð fyrir einhverjum lánum að veðinu fylgi yfirlýsing frá lántaka um að hann muni gera þetta eða gera hitt til að tryggja veðið betur þó svo að þær yfirlýsingar í sjálfu sér séu ekki veðhæfar. Það eru mörg dæmi um að lánastofnanir veiti lán með þeim hætti. Ég veit ekki um nokkur ákvæði sem banna þeim það. Ef lánastofnanir vilja veita útgerðum lán og tryggja þau með einhverjum yfirlýsingum umfram þau veð sem hægt er að taka, sé ég enga ástæðu til þess að banna þeim það enda verða lánastofnanirnar þá að taka sjálfar áhættuna á því hvort yfirlýsingarnar muni standast eða ekki. Ég sé enga ástæðu til þess að banna þeim það en ég vek athygli á því eins og hæstv. ráðherra segir sjálfur, að það er engin trygging fyrir því að yfirlýsingin sé nokkurs virði. Þetta er sú áhætta sem lánastofnunin verður að taka í þessu sambandi. En ég vil ekki heimila lánastofnun með lögum að taka veð í aflaheimildum skips. Það væri breyting frá því ástandi sem nú er, breyting sem ég samþykki ekki og breyting sem hv. þingmenn Framsfl. samþykkja ekki. Þá spyr ég: Ef málið er aftur orðið svona stórt í augum hæstv. sjútvrh., hvernig stendur þá á því að hann segir í viðtali við Morgunblaðið í morgun að það skipti svo sem engu hvort þetta ákvæði er í lögum eða ekki? (**Gripið fram í:** Að réttu.) Það skipti svo sem engu. Hæstv. ráðherra, sveiflast þannig algerlega á milli öfganna. Í öðru orðinu segir hann að það sé úrslitaatriði fyrir útgerð í landinu og starfsemi lánastofnana að heimilt sé að taka veð í aflaheimildum. Í hinu orðinu segir hann að það skipti ekki máli.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherrann og hv. síðasti ræðumaður héldu sig í salnum því að ég hef áhuga á því að eiga aðeins við þá orðastað. Í fyrsta lagi vil ég segja að það er auðvitað enginn vafi á því að það er full þörf á þessari heildarendurskoðun lagaákvæða um veðrétti og samningsveð og hvað það nú allt heitir. Fróðir menn upplýsa að að stofni til séu gildandi ákvæði enn frá árinu 1887 og lagaákvæði um þessi efni eru á víð og dreif en ekki til í einum heildstæðum lagabálki. Mér finnst því rétt að það týnist ekki alveg út úr umræðunni, sem að öðru leyti virðist ætla að snúast fyrst og fremst um það sem ekki er í frv., að hér er auðvitað á ferðinni þörf heildarendurskoðun á mikilvægum lagaákvæðum. En ég get því miður ekki annað, herra forseti, en gengið þann slóða sem tveir forverar mínir í ræðustóli, hæstv. ráðherra og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hafa troðið og rætt fyrst og fremst um ákvæði 31. gr. frv. Það lýtur að spurningunni um veðsetningu veiðiheimilda með fiskiskipi eða ekki.

Þau tíðindi hafa orðið með framlagningu þessa frv. að núverandi frv. er að því leyti breytt að þar er horfið út það ákvæði sem áður var inni í eldri frumvörpum — frumvörpum sem í þrígang hafa verið sýnd á Alþingi áður um þetta efni — um að þegar skip er sett að veði, sé heimilt að semja í veðbréfi um að veðrétturinn skuli einnig ná til veiðiheimilda.

Það er líka búið að vera dálítið fróðlegt að fylgjast með því hvernig saga þessa máls hefur verið umskráð á síðum dagblaða og jafnvel í ræðum hér á þingi. Er nú svo komið að Alþfl. sem sérstaklega hefur eignað sér hetjuskap í þessum efnum er eiginlega að missa heiðurinn yfir til Framsfl. (**Gripið fram í:** Á þessu sviði sem öðrum.) Já, ekki er við gott að búa. En vandinn er sá að Alþfl. hefur nokkuð sérkennilega sögu í þessu máli sem er líka nauðsynlegt að rifja upp. Ég ætla einmitt að gera það og inna eftir skýringum á því hvernig á því stendur að frv. um samningsveð var í þrígang flutt sem stjfrv. án fyrirvara af ríkisstjórn sem Alþfl. sat í, þar á meðal hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þáv. hæstv. ráðherra ýmissa málefna, ýmist heilbrigðis-, viðskipta-, iðnaðar- eða hvað það nú var. (**Gripið fram í:** Þeir létu plata sig svo oft.) Og aldrei heyrði ég það að þessu stjfrv. fylgdi nokkur fyrirvari. Það var flutt sem venjulegt stjfrv. án þess að skýrt væri frá fyrirvara. Það hélt ég, herra forseti, að þýddi samkvæmt öllum venjum og hefðum að það nyti stuðnings beggja stjórnarflokkanna, a.m.k. þeirra ráðherra sem sætu í ríkisstjórn. Ég kannast ekki við að það hafi verið til siðs að flytja stjórnarfrumvörp ef þau nytu ekki a.m.k. stuðnings ríkisstjórnar öðruvísi en láta þess þá getið og fordæmi eru fyrir því að ráðherrar hafa flutt frumvörp í eigin nafni við þær aðstæður að einstakir ráðherrar í viðkomandi ríkisstjórn hafa ekki treyst sér til að styðja þau. Þau fordæmi eru þekkt. Síðan kemur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hér og upplýsir að þetta hafi einfaldlega farið fram hjá Alþfl. Látum það nú vera þó að það hafi farið einu sinni fram hjá honum og jafnvel tvisvar sinnum. En að það skuli gerast þrisvar sinnum er alveg stórkostlegt. Að stjfrv. með tilteknu deilumáli skuli þrisvar sinnum geta farið fram hjá öðrum stjórnarflokknum með þessum hætti er heimsmet, leyfi ég mér að upplýsa. Ég legg til að Alþfl. hafi það í huga verði hann á lífi á næstu öld og komist oftar í ríkisstjórn að lesa betur stjfrv. áður en hann skrifar upp á þau. (Gripið fram í.)

Staðreyndin er auðvitað sú án þess að það skipti öllu máli að það var fyrst og fremst andstaða þingmanna Alþb. við þetta ákvæði sem stöðvaði málið í þinginu. Það liggur fyrir. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem var á fyrra kjörtímabili fulltrúi Alþb. í allshn., getur vitnað um þessi mál sem og fundargerðir þeirrar nefndar o.s.frv. Hæstv. sjútvrh. kom á þeim tíma fram í fjölmiðlum og kenndi þingmönnum Alþb. um að málið var stöðvað. En nú er sem sagt svo komið að framsóknarmenn sem reyndar vel að merkja lögðust gegn frv., a.m.k. fulltrúar Framsfl. í sjútvn. á fyrra kjörtímabili, um það get ég borið vitni, eigna sér sérstaklega heiðurinn af þessu afreki. En það er sama hvaðan gott kemur og Lilja er jafngott kvæði í dag þó að allir vilji nú hafa kveðið hana.

Það er reyndar líka þannig að málflutningur hæstv. sjútvrh. í þessum efnum væri þess virði að vera skoðaður í sögulegu samhengi. Einnig mætti fara yfir það hvernig hæstv. sjútvrh. framan af í málinu lagði ofurkapp á að þetta næði fram að ganga og taldi þetta úrslitamál, en kemur nú og segir að þetta skipti svo sem engu máli hafandi auðvitað verið beygður í málinu.

Mér finnst hæstv. sjútvrh. viðhafa allt of strákslegan málflutning þegar hann gerir andstæðingum þess að þessi ákvæði séu í frv. upp þá skoðun að með því séu þeir að ganga sér-

stakra erinda óprúttinna útgerðarmanna sem vilja rýra veð lánastofnana með því að svindla undan veiðiheimildum. Þetta er lágkúrumálflutningur, hæstv. sjútvrh. Auðvitað er ekkert slíkt á ferðinni. Þetta mál snýst ekki um það. Þetta mál snýst um það sem allir menn hljóta að sjá að ef það er lögfest að veiðiheimildir myndi veð. Jafnvel þó að sameignarákvæði séu áfram við lýði í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, þá verður þetta smátt og smátt að mjög mikilvægum veðum í efnahagslífinu og þrýstingur skapast á stjórnvöld um að rýra þau ekki með neinum breytingum. Þó það kunni að vera rétt hjá hæstv. sjútvrh. — ég hallast reyndar að því að vera nær honum í því sjónarmiði en hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að það mundi ekki endilega skapast skaðabótaskylda á stjórnvöld af hálfu lánastofnana þó að breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnkerfinu — þá er hitt alveg augljóst mál að þegar svo væri komið að allar helstu lánastofnanir, sjóðir og bankar ættu gífurlegra hagsmuna að gæta í því að veðin yrðu ekki rýrð, yrði þrýstingurinn gífurlegur um að gera engar breytingar sem yllu slíku. Þetta sjá allir menn. Málið snýst fyrst og fremst um framtíðina, um stöðu stjórnvalda gagnvart þessum efnum í framtíðinni. Hvort sem það er lagalegt atriði eða pólitískt og efnahagslegt þá hljóta allir að sjá að eftir einhver ár, fimm eða tíu eða svo, þegar stór hluti fiskiskipaflotans væri búinn að skipta um eigendur eða samningar ganga milli eigenda skipanna eða lánastofnana sem þyddi að veðbönd væru komin á veiðiheimildirnar í mjög ríkum mæli, þá yrði staðan sú að afar litlu yrði hægt að hreyfa í þessum efnum jafnvel þó að að lögum hefðu stjórnvöld stöðu til þess á grundvelli 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða.

Það sem mundi gerast væri meira en þetta. Þetta yrði ekki bara spurning um það hvort menn gætu breytt um fiskveiðistjórnunarkerfi og hætt að reikna út eitthvert aflamark. Það yrði beinlínis þrýstingur á það að halda uppi þessu veði með því að standa þannig að málum að verðgildi aflaheimildanna héldist sem slíkt, ekki bara að þær mynduðu veð. Það held ég að sé alveg augljóst mál. Ég er sannfærður um að fátt mundi festa betur í sessi óbreytt kvótakerfi með frjálsu framsali veiðiheimilda þannig að verðgildi veiðiheimildanna og þar með veðhæfnin héldist, en akkúrat breyting af þessu tagi.

Það er sagt hér eða var sagt í fyrri frumvörpum að þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi um að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips. Þó að þetta sé sett fram með afar sakleysislegum hætti voru ýmsir og eru sem vildu ganga lengra. Það liggur fyrir. Margir höfðu mestan áhuga á því að veiðiheimildirnar yrðu sjálfkrafa veð með skipi, sjálfkrafa, „átómatískt“, ef hæstv. sjútvrh. skilur það betur. Ég skal vitna í því sambandi í bréf formanns allshn., hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, til sjútvn. í desember 1994. Þá óskaði allshn. eftir því að sjútvn. léti í ljós álit sitt á brtt. við frv. og með leyfi forseta var þetta svohljóðandi, þetta er stutt bréf:

„Allshn. óskar eftir áliti sjútvn. á drögum að brtt. við 3. mgr. 31. gr. frv. til laga um samningsveð, 88. mál. Núverandi ákvæði hljóða svo: Þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips. Lagt er til [þ.e. af allshn.] að það verði svohljóðandi [þ.e. ákvæðið]: „Þegar skip er sett að veði skal litið svo á að veðrétturinn nái einnig til aflahlutdeildar skips, nema um annað sé samið í veðbréfi.““

Málið liggur svona, að það var og er örugglega áfram úti í þjóðfélaginu a.m.k., ef ekki jafnvel á þingi, áhugamál ákveðinna hagsmunaaðila að negla þetta enn fastar en menn þó þorðu að sýna í frv. og leggja til að veiðiheimildirnar verði sjálfkrafa sjálfvirkt veð með skipi þannig að engu sé síðan hægt að hreyfa. Staðreynd málsins er hins vegar sú að sjútvn. varð afar lítt hrifin af þessu ákvæði og þar var mikil andstaða við þessi ákvæði meðan málið var þar í umfjöllun. Reyndar fór það svo að lokum að sjútvn. frestaði því að senda frá sér nokkurt álit. Að mati nefndarinnar var um svo stórt mál að ræða þannig að aldrei var endanlega frá því gengið hver hefði orðið umsögn sjútvn., a.m.k. ekki á þessu ári sem hér um ræðir.

Ég held að vandamálin sem menn eru hér að glíma við séu afleidd. Þau eru afleidd af því að menn hafa ekki mannað sig upp í að ganga frá því með fullnægjandi hætti í lögum og ég vil segja helst einnig stjórnarskrá, hvað veiðiheimildirnar séu. Ég held að við stæðum ekki í þessu þrasi og okkur væri kannski sama með hvaða hætti veiðiheimildirnar eru veðsettar eða ekki veðsettar ef búið væri að ganga frá því í lögum og í stjórnarskrá á grundvelli skilgreiningar, hvað veiðirétturinn sé. Það er vandamálið að mínu mati. Það er því miður ekki nóg, þó það sé auðvitað gulls ígildi að hafa það í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að fiskimiðin og fiskstofnarnir séu sameign. Það er mikilvægt. Það var afar mikilvægt að ná því inn og það er komið þangað vegna baráttu Alþb. Það er rétt að kratarnir hafi það í huga einnig og Morgunblaðið líka. Alþb. flutti fyrst flokka á þingi brtt. sem þá voru því miður felldar um sameignarákvæði á auðlindinni. Strax 1983 fluttum við nokkrir þingmenn Alþb. slíkt ákvæði. Við endurfluttum það. Það var aftur fellt. En svo kom að því að menn höfðu vitkast, við fengum liðsmenn úr ýmsum áttum og nú vilja auðvitað allir Lilju kveðið hafa eins og oftar.

En jafnvænt og mér þykir um þetta ákvæði, þá segi ég alveg hiklaust: Því miður gengur það of skammt. Það þarf meira til. Að mínu mati þarf það til í fyrsta lagi að þetta sameignarákvæði á að koma inn í stjórnarskrá og það ætti að mínu mati að vera víðtækara. Það ætti að taka til allra náttúruauðlinda sem ekki eru sannanlega í einkaeign, á grundvelli einkaeignar á landi eða öðru slíku, t.d. til jarðhita, orku fallvatna og annarra slíkra hluta. (**Dómsmrh.:** En veiðiréttarins?) Nei. Ja, akkúrat. Þá skulum við ræða það, hæstv. ráðherra. Hvað vantar þá til að málinu sé lokað? Það vantar skilgreiningu á veiðiréttinum. Það vantar í lög þá skilgreiningu á veiðiréttinum sem menn eru að bögglast með. (**Dómsmrh.:** Hver á að eiga hann?) Veiðiréttinn á að vera að lögum, hæstv. sjútvrh., afnotaréttur. Því sem á að bæta við 1. gr. er að í framhaldi af því að skilgreina í lögum að auðlindin er sameign þjóðarinnar og fiskstofnarnir eru sameign þjóðarinnar, þá komi að veiðiréttur sem einstökum útgerðaraðilum eða öðrum slíkum sé úthlutaður sé afnotaréttur og það nánar skýrt þannig að það sé algerlega neglt niður að þar er ekki um eignarrétt að ræða heldur afnotarétt sem er tímabundinn og tekur mið af þeim lögum sem hverju sinni gilda um ráðstöfun þessara sameiginlegu auðlindar í þágu þjóðarhagsmuna.

Það er mín niðurstaða eftir að hafa þó nokkuð velt þessum málum fyrir mér að þetta sé það sem aðallega bögglast fyrir mönnum. Þarna þarf að koma skýr lagaleg skilgreining á því hvers eðlis þetta fyrirbæri er á meðan það er við lýði. Og það verður auðvitað við lýði í einu eða öðru formi. Það er alveg ljóst að í einu eða öðru formi verða einhverjar takmarkandi reglur í gildi vegna þess að auðlindin er ekki ótæmandi og tæknin og efnahagsleg geta landsmanna er slík að það er ekki fyrir séð að aftur sé hægt að sleppa öllu lausu í þessum

efnum. Ég held að því trúi enginn maður. En hvort sem um verður að ræða heimild á grundvelli sóknar eða veiðiréttar þarf að vera skýrt að þarna er verið að ráðstafa afnotarétti sameiginlegri auðlind. Ég held að með því mætti leysa ýmis vandamál sem nú eru að bögglast fyrir mönnum.

Herra forseti. Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa um þetta mörg orð. Ég lít svo á að lögfesting frv. eins og það liggur hér fyrir þýði ósköp einfaldlega óbreytt ástand. Og ég tel að óbreytt ástand sé í raun og veru það skásta við núgildandi aðstæður. Og hvað þýðir þetta óbreytta ástand? Það þýðir að mínu mati að það er ekki aðeins útgerðin í landinu sem verður að búa við þá áhættu að fiskveiðistjórnunarkerfið geti breyst. Hún verður að taka þá áhættu og veit að hún getur ekki sótt neinn rétt, hvorki á grundvelli hefðar eða þess að hafa haft þennan afnotarétt um árabil. En lánastofnarnir þurfa líka að ganga þannig frá sínum málum að þær taki einnig mið af þessari áhættu. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm., Sighvati Björgvinssyni, að ef þessi veðréttarheimild hefði komið inn hefði áhætta lánastofnananna gagnvart breytingum á stjórnkerfi fiskveiða verið orðin önnur, komin í annað samhengi heldur en útgerðar. A.m.k. er hætta á því. Og það á ekki að gera. Þeir sem veita lán eða veita sjávarútveginum einhverja fjármálalega þjónustu verða að sjálfsögðu að búa við sömu aðstæður hvað þetta snertir og útgerðin sjálf, þ.e. að stjórnvöld hafa rétt til þess að gera þarna á breytingar. Sá réttur hefur verið sérstaklega tryggður í lögum. Fyrst og fremst með sameignarákvæðinu í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og einnig með yfirlýsingum um að til þess geti hvenær sem er komið að kerfið taki breytingum. Við skulum ekki gleyma því í þessu sambandi að enn sem komið er er það svo, þrátt fyrir rúmlega áratugar sögu kvótakerfisins, að lengri hlutann af líftíma þess hefur verið byggt á tímabundnu gildi laga til eins eða tveggja ára í senn. Meiri hlutann af líftíma kvótakerfisins hefur þetta verið bráðabirgðaástand að lögum og auðvitað er eðlilegt að áhætta fylgi því.

Herra forseti. Þegar menn fara út í þau ósköp að rugla þessu saman við meðferð á greiðslumarki í landbúnaði á grundvelli búvörusamninga, þá veit ég að bæði ég og herra forseti erum svo hneykslaðir að við eigum ekki orð. Auðvitað er hlutdeild bónda í samningi um tiltekinn fjárstuðning ríkisins til takmarkaðs tíma við landbúnaðinn gersamlega ósambærilegur hlutur. Greiðslumarkið er ekki annað. Sá samningur liggur fyrir. Hann hefur lagastoð. Hann er afmarkaður í tíma þannig að veðhafinn veit nákvæmlega hvar hann stendur gagnvart því. Það er í gildi böuvörusamningur til tveggja, fimm eða þriggja ára og á grundvelli hans byggir greiðslumarkið. Það er afmarkaður fjárstuðningur við tiltekna framleiðslu og er auk þess tengt jörð í einkaeign. Ég bið menn að vera ekki að rugla umræðuna með því að blanda saman nánast óskyldum hlutum sem í raun eiga ekkert sameiginlegt nema nafnið sem menn setja á hvort tveggja, þ.e. kvótann.

[12:23]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algerlega sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um það að fiskimiðin eru þjóðareign og eiga að skilgreinast sem slík og veiðirétturinn er afnotaréttur og á að skilgreinast sem slíkur. Ég er fullkomlega sammála honum um þetta. Þetta eru grundvallaratriði. Afnotarétturinn getur verið verðmætur og er verðmætur og samkvæmt gildandi rétti í dag er hægt að veðsetja þau réttindi með skipinu. Þau eru órjúfanlega tengd skipi. Þetta eru framseljanleg réttindi og þess vegna hafa menn talið eðlilegt að tryggja stöðu þeirra sem taka veð í slíkum réttindum þannig að útgerðarmaðurinn geti ekki frjálst selt veðið í burtu á annað skip. Ég fagna því að hv. þm. telur það eðlilegt að halda óbreyttum lagareglum um þessar veðsetningar. Það segir alveg skýrt að hv. þm. telur eðlilegt að áfram verði tekin veð í þessum verðmætum. En þótt staða þeirra sem veita lán sé tryggð og ráðstöfunarréttur útvegsmannanna þrengdur er ekki rétt að það breytti stöðu kvótans ef menn ætluðu að afnema hann eða að banki sem tekur veð með þessum hætti og leysir til sín skip með aflaheimildum sé bara orðinn eigandi að skipi. Það er í raun sama eðlis og þegar útgerðarmaður A selur útgarðarmanni B skip sitt með aflaheimildum. Það er bara um skráningaratriði að ræða. Skip með veiðiheimildum hefur skipt um eiganda og það hefur enga þýðingu varðandi framtíðarstöðu kvótans, það festir hann ekki á neinn hátt í sessi. Það gerir viðskipti hins vegar öruggari að setja þetta í lög. Það er það eina.

Ég er sem sagt sammála öllu því sem hv. þm. sagði nema hvað þetta atriði varðar. Þar held ég að honum hafi skjöplast í túlkun sinni á stöðunni.

[12:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt við hæstv. sjútvrh. séum sammála um sumt og stundum margt, erum við greinilega ósammála um þetta atriði. Nú er ég ekki lögfræðingur og enn minni spekingur í þessum veðflækjumálum öllum. Þar af leiðandi treysti ég mér ekki til að taka stórt upp í mig varðandi lagalega túlkun um nákvæmlega þessi atriði í núinu. Mundi þetta sem sagt einhverju breyta strax, svipað og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fullyrti áðan? Ég er ekki mjög dómbær á það, ég viðurkenni það fúslega. En ég er sannfærður um hitt að í framtíðinni mundi þessi þróun festa kvótann rækilegar í sessi en e.t.v. nokkuð annað. Ég er líka andvígur því að í reynd erum við að lenda út á þá braut að vera með reikningsleg verðmæti, tilbúin verðmæti sem eru ekki endilega á líðandi stundu í samræmi við efnislegar forsendur. Það er hættan þegar búið er til eitthvert pappírsgildi eins og veiðiheimild. Auðvitað á það ekki að vera þannig þegar tekið er veð í hlutunum að það sé á grundvelli einhverra slíkra reikningslegra gilda sem menn meta veð sitt. Það á að vera spurningin um arðinn sem hægt er að ná af þeirri starfsemi sem verið er að lána til á hverjum tíma. Er ekki verið að búa til nákvæmlega sömu hættuna ef veiðiheimildir eru gerðar að jafnvel grundvallarundirstöðu lánveitinga í sjávarútvegi og hér hefur um áratugi viðgengist varðandi steinsteypu? Íslenskar lánastofnanir og bankar hafa ekki litið á það hvers virði sá rekstur er sem verið er að ráðast út í eða hversu gáfuleg áform einstaklings í atvinnurekstri eru, heldur hitt hvort amma hans ætti stórt einbýlishús sem hægt væri að veðsetja, hvort það væri nógu mikil steinsteypa einhvers staðar á bak við til að taka veð í. Ég held að sú hætta gæti líka komið upp ef menn slökuðu á og gæfu eftir. Ég sé þetta ekki sem „annaðhvort-eða-ákvörðun" í einum punkti, heldur lít ég frekar á þetta sem spurningu um ferli eða þróun sem ég væri mjög hræddur við.

[12:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú hætta sem hv. þm. sér fyrir lýtur fyrst og fremst að því að það er heimilt að framselja aflaheimildir en ekki að því að þessi afnotaréttur geti verið andlag veðréttar. Framsalið felur í sér ríkari rétt en veðheimildin. Og það er aldrei svo að sá sem tekur veð í einhverjum verðmætum geti

verið fullkomlega öruggur um það að veðið standist. Það eru alltaf möguleikar á því að veð eyðist með einum eða öðrum hætti. Lánastofnanir eru því alltaf undirorpnar þeirri áhættu að Alþingi ákveði einn góðan veðurdag að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og þá er veiðirétturinn ekki skilgreindur með þessum hætti. Hins vegar er sú áhætta auðvitað mjög lítil. Þótt menn breyti um fiskveiðistjórnunarkerfi ætla menn að halda áfram að gera út á Íslandi og gefa skipunum veiðirétt og sá veðiréttur yrði áfram verðmætur þótt það yrði veiðiréttur í sóknarmarki eða einhverju öðru kerfi. Hann felur alltaf í sér verðmæti þannig að sú áhætta er ekki mikil.

Aðalatriðið er að það hefðu ekki verið stigin nein ný skref þótt réttur útvegsmanns til þess að framselja veðsetta aflaheimild hefði verið takmarkaður. Þvert á móti má færa að því gild rök að það að takmarka rétt útvegsmanns til þess að framselja veðsetta aflaheimild hefði gefið löggjafarvaldinu heldur sterkari stöðu ef það kysi síðar að hverfa frá þessu kerfi. Það er fyrst og fremst frelsi útvegsmannsins til þess að framselja sem getur valdið því að það myndist smám saman sterkari hagsmunalegur þrýstingur og sterkari samstaða um það að hverfa ekki frá því kerfi.

[12:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum auðvitað ekki aðstöðu til annars en að ræða um þetta mál í ljósi þess ríkjandi ástands um stjórnkerfi fiskveiða, svo getum við verið sammála eða ósammála eftir atvikum um frjálst framsal veiðiheimilda og stjórnkerfið sem slíkt. Við verðum að ræða þetta út frá þeirri stöðu sem málin eru í. Ég held að við eigum ekki heldur horfa fram hjá því að ákveðin skilaboð eru fólgin í því að frv. er lagt fram þannig að það virðist vera að verða ljóst að ekki er meiri hluti fyrir því á Alþingi Íslendinga að gengið sé frá málinu með þessum hætti. Hvers vegna ekki? Ég tel að það sé fyrst og fremst vegna þess að meiri hlutinn á Alþingi Íslendinga vill verja rétt löggjafans til að breyta um fiskveiðistjórnunarkerfi. Menn sjá þetta í samhengi við það að þetta gæti þrengt stöðuna hvað það snertir. Ég tel að svo sé og hæstv. sjútvrh. sé að átta sig á því að það er það sem veldur því að þingmenn, með annars að mörgu leyti mismunandi skoðanir í þessum efnum, sameinast þó í því að þeir vilja ekki að neitt það sé gert sem gæti þrengt stöðuna. Ég vísa til þess sem ég hef hér áður sagt um þá þróun sem þetta væri hluti af og það ferli. Auðvitað hafa margir áhyggjur af því að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. sé að myndast ákveðinn hefðarréttur, í gangi sé ákveðið skrið, réttarþróun segja lögfræðingar stundum þegar þeir lenda í hvað mestum vandræðum með að túlka breytta afstöðu til laga og nýja dóma og að slíkir hlutir geti hægt og sígandi verið þarna að verki. Ég lít þess vegna á þetta sem vissan varnarsigur gagnvart þróun og ferli sem ég að öðru leyti hef miklar áhyggjur af.

[12:33]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er sérstök umræða sem hér fer fram. Allir virðast keppast við að eigna sér heiðurinn af andstöðu í þessu máli og vildu þar allir Lilju kveðið hafa eins og minnst var á hér áðan. En í tilefni orða hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, varðandi vinnu allshn. í þessu máli þá er það rétt að nefndin vann mikið í málinu á síðasta þingi og reyndi að finna málamiðlun. Þá kom fram hugmynd um þessa brtt. sem þingmaðurinn las upp áðan. Síðan var sent bréf til sjútvn. með tillögu sem ég ætla að fá að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til aflahlutdeildar skips á hverjum tíma, samanber 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða."

Ég verð að fá að lesa aðeins röksemdir með þessari brtt. sem var send sjútvn. til umsagnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Með tilvísun til þeirrar greinar er verið að undirstrika þá stefnuyfirlýsingu sem fram kemur í niðurlagsákvæði 1. gr. þeirra laga að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þeim lögum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Af þessari tilvísun til 1. gr. laga nr. 38/1990 leiðir að sá sem tekur veðrétt í skipi og aflahlutdeild tekur með sama hætti og eigandi skips þá áhættu að aflahlutdeildin verði vegna ráðstafana ríkisvaldsins skert eða hún jafnvel afnumin á gildistíma veðsamnings."

Í sambandi við þetta er vitnað í dóm Hæstaréttar frá því í nóvember 1993 í máli Hrannar hf. gegn fjmrh. Ég held því að það sé alveg ljóst hvað hér er sagt og að mínu mati er þetta fyrst og fremst lögfræðilegt atriði sem snýr ekki að því hvaða skoðanir menn hafa á lögum um stjórn fiskveiða. Það var réttaróvissa á þessu sviði. Það er verið að setja hér fram frv. sem á að vera heildarlöggjöf um samningsveð og því teldi ég eðlilegt að þetta ákvæði hefði verið inni.

[12:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. um að auðvitað er æskilegt að ganga frá þessum málum með skýrum hætti. Það er enginn að biðja um að þetta sé látið vera einhverri óvissu undirorpið umfram það sem efni standa til. En á hinn bóginn verður að horfast í augu við að þetta tengist afar stóru og umdeildu máli. Það væri barnaskapur að horfast ekki í augu við það. Það er verið að afgreiða meira en bara einfalt bókhaldsatriði eða pappírsatriði að svo miklu leyti sem þetta tengist stöðu núverandi stjórnkerfis fiskveiða.

Hv. þm., formaður allshn., las hér upp tillögu sem allshn. sendi sjútvn. til umsagnar í janúar 1995. Það var í líklega þriðju tilraun sem gerð var á því kjörtímabili til að ná málinu í gegn. Það er vissulega rétt að þá var komin fram hugmynd um að vísa beint til 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar og er enn að sú tenging gæti verið varasöm nema hún væri með alveg sérstökum og tilteknum hætti. Eins og hv. þm. e.t.v. man þá var ég satt að segja ekki viss um að það væri yfir höfuð til bóta að tengja þetta við 1. gr. nema það væri gert með tilteknum hætti og þá óðruvísi. Þ.e. að það væri þá sagt að sama skyldi gilda gagnvart veðandlaginu og gilti um veiðiréttinn gagnvart útgerðinni, að menn yrðu að taka á sig þá óvissu að þetta gæti hvenær sem er breyst. Auðvitað hefði verið hægt að hugsa sér að ganga með svipuðum hætti frá orðalagi þessa frv. um samningsveð og væri hægt að gera í lögum um stjórn fiskveiða og ég var að víkja að hér áðan og tengist þá því að skilgreina fyrirbærið aflamark eða veiðirétt. Auðvitað hefði verið hægt að hugsa sér að skilgreina veðandlagið í þessu sérstaka tilviki og tengja það þeirri óvissu sem væri vegna þess að um tímabundið „stjórnkerfi fiskveiða" væri að ræða.

[12:38]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt út af orðum hv. þm. Það var virðulegur lagaprófessor sem aðstoðaði allshn. við að semja þessa brtt. þannig að við hljótum að geta treyst áliti hans. En ég ætla líka vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað

að minna á að undir þetta bréf sem sent er til sjútvn. rita nöfn sín bæði fulltrúar Alþfl. og Framsfl. í allshn.

[12:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru náttúrlega merkar upplýsingar ef svo ber að skilja að þar með hafi bæði fulltrúar Alþfl. og Framsfl. verið búnir að fallast á þetta orðalag sem grundvöll afgreiðslu málsins. Það hefur mér ekki verið ljóst áður. Auðvitað eru það enn nýjar upplýsingar í málinu og gera nú þessar lánuðu fjaðrir sem menn hafa verið að skreyta sig hér með enn fátæklegri ef svo kemur á daginn að í allshn. hafi fulltrúar þessara flokka verið búnir að skrifa upp á lögfestingu á þessu orðalagi eða nánast því sama með þessari einu breytingu að þá væri vísað í 1. gr. laganna um stjórnkerfi fiskveiða. (**Gripið fram í:** Ekki bandalagið.) Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm., ég sé það þegar ég lít betur á þetta að þarna eru undir nöfn hv. þm. Péturs Bjarnasonar, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, Guðmundar Árna Stefánssonar og Inga Björns Albertssonar.

En varðandi einhvern lagaprófessor sem kann að hafa sett stafina sína þarna undir þá má hann vera eins virðulegur og fara gerist mín vegna. Það breytir ekki því að sannfæring mín varðandi a.m.k. hina pólitísku og efnislegu stöðu málsins er mjög sterk. Ég ætla ekki í lagaþrætur, hvorki við prófessora né löglærða menn eins og hæstv. sjútvrh., um einstök atriði af því tagi. En ég treysti mér alveg jafn vel og hver annar til að leggja dóm á hina pólitísku vígstöðu sem uppi yrði í málinu í fyllingu tímans eins og útvarpsstjóri orðar það stundum, ef svo væri komið innan fimm eða tíu ára að mestallar veiðiheimildir í landinu væru orðnar þrælveðsettar. Þá þyrfti mikið til að breyta því kerfi og láta veðin hverfa á einni nóttu með ákvörðun um t.d. að fella niður aflamark. Ég sé það ekki gerast.

[12:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þótt veðsetning aflaheimilda hafi verið mest til umræðu í dag varðandi þetta frv. þá er það nú svo að hér er verið að gera allmiklar lagfæringar á íslenskum rétti. Það yrði mikil réttarbót ef samþykkt yrðu frá Alþingi heildarlög um samningsveð. Eins og tekið er fram í greinargerð með frv. er núverandi löggjöf um þessi efni á víð og dreif og ákvæðin auk þess frá ýmsum tímum, það elsta frá 1869 og hið yngsta frá 1989.

Núgildandi löggjöf er ekki almenn löggjöf og hún lætur ósvarað mörgum helstu álitaefnum á sviði veðréttarins eins og tekið er einnig fram í athugasemdum með frv. Lögfesting skýrra heildarreglna á sviði veðréttarins yrði því án efa ánægjuefni mörgum sem með veðréttarleg málefni sýsla. Það er þó sérstakt ánægjuefni að fallið skuli hafa verið í nýjustu gerð frv. frá því að lögfesta þá framkvæmd sem viðgengist hefur að veiðiheimildir séu veðsettar. Hátíðlegt ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða sem kveður á um að auðlindir sjávar séu sameign þjóðarinnar hefur mátt sín lítils gagnvart hagsmunum þrýstihópa, lánastofnana og útgerðarmanna, sem reyndar hafa farið með auðlind þjóðarinnar sem sína eigin. En jafnvel þótt ákvæðið sé fellt út úr núgildandi frumvarpsdrögum tók hæstv. sjútvrh. það skýrt fram í ræðu sinni áðan að framkvæmdin yrði engu að síður viðhöfð áfram og var helst að skilja á máli hans að þar með væri sú framkvæmd réttlætanleg. Það er auðvitað með öllu óviðunandi að svona skuli haldið á málum. Það væri e.t.v. eðlilegra fyrir hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því að ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða yrðu afnumin þar sem auðlindir sjávar ættu ekki að vera sameign þjóðarinnar heldur einungis eign tiltekins hluta hennar. Slík vinnubrögð væru e.t.v. hreinlegri. Hitt er þó undarlegra að mínu mati að hæstv. sjútvrh. sem er löglærður, skuli ekki þykjast sjá mun á því hvort menn upp á sína eigin ábyrgð taki að veði eign sem aðrir eiga eða því hvort slík framkvæmd sé lögfest. Það er að sjálfsögðu allt annar hlutur og kemur þeim verst sem veðið tekur. Þetta veit hæstv. ráðherrann og réttlætir þessi staðreynd á engan hátt það athæfi að reyna að lögfesta slíka veðsetningu. Það er stór munur þar á. Hún verður áfram að vera á ábyrgð þeirra sem vilja taka slík veð sem tryggingu í viðskiptum.

Það er vikið að því í athugasemdum með frv. að núgildandi veðlöggjöf hafi borið skaða af því að breytingarnar sem á henni hafa verið gerðar hafi verið tilkomnar vegna þrýstings frá einstökum atvinnugreinum sem hafa mikla þörf fyrir rekstrarfé. Dæmi þessa eru nefndar atvinnugreinar eins og sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður. Í athugasemdum með frv. er fullyrt að með breytingum þessum hafi meira verið hugsað um að leysa bráðan vanda tiltekinna atvinnugreina eða að veita ákveðnum lántakendum aukið öryggi í stað þess að huga að heildstæðum lausnum er komi öllum jafnt til góðs. Þessi orð í athugasemdum frv. sem eru viðhöfð um eldri veðlöggjöf eiga jafnt við um hið nýja frv. og það er jafnmikilvægt í dag og það hefur alltaf verið að almenn löggjöf sem þessi sé vönduð og til þess fallin að koma sem flestum til góða.

Sú breyting sem gerð hefur verið á frv. varðandi veðsetningu aflaheimildar felur í sér ákveðna afstöðubreytingu. Mér sýnist erfitt að skilja hana sem svo að í raun og veru hafi ekkert gerst. Það hefur nefnilega gerst að hagsmunahópar, lánastofnanir og útgerðarmenn hafa beðið lægri hlut fyrir réttlætinu. Það hefur unnist varnarsigur eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon orðaði það áðan, hver svo sem getur eignað sér hann. Og ég ætla mér allra síst að fara að blanda mér í þá deilu hér hverjir hafi átt upphafið eða geti eignað sér það að þetta ákvæði hafi verið tekið út úr frv.

[12:45]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að spyrja hv. þm. að því hvert sé álit hennar á því að þegar verið sé að setja heildarlöggjöf um samningsveð og atriði eins og hér um ræðir er tekið út úr frv., hver sé þá réttarstaðan í þessum efnum.

[12:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel í fyrsta lagi ekki ráðlegt að setja mig í einhverjar dómarastellingar um það hver sé staðan nú í þessum málum. En væntanlega er staða mála sú að það sem var reynt að gera með ákvæðinu í upprunalegu frumvarpsdrögunum kemur ekki til framkvæmda sem er frekari staðfesting á því að þetta sé heimilt. Og eins og komið hefur fram í umræðunum í dag þá er staða mála væntanlega sú að eftir stendur að þessar veðsetningar eru alfarið á ábyrgð þeirra sem taka slík veð sem tryggingu í sínum viðskiptum. Vera má að meðferð frv. á þingi og það að þetta ákvæði hafi verið tekið út geti haft einhverja frekari þýðingu. En það er mitt mat nú að þetta standi eftir. Veðsetningarnar koma væntanlega til með að halda áfram óáreittar en eftir sem áður er það fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem taka slík veð fyrir samtryggingu. Að mínu mati er það svo.

[Fundarhlé. — 12:47]

[13:32]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í fjórða sinn sem frv. til laga um samningsveð kemur fyrir Alþingi á sl. þremur árum. Umræður um þetta mál eru nú orðnar mun viðameiri en þær hafa áður verið og jafnvel lengri en samanlagt í hin þrjú skiptin sem málið hefur verið rætt við 1. umr. Það merkilega er við þetta frv. er að í þau þrjú skipti sem það var rætt á síðasta kjörtímabili urðu afar litlar umræður um það og enginn ræðumanna vék að því sem síðan hefur orðið hvað eldfimast úr fyrra efni þess, þ.e. heimild til þess að veðsetja veiðiheimildir. Sú heimild hefur nú verið tekin út úr frv. og að því leyti er það frábrugðið því sem það var á síðasta kjörtímabili. Nú hafa umræður fyrst og fremst orðið um atriði sem er ekki lengur inni í frv. Það er því dálítið skondið að það var ekki rætt þegar það var í frv.

Engu að síður urðu allnokkrar umræður um þetta atriði málsins og þá fyrst og fremst í hv. allshn. vorið 1993, veturinn 1993–1994 og svo síðasta vetur þegar málið var í nefndinni í þriðja sinn.

Það hefur verið rakið fyrr í umræðunni hvernig gangur málsins var í þingnefndinni þannig að það liggur nokkuð ljóst fyrir hvernig afstaða fulltrúa flokkanna til þessa atriðis frv. skiptist á sínum tíma. Við þá sögu er því ekki miklu að bæta. Hún var þannig í stuttu máli að ég var eini fulltrúinn sem lýsti yfir andstöðu við þetta ákvæði frv. Fulltrúar annarra flokka gátu ýmist stutt málið óbreytt eða með breytingum. Á síðasta stigi málsins í fyrra var reynt að afgreiða málið frá nefndinni með stífum fundahöldum og samningum um orðalag á brtt. um þetta efni frumvarpsins, en ekki náðist saman. Að lokum höfðu það margir þingmenn, aðrir en þeir sem sátu í allshn., tengst umræðunni og myndað sér skoðun um málið að ekki varð við það ráðið. 24. febrúar sl., einn af síðustu dögum þinghalds fyrir síðustu alþingiskosningar, var gerð úrslitatilraun til að afgreiða málið frá nefndinni og til þingsins. Það voru haldnir tveir fundir en án árangurs. Þar með var sú atrenna runnin út í sandinn.

Þetta frv. er þó mjög tímabært og þarft að efni til. Það er að stofni til byggt á lögum sem komin eru til ára sinna. Þau eru frá 1887 og þróunin í meðförum manna á fjármálum er orðin svo ör að brýna nauðsyn ber til að breyta lögum til samræmis við breytta tíma. Mér sýnist frv. og efni þess að flestu leyti til verulegra bóta og hvet hv. allshn. til að freista þess að ljúka umfjöllun sinni um málið sem fyrst og koma því aftur til þingsins svo unnt verði að ljúka því að setja ný lög, eins og stefnt er að með frumvarpinu.

En víkjum aftur að því umdeilda atriði sem mest hefur verið rætt um í morgun. Svo menn átti sig á því um hvað málið snýst er rétt að rekja stöðu mála sem breytist varla eftir að þetta umdeilda ákvæði er horfið úr frv. Staða veðsetningarmála í sjávarútvegi varðandi veiðiheimildir skipa er þannig eftir lagasetninguna árið 1990 að einungis eru tryggð þau veð í skipum sem lánastofnanir eða lánveitendur höfðu tekið fyrir gildistöku hennar. Það er óumdeilt að lán sem stofnað var til með veðsetningum fyrir þann tíma eiga tryggingu í veiðiheimildum. Lagasetningin árið 1990 breytti þessu á tveimur forsendum. Annars vegar var tekið upp ákvæði í 1. gr. laganna um að auðlindin væri sameign þjóðarinnar og það hefur áhrif á það hversu víðtæk heimild á að vera til þess að veðsetja það sem menn kunna að álíta að sé hlutdeild í þeirri sameign.

Í öðru lagi var þarna í fyrsta skipti tekið upp frjálst framsal veiðiheimilda. Áður fyrr voru þeir sem tóku veð í skipinu því tryggir með að veðið náði líka til aflaheimildarinnar. Ekki mátti flytja aflaheimildina af skipinu nema því aðeins að skipið væri tekið út af skipaskrá og það var ekki hægt nema veðbókarvottorð væri hreint. Þá þurftu menn að hafa samið við lánardrottna þannig að þeir voru tryggir með sín veð. En eftir að framsal verður heimilt geta skipseigendur flutt veiðiheimildir af skipinu án þess að spyrja að lánveitingum. Lögin frá 1990 höfðu því þau áhrif að einu lánveitingarnar sem eru með tryggum veðum í veiðiheimildum eru lán frá því fyrir gildistöku þeirra. Lánveitingar eftir gildistöku þeirra eru einvörðungu með tryggingum í skipinu sjálfu, sem sagt lögvörðum tryggingum. Síðan gilda auðvitað almenn ákvæði sem eru þau að menn semja sín á milli, enda eru samningar meginregla í viðskiptum manna á milli. Það verður svo að vera höfuðverkur þeirra sem semja að hve miklu leyti samningar eða veð á bak við samningana halda eða þær tryggingar sem þeir reiða fram. En þeir hafa ekki lögvarinn rétt til að tryggingarnar standi eins og ákvæði í frv. um samningsveð. Í raun var því verið að leggja til að framlengja gamla ástandið, að löggjafinn veitti lögvarða heimild til að veðsetja veiðiheimildir. Þar sem ákvæðið er farið út verður ástandið einfaldlega svona áfram. Þetta eru ótrygg veð. Það er ekkert sem bannar það að menn veðsetji veiðiheimildir, en veðin eru ótrygg. Það kann að vera að þau haldi ekki gildi sínu en lánveitendur verða einfaldlega að meta það hverju sinni hvaða tryggingar eru í þeim veðum sem menn reiða fram. Þannig sýnist mér t.d. að það sé ekkert sem bannar beinlínis að menn veðsetji aflamark, þ.e. þá heimild sem menn hafa á ári hverju til þess að veiða. Hins vegar er óljóst hvaða trygging er fólgin í veðsetningunni. Það er einfaldlega dómstóla að skera úr um það.

Þá kemur spurningin: Af hverju snerust menn gegn þessu ákvæði? Því verða menn auðvitað að svara hver fyrir sig og ég ætla að reyna að útskýra afstöðu mína. Áður en ég vík að því vil ég segja að ég tel að sú breyting sem gerð hefur verið með því að taka þetta út úr frv. hafi töluverð áhrif. Hún hefur áhrif á dómendur og hún hefur áhrif á þróun þessa máls í framtíðinni. Til að geta metið áhrifin þurfa þeir sem hafa talað fyrir breytingunni að skýra sjónarmið sín svo mönnum sé ljóst hverju þeir ætluðu að ná fram með henni.

Ég mat málið svo að ef veittur yrði lögvarinn réttur til að veðsetja veiðiheimildir væri ýtt undir þróun sem ég þóttist sjá að væri í gangi, þróun sem skilgreindi nýtngarréttinn eða afnotaréttinn æ meira til stuðnings séreignafyrirkomulaginu. Gæti sá réttur á endanum orðið svo sterkur að hann tæki af sameignarákvæðið í lögunum. Með því að stöðva þessi áform tel ég að við höfum styrkt sameignarákvæðið í lögunum um stjórn fiskveiða. Það eru skilaboð um það til þeirra sem um þessi mál fjalla að alþingismenn vilji ekki hætta á að afnotarétturinn verði svo öflugur að sameignarákvæðið víki til hliðar í tímans rás. Þetta er það sem ég tel ávinninginn af málinu og var einmitt það sem fyrir mér vakti á sínum tíma með því að leggjast gegn því að þessi veðsetningarheimild yrði veitt.

Með því að styrkja sameignarákvæðið tel ég líka að við séum að veikja málflutning auðlindaskattsmanna í sjávarútvegi því að rök þeirra sem vilja auðlindaskatt eða veiðileyfagjald í sjávarútvegi hafa fyrst og fremst verið þau að vafi léki á því að sameignarákvæðið héldi í lögunum og vegna þess vafa væri nauðsynlegt að setja á auðlindaskatt til þess að það væri ótvírætt að menn eignuðust aldrei hlutdeild í auðlindum.

Ég tel líka jákvætt að veikja rökin fyrir atvinnugreinaskatti eins og auðlindaskatturinn er óneitanlega. Reyndar er hann ekki bara atvinnugreinaskattur. Við getum sagt að hann sé alþýðuskattur og fyrst og fremst skattur á þá Íslendinga sem starfa í þessari atvinnugrein. Eins og menn þekkja leggjast skattar einkum á fólk en ekki á tæki og þetta er fyrst og fremst skattur á það fólk sem starfar í sjávarútvegi. Ég er ekki sammála því að hafa þann háttinn á.

Ég skora á aðra alþingismenn, sem hafa talað gegn því að veitt yrði heimild til að veðsetja veiðiheimildir, að gera grein fyrir því hvers vegna þeir stóðu gegn því. Ég tel nauðsynlegt að menn skýri afstöðu sína til þess að áhrifin af því að þessi áform náðu ekki fram að ganga verði metin rétt. Það er óneitanlega mikil tíðindi þegar allt peningavald þjóðarinnar samanlagt bíður lægri hlut. Það gerist ekki oft í þjóðfélaginu og ekki oft á Alþingi að bankar og aðrar peningastofnanir verða undir í baráttu um lagasetningu við alþingismenn en hér hefur það gerst að nógu margir alþingismenn hafa stöðvað hagsmuni bankavaldsins. En tillagan í frv. var fyrst og fremst til að verja hagsmuni peninganna. Það hefur vikið fyrir vilja alþingismanna og það eru veruleg tíðindi.

Ég óska eftir því að þeir þingmenn, sem lögðust gegn þessu, skýri afstöðu sína. Þar beini ég máli mínu til þingmanna úr báðum stjórnarflokkum en þó sérstaklega til þeirra sem hafa verið nafngreindir í fjölmiðlum sem andstæðingar málsins, þ.e. til þingmanna Framsfl. á Reykjanesi. Menn geta túlkað afstöðu á mismunandi hátt. Menn geta sagt sem svo að andstaðan hafi verið á þeim forsendum sem ég rakti. En menn geta líka sagt að andstaðan byggist á öðrum sjónarmiðum. Hægt er að segja sem svo að þeir sem lögðust gegn því að veðsetningarheimild yrði veitt voru þeir sem vildu styrkja frjálsa framsalið með þeim rökum að væri veðsetning heimil takmarkaði hún frjálsa framsalið vegna þess að sá sem á veiðiheimildina og ætlar að framselja þarf að ná samningum við sinn banka áður en hann getur framselt veiðiheimildina. Með öðrum orðum takmarkar hann möguleika sína þannig að veðsetning veiðiheimilda þrengir að þeim sem vilja framselja veiðiheimildir. Það kann að vera að menn túlki þetta sem svo að þeir sem börðust fyrir því að taka þessa grein út úr frv. hafi verið með það í huga að styrkja frjálsa framsalið. Mér finnst aðalhættan í þessu vera sú að menn túlki málið á annan veg en þeir ætlast til sem börðust fyrir því að breyta frv.

Það er líka hugsanlegt að vera með þriðju útgáfuna um það sem réði því að menn lögðust gegn heimildinni. Það mætti hugsa sér að menn væru andsnúnir því að veðsetja vegna þess að menn væru andsnúnir kvótakerfinu. Með því að fá þetta út væru menn að byggja sér upp stöðu til þess að ná árangri í að veikja kvótakerfið. Til þess að komast að þeirri niðurstöðu að leggjast gegn því að veitt verði heimild til að veðsetja veiðiheimildina geta menn haft þá skoðun að menn óttist að það festi kerfið í sessi þannig að það er frá mismunandi sjónarmiðum sem menn geta verið andsnúnir því að veita heimild til að veðsetja veiðiheimildir. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni og tel nauðsynlegt til þess að áhrifin af þessum árangri verði túlkuð sem réttust að menn komi fram og skýri afstöðu sína í málinu.

[13:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bregst vel við frýjunum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þó ég telji röksemdirnar fyrir því að einstakir þingmenn hafi verið nafngreindir í fjölmiðlum séu ekki nægar til þess að menn komi upp vegna fjölmiðla. En hann auglýsir eftir afstöðu einstakra þingmanna, stjórnarsinna m.a., hvers vegna þetta umdeilda ákvæði sé ekki inni.

Skoðun mín er augljós en ég vil þó taka mjög skýrt fram að þingflokkur Framsfl. er nokkuð samstiga í málinu eins og það var lagt fram og er vert að vekja athygli á því að hér er um mjög þarft frv. að ræða eins og það liggur fyrir núna. Eins og hv. þm. vék að er margt í gildandi lögum afskaplega úrelt og hefur ekki fylgt breyttum viðskiptaháttum. Ástæður þess að menn hafa lagst gegn veðheimildum á aflaheimildir eru auðvitað ýmsar eins og hv. þm. rakti áðan en ég nefni þau grunnsjónarmið sem ég sjálfur legg til grundvallar. Það er í fyrsta lagi að auðlindin er sameign þjóðarinnar og um er að ræða afnotarétt af þessari auðlind. Með veðsetningu á lögbundnum aflaheimildum tel ég að sé verið að stíga fyrsta skref í ávísun á eign útgerða eða einstaklinga að þessari auðlind.

Ef við hugsum til framtíðar að innan 10–15 ára kunni menn að benda á að þeir hafi á grundvelli lagastoðar haft veðsetningu í aflaheimildum og vilji nú stíga næsta skref sem sé að eignast kvótann. Á því grundvallaratriði byggist afstaða mín. Jafnframt má hafa í huga að verði breytingar á fiskveiðistjórnun sem kann alltaf að gerast og öll kerfi breytast þá hygg ég að lagastoð fyrir veðheimildum kunni að hindra að slíkar breytingar geti orðið á stað þar sem slíkir hagsmunir eru í húfi. Ég tel þó mikilvægt að jafnframt komi fram að núverandi fyrirkomulag getur gengið áfram þar sem bankar og lánastofnanir þurfa að meta áhættu sína.

[13:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir skýr svör. Það er alveg ljóst að hann hefur byggt afstöðu sína út frá því að verja sameign þjóðarinnar á þessari auðlind og miða afstöðu sína við það og þá hættu sem sú sameign kann að verða í ef menn geta veðsett afnotaréttinn eins og lagt var til. En ég vil skjóta því inn í í framhaldi af þessu að ég tel að til þess að styrkja enn frekar sameignarákvæðið og stuðla að því að þróun mála í löggjöf um stjórn fiskveiða verði með þeim hætti sem ég vil og hv. þm. Hjálmar Árnason eigi menn að skoða önnur ákvæði laganna um stjórn fiskveiða sem varða framsal veiðiheimilda og þá fyrst og fremst þau ákvæði sem lúta að því að skylda skip eða veiðirétthafa til að veiða sjálfir þann afla sem þau hafa heimild til að veiða og draga úr heimildum manna til þess að versla með veiðiheimildina. Ég held að menn ættu að beina sjónum sínum að þessu ákvæði og taka upp ríkari skyldur en nú eru fyrir því að veiðirétthafar noti réttinn sjálfir en framselji hann síður til annarra.

Í dag er það svo að menn geta árum saman leigt aflamark sem þeir veiða aldrei og til þess að koma í veg fyrir þessi miklu viðskipti eða draga úr þeim eins og hægt er þurfum við að reisa stífari skorður við því en nú er að heimila leigu aflaheimilda sem mönnum er trúað fyrir að nýta.

[13:56]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Til umræðu er frv. um samningsveð og frv. sem að flestra mati er gott og þarft. Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um það sem ekki er í frv. frekar en það sem þar er að finna. Ég held að ég beini máli mínu þá fyrst og fremst að þeim hluta sem hefur verið mönnum hvað hugleiknastur, þ.e. þau ákvæði sem voru upphaflega inni

í frumvarpsdrögunum að heimila veðsetningu aflaheimilda skipa.

Þetta frv. kom til stjórnarflokkanna fyrir áramót og með þeim formerkjum að ríkisstjórnin hefði einróma samþykkt framlagningu þess, þar á meðal fimm ráðherrar Framsfl. Það var rætt í þingflokknum á þann veg og margir aðilar sem þar tóku til máls höfðu fyrirvara á samþykki sínu fyrir þessu frv. í þinginu og áskildu sér allan rétt til breytinga eða að vera beinlínis gegn því þegar kæmi að afgreiðslu þess innan þingsins eða í allshn. Ég var einn af þeim sem höfðu fyrirvara á því að samþykkja að aflahlutdeild skipa gæti verið veðsett.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að óbein veðsetning aflahlutdeildar hefur viðgengist um margra ára bil. Það hefur jafnframt viðgengist að færa kvóta sem eign útgerðarfyrirtækja um langan tíma. Þessi háttur á færslu eignarréttarins byrjaði með tilkomu svokallaðra sjóða, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Hlutafjársjóðs, sem stofnaðir voru að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1988. Ástæðan fyrir breytingunni var sú að ýmis fyrirtæki sem sóttu um fjármuni í Hlutafjársjóð voru það illa stödd að eiginfjárstaða þeirra var undir núllinu þannig að þau höfðu ekki samkvæmt reglum sjóðsins leyfi fyrir úthlutun og þar með voru góð ráð dýr. Það var síðan stjórn sjóðsins, væntanlega með samþykki ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og þeirra flokka sem stóðu að henni, að stjórnin samþykkti að óveiddar aflaheimildir mætti nota til að lyfta upp eiginfjárstöðunni og þar með gera þá gjaldgenga í Hlutafjársjóði. Þar með var farið að færa þessar óveiddu aflaheimildir sem eign í efnahagsreikningum sumra fyrirtækja og þá fór hjólið að snúast.

Hvað þýddi það þegar farið var að færa þetta sem eign hjá fyrirtækjum? Það þýddi náttúrlega um leið að með sölu fyrirtækjanna fluttist eignin milli fyrirtækja og ef einhver aðstandandi þessa sama fyrirtækis féll frá kom upp dómsmál í Hæstarétti þar sem krafist var þess að sami eignarhlutur í aflahlutdeild gengi í erfðir á milli manna. Það var staðfest í Hæstarétti að þessar aflahlutdeildir gætu gengið í erfðir. Þar með er hringnum lokað.

Þessi þróun hefur farið mjög fyrir brjóstið á þjóðinni og orðið til þess að aflahlutdeildirnar eru komnar í hendur svokallaðra sægreifa sem eiga skipin og eiga úthlutunarréttinn í aflahlutdeildum sem úthlutað er á hverju ári. Staðreyndin er nefnilega sú að lögin um veðsetningu aflahlutdeilda eða við skulum segja sú breyting sem var verið að tala um breytti ekki neinu vegna þess að það er búið að gera þessar breytingar smám saman, ekki beinlínis vegna þess að það hafi verið lögfest heldur af því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar leyfði á sínum tíma að þessi færsla aflahlutdeilda væri viðurkennd. Þess vegna hefur líka óbein veðsetning verið lengi viðhöfð og viðurkennd sem nægjanlegt veð fyrir skuldum og menn hafa gengist undir það að selja ekki aflahlutdeild nema veðhafar hafi samþykkt það.

Sama á þá við um erfðaréttinn og alla þá þróun sem þar hefur átt sér stað síðan árið 1988. Því held ég að óhætt sé að vísa ábyrgð á þessari þróun á hendur þeim framsóknarmönnum, alþýðubandalagsmönnum og alþýðuflokksmönnum sem þá voru í ríkisstjórn. Ég vil taka það fram að ég hef alla tíð verið mjög mikið á móti því hvernig þetta hefur þróast en að sjálfsögðu hef ég ekki getað haft mikil áhrif á það önnur en þau að reyna að mótmæla því í blaðagreinum og á fundum þar sem tækifæri hefur verið til þess.

Það er nú verr og miður að sennilega verður ekki hægt að snúa við, alla vega er mjög erfitt að snúa við frá þessari þróun. Ákvæðin um veðsetningu koma trúlega inn fyrr eða síðar, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Það kom mér reyndar dálítið á óvart þegar ríkisstjórnin samþykkti að leggja fram frv. án þess að nokkur ráðherra gerði athugasemd við þá heimild að veðsetja mætti aflahlutdeildir. Það kom mér líka mjög á óvart að þegar þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar var komin í gegn og til ríkisstjórnarflokkanna virtist svo fara að sjálfstæðisþingmenn skyldu, við skulum segja, ekki beinlínis átta sig á því að með því að afgreiða þetta með fyrirvara, gefa ráðherrar Framsfl. þingmönnum sínum tækifæri til þess að hafna einstökum atriðum í frv. eins og þeir séu frelsararnir í málinu og þar með hygla sínum eigin þingmönnum vegna þess á kostnað þingmanna Sjálfstfl. Ég verð bara að segja alveg eins og er að þessi vinnubrögð finnast mér alveg hreint með ólíkindum og hreint ekki til þess fallin að skapa traust á milli flokka sem vinna tveir saman. Ég get bara sagt að ábyrgð framsóknrmanna og þeirra sem hér hafa talað eins og alþýðubandalagsmanna og alþýðuflokks manna á því hvernig þessi mál eru komin, er algjör. Þeir bera einir ábyrgð á því hvernig þessi mál hafa þróast og hvernig þessi auðlind, sameign þjóðarinnar, hefur færst frá fólkinu yfir til svokallaðra sægreifa. Þeir bera ábyrgðina og engir aðrir. Þess vegna finnst mér þessi umræða um það hver eigi að hafa komið í veg fyrir eitt og annað í málinu algerlega út í hött.

[14:05]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það mjög merkilegt að flokkur sem hefur átt sjútvrh. um nokkurt skeið telji að samstarfsflokkurinn beri ábyrgð á honum og á öllum hans gerðum en ekki flokkur ráðherrans sjálfs. En mig langar til þess að spyrja vegna þeirrar umræðu sem fram fór áðan: Hvaða hátt hafa þeir sjálfstæðismenn í þingflokki Sjálfstfl.? Gefa ráðherrar sjálfstæðismanna þingmönnum sínum ekki heimild til þess að gera athugasemdir eða hafna stuðningi við tiltekin atriði í frumvörpum? Hv. þm. talaði eins og þetta væri einkennilegt ástand í þingflokki Framsfl. þar sem ráðherrar gæfu einstökum þingmönnum heimild til að lýsa andstöðu við hluti sem væru í undirbúningi hjá ríkisstjórninni. Lítur hann svo á, hv. þm., að hann þurfi heimild ráðherra sinna til þess að hafa aðrar skoðanir en þeir á einstökum málum eða telur hann að sitt hlutverk sé með þeim ólíkindum að hann fái ekki einu sinni slíka heimild þó hann vildi, ef ráðherrarnir segðu nei? Hvernig er þessum málum háttað í þingflokki Sjálfstfl.?

[14:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spyr hvaða háttur sé hafður á málum í þingflokki Sjálfstfl. Sá háttur er venjulega hafður á þar að málefni ríkisstjórnarinnar eru lögð fyrir flokkinn. Menn hafa þar sínar skoðanir eins og þeir einir vilja og gera athugasemdir eða gera fyrirvara á því hvernig þeir munu greiða atkvæði eða vinna málið í þinginu. Ég hygg að það sé í flestum flokkum þannig. Ég hef t.d. við umræður um landbúnaðarmál lýst því yfir í 1. umr. við mál hver mín afstaða er. Hún getur gengið þvert á það sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Aftur á móti hef ég vanist þeirri vinnureglu að þegar menn ákveða að koma fram með einstök mál, t.d. í samstarfi, þá er það einfaldlega meiri hluti viðkomandi flokka sem ræður því hvort málin fara fram. Ef annar flokkurinn vill koma því fram en hinn ekki, þá fer það

ekkert fram. Þess vegna segi ég: Þau mál eiga náttúrlega alls ekki að fara í neina umfjöllun. Ef þau hafa fengið umfjöllun inni í flokkunum og menn eru sammála um að leggja þau ekki fram, þá fara þau aldrei inn í þingið ef það á að vera ríkisstjórnarfrv. Þess vegna mundi ég segja að í þessu tilfelli hefði náttúrlega engin umræða átt að hefjast fyrr en flokkarnir voru búnir að ná samkomulagi um það hvort það fari fram eða ekki en það séu ekki einhverjir einstakir menn sem síðan koma og segja að þeir vilji ekki. Það er samstarf tveggja flokka eða fleiri eftir atvikum sem ræður því hvort mál fari fram.

[14:09]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú stórum léttara að heyra að hv. þm. áskilur sér rétt til að hafa persónulega skoðun í þingflokki sjálfstæðismanna, ekki síst vegna þess að hann hefur undirritað á Alþingi drengskaparyfirlýsingu um að fara eftir sannfæringu sinni sem þingmaður. Það er því mjög gott að heyra að hann skuli hafa sjálfstæða skoðun í þingflokki sjálfstæðismanna. En mig undrar það að honum skuli finnast óeðlilegt að sömu vinnubrögð gildi í þingflokki framsóknarmanna. Ég veit ekki betur en að þingmenn almennt telji sig hafa rétt til þess að halda við sína skoðun hver svo sem meiri hluti eða minni hluti er í þeirra flokki ef þeir telja það mál sem til umfjöllunar er það mikilvægt að það samrýmist ekki samvisku þeirra að láta af sinni skoðun. Ég skil ekki þessar athugasemdir sem hv. þm. gerði við starfshætti framsóknarmanna. Það er að vísu ekki mitt að halda uppi vörnum fyrir framsóknarmenn. Það er sjálfsagt þeirra að gera það nema kannski hv. þm. líti svo á að þeir megi ekki gera það nema með heimild ráðherra sinna.

[14:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur mestar áhyggjur af þessu atriði en kemur ekkert inn á þá ábyrgð sem Alþfl. ber á því hvernig komið er um sameign þjóðarinnar, aflaheimildir sem úthlutað er á hverju ári til fiskveiðiflotans. Ég held að það væri fróðlegt að rifja upp að það var í tíð ríkisstjórnar sem Alþfl. sat í og þar á meðal hv. þm. sem hjólið fór að snúast einmitt á þann veg að svokallaðir sægreifar eiga nú aflahlutdeildirnar. Þetta var gert með þeim ráðstöfunum sem gerðar voru í gegnum Byggðastofnun á sínum tíma til að bjarga fyrirtækjum og koma þeim inn í sjóði sem stofnaðir voru beinlínis af þeirri ríkisstjórn og hafa verið vandræðabörn ætíð síðan. Ég hefði nú hugsað að í rauninni væri eðlilegra að velta þeirri ábyrgð sem hv. þm. ber á þessu máli frekar fyrir sér.

[14:11]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Þar sem ég sit í allshn. og mun fá tækifæri þar til að fara gaumgæfilega ofan í saumana á þessu mikilvæga máli ætla ég ekki að fara mörgum orðum um einstök efnisatriði þess nú. Ég vil hins vegar eins og aðrir hafa gert í dag vekja athygli á að aðalumræðan hefur orðið um það ákvæði sem ekki er nú í frv. miðað við það hvernig það var lagt fram áður. Það sýnir vel hitann sem er í þessu máli, enda er hér um að ræða mesta hagsmunamál þjóðarinnar, þ.e. fiskinn í sjónum. Ég ætla að slást í hóp fyrri ræðumanna og að gera þetta atriði að umtalsefni.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því að ákvæðið um veðsetningu veiðiheimilda skipa sem var í fyrri gerðum frv. er nú farið úr því. Ég vil eins og fulltrúar Alþfl. og Framsfl. hafa haldið fram og nokkrir fleiri, halda fast við það að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sé í gildi, að fiskurinn í sjónum sé eign allra landsmanna. Með því að lögfesta heimild til að veðsetja slíkar aflaheimildir, þá væri að mínu mati stigið of stórt skref í þá átt að viðurkenna að heimildirnar séu í eigu þeirra sem hafa afnot af þeim hverju sinni.

Hins vegar er það alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að vilji lánastofnanir taka veð í aflaheimildum skipa er það veruleg áhætta fyrir þau ef óprúttnir útvegsmenn selja þessar aflaheimildir frá viðkomandi skipi. Þetta ástand sýnir að mínu mati mjög vel þann tvískinnung sem ríkir núna varðandi lögin um stjórn fiskveiða þar sem veiðiheimildir þjóðarinnar eru færðar á silfurfati til útgerðarmanna á grundvelli veiðireynslu. Þeir versla síðan með þær dýrum dómi og fara með þær eins og sína eigin eign. Það væri skref í öfuga átt að lögfesta heimildir til veðsetningar aflaheimilda og það er nauðsynlegt að tryggja að 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna sé virt. Ef aflamarkskerfið verður notað áfram við stjórnun fiskveiða, þá verður þetta ekki gert að mínu mati nema með því að til komi veiðileyfagjald eða að veiðiheimildir verði leigðar út eða boðnar út til skamms tíma í einu. Það verður ekki fyrr en sátt ríkir í reynd um 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna að hægt verður að fá viðunandi lausn á veðsetningu í sjávarútvegi fyrir fjármálastofnanir.

Ég ætla ekki að tjá mig að öðru leyti um efni frv. en vil taka undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að sú skoðun er að verða ráðandi meðal landsmanna og nær hún inn í raðir útgerðarmanna og sjómanna og til þingmanna í öllum flokkum á Alþingi, að það verði að breyta lögunum um fiskveiðistjórnun þannig að tryggt sé að þjóðin sem á auðlindina njóti afraksturs hennar.

Aðgengilegasta leiðin að mínu mati er að bjóða þessar veiðiheimildir út til takmarkaðs tíma eða leigja þær. Það er skref í þveröfuga átt að lögfesta heimild til veðsetningar aflaheimilda. Því fagna ég enn einu sinni að svo fór að þetta ákvæði fór út úr frv. Mér virðist að það hafi núna gerst að ósk Framsfl. þar sem um stjfrv. er að ræða. Ég tel því að það frv. sem núna er til umræðu muni ekki breyta neinu varðandi þær veðheimildir sem tíðkast hjá fjármálastofnunum og því hljóti þær að taka sín veð á eigin áhættu. Ef þetta er ófullnægjandi þarf fyrst að nást sátt um að „teoría" og „praxís" fari saman um að þjóðin eigi auðlindina í hafinu. Það er ekki nóg að tryggja það í orði. Það verður einnig að tryggja það á borði. Og þó að formaður allshn. sem situr í hliðarsal, vitni í einn hæstaréttardóm til að styðja þá skoðun sína að eðlilegt hefði verið að lögfesta heimildir til að veðsetja aflaheimildir, vil ég frekar líta til þeirrar áhættu sem hefðaréttur getur veitt og tel af og frá að lögfesta nú heimild til veðsetningar aflaheimilda.

Það má vel vera að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi á réttu að standa að sú breyting sem gerð hefur verið á frv. muni hafa veruleg áhrif. Ef þau áhrif verða einhver, tel ég ljóst að þau munu vera í þá átt að styðja sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna og því fagna ég og Kvennalistinn að sjálfsögðu. Það er kominn tími til að alþingismenn verji hinn lögbundna eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni mun betur en fyrr, áður en sægreifar og peningaöflin hrifsa auðlindina alfarið til sín.

[14:19]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að nota þetta tækifæri til að ítreka það sem hv. 19. þm. Reykv. sagði með réttu að hugmyndinni um veiðileyfagjald í einhverju formi vex nú

stöðugt stuðningur. Það hefur komið fram hjá henni og flokkssystrum hennar að Kvennalistinn er sammála. Þjóðvaki hefur flutt tillögu um sama efni í þinginu. Það hefur komið fram í viðræðum við forsvarsmenn Alþb. að í þeim flokki á sér stað umræða um veiðileyfagjald í einhverju formi og í útvarpinu í gær var viðtal við einn af þingmönnum Framsfl., hv. þm. Hjálmar Árnason, þar sem hann sagði m.a. að þessi umræða ætti sér einnig stað innan Framsfl. og þykja mér það mikil og merk tíðindi.

Ég þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir að vekja enn frekari athygli á þessu því að þetta eru merkilegar fréttir sem hér eru sagðar. Að mínu viti er að skapast mikill meiri hluti í þinginu fyrir því að breyta fiskveiðistjórnunarkerfi að einhverju leyti og taka upp kerfi sem tryggir þjóðinni eðlilegt afgjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

[14:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrðist á ræðumanni að hann hafi verið sammála því sjónarmiði mínu að áhrifin af því að taka þetta út úr frv. væru fyrst og fremst í þá veru að styrkja stöðu sameignarákvæðis í lögunum um stjórn fiskveiða. Ég tel mikilvægt að benda á að af hálfu allra þeirra sem hafa útskýrt andstöðu sína við heimild til að veðsetja veiðiheimildir hefur það verið á þeim forsendum að menn vilja senda þau skilaboð frá þinginu að menn tefli ekki á tvær hættur með eignarhaldið á auðlindinni. Það er grundvallaratriði sem mér finnst að verði að undirstrika alveg sérstaklega sem niðurstöðu úr þessari umræðu.

Hitt er svo annað mál hvort sú ástæða býr að baki skoðunum manna um að taka upp veiðileyfagjald. Það er sjálfstætt umræðuefni sem tengist þessu ekki svo mjög. Þó er ég þeirrar skoðunar og benti á það í ræðu minni að þegar menn styrkja sameignarákvæðið og eru sammála um að það séu áhrifin af þessum skorti á efni í frv., þá eru menn að veikja málflutning og rökstuðning þeirra sem tala fyrir veiðileyfagjaldi eða auðlindaskatti. Þeir leggja það sem forsendu fyrir málflutningi sínum að þróunin stefni í þá átt að hætta sé á því að sameignin verði séreign og veiðileyfagjaldið sé andsvar við þeirri þróun. Með því að vera sammála um að sameignarákvæðið sé styrkt, eru menn jafnframt að viðurkenna að málflutningur þeirra sem tala fyrir veiðileyfagjaldi hefur veikst, þeir hafa minni rök eftir en áður fyrir sínu máli.

[14:23]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alls ekki sammála hv. þm. um að veiðileyfagjald fari ekki heim og saman við fyrri röksemdir mínar. Ég tel að það mundi breyta verulega bæði um veðsetningarásókn bankastofnana og því hvernig veiðiheimildir væru fluttar á milli skipa ef boðið yrði í aflaheimildir eða þær leigðar á sanngjörnu verði.

En ég vil fyrst og fremst spyrja hv. þm. hvort það sé afstaða Alþb. almennt að hugmyndin um veiðileyfagjald samræmist ekki umræðunni um sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna.

[14:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég set þá skoðun fram að menn hafi minni rök en áður fyrir veiðileyfagjaldi á forsendum þróunar á eignarhaldi auðlindarinnar þegar menn eru sammála um að sameignarákvæðið að auðlindinni hafi styrkst. Það hefur verið áberandi hjá öllum sem tala fyrir veiðileyfagjaldi að þeir gera það til að tryggja að þjóðin eigi auðlindina áfram. Alþb. hefur ekki tekið upp þá stefnu sem felst í veiðileyfagjaldi eða auðlindaskatti. Það hefur verið tekið til umræðu og hefur reyndar áður verið tekið til umræðu í flokknum án þess að það leiddi til þess að flokkurinn gerði það að sinni stefnu. Það liggur því ekkert fyrir um það að Alþb. hafi ákveðið að breyta stefnu sinni og taka upp auðlindaskatt.

Ég vek athygli á að Alþingi hefur ákveðið í framhaldi af meðferð sinni á þáltill. þingmanna Þjóðvaka að líta svo á að umræðan um veiðileyfagjald sé skattamál, ekki mál sem varði stjórn fiskveiða. Það er því aðskilið. Það er pólitískt mat hvort menn vilja leggja á atvinnugreinaskatt, sérstakan skatt á eina atvinnugrein eða á starfsmenn einnar atvinnugreinar umfram starfsmenn annarra atvinnugreina, og ber auðvitað að meðhöndla það sem pólitísk verkefni. Það hefur brunnið við í máli þeirra sem tala fyrir veiðileyfagjaldi að það sé knýjandi nauðsyn að taka það upp til að verja eignarréttinn að auðlindinni en það er rangt.

[14:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að vera mun skýrara ef það er alveg ótvírætt að þjóðin á auðlindina. Þá er frekar hægt að heimila að aflaheimildir séu boðnar út eða leigðar og veð miðað við það. Ég get því alls ekki skilið hvernig viðkomandi þingmaður hugsar þetta mál.

Varðandi það síðastnefnda að þetta sé skattamál en tengist ekki stjórnun fiskveiða, þá er grundvallarvandinn að það er mismunur á teóríu og praxís. Lögin segja eitt í orði, en á borði eru þessar fiskveiðiheimildir færðar örfáum mönnum til afnota. Síðan versla þeir með þessar heimildir sín á milli. Það gengur ekki upp í praxís. Það verður því að tryggja að þarna sé samræmi. Ef taka á mark á 1. gr. er rökrétt og nauðsynlegt að leigja afnotin. Þar á ég við að leigja afnotin til takmarkaðs tíma og jafnvel að bjóða þau út. Að mínu mati er það eina leiðin til að tryggja að þjóðin njóti afraksturs auðlindarinnar miðað við aflamarkskerfið. Auðvitað er hægt að hugsa sér allt annað kerfi, en með aflamarkskerfið í huga er hægt að tryggja að það sé samræmi þarna á milli. Ég hlusta ekki á að þetta tengist ekki lögunum um stjórnun fiskveiða. Þetta er algert grundvallaratriði.

[14:28]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umræðu en mér varð dálítið ómótt af að hlusta á ræðu hv. 10. þm. Reykn., Kristjáns Pálssonar. Ég sé mig því knúinn til þess að segja örfá orð.

Ég get lýst því yfir að ég styð þetta frv. heils hugar eins og það liggur nú fyrir. En hv. þm. Kristján Pálsson ræðst úr ræðustóli af fullri hörku á Framsfl. varðandi þetta mál. Fyrir hvað? Fyrir það að hann sem þingflokkur fjallaði á lýðræðislegan hátt um málið og tók afstöðu, ekki bara til frumvarpsins heldur og margra einstakra atriða. Og hann segir að hér séu menn að berja sér á brjóst og leika frelsara. Ég hef bara aldrei heyrt annan eins málflutning og aðra eins vanþekkingu. Ég get að vísu sætt mig við það að hv. þm. er nýliði í þinginu og kann kannski ekki þau vinnubrögð sem hér tíðkast.

Við fórum mjög þinglega með þetta mál. Frv. verður til með þeim hætti að það er samið. Það er fjallað um það í ríkisstjórn. Þaðan fer það til þingflokka, ef ríkisstjórnin er sammála um það, til umfjöllunar. Þetta var allt saman gert með þessum hætti. Og fund eftir fund ræddum við þingmenn Framsfl. þetta mál, bæði málið í heild og einstök atriði. Við

létum ekkert reka það ofan í kokið á okkur á einum fundi að við yrðum að afgreiða það fyrirvaralaust vegna þess að Sjálfstfl. væri búinn að því heldur vildum við að málið færi frá þingflokki Framsfl. í þeim búningi að menn vissu í fyrsta lagi hvert við vildum fara, hvaða skoðun við hefðum og hvaða atriði ættu að vera í þessu frv. Það er okkar lýðræðislegi réttur. Niðurstaðan varð sú að við sögðum: Þetta frv. verður ekki lagt fram eins og það var. Þetta atriði að veðsetja aflaheimildir verður að fara út úr því. Það var bara samdóma álit þingflokks Framsfl. Ef frv. átti að ná fram varð það atriði að fara út. Ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir leggja það mikla áherslu á þetta ágæta mál sem er auðvitað ágætismál, að Sjálfstfl. fellst á að flytja það þannig. Við höfum ekkert af okkur gert í Framsfl. annað en að taka afstöðu til ákveðins grundvallaratriðis og það er þá það hvort menn eigi að hafa heimildir til þess að veðsetja aflaheimildir og fiskinn í sjónum.

Nú hefur það verið sagt í þessari umræðu að það væru aðallega bankar og sjóðir sem sæktu þetta fast. Ég hef ekki séð betur en bankar og sjóðir hafi getað sett sjávarútvegsfyrirtækin á hausinn hvert á fætur öðru með því að lána þeim allt of mikla peninga þannig að það hefur ekkert skort á heimildir eða vilja til þess að lána þessum fyrirtækjum peninga. Þess vegna þurfti þetta mál ekki í gegn. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar sem komið hefur fram í umræðu í mínum þingflokki að þetta snerti hvorki banka eða sjóði. Þetta snertir fyrst og fremst það grundvallaratriði hvort þjóðin eigi þessa auðlind og hvort þingið í framtíðinni geti tekið aðrar ákvarðanir og breytt fiskveiðistefnunni ef svo færi. Ég er ekki spámaður. Það kann vel að vera að hv. þm. Kristján Pálsson sé spámaður. En ég get leikið mér að því að hugsa tíu ár fram í tímann. Ég get hugsað þá hugsun að þá verði komið eitthvert allt annað þing og einhverjar allt aðrar aðstæður og þá segi menn hreinlega: Við skulum breyta fiskveiðilögunum. Þá gæti það hins vegar strandað á því sem til stóð í þessu frv. eins og það var þegar það kom til Framsfl. Þá hefði það orðið erfiðara. Þá hefði útgerðaraðallinn sagt: Árið 1996 heimilaði Alþingi Íslendinga okkur að veðsetja aflaheimildirnar á skipunum. Þar með væri komið upp skaðabótamál og stríð og við værum fastari í því að geta ekki breytt kerfinu.

Nú er ég ekkert að segja að því verði breytt. Ég sé bara enga ástæðu til þess að menn ögri því eitthvað hvað auðlindina varðar. Hún er sameign þjóðarinnar. Þeir menn sem fara með veiðiheimildirnar hafa þar aflaréttindi um þessar mundir og við verðum að geta skipað því með öðrum hætti þegar frá líður. Þess vegna var þetta mín afstaða og ég hygg að flestir þingmenn Framsfl. hafi verið á þeirri skoðun að þeim bæri að verja það að auðlindir væru sameign þjóðarinnar.

Að auki get ég lýst því yfir að ég er sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að ég er andstæðingur auðlindaskatts. Ég er sannfærður um að ef menn taka upp auðlindaskatt mun það gerast með miklum hraða að aflaheimildirnar færast á fáar hendur. Þá verður það fjármagnið sem ræður þannig að ég er andstæðingur auðlindaskatts í ofanálag.

Ég ætla ekki að rökræða þetta mál frekar. Mér sárnaði við þennan hv. þm. að hann skyldi ekki hafa áttað sig á því hvernig þingflokkarnir eru lykilatriði og hvaða frelsi þingmenn hafa. Mér finnst það heiðarlegra að segja frá því í þingflokki Framsfl. að ég vilji fá þetta atriði út. Ef það fari ekki út, þá verði ég á móti málinu uppi í þingi og fyrst það varð niðurstaða þingmanna Framsfl. að þeir mundu aldrei senda málið í gegnum þingið með þessu atriði inni, þá var það heiðarlegt að segja við samstarfsflokkinn: Þetta atriði verður að fara út ef við eigum að afgreiða frv. Það gerðum við. Sjálfstfl. féllst á það. Hæstv. sjútvrh. hefur haldið ágætar ræður og styður frv., ekki veit ég betur, eins og það stendur nú. Þar með sjá allir að það er mikil samstaða um þetta mál og ástæðulaust að vera í svona togi á milli flokkanna. Við höfðum fullt frelsi til að taka afstöðu til málsins og gerðum það með myndarlegum hætti. Við höfum ekki verið að baða okkur í þessari umræðu. Ég er fyrsti þingmaður flokksins sem heldur ræðu í þessari umræðu hér. Hv. þm. Hjálmar Árnason fór í stutt andsvar áðan að gefnu tilefni. Við erum í fullri samvinnu og heilindum við Sjálfstfl. í þessu máli og ég vænti þess að það verði að lögum og geri það að verkum að menn standi sáttari á eftir við núverandi fiskveiðistjórnun en áður.

[14:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég veit ekki hvað hv. þm. Guðni Ágústsson kallar að baða sig en ég hef fylgst með þeirri umræðu sem hefur farið fram í fjölmiðlum um þetta mál og vísa einfaldlega til hennar.

Ég held líka að Framsfl. hefði átt að hugsa málið til enda þegar þeir heimiluðu 1988 að aflaheimildir mætti færa sem eign til að hægt væri að komast inn í Hlutafjársjóð því þá stæðum við ekki frammi fyrir þeim vandamálum sem við stöndum nú frammi fyrir að þjóðin efast um það hvort auðlindin, sameign þjóðarinnar, er í rauninni eign þjóðarinnar eða einhverra fáeinna manna.

[14:38]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég finn það í gegnum þessa umræðu hjá hv. 10. þm. Reykn., Kristjáni Pálssyni, að honum gremst að þetta mál hefur vakið þjóðarathygli. Það hafa orðið pólitísk tíðindi. Þriggja ára stríði um þetta mál er lokið. Það er komin niðurstaða í það. Auðvitað er eðlilegt að það sé talað við þá aðila og einhverja menn úr þeim flokki sem komu þeirri niðurstöðu fram í stjórnarflokkunum. Það þýðir því ekki að vera með slíka afbrýðisemi út í einstaka félaga sína í hinum flokknum sem standa heilir að þessari ríkisstjórn. Ég skil vel fjölmiðlana að þeir fjalli um þetta mál og segi frá því hvernig það hefur gerst.

Ég vil minna hv. þm. Kristján Pálsson á það að svo langt sem ég man orðið aftur, þá hefur sjútvrh. verið í hans eigin flokki. Þorsteinn Pálsson, hæstv. sjútvrh., hefur verið þarna síðan 1991 (**Gripið fram í:** Hann man ekki lengra.) þannig að ... (**Gripið fram í:** Hann er enn þá í Sjálfstfl.) þetta er svona sá tími sem menn muna í svipinn, fimm ár aftur í tímann. Hann hefur farið með þennan málaflokk, gert það á margan hátt myndarlega þó ég hafi ekki stutt hann í öllum atriðum. Sjálfstæðismenn verða að átta sig á því að í þeirra þingflokksherbergi er lykilmaðurinn í sjávarútvegsmálum. Það þýðir ekkert að vera að skamma Framsfl. eða fortíðina. Það þýðir ekkert að vera alltaf að berja á fortíðinni. Hún er farin. Það er framtíðin sem blasir við og málefni hennar sem menn eiga að ræða. Menn tapa alltaf á því að vera í þessu fortíðarnuddi.

[14:40]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er svo sannarlega ekki súr yfir því að þetta mál skuli hafa vakið verðskuldaða athygli og þar með

náttúrlega kemur skýrt fram hverjir bera ábyrgð á því hvernig þessum málum er komið. Það var svo sannarlega tími til kominn að þjóðin áttaði sig á því. Einnig held ég að það hafi verið tími til kominn að framsóknarmenn áttuðu sig á því að það er búið að veðsetja aflaheimildir í áraraðir. Framsóknarmenn eru kannski fyrst að finna það út núna. Það er búið að gera þetta síðan 1988 í það minnsta þannig að það er ágætt að menn átti sig á staðreyndum málsins og þetta verði síðan rætt á þeim forsendum framvegis.

[14:41]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Í einhverjum tilfellum er búið að veðsetja aflaheimildir. En það sem skiptir máli upp á bæði frið um sjávarútveginn og fiskveiðistjórnunina er að það væri ekki gert með þeim formlega hætti eins og hér stóð til. Það er það sem í mínum huga skiptir máli. Nú er það grundvallaratriðið að nýir þingmenn átti sig á því að í þingflokksherberginu er best að taka á málum í fæðingu til þess að lenda ekki í neinu klúðri þegar hér kemur upp í þingið. Ég vil þakka fyrir það, að Framsfl. tók sér langan tíma til umræðu um þetta viðkvæma mál og tók síðan heildstæða afstöðu til þess og þetta varð niðurstaðan.

[14:42]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir er ákaflega þarft og mun koma viðskiptalífinu mjög vel og er því ástæða til þess að fagna því. Ég hef hins vegar veitt því athygli að umræðan í dag hefur nær eingöngu snúist um það sem ekki stendur í frv. en það er ákvæði um veðsetningu aflaheimilda. Ákvæðið var í frv. eins og það var áður kynnt. Mér skilst að *þetta sé í fjórða skiptið sem málið kemur til kasta þingsins.*

Ég vil taka það fram að í hin fyrri skipti þegar þetta mál hefur komið til afgreiðslu Alþingis, hefur þetta atriði um veðsetningu aflaheimilda ekki valdið mér andvökum vegna þess að ég taldi að það mundi ekki breyta neinu um framgang fiskveiðistefnunnar. Svo er það líka núna þegar þetta ákvæði er ekki inni að ég hef heldur ekki af því áhyggjur vegna þess að ég er sammála hæstv. sjútvrh. að það muni litlu skipta, nær engu, hvort þetta er inni eða ekki. Ég þykist vita það af reynslunni og hef starfað í sjávarútvegi allan þann tíma frá því að þetta stjórnunarkerfi var tekið upp að þetta hafði sáralítil eða engin áhrif á framgang viðskipta. Ég þekki hundruð dæma um það að slík viðskipti hafi gengið fram án snurðu. Það hefur aldrei verið sýnt fram á að það valdi einhverjum vandræðum að hafa þetta ekki.

Ég tek eftir því að þingmenn nota þetta tækifæri til að ræða núna stjórnunarkerfi fiskveiða og fá tækifæri til að koma hérna aftur og aftur með ímyndanir sínar eða hugmyndir um það á hverju þetta kerfi byggist. Ég hef verið eins og ég ætla kannski að þingheimur hafi tekið eftir allt frá upphafi andsnúinn því að við notuðum aflamarkskerfið við stjórn fiskveiða. Ástæðan er fyrst og fremst ein. Ég hef verið frá upphafi sannfærður um að þetta kerfi hafi í sér fólgna svo mikla sóun að þess vegna ættum við að vera á móti því. Það er aðalatriði fyrir þessa þjóð að við hámörkum arðinn af fiskveiðunum. Það skiptir máli. Það mun alltaf skipta máli.

Hins vegar má segja að aflamarkskerfið hafi ýmislegt sér til hróss. Það er rétt hagfræðilega séð að það er betra að hafa þetta kerfi frekar en ekki, einmitt vegna þess að aflamarkskerfið felur í sér séreignaráhrif. Það var ákveðið strax og þetta kom til, 1983. Alla tíð síðan hefur það verið samþykkt á Alþingi af mönnum úr öllum flokkum, nema kannski helst Kvennalistanum. Allir flokkar og allar ríkisstjórnir sem síðan hafa setið bera ábyrgð á því. Séreignarrétturinn er það góða við þetta kerfi. Það vonda er sóunin sem því fylgir. Og vegna hennar er ég á móti því.

Ég tek eftir að menn koma hér upp og segjast vera á móti sægreifum og erfðarétti á aflaheimildum. Við eigum að tryggja sameignina. Ég er sannfærður um að ef við föllum frá þessu kerfi og förum yfir í sóknarmarkskerfi og flotastjórnun, sem ég er viss um að er rétta leiðin fyrir Íslendinga, þá gerum við það að sjálfsögðu með séreignarrétti. Það er séreignarréttur á Íslandi. Menn eiga sín skip. Það verður svo áfram. (**Gripið fram í:** Afnotaréttur*inn* hefur alltaf verið séreign.) Hann er séreign og verður séreign. Ég er sannfærður um að þegar menn settu fyrst það ákvæði í lögin að fiskurinn í hafinu væri eign þjóðarinnar, var það fyrst og fremst af sýndarmennsku. Þegar menn í síbylju endurtaka að það eigi að endurskoða þessi lög, verða menn að skilja og hafa alveg á hreinu um hvað við erum að ræða. Við hljótum að ræða þessi lög út frá því hvernig við hámörkum arð þjóðfélagsins í heild. Það skiptir okkur máli. Það skiptir eftirkomendur okkar máli. Þannig verðum við að hugsa það.

Þetta eilífa tal um að einhverjir sægreifar hafi eignast eigur þjóðarinnar er algjör óþarfi. Þeir sem settu lögin, þeir sem hafa staðið að *lagasetningunum hvað eftir annað um* stjórnun fiskveiða bera ábyrgð á þeim lögum. Þessum aðilum var falið það og ég er sannfærður um að ef við eigum leið út úr þessu aflamarkskerfi, og ég vona að sú stund renni upp, þá verður það einmitt á grundvelli kvóta eignaskipanna. Við náum þeim aldrei í burtu. Því held ég að allt það tal sem ég hef heyrt um fiskveiðistjórnun í sambandi við þessi lög sé að öllu leyti óþarft.

[14:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að heyra hv. þm. Einar Odd fjalla um sjávarútvegsmál. Hann gerir það yfirleitt af kunnáttu og þekkingu og ég er honum sammála um að afnotaréttur á auðlind hlýtur ævinlega að vera séreignarfyrirbæri. Þá gildir einu hvort menn viðhalda einhvers konar aflamarkskerfi, sóknarmarkskerfi eða einhverju öðru. Það er ævinlega á höndum einhverra einstaklinga að nýta auðlindina og sá réttur verður þá þeirra eign. Ég deili því ekki við hann um það efni.

Hins vegar mótmæli ég þeim ummælum hans að það sé sýndarmennska að setja ákvæði í lög um stjórn fiskveiða varðandi sameign þjóðarinnar á auðlindinni. Kjarni málsins er einmitt að hafa þetta ákvæði inni til þess að koma í veg fyrir að þessi afnotaréttur sé það sterkur að það verði að borga menn út úr honum. Við getum með einföldum hætti breytt lögum sem hafa áhrif á þennan afnotarétt án þess að borga rétthafa neinar bætur. Við getum fjölgað þeim sem hafa réttinn til þess að nýta auðlindina án þess að borga þeim sem fyrir eru neinar bætur fyrir það o.s.frv. Það er því algert grundvallaratriði að hafa þetta sameignarákvæði ef við ætlum okkur að geta breytt lögunum í framtíðinni. Ég tel því að ummæli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um þetta atriði séu á misskilningi byggð.

[14:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ummæli mín um að þetta sé sýndarmennska eru byggð á þeirri sannfæringu minni að þetta ákvæði muni aldrei skipta neinu varðandi stjórn fiskveiða. Það hefur aldrei

gert það og mun aldrei gera það. Þess vegna fullyrði ég þetta.

[14:52]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er næstum áfall að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson segja hér í þingsölum að sameignarákvæðið sé alger sýndarmennska. Þetta er sérstaklega athyglisvert þar sem sjútvrh. lýsti því yfir rétt áðan að um 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna væri enginn ágreiningur. Hann var a.m.k. þeirrar skoðunar að hún væri rétt og ætti að standa eins og hún er. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. hvort þetta er hans einkaskoðun eða hvort hann telur að þetta sé almenn skoðun í Sjálfstfl.

[14:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég tala hér úr pontu hljóta að koma þar fram einkaskoðanir mínar. Ég tala ekki fyrir hönd neins annars. Ég geri þetta atriði ekki að ágreiningsefni. Ég veit ekki um neinn sem gerir það að ágreiningsefni þótt þetta standi í lögum. Ég hef alltaf litið þannig á að lögin um landhelgi Íslands væru skýr varðandi það að rétturinn til að nýta landgrunnið hér í kring og lögsöguna er alfarið ríkisins. Þar hefur ríkið ákvörðunarvald. Ég er sannfærður um að lögin um landhelgi Íslands hefðu dugað áfram.

Ég lít þannig á að það hafi alltaf verið ljóst að það er eins með fiskana í sjónum og fugla himinsins, þeir eru eign vors himneska föður. Ég hef líka alltaf trúað því að þeir sem veiða fiskana eigi þá. Og ég er viss um að þannig verður það einnig í framtíðinni.

[14:54]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi orð sýna betur en nokkuð annað að ákvæðið um að lögfesta ekki veiðiheimildir er nauðsynlegt. Það er einmitt sú skoðun að þetta sé bara sýndarmennskuákvæði sem veldur tortryggni okkar. Hér ítrekar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að okkar skilningur er réttur. Ég þakka honum fyrir það.

[14:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær spurningar sem mér liggja á hjarta. Í fyrsta lagi langar mig til að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson hver að hans áliti eigi kúfiskinn frá Siglunesi að Skagatá.

Í öðru lagi leyfi ég mér að vitna í þá umræðu sem hann hafði frammi hér áðan þar sem hann orðaði það svo að menn væru í sífbylju að tala um nauðsyn endurskoðunar á lögum um stjórn fiskveiða. Hver hefur haft þá sífbylju meira í frammi heldur en hann, hv. þm.? Fyrir tæpu ári sagði hann á Alþingi að sú endurskoðun sem hann boðaði yrði á því hausti sem nú er liðið. Endurskoðunin fór ekki fram á því hausti. Hann boðaði að hann mundi sjálfur flytja tillögur og beita sér fyrir tillögum um breytingu á þessu fiskveiðistjórnunarkerfi með tillögu um flotastýringu. Þær komu ekki fram á þessu hausti. Ég spyr því hv. þingmann, sem manna mest hefur verið með sífbyljunauðsyn endurskoðunar á lögum um stjórn fiskveiða: Mun hann leggja fram þær tillögur sínar um þá endurskoðun á þessu þingi?

[14:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er kúfiskurinn frá Skaga og að Siglunesi ekki mín eign. Hins vegar er ég stjórnarformaður félags sem hefur rétt til þess til 1998 að nýta þessi kúfisksmið til iðnaðarframleiðslu. Það er öllum heimilt að veiða þennan kúfisk, flytja hann út ferskan eða nota hann til beitu o.s.frv. Réttindi þess félags sem ég er stjórnarformaður í byggist á lögunum um samræmingu veiða og vinnslu frá 1976.

Á sl. vori þegar menn háðu kosningabaráttu og á vorþingi kom mjög skýrt fram hjá frambjóðendum Sjálfstfl. á Vestfjörðum að þeir teldu rétt og eðlilegt að þeir berðust fyrir breytingu á fiskveiðistjórnun innan síns flokks. Það væri það viðfangsefni sem þeim bæri að fást við. Þá var ætlun manna að landsfundur Sjálfstfl. yrði haldinn á haustdögum. Atvikin höguðu því þannig að honum var frestað. Hann hefur enn ekki verið ákveðinn. En það er alveg víst að þegar sjálfstæðismenn halda landsfund sinn munu þeir takast á um þetta mál, enda eru það engin tíðindi að innan þess flokks eru uppi deilur um það hvernig við stöndum réttast og best að þessum málum.

Ég minnist þess ekki að hafa einhvers staðar sagt eða tímasett það að ég ætlaði að flytja einhver ákveðin frumvörp á þingi fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Hafi ég gert það bið ég hv. þm. Sighvat Björgvinsson að vísa mér á það hvar slík ummæli er að finna.

[14:59]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka fyrstu spurningu mína. Mér er alveg ljóst hver á nýtingarréttinn á kúfiski frá Skaga og að Siglunesi. En ég spurði hv. þm. hver ætti kúfiskinn á þessu svæði. Er það e.t.v. sá sem á nýtingarréttinn? Er það sá sem veiðir hann eða er það þjóðin? Ég spurði um það.

Hann bað mig um að vísa sér á einhver dæmi þess að hann hefði boðað endurskoðun fiskveiðistjórnunarlaganna fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Þar er komin alveg ný skýring á því af hverju verið er að fresta landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Það er vegna þess að menn vilja ekki hleypa hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og samþingmönnum hans á Vestfjörðum allt of snemma til landsfundar með breytingartillögur sínar. Það er svo sem ekki verri skýring en hver önnur. En ég ætla bara að vísa hv. þm. á það að ég hef eftir honum, bæði í þingræðu á hinu háa Alþingi og í frétt DV á baksíðu frá því í vor að hann boðaði að hann myndi beita sér fyrir því að endurskoðunin umrædda færi fram og hæfist á hausti sem þegar er liðið og það er þar haft eftir honum orðrétt. Hann tók hins vegar ekki fram, hvorki í þeirri þingræðu né í fréttinni sem DV hafði eftir honum að það frumkvæði hans var háð því að landsfundur Sjálfstfl. ætti sér stað. Það er ekkert nýtt að fundum flokka eða landsfundum flokka sé frestað lengi. Stalín frestaði landsfundi Kommúnistaflokks Sovétríkjanna frá árinu 1934 til 1952. Nú stendur til að lengja kjörtímabil forustu Sjálfstfl. um að minnsta kosti eitt ár frá því sem lög flokksins ákveða og enginn segir neitt. Vera má að það lengist enn þannig að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi ekki aðstöðu til þess að koma fram vilja sínum um endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun af þeirri ástæðu að menn telji rétt að fresta landsfundi Sjálfstfl. til loka þessa kjörtímabils.

[15:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú frekar lágkúrulegt að vera að gera þá atburði sem urðu til þess að landsfundi Sjálfstfl. var frestað að umræðu hér.

Ég veit það ósköp vel að þegar menn úthluta sérleyfum til t.d. veiða á kúfiski, þá er það leyfi séreign þess sem fær það. Þetta umrædda félag sem ég er stjórnarformaður í hefur

þennan rétt. Það er séreignarréttur. Þetta félag er með það og ... (Gripið fram í.) Hann er með þennan sérrétt til að veiða fyrir sig vegna þess að hann hefur rétt til að vinna þetta í iðnaðarframleiðslu. Þess vegna er hann að veiða það. Án þessa réttar ... (**SighB:** Hann hefur ekki sérrétt til að veiða. Bara til að vinna.) Hann væri ekki að veiða ef hann hefði ekki sérréttinn til að vinna og það byggist á lögunum frá 1976 um samræmingu veiða og vinnslu. Ég er búinn að taka þetta fram, hv. þm., þannig að það fer ekkert á milli mála á hvaða lagagrunni þetta er byggt. Þar kemur þetta skýrt fram hvers vegna. (**SighB:** Það er rangt.) Það er rétt. (**SighB:** Það er rangt ...) Síðan liggur það fyrir, það er alveg rétt, að það var grundvallaratriði fyrir þetta viðkomandi félag sem þarna á í hlut öðlast þennan rétt. Öðruvísi gat félagið ekki farið í að leita sér markaða fyrir þá afurð sem það hugðist framleiða. Þetta á ekkert skylt við það sem við vorum að tala saman um. Það liggur fyrir um landhelgi Íslands að auðvitað eru það stjórnvöld landsins sem gefa þetta leyfi. Það lá alltaf fyrir. Það lá fyrir áður en fyrstu lögin um aflamörk voru sett á Íslandi. Þetta eru miklu eldri lög þannig að menn þurfa ekkert að velkjast í vafa um það að lögin um landhelgina voru alveg skýr.

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur um margt verið athygli verð og réttilega er á það bent að meginhluti umræðunnar hefur snúist um það ákvæði í frv. sem ákveðið var að fella út. Það í sjálfu sér fullkomlega eðlilegt. En það er ástæða til þess í lok þessarar umræðu eða undir lok hennar, hversu löng svo sem hún verður, að ítreka það að þetta ákvæði sem hér hefur mest verið fjallað um fól ekki í sér neins konar yfirlýsingu um að heimila ætti með því veðsetningu aflaheimilda vegna þess að veðsetning aflaheimilda er heimil og fer fram. Ég hygg að það séu fá skip með aflaheimildir sem ekki eru veðsettar. Ýmsir talsmenn þess að fella niður ákvæðið hafa lagt á það áherslu að þetta sé í raun staðan eins og talsmenn Alþb. sem hafa talað mjög málefnalega um þessa hluti. En samt sem áður er það svo að sumir hv. þm. sem hér hafa talað hafa í reynd verið þessarar skoðunar og telja þess vegna að með því að fella þetta ákvæði niður þá sé ekki lengur leyfilegt að veðsetja aflaheimildir. Þetta er að sjálfsögðu misskilningur. Það er líka ástæða til að fjalla hér nokkuð um þær yfirlýsingar að með því að fella þetta ákvæði niður hafi verið úr því dregið að kvótakerfið festist í sessi. Þetta er rökleysa vegna þess að það ákvæði sem var fellt niður fól í sér einfalda takmörkun á heimild útvegsmanna til að framselja aflaheimildir. Það er rökleysa að halda því fram að þegar löggjöfin setur takmörkun á framsal aflaheimilda festi það framsalsréttinn og aflamarkskerfið í sessi. Það mætti fremur færa rök að því að það væri á hinn veginn. En ég held að í raun og veru sé staðan sú að það hafi akkúrat engin áhrif á fiskveiðistjórnarkerfið. Það er alveg fullkomin rökleysa að halda því fram að það skipti einhverju máli í þessu samhengi.

Það er hins vegar athygli vert að þingmenn sem hér hafa talað, eins og hv. 4. þm. Vestf. og talsmenn Kvennalistans og lýst því yfir að þeir væru á móti því að aflaheimildir væru veðsettar, vilja ekki flytja við umræðuna breytingatillögu sem kveður skýrt á um það að óheimilt sé að taka veð í þeim verðmætum sem tilheyra aflahlutdeildinni. Þeir vilja ekki flytja slíka tillögu. Það er raunverulega kjarni málsins. Ef við fengjum slíka tillögu værum við með tillögu í höndunum sem væri ástæða til að hafa langar umræður um vegna þess að ég geri ráð fyrir því að þá yrðu mjög skiptar skoðanir. En það er athygli vert að þessa tillögu vilja hv. þm. ekki flytja. Sérstaklega hefur hv. 4. þm. Vestf. verið að þessu spurður en hann hefur ekki viljað lýsa því yfir að hann vilji flytja slíka tillögu. Það er auðvitað lykilatriði í málinu. Umræða um slíka tillögu gæti gefið tilefni til langrar rökræðu og skipt mönnum hér í ólíka skoðanahópa.

Það er kristaltært að það ákvæði sem var fellt út fól það eitt í sér að takmarka framsal á aflaheimildum. Afstaða þeirra sem vilja fella þetta ákvæði út og hafa náð því fram — ég er ekkert endilega að segja að það sé þeirra hjartans sannfæring — hefur leitt til þess að þeir, meðan núverandi fiskveiðastjórnarlög eru í gildi, hafa séð til þess að útvegsmenn hafa rýmri framsalsrétt en ég tel ástæðu til og þeir sem lána fjármuni til útvegsins hafa veikari stöðu og það sé meira óöryggi í slíkum viðskiptum en ég tel ástæðu til. Þetta er það eina sem þessir hv. þm. hafa haft upp úr krafsinu. Og af því að þetta er ekki stórvægilegt mál og ekki líklegt að mörg alvarleg dæmi komi upp sé ég ekki ástæðu til þess að gera mikið veður út af því eða nokkurn ágreining þar um. En það er alveg nauðsynlegt að það sé alveg ljóst að þetta er það eina sem hefur gerst.

[15:09]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að þakka hæstv. dómsmrh. sérstaklega fyrir það að hafa beitt sér fyrir því svona opinskátt að tekin yrði í lög heimild til að veðsetja aflaheimildir vegna þess að það er nú öllum í þjóðfélaginu ljóst að þeirri tillögu hans hefur verið hafnað. Það er talsvert mikil breyting frá því sem áður var þegar ekki hafði reynt á þá afstöðu. Mikill meiri hluti þingmanna hefur hafnað tillögu ráðherrans eftir að hann hefur fjórum sinnum gert tilraun til að fá hana samþykkta. Þar með er orðið ljóst sem ekki var áður að Alþingi hafnar tillögum um að heimila veðsetningu á aflakvóta í lögum. Málið hefur orðið miklu skýrara en það var fyrir atbeina hæstv. dómsmrh. og ég fagna því að Alþingi hafi fengið tækifæri til að tjá þjóðinni með svo afgerandi hætti vilja sinn. Þökk sé hæstv. dómsmrh.

[15:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alveg skýrt að það ákvæði sem var fellt niður úr frv. fól það eitt í sér að takmarka framsal útvegsmanna. Það fól ekki í sér heimild til veðsetningar vegna þess að slíkar heimildir eru fyrir hendi og hafa verið fyrir hendi enda fáar aflaheimildir sem ekki eru veðsettar nú. Ákvæðið fól einvörðungu í sér að takmarka framsalsrétt útvegsmanna þegar um það er að ræða að þeir hafi veðsett aflaheimildirnar og koma á þar með meira öryggi í viðskiptum. Það eina sem þeir hv. þm. sem eru andvígir ákvæðinu hafa náð fram er það að þessi framsalsréttur útvegsmanna hefur verið rýmkaður. Þeir hafa rýmri rétt með þessari niðurstöðu til þess að framselja veðsettar aflaheimildir en þeir mundu hafa haft ef ákvæði frv. hefði náð fram að ganga. Ef hv. 4. þm. Vestf. er svona óskaplega ánægður með þetta þá er það í sjálfu sér fagnaðarefni. En þar sem hann hefur þó nokkrum sinnum lýst því yfir að hann sé andvígur því að aflaheimildir séu veðsettar, skil ég ekki hvers vegna hann flytur ekki um það tillögu í þinginu að banna það sem er á grundvelli gildandi laga leyfilegt, fyrst hann segist vera þeirrar skoðunar. Mér býður í grun að málflutningur hv. þm. beri nokkurn vott um tvískinnung. Hann veit að það er ekki skynsamlegt og hann veit að honum yrði nú ekki fagnað heima í kjördæminu ef

hann flytti slíkar tillögur en hann ætlar að reyna að komast upp með það að slá ryki í augu kjósenda um það hver afstaða hans er. Það getur vel verið að honum takist það. Ekki ætla ég að deila við hann eða aðra um það efni. En staðreyndin í málinu er býsna skýr.

[15:13]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi það verið tilgangur hæstv. sjútvrh. með þessari tillögu sinni að takmarka framsalsrétt útgerðarmanna á aflaheimildum af hverju flutti hann þá ekki tillögu um að það yrði gert? Það stendur honum enn opið ef það er það eina sem fyrir honum vakir. Hvers vegna skyldi hann þá ekki gera það? Ef lánastofnanir ætla sér að taka svokallað veð í kvóta þá byggist það á skriflegri yfirlýsingu útgerðarmanns að hann muni hvorki leigja eða selja kvóta. Það er áhættan sem lánastofnunin tekur vegna þess að það er ekki heimilt samkvæmt lögum að taka veð í aflaheimildum með sama hætti og í fasteignum og með sömu kvöðum sem þar gilda. Það hefur verið gerð tilraun til að koma því fram í lagasetningu. Það hefur verið gert fjórum sinnum. Um það hafa staðið deilur á Alþingi. Þeirri tilraun hefur nú verið hnekkt og þar er betra af stað farið en heima setið. Um önnur mál ætla ég ekki að skattyrðast við hæstv. sjútvrh. en ég ráðlegg honum að tala frekar við samstarfsmenn sína í Framsfl. einslega heldur en að vera að skamma þá hér á Alþingi með þeirri aðferð sem kennd hefur verið við að skamma Albani fyrir Kínverja. Það er auðvitað alveg ljóst við hvern hann er að tala. Hann er ekki að tala við okkur stjórnarandstæðinga. Hann er að tala við samstarfsmenn sína í Framsfl. en notar þessa aðferð til þess. En ég ítreka að það hefði aldrei getað gerst nema fyrir frumkvæði hæstv. sjútvrh. að þessi tillaga var felld. Það er fagnaðarefni að það skuli hafa gerst.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða þess að í þessu frv. er ekki tillaga af minni hálfu um að takmarka rétt útvegsmanna til að framselja veðsettar aflaheimildir er sú að fyrir þeirri tillögu hafði ég ekki þingstyrk, ekki meiri hluta á þinginu. Bæði eru það þingmenn í stjórnarliðinu og eins þingmenn í stjórnarandstöðunni sem hafa þá afstöðu að þingmeirihluti fyrir því er ekki fyrir hendi. Þess vegna munu útvegsmenn samkvæmt gildandi lögum hafa áfram óbreyttar heimildir til að veðsetja aflaheimildirnar og framselja þær þótt þær séu veðsettar. Þetta er eina ástæðan fyrir því að þessi tillaga er ekki í frv. Ég spyr þess vegna enn og aftur: Hvers vegna þorir hv. þm. ekki að lýsa því hér yfir að hann vilji breyta gildandi lögum og banna veðsetningu aflaheimilda sem hann segist vera á móti? Ég man ekki eftir því þennan tíma sem ég hef setið á Alþingi að þingmaður sem hefur svo ákveðnar skoðanir þori ekki að lýsa því yfir að hann sé reiðubúinn að flytja tillögu um að tryggja í lögum að skoðanir hans séu virtar. Ég skora enn og aftur á hv. þm. að hugsa sitt ráð, þetta mál kemur aftur til umfjöllunar við 2. umr. Ég ætla ekki að hvetja hann til frekari umfjöllunar um þetta núna en það er nægur tími til þess við 2. umr. Ég bið hann að hugleiða þetta því sómi hans liggur við.

[15:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. spyr hvers vegna ég og fleiri þingmenn flytjum ekki tillögu um breytingu á þessu frv. þar sem bannað yrði að veðsetja aflaheimildir. Ég til taka skýrt fram að ég hef við þessa umræðu fagnað því að ekki á að lögfesta heimildir til að veðsetja veiðiheimildir. Ef lánastofnanir vilja áfram taka veð í veiðiheimildum á eigin ábyrgð þá er það að mínu mati alfarið þeirra mál og þeirra áhætta. Fyrir mér vakir það eitt að tryggja sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bankar og aðrar lánastofnanir og lánveitendur geta ekki tekið veð í öðrum hlutum en þeim sem lög heimila. Bæði önnur ákvæði í þessum lögum og ákvæði í fiskveiðistjórnunarlögum gera það að verkum að það hefur verið og verður að óbreyttu gildandi regla í landinu að það er unnt að taka slíkar veðsetningar. Hvort sem þetta ákvæði sem við erum að tala um hefði verið í lögunum eða ekki hefðu slíkar veðsetningar falið í sér ákveðna áhættu eins og allar veðsetningar. Þeir sem lána peninga út á þetta taka alltaf áhættu varðandi rýrnun á veði. Við setjum samt lög um veðsetningar í þeim tilgangi að tryggja örugg og heiðarleg viðskipti. Tilgangurinn með því að takmarka framsal á veðsettum heimildum var einungis að tryggja að óprúttnir útgerðarmenn gætu ekki framselt það sem þeir höfðu áður veðsett. Það eina sem hv. þingmaður og aðrir sem staðið hafa á móti þessu hafa náð fram er að gefa óprúttnum útvegsmönnum meira svigrúm til að framselja veðsettar aflaheimildir. Það er eini árangurinn, þótt það sé fjarri mér að halda því fram að það hafi verið ætlun þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgöngur á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. SighB o.fl., 159. mál. — Þskj. 193.

[15:21]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Tillaga þessi á þskj. 193 um öruggar samgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða er flutt af öllum þingmönnum Vestfirðinga. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna með hvaða hætti tryggja megi öruggar heilsárssamgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða. Sérstaklega verði skoðað hvort unnt er að koma við völuflutningum á sjó, svo sem fiskflutningum, yfir vetrarmánuðina þegar vegir á landi eru lokaðir og hvernig tryggja megi flug með póst og farþega milli svæðanna. Við athugun þessa skal hafa samráð við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og samgöngufyrirtæki þar, svo og þá aðila sem sjá um samgöngur til og frá Vestfjörðum."

Herra forseti. Þessari tillögu var útbýtt í haust. Síðan henni var útbýtt hafa orðið nokkrar breytingar á aðstæðum. T.d. hefur tekist samkomulag um sjúkraflug frá Vestfjörðum og um flugsamgöngur á milli norður- og suðurhluta svæðisins. Engu að síður er það svo að það eru sáralitlar samgöngur á milli sunnanverðra Vestfjarða og norðurhlutans sem eru byggðarkjarnarnir á þessum stöðum fyrir utan Hólmavík fyrir Strandasýslu. Þetta torveldar mjög öll eðlileg samskipti innan kjördæmisins og kemur t.d. í veg fyrir að hægt sé að stunda viðskipti með fisk yfir vetrarmánuðina. Í þessari tillögu er lagt til að athugað verði hvernig megi tryggja þessar samgöngur betur m.a. til þess að njóta megi hagkvæmninnar af samstarfi fiskvinnslufyrirtækja á sunnanverðum og

norðanverðum Vestfjörðum og einnig til að tryggja eðlilegar samgöngur milli norður- og suðurhluta með fólk og póst.

Það hafa orðið miklar framfarir og stórstígar í samgöngumálum Vestfirðinga á umliðnum árum þannig að nú er búið að tengja saman byggðakjarnana og þjónustusvæði á norðanverðum og sunnanverðum fjörðunum þar sem vegir voru lokaðir mánuðum saman þar til nú fyrir skemmstu. Með því hefur verið lyft grettistaki til þess að efla öll samskipti. M.a. eru það forsendur fyrir þeim árangri sem náðst hefur í sameiningu sveitarfélaga sem væntanlega mun styrkja byggðir fyrir vestan mjög mikið. Eina skrefið sem eftir á að stíga og það stærsta í þessum efnum er að sameina þessa tvo byggðarkjarna með heilsársamgöngum þannig að hvor geti notið stuðnings af hinum.

Vegna þess hve langt er liðið á fundartíma fer ég ekki fleiri orðum um þessa tillögu, virðulegur forseti, en legg til að henni verði vísað til síðari umr. og til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting innlends trjáviðar, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 184. mál. — Þskj. 228.

[15:25]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um nýtingu innlends trjáviðar sem til fellur við grisjun skóga. Flm. auk mín eru: Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson og varaþingmennirnir Drífa Sigfúsdóttir og Anna Jensdóttir. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða til eldiviðarframleiðslu. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti er til falla í skógum landsins."

Skógrækt ríkisins telur að eftir u.þ.b. 40 ár verðum við sjálfum okkur nóg um trjávið til bygginga og framkvæmda. Það er heilmikill viður sem til fellur á ári hverju. Mér er sagt að nú sé verið að grisja skóg í Skorradal og af u.þ.b. sjö hekturum falla alls til um 200 tonn af trjáviði. Heildarmagn þess viðar sem til fellur er um 1.000 hektarar. Hér er því um heilmikið magn er að ræða.

Greinargerð með þessari tillögu er eftirfarandi:

„Með aukinni skógrækt víða um land fellur mikið til af trjáviði við grisjun skóga. Miklu máli skiptir að nýta þann trjávið sem best. Eðlilegt er talið að 30–50 ár líði frá gróðursetningu skógarplantna þar til grisjunarviðurinn verður nýtanlegur. Á næstu árum mun magn hans aukast mikið víða um land. Benda má á eftirtaldar leiðir til að hámarka verðmætasköpun úr grisjunarviði:

a. Á vegum Skógræktar ríkisins hefur verið komið upp sérstökum viðarlager (viðarmiðlun). Þar geta handverks- og listamenn orðið sér úti um íslenskan við til handverks- og listmunagerðar eða sem byggingarefni. Einnig má nýta viðinn sem efni til handmenntakennslu í skólum landsins. Notkun íslensks viðar hefur uppeldislegt gildi fyrir nemendur og í henni er fólgin kynning á því hvernig nýta má afurðir skógarins."

Við viljum gjarnan tengja tillögu þessa við skóla landsins þannig að á vorin fari nemendur út og gróðursetji tré og fái um leið tilsögn kennara sinna í því hvernig í framtíðinni megi síðan nýta afurðir skógarins.

„b. Límtré er víða talið mjög heppilegt byggingarefni mannvirkja. Benda má á að ending timburs er í mörgum tilfellum margfalt betri en ending steinsteypu. Fram til þessa hefur mestallt hráefni til vinnslunnar verið innflutt.

Límtrésverksmiðjan á Flúðum gekkst nýlega fyrir tilraunaverkefni þar sem 36 ára íslensk lerkitré af síberískum uppruna voru notuð til framleiðslu límtrésbrúar. Sú tilraun þótti takast mjög vel. Eðlilegt er að allar göngubrýr í íslenskum skógum og þjóðgörðum verði gerðar úr slíku efni. Þetta er í raun táknrænt dæmi um hvað hægt er að gera úr íslenskum viði."

Við teljum að slíkar brýr falli mun betur inn í náttúruna en steinsteypt mannvirki eða ræsi eins og sums staðar má sjá.

„c. Lerki er ákjósanlegt efni til framleiðslu gluggaviðar, skjólgirðinga, sólpalla o.fl. Afgangsvið og úrgangsvið má einnig nota til framleiðslu á eldiviði til upphitunar heimila og stofnana, svo og sem eldivið í ál- eða járnblendiframleiðslu. Kurl hentar og vel í göngustíga.

Alþekkt er að skógur sem ekki er grisjaður liggur undir skemmdum. Víða á landinu má finna þéttan skóg sem brýn þörf er á að grisja. Einnig fellur mikið til af trjáviði í péttbýli þegar verið er að grisja tré á húsalóðum.

Flutningsmenn leggja til að Alþingi beini þeirri áskorun til landbúnaðarráðherra að hann kanni möguleika á að allur viður sem fellur til við grisjun í skógum landsins og skrúðgörðum verði nýttur þannig að sem mest verðmæti skapist.

Nefna má nokkur fyrirtæki á Íslandi sem vinna að tilraunum með vinnslu á íslenskum trjáviði: Límtré hf. á Flúðum er að kanna notkunarmöguleika lerkis og Byko hf. hefur í hyggju að reyna lerki í gólfefni, sólbekki o.fl. Trésmiðja Fljótsdalshéraðs mun gera tilraunir með smíði glugga úr lerki og hjá nokkrum aðilum er hafin önnur vinnsla, svo sem smíði húsgagna og ýmissa handverksmuna.

Að lokum má benda á að Suðurland er ákjósanlegt landsvæði til nytjaskógræktar."

Herra forseti. Til gamans má nefna að skógarbændur á Suðurlandi færðu okkur þingmönnum Suðurl. þennan litla trjákubb hér sem er einmitt þetta síberíska lerki sem talað er um í tillögunni. Það sýnir hvað hægt er að gera ef við nýtum þennan við, eins og fram kemur í tillögunni, betur heldur en við höfum gert. Ég hvet landbrh. og iðnrh. til að horfa vel til þessarar tillögu.

[15:32]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og óska þingmanninum til hamingju með þessa ágætu tillögu sem ég held að sé hans fyrsta hér á þinginu. Þetta er einmitt tillaga að mínu skapi vegna þess að það er verið að leggja til að nýta það sem til fellur, nýta það sem við eigum. Þetta er tillaga sem felur í sér töluverða atvinnusköpun. Það er tímanna tákn að það skuli vera hægt að flytja tillögu af þessu tagi sem sannar að hér hefur veruleg uppbygging átt sér stað.

Mig langar að skjóta einni hugmynd að hv. flm. Þegar menn fara að huga að því hvernig megi nýta trjávið sem til fellur, þá er hann tilvalinn til leikfangagerðar. Þar held ég að sé nokkur markaður og margar hugmyndir sem mætti

nýta. Ég minnist þess að hafa séð leikföng úr tré sem eru auðvitað náttúruvæn og ekki skaðleg börnum og hægt er að gera margt mjög skemmtilegt með.

[15:33]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi tillögunnar sem hér er flutt. Ég tel nauðsynlegt að hún nái fram að ganga. Hún er flutt vegna mikillar framþróunar og breytinga í skógrækt á Íslandi. Ég vil undirstrika það vegna þess að ég hef haft það fyrir augum síðustu 25–30 ár hve árangurinn er gífurlegur í þessum efnum, m.a. í mínu heimahéraði.

Það eru raunverulegir möguleikar á atvinnuuppbyggingu í þessari grein. Þessi grein getur leitt til nýsköpunar í atvinnulífi og að því ber að huga sem allra fyrst.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu meira en vona að tillagan fái framgang á hv. Alþingi þannig að hefjast megi handa í skipulagningu þessara mála.

[15:35]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ef upphafsmenn skógræktar á Íslandi hefðu lifað þann dag að heyra þessa tillögu flutta tel ég að þeim þættu mikil og merk tíðindi að þáltill. væri flutt hér ekki aðeins um að nytja þann skóg sem ræktaður er á Íslandi heldur að líka mætti nota þann við sem félli til við vinnsluna sjálfa. Mér þykir ástæða til að fagna þessu og óska Ísólfi Gylfa Pálmasyni, hv. 4. þm. Suðurl., til hamingju með þessa þáltill. Ég styð hana heils hugar.

Mér þykir umfram þau hagsýnissjónarmið sem fram koma í tillögunni og vitna að sjálfsögðu um þær viðhorfsbreytingar sem eru hér á landi, ástæða til að víkja örfáum orðum að umhverfismálum. Ég tel að þetta sé liður í umhverfisnýtingu íslenskrar náttúru og ákjósanlegt skref til að nýta auðlindir landsmanna sett fram í skýru dæmi. Ég held einmitt að það hugarfar að við nýtum auðlindir þessa lands með sem bestum hætti eins og lýsir sér í tillögunni og vonandi þeim framkvæmdum sem fylgja mætti einmitt koma fram víðar, hvort sem er til sjávar eða sveita.

[15:37]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir sem hv. þm. hafa sýnt í ræðum sínum um þessa tillögu. Ég vonast til að við getum sameinast um að nýta þessar afurðir skógarins enn betur en við höfum gert því hér er, eins og kemur fram í þingskjalinu, um mikil verðmæti að ræða. Það eru mjög mikil verðmæti fólgin í því að rækta skóginn. Þetta hefur, eins og kom fram í tillögunni, gríðarlegt uppeldislegt gildi. Ef við horfum aftur í tímann þó ekki væri nema 30–40 ár sjáum við hversu miklar breytingar hafa orðið á þessu landi og hve landið okkar er gjöfult ef við nýtum okkur kosti þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staða heilsugæslunnar.

[15:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er varla hægt að segja að stefnufesta og öryggi ríki innan heilbrigðis- og tryggingakerfisins þessa dagana. Eina ferðina enn ganga yfir ýmis konar skerðingar á bótagreiðslum til þeirra sem minnst mega sín. Eina ferðina enn er starfsfólki sjúkrahúsa gert að hagræða og spara án skilgreininga á hlutverki og þjónustustigi viðkomandi stofnunar. Aldraðir sem dvelja inni á stofnunum skulu greiða meira fyrir þá þjónustu sem þeir fá án þess að greiðslur til þeirra hækki. Dregið hefur verið úr aðstoð við fatlaða og einstæðir foreldrar hafa einnig fengið að kenna á hnífnum. Nefndir eru að störfum þar sem boðaðar eru breytingar á heilbrigðiskerfinu, forgangsröðun og svokölluð heilbrigðiskjördæmi með einni yfirstjórn. Þegar ein stétt innan heilbrigðiskerfisins lýkur löngu verkfalli vegna skertra kjara tekur önnur við. Í gær sögðu 127 heilsugæslulæknar eða 90% allra heilsugæslulækna á landinu upp störfum frá og með 1. febrúar. Baráttan fyrir bættum kjörum er þar ekki aðalatriði þó það eigi örugglega einhvern þátt í þessum aðgerðum að samningar við heilsugæslulækna hafa verið lausir í rúmt ár. Aðalástæða uppsagnanna er að með aðgerðum sínum vilja heilsugæslulæknar knýja fram svör við spurningunni: Á að ríkja skipulag í heilbriðgisþjónustunni í landinu eða skipulagsleysi? Þessi spurning brennur á flestum landsmönnum þessa dagana og menn væntu svara frá hæstv. heilbrrh. án þess að til svo róttækra aðgerða þyrfti að koma.

Í fréttatilkynningu frá Félagi íslenskra heilsugæslulækna segir, með leyfi forseta:

„Þolinmæði heilsugæslulækna er þrotin. Þeir geta ekki lengur horft aðgerðarlausir á þá uggvænlegu þróun í heimilislækningum sem beinlínis ógnar frumþjónustu heilbrigðiskerfisins. Aðgerða- og stefnuleysi stjórnvalda kallar á að læknar spyrni við fótum. Uppsagnir í dag sýna glöggt alvöru málsins. Neyðarástand sem óhjákvæmilega kann að skapast vegna þessa verður að skrifa á reikning stjórnvalda. Þau hafa ítrekað verið vöruð við því að sjálft skipulag heilsugæslu bókstaflega hrynji ef svo fer sem horfir, fyrst á höfuðborgarsvæðinu og svo á landsbyggðinni.

Hæstv. ráðherra. Heilsugæslulæknar vilja verja skipulagða heilbrigðisþjónustu."

Í gildandi lögum og reglugerðum er kveðið á um hlutverkaskiptingu í heilbrigðisþjónustunni. Þar kemur skýrt fram að meginregla skuli vera sú að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni. Í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um hvert hlutverk heilsugæslu eigi að vera en þar segir, með leyfi forseta:

„19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.
4. Heimahjúkrun.
5. Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
Mæðravernd.
Ungbarna- og smábarnavernd.
Heilsugæsla í skólum.
Ónæmisvarnir.
Berklavarnir.
Kynsjúkdómavarnir.
Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
Sjónvernd.
Heyrnarvernd.

Heilsuvernd aldraðra.
Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
Félagsráðgjöf, þar með talið fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
Umhverfisheilsuvernd.
Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.
Slysavarnir."

Af þessari upptalningu má ljóst vera að hér er um að ræða mikilvæga undirstöðu heilbrigðisþjónustunnar. Uppbygging öflugrar þjónustu heilsugæslu hefur gengið vel úti um landsbyggðina en hér á höfuðborgarsvæðinu hefur uppbyggingin setið á hakanum og er ekki í neinum takti við þá fjölgun íbúa sem orðið hefur á síðustu árum. E.t.v. geldur þessi frumþáttur heilbrigðisþjónustunnar nálægðarinnar við hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík og aukna starfsemi sérfræðinga utan súkrahúsa. Þetta er þó ekki heillavænleg þróun þar sem slík starfsemi getur aldrei komið í stað öflugrar starfsemi heilsugæslustöðva.

Forvarnir hvers konar hafa verið mikið í umræðunni undanfarið. Sérstaklega í tengslum við þá umræðu sem átt hefur sér stað um stóraukna fíkniefnaneyslu. Hæstv. heilbrrh. hefur í sínu máli aftur og aftur lagt áherslu á mikilvægi hvers konar forvarnastarfs. En eins og fram kom áðan gegna heilsugæslustöðvar mikilvægu hlutverki í hvers konar forvarnastarfsemi. Ég er þeirrar skoðunar að það að efla starfsemi heilsugæslunnar um land allt sé í raun besta fjárfestingin í heilbrigðiskerfinu og sú eina sem dugir ef ná á fram hagkvæmni og sparnaði til lengri tíma litið. Það er slæmt og lýsir því vel hversu mikið stjórnleysi og stefnfuleysi er ríkjandi í heilbrigðismálum að heilsugæslu- og heimilislæknar skuli þurfa að segja upp störfum til að vekja athygli yfirvalda á mikilvægi þessarar starfsemi. Reyndar ekki bara stjórnvalda heldur okkur allra því fjárveitingar sl. ára sýna svo ekki verður um villst að við höfum ekki virt mikilvægi þessa grunnþáttar heilbrigðisþjónustunnar sem skyldi. En það er þannig að 1991 eru framlög til heilsugæslu 1,8 milljarðar kr., 1992 1,6 milljarðar kr., 1993 1,9 milljarðar kr., 1,8 milljarðar kr., árið 1994, 1995 eru greiðslur samkvæmt ríkisreikningi 1,8, tæplega 1,9 milljarðar en í fjárlögum þessa árs er 1,6 milljarðar, reyndar eru tæplega 1,7 milljarðar ætlaðir til þessarar starfsemi. Þetta sýnir í raun þá virðingu sem við berum fyrir þessum grunnþætti heilbrigðisstarfseminnar. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig ætlar hún að bregðast við fjöldauppsögnum heilsugæslulækna? Hver eru svör hæstv. heilbrrh. varðandi spurningu íslenskra heimilislækna: Á að ríkja skipulag í heilbrigðisþjónustunni í landinu eða skipulagsleysi? Hvers konar skipulag vill hæstv. ráðherra? Mun hún beita sér fyrir því að starfað verði eftir núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu hvað varðar verkaskiptingu? Og mun ráðherrann beita sér fyrir því að starfsemi heilsugæslu verði efld? Hún er besta forvarnastarfsemin sem við eigum.

[15:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu staða heilsugæslunnar. Fulltrúar heilsugæslulækna komu á minn fund í gærmorgun og skýrðu fyrir mér þá óánægju sem hefur verið að búa um sig í röðum heilsugæslulækna. Síðdegis í gær bárust síðan uppsagnir 127 heilsugæslulækna. Ég er mjög ósátt við þau vinnubrögð að læknar grípi til fjöldauppsagna eins og hér hefur verið gert. Hlutverk heilsugæslunnar er eitt af því mikilvægasta í allri heilbrigðisþjónustunni og nauðsynlegt er að um þau störf sem þar eru unnin ríki friður eins og kom fram hjá hv. frummælanda.

Strax í morgun átti ég fund með fulltrúum heilsugæslulækna þar sem þeir kynntu fyrir mér þau atriði sem að þeirra mati valda mestri óánægju. Þar ber hæst óánægju með skipulag og uppbyggingu heilsugæslu í Reykjavík, þar á meðal stöðu og hlutverk svokallaðrar læknavaktar, og óánægju með framkvæmd verkaskiptingar innan heilbrigðisþjónustunnar. Heimilislæknar hafa einnig áhyggjur af lítilli fjölgun í stéttinni.

Allir sem fylgst hafa með heilbrigðismálum á Íslandi undanfarin ár gera sér grein fyrir þeim vandamálum sem læknarnir vekja athygli á. Deilan um tilvísanir, ágreiningur um vakt barnalækna í Reykjavík og ýmislegt fleira, allt tengist þetta þeim vanda sem hér er við að glíma. Hlutverk heilsugæslunnar er skilgreint í lögum um heilbrigðisþjónustu, 11. gr., sem allt heilsuverndarstarf og allt lækningastarf sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra sem ekki dvelja á sjúkrahúsum. Þetta er mjög víðfeðm skilgreining sem nánar er skýrð í 19. gr. sömu laga þar sem talin er upp sú þjónusta sem veita ber á heilsugæslustöðvum.

Í úttekt Hagsýslu ríkisins á starfsemi heilsugæslustöðva og samanburði á kostnaði við rekstur þeirra var bent á að flestar heilsugæslustövar sinna aðeins nokkrum af þessum þáttum. Rekstrareiningar eru smáar og ekki hefur reynst unnt eða skynsamlegt að ætlast til að allar stöðvar sinni öllum þessum viðfangsefnum. Í tillögum starfshóps um breytta skipan heilsugæslu er bent á mikilvægi þess að tryggja að öllum heilsugæslustöðvum séu búnar aðstæður til að sinna kjarnaverkefnum sínum en svæðisbundnum heilbrigðisstjórnum verði falið að tryggja íbúum svæða alla aðra heilsugæslu. Þessar hugmyndir eru nú í úrvinnslu. Ég hef bundið vonir við að einmitt hugmyndir um heilbrigðisstjórnir gætu á margan hátt sætt þau ólíku sjónarmið sem uppi eru, m.a. varðandi verkaskiptingu. Slíkar heilbrigðisstjórnir mundu bera ábyrgð á skipulagi þjónustu við íbúana og gætu tekið ákvarðanir um forgangsröðun verkefna og áherslur. Þannig yrði vald til ákvarðana fært nær vettvangi. Tillögurnar fela í sér stefnumörkun fyrir stjórnskipan í heilsugæslu og mundu væntanlega hafa í för með sér töluverðar breytingar kæmu þær til framkvæmda. Þær eru byggðar á þál. frá 7. febr. 1991 og íslenskri heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1991.

Virðulegi forseti. Í niðurlagi greinargerðar læknanna sem fylgir með uppsögn þeirra segir, með leyfi forseta, að heilsugæslulæknar hafi dregist verulega aftur úr viðmiðunarhópum hvað kjör varðar og jafnframt að algjör forsenda nýrra kjarasamninga sé að ofangreint skipulag verkaskiptingar verði áður gert bæði ljóst og tryggt í framkvæmd.

Vegna þessa vil ég taka fram að heilbrrn. hefur vitaskuld fylgst með því og tekið eftir að heilsugæslulæknar, eins og fleiri starfstéttir í þjóðfélaginu, hafa verið óánægðir með launakjör sín. Það er því nokkurt gleðiefni að í gær tókust kjarasamningar milli Tryggingastofnunar ríkisins og læknafélaganna um þjónustu sjálfstætt starfandi heimilislækna utan heilsugæslustöðva. Í morgunútvarpi í dag skýrði prófessorinn í heimilislækningum frá því að Ísland væri almennt talið búa við bestu frumheilsugæslu í heimi. Eitthvað virðumst við því sannanlega gera rétt.

Lögð hefur verið áhersla á að ljúka uppbyggingu heilsugæslunnar á undanförnum árum og hefur heilsugæslunni verið hlíft við niðurskurði undanfarinna ára svo sem kostur

er. Nýjar, glæsilegar heilsugæslustöðvar hafa verið opnaðar í Reykjavík, í efra Breiðholti, Mjódd, miðbæ, Grafarvogi og Lágmúla. Nýjar heilsugæslustöðvar hafa verið byggðar á landsbyggðinni og má þar nefna opnun nýrra stöðva í Grundarfirði, á Húsavík, Djúpavogi, Þorlákshöfn og Eskifirði. Framkvæmdir eru hafnar við byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Laugarási í Biskupstungum en með þeirri framkvæmd má segja að uppbygging heilsugæslustöðva á landsbyggðinni sé nær lokið. Til viðbótar má geta þess að bygging nýrrar heilsugæslustöðvar Í Kópavogi er hafin og jafnframt undirbúningur að byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Fossvogi.

Í viðræðum mínum við fulltrúa heilsugæslulækna nú í morgun urðum við sammála um að ráðuneytið reyndi svo fljótt sem unnt er að finna farveg fyrir lausn umræddra vandamála.

Ég hef því sem fyrstu aðgerð í samráði við heilsugæslulæknana ákveðið að beina því til þeirra hópa sem nú fjalla um skipulag svæðisbundinna heilbrigðisstjórna og endurskoðun á heilbrigðisáætlun að skoða sérstaklega þau mál sem snúa að uppbyggingu heilsugæslunnar sem betur mættu fara. Ég tel að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem fyrir mig hafa verið lagðar.

[15:51]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég hef ekki lagt það í vana minn að veitast að hæstv. heilbrrh. og síst með þeim hætti sem hæstv. ráðherra veittist að mér á meðan hún var óbreyttur þingmaður. Ég mun ekki bregða út af þeim vana mínum hér. Hins vegar fer það að sjálfsögðu ekki fram hjá mér fremur en öðrum að hæstv. ráðherra hefur engu breytt af því sem gert var en gengið mun lengra.

Það fer ekki á milli mála hvaða ákvæði eru í íslenskum lögum um hvernig skipulag skuli vera á heilbrigðisþjónustu í landinu, að hún skuli byrja hjá heilsugæslunni og heimilislæknum. Þetta er í samræmi við markaða stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Það hefur hins vegar átt sér stað sú þróun hér á undanförnum árum, ekki bara á þessu ári heldur á nokkuð löngum tíma, að þessu markmiði hefur verið stefnt í hættu, m.a. með því að sérfræðingar hafa í auknum mæli verið að taka að sér verkefni sem heilsugæslan á að sinna. Þetta er allt annað kerfi og öðruvísi en við þekkjum frá nálægum löndum. Þess vegna var eðlilegt þegar menn sáu hvert stefndi að reyna að spyrna við fótum. Það gerði hæstv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, á sínum tíma þegar hann lagði til og hugðist beita sér fyrir því að tekið yrði upp sams konar kerfi til þess að beina þessu í rétta átt eins og við þekkjum úr öllum nálægum löndum, svokallað tilvísunarkerfi. Hæstv. ráðherra heyktist á því. Það var gerð önnur tilraun í minni tíð sem ég held að hefði tekist ef nýr ráðherra hefði haft bein í nefinu til að standa sig. Þá hefði hún tekist því ég tel að það hafi verið að vinnast sigur í því máli. Ég tek fram að það kerfi var ekki kerfi einhverra pappírsviðskipta eða kerfi til þess að gera óþægilegt fyrir sjúklinga að leita sér lækninga heldur það eina kerfi sem ég þekki til sem getur tryggt það markmið sem er í íslenskri heilbrigðislöggjöf og í samþykktum WHO. Því miður náði það ekki fram að ganga. E.t.v. má finna einhverja aðra aðferð, þótt mér sé hún ekki kunn, sem getur leitt til sama árangurs. En það stendur þá upp á heilbrrn. að svara hver sú leið á að vera fyrst búið er að spyrna út af borðinu þeirri leið sem aðrar nálægar þjóðir nota til að ná sambærilegu markmiði. Hvaða aðra leið vill heilbrrn. þá leggja til, sé það svo að heilbrrh. sé sammála heimilislæknum um að þessa stefnu beri að marka? Það stendur upp á ráðuneytið að svara því.

Örfá orð í lokin, virðulegi forseti. Það er ekki tilviljun að uppbygging heilsugæslustöðva hefur gengið seinna í Reykjavík en úti á landi. Eru menn búnir að gleyma þeim miklu átökum sem urðu milli borgaryfirvalda, á þeim tíma þegar Sjálfstfl. stjórnaði Reykjavíkurborg, og heilbrigðisyfirvalda um skipulag heilbrigðisþjónustunnar hér í Reykjavík? Það var ekki sök heilbrigðisyfirvalda á þeim tíma að uppbygging heilsugæsluþjónustunnar hér í Reykjavík hefur gengið hægar en annars staðar.

Það var vegna mikilla deilna á milli Sjálfstfl. sem fór með stjórn borgarinnar og heilbrigðisyfirvalda um hvert skyldi stefna. Menn geta sent þennan reikning rakleiðis til þess flokks sem fer með forsrn. um þessar mundir.

[15:55]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ég vil eindregið mælast til þess við hv. þingmenn að þeir gæti tímamarkanna. Tímamörk hjá þingmönnum eftir framsöguræður eru einungis tvær mínútur.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ástandið á heilsugæslunni er enn einn áfellisdómurinn yfir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar varðandi heilbrigðismálin. Heilsugæslan, frumþjónustan í heilbrigðiskerfinu er í uppnámi og þorri lækna búinn að segja upp störfum. Vissulega blandast í þetta mál óánægja heilsugæslulækna með stöðu sinna mála miðað við sérfræðilækna. En einnig snýst deilan um læknavakt sem heilsugæslulæknar í Reykjavík hafa skipst á að sinna. Læknarnir fá greitt fyrir hverja heimsókn eða vitjun. Rúmlega 20% þeirra sem fá til sín lækni frá læknavaktinni, eða fimmti hver sjúklingur, hefur ekki efni á að greiða fyrir vitjunina. Þetta kemur auðvitað niður á læknunum sem sinna þessu starfi þá endurgjaldslaust. Það segir einnig sína sögu að þetta eru fjárhagsaðstæður sjúklinga, þess hóps sem ríkisstjórnin hefur talið liggja hvað best við höggi ef marka má áherslur í fjárlögum. Hjá læknavaktinni er full skúffa af ógreiddum reikningum sem aldrei fást greiddir. Þess má einnig geta að 3% þeirra sem koma á heilsugæslustöðvar hér á höfuðborgarsvæðinu geta ekki greitt fyrir þá þjónustu sem þeir fá þar. Í Reykjavík eru nú um 9.200 manns án heilsugæslu eða heimilislæknis en fimm læknar á svæðinu geta bætt við sig sjúklingum, tæplega 1.500 manns. Samkvæmt þessum tölum vantar því heilsugæslulækna fyrir um 7–8 þúsund Reykvíkinga. Það er álíka fjöldi og allir íbúar Akraness og Borgarness samanlagt.

Álag á heilsugæsluna hefur aukist mjög nú þegar þrengt er að sjúkrahúsunum. Sérstaklega hefur álagið á heimahjúkrunina aukist og það mikið án þess að það hafi verið gert ráð fyrir auknu fé til hennar. Þessi ríkisstjórn hefur með aðgerðum sínum hleypt óvissu í framtíð heilbrigðisþjónustunnar og ráðist að kjörum almennings, þeirra sem þurfa að treysta á þjónustuna, á sama tíma og þeir reyna að sannfæra menn um góðæri og bjarta framtíð í efnahagslífi þjóðarinnar. Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Málefni heilsugæslunnar og stóru sjúkrahúsanna hér í Reykjavík verður ríkisstjórnin að leysa, ella blasir neyðarástand við.

[15:58]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í umræðum um stöðu heilbrigðismála

sem fram fór í Ríkisútvarpinu í morgun komst Sigurður Björnsson, krabbameinslæknir og formaður Læknafélagsins, þannig að orði að neyðarástand ríkti á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Þar við bætist að 90% heilsugæslulækna í landinu hafa sagt upp störfum sem sýnir og sannar að íslenska heilbrigðiskerfið er í algjöru uppnámi ef ekki upplausn. Handahófskenndur og vanhugsaður niðurskurður undanfarinna ára á þar stóran hlut að máli. En hann veldur að sjálfsögðu mikilli togstreitu innan heilbrigðiskerfisins auk þess að valda sjúklingum ómældu angri og jafnvel tjóni.

Rætur þeirrar deilu sem opinberaðist í gær er að finna í stefnuleysi, vaxandi misvægi milli almennrar heilsugæslu og sérfræðiþjónustu og í afar hægri uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík sem m.a. hefur leitt af sér auknar heimsóknir til sérfræðinga án milligöngu heimilislækna. Að sögn héraðslæknisins í Reykjavík eru nú níu heilsugæslustöðvar í borginni og á Seltjarnarnesi en ættu að vera tíu samkvæmt áætlun um þörf. Gallinn er bara sá að sex af þessum níu stöðvum eru í allt of litlu húsnæði miðað við þann mannfjölda sem þær eiga að þjóna. Sem dæmi má nefna að heilsugæslustöð Vesturbæjar var hönnuð fyrir þjónustu fyrir 6.000 manns en sinnir 12.000 manna hverfi. Þúsundir Reykvíkinga eru utan heilsugæslustöðva og er talið að þær nái til 65–70% borgarbúa enda vandinn langmestur hér í höfuðborginni. Það er því ekki að furða að fjöldi fólks leitar beint til sérfræðinga enda ekki oft annarra kosta völ.

Hæstv. forseti. Heilsugæslulæknar auglýsa eftir stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum. Þeir telja á sér brotið og að áherslur séu rangar. Hér er um svo alvarlegt mál að ræða að það hlýtur að hafa algjöran forgang að skilgreina verkaskiptingu á milli heilsugæslulækna og sérfræðinga upp á nýtt jafnframt því að sinna þörfum Reykvíkinga fyrir heilsugæslu til fullnustu. Það dugar ekki að vera óánægð með vinnubrögð heilsugæslulækna, hæstv. heilbrrh. Hér er svo stórt mál á ferð að um það þarf að nást pólitísk samstaða. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að kalla stjórnarandstæðinga að þeirri stefnumótun sem nauðsynlega þarf að fara fram og það strax í ljósi þess erfiða ástands sem við stöndum nú frammi fyrir.

[16:00]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Það eru alvarleg tíðindi að um 90% heilsugæslulækna í landinu hafi sagt hafi sagt upp störfum. Hverjar eru ástæðurnar sem upp eru gefnar? Í fyrsta lagi að stefna stjórnvalda í heilbrigðismálum sé ekki nógu skýr og það skorti heildaryfirsýn. Í öðru lagi að það liggi ekki fyrir hvernig haga eigi verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins. Lítum nánar á þessi atriði. Hér á landi hefur á undanförnum áratugum verið byggð upp öflug heilbrigðisþjónusta sem stenst fyllilega samanburð við það besta sem þekkist með öðrum þjóðum. Ein af styrkustu stoðum þess kerfis sem við höfum byggt upp er þjónusta heilsugæslustöðvanna um allt land sem tryggir frumþjónustu við landsmenn alla hvað þennan málaflokk varðar. Þessi mál öll verður að skoða ofan í kjölinn og það er slæmt ef heilsugæslulæknar meta það svo að þeir hafi á einhvern hátt orðið úti í þeirri umræðu sem verið hefur um heilbrigðismál á síðustu árum og hagsmunir heilsugæsluþjónustunnar á einhvern hátt verið fyrir borð bornir. Sérstakt áhyggjuefni er að stöðugt færri læknar sæki sérnám í heimilislækningum þar eð það getur í raun inni leitt til þess að ekki verði eðlileg endurnýjun í þessum hópi innan læknastéttarinnar. Hér er stórt mál á ferðinni sem þarfnast skjótra viðbragða og úrlausnar og áhyggjur heilsugæslulækna af skipulagi heilbrigðisþjónustu í landinu og kjarabarátta þeirra sjálfra blandast greinilega saman. Ég vara við að þessu tvennu sé blandað saman í umræðunni um þessi mál. Aðalatriðið er að við stöndum vörð um þá þjónustu sem þegar hefur verið byggð upp á heilsugæslustöðvunum, vinnum ötullega að áframhaldandi öflugri og eðlilegri uppbyggingu heilsugæsluþjónustunnar í landinu og tryggjum þannig öryggi og aðgang allra landsmanna að þeirri frumþjónustu í heilbrigðismálum sem heilsugæslustöðvarnar veita.

[16:03]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Heilsugæslulæknar hafa komið því skýrt til skila að undanförnu að uppsagnir þeirra eru vegna almennrar þróunar síðustu ára, ekki vegna aðhaldsaðgerða sem núna eru uppi í heilbrigðiskerfinu. Það er því rangt sem hér hefur komið fram að þetta sé eitthvert sérstakt dægurmál dagsins í dag. Þetta er almenn þróun. Hér hafa menn lýst ástandinu og við vitum hvernig það er. Sjúklingar geta farið hvert sem þeir vilja. Þeir geta farið til sérfræðings. Þeir geta farið til heilsugæslulæknis. Það er að vísu nokkur verðstýring á þessum tveimur leiðum þar sem það kostar helmingi meira að fara til sérfræðings en til heilsugæslulæknis. Ég held að flestir séu sammála um að það þarf að skoða þá þróun sem hefur verið. Segja má að nú ríki óheft samkeppni á milli sérfræðinga og heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu. Það getur verið mjög óæskilegt. Það má segja að það sé mjög freistandi fyrir sérfræðing í þessari miklu samkeppni að fá til sín sjúkling, hugsanlega að óþörfu. Þá er maður kominn að þeirri spurningu, er samkeppnin svo mikil að sérfræðingar eru farnir að vinna nánast sem heimilislæknar?

Hér hefur verið komið inn á ýmis atriði eins og tilvísunarkerfið. Viljum við fara þá leið? Í fréttum í gærkvöldi sagði Katrín Fjeldsted, formaður heimilislækna, að hún vildi ekki skoða þá leið. Það ætti að taka það orð út úr orðabókinni. Hvaða leiðir á þá að skoða? Á að vera með meiri verðstýringu? Á að fara dönsku leiðina þar sem mér skilst að fólk merki við skattkort sitt hvernig það vill greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sína eða hvaða leiðir á að fara?

Ég er svo sannarlega sannfærð um að hæstv. heilbrrh., Ingibjörgu Pálmadóttur, muni takast í samráði við Læknafélagið þó þar séu mjög skiptir hagsmunir í húfi að koma fram með þær lausnir sem þarf til þess að leysa þetta mál.

[16:05]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru vissulega alvarleg tíðindi að heilsugæslulæknar skuli hafa sagt upp störfum en hins vegar kannast ég ekki við að stjórnvöld hafi dregið úr mikilvægi heilsugæslunnar í heilbrigðiskerfi okkar. Heilsugæslustöðvar hafa verið byggðar upp um allt land. Það er alveg hárrétt sem kom fram í ræðu hv. fyrrv. heilbrrh. að hér hafa verið skiptar skoðanir um hve hratt ætti að fara í þessari uppbyggingu í Reykjavík og þetta er deila um skipulagsvanda en eigi að síður snýst deilan líka um peninga. Heilbrigðismálin og uppbygging þeirra snúast einnig um peninga. Hæstv. heilbrrh. hefur staðið í því stríði að takmarka útgjaldaaukninguna í heilbrigðiskerfinu því að þar er stöðug útgjaldaaukning og það verður auðvitað að takmarka hana ef við eigum að verja velferðarkerfið til frambúðar. Það er alveg ljóst. Hins vegar er stjórnarandstaðan og fleiri í kapphlaupi með það að leysa þessi mál í fjölmiðlum og í umræðum utan dagskrár

á Alþingi. Ég held að þessi mál verði ekki leyst þannig og það leiðir til lítils nema einhverra sýninga í þessum sal. Ég held að allir verði að leggjast á eitt um að greina þessi mál sem best, koma á frambúðarskipulagi í heilbrigðismálum sem tryggi að hægt verði að halda þessum málaflokki til frambúðar þannig að velferðarkerfið í landinu sé tryggt og þeir fái lækningu og aðhlynningu sem á henni þurfa að halda án tillits til stéttar eða stöðu.

[16:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er staðið fyrir utandagskrárumræðu til þess að ræða hluta heilbrigðiskerfisins sem brennur á okkur í dag. Við höfðum þurft langa umræðu, jafnvel tveggja sólarhringa, til þess að ræða allar þær uppákomur sem þar hafa verið á undanförnum vikum og mánuðum. Við höfum ekki annan betri vettvang að ræða þessi mál en hér. Okkur er yfir höfuð ekki boðið að koma að þessum málum til þess að finna skynsamlegar lausnir og værum við þó til í það. Það er dálítið sérkennilegt að hlusta á menn segja: Það hefur ekkert verið skorið niður til heilsugæslu. Heilsugæslan hefur fengið að njóta sín og nokkrar heilsugæslustöðvar hafa verið byggðar upp og verið teknar í rekstur. Að vísu hefur tekið nokkur ár að byggja sumar þeirra. Úti á landi hefur verið byggt upp öflugt kerfi. Hér í Reykjavík er það hins vegar langt á eftir öllu því sem getur talist skynsamlegt.

Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála í dag eru áætluð árið 1996 47,7 milljarðar kr., 47,7 milljarðar kr. Undirstaðan í heilbrigðismálum eru heilsugæslustöðvarnar. Þær eiga að fá (**Gripið fram í:** Þetta eru rangar tölur, það eru 50 milljarðar kr.) 47,7, þetta er beint frá fjmrn. Ef tölurnar eru ekki réttar held ég að þið ættuð að láta athuga hvernig vinnubrögðin eru í þessu ráðuneyti og þessari ríkisstjórn ef þið getið ekki einu sinni matreitt réttar tölur ofan í okkur. Það er alvarlegur hlutur. Það eru tæpir 1,7 milljarðar sem eiga að fara til heilsugæslunnar sem er undirstaðan í heilbrigðiskerfinu. Ég er ekki sátt við þessi svör vegna þess að þó að við sjáum ekki niðurskurð á tölunum þá höfum við heldur ekki aukið framlögin. Þrátt fyrir það að við erum að tala um aukið vægi þessarar þjónustu þá höfum við ekki aukið framlögin. Allur kostnaður innan heilsugæslunnar hefur hækkað, hvort sem það er tölvuvæðing, laun, þjónusta eða vörur. Þessu hefur verið mætt innan þessara fjárveitinga þannig að niðurskurðurinn er fyrir hendi. Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hvernig hún ætlar að svara heimilislæknum, læknum frá heilsugæslustöðvunum sem hafa nú sagt upp störfum fyrst og fremst til þess að mótmæla þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Við búum við lög og það þarf ekkert endilega að endurskoða uppbygginguna og verkaskiptinguna. Það þarf að standa við lögin og gera heilsugæslustöðvunum kleift að vinna í samræmi við lög og þá verkaskiptingu sem þar kemur fram.

[16:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir málefnalega umræðu um heilsugæsluna. Ég tel að hún hafi verið málefnaleg á margan hátt. Stjórnarandstaðan hefur kvartað yfir því að hún komi ekki að stefnumálum í heilbrigðisþjónustunni. Ég minni þá sem það segja á að stjórnarandstaðan kemur að nefnd um heilbrigðisstjórnir í kjördæmum, hún kemur að endurskoðun heilbrigðisáætlunar og hún kemur að forgangsröðun verkefna í heilbrigðismálum. Það koma því bæði fagaðilar og stjórnarandstaða að þessum málum. Það er mjög mikilvægt vegna þess að þetta er málefni sem þarf að ríkja sátt um. Ef einhver skyldi hafa gleymt því minni ég á að formaður heilbr.- og trn. er ekki úr stjórnarliðinu. Hér hefur verið komið inn á það að ef við hefðum tekið upp tilvísunarkerfið hans Sighvatar Björgvinssonar stæðum við ekki frammi fyrir þessum vanda sem við stöndum í dag. Ég tel það ekki rétta ályktun enda hefur það komið fram hjá Katrínu Fjeldsted, formanni heimilislækna, að það hefði ekki leyst þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag en viðræður eru þegar hafnar við heilsugæslulækna og ég vænti að sjálfsögðu góðs af þeim.

Tímareikningur á Íslandi, 1. umr.

Frv. VE o.fl., 197. mál. — Þskj. 246.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Starfsþjálfun í fyrirtækjum, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 210. mál. — Þskj. 271.

[16:14]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. sem flutt er af þeim sem hér stendur, ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, Ólafi Erni Haraldssyni, Magnúsi Stefánssyni og Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu um starfsþjálfun er hvetji til aukinnar þátttöku fyrirtækja í verknámi framhaldsskólanema."

Ástæður þess að þáltill. þessi er flutt eru margítrekuð dæmi um vandamál einstakra nema, ekki síst iðnnema, sem hafa átt erfitt með að fá starfsþjálfun í fyrirtækjum. Eins og ugglaust flestir vita er skipulag iðnfræðslu og starfsmennta að miklu leyti byggt upp þannig að hluti námsins fer fram í skóla en til þess að ljúka fullu námi þurfa nemendur síðan að sækja starfsþjálfun í viðurkenndum fyrirtækjum eða hjá meistara. Þar hafa einmitt komið upp vandamálin. Nemendur sem hafa lokið skólanámi hafa síðan staðið uppi án þess að komast á samning eða í starfsþjálfun og eru skildir eftir í lausu lofti, ef þannig má að orði komast. Þess vegna er þessi þáltill. flutt. Það má segja að gagnavart þeim nemendum sem hér hefur verið lýst þá sé núverandi fyrirkomulag afskaplega ranglátt og er fróðlegt að velta fyrir sér hvernig á því standi. Þar eru auðvitað margar skýringar og skal ekki dregið hér fram hver sú rétta er, enda ugglaust erfitt að finna eina skýringu. Það má velta því fyrir sér hvort um sé að ræða stýringu frá hagsmunaaðilum en ég hygg þó að meginatriðið sé skortur á samstarfi milli skóla, ríkisvaldsins og ekki síst atvinnulífsins sjálfs. Þarna er vert að hafa í huga framtíðina og þá ekki síður það frv. sem hér liggur fyrir þinginu og er til umræðu í hæstv. menntmn., frv. til laga um framhaldsskóla þar sem megináhersla er lögð á starfsmenntun. Starfsmenntun mun verða verulega snar þáttur í menntakerfi okkar í framtíðinni. Það er ljóst að mannfrekasta atvinnugrein á Íslandi í dag er

þjónusta en þess gætir alls ekki í skólakerfinu. Þar mun verða breyting á og er þegar farið að sjá ýmis merki þess. En til þess að hægt sé að sinna starfsmenntun með þeirri reisn sem henni ber þá verður líka að skapa þau skilyrði að nemendur eigi greiðan aðgang að starfsmenntabrautum í skólum og í starfsþjálfun meðal fyrirtækja.

Einhverjir kunna að segja sem svo að eðlilegt sé að leysa þennan vanda með því að færa starfsþjálfun alla inn í skóla. Ég hygg að það sé óvarlegt að færa starfsþjálfun að öllu leyti inn í skólana. Það er röng leið bæði vegna þess að hún er afar kostnaðarsöm en þó ekki síst fyrir það að skólar munu aldrei, sama hversu góðir þeir eru, ná að endurspegla það sem gerist í raun úti í atvinnulífinu. Þróun og framfarir í atvinnulífinu er oft mun hraðari heldur en gerist í einstökum stofnunum ríkisins. Þess vegna er samstarf skóla og atvinnulífs ekki bara eðlilegt heldur líka bráðnauðsynlegt á þessu sviði. Það er hins vegar skylda ríkisvaldsins að finna heppilega og örugga leið gagnvart þeim nemendum sem hér er sérstaklega um fjallað. Tillagan gengur einmitt út á að ríkisstjórnin gangi fram í þessu máli og skapi það svigrúm að nemendum í iðnnámi og öðru starfsnámi verði tryggður eðlilegur grunnur að starfsnámi sínu þannig að við upphaf náms sjái þeir hvar og hvenær þeir muni geta lokið því. Áherslan verður á starfsmenntun og þetta er ein meginforsenda þess að sú stefna nái fram að ganga. Lausnirnar geta verið ýmsar. Hér er bent á í greinargerð með þáltill. m.a. að ríkið geti veitt fyrirtækjum beina styrki til að taka nemendur í starfsþjálfun. Þá er jafnframt bent á þann möguleika að veita fyrirtækjum sérstaka skattívilnanir fyrir að taka nemendur í starfsþjálfun. Þá má enn fremur benda á þá leið sem Danir hafa farið. Danir standa mjög framarlega í starfsmenntun fyrir atvinnulífið en þeir hafa farið þá leið að skattleggja öll starfandi fyrirtæki með ákveðinni prósentu af veltu eða broti úr prósentu. Sá skattstofn rennur allur í starfsmenntasjóð og fá síðan þau fyrirtæki sem taka nemendur í starfsþjálfun endurgreitt úr þeim sjóði. Ég bendi á þessar leiðir en þáltill. gerir ráð fyrir því að mótuð verði skýr stefna á þessu sviði. Við verðum að finna leið þannig að starfsmenntun verði eftirsóknarverð. Hún er lykilatriði í framförum fyrir efnahagslíf okkar.

Ég vil, herra forseti, að lokum beina þessari þáltill. til hæstv. menntmn.

[16:21]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Með þessari þáltill. er hreyft þörfu máli, þ.e. að tryggja iðnnemum þá starfsþjálfun sem þeir þurfa að fá á vinnustað til að ljúka námi sínu og hljóta starfsréttindi. Á þessu hefur verið mikill misbrestur á undanförnum árum sem hefur valdið mörgum nemum miklum erfiðleikum. Mörg dæmi eru um að nemar hafi ekki fengið þessa starfsþjálfun og því ekki getað lokið sveinsprófi og hlotið full iðnréttindi. Þetta hefur verið vandamál, ekki síst á undanförnum árum þegar margar iðngreinar hafa búið við mikinn samdrátt og erfiðleika í rekstri vegna þeirra efnahagsþrenginga sem Íslendingar hafa glímt við. Til dæmis hafa skipasmiðjurnar, sem á undanförnum áratugum hafa verið mjög afkastamiklar uppeldismiðstöðvar fyrir iðnaðarmenn, orðið að fækka mjög starfsmönnum sínum vegna rekstrarerfiðleika. Þær hafa því ekki getað tekið við iðnnemum í sama mæli og áður sem leiðir svo aftur til þess að nú, þegar skipaiðnaðurinn er í mikilli sókn og verkefni skipasmíðastöðvanna stóraukast samhliða nýjum verkefnum í stóriðju, er farið að bera á skorti á járniðnaðarmönnum. Þetta er auðvitað afleitt og því nauðsynlegt að móta stefnu um starfsþjálfun eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir til að tryggja eðlilega endurnýjun einstakra starfsstétta iðnaðarmanna þó að tímabundnir erfiðleikar steðji að viðkomandi iðngrein.

Eins og fram kemur í greinargerð með þessari tillögu gerir frv. til laga um framhaldsskóla ráð fyrir verulegri áherslu á starfsnám, ekki síst nýjar starfsmenntabrautir. Nokkrir framhaldsskólar eru nú að búa sig undir rekstur slíkra brauta þar sem m.a. er gert ráð fyrir starfsþjálfun á vinnustöðum. Það verður því að tryggja það að nemarnir fái þessa starfsþjálfun. Annars er skólanám þeirra lítils virði og jafnvel hrein tímasóun og útgjöld. Það er svo spurning hvort ekki þarf að stýra fjölda iðnnema í einstökum iðngreinum þannig að fólk flykkist ekki í nám í greinum sem bjóða ekki upp á mikinn fjölda starfa. Ég minnist þess að þegar fyrst var boðið upp á iðnnám í fjölbrautaskólum án samnings við fyrirtæki fór mikill fjöldi ungmenna í ýmis fög sem þá voru í tísku. Til dæmis fóru mjög margir í rafvirkjun og hárskurð. Margir þessara nema komust aldrei í þá starfsþjálfun sem þeir þurftu hjá fyrirtækjum til að ljúka sveinsprófi, einfaldlega vegna þess að þessar iðngreinar voru ekki það fjölmennar að þær gætu tekið við öllum þessum nemum.

Mér finnst ástæða til að fagna þeirri auknu áherslu sem nú er lögð á starfsnám og verkmenntun. Iðnnemar hafa á undanförnum árum haft um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum tekur fjögur ár. Ein leiðin er að gera samning við meistara. Í flestum tilvikum öðlast þeir þá starfsþjálfun hjá meistaranum en sækja samhliða bóklegt nám í iðnskóla. Önnur leiðin er að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara að því loknu í starfsnám hjá meistara. Þriðja leiðin er að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi en gera síðan þriggja ára samning við meistara. Af þessum þremur leiðum tel ég að sú leið að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara síðan í starfsnám hjá meistara sé sú besta. Sú aðferð hefur reynst mjög vel og nemar sem þannig hafa komið til starfa í iðnfyrirtækjunum hafa þekkingu á undirstöðu viðkomandi iðngreina, kunna að nota helstu vélar og tæki og eru alla jafna vel undir sjálft starfsnámið búnir. En það verður að finna leið til að tryggja þeim sem hefja slíkt nám í skóla að þeir fái þá starfsþjálfun sem þarf til að ljúka námi og fá full starfsréttindi. Þessi tillaga er gott innlegg í það mál og ég lýsi stuðningi við hana.

Fyrst verið er að ræða hér starfsþjálfun og iðnnám þá langar mig að minnast í örfáum orðum á réttindi þeirra sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með stunda mikið bóklegt nám. Ég vara við því að þeim sé gert ókleift að öðlast iðnréttindi. Ég legg áherslu á það að þurfa að vera tvö stig í iðnnáminu með svipuðum hætti og er í málmiðnaðinum í dag þar sem nemar geta með tveggja ára námi orðið sveinar í rafsuðu. Í þessu tveggja ára námi eru mun færri bókleg fög heldur en t.d. í vélvirkjun og plötusmíði og þessir sveinar geta ekki orðið meistarar nema að undangengnu frekara námi. Ég tel sjálfsagt að þeir sem vilja vinna við málmiðnað geti öðlast réttindi með þessum hætti og veit að margir afbragðs iðnaðarmenn hafa útskrifast úr rafsuðunáminu, bæði þeir sem ekki hafa treyst sér í það skólanám sem fylgir fullu iðnnámi og eins fjölskyldumenn sem ekki hafa treyst sér af fjárhagsástæðum til að sitja fjórar annir í skóla. Margir þessara iðnaðarmanna hafa haldið áfram námi síðar og lokið þá námi í vélvirkjun, plötusmíði eða öðrum málmiðnaðargreinum. Mér finnst þessi þáttur iðnnámsins afar mikilvægur

og tel sjálfsagt mál að iðnfræðslan miðist ekki við að allir þurfi að verða meistarar.

Ég ítreka suðning við þessa tillögu og vona að hún fái góða skoðun í nefnd og afgreiðslu hér frá Alþingi í vetur.

[16:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að hreyfa þessu máli. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, þ.e að reyna að gera allt til þess að treysta stöðu starfsmenntunar í landinu. Það sem ég gagnrýndi einmitt hvað harðast þegar framhaldsskólafrumvarpið sem nú liggur fyrir hv. menntmn. var lagt fram var að mér fyndist ekki nægilega föst tök á starfsnáminu eins og það er fyrirhugað í framhaldsskólafrumvarpinu. Ef þær upplýsingar sem koma fram í greinargerð þessarar tillögu eru réttar er um verulegan annmarka á núverandi framkvæmd á iðnnámi að ræða og mér er spurn hvort þörf sé á að flytja um þetta sérstakt mál. Auðvitað eru lög í gildi um bæði iðnnám og framhaldsnám yfirleitt og það er mjög alvarlegur hlutur ef nemar geta ekki lokið sínu námi vegna þess að það skortir á starfsþjálfun. Þess vegna vil ég spyrja hv. flm. hvort hann telji ekki að hægt sé að sameina kjarna þessa máls, þ.e. að koma á opinberum stuðningi við starfsþjálfun í fyrirtækjum, við það frv. sem núna liggur fyrir um framhaldsskólann og jafnvel að koma þessu á nú þegar. Það eru nú þegar nægar lagaheimildir til þess að koma þessu í lag. Það er gjörsamlega óviðunandi ástand að bjóða fólki upp á nám sem það getur svo ekki lokið vegna skorts á samvinnu við fyrirtæki eða starfsþjálfun innan skólanna.

Ég vil þakka það að þetta mál er tekið hér upp og vona að það fái góða lendingu í hvaða formlega farvegi sem það verður.

[16:29]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum góðar undirtektir og þeirra innlegg í málið. Ég vil byrja á því að svara spurningum hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um það hvort ekki megi fella þessa tillögu að frv. til laga um framhaldsskóla. Ég hygg að það sé ekki rétt og þess vegna er þetta flutt sem sérstakt mál. Hugsanlega kann þetta að snerta skattalög ef farin verður sú leið að veita skattívilnanir. Þáltill. felur það einfaldlega í sér að fundin verði heppilegasta leiðin. Ég tel jafnframt að með því að leggja málið fram sem litla þáltill. megi afgreiða það hraðar í gegnum þingið en tekur að afgreiða heil lög um framhaldsskólastig.

Þá langar mig til að víkja aðeins orðum að ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um leið og ég ítreka þakkir. Hv. þm. nefndi hugsanlega stýringu inn í iðnnám. Sú umræða hefur oft komið upp meðal skólamanna og annarra ekki einungis um það hvort stýra eigi nemendum í iðnnám heldur stýra nemendum almennt í nám t.d. á háskólastigi. Þannig hefur verið bent á að innan gæsalappa sé offramleiðsla nemenda úr ákveðnum deildum háskólans sem fái síðan varla starf við hæfi. Ég hef sjálfur verið alla tíð verið mjög varkár í slíkri stýringarviðleitni enda held ég að forsendur til þeirra séu afskaplega varasamar. Besta ráðið er að veita næga námsráðgjöf og jafnframt upplýsingar um möguleika í einstökum atvinnugreinum til framtíðar horft. Það held ég sé í rauninni sé besta stýring sem hægt er að taka upp og sú sanngjarnasta gagnvart nemendum.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson rakti þær þrjár leiðir sem iðnnemum standa til boða í dag og vék jafnframt að því að óeðlilegt væri að allt nám iðnnema miðaðist við meistaranám. Undir það vil ég taka mjög heils hugar og þá annars vegar nauðsyn þess að blanda saman námi í skóla og námi á vinnustöðum. Ég tel að sú leið sem m.a. Danir og Þjóðverjar hafa farið í uppbyggingu starfsnáms, að blanda skólanámi og námi á vinnustöðum saman með þeim hætti að t.d. eina önn er nemandi í skóla, næstu önn á vinnustað með sérstaka dagbók þar sem hann á að fá starfsþjálfun í tilteknum þáttum og komi síðan aftur inn í skólann, virðist hafa gefið góða raun. Hins vegar tek ég enn mjög undir þá skoðun hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um að það vanti fleiri þrep í iðnnám þannig að nemendur þurfi ekki að fara alla leið til meistaranáms. Hvort tveggja er að ekki er öllum það gefið að fara alla leið né heldur að allir hafi áhuga á að fara svo langt þannig að útgönguleið, þ.e. þrepaskipt iðnnám, tel ég vera mikla framför. Ég trúi að eftir að ný lög um framhaldsskóla hafa verið samþykkt, það frv. sem nú liggur fyrir þinginu, þá munum við m.a. í framhaldi af því sjá slíkt þrepanám, ekki bara í iðnnámi, heldur almennt í starfsnámi.

[16:33]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þessi þáltill. er allrar athygli verð og einkum og sér í lagi í ljósi þess sem hér hefur komið fram í umræðunni. Það hefur nú og oft nokkra vetur áður hér á þingi verið rætt um það hvernig standa beri að starfsþjálfun og almennt að námi í iðngreinum. Það er ekki langt síðan Aflvaki Reykjavíkur sendi frá sér mikla greinargerð um stöðu þessara mála í menntakerfinu og þá kemur í ljós að Íslendingar eru á allt annarri braut heldur en nágrannaþjóðir okkar hvað varðar iðnnám ungmenna.

Hér á Íslandi leggja yfir 60% ungmenna leið sína í háskóla en rétt um 40% fara í iðnnám. Það er alveg í öfugu hlutfalli við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Þess vegna tel ég að þessi þáltill. sé athyglinnar verð og mjög í tíma töluð þau orð sem fram hafa komið hjá hv. þm. um þessa þáltill. sem ég styð heils hugar. Ég tel að það sé full ástæða til þess að taka iðnmenntunina í landinu miklu fastari tökum en nú er. Þetta er eitt spor í þá átt. Það á auðvitað að gefa ungu fólki möguleika og tækifæri til þess að fara í iðnnám og það á líka að gefa iðnnáminu þann gaum að ungt fólk sem fer úr framhaldsskólanámi í iðnnám líti ekki á það með einhverri lítilsvirðingu. Við þurfum að snúa þessari mórölsku hlið við þannig að fólk líti ekki á sig sem einhverja aukvisa í þjóðfélaginu þótt það fari í iðnnám. Ég vona svo sannarlega að okkur takist það því það er full þörf á að taka heldur betur til hendi varðandi iðnnám svo að við Íslendingar verðum ekki aftarlega á merinni hvað það áhrærir með tilliti til þess sem ég sagði áðan um að við erum á allt öðru róli heldur en Norðurlandaþjóðir.

[16:36]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir hans innlegg. Það mál sem hann endaði sína ræðu á um viðhorf til iðnmenntunar þarfnast í rauninni mikillar umræðu þó að hún fari að sjálfsögðu ekki fram núna. En ég geri ráð fyrir að sú umræða muni líka fara fram þegar frv. til laga um framhaldsskóla kemur til 2. umr.

Hv. þm. nefndi tölur í samanburði við nágrannaríki okkar þar sem í ljós kemur að upp undir 70% af nemendum sem fara í framhaldsskóla stefna að háskólanámi en rétt rúmlega

30% sem stefna að iðnnámi eða starfsnámi. Þetta er öfugt hlutfall við það sem gerist í nágrannaríkjum. Á þessu eru margar skýringar en afleiðingin er augljós. Hún veikir efnahagslíf okkar. Hún gerir atvinnuvegina veikari. Við höfum ekki borið gæfu til að fjárfesta í menntun og er þar við marga að sakast. Er ástæðulaust að fara í sögulega skoðun á því. Þessu þarf að breyta.

Við skulum skoða örfá atriði sem þessu eru tengd. Fyrst er það að ungur nemandi sem stendur frammi fyrir vali á námsbrautum í framhaldsskóla á um afskaplega fáa kosti að velja af ástæðum sem ég nefndi í fyrri ræðu. Atvinnulífið er ekki sýnilegt. Skólarnir endurspegla ekki atvinnulífið, samanber mannfrekustu atvinnugreinina, þjónustuna sem er nánast ekki til í skólakerfinu. Það erþví eðlilegt að nemendur velji sér ekki starfsmenntabrautir þegar þær eru ekki til í takt við atvinnulífið.

Í öðru lagi er annar þáttur sem ég hef áður nefnt í þessum ræðustól. Það er þáttur fjölmiðla í að hampa stúdentsprófi. Minni ég þar enn á „vorboðann ljúfa" ef svo má kalla. Þegar fjölmiðlar greina frá brautskráningu framhaldsskólanna er myndum og frásögnum af stúdentum nánast undantekningarlaust hampað meðan sjúkraliða, vélstjóra, iðnnema og annarra sem stunda starfsnám er varla getið. Að auki kemur það til að ýmsar starfsgreinar hafa verið í vaxandi mæli að færast á háskólastig. Það hefur verið þróun hjá okkur. Niðurstaðan af þessu er þá sú að atvinnulífið hefur ekki viljað þröngva sér inn í skólana. Í starfi mínu sem skólameistari varð ég lítið var við þrýsting frá atvinnulífinu um að skólinn tæki að þjóna því en á því er að verða breyting.

Í þriðja lagi feykir söngur fjölmiðla og þróunin að færa starfsnám upp á háskólastig nemendum nánast þangað. Ég vek líka athygli á því að meiri hluti nemenda sem lýkur stúdentsprófi fer ekki einu sinni í háskólanám heldur klórar sér í hvítum kollinum og athugar sinn gang. Sumir fara þá 20 ára gamlir að hefja iðnnám. Ég hygg að á þessu séu að verða breytingar og er kunnugt um að í framhaldsskólum landsins er ötullega verið að vinna að breytingum, þróa nýjar *starfsmenntabrautir og það sem skiptir mestu máli*, að taka upp fomlegt samstarf við fulltrúa atvinnulífsins. Það er í rauninni meginandinn í frv. til laga um framhaldsskóla sem liggur fyrir þinginu.

Ég vona að þáltill. sem er til umræðu geti styrkt starfsþjálfun. Það er tilgangur hennar. Ég vil um leið þakka hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls og lýst stuðningi við málið.

[16:40]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið er ég einn af flm. þessarar tillögu og ætla ekki að lengja umræðuna. Ég get þó ekki stillt mig um að leggja orð í belg um viðhorf til iðnnáms og þær aðstæður sem búa að baki því að fólk sækist síður eftir slíkri menntun. Ég vil benda á eitt atriði í þessu samhengi úr því að tækifæri gefst til.

Það fer engin markviss leit fram í skólakerfinu að hæfu fólki til iðnaðarstarfa. Öll próf, allt val og allar kröfur í skólastarfinu áður en til iðnskólastigs kemur miðast að bóknámi. Við þessu bregðast nemendur að sjálfsögðu eins og öðru því sem hv. þm. Hjálmar Árnason lýsti áðan. Þeir horfa til þeirrar bendingar, krafna, vals og leitar sem fyrir þeim er höfð. Þessu þarf að breyta. Í skólakerfinu þarf að fara fram markviss leit að því fólki sem hefur áhuga, lagni og hæfileika til þess að fara í iðnnám og í störf því tengdu í framhaldi af því.

Þá er einnig nauðsynlegt að það sé greið leið úr iðnnáminu til stúdentsprófs og þaðan í háskóla ef mönnum þykir svo við horfa. Þessi atriði tel ég vera afar mikilvæg ásamt því sem fram hefur komið fram um hið almenna viðhorf til iðnnámsins. Mér finnst full ástæða til þess að hvetja þá sem útskrifa fólk til starfsnáms og iðnnáms að herða róðurinn gagnvart fjölmiðlum varðandi umfjöllun og viðhorf til starfsnáms og starfa sem af því leiða.

[16:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. frv. mjög merkt mál. Ég tek undir það með öðrum hv. ræðumönnum að það er mjög nauðsynlegt að þjóðin hefji verkmenntun eða starfsþjálfun til meiri virðingar en verið hefur. Það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið að hér sé vel menntað fólk í þeim störfum sem það sinnir. Sérstaklega er skortur á menntuðu fólki, eins og fram hefur komið, í þjónustunni.

En það sem ég vildi koma inn í þessa umræðu er það að menn hafa talað um að fyrirtæki hafi ekki viljað taka nema og þá kann maður að spyrja: Af hverju stafar það? Skyldi það geta verið að iðnnemar hafi samið aðra út úr stéttinni með því að semja um kjör fyrir vinnu sína sem eru svo há að fólk kemst ekki í námið? Nú er það þannig að iðnnemi fær að mér skilst *verkamannalaun þegar hann starfar* við fyrirtæki. Það má segja að það virki á tvennan máta. Í fyrsta lagi. Fyrirtæki eru treg að taka iðnnema eingöngu til þess að kenna þeim því að sá maður er of dýr. Fyrirtækið hefur ekki efni á að taka lærling sem þarf að eyða tíma og orku í að kenna hluti og auk þess að borga honum laun eins og hverjum öðrum verkamanni.

Hins vegar getur þetta líka leitt til þess að þeir sem eru nú þegar iðnnemar verði misnotaðir sem verkamenn vegna þess að þeim er greitt sem slíkum. Það sem þarf því kannski að líta á er að í staðinn fyrir að biðja um styrki og skattívilnun frá ríkinu er spurning hvort það ætti að heimila nýjum iðnnemum að semja sig frá þessum kjarasamningum sem iðnnemar eru búnir að gera og útiloka ungt fólk frá því að komast í iðnnám.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting Krýsuvíkursvæðis, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DSigf, 211. mál. — Þskj. 272.

[16:45]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á nýtingu Krýsuvíkursvæðis. Tillögu þessa flyt ég ásamt hv. varaþm. Drífu Sigfúsdóttur sem sat á þingi þegar þskj. var dreift. Tillagan er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á möguleikum Krýsuvíkursvæðisins í Gullbringusýslu á sviði iðnaðar, orku, ferðaþjónustu o.fl."

Í rauninni þarf ekki að hafa öllu fleiri orð um þessa þáltill. Efni hennar skýrir sig sjalft. Krýsuvíkursvæðið er þekkt, þetta er mikil náttúruperla og þar eru miklir möguleikar vannýttir. Þarna er mikil náttúrufegurð, verulegur jarðhiti, stórt stöðuvatn og þannig má áfram telja. Ég vek athygli á

því að mýmargar athuganir eða upp undir 30 skýrslur hafa verið samdar um einstaka þætti Krýsuvíkursvæðisins, þar sem menn hafa skoðað jarðveg, háhita o.s.frv. Gallinn er sá, að hver skýrsla er skrifuð um afmarkað efni, en engin eða lítil tilraun virðist hafa verið gerð til þess að safna þessum upplýsingum saman á einn stað þannig að heildarmöguleikar svæðisins séu skoðaðir. Ég bendi á reynslu af sambærilegum svæðum eins og Svartsengi og Suðurnesjum og Nesjavöllum í Árnessýslu en þau svæði bæði hafa skilað þjóðarbúinu miklum verðmætum með þeim virkjunum sem þar hafa átt sér stað og nýtingu á náttúruauðlind, bæði sem ferðamannastaðir og ekki síður sem orkugefandi staðir.

Áhugi erlendra sem innlendra fjárfesta á jarðhita og jarðefnum ýmiss konar á Íslandi virðist fara vaxandi og það sem mestu máli skiptir er líklega að hafa svör á reiðum höndum þegar að því kemur að t.d. beiðni komi erlendis frá eða fyrirspurnir um fjárfestingu á þessu svæði.

Þá bendi ég enn fremur á það að árið 1975 lá fyrir skýrsla unnin af Sameinuðu þjóðunum, sem kynnt var íslenskum stjórnvöldum, þar sem Sameinuðu þjóðirnar buðust til þess að fara í miklar framkvæmdir, fyrst og fremst með hliðsjón af ferðamannaþjónustunni við Krýsuvíkursvæðið, og það sem var meira, það stóð til boða að leggja verulegt erlent fjármagn í þetta. Illu heilli var sú skýrsla lögð til hliðar. Það er aukaatriði. Við skulum horfa til framtíðar. Þáltill. felur raunar ekki annað í sér en að gerð verði nákvæm úttekt og samantekt á þeim möguleikum sem Krýsuvíkursvæðið felur í sér. Spurningin snýst um að hafa allar upplýsingar aðgengilegar þannig að hefja megi markaðsleit til að nýta þau verðmæti sem felast í Krýsuvík. Þau verðmæti felast í orku og í jarðvarma en ekki síst í náttúrufegurð. Hafa ber í huga að jafnvægi milli hinna ólíku hagsmuna sem eru á nýtingu jarðvarma og jarðefna annars vegar og hins vegar náttúrufegurðar og ferðaþjónustu. Möguleikarnir eru fyrir hendi en þáltill. felur í sér að stefna sé mörkuð í málinu þannig að í fyllingu tímans verði allt til reiðu.

Að svo mæltu, herra forseti, mælist ég til þess að tillögunni verði vísað til hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftpúðar í bifreiðum, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 219. mál. — Þskj. 298.

[16:49]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða en þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru sérstökum loftpúðum í öryggisskyni.“

Ég flyt þessa þáltill. ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni og hv. þm. Hjálmari Árnasyni.

Meginatriði þáltill. er að auka öryggi fólks í umferðinni, þ.e. auka öryggi þeirra sem aka í bílum. Það verður gert best með því að þeir loftpúðar, sem hér eru gerðir að umtalsefni og tillöguefni, komi í sem flesta bíla en í því efni væri hægt að ná árangri með því að fella niður vörugjald af loftpúðunum. Rannsóknir sýna að notkun loftpúða dregur verulega úr fjölda alvarlegra áverka af völdum umferðarslysa. Þannig hefur reynslan af notkun loftpúða í Bandaríkjunum leitt í ljós að dauðaslysum fækkar um 20%. Gildir það bæði um þá sem nota öryggisbelti í umferðinni og þá sem nota ekki belti. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að loftpúðarnir koma fyrst og fremst að gagni þegar öryggisbeltin eru notuð jafnframt.

Rannsókn á tíðni meðal- og alvarlegra áverka í umferðinni í Bandaríkjunum árið 1991 sýndi að slíkir áverkar voru um 25–29% færri meðal ökumanna í bifreiðum af árgerð 1990 sem búnir voru loftpúðum en meðal ökumanna í bifreiðum sömu árgerðar sem voru einungis búnar bílbeltum. Innlagnir á sjúkrahús voru 24% færri meðal ökumanna í bifreiðum sem búnar voru loftpúðum. Þannig eru loftpúðar þýðingarmikill öryggisbúnaður til viðbótar við öryggisbelti.

Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa loftpúða í bifreiðum í framtíðinni. Eins og lögum er nú háttað hækkar öryggisbúnaður eins og loftpúðar bílverð verulega. Afsláttur af vörugjaldi bifreiða, sem búnar eru loftpúðum, ætti því að vera sjálfsagt mál. Með slíkum afslætti aukast líkur á örari útbreiðslu loftpúða í bifreiðum. Enda þótt tekjur ríkissjóðs skerðist sem nemur afslættinum af vörugjaldinu skila þeir peningar sér margfalt í minni kostnaði af völdum umferðarslysa.

Ég vil láta koma fram að verð á loftpúðum í bifreiðar er um 50–100 þús. kr., getur jafnvel farið hærra, og vörugjald er um 30–70% eftir bílverðinu. Það má augljóst vera að sá sem teygir sig langt í kaupum á nýjum bíl veigrar sér við að bæta þessu öryggistæki við þó að hann gjarnan vildi og því mundi afsláttur af vörugjaldi eða niðurfelling þess svo sannarlega koma hér til liðs.

Ef við horfum til tekjumissis ríkissjóðs af niðurfellingu vörugjaldsins má láta koma hér fram að aðeins yrði um örfáar milljónir að ræða hjá ríkinu. En ég undirstrika það sem áður kom fram í máli mínu að sá tekjumissir mun svo sannarlega skila sér aftur á öðrum sviðum. Sparnaðurinn augljós, einstaklingar verða síður fyrir slysum, dauðaslysum er afstýrt og með þeim sorgum og sársauka sem því fylgir. Augljós er að sjálfsögðu sparnaðurinn í sjúkrakostnaði og heilbrigðiskerfi.

Um framkvæmd afsláttarins eða niðurfellingu gjaldsins er ekki ástæða til að fara mörgum orðum en til greina kemur að hafa afsláttinn ákveðna krónutölu til þess að einfalda framkvæmdina. Einnig má nefna að Umferðarráð hefur bent á að jafna mætti vörugjald en með jöfnun vörugjalds næðist að ná niður kostnaðinum við loftpúðana hvað vörugjald af þeim áhrærir.

Ég tel að það dæmi sem hér er rakið í þáltill. um niðurfellingu af vörugjaldi af loftpúðum í bílum sýni að ríkisvaldið getur haft veruleg áhrif í stefnumörkun hvað bifreiðaeigendur og hagsmuni þeirra varðar. Ég tel ástæðu til að nota tækifærið til þess að hvetja ríkisvaldið til þess að koma á stefnu í bifreiðamálum og málefnum bifreiðaeigenda en þar gætu öryggissjónarmið svo sannarlega komið fram í verðlagningu ríkisvaldsins eins og kemur fram í þessari tillögu. Einnig getur ríkisvaldið beitt sér fyrir því að umhverfismál séu tekin til skoðunar í stefnumótuninni, eins líka að hafa áhrif á bílakaup manna eftir því við hvaða samgönguaðstæður þeir búa og eins líka um neyslustýringu og annað í þeim hætti.

Rétt er að komi fram að tekjur ríkisins eru um 20 milljarðar af tengdum viðskiptum með bíla eða notkun bíla. Ríkisvaldið þarf að koma þarna fram með því m.a. að hefja starfið á því að fella niður vörugjaldið af bifreiðum eins og

hér er mælt með í þeirri þáltill. sem hér er lögð fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókaútgáfa, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 220. mál. — Þskj. 299.

[16:57]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um bókaútgáfu, en hún er flutt auk mín af hv. þm. Önnu Jensdóttur og hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur en þær voru varaþingmenn þegar þskj. þetta var lagt fram. Ásamt þeim og flm. sem hér stendur eru flutningsmenn hv. þm. Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristjana Bergsdóttir, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson og Valgerður Sverrisdóttir. Þáltill. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarfsemi tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins og bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir lok mars 1996."

Áður en ég geri nánar grein fyrir tillögunni vil ég að fram komi að svo sannarlega þarf að leita til fleiri aðila en hér eru nefndir þó að það hafi ekki komið fram í tillögunni. Vil ég nefna þar rithöfunda, bóksala og fleiri. Slíkir stuðningsmenn eru víða og er mjög nauðsynlegt að sem allra víðast verði leitað fanga um þetta mikilsverða málefni. Ótvíræðar vísbendingar benda til þess og vitna um að óheillavænleg áhrif sæki að íslenskri tungu og að hún muni eiga í harðnandi samkeppni. Þá getur lítið samfélag þjóðarinnar lent í hættu innan skamms tíma. Staða bókarinnar kann að ráða úrslitum um þessa þróun en á síðustu árum hefur bóklestur dregist saman, lestrarkunnáttu hefur hrakað, skilningur ungs fólks á rituðu máli hefur rýrnað, ritun bóka hefur dalað, útgáfa hefur verið á undanhaldi, útgefnum titlum hefur fækkað, bóksala hefur minnkað og bókakostnaður námsmanna hefur vaxið. Áhrif þessa hafa einnig verið alvarleg fyrir prentun bókaútgáfu og annað atvinnulíf sem bókum tengist. Því miður eru þessar lýsingar ekki fallegar en þó sannar.

Íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Íslendingar vilja flestir taka þátt í slíku samstarfi og njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem menning annarra þjóða getur haft á þjóðlíf okkar. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í alþjóðasamskiptum en jafnframt haldið einkennum okkar og gróskumikilli menningu.

Stórar og öflugar þjóðir, svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri leggja ofuráherslu á sérkenni og fegurð þjóðtungu sinnar og telja nauðsynlegt að verja málsamfélög sín með stuðningi við bókina.

Bókin flytur þá næringu sem tungunni og menningunni eru nauðsynleg. Skammsýni og andvaraleysi getur leitt til óheillaþróunar sem ekki verður við snúið, jafnvel þó að miklum fjármunum yrði til kostað. Aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar eru því afar aðkallandi.

[17:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga framsóknarmanna er góðra gjalda verð og ég get tekið undir efni hennar. Ég hefði þó heldur kosið að sjá framsóknarmenn efna það loforð sitt að afnema 14% virðisaukaskatt á bækur eins og þeir lofuðu í kosningabaráttunni.

Mér finnst rétt að rifja það upp, hæstv. forseti, að fyrir u.þ.b. þremur árum urðu gífurleg átök hér í þingsölum vegna þess að þáv. ríkisstjórn áformaði að leggja 14% virðisaukaskatt á bækur, blöð og tímarit. Öllum var ljóst á að þessi skattur hlyti að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir bóka- og blaðaútgáfu í landinu. Það var bent á að samdráttur yrði í útgáfu, sölu bóka og í öllu prentverki. Þjóðhagsstofnun lagði mat á áhrif þessarar aðgerðar. Ef ég man rétt reiknaði Þjóðhagsstofnun með því að u.þ.b. 100 manns missti vinnuna í bókaiðnaðinum.

Í fréttum nýlega kom fram að á undanförnum þremur árum hefur orðið 30% samdráttur í veltu bókaútgáfunnar í landinu. Það vill svo til að í byrjun nóvember lagði ég ásamt átta öðrum þingmönnum fram beiðni um skýrslu um áhrif þessa 14% virðisaukaskatts á bækur, blöð og tímarit. Sannleikurinn er sá, herra forseti, að það eru liðnar meira en þær tíu vikur sem þingstörf kveða á um. Ég hef nú þegar beðið starfslið þingsins um að hafa samband við fjmrn. til að inna það eftir því hvar þessi vinna er stödd. Ég vona svo sannarlega að þessi skýrsla fari að líta dagsins ljós því að ég hygg að hún muni varpa ljósi á það erfiða ástand sem bókaútgáfan býr nú við. Ég bíð eftir skýrslunni og vona að hún komi innan örfárra daga. En þarna áttu sér stað mjög alvarlegir atburðir og það var alveg sama hvað við stjórnarandstæðingar hömruðum á því. Stjórnarsinnar hlustuðu ekkert á það. Það tókst reyndar aðeins að ná fram úrbótum hvað varðaði ferðaþjónustuna, enda augljóst að þar yrði líka mikill skaði við þá skattlagningu sem fyrirhuguð var. En ríkisstjórnin og ráðherrarnir sem oft fara fögrum orðum um menningu landsins, sögu bókaþjóðarinnar og fleira í þeim dúr létu sér á sama standa og settu á þennan skatt sem eins og ég nefndi hér áðan hefur þegar haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Um nokkurra ára skeið eða frá því að virðisaukaskattur var tekinn upp og fram til áramótanna 1992/1993 var bókaútgáfan skattlaus. Það var í gildi skattleysi. Ég hef það eftir bókaútgefendum að sú ákvörðun að fella niður söluskatt á bókum og leggja ekki á virðisaukaskatt, hinn nýja skatt, hafi haft mjög mikla þýðingu fyrir bókaútgáfuna. Bókaútgáfan tók kipp og auðvitað hefur það áhrif þegar verð lækkar á vöru.

Ég tek undir það sem fram kemur í tillögunni og fram kom í framsöguræðu hv. 1. flm. að það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af íslenskri tungu. Það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af aðstöðu bóka- og blaðaútgáfu í landinu þar sem mikilvægt er að allir, hvort sem það eru ungir eða gamlir, hafi aðgang að bókum og styrki málvitund sína með því að lesa. Það hefur löngu verið sýnt og sannað að lestur hefur gríðarleg áhrif á hæfni fólks til að tala og tjá sig og til að auka orðaforðann. Og síst má vanmeta þá gleði og þá

menntun sem felst í því að lesa góðar bækur, bækur sem vekja fólk til umhugsunar og umræðna.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 1. flm. Þjóðir sem eru stoltar af bókmenntum sínum, eins og t.d. Bretar og Frakkar, hafa gert mikið til þess að styrkja sína tungu. Eftir því sem ég best veit er bresk útgáfa skattlaus. Reyndar hafa Frakkar gripið til umdeildra aðgerða. Þeir settu hreinlega lög um það að mönnum beri að tala frönsku og skrifa á frönsku og þeir eigi ekki að sletta öðrum tungumálum. Í því alþjóðaumhverfi sem við lifum í í dag veldur þetta vissum erfiðleikum. En aðalatriðið er að á meðan við búum við það sem sennilega heldur áfram um ókomna tíð að yfir okkur streymir efni af ýmsu tagi, kvikmyndir, útvarpsstöðvar, alls konar sjónvarpsstöðvar í gegnum gervihnött, myndbönd og annað í þeim dúr sem yfirleitt allt er ótextað á erlendum tungumálum, verður að vera til mótvægi. Og mótvægið felst auðvitað í því að við styrkjum sjálf okkar framleiðslu, hvort sem það eru kvikmyndir, útvarps- og sjónvarpsefni eða bækur. Og þá ekki síst bækur. Ég má ekki hugsa þá hugsun til enda að við missum algerlega tengslin við fortíð okkar og þær merku bókmenntir sem við eigum og varðveitum. Sem betur fer eru þær enn lesnar í skólum landsins og Ríkisútvarpið hefur sýnt þeim mikinn sóma á undanförnum árum.

Hæstv. forseti. Ég tek undir efni þessarar tillögu og fagna því að framsóknarmenn, flm. þessarar tillögu, skuli vekja athygli á þessu máli. Mér fyndist þó enn betra ef við sameinuðumst um það að leggja niður 14% virðisaukaskatt á bækur, blöð og tímarit. Ég held að við ættum að geta leitað þeirra peninga annars staðar, t.d. með því að skera niður risnu og ferðalög ríkisins og skoða ýmiss konar aðra skattlagningu. Þær eru víða matarholurnar. Hér var um skattlagningu að ræða sem valdið hefur miklum skaða sem þarf að bæta og það heldur fyrr en síðar.

[17:09]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, fyrir hennar orð og undirtektir við þá þáltill. sem hér kemur fram. Ég tel að sú fyrirspurn sem hún gat um og lögð var fram á haustþinginu þar sem óskað var eftir skýrslu hafi verið mjög þörf. Ég hlakka til að fá þá niðurstöðu sem þar mun koma fram. Ég bind vonir við að í þeirri skýrslu verði staðfest það sem hér hefur verið sagt af flm. og síðasta ræðumanni og sú niðurstaða og lýsing á ástandi ásamt þeim tillögum til úrbóta sem ég vænti að gæti komið út úr þeim starfshópi sem hér er lagt til að taki til starfa. Þetta tvennt sýnir að ekki má bíða með mjög róttækar aðgerðir á þessu sviði.

Það er öldungis hárrétt að margir framsóknarmenn eru fylgjandi því að 14% virðisaukaskattur verði tekinn af bókum, hvort sem þeir framsóknarmenn eru innan þings eða utan. Ég get einungis talað fyrir sjálfan mig. Ég er harður baráttumaður fyrir því að 14% virðisaukaskatturinn verði lagður niður af bókum og hef barist fyrir því áður en ég kom hingað á þing og mun halda því áfram með þeim aðferðum sem ég tel að vænlegastar séu til árangurs.

Rétt til þess að gefa hugmynd um hvaða fjármagn er verið að ræða um, þá er mér tjáð að virðisaukaskatturinn á bækur hafi skilað á árinu 1994 um 120 millj. Það má reikna þessar tekjur nokkuð mismunandi eftir því hvað er með talið í tekjuöfluninni. Hér er að sjálfsögðu um mikla peninga að ræða og menn hafa tekið stórar glímur í fjárlagagerðinni um minni fjárhæðir. Ég hef sagt sem svo að við verðum hvað þetta mál áhrærir að lyfta okkur upp úr dægurþrasi. Þegar ég segi dægurþras er ég ekki að gera lítið úr neinum af þeim góðu málefnum sem þessi þjóð beitir sér fyrir og alþingismenn í harðri baráttu um það takmarkaða fjármagn sem ríkisvaldið hefur. En við verðum að horfa til þess að ef við töpum tungu okkar eða sláum af í menningarlegum verðmætum er okkur hætta búin. Við munum ekki geta með nokkrum hætti náð þeim verðmætum aftur á skömmum tíma, hversu mikið fjármagn sem við annars leggjum í það. Þetta er einfaldlega ekki verðmæti sem hægt er að kaupa og selja. Þau búa í okkur sjálfum, þau búa í börnunum okkar, þau búa í menningararfi þjóðarinnar. Slíkt verður ekki aftur keypt fyrir 100–200 millj. þegar við höfum glatað því.

Það er alveg óþarfi, en þó ætla ég að drepa á það, að minna á þá sterku samkeppni sem fyrirsjáanlega er fram undan og er hún þó næg fyrir í sjónvarpsefni og öðru efni sem að okkur streymir. Auðvitað fögnum við þessu. Auðvitað ætlum við ekki að múra okkur hér inni á Íslandi. En sá misskilningur hefur verið uppi hjá mörgum að við eigum jafnvel að fyrirverða okkur fyrir menningu okkar og tungu okkar og það sé miklu ákjósanlegra og alþjóðlegra að tala öðrum tungum eða sletta slíku málfari.

Hér hefur verið bent á þær þjóðir sem við þekkjum, Englendinga, Norðmenn og Frakka og raunar eru þær fleiri. Þessar þjóðir sem ekki eru í neinni vörn, þarna eru stór málsamfélög, skammast sín ekki. Þær skammast sín ekki fyrir að gera þessum verðmætum svo hátt undir höfði að duga megi.

Um leið og ég kem að virðisaukaskattinum og tek undir að það væri mjög þörf aðgerð til styrktar bókinni, þá felst einmitt í tillögunni sú vissa að það sé ekki aðeins 14% virðisaukaskattur og niðurfelling hans sem geti komið bókinni að gagni. Við verðum að horfa á þetta í miklu víðara samhengi. Það má koma bókinni til hjálpar á öðrum sviðum. Það er hægt að styðja við bakið á rithöfundum. Það er hægt að styðja bókasöfn, það er hægt að bæta starfsumhverfi prentiðnaðar, bóksölu og alla þá þætti sem eru á leið bókarinnar frá því að hún er sköpuð og prentuð og þar til hún kemur í hendur lesandans. Þess vegna held ég að það sé ráð í þessari stöðu að þrengja ekki umræðuna og lenda ekki inni í þessari þröngu stöðu um fjárlög, fjárveitingar og einstaka aðgerð eins og 14% virðisaukaskatt, þótt ég muni svo sannarlega berjast fyrir því að hann verði afnumin, heldur að líta á þetta í stærra samhengi. Vona ég að með þeim hætti verði hægt að ýta þessu máli áfram.

Ég ætla að taka sérstaklega undir eitt af því ágæta sem hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, gat um, þ.e. lesturinn. Ég hygg að mörgum skiljist ekki mikilvægi þess að lesa bæði fyrir sjálfan sig og lesa fyrir börn. Ekki aðeins er það lesturinn sjálfur, þ.e. að lesa frá orði til orðs, heldur einmitt sú hugmyndaauðgi og hugarþjálfun sem ræðumaðurinn gat einmitt um áðan. Slíkt mun skila hverjum manni vel fram á við ef hann hefur alist upp við það í barnæsku. Við skulum gæta þess að við erum ekki að tala um lestur endilega á íslensku þjóðsögunum eða íslensku fornritunum. Það er alls ekki það. Við stöndum bara einfaldlega frammi fyrir þeim staðreyndum að sá sem ekki getur lesið er ekki fær um að vinna á tölvu eða koma texta frá sér. Við erum því ekki að tala um einhverja sérvisku, þjóðerniskennd eða einangrunarhyggju í menningarmálum. Við erum að tala um mjög brýna nauðsyn þess að þjóðin geti notað þau verkfæri sem

fyrirsjáanlega verða hverjum manni nauðsynleg í venjulegu starfi á komandi árum.

[17:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fram komna tillögu og rökstuðninginn sem henni fylgir. Hér er vissulega mál á ferðinni sem skiptir þjóð vora miklu. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kom inn á tjáningu og lestur og hvað það væri mikils virði að lesa fyrir börnin. Þess eru dæmi á Íslandi, ekki bara í Bandaríkjunum, Svíþjóð eða einhvers staðar annars staðar, að fyrstu hljóð sem lítil börn mynda, eru ýmiss konar ylfur, ískur og gauragangur sem þau læra beint úr sjónvarpinu vegna þess að það eru til foreldrar hér á landi sem setja litlu börnin sín beint fyrir framan sjónvarpið, setja hugsanlega myndbandsspólu í myndbandstækið, kveikja á. Þetta er „ágætis afþreying" þar sem börnin eru bundin í þægilegan stól og síðan er allt sett í gang. Ég get ekki hugsað til þess að ef við Íslendingar hættum að geta tjáð okkur á móðurmálinu. Besta leiðin til að koma í veg fyrir slíkt er gefa út bækur, bækur sem höfða til lesenda á öllum aldri með fjölbreytileg áhugasvið.

Það var aðeins drepið á virðisaukaskatt af bókum. Vissulega er það rétt að eitt af því sem við höfum sett fram nokkrir framsóknarmenn er að við erum á móti virðisaukaskatti af bókum. Ég þekki það sem fjárlaganefndarmaður að við eigum í talsvert miklum erfiðleikum með að ná utan um ríkisfjármálin. Þess vegna er þetta markmið sem ég stefni að ásamt væntanlega fleiri þingmönnum. En að svo komnu máli treystum við okkur ekki til þess að reka það hraðar áfram en við höfum gert vegna þess að við höfum í mörg horn að líta. Eins og fram hefur komið í umræðum um ríkisfjármál, stefnum við að því að koma böndum á ríkisfjármálin á næsta ári, þ.e. 1997, og ná hallalausum fjárlögum. Ég er alveg viss um að ef við náum því markmiði okkar, getum við hugsað öðruvísi en við hugsum nú. Það hugsar hver um sína pyngju. Við vitum að þegar við höfum talsvert af peningum, þá getum við varið þeim á annan hátt en við gerum þegar lítið er í buddunni eins og er hjá okkur í ríkissjóði.

[17:20]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu göfugt markmið ríkisstjórnarflokkanna að ætla að ná ríkissjóðshallanum niður á tveimur árum. Ég hef tekið það fram áður úr þessum ræðustól að ég tel að menn ætli sér fullmikið rétt eins og í fyrra skiptið á árinu 1991 þegar það sama átti að gerast. Nú blása að vísu vindar úr öðrum áttum. Ég tek að sjálfsögðu undir þau markmimð að reyna að ná niður hallanum á ríkissjóði og að grynnka á skuldum ríkisins. Við verðum að hugsa til framtíðar. En eins og ég nefndi áðan eru margar matarholurnar og það er að sjálfsögðu líka mikil þörf á því að skoða í hvað við eyðum peningunum. Að mínum dómi er hægt að taka á mörgu sem ég hef ekki tíma til að tíunda hér eins og t.d. skiptingu ríkisins í ráðuneyti og eins og ég nefndi áðan, hinar gífurlegu upphæðir sem fara til risnu og ferðalaga. Ég vil í því sambandi minna á það að meiri hlutinn í Reykjavíkurborg hefur verið að taka verulega til í sínum hirslum og hefur tekist það vel. Þar hafa einmitt margar matarholurnar fundist og ekki síst risnan. Það er hægt að draga þar verulega saman.

Þetta er auðvitað aðeins eitt dæmi. En þau eru mörg. Ég gæti nefnt breyttar áherslur í heilbrigðismálum o.s.frv., o.s.frv. En það er þrennt sem mig langaði að nefna sem tengist þessari tillögu. Það er fyrst að nefna að ég sakna sárlega hæstv. menntmrh. Ég hefði mjög gjarnan viljað að hann væri viðstaddur umræðuna vegna þess að hér er mjög mikilvægt mál á ferðinni.

Í öðru lagi langar mig að nefna það að við í hv. félmn. fórum í heimsókn til Alþýðusambandsins núna í vikunni. Þeir voru ekki síst að kynna okkur alla þá menntun sem Alþýðusambandið veitir, þ.e. Menningar- og fræðslusamband alþýðu, með Tómstundaskólanum, með menntun fyrir atvinnulífið og fleira og fleira. Þar vakti athygli mína þegar ég skoðaði plaggið að þeir eru með námskeið í lestri vegna þess að það er staðreynd hér á landi að það er nokkur hópur fólks sem aldrei nær fullu valdi á lestri. Þótt fólk geti hugsanlega bjargað sér vill bregða við eftir að fólk kemur út úr skóla að það lesi aldrei neitt meir. Það sama gerðist fyrr á öldum þegar var verið að reyna að kenna fólki að lesa og skrifa. Þá týndist sú kunnátta niður vegna þess að fólk hafði engar bækur og engan tíma til að lesa. En reyndar er fleira sem þarna kemur inn í sem tengist öðru áreiti sem margir verða fyrir og einfaldlega það að ná bara ekki tökum á lestrinum. Þetta er ákaflega erfitt mál því að það hljóta allir að gera sér grein fyrir því að fólk sem getur ekki lesið er ekki í sambandi við samfélagið. Það er einhvern veginn utan garðs í samfélaginu. Þetta er ákaflega hættuleg þróun og á þetta hafa menn t.d. bent í Bandaríkjunum. Það kom þeim alveg gríðarlega á óvart þegar könnun leiddi í ljós í Bandaríkjunum hve lestrarkunnátta var þar takmörkuð, hve margir voru ólæsir fyrir utan innflytjendur sem koma frá löndum þar sem þeir höfðu ekki notið skólagöngu. Þetta er því alvarlegt mál og þess vegna ekki síst ástæða til að efla bókina og efla lestur. Ég tek svo innilega undir það sem fram kom frá síðasta ræðumanni að lestur fyrir börn er gríðarlega mikilvægur.

Að lokum, hæstv. forseti, af því að ég átti á síðasta kjörtímabili þátt í því að gagnrýna kvikmyndaleikstjórann Hrafn Gunnlaugsson og reyndar hæstv. menntmrh. þáv., Ólaf G. Einarsson, vegna athafna þeirra, þá langar mig að nota þetta tækifæri til að hrósa Hrafni Gunnlaugssyni og tíunda hér að hann var í viðtali í Ríkisútvarpinu í síðustu viku. Þar var hann að ræða um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar. Hann benti á sinn mjög skelegga hátt á þessa stöðu sem ég nefndi áðan, að ef við ekki bregðumst við þessu gífurlega flóði utan að sem yfir okkur streymir af kvikmyndum og sjónvarpi og öllum þessum stöðvum sem nú er boðið upp á auk myndbandanna — er þá vert að minna á þá umræðu um ofbeldi í kvikmyndum sem átti sér stað hér í gær — ef við ekki bregðumst við fyrst og fremst með því að skapa og framleiða sjálf bækur, kvikmyndir og annað sem sýnir íslenskan veruleika og tengir fólk við það líf sem lifað er í landinu þá vitum við bara ekki hvar við lendum. Viljum við það? Viljum við hanga í einhverju öryggisleysi og týna niður menningu okkar og tungu? Auðvitað eigum við að vera opin, við eigum að þróast. Við eigum líka að varðveita það sem við eigum vegna þess að það er það sem gerir okkur að Íslendingum. Það skapar okkur sérstöðu og þess vegna þurfum við að svara utanaðkomandi áhrifum á okkar hátt með því að efla okkur sjálf.

[17:27]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem komu fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um það mikla áreiti sem að okkur steðjar. En það má enginn skilja orð mín svo að ég

vilji vinna gegn sjónvarpi, kvikmyndum eða öðru slíku enda veit ég að það fólst ekki í orðum þingmannsins. Að sjálfsögðu bjóðum við velkomin öll þessi menningaráhrif innan þeirra marka sem við teljum menningu okkar hagkvæmast en um leið viljum við líka halda sérkennum okkar og íslenskri tungu sem er undirstaða menningar okkar.

Ég hlakka til samstarfs við þingmenn úr hvaða flokki sem þeir kunna að koma um góðan framgang þessa máls en vil að lokum geta þess að ekki hefur verið tæpt á einum lið í prentuðu máli og sem er mikið hagsmunamál og mikilsverður fyrir íslenska tungu, en það er staða íslenskra tímarita og íslenskra dagblaða. Þó að þessi tillaga snúi að bókinni, mun ég beita mér fyrir því að íslensk tímarit og íslensk dagblöð verði ekki út undan í þeirri sókn sem ég tel vera nauðsynlega fyrir hið prentaða mál og útgáfu á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt þjónusta hins opinbera, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 227. mál. — Þskj. 308.

[17:29]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt þáltill. um bætta þjónustu hins opinbera. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið."

Í greinargerð með þáltill. segir:

„Almenningur og atvinnufyrirtæki bera háan kostnað og hafa mikla fyrirhöfn af samskiptum sínum við stjórnsýslu og opinberar stofnanir. Sam skipti þessi tengjast fjölþættum verkefnum sem hinu opinbera hafa verið falin en þau eru m.a. leyfisveitingar, eftirlit, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Að stórum hluta eru ítök hins opinbera eðlileg eða óhjákvæmileg en að hluta til leifar eldri stjórnarhátta og að sumu leyti líka þær aðferðir sem hið opinbera notar í þjónustu og afgreiðslu erinda. Þetta á ekki aðeins við um samskipti við almenning og atvinnulífið heldur einnig um seinvirk samskipti milli opinberra aðila innbyrðis. Sennilega er margt sem veldur, m.a. fjárskortur, en á hitt ber að líta að mikill fjárhagslegur ávinningur felst í endurbótum og aukinni skilvirkni í opinberri þjónustu.

Kröfur um aukna skilvirkni, bætta þjónustu og skjóta afgreiðslu mála hafa orðið háværari á síðustu árum. Samkeppni hefur harðnað, alþjóðaviðskipti aukist og tölvu- og fjarskiptatækni tekið byltingarkenndum breytingum. Viðmiðanir um hvað teljist góð þjónusta hafa gerbreyst. Almenningur og atvinnulífið hafa brugðist við þessum aðstæðum með bættri gæðastjórnun, aukinni tækniþekkingu og meiri framleiðni. Á þessu sviði verða Íslendingar að standast fremstu þjóðum snúning.

Víða hafa orðið endurbætur í opinberri þjónustu. Margt bendir þó til þess að stjórnsýslan og opinberar stofnanir hafi setið eftir í þessari þróun og að almenningur og atvinnurekstur fái þar hvorki jafngóða þjónustu né jafnskjóta afgreiðslu erinda og tíðkast á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Meðal ábendinga er að ákvarðanataka sé seinvirk, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint eða aldrei, erfitt sé að vita hvar mál séu stödd, ábyrgð sé óljós, lipra þjónustu skorti og seint sé brugðist við kvörtunum. Einkafyrirtæki, sem þannig sinnti viðskiptavinum sínum, yrði fljótlega undir í samkeppninni en hið opinbera nýtur verndar að þessu leyti. Hið opinbera virðist því ekki hafa tekið að fullu þátt í þeim framförum sem orðið hafa og getur á þann hátt hamlað auknum afköstum í samfélaginu.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar á það er litið að afskipti hins opinbera af viðskiptum og daglegu lífi eru mikil. Opinberir aðilar fara með eignarhald og aðstöðu, sjá um leyfisveitingar og eftirlit í ótal þáttum samfélagsins. Á sama tíma hafa almenningur og íslensk fyrirtæki lítið fjármagn og hraði viðskiptalífsins þolir litlar tafir. Seinvirk afgreiðsla erinda getur stórskaðað viðkvæm fyrirtæki. Betri og skilvirkari þjónusta stjórnsýslunnar og opinberra stofnana mun skila íslensku samfélagi miklum ávinningi á sviði viðskipta og almenningsþjónustu."

[17:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þá þáltill. sem hann hefur lagt fram. Hér er um að ræða mjög veigamikið mál. Við höfum furðað okkur á því hvernig stendur á því að við búum hér á landi við háa þjóðarframleiðslu, skammarlega lág laun, ekki mikla skatta á atvinnulífinu að því okkur er sagt og mjög lélegan hagnað fyrirtækja. Það er einhver mótsögn í þessu. Það er eitthvað að þegar þetta er borið saman við t.d. Danmörku. Þangað flyst fólk á flótta undan lífskjörum hér á landi. Það er eitthvað að. Ég held nefnilega að það sem hv. þm. bendir á í þessari þáltill. sé kjarni málsins. Það er þjónusta opinberra aðila við fyrirtækin í landinu.

Vel má vera að fleiri viðjar séu lagðar á íslenskt atvinnulíf, þær eru eflaust fleiri, en þetta er örugglega ein af þeim viðjum sem veldur því að við búum hér á landi við svo lág laun og léleg lífskjör, allt of lág miðað við það hvað þjóðin skaffar.

[17:34]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka flutningsmanni þessa tillögu. Það er vissulega mjög margt athyglisvert í henni. Ég held að full ástæða væri til að taka upp nokkurs konar gæðastjórnun í ríkiskerfinu og gera alla starfsemi ríkisins skilvirkari og þjónustu við almenning betri. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kemur einmitt inn á þau mál.

Sem landsbyggðarþingmaður lendi ég mjög oft í því að reka á eftir ákveðnum málum í kerfinu eins og það er kallað og það eru í rauninni ólíklegustu mál. Það er ekki alltaf endilega starfsfólki ríkisstofnana að kenna, stundum er það auðvitað þegnunum að kenna eins og gengur og gerist en það vantar meiri upplýsingar og það vantar að menn vinni hraðar og betur vegna þess að það er oft á tíðum ákaflega tímafrekt að leita í þá þjónustu sem hið opinbera býður upp á. Mér hefur jafnvel dottið í hug hvort ekki sé full ástæða til að færa menn á milli þessara ríkisfyrirtækja. Við vitum að forstöðumenn þessara fyrirtækja sitja oft býsna lengi. Margir standa sig vel en við erum öll þannig gerð að á einhverjum tímapunktum dofnar yfir áhuga okkar á þeim viðfangsefnum sem við eigum við að glíma hverju sinni. Hvers vegna ekki að flytja t.d. ráðuneytisstjóra milli ráðuneyta á ákveðnum fresti? Segjum á sex til tíu ára fresti. Ég held að það væri mjög ákjósanlegt á sex ára fresti. Við höfum ákveðinn líftíma í öllum störfum og eins og ég kom inn á áðan vill áhugi okkar oft og tíðum dvína. Ég held að stjórnendur ríkisfyrirtækja hefðu gott af slíkum tilflutningi. Þetta á auðvitað líka við

um deildarstjóra innan ríkiskerfisins og þess vegna varpa ég þessum hugmyndum fram.

[17:37]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferð mjög athyglisverð tillaga. En ég verð að segja að mér finnst hún svolítið opin. Það hefði kannski mátt tilgreina betur og skýra við hvað hv. þm. á. Ég hef rennt yfir greinargerðina og hlustað með athygli á umræðuna. Ég get tekið undir að maður verður mjög oft var við hægagang í ríkiskerfinu og að það taki langan tíma að fá svör og ég þekki þetta sjálf sem þingmaður. Það rifjast upp fyrir mér eitt dæmi sem snertir einmitt samskipti ríkisins við erlenda aðila sem ég held að séu oft mjög slök og íslensk stjórnvöld og ríkisstofnanir eru frægar fyrir að svara ekki bréfum. Þetta er altalað. Það dæmi sem ég þekki var könnun á vegum Evrópuráðsins sem heyrði þar undir nefnd sem ég sat í og ég rak augun í það í pappírum að þessi könnun var langt komin og Ísland hafði ekki svarað. Ég gekk í það mál, hafði samband við viðkomandi ráðuneyti og ýtti á þetta því mér fannst það til mikillar skammar ef Ísland yrði ekki með. Þá var spurningalistinn grafinn einhvers staðar upp úr haugunum og þeir brugðust vel við og svöruðu og létu mig vita af því þegar þeir höfðu svarað. Ég hygg að slík vinnubrögð séu allt of algeng. En ég spyr mig hvers vegna. Ég hef mikla trú að hugarfar og venjur hafi miklu meiri og sterkari áhrif en við viljum vera láta. Ég hygg að arfur danska stjórnkerfisins þar sem sú regla var í gildi að láta allt ganga hægt og sígandi, að athuga allt vel, að kansellístíllinn sem kallaður var sé nokkuð viðloðandi hérna. Menn hafa ekki verið mjög duglegir við að tileinka sér þá miklu tækni sem hefur komið til á undanförnum árum sem felst m.a. í því hve auðvelt er að hafa samskipti í gegnum tölvur þar sem menn geta sent skýrslur á milli eða með faxi sama daginn.

Ég get ekki annað en nefnt það sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga ársins 1995. Þá var m.a. bent á gríðarleg ferðalög starfsmanna Stjórnarráðsins sem þýðir að hluti starfsmanna ráðuneytanna er meira og minna í burtu á hverjum einasta degi. Það segir sig sjálft að þetta hefur gríðarleg áhrif á störf ráðuneytisins. Mér finnst að við þingmenn eigum að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og spyrja: Er ekki hægt að draga eitthvað úr þessu í ljósi þeirrar tækni sem nú er komin til sögunnar? Mér er tjáð að það sé mjög stutt í að menn fái skerma fyrir framan símana og geti horft hver á annan því það hefur auðvitað verið rökstutt með því að það sé allt annað að hafa samskipti og geta horft á þá sem maður er á fundi með. Er ekki hægt að draga eitthvað úr þessu? Til að vera ekki ósanngjörn í garð ráðuneytanna er auðvitað ekki hægt annað en að minnast á það að aðild okkar að EES-samningnum hefur haft í för með sér gríðarlega mikil aukin samskipti og aukin ferðalög fyrir þessar ríkisstofnanir.

Ég varpa fram þeirri spurningu og ég hef ástæðu fyrir því: Er mikið af starfsfólki í ráðuneytunum og ríkisstofnunum sem nýtist mjög illa? Þessarar spurningar þarf að spyrja. Er starfsfólkið nógu gott? Þarna er freistandi að sletta og nota orðið „kvalitet". Hvert er „kvalitetið" innan ráðuneytanna? Hver er hæfnin til þess að ráða við verkefnin? Ég vil ekki fara með tölur en einn starfsmaður í ráðuneyti sem ég þekki hélt því fram að um 25–30% af starfsfólkinu nýttist ákaflega illa. Auðvitað er erfitt að fara með órökstuddar fullyrðingar en þær gefa tilefni til að kanna þær. Hæstv. fjmrh., sem hefur haft uppi hugmyndir um gæðastjórnun og um ýmiss konar samninga við starfsfólk sem þýðir það að starfsfólkið njóti einhvers af auknum afköstum og betra starfi, ætti að skoða þessa hlið málsins. Þetta er flókið mál því að margir eru æviráðnir o.s.frv. Það er því mjög margt sem veldur því að skilvirkni er ekki nægileg.

Fyrsta skrefið varðandi þessa tillögu væri að byrja á því að kanna skilvirknina. Hvernig standast opinberar stofnanir þær kröfur sem við gerum um þjónustu? Mér finnst hún hafa batnað. Mér finnst hún hafa batnað en ég held að það sé samt mikill sannleikur fólginn í því að hana þurfi verulega að bæta. Við hljótum líka að spyrja: Eru þessar stofnanir undirmannaðar? Er það líka hluti af vandanum að þær eru undirmannaðar? Ég hugsa að við gætum nú fært rök fyrir því að ýmis ráðuneyti séu undirmönnuð. En af því að ég horfi nú á hv. þm. Pétur H. Blöndal vaknar spurningin: Væri hægt að koma verkefnunum eitthvað annað? Væri hægt að bjóða þau út eða eru einhverjar slíkar aðferðir hugsanlegar? Allt þetta þarf að skoða. Auðvitað vasast ríkið í ýmsum verkefnum sem aðrir geta alveg eins sinnt. Allt þetta þarf að skoða og ég vona að þessi tillaga nái fram að ganga. Ég held að nefndin sem fær þetta mál til meðferðar mætti gjarnan skilgreina betur hvaða þætti ætti að skoða sérstaklega.

[17:44]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, undirtektir þeirra og þær góðu ábendingar sem hafa komið fram. Það kann að fara svo að íslenskt athafnalíf og íslensk fyrirtæki og íslenskt þjóðfélag verði ekki spurt um það hvort það hafi tíma til þess að bíða eftir seinlátu opinberu kerfið við afgreiðslu. Við þingmenn sjáum EES-frumvörpin koma og öll þau áhrif sem þau hafa á þjóðlífið. En þetta er ekki það eina sem er að gerast. Íslensk fyrirtæki eru í æ ríkari mæli í beinni daglegri og harðri samkeppni við erlend fyrirtæki og þau þola ekki dagsbið vegna tímaskorts því að tækifærin ganga mönnum úr greipum. Þau þola það ekki vegna þess að fjármunirnir og fjárfestingin og sá skammi tími, sem menn hafa til ráðstöfunar í meðferð fjármagns, þolir ekki þessa bið. Það er því svo mikilvægt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að hið opinbera dragi ekki lappirnar í þessu efni heldur komi með og vinni með atvinnulífinu. Almenningur er líka á allt annarri skoðun núna en fyrir tíu árum, jafnvel fyrir fimm árum, hvað góð þjónusta er. Samkeppnin vex á öllum stigum í verslun, í viðskiptum, í framleiðslu og framboði til hvaða stigs þjóðfélagsins sem við viljum líta. Fólk sættir sig ekki lengur við slæma afgreiðslu í verslunum, fólk fer bara eitthvað annað. Fólk sættir sig ekki við lélega afgreiðslu hjá þjónustustofnun, fólk fer bara eitthvað annað en þegar ríkið er annars vegar þá er ekkert annað að fara. (**Gripið fram í:** Til Danmerkur.) Til Danmerkur, er skotið hér fram og það kann að vera og hér á ég kannski við einmitt slík mál. Fólk ætlast til þess að viðmót og framkoma hjá hinu opinbera sé eins góð og hjá einkafyrirtækjunum. En um leið og ég segi þetta er nauðsynlegt að það komi fram að þjónusta hjá mjög mörgum opinberum stofnunum, ráðuneytum og öðrum sem hér hafa verið nefnd hefur batnað og mjög víða eru þessi fyrirtæki svo sannarlega að vinna starf sem lofsvert er og hefur skilað veigamiklum árangri. En það þarf að gera betur. Ég tel að einmitt það sem nefnt var hér af hv. þm., hugarfarið og það að hjálpa mönnum að fara á milli starfa, muni svo sannarlega hjálpa.

Ég skal viðurkenna að það er rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gat um að tillagan er almennt orðuð og líður

ef til vill nokkuð fyrir það. Úr því má svo sannarlega bæta í nefnd eins og hún stakk upp á. Mér finnst alveg einsýnt að ef tillagan nær fram að ganga og henni verður sinnt af einhverri alvöru þurfi einmitt að gera könnun eins og hv. þm. gat um. Það þarf að fara fram mat á þjónustu og gæðum þjónustunnar á öllum þessum sviðum hjá ríkisvaldinu og opinberum stofnunum. Slíkar starfsaðferðir eru þekktar. Það er ekki eitthvað sem þarf að finna upp. Þeim er beitt bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera þannig að hvert opinbert fyrirtæki og opinbert svið þarf að líta til þessarar starfsaðferðar. Þarna þarf að hafa samband við viðskiptavini og spyrja hverjar þeirra þarfir eru. Að því loknu þarf að hefja umbótastarfið.

Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. sem hafa tekið undir þetta og vona að þetta mál nái framgangi. Ég veit af langri reynslu minni og af samtölum og samskiptum við marga að fólk mun fagna því ef hið opinbera kemur mjög sterkt fram í þessu efni.

Ég ætla aðeins að nefna nokkur dæmi. Á síðasta vetri, þ.e. veturinn 1994–1995, vildi einkafyrirtæki fara af stað með ferðaþjónustu og þurfti ákveðinna leyfa að afla. Það þurfti að vinna að markaðsöflun allan veturinn til að þetta mætti takast. Hvenær fékkst leyfið? Í byrjun júní. Markaðsmöguleikar voru úr sögunni. Búið var að eyða miklu fjármagni og undirbúningi í veikri von um að leyfið yrði veitt. Leyfið var veitt en það kom of seint. Tækifærið og þessar frábæru hugmyndir sem þarna voru á ferðinni nýttust ekki og menn sögðu: Sjáið þið, svona fer þetta þegar menn eru að reyna að brölta eitthvað á þessu sviði. Má ég nefna annað? Ég sit í nefnd vegna starfa minna sem alþingismaður. Í júlí bað nefndin um ákveðnar upplýsingar úr kerfinu frá annarri nefnd sem er ekki kjörin til skammra starfa heldur er fastanefnd í stjórnkerfinu. Hún skilaði okkur niðurstöðu að ég hygg í nóvember frekar en október. Við þurftum að fá upplýsingarnar til þess að koma þingmáli af stað í byrjun þingsins. Þetta er innan kerfisins. Má ég nefna það að við sumar stofnanir þar sem almenningur þarf að leita þjónustu er varla hægt að finna bílastæði. Það er lokað kl. fimmtán, kl. þrjú þegar venjulegt fólk á því að venjast að bankar séu opnir til kl. fjögur og fólk vinnur til kl. sex og sjö á kvöldin. (**Gripið fram í:** Tryggingastofnun.) (**Gripið fram í:** Opnar kl. tíu.) Og hvað eigum við þingmenn að segja við allan þann fjölda fólks sem leitar til okkar vegna þess að það fær ekki lausn sinna mála hjá kerfinu? Af hverju er þetta fólk að koma og kvarta við okkur? Af hverju er það að eyða tíma okkar með því að spyrja hvort við getum ekki hjálpað því að fá gleraugu? Ég var vakinn á sunnudagsmorgni og beðinn um að hjálpa manni að fá gleraugu. Seinlætið hafði verið slíkt að það hafði tekið einhverjar vikur að afgreiða beiðni hjá þessum manni. Við getum öll talið upp dæmi af þessu tagi. Þetta er einfaldlega það sem hvorki almenningur getur sætt sig við né fyrirtæki í landinu geta búið við vegna þess að veröldin bíður ekki eftir seinlæti okkar á þessu sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:53.

---

83. FUNDUR

mánudaginn 5. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, stjfrv., 271. mál, þskj. 506. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Veiting prestakalla, stjfrv., 273. mál, þskj. 508. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samningsveð, stjfrv., 274. mál, þskj. 510. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samgöngur á Vestfjörðum, þáltill., 159. mál, þskj. 193. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 184. mál, þskj. 228. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Starfsþjálfun í fyrirtækjum, þáltill., 210. mál, þskj. 271. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Nýting Krýsuvíkursvæðis, þáltill., 211. mál, þskj. 272. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Loftpúðar í bifreiðum, þáltill., 219. mál, þskj. 298. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Bókaútgáfa, þáltill., 220. mál, þskj. 299. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Bætt þjónusta hins opinbera, þáltill., 227. mál, þskj. 308. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Umferðarlög, frv., 152. mál, þskj. 182. — Frh. 1. umr.
12. Sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum, þáltill., 180. mál, þskj. 224. — Fyrri umr.
13. Tímareikningur á Íslandi, frv., 197. mál, þskj. 246. — Frh. 1. umr.
14. Fæðingarorlof, þáltill., 226. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.
15. Fæðingarorlof feðra, þáltill., 228. mál, þskj. 309. — Fyrri umr.
16. Farskóli fyrir vélaverði, þáltill., 238. mál, þskj. 320. — Fyrri umr.
17. Útvarpslög, frv., 246. mál, þskj. 341. — 1. umr.
18. Gjald af áfengi, frv., 269. mál, þskj. 497. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, 286. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 525.

Gjöld fyrir ferliverk, 231. mál, svar heilbrrh., þskj. 521.

Greiðslubyrði af lánum ríkissjóðs, 161. mál, svar fjmrh., þskj. 520.

Þjóðminjalög, 285. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 524.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[15:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í skjali því sem dreift er til þingmanna um stöðu þingmála kemur fram að elsta fyrirspurnin sem þar liggur án þess að henni hafi verið svarað er fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um símahleranir. Sú fyrirspurn hefur legið fyrir síðan í nóvembermánuði og það er beðið um skriflegt svar. Samkvæmt þingsköpum, sem eru landslög eins og kunnugt er, er gert ráð fyrir því að ráðuneytið svari spurningum af þessu tagi og hafi til þess í mesta lagi ef ég man rétt tíu daga.

Ég vil nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til þess að fara fram á það við forseta að hann reki á eftir því að hæstv. dómsmrh. svari þessari fyrirspurn hið fyrsta þannig að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir og málið yrði þá tekið fyrir með öðrum hætti ef hæstv. dómsmrh. ætlar að þrjóskast við að svara þessari einföldu fyrirspurn mikið lengur.

[15:08]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti mun ræða þetta mál við hæstv. dómsmrh. og vonast til að svar geti borist sem fyrst.

Tilkynning um dagskrá.

[15:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að 11. málið er tekið út af dagskrá vegna veikinda flm. og 17. dagskrármálið, útvarpslög, er tekið út af dagskrá samkvæmt beiðni flm.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 271. mál (einkamerki). — Þskj. 506.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Veiting prestakalla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Samningsveð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 510.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Samgöngur á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SighB o.fl., 159. mál. — Þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Nýting innlends trjáviðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 184. mál. — Þskj. 228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Starfsþjálfun í fyrirtækjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 210. mál. — Þskj. 271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Nýting Krýsuvíkursvæðis, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DSigf, 211. mál. — Þskj. 272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Loftpúðar í bifreiðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 219. mál. — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Bókaútgáfa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 220. mál. — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Bætt þjónusta hins opinbera, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 227. mál. — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum, fyrri umr.

Þáltill. JóhS og BH, 180. mál. — Þskj. 224.

[15:15]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 224 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að flytja till. til þál. um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum. Tillagan felur í sér að Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að undirbúa frv. til laga um embætti sérstaks ákæranda í meðferð efnahagsbrota sem sé sérhæfður í meðferð slíkra brota. Verkefni hans skal vera að rannsaka meint efnahagsbrot ásamt því að fara með ákæruvald í slíkum brotum.

Skattsvik og efnahagsbrot hafa verið mikið í umræðunni í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Á síðustu tíu árum hafa tvær nefndir skilað áliti sínu um umfang skattsvika hér á landi. Niðurstaða síðari nefndarinnar sem skilaði áliti sínu í september 1993 var sú að umfang skattsvika væri sama og var á árinu 1985 og að ríki og sveitarfélög yrðu af 11 milljörðum króna í sköttum vegna skattsvika. Er niðurstaða þessi þeim mun athyglisverðari fyrir þá sök að á undanförnum árum hefur skattkerfinu verið gjörbylt með upptöku virðisaukaskatts, staðgreiðslu opinberra gjalda og stórfelldri fækkun frádráttarliða á skattframtölum. Síðustu mánuði hefur umræðan um skattsvik og almennan siðferðisbrest í skattamálum farið vaxandi og gagnrýnisraddir hafa orðið nokkuð háværar. Umræður hafa líka orðið um stofnun eftirlitsnefnda í sveitarfélögum til að bera saman skatta og lífsstíl og eitt sveitarfélag hefur þegar ákveðið að gera slíkt. Það er ljóst að almenningur sættir sig ekki við annað en að ráðist verði að fullri hörku gegn skattsvikum og einskis látið ófreistað í því efni. Virðingarleysi gagnvart skattalögum stuðlar að skattsvikum og grefur undan tiltrú almennings á mikilvægum stofnunum samfélagsins. Sérstakur rannsóknaraðili og ákæruvald í efnahagsbrotum sem hér er lagt til að komið verði á fót, þar með talið í skattsvikamálum, gæti einmitt lagt mikla áherslu á samanburð á tekjum, sköttum og lífsstíl en slíkar rannsóknir þekkjast víða erlendis. Hjá slíku embætti mætti safna ýmsum upplýsingum um brotin og eðli þeirra sem gæti nýst um meðferð annarra mála er síðar koma til meðferðar. Auk þess mætti starfrækja á grundvelli slíkra upplýsinga upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöð eins og gert hefur verið t.d. í Danmörku. Hún hefði það hlutverk að dreifa upplýsingum um brotin og lögfræðileg álitaefni tengd þeim til lögreglustjóraembætta vítt um landið og til annarra ákærenda ef því er að skipta.

Virðulegi forseti. Ýmislegt hefur verið gert af hálfu Alþingis og stjórnvalda til að sporna við skattsvikum. Ber þar einkum að nefna stofnun embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins sem skilað hefur umtalsverðum árangri. Hert hefur verið á sektarákvæðum vegna skattsvikabrota, ný lög hafa verið sett um bókhald og ársreikninga og fjölgað hefur verið eftirlitsmönnum og fleira mætti nefna. Þrátt fyrir að gripið hafi verið til ýmissa aðgerða í því skyni að taka á skattsvikamálum virðist svo vera að skattsvik verði sífellt umfangsmeiri og nýjar leiðir virðast sífellt opnast til að auka á skattsvikin. Má þar einkum nefna svarta atvinnustarfsemi ýmiss konar, smugu sem menn hafa fundið með tilkomu virðisaukaskatts, auk þess sem sívaxandi tækniváðing skapar mönnum nýjar leiðir til skattsvikabrota. Varðandi virðisaukaskattsvikin hafa nokkrir dómar gengið um sviksamlega háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði og hafa fjárhæðir svo mörgum tugum milljóna skiptir verið sviknar þannig út úr skattkerfinu. Er skemmst að minnast svokallaðs Vatnsberamáls þar sem í því eina máli voru 38 milljónir sviknar út úr ríkissjóði. Hefur sú sem hér stendur flutt sérstakt frv. á þessu þingi til að sporna við þessar nýju tegund skattsvika.

Sú bylting sem hefur orðið í tækni- og margmiðlun hefur orðið til þess að gera skattsvik og hvers konar efnahagsbrot sífellt flóknari og erfiðari viðfangs. Ljóst er því að æ meiri sérþekkingar er krafist til að geta áttað sig á umfangi þeirra. Má þar nefna að efnahagsbrot sem skilgreint hefur verið af fræðimönnum sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskyni fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga sem kallar á sífellt meiri sérþekkingu þeirra sem vinna við að taka á efnahagsbrotum og skattsvikamálum. Svo flókin og umfangsmikil eru þessi mál einatt að aðeins er á valdi örfárra sérfræðinga að þekkja þau og rekja þannig að hægt sé að fá þau upp á yfirborðið. Baráttan gegn efnahagsbrotum hefur verið alþjóðleg hin síðari ár, enda hefur það verið reyndin í öðrum löndum að hinar hefðbundnu leiðir refsivörslukerfisins hafa ekki dugað. Víða um lönd hefur verið talin þörf á sérstökum aðgerðum til að takast á við þau, svo sem virkri og sérhæfðri löggæslu, sérþjálfuðum löggæslumönnum og ákærendum, sérstakri þjálfun dómara, greiðari upplýsingasamskiptum yfirvalda sem við málin fást, hraðari málsmeðferð og hertum refsingum. Hér á landi er reyndin hin sama og annars staðar; refsivörslukerfið hefur ekki tekið á þessum brotum sem skyldi þrátt fyrir aukinn áhuga á þeim í seinni tíð.

Virðulegi forseti. Segja má að þær aðferðir sem helst er litið til til að sporna gegn skattsvikum sé að hækka sektir, bæta skatteftirlitið, einföldun á skattalögun og kerfisbreytingar svo sem á rannsóknar- og dómstigi til að einfalda og hraða rannsóknum og gera þær skilvirkari. Sú tillaga sem hér er flutt lýtur að því að flytja áhersluna í skattsvika- og efnahagsbrotum meira frá dómstólunum yfir á ákæruvaldið og gera þeim sem rannsaka efnahagsbrot og ákæra í þeim málum auðveldara að fjalla um þau mál með það markmið að leiðarljósi að auka bæði sérþekkinguna og skilvirknina í skattkerfinu en það er grundvallaratriði að málsmeðferð

skattsvikamála verði skilvirkari en verið hefur.

Á 118. löggjafarþingi flutti ég frv. þess efnis að komið yrði á fót sérstökum dómstóli sem einbeitti sér að skatta- og bókhaldsbrotum. Markmiðið með flutningi þess frv. var að meðferð skattsvikamála yrði gerð skilvirkari og gengi greiðar fyrir sig hjá sérstökum skattdómstól en almennum dómstólum. Með þeirri leið hefði einnig skapast meira aðhald og varnaðaráhrif gegn skattsvikum. Ástæða er til í þessu sambandi að vitna til skýrslu nefndar, sem kannaði umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim, sem skilaði áliti sínu árið 1993. Þar kemur margt athyglisvert fram. Þar er m.a. fjallað um árangur skatteftirlits og skattrannsókna en þar segir, með leyfi forseta:

„Breitt bil er milli refsiheimilda skattalaga annars vegar og réttarframkvæmda hins vegar. Dómar í skattsvikamálum verða að teljast vægir í samanburði við refsidóma ýmiss konar, auðgunarbrota og annarra fjármunabrota. Ástæður eru ekki ljósar en viðhorf almennings og jafnvel afstaða réttarkerfisins gagnvart skattsvikum virðist vera á þann veg að vægar sé litið á slík brot en rétt er að mati nefndarinnar. Héraðsdómstólar og þó einkum Hæstiréttur hafa í dómum sínum dæmt sektir sem eru töluvert lægri en það skattaundanskot sem sannað hefur verið. Varnaðaráhrif slíkra dóma hljóta að vera hverfandi lítil og gefa almenningi tilefni til að ætla að brot gegn skattalögum séu ekki eins ámælisverð og önnur fjármunabrot. Nefndin er þeirrar skoðunar að á þessu ástandi verði óhjákvæmilega að verða breyting."

Fram kom einnig hjá nefndinni að líklegt sé að ótti manna við skatteftirlit og skattrannsóknir hafi sífellt minnkað hin síðari ár. Áhættan af skattsvikum hafi ekki verið mikil og líkur á að upp komist um þau séu ekki verulegar. Síðar segir í skýrslunni orðrétt, með leyfi forseta: „Þannig má leiða líkur að því að ótti við ranga skýrslugerð sé ekki umtalsverður af hálfu þeirra sem stunda skattsvik."

Þetta álit kemur í starfi nefndar sem skilaði áliti 1993 og það verður að segja að hér er um þó nokkuð áfellisdóma að ræða á meðferð skattsvikamála.

Virðulegi forseti. Fá mál hafa sætt meðferð dómstóla enda hefur dómskerfið verið nokkuð seinvirkt og þar hefur vantað starfskrafta með sérþekkingu á skattskilum og reikningshaldi. Þannig hefur á mörgum undanförnum árum verið valin sú leið að senda flest mál til meðferðar yfirskattanefndar, áður ríkisskattanefndar, en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla. Á árunum 1985–1991 voru sextán mál send til opinberra rannsókna, árið 1992 sjö mál og árið 1993 tuttugu mál. Til samanburðar voru á árunum 1985–1991 134 mál send til ríkisskattanefndar til einfaldrar sektarmeðferðar. Benda má einnig á að óeðlilegt verður að telja að skattrannsóknarstjóri taki ákvörðun um hvort mál séu send yfirskattanefnd, áður ríkisskattanefnd, til meðferðar eða hvort þau séu send til opinberrar meðferðar hjá dómstólum. Eðlilegra er að kveða á um í lögum að meginreglan sé sú að skattsvikamál sæti opinberri rannsókn. Ætla má einnig að miklu fleiri mál en æskilegt hefði verið hafi á umliðnum árum verið send til einfaldrar sektarmeðferðar en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla sem sumpart má kenna um seinvirkni dómkerfisins. Algengt er að mál fyrir yfirskattanefnd taki 3–6 mánuði en algengt er að mál fyrir dómstólum taki mun lengri tíma og í sumum tilfellum 2–3 ár þótt dæmi finnist vissulega um styttri tíma. Dæmi eru einnig um í dómskerfinu að skattsvikamál séu þar árum saman og tilvik eru um að öll brot séu löngu fyrnd þegar kemur að dómi í skattsvikamálum. Þrátt fyrir þessi rök um nauðsyn þess að koma á sérstökum dómstóli í skattsvikamálum náði málið ekki fram að ganga en helstu rök þeirra sem lögðust gegn málinu voru að sérstakur skattdómstóll gengi gegn markaðri stefnu fækkun dómstóla. Í stað sérstaks skattdómstóls er freistað með þessari tillögu að ná samstöðu á Alþingi um að lög verði sett um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að ef skapa eigi almenn varnaðaráhrif gegn skattsvikum beri ríka nauðsyn til að málsmeðferð skattsvikamála verði sýnilegri en verið hefur og sæti í miklu ríkara mæli opinberri meðferð. Eðlilegt er því að leitað verði leiða til þess að opinber sakamálameðferð geti orðið skilvirkari en hún hefur verið og hún sé ekki eins viðurhlutamikil og í reynd hefur orðið. Margt þykir mæla með að ákvörðun um saksókn verði tekin fyrr en verið hefur með því að hafa ákæruvald og rannsókn á sömu hendi í slíkum málum enda krefst hvort tveggja mikillar sérþekkingar vegna flókins eðlis brotanna. Einnig má benda á að hröð og skilvirk meðferð efnahagsbrota verður sífellt þýðingarmeiri, opinber málsmeðferð er talsvert viðurhlutameiri og vandaðri en lokuð skattrannsókn og skattmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins eða yfirskattanefnd. Ástæða er því að huga að breytingum á fyrirkomulagi sem nú er í lögum, ekki síst með tilliti til varnaðaráhrifa en ljóst er að opinber málsmeðferð í skattsvikamálum í stað lokaðra skattrannsókna sem lyktar með einfaldri skattsektarmeðferð er mun líklegri til að tryggja nauðsynleg varnaðaráhrif og sporna gegn skattsvikum.

Virðulegi forseti. Rannsókn skattalagabrota er oftast nær háttað þannig að skattrannsóknarstjóra ríkisins berast kærur vegna skattalagabrota eða tekur rannsókn upp að eigin frumkvæði. Ef málinu er lokið með sektarúrskurði yfirskattanefndar verður málatilbúnaður ekki opinber og kemur þá ekki til kasta Rannsóknarlögreglu ríkisins eða ríkissaksóknara. Við þær aðstæður annast skattrannsóknarstjóri ríkisins allar rannsóknir málsins, þar með talda rannsókn á saknæmisskilyrðum. Þegar málið er lagt fyrir yfirskattanefnd til úrskurðar skattsektar er það einnig skattrannsóknarstjóri ríkisins sem kemur fram fyrir yfirskattanefnd og þar í hlutverki ákæranda þegar hann krefst sektar nefndarinnar. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur einnig vísað málum til opinberrar rannsóknar sem framkvæmd er af Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá tekur sú stofnun við rannsókninni af skattrannsóknarstjóra ríkisins og lýkur henni og annast þar þá m.a. rannsókn á saknæmisskilyrðum. Þegar málið er lagt fyrir yfirskattanefnd til úrskurðar skattsektar er það einnig skattrannsóknarstjóri ríkisins sem kemur fram fyrir yfirskattanefnd og er þar í hlutverki ákæranda þegar hann krefst sektar nefndarinnar. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur einnig vísað málum til opinberrar rannsóknar sem framkvæmd er af Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá tekur sú stofnun við rannsókninni af skattrannsóknarstjóra ríkisins og lýkur henni og annast þá m.a. rannsókn á saknæmisskilyrðum. Þegar málið er lagt fyrir yfirskattanefnd til úrskurðar er það einnig skattrannsóknarstjóri sem kemur fram fyrir yfirskattanefnd og er þá í hlutverki ákæranda eins og áður hefur komið fram þegar hann krefst sektar nefndarinnar.

Ljóst er að þessi ferill sem hér hefur verið lýst er allt í senn flókinn, umfangsmikill og seinvirkur og ekki síst að hann hefur mun minni varnaðaráhrif en ef til væri sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum. Ef sérstakt embætti ákæranda í efnahagsbrotum væri sett á fót sem jafnframt annaðist

rannsókn skattalagabrota yrði málsmeðferð mun skilvirkari. Rannsóknir efnahagsbrota mundu þá flytjast frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til sérstaks ákæranda.

Á það er bent í greinargerð með tillögunni að e.t.v. væri ástæða til að tengja slíkt embætti við embætti skattrannsóknastjóra til að sú þekking sem þar er fyrir hendi nýtist sem best. Ég vil fagna því, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. er viðstaddur umræðuna og væri fróðlegt að fá fram skoðun hæstv. ráðherra á efni þáltill. sem hér er til umræðu og hvort það sé til skoðunar í hans ráðuneyti að breyta lögum eða grípa til aðgerða sem gera meðferð efnahagsbrota skilvirkari en nú er.

Það kemur fram í þáltill., virðulegi forseti, að það þarf vissulega að skilgreina rækilega í lögum um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum ef til kemur og Alþingi samþykkir þessa tillögu, hvert sé valdsvið hans svo ekki verði skörun við verkefni ríkissaksóknara. Flutningsmenn tillögunnar telja að ástæða sé til að að væntanlegir frumvarpshöfundar, verði þáltill. þessi samþykkt, kynni sér það fyrirkomulag sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa valið við rannsókn og ákæru efnahagsbrota. Ég vil í því sambandi nefna Noreg en þar er starfandi sérstök stofnun, Ökokrim sem rannsakar slík brot og fylgir henni eftir með ákæru ef ástæða þykir til. Sú skipulagsbreyting sem gerð var í Noregi er talin hafa verið sérstaklega árangursrík og skilað umtalsverðum árangri í að uppræta efnahagsbrot.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari framsögu um þetta mál en vil þó í lokin segja að með nýjum eða breyttum lögum um málsmeðferð efnahagsbrota eins og lagt er til í þáltill. er unnt að hraða meðferð skattsvika og efnahagsbrota og skapa skilyrði til aukinna almennra varnaðaráhrifa sem er lykilatriði í þeim leiðum sem tiltækar eru til að sporna gegn efnahagsbrotum. Það er meginástæðan til þess að mál þetta er flutt.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[15:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frsm. að umfang brota af efnahagslegum toga hefur farið vaxandi og má búast við því að þau aukist enn á komandi árum vegna breyttra þjóðlífsháttа og aukinna viðskiptaumsvifa í þjóðfélaginu af ýmsu tagi. Við þessu verða stjórnvöld vitaskuld að bregðast með því að styrkja réttargæslukerfið að þessu leyti. Það er alveg ljóst að breytingar af þessu tagi kalla á meira sérhæft starfslið við rannsókn mála og ákærur. Á hinn bóginn hef ég mjög miklar efasemdir um að rétt sé að setja á fót sérstaka stofnun sem fari með ákæruvald í þessum efnum. Í fyrsta lagi bendi ég á að það hugtak sem við erum að fjalla um er um margt á reiki. Fræðimenn hafa reynt að skýra hugtakið „efnahagsbrot" en það er í sjálfu sér ekki sérstakt hugtak í íslenskum hegningarlögum og því alveg ljóst að það kemur til mikilla eða margra álitaefna þegar skera á úr um undir hvaða saksóknara mál eiga að heyra.

Það er líka ljóst að í ýmsum tilvikum eru ákærur á einstaklinga af ýmsum toga. Þær geta að hluta til verið vegna fjármunabrota en hluta til vegna annarra brota og í slíkum tilvikum geta sérákæruvaldsstofnanir beinlínis tafið fyrir skilvirkni og öruggum framgangi mála.

Við höfum nokkra reynslu í þessum efnum. Við höfðum sérdómstóla til skamms tíma, sérdómstól í ávana- og fíkniefnamálum og sérstaka sakadóma í héraði. Með kerfisbreytingu í dómstólum lögðum við sérdómstólana niður. Með þeirri skipulagsbreytingu höfum við náð því að meðferð opinberra mála, sakamála, er nú miklu skilvirkari og hraðari en hún var áður. Við höfum því nokkra reynslu af því að með því að einfalda kerfið og fækka sérdómstólum, höfum við náð meiri árangri, meiri skilvirkni og meiri hraða. Núna er verið að vinna og leggja lokahönd á tillögur um breytingar á skipulagi löggæslunnar sem fela m.a. í sér mjög miklar breytingar á rannsókn mála. Það eru áform uppi um að þeim breytingum fylgi líka breytingar að því er ákværuvaldið áhrærir. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt eins og reyndar kom fram í máli hv. flm. að færa meira saman rannsókn mála, þar á meðal mála af þessum toga og ákæruna sjálfa til þess að gera alla meðferðina skilvirkari og fljótvirkari. Það held ég að sé mjög mikilvægt og ég er fyllilega sammála því sem hv. flm. sagði um það efni. Að mínum dómi munum við geta með þeim skipulagsbreytingum sem nú eru til meðferðar og verið er að gera tillögur um varðandi rannsókn og ákæruvald, náð þessum markmiðum. Auðvitað kallar það á, bæði á rannsóknarstigi og eins á ákæruvaldsstiginu, að menn geti kallað til sérhæfða starfsmenn til að annast rannsóknir og fjalla um ákærur í þessum efnum.

Ég held að það séu meiri líkur á að við náum árangri með því að gera kerfið einfaldara og skilvirkara fremur en gera það flóknara með nýjum stofnunum. Ég met mikils þá hugsun sem er að baki tillögunni og tel að það sé fyllilega eðlilegt að þeim álitaefnum sé hreyft og er sammála því að við þurfum að ná betri og meiri árangri á þessu sviði en við höfum gert fram til þessa. En ég tel að við eigum að gera það eftir öðrum leiðum en hér er lagt til og vísa til þeirrar vinnu sem nú fer fram á vettvangi dómsmrn. til þess að taka þar á.

Ég minni líka á í þessu sambandi að við höfum takmörkuð fjárráð og sérstökum stofnunum fylgir alltaf sérstakur stofnanakostnaður. Stofnun kallar á ákveðinn kostnað og þess vegna skiptir miklu máli líka að við getum einfaldað stjórnkerfið til að draga úr yfirstjórnunarkostnaði og ná þannig fram betri nýtingu á fjármunum til þeirrar raunverulegu sérfræðiþjónustu sem við þurfum á að halda, m.a. í þessum efnum. Því er það mín skoðun að það sé skynsamlegra að fara inn á þá braut þegar við ræðum um efnistök að því er þetta álitaefni varðar.

[15:39]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh. Ræða hans segir mér að við flm. þessa frv. og hæstv. dómsmrh. erum ekki svo langt frá hvert öðru, þó við viljum kannski fara ólíkar leiðir að sama markmiði. Ráðherrann talar um að styrkja réttargæslukerfið og að það þurfi meira sérhæft starfslið og hæstv. ráðherra bendir einmitt á það sem er meginatriðið í okkar tillögu, þ.e. að færa saman rannsókn og ákæru mála. Við flm. erum vissulega opin fyrir öllum leiðum sem færa okkur að þessu markmiði. Það er ekkert heilagt atriði í okkar huga að stofna til sérstaks embættis í þessu skyni svo fremi að við náum markmiðinu. En ég tel að það þurfi ekki að vera svo dýrt að fara þessa leið sem við leggjum til og tel að hún mætti fyllilega koma til skoðunar eins og sú leið sem hæstv. dómsmrh. talar fyrir.

Hæstv. ráðherra talar um að það sé í undirbúningi að breyta skipulagi löggæslunnar að því er varðar rannsókn mála sem ég tel líka mikilvægt en ráðherrann skýrði það ekki nægjanlega að mínu viti. Ég spyr hvort hann geti greint

þinginu eitthvað nánar frá því. Hæstv. ráðherra talar um að breyta líka ákæruvaldinu og ég spyr ráðherrann hvort hann geti greint þinginu frá því nokkuð nánar en hann hefur gert hvað hann hefur hugsað sér í því efni. Það eru margar leiðir færar í því efni, sú sem við bendum á, einnig að færa ákæruvaldið til skattrannsóknarstjóra og fleiri atriði þannig að ég spyr hæstv. ráðherra að því. Ég þakka honum fyrir það sem fram kom í hans máli. Við erum fyllilega sammála því að aukin tíðni efnahagsbrota og bæði tækni og margmiðlun sem fer vaxandi kallar á að við endurskoðum skipulag þessara mála.

[15:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinna að nýjum lögum um skipulag lögreglunnar er á lokastigi. Hins vegar hefur tekið aðeins lengri tíma að fullgera tillögur um það hvernig dreifa megi valdi og ábyrgð varðandi ákærur. Hugmyndin er sú að það verði gert í tengslum við skipulagsbreytingu á lögreglunni þannig að rannsóknir mála sem ætlað er að fari í stærri stíl en verið hefur út til lögreglustjóraembættanna sjálfra, fylgi innan ákveðinna marka ákæruvald. Reyndar hafa sýslumenn það í vissum tilvikum nú en ætlunin er að stíga stærri skref í þeim efnum. Embætti ríkislögreglustjóra, sem yrði væntanlega sett á stofn í tengslum við skipulagsbreytingar á lögreglunni, mundi væntanlega fjalla um rannsóknir og hugsanlega ákærur í hinum stærri efnahagsbrotum. Á þessu stigi get ég ekki farið lengra út í þá sálma en ég tel að skipulagsbreytingar af þessu tagi séu mjög brýnar og eigi að geta verið þáttur í að ná þeim markmiðum sem ég heyri að við erum sammála um að nauðsynlegt sé að vinna að.

[15:43]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst af máli hæstv. dómsmrh. að hæstv. ráðherra er með í undirbúningi mjög umfangsmiklar kerfisbreytingar í þessu efni sem ég tel fulla ástæðu til að fagna mjög. Nú er þetta mál komið inn í þingið og fer væntanlega til umfjöllunar í allshn. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra að því hvenær megi vænta þess að slíkt frv. sjái dagsins ljós á þingi. Þá er ég sérstaklega með það í huga, hvort hægt væri að fjalla um bæði málin samtímis, þ.e. málið sem hér er til umræðu og þær skipulagsbreytingar sem ráðherrann er með og hyggst flytja fyrir Alþingi vegna þess að það er ljóst að efni þessara mála falla mjög saman og væri til hægðarauka fyrir nefndina að geta fjallað um þau samtímis.

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að því stefnt að frv. að nýjum lögum um skipulag lögreglunnar og lögreglumálefni komi til umfjöllunar á þessu þingi. Ég get ekki nefnt nákvæmlega hvaða dag við náum að leggja það fram en við stefnum að því að gera það svo tímanlega að það geti fengið eðlilega umfjöllun á þessu þingi.

[15:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því áður en ég hef efnislega umfjöllun um tillöguna sem hér liggur fyrir að leiðrétta það sem kom fram í máli hæstv. dómsmrh. varðandi það að við værum að leggja til að sett yrði á stofn sérstök stofnun sem ætti að annast meðferð þessara mála. Það er alls ekki verið að leggja það til og ef hæstv. ráðherra gluggar í greinargerðina með tillögunni kemur það mjög skýrt fram að þar er ekki verið að loka í raun og veru þeim möguleika að þessu embætti sé komið fyrir hvar sem er í kerfinu. Er hæstv. dómsmrh. farinn úr húsinu?

(**Forseti** (ÓE)**:** Nei. Hann er mjög tímabundinn en hann er ekki farinn úr húsinu. Hann ætlaði að bíða á meðan hv. þm. héldi ræðu sína.)

Ég mun ekki tala mjög lengi þar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, meðflm. minn, hefur gert ítarlega grein fyrir málinu. Ég hef þó nokkrar athugasemdir og spurningar fram að færa við hæstv. dómsmrh.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra og hv. frsm. er mjög erfitt að fara orðum um þessi mál og þörfina á sérstakri meðferð efnahagsbrota án þess að gera a.m.k. tilraun til þess að skýra hugtakið „efnahagsbrot". Ég lít svo á að það yrði að skýra í vinnureglum þess embættis sem með þetta færi. Í greinargerð með tillögunni er farin sú leið að gera a.m.k. tilraun til að skýra þetta hugtak og þar sem hugtakið er ýmist notað þröngt eða vítt, ef svo má að orði komast, getur mismunandi skilningur valdið alls konar misskilningi á því um hvað þetta eiginlega fjallar. Án skilnings á eðli þessara brota er mjög erfitt að sjá fyrir sér þörfina á sérstakri málsmeðferð eða sérstöku embætti sem fjallaði um þessi brot. Fólk spyr sig af hverju þessi brot megi ekki falla almennt undir þá málsmeðferð sem við höfum í refsivörslukerfinu.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur hugtakið verið skilgreint sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskyni sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga. Það er þó ekki ófrávíkjanlegt skilyrði að brot séu framin kerfisbundið og reglulega til að þau flokkist undir efnahagsbrot, en fræðimenn hefur greint á um þetta og hafa ýmsar kenningar verið uppi. Ráðherranefnd Evrópuráðsins gengur t.d. út frá því að hugtakið geti náð til einstakra brota, enda hafi þau valdið verulegu tjóni eða hættu á tjóni. Þá er almennt talið einkenni brotanna að þau byggjast á sérstakri viðskiptaþekkingu hinna brotlegu eða eru framin af kaupsýslumönnum við framkvæmd starfa þeirra eða sérstakra verkefna.

Brotin eru fyrst og fremst sérlagabrot á ýmsum sviðum efnahags- og atvinnulífs. Brot gegn vinnuvernd, mengunarbrot og önnur alvarleg umhverfisbrot eru að jafnaði talin til efnahagsbrota. Í bandarískum rétti er talað um hugtakið „business crimes" yfir þessi brot og á Norðurlöndum hugtakið „ökonomisk kriminalitet". Hugtakið „hvítflibbabrot" (white collar crimes), sem var mótað af bandarískra afbrotafræðingnum Sutherland á fimmta tugi aldarinnar, skarast að nokkru við þau brot sem hér um ræðir, og er því gjarnan haldið á lofti að þar sé um að ræða undanfara efnahagsbrotanna. Það ber hins vegar að hafa í huga að þegar Sutherland setti fram sínar kenningar var þjóðfélagsgerðin mun einfaldari en hún er nú. Aukin tækni og margmiðlun gerir brotin sífellt flóknari og sífellt meiri þekkingar er þörf til að geta áttað sig á umfangi þeirra. Æ fleiri fara nú með fé annarra og vinna flókin og sérhæfð störf víða í þjóðfélaginu og á alþjóðlegum vettvangi, að ekki sé minnst á þá sem auðveldlega geta valdið stórtjóni með skaðlegri umgengni sinni við móður náttúru, en umhverfisbrot eru að jafnaði talin falla undir hugtakið efnahagsbrot.

Rannsókn og meðferð þessara brota hefur vakið ýmis siðræn vandamál. Þau snúast kannski fyrst og fremst um viðhorf almennings gagnvart þeim. Þau eru nefnilega allt önnur en gagnvart öðrum brotategundum. Má nefna sem dæmi skatta-, bókhalds- og tollalagabrot. Fólk lítur ekki

endilega á þau sem mjög alvarleg afbrot, en þjófnaðir eða eignaspjöll eru litin mjög alvarlegum augum. Brot sem framin eru í atvinnurekstri eru gjarnan réttlætt með því að lögin séu gölluð eða fullnægi ekki þeim þörfum sem viðskiptalífið krefst en einnig með því að þau hafi verið tilraun til að bjarga atvinnurekstrinum. Allir viðurkenna mikilvægi þess að halda atvinnufyrirtæki gangandi. Þá er oft mjög erfitt að rekja eða mæla tjónið af efnahagsbrotum og þrátt fyrir umtalsverða skaðsemi slíkra brota er oft erfitt að benda á einn einstakan brotaþola. Einnig eru þau viðskipti sem brotin varða óvenjuflókin og aðeins á valdi örfárra sérfræðinga að þekkja þau.

Hér á landi er reyndin hin sama og annars staðar. Refsivörslukerfinu hefur reynst mjög erfitt að taka á þessum brotum og úrræði þess duga einfaldlega ekki. Því er þess freistað með þessari tillögu að reyna að ná samstöðu á Alþingi um að lög verði sett um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum. Nú vil ég segja við hæstv. dómsmrh. að hér er ekki verið að tala um sérstaka stofnun, heldur er fyrst og fremst verið að leita leiða til að tryggja að rannsókn og ákæra efnahagsbrota sé á einni hendi. Slíkt fyrirkomulag er í andstöðu við það fyrirkomulag sem við höfum í dag þar sem frekar hefur verið leitast við að aðskilja þetta tvennt. Þess vegna þarf sérstakar reglur um þessi brot. Það er sem sagt ekki verið að tala um sérstaka stofnun, heldur fyrst og fremst að það sé skapaður grundvöllur fyrir því að rannsókn og ákæra séu sett á eina hönd í þessu máli. Því vil ég meina að hæstv. ráðherra hafi að einhverju leyti misskilið tillöguna. Ef hún er skoðuð kemur í ljós að það er alls ekki loku fyrir það skotið að þessu embætti sé komið fyrir innan þeirra stofnana sem þegar eru fyrir hendi og þyrfti þess vegna ekki endilega að hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka.

Það þyrfti að sjálfsögðu að skilgreina rækilega í lögum um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum hvert valdsvið hans er svo ekki verði skörun við verkefni ríkissaksóknara eða aðra ákærendur. Það þyrfti að vera mjög skýrt hvaða málefni það eru sem hann ætti að hafa til meðferðar og þess vegna mundi ég telja að ekki nægði að gera þar grein fyrir því að hann ætti að rannsaka og ákæra í efnahagsbrotum, heldur þyrfti að skilgreina það hugtak sérstaklega í tengslum við það.

Að lokum vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann geti upplýst okkur eitthvað frekar um það á hvern hátt eigi að taka á þessum vandamálum sem efnahagsbrotin eru. Hæstv. ráðherra sagði, ef ég heyrði rétt, að væntanlega yrði lagt fram frv. um skipan lögreglumála nú mjög fljótlega. Ef ég skil rétt, þá er það einhvers konar framhald á þeirri vinnu sem birtist í frv. til lögreglulaga sem hefur verið lagt fram áður. Það má vel verið að það sé búið að breyta eitthvað því kerfi sem menn ætluðu að hafa þar. Ég vildi gjarnan fá að heyra hvort svo væri. Samkvæmt frv. eins og það var lagt fram á 117. þingi er m.a. talað um að ríkislögreglustjóra verði falið að starfrækja lögregluranns óknardeildir sem aðstoða lögreglustjóra við rannsókn afbrota og skatta- og efnahagsbrota. Samkvæmt mínum skilningi er þarna um að ræða deild sem muni aðstoða hina einstöku ákæruvaldshafa úti í lögregluumdæmunum en ekki endilega verið að leggja til að bæði rannsókn og ákæruvaldið séu sett á sömu hönd. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti upplýst okkur um það hér og nú hvort gert sé ráð fyrir því að þetta verði á einni og sömu hendi. Í tillögu okkar leggjum við fyrst og fremst áherslu á að ákæra og rannsóknir í þessum málum séu á einni og sömu hendi.

[15:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég veit að hv. þingmenn skilja að ég get ekki gert hér nákvæma grein fyrir tillögum sem ekki eru alveg fullgerðar enn sem komið er. Það er ljóst að sú vinna sem hefur farið fram miðar að ákveðnum skipulagsbreytingum. Meðal annars þeim að færa í ríkari mæli saman rannsókn mála og ákæru. Ég tel að það sé galli í okkar kerfi í dag hversu mál af þessu tagi þurfa að fara í gegnum mörg þrep. Þau geta þurft að fara í gegnum frumskoðun hjá lögreglustjóraembætti, jafnvel lögfræðilega athugun, síðan í gegnum lögreglu- og lögfræðiathugun hjá Rannsóknarlögreglu og aftur í lögfræðilega athugun hjá ákæruvaldi. Ég tel að hér sé um allt of langan feril að ræða og hægt sé að einfalda þessa framkvæmd með því að færa rannsóknina og ákæruvaldið saman í miklu ríkari mæli en verið hefur, m.a. í brotum af því tagi sem hér er verið að fjalla um.

Það má vel vera að ég hafi misskilið efni þáltill. og hún fjalli ekki um að koma á sérstöku embætti. Ég las bara texta tillögunnar áðan þar sem segir: „Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að undirbúa frv. til laga um embætti sérstaks ákæranda í efnahagsbrotum". Ég skildi það á þann veg að þar væri verið að fjalla um sérstakt embætti. Því fer auðvitað fjarri að ég ætli að leggja aðra merkingu í það en flutningsmenn gera sjálfir og ég er mjög ánægður með að það er ekki endilega hugmynd manna að búa til sérstaka stofnun. Ég held að það sé skipulag vinnunnar og sú sérhæfða þekking sem er fyrir hendi sem muni skila okkur mestum árangri í þessum efnum. Ég býst við, ef draga má ályktun af þessum umræðum, að það sé í raun ekki mjög mikill skoðanaágreiningur um það hvernig taka á á þessum málum.

[15:56]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka kærlega svör dómsmrh. Ég vil enn og aftur ítreka muninn á því sem felst í því að stofna eitthvert embætti eða koma á fót sérstakri stofnun. Ég tel gífurlegan mun á því og þess vegna er þetta orðalag einmitt notað. Ég lít svo á að slíkt embætti geti verið hvar sem er í kerfinu eins og því er best fyrir komið að bestu manna yfirsýn.

Ég vil einnig fagna þeim skilningi sem hæstv. ráðherra virðist sýna þörfinni á því að taka á þessum málum og að vinna við það sé a.m.k. langt á veg komin í ráðuneytinu, ef ég skil hann rétt. Ég vil einnig nota tækifærið til að hvetja ráðherrann til að sjá til þess að gengið verði það langt í þessum málum að hægt verði að taka á þeim af öryggi og festu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tímareikningur á Íslandi, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 197. mál. — Þskj. 246.

[15:58]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um tímareikning á Íslandi sem ég flyt ásamt hv. þm. Árna M. Mathiesen, Arnbjörgu Sveinsdóttur og Guðna Ágústssyni. Meginmarkmið frv. er að taka upp svokallaðan sumartíma, þ.e. á tímabilinu frá síðasta sunnudegi í mars til síðasta sunnudags í október

skuli klukkan færð fram um eina klukkustund þannig að það verði alltaf klukkutíma munur milli Íslands og meginlands Evrópu.

Frv. hefur átt sér nokkurn aðdraganda og má m.a. geta þess að flutt var þáltill. um sambærilegt mál fyrir tveimum þingum síðan sem náði ekki fram að ganga. Nú gilda lög nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi, sem gera ráð fyrir því að tímareikningur á Íslandi miðist alltaf við miðtíma Greenwich.

Það eru margar ástæður fyrir því að þetta frv. er flutt og ég vil gera grein fyrir þeim rökum sem fyrir þessu eru. Í fyrsta lagi er mjög óþægilegt fyrir alla þá sem eiga samskipti við meginland Vestur-Evrópu að hafa tveggja tíma mismun á milli Íslands og þess heimshluta. En það má segja að stærsti hlutinn af okkar utanríkisviðskiptum sé einmitt við Vestur-Evrópu. Staðan er sú að þegar vinna hefst hér á landi klukkan níu er klukkan orðin ellefu í Vestur-Evrópu. Það má segja að þá sé ekki nema einn klukkutími til þess að menn nái saman því um tólfleytið fara þeir ytra að tínast í mat. En svo þegar þeir eru að koma úr mat þá erum við að fara í mat og þannig gengur þetta allan daginn. Margir þeir sem hafa átt samskipti við Vestur-Evrópu kvarta mjög undan því að það sé mjög óhentugt að þegar sumartíminn tekur gildi á þessu svæði þá minnki samskiptatíminn mjög verulega. Það skiptir hins vegar ekki jafnmiklu máli hvort það eru fimm eða fjórir tímar á austurströnd Bandaríkjanna. Það hefur ekki eins mikil áhrif á samskiptatímann.

Í annan stað vil ég nefna það að flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu verða þægilegri ef að sumartíminn er tekinn upp til samræmis við önnur Evrópulönd. Nú þarf jafnan að breyta flugáætlunum. Þegar fólk er að fara til Evrópu á sumrin þýðir það að það þarf að vakna mjög snemma og koma sér mjög snemma út á Keflavíkurflugvöll á morgnana. Það er algengt umkvörtunarefni hve almennar brottfarir eru snemma í morgunflugi til Evrópu á sumrin.

Þetta eru hin viðskiptalegu rök í málinu. Hins vegar eru líka önnur rök með því sem er mjög mikilvægt fyrir okkur á þessari breiddargráðu, að nýta sem best sumartímann svo að við getum tengt saman tímann sem við notum í vinnu og tímann sem við notum til útivistar þannig að það sé sem skynsamlegust nýting á honum. Ef klukkan er færð fram á sumrin þýðir það að sólin verður hærra á lofti þegar vinnutímanum lýkur. Þá er meiri möguleiki fyrir útivist og að njóta góðviðrisdaga á sumrin með öllu því sem því fylgir ef það fyrirkomulag er upp tekið. Þeir sem hafa ferðast um Evrópu á sumrin hafa tekið eftir því að þá er fólk mjög gjarnan úti, götur fullar og fólk að njóta góðviðrisdaganna. Það skapast ákveðin sumarstemmning þar sem fólk er miklu meira úti við heldur en hér á landi. Þetta þýðir að lífnaðarhættir almennings gætu orðið mun heilbrigðari en þeir eru nú. Þetta hefur áhrif á það viðskiptalíf sem fylgir þessari útivist.

Eins hefði íþróttafólk mikinn hag af því að tekinn yrði upp sumartími. Við vitum það að þegar haustið nálgast lenda menn í erfiðleikum með skipulagningu hvers kyns kappleikja, t.d. knattspyrnuleikja. Menn eiga erfitt með að stunda íþróttir eins og golf þegar fer að líða að hausti eftir vinnutíma vegna þess að birtu nýtur ekki jafn vel. Þetta hefði líka hefði sérstaklega góð áhrif víða úti um land á stöðum sem eru luktir á milli hárra fjalla. Þar hverfur sólin tiltölulega snemma af sjóndeildarhringnum og möguleiki fólks til að njóta sumarsins er þess vegna miklu minni en annars væri.

Þannig má nefna að á stað eins og Siglufirði hverfur sólin þegar hún er hæst á lofti fyrir sjóndeildarhringinn, t.d. kl. sjö á kvöldin. Fólk á þess vegna erfitt með að njóta þess að vera úti við á góðum sumarkvöldum eins og hægt er víða annars staðar. Það má segja að það veiti nú samt ekki af að gera eitthvað þannig að það sé þá betra að vera á þeim stað. Og annað sem fólk er farið að ... (Gripið fram í). Það er nú hægt að haga skipulagningu hlutanna þannig að menn geti notið þess eins og hægt er að hafa sólina á lofti, það hefur dálítið með sólina að gera líka, hv. þm. Varðandi annað atriði sem ég tel að skipti máli þá vil ég geta þess að á þessum stöðum er víða reynt að hefja dagvinnu fyrir kl. átta, t.d. kl. sjö á sumum vinnustöðum til þess að fólk geti verið búið að vinna fyrr um eftirmiðdaginn. Það vekur kannski óskaplega kátínu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni en það hins vegar gerir það að verkum að fólk á mjög erfitt sem er með börn í leikskóla að koma þeim fyrir þegar það þarf að byrja að vinna kl. sjö en leikskólar eru víðast ekki opnaðir fyrr en kl. átta á morgnana. Annað sem má nefna í þessu sambandi er að það er svo margt í okkar þjóðfélagi sem er samstillt. Þjónusta byrjar á svipuðum tíma og lýkur á svipuðum tíma og þess vegna yrði það mjög jákvætt að stilla hana saman við það hvenær vinna hefst og hvenær henni lýkur.

Nú er sumartími í öllum okkar helstu viðskiptalöndum bæði austan hafs og vestan, í Evrópu og Bandaríkjunum. Við erum því frábrugðin öðrum þjóðum að þessu leyti. Það getur vissulega verið ákveðin fyrirhöfn í því að taka upp sumartíma. Menn þurfa að breyta klukkum og það þarf að halda utan um þá hluti en einhvern veginn hafa nágrannar okkar bæði austan hafs og vestan séð sér hag í því að fara þessa leið. Eitt sem ég vil nefna að lokum er það að í Bretlandi var núna fyrir áramótin töluverð umræða um það að flytja klukkuna alveg yfir á meginlandstímann, þ.e. að flytja hana áfram um einn klukkutíma allt árið og miða við þann tíma. Ég vil sérstaklega vísa í forustugrein Times í London sem var skrifuð 23. október sl. þar sem fjallað var um þetta mál. Þar var mjög góður rökstuðningur fyrir því að tilhögun á klukku og hvenær menn taka vinnudaginn með tilliti til birtu og sólar er spurning um það hvernig menn vilja komast sem best af í nútímasamfélagi þannig að hinn vinnandi maður geti sem best hagað skipulagningu dagsins þannig að vinnutíminn falli á ákveðinn tíma og síðan séu frístundirnar teknar á ákveðnum tíma. Það er m.a. með hliðsjón af slíkri umræðu sem á sér ekki bara stað hér á landi heldur annars staðar að ég hef leyft mér að leggja fram þetta frumvarp.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- viðskn.

[16:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er ekkert smámál á ferðinni, frv. til laga um tímareikning á Íslandi, og hef ég fjölmargt við það að athuga. Þeir koma hér inn á, hv. þm., í greinargerð sinni að Evrópusambandið hafi gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma. Eftir því sem ég kemst næst þá er ekki um það að ræða að Evrópusambandið sé að gefa út tilskipun um það að allir eigi að vera með sama tíma heldur er átt við að þeir sem eru á annað borð að hreyfa sína klukku skuli gera það á sama tíma.

Í frv. eru rök flutningsmanna fyrir því að taka upp þennan nýja sumartíma m.a. í fyrsta lagi að tímamunurinn milli Íslands og annarra landa í Vestur-Evrópu myndi styttast úr tveimur stundum í eina stund yfir sumartímann og yrði það

til hagræðis fyrir þá sem stunda viðskipti við Evrópulöndin. Í öðru lagi þyrfti ekki lengur að breyta áætlunum Flugleiða þegar tímabreytingar verða. Í þriðja lagi þyrftu flugfarþegar á leið til Evrópu ekki að vakna eins snemma fyrir flug og í fjórða lagi myndi almenningur njóta sólar lengur að sumrinu til eftir vinnutíma á daginn. Ég mun sérstaklega koma að þessum lið á eftir.

Rökin gegn nýjum sumartíma eru m.a. að tímabreytingin myndi raska verulega svefnvenjum manna, einkanlega ungbarna. Á þeim árum sem sérstakur sumartími var í gildi hérlendis var þetta algengasta umkvörtunarefnið þá klukku hafði verið breytt. Lesendadálkar dagblaðanna voru yfirfullir af athugasemdum frá almenningi vegna þessa hringlanda með klukkuna. Og mun ég koma að því síðar og tengist það þeim lið þeirra hv. flm. um það að almenningur muni njóta sólar lengur að sumri eftir vinnutíma á daginn.

En fleiri eru rökin. Stilla þyrfti allar klukkur á landinu tvisvar á ári og er það í mörgum tilvikum mikil fyrirhöfn. Gleymska og mistök sem óhjákvæmilega verða geta haft óþægilegar afleiðingar. Meðan reglur um sumartíma voru í gildi var algengt að menn kæmu of seint eða of snemma í vinnu, á fundi eða samkomur daginn eftir tímabreytinguna.

Í þriðja lagi. Þeir sem eiga viðskipti vestur um haf myndu missa eina stund af sameiginlegum skrifstofutíma og er hann þó skammur fyrir. Venjulega meta menn skammdegið eftir því hvenær birtir á morgnana. Ef klukkunni yrði flýtt um klukkustund fram undir lok október þýddi það beinlínis að menn fyndu fyrir skammdeginu tæplega þremur vikum fyrr en þeir gera nú. Og má t.d. benda á það að ef 30. október í Reykjavík er tekinn sem dæmi, birtir kl. 8.10 en eftir breytingu yrði það kl. 9.10 sem þýddi að birting væri þá sú sama og 21. nóvember. Sama má segja um Ísafjörð. Þar er birting 30. október kl. 8.22 en eftir breytinguna kl. 9.22. Birting 30. október yrði því þá sú sama og nú er 19. nóvember.

Í fjórða lagi. Breyta þyrfti veðurfregnatímum í útvarpi tvisvar á ári því að Veðurstofan verður að gera athuganir sínar á föstum tímum eftir miðtíma Greenwich.

Í fimmta lagi. Breyta þyrfti mjaltatímum í sveitum og heyvinnutíma myndi seinka.

Í sjötta lagi. Þeir sem nota flóðtöflur, töflur um sólargang og hliðstæðar töflur í almanaökum yrðu að muna eftir að leiðrétta tölur á réttan veg meðan sumartíminn er í gildi því að töflurnar verða að fylgja sama tíma allt árið. Að víkja frá þeirri hefð mundi aðeins auka hættu á misskilningi. Mistök í túlkun slíkra talna geta haft alvarlegar afleiðingar.

Í sjöunda lagi. Þeir sem sinna rannsóknum, samgöngum og fjarskiptum þar sem tímaviðmiðar GMT eða Greenwich Mean Time gilda mundu ekki lengur njóta þeirra forréttinda og þæginda að búa við þann tíma í daglegu lífi allt árið. Um leið eykst hætta á mistökum við tímaskráningar.

Í áttunda lagi. Tímareikningur að sumrinu yrði víðs fjarri því upprunalega markmiði að hádegi sé kl. tólf og miðnætti kl. 24. Orðin hádegi og miðnætti yrðu nánast óræð ef ekki fylgdu nánari skýringar. Sól yrði í hádegisstað frá kl. 13.38 til kl. 14.53, allt eftir landshlutum og árstímum og miðnætti eftir sólinni yrði á sama hátt frá tímabilinu frá kl. 01.38 til 02.53.

Sú helsta gagnrýni sem ég vil flytja í sambandi við röksemdafærslu frv. er að í greinargerðinni segir: „Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári.“ Þetta er alrangt. Fyrirhöfnin við að stilla klukku þótt ærin sé er ekki þyngsta röksemdin í máli þessu. Höfuðröksemd flm. er sú að með nýjum sumartíma fáist ein klukkustund í viðbót til samskipta við Evrópulönd á sameiginlegum skrifstofutíma. Ef klukkustundar viðbót við sameiginlegan skrifstofutíma er svo afgerandi í viðskiptum, hvers eiga þeir þá að gjalda sem stunda viðskipti við Bandaríkin og myndu missa klukkustund af þeim stutta tíma sem þeim stendur til boða? Hvers vegna eru þeir ekki nefndir á nafn? Satt best að segja er ástæða til að efast um að sameiginlegur skrifstofutími skipti jafnmiklu máli í viðskiptum og flm. vilja vera láta. Ekki virðist tímamunurinn hafa staðið Japönum fyrir þrifum þegar þeir voru að hasla sér völl á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Tvær af fjórum röksemdum flutningsmanna vísa til hagsmuna Flugleiða. Rétt er að benda á að það er ekkert náttúrulögmál að flugvélar Flugleiða þurfi að leggja af stað frá Íslandi á föstum tímum miðað við klukkuna einhvers staðar á meginlandi Evrópu. Ef svo væri hefði brottfarartíma flugvéla frá Íslandi átt að seinka í hvert skipti sem Flugleiðir hafa fengið hraðfleygari flugvélar. Sú hefur ekki orðið raunin nema síður sé. Ef það er vandamál hve farþegar þurfa að fara snemma á fætur til að ná morgunflugi eru Flugleiðir einfærir um að leysa það með því að breyta flugáætlunum sínum. Til þess þarf ekki lagasetningu sem skikkar alla landsmenn til að breyta klukkum sínum tvisvar á ári.

Tal flutningsmanna um sumarstemningu eins og hún gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu, heilbrigðari lifnaðarhætti, hvetjandi áhrif á viðskiptalíf, götulíf og allt mannlíf á Íslandi er nánast hjákátlegt. Það er eins og flytjendur frumvarpsins haldi að það að breyta klukkunni jafngildi því að flytja landið á suðlægari breiddarstig. Bent hefur verið á að í stað þess að færa klukkuna megi breyta vinnutíma á sumrin. Þetta telja flutningsmenn illfæra leið. Það kosti í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga, svo ekki sé talað um heilla fyrirtækja. Þessi fullyrðing er illskiljanleg í ljósi þess að margar stofnanir hafa þegar þennan háttinn á og breyta skrifstofutímanum á sumrin. Ef þetta yrði gert að almennri reglu fengist auk þess betra samræmi við skólatíma og opnunartíma dagheimila og leikskóla. Flutningsmenn telja það einkennilegt að Íslendingar skuli búa við þá sérstöðu að hafa ekki sumartíma hliðstætt því sem gerist í nágrannalöndunum. Hefur þó margsinnis verið bent á hvaða rök liggja að baki sumartímanum erlendis. Sumartíminn var upphaflega innleiddur til þess að spara orku á ófriðartímum og orkusparnaðarsjónarmið vegur enn þungt þegar kostir sumartíma eru metnir erlendis. Hér á landi er þetta ekki atriði sem taka þarf tillit til. Því veldur bæði hnattstaða landsins og orkubúskapur. Á sumrin er bjart mestan hluta vökutímans og á veturna dimmt hvort sem klukkunni er hagrætt eða ekki. Við spörum ekki heldur eldsneyti sem neinu nemur með því að færa klukkuna. Sunnar í löndum eru aðstæður gerólíkar að þessu leyti.

Óþægindin við að flytja klukkuna tvisvar á ári eru ekki léttvæg. Sífelldar kvartanir vegna hringlsins með klukkuna leiddu til þess að núverandi skipan mála var tekin upp árið 1968. Þeir sem komnir eru yfir miðjan aldur minnast þess áreiðanlega hve erfitt var að vakna klukkutíma fyrr á morgnana, venja börnin á nýjan svefntíma, muna eftir að breyta klukkunni o.s.frv. Lesendadálkar dagblaðanna voru fullir af kvörtunum tvisvar á ári vegna þess. Eftir breytinguna heyrðust engar kvartanir í áratug, ekki fyrr en á allra síðustu árum þegar farið var að fyrnast yfir efnisatriði málsins og komin er

til sögunnar ný kynslóð sem enga reynslu hefur af hringlinu með klukkuna.

Erlendis finna menn auðvitað líka fyrir þeim óþægindum sem fylgja því að breyta klukkunni tvisvar á ári. Þetta má sanna með lítilli gamansögu í hinu útbreidda tímariti New Scientist. Þar birtist fyrir nokkru forustugrein þar sem vakin var athygli á því að Japanar og Íslendingar yrðu allra manna elstir. Í greininni sagði að á ritstjórn blaðsins hefðu menn verið að velta því fyrir sér hvað gæti verið sameiginlegt með þessum tveimur þjóðum. Á endanum höfðu menn komið auga á lausnina, þessar tvær þjóðir væru ekkert að hringla með klukkuna. Reyndar eru Íslendingar og Japanar ekki þeir einu sem kjósa að hafa klukkuna óbreytta allt árið. Mikill meiri hluti sjálfstæðra ríkja heims hefur þennan háttinn á. Stilling klukkunnar er samkomulagsatriði og verður alltaf málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða eins og þegar núverandi skipan var tekin upp og sumartíminn gamli lögleiddur allt árið. Því fylgdu vissir ókostir. Sá helsti var seinna birti á morgnana, einkum vestast á landinu og var það mest áberandi í skammdeginu á Vestfjörðum. Þessir ókostir yrðu enn greinilegri ef tekinn væri upp tvöfaldur sumartími eins og nú er lagt til.

Ég gat um það hér áðan að tímabreytingin mundi raska svefnvenjum manna. Hér hef ég í höndum greinargerð frá Júlíusi K. Björnssyni sálfræðingi, sem ég vildi aðeins fá að vitna í, með leyfi forseta:

„Öll umræðan hefur algerlega litið fram hjá þeirri staðreynd að tímasetningar og sú reglubundna breyting birtu og myrkurs sem á sér stað á hverjum sólarhring er einhver mikilvægasti áhrifavaldurinn í lífi okkar allra. Allar svokallaðar lífklukkur líkamans eru háðar þessum breytingum og þær ráða því hvenær við sofum og vökum, hvenær við erum þreytt og hvenær óþreytt og stjórna getu okkar og hæfni til þess að leysa af hendi þau verkefni sem við fáumst við. Allir sem einhvern tíma hafa unnið vaktavinnu eða þurft að sinna erfiðum og oft krefjandi verkum utan venjulegs vinnutíma þekkja það að slíkt er oft á tíðum mjög erfitt og þreytandi, ekki síst ef um síbreytilegan vinnutíma er að ræða.

Dægursveiflur líkamans eru margs konar, en sú sem hefur einna mest verið rannsökuð er hin reglubundna breyting á hitastigi hans. Þannig er hitastig líkamans hæst um miðjan dag en lægst seinni hluta nætur. Þessar breytingar eru hjá flestum mjög reglulegar og eiga stóran þátt í að ákvarða hvenær menn eru syfjaðir og/eða þreyttir og síðast en ekki síst ákvarða þær hvenær geta þeirra er mest og hæfni. Þessi dægursveifla, ásamt öðrum, stjórnast að miklu leyti af reglulegum breytingum á birtu, skynjaðar í gegnum augun, sem verður til þess að efnið melatónín framleiðist í heilanum í svokölluðum heilakóngli, en þetta efni eða hormón er einn aðaláhrifavaldurinn um það hvenær menn vaka og sofa.

Þegar tímanum er flýtt, eins og þegar er gert hér á land og misræmi skapast á milli klukkunnar og þess hvenær dagur rennur, veldur það því að margir hafa tilhneigingu til þess að vaka lengur að kvöldi og eiga erfiðara með að vakna að morgni. Kannanir hafa verið gerðar á svefnvenjum Íslendinga sem sýna að Íslendingar fara að jafnaði einni klukkustund seinna að sofa en aðrar Evrópuþjóðir og vakna að jafnaði einni klukkustund síðar að morgni en þær. Lífið á Íslandi er því einni klukkustund seinna á ferðinni miðað við klukkuna en annars staðar. Ekki er hægt að kenna neinu sérstöku um nema ef vera skyldi því að hér er klukkan núna rangt stillt miðað við sólargang og hnattstöðu landsins. Þetta misræmi vill Vilhjálmur Egilsson nú auka enn frekar. Kannað hefur verið hér á Íslandi hversu margir eiga í svefnerfiðleikum og hefur komið í ljós að 20–30% Íslendinga eiga erfitt með að sofna á kvöldin og stór hópur á í erfiðleikum með að vakna á morgnana, sérstaklega ungt skólafólk.

Framangreind vandamál munu næstum örugglega aukast enn frekar ef misræmið á milli klukku og sólargangs verður enn frekar aukið. Miklu skynsamlegra væri að fara öfuga leið og seinka klukkunni hér þannig að sem best samræmi yrði á milli hennar og sólargangsins."

Hér lýkur tilvitnun í skrif Júlíusar Björnssonar sálfræðings.

Ég vil að lokum, með leyfi forseta, flytja ljóð sem að mér var rétt og er eftir Piet Hein í þýðingu Helga Hálfdanarsonar. Það heitir Hið rétta land:

Ef klukkan er eitt hjá okkur
þá er hún á Spáni tvö
en átta á Indlandsskaga
og austur hjá Volgu sjö.

Hve gæfan er okkur örlát
sem ekki verðskuldum neitt,
að kjósa' okkur land með þeim kostum
að klukkan er eitt klukkan eitt.

[16:24]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvernig mér á eiginlega að líða eftir að vera búinn að hlusta á hina lærðu ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, sem hefur dregið upp greinar eftir sálfræðinga, kveðskap sem er þýddur af Helga Hálfdanarsyni og fjallar greinilega um málið eftir vísindalega úttekt á því. Ég verð að segja að ég aumur og vesæll flutningsmaður þessa máls vildi aðeins hafa það að leiðarljósi að bæta mannlífið á Íslandi á sumrin, gera okkur þægilegra að lifa hér á þessari norðlægu breiddargráðu og gera okkur a.m.k. kleift að njóta okkar stutta sumars betur en nú, jafnvel þótt ekki sé hægt að flytja landið suður um einhverjar breiddargráður.

Hv. þm. kom hér með ýmsar mótbárur. Margar þeirra snerust fyrst og fremst um það hvað þetta væri erfitt og flókið og hefði slæm áhrif á líðan fólks. Þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning: Hvernig skyldi standa á því að aðrar þjóðir í kringum okkar hafa þetta skipulag? Skyldi engin þessara þjóða eiga sér góðan sálfræðing eða þá skáld eins og þá sem hv. þm. vitnar í? Eða þingmenn eins og hv. þm. Guðmund Hallvarðsson sem forðar þjóðunum frá þeirri miklu ógæfu að taka upp sumartíma.

Ég held að ef við lítum á þetta mál, þá snýst ákvörðun á því hvernig menn haga klukkunni, tímareikningurinn, fyrst og fremst um það hvernig fólk vill haga sínum vinnutíma og sínum frítíma, hvenær það vill njóta birtu og hvenær ekki. Við höfum, eins og hv. þm. gat um, séð það að mörg fyrirtæki opna fyrr á sumrin til þess að geta lokið vinnutímanum fyrr. Það er hins vegar ekki nægilega rúmt svigrúm í þessu efni og ég nefni sem dæmi fyrirtæki sem vilja byrja dagvinnu kl. 7. Þar lenda fyrirtæki í miklum vandræðum vegna þess að barnaheimili opna t.d. ekki fyrr en kl. 8. Vilji fólk stilla sinn eigin vinnutíma af miðað við það að geta notið sumarblíðunnar er það hægara sagt en gert þar sem þjóðfélagið er meira og minna samstillt. Það er ekki ákvörðun sem menn geta með þægilegu móti tekið hver fyrir sig.

Þess vegna vil ég, hæstv. forseti, að þetta frv. nái fram að ganga og vona að hv. þm. geti vaknað sæll og sofið rólegur þegar búið er að taka upp sumartímann, notið góðrar ljóðlistar og þurfi ekki að fara til sálfræðings.

[16:29]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið villandi í umræðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar þegar hann talar um sumartímann. Við höfum þegar tekið upp sumartíma á Íslandi. Hnattstaða okkar er með þeim hætti að klukkan tifar hér eins og annars staðar, sem betur fer. Málið er að við höfum þegar fært klukkuna fram. Og sem betur fer höfum við hætt öllu hringli með hana og tekið upp hinn eiginlega sumartíma sem gildir allt árið. Þegar flutningsmenn tala um sumartíma á Íslandi, tala þeir tungum tveim. Þeir eru að tala um sumartíma í Evrópu en ekki á Íslandi. Hann hefur þegar verið tekinn upp.

Væntanlega ætti ég að geta lifað sældarlífi þegar farið verður að breyta klukkunni, ástundað útilíf og etið glaður lambakjöt af mínu grilli, eins og áður hefur komið fram í flutningi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Skal ég alveg ósagt láta hvort nokkur breyting verði á. En eitt get ég sagt honum. Ég er sá gæfumaður að þurfa ekki að leita til sálfræðings vegna klukkunnar eða vegna skammdegis á Íslandi. Hins vegar kom fram í máli mínu áðan að því miður eru allt of margir sem þurfa þess. Í tilvitnun minni kom einnig fram að sálfræðingar telja að klukkan og það skammdegi sem við búum við hafi veruleg áhrif á sálarlífið.

Ég hef unnið á vinnustað þar sem sífellt þurfti að færa klukkuna til. Það var þegar ég starfaði í kaupskipaflotanum. Ég þekki því mjög vel hve mikil óþægindi eru að þessari sífelldu færslu klukkunnar. Ég er sannfærður um að allur annar tími en sá sem við lifum raunverulega við hvað áhrærir birtu hefur örugglega skaðleg áhrif á mannveruna. Þetta segi ég af því að ég tala af þekkingu og reynslu um þetta mál.

Ég tel ekki að það verði miklu þægilegra að lifa á Íslandi þótt tillagan nái fram að ganga. Ég get ekki ímyndað mér að stræti og torg í Reykjavík iði af lífi vegna þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og aðrir hafi komið því í gegn á Alþingi að tímanum hafi verið breytt. Ég vildi að svo gæti orðið. En flutningsmaður ætti að vita að það getur ekki orðið. Til þess að svo megi verða og Íslendingar geti yfir sumartímann nánast gengið í stuttbuxum og stuttermabol frá vordögum til haustdaga þarf að draga Ísland nokkuð sunnar á hnettinum og klukkan ein og óskhyggja mun ekki leiða til þess.

Vilhjálmur kom inn á að allt önnur fjallasýn yrði hjá því fólki sem býr við þröngan fjallahring í fjörðum og dölum. Mér vefst eiginlega tunga um tönn þegar þetta mál er tekið upp. Ég sé ekki hvernig það á að gerast. Hvað mun gerast svo mjög að fólk muni taka enn frekari gleði upp hvað áhrærir miklu lengri sólargang? Í mörgum fyrirtækjum mætir fólk almennt fyrr til vinnu á sumrin. Það er ekkert óeðlilegt og ef það er til hagræðis þá gera menn það auðvitað. Meginþráðurinn í máli flutningsmanns er að auðvelda verslun og viðskipti við Evrópu. En mér finnst óeðlilegt að ein stétt manna skuli ætla að ofríkja svo að allt landið og miðin skuli lúta óskum þeirra hvað áhrærir hringl með íslenskan staðartíma og klukkuna.

[16:34]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég reiknaði ekki með því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þyrfti nokkuð að huga að sálfræðiþjónustu jafnvel þótt sumartíminn yrði samþykktur. Hins vegar vil ég upplýsa hann um að þrátt fyrir að ég vilji færast ýmislegt í fang varðandi þetta mál hef ég ekki í hyggju að afnema skammdegið og ég tel mig ekki færan um það þrátt fyrir að það virðist vera dálítið heilsuspillandi eftir því sem hann segir.

Að sjálfsögðu fylgja því ákveðnir erfiðleikar að ferðast milli tímabelta og hv. þm. hefur reynslu af því. En sem gamall sjómaður á kaupskipum hefur hann væntanlega líka góða reynslu af því að sjá vítt yfir. Hann hefur ekki verið svo truflaður af því að búa í þröngum dölum eða þröngum fjörðum og kynnast mannlífinu þar. Þar er mörgum býsna mikið vandamál að fólk kemur heim til sín kl. 6–7 á kvöldin og vill kannski eiga notalega kvöldstund úti við, úti á svölum og úti í garði en þá fer sólin ótrúlega fljótt af sjóndeildarhringnum vegna þess að fjöllin eru það há. Fjallasýnin sem slík breytist ekki en hins vegar held ég að mannlíf á slíkum stöðum mundi batna mjög mikið ef sólar nyti lengur fram eftir kvöldi ef tíminn væri stilltur þannig af. Ég hygg að það mundi skapa betri sumarstemningu á þessum stöðum jafnt og hér syðra þar sem þessu er ekki til að dreifa þar sem Esjan skyggir ekki á sólina þegar fer að líða á daginn. Hún kemur af hafi sem betur fer.

Hins vegar hef ég tekið eftir því á undanförnum árum að mannlíf í Reykjavík hefur verið að breytast. Fólk er farið að vilja njóta betur útivistar. Það er að koma upp smávottur af kaffihúsamenningu. Á góðviðrisdögum drífa þeir sem reka veitingastaði borð og stóla út á gangstéttir og götu og fólk er úti við. Ég tel að með því að taka upp sumartímann með þeim hætti sem ég hef lýst væri verið að bæta við þessa skemmtilegu breytingu á mannlífinu. Ég er þess vegna enn ákafari en áður að fylgja málinu eftir.

[16:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kom inn á er ég mjög ánægður með það viðsýni sem mér hefur hlotnast í gegnum starf mitt á árum áður. Hins vegar er það svo mikið að ég sé ókosti við að breyta klukkunni. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði um að nú þegar hefði allt breyst yfir sumartímann, nú væri veitingasala og fleira farin að fara fram úti á strætum og torgum. Það er bara vegna þess að búið er að breyta lögum um veitingahúsarekstur og kannski á sú breyting sem var gerð á áfengislögunum þarna hlut að máli.

Allt um það. Ég vil hafa lokaorð mín í þessu að það er einfaldlega líffræðileg staðreynd að svefn og vaka manna stjórnast af birtu og myrkri.

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur verið hin merkasta umræða og að mörgu leyti athyglisvert þingmál sem hér er á ferð. Ég get vissulega tekið undir með hv. flm. og ræðumanni, Vilhjálmi Egilssyni, að ýmis rök eru fyrir því að það væri a.m.k. til hægðarauka á vissum sviðum að gera þessa breytingu. Hitt er að mínu mati jafnljóst að andmælandinn, sem hér hefur talað, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hefur líka mikið til síns máls. Það er óhagræði af því að hringla með klukkuna og breytingin veldur ýmsum óþægindum í hvert sinn. Það er alveg ljóst. A.m.k. fyrsta kastið meðan menn eru að stilla sig inn á breytinguna.

Ég held að aðalatriði málsins sé að ein mistök mega menn ekki gera í umræðum um þessi mál sem ég óttast þó að jaðri

við að margir geri eins og hv. flm. hagaði máli sínu og það er að láta sér detta það í hug að hægt sé að bæta þessari klukkustund við sólarhringinn. Það er nefnilega ekki það sem gerist þó tekinn sé upp sumartími eins og stundum mætti ætla af rökstuðningi hv. flm., að í reynd séum við að græða einhverja dýrlega, sólríka síðdegisstund með því að breyta klukkunni. Ég hef heyrt sagt frá því að eldri kona í bænum spurði að því á samkomu: Hver er þessi ungi maður sem er að flytja um það tillögur að bæta klukkutíma við sólarhringinn? Þá mun hafa verið átt við hv. þm. Vilhjálm Egilsson því að blessuð gamla konan hafði skilið það svo að þetta væri meiri gæðapilturinn sem ætlaði að bæta við sólarhringinn þessari síðdegisklukkustund þar sem alltaf væri sól og eilíf blíða og menn gætu setið á kaffihúsum eða götuhúsum og sötrað öl eða rauðvín í eilífri sól og sælu. Auðvitað gerist þetta ekki þannig, því miður. Hér er eingöngu spurning um tilfærslu og líf okkar lengist hvorki né styttist við það.

Ég er að öðru leyti frekar hallur undir hitt að við séum að skekkja klukkuna eða tímareikninginn á Íslandi alllangt frá því sem er náttúrulegt ef svo væri komið með tilkomu þessa sumartíma að sól væri ekki í hádegisstað eða hæst á lofti fyrr en klukkan væri að verða þrjú síðdegis vestast á landinu. Það finnst mér verða orðin allmikil bjögun og held að það orki þá stórlega tvímælis hvort ekki væri vænlegra að vera klukkutíma á eftir eins og hér var áður. Þá þarf líka að taka afstöðu til þess eins og hv. þm. vakti athygli á hver eigi að vera hin absalút staðsetning Íslands í tímakvarðanum. Erum við þá í raun og veru á réttri klukkustund ef tekinn væri upp sumartími eða sumarsumartími eins og í reynd væri að gerast miðað við tillögu hv. flm. að stilla Ísland þannig af að það væri aldrei nema klukkustund á eftir tímanum eins og hann er á meginlandi Evrópu þannig að hér er að mörgu að hyggja, herra forseti.

[16:43]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa þakklæti mínu að hv. þm. veki athygli á því að ég hafi ekki lagt það til að bæta heilli klukkustund við sólarhringinn. Það var ekki ætlunin þrátt fyrir að ég sé mikill ákafamaður um það og langi oft til þess eins og hv. þm. veit að það séu 25 eða 26 tímar í sólarhringnum og helst 30 þegar mest á gengur hjá okkur hv. þm. í efh.- og viðskn. En því miður þori ég ekki að ganga svo langt. En ég vona að við getum átt um þetta málefnalega yfirferð í nefnd og vona líka að hv. þm. verði málinu hliðhollur áður en yfir lýkur.

[16:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað óumdeilanlegt að málið mun lenda í afar góðum höndum í efh.- og viðskn. Ég treysti því að þar verði þetta vandlega skoðað. Þetta er mál sem varðar mörg svið þjóðlífsins, ef út í breytingu af þessu tagi er farið. Ég held að það sé augljóst að í meðferð Alþingis á máli af þessu tagi þarf að kappkosta að gefa öllum kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég leyfi mér að vænta þess, herra forseti, að um þetta mál verði býsna skiptar skoðanir. Ég dreg ekki í efa að margir sem sinna viðskiptum og þá sérstaklega við Evrópu geta verið sama sinnis og hv. flm. um að þetta væri til hægðarauka. Aðrir munu hins vegar sjá á þessu ýmis tormerki. Ég leyfi mér t.d. að efast um að skólastjórnendur og ýmsir aðrir slíkir verði hrifnir af þessari breytingu um miðjan vetur, ef svo færi að við tækjum upp sumartíma og breyttum klukkunni á sama tíma og tilskipun Evrópusambandsins gerir ráð fyrir.

Það er líka athyglisvert og skemmtilegt að hér eru meðmælendur og andmælendur úr sama flokki. Það sýnir okkur að þetta er ekki mál sem þarf endilega að leggjast í flokkspólitíska farvegi. Ég vænti þess að um þetta geti áfram orðið lífleg skoðanaskipti þar sem ýmis rök með og á móti eigi við og fái vonandi að koma fram og njóta sín. En málið er þess eðlis að það er fullkomlega eðlilegt að það sé tekið fyrir og skoðað og reynt að ganga úr skugga um það hvort meirihlutavilji eða nógu gild rök standi til þess að ráðast í breytingar af þessu tagi eða ekki. Ég kannast í sjálfu sér ekki við að okkur sé neinn stórkostlegur vandi á höndum að búa við óbreytt ástand eða það fyrirkomulag sem verið hefur nú um nokkurt árabil. En það er ekki þar með sagt að ekki megi kanna það að gera þessa breytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 226. mál. — Þskj. 307.

[16:47]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fæðingarorlof. Flm. eru auk mín aðrar þingkonur Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta semja frumvarp til laga um fæðingarorlof sem byggist á eftirfarandi markmiðum:

að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði,

að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði í áföngum,

að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlofið á lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali,

að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu,

að tryggja feðrum sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns, sem ekki skerðir fæðingarorlof móður,

að fæðingarorlof verði lengra eftir fjölburafæðingu,

að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra,

að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs þannig að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri, greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald."

Loks er mælt með því að þessi nefnd stefni að því markmiði að bæta kjör foreldra í fæðingarorlofi þannig að launþegar haldi launum sínum úr fæðingarorlofssjóði. Að auki greiði Tryggingastofnun ríkisins áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér. Þetta eigi við um fæðingar allra barna.

Í greinargerð er rakið hvernig löggjöf um fæðingarorlof hefur þróast hér á landi og hvernig hún er í samanburði við löggjöfina á Norðurlöndum. Í greinargerðinni segir m.a.:

Núverandi löggjöf um fæðingarorlof er um margt ófullnægjandi enda hefur endurskoðun á henni staðið til á undanförnum árum. Árið 1974 var samþykkt frumvarp sem tryggði konum sem „forfölluðust frá vinnu" atvinnuleysisbætur í 90 daga. Fram að þeim tíma höfðu aðrar konur en þær sem voru opinberir starfsmenn aðeins átt rétt á ákveðinni lágmarksupphæð í fæðingarstyrk við fæðingu barns. Árið 1980 var umsjón greiðslna í fæðingarorlofi flutt frá Atvinnuleysistryggingasjóði til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar. Sama ár var öllum konum tryggður lágmarksréttur til fæðingarstyrks. Árið 1987 var greiðslum skipt upp í fæðingarstyrk annars vegar, sem er óháður atvinnuþátttöku, og fæðingardagpeninga hins vegar, sem miðast við vinnuframlag. Jafnframt voru greiðslur í fæðingarorlofi lengdar fyrst í fjóra mánuði en í áföngum upp í sex mánuði árið 1990. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá greidd laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi í stað greiðslna frá Tryggingastofnun. Í stuttu máli má segja að hér á landi sé þrenns konar kerfi við lýði. Það er háð atvinnuþátttöku og vinnuveitanda hver réttarstaðan er (lög um fæðingarorlof 57/1987; lög um almannatryggingar 117/1993).

Haustið 1989 var skipuð nefnd sem átti að fjalla um breytingar á lögum um fæðingarorlof. Sú nefnd samdi frumvarp sem aldrei var lagt fram. Þar var lagt til að greiðslur í fæðingarorlofi yrðu ákveðið hlutfall af tekjum, eða 80%. Opinberir starfsmenn voru á móti frumvarpinu, m.a. vegna þess að þeir töldu að það hefði leitt til skerðingar á kjörum þeirra og því verið skref aftur á bak.

Á árunum 1983–1987 lögðu kvennalistakonur í þrígang fram frumvarp um að lengja fæðingarorlof úr þremur mánuðum í sex sem ekki fékkst samþykkt. Árið 1987 var hins vegar samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði í áföngum. Á árunum 1990–1994 lögðu kvennalistakonur þrívegis fram frumvarp um lengingu fæðingarorlofs í níu mánuði. Það frv. hefur ekki hlotið framgöngu en flest eða öll markmið þess eru tengd inn í þessa þáltill. nú.

Ef litið er til Norðurlandanna er fæðingarorlof styst á Íslandi og í Danmörku eða sex mánuðir, sjö mánuðir í Noregi, níu mánuðir í Finnlandi og tólf mánuðir í Svíþjóð. Greiðslufyrirkomulagið er einnig með ólíkum hætti. Í Danmörku fá launþegar full laun, í Noregi og Finnlandi er greidd sama upphæð og ef um sjúkradagpeninga væri að ræða og í Svíþjóð eru greidd 90% af launum. Á Íslandi eru greiðslur vegna fæðingarorlofs háðar atvinnuþátttöku og vinnuveitendum. Þetta yfirlit sýnir að annars vegar er litið á fæðingarorlof sem hluta af bótagreiðslum almannatrygginga en hins vegar er litið á það sem samningsbundinn rétt launþega til að halda launum sínum á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Á Íslandi er þessum aðferðum blandað saman, eins og áður var sagt. Öll umræða um að konur eða foreldrar njóti sömu réttinda þarf að taka á því hvort verið er að greiða fólki fyrir að eignast börn óháð atvinnuþátttöku eða hvort atvinnuþátttaka og laun á vinnumarkaði móta réttarstöðuna og greiðslurnar. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi en ekki greiðslur frá Tryggingastofnun. Þær konur, sem starfa hjá ríkinu, halda launum sínum óskertum fyrstu þrjá mánuði fæðingarorlofs en fá eftir það grunnlaun. Þær hafa einnig rétt til að lengja fæðingarorlofið með því að vinna hluta úr degi.

Þetta á hins vegar ekki við um feður. Fjármálaráðuneytið túlkar lögin þannig að karlar sem vinna hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi. Eiginmenn kvenna, sem eru ríkisstarfsmenn, eiga heldur ekki rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun. Þannig hafa ríkisstarfsmenn í raun takmarkaða möguleika til þess að skipta greiðslum í fæðingarorlofi milli foreldra. Kærunefnd jafnréttismála hefur a.m.k. tvisvar fengið kæru vegna þessa og einu sinni hefur mál af þessu tagi farið fyrir Jafnréttisráð. Í áliti kærunefndar Jafnréttisráðs frá því 10. september 1993 segir m.a.: „Með framkvæmd almannatryggingalaganna stendur stór hluti feðra ... án nokkurs réttar til greiðslna, taki þeir fæðingarorlof og eru beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir." Í niðurstöðum sínum beinir kærunefndin þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það „hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til að þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi".

Ekki hafa enn verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að tryggja þessi réttindi feðra. Formlega geta feður fengið greiðslur í fæðingarorlofi í allt að fimm mánuði með leyfi móður, en það skerðir fæðingarorlofsgreiðslur til hennar sem því nemur. Árið 1993 fengu 5.499 konur greiðslur frá Tryggingastofnun í fæðingarorlofi en 17 karlar. Árið 1994 voru konurnar 5.286 en karlarnir 16. Og fyrstu fjóra mánuði þessa árs fengu tveir feður greiðslur frá Tryggingastofnun en 2.656 mæður.

Reynsla annars staðar á Norðurlöndum sýnir að hægt er að hafa áhrif í þessu mikilvæga jafnréttismáli ef lög og reglur eru hönnuð með jafnrétti fyrir augum. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga þann kynbundna launamun sem enn ríkir. Ef einstaklingar halda ekki launum sínum í fæðingarorlofi má búast við að það foreldrið sem er tekjulægra nýti allt fæðingarorlofið nema það sé bundið við báða foreldra og nýtist ekki til fulls nema báðir foreldrar taki sinn hluta. Fáir sænskir feður fóru t.d. í fæðingarorlof fyrr en lögin urðu þannig að þeirra hluti nýttist ekki nema þeir tækju hann. Reynslan frá Svíþjóð sýnir einnig að feður taka frekar leyfi eftir að barnið er orðið sex mánaða. Þá eru ekki meðtaldir svokallaðir pabbadagar sem eru 1–2 vikur eftir fæðingu í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi og eru eingöngu ætlaðir feðrum. Á svipaðan hátt taka nú yfir 50% danskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja áherslu á að við endurskoðun núverandi laga um fæðingarorlof sé nauðsynlegt að taka inn þau atriði sem áðurnefnd frumvörp kvennalistakvenna tóku til. Flutningsmenn leggja einnig mikla áherslu á nauðsyn þess að tryggja mun betur rétt beggja foreldra til töku fæðingarorlofs, m.a. sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Það er mat flutningsmanna að á meðan kynbundinn launamunur er eins mikill og raun ber vitni verði slíkt ekki gert með því að heimila feðrum að taka hluta af leyfi móður. Það er nauðsynlegt að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs. Eins er nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi á greiðslum í fæðingarorlofi þannig að stefnt verði að því að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi. Hér er lagt til að feður fái tveggja vikna fæðingarorlof eftir fæðingu sem sé óháð fæðingarorlofi móður. Í heild fái feður þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs sem einungis þeir geti nýtt.

Raunhæfasta leiðin til að tryggja að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi og sú sem hér er lögð til er að stofna sér-

stakan fæðingarorlofssjóð sem allir atvinnurekendur greiði í rétt eins og sjúkra- og lífeyrissjóði. Sjóðurinn standi síðan undir greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi en ekki viðkomandi atvinnurekandi. Miðað við fæðingartíðni er ekki óraunhæft að miða sjóðsgjöldin við það að hver starfsmaður taki 9–12 mánaða fæðingarorlof einu sinni á starfsævi, þ.e. að „meðalhjón" fái fæðingarorlof fyrir tvö börn. Þá er átt við það að sumir ættu eitt barn og aðrir fleiri. Meðaltalan er þó miðuð við tvö börn á hjón. Þannig mætti tryggja að allir einstaklingar óháð kyni geti tekið fæðingarorlof án launaskerðingar sem foreldrar skipti með sér með ákveðnum takmörkunum. Þetta fyrirkomulag ætti að tryggja jafnan rétt og skyldur beggja foreldra til að taka fæðingarorlof og annast börn sín í frumbernsku og að tekjur fólks breytist ekki verulega til hins verra vegna töku fæðingarorlofs. Þá er lagt til að Tryggingastofnun greiði áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér. Þær greiðslur eiga að sjálfssögðu við fæðingar allra barna.

Veruleg umræða um fæðingarorlof á sér nú stað í velflestum OECD-landanna í kjölfar vaxandi atvinnuþátttöku kvenna á öllum sviðum og þeirrar kröfu að foreldrar sitji við sama borð varðandi réttindi og skyldur til fæðingarorlofs. Stórfyrirtæki og atvinnurekendur sýna málinu yfirleitt mikinn áhuga því að mikið er í húfi, ekki síst þegar um sérhæfðan mannafla er að ræða. Það er víðar en hér á landi sem fæðingarorlofskerfið hefur ekki þróast í takt við breytingarnar á samfélaginu. Ekki verður lengur unað við ríkjandi ástand og því er þessi tillaga flutt.

Ég hef nú lokið tilvísun í greinargerðina en ég vil að lokum nefna að við flutningskonur þessarar tillögu fögnum því að hæstv. heilbrrh. hefur skipað nefnd til að endurskoða lögin um fæðingarorlof. Við vonumst til að þau sjónarmið sem koma fram í þessari þáltill. verði höfð að leiðarljósi við endurskoðun nefndarinnar.

Mikilvægur útgangspunktur þessarar þáltill. er sá að við erum mjög meðvitaðar um mikilvægi fyrsta æviársins í þroska barnsins og þau mikilvægu tengsl sem þá skapast milli foreldra og barns. Þessi tengsl verða gjarnan grundvöllur allra tengsla barnsins síðar á ævinni. Þá er það sjónarmið ráðandi í þessari tillögu að ekki eigi að greiða fólki beint fyrir að eignast börn heldur að fólk hafi óbreytt laun á meðan það er í fæðingarorlofi. Þetta fyrirkomulag ætti að hvetja, ef eitthvað er, ungt fólk til að fresta barneignum þar til það er komið á vinnumarkað og hefur skapað sér betri rétt til töku fæðingarorlofs á fullum launum. Það væri vel ef það drægi úr ótímabærum fæðingum ungra stúlkna sem hér eru tíðari en í velfelstum nágrannalanda okkar.

Þá er hér markvisst unnið að því að jafna aðstöðu beggja foreldra og að jafna aðstöðumun þann sem nú er til staðar eftir því hvort unnið er hjá hinu opinbera, bönkum eða annars staðar.

Ég vil að lokum fagna því að BSRB ályktaði nýlega um fæðingarorlof og þar er sérstaklega mælt með, eins og gert er í þessari tillögu, að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður, að fæðingarorlof verði lengt og sjálfstæðum rétti feðra til töku fæðingarorlofs. Því er það von mín að þau sjónarmið sem hér hafa verið reifuð verði tekin til greina í þeirri nefnd sem hæstv. heilbrrh. hefur nú þegar skipað til að endurskoða lög um fæðingarorlof.

[17:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á dagskrá þingsins eru tvö mál sem eðlilegt er að fjalla um saman. Frv. um fæðingarorlof og frv. um fæðingarorlof feðra. Ég ætla að leyfa mér í máli mínu að koma inn á þessi mál svona eins og passar.

Umræðan um fæðingarorlof er mikilvæg í umfjöllun um réttindi á vinnumarkaði, um að efla jafnrétti kynjanna og um að sameina vinnu- og fjölskyldulíf. Fyrst og síðast er þessi umræða þó mikilvæg sem umhyggja fyrir nýfæddu barninu sem á að eiga þann rétt að búa við öryggi, ástúð og nánd við ástvinina, foreldrana, á þessu fyrsta æviskeiði.

Of lítið er fjallað um mikilvægi þess að ungbarn eigi þess kost að búa við hlýjan móður- eða föðurarm á mótandi tilfinningaskeiði. Mamma á sinn rétt og pabbi á líka sinn rétt en litla barnið á mesta réttinn. Með tilurð karlanefndar Jafnréttisráðs breyttist umræðan talsvert og varð opnari og frjálsari af hálfu karla og ýtti rækilega við umræðunni í samfélaginu sem talar svo fallega um fjölskyldumál en tekur fremur fátækleg skref í átt að auknum lífsgæðum launafólks. Með auknum lífsgæðum launafólks er ekki átt við laun eða afkomu heldur betri sameiningu vinnu og fjölskyldulífs. Við þekkjum betur umræðuna um kvennabaráttu. Það er viðurkennda umræðan. En efni kvennabaráttu verður hins vegar alls ekki aðskilin frá stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar. Ég minni að því tilefni á tillögu um stefnumörkun í fjölskyldumálum sem félmn. er með til umfjöllunar um þessar mundir og hefur verið að taka við umsögnum um. Þær umsagnir eru allar afar jákvæðar og undirtektir umsagnaraðila góðar. Þær lúta einmitt að auknum lífsgæðum fólks. En við búum enn þá við þær andstæður í okkar þjóðfélagi að annaðhvort helga menn sig vinnunni eða menn helga sig fjölskyldunni. Enn sem komið er hefur gengið fremur erfiðlega að tengja þessi verkefni.

Við skoðum gjarnan hvað er á döfinni annars staðar og framsögumaður með þessu máli fjallaði einmitt mjög vel og ítarlega um stöðu mála á Norðurlöndunum. Við lítum til nágrannalanda okkar varðandi ýmis réttindamál. Fæðingarorlof og viðhorf til þess er allt annað á Norðurlöndum en hér heima. Hér heima eru konur oft álitnar ótryggari vinnukraftur. Fæðing, lasleiki, veikindi barns og vökunætur, allt virkar þetta neikvætt þegar litið er á konuna sem vinnukraft, konu á barneignaraldri. En við lítum líka til nágrannalandanna og Norðurlandanna um önnur réttindamál.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að koma örlítið inn á þau mál. Fyrir stuttu var ég á fundi norrænna jafnaðarmanna þar sem fjallað var um réttindamál á vinnumarkaði. En þeir fundir eru sameiginlegir fundir jafnaðarmanna og forustumanna launþegasamtaka. Þar var einmitt verið að fjalla um það að berjast ætti fyrir því að taka réttindamál launþega inn í alþjóðaviðskiptasamninga ekki síst með hagsmuni launafólks í fyrrum austantjaldslöndum og launafólks í þriðja heiminum að leiðarljósi. Hvaða réttindamál voru það sem átti að reyna að koma á í alþjóðaviðskiptasamningum þarna fyrir austan? Það voru réttindi sem byggja á samþykktum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, svonefndum ILO-samþykktum. Það var sérkennileg tilfinning að gera sér grein fyrir því að það sem þarna þótti svo sjálfsagt að reyna að koma á í fyrrum austantjaldslöndum og þriðja heims löndum voru ákvæði sem ekki hafa náð inn í réttindi launþega hér á landi. Sem ekki hafa náð inn sem réttindi launþega hér á landi.

Þar má t.d. nefna ILO-samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem ég hef leyft mér að flytja hér inn í þingið sem þingmannatillögu. Þannig er hjá okkur að við höfum látið okkur nægja að vera með þríhliða nefnd aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytis um þessi mál en stjórnvöld hér á Íslandi hafa almennt ekki markað sér stefnu í vinnumarkaðsmálum og tekið á málum óháð því hvort samkomulag er í þessum nefndum. Það hefur gert það að verkum að í raun hafa vinnuveitendur haft neitunarvald í þessum mikilvægu málum.

En hvað ætli sé að gerast í málefnum foreldra á vinnumarkaði almennt í Evrópu? Margir muna að þrátt fyrir alla umræðu um annað þá komu margvísleg félagsleg réttindi inn í okkar löggjöf með samningnum um EES. Mig langar að nefna það. Mér hefur borist lítið hefti með frásögn sem heitir Sameining vinnu og fjölskyldulífs. Þar segir:

„Þrenn samtök vinnuveitendasamtaka og launþegasamtaka í aðildarlöndum Evrópusambandsins hafa samþykkt að koma með tillögu til framkvæmdastjórnarinnar um það hvernig hægt sé að hrinda í framkvæmd áætlun til að auðvelda launþegum að sameina betur fjölskyldulíf og vinnu. Sambandið sendi fyrirspurn til samtaka atvinnurekenda og launþega í Evrópusambandinu um hvort einhver slík áætlun væri á prjónunum og af viðbrögðum mátti sjá að málið er þegar á góðum rekspöl. Ekki sem lagasetning heldur sem sjálfstæður samningur milli þessara aðila. Reyndar var gefin níu mánaða frestur til þess að koma með tillögu til sambandsins".

Við, í félmn. Alþingis, vorum á fundi hjá ASÍ fyrir viku síðan. ASÍ er þátttakandi í nefndarstarfi Evrópusambands verkalýðsfélaga. Þar kom fram að það var gerð samþykkt um það sennilega 6. nóvember hjá Evrópusambandi verkalýðsfélaga og Evrópusambandi atvinnurekenda að búa til rammasamning um réttindamál launþega. Þar er einmitt komið inn á þau mál sem hér eru til umfjöllunar. Ég ætla mér, virðulegi forseti, að geta þeirra.

Það eru Evrópusamtök atvinnurekenda, Evrópusamtök sjálfseignastofnana með ríkisaðild og Evrópusamtök verkalýðfélaga sem gera með sér rammasamninginn sem er í mörgum liðum. Ég hef því ekki tíma til að gera honum skil öðruvísi en að stikla á örfáum atriðum sem mér sýnast merkileg. Í þessu samkomulagi eru skilgreindar lágmarkskröfur sem ætlað er að stuðla að því að foreldri á vinnumarkaði geti samræmt skyldur sínar gagnvart fjölskyldu og vinnumarkaði. Samkomulagið veitir öllu launafólki, körlum og konum, einstaklingsbundinn rétt til að taka sér foreldraorlof í minnst þrjá mánuði vegna fæðingar eða ættleiðingar barns svo fremi að viðkomandi geti annast barn sitt. Þetta á að vera óframseljanlegur réttur einstaklingsins og til viðbótar fæðingarorlofi heima fyrir.

Það er merkilegt fyrir okkur sem höfum tekið svo fá skref í þessum efnum að sjá að í sambandi sem horft er til með ugg og jafnvel óhugnaði er verið að taka á réttindamálum langt fram yfir það sem við höfum náð hér á landi. Þetta ákvæði byggir á Maastricht-ákvæðinu. Og þó ég sé ekki talsmaður Evrópusambandsins þá er ég talsmaður þess að við eigum ævinlega að líta með opnum huga á það sem gott er og af hverju sé ávinningur. Þann ávinning höfum við hlotið með EES-samningnum að ákvæði sem þetta tekur gildi tveimur árum eftir að það hefur verið staðfest. Og það er búist við staðfestingunni um mitt þetta ár.

Þannig er það að reglur verða settar um það hvort foreldri eigi rétt á þriggja mánaða orlofi vegna fæðingar eða ættleiðingar og það ákvæði getur gilt allt að átta ára aldri barnsins. Eins og ég sagði er þetta sjálfsagður réttur. Verði ráðherraráðið samþykkt þessu ákvæði sem allt bendir til miðað við það sem þegar hefur verið rætt, verðum við skuldbundin á sama hátt og ríki Evrópusambandsins eftir tvö ár til að taka þessi ákvæði inn í okkar samninga á vinnumarkaði eða inn í okkar löggjöf. Þá kemur e.t.v. að því að við þökkum fyrir það að fá eitthvað gott að utan þegar reyndin er sú að okkur gengur svo hörmulega seint að ná réttindum sem svo sjálfsögð eru annars staðar.

Að lokum örlítið um ástandið hér. Þó réttur feðra til fæðingarorlofs sé takmarkaður, er hann þó til. Á sínum tíma gerði launanefnd sveitarfélaga heildarsamning við sveitarfélögin, svokallaðan Akureyrarsamning sem á sínum tíma gilti til þriggja ára. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég á eina og hálfa setningu eftir. Þau sveitarfélög sem sömdu við launanefndina, þ.e. flest stóru sveitarfélögin nema Reykjavík og að ég held Siglufjörður og Akranes ef ég man rétt, sömdu um rétt feðra til tveggja mánaða fæðingarorlofs á launum. Það er ekki sjálfstæður réttur en hluti af orlofi þar sem orlof móður styttist.

Þetta eru mjög mikilvæg mál, virðulegi forseti, sem tekin eru til umræðu og ég styð þau því ég harma hversu seint hefur gengið. Það virðist sem þessum málum hafi þokað hægt óháð því hvaða flokkur er við stjórn. Í þessum efnum verðum við konurnar og nú karlarnir að taka saman höndum og hreyfa þeim til þess að við verðum ekki fyrir þeirri hneisu að okkur verði færður þessi réttur að utan.

[17:15]

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að byrja á að lýsa vonbrigðum mínum með fálæti hv. þm. Ég óttast að það sé fálæti um að kenna hve fáir eru viðstaddir. Kannski er það þessi mikla nútímatækni sem veldur þessu fámenni því að nú höfum við tækifæri til þess að fylgjast með umræðum frá skrifstofum okkar. En það hefur þann ókost í för með sér að þá geta þeir sem vilja beina máli sínu til þingmanna ekki horft beint framan í þá og hafa heldur ekki hugmynd um hvort þeir eru þar eða ekki. Við erum að ræða mjög merkilegt mál og það er afleitt að ekki skuli vera fleiri til þess að tjá sig um það.

Það er kannski ekki ástæða til þess svo sem að bæta miklu við ítarlega og upplýsandi framsögn hv. 1. flm. en þó langar mig að fara um þetta mál örfáum orðum. Ég vil í upphafi leggja áherslu á hvað hér er um mikilvægt mál að ræða, mál sem verðskuldar góða og vandaða umfjöllun eins og auðvitað öll mál sem koma fyrir hv. Alþingi. En að mínu mati þetta kannski umfram flest önnur. Við erum að tala um hvernig við viljum tryggja börnum okkar sem besta umönnun fyrstu ævimánuði þeirra, einmitt þann tíma sem getur skipt sköpum fyrir allt þeirra líf. Sá margtuggði málsháttur að lengi býr að fyrstu gerð á svo sannarlega við í þessu tilefni og kannski hvergi betur. Kvennalistinn hefur allt frá upphafi lagt mikla áherslu á úrbætur í þessu efni eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni og hv. 1. flm. lýsti. Fyrsta frv. Kvennalistans á fyrsta þinginu sem við sátum var einmitt um lengingu fæðingarorlofs. Það var flutt ítrekað allt það kjörtímabil og átti vissulega sinn þátt í þeim breytingum sem gerðar voru fyrir kosningarnar 1987 eins og rakið er í greinargerðinni.

Hér eru svo enn lagðar fram hugmyndir og tillögur um breytingar á lögum um fæðingarorlof sem vonandi verða

nýttar. Þær eru um margt nýstárlegar og þurfa sjálfsagt sinn tíma til að öðlast skilning og viðurkenningu. Sem fyrr er það vitaskuld velferð barnsins sem mestu skiptir en jafnframt er rétt að ítreka og vekja enn og aftur athygli á þeirri áherslu sem hér er lögð á þátt feðra í fæðingu og umönnun barns á fyrstu ævimánuðum þess. Það er mál sem er verulega brýnt að taka á og þolir í rauninni ekki bið. Ég vil af þessu tilefni fagna fram kominni tillögu þeirra hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Steingríms J. Sigfússonar sem verður væntanlega mælt fyrir á eftir. Það er nú svo gleðilega komið að feður hafa í sívaxandi mæli áhuga á að taka þátt í því undri og ævintýri sem það er að eignast nýtt líf og annast það. Viðhorfin hafa gjörbreyst í þessu efni og margir ungir foreldrar hafa raunverulegan áhuga á því að feður komi meira við sögu. En þeim er svo sannarlega ekki gert auðvelt fyrir. Það er nánast ekki mögulegt fyrir aðra feður en námsmenn eða atvinnuleysingja að gera það nema þeir séu svo lánsamir að geta tekið sumarfríið sitt sem eins konar fæðingarorlof. Þetta ástand er engan veginn nógu gott. Ef mönnum er alvara í því að gera ungum feðrum eða feðrum yfirleitt kleift að gegna hlutverki sínu, þarf að skoða og ræða hugmyndir eins og þær sem koma fram í tillögu okkar kvennalistakvenna. Menn staldra alltaf við kostnaðarhlið málsins þegar rætt er um lengingu fæðingarorlofs og aukin réttindi foreldra. Það blasir við að stærsti þröskuldurinn í vegi fyrir því að feður taki fæðingarorlof, þ.e. þeir sem á annað borð hafa rétt til þess, er hversu fæðingarorlofsgreiðslurnar eru lágar. Fá heimili þola það hreinlega að tekjurnar lækki svo mjög sem við blasir ef karlar á skikkanlegum launum fá í staðinn þær fæðingarorlofsgreiðslur sem í boði eru. Þessar lágu greiðslur eru reyndar líka konum fjötur um fót. Sjálfsagt gætu flestir viðstaddra nefnt dæmi þess að konur í góðu starfi og á sæmilegum launum treysta sér varla í barneignir eða hugsa sig alltént vel um áður en þær skipuleggja barneignir. Þessi mál verða ekki leyst nema með einhverju nýju fyrirkomulagi. Það fyrirkomulag er lagt til með tillögunni sem hér er til umræðu, að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald, svona rétt eins og þeir greiða í aðra sjóði, sjúkrasjóði og lífeyrissjóði, þ.e. í gegnum tryggingagjaldið.

Við sem flytjum þetta þingmál gerum okkur mætavel grein fyrir því að atvinnurekendur verða ekkert yfir sig hrifnir, a.m.k. sennilega ekki karlkynsstjórnendur stórra, mannmargra fyrirtækja. Þeir munu sennilega líta á þetta eingöngu sem enn einn kostnaðarþáttinn. En svo er auðvitað alltaf með mál af þessu tagi. Við verðum að finna leið til þess að fjármagna betra líf fyrir börnin okkar og fyrir fjölskyldulíf yfir höfuð. Við skulum ekki gleyma því að þjóðfélag okkar tekur býsna mikið mið af þörfum atvinnulífsins og þær eru hreint ekkert fáar og smáar krónurnar sem færðar hafa verið til atvinnulífsins úr vösum og buddum almennings. Atvinnulífið hagnast ekki síður en einstaklingar og fjölskyldur á því að tryggja sómasamleg kjör foreldra ungra barna. Það er hagur okkar allra og ég vil leyfa mér að vona að þessar hugmyndir sem hér koma fram verði skoðaðar með opnum huga og áhuga.

[17:23]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni um leið og ég læt í ljós vonbrigði yfir að þeir urðu ekki fleiri en raun varð á. Einkum og sér í lagi sakna ég þess að hæstv. heilbrrh. hefur ekki verið í salnum og sá ekki ástæðu til þess að taka þátt í umræðunni, ekki síst vegna þess að hún vinnur nú að þessu máli. Vonandi tekur hún mið af þeim viðhorfum sem hér hafa verið sett fram.

Kvennalistinn hefur eins og fram kom í máli mínu áðan látið sig fæðingarorlof varða alveg frá upphafi. Þó að tillögur hans hafi ekki verið samþykktar eða þau frumvörp sem hann hefur lagt fram, þá hafa þau sjónarmið sem Kvennalistinn hefur staðið fyrir smám saman orðið ofan á. Það er vissulega von mín að svo verði einnig varðandi þau mál sem hér eru reifuð. Það er ljóst að nú virðist vera að myndast mjög víðtæk samstaða um þau sjónarmið sem hér eru reifuð.

Ég vil að lokum leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof feðra, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og SJS, 228. mál. — Þskj. 309.

[17:25]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Um þessar mundir fer fram á vegum ríkisstjórnarinnar endurskoðun á lögum um fæðingarorlof og er þessi till. til þál. sett fram til að fá umræðu um málið á Alþingi og til þess að í ljós komi vilji þingsins um stefnumótun á þessu sviði. Það er ánægjuefni ef vilji reynist vera hjá stjórnvöldum til að gera ýmsar breytingar á lögum um fæðingarorlof með það fyrir augum að treysta og bæta fæðingarorlofið og þar með rétt barna til samvista við foreldra sína á fyrsta æviskeiðinu. Þannig má hiklaust líta á lengingu fæðingarorlofs sem aukin réttindi barna og fjölskyldunnar almennt. Hins vegar verður að segjast að skipunarbréf nefndarinnar sem vinnur að endurskoðuninni lofar ekki beint góðu því þar er sérstaklega tekið fram að breytingartillögur mættu ekki hafa í för með sér kostnaðarauka frá því sem nú er.

Spurningin er svo aftur sú hvað það kemur til með að kosta þjóðina þegar til lengri tíma er litið að vanrækja að hlúa að fjölskyldunni og uppeldi barna.

Þessi till. til þál. sem hér er talað fyrir er einskorðuð við fæðingarorlof feðra, þ.e. að feðrum verði tryggður réttur til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns. Hvað réttindi feðra til fæðingarorlofs snertir stöndum við öðrum Norðurlandabúum langt að baki. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa farið þá leið að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs óháðan rétti móðurinnar enda hefur það sýnt sig að eftir að sjálfstæður réttur feðra kom til sögunnar tóku þeir fyrst við sér og fóru að axla þá ábyrgð að sinna ungum börnum sínum heima við í fæðingarorlofi.

Í Danmörku hafa feður rétt á 14 daga sjálfstæðu fæðingarorlofi á fyrstu 14 vikum eftir fæðingu barns. Árið 1991 nýttu 55% feðra sér þennan rétt. Finnskir feður eiga rétt á sex daga sjálfstæðu fæðingarorlofi og norskir feður eiga rétt á leyfi frá vinnu í tvær vikur í tengslum við fæðingu barns. Sá réttur er háður því að móðirin vinni utan heimilis. Í Svíþjóð hafa feður sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs, tvær vikur í tengslum við fæðingu og fjórar vikur sem falla niður ef faðir nýtir sér ekki réttinn. Með öðrum orðum, um er að

ræða sjálfstæðan rétt óháðan rétti móðurinnar. Sé litið til tölfræðilegra upplýsinga og árið 1991 tekið sem dæmi, kemur í ljós að við hálfs árs aldur barnsins höfðu 25% feðra tekið að meðaltali 23 daga fæðingarorlof. Þegar barnið var orðið ársgamalt var meðaltalið komið upp í 53 daga fæðingarorlof hjá 39% feðranna. Fram til ársloka 1992 hækkuðu þessar tölur upp í 45,5% feðra og 63 daga. Þetta segir okkur að feðrum sem tóku fæðingarorlof fór fjölgandi, einnig eftir að barnið var orðið ársgamalt. Þessar tölur frá Svíþjóð sýna að feðurnir nýttu sér flestir réttinn til fæðingarorlofsins eftir að barnið var orðið hálfs árs gamalt.

Í tillögum karlanefndar Jafnréttisráðs, sem birtar eru sem fskj. með þáltill., er lögð áhersla á sveigjanleika í töku orlofs, til að mynda að dreifa megi því á tvö ár. Er í því sambandi bent á að erlendar kannanir sýni að sveigjanleiki skipti miklu máli til að fá feður til að taka fæðingarorlof. Karlanefnd Jafnréttisráðs telur að stefnt skuli að lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði og verði fjórir mánuðir bundnir föður, fjórir móður en fjórum geti foreldrar skipt eftir hentugleikum. Það er hins vegar lágmarkskrafa að feður fái tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns. Fjölskyldunni veiti ekki af þessum tíma meðan verið er að finna tilverunni nýjan takt, eins og komist er að orði í greinargerð karlanefndar Jafnréttisráðs.

Í greinargerð með þeirri tillögu til þál. sem hér er flutt segir svo aftur í þá veru að réttur feðra til tveggja vikna fæðingarorlofs sé fyrsti áfanginn á lengri leið. Fram til þessa hafa feður haft takmörkuð tækifæri til að vera samvistum við börn sín þegar þau eru mjög ung og eru á þessu ýmsar skýringar. Augljósasta ástæðan er sú að þar sem réttur til fæðingarorlofs er ekki aðgreindur liggur nánast í augum uppi að fyrstu daga og vikur er konan bundin yfir barni sínu. Með tveggja vikna sjálfstæðum rétti karla til launaðs orlofs í kringum fæðingu er stuðlað að því að fjölskyldan geti verið saman. Þetta er með öðrum orðum fjölskylduvæn stefna og þetta snýst um réttindi barna og þann rétt þarf að treysta hér á landi. Hér að framan voru nefndar samanburðartölur frá Norðurlöndum en sé litið á tölur frá Íslandi, þar sem feðrum hefur ekki verið tryggður sjálfstæður réttur, fengu aðeins 17 íslenskir feður greidda fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi árið 1993 en sama ár fékk 5.501 móðir greiddan fæðingarstyrk.

Ein og eflaust nokkuð veigamikil ástæða fyrir því að karlar taka ekki fæðingarorlof er fjárhagsleg. Þegar á heildina er litið eru konur tekjulægri en karlar. Sé litið á málin út frá fjárhagnum einum er hægstæðara í peningalegu tilliti að konan hverfi úr launavinnu um sinn en karlinn. Sé hins vegar svo búið um hnúta að um takmarkaða tekjuskerðingu yrði að ræða og réttur til fæðingarorlofs væri aðeins að litlu leyti skiptanlegur heldur sjálfstæður fyrir hvort foreldri sanna dæmin erlendis frá eins og áður er að vikið að karlar snúa við blaðinu í þessu efni. Í rauninni snertir þetta mál réttindi allrar fjölskyldunnar, barnsins, föðurins og móðurinnar en einnig leikur ekki á því vafi að fæðingarorlof feðra mun stuðla að jafnrétti á milli kynjanna á vinnumarkaði.

Vitað er að margir atvinnurekendur líta á konur á barneignaraldri sem eins konar áhættuhóp. Atvinnurekendur hafa þann möguleika án efa í huga við ráðningu nýrra starfskrafta hvort líkur séu á því að viðkomandi einstaklingur verði fjarverandi vegna ungra barna og ætla má að hið sama sé uppi á teningnum þegar stöðuhækkanir eru til skoðunar. Axli feður þá ábyrgð að sinna börnum sínum í fæðingarorlofi á við mæður eru þeir komnir í sams konar stöðu og konur að þessu leyti. Þeir yrðu á sama hátt og konur áhættuhópur í þeim skilningi að reikna mætti með því að þeir yrðu frá vinnu vegna ungra barna sinna. Deili feður og mæður rétti til fæðingarorlofs yrði þannig stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna, ekki aðeins inni á heimilinu heldur einnig á vinnustöðum. En það sem mestu máli skiptir er að með þessu móti er stuðlað að velferð fjölskyldunnar og þar með samfélagsins alls.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessi þáltill. verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn. þingsins.

[17:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við að bæta þar sem ég fjallaði um fæðingarorlof í ræðu minni við næsta dagskrármál á undan en mig langar þó að koma með athugasemdir. Formaður karlanefndar Jafnréttisráðs tók svo til orða í erindi sem hann hélt hjá Kvenfélagasambandinu á haustdögum að þótt lög, reglur og samningar væru beinlínis hannaðir með það í huga að koma í veg fyrir að feður gætu verið með ungum börnum sínum þá gæti það varla verið árangursríkara en þau lög og reglur sem við búum við í dag. Þetta er athyglisvert.

Ég vil líka geta þess að í doktorsritgerð Sigrúnar Júlíusdóttur og könnun sem hún byggir á frá 1993 um viðhorf para til vinnu og fjölskyldulífs kemur fram að 75% karla álitu sig ekki hafa nægan tíma með börnum sínum á meðan 60% kvenna töldu sig hafa nægan tíma og þetta er mjög marktækur munur. Þá má líka geta þess til samanburðar að meðalvinnuvika karla var í þessari könnun 55,8 stundir á viku á meðan meðalvinna kvenna var um 23,4 stundir og aðeins 10% karla unnu eingöngu 40 stundir á viku en meira en helmingur þeirra vann yfir 50 stundir. Þetta segir okkur hversu mikilvægt það er að búa þannig um hnúta að pör, hjón eða sambýlisfólk, geti skipt með sér verkum óöruvísi en með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Mig langar til að nefna eitt til viðbótar sem Ingólfur Gíslason, sem flutti þetta erindi, beindi til mín. Það voru upplýsingar um að læknar sem skoðað hafa vinnuforföll kvenna í meðgöngu komust að þeirri niðurstöðu að það að gera öllum þunguðum konum kleift að hætta vinnu fyrir fæðinguna gæti verið þjóðhagslega hagkvæmt með tilliti til jákvæðra áhrifa á lengd meðgöngu og heilbrigði barna og mæðra. Æskilegast væri auðvitað að skerða í engu núverandi fæðingarorlof heldur lengja fæðingarorlof allra kvenna með þeim hætti að láta það einnig taka til síðasta mánaðar meðgöngunnar. Þetta er að sjálfsögðu engin ný tíðindi fyrir okkur konurnar en það er athyglisvert að þetta er m.a. tekið upp í þau sjónarmið sem þeir karlar sem hafa verið að vinna að þessum málum á vettvangi karlanefndar Jafnréttisráðs leggja áherslu á og eru að ýta við og styðja varðandi stöðu okkar kvennanna.

[17:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um fæðingarorlof feðra. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa lagt hana fram þó að efni hennar sé aðeins hluti af þeirri tillögu sem við þingkonur Kvennalistans höfum lagt fram og rædd var hér rétt áðan. Mér finnst það bara til bóta og sýna þrýstinginn og áhugann sem er á þessu máli að tvær tillögur skuli vera fram komnar á Alþingi sem báðar mæla með því að taka upp sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs, í þessu tilviki tveggja vikna orlof við fæðingu barns. Ég fagna því að þessi

þáltill. er fram komin og vil taka undir orð þeirra sem hér hafa talað. Einnig lýsi ég yfir ánægju minni með tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs og það starf sem sú nefnd hefur unnið sem mér finnst vera mjög merkilegt framfararskref í jafnréttisbaráttu kvenna og karla. Ég vona svo sannarlega að tillögur þeirra eigi eftir að hafa áhrif í samfélaginu þannig að jafnréttismálin þokist fram á við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Farskóli fyrir vélaverði, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 238. mál. — Þskj. 320.

[17:40]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu um farskóla fyrir vélaverði og undirbúning fyrir vélstjóranám. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Lúðvík Bergvinsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að stofna skuli farskóla fyrir vélavarðanám og undirbúningskennslu fyrir vélstjóranám. Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa málið og koma því í framkvæmd."

Ástæður fyrir flutningi þessarar tillögu eru nokkrar, m.a. bréf sem mig langar að vitna í, með leyfi forseta. Það er svarbréf menntamálaráðuneytisins til skólameistara, Zophoníasar Torfasonar í Nesjum í Hornafirði, þar sem sótt er eftir af hálfu skólans að setja upp skipstjórnarnám. Svarið er svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs yðar dagsett 6. maí 1994 þar sem farið er fram á að skólanum verði heimilað að kenna til I. stigs skipstjórnarprófs næsta skólaár. Varðandi ofanritaða umsókn vill ráðuneytið taka fram að fremur dræm aðsókn hefur verið að skipstjórnarnámi í þeim skólum sem bjóða fram námið reglulega. Því telur ráðuneytið ekki rétt að þetta nám verði boðið fram í fleiri skólum að sinni."

Svo mörg voru þau orð og ég leyfi mér að vitna, með leyfi forseta, til annars bréfs sem varðar Útvegsmannafélag Austfjarða þar sem þeir skrifa menntamálaráðuneyti. Tillaga sem var samþykkt á fundi þeirra er svohljóðandi:

„Aðalfundur Útvegsmannafélags Austfjarða, haldinn á Eskifirði 29. sept. 1995, lýsir miklum áhyggjum yfir þeirri fækkun sem hefur orðið á fjölda nemenda sem útskrifast með IV. stigs vélstjóramenntun frá Vélskóla Íslands. Að meðaltali hafa aðeins 22 nemendur útskrifast, 10 sl. ár á móti 67 nemendum 10 árin þar á undan. Svo virðist sem þáttaskil hafi orðið í þessu efni þegar áfangakerfið var tekið upp í skólum."

Þetta er m.a. meginástæðan fyrir því að sú tillaga sem ég gerði að litlu grein fyrir áðan er flutt. Undirritaður var á ferð um Vesturland og kynntist því í Stykkishólmi að þar sem var verið að kenna vélstjórn I. stigs að kvöldi eftir vinnu þar sem um var að ræða 25 manna hóp frá Grundarfirði og Stykkishólmi og nágrenni, allir að læra á laugardögum, sunnudögum og eftir vinnu. Þessir menn brutust til þess náms af eigin frumkvæði og komu þessu af stað jafnvel gegn þráhyggju yfirvalda. Ólafur Eiríksson reyndist þessum mönnum vel og hann kom þessu hreinlega á laggirnar.

Ég geri að örlitlu leyti grein fyrir tillögunni. Greinargerðin er eftirfarandi:

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikilvægustu atvinnugreinar Íslendinga. Engin þjóð á jafnmikið undir því að sjómannastéttin sé vel menntuð og eigi kost á viðeigandi menntun á hagkvæman hátt. Fjölbreytt útgerð, aukin tækni og mikil sérhæfing kalla á betri menntun þeirra sem annast tæki og vélbúnað skipa. Fækkun nemenda í Vélskóla Íslands er mikið áhyggjuefni, svo og að ekki virðist lengur unnt að starfrækja vélstjórnarbrautir í fjölbrautaskólum.

Hugsunin með þessari tillögu er sú að í framhaldi af I. stigs eða II. stigs námi þar sem menn sem eru að vinna í þessum greinum án réttinda geti þeir síðan í framhaldi ef þurfa þykir farið og sótt sér það sem þarf til viðbótar, þ.e. III. og IV. stig.

Margir þeirra sem hafa stundað vélstjórn án réttinda hafa mikla starfsreynslu en skortir menntun til að geta leyst af hendi allt sem krafist er á fiskibátum og togurum, t.d. hvað varðar flókinn stýribúnað, vökva-, loft- eða rafknúinn. Vélaverðir á veiðiflota landsmanna þurfa að kunna skil á ýmsu öðru, svo sem frystitækni og meðferð efna í frystikerfum, svo og að hafa grundvallarþekkingu í rafmagnsfræði.

Með farandnámskeiðum á grunnstigum mundi eflast grunnnám á landsbyggðinni, sérstaklega í landshlutum þar sem útgerð er hvað mest. Skólahúsnæði getur nýst á kvöldin og um helgar til fullorðinsfræðslu. Það sem upp á vantar í kennslubúnaði umfram það sem skólarnir geta boðið upp á og nota má um borð í skipum heimamanna er ekki meira en en svo að það má koma því fyrir í sendibíl og fá lánað hjá stofnunum svo sem háskólanum og Vélskóla Íslands.

Tillaga þessi er í samræmi við nýjar hugmyndir um skipan skólamála á framhaldsskólastigi, sérstaklega hugmyndir um svokallaðan kjarnaskóla sem veita á grunnmenntun til undirbúningsstarfa í viðkomandi starfsgrein og annast endurmenntun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Hann á einnig að hafa forgöngu um að þróa með markvissum hætti námsefni, námsskipan, kennsluaðferðir og námsmagn og leiðbeina öðrum skólum sem að einhverju leyti veita menntun á sama sviði.

Það er gaman að geta þess að við þetta átak í Stykkishólmi þurfti sérbúnað til að kenna kælitækni. Sá búnaður fékkst t.d. að láni hjá Háskóla Íslands og sá búnaður sem upp á vantaði að geta klárað II. stigs vélstjórnarmenntun í Stykkishólmi var ekki meiri en svo að hann komst fyrir í litlum sendibíl. Það sem út af stendur er hvort nemendurnir sjálfir verða að borga kostnaðinn við að flytja tækin í Stykkishólm. Þetta er bara rétt til að segja frá því með þessum tillöguflutningi hvað er í húfi. Og ég vona að ég hafi komið því á framfæri að einhverju leyti.

Þessu til viðbótar langar mig að gera grein fyrir því að ég sendi þessa tillögu til tíu bæjarfélaga úti á landsbyggðinni og bað um álit og umsögn varðandi hana. Öll svörin sem ég hef fengið til þessa eru jákvæð utan eitt. Þeim aðila sem gaf hina neikvæðu umsögn var reyndar ekki send beiðni en það er Fjölbrautaskólinn á Vesturlandi. Í svari þeirra kemur greinilega fram að þeir hafa ekki skilið það sem tillagan hljóðar upp á. Hún hljóðar upp á að nota aðstæður sem eru í viðkomandi sveitarfélögum til að bjóða upp á kennslu utan skólatíma fyrir fólk sem þarf að afla sér menntunar utan vinnutíma en þarf að sjá fyrir fjölskyldum sínum.

Landssamband ísl. útvegsmanna gaf svohljóðandi athugasemd, með leyfi forseta, í stuttu máli:

„Að mati samtakanna gæti vélstjóranám sem staðið yrði að með þeim hætti sem lýst er í tillögunni haft marga jákvæða

kosti. Þar mætti nefna: Stuðlað að almennri þekkingaruppbyggingu á þessu sviði á landsbyggðinni. Gefið þeim sem áhuga hafa á og búa yfir nægilegri starfsreynslu kost á að afla sér réttinda vélavarða í heimabyggð án verulegs kostnaðar."

Tilvitnun í svar frá Húsavíkurkaupstað svo að eitthvað fleira sé nefnt er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tekið er undir mikilvægi þess að íslenskir skipstjórnarmenn séu vel menntaðir og eigi kost á viðeigandi menntun á hagkvæman hátt. Sú hugmynd sem hér er varpað fram um farskóla og undirbúningsnám er mjög athyglisverð og ætti sérstaklega að nýtast landbyggðinni vel. Mjög margir framhaldsskólar leggja sérstaka áherslu á eflingu verknáms og tengsl skólanna við atvinnulífið. Framkvæmd þessarar tillögu gæti verið einn liður í því. Leggja verður áherslu á að nýta kennslukrafta, reynslu og húsnæði framhaldsskólanna í landinu þegar hafist verður handa við að hrinda málinu í framkvæmd."

Á þessum orðum sést að þeir sem fengu þar tillöguna til umsagnar skildu nákvæmlega hvað um var að ræða. Það er einmitt að efla og nýta betur það skólahúsnæði sem er á landsbyggðinni og þá tækni og tæki sem þar eru til að koma slíkri kennslu á framfæri.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir þessari litlu þáltill. og að lokinni umræðu mælist ég til þess að henni verði vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11., 17. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 17:50.

---

84. FUNDUR

þriðjudaginn 6. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum, þáltill., 180. mál, þskj. 224. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Tímareikningur á Íslandi, frv., 197. mál, þskj. 246. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fæðingarorlof, þáltill., 226. mál, þskj. 307. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Fæðingarorlof feðra, þáltill., 228. mál, þskj. 309. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Farskóli fyrir vélaverði, þáltill., 238. mál, þskj. 320. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Útvarpslög, frv., 246. mál, þskj. 341. — 1. umr.
7. Læsivarðir hemlar í bifreiðum, þáltill., 248. mál, þskj. 370. — Fyrri umr.
8. Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, þáltill., 261. mál, þskj. 454. — Fyrri umr.
9. Gjald af áfengi, frv., 269. mál, þskj. 497. — 1. umr.
10. Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, þáltill., 270. mál, þskj. 504. — Fyrri umr.
11. Virðisaukaskattur, frv., 272. mál, þskj. 507. — 1. umr.
12. Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, þáltill., 280. mál, þskj. 516. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 284. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 523.

Ákvæði hegningarlaga er varða óviðeigandi ummæli um erlenda þjóðhöfðingja, 292. mál, fsp. SvG, þskj. 531.

Fjarnám, 291. mál, fsp. EKG, þskj. 530.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 215. mál, þskj. 463.

Kostnaður við umönnun aldraðra, 294. mál, fsp. GHall, þskj. 533.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 225. mál, þskj. 471.

Samningur við Neyðarlínuna hf., 289. mál, fsp. ÞB, þskj. 528.

Staða kvenna innan löggæslunnar, 288. mál, fsp. KÁ, þskj. 527.

Störf dómara á vegum framkvæmdarvaldsins, 290. mál, fsp. MF, þskj. 529.

Tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni, 287. mál, fsp. KÁ, þskj. 526.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 293. mál, fsp. GHall, þskj. 532.

Vegáætlun 1995–1998, 295. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 534.

Sérstakur ákærandi í efnahagsbrotum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS og BH, 180. mál. — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tímareikningur á Íslandi, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 197. mál. — Þskj. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EKG, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖJ.

nei: HBl*.

27 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fæðingarorlof, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 226. mál. — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fæðingarorlof feðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og SJS, 228. mál. — Þskj. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Farskóli fyrir vélaverði, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 238. mál. — Þskj. 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. HG og MF, 246. mál (auglýsingar). — Þskj. 341.
[13:41]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér að þessu frv. er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Þetta frv. er einfalt að efni. Í 1. gr. þess er gert ráð fyrir að við 4. gr. útvarpslaganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Óheimilt er að birta auglýsingar sem ganga gegn lagaákvæðum um umhverfisvernd eða hvetja til hegðunar sem stangast á við lög eða gildandi reglur um umgengni við náttúru landsins.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.“

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þm. að gefa hljóð í salnum.)

Í stuttri greinargerð með frv. er vikið að ástæðum þess að það er flutt. Tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að með auglýsingum í ljósvakamiðlum sé hvatt til hegðunar sem gengur gegn settum reglum um umhverfisvernd og markmiðum um góða umgengni við lifandi og dauða náttúru. Öðru hvoru sjást í máli og myndum, m.a. í ljósvakamiðlum, auglýsingar sem virðast stangast á við lög og reglur á þessu sviði. Sem dæmi má nefna auglýsingar sem sýna akstur vélknúinna ökutækja utan vega í því skyni að hvetja til að þau séu keypt og um leið að tækin séu notuð við slíkar aðstæður.

Ýmis fleiri dæmi má nefna en hér er að sjálfsögðu oft um að ræða álitaefni og álitamál hvað hægt sé að setja beint bann við. Þess vegna er 1. gr. frv. orðuð með þessum hætti sem ég hef þegar vitnað til. Nú er ekki að finna í lögum eða reglugerðum ákvæði sem banna í auglýsingum birtingu á atferli sem valdið getur umhverfisspjöllum. Helstu ákvæði er nú gilda um auglýsingar í ljósvakamiðlum er að finna í útvarpslögum, nr. 68/1985, og í reglugerð nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi. Sú reglugerð var gefin út 1989 og tekur til ýmissa atriða sem snerta auglýsingar en þar er tæpast hægt að finna stað ákvæðum sem varða efni þessa frv. Þess vegna teljum við flutningsmenn að það sé nauðsynlegt að styrkja lagagrunninn með því að bæta inn í útvarpslögin þeim ákvæðum sem frv. gerir ráð fyrir.

Í reglugerðinni sem gefin var út 1989 er fjallað um ýmis mikilvæg efni sem snerta auglýsingar og er vel að á slíku er tekið. Í siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins sem eru allítarlegar er einnig að finna ýmsar leiðbeiningar varðandi auglýsingar. Þar er hins vegar ekki tekið á þeim efnum sem frv. þetta fjallar sérstaklega um og því teljum við nauðsynlegt að sett verði lög um þetta efni og síðan reglugerð sem útfæri það nánar svo komið verði í veg fyrir umhverfisspjöll og að gengið sé á svig við gildandi lög eða opinber fyrirmæli að því er varðar umgengni við náttúru landsins.

Ég sé, virðulegur forseti, ekki ástæðu til að orðlengja frekar hér í framsögu um þetta mál en geri tillögu um það að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn. í ljósi þess að útvarpslögin falla undir menntmrn. Vissulega hefði komið til álita að allshn. fjallaði um málið en þetta er tillaga okkar flutningsmanna.

[13:46]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þetta frv. að umtalsefni efnislega en vil hins vegar aðeins ræða hvort það eigi heima í útvarpslögum. Ég tel sjálfur að vilji Alþingi setja slík ákvæði í lög sé skynsamlegra að huga frekar að samkeppnislögum sem lúta m.a. almennt að auglýsingum og því hvaða skilyrði menn verða að uppfylla varðandi þær. Eins og ég skil málflutning hv. flm. er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að auglýsingar með slíku efni séu almennt birtar. Ég tel að það sé of þröngt svið að binda það aðeins í útvarpslögum, frekar beri að líta á þá löggjöf sem almennt gildir um samkeppni og auglýsingastarfsemi ef menn vilja t.d. koma í veg fyrir að slíkar auglýsingar séu birtar í blöðum, kvikmyndahúsum eða annars staðar þar sem menn nota tæknina til að koma þeim á framfæri. Þá er of þröngt að miða þetta aðeins við útvarpslögin. Þess vegna legði ég til að þessu frv. yrði breytt og það yrði lagt fram sem breytingartillaga við samkeppnislögin og látið á það reyna í efh.- og viðskn. þingsins hvort slík ákvæði ættu heima í lögum. Eins og hv. þm. vakti máls á eru til alþjóðareglur verslunarráða og aðrar slíkar reglur sem gilda almennt um auglýsingar og efni þeirra. Mér finnst að það eigi að fjalla um þau mál án þess að tiltaka sérstaka miðla. Þarna er um efni auglýsinganna almennt að ræða og

þá ætti þetta að gilda jafnt um alla miðla en ekki aðeins um útvarp eins og yrði ef þetta yrði bundið í útvarpslögum.

[13:48]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ábendingar hans um þetta efni. Vissulega er það svo að það gæti verið ástæða til þess að setja mun víðtækari ákvæði í lög varðandi auglýsingar að því er varðar þau efni sem hér eru tilefni þessa frv. Ég vil síður en svo hafna því sjónarmiði sem kom fram hjá hæstv. ráðherra þar að lútandi. Það kann að vera að umfjöllun í nefnd leiði til þess að það verði metið svo að slíkt væri rétt að gera og þá er sjálfsagt af okkar hálfu sem flytjum þetta mál að taka það til athugunar. Ástæðan fyrir því að við gerum hér tillögu um breytingu á útvarpslögum er sú að þar eru ákveðin fyrirmæli. Þar hefur verið sett reglugerð sem varðar takmörkun varðandi efni auglýsinga og kemur í veg fyrir að það stangist á við tiltekin atriði. M.a. með tilliti til hættulegs atferlis, öryggisefnis, viðhorfs til barnaverndar og annað af þeim toga. Með því að fella þetta inn í útvarpslögin og taka á því nánar í reglugerð væri stigið skref sem væri í áttina við það sem er hugsunin á bak við þetta frv. Ég tel eðlilegt að nefnd fjalli um málið en skorast síður en svo undan því að athuga að setja víðtækari ákvæði um þetta efni eins og hæstv. ráðherra var að nefna.

[13:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna hins almenna eðlis þessa máls. Mér finnst hugsanlegt að mál af þessu tagi fari til sérstakrar skoðunar í umhvn. og einnig þá í menntmn. og efh.- og viðskn. sem hefur með samkeppnislögin að gera. Ég tel að það gæti verið varasamt að málið fari eingöngu til menntmn. Það er þess eðlis að það gæti lokast þar af. Ég vil því sérstaklega benda á að taka ætti þetta mál til meðferðar í hv. umhvn.

[13:51]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns. Mér þætti fengur í því og viðeigandi að umhvn. fengi þetta mál til umsagnar eða umfjöllunar og ég mun stuðla að því að það nái fram að ganga með sem málefnalegustum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Læsivarðir hemlar í bifreiðum, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 248. mál. — Þskj. 370.

[13:52]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um læsivarða hemla á bifreiðum en þessi tillaga fjallar um öryggisbúnað, svokallaðar ABS-bremsur. Í ýmsum málaflokkum hefur meiri og meiri áhersla verið lögð á forvarnir. Í umfjöllun um heilbrigðismál ber þetta mál oft á góma ekki síst þegar réttlæta á breyttar áherslur eða niðurskurð. Þá á að bæta úr vanda með aukinni áherslu á forvarnir. Þetta þekkjum við frá umræðu hér á Alþingi og víða hefur það verið sett í lög að efla skuli forvarnir. Þó sumum finnist þetta virka eins og réttlæting í erfiðri stöðu þá vitum við sem hér störfum að því fjármagni sem veitt er til forvarnastarfa er vel varið. Við vitum að í flestum tilfellum erum við of skammt á veg komin í forvarnastarfi eins og t.d. varðandi vímuefni og ofbeldismál. Einnig þarf að styrkja fræðslustarf sem snýr að heilbrigðum uppvaxtarskilyrðum. Alls staðar má betur gera í þessum efnum. Ég dreg upp þessa mynd vegna þess að í flestum tilfellum er forvarnaaðgerð í huga okkar bundin við útlagða fjármuni, fjárfestingar í ákveðnum aðgerðum eða verkefnum eða með því að ríkið afsali sér tekjum sem það hefur haft af einhverjum þáttum. Og þar með komi til tekjutap fyrir ríkissjóð og kostnaður við gjörð.

Það mál sem ég mæli fyrir í dag snýst hins vegar um öðruvísi gjörning, e.t.v. aðra leið að forvörninni. Tillagan snýst um að ríkisvaldið afsali sér fyrir fram tekjum af búnaði bifreiða sem telst til meiri háttar öryggisbúnaðar. Hann ætti að vera sjálfsagður hlutur í landi eins og okkar með þeim akstursskilyrðum sem hér myndast og nægir þar að benda á aðstæður bæði í gær og í dag í umferðinni. Ég leyfi mér að halda því fram að samþykkt þessarar tillögu kosti ríkisvaldið nánast ekkert. Hins vegar myndi samþykkt hennar stuðla að öryggi í umferðinni og afstýra í mörgum tilfellum óhöppum og/eða slysum.

Tillagan sem ég mæli fyrir lýtur að því að fella niður gjöld af svokölluðum öryggisbremsum, á rammíslensku nefndar læsivarðir hemlar, en í daglegu tali oftast nefndar ABS-bremsur eða öryggisbremsur. Þó ég mæli hér fyrst og fremst fyrir niðurfellingu gjalda af læsivörðum hemlum þá ætla ég jafnframt að fylgja eftir og mæla með tillögu sem mælt var fyrir í lok síðustu viku um afslátt af gjöldum bifreiða með öryggisloftpúðum en þeir eru gjarnan kallaðir líknarbelgir. Því miður átti ég þess ekki kost að taka þátt í þeirri umræðu. Belgirnir fyllast lofti við árekstur bifreiðar og koma í veg fyrir að bílstjóri eða sessunautur, sé um loftpúða við bæði framsæti að ræða, kastist fram og slasist. Öryggishemlarnir virka þannig að ef viðnám á vegi er minna slær hemlaástigið eða pedalinn á móti og sýnir að nú eiga að vera viðbrögð. Þó stigið sé á hemilinn af fullum þunga læsist bremsukerfið aldrei, hjólin snúast örlítið, bíllinn hleður ekki undir dekkið eða eins og við segjum oft, hann klossar ekki. Hann rennur ekki eins og sleði áfram og það er í því sem þessi vörn felst. Ef hemlað er í hálku heldur bíll oftast beint áfram en með læsivörðu hemlunum getur bíllinn beygt, hemlavegalengd styttist og hann stöðvast fyrr.

Við umræður um bifreiðagjöld í lok nóvember kom ég með fyrirspurn til fjmrh. um stefnumörkun varðandi þennan öryggisbúnað, öryggishemla og loftpúða og skattlagningu þessa búnaðar. Kom þá í ljós að þótt Bílgreinasambandið hefði hreyft við málinu við ráðuneytið hafði engin stefnumörkun átt sér stað varðandi þessa öryggisþætti og engin ákvörðun hafði verið tekin um að fella niður gjöld af þeim. Þegar lögð var fram þingmannatillaga um loftpúðana skömmu seinna fannst mér mjög mikilvægt að umfjöllun um þessi stóru öryggisatriði færi fram samtímis í þingnefnd og ástæða til að nefna að fleiri öryggisatriði eru undanþegin gjöldum hjá nágrannaþjóðum okkar. Þessi tvö mál, loftpúðar og öryggisbremsur, tel ég þó mikilvægast að lögfesta afslátt á þannig að þessi búnaður verði sjálfsagður í nýjum bifreiðum því þá er von til að fleiri slíkir þættir fylgi í kjölfarið.

Ég sagði að búast mætti við litlum eða jafnvel engum tekjusamdrætti hjá ríkinu vegna þess að svokallað fob-verð bifreiðanna myndi hækka. Innkaupsverð á bifreiðum með umræddum öryggisbúnaði yrði alltaf hærra en núverandi

innkaupsverð en bjóða mætti bifreiðar með enn meiri öryggisbúnaði og þá á sama verði og áður. Það er sannfæring mín að útgjöld ríkisins og kostnaður þjóðarbúsins myndi lækka vegna fækkunar slysa. Mestu máli skiptir þó að afstýra slysum og þeim meiðslum, dauðsföllum og öðrum áföllum sem eru afleiðingar alvarlegra umferðarslysa. Áður en ég vík að því hvernig nágrannalöndin taka á þessum öryggisþáttum vil ég gjarnan greina frá þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá bifreiðaumboðunum um hvert hlutfall nýrra bifreiða með öryggisbúnaði er af nýjum seldum bifreiðum. Fagna ég því hve skilmerkilegar upplýsingar hafa borist frá flestum umboðunum með mjög litlum fyrirvara. Lausleg athugun sýnir að u.þ.b. 3–5% bifreiða hjá umboðunum eru búnar læsivörn eða ABS-bremsum, sem hér eru til umræðu, og loftpúðum eða líknarbelgjum. Tekjutap ríkisins yrði því sáralítið eða ekkert ef tillagan yrði samþykkt en fækkun slysa og lækkun sjúkrakostnaðar líkleg. Minna má á að á 8. áratugnum þótti sjálfsagt að öryggishjálmar fyrir bifhjól væru í 0% tolli þótt annar búnaður bifhjóla væri með yfir 152% aðflutningsgjöldum, 80% tolli og 40% vörugjaldi. Reiknað er með að innan skamms verði sá búnaður sem ég hef rætt hér um staðalbúnaður. Í Bandaríkjunum eru nýir bílar ófáanlegir nema með öryggispúðum eða líknarbelgjum og 80% þeirra eru afgreiddir með læsivörðum hemlum. Á Norðurlöndum, þar sem vel er hugað að þessum málum, er þróunin í sömu átt. Í Noregi eru t.d. allar Honda-bifreiðar seldar með læsivörðum hemlum og öryggispúðum. Hér á landi eru um 20% dýru bifreiðanna með læsivörðum hemlum, bifreiðar sem kosta yfir 2 millj. kr., en eingöngu 1% bifreiða með loftpúðum.

Frá Ræsi berast þær upplýsingar að allar Mercedes Benz bifreiðar, 100%, séu með læsivörðum hemlum en nokkru lægra hlutfall hvað loftpúða varðar meðan litlu Mazda-bifreiðarnar hafa í flestum tilfellum ekki slíkan öryggisbúnað eða um það bil 6–7%.

Frá Brimborg fæ ég þær upplýsingar að dýru bifreiðarnar af tegundunum Volvo og Ford eru yfirleitt með þessum búnaði á meðan 10–23% ódýrari tegundanna hafa þennan búnað og japönsku bifreiðarnar alls ekki. Ekki þarf að taka það fram að fjöldi seldra bifreiða er að sjálfsögðu mestur í þeim gerðum sem einmitt eru án þessa mikilvæga búnaðar. Skýringin er að kostnaður við öryggisbúnaðinn er of hátt hlutfall af verði bifreiðarinnar. Af 1.345 innfluttum bifreiðum frá Heklu voru aðeins 64 búnar læsivörðum bremsum en 55 með líknarbelgi. Hemlalæsivörnin kostar frá 150–250 þús. kr. eftir tegundum og líknarbelgirnir frá um 60–120 þús. kr. eftir tegundum. Þarna er um umtalsverðan umframkostnað að ræða við bifreiðakaup sem fólk lætur sig að sjálfsögðu muna um.

Frá Ingvari Helgasyni bárust ekki sundurliðaðar tölur en þess getið að farið er að bjóða þennan öryggisbúnað sem staðalbúnað. Verðið er hátt og hlutfallslega hæst í ódýrari bifreiðum eða um 7–10% af bílverði. Í ákveðna gerð bifreiða gátu læsivarðir hemlar kostað liðlega 80 þús. kr. án álagningar, takið eftir því, án álagningar en með álögðum gjöldum færi kostnaðurinn í nær 176 þús. kr. eða tvöfalt innkaupsverð búnaðarins. Án álagningar yrði búnaðurinn á tvöföldu verði og færi úr 80 þús. í 176 þús. kr. Allar Toyota bifreiðar eru fáanlegar með ABS-kerfi sem aukabúnað en eingöngu staðalbúnað í þeim dýrustu. Þar kemur fram að þessi dýri öryggisbúnaður verður allt of dýr með þeim háu gjöldum sem á hann er lagður. Það er lögð áhersla á það að stefna stjórnvalda eigi að miða að góðri endurnýjun bílaflotans og gera almenningi kleift að kaupa öruggar bifreiðar. Undir það geta allir tekið en þar er væntanlega um flóknara mál að ræða en það sem hér er flutt sem þáltill.

Einnig hjá Suzuki er um 5% seldra bíla með læsivörn og útsöluverð um það bil 120 þús. kr. á þessum búnaði og aðeins fáanlegur í dýrustu bílunum. En þeir hafa ákveðið að bjóða eingöngu loftpúða fyrir bæði ökumann og farþega í framsæti.

Virðulegi forseti. Ég hef valið að stikla á stóru í upplýsingum frá bifreiðaumboðunum til að undirstrika í hve litlum mæli sá mikilvægi öryggisbúnaður sem hér er um rætt — ég legg áherslu á hvort tveggja, líknarbelgina og læsivarða hemla eða öryggisbremsur — í hve litlum mæli hann er talinn eðlilegur eða sjálfsagður búnaður við kaup á nýrri bifreið. Á vetrardegi sem þessum má hverju mannsbarni vera það ljóst hvaða stefnu okkar þjóð ætti að hafa í þessu máli. Hún ætti ekki að skattleggja öryggið eins og nú. Eins og málin standa eru það þeir efnuðu sem geta leyft sér að tryggja sig að því marki sem slíkur öryggisbúnaður býður upp á, eingöngu þeir efnuðu sem kaupa dýru bifreiðarnar.

Ég hef í máli mínu vísað til Norðurlandanna. Danir, Norðmenn og Finnar endurgreiða kostnað vegna þessa öryggisbúnaðar sé hann settur í bifreiðar. Danir endurgreiða um 9.000 danskar krónur vegna bifreiðar sem er með líknarbelg en 7.000 ef bifreið er með sérstakt bremsukerfi sem læsir ekki hjólunum eins og ég hef lýst. Það er litið svo á að kostnaður við þessi öryggistriði í bifreið hér á landi mundi vera um 120 þús. kr. í innkaupum og þá tekið meðaltal af því sem ég hef framan rekið og mun reyndar vera áþekkt og í Danmörku. Það er ekki tekið tillit til þessa hér af hálfu stjórnvalda eins og fram hefur komið og þess vegna er enginn hvati til þess hjá innflytjendum né bifreiðakaupendum að fá sér þennan öryggisútbúnað í bifreiðar til að afstýra vá ef til áreksturs eða erfiðra aðstæðna kemur. Mér er sagt að forsenda Dana, Norðmanna og Finna fyrir áróðrinum sem þeir reka fyrir þessu máli og stuðningnum sem þeir veita fólki til að kaupa bíla með þessum útbúnaði sé sú að bíll sem er með þessu öryggistæki spari umtalsverðar fjárhæðir í ríkisrekstri og þá sérstaklega í heilbrigðiskerfinu.

Í grannlöndum okkar er veittur afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem nemur þeim aukakostnaði sem fylgir öryggisbúnaði af þessum toga. Á liðnum árum hefur kastljósinu í vaxandi mæli verið beint að öryggi bifreiða og þýðingu þess að afstýra umferðarslysum svo sem unnt er. Þess vegna hefur það færst í vöxt að tekið sé tillit til öryggisatriða þegar ákvarðanir eru teknar um gjöld af bifreiðum. En ekki hjá okkur. Þannig ákvað norska Stórþingið, takið eftir því, virðulegir þingmenn, norska Stórþingið, ekki ríkisstjórnin, að breyta bifreiðagjöldum vorið 1994 með tilliti til öryggisatriða og gefa afslátt af gjöldum öryggisbúnaðar svo sem loftpúða, læsivarinna hemla og hárra hemlaljósa. Afsláttur-inn af læsivörðu hemlunum í Noregi er um 3.400 norskar kr. eða um 34 þús. íslenskar kr. Í Danmörku hefur einnig verið lögfest að gefa afslátt af bifreiðagjöldum þegar um er að ræða sérstakan, tilgreindan umferðaröryggisbúnað.

Danir segja t.d. sem svo að kostnaðurinn við aðgerð sé strax kominn í 10 þús. danskar krónur eða rúmlega 100 þús. íslenskar krónur um leið og einhver lendir á skurðarborði vegna andlitsskaða. Þess vegna sé mjög mikilvægt að reyna að meta hvað heilbrigðiskerfið þarf að greiða til að koma sjúklingi í fyrra horf við slys af þessu tagi. Miðað við það sem ég hef kynnt mér í þessu máli hefði ég talið að það væri

mikið þjóðþrifamál að fella niður aðflutningsgjöld og tolla eins og gert er við hjálma og öryggisbelti. Þetta eiga að vera hin sjálfsögðu öryggistæki í bifreiðum, ekki bara í dýrum bifreiðum. Forvarnir eru eins og ég hef áður sagt fleira en það að fá fólk til að hætta að reykja.

Ég vísaði til þess að norska Stórþingið tók sjálfstæða ákvörðun um að breyta þessum gjöldum á bifreiðar vorið 1994 og í Noregi endurgreiðir norska ríkið allt að 14 þús. kr. ef öryggisbúnaður fylgir eða um 154 þús. íslenskar krónur. Þá er um að ræða tvöfalda öryggisloftpúða, ABS-bremsukerfi og hátt liggjandi bremsuljós í afturrúðu. Þetta er afsláttur upp á 154 þús. íslenskar krónur.

Í Danmörku getur endurgreiðslan orðið allt að 28.500 kr. eða um 340 þús. íslenskar krónur.

Virðulegi forseti. Hér á landi hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að spara í heilbrigðiskerfinu. Það er enginn afsláttur veittur af búnaði sem er til þess fallinn að afstýra umferðaróhöppum og slysum og sparar augljóstlega fé. Með þeirri hvatningu sem hér er lögð til má stuðla að því að bifreiðar verði í auknum mæli útbúnar með sérstökum öryggisbúnaði. Og ég treysti því að fá góðan stuðning alþingismanna við þessi mikilvægu mál, það sem ég hér hef mælt fyrir og það mál sem mælt var fyrir fyrir helgi og mælist til þess, virðulegi forseti, að máli þessu verði vísað til efh.- og viðskn.

[14:09]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Umferðarslys eru einhver sá mesti vandi sem við eigum við að glíma hér sem víða annars staðar og forvarnir á því sviði munu án efa skila sér ekki síður en aðrar forvarnir sem nú er svo mikil áhersla lögð á. Ég vil fagna sérstaklega málflutningi og tillögum sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Reykn., Rannveigar Guðmundsdóttur, og styð hana að öllu leyti í þessum tillöguflutningi og röksemdafærslu hennar. Ég vil einnig þakka þingmanninum fyrir að fara stuðningsorðum um þá þáltill. sem lögð var fram fyrir skömmu af þeim sem hér stendur. Það er enginn vafi að með öryggisbúnaði af því tagi sem getið er um í þessum tveimur tilfellum, mun ríkið spara útgjöld sín verulega þó að það tapi nokkrum tekjum í bráð.

Ég gat ekki tekið eftir því í máli hv. þm. að fram kæmu hugmyndir, ágiskanir eða mat á því hversu mikið tekjutap ríkisins yrði en það munu aðeins vera örfáar milljónir sem ríkið verður af við það að missa gjöld af loftpúðum í bifreiðar. Það segir sig sjálft að ekki þarf að koma í veg fyrir mörg slys til þess að slíkar upphæðir skili sér að nýju.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna en lýsi aftur stuðningi mínum og fagna því sem hér hefur komið fram í dag varðandi öryggisatriði í bifreiðum og í umferðinni. Ég minni á það sem fram kom í máli mínu um daginn, að ríkið þarf að móta sér stefnu í bifreiðamálum, í málum er varða tekjuöflun, sölu og notkun bifreiða. Og mér þætti vænt um að eiga samstarf við aðra þingmenn um mál sem ég er með í undirbúningi, en það er stefnumótun ríkisins á þessu sviði. Með stefnumótun ríkisins á þessu sviði getur ríkisvaldið haft gríðarlega mikil áhrif. Það getur haft áhrif á þessi öryggisatriði sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Það getur sömuleiðis haft áhrif á val fólks á bílum með tilliti til umhverfismála og val á búnaði til þess að koma í veg fyrir mengun. Það getur haft áhrif á félagslegu sviði eins og kom fram hjá hv. þm., þannig að þeim efnaminni sé ekki haldið frá nauðsynlegum öryggisbúnaði. Fyrir þessu mun ég beita mér og fagna stuðningi og samstarfi við hvern þann sem vill undir þetta taka.

[14:13]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 11. þm. Reykv. að ég gerði ekki tilraun til að leggja mat á hvert tekjutap ríkisins yrði af samþykkt þessarar tillögu, reyndar minnar tillögu og þeirrar sem flutt var fyrir helgi. En ég gat þess að miðað við þær upplýsingar sem ég aflaði mér frá bifreiðaumboðunum virtist sem 3–5% seldra bifreiða á síðasta ári hefðu þennan búnað og um væri þá að ræða tekjur ríkisins af álögum á búnaði í þessu hlutfalli bifreiða. Það getur ekki verið um mikla fjármuni að ræða. Ég tek undir það með þingmanninum að þarna er um einhverjar milljónir að ræða. Þetta er ákvörðun um það að afla ekki tekna af þessum öryggisbúnaði og hvetja þar með til þess að hann verði í bifreiðum af öllu tagi eins og ég hef fyrir mælt og þá sérstaklega í þeim bifreiðum sem eru algengastar í innkaupum fjölskyldufólks.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 261. mál. — Þskj. 454.

[14:15]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Hún er á þskj. 454, 261. mál. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Kristjánsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að endurskoða gildandi lög um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Við þá endurskoðun verði 53. gr. laga nr. 19/1991 skoðuð sérstaklega og lagt mat á það hvort þörf sé á frekari löggjöf sem miðar að því að tryggja aðstöðu blaðamanna og annars fjölmiðlafólks við starfa sinn, svo sem vernd þeirra gagna sem fjölmiðlamenn komast yfir, vernd starfsstöðvar þeirra o.fl. gegn rannsóknaraðgerð yfirvalda. Nefndin ljúki störfum fyrir 1. mars 1996.

Forsaga þess að þetta mál er lagt fram er sú að blaðamaður Morgunblaðsins var kallaður til að bera vitni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins í máli sem spannst út frá skrifum hans um endalok stórrar viðskiptasamsteypu, þ.e. Sambands íslenskra samvinnufélaga, og uppgjör á skuldbindingum við aðalviðskiptabanka þess, Landsbanka Íslands. Þar neitaði blaðamaðurinn að gefa upp nafn á heimildarmanni sínum. Rannsóknarlögreglan krafðist þess þá að héraðsdómur úrskurðaði að blaðamanninum væri skylt að gefa slíkar upplýsingar. Til að gera langa stöðu stutta var niðurstaða héraðsdóms sú að blaðamanninum væri skylt að koma fyrir dóm og bera vitni. Forsendur úrskurðarins voru þær að réttur blaðamanns til að halda heimildarmanni sínum leyndum skyldi víkja fyrir hagsmunum bankaeftirlitsins við rannsóknina á meintu trúnaðarbroti starfsmanna Landsbanka Íslands.

Morgunblaðið kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem komst að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. að blaðamanninum bæri ekki að upplýsa um heimildarmenn sína fyrir dómi.

Í VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er fjallað um vitni, mat og skoðun. Þar er kveðið á um að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni.

Þó vitnisburður teljist til réttlægri sönnunargagna í íslenskum rétti en önnur eru rökin að baki vitnaskyldu augljós. Vitnaskylda miðar að því að rétt niðurstaða komi í ljós og þar með vernd fyrir almenning.

Frá þessari meginreglu eru undantekningar. Í 50.–55. gr. er fjallað um þá sem skorast geta undan vitnaskyldu eða er óheimilt að bera vitni fyrir dómi um ýmis atriði vegna tengsla við sakborning eða trúnaðar sem fylgir starfsskyldum þeirra. Í 53. gr. er fjallað um vitnaskyldu fjölmiðlamanna. Ákvæðið var lögfest árið 1991 og er það fyrsta sinnar tegundar í lögum um meðferð opinberra mála og var afgreitt af löggjafanum án teljandi umræðu eða athugasemda. Athyglisvert er að ekki var leitað álits Blaðamannafélags Íslands eða annarra slíkra samtaka. Greinin átti sér fyrirmynd í dönsku réttarfarslögunum.

Annað sem er athyglisvert við þessa lagasetningu er að fyrirmyndin úr dönsku lögunum var lagagrein sem féll úr gildi sama ár og við Íslendingar lögtókum hana, þ.e. árið 1991. Fyrir danska þinginu lá nefnilega á þessum tíma frv. til laga um breytingu á umræddri grein sem gekk mun lengra í þá átt að vernda trúnaðarsamband blaðamanna eða fjölmiðlamanna við heimildarmenn sína. Í þeirri grein er kveðið á um að því aðeins verði blaðamaður að vitna um heimildarmenn sína að vitnisburðurinn hafi úrslitaáhrif varðandi rannsókn afbrots sem fjögurra ára fangelsisrefsing liggur við.

Í hinu danska lagaákvæði segir einnig að við mat á mikilvægi vitnisburðar blaðamanns við rannsóknina skuli hagsmunir fjölmiðla af því að sinna hlutverki sínu ávallt hafðir í huga. Í 53. gr. eru viðurkenndar starfsskyldur fjölmiðlamanna um trúnað við heimildarmenn sína. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í siðareglum Blaðamannafélags Íslands þar sem segir í 2. gr., með leyfi forseta:

Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

Þessi siðaregla er alþjóðleg í fjölmiðlun og eru um það ótal dæmi að fjölmiðlamenn hafa heldur sætt varðhaldi og öðrum refsingum en að brjóta þessa reglu.

Í reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins segir í 4. gr., með leyfi forseta:

Virða ber trúnað við heimildarmenn, bæði að því er varðar nafnleynd þeirra og trúnaðarupplýsingar.

Í framangreindri lagagrein eru ákvæði um undantekningar frá hinni almennu reglu um trúnað fjölmiðlamanna við heimildarmenn sína fyrir dómi. Annars vegar er kveðið á um að vitnisburðar sé krafist vegna afbrots sem ætla megi að varði þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Ekki er óeðlilegt að löggjafinn kveði með einhverjum slíkum hætti á um vitnaskyldu þessara starfsstétta.

Hér ganga Íslendingar mun lengra í því að takmarka nafnleyndina en Danir því að dómstólar hafa frjálsara mat hér og minni kröfur eru gerðar um hve alvarlegt það brot er sem verið er að rannsaka hverju sinni.

Hins vegar er kveðið á um að fjölmiðlamanni sé skylt að bera vitni vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Þrátt fyrir mikilvægi þeirrar þagnarskyldu verður að teljast óeðlilegt að binda fjölmiðlamenn sérstakri vitnaskyldu í slíkum dómsmálum. Það er eðli fjölmiðlastarfa að afla upplýsinga sem víðast að, afhjúpa spillingu og veita ríkisvaldinu aðhald. Skerðing á rétti fjölmiðlamanna til upplýsingaöflunar gerir þeim ókleift að gegna hlutverki sínu. Fjölmiðlamenn bera ábyrgð á birtingu efnisins samkvæmt m.a. meiðyrðakafla hegningarlaga, prentlögum og siðareglum en það er mikilvægt fyrir fjölmiðla í lýðræðissamfélagi að sem minnst höft séu lögð á sjálfa upplýsingaöflun þeirra. Mikilvægi frelsis við upplýsingaöflun sést best á því að líklegast er að almenningur í Bandaríkjunum hefði aldrei komist á snoðir um Watergatemálið ef blaðamenn Washington Post, Robert Woodward og Carl Bernstein, hefðu ekki getað tryggt heimildarmanni sínum fyllstu leynd. Minna má á að hérlendis hafa fjölmiðlamenn oft bent á mikilvægi þessa og á að enn eru engin lög til um upplýsingaskyldu hins opinbera og reglur og venjur um upplýsingar úr stjórnkerfinu eru óljósar og ósamstæðar, jafnvel svo að enn eru ekki tiltæk íslensk gögn um sögulega viðburði. Oftar en ekki verða gögn úr skjalasöfnum annarra ríkja því einu heimildir fjölmiðlamanna og sagnfræðinga um gang mála á Íslandi.

Ég set stórt spurningarmerki við það hvort mál vegna brota á þagnarskyldu í opinberu starfi hafi þá sérstöðu umfram önnur dómsmál að þau verði ekki felld inn í þann almenna ramma sem tiltekinn er í 1. mgr. 53. gr. um alvarleg brot. Enga ámóta hugsun er að finna í 55. gr. um vitnaskyldu presta, lækna, lyfsala, sálfræðinga, félagsráðgjafa, lögfræðinga og endurskoðenda. Varpa má fram þeirri spurningu hvort andi lagaákvæðisins brjóti ekki í bága við þróun í nútímaréttarríkjum sem miðar að opnari stjórnsýslu og virkara aðhaldi fjölmiðla gagnvart stjórnvöldum en áður var. Í því tilliti bendi ég á dómaframkvæmd hjá Mannréttindadómstóli Evrópu varðandi 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um rétt til að taka við og miðla áfram upplýsingum, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Hugmyndin um að nauðsyn sé á því að þögn og leynd hvíli yfir embættisfærslum stjórnvalda byggist að mínu mati á úreltum sjónarmiðum.

Hérlendis hefur ekki reynt á umrætt ákvæði 53. gr. fyrr en héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði 15. des. sl. að fyrrgreindum blaðamanni Morgunblaðsins væri skylt að bera vitni í tilteknu máli sem varðar meint brot á þagnarskyldu. Því máli var áfrýjað til Hæstaréttar eins og ég gat fyrr í máli mínu. Athyglisvert er að hefði blaðamaðurinn sætt sig við úrskurð héraðsdóms og borið vitni um heimildarmann fyrir dóminum má telja líklegt að hann teldist hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Með því að hlíta úrskurði dómsins, sem felldur er á grunni umræddra ákvæða 53. gr., hefði blaðamaðurinn því orðið fyrir álitshnekki innan starfsstéttar sinnar og þrengt verulega starfsmöguleika sína við fjölmiðlun. Þá miða þvingunaraðgerðir gegn blaðamanninum í þessu tilviki að því að halda uppi trúnaðartrausti almennings á forustumönnum Landsbanka Íslands og því að bankaeftirlitið njóti trausts. Einnig er athyglisvert við dóminn að viðkomandi rannsókn beindist að banka í eigu ríkisins og með niðurstöðunni er sýnt að hagsmunir ríkisbankans eru mun betur tryggðir en hagsmunir einkabanka. Það er mál sem ástæða væri til að skoða sérstaklega hér á Alþingi.

Ég hef orðið vör við þann misskilning að með dómi Hæstaréttar í máli blaðamanns Morgunblaðsins sé endanlega búið að skapa umgjörð um heimild blaðamanna til að halda heimildarmönnum sínum leyndum. — Það er víðs fjarri. — Sams konar mál geta komið upp aftur og aftur þar sem kemur í hlut dómstóls að meta hverju sinni hvort hagsmunir annarra, t.d. hins opinbera, séu það ríkir að leynd heimildarmanna verði hrundið. Í þessu tiltekna máli var mat héraðsdóms annars vegar og mat Hæstaréttar hins vegar misvísandi. Á fundi Blaðamannafélags Íslands, sem haldinn var 18. jan. sl., kom fram að þingsályktunartillaga þessi væri mjög þörf og reyndar nauðsynleg fyrir blaðamenn og þeir litu með eftirvæntingu til þeirrar umræðu sem væntanlega færi fram á Alþingi þegar hún kæmi þar til umfjöllunar. Á fundinum kom fram að réttur blaðamanna væri mun betur tryggður í nágrannalöndum okkar en hér á landi. Noregur, Danmörk og Bandaríkin voru sérstaklega nefnd í því sambandi.

Mikilvægt er fyrir lýðræðið og frjálsa fjölmiðlun að fjölmiðlamenn njóti sömu eða sambærilegrar verndar samkvæmt lögum hér á landi og blaðamenn njóta í nágrannalöndum sem við berum okkur helst saman við. Það er grundvallarréttur fjölmiðlamanns að vernda heimildir sínar, réttur sem er virtur í öllum lýðræðisríkjum.

Eðlilegt er að nefndin sem hér er lagt til að sett verði á laggirnar verði skipuð bæði lögfróðum mönnum og blaðamönnum. Henni er ætlað það verkefni að endurskoða sérstaklega 53. gr. laga nr. 19/1991, skoða önnur lagaákvæði sem fjalla um trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra með tilliti til þess að styrkja starfsskilyrði þeirra, og skoða reglur um húsleit, símahleranir o.fl. í því sambandi.

Nú eru fyrirhugaðar breytingar hjá Pósti og síma í þá veru að símtöl símnotenda verða skráð og þeim þar með gefinn kostur á að fylgjast betur með reikningum sínum og símtölum. Í framhaldi af því mætti spyrja hvort lögreglan hefði aðgang að slíkum upplýsingum í tengslum við rannsókn mála og þá hver réttur blaðamanns verði í því sambandi. Skoða þarf reglur um ábyrgð á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega. Er eðlilegt að blaðamaðurinn, sem hér um ræðir, hafi verið settur í þá stöðu að mæta fyrir dóm og gefa upp heimildarmann sinn á meðan ritstjórinn, ábyrgðarmaður blaðsins, sat hjá? Hvaða reglur eiga að gilda um hlutdeild þegar blaðamaður tekur við upplýsingum sem fengnar eru t.d. með trúnaðarbroti heimildarmanns? Í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi með lögum nr. 62/1992, er kveðið á um tjáningarfrelsi, rétt til að taka við upplýsingum og miðla þeim áfram. Við endurskoðun á hinu íslenska réttarástandi sem nefndinni er ætlað að fjalla um ber að hafa 10. gr. að leiðarljósi og það borið saman við réttarástand hjá öðrum þjóðum sem lengra eru komnar en við. Að öðrum kosti er hætt við því að mál af svipuðum toga og mál blaðamanns Morgunblaðsins verði lögð undir mælistiku dómaranna í Strassborg og við yrðum að sæta fyrirmælum þaðan.

Ég tel að æskilegra verði að gefa nefndinni lengri tíma til vinnu sinnar en gert er ráð fyrir í tillögunni en flutningsmenn leggja þó ríka áherslu á það að nefndin skili af sér fyrir árslok 1996.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að málinu verði vísað til hv. allshn.

[14:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að fjalla í örstuttu máli um þessa tillögu og þakka hv. 1. flm. fyrir það frumkvæði sem hún átti að samningu hennar. Öllum má ljóst vera að hér er um mjög spennandi og þarft mál að ræða sem varð til í kjölfar rannsóknar og dóma yfir blaðamanni. Hér er um grundvallaratriði í blaðamennsku að ræða, þ.e. rétt blaðamannsins til þess að virða trúnað við heimildarmenn sína.

Eins og sjá má af hópi flutningsmanna er þar um fyrrv. blaðamenn að ræða, fólk sem hefur reynslu af því að vera í blaðamennsku og skilur því vel hver þörf er á tillögu um að hér verði breyting á lögum til þess að það sé alveg skýrt hver réttur fjölmiðlamanna er.

Vert er að minnast þess að þegar stjórnarskráin var endurskoðuð, en þær breytingar urðu að lögum í fyrravor, var m.a. tekið á tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi sem auðvitað er grundvallarréttur en að öðru leyti er lítið vikið að hlutverki fjölmiðla. Í þjóðfélagsfræðum er fjallað um fjórða valdið við hliðina á framkvæmdarvaldi, löggjafarvaldi og dómsvaldi. Öllum má ljóst vera að fjölmiðlar hafa gífurlega þýðingu og gífurleg áhrif í öllum samfélögum, eiginlega hvort sem þeir njóta þess frelsis og þeirra réttinda sem við gerum kröfum til í þeim ríkjum sem vilja kenna sig við lýðræði eða öðrum ríkjum svo við nefnum t.d. Kína. Þeir ófrjálsu fjölmiðlar sem þar eru hafa gífurleg áhrif vegna þess að menn lesa í gegnum þá stefnu stjórnvalda hvað er leyfilegt og hvað er ekki leyfilegt. En það má geta þess að í alþjóðasamþykktum á undanförnum árum, m.a. hjá Sameinuðu þjóðunum, og er mér þá t.d. í huga framkvæmdaáætlunin til að ná fram jafnrétti kynjanna, er mjög víða vísað til hlutverks fjölmiðlanna og til skoðanafrelsis og réttar fjölmiðla til þess að láta skoðanir sínar og þekkingu í ljós. Þessi hugsun er komin víða inn í alþjóðasáttmála en ég hygg að við eigum eftir að fylgja þeim miklu betur eftir inn í íslensk lög.

Það eru tvær hliðar á þessu máli eins og öðrum. Annars vegar grundvallarréttur blaðamannsins sem m.a. er kveðið á um í siðareglum íslenskra blaðamanna. Í 2. gr. siðareglnanna segir, með leyfi forseta: „Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína."

Þetta er grundvallarregla allra þeirra sem vinna við fjölmiðla. Ef hægt á að vera að sinna því hlutverki að veita stjórnvöldum aðhald, sem er eitt af hinum stóru hlutverkum fjölmiðla, þarf að vera nauðsynlegt að geta varið heimildarmennina. Í greinargerð er einmitt rifjað upp eitthvert frægasta dæmi um slík mál, þ.e. Watergate-málið í Bandaríkjunum. Mér vitanlega hefur enn ekki verið sannað hver heimildarmaðurinn var sem kallaður var Deep Throat. Eflaust eru fjöldamörg dæmi um að embættismönnum hefur verið nóg boðið og hafa lekið til fjölmiðla mikilvægum upplýsingum þegar spillingin var orðin slík að mönnum fannst að eitthvað yrði að gera en stundum er slíkur leki í öðrum tilgangi.

Annars vegar er nauðsynlegt að verja rétt fjölmiðlanna en hins vegar er nauðsynlegt að vernda borgarana fyrir fjölmiðlum og því hvað fjölmiðlar geta verið ósvífnir og raunar gengið langt í fréttamennsku sinni. Þetta þarf að hafa í huga. Ég get rifjað í því samhengi upp tillögur sem legið hafa fyrir hér á þingi en hafa ekki verið afgreiddar. Þar átti í hlut hv. fyrrv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, klerkurinn fyrir austan, sem var hér á síðasta kjörtímabili. Hann lagði ítrekað fram tillögur um reglur um myndbirtingar og jafnvel bann við myndbirtingum þannig að margt er að athuga í þessu

samhengi. Enda þótt hv. 1. flm. veki fyrst og fremst athygli á ákveðnu atriði er margt annað sem væri vert að athuga í þessu samhengi og ég varpa því fram hvort hér þurfi að verða til einhver samfelld löggjöf um fjölmiðla. Ég viðurkenni að ég þekki nægilega ekki til hvort menn hafa sett löggjöf um fjölmiðla í öðrum ríkjum m.a. til þess að vernda þennan rétt og skilgreina hlutverk fjölmiðla í samfélaginu eða hvort menn styðjast fyrst og fremst við stjórnarskrá eða aðildarreglur og hafa sótt rétt til með dómum. Það er íhugunarefni hvort rétt sé að setja slíka löggjöf en vissulega hefur löggjöf verið mjög forneskjuleg hér á landi, t.d. varðandi opinbera starfsmenn, hlutverk þeirra og þagnarskyldu og það hvernig þeir hafa verið ofvarðir með lögum þannig að það hefur verið erfitt að sækja til þeirra upplýsingar.

Þetta vekur upp enn eina spurninguna um það hvað líður frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem samkvæmt nýjustu fréttum er einhvers staðar á leiðinni í kerfinu. (**Gripið fram í:** Það er búið að vera þar í þrjú ár.) Já, sú leið er ansi löng og verður forvitnilegt að sjá afurðina þegar hún lítur loksins dagsins ljós en hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að frv. verði lagt fram á þessu þingi hvort sem það verður raunin ekki.

Hæstv. forseti. Ég ítreka að hér er um mjög gott mál að ræða sem kallar á spennandi umfjöllun í allshn. og ég hvet nefndina til þess að skoða það í þessu samhengi hvort ástæða sé til þess að setja löggjöf um hlutverk og rétt fjölmiðla.

[14:39]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að með þessari till. til þál. sé hreyft máli sem nauðsynlegt er að Alþingi, löggjafarvaldið, og þá einkum og sér í lagi framkvæmdarvaldið fjalli mjög ítarlega um í ljósi nýrra tíðinda af meðferð mála af þessum toga og raunar eldri einnig þó að stundum hafi svipuð mál sem hafa komið upp varðandi trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra farið lægra en það mál sem er sérstaklega tilgreint í fskj. með þessari þáltill. Ég held að það sé algerlega ljóst að það er nauðsynleg regla og raunar réttur sem þarf að vera til staðar af hálfu fjölmiðlamanna ef þeir eiga að geta sinnt starfi sínu af viti þannig að gagn sé að fyrir almenning í landinu að þeir njóti mjög víðtæks og almenns réttar varðandi trúnað við heimildarmenn sína.

Gjarnan hefur það verið þannig í raun og sanni að yfirvöld hafa ekki gengið mjög hart í því að sækja fréttamenn til saka og kalla þá til dóms og laga til þess að upplýsa um þessi samskipti enda þótt réttur löggjafans og yfirvalda til þess sé allnokkur og þá sérstaklega er lýtur að stöðu opinberra starfsmanna. Ég fagna því mjög að tillaga af þessum toga sé komin fram en vil engu að síður undirstrika það eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi réttilega að þessi þáttur mála er aðeins einn af fjölmörgum sem lúta að samskiptum fjölmiðla og opinberra aðila og svo auðvitað aftur samskiptum þeirra gagnvart lesendum sínum, hlustendum eða áhorfendum. Til þess að halda því til haga í ljósi orða sem féllu af hálfu síðasta hv. ræðumanns, hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, var þáltill. um samskiptareglur fjölmiðla og opinberra aðila þegar kemur að frásögnum af harmrænum atburðum eins og það var orðað samþykkt skömmu fyrir síðustu kosningar. Dómsmrh. var þar falið að skipa nefnd til þess að fara yfir þetta ferli. Ekki síst í ljósi nýorðinna atburða í því sambandi er orðið mjög brýnt að dómsmrh. setji þessa nefnd á laggirnar og atburðir af þeim toga hafa komið upp sem hafa gefið tilefni til þess að fjölmiðlar hefðu þurft að fara mun varlegar í sakir en þeir sumir hverjir hafa gert. Fórnarlömb slíks málflutnings og slíkra fjölmiðlafrétta hafa einmitt borið sig illa undan verklagi og vinnubrögðum einstakra fjölmiðla í því sambandi.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að brýnt er að umræðan fái líka það vægi sem nauðsynlegt er, ekki síst í ljósi þess að maður áttar sig fljótlega á því við lestur verklagsreglna annars vegar fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar og hins vegar Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, sem er að finna í fskj. með þáltill. að nokkur mismunur er á almennum verklagsreglum þegar kemur einmitt að þessum þætti mála og raunar segja dæmin sitthvað í því sambandi.

Það liggur líka ljóst fyrir að ábyrgð fjölmiðla þegar kemur að birtingu frétta eða fréttatengds efnis, skýringa af ýmsum toga, þegar um er að ræða frásagnir óafngreindra heimildarmanna, ábyrgð fjölmiðla undir þeim kringumstæðum auðvitað eykst að sama skapi mjög verulega. Þá liggur ábyrgðin ef vegið er að einstaklingum á hendi viðkomandi fjölmiðils sem er ekki um að ræða ef viðkomandi heimildarmaður lýsir viðhorfum sínum eða upplýsingum undir nafni. Með öðrum orðum færist til ábyrgð við það eitt að heimildir eru frá ónafngreindum aðilum. Þetta leggur að sama skapi stórauknar byrðar og stóraukna ábyrgð á hendur fjömiðlum, ekki eingöngu vegna þess að þeir þurfa þá að svara fyrir þessar upplýsingar almennt, heldur líka að erfiðara er en ella að lesa úr því hvað er satt.

Auðvitað er hárrétt, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, að til eru þau dæmi að ónafngreindir heimildarmenn reyni að koma á framfæri upplýsingum sem eru e.t.v. ekki sannleikanum samkvæmar heldur settar fram til þess eins að hrinda af stað ákveðinni rógsherferð gagnvart einstaklingum eða stofnunum. Aðalatriðið er þá ekki að hafa sannleikann með í för. Enn og aftur leggur þetta samskiptaferli fjölmiðla og ónafngreindra heimildarmanna fjölmiðlum á herðar það hlutverk að greina á milli þess sem hlutlægt er og hins vegar þess sem vænta má að ónafngreindir heimildarmenn vilji sérstaklega koma á framfæri vegna sinnar eigin stöðu. Þessi tillaga er því gott innlegg inn í þá víðtæku umræðu sem ég hygg að þurfi að fara fram í þjóðfélaginu og þá ekki síst í þessari stofnun hér. Auðvitað kemur þar ævinlega að sama þættinum, þ.e. með hvaða hætti hægt er að tryggja greiðara upplýsingaflæði frá opinberum aðilum til fjölmiðla og þar með þjóðarinnar. Þá vísa ég auðvitað til þess að árum og jafnvel áratugum saman hefur verið rætt um nauðsyn þess að koma frá Alþingi löggjöf sem tryggi ákveðna upplýsingaskyldu stjórnvalda er taki mið af hagsmunum almennings og að upplýsingar frá frá einni stofnun til annarrar séu með hliðstæðum hætti. Við þurfum að kalla mjög ákveðið eftir því og við eigum líka að ræða það. Ég hef enn ekki mótað mér skoðanir varðandi það hvort einhver ástæða sé til að skoða sérstaka löggjöf um fjölmiðla landsins. Ég hef ákveðnar efasemdir um það. Við þurfum að fara mjög varlega í slíka umræðu. En almenn umræða um fjórða valdið í okkar samfélagi er mjög brýn. Sú þáltill. sem hér er til umræðu er mjög mikilvægur þáttur í þeirri heildarumræðu sem þarf að fara fram um málið.

[14:48]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Mig langar til að þakka hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni um þetta mál. Það er ljóst af máli þeirra að það er tímabært og nauðsynlegt að hefja þá

vinnu sem þeirri nefnd sem við leggjum til að sett verði á laggirnar er ætluð. Mér þykir aftur á móti slæmt að hæstv. dómsmrh. skuli ekki hlýða á þessa umræðu. Hann er fyrrv. blaðamaður og ætti að vita hversu brýnt það er að taka á löggjöfinni varðandi málefni og aðstöðu blaðamanna.

Mig langar til að minnast á reglur um samskipti fjölmiðla og hins opinbera og ýmislegt fleira sem fram kom í umræðunni hjá þeim tveimur hv. þingmönnum sem tóku til máls. Ég vil líka minna á að fyrir þinginu liggur þáltill. um fjölmiðlastefnu þar sem gert er ráð fyrir vinnu varðandi þá þætti sem þar voru nefndir, þ.e. þáltill. sem varaþingmaður Þjóðvaka í Reykn., Lilja Guðmundsdóttir, er 1. flm. að og ég meðflm.

Í Noregi hefur slík fjölmiðlastefna verið lögfest og var hún höfð til viðmiðunar við gerð fyrri þál. Aftur á móti langar mig, vegna þeirrar umræðu sem fór fram um rétt blaðamanna, að vitna í grein sem Ólafur Jóhannesson, prófessor og fyrrv. forsrh., ritaði í Úlfljót árið 1969 um prentfrelsi og nafnleynd. Þar kemur hann mjög víða að því hvernig tryggja beri trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Nafnleyndarrétt blaðamanna á löggjafinn þrátt fyrir allt að viðurkenna skýrt og ótvírætt. Frá honum á ekki að gera aðrar undantekningar en almannahagsmunir krefjast. Þær undantekningar á að taka fram í lögum. En þrátt fyrir réttinn fer best á að blaðamenn sjálfir noti nafnleynd í hófi. Fastir blaðamenn ættu sem oftast að skrifa undir nafni. Það gefur hinu ritaða orði þeirra aukið gildi. Nafnleyndarréttur á ekki aðeins að taka til greina sem ritaðar eru í blað, heldur og til þeirra heimildarmanna blaðamanna er gefa þeim munnlegar upplýsingar. Hér á ekki aðeins að vera um rétt að ræða, heldur og skyldu til leyndar. Sá leyndarréttur og sú leyndarskylda á ekki að ná til blaðamanna einna, heldur einnig annarra sem vegna starfa sinna við útgáfu blaðs geta fengið vitneskju um höfund eða heimildarmann án þess að þeim sé frá því sagt, t.d. til setjara í prentsmiðju."

Ólafur Jóhannesson ræðir í þessari grein um prentfrelsið og nafnleyndina. Þar kemur skýrt fram að prentfrelsi verður ekki án ábyrgðar og ekki verður nafnleynd án prentfrelsis. Það er ljóst að það verður að taka heildstætt á þessum málum. Ég vona að þessi þáltill. fái góða afgreiðslu í allshn. og nefnd sú sem tillagan gerir ráð fyrir verði sett á laggirnar og ljúki störfum fyrir árslok. Það er mjög mikilvægt fyrir starfsvettvang fjölmiðlamanna og blaðamanna.

[14:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er mjög sérstakt þingmál til umfjöllunar. Það er lagt fram að gefnu tilefni og sem viðbragð við opinberri umfjöllun um tiltekið mál. Því máli er nú lokið með dómi Hæstaréttar og ekki mikið um það að segja umfram það sem menn geta lesið sér til um í dómi Hæstaréttar. Ég vil hins vegar segja að ég er ósammála tillögugreininni í þessu máli. Ég er verulega ósammála því sem þar er lagt til, þ.e. að leggja fyrst og fremst áherslu á að verja og tryggja nafnleynd þannig að menn geti í skjóli nafnleyndar komið upplýsingum til fjölmiðlamanna. Við hljótum að setja löggjöfina þannig að við tryggjum eftir föngum að upplýsingar fari eftir löglegum leiðum, hvort heldur það er til fjölmiðla eða annarra aðila.

Við getum ekki, eins og hér er lagt til, hvatt löggjafann til að setja lög til varnar lögbrotum. Oft og tíðum er það lögbrot að koma upplýsingum til fjölmiðla. Það er lögbrot t.d. í bönkum, Byggðastofnun eða öðrum slíkum stofnunum. Ég get ekki verið sammála því að við eigum að stuðla að því að auðvelda mönnum að brjóta lög. Við hljótum að útbúa löggjöfina þannig að menn hafi heimild til að koma upplýsingum á framfæri þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi og geti þá notið nafnleyndar. Löggjöfin á með öðrum orðum að vera þannig að það geti verið löglegt, ef almannahagur krefst, að koma upplýsingum á framfæri. Þannig tel ég að nálgast eigi málið. Ég er sammála því að oft er nauðsynlegt að koma upplýsingum fram í dagsljósið sem haldið er leyndum.

Ég bendi á, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, að það vantar löggjöf um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Við ættum að álykta um að slík löggjöf komi strax. Hún ætti líka að tryggja opinberum starfsmönnum eða öðrum, sem af einhverjum ástæðum búa yfir upplýsingum sem þeir telja nauðsynlegt að koma á framfæri, rétt til að gera það og njóta nafnleyndar ef mikið er í húfi. Menn ættu því að umorða tillögugreinina með þetta í huga.

Þá finnst mér líka vanta í þessa tillögu ákvæði sem tryggir rétt borgaranna gegn fjölmiðlum og umfjöllun þeirra. Slíkt á þar fyllilega heima því fjölmiðlar eru oft og tíðum ósanngjarnir í garð einstaklinga sem þeir fjalla um, ef þeim býður svo við að horfa. Það er enginn hægðarleikur fyrir einstakling að verja sig gegn fjölmiðlum eða andæfa fréttaflutningi þeirra. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson þekkir það fár, á þeim tíma gengu fjölmiðlar allt of langt að mínu mati.

Það undrar mig oft að heyra fréttir af rannsóknum mála hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem öll smáatriði eru rakin, jafnvel vitnisburður manna sem hafa verið yfirheyrðir þótt þeir hafi enn ekki verið ákærðir, hvað þá heldur að yfir þeim hafi verið felldur dómur. Hver er réttur þeirra sem þar eiga í hlut? Hver gætir réttar þeirra og þess að þeirra sjónarmið komi fram? Því miður finnst mér ég æ oftar verða var við slíkar fréttir sem eru bersýnilega komnar frá opinberri stofnun eins og Rannsóknarlögreglu ríkisins. Það má vel vera að menn komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa fjallað um málið að rétt sé að fjölmiðlar birti fréttir af gangi mála í rannsókn og tilgreini þar jafnvel meinta sakborninga. En þá verða menn að gæta þess að þeir geti komið sínum málstað á framfæri með jafngildum hætti. Mér finnst ekki eðlilegt að rekja í smáatriðum í fjölmiðlum mál sem er í rannsókn. Það kemur í ljós að lokinni rannsókn hvert mat ákæruvaldsins er. Komi til ákæru er það auðvitað fréttamál og fær þá umfjöllun sem slíkt.

Mér finnst, virðulegi forseti, allt of mikil áhersla lögð á rétt blaðamannsins í þessari tillögu af því að það er ekki nema einn hluti málsins. Það eru miklu fleiri málsaðilar í þjóðfélaginu sem eiga í hlut í opinberri umfjöllun mála en fréttamennirnir einir. Ég hef tekið undir það að það er rétt og skylt að þeir hafi reglur til að geta gegnt sínu starfi. Það kann að vera rétt að hafa svona trúnaðarsamband sem hér er getið um en það verður líka að huga að rétti annarra sem koma að þessum málum og löggjafinn getur ekki að mínu viti tekið svona einhliða á þessu máli.

[15:01]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar gefur ekki langan tíma til að reifa málin enda var ég búin að flytja rök fyrir því að það er ærin ástæða fyrir að setja þessa vinnu í gang. Mér fannst gæta allmikils misskilnings á málinu hjá síðasta hv. ræðumanni. Það er eðli fjölmiðlastarfa að afla upplýsinga, afhjúpa spillingu og veita ríkisvaldinu aðhald. Skerðing á rétti fjölmiðlamanna

til upplýsingaöflunar gerir þeim ókleift að sinna því hlutverki sínu. Þess vegna er þetta mikilvægt og sérstaklega í lýðræðisríkjum. Það sem hefur verið að gerast í öllum löndum í kringum okkur hefur verið í þá veru að tryggja rétt blaðamanna og fjölmiðlamanna til að halda trúnað við heimildarmenn sína. Ég get ekki farið nánar í þetta tímans vegna. En að sjálfsögðu mun nefndin sem sett verður á laggirnar til að fara í þá vinnu að tryggja þetta trúnaðarsamband í lögum, eins og ég vona að verði að veruleika, hafa umræðuna á Alþingi um þetta mál að leiðarljósi og til skoðunar, auk þeirra lagagreina sem snúa að fjölmiðlamönnum í þessu efni.

[15:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nefndin, sem mun starfa ef þetta verður samþykkt, mun fyrst og fremst hafa til hliðsjónar þá tillögugrein sem verður samþykkt. Það er nú það sem er kjarni málsins. Ég legg áherslu á að það þurfi að breyta henni til þess að útvíkka hlutverk hennar. Hún er of þröngt orðuð. Menn eiga að leggja áherslu á að breyta landslögum þannig að menn tryggi rétt almennings til upplýsinga hvort heldur það eru fjölmiðlar eða aðrir. Við eigum að tryggja upplýsingaflæðið með beinum hætti sem mest en ekki að gera leynilega þáttinn að aðalatriði málsins. Ef lýðræðisríki á að standa undir nafni verður það að byggjast á því að aðgangur að upplýsingum liggi sem beinast fyrir mönnum, almenningi og fjölmiðlamönnum samkvæmt lögum en ekki samkvæmt ólöglegum aðferðum.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki verða til þess að teygja þessa umræðu á langinn. Hins vegar vil ég undirstrika það sem ég sagði áðan að hér erum við vissulega aðeins að fjalla um einn tiltekinn þátt fjölmiðlunar og það hvernig löggjafarvaldið og fjölmiðlar sjálfir fara með þann þátt í sínum störfum frá einum degi til annars. Það er hárrétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að vissulega er meginmálið það að tryggja almennan venjubundinn aðgang að upplýsingum sem fjölmiðlar síðan vinna úr og koma á framfæri til þjóðarinnar. Það hlýtur að vera hin venjubundna regla.Til þess að tryggja að sá framgangsmáti geti orðið almennur og hin venjubundna regla en heyri ekki til undantekninga þá gerum við það með því að ganga í það löggjafarstarf sem lýtur að upplýsingaskyldu stjórnvalda. Þessi þáttur máls er mjög afmarkaður og lýtur eingöngu að því hvort það beri að líta á það undir einhverjum kringumstæðum sem lögbrot að taka á móti upplýsingum. Það er ekki verið að fjalla um það hvort ólögmætt sé af hálfu einstaklinga að veita þessar upplýsingar heldur eingöngu hvort að fjölmiðlamenn geti tekið og unnið sitt starf með þeim hætti að taka á móti upplýsingum af þessum toga og notið ákveðinnar verndar löggjafarvaldsins í þeim þætti sinna starfa. Ég held að það sé nauðsynlegt að taka þetta mjög skýrt fram.

Hvað varðar orðaræður um vernd einstaklinga og hugsanlega hópa gagnvart fjölmiðlum, þá er það að sönnu allt annar þáttur. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni rifjaði ég það upp að þingsályktunartillaga í þá veru var samþykkt hér á síðasta vori, fyrir síðustu kosningar. Það er mjög mikilvægt að einmitt sá þáttur sem er líka að sönnu mjög afmarkaður, fái nauðsynlega skoðun og nefndin sem þar um ræðir hefji störf hið allra fyrsta því eins og ég gat um þegar kemur að þeim þætti þá er nokkuð misjafnt hvaða vinnureglur og verklagsreglur fjölmiðlar viðhafa í þeim efnum. Siðareglur blaðamanna eru þar eitt, reglur um fréttaflutning útvarpsins eru annað og eins og getur í fskj. III, eru siðareglur fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar það þriðja. Þar er nokkur mismunur á þegar kemur að því hvernig fara skuli með mjög viðkvæmar fréttir sem lúta að harmrænum atburðum, fréttir sem hugsanlega gætu valdið saklausu fólki eða þeim sem um sárt eiga að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu ef ekki er rétt að staðið. Því miður hefur þróun mála orðið sú í seinni tíð að svona slysum, ef ég má orða það svo, í vinnubrögðum fjölmiðla hefur frekar fjölgað heldur en hitt og sum þeirra eru býsna slæm. Ég sat fyrir ekki margt löngu til að mynda ráðstefnu Samtaka um sorg og sorgarviðbrögð, Nýrrar dögunar, þar sem var fjallað um þessi mál. Þar áttu forsvarsmenn þessara samtaka orðastað við fréttastjóra Stöðvar 2. Tínd voru til ýmis tilvik þar sem augljóst var að fréttamenn höfðu gengið lengra en góðu hófi gegndi. Í hinni hörðu keppni um að vera fyrstur með fréttirnar hafði sú gullna regla gleymst að gæta þess að valda ekki saklausu fólki óþarfa sársauka. Þessi vinnubrögð þekkjum við erlendis frá. Ég held að þess sé skemmst að minnast, fyrir allnokkrum árum síðan raunar, þegar flugvél hrapaði í New York og sýnt var í beinni útsendingu frá tilraunum björgunarmanna að bjarga mannslífum úr straumharðri á sem var ísi lögð. Ég held að svona fréttaflutning viljum við Íslendingar ekki og viljum ekki yfir okkur kalla, því að þessir þættir eru hér kannski sýnu viðkvæmari en gerist úti í hinum stóra heimi sökum fámennisins, sökum þess hversu algengt það er að maður þekki mann og annan. Það er því kannski einkum og sér í lagi af þeim sökum sem við þurfum að stíga varlegar til jarðar en ella. Vissulega er það þannig að vel flestir fjölmiðlar gæta sín. En slysin eru hins vegar allt of mörg. Það leiðir aftur að því sem ég sagði hér áðan að þegar fjölmiðlar verða að hafa þann hátt á að sækja sér fréttir eftir óhefðbundnum leiðum, þ.e. frá ónafngreindum heimildarmönnum, leggur það aukaábyrgð á þessa sömu fréttamenn um að greina á milli þess sem réttast kann að vera og hins sem hugsanlega er komið á framfæri af einhverjum öðrum hvötum. Þá reynir á það hvort að fréttamennskan er hlutlæg, hvort hún sé „objektíf" eða hvort hún sé hlutdræg, „subjektíf". Það er því miður þannig að allt of margir fréttamenn hafa í seinni tíð fundið til þessa valds síns sem að sönnu er mjög mikið. Þeir hafa farið offari í því að fara fram með upplýsingar án þess að kanna til hlítar hvort þær séu á rökum reistar, þ.e. á vondu máli, virðulegi forseti, að „double tékka" þær upplýsingar sem fram færu með þessum hætti. Það er mjög mikilvægt í allri fjölmiðlavinnu. Þó að afsaka megi margt með því að á íslenskum fjölmiðlum vinnur fátt fólk í samanburði við hina stóru fjölmiðla úti í heimi þótt tímapressan sé nákvæmlega sú sama, þá afsakar það ekki að hin almenna regla verður að vera sú að fréttamaður vandi vinnubrögð sín. Og hann þarf að vanda þau miklum mun betur þegar heimildarmenn eru ekki sjáanlegir heldur fela sig á bak við nafnleynd sem á stundum kann að vera nauðsynleg. Ég get að sönnu tekið undir það að hér er um að ræða eingöngu einn þátt af stóru og miklu máli sem ég held að við alþingismenn eigum að ræða miklum mun frekar. Ekki undir þeim formerkjum að koma böndum á prentfrelsi í landinu eða rétt fjölmiðlamanna heldur eingöngu til þess að við séum þátttakendur í þeirri viðamiklu umræðu sem á sér að sönnu stað í þjóðfélaginu um hlutverk fjölmiðla og þróun þeirra á allra síðustu árum. Þar hefur orðið bylting og henni er langt í frá lokið og þingmenn

og löggjafarsamkundan mega ekki sitja þar eftir án þess að leggja orð í belg.

Umræðu frestað.

Gjald af áfengi, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 269. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 497. [15:13]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem er á þskj. 497, um breytingu á lögum um gjald af áfengi. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Breytingin fjallar um að 8. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Af innheimtu gjaldi skv. 3. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Heilbrigðisráðherra skipar fjögurra manna sjóðstjórn. Fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann hver en þann fjórða skipar heilbrigðisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um sjóðinn með reglugerð."

Í greinargerð segir:

„Hér er lögð til sú breyting á 8. gr. laga um gjald af áfengi, nr. 96/1995, að þær tekjur, sem renna í Forvarnasjóð og á að nota til forvarnastarfa gegn áfengisneyslu, megi einnig nota til forvarnastarfs gegn annarri fíkniefnaneyslu.

Í júní á þessu ári voru samþykkt á Alþingi lög um gjald af áfengi. Þar er í 8. gr. kveðið á um að 1% af því gjaldi á áfengi, sem er innheimt skv. 3. gr. laganna, skuli renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins er að með framlögum úr honum skuli stuðla að áfengisvörnum. Heilbrigðisráðherra setti reglugerð um starfsemi Forvarnasjóðsins 3. október sl. Þar segir í 1. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar að hlutverk sjóðsins sé „að styrkja forvarnastarf félagasamtaka og einstaklinga á sviði áfengisvarna á verkefnagrundvelli, svo sem fræðslustarfsemi og alls kyns áróður." Stjórn sjóðsins skal samkvæmt reglugerðinni auglýsa a.m.k. einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er liðurinn 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. Þar er gert ráð fyrir að til áfengisvarnaráðs fari 9,1 millj. kr. Á sama fjárlagalið er lagt til að 40,9 millj. kr. fari til annarrar forvarnastarfsemi. Af þeim lið hefur nú þegar verið ráðstafað til forvarnastarfs um 12 millj. kr. samkvæmt ákvörðun Alþingis. Framlög til Forvarnasjóðs eru ekki sérmerkt í frumvarpi til fjárlaga en ætla má að tekjur sjóðsins séu undir liðnum 08-621.

Eins og áður segir eru framlög úr Forvarnasjóði eingöngu ætluð til forvarnastarfs gegn áfengisneyslu. Þar er vissulega um þarft verk að ræða en í ljósi þess að neysla annarra ávana- og fíkniefna hefur stóraukist á undanförnum árum er nauðsynlegt að auka framlög til allrar forvarnastarfsemi. Í ljósi þess er hér lögð til sú breyting að heimilt sé að veita fé úr Forvarnasjóði til forvarnastarfsemi gegn áfengisneyslu og annarri fíkniefnaneyslu."

Virðulegi forseti. Er hæstv. heilbrrh. í húsinu?

(**Forseti** (ÓE): Hæstv. heilbrrh. er ekki í húsinu, nei. Vill hv. þm. að forseti geri ráðstafanir til að hæstv. heilbrrh. komi ef það væri mögulegt?)

Tekur það ekki óskaplega langan tíma?

(**Forseti** (ÓE): Það er hætt við því að það taki nokkurn tíma.)

Er hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. eða hæstv. dómsmrh. í húsinu?

(**Forseti** (ÓE): Nei, það er nú bara enginn þeirra, því miður.)

Það er slæmt.

(**Forseti** (ÓE): Já.)

Þessir hæstv. ráðherrar eiga að tilnefna fulltrúa í þá sjóðstjórn sem á að úthluta úr Forvarnasjóði sem samkvæmt lögum í dag má eingöngu úthluta fjármagni til forvarnaaðgerða gegn áfengisneyslu. Það hefur komið fram í ræðum undanfarið hjá hæstv. heilbrrh. og reyndar í umræðum um lögin um gjald af áfengi s.l. sumar að áætla mætti að þetta 1% gjald á áfengi gæfi á bilinu 20–30 millj. til forvarnastarfsemi. Það hefur ítrekað komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að þarna væri um tvöföldun framlaga til forvarnastarfsemi að ræða. Allt það fé sem kæmi í þennan sjóð væri hrein viðbót, ekki væri áætlað að skerða þau framlög sem áður hefðu verið.

Nú er það svo að undir liðnum 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál eru á fjárlögum 1995 29,5 millj. kr. Í ár eru undir þessum sama lið 40,9 millj. Þarna eru um hreina viðbót að ræða en hún er ekki nema rétt um 11 millj. Má því segja að áætlaðar tekjur af gjaldi af áfengi séu í raun mun minni en gert var ráð fyrir við afgreiðslu á lögum um gjald af áfengi. Það kom fram bæði hv. formanni efh.- og viðskn. og eins hjá hæstv. ráðherra að gert væri ráð fyrir tekjum upp á 20–30 millj. kr. sem væri hrein viðbót til forvarnastarfsemi.

Við afgreiðslu fjárlaga í ár er, þrátt fyrir þetta ákvæði laga um gjald af áfengi og þrátt fyrir að búið sé að samþykkja reglugerð um starfsemi þessa sjóðs, hvergi í fjárlögum gengið frá því hvar má finna þetta sérstaka gjald. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef bestar frá heilbrrn. má gera ráð fyrir að þessi framlög eða þessi sjóður finnist undir þeim lið sem ég áður hef nefnt. Þaðan var samkvæmt ákvörðun síðustu fjárlaga úthlutað um 12 millj. kr. Óskipt er hins vegar 28,9 millj. Ég hafði gert mér vonir um að sá málflutningur sem hæstv. heilbrrh. hefur haft uppi um að það þyrfti að samræma forvarnastarfsemi í landinu yrði til þess að þessi sjóður, þar sem auglýsa þarf sérstaklega eftir umsóknum um framlög úr honum, þýddi að þarna væri tæki til að samræma forvarnaaðgerðir. Engu að síður er samkvæmt venju undanfarinna ára úthlutað styrkjum til ýmissa samtaka og félagasamtaka sem sjá um forvarnastarfsemi og hafa gert árum saman án þess að þurfa nokkurn tíma að skila skýrslu um árangur af sinni starfsemi eða hvernig henni er háttað. Með þessu er ég ekki að segja að starfsemi þessara félaga og samtaka sem fengið hafa framlög úr þessum forvarnasjóði sé eitthvað ábótavant eða hún hafi ekki skilað árangri. En það er lenska við afgreiðslu fjárlaga að þegar félagasamtök eða einstakir aðilar sækja um framlög frá ríkinu þurfa þeir ekki að færa rök fyrir því að vel hafi til tekist með fjárveitingu fyrra árs. Ég get því ekki séð að sú sjóðsstofnun sem þarna er um að ræða og skipulag þessarar starfsemi sé færð til betri vegar þrátt fyrir samþykkta reglugerð síðan í október sl., en þá skrifaði hæstv. heilbrrh. undir reglugerð sem fjallar um starfsemi þessa sjóðs.

Nú er ljóst að þótt neysla áfengra drykkja sé verulegt vandamál og vissulega sé þörf á að skipuleggja forvarnastarfsemi þar umfram það sem gert hefur verið, að þá er önnur fíkniefnaneysla vaxandi vandamál í þjóðfélaginu. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að eftir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað, nýlega yfirlýsingu þess efnis að hér eigi að halda fjölþjóðaráðstefnu um fíkniefnavandann og nýskipaða nefnd sem hæstv. heilbrrh. og að ég held hæstv. dómsmrh. standa að varðandi fíkniefnavandann og hvernig eigi að bregðast við, finnst mér einkennilegt að einu viðbrögðin sem maður sér á hv. Alþingi og á göngum þess eru hv. stjórnarliðar sem tipla um á tánum og passa sig á að koma ekki inn í þingsalinn til að taka þátt í umræðu um þetta mikilvæga mál. Að vísu eru á dagskrá mál frá stjórnarandstöðunni og maður hefur það sannarlega á tilfinningunni suma dagana að það séu haldnir sérstakir þingfundir á hv. Alþingi fyrir hv. stjórnarandstöðu. Ef stjórnarliðar eru yfirleitt í húsinu tipla þeir á tánum svo við verðum sem minnst vör við þá og fást alls ekki til að taka þátt í umræðu um málið. Þetta er slæmt og alls ekki í takt við þann vilja sem hæstv. forseti hefur margsinnis nefnt við okkur og við virðum að störf Alþingis verði markvissari og umfjöllun málaefnaleg. Ég hef ævinlega litið svo á að 1. umr. sé til þess að kynna meginrökin fyrir því máli sem flutt er hverju sinni og í það minnsta sé hægt að fara fram á að þeir hv. þingmenn sem skipa viðkomandi nefnd sem fjallar um málið sitji í sölum Alþingis og hlýði á umræðuna. Hér er í hæsta lagi einn hv. þm. úr hv. efh.- og viðskn. sem mun líklega fá þetta mál til umfjöllunar. En auðvitað er alltaf skammast yfir þeim sem þó mæta. Þetta er eins og þegar prestar tala yfir hausamótunum á þeim sem til kirkju mæta á sunnudögum, en hinir eru lausir við skammirnar. En þar sem ég veit að hv. stjórnarliðar lesa örugglega þingtíðindin til að skoða þau mál sem þeir fá til umfjöllunar í nefndum sínum, vænti ég þess að þeir reki líka augun í þessar skammir og láti þær sér kannski að kenningu verða. Aðalmálið er það að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu í gegnum þingið. Ég tel afar mikilsvert að þar sem við höfum til úthlutunar rétt um 30 millj. kr. til forvarnastarfs, en það er allt sem við höfum á fjárlögum þessa árs sem Alþingi hefur samþykkt, að þá fái þetta mál skjóta afgreiðslu í gegnum þingið svo hægt sé að nýta þetta fjármagn til forvarnastarfsemi gegn vímuefnaneyslu almennt. Sérstaklega í ljósi þess að við höfum fengið í hendur skýrslu sem sýnir okkur svo ekki verður um villst að neysla fíkniefna hefur færst neðar í aldurshópa og má jafnvel finna dæmi þess að 11 og 12 ára börn neyti fíkniefna annarra en áfengis. Þess vegna tel ég afar mikilsvert að hægt sé að skipuleggja öfluga forvarnastarfsemi þar sem starfsemi félagasamtaka, frjálsra félagasamtaka og opinberra stofnana sé samræmd. Við náum engum árangri með vinnu okkar nema þar sé um samræmda starfsemi og aðgerðir að ræða.

Ég óska eftir því að þessu máli verði vísað til hv. efh.- og viðskn. þar sem það á heima vegna þess að þarna er fjallað um lög um gjald af áfengi, en jafnframt að hv. efh.- og viðskn. vísi því til heilbr.- og trn. til umsagnar og málið komi síðan til 2. umr.

[15:25]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að það eru ekki beint haldnir sérstakir fundir í þinginu vegna frumvarpa eða þingsályktunartillagna stjórnarandstöðunnar, heldur hefur forseti reynt að taka á dagkrá frumvörp og þingsályktunartillögur þingmanna ekkert síður en málaskrá ríkisstjórnar. Það hefur tekist það vel að sennilega bíður ekkert mál að þessum þingdegi loknum.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð flm. að þessa dagana sitja fyrst og fremst stjórnarandstöðuþingmenn í þingsal. Ég geri mér grein fyrir því að það er hárrétt sem forseti nefndi að það er góður vilji til að setja þingmannamál á dagskrá, en staðreyndin er eflaust sú að það eru fyrst og fremst stjórnarandstöðuþingmenn sem flytja þingmannamálin. Það er umhugsunarefni að í gær sátum við í þingsal og stjórnarliði flutti mál um tímamun. Annar stjórnarliði andmælti málinu en þeir sem sátu í salnum voru stjórnarandstæðingar.

Virðulegi forseti. Ég tek til máls út af frv. til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi. Ég er meðflm. að þessu máli og styð heils hugar það sem fram kom í máli flm. um mikilvægi þess að breyta grundvellinum fyrir úthlutun eða styrkjum sem veittir eru úr þessum sjóði til forvarnaverkefna vegna þess að það er mikilvægt að þurfa ekki að greina á milli hvort vandinn er áfengisvandi eða annar vímuefnavandi. Ég geri hins vegar ekki lítið úr því að veita þurfi fjármagn til áfengisvarna. Í raun ætti að vera möguleiki á að veita fjárhæð eins og þeirri sem hér er fjallað um til áfengisvarna og annarri eins til vímuefnavarna miðað við umfjöllun um málið í sölum Alþingis.

Við erum reyndar mjög upptekin af vímuefnavandanum í dag og það er full ástæða til og mikilvægt að öflug umræða eigi sér stað um allt þjóðfélagið eins og hér á Alþingi, að allir reyni að leggja sitt af mörkum til að átta sig á hvað sé til ráða. Þar sem við erum að fjalla um sjóð sem á að vera forvarnasjóður til áfengisvarna vil ég nota tækifærið til að segja frá frétt sem ég heyrði á bresku fréttastöðinni BBC í haust. Hún var á þá lund að í skýrslu sem þá var verið að kynna í Bretlandi kom fram að tíu sinnum fleiri ungmenni létust af völdum áfengisneyslu en af völdum vímuefnaneyslu. Þessi frétt var mjög sláandi og óhugnanleg og hún kom mér mjög á óvart. Ég hefði einmitt haldið að þessu væri öfugt farið. Það mátti líka lesa úr viðbrögðum þeirra sem fjölluðu um skýrsluna og talað var við í fréttatímum þetta kvöld sem ég hlustaði á fréttir á þessari ágætu stöð að þessar upplýsingar virtust koma þarlendum jafnmikið á óvart og mér.

Þess vegna lít ég svo á að þessi tillaga sé ekki flutt í þeim tilgangi að láta deigan síga í baráttunni við áfengisneyslu ungmenna, síður en svo. Það er full ástæða til að minna á mál eins og landabrugg og aðgang unglinga að því efni. Í raun og veru þarf að taka mjög á í öllum forvörnum og fræðslu í þessu máli sem og öðrum.

Það er hins vegar alveg ljóst að það er erfitt að aðskilja þessi mál, þ.e. neyslu vímugjafanna, áfengis og annarra efna. Baráttan gegn þessari vá þarf að vera markviss og það þarf að nýta mjög vel það fjármagn sem lagt er til forvarnaaðgerða. Mér hefur hins vegar fundist nokkuð óljóst, virðulegi forseti, hvaða fjármunir renna í forvarnasjóðinn eða réttara sagt hvaða fjármunum á að verja til forvarnastarfa. Í umræðu um fjárlög fyrir jól var þess gjarnan getið að auka ætti mjög framlag til forvarnastarfa, að meira fjármagn yrði til umráða í þessu skyni en áður. Samkvæmt þeim tölum sem við, nokkrir fulltrúar úr félmn., reyndum að lesa út úr fjárlögunum gátum við ómögulega fundið annað en þarna væri bara um örlitla hækkun að ræða, e.t.v. 10 millj. Þetta voru mun lægri tölur en rætt hefur verið um í þessum ræðustól. Ég tek því líka undir það með framsögumanni að það er mjög miður fyrir okkur

sem erum að reyna að átta okkar á þessum málum og viljum leggja góðum stjórnvaldsaðgerðum lið að ráðherrar sjái sér ekki fært að vera viðstaddir umræðuna. Í mörgum tilvikum fá mál einmitt góða og málefnalega umfjöllun í sambandi við þingmál af þessu tagi, oft miklu málefnalegri og á öðrum nótum en þegar verið er að rjúka til út af umdeildum aðgerðum ríkisstjórnar og afmörkuðum þáttum þegar svo ber undir.

Þessar tölur sem ég er að vísa til voru aðrar en þær sem heilbrrh. gaf upp og það væri mjög áhugavert fyrir okkur að fá að vita hve mikið nýtt fjármagn kæmi í þennan sjóð og almennt til forvarnastarfa áfengis- og vímuefna. Þessi spurning er alls óháð því að ég tel rétt að vera með einn sjóð svo að hægri höndin viti hvað sú vinstri gerir.

Það vekur líka til umhugsunar um ýmsar upplýsingar sem hafa komið fram frá ríkisstjórninni um aðgerðir. Þar er margt mjög gott að heyra og ég tek undir ýmislegt sem þarna hefur verið gert og vil hrósa því sem vel hefur verið gert. Þar nefni ég fyrst framlag menntmrh. til Félags framhaldsskólanema. Mig minnir að 3 millj. hafa verið veittar til svokallaðrar jafningjafræðslu. Þetta var góð aðferð, þetta var gott mál og miklu betra en 3 millj. gefa til kynna. Með þessu er verið að virkja unga fólkið. Það er verið að vekja það til umhugsunar um meðbræður sína, ungt fólk á sama aldri og það er verið að fá þau til aðgerða. Það flytur umræðuna til þeirra sjálfra og það kveikir spurningar í þeirra eigin huga, hvernig viljum við viðhafa þessa hluti og hvernig viljum við ná til félaga okkar. Það vill svo til að ég þekki mjög vel nokkur þeirra ungmenna sem hafa farið í jafningjafræðsluna. Þau eru mjög upptekin af því að verða til liðs og þau hafa verið með frjóar hugmyndir til þess að beita sér í þessu mikilvæga máli. Þarna vil ég nota tækifærið og hrósa menntmrh. fyrir mál sem var ekki svo stórt um leið og þetta var gert en sem vefur utan á sig og verður mjög gott og kannski miklu stærra en hann gerði sér grein fyrir þegar hann veitti 3 millj. til þessa verkefnis.

Margt annað finnst mér hins vegar óljósara. T.d. hef ég heyrt um nefndaskipan á vettvangi dómsmrh. Ég átta mig alls ekki á um hvað sú nefnd mun fjalla eða hvaða verkefni verða á verksviði hennar. Einnig hef ég heyrt tilkynningu frá heilbrrn. um ákveðna upplýsingamiðstöð til foreldra sem starfrækt verður hjá barna- og unglingageðdeildinni. Þar hef ég t.d. allt aðrar upplýsingar um hvar slík ráðgjafarstöð eða upplýsingamiðstöð ætti að vera og kom mér mjög á óvart að það hefði þótt henta að setja hana niður nákvæmlega þarna um leið og ég tek undir það hversu mikilvægt er að vera með öfluga ráðgjafarmiðstöð eða upplýsingamiðstöð af þessu tagi. Ég er samt ekki í nokkrum vafa um að þær hugmyndir sem hafa komið fram eru um margt góðar en þær eru óljósar.

Alþingi tók þessi mál til mjög góðrar og málefnalegrar umræðu í desember. Sú umræða var góð og það sem var mikilvægast þar var að þeir ráðherrar sem koma að málinu og sem þessi mál heyra undir voru allir viðstaddir og tóku þátt í umræðunni. Það skapaði málefnalegar samræður milli þingmanna og ráðherra sem þyrfti að vera miklu meira af og er allt of lítið af í þessum sal. Ég vildi óska þess, virðulegi forseti, að við gætum oftar komið af stað góðri umræðu um mörg mál sem skiptir miklu máli að þjóðin viti að við tökum til umræðu á Alþingi. Ég harma að sú umræða sem þá fór fram fékk tiltölulega litla athygli út á meðal þjóðarinnar og það hefur verið mjög mikilvægt að koma því til skila að við ræðum þessi mál og við viljum öll takast á við þetta vandamál og taka höndum saman hvort heldur er í stjórn eða stjórnarandstöðu um að ná árangri í þessu stóra máli sem fíkniefnavandinn er.

Virðulegi forseti. Mér finnst því mjög mikilvægt að fylgja þessu máli eftir sem við höfum í desember. Mikið hefur verið að gera hjá ríkisstjórninni og sumt er alveg ljóst fyrir okkur að er gott mál, annað er óljósara eins og ég sagði áðan. Það er tillaga mín, og ég mun fylgja henni eftir og hef þegar gert það við formenn viðkomandi nefnda, að heilbr.- og félmn. Alþingis efni til sameiginlegs fundar þessara tveggja nefnda og kalli þar eftir að forsvarsmenn ráðuneytanna sem koma að vímuefnavandanum mæti á slíkum fundi hjá nefndunum sameiginlega og fari yfir það hvað er á döfinni hjá ráðuneytunum, í ráðuneyti menntamála, í ráðuneyti heilbrigðismála og í ráðuneyti félagsmála. Menntmn. gæti komið að þessum málum en afleiðingar þessara mála heyra undir heilbr.- og trn. Hugmynd mín hefur fengið mjög góðar undirtektir formanna og ég mun þess vegna óska eftir því að slíkir fundir geti orðið og við fáum áfram mjög gott samstarf við ráðuneytin sem um þessi mál véla. Alþingi geti þess vegna haldið áfram að vera aðili sem með ríkisvaldinu lætur sig þessi mál varða og það verði hlustað á sjónarmið okkar hvort heldur er í stjórn eða stjórnarandstöðu um hvað betur megi fara og að við sýnum það virkilega að við ætlum að taka saman á þessu máli og þetta er eitt af þeim málum sem mun ekki verða stjórnar- og stjórnarandstöðumál, og þá legg ég áherslu á andstöðumál, nema því aðeins að ríkisvaldið láti deigan síga í málinu.

[15:38]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég kem til að þakka sérstaklega fyrir ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem ég veit að þekkir þessi mál og þekkir þann vanda sem við er að etja bæði af störfum sínum sem þingmaður og sem ráðherra á sínum tíma. Ég tek sérstaklega undir þá tillögu hennar að nefndir heilbrigðis- og félagsmála hittist og auðvitað mætti þar koma inn í inn í menntmn. til þess að fjalla um þennan vanda sameiginlega og hvernig hægt er að samræma þær aðgerðir sem þarf að fara í.

Við megum heldur ekki gleyma einum þætti sem oft vill verða út undan í umræðunni og það er meðferð ungra afbrotamanna sem hafa leiðst út í afbrot vegna fíkniefnaneyslu. Ungmenni eru sakhæf 15 ára og þess vegna er um unglinga að ræða sem brjóta af sér og um þeirra mál er fjallað.

Ég vil aðeins ítreka að við þurfum á því að halda að það fjármagn sem er sýnilegt á fjárlögum til forvarnastarfsemi megi nýta hvort heldur sem er til forvarnastarfsemi vegna áfengisneyslu eða annarrar vímuefnaneyslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, fyrri umr.

Þáltill. KÁ og GGuðbj, 280. mál. — Þskj. 516.

[15:41]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð en flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Tillgreinin felst í því að ályktað er að fela dómsmrh. að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Þetta er ákaflega einföld tillaga en að baki hennar býr mikil nauðsyn. Þessi tillaga hefur verið flutt tvisvar áður af okkur kvennalistakonum, en hefur því miður ekki náð fram að ganga. Hins vegar er mikil nauðsyn á því að þessari tillögu verði komið í framkvæmd vegna þess að þess eru ótal dæmi og alveg ótrúlega mörg að fólk virðist í fyrsta lagi ekki gera sér grein fyrir því hvaða munur er á hjónabandi og óvígðri sambúð. Það er það fyrsta. Síðan er þess einnig að gæta að hvort sem fólk er í hjónabandi eða óvígðri sambúð virðist fólk ákaflega lítið hafa kynnt sér réttindi og skyldur sem fylgja hvoru sambúðarforminu fyrir sig.

Lögum samkvæmt virðist enginn hafa tekið það að sér að fræða fólk almennilega um réttindi og skyldur í hjónabandi eða óvígðri sambúð. Það er ekki öðruvísi en fólk kynni sér viðkomandi lagagreinar að hægt er að átta sig á þessu. Auðvitað fræða prestar fólk að einhverju leyti þegar um það er að ræða að fólk ætli að gifta sig en staðreyndin er sú eins og margoft hefur komið fram við hjónaskilnaði, við sambúðarslit, við lát maka og annað það sem upp kann að koma í hjónabandi að fólk er ótrúlega óupplýst um rétt sinn.

Eins og ég nefndi felur tillagan fyrst og fremst í sér að fela dómsmrn. að semja slíkan bækling. Hér er um mjög einfaldan bækling að ræða sem ætlunin er að liggi frammi hjá prestum, hjá dómurum, sem hafa réttindi til þess að gifta fólk, eða á Hagstofunni eða þar sem fólk skráir sig í óvígða sambúð eða hjá forstöðumönnum safnaða og öðrum þeim sem koma nærri þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég hygg að með bæklingi af þessu tagi, sem öllum sé aðgengilegur, megi koma í veg fyrir ýmiss konar vandræði. Ég get aðeins gripið niðri í greinargerðinni til þess að skýra betur við hvað er að fást en þar segir:

Algengt er að upp komi vandamál í sambandi við eignalegan og fjárhagslegan rétt fólks við sambúðarslit eða andlát annars aðilans í vígðri eða óvígðri sambúð. Við slíkar aðstæður kemur oft í ljós að það sem fólk hélt að væri réttur þess er það alls ekki. Þessar ranghugmyndir, sem á lagamáli eru kallaðar lögvilla, eru sennilega tilkomnar vegna nokkurra lagaákvæða sem til eru um óvígða sambúð og snerta tryggingalög, skattalög og lög um húsaleigusamninga.

Reyndar er þess að geta að víðar í lögum er minnst á óvígða sambúð, m.a. höfðum við til meðferðar í félmn. breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Vegna þess að ég minnist á það vil ég rifja upp að í greinargerð frv. var að finna ábendingu frá félmrn. um nauðsyn þess að setja lög um óvígða sambúð. Það er einungis að finna skilgreiningar á réttindum og skyldum þeirra sem eru í óvígðri sambúð í ýmsum lagabálkum en heildstæð löggjöf um óvígða sambúð er ekki til. Ég kom þessari ábendingu til hæstv. dómsmrh. sem hafði um það góð orð að koma henni áfram til þeirrar nefndar sem er að endurskoða sifjalögin og vonandi verða einhverjar úrbætur hvað þetta varðar. Einnig hefur verið boðað að von er á frv. inn í þingið sem víkur að sambúð samkynhneigðra sem snertir þetta mál líka og þarf þá að taka inn í þennan bækling ef það lagafrv. nær því að verða samþykkt á þessu þingi sem ég vona svo sannarlega að verði vegna þess að þar er þörf úrbóta.

Í framhaldi af þessu ætla ég að víkja að því sem fram kemur í greinargerð um þann mun sem er á vígðri og óvígðri sambúð. Í greinargerðinni segir:

Munurinn á hjónabandi og óvígðri sambúð er í aðalatriðum þessi:

Í óvígðri sambúð eru engar reglur um helmingaskipti eigna og skulda.

Enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks.

Enginn réttur er til setu í óskiptu búi.

Engin gagnkvæm framfærsluskylda er fyrir hendi.

Við þetta er auðvitað að bæta því sem ekki er nefnt í þessari upptalningu sem er yfirráðaréttur yfir börnum sem er ákaflega vandmeðfarið mál þegar um sambúðarslit er að ræða og þar er ákveðinn munur á þeim sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð.

Hæstv. forseti. Ekki er ástæða til að vera með málalengingar um þetta. Þörfin er ótvíræð. Ég leitaði til dómsmrn. nýlega og spurðist fyrir um hvort einhverjar upplýsingar væru þar handhægar um hjónaband og óvígða sambúð og fékk það svar að engar upplýsingar lægju þar frammi aðrar en það sem er að finna í lögum. Ég ætlaði líka að leita upplýsinga hjá Fjölskyldaþjónustu kirkjunnar en þar svaraði bara símsvari þannig að ég veit ekki hversu aðgengileg sú þjónusta er. Það kann að vera að þar hafi verið teknar saman einhverjar upplýsingar en þær voru mér ekki aðgengilegar þegar eftir var leitað. Ég hygg að það sé alveg ótvírætt að þörfin á þessum bæklingi sem við viljum svo gjarnan sjá er mikil og ekki síst gagnvart því unga fólki sem í hverjum mánuði gengur í hjónaband eða skráir sig í óvígða sambúð.

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi till. til þál. er komin fram í þinginu. Ég tek undir þá miklu nauðsyn sem er á því að gerður verði fræðslubæklingur um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Ég þekki að ótrúlega mikil vanþekking er hjá almenningi um réttarstöðu sína bæði í vígðri og óvígðri sambúð. Ég þekki það mjög vel frá fyrra starfi mínu þar sem fólk kom iðulega til mín til að leita ráða við fráfall maka og einnig ef mikil veikindi voru hjá fjölskyldum. Við fráfall maka kom oft í ljós að fólk hafði ekki hugmynd um réttarstöðu sína og oft var mikill misskilningur á ferðinni. Eins og kemur fram í greinargerð flutningsmanna þáltill. er löggjöf oft mjög misvísandi, sérstaklega hvað varðar tryggingalöggjöfina. Þar er rétturinn meiri en í annarri löggjöf, sérstaklega hvað varðar óvígða sambúð. Í greinargerðinni segir að hafi sambúð varað í a.m.k. tvö ár eða hafi sambúðarfólk átt barn saman á það sama rétt og fólk í vígðri sambúð. Þar sem ég sé að þessi þáltill. hefur verið lögð fram tvívegis áður og þetta er þarna inn í greinargerð áreiðanlega frá því að hún var lögð fram fyrr þá langar mig til að leiðrétta þetta því það hafa orðið breytingar á almannatryggingalögunum. Í almannatryggingalögum, nr. 117/1993, varð breyting þar á og rétturinn aukinn, þ.e. að hafi fólk verið í sambúð í eitt ár öðlast það sama rétt. En það er bara til að auka þá misskilninginn því að margt fólk telur að það eigi sama rétt hvað varðar eignir og ýmsa aðra hluti og miðar þá við tryggingalöggjöfina. Ég hef t.d. lagt það til þegar fólk hefur komið til mín og leitað ráða að fólk láti skrá sig bæði fyrir húseignum, bifreiðum og þeim eignum sem það á í sameiningu. Ég legg áherslu á að engar heildarupplýsingar eru til um réttarstöðuna, enginn bæklingur og það var yfirleitt ekki hægt að vísa fólki á neinn ákveðinn stað til að leita heildarupplýsinganna. Þegar fram undan er lögfesting á því að samkynhneigðir eigi sama rétt og gagnkynhneigðir hvað varðar sambúð tel ég enn þá meiri ástæðu til þess að

farið verði í að útbúa fræðslubækling af þessu tagi og það yrði þá gert um leið og réttarstaða samkynhneigðra verður tryggð.

Þessir bæklingar mættu liggja frammi á þeim stöðum sem tilteknir eru í greinargerðinni en einnig á sjúkrahúsum, sýsluskrifstofum og mun víðar þar sem upplýsingar og bæklingar frá hinu opinbera liggja frammi.

Í þessu sambandi langar mig til að benda á að árið 1981 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Hún fólst í því að gerð yrði könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð og einnig að sett yrði nefnd á laggirnar til að gera tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar. Eins og segir í þingsályktuninni: „Nefndin skal hraða störfum sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman." Þetta var 17. febr. 1981 og þetta er þingsályktunartillaga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti á þingi það ár. Ekkert hefur komið út úr þessari vinnu og ég ítreka að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til. Það er orðið tímabært að eitthvað komi út úr þessari nefndarvinnu ef nefndin hefur þá einhvern tímann verið sett á laggirnar og farið í þessa vinnu.

Ég ítreka að þetta er mjög mikilvægt mál og yrði til mikilla hagsbóta fyrir alla þá sem þurfa að kynna sér réttarstöðu sína en þeir eru alls ekki svo fáir eins og augljóst er.

[15:55]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir innlegg hennar í umræðunni og þær upplýsingar sem komu fram í ræðu hennar. Eins og kemur fram í þskj. var greinargerðin birt óbreytt en að sjálfsögðu hefði verið ástæða til að gera hana nákvæmari. Ýmsar lagabreytingar hafa orðið sem snerta þetta mál en sem breyta ekki inntaki tillögunnar. Sannleikurinn er sá að það er nánast að æra óstöðugan að elta uppi breytingar á almannatryggingalögunum, þeim er breytt á hverju einasta ári. Eins og ég nefndi reyndar í framsögu minni hafa víðar orðið breytingar eins og á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem um það var að ræða að jafna rétt milli fólks í hjónabandi og óvígðri sambúð.

Ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. að maður rekur sig ótrúlega oft á að það er sérstaklega algengt að konur eru ekki skráðar fyrir eignum. Ég get upplýst það til gamans að ég hef haft þá reglu ef ég hef tekið lán eða eitthvað slíkt að fá konur til að skrifa upp á þau með mér sem ábyrgðarmenn. Þá kemur ótrúlega oft í ljós að þær halda að þær séu skráðar fyrir eignunum af því að þær hafa skrifað undir kaupsamninga eða slíkt en þær eru það bara ekki, þetta þarf að gera formlega. Þetta þurfa konur auðvitað að athuga hvort sem þær eru í hjónabandi eða í óvígðri sambúð.

Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. varðandi þá þingsályktun sem rætt var um að ég hygg að henni hafi því miður ekki verið fylgt eftir. Þó vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er nefnd að störfum sem er að fara í gegnum sifjalög. Ætli það séu ekki um tvö eða þrjú ár síðan gerðar voru miklar breytingar á lögum um hjónaband þar sem m.a. var rætt um upplýsingaskyldu hjóna þeirra í milli. Var gert hálfgert grín að því að nú þyrftu karlmenn að segja konunum sínum hvað þeir ættu mikla peninga og að upplýsa slíka hluti. En þarna voru gerðar allnokkrar breytingar. Það væri gaman að vita hversu upplýst fólk er um þær. Það er nefnilega galli á stjórnkerfi okkar að við erum sífellt að samþykkja ný lög og eins og kom fram í mati Sameinuðu þjóðanna á réttarstöðu kvenna hér á landi, þ.e. formlegum réttindum kvenna, þá stöndum við best allra kvenna í heiminum hvað varðar þessi formlegu réttindi en svo blasir við okkur að lögunum er bara ekki framfylgt, þau eru ekki kynnt og þeim er ekki framfylgt. Það dugir ekki að birta lög og reglur í Stjórnartíðindum og Lögbirtingarblaðinu og í slíkum ritum, það þarf miklu meira að koma til. Hér er einmitt um eitt slíkt dæmi að ræða sem snertir daglegt líf fólks og getur skipt óhemjulega miklu máli fyrir allt líf og starf. Þarna þarf að standa miklu betur að málum. Einmitt þær lagabreytingar sem hv. þm. Ragnheiður Ásta Jóhannesdóttir nefndi og koma einnig fram í greinargerð og ég nefndi, t.d. varðandi sifjalögin, undirstrika að það þarf með reglulega að kynna fólki hver eru réttindi þeirra eru og hverjar skyldurnar eru þegar um hjónaband og sambúð er að ræða.

Að lokum, hæstv. forseti, minnist ég þess að einmitt í kringum þessa umræðu um hjónabandið og sifjalögin urðu nokkrar umræður um hvort að það ætti að vera munur á þessum tveimur formum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera munur. Fólk á að geta valið á milli tveggja forma. Það fylgir því meira frelsi, það er svona einfaldara að vera í óvígðri sambúð. Ég held að lögin eigi að endurspegla það að þarna sé ákveðinn munur. En þegar kemur að öðrum þáttum eins og tryggingum, á ekki að gera mun. Það er svolítið misjafnt hvar á að gera kröfur um sömu réttindi og sömu skyldur og hvar ekki. Það er þetta frelsi sem skiptir meginmáli. Um þetta kunna að vera skiptar skoðanir og þetta er í sjálfu sér spennandi umræða. En ég þakka hv. þm. og undirtektirnar og vona að nefndin sem fær þetta til meðferðar veiti málinu gott brautargengi. Þá held ég að það sé nú rétt, hæstv. forseti, að ég muni eftir því að leggja til að vísa málinu til hv. allshn. sem ég gleymdi í fyrri ræðu minni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. JóhS og ÁE, 272. mál (trygging fyrir endurgreiðslu skatts). — Þskj. 507.

[16:02]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 507 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Ágústi Einarssyni að flytja frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Frv. þetta var áður flutt á 118. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Frv. fjallar um að skattstjórum sé heimilt að krefjast tryggingu vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Eins og hv. þm. vita hafa á undanförnum mánuðum gengið dómar vegna sviksamlegrar háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði. Um er að ræða nokkur mál sem dómar hafa gengið í þar sem fjárhæðir svo mörgum tugum milljóna skiptir hafa verið sviknar út úr skattkerfinu. Það mál sem stærst er að umfangi og hæst hefur borið er svokallað „Vatnsberamál" en í því eina máli voru 38 millj. sviknar út úr ríkissjóði.

Ég hef kynnt mér, virðulegi forseti, nokkra dóma sem hafa fallið varðandi svik á virðisaukaskatti og ekki síst Vatnsberamálið sem er stærsta málið varðandi innskattssvikin. Niðurstaða mín, eftir að hafa lesið þessa dóma, er

að það er ótrúlegt hvernig hægt hefur verið að svíkja svona mikla fjármuni út úr ríkissjóði. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna aðeins í dómsúrskurð varðandi þetta mál. Þar kemur fram varðandi Vatnsberamálið að ákærða voru gefnar að sök stórfelldar rangfærslur við virðisaukaskattsskil á árunum 1992, 1993 og 1994 með því að hafa útbúið fyrir hönd téðs hluthafa alls 111 tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur. Þar var tilgreindur innskattur að meginhluta samkvæmt reikningum frá einkafyrirtæki ákærða sem kallast EBÓ-verktakar, án þess að nokkur raunveruleg viðskipti hefðu átt sér stað á milli fyrirtækja, enda var það fyrirtæki ekki með neina starfsemi. Það skilaði á greindu tímabili ýmist engum virðisaukaskattsskýrslum eða skýrslum þar sem virðisaukaskattsskyld velta var engin. Honum var einnig gefið að sök að hafa með vikulegum framvísunum á röngum skýrslum sem hafa þá verið 111 talsins, svikið úr ríkissjóði að minnsta kosti 38 millj. sem endurgreiddan virðisaukaskatt samkvæmt skýrslum sem nánar er svo greint frá í þessum dómi. Það er furðulegt þegar um er að ræða 111 tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur að ekki hafi verið brugðist fyrr við í þessu máli. Það kemur fram í þessum dómi að dregið er í efa þegar farið er yfir niðurstöðu málsins að sá sem var kærður hafi í reynd verið með sjálfstæðan atvinnurekstur í nafni þessa einstaklingsfyrirtækis síns sem var EBÓ-verktakar. Og það er upplýst í málinu og staðfest af kærða að engar greiðslur á umræddum útgefnum reikningum þessa verktakafyrirtækis hafi farið fram á milli aðila þ.e. frá Vatnsberanum hf. og til EBÓ-verktaka. Svo segir í dómnum: „Margt bendir til að umræddir útgefnir reikningar EBÓ-verktaka og viðskipti sem þeir eiga að bera með sér séu tilbúningur einn og jafnvel gerðir í sviksamlegum tilgangi, þ.e. að svíkja fé úr ríkissjóði."

Þetta er mjög athyglisvert mál að mínu viti. Það kemur fram í úrskurðinum sjálfum að þetta verktakafyrirtæki hafi verið einkafyrirtæki viðkomandi og hann hafi verið eini starfsmaður fyrirtækisins á föstum launum og reikningar fyrirtækisins á hendur Vatnsberanum hf. hafi verið samkvæmt verksamningi og hafi hann einn séð um vinnu samkvæmt honum. Hann var síðan sjálfur framkvæmdastjóri og eini stjórnarmaður Vatnsberans. Þetta er því allt hið furðulegasta mál og með ólíkindum að hægt hafi verið með 111 virðisaukaskattsskýrslum að svíkja 38 millj. út úr ríkissjóði.

Fleiri dómar hafa gengið varðandi svik á virðisaukaskatti og hafa þeir m.a. lotið að endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innskatts af hráefnakaupum án þess að nokkurt hráefni hafi verið keypt.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara nákvæmar út í þessa dóma en ég held að þeir sýni ljóslega að það þurfi að skoða verulega þær leiðir sem menn hafa fundið til skattsvika gegnum virðisaukaskattskerfið. Það var nefnilega svo, virðulegi forseti, að einn meginkosturinn með upptöku virðisaukakatts í stað söluskatts var talinn felast í kerfisbreytingunni úr söluskatti í virðisaukaskatt því að þá væri verið að loka smugum til skattsvika. Reyndin hefur þó orðið sú að menn hafa fundið leiðir til skattsvika, eins og hér hefur komið fram og menn vita, ekki síst gegnum innskattinn. Þetta er vissulega ný tegund af skattsvikum og það er ljóst af þeim dómum sem gengið hafa og ég hef stuttlega vitnað í, að það er veruleg hætta á stórfelldum skattsvikum ef ekki er við brugðist.

Mér finnst, virðulegi forseti, að fjmrh. sem yfirmanni skattamála á Íslandi beri skylda til þess að skoða hvernig hægt sé að taka á þessu máli og loka fyrir þær smugur sem hægt er að nota til þess að fá ólöglega greiddar innskattsgreiðslur.

Uppbygging skattsins er, eins og menn þekkja, að innskatturinn getur alloft orðið hærri en útskatturinn og oft og tíðum hafa aðilar því fengið umtalsverðar fjárhæðir ranglega endurgreiddar úr ríkissjóði áður en í ljós hefur komið að um skattsvik er að ræða. Því er nauðsynlegt að sporna við tilhneigingu af þessu tagi og á því er tekið í frv. sem hér er tekið til umræðu. Ég er ekki að segja að sú leið sem stungið er upp á í frv. sé eina leiðin sem til greina komi til að loka þessari smugu en það er vissulega gerð tilraun til þess í frv. sem hér er til umræðu. Efni frv. er að skattstjórum sé heimilt að krefjast tryggingа vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Þannig er gert ráð fyrir að unnt verði að krefja aðila sem fá greiddar verulegar fjárhæðir úr ríkissjóði um tryggingu, t.d. bankaábyrgðir eða veðsetningar. Með þeim hætti ættu hagsmunir ríkissjóðs vera miklu betur tryggðir ef í ljós kæmi að forsendur endurgreiðslu virðisaukaskattsins ættu ekki rétt á sér. Hugmyndin er sú að þessu ákvæði mætti beita þegar innskattur er að jafnaði hærri en útskattur en í frv. er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um í reglugerð hvernig að þessu skuli staðið.

Það er áætlað að um 10% framteljenda virðisaukaskatts fái endurgreiddan virðisaukaskatt þegar innskatturinn reynist hærri en útskattur, þannig að hér er um þó nokkurn fjölda virðisaukaskattgreiðenda að ræða og þó nokkuð háar fjárhæðir. Í þeim tilvikum sem innskattur reynist hærri en útskattur, er um að ræða fjárfestingar, útflutning eða breytingu á eignarhaldi.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi míns máls var þetta frv. til umræðu á 118. löggjafarþingi og fékk nokkra umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. sem sendi málið til umsagnar. Nefndin fékk síðan umsagnir ýmissa aðila, m.a. skattrannsóknarstjóra ríkisins. Ég vil í lokin leyfa mér að vitna í umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það er reynsla embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins að virðisaukaskatturinn opni nýja svikamöguleika. Þar er sérstaklega um að ræða innskattinn sem er þess eðlis að strangt aðhald þarf að vera með honum. Ný tegund skattsvika hefur litið dagsins ljós sem eru fjölbreytileg innskattssvik og hætta á misferli er umtalsverð. Í málum sem komið hafa til kasta embættisins hafa aðilar í nokkrum tilvikum fengið umtalsverðar fjárhæðir ranglega endurgreiddar áður en við rannsókn hefur komið í ljós að grundvöllur slíkrar endurgreiðslu var enginn. Má í þessu sambandi benda á dóm héraðsdóms Reykjanesumdæmis sem kveðinn var upp 31. desember 1993 þar sem fiskkaupandi gerði tilraun til þess að fá röskar 6 millj. endurgreiddar úr ríkissjóði án þess að nokkur fiskkaup hefðu átt sér stað. Þá má nefna fleiri dóma sem eru á sama vegu. Verður því að telja að full ástæða sé til að gæta mjög vel að innskattinum og þeirri misnotkun sem þar er möguleg.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir gerir kleift að setja ákveðnar tryggingar ef á þarf að halda. Ekki er vafi á að ákvæði þetta mun draga úr skattsvikum af þessum toga en einkum gera ríkissjóði kleift að endurheimta oftekinn skatt."

Skattrannsóknarstjórinn mælti þá, á 118. þingi, með samþykkt ákvæðisins sem var í frv. og er samhljóða ákvæðinu sem er í frv. sem hér er mælt fyrir. Eftir að skattrannsóknarstjóri lét þinginu í té þessa umsögn, sem var 14. nóvember 1994, hefur gengið dómur í Vatnsberamálinu sem er stærst

að umfangi þeirra mála sem fjalla um innskattssvik. Það er því enn brýnna nú en kannski var á þinginu 1994 að þingið taki þetta frv. til mjög rækilegrar skoðunar og efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Það er ósk mín og von, virðulegi forseti, að svo verði. Ég vil í lokin leyfa mér að óska eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram, reyndar í annað sinn. Þó að ég sé ekki endilega sannfærð um það hvaða leiðir eru vænlegastar til þess að taka á svikum varðandi virðisaukaskattinn, þá er hér a.m.k. vissulega tilraun til að fá þessi mál rædd. Það er ljóst að það er um veruleg skattsvik að ræða varðandi skil á virðisaukaskatti og eins á innskatti virðisauka. Þetta vandamál er þekkt úr flestum skattumdæmum landsins og það þarf nauðsynlegt að taka á því. Þar sem ríkisstjórnin hefur hvorki hreyft legg né lið, sérstaklega í ljósi þeirra dóma sem hafa fallið undanfarið, þá fagna ég frv. sem hér er á ferðinni.

[16:16]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem fram komu við málið hjá síðasta ræðumanni. Síðasti ræðumaður tók undir efni frv. um að þetta mál yrði skoðað rækilega og fundnar yrðu leiðir til að koma í veg fyrir innskattssvik þó að hv. þm. tæki ekki endilega undir leiðina sem hér er nefnd. Ég vil upplýsa það — ég held að þingmaðurinn hafi ekki verið kominn í salinn — að ég sagði að þetta væri kannski ekki eina rétta leiðin sem fær er í stöðunni en það væri nauðsynlegt að hreyfa málinu og að þingið skoðaði ítarlega hvaða leið væri hægt að fara til að taka á því.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þingið getur ekki búið við það ef framkvæmdarvaldið, í þessu tilfelli hæstv. fjmrh., kemur ekki með inn í þingið hugmyndir sínar og tillögur um hvernig taka eigi á þessu máli. Það er mjög sæmt, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna svo að við hv. þingmenn mættum heyra hugmyndir hans um það hvernig hann vill taka á þessu máli. Það má vel vera, í ljósi þess að hæstv. ráðherra heiðrar okkur ekki með sinni nærveru, að það sé full ástæða til þess og ég mun skoða hvort það væri rétt að leggja fram formlega fyrirspurn til að komast að því hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera í málinu ef ekki fást upplýsingar um það í nefndinni sem fjallar um þetta mál.

[16:18]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 296. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 535.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 16:19.

---

85. FUNDUR

miðvikudaginn 7. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til umhverfisráðherra:

1. Aðgengi fatlaðra að umhverfisráðuneytinu, fsp. ÖJ, 264. mál, þskj. 491.

Til félagsmálaráðherra:

2. Könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum, fsp. ÖJ, 265. mál, þskj. 492.

3. Aðgengi opinberra bygginga, fsp. ÖJ, 266. mál, þskj. 493.

Til menntamálaráðherra:

4. Aðgengi fatlaðra að Þjóðleikhúsinu, fsp. ÖJ, 267. mál, þskj. 494.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fjárreiður ríkisins, 297. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 536.

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, 283. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 522.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um fundahaldið í dag að að loknum þessum fundi, sem er fyrirspurnafundur, verður settur nýr fundur samkvæmt dagskrá. Atkvæðagreiðslur verða um klukkan fimmtán mínútur fyrir fjögur. Fundinum verður sem sagt frestað, eftir að hann hefur verið settur að loknum þessum, til kl. 15.45.

Aðgengi fatlaðra að umhverfisráðuneytinu.

Fsp. ÖJ, 264. mál. — Þskj. 491.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Umhvrn. hefur yfirtekið málaflokkinn byggingar- og skipulagsmál. Nú er spurt: Hvað hyggst umhvrh. gera til að bæta aðgengi fatlaðra að ráðuneytinu?

Svo sem kunnugt er veittu Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og Ný-ung, ungliðahreyfing Sjálfsbjargar, umhvrn. sérstaka ádrepu með orðunni Þrándur í Götu á árinu 1994. Þá lýsti þáv. umhvrh. því yfir að ráðuneytið yrði gert aðgengilegt öllum gestum. Í nýju frv. til skipulags- og byggingarlaga er lagt var fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi eru háleit markmið. Þar segir í 1. gr.: „Markmið laga þessara er: að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi."

Augljóst er af markmiðum þessum að ekki verður risið undir þeim nema umhvrh. geri umhvrn., ráðuneyti umhverfis- og skipulagsmála, fullkomlega aðgengilegt öllum sem þangað þurfa að leita. Hvað varðar stofnanir umhvrn., önnur ráðuneyti og ríkisstofnanir verður að gera kröfu til

þess að allir opinberir vinnustaðir, þar á meðal ráðuneyti og ríkisstofnanir, verði gerð aðgengileg fötluðum. Um er að ræða stofnanir ætlaðar landsmönnum öllum. Ótækt er að stórum hópi fólks sé gert ókleift að sækja þangað þjónustu.

Í 32. gr. laga um málefni fatlaðra er kveðið á um að fatlaðir skuli eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Heldur hljóma þessi orð innantóm þegar fötluðum einstaklingi er síðan í raun úthýst vegna þess að ráðuneyti eða viðkomandi ríkisstofnun eða önnur opinber stofnun er óaðgengileg fötluðum. Á alþjóðadegi fatlaðra, 3. des. 1995, sagði hæstv. umhvrh. að þá á næstu dögum yrði tekin ákvörðun um úrbætur í aðgengismálum að ráðuneytinu þannig „að málið yrði ekki ráðuneytinu til frekari vansa" eins og hæstv. ráðherra sjálfur komst að orði.

Forveri núv. hæstv. umhvrh. sagði í júnímánuði 1994 að gerðar yrðu breytingar á inngangi Vonarstrætis 4. Í febrúar 1995 sagði sami hæstv. ráðherra að komnar væru á borðið teikningar, lyfta og fjármagn. Nú spyr ég hæstv. umhvrh. hvort búið sé að ljúka hönnunarvinnu svo nýta megi fyrirliggjandi fjármagn til framkvæmda. En sú spurning sem formlega var sett fram er þessi: Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta aðgengi fatlaðra að ráðuneytinu?

[13:36]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Ögmundar Jónassonar, er auðvitað til vansa fyrir ráðuneyti byggingar- og skipulagsmála að aðgengi fatlaðra skuli vera með þeim hætti sem nú er. Ég hef lýst því yfir, eins og hann vitnaði til, á opinberum fundi að ég vildi reyna að beita mér fyrir því að á þessu yrði breyting og ég vonast til þess að svar mitt gefi nokkrar væntingar í þá átt.

Hvað aðalskrifstofu umhvrn. varðar var ákveðið seint á árinu 1991 að taka á leigu til tíu ára húsnæðið að Vonarstræti 4, sem er byggt upp úr 1920 og er í eigu Reykjavíkurborgar. Í því húsi fer fram meginstarfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins og er þar ekki aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Ráðuneytið hefur gert ítrekaðar tilraunir á undanförnum þremur árum til að fá fjármuni til að koma upp í húsinu aðgengi fyrir hreyfihamlaða en hvorki fengið jákvæð viðbrögð frá eigendum hússins, sem við höfum reynt að fá til samkomulags um að leysa þetta mál, eða fjárveitingarvaldinu. Í fyrra náðist að lokum samkomulag við Reykjavíkurborg um þátttöku í framkvæmdinni svo og fékkst vilyrði fyrir fjárveitingu úr ríkissjóði til verksins eins og fram kom reyndar í máli hv. fyrirspyrjanda. Það er nú búið að gera þessa áætlun um framkvæmdir að verkinu sem áætlað er að muni ljúka um mitt þetta ár og mun þá skapast aðgengi fyrir hreyfihamlaða að skrifstofum ráðuneytisins. Verður með því móti komið á fullu aðgengi hreyfihamlaðra að fyrstu hæð hússins en þar er afgreiðsla ráðuneytisins svo og fundarsalir. Að breyta húsinu frekar eða hafa fullt aðgengi að öðrum hæðum þess er hins vegar miklu meira verk og mundi kosta miklu meiri fjármuni. Ég vona að þetta teljist mikil bót þann tíma sem ráðuneytið verður í þessu húsnæði, sem er eins og segir leiguhúsnæði til tíu ára.

Í fyrirsögn fyrirspurnarinnar er reyndar talað um fleira en ráðuneytið sjálft og spurt um stofnanir þess. Þar sem ég hafði nú ekki lesið fyrirspurnina betur en svo hafði ég gert ráð fyrir því að þurfa e.t.v. að svara svolítið til um það og gæti, af því ég hef enn tvær mínútur til umráða, sagt frá því. Þar er því miður misjöfn aðstaða, sums staðar er aðgengið gott, annars staðar ekki. Þar er um að ræða allmargar stofnanir. Í fyrsta lagi nefni ég Náttúruverndarráð en sú stofnun er í húsnæði Fasteigna ríkisins að Hlemmi 3 í Reykjavík en það húsnæði er byggt 1950. Það verður að segjast að þar má heita algerlega óaðgengilegt fyrir hreyfihamlaða. Þar er einnig til húsa Náttúrufræðistofnun og Náttúrugripasafn þannig að þetta er mál sem er erfitt að leysa, bæði mjög dýrt úr að bæta og reyndar ekki fyrirhugaðar framkvæmdir á því húsi. Það er lyfta í húsinu en hún er í fyrsta lagi ekki aðgengileg fyrir hjólastóla og þar að auki eru tröppur bæði utan dyra og innan til að komast að lyftunni. Það er auðvitað óviðunandi. Embætti veiðistjóra er hins vegar í bráðabirgðaaðstöðu á annarri hæð í nýju húsnæði að Hafnarstræti 97 á Akureyri og þar er fullt aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Það er fyrirhugað að sú stofnun flytji milli hæða í þessu sama húsi en þar er vel séð fyrir aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Hollustuvernd ríkisins er í húsi að Ármúla 1a, sem er byggt 1970. Þar er hægt af jarðhæð hússins að komast beint inn af bílastæðum með lyftum um allt húsið og má því segja að þar sé viðunandi aðgengi. Skipulagsstjóri ríkisins er til húsa að Laugavegi 66. Fyrir utan húsið er sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða sem eiga auðvelt með að komast inn að lyftu á jarðhæð hússins og með henni upp á efri hæðir þess. Það er því fullt aðgengi fyrir hreyfihamlaða um alla þá stofnun. Sama má segja um Landmælingar Íslands sem eru til húsa að Laugavegi 178. Þar má teljast viðunandi aðgengi með lyftu af jarðhæð hússins. Það er með Náttúrufræðistofnun eins og Náttúruverndarráð og þarf ekki að orðlengja um það, hún er í sama húsi. Setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri er eins og er í gömlu húsnæði í eigu Akureyrarbæjar þar sem ekki er aðgengi fyrir hreyfihamlaða en fyrirhugað að sú stofnun flytji í sama húsnæði og embætti veiðistjóra að Hafnarstræti 97 fyrir mitt þetta ár. Þá verður aðgengi þar í fullkomnu lagi.

Að lokum örfá orð um Veðurstofuna en hún er í eigin húsnæði að Bústaðavegi 9. Það hús er byggt 1970. Ekki er mögulegt fyrir hreyfihamlaða að komast inn í húsið í gegnum aðalinngang þess en mögulegt er að komast í gegnum kjallara og með lyftu upp á efri hæðir.

Í fyrra var ráðist í löngu tímabærar viðgerðir á húsinu og er ráðgert jafnvel á þessu ári eða því næsta að lagfæra útitröppur hússins þannig að þar sé gerð greiðari leið fyrir hreyfihamlaða inn um aðalinngang. Þar með yrði það hús einnig vel aðgengilegt.

Virðulegur forseti. Ég hef nýtt þann tíma sem mér er heimilaður til að svara fleiru en spurt var um af því að ég skildi fyrirspurnina þannig. En ég vona að það sé ljóst hver staða málsins er varðandi aðalskrifstofur ráðuneytisins.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hann kom fram með. Sérstaklega vil ég fagna því að það skuli ráðist í breytingar á húsnæði umhvrn. á miðju þessu ári þótt fyrr hefði að sjálfsögðu átt að ráðast í slíkar breytingar.

Hins vegar kom fram í máli hæstv. ráðherra að einvörðungu hluti ráðuneytisins yrði aðgengilegur fötluðum og er það mín skoðun að ríkisstjórnin eigi að hyggja að því hið allra fyrsta að fá annað húsnæði fyrir þetta ráðuneyti sem þegar öllu er á botninn hvolft á að sinna byggingar- og skipulagsmálum og þar á meðal aðgengismálum fyrir fatlaða. Að sjálfsögðu liggur í augum uppi að slíkt ráðuneyti og

reyndar öll ráðuneyti og allar opinberar stofnanir, en ekki síst þetta ráðuneyti, á að sjá sóma sinn í því að hafa allar sínar vistarverur aðgengilegar fyrir alla þegna landsins.

[13:43]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég get tekið undir það með hv. þm. að auðvitað þurfa opinberar stofnanir eins og ráðuneytin að vera vel aðgengileg fyrir þá sem þangað þurfa að leita, ekki síst sú stofnun eða það ráðuneyti sem fjallar um byggingar- og skipulagsmál. Við höfum sem sagt reynt að gera það sem best verður gert miðað við þetta hús og þær aðstæður sem þar eru fyrir hendi. Ég hygg að það sé ekki skynsamlegt, a.m.k. alls ekki af leigutaka, að fara að leggja í dýrari framkvæmdir en þær sem hér eru fyrirhugaðar. Það er ljóst að það líður á leigutímann og þá þarf auðvitað að huga að því að í nýju húsnæði sé þannig um hnútana búið að aðgengi sé fullkomlega viðundandi. Hvað Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarráð varðar, að ég tali nú ekki um sýningarsafn eins og Náttúrugripasafnið, er auðvitað óviðunandi að slíkt sé í húsnæði sem er ekki aðgengilegt hreyfihömluðum. Á undanförnum árum höfum við oft hugað að nýju húsnæði fyrir stofnunina og safnið. Það eru fyrirhugaðar breytingar á starfsemi Náttúruverndarráðs samkvæmt frv. sem verður vonandi áður en langt um líður lagt fyrir þingið. Þar kann að koma upp sú staða að það verði auðvelt að takast á við húsnæðismál ráðsins. En húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar og Náttúrugripasafnsins verða aðeins leyst með því að stofnanirnar flytji í annað húsnæði og þyrfti að vinna að því eins fljótt og mögulegt er.

Könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum.

Fsp. ÖJ, 265. mál. — Þskj. 492.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég legg fram tvær spurningar til hæstv. félmrh. um könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum.

1. Hversu langt er um liðið síðan síðasta könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum skv. 31. gr. laga nr. 59/1992 var gerð?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slík könnun verði gerð og ef svo er, þá hvenær?

Í 31. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 segir m.a., með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við samtök fatlaðra og aðila vinnumarkaðarins, að reglulega sé gerð könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum og í framhaldi af því verði gerðar tillögur um úrbætur."

Eftir því sem ég kemst næst hefur könnun unnin í samvinnu við samtök fatlaðra og aðila vinnumarkaðar ekki verið gerð frá því þessi lög voru sett. Hins vegar hefur legið fyrir skýrsla frá því í mars í fyrra frá nefnd sem falið var að útfæra tillögur í atvinnumálum fatlaðra á almennum vinnumarkaði og í vernduðu starfsumhverfi, ekki síst með hliðsjón af nýjum lögum um málefni fatlaðra. Nefndin hefur lagt fram tillögur í 15 liðum. Hæstv. ráðherra hefur nú þegar lýst skoðun sinni á einstökum tillögum nefndarinnar í viðtali við Morgunblaðið í desember sl. og setur hæstv. ráðherra þar ákveðna fyrirvara og lýsir sig í einstökum atriðum ósammála tillögum nefndarinnar. En hverjar eru hans eigin tillögur í atvinnumálum fatlaðra? Í ljósi laganna frá 1992 og skýrslunnar frá í fyrra er spurst fyrir um hvort ráðherra muni beita sér fyrir formlegu samstarfi á milli ráðuneytisins, samtaka fatlaðra og aðila vinnumarkaðarins í atvinnumálum fatlaðra. Það hlýtur að vera skýlaus krafa að kannanir séu gerðar á stöðu þessara mála eins og lög kveða á um og að sjálfsögðu brugðist við niðurstöðum sem fram koma við slíkar athuganir.

[13:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hefur ekki farið fram könnun á stöðu fatlaðra á almennum vinnumarkaði á vegum félmrn. síðan árið 1990. Þá var gerð könnun og gefin út skýrsla um atvinnumál fatlaðra sem tók bæði til verndaðra vinnustaða og til almenna vinnumarkaðarins. Að þessu verkefni vann fimm manna nefnd á sínum tíma. Í skýrslunni eru settar fram ítarlegar tillögur um að efla þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði. Sumar þeirra hafa komið til framkvæmda en aðrar ekki. Árið 1992 skipaði þáv. félmrh. aðra fimm manna nefnd til að útfæra tillögur í atvinnumálum fatlaðra á almennum vinnumarkaði með hliðsjón af lögum nr. 59/1992. Sú nefnd vann að þessu verkefni í þrjú ár og skilað heildarskýrslu í mars 1995 en áður hafði hún skilað áfangaskýrslu. Því miður er ekki að finna upplýsingar í þessari skýrslu um störf fatlaðra á almennum vinnumarkaði. Hins vegar koma fram gagnlegar ábendingar og tillögur frá nefndinni um það sem hún telur að þurfi að gera. M.a. þarf að auka til muna upplýsingamiðlun og áróður til fyrirtækja. Sífellt þarf að minna á rétt fatlaðra á vinnumarkaði, ekki bara atvinnurekendur heldur líka verkalýðshreyfinguna, en báðir aðilar hafa skyldur og mátt í þessum málaflokki. Nefndarmenn vilja einnig taka til umræðu hvort rétt sé að veita fyrirtækjum sem standa vel að atvinnumálum fatlaðra viðurkenningu. Það hefur raunar verið gert og það tel ég mjög jákvæð viðbrögð. Ég minni í því sambandi að á sl. vetri eða á sl. hausti fékk fyrirtækið Þormóður rammi á Siglufirði sérstaka viðurkenningu fyrir að hafa staðið vel að atvinnumálum fatlaðra. Nefndarmenn álíta að allar stuðningsaðgerðir við atvinnurekendur þurfi að vera einfaldar, skýrar og skilvirkar. Í því sambandi leggur nefndin til að ár hvert verði úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra ákveðinni upphæð til breytinga á almennum vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa, sbr. 7. tölul. 40. gr. laga um málefni fatlaðra. Fé þetta verði í vörslu félmrn. og til ráðstöfunar þaðan hvenær sem er ársins til fyrirtækja sem að mati svæðisskrifstofu eða vinnumiðlana eru styrkhæf. Stjórnarnefnd málefna fatlaðra hefur á undanförnum árum veitt styrki úr framkvæmdasjóði til lagfæringa á vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa, þegar umsóknir hafa borist um slíkt.

Allt frá árinu 1984 hefur ráðuneytið veitt svæðisskrifstofum málefna fatlaðra heimild til að ráða sérstaka starfsmenn til atvinnuleitar fyrir fatlaða. Tekur þetta bæði til almenna vinnumarkaðarins og til verndaðra úrræða. Atvinnuleit svæðisskrifstofa hefur starfað í samvinnu við vinnumiðlunarskrifstofur sveitarfélaga og hefur það gefist vel. Það er ástæða til að nefna í þessu sambandi reglugerð um öryrkjavinnu sem var gefin út í febrúar 1995 af heilbrrn. Samkvæmt reglugerðinni er hægt að gera sérstakan samning við vinnuveitendur um að Tryggingastofnun ríkisins greiði þeim hluta af launum til öryrkja í tiltekinn tíma. Ráðuneytið hefur

ekki tekið ákvörðun um hvort gerð verði könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum. Eðlilegast væri að fela vinnumálaskrifstofu félmrn. að gera slíka könnun í samráði við svæðisskrifstofur og vinnumiðlanir sveitarfélaga svo og aðila vinnumarkaðarins.

Hv. þm. spurði hverjar væru tillögur mínar sérstaklega í málum fatlaðra og vitnaði til viðtals sem Morgunblaðið átti við mig. Ég set nú ekki mikla fyrirvara við margar af tillögum nefndarinnar og hann hefði getað nefnt það að ég tek mjög jákvætt undir suma þætti í tillögunum. Mér finnst þær misgóðar. Sumar eru ágætar og ég vil vinna eftir þeim. Hins vegar tel ég t.d. kvótaaðferð þar sem fyrirtæki eru skylduð til að hafa í sínum röðum einhvern ákveðinn hóp fatlaðra eða ákveðinn fjölda fatlaðra ekki vænlega til árangurs. Ég held að það sé mikilvægast að reyna að laða fyrirtækin að því að ráða fatlaða í þjónustu sína og gefa þeim tækifæri til þátttöku í vinnu á almennum vinnumarkaði. Ég held að það sé miklu æskilegri lausn fyrir þá sem á annað borð geta notað sér hana heldur en verndaðir vinnustaðir. Að sjálfsögðu þurfa þeir þó líka að vera fyrir hendi fyrir þá sem ekki eiga möguleika á almennum vinnumarkaði.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þær upplýsingar sem fram komu í máli hans. Það mætti auðvitað hafa langt mál um það með hvaða hætti eigi að stuðla að því að fatlaðir fái atvinnu. Í rauninni má segja að staðan í atvinnumálum fatlaðra sé talandi dæmi um það hvernig hægt er að blekkja með tölum og tölfræði. Samkvæmt þeim úttektum sem gerðar hafa verið eru ekki ýkja margir fatlaðir atvinnulausir. Þeir eru hins vegar skilgreindir út af vinnumarkaði undir heitinu öryrkjar, jafnvel þótt þeir búi yfir eftirsóknarverðum starfskröftum. Með því að grípa til ráðstafana á vinnumarkaði, t.d. þeirra sem varða aðgengismál, er hægt að skapa fötluðum vinnuskilyrði og veita þeim aðgang inn á vinnumarkaðinn þannig að samfélagið megi njóta starfskrafta þeirra. Að þessu þarf að vinna á markvissan hátt. Væntanlega með það fyrir augum ráðast menn í athuganir og kannanir eins og lög kveða á um. Ég vil hvetja ráðherra til að skipa hið fyrsta samstarfsnefnd frá samtökum fatlaðra, aðilum vinnumarkaðar og félmrn. til þess að starfa í þessum anda og gefa þannig vinnufúsu fólki möguleika á að leggja samfélaginu lið. Reyndar skildi ég það svo af máli hæstv. ráðherra að hann tæki vel í slíkar hugmyndir og því fagna ég.

[13:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel meginmálið að reyna að skapa sem flestum fötluðum aðstöðu til þátttöku á almennum vinnumarkaði, hjálpa þeim út á almennan vinnumarkað og styðja þá til þess að stíga þar fyrstu skrefin. Það finnst mér vera meginatriðið. Það er ástæða til að velta fyrir sér leiðum þangað. Út af fyrir sig bjarga skýrslur ekki miklu en í þessum málaflokki þarf þó að hafa yfirsýn. Menn þurfa að vita hvað þeir eru að gera, ég tel sjálfsagt og mikilvægt að stuðla að því. En það sem ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á er að reyna að koma sem allra flestum fötluðum út á vinnumarkaðinn bæði til að nýta starfskrafta þeirra sem eru miklir og góðir og jafnframt til þess að öðlast þá lífsfyllingu sem í því felst að geta tekið virkan þátt í þjóðlífinu.

[13:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn hér á Alþingi og vil benda á í kjölfar orða félmrh. að til þess að styðja fatlaða út á vinnumarkaðinn þarf að taka almannatryggingakerfið í gegn og endurskoða það í heild. Það er ákaflega vinnuletjandi kerfi. Atvinnutekjur öryrkja skerða almannatryggingabætur á vissu bili um 100%, þ.e. krónu á móti krónu. Það eru mjög þungir jaðarskattar á þessum hópi, jafnvel yfir 70% eftir að þeir eru komnir með tekjur yfir skattleysismörk.

Aðgengi opinberra bygginga.

Fsp. ÖJ, 266. mál. — Þskj. 493.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Í 34. gr. laga um málefni fatlaðra segir m.a., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, sbr. og skipulagslög og skipulagsreglugerð.“

Nú á haustdögum, nánar tiltekið í desember 1995, kom nokkuð ágæt skýrsla frá ferlinefnd Reykjavíkurborgar þar sem fram koma ýmsar upplýsingar sem hljóta að vekja til umhugsunar í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að í 158 sofnunum borgarinnar eru merkt bílastæði fyrir fatlaða aðeins 35. Af þessum 158 stofnunum er salerni fyrir fatlaða aðeins á 80 stöðum. Af 23 skólum borgarinnar eru 21 á fleiri en einni hæð og lyfta er aðeins í sex skólum í borginni. Í aðeins einni stofnun eru sérmerkingar, ljósmerki, hljóðmerki fyrir blinda.

Þessi skýrsla er ágæt í sjálfu sér og þarf að sjálfsögðu að framkvæma núna í samræmi við hana það sem þar kemur fram en hún tekur einvörðungu til bygginga borgarinnar. Þar er engin grein gerð fyrir aðgengismálum í byggingum á vegum ríkisins. Þar er víða pottur brotinn og óþarft að leita langt að dæmum um óviðunandi ástand.

Á Alþingi Íslendinga er þingmönnum hvergi boðið upp á fundaraðstöðu þar sem fatlaðir eiga að staðaldri greiðan aðgang. Það er útilokað að maður í hjólastól komist hjálparlaust inn í Alþingishúsið, hvað þá að hann geti farið um húsið innan dyra. Aðeins ein þingnefnd, fjárln., getur án mikillar fyrirhafnar tekið á móti fundargesti í hjólastól og þingmenn geta ekki boðið til sín fólki til fundar sem er í hjólastól. Það er ekki að finna húsnæði á vegum Alþingis Íslendinga sem býður upp á slíkt að staðaldri vegna þess að það er aðeins í fundarsal fjárln. sem slíkt er kleift. Að sjálfsögðu er viðfangsefni Alþingis að leysa úr þessu og mikilvægt að framfylgt sé ákvæðinu í áðurnefndum lögum. Það þarf hins vegar að gera í öllum opinberum byggingum í öllum sveitarfélögum landsins. Þess vegna er þeirri fyrirspurn beint til félmrh. hvort ráðuneytið hafi gengið eftir því við sveitarstjórnir að farið sé að ákvæðum laga um málefni fatlaðra hvað varðar áætlanagerð um endurbætur og aðgengi. Hyggst ráðuneytið gera slíka könnun vegna bygginga á vegum ríkisins? Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir því að áætlun um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana verði gerð?

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram í upphafi að í félmrn. er aðgengi fyrir fatlaða og það tel ég vera sjálfsagðan hlut og þyrfti að vera svo um aðrar byggingar.

Í Alþingishúsinu hefur þetta verið vandamál þann tíma sem ég hef verið hér innanbúðarmaður. Ég minnist tveggja ágætra hreyfihamlaðra alþingismanna, þeirra Magnúsar Kjartanssonar og Jóhanns Hafsteins, sem áttu erfiða daga vegna þess hve þetta hús er óþægilegt til umferðar fyrir fatlaða.

Í 34. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kemur eftirfarandi fram: „Sveitarstjórnir skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulegum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur og aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, sbr. og skipulagslög og skipulagsreglugerð. Svæðisskrifstofur skulu koma á framfæri ábendingu til bygginganefndar um úrbætur á sviði ferlimála.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra, með þátttöku samtaka fatlaðra, sem m.a. gerir tillögu um forgangsröðun verkefna á sviði ferlimála."

Nokkrar sveitarstjórnir hafa farið eftir þessu og sveitarfélög með sérstakar ferlinefndir eru Akureyrarkaupstaður, Garðabær og Ísafjarðarkaupstaður. Önnur sveitarfélög hafa falið öðrum nefndum að sjá um ferlimál. Akraneskaupstaður fól það byggingarnefnd, Borgarbyggð félagsmálanefnd, Búðahreppur félagsmálanefnd, Dalvíkurkaupstaður byggingarnefnd, Hveragerðisbær skipulags- og umhverfisnefnd, Reykjanesbær félagsmálaráði og Siglufjarðarkaupstaður tækni- og umhverfisnefnd og Vestmannaeyjabær byggingarnefnd.

Í athugasemdum með frv. til laga um málefni fatlaðra kemur eftirfarandi fram um 34. gr.: Í greininni er sú skylda lögð á sveitarfélög að sinna ferlimálum með skipulegum hætti. Skal það m.a. gert með því að vinna að áætlunum um þær endurbætur sem gera skal á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, svo og skipulagslögum. Bent skal á að með opinberum byggingum er m.a. átt við vinnustaði í eigu sveitarfélagsins.

Jafnframt er í greininni lögð áhersla á það að svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra hafi forgöngu um að koma á samskiptum við byggingarnefndir sveitarfélaga á svæðinu. Þannig hvílir sú skylda á svæðisskrifstofum að sjá til þess að upplýsingar um nauðsynlegar úrbætur í ferlimálum berist til bygginganefndar á viðkomandi svæði. Þá er í greininni tekið fram að sveitarstjórnum sé heimilt að skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra. Slík nefndaskipun er að sjálfsögðu heimil án sérstaks lagaákvæðis en rétt þótti að taka þetta fram til hvatningar fyrir sveitarfélögin.

Eins og þessar tilvitnanir bera með sér er vísað til ákvæða byggingarlaga og skipulagslaga ásamt reglugerðum um nefnd lög. Nú er sá hængur á, hv. þm., að lög um byggingar og skipulag heyra undir umhvrn. og ekki lengur undir félmrn.

Félmrn. hefur að sjálfsögðu kynnt sveitarstjórnum lög um málefni fatlaðra, einkum og sér í lagi þau ákvæði laganna sem lúta að sveitarfélögum og þar á meðal skyldum þeirra varðandi aðgengismál og ferlimál fatlaðra. Félmrn. hefur að öðru leyti ekki beitt sér sérstaklega gagnvart sveitarfélögum um áætlanagerðir í þessum málum. Í samantekt ráðuneytisins kemur fram yfirlit um sérstakar ferlinefndir sem ég var að kynna áðan. Í Reykjavík er starfandi ferlinefnd. Eins og fram kom hefur hún lagt fram áætlun um endurbætur á aðgengi næstu ár og vísa ég þar til þeirra skýrslna sem liggja fyrir.

Varðandi aðgengismál komu nýjar áherslur inn í lögin um málefni fatlaðra frá 1992 þar sem m.a. er heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga en þó aldrei meiri en sem nemur helmingi af kostnaði við hverja einstaka framkvæmd. Á árinu 1993 var þannig úthlutað úr sjóðnum 16,8 millj. til að bæta aðgengi fatlaðra. Má þar nefna lyftur í skóla og aðgengi utan húss að ýmsum þjónustustofnunum, sundlaugum og fleiru. Á árinu 1994 voru veittar 13,3 millj. í ýmsar framkvæmdir til að betrumbæta aðgengi fyrir fatlaða og 1995 voru veittar 8,2 millj. Ferðaþjónusta fatlaðra fluttist frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 1993 og þau hafa sinnt þeirri skyldu síðan og sett sér sérstakar reglur um rekstur ferðaþjónustunnar. Markmiðið er að gera fötluðum sem geta ekki nýtt sér almenn farartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda.

Í nóvember 1991 skipaði þáv. félmrh. ferlinefnd ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að athuga um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra. Enn fremur er það hlutverk nefndarinnar að gera tillögur varðandi breytingar á opinberum byggingum með aðgengi fatlaðra í huga í tengslum við endurbætur og endurbyggingu þeirra.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að núverandi ákvæði í skipulags- og byggingarlögum varðandi aðgengi fatlaðra tryggja ekki svo að óyggjandi sé nauðsynlegt aðgengi. Það er því að nokkru leyti háð þekkingu, skilningi og velvilja hönnuða og yfirvalda hvort fullnægjandi lausnir nást fram. Þá ber einnig að geta þess að nákvæm hönnun margra svæða, svo sem gatna og margra útivistarsvæða, er ekki háð samþykki skipulags- og byggingarnefnda eins og nú háttar og það er nauðsynlegt að setja um þetta mál ákvæði skýr ákvæði í lög.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Nú er það svo að ég hef enga sérstarka ást á skýrslum og skýrslugerð yfirleitt. Skýrslur gera menn hins vegar til þess að kanna ástand mála og síðan framkvæma í samræmi við það.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að þessum framkvæmdum hefur miðað mjög hægt og víða er pottur brotinn og mörgu áfátt í reglugerðum og lögum og ég fagna því sem fram kom í hans máli að það eigi að gera bragarbót á. Ég tel nauðsynlegt að gerð verði mjög rækileg og ítarleg úttekt á aðgengi í öllum stofnunum ríkis og sveitarfélaga á vegum ríkisstjórnarinnar með tilliti til þarfa fatlaðra og mun ég leggja fram tillögu til þingsályktunar þess efnis. Markmið slíkrar úttektar verður að fá fram óyggjandi upplýsingar um stöðu þessara mála. Á grundvelli upplýsinga sem þar koma fram ætti að vera hægt að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun um úrbætur svo vinna megi markvisst að því að gera allar byggingar ríkis og sveitarfélaga aðgengilegar öllum Íslendingum.

[14:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að fyrsta atriðið sem við eigum að snúa okkur að sé að gæta þess þegar verið er að reisa nýjar byggingar að þær séu skikkanlega úr garði gerðar. Eldri

byggingar í eigu sveitarfélaga þarf að endurbæta mjög. Það er hins vegar dýrt og fjárhag sumra sveitarfélaga er þannig háttað að það er ástæða til þess að hafa nokkrar áhyggjur og það eru nokkrar vöflur á mér að eggja þau til mikilla fjárfestinga. Í skriflegu svari sem ég gekk frá í gær við fyrirspurn frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hv. þm. Kristni Gunnarssyni um skuldir sveitarfélaga kemur fram að heildarskuldir sveitarsjóða í árslok 1994 voru 34 milljarðar og heildarskuldir fyrirtækja sveitarfélaga, sem hafa sjálfstæðan fjárhag, voru nærri 20 milljarðar. Heildarskuldir sveitarsjóða og fyrirtækja þeirra voru því hvorki meira né minna en 54,5 milljarðar. Það eru því nokkrar vöflur á mér að setja fram harðar kröfur á sveitarfélög, a.m.k. þau sem skuldsett eru.

Auðvitað er sjálfsagt að vinna að endurbótum á byggingum á vegum ríkisins og það er ekki vansalaust að mikilvægustu opinberar byggingar eins og Alþingi og mörg af ráðuneytunum skulu vera þannig að þar komist ekki inn fólk sem á við mikla hreyfihömlun að stríða.

Aðgengi fatlaðra að Þjóðleikhúsinu.

Fsp. ÖJ, 267. mál. — Þskj. 494.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Nú er liðið á annan áratug síðan aðgengismál í Þjóðleikhúsinu, leikhúsi allra landsmanna, voru til umfjöllunar á Alþingi. Þá var lögð fram þáltill. um bætta aðstöðu hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu. Gerð var áætlun um nauðsynlegar breytingar og framkvæmd þeirra og á fjárlögum var í ein þrjú ár gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til þessara framkvæmda.

Þegar viðamiklar breytingar voru gerðar á Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum var að nokkru leyti komið til móts við þær hugmyndir sem fyrir lágu. Meðal annars var komið fyrir salernum fyrir fatlaða í kjallara hússins og á annarri hæð. Hins vegar var ekki séð til þess að fólk í hjólastólum kæmist niður í kjallara eða upp á annarri hæð eins og ætla mætti að eðlilegt væri. Í húsinu er engin lyfta fyrir leikhúsgesti, engin aðstaða fyrir hjólastóla er í aðalsýningarsal hússins, fólk í hjólastól getur ekki komið á sýningar á Litla sviðinu eða á Smíðaverkstæðinu eða notið veitinga í veitingasal. Í ljósi þessa er þeirri fyrirspurn beint til hæstv. menntmrh. hvað hann hyggst gera til þess að bæta aðgengi fyrir fatlaða við Þjóðleikhúsið, leikhús allra landsmanna.

[14:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í áætlunum um endurbætur á Þjóðleikhúsinu sem ráðist var í á árunum 1990–1991 var í fyrsta áfanga m.a. gert ráð fyrir nýrri fólkslyftu fyrir fatlaða áhorfendur. Hönnun á slíkri lyftu við austurhlið hússins liggur fyrir. Uppsetningu lyftunnar fylgja mjög kostnaðarsamar breytingar. Varð að ráði að fresta lyftuframkvæmdunum og miða við að í þær yrði ráðist samtímis frágangi á nýju loftræstikerfi í húsinu. Fé hefur ekki verið fyrir hendi til að halda framkvæmdum áfram og er áætluðum 1. áfanga því ekki að fullu lokið. Ekki verður á þessari stundu fullyrt hvenær að lyftuframkvæmdunum kemur né hvort þær verða endanlega í samræmi við þá hönnun sem nú liggur fyrir.

Þótt fyrirhuguð lyfta sé ekki komin í gagnið hefur aðgengi og aðstaða fatlaðra batnað mjög hin síðustu ár miðað við það sem áður var, einkum í aðalbyggingu Þjóðleikhússins. Starfsfólk leikhússins aðstoðar fólk í hjólastólum og aðra fatlaða sem koma að húsinu austanverðu en þar eru sérstök bílastæði fyrir fatlaða og þjónustubifreiðar. Hjólastólum er ekið inn í húsið eftir sérstökum brautum allt inn á aðalgólf salarins. Áhorfendum í hjólastólum er ætlaður staður á besta stað í sal og er hægt að koma fyrir allt að átta hjólastólum fyrir í einu. Fötluðum áhorfendum er gefinn kostur á veitingum á jarðhæðinni og salernisaðstaða er fyrir hendi. Þá skal þess og getið að áhorfandi í hjólastól greiðir ekki aðgangseyri í Þjóðleikhúsinu.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég harma að það skuli ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja aðgengi fyrir fatlað fólk að Þjóðleikhúsinu, leikhúsi allra landsmanna með því að koma fyrir lyftu í húsinu. Ég sé enga ástæðu til að bíða eftir því að hafist verði handa við viðamiklar lagfæringar sem fyrirhugað er að gera við lokaáfanga Þjóðleikhússins. Ég tel að þennan þátt eigi að lagfæra þegar í stað.

Það kann að vera rétt að það sé hægt að veita fötluðu fólki í hjólastólum, hreyfihömluðu fólki aðgang að sýningum Þjóðleikhússins í aðalsalnum, en þá með mjög miklum tilfæringum, með því að ryðja á brott sætum sem fyrir eru. Ég segi nú fyrir mína parta að ég hefði ekki áhuga á að sækja leiksýningu þar sem ég þyrfti að óska eftir því með nokkrum fyrirvara að sætum yrði rutt á brott og fólk fengið til að bera mig inn í leiksalinn, inn í sýningarsalinn, inn í leikhúsið, á milli hæða til að komast á salerni og á milli hæða til að njóta veitinga á borð við aðra leikhúsgesti. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. menntmrh. til að beita sér fyrir því að öllum leikhúsgestum í leikhúsi allra landsmanna verði tryggð full mannréttindi þar.

[14:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á aðgengi fatlaðra eða möguleikum fatlaðra til að njóta sýninga í Þjóðleikhúsinu. Jafnframt fannst mér svör hæstv. ráðherra afar léleg. Það er í sjálfu sér ekkert til að hrósa sér af þó að það séu einhverjir möguleikar fyrir átta fatlaða einstaklinga í hjólastól að komast að við sýningu í Þjóðleikhúsinu. Ég vil bara minna á að í gegnum tíðina hefur uppbygging á allra handa húsnæði fyrir félags- og tómstundastarf verið með þátttöku hins opinbera, ýmist ríkis eða sveitarfélaga eða hvoru tveggja. Og í langflestum tilvikum er því þannig háttað að fatlaðir geta ekki notið menningarstarfs til jafns á við aðra. Ég hefði gjarnan viljað heyra það að hæstv. menntmrh. setti sér ákveðið markmið og skýrði frá því hvernig þau eru.

[14:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég var ekki að hrósa mér af neinu í sambandi við þetta. Ég var að lýsa því hvernig ástandið er og svaraði efnislega þeirri fyrirspurn sem lögð var fram. Það kemur fram í svarinu að aðstaða fyrir fatlaða hefur batnað í Þjóðleikhúsinu eins og þjóðleikhússtjóri lýsir í svari sem hann sendi ráðuneytinu af þessu tilefni. Það kemur einnig fram að hún mætti vera betri varðandi þá tvo sali sem hv. fyrirspyrjandi gerði af sérstöku umtalsefni. En í aðalsalnum, eins og hér kemur fram, eru sérstakir staðir sem eru ætlaðir áhorfendum í hjólastólum. Þeir eru við 6. og 7. bekk sem er

einn besti staðurinn í salnum. Þar er hægt að hafa samtímis frá fjórum til allt að átta hjólastólum, eftir stærð og gerð hjólastólanna. Starfsfólk leikhússins reynir að aðstoða þessa gesti okkar á sem bestan hátt. Áhorfendum í hjólastólum er t.d. boðið upp á að þeim séu færðar veitingar í hléi á jarðhæðinni þar sem erfitt er að komast upp í Kristalssal eða niður í Leikhúskjallarann meðan lyftan er ekki komin. Síðan er þessu lýst nánar. Þetta er lýsing þjóðleikhússtjóra. Ég er ekki að hrósa mér eða öðrum af þessu máli heldur er verið að lýsa því hvernig þetta er. Einnig kom fram í svari mínu að það er verið að vinna að því að reyna að gera þetta á sem hagkvæmastan hátt. Lyftan sem um er að ræða snertir aðalsalinn. Það þarf að gera allt aðrar ráðstafanir út af Smíðaverkstæðinu og húsi Jóns Þorsteinssonar. Það er verið að tala um aukið og bætt aðgengi að aðalsal Þjóðleikhússins. Auðvitað má gera betur og það er verið að vinna að því að finna hagkvæmustu lausnir í því efni.

Fundi slitið kl. 14:21.

---

86. FUNDUR

miðvikudaginn 7. febr.,
að loknum 85. fundi.

Dagskrá:

1. Útvarpslög, frv., 246. mál, þskj. 341. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Læsivarðir hemlar í bifreiðum, þáltill., 248. mál, þskj. 370. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, þáltill., 261. mál, þskj. 454. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Gjald af áfengi, frv., 269. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur, frv., 272. mál, þskj. 507. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, þáltill., 280. mál, þskj. 516. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, stjtill., 286. mál, þskj. 525. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

[Fundarhlé. — 14:21]

[15:45]

Útbýting þingskjala:

Reglur um þátttöku barna og unglinga í happdrætti, 298. mál, fsp. MF, þskj. 537.

Skattlagning happdrættisreksturs, 299. mál, fsp. MF, þskj. 538.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, fyrri umr.

Stjtill., 286. mál. — Þskj. 525.

[15:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. á þskj. 525 um fullgildingu fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Slóveníu. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli EFTA-ríkja og Slóveníu, sem gerður var í Bergen 13. júní 1995."

Fríverslunarsamningurinn er hliðstæður þeim fríverslunarsamningi sem EFTA-ríkin hafa gert við ríkið í Mið- og Austur-Evrópu. Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Slóveníu hins vegar um iðnaðarvörur. Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða sbr. II. viðauka samningsins og til vara sem unnar eru að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Nánar er kveðið á um framkvæmd viðskipta með þær vörur í bókun A við samninginn.

EFTA-ríkin og Slóvenía afnema alla innflutningstolla á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í þessum löndum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. Fyrir vissar iðnaðarvörur fær Slóvenía aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla, en að öðru leyti falla tollar niður strax við gildistöku samningsins. Tollar falla niður á fiski og fiskafurðum strax við gildistöku samningsins með örfáum undantekningum þar sem um aðlögunartíma er að ræða. Þessi aðlögunartími tekur einkum til vatnafisks.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur. Í tengslum við fríverslunarsamninginn gerðu EFTA-ríkin tvíhliða samninga um landbúnaðarmál við Slóveníu. Samkvæmt þessum tvíhliða samningi Íslands og Slóveníu um landbúnaðarmál lækkar Ísland tolla á nokkrum tegundum suðrænna ávaxta og nokkrum vörum sem unnar eru úr þessum ávöxtum.

Slóvenía og EFTA-ríki önnur en Ísland hafa þegar fullgilt fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Slóveníu. Samningurinn tekur gildi gagnvart Íslandi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að við höfum fullgilt þennan samning.

Árið 1994 fluttu Íslendingar út vörur til Slóveníu fyrir 17,9 millj. kr., einkum fiskafurðir. Innflutningur frá Slóveníu var mun minni eða 1,9 millj. kr. sama ár. Það má fastlega gera ráð fyrir að viðskipti landanna aukist þegar fríverslunarsamningurinn tekur gildi.

Í ljósi þessa legg ég til að við lok þessarar umræðu verði tillögunni vísað til utanrmn. og síðari umr. Ég treysti því að nefndin sjái sér fært að taka málið til umfjöllunar eins fljótt og verða má.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. HG og MF, 246. mál (auglýsingar). — Þskj. 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Læsivarðir hemlar í bifreiðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 248. mál. — Þskj. 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 261. mál. — Þskj. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Gjald af áfengi, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 269. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og ÁE, 272. mál (trygging fyrir endurgreiðslu skatts). — Þskj. 507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ og GGuðbj, 280. mál. — Þskj. 516.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:56.

---

87. FUNDUR

fimmtudaginn 8. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 296. mál, þskj. 535. — 1. umr.
2. Þjóðminjalög, stjfrv., 285. mál, þskj. 524. — 1. umr.
3. Umferðarlög, frv., 152. mál, þskj. 182. — 1. umr.
4. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 284. mál, þskj. 523. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill láta þess getið að kl. 13 í dag fer fram utandagskrárumræða um stöðu heilbrigðismála að beiðni þingflokka stjórnarandstöðunnar. Málhefjandi er hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, en hæstv. heilbr.- og trmrh. verður til andsvara. Umræðan verður skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. umræðutími um málið verður ótakmarkaður. Ræðutími hvers þingmanns er fimmtán mínútur tvisvar en málshefjandi og ráðherra hafa þó allt að 30 mínútur í fyrra sinnið.

Forseti vekur athygli á því að umræðan hefst kl. 13 en ekki kl. 13.30 eins og áður hafði verið rætt um. Hádegishlé verður því að þessu sinni á milli kl. 12.30 og 13.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (umframveiði síldar og hörpudisks). — Þskj. 535.

[10:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 535 er frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Þar er um að ræða breytingu sem felur í sér að heimilt verði að yfirfæra veiði á síld sem nemur 5% umfram aflamark á milli fiskveiðiára. Þetta er gert til að koma á sambærilegri reglu milli síldveiða og veiða á hefðbundnum botnfisktegundum. Eðlilegt þykir að sama regla gildi um síldveiðar eins og veiðar botnfisktegunda að þessu leyti.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að sams konar samræming verði gerð milli hörpudisksveiða og veiða á innfjarðarækju þar sem heimild af þessu tagi er 3%.

Herra forseti. Mikilvægt er vegna yfirstandandi síldarvertíðar að Alþingi afgreiði þessa breytingu svo fljótt sem verða má og vænti ég að gott samstarf geti tekist við hv. sjútvn. um þessa breytingu. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (flutningur menningarverðmæta). — Þskj. 524.

[10:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, með síðari breytingum. Frv. þetta er flutt vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og það hefur að geyma ákvæði sem munu mynda nýjan kafla, VI. kafla í þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum, ef að lögum verður.

Með frumvarpinu er einkum stefnt að lögfestingu efnisákvæða tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/7 EEC frá 15. mars 1993 um skil menningarminja, sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, en íslenska ríkið, sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 ásamt ýmsum viðbótum, breytingum og bókunum við hann, sbr. lög nr. 2 frá 13. janúar 1993, er skuldbundið til að lögleiða þessi ákvæði. Þá er einnig haft mið af reglum ráðs Evrópusambandsins nr. 3911/92 EEC um útflutning menningarminja sem hafa mjög náin tengsl og samsvörun við ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar. Í frumvarpinu koma jafnframt fram almenn stefnumið varðandi útflutning þeirra menningarminja sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu, án tillits til skilyrða fyrrnefndrar tilskipunar, og um almennt bann við innflutningi erlendra menningarminja, fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

Íslenska ríkið hafði, ásamt öðrum Norðurlandaríkjum að danska ríkinu undanskildu, skuldbundið sig til þess að lögleiða ákvæði fyrrnefndrar ráðstilskipunar Evrópusambandsins eigi síðar en 1. jan. 1995 en nokkur dráttur hefur orðið á undirbúningi þessarar löggjafar hér á landi.

Mikilvægt er að skýrar lagareglur gildi á þessu sviði en ákvæði 28. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum, sem nú er hið eina ótvíræða ákvæði í íslenskum lögum, almenns eðlis, um takmarkanir á útflutningi menningarminja, er með öllu ófullnægjandi sé haft mið af nauðsyn þess að samræma íslenska löggjöf fyrrnefndri tilskipun og reglum Evrópusambandsins. Í frumvarpinu er því lagt til að ákvæðið í 28. gr. þjóðminjalaga verði fellt úr gildi en í staðinn komi í sérstökum kafla laganna mun ítarlegri ákvæði um útflutning menningarminja auk nýrra ákvæða um hömlur við innflutningi menningarminja þegar sérstaklega stendur á en um það efni finnast engar skýrar reglur í núgildandi löggjöf.

Minnt skal á að auk samningar fyrrnefndra reglna Evrópusambandsins um þessi efni, er almennt hafa verið lögteknar í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis, hafa ýmsar alþjóðlegar stofnanir látið sig varða þau málefni er efni þessa frumvarps lýtur að. Má þar m.a. nefna sumar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, svo sem UNESCO og UNIDROIT í Rómaborg er nýverið gekkst fyrir gerð alþjóðlegs sáttmála sem ætlað er að stemma stigu við þjófnaði eða annarri löglausri töku menningarminja og útflutningi þeirra í kjölfar þess athæfis. Íslenska ríkið er að vísu ekki aðili að þeim sáttmála en við samningu þess frumvarps, er hér liggur fyrir, var þó m.a. haft nokkurt mið af því alþjóðlega vandamáli sem hér um ræðir.

Hvað varðar ákvæði frumvarpsins um útflutning menningarminja skal sérstaklega tekið fram að þeim er ekki ætlað að víkja til hliðar eða koma í stað núgildandi lagafyrirmæla eða annarra reglna er snerta leyfi hlutaðeigandi menningarstofnana hér á landi til þess að lána íslenska þjóðardýrgripi á sýningar erlendis, sjá m.a. 1. gr. laga nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Ákvæði frumvarpsins hafa að geyma undantekningar frá viðurkenndum stefnumiðum innan hins Evrópska efnahagssvæðis um frjálst vöru- og viðskiptaflæði milli aðildarríkja nefnds millirríkjasamnings. Þau hafa því öðrum þræði viðskiptalega þýðingu gagnstætt því sem gildir um fyrrnefnd ákvæði laga um lánsheimildir íslenskra safna til annarra landa í menningarlegum tilgangi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 10:38]

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. LMR o.fl., 152. mál (hlífðarhjálmar við hjólreiðar). — Þskj. 182.

[10:42]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingu. Brtt. hljóðar svo:

1. gr.: 72. gr. a laganna orðast svo:

Börn 14 ára og yngri skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði við hjólreiðar.

2. gr.: Á eftir 2. mgr. 100. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Eigi skal heldur refsa fyrir brot gegn 72. gr. a nema barn hafi ítrekað brotið gegn ákvæðinu og haldi því áfram þrátt fyrir skrifleg tilmæli lögreglu til þeirra sem fara með forsjá barnsins um að þeir sjái til þess að það fari að ákvæði laganna. Í þeim tilfellum er heimilt að sekta hlutaðeigandi forráðamann.

Virðulegi forseti. Svipuð frumvörp voru áður flutt á 111., 113. og 117. löggjafarþingi en urðu þá eigi útrædd. Upphaflega var miðað við tíu ára aldur en nú er eðlilegt talið að miða við fjórtán ár.

Síðastliðin tíu ár hafa verið lagðar fram slysaskýrslur hér á landi er sýna að höfuðslys við hjólreiðar meðal barna og ungmenna eru mjög tíð og að slík slys hafa jafnan alvarlegar afleiðingar. Þessum slysum hefur þó fækkað aðeins á síðastliðnum árum samhliða því sem notkun sérhannaðra

hjólreiðahjálma hefur aukist hratt. Samkvæmt könnun, er Umferðarráð stóð fyrir í júlí 1993, var hjálmanotkun við hjólreiðar í þéttbýli hérlendis þá um 20% en sambærileg könnun á þessu ári sýndi að þetta hlutfall var komið upp í 30%.

Það hefur verið skoðun Umferðarráðs að lagasetning sem þessi hefði ekki gildi fyrr en notkun hlífðarhjálma hefði náð 25–30%. Því teljum við flutningsmenn þessa frv. tímabært að lögtaka þessa skyldu nú.

Víða erlendis hafa verið gerðar athuganir er sýna að langflest börn, sem slasast alvarlega eða deyja vegna höfuðáverka er hlýst við hjólreiðar, hafa ekki borið hjálm á höfði. Sama niðurstaða kemur í ljós þegar skoðuð er slysaskráning á sjúkrahúsum hér á landi síðustu árin.

Árið 1990 voru sett lög um skyldunotkun hjólreiðahjálma í Ástralíu og í kjölfarið fækkaði alvarlegum höfuðmeiðslum hjólreiðamanna um 60–70% þar í landi. Sömu sögu er að segja frá nokkrum fylkjum Bandaríkjanna þar sem slík lög hafa verið sett. Fá lönd í Evrópu hafa hins vegar enn sem komið er sett slík ákvæði í löggjöf sína en samtök um öryggi evrópskra neytenda (ECOSA) ákváðu á fundi í Stokkhólmi í apríl 1992 að stefna að því að árið 2010 yrði hjálmanotkun orðin sem útbreiddust í öllum löndum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Skylda til bílbeltanotkunar var leidd í lög á Íslandi árið 1987, tíu árum eftir að fyrstu tillögur voru lagðar fram í því efni. Margir voru þá efins um ágæti þeirrar skyldu en í dag efast fáir enda hefur slysum af völdum árekstra fækkað um nálægt 50% og framrúðuslys eru nánast algerlega horfin. Stjórnvöld hljóta að leitast við að tryggja öryggi borgaranna eftir fremsta megni og lögleiðing bílbeltanotkunar var heillavænlegt spor í þá átt. Nú er tækifæri til að halda áfram á sömu braut og huga þá í upphafi sérstaklega að yngstu vegfarendunum, þó æskilegt hefði verið að lögin tækju til allra hjólreiðamanna því það aðhafast börnin sem fyrir þeim er haft. En í trausti þess að fulltíða fólk skilji nauðsyn þess að sýna gott fordæmi er í fyrstu lagt til að lögin taki til aldurshópsins 14 ára og yngri.

Á síðasta þingi var samþykkt sú viðbót við umferðarlögin að dómsmrh. gæti sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði lengra og slík skylda lögleidd og því er gert ráð fyrir að framangreind breyting verði felld brott. Börn undir 15 ára aldri teljast ósakhæf og verður því ekki refsað. Þó er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að sekta forráðamenn barns sem brýtur ítrekað gegn ákvæðinu, þó aðeins að undangenginni áminningu um að forráðamenn, þ.e. þeir sem fara með forsjá barnsins samkvæmt lögræðislögum, sjái til þess að barnið fari að lögunum. Flm. telja nauðsynlegt að brot gegn lögum sé refsivert að einhverju marki. Refsilaus lagatilmæli slæva réttarvitund almennings og síst er það vilji löggjafans að draga úr virðingu fyrir lögum hjá ásku landsins. Þó er ekki gert ráð fyrir að farið verði að sekta fyrir brot gegn lögunum fyrr en tveimur árum eftir gildistöku þeirra. Er þar farin svipuð leið og þegar bílbelti voru lögleidd á níunda áratugnum.

Gert er ráð fyrir að lögin sjálf taki gildi 1. júní 1996.

Loks skal bent á að þó að með þessu frv. sé aðeins ætlað að lögleiða notkun hlífðarhjálma hjá ungum hjólreiðamönnum geta slíkir hjálmar bjargað miklu og komið í veg fyrir höfuðmeiðsl þeirra sem detta á hjólabrettum, hjólaskautum, línuskautum, skautum, skíðum og snjóþotum. Þá eru ótaldir hestamenn en fjöldi þeirra notar ekki hjálma þótt hjálmanotkun hestamanna hafi mjög færst í vöxt á síðustu árum, ekki síst á hestamannamótum, í keppni og í leiguferðum. En því miður verður að segjast að almennt virðast leiðsögumenn í hestaferðum ekki nota hjálma og eru þannig ekki fyrirmynd samferðamanna sinna í þessum ferðum.

Með tilkomu lagafrv. vænti ég að almenningi aukist skilningur á notkun hjálma í þeim íþróttum þar sem höfuðmeiðsl eru algengust og þá er vel af stað farið. Þótt fyrst og fremst sé hugað að öryggi borgaranna er ekki úr vegi að minnast á þann sparnað sem almenn notkun hlífðarhjálma hefði á þróun kostnaðar í heilbrigðisþjónustu sem hefur verið eitt helsta viðfangsefni ríkisstjórna sl. ára. Slíkt er þó aukaatriði samanborið við þær þjáningar og sorg sem höfuðslys hafa í för með sér. Eins og kunnugt eru flm. frv. úr öllum flokkum enda er um öryggishagsmuni að ræða en ekki pólitískt mál. Því vænti ég skjótrar og góðrar afgreiðslu þessa máls og ég leyfi mér að vísa frv. til allshn. og 2. umr.

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er sammála efni frv. að því leyti til að ég tel tvímælalaust rétt að stefna að lögleiðingu hjólreiðahjálma og þá fyrir alla aldurshópa. En ég vil láta það sjónarmið koma fram að ég held að það sé mikilvægt hvernig að slíkri aðgerð er staðið til þess að hún skili tilætluðum árangri. Við höfum reynslu af því að það er ekki sjálfgefið að lögleiðing ein og sér skili tilætluðum árangri ef hún er ekki á réttum tíma gjörð og með réttri umgjörð. Það hefur verið mat þeirra sem um þetta hafa fjallað að það þurfi að undirbúa breytingar af þessu tagi til þess að þær nái tilgangi sínum. Það er mjög mikilvægt að notkun hjálma sé þá orðin almenn og að allar tæknilegar forsendur séu fyrir hendi til að lögleiða hluti af þessu tagi. Jafnvel þó að svo sé komið að 20–30%, þriðjungur eða svo af börnum noti hjólreiðahjálma að staðaldri gefur auga leið að það er talsvert átak að tryggja að þau 70% sem eftir eru geri það á tiltölulega skömmum tíma. Það kallar á að fjárfest sé í þessum tækjum almennt á öllum heimilum í landinu þar sem börn yngri en 14 ára eru og að hugsunarhátturinn breytist í þá veru að það sé rétt og skylt og eðlilegt að nota þessi sjálfsögðu, ágætu öryggistæki.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á að fyrir þinginu liggur till. til þál. um sérstaka umferðaröryggisáætlun og framkvæmdaáætlun og stefnumótun sem varða aukið umferðaröryggi. Þar er vikið að þessum málum og reyndar með nokkuð öðrum hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þó vill nú svo til að formaður nefndarinnar sem samdi viðkomandi tillögu er 1. flm. þessa frv. Í helstu niðurstöðum nefndarinnar er komist svo að orði varðandi þetta atriði í tölul. 11, með leyfi forseta: „Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára.“ Þessi niðurstaða fékkst að sjálfsögðu í kjölfar umræðna í nefndinni um málið og það er ekki af tilefnislausu að einmitt svona er tekið til orða. Í kafla III, tölul. 1.1.5. er fjallað um notkun hjólreiðahjálma og þar segir, með leyfi forseta:

„Notkun hjólreiðahjálma hefur aukist töluvert á undanförnum árum. Talsverð fræðsla hefur verið um gildi þeirra og mikilvægi. Talið er að með almennri notkun hjólreiðahjálma megi fækka höfuðáverkum í hjólreiðaslysum um allt að 80%. Halda þarf áfram fræðslu um notkun hjólreiðahjálma meðal allra, bæði barna og fullorðinna og sérstaka áherslu þarf að leggja á að foreldrar sýni gott fordæmi í þeim efnum. Nefndin leggur til að lögleidd verði notkun hjólreiðahjálma

að undangenginni fræðslu og áróðri. Huga skal að reynslu þeirra þjóða sem sett hafa slík lög."

Svo mörg voru þau orð. Hér er málið sett í nokkuð annað samhengi en gert er í frv. vegna þess að það er gert ráð fyrir að lögleiðing hjálma almennt verði endapunkturinn á ákveðnum áróðurs- og upplýsingaaðgerðum sem komi á undan. Fyrir þessu eru sem sagt þær ástæður að menn hafa tilfinningu um að það sé heppilegra að til lögleiðingar komi þegar menn eru orðnir nokkuð öruggir um að hugarfarið er þannig breytt að almenningur sé jákvæður og upplýstur um mikilvægi þessa, þátttakan verði strax frá byrjun almenn og það verði ekki nein umtalsverð brögð að því að menn uppfylli ekki lagaákvæðið. Síðan geti verið skynsamlegt að skoða hvernig þetta hefur gefist hjá öðrum þjóðum.

Það varð einnig nokkur umræða í nefndinni og ég hef reyndar átt þátt í umræðum um það atriði víðar, að reynslan af þessum öryggistækjum er ekki í öllu samhengi einhlít. Það er t.d. ljóst að það urðu slys sem tengdust ófullkominni framleiðslu á öryggishjálmum framan af. Til voru hjálmar sem ekki voru með neinum öryggislásum. Börn festu hjálmana í leiktækjum og af því hlutust slys og jafnvel dauðaslys. Nú er orðið mikið framboð af hjálmum þar sem sérstakir öryggislásar opnast ef slíkt gerist og fyrir þessari hættu er vonandi séð. En eftir sem áður stendur að þarna voru á ferðinni vissir byrjunarörðugleikar í tengslum framleiðsluna sem þurfti að leysa. Að sjálfsögðu er alger forsenda þess að unnt sé að lögleiða öryggistæki af þessu tagi að það sé óumdeilanlega nóg framboð af fullnægjandi tækjum á viðráðanlegu verði á markaði. Ég gef mér að vísu að svo sé nú orðið og það eigi ekki að vera frágangssök af þeim ástæðum að leggja þá skyldu foreldrum á herðar að börn þeirra noti hjálma.

Spurningin er líka, út frá því sem er sagt í textanum sem ég las áðan, herra forseti, hvort að það er endilega rétt hugsun að aðskilja annars vegar börn og unglinga og hins vegar fullorðið fólk í þessu sambandi. Ef þetta er lögleitt gagnvart börnum er þá ekki í sjálfu sér alveg jafn rétt að lögleiða þetta gagnvart fyrirmyndunum, þ.e. foreldrunum og fullorðnu fólki.

Ég vona, herra forseti, að það taki enginn athugasemdir mínar eða vangaveltur mínar sem andstöðu við þetta mál. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að stefna beri að þessu og það hefur reyndar oft komið fram m.a. hér úr þessum ræðustóli. Eftir sem áður tel ég að það beri vanda mjög ákvörðun af þessu tagi og stefnumótum. Ég reiknaði nú satt best að segja með, úr því að fram var komin þessi þáltill. um miklu víðtækari aðgerðir á sviði umferðaröryggismála, að menn mundu hallast að því að láta þetta mál verða hluta af þeim aðgerðum sem þar yrði kveðið á um. En út af fyrir sig hef ég heldur ekkert á móti því, ef menn vilja taka þetta einstaka út, að láta það fá aðra meðferð en önnur atriði fjölmörg og sum næsta sambærileg á sviði umferðaröryggismála sem fjallað er um í tillögunni. Reynslan kennir okkur líka að sjónarmið breytast og það koma jafnvel í ljós í ljósi reynslunnar atriði sem menn átta sig ekki á eða hugsa ekki út í þegar gripið er til einstakra aðgerða af þessu tagi. Ég gæti nefnt sem dæmi þá ákvörðun Alþingis fyrir alllöngu síðan að lögleiða notkun bílljósa allan sólarhringinn. Nú hafa á seinni árum komið upp þau sjónarmið að þetta sé ekki að öllu leyti einhlítt og jafnvel ekki að öllu leyti skynsamleg ráðstöfun. Í vissum tilvikum geti það jafnvel verið á kostnað umferðaröryggis að ljósanotkunin sé lögleidd um hádaginn. Þannig breytast nú hlutirnir eftir því sem reynslan kennir mönnum á þá.

Ég gef mér, herra forseti, að að einhverju leyti verði tekið mið af því hvernig þingið vinnur að umferðaröryggismálum í vetur áður en endanleg ákvörðun verður tekin um afgreiðslu þessa máls. Ætli þetta frv. hv. þm. hljóti ekki að hafa lent í sömu hv. þingnefndinni, eða eigi að lenda, og tillaga sú til þál. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem ræðumaður hefur af einhverjum ástæðum orðið einn helsti bandamaður eða talsmaður fyrir í þinginu.

[10:59]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími Sigfússyni fyrir þetta ágæta innlegg og ábendingar í þessu máli. Ég er alveg sammála að það þurfi að undirbúa mjög vel og kynna lögin. Það hefur nú þegar verið hafinn áróður og kynning á notkun þessara hjálma enda hafa þeir orðið vinsælli með árunum. Sömuleiðis tel ég mjög mikilvægt að hjálmar sem eru hér á markaðnum séu viðurkenndir sem öryggishjálmar. Ég vil benda t.d. á það að nú eru barnahjól iðulega seld með hjálmum sem mér finnst til fyrirmyndar.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er lagt fram núna er sú að við erum eingöngu hér með þáltill. hvað varðar umferðaröryggismál en ekki löggjöf. Þess vegna var það fyrir ábendingar margra góðra manna sem hafa áhuga á þessum málum ákvað ég að leggja fram þetta frv. til laga til að flýta fyrir því að sem flest börn notuðu hjálma sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (Bændasamtök Íslands). — Þskj. 523.

[11:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Um er að ræða 284. mál þingsins á þskj. 523.

Frv. er samið í landbrn. og með því er lagt til að verkefni Búnaðarfélags Íslands samkvæmt núgildandi lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. verði færð til nýrra heildarsamtaka bænda, Bændasamtaka Íslands.

Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda voru, eins og mönnum er kunnugt, sameinuð með lögum nr. 130/1994. Í 4. gr. þeirra laga er kveðið á um að endurskoða skuli öll lög og lagaákvæði þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda og með þeirri endurskoðun tekin afstaða til þess hvort hin nýju samtök bænda tækju við því hlutverki eða hvort það yrði fengið öðrum aðila.

Að því hefur verið unnið á vegum landbrn. og er þess að vænta að frv. þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi í þessum mánuði. Það frv. tekur til breytinga á 34 lögum sem bæði heyra undir landbrn. og í sumum tilfellum undir önnur ráðuneyti og er því í „bandormsformi".

Ástæða þess að afréttarlögin eru hér tekin út úr þeim hópi laga sem breyta þarf vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og frv. þetta er nú flutt er sú að umboð markanefndar, sem starfar samkvæmt 69. gr. laganna, er útrunnið fyrir nokkru og brýna nauðsyn ber til að skipa hana að nýju. Hlutverk markanefndar er að fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og

markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Þá úrskurðar markanefnd í ágreiningsmálum sem upp geta komið vegna skráningar á búfjármarki, synjun markavarða um skráningu og niðufellingu marka vegna sammerkingar. Á þessu ári ber samkvæmt afréttarlögum að gefa út markaskrá í sýslum landsins og er þegar byrjað að undirbúa útgáfu skránna á vegum markavarða í sýslunum. Skráningu búfjármarka í markaskrá fylgja ýmis ágreiningsmál um eignarrétt að búfjármarki sem unnt er að skjóta til úrskurðar hjá markanefnd. Við síðustu útgáfu markaskrár árið 1988 fékk nefndin 114 mál til úrskurðar. Samkvæmt 69. gr. afréttarlaganna tilnefndi Búnaðarfélag Íslands og sauðfjársjúkdómanefnd hvor sinn mann í markanefndina en sá þriðji er skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndar. Sauðfjársjúkdómanefnd var lögð niður skv. lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 frá 1993, og voru verkefni hennar færð yfir til embættis yfirdýralæknis. Þannig var yfirstjórn allra sjúkdómavarna færð á eina hendi. Þykir því eðlilegt að yfirdýralæknir tilnefni einn mann í markanefnd eins og lagt er til í 2. gr. frv. í stað þess að þann mann skyldi áður tilnefna í sauðfjársjúkdómanefndina sem nú hefur verið lögð niður eins og áður hefur komið fram.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við öllum verkefnum Búnaðarfélags Íslands eins og þau eru tilgreind í núgildandi lögum um afréttarmálefni. Verkefnin eru tilgreind í athugasemdum með frv. í tölulið 1–5 og vísa ég til þeirra.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um efni frv. en legg áherslu á að það fái skjóta afgreiðslu í þinginu vegna þeirra efnisraka sem ég hef hér áður nefnt.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni 1. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:05]

[13:04]

Útbýting þingskjals:

Meðferð opinberra mála, 301. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 541.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (umframveiði síldar og hörpudisks). — Þskj. 535.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (flutningur menningarverðmæta). — Þskj. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. LMR o.fl., 152. mál (hlífðarhjálmar við hjólreiðar). — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (Bændasamtök Íslands). — Þskj. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Ástand heilbrigðismála.

[13:11]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Eins og tilkynnt hefur verið hefst nú utandagskrárumræða. Efni umræðunnar er ástand heilbrigðismála. Málshefjandi er hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Til andsvara er heilbr.- og trmrh. Áður en umræðan hefst vill forseti upplýsa að þegar eru 16 hv. þm. á mælendaskrá. Ef allir nota sinn fyllsta rétt þýðir það að umræðan stendur í fimm klukkustundir auk þess tíma sem kann að fara í andsvör. Þess vegna beinir forseti þeim eindregnu tilmælum til hv. ræðumanna að þeir stytti mál sitt sem mest þeir mega og nýti sér sparlega rétt sinn til andsvara.

[13:12]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Árið 1937 var komið með djasssöngkonuna Bessie Smith stórslasaða á sjúkrahús í New York. Henni var vísað frá vegna þess að hún var svört og spítalinn einungis ætlaður hvítu fólki. Á meðan leitað var að sjúkrahúsi fyrir svertingja blæddi söngkonunni út. Heimurinn missti frábæran listamann.

Í ljósi þess ástands sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir í heilbrigðismálum spyr ég: Er sú stund fram undan er sjúklingum verður vísað frá almennum deildum á stóru sjúkrahúsunum ekki vegna litarháttar heldur vegna þess að rúm eru orðin svo fá, deildir lokaðar og fjárveitingar uppurnar? Verða kvensjúkdómalæknar að segja við konur er líða tekur á árið: Því miður ég get ekki skoðað þig almennilega með ómskoðun, kvótinn minn upp á 50 skoðanir á ári er búinn. En þú getur borgað hana sjálf. Verður starfsfólk geðdeildar Landspítalans að senda neyðarkall að nýju til heilbr.- og trn. Alþingis til að lýsa því aftur sem segir í gögnum þeirra frá árinu 1995: „Sjúklingar sem koma á deildina eru sífellt meira veikir og aðrir komast ekki að. Stöðugt vaxandi

álag er á starfsfólki og vísa verður bráðveiku fólki frá að nóttu til vegna þess að ekki er hægt að sinna því."

Verður tugum sérhæfðra starfsmanna sagt upp vegna sparnaðar og niðurskurðar á spítölunum og þeir sendir út í óvissu atvinnuleysisins ef þeir ekki koma sér úr landi?

Er þetta það ástand sem við viljum sjá í heilbrigðisþjónustunni? Er ekki hægt að fara aðrar leiðir til að tryggja áfram gott heilbrigðiskerfi sem þjónar þeim sem sjúkir eru, sinnir rannsóknum, kennslu og fyrirbyggjandi aðgerðum? Er svo komið fyrir einni af ríkustu þjóðum heims að hún þurfi ár eftir ár að sauma að sjúkum, öldruðum og fötluðum? Er ekki mál að staldra við, skoða stöðuna og ákveða svo hvað við viljum og hvernig við ætlum að fjármagna heilbrigðiskerfið?

Í þeim umræðum og aðgerðum sem einkennt hafa undanfarin fimm ár hafa talnaleikir og frjálshyggjuhugmyndir yfirskyggt þarfir sjúkra og aldraðra. Sjúkrahúsunum í Reykjavík hefur fækkað um eitt, starfsfólki hefur fækkað, fjármagn hefur verið skorið niður en sjúklingunum fækkar að sjálfsögðu ekki. Vandinn er einfaldlega færður til frá sjúkrahúsunum yfir á Tryggingastofnun, sveitarfélögin eða heimilin. Árangurinn af sparnaðargleðinni er sáralítill að mati Ríkisendurskoðunar og þegar á heildina er litið er staðreyndin sú að það eru sjúklingarnir og heimilin í landinu sem hafa tekið á sig aukinn hlut, eins og sjá má í nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um þessi efni.

Við erum komin að endamörkum niðurskurðarstefnunnar. Lengra verður ekki gengið með sömu aðferðum og hefur reyndar þegar verið gengið of langt. Vandinn sem við blasir er mikill og við honum verður að bregðast.

Það má segja að þáttaskil hafi orðið í heilbrigðismálum þjóðarinnar við valdatöku ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. vorið 1991. Í ljós kom að hallinn á ríkissjóði var mun meiri en ráð var fyrir gert, m.a. vegna mikilla kosningaframkvæmda ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar setti sér það markmið að ná hallanum niður á tveimur árum. Fjmrn. dró fram sparnaðarhnífana, brýndi vel og sendi til ráðuneytanna. Mikið var skorið þau fjögur ár sem stjórnin sat við völd en niðurstaðan varð um 50 milljarða halli á þessum fjórum árum.

Stærsti hnífurinn lenti í höndum heilbrrh., Sighvats Björgvinssonar, sem kunni lítt með eggvopn að fara, skar ótt og títt en sást ekki fyrir auk þess sem hnífalög vildu geiga. Um þá sögu má m.a. lesa í frumvörpum til fjáraukalaga árin 1992–1995 sem og í frumvörpum til fjárlaga þessi ár. Ég ætla, hæstv. forseti, að vitna aðeins í frumvörpin til þess að við áttum okkur á þessari sögu.

Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 segir um Tryggingastofnun ríkisins að farið sé fram á 693 millj. kr. í aukafjárveitingu vegna lífeyris- og sjúkratrygginga. Annars vegar er áætluð 163 millj. kr. aukning í útgjöldum lífeyristrygginga umfram forsendur fjárlaga sem leiðir af eingreiðslum sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Hins vegar er sótt um 530 millj. kr. til sjúkratrygginga. Síðan eru skýringar á þessum tölum.

Um Ríkisspítalana segir að farið sé fram á 120 millj. kr. vegna tveggja tilefna. Annars vegar vegna yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga um að fallið yrði frá sumarlokun á öldrunardeild og barnageðdeild Ríkisspítala sem kostar 65 millj. kr. Hins vegar vegna kaupa á segulómtæki sem fyrri ríkisstjórn færði stofnuninni að gjöf í tilefni 60 ára afmælis Landspítalans árið 1990. Um er að ræða 55 millj. kr. lokagreiðslu. Um Borgarspítalann: Farið er fram á 25 millj. kr. vegna kostnaðar sem fellur til vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem gerður var árið 1991.

Í frv. ársins 1993 segir um Tryggingastofnun ríkisins að farið sé fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 350 millj. kr. Í kjölfar kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að lífeyrisþegum yrðu greiddar uppbætur með hliðstæðum hætti og undanfarin ár. Áætlað er að sá viðbótarkostnaður nemi 410 millj. kr.

Um Ríkisspítalana segir: „Lagt er til að framlag til Ríkisspítalanna hækki um 60 millj. kr." Og þessi saga heldur áfram, hæstv. forseti. Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994 segir um lífeyristryggingar: Farið er fram á 400 millj. kr. aukafjárveitingu. Fjárlög gerðu ráð fyrir 400 millj. kr. fjárheimild vegna eingreiðslna til lífeyrisþega. Áætlað er að þau útgjöld verði 300 millj. kr. hærri í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að greiða út sömu eingreiðslur á liðnu ári og því til viðbótar sérstakar 6 þús. kr. eingreiðslur vegna efnahagsbata líkt og samkomulag varð um á almennum vinnumarkaði.

Um sjúkratryggingar segir þetta ár: „Sótt er um 800 millj. kr. hækkun fjárheimilda í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöldin miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins. Fjárvöntunin stafar að mestu af því að áform um sparnað á þessum lið hafa ekki gengið eftir."

Fyrir árið 1995 segir um lífeyristryggingar að farið sé fram á að fjárveiting liðarins verði hækkuð um 1.330 millj. kr. Í fyrsta lagi verður um 630 millj. kr. kostnaðarauki í eingreiðslum til lífeyrisþega vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að þær skyldu greiddar í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Um sjúkratryggingar segir: „Farið er fram á að framlag verði aukið um 550 millj. kr. Fjárvöntunin skýrist að mestu af því að áformaður sparnaður í sjúkratryggingum samkvæmt fjárlögum hefur ekki gengið eftir á árinu."

Þannig er þessi saga, hæstv. forseti. Ár eftir ár hafa verið gerðar áætlanir um sparnað, en þær hafa ekki náð fram að ganga. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 er að finna nákvæmlega þessar sömu hugmyndir sem ríkisstjórnin varð að hluta til að falla frá, m.a. vegna þrýstings. Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á þessar sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar og m.a. kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir janúar–júní 1995 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eins og sjá má í töflu 27 jukust útgjöld sjúkrastofnana um 380 millj. kr. að raungildi milli áranna 1993 og 1994 og skiptist sú aukning með eftirfarandi hætti: Laun hækka að raungildi um 350 millj. kr. og lyfjakostnaður um 80 millj. kr. Önnur gjöld lækkuðu hins vegar um 10 millj. og sértekjur jukust um 40 millj. Á árinu 1994 var gert ráð fyrir að ná fram sparnaði í rekstri sjúkrahúsa en í reynd varð aukning á útgjöldum eins og að framan er getið." Lokaniðurstaða Ríkisendurskoðunar, sem vakti mikla athygli þegar þessi skýrsla kom fram er þessi: „Ekki verður lengur fram hjá því litið að breyta þarf aðferðum við niðurskurð ef ná á fram sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna. Reynslan sýnir að þó svo að sparnaður hafi náðst fram á tilteknum sviðum eða hjá einstökum sjúkrahúsum hefur það ekki dugað til að mæta útgjaldaaukningu í kerfinu í heild. Telja verður að nú sé komið að þeim tímapunkti að stjórnvöld þurfi að taka ákvarðanir um þjónustustig og gæði þeirrar þjónustu sem sjúkrahúsunum er ætlað að veita og að framlög verði ákveðin í samráði við það."

Þetta var niðurstaða Ríkisendurskoðunar, hæstv. forseti, og er hún mikið umhugsunarefni fyrir okkur öll, ekki síst þá

sem hér eru nú í meiri hluta og halda því miður áfram þar sem síðasta ríkisstjórn hvarf frá. Það hefur verið skorið og skorið en þörfin fyrir lyf, læknisþjónustu og tryggingabætur eykst stöðugt. Enda aukast útgjöldin þegar á heildina er litið eins og hér hefur komið fram. Afleiðingar sparnaðarins í heilbrigðiskerfinu sem svo litlu hefur skilað eru þær að álag á starfsfólk hefur aukist gífurlega sem haft hefur í för með sér aukin veikindi og fjarvistir frá vinnu eins og sú skýrsla sem landlæknir sendi frá sér á síðasta ári leiðir í ljós. Vinnuanda fer hrakandi og enginn veit hvað fram undan er.

Á sama tíma hafa afköst á spítölunum aukist vegna þess að fólk er sent heim eins fljótt og unnt er. Biðlistar eru þó langir t.d. vegna mjaðma- og lýtaaðgerða.

Í Bandaríkjunum hefur að undanförnu átt sér stað mikil umræða um það hve legutími sjúklinga hefur verið styttur og þar eru í gangi málaferli vegna þessa. Þar átti í hlut lítið barn sem dó og því var um kennt að það hefði verið sent of snemma heim. Sá niðurskurður sem nú hefur verið boðaður og tillögur liggja fyrir um hjá stóru sjúkrahúsunum hlýtur að hafa þær afleiðingar að biðlistar munu lengjast og þjónustan verður verri. Þegar niðurstaða fjárlaga lá fyrir sendi læknaráð Landspítalans frá sér yfirlýsingu þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum má segja að Landspítalinn hafi verið keyrður svo sem unnt er en heildarafköst séu samt ófullnægjandi vegna lokana skurðstofa og sjúkradeilda. Afleiðingin er sú að þrátt fyrir aukna framleiðni lengjast biðlistar, vinnutap og þjáningar sjúklinga aukast og minnkandi vinnugleði verður vart meðal starfsfólks. Versnandi rekstrarumhverfi bitnar á kennslu læknanema, hjúkrunarnema og annarra heilbrigðisstétta." Þetta er þungur áfellisdómur og læknaráð Landspítalans leggur í þessari yfirlýsingu sinni til hvað þurfi að gera og ég ætla reyndar að koma síðar að því í máli mínu hvernig beri að bregðast við.

Það sama má segja um starfsfólk Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það lét einnig í ljós skoðun sína á þessum niðurskurði og ég vil vitna í það sem haft er eftir Pálma Jónssyni, yfirlækni öldrunarlækningadeildar, en hann sagði, með leyfi forseta:

„Við þurfum vinnufrið til fjögurra eða fimm ára til þess að geta gert markvissar áætlanir og þessi niðurskurður kemur þvert á það. Þessar náttúruhamfarir í fjárlagagerðinni fara illa með þá sem að málinu standa. Í stað þess að geta gert áætlanir til nokkurra ára snýst stjórnun þeirra um neyðarráðstafanir."

Hvað er til ráða, hæstv. forseti? Áður en ég svara þeirri spurningu ætla ég að líta yfir heilbrigðiskerfið eins og það er í dag og víkja aðeins að þeim fjármögnunarkerfum sem eru í gangi. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru búsettir tæplega 268 þús. manns á Íslandi hinn 1. desember sl. Við búum dreift í stóru landi og að sjálfsögðu þarf að tryggja landsmönnum öllum ákveðna lágmarksheilbrigðisþjónustu. Samkvæmt fjárlögum ársins 1996 fara um 50 milljarðar kr. til ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála. Þar af fara rúmir 29 milljarðar til tryggingamála en rúmir 20 milljarðar til þess sem ég flokka sem heilbrigðismál. Þess ber að geta að Þjóðhagsstofnun er með allt aðra skiptingu á þessum útgjöldum og niðurstaða hennar er sú að samkvæmt bráðabirgðatölum hafi á síðasta ári farið um 31 milljarður til heilbrigðismála. En þeir flokka þannig að það sem greitt er beint út til fólks eru tryggingamál en allt annað telst til heilbrigðismála innan þessa geira. Þetta breytir allmjög þessari skiptingu en ég reiknaði þetta einfaldlega út frá fjárlögunum.

Það er fyrir séð vegna aldursskiptingar þjóðarinnar og sívaxandi hóps aldraðra að útgjöld til trygginga- og heilbrigðismála munu óhjávæmilega stóraukast á næstu árum og áratugum. Hlutfallslega færri og færri skattgreiðendur verða að standa undir tekjuöflun til velferðarkerfisins. Þessar staðreyndir vekja margar spurningar og þær kalla á uppstokkun, áherslubreytingar og framtíðarsýn. Ef við skoðum það kerfi sem byggt hefur verið upp fyrir landsmenn, þessi 268 þús. sem hér búa, lítur myndin svona út:

Utan Reykjavíkur eru 18 sjúkrahús og tvö sjúkraskýli sem kosta um 3,4 milljarða í rekstri á þessu ári ef þau halda sig innan fjárlaga. Í Reykjavík eru stóru sjúkrahúsin tvö sem kosta um 11 milljarða í rekstri. Öldrunarheimili með sjúkradeildum eru átta og heilsugæslustöðvar á landinu öllu eru 54, þar af átta í Reykjavík þar sem búa 100 þúsund manns. Þetta þýðir að að meðaltali eru tæplega 5 þúsund manns um hverja heilsugæslustöð en ef Reykjavík er skoðuð sérstaklega eru tæplega 12.500 manns um hverja stöð í borginni. Þetta skýrir m.a. þær uppsagnir sem við höfum orðið vitni að hjá heilsugæslulæknum.

Við þessa upptalningu bætast svo endurhæfingarstöðvar og stofnanir sem sinna áfengismeðferð. Það má öllum ljóst vera að hér hefur verið byggt upp þéttriðið net sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og við hljótum að spyrja: Er ekki verið að dreifa fjármagni og kröftum allt of mikið? Ekki síst í ljósi þess hve miklum fjölda fólks er vísað til rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum stóru sjúkrahúsanna. Hafa bættar samgöngur ekki dregið úr þörfinni fyrir öll þessi sjúkrahús? Höfum við efni á þessu viðamikla kerfi?

Mér hefur sýnst að hver einasta tilraun til að skoða nýtingu sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur og allar tillögur til breytinga hafi verið barðar niður af þingmönnum viðkomandi kjördæma, sveitarstjórnarmönnum og stjórnendum sjúkrahúsanna. Er þetta verjanlegt þegar þau tvö stóru sjúkrahús sem í reynd þjóna öllum landsmönnum standa frammi fyrir því að skerða bráðaþjónustu. Það kom fram á fundi heilbr.- og trn. með fulltrúum Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna að nú væri búið að skera niður allt sem hægt er að skera og nú er bráðaþjónustan ein eftir.

Sigurður Björnsson krabbameinslæknir komst svo að orði í Ríkisútvarpinu í síðustu viku að neyðarástand ríkti á stóru sjúkrahúsunum. Þeir fulltrúar Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur sem ég vitnaði til áðan tóku ekki svo djúpt í árinni, en sögðu neyðarástand fyrirsjáanlegt vegna þess að nú er komið að sjálfri bráðaþjónustunni. Við þurfum líka að spyrja okkur: Eru áherslurnar réttar í okkar kerfi? Eru stundaðar hér það sem kallað er oflækningar? Er hlutfallið milli almennrar heilsugæslu og sérfræðinga kolrangt eins og heislugæslulæknar hafa bent á? Er forgangsröðunin röng? Hefur tæknin tekið af okkur völdin? Við hljótum að spyrja okkur allra þessara spurninga og þá kemur að spurningunni: Hvað er til ráða? Eftir því sem ég best þekki til er einkum um að ræða þrenns konar kerfi og blöndu af þeim í fjármögnun heilbrigðismála í heiminum.

Í fyrsta lagi er það norræna eða evrópska módelið þar sem flestar heilbrigðisstofnanir eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Ríkissjóður stendur undir meginhluta kostnaðarins og notar til þess skatttekjur en neytendur greiða aðeins lítinn hluta með komugjöldum og greiðslum fyrir einstaka þætti þjónustunnar. Þáttur neytenda virðist þó víðast hvar fara vaxandi eins og fram kemur í nýjustu tölum Þjóðhagsstofnunar.

Í öðru lagi er það sem ég kalla ameríska módelið sem byggist á miklum einkarekstri, stuðningi sjóða, fyrirtækja og

einstaklinga, auk trygginga sem fyrirtæki, einstaklingar og fjölskyldur greiða en ríkið sér að einhverju leyti um þá sem standa utan tryggingakerfisins. Bandarísk kerfið býður upp á allt það besta sem til er ef fólk getur borgað eða er tryggt en heilbrigðisvandamálin eru ótrúleg og minna mest á þriðja heims ríki. Það er talið mjög dýrt í rekstri og hefur þann galla að milljónir manna eru án trygginga og hafa engan aðgang að heilsugæslu sem er samfélaginu mjög dýrt til lengri tíma litið.

Þriðja módelið er svo að finna í fjölmörgum þróunarríkjum þar sem erlend samtök, kirkjur og sjóðir Sameinuðu þjóðanna, þ.e. erlent fjármagn, er notað til að halda uppi mjög takmarkaðri heilsugæslu.

Að mínum dómi er aðeins um einn kost að velja eigi að halda uppi öflugu heilbrigðiskerfi fyrir alla í okkar dreifbýla og fámenna landi. Hann er norræna módelið eða að ríkissjóður fjármagni heilbrigðiskerfið að mestu eins og hann hefur gert hingað til. Ég held að það sé alveg ljóst að það hefur enginn annar bolmagn til þess og þótt þjónustugjöld yrðu stóraukin, sem ég vara eindregið við, þá duga þau afar skammt. Sem dæmi um það má nefna þau áform sem ríkisstjórnin hafði uppi hér fyrir áramót um að koma á innritunargjöldum á stóru sjúkrahúsunum. Spítölunum var ætla að innheimta um 180 millj. kr. í innritunargjöld sem eru 1,6% af heildarkostnaðinum við rekstur þessara sjúkrahúsa. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að innheimta mikil gjöld fyrir þjónustuna og alveg ljóst að þau vega afar létt þegar allur þessi kostnaður er hafður í huga. Því er það og verður ríkissjóður, hinn sameiginlegi sjóður okkar allra, sem mun bera hitann og þungann af kostnaði við heilbrigðiskerfið á komandi árum.

Það er mín skoðun að heilbrigðiskerfið eigi að vera fyrir alla og það eigi ekki að mismuna fólki eftir efnahag og gera þeim erfitt fyrir sem bera lítið úr býtum. Það má vel vera að skynsamlegt væri að eyrnamerkja fé til heilbrigðismála og taka að einhverju leyti upp aftur greiðslur í sjúkrasamlag til að efla hina frægu kostnaðarvitund, jafnvel að gefa fólki kost á að velja á milli greiðslna eins og sums staðar er gert. En grunnhugsunin á að vera sú að við berum sameiginlega ábyrgð á þeim sem eru sjúkir, fatlaðir eða ósjálfbjarga og það á að hjálpa fólki til að ná betri heilsu ef það er hægt.

Ég er sannfærð um það að eina leiðin til þess að ná fram jafnvægi og sparnaði í heilbrigðiskerfinu til frambúðar er sú að nálgast málið frá allt annarri hlið en hingað til hefur verið gert. Hætta flötum niðurskurði og svokölluðum sparnaði. Þess í stað þarf samræmdar aðgerðir og samvinnu margra aðila, með ríkið og starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar í farabroddi, til að stórefla forvarnir sem gætu á skömmum tíma skilað verulegum sparnaði í heilbrigðismálum og þar með aukið svigrúm til að veita nauðsynlega og góða þjónustu. Ég ætla að rökstyðja þetta í nokkrum orðum, hæstv. forseti.

Að mati yfirlæknis slysadeildar Borgarspítalans, Brynjólfs Mogensens, kosta slys af ýmsu tagi samfélagið um 10 milljarða kr. árlega. Þar af kosta umferðarslys um 5 milljarða eða meira en rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur. Með betri kennslu, áróðri, hækkun bílprófsaldurs, lækkun hámarkshraða og auknu eftirliti, t.d. með myndavélum, mætti draga stórlega úr þessum kostnaði og mannfórnum sem umferðin kostar ár hvert.

Slys á börnum eru algengari hér en í nokkru öðru Evrópulandi og þar þarf að taka verulega á. Þótt við næðum ekki meiru en að fækka slysum þannig að það drægi úr kostnaði um 1 milljarð þá munar þar verulega um. Álagssjúkdómar er annað dæmi þar sem verulega er hægt að taka á og þar með eru taldar vöðvabólgur sem stafa af kulda, streitu, einhæfri vinnu, rangri líkamsbeitingu og of lítilli hreyfingu. *Álagssjúkdómar eru gífurlegt vandamál á Íslandi* og ekki síst meðal kvenna. Með úrbótum á vinnustöðum, vinnustaðaleikfimi, áherslu á líkamsrækt og eflaust fleiri aðgerðum mætti draga verulega úr vinnutapi og kostnaði við lyf, sjúkraþjálfun og læknisheimsóknir. Sjúkraþjálfari sem ég þekki og stundað hefur töluverðar rannsóknir heldur því fram að íslenskar konur séu að jafnaði mun verr á sig komnar líkamlega en konur t.d. í Noregi og rekur hann það til of lítillar leikfimikennslu í skólum og þess að stúlkur hér hætta íþróttaiðkun á unglingsárum m.a. vegna þess að framboð er vægast sagt einhæft og hvatning nánast engin. Þá er mikið um það að konur vinni einhæf og erfið störf, t.d. í fiskvinnslu og á sjúkrahúsum, auk þess hve vinnudagur kvenna er langur og þar með lítill tími til að sinna eigin líkama og heilsu.

Á fundi sem ég sat í morgun ásamt hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur í nefnd sem við eigum sæti í gat landlæknir þess að heilsa þjóðarinnar færi batnandi. Það gengur þvert á það sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin heldur fram sem er það að heilsu kvenna um allan heim hraki. Staðreyndin er sú að heilsa karla fer batnandi. Meðallíftími þeirra er að lengjast meðan meðalævi kvenna stendur í stað. Þetta eru afar athyglisverðar staðreyndir en þarna skila sér m.a. miklar forvarnir í hjarta- og æðasjúkdómum sem hafa haft veruleg áhrif á lífslíkur karla.

Ég gæti haldið hér áfram að nefna fjölmörg dæmi um forvarnir sem geta skilað okkur miklum árangri og get ekki stillt mig um að nefna sérstaklega reykingar í því sambandi en framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, Guðrún Agnarsdóttir, heldur því fram að ef tala má um, eins og gert er í Bandaríkjunum, að brjóstakrabbamein meðal kvenna sé þar faraldur þá megi tala um að lungnakrabbi meðal kvenna hér á landi sé faraldur. Sviðin eru mörg sem taka þarf á í forvörnum. Nú benda eflaust margir á að forvarnir kosti líka peninga. Og vissulega er það rétt en því er til að svara að ýmsar leiðir eru færar til að fjármagna þær. Þær skila sér fljótt í sparnaði sumar hverjar og það er hægt að virkja fyrirtæki og alls konar samtök til þátttöku.

Ég vil geta þess að heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, sem er kona eins og okkar heilbrrh. og heitir Donna Shalala, hefur beitt nokkuð óvenjulegum aðferðum til þess að auka forvarnir í Bandaríkjunum. Hún hefur leitað samstarfs við stórfyrirtæki eins og McDonald's, Uncle Ben's og fleiri slík fyrirtæki og fengið þá til þess að auglýsa á vörum sínum. Hún var í sérstöku átaki til þess að fá foreldra í Bandaríkjunum til að bólusetja börn sín en bólusetningar á ungbörnum þar eru þær þriðju minnstu í heiminum. Það eru svona ótrúlegar staðreyndir sem þeir eru að glíma við. Framleiðendur Hanes sokkabuxna tóku að sér að dreifa leiðbeiningum um það hvernig konur ættu að fylgjast með brjóstum sínum, Estée Lauder snyrtifyrirtækið hefur verið í mikilli fjársöfnun til að auka rannsóknir á brjóstakrabbameini og þannig mætti lengi telja. Leiðirnar eru margar en það þarf hugmyndaflug og skilning til að reyna þær.

Við eigum að sjálfsögðu mörg dæmi í okkar sögu um forvarnir sem tekist hafa vel og þar má nefna t.d. barna- og mæðravernd, starfsemi Hjartaverndar, Leitarstöð Krabbameinsfélagsins og fleira en það má gera miklu betur. En það þarf líka að taka á stjórnkerfinu og þar þarf ekki síst að hafa í

huga að það þarf alltaf að skoða karlmenn sérstaklega, konur sérstaklega og börn sérstaklega. Þetta er grundvallaratriði ef menn vilja ná árangri í heilbrigðismálum.

Hæstv. forseti. Í grein í Morgunblaðinu hinn 6. febr. sl. víkur hv. þm. Sturla Böðvarsson að því sem hann telur mesta þörf á í heilbrigðiskerfinu til að taka á okkar vanda og þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Taka þarf afstöðu til þess hvert hlutfall útgjalda vegna heilbrigðis- og tryggingamála á að vera af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Hversu stór hluti þeirra fjármuna eigi að ganga til bótagreiðslna og hversu mikið til sjúkrastofnana vegna hjúkrunar- og læknisverka. Ákveða verður hvert þjónustustig einstakra sjúkrastofnana eigi að vera."

Þarna má heyra enduróm af því sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunaren ég verð að lýsa því hér, hæstv. forseti, að ég algjörlega ósammála þessari skoðun. Ég er algjörlega ósammála því að það sé hægt að festa útgjöld til heilbrigðismála í einhverri ákveðinni prósentu af ríkisútgjöldum. Þörfin fyrir þjónustuna, ástand heilbrigðismála hlýtur að ráða því hverjar fjárveitingarnar eru og þar kem ég að mínum lokaniðurstöðum, hæstv. forseti.

Að mínum dómi hefur verið gengið of langt í sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Sá sparnaður er farinn að koma við sjúklinga og það er um tvennt að ræða. Annars vegar að setja aukið fjármagn í heilbrigðisþjónustuna, hins vegar að stokka upp kerfið og breyta áherslum og reyna þannig að ná fram sparnaði og hagræðingu. Ég hef þegar bent á þá leið sem mér finnst blasa við og tel rétta, að nálgast málið út frá þeirri spurningu hvernig er hægt að draga úr eftirspurninni eftir þjónustu, hvernig er hægt að bæta heilsu þjóðarinnar.

Hins vegar er ekki hægt annað en að benda á það að þörfin fyrir fjármagn í heilbrigðiskerfinu er gífurleg og það er ekki hægt að hlusta á þau rök að þeir peningar séu ekki til. Hvað um það að ríkisstjórnin feti nú í fóspor Reykjavíkurborgar og skeri niður risnu og ferðakostnað? Hvað um það að menn skoði nú sjómannaafsláttinn sem er upp á rúmlega einn og hálfan milljarð króna? Er það réttlætanlegt að ríkið sé að borga fyrir útgerðina þegar útgerðin skilar hagnaði á meðan ástandið í heilbrigðismálum er eins og við okkur blasir? Ég vil að við skoðum það mál mjög vandlega en það verður auðvitað að fara rétt að, ekki að ráðast á sjómenn eins og gert var hér fyrir nokkrum árum. Hvernig getum við sagt að peningarnir séu ekki til þegar samfélagið horfir upp á skattsvik sem nema milljörðum? Þannig mætti áfram telja, hæstv. forseti. (Forseti hringir.)

Það fór eins og mig grunaði, þetta mál er svo yfirgripsmikið að það er erfitt að koma því öllu frá sér á jafnvel á hálftíma en ég vil þó að lokum, hæstv. forseti, fá að beina nokkrum spurningum til hæstv. heilbrrh. Þær eru í afar stórum dráttum og felast fyrst og fremst í því hver stefna ríkisstjórnarinnar er og hvernig hún skilgreinir hlutverk ríkisvaldsins í ljósi þess ástands sem við okkur blasir. Telur ráðherra að lengra verði gengið í sparnaði og hvernig á að bregðast við því ástandi í heilbrigðismálum sem við stöndum nú frammi fyrir?

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar eigum eina bestu heilbrigðisþjónustu í heiminum. Við eigum mjög hæft og vel menntað starfsfólk á öllum sviðum. Við búum yfir fullkomnustu tækjum, fullkomnum sjúkrahúsum og nýlegum heimilum fyrir aldraða. Velferðarkerfi okkar er með því besta í heiminum, umönnun aldraðra og sjúkra er með því besta sem þekkist. Þetta eru staðreyndir sem við öll þekkjum og höfum reynt.

Eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar er að draga úr halla ríkissjóðs og ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum. Náist þau markmið tryggjum við enn betur velferð. Þessu má líkja við heimilishald sem nær sér úr skuldaklafa og eykur þannig svigrúm sitt til aukinna lífsgæða. Öflugt velferðarkerfi verður aldrei rekið til langframa á lánum einum saman. Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála eru stærstu einstöku útgjaldaliðir á fjárlögum. Enginn sem ber ábyrgð á málaflokki getur skotið sér undan því að takast á við sífellda endurskoðun á skipulagi, uppbyggingu, fjármögnun og verklagsreglum innan þessa málaflokks. Innbyggð hækkun í málaflokknum er m.a. fólgin í hlutfallslegri fjölgun aldraða, nýrri tækni og dýrari lyfjum.

Nokkur undanfarin ár hafa t.d. ný lyf aukið lyfjakostnað um hundruð millj. kr. Þrátt fyrir mikinn árangur í aðhaldsaðgerðum hvað varðar kaup á lyfjum eru allar líkur á að heildarkostnaður vegna lyfjakaupa aukist í framtíðinni. Við setjum nú gerviliðamót í einstaklinga sem fyrir nokkrum árum fengu stífa liði, staurfætur og urðu örkumla. Slíkar aðgerðir kosta hundruð þúsunda króna en í staðinn nær einstaklingurinn oft fullri vinnugetu og auknum lífsgæðum.

Tryggingastofnun ríkisins kostar aðgerðir á sjúklingum erlendis sem aðeins eru gerðar á fáum stöðum í heiminum og varla þekktust fyrir 5–10 árum. Þessar aðgerðir eru nánast kraftaverk og kosta jafnvel milljónatugi hver. Dæmi er til um að aðgerð á einum einstaklingi og eftirfarandi meðferð geti kostað allt upp í 100 millj. kr. sem er svipað og rekstur eins héraðssjúkrahúss yfir árið. Eftir þessum aðgerðum var enginn biðlisti fyrir nokkrum árum því aðgerðirnar voru einfaldlega ekki gerðar. Hver ný tegund aðgerða kallar á biðlista, samanber hryggspengingaraðgerðir sem ekki voru gerðar hér fyrir þrem árum síðan. Hjartaaðgerð var framkvæmd fyrst árið 1986 og nú eigum við líklega heimsmet í aðgerðafjölda þrátt fyrir biðlista.

Ég get talið upp margar fleiri nýjungar sem bæst hafa við okkar ágætu heilbrigðisþjónustu á síðustu árum og tala nokkuð af eigin reynslu, því ég hef fylgst með þessari þróun í 25 ár.

Flestar þjóðir leggja eins og við Íslendingar mikinn metnað í að sinna sjúklingum vel. En við erum stödd á krossgötum milli þess sem er tæknilega mögulegt og þess sem við höfum fjárhagslegt bolmagn til. Á árunum 1984–1995 hafa útgjöld til almennra sjúkrahúsa á verðlagi ársins 1995 aukist úr 14 milljörðum í 16,7 milljarða eða um rúm 19%. Greiðslur vegna öldrunarþjónustu og endurhæfingar hafa á sama tímabili aukist úr 2,2 milljörðum í 4,7 milljarða eða um tæp 114%, útgjöld heilsugæslu úr 3 milljörðum í 4,8 milljarða eða um 60% og framlög til lyfja- og hjálpartækja úr 2,6 milljörðum í 3,9 milljarða eða um 50%. Á þessum sama tíma hefur landsmönnum fjölgað um 11%.

Þeirri þróun sem ég hef lýst er engan veginn lokið. Við Íslendingar eins og aðrar þjóðir stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að möguleikar okkar til að sinna ýmsum verkefnum á sviði velferðarmála sem tengjast heilbrigðisþjónustu og almannatryggingum eru mun meiri en við teljum okkur hafa ráð á.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að sú umræða sem nú fer fram á Alþingi Íslendinga er ekki einstök. Sams konar

umræða fer fram í nágrannalöndum okkar, í Þýskalandi, á Bretlandi en ekki síst á Norðurlöndum. Hér á landi jafnt sem erlendis hafa menn bent á ýmsar leiðir til að mæta vandanum.

Einföld leið er að hækka skatta og auka útgjöld. Flestir fræðimenn eru þó sammála um að það leysi ekki vandann. Eftirspurn eftir þjónustu eltir einfaldlega framboðið. Ég hef talið hóflegan nefskatt koma til greina til þess að vinna okkur tíma til að móta framtíðarstefnu í heilbrigðis- og velferðarmálum. Hvernig sem við tökumst á við útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er eitt alveg ljóst. Við getum ekki aukið útgjöldin nema á móti komi annaðhvort auknar tekjur eða niðurskurður í öðrum málaflokkum. Þjóð sem skuldar 220 milljarða, tvöfalda veltu ríkissjóðs á heilu ári, og greiðir 34 milljarða á ári í afborganir og vexti sem er hærri upphæð en allur rekstur heilbrigðisþjónustunnar í landinu, getur ekki leyft sér að auka skuldir. Við berum einfaldlega þá ábyrgð að börn og barnabörn okkar eigi kost á svipuðu velferðarkerfi og okkar kynslóð. Okkur ber að tryggja að fjármunum sé skynsamlega varið á hverjum tíma.

Í minni vinnu hef ég lagt höfuðáherslu á hagræðingu innan heilbrigðisþjónustunnar og uppstokkun kerfisins sem gerir okkur kleift að ná fram meiru fyrir minna. Áreynslulítið getum við nýtt alla skattpeninga þjóðarinnar til heilbrigðis- og velferðarmála. En við erum á krossgötum og verðum að taka upp nýjar aðferðir, aðferðir sem skila okkur til lengri tíma meiri stefnufestu og stöðugleika. Slíkt er þó engan veginn einfalt. Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli á að möguleikar í hagræðingu innan hverrar stofnunar með einhvers konar flötum niðurskurði séu sjálfsagt að mestu tæmdir. Flest sem snýr að skipulagi og hagræðingu í heilbrigðisþjónustu er heilsupólitík og því hef ég lagt áherslu á að stjórnarandstaðan eigi aðild að allri þeirri stefnumótunarvinnu sem nú er í gangi á vegum ráðuneytisins. Ég tel að stjórnarandstaðan verði að eiga verulega aðild að þeirri vinnu sem þarf að fara fram í þessum málaflokki ef við ætlum að ná árangri. Ég studdi það að formaður heilbr.- og trn. kæmi frá stjórnarandstöðu. Ég hef skipað stjórnarandstæðinga í þrjár nefndir sem nú eru að vinna að tillögum hver á sínu sviði og allar snerta hagræðingu og stefnumörkun. Það er nefnd sem vinnur að tillögum um skipulag, hlutverk og fyrirkomulag svæðisbundinna heilbrigðisstjórna, nefnd um forgangsröðun í íslenskum heilbrigðismálum og nefnd um framtíðarþróun í íslenskum heilbrigðismálum.

Ég tel að sú góða reynsla sem menn hafa af þátttöku stjórnarandstöðu í stefnumótun í heilbrigðismálum á Norðurlöndum geti nýst okkur Íslendingum líka. Ég tel að með þessum hætti megi fá ítarlega umræðu um málin og að okkur takist að koma í framkvæmd málum sem ekki þarf að vera pólitískur ágreiningur um. Ég vona að stjórnarandstaðan virði þessa viðleitni.

Mér hefur verið nokkuð tíðrætt um hagræðingu í heilbrigðisþjónustunni. Ég bind miklar vonir við árangur þar. Ég hef verið mikið gagnrýnd síðustu vikur fyrir gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni og breytingar á ýmsum bótum. Fjárlög eru hins vegar staðreynd sem mér sem ráðherra ber að framkvæma. Grundvallarstefna mín í breytingum á gjaldtökunni er að verja þá sem minnst hafa handa á milli. Hinir sem betur eru stæðir eiga að mínu mati að taka á sig auknar byrðar fremur en þeir sem fæstar krónur hafa til framfærslu.

Niðurstaðan við fjárlagagerðina nú varð til þess að tryggja mætti viðgang velferðarkerfisins. Skyldu ýmsar lágar greiðslur hækkaðar. Þess hefur þó alls staðar verið gætt að hækka hvergi þök á hámarksgreiðslum sem tryggja hagsmuni þeirra sem oft þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu þannig að þegar öryrkjar og aldraðir 70 ára og eldri hafa greitt 3.000 kr. í lækniskostnað greiða þeir $^1/_3$ af gjaldinu eftir það. Þegar greitt hefur verið fyrir börn í sömu fjölskyldu 6.000 kr. á ári er einungis greiddur $^1/_3$ eftir það. Þessu er sleppt í umræðunni.

Ég hef líka gætt þess að þær hækkanir sem gerðar hafa verið og snerta 67–70 ára komi eingöngu til framkvæmda hjá þeim sem hafa meira en um það bil eina millj. kr. í heildartekjur. Sama gildir um öryrkja sem eru mest fatlaðir og þurfa á bílastyrk að halda. Fjöldi styrkja og styrkfjárhæð fyrir þennan hóp er óbreyttur. Ég get ekki fallist á að þeir sem betur mega sín í þjóðfélaginu geti keypt þjónustuna umfram aðra. Ég get hins vegar eins og ég sagði áðan tekið undir með Morgunblaðinu þegar það segir í leiðara fyrir nokkrum dögum síðan, með leyfi forseta:

„Þess vegna getur vel komið til greina að auka greiðslur þeirra, sem meiri tekjur og efni hafa, til hagsbóta fyrir hina."

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem verið hefur um stöðu og framtíð sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu vil ég víkja sérstaklega að þeim. Það verður að segja sjúkrahúsunum til hróss að þrátt fyrir mikið aðhald á undanförnum árum hefur þeim tekist að halda vel á málum og innleiða flest það mikilvægasta sem snýr að nýjungum í heilbrigðisþjónustu. Ýmislegt hefur verið sagt um sjúkrahúsin í Reykjaavík á undanförnum árum og sýnist sitt hverjum. Þar hefur umræðan snúist allt frá því að halda þrem sjúkrahúsum í Reykjavík í að hagkvæmast væri að reka hér einn hátæknispítala í samkeppni við læknaþjónustu erlendis.

Við höfum aldrei verið ráðþægir Íslendingar og álitsgerðum virtra ráðgjafarfyrirtækja hefur ekki verið fylgt eftir í þessum efnum. Ég finn vel fyrir því að mjög skiptar skoðanir eru um þetta mál, bæði meðal heilbrigðisstétta og ekki síður í stjórnmálaflokkum. Mikill metnaður ríkir á stofnunum en gæta verður þess að hann snúist ekki upp í samkeppni milli deilda og stofnana um fjármagn ríkissjóðs.

Í síðustu viku ákvað ég að miðstöð áfallahjálpar yrði á slysastofu Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ég veit að stjórnendur Ríkisspítala telja eðlilegra að geðdeild Landspítalans gegni þessu hlutverki.

Við höfum séð í fjölmiðlum umræðuhugmyndir Sjúkrahúss Reykjavíkur um að flytja endurhæfingardeild frá Grensási í aðalbyggingu Borgarspítalans í Fossvogi og minnka hana og jafnframt flytja geðdeild í húsnæði Grensásdeildar. Svona breytingar kosta tugi milljóna. Ég tel slíkar breytingar ekki ásættanlegar á sama tíma og fyrirhuguð er uppbygging á endurhæfingu í Kópavogi á vegum Ríkisspítala. Slík uppbygging kostar enn meira.

Á Landspítala standa tvær skurðstofur ónotaðar vegna sparnaðar. Sjúkrahús Reykjavíkur telur sig vanta tvær. Hver skurðstofa kostar 25–30 millj. kr.

Ég nefni einungis þessi örfáu dæmi. Hægt væri að nefna til mörg önnur. Lái mér hver sem vill þó ég segi: Hingað og ekki lengra. Þessi sjúkrahús verða að ná betri samhæfingu. Það verður einfaldlega að nást sátt milli stofnana á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og uppbyggingu þessarar mikilvægu starfsemi. Sjúklingarnir, starfsfólkið og skattborgararnir eiga kröfu á því að farið sé eins vel með fé almennings og frekast er unnt, að því fjármagni sem til er sé ekki sóað í óþarfa tvöföldun á starfsemi eða tilflutninga heldur til að halda uppi sem mestri þjónustu við sjúklinga.

Það er kominn tími til að finna lausn á þessu viðkvæma máli, ekki síst til þess að starfsfólk og stjórnendur þessara stofnana telji sig ekki lengur þurfa að verja dýrmætum tíma sínum í átök um sameiginlega fjármuni ríkissjóðs.

Ég hef skipað sex manna nefnd undir forustu hjúkrunarforstjóra Sjúkrahúss Reykjavíkur til þess að gera tillögur í þessu máli. Ég ítreka það við alla nefndarmenn að þeir séu þar ekki sem fulltrúar einstakra stofnana heldur til að gæta hagsmuna sjúklinga og skattborgara. Þegar ég sé fyrirliggjandi skynsamlegar áætlanir um aukna verkaskiptingu, samstarf sem líklegar er til að skila árangri, mun ég beita mér fyrir því að ríkisstjórnin taki til meðferðar heildaráætlun um fjármögnun þessarar starfsemi þannig að friður geti ríkt um hana til lengri tíma. Ég bind miklar vonir við starf nefndarinnar og treysti því að hún komi sem fyrst með tillögur og helst um næstu mánaðamót.

Bæði Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur komu út með nokkrum halla á rekstri ársins 1995. Að verulegum hluta hefur þeim verið bættur sá halli en mér er fyllilega ljóst að mjög erfitt verður fyrir sjúkrahúsin að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Stjórnendur sjúkrahúsanna hafa hins vegar gripið til ýmissa aðgerða til að ná markmiðum fjárlaga.

Við fjárlagagerðina nú í desember lagði ég á það áherslu í viðræðum við fjmrh. að reynt yrði að skipuleggja vinnuna við gerð kjarasamninga þannig að verkföll lömuðu ekki þessa viðkvæmu starfsemi stærstu heilbrigðisstofnana þjóðarinnar. Þó talað sé um mikinn samdrátt vegna lokana deilda hafa verkföll einnig dregið verulega úr starfsemi sjúkrahúsanna á undanförnum árum. Biðlistar eru langir. Þó hefur náðst verulegur árangur t.d. varðandi beinaaðgerðir og þvagfæraaðgerðir samkvæmt upplýsingum frá landlækni. Það er greypt í þjóðarsál Íslendinga að vist á sjúkrahúsi megi ekkert kosta sjúklinginn. Þannig hafnar þingflokkur minn þeirri leið að leggja innlagningargjöld á sjúklinga. Ekki er ólíklegt að sá þáttur þurfi að koma til skoðunar í framtíðinni. Það hlýtur að orka nokkuð tvímælis og tengist umræðu um samspil milli sjúkrahúsþjónustu, heilsugæslu og sérfræðinga að það skuli ekki vera samræmi í gjaldtöku einstaklinga eftir því hvar hann nýtur þjónustu í heilbrigðiskerfinu.

Einnig bendi ég á að hafin er vinna að endurskoðun almannatryggingalaga með það að leiðarljósi að þeir sem mest þurfa á almannatryggingum og samhjálp að halda fái þá aðstoð sem þeir þurfa.

Í síðustu viku fór fram málefnaleg utandagskrárumræða um uppsagnir flestra heilsugæslulækna landsins. Heilsugæslulæknarnir eru óánægðir með hlut heilsugæslunnar í heilbrigðisþjónustunni. Flestir hv. þm., sem tóku til máls, tóku að einhverju leyti undir þörfina á að efla heilsugæslu. Mikilvægi heilsugæslunnar er óumdeild, bæði hvað varðar almenna heilbrigðisþjónustu og forvarnir til frambúðar.

Ég hef bundið miklar vonir við að svæðisbundnar heilbrigðisstjórnir geti orðið til þess að fjármunum í heilbrigðisþjónustu verði ráðstafað með hagkvæmari hætti en nú er. Þá er hugmyndin sú að heilbrigðisstjórnir taki ákvarðanir um hvar og hvernig fjármunum fyrir íbúa viðkomandi svæðis sé best varið í heilbrigðisþjónustunni. Í dag eru þessar ákvarðanir í raun teknar af ríkisstjórn og Alþingi. Ég vil flyja þær til fagaðila á þeim svæðum sem heilbrigðisstjórnirnar eiga að sinna en þó þannig að byggt sé á stefnumörkun sem ákveðin er á Alþingi. Í mínum huga er svona breytingar hagræðing sem á ekki að þurfa að tengjst flokkspólitík.

Virðulegi forseti. Forvarnir skipta miklu máli hvað varðar útgjöld til heilbrigðismála. Sterkasta dæmið um gildi forvarna er að með öflugu fyrirbyggjandi starfi tókst að útrýma berklum. Ef okkur hefði á sama hátt tekist að koma í veg fyrir útbreiðslu reykinga um miðja öldina hefði vafalaust sparast óhemjufjármunir og fjöldi einstaklinga sloppið við alvarlega krabbameins-, lungna- og æðasjúkdóma. Það skiptir því miklu máli fyrir útgjöld í framtíðinni að okkur takist að stemma stigu við vandamálum sem skapast af óhollum lífsháttum. Næðum við að útrýma fíkniefnum eins og tókst með berkla yrði það mikilvægasta forvarna- og sparnaðaraðgerðin í heilbrigðismálum á þessari öld. Því má einskis láta ófreistað til varna gegn áfengis- og fíkniefnavandanum og hefur ríkisstjórnin og heilbrrn. brugðist við með samstillu átaki auk þeirra ráðuneyta sem koma að þeim málaflokki.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur um að efla starfsemi barna- og unglingageðdeildarinnar og þar geta foreldrar þeirra barna sem lenda í neyslu vímuefna leitað ráðgjafa. Ný staða barnalæknis á Akureyri var nýlega samþykkt. Þá er 30 millj. kr. forvarnasjóður vistaður í heilbrrn. og verður auglýst eftir umsóknum um styrki í næstu viku.

Virðulegi forseti. Við ræðum framtíð heilbrigðisþjónustunnar og velferðarkerfisins. Vinnum saman að því að finna framtíðarlausnir sem eru ekki einungis viðunandi heldur tryggja að við verðum áfram í hópi best settu þjóða heims hvað varðar heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi. Horfum áratug fram í tímann, ekki einungis til eins árs í senn.

Ég vil að lokum fara örfáum orðum um þá jákvæðu þróun sem við sjáum. Á þessari stundu er verið að opna nýja hjartadeild á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og ég hefði viljað vera að samfagna starfsfólki þar. Fyrir skömmu var barnadeild á sömu stofnun og öldrunarlækningadeild opnuð. Bráðlega verður opnuð ný barnadeild á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Búið er að opna fullkomin og vistleg hjúkrunarheimili víða um land fyrir aldraða sem þurfa á mikilli umönnun að halda. Innvortis aðgerðir eru framkvæmdar án uppskurðar þannig að sjúklingurinn er jafnvel kominn til fullrar vinnu eftir þrjá daga frá aðgerð, sjúklingur, sem áður lá í hálfan mánuð á sjúkrahúsi. Hjarta- og æðaaðgerðir eru framkvæmdar í stórum stíl, að því er talið það mesta í heiminum miðað við mannfjölda. Legutími sjúklinga hefur styst með hverju árinu. Með lyfjagjöfum og læknisaðgerðum hefur okkur tekist að lækna sjúkdóma sem fyrir fáum árum leiddu til dauða.

Í ár verður tekið í notkun nýtt lyf fyrir MS-sjúklinga sem hefur lengi verið beðið eftir. Heilsugæsla og aðgengi að læknum og frumheilsuvernd er hér á landi með því besta, sumir segja besta sem gerist í heiminum. Mæðravernd og ungbarnaeftirlit er skipulagt og öruggt og hefur skilað lægsta ungbarnadauða í heimi.

Samkvæmt upplýsingum frá landlækni hefur sjúklingum fækkað á biðlistum á ýmsum sviðum, svo sem bæklunaraðgerðum, á háls-, nef- og eyrnadeildum, í þvagfæraskurðlækningum og í heildina fækkað á biðlistum á árinu 1995 um 1%.

Í máli mínu hef ég rakið stefnumótun sem unnið er að í heilbrrn. Um heildarstefnu í heilbrigðismálum sem fólgin er í heilbrigðisstjórnun í héraði. Samvinnu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, forgangsröðun í heilbrigðismálum, bæði hvað varðar framkvæmdir og aðgerðir, endurskoðun almannatryggingalaga. Stóraukna áherslu á forvörnum með aukafjárveitingum til málaflokksins.

Hið jákvæða sem er m.a. að gerast um þessar mundir er að nýtt lyf fyrir MS-sjúklinga verður í fyrsta skipti reynt hérlendis á þessu ári. Hjartaskurðlækningar barna færast í auknum mæli heim. Markaðssetning heilbrigðisþjónustu erlendis er að skila sér. Grænlendingar kaupa þjónustu af okkur í enn ríkari mæli. Endurbætt glasafrjóvgunardeild verður opnuð í vor. Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði stefnir að rekstri heilsuskóla á þessu ári þar sem þeir sem vilja breyta um lífsstíl geta fengið kennslu auk þess sem þeir sem vilja hætta að reykja fá þar einnig aðstoð. *Ríkisstjórnin samhæfir krafta sína gegn* eiturlyfjavandamálinu.

Við verðum að treysta öruggan rekstrargrunn heilbrigðisþjónustunnar. Það verður ekki gert með því að auka skuldasöfnunina. Það verður gert með ráðdeild. Sú ráðdeild mun áfram skila okkur bestu heilbrigðisþjónustu og þeirri öryggustu sem völ er á.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki að því gert að Framsfl. hrærir jafnan einhvern bókmenntalegan streng í brjósti mínu. Þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. heilbrrh. kom mér í hug gamall bókartitill: Allt önnur Ella. Vegna þess að sú Ella sem talar hér sem hæstv. heilbrrh. er allt önnur Ella en talaði *sem hv. stjórnarandstöðuþingmaður* Ingibjörg Pálmadóttir. Hæstv. heilbrrh. segir að menn þurfi að gera allt sem þeir geta til þess að draga úr halla ríkissjóðs. Það var allt önnur Ella sem sagði efnislega á síðasta kjörtímabili: Hvað varðar krabbameinssjúka og hjartveika um kostnaðarvitund og halla ríkissjóðs? Hæstv. heilbrrh. kemur núna og kvartar undan því að hún hafi verið gagnrýnd vegna aðgerða sinna sem tengjast gjaldtöku.

Svo vill til að í hinum merka kosningabæklingi sem Framsfl. gaf út fyrir síðustu kosningar og hét Fólk í fyrirrúmi, með undirtitilinn Sáttmálinn milli kynslóðanna, segir að eftir harða ádeilu á þáv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hafi ríkisstjórnin rofið þessa sátt með því að og ég vitna beint, með leyfi forseta: „stórauka álögur á sjúklinga, öryrkja, ellilífeyrisþega og aðra þá sem þurft hafa að leita sér læknisaðstoðar.“ Síðan segir, herra forseti: „Framsfl. telur brýnt að horfið verði af þessari braut.“ Framsfl. hefur ekki horfið af þessari braut heldur hefur hann þvert á móti hert skrúfuna fastar þannig að það er ekki nema von að hæstv. heilbrrh. þurfi að sæta gagnrýni.

Herra forseti. Ég vísa líka til þess að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sagði m.a. á síðasta kjörtímabili, með leyfi forseta:

„Það gerist æ oftar að sjúklingur hringir í apótek og spyr hvað ákveðið lyf kostar sem hann á að sækja og síðan er lyfið ekki sótt því að sjúklingurinn á einfaldlega ekki fyrir lyfinu þrátt fyrir að þessi lyf séu lífsnauðsynleg sjúklingnum.“

Mætti ekki ætla að manneskja sem svo talar mundi breyta þessu eftir að hún er búin að sveipa sig kufli heilbrrh.? Mundi hún ekki vinda bug að þessum vanda sem hún er að lýsa? Það gerir hún ekki. Þvert á móti hefur hún hætt endurgreiðslu vegna sumra þeirra lyfja sem þarna ræðir um sem voru fúkalyf. Á öðrum lyfjum hefur hún hækkað lágmarksgreiðslur sjúklinga. Ég gæti farið með fjöldann allan af tilvitnunum í hæstv. ráðherra sem sýnir að það er allt önnur Ella sem er í ríkisstjórninni en sú sem talaði sem stjórnarandstöðuþingmaður. Þetta er spurning um að orð skuli standa. Menn eiga að standa við það sem þeir hafa sagt.

Herra forseti. Ég tek hins vegar undir það að ég hygg að það sé engum blöðum um það að fletta eins og hæstv. heilbrrh. segir að íslenska heilbrigðiskerfið er eitthvert hið *besta í heiminum og ég held að þorri manna upplifi það með* þeim hætti. Kerfið hefur raunar styrkst á síðustu árum vegna þess að undirstöður þess hafa verið treystar, ekki síst vegna aðgerða fyrrv. heilbrrh., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Áður þróaðist kerfið að sönnu stjórnlítið um árabil en á þeim vanda var ráðin bót að ég tel á síðasta kjörtímabili. Mér finnst sjálfum mjög athyglisvert að þrátt fyrir yfirlýsingar forustu *Framsfl. fyrir kosningar um nauðsyn gerbreyttrar stefnu í* heilbrigðismálum hefur hæstv. heilbrrh. fetað í öllum aðalatriðum þann stíg sem var markaður af Alþfl. og þrátt fyrir stór orð hennar í upphafi kjörtímabilsins, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. utanrrh., formanns Framsfl., í þessum bæklingi er það samt sem áður að það sjást engin ný vinnubrögð, það er engin önnur stefna uppi. Stefna hæstv. heilbrrh. sem birtist í fjárlögunum er sú sama að mestu leyti og Alþfl. fetaði í tíð fyrri ríkisstjórnar nema hvað hæstv. heilbrrh. skrúfar eilítið fastar þær aðhaldsskrúfur sem hann kvartaði undan af hálfu forvera síns. Ég er ekkert að kvarta undan þessu eins og hv. þm. Jón Kristjánsson á eftir að komast að raun um þegar vindur fram ræðu minni og ég tek að hrósa hæstv. heilbrrh. fyrir það sem vel er gert.

Það er hins vegar svo, hv. þm. Jón Kristjánsson, að menn hljóta að spyrja um efndir þeirra orða sem áður voru töluð. Það er svo, hv. þm. Jón Kristjánsson, að milli orða hæstv. heilbrrh. og milli verka hennar og orða á síðasta kjörtímabili er sorglega mikill munur, svo sorglega mikill að raunar er ekki hægt að álykta annað en hún hafi ekki enn þá náð vopnum sínum í ríkisstjórninni og það sé í rauninni hæstv. fjmrh. sem ráði förinni. Ég minni á þá staðreynd að það var hæstv. fjmrh. sem kynnti tillögur ríkisstjórnarinnar til lausnar vanda sjúkrahúsanna fyrir formönnum þingflokka fyrir jól. Það var ekki hæstv. heilbrrh. og það er hann en ekki hún sem ræður úthlutun úr þeim 200 millj. kr. hagræðingarpotti sem á að úthluta úr til spítalanna. Þetta finnst mér auðvitað dapurleg þróun, hv. þm. Jón Kristjánsson, og því miður held ég að eftir þessa fyrstu göngu í tjóðri hæstv. fjmrh. muni hæstv. hæstv. heilbrrh. reynast erfitt að marka sér sjálfstæða stefnu. Það er nefnilega erfitt að þurfa að kyssa vöndinn og það verður oft að leiðum vana, hv. þm. Jón Kristjánsson. Þetta átt þú líka eftir að læra í tjóðrinu hjá Sjálfstfl. — Ég tek það fram að ég lærði það aldrei. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh., þetta breytir ekki hinu að heilbrigðiskerfið á Íslandi er með því besta sem þekkist og þær aðgerðir sem núverandi ríkisstjórn hefur lagt út í hafa ekki breytt þessu að eðli til, a.m.k. ekki enn þá. Auðvitað er kerfið ekki gallalaust. Biðlistar eru til eftir sem áður. Þeir hafa verið til allt of lengi. Þeir eru svartur blettur á kerfinu en þó má ekki gleyma því að það var síðasta ríkisstjórn sem veitti sérstakt fjármagn til þess að ráðast á þá. Eins og hæstv. heilbrrh. gat um minnkuðu þeir á síðasta ári. Samkvæmt mínum upplýsingum lengdust þeir aftur eftir að hún tók við, þ.e. á seinni helmingi síðasta árs. Þetta eru hlutir sem skipta máli. En mér finnst að við megum ekki falla í þá gryfju að tala eins og þetta kerfi sé eitthvað verulega slæmt, þetta er gott kerfi. Reynsla mín af heilbrigðiskerfinu á Íslandi sem sonar aldraðra foreldra sem þurfa í auknum mæli að leita á náðir þessa kerfis, sem föður lítillar telpu sem af og til eins og gengur og gerist þarf að skoða sinn lækni, er tilfinning öryggis. Mér finnst oft eins og það sé óvígur her fumlauss hvítklædds fólks sem er jafnan til taks þegar

eitthvað ber úr af. Þessi öryggistilfinning skiptir máli og ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn til að borga talsvert háa skatta hennar vegna.

Herra forseti. Mönnum hefur eðlilega orðið tíðrætt um stöðu sjúkrahúsanna. Það hefur þegar verið drepið á afleiðingar niðurskurðarins sem menn hafa séð þar og aðrir eiga eftir að gera það. En þessi niðurskurður var óvæntur. Ég verð að segja það, herra forseti, hann var óvæntur vegna þess að hann var úr takti við það sem Framsfl. hafði sagt fyrir kosningar. Ég leyfi mér að vísa, herra forseti, í grein sem hæstv. viðskrh. skrifaði 4. apríl og er einmitt að tala um spítalana, er að tala um heilbrigðismálin. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ekki verður gengið lengra í niðurskurði sem felur í sér aukið álag á starfsfólk og lélegri þjónustu við sjúklingana."

Það er náttúrlega alveg ljóst að þarna er verið að gefa ótvírætt loforð um að það verði ekki gengið lengra í niðurskurði. Fólki var lofað þessu.

Í þessum bæklingi sem ég hef vitnað hér til og Framsfl. gaf út, „Sáttmálinn milli kynslóðanna", er líka rætt um lokanir deilda í tíð síðustu ríkisstjórnar og þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárveitingar til sjúkrahúsanna hafa verið skornar niður og hefur jafnvel þurft að loka einstökum deildum. Framsfl. telur brýnt að horfið verði af þessari braut."

Þarna lofar Framsfl. því skorinort að hverfa frá því að loka deildum sjúkrahúsanna. Samt sem áður blasir það við að aldrei hefur jafnháu hlutfalli deilda verið lokað og verður á þessu ári þrátt fyrir loforðin. Og ég spyr, herra forseti: Er hægt að hugsa sér skýrari svik af hálfu nokkurs flokks á tímum þegar uppsveifla er í gangi? Þegar rekstur þjóðarbúsins er léttari þá er það Framsfl. sem gengur fram fyrir skjöldu og sker niður á viðkvæmustu stöðum kerfisins þar sem bráðveiku fólki er sinnt.

Loforðin sem ég hef lesið hér upp af hálfu Framsfl. efndi hæstv. ráðherra með þeim hætti að það vantar 700–800 millj. kr. til að stóru sjúkrahúsin geti haldið óbreyttum rekstri. Og ég vil aðeins að endingu fjalla um sjúkrahúsin með því að vísa til þess sem lækningaforstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur sagði á fundi heilbr.- og trmrn. Þá kom fram hjá honum að hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur væri fyrirsjáanlegt neyðarástand. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh., sem auk núverandi embættis á að baki farsælan feril innan heilbrigðisgeirans: Er hún sammála þessu mati og ef svo er, hvernig hyggst hún breyta því?

Herra forseti. Ég hef hér átalið Framsfl. harðlega fyrir brot á loforðum sínum um aðgerðir í heilbrigðismálum og ég tel að við fjárlagagerðina hafi orðið ákveðin mistök að því er varðar sjúkrahúsin. Mér er hins vegar ljóst að í kerfinu eru innbyggðar skekkjur sem ekki er hægt að kenna hæstv. heilbrrh. um og ekki núv. ríkisstjórn heldur, kannski einhverjum samanlögðum ríkisstjórnum fortíðarinnar, ég er ekki klár á því. En ég velti því stundum fyrir mér hvort það vanti í raun og veru meira fjármagn í heilbrigðiskerfið. Og mín niðurstaða, sem er vissulega ekki byggð á nógu mikilli þekkingu eða reynslu, er hins vegar sú að það sé ekki svo. Ég held að það sé hægt að nýta fjármagnið talsvert betur. Það er hins vegar vitlaust gefið í „systeminu".

Við þurfum framtíðarsýn í heilbrigðismálum eins og hæstv. heilbrrh. nefndi hér áðan. Það verður að segjast alveg eins og er að hún reynir þó að marka sýn til framtíðar. Ég er sammála henni um að það þarf m.a. að stokka upp kerfið sem heilbrigðisgeirinn býr við í dag. Ef við horfum t.d. á vanda sjúkrahúsanna þá blasir það við að stóru sjúkrahúsin hér í Reykjavík þurfa að sinna öllu landinu. Ríkisspítalarnir þjóna öllum. Ef sjúklingur fær blóðtappa í hjarta á Vestfjörðum þá er flogið með hann, yfirleitt fram hjá Ísafirði, hingað suður til Reykjavíkur. Fæðingarþjónustu allt í kringum land er lokað án nokkurs samráðs eða heildarskipulags yfir sumarmánuðina. En Landspítalanum er gert að hafa opið fyrir allar fæðandi konur. Þetta kerfi væri í sjálfu sér allt í lagi ef fjármagnið fylgdi sjúklingum en svo er alls ekki. Það er það sem ég á við að það sé vitlaust gefið. Því hvað annað er hægt að kalla það ef stóru spítölunum er skipað að skera niður en verða samt áfram að sinna þeirri skyldu að taka á móti bráðveiku fólki af landinu? Það verður alltaf vitlaust gefið í svona kerfi þangað til að fjármagnið fylgir sjúklingunum. Ég virði það við hæstv. heilbrrh. að hún hefur sagt það, eða ég skildi hennar ræðu þannig og ég hef hlýtt á mál hennar í fjölmiðlum áður, að hún geri sér grein fyrir þessu og hún vænti þess að sú nefnd sem ég m.a. sit í komi með tillögur til þess að breyta þessu.

Í þeirri nefnd eru margar jákvæðar tillögur til umræðu. En ég verð að hryggja hæstv. ráðherra með því að meiri hluti nefndarinnar telur sjálfur, eða hefur talið til þessa, að það sé ekki hluti af verksviði nefndarinnar að gera tillögur um að fjármagnið fylgi sjúklingunum. Fyrir mér er þetta pólitískt grundvallaratriði. Ég fylgi frjálslyndri jafnaðarstefnu og hluti af minni skoðun er að menn eigi að hafa eins mikið valfrelsi og hægt er svo fremi sem það komi ekki niður á hinum stærri hagsmunum heildarinnar. Menn eiga t.d. að geta valið um það hvort þeir kjósa að gangast undir aðgerð heima í héraði eða á stóru hátæknisjúkrahúsunum ef þeir telja hag sínum betur borgið þar.

En ef það verður komið upp svæðisbundinni heilbrigðisstjórn í hverju kjördæmi, eins og tillögur eru nú uppi um, án þess að það sé ljóst hvort fjármagn fylgir sjúklingunum sem þurfa að leita úr héraði suður á stóru sjúkrahúsin þá er ekki ljóst hvert valfrelsi sjúklinganna verður. Ég spyr: Þurfa þeir þá að sæta því að einhver stjórn heima í héraði hafi vald til að svipta þá þeim rétti sem þeir hafa í dag til að gangast undir uppskurð á þeim stofum og hjá þeim læknum sem þeir telja færasta og besta og er yfirleitt að finna á hátæknisjúkrahúsunum í Reykjavík? Svarið er já. Ef þetta kerfi verður tekið upp án þess að það sé ljóst að fjármagnið fylgi sjúklingunum þá er verið að svipta menn réttinum til að velja.

Ég velti því fyrir mér hvað hinir frjálslyndu menn í Sjálfstfl. segja við því. Vilja þeir taka upp ellidautt kerfi sovéskra tilskipana þar sem sjúklingunum er skipað fram og til baka af miðstýrðu kerfi eins og dauðu kjötflikki? Ég vildi gjarnan fá afstöðu þeirra til þessara hugmynda vegna þess að svona er þetta í dag eins og tillögurnar liggja fyrir. Og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Telur hún koma til greina að það verði teknar upp heilbrigðisstjórnir í sérhverju kjördæmi án þess að fyrir liggi að valfrelsi sjúklingsins verði hið sama og áður? Þetta, herra forseti, er spurning um grundvallaratriði.

Það er hægt að benda á ýmislegt, herra forseti, til þess að nýta fjármagnið betur. Ég bendi á það að hver legudagur á stóru hátæknisjúkrahúsi kostar tugi þúsunda. Menn hafa verið að ræða um sjúkrahótel sem nýjung sem getur lækkað kostnað verulega, sjúkrahótel í næsta nágrenni hátæknisjúkrahúsanna eða hreinlega innan vébanda þeirra. Þangað gætu sjúklingar flust mjög fljótt eftir aðgerð og verið

í afslappaðra umhverfi sem kostaði hins vegar alla miklu minna. Nábýlið við spítalann veitir þeim öryggi sem felst í návist við lækna, reglubundnu eftirliti og hjúkrunarliði í seilingarfjarlægð. Munurinn er hins vegar sá að hver dagur á sjúkrahótelinu kostar örfá þúsund en tugi þúsunda á hátæknisjúkrahúsinu. Þarna er hægt að spara. Landlæknir hefur ítrekað þetta. Ég sakna þessarar framtíðarsýnar í ræðu hæstv. ráðherra og ég sakna hennar líka í þeirri stefnu sem birtist í fjárlögunum. Ég er hins vegar ekkert hissa á því, eins og landlæknir segir í greinargerð sem hann hefur skrifað um sjúkrahótel (Forseti hringir.), með leyfi forseta, að síðustu:

„Því miður er sömu sögu að segja frá viðbrögðum manna við þessari nýbreytni á Íslandi og í öðrum löndum að mesta mótstaðan kemur frá sumum læknum og stjórnendum stofnana." Þannig að afstaða heilbrrn. þarf ekki að koma á óvart í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að ég veit að hæstv. heilbrrh. á við ramman reip að draga. Ég er henni þakklátur fyrir að hún hefur ekki brugðið verulega út af stefnu Alþfl. og í því felst sá dómur, herra forseti, að sú stefna sé farsæl til framtíðar. (Forseti hringir.) Getum við ekki verið sammála um það, herra forseti, þegar ég vík nú, vonum síðar, úr ræðustólnum?

[14:24]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat þess réttilega í sinni ræðu að þegar á þarf að halda eru sjúklingar af öllu landinu fluttir á hátæknisjúkrahúsin hér á höfuðborgarsvæðinu og reyndar einnig að einhverju leyti til sjúkrahússins á Akureyri. Þetta er rétt og er auðvitað vegna þess að þar er þekkingin, þar eru tækin og aðstaðan til að sinna alvarlegustu sjúkdómstilvikunum, vegna þess m.a. að aðstaða er ekki fyrir hendi á litlu héraðssjúkrahúsunum sem þar ofan í kaupið er ekki ætlað að sinna slíkum verkum í dag. Því vildi ég spyrja hv. þm. vegna þess að hann talaði hér um það að fjármagn ætti að fylgja sjúklingum: Hvaðan á það fjármagn að koma? Ber að líta svo á að fjármagnið sé til staðar hjá héraðssjúkrahúsunum sem eigi þá að flytja og draga úr fjárveitingum til þeirra til þess að þær fjárveitingar geti fylgt þeim sjúklingum sem af landsbyggðinni eru fluttir, óskipulega eins og hv. þm. gat réttilega um, til stóru hátæknisjúkrahúsanna? Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu þegar verið er að tala um þá hugmyndafræði um að fjármagnið flytjist með sjúklingunum. Hvaðan á að flytja það? Þetta er grundvallaratriði, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og ég vildi þess vegna veita andsvar við ræðu hv. þm.

[14:26]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram að hann verður að stytta ræðutíma þingmanna þannig að það verða tvær mínútur í fyrri umferð og ein í hinni síðari.

[14:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að hér er um grundvallaratriði að ræða. Það sem ég var að ræða um var breyting sem mundi fylgja nýju kerfi sem verið er að gera tillögur að. Eins og hæstv. heilbrrh. gat um þá er það ósk hennar og vilji að fjármagnið verði flutt til héraðs og þar verði svæðisbundin héraðsstjórn. Eins og tillögurnar liggja nú fyrir þá er það ein stjórn í hverju kjördæmi. Og fjármagninu sem fer núna í þennan stóra pott heilbrigðisgeirans yrði skipt niður á þessar heilbrigðisstjórnir. Þannig liggur þetta fyrir núna. Það yrðu heilbrigðisstjórnirnar sem hefðu þessa peninga og það yrðu með öðrum orðum líka einhvers konar svæðisbundin sjúkrasamlög í hverju kjördæmi. Það yrði þá úr þeim pottum sem þetta fjármagn kæmi. Það er alveg ljóst að það kæmi frá héruðum en það er ekki hægt að segja eins og hv. þm. gat um áðan að það kæmi frá héraðssjúkrahúsunum heldur kæmi það úr sjóðum þessarar svæðisbundnu heilbrigðisstjórnar í hverju kjördæmi. Þetta er hugmyndin.

[14:27]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom berlega í ljós hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þessar hugmyndir eru á algjöru frumstigi. Ég tel nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hvernig við getum breytt kerfinu til þess að það gagnist sem best svo það megi veita sjúklingum nauðsynlega þjónustu. En ég held að það hafi einnig komið vel fram hjá hv. þm. að við erum að tala um þennan eina og sama sjóð, blessaðan ríkissjóð. Það mun ekki vaxa á neinum trjám í héruðum nýtt fjármagn heldur er þetta spurning um nýja og breytta aðferðafræði við útdeilingu. Og ég held að eftir ræðu hv. þm. standi að það eru ekki hugmyndir um nýtt fjármagn frá neinum öðrum en úr ríkissjóði. Við þurfum því að átta okkur á þessari stöðu. En auðvitað þurfum við að skoða hvort hægt sé að skapa nýtt kerfi og til þess er ég reiðubúinn með hv. þm.

[14:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson gat þess réttilega að það væri ekki verið að tala um neitt nýtt fjármagn. Hins vegar má hann ekki horfa fram hjá því að í minni ræðu vék ég að tveimur atriðum sem ég taldi að gætu leitt til þess að það yrði betri nýting á þeim fjármunum sem nú eru fyrir hendi eða með orðum hæstv. heilbrrh., við fengjum meira fyrir sama fjármagn. Það skiptir máli. Að öðru leyti til að glöggva hv. þm. á afstöðu Sjálfstfl. til þessara tillagna þá vil ég geta þess að hér í borg er gefið út blað sem heitir Alþýðublaðið. Það birti á haustdögum brot úr drögum að stjórnmálaályktun landsfundar Sjálfstfl. sem guð einn veit hvenær verður haldinn, sennilega ekki fyrr en á næstu öld. Í drögunum kom fram að lagt var til að Sjálfstfl. samþykkti stuðning við þetta kerfi sem ég var að lýsa hér áðan og það að fjármagnið fylgdi sjúklingi. En það er forsendan fyrir því að það sé eitthvert vit í þessari uppstokkun.

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir hans ágætu ræðu. Hann er alveg eins og nýr maður. (**ÖS:** Allt önnur Ella.) Hann er eins og eldgamla Álftarhóls-Ella því þegar hann var í ríkisstjórn hér fyrir ekki svo löngu síðan þá minntist hann aldrei á sjúkling og aldrei á sjúkrahús. Nú hef ég farið í gegnum allar ræður hans. Þá hafði hann engan áhuga fyrir þessum málaflokki. Nú hefur hann mikinn áhuga fyrir honum og þakka ég honum fyrir það.

Það eru aðeins nokkrar rangfærslur sem mig langar til að leiðrétta. Það er varðandi það að hann sagði að nú fengju sjúklingar ekki endurgreidd fúkalyf. Það var í tíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem það hætti. Mig langar líka að geta þess að þessi 200 millj. kr. pottur sem hv. þm. Össur

Skarphéðinsson minntist á og sagði að væri í vörslu fjmrn., er í vörslu heilbrrn. Hann hefur miklar áhyggjur af því að sjúklingar muni ekki lengur hafa valfrelsi nái tillögur fram að ganga í þeirri nefnd sem hann hann á sæti í. Var hann þá á móti tilvísunarkerfinu á sínum tíma? Það hefti verulega valfrelsi fólks.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé með engu móti hægt að jafna tilvísunarkerfinu saman við kerfi sem við erum að ræða um núna. Hins vegar verður hæstv. heilbrrh. að gera sér grein fyrir að hún hefur sjálf sagt í fjölmiðlum að það að fjármagn fylgi sjúklingi eftir sé forsenda þess að þetta kerfi gangi upp. Henni hefur láðst að skipa sínum meiri hluta í nefndinni sem við erum að tala um, þannig til verka að hann skilji það.

Að því er varðar skyndilega áhuga minn á heilbrigðismálum þá er það nú svo að nornir kjósa mönnum örlög. Það hefur komið fram hjá hæstv. heilbrrh., í útvarpi og í upphafsorðum hennar ræðu að hún hefur látið ýmislegt gott af sér leiða í heilbrigðismálum. Af jákvæða listanum taldi hún m.a. upp að hún gerði mig að formanni heilbr.- og trn. Ég vil nú ekki rífast við hana um hvort það var hún eða Alþingi sem hafði vald til að gera það en ég reyni að vinna mín verk hvar sem mér er skipað til verka. Ég er formaður heilbr.- og trn. Það hefur kannski ekki farið fram hjá hæstv. heilbrrh. á þessum vetri. Það er einmitt þess vegna sem ég stend hér og held ræður um heilbrigðismál. Á fyrra kjörtímabili var ég í ríkisstjórn hálft kjörtímabilið og ekki í neinum nefndum. Mér var þar falinn ákveðinn málaflokkur sem ég reyndi að einbeita mér að. Þar áður var ég í sjútvn. og iðnn. og ræddi þess vegna aðallega um þau mál. Þetta skýrir hinn nýja áhuga minn á heilbrigðismálum sem vex því meir sem ég kynnist verkum hæstv. heilbrrh.

[14:33]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hér er komin allt önnur Ella, þar sem er hæstv. heilbrrh. Hins vegar lýsi ég yfir því að mér þykir það miður að hér er kominn allt annar Elli, þar sem er Össur Skarphéðinsson, hv. þm. Hann hvarf aftur til fortíðar í ræðu sinni og tók upp skylmingar eins og stundum vill brenna við, því miður, á hinu háa Alþingi.

Ég er viss um að sjúklingar og aðstandendur þeirra, starfslið í heilbrigðisþjónustunni og stór hluti þjóðarinnar væntir nokkurs af þeirri umræðu sem fer fram í dag um stefnumótun í þessum stóra málaflokki í, ég vil segja, stærsta hagsmunamáli okkar þjóðar og hvaða línur á að leggja. Fólk vonar að málefnaleg umræða og umfjöllun fari fram um þessi mál en ekki að menn taki það upp eins og hv. þm. gerði að gera sig sjálfviljugur að skylmingaþræli. Það er afar illt hlutskipti og við megum ekki, hv. þingmenn, haga okkur þannig. Hæstv. heilbrrh. nefndi það áðan að hún vildi hafa stjórnarandstöðuna með í ráðum. Það er engin þörf á því að hafa uppi pólitískt skæklatog. Kosningar eru nýlega afstaðnar og það er engin ástæða til að við förum að viðhafa eitthvað annað en málefnalega umræðu. Ég hvet hv. þm. Össur Skarphéðinsson til að vera málefnalegur og nýta völd sín og áhrif sín sem formaður heilbrn. svo að við komum einhverjum að niðurstöðum sem eru upplýsandi og málefnalegar.

[14:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Talar nú fulltrúi hinna geistlegu stéttar. Satt að segja var ég undrandi yfir ræðu hans. Ég bendi honum á að hæstv. heilbrrh. kom upp áðan og þakkaði mér sérstaklega fyrir ræðu mína og hina málefnalegu umfjöllun mína um ýmsa hluti. Nú er það svo að hið pólitíska skæklatog sem fer svona í skap hv. þm. Hjálmars Jónssonar var ekkert skilgreint í hans ræðu. En í minni ræðu fór ég í grundvallaratriði eins og valfrelsi sjúklinga. Það skiptir máli í mínum flokki og einu sinni skipti það líka máli í þeim flokki sem hv. þm. Hjálmar Jónsson tilheyrir núna. Það skipti líka máli í flokki sem hann tilheyrði einu sinni, Framsfl. Ég ræddi líka um sjúkrahótel sem er nýjung sem landlæknir hefur barist fyrir. En hann hefur sáð sínum fræ̈kornum í grýtta jörð innan heilbrigðiskerfisins. Það var ýmislegt fleira sem ég drap á líka.

Ég tel að þetta hafi verið málefnaleg umræða og ég er sammála honum um að umræður af þessu tagi eigum við að reyna að nota til að þróa áfram hugmyndir. Og það er það sem menn eru að gera hérna. Ég lagði fram tvær hugmyndir um það í mínu máli hvernig mætti nýta það fjármagn betur sem núna er varið til heilbrigðismála. En hv. þm. hefur kannski verið önnum kafinn við að iðka þá list sem ég vildi að guð hefði gefið mér eigi síður en honum, að yrkja lítil kvæði og stökur.

[14:36]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek það fram eftir orð hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar að ég hef aldrei tilheyrt öðrum flokki en Sjálfstfl. Hins vegar er kominn tími á hann að fara að færa sig milli flokka ef að vanda lætur. Ég vil upplýsa hann um það að málefnaleg umræða felst í nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi: Er það upplýsandi sem sagt er? Í öðru lagi: Er það rökstutt? Í þriðja lagi: Gerir það vandann betur skiljanlegan? Í fjórða lagi: Auðvelda umræðurnar ákvarðanatöku þegar búið að er að skilgreina vandann og það að hvaða niðurstöðu við viljum komast? Þetta vil ég fá fram í dag og vil þakka hv. málshefjanda og hæstv. heilbrrh. fyrir þeirra málefnalegu ræður. Ég vona að þær haldi ekki inn á sömu braut og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

[14:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal ég nota mínútuna alla. Ég kem bara upp til þess að biðja hv. þm. Hjálmar Jónsson afsökunar. Rétt skal vera rétt. Ég ætlaði ekki að móðga hann. Ég vissi ekki þar til nú að í stjórnarliðinu þætti það sérstakt skammaryrði að bendla menn við Framsfl. eins og honum bersýnilega þykir. Ég bið hann afsökunar á því að hafa látið mér koma nokkru sinni til hugar að hann hafi tengst þeim flokki.

[14:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna umræðunni sem fer fram í dag um þessi mikilvægu mál og vonast til þess að hún verði málefnaleg, varpi ljósi á viðfangsefni og að menn lyfti sér kannski dálítið upp úr dægurþrasinu eins og menn á undan mér í þessum ræðustóli hafa minnst á.

Það liggur fyrir í þessu máli að vandamálin og úrlausnarefnin eru þau sömu hér á landi og alls staðar annars staðar á Vesturlöndum. Sívaxandi kostnaður og fyrirsjáanleg hækkun hafa kallað á róttækar breytingar í heilbrigðismálum. Að minnsta kosti 20 þjóðir af 25 í OECD hafa endurmetið stefnuna í heilbrgiðismálum á síðustu árum og sumar með mjög róttækum hætti. Við þekkjum öll deilumál sem hafa verið

uppi bæði innan þjóða og milli þjóða og hafa verið tekin upp m.a. hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um það hvort leggja beri meiri áherslu á forvarnir eða hátækni. Ljóst er að mínu viti að þetta hvort tveggja þarf að fara saman. Ég held að menn deili ekki um það hér á landi. Við verðum á hverjum degi vör við nýjungar, svokallaðar framfarir í læknisfræði, sem kosta fjármuni. Tvennt nýtt hefur verið á síðum dagblaða hér á landi og í fréttum. Annars vegar er farið að nota lyf, svokallað Beta Interferon, til þess að reyna ráða við ákveðinn sjúkdóm, MS-sjúkdóm. Kúrinn kostar milljónir króna. Hann læknar þó ekki sjúklinginn heldur að slær afleiðingunum á frest. Við höfum fylgst með kaupum á segulómtæki og deilum um það hver eigi að borga brúsann og hafa menn ekki komið sér saman um það enn þá. Allt þetta vekur nýjar móralskar spurningar um forgangsröðun og það hver eigi að borga brúsann.

Ef við skoðum staðreyndir í heilbrigðismálunum og það veitir ekki af því vegna umræðna sem hafa dálítið farið á dreif, þá vil ég í fyrsta lagi benda á að heildarútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála hér á landi hafa nánast staðið í stað á undanförnum árum þrátt fyrir alla umræðuna um stórkostlegan niðurskurð og árás á sjúklinga eins og sumir orða það. Stjórnvöld hafa reynt að halda kostnaðinum í skefjum án þess að það bitnaði á þeim sem þjónustuna þurfa. Ég nefni sem dæmi um þetta að á fjárlögum yfirstandandi árs eru 3,8 milljarðar kr. umfram það sem var á fjárlögum síðasta árs og ef við bætum við þessa tölu það sem kom fram á fjáraukalögum má telja að á undanförnum mánuðum og yfirstandandi ári sé upphæðin heldur hærri, líklega 4–5 milljarðar. Þetta skulum við hafa í huga.

Núna allra síðustu dagana hafa menn verið að ræða um Sogn í Ölfusi og menn leyfa sér að taka í munn orðið niðurskurður í því sambandi. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var heilbrrh. þegar sú stofnun var sett á laggirnar. Fjárheimildir stofnunarinnar eru nákvæmlega á þeim grunni sem þá var reiknaður út. Hins vegar hafa faglegir stjórnendur stofnunarinnar sjálfir ákveðið að auka umfang starfseminnar án þess að hafa fjárheimildir til þess. Í blöðum, í útvarpi og sjónvarpi er þetta kallaður niðurskurður. Ég vek athygli á þessu.

Í öðru lagi eru heildarútgjöld til heilbrigðismála há hér á landi og sérstaklega há þegar tekið er tillit til aldurssamsetningar þjóðarinnar. Líkast til má bæta 10–12% við tölur sem nú eru notaðar ef við ætlum að vera samanburðarhæf við þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við vegna þess að íslenska þjóðin er yngri en þær þjóðir sem við berum okkur saman við.

Í þriðja lagi er hlutfall opinberra útgjalda mjög hátt í heildarútgjöldum til heilbrigðismála hér á landi þannig að beinn kostnaður heimilanna er afar lítill hér, þvert á það sem sumir halda fram. (Gripið fram í.)

Í fjórða lagi. Ég biðst afsökunar. (**Gripið fram í:** Hefur aukist.) Hefur aukist sáralítið. Það er sannleikurinn í málinu. Þeir sem vilja kynna sér það geta gert það. Þjóðhagsstofnun er nýbúin að gefa út yfirlit yfir það og ég vona að menn fari nú ekki að fara rangt með þetta eins og stundum áður þegar þeir fara með tölur.

Í fjórða lagi er athyglisvert þegar þróunin í nágrannalöndum er skoðuð, að þá kemur í ljós að legurúmum á sjúkrahúsum þar hefur fækkað mun meira en hér á landi á undanförnum árum. Viðfangsefni dagsins í dag hlýtur að vera hagræðing á sjúkrahúsunum og fækka legurúmum í stað þess að efna sífellt til tímabundinna lokana. Það hafa nefnilega orðið heilmiklar tækninýjungar og hagræðing í þessum málum á undanförnum árum, miklar framfarir í skurðlækningum og í svæfingatækni. Sífellt stærri aðgerðir flytjast á skurðstofur utan sjúkrahúsa. Við höfum betri lyf. Við höfum meiri sérhæfingu og meiri menntun. Við stundum núna kögunaraðgerðir í stað gömlu, stóru skurðaðgerðanna. Frá 1980 til 1995 hefur starfandi sérfræðingum fjölgað úr 200 í 395 hér á landi. Á árinu 1994 voru komur til sérfræðinga rúmlega 397.000 og hafði fjölgað um 6% frá árinu áður. Þessi þróun hefur orðið til þess að samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins eru nálægt 50% skurðaðgerða nú framkvæmdar utan spítala eða á göngu- og dagdeildum.

Ef við lítum síðan á spítalana kemur í ljós að handlækningadeild Landspítalans hefur afkastað 10–15% meiru sl. þrjú ár en fyrir fjórum árum. Á sama tíma og sjúklingum hefur fjölgað um 11% hefur legudögum á Landspítalanum fækkað um 2%. Þetta eru dæmi um aukin afköst og dæmi um eðlisbreytingu á spítölum sem mér finnst menn allt of sjaldan átta sig á. Stórum aðgerðum hefur fjölgað. Við vitum um hjartaaðgerðir og hryggspengingaraðgerðir sem hæstv. heilbrrh. nefndi í sinni ræðu. Það er óvefengjanlegt að því miður hefur okkur ekki tekist á undanförnum árum að fylgja eftir þeirri alþjóðlegu þróun að draga úr legurými á spítölum en auka þess í stað rými annars konar þjónustu. Það er þetta sem menn þurfa að einhenda sér í á næstunni. Ég vil hvetja menn til þess, hvar í flokki sem þeir standa, að líta á hin raunverulegu úrlausnarefni en spyrja sig ekki ávallt að því af hverju fjárveitingin sé ekki nákvæmlega sú sama í ár og hún var í fyrra.

Því er nokkuð haldið fram að í núverandi ríkisstjórn ráði fjármálaráðherrann öllu í þessu málum. Ég þakka nú það þegar menn halda að ég sé svo voldugur að ég stjórni öllu sem snýr að opinberum rekstri. Sannleikurinn er sá að það er farið nákvæmlega eins að í þessari ríkisstjórn og í fyrri ríkisstjórn. Við notum rammafjárlög. Ríkisstjórn tekur heildarákvarðanir en innan ramma ráðuneytanna ber hver ráðherra ábyrgð á sínum tillögum og tekur ákvarðanir um það sem hann vill gera. En auðvitað verður þingmeirihluti að vera fyrir hendi. Það var athyglisvert að hlusta á hv. þm. Össur Skarphéðinsson vera að skamma Framsfl. fyrir að fylgja í raun og veru sömu línu og Alþfl. fylgdi í þessum málum. Það var mjög athyglisverð ræða sem ég vona að fjölmiðlar hafi tekið eftir. Ég heyrði að hann nefndi Alþýðublaðið í sinni ræðu og ég sá að ritstjóri Alþýðublaðsins var hér á pöllunum og vonast til þess að hann komi þessu duglega til skila.

Reyndar hefur Alþýðublaðið skrifað um þessi mál í leiðara og verið svo smekklegt að lýsa hæstv. heilbrrh. þannig að hún sé einhvers konar leikbrúða í höndum mínum. Nei, það getur vel verið að þeir hafi ekki viljað kalla Sighvat leikbrúðu á sínum tíma, ég skil það vel, kannski stærðar hans vegna, hann minnir reyndar meira á fíl en leikbrúðu. Sumir hafa reyndar sagt að hann hafi verið eins og fíll í postulínsbúð þegar hann var að fást við heilbrigðismálin. Ég ætla ekki að gera þau orð að mínum heldur undirstrika orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um stefnu hans flokks nú og fyrr.

En hverjir eiga að forgangsraða í heilbrigðismálunum og hvernig á endurmatið að eiga sér stað? Hver er þáttur stjórnmálamannanna og hver er þáttur fagfólksins? Ég bendi á að það er yfirleitt fagfólkið sem hefur komið fram með tillögur um nýjan og aukinn rekstur og við hljótum að gera kröfur til þess að fagfólkið komi einnig með ábendingar um það hvar

eigi að spara þegar að því kemur. Ákvörðunin hlýtur hins vegar alltaf að vera stjórnmálamannanna. En ég vara líka við því þegar gripið er til þess ráðs að reyna að beina sparnaðinum að því sem er óvinsælast hverju sinni. Ég minni á orð formanns Alþb., Margrétar Frímannsdóttur, fyrir síðustu kosningar þegar hún undirstrikaði jafnrækilega og hún gerði þá í sjónvarpi að þegar verið væri að biðja spítalana um að spara þá kæmu þeir yfirleitt með þær tillögur sem þeir héldu að almenningur væri mest á móti. Þar hitti formaður Alþb. naglann á höfuðið því að spila póker við ríkisvaldið með þeim hætti er auðvitað til stórkostlegrar skammar.

Viðfangsefni og forgangsröðun á næstunni er að mínu mati að taka ákvörðun um það hvað á að vera rekið á spítölum og hvað í einkarekstri. Við þurfum að breyta almennum sjúkrarúmum í öldrunardeildir. (Gripið fram í.) Það skiptir ekki máli hver rekur — oft er betra að einstaklingar reki þó hið opinbera greiði. Þetta veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson skilur ekki og það þýðir ekki fyrir mig að reyna að skýra það út fyrir honum hér í stuttri ræðu. Við þurfum að leita nýrra og ódýrari úrræða fyrir gamla fólkið og við þurfum líka að endurskipuleggja fjárfestingarstefnuna. (Gripið fram í.) Er hægt að fá frið fyrir hv. þm.? Hann á eitthvað erfitt í sæti sínu. (**SvG:** Aldursmörkin í Heimdalli.)

(**Forseti** (RA)**:** Ég bið hv. þm. að veita hæstv. ráðherra gott hljóð.)

Þetta hljómaði mjög vel, virðulegi forseti.

Það þarf að endurskipuleggja fjárfestingarstefnuna og ég tek undir það sem hæstv. ráðherra heilbrigðismála hefur sagt um þau efni. Það er bráðnauðsynlegt og reyndar kom það fram hjá hv. málshefjanda sem flutti hér mjög málefnalega ræðu í upphafi. Við þurfum að athuga hvort breyta eigi samningum við lækna, hvort sjúkrahúsalæknar eigi að vinna utan sjúkrahúsa eða ekki og við þurfum að átta okkur á því hvar við viljum samvinnu sjúkrahúsa og hvar samkeppni og eins hitt hvar við viljum að valfrelsi sjúklinga sé virt.

Við þurfum í öðru lagi að íhuga hvort við eigum að vekja upp gömlu sjúkrasamlagshugmyndina sem menn voru jafnvel að gæla við í umræðunum áðan og hugsa um kaupendur og seljendur í því sambandi eins og víða er farið að gera í okkar nágrannalöndum.

Loks þarf auðvitað Alþingi Íslendinga að taka afstöðu til þess að hve miklu leyti kostnaðarhlutdeild á að koma til hjá þeim sem þiggja þjónustuna og hvernig við getum ýtt undir kostnaðarvitund, bæði þeirra sem þiggja hana og veita. Ég tek undir það sem hæstv. heilbrrh. sagði að það þarf að íhuga mjög gaumgæfilega hvort ekki eigi að samræma gjöld innan og utan sjúkrahúsa. Það eru engin rök til þess að rannsóknir, lyf og sérfræðikostnaður sé ekki greiddur inni á sjúkrahúsunum en greiddur að nokkru utan sjúkrahúsa. Við þurfum einnig að svara þeirri siðferðilegu spurningu hvort ekki sé mögulegt að leyfa fólki að greiða fyrir þjónustu í stærri stíl en gert er, sérstaklega þegar fólk óskar eftir því að fá lækningar sem hægt er að framkvæma en þjóðin hefur ekki efni á. Í því sambandi þarf auðvitað að sjá fyrir því að aukin kostnaðarhlutdeild þeirra sem njóta þjónustunnar í heilbrigðismálunum, að þeir greiði með þeim hætti að fjármagnið sé eftir í heilbrigðismálunum til þess að halda úti viðunandi þjónustu við alla.

Þetta eru þau atriði sem víðast hvar er verið að ræða og mér finnst eðlilegt, virðulegi forseti, að Alþingi Íslendinga móti sér stefnu í þessum málum. Ég tek undir með hæstv. heilbrrh. að það er eðlilegt að stjórnarandstaðan komi að slíkri stefnumótun. Við erum að tala um 50 milljarða kr., hér um bil helminginn af fjárlögum íslenska ríkisins, og það er nauðsynlegt að það ríki nokkuð góður friður um þá stefnu sem við ætlum að fylgja í þessum málum. Við verðum að hafa það í huga að það er nauðsynlegt fyrir okkur að læra af öðrum þjóðum og við verðum að muna að hér á landi búa aðeins 260 þús. manns. Við skulum einnig vera minnug þess að við rekum ríkið með halla nú, við söfnum skuldum sem Íslendingar framtíðarinnar þurfa að greiða og við verðum að taka tillit til þess að aldurssamsetning þjóðarinnar er með þeim hætti að við getum gert ráð fyrir að að óbreyttu aukist útgjöldin á næstu árum og áratugum til þessa málaflokks. Þess vegna er það skylda hvers einasta hugsandi manns, ekki síst hv. alþingismanna, þegar þeir taka þátt í þessum umræðum, að segja frá því hvernig þeir ætla að spara í þessum málaflokki. Það er spurningin sem við stöndum frammi fyrir, það er spurningin sem við verðum að svara hvert og eitt í þessari umræðu.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja: Stefnumótun í þessum málaflokki er ekki átaksverkefni, heldur stöðug vinna. Við verðum sífellt að reyna að finna bestu lausnirnar. Við skulum ekki falla í þá gryfju að halda að lausnin sé sú að biðja alltaf um nákvæmlega sama fjármagn til nákvæmlega sömu verkefnanna ár eftir ár. Þetta verður að byggjast á annarri hugsun. Það sem ríkisstjórnir hafa gert að undanförnu er ekki að skera niður í heilbrigðisþjónustunni eins og stundum er haldið fram heldur fyrst og fremst að koma í veg fyrir útgjaldaaukningu í þessum viðkvæma málaflokki.

[14:53]

Útbýting þingskjals:

Flutningur félagslegra verkefna, 300. mál, þáltill. RG, þskj. 540.

[14:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða um heilbrigðismál. Hér hafa fallið mjög mikilvægar pólitískar yfirlýsingar. Sumar koma á óvart, aðrar síður eins og sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. nú áðan að það þurfi að leita leiða til að leyfa sjúklingum að borga. Þetta er ekki ný stefna af hans hálfu. Hitt er nýtt af hálfu hæstv. heilbrrh. að taka undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins varðandi þá hugmynd að aflögufært fólk, efnamenn, verði látnir greiða fyrir aðhlynningu á sjúkrahúsum. (**Heilbrrh.:** Í formi skatta.) Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort hér sé verið að boða tekjutengd innritunargjöld á sjúkrahús?

Þessi umræða um heilbrigðismál er afar flókin um margt. Eins og hér hefur verið bent á er þetta stór og viðamikill málaflokkur. Við erum að tala um 50 milljarða sem varið er til heilbrigðis- og tryggingamála af 124 milljörðum á fjárlögum ríkisins. Við erum að tala um drjúgan hluta samneyslunnar. En við erum einnig að tala um mjög stór og mikilvæg mál af siðferðilegum toga.

En þótt þessi umræða sé stór, flókin og viðamikil, þá eru línurnar um margt mjög skýrar. Það er t.d. mjög skýrt sem fram hefur komið af hálfu Þjóðhagsstofnunar nú síðustu daga um hver þróun þessara mála hefur verið á síðustu árum. Í gögnum Þjóðhagsstofnunar kemur fram að framlag íslensku þjóðarinnar til heilbrigðismála hefur nánast staðið í stað á síðustu árum. Það sem hins vegar hefur breyst er hver það er sem borgar brúsann. Þar hefur orðið stórbreyting á. Þannig borga sjúklingar núna 2 milljörðum kr. meira. 2 milljarðar

renna úr vasa sjúklingsins umfram það sem gerðist á árinu 1990. Það er þetta sem hefur breyst. Það er þessi stefna sem við eigum að ræða hér, hvert við viljum halda. Hvort við ætlum að sækja frekar ofan í vasa sjúklingsins, eins og hæstv. fjmrh. boðar, „að leyfa sjúklingnum að borga", eða hvort við ætlum að reyna að viðhalda því kerfi samhjálpar sem hér hefur verið byggt upp á síðustu árum.

Síðasta ríkisstjórn sagði jafnan að hún væri að bjarga velferðarkerfinu þegar hún reyndi að skera það niður við trog. Þá var hún að bjarga velferðarkerfinu. Nú hefur það hins vegar verið staðefst sem gagnrýnendur þessarar stefnu héldu fram að það sem hefði gerst og væri líklegt til að gerast væri að kostnaðurinn færðist til. Það er þetta sem nú hefur verið staðfest af hálfu Þjóðhagsstofnunar.

Það er alveg rétt sem bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. hafa haldið fram, að við búum við mjög gott heilbrigðiskerfi. Hæstv. fjmrh. sagði reyndar í sinni ræðu að það væri nauðsynlegt að feta í fótspor annarra OECD-ríkja sem hvert af öðru væru nú að leita leiða til að gera breytingar á sínu heilbrigðiskerfi. Það er rétt að minnast þess að fyrir fáeinum árum gerði OECD, Efnahags- og framfarastofnunin, könnun á heilbrigðiskerfi Íslendinga. Þar varð meginniðurstaða sú að íslenska heilbrigðiskerfið veitti þjónustu sem væri töluvert yfir meðaltali að gæðum með tilkostnaði sem væri lítið umfram meðaltal OECD-ríkjanna. Og þegar spurt var hvort þeim milljörðum sem við verðum til heilbrigðisþjónustunnar væri vel varið þá sögðu sérfræðingar OECD að svo væri. Niðurstaða þeirra var sú að hér hefði náðst öfundsverður árangur umfram það sem gerðist hjá öðrum þjóðum. Við skulum því fara varlega í sakirnar þegar við gerum uppskurð á þessu kerfi eða breytingar í þá veru sem hæstv. fjmrh. hefur boðað.

Það hafa margoft verið gerðar kannanir, sennilega var sú ítarlegasta á vegum BSRB, það var hagfræðingur BSRB, Rannveig Sigurðardóttir, sem gerði könnun árið 1990 um tilfærslu á kostnaði í kerfinu við lokanir og samdrátt; hvernig sparnaður kæmi fram annars staðar sem útgjaldaauki, eða hætt væri við því. Þetta kom m.a. fram í yfirlýsingum í sömu veru sem eru hafðar eftir læknum í Morgunblaðinu í gær. Þar segir Lárus Helgason, yfirlæknir á geðdeild Ríkisspítala, þegar hann er spurður um kostnað við að úthýsa sjúklingum eða útskrifa þá hratt, þ.e. hvernig tilkostnaðurinn færðist til í kerfinu. Lárus segir, með leyfi forseta:

„Menn verða að liggja heima hjá sér og fá aðeins aðhlynningu á göngudeildum sem kostar venjulega mikið álag fyrir fjölskyldu því að einhver verður að vera heima við til að sinna gæslu. Ef málin eru þannig eins og oft er, að um er að ræða fjölskylduföður sem fær sjúkrabætur eða tryggingar, þýðir það stóraukinn kostnað fyrir vinnuveitendur eða Tryggingastofnun ríkisins. Það sem á að spara flyst því að miklu leyti aðeins til í kerfinu," segir Lárus að lokum.

En hér skal sem sagt áfram haldið á niðurskurðarbrautinni. Og við verðum að draga þá ályktun að þetta sé gert að yfirveguðu ráði, þetta sé yfirveguð pólitísk stefna að færa áfram tilkostnaðinn frá samneyslunni og yfir á notandann, frá skattborgaranum yfir á þann sem nýtir sér þjónustunna, frá hinum heilbrigða yfir á hinn sjúka.

Þrátt fyrir varnaðarorð stjórnenda sjúkrahúsanna, Ríkisspítalanna, Sjúkrahúss Reykjavíkur og sjúkrahúsa á landsbyggðinni og Ríkisendurskoðunar, er áfram haldið á þessari braut og skorið niður. Það var gert við síðustu fjárlagagerð, þótt mönnum væru ljósar afleiðingarnar. Þannig var vitað við fjárlagagerðina að fengi Sjúkrahús Reykjavíkur ekki viðbótarfjármagn sem næmi 440 millj. kr. yrði ekki unnt að veita þá þjónustu sem Borgarspítalinn og Landakot veittu í fyrra. Hið sama á við um Ríkisspítalana, þar var vitað að ef ekki kæmi til sögunnar viðbótarfjármagn yrði um að ræða rýrari þjónustu, fækkun starfsfólks, auknar sértekjur eða þá gjaldtöku á sjúklinga. Sama var uppi á tengingnum annars staðar. Svo dæmi sé tekið var búið að ráðast í mikinn niðurskurð og mikla hagræðingu hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Vitað var að þar hékk allt á bláþræði ef ekki kæmi til viðbótarfjármagn. En menn skelltu við því skollaeyrum. Að sjálfsögðu er nú að ganga eftir það sem sagt var fyrir við fjárlagaumræðuna hér fyrir jólin. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur lagt fram hugmyndir um niðurskurð, sparnað og gjaldtöku. Í greinargerð framkvæmdastjórnar með tillögum um aðgerðir til sparnaðar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur fyrir árið 1996 segir í einum liðnum, með leyfi forseta:

„Með því að endurskilgreina vistun á gæsludeild þannig að ekki sé litið svo á að sjúklingur sé innritaður á sjúkrahúsin má auka sértekjur um a.m.k. 7 millj. kr., tæplega 1.600 sjúklingar fara heim af gæsludeild sem þá ættu að greiða slysadeildargjald, 2.248. kr. Með hlut Tryggingastofnunar er heildargjald 2.823 kr. sem gæfi tæplega 4,5 millj. kr. Tekjur af röntgenrannsóknum þessara sjúklinga eru áætlaðar 1,8 millj. kr. og blóðrannsóknir 1,5 millj. kr."

Það sem við erum að tala hér um er aukin gjaldtaka. Við erum í rauninni að tala um eins konar innritunargjöld með breyttum skilgreiningum.

Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hefur einnig verið talað um fækkun starfsfólks vegna þessa niðurskurðar, nokkuð sem gengur illa upp í ljósi þess að starfsfólki hafði verið gefið fyrirheit um starfsöryggi vegna skipulagsbreytinga sem tengdust sameiningunni.

Á Sjúkrahúsi Suðurnesja er mér kunnugt um að menn velti fyrir sér þremur valkostum. Það er lokun þriggja deilda, Víðihlíð sem er öldrunardeild í Grindavík, almennri lækningadeild eða fæðingardeildinni, sem mér skilst að sé valkostur sem menn horfi mjög alvarlega á þótt nauðugir séu. Þá spyrja menn eðlilega: Er sparnaður í því fólginn að senda 250 konur til Reykjavíkur til að fæða eða er hægt að taka við þeim þar? Hvað gerist þegar dregið er saman í öldrunarþjónustunni? Margoft hefur það sýnt sig að sparnaðurinn kemur annars staðar niður. Það er ávísað á Tryggingastofnun sem síðan fjármagnar einkapraxís utan sjúkrahúsanna. Það er hér sem komið er að því að ræða stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum. Í stuttu máli gengur hún út á það að auka hlutdeild sjúklinga í hjúkrunar- og lækniskostnaði og einkavæða þjónustu. Það er búið að undirbúa jarðveginn í langan tíma, það er búið að plægja hann um árarraðir með sífelldum rangfærslum um það hve dýrt sé að hjúkra fólki og lækna á Íslandi. Þessar staðhæfingar eru rangar samanber tilvitnun mína í gögn OECD. Í þeim gögnum kemur reyndar líka fram að þegar litið er á útgjöld til heilbrigðismála þá erum við í 13. sæti af 24 hjá OECD. Og ef við sleppum hjúkrunarheimilum eða öldrunarþjónustunni sem víða er gert þá erum við í 19. sæti af 24. Hér hafa því verið settar fram rangfærslur varðandi allan þennan samanburð.

Menn eru ekkert að fela það sem vakir fyrir þeim. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að hann vildi láta sjúklinga borga. Það ætti að leyfa þeim að borga. Einn af embættismönnum hæstv. ráðherra, Halldór Árnason, skrifstofustjóri fjárlagaskrifstofu, segir í DV mánudaginn 5. febr., með leyfi forseta:

„Þá er ekki síður mikilvægt að stjórnvöld gefi fólki kost á að greiða sjálft í meira mæli fyrir sjúkraþjónustu í stað þess að útiloka það frá henni, t.d. með lokun á deildum eða að innleiða ekki nýjustu tækni eða lyf. Fólki er örugglega svo annt um eigin heilsu að það vilji fá notið sem bestrar þjónustu."

Það er þetta sem menn eru að reyna að innleiða hér. Og ekki nóg með það. Nú er það að gerast að fyrirtækin eru að byrja að forgangsraða inni á sjúkrahúsunum. Þannig ákveður stjórn Ríkisspítala að draga saman, t.d. á geðdeildum. Hvað gerist þá? Til sögunnar kemur lyfjafyrirtækið Pharmaco hf. með framlag, eflaust af mjög góðum hug og mjög vel þegið. Á fundi heilbrn. þingsins fyrir fáeinum dögum sagði pólitískur fulltrúi í stjórn Ríkisspítalanna, sjálfur stjórnarformaður Ríkisspítalanna, fulltrúi hæstv. heilbrrn. þar inni, að sér þætti þetta vera góð þróun og var þessu líkt við kostun í Ríkisútvarpinu sem einnig væri jákvæð. Á hvaða leið erum við eiginlega? Mér er spurn. Í ríkissjónvarpinu eru fyrirtæki farin að hafa áhrif á dagskrárgerð með kostun, á því leikur enginn vafi. Og nú taka menn því fagnandi að fyrirtækin fari að stýra inni á sjúkrahúsunum. Fyrst er létt af þeim skattbyrðinni og síðan koma þau færandi hendi með hluta af því sem þannig sparast aftur inn í samneysluna, en nú á sínum eigin forsendum. Í Verslunarskólanum eru kennslustofur merktar fyrirtækjum sem kostuðu smíði þeirra, Hekla hf., Flugleiðir hf. Er e.t.v. stutt í það að menn liggi ekki lendur á deild 3A eða 17B, heldur á gangi Pharmaco eða Hampiðjunnar eða séu vistaðir hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna? Eða svo við höldum okkur við dæmið frá forstjóra Ríkisspítalanna um kostun í sjónvarpi, er þess kannski skammt að bíða að þegar fjallað verður um niðurskurð á Landspítalanum verði í lok fréttarinnar sagt: Ríkisspítalar styrktu þessa frétt.

Auðvitað er það markviss stefna sem við erum hér að tala um. Fólk heldur áfram að veikjast og við erum að ræða það hvernig við ætlum að fjármagna hjúkrun fólks. Fjmrh. hæstv. talar um að það eigi að leyfa fólki að borga. Fulltrúi hæstv. heilbrrh. hjá Ríkisspítölunum segir það góða þróun að innleiða þar kostun. Ég sé að hæstv. forseti ætlar að minna mig á að ég er búinn með tíma minn, þótt ég gæti talað hér miklu lengur. Og það væri þörf á að tala miklu lengur um það hvernig haldið er áfram á þeirri braut sem fylgt var í tíð síðustu ríkisstjórnar, að seilast sífellt ofan í vasa sjúklinga. Hvernig hlutfallsgreiðslur í t.d. lyfjakostnaði eru að þyngjast. Ég vona að það komi fram hér við umræðuna á eftir. Það er ekki aðeins að krónutalan hækki heldur er hlutfallið að breytast sjúklingnum í óhag.

Því miður er tíminn útrunninn. Málefnið er þó ekki að fullu rætt og verður ekki í bráð með þeirri stefnu sem hér er fylgt og hér er boðuð af hæstv. ráðherrum, ekki aðeins hæstv. heilbrrh. heldur ekki síður hæstv. fjmrh. sem vill lofa sjúklingum að borga.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að það er nauðsynlegt að ræða þessi mál áfram og ég hvet til þess að fulltrúar flokkanna geri það í framhaldi af þessari umræðu hér í dag. Ég vil minna á að Íslendingar eru ung þjóð. Aldurssamsetningin er þannig að Hagfræðistofnun háskólans hefur áætlað að ef hún væri á sama aldri og nágrannaþjóðirnar væri kostnaðurinn 10–12% meiri en hann er í dag að óbreyttu. Þá værum við í efsta sæti hjá OECD. Ég vil einnig minna á að árið 1992 voru opinber útgjöld til heilbrigðismála það mikil hér á landi að við vorum í 5. sæti. Það hefur lítið breyst síðan. Það sem hefur hins vegar breyst hjá OECD og kemur skýrt fram í skýrslum OECD, ef menn nenna að fletta því upp, er að á undanförnum árum er nánast undantekningarlaust það að gerast hjá þessum þjóðum að sjúklingarnir eða heimilin taka aukinn þátt í útgjöldum vegna heilbrigðismála. Í skýrslu sem OECD gaf út og nær til 1992, það er ein nýjasta skýrslan, kemur þetta berlega í ljós þegar við sjáum að frá 1985 til 1992 hefur hlutur hins opinbera í heilbrigðisútgjöldum þjóða lækkað úr tæplega 80% í 74,3% að meðaltali í OECD. Hjá aðeins tveimur eða þremur þjóðum hefur þróunin verið öðruvísi. Það er kominn tími til að við viðurkennum þessar staðreyndir. Á síðustu árum, 1993, 1994 og 1995 hefur hlutur opinberra útgjalda í heildarútgjöldum til heilbrigðismála heldur aukist ef eitthvað er. Þetta eru staðreyndir málsins eftir því sem kemur fram hjá Þjóðhagsstofnun, skýrt og greinilega. Þetta er sú þróun sem hefur átt sér stað og af hverju á hún sér stað? Það er vegna þess að menn skilja að til þess að geta haldið úti þjónustu fyrir alla verðum við að finna nýjar leiðir til fjármögnunar. Og það er ekkert rangt við það að fólk fái að borga fyrir það að ná betri heilsu. Það er ekkert siðferðilega rangt við það. Þar með er ekki verið að segja að það eigi að skera niður opinber útgjöld á móti. Það er misskilningur.

[15:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hæstv. fjmrh. að það er ekkert rangt við það að fólk borgi fyrir heilbrigðisþjónustu. Hún kemur ekki af himnum ofan. Við þurfum að byggja sjúkrahús, við þurfum heilbrigðisstéttir, við þurfum sjúkraliða, hjúkrunarfærðinga og lækna, við þurfum lyf. Og fyrir það þarf að greiða. Við erum hins vegar að ræða hér hvernig eigi að greiða fyrir þetta. Og hverjir eigi að greiða. Við á Íslandi höfum byggt upp samneyslukerfi, samtryggingarkerfi, þar sem við tökum öll þátt í að fjármagna þessa þjónustu. Það sem verið er að reyna að innleiða hér er að láta hinn sjúka standa straum af kostnaði við sjúkdóm sinn. Um það snýst deilan.

Ég benti á hér áðan, hæstv. fjmrh. að ef við berum saman tölur frá 1990 og tölur í dag þá borga sjúklingar tveim milljörðum kr. meira nú en þeir gerðu þá. Um þetta snýst deilan.

Að sjálfsögðu á að skattleggja fólk. Að sjálfsögðu þarf að fá peninga til að fjármagna þessa þjónustu. Hæstv. fjmrh. á kost á að koma hér upp aftur og ég vil því spyrja hvers vegna hann vilji endilega bíða eftir því að fólk verði veikt til að hann þori að skattleggja það. Hvers vegna að láta hina sjúku greiða en hlífa fólki, hinum efnamiklu, á meðan það hefur fulla heilsu?

[15:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sem lauk máli sínu talaði eins og það væri regla hér á landi að einstaklingarnir greiddu beint fyrir sína þjónustu. Staðreyndin er auðvitað sú að það eru u.þ.b. 85% af útgjöldum til heilbrigðismála sem koma í gegnum skattfé almennings. Og enginn hefur mótmælt því að svo eigi að vera áfram. Það sem verið er að tala um hér er hvernig eigi að leysa hina nýju þörf sem blasir við. Það kemur nefnilega í ljós að Ísland er í 4.–5. sæti hvað snertir opinber útgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála.

Það sem við erum að tala um til viðbótar er það hvort við eigum að fara að eins og aðrar vestrænar þjóðir og fá

viðbótarfjármagn frá þeim sem njóta þjónustunnar eða hvort við eigum að láta okkur hafa það að láta fjármagnið sífellt fara minnkandi þannig að fæstir geti notið þjónustunnar. Ég segi og ég hika ekki við að segja það hér og nú að mér finnst siðferðilega rangt að leyfa ekki því fólki sem vill fá þjónustu að borga fyrir hana, því fólki sem hefur efni á því og getur fengið þessa þjónustu annars staðar. Og ég hef ekkert á móti því að útlendingar komi hingað og borgi að fullu fyrir sína þjónustu vegna þess að ég er sannfærður um að sama lögmál gildir hér á landi og í nágrannalöndunum. Með því að fá viðbótarfjármagn til þessara mál getum við veitt betri þjónustu fyrir fleira fólk. Það er þetta atriði sem þarf að koma skýrt fram og ég vonast til að fulltrúi ríkisstarfsmanna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, skilji þetta og virði ef hann vill fara sömu leið og vestrænar þjóðir hafa farið að undanförnu, en ekki þá leið sem kannski var bundin í einhverjum löndum sem honum voru kærari fyrr á árum.

[15:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við verðum að fá nánari skýringar frá hæstv. fjmrh. um þær hugmyndir sem hann hefur um hvaða lönd séu mér kær og hver ekki. Ég vildi hins vegar leiðrétta hæstv. fjmrh. og benda honum á að samkvæmt þeim gögnum sem verið er að birta þessa dagana hafa menn ekki verið að afla viðbótarfjármagns. Framlag íslensku þjóðarinnar núna og fyrir fáeinum árum er mjög svipað. En kostnaðardeilingin, kostnaðarskiptingin er ólík. Nú er stærra hlutfall sótt ofan í vasa sjúklingsins, notanda þjónustunnar, en áður var. Það er þetta sem hefur breyst. Og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það væri siðferðilega rangt af hans hálfu að gera ekki hreint fyrir sínum dyrum. Hæstv. ráðherra hefur gert hreint fyrir sínum dyrum. Hann hefur komið til dyranna eins og hann er klæddur. Hann hefur sagt okkur það hér að hann vilji fara að dæmi ýmissa erlendra manna og sækja peninga ofan í vasa sjúklinganna. Það er ekki bara hér á landi sem tekist er á um þessa stefnu. Sums staðar hafa menn meira að segja náð þeim árangri að knýja hana í gegn. Ég nefni t.d. Nýja-Sjáland. Ég nefni t.d. Bretland þar sem menn hafa nærri því rústað velferðar- og heilbrigðisþjónustuna.

Ég vitnaði hins vegar áðan í skýrslur frá OECD, Efnahags- og framfarastofnuninni, þar sem úttekt hafði verið gerð af hálfu stofnunarinnar á íslenska heilbrigðiskerfinu. Þar fékk okkar kerfi mjög góða einkunn og ég er að vara við því að gerð verði uppstokkun í þá átt sem hæstv. fjmrh. hefur boðað. Ég vara við þeim ráðum sem hann er núna að boða og sækja í allar helstu mistakasmiðjur heimsins. Hann hefur flutt sérfræðinga, sérstaka lærimóður sína alla leið frá Nýja-Sjálandi, til að kenna okkur hvernig eigi að einkavæða, hvernig eigi að gefa og selja sameignir þjóðarinnar.

[15:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það þarf að standa vörð um velferðarkerfið okkar. Það er heldur betur þjarmað að því núna, meira en oft áður. Það bitnar ekki á öllum, það bitnar á þeim sem eru veikir, þeim sem eru gamlir, þeim sem eru fatlaðir og þeim sem eru fátækir. Þeir sem eru efnaðir, frískir, ungir og hafa atvinnu lenda ekki í þessu. Það er bjart fram undan hjá þeim, að sögn ríkisstjórnarinnar.

Mér hefur stundum virst sem kjörorð heilbrrn. væri: Hvers vegna hafa hlutina einfalda ef hægt er að hafa þá flókna? Það var a.m.k. gangurinn á síðasta kjörtímabili og það gagnrýndi Framsfl. á þingi með réttu. Enn nú tekur ekki betra við. Kjörorðið hjá heilbrrn. þessa dagana virðist vera: Ef hægt er að hafa hlutina flókna, gerum við þá enn flóknari. Það er nákvæmlega það sem hefur verið að gerast í þessu ráðuneyti. Og maður veltir því fyrir sér hver tilgangurinn sé með svona vinnubrögðum. Það hefur oft hvarflað að mér að ástæðan fyrir þessu væri sú að menn gætu þá síðar nýtt sér þann rétt sem þeir eiga í kerfinu. Það er erfiðara að fylgjast með því hvaða rétt maður á. Og þetta á svo sannarlega við í almannatryggingakerfinu. Þar er vissulega skorið því viðskiptavinir Tryggingastofnunar virðast liggja best við höggi að mati ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Ríkisstjórnin undir forustu Davíðs Oddssonar hefur markvisst vegið að lítilmagnanum með því að auka hlut hans í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna. Ekki aðeins nú í samstarfi við Framsfl., heldur einnig á síðasta kjörtímabili. Kostnaðurinn er að færast til eins og kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Hann er að færast yfir á sjúklinginn og þaðan jafnvel yfir á sveitarfélögin. Talandi dæmi um það hvernig kostnaðinum er velt yfir á almenning og áfram á sveitarfélögin eru nýjustu tölur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð.

Árið 1992 tók hlutur sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni að aukast. Ef við skoðum tölur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar frá 1992 og fram til síðustu áramóta hefur fjárhagsaðstoðarbeiðnum fjölgað ógnvænlega. Frá 1992 hefur þeim sem hafa fengið fjárhagsaðstoð frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur fjölgað um 61% á sama tíma og hlutur sjúklinga var aukinn í heilbrigðiskerfinu. 61% fleiri sækja um aðstoð til Reykjavíkurborgar frá 1992 til síðustu áramóta. Þetta ætti að hringja einhverjum öryggisbjöllum, a.m.k. hjá flokki sem þykist vilja standa vörð um velferðarkerfið. Aukningin er 20% á fjárhagsaðstoðarbeiðnum það sem af er kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. Og enn þykjast menn geta höggvið í sama knérunn. Enn eru hækkuð gjöldin hjá sjúklingum. Greiðslur úr velferðarkerfinu eru lækkaðar, reglur eru þrengdar og stuðningur skertur. Og mig langar til að fara í stuttu máli yfir það hvernig vegið er að sjúkum og öldruðum hjá þessari ríkisstjórn.

Nú greiða sjúklingar meira fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu, einnig hjá sérfræðingum og fyrir röntgenþjónustu. Aldraðir þurfa að greiða fullt verð til sjötugs nema þeir framvísi vottorði um lágar árstekjur eða örorku. Hjá þessum hópi fólks sem áður voru ellilífeyrisþegar og nutu þess í kerfinu er hámarkið hækkað í 12 þús. kr. en var 3 þús. kr., áður en þeir fengu afsláttarkort. Þetta eru hámarksgreiðslur á fullu verði á ári.

Það er verið að auka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði. Það er verið að hækka lágmarksgreiðslurnar fyrir lyfin. Endurgreiðslureglur Sighvats vegna læknis- og lyfjakostnaðar sem eru með flóknari fyrirbærum í kerfinu og Framsfl. og hv. þáv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir gagnrýndi réttilega eru nú gerðar enn flóknari. Og það sem verra er, það er verið að taka út úr þessum endurgreiðslureglum fyrir háan kostnað fyrir lyf og læknisþjónustu endurgreiðslu fyrir lyf sem menn greiða fullu verði. Ég vil leiðrétta hæstv. heilbrrh. Hún sagði að það væri ekki rétt er hv. formaður heilbr.- og trn., sagði hér í ræðustól fyrr í dag. Það er rétt að hæstv. fyrrv. ráðherra Sighvatur Björgvinsson kom á fullri greiðslu fyrir fúkalyf og önnur sýklalyf, en hann var þó með þessi lyf inni í endurgreiðslunum ef kostnaður varð mjög hár. Þetta er

lymskulega búið að taka út úr reglunum með pínulítilli setningu í reglugerðini sem segir: C-liður fellur brott. Það þýðir að fólk sem borgar fullt fyrir þessi lyf, borgar þau fullu verði, getur ekki talið þau með þótt það beri háan kostnað vegna heilbrigðisþjónustunnar. Öllum þessum auknu útgjöldum er síðan komið yfir á sjúklingana um leið og kjör þeirra eru skert. Greiðslurnar eru lækkaðar mest hjá þeim sem eiga um sárt að binda, þeim sem eru ósjálfbjarga, þeim sem þurfa umönnun. Umönnunaruppbót öryrkja og aldraðra verður skert á árinu og það er byrjað að skerða hana. En það er ekki gert um leið hjá öllum. Það er verið að gera þetta smátt og smátt á þessu ári. Sama gildir um lyfjauppbótina fyrir þá sem bera lyfjakostnað. Nú á þetta fólk að komast af í veikindum sínum fyrir mun lægri upphæð til framfærslu úr tryggingakerfinu. Grunnlífeyrir ellilífeyrisþega og öryrkja er skertur um 30% nú eftir áramótin í stað 25% áður og fjármagnstekjur munu skerða lífeyri. Ég er ekki að gagnrýna að tekið verði tillit til fjármagnstekna. En eitt er alvarlegt í þessu tilliti og ég er ekki farin að sjá neitt frá ráðherranum til að koma í veg fyrir það. Þar á ég við þá sem hafa fengið eingreiðslur vegna slysa. Það er mjög alvarlegt ef þær eiga að skerða annan lífeyrisrétt þessa fólks sem hefur misst starfsgetu og heilsu í slysum, bótaskyldum slysum. Ég hef því miður ekki séð neitt frá ráðherranum um þetta. Þetta mun reyndar ekki koma til framkvæmda fyrr en í september en það verður tekið tillit til tekna síðasta árs. Ég vona að hæstv. ráðherra taki á þessum alvarlega hlut.

Síðan er það atlagan að hreyfihömluðum, þeim sem verða að treysta á bifreið til að komast leiðar sinnar. Lægri styrkjunum til þessa fólks er fækkað um tæplega helming, úr 600 í 335 styrki. Þetta er sérstaklega alvarlegt vegna þess að þessi hópur er yfirleitt lágtekjuhópur og ferðastuðningur eða greiðslur úr tryggingakerfinu til þessa fólks vegna þess að það þarf að ferðast milli staða er bundinn við að það eigi bíl. Þeir fá ekki neinar greiðslur nema þeir eigi bifreið. Leigubílakostnaður er ekki greiddur. Það er enginn kostnaður greiddur fyrir þetta fólk úr tryggingakerfinu nema það eigi bifreið og flest af þessu fólki getur ekki eignast bifreið nema með svona stuðningi. Reynsla okkar í Tryggingastofnun undanfarin ár hefur verið að mun fleiri hafa sótt um þessa styrki en hafa verið til úthlutunar, yfirleitt helmingi fleiri, og einnig er verið að þrengja þessar úthlutunarreglur.

Hv. þm. í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili, Ingibjörg Pálmadóttir, gagnrýndi þáv. heilbrrh. vegna mikillar skírteinaútgáfu sem var réttmæt gagnrýni. En hvað er að gerast nú hjá hæstv. ráðherra þegar hún er komin í aðstöðu til að hafa annan hátt á? 8.000 lyfjaskírteini hafa verið gefin út frá því að ráðherrann breytti lyfjareglunum í haust. Það lítur út fyrir að 3.000–4.000 skírteini verði gefin út á næstunni vegna undanþágu þeirra sem eru lífeyrisþegar undir sjötugu sem uppfylla skilyrði sem sett eru um lægri greiðslu fyrir læknisþjónustu. Það lítur því út fyrir að a.m.k. 12.000 skírteini verði gefin út í Tryggingastofnun á næstunni eða er þegar búið að gera eftir óskum frá ráðherranum. Mér finnst þess vegna vera komin ástæða til þess að kíkja aðeins á þessa hluti.

Það er makalaust hvað Framsfl. lætur yfir sig ganga í þessari ríkisstjórn. Framsókn er att á foraðið eins og Alþfl. á síðasta kjörtímabili. Framsóknarmennirnir eru settir í óhæfuverkin, árásirnar á kjör aldraðra, sjúkra og fatlaðra. Þeir eru settir í aðalniðurskurðinn. Framsóknarmenn vita sjálfir að þessi sparnaður mun skila litlum árangri því að kostnaðurinn kemur annars staðar í kerfinu. Meðan þeir eru settir í þessi verk sitja sjálfstæðisráðherrarnir á friðarstóli, sérstaklega verkstjóri ríkisstjórnarinnar, Davíð Oddsson. Ekki er hægt annað en að dást að stjórnkænsku þessara manna. Síðan er verið að setja einu konuna í ráðherrastóli, hjúkrunarfræðinginn sjálfan, í það að ráðast á lítilmagnann á þennan lúalega hátt. Það er reyndar furðulegt að hæstv. ráðherra láti hafa sig í þetta.

Hér situr á þingi fyrrv. ráðherra sem spyrnti á móti, kona sem barðist fyrir skjólstæðinga ráðuneytis síns en lét ekki etja sér gegn þeim. Hæstv. ráðherra Ingibjörg Pálmadóttir ætti að taka hana sér til fyrirmyndar, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún stóð vörð um kjör fatlaðra og beitti sér fyrir réttindabót þeim til handa. Hún barðist fyrir lítilmagnann. Ég hvet hæstv. ráðherra til að snúa við blaðinu og standa vörð um hag lítilmagnans, hag þeirra sjúku, hag þeirra öldruðu og hag þeirra fötluðu sem þurfa að treysta á það velferðarkerfi sem hæstv. ráðherra er æðstráðandi í. Snúi hæstv. ráðherra ekki vörn í sókn gagnvart umbjóðendum sínum, sem þarfnast velferðarkerfisins, blasir neyðarástand við.

[15:34]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur var um margt mjög óvenjuleg en það sem ég vil gera að umtalsefni og veita andsvar við eru mjög ómaklegar persónulegar árásir hennar á hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er mjög óvenjulegt að heyra það í sölum Alþingis að það sé veist með þeim hætti sem hér var gert að þingmönnum eða hæstv. ráðherrum. Ég get ekki orða bundist eftir að hafa hlýtt á þessa ræðu og lýsi mikilli undrun minni á þeirri málefnafátækt sem sýnir sig í slíkum málflutningi en það eru e.t.v. skelfingarviðbrögð við þeim dómi sem hv. þingmenn Þjóðvaka virðast hafa fengið hjá þjóðinni í það minnsta í þeim skoðanakönnunum sem hafa birst upp á síðkastið sem koma fram í viðbrögðum hv. þm. þegar þingmaðurinn veittist að hæstv. heilbrrh. með þeim hætti sem ég hef gert að umtalsefni og vil lýsa mikilli undrun yfir.

[15:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hver er með hvers konar málflutning í ræðustóli Alþingis og ætla ekki að tala afsöðu til málefnaauðgi þess ræðumanns sem talaði áðan. Aftur á móti tel ég mig hafa rökstutt mjög rækilega mál mitt í átta liðum hvernig ríkisstjórnin veitist að lítilmagnanum. Það er verulega verið að veitast að lítilmagnanum og ég vísa því til hæstv. ráðherra því að ég treysti honum til þess að snúa þessari þróun við.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ýmislegt kom fram í ræðu hv. þm. sem vert væri að fara í gegnum og ég geymi mér það til síðari tíma. Ég vil aðeins leiðrétta hv. þm. þegar hún tala um það að þeir sem eru mest fatlaðir njóti ekki lengur styrkja vegna bílakaupa. Það er nákvæmlega það sem hv. þm. sagði. Þetta er alls ekki rétt hjá hv. þm. Eins og hann veit eru þessir styrkir ekki tekjutengdir í dag og þeir sem þurfa mest á þessum styrk að halda eru mest fatlaðir. Það er óbreytt. Þeir fá áfram 700 þús. kr. og verða 50 talsins eins og verið hefur.

Þetta finnst mér vera einfaldur útúrsnúningur hjá hv. þm. og líka þegar hv. þm. talar um aukna skírteinanotkun. Það er líka útúrsnúningur hjá hv. þm. Það eina sem hefur breyst

er að þeir sem eru 67–70 ára og eru með undir milljón á ári eiga að fá endurgreitt gjald sem þeir greiða hjá sérfræðingi og heimilislækni að stórum hluta til. Þetta veit hv. þm. Ég held að hv. þm. viti líka að endurskoðun á öllum þessum reglugerðum er hafin í Tryggingastofnun. Ég veit að hún fylgist það vel með og er í frii aðeins um stuttan tíma hjá Tryggingastofnun og veit að endurskoðun á þessum skírteinaskógi er hafin.

[15:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi hæstv. ráðherra á að sá hópur sem nú er að fá skírteini í Tryggingastofnun var með lægstu greiðslur fyrir þjónustuna áður en lögunum var breytt um áramótin, borgaði sama gjald og öryrkjar og þeir sem nú eru yfir sjötugu. Það er verið að auka álögurnar á þennan hóp.

Varðandi styrkina til hreyfihamlaðra gat ég ekki um hærri styrkina vegna þess að þeir 50 styrkir sem ætlaðir voru þeim sem bundnir voru við hjólastóla og eru mjög mikið fatlaðir voru sem betur ekki skertir. Sem betur fer voru þeir ekki skornir niður því að það væri fulllangt til gengið ef ætti að fara að skera þá niður. Aftur á móti eru margir af þeim sem sækja um lægri styrkina, sem eru 235 þús. kr., líka bundnir í hjólastólum. Nú geta aðeins 335 fengið þann styrk í staðinn fyrir 600 manns undanfarin ár og það kalla ég verulega skerðingu til þessa hóps. Ég minntist ekki á tekjutengingu varðandi þetta en það er reyndin ef menn skoða tekjur öryrkja þá eru þeir með þeim tekjulægstu í samfélaginu enda eru þeir fjórðungur þeirra sem fá styrk frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, lífeyrisþegar, þannig að þarna er ekki um neinn hátekjuhóp að ræða þó svo að ríkisstjórnin haldi að unnt sé að sækja fjármagn í vasa þeirra.

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að munnhöggvast við hv. þm., það er óþarfi. En varðandi bílastyrkina eru það ekki einungis öryrkjar sem hafa fengið þessa bílastyrki og það er útúrsnúningur hjá hv. þm. þegar hún talar svo að það sé fólk, sem er í hjólastólum, sem muni ekki fá þessa styrki. Það er bara einfaldlega ekki rétt. Það er margt fullorðið fólk, sem hefur ágætar tekjur, sem hefur fengið þessa styrki í gegnum tíðina. Við erum einmitt að tala um það fólk sem getur keypt sér farartæki án þess að fá þennan styrk, er ekki mikið fatlað en ég endurtek að við breytum ekki gagnvart þeim sem eru mest fatlaðir. Þeir fá áfram styrk. Reglugerðirnar verða allar endurskoðaðar aftur um áramót og þá verður skoðað hverjir hafa beðið um og ekki fengið. En það er rétt sem hefur komið fram hjá hv. þm. að fjöldi manna hefur beðið um þessa styrki og ekki fengið enda hafa reglurnar verið fremur rúmar hingað til og ég held að þingmaðurinn hljóti að vera sammála mér um það.

[15:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þykist þekkja vel þessar úthlutunarreglur um bílastyrki til hreyfihamlaðra. Það er rétt að þeir eru ekki allir öryrkjar sem eru hreyfihamlaðir, kannski ekki með greiðslur frá Tryggingastofnun sem betur fer vegna þess að þeir geta margir hverjir verið úti í atvinnulífinu. En flestir þeirra sem hafa fengið þessa styrki hafa verið öryrkjar eða lífeyrisþegar, a.m.k. með vottorð um það að þeir búi við það mikla hreyfihömlun að þeir þurfi að fá aðstoð til þess að komast leiðar sinnar. Þeir geti ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða komist leiðar sinnar nema hafa bifreið til umráða. Það hefur verið tekið mjög strangt á því hjá Tryggingastofnun enda þarf að sortera út þá sem geta fengið þessa styrki í hvert skipti og það fer eftir þörf því að umsóknirnar hafa verið mun fleiri en styrkir hafa verið til úthlutunar.

[15:44]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að fagna sérstaklega því sem kom fram í máli hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur áðan þar sem hún gagnrýndi ekki að fjármagnstekjur skyldu skerða lífeyri. Ekki var lítið ramakvein úti í þjóðfélaginu þegar það var ákveðið að það mætti skerði lífeyri hjá því fólki hefði talsvert fé milli handanna. Það er mjög ánægjulegt að hv. þm. skuli ekki gagnrýna þá leið sem valin var af því að það var ekki lítið sem gekk á í þjóðfélaginu þegar það var ákveðið.

Ég vil hins vegar harma að hv. þm. skuli draga það sérstaklega ósmekklega fram að hæstv. heilbrrh. er kona og það sé verið að etja einu konunni á foraðið. Til hvers er verið að draga það fram að hæstv. ráðherra er kona? Er verið að reyna að níða skóinn af hæstv. ráðherra af því að hún er kona? Það væri þá nær að það væru aðrir en við konur sem gerðum það. Það sem hæstv. ráðherra er að gera er að reyna að verja velferðarkerfið, þ.e. að nýta fjármagnið á skynsamlegri hátt. Það er ekki hægt að ganga áfram á þeirri skuldabraut sem gengin hefur verið. Þá hrynur velferðarkerfið og það held ég að við ættum að gera okkur grein fyrir.

Það var einnig mjög athyglisvert að hv. þm. skyldi mælast til þess að hæstv. heilbrrh. skyldi feta í fótspor síðustu konunnar í ríkisstjórninni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég bara spyr: Bar ekki sú kona ábyrgð á þeirri stefnu sem var framfylgt í þeirri ríkisstjórn? Var ekkert aðhald þá? Sú kona fór reyndar úr ríkisstjórninni vegna ágreinings við sinn formann. Í dag situr hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir í flokki Þjóðvaka undir forustu þessarar konu þannig að ég lýsi furðu minni á því að hún hafi látið þessi orð falla áðan.

[15:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það hrósyrði að vera kona og ég vil taka það fram að í þingflokki Þjóðvaka eru $^3/_4$ flokksins konur, þrjár konur og einn karlmaður. Mér finnst það vera hið ágætasta mál. En ég vil minna á það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir barðist fyrir réttindum lítilmagnans þegar hún var ráðherra í ríkisstjórn og sérstaklega málefnum fatlaðra.

Varðandi fjármagnstekjuskattinn þá kom það mjög skýrt fram í fjárlagaumræðunni að ég hef ekki talið það neitt óréttlæti að fjármagnstekjur skerði lífeyrisgreiðslur. Aftur á móti gagnrýndi ég að það væri fyrst byrjað að láta fjármagnstekjur gilda til skerðingar eða óbeinan skatt þegar lífeyrisþegar voru annars vegar. Sú gagnrýni mín stendur. Ég tel rétt að það sé tekið tillit til þeirra tekna eins og annarra tekna með undantekningunni sem ég nefndi áðan í ræðu minni, þ.e. þeir sem hafa lent í slysum, fengið eingreiðslur og þurfa að ávaxta það fé til framfærslu út ævina. Þær fjármagnstekjur eiga ekki að skerða lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun.

[15:48]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er spurn: Hvenær barðist hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fyrir lítilmagnann? Hún einbeitti sér

að sínum málaflokki. Það er rétt. En hvenær heyrðist hv. þm. mótmæla því sem var verið að gera þá í heilbrigðismálunum? Aldrei. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar að sjálfsögðu ábyrgð á þeirri stefnu sem var fylgt þá. Þannig að ég spyr: Um hvað er verið að ræða hér? (**Gripið fram í:** Um fólk.) (**Gripið fram í:** Um fólk í fyrirrúmi.)

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að láta þessa umræðu snúast um ákveðna persónu. Ég gæti nefnt aðra konu í ráðherrastóli sem hefur staðið mjög vel við bakið á lítilmagnanum, Rannveigu Guðmundsdóttur. (**Gripið fram í:** Hún bar enga ábyrgð í síðustu ríkisstjórn.) Þessar konur, báðar tvær sem félagsmálaráðherrar stóðu mjög sterkan vörð um málefni fatlaðra. En ég bendi á að hér eru til umræðu (**Gripið fram í:** ... að skamma Alþfl. áðan?) verk þessarar ríkisstjórnar.

[15:50]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar rætt er um heilbrigðiskerfið í landinu og stefnu stjórnvalda í þeim málaflokki er rétt að undirstrika það megin markmið okkar Íslendinga að allir eigi kost á heilbrigðisþjónustu án tillits til stéttar eða efnahags. Ég veit ekki annað en að um þetta sé bærileg pólitísk samstaða hérlendis en hins vegar eru skiptar skoðanir um hvernig þetta markmið verði uppfyllt, hvern hlut notendur heilbrigðisþjónustunnar eiga að greiða í þessum málaflokki eða hvort þeir eigi yfir höfuð að greiða nokkuð og hvert hlutfall útgjalda hins opinbera til málaflokksins eigi að vera.

Á undanförnum áratugum hefur, eins og komið hefur fram við þessa umræðu, verið byggð upp mjög góð heilbrigðisþjónusta í landinu. Við Íslendingar eigum færu starfsfólki á að skipa á þessu sviði. Miklum fjármunum hefur verið varið til þessarar uppbyggingar hvort sem heldur er byggingu mannvirkja eða tækjabúnaðar. Heilbrigðisþjónustan byggist ekki síst á þeim störfum sem heilbrigðisstéttirnar vinna og þær vinna vel. Hins vegar er launakostnaður þeirra langstærsti hlutinn af þeim útgjöldum sem til þessa málaflokks fara þrátt fyrir hátæknibúnað og fjárfestingar í byggingum sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og dvalarheimila. Heilbrigðisþjónustan er hluti af velferðarkerfi okkar ásamt tryggingarkerfinu sem gjarnan er nefnt í sama orðinu enda heyra þessir málaflokkar undir sama ráðuneyti. Heilbrigðisþjónustan er viðkvæmur málaflokkur eðli málsins samkvæmt. Notendur hennar eru sjúklingar, misjafnlega illa á sig komnir og það er auðvelt að tala um þennan málaflokk á nótum tilfinninganna eða með gífuryrðum eins og hv. síðasti ræðumaður gerði um að það væri verið að níðast á lítilmagnanum í þjóðfélaginu.

Hins vegar verðum við Íslendingar nauðugir viljugir að ræða um útgjöld til þessa málaflokks í tengslum við önnur markmið sem við setjum okkur án þess að missa sjónar á markmiðinu, sem ég nefndi í upphafi um að allir eigi kost á því að leita þjónustunnar og engum þjóðfélagsþegn sé meinað þess. Ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir stóðu frammi fyrir því verkefni s.l. vor, þegar undirbúningur að gerð fjárlaga fyrir árið 1996 hófst, að stemma stigu við þeirri aukningu sem fyrirsjáanleg var á yfirstandandi ári í opinberum útgjöldum. Ástæðan er augljós, staðreyndir sem ríkisreikningur árið 1994 sýnir segja meira um þörfina á þessu en mörg orð. Halli ríkissjóðs á fimm ára tímabili er um 73 milljarðar kr. og skuldir ríkisins nema orðið skatttekjum tveggja ára. Álíka sigling og þetta til aldamóta myndi þýða að öll markmið um þjónustu í velferðarkerfinu, í heilbrigðis-, trygginga-, félags- og menntamálum væru í hættu. Það er grundvallaratriði í öllum umræðum um þetta mál að gera sér heildarmyndina ljósa.

Til að snúa við af þessari braut eru ekki nema tvær leiðir. Reyna að halda utan um útgjöld á öllum sviðum eða hækka skattheimtuna í landinu á einstaklingum og fyrirtækjum. Skattheimtan þykir ærin og bæði einstaklingar og fyrirtæki eiga fullt í fangi með, annars vegar að halda sér á floti í heimi hörkusamkeppni eða láta enda ná saman í lífsbaráttunni. Þess vegna var reyndu menn að sníða sér þröngan stakk í fjárlagagerðinni, þó ekki þrengri en svo að enn er áætlað að ríkissjóður verði með 4 milljarða kr. halla og útgjöld ríkissjóðs aukast á milli ára. Það má segja sem svo: Hvers vegna þarf að taka heilbrigðiskerfið með þegar ákveðið er að stemma stigu við aukningu útgjalda? Og hefði ekki mátt skipa því í frekari forgang heldur en gert er? Það er rétt og skylt að velta þessari spurningu fyrir sér.

Útgjöld heilbr.- og trmrn. samkvæmt fjárlögum 1996 sem falla undir þennan málaflokk eru 52,5 milljarðar kr. Innheimta á sértekjur á ýmsum sviðum, með öðrum orðum, þáttur notenda sem hér hefur komið til umræðu, er 2,5 milljarðar kr. svo nettóútgjöld til málaflokksins er um 50 milljarðar, eins og komið hefur fram. Þar af er kostnaður við tryggingakerfi landsmanna um 29 milljarðar kr. Menntamálin eða undir menntmrn. falla útgjöld upp á 19,2 milljarða og félmrn. 8,9 milljarðar. Þessi þrjú ráðuneyti eru því með útgjöld upp á um 88 milljarða kr. af heildarútgjöldum, um 124 milljarða. Þar að auki er samgrn. sem margir bera fyrir brjósti með útgjöld upp á 8,2 milljarða kr. Ég nefni þessi fjögur ráðuneyti sérstaklega af því að við umræður um fjárlög ársins 1996 á Alþingi kom berlega í ljós í ræðum stjórnarandstöðunnar að þingmenn sem þar töluðu nefndu alla þessa málaflokka sem forgangsverkefni í ríkisútgjöldum og væri í raun óhæfa að snerta við nokkrum þeirra. Ég er sammála þeim um mikilvægi verkefna sem undir þessi fjögur ráðuneyti heyra. Og undir þau ráðuneyti sem ekki eru nefnd hér heyrir ýmis þjónusta sem telja má til grundvallarþátta samfélagsins, svo sem dómsmál og löggæsla sem þykir bera skarðan hlut frá borði. Ég nefni þetta vegna þess að tölur um útgjöld sýna ljóslega að ekki varð komist hjá því að stemma við stigu við útgjaldaaukningu í menntamálum, félagsmálum, heilbrigðis- og tryggingamálum og samgöngumálum ef markmið fjárlaga um 4 milljarða kr. halla á að nást. Þar að auki liggur fyrir það markmið stjórnarflokkanna að ná hallalausum ríkisrekstri árið 1997.

Heilbr.- og trmrh. fékk það erfiða verkefni að fella sinn málaflokk inn í þann fjárlagaramma sem ákveðinn var og ná niður fyrirsjáanlegri útgjaldaaukningu sem hefði getað numið allt að 3 milljörðum kr. Það er spurt um stefnumótun í heilbrigðismálum í þessari umræðu. Stefnan liggur fyrir og hefur komið fram í þeim áherslum sem hæstv. ráðherra hefur lagt í starfi sínu.

Í fyrsta lagi hefur verið lögð áhersla á forvarnir í heilbrigðisþjónustunni. Það er markmið til langs tíma sem skilar sér ekki í lækkun útgjalda yfirstandandi árs eða á næsta ári. Sú vinna er gull í lófa framtíðarinnar.

Í öðru lagi er ráðherrann að láta vinna tillögur um breytta yfirstjórn heilbrigðismála í því skyni að styrkja stjórnskipulag málaflokksins og stjórnir heilbrigðisstofnana og auka samvinnu heilbrigðisstofnana í kjördæmum landsins.

Í þriðja lagi hefur verið lögð áhersla á aukna samvinnu og bætta nýtingu fjármuna sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Í fjórða lagi hefur verið hægt á ferðinni í uppbyggingu heilbrigðismannvirkja í þeim tilgangi að fá tóm til að fara yfir þann rekstur sem nú er rekinn í þessum stofnunum, sjá þeim farborða og endurmeta þörfina þannig að áframhaldandi fjárfestingar í steinsteypu nýtist heilbrigðiskerfinu sem best.

Í umræðum um heilbrigðismál eftir áramótin eru það einkum stóru sjúkrahúsin í Reykjavík, Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur sem eru í sviðsljósinu vegna erfiðleika á því að fella starfsemina að þeim fjárlagaramma sem þeim er áskilinn. Starfsemi þessara heilbrigðisstofnana er mikil að vöxtum. Útgjöld vegna starfsemi Ríkisspítalanna samkvæmt fjárlögum eru 6,9 milljarðar kr. og vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur um 3,9 milljarðar. Mörg undanfarin ár hefur þessum stofnunum gengið illa að halda sig innan fjárlagaramma í rekstrinum og hefur hann verið viðfangsefni fjáraukalaga á undanförnum árum. Fyrir þessum erfiðleikum eru skiljanlegar ástæður. Þessi sjúkrahús eru endastöðvar í heilbrigðiskerfi landsins. Þau eru hátæknisjúkrahús með dýrustu aðgerðirnar og nýjungar í aðgerðum og fá til meðferðar erfiðustu sjúkdómstilfellin. Einmitt þess vegna er mikil nauðsyn á að þjónusta þeirra sé vel skilgreind og samvinna þeirra sé sem best. Erlendir sérfræðingar sem árið 1991 skoðuðu rekstur Ríkisspítalanna, skiluðu um hann skýrslu. Álit þeirra var að þjóðfélag af þessari stærð hefði ekki burði til að reka nema eitt hátæknisjúkrahús. Það varð ekki raunin að sameina sjúkrahúsin. Önnur leið var farin. Mér er fullljóst að það er ekki samkomulag um það nú að fara þá leið að sameina sjúkrahúsin. Það breytir því þó ekki að samvinna milli þeirra þarf að vera sem best og náin og það er nauðsynlegt að nýta það fjármagn sem allra best sem til þeirra fer. Einnig þarf verkaskipting í heilbrigðisþjónustunni á landsvísu að vera í miklu fastmótaðri skorðum en nú er.

Ríkisendurskoðun hefur í gegnum tíðina safnað miklum upplýsingum um rekstur sjúkrahúsanna í landinu og nú liggja fyrir samanburðarhæfar tölur um sjúkrahús utan Reykjavíkur frá rekstri stofnunarinnar sem hún er að vinna úr nánari upplýsingar. Okkur í fjárln. er kunnugt um að Ríkisendurskoðun er nú að líta á rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur að beiðni heilbrrn. og þær upplýsingar sem þar fást munu koma að gagni við að meta enn frekar fjárþörf þessarar mikilvægu stofnunar.

Ein af forsendum fjárframlaga til stóru sjúkrahúsanna var sú að samvinna og hagræðing í rekstri þeirra skilaði sparnaði. Það er fullljóst að Alþingi verður að fylgast með hvernig þeirri vinnu miðar fram og meta árangurinn af því. Fjárln. mun gera það fyrir sína parta.

Umræður um heilbrigðismál eru ekki alltaf yfirvegaðar eða á þeim nótum sem líklegar eru til árangurs. Stjórnmálamenn fá sinn skammt af ásökunum um skilningsleysi og hörku í garð þeirra sem minna mega sín. Þær ásakanir eru oftar en ekki og jafnvel í flestum tilfellum óréttmætar. Ég held að allir stjórnmálamenn vilji greiða götu þeirra sem minna mega sín í heilbrigðiskerfinu en þar er deilt um leiðir og hvernig eigi að standa undir kostnaði. Sem dæmi um á hvaða nótum þessar umræður geta orðið get ég ekki stillt mig um að vitna í ummæli formanns sérfræðinga í læknastétt sem segir í útvarpsviðtali þann 1. febrúar eftirfarandi, m.a. um vinnu fjárln. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þetta er stærsti útgjaldaliður þjóðarinnar, þetta er stærsti málaflokkurinn. Þetta er sá málaflokkur sem allir koma til þegar vantar peninga og segja: Við hljótum að geta skorið niður hér og skorið niður þar. Í fjárln. Alþingis sitja 10–11 utanbæjarmenn þannig að höfuðborgarsvæðið, stóru sjúkrahúsin og Háskóli Íslands fara að mínu mati mjög varhluta." Enn fremur segir hann, með leyfi forseta: „En guð minn almáttugur, lítum á það sem er að gerast á spítölunum. Það er verið að taka þá í spað, það er verið að skera þá niður ár eftir ár. Það er alltaf sagt: Nú er þetta í síðasta skiptið. Ef þið getið sparað þetta, þá verður ekki skorið niður meir. Svo koma þeir aftur næsta ár, þessir sömu menn, á jólaföstunni og skera niður óvægilega, gera gys að stjórnendum spítalanna sem koma inn og flytja mál sitt til að verja spítalana og sjúklingana sem þangað leita. Og það er bara hreinlega gert grín að þessum mönnum."

Þegar umræður um heilbrigðismál fara á slíkt plan, er ekki von á góðu. Staðreyndirnar eru á skjön við þær ef litið er á fjárlagatölur undanfarinna ára. Ef fjárveitingar til sjúkrahúsanna eru teknar saman voru fjárveitingar til landsbyggðarsjúkrahúsanna árið 1990 29,67% af heildarpakkanum, en árið 1996 er þessi tala 29,07%. Á sama tíma er þetta hlutfall fyrir höfuðborgarsvæðið 70,93% árið 1996 á móti 70,33% árið 1990. Heilbrigðismálin verða ekki færð til betri vegar með sleggjudómum í garð stjórnmálamanna eða skeytasendingum heilbrigðisstétta í fjölmiðlum og staðhæfingum um að ætíð sé ætlunin að níðast á þeim sem minna mega sín. Þau verða því aðeins leyst að allir leggist á eitt að skilgreina sem best þjónustuna, hver hlutur ríkisvaldsins á að vera og hvað sé eðlilegt að notendur greiði til að markmiðið um gott heilbrigðiskerfi og aðgengilegt fyrir alla sé áfram haft í heiðri.

[16:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hissa á því að heyra hv. þm. og formann fjárln., Jón Kristjánsson, kveinka sér undan þeirri gagnrýni sem hv. fjárln. varð fyrir vegna vinnu sinnar við fjárhagsvanda spítalanna. Má ég rifja upp fyrir þessum ágæta hv. þm. og enn betri ritstjóra Tímans að það var ekki hægt að ræða fjárhagsvanda spítalanna við 2. umr. vegna þess að hv. fjárln. sem hann veitir forstöðu hafði ekki lokið starfi sínu. Það var ekki hægt að ræða þennan vanda fyrr en komið var að 3. umr. fjárlaga vegna þess að það var ekki fyrr en þá sem sendingin hafði borist hv. formanni fjárln. neðan úr fjmrn. Þannig var það nú. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu var það ekki hæstv. heilbrrh. heldur hæstv. fjmrh. sem kynnti tillögurnar um úrlausn vanda spítalanna fyrir formönnum þingflokkanna.

Hv. þm. Jón Kristjánsson talar um óréttmætar ásakanir í garð þingmanna og segir að þær séu yfirleitt ekki á rökum reistar. Bíðum nú við, lítum aðeins á þetta plagg, þennan kosningabækling sem framsóknarmenn gáfu út þar sem þeir segja að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hafi rofið sátt í þjóðfélaginu, og hér vitna ég orðrétt í bæklinginn, herra forseti, „með því að stórauka álögur á sjúklinga, ellilífeyrisþega og aðra þá sem þurft hafa að leita sér læknisaðstoðar. Framsfl. telur brýnt að horfið verði af þessari braut." Þar segir enn fremur: „Fjárveitingar til sjúkrahúsanna hafa verið skornar niður og hefur jafnvel þurft að loka einstökum deildum. Framsfl. telur brýnt að horfið verði af þessari braut."

Hvað hefur gerst? Það er búið að auka álögurnar. Það er búið að loka fleiri deildum en dæmi eru um áður. Er

það nema von að þeir hv. kjósendur sem hafa enn eitthvert minni, sem stjórnmálamenn Framsfl. virðast ekki hafa, setjist nú niður og velti fyrir sér hvort það sé ekki hægt með réttu að halda því fram að a.m.k. forusta Framsfl. hafi ekki staðið við sín orð. Það er ekki hægt að kalla slíkan málflutning órökstuddar fullyrðingar, hv. þm.

[16:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. kvartar undan því að það hafi ekki verið hægt að ræða málefni Ríkisspítalanna og stóru spítalanna á höfuðborgarsvæðinu við 2. umr. fjárlaga. Ég verð að minna hann á það af því að hann virðist hafa gleymt því að aðgerðir í heilbrigðismálum voru kynntar við 2. umr fjárlaga. Hins vegar hafa málefni stóru spítalanna verið stöðugt viðfangsefni í fjárlagaumræðu síðustu 4–5 árin og lengur. Vandkvæði þeirra eru ekki nýtt vandamál, komið til vegna þess að núverandi stjórnarliðar vilji níðast á fólki í landinu. Það er mikil útgjaldaaukning í þessum málaflokki og mikil fjárþörf. Svo hefur alltaf verið og umræður hafa snúist um það hvernig best sé að mæta því, hvernig hægt sé að hagræða í þessum málaflokki og sú umræða heldur áfram. Það verður viðfangsefni yfirstandandi árs og það verður viðfangsefni næstu fjárlaga að reyna að ná landi í þessum efnum.

Það er alveg ljóst að á síðasta ári hafa fjárframlög til spítalanna á höfuðborgarsvæðinu vaxið þótt útgjaldaþörfin sé enn meiri. Það er því stöðugt viðfangsefni hvernig eigi að mæta þessum vanda.

[16:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rangt hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að útgjöld Ríkisspítalanna eða útgjöld spítalanna hafi aukist ef horft er nokkur ár aftur í tímann. Ég tel ekki að hv. þm. Jón Kristjánsson eða nokkur í ríkisstjórninni vilji sérstaklega níðast á öldruðu fólki eða sjúklingum. Það er ekki um það að ræða. Hins vegar er verið að tala um hvað stóð á bak við þau orð sem féllu í hita kosningabaráttunnar. Hvað var á bak við það þegar hv. þm. Jón Kristjánsson lagði fram stefnu með forustu Framsfl. þar sem því er bókstafega lofað að það verði snúið af þeirri braut að loka deildum? Þegar upp er staðið hefur hv. þm. rétt upp hönd og samþykkt tillögur sem gera það að verkum að lokanir hafa aldrei verið meiri en nú. Þegar hv. þm. kemur hingað og segir að halli ríkissjóðs sé svo alvarlegur að það þurfi að grípa til þessara ráða, get ég efnislega verið honum sammála. Munurinn á mér og honum er hins vegar sá að ég blekkti ekki kjósendur fyrir kosningar. Ég sagðist vera fylgjandi þjónustugjöldum og ég sagði að það væri e.t.v. nauðsynlegt á vissum sviðum að auka þau.

Hv. þm. og öll hans hjörð kom hins vegar og sagði að þeir ætluðu að afnema þjónustugjöldin. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þennan texta sem þeir sendu öllum borgurum í Reykjavík, 67 ára og eldri. Hv. þm. kemur og talar um forvarnir. Minnisleysi virðist nú útbreitt meðal framsóknarmanna. Hvernig er best að forverja þá gegn því? Kannski með því að fá menn eins og mig til að lesa kvölds og morgna það sem þessir ágætu herrar sögðu fyrir kosningar. Ég skal gera það ókeypis fyrir minn ágæta samþingmann, hv. ritstjóra Tímans, Jón Kristjánsson.

[16:11]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt að fá að vera samvistum við hv. 15. þm. Reykv. En ég þarf ekki að fá hann til þess að lesa fyrir mig. Ég er þokkalega læs og varð það nokkuð snemma. Hitt er svo annað mál að þegar ég átti hlut að því að semja kosningastefnuskrá Framsfl. minnist ég þess, þótt ég sé vændur um minnisleysi í þessum ræðustól, að fyrsta versið í þeirri kosningastefnuskrá var að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og það var undirstaðan undir öðrum markmiðum sem við ætluðum að ná. Það man ég ljóslega og get sýnt hv. 15. þm. Reykv. þegar við tökum lestraræfingu saman. Við náum ekki neinum markmiðum í velferðarkerfinu með því að safna upp halla á ríkissjóði sambærilegum þeim tölum sem ég las upp áðan í ræðu minni.

[16:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst málsvörn Framsfl. í þessu máli, reyndar Sjálfstfl. að nokkru leyti líka en einkum Framsfl. vegna þess að ég geri aðeins meiri kröfur til hans, byggjast á miklum misskilningi. Það er enginn ágreiningur um það á Alþingi að það þurfi að ná niður hallanum á ríkissjóði, það er enginn ágreiningur um það.

Við síðustu meðferð fjárlaga flutti stjórnarandstaðan m.a. sameiginlegar tillögur um að minnka enn meira hallann á ríkissjóði. Það er enginn ágreiningur um það mál. Um það snýst deilan ekki og það þýðir ekki fyrir Framsfl. að ætla sér að reyna að hlaupa í það skjól.

Veruleikinn er hins vegar sá og það er það alvarlega í málinu að Framsfl. hefur á undrastuttum tíma látið íhaldið pakka sér saman. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að þeir sem í rauninni ráða eru víðs fjarri þeirri umræðu sem hér fer fram. Það er Sjálfstfl. Veruleikinn er sá að hann hefur verið með kröfur um að draga úr samneyslu. Sjálfstfl. hefur verið með kröfur um að ríkið dragi úr umsvifum sínum. Sjálfstfl. hefur verið með kröfur um það að fyrirtækin auki gróða sinn. Samstarfsflokkar Sjálfstfl., fyrst Alþfl. og núna Framsfl., hafa á undrastuttum tíma orðið eins og vax í greipum íhaldsins. Það er hinn alvarlegi veruleiki og mér finnst að gagnrýnin þurfi þess vegna að beinast að aumingjaskap og ósannindum þessara flokka og þá sérstaklega Framsfl. En það verður auðvitað að ráðast á Sjálfstfl. því það er fyrst og fremst hann sem er höfundur að vanda heilbrigðiskerfisins á Íslandi ásamt þessum veikgeðja miðjuflokkum sem með honum hafa verið í ríkisstjórn núna um nokkurt skeið.

[16:15]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að skilningur á því að ná niður halla ríkissjóðs hefur vaxið. Það kom í ljós við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir jólin að það er í raun ekki ágreiningur um það meginmarkmið. Hins vegar hefur Alþb. ætíð leyst málin þannig að það hafa verið fluttar ýmsar útgjaldatillögur og síðan hafa verið fluttar einhverjar tillögur um tekjur sem passa og dæmið látið ganga upp. En það er ekki þannig sem málin verða leyst til frambúðar. Það vantar einfaldlega að segja skýrt og skorinort hvar bera á niður til þess að ná niður þessum halla. Alþb. hefur verið í stjórn með okkur framsóknarmönnum. Við höfum barist við þetta vandamál áður. Ég man ekki til þess að þar hafi verið neinar patentlausnir uppi þegar við vorum að berjast í þessu saman. Það er einfaldlega mikil útgjaldaþörf í ríkiskerfinu og viðkvæmir málaflokkar eru margir. Það er því miður ekki hægt að skilja viðkvæma málaflokka eins og heilbrigðis- og

tryggingamál, félagsmál og fleira út undan þegar leiða er leitað. Það er í rauninni mergurinn málsins.

[16:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst ekki um það hvort tilteknir stjórnmálamenn eru vondir eða góðir. Þegar við tökum á þessum málum sameiginlega í ríkisstjórn fyrir fáeinum árum, spöruðum við. Og þar náðist árangur eins og menn geta séð ef menn skoða opinberar tölur. Það var fyrst og fremst vegna þess, hv. þm. Jón Kristjánsson, að við tömdum okkur það, og þar á meðal núv. hæstv. heilbrrh., að hafa nána samvinnu við heilbrigðissténttirnar í landinu og stjórnendur heilbrigðisstofnana. Deilan snýst ekki um það hvort menn eru vondir eða góðir. Spurningin er hver á að borga hallann á ríkissjóði og hvernig á að draga úr honum miðað við núverandi aðstæður. Við höfum sagt að það eigi m.a. að gera með skattpeningum, skatti sem lagður er á fólk og fyrirtæki eftir efnum og ástæðum, m.a. með fjármagnstekjusköttum. Við segjum hins vegar að það eigi ekki að leggja þjónustugjöld á fólk sem tekið er inn á spítala. Það á ekki að gera það, það er alveg skýrt. Og við segjum í öðru lagi að það eigi ekki að láta fyrirtæki forgangsraða inni á spítölunum eins og gerðist núna þegar Pharmaco ákvað að halda tiltekinni geðdeild opinni lengur en ella væri. Við erum andvíg þessum aðferðum Sjálfstfl. sem Framsfl. hefur því miður kokgleypt. Mér finnst nauðsynlegt að menn haldi umræðunni á þessu grundvallarplani og geri sér grein fyrir því að Sjálfstfl. stýrir, Framsfl. er eins og vax í greipum íhaldsins.

[16:19]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir yfirlýsingu hans. Það er komið í ljós hvernig hann vill leysa þennan vanda. Hann vill leysa hann með aukinni skattheimtu. Það er á döfinni hjá þessari ríkisstjórn að leggja á fjármagnstekjuskatt. Hins vegar er ég honum ekki sammála í því að við getum efnt til aukinnar almennrar skattheimtu til að leysa þennan vanda.

Ég hef ekki tækifæri í þessu andsvari að fara nánar út í þá sálma en ég tel að skattheimta á einstaklingana í þjóðfélaginu sé ærin í dag og við getum ekki horft til svo einfaldra lausna í þessu máli. Því miður, það væri gott ef svo væri. En það er ekki svo einfalt.

[16:20]

Útbýting þingskjala:

Einbreiðar brýr, 304. mál, fsp. RA, þskj. 544.

Fjárveitingar til sýsluvega, 306. mál, fsp. SJS, þskj. 546.

Óbyggt skólahúsnæði, 305. mál, fsp. RA, þskj. 545.

Skipun nefndar um fréttaflutning um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir, 303. mál, fsp. GÁS, þskj. 543.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er eiginlega efst í huga við þessa umræðu og hefur reyndar verið um skeið það alvarlega óvissuástand sem heilbrigðismálin og starfsfólk heilbrigðisstétta í landinu búa við. Ég er ekki viss um að menn geri sér almennt grein fyrir því hvers konar starfsumhverfi það hefur verið undanfarin ár sem stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana og fólk almennt starfandi í þessum málaflokki hefur mátt þola á undanförnum árum, einkum og sér í lagi í tíð síðustu ríkisstjórnar og þeirrar er nú situr.

Hvernig hafa haustmánuðirnir verið hjá stjórnendum heilbrigðisstofnana undanfarin ár? Jú, þeir hafa verið martröð. Þeir hafa verið þannig að á borðum þingmanna hafa legið niðurskurðarfjárlög og jafnvel við 2. eða 3. umr. fjárlaga um miðjan desembermánuð hafa komið fram og verið knúðar í gegn ýmiss konar geðþóttaákvarðanir gersamlega úr öllu samhengi við faglega stefnumótun í heilbrigðismálum. Þar hefur verið á ferðinni niðurskurður af þessu eða hinu taginu, ákvörðun um að loka þessari eða hinni stofnuninni, knýja stofnanir til að hafa lokað yfir sumarmánuðina svo og svo lengi og þar fram eftir götunum. Ég held að menn gerðu rétt í að átta sig á því að þetta ástand er farið að hafa mjög skaðleg áhrif á andrúmsloft og starfsanda í íslenska heilbrigðiskerfinu. Ég hvet fólk til þess að kynna sér t.d. starfsaðstæður sjúkraliða og ófaglærðs starfsfólks á heilbrigðisstofnunum sumum hverjum þar sem álagið hefur vaxið gífurlega undanfarin ár. Ég gæti stungið upp á því við tækifæri við hv. þingmenn að labba t.d. inn á tilteknar legudeildir á Landspítalanum, á lyflækningadeild þar, þar sem sumar nætur standa fjögur, fimm eða sex rúm frammi á göngum og ein vakt er með þrjár eða fjórar stofur umfram það sem staðall segir til um. Álagið er þannig að menn ná yfirleitt ekki að setjast niður eina einustu mínútu. Þeir sem eru reykingamenn komast aldrei út af deildinni til að reykja alla vaktina, alla leið út undir bert loft eða hvert sem það nú annars er.

Andrúmsloftið er einfaldlega að verða þannig að allt sem heitir jákvæður starfsandi er að brotna niður. Ég fullyrði að þetta er eitt sem er ekki hvað síst hættulegt við ástand þessara mála nú í dag.

Það er auðvitað eðlilegt að menn ræði nokkuð um hið ömurlega hlutskipti Framsfl. og beri svolítið saman frammistöðuna nú við kosningaloforðin og fletti þessum miklu bæklingum sem gefnir voru út fullir af loforðum. Ég ætla ekki að bæta þar miklu við. Mér nægir t.d. að taka tvö dæmi þar sem Framsfl. lofar vissum hlutum, gefur það út á prenti fyrir kosningar en gerir síðan nánast hið gagnstæða eftir þær. Menn geta svo komið hér og skotið því fyrir sig að það þurfi að ná niður ríkissjóðshalla. Vissi Framsókn það ekki fyrir kosningar? (**Gripið fram í:** Það stendur í loforðunum.) Vissi Framsókn það ekki? Hvers vegna sögðu menn þá samt sem áður í sömu plöggum og þeir segjast hafa talað um að ná niður ríkissjóðshalla að það ætti t.d. eftir sem áður að láta undirstöðuþjónustu heilsugæslustöðvanna vera án kostnaðar fyrir einstaklinga? Það stendur hér, hæstv. heilbrrh., í kosningabæklingnum: Þjónusta sem heilsugæslustöðvar veita á sviði heilsuverndar verði einstaklingum ávallt að kostnaðarlausu. Afdráttarlaust kosningaloforð. Og þó segir Framsókn að hún hafi á þessum tíma vitað að það þyrfti að ná niður ríkissjóðshallanum. Þetta loforð hefur þá væntanlega verið gefið í ljósi þess.

Ég ætla að taka annað dæmi. Það er um bifreiðakaupastyrki hreyfihamlaðra. Það vill svo til, herra forseti, að ég hef afrit af bréfi sem Framsfl. sendi Sjálfsbjörgu í sumar sem svar við ýmsum kosningaloforðum þar sem þau voru nánar útskýrð. Það er ekki ómerkari maður en sjálfur félmrh. sem undirritar bréfið. Þetta er dagsett í sumar, löngu eftir að Framsókn uppgötvaði fjárlagahallann og ákvað að ná honum niður. Ekki verða þau loforð sem hér eru gefin útskýrð með því að þeir hafi ekki vitað af fjárlagahallanum. Hvað segir um þetta mál í þessu bréfi? Í þessu svari, mér liggur við að kalla það loforð sem Sjálfsbjörgu er gefið á miðju sumri undirritað af félmrh. varðandi mál sem snúa að fötluðum.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Framsfl. telur mikilvægt að fötluðum verði gert mögulegt að nýta sér þjónustu almenningsfarartækja en rekstur þeirra er víðast á ábyrgð sveitarfélaga. Hins vegar leggur Framsfl. áherslu á að sjálfstæði þeirra sem þurfa á bifreið að halda vegna fötlunar sinnar verði aukið með því að þeir verði aðstoðaðir við að eignast og reka eigin bifreiðar."

Þetta er frá því í júlí í sumar, undirritað af félmrh. Það þarf ekki einu sinni kosningaloforð til. Á miðju sumri eru gefin fögur fyrirheit af þessu tagi í bréfi undirrituðum af ráðherrum í ríkisstjórninni sem þá var löngu búið að mynda. Hvað er svo gert? Eftir afgreiðslu fjárlaga, án þess að minnast á það einu orði hér við afgreiðslu fjárlaga í desember, er skyndilega ákveðið að skerða þennan stuðning við fatlaða um helming. Þetta er alveg rosalegt, herra forseti. Það er eðlilegt að menn taki slíkt upp, það er málefnalegt að ræða slíkt. Það eru engar árásir eða útúrsnúningar eða annað af því tagi. Þetta er efnislegt, herra forseti, sem hér er að gerast. Eða halda menn að það sé ekki efnislegt fyrir þá fötluðu sem fyrir þessu verða? Það eru engir útúrsnúningar af hálfu okkar stjórnarandstæðinga að draga þetta hér upp á borðið. Eru menn alveg vissir um að ekki hefðu hugsanlega fundist einhver ráð við afgreiðslu fjárlaga í desember til að að mæta þessum útgjöldum, ef menn hefðu svo mikið sem vitað að það kæmi til greina að skerða þau í janúar með útgáfu reglugerða? En það gerði hæstv. heilbr.- og trmrh. eins og kunnugt er. Reglugerð dags. 22. janúar 1996 skerðir þennan stuðning verulega. T.d. fækkar um nærfellt helming þeim fötluðum sem fá bifreiðakaupastyrk af lægri upphæðinni. Þannig er það, herra forseti.

Hins vegar get ég tekið undir að það er auðvitað leiðinlegt að standa í því aðallega að skamma verkfærið, rekuna, en ekki manninn sem heldur á henni því að það er auðvitað alveg hárrétt að það er íhaldið sem ræður ferðinni. Það er frjálshyggja íhaldsins sem er hér að ganga fram í annarri ríkisstjórninni í röð í gegnum viljalaus verkfæri í þeirra höndum, fyrst Alþfl. og nú Framsfl. Það er auðvitað eins og það er að horfa upp á slíka hörmung. Satt best að segja ætla ég ekki að eyða meiri tíma í það. Úr því að Framsfl. og formaður hans, hæstv. utanrrh., eiga sér ekki rismeiri metnað í íslenskum stjórnmálum en að vera hásetar hjá íhaldinu, verður auðvitað að taka því. Vonandi draga kjósendur af því réttan lærdóm. Þrátt fyrir enn eitt kosningaloforðið um að beita sér fyrir myndun vinstri stjórnar, félagslega sinnaðrar stjórnar, skreið hæstv. utanrrh. upp í hjá íhaldinu og er háseti hjá þeim í verkum af þessu tagi með sitt lið. Þannig er staðan. Þetta er allur metnaður Framsfl. nú um stundir og vottar ekki fyrir neinu öðru á þeim bæ. Sumir gera því skóna að þessi ríkisstjórn með sinn trausta meiri hluta geti setið langt fram á næstu öld og ekki ber á öðru en framsóknarmenn séu ánægðir í auðsveipu hlutverki sínu sem hásetar hjá íhaldinu.

Herra forseti. Að öðru lagi geri ég að umtalsefni atriði sem ég neyðist því miður til að gera ákveðnar athugasemdir við varðandi málflutning hv. málshefjanda. Mér fannst votta fyrir í máli hans framsetningu mála varðandi útgjöld til heilbrigðismála annars vegar í Reykjavík og hins vegar á landsbyggðinni sem ég sætti mig illa við. Ekki var annað að heyra en hv. málshefjandi tæki upp hráan þann áróður sem aðeins hefur borið á af hálfu forsvarsmanna stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Aðalvandinn í sambandi við útgjöld til heilbrigðismála og fjárhagsvandi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sé vegna þess að ekki hafi gengið nógu vel að skera niður úti á landsbyggðinni. Þetta er ömurleg uppstilling mála og ekki sæmandi mönnum sem eru þó skiljanlega að reyna að verja sig og stofnanir sínar fyrir niðurskurði og ég hef fulla samúð með hlutskipti þeirra í þeim efnum. Ég bið um að menn stilli dæminu ekki þannig upp að vandi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sé fyrst og fremst af þessum toga, að það þurfi að ná auknu fjármagni til þeirra með niðurskurði í heilbrigðismálum úti á landsbyggðinni. Þetta er ekki svo. Staðreyndin er sú ef menn vilja líta hlutlægt á málið að stærsta einstaka talan sem nokkurn tíma og nokkurs staðar hefur verið bent á að unnt væri að spara í íslenskum heilbrigðismálum er fólgin í sparnaði í gegnum endurskipulagningu mála á höfuðborgarsvæðinu. Langstærsta talan sem nokkurn tíma hefur komið á prenti í skýrslu um sparnað sem hægt væri að ná fram í heilbrigðismálunum liggur í því að sameina stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Það er nú svo. Þar tala menn um sparnað hátt á annan milljarð kr. að talið er eða a.m.k. verulegan sparnað í gegnum aukna verkaskiptingu þeirra og meiri sérhæfingu.

Ég bendi í öðru lagi á þá miklu fjárfestingu sem í gangi er í einkageiranum, utan sjúkrahúsanna, alveg sérstaklega í Reykjavík. Þar er líka hægt að spara. Ég tel að eitt mesta fjárfestingarslys á síðari tímum sé kaup segulómtækis á vegum einkaaðila úti í bæ sem ætluðu sér að afskrifa fjárfestingu upp á annað hundrað millj. kr. með því að senda reikningana á Tryggingastofnun si svona, lækningatæki sem Borgarspítalinn eða önnur af stærstu sjúkrahúsum landsins hafa ekki getað ráðist í. Út af fyrir sig er þetta tæki sem viðurkennt er að er nóg að hafa eitt af í landinu. Þarna skulum við líka skoða hvað er að gerast en sjá ekki ofsjónum yfir því að auðvitað kostar uppbygging og rekstur heilbrigðismála úti um landsbyggðina líka mikla peninga. Við verðum líka alltaf að sæta því að einhverju leyti í landi okkar eins og aðstæður eru ef við ætlum ekki að láta fólk búa við óviðunandi öryggisleysi vítt og breitt í landinu eins og samgöngum og aðstæðum öllum er háttað.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt og mikilvægt að reyna að hagræða og endurskipuleggja í rekstri heilbrigðismála eins og kostur er. En ég sakna þess alveg sérstaklega, og vísa þá til þess sem ég sagði áðan um handahófskenndan niðurskurð og fár við fjárlagaafgreiðslu undanfarin ár, að umfjöllun um þá hluti sé fagleg og hún sé á grundvelli einhverrar heilbrigðsstefnu. Á þeim tveimur mínútum sem ég á eftir ætla ég að telja upp þau atriði sem ég tel mestu máli skipta varðandi það að halda utan um útgjöld til heilbrigðismála og nýta vel fjármuni.

Í fyrsta lagi held ég að langmikilvægast sé að byggja upp undirstöðu heilsugæsluþjónustunnar. Heilsugæslan á að vera þannig skipulögð, uppbyggð og rekin að sem allra mest af vandamálunum séu leyst þar og að því leyti tel ég að tilraunir til að koma á tilvísanakerfi eða einhverju öðru sambærilegu gætu skipt miklu máli. Ég hef verið og er mjög hallur undir þau sjónarmið með þeim rökum að reyna að beina vandamálunum inn á undirstöðuþrepið í heilsugæslunni og leysa eins mikið af þeim og kostur er þar. Ég tel að það standi mönnum sérstaklega fyrir þrifum í Reykjavík að uppbygging heilsugæslukerfisins er jafnbrotakennd og raun ber vitni. Ég fullyrði að t.d. á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu, þar sem rekin er stærsta heilsugæslustöð landsins, er ástandið mun betra einmitt af þeim sökum að þar er öflug og vel uppbyggð heilsugæsla sem leysir öll þau mál sem þangað koma inn.

Ég nefni í öðru lagi forvarnir. Ég fullyrði að það mætti

spara stórfé með því að stórauka fjárstreymi í forvarnir. Það er dapurlegt til þess að vita að reykingar fara vaxandi á nýjan leik, t.d. í skólunum í landinu. Ég held að menn ættu að setja stóraukinn kraft í það að berjast gegn reykingum sem eru stærsta heilbrigðisvandamálið. Í öðru lagi þarf að berjast gegn áfengisnotkun, í þriðja lagi gegn eiturlyfjum, í fjórða lagi gegn umferðarslysum o.s.frv. Með forvörnum á þessum sviðum má ná miklum árangri.

Ég nefni í þriðja lagi að að móta stefnu um lyfjanotkun og lyfjagjöf sem felur í sér hófsemd á því sviði og ég nefni í fjórða lagi að halda aftur af þenslu og fjárfestingu í einkageiranum. Væru menn að ræða um þessa hluti og tala um vandann í ríkisútgjöldum og skipulag heilbrigðismála út frá slíkum forsendum væri einhverju öðru fyrir að fara en það er því miður ekki svo. Það er ekki mikil reisn yfir því, herra forseti.

[16:37]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Umræður um heilbrigðismál hafa verið mjög fyrirferðarmiklar að undanförnu. Vissulega eru mörg tilefni til þess að ræða stöðu einstakra sjúkrastofnana, ekki síst í tengslum við afgreiðslu fjárlaga sem eru ekki á dagskrá að þessu sinni. Deilur um skiptingu fjármuna og vöntun vegna ýtrustu óska og krafna tiltekinna stofnana setja mikinn svip á alla umræðu um heilbrigðismálin og talað er um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og mikinn vanda. Allt of oft er málum snúið á þann veg að krafa er gerð til þess að auka útgjöld án þess að afstaða sé tekin til þess hvaða fjármuni skuli taka til þess að verða við óskum um aukin útgjöld. Það er nauðsynlegt fyrir þingmenn að gera sér grein fyrir staðreyndum um útgjöld til heilbrigðismála og þróun þeirra.

Samkvæmt tölum frá Þjóðhagsstofnun hafa útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála haldist nokkuð stöðug síðustu árin sem hlutfall af landsframleiðslu sem er sá mælikvarði sem er einkum notaður til samanburðar. Hlutfallið hefur verið tæp 7% en til samanburðar var hann árið 1980 5,5% og árið 1970 3,2%. Af þessu má sjá að geysilega miklar breytingar hafa orðið í útgjöldum okkar til heilbrigðismála.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála hafa ekki verið skorin niður svo sem haldið er fram sem sést á þeim tölum sem ég nefni hér en árið 1990 voru útgjöld til heilbrigðismála 30,6 milljarðar og árið 1995 31,3 milljarðar. Af þessum tölum sést að ekki hefur verið um að ræða niðurskurð heldur liggur vandi okkar í meiri og kostnaðarsamari þjónustu og meiri eftirspurn. Við því þarf þjóðfélagið að bregðast með þeim hætti sem fært er og eðlilegt getur talist. Það gerum við því með því að breyta forgangsröðun okkar og taka afstöðu til þess hvort auka eigi hlutdeild sjúklinga í kostnaði sem lítillega hefur verið rætt um í dag.

Mér finnst að við þurfum að efla umræðu um grundvallarsjónarmið heilbrigðisþjónustunnar, svo sem hvort eðlilegt sé að öll þjónusta innan sjúkrahúsa sé veitt án endurgjalds, hvort auka eigi forvarnir á kostnað hátæknilækninga eða hvort auka beri frumheilsugæslu með því að fjölga heilsugæslulæknum á tilteknum svæðum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, lækka komugjöld á heilsugæslustöðvar en hækka þess í stað hlutdeild sjúklinga sem njóta þjónustu sérfræðinga. Allt eru þetta að sjálfsögðu umdeild atriði en atriði sem við þurfum að taka afstöðu til og ræða opinskátt til þess að reyna að finna leiðir og lausnir.

Þá væri ekki síður hægt að ræða hvort nýta eigi með öðrum hætti takmarkaða fjármuni, hvort auka eigi greiðslur sjúkratrygginga en draga þess í stað úr greiðslum lífeyristrygginga. Árið 1994 voru greiddir 10,2 milljarðar nettó úr sjúkratryggingum þar með vistgjöldum stofnana og lyfjakostnaður. Sama ár voru greiddar 16,2 milljarðar í lífeyrisbætur og höfðu hækkað um 30% frá árinu 1990. Ef samkomulag næðist um að lækka einhverja þætti lífeyristrygginga, sem er auðvitað umdeilt, mætti bæta verulega úr stöðu sjúkrahúsanna með því að lækka greiðslur lífeyristrygginga. Slík tímabundin aðgerð gæti leitt til þess að eyða mætti biðlistum sjúkrahúsanna án þess að kjör bótaþega röskuðust að marki með aukinni tekjutengingu. Ég ítreka að ég er ekki að gera slíka tillögu heldur vekja athygli á því sem ég tel að þurfi að ræða betur á Alþingi, bæði af stjórnarliði sem stjórnarandstæðingum í stað þess að leggjast í skotgrafir til sóknar og varnar þeim sem harðast gagnrýna núverandi skiptingu fjármuna ríkisins. En slíkar tillögur hljóta fyrst og fremst að koma úr heilbr.- og trn. þar sem hin pólitíska stefnumótun á að fara fram undir forustu ráðherra heilbrigðismála.

Okkur hættir ærið oft til þess að fara yfir bæjarlækinn til þess að sækja vatnið og leggja mikla vinnu í að breyta skipulagi kerfisins. Þingmenn hafa heyrt ýmsar tillögur sem að mínu mati bera merki patentlausna og ég tel að séu ekki líklegar til þess að ganga upp eða valda straumhvörfum í heilbrigðismálum. Hv. formaður heilbrn. nefndi m.a. í dag í umræðunni hvaða hugmyndir hann hefur í þeim efnum. Þar er nefnt að fjármagn skuli fylgja sjúklingum og færa skuli valdið til heilbrigðisstjórna í héruðum. Með því megi bæta allan vanda heilbrigðiskerfisins. Slíkar lausnir við aðstæður okkar leysa ekki þann mikla vanda sem felst í því að fjármuni vantar en ekki endilega nýtt og breytt skipulag. Okkur skortir tillögur um forgangsröðun en ekki misskilið vald manna í héraði sem hafa ekki úr öðru að moða en því sem við höfum nú þegar nema við skiptum fjármununum með öðrum hætti en nú er gert og um það þarf vissulega að ná víðtæku samkomulagi.

Virðulegi forseti. Eins og við er að búast fara fram umræður og samanburður milli stofnana. Forsvarsmenn þeirra deilda stóru sjúkrahúsanna, sem mest þrengir að, hafa stundum lagst í þá vörnina að vekja tortryggni og úlfúð í garð sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Heyrst hefur einnig líkt og frá Kvikmyndasjóði að landsbyggðaþingmenn ráði ferð í fjárln. og þeir tryggi ekki hagsmuni stóru sjúkrahúsanna. Það er mjög ósanngjörn gagnrýni og á sér ekki stoð í veruleikanum. Til þess að skýra samanburðinn vil ég nefna nokkrar tölur og hrekja þessar fullyrðingar sem sýna stöðu mála.

Fjárlög þessa árs gera ráð fyrir fjárveitingu til sjúkrahúsa að upphæð kr. 15,8 milljarðar kr. Af þeirri fjárhæð renna til Ríkisspítalanna, Sjúkrahúss Reykjavíkur, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Sjúkrahússins á Akranesi og sjúkrahúsanna í Hafnarfirði samtals 11,2 milljarðar kr. eða 85% fjárveitinganna til sjúkrahúsanna. Þessi sjúkrahús nefni ég hér saman vegna þess að þetta eru þau sjúkrahús sem tengjast helst hátæknilækningum og sinna landinu öllu meira og minna. Til allra litlu spítalanna á landsbyggðinni, sem sinna aðallega nauðsynlegri bráðaþjónustu og langlegusjúklingum svæðanna, renna 2,2 milljarðar eða 15% kostnaðar.

Á tímabilinu 1990–1996 hafa framlög til stóru sjúkrahúsanna hækkað um 31% en þeirra litlu sem ég nefndi fyrr um 27% og framlög til hjúkrunarheimila hafa hækkað um 400% á sama tímabili en hjúkrunarheimilin hafa ekki síst létt á álagi stóru sjúkrahúsanna sem áður þurftu einnig að veita þá þjónustu eins og er reyndar einnig gert í dag. Þessar

staðreyndir er nauðsynlegt að hafa í huga þegar málefni sjúkrahúsanna eru metin og velt fyrir sér hvaða leiðir eru til staðar.

Vandi stóru sjúkrahúsanna hefur verið tíundaður í þessari umræðu. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim vanda, því fer fjarri. Mér er mjög vel ljóst að hann er verulegur. Nú þegar lokið verður við að stokka upp spilin í Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölunum vegna sameiningarinnar verður að meta aðstæður að nýju í ljósi fjárlaga og þeirra tillagna sem hinir vísustu menn sjúkrahúsanna leggja fyrir ráðherra. Við verðum að minnast þess að verið er að fjalla um andlega og líkamlega heilsu þúsunda sem njóta þekkingar og færni starfsmanna sjúkrastofnana vítt og breitt um landið.

Herra forseti. Við afgreiðsu fjárlaga er tekist á um þær tillögur sem frv. til fjárlaga felur í sér. Ríkisstjórn setur og skiptir römmum fjárlaganna milli ráðuneyta og það er síðan viðkomandi ráðherra sem stillir upp innan síns ráðuneytis. Loks er það fjárln. sem leggur mat á tillögur og leitar samkomulags innan þingsins um breytingar á framlögum til einstakra þátta. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga. Vissulega er það svo að margar breytingar eru gerðar á frv. til fjárlaga af Alþingi eftir ræki lega skoðun í fjárln. og eftir tillögum úr ráðuneytum og eftir viðtöl við þá forsvarsmenn stofnana sem ganga fyrir fjárln. Engu að síður er það sem fjárlög fela í sér á ábyrgð okkar stjórnarliðanna og við verðum að standa við bakið á hæstv. heilbrrh. í því erfiða verkefni að halda fjárlögin og vinna að úrbótum og skynsamlegri endurskipulagningu á heilbrigðiskerfinu og bregðast við þeim með þeim hætti sem efni standa til.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, stjórnarflokkanna, segir m.a. um meginmarkmið ríkisstjórnarinnar: „Að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á ráðdeild og að treysta stoðir velferðarinnar. Í þeim tilgangi er brýnt að stöðva sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs. Unnið verður að kerfisbreytingum í þeim tilgangi að nýta sem best fjármuni til heilbrigðis- og menntamála, einstakra atvinnugreina og opinberra framkvæmda." Þessi markmið nást ekki á fyrsta ári stjórnarsamstarfsins. Stjórnarandstaðan hér á Alþingi ekki síður en stjórnendur sjúkrastofnana verða að gefa okkur tóm til þess að ná vopnum okkar eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði svo hnyttilega í dag í þeirri viðleitni að bæta heilbrigðiskerfið. Það er okkar markmið. Ég er þess fullviss að í það minnsta hv. þingmenn Alþfl. hafa skilning á því verkefni svo mjög sem heilbrigðismálin mæddu á þeim á síðasta kjörtímabili.

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi umræða í dag hafi verið mjög gagnleg og geti nýst okkur í þinginu og stjórninni vel til þess að vinna það mikilvæga verkefni sem er að takast á við og endurskipuleggja og bæta heilbrigðisþjónustuna í landinu.

[16:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir málefnalega ræðu. Ég vil í upphafi taka það skýrt fram vegna þess að hann nefndi þær hugmyndir sem ég reifaði m.a. í minni ræðu í dag til lausnar á ákveðnum fjárhagsvanda innan kerfisins, að þegar ég var að tala um að það væri nauðsynlegt að fjármagn fylgdi sjúklingi, þá var ég að miða við það að hugmyndir um svæðisbundnar heilbrigðisstjórnir yrðu að veruleika. Svo er ekki orðið enn þá. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg tómt mál að halda að það dæmi gangi upp nema við tökum upp kerfi þar sem fjármagn fylgir sjúklingi.

Mér þótti hins vegar hv. þm. vera nokkuð myrkur í máli þegar hann var að tala um að nú væri búið að ljúka sameiningu tveggja spítala í Reykjavík og Sjúkrahús Reykjavíkur sett á stofn og nú þyrftum við að meta stöðuna upp á nýtt. Hann gat þess sérstaklega að hafa þá til hliðsjónar andlega og líkamlega velferð starfsmanna og sjúklinga. Hvað á hv. þm. við? Á hann e.t.v. á það að nú þegar það blasir við að nokkur hundruð milljónir vantar til þess að hægt sé að halda uppi eðlilegum rekstri, þá kunni að koma til greina af hálfu stjórnarliðsins að bæta við fjármagni til rekstursins? Ég fagna því að svo er. En mér fannst hann ekki tala mjög skýrt.

Ég saknaði þess líka að hann reifaði ekki betur sínar eigin hugmyndir um það hvernig beri að fjármagna heilbrigðiskerfið, vegna þess að hann hefur sett þær fram með skýrum hætti í greinum. Hann hefur t.d. sagt það fullum fetum, einn stjórnarþingmanna, að það eigi að einkavæða heilsugæslustöðvarnar. Hann gerði það síðast í Morgunblaðinu í gær. Hann talaði líka um að við þyrftum að velta því fyrir okkur að færa aukinn kostnað á sjúklingana. Nú er það svo að ég tel að allar þessar hugmyndir séu þess virði að ræða þær, m.a. vegna þess að einkavæðingin er smátt og smátt að verða að veruleika innan heilbrigðiskerfisins. Þess vegna finnst mér tímabært að ræða um það. Mig langar til þess að spyrja hann: Er hann þeirrar skoðunar og vill hann segja það hér að það eigi að einkavæða heilsugæslustöðvarnar? Og ef það á að flytja aukinn kostnað yfir á sjúklinga, þá sakna ég þess að hann nefndi ekkert um öryggisnet. Sumir geta borgað meira en aðrir. Sumir eru aldraðir. Sumir búa við fötlun. En þetta virtist ekki vefjast fyrir hv. þm. Mér finnst að þegar hann ræðir þetta í þessum dúr, þá þurfi hann að geta um afstöðu sína til þessara þátta.

[16:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef grun um að við hv. þm. Össur Skarphéðinsson séum mjög sammála hvað varðar grundvallaratriði í uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar. En hann spurði mig hvað ég ætti við þegar ég sagði að nú þyrfti að stokka upp spilin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Við afgreiðslu fjárlaganna var settur upp ákveðinn pottur sem var gert ráð fyrir að yrði nýttur þegar búið væri koma á auknu samstarfi milli sjúkrahúsanna hér á svæðinu. Ég tel að þegar búið er að ganga frá endurskipulagningu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sé tóm og færi til að hefja þetta samstarf og ganga í það að skipta upp þessum 200 millj. kr. potti sem m.a. var til ráðstöfunar.

Ég lít svo á að við þurfum að vera stöðugt á verði og skoða stöðu þessara stóru sjúkrahúsa og bregðast við þannig að ef það er augljóst að það verði að gera breytingar, þá komi til greina að færa til fjármuni. En það verður ekki gert fyrr en við afgreiðslu fjáraukalaga eða endanlega við afgreiðslu fjárlaga. Það liggur fyrir hvaða tekjur við höfum og ef það á að færa á milli ríkisstofnana, verður það að gerast innan þess tekjuramma sem ríkissjóður hefur núna.

Varðandi einkavæðingu heilsugæslustöðvanna. Ég hef sett fram þessar hugmyndir. Ég tel að nú sé búið að einkavæða heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu með því að sjúklingar hafa aðgang að sérfræðingum á höfuðborgarsvæðinu. Í rauninni er það þannig að þeir sem ættu e.t.v. að fara til heilsugæslulæknanna, fara beint til sérfræðinga. Ég tel því

að það sé miklu eðlilegra að ganga hreint til verks og gera þá endurskipulagningu að bjóða upp á það að sérfræðingar í heilsugæslulækningum sameinist í því að reka slíkar stofnanir með sérfræðingum sem geti veitt meiri þjónustu. Það yrði gerður samningur milli heilbrigðisyfirvalda og slíkra aðila um að veita þjónustu sem heilsugæslustöðvunum er ætlað að veita.

[16:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talar ekki venjulegur þingmaður heldur varaformaður fjárln., oddviti Sjálfstfl. í fjárln. Það er afskaplega mikilvægt að undirstrika það að hv. þm. Sturla Böðvarsson skýtur ekki loku fyrir þann möguleika að þegar árinu vindur fram verði fjármagn til Sjúkrahúss Reykjavíkur aukið. Það kemur skýrt fram í máli hans að hann er tilbúinn og þá væntanlega fyrir hönd síns flokks að íhuga þann möguleika að ef skortir á fé til þess að það sé hægt að halda uppi eðlilegri þjónustu, þá verði fjármagn veitt til sjúkrahússins. Ég tek að vísu fram að hann nefndi sérstaklega að það yrði innan ramma núverandi fjárlaga, en þetta er eigi að síður mikilvæg yfirlýsing.

Í annan stað vil ég segja, að ég er hv. þm. sammála um að einkavæðingin er þegar komin á verulegan skrið innan heilbrigðiskerfisins, en e.t.v. enn lengra á öðrum sviðum en við erum að ræða hérna.

Að síðustu vil ég þakka hv. þm. fyrir athyglisverða hugmynd sem hann kom með í sinni fyrstu ræðu, þ.e. að beita markaðslögmálum til að stýra sjúklingum frekar til heilsugæslustöðva en sérfræðinga með því að nota til þess verðlagningu. Mér þótti það athyglisvert.

[16:55]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika það við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að auðvitað þarf að skoða meira en Sjúkrahús Reykjavíkur. Ríkisspítalarnir eru náttúrlega stofnun sem við þurfum að hafa ríkulega í huga og ég vísa ekki til annars en þess að það voru settir upp tilteknir pottar til þess að deila út þegar endurskipulagningin hefði átt sér stað, þ.e. sameiningin og svo aftur fundin leið til að auka samstarf sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Ég tel að það sé ekkert hægt að segja fyrir um með hvaða hætti þessu verði deilt út fyrr en það liggur fyrir hvernig sjúkrahúsin ætla að auka hagkvæmnina með aukinni samvinnu og samstarfi.

Hann spurði um öryggisnet í sinni fyrri ræðu. Við sjálfstæðismenn leggjum mikla áherslu á að tryggja öryggisnetið fyrir þá efnaminni og þá sem þurfa helst á að halda vegna sjúkdóms og lítilla efna.

[16:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Það er alltaf gaman að tala við þá sem valdið hafa í málaflokkum eins og þessum því að það er Sjálfstfl. sem ræður þessari ferð meira og minna. Það er skynsamlegra að tala við þann sem beitir rekunni en rekuna sjálfa.

Ég vil einnig þakka honum fyrir einkar málefnalegar umræður og ábendingar úr þessum ræðustól. Ég vil segja það í fyrsta lagi að ég dreg það í efa að þær aðferðir sem notaðar hafa verið í þessari og síðustu ríkisstjórn í sambandi við fjárveitingar til einstakra málaflokka séu skynsamlegar. Ég held að það að festa niður ramma með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum sé ekki heppilegt. Ég held að það verði til þess að ráðherrar annarra ráðuneyta líti ekki á verkefni t.d. heilbrrn. í þessu tilviki sem sitt verkefni þó að það sé þannig að hér eigi að vera um að ræða sameiginlegt pólitískt verkefni allra þingmanna og ráðherra sem standa að viðkomandi ríkisstjórn. Ég dreg það því í efa að rammafjárlagaaðferðin sé skynsamleg.

Og þessar patentlausnir sem hafa verið nefndar, t.d. að peningar fylgi sjúklingum, héraðsskipulag eða eitthvað þess háttar. Ég hef ekki gripið það. Ég sé ekki að peningar fæðist með þeim hætti. Þetta snýst allt um það að reyna að ná aðeins meiri peningum inn í þetta mál. Ég vil svo segja það líka út af orðum hv. þm. að ég er andvígur einkavæðingunni vegna þess að ég er sannfærður um að hún yrði dýrari fyrir þjóðfélagið og bendi þar á reynslu Bandaríkjamanna. Ég held að leiðin til að spara í heilbrigðiskerfinu og ná um leið góðum árangri sé sú að vera með langtímafjárlög. Ég held að við eigum að halda þannig á þessum málum og þessari umræðu að við segjum sem svo hvert við annað: Rífum okkur út úr þeim vanda sem eins árs fjárlög þýða. Tökum upp langtímafjárlög t.d. að því er varðar einstakan málaflokk eins og heilbrigðismálin þó að það væri ekki nema í tilraunaskyni í tvö, þrjú, fjögur ár eða eitthvað því um líkt.

[16:59]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir undirtektir við mína ræðu. Það lá við að það brygði fyrir því í máli hans að hann væri mér býsna mikið sammála. Einhvern tíma hef ég skrifað og talað um það að okkur væri mjög mikilvægt að setja á langtímafjárlög. Við gerum það öðrum þræði þegar við erum að gera fjögurra ára áætlanir um framkvæmdir. Ég er sammála hv. þm. um það að við ættum að gera það einnig hvað varðar rekstur og hæstv. núv. fjmrh. hefur lagt ríka áherslu á það að við afgreiðslu fjárlaga sé reynt að líta til lengri tíma. Við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem eru í gildi fyrir þetta ár var einmitt litið mjög til þess og lagðar á borðið upplýsingar um það hvað er fram undan. Hverjar eru skuldbindingar okkar og hvað við þurfum að greiða vegna þess sem við höfum tekið ákvörðun um.

Varðandi það að festa ramma þá er það mjög umdeilt. Ég tel að rammafjárlagagerðin sé mjög krefjandi. Hún gerir miklar kröfur til einstakra ráðherra. En ef gott samstarf er innan ríkisstjórnar um rammagerðina í upphafi, þá tel ég að hún sé heppilegri aðferð og leiði fremur til þess að fjárlög séu haldin og að ráðherrar beri e.t.v. meiri virðingu fyrir fjárlagagerðinni en ella. Þess vegna er ég hlynntur því að rammafjárlagagerð sé viðhöfð og tel að það væri ekki rétt að falla frá þeirri hugmyndafræði.

[17:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel út af fyrir sig að í þessum málum séu ekki til neinar endanlegar réttar kennisetningar. Ég held þó að aðferðin sem beitt hefur verið hafi ýtt undir það að aðrir ráðherrar líti á t.d. þennan málaflokk eins og hann komi þeim ekki við. Og ég get ímyndað mér að það yrði fátt um svör hjá hæstv. samgrh., með fullri virðingu fyrir honum, ef við reyndum að taka hann upp í einstökum þáttum heilbrigðiskerfisins. Ég held að málið sé nefnilega ekki þannig að fagráðherrar annarra ráðuneyta líti þannig á að þeir beri skyldur í þessum efnum eins og þeir þurfa að gera.

Að lokum þetta, hæstv. forseti, sem er andsvar við ræðu hv. þm. Mér fannst örla á því að hann væri að ýta undir

óheppilegan meting á milli dreifbýlis og þéttbýlis í ræðu sinni vegna þess að það er ekki hægt að bera sjúkrahúsin í dreifbýlinu saman við þéttbýlissjúkrahúsin með þeim hætti sem hann gerði, einfaldlega vegna þess að þjónustan er mismunandi. Ég skora á hann sem forustumann í ríkisfjármálum að setja dæmið ekki upp eins og hann gerði hér áðan vegna þess að það er óheppilegt fyrir heilbrigðiskerfið að standa frammi fyrir slíkum orðum.

[17:02]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um óheppilegan meting. Ræða mín, sem hann var e.t.v. að vitna til, snerist um það að ég var að verja okkur þingmenn fyrir óheppilegum aðfinnslum og ósanngjörnum yfirlýsingum forsvarsmanna heilbrigðisstétta. Það var nú ekki meiri sókn sem fólst í því heldur var þetta fyrst og fremst vörn. Ég færði fyrir því rök hver afstaða mín væri til þess.

Hvað varðar rammafjárlög, þá vil ég segja það að þó að heilbrigðismálin, tryggingamálin og velferðarmálin séu mikilvæg þá megum við ekki gleyma því að við erum að byggja hér upp þjóðfélag og ef við leggjum einungis áherslu á einn þátt þeirrar uppbyggingar þá vegnar okkur ekki vel í þessu landi. Við verðum að fjárfesta í atvinnulífinu, fjárfesta í samgöngum, hinu innra skipulagi þjóðfélagsins og það bætir möguleikana á að sinna góðri heilbrigðisþjónustu, m.a. með uppbyggingu vegakerfis og góðu samgöngukerfi þannig að allt styður þetta hvað annað og það verðum við þingmenn að muna.

[17:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér heilbrigðismálin undir heitinu ástandið í heilbrigðismálum og ég hygg það vera réttnefni, ekki vegna þess að ástandið á heilbrigðisstofnunum í þessu landi sé með þeim hætti að við þurfum að hafa enn þá mjög alvarlegar áhyggjur af, heldur er hér um að ræða ástandið á ríkisstjórnarheimilinu þegar kemur að stefnumörkun og verklagi í heilbrigðismálum. Þar er ástand sem ástæða er til að hafa mjög verulegar áhyggjur af. Í þessari um margt ítarlegu og fróðlegu umræðu hefur einmitt komið mjög glögglega í ljós hvernig forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar þegar kemur að málaflokknum heilbrigðismál, þ.e. er annars vegar hæstv. fjmrh. og hins vegar hæstv. heilbrrh., bæði tvö hrekjast úr einu horninu í annað. Ég ætla með nokkrum dæmum að rekja þann málflutning sem m.a. hefur birst í þessari umræðu og ekki síður á síðustu mánuðum eða allt frá þeim tíma að núverandi ríkisstjórn kom til valda.

Nú er það lykilorð og lausnaryrði allra vandamála í okkar heilbrigðiskerfi að forgangsraða og hæstv. heilbrrh. hefur farið mikinn og látið í veðri vaka að nefnd sem nú er að hefja störf muni í bráð og lengd leysa þann fjárhagsvanda sem að steðjar í heilbrigðismálunum með því einu að forgangsraða. Allt hljómar þetta býsna vel. En hvað eru menn í raun og sanni að ræða um þegar forgangsröðun er annars vegar? Við skulum tala hér íslenskt mál og segja hlutina eins og þeir eru. Erum við, hæstv. heilbrrh., að ræða um það, eins og vissulega þekkist, að hætta því að skera upp fólk sem er 70 ára og eldra við *hjartasjúkdómum*? Erum við að ræða um það þegar við tölum um forgangsröðun að hætta að gera við mjaðmir hjá fólki sem er 70 ára og eldra? Erum við að ræða um forgangsröðun af þessum toga? Við þurfum að glöggva okkur á því og vita fyrir fram á hvaða grundvelli hugtök af þessum toga byggja. Hvað þýðir þessi forgangsröðun? Eða erum við að ræða um forgangsröðun á borð við þá sem hæstv. fjmrh. lýsti hér mjög skelegglega að við ættum að byggja upp ákveðinn lúxushóp sjúklinga, fólk sem vildi kannski og auðvitað þá um leið gæti borgað fyrir sína sjúkrahúsvist, gæti beðið um einkaherbergi, hugsanlega með músík, með einkahjúkrunarkonu? Er það slík forgangsröðun sem við erum að ræða um?

Ég spyr hæstv. heilbrrh. beinnar spurningar og óska eftir að fá skýrt svar: Er það stefna Framsfl. eins og Sjálfstfl., að minnsta kosti fjmrh., að það komi til greina, ég geng nú ekki lengra, að það komi til greina að efnafólk í landinu geti mjakað sér fram fyrir í biðröðum, geti mjakað sér fram fyrir hvað varðar aðbúnað á sjúkrahúsum, á stofnunum gamla fólksins með þeim hætti sem fjmrh. lýsti? Kemur það til álita — mér dettur ekki í hug að spyrja beinna — vill hæstv. heilbrrh. og Framsfl. ýta undir mismunun af þessum toga? Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því auðvitað þekkja menn nákvæmlega hvað þetta þýðir.

Hæstv. fjmrh. sagði sem svo, að auðvitað kæmi ekki til álita um leið að lækka framlög samfélagsins til heilbrigðisþjónustu, til allra hinna sem ekki hefðu þessa aukagetu í peningamálunum. En hver er þróunin? Hver hefur þróunin orðið hjá þeim öðrum þjóðum þar sem þannig skref hafa verið stigin? Hún er nefnilega nákvæmlega á þann veg að búið er til tvöfalt heilbrigðiskerfi, annars vegar fyrir þá sem geta borgað og hins vegar fyrir þá sem geta það ekki. Ég segi það fullum fetum, virðulegi forseti, að þannig heilbrigðiskerfi vil ég ekki sjá og ég veit að þannig heilbrigðiskerfi vilja Íslendingar ekki sjá. Er hæstv. heilbrrh. í för með hæstv. fjmrh. þegar þessi mál ber á góma? Þessar hugmyndir eru *ekki nýjar af nálinni, virðulegi forseti*, þegar hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson er annars vegar. Ég þekki það af eigin raun sem samstarfsmaður hans í síðustu ríkisstjórn. Hann kynnti og veifaði mjög þessum hugmyndum og þótti þær að mörgu leyti sjálfsagðar. Að því leytinu til er hann sjálfum sér samkvæmur. Það var hins vegar algerlega þvert nei af minni hálfu og míns flokks þegar kom að slíkum hugmyndum. Þær ganga hreinlega í berhögg við þá sýn sem við sjáum til þessa samfélags. En getur það verið eitt andartak að Framsfl. hafi horfið svo langt frá uppruna sínum? Ég trúi því ekki en bíð svara.

Virðulegi forseti. Menn verða að vita í raun og sanni hvað hugtökin þýða þegar menn hafa þau með höndum og á vörum. Hæstv. heilbrrh. ræddi það við framlagningu fjárlagafrv., og þar stóð skrifað skýrum stöfum, að leggja ætti á innritunargjöld á spítala, það var nú raunar kallað jöfnunargjald. Ég heyrði það í umræðum áðan að þessi jöfnunargjöld eru einhvers staðar svífandi enn yfir vötnum. Nú er eins og hæstv. fjmrh., yfirheilbrrh., orðaði það verið að jafna aðstöðumun þeirra sem fara í aðgerðir inni á spítölum og hinna sem eru utan spítala. Þannig að þessi jöfnunargjöld eru enn með í farteski. Ég spyr því enn og aftur: Er ekki búið að grafa kirfilega þessar vondu hugmyndir um innritunargjöld á spítala eða megum við eiga von á því að þær birtist hér enn og aftur í hugmyndum hæstv. heilbrrh. og þar með Framsfl.? Ég vona svo sannarlega að það verði ekki. En daginn eftir *að þeim hugmyndum var sópað undir gólfteppið snarsnerist* Framsfl. og fór allt í einu að ræða um nefskatt og það var endurtekið í þessari umræðu af hæstv. ráðherra. Hóflegur nefskattur heitir það nú. Ég minni á að sá sem hér stendur reifaði hugmyndir fyrir rúmum tveimur árum um hóflegt

gjald, viðbótarfjármagn inn í heilbrigðiskerfið, þá undir heitinu heilsukort. Ég man það líka mjög vel, virðulegi forseti, að sá hæstv. heilbrrh., sem hér er með okkur, rauk upp með andfælum og fann því allt til foráttu. Ég óska mjög eindregið eftir því, virðulegi forseti, að þessi hóflegi nefskattur, eins og það hefur verið orðað, verði hér útfærður og útskýrður. Hvað á hæstv. ráðherra við? Hvað er hann að fara? Veit Sjálfstfl. af þessu? Er hæstv. fjmrh. með í för?

Ég get líka rifjað það upp að fjmrh. vill enga nýja peninga inn í heilbrigðiskerfið með aukinni skattlagningu þannig að ástandið er þannig, virðulegi forseti, að í dag ræðir Framsfl. um innritunargjald, um sjúklingaskatt en kúvendir síðan og ræðir um nefskatt. Hvað verður ofan á á morgun? Hvaða ástand upplifum við þá í heilbrigðispólitíkinni hjá hæstv. ríkisstjórn?

Og enn frekar um hugtök. Menn ræða hér um uppstokkun og kerfisbreytingu í sjúkrahúsaþjónustu og þjónustu heilsugæslustöðva og fara hér mikinn með alls kyns frösum um það að fjármagn fylgi sjúklingi, sem enginn hefur getað útskýrt hvernig eigi að útfæra, ekki nokkur maður. Síðan ræðir hæstv. ráðherra það og vísar til nefndarstarfs, sem að sönnu er í gangi, um það að nú eigi að gjörbreyta skipulags- og stjórnkerfismálum heilsugæslustöðva og minni sjúkrahúsa. Þær tillögur sem þar liggja fyrir og verið er að vinna með þýða einfaldlega eitt, og ég bið, virðulegi forseti, að þingmenn og þjóðin glöggvi sig á því. Við erum að búa til þriðja stjórnsýslustigið, setja á einhver ný miðstýrð apparöt á átta stöðum í landinu sem síðan dreifi fjármagninu á hina einstöku staði. Ég er þessu algerlega mótfallinn. Ég tel þvert á móti að við eigum að stíga enn frekari skref í þá áttina, sem síðasta ríkisstjórn mótaði, undir forustu Alþfl. að við færum þetta fjármagn beint heim í hérað og við snúum á þá braut með heilsgæslustöðvarnar að þær fari undir stjórn stærri og öflugri eininga sem sveitarfélögin eru. Við mótuðum þá stefnu og hún birtist m.a. í lögum um reynslusveitarfélög. Að því er ég best veit er það nú að hefja göngu sína í praxís í þremur sveitarfélögum. Þær hugmyndir sem nú er verið að vinna með ganga í þveröfuga átt. Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvað það þýðir á mæltu máli þannig að hægt sé að ræða málið á vitrænum grundvelli og með einhverjar upplýsingar við hendina þegar á að stokka upp og endurmeta hlutverk minni sjúkrahúsa út um allt land.

Ég held upprifjuninni áfram, virðulegi forseti. Fyrir u.þ.b. tveimur árum var tekin saman og birt skýrsla um starfsvettvang og umsvif minni sjúkrahúsa víða um land. Ég man ekki betur en að Framsfl. ætlaði hreinlega að ganga af göflunum, ekki vegna þess að þáv. heilbrrh. eða þáv. ríkisstjórn hafi haft einhverjar sérstakar hugmyndir um að grípa til sérstakra aðgerða, heldur einfaldlega vegna þeirra staðreynda sem þar komu fram. Því spyr ég enn og aftur: Hvernig birtast hugmyndir ríkisstjórnarinnar í raun og veru þegar kemur að endurmati á minni sjúkrahúsum úti á landi? Auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að þegar kemur að hlutverki og umsvifum minni sjúkrastofnana í minni sveitarfélögum í dreifðari byggðum þá eru menn ekki að ræða eingöngu um heilbrigðismál. Það er sannleikurinn. Menn eru þar ekki síður að ræða þar um atvinnumál. Það þekkja dreifbýlisþingmenn á borð við Stefán Guðmundsson sem hér stendur. Það vita þeir á Sauðárkróki, Siglufirði og Blönduósi. Ég spyr því beint: Þegar að endurmati kemur, sem væntanlega þýðir að draga á úr hefðbundinni starfsemi minni sjúkrahúsa úti á landi, hvernig ætlar þá ríkisstjórnin og þar með hæstv. heilbrrh. að bregðast við því þegar svo og svo stór hundraðshluti vinnufærra manna í viðkomandi sveitarfélagi, þar af flest konur, missa sína atvinnu? Hjúkrunarfræðingar, fyrrv. stallsystur hæstv. heilbrrh., og ófaglært starfsfólk. Auðvitað þýðir þetta ekkert annað í okkar litla landi.

Ég er ekki að segja með þessu, virðulegi forseti, að við eigum ekki að gaumgæfa þessi mál. Það er sannarlega þörf á því. Ég held hins vegar að það sé alveg nauðsynlegt þegar menn ræða þau að allir viti hvað það þýðir að fara í slíkar aðgerðir. Og ég veit að hæstv. heilbrrh. veit það. Þess vegna er nauðsynlegt að hún geri sér glögga grein fyrir því og að hún geri okkur hinum ljóst hvert hugur hennar stefnir og hvað hún áformar.

Við fjárlagaumræðu var umræðan auðvitað að meira eða minna leyti í skötulíki. Það vantaði vissulega alla útfærslu á þann sparnað sem birtist þar í tölulegu samhengi. Nú eru að birtast fréttir frá einum degi til annars um það að stóru sjúkrahúsin og raunar fleiri sjúkrastofnanir séu að reyna að útfæra þennan sparnað og þá væntanlega með aðild hæstv. ráðherra. Eðlilega ganga hlutir þannig til og það er ekkert leyndarmál að einstaka sjúkrastofnanir hljóta að bera það undir ráðherra heilbrigðismála hverju sinni hvernig með skuli fara og hvort það sé pólitísk sátt um það hjá ríkisstjórnarflokkunum að svona skuli fara að en ekki hinsegin. Þegar koma fréttir um lokun Bjargs þá birtist hæstv. ráðherra og segir: „Ég fæ engu um þetta ráðið.“ Það er með öðrum orðum bara stundum sem hún getur gripið í taumana og stundum ekki. Hins vegar segi ég um það mál að ég held að það sé full ástæða til að skoða hvort sú starfsemi eigi ekki fremur heima undir málefnum félagsmála. Raunar eru fleiri stofnanir á vettvangi heilbrigðismála sem þannig mætti nálgast.

Ég segi að síðustu, virðulegi forseti, að þessi umræða um heilbrigðismál verður auðvitað ævinlega og alltaf í algjöru skötulíki ef við segjum ekki hlutina eins og þeir eru. Og því miður hefur hæstv. ráðherra ekki gengið þar á undan með góðu fordæmi.

[17:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkur svör við ræðu hv. þm., Guðmundar Árna Stefánssonar. Hann spurði áðan hvort efnafólk ætti að ganga fyrir öðrum á heilbrigðisstofnunum. Ef hann hefði hlustað á ræðu mína áðan þá sagði ég orðrétt, með leyfi forseta: Ég get ekki fallist á að þeir sem betur mega sín í þjóðfélaginu geti keypt þjónustu umfram aðra. Þetta er mergur málsins og þarf ekki fleiri orð um.

Hann spurði um forgangsröðun. Hvað er forgangsröðun? Allar þjóðir í kringum okkur forgangsraða verkefnum. Spurningin er í hvaða röð við ætlum að gera hlutina og hvað er mest aðkallandi hverju sinni. Það er þetta sem við erum að gera og landlæknir hefur í mörg ár bent á að við yrðum að gera. Hann er í forsvari fyrir forgangsröðun. Ég vildi að við hefðum borið gæfu til þess í gegnum árin að forgangsraða framkvæmdum. Þá værum við kannski ekki með illa nýttar byggingar úti um allt land og ég stæði ekki frammi fyrir því núna að vera með undirskrifaða samninga um hinar og þessar framkvæmdir án nokkurs fjármagns. Það er þetta sem er forgangsröðun.

Hvað þýðir að fjármagn fylgi sjúklingi? Það er bara einfaldlega gamla sjúkrasamlagskerfið. Þá fylgdi fjármagn sjúklingi. Sjúklingur lagðist á sjúkrahús og sjúkrasamlagið greiddi nákvæmlega kostnaðinn við sjúkrahúsleguna.

Hann spyr að því hvað þessar nýju heilbrigðisstjórnir eigi að gera. En þegar ég hlustaði betur á ræðu hans þá heyrði ég að við erum alveg sammála. Við ætlum að færa fjármagnið heim í hérað og fagaðilar þar forgangsraða. Og ef menn vilja t.d. sameina sjúkrahús, eins og hann nefndi hér áðan, þá getur heilbrigðisstjórnin gert það. Hún er best til þess fallin vegna þess að hún þekkir best til og er næst vettvangi.

[17:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að það skuli hafa verið tekin af öll tvímæli um það að hæstv. heilbrrh. er fullkomlega ósammála hæstv. fjmrh. Ég ætla að vona að það ástand vari eilítið lengur en mörg önnur afstaða hennar. Ég get ekki neitað því að ég ber ugg í brjósti vegna þess að í fleiri en einu máli og fleiri en tveimur hefur hæstv. heilbrrh. orðið að gefa eftir og lúta í lægra haldi þegar að samskiptum hennar og hæstv. fjmrh. kemur. Þannig að ég vona hið besta en er viðbúinn hinu versta og er á tánum.

Forgangsröðun. Vissulega hefur verið forgangsröðun í heilbrigðismálum fram að þessu. Hún hefur lotið að því hvar við ætluðum að setja niður þjónustu, með hvaða hætti og með hvaða umfangi o.s.frv. Það er ákaflega slakt hjá hæstv. ráðherra ef hún ætlar að fara undir — fyrirgefið orðalagið — pilsfaldinn hjá ágætum landlækni og vísa til þess að það verði hans verkefni að forgangsraða sjúklingum. Það er nákvæmlega það sem nú er verið að ræða um og ekkert annað. Það er nákvæmlega það sem er verkefni þessarar nýju nefndar sem hæstv. ráðherra er að kalla saman. Og því spyr ég: Er það ekki rétt skilið að þessi nefnd, hvað sem reynslu annarra þjóða líður, eigi að vega og meta hvenær eigi að hætta að lækna fólk eða með öðrum orðum hvernig eigi að raða inn á sjúkrastofnanir okkar? Það er það sem þessi nefnd á að ræða um ekki satt, hæstv. ráðherra?

Varðandi hlutverk og endurskipulag stjórnkerfisins þá er það nú einu sinni þannig að þessar hugmyndir eru ekki af þeim toga að verið sé að senda peninga heim í hérað. Það er eingöngu verið að ávísa á togstreitu og leiðindi í stórum kjördæmum. Hvað til að mynda um höfuðborgarsvæðið? Þessar hugmyndir leiða okkur til glötunar en ekki til þess að aukið sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga fái notið sín.

[17:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að viðurkenna að ég hef ekki kíkt undir pilsfald landlæknis. (**ÖS:** Tími til kominn.) En mun nú bæta úr því. En mér er spurn: Hvernig stendur á því að allir hv. þm. Alþfl. eru svona hræddir við fjmrh.? Hvaða reynsluheim hafa þeir?

[17:25]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef nú ekki þann reynsluheim sem þeir einir hafa sem í pilsum ganga. Hins vegar höfum við þá reynslu, margir alþýðuflokksmenn, að menn þurfa að vera á varðbergi þegar hugmyndir Sjálfstfl. í velferðarmálum eru annars vegar. Það er nú ekki flóknara en svo. Mikil er trú hæstv. heilbrrh. ef hún telur sig geta haldið ró sinni og verið róleg yfir þessum skelfilegu hugmyndum sem hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan. Því ítreka ég enn og aftur, virðulegi forseti, að ég vona hið besta en er viðbúinn hinu versta.

[17:26]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson krafðist svara áðan varðandi innritunargjald og nefskatt. Ég minni á að fjárlagaumræðan er búin og þá ræddum við mjög mikið um þessi atriði. Það er búið að ganga frá þeim málum öllum. Það er búið að ganga frá fjárlögunum. Það voru uppi hugmyndir um innritunargjöld, það er alveg rétt. Ég studdi þær sjálf. Það var hins vegar hætt við það. Það er rétt að sumir vildu nefskatt en það var ekki farið í hann. Þannig er staðan í dag, það voru farnar aðrar leiðir.

Það komu líka upp hér áðan spurningar um að skipta landinu í átta heilsukjördæmi. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í þeim málflutningi af því að þær hugmyndir sem verið er að skoða eru einmitt að færa vald og fjármagn heim. Það er einmitt meiningin að færa vald og fjármagn heim og deila því þaðan út. Þannig að hér er einhver misskilningur á ferðinni. Það er kannski ekki svo skrýtið af því að þessar tillögur eru ekki enn þá komnar fram, þótt hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi gert þær að meginmáli sínu hér í dag.

Það er mjög mikilvægt að mínu mati fyrir landsbyggðina að þessi leið verði skoðuð. Ég trúi því að hv. þm. Stefán Guðmundsson muni koma eitthvað inn á þetta nú í andsvari því hann hefur unnið af miklum heilindum fyrir okkar flokk í því starfi.

Það hefur líka verið komið hér inn á forgangsröðun. Eins og við vitum er allt of lítið fjármagn til í ríkissjóði og mér finnst því eðlilegt að við skoðum forgangsröðun sjúklinga. Það á að gera það og það eru ýmsar spurningar sem koma upp. Þingmenn fengu á sínum tíma lista frá landlækni með ýmsum áleitnum spurningum um forgangsröðun sem þeir brugðust fremur illa við og treystu sér ekki til að svara. En þar komu upp spurningar eins og: Á að láta reykingafólk greiða að hluta til t.d. fyrir kransæðaaðgerðir? Er það rétt? Á að láta alla aðra en langlegusjúklinga greiða fyrir mat á sjúkrahúsum? Mér finnst eðlilegt að maður svari slíkum spurningum.

[17:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það mætti lengja þennan spurningalista. Á að láta fólk sem á við offituvandamál að stríða greiða vegna þess að það hefur ekki gætt sín í mataræði? Á að láta fólk borga sem vinnur á mengandi vinnustöðum og á við öndunarerfiðleika að stríða af því að það valdi sér ekki réttan vinnustað? Svona getur maður lengi haldið áfram. Það er nákvæmlega þetta. Ég skil þetta alveg hárrétt, virðulegi forseti. Það er nákvæmlega þetta sem Framsfl. ætlar að innleiða hér í hina pólitísku umræðu um heilbrigðismál. Það verður fróðlegt að fylgjast með því og það mun ég gera a.m.k. fyrir mína parta hvernig sú umræða gengur fram. Ég man gjörla eftir þessum tilgreinda lista landlæknis og brást ókvæða við. Ég brást fullkomlega ókvæða við. Ég ætla hins vegar ekki að víkjast undan því, eins og hæstv. fjmrh. og raunar hæstv. heilbrrh. líka, að taka pólitíska og efnislega afstöðu til þeirra hluta sem að okkur snúa. Ég ætla ekki að varpa þeirri ábyrgð yfir á heilbrigðisstéttir eins og mér heyrist hæstv. fjmrh. vilja einna helst þegar kemur að því að raða þjónustu á tilteknar stofnanir og á milli þeirra. Ég misskil hins vegar ekki nokkurn hræranlegan hlut, virðulegur forseti, þegar kemur að þeim hugmyndum sem þegar hafa verið kynntar um stjórnkerfisbreytingar gagnvart heilsugæslu á minni sjúkrahúsum. Ég skil þær mætavel. Og ég spyr, vegna þess að ég veit

að hv. þm. Stefán Guðmundsson ætlar að eiga við mig orð um það, hvort hann telji það mjög til bóta að fimm manna nefnd í Norðurl. v. þar sem þrjú sjúkrahús eru, Siglufjörður, Blönduós og Sauðárkrókur, togist á um þessa peninga og útdeili þeim eða hvort ekki sé skynsamlegra að við tökum á okkur hina pólitísku ábyrgð hér og þá undir leiðsögn ráðuneytisins. Við sem berum hina pólitísku ábyrgð vísum þessu þangað sem við teljum eðlilegt, þ.e. heim í hérað, í þessi tilteknu sveitarfélög. Það finnst mér skynsamlegt. Þannig var stefnumörkun okkar alþýðuflokksmanna. Við viljum ekki sjá þetta þriðja stjórnsýslustig. Ég veit að Framsfl. hefur verið að gæla við það annað slagið og nú birtist það á nýjan leik.

[17:31]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fjármögnun á sjúkrastofnunum er í dag, og ég veit að hv. þm. þekkir þar sem hann var áður heilbrrh., eru þessar stofnanir að togast á um fjármagnið. Þannig er það í dag. Fulltrúar frá stofnunum á landsbyggðinni koma suður og liggja yfir þingmönnum, sérstaklega þingmönnum í kjördæmi sínu og eru í heilbrrn. til að reyna að kría út fjármagn og sanna fyrir þeim sem valdið hafa hvað þeir þurfa. Er ekki miklu æskilegra að dreifa fjármagninu út í kjördæmin þar sem heimamenn geta skipt því þar sem ekki þarf að fara suður og eiga við eitthvert Reykjavíkurvald? Væri það ekki miklu skynsamlegra?

[17:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. Alþingi komist seint hjá því að deila út þessu fjármagni. Svo ég fari enn frekar út vangaveltur mínar um Norðurl. v. Auðvitað er það þannig að forsvarsmenn þeirra þriggja sjúkrahúsa sem þar er að finna sækja hingað til alþingismanna og til ráðuneytis og munu vitaskuld gera það eftir sem áður hvað sem líður einhverri miðstýrðri kjördæmastjórn í Norðurl. v. Ég held að við stjórnmálamenn getum ekki hlaupið undan þeirri ábyrgð sem hvílir á okkur að taka um það ákvörðun hvernig þessum fjármunum skuli skipt. Við köstum því ekkert af okkur til einhverra miðstýrðra kjördæmastjórna. Hins vegar sé ég möguleika á betri nýtingu ef við beinum þessum fjármunum beint til sveitarfélaganna, og þá er ég að tala um sameinaðra og stærri eininga sem sveitarfélögin eiga að verða. Ég vil hreinlega sjá með lagabreytingu heilsugæslustöðvarnar fara heim í hérað og að eðlilegir tekjustofnar fylgi þannig að við þurfum ekkert að vera að sýsla með þetta. Þá veit ég að við mundum bæta þjónustu og spara peninga. Við skulum ganga skrefið til fulls.

[17:34]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þeirri umræðu sem hefur orðið vegna ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og hefur spunnist út af þeirri nefnd sem hér hefur verið vitnað til og er að vinna að breytingum í sambandi við heilbrigðismálin. Þar sem ég á sæti í nefndinni finnst mér rétt að koma aðeins inn í þessa umræðu þó tíminn sé stuttur. Það er alls ekki rétt sem kom fram hjá hv. ræðumanni að ekki væri meiningin að flytja fjármagn heim. Það er grundvallarmál í þessum tillögum að fjármagnið verði flutt heim í kjördæmin og því verði skipt upp í kjördæmunum sjálfum, trúlega af þingkjörinni stjórn. Ef ég má kannski segja eitthvað of mikið vegna þess að nefndin hefur ekki lokið störfum en þá trúi ég því að meiningin sé sú að þeir menn sem verði kjörnir á Alþingi til að fara með þessi mál verði að vera búsettir í viðkomandi kjördæmi. (**ÓRG:** Eiga heimamenn ekki sjálfir að velja mennina?) Það verður þingkjörin stjórn, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Með þessu sé ég að loksins verði orðið við margítrekuðum óskum heimamanna. Óskum landsbyggðarfólks að flytja ekki bara stofnanir heldur erum við einnig með þessu að gera tilraunir til að flytja völd og aukin áhrif heim í héruð. Hv. þm. dró það í efa vegna þess að menn mundu fara að rífast innbyrðis og kæmu sér ekki saman um að skipta þessu fjármagni. Ég treysti landsbyggðarmönnum alveg fullkomlega til að fara með þessa fjármuni. Ég er sannfærður um að þeir eru betur komnir í höndum heimamanna sjálfra sem búa sem næst þessum stofnunum en í fjárln. Alþingis. Þeir þekkja þetta betur og þeir eru fullkomlega færir um það. Það þekkir hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson mætavel af langri reynslu sinni sem sveitarstjórnarmaður. Það er alveg fullkomlega hægt að treysta fólkinu sjálfu fyrir því að fara með þetta fjármagn alveg eins og þeim mönnum sem valdir eru hér til þess að sitja á Alþingi. Það er mikill prófsteinn á landsbyggðarfólkið sjálft hvort við verðum tilbúin til að taka við þessari miklu ábyrgð sem verður boðið upp á nái þetta fram að ganga.

[17:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt það. Ég treysti einmitt heimamönnum býsna vel til að vinna vel úr þeim fjármunum sem þeir hafa handa á milli. Einmitt þess vegna sé ég ekki nokkra ástæðu fyrir þessu milliskrefi, fyrir þessum gamla draum Framsfl. um þriðja stjórnsýslustigið. Hvernig skyldi það nú verða, hv. þm. Stefán Guðmundsson, þegar kosin verður fimm manna stjórn í Norðurl. v.? Spítalarnir eru þrír. Það þyrfti að gaumgæfa það vel. Einhver þarf að vera úr Húnaþingi til þess að gæta hagsmuna Blönduóss, einhver þyrfti að vera frá Siglufirði til að passa upp á það bæjarfélag og væntanlega neitar hv. þm. því ekki að Skagafjörður þyrfti að eiga fulltrúa. Þá eru tveir eftir. Það verður þrautin þyngri að finna þá hlutlægu menn sem úr því gætu skorið. Af hverju erum við að vandræðast með þetta millistig? Af hverju stígum við ekki skrefið til fulls eins og ég gat um hér áðan og förum alla leið eins og við alþýðuflokksmenn höfum lagt til og endurspeglast í lögum um reynslusveitarfélög. Að við tökum fyrsta skrefið með því að heilsugæslan fari heim í hérað, sveitarfélögin taki þær, reki þær og fái tekjustofna til þess. Það er bragð að slíkri stjórnkerfisbreytingu. Þetta er húmbúkk.

[17:38]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að ræða um heilbrigðisþjónustuna út frá svolítið öðru sjónarmiði en hefur verið gert í dag. Mig langar til að ræða um þróun heilbrigðisþjónustunnar almennt og væntanlega stefnumótun og skoðanir mínar í því efni. Hagkvæmur rekstur heilbrigðisþjónustunnar og gæði byggjast nefnilega á því hver uppbyggingin er. Reynslan sýnir að það getur tekið í þegar nauðsyn krefur að gera ýmsar breytingar á sviðum hvort heldur er í einkarekstri eða opinberum rekstri. Svo hefur verið um heilbrigðismálin undanfarinn rúman áratug a.m.k. Margoft hefur verið bent á hversu mikil tæknivæðing hafi orðið í heilbrigðisþjónustunni á síðustu árum og samhliða bent á fjölgun þjóðarinnar sem aukið hafi kostnað í þessari grein. En á sama tíma hafa gífurlegar breytingar orðið í þjóðfélaginu. Samgöngur hafa batnað og upplýsingaþjóðfélagið gerir meiri kröfur

til heilbrigðisþjónustu en áður því þá þekkti almenningur ekki möguleika innan hennar. Þessar breytingar hafa auðvitað verið jákvæðar, aukið lífsgæðin og jafnframt lengt líf fjölmargra einstaklinga. Hins vegar hefur ekki verið unnt að meta verðmæti bættrar þjónustu heldur hefur síaukinn kostnaður verið aðaláhyggjuefnið, ekki síst á síðustu árum samdráttar í efnahagslífinu. Aukin og bætt heilbrigðisþjónusta leiðir nefnilega oft til aukinna útgjalda ríkisins en að sama skapi skilar hún sér alla jafna fjárhagslega til þjóðfélagsins með almennt betri heilsu og vinnandi höndum. En þetta áhyggjuefni á ekki einungis við um okkur Íslendinga. Allir þjóðir í kringum okkur eiga við sama verkefni að stríða, þ.e. að halda aftur af útgjaldaaukningu í heilbrigðismálum.

Flestöll ríki sem við berum okkur saman við hafa búið við velferðarkerfi þar sem heilbrigðisþjónustan hefur nánast alfarið verið greidd úr ríkissjóði. Hagfræðingar hafa bent á að slíkar aðstæður, þ.e. að neytendur þjónustunnar greiði ekkert beint úr eigin vasa, verði eftirspurnin ótakmörkuð. Þess vegna hafa margar þjóðir tekið upp þann sið að láta sjúklinga greiða einhvern hluta heilbrigðisþjónustunnar beint fyrst og fremst til að vekja athygli á þeim kostnaði sem henni fylgir, hvetja þá til að meta þörf sína fyrir þjónustu.

Núverandi heilbrigðislöggjöf okkar er í megindráttum orðin nærri aldarfjórðungs gömul og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan. Þessi löggjöf miðast við aðstæður á sjöunda áratugnum þegar ófremdarástand ríkti í heilbrigðisþjónustu í dreifbýlinu og ber löggjöfin augljóslega þess vitni. Á áttunda áratugnum voru lagðir gífurlegir fjármunir til uppbyggingar í dreifbýlinu sem var að flestu leyti jákvætt nema eins og hæstv. heilbrrh. gat um áðan því miður var í allt of mörgum tilvikum yfirfjárfest og hefur rekstrarkostnaður því víða orðið óeðlilega hár og mönnum ofviða.

Ég hef ítrekað bent á að það mynstur sem lagt var upp með fyrir dreifbýlið þurfi ekki endilega að henta fyrir þéttbýlið og sérstaklega ekki í dag. Þá meina ég á suðvesturhorninu og jafnvel einnig á Akureyri. Með uppbyggingu heilsugæslustöðva í dreifbýlinu var verið að tryggja að a.m.k. einhver læknir sinnti héraðinu því það var mikill læknaskortur og skortur á heilbrigðisþjónustu almennt. Íbúar fengju þannig viðunandi þjónustu þó ekki væri greiður aðgangur að flestum sérfræðigreinum á staðnum. Þessi stefna hefur gengið eftir og læknisþjónusta í dreifbýli hér á landi er að mörgu leyti til fyrirmyndar en mætti þó auka sérfræðiþjónustu á svipaðan hátt og landlæknir hefur t.d. skipulagt augnlæknisþjónustu.

Um þéttbýlissvæðið gilda önnur lögmál. Þar eru læknar fyrir og aðgengi að þeim hefur hin síðari ár a.m.k. verið greitt bæði að heimilislæknum og öðrum sérfræðingum. Því hefur verið haldið fram að rekstur heilsugæslustöðva sé ódýr og því beri að halda sig að því mynstri jafnt í þéttbýli sem í dreifbýli. Þessi fullyrðing hefur verið umdeild enda eru greiðslur til þeirra flóknar og kostnaður vegna fjárfestingar ekki einu sinni færður til bókar. Ég vildi því halda því fram að með tilliti til hins greiða aðgengis að læknum á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem dæmi sé þörf fyrir heilsugæslustöðvar ekki sú sama þar og í dreifbýlinu. Læknisþjónustu megi sinna jafn vel og jafnvel ódýrara með öðrum hætti. Þá hef ég sérstaklega litið til einkarekinna stofa og læknastöðva. Þessir aðilar senda reikninga til ríkisins sem endurspegla heildarkostnað fyrir þjónustuna og það er hagur þeirra sem þjónustuna veita að bjóða sem besta þjónustu og með ýtrustu hagræðingu.

Vegna stuttra vegalengdra milli þjónustustöðva í heilbrigðisþjónustu er unnt að veita þéttbýlisbúum stöðugt valfrelsi á þjónustu, bæði milli heimilislæknaþjónustu og sérfræðiþjónustu. Laun lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks hér á landi eru mun lægri en annars staðar og munur á kostnaði milli heimilislæknisþjónustu og sérfræðingsþjónustu er lítill sem enginn ef allt er með talið. Því er ekkert því til fyrirstöðu að sjúklingur hafi beint aðgengi að þeim læknum sem þeir telja best henta hverju sinni hvort heldur að heimilislækni eða öðrum sérfræðingum.

Með aukinni tækni hafa ýmsar lækningar orðið einfaldari ef svo má segja og hefur ýmis þjónusta flust að miklu leyti frá sjúkrahúsum yfir í einkareknar læknastöðvar eða læknastofur því að innlagning hefur orðið óþörf. Ef skoðað er hversu mikil þjónusta hefur færst út af sjúkrahúsunum er því ánægjulegt að sjá að hlutur sérfræðinga í útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafi samt haldist hlutfallslega nánast hinn sami. Árið 1980 var sá hlutur samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um 4,1% af heildarkostnaði en á síðasta ári er hann talinn nema samkvæmt síðustu upplýsingum um 3,9%. Hið sama má líka segja um þann kostnað sem talinn er fram í heilsugæslunni þótt sveiflur séu heldur meiri. Árið 1980 nam hlutfallið 14,7% en síðasta ár um 15,3%. Þróun undanfarin ár í heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa hefur verið er mjög jákvæð og hagkvæm hvað snertir útgjöld og gæði.

En hvað þá með sjúkrahúsin? Þau hafa tekið við sífellt flóknari og dýrari læknisþjónustu eins og margoft hefur komið fram í dag og aukið þjónustu sína gífurlega. Legutími hefur styst sem hefur gefið svigrúm fyrir fleiri sjúklinga, erfiðari sjúklinga. Hins vegar hefur sjúkrahúsunum verið gefinn fastur rammi í fjármögnun og lítið tekið tillit til aukinnar framleiðslu þeirra. Auknum útgjöldum vegna sjúkrahúsa hefur verið mætt með að sameina tvö af þremur stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík, sem sinna erfiðustu tilfellunum fyrir alla landsmenn, eins og kunnugt er. Þessi sameining hefur verið umdeild af ýmsum ástæðum. Sérstaklega hefur verið bent á að nauðsynlegt væri að gera ákveðnar breytingar ef ná ætti sem bestri hagræðingu með þessari sameiningu. Þessar breytingar hafa enn ekki verið gerðar vegna fjárskorts og því ríkir jafnerfitt ástand og raun ber vitni á sjúkrahúsinu. Reyndar má slíkt segja um fleiri sjúkrahús. Enn fremur halda ákveðnir aðilar því fram, að sameining allra sjúkrahúsa í Reykjavík muni leiða til betri nýtingar á fjármagni. Þessu til stuðnings er vísað til afar hæpinnar og að mínu mati illa unninnar skýrslu, að menn segja virtra, erlendra ráðgjafa. Til þess að halda þeim gæðum sjúkrahúsanna, sem hæstv. heilbrrh. minntist réttilega á í dag, er ég þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að veita sjúkrahúsaþjónustunni ákveðið aðhald til að hún megi þróast og metnaður haldist með ákveðnum samanburði að minnsta kosti milli tveggja stórra sjúkrahúsa en þó með ákveðinni verkaskiptingu.

Undanfarið hefur verið mikið rætt um að fjármagn fylgi sjúklingum. Og hvað er það? Það hafa hér í dag komið fram spurningar og túlkanir á þessu hugtaki. Í meira en tíu ár hefur verið rætt um það að koma á greiðslukerfi sem byggðist á áætlaðri framleiðni sjúkrahúsanna, kerfi sem notað er víða um heim. Þar er reiknað með því að fjármagn fylgi sjúklingi, þ.e. að kostnaður vegna sjúklings sé reiknaður upp. Ég vil benda hæstv. heilbrrh. á það að um tíma var að minnsta kosti einu stöðugildi varið á Ríkisspítölunum til að aðlaga þetta kerfi íslenskum aðstæðum og síðan hefur, að mér skilst, staðan flust yfir til heilbrrn. Þar hefur þetta stöðugildi verið við

lýði í nokkur ár og síðar eðlilega í ráðuneyti. Ég vil spyrja: Hvað líður þessari áratugs vinnu? Hver er ástæðan fyrir því að ekki hefur bólað á árangri þessa starfs? Ummæli um bruðl eða eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vildi heldur tala um í dag, innbyrðis skekkju á sjúkrahúsum yrði óþörf með svona kerfi. Ég vil benda á að með þeim áætlunum sem fylgja þessu ákveðna kerfi sem er betur þekkt sem DRG-kerfi væri betur unnt að ákveða það þjónustumagn sem sjúkrahúsum er ætlað að veita og taka ákvarðanir um viðbótarþjónustu og meta frammistöðu sjúkrahúsanna. Þjónusta sjúkrahúsa í dreifbýli og hlutverk þeirra hefur einnig breyst með tilkomu aukinnar tækni og möguleika. Þar hefur bráðaþjónusta færst á færri stofnanir í heild en hjúkrunarþjónusta hefur eflst á öðrum. Ég tel nauðsynlegt að endurskoða hlutverk þessara sjúkrahúsa og taka þar með fullt tillit til fyllsta öryggis íbúa héraðanna.

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að tíminn er að brenna út hjá mér og því ætla ég að sleppa nauðsynlegri umræðu um lyfjamál. En þessi orð mín hafa fyrst og fremst verið til að leggja áherslu á hversu nauðsynlegt er að skoða í heild og móta stefnu í heilbrigðismálum hér á landi án þess að fara út í smáatriði, svo sem einstaka þjónustu og gjaldskrár heldur byrja á því að setja okkur ákveðinn ramma. Aðgerðir undanfarinna ára hafa því miður ekki alltaf borið keim af því heldur af alvarlegri efnahagslægð. Afleiðing hennar er að notaðar hafa verið skyndilausnir sem á köflum geta orðið æði dýrar og eru oft ekki nægilega undirbúnar né unnar af þeim sem eiga að framkvæma þær. Það er nauðsynlegt að stefnan sem verður tekin í heilbrigðismálum taki mið af því hvernig eigi að framkvæma í smáatriðum seinna meir og verði sveigjanleg í hlutfalli við það. Mig langar líka til að benda á stefnu Sjálfstfl. til fleiri ára sem byggist á því að endurskoða fjármögnun heilbrigðismála og kanna möguleika á því að endurvekja aftur sjúkrasamlög eða tryggingar og gefa þannig kjósendum betri hugmynd um útgjöldin og veita þeim tækifæri til að tjá hug sinn gagnvart auknum fjármunum til heilbrigðisþjónustu. Þetta tel ég alveg bráðnauðsynlegt til að fólk átti sig á því hvað það vill gera og hvar það vill forgangsraða þeim fjármunum sem fara til opinberrar þjónustu hvort sem heilbrigðisþjónustan verður á höndum ríkisins eða sérstaks trygginga- eða sjúkrasamlags sem verður sjálfstætt.

Ég vil gera orð hæstv. heilbrrh. að mínum. Stefna og stöðugleiki þurfa að ríkja í heilbrigðismálum. Þess vegna er okkur brýn nauðsyn núna á þessu kjörtímabili að móta heildarstefnu, stefnu sem mætir þróun í heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma því þróunin er ör og þá af festu og sveigjanleika en ekki af neinum skyndilausnum.

[17:51]

Siv Friðleifsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið mjög góð umræða í dag. Við höfum rætt vítt og breitt um heilbrigðismálin. Að vísu hefur þetta líka verið svolítið dægurþras en það er eitt sem mér finnst standa upp úr. Það tengist ekki heilbrigðismálunum beint. Það eru þau orð sem hrutu fyrr í dag af vörum hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þegar hv. þm. nefndi það hér að hæstv. heilbrrh. væri kona. Þetta fannst mér lýsa skrýtnu viðhorfi og minnti mig á (**ÁRJ:** Er hún það ekki?) hálfgerða karlrembu. Það hefur enginn dregið það inn í umræðuna hingað til nema hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og er það nú svolítið svekkjandi.

Heilbrigðismálin eru að sjálfsögðu ofarlega í hugum margra um þessar mundir vegna aðhaldsaðgerða. En af hverju erum við að fara í aðhaldsaðgerðir yfirleitt? Jú, meðal annars vegna þess að í tíð síðustu ríkisstjórnar safnaðist ríkissjóðshalli upp á 40 milljarða. Staða ríkissjóðs er mjög bágborin og það verður að segjast eins og er að hún er verri en við framsóknarmenn áttuðum okkur á í síðustu kosningabaráttu. Það verður bara að viðurkennast. Þar bárum við fram þá meginstefnu að á núverandi kjörtímabili yrði að eyða fjárlagahallanum. Þannig yrði hægt að treysta grundvöll atvinnulífsins og velferðarsamfélagsins. Núverandi ríkisstjórn hefur tekist það erfiða hlutverk á hendur að afgreiða fjárlög með 4 milljarða kr. halla á þessu ári en stefna að hallalausum fjárlögum á næsta ári. Það hefði að sjálfsögðu verið miklu einfalda og léttara og skemmtilegra fyrir okkur stjórnmálamenn að sleppa öllu aðhaldi, láta bara reka á reiðanum og safna skuldum í hið óendanlega áfram. Slík stefna er hins vegar með öllu óábyrg. Við getum alls ekki leyft okkur að færa frekari skuldir yfir á komandi kynslóðir. Hvaða fórnir þurfum við að færa vegna skuldabyrði ríkisins í dag? Jú, vextir af lánum sem við þurfum að greiða eru um 13–14 milljarðar í ár eða 10% af útgjöldum ríkisins. Vextir eru þannig þriðji stærsti útgjaldaliður ríkisins. Stærsti útgjaldaliðurinn er að sjálfsögðu heilbrigðis- og tryggingamál sem taka um 40% af okkar útgjöldum. Þar næst koma menntamálin. Ef við hefðum haldið áfram á þeirri braut sem gengin hefur verið á undanförnum árum, þá hefði stefnt í það að um aldamótin hefðum við greitt jafnmikið í vexti af skuldum og fara í menntamálin. Það er með öllu óásættanlegt. Heilbrigðismálin liggja því undir hagræðingarkröfu eins og aðrir málaflokkar velferðarþjónustunnar. Vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eiga ríkissjóðsskuldir í hlutfalli við landsframleiðslu að lækka á milli ára í fyrsta sinn nú í heilan áratug og það er svo sannarlega jákvætt. Sérstaklega fyrir það unga fólk sem á að erfa þetta samfélag sem við búum í.

Það er mikið rætt um að það sé verið að skera niður í heilbrigðis- og tryggingamálum. En er skorið niður í orðins fyllstu merkingu? Nú í ár er verið að leggja 3,8 milljarða hærri upphæð til heilbrigðis- og tryggingamála en í fyrra. Niðurskurður er því rangnefni. Nær væri að ræða um aðhaldsaðgerðir en þær eru að sjálfsögðu nauðsynlegar vegna svokallaðrar sjálfvirkrar þenslu í heilbrigðisþjónustunni. Heilbrigðis- og tryggingakerfið þenst út um 3–5% á ári m.a. vegna fjölgunar aldraðra og aukinna útgjalda vegna lyfjanotkunar. Stjórnarandstaðan hefur reynt að telja landsmönnum trú um að ríkisstjórnin sé sérstaklega að skerða kjör þeirra sem minnst mega sín, svo sem aldraðra og öryrkja. En skoðum nokkur dæmi. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar hafa þeir einstaklingar sem hafa minnst fé milli handanna fengið hækkun bóta á þessu ári. Kjör þeirra verst settu batna en kjör hinna sem meira hafa milli handanna versna eitthvað. Einstaklingur sem hefur ekkert fé sér til framfærslu annað en tryggingabætur frá Tryggingastofnun ríkisins fær 1.248 kr. meira í hendurnar janúar en í nóvember. Einstaklingur sem hefur 60.000 í ráðstöfunartekjur á mánuði, þ.e. bætur Tryggingastofnunar og 15.000 í lífeyristekjur fær sömu upphæð á mánuði og áður. Einstaklingur með ráðstöfunartekjur 70.000 á mánuði, þ.e. bætur Tryggingastofnunar, og 41.000 kr. í lífeyristekjur fær um 1.850 minna á mánuði.

En hvað er nú fram undan? Ríkisstjórnin hefur gefið út sinn fjárhagsramma. Sérhvert ráðuneyti hefur það hlutverk að halda sig innan hans. Að vísu vil ég benda sérstaklega á að fyrir stuttu síðan ákvað ríkisstjórnin að auka fé til barna- og

unglingageðdeildar vegna forvarnastarfs vegna vímuefna og hafði Ingibjörg Pálmadóttir, hæstv. heilbrrh., forgöngu þar um. Sú viðbótarfjárveiting hefur því miður ekki náð athygli ýmissa lykilþingmanna í heilbrigðismálum og er það miður en hér var um 12 millj. kr. upphæð að ræða.

Á sjúkrahúsum landsins er afar erfið staða. Stóru sjúkrahúsin í Reykjavík hafa líka hagrætt hjá sér að undanförnu. Það er ekkert nýtt. Þær tölur hafa komið fram hjá Ríkisspítölunum að þeir voru nánast innan fjárlaga á síðasta ári, fóru um 1–1,5% fram úr eða um 158 millj. af yfir 7 milljarða kr. veltu. Það er því rangt sem stundum hefur verið haldið fram að Ríkisspítalar hafi farið langt fram úr fjárlögum og stjórnendur þar geri ekki sitt ýtrasta til að standast fjárlög. Það er einnig athyglisvert að í fjárlagagerðinni fyrir áramót í þinginu kom fram að Ríkisspítalar teldu að koma þyrfti til lokana á tæpum 20% rúma á þessu ári. En vegna mun minni halla en áætlað var á spítalanum fyrir 1995 og vegna ströngustu hagræðingarleiða þarf ekki að loka um 20% rúma heldur 14% rúma, þannig að það er nú eitthvert smáljós í því. Um mitt síðasta sumar var talið að halli Ríkisspítala yrði um 400–450 millj. kr. Vegna þessa gripu stjórnendur spítalans til hagræðingar og tölur sýna nú að hallinn varð mun minni en búist var við. Fyrir áramót töldu einnig stjórnendur spítalans að miðað við það fjármagn sem á nú að renna til Ríkisspítalanna þyrfti að segja upp allt að 80 manns. Nú kemur hins vegar í ljós að með minni halla síðasta árs en vænta mátti og ýtrustu hagræðingu er talið að ekki þurfi að koma til uppsagna. Stöðugildum verður fækkað um 20–30 með því að ráða ekki í stöður sem losna. Þessum árangri telja stjórnendur Ríkisspítala raunhæft að ná í ár með ýtrustu hagræðingu.

Þær gleðilegu fréttir eru einnig af Ríkisspítölunum að nýlega var taugasjúkdómadeild opnuð aftur en hún hefur verið lokuð um lengri tíma vegna sparnaðar. (**Gripið fram í:** Af Framsfl.) Það er ljóst að bæði Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur þurfa að spara um 400 millj. hvort á yfirstandandi ári. Rekstur Ríkisspítalanna er um helmingi meiri en Sjúkrahúss Reykjavíkur þannig að það er augljóst að það sjúkrahús lendir hlutfallslega í meiri sparnaðarkröfu en Ríkisspítalarnir. Þar á sér einnig stað nú mikil vinna við að reyna að ná endum saman.

En margt jákvætt hefur átt sér stað varðandi hagræðingu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Ég nefni t.d. að það kom fram í máli forsvarsmanna sjúkrahússins á fundi með heilbr.- og trn. nú fyrr í vikunni að sameining Borgarspítala og Landakots hefði skilað um 300 millj. kr. sparnaði á hverju ári síðan samrunaferlið hófst. Sparnaðurinn hefur þannig orðið hátt í milljarður á síðustu árum samanlagt vegna sameiningar þessara spítala í Sjúkrahús Reykjavíkur. (**Gripið fram í:** Hver byrjaði á því? Hver gerði það?) Mér er alveg sama hver byrjaði á því en þetta eru þær staðreyndir sem liggja á borðinu. (Gripið fram í.) Þessi mikla hagræðing veltir upp þeirri spurningu hvort ekki megi spara verulegar fjárhæðir með stóraukinni samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. En nú er einmitt nefnd að störfum í ráðuneyti Ingibjargar Pálmadóttur, hæstv. heilbrrh., sem er að skoða þau mál. Það er brýnt að skoða leiðir til að auka samvinnu eða sameina stoðdeildir spítalanna í Reykjavík, svo sem launadeild, starfsmannadeild, tæknideild, viðhald fasteigna o.s.frv.

Ég bendi á að erlendis er víða talið að það þurfi um 2 millj. manna á bak við eitt hátæknisjúkrahús. Hér standa 260 þús. manns undir tveimur.

Heilbrrn. er einnig að skoða aðrar framtíðarleiðir til sparnaðar fyrir utan samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Það er unnið að hugmyndum um skiptingu landsins í svokölluð átta heilsukjördæmi og við höfum einmitt rætt það mál talsvert í dag.

Það er einnig verið að skoða forgangsröðun undir forustu Ólafs Ólafssonar landlæknis. Það er að sjálfsögðu mjög erfitt verkefni. Landlæknisembættið sendi út lista á sínum tíma um forgangsröðun þar sem m.a. þingmenn fengu það erfiða hlutverk að svara ýmsum óþægilegum spurningum eins og t.d.: Á að láta reykingafólk sem þarf á kransæðaaðgerðum að halda að greiða fyrir þær sjálft? Á að láta sjúklinga sem ekki eru langlegusjúklingar greiða sjálfa fyrir mat á sjúkrastofnunum o.s.frv.?

Það er einnig verið að hrinda af stað núna endurskoðun á heilbrigðisáætlun. Í þeirri nefnd eiga sæti nokkrir fyrrv. heilbrigðisráðherrar m.a. Það eru hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson en þeir hafa báðir verið heilbrigðisráðherrar. Í nefndinni eiga einnig að sitja Inga Jóna Þórðardóttir. Hún var aðstoðarmaður Ragnhildar Helgadóttur á sínum tíma þegar hún var ráðherra. Þarna er líka Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður hæstv. ráðherra Ingibjargar Pálmadóttur, og Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri. Að mínu mati hefur hér verið valin mjög skynsamleg leið með því að nýta krafta þessa fólks sem hefur alla þessa þekkingu í svona grundvallarvinnu. Þetta fólk gerir sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir þeim vanda sem við Íslendingar eins og aðrar vestrænar þjóðir stöndum nú frammi fyrir í heilbrigðismálum.

Eins og hér hefur verið greint frá á sér nú stað mikil og góð vinna innan heilbrigðisþjónustunnar, bæði á sjúkrastofnunum sem eru að hagræða rekstri sínum og einnig hjá ráðamönnum sem eru að huga að uppstokkun í þjónustunni. Það er mitt mat að ólíklegt sé að hægt verði að spara mikið meir en gert er í dag við núverandi skipulag heilbrigðismála. Frekari sparnaði verður að ná með nýjum leiðum, þ.e. uppstokkun á kerfinu sjálfu eða með því fyrirkomulagi sem ég hef lýst að framan. Ég trúi ekki öðru en öll stjórnmálaöfl og allir þingmenn sjái þann sannleika innst inni með sér. Það er alveg ljóst að það er öllum landsmönnum í hag að endurskoða fyrirkomulag heilbrigðismála. Því fyrr, því betra. Ef það verður ekki gert á þessu kjörtímabili munu komandi ríkisstjórnir hvernig sem þær verða settar saman pólitískt ekki ná að halda utan um velferðarkerfi okkar Íslendinga. Það mun hrynja vegna geigvænlegrar skuldastöðu og vaxtabyrði. Þannig gætum við misst efnahagslegt sjálfstæði og frelsi sem þjóð.

Hagræðing í heilbrigðisþjónustunni er því spurning um það hvort Íslendingar vilja vera frjáls þjóð í framtíðinni eða ekki.

[18:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir ræddi um að bætur til lífeyrisþega hefðu hækkað. Vissulega hækkuðu bótagreiðslur lítillega um áramótin. En um leið var farið í niðurskurð. Það voru ekki þeir verst settu sem sluppu við þann niðurskurð. Það er verið að lækka uppbætur til lífeyrisþega, umönnunaruppbót, lyfjauppbót og aðrar uppbætur á lífeyri þessa fólks í „prósentvís". Það er verið að ganga að þessu fólki núna smátt og smátt. Þetta gengur ekki yfir alla í einu. En lækkun á bótum til þessa fólks er hafin og mun

verða áfram út þetta ár þannig að Tryggingastofnun er farin í þessa vinnu.

Það er spurning hvort menn kalla þetta aðhald, niðurskurð eða hvað. Þetta er lækkun til þeirra sem minnst mega sín. Ég mundi frekar leggja til við þá sem ætla að spara í tryggingakerfinu, að í staðinn fyrir að skera svona niður hjá lítilmagnanum, auki þeir eftirlit með velferðarkerfinu.

Vegna umræðu um Ríkisspítalana tek ég undir það sem hv. þm. sagði áðan. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur farið mun verr út úr þessum niðurskurði. Ég velti því fyrir mér hvort eitthvert stórslys hafi orðið við fjárlagagerðina þar sem Sjúkrahús Reykjavíkur sem er mun minni stofnun en Ríkisspítalarnir stendur frammi fyrir 380 millj. kr. gati ef það á að halda úti rekstri eins og hann var á síðasta ári með öllum lokunum eins og þær voru á síðasta ári. Hvað hefur verið þarna á ferðinni? Og ég hefði gjarnan viljað spyrja fyrrv. borgarstjóra Reykjavíkur um það hvað hafi legið þarna að baki að veist var svona að Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

[18:06]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lesa upp aftur tölurnar sem ég las áðan. Hins vegar vil ég svo sannarlega taka undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að það þurfi að auka eftirlit með heilbrigðisþjónustunni. Ég veit að hv. þm. þekkir þau mál ágætlega sem fyrrv. deildarstjóri hjá Tryggingstofnun ríkisins þannig að ég tek af heilum hug undir þau orð hennar að það beri að auka eftirlit í heilbrigðiskerfinu.

[18:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði mér að vísu grein fyrir því að Seltjarnarnesið er lítið og lágt. En að veruleikinn væri svona allt öðruvísi þar en hjá okkur hinum vissi ég ekki áður. Mig rak í rogastans þegar ég heyrði hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem situr í heilbr.- og trn., segja efnislega að það væri algerlega nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag heilbrigðiskerfisins, ella mundi velferðarkerfið hrynja á komandi árum. Við drögum þá ályktun af þessu að það sé kostnaðurinn vegna heilbrigðiskerfisins sem hafi valdið þessum skaðlega halla ríkissjóðs. Í hvaða veruleika lifir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir? Hefur hún einhvern tíma heyrt talað um 12 milljarða sem er verið að sóa í landbúnaðinn á næstu árum? Hverjir hafa talað fyrir því? Er það ekki Framsfl.? Menn eru að tala um forgang og hún hafði langt mál og snjallt um það að við þyrftum að forgangsraða. Auðvitað þurfum við að forgangsraða innan heilbrigðiskerfisins. En við þyrftum kannski að forgangsraða innan ríkiskerfisins alls. Og heyra ungan þingmann koma hingað og tala um það að endurskoðun á fyrirkomulagi heilbrigðiskerfisins sé forsenda þess að velferðarkerfið standist áhlaup komandi tíma er auðvitað tómt rugl. Ég verð að segja það, herra forseti.

Ég velti því fyrir mér af því að menn hafa rætt þessa nefnd sem er að stokka upp stofnanakerfi heilbrigðiskerfisins, hvað það er í rauninni sem kallar á það. Er þetta kerfi sem við búum nú við ekki bara nokkuð gott? Mér finnst sem neytanda þessarar þjónustu að kerfið sé mjög gott. Og þar sem ég þekki til erlendis og bjó einu sinni í öðru landi, þá er gríðarlegur munur þar á milli. (**Gripið fram í:** Hvað er þá að?) Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sem kom fram í máli hv. þm. um hagræðið af því að sameina Borgarspítalann og Landakot, sparnaður upp á milljarð, sagði hún, er nú ekki áfellisdómur yfir fyrri ríkisstjórn. Það sýnir og sannar það, herra forseti, sem ég sagði fyrr í dag að mér sýnist sem hæstv. heilbrrh. sé ekki að gera mikið annað en fylgja fram stefnu forvera síns í starfi, nema hvað hún er að skrúfa aðhaldsskrúfurnar svolítið fastar en hann.

[18:09]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvar er veruleikaskyn hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar? (**SvG:** Þetta er mjög góð spurning, hv. þm.) Já, hv. þm. Svavar Gestsson. Þetta er mjög góð spurning. — Hvar er veruleikaskynið? Hv. þm. veit það að 40% af útgjöldum ríkisins eru til heilbrigðis- og tryggingamála. Er ekki svo? 40% af útgjöldum ríkisins. Það er líka vitað að skuldabyrðin er að sliga okkur. Við erum að greiða 13 milljarða kr. í vexti, 10% af útgjöldum ríkisins fara í vexti. Er það ásættanlegt? Nei. Það þarf að hagræða alls staðar, m.a. í heilbrigðiskerfinu, annars staðar líka.

Það var verið að „blammera" á Framsfl. vegna landbúnaðarmála. Hvernig var það í tíð síðustu ríkisstjórnar? Fór ekki meira fjármagn þá til landbúnaðarmála heldur en nú? Hver var þá í ríkisstjórn nema hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (Gripið fram í.) Barst þú, hv. þm., enga ábyrgð þá á því? Það er einmitt verið að draga í land þar, draga saman. En ég vil hins vegar segja að það var gott hjá ykkur alþýðuflokksmönnum að standa að því að sameina Borgarspítalann og Landakot. Til hamingju með það. Það var afskaplega gott og við erum núna að uppskera af þeirri framkvæmd. Ég vildi hins vegar sjá miklu meiri samvinnu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna en er nú. Það var það sem ég ræddi um í minni ræðu hér og ég heyri að hv. þm. tekur undir það og það ber að fagna því.

[18:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög merkileg ræða hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Hún staðfestir þann skilning sem ég lagði í fyrri ræðu hennar í dag, að hallinn á ríkissjóði er vegna heilbrigðiskerfisins fyrst og fremst. Það er ekki hægt að skilja seinni ræðu hennar öðruvísi. Hún þuldi tölur sem hún hefur lært utan bókar og það var ekki hægt að skilja textann sem hún fór með öðruvísi en svo að þetta stafaði af heilbrigðiskerfinu.

Í lokin kom hún síðan aðeins að landbúnaðargeiranum og öðru slíku. Það er nefnilega ekki nóg að tala bara um að forgangsraða innan heilbrigðiskerfisins. Það verður að gera innan kerfisins alls, ríkisgeirans alls. Ég verð að segja að þetta ber vott um einhverja allt aðra veruleikasýn heldur en ég þekki.

Herra forseti. Það var líka gott hjá hv. þm. að koma hérna og færa okkur þær gleðilegu fregnir að það væri búið að opna taugaskurðdeildina. Menn geta barið sér á brjóst og hrósað sér yfir hlutum eins og þessum. En hver lokaði taugaskurðdeildinni fyrir sex mánuðum? Var það ekki Framsfl.? Nú kemur hann og segir: Sjáið hvað ég er góður! Svona eiga menn að stjórna.

[18:12]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt að draga þá ályktun að ég hafi sagt að halli ríkissjóðs stafaði af heilbrigðismálum. Það er alrangt. Það sem ég hef reynt að draga fram er sú staðreynd að 40% af útgjöldum ríkisins — og ég get svo sem endurtekið það nógu oft fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson, (**ÖS:** 42%.) 42%, það er ágætt að fá leiðréttingu á því, eru vegna

útgjalda í heilbrigðis- og tryggingamálum. Auðvitað þarf því að skoða þau mál þegar draga þarf saman í ríkiskassanum. Þetta bara segir sig sjálft.

[18:13]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var afar ánægjulegt að heyra það að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur áhyggjur af fjárhag ríkissjóðs. En hins vegar finnst mér það skjóta skökku við ef hún telur að vandi ríkissjóðs hafi orðið til á síðasta kjörtímabili. Mér finnst einnig einkennilegt að heyra að Framsfl. hafi ekki gert sér grein fyrir þessum vanda í síðustu kosningabaráttu. Ég gæti hugsanlega fyrirgefið hv. 4. þm. Reykn. það að hún gerði sér ekki grein fyrir þessum vanda vegna þess að hún sat ekki á þingi á síðasta kjörtímabili. En ef hún er að halda því fram að þeir þingmenn Framsfl. sem á þingi sátu sl. kjörtímabil og sátu m.a. í fjárln. hafi ekki gert sér grein fyrir þessum vanda, þá spyr ég hv. þm.: Eru þeir ekki vanhæfir til að gegna þeim störfum sem þeir gegna nú? Er hv. þm. Guðmundur Bjarnason ekki algerlega vanhæfur til að vera landbrh.? Og er hv. þm. Jón Kristjánsson ekki algerlega vanhæfur til að vera formaður fjárln.? Og að ég tali nú ekki um hæstv. ráðherra heilbrigðismála sem sat í heilbrn. allt síðasta kjörtímabil. Er hún ekki algerlega vanhæf til að takast á við þennan málaflokk? Að lokum vil ég spyrja hv. 4. þm. Reykn.: Ef þessi mikli vandi sem hún telur að hafi orðið til á síðasta kjörtímabili er 40 milljarðar, hversu stór hluti af þessum vanda varð þá til á því tímabili sem Framsfl. var í ríkisstjórn, nærri því 20 ár samfleytt þangað til ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við 1991?

[18:15]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Mathiesen gerir mér upp orð. Ég sagði aldrei að vandi ríkissjóðs væri bara vegna síðustu ríkisstjórnar. (**ÁMM:** Jú.) Ég sagði það ekki. Ég tók sem dæmi að á undanförnum fjórum árum í tíð síðustu ríkisstjórnar hefði safnast upp 40 milljarða kr. halli. Ég veit að það hittir hv. þm. í hjartastað þar sem Sjálfstfl. sat þá í ríkisstjórn. En ég tók það sem dæmi. Þetta er gífurlega há tala. Bara á síðustu fjórum árum safnast hér halli upp á 40 milljarða. Að sjálfsögðu er hallinn meiri. Þetta er langtímavandi. Þetta er ekki bara í tíð síðustu ríkisstjórnar en við sjáum hvað vandinn er nálægur okkur. Á síðustu fjórum árum safnaðist 40 milljarða kr. halli þegar Sjálfstfl. og Alþfl. héldu um stjórnartaumana. Þess vegna er svo brýnt að ná þessu niður. Þess vegna tökum við framsóknarmenn þátt með ykkur sjálfstæðismönnum í þessari ríkisstjórn til þess að ná niður hallanum. Það er mitt mat að það hefðu engir flokkar getað það nema Sjálfstfl. og Framsfl. vegna þess að þetta eru tveir sterkustu flokkarnir í landinu í dag með 40 menn á þinginu af 63. Þið sjáið því að engin önnur stjórnmálaöfl hefðu getað tekið á þessum vanda. Við megum því bera höfuðið hátt og vera stolt af því að takast á við þetta vandamál. Enginn annar hefði getað það.

Ég viðurkenni að ég gerði mér sjálf ekki grein fyrir því hvað hallinn er geigvænlegur á ríkissjóði fyrr en ég kom hingað til starfa.

[18:17]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég hef misheyrt það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði í ræðustól, bið ég hana forláts á því. Hins vegar heyrðist mér á frammíkalli annarra hv. þingmanna að þeir hefðu heyrt eitthvað svipað og ég. En ég vil ekki karpa um það við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvað hún sagði hér nákvæmlega.

Ég get líka fyrirgefið henni þótt hún átti sig ekki á því í sjónhendingu hversu stóran hluta af ríkissjóðsvandanum má kenna Framsfl. Ég verð hins vegar að fagna því að í ræðu hennar kemur fram að hún vill taka þátt af heilum hug í því að minnka þennan vanda og ég vona að það sama eigi við um alla þingmenn flokks hennar. Ég veit og get fullyrt að þingmenn míns flokks, Sjálfstfl., eru allir einhuga í þessu. Ég vona bara að okkur takist vel til og við náum þeim markmiðum sem að er stefnt. Það er auðvitað grundvöllur þess að við getum haldið áfram að reka það velferðarkerfi sem við höfum hingað til rekið.

[18:18]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka að ef fólk í salnum tekur orðum mínum þannig að ég velti allri ábyrgð yfir á síðustu ríkisstjórn, þá voru þau ekki þannig meint. Ég tók einungis dæmi. Ég vil að það komi skýrt fram að vandinn er ekki einungis síðustu ríkisstjórn að kenna. Vandinn á sér mun lengri aðdraganda.

[18:19]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, 302. mál, þáltill. JóhS, þskj. 542.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 307. mál, frv. KPál o.fl., þskj. 547.

[18:19]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að ég deili í mjög mörgum atriðum þeim áhyggjum sem fram hafa komið hjá ræðumönnum í dag af því hvernig staðan er í heilbrigðiskerfi okkar. En því miður finnst mér að þeir, eða a.m.k. margir þeirra, deili ekki með mér þeim áhyggjum sem ég hef af ríkisfjármálunum og þykir mér það miður. Á því eru þó undantekningar eins og kom fram í umræðum hér rétt á undan.

Þegar við höfum unnið að fjárlögum og tillögugerðum fyrir þingið um það hvernig skipta eigi fjármunum í heilbrigðiskerfinu, hefur eitt vandamálið og jafnvel eitt aðalvandamálið verið ófullnægjandi upplýsingar um kostnað innan þess eins og t.d. upplýsingar um kostnað einstakra aðgerða eða legukostnað vegna tiltekinnar starfsemi. Auðvitað hafa verið lagðar fram ýmsar tölur sem hafa verið athyglisverðar, en þegar kemur að því að bera þær saman á milli stofnana hafa þær reynst ónothæfar. Um þetta eru mörg dæmi sem hægt væri að tilfæra.

Annað vandamál í þessu sambandi er samkeppni á milli stofnana og jafnvel á milli deilda innan stofnana. Samkeppni er að mínu mati góð en hún þarf þá að gerast á einhvern þann hátt sem skilar árangri þannig að hún sé kerfisbundin og þeir sem standi sig best njóti þess. Til að geta viðhaldið slíkri samkeppni, þurfum við að koma einhverju því kerfi á sem umbunar þeim sem best standa sig. En við leysum ekki það vandamál með því að sameina alla. Þá verður ekki um neina samkeppni að ræða og við munum ekki njóta þess hags sem getur verið af samkeppninni.

Mesti vandinn í heilbrigðiskerfinu er á sjúkrahúsunum og hugsanlega er hann mestur hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Minni sjúkrahúsin eiga líka í vanda þótt hann

komi fram á annan hátt þar sem mikill munur er á einingunum. Vandinn kemur oft fram í umræðum sem togsteita á milli dreifbýlis og þéttbýlis, ekki síður en á milli stórra sjúkrahúsa og minni sjúkrahúsa. Þennan vanda væri sennilega hægt að leysa ef um skýrari verkaskiptingu væri að ræða á milli þessara stofnana. Vandinn hefur auðvitað verið sá hvernig hægt er að koma þessari verkaskiptingu á og hvernig við skipuleggjum starfsemina eftir að betri verkaskiptingu hefur verið komið á á milli þessara stofnana.

Hvernig ættum við helst að skipuleggja starfsemina? Við þurfum auðvitað helst að skipuleggja hana þannig að við fáum sem mesta framleiðni út úr henni, að við fáum sem mesta vinnu fyrir sem minnsta fjármuni. Ég held að við þurfum þar af leiðandi að nýta allar þær stofnanir og öll þau tæki sem við höfum í höndunum frekar en líta til þess að byggja nýjar stofnanir og nýjar byggingar umfram það sem við höfum í dag. Það kostar einfaldlega of mikla peninga. Þess vegna þurfum við að hafa verkaskiptinguna þannig að á hinum minni sjúkrahúsum fari fram aðgerðir sem eru tiltölulega einfaldar og krefjast minni tækjabúnaðar og hugsanlega minni kostnaðar. Á stærri stofnununum, hinum svokölluðu hátæknisjúkrahúsum, fara þá fram erfiðari aðgerðir og staðið verði sem best að þeim. Ef við blöndum tiltölulega einföldum og svo erfiðum aðgerðum saman í miklum mæli innan sömu stofnunar er hætta á að gripið sé til dýrari lausna á einfaldari aðgerðum. Þar er sú freisting til staðar að nota stór og dýr tæki jafnvel þótt aðgerðirnar séu einfaldar og hægt hefði verið að gera þær á ódýrari hátt.

Ég held líka að við þurfum í sambandi við stóru hátæknisjúkrahúsin að skoða vel kostnaðinn við legu sjúklinganna eftir aðgerðir. Ég held að við verðum að skoða mjög vel þær tillögur sem komu frá landlækni varðandi sjúkrahótel þar sem sjúklingar geta náð sér eftir aðgerð og fengið viðeigandi umönnun á ódýrari hátt en inni á stóru og dýru *hátæknisjúkrahúsunum*.

Í umræðunum í dag hefur dálítið verið rætt um þær tillögur sem verið er að vinna í nefnd sem hæstv. heilbrrh. skipaði til þess að endurskoða heilbrigðiskerfið. Þar hefur verið talað um kjördæmastjórnir í heilbrigðismálum og að fjármagnið verði að fylgja sjúklingnum. Þegar þetta hefur verið rætt að undanförnu hefur það verið í hálfgerðum slagorðastíl og lítið sinnt um hvernig ætti að útfæra þessar hugmyndir. Enda skilst mér að starfinu innan þessarar nefndar sé langt frá því lokið, samstaða hefur ekki náðst og fátt um útfærðar tillögur enn sem komið er. Ég held að báðar þessar hugmyndir séu mjög athyglisverðar og vert að skoða hvernig hægt er að útfæra þær á heppilegan hátt. Það er með þetta eins og svo margt sem við fjöllum um. Leiðirnar eru fleiri en ein og það er ekki víst að allar leiðirnar liggi að því takmarki sem við höfum sett okkur.

Ef heilbrigðisstjórnir í kjördæmum eiga að vera rekstrarstjórnir yfir öllum heilbrigðisstofnunum kjördæmisins, held ég að við séum á rangri leið. Ef þessar stjórnir eiga hins vegar að vera einhvers konar sjúkrasamlag þar sem útdeilt er fjármunum til stofnananna í samræmi við þá vinnu og þjónustu sem þær veita, þá held ég að við séum hins vegar á betri leið með þessa hugmynd. En þá velti ég því fyrir mér hvort það sé skynsamlegt kerfi fyrir okkur að hafa slíkar stjórnir eftir kjördæmum. Reyndar hefur mér skilist að það eigi ekki að fylgja kjördæmum hér á suðvesturhorninu, þar á að blanda saman Reykjavík og Reykjaneskjördæmi vegna nálægðar. Hugsanlega getur það verið í lagi. En hvaða jafnvægi verður í þessu kerfi ef við erum með heilbrigðisstjórn sem nær yfir þrjá fimmtu þjóðarinnar og síðan eru heilbrigðisstjórnir í hverju hinna sex kjördæmanna þar sem sex heilbrigðisstjórnir eru yfir tveimur fimmtu þjóðarinnar? Ég er sannfærður um að það verður einhver slagsíða á því kerfi, jafnvel svo mikil að það gæti ekki gengið upp. Ég held þess vegna að við verðum að reyna að útfæra þessa hugmynd í einhverjum einingum sem væru líkari að stærð. Þess vegna gæti verið rétt að hafa einingunar á suðvesturhorninu ekki eins stóra og hugmyndir hafa verið um og einingarnar í öðrum hlutum landsins stærri en hugmyndir hafa verið um.

Ég ítreka að ég sé ekki að þær séu skynsamlegar nema þær séu á þessu formi sem ég nefndi að vera eins og gömlu sjúkrasamlögin voru en stærri útgáfur af þeim. Það tengist auðvitað því að fjármagnið á að fylgja sjúklingnum og sjálfsagt höfum við öll reynt að láta fjármagnið fylgja sjúklingnum þegar við höfum verið að ákveða útgjöld í heilbrigðiskerfinu og vonandi gera þau það í sem ríkustum mæli. Hins vegar hefur orðið ákveðin breyting í heilbrigðiskerfinu. Það hefur orðið meiri aukning á höfuðborgarsvæðinu hjá stóru sjúkrahúsunum en á sjúkrahúsunum úti á landi og stærri hluti af aðgerðunum hefur farið fram á stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu heldur en úti á landi að undanförnu. Þetta getur verið eðlilegt. Á hinn bóginn hafa aðilar dregið það í efa að ekki hafi verið um sannfærandi tilflutning á fjármagni að ræða í anda þess að fjármagnið eigi að fylgja sjúklingnum.

Þegar við hugsum á hvaða hátt við getum látið fjármagnið *fylgja sjúklingnum eru margar leiðir til í því. Ein leiðin* þykir mér reyndar ekki vera góð. Hún minnir á það sem eitt flugfélagið auglýsti einu sinni: Fljúgið strax, far greitt síðar. Sjúklingurinn kemur einhvers staðar inn á einhverja stofnun og fær þá þjónustu sem hann þarf á að halda, síðan sendir læknirinn einungis reikninginn og fær hann borgaðan. Í kerfi sem væri byggt upp á þennan hátt væri falinn mjög mikill hvati fyrir lækna til þess að stunda lækningar sínar og mikil hætta á því sem kallað hefur verið oflækningar og menn hafa haft áhyggjur af á undanförnum árum, ekki bara hér á landi heldur víða erlendis líka. Ég held að miklu farsælli leið sé í því að láta fjármagnið fylgja sjúklingnum væri að gera áætlanir fyrir rekstur tiltekinna sjúkrahúsa miðað við þá reynslu sem við höfum haft á undanförnum árum um það hvaða sjúkdómstilfelli koma upp og hvaða aðgerðir þarf að gera og hafa þá í huga kostnað og hagkvæmni þess hvar skynsamlegast sé að framkvæma aðgerðirnar, m.a. með tilliti til þess hvort um er að ræða einfaldar eða erfiðar aðgerðir og það sé tiltölulega skýr verkaskipting á milli stofnana, á milli sjúkrahúsa og þá sérstaklega á milli stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og minni sjúkrahúsanna hér í kring og úti á landsbyggðinni. Ég held að þetta sé sú leið sem er skynsamlegust til þess að láta fjármagnið fylgja sjúklingnum. Ef áætlanir hafa ekki reynst réttar minnkar fjárveitingin til sjúkrahússins á einhvern fyrir fram ákveðinn hátt með tilliti til þess hvaða kostnað sjúkrahúsið hefði annars þurft að leggja í og eins á hinn bóginn ef það hefur reynst þurfa að gera fleiri aðgerðir heldur en upphaflega var áætlað aukast fjárveitingarnar á einhvern fyrir fram ákveðinn hátt miðað við það hve mikinn kostnað þær aðgerðir sem hefur fjölgað eitthvað hefðu í för með sér fyrir sjúkrahúsið. Þetta ætti að *vera kerfi sem leyfði hreyfingu á verkefnum á milli sjúkrahúsa* og á milli stofnana þannig að það ætti ekki að þurfa að grípa til niðurskurðar af orsökum sem væru ófyrirséðar en

jafnframt ætti tilfærslan að koma frá sjúkrahúsum sem hefðu að öðrum kosti ekki not fyrir fjárveitingu sína vegna þess að starfsemin hafi verið minni.

Aðeins að lokum, herra forseti, örlítið um ástandið í dag. Ég held að við þurfum að fá úr því skorið áður en við gerum þar miklar breytingar hvaða þjónustu við fáum fyrir þær fjárveitingar sem þegar hafa verið ákveðnar. Ef við komumst síðan á einhverju stigi að þeirri niðurstöðu að sú þjónusta sé ekki nægjanleg verðum við að leita til þeirra stofnana sem sýna mesta hagkvæmni í rekstri til þess að hjálpa okkur við að leysa þann vanda sem við sjáum þá hugsanlega fyrir okkur.

[18:35]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Mathiesen fyrir mjög upplýsandi og áhugaverða ræðu. Mig langar til þess að tæpa á nokkrum hlutum sem hann minntist áðan á vegna þess að margt af því sem hann sagði kom beint eða óbeint fram í ræðu minni áðan. Hann talaði um skort á upplýsingum um kostnað sem hefði háð fjárln. t.d. um einstakar aðgerðir.

Þegar ég var að tala um þetta ákveðna stöðugildi sem hefði verið á vegum Ríkisspítala og ráðuneytis áðan var ég að tala um DRG-kerfið sem gefur nákvæmlega þessar upplýsingar. Það væri því gott fyrir fjárlaganefndarmenn að vita af því að til er tæki til þess að mæla þetta.

Samkeppni milli stofnana og milli deilda. Ég vil líka minnast á það að þegar ég starfaði á Ríkisspítölunum var komið upp svokallaðri sviðaskiptingu. Sviðaskiptingin var einmitt gerð með tilliti til þess að samkeppni yrði að hluta til milli deilda og milli stofnana og fólki yrði umbunað fyrir að standa sig vel og hluti afgangs yrði eftir á sjálfri deildinni og annað rynni til spítalans sem heildar. Þetta er mjög í takt við það sem var að gerast fyrir tíu árum hjá fagmönnum en hefur ekki komið í framkvæmd. Það er nauðsynlegt að nýta allar stofnanir og tæki betur. Ég hef ítrekað sagt og ég tek undir það að við höfum næga steinsteypu. En við þurfum að bæta þjónustuna og efla hana og nýta peningana í það.

Ég vildi líka minnast á heilbrigðisstjórnirnar eftir kjördæmum. Þessi hugmynd kom fyrst upp innan heilbrigðisnefndar Sjálfstfl. fyrir tæpum áratug. Þá var rætt um kjördæmi en í því tilviki kom aftur upp sá vandi að deila héruðum eftir kjördæmum vegna þess að t.d. hentaði það ekki Strandamönnum að sækja þjónustu sína og vera undir hatti Vestfjarða vegna samgönguerfiðleika á þeim tíma. Öllu var haldið opnu í því tilviki og ég fagna því að Árni skuli hafa veitt þessu athygli.

[18:38]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur hlýleg orð í minn garð. Það þarf út af fyrir sig ekki að koma hv. þingmönnum á óvart þótt það sé samhljómur í því sem við erum að segja þar sem við tilheyrum bæði sama flokki. En hvað varðar DRG-kerfið sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu og eins í andsvarinu er okkur kunnugt um þetta kerfi í hv. fjárln. en það virðist ekki hafa skilað sér í þeim upplýsingum sem við höfum verið að biðja um í nefndinni og eins veit ég að það hefur heldur ekki skilað sér til heilbrrh. Ef kerfið er það sem sagt er að það sé og hægt er að fá þær upplýsingar úr því sem menn hafa vonast eftir þá er einlæg ósk mín að það geti komist sem fyrst í notkun og það skili sér til okkar sem fyrst við ákvarðanatöku.

[18:39]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega dálítið sérkennilegt að við samflokksmenn skulum vera að svara hvort öðru en ég tek það fram vegna þess að það hefur verið mér mikið hjartans mál að DRG-kerfið kæmist á að fleiri lönd hafa notað þetta kerfi í nokkuð mörg ár. Ég spurði áðan heilbrrh. hvað liði þessu kerfi sem hefði verið unnið að undanfarinn áratug á vegum ríkisins og ekki hefur bólað á enn þá.

[18:39]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Halldór Laxness segir frá því í bók sinni Innansveitarkróníka, að Ólafur bóndi á Hrísbrú hafi lifað marga presta á Mosfelli og hann hafi alltaf talað um einn og sérhvern þeirra eins og um flokk væri að ræða og ævinlega með sama tignarheiti í fleirtölu: Þessir andskotar!

Ég er búinn að lifa allmarga heilbrigðisráðherra og hafa þeir flestir átt erfiða daga og fallið undir tignarheiti Ólafs á Hrísbrú í tali stjórnarandstöðu og jafnvel þjóðin talið sér trú um að þeir væru ekki of vel innréttaðir. Einn var sagður t.d. haga sér eins og fíll í glervörubúð um árið, hv. núv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Svo aftur sé nú vitnað til þeirra Hrísbrúarmanna þá sagði Andrés á Hrísbrú að hreppsnefndin væri ekki nein skemmtinefnd, allra síst eftir að bæði traffík og konkúrensi væri farið að grafa um sig í héraðinu. Ríkisstjórnin er nefnilega engin skemmtinefnd og glímir við mörg og flókin úrlausnarefni.

Stærsta verkefnið er að stöðva sífellda hækkun ríkisútgjalda og koma í veg fyrir að þurfa að hækka skatta, tekjuskatt og virðisaukaskatt á fólkið sem er á vinnumarkaðnum. Það er horft á fjármagn sem fer til heilbrigðis- og tryggingamála enda um 50 milljarðar. Það er eðlilegt að horft sé þangað og spurt eftir sparnaði og meðferð á þessum peningum. Niðurskurður til heilbrigðsmála er sársaukafullur og allt orkar tvímælis þá gert er. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að í ljósi þess að kona gegnir nú því veigamikla embætti að vera heilbr.- og trmrh. megi vænta þess að málin verði tekin mýkri höndum.

Við sem þekkjum hæstv. heilbrrh. Ingibjörgu Pálmadóttur og hennar vinnubrögð vitum að hún er með margt gott á prjónunum og mun vonandi ná þjóðarsátt um þennan viðkvæma málaflokk. Heilbrrh. sagði í ræðu sinni í dag eitthvað á þá leið sem sýnir að margt er að gerast: „Hagræðing og uppstokkun til að fá meira fyrir minna. Það er verið að vinna að slíkum verkefnum.“ Hún sagði enn fremur: „Samhæfing og samvinna á milli sjúkrastofnana er í fullum gangi.“

Hæstv. heilbrrh. sniðgengur ekki stjórnarandstöðuna og á hún nú aðild að allri stefnumótun í heilbrigðismálum. Er ekki stjórnarandstaðan sátt við það að núv. heilbrrh. hefur kallað hana til starfa í þennan viðkvæma málaflokk, kallar hana til ábyrgðar, hlustar á rök hennar við að endurskipuleggja þetta flókna og viðamikla kerfi. Þetta gera ekki allar ríkisstjórnir. Þetta gera ekki allir ráðherrar. Ég trúi því að þetta verði til þess að við munum fremur ná þjóðarsátt um málaflokkinn að stjórnarandstaðan er höfð með í verkinu.

Hæstv. heilbrrh. sagði í ræðu sinni: „Horfum áratug fram í tímann, ekki einungis til eins árs í senn.“ Ég fagna þessari yfirlýsingu. Ég verð því miður að segja: Margir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa ekki einu sinni horft ár fram í tímann. Þeir hafa ekki talað í núinu, hvað er að gerast þessa stundina. Þeir hafa hort aftur í tímann. Höfuð þeirra hefur snúið til baka inn í fortíðina þar sem þeir eru að tönnlast á

kosningaloforðum sem á auðvitað að standa við. En pólitíkin snýst ekki um fortíð. Hún snýst um það sem er fram undan og það skiptir máli.

Hæstv. ráðherra sagði frá því að hafin væri endurskoðun almannatryggingalaga með það að leiðarljósi að þeir sem mest þurfa á aðstoð og samhjálp að halda fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Getum við hv. þm. ekki orðið sammála um að kannski er ekkert óeðlilegt að við verðum af ýmsum ástæðum að endurskoða samhjálpina til þess að koma henni til þeirra smáu og veiku. Við verðum kannski að taka með einhverjum hætti af þeim sem meira hafa til þess að hjálpa þeim sem ekki ráða við hlutina sjálfir vegna þess að þeir eru þannig efnum búnir. Ég tel þetta mikið verkefni og um það þurfi að ná sátt.

Hæstv. forseti. Það þarf að móta langtímastefnu um hvernig og hvar skuli sparað í heilbrigðiskerfinu. Sumt er hægt, annað gera menn ekki. Ákvarðanir um niðurskurð á ekki að taka að tillögum fjárln. eða hæstv. fjmrh. eða hans verkamanna, heldur að vandlega athuguðu máli í samráði við færustu sérfræðinga og heilbrigðisstéttir. Íslendingar eru sem betur fer hraustasta og lífsglaðasta þjóð í heimi. Samt láta menn á Alþingi og víða eins og hér sé allt í rúst í heilbrigðismálum og þjóðin sé að farast úr veikindum. Er ekki umræðan ýkt? Er hún ekki stundum að ganga fulllangt? Er það heppilegt af Alþingi og stjórnarandstöðu að tala svona? Við eigum bestu lækna jafnvel í veröldinni og óvenju starfshæfar heilbrigðisstéttir. Fyrsta verk hæstv. ráðherra var að stöðva fleiri byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Það kallaði á átök víða. Menn vildu um leið og þeir stóðu frammi fyrir rekstrarvanda líðandi stundar láta milljarða renna í að byggja til viðbótar nýjar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús sem jafnvel áttu ekki að koma í gagnið fyrr en eftir áratug. Ég fagnaði því þeirri niðurstöðu að menn staldri við og íhugi hvað rétt er að gera því að byggingu fylgir búnaður og starfsfólk. Við eigum húsnæði til að þjóna miklu stærri þjóð í heilbrigðismálum en við erum. Vandinn er að reka kerfið og spara peninga.

Vandinn er líka sá að á næstu 25 árum gerast mikil tíðindi. Nú eru sex Íslendingar á vinnualdri um hvern ellilífeyrisþega. Þegar ég og mín kynslóð verður komin í þennan hóp, verða þrír Íslendingar á vinnualdri um hvern ellilífeyrisþega. Þetta eru staðreyndir máls. Þá verða ekki 26 þúsund Íslendingar 67 ára og eldri. Þá verða þeir 52 þúsund, en svipað hlutfall fólks á vinnumarkaði. Þetta er vandinn sem blasir við í framtíðinni. Þá verðum við komnir með svipað hlutfall og flestar þjóðir í aldursbreidd. Þá verða ekki eins og nú 10% þjóðarinnar 67 ára og eldri, heldur nær 20%, að minnsta kosti 17–18%. Þetta er eitthvað sem nálgast okkur óðfluga og við verðum í tíma að huga að. Það væri ábyrgðarleysi af okkur sem nú erum á starfsaldri að reyna ekki að hugsa: Hvernig getur næsta kynslóð á vinnualdri staðið undir þessum fjölda með sköttum og skyldum?

Einn vandinn sem nú er glímt við er sennilega sá að hér eru læknar og sérfræðingar orðnir of margir. Þess vegna er hávaði í kerfinu. Því fylgja átök að berjast á of litlum markaði ekkert síður þar en annars staðar. Þarna eru of margir alveg eins og það eru of margir í landbúnaði, of margir í smábátaútgerð o.s.frv. Við þekkjum þau átök. Morgunblaðið sem fylgist vel með þjóðmálum skýrir frá því í fyrradag hvernig fjöldi starfandi lækna og sérfræðinga á Íslandi hefur þróast. Fyrir 20 árum voru þeir 412. Nú eru þeir nær 900. Fólkinu hefur ekkert fjölgað verulega. Veikindin hafa ekkert vaxið verulega. Við höfum jafnvel ráðið við suma sjúkdóma þannig að þeir eru ekki eins afgerandi og þeir voru. En það hriktir í kerfinu þegar svona stendur að menn eru að spara peninga. Ég er ekkert að lá læknunum það. Þeir vilja auðvitað hafa þá aðstöðu sem þeir hafa, að vísa frá sér til sín og Tryggingastofnun borgar.

Ein leið til að draga úr þrýstingi væri sú að flytja inn sjúklinga. Læknarnir eru taldir með þeim færustu í heimi eins og ég sagði og hér er ýmislegt sem býður upp á heilsulækningar, leirböð í Hveragerði og Bláa lónið. Við höfum séð í fréttum að Grænlendingar koma hér og hæstv. ráðherra sagði frá því að við þá hafi tekist samstarf. Við eigum að athuga í vaxandi mæli hvort við getum ekki flutt inn sjúklinga til að fleiri fái að nýta þá frábæru sérfræðinga og lækna sem við eigum og þá aðstöðu sem við eigum í heilbrigðismálum og þá sérstöðu þannig að ég vil leggja á það áherslu.

Ég skal viðurkenna að ekkert fer meira í taugarnar á mér en biðraðir í hjartaaðgerðir, bæklunaraðgerðir og fleira. Af slíku hlýst oft mikið tjón og vinnutap á Íslandi. Ég treysti hæstv. heilbrrh. til að finna leiðir út úr þessum vanda. Þetta er eitt stærsta vandamálið sem við horfum nú á. Þar gæti komið til endurskipulagning á starfsemi sjúkrahúsa og að skurðstofur væru nýttar nánast allan sólarhringinn. Biðlistum fylgir vinnutap og slíkt er dýrt og dýrast atvinnulífinu.

Nú er það að gerast að einstök fyrirtæki gefa peninga til þessa málaflokks. Um slíkt verður að móta stefnu. Þetta kallast kostun og snýr að því að fyrirtæki kaupa sér ímynd. Í mínum huga er ekki sama hvernig þetta þróast. Hinu má velta upp hvort atvinnulífið hér borgi jafnmikið til heilsutrygginga og í nálægum löndum. Á síðustu árum hefur sköttum verið velt af atvinnulífinu yfir á launþega. Ég nefni t.d. einn skatt, aðstöðugjaldið sem féll flatt á hvern einasta rekstur. Því var aflétt.

Bæklunar- og hjartaaðgerðir eru í stórum stíl framkvæmdar á fólki á vinnualdri. Væri það reikningslega hagkvæmt fyrir atvinnulífið að biðlistar hyrfu og atvinnulífið tæki á sig lágan viðbótarskatt til að reka skurðstofunar? Ég vil enn fremur spyrja: Er kannski önnur leið? Við skulum taka stærstu tryggingasjóði landsmanna sem eru lífeyrissjóðir. Þeir eru ekki bara handa fólki þegar það verður gamalt. Þeirra stærsta hlið sem verkalýðshreyfingin hefur vakið athygli á eru auðvitað tryggingar einnig. Nú eru þetta sterkríkustu sjóðir þessa lands, lífeyrissjóðirnir og við skulum líta á þróun þeirra og stækkun. Frjáls sparnaður í bönkum og hjá ríkinu, hjá almenningi, var 90 milljarðar 1987, sama upphæð og lífeyrissjóðakerfið réð yfir þá. Nú er hinn frjálsi sparnaður 250 milljarðar en lífeyrissjóðirnir ráða yfir 314 milljörðum. Er kannski ekki betra að íhuga, af því að þeir fá margt af þessu fólki inn á tímabundnar örorkubætur, hvort ekki væri eðlilegt að þeir kæmu einhvern veginn inn í spilið til að herða á framkvæmd hjartaaðgerða og bæklunaraðgerða? Þessir sjóðir eru eign launþeganna og atvinnulífsins. Er þetta vettvangur til að stytta hinar löngu biðraðir á þessu sviði sem eru stærsti skammtímavandinn?

Ég vil svo að lokum lýsa því yfir að ég er andvígur innritunargjöldum á sjúkrahús. Ég tel forvarnir mikilvægar. Ég fagna því t.d. hvernig forvarnir, samanber krabbameinsleit í brjóstum kvenna, hafa tekist vel í gengum tíðina og komið í veg fyrir dauða og tjón á mörgum sviðum. Við getum velt fyrir okkur karlmönnum. Þeir farast mjög mikið úr krabbameini. Það byrjar ekki í brjóstunum heldur í blöðruhálsi. Er hægt að hefja þar forvarnastarf? Svo er auðvitað hitt atriðið

sem skiptir mestu máli, herra forseti. Það er fyrirbyggjandi starf að menn hreyfi sig, stundi líkamsrækt og leikfimi á öllum aldri.

Ég trúi því, herra forseti, að þetta þing sem nú situr með hæstv. heilbrrh. í fararbroddi muni ná þjóðarsátt um þennan stóra og mikilvæga málaflokk og umræðan, andstyggilega umræðan og rangláta á mörgum sviðum, hljóðni og við stöndum saman um okkar heilbrigðismál.

[18:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir mjög málefnalega og ágæta ræðu um heilbrigðismál. Ég tek undir orð hans að það er skynsamlegt og til fyrirmyndar að hæstv. heilbrrh. kallar stjórnarandstöðuna til þeirrar vinnu sem fram fer í stefnumótun í ráðuneytinu. Aftur á móti hefði ég gjarnan viljað að stjórnarandstaðan væri kölluð til í fleiri málum eins og í þessu niðurskurðarmáli. Þá væri kannski hægt að afstýra ýmsu þar sem mér finnst hafa verið farið helst til langt í að skerða hlut þeirra sem síst skyldi. Ég hefði gjarnan viljað að þar hefði stjórnarandstaðan verið kölluð til líka.

Hv. ræðumaður talaði um að við þyrftum að horfa til framtíðar. Ég er hjartanlega sammála honum að því leyti. Það er nákvæmlega það sem við þurfum að gera. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda. Það er mikill óróleiki í heilbrigðiskerfinu. Það er verið að skera að mjög grimmt niður, sérstaklega vil ég nefna Sjúkrahús Reykjavíkur. Þar er geysilega stór vandi. En sem betur fer heyrðist mér á varaformanni fjárln. að þeir hygðust koma þar með viðbótarfjármagn enda tel ég að þeim sé ekki stætt á öðru því að þarna hlýtur að hafa verið um slys að ræða í fjárlagagerðinni. Og ég ætla að vona að menn þurfi ekki að fara að loka 77 sjúkrarúmum varanlega, loka öldrunardeildum og heimilum fyrir sjúk börn o.s.frv. eins og blasir við.

Varðandi aukna gjaldtöku hjá sjúkrahúsunum held ég að það verði ekki lengra gengið en nú þegar hefur verið gengið að frumkvæði síðustu ríkisstjórnar. Það verður ekki lengra gengið í gjaldtöku á sjúkrahúsunum. Vanskil komugjalda hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur voru árið 1993 10 millj. í vangreiddum gjöldum sjúklinga sem komu á sjúkrahúsið. Með innheimtu náðust 4 millj. þannig að vangreidd gjöld voru 6 millj. eftir innheimtuaðgerðir. Árið 1994 voru vangreidd komugjöld á sjúkrahúsinu 10 millj. kr.

[18:58]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fátt sem ég hef að segja nema þakka hv. þm. hlý orð í minn garð. Þau koma mér ekkert á óvart. Við erum gamlir flokksfélagar og vinir í sama flokki og eigum kannski eftir að verða það síðar á nýjan leik. Ég hygg og fagna því að hæstv. heilbrrh. kallar stjórnarandstöðuna að ákveðnum málum. Nú verða hv. þingmenn náttúrlega að gera sér það ljóst að þeir eru í löggjafarstörfum. Ég veit ekki hvort það væri heppilegt að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir væri líka úti á sjúkrahúsunum að stjórna. Hér er hv. þm. í aðhaldshlutverki. Henni ber að vera það og gerir það oft málefnalega þó hún gangi að vísu svolítið hart fram gagnvart okkur fyrri félögum þegar henni hitnar í hamsi. Þá kemur manni í hug það sem kvenskörungurinn sagði: „Þeim var ég verst sem ég unni mest." En nú sýnist mér sinnaskipti á þessu og ég held að hv. þm. verði að una því hlutverki að vera ekki kölluð að hverju einasta erfiðu verkefni sem blasir við þeim sem með framkvæmdarvaldið fara hverju sinni.

[19:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef verið sammála flestu því sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur sagt í dag. (**Gripið fram í:** Ertu í andsvari við ...?) Ekki því síðasta sem hún sagði um ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar um að það hafi verið frábærlega góð ræða. Hún var ekki málefnaleg. Hún var mjög vel flutt, þingmaðurinn er vel máli farinn og hann kemur sínum hugmyndum og boðskap vel á framfæri. Hins vegar fannst mér ræðan og málflutningurinn óhugnanlegur um margt.

Í dag hefur farið fram mikil umræða um heilbrigðismál. Hæstv. fjmrh. landsins hefur boðað ákveðnar kerfisbreytingar sem hann vill koma á inn í velferðar- og heilbrigðiskerfinu þar sem hann vill innleiða í ríkari mæli en verið hefur að sjúklingar borgi fyrir sig. Menn hafa tekið undir kostnaðarþátttöku fyrirtækja í heilbrigðiskerfinu. Við erum að tala um ýmsar grundvallarbreytingar á heilbrigðiskerfinu. Síðan koma stjórnarþingmenn upp eins og hv. þm. Guðni Ágústsson til að verja sína menn í ríkisstjórn og segja að þetta sé allt í góðu gengi og hann voni að þessar andstyggilegu raddir og þessi andstyggilega umræða hljóðni.

Hér er búið að gera grein fyrir því í dag að það sem í rauninni hafi verið að gerast á undanförnum árum og hafi verið staðfest af hálfu Þjóðhagsstofnunar sé mikil tilfærsla á fjármunum innan heilbrigðiskerfisins. Sjúklingar borgi t.d. núna 2 milljörðum meira en þeir gerðu árið 1990 og boðað er að áfram skuli haldið á þeirri braut. Þess vegna sá ég ástæðu til þess að koma þessari gagnrýni á framfæri við annars ágætan þingmann, hv. þm. Guðna Ágústsson.

[19:03]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svona uppgötvar maður það stundum þegar maður talar úr ræðustól að tvær ólíkar persónur sitja í salnum. Það glaðnar yfir annarri og hún verður bjartsýn og sér málin í nýju ljósi. Hin persónan, í þessu tilfelli hv. þm. Ögmundur Jónasson, hefur setið í annarlegum hugleiðingum undir ræðu minni. Hann gefur gerst innhverfur, horfið inn í eigin sál og hugarheima og reynt að lesa eitthvað allt annað á milli línanna en það sem ég sagði. Ég gagnrýndi ýmislegt. Ég benti á leiðir til þess að leysa kannski þau flóknustu mál sem valda nú mestri gagnrýni. Ég nefndi þar til verkalýðshreyfinguna sem hv. þm. þekkir og lífeyrissjóðina sem eru sterkustu eignarsjóðir á Íslandi í umráðum atvinnulífs og launþega. Ég sagði ekki að það væri allt í góðu gengi en ég sagði: Við eigum þau tækifæri undir forustu hæstv. heilbrrh. að ganga nýjar leiðir og hæstv. ráðherra hefur kallað stjórnarandstöðuna til verka og ábyrgðar og reynir, ekki bara í þinginu, að ná sátt um málaflokkinn heldur líka í þjóðfélaginu öllu. Ég geri mér grein fyrir því að þegar það hefur náðst munu, ég vil segja upphrópanir og kannski andstyggileg umræða, því að vissulega fer umræðan í taugarnar á mér og sumt sem ég nefndi í ræðu minni fer í taugarnar á mér eins og biðlistarnir, þá mun þetta tilheyra fortíðinni og nýr tími blasa við. Ég geri mér grein fyrir því að umræðan verður að eiga sér stað og hún er ekkert óeðlileg eins og hún hefur verið að margra hálfu þó margir stjórnmálamenn hafi að vísu gengið langt í henni. En það er fyrst og fremst að ná

því fram að við leysum stærstu skammtímavandamálin og mætum framtíðinni með réttum hætti.

[19:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hafa staðið umræður um ástand heilbrigðismála í allan dag og ég vil þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Ég tel að umræðan hafi sýnt að mönnum liggur margt á hjarta í þessum málum en sjónarmiðin eru afar ólík eftir því frá hvoru sjónarhorninu við nálgumst málið, stjórn og stjórnarandstaða. Þótt ýmsir stjórnarsinnar hafi viðurkennt að við stöndum frammi fyrir miklum vanda í okkar samfélagi, þá ber það líka við í þessari umræðu að menn neita að horfast í augu við staðreyndirnar.

Það kom fram í upphafi umræðunnar í dag að við búum um margt við mjög gott heilbrigðiskerfi og það er hárrétt. Það er margt mjög gott í heilbrigðiskerfi okkar, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu þar sem við getum valið um það að fara til okkar heimilislæknis eða leita beint til sérfræðinga. Mörgum þykir þetta gagnrýnivert og segja að þetta sé afar dýrt kerfi en þar á móti kemur að við sem einstaklingar fáum að velja. Ég hef lagt á það mikla áherslu í málflutningi mínum, m.a. síðasta ár þegar umræðan stóð um tilvísanakerfið, að það væru réttindi einstaklingsins að fá að velja og t.d. sé ég enga ástæðu fyrir því að við konur þurfum að leita til heimilislæknis fyrst ef við þurfum að komast til kvensjúkdómalæknis og ég veit að það eru fleiri sem deila þeirri skoðun með mér.

Hæstv. forseti. Okkur hlýtur öllum að vera ljóst að við stöndum frammi fyrir miklum vanda í heilbrigðismálum. Íslendingar hafa gengið í gegnum nokkrar efnahagsþrengingar á undanförnum árum og ríkissjóður hefur um árabil verið rekinn með halla og við erum þjóð sem skuldar býsna mikið. Ef ég man rétt fer um það bil ein af hverjum þremur krónum sem við öflum í það að borga skuldir og vexti. Ekki ber að misvirða það að ríkisstjórnin reyni að glíma við þennan halla og það þarf ekki að undrast það þegar menn horfa yfir fjármál ríkisins að menn leiti fanga í heilbrigðiskerfinu. Eins og hér hefur margsinnis komið fram í dag eru það hvorki meira né minna en 40% af ríkisútgjöldum sem fara til heilbrigðis- og tryggingamála. En það er ekki sama hvernig menn nálgast þennan niðurskurð og sparnað. Það er ekki sama hvað er gert. Að mínum dómi hafa þau mistök sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum annars vegar falist í því hve vinnubrögð hafa verið handahófskennd og vanhugsuð og hvernig hefur verið vaðið áfram með flötum niðurskurði og hins vegar að það hefur ekki verið leitað samstarfs við þá sem best þekkja til mála.

Ég hrósa hæstv. núv. heilbrrh. fyrir það að hún hefur leitað ráða, hún hefur kallað stjórnarandstöðuna til til stefnumótunar enda er hér um slík stórmál að ræða að það verður að nást bærileg samstaða um það hvernig við rekum heilbrigðiskerfi okkar. Við stöndum frammi fyrir sama vanda og aðrar Evrópuþjóðir að við horfum fram á gífurlega aukin útgjöld á næstu árum af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar og ég ætla ekki að endurtaka, kom m.a. fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Guðna Ágústssonar. Það er óhjákvæmilegt að færri og færri þurfa að standa undir dýrri þjónustu við fleiri og fleiri. Það er myndin sem blasir við. En eins og menn hafa nálgast þessi mál er það svona álíka og að setja lok á pott með sjóðandi vatni þar sem allt bullsýður undir. Það er ekki hægt að kæfa suðuna með því. Það verður að lækka strauminn. Það er einmitt sá vandi og sú glíma sem við stöndum frammi fyrir þ.e. hvernig við drögum úr ferðinni fyrir aukna þjónustu.

Hér hefur verið vitnað í kenningar um það að því meiri þjónusta sem er í boði því meiri sé eftirspurnin og að eftirspurnin elti framboðið eins og hér var komist að orði. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé rétt. Er fólk alltaf að leita sér lækninga og leita til lækna bara af því að þeir eru til staðar? Ég leyfi mér að efast um það þó að auðvitað séu þekkt dæmi um það. Það kann að vera til í dæminu eins og ég nefndi í dag að það séu stundaðar oflækningar, að menn búa sér til *ákveðna eftirspurn. En ég hygg að það sé í afar lítill hluti* af þessu stóra dæmi. Málið er að draga úr eftirspurninni og það verður best gert með því að auka forvarnir og þar tek ég undir með hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Guðna Ágústssyni og reyndar gerði ég það að einu meginatriðinu í ræðu minni í dag. Ég legg mikla áherslu á að þessi leið verði farin til þess að draga úr útgjöldum í heilbrigðiskerfinu.

Ég var á fundi nokkru fyrir jól með hjúkrunarforstjórum og framkvæmdastjórum sjúkrahúsanna og þar var einnig aðstoðarmaður hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem stóð í þessari glímu á síðasta kjörtímabili sem heilbrrh. Hann vitnaði mjög í máli sínu til kenninga um það að eina leiðin til þess að draga úr kostnaði við heilbrigðiskerfið sé að taka fyrst og fremst á þeim sem hafa hag af því að selja heilbrigðiskerfinu þjónustu sína. Þetta eru þekktar kenningar og þarna er einkum verið að tala um þá sem framleiða tæki til heilbrigðiskerfisins, lyfjaframleiðendur og svo lækna. Menn taka læknana alltaf út úr en þeir hafa vissulega nokkra sérstöðu, t.d. í okkar kerfi. Eflaust er nokkuð til í þessu og þá einkum á þann veg að það þarf að veita strangt aðhald. Það hefur t.d. komið fram í umræðum og kom fram á fundi heilbr.- og trn. sl. mánudag að menn eru að leita leiða til þess að fara svolítið bakdyramegin að lyfjakaupum, að kaupa lyf á Spáni vegna þess að lyfjaframleiðendur skipta Evrópu niður í verðsvæði og við sem tilheyrum Norðurlöndunum erum á langdýrasta svæðinu. Hér eru lyfin dýrust af því að hér eru ríkustu þjóðirnar. Það sama gildir um ýmis tæki og það er þekkt staðreynd að menn eru alltaf að reyna að græða á ríkinu og veita ríkisstofnunum ekki þann afslátt sem aðrir fá. Þarna þarf að veita mjög strangt aðhald en ég held að þó að menn beittu ýtrustu aðgætni varðandi öll slík kaup, alla slíka samninga, þá stöndum við samt sem áður frammi fyrir þeirri meginstaðreynd að þörfin fyrir þjónustu kemur til með að aukast stöðugt. Það er óhjákvæmilegt og þess vegna segi ég enn og aftur að við verðum að horfast í augu við það að heilbrigðiskerfið kallar á meira fjármagn og þá kemur spurningin: Hvar á að sækja það?

Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson spurði okkur þingmenn að því hvernig við ætlum að spara. Ég rakti það í mínu máli í dag. Ég tel að með auknum forvörnum sé hægt að ná miklum sparnaði. En ég vil líka að við spyrjum okkur þeirrar spurningar hvernig við getum aflað meiri tekna. Það eru fleiri hliðar á málinu en sú að skera niður, menn verða líka að velta því fyrir sér hvernig hægt er að afla meiri tekna. Á meðan við látum skattsvik upp á marga milljarða viðgangast samfélagi okkar, á meðan ekki er komið á fjármagnstekjuskatti o.s.frv., er ansi erfitt að rökstyðja að peningar séu ekki til og ekki hægt að verja meira fjármagni til heilbrigðiskerfisins. Það þarf nefnilega líka að forgangsraða í ríkisfjármálunum. Hér erum við að tala um grundvallarþarfir þess hóps fólks sem búið er að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og á rétt á góðri þjónustu og öryggi. Það er einfaldlega skylda okkar

að búa vel að sjúkum og öldruðum. Ég er reiðubúin til að leita allra leiða til að halda því góða þjónustustigi sem hér var en hefur því miður verið að versna og versnar enn ef svo heldur fram sem horfir. Ég er sannarlega reiðubúin til að leggja hæstv. heilbrrh. lið í leit hennar að leiðum. Mér fundust það athyglisverðar hugmyndir sem komu fram hjá hv. þm., Guðna Ágústssyni. Mér finnst alveg sjálfsagt þegar við stöndum frammi fyrir þessum mikla vanda að skoða leiðir eins og þær að taka upp einhvers konar tryggingagjöld í atvinnulífinu eða hvað við viljum kalla það til þess að leysa þennan vanda.

Það er aðeins tvennt að lokum sem ég vil nefna. Við höfum mikið horft á sjúkrahúsin í þessari umræðu í dag, minna á sérfræðingana og það sem þar hefur verið að gerst. Ég vil ekki láta hjá líða að vekja athygli á því að það er líka verið að reyna að koma böndum á sérfræðingana, ef svo má að orði komast. Þar hljóta einnig að vakna spurningar um forgangsröðun og um það hvort þær takmarkanir sem þar er verið að setja geti ekki leitt til meiri veikinda og meiri erfiðleika. Þar vil ég sérstaklega nefna að kvensjúkdómalæknar hafa nú fengið á sig kvóta varðandi ómskoðanir á konum. Það eru 50 skoðanir á ári, tæplega ein skoðun á viku fyrir hvern sérfræðing. Það væri gaman að hafa tölur yfir það hversu margar konur leita til kvensjúkdómalækna á ári og hversu margar þessar skoðanir eru. Ég þyrfti hreinlega að koma þessu í fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. En ég er þegar farin að heyra miklar kvartanir yfir þessu. Það verður gaman að vita hvað gerist þegar líða tekur á árið og kvensjúkdómalæknar verða að neita konum um þessa skoðun. Í bréfi frá einum þeirra sagði hann að það væri auðvitað algerlega óviðunandi að verið væri að vísa þeim aftur á þær gömlu aðferðir að þukla og þreifa og meta ástand kvenna samkvæmt því þegar þeir hefðu þessi tæki á stofunum hjá sér sem veita gífurlega mikið öryggi og leiða til þess að ýmiss konar fyrirbæri sjást miklu fyrr og finnast miklu fyrr en ella, t.d. í leginu. Þetta finnst mér vera mál sem snertir okkur konur alveg sérstaklega og ég vil nota tækifærið til að vekja sérstaka athygli á þessu. Ég vil líka vekja athygli á því að landlæknir lýsti því yfir á fundi fjárln. nokkru fyrir jól að beinþynning meðal kvenna yrði faraldur á næstu öld. Þarna er líka dæmi um mál sem þarf að taka á núna til að fyrirbyggja að einmitt þetta sem á sér rætur í breyttum neysluvenjum valdi gífurlegum kostnaði hér eftir tvo til þrjá áratugi.

Þar er ég komin að því sem ég ætla að reyna að láta verða minn lokapunkt, hæstv. forseti. Það snertir það sem fram kom í ræðu forseta vors rétt áðan þar sem hann talaði um málflutning stjórnarandstöðunnar, þ.e. að við töluðum eins og þjóðin væri að farast úr veikindum. Hann hélt því fram að Íslendingar væru heilbrigðasta þjóð í heimi. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin heldur því fram að heilsu kvenna um allan heim fari hrakandi. Það er vegna þess að konur veikjast í síauknum mæli af þeim sjúkdómum sem áður lögðust einkum á karla á ákveðnum aldri, þ.e. hjarta- og æðasjúkdómum. Þeim fjölgar meðal kvenna. Og ýmsir aðrir velferðarsjúkdómar sækja því miður í sig veðrið. Konum gengur verr en körlum að hætta að reykja o.s.frv. Ég vara því við því að menn tali eins og við séum búin að leysa öll heimsins vandamál í heilbrigðismálum með þeirri miklu tækni sem við höfum. Við megum ekki vera andvaralaus og kannski er einmitt alnæmisfaraldurinn sem gengið hefur yfir heiminn eitt besta dæmi um það hvað getur gerst. Nýir sjúkdómar koma fram. Menn eru aftur farnir að glíma við berkla og svo mætti lengi telja. Þess vegna þurfum við að halda vöku okkar og vera stöðugt að fræða og byggja upp forvarnir til þess að við ráðum betur við þá og getum veitt þá góðu þjónustu sem við viljum veita í heilbrigðiskerfi okkar.

[19:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir minntist áðan á oflækningar. Það var rétt hjá henni, ég tel að nokkuð sé um það og full ástæða til að skoða það. En það er líka þó nokkuð um það að fólk er hætt að fara til læknis. Það er hætt að koma á heilsugæslustöðvar. Þessar upplýsingar komu fram í stjórn heilsugæslustöðvar hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem ég er í stjórn og hafa komið þar fram oftar en einu sinni. Þar segja heilsugæslulæknar mér að stórar, efnalitlar barnafjölskyldur séu hættar að sjást. Þetta finnst mér mjög alvarlegur hlutur. Þetta gerist þrátt fyrir öryggisnetið sem við höfum byggt okkur upp til að grípa inn í þegar þeir sem efnalitlir eru þurfa á þessari þjónustu að halda. Ég tel að við þurfum að staldra aðeins við og athuga hvað hér er á ferðinni og hvort við getum ekki einhvern veginn gripið inn í. Það var rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra í upphafi máls hennar að við eigum hér eitt besta velferðarkerfi í heiminum. En við megum ekki þjarma þannig að því að það geti ekki lengur staðið undir nafni. Við erum með velferðarkerfi sem flokkast undir norræna velferðarkerfið. Það er litið til norræna kerfisins um allan heim sem fyrirmyndarkerfis þar sem allir fá þjónustu óháð efnahag og velferðarkerfið er rekið af skattfé að mestu. Þannig að ég vil aðeins vekja athygli á þessari stöðu og ítreka að í heilbrigðiskerfinu verður að ríkja stöðugleiki. Það verður að gefa fólki vinnufrið til þess að leita hagræðingar. Það er ekki hægt að ganga fram með niðurskurðarhnífinn eins og gert hefur verið, bæði á sjúkrahúsunum og víðar í velferðarkerfinu.

[19:24]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við eigum nú ekki beinlínis í deilum hér, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og ég. Ég vil sérstaklega taka undir það sem hún nefndi með vinnufriðinn. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. heilbrrh. og allar þær nefndir sem hún hefur skipað til stefnumótunar í heilbrigðiskerfinu fái frið til að vinna og að það sé ekki stöðug styrjöld í gangi vegna niðurskurðar og árása á velferðarkerfið. Það sama gildir um fólkið sem vinnur á heilbrigðisstofnununum og biður einmitt um frið og tíma til að vinna úr því sem á það hefur verið lagt.

Ég vil einnig taka undir það sem hún sagði varðandi fólk sem ekki leitar læknis. Ég hef iðulega spurt um þetta þegar ég heimsæki heilsugæslulækni minn sem er nú reyndar ekki oft en kemur þó fyrir. Það er alveg ljóst að þar átti sér stað nokkur samdráttur og þar fékk ég líka þær upplýsingar að það er töluverður hópur af fólki sem getur ekki einu sinni borgað komugjöldin. Okkur hættir svo oft til að gleyma því að það er sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu nokkuð stór hópur sem á afar erfitt uppdráttar og á mjög erfitt með að sjá sér farborða og ég get ímyndað mér að það sé kannski ekki síst í þeim hópi sem heilsan er ekki allt of góð. Og við gleymum því svo oft að þótt við sem erum hér mörg hver á ákveðnum aldri séum farin að huga verulega að heilsunni þá eru þeir bara svo margir sem gera það ekki. Ég vil enda þessi orð mín með því að vitna í sjúkraþjálfara sem ég þekki og vitna mikið til því hann hefur velt þessum málum mikið fyrir sér. Hann segir að á meðan tíu manns fari út að hlaupa

sitji 100 fyrir framan sjónvarpstækin og geri ekki neitt.

[19:27]

Útbýting þingskjals:

Skuldir sveitarfélaga, 260. mál, svar félmrh., þskj. 539.

[19:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka ágætar umræður hér í dag sem hafa tekið nokkuð langan tíma og það eru fáir eftir í salnum. Það er ekki meginmálið, ég held að umræðan hafi í aðalatriðum verið alveg prýðileg.

Ég tek undir með frummælanda þegar hún segir að fleiri þurfi að borga skatta. Okkar vantar meiri tekjur inn í kerfið. Það er nákvæmlega það sem okkur vantar númer eitt. Við eigum fyrst og fremst að vinna að því að ná meiri tekjum inn í kerfið af þeim sem sleppa við að borga skatta.

Samkvæmt lögum eiga allir rétt á heilbrigðisþjónustu, óháð tekjum. Ég þekki vel til á heilsugæslustöðvum og veit að undantekningarlaust eru sjúklingar ekki rukkaðir svo stíft ef heilsugæslulæknir veit að um mjög lélegan fjárhag er að ræða. Það er því varla hægt að halda því fram að fólk fari ekki á heilsugæslustöðvarnar vegna þess að það eigi ekki peninga í buddunni.

Mig langar aðeins að víkja að því sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir spurði um áðan varðandi stóru sjúkrahúsin. Hún talaði um mikilvægi samkeppni milli sjúkrahúsa og í heilbrigðisþjónustunni. Það er einmitt verið að vinna að því um þessar mundir að samhæfa störf hátæknisjúkrahúsanna þannig að ekki sé um tvöföldun í kerfinu að ræða. Hún spurði líka hvað liði verki sem ákveðnum starfsmanni í heilbrrn. var falið að vinna fyrir einhverjum árum, löngu áður en ég kom í ráðuneytið. Hún nefnir þar DRG-kerfi sem ég þekki ekki sérlega mikið til. En ég veit að þessi ákveðni starfsmaður hefur lagt fram ýmsar skýrslur í heilbrigðismálum sem við höfum fjallað um. Ég tel að hann hafi verið í mikilli vinnu því auk þess hefur hann verið tilsjónarmaður með sjúkrahúsum og unnið að ýmsum skipulagsmálum fyrir heilbrigðiskerfið. En ég skal sérstaklega skoða þetta ákveðna mál sem hv. þm. biður um svör við.

Eins og fram hefur komið er verið að vinna á skipulegan hátt að stjórnun þessara mála og að því koma margir.

Hér hefur verið mikið rætt um heilbrigðisstjórnir í héruðum. Nefnd, sem m.a. hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir á sæti í, hefur enn ekki skilað áliti. Ég held að það hljóti að hafa verið gagnlegt fyrir hana og hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem situr einnig í þessari nefnd, að heyra álit þingmanna á því máli. Það er verið að vinna að samhæfingu hátæknisjúkrahúsanna. Það er verið að vinna að forgangsröðun og við eigum mesta sóknarmöguleika þar sem eru forvarnirnar. Ef tóbaksvarnarfrv. verður samþykkt á Alþingi fáum við helmingi meira fé til forvarna gegn tóbaksreykingum en við höfum núna. Við höfum 8 millj. nú en fáum yfir 16 millj. ef það frv. verður samþykkt sem ég vona að verði. Við erum að leggja miklu meira fé til áfengis- og vímuefnavarna. Sérstakt gigtarráð er tekið til starfa og er á föstum fjárlögum. Og af því að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir talaði sérstaklega um beinþynningu þá verður farið í sérstakt átak til að kynna varnir gegn beinþynningu. Hér var talað um alnæmi og mig langar til að kynna hv. þm. sem hér sitja það að fyrir fáeinum dögum síðan fengum við skýrslu um að lyf er komið á markaðinn sem nánast stöðvar gang sjúkdómsins ef nógu fljótt er gripið til lyfsins. Þetta eru mjög merkileg tíðindi.

Það er eitt atriði sem mig langar til nefna því ég sé hv. þm. Ögmund Jónasson í dyrunum. Hann talaði mikið um kostun í heilbrigðiskerfinu. Ég hafði nú bara ekki heyrt þetta orð, kostun, fyrr en Pharmaco gaf barna- og unglingageðdeilinni gjöf fyrir nokkru síðan. Það er ekki langt síðan Grandi hf. gaf SÁÁ 2 millj. kr. Ég heyrði engan mótmæla því. Ég verð að segja alveg eins og er að þó svo að um lyfjafyrirtæki sé að ræða sem hefur auðvitað vissra hagsmuna að gæta í kerfinu, tel ég að á afmæli fyrirtækis geti það gefið heilbrigðisstofnunum fjármuni. Það er ekki forgangsröðun frekar en þegar Lions er að gefa heilbrigðisstofnunum eða ýmis félagssamtök því það hefur bæði verið gefið hingað til reksturs og eins til tækjakaupa. Það má geta þess að Kvenfélagið Hringurinn hefur gefið t.d. nánast 60% af öllum tækjum sem eru á vökudeild Landspítalans. Auðvitað er kannski ekki hægt að setja samasemmerki við þetta tvennt. Ég ætla ekki að gera það. Ég tel ekki að það sé hægt útiloka fyrirtæki, einstaklinga, félagasamtök o.s.frv. frá því að gefa til heilbrigðisþjónustunnar. Þegar við erum að tala um svo mikla veltu, mörg hundruð millj. kr. veltu, þá getur sá sem gefur 2 millj. eða 5 millj. aldrei forgangsraðað með því. Og af því að menn eru að tala líka um það að þessar 5 millj. hafi komið í veg fyrir að barna- og unglingageðdeildinni var lokað í sumar, þá gleymist það í umræðunni að ríkisstjórnin samþykkti hálfum mánuði áður 12 millj. kr. framlag einmitt til að ekki þyrfti að loka.

Og aðeins um sjúkrahótelin. Það er jú rekið eitt sjúkrahótel í landinu. Rauði krossinn gerir það. Og stjórnarnefnd Ríkisspítalanna er um þessar mundir að skoða hagkvæmni þess að reka sjúkrahótel við hliðina á Landspítalanum.

Ég tel að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem fram hafa komið og endurtek þakkir mínar fyrir þessa ágætu umræðu.

[19:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra um greiðslur á heilsugæslustöðvum sem ég minntist á í andsvari mínu, þá er það rétt hjá hæstv. ráðherra að heilsugæslustöðvar og læknastofur rukka ekki mjög stíft. Það er alveg rétt enda kemur það í ljós að 3% þeirra sem komið hafa á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki getað greitt fyrir þá þjónustu sem þeir fengu. Aftur á móti er mjög erfitt fyrir fólk að koma í afgreiðslu fulla af fólki og tilkynna þar að það geti ekki borgað, það sé að koma til læknis en geti ekki borgað fyrir þjónustuna. Það er mjög erfitt fyrir tekjulágan einstakling að koma inn og þurfa að segja það, kannski aftur og aftur í afgreiðslu heilsugæslustöðva. Það er því rétt að það er ekki rukkað stíft. En fólk er hætt að koma vegna þess að það veigrar sér við að standa frammi fyrir afgreiðslunni og segja að það geti ekki borgað.

Varðandi kostun í heilbrigðiskerfinu þá þekkjum við auðvitað kostun úr Ríkisútvarpinu. Þar hefur kostun nefnilega viðgengist í þó nokkurn tíma. (**Heilbrrh.:** Kostulegt orð.) Kostun er það þegar eitthvert fyrirtæki úti í bæ kostar eitthvert ákveðið verk, svo sem dagskrárefni. Ég vil setja varnagla við svona vinnubrögðum eins og þar sem Pharmaco, af góðum hug ætlar að leggja góðum málstað lið sem er barna- og unglingageðdeildin, þá er þetta fyrirtæki sem er hagsmunafyrirtæki í heilbrigðisþjónustu að forgangaraða. Þeir eru að taka ákveðna þjónustu fram yfir aðra með því að greiða

til hennar. Auðvitað er það rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að við höfum vanist því að líknarfélög hafa greitt til heilbrigðismála en þá hefur það verið til uppbyggingar og tækjakaupa. Síðan hafa fyrirtæki úti í bæ, Grandi og hvað þau nefnast, greitt oft til líknarfélaga sem síðan setja það yfir í heilbrigðiskerfið. Þetta er alþekkt í okkar kerfi. En að greiða í reksturinn, það er nýtt og það er aðferð sem við verðum að gera upp við okkur hvort við sættum okkur við. Þetta er bara nokkuð sem við eigum eftir að ræða og þurfum að ræða því þetta er aðferð sem er notuð í öðrum löndum. (Forseti hringir.) En við höfum ekki notað hana og það eru ákveðnar efasemdir um þessa aðferð.

[19:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur í rauninni tekið af mér ómakið og sagt flest af því sem ég vildi segja. Í fyrsta lagi er kostun ekki óþekkt innan ríkiskerfisins og við sjónvarpsáhorfendur höfum orðið áþreifanlega varir við þá stefnu í sjónvarpinu að þar er iðulega sagt í upphafi eða lok þátta að tiltekið fyrirtæki hafi kostað dagskrárgerðina. Nú er ekkert við það að athuga, mætti segja að fyrirtæki styrki góð málefni. En þær áhyggjur sem menn hafa haft sem hafa andæft þessari stefnu innan ríkissjónvarpsins, hafa byggst á því að með þessu móti komi fyrirtækið eða fjársterkir aðilar til með að kaupa sig inn í dagskrána og hafa áhrif á dagskrárstefnuna. Ég get auðveldlega fært rök fyrir því að einmitt þetta hafi gerst í ríkissjónvarpinu. Þar sem þetta mál er komið upp vil ég lýsa því yfir að ég kem til með að taka þessi mál upp síðar hvað þetta varðar. Hið sama gildir um kostun innan heilbrigðiskerfisins. Þar erum við að nálgast umræðu sem er mjög viðkvæm. Fyrirtæki, einstaklingur eða stofnun veitir fjárframlag, gefur gjöf, eins og gerst hefur með Pharmaco eða önnur fyrirtæki. Það var talað um Hringinn áðan. Gjöf er gefin af góðum hug. Ef það er hins vegar orðin fjármögnunarleið og stjórnunarmáti (Forseti hringir.) að þessi fyrirtæki og þessir fjársterku aðilar eru farnir að stýra ferðinni, þeir kaupa ekki tækið sem stóð til að kaupa (Forseti hringir.) heldur hugsanlega það sem ekki stóð til að kaupa, reisa bygginguna sem ekki stóð til að reisa og svo framvegis ... (Forseti hringir.) Gerist nú forseti vor mjög þungbrýnn og skal ég ljúka máli mínu.

(**Forseti** (GÁ): Lögum samkvæmt er ræðutíma lokið.)

[19:40]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara í lokin. Ég er sammála hv. þm. Þessi kostun má ekki stýra okkur. En ég tel að það sé engin veruleg hætta í því fólgin að þiggja gjafir t.d. á afmælum fyrirtækja o.s.frv. séu það ekki einhverjar þvílíkar upphæðir að þær stýri kerfinu. Það hefur ekki gerst hingað til að mínu mati.

[19:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hennar svör. Ég hef trú á því að við séum sammála í grundvallaratriðum. Hins vegar er það að segja um þá gjöf sem hér um ræðir, gjöf Pharmaco, að hún er náttúrlega skilyrt. Þetta er skilyrt gjöf. Hins vegar má segja sem svo að þar hafi verið um að ræða starfsemi sem stjórnendur spítalans og stofnunarinnar vildu að yrði sinnt þannig að þarna erum við inni á gráu svæði. En það sem ég vildi sagt hafa um þessi efni er að við erum að falla í þennan farveg með tilliti til þeirrar skattastefnu sem hefur verið rekin. Sköttum hefur verið létt af fyrirtækjum, tekjusköttum, það var talað hér um aðstöðugjöld og önnur gjöld á fyrirtæki. Þau koma síðan með sömu fjármuni og þau áður greiddu í samneysluna og reiða þá fram sem gjafir og vilja nýta á eigin forsendum, hugsanlega til að bæta sína ímynd auk þess sem þau vilja styðja gott málefni. Ég vara við þessari þróun sem slíkri.

Fundi slitið kl. 19:43.

88. FUNDUR

mánudaginn 12. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425. — 1. umr.
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 242. mál, þskj. 328. — 1. umr.
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 307. mál, þskj. 547. — 1. umr.
5. Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, þáltill., 270. mál, þskj. 504. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson, forsrh.,
Friðrik Sophusson, fjmrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 308. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 549.

Símahleranir, 222. mál, svar dómsmrh., þskj. 548.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Frumvarp um orku fallvatna og jarðhita.

[15:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Í umræðum á þinginu 27. nóv. sl., þar sem rædd voru frv. um virkjunarrétt fallvatna og jarðhitaréttindi, kom fram hjá hæstv. iðnrh. að ríkisstjórnin hefði ákveðið 17. okt. að skipa vinnuhóp til að undirbúa löggjöf um eignarrétt á auðlindum í jörðu og rétt til virkjunar fallvatna. Ráðherra boðaði jafnframt að vinnuhópurinn mundi skila af sér ekki síðar en 15. des. nk. og störf hans og tillögur yrðu lagðar til grundvallar við framhaldsmeðferð. Hæstv. ráðherra gerði ekki ráð fyrir að lokið yrði við að ganga frá löggjöf um þessi efni fyrir áramót en hafði vonir um að það tækist á yfirstandandi þingi. Í því sambandi er vert að minna á að allir fyrirvarar samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði varðandi þessi efni að því er Ísland varðar féllu úr gildi við síðustu áramót og málið er því í rauninni brennheitt. Í iðnn. þingsins liggja nefnd frv. sem ég og þingmenn Alþb. erum flutningsmenn að og hefur að ég hygg verið beðið með umfjöllun um málið eftir tillögum frá ríkisstjórn. Því spyr ég hæstv. iðnrh. hver sé staða málsins í ljósi yfirlýsinga hans í nóvembermánuði.

[15:06]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að iðnrh. hefur skipað nefnd til að fara yfir þau lagafrv. sem hafa legið í drögum í ráðuneytinu í nokkurn tíma. Í þessum vinnuhópi eru Stefán Guðmundsson alþingismaður, sem er formaður nefndarinnar, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur og Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur. Þetta er í vinnu milli stjórnarflokkanna. Í skipunarbréfi nefndarinnar var gert ráð fyrir að nefndin gæti hugsanlega skilað af sér þessum frv. til ríkisstjórnar fyrir 15. des. Það verður hins vegar að segjast eins og er og það veit ég að hv. þm. skilur að þarna er um mjög erfiða og flókna hluti að ræða. Það sýnir kannski allur sá fjöldi frv. sem um málið hafa verið flutt í gegnum tíðina. En nefndin er að störfum og ég vonast til að hægt verði að sýna frv. á þinginu.

[15:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Nú er ekki kveðið eins fast að orði og af sömu bjartsýni af hæstv. ráðherra og í nóvember sl., hvorki varðandi starfshópinn né lögfestingu að því er varðar þessi mikilsverðu mál. Það er sannarlega áhyggjuefni, ekki síst í ljósi yfirlýsinga á fyrri þingum. En ég vil nefna að ríkisstjórnin, sem mynduð var árið 1991, batt það fastmælum í stjórnarsáttmála að á 115. löggjafarþingi skyldu koma frv. um þessi mál sem síðan sáust aldrei allt stjórnartímabilið því að ekki tókst samstaða um málið þótt bundið væri í stjórnarsáttmála. Þetta er mikið áhyggjuefni og ég vil hvetja hæstv. iðnrh. til að ýta fast á eftir í þessum efnum því að málið er opið samkvæmt samningi hvernig farið sé með náttúruauðlindir okkar. Það er afar brýnt að vinna málið. Iðnn. hefur frv. fyrirliggjandi sem hafa verið margflutt á Alþingi um að lýsa þessi auðæfi þjóðareign. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra ýti fast á eftir.

Vaxtahækkanir bankanna.

[15:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki farið á milli mála að undanfarið hafa vextir í landinu verið að hækka. Nýlega hafa nokkrir viðskiptabankar tilkynnt sérstaklega um vaxtahækkun. Þetta gerist á sama tíma og fréttir berast um það að verðbólga hér á landi sé lægri en gerist og gengur í Evrópusambandsríkjunum. Þetta gerist á sama tíma og dregið hefur verulega úr fjárfestingu ríkisins og mun gera á þessu ári. Þetta gerist á sama tíma og verið er að hrinda í framkvæmd nýjum fjárlögum sem fela í sér minnkandi opinbera lánsfjárþörf. Þetta gerist á sama tíma og útlánatöp bankanna fara minnkandi. Þetta gerist á sama tíma og bankarnir sjálfir segja frá því að rekstrarkostnaður þeirra sé minni en áður sem ætti að þýða að öllu óbreyttu lægra vaxtastig og minni vaxtamun.

Hæstv. viðskrh. greindi frá því í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi að hann hygðist bregðast við þessum óvæntu og alvarlegu tíðindum úr bankaheiminum um hækkun vaxta með einhverjum hætti sem hann tilgreindi þó ekki nánar. Ég hygg að það sé mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra ræði þessi mál hér og nú þegar tækifæri gefst til og greini hv. þingi frá því með hvaða hætti hann hyggst taka upp þessar viðræður við bankastofnanirnar sem hann vill að leiði síðan til þess að vextirnir lækki að nýju eins og öll efnahagsleg skilyrði eru til staðar fyrir hér á landi. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra með hvaða hætti hann hyggist beita sér fyrir viðræðum og aðgerðum sem kunni að leiða

til þess að vaxtastigið hér á landi lækki að nýju eins og öll efnahagsleg skilyrði eru fyrir og ég hef þegar rakið.

[15:10]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það eru að mínu viti og margra fleiri allar efnahagslegar forsendur fyrir því að vextir geti farið lækkandi. Þegar fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar kom fram í byrjun október lækkuðu vextir allnokkuð og sú lækkunaralda ef svo má að orði komast hélt áfram fram til mánaðamóta nóvember/desember þegar kjarasamningar voru lausir eða öllu heldur þegar óróinn var hér á vinnumarkaði. Síðan þá hafa vextir hins vegar farið hækkandi þrátt fyrir að vextir í löndunum allt í kringum okkur hafi farið lækkandi.

Það er svo með bankakerfið hér að þegar talað er um hvort ekki séu forsendur til vaxtalækkana þá vitna menn yfirleitt til þess að vextir í löndunum í kringum okkur hafi farið hækkandi og þess vegna þurfi bankakerfið á Íslandi að hækka sína vexti. Það hlýtur þá líka að gerast að þegar vextir í löndunum í kringum okkur lækka að vextir á Íslandi muni fara lækkandi. Það eru meginrökin fyrir því m.a. fyrir utan að lánsfjáreftirspurn ríkisins hefur minnkað, lánsfjáreftirspurn sveitarfélaga hefur minnkað, lánsfjáreftirspurn fyrirtækja er að minnka, það dregur úr lánsfjáreftirspurn heimilanna og þannig mætti lengi telja. Allar forsendur eru til staðar og við í ríkisstjórninni munum reyna að leita leiða til þess í samvinnu við aðila á vinnumarkaði að skapa hér þær aðstæður að vextir muni fara lækkandi.

Það var hald manna að þær tölur sem núna væru að berast um vísitöluhækkanir væru meiri en niðurstaðan varð af þeim útreikningum sem komu í morgun. Það undirstrikar enn frekar fyrir utan þá kyrrstöðu eða það jafnvægi sem er á vinnumarkaði að þær forsendur eru til staðar að vextir fari lækkandi. Á fimmtudaginn er gert ráð fyrir að við munum eiga fund með Seðlabankanum um hvaða leiðir hægt sé að fara í þessum efnum. En fyrst og fremst held ég að menn þurfi í þessum efnum að reyna að skapa samstöðu á fjármagnsmarkaðnum um þá leið niður á við sem nauðsynleg er.

[15:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin svo langt sem þau náðu. Þau náðu kannski ekki nema fyrst og fremst til þess að hæstv. ráðherra endurtók svipað og ég hafði gert að það væru forsendur fyrir vaxtalækkun í landinu. Allar eðlilegar efnahagslegar forsendur fyrir vaxtalækkun væru nú til staðar. Það hafði ég út af fyrir sig bent á í máli mínu en mér fannst hins vegar nokkuð skorta á að hæstv. ráðherra svaraði skilmerkilegar en hann gerði hér áðan hvernig farið yrði í það mál að reyna að laða fram þá vaxtalækkun sem hæstv. ráðherra sagði mjög réttilega að væri til staðar í landinu.

Það hefur verið að koma í ljós að fjármagnsmarkaður okkar er þrátt fyrir allt svo sérkennilegur að hann bregst mjög einkennilega við skýrum boðum frá markaðnum í landinu. Það eru að berast mjög skýr boð inn á fjármagnsmarkaðinn um möguleika til vaxtalækkunar en fákeppnin á þessum markaði gerir það m.a. að verkum að þessarar vaxtalækkunar sér ekki stað. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. ráðherra með hvaða hætti hann muni reyna að laða fram og opna augun á þeim mönnum sem hafa sannarlega yfir því að ráða að stýra vaxtastiginu í landinu því hér ríkir fákeppni eins og ég hef þegar rakið.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það mikilvægasta í þessu er auðvitað að menn eru sammála um að aðstæðurnar séu til staðar til þess að vextir geti farið niður á við. Seðlabankinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki í því að hafa áhrif á skammtímavexti. Af þeirri ástæðu er stefnt að því að halda fundi með Seðlabankanum til þess að leita leiða í þessum efnum. Langtímavextirnir gætu hins vegar fylgt þar í kjölfarið. Ég tek undir það með hv. þm. að það er gríðarlega mikilvægt að ná þessu fram núna. Ef íslenskt atvinnulíf þarf að búa við að vera með allt upp í 4% hærri vexti en atvinnulífið í nágrannalöndunum skekkjum við allar samkeppnisaðstæður. Ef við ætlum okkur að búa við þetta til frambúðar erum við með öðrum orðum að sigla aftur inn í það kyrrstöðu- og stöðnunartímabil sem dregur úr fjárfestingunni, dregur úr hagvextinum og ýtir okkur aftur út í atvinnuleysi sem við höfum núna verið að burðast við að komast út úr á síðustu mánuðum og missirum. Þess vegna er enn mikilvægra en nokkru sinni fyrr að ríkisstjórnin leiti samstarfs við aðila á vinnumarkaðnum og á fjármagnsmarkaðnum til að ná þessu fram.

Fréttastofa sjónvarps.

[15:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að beina spurningu til hæstv. menntmrh. um málefni fréttastofu sjónvarps. Í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 68/1985, segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða."

Þetta er í 15. gr. Og síðar í sömu grein:

„Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti sem snerta Ísland og Íslendinga sérstaklega.

Útvarpsefni skal miðað við fjölbreytni íslensks þjóðlífs."

Nú hefur verið þrengt svo að fréttastofu sjónvarps að hún heldur rétt úti lágmarksfréttaþjónustu. Ekki eru lengur á dagskrá þættir um þingmál, svo sem Þingsjá, umræðuþættir á vegum fréttastofu hafa verið fáir ef nokkrir, Kastljós hefur verið lagt af og fréttaskýringar eru nánast engar. Dagskrárgerð á vegum fréttastofu hefur nánast verið aflögð. Síðan er á döfinni að leggja niður starf fréttamanns í Kaupmannahöfn eða á Norðurlöndum. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvort hann telji að fréttastofa sjónvarps standi undir þeim kröfum sem gerðar eru til hennar í lögum þegar svona er þrengt að henni fjárhagslega.

[15:18]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tel að um þetta mál eigi að fjalla í ljósi þeirra fjárráða sem Ríkisútvarpið hefur og ég tel að Ríkisútvarpið hafi rúm fjárráð miðað við íslenska fjölmiðla. Ríkisútvarpið býr við ágætan fjárhagsramma að mínu mati. Síðan er það stofnunarinnar að komast að niðurstöðu um það hvernig þessu fé skuli varið til einstakra deilda innan stofnunarinnar eða einstakra stofnana á vegum Ríkisútvarpsins, ef þannig má að orði komast. Því fé hefur verið skipt með ýmsu móti í gegnum árin og þróunin verið á ýmsan hátt. Ef svo er komið, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, að fréttastofu sjónvarps sé sniðinn það þröngur stakkur að hún geti ekki

sinnt lögboðnum verkefnum sínum ber stjórnendum Ríkisútvarpsins að huga að málefnum fréttastofunnar með það í huga að sinna þeirri lagaskyldu sem á stofnuninni hvílir.

Hins vegar ber að líta til þess að uppi hafa verið hugmyndir og á það bent, m.a. af Ríkisendurskoðun, að unnt væri að ná fram hagræðingu í starfsemi Ríkisútvarpsins með því að sameina fréttastofu sjónvarpsins og fréttastofu hljóðvarpsins og þetta mál hefur verið hér til umræðu. Ég hef í sjálfu sér ekki tekið undir þá skoðun Ríkisendurskoðunar endilega að það beri að stefna að þessu og ég held að það tryggi m.a. ekki þá þjónustu sem hv. fyrirspyrjandi minntist á en meginafstaða mín í þessu máli er sú að fjárhagsrammi Ríkisútvarpsins sé rúmur og innan hans eigi stofnunin að geta sinnt þeim verkefnum sem henni ber lögum samkvæmt en það sé stjórnenda hennar að skipta þessum fjármunum og sjá til þess að einstakir aðilar innan Ríkisútvarpsins geti sinnt sinni lagaskyldu.

[15:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Ég tek ekki undir að fjárhagur Ríkisútvarpsins sé rúmur. Það hefur verið þrengt mjög að þeirri stofnun. Aftur á móti tel ég að við þurfum að huga að forgangsröðun þar sem sú stofnun er jafnt og annars staðar í opinberum rekstri. Ég tel alvarlegt þegar svo er komið fyrir fréttastofu sjónvarps að hún geti ekki sinnt verkefnum sínum betur en þetta. Þar hafa menn þurft að búa við flatan niðurskurð eins og annars staðar og ég tel að það verði ekki lengra gengið á þeirri leið. Ég vonast til þess að það verði tekið á fjármálum þeirrar stofnunar og aukið fé til fréttastofunnar. Ég tel einnig alvarlegt ef ekki er hægt að halda úti fréttamannsstöðu í Kaupmannahöfn. Jafnframt er sífellt verið að lækka ráðstöfunarfé fréttastofunnar þótt kostnaður sé sífellt að hækka, bæði við sjónvarpsreksturinn og launagreiðslur.

Tilkynning um dagskrá.

[15:23]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Nú hagar svo til um 2.–4. dagskrármál að þau fjalla öll um breytingu á sömu lögum, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Það er því tillaga forseta, samkvæmt 3. mgr. 63. gr. þingskapa, að umræða um þau þrjú dagskrármál fari fram saman, þannig að ráðherra og flutningsmenn flytji framsöguræður en síðan fari umræða fram á venjulegan hátt. Ef ekki eru athugasemdir um þessa skipan mála skoðast það samþykkt.

Þá hefur borist bréf frá formanni þingflokks Alþb. og óháðra, svohljóðandi:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis og hliðsjón af því að til stendur að ræða 2.–4. dagskrármál saman leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra að umræðutími um þau mál þrjú, um erlenda fjárfestingu, verði tvöfaldur.

Svavar Gestsson,
formaður þingflokks Alþb. og óháðra."

Þessi er réttur þingflokka og verður ræðutími því tvöfaldur. Ráðherra og flutningsmenn hafa eina klukkustund til framsögu hver en hver þingmaður 40 mín. í fyrra sinn og 20 mín. í síðara sinn. Mér sýnist því að við ættum að hafa framsöguræðurnar af fyrir kvöldmat ef vel gengur.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. ÁE og SvanJ, 242. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 328.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. KPál o.fl., 307. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 547.

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Frv. er á þskj. 425. Frv. þetta er að stofni til byggt á frv. um sama efni sem lagt var fram mjög seint á síðasta þingi en var ekki tekið til umræðu. Það frv. var í haust yfirfarið af nefnd sem ég skipaði í því skyni. Í henni áttu m.a. sæti fulltrúar iðn.- og viðskrn. og sjútvrn. Nefndinni var annars vegar ætlað að kanna hvort ákvæði frv. fullnægðu alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands, einkum gagnvart EES-samningnum, og hvort ástæða væri til að ganga lengra en þar væri kveðið á um. Hins vegar var nefndinni ætlað að kanna hvort breyta ætti ákvæðum laga þannig að þau verði frekar til þess fallin að örva erlenda fjárfestingu hér á landi. Nefndin hefur lokið fyrra verkefninu og er þetta frv. árangur þess starfs. Helstu breytingar í frv. frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Heimiluð er óbein fjárfesting erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða. Fljótlega eftir að lögin um erlenda fjárfestingu tóku gildi í mars 1991 kom í ljós að nánast er útilokað að framfylgja afdráttarlausu banni laganna við óbeinni fjárfestingu erlendra aðila í þessum greinum íslensks atvinnulífs. Dæmi: Samkvæmt lögum er ólöglegt að erlendur aðili eigi hlut í fyrirtæki sem við getum kallað D, jafnvel hinn smæsta hlut, ef fyrirtæki D á hlut í C sem á hlut í B sem á hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu A. Eftir því sem hlutabréfamarkaður eflist, hagkerfið opnast og íslensk hlutafélög breytast úr fjölskyldufyrirtækjum í almennings hlutafélög þar sem hlutabréf ganga kaupum og sölum á markaði verður erfiðara að framfylgja afdráttarlausu banni af þessu tagi. Þá er ekki síður mikilvægt að afdráttarlaust bann við óbeinni fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum dregur úr möguleikum þeirra til að afla sér eigin fjár á markaði. Það er sérstaklega bagalegt þar sem skortur á eigin fé hefur löngum þótt helsti veikleiki

íslenskra fyrirtækja sem búa við sveiflukenndar efnahagslegar aðstæður. Fjölmörg dæmi eru nú þegar um óbeina eignaraðild erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum. Hún er fyrst og fremst tilkomin vegna þess að erlendir aðilar eiga hlut í fyrirtækjum hér á landi og þau eiga aftur hlut í sjávarútvegsfyrirtækjunum. Hingað til hefur ekki verið amast við þessari óbeinu eignaraðild og virðist svo sem flestir átti sig á að í henni felst engin hætta.

Í frv. er lagt til að óbein eignaraðild erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum verði heimiluð innan tiltölulegra þröngra skilyrða. Þannig verða lögaðilar sem eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum að vera íslenskir og undir yfirráðum íslenskra aðila. Í þessu felst að lögaðilinn verður að eiga heimili hér á landi og að íslenskir aðilar verða að eiga meiri hluta í félaginu, fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi félagi. Í því felst að ákvarðanir um stefnu fyrirtækisins og aðrar ákvarðanir er lúta að daglegri starfsemi þess eru teknar af íslenskum aðilum en ekki erlendum. Í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því að samkvæmt 2. gr. frv. geta stjórnvöld brugðist við ef þau komast að þeirri niðurstöðu að farið sé gegn þessum ákvæðum um íslensk yfirráð í félagi sem á hlut í sjávarútvegsfyrirtæki.

Í öðru lagi má bein eign erlendra aðila ekki vera meiri en 25% hlutafjár eða stofnfjár í íslenskum lögaðila sem á hlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Þó er heimilt að þessi hlutur fari upp í 33% af hluta- eða stofnfé þegar lögaðilinn sem um ræðir á ekki meira en 5% af hlutafé eða stofnfé í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki. Þetta verður best skýrt með dæmi: Ef fyrirtæki B á meira en 5% af hlutafé í A, sem er sjávarútvegsfyrirtæki, þá mega erlendir aðilar ekki eiga með beinum hætti meira en 25% af hlutafé í fyrirtækinu B. Ef fyrirtæki B á hins vegar innan við 5% af hlutafé í A, sem er sjávarútvegsyrirtæki, þá mega erlendir aðilar eiga með beinum hætti allt að 33% af hlutafé í B.

Til viðbótar við þau skilyrði sem ég hef þegar nefnt þurfa íslenskir lögaðilar sem eiga hlut í lögaðila sem á í sjávarútvegsfyrirtæki að vera undir íslenskum yfirráðum. Hér er um að ræða lögaðilann C sem á hlut í B sem á hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu A. Þetta þýðir að íslenskir aðilar verða að eiga meiri hluta í C eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir honum. Eignarhlutur erlendra aðila í fyrirtæki C má fara upp í allt að 49%.

Að endingu nefni ég að í 2. gr. frv. eru mjög ítarleg ákvæði um það hvernig brugðist skuli við ef brotið er gegn reglum um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi og öðrum sviðum þar sem um takmarkanir verður að ræða. Með þessu móti tel ég að unnt sé að heimila óbeinar fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum án þess þó að hætta sé á að sú fjárfesting fari yfir þau mörk að yfirráð Íslendinga yfir sjávarútvegsfyrirtækjum skerðist. Það er kjarni málsins.

Ég vil undirstrika að fullt samráð var haft við sjútvrn. um mótun þessara tillagna. Sjútvrh. hefur lagt fram, samhliða þessu frv., frv. til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands þar sem sömu reglur um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum eru lögfestar. Þess skal einnig getið að nefndin sem samdi frv. bar tillögurnar undir bæði Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva og skriflegt samþykki þeirra við tillögurnar liggur fyrir.

Þá vík ég að þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðum laga um takmörkun á möguleikum erlendra aðila til að eiga virkjunarrétt fallvatna og jarðhita hér á landi og stunda orkuvinnslu eða orkudreifingu. Samkvæmt 40. gr. EES-samningsins, sbr. XII. viðauka hans, urðu íslensk stjórnvöld að fella úr gildi í síðasta lagi hinn 1. janúar sl. ákvæði er mismuna milli innlendra aðila og annarra aðila á EES-svæðinu þegar kemur að fjárfestingu á orkusviðinu hér á landi. Þetta er afdráttarlaus samningsskuldbinding og undan henni verður ekki vikist. Því er í 1. gr. frv. kveðið á um að einstaklingar sem búsettir eru í öðru EES-ríki og lögaðilar sem heimilisfastir eru þar hafi sama rétt til fjárfestingar á þessu sviði og innlendir aðilar. Í greininni er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að þetta svið verði áfram lokað fyrir öðrum erlendum aðilum. Þó er kveðið á um að við gerð fjárfestingarsamninga við ríki utan EES-svæðisins verði unnt að heimila þarlendum aðilum að fjárfesta á þessu sviði, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

Sem dæmi um samninga af þessu tagi má hér nefna tvíhliða fjárfestingarsamninga sem gerðir eru við einstök ríki, væntanlegan annan áfanga orkusáttmála Evrópu og alþjóðlegan fjárfestingarsamning sem unnið er að á vegum OECD. Þrátt fyrir þessa opnun má ekki gleyma því að opinber fyrirtæki eru allsráðandi hér á landi á orkusviðinu og til þess að reisa og reka orkuver stærra en 2.000 kwst. þarf leyfi Alþingis og ef orkuverið er á bilinu 200–2.000 kwst. þarf leyfi iðnrh. Þessi ákvæði orkulaga munu að sjálfsögðu gilda áfram þannig að afnám mismununar í fjárfestingarlögum milli innlendra aðila og aðila innan EES-svæðisins er fremur í orði en á borði.

Loks er á orkusviðinu lagt til að tekin verði af tvímæli um að erlendum aðila sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna sé heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Þetta gæti t.d. átt við um fiskeldi. Að sjálfsögðu verður nýting á jarðhitanum að vera í samræmi við ákvæði orkulaga sem þýðir m.a. að hömlur eru á því að hann sé virkjaður til almennra nota.

Þá vík ég að öðrum takmörkunum í gildandi lögum sem lagt er til að falli brott eða breytist. Í fyrsta lagi er lagt til að brott falli 25% hámark á eignarhlut erlendra aðila í hlutafélagabanka. Sama gildir um það skilyrði að leyfi viðskrh. þurfi þegar fjárfesting eins aðila eða fjárhagslega skyldra aðila fer yfir 250 millj. kr. á ári og þegar fjárfesting erlendra aðila í tilteknum atvinnugreinum fer yfir 25% af heildarfjárfestingu í þeim.

Samkvæmt EES-samningnum þurfti að fella á brott þessi ákvæði gagnvart aðilum innan EES-svæðisins fyrir 1. janúar sl. og engin rök standa til þess að viðhalda þessum takmörkunum gagnvart aðilum utan EES-svæðisins.

Í öðru lagi er lagt til í samræmi við ákvæði EES-samningsins að 49% hámarkið á fjárfestingu erlendra aðila í félagi er stundar flugrekstur hér á landi falli brott gagnvart aðilum innan EES-svæðisins. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að þessu hámarki verði aflétt gagnvart aðilum utan EES-svæðisins. Þetta stafar af því að atvinnugreinin byggist að miklu leyti á kerfi tvíhliða loftferðasamninga milli ríkja og því þykir engin ástæða til að veita erlendum aðilum rýmri rétt til fjárfestinga en samningsskuldbindingar samkvæmt EES-samningnum kveða á um. Þess má geta að svipaðar takmarkanir gilda enn í flestum vestrænum ríkjum.

Af öðrum meginatriðum læt ég nægja að benda á að í 6. gr. frv. er kveðið á um að viðskrh. skuli á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í gildandi lögum er þessi upplýsingaskylda á herðum Seðlabankans. Hann hefur sinnt henni með því að birta upplýsingar í ársskýrslu sinni. Samkvæmt eðli málsins þykir hins vegar rétt að leggja til að Alþingi verði árlega gerð grein fyrir þessum málaflokki. Auk upplýsinga um fjárfestingu erlendra aðila er lagt til að viðskrh. geri Alþingi grein fyrir aðgerðum stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, beitingu öryggisákvæðisins og hvort stjórnvöld hafi þurft að grípa til aðgerða vegna þess að fjárfesting erlends aðila fór umfram þau mörk sem heimiluð eru.

Virðulegi forseti. Það er við hæfi að þetta frv. skuli rætt skömmu eftir að samningur um stækkun álvers í Straumsvík var undirritaður. Í þeim umræðum fjallaði ég ítarlega um mikilvægi þeirrar fjárfestingar og erlendrar fjárfestingar almennt fyrir íslenskt atvinnulíf. Ég hef engu við þau orð að bæta. En til að erlend fjárfesting geti orðið að veruleika verður hún að vera heimil samkvæmt landslögum. Með því frv. sem nú er til umfjöllunar er stigið afar mikilvægt skref í þá átt að afnema takmarkanir sem reynslan sýnir að ekki er þörf á og skapa tiltölulega frjálslega löggjöf um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi.

Ég vil einnig nefna að reynslan sýnir að vilji Íslendingar laða til sín erlenda fjárfestingu þýðir ekki að sitja með hendur í skauti og bíða eftir því að erlendir aðilar komi hingað að eigin frumkvæði. Það gerist að sjálfsögðu við og við, en við viljum ná árangri á þessu sviði og ég tel hiklaust að við eigum að keppa að því.

Á síðustu missirum hefur verið unnið að því að endurskipuleggja markaðsstarf á þessu sviði af hálfu opinberra aðila. Markaðsskrifstofa iðnn. og Landsvirkjunar hefur sinnt þessu verkefni um árabil en nýlega tók til starfa fjárfestingarskrifstofa viðskrn. og Útflutningsráðs. Þeirri síðarnefndu er ætlað að sinna öðrum atvinnugreinum en orkufrekum iðnaði auk þess sem hún beitir sér almennt fyrir því að laða að erlenda fjárfesta til landsins. Til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka fram að mjög gott samstarf ríkir milli þessara tveggja fjárfestingarskrifstofa.

Fjárfestingaskrifstofu viðskrn. og Útflutningsráðs er m.a. ætlað að sinna erlendum fjárfestingum sem hingað koma eða falast eftir upplýsingum um land og þjóð og fjárfestingartækifæri. Erlendir fjárfestar hafa kvartað yfir því að ekki væri unnt að fá upplýsingar á einum stað heldur hafi þeim verið vísað frá einum stað til annars og upplýsingaefni hafi reynst ófullnægjandi. Úr þessu hefur nú verið bætt með fjárfestingarskrifstofu viðskrn. og Útflutningsráðs.

Þá hefur fjárfestingarskrifstofan skilgreint ákveðin áherslusvið þar sem ætla má að Ísland höfði til erlendra fjárfesta vegna landkosta eða annarra aðstæðna hér á landi. Þar með er ekki sagt að við séum að keppa um erlenda fjárfestingu á þeim grunni að hér standi til boða gull og grænir skógar í formi ríflegra skattaívilnana, fjárfestingarstyrkja eða annarrar fyrirgreiðslu af því tagi, enda höfum við ekki fjárhagslega burði til þess að takast á við það af fullum krafti. Þegar hafa verið sett af stað átaksverkefni í samvinnu við þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta. Fyrst var undirritaður samningur um átaksverkefni í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja og fleiri aðila á Suðurnesjum. Þá var í síðustu viku undirritaður samningur um átaksverkefni milli Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar, atvinnumálanefndar Akureyrar og héraðsnefndar Eyjafjarðar og fjárfestingarskrifstofunnar um sérstakt matvælaverkefni og átaksverkefni í Eyjafirði.

Eins og ég nefndi í upphafi ræðu minnar er frv. þetta samið af nefnd sem hafði tvíþættu hlutverki að gegna. Frv. er annað þeirra. Hitt er, eins og ég nefndi, að kanna hvort breyta ætti ákvæðum laga þannig að þau verði frekar til þess fallin að örva erlenda fjárfestingu hér á landi. Þar kemur einkum tvennt til álita. Annars vegar að kveða á um í lögum um þá markaðsstarfsemi sem ég vék hér að á undan og hins vegar að veita einhverjar heimildir til að bjóða takmarkaðar ívilnanir til erlendra aðila sem vilja fjárfesta hér á landi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:40]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Flm. auk mín er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttur. Það hefur orðið samkomulag um málsmeðferð varðandi þetta mál að frv. hæstv. viðskrh., sem hann mælti fyrir áðan, og það frv. sem ég mæli fyrir auk frv. fjögurra þingmanna Sjálfstfl. séu samtímis í umræðu, enda fjalla þau um skyld efni.

Frv. það sem ég mæli fyrir snertir meginþátt í frv. hæstv. viðskrh. Frv. okkar í Þjóðvaka gerir ráð fyrir að erlendir aðilar megi eiga allt að 20% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hér er gerð sú breyting á núverandi lögum að í stað fortakslauss banns fjárfestinga erlendra aðila í sjávarútvegi er þeim heimilt að fjárfesta allt að 20% hlut. Hér er ekki gert ráð fyrir svokallaðri óbeinni fjárfestingu, heldur er gert ráð fyrir að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta beint í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, þó ekki hærri hlut en sem nemur 20%.

Núgildandi lög banna algerlega fjárfestingu erlendra aðila í útgerð og fiskvinnslu. Þau voru sett 1991 og leystu af hólmi eldri ákvæði sem kváðu um algert bann við fjárfestingu í útgerð hérlendis en heimiluðu að fjárfesta mætti í fiskvinnslu af hálfu erlendra aðila. Þjóðvaki telur rétt að breyta ákvæðum núverandi laga.

Frv. byggir á stefnuskrá Þjóðvaka auk þess sem við gerðum þetta mál að umtalsefni í kosningabaráttunni á síðasta ári. Við erum hins vegar þeirrar skoðunar að það beri að fara varlega í að heimila fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi og það á sér ýmis söguleg rök.

Landhelgisstríðin eru okkur í fersku minni og það hefur verið lögð rík áhersla á að gæta þess að útlendingar komist ekki bakdyramegin inn í íslenska landhelgi. Við höfum oft tekið eindregna afstöðu gegn því að heimila erlendum þjóðum veiðirétt í okkar lögsögu og er skemmst að minnast deilna sem tengdust EES-samningnum á sínum tíma. Erlendar þjóðir hafa lítinn veiðirétt í íslenskri lögsögu en það sem er er byggt á gagnkvæmum rétti. Þetta hefur hins vegar ekkert með fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum að gera.

Munurinn á landhelgisdeilum okkar og frumvarpinu er sá að hér erum við að tala um íslensk fyrirtæki sem lúta íslensku forræði og lögum. Landhelgisbrjótar fortíðarinnar voru útlend fyrirtæki sem fiskuðu hér í skjóli hervalds erlendra ríkja. Hér er um ekkert slíkt að ræða, málið snýst um það að heimila takmarkaða aðild útlendinga að íslenskum fyrirtækjarekstri. En almenna reglan í okkar löggjöf er sú að

það eru ekki lagðar neinar hömlur á fjárfestingar útlendinga í íslenskum atvinnurekstri.

Kostir fjárfestinga erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum eru nokkrir. Til að mynda eru slíkar fjárfestingar ein leið til að auka eigið fé fyrirtækja en eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja er tiltölulega lítið og mætti vel aukast á næstu árum. Erlend þátttaka gæti verið liður í þeirri stefnu.

Í öðru lagi er rýmkun á fjárfestingarmöguleikum útlendinga í samræmi við breytta viðskiptahætti alls staðar í kringum okkur. Flest ríki reyna nú að breyta löggjöf landa sinna í átt til frjálsræðis og má þar einnig nefna alþjóðlega samninga sem miða að því að auðvelda og örva alþjóðleg viðskipti. Við Íslendingar höfum tekið þátt í þessari þróun m.a. með EES-samningnum og hinum nýgerða GATT-samningi. Rýmkun á þessu sviði eins og frumvarp okkar gerir ráð fyrir er því ekkert annað en eðlilegt framhald á þessum alþjóðlega hugsunarhætti.

Í þriðja lagi má nefna að tengsl erlendra fyrirtækja í íslenskum fyrirtækjarekstri geta opnað margvíslega markaðsmöguleika og samstarfsmöguleika og á það einkum við innan sjávarútvegs. Þannig getur takmörkuð erlend eignaraðild stuðlað að örari vöruþróun og beinni markaðssetningu á ýmiss konar sjávarafurðum.

Það hefur heyrst sem mótbára gegn fjárfestingum útlendinga í íslenskum sjávarútvegi að þá væri opnaður möguleiki á útflutningi á óunnum fiski til frekari verðmætasköpunar erlendis. Þessi andmæli eru byggð á misskilningi vegna þess að hér er um að ræða íslensk fyrirtæki sem lúta íslenskum lögum og reglum. Það gilda ákveðnar reglur varðandi útflutning á óunnum fiski þannig að það mundi gilda nákvæmlega það sama fyrir íslensk fyrirtæki þótt erlendur aðili ætti takmarkaðan hluta í því. Þetta byggist á nokkurri vanþekkingu á því hvernig hlutafélög starfa. Erlend eignaraðild að takmörkuðu leyti eins og við gerum ráð fyrir, 20%, mundi við eðlilegar aðstæður í fimm manna stjórn gefa möguleika á einu stjórnarsæti. Því fylgja vitaskuld ekki mjög mikil áhrif. Ef hins vegar eru gerðar ólöglegar athafnir eins og dæmi er um þýskt fyrirtæki í fyrra, þá getur það gerst hvort sem heimiluð er óbein eða bein fjárfesting erlendra aðila eða lagt bann við slíku.

Það þarf einnig að hafa í huga að það er ekki mögulegt að greina á milli fiskvinnslu og útgerðar í þessu sambandi. Mörg fyrirtæki í sjávarútvegi stunda fiskvinnslu og útgerð. Aðgreining þar á milli er ekki möguleg og í reynd ekki skynsamleg. Eftirlit með fyrirtækjum í sjávarútvegi er alveg eins hvort sem útlendingar eiga í þeim eða ekki. Það er misskilningur og vanþekking ef menn halda því fram að takmörkuð eignaraðild fylgi því að verið sé að framselja veiðirétt til útlendinga. Þetta eru yfirborðskennd rök sem ekki eru rétt vegna þess að íslensk fyrirtæki með eða án erlendrar eignaraðildar lúta sömu lögum.

Íslendingar hafa alls ekki slæma reynslu af meðeign eða eign útlendinga í atvinnufyrirtækjum hér síðustu áratugi. Stærstu dæmin eru vitaskuld í stóriðjurekstri en það eru fjölmörg dæmi um erlenda eilgnaraðild hér á landi. Við búum við erlenda eignaraðild t.d. í verktakaiðnaði, ferðaþjónustu, sjónvarpsrekstri, olíufélögum, fiskeldi, skiparekstri og tölvuþjónustu svo nokkrir atvinnuvegir séu nefndir. Þar hefur hin erlenda eignaraðild aldrei valdið neinum vandræðum nema síður sé.

Menn verða að hafa í huga að heimurinn er að minnka í þeim skilningi að alþjóðleg viðskipti og þátttaka fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum verður sífellt meiri. Og það er nú eins og kom fram í máli hæstv. viðskrh. þegar nokkur óbein eignaraðild í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum þrátt fyrir að hún sé bönnuð. Frv. hæstv. viðskrh. kveður á um ekkert annað en að lögfesta það sem fyrir hendi er. Það hefur ekki verið gerð nein gangskör að því að láta gildandi lög koma til framkvæmda en þau kveða á um fortakslaust bann erlendra fjárfestinga í íslenskum sjávarútvegi og skiptir þar engu þótt um óbeina fjárfestingu sé að ræða. Vitaskult er það ámælisvert að lögum hefur ekki verið framfylgt í þessu efni. Ástæðan er einföld. Það var ekki möguleiki á því.

Hins vegar er önnur hlið á þessari mynd. Íslendingar hafa góða reynslu af fjárfestingum í sjávarútvegi erlendis. Þar ber hæst fjárfestingar íslensku fisksölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum sem eru nokkurra áratuga gamlar en einnig má benda á fjárfestingar í Bretlandi og Frakklandi. Öllum er í fersku minni hinar miklu fjárfestingar Akureyringa í þýskri togaraútgerð. En nú er svo komið að Íslendingar ráða nær alveg yfir þýskri togaraútgerð. Það er ekki áhyggjuefni þýskra yfirvalda eða þýskra stjórnmálamanna nema síður sé.

Einnig hafa íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi fjárfest í Afríku, Suður-Ameríku og í Asíu. Þetta er mjög ánægjuleg þróun sem mun vafalítið halda áfram á næstu árum. Það er því óeðlilegt að banna allt hér en nýta frelsið erlendis.

Ýmsir spyrja sig vitaskuld: Er ekki nóg að heimila óbeina fjárfestingu útlendinga í íslenskum sjávarútvegi? Þarf að heimila beinar fjárfestingar eins og frv. okkar gerir ráð fyrir? Hér er til að svara að óbein eignaraðild eins og gert er ráð fyrir í frv. hæstv. viðskrh. felur í sér ekkert annað en staðfestingu á núverandi ástandi. Það eru engin sóknarfæri í frv. ríkisstjórnarinnar hvað viðvíkur sjávarútvegi. Óbein eignaraðild felur ekkert annað í sér en að erlendum aðilum verði gert erfiðara fyrir að fjárfesta. Kostir þess að auka eigið fé fyrirtækja eru hvorki nýttir né það að markaðstengsl gætu skapast með beinni fjárfestingu. Hins vegar er mikill ókostur við óbeina fjárfestingu því að eftirlit með henni er því nær útilokað.

Hæstv. viðskrh. sagði áðan í framsöguræðu sinni að skriflegt samþykki Landssambands ísl. útvegsmanna og samtaka fiskvinnslustöðva lægi fyrir varðandi ákvæði frv., hafi ég tekið rétt eftir. Þegar maður heyrir þessi ummæli spyr maður sig: Hvar liggur löggjafarvaldið í þessu landi ef það er talinn rökstuðningur með máli að það liggi fyrir skriflegt samþykki hagsmunaaðila? Ég vona að annaðhvort hafi ég tekið rangt eftir eða hæstv. viðskrh. hafi orðið á við rökstuðning í sínu máli vegna þess að þessi framsetning, hafi ég heyrt hana rétt og skilið hana rétt, er satt best að segja fyrir neðan allar hellur.

Það er rétt að vekja athygli á áhrifum frv. viðskrh. t.d. gagnvart Olíuverslun Íslands. Olíuverslun Íslands eða Olís er að 35% í eigu erlendis fyrirtækis, Texaco. Olíuverslunin á jafnframt 7% hlut í Síldarvinnslunni í Neskaupstað. Þetta verður samkvæmt hinu nýja frv. ólöglegt. Þarna verður annaðhvort Texaco að selja hluta af eigin eign sinni í Olíuversluninni eða Olís verður að selja öll hlutabréf sín í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, þar með talin hlutabréf í Síldarvinnslunni.

Þetta dæmi sem er tekið um afleiðingar af frv. viðskrh. sýnir betur en margt annað hvað þetta er óeðlileg braut sem verið er að ganga inn á með óbeinni eignaraðild. Þessi hlutafjáreign Olíuverslunarinnar í Síldarvinnslunni hefur síður en svo valdið nokkrum vandræðum í íslenskum sjávarútvegi

og frekar styrkt viðkomandi fyrirtæki. En hér eru rýrðir möguleikar eins af olíufélögunum til þátttöku í innlendum atvinnurekstri.

Nú háttar svo til að annað olíufélag er líka að stórum hluta eða nokkuð stórum hluta í eigu erlendra aðila. Það er Skeljungur hf. Stærsti hluthafi þar er Shell Petroleum sem á 17% hlut. Þeir eru hins vegar undir þeim mörkum sem getið er um í frv. viðskrh. þannig að þeir geta átt í innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum án nokkurra takmarkana, t.d. 90% í Síldarvinnslunni ef þeir kærðu sig um. Ég vil geta þess að allar þessar tölur um eignaraðild eru opinberar vegna þess að þessi fyrirtæki eru skráð á verðbréfaþingi. Ef reiknuð er hlutdeild útlendinga í Síldarvinnslunni í gegnum aðild Olís, er hún um 2% og samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar má það ekki. En ef Skeljungur hf. ætti 90% í Síldarvinnslunni og erlend eignaraðild væri þá um 15%, þá væri það í lagi samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar. Þetta er vitaskuld tóm tjara. Frv. ráðherra um óbeina eignaraðild er einfaldlega tæknilega óframkvæmanlegt og ósanngjarnt. Hér er vitaskuld um óeðlilega takmörkun að ræða á viðskiptaháttum. Eftirlit með þessum þætti er einnig óframkvæmanlegt vegna þess að stöðugt yrði að fylgjast með öllum hlutabréfaviðskiptum. Ef menn lesa frv. viðskrh. varðandi það hvernig eftirlitið fer fram og sú framkvæmd sem er gerð í kjölfar þess, þá er það ekki skemmtileg lesning.

Það er vitaskuld hægt að hugsa sér þá útfærslu að fjárfestingar erlendra aðila væru ekki heimilaðar nema í fyrirtækjum sem væru skráð á Verðbréfaþingi Íslands eða á sambærilegum hlutabréfamörkuðum til að hafa þetta betur fyrir opnum tjöldum. Hins vegar hefði slík þrenging þá ókosti í för með sér að lítil og meðalstór fyrirtæki sem hefðu e.t.v. fyrst og fremst gagn af erlendri eignaraðild með tilliti til markaðsmála yrðu af slíkri fjárfestingu. Það er því niðurstaða flm. þessa frv. að takmörkun við óbeina eignaraðild eins og gert er ráð fyrir í frv. viðskrh. sé óeðlileg og skili engu. Hins vegar teljum við að það eigi að fara með varkárni að þessum málum og við höfum bundið okkur við 20% eignaraðild. 20% eignaraðild er hægt að rökstyðja með því að það er aðeins undir mörkum sem gilda í núverandi lögum um takmörkun á fjárfestingu útlendinga í viðskiptabönkum. Þau hafa verið til 25% til skamms tíma en það er gert ráð fyrir að afnema þau í frv. ríkisstjórnarinnar. Það er sömuleiðis hægt að færa rök fyrir 20% eignaraðild. En það gefur tækifæri eins og ég nefndi á einum manni í stjórn af fimm. Það gefur líka möguleika á svokallaðri hlutdeildaraðferð við bókhaldsuppgjör samkvæmt íslenskum lögum ef menn kjósa. Hins vegar er fyrst og fremst um að ræða opnun á mikilvægum þætti sem menn geta síðan endurmetið í ljósi reynslunnar hvort ástæða er til að víkka út frekar.

Í frv. viðskrh. sem hér er einnig til umræðu er gert ráð fyrir heimild til óbeinnar fjárfestingar allt að 25%. Ef eignaraðild íslensks fyrirtækis fer ekki yfir 5%, þá má hinn erlendi eignarhluti nema allt að 33%. Þessi útfærsla er ekki góð eins og ég rakti með dæminu áðan. Þetta er erfitt í framkvæmd og þetta nær ekki fram þeim kostum sem takmörkuð eignaraðild getur haft í för með sér.

Það eru ýmis önnur atriði í frv. hæstv. viðskrh. sem lúta að samningum um Evrópska efnahagssvæðið og eru þess eðlis að það er hægt að lýsa stuðningi við þau. Hér er m.a. átt við möguleika aðila á EES-svæðinu að eiga fyrirtæki sem tengjast virkjunarrétti og jarðhita og stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Þetta er hluti af EES-samningnum og má búast við því að þessi rýmkun geti orðið okkur til framdráttar. Þannig eru einnig í frv. viðskrh. felldar brott skorður við fjárfestingu aðila á EES-svæðinu í félögum sem stunda flugrekstur hér á landi. Samt sem áður er lagt til að hámark laganna um 49% eignarhlutfall gildi áfram gagnvart aðilum utan þess svæðis. Það hefði mátt spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegt að láta hið sama gilda gagnvart aðilum utan hins Evrópska efnahagssvæðis þannig að t.d. bandarísk flugfélög hefðu getað átt aðild að flugrekstri hér. Mér finnst að það hefði getað komið fyllilega til greina.

Það er sömuleiðis jákvætt að felld er niður takmörkun á 25% eignarhluta erlendra aðila í íslenskum hlutafélagsbönkum en þetta ákvæði hefur verið um hríð í íslenskum lögum. Það er einn slíkur banki starfandi hérlendis sem er Íslandsbanki hf. og mér vitanlega er engin erlend eignaraðild þar. Og það sem meira er um vert; ég veit ekki til þess að erlendir aðilar hafi sýnt nokkurn áhuga á eignaraðild. Þetta lýsir e.t.v. betur en margt annað að útlendingar standa ekki í biðröðum eftir því að komast inn í íslensk fyrirtæki. Í heildina má segja að frv. viðskrh. sé til bóta að öllu leyti nema því sem snýr að fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi.

Fjórir þingmenn Sjálfstfl. leggja síðan fram þriðja frv. í þessum málaflokki þar sem þeir gera ráð fyrir að heimila erlenda fjárfestingu, allt að 49%. Það er mjög óvanalegt þegar verið er að ræða stjfrv. að þá komi fjórir stjórnarþingmenn og leggja til aðra löggjöf varðandi aðalþátt stjfrv. Ég átta mig ekki á því, herra forseti, hvort með þeirri málsmeðferð sem kemur fram í þessum frumvarpsflutningi sé um að ræða stefnubreytingu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og Sjálfstfl. Ég sé að hvorki hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., né hæstv. fjmrh., varaformaður Sjálfstfl., eru í salnum til að spyrjast fyrir um hvort um sé að ræða stefnubreytingu annars stjórnarflokksins varðandi þetta efni. Reyndar sé ég, herra forseti, að það er enginn ráðherra viðstaddur í salnum og er það svona eftir öðru sem við þingmenn höfum mátt búa við þegar verið er að ræða mikilvæg mál.

Rök þessara fjögurra sjálfstæðisþingmanna, og þeir eiga eftir að mæla fyrir málinu betur á eftir, eru að það sé óeðlilegt að mismuna á þessu sviði og þeir sjái enga hættu í slíkri heimild. Persónulega tel ég að 49% eignaraðild eins og þeir gera ráð fyrir sé ekki heppileg á þessu stigi málsins. Það er betra að taka þessi skref hægar og sjá reynsluna af því sem við leggjum til áður en menn fara að víkka þetta út. Það mál vel vera að menn staðnæmist eftir einhvern tíma í 49%. Ég skal ekkert um það segja. En ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins að stíga svo stórt skref.

Það verður að skoða þessi mál sem hér eru til umræðu í víðara samhengi. Það gerist ekki að lífskjör í landinu batni af sjálfu sér og frjálsræði í viðskiptum sem má segja að sé meginefni frv. sem við mælum fyrir, er okkur Íslendingum ekkert sérstaklega tamt. Við skulum hafa í huga að seinni hluta þessarar aldar bjuggum við Íslendingar við höft í viðskiptum mun lengur en aðrar þjóðir. Við höfum oft og tíðum haldið uppi misskilinni verndarstefnu, ekki áttað okkur á þeim alþjóðlegu straumum sem leika um hagkerfið og það sem verra er; við höfum verið að valda okkur sjálfum tjóni með þessari afstöðu. Við höfum magnað upp hræðslu við útlendinga sem á sér vitaskuld sögulegar skýringar því að oft þurftum við eins og ég vék að áðan að berjast við útlent herveldi og útlend ríki um okkar landhelgismál. En það á ekki að tengja það saman við þær fjárfestingar sem hér eru til umræðu.

Það er rétt sem sagt er í Morgunblaðinu — og nú er Morgunblaðið ekki þekkt fyrir það að skipta mjög hratt um skoðun á málefnum líðandi stundar — en í leiðara Morgunblaðsins frá því sl. sunnudag sagði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það voru á sínum tíma full rök fyrir þeirri afstöðu, að erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi kæmu ekki til greina. En tímarnir eru breyttir. Íslensku sjávarútvegsfyrirtækin sjálf hafa skapað ný viðhorf. Við megum ekki loka okkur inni í viðhorfum liðins tíma."

Undir þessi orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins vil ég taka. Ég tel að þau lýsi nokkuð vel því sem við erum að ræða um. Þessi umræða mun sennilega snúast um það hvort menn skynji að ný viðhorf og ný staða séu komin upp. Við skulum líka átta okkur á því að heimild útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi mun hjálpa okkur að auka fjárfestingar. Fjárfestingar hérlendis eru hættulega litlar. Þær eru núna um það bil 17% af landsframleiðslu. Þær voru til skamms tíma 25–30%. Þær hafa dregist hættulega mikið saman ef við ætlum að hugsa til góðra lífskjara í framtíðinni. Það gerist ekki af sjálfu sér. Af 20 ríkjum innan OECD vorum við í 17. sæti með framlög til rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Þetta er einn mælikvarði á því hvernig við gætum hugsanlega bætt okkar lífskjör.

Það er sömuleiðis hægt að vísa til athugana sem hafa verið gerðar á samkeppnisstöðu Íslendinga. Það liggur fyrir t.d. alþjóðleg skýrsla sem hefur líka verið birt hér á landi sem bendir til þess að við séum í 25. sæti af 49 þjóðum eða í 18. sæti innan OECD varðandi samkeppnisstöðu. Við erum sem sagt mjög aftarlega á merinni í þessum samanburði.

Mörgu er mjög ábótavant í okkar umhverfi. Þetta frv. sem við erum að ræða um, tekur á einum þætti þess. Mig langar til að benda hv. þm. á grein í síðasta tölublaði Fjármálatíðinda eftir Vigdísi Wangchao Bóasson um alþjóðlega samkeppnisstöðu Íslands. Þetta er grein byggð á meistaraprófsritgerð höfundar. Í henni kemur fram að ýmsu er ábótavant í menntun, skipulagi, markaðsmálum, frumvinnslu, hugsunarhætti og samkeppni innan lands. Þetta er fræðileg úttekt á samkeppnisstöðu okkar, hlutur sem fjölmargar aðrar þjóðir hafa gert.

Það má sömuleiðis benda á að framleiðni íslenskra fyrirtækja er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Þetta eru allt alþjóðlegir þekktir mælikvarðar sem ég er hér að draga upp. Einkenni þeirra allra er að við erum einna neðstir á þeim skala.

Við skuldum mikið erlendis. Það er eitt sem alþjóðaviðskipti geta kennt okkur. Það er það að ef menn vilja sækja fram, þá eiga menn að sækja fram á þeim sviðum sem þeir kunna til verka. Menn eiga helst ekki að sækja fram þar sem þeir kunna lítið til verka.

Sjávarútvegur er okkar sérsvið. Það heitir að reyna að ná samkeppnisforskoti og reyna að tryggja sér samkeppnisforskot með aðgerðum af hálfu hins opinbera. Það eru þannig séð fjölmörg rök sem mæla með því að við eigum að heimila beina fjárfestingu að takmörkuðu leyti í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er ekki einangruð tæknileg ákvörðun sem hér er til umræðu, heldur mikilvægur þáttur í efnahagsstjórn. Það er engin hætta fólgin í takmarkaðri beinni eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi. Þvert á móti myndi slík eignaraðild skapa ýmsa möguleika og það væru líka alltaf tök á því fyrir hið háa Alþingi að breyta lögum til þrengingar eða útvíkkunar eftir því sem reynslan kenndi okkur.

Í frv. viðskrh. um óbeina eignaraðild er í reynd engin breyting fólgin þannig að það leiðir ekki til neins í íslenskum sjávarútvegi, hvorki til góðs né ills. Breytingarnar verða sáralitlar hvað þetta viðvíkur. Frv. sjálfstæðismannanna fjögurra gengur of langt að mínu mati að svo komnu máli, hvað sem síðar verður. Ef frv. okkar þingmanna Þjóðvaka yrði fellt inn í frv. viðskrh., væri komin heilsteypt löggjöf um fjárfestingar útlendinga sem mundi marka mikilvægt spor í átt til aukins hagvaxtar hér á landi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:10]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst að síðasti ræðumaður hefði þurft að gera betri grein fyrir því hvers vegna hann leggur til að leyfð verði bein fjárfesting í sjávarútvegi með takmörkuðum hætti. Mér fannst skorta í hans málflutningi skýringar á því hverjar hætturnar eru ef við leyfum fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi ótakmarkað. Þetta er einmitt ágreiningurinn í málinu. Hvort og hversu mikið á að leyfa fjárfestinguna í sjávarútveginum. Því er mjög brýnt að fá fram viðhorfið til þess hvaða hættur við sköpum okkur með því að ganga lengra en frv. það sem hv. þm. er 1. flm. að og hvaða áhættu við tökum með því vegna þess að hér liggja frammi tillögur um að ganga einmitt mun lengra.

[16:11]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyndi að draga aðeins fram í máli mínu söguna varðandi þetta mál. Þetta snýst ekki aðeins um hagstjórn og skynsamlega efnahagsstefnu, heldur er líka mikil saga fólgin í afstöðu manna gagnvart útlendingum í íslenskum sjávarútvegi. Að vísu rökstuddi ég málið með því að reyna að komast út úr tilfinningaróti fortíðarinnar varðandi söguna vegna þess að hér væri ekki um að ræða neina hættulega hluti. Þrátt fyrir það tel ég að við eigum að breyta þessu hægt og rólega. Þess vegna er lögð til 20% eignaraðild. Það er til þess að aðilar í sjávarútvegi og þjóðin sjálf venjist við það starfsumhverfi og sjái, sem ég er sannfærður um, að það er engin hætta fólgin í þessu. Ég tel að það sé nauðsynlegt að breyta þessu eins og ég lagði til, 20% fyrst. Ég get alveg séð fyrir mér að þessi eignaraðild verði stighækkandi þegar fram líða stundir. En ég geri mér fulla grein fyrir því að málið er þannig vaxið að það er mjög auðvelt að koma með yfirborðskennd rök gegn þessu og spila á tilfinningar manna varðandi söguna og það að útlendingar komi hér inn, rifja upp deilur um landhelgisstríð og brigsla mönnum jafnvel um landráð þegar þeir koma fram með þessa tillögu. Þessi umræða hefur oft verið í slíkum farvegi.

Það er þess vegna, herra forseti, sem við leggjum til að það sé farið rólega í þetta. Við venjumst því að búa við takmarkaða eignaraðild. Það má vel vera að það verði hægt að hækka hana síðar. Sjálfur held ég að svo verði. Hugsanleg verður það þannig að við verðum ekki með neinar takmarkanir á eignaraðild útlendinga, hvorki í sjávarútvegi né öðrum atvinnugreinum þegar fram líða stundir hér á landi. Það má vel vera að hlutirnir þróist í þá átt. Ég ætla ekki að fullyrða um það á þessu stigi málsins en ég tel rétt að við opnum þessi mál með gætni.

[16:14]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað er einungis til að undirstrika það að ég skil hv. þm., Ágúst Einarsson þannig að það sé fyrst og fremst til að valda ekki tilfinningaróti með

þjóðinni, þ.e. fyrst og fremst af sálfræðilegum ástæðum sem hann leggur ekki til að ganga lengra. Mér finnst athyglisvert að hann skuli fyrst og fremst líta svo á að það sé af þessum orsökum sem hann er ekki reiðubúinn til að ganga lengra í þessu máli.

[16:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að mælendaskrá liggur frammi í hliðarherbergjum. Auk frsm. þriðja frv. eru níu hv. þingmenn á mælendaskrá. Það þýðir, ef forseti reiknar rétt, sjö klukkustundir ef allir nýta ýtrasta rétt sinn. Forseti fer fram á við ræðumenn að þeir stytti mál sitt þannig að 1. umr. ljúki á skaplegum tíma.

[16:15]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Áður en komið er að því að ræða þriðja frv. sem hér hefur verið lagt fram vil ég fara nokkrum orðum um með hvaða hætti þessi mál ber að hér á hv. Alþingi sem hæstv. forseti hefur tekið ákvörðun um að skuli ræðast öll saman. Hér er um að ræða annars vegar stjfrv., væntanlega samþykkt af tveimur stjórnarflokkum, borið fram af ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar og kynnt sem samkomulagsmál. Hins vegar er um að ræða frv. stjórnarandstöðuþingmanna. Og síðast en ekki síst er um að ræða frv. fjögurra þingmanna Sjálfstfl. úr stuðningsliði ríkisstjórnarinnar sem hafa væntanlega fjallað um stjfrv. og staðið að því með hæstv. ráðherra sem flytur það úr ríkisstjórninni.

Áður en lengra er haldið vil ég fá að vita eftirfarandi:

1. Var haft samráð við hæstv. viðskrh. um það að þessi frv. yrðu öll flutt saman undir einum og sama dagskrárlið og leitað samþykkis hans við því áður en sú ákvörðun var tekin? Vissi hann af henni?

2. Ég tel nauðsynlegt að hér komi fram hvort hæstv. viðskrh. var skýrt frá því að fjórir þingmenn Sjálfstfl., þar á meðal formaður þeirrar nefndar sem væntanlega á að taka við þessu máli, mundu leggja fram á Alþingi frv. sem gengur í berhögg við það frv. sem hann hefur mælt fyrir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna? Vissi hæstv. ráðherra þetta? Gegndi samstarfsflokkur hans þeirri skyldu sinni að skýra ráðherra frá því að svona væri í pottinn búið áður en frv. kom fram á Alþingi eða ekki?

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá að vita þetta. Ég man ekki til þess að samdægurs hafi verið lagt fram annars vegar stjfrv., kynnt sem slíkt, stutt af þeim flokkum sem standa að ríkisstjórninni og hins vegar frv. frá fjórum þingmönnum eins stjórnarflokksins sem gengur í allt aðra átt. Þá er auðvitað spurningin sú: Hafði Sjálfstfl. fyrir þeirri kurteisi í eðlilegum samskiptum stjórnarflokka að skýra hæstv. viðskrh. frá þessu fyrir fram þannig að honum kæmi þetta ekki á óvart eða vissi hæstv. viðskrh. þetta ekki?

[16:18]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta þykir sem þessi ræða hefði betur verið flutt í upphafi umræðunnar. Forseti lagði til í upphafi hennar að málin yrðu rædd öll í samhengi og við það var ekki gerð athugasemd. En hér hefur verið beint fyrirspurnum, ekki bara til forseta, heldur líka til ráðherra undir þessum dagskrárlið og forseti vill gefa hæstv. ráðherra tækifæri til að svara.

[16:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við það að þessi þrjú mál sem hér hafa legið fyrir þinginu í nokkurn tíma séu öll tekin til umræðu á þessum degi. Reyndar hefði þurft að vera búið að mæla fyrir þeim talsvert fyrr en af óviðráðanlegum ástæðum hefur það ekki tekist. Ég gerði því engar athugasemdir við málsmeðferð hæstv. forseta í upphafi fundar.

Varðandi síðari spurninguna þá er það frv. sem ég hef nú þegar mælt fyrir um óbeinu fjárfestinguna stjfrv., frv. ríkisstjórnarinnar sem báðir stjórnarflokkarnir standa að. Það hefur verið samþykkt í ríkisstjórn, báðir þingflokkar hafa rætt það og gengið hefur verið frá því með eðlilegum og formlegum hætti.

Mér var ekki gert viðvart um að hér kæmi fram frv. frá fjórum þingmönnum Sjálfstfl. Ég lít hins vegar svo á og veit að það er stjfrv. sem ríkisstjórnarflokkarnir standa að og vilja fá hér samþykkt í þinginu. Ég lít frekar á frv. sjálfstæðismanna sem dæmi um smásamkeppni milli þingmannanna sem það flytja og þingmanna Þjóðvaka um það hvorir bjóði betur, á að bjóða 25% eða 49%? Ríkisstjórnin stendur að því frv. sem viðskrh. hefur mælt fyrir og það er ætlun ríkisstjórnarinnar að fá það samþykkt á þessu þingi, enda nær það til ýmiss konar skuldbindinga gagnvart alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að.

[16:20]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Af orðum hæstv. ráðherra marka ég að það hafi ekki verið haft fyrir fram samráð við hann um að ræða þessi mál öll undir einum dagskrárlið, hann hafi bara ekki gert athugasemdir við það hér í þinginu þegar hæstv. forseti bar það upp. Það tel ég umhugsunar- og athyglisvert.

Í öðru lagi, sem er nú mikið merkilegra því hitt er formsatriði, kemur fram hjá hæstv. ráðherra að honum er ekki skýrt frá því, hvorki af ráðherrum Sjálfstfl., þingmönnum hans né þingflokksformanni, að fjórir þingmenn flokksins hafi tekið ákvörðun um að flytja á Alþingi frv. sem gengur gegn þeirri stefnu sem hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh. hafa orðið sammála um. Mér er vel kunnugt um það frá fyrri tíð hver skoðun sjútvrh. er í þessu máli. Ég veit ekki hver er skoðun viðskrh. En þarna er um samkomulag að ræða, þannig að sé spjóti beint gegn einhverjum þá er því beint gegn hæstv. sjútvrh. og vilja hans en ekki hæstv. viðskrh. þótt hann flytji málið. Mér finnst athyglisvert að ráðherra sé ekki skýrt frá því að þingmenn úr samstarfsflokki hans hyggist flytja mál af þessu tagi gegn því frv. sem hann ber ábyrgð á gagnvart ríkisstjórninni og gegn samkomulagi sem hann hefur gert við hæstv. sjútvrh. um hvernig skuli haldið á málinu. Mér fannst líka athyglisvert í máli hans að hann skyldi lýsa ástæðunum fyrir þessu svo að þingmenn Sjálfstfl. væru komnir í keppni við þingmenn stjórnarandstöðunnar um uppboð gegn ríkisstjórninni. Þingmenn Sjálfstfl. og stjórnarandstöðunnar eru sem sé farnir að keppa um það hvor geti boðið betur gegn samkomulagi sem ríkisstjórnin hefur náð innan sinna vébanda. Það var mjög athyglisverð yfirlýsing og örugglega sett fram að vandlega íhuguðu máli, hafandi skoðað aðstæður, virðulegur forseti, og komist að skynsamlegustu niðurstöðu sem hægt er að komast að.

Virðulegi forseti. Mér fannst ekki eðlilegt að taka þessa umræðu í upphafi þegar rætt var um frv. hæstv. viðskrh. En mér fannst eðlilegt að biðja um orðið um fundarstjórn forseta þegar kom að yfirboðsfrumvarpi stjórnarandstæðinga í Sjálfstfl.

[16:23]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson geri úlfalda úr mýflugu. Staðreyndin er sú að ég sá strax í morgun að þessi mál voru öll á dagskrá og gekk þá út frá því að þau yrðu öll tekin til umræðu á sama degi, án þess þó að mér hafi verið tilkynnt sérstaklega að þau yrðu tekin öll saman eins og hér hefur verið gert. Ég geri engar athugasemdir við það, ég tel að það sé fyrst og fremst til að flýta fyrir þingstörfum.

Varðandi hið síðara þá er það að sjálfsögðu stefna ríkisstjórnarinnar að koma stjfrv. í gegnum þingið. Ég veit að það er stuðningur við málið í báðum stjórnarflokkunum, einróma að því er ég vona. Ég hef enga ástæðu til að halda að þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem lagt hafa fram frv. um beina fjárfestingu í sjávarútvegi styðji ekki stjfrv. þótt það gangi skemur. Auðvitað hljóta þeir að styðja það þótt ég treysti mér ekki til þess að styðja það frv. sem þeir hafa mælt fyrir. Stjórnarflokkarnir hafa ekki sameinast um slíkt frv., það frv. sem þeir hafa sameinast um er stjfrv.

[16:25]

Jón Baldvin Hannibalsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sló því föstu að yfirlýsing hæstv. viðskrh. um málsmeðferð og þá staðreynd að honum hafi ekki verið tilkynnt um það fyrir fram af samstarfsflokknum að hér stæði til að flytja þetta yfirboðsfrv. væri gefin af mjög vandlega athuguðu máli. En hæstv. viðskrh. vill vera kurteis maður og ég tók sérstaklega eftir því hvernig hann hagaði orðum sínum, nefnilega að með athugasemdum sínum væri hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að gera úlfalda úr mýflugu. Samkvæmt orðanna hljóðan er það þá viðhorf hæstv. viðskrh. að þeir fjórir hv. yfirboðsmenn í þingflokki Sjálfstfl., sem hér hafa lagt fram yfirboðsmál séu mýflugan. Spurningin er hvort það sé eitthvert bit í mýbitinu.

[16:26]

Flm. (Kristján Pálsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson og Guðjón Guðmundsson.

1. gr. hljóðar svo: Í stað 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: Erlendir aðilar mega eiga allt að 49% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í upphafi máls míns vil ég aðeins gera athugasemdir við þann málatilbúnað sem hér hefur orðið varðandi þetta frv. af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ég vil benda þeim á þá staðreynd að það frv. sem við fjórmenningarnir leggjum hér fram gengur lengra en frv. ríkisstjórnarinnar. Það er einfaldlega ásetningur okkar að láta reyna á það hvort það geti verið þingmeirihluti fyrir því að ganga lengra en stjórnin hugðist gera. Ef það frv. sem við mælum fyrir nær ekki fram að ganga munum við að sjálfsögðu styðja stjfrv. Ég vil einnig minna hv. stjórnarandstæðinga á það að þingmenn Sjálfstfl. fara í þessu máli eftir sannfæringu sinni sem okkur er tamt og við skulum segja skylt að gera samkvæmt þeim eiðstaf sem við skrifuðum undir þegar við gerðumst þingmenn á hv. Alþingi. Það kemur mér því mjög á óvart að hv. stjórnarandstæðingar skuli taka það óstinnt upp að hér skuli koma fram frumvörp sem eru ekki nákvæmlega eins og stjórnarfrumvörp sem lögð eru fram af ríkisstjórninni. Ég verð að segja að það undrar mig mjög að virtir stjórnmálamenn eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Jón Baldvin Hannibalsson skuli undrast að mál komi fram með þessum hætti. Þeir þurfa að skoða söguna betur ef þeim finnst þetta einstætt. (**Gripið fram í:** Þeir eru ekki hissa á neinu frá Sjálfstfl.)

Í greinargerð sem við höfum lagt fram með þessu frv. segir:

Með þessum lögum er verið að heimila beina fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu. Skorður eru þó settar við slíkri fjárfestingu og má hún ekki verða meiri en 49%.

Íslenskur sjávarútvegur hefur á síðustu árum átt í verulegum erfiðleikum vegna samdráttar í þorskveiðum. Innan greinarinnar hefur verið brugðist við breyttri stöðu með endurskipulagningu framleiðslunnar, sameiningu fyrirtækja, endurfjármögnun lána og með skráningu sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Allar þessar aðgerðir hafa orðið til þess að efla fyrirtækin í greininni og þau snúið vörn í sókn. Ljóst er að velflestar greinar fiskvinnslunnar eru reknar með tölurverðu tapi og ekki er fyrirsjáanlegt að það breytist. Það er áhyggjuefni í ljósi þess að launafólk í fiskvinnslu hefur tekið mikið af þessum erfiðleikum á sínar herðar með hógværð í launakröfum. Ekki er hægt að búast við því að slík þolinmæði verði viðvarandi og eru þegar brögð að því að íslenskt fiskvinnslufólk leiti til útlanda eftir vinnu í fiski.

Búast má við miklum breytingum á stöðu fiskvinnslu og útgerðar á Íslandi ef frumvarp þetta verður að lögum. Þar ber helst að nefna að áhættufjármagn kemur inn í greinina, meiri möguleikar til markaðsöflunar, breyttar aðferðir í fiskvinnslunni og sterkari fyrirtæki í sjávarútvegi.

Með tilkomu samninga um Evrópska efnahagssvæðið var gert ráð fyrir að fjárfesting aðila innan þess yrði heimil á Íslandi með undantekningum í orkufyrirtækjum, flugi og sjávarútvegi. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um erlenda fjárfestingu, sem lagt hefur verið fram, er gert ráð fyrir að bein fjárfesting erlendra aðila í flugrekstri á Íslandi sé heimil allt að 49%. Ekki er hægt að sjá nein rök fyrir því að mismuna fyrirtækjum á Íslandi að þessu leyti. Ástæður eins og að sjálfstæði landsins sé stefnt í hættu eiga ekki við lengur enda öryggisákvæði 6. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar, sem heimilar viðskiptaráðherra að stöðva erlenda fjárfestingu ógni hún öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði, sett til að koma í veg fyrir slíkt.

Á síðustu áratugum hefur verið reynt að fá erlenda fjárfestingu til landsins og þá sérstaklega til orkufrekrar starfsemi, t.d. álvera. Þrátt fyrir mikla fyrirhöfn hefur miðað hægt í þeim málum. Á síðustu árum hefur einnig verið opnað fyrir aðra erlenda fjárfestingu með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í þeim tilfellum var miðað við að hámarksfjárfesting erlends aðila í einu fyrirtæki yrði ekki hærri en 250 millj. kr. án sérstakrar heimildar ráðherra. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er nú gert ráð fyrir að fella það ákvæði út því að ásókn útlendinga er mjög lítil og fjárhæðir

lágar. Erlendir fjárfestar leita ekki hingað nema þeir sjái hagnaðarvon og að hingað sé eitthvað nýtt að sækja. Í sjávarútvegi eru Íslendingar fremstir meðal jafningja og íslenskir ráðgjafar eftirsóttir um heim allan. Það sem við höfum helst að bjóða erlendum fjárfestum er því tengt sjávarútveginum, bæði þekking og framleiðsla. Þetta verður að hafa í huga ef auka á áhuga erlendra aðila fyrir fjárfestingu á Íslandi. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er aðeins breyting á lögunum í átt til ríkjandi ástands á óbeinni eignaraðild erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi.

Ekki er hægt að sjá að sú þróun verði stöðvuð að fyrirtæki renni meira og minna saman fjárhagslega þvert á landamæri ríkja ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af því. Þannig hafa komist á legg hliðarfyrirtæki sem beinlínis verða til við fjárfestingu nýrra aðila. Þessi þróun hefur t.d. orðið mjög áberandi á Írlandi þar sem blómleg fyrirtæki og menntasetur hafa risið með tilkomu frísvæða.

Því fyrr sem stór skref verða stigin í átt til frjálsari samskipta við erlenda fjárfesta og íslenskum fyrirtækjum er gefinn kostur á að tileinka sér breytingar sem nú eiga sér stað í hinum vestræna heimi því betur gengur að bæta kjör almennings á Íslandi.

Það má spyrja þess hvort breyting á lögunum núna sé nauðsynleg. Það er alltaf hægt að spyrja sig þess hvort breytingar séu nauðsynlegar eða hvort þær megi bíða um sinn. Skoðun mín er sú að íslenskur sjávarútvegur sé eins tilbúinn og hann getur verið til að taka á þeirri óhjákvæmilegu samkeppni sem hann lendir í fyrr en síðar um afnot af auðlindum hafsins. Það tel ég sjást vel á tilraunum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja víða erlendis á sviði sjávarútvegs og má þar benda á útgerðarrekstur Útgerðarfélags Akureyringa og Samherja í Þýskalandi, Granda í Chile og ráðgjafarstörf og rekstur Íslenskra sjávarafurða í Kamtsjatka og Íslendinga víða um heim.

Það hefur einnig orðið mikil breyting í flóru íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og þau sameinast og ná þannig mikilli hagkvæmni í rekstri sem hefur aukið arðsemi þeirra mikið. Þó íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafi náð að breyta miklu hjá sér til batnaðar er samt mjög veik fjárhagsstaða hjá þeim flestum. Þau vantar áhættufé sem lánsfé. Þau vantar einnig að víkka út sjóndeildarhringinn. Þó við séum með þeim fremstu á sviði sjávarútvegs er ljóst að við getum lært mikið af öðrum þjóðum. Þar ber sennilega helst að líta til frænda okkar Dana sem virðast reka botnfiskvinnsluna mun betur en við. Þeir eru einnig miklir sölumenn og geta kennt okkur meira á þeim sviðum. Þótt margt gott hafi gerst í rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna þá gerast hlutirnir ekki nógu hratt, laun fólks í þessari grein eru ekki nægilega há. Ástæðan er fyrst og fremst sú að virðisaukinn í vinnslunni er ekki nægilega mikill til að geta greitt hærri laun. Ég tel að betri eiginfjárstaða og meiri virðisauki náist með beinni aðild erlendra fjárfesta í greininni. Þá náist þau markmið frekar að bæta kjör fiskverkafólks. Um leið og það tekst eflist staða þjóðarbúsins.

Í þessu sambandi ber einnig að líta til þess að í ljósi vaxandi fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir okkur að opna fyrir slíkt hér svo ekki verði stigið á þá útþenslustefnu sem nú er hjá íslenskum fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Það má spyrja sig þeirra spurningar: Því ekki að stíga skrefið til fulls og leyfa útlendingum að eiga íslensk sjávarútvegsfyrirtæki 100%? (**Gripið fram í:** Bara Ísland.) Að mínu mati er það ekki tímabært þó ekki verði komist hjá því síðar. Íslendingar verða fyrst að trúa því að þeir séu ávallt með vald yfir auðlindinni og að hún sé þjóðareign. Það tortryggja ýmsir og finnst mér rétt að stjórnarskrárbinda það ákvæði svo ekki fari á milli mála. Ég er raunar sjálfur viss um að ekkert í lögum getur heimilað sölu kvótans til útlanda og þessi lagabreyting ef af verður gerir það ekki heldur. Kvótanum er deilt út með lögum frá Alþingi og honum er deilt út fyrir aðeins eitt ár í senn. Samkvæmt lögum eru aðeins fyrirtæki skráð á Íslandi sem mega veiða í íslenskri lögsögu með aðsetur á Íslandi og með íslenskan meiri hluta stjórnar og hlutafjár, sbr. lög nr. 30/1992. Þar stendur í síðustu málsgrein 2. gr.:

„Til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands má aðeins hafa íslensk skip en íslensk nefnist í lögum þessum þau skip sem skráð eru hér á landi."

Þetta er sá kafli í lögunum sem verður óbreyttur þrátt fyrir breytingar þær sem ríkisstjórnin leggur til. Þetta þýðir með öðrum orðum og er grundvallaratriði að kvóta verður ekki úthlutað nema til íslenskra skipa. Í frv. okkar er verið að tryggja meirihlutaeign Íslendinga. Það er talað um meirihlutaeign Íslendinga og minnihlutaeign útlendinga.

Ég vil einnig geta þess að fjárfesting erlendra aðila í íslenskri útgerð var heimil í tæp 70 ár eða allt til ársins 1991. Í lögum nr. 33/1922 segir svo í 11. gr.:

„Hlutafélög hafa því aðeins rétt til að reka fiskveiðar og fiskverkun í landhelgi, að allt hlutafé sé eign íslenzkra ríkisborgara. Þó mega hlutafélög, er ríkisborgarar annarra ríkja eiga hlut í, reka fiskveiðar í landhelgi, ef meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenzkra ríkisbogara, félagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð íslenzkum ríkisborgurum og sé helmingur þeirra búsettur þar."

Með öðrum orðum: Útlendingar höfðu í tæp 70 ár heimild til að eiga 49,999% í íslenskum útgerðarfyrirtækjum. Ég hef ekki heyrt um að á þessum 70 árum hafi það valdið miklum erfiðleikum í íslenskri útgerð. Ég held að þær hættur sem talað er um séu ekki fyrir hendi og fyrst og fremst sé verið að reyna að fiska í gruggugu vatni hræðsluáróðurs um að útlendingar muni gleypa allt og selja allt sem íslenskt er ef þeir komast að.

Skoðun mín hefur alla tíð verið sú að við eigum að fagna því að fá útlenda aðila með okkur til að reka íslensk fyrirtæki, það sé okkur einungis til góðs. Ég tel að við verðum að stíga stór skref í átt til frjálsræðis í sjávarútveginum í dag svo við drögumst ekki aftur úr öðrum vestrænum þjóðum í afkomu. Sagan segir okkur að mikil erlend samskipti hafa lyft okkar þjóð upp og má þar minnast Sturlunga og kappa okkar í Íslendingasögunum sem sóttu auð og völd til útlanda og dvöldu langdvölum erlendis en komu allir aftur. Ég er ekki hræddur við frjálsræðið því undir þeim kringumstæðum höfum við Íslendingar einmitt staðið okkur best. Góður árangur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahagsmálum hefur skapað þær forsendur að stór skref eru möguleg í dag.

Virðulegur forseti. Í ljósi þess sem ég hef rakið er ekkert að óttast við að heimila erlenda aðild beina erlenda aðild að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Hvorki að þeir kaupi upp kvótann né flytji hann úr landi. Við eigum frekar að nýta okkur erlent fjármagn og þekkingu. Það tel ég að sé þjóðinni til framdráttar.

Varðandi stefnubreytingu í ríkisstjórninni í því sem kom fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar er eins og ég sagði áðan einungis um að ræða frv. fjögurra þingmanna sem

gengur lengra heldur en stjfrv. gerir ráð fyrir. Ég tek undir flest af því sem kom fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar. Það var vel flutt og rökfast að öðru leyti en því að það væri mikil hætta á einhverri allsherjaruppreisn í þjóðfélaginu þó svo að farið yrði upp í 49%. Ég held að Íslendingar séu í raun orðnir það upplýstir um samskipti erlendra ríkja og Íslendinga við önnur ríki að þeir skilji að þar er engin hætta.

Það var mér mikið ánægjuefni eins og hv. þm. Ágústi Einarssyni að Morgunblaðið lýsti í leiðara yfir stefnubreytingu í þessu máli og talaði um ný viðhorf. Ég vil gera þau orð að mínum og um leið og ég lýk máli mínu vísa ég þessu frv. til efh.- og viðskn.

[16:41]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Stærsta skrefið sem stigið hefur verið á seinni árum í þá átt að aðlaga íslenskan þjóðarbúskap og efnahagskerfi að nútímaháttum og þeim almennu reglum sem gilda í heimsviðskiptum var án efa innganga okkar í Evrópska efnahagssvæðið. Þar áður voru stærstu umbæturnar sem gerðar hafa verið á efnahagskerfi okkar í upphafi 7. áratugarins undir svonefndri viðreisn þegar skipt var um efnahagskerfi frá því hafta- og skömmtunarkerfi sem var smám saman innleitt á Íslandi upp úr fyrri heimsstyrjöld og stóð allan þann tíma. Engu að síður erum við Íslendingar í alþjóðlegum samanburði skemmra á veg komnir en flestar þjóðir í kringum okkur að því er varðar frjálsræði í efnahagsmálum og almenn samkeppnisskilyrði.

Þegar við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu vorum við að gerast aðilar að hinu svokallaða fjórfrelsi, þ.e. við vorum að leiða í lög að hér skyldi ríkja fríverslunarstefna, hér skyldu gilda frjáls viðskipti með vörur, þjónustu, fjármagn og hér skyldi einnig ríkja frjáls för launafólks. En þetta eru þau grundvallaratriði Evrópusambandsins sem heyra undir aukið frjálsræði og öflugari markaðsbúskap. Engu að síður þá settum við ákveðna fyrirvara að því er varðar stór mál. Fyrsta málið var það að Evrópusambandið tók út af borðinu upphaflegar kröfur sínar í samningum við okkur um að fá veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu í staðinn fyrir markaðsaðgang. Evrópusambandið féll frá þeim kröfum sem er auðvitað gríðarlega mikilvægt fordæmi í öllum framtíðarsamskiptum okkar við Evrópusambandið. Í annan stað náðum við varanlegum fyrirvara frá almennu reglunni um fjárfestingarrétt að því er varðar íslenskan sjávarútveg. Í þriðja lagi fengum við tímabundinn fyrirvara að því er varðaði fjárfestingarréttindi í orkugeiranum.

Loks má nefna að tímabundinn fyrirvari var einnig að því er varðaði landbúnað og reyndar eignarhald á landi. Við brugðumst við því með því að boða breytingar á innlendri löggjöf, sem okkur var að sjálfsögðu heimilt, með því að setja svonefnd girðingarlög varðandi eignarhald á bújörðum. Allt var þetta gert á þeim pólitísku forsendum að ástæða væri til að óttast ásókn erlends fjármagns inn í íslenskt efnahagslíf, ekki hvað síst á þessum sviðum. Nú erum við reynslunni ríkari. Við vitum að erlendir fjárfestar biðu ekki í röðum fyrir utan íslenska lögsögu til þess að reiða fram digra sjóði til fjárfestingar í arðbæru íslensku atvinnulífi. Það hefur ekki orðið nein eftirspurn eftir eignarhaldi á íslensku landi eða bújörðum svo orð sé á gerandi. Girðingarlöggjöfin hefur því fyrst og fremst bitnað með neikvæðum hætti á íslenskum bændum.

Að því er varðar orkugeirann rifja ég upp að við jafnaðarmenn sögðum þá þegar að við teldum að við ættum að nýta aðlögunartímann til að lögleiða heildstæða löggjöf um sameign þjóðarinnar á orkulindunum, fallvötnum og jarðhita, til þess að tryggja forræðið yfir auðlindinni. Með nákvæmlega sama hætti og Norðmenn lögðu á það höfuðáherslu í samningum sínum við Evrópusambandið þegar þeir stóðu í aðildarsamningum að tryggja óbreytt forræði Norðmanna yfir olíu- og jarðgasauðlindum þeirra sem þeim tókst. Þeir hefðu getað búið áfram við óbreytta skipan, t.d. ríkisrekstur og ákvarðanir stjórnvalda um heimildir, leigu á leyfum til erlendra aðila við nýtingu á þeirri auðlind en algerlega á þeirra forræði.

Nú er þetta stjfrv. um það að standa við skuldbindingar okkar í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið. T.d. að búa okkur undir að hinn tímabundni fyrirvari varðandi orkugeirann er liðinn. En þá kemur að því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vakti athygli á með fyrirspurn fyrr í dag að enn bólar ekkert á þeirri heildstæðu lagasetningu sem við höfum verið að gera okkur vonir um að nái fram að ganga að því er varðar eignarhald þjóðarinnar á orkulindunum. Það er gríðarlega mikilvægt mál og ég tek undir með hv. þm. að það er kominn tími til og reyndar löngu síðan að það mál verði lagt fyrir Alþingi.

Fyrir utan þetta má segja að stjfrv. er fyrst og fremst um það, að því er sjávarútveginn varðar, að lögleiða óbreytt ástand, að heimila óbeina fjárfestingu sem allir vita að er staðreynd eins og fram hefur komið í umræðunum. Í raun og veru er því þannig háttað að hinn varanlegi fyrirvari okkar sem við settum af öryggisástæðum í EES-samninginn er í fyrsta lagi óþarfur og í annan stað óframkvæmanlegur.

Síðan liggja fyrir önnur frv. Annars vegar frá hv. þm. Þjóðvaka og hins vegar fjórum stjórnarþingmönnum í Sjálfstfl. sem vilja ganga lengra en þetta stjfrv.

Það ætti ekki að koma neinum manni á óvart þótt umræður um fjárfestingarrétt í sjávarútvegi, hvort heldur í fiskveiðum eða fiskvinnslu, þyki viðkvæmara mál af sögulegum og pólitískum ástæðum hér á landi en umræður um margt annað. Í hugum sumra er eins og Ísland sé eingöngu verstöð og aðrir atvinnuvegir skipti engu máli. Það skyldi maður ætla t.d. af þeirri gríðarlegu umfjöllun um málefni sjávarútvegsins sem t.d. einkennir íslenska fjölmiðla. Samt sem áður er það staðreynd að um það bil 87% Íslendingum vinna í öðrum atvinnugreinum en við fiskveiðar og fiskvinnslu. Það er líka staðreynd að svona um það bil 44% af gjaldeyristekjum Íslendinga af útflutningi, vöru og þjónustu koma úr öðrum atvinnugreinum en sjávarútvegi. Engu að síður er það að sjálfsögðu staðreynd að sjávarútvegurinn er gríðarlega mikilvæg atvinnugrein. En þegar menn ræða hann eru menn fyrst og fremst að spyrja einnar spurningar, þ.e. um forræðið yfir auðlindinni.

Eins og fram hefur komið í þessum umræðum er það svo að auðlindin er að íslenskum lögum sameign þjóðarinnar og veiðiheimildir eru bundnar íslenskum aðilum. Hér er ekki lagt til að því verði á nokkurn máta breytt. Það breytir því engu hvort eignaraðild í fyrirtækjum er að einhverjum hluta erlend eignaraðild. Þessi fyrirtæki eru íslensk. Þau lúta íslenskum lögum og íslenskum reglum og veiðileyfin verða ekki látin öðrum í té. Spurningin um erlent fjármagn í fyrirtækjum í sjávarútvegi er því nákvæmlega sú sama og spurningin um erlent fjármagn í öðrum fyrirtækjum. Er það okkur í hag, er það okkur eftirsóknarvert eða er það ekki svo? Af hálfu okkar jafnaðarmanna leggjum við að sjálfsögðu áherslu á að það sem við eigum að gera

að því er varðar sjávarútveginn er að festa í sessi gildandi löggjöf um eignarhald á auðlindinni og tryggja jafnframt að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum til þeirra sem veiðiheimildir hafa í íslenskri lögsögu, þ.e. íslenskra aðila, verði ekki framvegis ókeypis heldur verði veiðileyfagjald tekið fyrir þær. Það er m.a. af þeim hagstjórnarástæðum að við verðum að tryggja að Ísland geti í framtíðinni byggt upp fjölbreytt nútímalegt atvinnulíf þannig að aðrar greinar eins og iðnaður, þjónusta, verslun og viðskipti geti þróast við hlið sjávarútvegsins en fari ekki á vonarvöl vegna þess að hágengi sem sjávarútvegurinn skilgreinir kemur í veg fyrir að þau hafi starfsskilyrði.

Það vefst fyrir mörgum að skilja þessi mál. Þó er athyglisvert að efnahagslegur árangur þjóða er ekki endilega bundinn því hversu ríkulega þeim hafa verið látnar í té auðsuppsprettur í formi náttúrulegra auðlinda. Það er t.d. athyglisvert að því er okkur sjálfa varðar að hlutfall útflutnings af vergri landsframleiðslu hjá okkur Íslendingum hefur að mestu leyti staðið í stað allt frá stríðslokum. Í raun og veru má segja ef nokkuð er að hlutur sjávarútvegsins hafi fremur aukist heldur en hitt á seinni árum. Það er einnig athyglisvert að þannig háttar til með mörg ríki sem byggja efnahag sinn og atvinnustarfsemi fyrst og fremst á hagnýtingu auðlinda. Það er athyglisvert að þannig háttar til með Noreg t.d. Þetta hlutfall útflutnings af þjóðarframleiðslu er þýðingarmikill mælikvarði á framþróun í hagkerfinu vegna þess að í alþjóðavæðingu nútímaviðskipta hefur hlutfallið vaxið hraðast hjá þeim þjóðum sem hafa bætt hag sinn hvað best. En þetta hlutfall hefur staðnað hjá okkur og Norðmönnum. Þannig má nefna fjöldamörg dæmi um þjóðir sem byggja efnahag sinn á hagnýtingu einnar eða tiltölulega mjög fárra auðlinda að þeim hefur ekki vegnað að sama skapi vel. Við getum litið á dæmi eins og Nígeríu svo við nefnum nú ekki land eins og Saudi-Arabíu eða hinn efnahagslega ófarnað fyrrum Sovétríkja sem voru þó vissulega þannig útbúin frá náttúrunnar hendi að naumast var hægt að nefna þær náttúruauðlindir sem ekki var þar að finna.

Með öðrum orðum erum við hér að ræða ákaflega þýðingarmikið mál, þ.e. spurninguna um erlent fjármagn almennt í okkar þjóðarbúskap. Það hefur komið fram í þessum umræðum áður að það er hægt að nefna fáar þjóðir sem ekki hafa þurft á að halda og notið atbeina erlends fjármagns á uppbyggingarskeiði. Íslendingar voru þar engin undantekning. Frá seinustu áratugum nítjándu aldar og fram yfir fyrra stríð er hægt að nefna mörg jákvæð dæmi um atbeina erlends fjármagns við uppbyggingu okkar atvinnulífs. Í þeim fjármagnsskorti sem háði okkur var þessi innflutningur á erlendu fjármagni, erlendri tæknikunnáttu, lyftistöng fyrir íslenskt atvinnulíf. Á þetta var hins vegar síðan bundinn endi með haftabúskapnum um miðja öldina. Þetta er nú sú regla sem gildir um efnahagsþróun þjóða ekki síst þegar þær eru að brjótast úr fátækt til bargálna eða fara í gegnum tæknilega byltingu í atvinnuháttum.

Það er ástæða til að biðja hv. þm. að staldra við það að ef ekki hefðu orðið þau umskipti sem áttu sér stað fyrir atbeina viðreisnarstjórnarinnar í upphafi sjöunda áratugarins þá eru engar líkur á því að það væri neitt erlent fjármagn á Íslandi. Þar sem ríkir miðstýrt skömmtunarkerfi stjórnmálamanna þannig að efnahagsstarfsemin byggir fyrst og fremst á miðstjórnarboðum og bönnum frá stjórnvöldum, þar sem innflutningur er annaðhvort bannaður eða hindraður með ofurháum innflutningstollum og síðan stundað millifærslukerfi, fjár er aflað með fjáröflunartollum á innflutning til þess síðan að útdeila styrkjum til útflutningsatvinnuveganna og forðast þannig að hafa hreint gengi, boðið er raunverulega upp á margvíslegt gengi sem byggt er á pólitískum geðþóttaákvörðunum, þá þróast smám saman hagkerfi sem reyndar var komið hér á vonarvöl undir lok sjötta áratugarins. Það hefði að lokum ekki bara þýtt algjöra stöðnun á Íslandi heldur jafnframt komið með öllu í veg fyrir, ef það ástand hefði haldið áfram, að nokkur erlendur aðili hefði fjárfest í slíku hagkerfi. Þannig að um erlenda fjárfestingu þýddi nánast ekki að ræða fyrr en þær umbætur sem viðreisnarstjórnin kom á voru farnar að hafa áhrif. Þeim var síðan fylgt eftir með aðild okkar að EFTA árið 1970.

Enn er það svo þrátt fyrir allt að þrátt fyrir þær umbætur sem orðið hafa í tíð viðreisnarstjórnarinnar og í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og þá ekki síst í tengslum við EES-samninginn og með einstökum aðgerðum öðrum, endurskipulagningu á fjármagnsmarkaði og frelsi í fjármagnsflutningum, að við erum miklu skemmra komnir á þeirri leið að skapa viðunandi umhverfi fyrir atvinnustarfsemi en flestir aðrir. Það sem er hvað athyglisverðast í því efni er þó fyrst og fremst það að hinn örsmái íslenski heimamarkaður er enn mjög mótaður af fákeppni og einokun.

Í úttekt sem gerð er í seinasta hefti Fjármálatíðinda undir heitinu Erlend fjárfesting á Íslandi eftir Jón Óskar Þorsteinsson hagfræðing sem starfar á vegum hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, er m.a. vakin athygli á því einkenni íslensks þjóðarbúskapar að samkeppni gætir lítt eða ekki í mjög mörgum greinum og að hagkerfið einkennist af einokun, oft ríkisverndaðri og fákeppni sem hefur þekktar afleiðingar fyrir lífskjör þjóðarinnar. Þannig segir, með leyfi forseta:

„Í bankakerfinu fara 75% viðskipta um ríkisreknu bankana. Langtímalán til atvinnureksturs eru öll í höndum opinberra fjárfestingarlánasjóða. 90% íslenskra skuldabréfa eru með ríkisábyrgð. Raforkuiðnaður er ríkisrekinn án samkeppni. Flest fjarskiptakerfi eru í eigu hins opinbera. Langstærsta fjölmiðlafyrirtækið er ríkisfyrirtæki. Póstþjónusta er ríkisrekin. Landbúnaður er bundinn í fjötra og innflutningur óheimill eða skattlagður eins mikið og mögulega má. Afleiðingar þessa rekstrarfyrirkomulags eru minni hagvöxtur, hár kostnaður, lægri framleiðni og lakari lífskjör."

Ég held að þessi lýsing á fortíðareinkennum íslensks þjóðarbúskapar skýri að mörgu leyti hvers vegna laun á Íslandi eru miklu lægri en í nálægum löndum; hvers vegna framleiðni í íslenskum fyrirtækjum er miklu lægri en í samanburðarlöndunum; hvers vegna framlegð á vinnustund er að nálgast botninni í samanburðarlöndunum innan OECD og hvers vegna arðsemi íslenskra fyrirtækja er lítil, eiginfjárstaða þeirra er tæp og hagnaður sem hlutfall af tekjum er lítill.

Allt eru þetta sígild einkenni efnahagskerfis þar sem samkeppni ríkir ekki, þar sem fákeppni eða einokun er ríkjandi. Þetta eru meginskýringarnar á því hvernig komið er fyrir okkur, þ.e. að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs er því miður á heildina litið afar bág í samanburði við aðrar þjóðir og frelsi í íslensku efnahagslífi er svona um miðbik í heimssamanburðinum. Þetta eitt með öðru getur auðvitað orðið að vítahring.

Ég nefndi það áðan að það hefði ekki hvarflað að neinum erlendum fjárfestum að fjárfesta í því hagkerfi sem ríkti á Íslandi fyrir árið 1960. Frá þeim tíma hefur þó þrátt fyrir allt þokast nokkuð í rétta átt en samt sem áður með nánast hraða

snigilsins þegar við berum þetta saman við hraða breytinganna sem eiga sér stað í löndunum allt í kringum okkur. Ef við lítum nú á það hversu vænlegt Ísland er sem fjárfestingarkostur fer ekki hjá því að þeir sem hefðu kannski hug á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi spyrja ekki síst spurninga eins og þeirra sem ég fór yfir áðan. Þ.e. þeir spyrja: Hversu frjálst er rekstrarumhverfið? Hversu vel má treysta því að almennar leikreglur séu virtar fremur en boð og bönn eða höft stjórnvalda? Hversu traustur er stöðugleikinn? Er gengið stöðugt í landi þar sem hafa orðið 29 gengisfellingar á 20 árum? Það er að sjálfsögðu spurt um vinnumarkaðinn og það er spurt um hversu gott framboð er af menntuðu vinnuafli. Eða eins og nú er þegar Ísland er orðið að láglaunalandi þá er spurt um hversu gott er framboðið af ódýru vinnuafli. Því næst er að sjálfsögðu spurt um arðsemi atvinnurekstrar og um allan laga- og stofnanarammann utan um það.

Það kom fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan að í alþjóðlegum samanburði eru veikleikarnir í íslensku efnahagslífi því miður allt of fyrirferðarmiklir þrátt fyrir þann árangur sem t.d. náðist á síðasta kjörtímabili í því að auka stöðugleika, lækka verðbólgu, skapa skilyrði fyrir fyrirtæki til að greiða niður skuldir, stöðugleika í gengi, tiltölulega hagstætt gengi. En þrátt fyrir allt er ótti manna mjög mikill um að þetta hvíli á tiltölulega veikum grunni.

Það er kannski ekki úr vegi að nefna eitt dæmi um það sem var umræðan sem fór hér fram áðan þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson 1. þm. Vestf. beindi fyrirspurnum til viðskrh. um það hvernig á því stæði að vextir færu hækkandi á Íslandi. Bæði fyrirspyrjandinn og viðskrh. töldu að það væru allar efnahagslegar forsendur fyrir því að vextir færu nú lækkandi. Þeir bentu á staðreyndir um það að þrátt fyrir allt hefur eitthvað mjatlast í því að draga úr hallarekstri í ríkisbúskapnum, að lánsfjárþörf hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga fer minnkandi, að verðbólga í samanburði við nágrannalöndin er tiltölulega lág og rekstrarkostnaður bankakerfis fer lækkandi. Engu að síður er það svo að vextir á Íslandi fara allt í einu hækkandi. Þá spyr maður: Er það þá svo að markaðskerfið á Íslandi skili allt öðrum skilaboðum en þessar efnahagsstærðir gefa til kynna? Vextir fara lækkandi í grannlöndunum en þeir fara hækkandi hér. Hvers vegna? Á að skilja það svo að ef hér er markaðskerfi að markaðurinn sé að koma þeim boðum áleiðis að hann trúi því ekki þegar hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að þessi ríkisstjórn muni ná jafnvægi í ríkisfjármálum á tveimur árum? Skyldi ekki vera eitthvað hæft í því, því að þær yfirlýsingar hafa verið gefnar áður. Og ég hygg að raunsætt mat þeirra sem standa í viðskiptum og rekstri sé að þeir treysti því ekki að núv. stjórnarmeirihluti valdi því verkefni.

Annað dæmi má nefna sem er athyglisvert. Það er að íslensk fyrirtæki eru í stórum stíl að kaupa gjaldeyri á hagstæðum kjörum — það eru lágir vextir í útlöndum, mun lægri en hér — m.a. til að greiða niður skuldir, sem er jákvætt, en einnig kannski til að afla sér fjár ef ske kynni að hinn rómaði stöðugleiki á Íslandi reyndist nú á veikum grunni. Þetta eru þá skilaboð markaðarins. Hann trúir ekki skilaboðum stjórnvalda, lýsingu stjórnvalda um það að góðæri sé gengið í garð. Það geta ekki verið nema tvær skýringar. Annaðhvort er skýringin sú að það er enginn opin samkeppnishæfur markaður á Íslandi heldur tiltölulega lokaður, þröngur fákeppnismarkaður sem tekur ekkert mark á því sem gerist á markaðnum heldur tekur geðþóttaákvarðanir meira og minna af pólitískum ástæðum. Eða þá að það er markaðskerfi en menn treysta ekki að fenginni reynslu lýsingu stjórnvalda á því að sá árangur sem þeir keppast við að lýsa sé að nást.

Það er nú einu sinni svo að það er ekki hending að erlent fjármagn er afar takmarkað á Íslandi. Það voru nefndar hér tölur áðan. Fyrir ekki mjög mörgum árum var hlutfall fjárfestingar af vergri landsframleiðslu á bilinu 30–35%. Það er komið niður í 15–16% núna. Það er undir þeim mörkum sem þarf til þess að endurnýja fastafjármuni. Þetta er þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur í að lækka verðbólgu, auka stöðugleika og þrátt fyrir það að gengið er, eins og afar fátítt hefur verið í okkar sögu, tiltölulega hagstætt. Kannski er það m.a. þess vegna að erlendur fjárfestir, sem lítur raunverulega eitthvað undir yfirborð íslensks efnahagskerfis, er sennilega ekkert mjög ginnkeyptur fyrir því að fjárfesta. Ef íslensk fyrirtæki eru svona skuldug, ef eiginfjárstaða þeirra er svona bág, ef arðsemi þeirra er svona lítil, ef framleiðnin í atvinnulífinu er svona lítil, eftir hverju er að slægjast? Það er sennilega ekki eftir mjög miklu.

Í ljósi þessarar greiningar er ég þeirrar skoðunar að því miður beri að harma að þær umbætur, sem hófust í tíð viðreisnarstjórnarinnar og var haldið áfram í tíð fyrri ríkisstjórnar en með mjög takmörkuðum hætti þó þrátt fyrir allt, hafa verið allt of hægar. Íslenska þjóðfélagið einkennist af því að það býr við úreltan skipulagsramma á mjög veigamiklum sviðum. Hér yrði allt öðruvísi um að litast ef búið væri t.d. að taka ákvarðanir um að spretta upp hinu lamandi ríkisforsjárkerfi í landbúnaði. Ef hér væru við völd stjórnvöld sem tækju ákvarðanir um nauðsyn þess að taka upp veiðileyfagjald fyrir veiðiheimildirnar, ef hér væri búið að koma á miklu víðtækari einkavæðingu á fjármagnsmarkaðnum, í bankakerfinu. Þetta eru skipulagsumbætur. Vafalaust mætti nefna vinnumarkaðinn líka. Á hverju hafa þær strandað? Þær hafa strandað vegna þess að ráðandi hagsmunaöfl, sérhagsmunaöfl, sem hafa því lík heljartök í stjórnarflokkunum báðum telja sig hafa beinna hagsmuna að gæta af óbreyttu ástandi og það er skýringin á því hvers vegna lífskjör á Íslandi eru miklu lakari en þau ella ættu að vera.

Þess vegna er alveg dæmigert að þetta málamiðlunarfrv. sem hér er flutt milli hæstv. sjútvrh., sem er fulltrúi útgerðaraðilanna í landinu, og hins vegar hæstv. viðskrh., sem á að vera fulltrúi yngri kynslóðarinnar í Framsfl., er ekki meira en það er. Það er samkomulag um óbreytt ástand. (**Gripið fram í:** Sama frv. og þið fluttuð í fyrra?) Af kvöð og skyldu vegna þess að það bar okkur einfaldlega að gera. Það er alveg rétt. Af hverju er það sama frv.? Það liggur alveg í augum uppi að ekki var samkomulag milli stjórnarflokkanna að ganga miklu lengra.

Spurningin um það hvort við eigum að gera eitthvað til þess að fá erlent áhættufjármagn inn í íslenskt atvinnulíf birtist okkur m.a. vegna þess að við erum nú þegar sokknir í skuldir. Sú þjóð, sem reynir að halda sér gangandi án þátttöku erlends fjármagns, gerir það að sjálfsögðu í formi erlendra lána af því að fjármagn á Íslandi er lítið, hlutfall sparifjármyndunar í landinu er lítið og við höfum þegar gengið þá slóð á enda. Opinberi geirinn á Íslandi greiðir á ári hverju um það bil 60% af ráðstöfunarfé sínu í afborganir og vexti af erlendum skuldum. Fyrirtækin í landinu eru skuldug, heimilin í landinu eru skuldug og við erum komin á enda þeirrar vegferðar. Jafnvel þótt hér yrði tímabundið örlítill efnahagsbati sem sóttur er í Smuguna, úthafsveiðar og um eitthvert skeið í erlendri stórfjárfestingu í eitt skipti fyrir öll í formi álvers, jafnvel þótt hér yrði einhver tíma-

bundinn efnahagsbati af því tagi, erum við í þeirri stöðu að afrakstur efnahagsbatans á í raun og veru allur að fara í að greiða niður erlendar skuldir og verður að gera það fremur en standa undir bættum lífskjörum. Sá er reginmunurinn á okkur og Norðmönnum sem á síðasta ári greiddu upp allar erlendar skuldir sínar, auðlindaþjóðfélagið norska og okkur sem höfum haldið áfram að hlaða upp skuldum bæði í góðæri og eins þegar á móti blæs. Það er í ljósi þessarar reynslu sem við hljótum einfaldlega að spyrja okkur þeirrar spurningar: Hvers vegna ættum við ekki í fyrsta lagi að reyna að framkvæma þær skipulagsbreytingar sem þarf til þess að íslenska efnahagsumhverfið verði eins opið, eins frjálslegt og eins nútímalegt eins og þjóðirnar í kringum okkur eiga að gera? Í annan stað hvers vegna ættum við ekki að sækjast með virkum hætti eftir erlendu fjármagni og erlendri tæknikunnáttu og samstarfi í markaðsmálum eins og allar aðrar þjóðir eru að gera í kringum okkur? Er ástæðan sú að við erum verstöð og við verðum að útiloka það fyrir sjávarútveginn sérstaklega? Svarið við því er nei. Við erum ekki að taka neina áhættu með því að stíga stærri skref en við höfum gert í því efni. Við ættum satt að segja á þessum tíma að líta á þjóðfélagsumbæturnar sem framkvæmdar hafa verið í Austur-Evrópu sl. fimm ár, í sumum þessara þjóðfélaga með miklu meiri hraða en nokkuð það sem hér hefur sést. Þeir eru komnir lengra í mörgum þessara þjóðfélaga í að stokka upp þjóðfélag sitt og efnahagskerfi en við.

Við erum í alþjóðaveddu samfélagi þar sem spurningin um það hvort þjóðir dragast aftur úr eða hvort þær eiga að gera sér vonir um að geta haldið sínum hlut er ekki hvað síst um þetta. Ekki bara um aðgang að erlendu fjármagni heldur um þær skipulagsreglur að hér sé raunverulega heilsteypt markaðskerfi þar sem markaðskerfi ríkir í stað leifanna af gamla skömmtunarkerfinu með ríkisforsjánni og boðunum og bönnunum. Þetta er ekki hvað síst sjónarmið manna sem gera sér grein fyrir því að ef við viljum standa undir velferðarþjónustu á Íslandi sem rís undir nafni og ef við viljum af pólitískum og siðferðilegum ástæðum ekki aðeins halda til jafns við aðrar þjóðir í lífskjörum heldur einnig tryggja aukinn jöfnuð í lífskjörum þá verðum við að koma þessari efnahagsvél í gang vegna þess að þar verða til þau verðmæti sem við getum ekki sótt annað til þess að borga reikninga velferðarþjóðfélagsins.

Virðulegi forseti. Það er mjög algengt meðal Íslendinga að ræða samskiptin við útlendinga fyrst og fremst út frá sjónarmiðinu: Hvað er að varast? Hverjar eru hætturnar? Þess vegna er fróðlegt að líta á umfjöllunina sem ég vitnaði til áðan, þ.e. þessarar ítarlegu greinar um erlenda fjárfestingu á Íslandi eftir Jón Óskar Þorsteinsson en hann telur þar upp jákvæð og neikvæð áhrif. Meðal hinna jákvæðu áhrifa má nefna, með leyfi forseta: Aukið fjármagn og aukna fjármagnsmyndun, aukna atvinnu, innflutning á framleiðslu og stjórnunartækni nýrri, aukna samkeppni, jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð, markaðsaðgengi, aukna fjölbreytni í útflutningi, framþróun í landshlutum.

Meðal neikvæðra áhrifa, sem ber að skoða og kanna, getur verið um að ræða of mikil áhrif eins erlends aðila af því að þjóðfélagið er smátt. Getur verið um að ræða minni samkeppni ef um er að ræða fyrirferðarmikinn aðila sem hefur einhvers konar einokunaraðstöðu, tæknileg bönd, óæskileg menningaráhrif, arður fari úr landi o.s.frv. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þegar menn kynna sér þessa þætti og meta það sem jákvætt er í samanburði við það sem er að óttast eru hin jákvæðu áhrif yfirgnæfandi enda bendir reynsla allra annarra þjóða alveg eindregið til þess.

Að lokum, virðulegi forseti. Sjónarmið okkar jafnaðarmanna eru að sjálfsögðu kunn í þessu efni. Við höfum allt frá tímanum um 1960 verið fulltrúar þeirra stjórnmálaafla á Íslandi sem hafa viljað ganga lengst í frjálsræðisátt við þróun íslensks efnahags- og atvinnulífs og höfum sýnt það í verki í hverju stórmálinu á fætur öðru. Við erum þess vegna afar jákvæðir gagnvart þeim breytingum að opna þjóðfélag okkar meira en verið hefur fyrir erlendu fjármagni. Það hefur þegar komið fram í þessum umræðum að stjfrv. sjálft gengur allt of skammt. Það er ekkert annað en einfaldlega málamiðlum fulltrúa sérhagsmunaaðila um staðfestingu á óbreyttu ástandi. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar eru engin sóknarfæri í því. Það er bara stimpill á óbreyttu ástandi. Það gengur ekki nógu langt.

Það er ástæða til að spyrja: Er einhver tæknileg eða efnahagsleg ástæða til fyrir því að við þurfum að setja takmörk sérstaklega að því er varðar sjávarútveginn? Hér tala menn um 20% eða 49%. Að sjálfsögðu ber að staldra við það hvort menn eigi að viðhafa almenna varúðarreglu, þ.e. við eigum að opna landið og við viljum feta þessa slóð í áföngum og setjum okkur því af pólitískum ástæðum þá varúðarreglu að segja: Við áskiljum okkur meiri hluta innlendra aðila íslenskra ríkisborgara og meirihlutaeign í fyrirtækjum. Eru einhverjar tæknilegar ástæður fyrir því að við ætlum að fara þar eitthvert millibil? Út af fyrir sig er það ekki. Ég geri ráð fyrir því að það sé bara eðlilega sagt eins og fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að hann hafi sagt: Þetta er bara almenn varúðarregla sem við skulum skoða í ljósi reynslunnar þegar á reynir síðar. Ég er út af fyrir sig sammála því. Það eru engin tæknileg rök eða efnahagsleg rök fyrir því að setja þessu sérstakar skorður. Það kann að vera skynsamlegt út frá bara almennu varúðarsjónarmiði vegna þess að þarna erum við að reyna að fitja upp á breytingum og meta þær svo í ljósi reynslunnar. Þess vegna munum við í efh.- og viðskn. fyrst og fremst beina umræðunni að því hver þörf sé á því að setja slík takmarkandi ákvæði og hvort það er þá eitthvað sem er okkur hulið á þessari stundu sérstaklega sem mælir með því að þau takmarkandi áhrif séu skilgreind við meirihlutaeign eða eitthvert annað hlutfall.

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er nokkur tímamótaumræða sem hér fer fram af ýmsum ástæðum, bæði hvað varðar innihald og form. Satt best að segja er nokkuð óvenjulegt að hér skuli vera rædd saman í kippu þrenns konar frumvörp. Það er í fyrsta lagi stjfrv. sem var lagt fram án nokkurra fyrirvara af einu eða neinu tagi, þ.e. sem venjulegt stjfrv. stutt af báðum stjórnarflokkunum. Í öðru lagi er rætt frv. stjórnarandstæðinga með stjfrv. og það er fremur óvenjulegt en þó kannski ekki einsdæmi en ég hygg að það sé algert met að í þriðja lagi er svo rætt hér frv. sem fjórir hv. þingmenn úr stjórnarliðinu flytja, úr flokki sjútvrh., sem er ekki bara stigsmunur á og stjfrv. heldur eðlismunur. Það að þetta skuli allt tekið saman í kippu eru held ég mikil tímamót, herra forseti. Maður spyr sig að því hvaða fordæmi þetta gefur í þingstörfunum. Er það þar með svo að við stjórnarandstæðingar megum almennt treysta því að frumvörp okkar verði tekin til umræðu með stjórnarfrumvörpum ef þau fjalla um sama efni? Er okkur t.d. óhætt að treysta því að öll frumvörp okkar um tekjuskatt

og eignarskatt verði alltaf tekin til umræðu um leið og stjfrv. á því sviði? Ég held að þetta geti verið nokkuð góð tíðindi fyrir stjórnarandstöðuna og þar með lýsi ég yfir vissri ánægju með það að þetta nýmæli og þessi tíðindi eru uppi.

Óhjákvæmilegt er að vekja athygli á þessari sérkennilegu stöðu í ríkisstjórnarsamstarfinu og þegar það bætist svo við að fram hefur komið að hæstv. viðskrh. var ekki látinn vita af því að hópur þingmanna úr samstarfsflokknum hygðist flytja frv. um allt annað efni á þessu sviði, ekki einu sinni aðvaraður af ráðherrum samstarfsflokksins, heldur birtist þetta bara á borðunum í þinginu. Þetta er með ólíkindum og maður spyr sig hvernig andrúmsloftið hljóti að vera á stjórnarheimilinu í þessu sambandi.

Enn kostulegra er það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vakti athygli á áðan í umræðum um fundarstjórn forseta að einn af flutningsmönnum í hópi stjórnarliða er formaður efh.- og viðskn., sérstakur trúnaðarmaður stjórnarflokkanna á því sviði, er flutningsmaður að frv. sem gengur í allt aðra átt en stjfrv. Hverjar verða áherslur hv. þm. Vilhjálms Egilssonar? Þykir hann ekki trúr sannfæringu sinni að reyna að berja sínu máli brautargengi í nefndinni og verður þá ekki stjfrv. næsta munaðarlaust inni í hv. efh.- og viðskn.? Þó er aldrei að vita nema einhverjir skynsamir menn taki það upp á arma sína og kem ég að því síðar.

Herra forseti. Ég held að þessi kostulega uppákoma sé næsta einstæð þegar það bætist við að þeir stjórnarþingmenn fjórir ganga býsna langt í þessu efni. Þeir leggja í reynd til að útlendingum verði heimiluð ráðandi staða í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum ef svo ber undir. Það liggur í hlutarins eðli að ef einn einstakur fjársterkur aðili á 49% hlutafjár í fyrirtæki á móti dreifðri aðild meðeiganda getur hann verið gersamlega ráðandi aðili í fyrirtækinu. Sumir vilja meina að ónefnt flutningafyrirtæki í landinu hafi ráðandi undirtök í ónefndu flugfélagi með því að þeir eiga 34%, eru yfir samþykktum og hafa þá stöðu að eiga þetta móti dreifðri aðild fjölmargra aðila, það þurfi jafnvel ekki meira til. Oft er í samkeppnislöggjöf erlendis miðað við þessi mörk frekar en helming.

Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þá meginhugsun sem liggur að baki stjfrv. Ég tel að það sé tiltölulega skynsamlega í það farið eins og þar er lagt til að taka á því vandamáli sem uppi er og er ekki gott til afspurnar. Það ríkir ólögmætt ástand í fjölmörgum tilvikum sem við vitum öll að er þó nokkur óbein eignaraðild í íslenskum sjávarútvegi í veiðum og frumvinnslu og er ekki við öðru að búast í því umhverfi sem við störfum í dag með frelsi fjármagnshreyfinga milli landa og fjárfestingarfrelsi erlendra aðila í efnahagslífi okkar. Þetta er auðvitað ekki gott og engum til sóma að þetta ástand hefur varað nú um nokkurra ára skeið. Það er löngu tímabært að taka á því með því að setja skynsamlegar og hófsamlegar reglur sem gera ráð fyrir því að tiltekin slík óbein eignaraðild geti átt sér stað. Ég hygg að menn líti almennt ekki á hana sem vandamál og það hvar menn draga akkúrat þau mörk er umræðuefni út af fyrir sig. Frv. leggur til að þar verði miðað við 25% í óbeina eignaraðild útlendinga í öðrum lið gegnum einn innlendan lögaðila.

Ég held að það sem skipti langmestu máli í umræðum um þessi mál sé að menn reyni að glögga sig svolítið á framtíðinni, hver sé líkleg þróun þessara mála og hver yrði möguleg afleiðing af því að útlendingar kæmu með umtalsvert fjármagn inn í veiðar og frumvinnslu íslenskra sjávarafurða. Ég held að það gerist engin ósköp í núinu og hef ekki miklar áhyggjur af því. Ég spyr mig að því hver þróunin gæti orðið. Liggja hættur í því máli fyrir þróunina til lengri tíma litið að erlent fjármagn komist til áhrifa gagnvart uppsprettu þessara verðmæta og nýtingu auðlindarinnar sjálfrar. Þar liggja þeir þættir sem ég tel að við eigum að varast og vera á varðbergi gagnvart, ekki í því að samstarf við erlenda aðila af ýmsu tagi í sjávarútvegi og t.d. samstarfsfyrirtæki með erlendum aðilum á sviði frumvinnslu og markaðsmála geti ekki verið af hinu góða. Lögin og frv. gera reyndar ráð fyrir því að slíkt verði heimilt. Þar held ég að sé eftir miklu að slægjast. Þar geti einmitt legið þeir álitlegu möguleikar sem menn hafa verið að gera dálítið að umtalsefni. En ég held að það sé misskilningur að við Íslendingar þurfum á einhverri sérstakri hjálp að halda við að gera það sem við gerum sannanlega betur en nokkur önnur þjóð í heiminum og það er að veiða fisk. Þar eru satt best að segja ekki margir sem geta kennt okkur mikið, a.m.k. ekki hvað varðar afköst og tækni við veiðar á miðum okkar. Ég leyfi mér að fullyrða það.

Hitt er ljóst að á ýmsum framhaldsstigum í ferlinu getum við notið mjög góðs af samstarfi við útlendinga og það eigum við að nýta okkur. Það eru ýmsir álitlegir kostir fyrir okkur varðandi fjárfestingar í þessari grein á alþjóðavísu. Ég held að í sambandi við það hvort hér sé ekki þörf á að ganga hægt um gleðinnar dyr sé ástæða til þess að spyrja sig að því hvaðan fjármagn gæti komið inn í veiðar og frumvinnslu íslenskra sjávarafurða ef það kæmi og í hvaða tilgangi. Þar liggur í raun og veru hundurinn grafinn. Ég segi „ef" því að ég er ekki að fullyrða að það kæmi einhver holskefla erlendrar fjárfestingar inn strax þó að það væri opnað fyrir það. Við skulum þar af leiðandi einfaldlega ræða þetta út frá þeim fyrirvara. En ef það kæmi, hvaðan er líklegt að það kæmi? Hverjir gætu haft áhuga á því að koma inn í íslenskan sjávarútveg, sérstaklega inn í veiðarnar? Jú, þeir sem hefðu augastað á þessari hráefnisuppsprettu, þeir sem sæju sér hugsanlega hag í því að komast til áhrifa gagnvart því hvernig þetta hráefni yrði meðhöndlað og hvert því yrði beint til frekari vinnslu og verðmætisauka. Ég fullyrði að mikil misskilningur kemur fram í greinargerð með frv. hv. þingmanna Ágústs Einarssonar og Svanfríðar Jónasdóttur þar sem segir að engin ástæða sé til að ætla annað en útlendingar sem vilja eignast lítinn hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum séu fyrst og fremst að hugsa um arð af fjárfestingu sinni. Ég óttast mjög að lítið mundi fara fyrir hlutlausri erlendri fjárfestingu sem ætlaði sér ekkert annað með fjárfestingunni hér en arð af fénu. Ég óttast að það yrði ekki mikið um það.

Til marks um það nefni ég afkomuna í íslenskum sjávarútvegi og arðsemi eigin fjár sem hefur verið bundið í íslenskum sjávarútvegi að undanförnu og er því miður allt of lítið. Menn telja það miklar upphæðir þegar stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin eru að hagnast um hundruð eða 150 millj. kr. en hvað er það í hlutfalli við veltu og eigið fé sem í þeim er bundið? Það er ekki líklegt að erlendir fjárfestar sem væru eingöngu að hugsa um arðsemina standi á höndum út af því. En ef þessir erlendu fjárfestar hefðu annað í huga, ef þetta væri til að mynda erlendir vinnsluaðilar, við skulum segja á meginlandi Evrópu sem ofan í kaupið njóta ríkisstyrkja og styrkja úr sjóðum Evrópusambandsins, eru hungraðir í hráefni, vantar hráefni, þá getur málið farið að líta öðruvísi út. Þá geta aðrir hagsmunir komið til sögunnar sem réttlæta fullkomlega það að kaupa sig inn til áhrifa í íslensk fiskveiðifyrirtæki og fyrirtæki sem ættu myndarlegan kvóta, 20–30 þús. þorskígildi. Þau geta verið býsna

spennandi fjárfestingarkostur fyrir slíka aðila sem á hálftóma ríkisstyrkta fiskvinnslu úti á meginlandi Evrópu.

Við skulum hugsa okkur í öðru lagi að þessi erlendi fjárfestingaraðili væri fiskmarkaður eða samtök um fiskmarkaði eða fjármagn á bak við fiskmarkað á meginlandi Evrópu eða á Humber-svæðinu í Bretlandi þar sem það er mikið hagsmunamál viðkomandi reksturs, viðkomandi byggðarlags að ná auknu hráefni gegn. Þekkja menn það ekki?

Við skulum hugsa okkur í þriðja lagi að þessi aðili væri fjársterk erlend höfn eða aðilar á bak við rekstur slíkrar hafnar. Hafnirnar í Cuxhaven og Bremerhaven eru ekki nein smásmíði. Þeir senda menn á sjávarútvegssýningar og kynna starfsemi sína og bjóða mönnum til viðskipta. Þeir hafa reyndar gert meira, þeir ágætu menn. Ég kem að því síðar.

Við skulum hugsa okkur í fjórða lagi að hinn erlendi aðili væri ekki fjárfestingarfélag, banki eða eitthvað því um líkt, heldur væri þetta matvælahringur, mjög stór og öflugur, svo stór og öflugur að hann velti margföldum íslenskum fjárlögum, svo stór og öflugur að hagnaðurinn á fyrsta ársfjórðungi sé nóg til þess að kaupa upp fjögur stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin með húð og hári, taka þau í nefið án þess að hnerra. Þá gæti dæmið snúið öðruvísi við. Þessi aðili getur átt hagsmuna að gæta í því að tryggja sér aðgang að einhverju besta fáanlega hráefni í heiminum inn í sína vinnslu. Auðvitað getur vel verið að hann komist að þeirri niðurstöðu að það sé hagkvæmt að vinna vöruna á Íslandi en það er ekkert sjálfgefið í því. Um leið og hann hefði tangarhald á hráefninu ræður hann því í gegnum ákvarðanir stjórna viðkomandi fyrirtækja. Þó að það séu íslensk fyrirtæki að nafninu til skráð hér og jafnvel að 51% í innlendri eigu gæti hinn erlendi hluti fullkomlega nægt til þess að ráða ferðinni í slíkum málum.

Við gætum haldið áfram með þessi dæmi. Við skulum hugsa okkur í fimmta og síðasta lagi að hinn erlendi fjárfestingaraðili væri keðja af fyrirtækjum í sjávarútvegsvinnslu og dreifingu í Japan. Gæti það ekki verið býsna freistandi fyrir slíka aðila að komast inn í nokkur stykki af kvótasterkustu tegundunum af loðnu og síld?

Við getum líka spurt okkur, herra forseti, hvar er líklegt að hið erlenda fjármagn ef til sögunnar kæmi að það yrði ekki á ferðinni? Ég held að það yrði ekki á ferðinni í gustukaskyni til þess að bera tapið af hefðbundinni íslenskri landvinnslu eins og hún er rekin í dag. Ég held að það sé ægilegur misskilningur hjá flutningsmönnum frv., hv. þm. Kristjáni Pálssyni og félögum að það sé líklegt að erlent fjármagn streymi inn í íslensk frystihús til þess að hækka kaupið hjá fiskvinnslufólkinu eins og látið er að liggja í greinargerð með frv. og 1. flm. sagði beinlínis í útvarpinu í morgun. Ég held að sé óskaplegur misskilningur að útlendingar bíði í röðum með peninga í buddunni til þess að hækka kaupið í íslenskum fiskiðnaði. Það er ekki þannig. Erlenda fjármagnið færi ekki þangað að mínu mati. Áhuginn yrði fyrst og fremst á því að fjárfesta í veiðunum, að komast sem næst uppsprettunni sjálfri og geta haft áhrif á meðferð mála.

Þannig er það, herra forseti, það er spurningin um þróunina í kjölfarið sem mestu máli skiptir. Íslenskir heildarhagsmunir í þessu dæmi snúast fyrst og fremst um eitt: Það er að tryggja að þróunin og uppbyggingin í íslenskum sjávarútvegi verði þannig til lengri tíma litið að verðmætisaukinn sé á hverjum tíma hámarkaður innan lands. Það sé unnið eins mikið úr vörunni og hægt er hér heima og það sé gerður eins mikill verðmætisauki úr viðskiptunum og nokkur kostur er í þágu íslenskra hagsmuna en ekki erlendra. Til þess að geta haft áhrif á þessa þróun megum við ekki missa vissa hluti út úr höndunum á okkur. Hér er ekki lítið í húfi, ein meginundirstaða efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar er hér á ferðinni. Það er ósambærilegt að tala um þessa hluti eins og tvær hliðar á sama peningnum, þ.e. annars vegar sjávarútveginn á Íslandi og hvaða reglur við reynum að hafa um hann og hins vegar fjárfestingar okkar í sjávarútvegi erlendis vegna þess að þar sem við erum að fjárfesta er sjávarútvegurinn allt önnur atvinnugrein í þeim löndum en sjávarútvegurinn er hér. Þar er hann víðast hvar aukabúgrein, jafnvel ríkisstyrkt aukabúgrein sem menn eru yfirleitt dauðfegnir að fá erlenda samstarfsaðila með sér til þess að reyna að lappa upp á rekstrurinn. Er ekki ástæðan fyrir því að Íslendingar eru komnir inn í sjávarútveg víða erlendis að sá rekstur var á hnjánum? Þýsku einkavæðingarfyrirtækin voru auðvitað dauðfegin því að fá samstarfsaðila á móti sér sem höfðu eitthvert vit á sjávarútvegi í nútímaumhverfi og í markaðshagkerfi. Hver er ástæðan fyrir því að Íslenskar sjávarafurðir eru komnar inn í rekstur á Kamtsjatka? Ástæðan er sú að menn voru í þrot með þann rekstur. Menn komu skipunum ekki út og þeir þurftu að fá bæði fjármagn, þekkingu, aðstoð og hjálp til þess að geta rekið þann sjávarútveg í nútímaumhverfi. Þær aðstæður gilda ekki hér, eða er það? Það er sem betur fer ekki þannig ástatt í sjávarútvegi okkar. Sjávarútvegurinn eru kolanámur Íslands. Hann er eins og skógar Finnlands eða einhver önnur sambærileg undirstöðuauðlind í atvinnulífi okkar og þess vegna er ekki hægt að leggja það að jöfnu að mörgu leyti við aðra hluti.

Með þessu er ekki verið að tala gegn erlendri fjárfestingu í sjávarútveginum sem slíkum og það er misskilningur sem hér bar aðeins á í máli framsögumanna frumvarpanna að svo sé. Við erum ekki að því. Við erum hins vegar að draga ákveðna markalínu um það hvar við viljum hafa þá fjárfestingu. Með þessu er ekki verið að reka einangrunarstefnu eða leggjast gegn því að íslenskur sjávarútvegur alþjóðavæðist sem slíkur enda er hann að því á fullri ferð og hefur þó þetta fjárfestingarbann verið algert þannig að það hefur ekki staðið honum fyrir þrifum. Út af fyrir sig breytir stjfrv. sem löggildir tiltekna óbeina eignaraðild ekki miklu, það er alveg hárrétt. En það er þó a.m.k. mun þrifalegra að hafa reglurnar þannig úr garði gerðar að þær taki á því ástandi sem við búum við.

Ég held því að menn megi enn að því hyggja hvað íslenska hagkerfið er agnarsmátt þegar verið er að ræða um þessa hluti. Íslensku sjávarútvegsfyrirtækin sem okkur er tamt að líta á frá okkar sjónarhóli sem risa og stórar einingar eru agnarsmáar, eru pínulítil og mega sín í sjálfu sér mjög lítils ef út í það er farið, hvað efnahagslegt bolmagn og styrk snertir. Ég get aftur vitnað til dæmis til stóru matvælahringanna sem ráða lögum og lofum þrír eða fjórir talsins á meginlandi Evrópu og að miklu leyti í Bandaríkjunum.

Herra forseti. Ég held að það séu kannski tvær efnislegar meginundirstöður fyrir efnahagslífi þjóðarinnar sem okkur ber nauðsyn til að halda skynsamlega utan um öllu öðru fremur og það eru fiskimiðin og orkan. Fyrir utan fólkið sjálft og þekkinguna held ég að þetta sé það mikilvægasta fyrir okkar framtíðarhagsmuni og er þar ekki verið að gera lítið úr svo mörgu öðru sem dafnar og blómgast sem betur fer enda nefni ég þetta hina efnislegu undirstöðu eða auðlindir sem stundum eru kallaðar. Þetta frv. snýr reyndar líka að orkumálunum með tilteknum hætti. Það verður að segjast alveg

eins og er að því miður hafa menn ekki unnið heimavinnuna sína. Því miður hefur ekki verið farið í þá lagasetningu sem hefur þó verið lofað sem tryggir stöðu okkar og þjóðareign á orkulindunum, sem er auðvitað eina vitið, eins og gengið er frá þessu gagnvart fiskimiðunum. Það er ekkert annað hægt en hvetja til þess að menn hysji upp um sig í þeim efnum. Ég held að hæstv. iðnrh. og viðskrh. hafi ekkert annað þarfara að gera í vetur en að drífa þessa vinnu áfram þannig að það frv. geti helst orðið samferða þessu hér, líka vegna þess að þeir fyrirvarar sem gengið var frá í samningnum um EES hafa fallið niður nú um áramótin.

Ég held að það sé eins með orkuna og fiskimiðin að áhugi erlendra fjárefsta gæti vel beinst að því að komast nálægt orkunni ef menn kæmust að þeim krana. Það skyldi ekki vera að þeir sælu Irving-feðgar, sem þjóðinni var talin trú um að blóðlangaði svona óskaplega til þess að reka tvær bensíndælur eða sjoppur uppi á Íslandi hefðu hugsanlega eitthvað meira í huga, þeir hefðu hugsanlega verið að kíkja á fyrirtækið Ísland hf. t.d. með orkuna í huga einhvers staðar á bak við.

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði í framsöguræðu sinni um að stjfrv. eða einhver sambærilegur frágangur á málum hvað varðar óbeina eignaraðild væri óframkvæmanlegt. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að endalaust væri hægt að finna dæmi eins og hv. þm. var að taka. Einhvers staðar draga menn mörkin og þá er auðvitað líklegt að einhverjir lendi aðeins yfir þeim mörkum o.s.frv. og það koma upp slík jaðartilvik og þá er eðlilegast að taka á þeim með tilteknum sveigjanleika og aðlögunartíma að mínu mati. Hv. þingmenn leggja til 20% beina eignaraðild. Kæmi ekki upp nákvæmlega eins tilvik í því sambandi innan skamms? Ef fyrirtæki fjárfestu fyrir tilviljun hvort í sínu lagi í innlendu fyrirtæki og allt í einu væri eignaraðildin orðin 23%, er það þá eitthvað öðruvísi en eign Olís eða Texaco í Síldarvinnslunni? Ég sé það ekki sem neitt stórkostlegt vandamál þótt þessir aðilar stæðu frammi fyrir því að að tilteknum aðlögunartíma liðnum hefðu þeir orðið að samræma eign sína þessum reglum svo lengi sem þær séu skýrar, liggi ljóst fyrir og ferlið sem að þeim liggur sé klárt. Þá er mönnum engin vorkunn í slíku. Bankarnir mega ekki eiga í atvinnurekstri almennt talað en þeir hafa heimildir til þess að leysa til sín fyrirtæki til þess að gæta hagsmuna sinna samkvæmt vissum reglum og hvað gerist þá? Hvað gerist þá? Þeim ber að afsetja þá eign aftur samkvæmt tilteknum reglum og hafa til þess tiltekinn tíma. Svo einfalt er það. Með nákvæmlega sama hætti er hægt að ganga frá slíkum jaðartilvikum sem koma upp og menn eru að drepa málinu á dreif með því að gera úr því eitthvert óskaplegt vandamál. Ég lít ekki svo á að svo sé.

Vissulega er hægt að taka dæmi af því tagi sem hér voru tekin í gegnum olíufélögin, Olís og Skeljung, og sýna fram á að það er ekki endilega þar með fullt samræmi í hinni eiginlegu erlendu eign þegar reglur af þessu tagi eru settar. Að Texaco eigi 33% í Olís, svo að notuð séu dæmin sem hv. þm. var með, síðan aftur 7% í Síldarvinnslunni og þar með sé það ekki nema 2% eiginlega erlend eign er út af fyrir sig rétt og reiknað svo það dæmi út að fyrirtæki sem lendir rétt niður fyrir 25% mörkin, á 24% í innlendum lögaðila eða 17% eins og er víst í tilviki Skeljungs en á svo sjávarútvegsfyrirtæki að fullu, sé þá með meiri raunverulega erlenda eign og þá það. En þetta er óhjákvæmileg afleiðing af því að draga einhvers staðar mörkin. Og hv. flm. eru sammála því að það verði að draga mörkin einhvers staðar. Hv. þingmenn hafa valið að gera það við 20% af beinni eignaraðild. Sú rökræða öll sömul er á sínum stað þannig að ég held að hv. þm. hafi þar lent í ógöngum að ætla að fara að drepa stjfrv. með því að segja að svona mörk af einhverju tagi sköpuðu alls konar vandamál, einhver lendi fyrir ofan og einhver fyrir neðan en mæla svo í framhaldinu fyrir öðru frv. sem kveður á um tiltölulega sambærileg mörk, að vísu bara um beina fjárfestingu í staðinn fyrir óbeina.

Ég var búinn að ræða þá fullyrðingu hv. flm. frv. á þskj. 547 að erlendar fjárfestingar í veiðum mundu sérstaklega lækna erfiðleika fiskvinnslunnar eins og þeir standa nú um stundir og ætla ekki að hafa um það fleiri orð.

Ræða formanns Alþfl., hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, var stórkostlega skemmtileg í ljósi þess að hv. þm. er nýkominn út úr ríkisstjórn sem ég man ekki hvort frekar tvisvar eða þrisvar heldur en einu sinni lagði fram nánast nákvæmlega sams konar stjfrv. og hér hefur verið mælt fyrir af hæstv. viðskrh. Þá hlýtur hugur að hafa fylgt hugur máli hjá jafnheilsteyptum flokki og Alþfl. að styðja slíkt frv. Ég er að vona að ekki hafi verið upplýst að Alþfl. hafi staðið að því máli algerlega gegn betri samvisku, betri vitund. Ég hélt að það gerðist ekki í þeim merka flokki að menn opinberuðu slíkt þannig að þetta var hin skemmtilegasta leikflétta eða hinn fallegasti kollhnís sem hv. þm. fór hér. Rökfimi hans var mikil þegar hann útskýrði að auðvitað hefði Alþfl. alltaf einarðlega barist fyrir öðrum hlutum þó hann hefði að vísu staðið að því að leggja fram þetta stjfrv. um nákvæmlega þennan frágang á málinu. Mikið meira er ekki um það að segja, satt best að segja.

Herra forseti. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að fara fram hófsamlega og með gát. Við erum nánast með meginfjöregg þjóðarinnar í höndunum. Það er svo, hversu oft sem menn ræða um mikilvægi þess að fjölga stoðunum undir íslensku atvinnulífi, að sjávarútvegurinn er enn að afla um 80% gjaldeyristeknanna fyrir vöruútflutning og um 55% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar í heild. Það hlýtur því að liggja í hlutarins eðli að menn fari varlega gagnvart breytingum á starfsumhverfi slíkrar greinar og ég tala ekki um ósköpin þegar á spýtunni hangir aðgangur að mikilvægustu auðlind landsmanna.

Rétturinn til að nýta fiskimiðin umhverfis landið, sem við höfum barist harðri baráttu fyrir að helga okkur í gegnum tíðina, er mönnum væntanlega fyrst og fremst hugleikinn. Hvað með vinnsluna? Er ekki nóg að binda þetta við veiðarnar? Þá kemur að þeirri staðreynd, herra forseti, að yfirgnæfandi meiri hluti stærri fyrirtækja í sjávarútvegi á Íslandi eru blönduð. Þau stunda bæði veiðar og einhverja vinnslu sjávarafurða og einhvern tíma var sagt að nota sem viðmiðun að 70% útgerðarinnar væri annaðhvort í tengslum í sömu fyrirtækjum og stunduðu fiskvinnslu eða í beinum tengslum við fyrirtæki sem stunduðu fiskvinnslu. Þar af leiðir að það er hægara sagt en gert að skilja þarna á milli. Ég er því þeirrar skoðunar að sú skilgreining sem lögin um stjórn fiskveiða, sem fyrirvarinn í EES-samningnum og sem stjfrv. gengur út frá, sé skynsamleg. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þetta sé eina færa leiðin, þetta séu einu landamærin sem hægt er að nota í þessu sambandi. Augljóslega er ekki hægt að draga slíka takmörkun þvert í gegnum efnahagsreikning fyrirtækjanna eða í gegnum miðjuna á þeim ef þau stunda bæði veiðar og vinnslu. Þau þjóðhagslegu rök eru líka fyrir þessu að mínu mati að við eigum miklu meiri möguleika og

það er eftir miklu meiru að slægjast í framhaldsferlinu. Þar held ég að þekking og reynsla og jafnvel fé útlendinga geti nýst okkur, ýmist til uppbyggingar hér heima eða erlendis í samstarfsfyrirtækjum eins og enn er að gerast. Það er ekki nýtt að Íslendingar byggi upp annaðhvort algerlega á eigin vegum eða í samstarfi við aðra slík fyrirtæki bæði innan lands og utan.

En mikilvægast af öllu í er spurningin um þróunina í þessum efnum. Það er mjög auðvelt að benda á hættu sem gæti falist í því að erlendir hagsmunir og erlend sjónarmið kæmust þannig til áhrifa varðandi þróun og uppbyggingu greinarinnar til framtíðar litið að aðrir hagsmunir en þeir og þeir einir sem ég tel að eigi að leggja þarna til grundvallar ráði ferðinni. Þeir myndu ætíð hámarka á hverjum tíma virðisaukann innan lands út úr þessari grein eða það sem fellur íslenskum aðilum í skaut vegna vinnslu hér og út af fyrir sig einnig vegna umsvifa erlendis frá sem geta skilað hingað tekjum, fært mönnum störf og skapað mönnum veruleika. Það er kannski eitt af því ánægjulegasta sem hefur verið að gerast í íslenskum sjávarútvegi upp á síðkastið á allra síðustu árum að við erum í reynd í vissri yfirfærðri merkingu þess orðs að færa landhelgina út á nýjaleik í gegnum umsvif íslenskra fyrirtækja og sölusamtaka erlendis og í gegnum veiðar íslenskra skipa á fjarlægari miðum utan efnahagslögsögunnar. Við eigum að styðja og hlúa að þróun í þá átt. Hins vegar fannst mér mikill misskilningur koma fram í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að vegna þess að þjóðin væri skuldsett, sjávarútvegsfyrirtækin illa stödd og við ættum í erfiðleikum, væri tímabært að selja frá sér það dýrmætasta sem menn eiga.

[17:50]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru athyglisverð sjónarmið hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Það er auðheyrt að hann hefur engu gleymt og ekkert lært. Hann áttar sig ekki á breyttum aðstæðum. Ritstjórar Morgunblaðsins, sem ég gerði að umtalsefni í framsögu minni, eru mun viðsýnni í afstöðu sinni til þessa máls en hv. þm.

Markaðssamvinna er einn helsti kostur eignaraðildar eins og fjölmörg dæmi geta sýnt. Útlendingar eru ekki verri en það að þeir fá allan okkar fisk. Hryllingsmyndir um þátttöku fiskmarkaða og hafnir Japana og fleiri aðila voru dregnar upp. Það er m.a. þess vegna sem við ræðum um að eignaraðildin eigi að miðast við 20% sem þýðir engan ráðandi hlut. Ótti við misbeitingu eins og kom fram af hálfu hv. þm. er einfaldlega ástæðulaus.

Hv. þm. misskilur dæmið eða vill misskilja það. 2% eignaraðildin í dæmi Olís/Texaco er bönnuð meðan 15% eignaraðild í dæminu um Skeljung er leyfð. Þetta snýst ekki um að verið sé að finna ákveðin mörk heldur að þessi aðferðafræði með óbeina fjárfestingu er beinlínis óskynsamleg. Í ræðu hv. þm. opinberaðist hins vegar samstaða stöðnunar. Samstaða stöðnunar hjá ráðherra, hjá LÍÚ og hv. þm. Þetta er afskaplega fríður flokkur, hæstv. viðskrh., hæstv. sjútvrh., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kristján Ragnarsson. Sá hópur sem ég nefndi þarna til er ekki hópur sem mun breyta miklu í íslensku þjóðlífi.

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bjóst alveg við svona svörum. Ég hef svo oft áður upplifað sambærilegan þvætting og útúrsnúning að ég er þessu ekkert óvanur. Þetta er afar algeng aðferð til þess að reyna að afgreiða þá sem vilja vara við hlutum og hvetja til þess að menn fari rólega yfir málin. Ég reyndi að ræða þetta mál með rökum og mér þætti vænna um að hv. þm. hefði t.d. reynt að sannfæra mig um að áhyggjur mínar væru ástæðulausar en hann færi með þvætting og útúrsnúninga af því tagi sem hann gerði hér eða brigslyrði eins og að ég sé fyrst og fremst að ganga erinda annarlegra hagsmuna úti í bæ, ég sé senditík Kristjáns Ragnarssonar eða Þorsteins Pálssonar, hæstv. sjútvrh., eða einhverra slíkra manna.

Þegar ég reyndi að draga upp þá mynd að við reyndum að átta okkur á því hvaða hagsmunir og hvaða hvatir gætu stýrt þróuninni til lengri tíma litið þegar fjárfesting erlendra aðila, sem horfðu á hlutina og ættu annarra hagsmuna að gæta en þeirra sem við þurfum að passa upp á, hámarka virðisaukann innan lands. Hver urðu þá svör hv. þm.? Engin önnur en að fara með brigslyrði. Þetta er lágkúrulegur málflutningur og dæmir sig sjálfur og ég þarf ekki að hafa um hann fleiri orð.

Ég þarf ekki að svara því hvort einhver samstaða eða áskorun um stöðnun í íslenskum sjávarútvegi felist í afstöðu af mínu tagi. Það er svo hlálegt. Sjútvn. Alþingis var í morgun í heimsókn hjá Íslenskum sjávarafurðum. Ég held að sú heimsókn hafi ekki gefið okkur þá tilfinningu að stöðnun ríkti í íslenskum sjávarútvegi, að það væri alger stöðnun vegna þess að frv. hv. þm. væri ekki komið fram. Þeir minntust ekki mikið á að það stæði þeim fyrir þrifum (**Gripið fram í:** En veiðileyfagjaldið?) né þeim aðilum sem þeir starfa fyrir. Þvert á móti var þar allt á fullri ferð og flestir starfsmenn með tvo síma við eyrun því að það er svo mikið að gera í loðnufrystingunni. Ég held að málflutningur af þessu tagi, herra forseti, dæmi sig sjálfur. Ég þarf ekki aftur í andsvar.

[17:55]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist í framsögu minni færa rök fyrir frv. Ég tel ástæðulaust að fara yfir það á þessu stigi. Ég bendi hv. þm. á að ég kallaði hann hvorki senditík né sagði að hann gengi erinda eins eða neins. Ég vakti hins vegar athygli á samstöðu í málflutningi hans og annarra aðila sem tengjast þessu máli, hvort sem það er formaður Landssambands ísl. útvegsmanna eða þeir tveir ráðherrar sem ég gerði að umtalsefni. Mér finnst hafa komið skýrt fram í málflutningi þingmannsins að hann vill engar breytingar á þessum sviðum og kemur mér ekki mikið á óvart. Ég harma það hins vegar að hann skuli ekki vera viðsýnni um þennan málaflokk eins og ég veit að hann hefur fulla þekkingu til.

[17:56]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti áðan ágæta ræðu. Kannski kom ekki margt á óvart miðað við það sem ég hef heyrt frá honum í dag að hann er einfaldlega á móti því að leyfa beina aðild að sjávarútvegi í gegnum erlenda aðila. Mér fannst eima dálítið af sambærilegum málflutningi og maður heyrði úr sölum Alþingis þegar rætt var um inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið, þegar rætt var um að við mundum missa dalina okkar, fjöllin og fossana til útlendinga vegna þess að þeir mundu strax koma og kaupa þetta og við sætum eftir slyppir og snauðir. Sama virðist mér vera þegar talað er um þetta frv. um að heimila 49% beina aðild, að þá séu komnir hingað matvælahringar, hafnir, markaðir og japanskir aðilar til að kaupa upp allan kvótann og allar veiðiheimildir.

Mér finnst sorglegt að umræðan skuli þróast svona því að ekkert bendir til þess í reynslusögu Íslendinga í samskiptum við erlenda aðila að þeir mundu haga sér svona þó að þeir gætu. Þeir gátu hugsanlega haft þessa stöðu með Evrópska efnahagssvæðinu en það er ekki hægt að sjá það neins staðar í þeim samskiptum að þeir séu að reyna það. Í 70 ára sögu þeirra laga sem giltu allt frá árinu 1922 til 1971 þar sem erlendir aðilar höfðu heimild til þess að eiga 49,9% í útgerðarfyrirtækjum virtist ekkert benda til þess að þeir hefðu hug á því að sölsa undir sig útgerð á Íslandi með einhverjum annarlegum hætti. Ég held því að öll rök og reynsla okkar af samskiptum við þessa aðila bendi ekki til þess að við þurfum að óttast nánara samstarf. Það er eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni ein af bestu leiðunum til þess að öðlast meiri víðsýni og meiri möguleika í framtíð fjárfestingar og atvinnulífs í íslensku þjóðfélagi.

[17:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kýs að fá að svara þessari ræðu því að hún var tiltölulega málefnaleg. Ég nefndi fyrst og fremst dæmi um erlenda aðila til þess að reyna að útskýra það sjónarmið mitt að það gætu fundist erlendir aðilar, erlent fjármagn sem hefði sértækra hagsmuna að gæta gagnvart því að ná áhrifum í íslenskum sjávarútvegi, fyrst og fremst ná forræði á veiðiheimildum af hráefni. Það var það dæmasafn sem ég taldi upp. Við þurfum ekki að fara í grafgötur um að þetta er svona vegna þess að þetta hefur gerst. Vita menn ekki af því að það er mál í gangi út af því að þýskir peningar voru að reyna að lauma sér bakdyramegin inn í íslenskan sjávarútveg — til hvers? Hvaðan voru þeir? Þeir voru af því tagi sem ég nefndi. Það voru þýskir aðilar sem vildu ná sér í og tryggja sér hráefni í sína þágu þannig að reynslan talar skýru máli í þessum efnum.

Ég er þeirrar skoðunar ef um væri að ræða það sem kalla mætti fjárfesta eða hlutlaust erlent fjármagn sem kæmi inn í íslenskan sjávarútveg á hreinum arðsemisforsendum þá gegndi það allt öðru máli. Ef þeir aðilar væru fjárfestar sem ættu engra hagsmuna að gæta í sjávarútvegi, úrvinnslu eða dreifingu sjávarafurða á heimsmarkaði væri sú hætta ekki fyrir hendi sem ég vara hér við. Enda væri þá ekki ástæða til að ætla annað en hinir erlendu aðilar vildu fyrst og fremst gera þetta vegna þess að þeir vildu hafa arð af fé sínu. Ég óttast hins vegar að slíkir aðilar kæmu því miður ekki og það segir auðvitað sína sögu. En síðan sakna ég þess og kannski kemur að því síðar í umræðunni að hv. þm. Kristján Pálsson upplýsi okkur betur um það hverjir þessu erlendu aðilar eru sem naga þröskuldinn og bíða eftir því að komast inn til þess að hækka kaupið á Íslandi.

[18:01]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni varðandi þann möguleika að hægt væri að hækka kaup íslensks fiskverkafólks með því að fá erlenda aðila inn í landið og fjárfesta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum að það mundi fyrst og fremst gerast þannig að hægt væri að auka eigið fé fyrirtækjanna, styrkja stöðu þeirra fjárhagslega. Við gætum opnað fyrir markaðssetningu með öðrum hætti og náð þannig meiri virðisauka út úr framleiðslunni. Ég talaði einnig um að það væri fyrst og fremst í botnfiskvinnslunni sem við gætum nýtt okkur þessa möguleika. Í útgerð eða við skulum segja veiðum er ég sammála hv. þm. um það að sennilega standa engar þjóðir okkur framar á því sviði. Ég tók sérstaklega fram að við gætum líklega lært mikið af Dönum í þeim efnum. Þeir hafa getað borgað mun hærri laun en við og hafa þá trúlega fengið betri og hærri greiðslu fyrir afurðir sínar. Ég held að við höfum með ýmsum rökum bent á hvernig þetta væri hægt og íslensk alþýða og íslenskt fiskverkafólk gæti hagnast á því að erlendir aðilar kæmu inn í íslenskan sjávarútveg.

[18:02]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mun vera líffræðingur að mennt. (**SJS:** Nei, jarðfræðingur.) Jarðfræðingur, þar fór í verra. Ef hann hefði verið líffræðingur hefði hann skilið betur þróunarhugtakið. Hann vildi leggja það út á þann veg að það væri ósamkvæmni í því að ráðherra Alþfl., viðskrh., skyldi leggja fram þetta stjfrv. á sínum tíma en nú viljum við ganga lengra. Frv. er ekki um annað en að standa við alþjóðlegar skuldbindingar okkar sem við sömdum um á sínum tíma, þ.e. laga þetta að EES-veruleikanum. Annað dæmi: Við sömdum um það á sínum tíma að fá fram varanlega fyrirvara varðandi fjárfestingarrétt útlendinga í sjávarútvegi. Það gerðum við einfaldlega til þess að það væri í höndum Íslendinga sjálfra að taka ákvarðanir um það hvort við vildum beita honum til hins ýtrasta eða hvort við vildum víkja frá því. Það var einfaldlega innlent ákvörðunarefni að við værum ekki seldir undir forræði annarra í því efni. Og af því að óhjákvæmileiki hægfara þróunar er sósíaldemókratískt prinsipp, hv. þm., er eðlilegt að við endurmetum það nú í ljósi reynslunnar. Nú virðist það vera svo að skoðanamyndun í landinu er smám saman að breytast, líka í þessu efni. Í stað banns, og þegar við sjáum að við getum ekki einu sinni framfylgt ákvæðum um hina óbeinu fjárfestingu sjálfir, eru menn víða reiðubúnir til að ganga smám saman lengra en við ákváðum í upphafi. Það er engin ósamkvæmni í þessu. Þetta er fyrst og fremst spurning um það hvernig við viljum halda á samningum okkar við aðrar þjóðir, áskilja okkur vald og forræði yfir hlutunum eins og við erum sammála um að við eigum að gera, bæði að því er varðar orkulindirnar og fiskimiðin. Hitt er svo annað mál að við þurfum ekki að setja þessa fyrirvara sem hengingaról um hálsinn á sjálfum okkur.

[18:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um það að það er afar mikilvægt að við höfum forræði þessara mála í eigin höndum. Þess vegna var það að sæmileg þverpólitísk samstaða ríkti t.d. um það á sínum tíma að ganga frá málum með svipuðum hætti og gert var þegar lögin um fjárfestingu erlendra aðila voru sett á Alþingi 1991, ef ég man rétt. Þótt mjög skiptar skoðanir hafi verið um ágæti EES-samningsins tel ég samt að samstaða hafi verið um það að fjárfestingarfyrirvarinn gagnvart sjávarútveginum, sem er í raun og veru þau lög sem enn gilda, væri til bóta. Það var betra en ekki að ná honum. Þess vegna finnst mér að það standi fáum mönnum nær en einmitt hv. þm. sem hefur öllum núlifandi Íslendingum betur lofað hugverkið mikla, EES-samninginn og gerðina alla, að verja þennan fyrirvara. Málið snýst um það. Það er líka hárrétt að við getum svo sem hvenær sem er slakað á umfram það sem hann gerir ráð fyrir. En ég er þeirrar skoðunar að þar eigum við að fara afar gætilega. Við núverandi aðstæður á ekki að gera neina breytingu á því að hafa landamærin eða víglínuna þá að leyfa enga beina eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjunum.

Ég sé ekki inn í framtíðina frekar en hv. þm., a.m.k. ekki með neinni vissu. Maður reynir þó að spá í hlutina og vera á varðbergi fyrir þeim hættum sem gætu leynst með fram veginum sem fram undan er. Og það held ég sé afar mikilvægt fyrir litla þjóð eins og okkur sem er að burðast við það að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi hér úti á þessari úteyju. Það hlýtur að vera mikilvægara en flest annað að passa upp á fjöreggið sjálft sem hér er í húfi, sjávarútveginn.

[18:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið eru hér til umræðu þrjú mál í senn sem öll lúta að eignaraðild útlendinga í íslensku atvinnulífi með einum eða öðrum hætti. Ég vil vekja á því athygli, herra forseti, í þessari umræðu að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa undanfarið verið ótrúlega dugleg við að sprengja af sér þau höft sem niðurskurður veiðiheimilda hefur sett þau í. Þau hafa í fyrsta lagi stefnt skipum sínum á úthafsmið og bætt sér þannig upp að hluta minni veiðiheimildir innan lögsögunnar og þau hafa einnig með slíkum veiðum, sem í sumum tilfellum er brautryðjendastarf, opnað möguleika til framtíðarveiða íslenskra skipa á viðkomandi miðum. Þau hafa í öðru lagi efnt til samvinnu við önnur fyrirtæki í greininni landshorna á milli og hafa jafnvel stofnað til nýrra til að nýta sem best bæði veiðiheimildir og fjárfestingar og þau hafa í þriðja lagi leitað út fyrir landsteinana með fjárfestingar sínar, sölu á hugviti, reynslu og þekkingu. Í kjölfarið hafa þeir íslensku aðilar í iðnaði sem á undanförnum árum hafa verið að byggja upp sérhæfðan þjónustuiðnað við sjávarútveg markaðssett og selt vöru sína og þjónustu. Það er því eðlilegt að mikið hefur verið fjallað um landvinninga íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og sölusamtaka erlendis og ljóst að ekkert lát er á dirfsku okkar manna og áræði þegar kemur að samstarfi við útlendinga erlendis og er það vel. Við höfum löngum þóst vita að íslenskt hugvit og dugnaður mætti sín nokkurs í samkeppni við erlenda aðila, ekki síst á sviði sjávarútvegs. Það leiðir hugann að fjárfestingum útlendinga hérlendis og því samstarfi sem eðlilega ætti að geta átt sér stað hér á landi á sama hátt. Sú reynsla sem íslensk fyrirtæki hafa öðlast af fjárfestingum erlendis og viðskiptum við erlend sjávarútvegsfyrirtæki gerir það að verkum að menn hafa endurmetið þá stöðu sem er hér heima og í mörgum tilfellum komist að þeirri niðurstöðu að hér væri breytinga þörf. Menn hafa þrátt fyrir þann fyrirvara sem samið var um í EES-viðræðunum komist að þeirri niðurstöðu að e.t.v. væri hann orðinn okkur myllusteinn, e.t.v. væri að lágmarki rétt að lögfesta a.m.k. þá óbeinu eignaraðild sem þegar er til staðar. Auðvitað endurspeglast þetta endurmat í því að nú liggja hér fyrir hinu háa Alþingi þessi þrjú frv. sem eru hér til umræðu.

Eins og fram hefur komið hafa fjárfestingar erlendra aðila í atvinnulífi á Íslandi verið afar litlar undanfarna áratugi og miklu minni hér en á hinum Norðurlöndunum sem við gjarnan berum okkur saman við. Fjárfestingar hafa verið alveg bannaðar í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár en í ljós hefur hins vegar komið að bannið heldur ekki og við því þarf auðvitað að bregðast, annaðhvort með því að leyfa erlenda eignaraðild í fyrirtækjum eða að skera upp herör gegn þeirri þróun í átt til óbeinnar eignaraðildar sem verið hefur og fylgja þá banninu eftir af fullri hörku. Til þess hafa menn ekki treyst sér og e.t.v. er eðlilegt í því samhengi að efast um að það yrði tekið á jaðartilvikunum sem rætt var um hér áðan af þeirri festu sem menn væntanlega reikna með. En af sögulegum ástæðum eins og menn þekkja hefur verið mikil tortryggni gagnvart erlendri fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Ekki síst hefur þetta átt við í sjávarútvegsfyrirtækjum. Eins og hér hefur komið fram þá tengist það eðlilega þeim hluta sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem sneri að fullum yfirráðum yfir auðlindinni. Söguleg rök í þessu máli eru ekki minna virði en önnur og fyrir þjóð sem að stórum hluta til er alin upp við Íslandssögu Jónasar Jónssonar og lærði ung að meta íslenska hagsmuni út frá því sjónarhorni sem þar er sett á hlutina, er svo sannarlega ekki óþarfi að gæta að sögulegum ástæðum þegar verið er að fjalla um samvinnu við útlendinga.

Eins og ég gat um, herra forseti, hefur óbein eignaraðild erlendra aðila fengið að þróast víða í íslenskum sjávarútvegi þrátt fyrir bann, t.d. í gegnum þá hluti sem olíufélögin eiga í mörgum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það er staðreynd að íslensk fyrirtæki hafa líka þurft að bægja frá möguleikum sem þeim hafa boðist á erlendu áhættufé og viðskiptasamböndum vegna bannsins. Ekki veit ég í hve miklum mæli það er en þess eru dæmi. Það er vandséð hvernig unnt er að komast hjá eignaraðild erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi miðað við þá óbeinu eignaraðild sem þegar er til staðar og þess að við viljum gjarnan fá meiri erlenda fjárfestingu inn í landið í ýmsum greinum. Vegna mikilvægis sjávarútvegsins í okkar þjóðarbúskap er e.t.v. verjandi að vera með þrengri löggjöf varðandi áhrif erlendra aðila í þeirri grein en öðrum en það má þó ekki ganga svo langt að það svipti greinina möguleikum til uppbyggingar, þróunar og fjárhagslegrar styrkingar. Jafnframt ættum við að huga að því hvort það að leyfa erlendum aðilum að fjárfesta takmarkað í sjávarútvegsfyrirtækjum gæti laðað þá að fjárfestingum á öðrum sviðum atvinnulífsins og hvort sjávarútvegurinn gæti þá orðið sú beita sem þarf til að laða að frekari erlenda fjárfestingu.

Þá er vert að benda á öryggisákvæði það í stjfrv. er heimilar viðskrh. að stöðva erlenda fjárfestingu ef hún ógnar öryggi landsins eða gengur gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

Þess misskilnings hefur gætt jafnvel hjá forsvarsmönnum hagsmunasamtaka í sjávarútvegi að með því að rýmka þau lagaákvæði er varða fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum sé verið að heimila erlendum aðilum aðgang að auðlindinni, að verið sé að afsala forræði yfir auðlindinni. Slíkir aðilar spyrja til hvers hafi þá verið barist, til hvers hafi lögsagan verið færð út. Þessir aðilar hafa ekki lýst stuðningi við það að þjóðareign á auðlindinni væri styrkt með upptöku veiðileyfagjalds en viðbrögð af þessum toga sýna ótrúlega vanþekkingu sem þessum aðilum er ekki samboðin. Nærtækara er þó, virðulegi forseti, að álykta að verið sé að hafa uppi hræðsluáróður til að rugla þá í ríminu sem minna kunna fyrir sér í lögum um hlutafélög og áhrif í krafti eignahluta þar.

Athyglisvert er að sömu aðilar telja í lagi að útlendir peningar séu í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem lánsfé eða ef þeir hafa verið þvegnir með því að fara í gegnum íslensk fyrirtæki. En það hlýtur að vera okkur öllum íhugunarefni af hverju forsvarsmenn hagsmunasamtaka, sem samkvæmt því sem fram kom í máli viðskrh. eru búnir að skrifa upp á stjfrv., bregðast við eins og þeir gera í viðtali við Morgunblaðið frá 16. nóvember sl. þar sem þessi mál voru reifuð. Viðbrögð þeirra eru af allt öðrum toga en margra sem vinna úti í fyrirtækjunum og taka þátt í þeirri merkilegu

þróun sem ég rakti í upphafi. Þar á bæ hafa menn öðlast það sjálfstraust sem þarf til að þora að hugsa sig inn í nýjan veruleika og eiga ekki sömu hagsmuna að gæta í óbreyttu ástandi. Starfandi menn í greininni hafa margir hverjir ekki talið það til kosta í íslenskum sjávarútvegi að fjárfestingar erlendra aðila séu bannaðar. Þvert á móti vísa þeir gjarnan til reynslunnar af samstarfinu erlendis og óeðlilegt sé að greina á milli fiskvinnslu og annarrar matvælaframleiðslu og gera þannig upp á milli þessara tveggja greina sem eðlilegt væri að flokka báðar til iðnaðar.

Í stjfrv. er reynt að taka á því hvað er vinnsla. Þar er það ekki talin vinnsla að umpakka afurðum í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða en þar er getið um. Ég á eftir að sjá, virðulegi forseti, að hægt sé að kljúfa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki upp með þeim hætti að sá angi þeirra, sem menn hafa verið að þróa undanfarin ár til þess að bregðast við bæði minni veiðiheimildum og erfiðleikum sem hafa verið á markaði með hefðbundnar afurðir, verði klofinn frá vegna þess að einungis þar megi koma inn erlent fjármagn. Ég þykist þó skilja mætavel þau rök sem eru að baki og finnst þau fyrir sitt leyti eðlileg. Hins vegar held ég að okkur sé nauðsynlegt að efna til enn frekara samstarfs við útlendinga en þegar er og að það eigi að gera það mögulegt fyrir fleiri fyrirtæki en þau sem eru það stór að þau vogi sér sjálf á erlenda markaði.

Þeir sem vinna í greininni benda á að nú þegar séu möguleikar erlendra aðila til áhrifa í íslenskum sjávarútvegi umtalsverðir og engin takmörk fyrir því hve mörg erlend lán greinin megi taka né heldur hvert afurðirnar eru seldar eða til hve langs tíma sölusamningar eru gerðir. Stóru matvælahringirnir sem hér var getið um áðan geta því sem best gert þau viðskipti við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að lána *þeim peninga með þeim skilyrðum að tilteknar afurðir fari* annaðhvort í gegnum þeirra sölukerfi eða til frekari vinnslu á þeirra vegum. Það er ekkert sem bannar það og ekkert sem bannar þau áhrif.

Jafnframt hefur verið á það bent, ekki síst af forsvarsmönnum iðnaðarins, að ef við viljum markaðssetja Ísland sé leiðin e.t.v. sú að leyfa meira áhættufjármagn í sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem landið er þekktast fyrir sjávarútveg, en vanþekking erlendra fjárfesta á kostum Íslands sé stærsti þröskuldur í vegi þess að erlendir fjárfestar þori að setja fé í íslenskt atvinnulíf. Reynsla af fjárfestingum í sjávarútvegsfyrirtækjum kynni því að leiða til frekari fjárfestinga í öðrum greinum.

Kostir erlendrar eignaraðildar geta verið margvíslegir eins og hér hefur verið rakið. Fyrirtæki geta sótt sér erlent áhættufé sem hlutafé og verða þá í minna mæli háð lánsfé sem nú er að sliga mörg þeirra. Einnig má ætla að slíkt samstarf geti örvað markaðssamstarf og gefið ýmsa nýja möguleika. Við leggjum mikla áherslu á og vinnu í að fá erlenda fjárfesta til samstarfs hér á landi, ekki síst út á matvælaiðnað því að það er ímynd okkar sem matvælaframleiðenda sem við reynum í flestum tilvikum að selja. Það er því kaldhæðnislegt ef við ætlum að undanskilja þar aðalmatvælaiðnaðinn, sem er sjávarútvegurinn eða fiskvinnslan. Það er ekki rétt skref að löggilda óbeina eignaraðild og löggilda þannig óbreytt ástand eða skapa aðstæður sem kalla jafnvel á stofnun leppfyrirtækja ef við viljum skapa okkur nýja möguleika. Til þess þyrftum við að leyfa beina eignaraðild, kaup erlendra aðila á skilgreindum hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. 20% hlutur eins og lagt er til sem fyrsta varfærna skrefið, m.a. af sögulegum ástæðum, í því frv. sem sú sem hér stendur er flm. að ræður ekki úrslitum um stjórn fyrirtækja eða þær ákvarðanir sem stjórnendur þess taka en gæti, ef vel tekst til, nægt til að gefa fjárhagslega og viðskiptalega nýja möguleika fyrir viðkomandi fyrirtæki, jafnvel erlendis.

Þá má geta þess að eftirlit með beinni eignaraðild er auðveldara en óbeinni og því betri möguleikar á að fylgjast með framvindu mála og grípa inn í með takmarkandi aðgerðum ef þurfa þykir. Ég tel rétt, herra forseti, að benda á þetta þrátt fyrir það sem fram hefur komið um það að eftirlit verði erfitt hvort sem bein eignaraðild er leyfð eða ekki vegna þess að ég lít svo á að stjórnarfrumvarpið sem hér liggur fyrir og heimilar óbeina eignaraðild beinlínis hvetji til hennar með einum eða öðrum hætti og sé varasamt að hluta til fyrir þær sakir. En það er ekki síst nauðsynlegt í ljósi umsvifa íslenskra fyrirtækja erlendis og þeirrar áherslu sem lögð er á aukin alþjóðleg viðskipti að teknar verði ákvarðanir af hálfu löggjafans sem horfi til framtíðar, ekki vegna sjávarútvegsins í þrengsta skilningi heldur fyrir atvinnulíf allt og þróun þess. Ég held að við verðum að reyna að hafa í huga í þessari umræðu að ef við leyfum óbeina eignaraðild, 20% eða hvar sem við staðnæmumst með það, erum við þar í öllum tilfellum að tala um íslensk fyrirtæki sem lúta íslenskri löggjöf. Fyrst við erum að breyta henni á annað borð varðandi sjávarútveginn og okkur er ljóst að sú sem við búum við núna hefur ekki haldið, er mikilvægt að sú löggjöf sem við setjum núna geri meira en að staðfesta ríkjandi ástand, að hún sé þannig að hún haldi, að hægt sé að vinna eftir henni og hún styðji við framþróun í íslensku atvinnulífi.

[18:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er grundvallarviðhorf okkar kvennalistakvenna að *rétt sé að íslenska þjóðin eigi fiski*miðin og það verði að tryggja að það sé þjóðin sem njóti afraksturs af auðlindinni. Það er okkar skoðun að svo sé ekki nú á meðan sægreifar fá auðlindina á silfurfati án afnotagjalds og vissulega má færa rök fyrir því að ekki verði betur tryggt að þjóðin njóti afrakstursins ef erlendir fjárfestar fá arð af sínum fjárfestingum sem hlýtur að vera meginmarkmið þeirra. En e.t.v. skiptir litlu máli hvort það eru erlendir eða íslenskir sægreifar sem hirða arðinn af auðlindinni.

Ef erlendir fjárfestar tryggja betur að fiskstofnarnir verði nýttir í þágu þjóðarinnar og ef áhættufjármagn verður í raun til þess að vaxtabyrði fyrirtækja minnkar og geri þau færari til að borga almennileg laun og tryggja betur störf og stöðu sjómanna og fiskvinnslufólks, er það vel. Aðalatriðið er að festa eignaraðild þjóðarinnar á auðlindinni betur í sessi, t.d. með því að festa ákvæði um slíkt í stjórnarskrá, taka upp veiðileyfagjald og tryggja að arðurinn komi íslensku þjóðinni til góða en fari ekki í vaxandi mæli til erlendra stórfyrirtækja.

Ef auðlindin væri ótakmörkuð yrði tvímælalaust til bóta að fá inn erlent fjármagn því þá mætti væntanlega margfalda ágóðann með vaxandi umsvifum. Ég held að öllum sé ljóst að svo er ekki, auðlindin er takmörkuð. Því er nauðsynlegt að fara mjög vel ofan í það hvaða afleiðingar það hafi að heimila erlendar fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi, hvort sem þar yrði miðað við 20% eins og frv. hv. þingmanna Þjóðvaka hljóðar upp á eða 49% eins og frv. hv. þingmanna Sjálfstfl. kveður á um.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir í raun lítið annað en að lögbinda það ástand sem þegar er komið á í reynd svo það er

eiginlega varla þess virði að ræða það. Það er algert lágmark að samþykkja það. En það er mjög athyglisvert, eins og kom fram í ræðu fyrr í dag, að frv. ríkisstjórnarinnar þótti framsýnt eða jafnvel ógnvekjandi fyrir aðeins einu ári síðan, m.a. vegna ágreinings innan ríkisstjórnarinnar. Nú hefur orðið sú viðhorfsbreyting að tvö frumvörp eru komin fram sem ganga lengra. Mér er spurn hvort þessi viðhorfsbreyting er eitt birtingarform þess sem almennt virðist vera að gerast bæði í viðskiptum og stjórnmálum að fjölþjóðlegum fyrirtækjum vex fiskur um hrygg en þjóðríkið sem slíkt er farið að þvælast fyrir. Allt gengur út á aukna hagkvæmni og aukna arðsemi en fólkið sem býr í viðkomandi löndum eða starfar í viðkomandi fyrirtækjum er orðið algert aukaatriði. Því er stýrt eftir lögmálum fjármagnsins.

Það er rétt að við Íslendingar höfum verið að fjárfesta í erlendum sjávarútvegi, enda erum við fyrsta flokks á því sviði og getum selt þekkingu okkar. Við höfum einnig fengið inn í landið viðhald og annað sem tengist því. Þess vegna sjá margir ákveðna kosti við það að Íslendingar skuli sækja út að þessu leyti. En þá er vert að velta því fyrir sér hvað það er sem erlendir fjárfestar eru að sækja hingað. Hvað vilja þeir fá fyrir sinn snúð? Það má vel vera að þeir vilji kynnast íslenskum sjávarútvegi vegna þeirrar þekkingar sem hér er. En ég held að það sé alveg ljóst að þeir vilja fá arð af fjárfestingu sinni en ég er hrædd um að þessi arður eigi að byggjast áfram á lágum launum fiskvinnslufólks og veikri stöðu verkalýðshreyfingarinnar í landinu því þannig er Ísland gjarnan kynnt fyrir erlendum fjárfestum.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan þegar hann var beðinn um að rökstyðja hvers vegna þeir þjóðvakamenn takmörkuðu prósentu sína við 20 en færu ekki upp í 49 eins og er í frv. þingmanna Sjálfstfl. að þá nefndi hann réttilega að málið væri viðkvæmt þjóðernislega og hann vildi forðast tilfinningahlaðna umræðu um landráð o.s.frv.

Í raun færði hann engin efnisleg rök fyrir því að fara upp í 49% önnur en þau að þetta væri sálfræðilega hæfileg prósenta til að halda þjóðinni rólegri. Ég vil á þessu stigi vera mjög varkár eins og hann. Ég er sammála honum í því en ekki bara til þess að landar mínar haldi ró sinni heldur þarf að vera alveg tryggt að erlendar fjárfestingar þýði aukinn arð til íslensku þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar. Það þarf að vera tryggt að arðurinn verði notaður til að fólk haldi vinnu sinni og að laun fólks, sem starfar í sjávarútvegi, og helst laun allrar þjóðarinnar, sem á auðlindina, hækki og verði sambærileg við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Því er ég þeirrar skoðunar að það beri að tryggja sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna, t.d. með því að stjórnarskrárbinda það og koma á veiðileyfagjaldi. Þá ætti að vera óhætt að leyfa erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi svo framarlega sem fyrirtækin eru í meirihlutaeigu Íslendinga. Hve hátt hlutfall ætti að vera leyfilegt þarf að skoða mun betur. Það þarf að skoða það vel í hv. efh.- og viðskn. Einnig þarf að fara vel ofan í hvaða ávinningi erlendir fjárfestar sækjast eftir. Eru þeir tilbúnir að greiða almennileg laun eða á að nota sér þá stöðu að íslenskt verkafólk er ódýrt sem við værum í þróunarlandi? Þeirri þróun verður að snúa við hið fyrsta og ef fjárfestingar erlendra aðila geta orðið til þess þá er það vel. Ég leyfi mér þó að efast um að það vaki fyrir erlendum fjárfestum og því verði að tryggja breytta vinnulöggjöf og bætt laun samfara slíkum samningum. Annars gætum við farið út í ógöngur sem erfitt væri að komast út úr.

Ég get tekið undir þau orð sem koma fram í greinargerð í frv. hv. þm. Kristjáns Pálssonar og fleiri þingmanna Sjálfstfl. að ekki verði séð að sú þróun verði stöðvuð að fyrirtæki renni meira og meira saman fjárhagslega þvert á landamæri ríkja ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af því. Þetta mál er því mjög mikið prinsippmál og að takmarka erlendar fjáfestingar í sjávarútvegi virkar núna sem frekar íhaldssamt sjónarmið og að heimila slíkar fjárfestingar hefur á sér yfirbragð framsýni. Það mun því koma í hlut okkar alþingismanna núna á þessu þingi að ákveða hvort þessara viðhorfa verður ofan á. Þetta er mjög vandasamt mat sem verður að undirbúa vandlega og það erum við kvennalistakonur svo sannarlega tilbúnar að gera. Hins vegar getur einungis framtíðin leitt í ljós hvort það er þjóðinni til góðs að sýna íhaldssemi eða framsýni að þessu leyti. Ég er sjálf alveg sannfærð um að það er gott fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að fá erlent áhættufjármagn inn í fyrirtækin og kannski hlýst einnig af því aukinn markaðsaðgangur. Hins vegar sé ég ekki alveg fyrir mér hver ávinningurinn verður fyrir erlendu fyrirtækin og hver hann verður fyrir íslensku þjóðina sem á auðlindina. Horfa verður til framtíðar með heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga.

[18:35]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur vil ég benda á að hún telur að fólkið sé að verða aukaatriði í umræðunni en fjármagnið aðalatriði. Mér finnst þetta mikill misskilningur og þau frumvörp sem við sjálfstæðismenn flytjum fara öfuga leið. Við erum að reyna að tryggja betri afkomu launafólks með auknu fjármagni.

Ég bendi og hef reyndar gert áður að Danir hafa verið afskaplega framarlega í að opna fyrirtæki sín fyrir áhrifum erlendis frá. Þar hefur að ég hygg gert þeim kleift að borga mun betri laun en aðrir í fiskvinnslu og þeir hafa þótt ótrúlegt megi virðast náð miklu meiri tökum á því en við. Ég minni á að 49% af hluta ríkisins í símanum í Danmörku var seldur á opnum markaði í New York og víðar um heiminn. Þessi sami sími borgar nú einhver bestu laun sem þekkjast á þessu sviði í heiminum. Ef þau eru t.d. borin saman við laun starfsmanna Pósts og síma á Íslandi erum við að tala um allt að þrefalt hærri laun hjá símanum í Danmörku. Mér finnst þetta sláandi dæmi um það hverju þjóðir sem eru opnar fyrir alþjóðasamskiptum og fjárfestingum hafa áorkað þrátt fyrir allt. Mér finnst að hv. þm. sé tiltölulega frjálslynd í skoðunum varðandi þessi mál. Það er nauðsynlegt að sýna dæmi um að það er fólkið sjálft sem græðir mest á því frjálsræði sem við erum að boða.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill minna þingmenn á að í andsvörum er mjög strangur tími og ber að fylgja tímamörkum.)

[18:38]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um hug hv. þm. en hvað telur hann tryggja að jafnvel þó að einstök sjávarútvegsfyrirtæki standi betur þýði það betri laun fyrir starfsfólkið? Þessi söngur heyrist oft en við höfum mjög afturhaldssama vinnulöggjöf og afturhaldssama launastefnu sem virðist vera til þess að hækka ekki laun óháð afkomu einstakra fyrirtækja.

[18:39]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að forsenda þess að yfirleitt sé hægt

að hækka laun og bæta kjör sé að fyrirtæki geti gengið vel. Mér finnst því vera dálítil mótsögn í því að segja að íslensk fyrirtæki hafi jafnvel trassað að hækka laun starfsfólks síns þrátt fyrir bætta afkomu. Ég kannast ekki við það og hefði gjarnan viljað fá betri skýringar á því.

Ég held að óhætt sé að segja að atvinnulífið hefur yfirleitt brugðist þannig við þegar tækifæri hefur verið til að bæta afkomu fólksins og það hygg ég að gerist enn frekar eftir því sem samskiptin eins og ég sagði áðan verða meiri við sem flesta í heiminum.

[18:39]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn sem ég ætlaði að veita andsvar við hvarf úr salnum en klukkan gengur þannig að ég verð að vera fljótur til.

Hv. þm. nefndi nokkur rök varðandi ákvæði okkar um 20%, þ.e. að fara varlega í þessi mál og sögulegar ástæður sem mér fannst hún taka undir. Ég vil reyndar geta um ein viðbótarrök í málinu sem ég nefndi í framsögu minni að 20% hlutur er alls ekki ráðandi hlutur. 49% hlutur er hins vegar alráðandi í félögum að langmestu leyti. Oft og tíðum er 30–40% hlutur nægjanlegur til að ráða ferð í félögum. Menn þurfa að átta sig á því að það er grundvallarmunur á 20% eins og við leggjum til og 49% reglunni sem sjálfstæðismenn leggja til.

Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að fara varlega í þetta. Það á að fá reynslu af þessu máli. Ég er ekki reiðubúinn til að taka skrefið lengra en nemur nokkurn veginn þeim 20% af þessum ástæðum sem ég nefndi. Ég vona að hafi komið skýrt fram í afstöðu minni og málflutningi að hér er um verulegan efnislegan mun að ræða á þessum tveimur frumvörpum.

[18:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir þessi svör. Mér fundust þetta gild rök og ég er sammála honum að þessu leyti. Ég get tekið undir að það skiptir máli hvor prósentan er og efnislega er afstaða mín nær hans en því sem kemur fram í frv. sjálfstæðismanna.

[18:42]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu eitt af grundvallarmálefnum íslensku þjóðarinnar, þ.e. spurningin um hvort erlendir aðilar skuli eiga eignarhald í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum eða ekki.

Umræðan í dag hefur verið um margt mjög athyglisverð, ekki síst fyrir það að hér er til umræðu í senn þrjú frumvörp um sama málefnið. Í fyrsta lagi stjfrv. um óbeina aðild erlendra aðila að íslenskum sjávarútvegi, síðan tvö frumvörp sem kveða á um beina eignaraðild. Það sem vekur einna helst athygli mína í þessu sambandi er það að annað þessara frumvarpa er borið fram af hluta af þingmannaliði Sjálfstfl. sem er annar stjórnarflokkurinn og ætti því að eiga fulla aðild að því stjfrv. sem hér liggur fyrir sem lýsir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Þess vegna fer ekki hjá því að það veki athygli manna að hluti af stjórnarliðum komi fram með þessum hætti.

Þetta vekur óneitanlega upp ýmsar spurningar og þá er ég fyrst og fremst að tala um frv. nokkurra hv. þingmanna Sjálfstfl. sem hv. þm. Kristján Pálsson er 1. flm. að. Þetta gæti vakið upp spurningar um það hver stefna Sjálfstfl. er í þessum málum. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þingheim að heyra það í þessari umræðu hreint út hver stefna þingflokks Sjálfstfl. er í þessu máli. Það er hins vegar svo að á þessari stundu er enginn forustumanna Sjálfstfl. í salnum þannig að ég geri a.m.k. ekki ráð fyrir því að úr þeirri áttinni komi yfirlýsing í þessa veru en ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál og auðvitað þarf þingheimur að heyra það.

Það vekur einnig upp spurningu um það hvort hv. flutningsmenn hafi kannað afstöðu atvinnugreinarinnar, þ.e. fyrirtækjanna, aðila vinnumarkaðarins til þessa máls eða hvort þessir aðilar hafa kallað eftir þeirri breytingu sem lögð er til. Það væri fróðlegt að heyra það. Einnig kallar þetta fram spurningu um það hvort hv. flm. úr þingliði Sjálfstfl. munu ekki flytja frv. til breytinga á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eins og hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram. Ég tel að það hljóti að vera rökrétt að hv. þm. geri það og þess vegna væri gott að fá svar við því hér og nú hvort það muni verða svo og jafnframt hvort hæstv. sjútvrh. muni fá að vita af því fyrir fram. (**Gripið fram í:** Það er ekki víst.)

Eins og fram kom hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni í sinni framsöguræðu, var erlendum aðilum til skamms tíma heimilt að eiga allt að helmingi eignarhluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. En fyrir nokkrum árum þótti ástæða til að breyta þessu og loka fyrir þetta til að tryggja full yfirráð Íslendiinga yfir okkar helstu auðlindum sem eru fiskimiðin í hafinu umhverfis landið. Ég tel einmitt að þessi umræða um beina eða óbeina eignaraðild eða yfir höfuð eignaraðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum hljóti að tengjast því hvers eign þessar auðlindir eru því það hefur verið almenn sátt um það í þjóðfélaginu að fiskstofnanir séu sameign þjóðarinnar. Ég tel að þessi tvö atriði tengist beint saman. Eins og kom fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan er 49% eignarhlutur í fyrirtæki leiðandi eignarhluti. Með því að heimila útlendingum að eiga 49% í sjávarútvegsfyrirtæki, ég tala nú ekki um þar sem eignaraðild Íslendinga er dreifð, að þá sé það fullkomlega leiðandi eignaraðild. Það vekur aftur upp spurninguna um aðganginn að auðlindinni og yfirráðin yfir henni.

Eitt atriði enn vil ég nefna í þessu sambandi og það er varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég er einn af þeim sem hafa talið að ekki sé efni til þess að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu, fyrst og fremst vegna þess sem felst í sjávarútvegsstefnu sambandsins því að ég hef talið að ef við gerumst aðilar að Evrópusambandinu við óbreyttar aðstæður, þá missum við þessi yfirráð. Ég tel að þetta tengist beint saman. Ég tel að ef það yrði samþykkt hér á hinu háa Alþingi að heimila útlendingum 49% eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum værum við í raun búin að tapa þessum yfirráðum. Það er mitt mat á þeirri stöðu.

Ég tel að það sé mjög ólíklegt að erlendir fjárfestar hafi áhuga á því að leggja fjármagn í íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þar sem eingöngu er um að ræða fiskvinnslu. Það hlýtur að liggja í augum uppi að ef til þess kæmi þá mundu útlendingar fyrst og fremst sækja í aðgang að fiskimiðunum, þ.e. útgerðinni. Allt tal um að aðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum muni verða til að hækka laun fiskverkafólks finnst mér því ekki rökstutt og ég kaupi þau rök ekki því verði sem hér er lagt upp með.

Eitt atriði er nefnt í grg. með frv. hv. þm. Sjálfstfl. þar sem er borin saman eignaraðild að flugfélögum annars vegar og sjávarútvegsfyrirtækjum hins vegar. Ég tel ekki raunhæft að bera þetta tvennt saman þar sem flugrekstur er beinn alþjóðlegur samkeppnisrekstur en sjávarútvegur hér á Íslandi

byggir öðru fremur á nýtingu auðlinda hafsins og aðgangi að þeim. Mér finnst því ekki raunhæft af hv. þm. að leggja þetta tvennt að jöfnu.

Virðulegi forseti. Það eru að sjálfsögðu ýmis jákvæð rök fyrir því að opna fyrir erlent fjármagn inn í íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Það ber að viðurkenna það. En það eru einnig ýmis rök fyrir því ekki skuli opna fyrir beina eignaraðild erlendra aðila að íslensku sjávarútvegsfyrirtæki. Og það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur í tveimur stjfrv. sem lögð hafa verið fram og hæstv. viðskrh. hefur hér kynnt annað þeirra í dag, að ekki verði opnað fyrir beina eignaraðild útlendinga að sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég mun fyrir mitt leyti standa að baki ríkisstjórninni í þessu máli og veita þessum frv. brautargengi. (**Gripið fram í:** Ekki í öðrum málum?)

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég biðja hv. þm. og flm. frv. að vanvirða ekki skoðanaskipti hv. þm. í sölum Alþingis um þessi mál með því að skilgreina mótrök gegn beinni eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum sem einhvern hræðsluáróður. Ég frábið mér slíka umræðu því ég tel að málefnaleg umræða hafi farið fram um þessi mál. Ég get ekki tekið undir það að þeir aðilar sem eru andvígir beinni eignaraðild séu með einhvern hræðsluáróður. Ég vildi bara vekja athygli á þessu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu öllu lengur en í upphafi máls míns kallaði ég eftir afstöðu þingmanna Sjálfstfl. til þeirra frv. sem hér liggja fyrir því ég tel mjög mikilvægt að afstaða þeirra komi fram við þessa umræðu þannig að sá hugsanlegi misskilningur liggi ekki eftir að Sjálfstfl. sé sammála beinni eignaraðild erlendra aðila að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

[18:51]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einn þáttur í ræðu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar sem ég vil gera að umtalsefni. Það eru ummæli hans varðandi það frv. sem fjórir þm. Sjálfstfl. hafa lagt fram. Það er augljóst af því sem hv. þm. sagði og reyndar kom fram fyrr í dag í máli hæstv. viðskrh. að það er viss brestur í stjórnarsamstarfinu. Hv. þm. Magnús Stefánsson spurði eðlilega: Hver er stefna Sjálfstfl. í þessu máli? Þetta er ekki gamanmál. Það liggur fyrir stjfrv. Það liggur fyrir frv. frá stjórnarþingmönnum sem gengur þvert á það frv. Þetta er ekki minni háttar breyting. Það gengur þvert á þetta frv. Mér skilst, herra forseti, að það verði gert hlé á umræðunni kl. sjö en ég vil biðja hæstv. forseta um að gangast fyrir því að einhverjir forsvarsmenn Sjálfstfl. aðrir en þeir sem hér eru verði til svara þegar umræðan verður tekin upp aftur. Það getur verið forsrh., formaður flokksins, fjmrh., varaformaður flokksins eða formaður þingflokks (Gripið fram í) eða sjútvrh. Mér skilst að hann sé erlendis. (**Gripið fram í:** En hvað með formann Fiskifélagsins?) Það gengur ekki, hæstv. forseti, að hér sé lagt upp með svo óljósa hluti í umræðunni eins og hér er. Við eigum kröfu á því að vita stefnu Sjálfstfl. í þessu máli. Ég hef satt best að segja ekki lagt í vana minn að taka upp hanskann fyrir Framsfl. en ég geri það í þessu máli. (**Gripið fram í:** Þakka þér fyrir.) Mér finnst þetta vera eðlileg spurning sem hv. þm. Magnús Stefánsson spurði hér. Það er eðlileg krafa að vita stefnu samstarfsaðilans í þessu máli. Og það er líka eðlileg krafa að stjórnarandstaðan viti hvaða frv. nýtur meirihlutastuðnings stjórnarliða. Þetta eru eðlileg kröfur sem hér eru bornar fram.

[18:53]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mér nú á óvart að heyra í hv. þm. Ágústi Einarssyni. Ég ætla ekki að eyða tímanum í að svara því heldur vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að það frv. sem fjórir þingmenn Sjálfstfl. lögðu fram gengur lengra en stjfrv. og það er flutt þess vegna. Það er samt hægt að ítreka það að við samþykktum frv. hæstv. viðskrh. og munum að sjálfsögðu styðja það ef okkar frv. nær ekki fram að ganga og standa á bak við það ef það frv. sem við teljum að gangi lengra nær ekki fram. (**Gripið fram í:** Er þetta svona varafrumvarp?) Stefna Sjálfstfl. hlýtur að kristallast í því að stjfrv. er lagt fram en ekki okkar af hálfu Sjálfstfl. Það eru fjórir óbreyttir þingmenn, ef mætti orða það þannig, sem leggja fram frv. (**ÖS:** Í hvaða flokki eru þeir?) en ekki ráðherrar flokksins. (**ÖS:** Í hvaða flokki eru þeir?) Þið farið ekkert í neinar grafgötur með það úr hvaða flokki þessir þingmenn eru. Þeir eru skráðir hér í þingbækur í ákveðinn stjórnmálaflokk sem heitir Sjálfstæðisflokkurinn, ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson skyldi hafa gleymt því. (Gripið fram í.)

Það er ýmislegt sem hv. þm. Magnús Stefánsson beindi til okkar sem er kannski erfitt að svara í svo stuttu máli. (**Gripið fram í:** Ég er ekkert hissa á því.) Eigi að síður vil ég bara segja eitt. Hann vildi meina að við sem flytjum frv. værum að gera málflutning þeirra sem vilja halda í gamla fyrirkomulagið ómerkilegan með því að kalla hann hræðsluáróður. Ég veit ekki til að ég hafi verið með þann málflutning en samt sem áður læðist dálítið að manni sá grunur að menn séu að reyna það. Ef þessi umræða er borin saman við umræðu sem hefur farið fram t.d. um Evrópska efnahagssvæðið og aðrar, þá er þetta í svipuðum stíl. Það er verið að höfða til þeirrar kenndar fólks að verða hrætt við breytingar og sá málflutningur finnst mér hafa verið dálítið uppi. Ég ætla samt ekkert að væna einn eða neinn um neitt.

[18:56]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sakna svars við einni spurningu sem ég lagði fram, þ.e. hvort flutningsmenn hyggjast leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögunni sem tengist því frv. sem hér hefur verið til umræðu. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram frv. í þessa veru til samræmis við frv. sem hæstv. viðskrh. mælti fyrir í dag. Mér finnst sú spurning eðlileg í þessu sambandi.

Varðandi hræðsluáróðurinn var þetta rétt góðlátleg ábending frá minni hendi. Ég vil vekja athygli á því að ég heyrt hv. frummælanda þessa frv., þ.e. hv. þm. Kristján Pálsson, í tvígang tala um hræðsluáróður þeirra sem eru að mæla gegn beinni eignaraðild. Það var í fyrsta lagi í útvarpsþætti í morgun og síðan hér í umræðunni í dag. Ég er því ekki að gera neinum þetta upp. Þetta var bara einfaldlega góðlátleg ábending vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið.

[18:57]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða þess að þetta frv. þingmanna Sjálfstfl. var lagt fram núna var að hv. þm. Þjóðvaka höfðu þegar lagt fram frv. svipaðs efnis og fengið að tengja það frv. ríkisstjórnarinnar. Þess vegna var okkur bent á það að

það gæti verið þægilegt að hafa þessi þrjú frv. saman í umræðunni. (**Gripið fram í:** Hver benti á það?) Það var ekki vegna þess að við hefðum verið að reikna það sérstaklega út. Varðandi hitt frv. sem er um efnahagslögsöguna (**Gripið fram í:** Hver benti á það?) get ég upplýst það að þegar við sjáum hvernig framgangur okkar frv. verður þá tökum við náttúrlega ákvörðun um það hvort við förum áfram með annað frv. um breytingar á efnahagslögsögunni. En eins og ég hef sagt margoft í þessari umræðu þá viljum við tryggja að eignarhald okkar yfir fiskimiðunum sé ótvírætt. Ég benti á það í framsöguræðu minni að ég teldi að það ætti að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar. Þó að ég efist ekki neitt um það þá er það eitt af þessum sálfræðilegu atriðum sem hv. þm. Ágúst Einarsson hefur talað um. Ég tel að það þurfi að hafa þetta þannig að enginn efist. En í mínum huga er ekki neitt vandamál með það þó svo að farið sé út í 49% beina eignaraðild. Ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem máli skipta af þeim sem hv. þm. Magnús Stefánsson beindi til mín.

[18:59]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn vakna spurningar. Hv. þm. talaði um það að honum hafi verið bent á að leggja fram þetta frv. Það væri nú gaman fyrir okkur sem sitjum hér að heyra hvaðan sú ábending kom (**Gripið fram í:** Frá þingflokknum.) þar sem hv. þm. er nú einn af stjórnarliðinu og hér liggur fyrir stjfrv. sem gengur aðrar götur. Það væri því fróðlegt að heyra það, virðulegi forseti.

[19:00]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Varðandi ummæli hv. þm. Kristjáns Pálssonar um það að þingflokkur Þjóðvaka fékk sitt frv. rætt með frv. ríkisstjórnarinnar tel ég rétt að það kom fram í þessari umræðu að engin slík ósk var borin fram af hálfu flm. þessa frv. Það var alfarið ákvörðun forseta að tengja saman þessi tvö frv. Mér skilst að ekki sé óalgengt að slíkt sé gert án þess að ég þekki þar vel til. Síðan er þriðja frv. tengt við en þessi tenging hefur ekkert með óskir okkar flm. þessa þingmannafrv. að gera. Þetta var ákvörðun sem forseti tók. Við vorum bara spurðir hvort okkur fyndist þetta í lagi og við játuðum því. Okkur fannst þetta eðlileg málsmeðferð enda skildist okkur, sem erum ekki svo mjög þingreyndir, að þetta væri ekki óalgeng málsmeðferð varðandi sambærileg frumvörp. Ummæli hv. þm. varðandi frumkvæði að þessum málum voru sem sagt röng.

[19:01]

Flm. (Kristján Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Varðandi fyrirkomulagið á því að leggja mál fram, tek ég fram að forseti sagði mér ekkert um það hvernig þetta hefði verið gert. Mér var sagt að það hefði verið borið undir viðskrh. hvort frumvarp þingmanna Þjóðvaka gæti tengst hinu frv. og hann hefði heimilað það. Talið var að umræðan yrði kannski samþjappaðri og almennari ef þessi þrjú frumvörp kæmu fram saman.

Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki langa þingreynslu og veit ekki hvort þetta er almenn venja. En eftir því sem þingreyndari menn segja er mjög óvanalegt að tengja saman stjórnarfrumvarp og frumvarp frá stjórnarandstöðunni og bæta svo enn einu frv. við hin tvö. Það ætti þó að vera óþarfi að flækja umræðuna og vaða úr einu í annað eins og mér finnst hv. þm. Ágúst Einarsson gera. Allt í einu er hann farinn að tala um að það sé eitthvert aðalmál að okkar frv. sé með þessu. Ég verð að segja að það vekur mér furðu að tenging þessara frumvarpa skuli verða tilefni til sérstakra umræðna.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 19:04.

---

89. FUNDUR

þriðjudaginn 13. febr.,
kl. *1.30* miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 295. mál, þskj. 534. — Fyrri umr.
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425. — Frh. 1. umr.
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 242. mál, þskj. 328. — Frh. 1. umr.
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 307. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Fiskréttaverksmiðjur, 310. mál, þáltill. GMS, þskj. 551.
Ómskoðanir, 311. mál, fsp. KÁ, þskj. 552.
Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, 309. mál, þáltill. GMS, þskj. 550.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Áður en fundur hefst samkvæmt dagskrá og gengið verður til umræðna um fyrsta dagskrármál vil ég taka það fram vegna þeirra dagskrármála sem eru næst á eftir hinu fyrsta, þ.e. næst á eftir vegáætlun, þrjú frv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að ég held að það sé nauðsynlegt vegna þeirrar umræðu að forseti geri ráðstafanir til þess að forustumenn stjórnarflokkanna verði viðstaddir upphaf umræðunnar. Vegna upplýsinga sem hér komu fram í gær og vegna þeirrar sérkennilegu stöðu sem er að verða uppi á Alþingi hvað varðar umfjöllun um þessi

mál þá er ekki annað hægt en að hlutirnir skýrist við 1. umr. málanna. Hér er eins og forseta er kunnugt á ferðinni sú sérkennilega staða að stjórnarfrumvörp, flutt annars vegar af hæstv. iðnaðar- og viðskrh. og hins vegar af sjútvrh., um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, boða tiltekna stefnu, tiltekna stjórnarstefnu að við héldum í þeim efnum. Hins vegar liggja á borðum þingmanna tvö frv. þar af annað flutt af fjórum hv. þm. Sjálfstfl., sem er annar stjórnarflokkurinn eins og kunnugt er og flokkur hæstv. sjútvrh., sem boða í grundvallaratriðum gjörólíka stefnu varðandi þessi mál, þ.e. með hvaða hætti skuli gengið frá í lögum reglum um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi.

Nú er ætlunin væntanlega að vísa öllum þessum málum til nefndar og ég held að það gangi ekki að þingnefndir fari að vinna að málinu án þess að fá einhvern botn í það hver stjórnarstefnan er. Standa þingmenn Sjálfstfl. að stjórnarfrumvörpunum eða gera þeir það ekki? Er flutningur frumvarps fjórmenninganna sýndarmennska eða er þar alvara á ferðinni? Ætla þeir, þar á meðal formaður efh.- og viðskn., að beita sér hér innan þings fyrir því að afla sínu frv. stuðnings, og þar með að grafa undan stjfrv., eða hvað er hér á ferðinni, herra forseti?

Ég held að það sé útilokað að við látum þessa umræðu fara fram hér í dag öðruvísi en að þessi mál skýrist og það gefist kostur á að ræða þetta við forustumenn stjórnarliðsins og leggja spurningar fyrir hæstv. sjútvrh., hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., formann Framsfl.

Ég vil koma þessu hér á framfæri, herra forseti, í byrjun fundar til þess að að forseti hafi tíma til að gera tiltækar ráðstafanir þannig að af þessu megi verða.

[13:37]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e. og vekja jafnframt athygli þingheims á þeirri sérkennilegu og óvenjulegu stöðu sem komin er upp. Ég hef tekið eftir því að landsmenn sem hafa fylgst með störfum þingsins hafa talið að þetta þing hafi að mörgu leyti verið nokkuð sérkennilegt varðandi upplegg mála og vinnubrögð að ýmsu leyti. Skýringarnar á því efni hafa ekki verið sýnilegar í raun og veru en þær eru það núna. Það er satt að segja alveg ótrúlegt ráðleysi, verkleysi og verkstjórnarleysi sem virðist einkenna ríkisstjórnina í þeim málum sem hv. þm. bað um að yrðu rædd sérstaklega að viðstöddum ráðherrum hér síðar í dag eða síðar á þessum sólarhring.

Það er alveg með ólíkindum að formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sé sjálfur flutningsmaður að frv. sem þingmennirnir fjórir flytja undir forustu hv. þm. Kristjáns Pálssonar og hlýtur þess vegna að taka það mál fyrir við hliðina á stjfrv., eða hvað? Og það er líka með ólíkindum og algjörlega einstakt að þingmenn stjórnarflokks sem telja sig bíða lægri hlut í málamiðlun við annan stjórnarflokk skuli taka sig út úr með þeim hætti sem hér er um að ræða og í rauninni stofna sína eigin ríkisstjórn, minnihlutastjórn Kristjáns Pálssonar, af því að þeir eru óánægðir með ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh. Enda er staðan þannig að því er hann varðar að það er sagt að hugur hans sé a.m.k. hálfur á Bessastöðum, handan við Skerjafjörðinn.

Hér er um svo sérkennilega uppákomu að ræða, hæstv. forseti, að það er algjörlega óhjákvæmilegt að vekja athygli þingsins á því, en í þessu ráðleysi liggur skýringin á því af hverju Alþingi hefur ekki komist að verkum með eðlilegum hætti á þessu þingi. Þess vegna tek ég eindregið undir þá ósk sem hér kom fram hjá hv. formanni sjútvn. og skora á hæstv. forseta að tryggja að ráðherrarnir verði hér viðstaddir, formaður Sjálfstfl. og Framsfl., þegar þessi mál ber á góma síðar á þessum fundi.

[13:39]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig taka undir ósk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, formanns sjútvn. Ekki síst vegna þess að það kom fram í gær að þingflokkur Sjálfstfl. hafði ekki sinnt þeirri sjálfsögðu kurteisisskyldu sinni gagnvart hæstv. viðskrh., sem flytur málið í nafni ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, að segja honum frá því að það væri komin stjórnarandstaða í Sjálfstfl. sem væri eins og hann orðaði það sjálfur „í samkeppni við þingmenn stjórnarandstöðunnar um uppboð".

En þau eru fleiri fádæmin sem eru að gerast nú um þessar mundir í samskiptum stjórnarflokkanna því ég heyrði það í útvarpinu fyrir röskum sólarhring að hæstv. samgrh. hefði tilkynnt það á kjördæmisráðsfundi Sjálfstfl. í Norðurl. e. að hætt væri við að skera niður flugmálaáætlun um helming af því sem fyrirhugað var til þess að framkvæma verulegar endurbætur á flugvellinum á Akureyri sem ekki er á flugmálaáætlun. Þetta kom líka fram, virðulegur forseti, þannig að það virðast vera orðnir fleiri stjórnarandstæðingar í Sjálfstfl. heldur bara minnihlutastjórn hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Það virðist vera kominn þriðji armurinn til sögunnar sem er farinn að höndla sem sjálfstæð ríkisstjórn án vitundar samþingmanna sinna og stuðningsmanna og samráðherra.

[13:41]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að hann mun að sjálfsögðu taka tillit til þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram og mun skoða þau mál, en vill taka það fram að hæstv. utanrrh. er með fjarvist í dag.

[13:41]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Fyrst að svo er að a.m.k. annar af oddvitum ríkisstjórnarinnar getur ekki verið viðstaddur í dag þá á umræða um þetta mál að sjálfsögðu að frestast þangað til hann getur verið viðstaddur. Því eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði þá gengur það ekki að ræða þessi mál áfram án þess að hægt sé að fá upplýsingar frá oddvitum stjórnarflokkanna um það hvað hér er að gerast.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vonast til að forseti gefi hér einhverjar vísbendingar um það hvað hann hyggst fyrir. Er ætlun forseta að verða við þessum óskum að annaðhvort komi þessir hæstv. ráðherrar hér og verði viðstaddir umræðuna strax frá byrjun eða að umræðunni verði frestað sem ég tel alveg sjálfsagða ósk við þær aðstæður sem hér hafa verið raktar. Ég held að það hafi verið alveg nægjanlega vel rökstutt að þessar afbrigðilegu og óvenjulegu aðstæður og uppákomur í sambandi við meðferð þessara mála eru þess eðlis að það er sjálfsögð og réttmæt krafa stjórnarandstöðunnar að umræðan fari ekki fram fyrr en að viðstöddum oddvitum stjórnarliðsins. Þess vegna óska ég eftir því að forseti veiti okkur helst nú eða sem fyrst upplýsingar um það hvort hann verður við þessum óskum.

[13:43]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vildi fyrst kanna hvort hæstv. utanrrh. er fjarri allan þennan dag og að þeirri skoðun lokinni mun forseti taka afstöðu til þessarar óskar.

Vegáætlun 1995–1998, fyrri umr.

Stjtill., 295. mál (endurskoðun fyrir 1996). — Þskj. 534.

[13:43]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti tilkynna að samkomulag er um það milli formanna þingflokka, sbr. 72. gr. þingskapa, að við þessa umræðu hafi ráðherra 20 mín. í fyrra og síðara sinn en aðrir allt að 15 mín. í fyrra sinn og allt að 5 mín. í síðara sinn. Andsvör verða leyfð eftir venjulegum reglum. Ef ekki eru athugasemdir við þetta fyrirkomulag þá hefst umræðan nú.

[13:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt var við afgreiðslu fjárlaga gert ráð fyrir auknu framlagi úr Vegasjóði í ríkissjóð og afleiðingar af því eru þær að framlög til vegamála lækka sem því nemur eins og kemur fram hér í till. til þál. um breytingar á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Samkvæmt gildandi vegáætlun áttu framlög til vegamála að vera 7 milljarðar 678 millj. kr. en verða 6 milljarðar 763 millj. kr. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að flytja hér till. til þál. um breytingu á gildandi vegáætlun og eru þær tölur sem fram koma á þskj. í samræmi við fjárlög með þeirri breytingu þó að bensíngjald hefur verið hækkað sem nemur 100 millj. kr. á þessu ári og munu þær falla til nýbyggingar vega.

Í sjálfu sér er ekki mikið um þetta mál að segja fram yfir það sem ég hef nú sagt. Ástæðan fyrir því að vegáætlun var skorin niður og sömuleiðis hafnaáætlun og flugmálaáætlun var sú að ríkisstjórnin hafði einsett sér að afgreiða fjárlög svo að halli á þessu ári yrði ekki meiri en 4 milljarðar kr. Þó svo að menn einbeittu sér að því að reyna að ná rekstrargjöldum niður og draga úr eyðslu ríkissjóðs fundu menn ekki ráð til þess umfram það sem í fjárlögum segir og af þeim sökum voru framlög til framkvæmda skorin niður og þar á meðal framlög til vegamála.

Það er eftirtektarvert sem fram kemur í greinargerð með frv. að gert er ráð fyrir því að á þessu ári verði markaðar tekjur af bensíngjaldi um 200 millj. kr. minni en í gildandi vegáætlun sem gefur vísbendingu um að dregið hafi úr bensínnotkun eða akstri. Á hinn bóginn hefur bætt innheimta á þungaskatti það í för með sér að tekjur af kílómetragjaldinu vaxa um 80 millj. kr. og um 90 millj. kr. af þungaskatti, árgjaldið, en innheimta og eftirlit með þungaskatti var fært til Vegagerðarinnar á sl. ári og virðist gefa mjög góða raun. Raunar er talið að þungaskattur á þessu ári kunni að innheimtast betur en segir hér í athugasemdum en ekki þótti á það hættandi að gera ráð fyrir því í vegáætlun, þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, en mun á hinn bóginn koma til góða ef svo fer sem Vegagerðin spáir í þeirri tekjuáætlun sem hún hefur lagt fyrir.

Ef horft er til einstakra útgjalda þá er samanburður á þeim á bls. 4 í í greinargerðinni með tillögunni, þ.e. borið saman hvernig útgjöld verði samkæmt hinni nýju tillögu og hvernig þau eru samkvæmt gildandi vegáætlun. Sé ég ekki ástæðu til að fara með þá talnaþulu hér fram yfir það að vekja athygli á því aðalatriði að gert er ráð fyrir því að framlög til nýframkvæmda almennt lækki rétt um 18%, ríflega það. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að fresta framkvæmdum sem gert hafði verið ráð fyrir í sérstöku framkvæmdaátaki sem efnt var til á sl. ári, þá er gert ráð fyrir því að framkvæmdaátakið yrði unnið á fjórum árum en tekjur kæmu inn á fimm.

Samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir er gert ráð fyrir því að ekki komi til lántöku vegna framkvæmdaátaksins, en framkvæmdirnar færist á hinn bóginn aftur þannig að unnið verði fyrir um 350 millj. kr. á árinu 1999, en áður hafði ekki verið gert ráð fyrir því að fé af framkvæmdaáætlun rynni til vegagerðar á því ári heldur til endurgreiðslu á skuldum, sem mjög var gagnrýnt af stjórnarandstöðunni á síðasta ári og veit ég að ýmsir sem enn eru í stjórnarandstöðu munu gleðjast mjög yfir þessu.

Þetta hefur það óhjákvæmilega í för með sér að frestun á framkvæmdum verður meiri á höfuðborgarsvæðinu hlutfallslega og Norðurl. e. en í öðrum kjördæmum, sem byggist á því að fé samkvæmt framkvæmdaátakinu var veitt til einstakra kjördæma í samræmi við höfðatölureglu. Og þar sem Norðurl. e. er langfjölmennasta landsbyggðarkjördæmið þýðir þetta að sjálfsögðu það að Norðurl. e. verður fyrir meiri niðurskurði nú en önnur landsbyggðarkjördæmi.

Ég man það frá síðasta Alþingi að sú röksemd mín að það væri eðlilegt að skipta bensíngjaldinu að hluta eftir höfðatölureglu var gagnrýnd mjög harkalega af ýmsum sem ekki vildu breyta hinum fyrri skiptitölum. Það má líklega segja um þá þingmenn sem þannig hugsuðu að þeir hljóta þá að gleðjast þeim mun meira yfir því að niðurskurðurinn skuli nú koma þyngra niður á þeim kjördæmum sem samkvæmt gildandi vegáætlun nutu fjölmennisins.

Ef við horfum til stórverkefna, þá hafa tilboð í þau á þessu ári verið það hagstæð að niðurskurðurinn kemur ekki að sök varðandi brúna yfir Gilsfjörð, varðandi veginn á Hólsfjöllum, austur fyrir Biskupsháls og sömu sögu má raunar segja um Ártúnsbrekkuna, en auðvitað hefur minna vegafé til langframa þau áhrif að framkvæmdir ganga hægar en ella mundi, en eins og nú horfir kemur niðurskurðurinn ekki að sök í þessum stórverkefnum.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Á næstu dögum mun Vegagerðin að sjálfsögðu hafa samband við einstaka þingmenn einstakra kjördæma um það hvernig staðið verði að niðurskurði á framkvæmdum í viðkomandi kjördæmum. Ég vonast til þess að samgn. taki málið fljótt fyrir og afgreiði eins fljótt og unnt er til þess að hægt sé að bjóða verk út eins og hagkvæmast þykir. Þetta mál er einfalt í sniðum, en hitt er auðvitað flóknara að semja nýja vegáætlun sem verður unnið að á þessu ári og lögð fyrir það Alþingi sem saman kemur næsta haust. Hér er sem sagt einungis um vegáætlun fyrir þetta ár að ræða en síðan verður endurskoðuð vegáætlun lögð fyrir á hausti komanda.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Lítið var og lokið er, má nú segja um þessa framsöguræðu hæstv. ráðherra, held ég, enda tilefnið kannski ekki svo geðfellt ráðherranum sem áður hefur verið þegar hann hefur státinn undanfarin ár farið mikinn og lýst

afreksskap sínum í vegamálum og samgöngumálum. Nú var ræðan stutt og öll hin hógværasta og fór lítið fyrir hetjulegum yfirlýsingum nema þá helst að ráðherrann reyndi með furðulegum kúnstum að sýna fram á að nú hlytu stjórnarandstæðingar að gleðjast yfir niðurskurði í vegamálum miðað við þeirra fyrri málflutning og veit ég ekki hvert hæstv. ráðherra sækir þá speki.

Það sem hér er að gerast, herra forseti, er að samgrh. hefur mælt fyrir, ég hygg nánast einstakri vegáætlun. Þetta er sérstök niðurskurðaráætlun innan ársins. Það er ekki á ferðinni endurskoðun á vegáætlun sem slíkri þannig að nýtt tveggja ára tímabil bætist við, heldur er hér fyrst og fremst um það að ræða að hin glæsta vegáætlun sem hæstv. ráðherra kynnti og fékk afgreidda á þingi fyrir síðustu alþingiskosningar er nú skorin niður við trog með þessum ræfilslega pappír sem hún er flutt á, afar þunn örk og þó var framsöguræðan enn efnisminni en þingskjalið og er það nokkuð vel að verki staðið að takast það.

Það er ekki aldeilis fylgiskjölunum eða upplýsingunum fyrir að fara. Það er ekki mikið verið að gefa út um það hvaða afleiðingar það muni hafa að skera niður framkvæmdafé til almennra vegamála um hartnær 1 milljarð kr. frá því sem áætlað hafði verið. Það er auðvitað sérstaklega athyglisvert að þessi hæstv. ráðherra, sem hældi sér öðrum mönnum meira af vasklegri frammistöðu á síðasta kjörtímabili í samgöngumálum og gerði þær að mikilli uppistöðu í sínum áróðri fyrir síðustu alþingiskosningar, skuli nú standa í þessum dapurlegu sporum. Um þetta var ekki mikið fjallað á framboðsfundum í Norðurl. e. að það stæði til að slátra vegáætlun eða þess vegna flugmálaáætlun eða öðru slíku með þessum hætti.

Reyndar rifjast það upp, herra forseti, að þessi hæstv. ráðherra sagði snemma á síðasta kjörtímabili að það hefði verið alveg óvenjulegt siðleysi af forvera sínum að leggja yfirleitt fram og láta afgreiða vegáætlun á kosningaári. Þessi ummæli eru til á prenti. Það væri alls ekki við hæfi yfirleitt að menn væru að afgreiða vegáætlanir á kosningaári. Ég spurði þá hæstv. ráðherra að því hvort hann hygðist ekki afgreiða neina vegáætlun á vetri 1994/1995 og á daginn kom auðvitað að hæstv. ráðherra var með vegáætlun og meira en það. Hann var með mikla bjartsýnisáætlun með glæstum loforðum um miklar framkvæmdir á komandi árum, en þetta eru efndirnar. Það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég draga athyglina að því að í raun og veru hefur ríkt algert stefnuleysi í þessum málum allan þann tíma sem núv. hæstv. samgrh. hefur farið með þetta mál. Hvers vegna segi ég það? Ég segi það m.a. vegna þess að hæstv. ráðherra hefur aldrei framkvæmt vegalögin. Og ég hygg að það sé næsta einstætt að ráðherra málaflokks, sem hefur til þess að byggja á tiltölulega skýra löggjöf, eins og bæði núgildandi og áður gildandi vegalög voru, þau sem giltu fram til þess að lög nr. 45 6. maí 1994 tóku við, hafa ekki verið framkvæmd, m.a. vegna þess að ráðherrann tók til við það að skipta vegafé sjálfur án eðlilegs farvegs í gegnum þingið, en líka vegna þess að í þau fimm ár sem hæstv. núv. samgrh. hefur farið með vegamál hefur ekki örlað á viðleitni til þess að standa við það ákvæði vegalaga að það liggi fyrir langtímastefnumótun í samgöngumálum. Hæstv. ráðherra hefur enga tilburði haft uppi til þess að leggja fyrir þingið eða hafa hér afgreidda langtímaáætlun í vegamálum eða mig rekur ekki minni til þess að slíkt plagg hafi birst á síðasta kjörtímabili og hafði þó hæstv. ráðherra fjögur ár til að uppfylla þá skýru lagaskyldu að fyrir liggi á hverjum tíma langtímaáætlun í vegamálum til 12 ára, í þremur fjögurra ára tímabilum sem endurskoðuð séu reglulega. Og það bólar ekki á slíku enn. Nei. Við fáum hins vegar plagg sem er niðurskurður á eins árs vegáætlun, án nokkurrar vísbendingar um það hvað við eigi að taka nema þá það sem maður hlýtur að álykta að framtíðin sé jafndapurleg og nútíðin gefur vísbendingar um.

Í þriðja lagi, herra forseti, halda áfram í þessu þingskjali sem ég bið menn að líta á, á forsíðunni, kostulegar æfingar í bókhaldi þar sem annars vegar eru færðir í ríkissjóð umtalsverðir fjármunir af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar, en hins vegar er framlag úr ríkissjóði til annarra verkefna í vegamálum. Ég veit að venjulegir menn botna ekkert í þessum kúnstum og það eru í ekki nema fáeinir innvígðir sem hugsanlega átta sig á því hvað hér er á ferðinni. Þetta er hluti af æfingum hæstv. ráðherra til þess að færa til fjármuni milli verkefna innan vegamálanna þannig að hann hafi meira sjálfræði um það í hvað verkefnin fara. Þetta er hluti af kúnstunum sem tengdust bókhaldi tengdum framkvæmdaátakinu í vegamálum. Eða finnst mönnum þetta ekkert merkilegt, t.d. hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sem er vanur maður í fjármálabókhaldinu hjá ríkinu, fyrrv. formaður fjárln.? Það hefur undrað mig að enginn skuli gera við þetta athugasemdir í raun og veru af hálfu opinberra eftirlitsaðila sem hæstv. ráðherra er settur undir.

Niðurskurðurinn á vegáætluninni er mjög þungbær og það sem að mínu mati er hvað alvarlegast, herra forseti, er að þessi niðurskurður er vegna aðstæðna sérstaklega grimmilegur á sérstökum framkvæmdaflokkum. Niðurskurðurinn kemur þannig til að framlag úr ríkissjóði sem átti að vera á þessu ári lækkar um 11 millj. kr. Lánsfé sem átti að vera inni í framkvæmdaátakinu upp á 310 millj. er fellt niður og ætti það þó ekki að íþyngja ríkissjóði þó að haldið yrði við áður áformaðar lántökur til framkvæmda með svo öllum þeim fyrirvörum sem um það má hafa. Það er hafin endurgreiðsla lána sem ekki stóð til að hefja fyrr en að þremur árum liðnum upp á 50 millj. og síðast en ekki síst er upphæðin sem tekin er af mörkuðu tekjustofnunum og færð í ríkissjóð hækkuð úr 144 millj. í 637 millj. Þetta gera hátt í 900 millj. kr. og með þeirri óvissu til eða frá sem á þessu er lætur nærri að niðurskurðurinn sé af stærðargráðunni 1 milljarður kr.

Varðandi ráðstöfunina og það hvernig þessi niðurskurður kemur út, þá liggur það nokkuð í hlutarins eðli vegna þess hve margir útgjaldaliðir eru fastir að niðurskurðurinn bitnar fyrst og fremst á hinum almennu verkefnum í vegamálum þar sem reksturinn, viðhald og þjónusta, vetrarviðhald og annað slíkt, er tiltölulega föst stærð sem lítið er hægt að hrófla við og mörg stórverkefni eru þegar boðin út undir framkvæmdaflokknum stórverkefni í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu o.s.frv. Það verða hin almennu minni og miðlungsstóru verkefni sem fyrst og fremst taka á sig niðurskurðinn. Ég spái því að þingmenn einstakra kjördæma eigi eftir að sjá framan í býsna ljóta mynd þegar niðurskurðurinn er kominn til gjalda, þegar búið er að taka frá öll stóru verkefnin sem búið er að bjóða út og festa, þar á meðal af miklum móði núna síðustu vikurnar og eftir standa leifarnar í almennar framkvæmdir í vegagerð. Það eru þær framkvæmdir sem minni verktakar úti um landið hafa haft til þess að starfa við. Hér er því á ferðinni að mínu mati afar þungbær niðurskurður.

Þannig er t.d. framlagið til almennra verkefna og bundinna slitlaga lækkað samkvæmt tillögunni úr 957 millj. í 782 millj. og framlag til tengivega, sem eru mikilvægir hliðarvegir við aðalvegakerfið, er lækkað úr 336 millj. í 275 millj. og er það þó ekki merkileg upphæð til þess að standa undir öllum framkvæmdum á því mikla vegakerfi sem liggur út frá stofnbrautunum eða þjóðvegunum hringinn í kringum landið. Framlag til sýsluveganna gömlu, sem nú heita safnvegir, er enn skorið niður og þar eru á ferðinni að mínu mati hrein og klár svik, hreinar og klárar vanefndir ríkisvaldsins á loforðum sem sveitarfélögunum voru gefin þegar ríkið yfirtók þetta verkefni í tengslum við verkaskiptabreytinguna 1990. Þá var gert ráð fyrir og reiknað inn í þann pakka tiltekin upphæð til framkvæmda í sýsluvegum sem þá hétu svo og sveitarfélögin höfðu áður borgað. Hér halda áfram svik fyrri ríkisstjórnar og nú þessarar ríkisstjórnar á þeim loforðum og ég óttast að þær vanefndir nemi nú orðið mörg hundruð millj. kr. Það liggur fyrir þinginu, herra forseti, fyrirspurn frá ræðumanni um þetta efni og henni verður vonandi svarað innan skamms.

Þannig er staðan, herra forseti. Veislunni er lokið. Veislunni sem hæstv. samgrh. bauð til á síðasta kjörtímabili með lántökum og miklum lúðrablæstri og söng er lokið. Það er komi að skuldadögunum. Hér eru nú gjaldfærðar afborganir af þessum skuldum og stórfelldir fjármunir af mörkuðum tekjum vegamálanna renna í ríkissjóð. Og nú getur hæstv. ráðherra væntanlega farið að hvíla skærin eða gleraugun sem hann einhvern tíma notaði til að klippa á borða vestur á fjörðum og það verður sennilega minna um hátíðlegar veislur á næstu árum.

Auðvitað er þetta líka sérkennilegt vegna þess að hér er ekki síst verið að skera niður hið svonefnda framkvæmdaátak. Rökstuðningurinn fyrir því var vaxandi atvinnuleysi í landinu. Atvinnuleysið er ekki horfið. Þetta voru líka loforð til verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga. Er ríkisstjórnin komin með algert sjálfdæmi í því hvort hún efnir skuldbindingar og loforð sem gefin voru á sínum tíma í tengslum við kjarasamninga? Hér eru hrein og klár svik á ferðinni en auðvitað við þau loforð sem þá voru gefin.

Ég vil einnig nefna, herra forseti, að það er afar alvarlegt hvernig tekjustofnar Vegagerðarinnar eru í vaxandi mæli að renna í ríkissjóð. Það hefur engin ríkisstjórn komist með tærnar þar sem þessi hefur hælana og var þó sú sem sat á síðasta kjörtímabili slæm í því að til viðbótar öllum þeim sköttum og álögum sem lagðar eru á umferðina og renna beint í ríkissjóð er gengið inn á hina sérstöku tekjustofna Vegagerðarinnar og þeir eru teknir í ríkissjóð, reyndar með tvennum hætti. Annars vegar með því að kostnaði af rekstri ferja og flóabáta var velt yfir á Vegagerðina án þess að hún fengi það bætt í neinu og hins vegar eru fjármunir látnir renna beint inn í ríkissjóð. Og er það þá ekki þannig, herra forseti, að skattar af umferðinni sem renna til ríkisins séu ekki ærnir fyrir.

Ég hef um það upplýsingar frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda sem aflað er í gegnum gögn frá efnahagsskrifstofu fjmrn. hverjar þessar tekjur eru áætlaðar á árinu 1996. Það eru tekjur af bifreiðakaupum upp á 4,9 milljarða sem renna í ríkissjóð. Það eru tekjur af notkun bifreiða í landinu upp á 12,6 milljarða. Og það eru aðrir skattar, fyrst og fremst bifreiðagjöldin, upp á 1.826 millj. Þetta gefur skatta af bifreiðum alls upp á 19.370 millj., tæpa 19,4 milljarða sem umferðin og bifreiðarnar eru skattlagðar. Þar af renna til ríkissjóðs, ef sá virðisaukaskattur sem af vegamálum sem aftur gengur inn í ríkissjóð í VASK-uppgjörinu er dreginn frá, aðeins 6.193 millj. nettó eða rétt 32%, minna en þriðjungurinn af álögum á bifreiðar og umferð upp á 19,4 milljarða, renna til eiginlegra framkvæmda í vegamálum, nettó. Þó að við tökum bráttótöluna og sleppum virðisaukaskattsuppgjörinu, notum niðurstöðutölu vegáætlunarinnar hér, þ.e. 6.763 millj., þá eru það rétt tæp 35% af 19,4 milljörðum. Þetta hlutfall lækkar úr 40% á síðasta ári í 35% á þessu eða sambærilega prósentu ef notuð er lægri talan miðað við nettóvirðisaukaskattsuppgjör. Þetta er eitthvert óhagstæðasta hlutfall sem umferðin hefur búið við í langan tíma og er þó skattbyrðin líklega meiri en nokkru sinni fyrr.

Herra forseti. Þjóðin hefur heyrt hæstv. samgrh. í gamanþáttum endurtaka í sífellu orð um það að hann sé að fljúga á stolnum fjöðrum Framsóknar. Ég óttast að flugið fari að daprast hjá hæstv. ráðherra og í vændum sé mikil brotlending hvaðan sem fjaðrirnar eru ættaðar sem hingað til hafa haldið hæstv. ráðherra uppi. Hvort þær eru lánaðar eða stolnar, um það hirði ég ekki, en hitt er ljóst að það horfir illa með hið glæsta flug hæstv. ráðherra í samgöngumálunum nú um stundir.

[14:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einungis tvö atriði. Í fyrsta lagi er sá skilningur uppi milli fjmrn. og samgrn. sem ég gleymdi að taka fram áðan að þær 637 millj. sem gert er ráð fyrir að fari í ríkissjóð munu koma til greiðslu á skuldum þannig að hinar mörkuðu tekjur renna allar saman til vegamála og til þess að greiða af ferjunum og er ástæðulaust að vera að reyna að draga einhverja fjöður yfir það.

Í annan stað, sem var raunar mjög dæmigert fyrir málflutning hv. þm., þá talaði hann um að skerðingin á vegafénu mundi fyrst og fremst bitna á hinum almennu og miðlungsstóru verkefnum úti á landi, minni verktökum úti á landi tók hann sérstaklega fram og sá ástæðu til að biðla til þeirra. Þetta er þvert ofan í staðreyndir. Það er gert ráð fyrir því í þessu þskj. að almennur niðurskurður verði rúm 18% en niðurskurðurinn á framkvæmdaátakinu sem m.a. stendur undir stórframkvæmdunum í Reykjavík verði 36 eða 37% eða helmingi meiri. Samt sem áður kemur hv. þm. hér og er að reyna að halda hinu gagnstæða fram, auðvitað til þess að reyna að vekja ranghugmyndir um það sem hér er lagt fyrir og einskis annars.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. samgrh. hefði átt að skammast til þess áðan að flytja almennilega framsöguræðu fyrir tillögunni og reyna að skýra málin. Það er von að maður spyrji út í ýmislegt þegar engar upplýsingar eru veittar, hvorki í þskj. né ræðunni. Ég vil í fyrsta lagi spyrja út af þessu sem ég hafði heyrt hæstv. samgrh. segja áður: Hvar liggur þetta fyrir skriflega þannig að þingið geti treyst því, þetta sem hann kallar skilning milli samgrn. og fjmrn.? Er hæstv. fjmrh. tilbúinn til að leggja á borðið undirritað samkomulag um það að öll skerðingin á mörkuðum tekjum í ríkissjóð bæði á fyrri árum og nú komi til frádráttar þeirri skuld sem stofnað var til með lántökum á síðasta kjörtímabili?

Hæstv. samgrh. reynir að bjarga sér út úr vandanum þegar að honum er sótt trekk í trekk með þessu orðalagi. Ég óska eftir því að þetta mál verði upplýst. Ég treysti illa hæstv. fjmrh. í þessum efnum, ekki vegna þess að hann sé óheið-

arlegur eða tvöfaldur í roðinu, heldur vegna þess að ég veit að hann hefur ítrekað reynt að halda hinu gagnstæða fram. Í öðru lagi fullyrði ég að niðurskurðurinn mun bitna mjög þungt á almennum miðlungsstórum og smáum verkum — vegna hvers? Vegna þess að til viðbótar niðurskurðinum sem slíkum hefur verið boðið óvenjumikið út af stórum verkefnum nú á síðustu mánuðum. Vegagerðin hefur verið á fullu við að bjóða út verk sem ýmist eru undir liðnum stórverkefni eins og Gilsfjörður eða á höfuðborgarsvæðinu eins og Ártúnsbrekka. Það eru Mývatnsöræfi og það eru mörg fleiri stór verkefni, bæði innan almennu vegáætlunarinnar og þau sem falla undir stórverkefni eða framkvæmdaátak. Það er þar af leiðandi einfaldlega svo lítið eftir sem ekki er búið að ráðstafa að almennu verkin og miðlungsstóru verkin hljóta að þurfa að taka þann niðurskurð á sig í ríkum mæli. Ég veit að þetta á eftir að koma í ljós. Hæstv. ráðherra getur mín vegna reynt að halda öðru fram, en staðreyndirnar munu að lokum tala sínu máli.

[14:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók einmitt fram í minni frumræðu að það væri helmingi meiri niðurskurður á framkvæmdaátakinu heldur en á hinni almennu vegagerð. Það var sérstaklega tekið fram og ég rakti það að sú aðferð bitnaði sérstaklega á Norðurl. e. og Stór-Reykjavíkursvæðinu. Mér finnst dálítið undarlegt af hv. þm. að láta eins og hann hafi verið fjarverandi rétt á meðan framsöguræðan var flutt og getur ekki afsakað ranghugmyndir sínar eða skrök með því að ekki hafi verið gerð grein fyrir því í frumræðu.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsögðuræðan var ekki lengri en svo að ef maður hefði geispað óvart á meðan hún var flutt, þá hefði maður misst af henni. Í henni voru bókstaflega engar upplýsingar. Engar. Ég hef aldrei heyrt ráðherra flytja framsögu fyrir meiri háttar framkvæmdaáætlun sem hefur verið jafnsnautleg og þessi. Ræðuhöld hæstv. ráðherra nú um að niðurskurðurinn bitni sérstaklega illa á Reykjavík og Norðurl. e. vegna þess að hann sé að talsverðu leyti af framkvæmdaátakinu, hvað segir það, hæstv. ráðherra? Það segir auðvitað að þessi kjördæmi fengu óvenjulega mikið á meðan framkvæmdaátakið var. Það var aðferð í og með til þess að breyta skiptaprósentunni að nota höfðatölureglu, sem er heimskulegur mælikvaði fyrir samgöngukerfið, vegna þess að stærð kjördæmanna, lengd vegakerfisins, ástand vegakerfisins og ýmsir aðrir þættir eiga að koma þar inn í myndina. Auðvitað tekur umferðarþunginn í einhverjum mæli mið af fólksfjölda, enda er hann mældur og kemur inn í þær viðmiðanir sem notaðar hafa verið. Þetta segi ég ósköp einfaldlega út frá efni málsins og hæstv. ráðherra er þá í raun að segja að þetta bitni á þessum kjördæmum vegna þess að þeim hafi verið hyglað sérstaklega umfram skiptaprósentuna eins og hún var í gegnum þessa aðferð.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra hafði enga tilburði uppi til að svara hinni spurningunni, þeirri fyrri. Hvar liggur það fyrir skriflegt? Getur hæstv. ráðherra reitt það fram fyrir þingið að fjmrh. sé búinn að samþykkja að þetta verði svona? Er til skriflegt samkomulag um þetta? Mér nægir ekki, með fullri virðingu fyrir þessum hæstv. ráðherrum, — hæstv. ráðherrum, á ég að segja, er það ekki, herra forseti, það er ekkert undanfæri með það. Mér nægir ekki að það sé sagt hér að að liggi fyrir skilningur. Það er enginn frágangur á stóru, mikilvægu hagsmunamáli af þessu tagi. Ég vil fá um þetta skýrari svör.

[14:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í beinu framhaldi af orðræðum hæstv. samgrh. og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, fyrrv. samgrh., um hvað sagt var og ekki sagt í annars hógværri og stuttri ræðu hæstv. ráðherra, þá held ég að það sé ástæða til þess að taka það fram að vissulega nefndi hæstv. ráðherra það að skera ætti niður helmingi meira þegar kæmi að framkvæmdaátaki. Honum láðist hins vegar fullkomlega að færa rök fyrir þeirri ákvörðun og ég hlýt eðlilega að kalla eftir þeim. Mín skoðun er nefnilega að sú stefnumörkun hafi verið skynsamleg, sem mótuð var einkum og sér í lagi í tíð fyrri ríkisstjórnar um að ráðast í stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir með þeim hætti sem þá var ákveðið, með því að laða að nýtt fjármagn sem loksins gæfi möguleika á því að ráðast í stór og brýn verkefni með fjármagn að baki þannig að hægt væri að ljúka þeim á tiltölulega skömmum tíma. Hér er verið að víkja frá þessari annars skynsamlegu stefnu og smáskammtalækningar skulu upp teknar á nýjan leik. Því spyr ég beint út: Hvaða rök liggja að baki því að fjármagn til framkvæmdaátaks skuli skorið niður um 37% eða þar um bil en almenni niðurskurðurinn, hinn flati á flestalla aðra liði skuli vera í kringum 18%? Ég er þessu ósammála og vil heyra gild rök fyrir tillöguflutningi af þessum toga.

Ég er líka þeirrar skoðunar að þegar fyrir liggur að tiltölulega nýsamþykkt vegáætlun eða ársgömul skuli brotin mélinu smærra, þá sé ekki hjá því komist að horfa lengra fram í tímann en út þetta ár og að menn hljóti að kalla eftir skýrum svörum forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar, ekki eingöngu hæstv. samgrh. sem ég hygg að hafi orðið að lúta í lægra haldi við fjárlagagerð sl. árs, heldur og oddvita ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum er þetta ný stefna í vegamálum, þessi samdráttar- og niðurskurðarstefna sem þar ræður nú ríkjum sem við megum vænta að muni halda áfram út þetta kjörtímabil varðandi þetta sem Framsfl. bar með sér inn í þetta ríkisstjórnarsamstarf eða hvað er annars á seyði? Er um tímabundið vandræðaástand að ræða? Þetta verðum við að vita því að eðlilega getur þingið ekki rætt þessi mál svo með nokkru viti sé án þess að sjá lengra fram í tímann en út þetta ár. Ekki síst í ljósi þess, virðulegi forseti, að þær tölur sem er að finna í þessari till. til þál. segja í rauninni ekki nema hálfa sögu.

Í samgn. þingsins var lauslega fjallað um þessa till. til þál. á dögunum án þess þó að hún væri formlega þar fyrir nefndinni, og tel ég að það hafi verið skynsamleg vinnubrögð. Ég bað þá um upplýsingar frá Vegagerðinni um það hvaða skuldir og skuldbindingar væri við að etja á yfirstandandi ári sem mætti orða þannig: Hvað í raun er til ráðstöfunar þegar allt kemur til alls því að þær tölur sem er að finna á bls. 4 í kafla 2 um skiptingu útgjalda segja ekki nema hálfa sögu. Þar er eingöngu að sjá heildartölur, en ekki að neinu getið um þær skuldbindingar sem þegar liggja fyrir. Ég fékk þetta í hendur núna skömmu fyrir þessa umræðu og var að reyna að glöggva mig á þessu og reikna þetta í huganum og mér sýnist í fljótu bragði, virðulegi forseti, að til að mynda á höfuðborgarsvæðinu þar sem 431 millj. er varið til stofnframkvæmda, þá séu rúmlega 300 millj. kr. bundnar til þess að greiða skuldir vegna þegar afstaðinna framkvæmda. Þar vegur langþyngst skuldbinding sem á sér sögu frá 1989

eða 1990, ef ég man rétt, frá því að núv. hæstv. forsrh. gegndi störfum borgarstjóra og þar er afborgunin 193 millj. kr. Fleiri tölur má nefna undir þessum lið, 68 millj. vegna gatnamóta við Ásbraut þannig að þegar allt kemur til alls, þá er býsna lítið til skipta og hið heföbundna verklag og þau heföbundnu vinnubrögð sem hér hafa átt sér stað í þinginu, að þingmannahópar komu saman og reyni að ráðstafa þeim fjármunum sem til staðar eru í samráði við Vegagerð og ráðuneyti, fara fyrir lítið að þessu sinni því að það er ekkert til skiptanna. Það er nákvæmlega ekkert til skiptanna. Þær orðræður sem hér áttu sér stað milli hæstv. ráðherra og fyrrv. ráðherra um það hvað tölurnar segðu í raun og sanni voru merkilegar fyrir sínar sakir, en það eru fleiri feluleikir sem í gangi eru og þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa það að þessar tölur í tillögunni sjálfri segja ekki nema hálfa sögu.

Samkvæmt þessari skrá Vegagerðarinnar virðast það vera 24 verkefni sem eru skuldbindandi á yfirstandandi ári til stofnvegahluta vegáætlunar 1996. Þar af er 18 þeirra lokið og ekki um annað að ræða en borga þær skuldir sem fyrirliggjandi eru þannig að það þrengist hagur strympu svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Ég held líka, virðulegi forseti, að hjá því verði ekki komist á þessum tímapunkti þegar menn ræða annars vegar stefnumörkun í vegamálum á grundvelli skynsamlegrar stefnu um að verja stærri hluta til stórverkefna og hugsanlegrar framkvæmdaáætlunar, þá með nýjum peningum, að menn skoði það og ræði hispurslaust hvort sú skiptiregla sem hér hefur ráðið ríkjum um nokkurt skeið sem byggir á líkingunni, þríliðunni kostnaður/ástand/arðsemi, hvort hún sé ekki með þeim hætti við þessar aðstæður að menn hljóti að fara ofan í þá sauma og skoða upp á nýtt. Ég tel, ekki síst í ljósi þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir um harkalegan niðurskurð á framlagi á þessu svæði, á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu, og raunar á sunnanverðu Reykjanesi, að ekki verði hjá því komist að menn fari ofan í þessa skiptingu, þ.e. kostnað/ástand/arðsemi, og gaumgæfi það hvort hún sé skynsamleg miðað við þær aðstæður sem nú eru. Ég dreg það mjög í efa og mun þess vegna sem fulltrúi míns flokks í samgn. ræða þau mál og velta upp ýmsum kostum í því sambandi. Því að þótt fyrri hv. ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, hafi gert það að umtalsefni að vissulega þyrftu menn að skoða þessi mál með hliðsjón af stærð kjördæma, þá þurfa menn líka að velta fyrir sér hversu vigtin varðandi arðsemina og umferðarþungann eigi að vera í hlutfalli þar við. Þar er ekkert rétt og satt, en við höfum búið við þessa formúlu nú um nokkurra ára skeið og ég held að það sé tími til þess kominn, ekki síst þegar þrengist hagur og fjármagn minnkar, að við endurmetum hana og ég mun beita mér fyrir því.

Virðulegi forseti. Þegar þessi mál eru rædd er það meginatriði að við erum nú að ræða þau á grundvelli ákvarðana sem þegar hafa verið teknar að þessum hluta, nefnilega þeirra ákvarðana sem ríkisstjórnarmeirihlutinn tók við fjárlagagerðina í desember sl. Ég endurtek að þar var valtað yfir hæstv. ráðherra og hann skilinn eftir með sárt ennið og ríkisstjórnin markaði sér nýja stefnu í vegamálum, bæði á höfuðborgarsvæðinu, hér í þéttbýlinu og ekki síður er það merkilegt að með tilkomu Framsfl. í ríkisstjórn, sem á sitt mesta fylgi úti um landið, þá skuli þeir sýna sitt rétta andlit í enn einu málinu með þessum hætti. Það hefur vissulega margt merkilegt gerst á tiltölulega skömmum tíma, virðulegi forseti, níu mánuðum eða svo, og margir sýnt nýtt andlit, hugsanlega í einhverjum tilvikum sitt rétta. En þetta allt munum við auðvitað ræða miklum mun betur, virðulegi forseti, og ég mun ekki láta mitt eftir liggja í því sambandi.

Það verður ekki hjá því komist við þessa umræðu að nefna það að þær tölulegu niðurstöður sem við okkur blasa gera það að verkum að við Reyknesingar til að mynda horfum til þess að lítið muni nú þokast í því stóra og mikilvæga verkefni sem endurbætur á Keflavíkurvegi eru. Ég veit að áhugi hæstv. ráðherra liggur ekki á því svæðinu, mig rekur minni til þess núna að á þessu hausti átti hann orðræður einmitt við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um þau mál og þar hitti skrattinn ömmu sína og þau náðu langt í frá saman í þeim efnum. Það er mál sem við hljótum líka að ræða mun nánar enda þótt ég geri mér ljóst að hinar peningalegu stærðir geti varla gefið manni miklar vonir um það að úr því bryna máli og fleiri ámóta rætist á yfirstandandi ári.

[14:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. sagði að hér hefði orðið stefnubreyting í vegamálum og væru teknar upp smáskammtalækningar á ný eins og hann orðaði það. Ég viðurkenni að það er stefnubreyting þarna. Það er gengið á framkvæmdaátakið. Ég var ekkert hrifinn af þeirri skiptingu á sínum tíma og harma það ekki þó að þar sé breytt um. Hins vegar er almennur niðurskurður til vegagerðar til þess að ná markmiðum í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum um að reka ríkissjóð án halla.

En ég verð að segja það að mér finnst til nokkurs mikils ætlast frá þjóðhagslegu sjónarmiði ef hv. þingmenn á höfuðborgarsvæðinu ætlast til þess að það sé fullur dampur á vegagerð ofan í allar þær stórframkvæmdir sem hér eru fyrirhugaðar og ofan í þær miklu framkvæmdir sem þingið var að gefa grænt ljós á fyrir jól með litlum fyrirvara og allir stóðu að í rauninni, um jarðgöng undir Hvalfjörð. Ég tel að við þessar aðstæður sé rétt að draga aðeins úr í framkvæmdaátakinu þó ég sé með því ekki að mæla gegn vegaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu eða gera lítið úr þeirri þörf.

[14:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við þessa ræðu hv. þm. að bæta. Hún er nánast orðrétt sú sem hann hélt í desembermánuði sl., ef út eru tekin vegamál og inn eru sett heilbrigðismál. Hann hefur ákveðna fasta ræðu sem hann flytur þegar hann reynir að verja svikin loforð Framsfl. hvort heldur er á vettvangi velferðarmála eða vegamála. Þar er sama ræðan notuð og út af fyrir sig undrar engan. En ég segi það eitt, virðulegur forseti, fullur dampur eða fullur dampur ekki, það má eitthvað á milli vera því að hér eru menn ekki að ræða um neina smápeninga þegar kemur að niðurskurði þessa málaflokks, nálægt 1 milljarði kr. og eins og ég gat um í fyrri ræðu minni eru stórar fjárupphæðir bundnar í framkvæmdum sem þegar eru afstaðnar og munu því ekki koma til nýframkvæmda á yfirstandandi ári. Þar gildir það sama um höfuðborgarsvæðið og dreifbýlið. Ég er viss um það, virðulegi forseti, að eitthvað hefur tónninn verið annar í hv. þm. Jóni Kristjánssyni frá Austurlandi á vordögum í apríl heima í héraði en aftur núna. Það er heldur betur alveg ljóst, virðulegi forseti.

[14:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má rétt vera að ég hafi líka haldið ræðu í desember. Hins vegar er nauðsynlegt að halda sömu

ræðurnar aftur og aftur ef hv. þingmenn skilja þær ekki og ég mun halda áfram að gera það. (Gripið fram í.) Nei. Þær eru skiljanlegar. Ég er harður á því. Hins vegar varðandi ríkisfjármál, þá kom það fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að það vantar 13 milljarða upp á að tekjur af umferð og bílainnflutningi fari til vegamála. Þetta eru háar tölur. En ef allar þessar tekjur eiga að fara til vegamála, þá verður að sjálfsögðu að benda á hvar á að taka þessa peninga úr ríkisfjármáladæminu.

[14:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, spurði hvernig á því stæði að svo mikið væri skorið niður af framkvæmdaátaki sem raun ber vitni eða um 36–37%. Skýringin er sú sem ég sagði í frumræðu minni að það er ekki gert ráð fyrir því að taka á þessu ári lán til framkvæmdaátaksins eins og áður hafði verð gert, heldur að tekjurnar rynnu til framkvæmda jafnóðum og þær féllu til. Þetta er skýringin á því.

Það eru um 1.672 millj. kr. sem bókað er að Vegagerðin skuldi ríkissjóði og eins og ég sagði er gert ráð fyrir því að þau framlög sem renna nú í ríkissjóð fram yfir það sem áður var muni renna til greiðslu á þessum fjármunum. Finnst mér sjálfsagt vegna ummæla hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér áður að það mál verði tekið fyrir í samgn. og ekki nema augljóst að það er bæði rétt og sjálfsagt að það verði gert.

Um hina sérstöku skuld til Reykjavíkur, 193 millj. kr. á ári, þá er gert ráð fyrir því að hún greiðist upp á árinu 1998, en það fé er tekið af óskiptu þannig að það er ekki tekið af fé höfuðborgarsvæðisins. Á hinn bóginn hefur höfuðborgarsvæðið ekki í annan tíma fengið hlutfallslega meira til gatnagerðar eða vegagerðar á þessu svæði en eftir að ég varð samgrh.

[14:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hæstv. ráðherra eigi að njóta sannmælis og samkvæmt þeirri töflu sem við þingmenn fengum rétt fyrir þessa umræðu, þá kemur það vissulega fram að í auknum mæli hefur verið veitt fé til brýnna og mikilvægra verkefna á höfuðborgarsvæðinu og hafi hæstv. ráðherra í síðustu ríkisstjórn þakkir fyrir. En nú bregður svo við að þeirri sókn er ekki haldið áfram.

Hæstv. ráðherra gerði tilraunir til þess að skýra út þann talnagrunn sem að baki þessari þáltill. liggur og ég hlýt að hlusta og taka mark á. Það er hins vegar augljóst af hans svörum að það er margt óútskýrt og ýmis talnagrunnur að baki þeim tölum sem hér er að finna sem menn þurfa að gaumgæfa miklu mun betur til þess að það liggi ljóst fyrir hvaða fjármunir það eru í raun sem menn hafa til ráðstöfunar til vegamála á árinu 1996 og hvaða fjármuni þeir hafa ekki. Það er alls ekki ljóst og þarf miklu greinarbetra yfirlit þar um en nú þegar liggur fyrir.

[14:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áður munu fulltrúar Vegagerðar fara yfir vegáætlun með þingmönnum einstakra kjördæma. Þar verður farið yfir það hvernig sakir standa varðandi hverja framkvæmd. Sums staðar hafa verk unnist betur en annars staðar. Sums staðar hafa menn flýtt verkum þar sem það hefur verið talið hagkvæmt eins og gengur og allar þessar upplýsingar liggja fyrir og er unnið samkvæmt venju að þeim málum nú.

[14:37]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki meiningin að fara efnislega yfir ræðu hv. þm. Guðmundar Árna hér, en það var eitt sem fram kom í máli hv. þm. sem er alrangt og mér þykir ástæða til þess að halda til haga og segja sannleikann í því. Hv. þm. sagði að fylgi Framsfl. væri aðallega úti á landsbyggðinni. Það er alrangt og algjör della. Fylgið er nánast eins á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni og það ættu hv. þm. að þekkja að í atkvæðum er þetta nánast jafnt. Það er hins vegar þannig að vegna kosningalöggjafarinnar eru einungis fjórir þingmenn Framsfl. af höfuðborgarsvæðinu en 11 af landsbyggðinni og ég hef einmitt látið kosningalöggjöfina mikið til mín taka á þessu þingi af því að mér þykir hún mjög óréttlát. Hv. þm. ætti að þekkja þetta mál mjög vel af því að hv. þm. er í kjördæmi mínu, í Reykjanesi en þar fengum við 8.809 atkvæði í síðustu kosningum sem er besti árangur Framsfl. í þessum kosningum. Næst kom Norðurl. v. (**SJS:** Eru ekki vegamál á dagskrá?) Mér þykir rétt að halda þessu til haga af því að mér finnst það mjög alvarlegt ef hv. þm. fara með ósannindi. Hið rétta er að Framsfl. er með jafnt fylgi á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

[14:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að Framsfl. hefur allt of mörg atkvæði í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík og því breytum við náttúrlega í næstu kosningum, það liggur í augum uppi. En hitt getur ekki verið mitt vandamál að Framsfl., eins og hv. þm. sagði raunar sjálf, skilar inn á þing allt of mörgum, eru það ekki 16 í allt, 12 dreifbýlisþingmönnum og 4 þéttbýlisþingmönnum og málflutningur og stefna flokksins auðvitað ber þess glöggt vitni.

Það er auðvitað mitt vandamál og okkar hinna sem hér erum á þingi og raunar þjóðarinnar allrar, en staðreyndin er sú að hlutfallslega — og ég vísaði til þess — er Framsfl., t.d. í kjördæmi hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem ætlar að svíkja kosningaloforðin frá í apríl í vegamálum og heilbrigðismálum, að skila inn 40–50% atkvæða. Það er náttúrlega hinn alvarlegi þáttur málsins og mun alvarlegri í ljósi þess að þannig hafa Austfirðingar þurft að búa við þetta árum og áratugum saman en sem betur fer er það þannig í Reykjaneskjördæmi að menn geta lagfært þetta slys bara eftir fjögur ár og það verður auðvitað gert.

[14:40]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afar merkileg ræða sem hv. þm. flutti, að segja að úrslit síðustu kosninga væru slys. Hv. þm. tók þátt í kosningabaráttunni eins og aðrir og ef hv. þm. kallar það slys að Framsfl. fékk þar 8.809 atkvæði, þá er hv. þm. að gefa kjósendum langt nef og það er þá rétt að kjósendur viti það.

[14:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum vissulega ekki að ræða hér vegamál en þó þannig að einmitt á þessum vettvangi, og það kalla ég slys, þegar hv. kjósendur í Reykjaneskjördæmi og raunar víðar um landið trúðu loforðum frambjóðenda Framsfl. eins og í vegamálum, eins og í margföldun Keflavíkurvegar, eins og í kjördæmamálum, eins og í sjávarútvegsmálum gagnvart smábátakörlunum, eins og í heilbrigðismálum. Ég gæti farið yfir sviðið og það kalla ég slys þegar

pólitíkusar komast upp með það að ljúga sig inn á þing. Fyrirgefðu orðbragðið, virðulegi forseti.

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þingmenn að gæta orða sinna.)

[14:42]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú var nú tíðin að vegáætlun var nánast heilagt plagg og öldungis fáheyrt að menn léðu máls á niðurskurði til vegamála. Mig rámar í það minnsta í hörð viðbrögð margra þegar ég leyfði mér að benda á þennan málaflokk sem aflögufæran þegar verið var að fást við lítils háttar halla á ríkissjóði fyrir rúmum áratug. Það virtist þá ganga guðlasti næst. Nú er hins vegar svo komið að milljörðunum er sveiflað til og frá í þessum málaflokki eins og öðrum. Það er klipið af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar og halað inn í ríkissjóð til annarra nota og framkvæmdaátak svokallað fær ekki að standa óáreitt út árið. Sjálfsagt láta þingmenn þetta frekar yfir sig ganga nú en fyrir áratug eða meira þegar ástand vega var ólíkt verra en er þó orðið núna. En vissulega er margt ógert enn þá eins og við erum öðru hverju minnt á í þingsölum þegar deilt er um brýr, göng og vegi hér og þar. Það er því engin spurning að það munar um minna en þær breytingar sem hér eru lagðar til á ársgamalli vegáætlun.

Þær breytingar sem áætlaðar eru á mörkuðum tekjum í ljósi reynslu af innheimtu og skilum eru eðlilegar, en um aðrar breytingar mætti endalaust deila, einkum þá tölu sem sýnir ásælni ríkissjóðs eftir stærri og stærri bita af mörkuðum tekjum. Í rauninni má það teljast stórmerkilegt að svo fámenn þjóð sem við Íslendingar erum og í svo stóru landi og erfiðu yfirferðar skuli þó hafa tekist að gera vegakerfið þannig úr garði sem við nú þekkjum. En það hefur kostað okkur mikið fé og það á eftir að kosta okkur mikið fé að bæta það enn frekar og halda því við. Það eru notendur þessa vegakerfis eða öllu heldur bílaeigendur sem hafa staðið undir þessum framkvæmdum með sköttum á eldsneyti og öðru sem tilheyrir. Þeir greiða margfaldar álögur á bensíndropann og þeir greiða þungaskatt og bifreiðagjöld og alls konar gjöld langt umfram þær upphæðir sem síðan eru nýttar til vegamála. Bílaeigendur hafa reyndar oft stunið undan þessum álögum en huggað sig við að þeir nytu góðs af þeim aðgerðum sem þær rynnu til. Vaxandi kurr í þeirra röðum er svo sannarlega skiljanlegur með tilliti til sívaxandi ásælni ríkissjóðs í þessa tekjustofna til annarra þarfa.

Vissulega ber þó að líta til þess að notkun bifreiða og annarra farartækja hefur margvíslegan annan kostnað í för með sér fyrir samfélagið heldur en bara gerð og viðhald vega, brúa og jarðganga. Sá kostnaður felst m.a. í heilbrigðisþjónustu af ýmsu tagi því umferðin kostar samfélagið svo sannarlega háar upphæðir vegna slysa og óhappa sem erfitt er að meta nákvæmlega til fjár. Ef menn væru sammála um þá skoðun að umferðin ætti að standa undir sjálfri sér í einu og öllu, þar með töldum öllum afleiddum kostnaði, þá er út af fyrir sig ekki fráleitt að ætla að þeir 17–18 milljarðar sem plokkaðir eru af bíleigendum með ýmsu móti séu réttlætanlegir þegar allt kemur til alls, en sennilega er málið ekki svona einfalt.

Þegar að útgjaldaþættinum kemur í þessari tillögu þá hlýtur maður að velta fyrir sér og hafa áhyggjur af hvað verði undan að láta þegar um svo mikinn niðurskurð er að ræða. Tölurnar á blaðinu segja manni það eitt að heildartalan minnkar um rúmar 900 millj. kr. og flestir liðir fá að kenna á því miðað við gildandi vegáætlun. Niðurstaðan verður sjálfsagt svipuð og í heilbrigðisgeiranum sem verið hefur mest til umræðu þessar vikur og mánuði. Það verður reynt að auka hagræðingu og nýta fé sem hagkvæmastan hátt eins og reynt hefur verið á undanförnum árum með reyndar ágætum árangri, þ.e. með þeim árangri að tekist hefur furðuvel að ég tel að halda langtímaáætlun. Það hefur t.d. verið gert með því að slá af kröfum og áætlunum um t.d. breidd bundins slitlags og fleira þess háttar. Það verður hins vegar að segjast eins og er að þar með hefur að mínum dómi um leið verið slegið af öryggisþættinum sem er vissulega hið versta mál. Því að mjórri vegir eða mjórra bundið slitlag býður heim hættu þegar bílar eru að taka fram úr eða mætast á vegum úti á landsbyggðinni. Auk þessa munu biðlistar lengjast rétt eins og aðgerðalistar sjúkrahúsanna. Framkvæmdir munu færast aftur eða kannski öllu heldur fram í tímann um mánuði eða jafnvel ár. Það verður erfitt að takast á við þessa stöðu í þingmannahópunum. Ég þekki það a.m.k. úr mínu kjördæmi þar sem brýn og stór verkefni bíða í hrönnum. Umferðin eykst ár frá ári og kallar á dýrar lausnir, breikkun vega, sérhönnuð vegamót, göngubrýr og undirgöng, lýsingu og önnur öryggisatriði, auk þess sem brýnt er að huga að hjólreiðabrautum og reiðvegum. Það er hins vegar um þetta síðasttalda að segja að hjólreiðabrautir falla ekki undir verkefnasvið Vegagerðarinnar. Hér liggur að vísu fyrir Alþingi frv. sem er til umfjöllunar í nefnd um að hjólreiðabrautir verði felldar undir verkefnasvið Vegagerðarinnar. Fyrsti flutningsmaður er hv. þm. Svavar Gestsson og ég hef þegar lýst yfir stuðningi við það frv. En það hefur ekki verið afgreitt og ekki að vita hvernig fer um það. Til reiðvega eru áætlaðar 10 millj. kr. og segir sig nú sjálft að ekki verður mikið gert fyrir þá upphæð. Þetta verður gríðarlega erfitt dæmi. Sem dæmi má nefna að sjáanlega færist vegurinn milli Grindavíkur og Þorlákshafnar, sem við þingmenn Reykn. höfum flestir ef ekki allir mikinn áhuga á, inn í blámóðu framtíðarinnar.

Áætlanir voru uppi um framkvæmdir fyrir um það bil 1 milljarð kr. á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. En eins og kemur fram í athugasemdum við þáltill. er nú gerð tillaga um 431 millj. kr. framlag til höfuðborgarsvæðisins og þar af fara 193 millj. kr. til greiðslu skuldar við Reykjavíkurborg. Þannig að eftir standa aðeins 238 millj. kr. til allra þeirra mörgu og dýru framkvæmda sem eru á biðlistanum á þessu svæði. Það er vægast sagt ótrúleg staða. Það er því ekki að ófyrirsynju sem forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu komu saman í desember og ályktuðu þess efnis að það stefni í óefni í þessum málum þegar svona er staðið að verki. Þeir minna á að mörg aðkallandi verkefni hafa setið á hakanum á höfuðborgarsvæðinu um árabil. Fyrirhugaður niðurskurður á nauðsynlegu framkvæmdaátaki er áætlaður um þriðjung aðeins ári eftir að um átakið var samið og það mun leiða til röskunar á framkvæmdaáætlunum og valda drætti á brýnum úrbótum. Enn fremur muni slíkur niðurskurður grafa undan þeirri víðtæku samstöðu sem náðist um forgangsröðun framkvæmda við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og ég tek undir þær áhyggjur. Sú samstaða sem þarna er vitnað til var merkur áfangi og fagnaðarefni sem menn bundu vonir við en sú samstaða leiðir ekki til þess sem menn ætluðu ef svona er staðið að verki. Þeir minna á þetta framkvæmdaátak en samkvæmt því var gert ráð fyrir að 578 millj. kr. yrði varið til þessa verkefnis á höfuðborgarsvæðinu árið 1996 en það er áætlað nú í heild sinni aðeins 650 millj. kr.

Því má heldur ekki gleyma að ríkið hefur skorið niður framlög til annarra framkvæmda á þess vegum sem eykur

enn á þrýstinginn í þessum geira og úti um landið, þ.e. utan suðvesturhornsins, er um það talað að þar sem framkvæmdir vegna stækkunar álvers og fleiri þátta séu ýmist hafnar eða í uppsiglingu þá sé sanngjarnt að láta byggðir utan höfuðborgarsvæðisins síður gjalda niðurskurðar í vegaframkvæmdum. Þetta sjónarmið heyrðist m.a. hjá hv. formanni fjárln. hér áðan og kom ekki á óvart. En þetta stangast svo aftur á við vaxandi þörf á suðvesturhorninu einmitt vegna þessara framkvæmda svo og að sjálfsögðu vegna þess að umferðaraukningin er almennt mest á þessu svæði. Þannig er þetta dæmi allt hið erfiðasta viðureignar.

Það er svo aftur allt önnur saga að sú var tíðin að þingmenn Reykjavíkur létu sig þessi mál litlu varða og höfðu engan áhuga á að hafa áhrif á skiptingu vegafjár eða tryggja framlög úr ríkissjóði til framkvæmda við innkomuleiðir í borgina og aðalsamgönguleiðir hennar. Það voru þingmenn Reykn. sem tóku það hlutskipti á sínar herðar. Og það var ekki fyrr en fyrir u.þ.b. sex árum að farið var að leita leiða til að réta hlut Reykjavíkur sem er náttúrlega ekkert einkamál borgarinnar heldur allra landsmanna sem eiga hana að höfuðborg. Niðurstaðan varð sú þegar farið var að skoða þessi mál að svo mjög hefði hallað á Reykjavík árum saman að samningur var gerður um sérstakar greiðslur ríkisins til borgarinnar til að greiða fyrir ýmsar framkvæmdir sem borgin hefur lagt út fyrir en eiga að greiðast úr sameiginlegum sjóðum. Þessum greiðslum er dreift á nokkur ár og þar eru komnar þessar 193 millj. sem teljast skuldagreiðslur til Reykjavíkurborgar í ár. Sömu upphæðir eiga að koma til greiðslu a.m.k. árið 1997 og 1998. Þetta er samkvæmt samningi sem þáv. borgarstjóri, Davíð Oddsson, og þáv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, undirrituðu árið 1991. En ég treysti mér alveg til að fullyrða að þeir hafi ekki ætlast til að þessar greiðslur yrðu til þess að rýra almennt framkvæmdafé í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu eins og nú blasir við.

Herra forseti. Ég vænti þess að við eigum eftir að fá upplýsingar um ýmsa þá þætti sem felast á bak við þær tölur sem hér standa á blaði. En það verður ekki auðvelt að vinna úr þessum aðstæðum. Fyrir mér er sú spurning talsvert áleitin hvort hér sé ekki vegið að öryggisþáttum í samgöngumálum þegar enginn vegur er að mæta þörfum og kröfum vegna sívaxandi umferðar af öllu tagi.

[14:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að leiðrétta misskilning sem fram kom hjá hv. þm. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hv. þm. fær það fram að einungis 238 millj. kr. eigi að renna til höfuðborgarsvæðisins á þessu ári. Það eru rúmar 615 millj. kr. samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Það er einnig misskilningur hjá hv. þm. að þær 193 millj. kr. sem fara til skuldagreiðslu til Reykjavíkurborgar bitni sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki rétt, þessar greiðslur koma af óskiptu vegafé og þess vegna er hér um misskilning að ræða. Auðvitað verður að standa við þann lánssamning eins og aðra slíka samninga. Hann hefur því ekki verið skorinn niður. Á hinn bóginn sést í þeirri töflu sem hér hefur verið útbýtt um hversu mikið fé rennur til einstakra kjördæma að þessum 193 millj. kr. hefur verið bætt við það fjármagn sem rennur til höfuðborgarsvæðisins sem er auðvitað rétt í þeim skilningi að þær framkvæmdir sem ætlast er til að þessir fjármunir standi undir voru hér unnir á sínum tíma en það væri kannski rétt að setja þetta upp með öðrum hætti til að ekki valdi misskilningi.

Ég vil enn fremur leggja á það áherslu að á undanförnum árum og eins nú hefur óvenjumikið fé runnið til vegamála þannig að ástandið er miklu, miklu betra heldur en horfur voru á t.d. fyrir fimm árum þegar síðasta ríkisstjórn var mynduð. Ég hygg að við getum alveg fullyrt að það hefur verið horft til vanda þéttbýlisins, umferðarinnar hér og hættunnar sem af of mikilli og hraðri umferð stafar með öðrum hætti en áður. Við höfum viljað koma til móts við höfuðborgarbúa að þessu leyti.

[14:59]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra áttaði sig ekki á þeim tölum sem ég fór með hérna. Á bls. 4 í þáltill. þar sem fjallað er um skiptingu útgjalda og bornar saman gildandi vegáætlun og tillaga í janúar 1996, stendur að höfuðborgarsvæðið fái 431 millj. kr., lækkun úr 484 millj. kr. Af þessari tölu, 431 millj., verður 193 millj. kr. varið til greiðslu skuldar við Reykjavíkurborg þannig að eftir standa þessar 238 millj. kr. Auk þess er vitaskuld framkvæmdaátakið en áætlað hafði verið að til þess yrði varið 1 milljarði og 32 millj. en það fer niður í 650 millj. kr.

[15:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er laukrétt hjá hv. þm. Ég kaus hins vegar að vekja athygli á þessu að þar sem þingmaðurinn tók framkvæmdaátakið inn þegar hún talaði um árið 1995 og því var eðlilegt í samanburði að gera það í báðum tilvikum. Framkvæmdaátakið var einmitt ákveðið með þeim hætti að miða skyldi við höfðatölu til þess að rétta hlut höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna kemur vitaskuld algjörlega röng niðurstaða ef menn sleppa því í samanburðinum um það hvernig höfuðborgarsvæðið í heild sinni kemur út gagnvart öðrum kjördæmum eða byggðarlögum.

[15:01]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú kannski hálfgerður talnaleikur og ég ekki fullkomlega fim í þeim talnaleik þar sem ég hef ekki einu sinni átt aðgang að samgn. En ég vona að hv. samgn. sé búin að fjalla um umsókn Kvennalistans þannig að ég komist í þann merka hóp og geti betur kynnt mér málin. Þess vegna kann ég ekki alveg skil á því hvernig þetta framkvæmdaátaksfé skiptist á milli kjördæma. Eftir stendur sú staðreynd að framkvæmdaátaksupphæðin fer úr 1 milljarði og 32 millj. niður í 650 millj. kr. miðað við þá áætlun sem hafði verið gerð fyrir einu ári.

[15:02]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst úr af síðustu orðum hv. 12. þm. Reykn., þá er það þannig að samgn. Alþingis barst bréf frá Kvennalistanum rétt fyrir áramótin. Strax á fyrsta fundi eftir áramót var þetta bréf tekið fyrir og þar samþykkt að eins og verið hafði á síðasta þingi ætti Kvennalistinn áheyrnaraðild að samgn. Vona ég að tilkynning um það hafi borist þingflokki Kvennalistans nú þegar.

Varðandi spurninguna um með hvaða hætti sé farið með höfuðborgarsvæðið í þeirri tillögu að vegáætlun sem hér liggur fyrir þá er það þannig eins og menn vita að það var gerður sérstakur samningur milli fjmrn. og Reykjavíkurborgar og þar gert ráð fyrir tilteknum greiðslum á tilteknu ári. Við það verður staðið að sjálfsögðu. Síðan er það þannig að það sem eftir stendur af fjárveitingum til höfuðborgarsvæðisins samkvæmt liðnum 2.3.1.2. er skorið niður með nákvæmlega

sama hætti og aðrir liðir í þeirri þáltill. sem er hér til umræðu. Þetta er raunar útskýrt á bls. 5 þar sem segir, með leyfir virðulegs forseta:

„Í liðnum 2.3.1.2 Höfuðborgarsvæðið er innifalin greiðsla skuldar við Reykjavíkurborg samkvæmt samningi frá 1991. Upphæðin er bundin og því ekki skorin niður, en aðrar fjárveitingar í liðnum lækka um rúmlega 18% eins og annað."

Þetta held ég að sé mjög skýrt. Það er fyrst tekin út fyrir sviga, getum við sagt, sú upphæð sem samningurinn milli Reykjavíkurborgar og ríkisins gerir ráð fyrir. Síðan er það sem eftir stendur skorið niður um 18% sem er hið sama og aðrir framkvæmdaliðir verða að lúta í þessari tillögu til þingsályktunar um vegáætlun.

[15:04]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni samgn. fyrir upplýsingarnar. Það sem ég var að benda á í mínu máli var aðeins hversu lítið er orðið eftir til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu í þessum lið þegar búið er að draga þessa skuldagreiðslu frá. Sú skuldagreiðsla kom vitanlega til þegar menn fóru að skoða málin og áttuðu sig á því hversu hlutur Reykjavíkur hafði setið eftir í vegaframkvæmdum í gegnum árin. Það var aðeins þetta sem ég var að benda á og ég held að við getum öll verið sammála um að hvort sem um er að ræða Reykjavík eða önnur kjördæmi landsins þá er staðan mjög erfið.

[15:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna umræðu sem hér átti sér stað í upphafi fundar vegna þriggja dagskrármála um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri að það hefur verið ákveðið að taka þau mál út af dagskrá í dag og fresta umræðu þar til síðar.

[15:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þáltill. sú sem hér er til umræðu er lögð fram til að breyta þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Ástæðan er 863 millj. kr. niðurskurður á vegafé sem gert var ráð fyrir við gerð vegáætlunar sem samþykkt var hér á Alþingi í fyrravetur.

Eins og fram hefur komið í umræðunni um þessa þáltill. virðist sú áætlun vera brostin. Ég get ekki séð annað en að það þurfi að fara í nýja áætlunargerð alveg frá grunni. Ég furða mig einnig á því hvernig þessi niðurskurður er látin bitna misjanflega á landsvæðum. Ég vil mótmæla þeirri aðferð sem beitt er, ég get ekki sætt mig við hana, að mesti niðurskurðurinn skuli bitna á höfuðborgarsvæðinu. Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skera mest niður fé til framkvæmdaátaks, sem er fé sem skiptist eftir höfðatölu, er alls óviðunandi, framkvæmdaátaks sem samið var um fyrir aðeins einu ári síðan. Fé undir þessum lið er aðalfé til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Þetta fé er skorið niður um 37% á meðan fjármagn sem skipt er eftir kjördæmum er aðeins skorið niður um 18% eins og kemur fram í greinargerð með þáltill. Þetta er nokkuð sem ég get ekki sætt mig við sem Reykjavíkurþingmaður og spyr því hæstv. samgrh.: Hvaða pólitísku rök eru fyrir því að láta mesta niðurskurð lenda á þessu fjölmenna svæði sem höfuðborgarsvæðið er? Ég skil ekki almennilega þá skýringu hæstv. ráðherra sem kom fram í svari við spurningu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að niðurskurðurinn sé látinn bitna harðast á þessu svæði vegna þess að það eigi ekki að taka lán til vegaframkvæmda. Ég vil gjarnan fá nánari skýringu á því.

Ég vil einnig spyrja: Er þetta með vitund og vilja framsóknarmanna í ríkisstjórninni? Reyndar er nú ekki hér neinn ráðherra frá Framsfl. í ríkisstjórninni en ég vildi einnig gjarnan fá svör við því hvort það er vilji framsóknarmanna að skera svona mikið niður á höfuðborgarsvæðinu? Og einnig hvort það sé með vitund og vilja borgarfulltrúa þeirra hér í Reykjavík.

Nú rétt fyrir jólin barst okkur þingmönnum Reykv. og Reykn. bréf frá forsvarsmönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þeir höfðu komið saman til fundar 19. des. sl. til að mótmæla þeim niðurskurði sem höfuðborgarsvæðið yrði fyrir í fjárlögum. Þeir samþykktu eftirfarandi ályktun, sem þeir sendu okkur þingmönnum Reykv. og Reykn. Ég ætla að fá að lesa hana, með leyfi forseta:

„Forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýsa vonbrigðum sínum með þau áform sem ríkisstjórnin hefur uppi um að draga úr framlögum til framkvæmda við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu. Mörg aðkallandi verkefni hafa setið á hakanum um árabil þannig að nú stefnir í óefni. Fyrirhugaður er niðurskurður á nauðsynlegu framkvæmdaátaki um þriðjung aðeins ári eftir að um átakið var samið. Það mun leiða til röskunar á framkvæmdaáætlun og valda drætti á brýnum úrbótum. Einnig er það áhyggjuefni að slíkur niðurskurður kann að grafa undan þeirri víðtæku samstöðu sem náðist um forgangsröðun framkvæmda við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa beina forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar svo og þingmanna Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis að staðið verði við ákvarðanir um tímasteningu framkvæmda við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins að beita sér fyrir sérstöku framkvæmdaátaki í vegamálum. Áætlað var að framkvæma fyrir 3.500 millj. kr. á fjórum árum og áttu fjárveitingar að skiptast eftir fólksfjölda milli landsvæða. Samkvæmt því var áformað að verja samtals 2.052 millj. kr. til þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1995–1998."

Þetta er það átak sem verið hefur til umræðu í dag og verður fyrir hvað mestum niðurskurði samkvæmt þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir. Það vekur óneitanlega nokkra furðu að það skuli vera 18% niðurskurður á öllum liðum nema framkvæmdafénu sem er 37% og það sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ég vil gjarnan kalla aftur eftir rökum fyrir því og þeim áherslum sem þar eru lagðar.

Þetta er mjög alvarlegur niðurskurður sem lendir á höfuðborgarsvæðinu og raskar framkvæmdum sem þegar er hafinn undirbúningur að. Það má nefna að það er byrjað á tvöföldun Vesturlandsvegar í Ártúnsbrekku. Hér er á ferðinni verkefni sem búið er að bjóða út og verður þá að fjármagna með lántöku þannig að það sé hægt að standa við þær skuldbindingar sem gerðar hafa verið. Það mun þá að líkindum koma niður á framkvæmdum á næsta ári og það er fyrirsjáanlegt að verklok muni dragast verulega. Afleiðingar verða þær að frágangur við gatnamót við Sæbraut munu dragast og gatan verður lengur í uppnámi og slysahætta eykst í kjölfarið.

Með þessari forgangsröðun á niðurskurði er ríkisstjórnin í raun að ganga á bak skuldbindingum sínum gagnvart Reykjavíkurborg og raunar skuldbindingum gagnvart höfuðborgarsvæðinu öllu. Það er sérkennilegt að ríkisstjórnin

skuli ákveða mestan niðurskurð á þessu svæði þar sem framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu í vegamálum eru mjög arðsamar framkvæmdir, mun arðsamari heldur en á öðrum landsvæðum. Eins og ég kom að áðan mun þessi niðurskurður tefja margar framkvæmdir og gera það að verkum að þær munu verða mun dýrari fyrir vikið.

Það er einnig líklegt eins og kom fram í bréfi frá forsvarsmönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að sú samstaða sem náðist um forgangsröðun á verkefnum muni raskast og það þurfi að taka hana upp að nýju þar sem allar forsendur virðast breyttar ef áherslur ríkisstjórnarinnar ganga eftir.

Ég vil einnig gagnrýna það að skera niður mest á þessu svæði sérstaklega þegar litið er til atvinnumála því hér á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysi mikið og hafði nú í janúar aldrei mælst jafnmikið atvinnuleysi hér. Þá er aukning á atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu mun meiri heldur en á landsbyggðinni. Það ætti að vera næg ástæða til að láta höfuðborgarsvæðið ekki líða mest fyrir niðurskurðinn.

Það er fleira sem vekur upp spurningar þegar þessi mikli niðurskurður á vegafé er til umræðu. Það eru væntanleg Hvalfjarðargöng og hvernig staðið er að þeirri mannvirkjagerð. Það er ástæða til að velta fyrir sér hvernig ríkisstjórnin forgangsraðar í samgöngumálum. Nú fyrir jólin var einkafyrirtækinu Speli veitt milljarðs ríkisábyrgð vegna jarðgangagerðar undir Hvalfjörð. Hér er mjög vafasöm framkvæmd á ferðinni sem hefur verið gagnrýnd harðlega af ýmsum sérfræðingum og það eru uppi efasemdir um að fjárhagsáætlun og aðrir útreikningar varðandi þá framkvæmd standist. Fari svo að þetta fyrirtæki, sem búið er að veita milljarðs ábyrgð, verði gjaldþrota, þá sitja skattgreiðendur uppi með milljarðs útgjöld, þ.e. meiri útgjöld en nemur niðurskurðinum á vegafénu núna. Á hverju verður sá niðurskurður látinn bitna? Verður það á vegafé framtíðarinnar?

Ljóst er að það verður að fara í heföbundna vegáætlunargerð að nýju. Eftir þennan mikla niðurskurð eru allar forsendur brostnar fyrir þeirri vegáætlun og sú vinna sem lögð var í hana var nánast unnin fyrir gýg. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ekki eigi að afmarka áætlunargerð aðeins við vegagerð heldur ættu menn að fara í gerð samgönguáætlunar þar sem framkvæmdir sem lúta að samgöngum í heild koma inn. Í því tilefni nefni ég sérstaklega flugvelli og minni enn á Reykjavíkurflugvöll sem hefur verið vanræktur og ekki fengið það viðhald sem hann hefur þurft nú undanfarinn áratug og jafnvel ártugi. Það kom fram í fréttum í gær og í umræðunni áðan að það er til viðbótarfé. Hæstv. samgrh. tilkynnti að hann hefði fundið viðbótarfé til flugvallargerðar og ætlar Akureyrarflugvelli það fé og er ánægjulegt að þar skyldi vera smuga.

Ég held að heildarsamgönguáætlun í stað vegáætlunar væri í anda þeirrar vinnu sem er nú þegar hafin í samgrn. við að sameina stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eins og sameining Siglingamálastofnunar og Vita- og hafnamálastofnunar. En ég held að við stöndum frammi fyrir því að eftir að þessi mikli niðurskurður er orðinn á vegafé verði að fara út í vegáætlunargerð að nýju þar sem forsendur virðast brostnar.

[15:17]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði að því hvort það væri með vitund og vilja ráðherra Framsfl. í ríkisstjórn að þessi þáltill. hefði verið flutt og svo er að sjálfsögðu.

Það var athyglisvert að hv. þm., sem bauð sig fram fyrir Þjóðvaka sérstaklega og skírskotaði mjög til þjóðarinnar, skuli í ræðu sinni áðan tala eins og niðurskurðinn bitni eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og raunar í þeim anda að það eigi að skera enn meir af öðrum kjördæmum til þess að höfuðborgarsvæðið geti haldið hlut. Eins og hv. þm. talaði þykir honum sjálfsagt að sveitarfélög úti á landi eigi ekki í erfiðleikum með að forgangsraða verkefnum hjá sér þó að skorið sé niður en sá vandi sé einungis bundinn við höfuðborgarsvæðið. Ég hef satt að segja aldrei heyrt nokkurn hv. þm. tala af jafnmikilli þröngsýni um vegáætlun eins og hv. þm. gerði með hliðsjón af því að hann talar fyrir heilan stjórnmálaflokk. Raunar er einn af þingmönnum flokksins ekki af höfuðborgarsvæðinu heldur af öðru svæði sem er að sínu leyti fallegt og myndarlegt og heitir Dalvíkursvæði.

Óhjákvæmilegt er að minnast aðeins á flugmálaáætlun þar sem tveir hv. þm. hafa mjög rætt um Akureyri, höfuðborg Norðurlands, í því sambandi. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir því að mjög verulegur niðurskurður yrði á flugmálaáætlun enda hefur flugráð fjallað um flugmálaáætlun á nýjum grundvelli þar sem virðist sem meiri tekjur séu til ráðstöfunar en áður var ætlað en flugráði ber lögum samkvæmt að gera tillögur um það hvert fé samkvæmt flugmálaáætlun rennur. Þar á meðal er fyrrv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sem m.a. hefur mjög lagt á ráðin um það hvert þetta fé skuli renna og ýmsir aðrir mætir þingmenn sem ekki koma beint við þeim manni sem hér stendur. Gamall þingmaður Alþfl. Karvel Pálmason og ýmsir ágætir menn. En ég hygg að svo muni fara að ekki verði gert ráð fyrir því að taka inn í flugmálaáætlun verkefni sem þar hafi ekki verið áður heldur eru menn að velta því fyrir sér hversu mikið sé hægt að standa að þeirri flugmálaáætlun sem er nú í gildi.

[15:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að fá það staðfest að það er vilji Framsfl. að skera mest niður á höfuðborgarsvæðinu. Það er staðfest af orðum hæstv. samgrh. að það sé vilji Framsfl. að skera mest niður hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem helmingur fylgis Framsfl. er og eins og kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Við skulum halda þessu til haga.

Það kom fram í máli mínu áðan að 18% niðurskurður er á landsvísu á vegafé og auðvitað er það bagalegt þar sem þarf að skera niður. En langerfiðasti niðurskurðinn lendir á Reykjavík og höfuðborgarsvæðinu. 37% niðurskurður meðan það er 18% á landsvísu og það er alvarlegt, hæstv. samgrh. Það er alvarlegt. Norðurl. e. og höfuðborgarsvæðið fara verst út úr þessum niðurskurði á framkvæmdafé sem er eftir höfðatölu.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra hafi fé til að leggja í Akureyrarflugvöll og mig langar að spyrja hvort eitthvað af því viðbótarfé fari til höfuðborgarsvæðisins.

[15:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. væri kunnugt að flugmálaáætlun er í gildi og þegar verið er að tala um að minna fé renni til flugmála en þar er gert ráð fyrir er auðvitað ekki við því að búast að hægt sé að taka inn ný verkefni í stórum stíl. Við erum því að tala um að falla frá framkvæmdum með nýrri flugmálaáætlun sem lögð verður fram en ekki að bæta við.

Í annan stað vil ég einungis vekja athygli á því af því að hv. þm. mismælti sig eins og raunar kom fram síðar í ræðunni að það er framkvæmdaátakið sem er skorið niður um 37% en ekki höfuðborgarsvæðið. Höfuðborgarsvæðið hefur að hluta 18% og að hluta til 37% en hann leiðrétti það síðar í ræðu sinni. Það er rétt sem kom fram að höfuðborgarsvæðið fer verr út úr framkvæmdaátakinu í bili en aðrir staðir en ég vil þá líka minna á að gert er ráð fyrir því eins og málið var afgreitt að framkvæmt verði fyrir þær 350 millj. sem út af standa á árinu 1999 um leið og tekjur vegna framkvæmdaátaksins verða til. Það er með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir að taka lán til þess að hraða framkvæmdaátakinu heldur að láta við það sitja að framkvæma fyrir þær tekjur sem til verða á hverju ári. Auðvitað þýðir þetta frestun á framkvæmdum á Stór-Reykjavíkursvæðinu um eitt eða tvö ár ef við lítum á heildina, kannski þrjú í versta falli, en það er ekki eins og neitt stórslys hafi orðið og ég hygg að þroski sveitarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu sé þvílíkur að þeir vilji helst reyna a.m.k. að láta götur standast á þar sem endar mætast milli sveitarfélaga frekar en fara sinn hvern veginn. Þess vegna held ég að þeir hljóti að reyna að vinna saman um það hvernig rétt sé að standa að framkvæmdum hér.

[15:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að áætlanir séu í gildi. Maður er farinn að efast um það að áætlanir gildi miklu lengur þegar skorið er niður eins og gert hefur verið undanfarið. Þess vegna hef ég haldið því fram að það þurfi að fara í áætlanagerð að nýju því að forsendur fyrir þeirri áætlanagerð sem staðið hefur yfir undanfarin ár standa ekki. Auðvitað er bagalegt þegar verið er að fresta framkvæmdum eins og höfuðborgarsvæðið lendir í með þeim niðurskurði sem hér um ræðir. Það er bæði dýrt og óhagkvæmt og einnig munu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þurfa að taka lán til þess að standa við þá samninga og skuldbindingar sem þau hafa nú þegar gert á grundvelli þeirra samninga sem gerðir höfðu verið um það framkvæmdaátak sem hér hefur verið til umræðu.

[15:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. 18. þm. Reykv. um Spöl og hugsanlegt gjaldþrot Spalar tek ég fram að ég tel ástæðu til að vara við sleggjudómum varðandi þessa verkframkvæmd. Engin ástæða er til þess að vera með dóma í því máli um hugsanlegt gjaldþrot eða annað slíkt. Í fréttum að undanförnu hefur komið fram ádeila ákveðins verkfræðings á framkvæmdina. Ég vil að gefnu tilefni benda á að norskir ráðgjafar hafa hvað mesta þekkingu í gangagerð. Í Noregi eru 25 af lengstu veggöngum í heiminum, þar eru um það bil 550 km af vegöngum og það nýjasta er 3,8 km veggöng. Ég nefni þessa norsku ráðgjafa ásamt íslenskum verkfræðingum sem hafa verið í þessum málum vegna þess að þar er þekkingin hvað mest og sennilega hefði aldrei verið viðurkennt af fjármögnunaraðilum að hlíta eingöngu ráðum frá íslenskum verkfræðingum.

Ég tek undir að mér þótti eins milljarðs kr. ábyrgðin vera á vafasömum forsendum þegar hún var veitt vegna þess að ekki var beðið um nema 300 millj. kr. í ábyrgð. Ég held að rétt sé að taka fram að samningar eru á næstu dögum samkvæmt blaðafregnum í dag. Þá mun auðvitað koma í ljós hvernig málið fer en gert er ráð fyrir því eftir þeim heimildum sem ég hef að verktakar beri að fullu alla ábyrgð á verkinu þar til sex mánuðir eru liðnir frá því að verkframkvæmd er lokið. Gert er ráð fyrir því að stuðst sé að fullu og öllu við norska staðla varðandi veggöngin sem eru með hvað hæstar gæðakröfur í heiminum varðandi vegframkvæmdir á þennan hátt. Ég vildi að þetta kæmi fram. Ég tek fram að þetta er ekki árás eða því um líkt á þingmanninn en ég vil vara við sleggjudómum.

[15:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig ekki hafa verið með neina sleggjudóma heldur var ég að vara við og furða mig á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í ríkisstjórninni varðandi framkvæmdir til vegamála og í þessu tilviki til jarðgangagerðar undir Hvalfjörð.

Ég tel að það þurfi að fara með gát og gaumgæfa mjög alla gagnrýni þegar um svo stóra framkvæmd er að ræða eins og Hvalfjarðargöng. Við erum á jarðskjálftasvæði og ég man ekki betur en það hafi verið í fréttum nú í gær eða fyrrakvöld að göng féllu saman á jarðskjálftasvæði í Japan. Ég held því að full ástæða sé til þess að huga að gagnrýnisröddum sem snúa að gerð ganga undir Hvalfjörð.

[15:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig ekki haldið því fram að það teljist til stórtíðinda að undirritaður stigi í ræðustól í þessari stofnun. Það hefur komið fyrir nokkrum sinnum áður. Hins vegar vil ég láta þess getið að ég hef aldrei áður talað í umræðum um vegáætlun. Ástæðan til þess að ég nefni það er sú að þessi mál hafa mjög sjaldan komið að þingmönnum Reykvíkinga. Það er síðari tíma mál að þingmenn Reykvíkinga séu kvaddir til varðandi vegamál. Af þeim ástæðum höfum við þingmenn Reykvíkinga að undanförnu setið nokkra fundi ásamt starfsmönnum Vegagerðarinnar, ásamt þingmönnum Reyknesinga, ásamt fulltrúum borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að fjalla um þessi mál vegna þess að vissulega eru gríðarlega miklir fjármunir í húfi að því er Reykjavík varðar og miklir hagsmunir í húfi, ekki síður en í öðrum kjördæmum og jafnvel frekar. Það er því full ástæða til að við látum okkur þessi mál nokkru varða. Ég tók eftir því að hv. 18. þm. Reykv. gerði þessi mál að umtalsefni áðan og reyndar einnig hv. 12. þm. Reykn., ef ég tók rétt eftir.

Mig langar til að nota minn tíma í fyrsta lagi til þess að ræða almennt um stöðu Reykjavíkur í þessu sambandi og hins vegar til þess að víkja lauslega að vegáætluninni sem slíkri. Ég vil fyrst segja að ég held að það sé óhjákvæmilegt að vegamál almennt og ákvörðunarferlið í vegamálum verði tekið til heildarendurmats. Það liggur fyrir að í lögum um vegamál, eins og þau hljóða nú, er gert ráð fyrir því að hæstv. samgrh. framkvæmi tilteknar skyldur, tiltekin verkefni, t.d. varðandi langtímavegáætlun sem hér hefur verið minnst á, sem hann hefur ekki gert um margra ára skeið. Hann hefur með öðrum orðum brotið lögin að því er þetta varðar með vanrækslu sinni. Mér finnst út af fyrir sig sjálfsagt að halda til haga gagnrýni á ráðherrann í þessu sambandi, en það er líka ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort umgjörð málsins sé með þeim hætti að það beri að taka það til endurmats hvernig um þetta er fjallað í lögunum líka. Og ég vil beina því til hv. formanns samgn. sem hér er, hvort ekki sé ástæða til þess að velta því mjög alvarlega fyrir sér.

Ég vil einnig í þessu sambandi víkja að ákvæðum 18. gr. laganna, þar sem gert er ráð fyrir tilteknum reglum varðandi skiptingu á því fé sem fer til einstakra framkvæmdaliða í vegamálum. Ég hygg að þarna hafi menn verið mjög á mörkunum, a.m.k. hæstv. núv. samgrh., að því er varðar það að taka ákvarðanir um skiptingu á þessum fjármunum án þess að bera það undir Alþingi með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Menn geta sett á miklar ræður um það hvort þetta sé rétt eða rangt og hvort einhverjir aðrir hafi gert þetta svona eða hinsegin. Í rauninni er það algjört aukaatriði í málinu. Aðalatriðið er það að hér hefur lagabókstafurinn bersýnilega ekki verið framkvæmdur til hlítar. Það er augljóst mál. Og þess vegna á viðkomandi þingnefnd, ef ekki að frumkvæði einhvers hér í salnum með flutningi máls, þá að eigin frumkvæði, að taka þessi mál til meðferðar, þ.e. vegalögin sem slík og hvort þar á að skoða mál betur eða með öðrum hætti heldur en gert er.

Þetta stafar ekki síst af því, hæstv. forseti, að ég tel líka að ýmis önnur verkefni hafi verið tekin inn á vegáætlun eins og flóabátar, sem setja þessi mál í allt annað samhengi en þau áður voru. Ég nefni í því sambandi hvort menn ættu ekki að velta því fyrir sér að gera heildarsamgönguáætlun, ekki aðeins um vegi og flóabáta heldur einnig um ýmis önnur samgöngutæki en flóabáta, t.d. almenningsvagna og þá er ég ekki bara að tala um almenningsvagna í þéttbýli, heldur líka almenningssamgöngur á landi. Ég er líka að tala um flugsamgöngur og ég er líka að tala um hafnir. Og það er spurning, hæstv. forseti, hvort það á ekki í tilefni af þessari umræðu að velta því fyrir sér að hér verði til heildaráætlun í samgöngumálum þar sem þessir þættir eru látnir hjálpast að, vinna saman með skipulegum og eðlilegum hætti. Það hefur reyndar lengi verið flokksstefna okkar alþýðubandalagsmanna að það væri skynsamlegt að reyna að halda þannig á málum en ég hygg að með hliðsjón af því hvernig annars vegar forsendur mála hafa breyst, t.d. með því að taka inn flóabáta, með hliðsjón af því að það er bersýnilegt að núverandi ráðherra hefur vanrækt að framkvæma lögin, að ekki sé meira sagt, þá er nauðsynlegt að taka alla heildarlagaumgjörð þessara mála til meðferðar.

Ég vil einnig í þessu sambandi minna á það að í hv. samgn. liggja fyrir frumvörp um breytingar á vegalögum, m.a. um það að reiðhjólastígar verði hluti af hinu almenna samgöngukerfi og gatnakerfi landsmanna og ég tel einboðið að það liggi í augum uppi að samgn. hljóti að taka það til sérstakrar og vinsamlegrar afgreiðslu. Þetta vil ég segja almennt um vegalög og vegáætlun.

Í annan stað vil ég víkja aðeins að aðkomu okkar að málinu, þingmanna Reykvíkinga. Hún er sérkennileg. Hún er sérkennileg vegna þess að aðrir þingmenn og kjördæmahópar hafa um árabil haft með sér tiltekið samstarf í þessum efnum og það gengur væntanlega nokkuð vel. A.m.k. láta menn þannig af þessu. Ég hef enga reynslu af því en menn láta nokkuð vel af þessu samstarfi. Hér er um að ræða fimm, sex eða sjö manna hópa. Í okkar tilviki, Reykvíkinga, er um að ræða 19 manna þingsveit sem kemur eins og allir sjá talsvert öðruvísi að þessu máli.

Í hittiðfyrra var rætt um það við okkur að við þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness tilnefndum sérstaka samráðsnefnd með fulltrúum allra flokka sem hefði samráð varðandi framkvæmdir hér á því sem kallað er höfuðborgarsvæði. Við vorum í þessu einn frá hverjum flokki og fullnægðum þannig hinu venjubundna samráði sem venjulega er á vegum kjördæma þingmanna. Þetta samráð gilti aðeins um framkvæmdir á árinu 1995 og síðan í lok síðasta árs vorum við aftur kölluð til vegna útboðs á Ártúnsbrekkunni. Hins vegar er það þannig að þingmenn Reykjavíkur hafa ekki komið að þessum málum, aldrei, á sama hátt og þingmenn annarra kjördæma. Af þeim ástæðum höfum við m.a. óskað eftir á sérstökum fundum inni í Vegagerð þar sem við höfum fjallað um þessi mál með starfsmönnum Vegagerðarinnar, þingmenn Reykvíkinga. Okkur hefur verið tekið vel þar og ég tel ástæðu til þess að þakka fyrir þær upplýsingar og þær umræður sem þar hafa farið fram í tengslum við þessar heimsóknir okkar. Það finnst mér hins vegar ekki breyta því að það þarf að skoða þessi mál aðeins betur og reyna að fella aðild Reykvíkinga annars vegar og Reyknesinga hins vegar með einhverjum hætti að þessu heildarsamráðskerfi þannig að það sé í grófum dráttum svipað og það gerist nú annars staðar.

Það má auðvitað um það deila, hæstv. forseti, hvort þetta samráðskerfi er eðlilegt eins og það er og hefur verið. Það er umdeilanlegt mál að mínu mati. Staða vegáætlunar er líka afar mikið umhugsunarefni í stjórnkerfinu. Það hefur verið þannig að þingmenn kjördæmanna hafa verið að hluta til hluti af framkvæmdarvaldinu þegar komið hefur að skiptingu þessara fjármuna, sem er mjög merkilegt, en það hefur verið þannig. Það er umhugsunarefni hvort það hafi að öllu leyti gefist vel. Ég hygg að menn séu sammála um að það sé ekki ástæða til að breyta því og úr því að svo er þá held ég að af því að Reykjavík er orðin þetta stór aðili að málinu þá verði að tryggja að samráðskerfið hér verði ekki lakara en annars staðar.

Ég vil líka segja það, hæstv. forseti, að mér finnst mikilvægt að það hefur tekist mjög gott samstarf með þingmönnum Reykjavíkur og Reykjaness um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og því samstarfi vil ég halda áfram. Þetta er að mörgu leyti nokkuð flókið samráðskerfi sem verið er að tala um, en það er samt nauðsynlegt að hafa það í huga og nótera það um leið og við erum að tala um vegáætlun.

Hæstv. forseti. Eftir að hafa farið almennum orðum um stöðu Reykjavíkur — og þá hef ég ekki verið að tala um fjárframlögin, ég hef verið að tala um lagarammann og hina tæknilegu hlið málsins — þá vil ég einnig vekja athygli á því að forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa gagnrýnt mjög alvarlega þann niðurskurð sem um er að ræða á framlögum hér á svæðinu og það kemur m.a. fram í ályktun forsvarsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem er dags. 19. des. 1995 og er undirrituð af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Sigurði Geirdal, Sigurgeir Sigurðssyni, Gunnari Vali Gíslasyni, Ingvari Viktorssyni, Ingimundi Sigurpálssyni, Jóhanni Sigurjónssyni og Jóni Pétri Líndal, þar sem þau gagnrýna þennan niðurskurð mjög ákveðið og alvarlega. Í sjálfu sér er þeim nokkur vorkunn vegna þess að þau töldu, og telja reyndar veit ég enn, að um sé að ræða öðruvísi niðurskurð hér en annars staðar vegna þess að niðurskurðarhlutfallið sé hærra hér en annars staðar, það sé tvisvar sinnum hærra en annars staðar. Það eru rökin sem menn nota. Þessir forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem eru menn úr öllum flokkum í sjálfu sér, segja líka: Við reiknuðum með því að við værum betur varin kannski af því að þetta var hluti af samningum við verkalýðshreyfinguna. Það var gengið frá því með tilteknum

hætti hvernig þessir hlutir áttu að vera. Ég man mjög glöggt eftir því að það var hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem á þeim tíma kallaði fram ákveðið svar frá hæstv. forsrh. sem vakti mikla athygli á síðasta kjörtímabili, þar sem því var lýst yfir að tiltekin átaksverkefni í þessum málum yrðu unnin hér í samræmi við samninga við verkalýðshreyfinguna, m.a. með hliðsjón af atvinnuástandinu hér.

Nú er út af fyrir sig ekkert við því að segja þó það geti komið upp að það þurfi að endurskoða einhverja hluti, það getur alltaf gerst. En það sem menn eru að tala um hérna er að það verður að gæta sanngirni í þessum efnum og hafa þetta í grófum dráttum svipað yfir línuna. Í ábendingu sem hefur komið fram um þessi mál, m.a. í ræðu borgarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 1996, kemur fram að sá niðurskurður sem hér er um að ræða getur orðið til þess að framkvæmdir við Ártúnsbrekku eða verklok þeirra gætu dregist allt til ársins 1998–1999 og afleiðingarnar verða svo þær að gatnamótin við Sæbraut, sem er næsta stórframkvæmd hér á svæðinu gæti enn dregist, gatan verður lengur í uppnámi og slysahætta eykst í kjölfarið. Hér er með öðrum orðum um að ræða nokkuð alvarlegt mál. Ég ætla svo að nefna eitt lítið dæmi, hæstv. forseti, í sambandi við Reykjavík og það er göngubrúin sem verið er að tala um að gera yfir Miklubraut við Rauðagerði sem er einhver ljótasti slysapunktur í Reykjavík. Það er alveg greinilegt að staðan er þannig núna að sú framkvæmd getur verið í nokkru uppnámi, en auðvitað getur Reykjavíkurborg raðað þessum hlutum kannski með aðeins rýmri hætti en önnur byggðarlög geta gert af því að þetta er þó þrátt fyrir allt eitt sveitarfélag en í öðrum tilvikum mörg sveitarfélög.

Ég held að það verði hins vegar að taka mjög eindregið undir það með Reykjavíkurborg og forsvarsmönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að menn hafa ekki staðið við orð sín að því er þessi mál varðar og er sérstök ástæða til að gagnrýna það.

Ég verð að segja það líka, hæstv. forseti, að mér finnst ekki vera mjög traust efnistök á þessu máli í heild. Ég hef það ekki á tilfinningunni. Mér finnst þetta vera hálfgert sull satt að segja þegar menn ganga ekki frá langtímaáætlun í vegamálum, ganga ekki frá skiptingu framkvæmdafjármagns eins og gert er ráð fyrir í lögum, gera ekki grein fyrir neinni heildarstefnumótun heldur virðast vaða í þetta svona eftir því hvernig liggur á þeim frá degi til dags.

Það sem ég vil segja að lokum í þessu máli er það að ég auglýsi eftir heildarstefnumótun. Ég auglýsi eftir framtíðarsýn. Það sem skiptir máli í þessu er að í þróun þjóðfélaganna einmitt um þessar mundir er það þannig að samgöngumál og fjarskipti, af hvaða tagi sem er, eru úrslita- og undirstöðuþáttur í hagvexti og í því að það sé þar af leiðandi hægt að tryggja sæmileg lífskjör og standa undir almennilegu velferðarkerfi. Þess vegna eru lausatök á vegamálum, óljós framkvæmd samgöngumála í raun og veru háskalegur hlutur upp á lífskjör og aðstæður allar í framtíðinni. Og mér finnst oft á tíðum í þessum málum og málflutningi hæstv. ráðherra að þar reki sig talsvert mikið hvað á annars horn að ekki sé meira sagt, hæstv. forseti.

[15:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. flutti um margt athyglisverða ræðu. Út af fyrir sig er það merkilegt að þingmaður sem hér hefur setið um langt árabil á Alþingi skuli segja frá því að hann hafi ekki talað um vegáætlun fyrr. Það er mergurinn málsins varðandi það efni sem hann talaði hér sérstaklega um, þ.e. þátt höfuðborgarsvæðisins í vegáætlun að þingmenn Reykjavíkurkjördæmis hafa ekki þurft að hafa svo mjög miklar áhyggjur af þessu vegna þess að þeir komast bærilega á milli bæja og bæjarhluta.

En það sem ég vildi segja um þetta, herra forseti, er það að ég tel að Reykjavíkurþingmenn verði að sýna nokkra sanngirni og ég tel að þeir hafi gert það. Það er ástæða til að undirstrika að þeir hafa sýnt sanngirni og víðsýni þegar þeir hafa áttað sig á því og unnið í samræmi við það að það er allt annar hlutur þegar verið er að tala um innanbæjarvegakerfi annars vegar, sem er grundvallað á tekjum sveitarfélags — sveitarfélagið Reykjavíkurborg hefur auðvitað tekjur sem það notar til uppbyggingar vegakerfisins innan höfuðborgarinnar — það er með allt öðrum hætti litið á það þegar við erum að fjalla um aðalsamgöngukerfi landsins á milli byggða. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hafa nokkuð aðra skiptingu á vegafé en eftir íbúatölu. Ég tek undir það. Hv. þm. talaði um að það þyrfti að samþætta og tengja saman vegáætlun, hafnaáætlun o.s.frv. Ég er sammála því. Það þarf að gera og er auðvitað öðrum þræði gert. En ég tel að það þurfi að gera líka innan höfuðborgarsvæðisins. Ég hefði t.d. talið að vegna þeirra miklu landflutninga sem kalla á auknar vegaframkvæmdir, m.a. á Vesturlandi, til Reykjavíkurhafnar sem leiða af sér stórfelldar tekjur hafnarinnar í Reykjavík vegna flutninganna sem fara um vegina sem Vesturland þarf að byggja upp t.d., þá ætti Reykjavíkurhöfn hreinlega að taka þátt í uppbyggingu vegakerfisins innan höfuðborgarsvæðisins. Með þeim hætti væri þetta samþætt. Ég hefði talið að vegna þeirrar miklu umferðar sem fer inn í borgina hefði Reykjavíkurhöfn átt að kosta framkvæmdir, hún hefði átt að kosta framkvæmdir í Ártúnsbrekkunni. Það hefði verið fullkomlega eðlilegt. Á það er að líta þegar hv. þm. nefnir mótmæli bæjarstjórans í Kópavogi. Það má minna á það að húsagatan Nýbýlavegur hefur verið þjóðvegur í þéttbýli og kostaður af vegafé árum saman.

[15:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú innanflokksmál hjá hv. þm. að ræða við forseta bæjarstjórnar eða formann bæjarráðs í Kópavogi. Þetta sérstaka vandamál Sjálfstfl. með Nýbýlaveginn, ég ætla ekki að skipta mér af því. En það sem ég vildi kannski aðallega nefna er það að út af fyrir sig er ég sammála hv. þm. um að það er rétt að horfa á þetta í heild en kannski ekki alveg með þeim hætti sem mér fannst hann setja þetta upp. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að ekki aðeins hafa ákvarðanir hæstv. samgrh. verið býsna skrýtnar og tilviljanakenndar í vegamálum, vegalagningarmálum, heldur líka t.d. í flugmálum. Það vildi svo sérkennilega til að það fundust í tengslum við kjördæmisráðsþing Sjálfstfl. á Norðurl. e. allt í einu 90 millj. í flugvöllinn á Akureyri. Þetta er sérkennilegt. Ég bendi líka á það að Reykvíkingar hafa verið að gagnrýna vinnubrögð hæstv. samgrh. í sambandi við hafnamál sérstaklega, slippinn fyrir norðan í samanburði við þá stöðu sem slippstöðvar hér og í Vesturlandskjördæmi eru í og hv. andsvarandi ætti að þekkja til.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að rifja það upp að við erum ekki bara að tala um einhverjar innanbúðargötur, hverfisgötur hér í þessu samhengi. Við erum hér að tala um framkvæmdir sem telja tugi milljarða kr. í Reykjavík. Framkvæmdin á Vesturlandsveginum kostar á þriðja millj-

arð. Og það er verið að tala um að ef framkvæmt verður hér á svæðinu eins og gert var ráð fyrir, ég er ekki að segja að það verði nokkurn tímann gert, en eins og gert var ráð fyrir í langtímaáætlun og í aðalskipulagi Reykjavíkur, þá eru menn að tala um framkvæmdir upp á 10–20 milljarða kr. Hér er því um að ræða gríðarleg verkefni. Það er nauðsynlegt að horfa á þetta í samhengi við aðra þætti samgöngumála og auðvitað það sem er undirstöðuatriði, í sátt við önnur byggðarlög. Þar er ég sannfærður um að hv. þm. er mér alveg sammála.

[15:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. flaug nú nokkuð frá þeirri umræðu sem ég hóf hér í andsvari því hann fór að ræða um flugmálaáætlun. Hér erum við að ræða vegáætlun. Við vorum hins vegar réttilega að tala um að það ætti að samþætta þessar áætlanir og reyna að tengja þetta saman til þess að ná árangri í að bæta samgöngur.

Það er rétt sem hv. þm. benti á að það eru feiknarlega kostnaðarsamar framkvæmdir sem liggja fyrir hér á höfuðborgarsvæðinu og auðvitað þarf að taka tillit til þess enda var ég að ræða um það áðan. En ég vil minna hv. þm. á það að oft er talað um að þingmenn séu í kjördæmapoti. Það er oft tekið sem alveg afspyrnuslæmt dæmi um það sem menn telja slæmt varðandi kjördæmapot þegar þingmenn landsbyggðarinnar eru að reyna að ná árangri í því að framkvæmdir séu í vegamálum. Mér fannst örla á því hjá hv. þm. að hann teldi það nánast óeðlilegt að við hv. þm. landsbyggðarinnar sæjum nokkrum ofsjónum yfir því að fá ekki öflugri stuðningi af höfuðborgarsvæðinu við það mikilvæga hlutverk að byggja upp vegakerfið í landinu. Vegna þess að eins og hv. þm. nefndi þá er það grundvallaratriði til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu að samgöngukerfið sé í bærilegu standi. Það yrði ekki blómleg byggð eða atvinnulíf hér á höfuðborgarsvæðinu frekar en í öðrum landshlutum ef ekki væru góðar samgöngur. Þess vegna er þetta eitt af allra mikilvægustu viðfangsefnum okkar þingmanna þegar litið er til opinberra framkvæmda að styrkja vegakerfið. Ég ítreka það að ég tel að við þingmenn þurfum að reyna að ná bærilegri sátt um vegáætlun þó auðvitað verði aldrei ein niðurstaða eða einn vilji sem næst fram í þeim efnum. En ég vil undirstrika það við hv. þm. að ég tel að höfuðborgarsvæðið megi bærilega við una ekki síst á síðasta kjörtímabili eins og hæstv. samgrh. benti rækilega á hér í umræðunni.

[15:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að viðurkenna það og hv. þm. þarf að gera sér grein fyrir því að það var ekki fyrr en Alþb. fór með fjmrn. um nokkurra ára skeið að margra ára skuldir við Reykjavík voru gerðar upp með eðlilegum hætti í samningi þáv. hæstv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonarog þáv. borgarstjóra Reykjavíkur, Davíðs Oddssonar. Þá var tekið býsna myndarlega á þessum málum og ég held að það sé nauðsynlegt að halda því til haga hér.

Ég var út af fyrir sig ekki að gagnrýna neina menn fyrir kjördæmapot. Ég var ekkert að tala um það. En þó verð ég að segja að ég tel að kjördæmapot sé slæmt. Hvað er kjördæmapot? Kjördæmapot er ekki eðlileg hagsmunagæsla fyrir sitt byggðarlag. Kjördæmapot er það þegar menn taka sitt kjördæmi fram yfir allt annað þannig að það komi niður á þjóðarheildinni. Ég vona að hv. þm. sé mér alveg sammála um það. Það er úrslitamál. Kjördæmapotið er hinn þátturinn þegar menn vaða fram með sína hluti án þess að taka tillit til heildarhagsmuna. Ég verð að segja alveg eins og er að það að tilkynna 90 millj. kr. í flugvöllinn á Akureyri á kjördæmisþingi Sjálfstfl. á Norðurl. e., ja, með leyfi forseta, mér dettur í hug orðið kjördæmapot, mér dettur það í hug, en forseti getur auðvitað vítt mig ef hann telur það óviðeigandi.

Varðandi málið að öðru leyti þá held ég að við séum alveg sammála um það ég og hv. þm. að við þurfum að skoða þetta í heildarsamhengi. Ég endurtek áskorun mína til samgn. um að vegalögin verði tekin til endurskoðunar með tilliti til nýrra krafna í þjóðfélaginu, nýrra samgönguhátta og með tilliti til þess að núv. samgrh. hefur brotið þau svo lengi. Þá verður að skoða lögin, það er greinilegt.

[15:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur nú tvívegis endurtekið það að honum er mikið í mun að skera niður þau framlög sem eru í flugmálaáætlun til flugvallarins á Akureyri. Er það út af fyrir sig mjög merkileg yfirlýsing en auðvitað í samræmi við þau ónot sem hann sendi Akureyringum líka í sambandi við Slippstöðina. Það má eiginlega velta því fyrir sér hvernig stendur á því að maðurinn er orðinn svona önugur þegar þann fallega stað ber á góma.

Auðvitað geta menn velt samgöngumálum fyrir sig á marga vegu og mun ég í ræðu minni hér á eftir nokkuð fjalla um ræðu hv. þm. á breiðari grundvelli en hægt er í stuttu andsvari. En ég verð þó að leiðrétta nokkur atriði.

Í fyrsta lagi hefur það verið svo að langtímaáætlun í vegamálum hefur aldrei verið samþykkt á Alþingi svo ég muni, aldrei. Það var ekki gert á fjögurra ára ferli forvera míns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. (**Gripið fram í:** Það var ...) Það var ekki gert. (Gripið fram í.) Langtímaáætlun var ekki samþykkt þá. Á hinn bóginn var það samþykkt með lögum 1994 að slík langtímaáætlun yrði lögð fyrir Alþingi og hún er í vinnslu hjá Vegagerðinni nú. En það var auðvitað út í hött að leggja slíka áætlun fyrir rétt fyrir síðustu kosningar eins og ég hef áður lýst yfir að ég telji röng vinnubrögð. (Gripið fram í.) Það var ekki brot á samningum við verkalýðshreyfinguna að fresta framkvæmdum, hluta af framkvæmdum samkvæmt framkvæmdaátakinu. Og það er undarlegt að hv. þm. skuli ekki geta farið rétt með það sem hér liggur fyrir. Það er verið að tala um að framkvæma fyrir þær tekjur sem koma inn samkvæmt framkvæmdaátakinu um leið og þær verða til. Það er þess vegna ekki verið að tala um niðurskurð á framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þessum tillögum heldur frestun á framkvæmdum. Það ætti hv. þm. að geta skilið.

[15:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þekki ágætlega þennan geðvonskustíl hæstv. samgrh., hann er ekkert nýr. Það sem ég var að gagnrýna var ekki hinn fallegi staður Akureyri og ekki einu sinni Matthías Jochumsson. Ég var ekkert að gagnrýna hann en það væri eftir ráðherranum að taka það upp í næstu ræðu sinni að ég hefði ráðist af heift á Matthías Jochumsson en til að fyrirbyggja misskilning þá er það misskilningur. Ég gerði það ekki.

Það sem ég var að segja áðan var það að mér finnst asnalega að þessum hlutum staðið hjá hæstv. ráðherra. Mér finnst það undarlegt að hann tilkynni það á kjördæmisþingi íhaldsins í Norðurl. e. að það séu allt í einu til meiri peningar

í Akureyrarflugvöll. Og að gera ekki grein fyrir því í samhengi við eitthvað annað. Mér finnst það líka sérkennilegt að tilkynna það og ákveða það með þeim hætti sem hann gerði að slippurinn á Akureyri sé betri slippur en allar aðrar slippstöðvar í landinu. Mér finnst það óeðlileg vinnubrögð. Þar með er ég ekki að segja að það sé ekki fallegt á Akureyri. Það er alveg á hreinu að það er afskaplega fallegt á Akureyri. Einkum vetrarfallegt, alveg ótrúlega vetrarfallegt eins og hæstv. ráðherra þekkir. En þessir útúrsnúningar hans voru satt að segja ómerkilegir en ótrúlega líkir honum, hæstv. forseti, ótrúlega líkir ráðherranum.

Varðandi langtímaáætlunina þá er það alveg rétt hjá honum að forveri hans lagði ekki fram tillögu um langtímaáætlun á sínum fjögurra ára ferli, það er alveg rétt, enda sat hann bara í tvö og hálft ár. Á sínum tveggja og hálfs árs ferli lagði forveri hans fram tillögu til langtímaáætlunar í vegamálum. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar núna loksins að láta sér segjast og hætta að brjóta vegalög og fara að leggja hér fram langtímaáætlun í vegamálum, kannski á þessu þingi eða hvað? Er það ætlunin, hæstv. ráðherra? Væri fróðlegt að fá það gagn inn núna í tengslum við þessa niðurskurðaráætlun sem ráðherrann er hér að tala fyrir.

Síðan að það sé ekki niðurskurður í þessu skjali. Hvað er hér á bls. 4 í þessu þingskjali annað en niðurskurður? Auðvitað er þetta niðurskurður. Það er bara útúrsnúningur að kalla þetta einhverju öðru nafni. Það er niðurskurður til allra meginþátta vegamála. Það liggur hér fyrir. Niðurskurður í kringum 900–1.000 millj. kr. Það stendur hér á blaðinu frá hæstv. ráðherra. Þetta heitir niðurskurður, samdráttur, lækkun. Það á ekki að skjóta sér á bak við orð eins og frestun. Enda hefði það dugað honum skammt í kosningabaráttunni í Norðurl. e. trúi ég fyrir síðustu kosningar ef hann hefði talað um frestun í málum af þessu tagi. (Gripið fram í.)

[16:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að það séu miklar andstæður, hinn skapvondi maður sem hér stendur og sá blíði maður sem hér stóð á undan mér og brýnir aldrei raustina í þessum stól. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa leiðrétt það sem hann sagði í hinni fyrri ræðu að hann væri sérstaklega andsnúinn því að hægt væri að standa við framkvæmdaáætlanir þó þær tækju til annarra staða en Reykjavíkur. Er ég þá að hugsa sérstaklega um Akureyri.

Hitt vil ég líka taka fram af marggefnu tilefni hér í þessum þingsal að mér var ekki kunnugt um að það væri blaðamaður staddur þar sem ég talaði á lokuðum fundi fyrir norðan og hef satt að segja ekki heyrt það sem útvarpið á að hafa haft eftir mér. Ég skal nú ekki segja hvort rétt er en hitt er rétt að flugmálaáætlun hefur verið afgreidd frá flugráði og verður sú áætlun lögð fyrir ríkisstjórn nú á föstudag og kemur fyrir Alþingi eins og rétt þykir að leggja hana fram í næstu viku þar sem þingflokksfundur verður ekki fyrr en á mánudag og er það í samræmi við þingvenjur eins og þingmenn þekkja. En flugmálaáætlun hefur sem sagt verið afgreidd frá flugráði.

Ég ítreka svo það sem ég sagði að það er verið að vinna bæði að vegáætlun til fjögurra ára og einnig að langtímaáætlun af vegamálastjóra og hans mönnum. Ég skal ekki um það segja hvort unnt verði að leggja þær áætlanir fyrir til umræðu á vorþingi eða hvort þær verða lagðar fram á haustþinginu.

[16:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að gagnrýna það að það væri sérstaklega vel gert við Akureyri, ég vil endurtaka það. Ég var að tala um að ég teldi vinnubrögðin ekki heppileg. Ég var ekki að taka þetta fram vegna þess að ég teldi að Reykjavík ein ætti að njóta einhvers betra í þessum málum heldur en önnur byggðarlög, langt frá því. Ég tel að ráðherrar eigi að hafa heildarsýn. Ég skil vel að hæstv. ráðherra leggur áherslu á Norðurlandskjördæmi eystra en það er mjög slæmt ef önnur kjördæmi fara að upplifa það þannig að það sé nauðsynlegt fyrir þau að fá sér sína samgrh. af því að samgrh. sé yfirleitt bara staddur á Norðurl. e. en hvergi annars staðar þannig að hin kjördæmin sjö þurfi að sameinast um sinn sérstaka samgrh. Það er kannski fyrirkomulag sem mætti skoða og væri í anda þeirrar nýlundu sem Sjálfstfl. hefur tekið upp í málatilbúnaði í seinni tíð eftir að minnihlutastjórn Kristjáns Pálssonar var stofnuð í sjávarútvegsmálum, sem er svo kapítuli út af fyrir sig.

Varðandi málið að öðru leyti held ég að aðalatriðið sé það að málin eru losaraleg hjá hæstv. ráðherra. Það er engin heildarsýn í þessum málum. Það er eitt ákveðið í dag og annað á morgun eftir því hvernig stendur á almanaki í sambandi við kjördæmisþing Sjálfstfl. hér eða þar eftir atvikum. Þess vegna endurtek ég að ég auglýsi eftir heildarsýn, eftir framtíðarsýn í samgöngumálum. Því að samgöngur og fjarskipti eru undirstaða almennilegs hagvaxtar og þess að þjóðin verði samkeppnisfær um lífskjör við aðrar þjóðir á komandi árum. Þetta vil ég leggja áherslu á, hæstv. forseti, og ég skora aftur á hæstv. ráðherra að láta samgn. fá þau drög að áætlun til fjögurra ára og langtímaáætlun sem liggja fyrir þannig að hægt verði að skoða þessa hluti í samhengi.

[16:05]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er mikið áhyggjuefni að dregið er úr framlögum til samgangna á landi sem nemur 915 millj. kr. samkvæmt þeirri ályktun sem hér er til umræðu. Áhrifin eru augljós. Fólk verður að bíða lengur eftir ýmsum langþráðum samgöngubótum á vegum, atvinnufyrirtækin á landsbyggðinni búa áfram við lakari kost og atvinnutækifærin verða færri en gert var ráð fyrir.

Ég ætla ekki beint að deila á samdrátt eða niðurskurð því að brýna nauðsyn ber til að draga úr skuldum ríkissjóðs. Ég hygg þó að til lengri tíma litið sé aðgerðin í heild vafasöm því bættar samgöngur skila sér oftast í verulega aukinni hagkvæmni og ýmsar samgönguaðgerðir eru mjög arðbærar.

Herra forseti. Mig langar að nálgast þetta mál á örlítið annan hátt og tala um það sem er að gerast í framkvæmdum. Ég tala þar út frá þáltill. sem undirritaður stóð að ásamt stuðningsmönnum úr öllum þingflokkum á Alþingi. Kveikjan er athugasemd um malbik og steypu sem ég las í Víkverja og er eitthvað á þessa leið, með leyfi forseta:

Víkverji segir að malbikið virðist best undir hjólum en spyr um leið hvort það sé æskilegasti kosturinn þjóðhagslega séð. Um það eru skiptar skoðanir.

Eins og áður var getið lagði undirritaður fram tillögu um notkun steinsteypu í staðinn fyrir malbik. Þar eru lögð fram rök fyrir því að henni fylgi betri ending, minna viðhald, minni erlendur kostnaður, fleiri störf hérlendis við efnistöku og í sementsverksmiðju og steypustöðvum, minni eldsneytisnotkun, minni efnamengun vegna slitryks og minni kostnaður við lýsingu þar eð steypan er ljós en malbikið dökkt. Víkverji

rak augun í þessa tillögu. Ég vonast til þess að hún komi til afgreiðslu í vetur. Ég fagna því að formaður samgn. er hér viðstaddur því ég ætla að beina til hans orðum á eftir varðandi þessa þáltill. Í raun þyrfti að biðja um að hæstv. heilbrrh., hæstv. iðnrh. og jafnvel hæstv. forsrh. mættu til umræðunnar vegna þeirra mála sem ég ætla að ræða en ég læt mér nægja að vonast til þess að þessi mál komist á framfæri fyrir tilstilli hæstv. samgrh. og formanns samgn.

Hæstv. forseti. Mig langar að gera að umræðuefni þær framkvæmdir sem eiga sér stað núna og furðuleg vinnubrögð í sambandi við þær. Þar á ég við Vestfjarðagöngin. Fyrir um fimm árum var boðin út verkframkvæmdin slitlagsgerð í þessum göngum. Þá komu tilboð um steinsteypu og malbik. Niðurstaðan var sú að tilboði malbiksaðilans var tekið án þess að ræða við steinsteypuaðilann þótt hans tilboð væri hagstæðara. Mér finnst ástæða til að gera þetta að umræðuefni. Ég tel illa að málum staðið þegar menn hafna íslenskum efnum sem eru jafnframt ódýrari og meira vinnuskapandi. Af þessari ástæðu vil ég vitna hér í grein sem birtist í Adressavisen í Þrándheimi 25. nóv. 1994. Fyrirsögnin er Ryk eykur fjölda dauðsfalla. Mér finnst ástæða til að greina frá efni hennar, með leyfi forseta. Þess vegna minntist ég á að hæstv. heilbrrh. þyrfti að vera hér. Fyrirsögn greinarinnar er heldur óhugnanleg. Að meginefni fjallar hún um þá hættu sem stafar af mengun frá malbiksryki. Að sögn Rannsóknarstofnunar ríkisins um þjóðarheilbrigði er asfaltrykið í Þrándheimi hættulegt heilsu gamalmenna og smábarna. Í greininni ráðleggur Hans Blystad, yfirlæknir í Þrándheimi, öldruðu og heilsutæpu fólk að halda sig innan dyra þá daga sem mest er af malbiksryki í andrúmsloftinu. Rykið veldur alvarlegum erfiðleikum hjá asmasjúklingum og öðrum þeim sem eiga við öndunarsjúkdóma að stríða.

Í þessari grein er vitnað í tölur frá SINTEF Bergteknikk sem sýna að 9–10% malbiksins sem losnar úr slitlaginu á ári verða að svifryki. Það þýðir að árlega losna um 1.000 tonn af malbiksryki á nagladekkjatímabilinu, en það er á svipuðum tíma þar og hér á Íslandi. Slit malbiks er því allt að 10.000 tonnum árlega í Þrándheimi. Það er vitnað til þess að í Væretunellen er malbiksslitið 700 kg á viku og þess vegna er komin fram krafa um að leggja niður nagladekkjaumferð á þessu svæði.

Ég held að það sé rétt að geta þess að menn eru að slást við sömu hluti hér í Reykjavík. Í þessari umræddu grein er rætt um að banna umferð um ákveðnar götur í Þrándheimi vegna ryks. Vegna reynslu minnar af áhrifum af saltburði á götur Reykjavíkur og upplausn tjöru og ryks tel ég mikla ástæðu til þess að tillagan sem liggur fyrir samgn. Alþingis um aukna notkun steinsteypu til slitlagsgerðar verði tekin til umfjöllunar í nefndinni og afgreidd frá Alþingi. Ef svo verður ekki má leiða að því líkur að þar sé hagsmunagæsla á ferðinni sem kemur í veg fyrir eðlilega umfjöllun og afgreiðslu tillögunnar.

Ég hef velt þessu fyrir mér í sambandi við notkun malbiks í Vestfjarðagöngum og þessi spurning kom reyndar upp í huga mér þegar fréttir bárust af flutningabíl sem kviknaði í á Hvalfjarðarleið 18. des. sl. Hvað gerðist við slíkar aðstæður í Vestfjarðagöngum með malbikinu og aðeins einni akrein? Björgunarmenn eða slökkviliðsmenn kæmust ekki einu sinni að bifreiðinni vegna þess að göngin eru einbreið og malbikið mundi sannanlega loga eins og gerðist á Hvalfjarðarleiðinni. Ég tel að menn hafi gleymt að taka þetta með í reikninginn þegar þeir ýttu út af borðinu tilboði sem var hagstæðara en malbikstilboðið varðandi slitlag í Vestfjarðagöngum. Það eru svona atriði sem ég tel að menn flaski á. Ég er ekki að ásaka hæstv. samgrh. eða formann hv. samgn. fyrir þeirra aðgerðir í málinu. Ég er bara að benda á hvernig verktakinn sem þarna á hlut að máli vinnur. Ég tel að það sé á ábyrgð íslensku ríkisstjórnarinnar að svona lagað skuli gerast. Menn ættu að gæta betur að sér þegar svona verk eiga í hlut. Þarna var um að ræða tilboð um íslenska framleiðslu sem er betri eða a.m.k. jafngóð og það sem valið var. Jafnframt er hún ódýrari og skapar fleiri störf. Þarna hefur mönnum skjátlast alvarlega við framkvæmd um mála.

Ég gæti haldið lengi áfram, herra forseti, og rætt þessi mál út frá umferðaröryggi í veggöngum. Það er kannski ástæða til að menn skoðuðu þessi mál ítarlega og vel vegna þeirrar umræðu sem kom áðan upp varðandi Spöl.

Ég ætla ekki að halda mjög langa ræðu. Ég ætla að eiga mögulcika á að koma í síðari umferð. Að lokum, herra forseti, vil ég beina spurningum til hv. form. samgn. og hæstv. samgrh. Til form. samgn. er spurningin þessi: Ég óska eindregið eftir svari við því hvort hann ætli að afgreiða umræddа þáltill. frá hv. nefnd nú á þessu ári. Þetta er í þriðja sinn sem mælt er fyrir þeirri tillögu með stuðningi þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi og fyrrv. samgn. hafði ekki dögun í sér til að klára að afgreiða ályktunina. Ég bið því um svar við því úr þessum stóli frá hv. formanni hvort svo muni verða að ályktunin verði afgreidd í vetur.

Í öðru lagi skora ég á hæstv. samgrh. að hann beiti sér fyrir notkun íslenskra efna við slitlagsgerð á vegi á Íslandi og að rækilega verði upplýst hvers vegna aðalverktaki Vestfjarðaganganna tekur erlent heilsuskaðandi efni fram yfir íslenska steypu. Hún hefur mikið meiri atvinnusköpun í för með sér og er jafnframt ódýrari samkvæmt tilboði í verkframkvæmdir í Vestfjarðagöngum og samkvæmt því tilboði sem ég hef undir höndum.

[16:17]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er að sjálfsögðu ljúft að svara spurningu hv. 5. þm. Vesturl. um það hvort ætlunin sé að afgreiða frá hv. samgn. þáltill. sem hann er 1. flm. að og varðar aukna notkun á steinsteypu við vegagerð. Það er að sjálfsögðu ætlun mín sem form. nefndarinnar að þetta mál fái eðlilega, efnislega meðferð og þeirri meðferð ljúki í nefndinni þannig að við afgreiðum málið frá okkur. Á þessu stigi get ég að sjálfsögðu ekki lýst því nákvæmlega hvernig sú afgreiðsla verður eða hver niðurstaða nefndarinnar verður vegna þess að efnisleg umræða um málið hefur ekki farið fram innan nefndarinnar að öðru leyti en því að við höfum fengið það til umræðu. Málið hefur verið rætt lauslega á einum fundi. Við söfnuðum saman þeim umsögnum sem þegar lágu fyrir. Það er ljóst að þær standast flestar tímans tönn eins og steinsteypan. Við kölluðum síðan eftir viðbótarupplýsingum þar sem við töldum þörf á því og hv. þm. hefur einnig kynnt mér frekari gögn í því máli sem ég tel eðlilegt að við kynnum okkur, m.a. myndbandsspólu sem hv. þm. hefur afhent nefndinni. Allt þetta verður að skoða þegar kemur að því að við förum að taka þetta mál til efnislegrar meðhöndlunar. Það verður metnaðarmál okkar sem erum í nefndinni að geta afgreitt þetta mál. Ég get svarað því hreint og klárt að ég stefni að því að afgreiða þetta mál efnislega frá þessari nefnd. En eins og hv. þm. skilur get ég að sjálfsögðu ekki greint frá eða veit það ekki á þessari stundu réttara sagt, hver sú efnislega niðurstaða verður vegna þess að við höfum

ekki haft tök á því enn þá að fara yfir þetta mál. En það verður að sjálfsögðu gert og stefnt að því að ljúka því fyrir lok þingsins í vor.

[16:19]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ágæt svör hv. form. samgn. Ég ítreka beiðni mína um að vel verði tekið á málinu og menn skoði nákvæmlega þá tillögu sem fyrir liggur um aukna notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Ég mælist til þess úr þessum stóli við hv. form. að til verði kvaddir aðilar sem hafa gefið og gert tilboð í útlögn á steinsteypu og þeir sem hafa lagt hvað mest kapp á að koma steinsteypu sem slitlagsefni á vegi á Íslandi og við þá rætt um leið og aðra.

[16:20]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu meining okkar að þetta mál fái eðlilega og vandaða efnislega meðferð. Ef þörf krefur að kalla eftir frekari upplýsingum en liggja nú þegar fyrir nefndinni, þá verður það að sjálfsögðu gert.

Ég vil aðeins segja það sem gæti verið örlítið efnislegt innlegg í þessa umræðu að þetta snýr ekki síst að spurningunni um kostnað. Sú spurning verður mjög ofarlega á baugi í okkar umræðu hver kostnaðurinn verður við það annars vegar að leggja steinsteypu á vegina eða malbik eða klæðningu eða einhvern annan kost sem er til staðar. Það er það sem við þurfum m.a. að horfa til vegna þess að við erum að keppa að því að reyna að ná sem mestum árangri í því að leggja vegi. Það verður að horfa mjög á þessa hluti í eðlilegu samhengi. Það getur hins vegar verið svo eins og kom fram í ræðu hv. þm. áðan að við tilteknar aðstæður sé það hreinlega ekki verjandi að nota annað efni en steinsteypu af t.d. heilsufarslegum ástæðum eins og hv. þm. var að nefna áðan að væri komið upp úti í Noregi. Það verður auðvitað að skoða það. Þetta sýnir okkur það að málið er kannski dálítið margslungið og snýr að fleiri hlutum heldur en menn hafa gert sér í hugarlund í upphafi. En ég ítreka það að það er vilji okkar í samgn. Alþingis að þetta mál eins og önnur fái vandaða efnislega meðferð og síðan niðurstöðu í samræmi við hana. Að sjálfsögðu eins og ég sagði áðan, get ég ekki á þessari stundu greint frá því hver sú niðurstaða verður því að það liggur einfaldlega ekki fyrir.

[16:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurna hv. þm. vil ég fyrst taka það fram að það hefur ekki verið áskilið af Vegagerðinni svo ég viti til, hvorki í jarðgöngum undir Hvalfjörð né fyrir vestan hvort malbik eða steinsteypa yrði fyrir valinu. Ég hélt einmitt að væri mjög gott samband á milli Spalar og sementsverksmiðjunnar þannig að hægt hefði verið að halda þar öllu vel til haga sem styrkti steinsteypuna í samanburðinum við malbikið, a.m.k. í því verki.

Í sambandi við jarðgöngin hefur það eitt verið áskilið að verktaki vinni í samráði við norska staðla eins og hv. þm. vék að áðan.

Annars vil ég aðeins segja í sambandi við fyrirspurn hans um það hvort íslensk steinefni yrðu notuð aðallega til vegagerðar hér á landi, að stundum eru efniseiginleikar þannig að menn kjósa heldur að flytja inn steinefni, t.d. ljóst steinefni í malbik á Reykjavíkursvæðinu. Það kann einnig að vera ódýrara. Í annan stað skilst mér að myndarleg tilraun hafi verið gerð með því að steypa götu eða veg ofan við Höfðabakka sem Sementsverksmiðjan stóð að og verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig sú tilraun gefst.

[16:24]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir athugasemdir hæstv. ráðherra. Það sem ég var að gera með minni áskorun var að skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir notkun steinsteypu þar sem það á við, nota íslenskt efni þar sem það á við, þar sem það er bæði meira atvinnuskapandi og þar sem steinsteypan reynist vera við skoðun ódýrari. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að þessi þáltill. sem ég hef gert að umræðuefni verði afgreidd frá þinginu og það hið fyrsta.

[16:25]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umfjöllunar tillaga hæstv. samgrh. um breytingar á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Í þessari tillögu kemur fram að fjármagn til framkvæmda í vegamálum er lækkað frá því sem gert var ráð fyrir í fyrirliggjandi vegáætlun. Það er vissulega mikið áhyggjuefni og vonbrigði að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa að draga úr vegaframkvæmdum.

Samgöngur og nauðsyn uppbyggingar vegakerfisins á landsbyggðinni er að mínu mati brýnasta og mesta hagsmunamál íbúa landsins, ekki eingöngu landsbyggðarinnar heldur landsins alls. Þess vegna hefði verið ákjósanlegt að standa frammi fyrir þeirri staðreynd hér í dag að um væri að ræða aukið fjármagn til vegaframkvæmda. En svo er ekki og kem ég nánar að því síðar.

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma aðeins inn á þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag, þar sem sumir hv. þingmenn hafa farið út í þá sálma að rekja raunir sínar og sinna kjördæma í vegamálum. Það væri út af fyrir sig hægt að fara út í slíka umræðu. Ég gæti t.d. farið yfir það hve nauðsynlegt og brýnt það er að ráðast af krafti í ýmsar vegaframkvæmdir á Vesturlandi, í mínu kjördæmi. Ég gæti t.d. bent á það hve mikilvægt er að hraða samtengingu þéttbýlisstaða á norðanverðu Snæfellsnesi. Ég gæti líka bent á það hve mikilvægt er að ráðast í framkvæmdir við fjallvegi, t.d. á Snæfellsnesi þar sem akvegir eru nánast óökufærir á köflum. Ég gæti líka nefnt það hve mikilvægt væri að ráðast í vegaframkvæmdir í uppsveitum Borgarfjarðar til að styrkja byggðina þar. Ég tek þetta sem dæmi um nokkur atriði sem ég gæti farið út í að ræða hér og eytt tíma í. En ég ætla að láta það bíða betri tíma. Ég vil hins vegar benda á það hvernig sumir hv. þingmenn hafa rætt þessi mál í dag. T.d. vil ég nefna ræður hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sem reyndar áttu það sammerkt báðar að vega að Framsfl. og láta að því liggja að Framsfl. væri að svíkja kosningaloforð í þá veru að flokkurinn hafi lofað að auka vegaframkvæmdir fyrir síðustu kosningar. Það er rétt að þingmenn Framsfl. eins og ég hygg allra annarra flokka hafa mikinn hug á því að efla þessar framkvæmdir. Ég held að það sé rétt mat hjá mér að þetta er sameiginlegt áhugamál allra þingmanna.

Hins vegar höfum við framsóknarmenn ásamt samstarfsflokknum, Sjálfstfl., unnið að því meginmarkmiði sem reyndar kemur fram í tillögunni sem liggur hér fyrir að draga úr halla ríkissjóðs. Við stöndum akkúrat frammi fyrir þeirri staðreynd að ef á að byggja upp efnahag ríkissjóðs til lengri tíma litið, þá verður að draga úr útgjöldum. Við þekkjum þessa umræðu frá því fyrr á þessu þingi, fyrir áramót þegar umræða var um fjárlög.

Ég tel að það sé eitt mikilvægasta verkefni okkar þingmanna nú að ná tökum á ríkisfjármálum þannig að við búum í hag fyrir ekki eingöngu okkar kynslóð heldur kynslóðirnar sem á eftir koma, börn okkar og barnabörn. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því verkefni sem við m.a. erum að ræða hér í dag.

Ég vil líka benda á að málflutningur hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur minnti mig örlítið á gamlan veðhlaupahest sem getur eingöngu horft í eina átt því það var einkenni þeirrar ræðu sem þingmaðurinn flutti að hún horfði eingöngu innan borgarmarka Reykjavíkur og gaf því ekki gaum hvað gerist annars staðar á landinu. Þetta held ég að hv. þm. Svavar Gestsson mundi líklega skilgreina sem kjördæmapot og ég get tekið undir það.

Virðulegur forseti. Ég vildi rétt draga fram þessar tvær ræður sem hér hafa verið fluttar svona rétt til að sýna fram á það hvernig umræða um þessi efni getur orðið.

Ég studdi þau markmið sem lágu að baki fjárlaganna sem samþykkt hafa verið fyrir þetta ár, 1996, þ.e. ná tökum á ríkisfjármálum, og þess vegna mun ég vinna að heilindum að því að útfæra þá tillögu sem hér liggur fyrir. Það er ljóst að það mun valda íbúum landsins alls, ekki eingöngu landsbyggðarinnar heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu, miklum vonbrigðum því að væntingar hafa verið miklar um uppbyggingu vegakerfisins víða um landið enda er hér um að ræða eitt heitasta mál íbúa landsins alls.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu öllu meir. Ég tel að sú tillaga sem hér liggur fyrir og hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir sé eðlileg í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru og því tel ég að eðlilegt sé að endurskoða vegáætlun ársins á þeim grunni.

[16:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Framsfl. á Vesturlandi var óhress yfir því að ég gagnrýndi þann mikla niðurskurð sem höfuðborgarsvæðið verður fyrir. Ég gæti trúað því að fulltrúar hans í höfuðborginni, borgarfulltrúar Reykjavíkurlistans, þakki þeim þingmanni sem hér stendur fyrir að hann skuli þó berjast fyrir hlut þeirra. Reyndar kom fram hjá hæstv. samgrh. að það hafi verið með vilja framsóknarmanna í ríkisstjórninni og borgarfulltrúa þeirra í Reykjavík að mest var skorið niður hér á þessu svæði og það kemur mér verulega á óvart.

Varðandi að þetta sé kjördæmapot skýrði hv. þm. Svavar Gestsson rækilega út hvað væri kjördæmapot. Kjördæmapot er þegar maður gerir meira fyrir eitt kjördæmi en annað en hér er niðurskurðinn látinn bitna meira á höfuðborgarsvæðinu en öðrum kjördæmum. Það er ekki kjördæmapot að fara fram á að hlutur höfuðborgarsvæðisins verði réttur. Það er sanngirnisatriði og ég hefði haldið að hv. þm. sæi réttlætið í því. Aftur á móti mætti flokka það undir kjördæmapot þegar hæstv. samgrh. dregur upp 90 millj. á kjördæmisþingi fyrir norðan til Akureyrarflugvallar sérstaklega umfram aðra flugvelli þegar búið er að skera niður til flugmála. Ef eitthvað er kjördæmapot þá er það þetta.

[16:33]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef orðið var við að hv. þm. er óhress með niðurskurð á höfuðborgarsvæðinu í vegamálum. Ég hygg að allir þingmenn alls staðar af landinu séu ekkert mjög hressir með það að þurfa að skera niður fjármagn til vegaframkvæmda. Í þeim efnum falla allir undir sama hattinn. Hv. þm. talar um sanngirnissjónarmið. Ég get líka sagt að ég hygg að hægt væri að færa rök fyrir því að niðurskurður í vegáætlun ætti eingöngu að koma fram í framkvæmdaátaki. Það væri hægt að færa rök fyrir því. En það eru víðar sanngirnissjónarmið en hv. þm. nefndi og þess vegna hafa þingmenn ekki deilt á að tekið sé á þeim málum með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Í umræðunni hafa komið fram raddir þingmanna á þéttbýlissvæðinu sem hafa mótmælt niðurskurði á framkvæmdaátakinu. En ég vil benda á að það er hægt að færa rök fyrir hinu líka.

[16:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekkert sanngirnissjónarmið þegar höfuðborgarsvæðið lendir í 37% niðurskurði en önnur svæði í 18% niðurskurði. Það er helmingi meiri niðurskurður á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar.

Eins og hefur komið fram í umræðunni var samkomulagsatriði milli ríkisstjórnarinnar og aðila á vinnumarkaði að beita sér fyrir þessu framkvæmdaátaki og var gerður samningur um það fyrir ári. Með þessum vinnubrögðum er verið að brjóta samninginn. Kannski finnst hv. þm. til fyrirmyndar að brjóta gerða samninga.

[16:35]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa til þess sem hæstv. samgrh. sagði áðan varðandi samninginn. Ef ég hef tekið rétt eftir er að það ekki brot á samningi að fresta framkvæmdum. Um annað er ekki að ræða hér.

[16:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. gerði að umtalsefni ræðu mína fyrr í þessum umræðum og þær vangaveltur sem ég hafði uppi um hlutverk og stöðu Framsfl. í þeim veruleika sem við okkur blasir núna, þ.e. þeim stórfellda niðurskurði sem hér á sér stað, ekki einasta á höfuðborgarsvæðinu þó að hann sé þar sýnu mestur, heldur einnig víða úti um land.

Mér var hins vegar ekki ljóst á ræðu hans hvort hann gengist við þessu öllu saman og viðurkenndi í raun að með tilkomu Framsfl. inn í nýja ríkisstjórn þýðir það eins milljarðs lækkun á heilu ári og hvort sú niðurstaða sé sérstakt hlutverk Framsfl. ellegar hvað.

Hitt veit ég að frambjóðendur Framsfl. víða úti um land höfðu um það orð að fremur yrði spýtt í lófana og gert enn betur en fyrr hafði verið í vegamálum og samgöngumálum. En aldrei heyrði ég það neins staðar að þeir orðuðu það svo mikið sem í hálfri setningu að þeir stefndu á það að skera niður jafnhressilega og raun ber vitni.

Virðulegi forseti. Það er rétt að halda því til haga sem rétt er og sanngjarnt. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að biðjast afsökunar á orðbragði mínu fyrr í dag. Í hita leiks notaði ég orð sem eiga hér ekki heima, enda hefur mér aldrei dottið til hugar að neinir þingmenn, úr hvaða flokki sem þeir eru, grípi til þess óyndisúrræðis að skrökva. Hins vegar lenda stundum sumir í því að lofa meira en þeir geta staðið við og það er auðvitað allt, allt annar hlutur þannig að ég biðst velvirðingar á ummælum mínum fyrr í dag.

[16:38]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem eingöngu upp til að þakka hv. þm. fyrir það að biðjast velvirðingar á ummælum sem hann

lét falla fyrr í umræðunni og tel hann mann að meiri. Ég ætla ekki að fúkyrðast við hann að öðru leyti um þessi mál.

[16:38]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um till. til þál. um breytingar á vegáætlun sem hér er til umræðu og hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir. Ástæður þess að verið er að fjalla um breytingar á vegáætlun eru ljósar. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir lægri fjárhæðum til vegaframkvæmda en vegáætlun hafði gert ráð fyrir og þess vegna reyndist nauðsynlegt að leggja fram nýja till. til þál. sem samgn. fær þá til meðferðar og þingmenn einstakra kjördæma fá til skoðunar eins og venja er áður en hv. samgn. afgreiðir hana.

Út af fyrir sig þarf ekki að halda langa ræðu um það hvers vegna það hefur orðið niðurstaða að lægri fjárhæðir eru ætlaðar til vegagerðar á þessu ári en áður hafði verið ætlað. Það liggur fyrir að tekin var sameiginleg ákvörðun um það hjá stjórnarflokkunum að lækka halla ríkissjóðs. Vegaframkvæmdir verða m.a. fyrir þeirri lækkun.

Það er auðvitað staðreynd að það eru minni tekjur til opinberra framkvæmda og þær ákvarðanir eru teknar á grundvelli þess að það er vilji okkar og ríkur skilningur að reyna að efla atvinnulífið með því að draga úr halla ríkissjóðs, m.a. til þess að hafa áhrif á fjármagnsmarkaðinn til þess að leitast við að lækka vexti í þjóðfélaginu. (**SvG:** Og gengur það illa?) Það er rétt, hv. 8. þm. Reykv., og það var akkúrat það sem ég ætlaði að koma að í örfáum orðum.

Það veldur vonbrigðum og líka vandræðum að vextir skulu hafa hækkað nú um sinn. Um það voru umræður í þinginu í gær og hæstv. viðskrh. sagði þing og þjóð frá því að hann væri á leiðinni í Seðlabankann til þess að ræða við þá sem þar ráða. Ég verð að viðurkenna að það olli mér geysilega miklum vonbrigðum þegar fyrstu viðbrögð bankakerfisins og þar á meðal seðlabankastjóranna voru eftir afgreiðslu fjárlaga að vextir skyldu verða hækkaðir.

Ég hlustaði m.a. á brýningar bankastjóra Seðlabankans til okkar þingmanna að nú yrðum við að standast prófið, nú yrðum við að standast þau skilaboð sem væru send til okkar um það að draga úr ríkisútgjöldum og með því og því aðeins mætti tryggja lækkun vaxta. Nú hefur þetta ekki orðið og það er alveg nauðsynlegt að fá skýringar á því hjá bankastjórum Seðlabankans og þess vegna er fagnaðarefni að hæstv. viðskrh. skuli ætla að leita eftir því hvers vegna þessi þróun hefur orðið gagnstætt því sem fullyrt var í tengslum við og þegar fjárlög voru til afgreiðslu. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Vonandi heyrum við af skýringum seðlabankastjóranna en kannski er ástæða til þess að vekja athygli á því að í skýrslu sem Seðlabankinn gaf út í nóvember, að mig minnir, var m.a. fjallað um áhrif ríkissjóðshalla á vexti. Það var tölfræðileg niðurstaða fræðinga Seðlabankans að halli ríkissjóðs hafi ekki mikil áhrif á vexti þannig að mörg er nú kenningin í þessum efnum. Hins vegar er sannfæring mín að við höfum tekið alveg réttar ákvarðanir með því að draga úr opinberum framkvæmdum. Hins vegar má eilíflega og alltaf deila um það hvort fremur eigi að draga úr einum framkvæmdum en öðrum. Aðalatriðið er það að okkur alþingismönnum ber skylda til þess að leitast við að ná niður halla ríkissjóðs og ná jöfnuði í ríkisútgjöldum og helst að reka ríkissjóð með afgangi.

Auðvitað má segja mjög margt um þær framkvæmdir sem tengjast vegagerð. Samgöngur eru í okkar stóra landi afskaplega mikilvægar og ekki hvað síst samgöngur á landi. Vegakerfið er mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífsins og nauðsynlegur þáttur til þess að svo megi verða að við getum nýtt auðlindir okkar bæði til lands og sjávar eins og best má verða. Ef ekki tekst að byggja upp samgöngukerfið í landinu er alveg ljóst að byggðin mun fara halloka og erfiðleikar við að halda jafnvægi í byggðum landsins eins og mikið var talað um áður og fyrr verða sífellt meiri.

Hæstv. forseti. Við þetta tækifæri vil ég taka undir það sem kom fram í umræðum fyrr í dag að ég tel afskaplega mikilvægt að litið sé til allra samgönguþátta. Samgöngukerfið er byggt upp með tilliti til þess að það nýtist okkur landsmönnum sem best og þá á ég við uppbyggingu veganna, hafnanna og flugvalla. Ég tel að með því að skipuleggja þau mál sem best megi vænta þess að okkur takist að auka hagvöxt, auka afrakstur þjóðfélagsins af þeirri iðju sem við stundum í landinu og þannig megi auka þann arð sem verður af framleiðslu og rekstri og nýtingu auðlindanna.

Annar þáttur er einnig afar mikilvægur og hefur nokkuð verið í umræðunni að undanförnu í þjóðfélaginu og það er sá þáttur sem lýtur að því að auka öryggi vegfarenda. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því að það þurfi að hafa e.t.v. ríkar í huga en hefur verið að byggja upp vegakerfið í landinu þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Við heyrum þessa dagana um slys á þjóðvegum landsins. Ég treysti hæstv. samgrh. til þess að láta kanna með hvaða hætti bæta megi ástand þjóðveganna t.d. hvað varðar einbreiðar brýr og aðra þekkta slysastaði til þess að reyna sem mest að draga úr slysum og draga úr slysahættu á þjóðvegunum.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort ekki væri eðlilegra að allt sem lýtur að umferðaröryggi væri á vegum samgrn. fremur en annarra ráðuneyta. Ég tel alveg nauðsynlegt að velta því fyrir okkur.

Ég ætla ekki að ræða einstakar vegaframkvæmdir þó að auðvitað væri hægt að hafa mörg orð um það. Þessi till. til þál. fjallar út af fyrir sig ekki um einstakar vegaframkvæmdir en engu að síður er óhjákvæmilegt að minna á það og vekja þannig athygli á því að víða og þar á meðal í mínu kjördæmi, Vesturlandskjördæmi, eru mjög mikilvægar framkvæmdir í vegamálum sem þola ekki bið enda höfum við þingmenn kjördæmisins rætt um þau mál og munum væntanlega gera tillögur um það hvaða verk við leggjum megináherslu á við vegaframkvæmdir.

Það liggur fyrir að vonandi verða undirritaðir samningar fljótlega um framkvæmdir við Hvalfjarðargöng. Það verk er að mestu leyti utan vegáætlunar nema tengingar við Hvalfjarðargöngin. Það eru hins vegar kostnaðarsamar framkvæmdir og þarf að líta til þess. Ég hef velt því fyrir mér hvort það sé ekki eðlilegt að þær tengingar séu hluti af stórverkefnum og að í rauninni sé ekki sanngjarnt að þær séu greiddar eingöngu af þeim kjördæmum sem koma að Hvalfjarðargöngunum. Ég hef að vísu ekki sett fram neinar kröfur í þessu sambandi, ég vil bara velta þessu hér upp og rökstuðningur minn fyrir þessu er að það eru auðvitað fyrst og fremst íbúar þeirra kjördæma sem næst eru Hvalfjarðargöngunum sem munu greiða stærstan hluta af gerð þeirra með því að greiða aðganginn að þeim. Það verða fyrst og fremst íbúar af höfuðborgarsvæðinu, úr Reykjaneskjördæmi og svo aftur af Vesturlandi sem munu fara þau daglega þótt

fólk úr öllum kjördæmum muni vonandi nýta sér Hvalfjarðargöng. Ég held að þurfi ögn að líta til þessara staðreynda og þeirrar ákvörðunar að selja aðgang að þessu mannvirki. Það þarf að líta til vegaframkvæmda út frá því sjónarhorni að þau skipta miklu máli fyrir framvindu og framgang atvinnulífsins og uppbyggingu atvinnuþátta og ekki þá síst ferðaþjónustu.

Ég tel t.d. nauðsynlegt að hafa í huga hvar þurfi einkum að leggja áherslu á vegabætur til þess að byggja upp ferðaþjónustuna í landinu. Getur verið að það beri t.d. að leggja sérstaka áherslu á veginn upp í Borgarfjarðadali að Húsafelli, en þar og í Skorradal eru miklar sumarbústaðabyggðir svo dæmi séu nefnd? Eða leggja áherslu á að vegurinn um Kaldadal sé bættur svo að ferðaþjónustunni verði sinnt hvað þetta varðar? Ég tel nauðsynlegt að líta á þessa þætti ekki síður en að horfa til annarra þátta, svo sem umferðar. Umferðin kemur með bættum samgöngum og umferðin kemur með uppbyggingu t.d. í ferðaþjónustu. Ég held að við Íslendingar þurfum að líta enn frekar en við höfum áður gert á þátt ferðaþjónustunnar við uppbyggingu vegakerfisins og þá kannski ekki síst safnveganna og þeirra vega sem teljast til minni háttar umferðaræða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega ofan í þau verk sem tengjast vegáætlun en það er engu að síður nauðsynlegt fyrir okkur þingmenn að stokka upp spilin. Við þurfum að líta til þess hvaða verk það eru sem e.t.v. þarf að leggja meiri áherslu á núna við endurskoðun vegáætlunar og reyna að átta okkur á því hvaða verk það eru sem við viljum að njóti forgangs. Ég vil nefna það hér, vegna þess að hv. 3. þm. Vesturl. nefndi sérstaklega tengingu á norðanverðu Snæfellsnesi, að ég tek undir það með hv. þm. að það er nauðsynlegt að leggja áherslu á það enda var það gert á síðasta kjörtímabili. Þá voru teknar mjög mikilvægar ákvarðanir svo sem að byggja nýja brú yfir Hraunsfjörðinn og taka ákvörðun um að forgangsverkefni eða stórverkefni væri vegur fyrir Búlandshöfða og síðan vegur um Vatnaheiði. Þetta eru stórframkvæmdir og kostnaðarsamar en verður að taka séstaklega tillit til.

Herra forseti. Hér er mikið talað um niðurskurð vegaframkvæmda. Ég vil af því tilefni minna hv. þm. á að um hann er e.t.v. talað vegna þess að á síðasta kjörtímabili var, undir stjórn hæstv. samgrh., framkvæmt meira en nokkru sinni fyrr. Ég vil vekja séstaka athygli á því í sambandi við allt talið um niðurskurð vegaframkvæmda.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það hefur sitthvað athyglisvert komið fram í þessari umræðu og það er góðra gjalda vert að vegamál séu rædd í þinginu oftar en ekki. Þótt tilefni þessarar umræðu sé næsta ömurlegt, kemur margt fram í henni sem er umhugsunarvert og getur þokað okkur eitthvað áfram. T.d. fannst mér í máli hv. síðasta ræðumanns ýmislegt skynsamlegt og vel mælt m.a. öryggismál vega. En niðurlagið í ræðu hv. 2. þm. Vesturl. þótti mér ekki vel til fundið, en þar réttlætir hann þá mynd sem blasir við með því að það hafi verið svo mikið gert á síðasta kjörtímabili. Ég held að þær fullyrðingar þurfi betri skoðunar við og það er margt sem kemur í hugann í sambandi við þá glansmynd sem dregin var upp af hæstv. samgrh. fyrrv. ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnar og lesa má um í síðasta ræðuhefti Alþingistíðinda frá síðasta þingi. Þar var gefið til kynna að stórauka ætti framlög til vegamála samkv. fjögurra ára vegáætlun sem þá var til umræðu. Og þar var sannarlega dregin upp glansmynd því látið var að því liggja að þar ætti að bæta við 3,5 milljörðum kr. eða svo og bætt við í raun inn í þá mynd á annan milljarð kr. umfram það sem réttmætt var. Þetta var skýrt dregið fram í umræðu um vegáætlun á þeim tíma og ætla ég ekki að fara frekar út í það.

Hins vegar er ástæða til þess, virðulegur forseti, að rifja það upp sem rætt var við umræðu um þá vegáætlun sem hæstv. samgrh. lagði fram á síðasta þingi hversu öfugsnúin þau vinnubrögð eru að fráfarandi ríkisstjórn sé að leggja fyrir þingið stefnumarkandi áætlun um vegamál til fjögurra ára eins og gerst hefur ítrekað. Síðan fer ríkisstjórnin frá, ný ríkisstjórn er mynduð og þá er fyrsta verk hinnar nýju ríkisstjórnar, að þessu sinni með sama hæstv. samgrh., að koma með breytingu á vegáætluninni sem sýnir niðurskurð upp á um einn milljarð kr. Það breytir ekki því hvort um niðurskurð eða aukningu er að ræða, hvers eðlis breytingin er. Við þurfum að hverfa frá þessum vinnubrögðum og leiða í reglur að ný vegáætlun sé lögð fram af nýrri ríkisstjórn í byrjun kjörtímabils og þá reynt að fella það að langtímaáætlun í vegamálum þannig að saman fari áætlun til fjögurra ára sem fyrsti hluti langtímaáætlunar sem stefnt hefur verið að að sé mótuð til tólf ára í senn og tekur þá viðkomandi áætlun til þriðjungs tímabils. Slíkt er vitræn áætlunargerð og líkur á því að þeir sem leggja fram fyrsta hluta slíkrar áætlunar geri það af einhverju raunsæi en noti ekki áætlunargerðina til þess að draga upp glansmynd í aðdraganda kosninga eins og gerðist á síðasta þingi. Þetta á við allar ríkisstjórnir og ég held að þeir sem líta hlutlægt á málin hljóti að geta fallist á að við þurfum að hverfa frá þessum vinnubrögðum sem hafa verið tíðkuð ítrekað í sambandi við mótun fjögurra ára vegáætlunar.

Svipurinn á þeirri vegáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi og sem endurspeglast í þeirri niðurskurðaráætlun til ársins sem hér liggur fyrir, ber vott um það sem hefur orðið æ meira áberandi við gerð vegáætlunar að vegaféð er bútað niður í einstaka þætti, einstök átök eins og þau eru kölluð, þannig að það er mjög erfitt í rauninni að átta sig á heildarmyndinni sem við blasir. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem menn þurfi að taka til endurskoðunar. Það má segja að hin almenna fjárveiting til vegamála sé orðin hverfandi lítill hluti af heildarfjármagninu sem fer í hinu ýmsu hólf. Hæstv. núv. samgrh. hefur verið iðinn við að fjölga þeim, bætti að mig minnir einu eða tveimur við á síðasta þingi. Hann bætti a.m.k. við einum slíkum flokki og hafði aukið við safnið á fyrri þingum.

Sá stórfelldi niðurskurður sem hér er um að ræða upp á nær milljarð króna er af mörkuðum tekjustofnum. Það er verið að skera niður markaða tekjustofna til vegagerðar og svo er nú komið samkvæmt áætlun Félags íslenskra bifreiðaeigenda að aðeins um þriðjungi af þeim skattpeningum sem teknir eru af umferðinni er skilað til verkefna sem þeir eru ætlaðir til. Það er auðvitað ekki verjanlegt að ganga þannig fram. Hæstv. núv. samgrh. hefur verið öllum ráðherrum þessara mála iðnari við það að krukka í þessa mörkuðu tekjustofna og bætt þar við frá ári til árs að undanförnu og er nú komið í þetta horf að rétt um þriðjungur markaðra tekjustofna rennur til framkvæmda í vegamálum. Þetta hljótum við að gagnrýna harðlega.

Það er svo einnig til álita að Framsfl. sem hefur átt talsmenn í þessari umræðu ber ábyrgð á því sem hér er lagt til í þessum efnum og fest var í lög með fjárlagagerðinni. Það hefði þurft að segja sumum það áreiðanlega tvisvar fyrir

síðustu kosningar að það yrði hlutskipti Framsfl. að bera ábyrgð á því í ríkisstjórn eins og nú er að slíkur niðurskurður er gerður í sambandi við vegaframkvæmdir. Niðurskurður til þessa málaflokks er alltaf tilfinnanlegur. Hann kemur misjafnlega niður eins og menn vita. Harðast hittir hann fyrir þau kjördæmi landsins þar sem ástand þessara mála er lakast. Þau kjördæmi eru sem kunnugt er Vestfirðir og Austurland þar sem ástand vega á heildina litið er langlakast í kjördæmum landsins. Nærri mun láta á Austurlandi að um helmingur af vegakerfinu sé án bundins slitlags þegar allt er talið. Það er ekki fjarri lagi þó að ég hafi ekki nákvæmar tölur um það og ástandið á Vestfjörðum er þaðan af lakara.

Þannig háttaði til þegar vegáætlun var mótuð á síðasta þingi að hluta af fénu var skipt eftir höfðatölureglu. Þá stóð til að hlunnfara þau kjördmi sérstaklega sem hafa lága prósentu í íbúafjölda en mikla þörf fyrir vegafé eins og rætt var í þeim umræðum. Ég harma vissulega ekki að ekki er um hlutfallslega sömu skerðingu að ræða hér í sambandi við þau efni eins og þá var áformað. Það tókst að fá nokkra leiðréttingu á við gerð vegáætlunar vegna andstöðu þingmanna af Austurlandi í stjórnarandstöðu og nokkurra annarra sem lögðust á sveif með okkur í þeim efnum þannig að nokkur lagfæring fékkst á því frá því sem ráðgert hafði verið af hæstv. ráðherra og meiri hluta samgn. eins og málin voru lögð fyrir á síðasta þingi. Það á síðan eftir að verða hlutskipti okkar þingmanna að fjalla um þessar tillögur að því er varðar kjördæmi okkar, í mínu tilvikinu stöðuna á Austurlandi. Ég veit ekki um hve háar upphæðir er að ræða en ekki mun það vera fjarri að í heild nálgist það um 100 millj. kr. allt talið til vegaframkvæmda í því kjördæmi, þar af hluti til nýframkvæmda. Það er ömurlegt að standa frammi fyrir því að slíkar tillögur séu til afgreiðslu hér að boði ríkisstjórnarmeirihlutans.

Ég tek undir margt af því sem hefur komið fram við þessa umræðu um nauðsyn þess að skoða samgöngumálin heildstætt, skoða öryggisþættina sérstaklega þegar vegafé er skipt. Ég hef verið talsmaður þess um langt árabil að gæta þess að ganga ekki um of á öryggissjónarmið bæði varðandi lagningu bundins slitlags en ekki síst í sambandi við brúargerð. Ég fagna því að það er aukinn skilningur og aukin umræða um að það verði að hverfa frá þeirri stefnu sem lengi var fylgt, að búa við einbreiðar brýr á vegum þar sem lagt er bundið slitlag á breiða vegi beggja vegna og þá slysahættu sem slíku fylgir. Það er eitt af þeim atriðum sem þarf nauðsynlega að taka á ásamt mörgum fleiri þáttum í sambandi við öryggismál í vegagerð og vegalagningu og í sambandi við umferðina almennt.

Einn þáttur sem er sérstakt áhyggjuefni og fylgir bættum vegasamgöngum er aukinn umferðarhraði, oft langt umfram það sem lög mæla fyrir og með afleiðingum sem ekki láta á sér standa. Sá tollur sem umferðin tekur í mannslífum er ákveðin afleiðing af því að þar tekst ekki að halda á málum eins og ætlað er til þess að tryggja öryggi. Þetta á m.a. við í sambandi við þungaflutninga sem fara fram á þjóðvegunum í vaxandi mæli og stofna mörgum sem um vegina fara í verulega hættu. Það er vissulega mikil þörf á því að reyna að reisa þar við skorður en um það ætla ég ekki að ræða frekar við fyrri umr. um þessa vegáætlun.

Ég vil aðeins ítreka að að ég tel að það sé rangt að staðið að skera niður vegafé eins og hér er gert. Það hefur ekki komið fram neitt við umræðuna sem tryggir það sem hæstv. samgrh. hefur látið að liggja að sá niðurskurður sem hér er um að ræða eigi að koma til greiðslu á skuldum vegna vegagerðar. Það væri út af fyrir sig í áttina ef það væri tryggt. En hæstv. ráðherra hefur ekki lagt fram nein held gögn að því leyti en vonandi skýrist það efni eins og fleiri við skoðun málsins í nefnd.

[17:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eitt atriði sem vakti sértaka athygli mína hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hann minntist sérstaklega á Austurland og Vestfirði þegar hann talaði um þau kjördæmi sem væru verst veguð. Nú er alltaf hæpið að tala um vegamál eða samgöngumál á slíkum grundvelli eða forsendum, þ.e. hversu mikið af vegum séu með bundnu slitlagi og hversu margir séu með malarslitlagi. En ég hygg að það liggi alveg ljóst fyrir að Norður-Þingeyjarsýsla og Vopnafjörður, þau samliggjandi byggðarlög sem þar eru, hafa kannski eitthvert versta vegakerfi landsins. Í Norður-Þingeyjarsýslu er hverfandi bundið slitlag. Ég hygg að í engum öðrum byggðarlögum sé ástandið jafnömurlegt að þessu leyti og auðvitað er ekki uppbyggður vegur þangað frá nærliggjandi vöruhöfn eins og t.d. Húsvík. Ég held því að það sé mjög hæpið að tala á þessum forsendum. Mér finnst það svona bera keim af því að vera með kjördæmapot kannski. Ég held við eigum frekar að reyna að sameinast um að finna einhver úrræði sem bjargi hinum afskekktustu byggðum heldur en tala á þessum grundvelli.

[17:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var hið merkasta innlegg frá hæstv. samgrh. Hann mundi allt í einu eftir því að til væri landshorn sem héti Norðausturland og er ekki samstætt kjördæmi heldur deilist það á milli tveggja kjördæma. Ég ætla ekkert að hafa af ráðherranum að því leyti að ástand vega á þessu landshorni er harla bágt. Þetta eru tillögur um að koma Vopnafirði í traust samband við landsvegakerfið og leggja góðan byggðaveg með ströndum norður um og um Axarfjarðarheiði til að koma þessum landshluta í gott samband við vegakerfi landsins.

[17:11]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar forveri minn lét af embætti sem samgrh. 1991 var ekki einu sinni í þeirri langtímaáætlun sem þá lá fyrir gert ráð fyrir Öxarfjarðarheiði þannig að eitthvað hefur það markmið verið þokukennt og í miklum fjarska.

En það er rétt hjá hv. þm. að um það hefur verið ágreiningur milli mín og hans hvort rétt sé að fara yfir fjöllin milli Norður- og Austurlands eða hvort stefna ætti á það að leggja veg, með ströndinni var nú sagt á þeim tíma á þeim tíma, um Melrakkasléttu til Vopnafjarðar. Í samræmi við það var hafin uppbygging á Hellisheiði og gert ráð fyrir henni í þeirri vegáætlun sem samþykkt var af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á sínum tíma. En á hinn bóginn var ekki gert ráð fyrir vegi yfir Fjöllin milli Norður- og Austurlands á þessari öld og um þetta varð ágreiningur okkar á milli.

[17:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sagnfræðin riðlast heldur mikið hjá hæstv. samgrh. Ég ræð hæstv. ráðherra að lesa aðeins betur forsöguna, einnig frá þeirri tíð þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var samgrh. Það var aldrei hugsun og aldrei sett á blað að vegabætur um Hellisheiði væru liður í því að koma á traustum strandvegi um Norðausturland. Liður í því var

að leggja jarðgöng undir Hlíðarfjöll milli Héraðs og Vopnafjarðar. Sú var okkar tillaga og flutt hér oftar en einu sinni. Það getur verið að það reyni á það innan tíðar að Alþingi þurfi að taka afstöðu til þess. Ég held að Austfirðingar þurfi að skerpa sig og við málsvarar Austurlands á Alþingi, til þess að reyna að tryggja það að í langtímaáætlun verði séð til þess að það verði staðið við fyrirheit um jarðgöng á Austurlandi fyrir lok þessa áratugar. Þar kemur vissulega til greina að leggja jarðgöng einmitt á milli þessara byggðarlaga.

[17:14]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. var ekki ánægður með niðurlag ræðu minnar þar sem ég nefndi það að menn töluðu e.t.v. mikið um niðurskurð hér vegna þess hversu miklar framkvæmdir, miklar fjárveitingar og mikil heildarútgjöld voru til vegamála á síðasta kjörtímabili. Ég rakti að vísu í ræðu minni hvers vegna okkur var nauðsynlegt að draga úr fjárveitingum til vegamála. En ég vil nefna þessar tölur til þess að halda því til haga hvað gerðist á síðasta kjörtímabili undir forustu hæstv. núv. samgrh. Á árinu 1991, sem var síðasta ár þeirrar stjórnar sem hv. þm. studdi væntanlega og þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. var samgrh., voru heildarútgjöld á verðlagi og vísitölu 5150 5,9 milljarðar til vegamála, 6,1 milljarður árið 1992, 7,9 milljarðar árið 1993, 7,7 milljarðar árið 1994, 7,8 milljarðar árið 1995 og nú er gert ráð fyrir 6,8 milljörðum á þessu ári. Það er náttúrlega ekki gott að þurfa að draga úr framkvæmdum vegna þess að þörfin blasir alls staðar við. Þetta er ákvörðun sem var tekin af efnahagslegum ástæðum en hróflar hvergi þeirri staðreynd að á síðasta kjörtímabili var mjög mikið lagt til vegamála. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, vegna þess að nýframkvæmdir eru náttúrlega það sem við höfum mikinn áhuga á, að ferjur og flóabátar voru settar inn í framlög til vegamála. Það eru nú nærri 500 millj. ætlaðar á þessu ári til að greiða rekstur og stofnframkvæmdir vegna ferja og flóabáta. Það er nauðsynlegt að hafa í huga.

[17:16]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum vona að tröppugangurinn í sambandi við framlög til vegamála haldi ekki áfram í öfugu hlutfalli við þær tölur sem hv. þm. var að rekja varðandi fyrra kjörtímabil. Það var enginn ágreiningur um að verja auknu framlagi af mörkuðum tekjustofnum til framkvæmda í vegamálum. Það aukna fé sem var til ráðstöfunar átti að vera meira lögum samkvæmt ef ekki hefðu komið til skerðingar æ ofan í æ af hálfu ríkisstjórnar sem tók í vaxandi mæli markaða tekjustofna til vegagerðar inn í ríkissjóð. Þetta er ekkert fé sem er reitt af hendi skattgreiðenda í gegnum almenna tekjuöflun ríkisins heldur af mörkuðum tekjustofnum. Gagnrýnin er fyrst og fremst um það að hluti af þessum mörkuðu tekjustofnum var á síðasta kjörtímabili í vaxandi mæli tekinn inn í ríkissjóð á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat. Þessar auknu tekjur komu vegna vaxandi umferðar og vaxandi bílaeignar landsmanna. Þakkað sé það sem kom en við skulum ekki gleyma því sem tekið var á þeim tíma. Hinu skulum við heldur ekki gleyma hvernig hæstv. þáv. samgrh., sá er enn þá situr, breytti vinnulagi í sambandi við ráðstöfun vegafjár og tók upp þá hætti sem nú á að taka upp í flugmálum að því er virðist, að ætla að tilkynna það fyrir fram hvernig eigi að ráðstafa peningum sem Alþingi Íslendinga á að taka ákvarðanir um.

[17:18]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að markaðir tekjustofnar hafa ekki allir nýst til vegamála, því miður, er óhætt að segja og undir það get ég alveg tekið með hv. 4. þm. Austurl. En við verðum að gera okkur grein fyrir því þegar við fjöllum um þetta, hvaðan og hvað hefði þá þurft og átt að skera niður af útgjöldum ríkisins ef við hefðum aukið vegaframkvæmdir svo mikið að við nýttum alla markaða tekjustofna í þágu vegagerðarinnar, t.d. til rekstrar sem er heilmikil upphæð. 30% af fjárveitingum til vegagerðar fer í rekstur vegakerfisins. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því og hv. 4. þm. Austurl. einnig hvað og hvar hefði átt að skera niður til að geta aukið vegagerð. Það er okkar vandi. Átti það að vera í skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu eða hinu félagslega kerfi hvarvetna? Þetta er okkar vandi. Ég held að svo glöggur og reyndur þingmaður sem hv. 4. þm. Austurl. er, geri sér grein fyrir þessum vanda okkar því hann hefur sem stjórnarþingmaður og ráðherra staðið frammi fyrir þessum viðfangsefnum. En staða Sjálfstfl. og þingmanna Sjálfstfl. og ráðherra er að því leyti mjög sterk í þessu máli, að allt síðasta kjörtímabil var veitt miklum fjármunum til uppbyggingar vegakerfisins í landinu. Það er aðalatriði málsins og þess vegna getum við sjálfstæðismenn verið býsna sáttir, þó auðvitað vildum við hafa meiri fjármuni til uppbyggingar vegakerfisins eins og ég rakti hér í minni ræðu. Þörfin blasir alls staðar við.

[17:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi málafylgja hv. þm. og varaformanns fjárln. lofar ekki góðu. Hér er verið að hæla sér af því að á síðasta kjörtímabili, á fjögurra ára tímabili, hafi í runnið meira fjármagn til vegamála heldur en á sambærilegu tímabili áður. Ég hef ekki farið ofan í þær tölur sérstaklega en látum það standa. Hitt liggur fyrir að vaxandi hluti af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar hefur verið tekinn frá þeim málaflokki sem hann var ætlaður til og inn í ríkissjóð. Það eru verk Sjálfstfl. á liðnu kjörtímabili. Og ef það gerist, sem hér er látið að liggja að það séu eðlileg vinnubrögð að hirða vaxandi hluta af mörkuðum tekjustofni til vegagerðar inn í ríkissjóð, þá veit það ekki á gott með framhaldið.

[17:22]

Útbýting þingskjals:

Tóbaksvarnir, 313. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 554.

[17:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hvarflaði nú ekki að mér að umræðunni væri að ljúka vegna þess að hæstv. ráðherra hafði boðað í andsvörum fyrr í umræðunni að hann hygðist svara í ítarlegra máli ýmsu þegar kæmi að lokum umræðunnar. Hann vísaði beinlínis til þess um frekari skýringar þannig að ég gef mér nú að hæstv. ráðherra hljóti að ætla að standa við þetta fagra loforð sem gladdi okkur mikið um að fá að heyra í honum hér enn einu sinni á þessum degi.

Í fyrsta lagi vil ég, herra forseti, aðeins koma inn á það sem hv. síðasti ræðumaður var að fjalla um. Hann fór út í samanburðarfræði sem alltaf er nú skemmtileg en þar er líka ýmislegt að varast. Í fyrsta lagi tel ég að það sé ekki rétt fullyrðing hjá hv. þm., varaformanni fjárln., Sturlu Böðvarssyni að á síðasta kjörtímabili hafi verið varið meiri fjármunum til

uppbyggingar í vegamálum en nokkru sinni áður. Ég man ekki betur en að þau ár sem upp úr standi í þessum efnum séu á 8. áratugnum, um miðbik 8. áratugarins, í kjölfar þess að vinstri stjórnin sem sat að völdum árin 1971–1974 stórjók framkvæmdir í vegamálum eins og menn eiga að muna. Ég hygg að þá hafi að raungildi einna mestum fjárhæðum, í öllu falli hæsta hlutfalli af þjóðartekjum verið ráðstafað til beinna framkvæmda og uppbygginga í samgöngumálum. Ég leyfi mér nú eftir minni, herra forseti, að fullyrða að þessu sé svo farið.

Í öðru lagi sagði hv. þm., sem vonandi er nú ekki hlaupinn — nú, hann er bara sestur í forsetastólinn, það er ekkert annað. Þá er ekki von að ég sæi hv. þm. sem var hér rétt áðan í umræðum en hefur brugðið sér í gervi forseta, — að framkvæmdirnar, útgjöld til vegamála eins og hann taldi þau upp, heildarútgjöld til vegamála hefðu verið til muna meiri á síðasta kjörtímabili en áður var. Það má til sanns vegar færa þegar litið er á bókhaldið eitt en í því sambandi er tvennt að athuga. Á árinu 1993 og eftirleiðis voru öll útgjöld vegna reksturs ferja og flóabáta færð yfir á Vegagerðina henni að bótalausu. Með öðrum orðum, þessar byrðar voru lagðar yfir á Vegagerðina og hina mörkuðu tekjustofna hennar. Á hverju ári síðan hefur farið hátt í hálfur milljarður kr. í þessi útgjöld. Þessi tala er einnig hækkuð með lántökum þannig að þegar skoðað er hvað nettó var af eigin aflafé Vegagerðarinnar til framkvæmda á hverju ári, þá er það ekki til muna hærri fjárhæð en verið hafði undanfarin ár.

Varðandi glæsta fortíð Sjálfstfl. í þessum málum, þá skulum við, herra forseti, staldra við t.d. frammistöðuna á fyrri kjörtímabilum. Hvernig skildi Sjálfstfl. við þessi mál á árinu 1987? Það er langlægsta talan til nýbygginga vega, brúa og fjárveitinga til landsvega sem við finnum í töflunni á bls. 5 í frv., herra forseti. Það beið þar af leiðandi þess samgönguráðherra sem tók við því þrotabúi að reyna að ná þessari tölu upp á við og það tókst. Árin 1989, 1990 og 1991 hækkaði þessi tala öll árin. Hún hækkaði verulega sem hlutfall af þjóðartekjum því þær voru að dragast saman á þessu árabili. Og ég vek athygli á því, herra forseti, að til raunverulegra framkvæmda á árinu 1991 samkvæmt vegaáætlun sem fyrri ríkisstjórn afgreiddi í febrúar 1991 voru tæpar 2.900 millj. til nýbygginga en á þessu ári eiga þær ekki að vera nema 2.800 rúmar. Þannig að talan í ár er lægri en hún var á árinu 1991 þegar sú ríkisstjórn skildi við. Það er nú veruleikinn í málinu. Það er nú allur glæsileikinn, herra forseti. Þannig að ef við viljum vera þreyta okkur og aðra viðstadda á því að fara út í þessa samanburðarfræði þá er ég alveg óhræddur við það. Ég held að sagan tali alveg sínu máli í þessum efnum.

Að öðru leyti, herra forseti, vísa ég til þess sem ég sagði í minni fyrri ræðu, þ.e. þeirra æfinga sem staðið hafa yfir í tíð hæstv. samgrh. Nú er spilaborgin meira og minna að hrynja, því miður. Það er komið að skuldadögunum og veislunni er lokið. Það hefur verið dregið rækilega fram hér í dag að það ríkir stefnuleysi í þessum málum. Hæstv. ráðherra hefur ekki sinnt lagaskyldu sinni um að leggja fram langtímaáætlun í vegamálum og móta þannig stefnu til lengri tíma. Meðferð þessara mála hefur einkennst af handahófskenndum upphlaupum og niðurskurði og ýmiss konar æfingum sem satt best að segja eru hvorki trúverðugar né vel til þess fallnar að halda einhverri festu eða skapa pólitíska samstöðu um þessi mál. Því miður verður að harma það hvernig hæstv. ráðherra hefur meira og minna tekist að glutra niður þeirri tiltölulega breiðu, þverpólitísku samstöðu og jákvæða andrúmslofti sem var í kringum þennan málaflokk lengi vel hér á þingi í kjölfar þess að menn fóru að vinna samkvæmt vegaáætlunum og langtímaáætlun upp úr 1980.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 17:29.

---

90. FUNDUR

miðvikudaginn 14. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 295. mál, þskj. 534. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425. — Frh. 1. umr.
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 242. mál, þskj. 328. — Frh. 1. umr.
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 307. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr.
5. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, stjfrv., 283. mál, þskj. 522. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Helgidagafriður, 315. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 556.

Reglur við innheimtu opinberra gjalda, 314. mál, fsp. TIO, þskj. 555.

ÖSE-þingið 1995, 312. mál, skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, þskj. 553.

Vegáætlun 1995–1998, frh. fyrri umr.

Stjtill., 295. mál (endurskoðun fyrir 1996). — Þskj. 534.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. ÁE og SvanJ, 242. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 328.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. KPál o.fl., 307. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 547.

[13:36]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar umræður hófust eða áttu að hefjast um þessi mál í gær þá óskuðum við eftir því nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar að það yrði tryggt að forsrh. og helst utanrrh. líka, formenn tveggja stjórnarflokkanna, yrðu viðstaddir umræðuna. Ástæðan er sú að þetta mál ber að með mjög sérkennilegum hætti þar sem fjórir af þingmönnum Sjálfstfl. hafa kosið að flytja frv. sem gengur þvert á stjfrv. Nú tek ég eftir því, gagnstætt því sem okkur hafði verið heitið í gær, að forsrh. og utanrrh. eru ekki komnir í salinn enn þá og vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta að umræðan hefjist ekki fyrr en hæstv. forsrh., ef kostur er, væri kominn í salinn til þess að svara fyrir um það hver er afstaða Sjálfstfl. til þeirra frumvarpa sem hér eru á dagskrá, því okkur duga auðvitað ekki yfirlýsingar hæstv. forsrh. í fjölmiðlum þó að mikilvægar séu. Ég vil með öðrum orðum fara fram á það við hæstv. forseta að hann tryggi að annar hvor þessara ráðherra verði viðstaddur upphaf umræðunnar.

[13:38]

Ólafur G. Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hafði samband við hæstv. forsrh. í gær um þetta mál, og þá sem forseti þingsins, og hann tjáði mér að hann mundi verða við þessa umræðu í dag. Mér skilst að hann sé ekki kominn í húsið. Hæstv. utanrrh. er að koma frá útlöndum um þessar mundir og ég veit ekki betur en að tryggt hafi verið að hann mun jafnframt koma og verða við þessa umræðu. Þetta vildi ég upplýsa.

[13:39]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi mikilli ánægju minni með að hæstv. forsrh. sé mættur til leiks. Ég vænti þess að honum hafi verið gerð grein fyrir þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað um þessi mál þar sem fram kom í utandagskrárumræðum sl. mánudag að hæstv. viðskrh., sem mælir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fyrir frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á þskj. 425, hafi aldrei verið greint frá því að ekki virðist hafa verið tekin efnisleg afstaða til frv. í þingflokki Sjálfstfl. að öðru leyti en því að þingmenn Sjálfstfl. hafi ekkert haft á móti því að frv. væri lagt fram. Vegna þess að það gerist að jafnsnemma og þetta frv. er tekið til umræðu, frv. ríkisstjórnarinnar, þá er tekið til umræðu frv. fjögurra þingmanna Sjálfstfl. undir forustu hv. þm. Kristjáns Pálssonar, sem virðist hafa myndað eins konar útlagastjórn í flokknum, sem gengur þvert gegn frv. ríkisstjórnarinnar og hæstv. viðskrh. hafði ekki hugmynd um að þetta stæði til fyrr en þingdeginum skömmu áður en umræður áttu að hefjast um málið. Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að hann liti svo á að hér væru þingmenn Sjálfstfl. komnir í uppboðskapphlaup við þingmenn Þjóðvaka um að yfirbjóða stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég vildi þess vegna gjarnan fá að vita það hjá hæstv. forsrh. hver er afstaða Sjálfstfl. til þessara mála. Er Sjálfstfl., þingmenn Sjálfstfl., fylgjandi frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem hæstv. viðskrh. hefur lagt fram sem stjfrv. og hafa þeir skuldbundið sig til að styðja það frv.? Er það þá svo að þingflokkur Sjálfstfl. sé andvígur því frv. sem fjórir þingmenn hans bera fram?

Ég hef einnig aðra spurningu til hæstv. forsrh. Hún er sú að hæstv. sjútvrh. hefur í framhaldi af stjfrv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem er fylgifrv. með umræddu frv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og gerir ráð fyrir ákveðinni breytingu sem þar þarf að verða á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Munu þingmenn Sjálfstfl. með sama hætti fylgja fram því frv. sem þeir flytja um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri með því að leggja jafnframt fram frv. til laga sem gengur gegn stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún kemur fram í frv. á þskj. 328 eða mun þingflokkur Sjálfstfl. beita sér fyrir því að stöðva það að þessir fjórir þingmenn Sjálfstfl. verði sjálfum sér samkvæmir og leggi fram frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands þannig að þeir verði sér ekki frekar til skammar en orðið er?

[13:42]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að umræða þessi ætti, að því er virðist, frekar eiga heima sem umræða um störf þingsins í upphafi þingfundar en þá hefði að sjálfsögðu þurft að óska eftir því um leið og fundurinn hófst, vegna þess að slíkar umræður eiga og verða að fara fram við upphaf þingfunda. Þessari athugasemd vildi forseti koma á framfæri vegna þess að að forminu til er það kannski ekki eðlilegt að hefja umræðu undir heitinu um fundarstjórn um þau efnisatriði sem hér er verið að ræða.

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeim spurningum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði fram. Það er ljóst að Sjálfstfl. styður þau stjfrv. sem lögð eru fram og mun tryggja þeim brautargengi, þessu mikilvæga frv. eins og öðrum. Ég tel ekki að þeir fjórir þingmenn sem hv. þm. nefndi hafi orðið sér til skammar. Ég tek ekki undir það með honum. Á hinn bóginn hef ég sagt, og það eru flokksleg mistök sem geta alltaf gerst í samstarfi flokka, það voru mistök af hálfu okkar, míns flokks, gagnvart samstarfsflokknum, Framsfl., að láta ekki hæstv. viðskrh. vita hvernig málið væri vaxið

og láta ekki samstarfsflokkinn vita hvernig málið var vaxið. Það voru flokksleg mistök af okkar hálfu og okkur þykir fyrir því og við skiljum og metum þá gagnrýni sem okkar samstjórnarflokkur hefur sett fram. En að sjálfsögðu styður Sjálfstfl. stjfrv. og mun fylgja því fram að þau nái fram að ganga, sem og óhjákvæmilegt frv. hæstv. sjútvrh.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það má kannski segja að málin hafi eitthvað skýrst við svar hæstv. forsrh. hér áðan hvað það varðar að stjfrv. nýtur væntanlega meirihlutafylgis og framgangur þess er tryggður. Eftir stendur hitt að það mátti ráða af orðum hæstv. forsrh. að ef þau leiðu mistök hefðu ekki átt sér stað að það gleymdist að tilkynna samstarfsflokknum um þennan sérkennilega frumvarpsflutning, þá væri það að öðru leyti í lagi, þá væri það að öðru leyti eðlileg uppákoma að stjórnarþingmenn taki sig til og myndi hóp eða minnihlutastjórn og flytji frv. þvert ofan í stjfrv. um gjörbreytta stjórnarstefnu.

Ég tel að þrátt fyrir þessi svör hæstv. forsrh., sem auðvitað er að reyna að bjarga í horn eins og sagt er heldur klúðurslegri uppákomu í stjórnarsamstarfinu, þá standi eftir óvissan um það hvort svona uppátæki séu yfir höfuð eðlileg út frá þingræðisvenjum og því sem venjulega telst fylgja því að vera stuðningsmaður ríkisstjórnar. Væntanlega er niðurstaðan sú að það beri að líta á þetta sprikl eða lauslæti eða hvað sem við hæfi er að kalla það, sem fjórir hv. þm. Sjálfstfl. hafa þarna sýnt, sem alvöruleysi og nánast marklaust af þeirra hálfu og minnihlutastjórn hv. þm. Kristjáns Pálssonar sé því harla valdalítil þegar betur er að gáð. Ég tel hins vegar, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að hæstv. forsrh. sé viðstaddur þessa umræðu og geti tekið efnislega þátt í henni vegna þess að eftir stendur að á bak við tillöguflutninginn eða frumvarpsflutninginn eru ólík sjónarmið sem hljóta eðli málsins samkvæmt að geta haft áhrif í meðförum mála á þinginu. Ég vek athygli á því og minni á að einn af fjórmenningunum, einn af flutningsmönnum frv. „sem gengur þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar" er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. sem á að stjórna vinnu fagnefndar þingsins að þessum málum. Því er að mínu mati ekki hægt að taka þessa uppákomu þannig að þarna hafi það eitt gerst að það hafi verið eitthvert sambandsleysi á milli stjórnarflokkanna um það að láta vita af tillöguflutningnum. Ef málið er yfir höfuð tekið alvarlega á annað borð þá er þarna um mjög óvenjulega uppákomu að ræða sem hlýtur að teljast næsta einstæð í samstarfi flokka í ríkisstjórn.

[13:47]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur sennilega ekki gert athyglisverðari hlut á þessu þingi heldur en umræddan flutning frv. því að ég sé ekki betur heldur en menn a.m.k. í stjórnarandstöðunni farnir að telja að hann sé líklegur sem næsti forsrh. af hálfu Sjálfstfl. En látum það nú vera.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið við fyrri spurningu minni, en ég beindi annarri spurningu til hæstv. ráðherra líka. Hún er sú að til þess að fylgja fram þeirri stefnu sem kemur fram í þeim frumvörpum sem hér er verið að ræða, þá þarf einnig að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það hefur hæstv. sjútvrh. nú þegar gert til þess að festa þar í sessi þá stefnu sem verið er að marka af hálfu ríkisstjórnarinnar í frv. því sem hér er til umræðu. Ég spurði hæstv. forsrh.: Verður það svo að til þess að framfylgja tillöguflutningi sínum á Alþingi muni þingmenn Sjálfstfl. einnig leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands? Eða getur hæstv. forsrh. upplýst þingið um að það verði ekki gert þannig að mistök þingflokks Sjálfstfl. eða þessara fjögurra þingmanna í þeim efnum séu þó ekki nema hálfgerð og menn hafi verið stoppaðir á miðri leið? Getur hæstv. forsrh. upplýst þingið um þetta?

[13:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Málið er þetta eins og ég sagði að stjórnarflokkarnir styðja þau tvö frumvörp sem þarna fylgjast að og tryggja því framgang í þinginu. Hvað þingmenn flokkanna kunna að gera í málum í framhaldinu skal ég ekkert um segja, það hefur ekkert verið rætt. En það er ljóst að meginatriðið hjá þessum þingmönnum er það að þeir vilja sýna að þeir vilja ganga lengra en meginþorri þingflokks Sjálfstfl. vill gera, en styðja að öðru leyti stjfrv. Það er megintriðið. Má út af fyrir sig finna mörg dæmi þess að þingmenn hafi með einum eða öðrum hætti lýst því yfir eða komið því á framfæri að þeir hafi sætt sig við þá niðurstöðu sem orðið hefur innan flokka eða milli flokka. Þeir hefðu kannski kosið, og það eru fjölmörg dæmi þess, að mál hefðu gengið fram með öðrum hætti en þar gerist. Ég tel ekki efni til að gera mikið mál úr því.

[13:50]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Eins og heyra hefur mátt í umræðu eru hér á ferðinni afskaplega merkileg tíðindi og eiginlega fyrir tvennar sakir. Það er annars vegar að hér er um viðkvæmt grundvallarmál að ræða og hins vegar framgangur sem fylgir í kjölfarið. Í rauninni eru hér á ferðinni ekki aðeins þrjú frumvörp heldur fjögur þó eitt þeirra sé ekki formlega komið á dagskrá, þ.e. frv. hæstv. viðskrh. um erlendar fjárfestingar, og í kjölfar þess frv. hæstv. sjútvrh. um stjórn fiskveiða sem dreift hefur verið en ekki er komið á dagskrá. Síðan koma frumvörp frá stjórnarandstöðu og síðan fjórða frv. frá áðurnefndum fjórum hv. þm. Sjálfstfl.

Nú er boðin bein eignaraðild, óbein eignaraðild 20%, 25% upp í 49%. Umræðan minnir orðið á uppboð á fiskmörkuðum nema það sem skapar henni kannski meiri alvarleika er að hér er um að ræða auðlind þjóðarinnar og yfirráðarétt yfir henni.

Það sem gerir þetta mál einnig mjög merkilegt er að það skuli skeiða fram fjórir þingmenn Sjálfstfl. sem kjósa að ganga mun lengra en hæstv. viðskrh. og þeir kjósa að ganga lengra en eigin ráðherra. Það sem gerir þeirra framgang merkilegan er að þetta skuli gerast samtímis því sem tveir ráðherrar úr ríkisstjórn sem þeir styðja leggja fram frumvörp. En málið snýst um grundvallarafstöðu til auðlinda þjóðarinnar. Málið snýst líka um nýjan veruleika í viðskiptum og málið snýst að auki um kröfu Evrópska efnahagssvæðisins. Ég hygg að enginn hér inni sé andsnúinn samstarfi við útlendinga. Rekstrarumhverfi allt er að breytast og verða alþjóðlegra á öllum sviðum. Útlendingar leita hingað og ekki síður er útrás okkar í viðskiptum að verða veruleg. Þá tel ég að það frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt, eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh., uppfylla kröfu Evrópska efnahagssvæðisins. Eftir stendur það grundvallaratriði hvort við sjálf viljum stýra atburðarás þeirri sem verður í hinum

alþjóðlegu viðskiptum eða viljum við gefa útlendingum lausan tauminn. Ég hygg að meginatriði í báðum frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem áður hefur verið minnst á byggi á því grundvallarviðhorfi að Íslendingar sjálfir hafi tök á málinu og því að verja eignarrétt þjóðarinnar yfir auðlindinni. Eftir stendur þá hin pólitíska afstaða, hvort menn vilja ganga enn lengra en hæstv. ríkisstjórn boðar og um það er tekist. En það er mjög merkilegt eins og áður hefur komið fram að fjórir þingmenn Sjálfstfl. skuli samtímis fara fram gegn eigin ráðherrum með þeim hætti sem hér hefur gerst. Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. forsrh., um að hér hafi átt sér stað mistök. Það er göfugt að fyrirgefa þannig að ég lít svo á að það mál sé eiginlega dottið um sjálft sig.

En þar sem málið hefur komið á dagskrá og fleiri en þessir hv. fjórir þingmenn Sjálfstfl. hafa lýst yfir skoðun til hás hlutfalls í beinni eignaraðild útlendinga, a.m.k. einn til viðbótar hefur lýst sig sama sinnis í fjölmiðlum, þá er ástæða til þess að fara yfir nokkur af þeim rökum sem fylgja í greinargerð með frv. hv. fjögurra þingmanna.

Í upphafi greinargerðarinnar er talað um að með því að auka beina eignaraðild útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum, þá muni laun verkafólks í fiskvinnslunni aukast og hækka. Það er svolítið merkilegur rökstuðningur, ekki síst í ljósi þess að aftarlega í sömu greinargerð er þess getið að það sem muni draga erlenda fjárfesta að sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi sé hagnaðarvonin. Þar eru með öðrum orðum mótsagnir og vert að vekja athygli á því að við erum ekki að ræða um kirkjuna eða alþjóðleg líknarsamtök, heldur erum við að ræða um erlenda fjárfesta og það er og á að vera tilgangur þeirra auðvitað að græða peninga, en það er ekki þeirra markmið að hækka laun verkafólks. Því tel ég að í rökstuðningi í greinargerð með frv. fjórmenninganna séu atriði sem stangast á, mótsagnir.

Í annan stað er talað um að ekki skuli mismuna fyrirtækjum, þ.e. að leyfa útlendingum að fjárfesta allt að 49% í flugrekstri en ekki í sjávarútvegi. Ég tel það mjög óeðlilegt að leggja rekstur af þessum toga að jöfnu þar sem í sjávarútvegi er verið að ræða um þetta grundvallaratriði, þ.e. afstöðuna til eignarréttar yfir auðlindum þjóðarinnar og að opna ekki fyrir þann möguleika að Íslendingar verði einföld og frumstæð hráefnisútflutningsþjóð.

Ég nefni í þriðja lagi að það kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar í gær að ástæðulaust væri að óttast ásókn erlendra fjárfesta í íslensk sjávarútvegsfyrirtæki vegna þess að sl. 70 ár hefðu þeir ekki sýnt því máli áhuga. Það ætti að vera óþarfi en er þó rétt að rifja upp aðeins nokkur mikilvæg atriði í sögu íslensku þjóðarinnar að einmitt á síðustu 70 árum hafa útlendingar ekki þurft að reyna að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum af þeirri einföldu ástæðu að við bjuggum hér lengi við fjögurra mílna landhelgi. Við stækkuðum hana í 12 mílur, 50 mílur og að lokum út í 200 mílur. Með öðrum orðum þurftu útlendinga ekki að hafa áhyggjur af því hvort þeir fjárfestu í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum til þess að nálgast auðlindina, svo beinan aðgang höfðu þeir að henni. Og þá má spyrja: Til hvers lögðu Íslendingar út í það sem við kölluðum þorskastríðið og þjóðin stóð einhuga að því að stækka landhelgina? Tilgangur þess var að koma útlendingum út úr auðlindinni þannig að Íslendingar gætu einir og sjálfir staðið að og varðveitt sína auðlind. Ég tel að með því að gefa útlendingum, erlendum fjárfestum allt að 49% eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum sé einmitt verið að opna bakdyrnar að íslenskri auðlind og þá sé spurningin hvort til góðs hafi verið gengið með útfærslu landhelginnar.

Á sömu rökum má minna á að meginástæða fyrir andstöðu Íslendinga við inngöngu í ESB og einnig Norðmanna er einmitt afstaða til þessara sömu atriða, þ.e. að hleypa ekki útlendingum óheft inn í auðlind okkar. Ég tel að með því að opna upp í 49% eignaraðild útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum sé verið að fara bakdyramegin að málinu.

Af framansögðu má ljóst vera, og ég trúi því eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh., að hér hafi orðið mistök. Ég tel samt ástæðu til að draga fram þessi rök og mótrök sem má finna í greinargerð fjórmenninganna, en ég lít eigi að síður svo á að það mál sé í rauninni dottið út af borðinu á grundvelli mistaka og þurfi e.t.v. ekki á þessu stigi a.m.k. að hafa áhyggjur af því. Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. forsrh. og lýsi mig mjög fylgjandi þeim frumvörpum sem hæstv. ráðherrar viðskipta og sjávarútvegs leggja fram þar sem er miðað að því að opna fyrir erlenda fjárfesta hér, en þó þannig að Íslendingar sjálfir hafi stjórn á málinu og umfram allt hafi sjálfir yfirráðarétt yfir eigin auðlind.

[14:00]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hér eru til umræðu þrjú frumvörp sem öll lúta að því að heimila erlendum aðilum ýmist beint eða óbeint að eignast hlut í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum hér á landi. Ég ætla að ræða um frv. okkar fjögurra þingmanna Sjálfstfl. á þskj. 549, en ég ætla ekki að taka þátt í því ómálefnalega karpi sem hér hefur orðið um tilurð þessa frv. Sú umræða hefur farið út um víðan völl og meira að segja talaði hv. þm. Magnús Stefánsson sig upp í það að líkja frv. okkar við umsókn að Evrópusambandinu, hvorki meira né minna. Og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lét svo ummælt hér áðan að við hefðum orðið okkur til skammar og ég vil segja að þau ummæli eru hv. þm. einum og sjálfum til skammar.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að heimila erlendum aðilum eignaraðild að íslenskum fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum, en til þessa hefur það verið bannað og strangt tiltekið mega íslensk fyrirtæki sem að hluta eru í eigu útlendinga ekki eiga hlut í útgerðarfyrirtækjum hér á landi. Þetta er mikil breyting og kann að virðast róttæk en verður að skoðast í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á þessum vettvangi að undanförnu, bæði með miklum samruna og samstarfi fyrirtækja í sjávarútvegi vítt og breitt um landið og harðri samkeppni tveggja helstu viðskiptablokka í landinu um hlut í þessum fyrirtækjum og svo þeirri auknu sókn íslenskra útvegsfyrirtækja sem orðið hefur í að eignast sambærileg fyrirtæki í öðrum löndum. Þar má t.d. nefna fjárfestingu Granda í Chile og kaup Samherja og Útgerðarfélags Akureyringa á stórum hlut í þýskum togaraútgerðum. Þessi sókn íslenskra útgerða á erlendum vettvangi byggist auðvitað fyrst og fremst á þeirri miklu reynslu og þekkingu sem okkar fólk býr yfir á þessu sviði og mun þessum verkefnum trúlega fjölga á næstu árum.

Þegar minnst er á fjárfestingar okkar á þessu sviði erlendis má náttúrlega ekki gleyma hinni miklu fjárfestingu íslensku fisksölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum og einnig í Frakklandi og Bretlandi, en þessi starfsemi hefur tvímælalaust skapað okkur sterka markaðsstöðu. Við Íslendingar getum varla vænst þess að geta einhliða og takmarkalaust fjárfest í sjávarútvegi annarra landa. Það hlýtur að koma að því að viðkomandi geri kröfu um að geta með sama hætti fjárfest hér á landi. Þetta frv. gerir ráð fyrir að leyfa slíkt, en þó því

aðeins að sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækin verði alltaf að meiri hluta í eigu Íslendinga.

Ég held að við munum fljótlega þurfa að velja á milli tveggja leiða, annars vegar að íslensk fyrirtæki haldi áfram að fjárfesta í útgerð erlendis og að við leyfum erlendar fjárfestingar hér eða þá að við bönnum þær og hættum jafnframt fjárfestingum í sjávarútvegi annarra landa.

Það hafa orðið miklar breytingar í íslenskum sjávarútvegi og fiskvinnslu á undanförnum árum, ekki síst vegna þess mikla samdráttar sem orðið hefur á þorskveiðum og leitt hefur til þess að allt of lítið hefur verið til skiptanna handa allt of mörgum skipum. Að þessu hefur útvegurinn orðið að laga sig og tekist það að mörgu leyti vel þó að lengi megi deila um einstaka þætti fiskveiðistjórnunarinnar. En miðað við þessar miklu breytingar fer það ekki á milli mála að sóknarfæri íslenskra útvegsfyrirtækja um þessar mundir eru ekki síst erlendis. Íslendingar hafa mikla tiltrú á þessu sviði og gott dæmi um það er risaverkefni Íslenskra sjávarafurða á Kamtsjatka þar sem starfsmenn fyrirtækisins stjórna veiðum og vinnslu stórs flota á fjarlægum slóðum.

Ég er ekki í vafa um það að reynsla og þekking Íslendinga á sviði útgerðar og fiskvinnslu mun nýtast vel í þeirri sókn sem þessi grein atvinnulífsins hefur hafið á erlendri grund. Við erum t.d. í fararbroddi með framleiðslu á flæðilínum og búnaði tengdum þeim og seljum þessa framleiðslu víða um lönd. Ég hitti nýlega ungan mann sem var að koma frá Lófóten þar sem hann vann við uppsetningu á slíkum vinnslubúnaði sem var framleiddur hér á landi. Hann hafði mörg orð um það hvað Norðmenn væru langt á eftir okkur á þessu sviði þrátt fyrir risastyrki til fiskvinnslunnar sem m.a. væru notaðir til að kaupa þennan búnað frá Íslandi. Kannski er það svo að þessir styrkir letji menn frekar en hvetji og kannski erum við Íslendingar í fararbroddi á þessu sviði vegna þess að við byggjum afkomu okkar að stærstum hluta á sjávarútvegi og verðum að standa okkur á þessu sviði.

Íslenskur sjávarútvegur er mjög skuldsettur eftir erfiðleika undanfarinna ára. Einhvers staðar heyrði ég nefnda töluna 100 milljarða í því sambandi og við hljótum að spyrja okkur að því hvort ekki sé betra að fá nýtt hlutafé erlendis frá í stað þess að hlaða erlendum lánum á fyrirtækin. Nýtt fjármagn mundi styrkja sjávarútvegsfyrirtækin og gera þau færari til nýrra átaka og aukinnar starfsemi. Fiskvinnslan er um þessar mundir rekin með verulegum halla í mörgum greinum og í greinargerð með þessu frv. er bent á að erfiðleikar greinarinnar hafi bitnað á fiskvinnslufólki sem leitt hefur til þess að það leitar til útlanda í sambærileg störf.

Það heyrist oft þegar minnst er á að heimila erlendum aðilum eignaraðild að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum að það muni leiða til þess að útlendingar muni flytja fiskinn óunninn úr landi og að vinnsla hans og verðmætasköpun verði að stærstum hluta erlendis. Það er ástæðulaus ótti. Fyrirtækin lúta eftir sem áður íslenskum lögum og þeim leyfisveitingum og takmörkunum sem eru á útflutningi á ferskum fiski.

Þegar EES-samningurinn var til umræðu á Alþingi á síðasta kjörtímabili, óttuðust margir andstæðingar hans að erlendir fjárfestar mundu hellast yfir okkur ef við samþykktum samninginn. Sú varð aldeilis ekki raunin og allur sá ótti reyndist ástæðulaus. Það hefur hins vegar verið svo um langt árabil að við höfum gengið eftir erlendum aðilum til að fá þá til að fjárfesta hér á landi, sérstaklega í stóriðju, en án teljandi árangurs. Erlendir aðilar eiga þó hlut í margs konar rekstri hér á landi, svo sem verksmiðjum sem framleiða ál, járnblendi, kísilgúr og steinull og einnig verktakafyrirtækjum, fiskeldi, olíufélögum og sjónvarpsstöð, svo eitthvað sé nefnt. Það hefur ekki heyrst af neinum sérstökum vandræðum vegna þessarar eignaraðildar og ástæðulaust að ætla að svo yrði frekar þó um hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum yrði að ræða.

Í þessari umræðu hefur verið bent á það að lögum um eignaraðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum var breytt á árinu 1992, lögum sem þá höfðu gilt í hvorki meira né minna en 70 ár var breytt á Alþingi 1992, en í þeim lögum var þetta heimilað því þar stóð, með leyfi forseta:

„Hlutafélög hafa því aðeins rétt til að reka fiskveiðar og fiskverkun í landhelgi, að allt hlutaféð sé í eign íslenzkra ríkisborgara. Þó mega hlutafélög, er ríkisborgarar annarra ríkja eiga hlut í, reka fiskveiðar í landhelgi, ef meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenzkra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð íslenzkum ríkisborgurum og sé helmingur þeirra búsettur þar."

Þetta var í okkar ágætu lögum frá 1922–1992 og ég held að það hafi enginn orðið var við að þetta ákvæði skapaði nein vandræði varðandi gleypugang útlendinga í íslenskum sjávarútvegi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en vil að lokum taka undir það sem Morgunblaðið sagði í forustugrein sinni á sunnudaginn en þar segir, með leyfi forseta:

„Það voru á sínum tíma full rök fyrir þeirri afstöðu að erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi kæmi ekki til greina. En tímarnir eru breyttir. Íslensku sjávarútvegsfyrirtækin sjálf hafa skapað ný viðhorf. Við megum ekki loka okkur inni í viðhorfum liðins tíma."

[14:09]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í umræðu um þetta mál hafa komið fram mörg og mismunandi sjónarmið sem varpað hafa ljósi á málið. Eins og alltaf er umræðan af hinu góða. Ég skil vel ótta fólks við breytingu á aðgangi að fiskimiðum okkar. Fólk veit hvað það hefur en ekki hvað tekur við. Þetta á jafnt við um hv. alþingismenn sem almenning.

Íslenska þjóðin hefur háð harða baráttu fyrir þessari auðlind sinni og hún er mjög háð henni. Það er skiljanlegt að fólk vilji fara varlega. Í umræðunni á hinu háa Alþingi hefur komið fram að margir telji hættulegt að útlendingar eignist hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þannig komist þeir inn um bakdyrnar, inn í landhelgina og öll barátta okkar sé fyrir bí. Þessi sjónarmið ber að virða og meta þau rök sem færð eru fram. Að mínu mati byggir þessi afstaða á nokkrum misskilningi. Það skiptir mestu máli fyrir okkur Íslendinga að þeir aðilar sem aðgang hafa að auðlindinni lúti íslenskum lögum, borgi íslenska skatta og fari að fyrirmælum íslenskra yfirvalda um vernd auðlindarinnar.

Herra forseti. Í umræðum um þetta mál, fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, hefur mikið verið rætt um gildi formlegs eignarhlutar. Algerlega er litið fram hjá krafti lánsfjár og ætti fólk þó að þekkja vandamál skuldara að fenginni reynslu og vita hversu ofurseldur skuldarinn getur verið lánardrottnum sínum. Ef hjón kaupa íbúð með 100% lánum, þá eru þau formlegir eigendur að íbúðinni. Raunverulegir eigendur eru þeir sem lána fyrir íbúðinni. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kom inn á þetta atriði fyrr í þessari umræðu.

Við Íslendingar höfum fjármagnað mestallan fiskiskipaflota okkar og frystihús með erlendu lánsfé og hefur lítið verið varað við því. Þetta lánsfé hefur meira að segja verið tekið að stærstum hluta með ríkisábyrgð í gegnum Fiskveiðisjóð og ríkisbanka. Þannig hefur erlendu fjármagni verið hleypt inn í þessa atvinnugrein sem lánsfé. Greinin er of skuldsett og með allt of lítið eigið fé. Hvar halda hv. þm. að þjóðin yrði stödd með allar sínar erlendu skuldir ef fiskur hyrfi af miðunum í áratug eða svo? Betra væri að það erlenda fé sem við veitum í atvinnugreinina hvort sem er taki áhættu af rekstrinum en krefjist ekki bæði greiðslu vaxta og afborgana óháð afkomu. Ef hv. þm. vilja raunverulega takmarka áhrif útlendinga á fiskveiðar hér á landi ættu þeir að takmarka heimildir útgerðarmanna til að taka lán af erlendum toga. Þá er hætt við að sá aðdáunarverði kraftur og dugnaður sem við erum vitni að hverfi úr greininni. Því miður hefur ekki tekist að byggja upp þann sparnað innan lands að unnt sé að fjármagna sjávarútveginn með innlendu lánsfé eða áhættufé.

Herra forseti. Það er talið mikilvægt að fyrirtæki búi yfir miklu eigin fé þannig að þau geti brúað erfiðleikaskeið og haldið upp jafnri atvinnu þegar á móti blæs. Eigið fé, áhættufé, gerir ekki kröfu til greiðslu arðs nema þegar vel gengur. Það hvetur auk þess til gróða öllum til hagsbóta. Lánsfé er hins vegar miklu hættulegra. Þeir sem standa í rekstri þekkja það hvernig er að borga bæði vexti og afborganir þegar illa árar. Þetta á sérstaklega við þegar reskturinn er jafnsveiflukenndur og útgerð er. Mín skoðun er sú að það erlenda fjármagn sem við veitum til íslensks sjávarútvegs eigi frekar að vera í formi áhættufjár en lánsfjár. Vegna ríkisbyrgðar, erlendra lána útgerðarinnar og mikilvægis hennar hefur hagur þjóðarinnar verið látinn sveiflast upp og niður með hag sjávarútvegsins undanfarna áratugi með hörmulegum afleiðingum fyrir iðnfyrirtæki og einstaklinga.

Herra forseti. Í umræðunni hefur verið bent á að útlendir aðilar, hafnir, stórfyrirtæki muni kaupa sig inn í íslenska útgerð. Hafa sumir hv. þm. bent á þessa hættu. Ég sé meiri hættu við núverandi kerfi. Mér sýnist að ef þessir erlendu aðilar vildu virkilega ná ítökum í fiskveiðum okkar væri miklu einfaldara að lána innlendum aðilum mikið fé til að kaupa upp kvóta og gera jafnframt við hann samning um afhendingu hráefnisins. Innlendi aðilinn getur ekki sagt upp hráefnissamningnum því þá gjaldfellur lánið. Þetta er löglegt í dag.

Dæmi: Erlendur matvælahringur lánar einhverjum litlum útgerðarmanni 1 milljarð kr. til að kaupa kvóta. Lánið yrði veitt gegn sjálfskuldarábyrgð útgerðarmannsins. Jafnframt gerir hann samning um sölu á ósunnum fiski til erlenda matvælahringsins. Útgerðarmaðurinn gæti aldrei sagt upp sölusamningnum, hann gæti aldrei borgað upp lánið, hann yrði háðari erlenda aðilanum sem kröfuhafa en sem hugsanlegum meðeiganda eða hluthafa.

Mikið hefur verið rætt um þá ógn sem stafað getur af beinni þátttöku erlendra aðila í sjávarútvegi. Mér segir svo hugur að útlendingar standi ekki í biðröð eftir því að leggja fé sitt í íslenska útgerð eða fiskvinnslu. Vegna skattalaga er fjárfesting yfirleitt óskynsamleg hér á landi auk þess sem þessi atvinnurekstur hefur ekki sýnt þann hagnað á undangengnum áratugum að hægt sé að hrópa húrra fyrir. En vonandi stendur hvort tveggja til bóta.

Ef þau þrjú frv. sem hér eru til umræðu eru borin saman sést að frv. Þjóðvaka gengur skemmst. Það gengur skemmst í því hvað varðar fjárfestingu í útgerð og fiskvinnslu. Að samþykktu frv. ríkisstjórnarinnar gætu öll hlutafélög í útgerð og fiskvinnslu stofnað 100% dótturfyrirtæki um reksturinn. Þá mættu erlendir aðilar eiga 25% í þeim en ekki nema 20% samkvæmt frv. Þjóðvaka. Þau gætu sem sagt stofnað 100% dótturfyrirtæki eingöngu um reksturinn. Og þá mega útlendingar eiga 25% í þeim.

Herra forseti. Hvað er Íslendingur? Maður, sem búið hefur með foreldrum sínum erlendis alla tíð og kann ekki íslensku, er hann íslenskur? Er dóttir útlendings, sem búið hefur alla sína ævi hér á landi og gengið hefur í íslenskan skóla, talar íslensku jafn vel og ég og þekkir allar aðstæður hér á landi, erlend? Hvað með fólk sem hefur tvöfaldan ríkisborgararétt sem er þó nokkuð algengt? Hvað með fólk sem öðlast ríkisborgararétt samkvæmt lögum frá Alþingi? Breytist eitthvað í þessu fólki? Í núgildandi lögum sem og í frv. ríkisstjórnarinnar er sett skilyrði að eigandinn sé íslenskur ríkisborgari sem hafi lögheimili hér á landi. Hvað með ungan mann eða unga konu sem erfir stóran hlut í útgerðarfyrirtæki? Mega þau ekki fara til útlanda til náms? Þetta er vandamálið í hnotskurn.

Herra forseti. Niðurstaða mín er sú að æskilegt sé að erlent fjármagn sem veitt er til útgerðar komi í auknum mæli sem áhættufé og síður sem lánsfé. Því stend ég að frv. því sem ég er meðflutningsmaður að ásamt hv. alþm. Kristjáni Pálssyni, Vilhjálmi Egilssyni og Guðjóni Guðmundssyni.

Mikilvægt er að íslensk lög og reglur gildi um þessa starfsemi og að hún greiði hingað skatta og skyldur. Auðvitað væri best að örva Íslendinga til þátttöku í þessum atvinnurekstri með því að breyta skattareglum og úthlutunarreglum á kvóta en það er annað mál.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að svara spurningum nokkurra hv. þm. um afstöðu mína til frv. ríkisstjórnarinnar og þess frv. sem ég er meðflutningsmaður að. Ég styð að sjálfsögðu frv. ríkisstjórnarinnar en mér finnst skynsamlegt að ganga lengra og vil að það verði rætt hér á hinu háa Alþingi. Það er trúa mín að hv. alþm. vilji finna þá lausn í hverju máli sem kemur þjóðinni best. Til þess höfum við umræður. Í umræðum koma fram margs konar sjónarmið og rök. Að loknum umræðum eru hv. þm. betur í stakk búnir til þess að velja bestu lausnina. Menn greinir að sjálfsögðu um leiðir að marki, það er eðlilegt.

Mér þykir mjög miður að láðst hefur að láta þingflokk framsóknarmanna, samstarfsflokk okkar sjálfstæðismanna, vita af þessu frv. En það er sjálfsögð kurteisi. Upphrópanir í þá veru að þetta frv. gangi þvert á stjórnarfrv. og að þingflokkur sjálfstæðismanna sé klofinn eiga ekki við. Hv. þm. mega ekki gleyma því að þeir eru bundnir einungis af sannfæringu sinni og hér á landi ríkir þingræði en ekki flokksræði. Auk þess eru mörg dæmi þess að stjórnarfrv. taki breytingum í meðförum Alþingis án þess að menn tali um erfiðleika á stjórnarheimilinu. Það ber eilítinn keim af málefnafátækt að belgja sig yfir ímynduðum ágreiningi á stjórnarheimilinu í stað þess að ræða málefnalega um þau mál sem hér eru á dagskrá.

[14:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. síðasti ræðumaður hafi ekki gert það þá hafa ýmsir aðrir talað um hræðsluáróður og jafnvel hrollvekjumyndir sem þeir sem mælt hafa varnaðarorð í sambandi við þessi mál hafa fengið á sig. Ég held að ef einhver hefur virkilega dregið hér upp hrollvekjandi mynd og verið með nánast hræðsluáróður þá sé það samt hv. síðasti

ræðumaður þegar hann útmálaði það hversu skelfilegt það væri að sjávarútvegsfyrirtæki tækju fé að láni og það jafnvel erlendis. Ég fékk ekki annan botn í ræðu hv. þm. hvað þetta snertir en þann að það væri verra og meiri áhætta fólgin í því að taka fé að láni heldur en að fjárfest væri beint í fyrirtækjum og útlendingar ættu þau. Ég tel þetta alveg fráleitan málflutning. Ég veit ekki betur en að svo fremi sem viðkomandi fjárfesting sé skynsamleg og geti borgað af lánunum og skili arði þá skipti í sjálfu sér ekki sköpum hvaðan lánsféð kemur og það hafi verið talið svo frá sjónarhóli fyrirtækisins. Það getur gegnt öðru máli þjóðhagslega séð.

Ég mótmæli því líka að einasta úrræði íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja nú um stundir til að sækja fram eða styrkja sinn fjárhag sé að sækja sér erlent áhættufjármagn. Þetta er bara rangt. Og þó hv. þm. Pétur H. Blöndal eigi í hlut þá leyfi ég mér að segja að þetta byggir þá á vanþekkingu á aðstæðum á íslenskum fjármagnsmarkaði í dag. Ég veit ekki betur en að nánast undantekningarlaust hafi öll hlutafjárútboð stórra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á síðustu missirum selst upp og yfirleitt til forkaupsréttarhafa. Það hefur ekki staðið á því að sæmilega rekin íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafi ekki getað styrkt stöðu sína með hlutafjárútboði á innlendum markaði upp á síðkastið nema síður sé. Það hafa jafnvel verið slagsmál um hlutabréf í ýmsum sjávarútvegsfyrirtækjum og gengi bréfa margra þeirra hafa farið hækkandi þannig að þessi málflutningur á ekki við. Og sem betur fer eru skuldir margra sjávarútvegsfyrirtækja heldur að lækka, loksins. Og svo fremi sem þeim verði ekki drekkt í einhverri nýrri vitleysu gengisskráningar eða skellt á þau auðlindaskatti þá eru sæmilegar líkur til að þessi þróun geti haldið áfram. Að mínu mati tala flutningsmenn frv. þegar þeir grípa til svona málflutnings og raka út frá mynd sem átti kannski að einhverju leyti við fyrir fimm árum en á það ekki í dag.

[14:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á áhættuna að taka lán og segir að það sé auðvelt að fá eigið fé í dag. Það er vegna þess að það gengur vel í útgerðinni í dag. En ef hún yrði fyrir áföllum þá er eigið fé hennar allt of lítið. Og það er eins og við höfum upplifað aftur og aftur að eigið fé er allt of lítið til þess að mæta einhverjum áföllum og áföllin koma reglulega í sjávarútvegi. Þetta er áhættusöm grein. Og þó að vel hafi tekist að fá eigið fé undanfarið á verðbréfamarkaðnum þá eru það því miður allt of fá fyrirtæki sem hafa farið þá leið. Við búum við það að þessi grein er með mjög lítið eigið fé og ef illa gengur þá er það látið bitna á launþegum með uppsögnum og með því að fyrirtækin hætta.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kvað nú við dálítið annan tón í þessari ræðu. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. viðurkenndi að þær aðstæður sem ríkja í greininni í dag eru þær sem ég dró upp. Það hefur ekki háð íslenskum fyrirtækjum upp á síðkastið að ekki væri vilji fyrir hendi til að fjárfesta í þeim ef hlutafjárútboð hefur farið fram. Hinu get ég verið sammála hv. þm. um að sjávarútvegurinn almennt þyrfti að styrkjast. Eiginfjárhlutfallið þar er of lágt eftir langvarandi taprekstur undangenginna ára. Í sjálfu sér er kannski meiri ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum miðlungsstórum og minni fyrirtækjum sem ekki eru almennt komin út á markað enn og hafa ekki náð að nota þessa leið til að styrkja sína stöðu. Ég er á hinn bóginn alveg sannfærður um að þau fyrirtæki yrðu ekki fyrst og fremst valkostur útlendinga í fjárfestingum. Þau mundu áfram vera í sömu stöðu þó að þessi leið yrði farin sem hv. þm. mæla hér með.

Svo vil ég þótt það sé undir öðrum dagskrárlið, herra forseti, spyrja að því hvernig ætlunin er að þessi umræða fari fram, að viðstöddum engum ráðherrum sem búið er að biðja um og reyndar búið að lofa að verði hér viðstaddir umræðuna, forustumenn stjórnarflokkanna og hæstv. iðn.- og viðskrh. eru ekki í salnum.

(**Forseti** (RA): Gerðar verða ráðstafanir til að koma þessum skilaboðum til hæstv. ráðherra.)

[14:25]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem þurfa leiðréttingar við í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hann nefndi áðan í ræðu sinni að frv. þingmanna Þjóðvaka gengi skemmst af þessum frv. Það er rangt hjá honum. Það er grundvallarmunur á beinni fjárfestingu og óbeinni fjárfestingu. Það er rangt hjá honum líka þegar hann talaði um að útlendir aðilar gætu stofnað 100% dótturfyrirtæki sem ættu í sjávarútvegsfyrirtæki. Ég þarf ekki að kenna þingmanninum það að dótturfyrirtæki verður að vera í meirihlutaeigu. Það sem erlendir aðilar geta gert er að þeir geta átt 25% í íslensku fyrirtæki. Það getur síðan átt í sjávarútvegsfyrirtæki allt að 100% ef því er að skipta, í undantekningartilfellum farið upp með eignaraðild 33% og þá átt innan við 5% í viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki. Það er grundvallarmunur. Það þarf ekki að reikna út prósentur varðandi þennan þátt um eignaraðildina. Það er grundvallarmunur á beinni og óbeinni eignaraðild eins og við höfum dregið hér fram í umræðunni.

Annað sem ég vil spyrja hv. þm. um. Hann gerir ráð fyrir og styður frv. um 49% eignaraðild. Er ekki 49% eignaraðild ráðandi eignarhluti? Getur hv. þm. nefnt mér mjög mörg dæmi um það þar sem aðili sem á 49% fari ekki með gerðina í viðkomandi hlutafélagi? Þetta er grundvallarmunurinn á okkar frv. með 20% takmarkaðri eignaraðild og frv. sjálfstæðismanna. Þar er gert ráð fyrir að í reynd fari hinn erlendi aðili með fullt forræði. Og ég spyr hv. þm. sem þekkir vel til rekstrar: Er það ekki svo að 49% eignaraðildin, eins og er í hans frv., þýðir í reynd yfirráð útlends fyrirtækis að okkar sjávarútvegsfyrirtækjum? Er það það sem hann vill í þessu máli?

Ég vil líka leiðrétta annað atriði. Hann segir að frv. fjórmenninganna gangi ekki þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar. Vitaskuld gerir það það. Þetta er allt annað mál, frv. fjórmenninganna og frv. ríkisstjórnarinnar. Og menn eiga þá bara að kannast við það ef menn vilja tala fyrir annarri stefnu og gera það beint og heiðarlega.

[14:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn., Ágúst Einarsson, segir að frv. Þjóðvaka sé allt annars eðlis heldur en frv. ríkisstjórnarinnar. Það sem ég átti við er þetta: Eitthvert fyrirtæki, sem í dag rekur útgerð og fiskvinnslu, við skulum gefa okkur ÚA, stofnar dótturfyrirtæki sem heitir Rekstur ÚA ehf. og er 100% dótturfyrirtæki. Þá mega útlendingar eiga 25% í ÚA því það stundar ekki útgerð. Það á eingöngu dótturfyrirtækið 100% sem er í útgerð. Og menn eru uppfinningasamir í sjávarútveginum, sem betur fer, og þeir munu nota þessa leið. Þannig að frv. Þjóðvaka gengur skemmst.

Varðandi það hvort 49% eignaraðild er ráðandi. Vissulega getur það verið. Það getur líka verið að 16% sé ráðandi eins og í stórfyrirtækjunum Flugleiðum og Eimskip. Þar geta 16% verið virkilega ráðandi hlutur og meira en það. Þannig koma hv. þm. ekkert í veg fyrir að útlendingar geti orðið ráðandi á þennan hátt.

Varðandi það að frv. okkar fjórmenninganna gangi þvert á frv. ríkisstjórnarinnar. Það gerir það ekki. Það gengur lengra og við viljum fá að ræða þann möguleika jafnframt hinu þannig að menn geti rætt þessa hluti. Ég held að umræðan sé alltaf af hinu góða.

[14:29]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðfesti raunverulega það sem ég hef sagt. 49% eignaraðild tryggir forræði viðkomandi aðila. Auðvitað getur þetta hlutfall verið minna, gæti farið ofan í 16% eins og hann nefnir dæmi um, en hv. þm. nefndi engin dæmi, og það er mjög erfitt að finna þau, um að 49% eignaraðilinn sé ekki ráðandi aðili. Um það snýst þetta mál. Ég skil vel, herra forseti, að hv. þm. Pétur Blöndal, sé bundinn af stjfrv. og ég virði að svo sé. Hins vegar er frv. fjórmenninganna, sem ekki er bundið neinni venju varðandi ríkisstjórnarsamstarf, allt annað mál og menn eiga bara að viðurkenna það. Ég veit að hv. þm. mun berjast fyrir framgangi sinnar skoðunar og síns frv. í nefnd og milli umræðna. En þetta er ekkert samrýmanlegt, ákvæði um fjárfestingar erlendra aðila í frv. ríkisstjórnarinnar og í frv. fjórmenninganna.

[14:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að erlendir aðilar geti haft áhrif hvort sem er í gegnum 16% eða 49% á rekstur viðkomandi útgerðar og fiskvinnslufyrirtækis. En þau hlíta engu að síður íslenskum lögum og þau borga skatta til íslenska ríkisins nákvæmlega eins og Íslendingar ættu þau. Ég sé ekki þennan eðlismun sem verður á því að maður gerist útlendingur eða útlendingur gerist Íslendingur.

[14:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hvorki hræðsla né hrollvekja sem mig hrærir varðandi þetta mál heldur er staðreyndin sú að það sem ætti að standa en stendur ekki í frv. þeirra fjórmenninga, flokksbræðra minna, er það að hér ætla þeir að leggja til að erlendir aðilar eigi meiri hluta í fiskvinnslufyrirtækjum sem gæti leitt til sérstaks ástands í verðlagningu sjávarafurða. Þess vegna get ég ekki fylgt þeim félögum mínum hvað þetta mál áhrærir enda stend ég að því frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og samþykkt hefur verið í þingflokki okkar.

[14:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í núgildandi lögum um þetta efni sem og í frv. ríkisstjórnarinnar er sérstakt ákvæði sem felur í sér að ef einhverjar sérstakar aðstæður koma upp sé hægt að stöðva viðkomandi rekstur eða viðkomandi kaup.

[14:33]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í þessum umræðum eru þrjú frumvörp á dagskrá um sama efni, fjárfestingar útlendinga á Íslandi. Eins og öllum er kunnugt hefur afstaða atvinnurekenda í sjávarútvegi verið að mæla mjög gegn því að erlendir fjárfestar séu eignaraðilar að sjávarútvegi. Ég hef löngum verið í þeim hópi og er reyndar enn. Ég hef tekið þátt í því að andmæla því að slíkt fyrirkomulag yrði sett á laggirnar. Ég held að ekki þurfi að rifja það upp. Það eru ákveðnar ástæður á bak við það að Íslendingar hafa leitast eftir því að vera eigendur atvinnufyrirtækja sinna og þá ekki hvað síst sjávarútvegsins, þeirrar auðlindar, sem er sú eina sem við eigum. Við eigum enga aðra auðlind en hafið í kringum landið.

Þó hefur verið bent á að við erum á breyttum tímum. Mikið hefur breyst í efnahagsumhverfi Íslands á síðustu 5–6 árum, meira en sumir virðast gera sér grein fyrir þannig að landið er mjög opið. Við erum orðnir þátttakendur í Evrópsku efnahagssvæði og nú erum við að ganga frá frv. til laga sem heimila næstum alla þátttöku útlendinga eða a.m.k. ríkisborgara í EES-löndum í íslenskum atvinnurekstri öðrum en sjávarútvegi.

Enda þótt ég hafi í gegnum tíðina verið ákaflega andsnúinn því að útlendingar fái að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi skal ég ekki neita því að á undanförnum missirum hef ég velt því mikið fyrir mér hvort það sé rétt stefna hjá okkur öllum að halda svona fast og fortakslaust í það að hér skuli eingöngu vera Íslendingar sem reka þessi fyrirtæki. Niðurstaða mín er sú að ég er ekki viss um að það sé rétt hjá okkur að flokka íslenskan sjávarútveg í einn flokk.

Ég hef velt því fyrir mér í því efnahagsumhverfi sem við lifum í, þ.e. hér er frjáls verðmyndun á fiski, hvort þátttaka útlendinga og eignaraðild þeirra í fiskiðnaði sé nokkuð öðruvísi en þátttaka útlendinga í almennum iðnaði. Ég kem ekki auga á að það sé neinn munur. Það er frjáls verðmyndun. Ef fyrirtækin eiga fortakslaust engar aflaheimildir hvað kemur það þá að sök þó útlendingar eigi þar í? Þá er ég ekki að tala um einhver 20% eða 49% heldur að þeir eigi það sem þeir vilja. Það má þess vegna vera 100% því að ég er alveg sammála því sem kom fram áðan að auðvitað er 49% eignaraðild að fyrirtækjum meira en nóg til að stjórna því og reka það og 20% er jafnvel nóg. Ég held að við ættum að velta því nokkuð vel fyrir okkur þegar þessi frumvörp koma til meðferðar hjá efh.- og viðskn. þingsins hvort ekki sé hægt að ná samstöðu. Þá á ég við breiða samstöðu í þinginu og meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi um að breyta til.

Ég er áfram þeirrar skoðunar eins og ég hef verið að við eigum að hafa þá meginreglu að leyfa útlendingum ekki að eiga hlut í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum sem eru eigendur aflakvóta. Sama hvað hver segir þá er það svo að við höfum útdeilt aflaheimildum á Íslandi og höfum þann hátt á. Við höfum útdeilt þeim séreignarrétti hvað svo sem menn vilja segja um þann sykurmola sem er efstur í frv. um stjórn fiskveiða að fiskarnir séu sameign þjóðarinnar o.s.frv. Vegna þessa er ég ekki tilbúinn til þess að taka þátt í því að setja lög þar sem útlendingum er heimilað að taka þátt í þessari starfsemi. Það gæti kannski verið nauðsynlegt til hagræðingar að hafa einhverjar undantekingar sem væru þá í formi þess að viðskrh. væri veitt heimild til þess. Það gæti verið að einhverju mjög litlu leyti, t.d. að hlutir gætu gengið í arf, það gæti valdið vandræðum í rekstri fyrirtækisins, það gæti verið af einhverjum öðrum ókunnum ástæðum sem við sjáum ekki fyrir í dag. En þá er ég að tala um mjög lítinn hlut, miklu minni hlut en lagt er til í hinum frumvörpunum, alls ekki 20%. Eins og fram hefur komið getur 20% hlutur verið ráðandi hlutur í fyrirtækjum. Meira að segja miklu minni hlutur getur verið ráðandi þannig að ég er ekki tilbúinn til þess að fylgja þessum frumvörpum, hvorki Þjóðvaka né

félaga minna í Sjálfstfl. Að sjálfsögðu styð ég fram komið frv. ríkisstjórnarinnar.

[14:40]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Full ástæða er til þess að óska eftir því að sá ræðumaður sem talaði á undan útskýri örlítið betur hvað hann var að fara með ræðu sinni. Ég heyri ekki betur en að þingmaðurinn sé að mæla með aðskilnaði veiða og vinnslu, þ.e. að til þess að við getum haldið áfram að þróa sjávarútveg okkar við þær aðstæður sem hann býr nú og þau erlendu áhrif sem óhjákvæmileg eru þyrftum við að aðskilja veiðar og vinnslu.

Miðað við það frv. sem liggur fyrir af hendi ríkisstjórnarinnar er vinnslunni í rauninni skipt í tvennt. Annars vegar er talað um þá vinnslu sem við höfum hingað til kallað fiskvinnslu og felst aðallega í því að verjast fisk skemmdum og síðan er aftur tekið frá og útlendingum leyft að fjárfesta í frekari vinnslu, þ.e. pökkun í umbúðir þar sem virðisaukinn verður mestur í dag.

Ég dró í efa í máli mínu í fyrradag að nákvæmlega sú skipting mundi henta miðað við þær aðstæður og þá þróun sem hefur verið í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í dag vegna þess að þau hafa verið að búa sér til þessa framleiðslulínu ef svo má segja til þess að auka virði vinnslu sinnar. Nú kemur þingmaðurinn upp og stingur upp á algerum aðskilnaði veiða og vinnslu eða a.m.k. löggjöf sem hvetti til þess. Ég vildi gjarnan heyra frekari rök fyrir því vegna þess að það sem hann leggur til er í fyrsta lagi í blóra við það sem menn í sjávarútvegi hafa viljað á undanförnum árum. Það hefur ekki verið til umræðu að aðskilja þetta tvennt og í öðru lagi í enn meiri blóra við þá þróun sem hefur verið undanfarið.

[14:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi að hugleiðingar mínar áðan hefðu verið mjög skýrar. Ég setti það fram sem spurningu hvort nokkur munur væri á fiskvinnslufyrirtækjum, sem ekki ættu aflahlutdeildir og þar sem verðlagningin og verðmyndunin frjáls, og öðrum iðnaði. Ef það væri fiskvinnslufyrirtæki sem væri alveg bannað að eiga aflahlutdeildir, hvað mælti þá gegn því að útlendingar væru þar frekar en í öðrum íslenskum iðnaði þar sem þeim er leyfilegt að vera? Það er ekki verið að mæla með því að við slítum veiðar og vinnslu í sundur. Náttúrlega getur hver ráðið því sem vill vera í þessari atvinnugrein hvar hann er niður kominn, hvað hann gerir og hvað hann vill láta framtak sitt leiða í ljós.

Íslensk fiskvinnsla er mjög fullkomin og það er mjög rangt ef menn halda að hún sé fyrst og fremst fólgin í því að verja fisk skemmdum. Íslendingar standa mjög framarlega í fiskvinnslu, framar á sumum sviðum en aðrir, að vísu mismunandi framarlega. Ég bendi líka á að það er mikill mismunur á því hvernig við markaðssetjum fiskvinnsluafurðir. Það er rétt að við erum frekar aftarlega, við höfum t.d. aldrei náð tökum á ákveðnum þáttum matvælaframleiðslu eins og niðurlagningu og niðursuðu. Hvað væri að því þó aðili sem vildi koma til Íslands og reyna fyrir sér í þeim iðnaði settist hér að? Ég get ekki komið auga á það og það er mjög mikill misskilningur hjá hv. þm. að ég sé að tala gegn félögum mínum í fiskvinnslu. Við höfum velt þessu mjög opinskátt fyrir okkur undanfarin missiri. Enda þótt ég viti ekki og hafi ekki vitað til þess að menn hafi gert neinar samþykktir um það er það mál margra að þetta hljóti að geta komið til greina og rétt eins og ég var að hafa orð á hér áðan.

[14:44]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að gera þingmanninum upp ákveðnar skoðanir. Ég var einungis að inna hann frekar út í það sem hann hafði áður sagt vegna þess að eins og ég hélt að hefði komið fram er það bæði í blóra við það sem mér hefur nú sýnst að menn innan greinarinnar vildu á undanförnum árum og einnig það sem er að gerast núna.

Ég get verið þingmanninum fullkomlega sammála um að það er ekki mikill munur og í rauninni enginn eðlismunur á matvælaframleiðslu og öðrum iðnaði. Í rauninni ættum við fyrir löngu að vera búin að temja okkur að hugsa um iðnaðinn þannig að fiskiðnaðurinn væri hluti þar af. Það hefði kannski leitt til mun heilbrigðari umræðu hér ef þannig hefði verið staðið að málum.

Hins vegar er þetta með að verja sjávarafurðir skemmdum ekki mín orð heldur bein tilvitnun í stjfrv. sem hv. þm. stendur að. Þar er fiskvinnslunni skipt í tvennt. Þar er annars vegar sá þáttur að verja fiskinn skemmdum og hann verðum við þá að eiga sjálf eða útlendingar með óbeinum hætti. Hins vegar er talað um iðnaðinn og þar mega útlendingar koma að. Þar er því ekki í mig að vitna heldur frv. til laga sem ríkisstjórnin hefur blessað.

[14:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þetta stendur í athugasemdum við stjfrv. sem ég efa ekki að sé rétt... (**SvanJ:** Í lagagreininni sjálfri.) Í lagagreininni sjálfri. Þá get ég alveg lýst því yfir að ég tel þá túlkun ranga. Þetta er ekki svona.

Í öðru lagi hvatti ég til þess að efh.- og viðskn. þingsins taki þetta mál til meðferðar og reyni að finna á því flöt, kanni hvort við gætum ekki náð víðtækri samstöðu um það hvernig við högum þessum málum. Og ég ítreka það hér.

[14:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum í dag mjög stórt mál og viðkvæmt í sjálfu sér vegna þess að það snertir bæði stóra spurningu um erlenda fjárfestingu sem áratugum saman hefur verið mikið álitamál í þjóðmálaumræðunni og hins vegar hvernig við viljum fara með auðlindina og aðgang útlendinga að henni. Þetta tvennt hefur verið meðal stærstu spurninga í íslenskri þjóðmálaumræðu árum og áratugum saman þannig að það er mjög eðlilegt að um þetta mál séu miklar umræður og skiptar skoðanir.

Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á því hversu mikil breyting hefur orðið á umræðunni um þessi mál á mjög skömmum tíma. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að ef frv. af þeim toga sem við ræðum hér m.a., þ.e. stjfrv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, hefði komið fram fyrir tveimur eða þremur árum, þá væri verið að ræða þessi mál á alveg gerólíkum nótum. Umræðan í þessari lotu hefur fyrst og fremst snúist um það hvort ganga eigi lengra en stjfrv. leggur til. Ég hef ekki orðið var við það almennt að hér séu stríðar skoðanir á lofti um það að það eigi að ganga skemur en stjfrv. leggur til. Ég fullyrði hins vegar að fenginni reynslu að fyrir 2–3 árum hefði umræðan verið alveg á þveröfugan veg. Frv. af þessu tagi, hvort sem það hefði komið frá ríkisstjórn eða einstökum þingmanni, hefði fengið þá umfjöllun hér í þinginu, að ég tali nú ekki um víðar úti í þjóðfélaginu, að hér væri verið að opna dyrnar

fyrir útlendinga inn í íslenskan sjávarútveg á varasaman hátt. (**GÁ:** Þinginu er það gagn.) Hér kemur einmitt hv. þm. Guðni Ágústsson og kannast við slíkan málflutning. Þetta er auðvitað sú meginbreyting sem hefur orðið á þjóðmálaumræðunni vegna þess einfaldlega að aðstæðurnar í kringum okkur hafa verið að breytast og við erum komin inn í allt annað umhverfi heldur en við vorum áður.

Ég vakti athygli á því fyrir tveimur eða þremur árum í fyrirspurn að það væri svo að fjárfesting erlendra aðila í íslensku atvinnulífi hefði verið mjög lítil. Í svari við fyrirspurn minni í aprílbyrjun 1993 kom fram hjá hæstv. páv. utanrrh. að erlend fjárfesting í íslensku atvinnulífi á árinu á undan hefði nánast eingöngu falist í því að útlendir eignaraðilar álversins í Straumsvík hefðu aukið hlutafé sitt í félaginu. Erlend fjárfesting á því ári í íslensku atvinnulífi var nánast fólgin í þessu einu með sáralitlum undantekningum. Við Íslendingar höfum hins vegar farið öfugt að. Við höfum verið að sækja blessunarlega út og taka þátt í fjárfestingu í öðrum löndum. Hér hefur verið rakið mjög rækilega hvað eftir annað af mörgum þingmönnum hvernig Íslendingar hafa verið að sækja út í fjárfestingu í sjávarútveginum í Chile, Namibíu, og Þýskalandi. Auk þess mega menn ekki gleyma fjárfestingu íslensku fisksölufyrirtækjanna beggja vegna Atlantsála í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og á Englandi. Alls staðar hafa þessi fyrirtæki verið að festa sig í sessi og fjárfesta með skynsamlegum hætti til þess að skapa nýja útrás íslensks atvinnulífs á því sviði þar sem við þekkjum best til og þar sem við kunnum mest til verka.

Í svari við þessari fyrirspurn minni frá árinu 1993 kom líka fram að ekki færri en 10–20 erlendir aðilar á þeim tíma æsktu samstarfs við Íslendinga um sjávatútvegsrekstur í öðrum löndum. Að mínu mati segir þetta náttúrlega fyrst og fremst sögu um þá stöðu sem íslenskur sjávarútvegur hefur í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem hann þarf að heyja á hverjum einasta degi.

Ég nefndi það áðan að umræðan hefði breyst mjög mikið á fáum árum og hún hefur líka breyst mjög mikið innan sjávarútvegsins. Einn þeirra útgerðarmanna sem tekið hafa þátt í fjárfestingu erlendis er Þorsteinn Már Baldvinsson á Akureyri og hann segir í viðtali við Morgublaðið nú fyrir skömmu:

„Ég er alveg óhræddur við að breyta lögunum þannig að erlendir aðilar geti átt í íslenskum sjávarútvegi. Ég tel að það geti orðið sjávarútveginum til góðs og sé jafnvel nauðsynlegt fyrir framtíðarþróun greinarinnar."

Þetta er ég að undirstrika vegna þess að við erum að ræða þetta í nýju og breyttu umhverfi. Líka vegna þess að nú þegar eru til staðar umtalsverð fjárhagsleg tengsl íslenskra útgerðar- og sjávarútvegsfyrirtækja og erlendra aðila. Það er ekkert óeðlilegt eða ólöglegt við það einfaldlega vegna þess að fjárhagsleg og viðskiptaleg samskipti íslensks sjávarútvegs við fyrirtæki erlendis eru svo mikil að fjárhagsleg tengsl á milli þessara aðila eru óhjákvæmileg. Menn eiga ekki að tala í þessari umræðu eins og þau séu ekki til, þessi fjárhagslegu tengsl eru auðvitað til staðar.

Höfuðvandamál íslensks atvinnulífs í dag er auðvitað það að arðsemi eigin fjár er allt of lítil. Hagfræðingur Vinnuveitendasambandsins hefur dregið það saman að afkoman eða arðsemi eigin fjár í íslensku atvinnulífi á árunum 1987–1995 hefur að meðaltali verið innan við 1% meðan hún var 11% í OECD-löndunum. Þetta er á vissan hátt í hnotskurn vandi íslensks atvinnulífs og mjög í ósamræmi við þann málflutning sem maður heyrir stundum úr þessum ræðustóli um það að verið sé að hygla íslensku atvinnulífi óeðlilega í skattalegu eða efnahagslegu tilliti.

Auðvitað er mjög margt að gerast í íslenskum sjávarútvegi núna. Eitt af því er að sjávarútvegsfyrirtækin eru með einum eða öðrum hætti að brjótast lengra inn á markaðinn en þau höfðu tækifæri til áður. Fyrirtækin eru á beinni hátt núna að tengjast viðskiptavinum sínum. Fjarskiptabyltingin á þarna hlut að máli, en ýmsar aðrar breytingar koma þar við sögu. Það er enginn vafi á því að við munum sjá þetta gerast í miklu meiri mæli en áður. Hluti af því verður að auka þar með vinnsluna hér innan lands með svipað og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rakti hér áðan. Það leikur enginn vafi á því að slík sérhæfing og slík fiskvinnsla mun kalla á aukna fjárfestingu, þar á meðal erlent fé. Og ég er mjög sammála því sem hv. þm. sagði að þar eigum við að draga línuna. Það er auðvitað reginmunur á því hvort við erum að tala um sérhæfða fiskvinnslu, eins konar iðnað, eða hvort við erum að tala um útveg í þeim skilningi sem við öll þekkjum og ekki þarf að fara nánar út í.

Hér hefur oft verið klifað á því, og fær það m.a. góðar undirtektir í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, að það felist í því mótsögn þegar við annars vegar fögnum því eins og ég gerði áðan að Íslendingar væru að sækja út í erlendum sjávarútvegi og hins vegar vildum við fara af gætni varðandi fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Ég tel að það sé engin mótsögn í þessu. Morgunblaðið segir t.d., með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar svo er komið að við höfum snúið dæminu við og erum ekki lengur í þeirri varnarstöðu að verja okkar heimastöðvar heldur sækjum fram bæði í veiðum og á fjarlægum miðum og með kaupum á sjávarútvegsfyrirtækjum í öðrum löndum má spyrja hvort aðstæður nú gefi tilefni til þess að endurskoða þá stefnu að fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi séu alfarið óheimilar. En þá yrði að sjálfsögðu að fara að öllu með fyllstu gát", segir Morgunblaðið, með leyfi forseta.

Þetta er kannski í hnotskurn hluti af þeirri umræðu sem við höfum hlustað á undanfarna daga. Svar mitt er það að hér sé býsna ólíku saman að jafna. Annars vegar erum við að tala um atvinnugrein sem skiptir sköpum fyrir þjóðarbú okkar og er auðvitað fjöregg okkar í fremsta skilningi þess hugtaks. Þess vegna verðum við að viðhafa gríðarlega mikla gát og aðgæslu. Hins vegar erum við að tala um einstakar atvinnugreinar og einstök fyrirtæki sem tiltölulega litlu máli skipta í þjóðarbúi þeirra ríkja þar sem við erum að hasla okkur völl. Í Þýskalandi þar sem við höfum verið að fjárfesta mjög myndarlega í togaraútgerð mun það ekki skipta neinu máli um efnahagslega stöðu þeirrar þjóðar hvort sjávarútvegurinn er rekinn með sama hætti frá Rostock í dag eins og hann var í gær. (**GÁ:** Þar er ólíku saman að jafna.) Ólíku saman að jafna, segir hv. framsíkallandi sem virðist ætla að láta þetta duga sem framlag sitt til þessarar merku umræðu. Reyndar er söknuður að því að hv. þm. er orðinn svona þögull í þingsölum eftir að hann varð formaður landbn.

Annars vegar höfum við þá stöðu þar sem við erum að tala um tiltölulega lítil fyrirtæki í stórri heild og hins vegar ráðandi afl í íslensku efnahagslífi. Þess vegna segi ég að þótt ég fagni því að við tökum erlenda fjárfestingu til umræðu og þótt ég sé þess almennt mjög fýsandi að við löðum að erlent fjármagn inn í íslenskt atvinnulíf, þá vil ég draga línuna þar sem ég hef þegar nefnt. Ég styð hins vegar mjög eindregið í

meginatriðum það frv. til laga sem hæstv. ríkisstjórn flytur og vil raunar segja það sem mína skoðun að ég tel að það megi vel íhuga þann kost að opna þetta enn þá meira en þar er gert ráð fyrir. Ég tel t.d. að það sem hv. 11. þm. Reykn. nefndi í ræðu sinni í fyrradag um stöðu einstakra fyrirtækja sé hlutur sem við eigum virkilega að skoða. Við eigum auðvitað að viðurkenna þann raunveruleika og við eigum að skoða það mál til fullnustu. Að vísu mun hv. þm. hafa fullyrt, eða það minnir mig a.m.k., að þetta frv. eins og það er muni rústa hlutafjáreign Olíuverslunar Íslands, Olís, en það er að vísu ekki rétt samkvæmt mati lögfræðings fyrirtækisins eða stjórnarformanns fyrirtækisins. Hins vegar gæti það haft veruleg áhrif á framtíðarfjárfestingu þess fyrirtækis. Mín skoðun er sú að ég tel að við eigum að skoða það hvort hægt sé að breyta þessari prósentu, ekki sérstaklega fyrir þetta fyrirtæki heldur vegna þess að ég tel að það sé skynsamlegt í ljósi efnahagslegs raunveruleika og þess raunveruleika sem við sjáum í viðskiptalífinu að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Ég læt þetta duga sem innlegg mitt í þessa umræðu. Ég tek undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að ég tel að það komi til greina að við skoðum það að opna fyrir fjárfestingar í mjög skilgreindan hluta fiskvinnslunnar sem við getum kallað iðnað í því skyni að geta opnað fyrir okkur möguleika til þess að sækja út á hina erlendu markaði. En ég tel að bein eignaraðild útlendinga að útveginum sjálfum komi ekki til greina. Þar dreg ég mörkin, en ég vil jafnframt að við skoðum málið frekar. Ég er ekki reiðubúinn á þessari stundu til að kveða upp úr með þá prósentu sem þar eigi að vera varðandi hina óbeinu eignaraðild. Ég tel að það þurfi frekari íhugunar við og engin ástæða til að festa sig í einhverjum yfirlýsingum um tiltekna prósentu. Ég er opinn fyrir því að við skoðum betur að það sé rýmra en gert er ráð fyrir í stjórnarfrv.

[15:00]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf að gera eina athugasemd við ræðu hv. þm. Það er varðandi það þegar hann vitnaði í dæmi mitt um Olís. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að það tók ég sem dæmi um afleiðingar frv. Lögmaður Texaco og stjórnarformaður Olís hefur komið fram á opinberum vettvangi og sagt m.a. að þetta eigi ekki við Olís á því marki sem viðvíkur eldri fjárfestingum. Þetta er lagatúlkun hans. En að mínu mati er það ekki rétt. Vegna þess að ef hv. þm. skoðar frv. þá er það alveg fortakslaust að erlendur aðili má ekki eiga meira en 33%. Nýrri lög taka náttúrlega þau eldri af. Texaco á 35% í Olís. Þetta þýðir einfaldlega að þarna verður að koma til annaðhvort sala á hlutabréfum Olís í sjávarútvegsfyrirtækjum eða minnkun hlutdeildar Texaco í Olís. Hins vegar er málið flóknara en það vegna þess að fram til 1992 voru slíkar fjárfestingar heimilaðar. Texaco gerist aðili í Olís, án þess að ég vilji gera það fyrirtæki mjög að umtalsefni, 1990 ef ég man rétt. Þetta er matsatriði. Alla vega er frv. ríkisstjórnarinnar alveg fortakslaust um þennan þátt. Ég sé ekki að hægt sé að halda öðru fram vegna laganna eins og þau eru. Það er ekkert ákvæði þar til bráðabirgða. Hins vegar, og ég tek undir með hv. þm. hvað það varðar, verða menn að skoða þennan þátt sérstaklega í umfjöllun nefndarinnar. Það getur ekki verið ætlun og ég skil það svo að það er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að mismuna einu einasta fyrirtæki á Íslandi varðandi þennan þátt. Menn eiga að segja það ef svo er. Ég held að svo sé ekki. Það verður því að skoða það sérstaklega gagnvart þessu tiltekna fyrirtæki. En ef frv. verður samþykkt óbreytt gæti vafalítið komið til kasta dómstóla varðandi túlkun á ýmsum efnum. Það eina sem ég vil ítreka í þessu sambandi er að frv. er alveg afdráttarlaust í sínum takmörkunum varðandi 33%.

[15:02]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að okkur hv. 11. þm. Reykn. skorti sjálfsagt hvorugan sjálfsálitið þá held ég að það sé ekki skynsamlegt hjá okkur að setja okkur í dómarasæti um það hvernig eigi að túlka þessi lög vegna þess að hér er ekki bara um að ræða prívat túlkun stjórnarformanns Olís eða lögfræðings Texaco heldur er hér um að ræða lagalega niðurstöðu sem mjög virtur hópur lögmanna komst að eftir ítarlega skoðun. Sannleikurinn er sá að eftir lagabreytinguna 1992 kom þetta mjög til álita hjá ýmsum fyrirtækjum sem þannig var ástatt um að þau voru að einhverjum hluta til í eigu erlendra aðila en áttu um leið í íslenskum sjávarútvegi í meira og minna mæli. Þessi lagalega skoðun fór því fram. Ef ég man rétt var niðurstaða athugunarinnar sú að um hlutabréf sem keypt höfðu verið fyrir árið 1992 gilti annað en um þau sem keypt höfðu verið eftir að lagabreytingin varð á árinu 1992. Þetta átti við um allmörg fyrirtæki, bæði tryggingafélög og olíufélög sem þarna var viðlíka statt um. Ég er sammála því sem hér er sagt að við eigum ekkert að vera að ræða þetta út frá einstökum félögum eða fyrirtækjum. Það er auðvitað ekkert eðlilegt. En þegar svona mál kemur upp þá er sjálfsagt að þetta sé rætt á almennum og breiðum grundvelli. En aðalatriðið er að ef ég man rétt þá varð það niðurstaða lögmanna eftir ítarlega skoðun að það sem máli skipti væri hvort viðkomandi hlutabréf hefðu verið keypt fyrir lagabreytinguna árið 1992.

[15:04]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins viðbót varðandi þennan þátt. Þetta álit sem ég var að lýsa áðan varðandi frv. eins og það lítur út er ekki bara mitt álit heldur er það líka byggt á skoðun lögfræðinga. Ég ætla hins vegar ekki að fara út í lagatæknilega umræðu varðandi þetta mál. Ég bendi aðeins á að þessar óbeinu fjárfestingar hafa verið bannaðar og eru í reynd bannaðar samkvæmt íslenskum lögum að mati mjög margra lögfræðinga. Þetta er mikið álitamál. Við getum orðað það svo að þetta hefur verið grátt svæði. Aðalatriðið held ég varðandi þetta mál er að frv. eins og það lítur út núna hittir mjög illa eitt fyrirtæki. Það verður að skoða það sérstaklega hvort það geti verið vilji löggjafans. Ég held að svo sé ekki en ég held að við bætum okkur ekki á því að fara hér í lagatúlkanir varðandi forsöguna að þessu máli.

[15:06]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Þessi umræða í dag um frv. til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og þau frv. önnur sem eru einnig til umræðu sýnir okkur mjög rækilega hversu skoðanir eru skiptar meðal þingmanna um það hvernig skuli haldið á málum er varða sjávarútveginn, þessa grundvallaratvinnugrein okkar. Þó ég harmi ekki að skipst sé á skoðunum verð ég samt sem áður að lýsa því yfir að ég hef nokkrar áhyggjur af því hversu — ja, ég vil næstum því orða það svo — hversu mikill ófriður og ágreiningur er jafnan þegar málefni sjávarútvegsins koma á dagskrá í þinginu. Þá rísa mjög háar öldur ágreinings um hvaðeina. Svo er einnig um frv. sem hér eru til umræðu.

Ég kom hingað upp, herra forseti, fyrst og fremst til þess og þarf ekki langan tíma í þá ræðu, að lýsa yfir stuðningi mínum við frv. sem hæstv. viðskrh. hefur mælt fyrir en hins vegar andstöðu við þau frv. sem annars vegar hv. þm. Þjóðvaka og hv. þm. fjórir úr mínum flokki hafa flutt. Ég tel að stjfrv. sé sú leið sem við eigum að fara. Hún er sú leið sem tryggir hag okkar Íslendinga best og tryggir hag þeirra fyrirtækja og þeirra sem byggja allt sitt á sjávarútvegi best. Ég tel að við eigum að ganga út frá því sem grundvallaratriði að reyna með öllum tiltækum ráðum að nýta auðlindir sjávar á okkar eigin forsendum og taka ákvarðanir um lagasetningu sem byggir fyrst og fremst á því að við tryggjum hagsmuni okkar Íslendinga.

Ég tel að það gerist m.a. með því sem kemur fram í frv. sem hæstv. viðskrh. hefur mælt fyrir, þ.e. að það beri að hafa þann háttinn á að takmarka eignaraðild erlendra aðila við óbeina eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum. Þannig tel ég að hag okkar sé best borgið um sinn. En ekkert er óbreytanlegt. Ég tel að það þurfi að skoða þessi mál eins og þau eru á hverjum tíma. En eins og málin standa núna hjá okkur tel ég að það sé mest öryggi fyrir okkur að sá háttur sé hafður á. Hver þessi mörk óbeinnar eignaraðildar eigi að vera ætla ég ekki að deila um eða lýsa miklum skoðunum. Ég styð þá leið sem farin er í stjfrv. En komi hins vegar rök sem mæla með því að þarna verði einhverju vikið til svo betur fari þá er ég reiðubúinn til að skoða þau rök sem liggja að baki slíkri tillögu.

Það er grundvallarafstaða mín og ég hef reyndar lýst því opinberlega í blaðagrein að ég tel að við eigum að tryggja óskoruð yfirráð okkar yfir meginauðlindum okkar, þ.e. orkulindum annars vegar og svo hins vegar auðlindum sjávarins.

Hér hefur verið vitnað til merkra fjölmiðla þar sem þess er getið að við verðum að gera sömu kröfur varðandi löggjöf hér á landi og gerðar eru í öðrum löndum þar sem við viljum hasla okkur völl. Ég tel að þetta séu engin rök í málinu. Við setjum okkar löggjöf og tryggjum okkar hagsmuni og nýtum okkur þá möguleika sem annars staðar eru óháð því. Hins vegar eru milliríkjasamningar sem við göngumst undir og göngum frjálsir til en löggjöf annarra landa sem snýr að sjávarútvegi á ekki að leiða til þess sjálfkrafa að sömu hlutir séu í gildi hjá okkur á Íslandi og annars staðar kunna að vera.

Sem betur fer er það nú þannig að staða sjávarútvegsins hefur þrátt fyrir allt verið að styrkjast. Þótt erfiðleikar hafi verið víða, bæði hjá einstökum fyrirtækjum og á einstökum svæðum vegna samdráttar í veiðiheimildum þá er það nú þannig sem betur fer, ég endurtek það, að staða margra fyrirtækja hefur verið að vænkast. Þess vegna held ég að við munum ekki leysa vanda sjávarbyggða eða vanda þeirra sem vinna við fiskvinnslu með því að hleypa nánast óheftri aðild útlendinga að eign í sjávarútvegi. Það leysir ekki vanda fiskvinnslufólks sem býr við lág laun. Það er fjarri lagi.

Meginatriðið er að búa þannig um hnútana að sjávarútvegurinn geti starfað og þar skapist arður. Eins og komið hefur fram í umræðunni þá hefur það verið að gerast. Þeir sem hafa viljað fjárfesta hafa verið sækjast eftir því að fjárfesta í sjávarútvegsfyrirtækjum sem betur fer. Það hefur ekki verið mikill skortur á því þó auðvitað þurfi að hvetja til þess að fjárfest sé í sjávarútvegi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég styð stjfrv. sem hér er til meðferðar, vænti þess að það fái rækilega skoðun í nefnd og að það takist að koma á löggjöf sem við getum sætt okkur bærilega við og tryggir hagsmuni sjávarútvegs og þar með afkomu okkar Íslendinga.

[15:13]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeim ræðumanni sem hér lauk máli sínu varð nokkuð tíðrætt um okkar eigin forsendur og okkar hagsmuni. Ég geri ráð fyrir því að við getum verið í grófum dráttum sammála um það að þar hljótum við að vera að tala um það að þjóðin geti notið sem ríkulegast afraksturs af auðlindinni. En okkur greinir kannski á um það hvernig það megi verða. Þingmaðurinn styður þá óbeinu fjárfestingu sem hér er lagt til að lögfesta sem við höfum sum sagt að væri í rauninni lögfesting á því ástandi sem þegar er. Það er þó reyndar ekki alveg rétt vegna þess að við erum í rauninni að segja með því frv., ef það verður að lögum, að nú sé mönnum óhætt að fara að fjárfesta óbeint. Það höfum við ekki sagt fyrr. Það hefur bara þróast.

Af því að hv. þm. varð tíðrætt um það hvað íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið dugleg að laga sig að nýjum aðstæðum og ég hef nú notað hvert tækifæri sem hefur gefist til að hrósa þeim fyrir það, þá hefði ég gaman af því að heyra hv. þm. fara aðeins yfir það hvaða möguleika hann ímyndar sér að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sjái í þeirri stöðu sem skapast þegar óbein fjárfesting verður leyfð, vegna þess að ég er nokkuð viss um að um leið og hún verður leyfð fara að gerast hér ýmsir hlutir sem við höfum kannski ekki alveg stjórn á af því að fjárfestingin er óbein. Hefur þingmaðurinn hugsað út í þetta og er hann þá tilbúinn að útskýra örlítið betur hvað hann sér fyrir sér í þeim efnum?

[15:15]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki auðveldlega útskýrt það sem gerist á markaði eftir að það frv. sem hér er til umræðu verður að lögum, sem ég vona að verði. Ég get ekki lagt mat á það. Hins vegar er alveg augljóst að á hlutabréfamarkaði þar sem innlendir og erlendir aðilar eiga aðgang með þeim takmörkunum sem frv. setur getum við út af fyrir sig ekki spáð hvað gerist. Hvar vilja erlendir aðilar fjárfesta? Verður það áfram í olíufélögum eða verður það í flutningafyrirtækjum eða tryggingafélögum o.s.frv.? Ég þori ekki að spá um hvað gerist en ég vona svo sannarlega að áfram verði það svo að þeir sem fjárfesta á hlutabréfamarkaði sjái möguleika í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum en þeir verða eftir sem áður að laga sig að þeim leikreglum sem lögin setja og ég held að það frv. sem er til umræðu eigi að geta tryggt hagsmuni okkar bærilega. En ég ætla ekki að spá neinu hvað muni gerast. Hins vegar spái ég því að ekki muni verða neinar stökkbreytingar. Það er meginniðurstaða mín. Þetta hefur verið að þróast eins og við þekkjum, e.t.v. örlítið utan laga og reglna. Með því frv. sem er til meðferðar erum við að taka mið af þeim staðreyndum sem eru í dag.

[15:17]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það liggur ljóst fyrir að það mál sem er til umræðu í dag er mjög mikilvægt og ekkert óeðlilegt að það séu nokkrar skiptar skoðanir um hvernig halda beri á því. Það frv. sem hér liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar ber þess merki að menn kjósa að ganga í málið af mikilli varkárni og stíga lítil skref, stíga að vísu nokkur skref í frjálsræðisátt í sambandi við fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútveginum

en að skrefið sem stigið verði að þessu sinni verði þá óbein fjárfesting en ekki verði gengið lengra.

Ég tel ástæðu til þess hér og nú að leiða rök að því hvers vegna sé skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga að fara varlega þá leið sem hér er verið að feta því að um það snýst deilan. Hún snýst um það hversu hratt við eigum að ganga þessa braut. Hún snýst einnig um það hvort hér gilda almennt sömu lögmál og um efnahag annarra þjóða og hvort við eigum að leiða hér inn lögmál fjálsra viðskipta án tillits til sérstöðu okkar. Þá er einmitt gott að athuga um leið hvort aðrar þjóðir gera slíkt hið sama.

Það er sjálfsagt að taka undir þann málflutning sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafði uppi í þingræðu sinni að við gerum okkur grein fyrir því hversu þungt vægi sjávarútvegurinn hefur í íslensku efnahagslífi. Það er rétt fyrir okkur að spyrja okkur að því hvort slíkt vægi fyrirfinnist í nágrannalöndum okkar þar sem við þekkjum best til, þeim löndum sem við miðum okkur mest við. Eru einhver dæmi um ríki, t.d innan Evrópu, þar sem ein atvinnugrein og ein auðlind skiptir slíkum sköpum sem sjávarútvegurinn og nýting hafsins skiptir fyrir Íslendinga? Svarið við þessu er ósköp einfalt. Það eru engin dæmi um þetta. Samanburðurinn verður ekki gerður á þessum nótum. Á mjög marga lund er hægt að styðja með rökum þá fullyrðingu að Ísland njóti hér mikillar sérstöðu.

Ég hef örlítið dundað mér við að reyna að finna sambærilegar aðstæður og hér ríkja í sambandi við sjávarútveginn og hef engar fundið. Engu að síður ætla ég að nefna dæmi sem er engan veginn fyllilega sambærilegt en varpar þó ljósi á það til hvaða úrræða þjóðir grípa þegar þær telja að efnahagslegt sjálfstæði sé í hættu og þar af leiðandi pólitískt sjálfstæði. Það vildi svo til að Evrópuþjóðirnar höfðu lengi vel ekki gert sér fyllilega grein fyrir því hversu efnahagslega þær voru háðar olíu og þar af leiðandi líka stjórnmálalega háðar olíu fyrr en olíukreppurnar tvær skullu yfir Evrópu og yfir heiminn á áttunda áratugnum. Það sem blasti við þegar verð á olíu hækkaði skyndilega í tvígang var ósköp einfalt en alvarlegt umhugsunarefni fyrir Evrópuþjóðirnar. Það blasti með öðrum orðum við að efnahagur ríkisins, t.d. Frakklands, var svo háður orkunni og verðlagningu á orkunni að þeir sáu að ekki var hægt að búa við slíkan þrýsting sem olíuverðið var á efnahag Frakka. Þeir urðu að grípa til ráðstafana til þess að losa þjóðina úr þeim heljartökum sem olíuframleiðendur höfðu á Frakka og raunar miklu fleiri Evrópuþjóðir. Þetta var svo alvarlegt vandamál að Frakkar eyddu offjár í það að koma sér upp kjarnorkuverum til þess að minnka hin beinu efnahagslegu áhrif OPEC-ríkjanna og hin beinu stjórnmálalegu áhrif arabaríkjanna á utanríkisstefnu Frakka og efnahag Frakka.

Þessi þróun sem varð ekki bara innan Frakklands heldur í mjög mörgum öðrum Evrópuríkjum varð raunar til þess að draga mjög verulega úr samrunaþróun Evrópuríkjanna og frestaði um sinn þeirri samrunaþróun sem hafði staðið lengi og verið raunverulega fyrst og fremst á grundvelli efnahagslegrar samvinnu. Þetta hafði síðan í för með sér að Evrópuríkin settu upp sérstaka áætlun til þess að vinna gegn þeirri verndarstefnu sem var afleiðing af olíukreppunni og út úr því komu svo einingarlögin og Maastricht-samkomulagið. En einingarlögin sem slík, sameiginlegi markaðurinn og Maastricht-samkomulagið, hafa engu breytt í því að Evrópuþjóðirnar leggja jafnmikið upp úr því nú eins og þær gerðu eftir olíukreppuna að framleiða eins mikið af orku innan eigin landamæra og frekast er unnt. Mér er ekki kunnugt um að Frakkar hafi neinn hug á því að draga úr möguleikum sínum til þess að framleiða rafmagn með kjarnorku. Þeir líta þvert á móti á það sem eina af undirstöðum pólitísks sjálfstæðis síns að hafa þennan geira atvinnulífsins á sínu valdi.

Ég tek þetta dæmi þó að það sé ekki á nokkurn hátt sambærilegt við fiskveiðar og sjávarútveg Íslendinga. Ég nefni það einungis til þess að benda mönnum á það að þegar eitt svið atvinnulífsins eins og orkugeirinn eða eitt svið atvinnulífsins eins og sjávarútvegurinn hefur verulega mikið vægi fyrir þjóð eins og Íslendinga eða þjóð eins og Frakka ber að fara varlega þegar menn tala um það hver hafi ákvörðunarvald í því hvernig farið er með slíka auðlind. Það er einmitt þetta ákvörðunarvald sem tengist mjög náið í því máli sem hér er til umfjöllunar. Það er ljóst að með kvótakerfinu þá fylgir skipi afnotaréttur á auðlindinni svo fremi sem skipið hefur kvóta. Á þennan hátt tengjum við saman ákvarðanir um fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi við meðferð auðlindarinnar. Þetta dæmi sem ég tók er vísbending um það að við eigum að fara okkur varlega í þessum efnum.

Í því frv. ríkisstjórnarinnar sem liggur fyrir er m.a. verið að heimila samkvæmt samningi okkar um Evrópska efnahagssvæðið ótakmarkaða fjárfestingu í flugi. Ég vek athygli þingsins á því að einmitt á þessu sviði þar sem við erum nú að opna þetta er einnig full ástæða til varfærni þó þess sjáist ekki merki í þessu frv. Það er full ástæða til varfærni og full ástæða til þess að horfa með opnum augum á það hvað gæti gerst á sviði flugrekstrar. Einmitt það undirstrikar sérstöðu Íslands. Hvað haldið þið að gerðist í Lúxemborg ef Lux Air færi á hausinn? Yrðu veruleg umskipti í samgöngumálum þeirra sem búa í Lúxemborg? Að sjálfsögðu ekki. Þar eru nógir aðilar til að taka við þessu, járnbrautirnar og ýmsir aðrir samgöngumöguleikar, þannig að markaðurinn mundi sjá um það þar. (**Gripið fram í:** Flugvöllurinn verður þar áfram.) Hins vegar ber að hugsa um það hvað mundi gerast á Íslandi ef fyrirtæki eins og Flugleiðir færu á hausinn. Mundi markaðurinn lagfæra það? (**Gripið fram í:** Þeir voru ekki látnir fara á hausinn.) Nú er það svo eins og hér kom fram í frammíkalli að það lá mjög nærri því að Flugleiðir væru komnir á höfuðið árin 1978 og 1979. Í raun og veru bókhaldslega séð eða tæknilega séð var fyrirtækið komið á hausinn. Árið 1978 tapaði fyrirtækið 20 millj. dollara og var því bókhaldslega séð komnir á hausinn. Fyrirtækinu var hjálpað upp úr erfiðleikunum með stjórnvaldsaðgerðum í Lúxemborg og hér á Íslandi. Þannig var nú það. En hvað hefði gerst ef fyrirtækið hefði farið á hausinn? Hefði markaðurinn lagfært það? Engin rök eru fyrir því að markaðurinn hefði haldið uppi því þjónustustigi sem Flugleiðir halda uppi hér. Það eru engar markaðslegar forsendur fyrir því. Flugleiðir eru þeirrar skoðunar og þeir sem eru sérfróðir um þetta mál að íslenskur markaður sé allsendis ónógur til þess arna. Til þess að sjá Íslendingum fyrir þeim mikilvægu samgöngum sem þeir hafa við aðrar þjóðir vestan hafsins og austan þarf annað að koma til heldur en markaðslögmál. Markaðurinn skapar ekki þær flugsamgöngur sem við njótum í dag. Það sem skapar þær flugsamgöngur er sú staðreynd að hér vinna menn út frá íslenskum forsendum. Þeim hefur tekist að gera Ísland að ákjósanlegum lendingarstað og dreifingarstað fyrir flugumferð til Evrópu en Ísland hefur í raun og veru ekkert fram yfir Írland í þessum efnum eða, ef því er að skipta, ýmsar flughafnir á Englandi.

Þetta held ég sé rétt að láta koma fram vegna þess að

umræðan gengur svolítið út á það hér og nú að hér ríki hin almennu lögmál og engin sérstaða landsins gildi í þeim efnum. Við eigum samkvæmt þessari umræðu að taka þátt í samstarfi þjóða að því er varðar viðskiptafrelsi, við eigum að gera það hiklaust og án þess að tryggja okkur nein sérréttindi á því sviði og ég vil aðeins vara við þessum málflutningi. Ég held að við eigum að taka fullt tillit til sérstöðu þjóðarinnar og það var einmitt í ljósi þessarar sérstöðu sem þrýst var á það í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að fá hana viðurkennda, að fá sérstöðu íslensks efnahagslífs viðurkennda og fá sérstöðu sjávarútvegsins einnig viðurkennda. Þetta er nú raunar ekki annað en það sem hver einasta þjóð sem hefur átt í samningum við Evrópusambandið hefur lagt sig fram um að gera, þ.e. að fá viðurkennda sína sérstöðu, efnahagslega og pólitískt. Evrópusambandsríkin hafa að sjálfsögðu líka gert þetta í sínum samningum. Þau ríki hafa lagt áherslu á það að fá sérstöðu síns landbúnaðar viðurkennda sem nær reyndar líka yfir sjávarútveginn.

Það hefur verið spurt eðlilegrar spurningar. Hvers vegna hafa erlendir aðilar ekki haft áhuga á því að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi fram til ársins 1992? Menn fórna hér höndum og segja: Hvers vegna í ósköpunum þegar þetta frelsi var við lýði? Hvers vegna fjárfestu erlendir aðilar ekki í sjávarútveginum hér þá? Þessum málflutningi er því ætlað að sýna fram á það að nú sé engin hætta. Það er engu að síður mótsagnakennt að menn eru að flytja frv. um 49% fjárfestingu í sjávarútvegi væntanlega í þeirri trú að það verði nýtt. Varla eru þeir að flytja frv. í þeirri trú að það verði ekki nýtt. En síðan er þessi röksemd notuð: Hvers vegna komu menn ekki inn í íslenskan sjávarútveg fram til 1992 þegar þetta var frjálst? En er nú þetta ekki einum of einfaldur málflutningur? Hvers vegna var ekkert ákjósanlegt fyrir erlenda aðila að koma inn í íslenskan sjávarútveg fyrir 1992? Það er nú bara svo einfalt mál, að þá ríkti hér allt annað efnahagsumverfi. Stjórn efnahagsmála hafði þá mjög lengi lotið allt öðrum lögmálum en almennur alþjóðlegur hlutabréfamarkaður lýtur. Það má minna á það t.d. að gengisskráningin laut þá ekki markaðslögmálum. Fiskverð hafði þá verið ákveðið í langan tíma með opinberum ákvörðunum. Það þjónar því ekki neinu upplýsandi markmiði að segja að aðstæður sambærilegar þeim sem nú gilda um fjárfestingu í íslensku atvinnulífi hafi gilt á þeim áratugum er hér ríkti óðaverðbólga og háskráning gengis og svo líka verulegar takmarkanir á heimildum til að versla með gjaldeyri og flytja gjaldeyri og hlutafé úr landi. Þannig að þessi umræða finnst mér að sé ekki upplýsandi.

Ég vil einnig taka það fram að það orkar nokkuð mótsagnakennt á mig þegar menn vitna í það annars vegar að erlendir aðilar hafi ekki sýnt því áhuga að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi og þess vegna sé engin hætta. En eru flm. þeirrar tillögu sem er á þskj. 547, hv. þm. Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson og Guðjón Guðmundsson, ekki að flytja þetta frv. til þess að erlendir aðilar fjárfesti í íslenskum sjávarútvegi? Af hverju er verið að draga sérstaklega fram í dagsljósið að það sé engin hætta á því? Væntanlega eru menn að gera þetta til að málið gangi eftir og að það verði fjárfest í íslenskum sjávarútvegi.

Nú er það svo að inn í þessa umræðu hefur blandast fjárfesting íslenskra aðila í sjávarútvegi erlendis. Það er eðlilegt. Það er ekkert í okkar samningum við Evrópuþjóðirnar, samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem hindrar þá fjáfestingu. Um það sömdum við. Og það er verið að nýta sér þá möguleika fullkomlega í samræmi við það svigrúm sem við höfum samkvæmt þeim samningi. En við sömdum um sérákvæði varðandi sjávarútveg okkar og það er heldur ekkert óeðlilegt við það að við nýtum okkur þau sérákvæði í samræmi við okkar eigin hagsmuni.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara nánar út í þetta mál. Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að hvetja menn til að skoða þetta mál vendilega í ljósi sérískenskra hagsmuna og láta það ekki henda sig að ímynda sér að nákvæmlega sömu lögmál gildi á Íslandi og hjá öllum öðrum þjóðum. Ýmis mál eru sameiginleg til allrar lukku en margar aðstæður eru mjög ólíkar. Ég nefndi tvenns konar ástæður. Annars vegar vægi sjávarútvegsins í atvinnulífinu en hins vegar þetta merkilega atriði sem eru flugsamgöngur okkar við önnur lönd og forsendurnar fyrir því að við njótum eins góðs þjónustustigs og raun ber vitni á því sviði. Ég undirstrikaði að það eru einmitt ekki markaðsforsendur sem hafa orðið til þess að við njótum þess heldur sú staðreynd að menn hafa skipulagt þá starfsemi út frá íslenskum hagsmunum fyrst og fremst.

[15:36]

Flm. (Kristján Pálsson):

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu þrjú frv. um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi m.a. Ég vil segja nokkur orð eftir þá miklu umræðu sem frv. okkar fjórmenninganna í Sjálfstfl. um 49% beina erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi hefur fengið en hún hefur valdið, að mér sýnist, miklum titringi í sölum hins háa Alþingis. Sú athygli hefur ekki einungis beinst að því hvað hér er mikilvægt mál á ferðinni heldur hafa stjórnarandstæðingar á Alþingi reynt að gera framlagningu þess tortryggilega gagnvart stjórnarsamstarfi Sjálfstfl. og framsóknarmanna. Ég tel mér skylt að leiðrétta þann misskilning hvað mig varðar. Minn stuðningur við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er heill og óskiptur. Frv. ríkisstjórnarinnar um erlenda fjárfestingu er stjfrv. Það er ekki um það mikill ágreiningur í þinginu og mun það því venju samkvæmt fá greiða leið í gegnum þingnefnd og verða samþykkt sem lög frá Alþingi. Það er auðvelt fyrir mig að samþykkja það enda bætir það frv. ríkjandi ástand á öllum sviðum erlendrar fjárfestingar í landinu frá því sem verið hefur. Ég vil líka ítreka það í þessu sambandi að ég ber fullt traust til viðskrh. Finns Ingólfssonar í þessu máli og tel að hann hafi staðið sig vel í sínum störfum.

Spurningin er aftur á móti sú hvort einstakir þingmenn telja að ganga beri lengra á einstökum sviðum erlendrar fjárfestingar en frv. frá ríkisstjórninni gerir ráð fyrir. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Upphlaup stjórnarandstöðunnar í þessu máli er að mínu viti sýndarmennska um tækniatriði innan þingsins en ekki efnisleg umræða um hvað málið snýst.

Að mati okkar fjórmenninga er mjög nauðsynlegt að ná skýrari og almennari umræðu úti í þjóðfélaginu um hvort við eigum að heimila fyrirtækjum okkar að fylgja þeirri almennu þróun sem orðin er í hinum vestræna heimi í fjárfestingum yfir landamæri eða ekki. Sú umræða hefur verið afskaplega takmörkuð hér á landi og nánast beinst að hagsmunaaðilum einum. Framlagning frv. er til að beina sjónum almennings að þessu máli og reyna að breyta þeim viðhorfum sem okkur finnst ríkja gagnvart fjárfestingum erlendra aðila. Það mál mun væntanlega verða til umræðu á Alþingi í töluverðan tíma enda skoðanir mjög skiptar. Ég bendi þar á meðal á hugmyndir hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þar sem hann telur að erlend fjárfesting í fiskvinnslu gæti verið allt

að 100%. Mér er reyndar sagt að sú hugmynd hafi komið upp fyrir mörgum árum og það á þeim tíma þegar lög heimiluðu útlendingum að eiga 49,9% í útgerðarfyrirtækjum.

Andstæðingar beinnar erlendrar fjárfestingar hafa í málflutningi sínum helst bent á hættuna á því að stórir erlendir risar, eða eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í umræðunni á mánudaginn, að stórar erlendar hafnir, fiskmarkaðir, matvælakeðjur og fyrirtækjahringir í Japan mundu kaupa útgerð og lífsviðurværi um leið og flytja það í burt ef tillaga okkar fjórmenninganna næði fram að ganga. Þeir segja að engin ný sóknarfæri skapist við beina erlenda fjárfestingu, hvorki betri eiginfjárstaða fyrirtækja, betri laun né meiri atvinna.

Það er gömul saga og ný að vekja ótta almennings á öllum nýjum samskiptum við útlendinga með því að draga upp myndir af úlfum í sauðargæru sem allt vilja gleypa. Hver er svo reynsla okkar af viðskiptum við erlenda aðila? Er hún svo slæm? Ég segi nei. Hún er í rauninni mjög góð. Ég vil þar nefna samskipti okkar við eigendur álsversins í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og Kísiliðjuna við Mývatn. Það má einnig benda á þá miklu þróun í sölu sjávarafurða eftir að hún var gefin fjáls. Gömlu íslensku risarnir hafa blómstrað og lítil fyrirtæki við hlið þeirra. Það komu engir vondir menn frá útlöndum og keyptu þetta allt upp og arðrændu okkur í kjölfarið. Sölukerfi okkar hefur frekar styrkst og þróast á öllum sviðum og hafið stórsókn á erlendum mörkuðum. Þar er selt íslenskt og erlent af sömu aðilum.

Hver er reynsla okkar af samningum um EES? Erum við að tapa einhverju þar? Ég tel þvert á móti að ávinningur okkar sé mikill á öllum sviðum í viðskiptum okkar við Evrópu eftir EES-samninginn.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich ræddi um þau lög sem sett voru á Alþingi 1922 og giltu í tæp 70 ár. Þau kváðu á um að erlendir aðilar mættu eiga 49,9% í íslenskum útgerðarfyrirtækjum. En hv. þm. taldi það allt annars eðlis þá en nú. Ég veit ekki hvernig hægt er að rökstyðja að það sé eitthvað allt annars eðlis. Það eru ekki nema fjögur ár síðan þessi möguleiki var fyrir hendi. Auðvitað hefur margt breyst í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar til betri vegar á viðskiptasviðinu og á flestum sviðum hefur það opnast mjög. Og það ber að þakka. En eigi að síður held ég að þessir möguleikar hafi verið jafnauðveldir mönnum þá, ef þeir kærðu sig á annað borð um að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum og það gæti verið nú. Vandamálið er fyrst og fremst að það hefur ekki verið neinn áhugi erlendra aðila fyrir fjárfestingu í íslenskri útgerð. Það er í mínum huga fyrst og fremst áhyggjuefnið. Ég tel nefnilega eftirsóknarvert að fá erlenda aðila í íslensk fyrirtæki.

Fjárfesting erlendra aðila í löndum þar sem framleiðslan hefur verið einhæf hefur leitt til fjölgunar fyrirtækja og eflingar þess atvinnulífs sem fyrir er, samanber á Írlandi sem í dag er að verða fremsta vestræna landið í nýsköpun og útflutningi. Þeir hafa farið þar langt fram úr okkur á síðustu árum á þessu sviði. Má í því sambandi benda á samanburð sem birtist í Vísbendingu þar sem fram kemur að árið 1960 var Ísland í 3. sæti hlutfallslega í útflutningi af vergri landsframleiðslu en Írar í 7. sæti. Árið 1993 eða 33 árum seinna erum við komnir í 10. sæti en Írar í það 3. Áhugi erlendra aðila hlýtur að beinast að því sem þeim stendur næst í starfsemi sinni heima fyrir. Að skapa slík tengsl milli markaða og framleiðenda með auknu áhættufé er ein grunnforsendan fyrir því að fjölga störfum, auka framleiðni og bæta kjör fólks.

Margir segja að við göngum of langt. Einstakir erlendir aðilar geti náð ráðandi hlut í fyrirtækjum. Er verið að ganga of langt? Ég tel ekkert að óttast í þessu sambandi. Eins og ég sagði áðan er reynsla okkar af samstarfi við erlenda aðila ekki slík að þeir gangi yfir okkur frekar en íslenskir atvinnurekendur gera. Þó erlendur aðili næði ráðandi stöðu t.d. í útgerð, þá hefur hann enga lagaheimild til að flytja kvóta úr landi með öðrum hætti en íslensk lög kveða á um og gilda um íslenska ríkisborgara. Það fá engir úthlutun úr sameiginlegum fiskstofnum þjóðarinnar nema þeir sem hafa leyfi til veiða í íslenskri efnahagslögsögu, sbr. lög nr. 13 30. mars 1992. Í okkar frv. er ekki verið að gera ráð fyrir öðru en að einungis fyrirtæki skráð á Íslandi í meirihlutaeigu Íslendinga geti veitt í efnahagslögsögu og fengið kvóta. Að 49% eignaraðild þýði að einhver einn erlendur aðili geti náð yfirráðum yfir fyrirtækinu, þá er það ekki endilega svo slæmt eins og ég sagði áðan. Það gæti verið beinlínis verið hagkvæmt og skynsamlegt. Það gæti allt eins virkað og gott hjónaband tveggja mismunandi aðila sem koma frá mismunandi löndum.

Minn ágæti félagi og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem las hér upp úr blaði viðtal við þá nafna og frændur frá Akureyri sem líkjast í sínum rekstri ameríska draumnum eins og hann getur gerst bestur. Það er í mínum huga íslenski draumurinn. Þeir hafa með atorku sinni og framtakssemi náð að byggja upp eitt öflugasta útgerðarfyrirtæki landsins. Þeir hafa öðlast reynslu í samskiptum við útlenda aðila varðandi útgerð og fiskvinnslu. Þeir hafa haslað sér völl með þeim hætti að öðlast sjálfstraust og reynslu sem hefur skapað þeim þá trú þessara aðila að þeir eigi fullt erindi hvar sem er og við höfum ekkert að óttast varðandi fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Með leyfi forseta vil ég endurtaka það sem Einar las áðan upp: „Ég tel að það geti orðið sjávarútveginum til góðs og sé jafnvel nauðsynlegt fyrir framtíðarþróun greinarinnar. Ég er alveg óhræddur við að breyta lögum þannig að erlendir aðilar geti átt í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum."

Ég held að það sé óhætt að hlusta á þessa framsýnu menn. Þeir hafa engan ótta af því að takast á í samkeppni við erlenda aðila í íslenskum sjávarútvegi. Þeir sjá ekki annað en það geti hjálpað þróuninni í íslenskum sjávarútvegi til betri vegar.

Herra forseti. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að sá málflutningur sem hefur komið fram, sem réttlætir það að við förum út í að heimila 49% eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi, hafi sýnt að í því felast engar hættur. Í því felst sú nauðsynlega varkárni sem ég tek undir að við þurfum að hafa til að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði áðan þurfum við að sjálfsögðu að tryggja sérhagsmuni þjóðarinnar, auðlind þessarar þjóðar sem er sérstök eign okkar og stærstur hluti af lífsviðurværi okkar. Af þeirri ástæðu teljum við okkur ekki fært að ganga lengra og ekki af neinni annarri. Þess vegna vil ég ítreka það við hv. þm. að í huga okkar erum við ekki að tefla fjöreggi þjóðarinnar í hættu. Við erum fyrst og fremst að tryggja áframhald vaxtar í íslensku þjóðarbúi.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál verður nú æ skemmtilegra og sérstaklega málflutningur fjórmenninganna undir forustu hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Nú kom hv. þm. í ræðustól og

byrjaði á því að sverja ríkisstjórninni hollustu, undirstrika 100% stuðning sinn við hana og fullvissa þingheim og þjóð um að hann mundi að sjálfsögðu beita sér fyrir því að stjfrv. næði fram að ganga. Því er nærtækt að spyrja hv. þm.: Hvað á þá að gera við frv. hv. þm.? Á þá ekki að fella það? Er þá ekki snyrtilegasta afgreiðslan á málinu að byrja á því að bera það upp til atkvæða og fella það þannig að það sé ekki að þvælast fyrir mönnum og liggjandi fyrir hunda og katta fótum. Eða hvað ætla hv. flm. sér með þann pappír úr því að þeir eru svona hjartanlega sammála og hæstánægðir með stjfrv.? Þetta er fyrri spurningin.

Seinni spurningin snýr að málflutningi hv. þm. þegar hann eftir sem áður hamast gegn þeim sem hafa fært fram efnislög rök fyrir stjfrv. þar með talið þeim er hér stendur. Þá heitir það að maður sé að tortryggja útlendinga, gera því skóna að þeir séu úlfar í sauðargæru og ég veit ekki hvað. Þvílík ósköp. En úr því að hv. þm. er 100% stjórnarsinni, styður stjfrv. og vill að það verði afgreitt þá hlýtur hann líka að taka undir röksemdir þeirra, sem hafa mælt með því hafa rökstutt að það sé skynsamleg efnisleg niðurstaða í málinu. Þar með er með öllu ástæðulaust fyrir hv. þm. að ganga gegn málflutningi stuðningsmanna stjfrv. sem hann er samt að reyna. Ég held því að hv. þm. hljóti þá í öðru lagi að þurfa að koma hér og draga það allt til baka sem hann hefur sagt til þess að gera málflutning þeirra tortryggilegan sem vilja m.a. af varfærnisgrundvelli ganga frá málinu eins og stjfrv. leggur það upp.

[15:50]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Orðaleikir hv. þm. hafa verið í umræðunni frá því að hún hófst um það hvernig tæknilega hefur verið gengið frá málinu. Ég reyndi að útskýra það á mánudaginn hvernig kom til að þetta frv. tengist hinum tveimur. Það var einfaldlega gert á tæknilegum forsendum til þess að stytta umræðuna eftir því sem mér skildist og í rauninni var okkur alveg sama þó þetta frv. hefði komið síðar. En það var talið gott að koma með það á sama tíma. Þess vegna kemur þetta frv. með stjfrv.

Stjfrv. gengur að sjálfsögðu lengra en gildandi lög. Það er hverjum manni skýrt og ég og aðrir flutningsmenn frv. viljum meira frjálsræði og það skilur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Frv. okkar gengur aftur á móti mun lengra en stjfrv. og við gerum ráð fyrir því að það þurfi mun meiri umræðu og tíma innan þingsins í nefndum en stjfrv. Á þeirri forsendu er náttúrlega mjög eðlilegt og gott að geta verið búinn vegna þeirrar miklu umræðu sem er fram undan um sjávarútvegsmál yfirleitt að breyta þó því sem búið er að ná samkomulagi um.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta minnihlutaráðuneyti er að fara einhverja hroðalegustu hrakför sem ég hef lengi heyrt og séð í samanlagðri þingsögunni. Staðreyndin er auðvitað sú að nú eru að koma auðsveipir menn sem hæstv. forsrh. er búinn að berja til hlýðni og eru að reyna að bjarga sér með einhverjum hætti frá þeim afglöpum sem flutningur þessa frv. var auðvitað. Þetta er ekki formsatriði. Málið snýst ekki um einhver tækniatriði eins og hér var látið að liggja. Það er ekki tæknilegt mál að bera fram þingmál sem gengur þvert á stjfrv. og ég skal sanna það fyrir hv. þm. í eitt skipti fyrir öll þannig að hann ætti að trúa því. Ef einhver hv. þm. tekur upp efnislega frv. fjórmenninganna og flytur það sem brtt. við stjfrv. er það ekki lengur tæknilegt mál. Það er alveg harkalega efnislegt eða hvernig ætlar hv. þm. að greiða atkvæði? Hvernig ætlar hv. þm. Kristján Pálsson að greiða atkvæði ef einhver þingmaður vekur upp efni frv. hans og fytur það sem brtt. við stjfrv.? Ætlar hann að fella eigið frv. og standa þar með við stóru orðin um að styðja stjfrv. og hvað er þá orðið eftir af hans sannfæringu? Hver var þá tilgangurinn með frumvarpsflutningnum? Þetta er ekki leikfimi sem hér fer fram. Þetta eru löggjafarstörf.

[15:54]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst málflutningur hv. þm. einmitt vera leikfimi. Hann er mjög góður í þeirri leikfimi að teygja á málflutningi á þann hátt sem kemur málinu síst við. Í þessu tilfelli sýnist mér að hv. þm. vilji helst ekki ræða um það sem er til umræðu, þ.e. frumvörpin sjálf og hvernig menn vilji breyta aðstæðum í íslenskum sjávarútvegi þannig að hann megi eflast mun betur en hann hefur gert hingað til. Ég vil fyrst og fremst vekja athygli á því hvernig hv. þm. vill drepa umræðunni á dreif, hann vill helst ekki ræða það mál sem er til umræðu. (**SJS:** Hvernig mundi þingmaðurinn greiða atkvæði?) Þingmaðurinn greiðir atkvæði þegar þar að kemur og það er hans mál, ekki neins annars.

[15:55]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að það komi mjög skýrt fram að afstaða mín til tillögu þeirra fjórmenninganna, flokksbræðra minna, byggist ekki á neinni hræðslu. Þetta er ekki spurning um ótta hvort menn eru með eða móti slíkum málflutningi og slíkum tilöguflutningi. Þetta er spurning um það hvað menn telja farsælast og skynsamlegast fyrir eina þjóð sem á bara eina auðlind. Það eru ósannindi að við eigum fleiri auðlindir. Sumir eru að segja að fallvötnin hérna séu auðlind. Það er ekki rétt, a.m.k. miðað við það verðlag sem er á rafmagni eru þau frekar áþján en auðlind.

Það gildir fyrir framtíðina hvernig við förum að og þess vegna ber okkur að fara mjög varlega. Við erum að fara inn í nýtt efnahagsumhverfi, það hefur orðið gerbreyting. Við erum með frjálsan gjaldeyrisflutning, við erum með frjálsa verðmyndun á fiski. Þetta er allt mjög að breytast, allt umhverfi sjávarútvegsins. Því er rétt að mínu mati að við skulum halda okkur við þá skipan að Íslendingar einir eigi rétt á aflaheimildum.

Ég tel að við gætum óhræddir rætt það og farið ítarlega yfir það hvort ekki væri rétt að útlendingar byrjuðu t.d. á því að taka þátt í fiskvinnslu, það gæti orðið þjóðarbúinu mjög til framdráttar. Ég er sannfærður um að eins og málin standa í dag, þá gætu þeir sem bera hag útgerðarinnar og fiskvinnslunnar fyrir brjósti að mjög mörgu leyti komið þar betur að málinu en vera að flytja tillögur um þátttöku útlendinga enda engin þörf á því eins og markaðurinn er. Það eru engin útgerðarfyrirtæki á Íslandi sem þjást yfir því að þau nái ekki inn fjármagni ef þau vilja það. Öll þau sem gera það fá fullnustu sína á markaðnum þannig að þetta er ekki það sem okkur vantar í dag.

[15:57]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að munnhöggvast mikið við félaga minn, hv. þm. Einar Odd um þetta. Ég beindi einungis máli mínu til þess sem hann hafði sagt í þeirri umræðu að það mætti hugsanlega skipta þessari atvinnugrein upp í fleiri en eina einingu, þ.e. að vinnslan sem væri án aflaheimilda

væri sérstaklega flokkuð og í henni mætti hafa annað fyrirkomulag og þar mættu útlendingar jafnvel eiga 100% í fiskvinnslunni þó svo það væri ekki í öðrum greinum sjávarútvegs. Það er það eina sem benti á varðandi málflutning hv. þm.

Mér fannst athyglisvert að hann skyldi koma með þessa hugmynd og ég get alveg tekið undir það með honum að það megi virkilega skoða það mál. Hvort við erum sammála um aðrar hliðar málsins er allt annar handleggur. Ég heyri að þingmaðurinn er ekki tilbúinn að gera þetta varðandi útgerðarfyrirtæki og ég virði alveg þá skoðun hans.

[15:58]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég skildi ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar rétt áðan þá taldi hann ástæðu til þess að fara af fullri varfærni í þessi mál og taldi að það væri vísbending um það hversu varlega hann og meðflutningsmenn hans vildu fara að þeir legðu til að erlendir aðilar mættu eiga allt að 49% í fyrirtækinu en ekki meira. En nú er ljóst, virðulegi forseti, að 49% eignaraðild að fyrirtækinu nægir meira en svo að sá eignaraðili geti haft fullkomna stjórn á slíku fyrirtæki. Það er jafnvel vitað mál að 30% eignaraðild að fyrirtæki nægir til þess að stjórna því í öllum meginatriðum. Sums staðar þar sem dreifing hluthafa er mjög mikil, ekki síst þar sem lífeyrissjóðir taka þátt í fjármögnun og bannað er að þeir sitji í stjórn nægir jafnvel minna en þetta. Og þess vegna spyr ég af því að ég veit að hv. flutningsmenn vita þetta líka. Þeir eru eins vel upplýstir um þetta og ég. Því vil ég spyrja hvers vegna miðað er við 49% hlut erlendra aðila í fyrirtækjum ef miklu minni eignaraðild getur veitt þeim fullkomna stjórn á fyrirtækjunum. Hvar er þá varfærnin í þessu frv.? Hvers vegna er verið að leggja það til hér að eignaraðild þeirra sé 49% ef það skiptir engu meginmáli hvort hún er 49% eða 60%?

[16:00]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafi misskilið eitthvað af því sem ég var að segja. Ég hélt að ég hefði sagt það nægilega hátt a.m.k. að ég teldi að það væri af varfærnisástæðum að við fórum ekki nema í 49%. Það væri til þess að gæta þess að við hefðum ávallt meiri hluta yfir þeirri auðlind sem sjávarútvegurinn er. Við treystum okkur ekki til að hleypa erlendum aðilum inn í að stærri hluta að svo stöddu. Ég tel að það sé fyrst og fremst af varfærnisástæðum sem við viljum ekki ganga lengra.

Hvað ráðandi eignaraðild varðar nær viðkomandi aldrei meira en 49% ráðandi eignaraðild. Fyrirtækið verður alltaf íslenskt og undir íslenskum yfirráðum og lögum. Það fær ekki úthlutun nema eftir íslenskum reglum. Íslendingar hafa lengi stundað fiskvinnslu og útgerðarmenn hafa átt samskipti við útlönd í áratugi. Við höfum siglt með ógnarinn afla síðan löngu fyrir stríð. Aflinn hefur verið unninn og verkaður samkvæmt óskum erlendra aðila. Við höfum lagað okkur að markaðnum og erum því ekki í neinum vandræðum með samskipti okkar við útlendinga hvað þetta varðar. Við eigum einungis að tryggja það sem mestu skiptir. Ég tek undir það með öðrum þingmönnum að það er mjög mikilvægt að við höfum meiri hluta yfir þeim fyrirtækjum sem fá leyfi til að veiða í íslenskri landhelgi. Það er grundvallaratriði.

[16:02]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ekki virðist hafa komist til skila í andsvari mínu til hv. þm. Kristjáns Pálssonar er að það er ekki prósentan í eignaraðildinni sem skiptir sköpum um það hvort menn hafa ráðandi stöðu í fyrirtæki eða ekki. Ég vildi þess vegna spyrja hv. þm. hvort honum sé ekki kunnugt um að menn telji sig geta haft stjórn á fyrirtæki þótt eignaraðild þeirra sé ekki meiri en 30% af fyrirtækinu. Það er einmitt vegna þess að við tengjum saman auðlindina í gegnum kvótann og eignaraðild að fiskveiðum sem við viljum fara fram af varfærni í málinu og slá varnagla við þeirri miklu eignaraðild sem lögð er til í þessu frv.

[16:03]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðandi eignaraðild yfir fyrirtæki er 51%. Ég þekki það sem gamall útgerðarmaður að menn sömdu hér áður fyrr oft á tíðum við erlenda uppboðshaldara um lán til að geta gert upp skipin sín, fengið slipptöku, fengið olíu, veiðarfæri og annað slíkt. Það var oft á tíðum gert með þeim skilyrðum að menn lönduðu afla sínum hjá viðkomandi uppboðshaldara í svo og svo mörg skipti eða jafnvel eitt eða tvö ár fram í tímann. Hvað er það? Er það ekki ráðandi? Er ekki einhver sem ræður þá væntanlega gjörðum manns? Ráðandi eignaraðild er lögum samkvæmt 51%, sama hvernig menn vilja snúa út úr því. Ef menn vilja tala um að einhver einn aðili geti haft meiri áhrif en annar dygðu jafnvel tæp 20%, eins og komið hefur fram. Óbein eignaraðild margra aðila getur þess vegna skipt miklu máli þegar rætt er um að einhver aðili geti ráðið meiru en beinni aðild hans að hlutafélaginu nemur samkvæmt prósentuhlut.

[16:05]

Útbýting þingskjals:

Landflutningasjóður, 317. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 559.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

91. FUNDUR

fimmtudaginn 15. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 536. — 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554. — 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425. — Frh. 1. umr.
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 242. mál, þskj. 328. — Frh. 1. umr.

5. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 307. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá sambandsstjórn Iðnnemasambands Íslands.

[10:31]

Útbýting þingskjala:
Fíkniefnasmygl, 316. mál, fsp. ÖJ og MF, þskj. 558.
Kostnaður við rekstur grunnskóla, 255. mál, svar félmrh., þskj. 557.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 297. mál. — Þskj. 536.

[10:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fjárreiður ríkisins sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á þskj. 536.

Vaxandi umsvif ríkisins undanfarin ár, svo og halli í ríkisbúskapnum, hafa leitt stjórnvöld margra ríkja inn á brautir nýrra hugmynda um opinberan rekstur. Kröfum um að viðhalda þjónustu eða auka hana verður ekki mætt nema með meiri hagkvæmni í rekstri og forgangsröðun verkefna. Í þessu skyni hefur í vaxandi mæli verið horft til þeirra aðferða sem beitt er í atvinnurekstri og reynt að yfirfæra þær í þágu hins opinbera. Í því samhengi má nefna lönd á borð við Kanada, Stóra-Bretland, Ástralíu og Nýja-Sjáland sem rutt hafa braut nýrra viðhorfa í opinberri stjórnsýslu. Þannig er nú meira lagt upp úr því að meta árangur af starfsemi hins opinbera fremur en að veita aukið fé til tiltekinnar starfsemi á grundvelli fyrirliggjandi rekstrar. Stjórnendur í ríkisrekstri fá þannig hvatningu til frumkvæðis og meira svigrúm til athafna.

Mikilvægt er að bókhald ríkisins og sú áætlanagerð sem þar er beitt geti svarað þessum nýju áherslum samhliða því sem upplýsingar um ráðstöfun fjármuna og árangur í starfi verði auðskildar og aðgengilegar.

Með frv. þessu er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um fjárreiður ríkisins, þ.e. um ríkisreikning, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkisins. Gildandi löggjöf um þetta efni er brotakennd jafnframt því sem skort hefur skýrar lagareglur, einkum um framkvæmd fjárlaga.

Frv. felur annars vegar í sér endurskoðun á núverandi lögum, einkum lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Hins vegar eru í frv. ákvæði um framkvæmd fjárlaga. Að sumu leyti koma þau í stað eldri lagaákvæða, sbr. t.d. ákvæða laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, sem lagt er til að falli niður en að öðru leyti er um nýmæli að ræða í frv.

Á árinu 1990 fól þáv. fjmrh. ríkisreikningsnefnd, sem starfar samkvæmt lögum nr. 52/1966, að endurskoða reglur um bókhald ríkisins, reikningsskil þess og gerð fjárlaga. Ríkiseikningsnefnd skilaði tillögum sínum í sérstakri greinargerð í nóvember 1994 en hún var gefin út undir heitinu Fjárreiður ríkisins og hefur verið kynnt þingmönnum. Frv. byggir í megindráttum á þeim tillögum.

Frv. er samið í kjölfar mikilla breytinga sem orðið hafa á gerð ársreikninga, bókhaldi, tölvutækni og hvers konar upplýsingastreymi. Á þetta jafnt við einkaaðila og hið opinbera. Þörfin fyrir upplýsingar um þjóðhagsstærðir, ríkisfjármál og peningamál hefur stóraukist og liggja margar ástæður að baki. Þá hafa sveitarfélögin tekið bókhaldsreglur sínar til gagngerrar endurskoðunar mjög í hátt við það sem hér er verið að leggja til.

Helstu breytingar á núgildandi bókhalds- og fjárlagareglum sem lagðar eru til í þessu frv. eru eftirfarandi:

1. Reikningsskil ríkisins verða færð sem næst því sem gerist hjá fyrirtækjum á almennum markaði. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um ársreikninga og bókhald fyrirtækja og lagt er til að þau verði grundvöllur að reikningshaldi ríkisins. Með þessu á að vera tryggt að ríkisreikningur og uppgjörsaðferð hans fylgi því sem almennt gerist og að alþjóðlegar reikningskilaviðmiðanir verði leiðandi við túlkun og framkvæmd laga um fjárreiður ríkisins.

2. Umfang ríkisrekstrar verður skýrt afmarkað í ríkisreikningi sem á að skýra myndina af afskiptum ríkisins af efnahagsstarfseminni í landinu á hverjum tíma. Þannig verða ýmsir lögboðnir tekjustofnar og umsvif stofnana ríkisins sem legið hafa utan fjárlaga og ríkisreiknings tekin inn í skilgreininguna á ríkisreikningi.

3. Flokkun gjalda og tekna verður felld að alþjóðlegum stöðlum. Það er til þess gert að auðvelda samanburð út á við og skýrslugjöf til alþjóðlegra stofnana sem verður fyrirferðarmeiri ár frá ári. Þá er gerður skýrari munur en nú er á eiginlegum ríkisrekstri, þ.e. stofnunum í A-hluta ríkisreiknings og fyrirtækjum eða sjóðum í eigum ríkisins en sem kunna að starfa á almennum markaðsforsendum.

4. Framsetning upplýsinga á að vera aðgengilegri en nú er þar sem framsetning reikninga einstakra stofnana ríkisins verður að mestu samræmd almennum ársreikningum fyrirtækja. Jafnframt verða lagðar ákveðnar kvaðir á fjmrh. að birta upplýsingar um ríkisfjármál innan ársins. Stefnt er að því að ríkisreikningur verði í framtíðinni lagður fram á vorþingi og eigi síðar en í byrjun haustþings.

5. Langtímaáætlanir eru mikilvægar til að gera Alþingi og almenningi grein fyrir ráðagerðum stjórnvalda í ríkisfjármálum. Lögð er skylda á fjmrh. að leggja fram á Alþingi samhliða fjárlagafrv. áætlun um horfur og stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára.

6. Lagt er til að fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga verði sameinuð í eitt þingskjal og efnistöku þeirra breytt frá því sem nú er.

Frv. skiptist í sjö kafla. Tveir fyrstu kaflarnir fjalla um skilgreiningar, ríkisreikning og ársreikninga stofnana. Þriðji kaflinn fjallar um frv. til fjárlaga. Fjórði kaflinn um framkvæmd fjárlaga. Fimmti kaflinn er um frv. til fjáraukalaga. Í sjötta kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald o.fl. Að lokum er í sjöunda kafla ákvæði um reglugerðarheimildir og gildistöku. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir meginefni frv. en vísað að öðru leyti til greinargerðar þess.

Núgildandi lagaákvæði um ríkisreikning er að finna í lögum nr. 52/1966, eins og ég áður sagði. Þótt þau lög hafi á sínum tíma verið mikil réttarbót hafa ákvæði þeirra staðist tímans tönn misvel. Í greinargerð með frv. til þeirra

laga sagði að á rúmlega 30 ára gildistíma laga nr. 61/1931, *um ríkisbókhald og endurskoðun, hefðu kröfur til opinberra* reikningsskila breyst mikið og þyrftu að fullnægja fleiri sjónarmiðum og aðilum en árið 1931. Að mörgu leyti eiga þessar fullyrðingar við í dag, 30 árum eftir gildistöku lagaákvæða um ríkisreikning.

Meginmarkmið ríkisreiknings hefur löngum verið að sýna álagningu og ráðstöfun skatttekna ríkisins og gefa sem gleggsta mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Á síðustu árum hefur þróunin verið sú að reikningshald ríkisins gegnir æ þýðingarmeira hlutverki við stjórnun og árangursmat sem og við samanburð á starfsemi ríkisins og einkaaðila.

Í I. kafla þessa frv. eru almenn ákvæði um ríkisreikning, skilgreiningu á ríkisaðilum, flokkun í ríkisreikningi, reikningsárið o.fl. Í kaflanum eru jafnframt ákvæði sem snerta A-hluta ríkisreiknings sérstaklega, og eru þar settar fram skýrari reglur um færslu skatttekna og ýmissa bótaliða, sem áhöld hafa verið um hvort færa skuli til gjalda eða draga frá á tekjuhlið. Því er mikið lagt upp úr því að skilgreina eftir föngum, hvernig skuli meðhöndla einstök efnisatriði þó að ávallt komi upp álitamál sem skera þarf úr um.

Flokkun ríkisaðila, ríkistekna og útgjalda er byggð á alþjóðlegum stöðlum þar að lútandi, eftir því sem frekast verður við komið. Þannig verður alþjóðlegur samanburður markvissari og auðveldari. Almennt má segja að ríkisaðilar teljist þeir sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir ákvörðunarvald stjórnvalda vegna eignarhalds ríkisins á starfseminni og lögþvingunar eða vegna þess að ríkið kostar starfsemina að verulegu eða öllu leyti.

Gert er ráð fyrir að ríkisreikningi verði skipt í fimm eftirfarandi hluta:

1. A-hluti. Ríkissjóður og ríkisstofnanir. Þessi starfsemi nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana. Starfsemin einkennist af valdi ríkisins í krafti laga til að leggja á og innheimta skatta og gjöld. Útgjöld til þessara aðila eru jafnan að langstærstum hluta fjármögnuð af skatttekjum.

2. B-hluti. Ríkisfyrirtæki. Hér falla undir fyrirtæki sem eru alfarið í eigu ríkisins. Ríkisfyrirtækin starfa á markaði og byggja afkomu sína í aðalatriðum á sölu til almennings og fyrirtækja, ýmist í samkeppni við aðra eða í skjóli einokunar. Dæmi um stofnanir sem hér falla undir eru Póstur og sími og Rarik.

3. C-hluti. Lánastofnanir. Hér falla undir lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir sem starfa á fjármagnsmarkaði. Þær stofna til skuldbindinga og mynda fjárkröfur á aðra. Dæmi um þessar stofnanir eru Byggingarsjóður ríkisins, Lánasjóður ísl. námsmanna og Fiskveiðasjóður Íslands.

4. D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins. Hér er átt við starfsemi peningayfirvalda, viðskiptabanka ríkisins og annarra fjármálastofnana þess. Auk Seðlabanka Íslands teljast til fjármálastofnana ýmsir þeir aðila sem taka við innlánum og stofna til skulda, veita lán eða stunda vátryggingarstarfsemi.

5. E-hluti. Sameignarfélög og hlutafélög í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Þessi fyrirtæki starfa á svipuðum grundvelli og ríkisfyrirtæki en eru frábrugðin þeim hvað snertir eignarhald og rekstrarform. Með meirihlutaeign sinni geta stjórnvöld haft áhrif á starfsemi þeirra og gert kröfur t.d. um arðgreiðslur. Yfirleitt eru stjórnir þessara fyrirtækja skipaðar af framkvæmdarvaldinu eða kosnar af Alþingi.

Með þessari flokkun er skýrt kveðið á um þá aðila sem teljast skulu í ríkisreikningi. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að tryggja að jafnan sé fylgt föstum reglum í þessu efni.

Viðhorf stjórnvalda til rekstrar ríkisstofnana og fyrirtækja *hafa verið breytileg frá einum tíma til annars. Stundum hefur* þeim verið ætlað að starfa samkvæmt ströngustu miðstýringarreglum, t.d. um mannaráðningar og ráðstöfun fjár til einstakra verkefna. Á öðrum tíma hafa stofnanir verið hvattar til sjálfstæðra athafna, t.d. til að afla eigin tekna til frjálsrar ráðstöfunar. Áhersla hefur verið lögð á að meta hvaða árangri ríkisreksturinn skilar og hægt þarf að vera að bera saman rekstrarárangur ólíkra ríkisstofnana, svo og ríkisrekstur og einkarekstur.

Nýlega hafa verið sett almenn lög um ársreikninga og bókhald. Í þessu frumvarpi er mörkuð sú stefna að reikningshald ríkisins fylgi þeim lögum í meginatriðum. Reglur ársreikninga- og bókhaldslaga verða þó ekki að fullu lagðar til grundvallar við reikningsskil ríkisins. Sérstaða reikningsskila ríkisins birtist einkum í A-hluta ríkisreiknings og ársreikningum A-hluta stofnana. Meginfrávikið er sérregla um fjárfestingu í A-hluta. Samkvæmt henni ber að gjaldfæra á kaupári alla varanlega rekstrarfjármuni í rekstrarreikningi í stað þess að eignfæra þá í efnahagsreikningi og afskrifa síðan í rekstri í samræmi við endingartíma eins og kveðið er á um í almennum lögum. Í frumvarpinu er lögð sú skylda á stofnanir í A-hluta að haldin sé skrá yfir eignir og verðmæti þeirra, en vanhöld hafa verið á því að ákvæðum gildandi laga um eignaskrá hafi verið fylgt. Auk þess að styrkja eftirlit með eignum ríkissjóðs verður unnt að nota fjárbindingu stofnana í varanlegum rekstrarfjármunum til samanburðar innbyrðis og út á við. Einnig er að nefna að samkvæmt frumvarpinu munu eignarhlutar ríkissjóðs í fyrirtækjum og lánastofnunum, að frátöldum þeim sem gagngert þjóna félagslegu hlutverki, metnir ríkissjóði til eignar út frá eiginfjárstöðu þeirra að teknu tilliti til árlegra breytinga vegna ríkisframlaga og endurmats. Þannig munu eignir ríkissjóðs, t.d. í Landsvirkjun, bönkum og í opinberum sjóðum nú færðar til eignar samkvæmt endurmati þeirra.

Gert er ráð fyrir að í ríkisreikningi séu einnig sýndar helstu niðurstöður ársreikninga ríkisfyrirtækja, lána- og fjármálastofnana ríkisins og hluta- og sameignarfélaga í eigu þess, en að öðru leyti fylgi þessir aðilar almennum reikningsskilavenjum atvinnurekstrarins.

Með þessu frv. flytjast fjölmargir aðilar úr núverandi B-hluta yfir í A-hluta fjárlaga. Þar á meðal eru nokkrar stofnanir *sem hafa verið reknar á viðskiptalegum forsendum* og haga þær reikningshaldi sínu í samræmi við það. Tilflutningur þessara aðila í A-hlutann mun ekki raska reikningshaldi þeirra að öðru leyti en því að þeim verður gert að skila inn skilgreindum upplýsingum til ríkisbókhalds.

Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjmrh. að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en tíu dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frv. til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum eins og nú er.

Í III. kafla frv. er að finna ákvæði um gerð frv. til fjárlaga. Lagt er til að gerðar verði verulegar breytingar á framsetningu frv. til fjárlaga.

Markmiðið með þessum breytingum er að skapa festu og samræmda uppbyggingu í áætlanagerð og reikningshaldi ríkisins. Hér á eftir vil ég í fáeinum orðum gera frekari grein fyrir einstökum þáttum breytinganna.

Í fyrsta lagi hefur fjárlagafrv. hingað til verið sett upp á greiðslugrunni en hér er lagt til að það verði á rekstrargrunni en greiðsluhreyfingar jafnframt sýndar. Breytingin hefur það í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar, en ríkisreikningur hefur til margra ára sýnt bæði rekstrarniðurstöður og greiðsluhreyfingar.

Með framsetningu fjárlaga á greiðslugrunni eru sýndar ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar, þ.e. samtímaráðstöfun fjár til tiltekinna verkefna. Þessi grunnur hentar vel til eftirlits með greiðslum ráðuneyta og stofnana þar sem auðvelt er að fylgjast með greiðslum þegar þær eiga sér stað og bera þær saman við fjárveitingar og greiðsluáætlanir. Þá hentar aðferðin vel til að sýna skammtímaáhrif ríkisbúskaparins á hagkerfið, bæði á innlenda eftirspurn og peningamarkaðinn. Fjárhagsáætlanir og samanburður þeirra við raunverulega útkomu á þessum grunni eru því mikilvægar fyrir hagstjórn í landinu.

Gallinn við greiðslugrunnsaðferðina er að ekki eru allar tekjur ríkissjóðs innheimtar um leið og þær eru kræfar og öll útgjöld eru ekki staðgreidd. Greiðslugrunnurinn leiðir þá ekki fram áhrifin af skuldbindingum sem stofnað er til á árinu og koma til greiðslu síðar. Því gefur þessi uppgjörsaðferð ekki fullnægjandi mynd af rekstrarniðurstöðum ríkissjóðs og skuldbindingum.

Kostirnir við framsetningu fjárlaga á rekstrargrunni eru þeir að heildarumsvif ríkissjóðs koma skýrt fram og mat á langtímaáhrifum ríkisfjármálanna verður auðveldara. Fjölmargar skuldbindingar ríkisins hafa orðið tilefni sérstakrar umræðu, m.a. á Alþingi. Þetta á ekki síst við um skuldbindingar ríkisins vegna lífeyrisréttinda og um ábyrgðir sem hafa fallið eða kunna að falla á ríkissjóð. Mat á ríkisfjármálum sem eingöngu tekur tillit til greiðslu gjalda og innheimtu tekna, þ.e. sjóðstreymis, er því ófullnægjandi í umræðu um ríkisfjármálin og við mat á framtíðarhorfum í ríkisbúskapnum. Ákvörðun um að setja frv. til fjárlaga fram á rekstrargrunni er veigamikil breyting sem mun veita betri yfirsýn og auka skilning á samhengi ríkisfjármála. Með þessari breytingu mun m.a. hugtakið fjárveiting öðlast nýja merkingu. Samkvæmt gildandi lögum felur fjárveiting til stofnunar í fjárlögum í sér ígildi greiðslu til hennar. Með hinni breyttu framsetningu mun fjárveiting þýða heimild til að stofna til skuldbindingar jafnhliða því sem sýnt verður hvað ríkissjóður mun greiða til stofnunarinnar á fjárlagaárinu. Þannig verður hægt að sjá hvort tveggja í senn; fjárlög sett upp á rekstrargrunni en einnig á greiðslugrunni með því að lýsa greiðslustreyminu.

Í öðru lagi er lagt til að fjárlög og lánsfjárlög verði sameinuð í einu þingskjali. Sterk rök mæla með því að fella fjárlög og lánsfjárlög saman þannig að allar helstu stefnumarkandi ákvarðanir í ríkisfjármálum verði teknar samtímis, hvort sem þær snerta lögbundin framlög, rekstur, fjárfestingu, lánsfjármál eða ríkisábyrgðir. Samhengi ríkisfjármálanna verður við þetta mun skýrara en ella. Þessi breyting kemur óhjákvæmilega til með að hafa nokkur áhrif á störf Alþingis. Hingað til hefur afgreiðsla fjárlaga fallið undir verksvið fjárln. en afgreiðsla lánsfjárlaga undir verksvið efh.- og viðskn.

Í þriðja lagi er lagt til að frv. til fjárlaga taki til fjárreiðna ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, ríkisfyrirtækja í B-hluta og lánastofnana ríkisins í C-hluta. Ekki er gert ráð fyrir að þar verði sýndar fjárreiður fjármálastofnana ríkisins eða sameignar- og hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Skilgreining ríkisaðila leiðir til að fjölmargir nýir aðilar koma inn í frv. til fjárlaga sem ekki hafa verið þar áður. Fjölmargir aðilar flytjast úr núverandi B-hluta vegna eðlis starfseminnar, ýmist yfir í A-hluta, C-hluta eða jafnvel út úr reikningshaldi ríkisins.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að fjárlagafrv. hvers árs skuli fylgja áætlun sem lýsi í aðalatriðum ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Hérlendis sem erlendis fer skilningur vaxandi á því að ríkisfjármálin þurfi að skoða yfir lengra tímabil en nemur fjárlagaárinu. Nú er áætlun af þessu tagi gerð í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Hún felur fyrst og fremst í sér lýsingu á ríkisbúskapnum miðað við gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Þannig má segja að áætlunin til þessa hafi falið í sér mat á horfum án þess að þar hafi verið gerð sérstök grein fyrir stefnu stjórnvalda. Þó ber að geta þess að í grg. með frv. til fjárlaga yfirstandandi árs var nokkuð lýst áætlun til þriggja ára á grundvelli þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hafði þá markað. Í greininni er lögð sú skylda á fjmrh. að leggja fram stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til lengri tíma auk þess sem langtímaáætlun fylgi fjárlagafrv. hvers árs. Eins og verið hefur hin síðari ár er lagt til að fjmrh. verði skylt að endurskoða áætlunina og leggja fyrir Alþingi breytist forsendur hennar verulega.

Loks er í þessum kafla gert ráð fyrir að frv. til fjárlaga samanstandi af þremur hlutum: lagagreinum fyrir A-, B- og C-hluta, sundurliðunum á ríkissjóðstekjum, fjárreiðum einstakra stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna, svo og séryfirlitum af ýmsu tagi. Miðað er við að sundurliðanir verði hluti laganna þótt þær verði ekki innan sjálfs lagatextans. Um þær mun gilda hið sama og sundurliðanir ýmissa framkvæmdaframlaga í núgildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að á grundvelli fjárlaga verði gefið út sérstakt fylgirit sem sýni ítarlega tegundasundurliðun útgjalda fyrir stofnanir í A-hluta.

Í IV. kafla frv. er fjallað um ýmis atriði er lúta að framkvæmd fjárlaga. Lengi hefur verið rætt um hvar mörk heimilda framkvæmdarvaldsins til fjárráðstöfunar liggja. Engar heilsteyptar reglur eru í lögum um þessi mörk. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að eigi megi greiða gjald úr ríkissjóði nema með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta ákvæði setur framkvæmdarvaldinu ákveðnar skorður, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi veiti fyrir fram heimildir til greiðslna úr ríkissjóði. Almennt hefur ákvæðið verið skilið á þá leið að þar sé ekki lagt ófrávíkjanlegt bann við því að greiða úr ríkissjóði nema að fenginni heimild fjárveitingavaldsins heldur hafi það að geyma meginreglu sem fara beri eftir nema sérstakar aðstæður heimili annað. Í þessu frv. er reynt að skýra þær aðstæður sem upp kunna að koma og réttlæta frávik frá fyrir fram veittum fjárheimildum og tryggja þannig virkt aðhald með framkvæmdarvaldinu og ráðstöfun þess á fjármunum ríkissjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að settur verði lagarammi um heimildir framkvæmdarvaldsins með hliðsjón af þeirri takmörkun sem felst í stjórnarskránni.

Afar fábrotin ákvæði eru í gildandi löggjöf um framkvæmd fjárlaga. Lagt er til að úr þessu verði bætt og settar reglur um heimildir framkvæmdarvaldsins til fjárráðstöfun-

ar, þ.e. heimildir til greiðslna úr ríkissjóði, heimildir til að takast á hendur skuldbindingar, reglur um ráðstöfun eigna, eigin tekjur stofnana og meðferð þeirra svo fátt eitt sé talið. Fjárveitinganefnd Alþingis samdi fyrir nokkrum árum frv. um þetta efni en ekki var það afgreitt sem lög frá Alþingi. Fjölmörg efnisatriði þess frv. er að finna í IV. kafla þessa frv. sem hér er til umræðu.

Í V. kafla eru ákvæði um fjáraukalög og lokafjárlög. Í þeim ákvæðum er mörkuð skýr stefna um hlutverk fjáraukalaga. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að setja í fjáraukalög ýmsar útgjaldaheimildir sem með réttu hefði átt að gera ráð fyrir í fjárlögum. Þannig hefur í reynd verið vikist hjá því að fjalla um allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir í fjárlögum og málum frestað og þau tekin upp í fjáraukalögum. Í þessu frv. er mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Gert er ráð fyrir að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Frv. gerir ráð fyrir að lokafjárlög verði afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjalli þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki verður flutt sérstakt frv. til laga um samþykkt ríkisreiknings eins og verið hefur heldur felist staðfesting á reikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi.

Í VI. kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald og ábyrgð stjórnenda á fjárreiðum stofnana ríkisins. Ákvæðin um ríkisreikningsnefnd eru efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga en þó einfölduð. Ákvæðin um ríkisbókhald eru að ýmsu leyti ítarlegri en ákvæði gildandi laga og er markmiðið með þeim að skilgreina betur hlutverk ríkisbókhalds.

Í VII. kafla er að finna ákvæði um heimild til setningar reglugerðar og gildistöku laganna.

Tillögur nefndarinnar hafa áhrif á fjárhæðir í gjalda- og tekjuhlið ríkissjóðs. Breytingarnar eru í grófum dráttum að fernum toga.

Í fyrsta lagi er horfið frá ýmsum nettófærslum til þess að sýna í raun heildarumsvif ríkissjóðs á tekju- og gjaldalið. Það birtist með þeim hætti að fjölmargir útgjaldaþættir sem hingað til hafa komið til frádráttar á tekjuhlið, svo sem barnabætur, vaxtabætur, kirkjugarðsgjöld og sóknargöld, færast nú með gjöldum.

Í öðru lagi hefur það áhrif bæði á tekjur og gjöld ríkissjóðs að miðað er við að ýmis starfsemi, sem ekki hefur til þessa hefur komið fram í fjárlögum og reikningi, verði talin þar. Má þar nefna ýmsa verðmiðlunar- og jöfnunarsjóði sem starfa samkvæmt lögum og teljast með ríkinu.

Í þriðja lagi flytjast ýmsar stofnanir sem nú eru í B-hluta yfir í A-hluta ríkisfjármálanna.

Í fjórða lagi ná fjárlög á rekstrargrunni til skuldbindinga sem stofnað er til og krafna sem hann myndar á aðra svo sem lífeyrisskuldbindingar ríkisins, skuldbindingar vegna sameiginlegra verkefna með sveitarfélögum og áfallna en ógreidda vexti. Að tillögu ríkisreikningsnefndar voru þessi atriði tekin inn í ríkisreikning allt frá árinu 1989 en þau hafa enn ekki komið til meðferðar í fjárlögum. Skipta má áhrifum tillagna ríkisreikningsnefndar á fjárhæðir gjalda og tekna ríkissjóðs í tvo hluta. Annars vegar eru áhrif þess sem nefna má formbreytingu en með því er átt við breytingu á flokkun ríkisaðila og skilgreiningu á tekjum og gjöldum. Hins vegar eru það áhrif breytinga á uppgjörsaðferð, framsetningu fjárlaga á rekstrargrunni í stað greiðslugrunns.

Í skýrslu ríkisreikningsnefndar er lagt mat á þessar fjárhæðir. Það mat var miðað við fjárlagatölu ársins 1992 og hefur ekki verið framreiknað. Samkvæmt því nema áhrif þess fyrrnefnda eða formbreytingarinnar um 17 millj. kr., þ.e. bæði gjöld og tekjur ríkissjóðs hækka sem þessu nemur en mismunur þeirra verður óbreyttur. Segja má að það lýsi kannski betur ríkisumsvifunum en ella að ganga þannig frá framsetningu fjárlaganna í stað þess að nettófæra eins og gert er nú og hefur verið gert allar götur frá upphafi. Seinni breytingin hefur hins vegar áhrif á þá afkomu ríkissjóðs sem fram kemur í fjárlagafrv. Það hefur til þessa eins og áður hefur komið fram einungis sýnt greiðsluhreyfingar úr ríkissjóði en með því að setja það fram á rekstrargrunni koma fram álagðar tekjur og áfallin gjöld þannig að mismunur gjalda og tekna breytist. Auðvitað er erfitt að áætla áhrif þessarar breytingar þar sem hún er misjöfn frá ári til árs. Þó má nefna að áfallnar lífeyrisskuldbindingar og áfallnir vextir námu einir sér rúmlega 6 milljörðum kr., þ.e. áfallnir og ógreiddir, 6 milljörðum kr. árið 1994. Á móti vega hins vegar áfallnar en óinnheimtar tekjur.

Herra forseti. Í framsöguræðu minni með frv. til laga um fjárreiður ríkisins hef ég rakið helstu breytingar sem frv. felur í sér á reikningshaldi ríkisins verði það að lögum. Í lok máls míns vil ég leggja á það áherslu að viðhorfin til opinberra fjármála hafa breyst mjög mikið á síðustu árum. Vitund löggjafarvaldsins, almennings og stjórnsýslunnar um gildi og áhrif opinberra fjármála á efnahagslífið er nú sem betur fer mun meiri en áður. Á vettvangi stjórnmálanna hafa opinber fjármál og opinber starfsemi verið í brennidepli. Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin að tillögu minni samþykkt stefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Veigamikill þáttur þeirrar stefnu er að koma á umbótum í reikningshaldi ríkisins.

Frv. sem hér er til umræðu var samið af nefnd sem skipuð er fulltrúum allra þeirra stofnana sem málið mest varðar og hæfustu kunnáttumenn hver á sínu sviði hafa lagt sitt af mörkum. Samstaða er meðal þeirra um öll efnisatriði frv. en þeim er ítarlega lýst í sérstakri greinargerð sem kom út í nóvember árið 1994 og ég gat um í upphafi máls míns.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að góð samstaða náist um þetta efni á Alþingi þannig að frv. megi afgreiða á þessu þingi. Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og til sérstakrar nefndar sem skipuð verði skv. 32. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, til þess að fjalla um málið.

[11:03]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins er komið til um ræðu og afgreiðslu hér á Alþingi. Í umræðu um frumvarp til fjárlaga 1996, við 2. og 3. umr., ræddi undirritaður ítrekað um þörf á skýrari og skilvirkari framkvæmd fjárlaga og betri og ljósari uppsetningu ríkisreiknings. Ég vitna þar í álit minni hluta fjárln. um fjárlög, fjáraukalög og ríkisreikning fyrir 1993 og 1994. Ég vitna einnig í álit skoðunarmanna ríkisreiknings þar sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta, að auk hinna óglöggu skila milli A- og B-hluta megi, þrátt fyrir

ákvæði 63. gr. ríkisbókhaldslaga, finna dæmi um ósamræmi á milli fjárlaga og ríkisreiknings. Þannig hefur oft verið gerð grein fyrir fjárreiðum aðila í ríkisreikningi þótt þeirra sé að engu getið í fjárlögum. Hér nægir að nefna marga sjóði, eins og hér stendur, sem einkum heyra undir landbúnaðar-, sjávarútvegs-, félagsmála-, menntamála-, heilbr.- og trmrn. sem ekki koma fram í fjárlögum þó að gerð sé grein fyrir þeim í ríkisreikningi.

Umræða hefur verið um að skipa sérstaka nefnd til umfjöllunar um þetta frv. Venjuleg meðferð hefði að sjálfsögðu verið að vísa frv. til umfjöllunar í fjárln. og hún e.t.v. vísað ákveðnum liðum þess til efh.- og viðskn. Ég vil láta það koma hér fram að minn skilningur á brýnni nauðsyn þess að þetta mál fái skjóta afgreiðslu leiðir til þess að ég mun taka undir það að kjörin verði sérnefnd til afgreiðslu þessa frv. og að þar eigi allir stjórnmálaflokkar á Alþingi fulltrúa.

Mín skoðun er sú að það eigi að vera auðvelt að ljúka umfjöllun og afgreiðslu frv. fyrir þinglok nú í vor og að unnið verði samkvæmt þeirri afgreiðslu að uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og meðferð fjármuna ríkisins verði samkvæmt því sem frv. kveður á um þar að lútandi.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um aðgengilega uppsetningu bókhalds. Það sem hér er verið að taka á er að bókhald og uppsetning reikninga ríkisins verði unnið á þann hátt að skiljanlegt sé, í samræmi við það sem gerist hjá fyrirtækjum landsins og í takt við nýja tíma og í samræmi við tiltölulega nýsett lög um ársreikninga og bókhald. Það er einnig verið að vinna að því með þessu frv. að hafa alþjóðlega staðla leiðandi við túlkun og framkvæmd laga um fjárreiður ríkisins.

Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni vandað og vel unnið frv. sem góð sátt ætti að ríkja um. Það er nauðsynlegt að fela nefnd eða nefndum umfjöllum um frv., það verður ekki nema til góðs, í samráði við höfunda þess.

Ríkisendurskoðun hefur ekki hvað síst lagt sitt lóð á vogarskálar í umfjöllun og ábendingum um breytta og skilvirkari meðferð á fjárreiðum ríkisins.

Ég vil, herra forseti, sýna þessa mynd sem birtist í Morgunblaðinu 7. febr. 1996 sem sýnir ríkisendurskoðanda vera að taka helstu stjórnendur okkar fjármálakerfis í gegn og veita þeim árlega áminningu. Ég ætla að vona að svona myndir verði óþarfar í framtíðinni þar sem verið er að taka helstu frammámenn þjóðarinnar og veita þeim áminningu fyrir slaklega stýringu. Ég ætla að vona að það verði úr sögunni með þessum nýju vinnubrögðum.

Ég vil vitna sérstaklega til athugasemda frá Ríkisendurskoðun þar sem bent er á mjög alvarlega ágalla í fjárreiðum ríkisins og sem gerir það að brýnni nauðsyn að setja ný lög um fjárreiður ríkisins. Ábending kemur fram í endurskoðun ríkisreiknings frá Ríkisendurskoðun um að nettóskuldir íslenska ríkisins séu um 195 milljarðar kr. sem nemur tveggja ára skattheimtu ríkisins. Það er líka ástæða til að nefna það að skuldir hafa aukist um 54% að raungildi frá árinu 1990. Í þessari skýrslu er getið um það að halli ríkissjóðs hafi verið stöðugur um 14 milljarða á ári sl. ár. Það hefur engin breyting orðið á fyrr en þá e.t.v. nú ef svo horfir sem menn gera kannski ráð fyrir.

Í ábendingum frá Ríkisendurskoðun koma áminningar sem ég vil kalla mjög varlegar og ég vitna í, með leyfi forseta, hvað varðar skuldir Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar sem mikið hefur verið rætt um í fjölmiðlum að undanförnu. Ég vil meina að hér sé farið mjög varlegum orðum um þær misfellur sem orðið hafa. Hér vitna ég beint til þess, með leyfi forseta, að að mati Ríkisendurskoðunar sýna þessi mál að umsýsla Seðlabanka Íslands með endurlánum ríkisins — en bankinn annaðist þau á þeim tíma sem þetta var gert — hefur ekki verið sem skyldi. Ég tel að umrædd stofnun hafi staðið sig ákaflega illa og ætti að fá miklu harðari ábendingar um það sem miður hefur farið varðandi ýmis mál. Ef ég vitna enn til fjármálaaðgerða sem ætti að vera hægt að koma í veg fyrir með nýjum lögum þá á ég við t.d. það sem hefur gerst í fiskeldisfyrirtækjum og loðdýrarækt og nægir að vitna til lánveitinga til ríkisfyrirtækja sem getið er um í þessari skýrslu frá Ríkisendurskoðun. Þar segir, með leyfi forseta, að af þeim 18 fiskeldisfyrirtækjum sem ábyrgðadeild gekkst í ábyrgð fyrir hafa 16 fyrirtæki verið lýst gjaldþrota eða hætt rekstri. Af 20 fyrirtækjum sem fengu sérstök rekstrarlán samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar urðu átta gjaldþrota eða hafa hætt starfsemi. Hér er sérstaklega vitnað til ákveðinnar aðgerðar, að Silfurlax hf. varð gjaldþrota sama ár og ríkissjóður lánaði því fyrirtæki um 50 millj. kr. Það liðu fjórir til fimm mánuðir frá því að ríkissjóður lánaði 50 millj. kr. til Silfurlax hf. þangað til fyrirtækið fór á hausinn. Þetta sýnir að ógætilega hefur verið farið með fé ríkisins og það er þörf á að breyta því. Ég geri mér sterkar vonir um að með breyttum starfsháttum og með betra reikningshaldi, bókhaldi og meðferð fjármuna, þá fari þetta til betri vegar.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég hóf mál mitt á að ég fagna fram komnu frv. og vonast eindregið til þess að það verði afgreitt hið fyrsta. Ég ítreka það einnig að ég tel að hér hafi menn lagt sig fram um að leggja fram sérstaklega vel unnið plagg.

[11:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. ræðumanni fyrir stuðninginn við frv. Ég tel að það sé full ástæða til að ræða endurskoðun ríkisreiknings 1994 en ég hygg að það fari betur á að ræða það þegar ríkisreikningurinn verður hér til umræðu. Hv. þm. nefndi tvö atriði úr skýrslu Ríkisendurskoðunar. Annars vegar var Laxárvirkjun. Af því tilefni vil ég láta það koma fram hér og nú að Ríkisendurskoðun var fyrir nokkrum árum falið að fara yfir ríkisábyrgðir og endurlán ríkissjóðs til þess að gera athugasemdir fyrir hönd fjmrn. Þá kom þetta mál ekki fram. Auðvitað geta slík mistök gerst eins og þarna hafa átt sér stað. En það þýðir ekki fyrir Ríkisendurskoðun að hrópa núna að mistök hafi verið gerð því þeir voru beðnir um það að leita dyrum og dyngjum í þessum flokki á sínum tíma.

Í öðru lagi var minnst á Silfurlax og 50 millj. Ég vil aðeins láta það koma fram í þessu sambandi að þetta mál var mjög vel undirbúið á sínum tíma. Þarna var um að ræða fyrirtæki sem stundaði rannsóknir sem eru einstæðar í Atlantshafinu. Þegar gengið var frá þessum gjörningi lá fyrir að tryggingar væru nokkuð góðar og það hefur ekkert komið fram enn þá um það að ríkið tapi þeim fjármunum sem þarna eru í húfi. Hitt er svo annað mál og ég vil endurtaka það að ég held að það sé þægilegra og betra fyrir hv. Alþingi að umræða um þessi mál fylgi umræðunni um ríkisreikninginn sem ég veit að hv. nefnd mun afgreiða innan tíðar. Þessi umræða á betur heima þar en þegar verið er að ræða um breytingar á formi og efni um fjárreiður ríkisins yfir höfuð. Þótt ég geti að sjálfsögðu ekki bannað þingmönnum að tala um nánast hvað sem er, held ég að það sé betra. Þá kæmu fram betri upplýsingar og það væri hægt að svara jafnóðum því sem fram ætti að koma.

[11:16]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti von á því að þarna væru viðkvæm mál á ferðinni, þessi tvö litlu dæmi sem ég nefndi. Ég er ekki farinn að nefna raðsmíðaskipin. Ég gæti haldið áfram í langan tíma. Ég ætlaði mér einmitt eins og hæstv. fjmrh. kom inn á, að geyma þá umræðu fram að ríkisreikningi. En það var sérstök ástæða til að ég nefndi þessi dæmi. Ég tel að frv. sem liggur núna fyrir og er til afgreiðslu væri ekki í því formi sem það er, ef einmitt þessi sláandi dæmi sem ég var að nefna væru ekki til staðar m.a. Auðvitað verðum við að færa ríkisbókhaldið í samræmi við þau lög sem við höfum sjálf sett og nýlega samþykkt hér á þingi. Mér er það alveg ljóst. En ég mun ekki skorast undan því og lýsi því hér með yfir að ég mun ræða um ríkisreikning 1994 og þær athugasemdir sem fram hafa komið þá.

Ég tel af því að ég var með í að samþykkja þessa 50 millj. kr. fjárveitingu til Silfurlax að ég hafi gert mistök þegar ég samþykkti hana. Ég viðurkenni það hreinlega og tel mig vera mann að meiri að viðurkenna það. Ég ætla bara að vona að með betri framsetningu ríkisreiknings og betri umfjöllun um fjárreiður ríkisins komi svona lagað ekki fyrir.

[11:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja frá því að menn komast ekki hjá því hvort sem þeir eru í opinberum rekstri eða einkarekstri að taka áhættu. Menn verða að meta það á hverjum tíma. Það gerði Alþingi, þar á meðal hv. þm. Það getur verið að honum finnist að hann hafa gert mistök en ég bið hann bara um að bíða og sjá til hvort þessir fjármunir eru glataðir og meta þá hvort um mistök var að ræða því að ég efast um að hann vilji endurtaka þá ræðu sína ef peningarnir skila sér.

Í öðru lagi virði ég það við hv. þm. að hann sagðist hafa tekið forskot á sæluna og byrjaði að ræða mál sem hann ætlaði að ræða undir öðrum lið síðar í vetur. Ég vænti þess að við getum þá ræðst saman en vil láta koma hér fram að fjmrh. og fjmrn. gerir verulegar athugasemdir við vinnubrögð og störf Ríkisendurskoðunar. Ég tel að það sé kominn tími til að á hinu háa Alþingi sé rætt um þessi mál og það sé rætt um það hvað heyri til Ríkisendurskoðunar og hvað heyri til framkvæmdarvaldsins því að það er náttúrlega ómögulegt að Ríkisendurskoðun sitji beggja vegna borðsins. Það kerfi gengur ekki upp. Það hlýtur þá að koma að því að venjulegar leiðbeiningar um bókhald séu á vegum framkvæmdarvaldsins en Ríkisendurskoðun hafi það eina hlutverk að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis. En nú er þetta allt saman í einum hrærigraut. Þetta vonast ég til þess að fá að ræða og skal ekki víkjast undan því að ræða það þegar að þeim lið kemur. Ég tel eðlilegt að það sé gert þegar fjallað er um endurskoðun ríkisreiknings 1994 þótt þar sé náttúrlega að mestum hluta verið að ræða um allt önnur málefni heldur en þar koma upp, sérstaklega eldgömul mál eins og raðsmíðaskipin sem hv. þm. minntist á áðan og eiga sér rætur í aðgerðum fjmrn. þegar ríkisendurskoðandi vann þar sem deildarstjóri.

[11:20]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að ræða áfram örlítið við hæstv. fjmrh. um þetta plagg sem ég þó vitnaði aðeins í með tveimur stuttum athugasemdum. Ég tel aftur á móti gagnstætt því sem fjmrh. segir, að Ríkisendurskoðun sé óháður aðili og sé ekkert beggja megin við borðið. Ríkisendurskoðun er einn aðalhvataaðilinn að því frv. sem hér liggur fyrir og til umræðu er og ég tel að það sé mjög nauðsynlegt. Ég tel að ábendingar eins og liggja fyrir frá Ríkisendurskoðun séu ekki bara nauðsynlegar, heldur verða þær að vera til þess að við gerum okkur grein fyrir því hvað það er sem fer aflaga í þjóðfélaginu. Ég tel, þvert á móti því sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að Ríkisendurskoðun sé sjálfstæð og hvort sem þeir eru sérvitrir eða ekki eru ábendingar þeirra fyrir mig sem fjárlaganefndarmann mjög nauðsynlegar. Og ég mun halda áfram að ræða það þegar þar að kemur.

[11:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og tel fulla þörf á því að gera þær breytingar sem þar eru boðaðar. Þær hafa reyndar verið til umræðu fyrr á þingi, m.a. með sérstöku frv. sem fjárln. flutti á síðasta kjörtímabili.

Ég vil fyrst fjalla um tillögu ráðherra um hvert vísa beri málinu, þ.e. að stofna skuli sérstaka nefnd til að fjalla um málið í stað þess að málið fari til fjárln. eins og verið hefur til þessa. Ég vil minna á að drög að þessu frv. voru kynnt á síðasta hausti í fjárln. væntanlega af þeirri ástæðu að hæstv. fjmrh. hefur talið að það stæði nefndinni næst af hálfu þingsins að vera sá aðili sem ætti að kynna efnið áður en það væri fullmótað. Nú hefur hins vegar ráðherrann horfið frá því að treysta fjárln. fyrir frv. sínu. Kannski er það í ljósi þeirrar reynslu sem hann telur sig hafa fengið um viðtökur málsins í fjárln. Ekki veit ég það. En ég bendi á að fjárln. er undir forustu Framsfl. Eins og menn hafa tekið eftir setur Sjálfstfl. sig ekki úr færi þessa dagana til að sparka í samstarfsflokkinn, ýmist með sérstökum tillöguflutningi hér á þingi eða eins og nú með því að leggja til málsmeðferð sem tekur málið úr höndum Framsfl. og færir það væntanlega í hendur nefndar sem verður stýrt af Sjálfstfl. Ég held að það sé rétt að inna hæstv. ráðherra eftir því hvers vegna henn treystir ekki samstarfsflokki sínum til þess að hafa á hendi forustu um þinglega meðferð þessa máls.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það er afar sérkennilegt að fylgjast með þessari sífelldu vantraustsumræðu af hálfu Sjálfstfl. á hendur Framsfl. Það er orðin þörf á því að inna t.d. varaformann Sjálfstfl. eftir því á hverju þetta mikla vantraust flokksins á Framsfl. byggist.

Mér finnst eðlilegast að málið fari til fjárln. og tel enga meinbugi á því að svo verði. Hins vegar er ég ekki á svo stífum gormum í þessu máli að ég telji ástæðu til að gera sérstakt veður út af þessu ef þingið vill hafa aðra meðferð á málinu og fela sérstakri nefnd athugun þess. En skoðun mín er alveg eindregið sú að ég tel að málið eigi að fara til fjárln. og þar eigi um það að fjalla.

Um þau efnisatriði sem í frv. er að finna get ég verið til þess að gera stuttorður. Ég tel að þær breytingar sem þar eru lagðar til frá núgildandi fyrirkomulagi séu á flestan hátt til verulegra bóta. Fyrir það fyrsta er bæði rétt og skylt að taka upp þann hátt að ganga frá ríkisreikningi og fjárlögum á rekstrargrunni og hætta við hið fornaldarlega fyrirkomulag sem felst í greiðslugrunni. Auðvitað eiga samþykkt lög um rekstur ríkisins að fela í sér áætlanir um tekjur og gjöld sem stofnað er til en ekki einvörðungu það sem greitt er á árinu. Það fyrirkomulag sem verið hefur á ríkisreikningi og fjárlögum ríkisins að miða þær við greiðslugrunn er bæði

villandi og löngu úr sér gengið. Þannig hefur það leitt til þess að allur almenningur hefur rangar upplýsingar um halla ríkissjóðs. Menn standa í þeirri meiningu að hallinn sé sú tala sem stendur í fjárlögunum eftir að þau hafa verið afgreidd hverju sinni, t.d. 4 milljarðar kr. tæpir á þessu ári. Það er einfaldlega ekki rétt. Halli ríkissjóðs er áætlaður miklu meiri á þessu ári en þeir 4 milljarðar sem gefnir eru upp í núgildandi fjárlögum sem eru á greiðslugrunni. Það vantar inn í þennan halla þær skuldbindingar sem stofnað var til á árinu. Þar eru stærstu tölurnar í vaxtgjöldum en miðað við tölur síðustu ára má ætla að vaxtagjöld verði um 5 milljörðum kr. hærri á þessu ári en áætlað er í fjárlögunum. Og lífeyrisskuldbindingar má ætla að verði á þessu ári um 3 milljörðum kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Samanlagt eru þessir tveir liðir útgjöld upp á 8 milljarða kr. eða þar um bil umfram það sem greint er frá í fjárlögum. Ég held að það sé engin deila um þessar fjárhæðir í meginatriðum. Menn eru í sjálfu sér ekki að þræta um hversu miklar fjárhæðir felast í skuldbindingum. En það sem er villandi er að þeim er ekki haldið til haga í lögunum sjálfum um fjárreiður ríkisins í núgildandi fjárlögum. Ef bara þessum tveimur skuldbindingum er bætt við eða kostnaði vegna þeirra getum við sagt að í reynd sé fjárlagahallinn a.m.k. 12 milljarðar kr. á þessu ári. Þá fara menn væntanlega að átta sig á því að glíman sem menn hafa háð ár eftir ár um að ná fram hallalausum fjárlögum er langt frá því að vera unnin.

Ríkisstjórnin hefur sagt að hún stefni að því að afgreiða frá sér á næsta ári, 1997, fjárlagafrv. sem verður í jafnvægi en þá hefur ríkisstjórnin átt við að jafnvægið væri miðað við greiðslugrunn en ekki við skuldbindingar. En það þýðir að fyrir árið 1997 er meiningin að fjárlögin verði afgreidd með 8 milljarða kr. halla a.m.k. þegar menn taka til skuldbindingar sem muni falla til á því ári að óbreyttum lögum um lífeyrissjóðsskuldbindingar opinberra starfsmanna og að óbreyttum vaxtakostnaði í megindráttum af skuldum ríkissjóðs.

Ég held að það væri ekki úr vegi að fá það fram hjá hæstv. fjmrh. hvert markmið ríkisstjórnarinnar er fyrir fjárlagagerð 1997. Er það að þau verði hallalaus á greiðslugrunni eða hallalaus á rekstrargrunni? Ég tel að hæstv. ráðherra ætti að gera grein fyrir því hvert markmið ríkisstjórnarinnar er í raun þannig að þjóðinni verði það ljóst. Ég tel að til þess að menn geti gripið til aðgerða gegn tilteknu vandamáli, verði menn að viðurkenna að vandamálið sé til. Menn mega ekki haga málflutningi þannig að þeir dragi upp aðra mynd af veruleikanum en raunsanna. Mér hefur fundist í allri hinni miklu umræðu um hallarekstur ríkissjóðs bera dálítið á því að menn tali út frá röngum forsendum, þ.e. forsendum greiðslugrunnsins.

Annað það sem er til breytinga í þessu frv. og ég tek sérstaklega undir og tel til verulegra bóta er sú ákvörðun að sameina bæði fjárlög og lánsfjárlög. En ég vek athygli á því, vegna tillögu hæstv. fjmrh. um að vísa málinu ekki til fjárln. heldur til sérnefndar, að með þessari tillögu er hann væntanlega að leggja til að fjárln. verði falið að vinna verkefni sem nú er í höndum efh.- og viðskn., þ.e. umfjöllun lánsfjárlaga. Ég get verið sammála þeirri tillögu að umfjöllun fjárlaga og lánsfjárlaga eigi að vera á einni og sömu hendinni og þá á hendi fjárln. Hins vegar get ég ekki skilið hvers vegna hann leggur til að þessu frv. verði vísað til sérnefndar en ekki fjárln. fyrst hann er þeirrar skoðunar að það sé sú nefnd sem eigi að fara með lánsfjárlögin eða ígildi þeirra í framtíðinni.

Í þriðja lagi er ég sammála því sem hér kemur fram í frv. um langtímaáætlun. Ég tel það eitt af allra merkilegustu ákvæðum þessa frv. að stjórnvöld og vonandi Alþingi ætli sér að taka langtímaáætlun í stjórn ríkissjóðs fastari tökum og festa þau áform í sessi með ákvæðum um gerð langtímaáætlana. Ég held að ef vel tekst til með mótun þessarar áætlunar hverju sinni, bæði fjárlaga fyrir komandi ár, áætlunar fyrir þrjú ár þar á eftir og framkvæmd hennar í framhaldi af því, hafi menn náð að mörgu leyti afar merkilegum árangri í því að stjórna svo mikilli stofnun sem ríkið er. Ég tel reyndar að langtímaáætlanagerð sé að mörgu leyti forsenda þess að einhver varanlegur árangur náist í rekstri ríkissjóðs. Ég vil því vekja sérstaka athygli á þessu atriði og hvetja þingheim til að veita þeirri þýðingu sem stefnumörkun og áætlanagerð hefur til að ná tilteknum markmiðum verðskuldaða athygli.

Þá vil ég staldra við 33. og 34. gr. frv. Þær fjalla um ófyrirséða greiðsluskyldu eða veita með öðrum orðum framkvæmdarvaldinu heimild til að greiða fjármuni án þess að fyrir því sé samþykki Alþingis. Eins og greint er réttilega frá í greinargerð með þessu frv. er ákvæði um þetta efni í stjórnarskránni sem er afdráttarlaust á þá lund að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði nema heimild sé fyrir því í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta þýðir í reynd að ekkert má greiða nema fjárveitingavaldið, þ.e. Alþingi, hafi áður veitt heimild til þess. Þetta er afar eðlilegur framgangsmáti í fjárreiðum ríkisins sem og annarra stofnana eða fyrirtækja, hvort sem þau starfa á vegum hins opinbera eða á almennum markaði. Auðvitað er ákvörðunarferlið þannig að einhver aðili ákveður hvort eigi að greiða eða ekki og þegar sá aðili hefur gert upp hug sinn og tekið ákvörðun má sá sem hefur tékkheftið með höndum borga. Ég hef því verið afar ósammála því sem hefur viðgengist bæði hjá ríkissjóði og ýmsum sveitarsjóðum að menn hafa tekið sér það vald að leggja nýjan skilning í ákvæði stjórnarskrárinnar og sambærilegum ákvæðum í sveitarstjórnarlögum á þá lund að fyrst mætti framkvæmdarvaldið borga og síðan mætti fá heimildir til þess. Þannig hafa útgjöld verið greidd án samþykkis Alþingis í trausti þess að þingmeirihluti stæði að baki ákvörðun framkvæmdarvaldsins. Ég er afar ósammál þessu vinnuferli og hef áður látið þá skoðun í ljós. Ég ítreka það enn og vil breyta framkvæmd þessara hluta í þá átt sem ég tel að stjórnarskráin mæli fyrir um.

Í þessu frv. er að nokkru leyti gengið til móts við þau sjónarmið sem ég hef reifað hér. Ég skil ákvæði frv. á þá lund að þar sé vald ráðherra til að greiða útgjöld sem ekki hafa hlotið samþykki Alþingis þrengt og afmarkað við tvö tiltekin tilvik sem nefnd eru í þessum lagagreinum, annars vegar útgjöld vegna nýrra kjarasamninga og hins vegar ófyrirséð atvik sem að vísu eru ekki nánar skilgreind. Ég er ánægður með þessa breytingu að því leyti sem hún gengur í átt til þeirra viðhorfa sem ég hef lýst. Ég er hins vegar ekki fyllilega ánægður þar sem ég tel að menn eigi ekki að hafa í lögum ákvæði sem stangast á við stjórnarskrá. Ég er heldur ekki sammála rökunum fyrir því eins og þau eru lögð fram í skýringum við aðra þeirra tveggja greina sem ég nefndi, þ.e. 34. gr. Þar er verið að rökstyðja nauðsyn á því að ráðherra hafi þetta svigrúm og segir þar, með leyfi forseta: „Væri vald fjmrh. til að gera kjarasamninga takmarkað við fjárveitingu í fjárlagafrv. gæti það valdið ófyrirséðum vandkvæðum við samningsgerð, einkum ef ráðherra yrði ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna."

Ég er ósammála þessum rökum. Ég tel þvert á móti að ráðherra eigi ekki að geta treyst því að skuldbindingar sem

hann stofnar til við kjarasamninga verði óhjákvæmilega samþykktar á Alþingi. Hann ætti einmitt ekki að geta treyst því þar sem við erum væntanlega ekki að fela einum manni vald til að ráðstafa skatttekjum almennings. En það er nákvæmlga það sem fjmrh. gerir hverju sinni með kjarasamningagerð, hann eyðir peningum sem afla á með sköttum. Ég get ekki verið sammála því að einum manni sé falið það vald að geta stofnað til skuldbindinga sem ekki verður hnekkt eða ekki þurfa staðfestingu Alþingis með þeim rökum að menn teldu að hann hefði annars ekki fullgilt samningsumboð. Í reynd er það nefnilega svo að fjmrh. hefur það ekki og viðurkennir það sjálfur því oft þarf hann að flytja hér lagafrumvörp til fullnustu ýmissa ákvæða í kjarasamningum. Það er viðurkenning á því að hann telur sig a.m.k. ekki hafa vald til að skuldbinda ríkissjóð hvað það snertir. Ég tel að þannig eigi það að vera áfram að niðurstöður kjarasamninga þurfi staðfestingu Alþingis með samþykkt laga þar að lútandi hverju sinni eða þá í fjárlögum.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, aðeins fjalla um markaða tekjustofna og láta í ljós þá skoðun að bókhaldsleg meðferð þeirra í ríkisbókhaldi hefur að mínu mati verið afar áfátt. Vitna ég þar til vegáætlunar í því sambandi sem er orðinn hreinn skrípaleikur með alla þessa tekjustofna, þ.e. hún er sett þannig upp að í efri hluta skjalsins er gert ráð fyrir greiðslum inn í ríkissjóð en tveimur línum neðar í sömu áætlun er gert ráð fyrir greiðslum úr ríkissjóði. Síðan er gert ráð fyrir lánveitingum inn og út úr ríkissjóði til vegáætlunar í takt við uppgjör á mörkuðum tekjustofnum. Ég tel að breytingin sem lögð er til í þessu frv. sé til verulegra bóta og hvet þingheim til að staðfesta hana. Þar sem tíma mínum er lokið, virðulegi forseti, læt ég hér staðar numið, bæði hvað varðar markaða tekjustofna og frv. almennt. En ég tel að styðja beri málið í öllum meginatriðum.

[11:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sumt mun ég geyma til síðari tíma en tel ástæðu til að koma á framfæri nokkrum athugasemdum án tafar. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir stuðninginn við frv. Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort ég treysti ekki samstarfsflokknum, en formaður fjárln. er á hans vegum. Auðvitað treysti ég samstarfsflokknum. En ég skil vel af hverju spurt er því að vinstri flokkarnir í stjórnarandstöðunni hafa verið að reyna að sameinast um að rjúfa friðinn eftir atvikum. Þar hlýtur auðvitað að reyna mikið á traust á samstarfsflokkum og það hefur sjálfsagt heltekið huga hv. þm. að undanförnu. En þetta á ekki við um samstarfið í ríkisstjórninni.

Það stendur þannig á að þessi mál heyra undir tvær nefndir. Það þótti eðlilegt að gefa kost á sérstakri nefnd þannig að hægt væri að blanda mönnum úr báðum nefndunum og gætu þá sjónarmiðin komið fram því að þetta snertir ekki einungis eina nefnd. Það væri rangt að mínu viti að fela aðeins fjárln. þetta mál vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir að málefni sem nú eru venjulega til umræðu í efh.- og viðskn. sé ætlað að fara yfir í fjárln. Ég tel fulla ástæðu til þess að gefa nefndarmönnum í efh.- og viðskn. færi á að ræða málið þegar í upphafi þegar því verður vísað til nefndar.

Ég vil svo eingöngu segja í lokin að ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að skila hallalausum fjárlögum á þeim grunni sem fjárlög eru núna, þ.e. á greiðslugrunninum. Annað hefur ekki staðið til. En okkur er auðvitað mætavel ljóst að halli á rekstrargrunni er meiri og hefur verið meiri í gegnum tíðina. Það kemur vandlega fram í ríkisreikningi eins og hv. þm. veit og skilur.

[11:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um er ég ekki á svo stífum gormum í þessu máli að ég ætli að gera mikið uppistand út af því hvert málið fer, hvort það fer til fjárln. eða sérnefndar. Hins vegar finnst mér tillaga ráðherrans sérkennileg og engin ástæða til að búa til sérnefnd til að fjalla um frv. Ég minni á að ráðherrann taldi sjálfur að fjárln. væri best til þess fallin í þinginu að kynna væntanlegt frv. í haust þegar ráðherrann ákvað að kynna þinginu það sem á döfinni væri um þetta efni.

Ég minni líka á að fyrr í vetur hefur komið upp mál sem féll undir fleiri en eina nefnd sem var um breytingar á lögum um snjóflóð og skriðuföll. Ekki var kosin sérstök nefnd um það mál heldur fór það til allshn. með þeim rökum að málið félli undir fleiri en eitt ráðuneyti þá flutti forsrh. málið og allshn. fer með málasvið forsrn. Hér hefur verið valin sú leið að fjmrh. flytur málið en ekki forsrh. Það er auðvitað yfirlýsing um það hvar Stjórnarráðið telur að beri að vista málið, þ.e. á málasviði fjmrn.

[11:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri reyndar að hv. þm. talaði ekki af fullum þunga fyrir þeim málstað sínum að málið skuli fara til fjárln. Út af fyrir sig tel ég þetta ekki vera neitt stórmál. Ég bendi þó á að málið var einnig kynnt efh.- og viðskn. Það var því ekki einungis fjárln. sem fékk kynningu á málinu heldur líka efh.- og viðskn. enda heyrir hluti málsins undir núverandi verksvið þeirrar nefndar. Þegar um var að ræða frv. um snjóflóð og skriðuföll kann það að hafa verið þannig þar að málin heyrðu undir fleiri en eitt ráðuneyti. Það er ekki um það að tefla í þessum málum hér. Öll atriðin í frv. heyra sannarlega undir fjmrn. og málefni fjmrn. fara til tveggja nefnda í þinginu. Yfirleitt til annarrar af tveimur nefndum en í þessu tilviki er verið að skófla svo miklu til að full ástæða þótti, eftir að hafa rætt við forseta þingsins, að leggja til að setja saman sérstaka nefnd enda er málið stórt og viðamikið og snertir allan rekstur ríkisins. Því varð að ráði að stofna til nefndar þar sem fleiri sjónarmið gætu komið fram en þeirra sem eiga eingöngu eiga sæti í fjárln. Ég get sagt það hér og nú að auðvitað treysti ég fjárln. ágætlega fyrir þessu máli en taldi vegna eðlis þess og umfangs og vegna þess að gert er ráð fyrir því í þingsköpum að þetta sé hægt að þá væri tilvalið tækifæri til þess að stofna sérstaka nefnd um þetta veigamikla mál.

[11:48]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er mjög viðamikið frv. sem er tekið til umræðu. Það ber að fagna frv. en hér er lögð til heildarlöggjöf um fjárreiður ríkisins og tekið á mjög mörgum þáttum í starfsemi þess. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir uppbyggingu frv. og helstu kostum þess en það sem ég vil gera að umtalsefni eru nokkrar ábendingar varðandi þetta frv. sem rétt væri að taka betur til skoðunar í viðkomandi þingnefnd. Það hefði verið betra ef frv. hefði komið fyrr fram á þessu þingi þannig að mönnum hefði gefist betra ráðrúm til að fara yfir svo viðamikið mál. Í öðru lagi hefði verið mjög til bóta ef með frv. hefðu fylgt skýrari dæmi um framkvæmd þess, t.d. ef borin hefðu verið saman frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 samkvæmt eldri aðferð og síðan

tekið það ár og sett upp nákvæmlega eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta hefði auðveldað yfirsýn og meðferð málsins á hinu háa Alþingi. En dæmið sem tekið er í greinargerð frv. er ekki mjög yfirgripsmikið.

Það er mjög til bóta hvernig ríkisreikningi er skipt, þ.e. í A-, B-, C-, D- og E-hluta. Hins vegar hefði mátt fylgja í frv. upptalning á t.d. þeim stofnunum sem flytjast úr B-hluta yfir í A-hluta. Í grundvallaratriðum er þó mjög til bóta að fella inn í ríkisreikning og frv. til fjárlaga allar stofnanir ríkisins auk þess að taka til fjármálastofnanir og sameignar- og hlutafélög sem ríkið á meiri hluta í. Þetta auðveldar yfirsýn yfir ríkisfjármál sem er einn megintilgangur þessa frv.

Eitt atriði frv. er að færa þau nær uppgjörsaðferðum sem tíðkast í fyrirtækjarekstri. Þó er þar ein veigamikil undantekning á sem er meðferð fjárfestinga. Samkvæmt frv. verða allar fjárfestingar gjaldfærðar á því ári sem þær eru framkvæmdar en almenna reglan í fyrirtækjarekstri og annars staðar er sú að fjárfestingar eru eignfærðar og síðan afskrifaðar eftir tilteknum reglum. Þess má geta að gert er ráð fyrir efnahagsreikningi í frv. þannig að skráðar verða peningalegar eignir ríkissjóðs og hlutur í öðrum félögum og er þetta sambærileg uppgjörsaðferð og ríkir gagnvart sveitarfélögum. Uppgjörsaðferðin gagnvart fjárfestingunum skekkir samanburð milli ára ef um umfangsmiklar fjárfestingar er að ræða og krefst þess vitaskuld að enn meiri kröfur verði gerðar til að halda góða eignaskrá yfir eigur ríkisins. Þetta þyrfti að skoða betur en í frv. er gert ráð fyrir að með frv. til fjárlaga verði birtur efnahagsreikningur ríkisins.

Í A-hluta er gert ráð fyrir að til hans teljist ríkissjóður og ríkisstofnanir og mætti spyrja hvort ekki hefði verið heppilegra að ríkisstofnanir væru í sérstökum hluta. Að vísu eru þær margar nátengdar einstökum ráðuneytum þannig að sá aðskilnaður er ekki einfaldur. En það verður að koma fram og fara betur yfir þetta með nákvæmari hætti en lýst er í frv. og kom fram í framsögu hæstv. ráðherra.

Þess ber að geta að fjölmargir aðilar flytjast úr B-hluta yfir í A-hluta. Þar á meðal nokkrar stofnanir sem hafa verið reknar á viðskiptalegum forsendum og haga reikningshaldi sínu í samræmi við það eins og segir í greinargerð með frv. Þær ættu þá líklega betur heima utan A-hluta. Vitanlega vaknar einnig sú spurning hvaða regla ætti almennt að gilda um stofnanir sem starfa á viðskiptalegum forsendum í eigu ríkisins að meiri hluta, í hvaða rekstrarformi þær skuli vera reknar alveg burt séð frá eignaraðild þess.

Hins vegar er mjög til bóta sú fyrirætlun í frv. að leggja rekstrargrunn til grundvallar, þ.e. að gera ríkissjóð upp á rekstrargrunni í stað greiðslugrunns. Uppgjörsaðferðin með rekstrargrunni er almenna reglan í reikninsghaldi í fyrirtækjum auk þess sem hún auðveldar alla áætlanagerð og samanburð milli ára. Sömuleiðis er mjög til bóta að fella lánsfjárlög inn í frv. til fjárlaga þannig að allir þeir þættir sem koma að ríkisfjármálum eru á einum stað. Það má segja að einn meginþáttur frv. sé að reyna að ná betur fram langtímahugsun við gerð ríkisfjármála og er það mikil framför frá því sem verið hefur. Sömuleiðis er til bóta að gera ráð fyrir nákvæmum yfirlitum yfir aðrar stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins.

Spurning hlýtur að vakna varðandi meðhöndlun málsins á hinu háa Alþingi. Ekki varðandi þá sérstöku þingnefnd sem fjallar um þetta frv., ég geri enga athugasemd við þá málsmeðferð, en frv. til fjárlaga hefur hingað til fengið meðhöndlun í fjárln. og verið vísað til umsagna í einstaka fagnefndir þingsins auk þess sem tekjuhluti þess hefur fengið sérstaka meðhöndlun í efh.- og viðskn. Frv. til lánsfjárlaga hefur hins vegar verið til skoðunar í hv. efh.- og viðskn. sem hefur einnig sent það til umsagna viðkomandi fagnefnda. Síðan koma yfirleitt á haustin ýmis frv. sem tengjast fjárlögum hverju sinni. Þá hlýtur sú spurning vitaskuld strax að vakna hvernig hinni þinglegu meðferð verði háttað í framtíðinni, þ.e. hvaða nefnd vinnur að þessu máli. Líklega yrði það í fjárln. en það yrði þá að hafa í huga að þær tvær nefndir, sem koma helst að málefnum fjmrn., þurfa að starfa saman að tilteknum þáttum hins nýja fjárlagafrv.

Í greinargerð frv. er nefnt að einn tilgangur þess sé að skerpa betur skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það verður ekki séð að það sé gert með þessu frv. nema að takmörkuðu leyti. Vitaskuld verður að skoða framkvæmd fjárlaga í víðara samhengi en einungis út frá sjónarmiðum reikningshalds. Vil ég nefna nokkur atriði sem ættu að koma til skoðunar við árangursríka stjórnun og áætlanagerð í fjármálum ríkissjóðs sem þetta frv. fjallar að hluta til um.

Þar er fyrst að nefna að beita betur dreifstýringu við ríkisreksturinn sem getur m.a. falist í samningsstjórnun gagnvart einstökum stofnunum. Það hefur verið reynt í nokkrum mæli en enn sem komið er hefur ekki verið settur sá kraftur í þá aðferðafræði sem æskilegt væri. Einnig má geta þess að starfsmat getur reynst árangursríkt við endurskipulagningu og hagræðingu í ríkisrekstri svo og að taka upp árangursmat eða ábataskiptingu í tengslum við launakerfið ásamt meira valdi til einstakra stofnana bæði sem viðvíkur rekstri og samningsmálum.

Ekki er hægt að tala um uppstokkun í ríkisrekstrinum nema við aukum sjálfstæði stofnana ríkisins bæði hvað varðar fjárhag og samningsumhverfi. Vitanlega hefði mátt segja meira um stefnumótun á því sviði í tengslum við þetta frv. hvort sem hefði verið í greinargerð með frv. eða í framsöguræðu hæstv. fjmrh. Einnig hefði mátt hugleiða varðandi frv. hvort ástæða væri til að lögbinda umsvif ríkisins miðað við eitthvert tiltekið hlutfall af landsframleiðslu eða að lögbinda hámarksskuldastöðu opinberra aðila í hagkerfinu. Slíkar takmarkanir þekkjast í löggjöf annarra ríkja þó svo að við höfum ekki rætt um að festa slíkar takmarkanir í lög. Það kemur hins vegar vel til álita að skoða þann þátt.

Herra forseti. Reyndar er það svo að hér á landi ríkir nokkur vanþekking um umsvif opinberra aðila í hagkerfinu. Það er oft sagt að umsvif hins opinbera séu að sliga hagkerfið og það sé brýnast allra verkefna að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og hefur hæstv. fjmrh. oft haldið þessu fram. En er þetta rétt ef skoðað er umfang opinberra aðila í alþjóðlegum samanburði? Í frv. til fjárlaga hæstv. ríkisstjórnar, sem lagt var fram í haust, kom m.a. fram að skattbyrði hjá Evrópuríkjum OECD er 41% af landsframleiðslu. Ef Norðurlöndin eru tekin sérstaklega er skattbyrðin 50% af landsframleiðslu en fyrir Ísland er hlutfallið 31%. Þarna sést strax á þessu að umfang opinberra aðila er minna hér en erlendis. Auðvitað þarf að skoða betur skilgreiningu á opinberum aðilum í þessu sambandi. En samkvæmt upplýsingum fjmrn., sem voru kynntar í efh.- og viðskn. í tengslum við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og fjárlagafrv. fyrir jól, kom jafnframt fram að útgjöld — og það er markverðari samanburður — hins opinbera á Norðurlöndum árið 1995 voru 60% af vergri landsframleiðslu. Þá voru útgjöld hins opinbera innan OECD 41% en útgjöld hins opinbera á Íslandi ekki nema 39%. Þegar haft er í huga að hvert prósentustig í vergri landsframleiðslu er hér rúmir

4,5 milljarðar sjáum við strax á þessum samanburði að allt tal um hin geysilegu umsvif ríkisins eða opinberra aðila í hagkerfi okkar er blekking ein. Sama er uppi á teningnum ef við skoðum tekjur opinberra aðila í sama samanburði, og ég ítreka að þetta eru gögn frá fjmrn. sem ég vitna til, þá voru tekjur opinberra aðila á Norðurlöndum fyrir 1995 56% af landsframleiðslu, fyrir OECD 38% en á Íslandi 36%. Þannig eru umsvif Íslendinga mun minni en á öðrum Norðurlöndum og útgjöldin miklu minni hvað viðvíkur útgjöldum hins opinbera. Því er tal sem einkum hefur verið eyrnamerkt Sjálfstfl. um ríkisfjármál og hættur ríkisumsvifa í okkar hagkerfi satt best að segja þráhyggja sem byggir ekki á efnahagslegum forsendum.

Ein vandkvæðin í hagkerfi okkar eru einmitt að tekjuöflun okkar er ekki nógu markviss. Við höfum skorið niður um of á ýmsum mikilvægum þáttum opinberrar þjónustu alveg eins og við þekkjum úr umræðu um heilbrigðiskerfið. Þegar þessar tölur eru bornar saman í alþjóðlegu samhengi og þannig á að skoða tölur þá sést að vandamálið liggur ekki í útþenslu opinberra aðila heldur þvert á móti verðum við að hafa í huga að opinber þjónusta er jú ekkert annað en þjónusta fólksins við sjálft sig. Vissulega væri hægt að setja á umræðu um skattkerfi hins opinbera en ég vil einungis nefna tvö hugtök varðandi skattheimtu, þ.e. fjármagnstekjuskatt og veiðileyfagjald og eru þá nefndir þar þættir sem gætu komið til álita varðandi bætta innheimtustjórn ríkisins.

Svo haldið sé áfram með efni frv. vil ég einnig varpa því fram hvort það sé eðlilegt að vera með sundurgreiningu í C- og D-hluta eins og hér er gert ráð fyrir. Til C-hluta samkvæmt frv. teljast lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir. En til D-hluta teljast fjármálastofnanir ríkisins þar með taldir bankar og vátryggingarfyrirtæki. Það er hugsanlegt að þessi fyrirtæki og stofnanir ættu að vera í einum hluta þótt svo að þessi aðgreining sé skýr í sjálfu sér. E-hluti ríkisreiknings er þó mjög til bóta en gert er ráð fyrir að til hans teljist sameignar- og hlutafélög sem ríkið á meiri hluta í.

Varðandi 6. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði ríkisreikninga er ekki úr vegi að spyrja hæstv. fjmrh. hvort starfsemi Ríkisendurskoðunar muni aukast í kjölfar samþykktar þessa frv. og hvort stofnunin sé þá í stakk búin að ráða við aukin verkefni.

Hæstv. fjmrh. gagnrýndi Ríkisendurskoðun nokkuð ómarkvisst en því miður hef ég ekki tíma í þessari umræðu að fara nánar út í umfjöllun um Ríkisendurskoðun, það verður að bíða betri tíma.

Þá eru sömuleiðis til bóta þau ákvæði frv. að leggja endurskoðaðan ríkisreikning fyrir Alþingi eigi síðar en tíu dögum eftir að þing kemur saman. Uppsetning A-hluta ríkisreiknings eins og gert er ráð fyrir í 8. gr. frv. er mjög til bóta og mun veita yfirsýn yfir rekstur ríkisins. Rétt er að spyrja hins vegar hæstv. fjmrh. um hvernig farið verði með fjármagnsútgjöld ríkisins samkvæmt hinu nýja frv. Það kemur ekki mjög skýrt fram í frv. nema hvað ekki er ætlunin að færa allt á fjmrn. en ég vildi að hæstv. fjmrh. færi aðeins betur yfir þann þátt. Hann gerði það að nokkru leyti í sinni framsögu en ég vil fá skýrari upplýsingar um meðhöndlun fjármagnsgjalda.

Flokkun á tekjum ríkisins er mjög til bóta enda er það nú byggt á alþjóðlegum staðli. En það má geta þess til gamans af því að í frv. eru skilgreindir ýmsir þættir að veiðileyfagjald sem hefur verið hér til umræðu á hinu háa Alþingi er samkvæmt því ekki skattur eða skatttekjur samkvæmt þessari skilgreiningu heldur rekstrartekjur en rekstrartekjur eru greiðslur einstaklinga eða lögaðila fyrir tiltekna þjónustu ríkisins sem það eitt veitir hlutaðeigandi aðila. E.t.v. hjálpar þessi skilgreining eitthvað í þeirri umræðu og ég hvet hæstv. ráðherra að kynna þessa sína eigin skilgreiningu varðandi þá umræðu um veiðileyfagjald, sem hugsanlega gæti farið fram í hans þingflokki, að hér er ekki um skatttekjur að ræða heldur rekstrartekjur samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hér er sett upp.

Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir uppstokkun eða flokkun, ekki eftir ráðuneytum heldur eftir málefnum og getur það knúið á uppstokkun í stjórnkerfi ríkisins. Ég teldi til bóta að menn skoðuðu þann þátt einmitt í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Mér finnst sömuleiðis vera matsatriði hvort persónuafsláttur og sjómannaafsláttur og fleiri afslættir eigi að vera dregnir frá eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. eða koma, sem ég held að sé rétt stefna, sem heildartekjur inn. Þetta er spurning um uppsetningu en alla vega er stigið skref í rétta átt með frv. hvað þetta varðar.

Upplýsingaskylda ráðuneyta þyrfti að koma betur fram en henni er lýst í 24. gr. Skýringar stofnana og ráðuneyta þurfa að koma betur fram með fjárlagafrv. en lýst er þar og í sjálfu sér hugsunin er með frv. eins og það er lagt fram. Það þarf líka að hafa í huga þegar ríkisreikningur er lagður fram til endanlegrar staðfestingar að gera mun betur grein fyrir mun á áætlunum og veruleika og skilgreina betur þau frávik sem verða frá frv. til fjárlaga og raunverulegum ríkisreikningi. Við höfum, hæstv. fjmrh., gert allt of lítið af því að bera saman frávik og skýra þau og þyrftum við að skerpa lagafyrirmæli um þann þátt því þetta er einfaldlega góð aðferðafræði og til mjög góð verkfæri varðandi þennan þátt en þetta er góð aðferðafræði úr rekstrarumhverfi atvinnulífsins.

Einnig er til bóta að taka upp þriggja ára áætlun sem lagt er upp með hér. Það má geta þess að þetta var einnig í stefnuskrá Þjóðvaka þó ég viti að fjmrh. sannfærist ekki um málið vegna þess. En það mætti samt hafa í huga varðandi útfærslu þessa máls t.d. að þessi þriggja ára áætlun gæti litið þannig út að fyrsta árið af þessum þremur væri tiltölulega ítarleg áætlun, eitthvað lausari í reipum fyrir annað árið og svo í óljósara formi fyrir þriðja árið. Síðan yrði það endurmetið ár hvert. Þetta er aðferðafræði sem er víða notuð við áætlanagerð en nákvæm og markviss langtímaáætlanagerð er farin að ryðja sér mjög til rúms í uppgjörum bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum og er sjálfsagt að nýta sér nýjustu vitneskju á þeim vettvangi.

Einnig má geta þess að það þyrfti að taka meira tillit til óvissu- og áhættumats. Það eru til nýtískulegar aðferðir í þessum málaflokki sem endurspeglast ekki nægjanlega að mínu mati í því frv. sem hér er lagt fram. Við þurfum að búa löggjöfina þannig úr garði að við getum ávallt nýtt okkur bestu tækni og nýjustu framfarir hvað varðar þennan þátt. En ég vil benda á það að reiknishald eins og það sem við erum að fjalla um í grundvallaratriðum er hluti af vísindagrein.

Mánaðarleg uppgjör ríkissjóðs eins og verið hafa eru af hinu góða. Ég tel hins vegar að það ætti að lögfesta í frv. að fjmrh. ætti að gera grein fyrir horfum í ríkisfjármálum oftar en einu sinni eins og gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst að þetta ætti að leggja skýrar fram kannski tvisvar til þrisvar á ári og með nákvæmari hætti á grundvelli þessa frv.

Það er talað um í 41. gr. frv. að aðilum í B- og C- hluta sé heimilt að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera

ráð fyrir. Þetta tel ég vera mjög vafasama grein og það yrði að kveða skýrar á um það t.d. í skýringum með greininni að hér væri um að ræða mjög mikið undantekningartilvik. Það er talað um að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækjanna en þetta mætti túlka býsna rúmt og þyrfti að skoða betur í meðhöndlun þingsins.

Það má vera að það sé fólgin of mikil miðstýring í þessu frv., að einstakar stofnanir ríkisins séu bundnar um of varðandi uppgjörsaðferðir og stjórnun. Það er að vísu kannski ekki hægt að koma fyrir þeim þáttum í þessu frv. nema í almennum orðum sem er lítið gert. Ég tel hins vegar vera eitt af lykilatriðum í opinberum rekstri að auka frjálsræði einstakra stofnana eins og hér er lýst áður.

Í heildina vil ég samt taka undir þetta frv. í meginatriðum. Frv. þarf að fá vandaða skoðun í nefnd og það þarf að setja betur upp hvernig það kemur út, útbúa frv. eins og ég nefndi og fara alveg nákvæmlega í gegnum hvernig hinir einstöku nýju þættir sem eiga að koma inn í frv. líta út í raunveruleikanum. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. fjmrh. hvort allt verði tilbúið til að fara eftir þessu frv. ef það verður í meginatriðum að lögum á þessu þingi. Gert er ráð fyrir að frv. taki gildi núna þannig að ég skil það svo að það verði þá unnið eftir frv. fyrir næsta ár. Það er þá mjög mikilvægt að allur undirbúningur sé sem vandaðastur því að hér erum við að leggja inn á nýja braut hvað varðar ríkisfjármál og þá skiptir öllu máli varðandi þann þátt að vel sé að verki staðið í upphafi.

[12:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. flutti hér ágæta ræðu og málefnalega um frv. en eitt atriði vildi ég spyrja hann um. Hann fjallaði um það með hvaða hætti færa ætti veiðileyfagjald, hvort það væri flokkað undir skatttekjur eða rekstrartekjur. Ég vildi af þessu tilefni spyrja hv. þm. um það hvar hann telji að eigi að færa veiðileyfagjald ef það yrði á lagt, hvar í ríkisreikning og hvar við gætum sett í fjárlagafrv. og fjárlög veiðileyfagjaldið. Þetta er fyrir marga brennandi spurning og vegna þess að ég veit að hv. þm. hefur velt þessu nokkuð fyrir sér þá vildi ég í þessari umræðu fá þetta fram hjá hv. þm.

[12:09]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að vísa til áðan í umfjöllun minni varðar þá skilgreiningu, eins og getið er um í frv., að tekjur ríkisins eru flokkaðar í nokkra þætti. Þetta er í 9. gr. frv. þar sem er fjallað um ríkistekjur. Þar er þeim skipt í nokkra flokka, talað um skatttekjur sem eru lögbundin gjöld sem ríkið krefur einstaklinga eða lögaðila um án þess að komi á móti samsvarandi bein framlög eða þjónusta. Síðan er talað um rekstrartekjur sem eru greiðslur fyrir tiltekna þjónustu sem ríkið veitir hlutaðeigandi aðila. Undir þetta mundi veiðileyfagjald falla. Það væru þá rekstrartekjur því að ríkisvaldið, eins og hæstv. fjmrh. hefur reyndar oft bent á, hið opinbera er með kostnað varðandi sjávarútveg í kringum 3 milljarða. Ef lögð yrði á gjaldtaka fyrir hluta af þessari þjónustu, hvaða upphæð svo sem sem menn mundu þar nefna, þá væri hér um rekstrartekjur að ræða sem menn mundu færa undir þeim lið hér bæði í fjárlögum og ríkisreikningi. Og það er samkvæmt þessari skilgreiningu sem hér er uppi. En það miðar náttúrlega þá að því að sú uppsetning er svo lengi rekstrartekjur sem þetta eru greiðslur fyrir einstaklinga eða lögaðila, í þessu tilfelli útgerðarfyrirtæki, fyrir tiltekna þjónustu ríkisins sem það veitir hlutaðeigandi aðila. Þá værum við að líta svo á að greiðslan fyrir úthlutun veiðiheimilda væri endurgjald fyrir þá þjónustu sem ríkið veitir á öðrum sviðum gagnvart sjávarútvegi. En um leið og þessi gjaldtaka væri komin umfram veitta þjónustu, raunverulega orðin nettótekjuöflun í ríkissjóð, þá værum við í sjálfu sér að breyta skilgreiningu á þessu veiðileyfagjaldi. Ef við höldum okkur við þetta, þá er farið úr rekstrartekjum yfir í skatttekjur. En öll umræða um veiðileyfagjaldið eins og hún hefur verið hér á hausti gengur raunverulega út frá þeirri hugsun sem er lýst ágætlega í greinargerð með frv. á bls. 21 og mundi þá flokkast undir rekstrartekjur.

[12:11]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að spyrja þingmanninn um það sem stendur í frv. heldur hitt að fá fram hjá honum hvort hann sé sammála því að veiðileyfagjald verði fært sem rekstrartekjur ef það yrði lagt á. Lítur hv. þm. svo á að þær tillögur og þær hugmyndir sem hv. þm. og fleiri hafa sett fram um veiðileyfagjald eða sölu veiðileyfa, eigi þá að færast sem skattur í væntanlegum nýjum lögum um fjárreiður ríkisins? Er það byggt þannig upp? Eða er gert ráð fyrir því og er hv. þm. sammála því að það skuli leggja á veiðileyfagjald sem nemur þeim kostnaði sem kann að verða og verði þess vegna fært á grundvelli þess frv. sem hér er til umfjöllunar? Mér finnst það afar gagnlegt innlegg í umræðuna og nauðsynlegt til að fá sem flest sjónarmið inn í þær umræður sem fram undan eru um frv. að fá þetta fram. Þau eru mörg álitaefnin sem munu verða til umfjöllunar og ég held að umræður um veiðileyfagjald geti tengst því frv. sem hér er til umræðu og þess vegna spyr ég hv. þm. um afstöðu hans.

[12:13]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem svar við spurningu hv. þm. er ég sammála þeirri uppsetningu sem kemur fram í frv. Mín skoðun er sú að það eigi að færa veiðileyfagjald sem rekstrartekjur nákvæmlega eins og ég benti á. Þær tillögur sem menn hafa nefnt varðandi upphæðir hafa legið á bilinu 500–700 millj. sem er hluti af þessum útlagða kostnaði ríkisins. Ég tel að veiðileyfagjald eigi að færa samkvæmt þessu frv. eins og hér er sett upp. Ég er sammála þeim skilgreiningum sem hér eru og að það verði þá fært sem rekstrartekjur ekki sem skattur Enda er það alveg skýrt, ef maður les skilgreiningarnar, að veiðileyfagjald er ekki skattur í þessu formi skilgreiningarinnar eins og við leggjum upp með og sem ég er sammála og byggir reyndar einnig á alþjóðlegum stöðlum.

[12:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir stuðninginn við meginatriði frv. Hann spurðist fyrir um fjármagnsútgjöld. Þannig verður farið með þau að þau verða færð utan ráðuneyta en á ábyrgð fjmrn. enda er það eðlilegt þar sem til þeirra er stofnað vegna skulda sem snerta flestöll ráðuneytin.

Í öðru lagi ræddi hv. þm. um frávik áætlana og niðurstaðna. Þetta hefur sem betur fer batnað á umliðnum árum. Það er minni munur en oftast áður. En ég tek undir það með honum að það þarf að gera grein fyrir þessu og það er hægt í greinargerð ráðherrans sem honum ber að koma með til þingsins.

Þá ræddi hv. þm. um áætlanir og fyrsta árið sem ætti að vera ítarlegra í því sambandi. Ég tek undir þetta en bendi á að líklega má búast við því að í framtíðinni, eftir svona fimm eða tíu ár, verði samþykkt fjárlög til tveggja ára og þau síðan löguð á árinu sem er á milli af því að það fer óheyrilegur tími í að samþykkja fjárlög á hverju einasta ári. Ég held að þróunin í framtíðinni verði í þá átt að samþykkja fjárlög til tveggja ára.

Þá var spurt í lokin hvort allt yrði tilbúið ef lögin tækju gildi í vor. Ég legg mikla áherslu á það að lagafrv. verði samþykkt í vor en mér finnst það hins vegar eiga að koma til skoðunar um það leyti, þ.e. þegar frv. verður til lokameðferðar, hvort gildistakan eigi að vera um næstu áramót eða þarnæstu. Það er ekki stærsta atriðið. Ég tek undir það með hv. þm. að það sem skiptir mestu máli er að vanda til verksins. Það hefur verið unnið að því í fimm ár og eitt ár til eða frá úr þessu skiptir ekki máli að mínu mati.

[12:16]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir að taka undir nokkrar af þeim ábendingum sem ég var með. Það er ekki tími til að fara yfir efnisatriði um það. Ég tek undir skoðun hans í lokin varðandi gildistökuna. Við þurfum að hugsa það mjög vandlega af því að hér er um að ræða mjög veigamikla kerfisbreytingu.

Hann vék að því að e.t.v. yrðu innan fimm til tíu ára tveggja ára fjárlög. Ég held að það sé skemmri tími í að við höfum fjögurra ára fjárlög. Það væri að mörgu leyti ágætt þegar menn hugsa fram á við í sambandi við stjórnarmyndun. Við kjósum hér á fjögurra ára fresti og e.t.v. ætti það að vera meginverkefni þeirra flokka sem mynda ríkisstjórn að útbúa fjögurra ára fjárlög áður en menn setjast að verki. Ég held að það mundi einfalda ýmislegt, alveg sama hvaða flokkar eru í stjórn. Það eru til tæki í okkar umhverfi, til allrar hamingju, sem gera það að verkum að menn geta horft nokkuð nákvæmt fjögur ár fram í tímann. Ég bendi á að það eru fyrirtæki úti í heimi sem velta margfalt á við íslenska ríkið og þeir leika sér að því að gera áætlanir til fimm eða tíu ára, nákvæmar rekstraráætlanir. Tækin eru til staðar, þetta er spurning um pólitískan vilja og ég held að... (**Fjmrh.:** Ég er ekki viss um að stjórnarandstöðunni líki þetta.) Ef hæstv. fjmrh. vildi hlusta betur á stjórnarandstöðuna, þá er ég alveg viss um að þetta verk mundi sækjast betur, en ég lít svo á að þetta frv. sé þó alla vega skref í rétta átt.

[12:18]

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 11. þm. Reykn., nefndi það í sínu máli að hann saknaði ýmissa upplýsinga í athugasemdum með þessu frv. Það er kannski ekki mitt hlutverk, hefði frekar átt að vera hlutverk hæstv. fjmrh. að minna á þessa ágætu bók, Fjárreiður ríkisins, sem ég hygg að flestir þingmenn hafi fengið og hefði kallast á mínum menntaskólaárum geysihagleg geit eða á mæltu máli mjög gagnlegt fylgiskjal því að það er hreinlega smekkfullt af upplýsingum og leiðbeiningum um hvernig sú nefnd sem að þessu vann hafði hugsað sér uppsetningu fjárlaga, flutning ýmissa sjóða og fyrirtækja úr B-hluta yfir í A-hluta, um tillögur að flokkun núverandi B-hluta aðila o.s.frv. Ég vil því taka hér með ómakið af hæstv. ráðherra og benda á þessa ágætu bók sem er mjög þægileg til þess að leiðbeina mönnum í gegnum þetta frv. og ég fagna því að það skyldi ekki allt vera prentað sem fylgiskjal núna sökum áhuga míns á því að pappír sé sparaður eftir fremsta megni.

Þetta frv. til laga um fjárreiður ríkisins á sér langan aðdraganda og er byggt á mikilli og vandaðri vinnu. Það hefur að geyma mörg atriði sem eiga sér samsvörun í eldri lögum og það byggir líka að nokkru á frv. um fjárgreiðslur ríkisins sem fjárln. vann að síðustu árin og lagði ítrekað fram, það ég best veit, hér á Alþingi, sennilega síðast árið 1994, nema það hafi eingöngu verið til umfjöllunar í nefndinni það ár. Ég er ekki alveg með það á hreinu. En hér er þó um miklu víðtækara frv. að ræða sem miðar að heildstæðari löggjöf um fjárreiður ríkisins, um ríkisreikning, um uppsetningu fjárlaga og framkvæmd þeirra, um fjáraukalög og lokafjárlög eins og þau eru kölluð hér, svo og lántökur ríkisins og sú uppsetning mundi þá koma í stað sérstakra lánsfjárlaga eins og hér hefur komið fram. Hér er um allviðamiklar breytingar að ræða sem tekur tíma að átta sig á í smáatriðum. Ég er ekki slíkur bókhaldari í mér að þetta liggi allt ljóst fyrir eftir eina yfirferð, en ég treysti mér þó til að segja það að hér sé um mjög miklar og merkilegar úrbætur að ræða.

Helstu kostirnir eru þeir að með þessu er verið að gera alla uppsetningu skýrari og skiljanlegri og færa nær því sem gerist í reikningshaldi almennt. Það virðist til þess fallið að miklu auðveldara verði með eftirlit með fjárreiðum ríkisins og einstakra stofnana og auðveldara að hafa yfirsýn yfir öll fjármál ríkisins. Það eru meginkostirnir.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að víkja því til forseta hvort ég mætti bíða eftir hæstv. ráðherra, meðan hann lýkur símtalinu. (**Fjmrh.:** Ráðherrann hlustar.) Ráðherrann er greinilega mjög fjölhæfur og getur bæði talað í síma og hlustað á mál mitt og ég verð bara að treysta því. En það sem ég ætlaði mér að segja er að það er aftur annað mál hvort með þessu tekst nokkuð betur en hingað til að koma böndum á fjárveitingagleði hæstv. ráðherra sem hefur svo oft verið gagnrýnisatriði í gegnum árin.

Vissulega eru ákvæði í IV. kafla frv. sem eiga að taka á slíku, en ég hef satt að segja ekki minnstu trú á að þau reynist neitt haldbetri en 41. gr. stjórnarskrárinnar sem vitnað er til í almennum athugasemdum á bls. 16. Þar er minnt á að það hefur lengi verið rætt um hvar mörk heimilda framkvæmdarvaldsins til fjárráðstöfunar liggja og það er vitnað til 41. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Einfaldara og skýrara getur það nú varla verið að mínum dómi, en í athugasemdum á bls. 16 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta ákvæði setur framkvæmdarvaldinu ákveðnar skorður, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi veiti fyrir fram heimildir til greiðslna úr ríkissjóði." Síðan kemur mjög athyglisverð setning sem hljóðar svo: „Almennt hefur ákvæðið verið skilið á þá leið að þar sé ekki lagt ófrávíkjanlegt bann við því að greiða úr ríkissjóði nema að fenginni heimild fjárveitingavaldsins heldur hafi það að geyma meginreglu sem fara beri eftir nema sérstakar aðstæður heimili annað."

Það er eiginlega alveg ótrúlegt og fáránlegt hvernig menn hafa leyft sér að túlka ákvæði eins og þetta sem manni finnst satt að segja ósköp einfalt og skiljanlegt og algjör óþarfi að túlka á þann veg sem gert hefur verið. Um þetta atriði segir í 33. gr., á bls. 7 í frv., þ.e. í IV. kafla, þar sem fjallað er um

A-hluta fjárlaga og um ófyrirséða greiðsluskyldu A-hluta, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði er fjármálaráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og leita heimilda til þeirra með frv. til fjáraukalaga."

Ég sé ekki, herra forseti, hvernig þetta tryggir að það verði mikil breyting hér á. Ég held að við megum búast við því í ljósi reynslunnar að mönnum takist að túlka þetta rúmt: „enda þoli hún ekki bið", og leyfir sér hreinlega að inna af hendi greiðslur af ýmsu tagi sem sannanlega þyldu bið ef að væri gáð. Sú hefur verið raunin til þessa. Ráðherrar hafa samþykkt fjárútlát af ýmsum toga og vissulega sótt um heimild til Alþingis, en oftast löngu eftir að greiðslur hafa átt sér stað og þannig hafa alþingismenn staðið frammi fyrir orðnum hlut og í rauninni ekki haft annað með málið að gera en að skrifa upp á fyrir ráðherra.

Það eru áreiðanlega ekki mörg dæmi þess að ekki sé þegar búið að eyða þeim fjárhæðum sem verið er að biðja um heimildir fyrir í fjáraukalögum. Þannig hefur þetta verið og þannig verður þetta sjálfsagt í stórum dráttum áfram svo að ég sé jafnsvartsýn og maðurinn sem sagði: Það mun sjálfsagt allt fara úrskeiðis sem farið getur úrskeiðis og hitt líka. En sá maður var reyndar afskaplega svartsýnn.

Þessi ákvæði hafa verið túlkuð afskaplega vítt og ég á alla vega eftir að sjá það hvernig menn munu túlka þessi orð „ófyrirséð atvik". Það gætu þess vegna verið sundlaug í garði sendiherra eins og dæmi eru um reyndar fyrir allmörgum árum eða að kaupa lóð undir sendiráð í Berlín í félagi við hin Norðurlöndin sem ekki væri álitið þola nokkra bið. Ég verð að endurtaka það að ég fæ ekki séð að þessi vinnubrögð batni nokkurn skapaðan hlut þótt þetta frv. yrði að lögum.

Nú væri alveg hægt að breyta þessu ef vilji væri til þess, t.d. með mánaðarlegri umfjöllun eða oftar ef brýna nauðsyn bæri til. Til þess er Alþingi að koma saman til fundar og taka á málum eftir þörfum. Með því móti einu væri hægt að ná tökum á þessu vandamáli og veita ráðherrunum meira aðhald.

Herra forseti. Ég sé svo sem ekki ástæðu til þess að fara yfir allt frv. í smáatriðum á þessu stigi málsins. Mér líst vel á það að mörgu leyti og hef trú á að það muni í flestum atriðum færa hlutina til betri vegar, uppsetning fjárlaga verði eðlilegri og greinilegri og auðveldara að ná heildarsýn yfir öll fjármálaumsvif ríkisins. Þar skipta máli ýmis atriði sem lúta að skilgreiningu ríkisaðila, stofnana og fyrirtækja og staðsetningu þeirra innan fjárlaga, svo og skarpari og víðfeðmari skilgreining ríkistekna. Einnig að fjárlög verði sett fram á rekstrargrunni með sama hætti og ríkisreikningur þannig að hægt verði að gera sér grein fyrir skuldbindingum en ekki aðeins greiðslum innan ársins og þá er til mikilla bóta að lántökur ríkisins verði felldar inn í fjárlög og þannig samræmd þinglegri meðferð ríkisfjármála.

Einnig vil ég nefna það sem mikilvægan lið í þessu máli að A-hluta stofnunum verður nú gert skylt að halda „sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins", eins og það er orðað í 15. gr. frv. en þar er ekki aðeins átt við fasteignir, heldur einnig farartæki, vélar, húsgögn, tölvubúnað og skrifstofuvélar, tæki, áhöld o.fl. Það nýmæli mun gjörbreyta aðstöðu til að fylgjast með þróun mála og gera sér grein fyrir þörf, meta þörf fyrir eignakaup og viðhald rekstrarfjármuna ríkisins, eðlilegu viðhaldi þeirra. Allt þetta ætti að stuðla að því að betur verði náð utan um þetta sameiginlega heimilishald okkar allra. Ég hlakka satt að segja til að fara betur yfir þetta mál og glöggva mig betur á einstökum atriðum þess.

Hæstv. fjmrh. leggur til að þessu frv. verði vísað til sérstakrar nefndar og mér er kunnugt um þá umræðu sem fram fór milli forsn. þingsins og formanna þingflokkanna um það hvaða meðferð málið ætti að fá. Mér er hins vegar ekki kunnugt um neina sameiginlega niðurstöðu í því efni og ég get upplýst það hér að ég og minn þingflokkur erum eindregið þeirrar skoðunar að þessu máli beri að vísa til hv. fjárln. sem síðan myndi að sjálfsögðu leita umsagnar efh.- og viðskn. sem er málið að sjálfsögðu mjög skylt. Ég vona ég fari rétt með, mér sýnist koma undrunarsvipur á hv. 14. þm. Reykv. en hún verður þá að leiðrétta mig. Ég hafði skilið það svo að við værum sammála um það að þetta væri rétti mátinn. Mér er sjálfri a.m.k. ómögulegt að sjá rökin fyrir því að stofna til sérstakrar nefndar um þetta mál og sé raunar fyrst og fremst óhagræði og hugsanlega árekstra í því fyrirkomulagi.

Þingmenn eru almennt í fleiri en einni fastanefnd þingsins og sem dæmi má nefna að sú sem hér stendur er fulltrúi í tveimur mjög starfsömum nefndum og hefur áheyrnaraðild að tveimur öðrum nefndum og er nú þar á ofan í sérnefnd sem stofnuð var um þingmál sem fram hafa komið um breytingar á stjórnarskránni eins og vaninn er víst þegar slík mál koma fram. Sú nefnd hefur að vísu ekki enn þá komið saman, hverju sem þar er um að kenna, en starf sérnefndar við það þingmál sem við ræðum hér hlýtur að stangast á við störf í fastanefndum þingsins og rugla það kerfi allt. Ég minni á að í fjárln. eiga allir þingflokkar sæti nema Þjóðvaki, sem hefur takmarkaða áheyrnaraðild og hefði að mínu mati fullan rétt til slíkrar aðildar í umfjöllun um þetta þingmál í fjárln. Ég skil því ekki þau orð hæstv. ráðherra áðan að hér gæfist tilvalið tækifæri til þess að stofna sérnefnd. Ég sé ekki að það geti verið neitt áhugamál þingmanna almennt að það sé verið að fjölga nefndum, þeir hafa nóg með þær nefndir sem fyrir eru. Ég vil því vísa því mjög eindregið til hæstv. fjmrh. að endurskoða þessa tillögu um sérstaka nefnd.

[12:34]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög ítarlega framsöguræðu með frv. til laga um fjárreiður ríkisins og fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram og til meðferðar í þinginu. Eins og fram hefur komið og hv. þingmenn vita á framlagning þessa frv. sér langan aðdraganda og heilmikla fortíð. Það er því ágætt og nauðsynlegt að víkja örfáum orðum að þeim staðreyndum. Á 112. löggjafarþingi 1989 flutti þáv. hv. fjárveitinganefnd frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði og á 116. löggjafarþingi flutti þáv. hv. fjárln. frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði. Ástæður þess að fjárln. flutti þessi frumvörp voru margar. Í fyrsta lagi var að sjálfsögðu talin nauðsyn á því að marka skýrari ákvæði í lögum um greiðslur úr ríkissjóði og auk þess var þá, eins og reyndar oft vill verða, ágreiningur á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins um meðferð mála. Það leiddi til þess að hv. fjárlaganefndarmenn tóku sig til, að sjálfsögðu í samvinnu við fleiri aðila, og lögðu fram þessi frv.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til þess sem segir hér í grg. með því frv. sem ég átti aðild að að flytja ásamt þáv. fjárlaganefndarmönnum, þeim Karli Steinari Guðnasyni, Guðmundi Bjarnasyni, Einari Kristni Guðfinnssyni, Margréti Frímannsdóttur, Jóni Kristjánssyni, Árna Johnsen,

Árna M. Mathiesen, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Gunnlaugi Stefánssyni og Guðrúnu Helgadóttur. Þessir hv. fjárlaganefndarmenn stóðu að flutningi frv. um greiðslur úr ríkissjóði sem ekki náði fram að ganga. En í grg. með frv. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar svo sem kunnugt er á þessa leið: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimilda til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar aukafjárveitingar fjmrh. tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir, enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Fyrir tveimur árum var m.a. borið fram þingmannafrumvarp er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem fram fór um þessi mál á síðasta þingi, ákvað fjárveitinganefnd að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reisti skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum."

Og síðar segir í þessari grg., með leyfi forseta:

„Niðurstöður undirnefndarinnar eru í stuttu máli þær að „aukafjárveitingar", eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum.""

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að vitna í þessa grg. með því frv. sem hv. fjárveitinganefnd flutti á sínum tíma en þar kemur fram sú gagnrýni sem höfð hefur verið uppi á undanförnum árum. En auðvitað var það og hefur verið þannig að hv. þingmenn hafa átt sinn þátt í því og e.t.v. margir hvatt og þrýst á hæstv. fjmrh. á hverri tíð að standa að aukafjárveitingum. Það er því ekki bara við hæstv. fjármálaráðherra allra tíma að sakast. Auðvitað hafa líka verið afgreidd fjáraukalög og fjárlög án þess að verulegar athugasemdir væru gerðar. Þessi gagnrýni hefur engu að síður verið til staðar og nú er henni svarað með því frv. sem hér er flutt. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að um þessi mál hefur hins vegar verið ágreiningur. Það hefur verið ágreiningur um það hvernig löggjöf skyldi háttað varðandi greiðslur úr ríkissjóði og gerð ríkisreiknings, þ.e. allar fjárreiður ríkisins. Sá ágreiningur hefur birst bæði sem ágreiningur milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins en einnig hefur komið fram, og kom fram m.a. hér í dag hjá hæstv. fjmrh., að það er ekki sami skilningur á ýmsu sem lýtur að ríkisreikningi á milli framkvæmdarvaldsins og Ríkisendurskoðunar.

Ég tel afar mikilvægt að reynt sé að hafa löggjöf um fjárreiður ríkisins sem allra skýrasta þannig að slíkur ágreiningur sé sem minnstur. Auðvitað er það þannig með mannanna verk í þessu sem öðru að við komumst aldrei að niðurstöðu sem allir eru sáttir við eða líta sömu augum. En ég tel að það frv. sem hér er til meðferðar sé mjög vel unnið. Hér er þannig að verki staðið að þingið má mjög vel við una og ber því að afgreiða þetta frv. fljótt og vel.

Ég vitnaði hér til grg. fyrrv. fjárlaganefndar eða þeirra hv. fjárlaganefndarmanna sem að henni stóðu. Ég held að það sé ágætt til upprifjunar að vitna í ræðu þáv. hæstv. formanns fjárveitinganefndar, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Hann er hér í salnum eins og vænta mátti, en hv. þm. hefur verið mikill áhugamaður um þessi mál.

Í umræðum 7. mars 1990 um frv. um fjárgreiðslur úr ríkssjóði segir hv. þm., með leyfi forseta:

„... það framkvæmdarvald sem hefur haft í sínum höndum þann möguleika að geta veitt fé úr ríkissjóði án þess að þurfa að leita lögformlegra heimilda fyrir því, mun auðvitað berjast fyrir því að þurfa ekki að láta það vald af hendi. Og andstaðan við frv. sem hér liggur fyrir markast að sjálfsögðu af því að framkvæmdarvaldið er ekki reiðubúið til þess að skila þessu fjárveitingavaldi aftur til löggjafans. Af sömu ástæðu ætti áhugi löggjafarvaldsins að vera fyrir því að Alþingi sem stofnun fái aftur það vald sem stjórnarskráin kveður á um að Alþingi sem stofnun skuli hafa. Og það skiptir í því sambandi engu máli hvaða einstaklingar það eru sem sitja á Alþingi nú eða sátu þar í gær."

Ég held að það sé út af fyrir sig ágætt og nauðsynlegt að rifja upp þessa tilvitnun í ágæta ræðu hv. þm. og þáv. formanns fjárveitinganefndar til að undirstrika að ástæðan að baki þessu frv. er tiltekinn ágreiningur á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Ég held hins vegar og vil undirstrika að það frv. sem hér er til meðferðar tekur á ágreiningnum og á að geta skapað skilyrði til þess að hann verði ekki mikill. Það er meginatriðið og aðalverkefni okkar.

En frv. er um margt mjög merkileg niðurstaða mikillar vinnu. Á undanförnum missirum og árum þegar umræða um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og fjárreiður ríkisins hefur skotið upp kollinum, þá hefur ríkisreikningsnefnd æðioft verið nefnd. Samkvæmt lögum er hún starfandi og í henni er hópur ágætra embættismanna sem hafa unnið að gerð frv. sem hér er til meðferðar. Ég tel að tillögurnar sem frv. byggir á og komu m.a. fram í mjög ítarlegri skýrslu ríkisreikningsnefndar séu í góðu samræmi við það sem frumvörpin gömlu, sem

ég hef vitnað til, gerðu ráð fyrir þó að þau tækju ekki á öllu því sem þetta frv. tekur á.

Það sem frv. leggur áherslu á kemur fram í greinargerð með því. Þar segir, með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi hafa samskipti löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins verið til skoðunar." Ég hef vakið athygli á þessu. Svo segir hérna einnig: „Í öðru lagi er ljóst, að hlutverk fjárlaga er margþætt. Hlutverk þeirra í hagstjórn getur stangast á við þjónustumarkmið þeirrar starfsemi sem ríkið starfrækir. Ákvörðun um lækkun útgjalda til þess að draga úr lánsfjárþörf ríkisins verður t.d. að fylgja eftir með samdrætti útgjalda til verkefna og rekstri stofnana. Samhæfing aðgerða er því forsenda árangurs."

Ég held að þarna hitti menn naglann á höfuðið. Fjárlögin og fjárlagagerðin hafa vissulega margþættan tilgang, en það er nauðsynlegt að leggja þunga áherslu á það að tilganginum verður ekki náð nema hægt sé að hafa eftirlit með því sem er framkvæmt. Þess vegna eru fjárlög og svo aftur ríkisreikningurinn afar mikilvægt tæki fyrir þá sem fylgjast með ríkisfjármálum, að ég tali ekki um þá sem fara með rekstur ríkisstofnana, og því er ákaflega mikilvægt að skýrar og skilmerkilegar reglur og ákvæði í lögum séu um það hvernig með skuli farið.

Ég vil nefna það hér að frv. gengur út frá því að reynt sé að færa fjárreiður ríkisins og reikningshald sem næst því sem gerist í reikningsskilum fyrirtækja. Þó að rekstur og reikningsskil fyrirtækja séu að mörgu leyti frábrugðin rekstri ríkisins og ríkisstofnana, held ég að margt megi af því læra. Það er nauðsynlegt að þetta sé sem líkast þannig að venjulegt fólk sem fylgist með reikningsgerð og rekstri fyrirtækja hafi sömu möguleika á að skilja það sem snýr að reikningsskilum ríkisins og ríkisstofnana. Þess vegna fagna ég því að reynt skuli að nálgast þá hugmyndafræði sem að baki býr við gerð reikningsskila fyrirtækja þegar frv. um greiðslur úr ríkissjóði og fjárreiður ríkisins er til meðferðar.

Ég vildi nefna af þessu tilefni og vekja á því athygli að bókhald og reikningsskil sveitarfélaga eru hins vegar nokkuð ólík þessu. Ég tel að það sé nokkur galli. Ég tel að það sé mikilvægt og í rauninni nauðsynlegt að reikningsskil sveitarfélaganna séu sem líkust því sem gerist hjá ríkissjóði. En reikningsskilum sveitarfélaganna er þannig skipt upp að þar eru rekstrarútgjöld eins og hjá ríkinu en síðan er gjaldfærð og eignfærð fjárfesting hvor í sínum liðnum. Samkvæmt frv. er allt gjaldfært hjá ríkinu á rekstrargrunni, áður á greiðslugrunni. Nú verður allt gjaldfært á rekstrargrunni en gert ráð fyrir mjög umfangsmikilli eignaskráningu sem er geysilega mikilvæg til að hægt sé að halda utan um eignir ríkisins og þær týnist ekki bara um leið og gjaldfært hefur verið. Þó að ég leggi alls ekki til að frv. verði breytt í það form sem er hjá sveitarfélögunum, tel ég að við meðferð þess væri gagnlegt að hefja umræður um það hvort ekki sé jafnframt nauðsynlegt að fá til umsagnar þá aðila sem mest og helst fjalla um reikningsskil sveitarfélaga til að læra eitthvað af þeim og einnig til að vekja athygli á því á hvaða braut er verið að fara með reikningsskil ríkisins.

Eins og fram hefur komið gerir frv. ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að horfið verður frá greiðslugrunni og uppgjör fært yfir á rekstrargrunn, bæði fjárlög og síðan að sjálfsögðu ríkisreikningurinn eins og hann reyndar hefur verið auk þess sem lánsfjárlögin eru færð inn í fjárlagagerðina. Þar með mun fjárln. fjalla um lánsfjárlögin um leið og fjárlagaafgreiðslan er þar til vinnslu. Þetta tel ég að sé afar mikilvægt og tel af fenginni reynslu við störf í fjárln. að þetta sé nauðsynleg og mjög mikilvæg breyting.

Tími minn er að verða búinn, herra forseti, og get ég þess vegna ekki að þessu sinni farið ítarlega ofan í ýmsa þætti í frv. eins og ég hefði viljað gera. En ég vil að lokum vekja athygli á því að ég tel að allra mikilvægasta markmið frv. sé að bæta möguleikana á því að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins. Ég held að frv. eins og það er úr garði gert muni auðvelda bæði framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu það eftirlitshlutverk. Ég tel það vera afar mikilvægan árangur og lýsi stuðningi við frv. og mun væntanlega fá tækifæri til að fjalla nánar um það síðar.

[12:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrír hv. þingmenn hafa rætt um 41. gr. stjórnarskrárinnar og skilning á henni. Tveir þeirra hafa gert athugasemdir, að vísu ekki síðasti ræðumaður, um skilning fjmrn. á ákvæðinu sem birtist í þessu frv. Ég vil benda á að fjmrh. verður að geta borgað skaðabætur eftir dómsniðurstöðu og ýmislegt sem upp kemur þrátt fyrir hin svokölluðu fortakslausu ákvæði stjórnarskrárinnar. Á bls. 313 í Stjórnskipun Íslands segir mjög rækilega frá því hvernig þetta ákvæði hefur verið skilið. Þar stendur að það sé orðin löghelguð venja að ganga frá málum eins og þessum með fjáraukalögum og eins og segir orðrétt á bls. 313: „Framlagning fjáraukalagafrv. eftir á, er oftast í reyndinni aðeins skýrslugerð um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, en samþykkt fjáraukalaganna felur auðvitað í sér syndakvittun ríkisstjórninni til handa."

Þetta þekkja nú lögfræðingarnir sem hafa farið í gegnum skóla hjá Ólafi Jóhannessyni, fyrrv. ráðherra og prófessor, og þannig hefur þetta verið tíðkað þannig að menn eru taldir hafa stöðuumboð rétt eins og bráðabirgðalöggjafarvaldið sem er hjá ríkisstjórn þegar þing situr ekki. Það sem hins vegar er verið að gera með þessu frv. og kom mjög vel fram hjá síðasta hv. ræðumanni, er að það er verið að skilgreina betur við hvaða skilyrði hægt er að greiða úr ríkissjóði. Ég vil því undirstrika að þetta er ekki eitthvað nýtt sem hefur komið upp hjá núverandi ríkisstjórn heldur hefur ákvæðið í 41. gr. stjórnarskrárinnar verið skilið áratugum saman þannig að nægilegt sé að biðja um fjárfestuheimildir eftir á í fjáraukalögum.

[12:57]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get eiginlega ekkert annað en tekið undir það sem hæstv. fjmrh. sagði en vil þó vitna til þess sem segir í Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjáraukalög eru jafnan samþykkt eftir á, og eru teknar upp í þau þær fjárveitingar, sem stjórnin hefur innt af hendi á liðnu fjárhagstímabili umfram fjárlagaheimild eða án heimildar í fjárlögum. Hefur þannig myndast sú venja, að heimild eftir á fyrir fjárveitingum væri nægileg, og oftlega eru þá af hendi inntar fjárgreiðslur umfram það, sem leyft er í fjárlögum, stundum í samráði við fjárveitinganefnd, en einnig oft án samráðs í því trausti, að Alþingi samþykki fjárveitinguna eftir á í fjáraukalögum. Framlagning fjáraukalagafrv. eftir á, er oftast í reyndinni aðeins skýrslugjöf um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, en samþykkt fjáraukalaganna felur auðvitað í sér syndakvittun ríkisstjórninni til handa."

Þetta sagði sá merki fræðimaður Ólafur Jóhannesson. (**KHG:** Þá er um synd að ræða.) Ég tek undir það með

hæstv. fjmrh. að tilteknar venjur hafa skapast í þessum efnum en stundum hefur verið farið langt út fyrir þær og lengra en kann að vera æskilegt. Þess vegna held ég að við eigum að sameinast um að skerpa og skýra þessi ákvæði. Ég tel t.d. að ef það kemur í ljós að það er svo gott veður tiltekinn vetur, að það megi byggja feiknalega mikið, t.d. hinum megin við Skerjafjörðinn, að þá verði farið langt fram úr fjárveitingum. Ég tel að það séu ekki þær aðstæður sem lög gera ráð fyrir. (**Fjmrh.:** En hinum megin við Kollafjörðinn?) Það má vel vera að það hafi skapast þær aðstæður hinum megin við Kollafjörðinn að þar sé alveg nauðsynlegt að byggja. En ég held að þingmönnum verði að vera þetta ljóst og ekki síst hæstv. ráðherrum. Það er aðalatriðið að hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn viti að hverju gengið er þegar um þetta er fjallað.

[12:59]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki stórvægileg athugasemd sem ég vildi gera því að ég var í flestu eða öllu sammála því sem hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði. Hann vitnaði í greinargerð með frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem flutt var á 116. löggjafarþingi. Ég vildi aðeins upplýsa hv. þm. um að þar var um að ræða orðrétta endursögn á því sem sagði í greinargerð með frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem flutt var fjórum árum fyrr. Það virðist því vera svo að hv. þingmenn sem fluttu seinna frv. hafi nýtt sér það að taka orðrétt upp greinargerð fyrra frv. Ég vildi bara hafa tilvitnunina í frumheimildina en ekki í síðari tíma afrit eða samrit og vildi því leiðrétta þetta, virðulegi forseti.

[13:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé hárrétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að það var æðimikið samræmi á milli þeirra greinargerða sem voru með frv. sem flutt var af fjárveitinganefnd 1990 og svo hins vegar því sem flutt var síðar af páv. hv. fjárln. Ástæðurnar eru þær að hlutirnir höfðu ekki mjög mikið breyst á þessum tíma. Það voru svipaðar niðurstöður sem menn komust að og svipaður vilji, þ.e. til þess að koma betri tökum á fjárreiður ríkisins og hafa þetta í skikkanlegra horfi en hlutirnir höfðu þróast í.

En aðalatriði málsins er það að halda þessu öllu til haga og vekja athygli á því að hugmyndafræðin á bak við frv. sem hér er til umfjöllunar byggir á sömu hugmyndafræði sem lá að baki þeim frumvörpum sem hv. fjárveitinganefnd og fjárln. flutti á sinni tíð auk þess sem hv. fjárln. hafði að ég held svipaða eða jafnvel sömu ráðgjafa til þess að vinna fyrir sig og sú hin fyrri nefnd hafði haft.

[13:02]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt skal vera rétt eins og hv. þm. hefur staðfest, en ég vil aðeins ítreka það sem hann sagði þegar hann vakti athygli á því að hér er ekki um að ræða eitthvert nýmæli að frumkvæði fjmrh. heldur að verulegu leyti sjö ára gamalt mál sem tekið var upp að frumkvæði alþingismanna og átti þá mjög eindregna andstæðinga í fjmrn. Nú hefur þetta frumkvæði alþingismanna borið þann árangur að fjmrn. hefur skipt um skoðun og flytur nú þær skoðanir sjálft sem það mælti hvað harðast á móti fyrir sjö árum síðan.

[Fundarhlé. — 13:03]

[13:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er afar merkilegt mál til umræðu og væri að sjálfsögðu ástæða til þess að fara ítarlega ofan í það en það hafa ýmsir ræðumenn þegar gert. Reyndar er málið þess eðlis að það kallar fyrst og fremst á skoðun í nefnd frekar en menn ræði mjög mikið um efni þess. Það eru örfá atriði sem mig langar að koma að og tengjast reyndar því sem mjög margir hafa rætt á þessum morgni og það snýr að aukafjárlögum og meðferð þeirra. En áður en ég kem að því langar mig að geta þess að ég var á fundi í morgun. Þegar þar kom fram hvaða umræður væru fram undan á hinu háa Alþingi þá komst einn fundarmaður svo að orði að þetta væri mjög gott mál því að kannski færu menn að skilja fjármál ríkisins þegar búið væri að gera þessar breytingar.

Kannski er það kjarni málsins að með frv. er auðvitað verið að færa uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars þess sem tengist ríkisfjármálunum til nútímalegra horfs. Verið er að samræma framsetninguna því sem nú tíðkast í almennu bókhaldi enda er eins og fram kemur í greinargerð tiltölulega nýbúið að fara mjög rækilega í gegnum bókhaldslög af hv. efh.- og viðskn. Það gerðist á síðasta kjörtímabili og var mjög viðamikið og stórt mál. Ég held að það sé svo sannarlega orðið tímabært að gera breytingar á ríkisbókhaldinu og styð því þetta frv.

Það er gaman að átta sig á því í fróðleiksskyni að lög um ríkisreikninga voru fyrst sett árið 1931. Síðan liðu 35 ár þar til þau lög voru endurskoðuð og ný lög sett 1966 sem eru enn í gildi. Þá liðu 30 ár þar til sú mikla breyting sem er að finna í frv. kom fram. Ég held að þetta segi nokkra sögu enda er ríkisbókhald náttúrlega ekki með þeim hætti að það eigi að gerbylta því með stuttu millibili en auðvitað á sér stað mikil þróun.

Eins og málum er nú háttað tel ég að afar erfitt sé að hafa einhverja yfirsýn yfir ríkisfjármálin. Þau koma inn á Alþingi í mörgum frumvörpum, í frumvörpum til fjárlaga, í frumvörpum til lánsfjárlaga, í skattafrumvörpum, ráðstöfunum í ríkisfjármálum o.s.frv. og einn sá þáttur sem mjög erfitt er að fylgjast með sem almennur þingmaður eru hreyfingar á eignum ríkisins. Það eru eignir sem eru keyptar og seldar og við, hæstv. fjmrh. og sú sem hér stendur, höfum rætt að það þurfi að gera betur grein fyrir því máli en samkvæmt frv. ber öllum stofnunum að halda skrár yfir eignir sínar og þær skrár verða væntanlega birtar. Jafnframt ítreka ég þá skoðun mína að það á að birta Alþingi á hverju ári yfirlit yfir þær hreyfingar sem verða á eignum og þá er ég auðvitað að tala um meiri háttar eignir, ekki sölu á tölvum eða eitthvað slíkt en við fylgjumst með því hvernig farið er með eigur ríkisins.

Áður en ég kem að þessum aukafjárlögum fagna ég þeim yfirlýsingum sem hér er að finna um að fjárlög verði samin til lengri tíma og menn reyni að horfa yfir lengri tímabil. Ég held einmitt að það hljóti að vera löngu tímabært að breyta þeim slæmu vinnubrögðum sem hér hafa tíðkast að horfa aðeins til eins árs í senn. Að vísu er misjöfn reynsla af fjögurra til fimm ára áætlunum í ýmsum löndum og við skulum ekki fara langt út í þá sálma en það hlýtur að vera hægt að gera áætlanir í ríkisfjármálum eins og annars staðar og er sannarlega þörf á breytingu.

Mig langar fyrst og fremst að koma þeirri venju sem hér hefur skapast um aukafjárlög. Ég tek undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, sem var síðastur á mælendaskrá á undan mér, að þar hefur iðulega verið gengið allt of langt. Á hverju

einasta ári hefur verið horft upp á það að ríkisstjórnir, hverjir sem þær eru, gera samninga, ákveða að kaupa hitt og þetta og taka alls konar ákvarðanir sem ná langt út fyrir ramma fjárlaga. Í umræðum um heilbrigðismálin renndi ég mér fótskriðu í gegnum aukafjárlög undanfarinna ára og þar eru þvílíkar gífurlegar upphæðir á ferðinni að þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er skoðun mín að ár eftir ár hafi menn verið með alls konar bókhaldstrikk í gangi. Það er boðað að ná eigi svo og svo miklum sparnaði sem öllum er ljóst að næst ekki vegna þess að menn eru að reyna að láta fjárlögin líta betur út, að sýna minni halla í bókhaldinu en menn vita að verður raunin.

En það sem vakir fyrir mér er fyrst og fremst hvort ekki sé hægt að breyta þessum vinnubrögðum. Væri ekki hægt að ákveða einhvers konar varasjóð á hverju ári eins og menn gera í fyrirtækjum til þess að mæta óvæntum útgjöldum og menn fari einfaldlega ekki út fyrir ramma? Í rauninni hefur framkvæmdarvaldið tekið sér ákvarðanavald langt umfram það sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvernig þessu er háttað í öðrum löndum. Ég veit ekki hvort hann getur svarað því. Ég kannast ekki við að vinnubrögð séu með þessum hætti þó að það kunni að tíðkast. Ég minni á þá miklu deilu sem hefur átt sér stað í Bandaríkjunum milli forsetans og þingsins vegna þess að þingið er þar á bremsunum. Meiri hluti þingsins tilheyrir öðrum flokki en Clinton forseti og er raunar í styrjöld við hann. En þar stöðvast einfaldlega allar greiðslur ef samþykktir liggja ekki fyrir.

Auðvitað vitum við að það getur ýmislegt komið upp á sem er ófyrirsjáanlegt eins og hæstv. fjmrh. nefndi. Það falla dómar, það geta verið skaðabætur. Ég minni t.d. á niðurstöðuna í BHMR-málinu sem kostaði ríkissjóð eitthvað á milli 300 og 400 millj. o.s.frv. Er ekki hægt að setja þessum útgjöldum ákveðnar skorður þannig að framkvæmdarvaldið gangi ekki svona langt? Við upplifum það á hverju einasta ári á Alþingi að standa frammi fyrir gerðum hlut og gefa þá syndakvittun sem hefur verið vitnað til og er einfaldlega þannig að engu verði breytt. Þar verður engu breytt.

Að lokum þótti mér það athyglisvert sem fram kom í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar um reikningsskil sveitarfélaganna og hvort ekki þarf að ríkja samræmi í bókhaldi jafnstórra aðila í fjármálum og ríkið er annars vegar og sveitarfélögin hins vegar og að bókhald sé sambærilegt hjá þessum aðilum jafnframt því að vera sambærilegt og samanburðarhæft við það sem tíðkast hjá öðrum ríkjum og fyrirtækjum almennt.

Í greinargerðinni er nokkuð komið inn á það að menn séu að reyna að horfa til framtíðar og til nútímaviðskiptahátta og menn vilji m.a. ná þeim árangri að hafa betri yfirsýn yfir ríkisfjármálin. Ég fæ ekki séð að þær breytingar verði neitt í þá átt að draga úr umsvifum ríkisins. Ég held að við þurfum að taka betur á skilum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og að setja framkvæmdarvaldinu meiri skorður en hér er gert ráð fyrir.

[13:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ég hlustaði á þingmanninn tala um eignahreyfingarnar og ætla ekki að ræða það frekar né heldur aukafjárveitingar. Ég tel varla að einhvers konar varasjóðir hjálpi okkur mikið því að ég óttast að ýmsir ágætir ráðherrar teldu að slíka sjóði ætti að nýta til verkefna eins og þessara og ég tel að það sé alltaf hættulegt að rétta mönnum litla fingurinn.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram í umræðunum að það eigi að draga úr tilefni til aukafjárveitinga. Við höfum ítrekað reynt að setja upp reglur í því sambandi og ég held að smám saman sé að vinnast nokkur sigur í þeim efnum. Þó bendi ég á að við höfum gert þær breytingar á framkvæmd fjárlaga á undanförnum árum að við höfum beitt okkur fyrir því að það megi færa skuldbindingar og heimildir á milli ára. Heimildir eru stundum ekki notaðar á viðkomandi ári. Þá vaknar spurningin hvort þurfi að nýju að sækja um heimild vegna þess að það er komið nýtt fjárhagsár. Þarna erum við á gráu svæði en ég ætla ekki að fjalla frekar um það. Það eru fjölmörg slík tæknileg atriði sem menn þurfa að kanna þegar þeir ræða um það hvort eðlilegar fjárheimildir séu fyrir hendi og geta auðvitað skekkt niðurstöðuna. Það sama á við um skuldbindingar þegar menn fara yfir fjárheimildir og skuldbindingarnar eru færðar á milli ára. Þá er spurningin hvaða áhrif það hafi á fjárlaganiðurstöðu hvors árs um sig.

Það var spurt um það hvernig þessu væri háttað í öðrum löndum. Ég þekki það ekki gjörla. Ég þekki bandaríska kerfið og þar er mikil harka. En ég held að víðast hvar sé einhver rifa fyrir stjórnvöld til að athafna sig án þess að beinar heimildir liggi fyrir. Ég minni á að áður tíðkaðist, og það tíðkast reyndar víða í öðrum löndum, að samþykkja ekki fjárlög fyrr en komið er inn á fjárlagaárið og þá þurfa menn almennar greiðsluheimildir. Það hefur stundum verið tíðkað hér á landi þannig að í öllum þessum löndum eru einhverjar heimildir. Spurningin er einungis hvar mörkin eigi að vera. Ég er sammála þeim meginviðhorfum sem hér koma fram að það eigi að hafa þau eins þröng og hægt er.

[13:46]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má heyra á máli hæstv. fjmrh. að hann reynir að vera strangur og vill ekki hafa einhverjar upphæðir svona á lausu. Eflaust er það rétt hjá honum að það yrði freistandi fyrir ráðuneytin að geta seilst í einhverja sjóði. Ég skal því draga þá hugmynd til baka, enda var ég bara að varpa henni fram. En meginmálið er auðvitað hvar mörkin eru. Ég tel að þar hafi verið gengið allt of langt á undanförnum árum. Ég vil beina því til þeirrar sérnefndar sem fær þetta mál til umfjöllunar að skoða þetta alveg sérstaklega, þ.e. 44. og 45. gr. frv., og kanna hvort ekki þarf að taka þar strangar á. Hugsanlega þurfa að vera einhverjar ákveðnar ástæður til þess að aukafjárveitingar séu leyfðar, ekki bara það að ríkisstjórninni detti í hug að gefa gjöf eða gera eitthvað gott í þágu þjóðarinnar sem þyldi hugsanlega bið.

[13:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum í dag er mjög þarft. Það hefur lengi verið unnið að því og vel af færustu ráðgjöfum.

Ég er mjög hlynntur þessu frv. og vil segja það strax. Þetta frv. færir fjárlög af greiðslugrunni yfir á rekstursgrunn sem er miklu raunhæfari viðmiðun. Ég nefni t.d. að við vorum að samþykkja fjárlög með tæplega 4 milljarða halla. En allir vita að ríkisreikningur verður með 6 eða 7 milljarða halla jafnvel þótt fjmrh. fari að einu og öllu að fjárlögum. Það er vegna þess að inn í fjárlögin vantar skuldbindingar eins og vegna lífeyrissjóða, áfallinna vaxta o.s.frv. Einnig vantar inn í það tekjur vegna þess að þar er ekki tekin álagningin heldur það sem greiðist á árinu af sköttum.

Það á auðvitað að vera markmið að fjárlögin, ef þau eru að einu og öllu leyti rétt framkvæmd, endi eins og ríkisreikningurinn, þ.e. ríkisreikningurinn verði eins og viðkomandi fjárlög voru. Það er markmið sem við ætlum að setja okkur.

Ég er með nokkrar athugasemdir við frv. T.d. það að C- og D-hluti ríkisreikningsins tekur yfir fjármálamarkaðinn. Ég sé ekki af hverju menn eru að skipta þessu upp í tvennt. Ég vildi hafa þetta í einum hluta og helst hluta sem héti núll-hluti og væri ætlað að hverfa. Ég get ekki séð hvað ríkið er að vasast í rekstri fjármálastofnana. Það á alfarið að vera hlutverk einstaklinga.

Hvað A-hlutann varðar mætti gjarnan skipta honum upp eins og hann er í dag. Það er betra að hafa þetta meira skipt heldur en minna.

Þá vil ég gjarnan ræða um gjaldfærslu fjárfestinga í A-hluta eins og talað er um í 14. gr. Ég vildi að sú nefnd sem á að skipa hugleiddi a.m.k. hvort ekki beri að eignfæra fjárfestingar í staðinn fyrir að koma með eignaskrá til hliðar, þær yrðu eignfærðar og það á markaðsvirði. Ef menn veldu að hafa eignaskrá til hliðar ætti að færa eignastöðu á markaðsverði, ekki á einhverju bókhaldsverði sem er háð kostnaði. Ég vil líka t.d. bókfæra vegi á einhverju virði, jafnvel á núllvirði. Afdalavegur er kannski einskis virði, en það ætti a.m.k. að bókfæra hann sem slíkan á eina krónu.

Hvað mat varðar kem ég að hlut sem ég vildi gjarnan ræða og ekki kemur fram beint í frv., en það er mat á skuldabréfum. Nú er það segin saga að skuldabréf sem eru með 14% vöxtum eins og barnalánið fræga er allt annað lán, allt önnur skuld en annað skuldabréf sem er með 3% vöxtum. Þegar bornar eru saman eignir og skuldir t.d. lánasjóðanna, Byggingarsjóðs verkamanna eða Lánasjóðs ísl. námsmanna, verða menn að reikna með einhverjum ákveðnum markaðsvöxtum eða einhverjum ákveðnum vöxtum til þess að fá á hreint hvers virði skuldir og eignir eru. Ég vil að sú nefnd sem um þetta fjallar taki til sérstakrar athugunar að reikna upp skuldabréf bæði til eignar og skuldar með ákveðnum vöxtum þannig að raunvirði komi fram. Lánasjóður ísl. námsmanna er t.d. í dag eignfærður upp á 16 milljarða. Ég hugsa að hann sé minna en einskis virði, sérstaklega ef tekið er tillit til hve miklar líkur eru á vanskilum lána.

Kosturinn við þetta frv. er sá að hér eru öll fjármál ríkisins komin í einn pakka og er það vel. Að sjálfsögðu er málið þannig í dag að lánsfjárlögin hafa heilmikið um það að segja hver raunverulegur halli ríkissjóðs er. Það er enginn vandi að flytja ákveðin verkefni frá ríkissjóði yfir á einhvern annan aðila með því að veita ábyrgð eða lán fyrir því en það er engu að síður opinber framkvæmd. Ég hygg því að þetta frv., ef að lögum verður, muni breyta miklu um það að sýna raunverulega stöðu ríkissjóðs og það mun hjálpa þingmönnum og öðrum til að átta sig á því hvað þeir eru í rauninni að samþykkja.

Herra forseti. Bókhaldi og áætlanagerð er ætlað að sýna og spá fyrir um ákveðinn raunveruleika. Bókhaldi er ætlað að sýna raunveruleikann, t.d. ríkisreikningi. Spá, rekstrarspá og öðru slíku, er ætlað að spá fyrir um það hver raunveruleikinn verður en slík spá eru t.d. fjárlögin. Menn breyta í sjálfu sér ekki stöðunni með því að koma með aðrar aðferðir eða mæla þessa stöðu. Halli ríkissjóðs breytist ekki þótt þetta nýja frv. verði samþykkt og verði að lögum. Það sem breytist er að við fáum nákvæmari mynd af því sem er að gerast og það er markmiðið. Hallinn verður skýrari og áþreifanlegri og við vitum hver hann er. Við vitum það ekki í dag.

Halli opinberra aðila, ríkissjóðs og sveitarfélaga, er ekkert annað en ávísun á skatta framtíðarinnar, hann er ekkert annað en skattar framtíðarinnar. Þeir sem greiða halla ríkissjóðs og sveitarfélaga eru skattgreiðendur framtíðarinnar og ég vil benda á að vextirnir sem við borgum af skuldum ríkissjóðs í dag eru um 15 milljarðar. Það er meira eða svipað og öll húsbréfaútgáfan á síðasta ári þannig að hv. þingmenn sjá hvað staðan er orðin hættulega slæm. Við getum fjármagnað allar húsbyggingar á Íslandi bara með vöxtunum af erlendum skuldum ríkissjóðs eða skuldum ríkissjóðs.

Það kemur til álita og mætti kannski skoða það í þeirri nefnd sem um þetta fjallar að lögbinda hámark á heildarskuldastöðu ríkis og sveitarfélaga þannig að við séum ekki að leggja óvart of miklar byrðar á borgara og skattgreiðendur framtíðarinnar. Ég vildi gjarnan ræða það hvort þessi halli megi fara umfram ákveðin mörk og ég vildi gjarnan að það yrði skoðað hvort það eigi yfirleitt að leyfa sveitarfélögum að hafa halla.

Auðvitað má segja að halli ríkissjóðs er lögbundinn á hverju ári með fjárlögum en það sama á ekki við um halla sveitarfélaganna, hann er ekki lögbundinn. Og þar sem það eru ekkert annað en skattar framtíðarinnar þá held ég að það komi vel til álita að skylda sveitarfélög að vera alltaf rekin jákvæðu megin, þ.e. hallalaus.

Í þessu frv. er nýmæli sem er mjög til bóta en það er ábyrgð forstöðumanna ríkisfyrirtækja. Þeir bera ábyrgð á því að fjárlögum viðkomandi stofnana sé hlýtt. Þetta er í 50. gr. Þeir bera ábyrgð á því að fjárráðstafanir þeirra stofnana og fyrirtækja sem undir þá heyra séu í samræmi við heimildir. Þetta er mikil breyting og ef þessu verður beitt af festu, ætti það að koma í veg fyrir það ástand sem við upplifum í dag, þ.e. að fjárreiður stofnana eru nánast bara helst til viðmiðunar eða allt að því bara brandari miðað við það sem menn fara svo eftir.

Hér hefur nokkuð mikið verið rætt um sérnefnd eða ekki sérnefnd, hvort það eigi að vísa þessu til fjárln. eða efh.- og viðskn., hvort því verði vísað til fjárln. og hún vísi því aftur til efh.- og viðskn. Mér finnst þetta vera það stórt mál og varði báðar þessar nefndir það mikið að ég er hlynntur því að stofnuð verði sérnefnd sem um þetta mál fjallar. Þannig fá þeir hv. þingmenn sem áhuga hafa á því að fjalla sérstaklega um þetta mál tækifæri til þess.

[13:56]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hjá ýmsum öðrum þeim sem tekið hafa til máls við þessa umræðu er hér um að ræða mál sem á sér mjög langan aðdraganda. Hv. fjmrn. hefur staðið í deilum árum saman við tvo aðila sem koma að ríkisfjármálum. Það er annars vegar fjárveitingavaldið sem á lögum samkvæmt að hafa það vald með höndum og hins vegar Ríkisendurskoðun sem kemur að málinu hinum megin frá ef svo má segja og á að gefa umsögn og fara yfir ríkisfjárreiðurnar. Það eru mörg ár síðan deilur á milli þessara tveggja aðila við framkvæmdarvaldið hófust og það má segja að með því frv. sem nú er lagt fram sé fjmrn. að gangast við því að báðir þessir aðilar hafi í verulegum atriðum haft rétt fyrir sér og sé að rétta fram sáttarhönd. Þar er ég ekki endilega að tala um það ráðuneyti sem starfað hefur undir stjórn Friðriks Sophussonar, hæstv. ráðherra, heldur fleiri fjármálaráðherra. Hv. ráðuneyti hefur loks látið undan síga í þessum deilum og tekið þá ákvörðun að ganga til sátta við báða þessa aðila með því frv. sem hér er flutt.

Mér er mætavel kunnugt um deilurnar sem voru á milli Ríkisendurskoðunar annars vegar og fjmrn. hins vegar og þann þátt sem þar var tekist á um. Þær deilur náðu m.a. hingað inn í Alþingi og þar á meðal inn í þingflokk hæstv. fjmrh. og nefni ég þar sérstaklega til sögunnar hv. þm. Pálma Jónsson. En mér er ekki grunlaust um að það hafi verið látið vera að taka til afgreiðslu fjáraukalagafrv. fyrir árið 1994 og beðið með það fram yfir kosningar til þess að forðast að þær deilur kæmu upp á yfirborðið sem voru innan þingflokks Sjálfstfl., á milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Pálma Jónssonar.

Mér er einnig kunnugt um að deilurnar voru m.a. til umfjöllunar í ríkisreikningsnefnd og eftir þessar áralöngu deilur hefur fjmrn., ég bið hv. þingmenn að gæta þess að ég segi fjmrn. en ekki fjmrh. vegna þess að deilurnar stóðu á milli fjmrn. og þessara stofnana undir verkstjórn margra fjármálaráðherra, tekið þá ákvörðun að ganga til samkomulags í málinu og tekið tillit til flestra þeirra athugasemda sem komu fram frá Ríkisendurskoðun og voru til umfjöllunar í ríkisreikningsnefnd og í þingflokki Sjálfstfl. árum saman. Það er auðvitað gott en hefði mátt gerast fyrr. Þetta mál er því ekki hingað komið að frumkvæði fjmrn. heldur til lausnar á margra ára deilum sem fjmrn. átti í við eftirlitsaðila annars vegar og við fjárveitingavald hins vegar.

Þessar deilur við fjárveitingavaldið, svo að ég snúi mér að þeim þætti málsins, leiddu hins vegar til þess að árið 1989 setti þáv. fjárveitinganefnd á fót sérstaka undirnefnd til þess að gera tillögur um reglur sem reisi skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið var í fjárlögum. Í þessari nefnd áttu sæti auk mín Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefndin varð sammála um tillögur og lagði þær síðan fyrir fullskipaða fjárveitinganefnd sem samþykkti niðurstöður undirnefndarinnar með lítilvægum breytingum. Síðan var lagt fram á Alþingi 1989, eða fyrir rúmum sex árum, frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem flutt var af öllum fjárveitinganefndarmönnum í neðri deild og stutt af þeim fjárveitinganefndarmönnum sem áttu sæti í efri deild. Hér var því þverpólitísk samstaða milli fjárveitinganefndarmanna í þinginu, manna úr öllum flokkum, um að leggja til tilteknar breytingar á framkvæmd fjárlaga. Það eru því öfugmæli, ef eitthvað er, sem sagt var í leiðara Morgunblaðsins ekki alls fyrir löngu að hér væri um merkilegt frumkvæði og tímabært að ræða frá hæstv. fjmrh. um flutning þessa máls.

Það er mjög umhugsunarvert að velta fyrir sér viðbrögðum fjmrn., og enn segi ég fjmrn. af því að þá var það undir verkstjórn annars ráðherra en nú situr, við þessu frv. sem flutt var 1989. Það má segja að framkvæmdarvaldið hafi risið upp á afturfæturna og krafist þess að afgreiðsla málsins yrði stöðvuð á Alþingi. Þá háttaði þannig til að einn af stuðningsmönnum málsins á þeim tíma var sá þingmaður sem nú situr í stóli fjmrh. E.t.v. er skýringin á því að fjmrn. hefur nú beygt af sinni fyrri leið að hann er kominn til verkstjórnar í fjmrn. og vil ég leyfa mér að vona að svo sé. Miðað við þau harkalegu viðbrögð sem framkvæmdarvaldið sýndi þegar þetta frv. kom til umræðu er mjög athyglisvert að sjá að í IV. kafla þessa frv. um fjárreiður ríkisins, sem fjallar um framkvæmd fjárlaga, eru teknar upp hvorki meira né minna en orðréttar greinar úr því frv. sem flutt var árið 1989 og fjmrn. ætlaði, ef ég má orða það svo, að ganga af göflunum yfir.

Í 29. gr. frv. er t.d. tekin upp orðrétt 1. mgr. 3. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði frá árinu 1989. Þar er ekki breytt einum stafkrók, heldur tekin orðrétt upp tillaga þáv. fjárveitinganefndar sem fjmrn. lagðist harkalegast gegn á árinu 1989.

Í 31. gr. frv. til laga um fjárreiður ríkisins er tekin upp svo að segja orðrétt 4. mgr. 3. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði frá 1989. Í 34. gr. í IV. kafla frv. til laga um fjárreiður ríkisins er tekið upp svo til orðrétt ákvæði 2. gr. í frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem flutt var árið 1989, en sú grein fjallar um gerð kjarasamninga. Það eina sem þar er fellt niður er að kjarasamningar skuli undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis, en að öllu öðru leyti er greinin tekin orðrétt upp.

Í fjórða lagi var í sérákvæði 3. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði kveðið á um hvernig fara skyldi að eða hvaða skilyrði skyldu fylgja því að ríkisstjórn eða ríkisstofnun þiggi gjöf sem ríkissjóði eða ríkisstofnun er boðin. Þessi ákvæði eru tekin upp orðrétt í 36. gr. umrædds frv. sem hæstv. fjmrh. flytur nú.

Í fimmta lagi eru ákvæði í 10. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem flutt var árið 1989 þar sem fjallað er um í hvaða tilviki falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð og hvernig með skuli fara. Þau eru tekin upp því sem næst orðrétt í 33. gr. núverandi frv. um fjárreiður ríkisins að öðru leyti en því að fellt er út að hæstv. ráðherra skuli leita samþykkis fjárveitinganefndar fyrir slíkum greiðslum svo og að fjmrh. skuli leita umsagnar ríkislögmanns. Þetta finnst mér hvort tveggja eðlilegt að setja aftur inn í greinina þannig að hún verði eins og hún er upphaflega orðuð og ljóst sé að ríkislögmaður álíti að um sé að ræða greiðsluskyldu sem fallið hafi á ríkissjóð og ríkissjóði beri að greiða. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að hæstv. fjmrh. leiti a.m.k. samstarfs við fjárveitinganefnd Alþingis um slíkar greiðslur.

Þá er í sjötta lagi tekið upp ákvæði úr 3. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði þar sem ákveðið er að ríkisstofnunum sé heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sínar svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annað og söluandvirðinu skuli skilað í ríkissjóð nema fjmrh. heimili ríkisstofnunum að ráðstafa því til endurnýjunar á búnaði. Þetta er einnig tekið upp úr sex ára gömlum tillöguflutningi sem þáv. fjárveitinganefnd beitti sér fyrir á Alþingi en fjmrn. reis þá öndert gegn.

Í sjöunda lagi eru tekin upp öll efnisatriði í umræddu sex ára gömlu frv. sem fólust í 5. gr. um að fjmrh. geti heimilað ríkisfyrirtækjum sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu vöru og þjónustu að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins. Þessi ákvæði eru í 41. gr. frv. hæstv. fjmrh. Þannig er fjmrn. búið að taka upp í þetta frv. hverja greinina á fætur annarri, sumar alveg orðréttar, úr því frv. sem lagt var fram á Alþingi af öllum fjárveitinganefndarmönnum fyrir sex árum og átökin stóðu þá um á milli fjmrn. og fulltrúa löggjafarvaldsins í fjárveitinganefnd Alþingis. Vissulega eru það ánægjuleg tíðindi að þetta skuli hafa gerst, að eftir áralöng átök við þá aðila sem standa sitt hvorum megin við fjmrn. í sambandi við meðferð ríkisfjármála skuli þetta hafa fengist í gegn. En að þetta sé gert núna fyrir frumkvæði fjmrn. sem eitthvert sérstakt tímamótaverk er eitt mesta öfugmæli sem sagt hefur verið á opinberum vettvangi á Íslandi. Það er ekki svo, þótt fjmrn. eigi þakkir skildar fyrir að taka þessi mál upp til úrlausnar sem það beitti sér gegn á sínum tíma. Og ekki ætla ég að

draga úr því að hæstv. núv. fjmrh. eigi þar góðan hlut að máli, enda var hann, eins og ég sagði, fylgjandi ýmsum atriðum í frv. sem við fluttum nokkrir alþingismenn fyrir sex árum.

Það eru hins vegar nokkur atriði sem ég vil leggja áherslu á sem voru í frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem ekki er að finna í frv. hæstv. fjmrh. Mér finnst ástæða til að þau séu sett inn í frv. Í fyrsta lagi tel ég rétt að í fyrstu grein IV. kafla, sem er 29. gr. frv., sé ítrekuð sú stefna sem fram kemur í stjórnarskrá lýðeldisins, þ.e. að greiðslu úr ríkissjóði megi ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað, með þeim undantekningum þó sem síðan er skýrt kveðið á um í viðkomandi kafla laganna. Einnig að hvers konar samningar sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki umfram heimildir fjárlaga séu óheimilir nema að fenginni heimild í fjárlögum eða öðrum lögum. Ég tel rétt að taka þetta fram til þess að taka af öll tvímæli og árétta enn frekar þá stefnu sem fram kemur í stjórnarskrá lýðveldisins um hvernig með skuli fara.

Í öðru lagi finnst mér eðlilegt í því tilviki að talið sé að falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift er að sjá fyrir og ekki hafi verið hægt að gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, svo sem eins og ef dómur fellur í skaðabótamáli á ríkið, þá sé það skilyrði fyrir greiðslu að álit ríkislögmanns liggi fyrir þar um, að haft sé samráð við fjárveitinganefnd um greiðsluna þannig að henni sé um hana kunnugt og síðast en ekki síst að beiðni um greiðsluna berist frá viðkomandi ráðherra. Það eru dæmi um að fjármálaráðherrar, þar vísa ég til fyrri tíma, mér er ekki kunnugt um neitt dæmi í tíð núv. hæstv. fjmrh., hafi ákveðið greiðslur í slíku tilviki án þess að beiðni hafi borist um það frá viðkomandi fagráðherra og jafnvel án þess að viðkomandi fagráðherra hafi haft hugmynd um að greiðslan hafi átt sér stað. Því tel ég eðlilegt og sjálfsagt að bætt sé inn í þetta frv. ákvæði um að svona greiðslur skuli vera því háðar að það sé haft um það samráð við fjárveitinganefnd, að álit ríkislögmanns liggi fyrir um óhjákvæmilega greiðsluskyldu og að beiðni berist frá viðkomandi fagráðherra sem er ábyrgur fyrir málaflokknum.

Í öðru lagi legg ég áherslu á að inn í þennan kafla sé bætt ákvæði sem er í 6. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði frá 1989. Þar er gert ráð fyrir að ákvæði laga og reglugerða sem hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð og ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs öðlist ekki gildi fyrr en Alþingi hafi samþykkt fjárveitingu til þeirra útgjalda í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það kemur t.d. í veg fyrir að Alþingi geti samþykkt lög eftir afgreiðslu fjárlaga sem öðlast kunna gildi á viðkomandi ári og hafa í för með sér fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem aldrei hafa verið afgreiddar á fjárlögum. Ef Alþingi afgreiðir slík lög er eðlilegt að greiðsluskylda samkvæmt þeim eigi sér ekki stað fyrr en á næsta ári eftir gildistöku laganna, eftir að hægt hefur verið að fjalla um þau við fjárlagagerð Alþingis. Eða, ef mikið liggur við, að greiðslur séu þá inntar af hendi samkvæmt fjáraukalögum sem hæstv. fjmrh. leggur fyrir Alþingi hverju sinni. Sú aðferð sem viðhöfð hefur verið er í hæsta máta óæskileg, þ.e. að mánuðina eftir afgreiðslu fjárlaga sé verið að afgreiða lög á hinu háa Alþingi sem leggja skuldbindingar á ríkissjóð sem aldrei hefur verið fjallað um í tengslum við fjárlagaafgreiðslu. 6. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði gerði ráð fyrir að á þessu yrði tekið með þeim hætti sem þar var lýst og ég tel nauðsynlegt að það verði tekið upp.

Með sama hætti held ég að nauðsynlegt sé, vegna þeirrar reynslu sem alþingismenn hafa fengið í samskiptum við fjmrn. um langan tíma, að inn séu tekin atriði sem voru í 7. gr. frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði frá árinu 1989. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er óheimilt án sérstakrar lagaheimildar að fresta greiðslu á stofn- og fjárfestingarframlögum samkvæmt fjárlögum svo og greiðslu hvers konar styrkja nema að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Sé talið nauðsynlegt að fella framlög af þessu tagi niður skal heimildar þar að lútandi aflað í fjáraukalögum."

Þegar fjárlög eru afgreidd gera þeir aðilar sem hljóta annaðhvort styrki eða framlög til stofnframkvæmda, sem eru t.d. í samvinnu við ríkissjóð um framkvæmdir, ráð fyrir því að geta treyst á þá afgreiðslu Alþingis eftir að fjárlög hafa verið gefin út og gera ráðstafanir sínar í samræmi við það. Það hefur hins vegar iðulega gerst að fjármálaráðherrar hafa tekið þá ákvörðun að greiðslan skuli ekki fara fram hvað sem segir í fjárlögum og henni sé annaðhvort frestað eða hún jafnvel felld niður. Þetta getur raskað mjög verulega hag þeirra sem hafa treyst á afgreiðslu fjárveitingavaldsins að þessu leytinu til. Þau atriði geta komið upp að óskynsamlegt sé að reiða þessa fjármuni af hendi, ég neita því ekki, þannig að talið sé eðlilegt að fresta greiðslum þeirra af einhverjum ákvæðum, t.d. seinlæti verktaka eða vegna þess að verktaki sinni ekki störfum sínum eins og skyldi. Þá er full ástæða til þess að hæstv. fjmrh. hafi um það samráð við fjárln. Alþingis sem lagði til að þessar greiðslur yrðu inntar af hendi í fjárlögum og fékk þá tillögu samþykkta svo að maður tali ekki um ef ákveðið er að fella slíkar greiðslur alfarið niður þá á auðvitað að gera það af Alþingi en ekki af fjmrh. einum. Ég tel að þetta ákvæði þurfi einnig að koma inn í IV. kafla umræddrs frv. og óska eftir því að sú nefnd sem fær málið til afgreiðslu skoði þetta sérstaklega. Þetta eru má segja einu atriðin sem standa eftir í frv. frá 1989 sem fjmrn. hefur ekki seint og um síðir tekið að sér að flytja í því frv. sem hér liggur fyrir. Ef þessi atriði eru tekin inn má segja að frv. frá 1989, sé orðið að lögum. Frumkvæðið var frá Alþingi, framkvæmdin er í höndum fjmrn.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að tefja þessar umræður lengi. Ég hef reynt að koma til skila sjónarmiðum með því að veita andsvar beint við ræðum hv. þingmanna sem allir hafa lýst yfir stuðningi við meginmarkmið þess frv. sem hér er til umræðu.

Ræða hv. síðasta ræðumanns gefur mér þó tilefni til þess að minnast á nokkur atriði við lok umræðnanna til þess að skýra kannski betur tilurð frv. og eins þá árekstra sem hafa verið uppi milli ýmissa aðila varðandi fjárreiður ríkisins. En áður en að því kemur vildi ég láta þess getið vegna ummæla hv. þm. Péturs H. Blöndals að það er að sjálfsögðu ekki vilji flutningsmanns eða ríkisstjórnar að halda úti bankastarfsemi hjá ríkinu. Það felst ekki í þessu frv. Það er alveg sérstakt mál og á því verður tekið annars staðar. Ástæðan fyrir því að menn skipta fjárlögunum og ríkisreikningi upp í þá hluta sem um er að ræða í þessu frv. er sú að hér er farið eftir flokkun sem hefur m.a. verið búin til hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en þar er þessum fyrirtækjum raðað upp þannig að í fyrsta lagi er um að ræða ríkissjóð eða ríkisstofnanir. Í öðru lagi opinber fyrirtæki sem eru ekki fjármálalegs eðlis og svo aðrar stofnanir bankalegs eðlis, á ensku „other

bank like institutions". Í D-hlutanum eru það peningayfirvöld eins og seðlabankar og viðskiptabankar og sparisjóðir og fjármálastofnanir sem eru ekki bankar. Þetta er skilgreining eða flokkun IMF eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og til samræmingar er svo tekið upp í þetta frv. þannig að það er ekki verið að lýsa vilja ríkisstjórnarinnar heldur einungis flokkunartillaga. Þetta vildi ég láta koma fram fyrst.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi nokkuð um 41. gr. stjórnarskrárinnar sem hefur reyndar verið gert áður í þessari umræðu. Ég ætla ekki að endurtaka allt það sem hér hefur verið sagt, einungis benda á að um þessi mál er mjög mikið fjallað í bók Ólafs Jóhannessonar prófessors, Stjórnskipun Íslands, sem talin hefur verið eins konar biblía til skýringar stjórnarskránni. Á bls. 310–313 er fjallað um þegar lög eru samþykkt sem stangast á við fjárlög og skyldu fjmrh. til að fara að fjárlögum. Þar er sagt réttilega frá því að það hefur venjulega verið skilið þannig þegar lög hafa verið samþykkt sem gera ráð fyrir útgjöldum án þess að gert sé ráð fyrir þeim í fjárlögum þá sé leitað heimilda í fjáraukalögum síðar rétt eins og þegar um útgjöld er að ræða sem ráðherra hefur efnt til. Nýjasta dæmið sem ég man um þetta var Vestfjarðaaðstoðin en lög um hana voru samþykkt á sínum tíma eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt. Það var talið og er talið heimilt að greiða út þá fjármuni þótt þeirra væri ekki getið í fjárlögum en fjmrh. um leið skylt að sækjast eftir slíkri heimild í fjáraukalagafrv. haustið eftir. Nú vildi svo til ef ég man rétt að í þessu tilviki var ekki farið að greiða út fjármunina og var það ekki gert fyrr en síðar en það hefði ekki breytt neinu því að vilji Alþingis var talinn liggja fyrir.

Þetta vildi ég að kæmi fram af því að mér heyrist stundum eins og hv. þingmenn telji stjórnarskrána vera fortakslausa. Ég hef varað mjög við þeim skilningi þó að ég taki undir þau sjónarmið sem hafa komið mjög ríkulega fram í máli hv. þingmanna að auðvitað ber að fara með þessar heimildir af mikilli gát og reyna að fækka þeim sem mest, þ.e. fjáraukalagaheimildum, og að skilgreina eins og gert er í frv. hvenær og við hvaða tilefni megi grípa til slíks þannig að ég held að frv. sé til bóta hvað þetta snertir.

Hv. þm. kom í ræðustólinn fyrst og fremst til þess að benda á að hann hefði ásamt samstarfsmönnum sínum í fjárveitinganefnd á sínum tíma átt allan heiðurinn af þessari vinnu eða a.m.k. bróðurpartinn og nú hefði hann sigrað í baráttunni sem til var stofnað 1989 við fjmrn. Ekki ætla ég að draga úr sigri hv. þm. Menn verða að hrósa sér af einhverju, sérstaklega þegar ekki er af miklu að státa á öðrum sviðum en ég vil bara minna á að í þessu frv. er ... (**Gripið fram í:** Getur ekki þingmaðurinn skýrt hvað hann á við?) Nei, hann kærir sig ekkert um það að skýra þetta frekar enda er þetta mælt fram í fullri vinsemd og reyndar í sams konar hálfkæringi og ég skildi að ræða hv. ræðumanns hefði verið þegar hann fjallaði um þessi mál enda þekkjumst við ágætlega, ég og hv. þm., og ég veit alveg svo sem hvert hann var að fara.

Málið snýr þannig að fjmrn. að í þessu frv. er farið bil beggja. Ákveðið er að stilla upp fjárlögum sem aðalreglu á rekstrargrunni eins og ríkisreikningi hefur verið stillt upp á undanförnum árum. Það hófst með ríkisreikningi 1989 sem var reyndar ekki afgreiddur á Alþingi fyrr en mörgum árum seinna eftir að ég kom í fjmrn. Það kom því í minn hlut að ganga frá þeirri breytingu sem var ákveðin á tímabili hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að sýna greiðslugrunninn eða greiðslustreymið enda hefur það oft afgerandi áhrif á þjóðarhag á hverjum tíma því að greiðsluhreyfingarnar hafa þýðingu en ekki skuldbindingarnar í sjálfu sér, t.d. ef við lítum á vexti og önnur áhrif sem ríkisfjármálin geta haft á þjóðarhag og efnahagsmál þannig að hér er farið bil beggja.

Þá rifjaði hv. þm. upp deilur sem hefðu oft orðið út af fjárreiðum ríkisins og vissulega hefur það verið svo löngu áður en ég kom í ráðuneytið eins og hann rifjaði einnig upp. Hann dró inn í umræðuna deilur okkar Pálma Jónssonar, fyrrv. alþm. Þær snerust ekki um greiðslugrunn og rekstrargrunn. Þær snerust um hvort færa hefði átt á árinu 1991 eða 1992 afskriftir vegna framkvæmdasjóðs og annarra atriða. Deilan stóð nánar tiltekið um það hvort ákvörðun Alþingis í atkvæðagreiðslu ætti að ráða sem tímapunktur eða hvort fjmrn. eða viðkomandi stjórnvöld mættu láta afskriftina koma fram þegar skuldin var sannanlega töpuð, þegar lánið var sannanlega tapað. Það stóð þannig á í þessu tilviki að afgreiðslu lánsfjárlaga var frestað yfir áramót, 2. og 3. umr. var frestað yfir áramót. Ég held að flestallir sem komu nálægt þessu máli væru sammála því að afskriftin átti að koma fram á árinu 1991 en ekki 1992 en deilan stóð um það milli mín og hans á hvoru árinu ætti að framkalla afskriftirnar. Hins vegar er rétt að þetta hefur áreiðanlega verið eitt af þeim atriðum sem hefur tafið afgreiðslu ríkisreikninga í gegnum tíðina. Mér er það reyndar óskiljanlegt því að nefndin hefur oftar en einu sinni afgreitt málið frá sér en ekki gefist tími til þess í þinginu að afgreiða málið endanlega.

Hitt er svo annað mál að önnur deila hefur stundum sett svip sinn á ríkisfjármálin og það er einmitt deila um greiðslugrunninn annars vegar og rekstrargrunninn hins vegar. Ég hef alltaf sagt að báðar þessar aðferðir séu gildar til síns brúks. Gagnrýni mín hefur verið í því fólgin að segja að ekki sé hægt að meta árangur fjárlaganna sem eru sett fram á greiðslugrunni með mælikvarða á rekstrargrunni þannig að ekki er hægt að bera þessa tvo grunna saman og segja: Mönnum hefur mistekist af því að það kemur í ljós að skuldbindingar hafa komið fram, af því að vextir hafa fallið á, vegna þess að afskrifaðar hafa verið útistandandi eignir í sköttum o.s.frv. Krafan sem ég hef gert er sú að meðan fjárlög eru á greiðslugrunni eigi gagnrýnin og matið að vera á þeim sama grunni. Í allri þessari vinnu var spurningin alltaf þessi: Hvenær á rekstrargrunnurinn að koma inn í myndina? Allir voru sammála um að það ætti að vera í ríkisreikningnum. Spurningin var: Átti það að vera í fjárlögunum sjálfum, við fjáraukalagaafgreiðsluna eða í ríkisreikningnum? Lengi töldu menn eðlilegt að breytingin ætti sér stað við lokafrágang fjáraukalaganna en hérna varð niðurstaðan sú að setja fjárlögin upp á rekstrargrunni en birta jafnframt hvernig greiðslustreymið ætti að vera á því ári. Það er því farið bil beggja svo að það sé alveg skýrt. (**JBH:** Hæstv. fjmrh. vill ráða gagnrýninni.) Það hefur hv. þm. alltaf vitað. Ég hélt að fyrrv. samstarfsmaður minn, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem hefur reynslu úr fjmrn. í nokkra mánuði vissi að það liggur í hlutarins eðli að við viljum ráða gagnrýninni. Ég er hissa á því að heyra svona spurningar frá hv. þm.

Síðan gerði hv. þm. heilmikið úr hlut sínum og samstarfsmanna sinna og ég ætla ekki að rýra þann hlut neitt. En ég held þó að við verðum að viðurkenna það báðir, ég og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að það var Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 8. þm. Reykn., sem hleypti þessari vinnu af stað og það verður varla af honum tekið. Það gerðist 1990. (**Gripið fram í:** Þrátt fyrir góðan vilja formanns fjárln.) Já,

þrátt fyrir góðan vilja fyrrv. formanns fjárveitinganefndar og núv. fjmrh. komumst við ekki fram hjá þessari staðreynd að þar hófst starfið. Hitt er svo annað mál sem ugglaust er rétt að tillöguflutningur hv. alþm. 1989 hafði sín áhrif. Ég býst við að ágreiningurinn um það að samþykkja lögin á þeim tíma hafi verið um það að mönnum þótti ekki eðlilegt að taka þennan eina þátt út úr. Ég man það ekki gjörla. Ég vil benda hv. þm. á að þess er mjög vandlega getið á bls. 16 í frv. Þar segir neðst á blaðsíðunni í greinargerðinni að alþingismenn hafi flutt tillögur fyrir nokkrum árum, það var sem sagt ekki eingöngu 1989 heldur líka síðar, og þær hafi að meginstofni til verið teknar upp í þetta frv. þannig að því er mjög vel til haga haldið. Sjálfsagt er að geta þess að einn af þeim sem á hrós og heiður skilið fyrir að hafa lagt þessu máli lið og jafnvel stofnað til þess á sinn hátt er einmitt hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þáv. formaður fjárveitinganefndar. Auðvitað hefur svo margt fleira bæst við, sumt að mínu viti kannski umfangsmeira og viðameira en framlag þeirra fjárveitinganefndarmanna.

Ég hef, virðulegi forseti, aðeins fjallað um þessa þætti sem auðvitað eru ekki stærsta málið. Aðalatriðið er að frv. sjálft fái efnislega umfjöllun. Ég hélt að það væri sæmileg sátt um að efna til sérnefndar um málið. Það er heldur ekki stórmál. Ef menn vilja endilega láta fjárln. fá málið kemur það vel til greina. En ég hélt satt að segja að það væri góð sátt um sérnefnd.

Ég vil að lokum nota tækifærið til að segja það sem ég minntist ekki á í framsöguræðu minni. Það er full ástæða til að þakka ríkisreikningsnefndinni fyrir þessa vinnu sem tekið hefur mörg ár, en það er líka vel að henni staðið. Í henni sátu fulltrúar Ríkisendurskoðunar, Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, Hagstofunnar og Ríkisbókhalds auk fjmrn. Ég tel að þeir hafi lokið góðu verki og nú sé kominn tími til að hv. alþm. fari yfir frv. og leggi í púkkið þannig að útkoman verði okkur öllum til sóma og að fjárreiður ríkisins muni framvegis markast af þeim vilja að þær eigi að sýna glöggt og skýrt hver staða ríkisfjármálanna er á hverjum tíma og hvaða stefna sé ríkjandi.

Að svo mæltu vil ég ítreka þakkir mínar fyrir undirtektir við málið í dag.

[14:33]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Um hæstv. fjmrh. mætti segja eftir þessa ræðu: „Lítillátur, ljúfur, kátur, leikur ei úr máta.“ Ef taka ætti orð hans bókstaflega væri þetta frv. eiginlega öllum öðrum að þakka en honum, hans helsta framlag til þessa hafi verið að standa ekki gegn því að sú vinna færi fram sem aðrir hefðu ákveðið að hæfist. Ég held satt að segja, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. eigi meiri heiður af málinu en bara það að hafa ekki stöðvað framgang þess máls sem vinna var hafin við í hans tíð. Hans skoðanir hafa komið talsvert fram í þessu máli. Ég tel mig vita það fyrir víst þar sem hann var stuðningsmaður frv. fræga sem fylgt var úr hlaði árið 1989. Það sýnir að viðhorf hans hafa haft talsvert með það að gera að sú niðurstaða varð sem orðin er. En með þessu frv. má segja að samin hafi verið sátt á milli fjmrn., þ.e. framkvæmdarvaldsins, Ríkisendurskounar og ríkisreikningsnefndar og fjárveitingavaldsins, en ég vildi samt sem áður gjarnan sjá þau atriði inni í frv. sem ég tiltók hér áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:34]

Útbýting þingskjala:

Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi, 318. mál, fsp. EKG, þskj. 560.

Fjárfesting Íslendinga erlendis, 319. mál, fsp. EKG, þskj. 561.

Tóbaksvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.). — Þskj. 554.

[14:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Ég vil, með leyfi forseta, hefja þessa umræðu á því að lesa upp fyrir hv. þingmenn nokkrar þær viðvörunarmerkingar sem samkvæmt alþjóðlegum samþykktum eru birtar á tóbaksvarningi. Merkingarnar eru byggðar á læknisfræðilegum staðreyndum:

„Reykingar valda krabbameini. Reykingar valda hjartasjúkdómum. Reykingar valda banvænum sjúkdómum. Reykingar þínar eru heilsuspillandi fyrir þá sem nálægt þér eru. Ef þú hættir að reykja dregur þú úr líkum á alvarlegum sjúkdómum. Reykingar valda fíkn. Verndið börnin. Látið þau ekki anda að sér tóbaksreyk.“

Framangreind orð eru rituð á tóbaksvörur sem dreift er um alla Evrópu samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins. Þeir sem flytja inn og dreifa tóbaki hér á landi hafa undirgengist að þær séu prentaðar á þeirra kostnað á viðkomandi vörur, sbr. reglugerð nr. 433/1994, um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

Það er fullyrt af vísindamönnum að enginn einn utanaðkomandi þáttur sé jafnmikill sjúkdómsvaldur og reykingar. Meðal sérfræðinga sem starfa á þessu sviði hefur verið áætlað að yfir 300 Íslendingar deyi á hverju ári úr sjúkdómum sem rekja má til reykinga. Ég endurtek, að yfir 300 Íslendingar deyja á ári hverju úr sjúkdómum sem eru afleiðingar reykinga. Rannsóknir sýna að a.m.k. 18–19% dánartilfella hér á landi á ári hverju eru af völdum reykinga. Ef miðað er við heildardánartíðni hér á landi má áætla að fjöldi þeirra Íslendinga sem árlega deyja af völdum reykinga sé 315–330. Virtir vísindamenn á alþjóðavettvangi fullyrða að af hverjum fjórum reykingamönnum deyi tveir af völdum reykinga, þar af einn verulega fyrir aldur fram og missi 25–30 ár af ævi sinni. Ég bið hv. þingmenn að hafa framangreint í huga þegar þeir fjalla um það frv. sem hér er mælt fyrir.

Ég bið hv. þm. að hafa einnig í huga þann mikla kostnað sem afleiðingar reykinga hafa í för með sér innan heilbrigðiskerfisins. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands reiknaði árið 1992 út þjóðfélagslegan kostnað vegna reykinga. Þar kemur fram að árið 1990 var almennur sjúkrahúskostnaður vegna reykinga um 470 millj. kr., vegna lyfja 70 millj., kostnaður vegna heilsugæslu og heimilislækna um 40 millj. kr. og sérfræðinga 25–50 millj. kr. Hér hefur aðeins verið nefndur beinn kostnaður heilbrigðiskerfisins, en að viðbættum ýmsum óbeinum kostnaði telur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að kostnaður Íslendinga vegna reykinga hafi árið 1990 numið allt að 3,8 milljörðum kr.

Ég vil benda á að það er viðurkennt af sérfræðingum hvarvetna í heiminum að hert löggjöf á sviði tóbaksvarna hafi áhrif og dragi úr reykingum.

Frv. til nýrra heildarlaga um tóbaksvarnir var lagt fram á 118. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. þetta er að hluta til byggt á því frv. en í ljósi óhagstæðrar þróunar varðandi auknar reykingar unglinga er nú lögð áhersla á að breyta verði ákvæðum um aðgengi að tóbaki, um auglýsingar og um reykingar á ýmsum stöðum svo sem í skólum, með það að markmiði að styrkja baráttuna gegn reykingum þessa aldurshóps. Nýjar kannanir sýna t.d. að reykingar í yngstu aldurshópunum í Reykjavík, þ.e. 10–16 ára barna og unglinga, jukust á árunum 1990–1994. Þá sýna sömu kannanir auknar reykingar á meðal 12–16 ára barna og unglinga víðast hvar á landsbyggðinni. Sem dæmi má nefna að á Norðurlandi e. hafa reykingar meðal þessa aldurshóps aukist úr 2,1% í 4,4% eða liðlega tvöfaldast á tímabilinu.

Frumvarpið er byggt á tillögum tóbaksvarnanefndar en í henni eiga sæti Halldóra Bjarnadóttir, formaður, Helgi Guðbergsson og Þorvarður Örnólfsson. Lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sem tóku gildi í ársbyrjun 1985 mörkuðu tímamót hér á landi. Við setningu þeirra var tekið mið af löggjöf sem einna lengst gekk í nágrannalöndum okkar. Lögin vöktu á sínum tíma heimsathygli. Mikilvægast er þó að lögin hafa reynst árangursríkt vopn í baráttunni gegn reykingum.

Frá því að lögin voru sett hefur jafnt og þétt dregið úr sölu og neyslu tóbaks. Því til stuðnings má nefna að tóbakssala á hvern fullorðinn íbúa dróst saman um tæplega 32% eða þriðjung á tímabilinu 1984 til ársins 1995. Því miður benda rannsóknir eins og fyrr segir til þess að hægt hafi á þessari jákvæðu þróun nú allra síðustu ár. Ýmsar staðreyndir krefjast þess að hrundið sé af stað sérstöku átaki til að draga úr tóbaksneyslu. Reykingar skólabarna virðast vera að aukast eins og áður segir og tíðni lungnakrabbameins hefur farið vaxandi. Erlendir sérfræðingar hafa hvatt Íslendinga til að bregðast við þessari þróun. Varlega áætlaðar tölur sýna að árið 1990 greindust 135 Íslendingar með krabbamein sem rakið er til reykinga.

En víkjum þá að einstökum efnisatriðum frv. og helstu nýmælum sem í því felast. Aldurstakmörk til tóbakskaupa eru hækkuð úr 16 árum í 17 ár. Veigamikil rök fyrir því eru að sporna með öllum tiltækum ráðum gegn því að börn og unglingar hefji neyslu tóbaks. Kannanir sýna reyndar að almenningur er hlynntur því að hækka aldurstakmörkin enn frekar. Í könnun sem Hagvangur gerði árið 1991 kváðust 62% þeirra sem afstöðu tóku hlynntir því að aldurstakmörk væru hækkuð í 18 ár. Hér er farin sú leið að miða við 17 ár þannig að ná megi til allra grunnskólanema.

Í frv. er lagt til að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja munntóbak og fínkorna neftóbak. Að því er varðar munntóbak er byggt á tilskipun Evrópusambandsins og er aðildarríkjum EES-samningsins skylt að hlíta slíku banni. Nokkur ríki hafa bannað hvers kyns reyklaust tóbak, m.a. vegna hvatningar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Hér á landi hefur undanfarin ár talsvert borið á neyslu á reyklausu tóbaki meðal barna og unglinga, einkum fínkorna tóbaki. Þess má geta að talsverð brögð eru að því að fínkornasta neftóbakið sé jöfnum höndum notað í nef og munn. Nauðsynlegt er að bregðast við þessari neyslu af fullri einurð áður en hún nær að festa hér rætur. Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um tjöru- og níkótíninnihald í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins.

Bann er sett við framleiðslu tónlistarmyndbanda hér á landi þar sem tóbaksneysla er áberandi. Fyrir liggur að í auknum mæli hefur borið á að sýnd sé neysla tóbaks á slíkum myndböndum og er talið að það hafi hvetjandi áhrif á tóbaksneyslu unglinga. Ákvæðið á rætur sínar að rekja til breytingartillögu heilbr.- og trn. við frv. sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi. Heyrst hafa þær raddir að um sé að ræða brot á tjáningarfrelsi. Það er tvennt sem ég vil benda á í því sambandi. Annars vegar vil ég benda á að Alþingi samþykkti 7. mars 1995 lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, lög nr. 47/1995. Þar segir m.a. í 1. gr., með leyfi forseta:

„Bannað er að framleiða í landinu eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir. Enn fremur er bönnuð sýning, dreifing og sala slíkra mynda."

Hins vegar vil ég benda á að í ákvæði frv. þessa er ekki verið að banna fortakslaust að reykingar séu sýndar á myndböndum sem framleidd eru hér á landi. Markmiðið er að banna að reykingar séu sýndar áberandi og gerðar að nokkurs konar aðalatriði eða sýndar á jákvæðan hátt.

Okkur ber að berjast gegn því að þeir sem börn og unglingar líta upp til og taka sér til fyrirmyndar reyki svo að áberandi sé. Það er viðurkennt af þeim sérfræðingum sem fjalla um þessi mál að ímyndir af þessu tagi hafa mjög mikil áhrif á börn og unglinga.

Ég hef velt fyrir mér þeim áherslum sem fram koma í umræðum af þessu tagi. Hvort ber okkur að leggja ríkari áherslu á tjáningarfrelsi eða frelsi barna og unglinga til að lifa heilsusamlegu lífi um ókomna tíð? Í frv. er nánar kveðið á um takmarkanir á reykingum á veitingahúsum. Á veitingastöðum þar sem meginhersla er lögð á kaffiveitingar og matsölu skulu ávallt vera reyklaus svæði ekki síðri en þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar. Tryggja skal að aðgangur að þeim liggi um reyklaust svæði. Reykingar eru með öllu bannaðar í leikskólum, í grunnskólum, framhaldsskólum, sérskólum, dagvistun barna og húsnæði til félags- og tómstundastarfa barna og unglinga. Ákvæðið er í samræmi við breytt viðhorf til mengunar af völdum tóbaksreyks en viðurkennt er af vísindamönnum að reykingar séu áhrifamesti mengunarþáttur í umhverfi okkar. Veita skal fræðslu á heilbrigðisstofnunum um áhrif tóbaksneyslu. Samkvæmt 6. gr. frv. er skylda til að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja lögð á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús.

Fjárveitingar til tóbaksvarna eru auknar úr 0,2% af brúttósölu tóbaks í 0,4%. Með því má efla tóbaksvarnir til muna og flýta fyrir þeirri þróun sem er stefnt að með frv. Þannig fæst t.d. svigrúm til að auka styrki til einstakra forvarnaverkefna og rannsókna á þessu sviði. Miðað við núverandi tóbaksneyslu gefur ákvæðið tæplega 20 millj. kr. til tóbaksvarnastarfa.

Hert löggjöf á þessu sviði nægir ekki ein og sér. Mikilvægt er að stjórnvöld á hverjum tíma séu vakandi og tryggi að fram fari forvarnastarf og aðstoð við þá sem vilja hætta að reykja. Ég nefni í þessu sambandi að á morgun vill tóbaksvarnanefnd og heilsuefling á vegum heilbr.- og trmrn. formlega hefja sameiginlegt átak gegn reykingum. Leitað hefur verið eftir samstarfi við fulltrúa sem flestra hópa í þjóðfélaginu með það að markmiði að virkja aðila til starfa á þessu sviði, auka áhuga þeirra og jafnframt frumkvæði þeirra sem þegar starfa að þessum málum. Áhersla verði m.a. lögð á aukið samstarf við skóla og foreldra, aukna ábyrgð íþróttahreyfingarinnar, fjölmiðla, sveitarfélaga og stéttarfélaga. Mikilvægt er að sem

flestir þættir, svo sem hert löggjöf og öflugt forvarnastarf vinni saman að framgangi þeirra heilbrigðismarkmiða sem við sem upplýst þjóð viljum setja okkur.

Í upphafi máls míns sagði ég að núgildandi lög um tóbaksvarnir hefðu reynst árangursríkt vopn. Þó margt hafi áunnist virðast þó vera blikur á lofti og við erum enn langt frá því takmarki sem sett hefur verið að Ísland verði reyklaust land. Í íslenskri heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1991 segir m.a., með leyfi forseta:

„Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja að hætta. Til að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Koma þarf í veg fyrir að fólk sem ekki reykir þurfi að líða fyrir tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir. Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara."

Ég vil að lokum ítreka að þær tillögur sem fram koma í frv. þessu eru byggðar á þekkingu þeirra sem hafa starfað að þessum málum um ártuga skeið. Þær eru byggðar á mati þess fólks sem best fylgist með því sem er að gerast á alþjóðavettvangi. Okkur ber að taka tillögur þeirra alvarlega.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

[14:50]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir þetta frv. í andsvari að neinu leyti nema mig langar aðeins að spyrja vegna orða hæstv. heilbrrh. áðan út í 1. gr. frv. Þar stendur: „Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald."

Nú er það svo að landlæknisembættið er með sérstakar merkingar á sígarettupökkum, frekar stórar merkingar má segja, þar sem upplýst er hvað skaðsemi tóbaks er mikil. Ég hef heyrt, því miður ekki haft tíma til þess að kynna mér það náið, að EES-samningurinn veldur því að hugsanlega þurfi að taka þessar merkingar af. Hér gæti þá t.d. komið inn á markaðinn einn stærsti tóbaksframleiðandi í heimi með sígarettur sínar án þess að setja þessi stóru áberandi varúðarorð landlæknis á pakkana. Mér finnst það mjög slæmt ef við þurfum að taka inn nýjar sígarettutegundir án þess að merkja þær með viðvörunarorðum og mig langaði að spyrja ráðherra hvort þetta sé rétt.

[14:52]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat þess í upphafi að samkvæmt alþjóðlegum samþykktum verðum við að merkja pakkana með viðvörunarmerkjum og viðvörunarmerkin eru þessi: Reykingar valda krabbameini. Reykingar valda hjartasjúkdómum. Reykingar valda banvænum sjúkdómum. Reykingar valda dauða. Reykingar þínar eru heilsuspillandi fyrir þá sem eru nálægt þér. Ef þú hættir að reykja dregur það úr líkum á alvarlegum sjúkdómum. Reykingar valda fíkn. Verndið börnin. Látið þau ekki anda að sér tóbaksreyk.

Ég tel að það séu alveg fullgild rök sem alþjóðlegu samþykktirnar byggja á þannig að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af samþykktum EES varðandi þetta atriði.

[14:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er góðra gjalda vert að þetta frumvarp er fram komið og það hefði gjarnan mátt sjást fyrr á þinginu. Málið var til meðferðar á 117. og 118. löggjafarþingi og var þá búið að vinna mikið í því og það var nánast á lokastigi fyrir þingslit á 118. löggjafarþingi en þó tókst ekki að koma málinu þá í höfn og afgreiða það. Nú er það sem sagt komið í þriðja sinn í þessari umferð ef svo má segja fyrir Alþingi.

Ég tek fram við 1. umr. að ég styð allt það sem til bóta horfir í sambandi við reykingavarnir og það markmið að draga úr reykingum með skynsamlegum hætti að sjálfsögðu og skoða þetta mál út frá því sjónarmiði. Ég heyrði á hæstv. heilbrrh. fljótlega eftir að ráðherra kom til starfa í ríkisstjórn sl. sumar að hún hefði áhuga á því að þoka þessum málum fram og taka jafnvel stórt á í þessum efnum. Ég veit ekki hvort hægt er að segja að þess sjái stað sérstaklega í frv. en ég vil ekki leggja neitt mat á það og ætla hæstv. ráðherra ekki neitt annað en gott í þessum efnum. Hins vegar bar það við þegar sagt var frá flutningi þessa máls að það væri á leið inn í þingið að það hefðu verið nokkuð skiptar skoðanir um viss atriði málsins hjá stjórnarflokkunum. Ég tel æskilegt að það komi fram við 1. umr. málsins hvaða atriði það eru sem hæstv. ráðherra hefði viljað sjá með öðrum hætti inni í þessu frv. Það getur varla verið goðgá að óska eftir upplýsingum um það þannig að þingið geti skoðað þau efni og þá ekki síður þau atriði sem tóbaksvarnanefnd, sem samkvæmt greinargerð hefur komið að þessu máli, lagði til upphaflega varðandi frv. og hugsanlega aftur við endurskoðun málsins fyrir framlagningu núna, hvaða efnisatriði það eru sérstaklega, sem skortir á að séu með í þessu frv., ef þar ber á milli sem mér sýnist að nokkrar líkur séu á að einhver atriði hafi ekki komið með inn í frv. sem tóbaksvarnanefnd og hugsanlega aðrir sem voru að undirbúa málið fyrir ráðuneytið og hæstv. ráðherra lögðu til.

Þegar litið er á þetta mál og borið saman við gildandi lög frá 1984 um tóbaksvarnir finnst mér því miður ekki hægt að segja að hér sé um metnaðarfullt þingmál að ræða. Mér finnst að það sé ekki tekið á með þeim hætti í frv., ekki að öllu leyti eins og æskilegt hefði verið. Það kemur skýrt fram í greinargerð að á sama tíma og við Íslendingar stigum býsna myndarlegt skref árið 1984 með lögfestingu frv. um tóbaksvarnir og þá í alþjóðlegum samanburði skortir talsvert á að við séum á svipuðu róli þegar litið er til annarra landa og samanburðar við þau lönd sem fremst standa í að andæfa gegn tóbaksnotkun, reykingum og afleiðingum þeirra sem og áhrifum á þá sem reykja ekki. Það er ekki síst réttur þeirra sem huga þarf að fyrir utan almennt heilsutjón sem hlýst af reykingum og þann gífurlega kostnað sem af tóbaksnotkun leiðir fyrir samfélagið.

Ég hef farið lauslega yfir á þeim stutta tíma sem hefur verið til umráða af minni hálfu til að skoða þetta mál frá því að frv. kom inn í þingið, ég held í gær. Ég hef borið það í fljótheitum saman við gildandi lög og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir því í ræðu sinni. Því miður er ekki mjög margt eða róttækt sem lagt til til breytingar. Ég held að þingnefnd sem fær málið til athugunar þurfi að skoða það út frá því sjónarmiði að stíga stærri skref í þessum efnum og færa inn í frv. ákvæði sem er farið að beita með árangri annars staðar og sem getur að bestu manna yfirsýn horft til heilla og náð því markmiði sem menn setja sér með þessu frv.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra greini okkur frá því hvað hún hefði viljað sjá, hvaða skref hún hefði viljað sjá stigin stærri í þessum efnum. Ég sé t.d. ekki það markmið sem var

orðin samstaða um að ég held á næstsíðasta þingi í sambandi við vinnu að málinu um að marka stefnu um það að hækka verð á tóbaki um ákveðna prósentuupphæð á tilteknu árabili eða fram til ársins 2000 um 10% árlega umfram almennt vöruverð. Í frumvarpinu á þskj. 447 frá síðasta ári er gert ráð fyrir því að ákvæði til bráðabirgða V orðist þannig:

„Árin 1995–1999 skal verð á tóbaki hækka um a.m.k. 10% árlega umfram almennt vöruverð."

Þetta er ekki að finna í neinu bráðabirgðaákvæði að ég best fæ séð í sambandi við þetta þingmál.

Sumar af þeim breytingum, svo að ég víki að einstökum breytingartillögum við gildandi lög, eru ekki stórar í sniðum og nánast áhorfsmál hvort þær eru tækar til þess að fara að breyta lögum, en ég vil samt ekki fara að lýsa neinni andstöðu við þær. Þar á ég t.d. við fyrsta atriði í 1. gr. laganna, breyting á 6. gr. Þar á að breyta skráningu á aðvörun í að skráðar séu viðvaranir. Þetta er svo smávægilegt atriði að manni finnst að það er tæpast að það standist mál sem breyting á lögum. En eftir á að standa það sem lesa má í 6. gr. laganna, þ.e. að tala áfram um aðvörunarorð þótt breyta eigi hugtakinu fyrir sömu efnisgrein. Þetta er bara dæmi um það að sumt af þessu eru hrein smáatriði sem hér er verið að leggja til breytingar á.

Aðrar breytingar eru veigameiri sem betur fer. T.d. það sem varðar auglýsingar. Þar sýnist mér að horfi til bóta í sambandi við myndskreytingu, í sambandi við tónlistarmyndbönd og auglýsingu á tóbaksvörum og reykingum í tengslum við það.

Það er eitt atriði sem ég vil nefna í þessu sambandi sem ég hef orðið var við og fellur kannski undir þær breytingar sem hér er verið að gera. Í Fríhöfninni í Keflavík er selt tóbak og ýmis annar varningur. Þar eru réttar að mönnum umbúðir utan um það sem keypt er, gjarnan plastpokar með tóbaksauglýsingum. Það er það veganesti sem menn fá í þeirri verslun. Ég hef ítrekað gert athugasemdir við þetta á staðnum. Mér finnst þetta afar ósmekklegt og ég nefni þetta hér sem dæmi. Menn þurfa að átta sig á því að þetta þarf að afnema. Það er fráleit landkynning, ef svo má segja, að nota Camel sem einkennismerki fyrir þá sem koma inn í landið eða fara út úr landinu eða önnur slík vörumerki. Það er sem sagt víða verið að reyna að koma þessum varningi og áróðri á framfæri og alveg áreiðanlega þörf á því að spyrna þar við fótum. Ég tala nú ekki um þegar opinberir aðilar eiga hlut að máli.

Í 3. gr. frv. sem varðar 8. gr. laganna er verið að breyta aldursmarki. Þar eru menn með 17 ára aldursmark, aðeins breyting um eitt ár. Mér finnst þetta of skammt stigið. Ég hefði viljað sjá þarna 18 ára aldursmark ef menn á annað borð eru að breyta frá gildandi lögum. Það er að vísu sagt að miða eigi við að allir grunnskólanemendur falli undir þetta. Það eru sem sagt rökin fyrir því að velja 17 ára aldursmarkið. Það kann að vera að nokkuð sé fengið með. En jafnframt kemur fram að víða annars staðar, ég held í Bandaríkjunum og er þá að vísa til greinargerðar, er hærra aldursmark notað í sambandi við sölu og afhendingu á tóbaki til æskufólks. Ég bið því um að þetta verði skoðað með tilliti til þess að hækka þessi mörk.

Í 4. gr. frv. sem er breyting á 9. gr. laganna er verið að breyta ákvæðum sem varða kafla um takmörkun á tóbaksreykingum varðandi veitingahús og skemmtistaði. Mér finnst ekki nóg að gert í þeim efnum eins og þar er tillaga um. Það er aðeins kveðið á um að á þeim veitingastöðum þar sem meginhersla er lögð á kaffiveitingar og matsölu skuli þó ávallt vera reyklaus svæði ekki síðri en þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar og tryggja skal að aðgangur að þeim liggi ekki um reykingasvæði. Undanþegnir eru þá veitinga- og skemmtistaðir samkvæmt þeim lagatexta sem áfram gildir. Er það virkilega svo að menn séu ekki metnaðarfyllri en það að ætla ekki að tryggja fólki á veitinga- og skemmtistöðum almennt að geta verið laust við tóbaksreyk, eða a.m.k. að hafa hann ekki alveg yfir sér. Mér finnst ótrúlegt að það skuli ekki koma fram tillögur við endurskoðun laganna sem taki á því efni og svolítið sérkennilegt af því að í skýringum við þessa grein er tekið fram að þetta gildi þó ekki, ef ég man rétt, varðandi ganga og snyrtingar á skemmtistöðum. En í aðalsal á allt að vera í einu reykhúsi ef ég hef lesið rétt í málið.

Orðalagið sem verið er að lögleiða í sambandi við kaffiveitingar og matsölu er með fyrirvaranum „meginhersla" og sýnist þar vera nokkuð grátt svæði. Síðan á að haga þannig til, sem ekki er óeðlilegt, að þeir sem kjósa að sitja ekki í reykjarsvælu, tóbaksreyknum, þurfi ekki að ganga í gegnum reykhús á leið að borði sem á að vera reyklaust. Það gæti orðið kannski svolítið snúið og hætt við að þeim verði skákað út við dyr, sem næst inngangi. Mér sýnist því að þarna sé að mörgu að hyggja og þurfi að huga að þessu. Síðan kemur spurningin um stærð, þ.e. hversu stórt svæði er tekið fyrir í þessum efnum. Er það algerlega í sjálfsvald sett þeim sem rekur slíkan stað þannig að eitt eða tvö borð í 20 borða veitingasal geti nægt til að uppfylla skyldur laganna? Þá er orðið þröngt fyrir dyrum. Allt er þetta mælt út frá því að tryggja rétt þeirra sem ekki reykja til þess að þurfa ekki að verða fyrir mengun af tóbaksreyk. Og sá réttur á að vera ríkur.

Síðan kemur 5. gr. frv. sem kveður á um hvar tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar. Þar er áreiðanlega verið er að taka skref til bóta í vissum greinum. Í 2. tölul. er talað um opinberar samkomur innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum. Er ekki hægt að taka á fleiru en opinberum samkomum fyrir unglinga? Er ekki hægt að hafa ákvæðið almennara þannig að það sé ekki takmarkað við það sem heita opinberar samkomur? Hvað eru opinberar samkomur og hvar eru mörkin?

Síðan kemur 3. tölul. Það er talað um framhaldsskóla og sérskóla. Er það svo að þetta sé allt á fríum sjó þegar kemur upp í háskóla? Af hverju eru háskólar sem opinberar stofnanir og sérstakt skólastig ekki tekið með í þessa löggjöf? Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra svaraði okkur um það efni. Síðan spyr ég varðandi heilsugæslustofnanir og sjúkrahús þar sem er verið að undanþiggja eða skapa möguleika fyrir sjúklinga í einhverjum tilvikum að geta reykt. Ég skal ekki hafa á móti því að það geti þurft að sýna þar ákveðna tilhliðrun af sanngirnisástæðum og heilsufarsástæðum hugsanlega. Auðvitað er þetta fíkn sem menn eru haldnir og kannski ekki á bætandi hjá þeim sem eru sjúkir að þurfa að taka á sig tóbaksbindindi. Maður hefur því ákveðinn skilning á þessu. En ég spyr um starfsfólk á þessum stofnunum. Er það þá fortakslaust að það sé verið að lögleiða það að reykingar séu óheimilar einnig starfsfólki á þessum stofnunum? Það finnst mér allt í lagi. Mér sýnist að ekki eigi annað að gilda um starfsfólk þessara stofnana en starfsfólk skólanna. Varla getur verið meiningin með því hér að undanþiggja kennara í sambandi við reykingar í skólum. Ég get ekki ímyndað mér það. Ráðherra hlýtur að kveða upp úr um skilning

sinn á þessu og hvað fyrir ríkisstjórninni vakir með þessum flutningi.

Í 7. gr. frv. er verið að hækka svolítið þá tekjuöflun sem á að renna til tóbaksvarnastarfs sem á að geta gefið 20 millj. í stað 10 og það er góðra gjalda vert. En þegar farið er að vísa til þess að þær tekjur eigi m.a. að standa undir hugsanlegum rannsóknum, fer að þrengjast um aurana. Þetta er satt að segja allt of lág upphæð og brýn nauðsyn til að hækka þetta mark. Auðvitað er það siðferðilega sjálfsagt mál þegar ríkið notar þetta sem tekjulind með mikilli álagningu að taka frá það sem þarf til þess að standa fyrir tóbaksvarnastarfi og rannsóknum á afleiðingum reykinga í ýmsum greinum.

Í 8. gr. er bætt við stofnunum sem eiga að hafa eftirlit og það er ágætt. Ég veit ekki hvort við notum orðið „stofnun" um heilbrigðisnefndir. Það er bara orðalagsatriði svo ég komi aftur að minni háttar máli, en ég bendi á það hér.

Ég hef, virðulegur forseti, vikið að fáeinum þáttum af mörgum sem ástæða væri til að ræða í sambandi við þetta mál. Tími minn er þrotinn þannig að fleiru verður ekki við bætt að þessu sinni. En ég vænti þess að hæstv. ráðherra veiti nú þegar eða síðar í umræðunni nokkra úrlausn varðandi þær fyrirspurnir sem ég hef borið fram.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson drap nokkuð á að átök hefðu verið á milli stjórnarflokkanna um þetta efni. Það hefur ekki farið fram hjá neinum. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum að það er erfitt að vera ráðherra Framsfl. í samstjórn með Sjálfstfl. og sennilega veit enginn það jafn vel og hæstv. heilbrrh. (**SJS:** Það er erfitt að vera framsóknarmaður.) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að það sé erfitt að vera framsóknarmaður og kannski þekkir hann það betur en ég. Ekki veit ég það. Eigi að síður er það svo að hæstv. heilbrrh. hefur komið fram þessu frv. og ég óska henni til hamingju með það. Ég tel að með frv. sé stigið mjög jákvætt skref fram á við og er ekki að öllu leyti sammála þeirri gagnrýni sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég held að hér sé að mörgu leyti verið að feta réttan stíg. Og þó ég sé, eins og ég geri grein fyrir í máli mínu, algjörlega ósammála einstökum greinum í þessu frv. mun ég sem formaður heilbr.- og trn. leggja mig fram um að þetta frv. verði afgreitt sem lög á þessu þingi og er mál til komið.

Íslendingar hafa jafnan verið í fararbroddi í tóbaksvörnum. Lögin sem samþykkt voru árið 1985 vöktu mikla athygli á sínum tíma enda var stigið þar stærra skref en flestar aðrar þjóðir höfðu stigið á þeim tíma. Það er auðvitað mál til komið að bæta þessi lög eins og þurfa þykir. Mér sýnist að þær bætur sem hér eru fram færðar séu góð skref í stöðunni. Ég tek það fram, herra forseti, að ég tala hér sem einstaklingur sem aldrei hefur reykt. Ég er því ekki að taka hér upp hanskann fyrir þá sem hafa verið reykingarmenn. (**SJS:** Þú tekur í nefið, er það ekki?) Sú saga verður rifjuð hér upp þegar vindur fram minni ræðu.

Ég tek það fram, herra forseti, að þær takmarkanir sem koma fram í 4. og 5. gr. frv. eru mér mjög að skapi. Ég held að sú skylda sem er lögð á herðar þeirra sem reka veitingahús um að hafa þar jafnan reyklaus svæði sé mjög jákvætt skref fram á við. Ég held að ef það er raunverulegur vilji þeirra sem notfæra sér þjónustu þessara fyrirtækja til að hafa slík svæði þá muni markaðurinn sjá til þess að þau sem uppfylla þetta muni njóta þess. Þess vegna er ég ekki sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það þurfi að setja lög eða reglugerðir um einhver stærðarmörk. Ég held að þetta muni gerast af sjálfu sér vegna þess að ég held að öldin og viðhorf manna séu að þróast þannig að menn, eins og t.d. ég og hv. þm., muni fremur sækja slíka staði. Sjái veitingamenn sér hag í því, festa þeir væntanlega fé í reyklausum svæðum.

Ég tel líka að það sé hæfilegt skref stigið með 5. gr. og ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að banna því fólki sem starfar eða nemur við háskóla að hafa réttinn til að velja hvort það reykir eða reykir ekki. Ég tel sem sagt að fullorðið fólk eigi, þegar búið er að leggja allar staðreyndir fyrir það, að hafa frelsi til að velja. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að skapa ákveðið svigrúm með ramma laganna en að öðru leyti á fólk að fá að velja. Það sem skiptir máli eru forvarnirnar. Það skiptir máli að upplýsa fólk um skaðsemi reykinga og skaðsemi þess að neyta tóbaks. Þess vegna tek ég heils hugar undir þá gagnrýni hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það skref sem stigið er í 7. gr. er alls ekki nógu stórt. Þar er gert ráð fyrir að $^{4}/_{10}$ af 1% af brúttósölu tóbaks skuli verja til forvarna. Áður voru þetta $^{2}/_{10}$. Þarna er að vísu verið að tvöfalda upphæðina en hún er samt sem áður ekki nema u.þ.b. 20 millj. kr. Það er lítil upphæð þegar við berum hana saman við þann mikla kostnað sem hæstv. heilbrrh. reifaði í framsöguræðu sinni. Hún greindi frá því að næstum því hálfur milljarður fer beinlínis í það að reyna að bæta beint heilsutjón af völdum reykinga. Hún gat þess jafnframt að á milli þrjú og fjögur hundruð manns deyi árlega af völdum reykinga. Þýðir þetta ekki að það sem við mundum sennilega best gera er að setja fé í forvarnir í upplýsingastarfsemi? Það er besta forvörnin. Það er besta vörnin gegn því að neysla tóbaks aukist. Þess vegna verð ég að segja að það er mikið ósamræmi í 7. gr. sem kveður einungis á um að 0,4% af brúttósölu tóbaks skuli varið til varnarstarfsins og hins vegar þess yfirlýsta markmiðs sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra í frv. og ræðu hennar um nauðsyn þess að efla harðlega baráttuna gegn tóbaksneyslu. Og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki eðlilegt að þetta sé a.m.k. tvöfaldað eða þrefaldað? Telur hún það ekki eðlilegt? Að *vísu geri ég mér* grein fyrir því að það mun draga að sama skapi úr tekjum ríkissjóðs til skamms tíma. En þegar til lengri tíma er litið mun þetta sennilega hafa verulegan sparnað í för með sér. Ef við horfum aftur til síðasta áratugar þegar mjög sigursæl herför á hendur tóbaksreykingum var háð þá stendur upp úr að það sem skipti máli var áróðurinn. Og áróðurinn kostar peninga. Enginn í þessum þingsölum hefur undirstrikað jafnmikið gildi forvarnastarfs og einmitt hæstv. ráðherra. Erum við ekki með því að auka þetta hlutfall að fjárfesta til lengri tíma litið? Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra veiti mér svör við því.

Ég er þeirrar skoðunar að lög eigi að vera afdráttarlaus svo menn þurfi ekki að velkjast í vafa um hvað þau þýða. Þegar ég les 2. gr. þessa frv. velkist ég hins vegar í vafa um ýmislegt sem er ekki skýrt í greinargerðinni. Ég vil líka geta þess, herra forseti, að mér finnst almennt mega gefa greinargerðinni með þessu frv. þá einkunn að hún skýri allt of illa einstakar greinar frv., sem margar varða við ákveðin grundvallaratriði. Ég velti t.d. fyrir mér c-lið 2. gr. Þar er verið að tala um útstillingar. Það má ekki auglýsa tóbaksvörur með útstillingum. Hvað felst í því? Eru það útstillingar í búðargluggum eða útstillingar í hillum? Þetta kann að skipta litlu máli en það skiptir máli fyrir þá sem eru í verslun. Mér finnst að löggjafinn eigi að hafa þetta algjörlega skýrt. Það er

líka talað um að það eigi að banna notkun tóbaksvörumerkja. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé raunverulega hægt. Ég minnist þess að hafa séð sígarettutegundir og vindlategundir sem tengjast vörumerkjum sem eru þekkt fyrir allt aðrar vörur, eins og t.d Mercedes sígarettur og ég held Cartier vindla o.s.frv. Þetta eru ekki stór atriði en almennt eiga frv. að vera þannig úr garði gerð að þau séu afdráttarlaus. Síðan verð ég að segja herra forseti að ég er algjörlega mótfallin ákvæði 3. tölul. c-liðar í 2. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Bannað er að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi." Væntanlega er þetta til þess að koma í veg fyrir þau áhrif sem slík myndbönd geta mögulega haft til að örva tóbaksneyslu unglinga og þeirra sem horfa á slík myndbönd. Er þá ekki alveg eins gott, herra forseti, að banna foreldrum barna undir vissum aldri að reykja vegna þess að þeir eru fyrirmyndir? Ég velti því líka fyrir mér að ef það er bannað að framleiða slík tónlistarmyndbönd hér á landi, er þá ekki bannað að sýna þau? Og ef það er ekki bannað að sýna þau hvað þýðir þetta þá? Það þýðir auðvitað ekkert annað en það að framleiðsla þessara myndbanda mun fara úr landi. Þau munu verða framleidd annars staðar. Ég velti því líka fyrir mér hvort þetta sé eitthvert vandamál. Ég beið eftir því í ræðu hæstv. ráðherra að hún reifaði þetta ítarlega en hún gerði það mjög lauslega. Hvaðan koma þær staðreyndir sem benda til þess að þetta sé vandamál? Ég viðurkenni að ég er að verða nokkuð aldurhniginn og eyði minni tíma en áður í að horfa á tónlistarmyndbönd svo ég get ekki um það dæmt hvort hér er um verulegt vandamál að ræða. En ég geri því skóna að hæstv. ráðherra, sem vill vera vönd að virðingu sinni, hafi eytt miklum tíma fyrir framan tónlistarmyndbönd og tali þess vegna af djúpri reynslu og geti hér á eftir upplýst okkur um það hvernig og hvers eðlis þetta vandamál er. En ég tel að við séum farin hér út á hættulega braut. Ef ekki má framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem reykingar eru áberandi þá spyr ég hæstv. ráðherra: Má framleiða listrænar kvikmyndir þar sem reykingar eru áberandi? Má þá ekki ganga lengra og spyrja: Hvers vegna yfir höfuð að sýna myndir af reykingum eða fólki sem reykir í sjónvarpi? Svona gætum við haldið áfram og komist að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði gengur ekki, Það er ekki framkvæmanlegt. Ég er á móti þessu.

Herra forseti. Í 3. gr. er ákvæði 8.5. sem hljóðar svo, með leyfi forseta.

„Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak og fínkornótt neftóbak."

Nú er það svo að rökin sem hæstv. ráðherra flutti fyrir þessu, a.m.k. hvað varðar munntóbakið, eru að það er bannað í Evrópu. Það er bannað samkvæmt einhverjum tilskipunum Evrópubandalagsins. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál. En er ekki rétt hjá mér að a.m.k. Svíar hafa fengið undanþágu vegna þessa? Ég nefni þetta ekki vegna þess að ég leggist gegn því að það sé bannað að selja og framleiða munntóbak heldur vegna þess að mér finnst röksemdafærslan ekki rétt. Ég vil sjá það alveg svart á hvítu að þetta sé skaðlegt. Ég dreg það ekki í efa vegna þess að ég veit það, ég hef kynnt mér það. En það kemur ekki vel fram í greinargerðinni. Hins vegar að því er varðar hið fínkornótta neftóbak þá vil ég segja hæstv. ráðherra eitt. Frv. hennar hefur þegar haft áhrif. Hún lagði fram frv. í ríkisstjórninni fyrir jól og ég bjóst við því sem formaður heilbr.- og trn. að fá það til umræðu miklu fyrr. Ég hafði í hjarta mínu ákveðið að leggjast gegn þessu ákvæði. En á þeirri stundu var ég þræll nikótínsins að því leyti, herra forseti, að ég tók fínkornótt tóbak í nefið. Svo ljóst væri að fíkn mín hefði ekki áhrif á meðferð mína og umfjöllun sem formanns þegar þetta frv. kæmi til umræðu, hætti ég að taka í nefið. Ég get viðurkennt það hér, herra forseti, að þó ég hafi verið með óráði í u.þ.b. viku, þá var þetta miklu léttara en ég hélt. Og að því leyti til hefur þetta frv. þegar haft ákveðið forvarnagildi. Formaður heilbr.- og trn. er hættur að taka í nefnið. Samt sem áður, herra forseti, þá vil ég sjá rökin fyrir því að þetta fínkornótta neftóbak sé skaðlegra en Íslendingurinn, mulinn og skorinn, sem áfram er leyft er að taka í nefið. Og ég sakna þess hér í þessari greinargerð að það kemur hvergi fram. Þegar ég fór á stúfana og reyndi að verða mér úti um upplýsingar um skaðsemi þessa tóbaks fann ég upplýsingar um skaðsemi munntóbaks. En ég hef ekki enn fengið upplýsingar um skaðsemi fínkornótts neftóbaks. Ég er á þessu stigi á móti þessu ákvæði. En ég lýsi því yfir að ég er reiðubúinn til að taka rökum ef hægt er að sýna mér fram á þetta. Mér finnst að hæstv. heilbrrh. hefði átt að gera það í greinargerðinni.

Ég vil að lokum, herra forseti, geta þess að það kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að brögð væru að því að menn tækju fínkornótt neftóbak í vörina. Ég hef litið svo á að þeir sem taka neftóbak af þessu tagi í nefið séu kúltíveraðir heiðursmenn og það má rekja slíka neftóbaksneyslu allt til þess er fyrstu ensku laxveiðimennirnir fóru að koma hingað á síðustu öld. Ég hef aldrei þekkt nokkurn mann sem tekur neftóbak af þessu tagi í vörina. Það má vera að það gerist í Framsfl. en það gerist ekki í þeim hópum sem ég þekki.

Herra forseti. Þetta eru hlutir sem við munum fara yfir í heilbr.- og trn., en mér finnst þetta frv. á heildina litið mjög jákvætt. Þeir hlutir sem ég hef drepið hér á sem mér finnast neikvæðir eru lítils háttar hjá því gildi sem er að finna í meginefni frv. Ég sagði það fyrr í minni ræðu að ég er sammála meginefni frv. og ég vil ítreka að ég mun sem formaður heilbr.- og trn. leggja mig fram um að það takist að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum á þessu þingi.

[15:28]

Útbýting þingskjala:

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 102. mál, nál. iðnn., þskj. 563.

Staðfest samvist, 320. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 564.

[15:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi lýsa stuðningi mínum við þetta frv. þótt gera megi við það ýmsar athugasemdir og velta því fyrir sér hvort ekki beri að ganga lengra í ýmsum efnum. Það er þó verið að stíga skrefin eitt og eitt fram á við. Vert er að rifja upp við þetta tækifæri að tóbak barst til Evrópu í upphafi sextándu aldar frá Ameríku. Það var eitt af því sem menn fluttu með sér frá nýja heiminum, eins og hann var kallaður. Við höfum því orðið vitni að u.þ.b. 500 ára notkun á tóbaki eða tæplega það í okkar heimsálfu. Tóbak er tískuvara. Það hafa verið miklar sveiflur á notkun þess og ýmsar aðferðir við að nota það. En smátt og smátt hefur mönnum orðið æ ljósara hve tóbak er hættulegt heilsu manna. Rannsóknir sem hafa verið gerðar í Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að nikótín er miklu hættulegra og meira eitur en menn gerðu sér grein fyrir. Meðal annars kom fram í þessum rannsóknum að rottur sem voru notaðar við rannsóknirnar gerðu engan greinarmun á nikótíni og heróíni.

Þessi tvö eiturefni eru hins vegar notuð með mjög mismunandi hætti. Við hljótum að spyrja okkur hvað það sé sem réttlætir að eiturefni eins og nikótín sé löglegt á meðan menn berjast mjög harkalega gegn notkun ýmissa annarra. Áhrifin eru mjög geigvænleg á líkama mannsins. Þetta er efni sem veldur miklum og margvíslegum sjúkdómum. Sífellt er verið að leiða í ljós áhrif tóbaks á fleiri og fleiri sjúkdóma eða sýna fram á að tóbak tengist mjög mörgum sjúkdómum. Það kostar samfélagið gríðarlegar upphæðir. Fyrsta spurningin sem maður hlýtur að velta fyrri sér um þetta atriði er einmitt sú að nikótín eða tóbak skuli vera löglegt á meðan ýmis önnur eiturefni eru það ekki.

Það þýðir þó ekki að það eigi að leyfa þau heldur hitt hvort það þurfi ekki að stíga skrefin smátt og smátt í þá átt að reyna að útrýma notkun tóbaks. Það er gert í frv. Við erum að slást við neyslu og fíkn sem á sér sögulegar rætur. Ég tel það skipta meginmáli í baráttunni við tóbakið að reyna að breyta hugarfarinu, að reyna að breyta hugsunarhættinum og fá fólk með forvörnum og fræðslu til að hætta reykingum. Þó ég tali þetta sterkt um tóbak sem eiturefni hef ég ekki trú á því að boð og bönn skili þeim árangri sem menn vildu gjarnan sjá. Menn hafa haft mjög slæma reynslu af því eins og þegar reynt var að banna brennivínið á sínum tíma kallaði það bara á aðrar leiðir. Fyrst og fremst þarf að reyna að útrýma fíkninni og það tekur langan tíma og kostar peninga. Þess vegna þarf ekki síst peninga í forvarnirnar.

Margt hefur gerst í þessum málum á undanförnum árum og áratugum og það kann að vera að þegar núgildandi tóbakslög voru samþykkt hafi Íslendingar verið mjög framarlega í för en ég hygg að býsna mörg lönd séu komin fram úr okkur. Þar má t.d. nefna Norðurlöndin, ýmis Evrópuríki og Bandaríkin þar sem er sífellt verið að stíga stærri og stærri skref í að takmarka tóbaksnotkun sem er gífurlegt átakamál þar í landi vegna mikilla hagsmuna tóbaksframleiðenda. Sem betur fer er maður alltaf að upplifa smábreytingar og þá vil ég ekki síst minna á að Flugleiðir hafa bannað reykingar í öllum sínum vélum núna. Ég ætla ekki að lýsa því hvílíkt fagnaðarefni það var að losna við reykingarnar úr flugvélunum. Svokölluð reyklaus svæði inni á veitingastöðum eru ekkert betri fyrir okkur sem reykjum ekki því að reykinn og fýluna leggur um allt. Það er ekki síst það sem ég vil nefna hvað óþefurinn af reykingum er hvimleiður. Mér finnst mengunin og angrið sem tóbak veldur öðrum aldrei koma fram.

Fyrst að menn eru að segja reynslusögur í ræðustóli get ég viðurkennt að ég gerði tilraun til að reyna að byrja að reykja þegar ég var átta ára gömul en það fór sem betur fer út um þúfur og ég hef ekki reynt síðan. Hins vegar hef ég orðið fyrir því að fá nánast andateppu og ofnæmi vegna mikils reyks á skemmtistöðum og einstaka sinnum á fundum þar sem reykmagnið verður þvílíkt að það er meira en lungu mín og varnarkerfi mitt þolir. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ekki ætti að vera í lögum eins og þessum ákvæði sem tryggja rétt fólks til að vera í reyklausu umhverfi. Þau skref sem verið er að stíga hér eru ekki nógu stór. Það er lítið til bóta að sitja við reyklaust borð ef fólk reykir á næsta borði eða því þarnæsta. Það þarf miklu, miklu meira til.

Hæstv. forseti. Við erum að fást við þá spurningu hversu langt löggjafinn á að ganga í því að hafa vit fyrir fólki. Eins og ég nefndi áðan er ég frekar á þeirri línu að reyna að beita fræðslu og upplýsingum en jafnframt að tryggja rétt fólks til að vera í reyklausu umhverfi þannig að maður geti vísað til laga þegar maður krefst réttar síns. Að öðru leyti veit ég ekki hversu rétt er að ganga fram í boðum og bönnum á við þau sem m.a. er að finna í þessu frv. Þar set ég spurningarmerki annars vegar við það atriði sem áðan var nefnt varðandi bann við að framleiða tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi. Það er bara eitt af fjölmörgu sem við verðum vitni að í umhverfi okkar þar sem reykingar koma við sögu. Ég hef ekki fylgst mikið með tónlistarmyndböndum á undanförnum árum og veit ekki hvort þar er mikið um reykingar en þær mega að skaðlausu hverfa úr tónlistarmyndböndunum. Stundum er verið að endurspegla veruleikann í ákveðnu umhverfi en það er spurning hvort þetta hefði tilætluð áhrif og hvort réttlætanlegt sé að taka á banni þarna en ekki annars staðar eða hvort þetta hefði yfirleitt eitthvað að segja.

Eins vil ég koma inn á þetta atriði varðandi munntóbak og fínkornótt neftóbak. Það er rétt sem kom fram að af einhverjum ástæðum hefur Evrópusambandið sérstaklega skorið upp herör gegn tóbaki af þessu tagi. Ég velti fyrir mér þeirri spurningu hvort einhver ástæða er til þess að banna innflutning á þessari sérstöku tegund tóbaks. Ég veit ekki betur en að sígarettur séu langsamlega skaðlegasta gerð tóbaks. Hæstv. heilbrrh. leiðréttir mig ef það er ekki rétt. Ég veit að vísu að munntóbak fer beint í blóðið þegar menn eru búnir að koma sér upp viðeigandi sári og það er ákaflega sterkt efni en mér finnst að við eigum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort réttlætanlegt sé að banna eina tegund tóbaks en leyfa aðrar. Það kunna að vera sterk rök fyrir þessu eins og reyndar er getið um í greinargerð að þetta hefur verið tískufaraldur meðal ungs fólks. Menn minnast þess að þetta var gífurlega mikið mál í Svíþjóð við inngönguna í Evrópusambandið vegna þess hversu vinsælt neftóbak er og hefur verið þar um árabil. En mér finnst að við vinnslu þessa máls þurfi menn að velta þessu verulega vel fyrir sér.

Ég tek undir það sem hefur komið fram varðandi forvarnir. Mér finnst mjög athugandi að hækka þá tölu sem er að finna í frv. og þar megi gera miklu betur en hingað til hefur verið gert.

Þá vil ég koma að lokaatriði í máli mínu og það er það sem snýr sérstaklega að konum. Það hefur komið í ljós að konum virðist ganga verr að hætta að reykja en körlum. Þegar horft er á tölur og línurit yfir þróun reykinga hefur dregið verulega úr reykingum hér á landi en mun meira hefur dregið úr reykingum karla en kvenna. Það var afar athyglisvert að sjá tölur sem Þórarinn Tyrfingsson var með á fundi sem Kvenréttindafélagið hélt um heilsu kvenna sl. vetur þar sem hann sýnir samhengið milli áfengisnotkunar kvenna og reykinga. Þar er gífurlega sterkt samhengi. Þær konur, sem koma til áfengismeðferðar, reykja í miklum meiri hluta og reykja mikið. Þetta hangir saman við félagslegan veruleika kvenna. Þetta hangir reyndar líka saman við líffræði kvenna og þann mun sem er á konum og körlum. Það hefur verið sýnt fram á að konur þola bæði áfengi og tóbak verr en karlar. Þetta eru einfaldlega líffræðilegar staðreyndir hvað sem þar liggur á bak við. Mér finnst því ekki nóg að beina sjónum sérstaklega að börnum, ég vil koma því á framfæri að það þarf einnig að beina sjónum sérstaklega að konum. Það er ekki síst vegna þeirra staðreynda sem ég ætla að geta hér aftur en kom reyndar fram í þeirri umræðu sem átti sér stað um heilbrigðismál fyrir nokkrum dögum að lungnakrabbi meðal kvenna er ægilegt fyrirbæri. Á meðan dregið hefur úr tilvikum þar sem karlar eiga í hlut eykst fjöldi kvenna sem fá lungnakrabbamein stöðugt samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Krabbameinsfélaginu. Ég hef reyndar ekki

tölur yfir síðasta ár en þetta er mjög alvarleg staðreynd og tengist þessum miklu reykingum kvenna.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á að víða er viðurkennt á vinnustöðum að það sé lögmæt afsökun til að taka sér hlé frá vinnu að fara og reykja. Þetta er alþekkt fyrirbæri, t.d. í fiskvinnslustöðvum. Það er svokölluð reykingapása á meðan þeir sem reykja ekki hafa enga lögmæta afsökun til að taka sér hlé frá vinnu. Þetta nýta margir sér og ýtir kannski undir reykingar. Væri ástæða til þess að hæstv. heilbrrh. tæki upp viðræður við vinnuveitendur um þessi atriði. Að það sé ástæða til að fólk fái örstutt hlé frá vinnu til þess aðeins að lyfta öxlum og hreyfa handleggina en það sé ekki eina gilda ástæðan til að taka sér frí að fara fram til að reykja.

Ég vil líka geta þess að þetta tengist því sem ég nefndi áðan hversu mikilvægt það er að breyta hugarfarinu. Í Bandaríkjunum og reyndar á Norðurlöndum er litið á reykingar sem það sem kalla má lágstéttarfyrirbæri. Það hefur dregið gífurlega úr reykingum í efri lögum samfélagsins en minna meðal þeirra sem búa við erfiðan félagslegan veruleika og eru í erfiðri vinnu. Hjá þeim sem tilheyra þeim stéttum sem hafa lakari kjör eru reykingar mun algengari og erfiðar virðist ganga að fá það fólk til að hætta reykingum. Þetta tengist reyndar líka áróðri. Í Bandaríkjunum hefur því verið beitt mjög mikið að það sé púkalegt að reykja og þeir sem hugsi um heilsuna reyki ekki, þeir sem hafi vit í kollinum reyki ekki o.s.frv. Þetta er tengt því og hefur borið verulegan árangur. Þetta tengist reyndar líka áfengisnotkun. Á meðal hinna betur stæðu í samfélaginu hefur dregið mjög notkun bæði á áfengi og tóbaki, en það sama hefur ekki gerst annars staðar. Auðvitað getur maður þar með sagt sér að miklar reykingar hafa áhrif á kjör fólks. Það kostar peninga að reykja og því miður eru reykingar það mikil fíkn að fólk notar peningana sína í að kaupa sígarettur, hvað sem það kostar.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta þetta duga. Ég ætla ekki að fara ofan í einstök atriði. Ég á þess kost að vinna í þessu máli í heilbr.- og trn. Það eru ýmis atriði sem vert verður að skoða og jafnframt að láta á það reyna hvort menn vilji hugsanlega ganga lengra í ýmsum atriðum, m.a. hvað varðar tóbakslaus svæði og hvort taka beri inn sérstakar áherslur sem snúa að konum og það sem snýr að fræðslu og áróðri yfirleitt. Ég held að við þurfum að fara betur ofan í þá þætti þessa máls.

[15:47]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að sjá þetta frv. hér einu sinni enn, en þar er fjallað um hertar varnir gegn tóbaksreykingum og notkun á tóbaksvöru. Það var heilmikil umræða um frv. sama efnis. Það hafa orðið ákveðnar breytingar á frv. frá því við vorum með það á síðasta þingi sem e.t.v. hafa verið settar inn til þess að ná fram meiri samstöðu um málið. Mig langar til að beina nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra um framkvæmd þessara laga. Markmiðið er mjög gott og niðurstaða heilbr.- og trn., sem fjallaði um málið fyrir ári, var sú að það væri nauðsyn á breytingu á lögum um tóbaksvarnir. En það sem mér finnst vanta inn í þetta frv. er það hvernig hæstv. ráðherra hefur hugsað sér framkvæmdina. Þarna er um að ræða mjög víðtæk ákvæði eins og t.d. í 3. gr. þar sem fjallað er um bann við notkun á tóbaksvöru. Þar segir t.d. í lið 8.6.:

„Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum."

Í 5. gr. eru upptaldir þeir staðir þar sem ekki má nota tóbak og er þá talað um „félagsmiðstöðvar og dagvistarstofnanir, skóla og aðrar stofnanir þar sem börn dvelja um lengri eða skemmri tíma."

Ef maður síðan skoðar 8. gr. þar sem fjallað er um hverjir eigi að sjá um eftirlitið með framkvæmdinni þá eru það heilbrigðisnefndir á viðkomandi svæði, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Flugmálastjórn, sem er viðbót við það sem áður var. Ég sé ekki hvernig ætla má þessum stofnunum, t.d. heilbrigðisnefndunum, að sjá um eftirlit í heimahúsum því þarna er talað um börn í dagvist hjá dagmæðrum og sumardvalarheimili. Þá hlýtur það að gilda um heimili t.d. sem taka börn til sumardvalar á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sem og öðrum stöðum. Hvernig eiga heilbrigðisnefndirnar að framfylgja þessu eftirliti og hverjum er ætlað að bera kostnaðinn?

Í athugasemdum með 5. gr., upptalningu á því hvar bannað er að nota tóbak, segir:

„Með dagvistun barna er átt við skóladagheimili, sumardvalarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir svo og gæslu barna í heimahúsum (hjá dagmæðrum)."

Þetta er mjög gott og þarft markmið. En þegar ég sé hvaða aðilar það eru sem eiga að sjá um að lögunum sé framfylgt, verði þetta samþykkt sem vonandi gengur eftir á þessu þingi, velti ég því fyrir mér hvernig á að gera t.d. heilbrigðisnefndunum kleift að framfylgja þessu eftirliti. Er það ætlað heilbrigðisfulltrúum á hverju svæði sem nú þegar hafa ærið að starfa? Og reyndar er kostnaðurinn af heilbrigðiseftirliti mjög mikill hjá samtökum sveitarfélaga víðsvegar um landið. Ef þessu verkefni verður bætt við og eftirlitinu framfylgt í raun, sem hefur kannski ekki verið gert, hvernig hefur hæstv. ráðherra þá hugsað sér að það sé gert og hvernig verður þeim kostnaði mætt?

Í 6. gr. er orðalagsbreyting á 14. gr. núgildandi laga í því skyni að árétta markmið fræðslunnar, þ.e. að draga úr tóbaksneyslu eins og segir í grg. með frv. Þar er talað um hlut félagasamtaka, sem hefur verið drýgri í þessari fræðslu en hlutur hins opinbera, að mikilvægt sé að styðja við bak þessara félagasamtaka og auka jafnframt tóbaksfræðslu af hálfu skólakerfisins og fjölmiðla.

Nú veit ég ekki hversu langt er hægt að ganga í því að skylda frjálsa fjölmiðla til þess að vera með fræðslu um skaðsemi tóbaksneyslu án þess að fjármagn fylgi með. En í frv. kemur jafnframt fram að fjármagn það sem verður til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs mun verða um 20 millj. kr. á ári. Ég býst við því miðað við anda frv. að það fjármagn eigi að fara fyrst og fremst til frjálsra félagasamtaka og þá í samráði við tóbaksvarnanefnd. En ég sé ekki að skólakerfinu, ríkisfjölmiðlunum eða öðrum sem ætlað er að sjá um þessa fræðslu og þá kannski ekki síst heilsugæslunni í landinu, sé ætlað neitt fjármagn til þessa starfs. Það hefur komið fram í umfjöllun um starfsemi heilsugæslunnar að hún hefur vart fjármagn til þess að sinna sínu lögbundnu hlutverki og þessi þáttur starfseminnar hefur orðið út undan. Hér hefur ekki verið lagt fram neitt sérstakt fylgifrv. sem sýnir að þessum stofnunum, sem ætlað er fræðsluhlutverkið, sé ætlað meira fé.

Það kemur fram í umsögn fjmrn., fjárlagaskrifstofu, um frv. að tekjur ríkisins muni dragast óverulega saman. Þar segir í umsögn um 6. gr., með leyfi forseta:

„Ef veita á fólki aðstoð við að hætta reykingum, svo sem með námskeiðum, kynningarefni o.fl., á sjúkrahús-

um og heilsugæslustöðvum sem ríkissjóður rekur mun slík starfsemi á almennum markaði væntanlega dragast verulega saman nema starfsemi ríkisins verði fjármögnuð með námskeiðsgjöldum."

Þessi námskeið sem haldin eru í dag eru mjög dýr. Þau eru það dýr að það er mjög algengt að fólk veigri sér við að sækja þau vegna þess hversu hátt þátttökugjaldið er. Auk þess eru þau hjálparlyf sem í dag standa reykingafólki til boða, plástrar, tyggjó og nefúði, það dýr að það dregur úr möguleikum þeirra sem vilja hætta að reykja til að nýta sér þá aðstoð. Í frv. segir ekkert um að dregið verði úr þessum kostnaði. Þeir sem taka ákvörðun um að hætta að reykja og þurfa til þess aðstoð geta hugsanlega þurft að reikna þar með enn meiri kostnaði, og er hann þó ærinn fyrir.

Það kemur einnig fram í frv. að skólunum er ætlaður töluvert stór þáttur í þessari forvarnastarfemi sem er auðvitað sterkasti leikurinn til að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að reykja. Nú stendur til að færa skólana yfir til sveitarfélaganna og ef ætlunin er að skólarnir sinni þessu lögbundna hlutverki af einhverjum myndarskap fyndist mér eðlilegt að gert verði ráð fyrir að til þess færu einhverjir fjármunir á ári hverju. Þær 20 millj. sem ætlaðar eru til þessa sérstaka forvarnastarfs segja lítið ef hver skóli á að fá framlög til þess að sinna starfseminni. Það þurfa því auðsjáanlega að koma til önnur framlög frá ríki eða sveitarfélögum og það ætti þá að taka inn í þann kostnað sem reiknað er með að lendi á sveitarfélögunum við það að færa skólana yfir til þeirra. Ég get ekki séð annað en að sveitarfélögin eigi að taka með þessu frv. við kostnaði af eftirlitinu með því að greiða fyrir störf heilbrigðisnefnda eða eftirlitsmanna á vegum heilbrigðisnefndanna.

Í 6. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að skylda sú sem áður var hjá heilbrrn., og er hjá heilbrrn. skv. gildandi tóbaksvarnalögum, til að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja er færð frá ráðuneytinu yfir til heilsugæslustöðvanna. Heilbrrn. hefur ekki sinnt þessari skyldu nema með framlögum til tóbaksvarnanefnda og einhverri fræðslu og einhverjum námskeiðum, fyrst og fremst fyrir börn og unglinga. Þarna er verið að færa skylduna frá heilbrrn. yfir til heilsugæslustöðvanna án þess að gera ráð fyrir því að heilsugæslustöðvarnar fái fjármagn til þess að standa undir þessari skyldu, sem er með samþykkt þessa frv. ótvíræð. Ég sé ekki betur en að hér sé verið að færa kostnað frá ráðuneyti yfir á heilsugæslustöðvarnar án þess að mæta þeim kostnaði á nokkurn hátt.

Markmiðið með þessum lögum er gott og ég hef áður tekið þátt í ítarlegri umfjöllun í heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir en mér finnst veikleiki frv. vera sá sami og var í frv. sem við höfðum áður til umfjöllunar. Markmiðið er gott, frv. er í sjálfu sér gott nema að því leytinu til að það er hvergi gert ráð fyrir því að mæta þeim kostnaði sem óhjákvæmilega verður við lagasetninguna og færist ýmist á sveitarfélögin eða ríkisstofnanir. Þegar við sjáum slík frv. koma hér inn aftur og aftur má efast um að hugur fylgi máli hjá hæstv. ráðherra eða ráðuneytinu vegna þess að það er ekki nóg að samþykkja lög. Við verðum að sjá til þess að hægt verði að framfylgja þeim.

[16:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna fram komnu frv. sem unnið hefur verið að allt frá árinu 1988. Það er því löngu tímabært að það fái afgreiðslu í þinginu. Að vísu kom fram eldra frv. á 118. löggjafarþingi sem ekki hlaut afgreiðslu.

Þessi nýja mynd frv. tekur réttilega mið af þeirri óheillaþróun sem orðið hefur varðandi reykingar ungs fólks og endurspeglast víðast hvar þar sem ungt fólk kemur saman, svo og í tiltækum könnunum. Það er alveg ljóst að það virðist aftur að vera komast í tísku meðal ungs fólks að reykja og það er verulegt umhugsunarefni hvað veldur. M.a. held ég að það hafi verið slakað á þeim heilsufarsáróðri sem áður tíðkaðist og þarna þurfi verulega að bæta ástandið. Ég vil heils hugar taka undir það fjórþætta markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem sett er fram í greinargerð. Þar kemur fram að það beri að stefna að því að ungt fólk byrji ekki að reykja og að stefnt sé að því að reykingamenn hætti að reykja og fái til þess hvatningu og aðstoð, að þeir sem hætta ekki að reykja fái sem minnst af skaðlegum efnum úr reyknum og þeir sem ekki reykja njóti verndar gegn tóbaksreyk frá öðrum. Það er ekki síst þetta síðasta markmið sem ég tel ákaflega mikilvægt og mjög langt í land með hér á landi.

Ég tek fyllilega undir þau rök sem styðja það að allt skuli gert til að seinka því að ungt fólk hefji reykingar því rannsóknir sýna alveg ótvírætt, og það kemur reyndar fram í grg., að því fyrr sem fólk byrjar að reykja, því meiri líkur eru á heilsutjóni, þar á meðal krabbameini. En boð og bönn eru alltaf viðkvæm. Ég tel því að almennt eigi að fara forvarnastarfsleiðina þegar verið er að koma þeim skilaboðum til fólks að það eigi ekki að reykja og ekki síst til barna og unglinga. Þó hér sé mælt með auknu fé til tóbaksvarna, hefði ég gjarnan viljað sjá meiri aukningu þar og tek því undir gagnrýni sem komið hefur á það ákvæði. En þrátt fyrir ákvæðið um aukið fé er mjög lítið útfært hvernig á að verja því, hvernig á að fjármagna aukna fræðslu um áhrif tóbaksneyslu eða t.d. námskeið til að aðstoða fólk við að hætta að reykja. Það er gert ráð fyrir því að frv. valdi tekjuskerðingu ríkissjóðs upp á 16–18 millj. kr. og ekki verður séð að heilbrigðisstofnanir séu aflögufærar til að sjá um námskeið og annað sem þeim er ætlað samkvæmt frv. Ég hefði því viljað sjá mun betri útfærslu á því hvernig tóbaksvarnafræðsla eigi að beinast að ungu fólki og vil gjarnan heyra hugmyndir hæstv. ráðherra um það hvort hún telur að heilsugæslustöðvar hafi núna fé til þessa fræðsluátaks eða fé til þessara mála. Það segir ekkert um það í frv. að þeim sé ætlað sérstakt fé til þessa þáttar.

Ef ég kem ögn nánar að nýmælum frv. eru þar nokkur ákvæði sem eru óumdeild að mínu mati, eins og merkingar á sígarettupökkum og ég tek heils hugar undir bann á munntóbaki. En það eru önnur atriði þarna sem mér finnst ekki nægilega vel rökstudd. Þar vil ég sérstaklega nefna bann við framleiðslu á tónlistarmyndböndum þar sem tóbak er áberandi. Mér finnst vanta allan rökstuðning sem vissulega er mögulegur varðandi þetta ákvæði. Hér virðast tónlistarmyndbönd skilin eins og hver önnur auglýsing sem þau eru auðvitað að hluta en ekki alfarið, því að þau eru ákveðið listform líka. Ég sakna einhvers konar rökstuðnings sem tengir þetta við fyrirmyndir eða eitthvað slíkt, samanber það að vitað er að tóbaksfyrirtæki hafa beint athygli sinni að Hollywood og kvikmyndagerð til að koma þeirri öfugímynd á framfæri að það sé flott að reykja. Þessi rök eru ekki notuð. Það er ekki sagt hvers vegna banna á reykingar í myndböndum. Ég tel að það hafi ekki verið sannað vísindalega að auknar reykingar í myndböndum eða í kvikmyndum valdi

auknum reykingum, þó að þetta hafi farið saman undanfarin 5–10 ár, rétt eins og þó að aukið ofbeldi í sjónvarpi og aukin ofbeldishneigð fólks fari saman, þá er ekki sannað með fullnægjandi vísindalegum hætti að þarna sé um orsakasamband að ræða. Mér finnst þó mjög líklegt að þarna sé um ákveðin tengsl að ræða. En þar sem það hefur ekki verið sannað og þar sem myndbönd eru ákveðið listform þó þau séu einnig auglýsing, tel ég vafasamt að banna þau. Ég get því tekið undir það með Össuri Skarphéðinssyni að þarna séum við komin út á hálan ís og það sé kannski stutt yfir í að fara að banna reykingar í leikhúsum eða í kvikmyndagerð eða við aðra menningarstarfsemi. Það þarf a.m.k. að rökstyðja þetta ákvæði mun betur til að ég geti stutt það.

Önnur atriði sem ég vil gera að umtalsefni eru að í þessu nýja frv. er mælt með að aldursmörk við sölu á tóbaki séu 17 ár í stað 16. Ég vil taka undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þarna er of stutt skref stigið. Mér fyndist eðlilegra að miða tóbakskaup við 18 ár. Einnig hef ég mælt með því að sjálfræðisaldur verði hækkaður og ég tel mun eðlilegra að öll þessi mörk, áfengið, tóbakið og sjálfræðisaldurinn, miðist við 18 ár. Ég tel því að þarna sé of skammt gengið.

Þá er í frv. ákvæði sem kveður á um bann við reykingum í grunnskólum, leikskólum og framhaldsskólum. Nýmælið þarna er fyrst og fremst framhaldsskólinn þar sem í núgildandi lögum er bannað að reykja í grunnskólum og í dagvistun barna. Þarna er hugtakið leikskóli komið inn sem vissulega ber að fagna. En þó það hafi verið bannað að reykja í grunnskólum hefur verið heimilt að setja upp reykingakompu eða einhverja sérstaka aðstöðu fyrir reykingafólk. Í frv. er tekið fyrir það. Það er því ljóst að ef þetta verður að lögum þarf að gera ráðstafanir til að starfsfólk og aðrir geti aðlagast að þessu því þetta er veruleg breyting frá núgildandi lögum, einkum og sér í lagi fyrir framhaldsskólana.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi háskólann í ræðu sinni og hvers vegna ekki sé tekið á honum í þessu frv. Ég tel að það sé erfiðara að fást við háskólann þar sem um fullorðið fólk er að ræða. En ég þekki vel hvernig núgildandi lög hafa reynst í praxís í Háskóla Íslands. Ég tel að það sé algjörlega óviðunandi hvernig reynslan er þar og það þurfi því að koma skýrari ákvæði inn í lög sem t.d. ná til Háskóla Íslands. Ég vil nefna tvö dæmi um framkvæmd í háskólanum sem hefur valdið vandamálum. Í einu húsi sem ég þekki mjög vel til í háskólanum, í Odda, voru reykingar bannaðar alfarið nema í setustofu kennara. Það varð til þess að nemar þyrptust út til að reykja þannig að þeir kennarar og aðrir sem hafa herbergi á neðstu hæðum hússins geta ekki haft opinn glugga hjá sér. Skrifstofur þeirra fyllast af reyk. Sömuleiðis flykkist allt starfsfólk hússins yfir í setustofu kennara í Odda þar sem örfáir reyktu fyrir með þeim afleiðingum að þar varð gjörsamlega ólíft. Ég tel að í núgildandi lögum sé ekki tryggt hvernig fólk á almennum vinnustöðum getur verið án reyks og ekki sé tekið á því í þessu frv. og því verði að bregðast við með einhverjum hætti.

Síðast en ekki síst vil ég gera að umræðuefni það nýmæli að banna eigi reykingar í húsakynnum þar sem félags- og tómstundastarf barna á sér stað. Þarna finnst mér grg. alls ekki nógu skýr. Við hvaða aldur er t.d. miðað? Er þarna miðað við að börn séu börn til 16 ára aldurs og hvað eru þau þá unglingar lengi? Á þetta t.d. bara við fram að 16 ára aldri eða á þetta við starfsemi félagsmiðstöðva almennt? Þetta er mjög óskýrt í lagatextanum þar sem hugtakið unglingur hefur ekki lagalega merkingu og það er ekkert skýrt í grg.

Í stuttu máli fagna ég að þetta frv. er fram komið. En ég tel að fræðsluþátturinn sé ekki nægilega skýr og ekki nógu tryggur til að auknar forvarnir fari í gang og fræðsla og hjálpartæki til að hætta að reykingum verði á færi allra. Ég get ekki séð að það sé tryggt með þessu frv.

Þá vil ég að sala á tóbaki sé miðuð við 18 ár. Það á að beina auknum forvörnum að ungu fólki og það er nóg að beina vinsamlegum tilmælum til myndbandaframleiðenda fremur en banni því annars er skammur vegur yfir í bann í öðrum listformum. Ég tel einnig eins og ég sagði áðan að það þurfi sérstaklega að fara yfir þetta frv. í heilbr.- og trn. með tilliti til þess markmiðs að fólk sem ekki reykir geti verið án reyks. Ég tel að það sé alls ekki nægilega tryggt í frv. Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðherra sem og hv. þm. Hjörleif Guttormsson vegna fyrri ummæla hans í dag. Hvaða frekari skref sjá þau möguleg eða raunhæf á þessu stigi? Þótt þetta frv. hljóti að vera ákveðin pólitísk málamiðlun, tel ég að það sé svo margt að að þessu leyti í okkar þjóðfélagi að það verði að ganga lengra. En auðvitað verði að fara með gát og ekki neinar ofstækisleiðir.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við þá ágætu umræðu sem hefur farið fram um þetta frv. Það eru nokkur áhersluatriði af minni hálfu. Í fyrsta lagi vil ég almennt hvetja menn til dáða í þessum efnum og ráða mönnum frá því að vera með einhverja viðkvæmni eða tepruskap gagnvart því að beita sér af hörku gegn tóbaksreykingum. Ég sé ekki annað en til þess standi fullgild rök að taka mjög fast á þeim málum og gef satt best að segja ekki mikið fyrir málflutning af því tagi sem stundum heyrist að það flokkist undir einhvern helgan rétt borgaranna að menga umhverfið og andrúmsloftið, skaða sjálfan sig en þó einkum og sér í lagi aðra sem í kringum þá eru.

Það er mikill misskilningur að í ljósi þeirra upplýsinga sem sífellt eru að hlaðast upp um skaðsemi óbeinna reykinga að það sé á valdi hvers og eins að ákveða hvernig hann hegðar sér í þessum efnum. Það er ekki svo. Frelsi einstaklingsins nær að þeim mörkum að það skaði ekki aðra. Hér gilda þau rök að menn hafa ekki leyfi til þess að menga það loft sem aðrir draga ofan í lungu sín og spilla umhverfinu. Þetta þarf hv. þm. og fyrrv. neftóbaksmaður, Össur Skarphéðinsson, m.a. að athuga. (**Gripið fram í:** Og fyrrv. reykingamaður.) Og gildir það hvort sem er um andrúmsloft innan veggja Háskóla Íslands eða annars staðar í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi, herra forseti, er ekki hægt annað en að ræða þetta frv. í ljósi þeirra alvarlegu staðreynda að yfirgnæfandi vísbendingar eru um að reykingar séu vaxandi á nýjan leik og í raun þarf engum blöðum um það að fletta. Það er alveg nóg að þekkja sæmilega til t.d. í grunnskólum og framhaldsskólum landsins til þess að vita að þar stefnir í hreinasta óefni á nýjan leik með verulega auknum reykingum ungmenna, manni liggur við að segja barna, frá því sem var þegar mestum árangri hafði verið náð í kjölfar mikils áróðurs og fræðslu á áttunda áratugnum og jafnvel fram á þann níunda. En nú hefur þarna, því miður, af einhverjum ástæðum slaknað verulega á. Sennilega hafa menn að nokkru leyti sofnað á verðinum og ekki sinnt sínum skyldum sem vert væri á þessu sviði og afleiðingarnar eru alveg ótvíræðar og hrikalegar.

Í þriðja lagi, herra forseti, finnst mér rétt að nefna til sögunnar í þessari umræðu þá staðreynd, því miður, að vaxandi fjöldi fólks stríðir við sjúkdóma af ýmsu tagi sem gera tóbaksreykingar enn þá skaðlegri og meira óþolandi en ella í umhverfinu. Þá á ég við allan þann mikla fjölda fólks sem er að berjast við ofnæmi og öndunarsjúkdóma af ýmsu tagi og reykingar, ég tala nú ekki um beinar, en jafnvel óbeinar reykingar fara með mjög illa með. Af þeirri ástæðu einni er ástæða til að taka enn fastar á í þessum efnum heldur en hingað til hefur verið gert. Það er viðurkennd staðreynd, ég hef ekki undir höndum í augnablikinu tölfræðilegar staðreyndir í þeim efnum, en ég þykist geta fullyrt það og fara rétt með að það liggi fyrir tölfræðilega sannað að ýmsir slíkir ofnæmis- og *öndunarfærasjúkdómar gerast því miður æ algengari.* Kenna þar margir um ýmis konar óhollustu í nútímalifnaðarháttum, mengun andrúmslofts og fleiri slíkum hlutum. Þessu fylgir mikill kostnaður, geysilegur lyfjakostnaður og útgjöld í heilbrigðiskerfinu vegna þessa fólks. Veigamest er þó sú röksemd sem lýtur að velferð þessa fólks og vellíðan. Staðreyndin er sú að þetta fólk er í vaxandi mæli útlagar í þjóðfélaginu að svo miklu leyti sem reykingar eru látnar líðast og viðgangast.

Ég vil sem dæmi taka veitingastaði. Það er staðreynd að það eru þúsundir Íslendinga sem ekki geta undir neinum kringumstæðum lifað af heilt kvöld á venjulegum veitingastöðum á Íslandi því þar er yfirleitt þoka niður í miðjar hlíðar, ef svo má að orði komast, sér ekki til lofts á kránum og búllunum. Og er þó ekki hátt til lofts víða í þeim kjallaraholum sem virðast vera vinsælastar sem ölstofur og veitingahús. Ég fullyrði það, herra forseti, að það eru þúsundir manna sem heilsu sinnar vegna geta ekki eytt kvöldstund á slíkum stöðum. Nú er ég ekki að segja að það sé eitthvert sáluhjálparatriði fyrir alla að geta verið þar en sjálfsagt er það nú svo að margir vildu gjarnan geta t.d. fylgt vinnufélögum eða fjölskyldu sinni o.s.frv. og vilja ekki vera sviptir þeim mannréttindum að geta af og til dvalið á slíkum stöðum. En þannig er nú ástandið í dag. Ég vil nota þetta tækifæri þó það sé sjálfsagt frekar óvenjulegt, herra forseti, að skora á einhverja framtakssama einstaklinga úti í þjóðfélaginu að drífa í gang reyklausa veitingastaði og reyklausar ölstofur hér í landinu. *Ég fullyrði að það verði góður bisniss og ég* skal leggja mitt af mörkum til þess, með óbeinum hætti að sjálfsögðu, að hvetja til þess að menn sýni slíku framtaki stuðning. (**ÖS:** Með hvaða hætti?) (**Gripið fram í:** Við bara mætum þar.) Með þeim einfalda hætti, hv. þm. og fyrrum neftóbaksmaður, að menn heiðri slíka staði með viðskiptum og verðlauni þá fyrir það framtak (Gripið fram í.) að útrýma reykingum. Ég er t.d. að tala um matsölustaði og almenna veitingastaði. (**ÖS:** Þingmaðurinn talaði um ölstofur.) Ölstofur eru líka þjónustustarfsemi sem við vitum að viðgengst hér í landinu og þær væru ekki til nema vegna þess að einhverjir nota sér þjónustu þeirra án þess að ég sé þar með að hvetja til eða auglýsa upp þann varning. (**ÖS:** Annað heyrist okkur bindindismönnum hér í salnum.) Ég bið menn nú að taka sjálfa sig ekki of alvarlega sem bindindismenn þó þeir hafi nýlega hætt að taka í nefið.

Mér er í sjálfu sér ekki hlátur í hug, herra forseti, út af þessu þó menn hafi verið að skjóta hér inn í einhverjum kátlegum athugasemdum. Ég tel þetta vera mikla alvöru. Það vill svo til að ég þekki til þessara mála af vissum ástæðum og veit við hvað þetta fólk á að glíma sem haldið er þessum sjúkdómum. Ég endurtek að það undrar mig að menn skuli ekki, þó ekki væri nema á hreinum viðskiptalegum forsendum, hafa kveikt á þeim möguleikum sem væntanlega liggja til ábatasamrar starfsemi að sinna þörfum þess fólks sem vill geta komist heim til sín eftir dvöl á veitingahúsi eina kvöldstund án þess að fötin séu svo til ónýt af reykjarsvælu og menn meira og minna farnir á heilsu jafnvel þó þeir séu sæmilega heilbrigðir að öðru leyti og séu ekki að berjast við sérstaka ofnæmis- eða öndunarfærasjúkdóma. Ég tel mig vera þokkalega heilsuhraustan og er sem betur fer ekki haldinn neinum slíkum kvillum en ég fullyrði að það er iðulega beinlínis heilsuspillandi að anda að sér stundinni lengur því lofti sem er á þessum stöðum.

Í fjórða lagi, herra forseti, þá held ég að það sé ekki umdeilt að tóbaksreykingar eru ef ekki stærsta þá a.m.k. eitt stærsta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar og trúlega það sem einna útgjaldafrekast er nema ef frekast skyldi að ofnotkun áfengis kæmist í svipaðar hæðir í útgjöldum og er þá ekki allt mælanlegt sem þar á sér stað og verður aldrei því að sársaukafyllst er náttúrlega það tjón sem verður á heilsu fólks og heilbrigði og vellíðan og mannfórnirnar sem tóbaksreykingar hafa í för með sér. Eðlilega horfa menn til þeirra mannfórna sem eru samfara því að búa í landi eins og okkar. Fólk ferst í umferðinni og það verða slys á sjó o.s.frv. en þær mannfórnir eru smámunir, þær eru barnaleikur í vissum skilningi þess orðs borið saman við *þær mannfórnir sem tóbakið hefur í* för með sér og brúkun þess.

Þess vegna, herra forseti, hvet ég að lokum menn til að taka miklu fastar á í þessum efnum. Ég fullyrði það að þeir fjármunir sem settir eru í forvarnir á þessu sviði eru hreinasta hneisa. Þeir eru fáránlega litlir, þeir eru heimskulega litlir frá hreinu efnahagslegu sjónarmiði séð þó ekkert annað kæmi til. Þeir eru heimskulega litlir. Að leggja ekki til muna meiri fjármuni í forvarnir til málaflokks af þessu tagi þar sem útgjöldin hinum megin, gjaldamegin, eru jafngífurleg og raun ber vitni, það er heimskulegt. Og ég skora á þá hv. þingnefnd sem mun véla um málin að taka það til skoðunar að leita eftir þverpólitískri samstöðu um að stórauka tekjuöflun til forvarna á þessu sviði og sverja þess dýran eið að sá tekjustofn verði nú einu sinni látinn í friði ef menn sammælast t.d. um það að taka ríflegt gjald af tóbaki og setja það allt í *forvarnir.*

Ég heyrði einhvers staðar í fréttum það hneyksli að annar stjórnarflokkurinn hefði nuddað því fram í tengslum við þetta frv. að fá fellda út hugmynd um að hækka tóbak. Ég lýsi eftir upplýsingum um það hneyksli. Var það Framsfl. sem stóð fyrir því, herra forseti, ef hæstv. heilbrrh. vildi vera svo væn og svara því? Ef það er Sjálfstfl. megi það þá verða honum til langvinnrar skammar að hafa afrekað það að berjast sérstaklega fyrir því að lækka verðið á þessari vöru.

Ég hvet til þess að það verði a.m.k. ekki mikið gert með þá afstöðu hér í meðferð þingsins og kannað hvort ekki er hægt að ná þverpólitískri samstöðu um að taka betur á í þessum málum í tengslum við meðferð þessa frv.

[16:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki stal standa á mér sem formanni heilbr.- og trn. að hlutast til um að það myndist þverpólitísk samstaða um að hækka þann hluta af bruttósölu tóbaks sem verður varið til forvarnastarfa. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. um þetta. Í ræðu minni fyrr í dag lagði ég einmitt ríka áherslu á nauðsyn forvarnastarfs, benti á það að hæstv. ráðherra

hefur sagt að það kosti hálfan milljarð einungis að bæta beint heilsutjón af völdum reykinga og við erum hérna að tala um skitnar 20 millj. Auðvitað er það hneisa.

Herra forseti. Ég tek líka undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir um skaðsemi óbeinna reykinga. Menn eiga auðvitað að fá öll tækifæri til þess að vera lausir við það að þurfa að draga að sér loft með slíkum reyk. Ég er hins vegar ekki alveg sammála hv. þm. eða hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það sé nauðsynlegt að ganga miklu lengra en þetta frv. gerir. Ég vek athygli á því að það er tóbaksvarnaráð sem gerir tillögurnar að þessu frv. og þar er að finna einhverja skeleggustu talsmenn tóbaksvarna sem ég hef enn þá komist í kast við.

En ég kem hér upp til þess, herra forseti, aðeins að leiðrétta sem mér fannst vera misskilningur í máli hv. þm. um efni ræðu minnar fyrr í dag. Ég var ekki að segja að það ætti ekki koma upp til að mynda reyklausum svæðum innan Háskóla Íslands. Hins vegar var ég að lýsa því yfir fyrr í dag að ég er algjörlega á móti því að banna reykingar fortakslaust í Háskóla Íslands en það lagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson til fyrr í dag. Ég er á móti því. Ég skal hins vegar vera fyrstur manna til þess að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það á að sjálfsögðu að gefa námsmönnum og starfsmönnum Háskóla Íslands kost á því að búa að reyklausum svæðum eins og sums staðar annars staðar.

Að lokum, herra forseti, langar mig til þess að varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra sem varðar óbeinar reykingar. Hvað með reykingar á lóðum utan stofnana t.d. leikskóla og skóla? Verður það bannað eða á mönnum að leyfast að híma þar með vindling í munnvikinu og reykja og menga og skapa vont fordæmi?

[16:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að svara spurningu sem hv. þm. beindi til hæstv. heilbrrh. í andsvari við mig heldur ætla ég í fyrra laginu að þakka hv. þm., formanni heilbr.- og trn. fyrir loforðið um það að taka myndarlega á í meðferð þessa máls, fara yfir það í hv. þingnefnd og kanna það meðal þingmanna hvort ekki sé unnt að ná samstöðu um miklu róttækari aðgerðir í sambandi við fjáröflun til forvarna á þessu sviði. Ég fagna því og ítreka brýningu mína í því sambandi. En að hinu leytinu til er ég mun nær skoðunum hv. 4. þm. Austurl. en hv. 15. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar. Ég sé ekki að það sé mikil ástæða til þess að vorkenna mönnum í Háskóla Íslands meira en í öðrum skólum og öðru opinberu húsnæði. Ég er meira og minna þeirrar skoðunar að það eigi að koma reykingum út úr t.d. heilbrigðisstofnunum og út úr opinberu húsnæði og eiginlega útrýma þeim alls staðar sem nokkur kostur er, ganga eins langt í því næstum því, liggur mér við að segja, og friðhelgi einkalífs og heimila leyfir. Þar verða menn auðvitað að ráða sínu framferði sjálfir. En ég sé enga ástæðu til þess að ríkið sé að byggja hús yfir fólk til þess að reykja í. Menn geta bara leyst þau vandamál einhvers staðar annars staðar. Úti á túni eða heima hjá sér ef ekki vill betur til og ég er tilbúinn til að ganga alveg feiknarlega langt í því. Auðvitað er það gert meðvitað með það í huga að það eitt með öðru hjálpi til að sigrast á þessum vágesti. Það er alveg ljóst að þetta kemur við einhverja og verður ekki vinsælt hjá öllum að þurfa að norpa úti í kuldanum en menn verða að þora að taka á einhverju í þessum efnum og það eru ærin rök fyrir því.

[16:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir mjög svo ágæta umræðu um þetta mál. Sínum augum lítur hver silfrið og það hefur komið í ljós hér að sumum finnst of langt og öðrum of skammt gengið. En mér sýnist þegar allt er samantekið að þetta sé býsna gott frv.

Það voru nokkrar spurningar lagðar fyrir mig sem ég ætla að svara. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson reið á vaðið og spurði hvað ég hefði viljað sjá öðruvísi í þessu frv. Fyrst og fremst hefði ég viljað sjá það að tóbak hækkaði 5–10% umfram almennt verðlag á einhverju árabili. Það eru þessi viðskiptalegu sjónarmið og heilbrigðissjónarmið sem rekast á. Ég tel samt ekki að þetta sé sá útgangspunktur að ég hafi verið tilbúin að láta þetta frv. liggja lengur í salti en orðið var því ég tel ýmis ákvæði þessa frv. mjög mikilvæg eins og það að við erum með þessu að stöðva það að unglingar geti keypt tóbak fyrir 17 ára aldur en til þess að svo megi verða þarf mikið eftirlit. Sumir hafa jafnvel talað um að það eigi að ganga lengra og tala um 18 ára aldur. Ég tel mikilvægt að ná 17 ára unglingum, þá erum við að tala um að grunnskólabörn megi almennt ekki kaupa tóbak og það sé auðveldara að hafa eftirlit með því heldur en þegar aldurinn er orðinn hærri.

Hér hefur verið mikið rætt um það hvar eigi að leyfa reykingar og hvar ekki. Háskólinn hefur verið til umræðu og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði af hverju Háskóli Íslands væri ekki með þegar taldir eru upp í frv. hinir ýmsu skólar. Við erum fyrst og fremst að ná til unga fólksins með þessu frv. Það er grundvallaratriði í frv. En ég tel að Háskóli Íslands sem stofnun ætti að sýna gott fordæmi og taka þá ákvörðun einn og sér að banna reykingar innan skólans. Ég nefni sem dæmi að Flugleiðir hf. hafa bannað reykingar á öllum sínum flugleiðum og það eru bannaðar reykingar á öllu starfssvæðinu. Þetta er átak sem menn horfa á og sýnir hvað hægt er að gera.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbr.- og trn., er orðinn lastalaus, hættur að taka í nefið og þar með er hann orðinn lastalaus. (**Gripið fram í:** Það er nú algert rugl.) (**ÖS:** Ég hélt því aldrei fram.) (**RG:** Ekki með lestina.) (**SJS:** Hann lofaði því nú aldrei.) Hann hélt því ekki fram en mér sýnist að það sé orðið lítið eftir af löstum hans þegar þetta er frá honum tekið. (Gripið fram í.) Já. Það er nú eins og það er. En menn taka yfirleitt eitt skref í einu og hann hefur ekki tekið nema einn flokk í einu þannig að þegar menn eru að tala um að það sé hans eini löstur að vera í Alþfl. þá held ég að það geti staðist.

Hann spurði: Af hverju er verið að banna fínkorna tóbak en ekki gamla neftóbakið? Það er fyrst og fremst vegna þess að þetta fínkorna neftóbak er miklu skaðlegra heldur en gamli ruddinn. Í einni 10 gramma dós af fínkorna neftóbaki er jafnmikið nikótínmagn og í fimm kamelpökkum. Þetta geta menn svolgrað í nefið eða vörina eftir atvikum á mjög skömmum tíma og hefur valdið verulegu heilsutjóni og kostar heilbrigðisþjónustuna mikla peninga.

Hv. þm. spurði einnig að því hvort Svíar hefðu ekki fengið undanþágu varðandi leyfi til að selja þetta fínkorna neftóbak. Það er alveg rétt. En ég tel að við eigum að ganga skrefið til fulls og banna innflutning á fínkorna neftóbaki.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og fleiri hv. þm. töluðu um tóbaksnotkun í tónlistarmyndböndum. Ég skil ekki hvað er verið að hefta einhverja list þó að tónlistarmyndbönd séu ekki full af reyk. Við vitum að það er fyrst og fremst ungt

fólk sem horfir á þessi tónlistarmyndbönd, mjög ungt fólk og þetta er viss auglýsing. Oft er verið að auglýsa þá tónlist sem fram er reidd og af hverju þarf að auglýsa tóbak í leiðinni? Ég sé engin höft þó það sé minnkað alveg eins og við samþykktum á Alþingi ekki alls fyrir löngu að banna ofbeldi í kvikmyndum. (**ÖS:** Af hverju bara tónlistarmyndbönd? Af hverju ekki bara myndbönd yfirleitt?) Það eru fyrst og fremst tónlistarmyndbönd sem menn eru að framleiða hér og það eru þau myndbönd sem ungt fólk horfir mest á þannig að það eru full rök fyrir því.

Það kom einnig fram hjá hv. þm. að það ætti að auka það fjármagn sem fer til forvarna með því að hækka þessa bróttóveltu meira en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég minni á að við erum að taka þarna ansi stórt stökk í einu. Í dag fara 0,2% af bróttóveltu til forvarna en við erum að tala um að hækka það upp í 0,4%. Menn hafa verið að tala um að skoða þetta betur í nefnd og ég mundi ekki gráta það þó að þetta hækkaði verulega í meðförum nefndarinnar. Og ég fagna því að formaður heilbr.- og trn. ætlar að flýta þessu máli eins og framast er unnt.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á ýmislegt og sérstaklega það að hún taldi það vera mjög dýrt að hætta að reykja. Hún taldi að námskeiðahald t.d. væri allt of kostnaðarsamt fyrir einstaklinga. Núna er verið að undirbúa nokkurs konar herferð í námskeiðahaldi og það sem er gleðilegt við það er að sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna hafa boðist til að leggja verulegt fjármagn til þessa námskeiðahalds og koma einmitt á móts við þá tekjulægstu í þjóðfélaginu, en það skiptir mjög miklu máli í þessu sambandi. Heilsustofnun Náttúrulækningahælisins í Hveragerði mun með vorinu hefja fjögurra til fimm daga námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Talað er um að þessi námskeið kosti 6 þús. kr. og þá erum við að tala um uppihald á staðnum þennan tíma. Þá geta menn enn spurt sig: Hvað kostar að reykja og hvað er þetta mikill sparnaður fyrir einstaklinginn nái hann árangri?

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði líka mikið um eftirlitið, að þetta eftirlit sem heilbrigðisfulltrúum á stöðunum er gert að hafa. Þetta er bara eitt af verkefnum heilbrigðisfulltrúanna og mun ekkert breytast nema hvað við munum enn herða á því að þeir taki enn þá betur til hendi heldur en hingað til hefur verið gert.

Varðandi það að heilsugæslustöðvarnar taki meiri þátt í námskeiðahaldi heldur en hefur verið, þá er það líka í verkahring heilsugæslustöðvanna. Og varðandi kostnaðinn er það að segja að um leið og við náum verulegum árangri, þá fáum við líka fríska fólk og þeir verða færri sem þurfa að nýta sér heilbrigðisþjónustuna.

Ég held að ég hafi svarað nokkurn veginn því sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir kom inn á varðandi myndböndin. Hún talar um að það sé skynsamlegra að hafa tilmæli heldur en bönn og þá kem ég aftur þessum myndböndum. Það er ekki bann í þessu frv. En það er talað um að draga verulega úr reykingum í myndböndum. (**Gripið fram í:** Það stendur bannað.) Ég er ekki með ... (**GGuðbj:** Það stendur: „Bannað er að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksreykingar eru áberandi.") Já, nákvæmlega, þar sem tóbaksreykingar eru áberandi. Þar með er ekki verið að banna þær heldur er verið að (**Gripið fram í:** Orða það á jákvæðan hátt.) já, orða það á jákvæðan hátt eins og hv. þm. orðar það ágætlega.

Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni finnst ekki nægilega langt gengið og hefði gjarnan viljað ganga lengra varðandi bönn. En ég endurtek að ég tel að þetta sé mjög gott skref, jákvætt skref, og við eigum að flýta framkvæmd þessa máls. (**SJS:** Hvað með hækkunina á tóbakinu, hver stoppaði það?) Hv. þm. spyr um hækkunina á tóbaki, hann talaði um lækkun áðan. Við erum ekki að tala um að lækka tóbak. Ég svaraði þessu í upphafi máls míns en hv. þm. hefur misst af því svari. Ég lagði til að tóbak mundi hækka umfram verðlag um 5–10% árlega í næstu fimm ár. Það náði ekki í gegnum þingflokk Sjálfstfl. Það er ekkert launungamál.

Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur orðið um þetta mál og vona að það fái hraða framgöngu í gegnum þingið.

[16:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leitt að hlusta á það hvernig Sjálfstfl. hefur taumhald á hæstv. heilbrrh. í hverju málinu á fætur öðru. En ég kem upp til þess að drepa á örfá atriði.

Ég lít svo á að hæstv. heilbrrh. sé sammála því að innan heilbr.- og trn. muni menn reyna að hækka það hlutfall sem nefnt er í 7. gr. að eigi að verja af bróttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Að mínu viti var ekki hægt að skilja mál hennar öðruvísi en svo að hún sé þess raunar fýsandi og hún leiðréttir mig þá ef hún er annarrar skoðunar.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum varðandi þann þátt sem lýtur að banni á framleiðslu tónlistarmyndbanda hér á landi þar sem tóbaksneysla er áberandi. Hvaða máli mun það skipta? Það mun skipta því einu að framleiðslan mun færast út úr landinu. Heldur hæstv. ráðherra að þær hljómsveitir sem innan lands hafa staðið í því að búa til slík myndbönd muni hætta að framleiða þau? Að sjálfsögðu ekki. Þær munu bara framleiða þau í öðru landi. Þetta mun þess vegna skaða Íslendinga en þar fyrir utan er þetta prinsippatriði. Þetta er óhugsað, órökvíst og ef menn væru þessarar skoðunar þá ættu þeir að fara yfir sviðið miklu víðar og banna myndir af tóbaksneyslu í blöðum, í dagblöðum, í öllum sjónvörpunum, í öllum kvikmyndum og öllum myndböndum sem framleidd eru á Íslandi.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri mér frá því hvaða gögn hún hefur undir höndum sem sýna það að fínkornótt neftóbak sé mjög skaðlegt. Ég er reiðubúinn til þess að taka þau góð og gild en ég hef enn ekki fengið þau. Hæstv. ráðherra gat þess að það væri miklu meira nikótín í neftóbaki heldur en í sígarettum, en er það ekki svo að það er ekki nikótínið sem veldur krabbameininu heldur eru það ýmis önnur efni eins og fjölhringuð kolefnissambönd og nítrósamín og fleiri slík en ekki nikótínið þannig að þetta eru ekki í sjálfu sér rök og ég lýsi enn eftir þessum rökum. Þegar ég hef þau fyrir framan mig, þá skal ég fallast á þetta ákvæði, en ekki fyrr.

[16:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það síðastnefnda sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi áðan um skaðsemi fínkorna neftóbaks kemur það best fram í mæli hans vegna þess að hann var sífellt stíflaður í nefninu og gat varla komið upp nokkru orði meðan hann tók svo stíft í nefið sem hann gerði fyrir nokkrum mánuðum. Nú er hann bara hreinn sem sveinn.

Það er nefnilega þannig að þetta fínkorna neftóbak eyðileggur slímhúðina í nefi og munni. Ég get sýnt honum ýmsar skýrslur þar að lútandi sem sýna fram á það að þetta er ekki aðeins krabbameinsvaldur heldur brennir það slímhúðina.

Þetta eru vísindalega sönnuð rök, hv. þm., og heyri hver sem vill.

Hv. þm. sagðist ætla að berjast fyrir því í heilbrn. að hærra hlutfall af brúttósölu tóbaks yrði nýtt til forvarna. Ég segi bara: Gangi honum vel með það því að ég tel mikilvægt að ná sem mestum fjármunum til forvarna. Ég vil samt ná verulegum árangri með því að tvöfalda þessa upphæð í þessu frv. og ég tel að mjög gott skref.

[16:47]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst metnaður hæstv. ráðherra ekki vera sá sem ég vænti í sambandi við þetta frv. og þær breytingar sem gerðar hafa verið á því og eru mótdrægar hæstv. ráðherra að ég hélt. Ég bað hæstv. ráðherra að greina frá því hvaða atriði það væru sem færu á milli þessa frv. og þess sem hún hefði viljað sjá og sem tóbaksvarnanefnd og þær tillögur sem tóbaksvarnanefnd gerði við undirbúning þessa máls. Fátt var um svör.

Ég spurði hæstv. ráðherra um það hvort það bæri að skilja 5. gr. frv., sem er breyting á 10. gr. laganna varðandi grunnskóla, leikskóla, heilsugæslustöðvar, sjúkrahús o.s.frv., þannig að reykingar væru fortakslaust bannaðar innan þessara stofnana einnig að því er varðar starfsfólk. Spurningin er hvort háskólar eigi ekki líka að vera reyklausir. Mér finnst það ekki nokkur rök að draga mörkin að því er ungt fólk varðar á milli 17 ára og tvítugs eins og það sé ekki ungt fólk sem þar er um að ræða. Ég veit t.d. að innan háskólans í Ósló var fyrir alllöngu orðið reyklaust. Hvort það var með lögum eða af eigin ákvörðun skal ég ekki fullyrða. En það er auðvelt að sækja fordæmin út fyrir Atlantsála í þessum efnum. Ég held að við ættum að reyna að halda eitthvað í þann orðstír sem við fengum þegar lögin um tóbaksvarnir voru sett 1984 þannig að við erum á allt öðru og lakara spori með þeirri endurskoðun sem hér liggur fyrir borið saman við það sem menn hafa tekið best á í þessum efnum.

[16:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vill ganga lengra varðandi bann á reykingum. Ég tel að við séum að taka þarna mjög mikilvægt skref. Hann spurði áðan og vill fá það fortakslaust hvort grunnskólar og leikskólar og sjúkrastofnanir verði algerlega reyklausar og þá er hann að tala um starfsfólk þessara stofnana. Það hefur ekki leyfi til að reykja á svæðinu. Aftur á móti er ekki bann við því að sjúklingar fái að reykja á sjúkrastofnun og ég tel nauðsynlegt að hafa það svigrúm að sjúklingar fái að reykja innan sjúkrastofnunar. Við getum ekki skrúfað fyrir það.

Ég tel mikilvægast í frv. að ná til ungs fólks. Ef við getum stöðvað að ungt fólk hefji reykingar er björninn að sjálfsögðu unninn fyrir framtíðina.

[16:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en það voru þó nokkur atriði sem ég spurði um sem mér fannst ég fá ekki nógu skýr svör við.

Í fyrsta lagi langar mig til að spyrja nánar um myndböndin. Samkvæmt frv. er bannað að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi. Hver á að meta hvað er áberandi og hvað ekki? Hyggst ráðherra setja reglugerð til þess að ákvarða það? Ef það er hugsunin að banna ekki alveg tóbaksauglýsingar tel ég heppilegra að orða þetta þannig að vinsamlegum tilmælum sé beint um að auglýsa ekki tóbak.

Mér fannst ráðherra ekki heldur koma inn á þau rök mín að enda þótt myndbönd séu viss auglýsing eru þau líka listform. Eru engin vandkvæði við að banna eina tegund listforms og eru einhverjar hugmyndir um að næst geti orðið að banna reykingar í leikhúsum eða í kvikmyndum?

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra við hvaða aldur er miðað í 5. gr. frv. sem er við 10. gr. laganna þar sem óheimilar eru tóbaksreykingar í húsakynnum sem ætlaðar eru til félags- og tómstundastarfa barna og unglinga. Ég vil fá að vita við hvaða aldur er miðað en það kemur ekki fram í greinargerð. Hugtakið unglingur hefur ekki lagalega skilgreiningu.

[16:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram í frv. Það er bannað að selja unglingum innan við 17 ára aldur tóbak. Það er alveg skýrt. (**GGuðbj:** Nei, það er ekki skýrt.) Enn einu sinni kem ég inn á myndböndin. Er það listform að sýna áberandi reykingar í myndbandsgerð? Er það eitthvert ákveðið listform? Ég sé það ekki. Reykingar eru náttúrlega áberandi þegar stöðugt er reykt eins og við sjáum oft í þessum myndböndum. Það er sem sagt einfaldlega verið að stemma stigu við stöðugum reykingum í myndbandagerð.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru örfá atriði til viðbótar. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spyrti mig saman við hæstv. ráðherra með fyrirspurn um það hvað ég vildi sjá lengra gengið í þessu frv. og hvar ég vildi herða á. Ég hélt að ég hefði gert sæmilega grein fyrir því í framsögu að þau atriði væru allmörg þar sem ég vildi ganga lengra. Ég veit ekki hvort ástæða er til að fara miklu frekar út í þá sálma. Ég hef nefnt varðandi hið opinbera húsnæði að ég vil sjá þar lengra gengið, m.a. að háskólastigið verði látið fylgja með öðrum skólum. Ég sé ekki ástæðu að draga mörk á milli skóla og segja: Það er ungt fólk í framhaldsskólum og sérskólum en ekki í háskólum eins og skilja mátti hæstv. ráðherra þegar hann svaraði athugasemd minni um þetta og það getur einnig gilt sem innlegg í svari til hv. þm. sem var að inna eftir mínum viðhorfum í þessu.

Ég nefndi í upphafsræðu minni tekjuöfluna til forvarnastarfa. Ég nefndi verðhækkunina á tóbaki sem hæstv. ráðherra fannst sárast að hefði ekki komist inn í þetta frv. vegna andstöðu einhvers hluta af þingflokki Sjálfstfl. eða þingflokksins alls. Ég rifja upp að þetta atriði var komið inn í tillögur meiri hluta heilbr.- og trn. á síðasta þingi í frv. sem var komið á lokastig í afgreiðslu en vegna tímaskorts var það ekki afgreitt vegna fyrirstöðu hjá einstökum þingmönnum rétt undir lokin á 118. þingi. Ég trúi ekki öðru en þetta atriði um verðhækkun umfram verðbólgu næstu árin verði tekið upp og fái stuðning meiri hluta í þinginu. Ég vil bara ekki trúa öðru en það gerist jafnframt því sem aflað verði meiri tekna til forvarna.

Virðulegur forseti. Ég gleymdi að nefna það í upphafi ræðu minnar en ég hafði óskað eftir að hv. formaður heilbr.- og trn. fylgdist með máli mínu og ef þingmaðurinn hefur ekki vikið sér úr húsi hefði ég viljað biðja um að honum væri gert viðvart.

(**Forseti** (ÓE): Það verða gerðar ráðstafanir til þess.)

Það voru nokkur atriði í máli hans sem ég sé ástæðu til að víkja aðeins frekar að.

Greinargerðin með frv. er óljóst orðuð að vissu leyti. Á bls. 3 í greinargerð stendur t.d.: „Þó að mikið hafi áunnist erum við samt enn langt frá því takmarki sem sett hefur verið, að Ísland verði reyklaust land."

Hver hefur sett þetta takmark? Hver talar fyrir þessu? Hvaðan er þetta ættað? Ef þetta er frá ríkisstjórninni væri ég ósköp ánægður en þá ætti líka að standa öðruvísi að framlagningu málsins en gert hefur verið. Í nafni hvers er talað? Heilbrigðisáætlunin, sem samþykkt var á Alþingi 1991, er rifjuð upp og átti sá sem hér talar nokkurn hlut í því sem formaður félmn. sem vann það mál í hendur þingsins. Þar segir: „Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram aðrar verðhækkanir. Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara."

Þetta segir í ályktun sem samþykkt var vorið 1991 á Alþingi og undir heitinu „Heilbrigðisáætlun til ársins 2000" og ætti að vera stuðningur við þau markmið sem við höfum verið að ræða um og ekki virðist vera ágreiningur um við hæstv. ráðherra.

Efst á bls. 6 í greinargerð stendur:

„Tóbaksneysla Íslendinga er nú fyrst og fremst í nafni reykinga. Tóbaksneysla er hér um bil úr sögunni og neysla neftóbaks sem framleitt er hér á landi hefur dregist mjög saman og er að mestu leyti bundin við roskna karlmenn."

Það er sennilega það sem hv. formaður heilbr.- og trn. var að vitna til í sambandi við neftóbaksneyslu sína en hér vantar greinilega í og er þetta þingskjal þó prentað upp. Þetta er óvandvirkni í sambandi við framlagningu málsins því að þetta er botnleysa sem hér stendur í greinargerð. Er ég þá ekki að fara út í málfar sem mætti einnig að finna og er auðvitað full ástæða til að gera athugasemdir við eins og þá áráttu að vera að fleirtölukenna orð á bls. 6 í greinargerð eins og krabbamein þar sem talað er um tíðni krabbameina í munni og þar sem talað er um neyslufaraldra meðal barna og unglinga. Þetta er sérkennilegt málfar. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að sjá til þess að betur sé vandað til þingskjala sem hæstv. ráðherra ber fram fyrir þingið og ber þá að nefna að þetta er á ábyrgð ráðuneytanna. Þau stjórnarfrumvörp sem hér koma fram eru ekki að ég best veit lesin, leiðrétt og færð til rétts máls af starfsmönnum Alþingis, heldur er þetta á ábyrgð ráðuneytanna. Því er ástæða til að vekja athygli á svona hortittum þótt það sé kannski ekki jafnalvarlegt og það sem á vantar að öðru leyti.

Kemur þá að því sem ég óskaði eftir, virðulegur forseti, og ætlaði aðeins að nefna við hv. formann heilbr.- og trn. sem hefur áhyggjur af banni við innflutningi á fínkorna nef- og munntóbaki og hefur lýst í rauninni andstöðu við þetta, hafi ég skilið málflutning hv. þm. rétt. Ég er með athugasemdir við umsagnir um þetta frv. frá síðasta þingi þar sem m.a. er fjallað um þetta efni. Frá Akureyri bárust umsagnir til nefndarinnar á síðasta þingi frá heilsugæslustöðinni þar, dagsett 6. febrúar 1995. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ástæða þessa bréfs og þessara tilmæla er að í starfi okkar verðum við verulega varar við notkun nemenda á fínkorna nef- og munntóbaki og þá miklu fíkn sem þessari notkun fylgir. Staðreyndin er sú að börn og unglingar hafa greiðan aðgang að þessu fínkorna tóbaki þrátt fyrir þau ákvæði að ekki megi selja tóbak börnum undir 16 ára aldri. Verulegar og varanlegar skemmdir á slímhúð nefs koma fljótlega fram hjá unglingum og dæmi höfum við um unglinga sem enn eru með slímhúðarskemmdir þrátt fyrir að liðin séu tvö til þrjú ár frá því að notkun var hætt. Máli okkar til stuðnings viljum við benda á nokkrar staðreyndir."

Síðan er tekið upp hver aukningin hefur verið á innflutningi á þessari vöru frá 1987 og er hún mjög verulegt á þessu tímabili á milli ára. Hv. þm. hefur að sjálfsögðu aðgang að þessum umsögnum.

Síðan er fjallað um það hverjir eru neytendur og vitnað til könnunar sem gerð hefur verið á fjögurra ára fresti síðan 1974 á vegum Krabbameinsfélags Íslands og héraðslækna. Þar kemur fram sl. vor — virðulegur forseti, ég vænti þess að hv. þm. hlusti — að meðal drengja í 10. bekk eða 15–16 ára drengja er veruleg neysla á fínkorna tóbaki. 8,6% segjast nota það að staðaldri og 46,7% segjast nota það stöku sinnum. Síðan er vikið að því hvernig neyslan fer fram. Þessu fylgir síðan sérstakt bréf frá Akureyri, dagsett 12. febrúar, til formanns heilbrn. á næstsíðasta þingi, Sigurbjörns Gunnarssonar, þar sem skólahjúkrunarfræðingar leggjast mjög þungt á sveif með þessum sjónarmiðum. Ég bið hv. formann heilbr.- og trn. að íhuga þau rök sem þarna koma fram í sambandi við þetta mál og styðja sjónarmið þeirra sem hafa mælt fyrir því að Ísland reyni að komast í framlínu á nýjan leik í baráttunni við tóbaksnotkun.

[17:05]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það mun hafa verið árið 1989 að haldin var fyrsta ráðstefna á vegum vestrænna ríkja þar sem voru saman komnir nýir utanríkisráðherrar nýfrjálsra Mið- og Austur-Evrópuríkja. Hún var haldin í Toronto í Kanada og fjallaði um frelsi háloftanna, Open Skies. Þessi ráðstefna var afspyrnuleiðinleg og innihaldslítil og að því kom að hinir nýfrjálsu utanríkisráðherrar Austur-Evrópu höfðu sig á brott úr þingsalnum og fundu sér stað á göngum utanríkisráðuneytisins í Toronto, tóku upp reykjarpípur sínar og fóru að reykja fremur en að sitja undir leiðindunum.

Skömmu síðar gekk þar um ganga utanrríkisráðherra Kanada sem þá hét Joe Clarke. Hann staldraði við þar sem hinir nýfrjálsu sátu að sínu tóbaki og sagði: „Herrar mínir. Sjáið þið ekki skilti hér uppi um alla veggi? Það er bannað að reykja í þessu húsi. Við fyrsta brot er 50 dollara sekt, en við annað brot eins árs fangelsi."

Þá stóðu hinir nýfrjálsu upp allir saman, hneigðu sig djúpt fyrir hans hátign, hinum kanadíska utanríkisráðherra, og sögðu: „Einmitt það, herra. Já, við höfum nú verið þar áður. Við höfum séð inn í fangelsin áður."

Þessi stutta dæmisaga segir allt sem segja þarf um þetta frv. Það er satt að segja með þvílíkum endemum að varla fá orð lýst. Þeir menn sem halda að hægt sé að venja mannskepnuna af tóbaksnautn með boði og bönnum skilja ekki mannlegt eðli. Þetta er byggt á fordómum og ofstæki sem leiðir menn fyrr eða síðar út í öfgar.

Það vitlausasta af öllu vitlausu sem í þessu frv. er er þó 3. tölul. c-liðar í 2. gr. og varðar framleiðslu og dreifingu tónlistarbanda. Þar eru þeir ofstækismenn sem sett hafa þetta saman komnir út í það að það verður að fara að spyrja fólkið hvort það sé með öllum mjalla. Myndbönd eru eitt dæmi um skáldskap, listaverk í nútímafjölmiðlunarþjóðfélagi og sá sem hugsar svona hlýtur að hugsa næst: Kvikmyndir, leikhús, bókmenntir, listir. Þegar athygli hæstv. ráðherra var á þessu vakin, svaraði hún eins og ég skrifaði niður eftir

hæstv. ráðherra: „Ja, myndbönd. Ég fæ ekki séð að það sé list.“ (**Heilbrrh.:** Nei.) Jú, það held ég.

Það er athyglisvert þótt það hafi farið fram hjá mér að hér er við haldið einhverri klásúlu úr gildandi lögum: Það er bannað að selja tóbak úr sjálfsölum. Það eru sjálfsagt gildandi lög í þessu landi. Maður á þá að trúa því að löggjafinn ætli að hafa vit fyrir t.d. ferðafólki sem gistir þetta land, gistir á hótelum og það má ekki einu sinni kaupa sér tóbak úr sjálfsala.

Hver er hugsun þess fólks sem setur á blað í löggjöf að bannað sé að fara með tóbak í framhaldsskólum og sérskólum? Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur verið að spyrja um háskóla. Er það hugmynd þessa fólks að það eigi að segja við heila stétt manna, kennara í framhaldsskólum og sérskólum að hvarvetna í þeim byggingum þar sem þeir starfa skuli það vera refsivert lagabrot að þeir reyki? Hvar eru þá mörkin, hæstv. ráðherra? Hvers konar ofstjórnarhugmyndir eru þetta? Hvers konar hroki er þetta af hálfu valdhafa í opnu lýðræðisþjóðfélagi? Hverjum dettur svona nokkuð í hug?

Að lokum, virðulegi forseti. Í 7. gr. stendur: „Tóbaksvarnarnefnd ráðstafar fénu [0,4% af brúttósölu tóbaks] í samráði við ráðherra.“ Ég sé þá í anda, nefndarmennina í tóbaksvarnanefnd á fundum með hæstv. ráðherra að úthluta þessum peningum, ráðandi ráðum sínum um það hvað þeir geti nú gert til að gera útlæga þessa nautn. Ætli þeir endi ekki í myndbandagerð fyrir sjóðinn? Ég biðst reyndar velvirðingar á því að vera að eyða orðum í þetta. En mér ofbauð þegar hæstv. ráðherra sagði að hún fengi ekki séð að ákvæði eins og þetta hefði neitt með listsköpun að gera: Bannað er að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi. En það er nákvæmlega það. Sá sem samþykkir þetta er raunverulega að segja: Alþingi Íslendinga, löggjafinn, valdhafarnir ætla að fara að mæla fyrir um það hvað má eða hvað má ekki, ekki bara í myndböndum. Hvers vegna er verið að tala um myndbönd? Takið þið þetta fyrir og bannið þetta í kvikmyndum, í leikhúsum, í bókmenntum og öðrum listgreinum, þið sem allt vitið og viljið hafa vit fyrir öllum öðrum.

[17:10]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var orðalag hv. þm. um hið opna lýðræðisþjóðfélag og bann við reykingum sem varð til þess að ég bað um orðið til að spyrja hv. þm. að því hvort hann sé kominn á þá skoðun að Bandaríkin séu ekki lengur opið lýðræðisþjóðfélag. Í háborg kapítalismans, New York, sérstaklega Wall Street sem er táknmynd fyrir hið frjálsa markaðskerfi, er nú bannað að reykja í gjörvöllum skýjakljúfum og skrifstofubyggingum þeirrar miðstöðvar hins alþjóðlega viðskiptakerfis. Ungir jafnt sem gamlir áhugamenn um stjórnmál í höfuðborg Bandaríkjanna, og það er mikið af þeim í Washington, sem vilja bregða sér í hádegismat eða kvöldverð til þess að ræða um gangvirki lýðræðisins í hinni merku höfuðborg eru í dag settir undir þau ósköp að það er bannað að reykja í gjörvöllum veitingahúsum Washingtonborgar. Og sá er munurinn á veitingahúsunum í Washington og utanríkisráðuneytinu í Ottawa að refsingin er mun hærri. Það eru 300 dollarar við fyrsta brot og greiðist á staðnum.

Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hann geti útskýrt aðeins nánar fyrir mér og öðrum hvernig hann kemur þessari ályktun sinni heim og saman við þá löggjöf og reglur sem nú er búið að innleiða annars vegar á Wall Street og hins vegar í Washington.

[17:13]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af þessu tilefni vil ég taka skýrt fram, og sá er kannski munur á mér og fyrrv. formanni Alþb. að ég lít ekki á Bandaríkin sem hina sjálfsögðu fyrirmynd í stóru sem smáu. Ég hef sömu skoðanir á ofstjórnartilhneigingum af þessu tagi eins og hinir nýfrjálsu utanríkisráðherrar Austur-Evrópuríkja sem ég vitnaði til áðan.

[17:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig með lýðræðið að það er best dæmt af praxísnum en ekki kenningunni. Það eru auðvitað þó nokkur tíðindi þegar formaður Alþfl. sem enn er í þeirri stöðu skuli telja að Bandaríkjunum svipi einna helst til fyrrum valdakerfa Austur-Evrópu hvað ofstjórnartilhneigingar snertir.

[17:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekkert eitt kostar heilbrigðisþjónustuna meira en tóbaksneysla. Ég er sammála hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni þegar hann segir að með boðum og bönnum getum við ekki stýrt og stjórnað. Ég er sammála því. En í þessu frv. er ekki mikið um boð og bönn. Ég ætla ekki að ræða meira um fyrirlitningu hans á þessu frv. Ég vil aðeins leiðrétta eitt orð.

Ég sagði áðan: Auðvitað geta myndbönd verið listræn en er einhver listræn tjáning í því að reykja? Ég sé það ekki. Það voru mín orð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. ÁE og SvanJ, 242. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 328.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. KPál o.fl., 307. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 547.

[17:15]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Enda þótt umræðan um þessi frumvörp sé orðin nokkuð löng hefur þó ekki verið komið að ýmsum

stórvægilegum atriðum. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að fjalla nokkuð um þau hér og m.a. leggja fyrir hæstv. viðskrh. nokkrar spurningar af því tilefni.

Nú háttar svo til að ég á þess ekki kost að gera það á öðrum tíma en þessum. Mér finnst því vænt um það og ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hann skuli geta verið hér svona síðla dags því ég veit að hann hefði átt að vera annars staðar.

Þau atriði sem ég vil nefna eru þessi:

Í fyrsta lagi. Það er látið í veðri vaka að með frv. þessu sé verið að stíga skref til að tryggja að útlendingar fái ekki aðgang að íslenskum fiskimiðum og geti sótt fisk til íslenskra fiskimiða sem þeir gættu flutt óunninn úr landi og verkað erlendis. En það er ekki svo, herra forseti. Þetta er mikill misskilningur. Þetta frv. tryggir það ekki því það tekur ekki af útlendingum þann rétt sem þeir hafa nú til að gera nákvæmlega þetta. Því hvaða útlendingur sem er, hvaða útlenskur fiskverkandi sem er getur fest kaup á fiski á íslenskum fiskmarkaði. Það eru engar hömlur á því. Hvaða útlendur fiskverkandi sem er getur fest kaup á fiski á íslenskum fiskmarkaði. En þá fer regluverkið í gang. Það er þannig að það eina sem þessi útlendi fiskverkandi má ekki gera við fiskinn sem hann kaupir á íslenskum fiskmarkaði, er að vinna hann á Íslandi. Honum er því skylt samkvæmt gildandi lögum að flytja fiskinn óunninn úr landi. Laga- og regluverkið eins og það er nú, ef það þá gerir eitthvað í þessum efnum, bannar alfarið hinum erlenda kaupanda sem er frjálst að kaupa fisk á íslenskum markaði, að hann láti vinna fiskinn hér á Íslandi. Hann verður að flytja fiskinn óunninn út. Þetta frv. breytir því þar með ekki að útlendingar hafa þegar öðlast beint aðgengi að hráefni af íslenskum fiskimiðum í gegnum íslenska fiskmarkaði. En slík viðskiptahöft erum við að setja á okkur sjálfa Íslendingar að við bönnum þessum útlendingi að gera nokkuð annað við aflann en flytja hann óunninn út. Hann má ekki láta vinna þennan afla sem honum er frjálst að kaupa á Íslandi á landinu sjálfu. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað hefur þjóðin upp úr því að afhenda útlendingum svo óheftan aðgang að auðlind sinni sem er fiskveiðarnar á Íslandsmiðum að heimila þeim að kaupa aflann frjálst á íslenskum fiskmarkaði en skylda þá til að flytja fiskinn óunninn út til vinnslu í útlöndum? Hver er þá rentan sem þjóðin hefur af auðlind sinni? Hún er nákvæmlega engin. Þetta eru enn ein rökin fyrir því að hér á að taka upp veiðileyfagjald til að tryggja að útlendingar geti ekki keypt óunninn fisk á Íslandi eins og þeir geta nú og flutt hann til annarra landa til vinnslu án þess að þjóðin fái nokkuð í aðra hönd fyrir aðgang þessa aðila að auðlind þjóðarinnar. Og ég spyr hæstv. viðskrh.: Er ekki rétt að ástandið sé svona eins og ég hef lýst, að útlendingar séu frjálsir að því eins og hver íslenskur ríkisborgari að kaupa afla af Íslandsmiðum á íslenskum fiskmarkaði og síðan skyldaðir til að flytja hann óunninn út? Þannig stuðlar íslensk löggjöf beinlínis að því að útlendingar kaupi upp fisk veiddan af íslenskum höndum á íslenskum fiskimiðum, kaupi hann upp á íslenskum fiskmarkaði og flytji hann til vinnslu í útlöndum án þess að þjóðin fái nokkuð í aðra hönd. Það er því mesti misskilningur að hér sé verið að tryggja forræði og aðgang Íslendinga einna að auðlindinni.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra: Er það misskilningur að eigendur íslenskra útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslufyrirtækja hafi frjálsan aðgang að erlendu fjármagni til uppbyggingar í atvinnugrein sinni að því tilskildu að um lánsfé sé að ræða? Svarið við því er nei. Sérhver eigandi útgerðarfyrirtækis og fiskvinnslufyrirtækis er frjáls að því að taka lán erlendis t.d. hjá viðskiptamönnum sínum til að framkvæma heima fyrir. Og ég spyr enn: Er nokkuð sem bannar hinum erlenda lánveitanda að setja hvaða skilyrði sem hann vill fyrir lánveitingunni, t.d. það skilyrði fyrir lánveitingunni til viðkomandi útgerðarmanns eða fiskverkanda að aflinn skuli sendur til hans óunninn eða hálfunninn? Svarið er aftur nei. Það er ekkert sem bannar það. Það er ekkert sem bannar það að útgerðarmaður íslensks fiskiskips taki lán hjá erlendum viðsemjanda sínum gegn því skilyrði að allur afli skipsins verði seldur óunninn úr landi. Það er heldur ekkert sem bannar að íslenskt framleiðslufyrirtæki í nýframleiðslu á sviði sjávarafurða, t.d. á sviði kúfiskvinnslu, taki lán hjá væntanlegum bandarískum viðsemjanda sínum til uppbyggingar á hinni nýju framleiðslu gegn því skilyrði að gera samning við hinn bandaríska dreifingaraðila til fimm eða tíu ára um að selja honum afurð sína og honum einum undir markaðsverði. Ég spyr: Hver er það sem hefur tökin á íslenskri útgerð í dag? Spyrjið þið útgerðarmennina hringinn í kringum landið. Hver er það sem stjórnar fyrirtækjunum þeirra? Eru það þeir eigendurnir? Nei, þið fáið alls staðar sama svarið. Það er bankinn. Bankinn á ekkert í viðkomandi útgerðum. Hann er ekki eigandinn en hann er lánveitandinn og lánveitandinn getur haft slíkt kverkatak á atvinnurekstrinum sem hann lánar í að það er hann sem stjórnar fyrirtækinu en ekki eigandinn. Það er þetta sem gerist í hinum eiginfjársvelta íslenska sjávarútvegi. Það er lánveitandinn sem stýrir honum og lánveitandinn getur ekki síður verið erlendur aðili en innlendur. Þessum mönnum er einum forsvarsmanna í íslensku atvinnulífi bannað að sækja sér erlent áhættufjármagn. Einir forsvarsmanna í íslensku atvinnulífi mega eigendur fiskvinnslufyrirtækja og sjávarútvegsfyrirtækja ekki sækja sér áhættufjármagn erlendis. Þeir eru einu forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa ekki það traust frá stjórnvöldum að þeim sé treyst til að meta það sjálfir. En þeir mega sækja sér allt lánsfé til útlanda eins og þeir vilja með öllum þeim skilyrðum sem hinn erlendi lánveitandi setur, þar á meðal skilyrðum sem kunna að verða sett um að flytja afla óunninn úr landi. Hver er þá nokkru nær, herra forseti? Hver er þá nokkru nær, því hver stjórnar þá fyrirtækinu, hinn svokallaði íslenski eigandi eða hinn erlendi lánveitandi?

Þá eru ákvæði í 1. gr. stjfrv., tölul. 2, sem eiga að tryggja að aðild erlendra aðila í íslensku atvinnulífi í sjávarútvegi geti ekki orðið meiri en þar segir. Hv. þm. Kristján Pálsson og fleiri hafa flutt breytingafrv. við þessi ákvæði um það að fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtæki megi vera allt að 49%. En það er þarflaust ákvæði, virðulegi forseti. Ég skal skýra það með mjög einföldu dæmi af hverju það er þarflaust. Það er þarflaust vegna þess að nú þegar samkvæmt þeim reglum sem gilda ef þetta frv. verður að lögum, geta erlendir aðilar eignast yfir 49% í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki. Ég skal segja ykkur hvernig. Samkvæmt lögunum hafa erlendir aðilar leyfi til þess að vera 49% eigendur í íslensku eignarhaldsfyrirtæki á móti öðrum eignaraðilum að því. Það telst vera íslenskt fyrirtæki því erlendum aðilum er leyfilegt að eiga 49% í slíku fyrirtæki. Það telst vera íslenskt fyrirtæki. Það eignarhaldsfyrirtæki gæti keypt öll hlutabréfin í Olís. Olís gæti síðan keypt alla íslenska útgerð upp eins og hún legði sig. Það er ekkert sem hindrar það. Með óbeinni eignaraðild, þ.e. með því að skjóta einum millilið inn í, getur erlendur aðili eignast sem svarar 49% áhrifum og eign í öllum íslenskum útgerðarfyrirtækjum eins og er í dag. Er þetta rangt, herra viðskrh.? (**Viðskrh.:** Frv. gerir ráð fyrir

því.) Frv. gerir ráð fyrir því, það er rétt. En með þessu móti geta útlendingar eignast 49% hlut í öllum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sama hvað sagt er í þessu ákvæði. (Gripið fram í.) Sama hvað sagt er í þessu ákvæði. Þetta hefur ekki heldur komið fram þannig að tillaga hv. þm. Kristjáns Pálssonar o.fl. er þarflaus.

Í fjórða lagi langar mig til að leggja spurningu fyrir hæstv. ráðherra. Á bls. 8 í athugasemd við einstakar greinar frv. er gert ráð fyrir því í umsögn um 1. gr. að undir fiskvinnslu þar sem erlend fjárfesting er bönnuð verði m.a. flokkuð niðursuða og niðurlagning sjávarafurða og önnur ótalin fiskvinnsla svo sem reyking á fiski o.s.frv. Þetta telst til iðnaðar. Þessar atvinnugreinar greiða iðnaðarmálagjald og þær falla undir iðnrn. samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands og reglugerð þar að lútandi. Fyrirtæki í þessari starfsgrein tilheyra Samtökum iðnaðarins. Ég spyr: Hvernig stendur á því að í þessu frv. eru þessi fyrirtæki allt í einu gerð að fyrirtækjum á vegum sjávarútvegsins sem erlend fjárfesting á að vera óheimil í? Við skulum taka dæmi sem lýsir mjög vel hvað hér er verið að gera. Tökum niðursuðuverksmiðjuna ORA hf. Hún framleiðir aðallega niðursoðið grænmeti. En það vill svo til að niðursuðuverksmiðjan ORA hf. framleiðir líka niðursoðnar fiskibollur í dós. Af því að niðursuðuverksmiðjan ORA hf. framleiðir niðursoðnar fiskibollur í dós er eigendum verksmiðjunnar óheimilt að nýta sér erlent fjármagn sem áhættufjármagn til starfseminnar. Hvað geta þeir gert til að standa jafnfætis öðrum iðnfyrirtækjum? Þeir geta gert tvennt. Þeir geta hætt að framleiða fiskibollur í dós, herra forseti. Þá teljast þeir ekki lengur vera óhreinu börnin hennar Evu og geta áunnið sér réttindi til að nýta sér erlent áhættufjármagn eins og önnur iðnfyrirtæki. Ef þeir vilja ekki hætta að framleiða fiskibollur í dós geta þeir gert samning við einhvern aðila um að selja þeim fiskinn, ekki nýjan heldur hraðfrystan því ef þeir nýta hraðfrystan fisk til að framleiða fiskibollurnar sínar í dós teljast þeir ekki fyrirtæki í sjávarútvegi samkvæmt þessari skilgreiningu heldur iðnfyrirtæki. Hvers konar rugl og vitleysa er það að vera búa til lög sem eru svona í reynd fyrir þá sem eiga eftir þeim að fara?

Þá vil ég víkja að því að í 1. gr. frv., 2. tölul., er gert ráð fyrir því, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að allir aðilar á EES-svæðinu hafi jafnan rétt til að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum sem nýta sér orku landsins, allir jafnan rétt. Þetta þýðir það, herra forseti, að frá og með gildistöku þessara laga stendur ekkert í veginum fyrir því að t.d. erlent félag á EES-svæðinu keypti bæði Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur einn góðan veðurdag, ef þær væru til sölu, og flyttu allan arðinn af starfsemi þessara fyrirtækja til útlanda, allan eins og hann leggur sig, án þess að íslenska þjóðin hefði nokkurn hag af virkjun þessara auðlinda. Og Alþb. segir ekki neitt. Ég er búinn að bíða eftir því hér allan þann tíma sem þetta mál hefur verið til umræðu að upp risi Alþb. og segði: Hvað er hér að gerast? Það er verið að afhenda útlendingum innan EES-svæðisins ekki bara frumburðarréttinn til fiskimiðanna í gegnum íslensku fiskmarkaðina heldur sama rétt og Íslendingum til að fjárfesta í orkuvinnslufyrirtækjum. Alþb. segir bara ekki neitt. Kannski er ástæðan sú að það hefur komið í ljós að Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað er það íslenska fyrirtæki sem hefur mesta hlutdeild erlendrar eignar af öllum sjávarútvegsfyrirtækjum í landinu. Það er nokkuð merkilegt að það fyrirtæki skuli vera — í hvaða bæ? Í Neskaupstað þar sem Alþb. hefur ráðið í 50 eða 60 ár. Eitt af þeim íslensku fyrirtækjum sem er með hlutfallslega mesta erlenda eignaraðild. Það er von að menn þegi sem að því standa þegar þetta gerist á sama tíma. Hvar er nú Alþb. með hið vakandi auga sitt yfir óðulum feðranna? Þetta þýðir auðvitað að jafnhliða því og þetta ákvæði gengur í gegn þá verður að gera tvennt:

Í fyrsta lagi að treysta þjóðareign á auðlindum í jörðu. Við alþýðuflokksmenn munum leggja slík frumvörp fram á næstu dögum og mér er kunnugt um að hæstv. iðnrh. er að vinna að því að ná samkomulagi í ríkisstjórninni um sambærilegar aðgerðir. Það verður að fylgja. Það verður að fylgja á þeim tíma þegar verið er að veita útlendingum jafnan rétt og Íslendingum til þess að hagnýta sér íslensk fiskimið í gegnum fiskmarkaði og til þess að fjárfesta í fyrirtækjum sem vinna orku úr iðrum eða fallvötnum jarðar. Það verður að gera.

Í öðru lagi, til þess að tryggja að afrakstur slíkra auðlinda verði ekki fluttur úr landi án þess að íslenska þjóðin hafi nokkrar rentur af þeim auðlindum, þá verður að innleiða veiðigjald, auðlindaskatt í sjávarútvegi og afnotagjald, auðlindaskatt í nýtingu jarðvarma og orku fallvatna. Þetta verður að gera hvort tveggja, öðruvísi gengur dæmið ekki upp. Ég er undrandi á því að í öllum þeim löngu umræðum sem orðið hafa hér á Alþingi um þessi mál þá hefur aldrei verið minnst á þau atriði sem ég hef gert hér að umræðuefni, aldrei. (**Gripið fram í:** Veiðileyfagjald.) Eru þau nú ekki smá sum hver.

Að lokum, virðulegi forseti. Þar sem ég á lítinn tíma eftir vil ég spyrja hæstv. iðnrh. Frv. heitir frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Hvenær fjárfestir erlendur aðili í atvinnurekstri? Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fjárfestir aðili í atvinnurekstri þegar hann sækist eftir að hafa stjórnunarleg áhrif í viðkomandi fyrirtæki. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fylgir og fylgt er hér á landi þá gerist það ekki fyrr en við þau mörk að um sé að ræða að aðilinn sé að kaupa 10% eða meiri hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki. Þannig er erlend fjárfesting í atvinnurekstri á Íslandi skilgreind, m.a. af Seðlabankanum. En þessa skilgreiningu vantar í frv. Það þýðir að önnur viðskipti eins og á hlutabréfamarkaði, þar sem menn eru fyrst og fremst að kaupa hlutabréf, erlendir aðilar eða innlendir, ekki til þess að ná stjórnunarlegum áhrifum í fyrirtækjum heldur til að ávaxta fé sitt og ekki er talin vera fjárfesting í atvinnurekstri samkvæmt reglum IMF eða þeim reglum sem Seðlabanki Íslands fer eftir við mat á fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi, þá þýðir þetta það, af því að þetta er ekki skilgreint í frv., að það er verið að koma í veg fyrir að erlendir fjárfestar geti tekið þátt í eðlilegum hlutabréfaviðskiptum á hlutabréfamarkaði á Íslandi, t.d. keypt sér hlutdeildarbréf í hlutabréfasjóðum sem ekki stafar af því að hinn erlendi fjárfestir sé að reyna að ná stjórnunarlegum ítökum í tilteknum atvinnufyrirtækjum heldur er hann eingöngu að ávaxta fé sitt eðlilega á hlutabréfamarkaði. Það er engin skilgreining í frv. gerð á þessu, engin skilgreining á því hvað samkvæmt frv. telst fjárfesting í atvinnurekstri og hvað telst eðlileg ávöxtun erlends aðila á hlutabréfamarkaði eða verðbréfamarkaði á Íslandi.

Þetta verður til þess, virðulegur forseti, að lögin verða óframkvæmanleg. Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Ég spyr: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að framkvæma lögin með þessum hætti? Því ef hann framkvæmir

þau eins og þau hljóða í frumvarpsgerðinni sem er frá honum komin, þá er hann að vinna gegn sínu eigin markmiði sem hann hefur lýst yfir að eigi að vera það að laða erlenda fjárfesta til þess að taka þátt í íslenskum verðbréfamarkaði, ekki í því skyni að ná undirtökum í tilteknum atvinnufyrirtækjum heldur til þess að ávaxta fé sitt í viðskiptum með almenn hlutabréf og hlutdeildarbréf í hlutafjársjóðum o.s.frv. Eins og frv. er úr garði gert þá gengur það ekki upp. Það er ekki hægt að framkvæma það því hæstv. ráðherra hefur láðst að skilja á milli þess hvað telst vera fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri og hvað teljast vera eðlileg viðskipti á verðbréfamarkaði á Íslandi.

[17:37]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Við þessa umræðu hefur verið beint til mín nokkrum spurningum. Mér gefst tækifæri til þess síðar að svara þeim þingmönnum sem því miður eru ekki viðstaddir umræðuna núna og reyni þá að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. En af því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er staddur hér og aðstæður eru þannig þá vil ég fyrst og fremst einskorða mig við að svara því sem hér hefur komið fram.

Í þessari umræðu hefur verið látið að því liggja að með frv. sé engin breyting að eiga sér stað á lögum um erlenda fjárfestingu. Það er auðvitað rangt. Með frv. er verið — og það veit ég að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson veit — að aðlaga erlenda fjárfestingu að þeim aðstæðum sem uppi hafa verið hér um nokkurn tíma vegna þess að staðreyndin er sú að lögin frá 1991 hafa verið óframkvæmanleg eins og þau voru úr garði gerð. Þannig erum við með þessu frv. að stíga ákveðin skref.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um lýsingu hv. þm. á því hvaða möguleikar séu fyrir erlenda aðila að kaupa hér á mörkuðum, hvaða aðgang þeir geti haft í gegnum fyrirtæki og í gegnum útgerðir með erlendu fjármagni. Ég tek undir og staðfesti að lýsingar hv. þm. í þeim efnum eru réttar. Þetta eru þeir möguleikar sem eru fyrir hendi.

Ég sný mér þá að þeim spurningum sem hv. þm. bar fram. Hann spurði fyrst hvers konar rugl og vitleysa það eiginlega væri að vera með niðursuðuna, reykinguna og niðurlagninguna í þessu frv., þær greinar sem í raun og veru séu skilgreindar sem iðnaður og greiða iðnaðarmálagjald. Þetta er eitt af því sem nefndin sem var með frv. til umfjöllunar í sumar fjallaði sérstaklega um. Niðurstaða nefndarstarfsins varð sú að skilgreina þessa hluti með þeim hætti að þessar iðngreinar skyldu falla þarna undir af því að þær tengdust íslenskum sjávarútvegi. En á móti verð ég að spyrja hv. þm. hvers konar rugl það hafi verið hjá hv. þm. í hans tíð sem hæstv. viðskrh. að leggja fram frv. með nákvæmlega þessum sömu ákvæðum hér fyrir síðasta þing. Vegna þess að frv. er að þessu leyti algjörlega óbreytt frá tíð fyrri ríkisstjórnar þar sem þessir þættir voru nákvæmlega skilgreindir með sama hætti. Ég get hins vegar tekið undir það að mér finnst rétt að þessir hlutir séu skoðaðir vegna þess, og ég tek undir það með hv. þm., að þarna er frekar um iðngreinar að ræða heldur en um beinar sjávarútvegsgreinar. Niðurstaða nefndarstarfsins varð hins vegar sú, eins og ég veit að hefur líka gerst í tíð fyrri ríkisstjórnar, að menn töldu rétt að þetta skyldi skilgreint sem vinnsla sjávarafurða. Ég valdi þann kost að flytja frv. óbreytt með þeim tillögum sem nefndin komst að á sínum tíma.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um jafnan rétt erlendra aðila til að fjárfesta hér í orkunni. Það hefur legið fyrir. Ég gerði glögga grein fyrir því að ég tel í framsögu minni með frv. Um síðustu áramót rann sá takmarkaði tími út sem við gátum varist því að aðilar af Evrópska efnahagssvæðinu gætu fjárfest hér í orkunni. Það var tímabundinn fyrirvari. Ég tek undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að lög um eignarhald á auðlindum í jörðu og lög um virkjunarrétt fallvatna komi fyrir þingið og verði samþykkt vegna þess að þau eru hluti af þessu máli. Það veit ég að einstakir hv. þm. vita að þetta er mál sem hefur verið hér mjög til umfjöllunar og um það eru skiptar pólitískar skoðanir. Ég tel hins vegar að undirbúningur í tíð fyrri ríkisstjórnar og undirbúningur margra þingmanna í þessum efnum hafi skilað okkur fram á við við undirbúning málsins. Þetta er nú til umfjöllunar hjá ríkisstjórninni í nefnd sem ríkisstjórnarflokkarnir komu sér saman um að setja á fót og ég gerði hér grein fyrir bæði í nóvember, ef ég man rétt, og svo aftur við fyrirspurn hv. þm. Hjörleifs Guttormssnar fyrir stuttu síðan hvað framkvæmd þessa máls liði. Þetta er í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég vonaðist reyndar til þess að geta strax að loknu jólaleyfi lagt þessi frv. fram í þinginu og fengið þau samþykkt á þessu þingi. Ég skal viðurkenna að ég er svartsýnn á að ég fái þau samþykkt en áform mín eftir sem áður eru þau að geta lagt málið fram hér til kynningar á þessu þingi.

Þriðja spurning sem kom frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni varðandi skilgreininguna á því hvað teldist vera fjárfesting í atvinnurekstri. Það kann vel að vera að mönnum hafi sést yfir það — ég mun láta kanna það áður en 1. umr. lýkur hvort slíkar skilgreiningar séu nauðsynlegar eins og hv. þm. kom hér inn á áðan, að það sé nauðsynlegt að koma þeim hér inn í frv. og þá finnst mér sjálfsagt að það verði tekið til skoðunar þegar málið er komið til nefndar. Þá vísa ég í það sem ég hef áður sagt að með þessum hætti lá frv. líka fyrir í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það hefur ekkert breyst hvað þetta snertir síðan þá. Þá hefðu þessar skilgreiningar auðvitað líka þurft að liggja fyrir.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þegar þetta frv. er orðið að lögum þá gefi það kost á því að framfylgja lögunum. Það er auðvitað það sem menn hafa kannski skotið sér undan allt síðan árið 1991 að framfylgja gildandi lögum um erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri. Þetta frv. verður hins vegar tæki til þess að framfylgja því að við þessa óbeinu fjárfestingu sé staðið. Með þessu frv. er verið að stíga mikilvægt skref að mínu viti í þá veru að tryggja að ekki verði um beina fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi að ræða en settar leikreglur um það hvernig erlenda fjárfestingin geti átt sér stað.

[17:44]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra því hann hefur nú staðfest að það er rétt að útlendingar hafa beint aðgengi að fiski af íslenskum fiskimiðum í gegnum fiskmarkaði til útflutnings, til vinnslu úr því hráefni í útlöndum, til jafns við íslenska ríkisborgara. Hæstv. ráðherra hefur líka staðfest það að eins og frv. er úr garði gert geta erlendir fjárfestar með einum milliaðila í gegnum eignarhaldsfyrirtæki náð allt að 49% eignarhaldi á hvaða sjávarútvegsfyrirtæki sem er á Íslandi. Frv. kemur ekki í veg fyrir það heldur þvert á móti gerir það að verkum.

Hæstv. ráðherra hefur líka tekið undir með mér að það sé óeðlilegt að fyrirtæki í iðnrekstri, eins og niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur og aðrar slíkar, séu flokkuð hér

undir sjávarútveg og forsvarsmenn þeirra settir til hliðar hjá öðrum þannig að þeir megi ekki nýta sér erlent áhættufé. Ég mun óska þess mjög eindregið að hæstv. ráðherra standi þá með mér í því að fá þetta leiðrétt.

Hæstv. ráðherra hefur líka staðfest, tók það raunar fram í sinni framsöguræðu, að EES-borgarar og fyrirtæki sem starfa á því svæði hafa nú sama rétt og Íslendingar til að fjárfesta í orkufyrirækjum. Ég tel hins vegar að það sé ekki hægt að afgreiða þetta frv. núna án þess að samhliða séu afgreidd þau frv. um virkjunarrétt sem við hæstv. ráðherra höfum talað um og við alþýðuflokksmenn munum innan tveggja, þriggja daga leggja slík frv. fram á Alþingi, og ég treysti því að hæstv. iðnrh. nái samkomulagi í ríkisstjórninni um að leggja fram frv. af því tagi sem afgreiða megi þá fyrir vorið ef ekki verður fallist á að afgreiða frumvörp okkar alþýðuflokksmanna.

Að öðru leyti, herra forseti, þakka ég hæstv. iðn.- og viðskrh. svör hans áðan sem hafa staðfest þær upplýsingar sem ég kom fram með fyrr í dag.

[17:47]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það séu engar nýjar fréttir að erlendir aðilar hafa haft hér aðgang að fiskmörkuðum. Erlendir aðilar hafa verið hér í samstarfi og samvinnu við fiskverkendur og hafa þar af leiðandi haft þennan óbeina aðgang. Það eru ekki nýjar fréttir og ég held að hv. þm. geti tekið undir það með mér.

Varðandi 49% hlutann í fjárfestingu erlendra aðila þá er um óbeina fjárfestingu að ræða. Frv. gerir beinlínis ráð fyrir því að í þriðju kynslóð fyrirtækja megi erlenda, óbeina fjárfestingin fara allt upp í 49%. Frv. gerir beinlínis ráð fyrir því.

Varðandi það að ekki sé hægt að samþykkja þetta fyrr en samþykkt hafi verið frumvörp um virkjunarrétt fallvatna og eignarhald á auðlindum í jörðu, þá er ég hv. þm. ekki sammála í þeim efnum. Einfaldlega vegna þess að þó svo að þetta frv. sé ekki komið í gegn, þá hafa þessar samningsskuldbindingar okkar gagnvart EES í raun og veru tekið gildi frá 1. janúar 1996.

[17:48]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið látið í það skína að þetta mál sé til þess að koma í veg fyrir það að erlendir aðilar öðluðust aðgengi að íslenskum fiskimiðum. Ég hef skýrt það og ráðherra hefur fallist á að svo er ekki. Þeir hafa þetta aðgengi og geta hvenær sem er flutt út fisk veiddan á íslenskum fiskimiðum til vinnslu erlendis án þess að þjóðin hafi nokkurn arð af þeirri auðlind sinni.

Í öðru lagi hefur komið í ljós að ákvæðin, sem áttu að vera til þess að óbein eignaraðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum yrði ekki meiri en segir í 1. gr. frv., eru marklaus vegna þess að hæstv. ráðherra hefur sjálfur viðurkennt að þessi óbeina aðild geti orðið allt að 49%. Tökum bara dæmi um fyrirtæki eins og Granda sem er í dreifðri eignaraðild. Halda virðulegir þingmenn að þeir sem stýra og stjórna Granda þurfi svo mikið til þess að ráða þar öllu? Ætli þeim nægði ekki 12–15%, kannski 20% óbein eignaraðild að Granda hf. til þess að ráða alfarið því fyrirtæki? Hæstv. viðskrh. hefur fallist á það, hann er búinn að viðurkenna það að ákvæði 1. gr., þar sem látið er í veðri vaka að óbein eignaraðild erlendra fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi geti ekki verið nema óveruleg, það er bara ekki rétt. Því með einum millilið, fyrirtæki sem er 100% í eign þeirra, þá geta þeir haft ítök sem samsvarar 49% eignaraðild í öllum fyrirtækjum landsins. Með því, eins og ég sagði, að eiga 49% í eignarhaldsfélagi, sem kaupir t.d. Olís sem getur þar með keypt hvert einasta hlutabréf í hverju einasta fyrirtæki í sjávarútvegi eða fiskvinnslu í öllu landinu. Þar með eru eignarhaldsáhrif hinna erlendu aðila, óbein að vísu, orðin 49%. (Forseti hringir.) Það er því ekkert hald í ákvæðinu í 1. gr. Það er marklaust ákvæði. Enda, virðulegi forseti, hvers eiga forráðamenn sjávarútvegsfyrirtækja að gjalda? Að vera einu atvinnurekendurnir (Forseti hringir.) í landinu sem er ekki treyst fyrir því að meta það hvort þeir vilja fá til uppbyggingar (Forseti hringir.) fyrirtækja sinna erlent lánsfjármagn eða erlent áhættufjármagn? Ef einhver vantreystir forsvarsmönnum atvinnufyrirækja (Forseti hringir.) í landinu, sjávarútvegsfyrirækja, þá eru það þeir sem vilja banna þeim að standa jöfnum fótum á við aðra atvinnurekendur í landinu.

(**Forseti** (ÓG): Forseti minnir á að tími til andsvara er tvær mínútur en ekki þrjár.)

[17:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að taka af allan vafa um það þá er alveg klárt að samkvæmt þessu frv. er beinn aðgangur erlendra aðila að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum bannaður þannig að menn þurfa ekkert að velta því neitt frekar fyrir sér.

Á bls. 8 í því frv. sem hér er til umfjöllunar og er efnislega samhljóða frv. því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson í tíð fyrri ríkisstjórnar flutti hér sem viðskrh. að öðru leyti en því að í þessu frv. er tekið á orkumálunum, flugrekstrinum og öðru sem ekki var þar inni, þar segir, með leyfi forseta:

„Í skilgreiningunni á íslenskum lögaðila undir íslenskum yfirráðum felst að erlendir aðilar mega ekki eiga meira en 49% hlutafjár eða stofnfjár...“

Þetta þýðir það, og frv. gerir ráð fyrir því, að þriðja kynslóð fyrirtækja geti ekki orðið með meiru erlendu eignarhaldi en 49%. (Gripið fram í.) Hv. þm., þarna er um óbeina eignaraðild að ræða og fyrra frv. gerði nákvæmlega ráð fyrir því sama þannig að í þessu er ekkert nýtt sem ríkisstjórninni eða stjórnarflokkunum er að koma á óvart, ekki fyrri ríkisstjórn heldur og vafalítið ekki Alþfl. heldur vegna þess að það hefur verið gert ráð fyrir því alla tíð að þriðja kynslóð fyrirtækja mætti hafa allt að 49% erlent eignarhald.

[17:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Umræða um þau þingmál sem hér eru á dagskrá hefur farið fram við dálítið sérstakar aðstæður og með nokkuð sérstæðum hætti þar sem undir sama dagskrárlið eru tekin þrjú frumvörp, stjórnarfrumvarp og tvö þingmannafrumvörp, sem er nýmæli og með því er verið að skapa ákveðið fordæmi. Ég er ekki að finna að því út af fyrir sig eða halda því fram að það sé gegn þingsköpum. Þau heimila slíkt en þetta er ekki alveg venjulegt. Síðan hefur það gerst að umræða um þessi mál hefur farið fram á fleiri dögum og slitnað allnokkuð í sundur og nú gerist það síðla á þessum degi að efnt er til sérstakrar umræðu, ef ég skil það rétt, fyrir hv. 4. þm. Vestf., sem hefur fengið hæstv. viðskrh. til að vera hér viðstaddan til þess að taka þátt í umræðunni og setur það enn sérstakan svip á sögu þessarar 1. umr. um málið, fyrir utan síðan allan málatilbúnaðinn og þau frv. efnislega sem hér liggja fyrir. Síðan gerist það af

hálfu þess ræðumanns, sem hóf umræðuna á fundinum, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að hann stígur hér í stólinn og telur sig vera að reiða fram einhver alveg ný sannindi og ganga hér fram fyrir aðra í því að taka á málum sem hafi legið á milli hluta í þessari umræðu. Hann kemur hér nánast sem frelsandi engill, ekki aðeins að hann frelsi hv. þm. Kristján Pálsson frá því að þurfa að vera að baksa við þetta frv. með 49% eignaraðildarheimild útlendinga í sjávarútvegi því það sé bara „implicit", það felist nánast í stjórnarfrv., heldur ætlar hann jafnframt að gerast forgöngumaður þess að skjóta skildi fyrir íslenskar orkuauðlindir og boðar það. — Hvar er nú hv. þm., virðulegi forseti, sem hóf þessa umræðu? Nú er hann bara horfinn.

(**Forseti** ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir til þess að hann komi í salinn.)

Mér finnst það, virðulegi forseti, við hæfi í ljósi þess málflutnings sem hér var hafður uppi. Ég geri hlé á ræðu minni á meðan, með leyfi forseta.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Forseti stöðvar klukkuna. — Það er upplýst að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er í fréttaviðtali hér í Kringlunni en kemur um leið og því er lokið. Hv. þm. gerir hlé á ræðu sinni á meðan. — Hv. 4. þm. Austurl. heldur áfram ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Ég gerði hlé með leyfi forseta á ræðu minni þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék úr þingsal og kom ekki aftur en tilefni þess að ég bað um orðið hér og nú voru ummæli hans og svigurmæli í minn garð í ræðu hans áðan, en hv. þm. ástundar málflutning og hegðan gagnvart þinginu sem er nokkuð sérstök. Hann efnir hér og fær leyfi forseta til þess að koma inn í umræðuna og þetta mál er tekið sérstaklega á dagskrá að beiðni þingmannsins sem hefur fengið hæstv. iðn.- og viðskrh. sérstaklega til þess að vera viðstaddan. Að því búnu, eftir að vera búinn að kasta glósum til annarra þingmanna, þá hleypur hann á dyr til þess að eiga viðtöl, undirbúin viðtöl við fréttamenn. Þetta er framkoma gagnvart þinginu, virðulegur forseti, sem er til skammar fyrir viðkomandi þingmann og ég tel fulla ástæðu til að nota það orðalag vegna þess að þetta er mjög óvenjulegt og gróft.

En þá kemur að efninu sem ég ætlaði að halda hér áfram í sambandi við málflutning hv. þm. Látið er að því liggja að hann sé að koma fram með einhverja nýja hluti, einhver ný efni inn í þessa umræðu. Hann er berja sér á brjóst fyrir það að vera að opinbera hér eitthvað og gerast forgöngumaður til að skjóta skildi, ef ég skil rétt, fyrir íslenskar auðlindir og flytur þau tíðindi hér að Alþfl., væntanlega þingflokkurinn allur, ætli að hafa fyrir því að innan tveggja til þriggja daga að flytja inn í þingið frumvörp varðandi auðlindir í jörðu og virkjunarrétt fallvatna vegna þeirra ákvæða sem eru í þessu frv. Hann lætur það jafnframt fylgja, virðulegur forseti, að þetta mál hafi ekki verið fært inn í umræðuna hér áður og þetta séu alveg ný bjargráð sem Alþfl. sé að finna upp. Ég veit ekki hvort hægt er að leggjast öllu lægra í málflutningi heldur en þetta. Hv. þm. veit það að á þingum frá því 1983 hefur sá sem hér talar verið fyrsti flutningsmaður þingmáls sem hefur komið fram á mörgum þingum, áreiðanlega tíu að því er varðar jarðhita, og eitthvað aðeins sjaldnar en þó mjög oft varðandi virkjanarétt fallvatna, flutt frv. þess efnis að lýsa þessi verðmæti, þessar auðlindir þjóðareign. Þessi mál hafa legið fyrir iðnaðarnefndum þingsins jafnoft og frv. hafa verið flutt og hæstv. iðnrh. var að víkja að í máli sínu áðan að þessi mál hefðu vissulega verið til skoðunar af hálfu ráðuneyta vegna flutnings þingmanna á tilteknum málum. Sama daginn og mælt var fyrir þessu frv. tók ég þetta mál upp sérstaklega hér í þingsal með því að inna hæstv. iðnrh. eftir því hvað liði undirbúningi að stjfrv. sem hæstv. ráðherra boðaði að mundi koma hér strax að jólahléi loknu vegna þess að starfshópur, sem ríkisstjórnin samþykkti að skipaður yrði 17. okt., gerði sérstaka samþykkt um það, ætti að skila áliti fyrir jól. Í svari hæstv. ráðherra kom hins vegar fram að á því hefði orðið dráttur og þingheimur heyrði orð ráðherrans áðan þar sem hann taldi sér til efs að það tækist að lögfesta ákvæði um þessi efni á grundvelli frv. þótt fram kæmi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það þarf dálitla óskammfeilni til af hálfu þingmanns Alþfl., Sighvats Björgvinssonar, hér áðan að taka til orða eins og hann gerði og ætla að gerast hér einhver sérstakur bjargvættur í þessum efnum. Alþfl. átti aðild að ríkisstjórn með Sjálfstfl. frá 1991 til 1995, í heilt kjörtímabil. Og í stjórnarsamningi þeirrar ríkisstjórnar var kveðið á um það að lögfesta skyldi ákvæði um þessi efni og óvenjunákvæmlega tilgreint með hvaða hætti og hvenær því það skyldi gerast á 115. löggjafarþinginu. Þá skyldi þetta lögleitt. Og auðvitað var það m.a. með hliðsjón, það dreg ég ekki í efa, af undirbúningi samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði þar sem öllum var ljóst — og utanríkisráðherra þeirrar ríkisstjórnar ljósara en flestum öðrum — að það gæti orðið óvissa um það að fá fram undanþáguákvæði að því er varðaði auðlindir landsins, auðlindir í jörðu og virkjanarétt fallvatna inn í samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði hliðstætt því sem menn voru að vinna að í sambandi við fiskveiðarnar og þar sem tókst að halda rétti Íslendinga til lagasetningar á því sviði. Síðan lýkur stjórnarsamstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. án þess að gengið sé frá þessari löggjöf og var þó vissulega af minni hálfu og fleiri á hv. Alþingi spurst fyrir um þessi efni, ýtt á eftir bæði með með flutningi tillagna og frumvarpa og með fyrirspurnum ítrekað til ráðherra á hverju einasta þingi á síðasta kjörtímabili.

Virðulegur forseti. Óskammfeilni Alþfl. og virðulegs hv. þm., sem talaði fyrir hönd hans áðan, er með þeim hætti sem hér um ræðir. Hv. þm. hefur væntanlega verið að flytja fjölmiðlum landsins, ríkissjónvarpinu, þær fréttir að Alþfl. ætlaði innan tveggja eða þriggja daga að leggja fram frumvörp varðandi málið hér á Alþingi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, talsmaður Alþb. í þessari umræðu, vék að þessum þætti málsins í sinni fyrstu ræðu hér og minnti á tillögur Alþb. um þessi efni og nauðsyn þess að gengið yrði frá lagasetningu sem tryggði íslensk yfirráð yfir þessum auðlindum áður en lögfest yrði þetta frv. hér. Þannig að hv. þm. er ekki að finna upp neitt púður.

Þá kem ég að sjávarútveginum og málflutningnum þar að lútandi. — Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að ég ætla ekkert að efast um pólitíska vilja Alþfl. í sambandi við auðlindir í jörðu eða virkjanarétt fallvatna. Ég er ekki að halda því fram hér. Ég treysti því enn að það sé pólitískur vilji hjá Alþfl., hliðstæður því sem við alþýðubandalagsmenn höfum sýnt með okkar tillöguflutningi, að varðveita þjóðareign á þessum auðlindum og ég ætla ekki að gefa neitt lítið fyrir það og bið menn ekki að skilja mitt mál þannig. Ég er að finna að því hvernig málin eru sett fram hér. — Þar er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að láta að því liggja að hann sé að grafa upp einhver alveg ný sannindi í sambandi við stjórnarfrumvarpið. Og hann er að öðrum þræði að finna að því sem þar er og láta að því liggja að þetta frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt hér fyrir sé óframkvæmanlegt. Síðan les hann það

í málið að vegna þess að þetta frv. sé óframkvæmanlegt og feli auk þess í sér að með óbeinni eignaraðild geti útlendingar eignast allt að 49% í fyrirtækjum hér þá verði menn bara að taka undir stefnu Alþfl. í þessu máli sem er sú að opna allt upp á gátt og fella brott lagaákvæðin sem heimild fékkst til í sambandi við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, að Alþingi hefði í höndum sér löggjafarvald að því er varðar fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða, þá verðum við bara að hverfa frá því, setja sjávarútveginn í heild undir hin almennu fjárfestingarákvæði samkvæmt EES-samningnum og koma síðan á veiðileyfagjaldi til þess að bregðast við þessum aðstæðum. Þetta er það sem hv. þm. er að koma á framfæri, á sama tíma og hann gagnrýnir stjfrv. af því að það gangi ekki nógu langt í þessum efnum en fullnægi þó því frv. sem hv. þm. Kristján Pálsson hefur gerst flm. að. Það er ekki rétt vegna þess að á því er verulegur munur hvort menn eru að tala um óbeina eignaraðild eða beina eignaraðild að fyrirtækjum alveg á sama hátt og það er mikill munur á því, virðulegur forseti, sem hins vegar hefur verið reynt hér ítrekað í þessum umræðum, að leggja nokkurn veginn að jöfnu lánsfé í fyrirtækjum og beina fjárfestingu í viðkomandi fyrirtæki. Þetta er ekki boðlegur málflutningur. Að mínu mati er hann það ekki.

Síðan kemur hv. þm., og þar lagðist hann nú lægst í málflutningi sínum, og lætur að því liggja að við alþýðubandalagsmenn og kannski sérstaklega sá sem hér stendur ætluðum að fara að taka afstöðu til mála á þingi varðandi þessi efni eða værum að haga málflutningi okkar hér vegna þess að eitthvert tiltekið fyrirtæki austur í Neskaupstað byggi við þær aðstæður að þar væri um að ræða óbeina eignaraðild erlendra aðila í því fyrirtæki. Ég vil ekki segja margur heldur mig sig, virðulegur forseti, vegna þess að ég vil ekki greina þær hvatir sem liggja að baki hjá hv. þm. í slíkum málflutningi. (**JBH:** Sambærileg fyrirtæki á Ísafirði.) En virðulegur forseti, þetta minnti mig á það þegar hv. þm. sem heilbrrh. fór að draga eiginkonu þess sem hér stendur inn í umræðu og að ætla þeim sem hér talar að taka afstöðu til heilbrigðismála út frá því að maki minn væri starfandi sem læknir. Það er því miður ekki nýtt að hv. þingmaður hagi máli sínu með viðlíka hætti og hann gerði í dag. Það er ekki nýtt en það eru fáir á Alþingi Íslendinga sem haga máli sínu með svipuðum hætti. Þeir eru sem betur fer fáir og hv. þm. verður að eiga það að vera í sérflokki að því er þetta snertir.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að viðhorfi mínu í sambandi við eignaraðild útlendinga í íslenskum auðlindum. Ég held að það liggi fyrir bæði úr tillöguflutningi mínum hér í þinginu, afstöðu minni til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, afstöðu minni til tillagna varðandi fjárfestingu útlendinga í íslensku atvinnulífi 1991, þegar ég hafði sérstöðu í ýmsum greinum af þeim sem voru þá aðilar að ríkisstjórn, þannig að ég læt nægja, virðulegur forseti, að vísa til þeirrar afstöðu. Mér kemur ekkert á óvart það sem frá Alþfl. kemur í þessum efnum, og síst af öllu það sem frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni kemur, en það hryggir mig að sjá og heyra þann málflutning sem uppi hefur verið hafður af þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa borið hér fram frv. um það að opna fyrir 49% eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi. Ekki vegna þess að það sé ekki þeirra góði réttur að flytja slíkar tillögur á Alþingi, við getum haldið hverju fram sem við viljum í þeim efnum, en rökstuðningurinn finnst mér ekki aðeins vera brothættur, mér finnst hann ekki ganga upp. Og ég trúi ekki öðru en að þingmenn sem eiga að þekkja til í íslensku atvinnulífi og sem áreiðanlega vilja viðhalda okkar yfirráðum í reynd og ekki tefla á tvær hættur skuli ganga fram með tillöguflutning af þessu tagi á sama tíma og menn eru að reyna að vinna sig fram úr verulegum vanda sem við er að fást vegna þess hvernig frá málunum var gengið þegar samið var um hið Evrópska efnahagssvæði og þær reglur leiddar í lög á Íslandi sem þá var gert, með undanþágum þó, en verulegu gráu svæði sem var ófrágengið og sem verið er að fjalla um í því stjfrv. sem hér um ræðir.

[18:16]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram til þess að leiðrétta misskilning að ég vék úr salnum ekki af virðingarleysi við hv. þm. heldur til þess að þakka hæstv. viðskrh. að hann skyldi geta gefið sér tíma til að taka þátt í þessari umræðu því hann átti að vera bundinn annars staðar.

Í öðru lagi held ég að það fari ekki fram hjá neinum sem hefur setið á Alþingi jafnlengi og hv. þm. að það var Alþfl. sem fyrstur flokka á Alþingi lagði fram tillögur og þingmál um þjóðareign á landi og landgæðum og stóð einn að því í mörg ár. Hv. þm. ætti að minnast þess hver það var sem á frumburðarréttinn í þessu efni. Ég ætla ekki að gera lítið úr frumvarpsflutningi hv. þm. sem er þannig til kominn eins og hann veit og aðrir þingmenn að það frv. var unnið í iðnaðarráðherratíð hans en hann fékk það ekki samþykkt. Það er ekkert við því að segja. Ég er mjög ánægður með að sjá að hann og hans flokkur fylgdu þar í fótspor Alþfl. sem var fyrstur flokka til að taka slík mál upp á Alþingi en það skiptir ekki meginmáli. Meginmáli skiptir að við erum samferða og sammála í þessu efni.

En hvers vegna var hv. þm. svona óskaplega reiður? Ég gaf hv. þm. ekkert tilefni til þess. Skyldi það ekki hafa verið vegna þess að ég vakti athygli á því að í frv. væri gert ráð fyrir því að allir aðilar á EES-svæðinu öðluðust sama rétt og Íslendingar til að fjárfesta í fyrirtækjum í orkuvinnslu og að Alþb. hefði lítið sem ekkert um það fjallað í sínum ræðum, löngum og mörgum, hér á þinginu fram að þessu í umræðum um þetta mál? Og skyldi síðan ekki hafa kastað tólfunum þegar ég vakti athygli á þeirri athyglisverðu staðreynd án þess að hún segði nokkuð meira en það sem hún segir að fyrirtæki á Norðfirði í eigu almennings, Síldarvinnslan, sé eitt af þeim fyrirtækjum á Íslandi sem hefur langhæsta óbeina eignaraðild útlendinga? Það hefðu nú einhvern tímann þótt tíðindi að það fyrirtæki sem væri á toppnum um óbeina eignaraðild útlendinga í atvinnurekstri væri á Norðfirði. Skyldi það ekki, virðulegur forseti, hafa valdið því að hv. þm. varð svona reiður.

[18:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi málflutningur hv. þm. dæmir sig í raun sjálfur. Hann fellur um sjálfan sig. Mér er ekki reiði í hug, alls ekki, miklu frekar hryggð yfir því að hér á Alþingi skuli vegist á með þeim hætti sem hv. þm. reynir að gera. Hér kemur hv. þm. og fer að eigna Alþfl. frumburðarrétt að tillögum varðandi eignarrétt yfir auðlindum. Ég hef ekki lagst í sögulega skoðun þess máls. Ég vil aðeins rifja það upp að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar 1971–1973 undirbjó Magnús Kjartansson mál varðandi þjóðareign á háhita og flutti þau mál hér ítrekað og mér er kunnugt um að eftir það tók Alþfl. þau efni upp. Hvort Alþfl. á sjöunda áratugnum stóð að tillöguflutningi hef ég ekki athugað sértaklega og vil ekki fullyrða neitt um hér.

Ástæðurnar fyrir óbeinni eignaraðild í fyrirtækjum á Íslandi, svo maður aðeins nefni það, eru af ýmsum toga og eru runnar upp á þeim tíma þegar verulegar þrengingar voru hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og brugðið var á það ráð að leita eftir því að lánardrottnar, þá olíufélög fyrst og fremst, gerðust hluthafar eða breyttu hluta af skuldunum í hlutafé í fyrirtækjunum. Það er þannig sem þetta er til komið. Það er hvorki til þess að draga fjöður yfir eða til þess að fara að efna til sérstakra svigurmæla eða að það sé stefna einhvers flokks, í þessu tilfelli Alþb., að standa þannig að máli, það er mjög langt frá því.

[18:20]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að misskilningurinn stafi af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson telji það til svigurmæla að segja sannleika um að erlendir aðilar eigi beina eða óbeina eignaraðild að tilteknu fyrirtæki á Íslandi. Ég lít hins vegar ekki á það sem svigurmæli. Ég lít á það sem sjálfsagðan hlut. Þess vegna er ég ekki að mæla svigurmæli þegar ég segi frá því að Síldarvinnslan hf. á Neskaupstað sé í hópi þeirra fyrirtækja á Íslandi þar sem óbein erlend eignaraðild er hvað mest. Það eru ekki svigurmæli í mínum munni. En það eru svigurmæli í eyrum hv. þm. því hann er á móti þessu. Það er engu að síður athyglivert að þetta fyrirtæki, sem svo háttar til um og ég hef síður en svo á móti að svo hátti til um, er í heimabæ hv. þm. sem hefur í mörg herrans ár verið undir stjórn flokksbræðra hans, þar á meðal þetta fyrirtæki. En þetta eru ekki svigurmæli í mínum munni. Þetta eru svigurmæli bara í eyrum hv. þm. því hann er á móti því að hafa þetta svona.

[18:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var auðvitað svo sem mig vænti að hv. þm. kann ekki að skammast sín. Það liggur fyrir að hann sagði hér fyrr í dag í þessari umræðu að ástæðan fyrir því að alþýðubandalagsmenn hefðu ekki beitt sér með þessum eða öðrum hætti væri kannski sú að það væri um að ræða óbeina erlenda eignaraðild hjá tilteknu fyrirtæki austur í Neskaupstað. Það er þetta sem eru svigurmælin.

[18:22]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Orðaskipti hv. þm. sem hér hafa talað, þeirra Sighvats Björgvinssonar og Hjörleifs Guttormssonar, hafa staðfest það sem áður var vitað að þessir tveir flokkar Alþfl. og Alþb. eru sammála um nauðsyn þess að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum í jörðu á landi. Á sínum tíma í EES-samningum var gerð tímabundin undanþága frá almennum fjárfestingarrétti á EES-svæðinu. Nú er sá fyrirvari runninn út. Hér með er það svo að erlendir aðilar geta keypt fyrirtæki sem nýta orkuauðlindir okkar án þess að íslenska þjóðin fái nokkuð í sinn hlut af þeirri auðlindauppsprettu, þeirri auðlindarentu. Þetta liggur fyrir. Við erum sammála um það að þetta frv. eigi helst ekki að taka gildi nema tryggt verði að orkunýtingarrétturinn skili þjóðinni arði af auðlindinni. Þá er eftir ein spurning. Hvað með sjávarútvegsauðlindina? Það var settur fyrirvari, algjör og ótímabundinn, í EES-samningunum.

Þessar umræður hafa leitt í ljós í fyrsta lagi að lög sem sett voru halda ekki og eru ekki framkvæmd og það er ekki reynt að framkvæma þau. Í annan stað að ef þetta stjfrv. verður að lögum þá er búið að sýna fram á það og staðfesta af iðnrh. að með óbeinni eignaraðild geta erlendir aðilar náð úrslitatökum, stjórnandi forræði í fyrirtækjum sem gera út á Íslandsmið án þess að íslenska þjóðin fái nokkru um það ráðið eða fái arð af þeirri auðlind. Þá er eftir ein spurning sem ég bið hv. þm. Hjörleif Guttormsson að svara. Ef þetta eru staðreyndir mála, ef þetta er svo, er hann reiðubúinn að svara hér og nú þeirri spurningu: Breytir það einhverju um viðhorf hans gagnvart auðlindagjaldi eða veiðileyfagjaldi? Er hann ekki jafnsannfærður um að það sé nauðsynlegt að koma því á að því er varðar sjávarútvegsauðlindina eins og það þarf að því er varðar orkulindirnar?

[18:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sú staða sem uppi er í sambandi við óbeina eignaraðild fyrirtækja í sjávarútvegi er vissulega þess eðlis að það þarf að skoða það og gaumgæfa. Það er ekki búið að afgreiða það mál sem hér liggur fyrir, það stjfrv. Það er hér til 1. umr. og verður til skoðunar. Auðvitað þarf að vanda þá athugun mála. Formaður sjútvn. sem fjallar um þetta mál er hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég treysti honum fyllilega til þess að vanda skoðun mála að því er varðar veiðiþáttinn sérstaklega, það frv. sem þar er um að ræða. En rétt er það að í efh.- og viðskn. á sami þingmaður sæti en að vísu ekki sem formaður. Ég tel að það sé áhyggjuefni þau ítök sem útlendingar geta haft í gegnum óbeina eignaraðild og það verði að horfa af fullu raunsæi á það efni.

Spurningin um veiðileyfagjald eða auðlindaskatt, sem Alþfl. hefur vísað til sem lausnar, er spurning sem ekki hefur haft fylgi í mínum flokki, ekki hefur verið meiri hluti fyrir í Alþb. þó einstakir menn hafi viljað skoða það. Við í Alþb. höfum út af fyrir sig ekki hafnað því að skoða þann vanda sem við blasir. En við höfum ekki verið hlynntir því að taka þetta upp. Við höfum ekki verið það. Við höfum viljað taka á þessum málum þannig að þjóðareignin á auðlindinni væri raunhæf. Að það væri innihald í fyrstu lagagreininni um stjórn fiskveiða. Við vorum fyrstir manna árið 1984, virðulegur forseti, og sá sem hér talar til þess að vekja athygli á nauðsyn þess að lögfesta þetta atriði sem svo var upp tekið árið 1987.

En sá vandi sem blasir við í sambandi við sjávarútveginn, bein eða óbein ítök útlendinga í þeim efnum, er vissulega þess eðlis að það vekur áhyggjur og menn þurfa að skoða það mál.

[18:28]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að láta í ljós þá skoðun að þetta hafi verið hin þarfasta og gagnlegasta umræða. Það hefur einkum verið bent á tvenns konar hættu að því er varðar fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi. Númer eitt að með óbeinum hætti geti erlendir fjárfestar náð þeim tökum á íslensum útgerðarfyrirtækjum að þeir hafi ráðstöfunarrétt á afurð auðlindarinnar, fiskinum. Í annan stað að menn geti ekki reist skorður við því að óunninn fiskur fari úr landi að þeirra boði.

Nú er auðvitað spurningin um það hvort um er að ræða annars vegar eignarrétt eða nýtingarrétt. Við erum sammála um að það beri að gera stjórnskipulega virkt ákvæðið um sameign þjóðarinnar á sjávarútvegsauðlindinni. Við stöndum hins vegar sameiginlega frammi fyrir þeim vanda að í þeim lagaákvæðum, þeim lagaskorðum, sem hafa verið settar og er verið að reyna að setja, er ekki hald. Það liggur alveg ljóst

fyrir. Ef menn eru sammála um það að við viljum tryggja íslensku þjóðinni rentuna, arðinn af auðlindaeign hennar, hvort heldur er á sjávarútvegsauðlindinni eða á orkulindunum, eigum við nú ekki annan kost en þann að gera þessi ákvæði um sameignina virk með því að innheimta auðlindagjald, veiðileyfagjald eða virkjunarréttargjald af þessum aðilum. Ef það verður sameiginlega niðurstaða þessara flokka, og ég virði það að þau sjónarmið hafa ekki átt upp á pallborðið í Alþb. hingað til að því er varðar sjávarútvegsauðlindina, þá tel ég það stórtíðindi í íslenskri pólitík og breyta mjög verulega ekki bara að því er varðar efnislega niðurstöðu í þessu máli heldur mörgu fleiru.

[18:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Engin slík tíðindi hafa orðið þannig að hv. þm. er hér að vísa inn í einhverja framtíð sem hann dreymir um.

Það verður að hafa í huga þegar menn hlýða hér á málflutning Alþfl. að þar fer sá flokkur sem gekk fyrir um það að koma Íslandi inn í hið Evrópska efnahagssvæði. Og gengur fyrir í því að reyna að koma Íslandi inn í Evrópusambandið. Alþfl. liggur að sjálfsögðu undir þeim grun að ætla sér að komast fram hjá fiskveiðistefnu Evrópusambandsins án þess að hafa allt af Íslendingum í sambandi við arð af fiskimiðunum með því að hafa þá tiltæka skattlagningu þannig að ekki skipti máli hver veiði.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 18:31.

---

92. FUNDUR

mánudaginn 19. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 536. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425. — Frh. 1. umr.
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 242. mál, þskj. 328. — Frh. 1. umr.
5. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 307. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, 286. mál, nál. utanrmn., þskj. 569.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, 323. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 570.

Starfsþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi, 237. mál, svar menntmrh., þskj. 565.

Styrkveitingar úr Menningarsjóði útvarpsstöðva, 69. mál, svar menntmrh., þskj. 562.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Þorvaldur T. Jónsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl."

Þorvaldur T. Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um skýrslu.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hinn 6. nóv. sl. var samþykkt hér á hinu háa Alþingi beiðni um skýrslu um áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka- og blaðaútgáfu í landinu. Þessari beiðni var beint til hæstv. fjmrh., sem gengur nú í salinn. Það eru liðnar rúmlega 15 vikur síðan þessi beiðni var samþykkt en samkvæmt þingsköpum hafa ráðuneytin 10 vikur til að svara slíkum skýrslubeiðnum. Nú þarf auðvitað að taka tillit til þess að jólafrí er þarna inn í en mig er farið að lengja mjög eftir svörum við þeim spurningum sem lagðar voru fram. Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hverju þetta sætir og hvort ekki sé ástæða til að kalla eftir því að ráðuneytin standi við þingsköp hvað þetta varðar.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil satt að segja taka undir það sem kemur fram hjá hv. þm. að auðvitað hljóta menn, ráðuneyti og þeir sem svara eiga fyrirspurnum og gefa skýrslur, að gera það eins og þingsköp segja til um. Þegar um tafir er að ræða kunna að vera á þessu eðlilegar skýringar. Það er fjöldi verkefna sem menn vinna að en mér er kunnugt um það hvað varðar þetta mál að það er von til þess að okkur takist að skila inn til þingsins skýrslu í lok þessa mánaðar.

Því miður getur það ekki orðið fyrr. Ég harma það eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. að það skuli ekki hafa reynst gerlegt að gera það fyrr.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[15:06]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa varðandi fundahaldið að eftir að atkvæðagreiðslum er lokið um fyrstu tvö málin á dagskrá fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hæstv. menntmrh. verður til andsvara. Efni umræðunnar er færsla grunnskólans til sveitarfélaga.

Fjárreiður ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 297. mál. — Þskj. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

[15:07]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að kosning í sérnefnd gæti verið tekin á dagskrá á morgun og það er tillaga forseta að í sérnefndinni verði ellefu þingmenn.

Tóbaksvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.). — Þskj. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Færsla grunnskólans til sveitarfélaga.

[15:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Á stjórnarfundum beggja kennarafélaganna var á föstudaginn ákveðið að félögin drægju sig út úr öllu samstarfi um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Lýsa þau fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda. Jafnframt kemur fram í ályktun þeirra að verði af flutningi við þessar kringumstæður sé það í fullri andstöðu við kennarafélögin sem líta svo á að þar með séu kjarasamningar lausir 1. ágúst. Af framansögðu má vera ljóst að það ríkir engin eining lengur um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna.

Að þessari miklu breytingu á högum grunnskólans, sveitarfélaganna, nemenda og ekki síst kennara, sem með þessari framkvæmd hætta að vera ríkisstarfsmenn og verða starfsmenn sveitarfélaganna, hefur nú verið unnið í nokkur missiri. Nánast sást fyrir endann á þeim ákvörðunum sem taka þurfti af hálfu ríkis og sveitarfélaga ef marka mátti fréttir. Þannig hafði verið samið um réttindamál kennaranna þegar þeir yrðu starfsmenn sveitarfélaganna og liggur nú frv. þess efnis á borðum okkar þingmanna í dag. Einnig hefur mikil vinna farið fram til að undirbúa að sveitarfélögin tækju að sér þá stoðþjónustu sem skólarnir, nemendur og fjölskyldur þeirra eiga rétt á samkvæmt lögum. Þá hafði mikil umræða og fræðsla farið fram um starfsemi grunnskólans innan sveitarfélaganna og þær skyldur sem þessi breyting hefði í för með sér þannig að grunnskólinn og það starf sem þar er unnið og á að vinna var virkilega komið í brennipunkt umræðunnar. Einnig var búið að skipa nefnd af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna til að útkljá fjárhagsskiptin, þ.e. hve miklir tekjustofnar fylgdu verkefninu. Þannig má segja og öllum má vera ljóst að sveitarfélögin hafa lagt alla orku sína í það undanfarin missiri að undirbúa sig fyrir þetta stóra verkefni og ótaldir eru fundirnir og ráðstefnurnar sem lagðar hafa verið undir málefnið. Kennararnir hafa jafnframt fúslega tekið þátt í því starfi sem að þeim hefur snúið og þannig gert sitt til að vel mætti til takast.

En nú er sem sagt allt í uppnámi. Og verði af flutningi verður það samkvæmt nýjustu fréttum í fullri andstöðu við þá starfsmenn sem flutningurinn snýst fyrst og fremst um, þ.e. kennarana. Við hljótum því að kalla eftir viðbrögðum hæstv. menntmrh. og skýringum á því ástandi sem upp er komið.

Hæstv. fjmrh. lætur hafa þá skoðun eftir sér í dagblaði um helgina að kennararnir ætli sér með þessu að taka yfirfærslu grunnskólans í gíslingu til að knýja fram breytingar í öðrum efnum. Er hæstv. menntmrh. einnig þeirrar skoðunar? Allt er þetta með ólíkindum og atburðarásin óheppileg svo vægt sé til orða tekið.

Er það virkilega þannig að ríkisstjórnin sé ekki áhugasamari en svo um flutning þessa verkefnis og að hann gangi vel fyrir sig en að hæstv. fjmrh. er gerður út með rauða dulu til að veifa framan í kennarafélögin á viðkvæmasta tíma, þ.e. frv. til breytinga á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, frv. til laga um breytingu á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og frv. til laga um samskiptareglur á vinnumarkaði? Allt á sama tíma og allt mál sem félögin meta sem skerðingu á réttindum en auknar skyldur. Minna mátti nú gagn gera.

Samkvæmt viðbrögðum hæstv. fjmrh. mætti hins vegar ætla að um væri að ræða mál sem starfsmönnum komi ekki við. Er hæstv. menntmrh. einnig á þeirri skoðun? Er þetta þá e.t.v. forsmekkurinn að því samstarfi sem ríkisstjórnin hyggst hafa við launafólk varðandi áðurnefnd frv.?

Þær eru margar spurningarnar sem brenna núna á öllum þeim sem koma grunnskólar landsins við og þeir eru býsna margir auk kennaranna. Hvað verður ef áformaðar breytingar brotlenda endanlega? Varaformaður Sambands sveitarfélaga lét þau ummæli falla á fundi um helgina að mat hans væri það að ef ekki yrði af flutningnum nú eins og áformað hafði verið þá gæti orðið margra ára bið á því með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir grunnskólann. Er hæstv. menntmrh. sammála því mati varaformanns Sambands sveitarfélaga? Var í samskiptum við kennarana um algert vanmat á stöðunni að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar, einberan klaufaskap sem verður leiðréttur? Eða stendur til að keyra málin í gegn hvað sem raular og tautar? Nógur er meiri hlutinn ef ríkisstjórnin hefur tekið sínar ákvarðanir. En hefur hún það? Þetta eru

þær spurningar sem hæstv. menntmrh. verður að svara.

[15:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda að taka þetta mál hér upp í dag. Það er ágætt að fá tækifæri til að ræða það hér í þingsölunum eins og mál hafa þróast á undanförnum sólarhringum.

Fyrir þingmönnum liggur nú frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Í þessu frv. er tekið af skarið um það hvernig réttindum kennara og skólastjórnenda grunnskóla skuli háttað við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Um þetta frv. er algjört samkomulag á milli allra aðila sem að málinu koma.

Það er forsenda þess lögum samkvæmt að þetta verk verði unnið að slíkt samkomulag liggi fyrir eða a.m.k. að frv. verði flutt af því tagi sem hér hefur verið kynnt. Í öðru lagi er það skilyrði lögum samkvæmt að komast að niðurstöðu um kostnaðarskiptingu á milli ríkisins og sveitarfélaganna og það starf er nú komið á lokastig og sveitarfélögin og ríkisstjórnin hafa skipað viðræðunefnd til að semja um niðurstöðu þess máls. En skýrsla um skiptingu þessa kostnaðar var lögð fram í síðustu viku, réttara sagt 13. febrúar sl.

Það sem síðan hefur gerst eftir að allar þessar niðurstöður liggja fyrir er að ríkisstjórnin hefur ákveðið að ganga til viðræðna við sveitarfélögin um niðurstöður í kostnaðarskiptingunni. Síðan hafa kennarar komið fram og lýst því yfir eins og hv. málshefjandi nefndi að þeir ætli að draga sig út úr samvinnu um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna vegna þriggja mála sem þar eru nefnd, þ.e. frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, drög að frv. til laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og drög að frv. til laga um samskiptareglur á vinnumarkaði. Hér er um mál að ræða sem snerta ekki flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og snerta ekki það frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem lagt hefur verið fyrir þingmenn. En tekið er fram í athugasemdum við það frv. sem var kynnt öllum sem komu að málinu að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, væru í endurskoðun og ríkisstjórnin hefði í hyggju að leggja fram frv. til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþinginu 1996. Þetta lá fyrir þegar menn gengu frá frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda við grunnskólann og mönnum var það fullljóst. Það mál er til umræðu núna á samráðsvettvangi lögum samkvæmt. Ég tel að ekki sé öll von úti um að menn komist þar að niðurstöðu sem geti komið til móts við sjónarmið kennara og verði ekki til þess að þeir dragi sig út úr samstarfinu um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna.

Varðandi Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og breytingar á honum er það mál einmitt til athugunar. Einnig er tekið á því í þessu frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Ef menn fletta upp í frv. í fylgiskjal I sjá þeir að þar er undirritað bréf verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans til sveitarfélaga, m.a. undirritað af formanni Kennarasambands Íslands, þar sem fjallað er um lífeyrisréttindin og tekið á þeim málum með þeim hætti að samkomulag varð um það í verkefnisstjórninni. Ég geri mér rökstuddar vonir um að mál gangi fram með þeim hætti sem niðurstaða varð um í verkefnastjórninni varðandi lífeyrisréttindin. Ef litið er á efnisatriði þessa máls og þessarar deilu ef þannig má að orði komast um óskyld mál og þau síðan skoðuð í ljósi flutningsins tel ég að með öllu sé rangt að halda því fram að með nokkru móti sé verið að ganga á rétt kennara við flutninginn til sveitarfélaganna, þvert á móti sé rétturinn mjög vel skilgreindur og tryggður með þessu frv. sem ég vona svo sannarlega að þingmenn ljái lið á vorþinginu og við getum gengið frá þessum málum.

Mjög gott samstarf hefur verið við kennara um öll þessi mál til þessa og ég vona að sú samstaða rofni ekki. Hér hafa orðið deilur um önnur málefni sem þarf að sjálfsögðu að ræða og komast til botns í en það er alrangt að gefa það til kynna að það sem nú hefur gerst eigi að verða til þess að tefja fyrir flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég geri mér vonir um að ég geti átt áfram mjög gott samstarf við kennara um málið og einnig sveitarfélögin og það markmið náist sem samþykkt var í lögunum 25. febr. í fyrra að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna 1. ágúst nk.

[15:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Málið er vissulega alvarlegt og ástæða til að ræða það. Um það leyti sem samningar eru að ganga saman vegna yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga er sem sprengju sé kastað inn í umræðurnar og kennarafélögin ákveða að draga sig út úr öllu samstarfi. Hvað er eiginlega um að vera? Jú, kennarasamtökin hafa verið að semja um það að halda óbreyttum réttindum eftir flutninginn til sveitarfélaganna en um leið vinnur ríkisstjórnin með hinni hendinni að því að skerða réttindi ríkisstarfsmanna á fjölmörgum sviðum ef marka má fréttir í fjölmiðlum því að ekki höfum við þingmenn stjórnarandstöðunnar séð þau lagafrv. sem um ræðir, hvort sem um er að ræða frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða frv. til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða frv. um samstarfsreglur á vinnumarkaði. Að því leyti er þessi umræða ótímabær en vissulega er það alvarlegt mál ef kennarar hætta samstarfi um yfirfærslu grunnskólans sem allir töldu að væri að ganga saman.

Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Hver man ekki eftir útspili hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar í haust þegar kjaramálin og Kjaradómur og laun alþingismanna voru í brennidepli? Þá bauð hann fram allsherjarsamráð um þær breytingar sem væru fram undan á kjaramálum í landinu og ekki síst hjá starfsmönnum ríkisins. Ekki verður séð að unnið sé af fullum heilindum. Eða er það álit menntmrh.?

Við kvennalistakonur teljum mjög mikilvægt að sátt náist um flutning grunnskólans sem á vafalaust eftir að reynast til bóta fyrir grunnskólann og lýðræðið í landinu. Viðbrögð kennara eru mjög eðlileg vegna þess að á sama tíma og allt er að ganga saman og þeim er sagt að þeir haldi fullum réttindum er verið að semja um kjaraskerðingar með hinni hendinni. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Því endurtek ég spurningu mína til hæstv. menntmrh. Er unnið af heilindum að hans mati? Er eðlilegt að semja um óbreytt kjör og semja svo með hinni hendinni um kjaraskerðingu í þeim dúr sem hér um ræðir.

(Forseti (ÓE)**:** Forseti minnir enn einu sinni á tímamörkin. Það eru það margir hv. þm. á mælendaskrá að forseti biður þingmenn að gæta tímamarka.)

[15:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að þakka hv. þm. fyrir

að taka þetta mál upp. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. menntmrh. væri ákveðinn í því að flutningur grunnskóla yfir til sveitarfélaganna færi fram 1. ágúst hvað sem tautaði og raulaði og hann ætlaði að hafa þau viðhorf sem komið hafa fram hjá kennarafélögunum að engu því að kennurum hafi verið fullljóst að endurskoða ætti lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það segir ekki nema hálfa söguna að það eigi að endurskoða lög. Þeim var ekki gert ljóst að um þvílíka réttindaskerðingu yrði að ræða eins og fram hefur komið á undanförnum dögum og vikum í þeim frumvarpsdrögum sem ríkisstjórnin hefur verið að birta ef frv. verða lögð fram óbreytt frá því sem nú er stefnt að í dag. Kennarar hafa staðið af heilindum að þessum undirbúningi, ekki endilega vegna þess að það sé óskastaða þeirra að grunnskólinn sé nú færður yfir til sveitarfélaganna heldur vegna þess að þeir hafa viljað að þessu væri staðið sem best væri á kosið. Síðan kemur hæstv. menntmrh. og segir: Okkur er nákvæmlega sama hvaða skoðun þið hafið, við flytjum samt og þið skulið með hvað sem tautar og raular, okkur er nákvæmlega sama hvað þið segið og um ályktanir ykkar. Til hvers var af stað farið með samráð í upphafi þegar á að hafa það að engu þegar upp er staðið?

[15:24]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé sama hvernig þessu máli er velt upp og hvað sem yfirlýsingum hæstv. ráðherra líður að þetta mikilvæga mál flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna er í stórhættu. Ljóst er að nýjustu útspil ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eru eins og blaut tuska í andlit kennarastéttarinnar. Frv. sem dreift hefur verið í dag um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og einnig um lífeyrissjóðsmál eru með þeim hætti að kennarastéttin getur ekki litið öðruvísi á. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Til viðbótar þessu er í burðarliðnum frv. hæstv. félmrh. um vinnulöggjöfina og þegar saman er dregið er ekki að undra að kennarastéttin hafi af þessu áhyggjur. Rétt er að halda því til haga að samningar við sveitarfélögin voru komnir á það stig að bjartsýni ætti að gæta í þeim efnum. Þar liggur fyrir að umtalsverður viðbótarkostnaður verður hjá sveitarfélögunum vegna lagasetningar Alþingis, m.a. um einsetningu grunnskóla og það er enn þá vík á milli vina í þeim efnum. Hver á að bera þennan viðbótarkostnað? Eru það eingöngu sveitarfélögin eða á ríkissjóður með bættum tekjustofnum eða beinum framlögum að koma þar til aðstoðar? Þetta eru mál sem eru langt í frá til lykta leidd.

Hins vegar rifja ég það upp, virðulegi forseti, og rétt er að geta þess að hæstv. fyrrv. menntmrh. hafði um það góð orð í fyrra þegar tilflutningurinn stóð fyrir dyrum að þessi viðbótarkostnaður yrði bættur sveitarfélögunum. Ég vænti þess að hið sama sé upp á teningnum hjá hæstv. núv. menntmrh. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða og ég held að til lengri tíma litið verði þessi tilflutningur til þess að gera skólana betri og þegar til lengri tíma er litið verði kennarastéttin hamingjusamari hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu. Auðvitað verður undirbúningur að vera með þeim hætti að þetta geti gengið snurðulaust fram. Það er því miður ekki, virðulegi forseti.

[15:27]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er vakin athygli á máli. Það virðist vera að ríkisstjórnin stefni samskiptum við verkalýðsfélög og sveitarstjórnir í óefni. Vitaskuld gengur ekki að kveðið sé á um að samningsatriði séu útkljáð í lögum eins og hér virðist vera. Ég vil hins vegar, herra forseti, ræða í tengslum við þessa umræðu þá lítilsvirðingu sem Alþingi er sýnt með því að ríkisstjórnin ræðir hver frumvarpsdrögin á fætur öðrum við hagsmunaaðila án þess að þessi mál komi inn í þingsali. Ég bendi á frumvarpsdrög um þetta mál sem rætt er af hálfu hæstv. fjmrh. Hæstv. félmrh. er með í undirbúningi löggjöf um réttindamál, viðskrh. um hlutafjárvæðingu banka, samgrh. um hlutafjárvæðingu Pósts og síma. Öll þessi frv. eru rædd í smáatriðum við hagsmunaaðila sem eiga vitaskuld að koma að málinu þegar þingið er að fjalla um það. Hina pólitísku umræðu ber vitaskuld að taka á hinu háa Alþingi.

Ég bið hæstv. forseta um að reyna að grípa í taumana. Hér er pólitísk umræða á villigötum. Þetta er lítilsvirðing af hálfu ríkisstjórnarinnar ekki einungis gagnvart stjórnarandstöðunni heldur einnig gagnvart stjórnarþingmönnum. Hér þarf að verða bragarbót á vinnubrögðum því að vitaskuld á hin pólitíska umræða um stefnu ríkisstjórnarinnar að fara hér fram en ekki vera búið að taka forskot á þá umræðu áður en mál eru lögð fram á hinu háa Alþingi.

[15:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var ótrúleg ósvífni sem kom áðan fram í ræðu hæstv. menntmrh. Lætur hann sér detta í hug að hægt sé að breyta gjörvallri réttindalöggjöf verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi án þess að kennarar svo mikið sem andi við þær aðstæður að það á að flytja starfsemi þeirra yfir til sveitarfélaganna? Lætur hann eða hæstv. fjmrh. sér detta í hug að hægt sé að rífa verkfallsréttinn af almennu verkalýðsfélögunum án þess að þess sjái einhvers staðar stað í þjóðfélaginu? Láta þeir sér koma það til hugar að hægt sé að sprengja réttindamál opinberra starfsmanna aftur á nítjándu öldina án þess að tekið sé einhvers staðar eftir því? Láta þeir sér detta það í hug að það geti gerst að lífeyrisgrundvöllur opinberra starfsmanna sé eyðilagður án þess að tekið sé eftir því? Láta þeir sér koma það til hugar að löggjöfin um Atvinnuleysistryggingasjóð sé eyðilögð án þess að menn taki eftir því?

Hæstv. fyrrv. heilbrrh. var sagður umgangast heilbrigðismál eins og fíll í glervörubúð. Ég sé að hæstv. menntmrh. hefur tekið þetta hlutverk að sér því að hann ímyndar sér að það sé hægt að halda áfram viðræðum við kennara á sama tíma og það er gerð tilraun til að eyðileggja réttindalöggjöf alþýðuhreyfingar þessa lands svo að segja frá grunni. Mér fannst það í rauninni lýsa ótrúlegri ósvífni þegar það kom fram hjá hæstv. menntmrh. að hann er að því er virðist staðráðinn í að hafa mótmæli kennarasamtakanna að engu þó það liggi fyrir að grunnskólinn verður ekki fluttur nema með samkomulagi við kennarasamtökin. Fyrir því liggja ekki aðeins yfirlýsingar heldur líka tiltekin lagaskilyrði. Það er kennarasamtakanna en ekki hæstv. ráðherra að kveða upp úr með niðurstöðu í þeim efnum. Þess vegna verður ríkisstjórnin að gæta sín í þessu máli og það er mjög mikilvægt að það sé rækilega rætt í þessari stofnun.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst ber að útskýra að frv. það sem lagt var fram í dag á hinu háa Alþingi er niðurstaða samningaviðræðna og er í raun óskafrv. kennara þannig að það valdi engum misskilningi. Í greinargerðinni með frv. er tekið fram að á leiðinni sé annað frv. frá ríkisstjórninni sem verði

lagt fram í vor og það fjalli almennt um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Öll sambönd starfsmanna ríkisins vissu fullvel að slíkt frv. var á leiðinni. Það liggur nú fyrir. Frv. hefur verið kynnt og löngu skjalfest að á því væri von. Við höfum þegar rætt við nokkra af forustumönnum sambanda opinberra starfsmanna, fyrst og fremst BSRB, BHM og kennara. Þeim var vel kunnugt um málið þótt efnisleg umræða hefði ekki farið fram. Enda varð fyrst að leggja fram frv.

Auðvitað er löngu tímabært að endurskoða lög sem eru rúmlega 40 ára gömul og frá þeim tíma þegar opinberir starfsmenn, ríkisstarfsmenn, höfðu hvorki samnings- né verkfallsrétt. Það er kominn tími til að taka á æviráðningamálunum og á biðlaunarétti með eðlilegum hætti. Þar sem hér er rætt um að við sýnum lítilsvirðingu með því að ræða málin ekki fyrst á hinu háa Alþingi skal tekið fram að þessi mál eru á samráðsstiginu. Þau eru á því stigi að það er verið að ræða við aðila sem um málin eiga að tala, enda lögmætt að samráð skuli vera haft við opinbera starfsmenn. Það var því útilokað að koma fyrr með málið inn á hið háa Alþingi.

Ég vil að endingu segja að ég er undrandi á því að heyra orð eins og fólskuleg árás, óheiðarleiki og óheilindi þegar þess hefur verið gætt í undirbúningi þessa máls á öllum stigum að upplýsa menn nákvæmlega um það sem koma skyldi. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Varðandi lífeyrismálin, virðulegi forseti, þá eru þau að sjálfsögðu í eðlilegu horfi. Þar er ekki um að ræða skerðingu á heildarréttindum heldur tilfærslu á réttindum og nauðsynlegt að ganga frá því á sem allra skemmstum tíma.

[15:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er býsna sérkennilegt að ræða hér frumvarpsdrög sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum ekki séð. Og reyndar ekki margir stjórnarþingmenn heldur. En það hafa auðvitað borist fregnir af því hvað þarna er á seyði og það er allt í anda hinnar nýsjálensku hagfræði sem hæstv. fjmrh. er ákaflega hrifinn af og laumar hingað inn með hverju frv. á fætur öðru.

Það er vert í þessu samhengi að velta því fyrir sér hvernig samskiptum ríkisins og opinberra starfsmanna er háttað. Við höfum á undanförnum árum orðið vitni að hverju verkfallinu á fætur öðru, endalausum vinnudeilum og málaferlum milli ríkisstarfsmanna og ríkisins. Því er auðvitað ekki að leyna að þessi samskipti milli ríkisins og opinberra starfsmanna eru afar sérkennileg hér á landi og svona getur þetta ekki gengið áfram. Menn verða að ná samkomulagi um vinnubrögð og um það hvaða reglur eigi að gilda á vinnumarkaði. Kennarar eru nú opinberir starfsmenn en hluti þeirra verður starfsmenn sveitarfélaganna ef af yfirfærslu grunnskólans verður. Það er engin furða að þeir bregðist harkalega við vegna þess að þarna eiga í hlut hluti félagsmanna þeirra. Auðvitað mun það hafa áhrif á kjör starfsmanna sveitarfélaganna ef stórfelldar breytingar verða á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta hangir allt saman. En ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að ræða málin við starfsmenn sína og leita eftir samkomulagi. Það má ljóst vera að ef meiningin er að keyra hér í gegn breytingar í anda þess sem gerst hefur á Nýja-Sjálandi verður allt kolvitlaust í þjóðfélagi okkar. Það gefur auga leið. Er það það sem hæstv. ráðherrar vilja?

[15:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessa umræðu einfaldlega vegna þess að mér var kunnugt um að til stendur að halda hér utandagskrárumræðu á morgun um störf þingsins, þar með þau frv. sem hafa verið boðuð hingað inn á borð. En mig langar til að gera athugasemdir við það sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan þegar hann talaði um æviráðningu opinberra starfsmanna, biðlaunarétt og önnur réttindi sem þyrfti að taka á „með eðlilegum hætti" eins og hann orðaði það.

Í fyrsta lagi er ég orðinn svolítið þreyttur á þessu áróðursbragði gagnvart æviráðningunni sem var afnumin hér fyrir löngu síðan nema í undantekningartilvikum. Allflestir opinberir starfsmenn eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti og sumir búa við miklu skemmri uppsagnarfrest en því nemur. Sumir eru ráðnir meira að segja til mjög skamms tíma. En hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á þessum réttindamálum „með eðlilegum hætti"? Það hefur verið að birtast okkur núna undanfarna daga í frumvarpsdrögum sem hafa verið kynnt samtökum launafólks. Þar erum við að tala um samskiptareglur á vinnumarkaði, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lífeyrisréttindi. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin hefur talað um að slík frumvörp væru á döfinni en hæstv. fjmrh. sagði að þau yrðu væntanlega sett fram í haust. Hið sama gegnir um lífeyrissjóðsfrv. Þar var einnig talað um í byrjun árs að breyting yrði gerð á lífeyrissjóðslöggjöfinni í lok ársins, ekki núna. Nú er hins vegar talað um að leggja þessi frv. fram um næstu mánaðamót, frv. sem boða róttæka réttindaskerðingu hjá almennu launafólki og sendir okkur aftur á síðustu öld. Ef þetta er að taka á málum „með eðlilegum hætti" þá vakna margar spurningar sem við fáum vonandi tækifæri til að ræða hér við utandagskrárumræðu á morgun.

[15:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna er stórt verkefni og vandasamt. Þess hefur ákveðins óöryggis gætt í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og kennaranna gagnvart ríkinu og sveitarfélögunum á meðan á meðferð málsins hefur staðið. Ákveðin tortryggni hefur einnig verið á ferðinni. Það er þess vegna þeim mun verra að mál skuli æxlast með þeim hætti sem nú hefur gerst vegna þess að kennararnir og fulltrúar sveitarfélaganna hafa þó þrátt fyrir allt tekið þátt í allri þeirri vinnu sem þurft hefur að fara í og farið hefur verið í af heilindum og af umyggju fyrir grunnskólanum. Menn gera sér ljóst að í gegnum grunnskólann liggur það sem er e.t.v. mikilvægast fyrir okkur öll, það er menntun barnanna okkar. Og mönnum er hreint ekki sama með hvaða hætti grunnskólinn er starfræktur hér á landi eða hvernig að honum er búið. Þess vegna eru svör hæstv. menntmrh. hér í dag ekki fullnægjandi. Þau byggjast ekki á þeim veruleika sem við stöndum frammi fyrir, þau byggjast því miður á óskhyggju. Ég tek nefnilega mark á ályktun kennarafélaganna og það ætti hæstv. menntmrh. líka að gera. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kennarafélögin hafa því að svo komnu máli ákveðið að draga sig út úr öllu samstarfi um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og lýsa fullri ábyrgð á hendur stjórnvöldum."

Það er ástæða til að taka fullt mark á þessari ályktun vegna þess, virðulegi forseti, að þessi tilflutningur verkefna,

það að sveitarfélögin taki við grunnskólanum eins og um hefur talað, snýst aðallega um það að kennararnir verða starfsmenn sveitarfélaganna en ekki starfsmenn ríkisins. Ef menn halda að hægt sé að fara í þessa breytingu í fullkomnu ósamkomulagi við þá sem breytingin snýst fyrst og fremst um, er það mikill misskilningur. Hæstv. menntmrh. verður að koma fram með betri svör en þá óskhyggju sem birtist í ræðu hans áðan.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í máli mínu kom ekki fram nein óskhyggja heldur lýsing á stöðunni eins og hún er. Það hefur tekist samkomulag við kennara um það hvernig staðið skuli að réttindum og skyldum kennara og skólastjórnenda grunnskólans við flutning hans til sveitarfélaganna. Það er alrangt hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að þetta frv. sé blaut tuska framan í kennara. Þvert á móti er þetta frv. samið að óskum kennara bæði að formi og efni. Þannig að þeir eru fullsáttir við þetta frv. eins og það liggur hér fyrir og kemur fram í greinargerð þess. Það er alrangt hjá hv. þm. að láta eins og þetta frv. sé samið í andstöðu við kennara. Þvert á móti. Þetta er enginn útúrsnúningur, þetta er staðreynd málsins. Þessi umræða ber því miður merki þess að hv. þingmenn hafa ekki kynnt sér málið. Þeir blanda tveimur, þremur eða fjórum málum saman og reyna síðan að gera flutning grunnskólans til sveitarfélaganna tortryggilegan á þessum misskildu og tilbúnu forsendum. Annars vegar er talað um óskhyggju mína sem er engin því ég byggi þetta mat mitt á raunsæi og hins vegar tala menn hér á tilbúnum forsendum eins og hv. þm. Svavar Gestsson sem hvarf eins og svo oft áður aftur í tímann þegar hann fjallar um málefni hér. Ég hélt að hann kærði sig síður um að ræða söguna, fortíð sína í stjórnmálum eða fyrri stjórnmálaskoðanir. Það ber allt að sama brunni þegar hann tekur til máls, a.m.k. ef ég á í hlut. Hann lætur alltaf eins og hann sé staddur hér í þingsalnum upp úr 1930, blessaður hv. þingmaðurinn.

Eins og fram hefur komið er alls ekki verið að vinna að því að taka af kennurum eitt og semja við þá um annað. Þvert á móti. Með þessu er verið að tryggja réttarstöðu kennaranna þegar þeir verða starfsmenn sveitarfélaganna. Það sem hins vegar er verið að ræða um á vettvangi ríkisstjórnarinnar og í samráði við ríkisstarfsmenn er það hvernig réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna verði háttað. Annars vegar er verið að tala um flutning kennara yfir til sveitarfélaganna og hins vegar er ríkisvaldið að ræða um það hvernig réttindum ríkisstarfsmanna skuli háttað.

Framhaldsskólakennarar verða áfram starfsmenn ríkisins. Frv. um það hefur legið fyrir allt frá árinu 1994 og koma þar fram tillögur um breytingar á starfskjörum þeirra. Það er því algjörlega rangt að segja að framhaldsskólakennurum hafi ekki verið ljós stefna ríkisins varðandi starfsréttindi þeirra. Það liggur fyrir í frv. til laga um framhaldsskóla og þeir hafa einnig andmælt því frv. á þeim forsendum.

Herra forseti. Ef ég má aðeins víkja að kostnaðarþættinum þá er það rangt að menn hafi lofað því að greiða viðbótarkostnað vegna einsetningar. Því hefur aldrei verið heitið af ríkisvaldinu. Hins vegar eru þessar viðræður að hefjast núna, lokaþáttur viðræðnanna milli ríkisins og sveitarfélaganna. Ég vænti þess fastlega að samkomulag takist á þeim vettvangi.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. ÁE og SvanJ, 242. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 328.

og

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. KPál o.fl., 307. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 547.

[15:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Umræður um þessi þrjú frv. hafa nú staðið nokkuð lengi, með hléum þó. Engu að síður hafa þær verið áhugaverðar og ýmislegt nýtt komið fram með hverri ræðu þannig að mér finnst að þingið hafi ekki varið sínum tíma illa í að ræða þetta mál. Það eru margir fletir á því og greinilegt að ekki kemur allt fram við fyrstu skoðun. Ég vil fyrst, virðulegi forseti, láta í ljósi þá skoðun að ég tel að umræðan fram til þessa hafi verið mjög gagnleg og vænti þess að svo verði enn um sinn þó hún standi eitthvað í dag.

Ég vil fyrst víkja að því sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar til að fá betri skýringar á þeirri skoðun sem hann setti fram varðandi eignarhlut Olís í Síldarvinnslunni og þeirri stöðu að ef stjfrv. næði fram að ganga yrði Olíufélagið að selja hlut sinn í Síldarvinnslunni ella búa við ólögmætt ástand. Eins og málið horfir við mér er það þannig að hafi þessi erlenda eignaraðild í Olís verið fyrir hendi við gildistöku þeirra laga sem hér er lagt til að breyta í stjfrv. þá er ákvæði til bráðabirgða í því sem kveður á um að lögmætt sé að um áframhaldandi eignaraðild verði að ræða. Með öðrum orðum er ekki kvöð um að selja þann hlut þótt lögin frá 1991 hafi tekið gildi á sínum tíma. Það er að finna í sérstöku ákvæði til bráðabirgða við þau lög.

Mér sýnist af stjfrv. að ekki sé gert ráð fyrir því að fella brott ákvæði til bráðabirgða þannig að þá er málið eins og ég sé það að hafi þetta verið lögmætt frá og með gildistöku laganna 1991 þá verður það áfram lögmætt ef svo fer að stjfrv. verður samþykkt. Með öðrum orðum breytir stjfrv. ekki ástandinu. Hafi eignaraðildin verið ólögmæt verður hún áfram ólögmæt ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég sé ekki að núverandi stjfrv. breyti stöðunni frá því sem nú er. Það sem hefur verið lögmætt á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða verður það áfram þar sem sú erlenda eignaraðild sem ekki fellur undir það ákvæði er ólögmæt og verður það áfram eftir að stjfrv. sem hér liggur fyrir hefur náð fram að ganga. Ég get því ekki tekið undir niðurstöðu hv. þm. Ágústs Einarssonar

að stjfrv. breyti einhverju í þessu efni eins og hann nefndi. Ég bið hann að útskýra það fyrir mér ef ég hef ekki náð samhenginu rétt í því máli. Ég vil segja að ef eignarhlutinn í Olís hefur komið til eftir að lögin frá 1991 sem nú eru í gildi voru sett, hefur verið um ólögmætan eignarhluta að ræða. Ef svo er þá finnst mér furðulegt að það hafi verið liðið í nærri fjögur ár að lög væru brotin og því tilefni til að fá fram sérstakar skýringar af hálfu þeirra ráðherra sem með þetta fara, hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. Þeir munu væntanlega koma sínum athugasemdum og skýringum um þetta á framfæri undir lok umræðunnar.

Þá vil ég víkja að þeim tveimur frumvörpum sem rædd eru samhliða stjfrv. Þau eru ólík stjfrv. að því leyti að þau gera bæði ráð fyrir því að um geti verið að ræða beina eignaraðild og eru þar af leiðandi verulega á skjön við stjfrv. Ég er ekki sammála þeirri röksemd sem komið hefur fram af hálfu flutningsmanna annars þingmannafrv., þ.e. sjálfstæðisflokksþingmannanna fjögurra, að ef þeirra frv. um beina eignaraðild nái ekki fram að ganga geti þeir stutt stjfrv. sem bannar beina eignaraðild. Mér finnst þetta mjög órökrétt niðurstaða. Þeir leggja sitt frv. fram eftir að stjfrv. hefur verið lagt fram hér á þinginu. Þeir gera það væntanlega vegna þess að þeir eru ósammála stjórnarfrv. sem kveður á um það að áfram verði bönnuð bein eignaraðild að tilteknum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þeir leggja því fram sitt frv. um að hnekkja þeirri stefnu og leyfa beina eignaraðild. Verði þeirra frv. fellt, þ.e. nái þeirra sjónarmið ekki fram að ganga, sé ég ekki hvernig þeir eiga að geta stutt stjórnarfrv. því hvort gengur á móti öðru. Það er ekki hægt að mínu viti að segja já við báðum frumvörpunum ef menn vilja hafa samræmi í skoðunum sinni. Ég vil því leggja þá spurningu fyrir þá og biðja þá um að rökstyðja skoðanir sínar betur en fram hefur komið, hvernig þeir hugsa sér að greiða atkvæði eða rökstyðja það að styðja stjfrv. ef þeirra tillaga nær ekki fram að ganga. Miðað við þá skoðun sem þeir setja fram í sínu frv. hljóta þeir að ætla að greiða atkvæði gegn stjfrv. Þingmannafrv. hefði ekki verið lagt fram nema vegna þess að þeir eru ósammála stjfrv.

Virðulegi forseti. Ég hefði talið nauðsynlegt að einn af flutningsmönnunum sem er formaður þeirrar nefndar Alþingis sem fær frv. þrjú til meðferðar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, væri hér við umræðuna til að svara spurningum sem ég vil til hans beina. Því spyr ég virðulegan forseta hvort þingmaðurinn er hér í húsinu.

(**Forseti** (ÓE): Hvaða þingmaður?)

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. (**Gripið fram í:** Formaður efh.- og viðskn.)

(**Forseti** (ÓE): Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er ekki í húsinu og ef forseti man rétt þá er hann með fjarvistarleyfi.)

Það er bagalegt, virðulegi forseti, að formaður þeirrar nefndar sem á að taka málið til umfjöllunar skuli ekki geta verið við þessa umræðu. En það er enn verra að sá sami maður sem einn af flutningsmönnum skuli ekki geta verið við til að svara spurningum sem til hans kann að vera beint. En ég vil bera fram mína fyrirspurn og vænti þess að forseti gæti að því að haga framhaldi umræðunnar þannig að þingmaðurinn geti svarað fyrirspurninni. Fyrirspurn mín til hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er þessi: Mun hann beita sér fyrir því að frv. þar sem hann er einn af flutningsmönnum verði afgreitt úr efh.- og viðskn. á undan stjfrv.? Það hlýtur að vera lykilatriði í þessu máli að fá að vita hvort formaður nefndarinnar og einn af flutningsmönnunum muni beita sér fyrir því að hans mál verði afgreitt úr nefndinni á undan stjfrv. Það er nauðsynlegt að fá botn í það áður en lengra er haldið í umræðunni hvernig formaður nefndarinnar og oddviti stjórnarliðsins í nefndinni hyggst halda á umfjöllun málanna í nefndinni. Það væri að mínu viti ekki rökrétt afgreiðsla að leggja þingmannafrv. fram, vísa því til nefndar og láta það svo liggja þar en einungis koma frá nefndinni afstöðu til stjfrv. Ég hygg að flutningsmenn þingmannafrv. sem þingmenn Sjálfstfl. standa að geti ekki staðið þannig að málum að leggja fram frv. sem hafnar meginstefnu stjfrv. um að banna beina eignaraðild í sjávarútvegi en afgreiða svo frá nefndinni bara það frv. sem bannar beinu eignaraðildina og leggja til að það verði samþykkt. Ég tel að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson geti ekki lagt það til í nefndaráliti að stjfrv. verði samþykkt, að áfram verði bönnuð bein eignaraðild í sjávarútvegi þegar hann sjálfur hefur lagt til að hún verði leyfð. (Gripið fram í.) Það gefur auga leið. Það er því ljóst, virðulegi forseti, að stjórnarliðið í efh.- og viðskn. er í verulegri upplausn af því að tveir af flutningsmönnum þingmannafrv. Sjálfstfl. sitja sem fulltrúar flokksins í nefndinni. (Gripið fram í) Það er því ekki sjáanlegur meiri hluti af hálfu stjórnarliðsins fyrir stjfrv. í efh.- og viðskn.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sjálfstæðisþingmennirnir sem standa að flutningi frv. á þskj. 547 muni gera grein fyrir afstöðu sinni til þeirra atriða sem ég hef reifað og svara þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til þeirra og þá fyrst og fremst til hv. formanns efh.- og viðskn., Villhjálms Egilssonar.

Nú vil ég víkja aðeins að stjfrv. Í frv. er að finna allverulegar breytingar á löggjöf um erlenda fjárfestingu hér á landi. Það eru mörg önnur atriði í því en helst hafa verið rædd bæði hér í umræðunni og í fjölmiðlum. Þau hafa því að sumu leyti fallið í skuggann að mínu viti. En ég vil aðeins drepa á þau svona til að koma á framfæri afstöðu minni. Fyrst er til að að nefna sú breyting sem verður með þessu frv. að erlendum aðilum verður nú heimilt að eiga að fullu íslenska hlutafélagabanka. Í núgildandi lögum er það hins vegar takmarkað við fjórðung. Ég tel að þetta sé veruleg breyting sem greiðir götu erlends fjármagns inn í íslenskt atvinnulíf ef á annað borð einhver eftirspurn er eftir því af hálfu útlendinga að fjárfesta í íslenskum banka. Ég tel breytinguna að mörgu leyti eðlilega og get stutt hana og býst við að þær væntingar sem finna í þessari breytingu eigi sér einhverja undirstöðu. Í öðru lagi eru felld brott skilyrði um hámark erlendrar fjárfestingar í atvinnugrein.

Síðar er breyting sem mér finnst vera allveruleg en hún er um aðild erlendra aðila að orkufyrirtækjum og orku- og virkjunarréttindum. Mér finnst aðrar breytingar en þær sem við helst ræðum nú hér um fjárfestingu í sjávarútvegi vera flestar til bóta. Það er ekki mikill ágreiningur um þær að því ég hygg. En ég verð að viðurkenna að ég hef fyrirvara á stuðningi við ákvæðið um virkjunarréttindi og eignaraðild erlendra aðila að orkuvinnslu og orkudreifingu. Þetta er mjög stórt atriði og sá fyrirvari sem við höfum haft um þetta mál gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu er raunverulega úr gildi fallinn. Þetta svið er alveg opið fyrir aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég er svo sem ekkert viss um að þetta verði okkur neitt skeinuhætt. Samt er ég ekki fullkomlega sannfærður um að það sé rétt að stíga svona stórt skref að þessu sinni og vil mæla varnaðarorð gagnvart þessum þætti málsins. Ég hygg að við þurfum að íhuga betur hvort rétt sé að opna þetta að svo miklu leyti sem lagt er til í frv. nú.

Nú vil ég víkja að fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Það er auðvitað fyrsta spurningin sem menn velta fyrir sér þegar ákveðið er að setja í löggjöf ákvæði sem takmarka þátttöku erlendra aðila í sjávarútvegi að það þarf að vera nokkuð ljóst til hvers verið er að því. Með öðrum orðum, hvaða hagsmuni erum við að verja? Hvaða hagsmunir eru það ríkir að við leggjum á það áherslu að halda útlendingum utan við þátttöku á þessu sviði atvinnurekstrar? Ég vil svara því fyrir mitt leyti þannig að við hljótum að ætla að halda sjávarútveginum þannig að hann nýtist til að halda uppi íslensku þjóðfélagi áfram eins og verið hefur. Við hljótum að ætla okkur að stunda þennan útveg þannig að hann skapi hér atvinnu og verðmæti í svipuðum mæli og verið hefur. Með öðrum orðum að arðurinn af þessari atvinnugrein verði fyrst og fremst til ráðstöfunar innan lands.

Þá er spurningin: Hvar við þurfum að draga línuna til að tryggja þessa hagsmuni? Við getum dregið hana þar sem lagt er til í frv. Ég geri í sjálfu sér ekki ágreining um það ef sú verður niðurstaðan. Ég held reyndar að staðreyndin sé nú sú að ásókn útlendinga í að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi sé ekki mikil. Ég held að það sé ekki stór skaði skeður þó það verði niðurstaðan sem hér er lagt til. En ég er hins vegar sannfærður um að menn muni ræða þetta mjög á næstu árum og býst við því að menn muni knýja á um breytingar á þessari línu sem hér er lögð ef menn á annað borð finna áhuga útlendinga á því að koma inn í þessa atvinnugrein. Miðað við þá reynslu sem nú þegar er komin af erlendu fjármagni í sjávarútvegi á síðustu árum er því ekki að neita og ég held að enginn þræti fyrir það að erlent fjármagn er í íslenskum sjávarútvegi og það er fyrirtækjum opið nú þegar sem lánsfjármagn. Það getur sérhvert íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki tekið erlent lán og jafnvel hjá þeim aðila sem það kann að skipta við og selja sína afurðir til. Það er fullkomlega löglegt og ég býst við að fullyrða megi að það sé gert nú þegar bæði sem almennt lánsfé eða sem greiðsla upp í viðskiptasamninga. Í sjálfu sér hefur því útgerðin eða vinnslan aðgang að erlendu fjármagni í þó nokkrum mæli. Það má segja sem svo að ein rökin fyrir því að draga mörkin eins og gert er í frv. séu þau að menn vilji sjá hvaða reynsla fæst á þetta fyrirkomulag, að heimila mönnum þessi lánsviðskipti en halda möguleikum á formlegri eignaraðild fyrir utan málið að sinni.

Ég get vel séð fyrir mér þá breytingu á tillögunni sem lögð er til í frv. að opna vinnsluþáttinn mun frekar fyrir erlendri eignaraðild en gert er ráð fyrir. Vinnsluþátturinn er þannig að menn eru að vinna fiskinn hér heima. Þróunin síðustu árin hefur verið sú að íslensk fiskvinnslufyrirtæki hafa náð betri tökum á að vinna úr fiskinum hér og vinna samkeppnina við erlendu fyrirtækin. Við sjáum það á því að mjög mikið hefur dregið úr útflutningi á óunnum fiski eða lítt unnum fiski. Sú fjárfesting sem útlendingar vilja, að svo miklu marki sem ég þekki til, í íslenskum sjávarútvegi er fyrst og fremst í vinnsluþættinum. Það samrýmist að mínu viti íslenskum hagsmunum að styrkja hann eins og við getum jafnvel þótt að um erlent fjármagn sé að ræða.

Ég held hins vegar að við þyrftum að huga að breytingum í sjávarútveginum til að mæta þessu viðhorfi. Það gæti verið á þann veg að menn aðskildu veiðar og vinnslu algerlega þannig að menn héldu veiðiþættinum og þar með talið fiskveiðiheimildunum utan við vinnslu fyrirtækjanna. Útgerðarþáttur og vinnsluþáttur geta verið í eigu sömu aðila en yrðu tvö fullkomlega aðskilin fyrirtæki. Við getum betur komið við möguleikum á erlendu fjármagni inn í vinnsluþáttinn ef við stöndum svona að málum.

Hins vegar vil ég leggja áherslu á að það sem íslenskan sjávarútveg skiptir mestu máli um þessar mundir er ekki endilega að opna sem mest dyrnar fyrir erlendu fjármagni af þeirri einföldu ástæðu að það er ekki svo mikið af því í boði að mínu viti. Það sem fyrst og fremst þarf að gera fyrir íslenskan sjávarútveg svo hann geti tekist á við áframhaldandi þróun og sókn eins og hann hefur verið í á undanförnum árum er að fá meira af innlendu fjármagni í fyrirtækin. Það hefur staðið verulega upp á íslensk stjórnvöld að stuðla að því mun meira en verið hefur að íslensk fyrirtæki gætu mætt þeim skuldum sem þau söfnuðu upp á árunum 1986 og 1987 með því að sækja sér eigið fé á hlutafjármarkaði sem að verulegu leyti var afleiðing af stjórnvaldsstefnu. Þar held ég að íslensk stjórnvöld gætu gert betur ef þau huguðu að stefnumörkun á því sviði sem gerði þeim kleift betur en verið hefur að sækja eigið fé eða hlutafé á innlendum markaði. Þar er ríkissjóður sjálfur aðalvandamálið og fjármálastefna hins íslenska ríkis sem hefur verið á þá lund að ríkissjóður tekur allt of stóran hluta af lausu fjármagni til að standa undir sínum eigin rekstri og heldur þar að auki uppi vaxtastiginu með því. Þær aðferðir sem ríkissjóður notar til að ná til sín nauðsynlegu fjármagni er að bjóða ríkisábyrgð og háa vexti. Enginn íslenskur atvinnuvegur getur keppt við ríkissjóð í þessum efnum. Ég tel að menn þurfi að marka þá stefnu að koma ríkissjóði upp úr þessu fari í öflun lánsfjár og sér í lagi að draga úr þeim feikilegu tryggingum sem hann er að bjóða sparifjáreigendum sem gerir það að verkum að sparifjáreigendur leggja peninga sína í mun minni mæli í atvinnurekstur eða atvinnulífið sem verður þá að teljast áhættufjármagn samanborið við hina öruggu ávöxtun og tryggingar fyrir greiðslu sem ríkissjóður býður. Ég tel að þessi staða standi uppbyggingu íslensks atvinnulífs, ekki bara sjávarútvegs, verulega fyrir þrifum. Ég hygg því að það væri mikið meira hagsmunamál fyrir íslenskan sjávarútveg að huga að innlendum þáttum málsins en leggjast í langar umræður um beina eða óbeina eignaraðild í íslenskum sjávarútvegi.

Virðulegi forseti. Þá hef ég komið á framfæri í meginatriðum þeim sjónarmiðum sem ég hef fram að færa í þessari umræðu. Ég vænti þess að framhaldi hennar verði hagað á þann veg að þeir þingmenn eigi þess kost að svara fyrirspurnum sem ég lagði fram þótt þeir hafi ekki getað verið viðstaddir umræðuna núna á þessari stundu. Þar á ég fyrst og fremst við hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn., Ég tel algert lykilatriði að hann skýri afstöðu sína til málsins og svari þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann sem oddvita ríkisstjórnarflokkanna í efh.- og viðskn.

[16:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill taka fram vegna athugasemda hv. þm. um fjarveru hv. formanns efh.- og viðskn. að forseti vonar að það sé skilningur á því að þingstörfin geta ekki tekið mið af fjarveru einstakra þingmanna. Forseti lýsir sig reiðubúinn til að hliðra til þegar það hefur ekki bein áhrif á störf þingsins. En í þessu tilfelli getur varla verið um slíka sérstöðu að ræða.

[16:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lofaði þá góðu umræðu sem um þetta mál hefur orðið hér á hinu háa

Alþingi. Hv. þm. spyr jafnframt hvernig ég geti staðið að samþykkt stjfrv. ef það frv. sem ég stend að nær ekki fram að ganga? Því er til að svara að frv. okkar fjórmenninganna gengur lengra en frv. ríkisstjórnarinnar. Við vildum varpa fram þeirri spurningu hvort sú skoðun sé fyrir hendi meðal hv. þm. að það sé skynsamlegt og hættulaust að ganga lengra. Umræðan hefur verið góð og ýmis rök með og á móti hafa komið fram. Þetta var tilgangurinn með því að leggja frv. fram. Ég sé það sem hlutverk efh.- og viðskn. að vinna úr þeim rökum sem fram hafa komið og það væri ekki í fyrsta sinn sem frv. breyttist í meðförum hv. þingnefndar. Þetta var tilgangurinn með því að leggja frv. fram.

Bein aðild eða óbein er aðeins formsatriði eins og ég lýsti fyrr í umræðunni. Þar sýndi ég fram á það að frv. Þjóðvaka gekk í raun skemur en stjfrv. Dæmið sem ég nefndi var að ÚA hf. sem rekur nú fiskvinnslu og útgerð, stofnaði dótturfyrirtækið ÚA-rekstur hf. eða ehf. og seldi því 100% dótturfyrirtæki rekstur sinn og útgerð. Samkvæmt stjfrv. mega útlendingar eiga 25% í því fyrirtæki ÚA sem ekki rekur útgerð eða vinnslu, en eingöngu 20% samkvæmt frv. Þjóðvaka. Samkvæmt því frv. sem ég er flm. að, mættu þeir eiga 49%. Þetta er hugmynd okkar í hnotskurn.

Ég benti enn fremur á að erlent lánsfé, sem hefur verið notað ótæpilega, getur verið hættulegra en erlent áhættufé. Það sem ég held að sé mikilvægt í þessari umræðu er að þeir aðilar sem stunda fiskveiðar og vinnslu lúti íslenskum lögum og reglum um stjórn fiskveiða og greiði íslenska skatta. Það er meginmálið.

[16:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég skil hv. þm. rétt hefur frv. verið lagt fram í þeim tilgangi að skapa umræðu. Hann gerir því ekki ráð fyrir að það hljóti afgreiðslu. Það má auðvitað segja að menn geti gert þetta til að vekja athygli á skoðunum sínum. En þetta er mjög óvenjuleg leið. Hún felur í sér að menn hafna því viðhorfi sem birtist í stjfrv. Frv. fjórmenninganna gengur ekki lengra en stjfrv., það gengur einfaldlega í allt aðra átt. Það er erfitt að finna rök fyrir því og verja það hvernig menn geta farið í þveröfuga átt ef þeirra sjónarmið verður undir.

Hins vegar hefur hv. þm. líka sagt margt skynsamlegt um málið. Ég vil þó benda honum á eitt atriði sem ekki hefur verið nefnt í umræðunni til þessa. Þetta frv. gerir, eins og núgildandi lög, ráð fyrir beinni eignaraðild. Í ákvæðum tilvikum getur hún numið allt að 100% í allt að 12 mánuði. Ákvæði í 2. gr. frv. kveður á um að ef erlendur aðili erfir fyrirtækið eða tekur það upp í skuld, þá geti hann átt það í allt að 12 mánuði án þess að sæta neinum skilyrðum varðandi meðferð hlutafjár eða ákvarðanatöku. Þetta er auðvitað bein eignaraðild þótt hún sé svolítið óvenjuleg.

[16:18]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson beindi til mín spurningu varðandi atriði sem ég gerði að umtalsefni, þ.e. eignarhlutur Olíuverslunar Íslands í sjávarútvegsfyrirtækjum og þá staðreynd að stærsti hluthafi í Olíuverslun Íslands er Texaco með 35%. Samkvæmt þessu frv. má eignaraðild vera allt að 33%. Eignaraðild Texaco er hins vegar 35% þannig að hún brýtur í bága við frv. Svo háttar til með Olís að það á í þremur fyrirtækjum sem eru yfir 5%. Ég nefndi Síldarvinnsluna því að þær upplýsingar liggja opinberlega fyrir.

Ákvæðið sem hv. þm. gerði að umtalsefni er ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum. Í frv. er ekki þetta ákvæði til bráðabirgða eins og var í lögunum. Þar er hvergi vikið að þessu. Ég veit hins vegar heldur ekki, herra forseti, hvenær Olíuverslunin keypti þessa tilteknu hluta. Það má vel vera að í þessari stöðu sé gagnvart einstökum atriðum einhvern vörn í málinu, ef svo má að orði komast. Við vitum og hv. þm. veit ósköp vel að fjárfestingar útlendinga, þótt með óbeinum hætti séu, hafa í raun verið ólögmætar. Það sem ég var fyrst og fremst að draga fram er að gagnvart einu félagi á Íslandi sem er Olíuverslunin hittir þetta frv. alveg sérstaklega. Í öðru olíufélagi sem ég tiltók þar er eignaraðild erlends aðila 21%. Þeir falla hins vegar innan þeirra marka sem þarna eru. Þetta atriði þarf að skoða alveg sérstaklega í þessu samhengi vegna þess að það er ótvírætt sem getið er um í lögunum um takmörkun á 33% eignarhlut. Menn geta sett inn ákvæði til bráðabirgða til að leysa það mál eða geri það á einhvern annan máta. En eins og þetta lítur út núna, þá mun þetta hitta þetta eina félag þó ég fullyrði ekki í einstökum atriðum hvernig það verður.

[16:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stjfrv. er þannig úr garði gert að það gerir ekki ráð fyrir því að breyta ákvæðinu til bráðabirgða í núgildandi lögum. Það mun því standa áfram. Auðvitað er það grundvallaratriði þegar þetta tiltekna mál sem hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi er rætt að vita hvenær stofnað var til þessarar fjárfestingar svo menn geti gert sér grein fyrir því hvort hún hafi legið fyrir við gildistöku laganna árið 1991. Ef svo er, er hún lögleg og verður það áfram. Hafi verið stofnað til hennar síðar, hefur hún verið ólögmæt frá upphafi og engin sérstök ástæða til að setja lög til gera hana lögmæta. Menn eiga auðvitað í þessum efnum eins og öðrum að fara að lögum og það er í sjálfu sér ekkert neyðarbrauð fyrir Olíuverslun Íslands, ef svo háttar til sem við höfum ekki fullnægjandi upplýsingar um, að þurfa að selja hluta af eignarhluta sínum í Síldarvinnslu Neskaupstaðar. Þetta eru eftirsótt hlutabréf og seljast á háu verði. Það er því engin neyð fyrir Olíuverslun Íslands þótt þeir þyrftu að selja hluta af þessari eign sinni. Mér hefur skilist að olíufélögin væru frekar fegin því ef þau gætu losað um fé sem bundið er í útgerðarfyrirtækjum. Ég get því ekki litið á þetta sem vandamál.

Ef menn ákveða að leyfa ekki beina eignaraðild verður einhvers staðar að draga mörkin varðandi óbeinu eignaraðildina. Auðvitað er erfitt að finna línu sem er þannig dregin að hún komi ekki illa við neinn. Enda væri hún þá kannski líka vitlaust dregin. Ég held því að hv. þm. hafi gert of mikið úr þessum þætti málsins.

[16:23]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist líka vera að vísa til frv. hér áðan. Í fylgiskjali I eru lögin eins og þau líta út eftir að þetta frv. væri samþykkt. Þar er ekki ákvæði til bráðabirgða eins og var í upprunalegu lögunum frá 1991. Vilji ríkisstjórnarinnar varðandi það efni kemur ekki fram í lögunum. Það er einfaldlega fært út í fylgiskjalinu.

Það má vel vera að ríkisstjórnin hafi ekki hugleitt þetta mál nægjanlega. Ég bendi hins vegar á að þetta mál snýst ekki um það að Olís verði að selja hluta úr Síldarvinnslunni. Það er ekki nægjanlegt samkvæmt þessu frv. Málið snýst um eignarhlut Texaco í olíuverslun, hann er yfir 33% mörkunum

og raunverulega segir þetta frv. að Texaco verði að minnka hlut sinn í Olíuversluninni út af þessum lögum. Síðan gilda sérstök ákvæði varðandi að það verði að fara niður í 5% ef eignarhlutur liggur á milli 25 og 33%. Dæmið um Olís snýst ekki um hvort það eigi að selja hluta sinn í Síldarvinnslunni eða ekki. En eins og málið er sett upp hér má hlutafélag með meiri eignaraðild en 33% ekki eiga neitt í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það má eiga í þeim með takmörkuðum hluta frá 25% upp í 33% og ótakmarkað ef það er fyrir neðan 25%. Ég tók þetta sem dæmi í umræðunni til að vekja athygli á því hvernig þetta kemur út gagnvart einu félagi, fyrst og fremst til ábendingar á því að það þarf að skoða þessi mál í víðara samhengi en gert er í uppleggi ríkisstjórnarinnar.

[16:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki betur en að ábending hv. þm. sé rétt. Í fskj. með þessu frv. þar sem núgildandi lög eru prentuð með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir er ekki að finna þetta ákvæði til bráðabirgða. Það breytir hins vegar ekki því að ákvæði til bráðabirgða er partur af lögunum og það fellur ekki niður nema með lögum. Það þarf lög til að afnema lög nema það sé sólarlagsákvæði í lögunum sem ekki er í þessu ákvæði til bráðabirgða. Það mun því að sjálfsögðu standa áfram eftir gildistöku laganna.

Hvað eignarhluta Texaco í Olís varðar er ég með skrá yfir það hver eignarhluti erlendra aðila var í íslenskum olíufélögum við gildistöku laganna árið 1991. Þar kemur í ljós að Texaco átti 25% í Olís. Eftir að þess lög voru sett hefur Texaco aukið eignarhlut sinn í Olís. Það er svo sem allt í lagi með það, en þá verða menn auðvitað að draga úr fjárfestingum í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum að því marki sem lög kveða á um. Og ég get ekki sætt mig við að mönnum skuli líðast að fara ekki að lögum.

Ég sé heldur enga nauðsyn fyrir Olís til þess að eiga hlutabréf í fyrirtækjum eins og Síldarvinnslunni. Þar verða þeir bara að velja og hafna. Þetta er eftirsótt fyrirtæki og eitt af fáum fyrirtækjum á Íslandi sem geta tafarlaust selt hlutabréf sín. Það er meiri eftirspurn eftir þeim en framboð. Það er því mjög einfalt fyrir olíufélögin að leysa þetta tiltekna mál sem þingmaðurinn hefur gert hér að umtalsefni.

[16:27]

Útbýting þingskjals:

Talsett og textað efni í sjónvarpi, 282. mál, svar menntmrh., þskj. 566.

[16:27]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég tel það hið mesta óráð að heimila erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi og fiskvinnslu eins og málum er nú háttað hjá okkur. Ég vil einnig að það komi fram að ég hef líka verulegar áhyggjur af óbeinni fjárfestingu.

Ástæðan fyrir afstöðu minni er skýr. Ég tel að hér sé um algerlega ranga forgangsröðun að ræða. Ég tel að fyrst eigi að koma á hreint og ná sátt um grundvallaratriði sem snýr að sjávarútvegi, þ.e. eignaraðild yfir auðlindinni og arðtöku af auðlindinni. Meðan þessi grundvallaratriði eru óræddd og ekki að fullu sátt um þau, því að svo tel ég að sé, þá tel ég mjög varhugavert að við séum að opna fyrir erlenda eignaraðild inn í sjávarútveginn. Þótt ég viðurkenni að lög landsins séu ekki í samræmi við það sem gerist í viðskiptalífinu sé ég ekki að hér standi allt í ljósum logum. Við hljótum að geta búið við þetta ástand með einhverjum endurbótum þar til við höfum gengið frá þessu grundvallaratriði um eignaraðildina og arðtökuna.

Ég tel einnig að á Íslandi sé fyrir hendi fjármagn, framtak og fagþekking til að takast á við þau viðfangsefni sem eru í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Á meðan þessi mál eru óuppgerð og óútkljáð er að sjálfsögðu afdrifaríkast að taka lásinn af og opna dyrnar því að eftir að hurð hefur verið dregin frá stöfum mun þar fótur koma á milli og að sjálfsögðu munu menn fylgja þar á eftir með öxl og þetta verður aðeins spurning um prósentur, hvernig undan verður látið. Slíkt þekkjum við úr svo mörgum öðrum áttum að óþarfi er að lýsa því. Skýrustu dæmin eru að sjálfsögðu í þeim frumvörpum sem koma hér fram um beina eignaraðild, 20% eða 49%, og samþykktir sem gerðar hafa verið síðustu daga hjá stjórnmálasamtökum.

Hvað er að óttast á meðan enn eru grundvallaratriði ófrágengin? Að sjálfsögðu hef ég áhyggjur af því að hráefnisöflunin verði mjög rík í hugum þeirra sem sækjast eftir fjárfestingu hér. Sömuleiðis óttast ég líka að erlendir aðilar muni fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi eða fiskvinnslu með það langtímamarkmið að komast nær kvótanum á meðan við höfum ekki gengið frá skýrari ákvæðum um þau efni. Þeir sem óttast eitthvað í ESB-aðild ættu að sjálfsögðu að hugsa til þess hvað fjárfesting erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi þýðir á meðan við höfum ekki gengið frá þessum grundvallarhagsmunum okkar. Að sjálfsögðu höfum við talið fram sjávarútveginn sem gildustu rök fyrir því að við viljum ekki sækja um ESB-aðild á þessu stigi en með því að opna inn í sjávarútveginn erum við með öðrum hætti að opna fyrir þá framþróun án þess að hafa full tök á grundvallaratriðum í sjávarútvegi. Ég fellst alls ekki á þeim rök sem hafa verið sett fram, fyrst utan þingsins en síðan tekin upp í máli margra hv. þingmanna að við eigum að sýna einhverja drenglund í því að koma á þeirri skipan sem við búumst við að við viljum biðja aðra um. Við skulum að sjálfsögðu láta aðra koma hingað fyrst og krefjast þeirra réttinda sem þeir vilja í atvinnulífi okkar og svara þeim þá en ganga ekki fram fyrr en að því kemur.

Almennt tel ég það vera hygginna manna hátt að standa, ég vil ekki segja álengdar, en standa hæfilega fjarri og fylgjast með þeirri þróun sem er í kringum okkur bæði í Evrópu og þeirri þróun sem er heima hjá okkur í sjávarútveginum og taka síðan ákvarðanir þegar að því kemur. Ég tel þess vegna ekki jafnbrýna nauðsyn og margir aðrir hv. þingmenn telja á ákvarðanatöku í þessu efni. Við eigum fyrst að einbeita okkur að grundvallaratriðunum um eignaraðildina og arðtökuna. Ég er þess vegna algerlega mótfallinn þeim frumvörpum sem hafa komið fram um 20% og 49% og lýsi eins og ég gerði áðan áhyggjum mínum að stjfrv. skuli vera komið fram á þeim tíma þegar við höfum ekki enn rætt um önnur grundvallaratriði.

[16:32]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. sem talaði áðan taldi að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh. hefðu lagt fram ótímabær stjfrv. og byggðu á rangri forgangsröð. Það sem skiptir meginmáli væri að tryggja með virkum hætti eignarhald og arðtöku þjóðarinnar af auðlindinni þegar við ræðum um fiskimiðin og sama á reyndar við út frá bæjardyrum hv. þm. ef við ræðum um orkulindirnar, fallvötnin og jarðvarmann.

Ég skil orð hv. þm. á þann veg að hann sé að lýsa yfir stuðningi sínum við það forgangsmál að taka upp auðlinda-

skatt eða veiðileyfagjald í sjávarútvegi eða sérstaka gjaldtöku varðandi virkjunarrétt, varðandi nýtingu orkulindanna, þannig að tryggt sé að eignarhald þjóðarinnar sé virt í reynd og arftaka hennar tryggð alveg burt séð frá því hvernig hlutdeild aðila er í þeim fyrirtækjum sem annast nýtingarréttinn. Ef tryggt er að þjóðin fær arðinn af nýtingu auðlindanna geti almennar reglur gilt um samsetningu fyrirtækja og hlutdeild aðila í fyrirtækjarekstri.

Ef ég vík sérstaklega að sjávarútveginum á hv. þm. væntanlega við hvort tveggja, arftöku þjóðarinnar og ráðstöfunarrétt á afla. Ef þetta tvennt væri tryggt, auðlindaskattur eða veiðileyfagjald að því er varðar sjávarútveginn, sérstök virkjunarréttargjaldtaka að því er varðar orkulindirnar og að því er varðar sjávarútveginn, ráðstöfun aflans með reglum um að öllum afla skuli landað á Íslandi eins og margir þjóðir hafa reglur um, væri umræðan um hlutdeild í fyrirtækjum eiginlega óþarfi. Þá kæmi spurningin: Hvers vegna eigum við þá að mismuna fyrirtækjum í sjávarútvegi umfram önnur? Hvers vegna ættum við að knýja þau til þess að sæta erlendum lántökum fremur en að njóta erlends fjármagns í formi eignaraðildar? Ég vildi að hv. þm. skýrði betur hvort þetta er réttur skilningur á því sem hann var að segja.

[16:35]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki orða það svo að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi gert mér upp orð en ég er ekki tilbúinn til þess á þessu stigi að kveða upp úr hvaða afstöðu ég kunni að taka á þingmannsferli mínum um auðlindaskatt eða önnur grundvallaratriði í sjávarútvegi en bendi einfaldlega á þá staðreynd að mjög mikil umræða er innan þingsins og utan þingsins um þessi atriði, trygga eignaraðild og með hvaða hætti skuli ráðstafa arði á auðlindinni.

Þessi umræða á fyrirsjáanlega eftir að halda lengi áfram, bæði innan hv. þings og meðal almennings. Hver afstaða mín verður endanlega skal ég ekki kveða upp úr hér en ég tel að það þurfi að ljúka umræðunni eða hún þurfi að þroskast betur en orðið er áður en við opnum fyrir fjárfestingu erlendra aðila inn í íslenskan sjávarútveg og undirstrika að það er hygginna manna háttur að fara varlega í efnum eins og þessum, skoða þetta hvorki út frá skammtímasjónarmiði né einstökum fyrirtækjum eða með nokkrum hætti í skyndingu, heldur horfa til langs tíma. Reynslan sýnir að eftir að opnað hefur verið hvort sem það er á þessu sviði eða öðru þar sem miklir hagsmunir eru á ferðinni þá verður ekki aftur snúið. Ég er ekki að segja að ég óttist þá þróun sem gæti orðið þó að hér kæmi til erlend fjárfesting en göngum frá heimili okkar og fjármunum, ef ég má nota þá líkingu um þjóðarbúið og búskap okkar, áður en við bjóðum aðra velkomna þar inn.

[16:38]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verðfellir allverulega gagnrýni hv. þm. á ráðherra og ríkisstjórn þegar á daginn kemur að hann er ekki sjálfur tilbúinn til þess að taka afstöðu til þess sem hér er spurt um. Það fer í verra vegna þess að sýnt hefur verið fram á það í umræðunni að ef stjfrv., sem hv. þm. hlýtur að taka afstöðu til, verður að lögum, (**Gripið fram í:** Hann styður það þá.) við skulum gera ráð fyrir því, ef það verður að lögum, er orðið upplýst í umræðunni og yfirlýst af hæstv. iðnrh. og viðskrh. að rétt sé með farið, að erlendir eignaraðilar geta með 49% eignaraðild í eignarhaldsfélagi tryggt sér alveg afdráttarlaust fullt forræði yfir útgerðarfyrirtæki með veiðiheimildir á Íslandsmiðum. Spurningin er ekki um prósentur beinnar eignaraðildar og það skiptir ekki meginmáli hver munurinn er að forminu til á óbeinni og beinni eignaraðild vegna þess að þetta mál snýst um forræði. Getur erlendur aðili í skjóli þessara laga tryggt sér fullkomlega löglega forræði yfir sjávarútvegsfyrirtækjum og þar með veiðiheimildum og einnig forræði yfir ráðstöfun þess afla? Svarið við þessu er að óbreyttu já ef hv. þm. ætlar að styðja núverandi stjfrv.

Ef hann tekur hins vegar mark á því sem hann sjálfur sagði að fyrst verði að tryggja virkt eignarráð þjóðarinnar yfir auðlindinni verður hv. þm. að gera það upp við sig hvernig það verði gert. Það er ekki unnt að gera nema með tvennum hætti. Annars vegar með því að innheimta veiðileyfagjald eða auðlindaskatt af fyrirtækjum í útgerð og svo hins vegar að setja lög sem kveða á um það að öllum afla af Íslandsmiðum skuli landað á Íslandi. Þar dugar reyndar ekki að þau fari um fiskmarkaði vegna þess að erlendur aðili getur komið inn á fiskmarkað að óbreyttum lögum og keypt upp allan fisk en má hins vegar ekki vinna hann hér á landi heldur yrði að flytja hann óunninn úr landi. Þetta eru spurningarnar sem við verðum að svara og hv. þm. hafði viturleg orð um það að fara skyldi að gát. Því miður er tíminn útrunninn. Við höfum ekki tíma til þess að bíða eftir því að hv. þm. eða stjórnarmeirihlutinn geri þetta upp við sig. Þetta er mál sem verður að ráða til lykta.

[16:40]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins til þess að ljúka umræðunni og fyrir kurteisissakir að ég kem hér. Ég hef fáu við að bæta. Ég tel að hraða eigi umræðu um grundvallaratriðin, um eignaraðildina og arðtöku og koma síðan að ákvörðunum um erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi.

[16:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson varpaði fram varnaðarorðum í þessari umræðu og það ber að skoða þau rök af gaumgæfni. Við erum að ræða þetta mál fram og til baka til að finna kosti og galla þeirra málefna sem við erum að tala um og öll rök sem fram eru færð eru af hinu góða.

Ég hef eina spurningu til hv. þm.: Hvernig lítur hann á dæmið sem ég lýsti áður í umræðunni um útgerðarmann sem fær einn milljarð að láni frá erlendum aðila, við skulum segja að það sé einhver höfn eða einhver stór matvælahringur, og kaupir fyrir það kvóta. Þetta er gersamlega löglegt. Maðurinn er með sjálfskuldarábyrgð á láninu og hann mun vissulega vera í snörunni ef illa gengur. Hann getur ekki borgað þetta lán til baka og hann gerir samning við þennan aðila um að selja honum fisk og hann er miklu háðari þessum erlenda aðila en nokkurn tíma sameignaraðila eða hluthafa. Hvernig lítur þetta út? Þetta er löglegt og ég vil benda á að við Íslendingar höfum tekið ótæpilega lán, meira að segja með ríkisábyrgð í gegnum ríkisbankana til útgerðarinnar. Mér skilst að útgerðin skuldi í dag 100 milljarða. Ég fullyrði að þetta er allt saman lán sem við erum háðari en ef þetta væri hlutafé.

Kannski snýst aðalmálið um eignarhaldið á auðlindinni. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á að það þyrfti kannski að aðskilja veiðar og fiskvinnslu vegna þess að veiðarnar væru aðgangur að auðlindinni. Það er akkúrat málið.

Við þurfum að finna út úr því hvernig ætlum við að hafa eignarhald á auðlindinni og það er umræða sem ég er sammála hv. þm. um að má ekki bíða mikið lengur.

[16:43]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir fyrirspurn hans. Ég er ekki það skjótur að hugsa að ég næði að finna svör við því dæmi sem hann rakti áðan en ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að löggjafar er þörf um viðskipti og það fyrirkomulag sem nú er í hraðri breytingu í sjávarútvegi en tel að við getum haldið uppi lögum og unað við það ástand sem nú er þar til við höfum gengið frá þessum grundvallaratriðum sem ég er margbúinn að nefna um eignaraðild og arðtöku. Ég tel að það sé ekkert að brenna á okkar bæ. Ég tel að við getum fyllilega unað við þau lög og þær aðstæður sem hér eru nú og okkur séu önnur mál brýnni til úrlausnar en þau sem eru hér rædd.

Ég harma að geta ekki svarað þessu merka dæmi en undirstrika að ef það á að sýna þær ógöngur sem við erum komin núna í og viðskiptalífið sé á skjön við lagasetningu þá segi ég að við getum fyllilega beðið og við eigum að snúa okkur alfarið að þeim atriðum sem ég hef margnefnt hér.

[16:46]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hvernig getum við Íslendingar tryggt að ákvæði gildandi laga um eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni verði virk og virt í framkvæmd? Hvernig getum við tryggt að eigandinn, íslenska þjóðin, fái arð af nýtingu auðlindarinnar? Hvernig getum við tryggt að ráðstöfunarréttur yfir afurðum auðlindanna, í þessu tilviki hvors tveggja auðlinda sjávar og auðlinda á landi, þ.e. fallvatna og jarðvarma, nýtist okkur og ráðstöfunarrétturinn sé í íslenskum höndum? Þetta held ég að séu kjarnaspurningarnar sem þessi umræða snýst um.

Hér liggja fyrir þrenns konar frumvörp, frv. hæstv. ríkisstjórnar sem byggir á því að ákvæði eldri laga, sem banna skilyrðislaust rétt erlendra aðila til fjárfestingar í veiðum og frumvinnslu, sé ekki framkvæmanlegt. Þar með að fyrirvari sem við settum í EES-samningunum sem kvað á um að við hefðum varanlegan fyrirvara um að halda þessum ákvæðum reynist ekki framkvæmanlegur að mati stjórnvalda.

Lausn sú sem ríkisstjórnin leggur til er að viðurkenna orðinn hlut í formi óbeinnar eignaraðildar, í reynd frá 25% allt að 35%. Síðan liggja fyrir tvö önnur frumvörp, þingmannafrumvörp, frá hv. þm. Þjóvaka um 20% beina eignaraðild og frá fjórum þingmönnum Sjálfstfl., þar með talin formanni efh.- og viðskn., um allt að 49% beina eignaraðild erlendra aðila. Flestir þeir sem hér hafa talað og andmælt þessum frumvörpum, ýmist öllum eða a.m.k. þessum tveimur síðastnefndu, segjast gera það vegna þess að þeir beri fyrir því kvíðboga að með þessu sé erlendum aðilum greidd gatan til forræðisstjórnunar á fiskimiðunum gegnum bakdyrnar eins og það er orðað. Í annan stað með því að ná þessu forræði gegnum bakdyrnar muni erlendir aðilar einnig geta tekið löglegar ákvarðanir um að óunninn afli verði fluttur úr landi, að virðisaukinn lendi í höndum hinna erlendu aðila.

Spurningin sem við stöndum því frammi fyrir er sú sem ég rakti í upphafi. Jafnframt skulum við spyrja: Er reginmunur á þeim lausnum sem er verið að boða? Hver er munurinn á beinni og óbeinni eignaraðild í reynd? Hver er munurinn á því forræði og þeim ítökum sem erlendur fjármagnseigandi getur náð í útgerð, nýtingu fiskimiðanna, með lántökum annars vegar og svo hins vegar með eignarhluta? Hver er staðan raunverulega í dag? Er það uppi á borðinu, er það gegnsætt? Vitum við hversu fyrirferðarmikill þessi raunverulegi umráðaréttur erlendra aðila er í íslenskri útgerð og fiskvinnslu? Eru mörg dæmi um að erlendir aðilar hafi lánað skuldugum íslenskum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum fé með þeim skilmálum sem þeir setja um að tryggja framboð á hráefni tiltekinn árafjölda um að ráða lánskjörunum að öðru leyti? Hversu háðir eru þessir aðilar hinum erlenda lánardrottni? Hvað þýðir þetta í reynd? Er þessi tiltekni skuldugi útgerðarmaður sem sætir þessum kjörum betur eða verr settur en ef hann mætti einfaldlega að leita eftir beinni erlendri eignarhlutdeild? Hver er munurinn á þessu tvennu? Hann kann að vera enginn að því er varðar forræði og yfirráðaréttinn. En hann er kannski sá í reynd að erlendur aðili sem á hlut í fyrirtæki hefur þar af leiðandi hag af því að fyrirtækinu vegni vel vegna þess að hagur hans er sá að fyrirtækið skili arði. Ef lánardrottinn hefur hins vegar tryggt veð í sínum hlut má einu gilda hver verða örlög þess fyrirtækis. Hann slæðist annars vegar eftir hráefninu og svo því að hafa eðlilegar tryggingar eða veðsetningar fyrir lánum sínum. Þetta er út frá sjónarmiði fyrirtækisins en ég geri ráð fyrir því að þessi umræða markist fyrst og fremst af þessum spurningum.

Við erum sammála um að málið snúist í reynd um forræði yfir auðlindinni og ráðstöfunarrétt yfir henni eins og kom reyndar fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals. Hann sagði í andsvari áðan við ræðu hv. 11. þm. Reykv. að sennilega væri þetta kjarni málsins og tímabært að hugleiða það í þessu samhengi hvort við getum öllu lengur slegið því á frest að gera upp við okkur hvernig við ætlum að tryggja með virkum og öruggum hætti það sem við erum sammála um að við viljum, að framfylgja gildandi lögum um eignarrétt þjóðarinnar á auðlindunum og ráðstöfunarrétt yfir þeim og þá að sjálfsögðu um leið að arðurinn af auðlindinni renni til eigandans því að það er aðeins rökrétt niðurstaða.

Eftir þessa umræðu er ástæða til þess að hugleiða þetta tal um muninn á þessum tveimur frumvörpum og þær spurningar sem menn hafa spurt um hvort það er bitamunur eða fjár eða hvort það sé kannski enginn munur í reynd, hvort við erum að tala um beina eða óbeina eignaraðild eða einhverjar prósentur beinnar eignaraðilar. Hvers vegna segi ég þetta? Ég segi það m.a. vegna þess að það hefur verið upplýst í þessum umræðum, það gerðist sl. fimmtudag þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði ábyrgðarmann stjfrv., hæstv. viðskrh., einfaldlega eftirfarandi spurninga: Ef stjfrv. verður að lögum er það þá rétt eða ekki rétt að samkvæmt þeim lögum geti erlendur aðili myndað eignarhaldsfélag, 49% eignaraðild hans er heimil og fyrirtækið er íslenskur lögaðili. Þá getur það fyrirtæki í gegnum tvo liði átt að dótturfyrirtæki sem síðan á og stjórnar útgerðarfyrirtæki og hefur þar með bæði ráðstöfunar- og nýtingarrétt á auðlindinni og ráðstöfunarrétt á veiðiheimildunum þar með talið þann rétt að senda afla óunninn úr landi ef þeir svo kjósa. Svar hæstv. ráðherra var alveg ótvírætt, já, þetta er svo. Enda þurfti svo sem ekki annað formsins vegna að fá það svar því að þetta er staðfest í greinargerð með frv. Svona er málið í reynd ef stjfrv. verður að lögum. Hvað þýðir það? Það þýðir það að erlendir aðilar geta fullkomlega löglega haft virk yfirráð yfir fyrirtækjum sem nýta þessa auðlind og ráðstafa aflanum þótt það sé í formi óbeinnar eignaraðildar. Með öðrum orðum ef kjarni

málsins er spurningin um forræði er hægt í gegnum óbeina eignaraðild að hafa þetta forræði. Erlendir aðilar geta tryggt sér það, ekkert síður í formi óbeinnar en beinnar eignaraðildar. Hvaða máli skiptir þá þessi prósentutogstreita í beinni eignaraðild? Er hún eitthvert aðalatriði málsins? Skiptir hún sköpum? Á að meta afstöðu manna til þess hvort þeir eru með 25% eða 35%, 33% eða 49%? Ég held að þetta sé alls ekki aðalatriði málsins. Ég held að kjarni málsins sé spurningin um raunverulega stjórn.

Þá kemur að hinu: Hvað með lántökuleiðina? Ef við viljum mismuna sjávarútveginum og öðrum fyrirtækjum að því er varðar réttinn til þess að mega njóta atbeina erlends áhættufjármagns sem hlutafjár og leiðum það í lög og viljum að það verði svo í framkvæmd þá er það með þessum rökum. Það er af því að við viljum ekki afsala okkur auðlindinni. Það er af því að við viljum tryggja virk yfirráð okkar yfir auðlindinni. Það er af því að við viljum tryggja að þjóðin njóti arðsins af auðlindinni. Ég vísa í nýlegt dæmi úr fréttum þegar ungur athafnamaður í sjávarútvegi eða öllu heldur í fiskvinnslu var að leika sér með það þumalfingursdæmi að arðsemin í þessari grein væri með þeim hætti að veiðin skilaði einni krónu, vinnslan 10 kr. en að lokum skilaði markaðsdreifingin 100 kr. Ég tek dæminu með fullkomnum fyrirvara. En menn eru að segja: Ef erlendir aðilar geta komist inn í að nýta auðlindina, ráðstafað aflanum og hirt virðisaukann og vinnuna erlendis er illa komið og það ættum við að stöðva. Og þá er spurningin hvernig. Með þessu stjfrv. verður það ekki gert. Það er viðurkennt af aðalflutningsmanni frv. sjálfs að það tekst ekki, það gengur ekki. Frv. er haldlaust ef menn setja sér þetta markmið. Hverju erum við þá bættari?

Ef menn meina það sem þeir segja um það að við viljum tryggja að eignarákvæði laga, sameign þjóðarinnar, séu virk í framkvæmd, ef við viljum tryggja að nýting auðlindarinnar sé í íslenskum höndum og ráðstöfunarréttur á afla í íslenskum höndum er ekki til nema eitt svar við því. Vilji löggjafans er ljós: Í löggjöfinni stendur: Fiskimiðin í kringum Ísland eru eign þjóðarinnar, en ef við ætlum að tryggja arðinn af þessari auðlind og ráðstöfunarréttinn er aðeins eitt ráð til þess. Það er að tryggja það alveg burt séð frá samsetningu fyrirtækja í greininni að þeir sem fá að nýta auðlindina greiði þjóðinni arð. Í því skiptir engu meginmáli hvort menn kalla þetta auðlindagjald eða hvort menn kalla þetta veiðileyfagjald. Það er ekki hægt að tryggja að þjóðin fái arð af sinni auðlind öðruvísi ef það er ekkert hald í öllum þessum eignarréttarákvæðum beinum eða óbeinum í þessum frumvörpum. Þá verða menn að gera það upp við sig, þar með talið hv. stjórnarþingmenn. Það þýðir ekki að koma fram með frv. og hæstv. ráðherra, sem flytur frv., segir: Það er ekkert hald í því. Til hvers er það þá? Sýndarmennska. Er það ekki?

Við erum ekki bara að tala um sjávarútveginn. Við erum að tala um aðra meginauðlind þessarar þjóðar fyrir utan mannfólkið sjálft, orkulindirnar, virkjunarréttinn. Einn tilgangur með þessu stjfrv. er sá eins og það er orðað að ganga frá því að skuldbindingar okkar samkvæmt alþjóðasamningum séu í lagi eða við þær sé staðið. Nú er það svo að í hinum margnefndu EES-samningum gerðum við tímabundinn fyrirvara að því er varðaði orkugeirann, virkjunarréttinn. Sá fyrirvari rann út 1. janúar árið 1996, þ.e. fyrir nokkrum vikum síðan. Það að sá fyrirvari er fallinn þýðir að að erlendir fjármagnseigendur geta keypt sig inn í fyrirtæki sem nýta þessar orkulindir og geta reyndar keypt orkulindirnar sjálfar. Þegar við settum þennan fyrirvara á sínum tíma í EES-samninginn, tvö ár, var það með hliðsjón af því að þá voru á borðum ríkisstjórnar viðamikil frv. um virkjunarrétt fallvatna og jarðvarma. Frv. gengu út á það að tryggja sameign þjóðarinnar á þessum auðlindum með nákvæmlega sama hætti og gert var með sjávarútvegsauðlindina. Ágreiningur í fyrrv. ríkisstjórn varð þess valdandi að frv. náðu ekki fram að ganga. Hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur lýst því yfir að hann sé enn að reyna í núverandi ríkisstjórn að fjalla um þessi mál og hefur sagt að hann geri sér vonir um að geta sýnt þau á þessu þingi. En það hefur nú áður verið vonarpeningur og engin leið að slá neinu föstu um það hvort eitthvert samkomulag næst milli stjórnarflokkanna í því efni nú frekar en fyrr. Kjarni málsins er aftur nákvæmlega sá hinn sami. Virkjunarrétturinn sjálfur er verðmæti, gríðarlegt verðmæti. Hingað til hafa fyrirtækin sem hafa virkjað verið í ríkiseigu eða opinberri eigu ríkis og sveitarfélaga. Virkjunarréttindi hafa stundum verið háð atbeina löggjafans, þ.e. löggjafinn hefur veitt tilteknum fyrirtækjum eins og Landsvirkjun virkjunarrétt. Ríkisvaldið er farið að skammta virkjunarréttinn sem þar af leiðandi er orðinn að miklum verðmætum.

Þjóðin hefur fengið arð af þessum virkjunarrétti óbeint, þ.e. með þeim hætti að við höfum rekið einokunarfyrirtæki í orkugeiranum. Þau hafa hagað verðlagningu sinni þannig að það hefur verið um verulega eignamyndun að ræða. Og sú eignamyndun í Landsvirkjun sem talin er nema mörgum milljörðum kr., kannski eitthvað rúmum tveimur tugum milljarða kr., er sá eignarhluti sem til hinna opinberu aðila hefur runnið. Nú þegar fyrirvarinn um réttindi útlendinga heldur ekki lengur og er fallinn er staðan orðin gerbreytt og erlendir aðilar geta leitað eftir því að kaupa sig inn í þessi fyrirtæki eða kaupa auðlindirnar sjálfar. Þar með geta þeir ráðstafað þessum auðlindum og þar með er haldið sem þjóðin hafði í því að hún fengi arð af þessum auðlindum farið.

Ég nefni þetta dæmi, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, m.a. af því að hv. þm. sagði: Við höfum nógan tíma, það er ekkert að brenna í okkar þjóðfélagi. Það er alger misskilningur. Þetta mál er í uppnámi og það er m.a. vegna þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. iðnrh., lýsti því yfir í umræðunum sl. fimmtudag að þingflokkur Alþfl. mundi í upphafi þessarar viku leggja bæði frv. fram. Það höfum við gert vegna þess að við viljum gefa Alþingi Íslendinga kost á því að bregðast við því að brottfall fyrirvarans hefur sett málið í uppnám. Þannig að ef menn meina eitthvað með því þegar þeir segja að kjarni þessa máls alls sé að tryggja virk yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindunum, ráðstöfunarrétt yfir þeim og arðtöku af þeim, þá er engin önnur leið eftir en sú að gera það með auðlindagjaldi eða veiðileyfagjaldi.

Að því er varðar orkulindirnar erum við að tala um virkjunarréttindin. Menn hafa nefnt í þessum umræðum sem dæmi um það almenna efnahagsumhverfi sem við nú búum við að íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi sem búa yfir mikilli tæknikunnáttu, þjálfuðu og atorkusömu fólki við stjórnun, tæknistörf, veiðar og vinnslu og hafa styrkt stöðu sína fjárhagslega í skjóli þess að þau tiltölulega fáu fyrirtæki sem hafa notið mikillar arðsemi Íslandsmiða, þ.e. rentunnar, ókeypis aðgangs að miðunum, eru nú komin það vel á veg að þau hafa til þess fulla burði að leita á erlendan vettvang og fjárfesta erlendis í veiðum og vinnslu. Þetta er svona eitt dæmi um alþjóðavæðinguna sem er orðin allt í kringum okkur, meira að segja í sjávarútvegi. Nú þarf alls ekki að leggja —

Virðulegi forseti. Mér var tjáð að við værum í tvöföldum ræðutíma:

(**Forseti** (StB): Forseti gaf hv. þm. 20 mínútur og þetta er önnur ræða hv. þm. Þar af leiðandi eru 20 mínútur til ráðstöfunar.)

Ég virði það, virðulegi forseti, enda hef ég komið meginniðurstöðum míns máls til skila og þær eru þessar: Kjarni málsins er ekki prósentur um eignahlutdeild útlendinga í sjávarútvegi og það er ekki reginmunur á beinni eða óbeinni eignaraðild. Ef menn meina það sem þeir segja og ég hef enga ástæðu til þess að rengja það, að það sé vilji alþingismanna almennt, enda gildandi lög í landinu, og ef menn vilja tryggja í verki, ekki bara í orði, að þjóðin haldi eignarhaldi sínu á auðlindunum, hafi ráðstöfunarrétt yfir þeim og njóti arðs af þeim, þá er ekki um annað að ræða en að Alþingi setji lög um veiðileyfagjald eða auðlindaskatt eða lög um sameign þjóðarinnar á orkuauðlindunum. Að því er varðar ráðstöfunarréttinn, þá dugar ekki að leiða það í lög að allur fiskur fari um fiskmarkaði. Það þarf að leiða það í lög að öllum afla af Íslandsmiðum verði landað hér á landi eins og fordæmi eru um hjá öðrum þjóðum.

[17:07]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Það dregur nú að lokum þessarar umræðu. Þetta hefur verið ítarleg umræða um þessi þrjú frumvörp. Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að frv. hæstv. ríkisstjórnar um óbeina fjárfestingu er í reynd ekkert annað en staðfesting á gerðum hlut og því er ekki ætlað neitt annað hlutverk.

Ég geri greinarmun á óbeinni eða beinni fjárfestingu þó að vitaskuld sé hægt að draga upp dæmi um að þetta geti komið út með svipuðum hætti. En þessi óbeina fjárfesting eins og lagt er upp með í frv. ríkisstjórnarinnar skilar að mínu mati engu og getur meira að segja mismunað aðilum. Ég tel hins vegar að í frv. fjögurra sjálfstæðisþingmanna um 49% eignarhlutdeild sé í reynd verið að tala um að forræði í sjávarútvegsfyrirtækjum geti verið í erlendum höndum enda hafa ekki verið nefnd nein dæmi um það að 49% eignarhlutdeild sé ekki ráðandi hlutur. Það sem ég tel vera helstu kosti beinnar fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum er samvinna í markaðsmálum, aukning á eigin fé og meira samræmi við breytt viðhorf í nútímarekstri. Hins vegar höfum við þingmenn Þjóðvaka lagt til varkárni í þessum þáttum. Við teljum að 20% bein eignaraðild sé eðlilegt skref svo að hér verði ekki um að ræða ráðandi hlut. Og þetta eru einmitt þeir þættir sem væntanlega verður tekist á um síðar í þinginu.

Ég vil geta um eitt atriði sem fram kom í umræðunni. Þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum ræddu um að skilja að veiðar og vinnslu. Þetta er mjög gömul umræða og satt best að segja býsna gamaldags í íslenskum sjávarútvegi. Þessi aðskilnaður er enn verr mögulegur en sá aðskilnaður sem við erum að tala um á milli óbeinnar og beinnar fjárfestingar. Þessari umræðu lauk fyrir þó nokkuð mörgum árum innan sjávarútvegsins með þeirri niðurstöðu að aðskilnaður veiða og vinnslu væri ekki mögulegur. Hins vegar hefur verið nefnt í umræðunni, fyrir helgi og reyndar aftur í dag, að frv. hæstv. ríkisstjórnar um óbeina eignaraðild þýðir að útlendingar geti eignast 49% hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum þótt með óbeinum hætti sé. Þetta er rétt. En það sem meira er að frv. ríkisstjórnarinnar þýðir að útlendingar geta eignast meiri hluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, þ.e. 62% eignaraðild. Þetta gerist þannig, herra forseti, að fyrirtæki A sem er íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki getur verið í fullri eigu fyrirtækis B sem er að hluta í eigu erlends aðila, 25% sem er leyfilegt og 75% í eigu eignarhaldshlutafélags. Útlendingar mættu eiga 49% í þessu eignarhaldshlutafélagi en íslenskur aðili 51%. Það væri íslenskt forræði. Í þessu dæmi ætti því erlenda fyrirtækið tæp 37% með óbeinum hætti gegnum eignarhaldsfélagið og 25% óbeint í gegnum fyrirtæki B sem ég nefndi áðan. Þetta er 62% óbein eignaraðild erlends aðila. Ég vil geta þess að ég hef rætt þetta dæmi við hæstv. viðskrh. og hann hefur staðfest réttmæti þess. Það er því e.t.v. hætt við að ýmsir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar kikni í hnjánum þegar þeir heyra þessar tölur. Og það má spyrja sig: Er frv. hæstv. ríkisstjórnar trójuhestur sem ríkisstjórnin dregur nú inn í herbúðir sjávarútvegsins? Sumir mundu segja já. Ég segi nei. Ég segi að þessi aðferðafræði um óbeina eignaraðild í þriðja eða fjórða lið er röng í grundvallaratriðum og ekki marktæk enda þekkjum við ekki dæmi um það að óbein eignaraðild hafi valdið vandkvæðum í íslensku atvinnulífi. Og það er rangt þegar því er haldið fram í umræðunni að erlent forræði þýði að það sé hægt að fara með óunninn fisk úr landi. Það er ekki svo. Það gilda lög og reglur um þann þátt.

Aðalatriðið varðandi forræði er að það gilda íslensk lög og íslenskar reglur um meðhöndlun sjávarfangs hér á landi. Við erum að tala um íslensk fyrirtæki. Vitaskuld mundi öll þessi umræða batna ef við gerðum hana aðeins víðari og ræddum um að fiskur ætti að fara um fiskmarkaði og að við tækjum upp veiðileyfagjald til að staðfesta þjóðareign á þessum fiskstofnum. En þessi hræðsla við útlendinga lýsir sér e.t.v. best í því að nú þegar er þriðjungur botnfisksafla seldur á íslenskum fiskmörkuðum. Þar mega útlendingar versla. Fyrir tæpum 10 árum þegar menn vildu stíga þetta skref sem þá þekktist um allan heim voru aðalmótbárurnar þessar: Þetta þýðir að útlendingar koma og taka allan fisk og öll verðmætasköpun verður erlendis. Hefur það gerst? Vitaskuld ekki. Íslenskur sjávarútvegur og íslensk fiskvinnsla er sterkari en það. Þetta þarf að koma skýrar inn í umræðuna. Ef við viljum fá útlendinga inn í íslenskan sjávarútveg, erum við að gera það vegna þess að að er okkur hagkvæmt. Það er ekki vegna þess að útlendingum sé það eitthvað sérstaklega hagkvæmt. Við teljum það vera heppilegt vegna þess að það opnast ýmiss konar markaðsmöguleikar. Það styrkir eigið fé og það eflir samvinnu sem þegar er í mikil milli útlendinga og Íslendinga í sjávarútvegi. Aðalatriðið í málinu er vitaskuld að við erum með íslenskt forræði varðandi þennan þátt. Þess vegna tel ég, herra forseti, að það frv. sem við þingmenn Þjóðvaka lögðum fram um 20% beina eignaraðild lýsi ákveðinni hugsun varðandi nálgun á þessu máli. Það er engin hræðsla við útlendinga varðandi þátttöku. Hins vegar er farið varlega í þessari umræðu. En dæmið sem ég tók um frv. ríkisstjórnarinar sem getur þýtt 62% eignarhald útlendinga á íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sýnir e.t.v. best í hvaða ógöngum umræðan er. Umræðan á ekki að snúast um útlendinga eða Íslendinga. Aðalatriðið er að það sé farið eftir íslenskum lögum og að verðmætasköpun sé hérlendis og hún sé fyrir íslenskt þjóðarbú. Og það gerum við með lagasetningu ef við kjósum svo. Erlend þátttaka í atvinnurekstri í sjávarútvegi hefur ekkert með fornar deilur okkar við útlendinga að gera í landhelgisdeilum. Þar vorum við að eiga við útlend fyrirtæki og erlent hervald. Hér er grundvallarmunur á. Það er forræðið sem við ákveðum hér með okkar

löggjöf. Við gerum það hvort sem það er með takmarkaðri eignaraðild, veiðileyfagjaldi, fiskmarkaðstengslum eða öðru slíku. Menn verða að skynja í þessari umræðu að það eru sóknarfæri í því að taka þátt í þeirri eflingu heimsviðskipta sem þróun síðustu ára bendir til. Við eigum ekki að loka augunum fyrir þessari þróun. Við eigum að taka þátt í henni af fullum styrkleika þó svo að við eigum að fara með varkárni hvað viðvíkur þessa mikilvægustu atvinnugrein okkar.

[17:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Ágúst Einarsson um skilning á frv. hans þar sem hann gerir ráð fyrir að bein eignaraðild útlendinga verði takmörkuð við 20%. Ég hef heyrt rök hans fyrir þeirri takmörkun, en hún er varúðarregla til þess að vernda innlend yfirráð. Ég spyr hann þá um hin 80%. Hvernig ætlar hann að tryggja að þau séu á íslensku forræði? Hugsar hann sér að óbein eignaraðild verði með sama hætti og í stjfrv.? Ef svo er, þá getur þessi 20% lína ekki haldið, ekki frekar en hann telur að línan í stjfrv. haldi. Ég spyr hvort að þingmenn Þjóðvaka séu með einhverja aðra útfærslu á óbeinni eignaraðild í sjávarútvegi þannig að tryggt sé að þau 80% sem eiga að vera á innlendu forræði séu það í reynd en ekki undir yfirráðum útlendinga.

Í öðru lagi langar mig til að gera stutta athugasemd varðandi útreikninga hans á mögulegum yfirráðum útlendinga yfir íslensku sjávarútvegsfyrirtæki í gegnum eignaraðild í öðrum og þriðja lið. Hann gefur sér þá forsendu að útlenskt fyrirtæki sem á 49% í fyrirtæki fari með 49% af atkvæðum fyrirtækisins upp í annan lið. Það er hins vegar forsenda sem menn geta ekki gefið sér því 51% geta ráðið 100% atkvæða ef menn kjósa svo upp í fyrirtæki í öðrum lið og þá hverfa möguleg yfirráð útlendinga í sjávarútvegsfyrirtæki.

[17:18]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka á síðari spurningu hv. þm. Það er laukrétt hjá honum að 49% eignarhlutur í eignarhaldsfélaginu sem var í mínu dæmi og er alveg sambærilegt við það dæmi er menn reiknuðu fyrst út 49% óbeina eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjunum. 51% geta ráðið því þannig að það þarf ekki að vera að þessi 49% fari áfram upp í gegnum félögin. Á því byggðist sá reikningur. Það sem ég hef verið að draga fram varðandi 49% hlutinn er að hann hann er í reynd og í öllum venjulegum viðskiptum ráðandi. Það þekkjast eiginlega engin dæmi þess að 51% sameinist á þann hátt að 49% fari ekki með eignarhlut. Í sjálfu sér er dæmið alveg rétt reiknað en byggt á þeirri forsendu, eins og hv. þm. bendir réttilega á, að þessi minni hluti verður að fá að njóta sín í framhaldi málsins. Það má segja að einmitt þetta dæmi sýni raunverulega hversu umræðan um þessa óbeinu eignaraðild er vonlítil.

Hann spurði einnig hvað þingmenn Þjóðvaka hugsi sér varðandi óbeina eignaraðild. Við erum ekki með í okkar frv. tillögur um takmarkanir á því, einfaldlega vegna þess og það kemur mjög skýrt fram í grg. að þetta er í reynd óframkvæmanlegt, bæði eftirlitið og svo þessi þáttur sem ég hef tekið á varðandi frv. ríkisstjórnarinnar. Að vísu vekjum við athygli á því að til greina geti komið að samanlögð bein og óbein eignaraðild í einstökum fyrirtækjum fari ekki yfir tiltekin mörk miðað við áramót. Við vekjum athygli á því í frv. en það er ekki gerð tillaga um það hér. Við lítum svo á að raunverulegt vald við þær aðstæður sem við erum að tala um í sjávarútvegsfyrirtækjunum felist í því ef erlendir aðilar koma að því með beinum hætti. Þar sé sú ákvörðun sem er tekin að reyna að beita áhrifum sínum varðandi þá þætti sem við erum hér að tala um. Þar skiptir óbein eignaraðild í sjálfu sér ekki máli. Þess vegna er í okkar frv. ekki lagt upp með takmarkanir á óbeinni eignaraðild. Hins vegar er vakin athygli á því að það er hægt að leggja það saman en þá lenda menn vitaskuld í sömu vandræðunum þegar menn koma í annan, þriðja og fjórða lið. Ég veit að hv. þm. er alveg ljós sú aðferðafræði.

[17:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir þessi svör er ljóst að til þess að dæmið gangi upp um ráðandi áhrif gegnum óbeina eignaraðild verða menn að gefa sér þá forsendu að meiri hluti í hlutafélagi, 51%, ákveði að ráða ekki. Það er dálítið stór forsenda. Ég er alveg sammála hv. þm. Ágústi Einarssyni að 49% geta verið ráðandi. Þar geta menn komist áfram með sinn eignarhlut á milli fyrirtækja en það verður að halda því til haga að menn gefa sér að 51% eða meiri hlutinn nái ekki saman til að ráða. (**Gripið fram í:** Vegna dreifðrar eignaraðildar.) Vegna dreifðrar eignaraðildar. Þetta hefur ekki komið fram fyrr og er auðvitað mikilvægt að menn haldi þessari forsendu til haga. (**Gripið fram í:** Þetta er raunsæ forsenda.) Já, að mörgu leyti raunsæ en það er líka tiltölulega einfalt að setja girðingar í stjfrv. til þess að koma í veg fyrir þessa upphleðslu óbeinu eignaraðildarinnar og í því felst auðvitað gildi ábendingarinnar.

Varðandi seinni spurninguna um hugmyndir þjóðvakaþingmanna um óbeina eignaraðild er ljóst eftir svör hv. þm. að í raun og veru gengur þeirra frv. miklu lengra en frv. sjálfstæðisþingmannanna fjögurra. Þeir gera ráð fyrir 49% en í reynd er frv. þjóðvakaþingmanna opið fyrir erlendri eignaraðild að fullu. Þannig að það að setja í frumvarpstextann takmörkun á beinu eignaraðildinni um 20% er í reynd nokkurs konar blekking. Meiningin er sú að það sé ekki hægt að takmarka þetta og þar af leiðandi geti útlendingar átt fyrirtækin að fullu og öllu. Ekki er gert ráð fyrir að það verði takmarkað vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir að takmarka óbeinu eignaraðildina að 80%.

[17:23]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt athugasemd við samanburð þessara tveggja þingmannafrumvarpa, annars vegar okkar, Þjóðvaka, og svo frv. fjórmenninganna. Þau eru alveg eins nema í öðru er talað um 20% og í hinu er talað um 49%. Í hvorugu frv. er talað um að hér sé um að ræða samanlagða beina og óbeina eignaraðild þannig að athugasemd hv. þm. varðandi okkar frv. á þá sömuleiðis við frv. hinna fjögurra sjálfstæðisþingmanna. Enda hafa þeir alltaf talað þannig í umræðunni. Hvort menn vilja svo breyta þessu í útfærslu sinni og leggja saman beina og óbeina eignaraðild verður bara að koma í ljós. En frumvörpin eru alveg skýr.

[17:24]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Umræður um erlenda eignaraðild í íslenskum atvinnurekstri hafa staðið yfir með hléum í nokkra daga. Það er ekki óeðlilegt þar sem hér er um mjög mikilvægt mál er að ræða sem þarf mikillar umræðu við. Málið er sérlega flókið, virtustu þingmenn á hinu háa Alþingi hafa mjög mismunandi skoðanir á því og geta fundið út endalaus dæmi

sem virðast geta gengið í sömu átt og í mörgum tilfellum jafnvel þótt menn fari ólíkar leiðir.

Umræðan hófst að mínu viti með ýmsum útúrsnúningum stjórnarandstöðunnar varðandi það hvernig þetta mál hefði verið lagt fram af hálfu fjögurra stjórnarþingmanna Sjálfstfl. sem lögðu fram frv. um að heimila erlendum aðilum 49% eignaraðild í íslenskum sjávarútvegi. Þeirri umræðu er lokið og ég ætla ekki að orðlengja frekar tæknilega útfærslu á málinu. Aftur á móti var hér góð og gagnmerk umræða á fimmtudaginn um þetta mál. Þar lýsti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson því yfir að mál okkar fjórmenninganna um 49% eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi væri ekki nógu vel rökstutt og að hans mati mjög brothætt. Hv. þm. er ekki þekktur að því að vera með lítt rökstutt mál hér á þinginu. Ég tek því orð hans alvarlega og vil ítreka þau sjónarmið sem við höfum lagt til grundvallar okkar málatilbúnaði. Okkar rökstuðningur hefur fyrst og fremst beinst að því að það sé mun betra fyrir íslenskan sjávarútveg að fjárfesting sem að honum beinist sé inn í fyrirtækin sjálf, sjávarútvegsfyrirtækin sjálf, heldur en þau komi með einhverjum öðrum hætti óbeint í gegnum jafnvel þriðja eða fjórða lið. Við teljum að það geti haft mun heppilegri áhrif inni í fyrirtækinu sjálfu varðandi t.d. sölumöguleika og markaðssetningu þar sem þeir aðilar sem þar kæmu inn hefðu beinan hag af því að viðkomandi fyrirtæki næði árangri og sæju þann árangur beinlínis í fyrirtækinu. Við getum líka séð að með þeim árangri væri hægt, eins og við höfum bent á, að auka og bæta kjör fiskvinnslufólks sem að okkar mati hafa ekki verið nægilega góð og eru, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum, verulega á eftir því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Við höfum einnig bent á það sem margoft hefur komið fram í þessari umræðu að 51% eignaraðild Íslendinga er í sjálfu sér meirihlutaaðild og enginn getur efast um það. Ég tek undir þau orð hv. þm. Ágústs Einarssonar að yfir það ná íslensk lög að afla og aflaheimildum verði ekki ráðstafað annað en til Íslendinga þannig að við eigum ekki að þurfa að óttast að kvóti eða veiðiheimildir verði fluttar til erlendra aðila þar sem það er óheimilt samkvæmt lögum. Ég tel eigi að síður og minntist á það í framsögu minni að það sé nauðsynlegt og eðlilegt í ljósi þessarar umræðu að festa í stjórnarskránni að auðlindir sjávar í efnahagslögsögu Íslendinga séu sameign þjóðarinnar.

Varðandi stjfrv. það sem hér liggur fyrir hefur verið bent á mörg dæmi um það hvernig útlendingar geti í raun eignast óbein yfirráð og það full yfirráð yfir íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég vil bæta hér við einu dæmi sem ég tel raunhæft þótt öll slík dæmi séu kannski óraunveruleg. Þau gætu eigi að síður komið upp.

Samkvæmt 1. gr. lagafrv. ríkisstjórnarinnar, lið b., undirlið i., er erlendum aðila heimilt að eignast 49,9% í fiskmarkaði. Þeir gætu jafnvel í gegnum eignarhaldsfélag eignast 100% í fiskmarkaði. Þessi fiskmarkaður gæti svo keypt upp fyrirtæki eins og Íslensk matvæli hf. sem gætu síðan eignast 49% í Íslenskum matvælum sem gætu keypt t.d. Granda 100%. Þetta þýðir það að útlendi aðilinn ætti 100% í fiskmarkaði meðan hann ætti ekkert opinberlega í Granda. Áhugi þessa útlenda aðila hlyti að beinast að því að fiskmarkaðurinn gengi best meðan hagur hans væri beinlínis ekki í því að fyrirtæki í fiskvinnslu og útgerð gæti gert annað en að standa undir eigin rekstri. Ég held eins og mörg önnur dæmi hafa sýnt að óbein eignaraðild geti þýtt að fjármunir muni geta runnið úr sjávarútveginum beinlínis til annarra fyrirtækja sem er að mínu viti óhagkvæmt og gæti að mörgu leyti dregið úr sóknarmætti sjávarútvegsfyrirtækja. Það flækir líka allt ákvörðunarferli í sjávarútveginum ef útlendir aðilar næðu samningum við einhverja Íslendinga sem ættu lítinn hlut í útgerðarfyrirtæki. Þeir gætu samið um það að færa til fjármuni og öll ákvarðanataka, sem yrði til framtíðar fyrir viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki, þyrfti að ganga í gegnum tvo, þrjá og jafnvel fjóra liði sem yrði þunglamalegri í þessu sjávarútvegsfyrirtæki langt umfram það sem nú er. Bein eignaraðild mundi aftur á móti ekki gera það því að hún mundi þá eiga sér stað innan fyrirtækisins þar sem erlendi aðilinn væri væntanlega einn af stjórnarmönnum.

Aftur á móti get ég tekið undir að það þarf að fara varlega í öllum þessum atriðum. Þess vegna tel ég ef erlent fyrirtæki í sömu grein, t.d. í sjávarútvegi, vill fjárfesta með þessum hætti, hvort sem er beint eða óbeint, væri hægt að hafa ákvæði í lögum um það að ef slík staða kæmi upp þyrfti sérstakt leyfi viðskrh. til að slík tenging yrði leyfð. Ég held að það væri fyrst og fremst spurning um þá varúðarreglu að hringar, sem eru í sjávarútvegi annars staðar, gætu ekki náð yfirráðum yfir stórum og öflugum sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.

Varðandi það atriði að óbein fjárfesting gæti torveldað alla ákvarðanatöku í sjávarútvegsfyrirtæki vegna þess að það þarf að fara í gegnum mörg fyrirtæki bendi ég á að í dag erum við að tala um að breyta Pósti og síma í hlutafélag vegna þess að þar eru ákvarðanir taldar vera mjög erfiðar og framtíðarskipulagning mjög þung vegna þess að öll áætlun þeirra byggist á lögum, við skulum segja fjárlögum frá Alþingi. Það er sem sagt Alþingi, ráðherra, Póstur og sími en með hlutafélagaforminu verður það ráðherra og stjórn Pósts og síma sem verður skipuð af ráðherra. Með þessari óbeinu eignaraðild tel ég að ferli ákvarðanatöku í sjávarútvegsfyrirtækjum yrði mun flóknara en með beinni eignaraðild.

Herra forseti. Ég vil gjarnan svara í örstuttu máli öðrum atriðum sem hafa komið fram. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson talaði um hvort að við gætum stutt stjfrv. Það hefur þegar komið fram að við teljum að stjfrv. gangi þó lengra en núgildandi lög og forsrh. hefur lýst yfir að stjfrv. njóti stuðnings og ég hef lýst því yfir að ég styðji það. Ég hef einnig sagt að sú umræða sem þarf að fara um öll þessi frv. hlýtur að taka verulegan tíma og þar sem stjfrv. nýtur stuðnings hlýtur það að verða mun fljótara í gegnum nefnd en okkar frv. þannig að ég geri ráð fyrir því að í umræðunni verði einhverjar breytingar væntanlegar á stjfrv., a.m.k. vona ég það en ef svo ekki verður þá mun umræðan halda áfram á sama vettvangi síðar.

[17:36]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem hefur farið fram um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hefur margt forvitnilegt komið til, bæði nýstárlegar hugmyndir, sérstæð túlkun og síðast en ekki síst er hægt að fagna því að flestir eru sammála um að ástæða sé til þess að fara varlega í þessum efnum. Fara varlega í því að færa sig yfir í hina hörðu markaðsveröld í nágrenni lítils þjóðfélags sem Ísland er og gæta þess að rasa ekki um ráð fram.

Mig langar að víkja að nokkrum atriðum sem hafa verið til umræðu í dag. Í fyrsta lagi er ástæða til þess að taka undir að við þurfum fyrst og fremst að tryggja eigin rétt og eigin stöðu okkar, festu til þess að þróa upp mannlíf og atvinnulíf í okkar eigin landi á grunni þeirrar auðlindar sem

er sameign þjóðarinnar. Fyrst og fremst er þetta spurning um yfirráð, spurning um yfirráð auðlindar og verðmæta en við erum jafnframt að tala um alþjóðlega þróun í atvinnurekstri, þróun og spurningu sem kallar á að við séum tilbúin til þess að opna dyrnar á einhvern hátt til að sitja ekki eftir, hvorki í þróun í verklagi, vinnslu og ekki síst á launasviði þar sem við sitjum svo sannarlega aftarlega á merinni. Kannski er fyrst og fremst ástæða til þess að verja hlut okkar af alefli í ljósi þess að við verðum númer eitt, tvö og þrjú á næstu missirum og árum að leggja höfuðáherslu á að auka laun þess fólks sem vinnur að grunnframleiðslu þjóðar okkar. Það höfum við því miður látið sitja á hakanum.

Það var svolítið kynlegt að heyra hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson klifa í síbylju á því í umræðum fyrr í dag að veiðileyfagjald eða auðlindaskattur eða löndun alls afla úr íslenskri landhelgi á innlendum markaði væri lausn í málinu, væri trygging gegn því að erlendir fjárfestar væru að binda sig auðlindinni með eignaraðild. Þetta var svolítið hjákátlegt vegna þess að hugmynd um veiðileyfagjald, auðlindaskatt eða innlendan fiskmarkað sem tæki við öllum afla af Íslandsmiðum kemur þessu máli ekkert við. Það er ekkert sem tryggir það sem þingmaðurinn var að fjalla um í þessu sambandi. En það er ástæða til þess að velta spurningunni aðeins nánar út frá þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Jón Baldvin setti fram. Það er ástæða til þess að velta upp þeim atriðum sem alltaf koma upp, veiðileyfaskattinum, veiðileyfagjaldinu, því að hættan sem vofir yfir honum er kannski fyrst og fremst sú að hann blóðmjólki atvinnugreinina. Það er skattheimta af sjávarútvegi eins og öðrum rekstri á Íslandi. Það er arðgreiðsla til þegna landsins í gegnum skattgreiðslurnar og það er ekki bara hætta á því að greinin sjálf væri blóðmjólkuð, það er hætta á því að pláss landsins, að verstöðvar landsins verði blóðmjólkaðar vegna þess einfaldlega að tilhneigingin yrði öll sú að aukin skattheimta, því að veiðileyfagjald eða auðlindaskattur er ekkert annað en aukin skattheimta, færi í okkar ágætu þjóðarhít og yfirbyggingu sem er síst af öllu í verstöðvum landsins. Það má til sanns vegar færa á hugmyndum í gegnum undanfarin ár að það væri verið að tala um hundruð milljóna skatt á ýmis stærstu sjávarpláss landsins. Hvað meina menn þá með jafnræði þegnanna, með skynsamlegri þróun, með aukinni verkmenntun, aukinni vinnslu, meiri styrkleika í þágu íslensks þjóðfélags? Þá er engin meining þar á bak við. Þá er eingöngu um að ræða landburð af kjaftæði sem nýtist okkur ekki.

Úr því ég vík að málflutningi hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar er það alveg rétt sem hann sagði að kjarni málsins er ekki prósentan. Kjarni málsins er að tryggja raunverulegan rétt Íslendinga. Ég er fullkomlega sammála því því að með þessu fyrirkomulagi, með þeim takmörkunum á hvaða prósentum sem þær liggja, erum við að tala um að hafa áhrif á að Íslendingar geti stjórnað nýtingu auðlindarinnar, hvert aflinn fer, hvar hann er unninn o.s.frv. sem eru lykilatriði í því að skapa verðmæti úr þeirri auðlind sem við byggjum þjóðfélag okkar á. Að setja upp tvo valkosti til hliðar, að þeir geti leyst málið og séu lykilatriði í því að setja tryggingu gegn því að þetta fari úr böndum. Veiðileyfagjald eða auðlindaskattur eða löndun alls afla innan lands hefur ekkert með það að gera.

Það er svolítið einkennilegt hvernig síbyljan gengur í þessum efnum hjá hv. þm. Jóni Baldvin sem virðist króníska vera kominn með veiðileyfagjald og auðlindaskatt á heilann. Það hefur líka verið svolítið sérkennilegt að fylgjast með því um árabil hvernig þessi eini hvítvoðungur hefur legið á pólitískri vöggustofu Morgunblaðsins í gjörgæslu, hvernig ritstjórnargreinar Morgunblaðsins hafa í jafnmikilli síbylju og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fjallað um veiðileyfagjald án þess þó að hafa nokkurn tímann útfært þá hugmynd. Kannski er kominn tími til þess að ætlast til þess að blað allra landsmanna fari að skýra út hvernig það vill, hvernig það telur skynsamlegt og eðlilegt að leggja veiðileyfagjald á eða auðlindaskatt, hvaða forsendur eru til þess og hvernig það mundi færa þjóðinni farsæld og hamingju. Það er þó ekki málið.

Hitt er að þessi pólitíski hvítvoðungur hefur verið þarna í ákveðnu skjóli til þess að stunda þennan eilífa landburð af kjaftæði. Ég skal taka nákvæmlega eina setningu úr því sem hv. þm. Jón Baldvin sagði í dag. Hann sagði: „Arðurinn af auðlindinni á að renna til eigandans." Númer eitt, tvö, þrjú, fjögur og fimm. Arðurinn af auðlindinni á að renna til eigandans. Er þá hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að segja að íslenskt þjóðfélag eigi að þjóðnýta til fulls íslenska útgerð? Já, hann er að segja það. Vegna þess að arðurinn hlýtur að útdeilast í tvennu lagi ef hv. þm. meinar eitthvað annað en það sem hann sagði. Hann hlýtur að útdeilast til þess sem ber ábyrgð á útgerðinni og rekur hana og síðan til þess sem á auðlindina og nýtur skatta og gjalda af þessum rekstri. Þarna fór ugglaust hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson offari eins og svo oft áður í þessu máli því það er ekki hægt að tala um að arðurinn af auðlindinni eigi að renna til eigandans nema hann sé að tala um að það eigi að þjóðnýta þennan atvinnurekstur. Og það væri fróðlegt að heyra það frá hv. þm. hvort hann meinar það sem hann sagði. (**Gripið fram í:** Byrja á að þjóðnýta ríkið.)

Það kom fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að aðferðafræðin í málinu er röng þegar menn eru að mikla fyrir sér hætturnar á aðild erlendra fjárfesta í íslenskum útvegi. Ég er að mörgu leyti sammála því að það er ekki ástæða til þess að hrópa mikið í þeim efnum, sérstaklega ekki ef menn gæta þess að fara varlega. Það verða að vera ákveðnir þröskuldar þannig að við höfum stjórn á okkar málum og getum gripið inn í ef hlutir fara úr böndum því það er allt of mikið í húfi fyrir okkur að taka áhættu sem getur valdið slysum, svo sem ef breytingar koma upp á stöðu fiskstofnanna. Þær breytingar gætu verið bæði til hins betra og til hins verra og því er þeim mun meiri ástæða til þess að við höfum styrka stjórn á því sem ræður okkar hagsmunum í vinnslu, veiðum og markaðssetningu.

Það kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni varðandi orkunýtingu landsins að þjóðin ætti að eiga rétt á arði af auðlindinni. Það er alveg rétt. Það er grundvallarmunur á því að fjalla um það í orkuvinnslu eða sjávarútvegi að þjóðin eigi rétt á arði af auðlindinni eða að segja að arðurinn eigi að allur að fara til þess sem á auðlindina. Það hlýtur að þurfa að reikna með ákveðnum grunnkostnaði á millileiðinni, fjárfestingu, ábyrgð, áhættu, sem verður að vera hvetjandi fyrir þann sem stendur í útgerðinni eða rekstrinum. Hann verður að ganga til leiks og leggja allt undir og að eiga einhvern kost á því að árangur náist í arði.

Hv. þm. vék að Landsvirkjun. Það er gott dæmi um mismunun í arðgreiðslum af auðlind hvernig háttað er hjá Landsvirkjun. Reykjavíkurborg eða forsvarsmenn Reykjavíkurborgar hafa nýverið látið hafa það eftir sér að Reykjavíkurborg eigi liðlega 10 milljarða kr. eign í Landsvirkjun. Auðvitað er þetta alrangt þegar málið er skoðað. Landsvirkj-

un er fyrst og fremst sameign þjóðarinnar þó hún sé bókfærð á ríkissjóð, Reykjavík og Akureyri. Reykjavíkurborg hefur ekki lagt fram mikla peninga í Landsvirkjun, ekki frekar en ríkissjóður nema með lántökum, ekki frekar en Akureyri nema með ákveðinni fjárfestingu sem var þó vel skuldsett þegar hún gekk inn í þá eign. Það er líklega miklu nær að segja að eign Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun sé um einn milljarður en ekki 10 milljarðar eða 11 milljarðar. Inn í þetta dæmi kemur líka Marshall-aðstoð sem var ekki ætluð Reykvíkingum einum en fór að verulegu leyti í uppbyggingu Sogsvirkjana. Það er ekki réttlætanlegt eða gott fordæmi að bókfæra það á Reykjavíkurborg eina. Samt sem áður hefur Reykjavíkurborg keypt raforku af Landsvirkjun 10% ódýrara en aðrir landsmenn. Það má til sanns vegar færa að það sé mismunun á sameiginlegri auðlind eða eign þjóðarinnar. Samt sem áður hefur Reykjavíkurborg einnig fengið árlega um 100 millj. kr. í svokallað lántökugjald án þess þó að taka nokkurn tíma lán. Það er Landsvirkjun sem tekur lánin og veltir þeim innan síns ramma í skjóli ríkisvaldsins. Þarna virðist því vera munur á Jóni og séra Jóni. Við skulum gæta þess að fara ekki út í þessa mismunun varðandi sameiginlega auðlind þjóðarinnar í hafinu sem kæmi augljóslega fram með veiðileyfagjaldi eða auðlindaskatti eða hvaða tískuorðum sem menn vilja nota um þessar gjafapakkningar utan um falsvonir. Þetta eru falsvonir vegna þess að það þýðir ekkert að vera að tala um slíkt nema svo sérstaklega vel ári hjá fiskvinnslunni, hjá útgerðinni, hjá fólkinu í landinu sem vinnur við sjávarsíðuna að það séu rök fyrir því að auka skattheimtu á því umfram aðra þegna landsins. Það er þetta sem þeir sem krefjast sýknt og heilagt veiðileyfagjalds eða auðlindaskatts eru að tala um án þess þó að þora nokkurn tíman að nefna nákvæmlega hvað þeir eru að tala um. Eru þeir þó búnir að blaðra um þetta árum saman í ræðu og riti, velta upp út og suður meiningum og spjalli. Það er aldrei neitt naglfast, aldrei neitt borðleggjandi. Þetta rúllar áfram eins og mykjuhaugur á vori sem hefur út úr flóð af hita. (Gripið fram í.)

Ég vil leggja áherslu á það í þessu máli að það sé varlega farið. Við þurfum að opna dyrnar. Við þurfum að vera tilbúin til að laða að erlenda fjárfesta en við skulum ekki vera til sölu. Við skulum ekki láta gleypa okkur. Við skulum stuðla að sjálfstæði Íslands í framtíðinni. En þá verðum við líka að þola samkeppni við það umhverfi sem hugsanlega vill sækja inn í okkar hráefni. Við þurfum að þola samkeppni launalega, atvinnulega og menningarlega. Við þolum það menningarlega. Við þolum það í búnaði bæði til sjávar og sveita en við þolum það ekki launalega í dag. Og það er ekki lausn í þeirri uppbyggingu og þeirri þróun að leggja á auðlindaskatt sem engin rök eru fyrir, auðlindaskatt sem færi í yfirbygginguna en ekki grunninn sjálfan, verkþáttinn, starf verkamannsins til sjávar og sveita, þess manns sem vinnur með höndunum eins og sagt er.

Það eru lög og reglur um meðferð á íslenskum afla. Það er trygging fyrir því að við getum ráðið ferðinni. Að mínu mati og miðað við frv. ríkisstjórnarinnar er sú tala sem hér hefur verið nefnd, 25%, ekki heilög en hún er þó varfærnislega sett upp og ásættanleg. Allt sem gengur lengra í stöðunni er að mínu mati óþarfa áhætta sem við eigum ekki að taka þegar við ætlum að tryggja íslenska hagsmuni.

[17:57]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg sérstök ástæða til þess að þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir þann landburð af þekkingu og vitsmunum sem hann hefur velt inn í umræðuna eins og mykjuhaug á vori, svo ég noti nú eitthvað af orðaleppum hans, þó það kunni kannski að bera vott um að hann hafi verið fjarverandi umræðuna og viti lítið um það hvað hér hefur verið sagt.

Kjarni málsins er sá að við erum sammála um eitt, nefnilega að þetta mál snúist í kjarna sínum um forræði yfir auðlindinni. Hv. þm. tók það margsinnis fram jafnframt því að hann sagði: Við skulum fara varlega. Við erum ekki til sölu. Nú er það svo að flokksbræður hans sem hafa hvað mest gagnrýnt fjármenningana með 49% hafa einmitt sagt: Þarna er farið of geyst. Þarna er verið að skapa hættur. Og hætturnar sem þeir hafa fyrst og fremst tíundað eru að frv. stjórnarflokkanna haldi ekki og að erlendir aðilar geti komist bakdyramegin að auðlindinni, raunverulega eignast hana hvað svo sem líði gildandi lögum og fengið forræði yfir henni. Ef við erum sammála um að þetta mál snúist um að tryggja áfram íslenskt forræði yfir auðlindinni þá er það nú samt sem áður kjarni málsins. Og um það snýst það. Ef það er svo, eins og hæstv. viðskrh. hefur sagt, að frv. stjórnarflokkanna haldi ekki og það breyti engu hvort við höfum prósentur í beinni eignaraðild eða ekki, að það sé hægt að sýna fram á að forræði erlendra aðila náist hvort heldur er með beinni eða óbeinni eignaraðild, verður hv. þm. einfaldlega að svara því hvernig hann ætlar að gæta þess að auðlindin sé ekki til sölu. Hvernig ætlar hann að gæta þess að farið sé að með gát og varfærni o.s.frv.? Hv. þm. talaði að sjálfsögðu gegn betri vitund þegar hann sagði að við séum að tala um þjóðnýtingu. Og sem stuðningsmaður kvótakerfisins þá veit hann að það er verið að gera greinarmun á eignarrétti og nýtingarrétti. Við erum einfaldlega að segja: Lög í landinu segja að þjóðin eigi þessa auðlind. Við viljum tryggja að hún njóti arðs af þessari auðlind. Ef þetta frv. tryggir það ekki þá er ekki hægt að gera það öðruvísi en að taka upp veiðileyfagjald og það er ekki skattlagning á almenning í landinu.

[17:59]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé varla ástæðu til að svara þeim slettum hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar um að ég hafi verið fjarverandi þessa umræðu. Ég hef fylgst vel með þessari umræðu og ég vildi gjarnan vita hvers vegna hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er að væna mig um það að hafa ekki fylgst með umræðunni. (**JBH:** Meira að segja ráðherrann hefur lýst því yfir að frv. haldi ekki. Það er vandinn.) Þetta hefur verið merk umræða að mörgu leyti og opnað ágætt svið í þeim efnum og ég fagna því að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson meinti ekki það sem hann sagði um það að hann vildi þjóðnýta íslenska fiskveiðiflotann. Það þykir mér gott að heyra. Það er engin ástæða til þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson með alla sína reynslu og þekkingu væni aðra um þekkingarleysi. Það ber vott um hroka. Ég virði vel reynslu og þekkingu hv. þm. Jón Baldvins í mörgum þáttum sem hann fjallaði um og ég er sammála að því leyti að umræðan snýst fyrst og fremst um að tryggja íslenskt forræði yfir auðlindinni. Ég ítreka aftur að ég var að vona að hv. þm. mundi sleppa því í fyrsta skipti í sögunni að nefna ekki í ræðu sinni auðlindaskatt eða veiðileyfagjald, það hefur venjulega fylgst að. Hann dró í land með að það væri kannski nóg að hafa auðlindaskatt. Það væri ekki skattur á þjóðina, veiðileyfagjald, en mér varð ekki að þeirri ósk minni. Auðvitað er þetta rétt að því leytinu til að þetta er

spurning um að tryggja forræðið og þar eiga menn samleið.

[18:02]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið einkenni á þessari umræðu hingað til að hún hefur verið málefnaleg og það er einmitt kjarni málsins. Við erum sammála um að umræðan snúist um hvernig eigi að tryggja í verki, ekki aðeins í orði, forræðið yfir þessari auðlind. Hv. þm. hefur kannski verið fjarverandi þessa umræðu sl. fimmtudag vegna þess að þá kom fram að framsögumaður málsins, hæstv. viðskrh., lýsti því yfir að það væri rétt að frv. héldi ekki að því er það varðaði að koma í veg fyrir möguleika erlendra fjármagnseigenda gegnum óbeina eignaraðild. Þeir gætu náð forræði yfir auðlindinni. Þegar ég nefndi þetta tvennt að ef svo er þá er aðeins tvennt til ráða ef við erum sammála um kjarna málsins og meinum það. Í fyrsta lagi að þeir sem hafa nýtingarrétt að auðlindinni sem er í eign þjóðarinnar, þeir greiði fyrir það gjald og það er ekki skattlagning á almenning, það er misskilningur, og svo hitt að Íslendingar geti ráðið ráðstöfun aflans, þ.e. tryggt ef þeir svo vilja að ekki verði siglt út með óunninn afla þannig að virðisaukinn verði í erlendum höndum. Það þýðir ekki að það eigi að banna siglingu með afla, það þarf bara að tryggja að við höfum forræði yfir henni. Gjaldtaka fyrir nýtingu að auðlindinni þýðir að við tryggjum þar með forræði yfir auðlindinni og að eigandi auðlindarinnar fái arð af henni ef það er svo að ella geti erlendir aðilar gegnum óbeina eignaraðild tekið þetta hvort tveggja til sín. Ef einhver merking var í ræðu hv. þm. þá var hún sú að við ættum að tryggja þetta forræði, við ættum að fara varlega í því að hleypa útlendingum inn í þessa auðind og hvað réttlætir þá orðaleppana um mykjuhauginn, hvítvoðungsháttinn, þjóðnýtinguna og annað rugl sem hv. þm. skreytti mál sitt með?

[18:04]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gjaldtaka með auðlindaskatti eða veiðileyfagjaldi tryggir ekki forræði yfir auðlindinni. Hún tryggir ekki forræði yfir auðlindinni eða forræðið yfir arðinum. Við höfum tryggingu með forræði yfir auðlindinni með lagabókstafnum og með sköttum og skyldum af þeim rekstri sem um er að ræða. Það er trygging okkar. Hitt er froðusnakk til að hnýta upp í umræðu í málinu og kemur því ekkert við. Við höfum tryggingunna í hendi okkar með lögum landsins, með sköttum og skyldum. Nú er kominn tími til að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson láti af þvergirðingshætti sínum í þessum efnum og ræði auðlindaskattinn og veiðileyfagjaldið í einhverju öðru samhengi, ekki í þessu samhengi.

(**Forseti** (ÓE): Nú tekur forseti við í miðjum klíðum, honum skildist að hv. þm. hefði þegar talað tvisvar. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Þá er andsvörum lokið.)

[18:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja hafði ég ekki hugsað mér að blanda mér í umræðuna en hún hefur tekið þann tíma að það er út af fyrir ekkert á móti því að fleiri þingmenn en þeir sem gjarnan tala um þessi mál komi eitthvað við sögu. Hér hefur verið hreyft mikilvægum grundvallaratriðum sem ég hef satt að segja haft gaman af um ævina að velta dálítið fyrir mér. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir málefnalega umræðu að svo miklu leyti sem ég hef heyrt hana. Mér liggur við að þakka sérstaklega fjórmenningunum í Sjálfstfl. fyrir að þeir skuli hafa gert allt vitlaust út af þessu máli. Annars hefði málið ekki vakið svona mikla athygli ef þeir hefðu ekki tekið sig til. Þó að ég sé reyndar lóðrétt ósammála öllu því sem þeir segja hefur það verið gagnlegt að því leytinu til að þetta hrærir upp í málinu og þeir eiga þakkir skildar fyrir það.

Hæstv. forseti. Til að byrja með vil ég víkja að nokkrum almennum atriðum varðandi málið og málsmeðferðina. Meðferð málsins er nokkuð sérkennileg með hliðsjón af því að einn af flutningsmönnum þingmannafrv., fjórmenningafrv., er jafnframt formaður efh.- og viðskn. Alþingis. Hann er væntanlega með óbeinum hætti flutningsmaður stjfrv. líka, samanber yfirlýsingu hæstv. forsrh. fyrir fáeinum dögum. Það er því satt best að segja afar sérkennileg staða sem hann kemur sér í og ég er ekki viss um að það sé gott fyrir þingræðið að menn komist upp með það að leika tveimur skjöldum með þessum hætti og ætla ég þá ekki að fara nánar yfir það mál af því að hv. þm. er fjarverandi og hefur þrátt fyrir óskir um það ekki tekið þátt í umræðunni að undanförnu, a.m.k. ekki verið við umræðuna í dag. Ég er ekki viss að það sé heppilegt fyrir þingræðið að menn geti leikið sér með þessum hætti. Ég held að menn eigi að taka sitt hlutverk sem stjórnarþingmenn, ef þeir eru það, dálítið alvarlega en auðvitað geta menn lent í ágreiningi við ríkisstjórn sína. Þá kemur það náttúrlega fram en þá eiga menn að láta brotna með tilteknum hætti og ákveðnum yfirlýsingum. Mér sýnist augljóst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hlýtur að nýta sér það ákvæði þingskapa að nefndir eiga að kjósa sér talsmann við meðferð mála. Það er ekki hægt að ganga út frá því að formenn séu alltaf talsmenn nefnda eða meiri hluta nefnda heldur hlýtur að verða látið á það reyna í efh.- og viðskn. Ég bendi a.m.k. á þann möguleika að hv. þm., formaður nefndarinnar, hlýtur að velta því fyrir sér að kallaður verði inn í málið annar talsmaður eins og er reyndar oft gert þegar við stjórnarandstæðingar höfum gegnt formennsku í nefndum, þá hefur það verið þannig að stjórnarliðar hafa kosið úr hópi sínum einhvern aðaltalsmann viðkomandi máls.

Hæstv. forseti. Í annan stað er mjög athyglisvert varðandi meðferð málsins að flutningsflokkur málsins sést yfirleitt ekki í salnum, þ.e. flutningsflokkur stjfrv., Framsfl. Út af fyrir sig get ég ekki sagt að ég sakni hans ákaflega en það er nokkuð athyglisvert að flokkur hæstv. viðskrh. er hvergi á vettvangi og hefur ekki sést með fulltrúa í salnum í marga klukkutíma í dag síðan hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kvaddi sér hljóðs fyrr á fundinum. Það er nokkuð merkilegt og segir dálítið um ákveðið pólitískt munaðarleysi þessa máls. Það er dálítið sérkennilegt þegar þeir sem ættu að bera ábyrgð á því hrökkva frá eins og þessir ágætu fjórmenningar sem ég var að hæla. Það er athyglisvert að flutningsflokkurinn er víðs fjarri og þeir sem hafa helst verið að tala fyrir þessu máli að því er mér hefur best heyrst eru t.d. þingmenn Alþb. og einn og einn þingmaður Sjálfstfl. en að öðru leyti virðist málið vera dálítið munaðarlaust.

Það er líka dálítið sérkennilegt, hæstv. forseti, sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í dag. Ég hygg að það hafi verið hann sem sagði það. Málið er ekki endilega lagt fram til afgreiðslu heldur til að vekja umræðu. Að mínu mati er engin hemja að þingmaður taki sig af svo lítilli alvöru. Frv. er frv. og Alþingi getur samþykkt það eftir að það hefur verið flutt. Það er því ekki við hæfi að þingmenn leggi fram frv. til þess að knýja fram umræðuæfingar í þessari stofnun enda sagði hv. þm. reyndar meira sem ég veit ekki hvort þingmenn hafa

tekið eftir. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði: Margt getur breyst í þingnefndum. Hann var bersýnilega að búa menn undir að hann hefur ekki sagt sitt síðasta orð í þessu máli með því að skrifa upp á frv. enda er hann í viðkomandi þingnefnd ef ég man rétt. Hann getur þess vegna fylgt efni frv. fram í viðkomandi þingnefnd og hlýtur að gera það og boðaði það. Hann sagði því: Við fjórmenningarnir, við erum sko ekkert hættir. Við ætlum að halda baráttu okkar áfram innan Sjálfstfl. eða þingnefndarinnar eftir atvikum. Það var nokkuð fróðleg yfirlýsing fyrir samstjórnarflokkinn sem er Framsfl. sem lætur ekki sjá sig í dag, þ.e. að fjórmenningarnir virðast vera þeirrar skoðunar að það sé rétt hjá þeim að halda áfram að knýja á um breytingar á stjfrv. í samræmi við það frv. sem þeir flytja. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gagnrýna þá fjórmenninga fyrir það. Það er auðvitað réttur þeirra. Mér liggur við að segja að það sé siðferðileg skylda þeirra úr því þeir fóru að flytja þetta frv.

Aðeins í sambandi við málið almennt verð ég að segja það að mér finnst athyglisvert hvernig menn taka til orða. Menn tala um að tryggja forræði Íslendinga og það er út af fyrir sig mjög göfugt markmið að tryggja forræði Íslendinga í þessum efnum að því er varðar eignarhald á veiðitækjunum, auðlindinni, vinnslunni og reyna að tryggja okkar forræði eins og mögulegt er. En spurningin er um það hvort það stenst að menn geti tryggt þetta nákvæmlega með þeim hætti sem menn eru að tala um að gera hlutina. Ég held að málið sé miklu flóknara en þetta og að í talinu um að tryggja forræði okkar í þessu efni sé fólgið ákveðið skilningsleysi á kapítalismanum og peningavaldinu í þjóðfélaginu. Veruleikinn er auðvitað sá að peningarnir hafa að því er þetta varðar sömu eiginleika og vatnið. Þeir leita að vatnshalla og koma sér í þær smugur sem eru til hvernig svo sem þær verða til. Mér finnst að menn þurfi að horfast í augu við þennan praktíska veruleika. Og löggjöfin, sem við kunnum að setja, er í besta falli það að leitast við af fremsta megni að tryggja eins og kostur er forræði Íslendinga t.d. í þessu máli. Það vil ég gera. Ég vil það. Ég tel að það sé affærasælast fyrir okkur að reyna eins og við lifandi getum, með eins raunsæjum hætti og mögulegt er að tryggja forræði Íslendinga af því að fyrst og fremst þýðir það að arðurinn er þá hjá okkur hér sem aftur þýðir að við getum væntanlega búið aðeins betur um kjör þess fólks sem býr í landinu. Þess vegna hlýtur það að vera inngangspunktur hjá okkur að reyna að tryggja að yfirráð auðlindarinnar séu í okkar höndum eins og mögulegt er. Ég held að menn eigi ekki að komast upp með neinn barnaskap í þessum efnum. Ef erlent kapítal fyndi á annað borð upp á því *að vilja koma hingað í einhverjum mæli nú* þá leitar það leiða til þess. Hins vegar held ég að það sé skynsamlegt í þessu máli að vera varkár, fara gætilega. Ég tel að ríkisstjórnin hafi hitt þarna á heppilega leið miðað við allar aðstæður. Ég get t.d. gert uppsetningu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að minni. Ég hef velt þessu máli lengi fyrir mér, ég veit ekki hvert hið endanlega 100% rétta svar er því að ég hef ekki tekið trú í þessu máli á neitt einfalt lausnarkerfi, ekki heldur veiðileyfagjald en ég segi alveg eins og er: Ég vil fara varlega. Ég held að eftir atvikum sé þessi stjórnarleið sæmileg en ég get alveg trúað því að hæstv. viðskrh. hafi sagt þetta sem er haft eftir honum án þess að ég hafi heyrt það en mér finnst athyglisvert ef hann hefur flutt frv. með þeim rökstuðningi sem hér kemur fram sem er mjög merkilegt (Gripið fram í.) Hann veit það af því að hann er viðskrh. og hefur verið að læra ýmislegt í vaxtamálum í seinni tíð eins og alþjóð hefur komist að. Sverrir Hermannsson bankastjóri hefur verið að kenna honum og fleiri.

Þá kemur spurningin um það, herra forseti, hvernig eigi að tryggja þennan rétt Íslendinga. Og hvað er það sem við erum að tryggja? Það má segja að þetta mál sé í þrennu lagi. Eitt er auðlindin, þ.e. landhelgin sjálf. Annað er aðgangurinn að auðlindinni, þ.e. veiðileyfin og það þriðja er svo vinnslan á þessu, það að gera þetta að miklum verðmætum.

Það mætti auðvitað tala um þetta áfram og jafnvel tala um markaðsfærsluna líka en ég staldra við þetta þrennt. Ég held að það sé nokkuð ljóst í okkar hópi að við viljum halda yfirráðum yfir landhelginni. Það er varla neinn ágreiningur um það að við viljum halda okkar yfirráðum yfir landhelginni, yfir fiskimiðunum, svæðinu þar sem þessi auðlind er. Hins vegar hafa menn verið þeirrar skoðunar að það sé mjög erfitt að koma í veg fyrir að einhverjir útlendingar geti teygt áhrif sín inn í fiskveiðarnar sjálfar. Ég held að um það megi margt segja, en ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eitt að selja veiðileyfi tryggi ekki rétt okkar frekar en eitthvað annað. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Árna Johnsen að ég sé ekki að það að selja veiðileyfi um nýtingarréttinn leysi þetta eignarhaldsspursmál sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur talað um af mikilli alvöru. Ég met hann mikils fyrir það, hann hefur af alvöru leitað lausna á þessu máli. En ég fæ ekki séð að veiðileyfagjald eitt og sér leysi þennan vanda. Ég tek það fram að ég er ekki í neinu bindindi gagnvart veiðileyfagjaldi í sjálfu sér. Ég tel að það gæti vel komið til greina að leggja á eitthvert veiðileyfagjald við einhverjar aðstæður, en það er þá bara skattlagning og þá skattleggja menn þetta eins og hvað annað. Það er skoðunarvert. Ríkissjóður er á hausnum og það er auðvitað eðlilegt að gömlum fjármálaráðherrum detti eitt og annað í hug í þessum efnum, ég skil það svo sem vel.

Ég sé ekki að þessi uppsenting hv. þm. leysi eignarréttarvandann. Ég vil segja alveg fullum fetum úr þessum ræðustól að þjóðin á þessa auðlind og enginn annar hefur fengið hana að eign. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti að halda öðru fram úr þessum ræðustól en því að þjóðin eigi auðlindina og það skiptir mjög miklu máli að menn haldi því fram með *eindregnum hætti*.

Nú er það hins vegar svo að það hafa lengi verið uppi kenningar um að það sé eðlilegur hlutur að þeir sem eiga næsta aðgang að auðlind borgi rentu af henni. Þetta heitir jarðrentukenningin og er kallaður georgismi. Það er satt að segja við hæfi að geta þess sérstaklega hér úr þessum stól árið 1996 vegna þess að nú eru tæp 100 ár síðan höfundur georgismans, jarðrentukenningarinnar, lést. (**Gripið fram í:** Blessuð sé minning hans.) Já, blessuð sé minning hans. Hann átti raunar fáa stuðningsmenn á Íslandi, en þar var fremstur Þórólfur í Baldursheimi sem gaf út tímaritið Rétt sem seinna lenti í höndum enn betri manna eins og menn þekkja. Síðan voru ýmsir menn sem töldu að þetta væri skynsamleg kenning og það var stofnaður heill stjórnmálaflokkur um málið í Danmörku 1917. Hann hét eða heitir kannski enn, ég held að hann sé svo að segja dauður, Retsforbundet, afskaplega merkilegur flokkur. Þeir höfðu heilmikið til síns máls, en þeir héldu því fram að eðlilegt væri að þeir sem eiga hið næsta aðgang að auðlind eða jörð greiði kostnað af því með einhverjum hætti. En þá er það sjálfstætt ákvörðunarefni og breytir engu að mínu mati um þetta mál sem hér er uppi, þ.e. varðandi aðganginn að hinum íslensku fiskimiðum. Það er annað mál, sjálfstætt mál og má vel skoða að mínu mati,

en þá er það sérstakt umræðuefni sem yrði tekið fyrir. Ég er alveg sammála hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni um það að mér finnst koma til greina að skoða þessi mál í samhengi, þ.e. auðlindir hafsins, orkulindirnar og allt það og hafa þá í huga að eignarhaldið á fyrirtækjunum sem nálgast þetta er mismunandi, ríkið eða sveitarfélögin eiga yfirleitt orkufyrirtækin en einkaaðilar eiga hin fyrirtækin og það eru engar tillögur um að þjóðnýta þau, hvorki frá mér né öðrum.

Ég legg sem sagt á það mikla áherslu í þessu máli að því er varðar eignarhlut útlendinga í atvinnurekstrinum að við förum varlega. Á því sviði er ég íhaldsmaður, ef menn vilja hafa það þannig. Ég tel að okkur sé skylt að halda utan um það sem er dýrmætast fyrir þessa þjóð og í raun og veru merkilegasta auðlind Íslendinga, þ.e. sjálfstæðið. Það er dálítið skrýtið að þeir sem tala hæst um þá auðlind sem felst í sjálfstæði einstaklingsins skuli stundum eiga svona erfitt með að skilja þá auðlind sem felst í sjálfstæði þjóða sem er nákvæmlega jafndýrmæt í samfélagi þjóðanna og uppréttur einstaklingur í samfélaginu sjálfu. Það er merkilegt að þeir sem tala oft fyrir sjálfstæði einstaklingsins, eða gerðu það a.m.k. áður, menn eru víst löngu hættir því, skuli ekki gera sér grein fyrir því grundvallaratriði að sjálfstæðið er auðlind, það er drifkraftur, það gefur okkur auknar tekjur umfram það sem ella væri, bara af því að við erum sjálfstæð og stöndum í lappirnar eins og fólk.

Ég tel sem sagt að þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar sé að mörgu leyti það sem kallað er viðurkenning á veruleika, en ég vil ekki segja að prósenturnar séu nein endanleg speki, þær mega kannski vera einhverjar aðrar. Ég er sammála hv. 3. þm. Suðurl. um það að þær megi ekki vera hærri, en þær mættu kannski vera ögn lægri, það væri svo til athugunar og samkomulags fyrir þá sem vilja skoða það.

Ein aðalröksemd hv. talsmanna þessa máls er að það verði eiginlega að opna fyrir eignaraðild útlendinga af því að annars verði menn svo háðir lánardrottnunum. Þetta finnst mér alveg gersamlega óskiljanleg lógík. Víst má segja að menn verði háðir lánardrottnunum, en er það ekki veruleikinn þar sem títt er að menn taki lán og skuldi? Ég tók eftir því að einhver hv. þingmanna, ég held að það hafi verið Jón Baldvin Hannibalsson, sagði að menn yrðu háðir erlendum lánardrottnum sem lánuðu til rekstrar sjávarútvegsfyrirtækja. Það er nokkuð til í því. En hver er ekki háður þeim aðila sem hann tekur lán hjá? Þýðir það að menn eigi þar með að hætta að vera til og gefa upp sinn eigin eignarrétt? Það eru engin rök í málinu að mínu mati. Auðvitað geta það verið rök í málinu að það sé erfitt að halda þannig á málum að menn séu komnir með skuldir og það sé erfitt að halda utan um það þegar lánardrottnarnir leita réttar síns til þess ýtrasta. En það eru engin rök til þess að hætta að vera til og leggja sjálfan sig niður og hætta að eiga það fyrirtæki sem maður á. Mér finnst að nokkru leyti að menn séu í þessu efni að tala út frá því að allir lánardrottnar séu eins og þessir bankafantar, með leyfi forseta, sem tíðkað hafa ákveðin vinnubrögð á undanförnum árum á Íslandi, þar sem gengið er að fyrirtækjunum af ótrúlegum fantaskap. Það er aldrei spurt hvort fyrirtækin geti borgað, heldur er spurt hvort ábyrgðarmaður eða ábyrgðarfyrirtæki geti borgað. Menn miða hér við bankalandslag sem er vonandi að hverfa vegna þess að almennilegir lánardrottnar hafa hag af því að fyrirtækin standi sig. Þegar lánað er til fyrirtækja semja menn um að fyrirtækin skili tilteknum arði eftir tilteknum reglum.

Tökum sem dæmi, af því að Landsvirkjun var nefnd hér, lán Alþjóðabankans til Landsvirkjunar fyrir allmörgum árum. Þar var gerð krafa um ákveðna arðsemi og bankinn hafði hag af því að Landsvirkjun stæði sig, væri almennilegt fyrirtæki og skilaði arði. Eins er það með önnur fyrirtæki. Ég tek því ekki svona röksemd gilda. Hún er gervirröksemd. Hún stenst ekki vegna þess að hún er í raun röksemd fyrir því að menn hætti að vera til um leið og þeir taka lán. Það væri ljótt ef við Íslendingar gerðum þetta að okkar kenningu miðað við þær ofboðslegu skuldir sem við erum með og þá sérstaklega íslenska ríkið.

Síðan er spurningin kannski sú hvort íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sem eru með einhverja burði séu í miklum vandræðum með að fjármagna sig. Er það þannig? Við höfum tekið eftir því að sum af þessum fyrirtækjum hafa farið út á hinn almenna hlutabréfamarkað með sína hluti. Mér liggur við að segja að það hafi verið biðröð eftir því að kaupa hluti í þessum fyrirtækjum, þeim þeirra sem eru sæmilega vel rekin. Auðvitað er alltaf hægt að finna fyrirtæki þar sem þessir erfiðleikar eru, en lausnin er þá ekki endilega sú að kalla inn útlendinga. Þeir hafa engan áhuga á því að koma inn í illa rekin fyrirtæki sem eru hálfpartinn eða alveg á hausnum. Það leysir engan vanda og þess vegna er þetta líka rökleysa að mínu mati. Þetta er ekki röksemd. Þetta heldur ekki sem röksemd. Það er langt frá því að þessi íslensku fyrirtæki hafi verið á hnjánum eftir lánsfjármagni. Þau hafa getað selt sína hluti með myndarlegum hætti.

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að halda hér einhverja meiri háttar ræðu. Ég gerði smátilraun til þess að leiðbeina mönnum um eðli kapítalismans. Má segja að þar komi vel á vondan. En ég hef verið að reyna að fara yfir röksemdir manna hér sem ég get ekki tekið gildar. Ég vil því ítreka að ég held að það sé skynsamlegt að við reynum að fara eins varlega og við getum í þessu efni vegna þess að sjálfstæðið er auðlind. Það er aðalatriðið.

[18:28]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að við fjórmenningar í Sjálfstfl. hefðum ekki endilega flutt frv. okkar til þess að það fengi afgreiðslu, það væri bara lagt fram til umræðu. Ég vil mótmæla þessari röksemdafærslu hv. þm. og tel að við höfum með fullum rökum lýst því hvernig við teljum að bein fjárfesting gagnist íslenskum sjávarútvegi betur en óbein fjárfesting. Ég vil bara benda á eitt af þeim dæmum sem hafa komið hér fram. Stór matvælahringur í Evrópu, eins og t.d. Unilever, getur keypt upp fiskmarkaði á Íslandi 100%. Hann má síðan kaupa 49% í íslensku matvælafyrirtæki sem gæti keypt 100% í stóru fyrirtæki eins og Granda. Þetta heimilar þeim ekki bara óbeina fjárfestingu upp á 49%, heldur torveldar þetta mjög alla ákvarðanatöku í fyrirtækinu sem í sjálfu sér getur komið öllum þeirra markaðshugmyndum og framtíðarmöguleikum í miklu erfiðari farveg heldur en ella væri, ef erlendi aðilinn væri t.d. með 49% beina eignaraðild í viðkomandi fyrirtæki.

Ég er aftur á móti alveg sammála öllu því sem sagt er um að fara varlega og í hugsanlegum tilfellum sem þessum þar sem erlendir aðilar í sömu grein hafa virkilegan áhuga á fjárfestingu í sjávarútvegi á Íslandi ætti að setja inn í lögin ákvæði sem heimila viðskrh. að grípa inn í slík mál ef þau kæmu upp og menn sjá fyrir sér óheppilega mikla fjárfestingu. Þess vegna held ég að í allri þessari umræðu höfum við getað sýnt fram á að við erum ekki með neina sýndarmennsku heldur erum við að leggja fram mál í fullri

alvöru. Við gerum okkur aftur á móti fyllilega grein fyrir því að það eru ekki endilega miklar líkur á því að lagafrv. okkar verði samþykkt en eigi að síður munum við hafa þessa skoðun á málinu þó að við getum stutt stjfrv.

[18:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst kominn tími til að menn útmáli úr þessum ræðustól þá ógn sem þjóðinni stafar af Unilever og er nú langur tími liðinn síðan menn hafa dregið upp þann auðhring til þess að sýna fram á það hvað er erfitt fyrir Íslendinga að lifa af í þessum sviptingaheimi kapítalismans.

Mér finnst líka ástæða til að þakka hv. þm. fyrir hreinskilnina vegna þess að hann sagði: Þetta mál er ekki bara lagt fram til umræðu. Þetta mál er flutt af fullri alvöru. Það þýðir auðvitað eins og ég sagði áðan að hv. þingmenn Sjálfstfl., sem flytja málið, munu auðvitað hljóta að beita sér fyrir því að stjfrv. verði breytt í efh.- og viðskn. Þar sitja reyndar tveir flutningsmenn frv. þannig að mér sýnist einboðið að þessi umræðuþáttur sem hefur staðið í nokkra daga sé ekki nærri búinn.

[18:32]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að umræðunni er náttúrlega ekki alveg lokið og hún verður örugglega uppi á borðinu í hv. Alþingi svo lengi sem Ísland verður sjálfstæð þjóð sem ég vona að verði um aldur og ævi. Það er engin spurning að þetta verður áfram til umræðu og ég geri ekki ráð fyrir því að menn kæri sig um að hafa svona mál í einhverju þagnargildi. Umræðan hlýtur að þróast með sjávarútveginum sjálfum og í þinginu.

Varðandi það að ekki sé röksemd að fá erlent fjármagn inn í sjávarútveginn af því að það sé nóg til af fjármagni í landinu þá held að það sé í sjálfu sér hægt að segja að nóg fjármagn sé í landinu. Það sem menn voru að meina með því að fá erlent fjármagn inn í íslenskan sjávarútveg var að við værum að ná í aðra reynslu, við værum kannski að ná í markaðssetningu og með erlendum aðilum að komast nær þeim markaði sem við erum að vinna á. Við erum að fá upp önnur sjónarmið, aðra þætti sem við þurfum nauðsynlega og við höfum einnig bent á að þjóðir eins og Danir virðast hafa getað náð meiri virðisauka í botnfiskvinnslu sinni og greitt hærri laun en á þeim sviðum þurfum við að gera betur.

[18:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það síðastnefnda hjá hv. þm. Ég held að við eigum að þróa inn í iðnað okkar á þessu sviði eins og mögulegt er þá þekkingu, verkmenntun og tæknigetu sem til er annars staðar. Við eigum auðvitað líka að reyna að breyta þekkingu okkar, verkmenntun og tæknigetu í verðmæta afurð sem við seljum annars staðar. Ég er alveg sammála hv. þm. um það í sjálfu sér enda hefur deilan ekkert snúist um það.

Ég sagði hins vegar ekki að það væri til nóg af fjármagni á Íslandi. Það voru ekki mín orð heldur sagði ég að þau sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa viljað selja hluti hafi ekki þurft að bíða lengi eftir tilboðum, þ.e. sæmileg fyrirtæki. Það hefur gengið mjög vel að selja hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og það er umhugsunarefni þegar þessi hlutabréfamarkaður fer loksins að þróast á Íslandi þegar sjávarútvegurinn kemur inn í hann. Þá er þetta að verða alvöruviðfagnsefni og ég er alveg viss um að við hv. þm. erum alveg sammála um það.

[18:35]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fjármagnið er eins og vatnið, sagði hv. þm., og leitar leiða hins minnsta viðnáms og vitnaði í Henry George og Retsforbundet. En ræðan snerist síðan um það að hann setti allt sitt traust á hina formlegu lagasetningu.

Nú er það svo að hér er flutt frv. sem á að tryggja markmiðið, forræði yfir auðlind en flutningsmaðurinn, ríkisstjórnin að baki, lýsir því yfir að ekkert hald sé í þessu frv. Hér voru lög sem bönnuðu erlenda fjárfestingu hvort heldur væri í veiðum eða vinnslu en við vitum af mörgum dæmum að það þarf verulegt fjármagn, að vísu lánsfjármagn, sem er með þeim hætti að menn lána fé til innlendra fyrirtækja til þess að kaupa kvóta, til þess að tryggja sér hráefni og hafa þar með fengið ráðstöfunarrétt á afurð auðlindarinnar.

Það eru lög í landinu um það að þjóðin eigi auðlindina. Ríkisvaldið tekur síðan að sér að takmarka aðgang að þessari auðlind, skammtar sumum en synjar öðrum og veiðileyfin, sem verða þannig að fémætum eignum, ganga kaupum og sölum, þær eru leigðar, veðsettar, erfðar og það er einmitt vegna þessa skömmtunarhlutverks ríkisvaldsins sem þær eru verðmæti.

Ef það er nú svo, af því að kapítalið leitar leiða hins minnsta viðnáms, að erlendir aðilar geta með óbeinni eignaraðild náð forræði og stjórnun á fyrirtækjum sem veitir þeim aðgang að auðlindinni, forræði yfir veiðiheimildum jafnvel *innan ramma laga, að þau geti flutt óunninn fisk úr landi* og tekið arðinn annars staðar, þ.e. í erlendri lögsögu, hvar er þá viðnámið? Hvar er þá vörn þjóðríkisins og laganna? Seinasta vörnin er sú að segja: Til þess að tryggja eigandann yfir auðlindinni — og nú er það alveg sama hvort það er sjávarútvegsauðlindin eða orkulindirnar — lágmarksarð að þessari auðlind, þá er tekið gjald fyrir veiðileyfin eða fyrir virkjunarréttinn vegna þess að lögin sem kveða á um það hvernig fyrirtækin eru samsett halda ekki, vegna þess að formið heldur ekki fyrir kapítalismanum. Það leitar leiða hins minnsta viðnáms og fer sínu fram.

[18:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í fyrsta lagi rangt að ég setji allt mitt traust á formlega lagasetningu, það er ekki sanngjörn túlkun á mínu máli. Ég viðurkenni að í þessu máli tel ég að það skipti miklu að til séu lagareglur. Ég reyndi að skýra það í máli mínu áðan að ég tel ekki 100% tryggt að þær þurfi að halda í þessu tilviki út af þessu sérstaka eðli fjármagnsins sem hv. þm. kann að orða miklu betur en ég.

Ég held að nauðsynlegt sé í þessu sambandi að hafa líka í huga aðra umgjörð gagnvart fyrirtækjum eins og hina íslensku almennu skattalöggjöf, reglur um það hvernig fyrirtæki koma fram við fólk, hvaða reglum fyrirtæki verða að hlíta að því er varðar starfsfólkið á hverjum tíma, bæði kjör þess, kaup og annað þess háttar. Með margvíslegu kerfi velferðarþjóðfélagsins hljótum við ævinlega að takmarka rétt og möguleika fjármagnsins til þess að ganga á réttindi fólksins sem er aðalatriði í þessu samhengi.

Hitt er svo það að veiðileyfi gangi kaupum og sölum og lausnin sé fólgin í því að leggja skatt á kaupin og sölurnar. Ég held að málið snúi ekki þannig. Ég hef ekki séð að gjaldið sem slíkt breyti réttarstöðu, mér liggur við að segja þjóðarinnar, í þessu dæmi. Ég tel að þjóðin eigi auðlindina

og það sé hafið yfir allan vafa. Ef menn vilja hins vegar taka ákvörðun um að skattleggja þá sem sækja fiskinn út á miðin er það sjálfsögð ákvörðun. Ég skal út af fyrir sig taka þátt í því ef erfiðleikar eru uppi hjá ríkissjóði og ef þeir sem sækja í auðlindina eru sæmilega loðnir um lófana og geta borgað einhverja skatta.

[18:40]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skömmtun ríkisvaldsins, ókeypis úthlutun til sumra en synjun til annarra sem gerir þennan aðgang að auðlindinni að verðmætum. Út af fyrir sig er það bara afleiðing annars vegar þessarar pólitísku ákvörðunar um takmarkaðan aðgang og hins vegar framsalsréttur. Þetta eru því eftirsóknarverð verðmæti sem menn greiða fyrir umtalsverða fjármuni, marga milljarða kr. Við erum einfaldlega að tala um óbreytt kerfi, aflamarkskerfi með framsalsrétti. Kostir þess eru framsalið vegna þess að ella væri engin hagræðing í því kerfi. Eftir stendur að menn greiða þarna milljarða kr. en þeir greiða ekkert af því til eigandans. Það að krefjast veiðileyfagjalds þarf ekkert að hækka gjaldið sem menn greiða hver öðrum. Það ræðst af markaðnum.

Ef ég sný þessu dæmi upp á hina auðlindina, þ.e. fallvötnin og jarðvarmann, þar sem svo háttar til að nú er ekki einu sinni lagavörn að forminu til vegna þess að erlendir aðilar geta keypt auðlindirnar sjálfar. Þeir gætu þess vegna keypt vatnsréttindi, virkjunarréttindi, jarðvarmaréttindi og sú breyting var á um síðustu áramót. Ég spyr hvort manni, sem verið hefur formaður í flokki sem heitir Alþb. og kenndi sig einu sinni við þjóðfrelsi, sósíalisma og verkalýðshreyfingu, sé það ekkert áhyggjuefni? Telur hann að það sé ekki sjálfsagður hlutur og reyndar skylduverk stjórnvalda að koma fram með löggjöf, og hefði átt að vera búið að því, sem tryggði sameign þjóðarinnar á þessum virkjunarréttindum? Því að hvernig ætti þjóðin ella að fá arð? Nú þýðir ekki að snúa út úr þessu: Ja, fyrirtækið borgar skatta og skyldur. Það gerði það samkvæmt almennum reglum. Við erum ekki að tala um það. Við erum að tala um skammtaðan aðgang að takmörkuðum auðlindum og hafi hv. þm. einhvern tíma kynnt sér georgisma og lýst aðdáun sinni á Retsforbundet, þá eru þetta efnisrök sem eru í fullu gildi og við erum núna þar staddir að ef menn eru sammála um að tryggja þetta forræði þá eru ekki önnur úrræði til þess.

[18:42]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi orkuna situr ekki á hv. þm. að núa okkur alþýðubandalagsmönnum því um nasir að við höfum ekki staðið vaktina í því efni. Við höfum flutt frumvörp í 11 ár á hverju einasta þingi. (Gripið fram í.) Það gerðist ekki mikið í síðustu ríkisstjórn í þessu máli. Við höfum flutt á hverju einasta þingi frv. um eignarrétt þjóðarinnar á orkulindunum og það hefur tekist af tiltölulega mjög litlum hópi þingmanna með mjög sterka stöðu í Framsfl. og Sjálfstfl. að stoppa það að eignarhald þjóðarinnar á orkulindunum verði staðfest. Það er stóralvarlegur hlutur þar sem þeim þingmönnum hefur tekist að spilla fyrir í þessum efnum þó að því sé nú lýst yfir af þessari ríkisstjórn eins og reyndar síðustu líka að það væri alveg að koma frv. en það er ekki komið enn þá. Hvenær kemur það? Ég veit það ekki. (**Gripið fram í:** Frv. kom fram í dag.) Frv. okkar eru löngu komin fram, þau komu fram í haust, þau komu fram í október eins og er venja, við höfum flutt þau í október sl. 11 ár, en það hefur ekki vakið mikla lukku sums staðar.

Varðandi sjávarútvegsauðlindina. Bankastjóri var einu sinni í Seðlabankanum og þegar hann var spurður að því hvaðan peningarnir væru sem seðlabankahúsið er byggt fyrir þá sagði hann þetta: Verður til í bankanum sjálfum. Þá sagði ég að mér þætti gaman að vita hvernig þessi sjálfsgetnaður peninganna, sem bankastjórinn væri að lýsa, gengi fyrir sig, hvernig þau kvikindi æxluðust. En auðvitað mundi skattur eða veiðileyfagjald einhvers staðar koma niður. Hann verður ekki til þess að allt verði óbreytt. Auðvitað eru hlutirnir ekki þannig. Auðvitað mundi það breyta skiptunum í þjóðfélaginu gagnvart veiðum og vinnslu og gagnvart sjávarútvegi og eyðslunni að öðru leyti í þjóðfélaginu þannig að þessir hlutir eru ekki svona einfaldir. Tími minn er því miður búinn og ég vil segja að lokum: Ég er tilbúinn að ræða þetta mál, ég segi það alveg eins og er, en ég get ekki fest trú á svona fyrirkomulag. Það gengur ekki.

[18:44]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hef fylgst með þessum umræðum eins og ég hef getað og fundist umræðan fara töluvert á ská við efnið en það er mikil tilhneiging í þingsölunum, hvaða mál sem koma upp, að koma alltaf að þessari veiðileyfagjaldshugmynd. Að vísu var hún ekki rædd þegar frv. um prestaköll kom, en ég held við flestöll önnur tilefni. (**SvG:** Hvað áttu við?) Ég lít þannig á að þetta frv. ríkisstjórnarinnar sé tiltölulega skýrt. Hugsunin þar á bak við er sú að takmarka á einu sviði aðild útlendinga að fiskvinnslu og útgerð. Að öðru leyti er verið að opna þetta og hafa þetta alveg frjálst samanber þá samninga sem við höfum gert.

Menn hafa eytt hér töluverðum tíma í að sýna færni sína í prósentureikningi en ég lít þannig á að það skipti ekki höfuðmáli hvaða prósentu menn fá út úr óbeinni aðild. Ég efa ekki að hv. þm. Ágúst Einarsson hafi reiknað rétt þegar hann komst upp í 62%. Það er að vísu hærri tala en við töldum að frv. fæli í sér þegar það var kynnt en ég fæ ekki séð þó þessar tölur hans séu réttar að það breyti miklu, alla vega ekki mínu viðhorfi, vegna þess að ég er honum sammála um að óbeina aðildin skiptir ekki höfuðmáli. Hún mætti mín vegna vera lægri en ég held að við eigum að takmarka þetta. Ég er þeirrar skoðunar að þó að það sé kannski tæknilega erfitt að fylgja því eftir — ég tek undir að það getur verið erfitt að fylgja því eftir — þá er það ekki óyfirstíganlegt. Það vefst ekki fyrir þeim mönnum sem ætla að fylgja því frv. sem komið er frá sjútvrh. um eftirlit með auðlindinni. Ef þeir treysta sér til að fylgja því frv. og þeim reglum sem þar eru settar upp þá ætti þeim ekki að verða skotaskuld að fylgjast með þessu svona öðru hvoru enda ekki meginmál hvort við kannski förum eitthvað aðeins yfir strikið tímabundið. Ég lít sem sagt þannig á að frv. ríkisstjórnarinnar sé raunsæisfrv. Það er verið að aðlaga þetta aðstæðum.

Við höfum vitað það um margra ára skeið að sumir fjárfestar hér á Íslandi eru með dálítilli útlendri aðild, ekki mikilli. Þeir hafa verið að fjárfesta og það hefur komið sjávarútveginum vel. En við höfum látið það viðgangast og enginn hefur haft af því stórar áhyggjur. Þetta frv. er til að tryggja það að þær fjárfestingar séu núna fullkomlega löglegar og það er vel. Ég sagði í fyrri ræðu minni, herra forseti, að í mínum huga mætti skipta sjávarútveginum í tvennt: Annars vegar í útgerð sem á aflaheimildir og hefur aðgang að auðlindinni og hins vegar í fiskvinnslu sem hefur engan aðgang að auðlindinni og engan rétt þar á. Í mínum huga er fiskvinnslan ekki þátttakandi í útgerð. Hún er að keppa

á frjálsum markaði í frjálsri verðmyndun og hún er miklu nær því að vera undir almennum iðnaði að mínu viti. Ég gæti alveg fallist á það eins og ég sagði þá, herra forseti, að þar væri engin takmörkun á neinni fjárfestingu. Ég veit hins vegar að þessi tvö frv. sem fylgja með, bæði frá Þjóðvaka og frá flokksbræðrum mínum, ganga alveg öfugt við stefnu stjórnarinnar. Stefna stjórnarinnar er skýr. Hér er frv. um enga beina aðild að útgerðinni en þeir vilja beina aðild og ég er mótfallin þeim frv. báðum. Ég tel að þarna sé víglína sem við getum og eigum að verja.

Við höfum farið út í það eins og aðrar þjóðir að eiga mikil opin viðskipti og við erum hluti af Evrópu og Vesturheimi. Við erum með allt opið og það stefnir að því að fjármagnsmarkaðurinn verði frjáls. Hann er að verða það bráðum og það er vel. En þetta er víglína sem við getum varið og eigum að verja. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, herra forseti, lít ég þannig á að þetta sé eina auðlindin og við höfum ástæður til þess að verja hana vegna ýmissa hluta.

Í fyrsta lagi. Ég lít þannig á og tel mig geta rökstutt það að íslensk atvinnufyrirtæki eru mjög veik, alveg sama við hvað við berum saman. Það er miklu minna kapítal í íslenskum fyrirtækjum en hjá samkeppnisaðilum þeirra erlendis. Sökin er fyrst og fremst okkar Íslendinga vegna þess að það hefur gerst æ ofan í æ í Íslandssögunni á síðustu áratugum að menn hafa gleymt því boðorði Rómverjans að hinn góði hirðir rýir sauði sína en flær þá ekki. Hörmungarsaga íslenskra efnahagsmála er að í hvert sinn sem við höfum farið út af í þeim, hefur það fyrst og fremst komið niður á útflutningsframleiðslunni. Það hefur komið niður á útgerðinni og skilið hana eftir í sárum. Það hefur virkað á nýgræðinginn í iðnaðinum eins og frostnóttin á vorin virkar á gróðurinn. Það hefur drepið hann æ ofan í æ. Þetta eru slysasögur íslenskra efnahagsmála. Þess vegna eru íslensk sjávarútvegsfyrirtæki of veik. Þau eru of veik og það er ástæða til þess fyrir Íslendinga í framtíðinni að tryggja að útgerðin sé í þeirra höndum.

Menn hafa spurt mjög mikið í þessum umræðum: Hvað er Íslendingur og hvað er ekki Íslendingur. Ég lít þannig á sögu tuttugustu aldar, ég lít þannig á söguna okkar Íslendinga að það skipti höfuðmáli í sjálfstæðisbaráttunni að atvinnufyrirtækin og útgerðin komust í eigu Íslendinga. Það skipti höfuðmáli. Menn spyrja þá: Hver var munur á dönskum selstöðukaupmanni og Dananum Thor Jensen? Hann var danskur. Við vitum það. Hver var munurinn á þeim? Ég lít þannig á að það hafi verið höfuðmunur á þeim vegna þess að Thor Jensen leit á Ísland sem endastöð hagnaðar, svona „profitcenter". Hann var Íslendingur í húð og hár. Hann leit á það sem rétt að vinna og starfa á Íslandi. Þess vegna varð hann Íslendingur en ekki danskur selstöðukaupmaður. Ég álít að barátta Íslendinga fyrir því að eiga sína útgerð, byggja upp sína fiskvinnslu og ná tökum á markaðnum hafi getað ráðið úrslitum um það að þessi þjóð er sjálfstæð en ekki nýlenda. Ég hef alla tíð trúað því og talið mig hafa fyrir því margar sannanir. Ég hef líka trú á því að þó að fallegar og góðar hafi verið ræðurnar á Alþingi 17. júní 1944 við lýðveldistökuna, þá hafi það ekki verið minna um vert að það ár héldu Íslendingar til Bandaríkjanna til að treysta þar íslenska markaðssetningu á íslenskum vörum. Það hafði gríðarleg áhrif og hefur haft gríðarleg áhrif á að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar. Án þess væru á því áhöld. Ef við lítum á erlenda aðila í sjávarútvegi og tökum fyrst og fremst þessa evrópsku, þá eru fjárlög þeirra og umsetning margföld og eigið fjármagn miðað við það sem okkur getur nokkurn tímann dreymt um að verði til á Íslandi, ég tala nú ekki um risa eins og Unilever eða Nestlé. Við höfum ekkert við þá að gera. Við erum bara mjög litlir og fátækir og smáir og eigum ekki að vera með þennan rembing heldur viðurkenna það. Við þurfum að vera í súrefniskassa eins og fyrirburður í samskiptum við erlent kapítal á þessu sviði. Og við skulum ekkert vera feimnir við að viðurkenna það. Það er ekkert til að skammast sín fyrir. Þetta er bara staðan og það er raunsætt mat okkar á stöðunni hverju sinni sem skiptir máli. Þess vegna er ég sannfærður um að ef við ætlum að fara að ganga núna fram með því að heimila þetta þá séu menn að fara offari. Enda hefur það komið fram í ræðum mjög margra að það er engin sérstök þörf fyrir það.

Ef við lítum á hvar íslenskt efnahagslíf blómstrar og hvar við náum árangri þá sjáum við að það er í öflun sjávarfangsins, útgerðinni. Þar höfum við hærra framleiðnistig en nokkur önnur þjóð. Þar höfum við náð meiri árangri en nokkur önnur þjóð. Við eigum líka flota sem er betri en nokkur önnur þjóð ræður yfir. Og þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir í útgerðinni eru ekki önnur en fyrst og fremst offjárfesting. Við þyrftum heldur að minnka flotann og afköst hans en að auka hann þannig að þörfin fyrir að fá nýtt blóð, nýtt fjármagn er ekki til staðar í útgerðarfyrirtækjum. En hún er til staðar á öllum sviðum öðrum. Hún er til staðar í fiskvinnslunni.

Þó við höfum vissulega náð mjög góðum árangri á sumum sviðum þá höfum við ekki náð honum á nærri því öllum sviðum. Og ég er sannfærður um að með því að fá aukið fjármagn þar inn, yrði það efnahagslífinu mjög til góða. Ég er því reiðubúinn að ræða það í nefnd og ræða það við félaga mína að reyna að ná samkomulagi um þetta. Það er ekki rétt sem hefur komið hér fram að þessi umræða um skiptinguna sé löngu dauð. Þetta er umræða sem atvinnurekendur í sjávarútvegi eru reiðubúnir að íhuga og velta fyrir sér. Ég hef orðið var við það undanfarna daga.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns hefur það vakið athygli mína að það er ekki hægt að ræða þetta mál öðru vísi en hið heitt elskaða umræðuefni auðlindaskattur komi þar inn. Þar koma menn stanslaust með þennan sama áróður, sömu síbylju um að hann sé einhver lausn á forræði okkar yfir auðlindinni.

Í mjög vondri tillögu sem var flutt á haustdögum af Þjóðvaka er mjög góð greinargerð um auðlindaskatt. Þar er farið yfir þetta og það tíundað betur og skýrar en flestir aðrir hafa gert. Þar er m.a. bent á tekjuskattinn sem eina leið í þessu máli. Tekjuskatturinn sjálfur er hin eðlilega og sjálfsagða leið ef hagnaðarhlutdeild er einhvers staðar orðin óeðlileg. Þetta dæmi snýst allt um það hvort okkur takist að hafa stjórn á veiðunum. Ég er ekki að deila við hagfræðinga sem þar hafa sett upp hinar mestu kenningar. Við erum að ræða um það hvernig við ætlum að tryggja að hér sé jafnstöðuafli og hér sé sem næst því að vera hámarkshagnaður. Undir þeim kringumstæðum að við gætum náð því, hefur enginn mælt því í mót að við skyldum borga skatta. Skattar eru eðlilegur hlutur í nútímaþjóðfélagi. En þessi umræða um auðlindaskatt hefur löngu farið upp úr þeim farvegi. Nú koma menn hér hver á fætur öðrum. Rétt fyrir jólin kom Alþfl. með tillögu beint um að leggja skuli á svo og svo mörg hundruð milljónir, punktur. Það er verið að tala um beina skattheimtu án nokkurs samhengis við nokkuð annað. Skattur í þessum skilningi á útgerðina er og getur aldrei orðið annað en skattur

á sjómenn, skattur á fiskvinnslufólk, skattur á landsbyggðina, skattur á sjávarpláss og útgerðarstaði þar sem lífið byggist á útgerð. Með þessari hugsun er mjög harkalega vegið að landsbyggðinni sem stendur nú hallari fæti en nokkurn tímann áður. Menn hafa ekki getað sett samasemmerki við það að við værum neitt nær því, hvort sem það eru 300 millj., 500 millj. eða 800 millj. kr. sem menn ætla til að stoppa með í eitthvert ríkisgat, að sýna fram á það að við séum þá nær því að hafa forræði yfir þessari auðlind. Af og frá, af og frá. Það er einmitt hitt að hin veika staða sjávarútvegsins er hin veika hlið á íslenskum efnahagsmálum af því að hún er aðalútflutningsgrein landsins.

Við þurfum að forðast það umfram allt á næstu mánuðum, missirum og árum að missa raungengið aftur upp þannig að rekstrarstaða útflutningsgreinanna versni. En beinn skattur hér og nú á útgerðina er ekkert annað en ávísun á það að veikja útflutninginn og veikja samkeppnisstöðu sjávarútvegsins og veikja gjaldmiðilinn til lengri tíma. Ég ætla ekki að fara út í þær kenningar þótt það sé kannski rétt, herra forseti, sem sumir hafa haldið fram og íslenskur iðnaður hefur tekið upp á sína arma. Það er þessi draumaþríliða um að lækka gengið, setja á auðlindaskatt. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á að það gangi ekki upp. Best er þar röksemdafærsla Ragnars Árnasonar prófessors sem sýnir að við stæðum fljótt aftur í sömu sporum þar sem raungengið teygist alltaf upp á ný. Það væri bara eitt efnahagsslysið í viðbót. Í mínum huga er öllu þessu tali um auðlindaskatt fyrst og fremst ætlað að hljóma vel af því að sumir trúa því að það sé líklegt til vinsælda. Aðrir tala eins og við séum hér með einhverja námupeninga og ekki þurfi annað en að sækja þá. Það eru engin rök í málinu þótt framsalsréttur kvótans orsaki peningastreymi milli aðila í sjávarútvegi vegna þess að þar er bara streymi milli aðila og það eru bara örfá kíló sem eru þar á markaði. Verðið fer eftir aðstæðum. Hér hefur verið bullandi sölumarkaður á fiski, alveg síðan við fórum að takmarka þorskveiðar. Það er eðlilegt að verðið fari upp úr öllu valdi. En þegar menn taka einstakt verð á þorski í leigu, 90–95 kr., margfalda það svo með 160 þúsund tonnum og fá þannig út einhverja auðlind, þá eru menn bara að bulla. Það á ekkert skylt við afkomu sjávarútvegsins. (**Gripið fram í:** Hvað er stór partur á handfæri?) Það er erfitt að segja til um það vegna þess að það er bæði verið að selja ákveðin kíló og ákveðin tonn. Svo eiga sér líka stað skipti á fisktegundum þar sem menn eru að hagræða. Þá nota þeir verðið á markaðnum, þ.e. hlutföllin milli tegunda, í skiptin. Í þriðja lagi eru menn líka að geyma aflaheimildir hver fyrir annan. Það er því erfitt að vita hvað það er mikið sem verið er að selja, en það er tiltölulega mjög lítið. Og í þessari umræðu allri gleyma menn því að margar tegundir eru alls ekki seldar. Ég veit t.d. til þess að þúsundir tonna af ufsa voru gefin eða nýttust ekki í upphafi síðasta fiskveiðiárs. Og hvað vilja þá snillingarnir segja að ufsinn kosti? Hann kostar ekki neitt.

Ég hef áður sagt að ég lít þannig á að það fari ekki á milli mála, bæði í landhelgislögunum og annars staðar, að forræðið yfir landhelginni og auðlindinni hér er Íslendinga. Það þarf enginn að deila um það og ég tel að öllum hafi verið það ljóst löngu áður en núgildandi lög um fiskveiðar voru sett. Þannig að þessi 1. gr. sem mönnum þykir svo gaman að vitna í, þessi sykurtoppur á frv. og lögunum, um að fiskarnir í sjónum séu sameign þjóðarinnar o.s.frv., hefur ekkert praktískt gildi. Það lá alltaf ljóst fyrir að hann heyrir undir íslenska lögsögu. Ég trúi því ekki öðru en að öllum sé ljóst að það getur verið lífsspursmál fyrir efnalegt sjálfstæði Íslands að veiðiréttindin verði örugglega áfram í höndum Íslendinga.

[19:05]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur hélt kjarnyrta ræðu um málefni dagsins. Ég ætla að tæpa á örfáum atriðum.

Hann orðaði það svo að íslenskur sjávarútvegur þyrfti að vera í súrefniskassa af því að hann væri svo veikburða. Það kemur mjög óvart að heyra slíkt úr munni hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem þekkir vel til. Ég veit ekki betur en þeir frændur sem eiga Samherja norður á Akureyri hafi lýst því yfir í blaðaviðtali að að þeirra dómi væri ekkert því til fyrirstöðu að takast á við samkeppni erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þeir tækju varla undir það að þeir þurfi að vera í einhverjum súrefniskassa.

Varðandi það að fiskvinnslan gæti orðið einhver sérkapítuli í þessu öllu og mætti þess vegna vera undir 100% erlendri eignaraðild kemur mér dálítið á óvart. Það hefur verið vaxtarbroddurinn í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í dag að sameina vinnsluna og útgerðina. Það er fyrst og fremst þetta form sem hefur gengið vel og selst vel á hlutabréfamörkuðum. Ég er því ekki viss um að þessi röksemdafærsla gangi upp í praxís þótt hún hljómi hugsanlega vel í svona umræðu.

Ég er ósammála því að frv. okkar fjórmenninganna í Sjálfstfl. gangi öfugt á stefnu stjórnarinnar. Ég tel að þar sé fyrst og fremst um stigsmun að ræða, hvort það eigi að vera óbein 49% eignaraðild eða 49% bein eignaraðild. Það er alveg ljóst að bein eignaraðild er skilvirkari og mun tryggja að virðisaukinn verður eftir í sjávarútveginum. Það mun hin aðferðin ekki tryggja.

Annað sem mér finnst nauðsynlegt að komi fram í framhaldi af þessu er það sem ég held reyndar að allir hafi sagt hér. Við verðum að tryggja að auðlindin, fiskstofnarnir séu ávallt tryggðir þannig í lögum að það sé aldrei nein spurning um forræði.

[19:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að leggja mitt mat á stöðu íslenskra fyrirtækja. Ég get ekki svarað fyrir aðra og það eru engin rök í málinu þótt einhverjir menn segist í blaðaviðtali hvergi hræddir. Nei, ég held að menn séu ekkert hræddir. En það eru engin rök í málinu, sérstaklega þegar átt er við fyrirtæki sem er ekki einu sinni á markaði. Það er bara lokað. Það er von að þeir séu óhræddir.

Ég veit ekki hvað menn kalla grundvallarmun og hvað menn kalla stigsmun. En í frv. ríkisstjórnarinnar er kveðið skýrt á um að bein fjárfesting sé útlendingum algjörlega óheimil. Í frv. fjórmenninganna, flokksbræðra minna, er talað um 49%. Ef þetta er stigsmunur, þá mega menn kalla það stigsmun. En ég tel þetta grundvallarmun.

[19:09]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að þetta sé grundvallarmunur. Ég lýsi því sem stigsmun hvort útlendingar eigi óbeina 49% aðild eða beina. Eins og ég nefndi dæmi um áðan getur sú staða komið upp að fyrirtæki eins og Unilever kaupi upp fiskmarkað 100% og gæti síðan eignast annað fyrirtæki sem tengt væri sjávarútvegi með einhverjum hætti, t.d. Íslenskar sjávarafurðir, sem gæti síðan keypt stórt fyrirtæki eins og Granda 100%. Hvert færi virðisaukinn ef útlendi aðilinn hefði náð samkomulagi við aðra aðila um það hvernig

honum fyndist best að beina hagnaðinum? Færi hann ekki helst þangað sem erlendi aðilinn hefði mest ítök? Þannig kemur þetta a.m.k. út í mínum huga. Ég tel þessa aðferð því órökrétta ef við erum að hugsa um sjávarútveg, en það gæti svo sem komið þjóðhagslega út á eitt. Ég hef ekki kannað það svo nákvæmlega að ég geti fullyrt neitt um það. En ég tel að menn ættu að skoða öll þessi dæmi í hv. efh.- og viðskn. með opnum huga. Ég held að flestallir sem hafa tekið þátt í þessari umræðu hafi eitthvað til síns máls.

[19:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum huga skiptir þessi umræða og þessi prósentureikningur ekki máli. Eins og fram hefur komið hjá nokkrum hv. þingmönnum fjallar þetta frv. um takmarkaða eignaraðild og það er verið að setja upp ákveðnar girðingar. Þetta eru bara lög. Ef í ljós kemur að einhver þessara girðinga er ekki nógu há og ef það er vilji manna að takmarka eignaraðild, er ósköp einfalt að endurskoða lögin og hækka girðingarnar. Hugmyndin með frv. er að reisa girðingar (**KPál:** Það er það sem við erum að tala um.) Það er grundvallarmunur á því að flytja frv. sem er ætlað að takmarka óbeina aðild. (**KPál:** Hún er óbein.) Hún er ekki ótakmörkuð, lestu frv. aftur, hv. þm. Hún er takmörkuð. Það er grundvallarmunur á því og frv. um beina aðild upp á 49%.

[19:11]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö til þrjú atriði í máli hv. þm. sem ég vil gera að umtalsefni og spyrja hann um. Það er í fyrsta lagi auðlindagjaldsumræðan. Kannski ber að fagna því að hann tók undir greinargerð okkar þjóðvakamanna, en hún getur ekki orðið aðalatriði í þessari umræðu. En hann lýsti því yfir að hann styddi frv. ríkisstjórnarinnar, sem hér er verið að fjalla um. Hann er á móti frv. okkar þjóðvakaþingmanna og frv. sjálfstæðisþingmannanna fjögurra. Klofningurinn innan Sjálfstfl. í þessu máli er vissulega athyglisverður. En hv. þm. ræddi líka um aðskilnað veiða og vinnslu sem ég tel dálítið erfiðan í framkvæmd. Ég vil spyrja hv. þm. tveggja spurninga: Styddi hann frv. okkar þjóðvakamanna ef þar væri talað um 20% beina fjárfestingu, ekki í sjávarútvegsfyrirtækjum heldur í vinnslufyrirtækjum í sjávarútvegi? Eða styddi hann frv. hinna fjögurra sjálfstæðisþingmanna ef því væri breytt þannig að þar væri gert ráð fyrir 49% beinni fjárfestingu í vinnslufyrirtækjum sjávarútvegsfyrirtækja?

Þar sem þetta er gömul umræða um aðskilnað veiða og vinnslu vil ég spyrja hann betur út í það hvernig hann hyggst framkvæma þann þátt. Með hvaða hætti geta fyrirtæki í reynd skipt sér þannig að útgerð sé öðrum megin og vinnsla hinum megin án þess að þetta verði svo samfléttað að eignaraðild í vinnslunni þýddi í reynd eignaraðild að útgerðinni? Þessa umræðu hafa menn gengið í gegnum áður. Hvaða nýjar tillögur hefur hann um aðskilnað ef menn færu að fikra sig yfir á þessa braut?

[19:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrri spurningin var hvort ég mundi styðja tillögu frá Þjóðvaka upp á 20% eignaraðild í fiskvinnslu eða tillögu félaga minna upp á 49% eignaraðild í fiskvinnslu. Ég hef sagt það fyrr við þessa umræðu, herra forseti, að ég hefði hugleitt það og væri þeirrar skoðunar að gagnvart fiskvinnslunni sjálfri, þar sem fyrirtækin eiga enga hlutdeild í auðlindinni, þá kæmi hvaða prósentutala sem er til greina, jafnvel 100%.

Síðan var spurt hvernig ég sæi fyrir mér framkæmdina á aðskilnaði veiða og vinnslu. Eins og ég hef áður sagt get ég ekki séð muninn á iðnfyrirtæki í rekstri á Íslandi og íslensku fiskvinnslufyrirtæki sem á fortakslaust enga aflaheimild. Ef það á enga aflaheimild sé ég engan mun á því og almennu iðnfyrirtæki við þær rekstraraðstæður sem við búum við í dag, þ.e. frjálsa verðmyndun á fiski.

[19:15]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki seinni spurningunni. Hvernig sér hann þetta fyrir sér í framkvæmd? Og hvað með hættuna á að það yrði litið á þessi tvö fyrirtæki sem heild? Tökum bara dæmi. Það er fyrirtæki sem bæði gerir út og vinnur fisk eins og mjög mörg fyrirtæki á Íslandi. Þetta fyrirtæki yrði þá að kljúfa sig upp í tvo rekstraraðila, tvö hlutafélög. Í öðru mættu bara Íslendingar eiga, þ.e. í veiðunum. Þeir væru væntanlega sömu aðilarnir og mundu eiga með útlendingum í hinu fyrirtækinu. Það er þetta praktíska mál sem menn hafa oft og tíðum rætt um. Við skulum segja að útlendingurinn ætti í vinnslufyrirtækinu 70–80%. Þetta vinnslufyrirtæki væri sá sem keypti af útgerðinni. Það eru orðin svo náin tengsl á milli að hinn formlegi aðskilnaður þarna á milli er bitamunur en ekki fjár. Herra forseti. Menn hafa gengið í gegnum vandkvæðin með þessa aðgreiningu innan sjávarútvegsins margoft áður. Það kom ekkert nýtt fram í máli hv. þm. varðandi þennan þátt. Ég tek hins vegar alveg undir það að fiskvinnslufyrirtæki er iðnaðarfyrirtæki og ég gæti hvenær sem er farið í langa umræðu um það og m.a. rifjað upp þá tillögu mína að sameina iðnrn. og sjútvrn. Það er annað mál. En hann svaraði ekki þessari einföldu spurningu um hinn raunverulega aðskilnað.

[19:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst leitt að heyra að ég hafi ekki svarað spurningunni. Mér fannst svar mitt alveg skýrt. Ég vitnaði bara til fyrri ummæla minna að ég liti þannig á að fiskvinnslufyrirtæki sem ætti fortakslaust engar aflaheimildir ynni eins og hvert annað iðnfyrirtæki. Ég sé engin tæknileg vandkvæði á því að slík fyrirtæki geti orðið til hvar sem er. Það þarf ekki endilega að kljúfa núverandi fyrirtæki upp. Þau geta bara skapast við þær aðstæður sem menn vildu. Ég skil ekki og veit ekki í hverju vandamálið ætti að vera fólgið ef reglurnar eru kýrskýrar, svo að við notum það orðalag.

[19:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að nefna eitt atriði úr ræðu hv. 3. þm. Vestf. um leið og ég þakka honum fyrir margt í hans ræðu. Það er að það er ekki rétt hjá honum að 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna skipti engu máli. Hún skiptir mjög miklu máli. Hún skiptir sérstaklega máli vegna þess að þegar þessi mál voru til umræðu í upphafi, ég hygg að það hafi verið haustið 1983, snerist verulegur hluti þingsins og þar á meðal við alþýðubandalagsmenn á móti því frv. eins og það var lagt fyrir. Við fluttum tillögu, af því að við töldum hana sjálfsagða, um að það stæði í lögunum að þjóðin ætti þetta. Hún var felld. Þess vegna var það mjög mikið atriði að það var hægt að knýja það fram síðar að meiri hluti Alþingis og Alþingi féllst á að þessi texti var skráður þarna. Þess

vegna skiptir það gríðarlegu máli í mínum huga að þessi texti er þarna og ég neita algerlega að gera lítið úr því.

Ég kvaddi mér bara hljóðs til að vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, úr máli hv. þm. um leið og ég þakka honum fyrir margt eins og ég sagði. En ég hlýt að segja eitt þó að það sé andsvar við allt annarri ræðu. Athyglisverð þóttu mér ummæli hv. þm. Árna Johnsens um Morgunblaðið. Hverjir þekkja Morgunblaðið betur en hann í þessum sal? Það var fróðlegt að velta því fyrir sér m.a. með hliðsjón af því hvernig Morgunblaðið hefur svo að segja tekið alla þá menn á hægra brjóstið sem hafa fallist á þau sjónarmið sem þar hefur verið fylgt í ritstjórnarstefnu. Það er fróðlegt mál um lýðræðislega skoðanamyndun sem ég hlýt að nefna hér, hæstv. forseti, þó að ég viðurkenni að ég er alveg á ysta jaðri í málinu.

(**Forseti** (ÓE): Já. Það var rétt hjá hv. þm. Það var alveg í jaðrinum.)

[19:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur það ekki á óvart þó að forustumanni íslenskra sósíalista til langs tíma þyki það hörð ummæli þegar ég geri ekki mikið úr 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Ég hef alltaf mótmælt í heild þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem nú er í gildi og talið það rangt vegna þeirrar sóunar sem ég tel að í því sé fólgin. En ég lít þannig á og hef rökstutt það hér áður að hið góða, hið jákvæða við fiskveiðistjórnarkerfið er fyrst og fremst það að þar er kveðið á um það og kveðið upp úr um það að það er séreignarréttur á miðunum. Þeir sem fá veiðileyfin eiga séreignarrétt. Þannig lít ég á það.

Í baráttu minni gegn þessu kvótakerfi hef ég gegnum tíðina verið að benda á að til er önnur leið. Hún er að veita skipseigendum þennan séreignarrétt með því að hafa sóknar- og flotastjórn. Það er líka séreignarréttur. Ég er því sannfærður um að þetta ákvæði í 1. gr. var aðeins sett til að sætta menn við það sem þeir voru að gera, svona á yfirborðinu. Framkvæmdin var útdeiling séreignarréttar. (**Gripið fram í:** Merkilegt hugtak. Útdeiling séreignar.)

[19:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var satt að segja farið að líða hálfsérkennilega í salnum. Ég var sammála öllu sem hv. 3. þm. Vestf. sagði. En það er nú liðin tíð því að ég mótmæli þessu séreignarréttartali. Ég mótmæli því og get gert það með rökum sem enginn tími er til að tína upp nú. Þetta er ekki séreignarréttur. Hérna er um það að ræða að tilteknir aðilar í þjóðfélaginu fá ákveðinn afnotarétt og aðgang að þessu með tilteknum hætti eins og mótað er í lögum á grundvelli þess að þjóðin á þessi verðmæti. Það er alveg meginatriði að menn geri sér grein fyrir því. Þess vegna tel ég að 1. gr. laganna sé efnislega þýðingarmikil. Hún er ekki gerð til að friða einhverja, til að þóknast einhverjum, til að leysa eitthvað. Hún er höfuðatriði af því að þjóðin á þetta. En síðan hafa menn fengið eftir ákveðnu kerfi aðgang að þessu með tilteknum aðgöngumiðum sem sumir út af fyrir sig vilja selja og taka gjald fyrir. Þetta er veruleikinn sem menn þurfa að horfast í augu við. Því miður er tíminn útrunninn og ég get ekki svarað hv. þm. meiru. En ég mótmæli þessu sjónarmiði. Ég tel það rangt.

[19:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti þessu ákvæði. Það má standa þarna mín vegna. (**SvG:** Er það marklaust? Telurðu það?) Ég hef aðeins sagt að það væri marklaust. Og ef hann vill mótmæla þessari túlkun, þá legg ég til að hann fari upp í viðskiptafræðideild háskólans. Þar finnur hann hagfræðingana sem eru að kenna fiskihagfræði. Það væri gaman fyrir hv. þm. að heyra þeirra sjónarmið um hvort ég sé að fara með algert fleipur.

[19:23]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hryggurinn í málflutningi hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar var skýr, klár og heill. Það má finna kjarnann í hans málflutningi í setningunni sem hv. þm. sagði sjálfur, þ.e. að styrkur sjávarútvegsins er kjarni málsins fyrir Ísland. Um það snýst þetta mál. Það er ekkert nýtt að veiðarnar og verðmæti fari saman. Þetta hefur alltaf fylgst að. Verðmætin og úrvinnslan hafa fylgt ábyrgðinni á fjárfestingunni í flota og fiskvinnslutækjum. Þess vegna er út í hött eins og hefur komið fram í dag hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að verðmætin verði til vegna skömmtunarhlutverksins. Verðmætin eru til þrátt fyrir skömmtunarhlutverkið, þrátt fyrir þröskuldana inn í kerfið sem við búum við, vonandi ekki um alla eilífð. Það er mergurinn málsins. Hitt er röng röð.

Það er áhyggjuefni þegar boðaðar eru falsvonir með veiðileyfagjaldi eða auðlindaskatti. Ég minntist á Morgunblaðið fyrr í dag. Ég er mikill Morgunblaðsmaður og tel Morgunblaðið eina merkustu stofnun landsins. En í þessu efni hefur Morgunblaðinu missést. Það hefur aldrei fært rök fyrir máli sínu þó að ábendingar hafi komið í ritstjórnargreinum blaðsins. Ég segi að það sé áhyggjuefni þegar boðaðar eru falsvonir um veiðileyfaskatt eins og Alþfl. hefur gert og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, vegna þess að það eru ekki neinar forsendur fyrir þeim tekjum sem á að gefa hinum og þessum. Það heyrist í æ meiri mæli að fólk vill fá tekjur af veiðileyfagjaldinu. Þær forsendur eru ekki til. (**Gripið fram í:** Var þetta ekki andsvar við Einar Odd?) Fólk í þéttbýlinu er farið að heimta tekjur af auðlindaskattinum. Það gengur ekki. Þetta er eins og ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÓE): Það er rétt.)

... gyllivonir Alþfl. í síðustu kosningum, þegar Alþfl. stillti upp í myndum frá Evrópu í auglýsingum sínum, (**Gripið fram í:** Þetta er yfir strikið.) huggulegu fólki með rauðvínsglas í París, í hestvagni í Grikklandi, í siglingu á Thames í London og í spænskum dansi á Spáni og sagði: Hér er veruleikinn. Hér eigið þið heima, ungu Íslendingar. Þetta eru falsvonir.

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir hv. þingmenn á reglur um andsvör.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:27.

93. FUNDUR

þriðjudaginn 20. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 242. mál, þskj. 328. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 307. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 102. mál, þskj. 107, nál. 563. — 2. umr.
5. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, stjtill., 286. mál, þskj. 525, nál. 569. — Síðari umr.
6. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, stjfrv., 283. mál, þskj. 522. — 1. umr.
7. Landflutningasjóður, stjfrv., 317. mál, þskj. 559. — 1. umr.
8. Sjóvarnir, frv., 281. mál, þskj. 517. — 1. umr.
9. Flutningur félagslegra verkefna, þáltill., 300. mál, þskj. 540. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Eignarhald á auðlindum í jörðu, 321. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 567.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1995, 325. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 572.

Vestnorræna þingmannaráðið 1995, 324. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, þskj. 571.

Virkjunarréttur vatnsfalla, 322. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 568.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Klukkan 3 í dag fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 5. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, um samráð við samtök launafólks um félagsleg réttindi. Hæstv. forsrh. verður til andsvara. Þetta verður hálftíma umræða samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. ÁE og SvanJ, 242. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. KPál o.fl., 307. mál (sjávarútvegsfyrirtæki). — Þskj. 547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 2. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 107, nál. 563.

[13:39]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. á þskj. 563 um frv. til laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, og Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi skipulagsfræðinga, Stéttarfélagi verkfræðinga, Tæknifræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands, auk þess sem nefndin hafði til skoðunar umsagnir frá 118. þingi.

Ein meginástæða fyrir flutningi þessa frumvarps er að breyta þarf núgildandi löggjöf vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum. Einnig munu með samþykkt frumvarpsins gilda samræmdar reglur, í einum og sama lagabálki, um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins, þar sem því er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði,

húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og lög nr. 46/1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir því að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögfest. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, síðari umr.

Stjtill., 286. mál. — Þskj. 525, nál. 569.

[13:41]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Slóveníu.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveimur fundum bæði fyrir framlagningu þess og eftir að það var formlega komið til meðferðar á vettvangi Alþingis. Nefndin fékk á sinn fund utanrrh. og fulltrúa utanrrn. og kynnti sér innihald málsins. Hér er um að ræða fríverslunarsamning í takt við þá samninga sem gerðir hafa verið á vegum EFTA undanfarin ár við hin ýmsu ríki í Mið- og Austur-Evrópu.

Nefndin fagnar því að unnt skuli hafa verið að gera slíkan samning við Slóveníu og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, 1. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 522.

[13:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrir þrem árum lagði ég fram frv. til laga um flutninga á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Tilgangurinn með framlagningu frumvarpsins var eingöngu sá að fullnægja þeim ákvæðum EES-samningsins sem kveða á um að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt. Raunhæf þýðing þessara gerða hér á landi var hins vegar á þeim tíma engin; t.d. var aðildarríkjum EES-samningsins ekki tryggður aðgangur að skipgengum vatnaleiðum innan Evrópusambandsins og engar skipgengar vatnaleiðir eru hér á landi. Frumvarpið fékk því ekki afgreiðslu á þinginu og var raunar rætt um að það yrði ekki lagt fram á nýjan leik. Nú hefur hins vegar sú breyting á orðið að EFTA-ríkin hafa nú sömu skyldur og réttindi og aðildarríki Evrópusambandsins um aðgang að skipgengum vatnaleiðum í Evrópu.

Ljóst er að aðgangur Íslands og íslenskra skipa að skipgengum vatnaleiðum Evrópu veitir íslenskum fyrirtækjum ýmis sóknarfæri á erlendum mörkuðum og eykur möguleika þeirra á flutningamörkuðum Evrópu sem er að sjálfsögðu bæði atvinnu- og gjaldeyrisskapandi. Ótvíræður ávinningur er fyrir íslensku útgerðirnar að íslensk skip eigi siglingarétt á skipgengum vatnaleiðum Evrópu, svo sem Rín og Dóná. Mikilvægar útflutningsafurðir Íslendinga, svo sem fiskimjöl, járnblendi o.s.frv., fara iðulega um umræddar skipgengar vatnaleiðir langt inn í land og getur umskipunarkostnaður í sjávarhöfn haft afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu framleiðenda viðkomandi afurða og rýrt skilaverð til framleiðenda. (**SvG:** Er það nú víst?)

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, hv. 8. þm. Reykv., vísa til efnis frv. og greinargerðar, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landflutningasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 317. mál (hlutverk). — Þskj. 559.

[13:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Landflutningasjóður var stofnaður árið 1979 og var tilgangur hans að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum til að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli. Höfuðstóll sjóðsins var um 15 millj. kr., myndaður með 1% gjaldi sem til féll á árunum frá 1980–1984 af aðstöðugjaldsstofni félagsmanna Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Í lögum um sjóðinn er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs yrði jafnhátt og gjald Landvaramanna en það hefur ekki gengið eftir.

Landvari fór þess á leit við samgrn. á sl. ári að sjóðurinn yrði lagður niður og eignir hans afhentar Landvara og var við því orðið af hálfu ríkisstjórnarinnar og lagt til að sjóðurinn fengi nýtt hlutverk til að styrkja stöðu atvinnugreinarinnar, eða eins og segir í 1. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir:

„Hlutverk landflutningasjóðs er að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þeim tilgangi skulu veittir styrkir til verkefna sem lúta að fræðslu um flutningastarfsemi, svo sem rekstur flutningafyrirtækja, vörumeðferð, neytendavernd og markaðsmál."

Gert er ráð fyrir að samgrh. skipi þrjá menn í stjórn sjóðsins, þar af einn samkvæmt tilnefningu Landvara, félags ísl. vöruflytjenda.

Um þetta er í rauninni ekki fleira að segja. Þetta frv. er unnið í samvinnu við stjórn Landvara og ég hygg að fjármunum sjóðsins sé vel varið eins og hér er lagt til og legg til að frv. verði vísað til hv. samgn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóvarnir, 1. umr.

Frv. StB o.fl., 281. mál. — Þskj. 517.

[13:48]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sjóvarnir. Auk mín eru flutningsmenn frv. Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson og Árni R. Árnason.

Frv. þetta var flutt á 117. og 118. þingi en var ekki afgreitt frá hv. samgn. Umsagnir bárust þá um frv. og hefur að nokkru verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram í þeim. Hefur verið leitast við að taka tillit til þess eftir því sem efni hafa staðið til.

Í 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Hafnamálastofnun ríkisins með framkvæmd þeirra.

Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni."

Í greinargerð með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn að sett verði löggjöf svo að koma megi fastara skipulagi á framkvæmdir við sjóvarnir og þátt ríkisins í þeim. Á fjárlögum hvers árs undanfarna áratugi hefur verið fjárveiting til sjóvarna á ýmsum stöðum á landinu. Framkvæmdin hefur verið sú að fjárlaganefnd hefur gert tillögur um fjárveitingar til einstakra staða að fengnum tillögum frá Hafnamálastofnun ríkisins. Sveitarfélög hafa áður sent skriflegar óskir til Hafnamálastofnunar og í einstöku tilvikum aðrir aðilar.

Ekki hafa verið í gildi nein lög um sjóvarnir en þrátt fyrir það hefur myndast nokkur hefð um vinnubrögð. Í langflestum tilvikum hafa sjóvarnir verið fjármagnaðar að öllu leyti með fjárveitingum ríkissjóðs þótt einstaka dæmi séu um framlög sveitarfélaga eða landeigenda. Hér er átt við kostnaðinn við sjálfa aðalvörnina en mörg dæmi eru um að sveitarfélög hafi séð um uppgræðslu innan eða ofan við grjótvörnina. Sjóvarnir hafa verið unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins. Helstu vandkvæðin hafa e.t.v. verið að samræma aðgerðir á ýmsum stöðum á landinu þar sem óskað hefur verið eftir sjóvörnum. Hafnamálastofnun hefur brugðist við óskum um framkvæmdir með því að flokka viðkomandi verk í forgangsröð og meta hvað er í húfi og þau verðmæti sem á að verja og hefur stofnunin látið semja skýrslur um nokkra hluta strandlengjunnar.

Með sjóvörnum er átt við varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Landbrot er eyðing lands af völdum sjávar hvort sem um er að ræða brot úr bökkum eða ágang á sandströnd. Sums staðar stendur byggð svo lágt að hætta er á sjávarflóðum og getur þá þurft flóðavarnir.

Stór tjón hafa orðið á síðustu árum beggja vegna Atlantshafsins af völdum sjávarflóða í ofviðrum. Vísindamenn telja að tíðni stórflóða hafi aukist, m.a. af völdum veðurfarsbreytinga, þ.e. dýpri lægða og meiri ölduhæðar og breytinga á öldustefnu. Mælst hefur aukið landbrot síðustu ár í nágrannalöndum okkar og einnig hérlendis.

Vegna kenninga um hækkun sjávarborðs af völdum hlýnandi loftslags samfara svonefndum gróðurhúsaáhrifum fer nú fram alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna um reglusetningu og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda.

Athygli hefur vakið að meiri hluti landeyðingar á austurströnd Bandaríkjanna er talinn vera af mannavöldum, þ.e. stafa af mannvirkjum við ströndina, einkum af hafnargerð og varnargörðum innsiglinga en einnig af sjóvörnum og eru tjónþolar oft næstu nágrannar á viðkomandi strönd sem njóta ekki lengur sandburðar með hafstraumum.

Þótt þessi vandamál séu í minni mæli hérlendis er ekki hægt að loka augunum fyrir þeim. Þannig hefur sums staðar við suðurströnd landsins orðið vart aukins landbrots.

Samgönguráðherra fer með mál er varða sjóvarnir samkvæmt frumvarpinu en Hafnamálastofnun með framkvæmd þeirra og sér hún um tæknilegan undirbúning og tækni- og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum. Á vegum Hafnamálastofnunar skal starfa sjálfstæð matsnefnd um sjóvarnir. Hún skal gera tillögur um framkvæmdir, fjalla um áætlanir Hafnamálastofnunar, meta hagrænt gildi sjóvarna sem óskað er eftir, gera tillögur um flokkun framkvæmda í forgangsröð og meta styrki til þeirra. Hafnamálastofnun getur að höfðu samráði við matsnefndina gert tillögur um tafarlausar aðgerðir, t.d. eftir flóðatjón. Stofnunin sér síðan um gerð fjögurra ára áætlunar um sjóvarnir á grundvelli endanlegra álita matsnefndar sem áður hafa verið kynnt hlutaðeigandi landeigendum og sveitarfélögum.

Hér er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að ríkissjóður greiði allt að $^{7}/_{8}$ hlutum kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur, sem hagræði hafa af sjóvörnum fyrir landi sínu, greiði minnst $^{1}/_{8}$ hluta. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu frá því sem verið hefur þar sem ríkissjóður hefur í flestum tilvikum staðið undir öllum kostnaði við sjóvarnir. Með því er sveitarstjórn eða landeigendur gerð ábyrg fyrir hluta framkvæmdarinnar og hafa því meiri rétt til að hafa áhrif á undirbúning og áætlanir sem nauðsynlegar eru. Gera má ráð fyrir að sveitarsjóður muni oftast greiða hluta heimaframlags, e.t.v. helming eða $^{1}/_{16}$ hluta heildarkostnaðar, og væri það framlag fyrir heildina, og landeigendur hinn helminginn. Oft eru sveitarsjóðir líka eigendur lands eða lóða við ströndina. Miðað við þær sjóvarnir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, má þá búast við að kostnaðarhluti landeigenda geti numið 10.000–100.000 kr. fyrir venjulega lóð en meira fyrir stærri lóðir. Í einstökum tilfellum gætu þær þó orðið svo dýrar að kostnaðarhluti landeiganda (og sveitarfélaga) yrði miklu meiri og gæti þá þurft fyrirgreiðslu með lánum eða jafnvel eins konar byggðastyrk. Dæmi um slík viðfangsefni eru sjóvarnir við Hornafjarðarós.

Í vissum tilvikum getur komið til greina að landeigandi eða hagsmunaaðili greiði hærra framlag, t.d. $^{4}/_{8}$ hluta eða 50%." — Um það eru ekki sérstök ákvæði í frumvarpinu.

„Framangreint á að sjálfsögðu við framkvæmdir sem metnar yrðu styrkhæfar en gera má ráð fyrir að sumar framkvæmdir verði ekki metnar styrkhæfar, t.d. ef í ljós kemur í hagrænu mati að framkvæmdakostnaður er mun meiri en hagræðið af sjóvörninni.

Hugsanlegt væri að tengja flokkun eða forgangsröðun fyrirhugaðra sjóvarna við styrkhlutfall ríkissjóðs.

Með frumvarpinu eru tekin af tvímæli um að skilyrði fyrir ríkisframlagi til sjóvarna sé að mannvirki eða byggðarsvæði séu samkvæmt skipulagslögum. Þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp sjóvörnum utan samþykkts skipulags er ákvæði um að fyrir liggi umsögn Hafnamálastofnunar og framkvæmdir síðan undirbúnar í samræmi við skipulagslög. Þá er rétt að taka fram að hægt er að draga úr hættu á tjóni af sjávargangi með því að skipuleggja strandbyggð t.d. þannig að hún sé í tiltekinni lágmarksfjarlægð frá sjó. Auðvitað er hugsanlegt að atvinnurekstur krefjist meiri nýtingar lands út að sjó og þá vaknar spurningin um hver á að bera kostnaðinn sem af því hlýst."

Virðulegi forseti. Þau ár sem ég hef seti í hafnaráði og ekki síður í fjárln. Alþingis hef ég fylgst með því hversu mikil óvissa hefur verið í framkvæmd og undirbúningi vegna sjóvarna. Ég tel að það hafi verið óeðlileg tilviljun sem hefur ráðið framvindu framkvæmda við sjóvarnir og fjárveitingu

til þeirra í mörgum tilvikum. Telja verður eðlilegt og nauðsynlegt að um sjóvarnir gildi löggjöf og að á fjárlögum séu hverju sinni veitt framlög til þeirra verka í samræmi við vandaða áætlun sem taki mið af aðstæðum og tengist skipulagi byggðanna. Það verður að teljast óeðlilegt að skipulagsyfirvöld staðfesti skipulag byggða við ströndina á svæðum sem síðar verður að verja fyrir ágangi sjávar án þess að viðkomandi aðilar, svo sem sveitarstjórnir og fulltrúar ríkisvaldsins, hafi gert grein fyrir þeim kostnaði sem fylgir sjóvörnum sem nauðsynlegar eru svo byggð megi rísa á viðkomandi svæði.

Með því frv. sem hér er mælt fyrir er leitast við að koma sjóvörnum í fastan farveg og skilgreindar skyldur ríkisvaldsins annars vegar og landeigenda hins vegar.

Virðulegi forseti. Það er sérstök tilviljun að um þær mundir sem mælt er fyrir þessu frv. á Alþingi, þá skuli vera varað við flóðahættu við ströndina, en bæði sjávarhæð og veður er þannig um þessar mundir að veruleg hætta er talin á því að landbrot geti orðið eða skaði við ströndina vegna flóða. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að Hafnamálastofnun hefur gert frumáætlun um kostnað við framkvæmdir vegna sjóvarna við ströndina og samkvæmt þeirri áætlun sem hefur verið gefin út liggur fyrir að þarna er um feiknarmikinn kostnað að ræða þegar litið er á brýnustu verkefnin sem talið er að ráðast þurfi í.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það frv. sem hér er til umræðu. Ég leyfi mér að gera það að tillögu minni að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn. og hljóti þar nauðsynlega skoðun og umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur félagslegra verkefna, fyrri umr.

Þáltill. RG, 300. mál. — Þskj. 540.

[14:00]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrrn. til félmrn. Ályktunargreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp, m.a. með fulltrúum þingflokkanna, til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrigðisráðuneytis séu í raun félagsleg verkefni sem eðlilegra væri að heyrðu undir félagsmálaráðuneytið. Unnin verði áætlun um að flytja þau verkefni milli ráðuneyta."

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur síaukin áhersla verið lögð á hagræðingu í heilbrigðiskerfinu og í ljós hefur komið að ýmis verkefni, sem áður tilheyrðu heilbrigðissviði, væru nú skilgreind sem félagsleg úrræði. Um er að ræða ýmsar stofnanir sem settar voru á laggirnar þegar draga þurfti úr dýrum innlögnum á sjúkrastofnanir á þeim tímum þegar félagsleg úrræði skorti.

Það má segja að heilbrigðisgeirinn hafi tekið á sig rekstur ýmissa félagslegra þátta sem reyndar hjá nágrannalöndum okkar voru víðast hvar í höndum sveitarfélaga. Án þess að maður hafi gert mikla tilraun til þess að kryfja það til mergjar hvers vegna þetta gerðist má leiða að því líkur að þetta hafi m.a. orðið vegna þess hve okkar sveitarfélög voru mörg, oft fámenn og illa í stakk búin og hreinlega vanburðug að sinna verkefnum af þessum toga auk þess sem alla löggjöf til stuðnings slíkum verkefnum skorti. Félagsmálalöggjöf var ekki til staðar á þessum tíma og lengst af voru sveitarfélögin að sinna félagslegum verkefnum út frá löggjöf um framfærslu frá 1936 og það er í raun og veru ekki fyrr en að rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga verður til árið 1991 að hún leysir af hólmi þessi gömlu lög.

Nú eru þessi mál allt önnur og mikið breytt. Það er skemmst að minnast umræðunnar um lokun vistheimilisins Bjargs sem heyrir undir heilbrrn. en er í raun og veru heimili þeirra vistmanna sem þar dvelja. Þó ég nefni hér Bjarg sérstaklega til sögunnar vegna þess að það er svo skammt síðan átök urðu um lokun þess heimilis, þá hafa deilur staðið um aðrar og ólíkar stofnanir undir heilbrrn. á allra síðustu árum. Það er hægt að nefna Gunnarsholt sem á sínum tíma átti að reyna að ná samkomulagi um að flytja yfir til sveitarfélaganna. Það er hægt að nefna Kópavogshæli til sögunnar en það hefur oft komið til umræðu vegna þess að það er heimili fjölda þeirra sem þar búa. Þó að nokkrir þeirra sem þarna eru séu í raun og veru vistaðir á heilbrigðisstofnun þá er langstærsti hópurinn og sennilega um 90% þeirra sem þarna dvelja með heimili sitt á Kópavogshæli. Það má líka nefna til sögunnar Tjaldanes en það var á sínum tíma stofnun sem var flutt frá heilbrrn. yfir til félmrn. einmitt með tilvísun til breyttra viðhorfa eins og ég geri hér að umtalsefni. Ég spái því, virðulegi forseti, að áður en langt um líður eigi fleiri slík heimili eftir að koma til umræðu, ekki vegna þeirra breytinga sem ég er að leggja til til þess að tryggja stöðu þeirra og rekstur heldur vegna sparnaðaráforma.

Ef lagaleg staða slíkra stofnana eða verkefna verður áfram óljós má búast við að sparnaðaraðgerðir við fjárlagagerð bitni á komandi árum í ríkari mæli á þessum mikilvægu þáttum. Smám saman hefur æ meiri áhersla verið lögð á endurhæfingu hvers konar sem og fyrirbyggjandi úrræði til að draga úr innlögnum á sjúkrastofnanir. Mörkin milli heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu við langtímasjúka, aldraða og fatlaða hafa í mörgum tilfellum verið óljós en í nýlegum lögum um félagslega þjónustu, sem ég vísaði til áðan, er reynt að skilgreina þessi mörk. Skýrar línur eru m.a. mikilvægar varðandi allan samanburð á kostnaði, annars vegar á útgjöldum til heilbrigðismála og hins vegar á útgjöldum til félagsmála.

Við erum oft að bera saman framlög okkar til þessara mála samanborið við önnur lönd og þá er mikilvægt að félagslegu þættirnir innan heilbrigðiskerfisins geta skekkt það sem við köllum raunverulegt framlag okkar til heilbrigðisþjónustunnar sem slíkrar. Þess vegna er mikilvægt að það sem á heima í félagslega þættinum hjá okkur sé staðsett þar og að það fjármagn sem veitt er til hinnar dýru heilbrigðisþjónustu og er svo hátt hlutfall af ríkisútgjöldunum sé í raun og veru heilbrigðisþjónusta.

Með lögum um málefni aldraðra hafa verkefni verið skilgreind ýmist á sviði félags- eða heilbrigðismála. Má nefna að heimaþjónusta aldraðra er að hluta til heilbrigðisþjónusta veitt af heilsugæslustöðvum og að hluta til félagsleg þjónusta félagsmálastofnana veitt sem samþætt þjónusta heima í héraði.

Með lagasetningu um málefni fatlaðra hefur þjónusta við fatlaða gjörbreyst. Lögin frá 1992 ná eingöngu til félagslega þáttarins en almenn lög á sviði heilbrigðis- og menntamála skulu nú gilda um fatlaða jafnt sem aðra þegna landsins.

Til þessa hafa búsetumálin þróast frá hefðbundinni stofnanaþjónustu til sambýla en nú er lögð aukin áhersla á félagslegar íbúðir og sjálfstæða búsetu fatlaðra. Lögð er áhersla á stoðþjónustu, þ.e. marghátttaða þjónustu við fatlaða sem geri þeim kleift að búa sjálfstætt utan stofnana, og má segja að réttur til stoðþjónustu sé uppistaðan í breyttum áherslum. Í stoðþjónustu felst m.a. réttur til heimaþjónustu (heimilishjálp og heimahjúkrun), sem er hefðbundin félagsþjónusta veitt af sveitarfélögunum, en einnig réttur til liðveislu, svo sem við að búa sjálfstætt og vera á vinnumarkaði. Hefðbundin liðveisla er á vettvangi sveitarfélaga en önnur liðveisla svo sem til að búa sjálfstætt, kölluð frekari liðveisla, eða til að vera á vinnumarkaði, er greidd af ríkinu.

Það sem gerir þessar breyttu áherslur mögulegar eru lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem sett voru árið 1991, eins og ég gat um áður. Þau lög gjörbreyta rétti íbúa sveitarfélaga til félagslegrar þjónustu og opna jafnframt nýja möguleika í þjónustu við fatlaða, aldraða og sjúka.

Eins og fyrr er getið virðist sem ýmsar stofnanir hafi fest í stjórnsýslunni án þess að hugað væri að því að með breyttum lögum og nútímaviðhorfum væri ástæða til að endurskoða starfsemi þeirra eða staðsetningu í kerfinu. Þannig var Kópavogshæli sett á laggirnar samkvæmt lögunum frá 1967 en á síðustu árum hafa farið fram viðræður um að endurskoða búsetumál þeirra er þar dvelja. Við setningu laganna um málefni fatlaðra, sem tóku gildi 1992, fór félagsmálanefnd Alþingis fram á, sbr. nefndarálit við afgreiðslu málsins, að viðræður yrðu hafnar milli ráðuneyta félags- og heilbrigðismála um hvernig tryggja mætti íbúum Kópavogshælis þá þjónustu sem lögin kváðu á um en þeir sem vistmenn á heilbrigðisstofnun áttu í raun ekki kost á og gildir það svo sem um bifreiðaþjónustu og ýmislegt sem fötluðum stendur til boða. Síðan hefur verið unnin áætlun um útskrift þeirra vistmanna sem heimili hafa átt á Kópavogshæli og flutning á sambýli. Sérstök heimild er í lögum um að Framkvæmdasjóður fatlaðra megi ráðstafa fjármagni til reksturs sambýla og á það sérstaklega við um vistmenn Kópavogshælis. Þessi áform tengjast áætlun um að Kópavogshæli verði endurhæfingar- og hæfingarstöð Ríkisspítalanna.

Þessi mál voru komin á góðan rekspöl í fyrra en ekkert hefur heyrst af framgangi þeirra á þessu ári eða síðan ný ríkisstjórn tók við en trú mín og von er að áætlun þeirri sem var búið að setja á laggir verði fylgt eftir.

Þetta stutta yfirlit, sem ég hef hér farið yfir um breytingar á lögum og breytt viðhorf sem miða í átt til margvíslegrar stoðþjónustu, sýnir ótvírætt hverja nauðsyn ber til að endurmeta stöðu ýmissa stofnana sem núna tilheyra heilbrigðiskerfinu. Má þar nefna ýmsar deildir fyrir geðsjúka og fatlaða sem eru í raun heimili þess fólks er þar dvelst eða áfangastaðir þar sem veitt er félagsleg endurhæfing. Þegar hefur verið getið um fyrirhugaðar breytingar á Kópavogshæli og ég nefndi einnig Gunnarsholt. Þá má nefna meðferðarheimilið við Kleifarveg 15, sem er meðferðarheimili fyrir börn, Hlein í Mosfellssveit og endurhæfingardeildina í Hátúni, að ógleymdu Bjargi sem ég þegar hef getið um sem lenti einmitt undir niðurskurðarhnífnum nýlega. Þá má líka nefna að Bergiðjan, sem er verndaður vinnustaður, er hluti sjúkrahússtarfseminnar í landinu þrátt fyrir að verndaðir vinnustaðir heyri undir félagsmálaráðuneyti samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra.

Leiða má að því líkur að á félagslegum stofnunum, sem skilgreindar eru sem heilbrigðisstofnanir, sé í einhverjum tilvikum ráðið dýrara starfsfólk, svo sem læknar og hjúkrunarfræðingar, meðan á öðrum stöðum, félagslega reknum, sé öðruvísi staðið að starfsmannahaldi. Mikilvægt er að skoða þessa þætti með opnum huga og fordómalaust en hafa hagsmuni íbúa eða vistmanna að leiðarljósi.

Ef hagræðing á að vera árangursrík og sársaukalítil þarf skynsamleg vinnubrögð og er því mikilvægt að átta sig á hvar skórinn kreppir og skilgreina svo sem unnt er hvað er ríkisins, hvað er sveitarfélaganna, hvað eru heilbrigðisstofnanir og hvað félagslegar stofnanir og hlúa að þeim sem slíkum. Þannig má oft draga úr dýrum innlögnum með því að bjóða upp á góð félagsleg úrræði. Með þessari tillögu til þingsályktunar er stefnt að því að komast hjá niðurskurði eða lokunum sem eiga rætur að rekja til þess að viðkomandi yfirvöld telja sig ekki lengur bera ábyrgð á rekstrinum. — Og það er það sem við erum ævinlega að lenda í að þegar þarf að draga saman seglin þá er litið á hvaða stofnunum ber okkur ekki að viðhalda. Hvað er í raun ekki heilbrigðisstofnun og þá er gripið til þess ráðs að loka og eiginlega gefa skilaboð um að nú verði þessar stofnanir að lenda hjá guði og lukkunni í stað þess að fara í að skilgreina þessi mál fyrir fram og að skipa þeim þann sess sem þeim ber.

Heilbrigðislög mæltu fyrir um heilbrigðisþjónustu en sökum vanbúinnar félagsþjónustu, sem ég rakti hér að framan og skorts á heildstæðri félagsmálalöggjöf var farin sú leið að skapa félagslegum verkefnum lagagrundvöll undir formerkjum heilbrigðisþjónustu. Þannig voru heimili geðfatlaðra og þroskaheftra gjarnan rekin sem sjúkradeildir. Áfangastaðir, sem í raun er ætlað að auka félagslega færni, hafa verið reknir sem endurhæfingarstöðvar og dæmi eru um að meðferðarheimili fyrir börn séu skilgreind sem sjúkradeild. Vísa ég þar m.a. til meðferðarheimilisins við Kleifarveg.

Með breyttum viðhorfum til félagslegra verkefna og heilbrigðismála er brýnt að huga að rekstri stofnana, eins og hér er dregið fram, skilgreina hverjar eigi í raun að starfa sem heilbrigðisstofnanir en setja þær sem nú skoðast sem félagsleg verkefni undir félagsmálaráðuneytið, gera um það áætlun og gera til þess nauðsynlegar lagabreytingar þurfi þess.

Virðulegi forseti. Mér hefur verið bent á að þetta mál sé þess eðlis að að lokinni umræðu sé eðlilegt að vísa því til allshn. og ég óska eftir því að þingmenn skoði þetta mál með góðu og jákvæðu hugarfari og geri sér grein fyrir að þetta er eitt stórt félagslegt verkefni og með þessu værum við að taka á máli þess fólks sem þarf mest á því að halda að við stöndum vörð um hagi þess.

[14:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að koma með þetta mál hér inn í þingið því ég hef lengi talið það vera brýnt verkefni að vinna færi af stað við að gera úttekt á því, flytja félagsleg verkefni og ýmis önnur verkefni milli ráðuneyta, úr heilbrrn. og yfir í félmrn. Hv. þm. hefur farið vel yfir ýmsa þætti þessa máls og sýnt fram á að bæði gæti orðið sparnaður og hagræði við þennan flutning en mig langar til að nefna nokkur atriði í viðbót sem rökstyðja að það er mikilvægt að farið verði í þessa vinnu.

Hv. þm. nefndi málefni aldraða en varðandi þjónustu við aldraða hafa víða verið óljós skil milli þeirrar þjónustu sem þeir eiga rétt á í velferðarkerfinu. Hún nefndi heimaþjónustu aldraðra sem að hluta til er veitt af heilsugæslustöðvunum og flokkast undir heilbrigðismál og síðan er félagsleg þjón-

usta við aldraða eins og heimaþjónusta sem er á vegum sveitarfélaganna og er félagslegt mál.

Reynslan hefur sýnt að það er erfitt að samræma þjónustuna þegar hún er á margra hendi, þegar hluti af henni er undir heilbrrn. og hluti af henni er undir félmrn. Það gerir það líka að verkum að oft er þjónustan mun dýrari fyrir hið opinbera og ekki eins góð fyrir þann sem þarf að njóta hennar.

Það má líka nefna málefni fatlaðra. Þeir sem ekki geta unnið sér til framfærslu þurfa að sækja framfærslu sína til tryggingakerfisins, til almannatryggginganna, ýmsan stuðning til félagsþjónustunnar og síðan er hluti af atvinnumálum fatlaðra aftur undir tryggingakerfinu sem eru vinnusamningar fyrir fatlaða. Ég hef verið á þeirri skoðun og tel að þessi nefnd ætti að athuga það að flytja hluta af tryggingakerfinu undir félmrn.

Á Norðurlöndum, þar sem menn búa við líkt velferðarkerfi og hér á landi, er mjög stór hluti af tryggingakerfinu, sérstaklega lífeyrismálin, undir félagsmálaráðuneytum þeirra landa og hefur gefist mjög vel. Og eftir því sem ég hef skoðað þetta betur er ég sannfærðari um að það muni koma hagkvæmar út fyrir okkur, bæði fyrir þá sem þurfa á tryggingakerfinu að halda og hið opinbera, að tryggingamálin heyrðu undir félmrn.

Önnur rök í því eru líka þau að heilbrrn. er mjög stórt og viðamikið ráðuneyti og þungt í vöfum og það gæti létt vinnuna í heilbrrn. að tryggingamálin færu undir félmrn.

Annað, sem kom reyndar skýrt fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, er að víða hafa stofnanir fest í stjórnsýslunni án þess að hugað væri að breyttum lögum, nútímaviðhorfum, og því að það þyrfti að endurskoða starfsemi þeirra og staðsetningu í kerfinu. Í því tilviki vil ég leggja áherslu á það að öll velferðarþjónustan þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Við þurfum að skoða velferðarþjónustuna í takt við breytta tíma. Af því að hér hefur verið minnst á ódýrari þjónustu og hagkvæmari þá vildi ég nefna hugmynd sem landlæknir hefur haldið nokkuð á lofti varðandi sparnað í heilbrigðiskerfinu og það eru svokölluð sjúkrahótel sem ég tel að þyrfti að koma á laggirnar því það hefur sýnt sig að þar sem sjúkrahótel hafa verið tekin upp í tengslum við sjúkrahús hefur það sparað stórlega í sjúkrahúsrekstri.

Við þurfum að finna ódýrari úrræði. Við vitum að velferðarþjónustan þenst út og við verðum að gæta hagkvæmni án þess að það bitni á þeim sem þurfa að treysta á velferðarþjónustuna. Því vil ég leggja áherslu á það að þessi þáltill. verði samþykkt og fái farsæla meðhöndlun í allshn. Ég tel mikilvægt að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til, að settur verði á laggirnar starfshópur sem skoði þau atriði sem nefnd eru í greinargerðinni auk þess að skoða hvort ekki væri full ástæða til að flytja tryggingakerfið yfir í félmrn., a.m.k. hluta þess. Einnig teldi ég fulla ástæðu til að hópurinn skoðaði hvernig þessum málum er fyrir komið í nágrannalöndum okkar og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

[14:20]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft þætti í máli sem snýst um verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands og að mínu mati ættum við að ræða málið m.a. út frá því vegna þess að þetta mál snýst ekki bara um það hvernig verkum er skipt milli félmrn. og heilbrrn. heldur snýst það líka um það hvernig verkum er skipt að öðru leyti í Stjórnarráðinu því að það eru ýmis félagsleg verkefni t.d. annars staðar í Stjórnarráðinu en í félmrn. og í heilbrrn. Það er um að ræða félagsleg verkefni jafnvel í atvinnuvegaráðuneytunum. Það er um að ræða félagsleg verkefni jafnvel í dómsmrn. Þarna er verið að hefja umræðu um verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands og ég tel að það sé full ástæða til þess og það þurfi að fara í það mál.

Það er náttúrlega dálítið sérkennilegt að upplifa það að Stjórnarráðið er búið að breyta sér án þess að lögum hafi verið breytt og Alþingi tekur því eins og sjálfsögðum hlut að það standi í greinargerðum frumvarpa að iðn.- og viðskrh. flytji þau þó að hann sé ekki til samkvæmt lögum í einu ráðuneyti heldur í tveimur. Þetta sýnir að stjórnkerfið lagar sig að veruleikanum og er allt gott um það að segja en ég held að við þurfum að taka þessi mál pínulítið alvarlegar en við höfum gert.

Mér finnst að þessi tillaga sé dæmigerð um það að við erum í vissum vandræðum með verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins á milli ráðuneytanna. Mér finnst það ekki bara spurning um að skilgreina verkefni frá heilbrrn. yfir á félmrn. Það getur alveg eins verið á hinn veginn líka, þ.e. það þurfi að skilgreina einhver verkefni sem eru á jaðri félmrn. yfir á heilbrrn. eða eitthvert nýtt ráðuneyti, þ.e. innanríkisráðuneyti sem stundum hefur verið kallað sem yfirtæki að nokkru leyti störf dómsmrn. líka.

Ég er sammála því sjónarmiði að mér finnst t.d. að tryggingaþættirnir ættu allir að tilheyra félagsmálapakkanum, tryggingamálin að verulegu leyti. Það er auðvitað spurning hvort sum af þeim verkefnum sem nú eru stjórnsýslulega í fjmrn. eigi ekki að vera inni í burðugu tryggingaráðuneyti. Þar er ég t.d. að tala um stjórn lífeyrissjóðamála. Ég er að tala um yfirstjórn lífeyrismálanna og yfirsýn lífeyrismálanna í landinu. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að upplifa það að verið er að sýsla með þetta að hluta í heilbrrn. og að hluta í fjmrn. og það er eins og menn viti nákvæmlega ekkert hvor af öðrum í þessum málum þó að í rauninni séu menn að fást við svipuð verk. Allt þetta finnst mér að þurfi að skoða og því tel ég að þessi tillaga sé alveg ágætlega á sínum stað. Mér skilst að lagt sé til að hún fari til allshn., er það ekki rétt, og þá eru menn bersýnilega að nálgast þetta út frá stjórnarráðsvinklinum og ég held að það sé kannski skynsamlegt að gera það.

Ég tek eftir því að í greinargerð tillögunnar er vikið aðeins að tveimur mjög stórum og þýðingarmiklum lagabálkum sem hafa orðið til á síðustu 10–15 árum. Annað er lögin um málefni aldraðra og hitt eru lögin um málefni fatlaðra. Staðreyndin er að sú löggjöf varð fyrst og fremst til vegna þess að það náðist ekki nein heildarsamstaða um heildarfélagsmálalöggjöf. Það voru ekki aðstæður til að setja hana. Menn töldu hana of flókna og yfirgripsmikla. Það mundi þýða of mikla skriffinnsku og annað þess háttar, en á árinu 1982 var samið gríðarlega mikið frv. um félagsmálalöggjöf hér á landi í nefnd sem var þá undir forustu Jóns Björnssonar, þáverandi eða síðar félagsmálastjóra á Akureyri. Það frv. var ekki flutningstækt, ef svo má segja í þessari stofnun, vegna þess að það tók yfir miklu breiðara svið en Alþingi var bersýnilega tilbúið til að taka á á þeim tíma. Þá voru menn tilbúnir til þess að taka lög um málefni þroskaheftra og lög um málefni fatlaðra sér og menn voru tilbúnir til þess að setja þessi sérstöku lög um málefni aldraðra. Og þingmenn muna kannski eftir því að lögin um málefni aldraðra byrjuðu með að það voru sett lög um Framkvæmdasjóð aldraðra áður en heildarlögin voru sett. Það var af því að menn voru tilbúnir til þess að afla skatta í það sérstaka verkefni að byggja húsnæði fyrir aldraða, bæði hjúkrunarheimili, dvalarheimili og jafnvel

íbúðir, og það var mjög merkileg samstaða sem myndaðist á Alþingi á þeim tíma milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að leggja á skatt. Ég hygg að það séu fá dæmi þess að stjórn og stjórnarandstaða hafi sameinast um að leggja á skatt. Það var skatturinn sem þá fór í Framkvæmdasjóð aldraðra en hefur síðan verið notaður almennt í ríkissjóð eins og menn þekkja, en ég ætla ekki að fara út í þær deilur hér.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. flm. tillögunnar að vandinn við þetta mál er ekki síst sá að heilbrigðiskerfið er oft sett í algjörlega óþolandi stöðu. Það er sagt við heilbrigðiskerfið: Þið eigið að spara 30 millj., 100 millj. eða 200 millj. og heilbrigðiskerfið byrjar þá á því að fara í þau verkefni sem það telur að tilheyri kannski einhverjum öðrum eins og sveitarfélögunum. Bjargsmálið er dæmi um það. Gunnarsholtsmálið er dæmi um það. (**Gripið fram í:** Leikskólarnir.) Og svo leikskólamálið sem stundum hefur verið rætt áður. Þetta er dæmi um verkefni þar sem heilbrigðiskerfið er sett í vanda. Heilbrigðiskerfið vill sjá um sín heilbrigðismál en situr svo uppi með félagsleg verkefni og svo er ráðist á heilbrigðiskerfið úr öllum áttum ef menn vilja flytja þessi verkefni til sem þó ætti í raun og veru að gera miðað við stjórnkerfi eins og er. Þetta verður til þess að það myndast óþolandi þrátefli um árabil, eins og við þekkjum öll hér inni sem höfum staðið í þessum málum, um m.a. rekstur á stofnunum eins og í Gunnarsholti, rekstur á stofnun eins og Bjargi, og líka deilur um leikskólarými sjúkrahúsanna, sem þyrfti ekki að vera ef menn nálguðust þetta rólega og faglega og ekki bara í tengslum við niðurskurðinn heldur í heildarsamhengi. Út frá því finnst mér að þessi tillaga hafi tvíþætt hlutverk, annars vegar að minna á erfiða, flókna og að mörgu leyti úrelta verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands, og svo hins vegar það að hjálpa til við að félmrn. hafi sitt og ekki sé verið að ætlast til þess að heilbrrn. fáist við verkefni sem eiga heima annars staðar. Það er oft með mjög ósanngjörnum hætti, m.a. af stjórnarandstöðunni á hverjum tíma, hvort sem það er ég eða einhverjir aðrir, verið að veitast að hugsanlegum verkefnatilflutningi þarna á milli og verður til þess að stofnanirnar og einstaklingarnir sem þar búa, hvort sem það er á Bjargi, Gunnarsholti eða hvar það nú er, verða bitbein í ósanngjarnri og óheppilegri umræðu. Þess vegna tel ég ágætt að hefja þessa umræðu eins og hv. þm. hefur gert.

[14:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil segja það í upphafi að ég sakna þess að við í félmn. skulum ekki fá þessa tillögu til umfjöllunar því að þetta er vissulega mjög spennandi mál. Hins vegar viðurkenni ég það að sjálfsögðu og tek undir það að hér er um stjórnsýslumál að ræða og þess vegna á tillagan að sjálfsögðu að fara til allshn. En það vekur athygli okkar á því að eitthvað er orðið sérkennilegt við verkaskiptingu á hinu háa Alþingi sem tengist þessum ráðuneytum vegna þess að það hefur verið mjög greinilegt á undanförnum árum hvílíkt gríðarlegt vinnuálag hefur verið á allshn. Mér finnst einmitt að sú staðreynd kalli á það að við skoðum líka verkaskiptingu hér innan okkar dyra.

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari tillögu og þakka flm. fyrir að koma fram með hana vegna þess að ég tel að hér sé um mjög brýnt og gott mál að ræða. Mig langar til þess að koma að einu atriði sem þeir sem á undan mér hafa talað hafa ekki minnst á. En í ljósi þess mikla niðurskurðar og sparnaðar sem krafist er af heilbrrn. þá eru menn oft í miklum samanburði við önnur lönd og einmitt það hvernig við skiptum verkum milli félmrn. og heilbrrn. gerir það að verkum að samanburður við önnur lönd er ákaflega erfiður vegna þess að hér er heilbr.- og trmrn. með ýmis verkefni á sínum snærum sem heyra undir félagsmál í öðrum löndum. Það er m.a. ein ástæðan fyrir því að hlutur heilbrigðisþjónustu eða heilbrigðismála virðist vera hærri en hann er í raun og veru. Mér finnst þetta vera afar mikilvægt atriði, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað á undanförnum árum um sparnað og kröfur um sparnað, að menn geri sér grein fyrir því að við erum ekki að fást við rétta og sambærilega mynd á við það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Ég er ekki að segja að við eigum endilega að hafa verkaskiptingu hjá okkur nákvæmlega eins og annars staðar en við eigum að fara í gegnum þetta og skilgreina hvað eru félagsleg verkefni, félagsleg úrræði, hvað er heilbrigðisþjónusta. Ég vil í því sambandi taka undir það að mér finnst sjálfsagt að flytja ákveðna þætti tryggingamála yfir til félmrn. Hjá félmrn. er t.d. Atvinnuleysistryggingasjóður. Hann heyrir undir það ráðuneyti. Þar er um greinileg, félagsleg úrræði að ræða. Það sama gildir um ýmislegt sem snýr að fötluðum og öldruðum og jafnvel sjúklingum eða fyrrverandi sjúklingum eftir að þeir koma út af sjúkrastofnunum og þurfa á ýmiss konar aðstoð að halda og félagslegum úrræðum. Ég held að við sjáum þetta mjög greinilega ef við skoðum fyrirtæki eins og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sem fer yfir mjög vítt svið félagslegra úrræða og í rauninni heilbrigðismála líka. Skilin þarna á milli eru oft mjög ógreinileg en í sjálfu stjórnkerfi ríkisins eiga þau að vera skýr þó að þar með sé ekki sagt að það eigi ekki að eiga sér stað upplýsingastreymi og samvinna sem getur ekki annað en talist eðlileg hjá ríkinu.

Ég vil taka undir það sem fyrri ræðumenn hafa einmitt minnst á, að þegar heilbrigðiskerfinu er stillt upp andspænis niðurskurði og sparnaði, þá verður fyrst fyrir þeim sú þjónusta sem þeir telja að eigi ekki að sinna. Þetta eru í rauninni mjög eðlileg viðbrögð hjá þeim en þau koma oft við þá sem síst skyldi og sem dæmi má nefna þetta leiðinlega Bjargsmál sem greinilega olli gríðarlegum titringi úti í samfélaginu, og sem betur fer miklum viðbrögðum almennings og annarra sem fannst málið snerta sig og að þarna væri verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. En það er hægt að komast hjá svona leiðindaárekstrum og þessi verkaskipting á að vera eðlileg. Því vil ég taka undir efni þessarar tillögu og mæla með því að hún verði samþykkt og að við förum í þetta verkefni sérstaklega, ekki síst í ljósi stöðu heilbrigðiskerfisins. Það er svo annað mál sem hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á að það er auðvitað full ástæða til þess að skoða verkaskiptingu milli allra ráðuneytanna og ekki síst það hvort þetta tæplega 270 þús. manna þjóðfélag þarf á öllum þessum ráðuneytum að halda. Þar vil ég minna á tillögur um það að hér verði komið á einu atvinnumálaráðuneyti í stað þeirra a.m.k. þriggja sem hér eru. Ég held að með slíkri sameiningu mætti ná fram miklum sparnaði og hagræðingu og kannski því að viðhorf, sem eru ríkjandi, kannski sérstaklega í landbrn., þar sem menn líta á sig nánast eins og hagsmunagæsluaðila fyrir landbúnaðinn í stað þess að vera sá aðili sem gætir fyrst og fremst almannahags eins og ríkisvaldið á að gera. Það eru hagsmunasamtök bænda sem eiga að vera í því að verja hag og réttindi bændastéttarinnar. Einnig hugmyndir um innanríkisráðuneyti eða tilfærslu á slíkum verkefnum, þetta þarf allt að skoða og ekki síst í ljósi þess að við erum sífellt að leita leiða til þess að nýta okkar fjármagn betur og horfum á

það að við stöndum frammi fyrir gríðarlegum vandamálum í okkar samfélagi, ekki síst vegna aldursskiptingar þjóðarinnar og sífellt vaxandi krafna um aukna þjónustu og vegna þess að hópur aldraðra stækkar stöðugt, og þá þurfum við auðvitað að skoða það vel og rækilega hvernig við nýtum okkar fjármagn.

Því vil ég mælast til þess, hæstv. forseti, að þessi tillaga fái góða og skjóta meðferð í þinginu og að hæstv. félrmh. og hæstv. heilbrrh. taki málinu vel og að hér verði komið á eðlilegri verkaskiptingu milli þessara ráðuneyta.

[14:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna frumkvæði hv. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Hér hreyfir hún máli sem mjög brýnt er að Alþingi ræði og gaumgæfi til hlítar.

Það er að sönnu fyrirliggjandi að það er ekkert sjálfsagt og rétt þegar kemur að þeim álitamálum sem hér er drepið á. Raunar ekki heldur þótt umræðuefnið sé aðeins útvíkkað og menn ræði vítt og breitt um hlutverkaskiptingu og verkefnaskiptingu í Stjórnarráðinu í heild. Þrátt fyrir það að kerfið í eðli sínu sé býsna íhaldssamt og að breytingar á verkefnum ráðuneyta gangi hægt fyrir sig og séu fremur undantekning en regla, þá hefur þrátt fyrir allt eilítið mjakast í rétta átt eða a.m.k. í þá átt sem veruleikinn hefur kallað á á liðnum missirum og árum.

Hér hafa menn staldrað til að mynda við tryggingamálin. Það er rétt að vekja á því sérstaka athygli að Atvinnuleysistryggingasjóður varð til skamms tíma vistaður einmitt í heilbrrn. og það var ekki fyrr en á síðasta kjörtímbili, og raunar í tíð undirritaðs sem heilbrrh., sem hann fluttist inn í félmrn. og það var tiltölulega góð sátt um þann tilflutning. Á sama hátt var það síðla á síðasta kjörtímabili sem hin almennu tryggingamál fluttust úr heilbrrn. í viðskrn. Þá vil ég einnig nefna það að Hollustuverndin fór úr því sama ráðuneyti yfir í umhvrn. þannig að stórir og mikilvægir málaflokkar hafa verið á ferðinni frá þessu stóra ráðuneyti sem heilbrrn. er og yfir í önnur ráðuneyti, í annarra hendur. Og í þeim þremur tilvikum sem ég hef tilgreint hér hefur verið tiltölulega góð sátt og eining.

Þingmenn hafa staldrað eilítið við það, sem vissulega er rétt, að gjarnan er það svo þegar kemur að tilflutningi tiltekinna afmarkaðra verkefna frá einu ráðuneyti til annars, sérstaklega á þessum sviðum, að í tengslum við fjárlagagerð þá rjúki forsvarsmenn viðkomandi stofnana, þau hagsmunasamtök sem hlut eiga að máli, upp til handa og fóta og mótmæli harðlega og eiga sér þá oftar en ekki dygga stuðningsmenn hér á hinu háa Alþingi sem fara mikinn og mótmæla harðlega. Ég held að það sé rétt að halda því til haga, virðulegi forseti, að ég hef haft af því vissan ótta að þótt við séum ekki beinlínis í fjárlagagerð, þá megi ætla að svipaður söngur upphefjist þegar menn koma með ígrundaðar en vissulega umdeildar tillögur um hvar skuli vista hinar einstöku stofnanir, undir hvaða ráðuneyti. Með öðrum orðum sé ég ekki að mál séu hólpin þó að við forðum þeim undan hinum óbeinum tengslum við fjárlagagerð og fjármálaleg umsvif því að auðvitað verður ekki hjá því komist að skoða þann þátt líka. Það er bara þannig.

Hér var komið inn á hugmyndir um tilflutning Gunnarsholts yfir á félagsmálasviðið, bæði til félmrn. og til sveitarfélaga, sem allir eru sammála um að eigi þar heima. Menn nefndu leikskólamálin og það rifjaðist upp fyrir mér þegar ég heyrði tvo hv. ræðumenn hér, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur annars vegar og hv. þm. Svavar Gestsson hins vegar rifja upp leikskólamál og Gunnarsholtsmál að ef mig brestur ekki minni, þá er eins og það vomi einhvers staðar yfir að þau hafi talað mjög hart gegn þeim tilflutningi á sínum tíma. En batnandi manni er best að lifa, eins og einhvers staðar segir, virðulegi forseti, þannig að ég fagna því að menn geti horft á þau mál með kannski eilítið meiri viðsýni nú í upphafi árs 1996 en var á þeim tíma í lok árs 1993. — En þetta var raunar útúrdúr. Meginatriðið er það að ég held að við eigum að horfa á þessi mál hleypidómalaust og hreinlega á verkefnin eins og þau koma fyrir. Það er hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni að samanburður við aðrar þjóðir er að mörgu leyti skakkur vegna þess að heilbrigðisþátturinn er þyngri og veigameiri hér en víðast hvar annars staðar, en aftur á móti félagsmálaþátturinn mun léttari og veigaminni en gengur og gerist hjá okkar nágrannalöndum. Þannig verða hliðstæður og samanburður ótrúverðugur með köflum.

Ég held hins vegar að hjá því verði ekki komist að taka undir að sá þáttur sem hér er staldrað við er náttúrlega liður í langtum stærra máli, nefnilega því að endurmeta og endurskoða verkaskiptingu í Stjórnarráðinu í heild og breidd. Ég nefndi það áðan að íhaldssemin væri tiltölulega rík hjá okkur mörgum þingmönnum. Hjá okkur er hátíð ein þegar kemur að þeim veruleika sem við blasir í kerfinu sjálfu, þ.e. hjá forsvarsmönnum þeirra stofnana sem hugsanlega eiga að flytjast frá einu ráðuneyti til annars, jafnvel hjá embættismönnum þeirra ráðuneyta sem um málið véla frá einum tíma til annars þannig að það er létt um málið að tala en kannski erfiðara því að þoka. Þetta þekkjum við talsvert af eigin raun og þess vegna held ég að hv. þingmenn þurfi að hafa röskar hendur og dálítið kraftmikið verklag til þess að mjaka þessum málum í rétta átt. Ég minni á að það eru gjarnan þessir sömu embættismenn sem hafa verið að vinna að endurmati og endurskoðun á ýmsum þáttum Stjórnarráðsins, bæði hugsanlegum verkefnatilflutningi, einnig á réttindamálum þar innan dyra. Ég nefni í þessu sambandi æviráðninguna, ég nefni hugmyndir, sem eru mjög réttmætar að mínu áliti, um að flytja æðstu stjórnendur ráðuneyta milli ráðuneyta með reglulegu millibili og svo mætti lengi telja. Þessi mál voru komin á talsvert góðan rekspöl fyrir ekki mörgum árum, en fóru síðan í lægð á nýjan leik. Kannski var um að kenna því að þeir menn sem lögðu til efnið í þessar hugmyndir á þeim tíma áttu hagsmuna að gæta sjálfir. Og svo kannski hitt að við hv. þm., ef við lítum aðeins með gagnrýnum huga á eigin störf og stefnumið, erum kannski líka allt of íhaldssamir þegar að þessu kemur.

Ég árétta það, virðulegi forseti, að lokum að hér er hreyft mjög þörfu máli og skora á hv. þm. sem um þessi mál munu fjalla í nefnd að láta einskis ófreistað að vinna að því rösklega og láta engan stein óhreyfðan í þessu sambandi. Hv. flm. nefndi til sögunnar ýmsar hugmyndir í þessa veru. Aðrir ræðumenn hafa gert það sömuleiðis. Sumar eru betri en aðrar að mínu áliti og þannig er það og verður í umræðunni, en engu að síður á umræðan fullan rétt á sér og ég vona svo sannarlega að hún verði meira en almennt tal, heldur leiði hún af sér nauðsynlegar og réttmætar breytingar.

[14:44]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni um afstöðu mína til leikskólamála, þá vil ég segja

það að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að sveitarfélögin ættu að bjóða öllum börnum upp á leikskólapláss en það væri ekki hlutverk t.d. spítala að reka slíkar stofnanir. Hins vegar var ástandið þannig hjá Reykjavíkurborg að skortur á leikskólaplássi var slíkur að engan veginn var við unað og þess vegna urðu sjúkrahúsin að grípa til þess ráðs að koma upp sínum eigin leikskólum.

Hins vegar ber nú svo við að það hafa orðið mikil umskipti í Reykjavíkurborg og Reykjavíkurlistinn setur leikskóla og skólamál í forgang og við munum á næstu mánuðum og árum það sem eftir lifir kjörtímabilsins sjá töluverð umskipti í þeim málum. Þannig að þó að menn færu nú í þessi leikskólamál hjá spítölunum, þá hygg ég að ekki mundi gerast sem við blasti fyrir líklega tveimur árum eða svo, þegar þessi mál voru hvað mest á döfinni, að börnin yrðu sett út á guð og gaddinn eins og þá var útlit fyrir. Því að ef ég man rétt þá tók þáv. borgarstjórnarmeirihluti ekkert sérlega vel í það að taka við þessum leikskólum.

[14:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að endurvekja hér umræður sem áttu sér stað fyrir rétt rúmum tveimur árum, heldur hitt að vera bæði sammála og ósammála hv. ræðumanni. Í fyrsta lagi er ég henni sammála um það að núverandi borgarstjórnarmeirihluti er mjög áfram um það að leysa úr þeim vanda sem var vissulega fyrir hendi og er að sumu leyti enn hvað varðar dagvistarrými eða leikskólarými fyrir börn. Hinu er ég fullkomlega ósammála að nokkru sinni hafi staðið til að blessuðum börnunum á leikskólum sjúkrahúsanna hafi verið ætlað að eiga sér athvarf úti á gaddinum, enda var það ekki svo.

Ég vil hins vegar rifja upp, af því að hávaðinn var mikill á sínum tíma og minna fór fyrir þeim niðurstöðum sem urðu í málinu, að nýverið lagði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fram fyrirspurn um hver hefði verið hin fjárhagslega framþróun þessara mála. Þá kom í ljós að sparnaður Ríkisspítalanna vegna þeirra aðgerða sem gripið var til, þrátt fyrir allan hávaðann og þrátt fyrir öll mótmælin, hefur leitt til sparnaðar á Ríkisspítölunum upp á hátt í 200 millj. kr., ef ég man rétt, og það án þess að nokkru barni hafi verið úthýst þannig að stundum er það svo að þegar rykið sest og menn sjá í kringum sig, þá eru mál að mjakast í rétta átt. Það er verið að spara peninga án þess að draga úr þjónustu og þannig unnum við alþýðuflokksmenn á síðasta kjörtímabili, virðulegi forseti, og þannig er okkar aðhald í stjórnarandstöðu gagnvart aðgerðum núv. ríkisstjórnar. Við viljum sem sagt sjá í gegnum þokumökkinn sem stundum umlykur marga umræðuna.

[14:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að rifja það upp að ýmis og flest af sparnaðaráformum fyrrv. ríkisstjórnar komu beinustu leið, án þess að það væri haft nokkurt samráð við sveitarfélögin, og við upplifum það hér að sveitarfélögin í landinu voru alveg gáttuð yfir vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og fannst á sig ráðist hvað eftir annað. Ég held að ég muni það rétt að það sama hafi gilt um þessi leikskólamál og að þáv. meiri hluti í Reykjavíkurborg hafi ekki talið sig reiðubúinn að taka við þessu af þeim eðlilegu ástæðum að það hafði ekkert verið við þá talað fyrir fram.

En þetta er liðin tíð. Ég tek undir það með þingmanninum. Við getum svo sem lesið í Alþingistíðindum hvernig þetta gekk fyrir sig. Það er auðvitað ágætt ef náðst hefur sparnaður. Við horfum fram á ákveðna þróun í þessum málum, ekki síst hér í borginni þar sem, eins og ég nefndi áðan, var ríkjandi neyðarástand og þessi gríðarlega tregða Sjálfstfl. við að koma hér upp eðilegum, félagslegum úrræðum fyrir fólk í borginni. En nú lifum við betri tíð með blóm í haga.

[14:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins tvær setningar um þetta mál og út af fyrir sig þarflausar.

Ég nefndi áðan að ýmsir hefðu orðið til þess að gagnrýna þær hugmyndir sem uppi voru á þeim tíma um leikskóla Ríkisspítalanna og sjúkrahúsanna í landinu. Ég nefndi til sögunnar tvo hv. þm. sem gerðu þessi mál að umtalsefni í þessu samhengi. Ég lét þess hins vegar ógetið að nefna þátt hæstv. núv. heilbrrh. í þeim efnum og vil nefna hann, þó að ég átti mig á því núna að hún sé með fjarvist og varamaður inni. En hún var einn helsti gagnrýnandi þessa ráðslags á þeim tíma og því er fróðlegt að geta þess undir þessum kringumstæðum að þessi sami ráðherra er nú í viðræðum og hefur gengið hart fram í því gagnvart bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði að þau taki yfir þann leikskólarekstur sem St. Jósefsspítali hefur þar haft með höndum og verið rekinn fyrir fé frá ríkinu. Ég segi því enn og aftur: Batnandi manni er best að lifa. Þegar menn sjá í kringum sig og skóginn fyrir trjánum, þá breytast stundum sjónarmið.

[14:50]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að láta þau orð falla um orðaskipti þeirra hv. þm. sem hér tókust á í andsvörum og svörum að ef maður á að draga saman þessi orðaskipti þeirra, vinsamleg og áhugaverð í eina setningu, þá mundi ég hafa hana svona: Það skiptir máli hverjir stjórna.

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið afskaplega áhugaverð og jákvæð og ég vil þakka þær undirtektir sem tillaga sú sem ég mælti fyrir hefur fengið. Ég verð strax bjartsýn á að hún eigi möguleika á að fá stuðning og framgang í þinginu vegna þeirra viðhorfa sem hér hafa komið fram. Auðvitað tek ég undir það að full ástæða er til að skoða stjórnsýsluna sem slíka í víðara samhengi en því sem þessi tillaga sem ég hef flutt fjallar um. Það er hægt að gera óháð þessari tillögu og það er stærra mál og má vænta þess að það verði síðar, hvort sem það verður framhald af slíkri vinnu ef hún fer í gang sem ég hef lagt til.

Mig langar að nefna það að árið 1988 var farið í talsvert mikla endurskoðun félagslegra stofnana, sérstaklega stofnana fatlaðra, af þáv. félmrh. Það voru uppi ýmis áform um að breyta þeim stofnunum og þróa í aðrar áttir, sambýli og annað slíkt. Reyndin varð sú að það var eiginlega eingöngu Sólborg á Akureyri sem ákvað að gera breytingar eða í raun og veru að leggja sjálfa sig niður. Ég er alveg viss um að á þeim tíma sem ég tók þátt í þeirri umræðu, 1988, hefði enginn séð það fyrir þá að á árinu 1996 væru þau húsakynni orðin til ráðstöfunar Háskólanum á Akureyri. En þannig er það að stofnanir eru börn síns tíma og síðan breytast bæði viðhorf og kröfur og sem betur fer má oft þróa mál þannig að til hagsbóta er fyrir marga aðila.

Það er mikilvægt að skoða þessi mál. Það er alveg ljóst að við yfirferð þeirra yrði niðurstaðan sú að einhver þeirra yrðu flutt til sveitarfélaganna, það er trú mín, þó að fyrst og fremst geri ég tillögu um það að ákveðin tilgreind verkefni

séu skoðuð vegna þess að ég þekki til þess að mörg þeirra eiga heima hjá félmrn. Það er brýnt að taka á þessum málum strax og fyrir fram einmitt vegna þess að við erum að upplifa það aftur og aftur að tillögur eru um að leggja stofnanir niður án þess að nokkur áform séu uppi um hvernig eigi að huga að því fólki sem þar býr.

Ég hef lagt til, virðulegi forseti, að það verði sett nefnd í málið og að þingmenn komi að því nefndarstarfi sökum þekkingar þeirra á löggjöf. Þessi nefnd, ef af verður, fer væntanlega vel ofan í málin og þá tel ég að allt sé opið. Þó að ég hafi tekið ákveðin dæmi af ákveðnum tilgreindum stofnunum, þá hef ég ekki gert tillögu um að flytja ákveðnar stofnanir frá heilbrrn. til félmrn. sem ég hefði gert ef ég hefði sjálf verið búin að skoða þau mál og talið það nægilegt, en tillagan er um að þessi mál verði skoðuð og síðan gerðar lagabreytingar og áætlun um tilflutning. Ástæðan fyrir því að ég hef tekið dæmi um þessar sérstöku stofnanir er hreinlega sú að í því ástandi sem ríkir í dag er ég hrædd um þær.

Ég þakka þá góðu umræðu sem hér hefur farið fram og stuðning við það mál sem ég hef flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:55]

Umræður utan dagskrár.

Samráð við samtök launafólks um félagsleg réttindi.

[15:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á síðustu vikum hafa komið fram ýmis merki um nýja samskiptahætti á milli ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar. Fram hefur komið að ríkisstjórnin ætli sér að leggja fram frumvörp um mikilsverða þætti á vinnumarkaði í andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

Í fyrsta lagi er um að ræða drög að frv. til laga um breytingar á lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Þar virðist hæstv. ríkisstjórn hafa látið vinna upp frumvarpsdrög á sama tíma og bæði ASÍ og BSRB höfðu fallist á að ræða ákveðnar hugmyndir að breytingum. Þær umræður voru varla farnar af stað þegar allt í einu voru komin fram drög að frv. sem að verulegu leyti gengu lengra en nokkurn tíma hafði verið rætt í samstarfsnefnd sem um málið fjallaði.

Það hefur komið fram að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í þessari nefnd telja ríkisstjórnarfulltrúana hafa gengið allt of langt miðað við tilefni í þessari frumvarpssmíð og reyndar hafa bæði ASÍ, BSRB og BHM lýst fullkominni andstöðu við frumvarpsdrögin. Fæstum þarf að koma á óvart að samtök atvinnurekenda hafa lýst mikilli ánægju með þessi vinnubrögð. Mig grunar reyndar að vilji þeirra sé að láta kveða niður með lögum þá ólgu sem nú kraumar meðal launafólks vegna bágra kjara og ríkisstjórnin er líklega á sama máli.

Þá hafa einnig verið sýnd drög að frv. um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem rædd voru í þinginu í gær. Þar ætlar hæstv. ríkisstjórn sér sem atvinnurekandi að breyta veigamiklum þáttum í kjörum opinberra starfsmanna án þess að hafa þá með í ráðum. Það er því eðlilegt að spyrja: Hvað eiga vinnubrögð eins og þessi að þýða? Er ríkisstjórnin að segja verkalýðshreyfingunni stríð á hendur?

Það er ljóst að lengi hefur verið rætt um nauðsyn þess að breyta vinnulöggjöfinni og ákveðnum þáttum varðandi kjör og réttindi opinberra starfsmanna. En sú umræða hefur verið mjög einhliða og verið eingöngu áróður og snúist að mestu leyti um skerðingu réttinda og kjara. Ég er fullviss um að verkalýðshreyfingin er til í að ræða ýmsar breytingar á þessum málum og öðrum og því hefur reyndar margoft verið lýst yfir af hennar hálfu. Ég hlýt því að spyrja af hverju ríkisstjórnin þiggur ekki það boð um samstarf og gefur ASÍ og samtökum opinberra starfsmanna tíma til að leggja fram tillögur sínar. Af hverju leggur hæstv. ríkisstjórn einhliða fram drög að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í stað þess að leita viðræðna og samráðs um breytingarnar? Ég fullyrði að þessi mikli asi á hæstv. ríkisstjórn hefur leitt til þess að möguleiki til að ná farsælum lausnum varðandi þessa þætti hefur minnkað verulega og e.t.v. var það frá upphafi tilgangur ríkisstjórnarinnar.

Eitt af því sem ríkisstjórnin stefnir að með tillögum sínum að breytingum á vinnulöggjöfinni er stóraukin miðstýring á vinnumarkaði. Ég held að flestu launafólki þyki nóg um þá algjöru miðstýringu sem ríkt hefur í þeim málum á undanförnum árum. Á almenna vinnumarkaðnum kemst Vinnuveitendasambandið upp með að nota sömu samninganefndina gegn öllum stéttarfélögum í landinu. Fleiri komast ekki að. Vald herranna í Garðastræti er algert. Ég tel að ef einhverju þurfi að breyta í þessum efnum, þá þurfi að auka valddreifinguna. Það er skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að nauðsynlegt sé að ákvarðanir um kjör færist nær fólkinu og fyrirtækjunum en nú er. Brýnt er að einstökum stéttarfélögum verði gert kleift að semja um kjör félagsmanna sinna innan einstakra greina og fyrirtækja í tengslum við heildarsamninga á vinnumarkaðnum. Það gengur ekki í þjóðfélagi eins og okkar að kjaraákvarðanir fyrir nær allan vinnumarkaðinn séu teknar á einu borði.

Í stað þess að stuðla að aukinni miðstýringu og takmörkun á réttindum launafólks teldi ég brýnna að ríkisstjórnin ynni að því að bæta réttarstöðu launafólks hér á landi þannig að hún færðist nær stöðu mála í nágrannalöndum. Í þessu sambandi vil ég t.d. benda á ráðningaröryggi starfsfólks sem er mun lakara hér á landi en annars staðar gerist. Um slík mál og önnur álíka vill verkalýðshreyfingin örugglega ræða við ríkisstjórnina.

Þær breytingar sem lagðar eru fram í tengslum við vinnulöggjöfina fela hins vegar í sér verulega takmörkun á sjálfsögðum réttindum launafólks og samkvæmt áliti helstu fræðimanna í vinnurétti stangast þessar tillögur á við stjórnarskrá, íslensk lög og ýmsar alþjóðasamþykktir sem Íslendingar eiga aðild að. Hér er því um að ræða beinar árásir á verkalýðshreyfinguna sem við hljótum að mótmæla kröftuglega.

Þá kom skýrlega fram í erindum sem flutt voru á miðstjórnarfundi Alþb. um síðustu helgi að íslenskt launafólk býr að flestu leyti við bágari kjör en launafólk í nálægum löndum. Ofan á þetta bætist að íslenskt launafólk, verkalýðshreyfingin, má einnig sífellt búa við árásir af hálfu stjórnvalda sem oftar en ekki eru studdar af samtökum atvinnurekenda eða tilkomnar vegna hvatningar frá þeim.

Virðulegi forseti. Ég tel að eitt af mikilvægastu hlutverkum ríkisstjórnar og Alþingis sé að búa aðilum vinnumarkaðarins stöðugt og friðsælt umhverfi til þess að þeir geti ráðið málum sínum sjálfir. Það sem ríkisstjórnin er með í undirbúningi nú er í hrópandi andstöðu við þetta. Breytingar

á vinnulöggjöf á ekki að framkvæma á stuttum tíma með það að markmiði að bæta stöðu atvinnurekenda fyrir næstu samninga. Ég spyr því: Mun hæstv. forsrh. beita sér fyrir því að nú verði tekin upp önnur og betri vinnubrögð með það markmið að leiðarljósi að vanda vinnuna í sátt og samlyndi við aðila vinnumarkaðarins?

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég færi málshefjanda þakkir fyrir að taka þetta mál til umræðu. Ég held að það sé alveg tímabært miðað við það sem rætt hefur verið úti í þjóðfélaginu. Þó er málið þannig vaxið að flestir hv. alþm. hafa ekki grundvöll til þess að ræða málið efnislega því að þau drög að tillögum sem hv. þm. nefnir, eru flestar enn þá á umræðustigi einmitt við verkalýðshreyfinguna þannig að þau mál eru rædd meira við verkalýðshreyfinguna og fyrr en við hv. alþm., a.m.k. á þessu stigi málsins og það takmarkar þá efnislegu umræðu sem um málið getur farið fram hér.

Ég vek athygli á því að í þeim tilvikum sem hv. þm. nefndi, bæði varðandi þær breytingar sem menn eru að vinna að á lagaramma um sáttastörf í vinnudeilum og eins varðandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá er um að ræða gamlan lagaramma, reyndar í öðru tilvikinu mjög gamlan lagaramma. Ég hygg að flestir sanngjarnir menn sjái að það er ekki vanþörf á því að þeim lagaramma verði breytt og þeim leikreglum verði breytt. Þeim leikreglum getur enginn annar aðili breytt en þingið. Þetta eru leikreglur sem eru varðaðar lagaramma og það er sjálfsagt að þingið rísi undir þeim skyldum sínum. Ég tek undir það með hv. þm. að það er óskynsamlegt að leitast við að breyta þeim leikreglum sem verða að vera skýrar og ljósar án náins samráðs við þá aðila sem í hlut eiga og ég tel einmitt að menn hafi verið að leitast eftir slíku samráði.

Í fyrra tilvikinu þar sem um er að ræða sáttastörf í vinnudeilum hefur verið starfandi nefnd til að undirbúa það mál sem hefur nú haldið 42 fundi. Það er ómögulegt að segja að þar séu menn að rasa um ráð fram þegar starf er undirbúið með þeim hætti að nefnd aðilanna hefur haldið um málið 42 fundi og það virtist flest benda til þess, a.m.k. framan af, að allgóð sátt gæti orðið í því nefndarstarfi.

Það er líka rétt að hafa í huga vegna þess með hvaða hætti umræðan hefur verið að ekki er um það að ræða í neinu tilviki að menn séu með hugmyndir um það að í lögum að bægja í burtu áunnum rétti í kjarasamningum verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og ríkisins. Það stendur ekki til. Það er ekki hugmyndin. Menn eru ekki að hrófla í neinu við þeim atriðum sem aðilar semja um í kjarasamningum. Menn eru hins vegar að semja um leikreglurnar og það er áríðandi að leikreglurnar séu skýrar.

Ég vil líka nefna það vegna þess að í sumum ummælum hv. þm. gætti annars. Þegar menn tala um það að menn séu að velta fyrir sér að draga úr réttindum launþega eins og sagt er, þá er það misskilningur. Ef það er uppi í hugmyndum til að mynda um sáttastörf á vinnumarkaði að draga eitthvað úr völdum verkalýðsforingja, þá er það aldrei gert þannig að færa þau völd annað, til vinnuveitenda eða ríkisins heldur eingöngu til launþeganna sjálfra og ég trúi ekki að hv. þm., formaður Alþb., sé andvíg því að auka rétt launþeganna sjálfra, áhrif þeirra á það hvort boðað sé til vinnustöðvunar, áhrif þeirra á það hvenær verkföllum ljúki o.s.frv. Ég hygg að flestum hv. þm. ætti að vera ljóst að það er mikilvægt að áhrif launþeganna sjálfra í verkalýðshreyfingunni aukist. Við höfum horft á það að mjög fámennir fundir, fundir þar sem kannski koma saman 1% manna í tiltölulega litlu félagi geta sett allt á annan endann í þjóðfélaginu og þar með truflað störf þúsunda annarra launþega sem koma hvergi nærri. Við þurfum auðvitað hér sem löggjafi að gæta hagsmuna þessara launþega, ekki eingöngu forustumanna í verkalýðsfélögum, með fullri og mikilli virðingu fyrir þeim. Þannig leitast ríkisstjórnin í þessum tilvikum við að eiga sem nánast, best og mest samráð við starfsmenn og forustumenn starfsmanna á vinnumarkaði. En við getum aldrei, hvorki ríkisstjórn né þing hlaupist undan þeim skyldum okkar sem við höfum á okkur tekið að lokaorðið um lagasetningu verðum við að eiga sjálf. Við getum aldrei vikið þeim þætti burtu til annarra. Til þess höfum við ekki leyfi gagnvart kjósendum í landinu. Við verðum að axla þær ábyrgðir sjálf og það viljum við auðvitað öll gera.

Ég ítreka að við höfum verið að vinna að þessum málum í samráði við aðila á vinnumarkaði. Ég vek athygli á því að málið er til umræðu vegna þess að ríkisvaldið hefur einmitt sent, til að mynda í tilfelli opinberra starfsmanna, þau mál til athugunar þeirra og það er þaðan sem það berst út til umræðunnar, einmitt frá þeim, og út af fyrir sig er ekkert við því að segja. Það sýnir hins vegar það og sannar að menn eru ekkert að æða fram með einhver mál án þess að þeir fái tækifæri til þess að koma að sínum sjónarmiðum, andmælum og athugasemdum sem auðvitað eru flestar til bóta því að þetta eru aðilar sem til málsins þekkja og við viljum eiga náið og gott samráð við þessa aðila. Við viljum jafnframt að leikreglurnar taki mið af þjóðfélaginu eins og það er í dag, tíðarandanum og þeirri þróun sem orðið hefur. Lögin frá 1938 þegar þau voru sett voru kölluð af forustu launþegahreyfingarinnar þá þrælalög. Nú vilja menn ekki láta breyta þessum lögum. Þannig hefur tíðarandinn breyst. Þannig hefur þróunin orðið. Ég tek undir með hv. þm. það er áríðandi og mikilvægt að eiga um þessar breytingar gott samstarf við samtök launþega.

[15:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti leggur áherslu á að hv. ræðumenn haldi tímamörkin vegna þess að það margir eru á mælendaskrá að verði það ekki gert þá komast ekki allir að.

[15:13]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ekki sérstakt tilefni til gagnrýni á þessa ríkisstjórn eða aðrar ríkisstjórnir þótt hún lýsi yfir vilja til breytinga á vinnulöggjöfinni. Það er rétt að vinnulöggjöfin er afar gömul, frá 1938 og það er rétt að þær hugmyndir eru útbreiddar í þjóðfélaginu, þar á meðal innan launþegahreyfingarinnar að þar standi margt til bóta og þar þurfi mörgu að breyta. Dæmi um slíkt er sú hefð sem orðin er á mjög sammiðjuðu samningaferli á vinnumarkaðnum, ekki síst að því er varðar hið harðsvíraða sammiðjaða samningavald vinnuveitenda.

Í annan stað hefur verið talað um það að mjög æskilegt væri að unnt væri að sameina starfsfólk einstakra fyrirtækja og vinnustaða í einu stéttarfélagi, í einum kjarasamningum, bæði til þess að sækja aukinn kaupmátt í ljósi afkomu viðkomandi atvinnugreinar og eins til þess að auðvelda verkalýðshreyfingunni að draga úr tilhneigingu ella til launamismunar. Gagnrýnin snýst ekki um þessa hluti. Gagnrýnin snýst fyrst og fremst um það hvort ríkisstjórnin er með í undirbúningi þrjú frumvörp sem eins og fram hefur komið

og forsrh. sagði að þingmenn hefðu ekki séð, án þess að fylgt hafi verið eðlilegum leikreglum um samráð. Hæstv. forsrh. gaf í skyn að það væri síst það sem fyrir ríkisstjórninni vekti. Engu að síður segja fulltrúar Alþýðusambandsins í niðurlagi sinnar áfangaskýrslu um sáttastörf í vinnudeilum:

„Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa ekki verið rædd til hlítar. Má þá nefna einmitt miðlun sáttasemjara, fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag."

Þeir eru með öðrum orðum að segja að samráðsferlinu hafi verið slitið og allt í einu liggi fyrir frv. án þess að gefist hafi tóm til að ræða þær hugmyndir sem þarna er gefið til kynna eða kynna þær í hreyfingunni.

Að því er varðar opinbera starfsmenn þá er það staðreynd að réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lífeyrisréttindi eru hluti af þeirra kjörum og einhliða skerðing þeirra kjara með lagasetningu gefur þeim ekki nú um miðjan samningstímann svigrúm til þess að fá það bætt í launum. Þess vegna veldur það óvissu um kjarasamninga. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. og aðrir ráðherrar gætu dregið úr þessari óvissu með því að lýsa því einfaldlega yfir að ekki standi til að skerða samnings- eða verkfallsrétt og að ekki standi til að skerða áunnin lífeyrisréttindi, þ.e. afturvirkt, eða ef það stendur til varðandi réttindalöggjöfina þá sé það tryggt og því yfirlýst að vilji ríkisvaldsins standi til þess þá að bæta launþegum það í launum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta voru tvær og hálf mínúta í staðinn fyrir tvær.)

[15:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna því ef ríkisstjórnin hyggst hafa samráð við samtök launafólks í framhaldi þeirrar vinnu sem til stendur varðandi samskipti á vinnumarkaði. Því er hins vegar ekki að leyna að samskipti launafólks og atvinnurekenda hafa verið með afar sérkennilegum hætti hér á landi. Verkföll, vinnudeilur og átök af ýmsu tagi ásamt málaferlum eru hér mun algengari en gerist í öðrum Evrópuríkjum. Það er ekki auðvelt að skýra hvernig á þessu stendur en ég hygg þó að einhliða aðgerðir ríkisvaldsins, t.d. í efnahags- og skattamálum, svo árum skiptir hafi leitt til þess að á hverju einasta ári blikka viðvörunarljósin þannig að bæði samtök launafólks og atvinnurekendur setja sig í varnarstellingar. Önnur skýring er sú sérkennilega hagfræði sem tröllríður vinnumarkaðnum þess efnis að allt eigi að vera háð frjálsri samkeppni og markaðslögmálum nema launin. Þegar kemur að launasamningum skal allt niðurnjörvað í fyrir fram ákveðna goggunarröð sem m.a. felur í sér óþolandi launamisrétti kynjanna og láglaunastefnu sem nú er að koma í bakið á okkur öllum, atvinnurekendum og þjóðfélaginu öllu. Öll samtök launafólks eru þvinguð undir launastefnu sem ýmist er kennd við þjóðarsátt eða jafnlaunastefnu en hefur ekki leitt af sér annað í launakjörum en sívaxandi launabil, feluleik og óánægju sem stórlega hefur skaðað vinnuanda í samfélaginu ekki síst meðal opinberra starfsmanna. Afleiðingin er launakerfi sem byggist á yfirvinnu og aukagreiðslum enda gefur auga leið að launapátturinn er ekki óháður framboði og eftirspurn þó ýmsir virðist halda það.

Hæstv. forseti. Það þarf margt að endurskoða í löggjöf og í samskiptum launafólks og atvinnurekenda, ekki síst að virða samningsfrelsi og eðlilega launaþróun í samræmi við þann alþjóðlega vinnumarkað sem við erum orðin hluti af. Þau frv. sem nú eru til umræðu og umfjöllunar úti í samfélaginu einkennast af miðstýringu og breytingu á félagslegum réttindum sem geta ekki annað en kallað á gífurleg átök á vinnumarkaði. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég er alveg ljúka máli mínu og vil enda með því að segja það að við vitum öll að við stöndum frammi fyrir ákveðnum vanda en hann verður ekki leystur nema þar eigi í hlut samvinna sem byggist á eðlilegum samskiptum ríkisvaldsins, vinnuveitenda og samtaka launafólks.

[15:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að í uppsiglingu sé alvarleg deila á vinnumarkaðnum og atlaga að réttindum og kjörum fólks, kannski sú mesta sem við höfum séð í áratugi. Þó þessi frv. hafi ekki komið fyrir þingið þá er ljóst af þeim hugmyndum sem fram hafa komið í fjölmiðlum um þetta mál að hér er verið að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði og þrengja að réttindum fólks og jafnvel á að gera það í andstöðu við launafólk ef marka má það sem komið hefur fram. Auðvitað verður ríkisstjórnin að gera sér grein fyrir því að þetta mun leiða til stríðsástands á vinnumarkaðnum.

Hæstv. vinnumálaráðherra hefur látið það frá sér fara í fjölmiðlum og ætlar greinilega að keyra svo hart og beitir raunverulega svipunni áður en málin eru komin hér til meðferðar í þinginu að hann segir að hann ætli ekki að láta berja sig til baka með þessi mál og ætlar greinilega að koma með þau inn í þingið þó það sé í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. (Gripið fram í.) Hæstv. ríkisstjórn verður að vita að það er alveg ljóst að það mun ekki ganga hljóðalaust fyrir sig í þessari virðulegu stofnun ef það á að gerast með þessum hætti. Og hvaðan koma þessar hugmyndir? Þetta er sameiginlegt áhugamál Vinnuveitendasambandsins og fjmrn. og fjmrh. Þetta eru tillögur sem ganga undir einhverju sem kallast hreyfanleiki á vinnumarkaði, sveigjanleiki í launum og skerðing á réttindum og bótakerfi fólks.

Á hverju byggist raunverulega samkeppnishæfni atvinnulífsins núna? Hún byggist á lágum launum fólksins í landinu þar sem verulegur hluti þess er niðurgreiddur af hinu opinbera og það er spurning hvort ríkisstjórnin hafi þessa framtíðarsýn varðandi kjör fólksins í landinu og hvort ríkisstjórnin ætlar að verðlauna launafólkið í landinu með þessum hætti sem hefur tryggt stöðugleikann og betri stöðu atvinnulífsins á undanförnum árum með því að búa við skerðingu á launum sínum og sífelldum árásum á velferðarkerfið. Og það sem gerir ástandið, virðulegi forseti, enn verra er staðan í stjórnmálum og á vinnumarkaði. Við höfum hér ríkisstjórn sem vissulega er málefnasnauð (Forseti hringir.) en hún hefur litla framtíðarsýn og síðan erum við með miðstýrt vinnuveitendavald. Verkalýðshreyfingin á bara eitt svar við þessu: Að verkalýðshreyfingin og launafólkið í landinu þjappi sér saman en vissulega þarf verkalýðshreyfingin líka að skoða sitt innra skipulag vegna þess að þar er ákveðin kreppa á ferðinni sem varað hefur í 40 ár, að hún hefur ekki getað tekið á sínu innra skipulagi.

[15:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er tilbreyting að heyra í hæstv. forsrh. í þingsal. Forsrh. í ríkisstjórn sem hefur þá yfirlýstu stefnu að gera grundvallarbreytingar á skipulagi og samskiptareglum í þjóðfélaginu. Forsrh. í ríkisstjórn sem núna er að byrja

að taka til hendinni. Látið er í veðri vaka að þetta skuli gert í samráði og sátt. Raunveruleikinn er hins vegar sá að þessa dagana er verið að kynna samtökum launafólks lagafrumvörp sem varða samningsrétt stéttarfélaga og einnig lögbundin kjör og réttindi og þau skilaboð látin fylgja að frv. þessi verði lögð fram á þingi innan fárra daga. Samkvæmt þessum frumvarpsdrögum á að afnema í einu vetfangi ýmis grundvallarréttindi sem hafa verið forsenda í kjarasamningum um langt skeið, já, um langt skeið. Nú er það orðin ein röksemdin fyrir því að það þurfi að breyta þessum lögum. Hæstv. forsrh., það sem er gamalt getur verið gott.

Ég hef áhyggjur af því alvöruleysi sem einkennir þessa umræðu, eða skyldi það vera þekkingarskortur? Ég vona að það sé þekkingarskortur því úr honum er hægt að bæta. En ég ætla að vona að ríkisstjórninni takist ekki að slá ryki í augu fólks því það sem hér er verið að boða í þeim frumvarpsdrögum sem kynnt hafa verið er stórfelld réttindaskerðing, réttindi sem hefur verið samið um í kjarasamningum og í kjölfarið fest í lög. Og hæstv. forsrh. til upplýsingar þá er það rétt að margir fundir hafa verið haldnir í þeirri nefnd sem vitnað er til um samskiptareglur á vinnumarkaði en verkalýðshreyfingin hefur komist að niðurstöðu í því máli og lagt fram sínar tillögur sem okkur er sagt að nú eigi að hunsa. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Þau viðbrögð sem fram hafa komið innan samtaka launafólks nú síðustu daga eftir að þessi umræða hófst sýna svo ekki verður um villst að dragi ríkisstjórnin ekki þessi vanhugsuðu frumvarpsdrög til baka þá er verið að blása til óvinafagnaðar. (Forseti hringir.) Ef hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni er umhugað um að sátt ríki í þjóðfélaginu þá gefur hann út yfirlýsingu hér og nú um að öll þessi frumvarpsdrög verði tafarlaust dregin til baka. (Forseti hringir.) Í framhaldi er eðlilegt að fulltrúar launafólks setjist niður við autt borð með ríkisvaldi og viðsemjendum sínum og hefji viðræður um samskipti þessara aðila sem nú er stefnt í voða.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það er mikið tillitsleysi sem hv. ræðumenn sýna samþingsmönnum sínum því það er ekki hægt að gefa orðið þeim sem síðastir eru á mælendaskránni fyrir utan náttúrlega málshefjanda og hæstv. forsrh. ef allir fara fram úr tímanum og það hafa allir gert.)

[15:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hæstv. fyrrv. félmrh., Guðmundur Árni Stefánsson, setti árið 1994 nefnd á laggirnar til þess að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði. Þessi nefnd var með þátttöku ASÍ og þátttöku BSRB. 48. fundur þessarar nefndar er haldinn í dag og það tel ég að hljóti að teljast nokkur umfjöllun.

Þetta frv. sem hér hefur verið drepið á er samið á grundvelli áfangaskýrslu frá nefndinni og ég hélt satt að segja að sæmileg sátt ríkti í nefndinni um frv. þegar farið var að kynna það úti í félögunum. Í frv. er ekki sneitt að verkfallsréttinum. Það er fjarstæða. Í frv. er tilraun til að draga úr launamisrétti í landinu, tilraun til þess að styrkja heildarsamtök verkalýðsins og það er fjarstæða að halda því fram að frv. stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðasamþykktir sem við erum aðilar að. (**SvG:** Heitir þessi maður Páll Pétursson?) Þetta frv. er samið með hliðsjón af þeirri aðferð sem Danir hafa viðhaft um árabil og ef það er staðreynd að danskur verkalýður hafi miklu hærra kaup heldur en íslenskur þá finnst mér að það sanni það að danska aðferðin er ekkert ómöguleg. Danska aðferðin kynni að vera til fyrirmyndar fyrir íslenskan verkalýð og til þess að jafna kjörin í landinu. Reynslan af íslensku aðferðinni er ekkert sérstaklega góð. (Gripið fram í.) Hér er allt of mikill launamunur í landinu og aðferðir við kjarasamninga (Gripið fram í.) hafa verið með þeim hætti að þær eru ekki til fyrirmyndar og áreiðanlega hægt að bæta þær.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin segist vera í samstarfi við launþegasamtökin. Vinnan er í uppnámi vegna hrokafullra vinnubragða af hálfu ríkisvaldsins og einstaka þættir frumvarpsdraganna sem um er rætt eru skeggræddir í fjölmiðlum. Þingmenn reyna að átta sig á stöðunni og staðhæfingunum og eru eins og jójó í ræðustól Alþingis í umræðu utan dagskrár dag eftir dag. Einhver mundi kalla þetta óbærilegan léttleika tilverunnar en, því miður, umgjörð þessa máls er grafalvarleg. Mínar heimildir eru þær að það sé vilji til þess innan verkalýðshreyfingarinnar að gera breytingar á vinnulöggjöfinni. Að verkalýðshreyfingin hafi ekki hafnað því að setja nýjar verklagsreglur. Mínar heimildir segja að ágreiningurinn rísi út af verklagi félmrh. þar sem keyrt er yfir sjónarmið launþegasamtakanna og skrifað handrit að frumvarpi þar sem sjónarmiða vinnuveitenda er gætt. Á sama tíma eru unnin frv. um breytingar á réttindum opinberra starfsmanna og það hendir fjmrh. að setja þau fram á viðkvæmum tíma og allt lendir í pressu af því ráðherrarnir halda illa á málum.

Það eru eðlileg viðbrögð launþega að halda fast í það sem þeir hafa en flestir viðurkenna að mörgu þurfi að taka á, ekki síst að lífeyrismál ríkisins séu í vanda en það skiptir máli hvernig farið er að. Verkalýðshreyfingin lagði grunn að þjóðarsátt. Sú sátt var byggð á frjálsum samningum og öll leiðandi félög innan hreyfingarinnar stóðu saman um stöðugleika, lækkun vaxta, baráttuna við verðbólgu. Alltaf „consensus", alltaf samráð. Þess vegna er það hreint skemmdarverk ef annar aðilinn á að ráða þessari ferð.

Ef það fer svo að Framsfl. tekur nú beina afstöðu með atvinnurekendum þá er það „últra" hægri leið. Fjmrh. sagði í morgunútvarpi að nú þyrfti hann að leggja frumvörpin strax fram á Alþingi vegna kvartana og ég spyr: Er það e.t.v. óskastaðan sem þessi uppákoma átti að leiða til?

[15:29]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Opinberir starfsmenn hafa gjarnan fengið þau svör við sínum launakröfum að réttindi þeirra séu svo góð að ekki sé unnt að greiða þeim hærra kaup. Nú getum við haft okkar skoðanir á því hversu merkileg þau réttindi eru þegar til kastanna kemur en það breytir ekki því að þau hafa haldið launum opinberra starfsmanna niðri um árabil. Opinberir starfsmenn hafa borgað fyrir þau með kaupinu sínu í gegnum tíðina og láta menn sér þá til hugar koma að þessi réttindi verði tekin af eða þeim breytt með löggjöf án átaka? Auðvitað er verið að koma aftan að fólki sem vegna meintra réttinda hefur haft skertar launatekjur um árabil.

Í 36. gr. gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er ákveði þess efnis að við endurskoðun laganna skuli jafnan gefa forustu samtaka opinberra starfsmanna kost á því að fylgjast með og fjalla, fyrir hönd félaga sinna, um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma. Miðað við það sem fram hefur komið hafa hugmyndir ríkisstjórnarinnar verið kynntar hvað varðar frv. um réttindi og skyldur og lífeyrissjóðinn. En svo fer allt í bál og brand. Hver er

þá merking þess að gefa eigi fulltrúum starfsmanna kost á að fylgjast með eða að fjalla, fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma? Hvar eru málin raunverulega stödd? Er það þetta, virðulegi forseti, sem við þörfnumst núna: Lakari staða launafólks? Er það framlag ríkisstjórnarinnar til landflóttans?

Þriðjungur fólks á besta aldri er tilbúinn að flytja úr landi ef örugg atvinna býðst. Halda menn að samkeppnisstaða Íslands, samkeppnin um fólk, hugmyndir og hæfileika batni með því að þrengt sé að kjörunum? Það er ekki bara vegna launanna sem fólk flýr land. Það er ekki síður vegna ýmissa réttinda og möguleika sem fólki og fjölskyldum hafa verið skapaðir í okkar nágrannalöndum, þar á meðal svokölluð félagsleg réttindi og fjölskyldustefna. (Forseti hringir.) Það ættu þeir menn að hafa í huga sem um þessar mundir eru að föndra við lagafrv. sem skerða réttindi eða möguleika launafólks og samtaka þess.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og öllum er ljóst hafa ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar haft mikil samráð við verkalýðshreyfinguna og aðra aðila á vinnumarkaði. Þetta hefur best sést þegar verið er að leysa kjarasamninga og einnig með þátttöku þessara aðila í nefndum sem fjallað hafa um ýmis málefni og sérstaklega þó skattamál. Varðandi tvö frv. sem eru til skoðunar nú hjá ríkisstjórninni, og annað varðar lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna og hitt um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, hefur verið haft samráð við samtök opinberra starfsmanna um þau mál enda komu þau inn í umræðuna frá okkar samráðsaðilum.

Í sambandi við lagafrv. um lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna þá felur það frv. ekki í sér skerðingu á heildarréttindum opinberra starfsmanna. (**ÖJ:** Þetta er ósatt.) Mér er alveg sama hvað formaður BSRB segir, það sem felst í frv. eru tilfærslur á réttindum en þegar á heildina er litið þá er ekki um að ræða skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna.

Í öðru lagi, og það varðar frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þá er þar ekki gert ráð fyrir að réttindi starfsmanna sem samið hefur verið um í kjarasamningum breytist. Það er ekki snert á þeim. Og það er ekki heldur gert ráð fyrir því að réttindi þeirra starfsmanna sem ráðnir hafa verið fyrir gildistöku laganna breytist að öðru leyti en því sem snýr að biðlaunaréttinum. Við viljum afnema æviráðninguna og það eru sífellt færri sem eru æviráðnir. Við viljum líka breyta biðlaunaréttinum og koma í veg fyrir að fólk sé á tvöföldum launum sex til tólf mánuði. (**ÖJ:** Hvað um veikindaréttinn? Starfsréttinn? Samningsréttinn?) Ef ég fæ frið fyrir æstum þingmanninum sem situr hér og hefur nægan tíma til að tala við mig annars staðar um þessi mál og við getum gert það og ég vil gjarnan eiga viðtal við hann um þau, þá skal ég segja það hér í lokin að þessi lög eru 40 ára gömul. Þeim þarf að breyta og það ætlum við okkur að gera enda voru lögin sett þegar opinberir starfsmenn höfðu hvorki verkfalls- né samningsrétt. (Forseti hringir.) Ef menn þurfa heldur lengri tíma til að spjalla saman er ég að sjálfsögðu tilbúinn til þess fyrir mitt leyti að nota svo sem eins og hálfan mánuð í viðbót við þann hálfa mánuð sem nú hefur gefist til að ræða við opinbera starfsmenn í trausti þess að hægt sé að ná viðunandi samkomulagi um þessi mál.

[15:34]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegur forseti. Mér er alveg sama hvað formaður BSRB segir, eru orð fjmrh. Kannski segir þetta alla söguna. Ég kem hins vegar hér upp í framhaldi af orðum hæstv. félmrh. sem gat um það réttilega að það hafi verið í tíð minni sem félmrh. sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins voru kallaðir að þessu borði til að fara yfir samskiptareglur á vinnumarkaði til að freista þess að bæta enn frekar samband þessara aðila og treysta þau bönd sem þar þurfa að vera á milli. Hins vegar var það aldrei ætlunin að keyra út einstakar tillögur úr þeirri nefnd einhliða með afli og offorsi eins og nú hefur verið gert. Því segi ég einfaldlega: Svona eiga samskiptareglur á vinnumarkaði ekki að vera. Með öðrum orðum: Niðurstaða þessa nefndarstarfs er gjörsamlega á haus við upphaflegt markmið þess.

[15:35]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þessi umræða kemur mér mjög á óvart. (**Gripið fram í:** Ekki veiðileyfagjald.) Það kemur mér mjög á óvart að menn skuli á þessari stundu vera að hafa uppi svona upphlaup með orðum eins og menn hafa viðhaft. Eins og frummælandi segir að við megum vita að launþegar sitji undir stöðugum árásum ríkisvaldsins oftast í samráði við samtök atvinnurekenda. Í hvaða heimi lifir hv. þm. sem segir þetta? Hún veit og það vita allir hér inni að þetta er ósatt. Það hefur verið mjög góð samvinna þessara aðila. Það er mikilvægt fyrir þjóðfélagið að þessir aðilar hafi mikið og gott samstarf. Það veit ég að Alþingi tekur alvarlega. En svona umræða mun aldrei skila neinu jákvæðu. Það ættu menn allir að hugsa um. Þetta er viðkvæmur hlutur, vinnumarkaðurinn. Og ég fullyrði að umræða eins og þessi mun aldrei skila neinu nema hinu slæma. (**SvG:** Segðu Friðriki það.)

[15:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í hvaða heimi lifi ég? Heimi raunveruleikans. Í þeim heimi sem við blasir ef við förum rétt út fyrir dyrnar (**EOK:** Nefndu dæmi um þetta.) og skoðum hvernig launþegar landsins hafa það. (**EOK:** Nefndu dæmi.) Það á enn að skerða kjör þeirra með frv. sem boðað hefur verið að lögð verði fram. Þau eru ekki sýnileg, við höfum ekki séð þau, þau eru ekki hér. En við erum fullkomlega læs. Það er búið að fjalla um þau í dagblöðum, það er búið að fjalla um þau í ályktunum ASÍ og BSRB en hæstv. ríkisstjórn les kannski ekki slíkar ályktanir. Það er kannski þannig.

Auðvitað er það rétt að það á að miða frv. og lög, lagasmíð, við raunveruleikann, við það þjóðfélag sem við búum í og hæstv. forsrh. nefndi það þannig að við ættum að taka mið af þjóðfélaginu í dag og þeim tíðaranda sem nú ríkir. Ég spyr: Er það þjóðfélagið sem launþegar vilja sjá, er það tíðarandinn sem launþegar vilja sjá ríkja hér á landi eða er það þjóðfélagið sem hæstv. ríkisstjórn vill sjá og allar hennar gerðir hafa beinst að að breyta þessu þjóðfélagi? Er það sá tíðarandi sem þessi ríkisstjórn vill að hér ríki? Ég vil sjá þjóðfélag vinsamlegt launþegum landsins. Og þess vegna segi ég: Ef ekki er haft samráð við þá um kaup þeirra, kjör og réttindi, þá er illa komið fyrir okkur öllum og vonandi ekki síst fyrir þessari ríkisstjórn, að henni verði hegnt fyrir það þegar sá tími kemur.

[15:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða hafi verið til gagns því að það hefur margt komið fram hér sem sýnir að það var umræða í gangi í þjóðfélaginu um hluti sem ekki var stoð fyrir nokkurs staðar. Það hefur upplýst hér. Það hefur líka komið fram hjá mörgum þingmönnum sem hafa gagnrýnt eitt og annað að þeir telji engu að síður að margt þurfi að endurskoða í þeim verklagsreglum sem um kjaramál og umræður á vinnumarkaði gilda. Þannig að mér sýnist að það sé nokkur samhljómur í því hér í þinginu.

Það sem eftir þessa umræðu stendur er þetta: Það hefur verið haft samráð við verkalýðshreyfinguna. Slíkt samráð stendur yfir núna og verður áfram. Það hefur líka komið fram, vegna þess sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spurði um sérstaklega og var ágætt hjá honum, að það stendur ekki til að skerða lífeyrisréttindi afturvirkt. Það stendur ekki til. Það er þýðingarmikið fyrir fólk að það liggi fyrir. (**ÖJ:** Þetta er mikilvæg yfirlýsing.) Það liggur fyrir eftir þessa umræðu. Það stendur ekki til.

Ég hygg að það standi líka eftir þessa umræðu að þegar menn horfa til frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þá liggi það fyrir að menn eru ekki að breyta hér hlutum sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Menn eru heldur ekki að horfa til afturvirkra þátta nema að því leyti sem tengist biðlaunaréttinum vegna þess dóms sem féll á sínum tíma um tengingar biðlauna með tvöföldum hætti. Það er ekki verið að breyta öðrum þáttum heldur en þeim.

Það eru hins vegar aðrir þættir sem ég held að þingmenn sjálfir hljóti að vilja styðja. Eru þingmenn hér inni þeirrar skoðunar að það eigi almennt að vera í gildi æviráðning hjá embættismönnum ríkisins? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei. Það er verið að breyta því. Menn eru að leggja til breytingar að því. Vilja menn láta henda slíkum drögum þar sem verið er að breyta slíkum hlutum? Auðvitað vilja menn ekki láta henda slíkum drögum. Þannig er með það verk sem hæstv. félmrh. er að láta vinna að það er verið að bæta og styrkja leikreglurnar og það er verið að auka réttindi hins einstaka launþega og það er aldrei neitt vald fært frá verkalýðshreyfingunni til atvinnurekenda eða ríkisins. Að svo miklu leyti sem forusta verkalýðshreyfingarinnar missir eitthvert vald þá er það fært til launþegans sjálfs. Við hljótum öll að fylgja því.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 107, nál. 563.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.–10. gr. og ákv. til brb. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu, frh. síðari umr.

Stjtill., 286. mál. — Þskj. 525, nál. 569.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GHall, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞJ, ÖJ, ÖS.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KH, LMR, LB, ÓRG, ÓÖH, RA, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 573).

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 522.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GHall, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, VS, ÞJ, ÖJ.
2 þm. (SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KH, LMR, LB, ÓRG, RA, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Landflutningasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 317. mál (hlutverk). — Þskj. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Sjóvarnir, frh. 1. umr.

Frv. StB o.fl., 281. mál. — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Flutningur félagslegra verkefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG, 300. mál. — Þskj. 540.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:45.

94. FUNDUR

miðvikudaginn 21. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni, fsp. KÁ, 287. mál, þskj. 526.

Til menntamálaráðherra:

2. Fjarnám, fsp. EKG, 291. mál, þskj. 530.

Til fjármálaráðherra:

3. Skattlagning happdrættisreksturs, fsp. MF, 299. mál, þskj. 538.

4. Fíkniefnasmygl, fsp. ÖJ og MF, 316. mál, þskj. 558.

Til samgönguráðherra:

5. Einbreiðar brýr, fsp. RA, 304. mál, þskj. 544.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Greiðsla kostnaðar við lækningaferðir psoriasissjúklinga, 328. mál, fsp. SJS, þskj. 576.

Stjórn fiskveiða, 296. mál, nál. sjútvn., þskj. 578.

Sveigjanlegur vinnutími í ráðuneytum og ríkisstofnunum, 326. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 574.

Útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða árin 1990–1995, 327. mál, fsp. MS, þskj. 575.

Tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni.

Fsp. KÁ, 287. mál. — Þskj. 526.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Hinn 7. maí 1993 var samþykkt jafnréttisáætlun hér á hinu háa Alþingi þar sem er að finna áform þáv. ríkisstjórnar um aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Þar tíundar hvert ráðuneyti fyrir sig hvaða áform eru uppi til þess að bæta stöðu kynjanna. Undir utanrrn. kemur fram að fyrirhugað var að gera könnun og að leggja fram tillögur um það hvernig auka mætti tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni. Eftir því sem ég best veit er aðeins ein kona sendiherra í íslensku utanríkisþjónustunni en það eru allnokkrar konur sem vinna þar og í sendiráðum Íslands úti í heimi. En ég hygg þó að hlutfall kvenna í íslensku utanríkisþjónustunni sé allmiklu lægra hér en t.d. á öðrum Norðurlöndum.

Það er mikið af vel menntuðum konum hér á landi sem væru vel hæfar til að vinna í utanríkisþjónustunni og af því tilefni vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað líður þessari könnun sem kveðið er á um í jafnréttisáætluninni? Eru komnar fram tillögur um það hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni?

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mun hér tíunda fyrst og fremst þær staðreyndir sem liggja fyrir um þátttöku kvenna í starfsemi utanríkisþjónustunnar. Samkvæmt framkvæmdaáætlun sem hér hefur verið vitnað til hafa reglur um aukastarfsframa flutningsskyldra ritara í utanríkisþjónustunni verið í fullu gildi. Þegar tilgreind framkvæmdaáætlun var samþykkt í maí 1993 höfðu þrír flutningsskyldir ritarar öðlast diplómatískt starfsheiti samkvæmt þessum reglum en eru nú átta. Ráðuneytið mun fylgja þessum reglum eftir áfram. Ráðuneytið hefur enn fremur beitt sér fyrir starfsframa kvenna í hópi diplómatískra embættismanna og þannig hafa þrjár konur gegnt starfi varamanns sendiherra frá 1993 en ein að auki þá þegar skipuð sendiherra eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á að konur í þessum hópi gegni æðri stjórnunarstöðum í ráðuneytinu sjálfu og má í þeim efnum nefna að þann fyrsta þessa mánaðar tók kona við starfi prótókollsstjóra utanrrn. en það er fyrrnefndur sendiherra. Þeirri stöðu gegna jafnan sendiherrar og staðan er ein af æðri sendiherrastöðum í utanríkisþjónustunni hér á landi líkt og hjá öðrum þjóðum.

Það er rétt að geta þessu til viðbótar að að því er varðar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Peking 4.–15. sept. 1995 voru að sjálfsögðu málefni kvenna ofarlega á baugi og af hálfu utanrrn. var skipuð undirbúningsnefnd haustið 1993 til að sinna þessu verkefni. Var nefndin síðan stækkuð í október 1994 en þá réð utanrrn. konu í fullt starf til að sinna þessu verkefni. Fjöldi annarra kvenna kom að undirbúningi ráðstefnunnar með mjög góðum árangri og þess var gætt að halda góðu samstarfi við önnur ráðuneyti og félagasamtök sem málið varðar. Jafnframt réðst utanrrn. í útgáfu bæklings með alþjóðlegum samþyktum sem varða mannréttindi kvenna og skýrslu íslenskra stjórnvalda um réttindi og stöðu þeirra. Eftir ráðstefnuna stóð ráðuneytið ásamt Jafnréttisráði og Skrifstofu Norðurlandamála fyrir fjölmennum samráðsfundi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og það var mál allra sem að þessum fundi stóðu og sóttu hann að hann hafi skilað niðurstöðum þessarar mikilvægu ráðstefnu áleiðis.

Í júní á þessu ári verður haldin önnur mikilvæg ráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna um byggðaþróun. Utanrrn. hefur ráðið konu, sem áður vann að undirbúningi ráðstefnunnar í Peking, til að halda utan um undirbúningsvinnu af hálfu ráðuneytisins.

Ég vil að lokum taka fram og ítreka að utanrrn. mun fylgja eftir reglum þess um starfsframa flutningsskyldra ritara og jafnframt verður því fylgt eftir að konur geti gegnt æðri stjórnunarstöðum. Það er hins vegar staðreynd að fáar konur gegna störfum í utanríkisþjónustunni og konur eru í miklum minni hluta um þær fáu stöður sem losna þá sjaldan, enda starfar tiltölulega fátt fólk í íslenskri utanríkisþjónustu.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Ég held að hann hafi dregið hér upp mjög raunsanna mynd af því

hvernig ástandið er í íslensku utanríkisþjónustunni. Það er auðvitað rétt sem fram kom í máli hans að hún er tiltölulega fámenn enda ekki stór þjóð sem á bak við stendur. Ég vildi leggja áherslu á að utanrrn. haldi áfram á þeirri braut sem þegar er verið að feta. Þær tölur sem hér koma fram sýna að það er einhver örlítil fjölgun. En ég held að utanrrn. eins og önnur ráðuneyti þurfi einfaldlega að marka sér ákveðna stefnu hvað varðar mannaráðningar til þess að reyna að jafna þennan mjög svo ójafna leik sem sjá má í utanríkisþjónustunni.

Ég þakka svörin og er fegin að sjá að það eru þó einhverjar framfarir í þessu ráðuneyti.

Fjarnám.

Fsp. EKG, 291. mál. — Þskj. 530.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það hafa orðið miklar breytingar í samfélaginu á allra síðustu árum, ekki síst á sviði menntamála. Í fyrsta lagi er miklu almennari þátttaka fólks í námi núna heldur en var fyrir aðeins örfáum árum síðan. Enn fremur er stóraukið framboð af endurmenntun af hvaða tagi sem er mjög víða í okkar samfélagi. Á sama tíma hefur orðið mikil bylting í fjarskiptum sem gerir það að verkum að núna er miklu auðveldara fyrir fólk að fá aðgang að upplýsingum heldur en var fyrir örfáum árum síðan.

Tæknilegir möguleikar til fjarnáms af hvaða tagi sem er eru þess vegna miklu meiri núna heldur en þeir voru fyrir örfáum árum síðan, hvað þá ef litið er yfir lengra tímabil. Þetta segir okkur það að skólakerfið þarf að fylgja þessu eftir mun meira heldur en gert hefur verið og hefur alla möguleika til þess að fylgja þessu eftir. Þetta er mjög mikilvægt fyrir það fólk sem býr í hinum dreifðu byggðum og vill og þarf einhverra hluta vegna að sækja sér aukna menntun til viðbótar þeirri sem það hafði eftir að hafa farið hefðbundnar leiðir í gegnum skólakerfi okkar.

Kennaraháskóli Íslands hefur boðið upp á slíkt fjarnám í einhverjum mæli m.a. vegna meistaraprófs að því mér hefur skilist og enn fremur hefur komið í ljós mjög mikil þörf á fjarnámi af þessu tagi í því að Kennaraháskólinn bauð upp á fyrir nokkrum árum og hefur boðið upp á undanfarin ár möguleika fyrir fólk sem eru svokallaðir leiðbeinendur í grunnskólum til að sækja sér réttindanám á vegum Kennaraháskólans. Engu að síður er það svo að því miður virðist mér að námsframboð í gegnum fjarnám sé um þessar mundir ákaflega fátæklegt og undan því er kvartað víða úti um landsbyggðina. Fjölskyldufólk, sem vill sækja sér aukna menntun á einhverju sviði, stendur frammi fyrir því að vilji það sækja sér þessa menntun þá þurfi það að flytjast búferlum, annars verði það af þessari menntun. Þarna gæti fjarnám skipt mjög miklu máli væri það til staðar á fleiri sviðum en það er í dag.

Augljóst sýnist líka að endurmenntun af hverju tagi hljóti að fara meira núna inn á svið fjarnámsins eða fjarmenntunar heldur en það hefur gert fram að þessu. Endurmenntunarstarf í landinu hefur stóraukist eins og ég nefndi hér í upphafi ekki síst á sviði Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og það hefur verið mjög myndarlega að því máli staðið að öllu leyti. Þar sýnist hins vegar vera kjörið tækifæri á því að efna til fjarnáms á öllum sviðum, m.a. vegna þess að hérna er verið að stíla inn á nám fólks sem þegar er búið að festa sig í starfi og á alls ekki hægt um vik með að koma suður til Reykjavíkur og sækja sitt nám ef það býr utan höfuðborgarsvæðisins.

Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. menntmrh. tveggja spurninga um þessi mál:

1. Hvaða skólar á háskólastigi bjóða nú upp á fjarnám?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu fjarnáms í skólum á háskólastigi?

[13:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrri spurningin er um það hvaða skólar á háskólastigi bjóða nú upp á fjarnám. Þessari spurningu er fljótsvarað því fjarnám fer nú einungis fram við einn skóla sem er formlega skilgreindur á háskólastigi en það er Kennaraháskóli Íslands. Er fjarnám orðinn snar þáttur í starfi Kennaraháskólans og nemendum á mörgum námsbrautum býðst nú að nýta sér þá möguleika sem fjarnámið felur í sér. Með því að nýta tölvufjarskipti við námið opnast nýjar leiðir og fjarnámið er einnig mikilvægur liður í því að styrkja kennaranám utan höfuðborgarsvæðisins.

Að því er aðra skóla varðar á háskólastigi þá er ekki boðið upp á formlegt nám með þessum hætti. Við Fósturskóla Íslands er einnig boðið upp á fjarnám en sá skóli er ekki formlega skilgreindur á háskólastigi þótt í reynd séu inntökuskilyrði í hann stúdentspróf eða sambærileg menntun og skólinn eigi aðild að svokallaðri samstarfsnefnd háskólastigsins. Mér er hins vegar kunnugt um það að á háskólastiginu eru skólarnir nú að ræða saman, þeir þrír skólar sem skilgreindir eru formlega sem háskólar, þ.e. Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Þeir eru einmitt í viðræðum sín á milli um nýtingu tölvutækninnar í þjónustu náms og ég á von á því að þessir skólar muni auka þjónustu sína á þessu sviði. Ég dreg ekki í efa að það muni nýtast mörgum og tel að það sé rétt og skynsamlegt skref.

Allir skólarnir eru tengdir inn á netið. Raunar má segja um það efni að 90% grunnskóla landsins eru tengdir þannig að þeir geta nýtt sér fjarnám eða verið í því sambandi sem aðgangur að Internetinu veitir. Sama er að segja um framhaldsskólana þannig að tæknilegar forsendur eru fyrir hendi.

Að því er varðar síðari spurninguna, hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir eflingu fjarnáms í skólum á háskólastigi, þá er það almennt að segja að hvort sem um háskólastigið er að ræða eða önnur skólastig þá tel ég nauðsynlegt að efla fjarkennslu og fjarnám. Í vetur hefur t.d. verið fyrir tilstuðlan menntmrn. gerð tilraun um fjarnám í 10. bekk grunnskólans. Það er Gagnfræðaskólinn á Akureyri sem veitir þá þjónustu nemanda á Bakkafirði þannig að það er verið að fikra sig áfram í þjónustu á þessu sviði á öllum skólastigunum.

Í næstu viku er væntanleg frá menntmrn. skýrsla eða stefnumótun um nýtingu tölvutækninnar og upplýsingatækninnar á sviði menntamála, menningarmála og starfssviði ráðuneytisins og þar verður kynnt nánar hvernig ráðuneytið telur að standa beri að nýtingu þessarar tækni á starfssviði sínu.

Kostir fjarkennslu eru augljósir, ekki síst í stóru landi eins og okkar þar sem menn geta yfirunnið fjarlægðir með tækninni og setið við sama borð eins og hv. fyrirspyrjandi vék að þótt þeir séu ekki allir á sama stað. Ég tel að markmið með fjarkennslu eigi að vera m.a. að draga úr aðstöðumun

sem byggist á búsetu og það sé auðvelt að gera það með þessari tækni.

Einnig er nauðsynlegt að menntastofnanir hafi aðgang að gagna- og upplýsingabanka sem sérstaklega verði settur upp með þarfir fjarkennslu og rafrænna samskipta í huga. Þá þarf að styrkja og þróa innviði hins rafræna samskiptakerfis í landinu þannig að ætíð sé kostur á því besta sem tækni á þessu sviði býður. Efla verður og treysta samband Íslands við umheiminn eftir rafrænum leiðum svo að einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki geti notið fyllsta öryggis í notkun rafrænnar samskiptatækni.

Þróunin hér á landi hefur verið sú að það er ekki síst innan skólakerfisins og fyrir frumkvæði þeirra sem stóðu að fyrirtækinu Ísmennt á sínum tíma sem komið hefur verið á mjög góðu samskiptakerfi á milli menntastofnana. Ég tel að á því kerfi eigi að byggja í framtíðinni og nú þurfi að þróa það og veita aukna þjónustu á þessu kerfi á öllum skólastigum, ekki aðeins á háskólastiginu heldur á öllum skólastigum, og nýta þessa tækni sem best til þess að auka menntun og fjölbreytni menntunar í landinu.

[13:50]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og menntmrh. fyrir áhugann á þessu máli sem ég tel mjög brýnt og mikilvægt og reyndar furðulegt þar sem það eru ein fimm eða sex ár síðan eða meira að Háskóli Íslands hafði áhuga á þessu máli og byrjaði m.a. í kennaramenntun. Hins vegar verður að segjast að það hafa ekki fengist nægir fjármunir í þetta starf. Núna eru tæknilegar forsendur mun betri en áður og ég tel ákaflega brýnt, ekki síst fyrir konur úti um allt land sem gætu nýtt sér háskólamenntun ef hún væri í boði með þessu sniði, að gera eitthvað mikið og stórt í þessum málum núna. Ég vona að háskólinn fái til þess fjármagn því að hann getur ekki sinnt þessu með því fjármagni sem hann hefur nú.

[13:51]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að hæstv. menntmrh. er mikill áhugamaður um tölvur og er iðinn við að skoða þá möguleika sem þær gefa, en mig langaði að beina sjónum að öðrum þætti sem mér finnst allt of lítið notaður hér á landi sem er sjónvarp. Fyrir nokkrum árum voru gerðar tilraunir með sjónvarpsþætti til kennslu en það datt allt upp fyrir vegna peningaskorts. En ég vil beina því til hæstv. menntmrh. að ef fyrirhugað er að gera eitthvað í þessum málum og efla fjarkennslu þá gleymi menn ekki því tæki og þeirri tækni sem sjónvarpið hefur upp á að bjóða þó að menn að sjálfsögðu eigi að nota tölvurnar líka.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi fyrirspurn hefur fengið og þau greinargóðu svör sem hæstv. menntmrh. veitti við fyrirspurnum mínum. Það fer ekkert á milli mála að hæstv. menntmrh. hefur tekið þessi mál mjög föstum tökum. Eins og fram kom í máli hans er væntanleg þegar í næstu viku skýrsla um hvernig hægt sé að nota tölvutæknina við nám og menningu og listir á öllum stigum. Það held ég að sé mjög þýðingarmikill grundvöllur fyrir frekara mótunarstarf og frekari vinnu á þessu sviði.

Ég legg mikla áherslu á það að hægt sé að hrinda í framkvæmd auknu fjarnámi sem fyrst. Ég held að við eigum einmitt núna að nota okkur það lag sem er að skapast með nýrri tækni til þess að hefjast handa um aukið fjarnám og það fyrr en síðar. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji eitthvað í veginum fyrir því að þannig aukið fjarnám geti átt sér stað í nokkrum skólum, t.d. á framhalds- og háskólastigi, strax á næsta skólaári. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að fólk fái vitneskju um því að mjög margir eru einmitt um þessar mundir að huga að því hvaða nám þeir eigi að stunda á næsta ári eða hvort það eigi hugsanlega að flytjast búferlum til þess að geta sótt það nám sem það hefur áhuga á.

Ég fagna, virðulegi forseti, þeim aukna áhuga sem hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra á áherslunni á fjarnám um leið og ég verð að segja að það er auðvitað ekki vansalaust hversu mikill sofandaháttur hefur verið ríkjandi í þessu máli. Ég get ekki fallist á að það sé hægt að afsaka sig endalaust með einhverju tali um peningaleysi. Ég held að þetta sé ekki síður, því miður, sofandaháttur stjórnenda skólanna sem hér eiga hlut að máli. Ég held að menn verði að taka sig saman í andlitinu og gera bragarbót á þessu og það er fagnaðarefni sem hæstv. ráðherra upplýsti um áðan að stjórnendur Kennaraháskólans, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands eru núna að fara að tala saman um þessi mál því það er ekki afsakanlegt fyrir stærstu og virðulegustu mennta- og vísindastofnun landsins, Háskóla Íslands, að ekki skuli vera boðið upp á fjarnám af einu eða öðru tagi. Það er ekki afsakanlegt. Og því miður lýsir þetta ákveðnu viðhorfi að mínu mati.

[13:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er alltaf erfitt að fullyrða hve hratt verður gengið fram í þessum efnum en það er alveg ljóst að tæknin er fyrir hendi. Það skortir ekkert á það hér á landi. Tæknin er fyrir hendi. Það er hægt að nýta þá tækni sem er í skólunum til þess að bjóða upp á þetta nám. Hér á landi er útbreiðsla á tölvum, sem eru tengdar inn á fjarskiptanet sem menn geta nýtt sér til að öðlast þekkingu í gegnum fjarnám, meiri en nokkurs staðar annars staðar, að talið er. Þarna eru fyrir hendi tæki og aðstæður sem við getum nýtt okkur og eigum að sjálfsögðu að nýta okkur. Vandinn er að það þarf að útbúa kennsluefnið. Það kostar eitthvað, en það held ég að sé ekki sú mikla hindrun í þessu efni heldur hvernig menn skipuleggja tíma sinn og haga miðlun á fræðsluefni. Raunar hefur verið bent á að það sé eitt af einkennum á skólakerfinu, ekki aðeins hér heldur alls staðar annars staðar í heiminum, að það er ákaflega lengi að laga sig að breytingum. Menn telja enn að það sé nauðsynlegt að menn fari inn í kennslustofur og hlýði á kennara til þess að öðlast fræðslu, en auðvitað er hægt að nota þessa nýju tækni til þess að miðla fróðleik, bæði hér og annars staðar.

Varðandi sjónvarpið og nýtingu á því, þá er rétt að vekja athygli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur á því að nú er þróunin orðin sú að þetta fellur orðið saman, tölvutæknin og sjónvarpstæknin. Póstur og sími býður nú upp á svokallað ISDN-kerfi í fjarskiptum sem gerir mönnum kleift að nýta tölvurnar eins og sjónvarpstæki þannig að þessi munur er raunverulega horfinn og allt það kennsluefni sem útbúið er til fjarnáms í tölvum er nú útbúið þannig að um er að ræða efni sem mætti alveg eins flytja í sjónvarp en menn fara ekki með í sjónvarp af því að tölvurnar geta fullnægt þeim kröfum sem menn gerðu áður til sjónvarpsins.

Skattlagning happdrættisreksturs.

Fsp. MF, 299. mál. — Þskj. 538.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Vorið 1994 varð heilmikil umræða á Alþingi um rekstur happdrættis hér á landi. Umræðan varð til í kjölfar þess að óskað hafði verið eftir leyfi til þess að starfrækja hér svokallaða söfnunarkassa, spilakassa, þar sem möguleikar eru á verulega háum vinningum. Nokkrir þingmenn og reyndar mörg félagasamtök höfðu uppi ýmsar athugasemdir við það að slíkur rekstur yrði leyfður hér á landi sem engu að síður gerðist og lögin voru samþykkt 1994.

Inn í þessa umræðu um það hvort leyfa ætti þessa öflugu spilakassa hér og þær reglur sem um það ættu að gilda fléttaðist umræða um fleiri þætti er varða rekstur á happdrætti. Hins vegar hefur eftir að lögin voru samþykkt 1994 verið mjög hljótt um alla þessa umræðu. Ég hef reyndar oft velt því fyrir mér hvernig þeim reglum, sem þá voru samþykktar, væri framfylgt. Ef skoðaðar eru reglur sem gilda hjá öðrum þjóðum um rekstur happdrættis, þá virðast þær vera allt öðruvísi heldur en gertist hér. Happdrættisrekstur er mjög sérstakur atvinnurekstur að því leytinu til að auðlind þessara fyrirtækja er leyfisveitingin, leyfisveiting fyrir rekstri á einhverri tiltekinni afurð sem heldur öðrum frá rekstri af svipuðu tagi. Þessar leyfisveitingar hafa verið háðar duttlungum stjórnmálamanna og embættismanna og svo virðist sem þar hafi í raun engin markviss stefna ráðið ferðinni. Þetta er markaður þar sem veltan er talin vera um 5–6 milljarðar á ári hverju og skiptir þar af leiðandi verulegu máli í bókhaldi venjulegrar meðalfjölskyldu.

Á þskj. 538 hef ég beint fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Fyrirspurnirnar eru eftirfarandi:

1. Hvernig er háttað skattlagningu á rekstur hvers konar happdrættis hér á landi, þar með talinn rekstur spilakassa?

2. Hvernig er staðið að slíkri skattlagningu annars staðar á Norðurlöndum?

3. Eru sambærileg skattaákvæði í gildi um svokallað Víkingalottó í löndum sem standa að því happdrætti? Ef ekki, hver er mismunurinn?

4. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á skattareglum um starfsemi happdrættis? Ef svo er, í hvaða veru?

Að lokum þætti mér fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. fjmrh. hvort honum finnst ekki vera kominn tími til að skoða happadrættismál í víðu samhengi og færa löggjöf í nútímalegra horf. Elstu lögin eru orðin margra áratuga gömul. Og einnig hvort hæstv. fjmrh. fyndist ekki tímabært að skoða þann möguleika að færa málefni happdrætta frá dómsmrn. til fjmrn. líkt og gerist með flestum öðrum þjóðum.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Varðandi 1. lið fyrirspurnarinnar skal sagt að í reynd er það svo að þeir aðilar sem eru með happdrætti hér á landi, falla flestir undir ákvæði 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem kveður á um að þeir aðilar sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla skuli undanþegnir skattskyldu. Rekstur happdrætta sem ekki fullnægði þessum skilyrðum 4. gr. eða ekki væri undanþeginn samkvæmt sérlögum væri að fullu skattskyldur eins og hver annar rekstur þannig að aðalreglan er skattskylda en undantekningin er skattleysi og þá þarf skilyrðið „til almenningsheilla“ að vera fyrir hendi.

Í öðru lagi er spurt um það hvernig staðið sé að slíkri skattlagningu á Norðurlöndum. Þar munu gilda sömu grundvallarreglur og hér, þ.e. reksturinn er skattskyldur nema hann falli undir almenn undanþáguákvæði skattalaga eða sé undanþeginn samkvæmt sérlögum. Því miður get ég ekki svarað þessu betur, því að þá yrði að kanna nákvæmlega hve oft undanþáguheimildunum er beitt í viðkomandi löndum og það hefur ekki gefist tími til þess að athuga það í megindráttum. Ég veit þó að það er til ákveðin þekking á þessum málum hér á landi. Til dæmis veit ég að Íslendingur hefur kynnt sér þessi mál rækilega í Danmörku og skrifað um það ritgerð og ég hygg að hægt sé að fá hana og kynna sér efni hennar og held að það sé afar fróðlegt sem þar kemur fram. Varðandi þá ritgerð þá má geta þess án þess að það tilheyri svari við þessari fyrirspurn að það hlýtur að reka að því að íslensk stjórnvöld verði að gera það upp við sig hvort þau vilja, m.a. til þess að örva ferðamannaiðnaðinn, að koma upp einhvers konar fjárhættuspilum, spilavítum eins og það heitir á vondu máli, en það er ekki til umræðu í þessari fyrirspurn.

Í þriðja lagi var spurt um sambærileg skattaákvæði í svokölluðu víkingalottói, en samkvæmt íslenskum lögum er rekstur lottósins og víkingalottósins ekki skattskyldur með vísun til 4. gr. tekjuskattslaganna þar sem hagnaðinum er öllum varið til almenningsheilla.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 26/1986, um talnagetraunir, eru vinningar undanþegnir skattskyldu hér á landi. Reglurnar eru ekki alveg þær sömu og annars staðar á Norðurlöndum. Fyrir það fyrsta er ríkissjóður eða fyrirtæki sem ríkið á að öllu leyti eða að hluta rekstraraðili víkingalottósins annars staðar á Norðurlöndum. Hér á landi er rekstraraðilinn Íslensk getspá sem er í eigu Öryrkjabandalagsins og íþróttahreyfingarinnar. Mér skilst að annars staðar á Norðurlöndum hátti þannig til að það séu engir skattar greiddir af sölu eða vinningum í Noregi, en í Svíþjóð er 35% skattur af hagnaði en enginn skattur af vinningum. Í Danmörku er 15% skattur af öllum vinningum en ekki sérstakur skattur til ríkisins af rekstrinum. Í Finnlandi eru vinningar skattfrjálsir en 5% skattur af heildarsölu til ríkisins. Tekið skal fram að alls staðar á Norðurlöndum er tekjum af víkingalottói varið til mannúðar-, æskulýðs- og líknarmála. Það má því segja að það sé að nokkru leyti rétt að einhver hluti af þeim íslenskum fjármunum sem renna til kaupa á víkingalottói renni til ríkja á Norðurlöndum, en hins vegar það sem aðrir kaupa rennur ekki til ríkisins hér.

Síðan er í fjórða lagi spurt hvort ráðherra hafi í hyggju að beita sér fyrir breytingu á skattareglum um starfsemi happdrættis og ef svo er, í hvaða veru. Það er nú svo að víðast hvar eru það ríkin sem eiga lottó. Það hefur ekki tíðkast hér, heldur þvert á móti hefur ríkið ekki stundað happdrættisstarfsemi, ef frá er skilið Happdrætti Háskólans, en háskólinn er auðvitað ríkisstofnun.

Ég ræddi á sínum tíma við aðilana sem standa að Viking lotto, víkingalottóinu, og þeim er ljóst að það getur brugðið til þess hvenær sem er að skattur verði tekinn af víkingalottói. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það er eðlilegt að þetta mál sé rætt á milli ráðuneyta en ég kýs að svara ekki að svo stöddu hvort mér finnst eðlilegt að færa þetta yfir í fjmrn. en eins og hv.

fyrirspyrjandi veit þá finnst mér að talsverð völd eigi að vera í því ráðuneyti.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Þau voru nokkurn veginn í þá veru sem ég átti von á og hefði þó viljað heyra það að í það minnsta um starfsemi víkingalottós ættu að gilda sömu reglur og er á hinum Norðurlöndunum en þar er það í flestum tilvikum ríkið sem fer með þennan rekstur.

Ég vil jafnframt beina þeirri spurningu til fjmrh. hvort farið er fram á skilagrein um rekstur happdrættis og nýtingu fjármuna, hvort eftirlit sé með því að fjármunir renni að öllu leyti til starfsemi sem er í samræmi við þau ákvæði sem eru í 4. gr. þeirra laga sem hann nefndi. Er krafist skilagreinar eða skattskýrslna til þess að hægt sé að fylgja eftir eftirliti á þessum rekstri, þar sem um verulega fjármuni er að ræða eins og ég nefndi áðan?

[14:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það er sagt að hver fjögurra manna fjölskylda hér á landi eyði um 75 þús. kr á ári í happdrætti ýmiss konar, þ.e. þegar við teljum spilakassa, lottó og 1X2 og hvað þetta heitir allt saman til happdrætta þannig að hér er um verulegar upphæðir að ræða. Þessar upphæðir renna sem betur fer til góðra málefna. Í sumum tilvikum er um verulegar upphæðir að ræða sem fara til frjálsra félaga sem síðan nota þá peninga til ýmissar starfsemi.

Mér er ekki kunnugt um að það sé gengið eftir því af yfirvöldum að um skilagrein sé að ræða, en þó veit ég að sum félögin gefa út ársreikninga þar sem blasir við hvernig fjármunirnir eru notaðir og að sjálfsögðu er það þannig með háskólann, sem er langstærstur á þessum markaði, að reikningar hans liggja fyrir og öllum er ljóst til hvers happdrættispeningarnir fara, enda gilda um það lög og reglur.

Ég vil taka fram af þessu tilefni að það er full ástæða til þess að fá skilagrein þessara aðila, ekki síst af því að hér er um jafngildi ríkisframlaga að ræða að mínu viti og þá þarf líka að huga að því að ýmsir þeir sem fá framlag af fjárlögum hverju sinni þurfa ekki að gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum er ráðstafað. Ég er þeirrar skoðunar, og hef reyndar rætt það í ríkisstjórn og hyggst beita mér fyrir því, að allir þeir sem fá verulega fjármuni frá ríkinu þurfi að standa skil á þeim fjármunum, sýna hvernig þeir eru notaðir og helst með þeim hætti að það sé gerður samningur á milli ríkisins og viðkomandi aðila. Það kannski á ekki við þegar um happdrættisfé er að ræða, en það mætti a.m.k. fara fram á skilagrein eins og hv. þm. minntist á í sinni ræðu.

Fíkniefnasmygl.

Fsp. ÖJ og MF, 316. mál. — Þskj. 558.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Daglega vakna menn upp við fréttir af fíkniefnasmygli og fíkniefnavanda. Lögreglan hreinsar út hvert fíkniefnabælið á fætur öðru og tollgæslan gerir upptækt mikið magn af fíkniefnum. Fjöldi ungs fólks hefur orðið fórnarlömb þessa vágests. Sögusagnir herma að það sé jafnauðvelt fyrir unglingana að útvega sér tískulyfið E-pilluna og panta sér pitsu, en þess eru dæmi hér á landi að ungmenni hafi fyrirfarið sér eftir notkun þessa lyfs. Allt of lengi hefur þjóðin leitt þetta vandamál hjá sér og því er það fagnaðarefni að hún skuli nú hafa vaknað til vitundar og baráttu gegn þessum vanda. Einkum ber þó að fagna því að unglingarnir sjálfir hafa þjappað sér saman í baráttunni, en sú barátta er líklegust til að skila árangri.

Löggæslustéttirnar hafa lýst miklum áhyggjum yfir ástandinu og vilja til að taka á vandanum, en niðurskurður ríkisvaldsins hefur bitnað á þessum stéttum.

Um síðustu mánaðamót birtust fréttir í DV með viðtölum við tollverði þar sem þeir lýstu áhyggjum sínum af niðurskurði á fjárframlögum til tollgæslunnar sem hefur það í för með sér að erfiðara er að koma í veg fyrir smygl á fíkniefnum til landsins. Vegna þessara viðtala eru tollverðirnir kallaðir inn á teppið og þeim sagt að samkvæmt fyrirmælum fjmrh. sé í ráði að veita þeim skriflega áminningu.

Í ljósi þeirrar umræðu sem nú fer fram í þjóðfélaginu og vegna þeirrar hættu sem þjóðfélaginu stafar af eiturlyfjavandanum vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hér sé virkilega rétt eftir honum haft og hvort það hafi virkilega verið ætlun hans að áminna tollverði fyrir að vekja athygli á því að efla þurfi tollgæsluna. Hver voru afskipti hæstv. fjmrh. af þessu máli? Ef hann hefur krafist þess að tollvörðunum yrði veitt áminning, þá er það að mínu mati mjög alvarlegt mál.

Nú skal tekið fram að það stenst ekki lög að veita þessa áminningu. Það hefur verið kannað mjög rækilega af lögfræðingum og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í greinargerð Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns sem hefur kannað þetta mál, en hann segir:

„Umbjóðendur mínir hafa hvorki brotið þagnarskyldu samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins samkvæmt. Þvert á móti hafa þeir lagt sitt af mörkum til umræðunnar um eiturlyfjavandann og ber að þakka þeim fyrir það.“ Spurningin snýst því ekki einvörðungu um réttindi tollvarða heldur ekki síður um þann mikla vanda sem við er að etja og hvernig fjmrh. hyggst efla tollgæsluna þannig að hún geti sinnt sínu hlutverki. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna að lokum aftur í greinargerð Arnmundar Backmans. Þar segir:

„Sú þegnskylda hvílir á öllum hugsandi mönnum þessa lands að leggja sitt af mörkum gegn þessari vá, benda á það sem betur mætti fara og fjárskortur er alveg augljóslega eitt af þeim atriðum.“

Í framhaldinu af því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir því að tollgæslan verði efld þannig að koma megi í veg fyrir að fleiri ungmenni verði fórnarlömb eiturlyfja.

[14:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda er tvíþætt, annars vegar hvort fjmrh. áformi að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum vegna fíkniefnasmygls til landsins og hins vegar hvort fjmrh. hafi haft afskipti af málefnum þeirra tollvarða sem rætt var við um fíkniefnavarnir nýlega í fjölmiðlum, aðallega í DV.

Hvað fyrra atriðið varðar er rétt að taka fram að umræða undanfarinna vikna um fíkniefnainnflutning og fíkniefnaneyslu og reyndar fundi lögreglunnar í húsnæði hér í bænum nokkrar undanfarnar helgar hlýtur að vekja áhyggjur allra hugsandi manna. Þessi umræða hefur varpað ljósi á þá staðreynd að til landsins berst umtalsvert magn af fíkniefnum

og neysla er allnokkur. Það sem upp úr umræðunni hefur staðið er neysla ungs fólks og félagslegar afleiðingar hennar. Fyrirspyrjendur spyrja hvernig fjmrh. hyggist beita sér fyrir úrbótum gagnvart fíkniefnasmygli. Jafnramt er fullyrt að tollgæslu sé ábótavant og vikið að viðtali við tollverði í DV 29. og 31. jan. sl. Ég vil nefna þrennt í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi skipaði ríkisstjórnin nýverið nefnd til þess að fjalla um fíkniefnavandann. Verkefnið er víðtækt og mun einn þáttur starfsins áreiðanlega snerta innflutning og dreifingu fíkniefna. Í því sambandi hef ég skrifað ríkistollstjóra bréf og falið honum að vera nefndinni til aðstoðar á allan hátt. Örugglega má ná árangri með samstarfi allra aðila án þess að kostnaður fari úr böndum.

Í öðru lagi mun ég innan tíðar kynna ríkisstjórn og Alþingi frv. til laga um breytingu á tollalögum. Sú breyting sem þar er lögð til sprettur reyndar ekki af innflutningi og neyslu fíkniefna heldur af öðrum ástæðum en alþingismönnum ætti þá að gefast tækifæri til þess að fjalla sérstaklega um þennan þátt mála eins og aðra.

Í þriðja lagi stendur nú yfir sérstök athugun á skipulagi og starfsháttum tollstjóraembættisins í Reykjavík. Ástæðan er m.a. breyting á starfi tollyfirvalda í mörgum löndum. Ég hef óskað eftir því við starfshóp, sem að þessu verki vinnur að hann skili mér tillögum og ábendingum sínum fyrir aprílbyrjun nk. Ég vænti þess fastlega að sá hópur láti í ljós skoðun á því hvort meiri áherslu eigi að leggja á einn þátt í starfi tollyfirvalda fremur en annan. Enn fremur er afar brýnt að góð samvinna og samhæfing sé á starfi allra aðila sem að tolleftirliti koma og á ég þar við tollyfirvöld í Keflavík, í Reykjavík og víðar.

Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að það sé rangt að tala um átak í þessu sambandi. Við þurfum að sýna árvekni og þetta verkefni, að hefta innflutning á fíkniefnum, hlýtur að vera stöðugt og sífellt verkefni.

Hvað varðar hins vegar síðari spurningu fyrirspyrjenda þá er því til að svara að fjmrh. hafði afskipti af máli þeirra tollvarða sem var rætt við í DV 29. og 31. jan. Þau afskipti voru með þeim hætti að ég og ráðuneytisstjóri fjmrn. ræddum við staðgengil tollstjórans í Reykjavík og skrifuðum tollstjóra bréf þar sem spurt var um hvaða starfsreglur giltu hjá embættinu í samskiptum við fjölmiðla og hvort hann teldi ummæli tollvarðanna viðeigandi. Tollstjórinn í Reykjavík ræddi við umrædda starfsmenn í framhaldi af svari tollstjórans í Reykjavík til fjmrh. Var honum skrifað bréf og honum falið að kynna starfsmönnum þeim er ræddu við fjölmiðla ásamt öllum öðrum starfsmönnum þær reglur sem gilda um samskipti við fjölmiðla og gefnar voru út 1960 af þáv. fjmrh. Þær reglur kveða ótvírætt á um að starfsmönnum er óheimilt að upplýsa fjölmiðla um mál sem eru á þeirra starfssviði. Jafnframt kom fram að fjmrh. taldi orð tollvarðanna óviðeigandi og að þeir hefðu farið út fyrir verksvið sitt. Þessi afstaða hefur nú verið kynnt starfsmönnum. Afskiptum fjmrh. af þessu tiltekna tilviki er þar með lokið.

Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi sagði um afstöðu Arnmundar Backmans til þessa máls, þá skal það tekið fram að Arnmundur Backman er ekki dómstóll í þessum málum. Hann hefur skilað áliti eins aðila og ég er ekki tilbúinn til þess að fallast á þá niðurstöðu þó hún komi þessu máli ekki við úr því sem komið er. Ég vil einungis benda á að það getur verið slæmt og mjög slæmt í baráttunni við fíkniefni þegar gefnar eru yfirlýsingar eins og þarna var gert. Ég vil benda á í því sambandi að ég held að það væri ekki gott og við mundum ekki fagna því, íbúar Reykjavíkur, ef lögreglumenn létu hafa eftir sér í blaðaviðtölum að það væri óhætt að brjótast inn í ákveðin hverfi Reykjavíkur því þeir gætu ekki verið þar á vakt allan sólarhringinn. Slíkar yfirlýsingar eru opinberum starfsmönnum alls ekki samboðnar og þess vegna tel ég að afskipti ráðuneytisins hafi verið hárrétt og að þeim staðið eins og lög gera ráð fyrir.

[14:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þessara síðustu orða hæstv. fjmrh. þá finnst mér að það sé verið að gefa í skyn að þarna hafi þeir tollverðir sem um ræðir, verið að benda á leiðir til þess að flytja fíkniefni inn í landið. Allir þeir sem hafa fylgst með þróun þessara mála undanfarin ár og þekkja vel til vita að þetta er umræða sem hefur verið í gangi, ekki kannski á síðum dagblaðanna, en alls staðar annars staðar. Það hefur verið vitað að við búum þannig að tollgæslunni að auðvelt er að flytja inn fíkniefni, því miður. Það sem þeir tollverðir sem hérna ræðir voru að gera var að mínu mati að benda okkur á hvar mest brennur á að gera þær úrbætur sem þarf til þess að sporna við þessum vanda.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Hér er komið tilefni miklu lengri umræðu. Ummæli hæstv. fjmrh. þykja mér mjög alvarleg vegna þess að hér hefur komið fram að hæstv. fjmrh., fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hefur gengið fram í því að reyna að kæfa niður eðlilega, opinbera umræðu í þjóðfélaginu um mjög alvarlegt mál. Og meðal annarra orða þá minnist ég þess að lögreglumenn í Reykjavík, sem og aðrir þegnar og borgarar landsins, hafa margoft vakið athygli á því að ekki séu nægilega margir lögreglumenn á vakt í bænum til að halda uppi lögum og reglu hér. Þetta hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu öllu. Er það umræða af þessu tagi sem á að þurrka út? Og hvaða ummæli voru það nákvæmlega sem tollverðirnir viðhöfðu sem voru svo ámælisverð, saknæm, að það væri ástæða til að kalla þá inn á teppi, að fjmrh. landsins krefðist þess að einstaklingarnir væru kallaðir inn á teppi og þeir múlbundnir? Um það snýst þetta mál.

Það er góðra gjalda vert að skipa nefndir til að taka á þessum málum en á sama tíma og nefndirnar allar eru skipaðar þá er skorið niður og þegar fólk leyfir sér að ræða það þá er það kallað inn á teppi samkvæmt fyrirskipunum frá ríkisstjórninni og reynt að múlbinda það. Ég vara alvarlega við því sem hér er að gerast. Í stað þess að áminna þessa einstaklinga þá ætti að kalla þá alla inn til fjmrn. og biðja þá formlega afsökunar.

[14:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það sem þetta mál snýst um er ekki það að menn hafi verið áminntir. Það gerist skriflega, eins og ég hélt að formaður BSRB vissi, ef það á að hafa þýðingu. Það kom fram mjög greinilega í svari mínu að tollstjóranum í Reykjavík var falið að kynna starfsmönnum þær reglur sem gilda um tollverði og hvenær tollverðir eiga að segja frá því sem gerist á þeirra verksviði. (**ÖJ:** Þeir fóru samkvæmt þeim reglum og lögum.) Ef ég má segja frá því hvað gerðist. Ég hélt að fyrirspyrjandi hefði verið að spyrjast fyrir um það hvað hefði gerst og ég er bara að skýra frá því. Þannig liggur máli fyrir. Það hefur enginn verið áminntur í málinu. Það kom hins vegar fyllilega til greina, ég skal viðurkenna það.

En eftir að hafa skoðað málið fannst mér það skipta mestu máli að starfsmönnum tollsins væri ljóst hvað til þeirra friðar heyrir og ég tel að málinu sé lokið. Það gilda auðvitað sérstakar reglur um tollverði og það gilda sérstakar reglur um lögregluþjóna, eins og gefur að skilja, þannig að þetta þarf að koma fram.

Hv. fyrirspyrjandi spurði hvaða ummæli þetta væru. Mér finnst t.d. ekki viðeigandi þegar haft er eftir tollverði, og það kemur fram á forsíðu DV, þar sem birtist mynd af honum í einkennisbúningi með merki tollstjóraembættisins, og því lýst yfir að það séu ótakmarkaðir möguleikar á eiturlyfjasmygli. Þetta eru ekki góð skilaboð. Ef menn þurfa að kvarta undan því (**Gripið fram í:** En ef það er rétt?) að það vanti fjármuni þá snúa menn sér til yfirmannanna og ef blaðamenn þurfa að tala við tollinn þá eiga þeir að snúa sér til yfirmannanna og ef það er verið að kvarta um fjármuni þá á það að fara réttar boðleiðir. Þannig þarf að fara að í þessum málum.

Það getur vel verið að ýmsum finnist það vera snjallt og sniðugt í sinni kjarabaráttu til þess að fá aukna vinnu fyrir sig að fara með þessi viðkvæmu mál í blöð með þessum hætti. Ég bið menn um að íhuga það hvort þeir séu að gera æsku landsins gagn með því að gefa svona yfirlýsingar eða hvort að það sé ekki betra fyrir alla aðila að menn ræði þessi mál inn á við, inni á sinni stofnun áður en birtar eru fréttir á borð við þetta. (Forseti hringir.)

Ég skal hins vegar að lokum taka það fram að ég á von á því að það séu verk blaðamannsins að sjálfsögðu í þessu tilviki að slá fréttinni upp með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Þetta vona ég, virðulegi forseti, að allir skilji og að öll kurl hafi komið til grafar varðandi þessa fyrirspurn og með svarinu og þakka fyrir það tækifæri sem mér bauðst hér til að skýra frá sannleikanum í málinu.

[14:25]

Útbýting þingskjala:

Fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana, 330. mál, fsp. JóhS, þskj. 579.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 331. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 580.

Einbreiðar brýr.

Fsp. RA, 304. mál. — Þskj. 544.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að árekstrar við einbreiðar brýr eru fjarska algengir. Reyndar þarf það varla að koma á óvart miðað við þann mikla ökuhraða sem nú tíðkast á þjóðvegum landsins. En í Morgunblaðinu hinn 6. febrúar sl. er frá því skýrt að helgina á undan hafi í fimmta sinn á sex vikum orðið árekstur á einbreiðum brúm í Vestur-Húnavatnssýslu og átta bifreiðar hafi eyðilagst í þessum árekstrum. Í þessari frásögn kom það líka fram hjá Þorvaldi Böðvarssyni, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Blönduósi, að í þessu tilviki hefðu nýlega verið settar merkingar við brýrnar og þær reyndar tvívegis endurbættar og væru í fullkomnu lagi.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar hafa 108 slys orðið við einbreiðar brýr á undanförnum sjö árum og þar af eru átta brýr þar sem orðið hafa fleiri en fimm slys og allt upp í 17 slys við sömu brúna. Mér er líka kunnugt um að þær brýr þar sem orðið hafa fleiri en tvö slys á seinustu sjö árum eru 23 talsins á stofnvegum og heildartjón er áætlað að hafi numið um 109 millj. kr. Auðvitað er það augljóst mál að óvanir ökumenn og þeir sem sjaldan aka á stofnvegum utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis vara sig ekki alltaf á því þegar vegur getur mjókkað mjög snögglega við brýr. Einbreiðar brýr eru því háskalegar slysagildrur sem verða að hverfa.

Spurningar mínar til hæstv. samgrh. miða að því að kortleggja þennan vanda og meta kostnaðinn við endurbætur og eru svohljóðandi:

1. Hvar eru einbreiðar brýr á stofnvegum? — Ég vil taka það fram að ég er ekki að ætlast til þess að hæstv. ráðherra telji þær allar upp því við nánari athugun hef ég komist að raun um að þær munu vera á annað hundrað.

2. Er ekki tímabært að markvisst verði unnið að breikkun einbreiðra brúa hvarvetna þar sem aðliggjandi vegir eru tvíbreiðir?

3. Hver er áætlaður kostnaður við breikkun einbreiðra brúa á stofnvegum?

[14:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér er sagt að á hringveginum einum séu um 139 einbreiðar brýr. Umferð um þessar brýr er mjög mismunandi. Þar sem hún er minnst er hún innan við 100 bílar á dag að meðaltali yfir árið. Þar sem umferðin er mest er hún hins vegar um 2.000 bílar á dag. Slysahætta við einbreiðar brýr á tvíbreiðum vegum er mikil, ekki síst þar sem umferð er mikil. Teknar hafa verið út einbreiðar brýr þar sem tvö slys eða fleiri hafa orðið á árunum 1989–1995, bæði árin meðtalin. Með slysum er átt við óhöpp með eða án meiðsla sem lögregla hefur skráð. Alls eru 23 einbreiðar brýr skráðar með tvö óhöpp eða fleiri á þessu árabili og eru 18 þeirra á hringveginum. Á þessum 23 brúm eru skráð 108 slys. Samkvæmt reynslu frá öðrum löndum má búast við að slysin séu í raun mun fleiri vegna þess að minni háttar óhöpp skila sér illa til skráningar.

Þá er spurt hvort tímabært sé að unnið verði að breikkun einbreiðra brúa hvarvetna þar sem aðliggjandi vegir eru tvíbreiðir. Því er til að svara að undanfarið hefur verið unnið að bættum merkingum við einbreiðar brýr með það í huga að draga úr slysahættu og verður þeirri viðleitni haldið áfram. Þá hefur einnig verið unnið að breikkun og endurbyggingu þeirra í nokkrum mæli. Ljóst er þó að mikil þörf er á að herða mjög á breikkun og endurbyggingu brúa umfram það sem verið hefur að undanförnu. Er það bæði vegna umferðaröryggis og þess að margar af eldri brúm af stofnvegum landsins þola ekki þyngd þeirrar umferðar sem um veginn fer og eru því orðnar hreinir farartálmar af þeim sökum.

Spurt er um áætlaðan kostnað við breikkun einbreiðra brúa á stofnvegum. Á þessari stundu liggur ekki fyrir kostnaður við breikkun allra einbreiðra brúa á stofnvegum en ljóst er að hann mun skipta mörgum milljörðum kr.

Ég hef svo því við þetta að bæta að eins og hv. þm. vék að hér áðan hefur verið tekinn saman listi yfir þær brýr þar sem tvö slys eða fleiri hafa orðið síðan 1989. Ég lét taka þennan lista saman fyrir nokkru. Það sem vekur athygli á þessum lista er að á brúnni yfir Þjórsá hafa orðið næstflest slys, 12 slys á þessu tímabili. Nú gæti maður haldið að ekið væri gætilega að svo mikilli á. Brúin er löng og svigrúm væri kannski til þess að stöðva bifreiðar, en samt sem áður er Þjórsá næsthæst þeirra brúa sem hér eru taldar. Fossá í

Hvalfirði hefur mesta slysatíðni, en á þessu ári er unnið að því að breikka hana svo að hún mun hverfa úr sögunni, en þar hafa 17 slys orðið.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að í Norðurl. v. eru flestar einbreiðar brýr þar sem tvö slys eða fleiri hafa orðið. Ég taldi það saman, ég man ekki hvort það voru níu eða ellefu á þessum árum.

Kostnaður við að breikka slíkar brýr er mjög misjafn, allt upp í — ja, á þeim lista sem ég hef undir höndum eru kannski ekki þær brýr sem dýrastar eru á þessum slóðum, en á Skagastrandarvegi yfir Laxá hjá Syðra-Hóli er talað um að það kosti 66 millj. að tvöfalda brúna. Það er ódýrara annars staðar og sums staðar raunar þannig að auðgert á að vera að ráðast í breikkun brúnna.

Það er margt sem bendir til þess að vaxandi hætta sé á slysum í Norðurárdal, að Norðurá muni kannski koma inn í hóp þeirra brúa þar sem hvað mest slysahætta er, en heildarkostnaður við að byggja upp veginn í Norðurárdal er 375 millj. kr. og kostnaður vegna brúargerðarinnar, ef hann er tekin út úr, er um 82 millj. kr. Vatnsdalsá kostar 48 millj., Dalsá 12 millj. o.s.frv.

Ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvort hægt sé að flýta því að brýr séu breikkaðar. Auðvitað fækkar þeim sjálfkrafa eftir því sem meira vinnst í vegagerð.

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið áhugaverð umræða um mikið mál sem eru þessar einbreiðu brýr á stofnvegum. Þetta vandamál er til staðar um land allt. Ég tók eftir því í máli hæstv. ráðherra að hann nefndi 139 brýr á þessum fræga hringvegi, en þá eru Vestfirðir væntanlega eftir því að sá málsiður hefur verið tekinn upp að undanskilja einhverra hluta vegna Vestfirði ævinlega þegar verið er að tala um þennan hringveg eins og Vestfirðir séu ekki hluti af landinu.

Spurningin sem við þurfum auðvitað að svara er einfaldlega þessi: Hvernig eigum við að glíma við þann kostnað sem þessu er samfara, ef við ætlum að gera þarna sérstakt átak sem ég er alveg sammála þeim sem hér hafa talað að er mikil þörf á.

Í öðru lagi þetta: Ætlum við að gera þetta átak á grundvelli slysatíðni á brúnum eða ætlum við að gera þetta á einhverjum öðrum grundvelli eins og t.d. því að margar þessar brýr þola mjög illa þunga umferð eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. og víða er þetta orðinn mikill flöskuháls á vegum landsins. Ég þekki t.d. á Vestfjörðum að sums staðar kemur það í veg fyrir það að hægt sé að flytja með hagkvæmum hætti vörur milli Ísafjarðarsvæðisins og Reykjavíkur að það eru nokkrar brýr þar á leiðinni sem ekki þola eðlilega umferð.

Þess vegna þurfum við að svara þeirri spurningu hvernig við ætlum að gera þetta átak. En það einkennilega eða það átakanlega í þessu máli er það að slysatíðnin virðist mest vera á brúm sem liggja að vegum þar sem vegirnir eru góðir, þar sem þeir eru tvíbreiðir og malbikaðir og menn fara um á miklum hraða og aka svo að þessum einbreiðu brúm.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir skýr svör og jákvæð við fyrirspurnum mínum. Hann staðfesti í svari sínu að slysahættan við einbreiðar brýr hér á landi væri gífurleg og upplýsti að einbreiðar brýr á hringveginum væru 139, en það mun vera rétt sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. rétt í þessu að þá eru Vestfjarðabrýr ekki meðtaldar.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að móta stefnu í þessum málum. Þessi fyrirspurn er að sjálfsögðu fyrst og fremst borin fram til þess að vekja athygli á vandanum og til að hafa uppi vissa viðleitni til að hann verði kortlagður og metinn í upphæðum, endurbótakostnaðurinn.

Ég vil einungis segja að lokum um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu að ég held að það sé óhjákvæmilegt að mótuð verði stefna í þessum málum og gert sérstakt átak til að losa okkur við þessar einbreiðu brýr, a.m.k. þar sem umferðin er mest og hættan virðist vera stærst.

[14:38]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil bæta við það sem ég sagði áðan að vitaskuld fækkar einbreiðu brúnum eftir því sem vegagerðinni vindur fram. Ætli það séu ekki ein 14–15 ár síðan síðustu einbreiðu brýrnar voru byggðar á hringveginum þar sem umferð er mest og það hittist svo á að Norðurl. v. fór sérstaklega illa út úr því í þeim skilningi að miklar brúarframkvæmdir á þessum síðustu árum einbreiðu brúnna voru einmitt í Norðurl. v.

Ég hygg að það sé alveg laukrétt sem báðir þingmenn hafa sagt að nauðsynlegt sé að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig hægt sé að fækka þessum einbreiðu brúm. Auðvitað er líka mikil slysahætta af malarvegum, sérstaklega á hringveginum, og nauðsynlegt að reyna að ljúka honum jafnframt því sem við reynum að gera okkur grein fyrir því hvernig rétt sé að ráðast í það verkefni að fækka brúnum og koma í veg fyrir slys á þeim sem eftir verða. Um þetta hefur töluvert verið fjallað. Eftir hið hörmulega slys sem varð nú fyrir skömmu á Dalsá fól ég Vegagerðinni að gera áætlun um það hvernig hægt væri að flýta brúargerð, reyna að finna einhverja vinnureglu um það í hvaða röð slíkar brýr skyldu teknar og yrði þá vitaskuld að velta fyrir mér þeim brúm sem ódýrt er að endurbyggja og liggja á fjölförnum leiðum, en aðrar brýr verða auðvitað lagfærðar um leið og vegirnir eru byggðir upp.

[14:40]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 333. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 582.

Fundi slitið kl. 14:41.

95. FUNDUR

mánudaginn 26. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Kosning sérnefndar skv. 32. gr. þingskapa.
3. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — 1. umr.
4. Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 102. mál, þskj. 107. — 3. umr.
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 296. mál, þskj. 535, nál. 578. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Beiðnir um fjárnám hjá ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga, 275. mál, svar dómsmrh., þskj. 583.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1995, 336. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 591.

Kostnaður við umönnun aldraðra, 294. mál, svar heilbrrh., þskj. 589.

Lögfræðideild Húsnæðisstofnunar, 341. mál, fsp. GHall, þskj. 596.

Meðferð trúnaðarupplýsinga, 342. mál, fsp. LB, þskj. 597.

Norður-Atlantshafsþingið 1995, 335. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins 1995, þskj. 590.

Norræna ráðherranefndin 1995, 329. mál, skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda, þskj. 577.

Ríkisfjármál 1995, 343. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 598.

Ríkisreikningur 1992, 88. mál, nál. fjárln., þskj. 585.

Ríkisreikningur 1993, 128. mál, nál. fjárln., þskj. 586.

Tekjuskattur og eignarskattur, 344. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 599.

Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, 332. mál, þáltill. BH og RG, þskj. 581.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 293. mál, svar heilbrrh., þskj. 588.

Veiting ríkisborgararéttar, 334. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 587.

VES-þingið 1995, 339. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestur-Evrópusambandsins, þskj. 594.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Veiðar smábáta.

[15:05]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Snemma vetrar hófust viðræður milli sjútvrn. og Landssambands smábátaeigenda um lagfæringar eða breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að því er varðar smábáta. Ég hef orðið var við að mikil óvissa hefur gripið um sig meðal smábátaútgerðarmanna um lyktir þessa máls. Því spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hver er staða málsins og má vænta niðurstöðu á þessu þingi?

[15:06]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að viðræður hafa farið fram á milli ráðuneytisins og stjórnar Landssambands smábátaeigenda um breytingar á gildandi lögum um veiðistjórn smábáta. Við höfðum vænst þess að geta lokið þeim viðræðum fljótlega eftir áramót. Stjórn Landssambands smábátaeigenda taldi nauðsynlegt að fá frekari tíma til umfjöllunar um málið en viðræður eru í gangi og stefnt er að því að ljúka þeim svo fljótt sem verða má þannig að unnt verði að leggja fyrir það þing sem nú situr breytingar á gildandi lögum.

[15:07]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svarið. Ég legg áherslu á að lyktir verði í málinu hið allra fyrsta. Eins og ég sagði áðan hefur gripið um sig mikil óvissa meðal smábátaútgerðarmanna í þessum efnum og hefur svo verið ítrekað síðustu ár og er það ekki gott. Ég legg áherslu á að málinu verði hraðað svo sem kostur er.

Viðskiptabann á Írak.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil beina spurningu til hæstv. utanrrh. varðandi viðræður sem nú hafa hafist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um endurskoðun viðskiptabanns á Írak. Það munu standa yfir viðræður um að opna að einhverju leyti fyrir olíusölu Íraka, skilyrt þó og bundið við að tekjum af slíkum viðskiptum verði ráðstafað til matarkaupa og lyfjakaupa vegna þeirrar neyðar sem almenningur í Írak býr við. Enginn deilir um að þeim fjármunum verði ekki betur varið. Ástand mála er eins og kunnugt er skelfilegt. Það hefur verið upplýst af ábyrgum aðilum eins og Alþjóða Rauða krossinum og fleirum að svo er komið að yfir hálf milljón barna er fallin úr hungri í Írak.

Fyrir Alþingi, nánar tiltekið í utanrmn., liggur tillaga frá ræðumanni og fleirum um að Íslendingar beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið verði endurskoðað. Því miður hefur lítið frést af tillögunni síðan hún fór til hv. utanrmn. í haust. En í ljósi þess að viðræður eru í gangi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna — og okkur hv. þm. finnst væntanlega skipta máli hver afstaða Íslands verður, hvar Ísland leggur sitt lóð á vogarskálar — þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. utanrrn. hver sé afstaða hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar í þessum málum og hvort ekki megi treysta því að hæstv. ráðherra sjái til þess að Ísland styðji það að opnað verði fyrir viðskipti á nýjan leik þannig að a.m.k. að einhverju leyti verði aflétt þeirri ánauð sem almenningur í Írak býr við.

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég fullvissa hv. þm. um að Íslendingar munu leggja sitt af mörkum til að aflétta þeirri ánauð sem almenningur í Írak býr við. Það er hins vegar svo að við fáum þar ekki öllu ráðið því þar er við völd mikil ógnarstjórn sem er að sjálfsögðu aðalvandamálið og óljóst hvernig megi

koma henni frá. Það hefur verið ákveðið að beita alþjóðlegum viðskiptaþvingunum í þeim tilgangi að reyna að koma því til leiðar að þessu stjórnarfari þar verði aflétt. Það hefur hins vegar ekki tekist. Þar af leiðandi er það rétt hjá hv. þm. að það er leitað samninga á vegum Sameinuðu þjóðanna til að reyna að koma hjálp til bágstaddra á þessu svæði og létta viðskiptabannið til að þjóðin geti keypt lyf og aðrar *nauðsynjar til að hjálpa þessu fólki.*

Íslendingar hafa stutt þessa viðleitni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og munu gera það áfram. En þessu máli er alfarið stjórnað af Sameinuðu þjóðunum. Aðilar frá Sameinuðu þjóðunum eru í Írak til að leita samninga um þessi mál. Ýmsir eftirlitsaðilar hafa farið þangað til viðræðna og athugana. En eins og hv. þm. sagði þá munu íslensk stjórnvöld leggja sitt að mörkum til að styðja þá viðleitni til að létta hörmungum af almenningi í Írak.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna þeim svo langt sem þau ná. Ég skil það svo að Íslendingar muni tvímælalaust verða í hópi þjóða sem styðja það að opnað verði fyrir viðskipti á nýjan leik þó það verði skilyrt eins og rætt er um.

Vegna orða hæstv. ráðherra um harðstjórn Saddams Husseins í Írak, er einmitt ekki síður ástæða að mínu mati til að endurskoða meðferð þessara mála í ljósi þess að viðskiptabann sem var ætlað að knýja hann til afsagnar eða að koma á betra stjórnarfari í Írak hefur nú staðið um langt árabil og engu breytt í því efnum. Fúlmennið Saddam Hussein ríkir sem aldrei fyrr í Írak en neyðin er á kostnað almennings og ekki síst barna sem falla þarna umvörpum. Þess vegna verða menn að horfast í augu við það að þetta tæki hefur a.m.k. við þessar aðstæður og í þessu tilviki ekki náð tilgangi sínum. Það bitnar á þeim sem síst skyldi en virðist ekki hafa *áhrif á stöðu þess aðila sem það átti að beinast gegn.* Ég hvet því til þess að Ísland framfylgi afstöðu sinni en jafnframt að menn taki þessi mál til endurskoðunar í víðara samhengi, þ.e. beitingu þess tækis sem viðskiptaþvinganir eru og enginn deilir um að getur skilað góðum árangri. En dæmin sýna að þær gera það ekki endilega.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi minna á, af því að hér er rætt um viðskiptabannið, að það hefur þó orðið til þess að ríkisstjórnin í Írak hefur gengið að samningaborðinu um það að *ákveðnum fjármunum verði varið til að hjálpa* bágstöddum í Írak. Ég er ekkert viss um að það hefði orðið ef viðskiptabanninu hefi aldrei verið beitt. Ég held að það sé alveg ljóst að það er ekki efst á óskalista þeirrar harðstjórnar sem þar ríkir að veita þessu fólki aðstoð. Lífið hefur ekki verið mikils virt í því landi. Það er líka rétt að minna á að viðskiptabann gagnvart Serbum á sínum tíma hafði þrátt fyrir allt úrslitaáhrif varðandi þá lausn sem fékkst í deilunni í fyrrum Júgóslavíu. Ég vil því á engan hátt útiloka að hið alþjóðlega samfélag beiti slíkum úrræðum þegar um svo alvarleg mál er að ræða.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil undirstrika tvennt. Að sjálfsögðu er minn málflutningur og annarra sem hvatt hafa til endurskoðunar á viðskiptabanninu ekki tilkominn vegna samúðar með Saddam Hussein og stjórn hans. Það er alveg á hreinu. En menn verða að hafa í huga að til eru margar mismunandi útfærslur á því að beita þjóðir viðskiptaþvingunum. Sú leið sem var valin gagnvart Írak var leið algers viðskiptabanns. Það var altækt. En í öðrum tilvikum hafa menn oft og tíðum reynt að halda opnum farvegi fyrir t.d. matvælakaup, lyfjakaup og slíkan almennan neysluvarning, þótt sett væri á viðskiptabann, vopnasölubann og jafnvel bann á tækniiðnað og annað því um líkt. Það verður því að skilgreina hvernig á að beita þessu tæki.

Herra forseti. Ég hvet til þess að í framtíðinni verði það haft í huga, hverjir sem í hlut eiga, Írakar, Serbar eða aðrir slíkir, að menn skoði aðstæður almennings í viðkomandi löndum og reyni að beita þessu tæki þannig að það hafi ekki í för með sér jafnólýsanlegar hörmungar samfara þeim siðferðilegu álitamálum sem þeim tengjast eins og raunin hefur orðið á í Írak.

Vaxtamál.

[15:16]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það hefur nú staðið yfir mikil hrina í vaxtamálum til þess að ná niður vöxtum. Það er mjög mikilvægt. Þetta hefur eins og oft áður snúið fyrst og fremst að nafnvöxtum og óverðtryggðum reikningum. Hitt er annað mál að til þess að atvinnulífið og unga fólkið ráði við sín mál er fátt mikilvægara en að ná niður vöxtum á Íslandi.

Ef við skoðum línurit sem ég er með í höndunum, þá sjáum við tekin tilboð í þriggja mánaða ríkisvíxla og að þar hefur verið mikill stígandi í vöxtunum frá því í haust. Þeir voru lægstir í október, um 7% og hæstir í janúarlok, þá komnir í 7,60%. Síðan virðast þeir vera heldur á niðurleið aftur (Gripið fram í.) en það kemur heim og saman við það sem er að gerast.

Ég ætla að spyrja hæstv. fjmrh. spurningar. Eitt sinn fékk hann sex stjörnur hjá mér. Það var haustið 1993 þegar hann breytti rekstrarumhverfi fyrirtækja og skuldugra á Íslandi með einni setningu. Þá sagði hæstv. fjmrh. eitthvað á þá leið við íslenska fjárfesta: Ef þið kaupið ekki ríkispappírana núna í þessu útboði á 5%, þá er ég farinn með þá á erlendan markað. Það sem gerðist í framhaldi af þessu var að fjárfestarnir keyptu pappírana. Þá lækkuðu raunvextir í kjölfarið um 2–3% og hér hófst í rauninni nýtt tímabil og sókn í atvinnulífinu sem gerbreytti stöðunni hjá fyrrv. hæstv. ríkisstjórn undir forsæti hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar.

Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Kemur til greina nú að segja það sama við fjárfestana og gert var þá og ná á nýjan leik umskiptum í efnahagsmálum á Íslandi?

[15:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg viss um að fyrirspurninni sé beint til rétts aðila, en skal (**Gripið fram í:** Til hvers á að beina henni?) samt reyna að svara henni.

Eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. hækkuðu óverðtryggðir vextir á skammtímamarkaði hér á landi og gildir þá einu hvort það var í bankakerfinu eða hjá hinu opinbera. Nú hafa þessir vextir verið að lækka aftur og allt bendir til þess að óverðtryggðir vextir á skammtímamarkaði geti lækkað á næstunni. Það sem veldur því, ekki eingöngu en meðal annars, er að sjálfsögðu það að lánsfjárþörf ríkisins er mun minni nú en hún hefur verið oftast áður og hefur farið verulega minnkandi.

Það mun í fyrsta skipti gerast á þessu ári um langan aldur að skuldir ríkisins mældar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu munu lækka á yfirstandandi ári. Það sem getur skipt máli í þessu sambandi, eins og réttilega kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, er hvar ríkið aflar lánsfjár. Á síðustu árum hefur það ekki verið gefið upp í lánsfjárlögum heldur hefur verið byggt á áætlunum ráðuneytisins. Ástæðan fyrir því að þetta hefur ekki verið gefið upp er einmitt sú að ríkið vill vera óbundið af því hvar það tekur lán, allt eftir því hvar heppilegast er eftir markaðsaðstæðum. Þeirri stefnu verður fylgt á yfirstandandi ári. Ég get fullvissað hv. þm. um að ríkið mun að sjálfsögðu gera sitt til þess að ná vöxtunum frekar niður enda er það svo að öll efnahagsleg rök benda til þess á þessari stundu að vextir geti lækkað á næstunni eins og skýrt og skilmerkilega kom fram í skýrslu sem Þjóðhagsstofnun gaf út fyrir skömmu.

[15:20]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ræða hæstv. fjmrh. var þannig að hann vék sér undan því að vinna sams konar afrek og hann gerði (**SJS:** Hann fær þá ekki margar stjörnur núna.) fyrir 2–3 árum. Hann telur sig ekki hafa mikil völd í þessu máli og að það beri að beina fyrirspurninni til annarra. (**Gripið fram í:** Heilbrigðisráðherra.) Það kann vel að vera að hæstv. forsrh. hafi einmitt ráðið meiru í þessu máli 1993 en hæstv. fjmrh. Eigi að síður urðu þessir atburðir og þessi árangur náðist. Þó að hæstv. fjmrh. taki ekki undir þessa leið núna skulum við gera okkur grein fyrir því að íslenskur fjármagnsmarkaður er mjög sérstakur. Það eru tveir, þrír karlar með hatt sem ráða honum og (**Gripið fram í:** Steingrímur Hermannsson og?) halda uppi vöxtum. Nei, það er ekki Steingrímur Hermannsson. (Gripið fram í.) Það eru mennirnir sem stjórna stærstu lífeyrissjóðunum. Við skulum gera okkur grein fyrir því hvað lífeyrissjóðirnir eru orðnir sterkir á fjármagnsmarkaðinum. Bankakerfið og frjáls sparnaður ræður nú yfir 250 milljörðum kr. en lífeyrissjóðirnir yfir 314 millörðum kr. Ég vil því, hæstv. forseti, ljúka mínu máli með því að hvetja hæstv. ríkisstjórn til að íhuga það sem gerðist 1993. Ég held að það séu mun betri aðstæður nú en þá að fara þá leið.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hv. fyrirspyrjanda er það ljóst að á sl. ári var ríkissjóður mjög lítið á innlendum fjármagnsmarkaði. Hann uppfyllti þarfirnar á erlendum lánavettvangi. Það var gert vegna þess að Íslendingar voru þá í óða önn að draga úr skuldum sínum, greiða niður erlendar skuldir sínar þannig að það var mjög eðlilegt við þær aðstæður. Á hverjum tíma verður ríkið að haga sér þannig að það hafi sem heppilegust áhrif á jafnvægi á þessum markaði.

Ég get fullvissað hv. þm. um að efnahagsleg rök eru fyrir því að skammtímavextir lækki. Í því sambandi ber að minna á að Íslandsbanki hefur þegar lækkað vexti. Landsbankinn hefur auglýst vaxtalækkun með nokkuð góðum fyrirvara og ég á von á því — það veit hins vegar hv. fyrirspyrjandi betur en ég — að Búnaðarbankinn muni fylgja í kjölfarið.

[15:23]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að það séu aðstæður til að lækka vexti en ég held að ríkið verði þar að vera leiðandi aðili eins og oft áður. Hins vegar sé ég að hæstv. ráðherra blekkir sig með því að lesa upplýsingar Morgunblaðsins því að þær eru því miður ekki alltaf réttar. Þær upplýsingar sem hann vitnar til snúa að nafnvöxtum. Ég held nefnilega að ekkert sé mikilvægara nú en að fara yfir hverjir eru raunverulegir vextir og ráðast að vandanum, ráðast að raunvaxtastiginu. Ég er sannfærður um að það yrði mikil breyting ef ríkisvaldið og stærstu fjárfestingaraðilarnir, þ.e. lífeyrissjóðirnir sem atvinnulífið og fólkið í landinu ræður, næðu saman um þetta mál með samstilltu átaki. Þá gætu raunvextir e.t.v orðið, ég vil segja, um 7% í staðinn fyrir 9–10%.

Ég vænti nú þess að hæstv. fjmrh. fari vel yfir þetta og ríkið verði skynsamt á þessum markaði á árinu. Það er lykillinn að því að það takist. (**SJS:** Hvað um viðskrh.? Er hann ekki til?) Ég treysti honum fullkomlega.

Símenntun og fullorðinsfræðsla.

[15:25]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Evrópusambandið helgar árið 1996 símenntun. Hér á landi hefur verið skipaður samráðshópur um ár símenntunar. Sl. laugardag, þann 24. febrúar, var haldinn dagur símenntunar hér á landi með þátttöku fjölmargra stofnana. Eitt af markmiðum þessa átaks er að auka vitund almennings og stjórnenda fyrirtækja og skóla um að menntun sé lífsstarf sem tilheyrir ekki einungis fyrsta hluta ævinnar. Vafalaust eru flestir sammála um mikilvægi þessa markmiðs nú á tímum örra breytinga á vinnumarkaði og að því er virðist viðvarandi atvinnuleysis. Því er mikilvægt að sí- og endurmenntun standi öllum til boða óháð grunnmenntun eða því hvort viðkomandi hefur eða hefur ekki lokið skyldunámi, framhaldsskólanámi eða háskólanámi.

Í frv. til laga um framhaldsskóla sem nú er til meðferðar í hv. menntmn. þingsins er fjallað um fullorðinsfræðslu og endurmenntun í 33.–35. gr. Samkvæmt þeim er framhaldsskólum heimilt að starfrækja öldungadeildir og starfrækja endurmenntunarnámskeið í samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, sveitarfélög eða aðra hagsmunahópa. Kostnaður við slík námskeið á að greiðast með þátttökugjöldum eða af þeim aðilum sem standa að námskeiðum með skólanum. Þá er framhaldsskóla heimilt að stofna fullorðinsfræðslumiðstöð í samvinnu við áðurnefnda aðila sem geri með sér samning um starfsemina.

Það vekur sérstaklega athygli mína að gert er ráð fyrir því við gildistöku nýrra laga um framhaldsskólann að núverandi lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, falli úr gildi. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga á nám til fullorðinsfræðslu að ná til grunn-, framhalds- og háskólastigs og það er ljóst að ríkið tekur beinan þátt í kostnaði við fullorðinsfræðslu. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

Á að tengja framhaldsskólann við alla fullorðinsfræðslu í landinu sem ekki heyrir undir önnur lög, líka þá sem ekki getur talist á framhaldsskólastigi? Er það ætlunin að ríkið hætti fjármögnun á fullorðinsfræðslu og sí- og endurmenntun fyrir utan tvo þriðju af kostnaði við öldungadeildir? Og hvað með stofnanir sem fyrir eru eins og MFA og Námsflokka Reykjavíkur? Samkvæmt hvaða lögum eiga þær að starfa? Geta þær starfað sjálfstætt áfram eða verða þær að tengjast framhaldsskólum? Að síðustu: Fyrirhugar menntmrh. e.t.v. að setja ný lög um fullorðinsfræðslu og endurmenntun?

[15:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Einmitt þessi mál voru til umræðu á ráðstefnu sl. laugardag þar sem fjallað var um símenntun og það átak sem nú er gert hér á landi til að efla hana með öllum tiltækum ráðum. Þetta mál var einnig til umræðu þegar framhaldsskólafrv. var lagt fram í haust. Þá var sérstaklega spurt um sama atriði og hv. þm. gerði og snertir MFA og starfsmenntunarnám sem er á vegum félmrn. Þær hugmyndir sem koma fram í 35. gr. framhaldsskólafrv. ef ég man númerið rétt, lúta ekki að því sem lýtur að starfsmenntun og snerta ekki MFA. Hins vegar er það staðreynd að ýmsir framhaldsskólar eru núna í samstarfi við MFA. Framhaldsskólinn á Norðurl. v. er t.d. í samstarfi við MFA og aðra um fullorðinsfræðslu eða farskóla sem lofar mjög góðu um það hvernig framhaldsskólar geta unnið með ólíkum aðilum. Fullorðinsfræðslulögin frá 1992 komust aldrei til framkvæmda eins og kemur fram í greinargerð með framhaldsskólafrv. Það var ekki hægt að hrinda þeim í framkvæmd. Niðurstaðan varð sú, þegar kom að því að fara yfir málið í menntmrn. á sl. sumri, að fara þá leið sem mörkuð er í þessu frv., fella þessi lög úr gildi og fela framhaldsskólunum aukið hlutverk á þessu sviði. Ég tel að allir þeir sem að þessu máli koma, a.m.k. þeir sem komu að þessu máli á ráðstefnu á laugardaginn var, hafi verið þessu hlynntir. Að vísu hafði fulltrúi MFA efasemdir, m.a. af því að hann vill árétta stöðu sinna samtaka. En ég tel að ekki sé vegið að þeim með nokkru móti. Þau starfa á sínum forsendum en framhaldsskólarnir fá þarna nýtt hlutverk og verða virkari aðilar í samfélaginu. Ég tel að þetta sé skynsamlegt skref og til þess fallið að efla fullorðinsfræðsluna.

[15:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það er mjög erfitt að vinna áfram með framhaldsskólafrv. í menntmn. nema þetta sé alveg skýrt. Þetta er eitt af þeim mörgu atriðum sem eru ekki skýr að mínu mati. Ég fagna því vissulega að framhaldsskólanum er ætlað aukið hlutverk á sviði fullorðinsfræðslu. Mér fannst hins vegar ekki nógu skýrt af svörum hæstv. ráðherra á hvaða grunni aðrar stofnanir eiga að starfa ef lögin um fullorðinsfræðslu eru felld úr gildi. Eiga þær þá að starfa á grundvelli eldri laga eða eiga engin lög að gilda um þá starfsemi?

Þá vil ég gjarnan spyrja ráðherra nánar um kostnaðinn. Er það ætlunin að ríkið dragi sig alfarið út úr kostnaði við símenntun og endurmenntun?

[15:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er ekki ætlunin að ríkið dragi sig alfarið út úr. Þvert á móti er ríkið að fela framhaldsskólunum, sem það stendur að, nýtt og aukið hlutverk sem þarf að sjálfsögðu að taka afstöðu til þegar kostnaður við skólastarfið er metinn. Menn verða að átta sig á því að með þessu kunna framhaldsskólarnir að taka að sér nýtt hlutverk sem kann að kalla á aukin útgjöld og þá verða menn að meta það í hverju einstöku tilviki.

En ég tel að það hafi ekki komið fram að með þessari breytingu sé verið að vega að neinni þeirri starfsemi sem er. Staðreynd er að lögin frá 1992 komust ekki til framkvæmda. Þau hafa verið orðin tóm ef þannig má að orði komast. Þarna er verið að fara inn á nýjar brautir sem ég tel að séu mun skynsamlegri og ég vona að skili betri árangri en þau gagnslausu lög sem hafa verið í gildi frá 1992.

Póstur og sími.

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Fram hefur verið lagt á þingi frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frv. sem á að ræða á þingi á morgun. Þegar frv. var kynnt í málgagni annars stjórnarflokksins á laugardaginn var undir fyrirsögninni: „Einkavæðing Pósts og síma á borðum þingmanna. Frumvarp um einkavæðingu Póst- og símamálastofnunarinnar er nú komið á borð þingmanna“ o.s.frv.

Ég tel mjög mikilvægt að það komi fram hjá samgrh. hvort það standi til í framhaldi af breytingu á rekstrarformi Pósts og síma að Póst- og símamálastofnunin verði einkavædd. Það er mjög mikilvægt vegna þess að það mun hafa afgerandi áhrif á afstöðu margra til frumvarpsins hvort hér verður um einkavæðingu að ræða eða ekki.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er nú svo að Tíminn hefur ekki enn löggjafarvald þannig að ég held að ekki sé einhlítt að trúa því sem þar stendur um að hvað séu lög frá Alþingi. Hitt er alveg ljóst eins og frv. liggur fyrir á Alþingi að gert er ráð fyrir að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Það verði eitt hlutafélag sem verði í eigu ríkisins og óheimilt að selja það nema með samþykki Alþingis þannig að hér er um formbreytingu að ræða. Það er verið að breyta opinberri stofnun í hlutafélag sem verði í eigu ríkisins að öllu leyti.

[15:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það þarf ekki hæstv. samgrh. til að segja mér að Tíminn hafi ekki löggjafarvald en það er greinilega skilningur framsóknarmanna sem kynna málið þannig í málgagni sínu að hér sé um einkavæðingu að ræða. Ég tel líka mikilvægt að það komi fram hjá hæstv. samgrh. hvort það er í farvatninu í framhaldi af samþykkt frv., verði það samþykkt, að farið verði út í einkavæðingu. Enda þótt það standi í frv. að sala sé óheimil nema með samþykki Alþingis hefur ríkisstjórnin það stóran meiri hluta á þingi að henni ætti ekki að vera skotaskuld úr því að fá samþykki Alþingis á því ef það er ætlunin. Ég vil gjarnan fá skýr svör um það hvort ætlunin er að einkavæða Póst og síma á næstu árum.

[15:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kemur í því frv. sem lagt hefur verið fram og jafnvel stendur til að ræða á morgun stendur minn hugur til þess að breyta stofnun Pósts og síma í Póst og síma hf. Þar verði eitt hlutabréf í eigu ríkisins. Það er vilji minn og ég horfi á Póst og síma þannig til framtíðar.

Ég þori á hinn bóginn ekki að lofa neinu um það að einhver annar en ég kunni ekki að leggja fram brtt. eða frv. um hið gagnstæða, t.d. sá þingmaður sem hér stóð upp áðan. Ég hef ekki hugmynd um hvaða hugmyndir berjast um í höfði hennar með fullri virðingu fyrir henni og má vera að hún hafi einkavæðingu Pósts og síma í huga.

[15:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er komið skýrt fram að sá hæstv. sam-

grh., sem situr nú í embætti, mun ekki beita sér fyrir því að selja hlutabréf Pósts og síma meðan hann er við völd ef ég hef skilið hann rétt. (**Gripið fram í:** Og ræðumaður treystir því?) Ég treysti því. En ef ég hef misskilið hann bið ég hann um að leiðrétta það.

Úreldingarreglur fyrir fiskiskip.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini orðum til hæstv. sjútvrh. varðandi stöðu mála í úreldingarreglum fyrir fiskiskip. Við ræddum þetta mál á þingi í haust og þá tók hæstv. sjútvrh. þannig til orða að nauðsynlegt væri að eyða allri óvissu hvað þetta snertir innan ekki langs tíma. Síðan eru liðnir nokkrir mánuðir og óvissan ríkir enn hvað það snertir að uppi eru alls konar getgátur um hver verði framtíðarstefnan að þessu leyti, að hve miklu leyti verði haldið við óbreyttar kröfur um úreldingu á móti endurnýjun í fiskiskipaflotanum, tonn á móti tonni eða hvað það nú er.

Það liggur jafnframt fyrir að það er mikil umræða um nauðsyn þess að endurnýja nótaskipaflotann og hugmyndir hafa verið uppi um að koma til móts við útgerðina í því því sambandi með því að lækka eitthvað úreldingarkröfuna, a.m.k. hvað þann hluta flotans snertir, til þess að auðvelda mönnum að taka þar upp nýjustu tækni í sambandi við meðferð hráefnis og því um líkt en ljóst er að því fylgir nokkur afkastaminnkun eða minnkun í burðargetu.

Herra forseti. Í ljósi þess að nokkrir mánuðir eru liðnir síðan hæstv. sjútvrh. hafði um það góð orð að það þyrfti að eyða óvissu að þessu leyti, það væri bagalegt fyrir útgerðina vegna þeirra stóru fjárfestingarákvarðana sem eru í húfi að hafa ekki fast land undir fótum í þessum efnum, óska ég eftir því að hæstv. sjútvrh. upplýsi okkur um það hvar þau mál eru þá á vegi stödd af hálfu hæstv. ráðherra og ráðuneytis og hvenær þess sé að vænta að ríkisstjórnin gangi frá stefnu sinni í þessum efnum þannig að hún liggi fyrir.

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Landssamband ísl. útvegsmanna samþykkti ályktun um að breyta svokölluðum endurnýjunarreglum sem hafa verið í gildi og fela í sér að við endurnýjun fiskiskipa verða menn að taka úr notkun jafnmargar rúmlestir og ætlunin er að kaupa inn. Ráðuneytið tók þetta til skoðunar. Málið var þar til athugunar. Niðurstaða mín varð sú að ekki sé tímabært að gera breytingar á gildandi reglum.

Ég tel að í þessu efni verði að gilda almennar reglur og það sé ekki unnt að flokka fiskiskipaflotann upp í ólíka hópa og hafa mismunandi reglur eftir því hvaða nöfn við gefum einstökum fiskiskipum. Um þetta verða að gilda almennar reglur en niðurstaða mín er sú að að svo stöddu er ekki tímabært að gera breytingar á gildandi reglum.

[15:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið svar frá hæstv. ráðherra. Það er betra en ekki neitt að svar liggi fyrir og óvissunni hafi verið eytt. Hins vegar er ég afar ósáttur við svarið. Ég held að það sé afspyrnuvond niðurstaða að halda við þessar reglur óbreyttar og sérstaklega í ljósi þess að mikil þörf er á endurnýjun í loðnuflotanum eða nótaskipaflotanum. Það er alveg ljóst að að verður um 20% minnkun á burðargetu skipanna við það að taka upp RSV-kælitækni og einangraðar lestir. Það er hins vegar forsenda þess að við komumst í almennilegt horf hvað varðar meðferð á hráefni. Verðlagið á úreldingunni nú er orðið óhóflegt. Hver rúmmetri í fiskiskipi í dag kostar 100 þús. kr. Með öðrum orðum, það kostar 200 millj. að kaupa pláss ef stórt loðnuskip með 1.000 tonna burðargetu er endurnýjað. Þetta eru algerar ógöngur, herra forseti. Ég er þess vegna óánægður með svarið og mun með einum eða öðrum hætti reyna að fylgja því eftir að þessari stefnu verði breytt.

[15:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vissulega geta menn haft á þessu ýmsar skoðanir. Auðvitað má færa fyrir því alveg gild rök að ríkið eigi ekki með sérstökum reglum að hafa áhrif í þessu efni og einstakir útgerðarmenn á grundvelli aflaheimildar eigi að bera fulla ábyrgð á því hversu mikil fjárfesting þeirra er og með hliðsjón af aflaheimildum þeirra. En af ýmsum ástæðum tel ég ekki tímabært að fella þessa reglu úr gildi og er jafnframt þeirrar skoðunar að það sé ekki unnt að mismuna fiskiskipum í þessu efni. Endurnýjun getur verið brýn hjá ýmsum og það væri óskynsamlegt að minni hyggju að mismuna aðilum með reglum af þessu tagi eftir því hvers konar veiðiskap þeir stunda aðallega.

Kosning sérnefndar skv. 32. gr. þingskapa.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sturla Böðvarsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
Jón Kristjánsson,
Vilhjálmur Egilsson,
Sighvatur Björgvinsson,
Gunnlaugur M. Sigmundsson,
Árni M. Mathiesen,
Ágúst Einarsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Kristín Ástgeirsdóttir,
Pétur H. Blöndal.

[15:43]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 1995, 340. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, þskj. 595.

Evrópuráðsþingið 1995, 338. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 593.

Norrænt samstarf 1995, 337. mál, skýrsla, þskj. 592.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 3. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 107.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 296. mál (umframveiði síldar og hörpudisks). — Þskj. 535, nál. 578.

[15:45]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti sjútvn. á þskj. 578 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Sjútvn. hefur farið yfir frv. og fengið til sín fulltrúa sjútvrn. og Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með ákveðinni breytingu sem ég mun gera grein fyrir.

Frv. felur í sér lagfæringu á 4. mgr. 10. gr. laganna sem lýtur að því að í heimildum til að veiða og geyma veiðiheimildir gagnvart kvótabundnum tegundum hefur ekki verið fullt samræmi. Við síðustu breytingu á lögunum féll út heimild sem varðaði síld og við nánari rannsókn hefur ekki fundist að neinn hafi af efnislegum ástæðum ætlað sér að leggja það til. Það verður því að líta svo á þar til annað verður sannað að um slys hafi verið að ræða, það hafi sem sagt ekki verið ásetningur að breyta efnisreglunni gagnvart þessum stofni. Því er lagt til að þetta verði fært til fyrra horfs, geymslu- og umframveiðiheimildir á síld verði með sama hætti og áður var og sambærilegar við aðrar tegundir í þessum flokki.

Enn fremur hefur nefndin skoðað þessi mál hvað varðar innfjarðarrækju og hörpudisk. Þar voru heimildir ekki fyrir hendi með sama hætti og í bolfiski, úthafsrækju og uppsjávartegundum. Niðurstaða nefndarinnar er að nauðsynlegt sé að hafa nokkurt svigrúm einnig gagnvart þessum tegundum þótt menn séu sammála um að varðandi t.d. geymsluheimildirnar þurfi að gæta hófs í því að heimila geymslurétt á veiðiheimildum ef um er að ræða mjög staðbundna eða skammlífa stofna þar sem sveiflur í úthlutuðu veiðimagni geta verið mjög miklar. Þetta er talið eiga sérstaklega við um innfjarðarrækju. Af því leiðir að í tillögu sjútvn. í nál. á þskj. 578 er lagt til að geymsluheimildir verði 10% af aflamarki hörpudisks og aðeins 5% af aflamarki innfjarðarrækju. Verður almenna reglan sú að heimilt er að geyma 20% af aflamarki af bolfiski, uppsjávartegundum og úthafsrækju, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju. Umframveiðiheimildirnar eru hins vegar 5% í botnfisktegundum, síld og úthafsrækju og 3% í innfjarðarrækju og hörpudiski.

Með þessu móti er vonandi búið að skapa svigrúm í öllum tilvikum sem er mönnum til hægðarauka. Menn þurfa þá ekki að vera bundnir af því eða undir þrýstingi um að ná nákvæmlega úthlutuðu aflamarki á hverju ári. Það þarf ekki að eltast við síðustu kílóin, ef svo má að orði komast. Af sama leiðir að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur þótt þeir lendi lítillega fram yfir úthlutað aflamark, svo sem eins og nemur afrakstri úr hálfri veiðiferð. Það er sem sagt visst svigrúm í báðar áttir. Af þeim ástæðum sem ég gerði grein fyrir er talið nauðsynlegt að fara mjög vægt í sakirnar hvað varðar tegund eins og innfjarðarrækjuna og það er gert í þessum tillögum.

Niðurstaða nefndarinnar var að hrófla ekki að svo stöddu við þessum ákvæðum hvað varðar aðrar tegundir þótt ljóst sé að það geti verið þörf á að endurskoða ýmislegt. Má þar nefna sérstaklega humarinn en því miður er það svo að þar brást vertíð að verulegu leyti á síðasta ári og af því leiðir einnig að menn nýta í flestum tilvikum til fulls sinn geymslurétt. Aflamarkið er síðan skorið verulega niður og þá kemur upp ósamræmi sem ástæða er til að hafa áhyggjur af þegar geymdi rétturinn nemur mörg hundruð tonnum og veiðirétturinn er hins vegar skorinn verulega niður á næsta ári. Þá getur komið til ósamræmi sem veldur verulegum vandkvæðum. Það dregur þá aftur athyglina að því hvort menn hafi í raun gengið of langt hvað þessa tegund varðar með því að hafa reglur þannig að heimilt væri að geyma allt að fimmtungi veiðiheimildanna á hverju ári.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta litla frv. Sjútvn. leggur til að það verði samþykkt með þessari breytingu sem ég hef gert grein fyrir og er á þskj. 578.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 578 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KÁ, KH, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

27 þm. (ArnbS, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GB, GÁS, GMS, HÁs, ÍGP, JóhS, JBH, KPál, LMR, ÓRG, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 602).

[Fundarhlé. — 15:55]

Tilkynning um dagskrá.

[16:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Á fundi forseta með þingflokksformönnum og hæstv. menntmrh. sem var að ljúka varð samkomulag um að fresta umræðum um 3. dagskrármálið, Réttindi og skyldur kennara og skjólastjórnenda grunnskóla, og er málið þar með tekið út af dagskrá. Forseti gerir ráð fyrir að málið komi á dagskrá á fimmtudag í næstu viku.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 16:30.

96. FUNDUR

þriðjudaginn 27. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson, félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

[13:30]

Útbýting þingskjala:
Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 284. mál, nál. landbn., þskj. 600.
Gjaldskrá Pósts og síma, 350. mál, fsp. SF, þskj. 608.
Kærumál vegna undirboða, 348. mál, fsp. SvG, þskj. 606.
Reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, 345. mál, fsp. JóhS, þskj. 603.
Skipasmíðaiðnaðurinn, 349. mál, fsp. SvG, þskj. 607.
Stjórn fiskveiða, 296. mál, þskj. 601.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 1. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580.

[13:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar markar þáttaskil. Póstsamgöngur hafa verið reknar af ríkinu síðan 1776 og síminn síðan 1906. Pósturinn var rekinn í beinum tengslum við dönsku póstþjónustuna og þótti óhjákvæmilegt að ríkið hefði hönd í bagga til þess að fyllsta öryggis væri gætt og unnt að tryggja að bréf og sendingar kæmust á leiðarenda. Ég ætla ekki að rekja sögu póstþjónustunnar en minni á að 1782 hóf fyrsti landpósturinn göngu sína og 90 árum síðar eða 1872 var skipaður forstjóri póstmála. Árið eftir eða 1873 var fyrsta íslenska frímerkið gefið út og 1874 var Alþjóðapóstsambandið stofnað.

Frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum í sambandi við rekstur póstþjónustunnar að teknu tilliti til þess að einkarétturinn fellur til ríkisins en Pósti og síma hf. verður falið að sjá um þjónustuna eins og verið hefur. Sérstakt frv. verður flutt um það efni. Það er nú í athugun hjá þingflokkum stjórnarflokkanna og er nauðsynlegt að það fái afgreiðslu um leið og það frv. sem hér liggur fyrir. Raunar er það sama að segja um frv. til breytinga á fjarskiptalögum sem nú er verið að leggja síðustu hönd á og verður lagt fyrir ríkisstjórnina á næstu dögum. Það lýtur einungis að því að færa einkaréttinn yfir til ríkisins sem aftur mun fela Pósti og síma þann rekstur sem honum tengist.

Póstlögin í heild sinni eru nú í endurskoðun með hliðsjón af þeim breytingum sem eru í mótun á Evrópska efnahagssvæðinu. Rekstur póstsins færist óðfluga inn í hringiðu samkeppninnar eftir því sem árin líða. Annars vegar er það bein afleiðing tækniframfara. Mér skilst að nú sé faxið orðið gamaldags og tölvupóstur hafi leyst það af hólmi að nokkru leyti og svo höfum við Internetið eða Alnetið sem breiðir sig yfir allt. Auk þess eru fyrirtæki komin til sögunnar sem keppa við Póstinn í dreifingu fjölda sendinga og auglýsingapésa, pakka- eða hraðsendinga. Af þessum ástæðum er mjög brýst á það að einkaréttur Póstsins á hefðbundnum bréfasendingum verði felldur niður. Hér eru ekki lagðar til neinar breytingar í þá átt. Á hinn bóginn tel ég óhjákvæmilegt og legg á það áherslu að nauðsynlegt geti orðið í náinni framtíð að skjóta fleiri stoðum undir rekstur Póstsins og treysta þær sem fyrir eru.

Það gæti við athugun komið í ljós að afnám einkaréttarins þætti skynsamleg leið að því marki. Þannig hefur einkarétturinn verið afnuminn í Svíþjóð og Finnlandi og annars staðar er lögð áhersla á að breyta póstþjónustunni í hlutafélag eða sjálfstætt fyrirtæki sem starfi úti á hinum frjálsa markaði eftir þeim lögmálum sem þar gilda eins og hér er lagt til. Aðalatriðið er að Póstur og sími hf. verði áfram fjárhagslega sjálfstætt og traust fyrirtæki þó svo að fjárhagur fyrirtækisins verði fullkomlega aðskilinn fjárhag ríkissjóðs og að sú starfsemi sem rekin er á einkaréttarlegum grundvelli verði algjörlega aðskilin annarri starfsemi sem rekin er á markaðsgrundvelli og í samkeppni við fyrirtæki og einstaklinga.

Haustið 1991 átti ég þess kost að fara á Telecom 91 í Genf sem er umfangsmesta fjarskiptasýning í veröldinni og haldin á fjögurra ára fresti. Þá lá það í loftinu að hverri símastofnuninni á fætur annarri í Evrópu yrði breytt í hlutafélag eða að minnsta kosti í hálfopinbert fyrirtæki sem starfaði samkvæmt markaðslögmálinu og væri óháð ríkissjóði. Ég sannfærðist þá um að óhjákvæmilegt væri að breyta Pósti og síma í hlutafélag og hafði raunar skipað nefnd 12. ágúst 1991 til þess að endurskoða lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunarinnar, nr. 36/1977, einkum með hliðsjón af réttarstöðu stofnunarinnar. Í starfi sínu skyldi nefndin m.a. taka mið af breytingum sem orðið höfðu og væntanlegar voru á réttarstöðu póst- og símastjórna í nágrannaríkjunum. Lárus Jónsson, fyrrv. alþingismaður, var formaður nefndarinnar en jafnframt áttu í sæti í nefndinni Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, Guðmundur Björnsson, aðstoðarpóst- og símamálastjóri, og skrifstofustjórarnir Halldór S. Kristjánsson og Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nefndin skilað bráðabirgðaskýrslu 5. mars 1992 og greinargerð um breytingar á réttarstöðu Pósts og síma 16. apríl 1993. Meginniðurstöður nefndarinnar voru þær að Póst- og símamálastofnun yrði breytt í hlutafélag. Greinargerð nefndar Lárusar Jónssonar er efnismikil og varpar ljósi á þær öru breytingar sem orðið hafa í fjarskiptamálum í nálægum löndum síðustu árin. Þróunin hefur haldið áfram eins og þar var spáð og nú er svo komið að nánast engin opinber símastofnun finnst í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við og pósturinn er á sömu leið.

Í hugum okkar Íslendinga margra hefur síminn fram að þessu verið sú stofnun sem við höfum átt bágt með að hugsa okkur sem hlutafélag. Ástæðan er sú að lagning símans um okkar dreifbýla land var á sínum tíma mjög erfið og dýr svo að einungis ríkið hafði burði til að standa undir fjárfestingunni. Einnig hefur verið talið óhugsandi að erlend símafyrirtæki hygðu á samkeppni hér innan lands. Rekstrarlegt öryggi símans hefur með öðrum orðum verið hafið yfir

allan vafa fram undir þetta. En nú er öldin önnur. Fjarskiptatækninni fleygir fram svo óðfluga að engin landamæri standa í vegi fyrir henni. Ef við tökum dæmi af nágrannalöndunum rétt til gamans þá heyja norsku, sænsku og dönsku símafyrirtækin heilagt fjarskiptastríð hvert í annars landi rétt eins og Ólafur digri, Önundur Svíakonungur og Knútur ríki væru þar lifandi komnir.

Við þessar kringumstæður í hinum harða markaðsheimi fjarskiptanna sem fer enn harðnandi á næstu árum — hinn 1. janúar 1998 verður opnað fyrir samkeppni í talsímaþjónustu hér á landi — er óhugsandi að Póstur og sími geti staðist álagið sem opinber stofnun. Þá yrði Póstur og sími að lúta fjárlögum og búa við það ósjálfstæði í ákvarðanatöku sem opinberar stofnanir hljóta að búa við. Við skulum taka dæmi af ríkisbönkunum. Rekstur þeirra er vitaskuld flókinn og viðkvæmur. Það hefur verið ákveðið að breyta þeim í hlutafélag til þess að auka sjálfstæði þeirra og jafna samkeppnisstöðuna á peningamarkaðnum. Enginn hefur talað um að ná sama marki með því að breyta Íslandsbanka í ríkisbanka. Enn síður hefur nokkrum dottið í hug að breyta öllum þessum þrem bönkum í opinbera stofnun sem sé rekin eftir fjárlögum eins og B-hluta stofnanir ríkisreiknings. Þó leyfi ég mér að fullyrða að rekstur Pósts og síma í dag sé ólíkt flóknari heldur en hefðbundins ríkisbanka í því efnahagslega jafnvægi sem við Íslendingar búum nú við.

Póst- og símamálastofnunin verður að breytast í Póst og síma hf. til þess að hann geti brugðist skjótt við breytingum á markaðnum, mætt nýrri samkeppni, ekki síst erlendis frá með nýjum hætti, og ráðist í fjárfestingar á öðrum forsendum en áður. Í því er innifalið að Póstur og sími hf. þarf að geta gerst hluthafi í erlendum fjarskiptafyrirtækjum ef ástæða þykir til og þannig tekið þátt í atvinnustarfsemi þótt hún teygi sig til annarra landa.

Loks þarf Póstur og sími að hafa möguleika á að vera þátttakandi í þróunar- og markaðsstarfi íslenskra fyrirtækja erlendis t.d. með því að leggja fram fjármagn og tækniþekkingu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að einungis með því að breyta Pósti og síma í hlutafélag geti hann haldið stöðu sinni og verið áfram burðarás á fjarskiptasviði hér á landi. Það hefur komið upp hvort rétt sé að nota tækifærið og skipta stofnuninni í tvö fyrirtæki á sviði pósts og fjarskipta. Ég hef talið það óráðlegt og það er að minnsta kosti alveg ljóst að slík skipting stofnunarinnar í tvennt þarfnast mikils undirbúnings og mikils tíma. Álitamálin eru mörg. Ég á t.d. erfitt með að sjá það fyrir mér hvernig starfsemi Pósts og síma verði slitin í tvennt í einhverri skyndingu í sjávarplássunum og í hinum dreifðu byggðum landsins.

Nú er svo komið að það kostar jafnmikið undir sendibréf milli tveggja húsa við Laugaveginn og milli Flateyrar og Hornafjarðar. Gjaldskrá fyrir langlínusamtöl hefur farið hríðlækkandi þannig að símtöl hafa lækkað í verði um 80% á 10 árum. Frekari jöfnun símkostnaðar er fram undan. Ég hef heyrt þær raddir að þessi þróun kunni að snúast við ef Póst- og símamálastofnun yrði breytt í hlutafélag. Það hefur einkum verið rökstutt með því að fyrirtæki kunni að skjóta upp kollinum og reyna að fleyta rjómann ofan af með því að þjóna fjölmennustu stöðunum en láta dreifbýlið eiga sig. Þetta á við um póstinn. Þessi ótti er ástæðulaus vegna þess að almenni bréfapósturinn er bundinn einkarétti sem verður í höndum Pósts og síma hf. en undir eftirliti samgrn. varðandi verð og gæði póstþjónustunnar og fjárhagslega aðskilinn öðrum rekstri Pósts og síma hf. Samsvarandi ótti hefur komið fram varðandi GSM-þjónustuna fyrst í stað og jafnvel talsímaþjónustuna síðar meir.

Ég svara þessu með því að minna á að Póstur og sími er vel undir samkeppnina búinn. Hér á landi er eitt fullkomnasta fjarskiptakerfi í Evrópu og símaþjónustan innan lands á lægra verði en í öðrum löndum. Við höfum búið í haginn fyrir framtíðina með því að gerast hluthafar í sæstrengjum frá Bandaríkjunum um Kanada og Ísland til Evrópu og ljósleiðari hefur verið lagður um landið en næsta skref er að gera það mögulegt að flytja breiðbandsþjónustuna inn á heimili og fyrirtæki. Þannig mun hinn fullkomni tæknibúnaður Pósts og síma og komandi samkeppni áfram tryggja lágt verð á símaþjónustu hér á landi en auðvitað má ekki slaka á, auðvitað verður áfram að hafa vakandi auga á tækniþróuninni og breytingunum á markaðnum.

Mér þykir hlýða, herra forseti, að víkja að helstu efnisatriðum frv. Hér er lagt til að stofna hlutafélag um eignir og rekstur Póst- og símamálastofnunar, Pósts og síma hf. Eitt hlutabréf skal gefið út sem nemur 75% af bókfærðu eigin fé Póst- og símamálastofnunar og skal það vera í eigu íslenska ríkisins og sala þess óheimil án samþykkis Alþingis. Hlutafélaginu skulu lagðar til allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild.

Í 2. gr. frv. segir að tilgangur félagsins sé að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, póstþjónustu og fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar gilda svo og að reka aðra skylda starfsemi. Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. — Er hér m.a. haft í huga samstarf við erlend símafyrirtæki eins og ég vék að áður í ræðu minni eða samvinna við íslensk fyrirtæki á fjarskiptasviði, m.a. með markaðssókn erlendis fyrir augum.

Í 2. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir að Póstur og sími hf. geti stofnað nýtt félag eða félög til þess að annast ákveðna þætti þeirrar starfsemi sem nú er rekin af Póst- og símamálastofnun. Þá er áskilið, og það er mikilvægt, að slíkt hlutafélag skuli alfarið vera í eigu Pósts og síma og þannig haldið opnu að unnt sé að aðskilja rekstur pósts og síma ef það kynni síðar að verða talið hagkvæmt.

Gert er ráð fyrir því að stjórn Pósts og síma hf. skuli skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara og að samgrh. fari með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf.

Skv. 8. gr. skulu fastráðnir starfsmenn Pósts og símamálastofnunar eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. — Þetta er mikilvægt ákvæði og undirstrikar að breytingin úr stofnun í hlutafélag er ekki gerð í því skyni að fækka starfsfólki Pósts og síma eða til að ganga gegn hagsmunum þess.

Biðlaunaréttur opinberra starfsmanna hefur verið mjög í umræðunni vegna þeirrar þróunar að verið er að breyta opinberum stofnunum í hlutafélög. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim mun sem er á uppsagnarfresti og biðlaunum. Biðlaunarétturinn er bundinn því skilyrði að starfið sé lagt niður og viðkomandi fái þannig svigrúm til þess að leita sér að nýju starfi nema honum sé gefinn kostur á öðru sambærilegu starfi. Þegar stofnun er breytt í hlutafélag án þess að samtímis verði nokkrar breytingar á starfs- eða þjónustusviðinu er auðvitað ekki um það að ræða að

störf séu lögð niður. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frv. að biðlaunarétturinn færist frá stofnuninni Pósti og síma til hlutafélagsins Pósts og síma hf. Starfsfólkið er þá jafn vel sett og áður og getur treyst á biðlaunaréttinn eins og hann er skilgreindur í lögum. Þá er gert ráð fyrir því að fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar, sem hafa áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, megi vera áfram í sjóðnum miðað við þann rétt sem þeir hafa áunnið sér þegar breytingin um stofnun í hlutafélag tekur gildi.

Eftir að þetta frv. hafði verið lagt fyrir þingflokka stjórnarflokkanna átti ég fund með yfirmönnum Póst- og símamálastofnunar og forustumönnum allra starfsmannafélaga hjá Pósti og síma. Þar var farið yfir efnisatriði frv. og auðvitað komu upp ákveðin álitamál um hvernig framkvæmdinni skyldi hagað við breytinguna í hlutafélag. Það var m.a. spurt um það hvernig haldið yrði á samningsréttinum. Ég lýsti því yfir að ég teldi það vel koma til greina að Póstur og sími hf. semdi við samtök starfsmanna Pósts og síma hf. sem sjálfstæðan samningsaðila ef vilji þeirra stæði til þess. Með því yrði svipaður háttur hafður á og nú er t.d. hjá bankamönnum. Jafnframt lýsti ég því yfir að ráðuneytið væri reiðubúið til þess að hefja viðræður við fulltrúa starfsmanna og yfirmenn Pósts og síma um hagsmunamál starfsmanna og ýmis álitaefni og ákvörðunarefni sem taka þyrfti á við breytinguna í Póst og síma hf. Ég vonast til að þær viðræður geti hafist næstu daga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Eins og fram kemur er gert ráð fyrir að Póstur og sími hf. skuli taka til starfa eigi síðar en 1. okt. 1996. Þessi dagsetning endurspeglar hversu brýnt þetta mál er. Við undirbúninginn hef ég reynt að halda öllum aðilum málsins upplýstum um mikilvægi þess. Af þeim sökum var fulltrúum starfsmannafélaga við Póst- og símamálastofnun boðið til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur og fulltrúum allra þingflokka boðið til Noregs og Danmerkur til að kynna sér þær breytingar sem þar hafa orðið á póst- og fjarskiptasviði.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn. og hlýt að láta í ljós þá von að frv. nái fram að ganga nú á vori komanda.

[13:50]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að ein meginástæða þess að breyta í hlutafélag væri sú að stjórnendur fyrirtækisins gætu brugðist skjótt við í rekstrinum. Ef mig misminnir ekki þá hefur Póstur og sími, ég vil segja Vegagerðin líka, starfað með þeim hætti að yfir þeim hefur ekki verið nein stjórn. Báðar þessar stóru ríkisstofnanir hafa heyrt beint undir ráðherra og embættismannavaldið sem þar hefur ráðið hefur haft frelsi til að bregðast skjótt við á öllum sviðum. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða atriði eru það sem knýja á um þessa breytingu til þess að þeir geti brugðist við hverju? Því mér finnst að þessir ágætu embættismenn hafi haft öll þau tök sem bestu einkafyrirtæki hafa til að bregðast við ýmsum aðstæðum sem kunna að koma upp.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir að hann gæti hugsað sér og vildi vinna að því starfsmenn væru áfram í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Ég vil enn fremur spyrja hann að því, sem hann hér impraði á í sambandi við samningsréttinn, hvort hann muni áfram eiga viðræður og reyna að festa það mál þannig að starfsfólkið búi við öryggi á þessum óvissutíma, hvort hann muni halda áfram á næstu vikum viðræðum við starfsfólk um þetta mikilvæga atriði. Það skiptir nefnilega miklu máli þegar menn eru að fara í breytingar á svo stóru fyrirtæki, þar sem starfa á þriðja þúsund manns, að menn geri það af myndarskap og í samkomulagi við starfsmenn.

[13:53]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að ítreka það að hugur minn stendur til þess að eiga gott samstarf við starfsfólk um þær breytingar sem fram undan eru og hvernig á samningsrétti verði haldið og þar fram eftir götunum.

Um hitt, hvað ég eigi við með því að Póst- og símamálastofnun geti ekki brugðist nógu skjótt við, þá er það svo eins og hv. þm. er kunnugt að ef við tökum dæmi af þessu ári og hinu næsta þá er undirbúningur að næsta fjárlagaári þegar hafinn og það er ætlast til þess að ráðuneytið hafi skilað fjmrn. tillögum um fjárfestingu og hvað annað á vordögum. Síðan eru slík mál að veltast í kerfinu þangað til fjárlög eru ákveðin í desembermánuði og þar með er ákveðið hvernig fjárfestingum skuli háttað á næsta ári, t.d. hvaða heimildir Póstur og sími hafi til að kaupa hlutabréf í öðrum fyrirtækjum og þar fram eftir götunum. Það hefur komið í ljós að fyrirtæki úti á markaðnum hafa ekki sveigjanleika og sjálfstæði til að geta staðist til lengdar. Þetta er skýringin á því að í öllum grannlöndum okkar hefur símamálastofnunum verið breytt í hlutafélög eða jafngildi hlutafélaga og þetta er skýringin á því að í öðrum löndum eru menn óðum að breyta póstinum sömuleiðis í hlutafélag eða ígildi hlutafélags.

Auk þess eins og hv. þm. er kunnugt liggur það fyrir samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að talsíminn verður gefinn frjáls 1. jan. 1998 og það eru þau tímamörk sem okkur eru sett að því leyti.

[13:55]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst svör ráðherra vera á þann veg að honum sé það kappsmál að komast undan hæstv. fjmrh. Það get ég að vísu skilið en ég hélt að Póstur og sími aflaði allra sinna tekna sjálfur og væri ekki beint hér á fjárlögum hjá ríkinu. Þetta er sterk stofnun sem rekur sig sjálf án styrkja.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um annað atriði. Þó ég sé ekki mikið fyrir að „háeffa" fyrirtæki þá virðast vera ýmsar aðrar leiðir. Nú eru Danir meiri bisnessmenn en flestir aðrir í veröldinni. Mér skilst hæstv. samgrh. að þeir fari ekki þá leið sem við erum að fara. Var danska leiðin skoðuð?

[13:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi ekki alveg fyrri athugasemd hv. þm. Auðvitað er Póstur og sími á B-hluta fjárlaga og auðvitað ber Pósti og síma að gera fjárln. grein fyrir fjárfestingum næsta árs og leita eftir þeim heimildum sem nauðsynlegar eru til þess að starfsemin verði rekin. Það er svo um allar opinberar stofnanir eins og hv. þm. á að vera kunnugt.

Um hið síðara málið er það að segja að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að einungis eitt hlutabréf verði gefið út og það verði í eigu ríkisins og óheimilt að selja það. Þannig er formlega séð ekki hægt að tryggja það betur á þessari stundu að fyrirtækið verði áfram í eigu ríkissjóðs. Hitt er svo annað mál eins og hv. þm. veit jafn vel mér að hvorki ég né hann né sá hópur sem hér situr getur ábyrgst hvað Alþingi

kunni að gera einhvern tímann á næstu öld, ég tala nú ekki um ef hvorugur okkar yrði þar.

[13:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska hæstv. samgrh. pólitískrar erni og langlífis og vona að hann verði á meðal okkar sem munum verða hérna eftir aldamótin. En það frv. sem hér er til umræðu lýtur að grundvallaratriðum og það er nauðsynlegt að afstaða ráðherrans til þeirra liggi skýr fyrir.

Það sem mun áreiðanlega valda mestum deilum þegar við ræðum frv. eru réttindamál starfsmanna. Ég minnist þess að þegar við vorum saman í stjórn á síðasta kjörtímabili, ég og hæstv. samgrh., þá var tveimur stofnunum sem ríkið átti breytt í hlutafélag, annars vegar Síldarverksmiðjum ríkisins og hins vegar Sementsverksmiðju ríkisins. Þá var farin ákveðin leið sem þáv. stjórnarlið taldi fullnægja ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1954 en hún varðaði biðlaunaréttinn. Síðan hefur það gerst að fallið hefur dómur í deilu sem spratt út af því. Fyrir skömmu var kveðinn upp dómur í máli starfsmanns SR-mjöls gegn ríkinu og þar er það alveg skýrt að staða hjá hlutafélagi getur ekki talist sambærileg við stöðu hjá ríkinu. Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh.: Telur hann að 8. gr. þess frv. sem við erum að ræða sé í samræmi við hinn nýuppkveðna dóm eða vill hann lýsa því yfir úr þessum stóli að sá dómur sé rugl?

[13:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er röskur maður og vill ákveðin svör. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að leggja biðlaunaréttinn niður eins og gert hafði verið ráð fyrir í frv. þegar Síldarverksmiðjum ríkisins var breytt í hlutafélag heldur að biðlaunarétturinn haldist. Hér er enn fremur um almennar aðgerðir að ræða.

Ég álít að 8. gr. frv. standist eins og hún er hér lögð fyrir og hef á bak við mig lögfræðileg álit um þau efni. En eins og hv. þm. veit erum við ekki endanlegir dómarar í slíku máli ef stefnt yrði. Mitt mat er að þessi ákvæði standist og ég legg áherslu á að hér er ekki um það að ræða að leggja biðlaunaréttinn niður. Ég vil enn fremur vekja athygli á þeim mun sem er á þessu frv. og hinu. Hér er gert ráð fyrir því að Póstur og sími hf. verði áfram í eigu ríkisins, eitt hlutabréf verður gefið út og það er auðvitað mikil sérstaða í sambandi við það hlutabréf.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka drottni sjálfum fyrir að það er rétt hjá hæstv. samgrh. að hann er ekki endanlegur dómari í því máli sem ég reifa hér. Ég vek líka eftirtekt á því að hæstv. ráðherra vék sér undan því að svara hvort hann teldi 8. gr. frv. í samræmi við þann dóm sem ég nefndi eða hvort dómurinn væri að hans mati rugl. Samkvæmt þessum dómi liggur ljóst fyrir að staða hjá hlutafélagi, þó það sé að öllu leyti í eigu ríkisins, er ekki sambærileg við stöðu hjá ríkinu. Það liggur fyrir að Póstur og sími verður hlutafélag og því er alveg ljóst að þessi dómur á líka við starfsmenn Pósts og síma. Að vísu er það svo að hæstv. samgrh. hefur gert afskaplega klaufalega tilraun í 2. mgr. 8. gr. til þess að laga réttindamálin að niðurstöðu SR-dómsins, en sú tilraun er hins vegar dæmd til þess að mistakast vegna 3. mgr. sem fylgir strax á eftir.

Herra forseti. Ég tel að þetta frv. og 8. gr. sérstaklega beri að lesa í samræmi við þau frumvörp til laga sem ríkisstjórnin hefur kynnt sem er ekkert annað en aðför að réttindum opinberra starfsmanna. Ég segi þess vegna: Að þessu leyti er þetta frv., sem að mörgu leyti er gott, úlfur í sauðargæru. Og um ráðherra sem heldur því fram að þetta standist er ekkert annað að segja, ég vona að forseti fyrirgefi mér, en að hann er sauður í sauðargæru.

[14:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það er á mörkunum að forseti geti fyrirgefið svona orðbragð.

[14:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bað guð að hjálpa mér áðan þegar hv. þm. kallaði mig sauð í sauðargæru og mér datt í hug skeggjúði.

Ég vil annars segja það að hv. þm. fór ekki rétt með áðan, ekki það sem ég sagði og heldur ekki rétt með það hvernig málavextir eru í sambandi við dóminn í SR-málinu. Hér er gert ráð fyrir því að biðlaunarétturinn haldist og hér er um almenna aðgerð að ræða. Það er sá hinn mikli munur. Þess vegna er hér ekki um sambærileg mál að ræða og sama hversu oft hið gagnstæða er endurtekið.

[14:03]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Frv. það um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar vekur margar spurningar. Ein er að sjálfsögðu sú sem hér var vikið að í andsvari rétt áðan og snýr að samningsrétti starfsmanna, ekki síst á þeim tímum þegar réttindamál opinberra starfsmanna eru yfirleitt í uppnámi. Önnur er sú hvers vegna hæstv. samgrh. hefur kosið þá leið að ætla sér að skipa alla stjórnarmenn væntanlegs hlutafélags sjálfur.

Ég tel þó aðrar spurningar ekki síður mikilvægar eins og t.d. þá hver þörfin sé á þessari breytingu. Er brýn þörf á henni? Er eitthvað sem kallar á það að þessi breyting sé gerð?

Í öðru lagi: Hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar í málefnum Pósts og síma? Ekki einungis hugsun hæstv. samgrh., heldur stefna ríkisstjórnarinnar í heild. Því miður liggur það ekki fyrir í þessu máli. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir við umræður á hv. Alþingi í gær að hann sæi skipulag Póst- og símamálastofnunarinnar til frambúðar þannig að þar yrði eitt hlutabréf í eigu ríkisins. Hins vegar sagðist hann ekki geta gefið loforð um það að einhver annar en hann kynni að leggja fram frv. um hið gagnstæða. Í orðum hans fólst ótvírætt að hann mundi ekki flytja slíkt frv. En hver er stefna Sjálfstfl.? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar? Það er spurning sem okkur varðar ekki síður um.

Yfirlýsing hæstv. ráðherra er vissulega fagnaðarefni þar sem Póst- og símamálastofnunin er eitt allra mikilvægasta þjónustufyrirtæki landsmanna. Það er mjög arðbært fyrirtæki og skilar ríkissjóði á hverju ári æðimörgum hundruðum millj. kr. Ég get bara nefnt sem dæmi að í fjárlögum þessa árs er þessari stofnun ætlað að skila í ríkissjóð 735 millj. kr. Þessi upphæð, þ.e. skil stofnunarinnar í ríkissjóð, hefur oft verið verulega miklu hærri, komist upp undir einn milljarð á ári. Þar að auki er greiðsluafgangur stofnunarinnar áætlaður 634 millj. Arður stofnunarinnar er ekkert smáræði í sameiginlegan sjóð landsmanna.

Það kemur fram í greinargerð frv. að búnaður og þekking stofnunarinnar er tvímælalaust á við það besta sem gerist í veröldinni. Ég tel því að allir skynsamir menn verði að

berjast gegn því af fyllstu hörku að þetta fyrirtæki verði einkavætt. Við megum ekki eiga það á hættu að þetta fyrirtæki lendi á almennum hlutabréfamarkaði og komist kannski síðar meir í hendur erlendra auðfélaga sem hirði arðinn af 90 ára uppbyggingarstarfi í stað þess að arðurinn lendi í sameiginlegum sjóði landsmanna allra.

Hvers vegna er þá verið að gera þessa miklu breytingu á stofnuninni og hvaða þörf er á því að hún sé gerð? Ég held að flestir verði að viðurkenna að hlutafélag með einu hlutabréfi, þar sem einn maður á síðan að ráða og skipa í raun og veru alla stjórnarmenn viðkomandi hlutafélags, er afskaplega sérstætt rekstrarform og á sér ekki mörg fordæmi. Ég hygg að þau séu ekki fleiri en tvö eða þrjú hér á landi og þá fyrst og fremst Áburðarverksmiðjan sem var breytt í þetta form fyrir fáum árum, m.a. með mínu mótatkvæði, og Sementsverksmiðjan sem var ríkisfyrirtæki en var breytt í hlutafélag fyrir nokkrum árum. Ég held að sú breyting hafi litlu skilað og hafi verið ákaflega hæpin. Ég held að þetta einkennilega fyrirbrigði, hlutafélag með einu hlutabréfi, sé mjög sérkennileg hugmynd sem menn þurfi að hugleiða vandlega áður en þeir fara að feta þá braut í stórum stíl. Auðvitað stofna menn hlutafélög vegna þess að menn ætla sér að dreifa eignaraðildinni. Til þess eru hlutafélög að menn ætla sér að fá það rekstrarform í hendur sem gerir mönnum kleift að hafa eignaraðilana marga og hafa lögskipuð samskipti þeirra í fullu samræmi við viðkomandi hlutafjárlög. Til þess eru hlutafélögin.

Hæstv. ráðherra nefndi áðan Landsbankann og það var ágætt dæmi. Landsbankinn er nefnilega ekki hlutafélag. En hann er heldur ekki fyrirtæki sem við sjáum á fjárlögum, hann er ekki í B-hluta fjárlaganna. Þegar ráðherrann spurði að því í andsvörum áðan hvort einhverjum hefði dottið í hug að breyta Landsbankanum í þess háttar fyrirtæki sem við sæjum í B-hluta fjárlaga, hefði verið miklu nær að hann spyrði sjálfan sig að því hvort ekki kæmi til greina að breyta Póst- og símamálastofnuninni í það rekstrarform sem einkennir Landsbankann. Það er einmitt millistig á milli hreins ríkisfyrirtækis eins og Póst- og símamálastofnunin hefur verið og svo aftur ríkisfyrirtækis í hlutafjárformi eins og Áburðarverksmiðjan er. Það er hið eðlilega millistig og gæti einmitt mjög vel átt við í þessu tilviki. Uppi eru kröfur um að fyrirtæki þetta verði gert sjálfstæðara og það eigi auðveldara með að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Ef menn eru að leita að rekstrarformi sem uppfyllir hvort tveggja í senn að ríkið eigi fyrirtækið áfram en fyrirtækið öðlist sjálfstæði og aukið svigrúm, þá er einmitt rekstrarform Landsbankans hið kjörna form í því skyni.

Ég nefni annað ágætt dæmi úr okkar þjóðfélagi sem er Landsvirkjun. Hún er reyndar ekki einungis í eigu ríkisins, heldur er hún sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga í hlutföllunum 55:45%. En hún er sjálfstætt fyrirtæki og sérstaklega tekið fram í lögunum að þar sé um að ræða sjálfstæðan réttaraðila með sjálfstæðan fjárhag, sjálfstætt reikningshald og stjórn sem Alþingi kýs.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að þróun fjarskipta hefur verið afar ör á undanförnum árum. Losað hefur verið um opinberar hömlur á fjarskiptum, frjálsræði hefur verið að aukast og samkeppni hefur verið að stóraukast. Allt er þetta eðlileg þróun og ekkert við því að segja. Ég efast heldur ekkert um að það kann að vera bráðnauðsynlegt að endurskoða skipulag Pósts og síma. Það kann að vera óhjákvæmilegt að breyta rekstrarfyrirkomulagi söludeildar Pósts og síma sem á í samkeppni við einkaaðila í stórum stíl. Það getur líka vel verið að ýmsir þættir í rekstri Pósts og síma séu þess eðlis að þeir liggi það nærri einkamarkaðnum að þar sé um að ræða hreinan samkeppnisiðnað eða samkeppnisrekstur og því óhjákvæmilegt að breyta rekstrarfyrirkomulagi þar á einstökum sviðum. Það getur t.d. verið þörf á því að Póstur og sími stofni dótturfyrirtæki eða starfsemi þess sé skipt upp í sjálfstæðar einingar eða þá fyrirtækið stofni smærri fyrirtæki með öðrum fyrirtækjum eða í samvinnu við innlenda eða erlenda aðila. Ég hef ekkert á móti því að slíkt sé kannað, það kann að vera hárrétt að þörf sé á slíku. En ég legg á það áherslu að allt þetta má gera án þess að Póstur og sími sé gerður að hlutafélagi. Sumt af þessu mætti gera einfaldlega með ákvörðun stofnunarinnar og viðkomandi ráðherra og heimild frá fjmrh. Í mörgum tilvikum mundi það eitt nægja. Meira þarf nú ekki til.

Í öðrum tilvikum þyrfti hugsanlega heimild í fjárlögum. Í enn öðrum tilvikum þyrfti hugsanlega að breyta lögum um Póst og síma eða setja sérstök lög. Þá mætti mín vegna hugsanlega stíga það spor að gera Póst og síma að sjálfstæðari stofnun en hún er í dag í eigu ríkisins.

Í öllum tilvikum teldi ég hins vegar réttast að stjórn Pósts og síma yrði annaðhvort kosin á Alþingi eða hún yrði skipuð samkvæmt tilnefningu, t.d. frá fleiri ráðuneytum en samgrn. Það gæti vel komið til greina að tvö, jafnvel þrjú ráðuneyti ættu fulltrúa í stjórn Pósts og síma. Eins gæti Alþingi átt nokkra fulltrúa í stjórn Pósts og síma þótt Alþingi ætti ekki þar alla fulltrúana, það kæmi þar fram sem fulltrúi neytendanna. Eins getum við hugsað okkur að fulltrúar stéttarsamtaka og fulltrúi Neytendasamtaka ættu þar sæti, að ég tali ekki um fulltrúa starfsmanna sem ég teldi á margan hátt mjög eðlilegt að væru þar, einn eða jafnvel fleiri. En hitt, að einn hæstv. ráðherra skipi sjö pólitíska kommisara sína sem síðan er skipt út þegar skipt er um ráðherra, tel ég afar óheppilegt og óviðfelldið fyrirkomulag að ekki sé meira sagt. Ég held einmitt að það geri Póst- og símamálastofnunina miklu ósjálfstæðari en hún þyrfti að vera að hafa ráðherravaldið þannig yfir sér að stjórnin sé öll kosin af viðkomandi ráðherra.

Í þessu samhengi hlýtur að koma í hugann það sem bar hér á góma í andsvörum áðan, þ.e. jöfnun símkostnaðar. Það hefur verið baráttumál Alþb. um langt skeið að knýja fram jöfnun símkostnaðar hér á landi. Á því sviði hefur náðst verulegur árangur á seinustu 10–15 árum. Fyrir tveimur árum var staðan samt sem áður sú að dýrustu samtölin voru um það bil fjórum sinnum dýrari en þau ódýrustu. Munurinn var 1:3,8 og ég efast um að þetta hlutfall hafi neitt breyst undanfarin tvö ár. Ég hygg að sá ójöfnuður sé enn fyrir hendi að dýrustu þriggja mínútna samtölin séu enn upp undir fjórum sinnum dýrari en ódýrustu þriggja mínútna samtölin hér á landi. Mishá gjöld eftir svæðisnúmerum er mismunun sem á að afnema, þau eru ekkert annað en leifar frá löngu liðinni tíð þegar símaþjónustan var handvirk. Ég tel löngu tímabært, með þeirri tækni sem Póstur og sími ræður yfir, að þessi mismunun hverfi úr sögunni. En ég hlýt að spyrja mig eins og margir aðrir: Verður auðveldara að ná því markmiði eftir að þessi breyting hefur átt sér stað? Ég óttast að eftir hana sé viss hætta á því að þetta markmið fjarlægist. Ég vil þó ekki útiloka neitt og ég tek eftir því að hæstv. ráðherra hefur skotið inn í frv. grein sem á að auðvelda honum að kljást við vandamál af þessu tagi. Þar er gert ráð fyrir því að sé lagt í framkvæmdir eða rekstur vegna almannaheilla, í

öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skila arði, þá skuli gera um slíkt samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma. Ég veit að vísu ekki hvort þessi grein á við í þessu tilviki. Ég tel ekki að hér séu byggðasjónarmið á ferðinni, heldur einfaldlega hrein réttlætissjónarmið. Það er ósanngirni og óréttlæti sem ekki á að þrífast að skattleggja landsmenn sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu en þurfa auðvitað ekki síður að ná í stjórnarstofnanir ríkisins á höfuðborgarsvæðinu en þeir sem þar búa. Ég óttast að það geti orðið svolítið snúnara og kosti meira vafstur að ná þessu markmiði eftir að þessi breyting hefur verið gerð. Í dag er hægt að gera þetta nánast með einu pennastriki ráðherrans. Það þarf ekki annað til. Það kostar auðvitað eitthvað, en miðað við þann gríðarlega rekstrarafgang sem hefur verið af Pósti og síma á að vera auðvelt að ná þessu marki.

Ég vil að lokum segja það eitt um afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna til þessa máls að áður en við veitum svör um afstöðu okkar til frv., teljum við að ýmsum spurningum þurfi að svara. Okkur sýnist alveg ljóst að frv. er gallað í núverandi gerð og má þá enn minna á spurningarnar sem snúa að réttindum núverandi starfsmanna Pósts og síma. Hefur verið samið við starfsmenn um réttindamálin? Það er ljóst af orðum hæstv. ráðherra sem hann viðhafði áðan að svo er ekki. Samningsréttur starfsmanna er enn í lausu lofti. Vissulega má úr því bæta og ég efast ekki um að hæstv. samgrh. vill vel í þeim efnum. Þetta er samt laus endi sem verður að teljast galli á frv.

Stjórnarfyrirkomulagið er annar verulegur ágalli og yfirleitt fæ ég ekki séð að það sé nein aðkallandi nauðsyn að Póstur og sími sé skipulagður í það horf sem hér er gerð tillaga um. Í öllu falli ættu menn að geta tekið sér góðan tíma til að velta fyrir sér hver eðlilegasta leiðin sé í þessum efnum. Ég minni á það að fortíð Sjálfstfl. í einkavæðingarmálum er harla svört. Breyting á Pósti og síma í hlutafélag hlýtur auðvitað að vekja vissa tortryggni. Hæstv. ráðherra þarf ekki að vera undrandi á því. Sporin hræða og fyrrv. þm. Sjálfstfl. og núv. bankastjóri Landsbankans lýsti því yfir fyrir skömmu að hæstv. sjútvrh. hefði selt Síldarverksmiðjur ríkisins á verði sem varla næði hálfvirði raunverulegra verðmæta. Ég endurtek því að sporin hræða og ég tel nauðsynlegt að kanna þetta mál mjög ítarlega í nefnd, kanna önnur hugsanleg rekstrarform. Í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem ráðherrann hefur gefið um að ekki sé ætlunin að selja þetta eina hlutabréf, er greinilega hægt að velja önnur rekstrarform og ég tel einnig nauðsynlegt að væntanleg stjórn fyrirtækisins verði með lýðræðislegum hætti.

[14:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljós þá skoðun að hv. þm. var mun jákvæðari í ræðu sinni en ég átti von á og kom greinilega fram í máli hans, ekki síst undir lokin, að hann tekur a.m.k. undir það að rétt sé að athuga með hvaða hætti hægt sé að breyta Póst- og símamálastofnun þannig að hún geti starfað úti á hinum frjálsa markaði eftir þeim lögmálum sem gilda um hlutafélög og önnur slík fyrirtæki. Mér þótti þetta satt að segja athyglisverð yfirlýsing. Hann skírskotaði í þessu sambandi annars vegar til Landsbankans og þeirra laga sem um hann gilda og hins vegar til laga um Landsvirkjun sem ríkið á 50% í, en Reykjavíkurborg um 45% og Akureyri um 5% ef ég man rétt. Það er alveg til í dæminu að það geti verið skynsamlegri leið að Póstur og sími hf. verði ekki að öllu leyti í eigu ríkisins heldur sé rétt að skipta eignaraðildinni milli fleiri aðila. Ég hef verið þeirrar skoðunar að hitt sé rétt að ríkið eitt eigi Póst og síma hf. Ég hef ekki talið rétt að sveitarfélög eða aðrir aðilar komi þar inn, lífeyrissjóðir eða hvað það er sem hv. þm. hefur í huga. En með skírskotun sinni til Landsvirkjunar talaði hann um dreifða eignaraðild og jafnframt talaði hv. þm. um að það væri rétt að eigendur bæru óbeina ábyrgð á öllum skuldbindingum Pósts og síma eftir breytinguna. Það er það sem við leggjum til og hlutafélagsformið er valið svo að ríkissjóður beri ekki eigendaábyrgð á Pósti og síma hf. Póstur og sími yrði þannig sjálfstætt fyrirtæki og óháð ríkinu.

[14:26]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. samgrh. gefur í skyn að hlutafélagsformið þurfi ekki endilega að vera það eina sem hér komi til greina. Ég fagna því að hann gefur það í skyn að ábending mín um að það eignafyrirkomulag sem varðar Landsbankann og Landsvirkjun geti eins komið til greina. Ég tel einmitt að hlutafélagsformið eigi ekki við þegar aðeins einn aðili ætlar sér að eiga fyrirtæki með einu hlutabréfi. Ég tel miklu eðlilegra að um sé að ræða sams konar rekstrarform og við höfum valið Landsbankanum. Ég fagna því að hæstv. ráðherra útilokar ekki að sú hlið málsins sé skoðuð.

[14:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. misskildi algerlega það sem ég sagði. Hins vegar var tími minn úti þannig að ég gat ekki rætt um þann þáttinn sem lýtur að hlutafélagsforminu. Það vakti athygli mína að hv. þm. endurtók það sem hann sagði fyrr. Ég skildi hann a.m.k. svo að hann sé sammála því að Póstur og sími sé áfram opinber stofnun.

Hv. þm. sagði í fyrri ræðu sinni að hlutafélög væru til þess að dreifa eignaraðildinni. Ég hygg að hv. þm. sé það vel að sér, bæði í hlutafjárlöggjöfinni og í framkvæmd hennar og þekki til það margra fjölskylduhlutafélaga og nýrra breytinga, að hann viti að menn stofna ekki hlutafélag eingöngu til þess að dreifa eignaraðild þótt samþingmaður okkar, Eyjólfur Konráð Jónsson, hafi hins vegar haft sérstakan áhuga á því máli og orðið með vissum hætti brautryðjandi að almenningshlutafélögum hér á landi auðvitað að Eimskipafélaginu slepptu, sem var ekkert annað en almenningshlutafélag. Með breytingunni í hlutafélag erum við að gera félagið óháð og sjálfstætt þannig að eigandinn ber ekki ábyrgð á skuldbindingum hlutafélagsins, en það er sú krafa sem gerð er í sambandi við hin nýju samkeppnislög og þær kröfur sem þar eru uppi.

Það er hins vegar mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra ef hann heldur að það sé eitthvert einsdæmi að ráðherra, sem falin er umsjón með tilteknum fyrirtækjum, skipi ekki þá stjórnarmenn sem falla í hlut ríkisins. Ég hygg að hann sem fjmrh. á sínum tíma þekki vel þær venjur í þeim efnum og viti líka að í ríkisstjórnum er samvinna um það hvernig menn standa að slíkum hlutum. Og ef ég minni á hvernig skipan var í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins, er ekki hægt að halda því fram að ég hafi verið með einhverja pólitíska kommissara þar, a.m.k. er varla hægt að segja að Geir Gunnarsson, fyrrv. þm. Alþb., hafi verið minn pólitíski kommissar.

[14:30]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt skilið hjá hæstv. ráðherra að ég

er sannarlega fús til viðræðna og umræðna í nefnd um að auka sjálfstæði Pósts og síma. Ég held að hæstv. ráðherra hafi fært ágæt rök fyrir því og það sé gert í þessari grg., að það getur verið þörf á því að auka svigrúm Pósts og síma og endurskoða rekstrarform stofnunarinnar. En það er ekki einsýnt að breyta þurfi stofnuninni í hlutafélag. Ég heyri það á skoðanaskiptum okkar að við getum vafalaust nálgast í þessu máli og komist að einhverri niðurstöðu sem sætti sjónarmið.

Um ábyrgð ríkisins á fyrirtækinu vil ég segja það eitt að það er alveg rétt að eftir að búið er að breyta því í sjálfstæða stofnun fylgir ekki með sjálfkrafa ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum stofnunarinnar. En við skulum hins vegar ekki láta okkur eitt andartak detta það í hug að eftir að þessi breyting hefur átt sér stað og ef það gerðist nú að viðkomandi fyrirtæki, alfarið í eigu ríkisins, yrði gjaldþrota, yrði það bara látið fara sína leið. Auðvitað segir það sig sjálft og liggur í hlutarins eðli að ríkið mun áfram bera fulla ábyrgð á þessu fyrirtæki. Það er ekki hægt að láta það fara á hausinn.

[14:32]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var á margan hátt athyglisverð ræða hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. Sérstaklega vangaveltur hans um hugsanlegt rekstrarform stofnunarinnar Pósts og síma. Þess vegna finnst mér óhjákvæmilegt að það verði skýrt í þessari umræðu hvort það sé skoðun hv. þm. að núverandi rekstrarform Pósts og síma, þ.e. að vera B-hluta stofnun eins og við þekkjum hana, sé hlutur sem við hljótum að breyta. Er það skoðun hv. þm. að núverandi rekstrarform Pósts og síma gangi ekki upp við þá rekstraraðstöðu sem fjarskiptafyrirtæki eins og Pósti og síma er búin? Það er mjög þýðingarmikið að þetta liggi hér fyrir þar sem ég gat ekki skilið ræðu hv. þm. öðruvísi en svo að það væri hans skoðun að við þyrftum að feta okkur út úr því rekstrarformi sem nú væri á Pósti og síma og inn í eitthvað annað rekstrarform þó hv. þm. hefði þá skoðun að hlutafélagaformið væri ekki það sem passaði alls kostar fyrir þetta fyrirtæki. Svo vil ég aðeins til upplýsingar, því hv. þm. taldi að ekkert hefði gerst í átt til jöfnunar í símkostnaði á undanförnum tveimur árum, minna á að fyrir tæpu ári síðan var stigið skref í þá átt að stækka gjaldskrársvæði Pósts og síma. Það þýddi að mati stofnunarinnar u.þ.b. 100–200 millj. kr. lækkun á töxtum almennings og þá sérstaklega þess fólks sem þarf að nota símann úti á landi, landsbyggðarfólksins sjálfs.

[14:33]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. að ég lýsti mig áðan opinn fyrir hugmyndum um einhverjar breytingar á rekstrarformi Pósts og síma sem gætu auðveldað fyrirtækinu svigrúm þess á almennum markaði. Ég vakti athygli einmitt á því áðan að rekstrarform Landsbankans gæti hugsanlega hentað í þessu tilviki. Það er ekki nein nauðsyn á því að Póstur og sími sé B-hluta stofnun. Ég hef hins vegar sagt það og segi það enn að ég tel að hlutafélagaformið sé óeðlilegasta rekstrarfyrirkomulagið í tilviki sem þessu og það sé vel hægt að finna aðrar gerðir rekstrarfyrirkomulags sem henti miklu betur.

Um jöfnun símkostnaðar vil ég segja það eitt að það mun vafalaust vera rétt sem kom fram að það hafa verið stigin jákvæð skref í þá átt. Stærsta skrefið á seinni árum til jöfnunar símkostnaðar var stigið í tíð þáverandi samgrh. Steingríms Sigfússonar þegar jafnaður var símkostnaður á þann veg að munurinn varð u.þ.b. helmingi minni en hann áður hafði verið. Hlutfallið var liðlega 1:8 áður en hann kom í sinn stól en það var orðið 1:3,8 þegar hann kvaddi ráðuneytið. Þetta var mjög merkur áfangi og ég hafði sannarlega vænst þess að því starfi hefði verið haldið áfram af fullum krafti því þá hefðum við nú þegar náð fullum jöfnuði.

[14:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf sennilega að ítreka spurningu mína þótt hún væri mjög skýr. Hún var svona: Telur hv. þm. að núverandi rekstrarform Pósts og síma gangi ekki upp í því viðskipta- og efnahagsumhverfi sem fjarskiptafyrirtæki eins og Pósti og síma er búið? Ég heyrði vel hugleiðingar hans í fyrri ræðunni sem hann síðan endurtók í þeirri síðari um að hann væri opinn fyrir ýmsum breytingum. En ég heyrði hann ekki svara þeirri spurningu minni hvort hann teldi slíkar breytingar óhjákvæmilegar, hvort hann teldi óhjákvæmilegt að breyta þeirri B-hluta stofnun sem við köllum nú Póst og síma í annað form, í fyrirtæki sem hann eftir atvikum gæti kallað sameignarfyrirtæki, sjálfstætt ríkisfyrirtæki eins og Landsvirkjun eða eitthvað annað. Að vísu finnst mér það ekki mjög eftirsóknarvert í ljósi þeirra umræðna sem hafa farið fram um viðskipti eigenda Landsbankans við bankastjóra Landsbankans í því skyni að reyna fá þá til þess að hlýða fyrirmælum um lækkun vaxta. Mér finnst það ekki gott veganesti í þeirri umræðu sem hér á sér stað um það að hægt sé að hafa mjög góð tök á sjálfstæðu fyrirtæki eins og Landsbankanum og þess vegna sé eðlilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma í þá átt. (**SJS:** Á það ekki að vera sjálfstætt?)

[14:37]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt, ég sagði aldrei áðan að núverandi rekstrarfyrirkomulag gengi ekki upp. Ég hef ekki sagt að það sé óhjákvæmilegt að breyta. Þvert á móti hef ég spurt sjálfan mig og þingheim að því hvort þörf sé á breytingum. Ég lýsti mig hins vegar opinn fyrir því að taka þátt í umræðum um breytingar. Ef aðrir eru þeirrar skoðunar að breytingar séu nauðsynlegar sé ég ekkert því til fyrirstöðu að skoða það mál. Ég viðurkenni að vissir þættir í starfsemi Pósts og síma eru þess eðlis að þeir verða auðveldari viðfangs ef stofnunin býr við meira sjálfstæði en hún býr nú við. Þess vegna erum við að tala um þann hugsanlega möguleika að veita þessari stofnun aukið sjálfstæði. Ég verð að viðurkenna að þá botna ég nú ekki mikið í hugleiðingum um það hvernig hægt sé að koma því þannig fyrir að fyrirtækið fá aukið sjálfstæði og standi á eigin fótum en samt sem áður eigi ráðherra að vera með nefið ofan í stjórn þess og geta gefið því fyrirskipanir rétt eins og bönkum eru gefnar fyrirskipanir í vaxtamálum. Ég hélt einmitt að það ætti að gera fyrirtækið sjálfstætt og það ætti ekki að láta ráðherrann vera með nefið ofan í rekstrinum. En ef menn telja að það sé hyggilegt að veita fyrirtækinu aukið sjálfstæði eru aðrar og heppilegri leiðir til, aðrar en þær að breyta þessu í hlutafélag. Mér finnst sjálfsagt að skoða þær leiðir.

[14:39]

Útbýting þingskjals:

Umhverfisúrbætur á ferðamannastöðum, 346. mál, fsp. KH, þskj. 604.

[14:40]

Magnús Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Í frv. er gert ráð fyrir því að rekstrarformi stofnunarinnar verði breytt m.a. með það að markmiði að gera fyrirtækið sjálfstæðan rekstraraðila til þess að auka samkeppnishæfni þeirra þjónustugreina sem það annast, auka svigrúm, skapa meiri sveigjanleika og gera stjórnun stofnunarinnar skilvirkari en mögulegt er með því rekstrarformi sem nú er, þar sem um er að ræða ríkisstofnun. Ég er þeirrar skoðunar að núverandi rekstrarform Póst- og símamálastofnunar sé ekki viðunandi ef litið er til stærðar og umfangs hennar, til þeirrar starfsemi sem stofnunin rekur og út frá því umhverfi sem Póstur og sími starfar í þar sem mjög mikil og ör þróun á sér stað á nánast öllum sviðum. Í því sambandi má m.a. nefna þær gífurlegu breytingar sem orðið hafa og munu verða á allra næstu árum varðandi fjarskiptamál í heiminum og afnám einkaréttar ríkisfyrirtækja til rekstrar símaþjónustu á alþjóða vettvangi.

Ég tel t.d. að það sé óeðlilegt að fyrirtæki eða stofnun sem hefur jafnumsvifamikinn rekstur og jafnmikla veltu og Póstur og sími hafi ekki sérstaka stjórn heldur sé yfirmaður stofnunarinnar beint undir ráðherra settur og að stofnunin skuli starfa samkvæmt þeim ramma sem fjárlög ríkisins setja. Þetta tel ég óeðlilegt með fullri virðingu fyrir þeim aðilum sem um er að ræða.

Póstur og sími er vel rekið fyrirtæki. Það er viðurkennd staðreynd en það breytir ekki afstöðu minni. Það væri hreinlega til skaða fyrir fyrirtækið ef það verður rekið áfram með óbreyttu rekstrarfomi, sérstaklega ef litið er til þróunar, aukinnar samkeppni og hinna miklu breytinga á rekstrarumhverfinu sem ég hef áður nefnt.

Varðandi formbreytingu Pósts og síma þá eru til þess ýmsar leiðir og margir möguleikar eru til staðar eins og fjölmörg dæmi sýna t.d. frá nágrannalöndum okkar þar sem á undanförnum árum hefur verið ráðist í að breyta rekstrarformi póst- og símastofnana. Þá má líka spyrja sig að því hvort það sé og eigi að vera lögmál að starfsemi póstsins og símans skuli rekin undir sama merki eða hvort ekki sé eðlilegt að reka póstinn sérstaklega og símann af öðrum rekstraraðila. Ég er þeirrar skoðunar að hér eigi að vera sitt hvort fyrirtækið. Fyrirliggjandi frv. gerir að vísu ráð fyrir því að starfsemin skuli vera með óbreyttu sniði frá því sem nú er, þ.e. póst- og símarekstur í sama fyrirtækinu, en jafnframt er gert ráð fyrir því að starfseminni verði skipt upp þegar fram í sækir. Ég tel að þetta eigi að gerast sem allra fyrst.

Hvað varðar leiðir til breytinga á rekstrarforminu gerir frv. ráð fyrir því að Póst- og símamálastofnun verði breytt í hlutafélag sem verður alfarið í eigu ríkisins. Ég tel mikilvægt að það sé tryggt að ríkið eigi fyrirtækið alfarið og í frv. er tekið á því þannig að gefið verður út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé. Það verður í eigu ríkisins og ekki er heimilt að selja hlut í félaginu án samþykkis Alþingis. Við framsóknarmenn höfum lagt mikla áherslu á það í umræðum um málið að eignarhald ríkisins á fyrirtækinu verði tryggt eins vel og mögulegt er. Ég tel að eignarhald ríkisins verði tryggt eins og kostur er með þessum ákvæðum. Þeir sem gagnrýna þessa leið formbreytingar hafa bent á að breyting á stofnuninni í hlutafélag sé í rauninni ákvörðun um að fyrirtækið verði selt og þetta sé aðeins fyrsta skrefið til þess. Þá er því jafnan bætt við að fyrirtækið verði gefið sérstökum gæðingum, það verði selt á útsöluverði o.s.frv. Eðlilega verður að virða slíka gagnrýni eins og aðra, ekki síst vegna þess að sporin hræða vissulega í þessum efnum þar sem m.a. hefur verið bent á það að óeðlilega hafi verið staðið að sölu ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana á undanförnum árum og dæmi eru um að sum þeirra sem eru jafnvel mjög arðsöm hafi nánast verið gefin. Hins vegar tel ég að menn verði að varast að afgreiða hlutafélagsformið og breytingar á ríkisstofnunum í hlutafélög í eigu ríkisins sem alvondan hlut. Það má ekki mála skattann á vegginn í hvert sinn sem slík umræða á sér stað. Hlutafélagaformið hefur marga kosti. Í frv. er skýrt kveðið á um að það sé eingöngu Alþingi sem geti tekið ákvörðun um breytingar á eignarhaldi Pósts og síma hf. Vegna þessa ákvæðis getur Alþingi að sjálfsögðu einhvern tímann í framtíðinni tekið ákvörðun um að eignarhlutir í fyrirtækinu skuli seldir. En það liggur fyrir að ekki eru uppi áform um slíkt nú og má í því sambandi vitna til yfirlýsingar hæstv. samgrh. um þetta efni. Með þessu ákvæði er það því ekki í höndum ráðherra að ákveða sölu á eignarhlutum í fyrirtækinu en þannig hefur það gjarnan verið hvað varðar þá einkavæðingu ríkisfyrirtækja sem ég nefndi hér áðan. Alþingi getur hvenær sem er tekið ákvörðun um breytingar eða sölu á hvaða ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki sem er þannig að ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að mála þessa hluti dökkum litum og afgreiða þessa formbreytingu á Pósti og síma sem vonda aðgerð.

Með þessu ákvæði er það ekki í höndum ráðherra að ákveða sölu á eignarhlutum í fyrirtækinu en þannig hefur það gjarnan verið hvað varðar þá einkavæðingu ríkisfyrirtækja sem ég nefndi áðan. Alþingi getur í raun og veru hvenær sem er tekið ákvörðun um breytingar eða sölu á hvaða ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki sem er. Ég tel því ekki ástæðu til að mála þessa hluti dökkum litum og afgreiða formbreytingu á Pósti og síma sem einhverja vonda aðgerð.

Að frátöldu rekstrarforminu sjálfu er einn mikilvægasti þáttur þessa máls sá er snýr að starfsmannamálum Pósts og síma. Hér er um að ræða mjög viðkvæmt mál og það er grundvallaratriði að niðurstaða þess verði farsæl og viðunandi fyrir ríkið, fyrir Póst og síma og síðast en ekki síst fyrir starfsmenn stofnunarinnar. Í frv. er gert ráð fyrir því að starfsmenn haldi áunnum réttindum sínum og starfskjör þeirra verði ekki lakari eftir en áður. Starfsmenn Pósts og síma hafa nokkuð gagnrýnt það að frv. geri ekki ráð fyrir að hagsmunir þeirra verði tryggðir en af hálfu samgrn. hefur hinu gagnstæða verið haldið fram, þ.e. að tryggt verði samkvæmt frv. að starfsmenn haldi réttindum sínum og kjörum. Það er mjög mikilvægt að í umfjöllun um málið í þingnefnd verði þetta mál leitt til lykta þannig að niðurstaða þess verði skýr og í því sambandi verði haft fullt samráð við fulltrúa starfsmanna.

Virðulegi forseti. Í tengslum við lagafrv. sem við ræðum hér í dag og þau áform sem fram koma í því um breytingar á rekstrarmálum Póst- og símamálastofnunar er nauðsynlegt að ræða um sím- og póstkostnað landsmanna sem kemur fram í gjaldskrá stofnunarinnar. Það liggur fyrir að gjaldskrá síma á Íslandi er mun lægri en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og þótt víðar væri leitað. Hins vegar liggur einnig fyrir að landinu er skipt í þrjú gjaldsvæði og þar með er símkostnaður mjög mismunandi í landsvæðum og eftir því hver notkun símans verður á hverjum stað. Að vísu var gerð jákvæð breyting til batnaðar á sl. ári eins og fram hefur komið þegar gjaldsvæðum var fækkað í þrjú þannig að mismunun símkostnaðar eftir landsvæðum var minnkuð

verulega. Ég tel að stíga eigi enn frekari skref til jöfnunar símkostnaðar í landinu af þessu tilefni og ég skora á hæstv. samgrh. að ganga nú þegar í það að framkvæma þær aðgerðir sem þarf til þess að landsmenn allir sitji við sama borð hvað varðar gjaldskrá símans.

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er mjög stórt og mikið hagsmunamál fyrir þjóðina alla og því er mikilvægt að um það sé fjallað á málefnalegan hátt þar sem dregnir eru fram kostir og gallar þeirra áforma sem birtast í frv. og komist verði að farsælli niðurstöðu. Ég tel nauðsynlegt að gerð verði breyting á rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar. Núverandi fyrirkomulag mun að mínu mati hamla mjög starfsemi, afkomu og þjónustu fyrirtækisins þegar frá líður, sérstaklega rekstur símaþjónustunnar og þær miklu breytingar á rekstrarumhverfi stofnunarinnar sem ég hef fjallað um. Breytt rekstrarform mun gefa aukna möguleika á enn frekari uppbyggingu og þróun fyrirtækisins og það mun koma landsmönnum öllum til góða í þjónustu og starfsemi Pósts og síma þegar til framtíðar er litið.

[14:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að spyrja hv. þm. Magnús Stefánsson sem talaði af hálfu annars stjórnarflokksins í þessu máli. Í máli hans kom fram að hann vildi aðskilnað Pósts og síma þannig að skilið væri milli póst- og símarekstrar. Ég er sammála þessu mati en ég vil spyrja hv. þm. því þetta er ekki í stjfrv.: Mun hann styðja tillögur um að breyta nú þegar rekstrarforminu á Pósti og síma þannig að pósturinn verði aðskilinn sérstaklega og ekki hugað að „háeff-ingu" þess þáttar en síðan skoðað betur með rekstrarform á símaþætti félagsins?

Í öðru lagi vil ég spyrja fulltrúa Framsfl. um tengsl þessa máls við „háeff-væðingu" viðskiptabankanna. Það mál er á forræði Framsfl., viðskrh. er framsóknarmaður. Mér skilst að það sé nefnd í gangi undir forustu þingmanns Framsfl. sem vinnur að því máli. Ég tel að ekki sé hægt að ræða þetta mál nema í samhengi og ég vil spyrja hv. þm. hvort réttindi bankastarfsmanna verði með sama hætti og hér er gert ráð fyrir hvað viðvíkur lífeyrissjóðsmálum og biðlaunaréttindum. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að þetta komi skýrt fram í umræðunni og menn verði að sjá þessa *hluti í samhengi*.

Í þriðja lagi spyr ég hv. þm. um 2. gr. frv. þar sem er raunverulega heimild fyrir stofnunina að taka alla þætti í rekstrinum út úr félaginu, stofna um þá hlutafélög með öðrum eða án annarra. Er þetta ekki leið til að taka allt út úr þessu væntanlega félagi sem menn kjósa eftir að „háeff-ingin" er gengin í garð eins og þessi grein frv. hljóðar? Ég vil fá afstöðu stjórnarþingmannsins varðandi þennan þátt.

Í fjórða lagi vil ég vita nánar um réttarstöðu starfsfólks. Ég vil ekki ný orð um það að menn ætli að hafa samráð. Hvernig verður samningsmálum starfsfólks háttað? Hvernig verður háttað samningum þessa félags? Verður þetta félag t.d. aðili að Vinnuveitendasambandinu? Þingmaður annars stjórnarflokksins, sem stendur að frv., þarf að svara skýrt hvernig þetta er fyrirhugað.

[14:51]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki langan tíma til þess að fara yfir þessi mál en ég þakka hv. þm. fyrir spurningarnar. Ég get hins vegar sagt honum það strax að ég get ekki svarað þeim öllum því að ýmis atriði sem hann ræddi eru í umræðu og á vinnslustigi. Ég get þess vegna ekki fjallað neitt sérstaklega um þau og þar vil ég kannski fyrst og fremst nefna bankamálin. Eins og hann minntist á er sérstök nefnd í gangi um þau mál og ég hef ekki forsendu til þess að ræða þau mál hér og nú.

Það er rétt að það hefur verið afstaða mín að það ætti að skilja að Póst og síma. Í frv. er gert ráð fyrir því að svo verði þegar frá líður en við eigum eftir að fjalla um með hvaða hætti það verður.

Hvað varðar starfsmannamálin þá sagði ég í ræðu minni áðan að í samgn. yrði fjallað um þau mál. Í frv. kemur fram ákveðin lína um það, starfsmenn hafa gert athugasemdir sem ég geri ráð fyrir að samgn. muni að sjálfsögðu fjalla um þannig að ég mun ekki fara nánar út í þá sálma hér og nú en vísa til þeirrar vinnu sem þar mun fara fram.

[14:53]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er hægt að ræða um „háeff-væðingu" Pósts og síma án þess að það sé betur upplýst hvað menn ætli að gera með ríkisbankana. Ég bið hv. þm. um að knýja á um svör eigin flokksmanna þannig að það liggi fyrir. Ég veit vel að það stendur í frv. að gert er ráð fyrir hugsanlegum aðskilnaði. Ég spurði hv. þm.: Er hann reiðubúinn til að standa að því að það verði gert? Ég tel að þetta frv. sé með verst unnu frumvörpum sem hafa komið fram á Alþingi og ég bendi líka á að ekki er hægt að ræða þetta frv. meðan fyrir liggja fyrirhuguð frumvörp um breytingu á réttarstöðu opinberra starfsmanna, tvö frumvörp frá fjmrh., frv. frá félmrh., væntanlegt frv. frá viðskrh. um „háeff-væðingu" ríkisbankanna. Það er ekki hægt, herra forseti, að ræða þessi mál nema allt komi upp á borðið í sameiginlegri umræðu.

[14:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir góða og skilmerkilega ræðu sem í flestum efnum lýsti vel og ítarlega skoðun hans á málinu. Ég vildi hins vegar leyfa mér að varpa fram einni spurningu til hans og veita honum örfá heilræði, leyfa honum að ausa af sjóðum reynslu minnar frá samstarfinu við herramanninn sem situr þarna.

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. samgrh. í gær að hann hygðist ekki selja hlutabréf ríkissjóðs í hinu væntanlega hlutafélagi. Nú er það svo að hæstv. ráðherra er eins og kvikasilfrið, hann getur haft eina skoðun núna og aðra á þessum málum í kvöld. Ég minni á þegar hann gaf yfirlýsingu um það úr þessum ræðustól að það væri ekki verið að selja Ríkisskip og um kvöldið sama dag og hann gaf yfirlýsinguna var búið að skrifa undir söluna. Ég man þetta vegna þess að ég var í stjórnarliðinu á þessum tíma. Hv. þm. Magnús Stefánsson segir skýrt og skorinort: Hluti ríkisins verður ekki seldur. En fái kvikasilfurseðlið aftur yfirhöndina í kolli hæstv. ráðherra mun Framsfl. þá standa að slíkri sölu eða mun Framsfl. og hv. þm. standa að sölu á einhverjum hluta af fyrirtækinu? Til þess að greiða fyrir umræðum og þingstörfum í dag er nauðsynlegt að þetta liggi fyrir vegna þess að hv. þm. talar fyrir hönd annars stjórnarflokksins.

[14:56]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri fyrir hlýjan hug í minn garð og ætla að gefa mér góð ráð. (**ÖS:** Og annarra framsóknarmanna.) Já, ég þakka fyrir það. Það er

alltaf góður hugur sem fylgir slíku. En hvað varðar sölu Pósts og síma hf. koma fram ákvæði um þau mál í frv. Það er m.a. að frumkvæði okkar framsóknarmanna að þar er skýrt kveðið á um það að það sé Alþingi sem ákveði ef á að selja hlut í fyrirtækinu. Ég tel að ákvæði um þetta efni geti varla verið miklu skýrara og það sýnir m.a. vilja og hug framsóknarmanna í málinu. Ég held að ég geti ekki svarað þessu öðruvísi.

Ég ætla hins vegar ekki að fara út í það að ræða reynsluheim hv. þm. af samstarfi við hæstv. samgrh.

[14:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að taka af allan vafa vil ég segja að sú reynsla er í flestum atriðum mjög góð. En, herra forseti, það er alveg rétt sem hv. þm. Magnús Stefánsson segir. Það þarf ekkert að taka af neinn vafa í þessum efnum vegna þess að enginn vafi er. Hvers vegna og hvernig rökstyður hv. þm. það? Hann rökstyður það á eftirfarandi hátt: Það þurfti atbeina Framsfl. til að koma klásúlu inn í þetta frv. sem kemur í veg fyrir að hæstv. samgrh. geti selt fyrirtækið. Hv. þm. Magnús Stefánsson er í rauninni að lýsa því yfir að hæstv. samgrh. hafi í upphafi viljað hafa frjálsar hendur til þess að selja fyrirtækið. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að hv. þm. lýsi því yfir fyrir hönd Framsfl. að ef til þess kemur að hæstv. samgrh. og flokkur hans beita sér fyrir því að fyrirtækið verði selt eða hluti þess hvað þingmaðurinn og hans ágæti flokkur ætla þá að gera.

[14:58]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kvað fast að orði um hug hæstv. samgrh. Ég vil vera sanngjarn og bera blak af hæstv. ráðherra. Það var ekki svo að hann hafi haft í ljósi skoðanir um að það ætti að selja fyrirtækið. Hins vegar töldum við að skýr ákvæði þyrftu að vera um þessi efni, ekki síst í ljósi reynslunnar af hinni svonefndu einkavæðingu ríkisfyrirtækja sem hv. þm. þekkir m.a. frá ráðherratíð sinni. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. skilji það og geri sér grein fyrir því.

Afstaða Framsfl. kemur m.a. skýrt fram í þessu efni í frv. og ég held að ég geti ekki svarað því nánar. Ég get hins vegar ekki horft í neina kristalskúlu og sagt fyrir um hvað muni gerast í framtíðinni þegar einhverjir allt aðrir hv. þingmenn munu sitja í þingsal eftir einhver ár. Ég þori ekkert um það að segja frekar en ég geri ráð fyrir að hv. þm. geti komið og lýst því yfir.

[14:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við stórt og mikilvægt mál, frv. til laga um formbreytingu á rekstri Pósts og síma. Eins og komið hefur fram í umræðunni og yfirlýst er af hálfu hæstv. ráðherra er ekki innifalið í þessari lotunni að einkavæða fyrirtækið, með öðrum orðum að selja það þriðja aðila, en meira um það síðar.

Ég sagði að þetta væri stórt og mikið mál. Ekki síst er það stórt og mikið í ljósi þess að hér er um veigamikið þjónustufyrirtæki að ræða fyrir alla landsmenn, öryggisþátt í þjónustu ríkisvaldsins, svo ekki sé nú talað um þær fjárhagslegu stærðir sem hér er um að ræða. Stærðir sem rétt er að fara yfir nokkrum orðum. Við erum að ræða um fyrirtæki sem greiðir í laun eitthvað um 2.500 starfsmönnum tæplega það 3,5 milljarða kr. á ári. Við erum að ræða um fyrirtæki sem hefur lífeyrisskuldbindingar upp á rúma 8 milljarða kr. Við erum að ræða um fyrirtæki sem hefur safnað í sarpinn og á í eigin fé um 13 milljarða eða rúmlega það. Með öðrum orðum samkvæmt þessu frv. erum við að ræða um fyrirtæki sem ætlar að hefja leikinn með 10 milljörðum og rúmlega það í hlutafé og 3 milljörðum kr. í varasjóð þannig að hér eru engar smá stærðir á ferðinni, virðulegi forseti. Það er því rétt og nauðsynlegt ekki síst af þeim sökum að við stígum hér varlega til jarðar og gaumgæfum alla hluta þessa máls.

Það er ekki hægt að gefa þessu frv. aðra einkunn nú í fyrstu lotu en þá að það veldur vonbrigðum. Það veldur vonbrigðum vegna þess að það svarar ekki ákveðnum lykilspurningum sem er bráðnauðsynlegt að liggi fyrir strax á þessum vettvangi í upphafi máls. Því auðvitað erum við ekkert að ræða um það eitt að formbreyta B-hluta ríkisstofnun í hlutafélag alfarið í eigu ríkissjóðs. Við erum líka að ræða um það með hvaða hætti þetta fyrirtæki undir óbreyttu fyrirkomulagi eða hlutafélagaforminu ætlar að taka á þeim breytingum sem sannarlega eru að gerast í kringum okkur. Það er bylting í fjarskiptum, breytingar á viðskiptalegu umhverfi, skuldbindingar sem við höfum undirgengist í almennum alþjóðlegum samningum, EES-samningi og vegna ESB-tilskipana. Þess vegna er það svo brýnt að hæstv. ráðherra svari því hér og nú við 1. umr. þessa máls, svari því sem velt er upp í einum tveimur greinum í frv. og lýtur að einkarekstrinum, einkaleyfisfyrirkomulaginu í 10. og 11. gr. Ég vil fá skýr svör við því og vil að hæstv. ráðherra geri þingheimi grein fyrir því á hvaða sviðum það er nú og í næstu framtíð eða næstu missirum sem einkaleyfið mun halda áfram í hf.-rekstri eða annars konar rekstri. Hvaða rekstrarþættir eru það sem munu nú þegar verða án einkaleyfis og lúta almennri samkeppni? Nú er það svo að sumir rekstrarþættir Pósts og síma eru þegar í samkeppni. En spurningin lýtur að lykilatriðum. Hún lýtur líka að hinu, hvað er rétt og skynsamlegt að gera varðandi óhjákvæmilegar breytingar á rekstrarstöðu Pósts og síma. Það liggur fyrir til að mynda að 1. jan. 1998 verður stóraukið frelsi á þessum vettvangi. Á hinn bóginn hefur ESB lýst því yfir í stefnumörkun sinni til lengri framtíðar að grunnnetið sjálft, dreifikerfið, kaplarnir í jörðinni og línurnar um landið, verði áfram um sinn, fram á næstu öld væntanlega eða a.m.k. áfram um ókomna tíð svo langt sem séð verður, ekki undanþegið einkaleyfum. Því mætti velta því fyrir sér á þessu stigi máls hvort menn ættu ekki að gaumgæfa rekstrarform þar sem ríkið heldur áfram að eiga þetta dreifikerfi, reka það og treysta það með þetta öryggissjónarmið í huga, með þessa almennu þjónustu til handa dreifðari byggðum í huga, en seldi síðan aðgang að þessu sama neti. Með öðrum orðum að dreifikerfið sem slíkt gæti verið sérfyrirtæki. Þetta er ein sú leið sem hugsanleg væri í þessu sambandi og hefur þá kosti sem ég nefndi að menn hafa þó tökin á því hvernig boðið verður upp á þjónustu til hinna dreifðari byggða til lengri og skemmri tíma.

Það er því lykilspurning: Hvernig horfir það við í huga hæstv. ráðherra varðandi einkaleyfi? Hann nefndi það hér, og skautaði hratt um það svið raunar, að póstþjónustan væri ekki jafnlangt á veg komin í þessum alþjóðlegu samningum okkar hvað varðar frelsið og samkeppnina þannig að um sinn mundi hún verða minni breytingum háð heldur en símaþátturinn, en hvað með þessa einstöku rekstrarþætti? Póstur og sími er auðvitað meira heldur en póstur og sími. Hann er fjölmargar undirdeildir og mikilvægir rekstrarþættir.

Virðulegi forseti. Ég vil segja það almennt um formbreytingu úr ríkisrekstri í hlutafélög eða þá einkavæðingu,

þá er það afstaða okkar alþýðuflokksmanna, okkar jafnaðarmanna, að það beri að meta hvert tilfelli fyrir sig. Það eru með öðrum orðum ekki trúarbrögð að hefja ríkisrekstur eða hætta honum og það eru ekki trúarbrögð að einkavæða eins og því miður liggur í landi hjá allt of mörgum núv. stjórnarliðum og raunar því miður fyrrv. líka. Þetta er lykilatriði. Það er með öðrum orðum köld skynsemi sem á að ráða því. Kannski þrjú lykilatriði. Erum við að ræða um bætta þjónustu, ódýrari þjónustu og starfsöryggi starfsmanna viðkomandi stofnunar? Er skynsamlegt að breyta rekstrarformi þessara þriggja þátta? Skoðum þessa þrjá þætti með hliðsjón af því frv. sem hér liggur fyrir. Liggur það fyrir að þjónustan verði bætt? Frv. svarar því ekki skýlaust. Liggur það fyrir að þjónustan verði ódýrari? Frv. svarar því ekki með skýlausum hætti. Er öryggi starfsmanna tryggt? Því miður, frv. svarar því ekki með skýlausum hætti. Með öðrum orðum er þetta frv. eins og ég gat um ákaflega hráunnið og hefur satt að segja tekið mjög litlum breytingum frá því sem var 1993 þegar það birtist fyrst í drögum og starfsmenn sumir hverjir og forsvarsmenn þeirra fengu að skoða það og fara um það höndum. Því finnst mér að tíminn hafi verið illa nýttur. Þrátt fyrir einlægar tilraunir ráðherra á sumum sviðum að koma til móts við þingmenn og líka stjórnarandstöðuþingmenn og fulltrúa starfsmanna með því að kynna þeim reynslu nágrannaþjóða okkar í Noregi og Danmörku, af gangi mála þar, þá eru það vonbrigði að menn skuli ekki vera komnir lengra á veg til að mynda í viðræðum við starfsmenn. Það kom fram í viðræðum sem þingflokkur Alþfl. átti við fulltrúa starfsmanna í gær að haldnir hafa verið þrír fundir upp á síðkastið um þessi stóru mál sem að þeim snúa. Ráðherrann sjálfur, ef ég man rétt og skildi rétt, hafði ekki tök á að vera þar viðstaddur, a.m.k. á þessum fundum sem tilgreindir voru af hálfu símamanna, heldur fulltrúar hans og þeir gátu litlu svarað um ákveðin lykilatriði. Því það er alveg ljóst hvað sem líður textanum í þessu frv. að eftir sem áður er ákveðin óvissa enn þá til staðar.

Það liggur til að mynda alveg ljóst fyrir að ef nýtt hlutafélag á að verða að veruleika þann 1. ágúst eða 1. sept. nk., og samningar opinberra starfsmanna eru úti um næstu áramót, þá hlýtur maður að spyrja um tæknilegt atriði, hvernig réttarstaða þeirra verður þessa fjóra mánuði. Og síðan hitt: Hver er staða þeirra gagnvart nýjum samningum þegar þessir kjarasamningar eru úti? Þeir verða ekki lengur opinberir starfsmenn. Það er að vísu tekið á ákveðnum þáttum hér, reynt að tryggja ákveðinn biðlaunarétt sem hv. þm. hafa bent á að er alls ekki tryggður. Það er reynt að taka á því, og virðist í fljótu bragði vera nokkuð tryggilega frá því gengið, að lífeyrissjóðamálin séu með þeim hætti sem viðunandi er. En almennu kjörin eru það ekki. Og þó að lagatextinn og athugasemdir um einstakar greinar segi að menn eigi engu að tapa á því að flytjast frá einu fyrirtæki til annars, frá því að vera opinberir starfsmenn til þess að vera starfsmenn hlutafélags í eigu ríkisins, þá gefur það auga leið að að breyttu breytanda þurfa menn að taka upp þá samninga. Og það getur ekki nokkur maður tryggt það á þessari stundu með hvaða hætti þessi óbreyttu kjör verða tryggð — jafnvel ekki fram yfir næstu áramót. Hér er fyrir höndum talsverð vinna hygg ég vera sem nauðsynlegt er að ráðherra hafi forustu um að farið verði í og þá með aðild þeirra sem að þurfa að koma.

Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að frv. leynir engu að síður á sér. 2. gr. frv. opnar algerlega upp á gátt fyrir alla þá möguleika sem handhafa skuldabréfs ríkissjóðs dettur í hug. Þessi grein frv. segir raunverulega að detti ráðherra í hug að skipta þessu hlutafélagi upp í tvö, þrjú, fjögur, tíu eða tuttugu dótturfyrirtæki þá er honum það heimilt. Þess vegna hlýt ég að spyrja hreint út: Hvaða áform og hugmyndir hefur hæstv. ráðherra um það að skipta upp fyrirtækinu í ákveðnar rekstrardeildir? Ekki eingöngu milli þessara tveggja, pósts og síma, heldur heldur jafnvel í langtum fleiri rekstrardeildir? Mun hann hafa samráð við Alþingi um þá skipulagsbreytingu? Mun hann hafa samráð við starfsmenn um þær skipulagsbreytingar og stofnun slíkra dótturfyrirtækja? Hver verður staða starfsmanna þegar þeir hugsanlega innan einhverra mánaða, hugsanlega í árslok fara frá móðurfyrirtækinu yfir til einstakra dótturfyrirtækja? Hefur verið hugsað fyrir því? Eða hvaða mynd hefur hæstv. ráðherra yfirleitt af þessari framtíð, hugsanlega seinna á þessu ári, þ.e. eftir að lögin taka gildi, eða á næsta ári um þetta heildarskipulag póst- og símamála í okkar landi? Þetta frv. segir nákvæmlega ekkert til um það. Þetta frv. svarar ekki þeim spurningum, virðulegi forseti. En það er engu að síður nauðsynlegt að við reynum að nálgast þann kjarna málsins en ekki eingöngu þann þátt sem hér er fyrst og síðast reifaður, þ.e. að „háeffa" B-hluta stofnun ríkisins. Þetta hygg ég að verði að liggja miklu skýrar fyrir en þegar hefur komið fram.

Hér hafa menn staldrað einkum og sér í lagi við þessa tvískiptingu Pósts og síma. Vissulega er það hárrétt að nágrannaþjóðir okkar hafa farið þá leiðina. Þær hafa raunar suma hverjar búið við þá tvískiptingu um langan aldur. Hæstv. ráðherra hafði það á orði hér áðan að hann hefði engin áform uppi um það, a.m.k. í náinni framtíð, að gera slíka skiptingu að veruleika. Ég óska eftir því að hann fari nánar yfir þessar vangaveltur sínar. Hvað þýða þær? Eru þær á einhvern hátt til lengri tíma litið tengdar þeim veruleika að pósturinn skilar ekki hagnaði heldur hefur verið rekinn með halla en síminn hefur aftur á móti skilað umtalsverðum hagnaði eða u.þ.b. hálfum öðrum milljarði á ári og hluta af því er skilað aftur í ríkissjóð? Hangir þetta eitthvað saman við þann veruleika? Eða er þetta tengt þessum áskilnaði um frelsi og samkeppni í símamálum en rétti til áframhaldandi einkaréttar að verulegu leyti á vettvangi póstmálanna? Eða hver er meginástæðan fyrir því að þessi leið var ekki valin? Og hver er meginástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra orðar það svo að í bráð verði ekki gerð tillaga um þennan aðskilnað? Þetta þarf líka að koma fram.

Menn hafa nefnt það í þessari umræðu og að sönnu haft fyrir sér orð hæstv. ráðherra þar um frá í gær og raunar endurtekið í dag og vísa aftur til textans í þessu frv., að það séu engin áform um það að selja hlut í þessu væntanlega hlutafélagi. Hins vegar hefur það verið rifjað upp að í fyrri drögum var það skýlaust í upphaflegum áformum að það ætti að selja hluti. Ég held að það sé ekki verið að ljóstra upp leyndarmáli þegar yfirlýstur vilji hæstv. fjmrh. til þess að koma þessum eignum ríkissjóðs og eignum þjóðarinnar í verð liggur klár og kvitt fyrir og þess vegna er það nauðsynlegt, virðulegi forseti, í ljósi reynslunnar, og það tekur ekki nema dagsstund eða einn eftirmiðdag að taka um það ákvörðun hér að selja hlut í þessu fyrirtæki verði ríkisstjórnarflokkarnir ásáttir um það og geta þá borið við eins og nú tíðkast mjög þegar gömul loforð eru svikin að það standi bara svona illa á í ríkisfjármálum að það megi ekki undan láta í baráttunni við ríkissjóðshallann og þess vegna séu menn hreinlega neyddir til þess að selja, það séu bara breyttar forsendur. Þess vegna

spyr ég hæstv. ráðherra hreint og beint um það: Er það skýrt og klárt að svo lengi sem hann situr sem samgrh. burt séð frá öllu öðru, þá muni hann ekki gera tillögur né styðja tillögur um lipra sölu hlutabréfa í þessu væntanlega fyrirtæki, hvað sem líður breytingum í ríkisfjármálum, erfiðleikum í ríkisrekstri eða hverju öðru? Er það hans kæri vilji og ásetningur? Það verður að vera skýrt. Og það er ástæðan fyrir því að hér er eftir því gengið aftur og aftur.

Ég vil hins vegar að lyktum, virðulegi forseti, fagna því að hæstv. ráðherra hefur opnað fyrir þá umræðu í viðræðum við starfsmenn að hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að semja við starfsmenn nýja hlutafélagsins alla í einu í eigin stéttarfélagi. Það er ekki mjög einfalt mál því að forgangsréttarákvæði þeirra starfsmanna sem nú standa utan Póstmannafélagsins annars vegar og Símamannafélagsins hins vegar kunna að þvælast eitthvað fyrir. En það er þó kannski leysanlegt. Mín skoðun er sú að verði þetta að veruleika, séum við þó betur sett með að starfsmenn þessa fyrirtækis séu í einu og sama félaginu og hafi sameiginlegan samningsrétt við stjórn þessa fyrirtækis sem lýtur forræði hæstv. ráðherra heldur en þeir fari út á hinn almenna markað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þetta held ég að sé mikilvægur þáttur og ég hvet til þess að hann verði nánar gaumgæfður.

Það liggur alveg ljóst fyrir að samgn. þingsins á mikla vinnu fyrir höndum. Mér er til efs á þessu stigi máls að menn ljúki þeirri yfirgripsmiklu vinnu, sem að sumu leyti verður frumvinna, á þessum vordægrum, á þessum dögum sem eftir lifa til miðs maí. Ég á eftir að sjá að það takist. Það þarf að gaumgæfa margt í þessu sem hefur alls ekki verið skoðað nægilega vel.

Hins vegar vil ég segja að mér er fullkomlega ljóst að við þurfum að laga okkur að breyttum tímum, breyttri heimsmynd. Við þurfum við að standast samkeppni erlendra aðila. Við stöndum vel að vígi í fjarskiptaheiminum í dag, bæði hvað varðar Póst og síma og önnur vaxandi fyrirtæki á einkamarkaði. Við höfum því vígi að verja en þurfum að halda áfram að þróa og berjast. En í þessu frv. finnst mér ekki gæta þess metnaðar sem nauðsynlegur er á þessum vettvangi. Hér er bara hjakkað í sama farinu með einfaldri yfirlýsingu um formbreytingu á B-hluta ríkisstofnunar yfir í hlutafélag í eigu ríkissjóðs. Öllum öðrum stóru álitamálunum er sópað undir teppið og í litlu sem engu svarað. Það eru mín stærstu vonbrigði. En ég mun á hinn bóginn fara yfir þetta frv. málefnalega og reyna að freista þess að koma því í þann vitræna búning sem nauðsynlegt er.

[15:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um það til hvers einkaréttur-inn næði nú. Hann nær í stuttu máli á fjarskiptasviði til grunnnetsins og talsímans og verður svo til 1. janúar 1998. Á póstsviðinu nær hann til lokaðra bréfa innan við 350 g ef ég fer rétt með, en á vegum Evrópusambandsins er nú verið að athuga með póstþáttinn og liggur ekki ljóst fyrir hver niðurstaða í því verður. Það gæti jafnvel verið að einkaréttarsviðið yrði eitthvað fært út, en það mun vonandi liggja fyrir síðar á þessu ári.

Hv. þm. sagði áðan að það hefði verið skýlaust í fyrri drögum að frv. meðan hann studdi þá ríkisstjórn sem þá var að hlutabréfin skyldu föl og væri það á valdi ráðherra að selja hlutabréfin ef Pósti og síma yrði breytt í hlutafélag. Þetta er ekki rétt. 8. gr. eins og hún var í þeim drögum hljóðaði svo:

„Við stofnun og til ársloka 1997 skulu öll hlutabréf í félaginu vera eign ríkissjóðs. Eftir þann tíma tekur Alþingi ákvörðun um hvort og í hve miklum mæli hlutabréf skuli seld."

Það er alveg ljóst að samkvæmt fyrri drögum var það á valdi Alþingis eins að ákveða hvort hlutabréf yrðu seld. Þetta er þess vegna misskilningur hjá hv. þm., eða rangminni. En á hinn bóginn er hér valið að hlutabréf skuli einungis vera eitt. Við kusum að gera það nú til þess að tryggja framkvæmdina og ég vonast til þess að þingmenn skilji að sú aðferð er öruggari og lýsir eindregnari vilja en hin fyrri útgáfan.

[15:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um áform um sölu þessa fyrirtækis. Ég var í fyrsta lagi að lýsa almennum viðhorfum fjmrh. til mála af þeim toga sem ég held að enginn þurfi að deila um. Nægir þar að nefna ákafa hans í desember 1994 um sölu Lyfjaverslunar ríkisins og ekki orð um það meir. Hvað innihald frv. varðar sótti ég ekki upplýsingar í leyndarmál inni á ríkisstjórnarborði heldur vísaði ég þar til þess sem stendur í athugasemdum og vangaveltum Símablaðsins, sem skrifað er af heimamönnum. Þar er réttilega nefnt, eins og ráðherra gat um, að enginn ákvörðun yrði tekin um sölu á hlutabréfum fyrr en í fyrsta lagi eftir þrjú ár, þ.e. árið 1997. Það yrði þá Alþingi sem tæki þá ákvörðun. Andinn í þessu frv. var auðvitað í þá veruna, hvort sem það yrði gert í dag eða á morgun.

Spurningu minni er þó enn ósvarað: Er það skýlaust af hálfu ráðherrans að ekki undir nokkrum kringumstæðum verði hluti af þessu bréfi, horn af þessu bréfi, selt á almennum markaði á yfirstandandi kjörtímabili? Þ.e. svo fremi sem hann gegnir sínu hæstv. ráðherraembætti sem hann væntanlega mun gera.

Hvað fyrra hluta málsins varðar, eða hvaða rekstrarþættir það eru sem háðir eru einkaleyfi eða heimilt er að halda einkaleyfinu á, vísa ég til plaggs sem kom frá póst- og símamálayfirvöldum og þingmenn fengu í sínar hendur í september sl. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stefna ESB í fjarskiptum er mörkuð með útgáfu svokallaðrar grænbókar árið 1987 um þróun sameiginlegs markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu og fjarskiptabúnað."

Þar er viðurkenndur áframhaldandi einkaréttur símastjórnar á uppbyggingu og rekstri grunnnetsins. Þess vegna spurði ég hvort það væri ljóst að grunnnetið sem slíkt mundi halda áfram að njóta þessa einkaréttar og ég árétta þá spurningu.

[15:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan mun það verða svo eftir 1. janúar 1998 að samkvæmt ákveðnum reglum verður það á valdi samgrh. að heimila aðgang að grunnnetinu.

Um hitt atriðið sem hér var sagt í sambandi við 2. mgr. 2. gr., og var þá verið að ræða um aðskilnað pósts og síma, vil ég leggja áherslu á það sem þar segir um að heimilt sé að stofna nýtt félag eða félög til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi Póst- og símamálastofnunar, eða Pósts og síma hf. eins og þá verður, sem alfarið verði í eigu þess. Það er því alveg ljóst að ekki er gert ráð fyrir að slík félög verði seld úti á markaðnum þrátt fyrir það sem hv. 11. þm. Reykn. gaf í skyn áðan, eins og ég skildi hann.

Ég held að það sé líka alveg ljóst að það verður verkefni stjórnar Pósts og síma hf. og forstjóra þess og æðstu manna að velta því fyrir sér hversu hratt skuli gengið í þá átt að aðskilja rekstur póstsviðs og fjarskiptasviðs. Ég hygg að sú verði þróunin hér á landi eins og annars staðar og það verði talið hagkvæmt til lengri tíma litið. Það er hins vegar mjög mikið verk, tímafrekt verk og þarf að undirbúa vandlega. Það verður ekki hrist fram úr erminni á nokkrum mánuðum.

Ég get auðvitað ekki heldur fullyrt hið gagnstæða, að við Íslendingar kjósum að fara þar aðra leið. Þetta mál hefur ekki verið athugað gaumgæfilega. Rekstrarforsendur liggja ekki fyrir né hagræðið af því að halda stofnuninni í einu lagi eða kljúfa hana í tvennt eftir fjarskiptasviði og póstsviði.

[15:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eftir öðru að það skuli ekki hafa verið athugað áður en þetta frv. var lagt fram hvort það væri hagkvæmt og arðbært að skipta þessari stofnun upp í tvö eða fleiri svið, heldur á að skoða það seinna. Það er auðvitað lykilatriði að minni hyggju að hv. alþm. og Alþingi fái um það nokkra vitneskju hvaða áform séu uppi um það. Hæstv. ráðherra segir að svo verði ekki á næstu mánuðum en eru þá áform uppi um það á næsta ári? Fá hv. alþm. einhverjar upplýsingar um það á hvaða forsendum slíkt gerist, hver réttarstaða starfsmanna yrði ef svo færi o.s.frv.? Virðulegi forseti, á þessu stigi máls er auðvitað ekki fullnægjandi að menn segi einfaldlega: Þetta hefur ekki verið skoðað, en við eigum eftir að kíkja á það mál. Og það er ekki hlaupið að því. Þetta er stórt og flókið mál. Þetta er lykilatriði sem þarf að liggja fyrir áður en frv. af þessum toga er afgreitt, áður en við veitum hæstv. ráðherra þetta víðtæka og altæka umboð til þess að gera nánast hvað sem honum dettur í hug við fyrirtækið, skipta því í tvennt eða þrennt eða jafnvel upp í 20 hluta. Þetta er því spurning sem hæstv. ráðherra getur ekki vísað frá sér með almennum orðum á borð við þau sem hann lét frá sér fara áðan. Það er hreinlega ekki fullnægjandi, virðulegi ráðherra.

[15:28]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er vanastur því eftir áralöng kynni af hv. 9. þm. Reykn. að skoðanir hans liggi jafnan ljósar fyrir. Eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. 9. þm. Reykn., bæði hér í þingsalnum og eins í sjónvarpi í öðru herbergi í húsinu, er mér ekki ljóst hvort hann er samþykkur því grundvallaratriði þessa frv. að breyta Pósti og síma í hlutafélag eða ekki. Því vil ég spyrja hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson: Er hann samþykkur því að breyta Pósti og síma í hlutafélag eða er hann mótfallinn því?

[15:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekkert nýtt að hv. þm. Árni Mathiesen botni hvorki upp né niður í Hafnarfjarðarkrötum. Það er frekar venja en undantekning þannig að það kemur ekki á óvart, hvort heldur sem er í sjónvarpi eða milliliðalaust. Ef hann hefði lagt við eyrun og hlustað á ræðu mína hefði hann skilið það og skynjað að ég sagði þetta frv. meingallað og ég árétta það hér. Það er ekki nokkur vegur að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Það er alveg skýrt. En ég sagði að á hinn bóginn þyrfti að gera breytingar á ákveðnum þáttum rekstrar Pósts og síma í ljósi alþjóðlegra samninga og gerbreyttra kringumstæðna. Það mætti þá gera með þessi þrjú lykilatriði að leiðarljósi; bætta þjónustu, ódýrari þjónustu og öryggi starfsmanna. En þessu er ekki til að dreifa þannig að svarið er að að óbreyttu er ekki hægt að samþykkja þetta frv. Ef hv. þm. skilur þetta ekki, virðulegi forseti, verður það að vera hans vandamál.

[15:31]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki hægt að skilja hv. 9. þm. Reykn. öðruvísi en að hann sé mótfallinn því að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Því vil ég spyrja hann að því hvort það sé stefna Alþfl.

[15:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér leiðast þessar spurningar og svör. Ég verð taka hv. þm. afsíðis í tíma þannig að við séum ekki að tefja tíma þingsins. En ég mun beita mér fyrir því, virðulegi forseti, vegna þessarar spurningar að fá útskrift af ræðu minni eins fljótt og nokkur kostur er og koma henni í hendur hv. þm. þannig að hann fái botn í þetta allt saman.

[15:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar hefur lengi verið í smíðum í samgrn. Fyrst komu drög að frv. til kynningar árið 1993 í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég varð því nokkuð vonsvikin þegar ég las yfir frv. sem hér liggur fyrir því að í því eru margir mjög óljósir þættir og að mínu mati er ekki tekið nægilega skýrt á mörgum málum, svo sem kjaramálum og réttindamálum starfsmanna. Í reynd vekur frv. fleiri spurningar en það svarar.

Eins og komið hefur fram hefur sú þróun verið í Evrópu að hin ýmsu lönd hafa brugðist við aukinni samkeppni með því að breyta rekstrarformi póst- og símastofnana. Víðast hefur þessum stofnunum verið breytt í sjálfstæð atvinnufyrirtæki eða hlutafélög sem ýmist eru að hluta eða öllu í eigu ríkisins. Við þingmenn Þjóðvaka gerum okkur fulla grein fyrir að símareksturinn þarf að vera með líkt rekstrarform og samkeppnisaðilar hans. Það er vegna mikilla framfara í fjarskipta- og símatækni, vegna kvaða sem við höfum gengist undir með EES-samningnum og vegna vaxandi samkeppni frá innlendum og erlendum aðilum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé nægilegt að símareksturinn, þ.e. sá hluti Póst- símamálastofnunar sem er í samkeppni og þarf að vera sveigjanlegri vegna breyttra aðstæðna, verði tekinn út úr rekstrinum og hann gerður að sjálfstæðu fyrirtæki í eigu ríkisins. Þetta hafa menn t.d. gert í Frakklandi og Lúxemborg. Dugar það ekki? Þar hafa ekki verið gefin út hlutabréf en fyrirtækin starfa á líkan hátt og um hlutafélag væri að ræða. Þau eru bæði óháð og sjálfstæð fyrirtæki eins og ráðherrann lagði mikla áherslu á í umræðum áðan að þyrfti að vera. Væru ekki málin um réttindi og kjör starfmanna leyst með slíku fyrirkomulagi því að þeir héldu áfram að vera ríkisstarfsmenn og í sama lífeyrissjóði? Mér virðast ákvæðin um kjör starfsmanna og stöðu þeirra m.a. með sambærilegri vinnu, lífeyris- og biðlaunarétti ekki vera nægilega tryggð í frv. eins og það liggur fyrir.

Ég get ekki séð að það þurfi að breyta rekstrarformi bæði póstsins og símans. Ætti ekki að byrja á því að skipta fyrirtækinu upp í tvennt, póstinn annars vegar og símann hins vegar, skipta stofnuninni upp í tvö fyrirtæki? Ég hallast að því að vera sammála Hreini Loftssyni, fulltrúa Davíðs

Oddssonar í framkvæmdanefnd um einkavæðingu um þetta mál. Eftir honum er haft í Tímanum sl. laugardag, með leyfi herra forseta:

„Þá er hann jafnframt á því að það þurfi að brjóta Póst og síma upp í smærri einingar áður en fyrirtækið verður „háeffað" og skilgreina hvað það er í starfsemi þess sem er samkeppnisrekstur og hvað ekki."

Í ræðu hæstv. ráðherra fyrr í dag kom fram að hann ætti erfitt með að ímynda sér að það væri auðvelt að skipta upp þjónustu Pósts og síma sérstaklega í smáum þorpum úti á landi. Auðvitað ættu ekki að vera nein vandkvæði á því. Þó svo að Póstur og sími sé með sínar afgreiðslur úti um land, ætti að vera hægt að veita þjónustu þessara beggja fyrirtækja á sama staðnum. Það er víðar gert. Á Norðurlöndum er sá háttur hafður á þar sem búið er að skipta upp þessum stofnunum. Það er síminn sem á í samkeppninni og það þarf að bregðast við því. Pósturinn er annars eðlis. Hann veitir samfélagslega þjónustu sem er best komin í höndum hins opinbera, m.a. til að tryggja öllum landsmönnum sömu þjónustu fyrir sama verð. Er það ekki það sem við viljum? Við rekum nokkurs konar byggðastefnu í póstþjónustunni sem menn hafa verið sammála um að viðhalda.

Ég er ekki viss um að hlutafélag sjái sér hag í að reka *póstþjónustu til allra staða á landinu eins og við gerum nú.* Í flestum Evrópulöndum eru póstþjónustan og símaþjónustan aðskilin fyrirtæki og starfa óháð hvort öðru. Póstmannafélag Íslands hefur bent á að hlutafélagaformið er ekki endilega eina rétta rekstrarformið og bendir á aðra möguleika svo sem þá leið sem Danir fóru. Danir geru póstinn að sjálfstæðu ríkisfyrirtæki með sjálfstæða stjórn sem í eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna. Fyrirtækið er ekki bundið fjárlögum. Þessi leið var valin í Danmörku í samráði við póstmannafélögin þar. Við breytinguna héldu starfsmenn öllum sínum réttindum. Það er líka spurning hvort það liggi nokkuð á að breyta rekstri póstsins. Hvað segir hæstv. samgrh. um það? Er eitthvað í rekstri póstsins sem kallar á slíka breytingu eða er verið að nota væntanlegar breytingar vegna nýrra fjarskiptalaga til að breyta póstinum í hlutafélag líka án þess að til þess hnígi nokkur rök?

Ég velti því líka fyrir mér þegar breytingar sem þessar *eru ræddar, hvort ekki skuli tryggt að ljósleiðarar Pósts og* síma verði séreign ríkissjóðs en ekki hins nýja símafélags eða póst- og símafélags ef það verður niðurstaðan að skipta félaginu ekki upp. Ríkissjóður mundi þá selja hinu nýja félagi og öðrum sem áhuga hafa á að nýta sér ljósleiðarakerfið aðgang að sameiginlegu dreifikerfi landsmanna, hvort sem það verður gert með útboðum ekki.

Mig langar vegna umræðu um grunnnetið áðan að spyrja hæstv. samgrh. um það hvort ljósleiðarakerfið og dreifikerfi Pósts og síma sé ekki hluti af grunnnetinu.

Varðandi frv. og sérstakar greinar þess hef ég í 1. umr. um málið í þinginu nokkrar spurningar eða athugasemdir. Aðrar ætla ég að geyma til 2. umr. í von um að frv. fái góða umfjöllun í samgn. sem ég efast reyndar ekki um. Ég mun því gera athugasemdir þar. En sérstaklega vil ég nú gera athugasemd við 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um stjórn fyrirtækisins. Hún skal samkvæmt greininni skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. *Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.* Svo segir síðar í greininni að samgrh. fari með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma. Ég get ekki skilið þetta betur en samgrh. sé einráður um að kjósa menn í stjórnina því að hver annar situr aðalfundinn ef samgrh. fer einn með eignaraðild ríkissjóðs? Þetta finnst mér alveg ótrúlegt ákvæði og get ekki sætt mig við það. Það eru ekki nein skilyrði í lögunum um hæfni stjórnarmanna. Ég spyr: Telja menn eðlilegt að svona mikið pólitískt vald sé sett í hendur eins manns, þ.e. samgrh. hverju sinni? Er ekki eðlilegt að starfsmenn og t.d. neytendur eigi sína fulltrúa í stjórninni? Ég tel að það þurfi að endurskoða þetta ákvæði með þessar athugasemdir í huga og þá hverjir eigi að eiga fulltrúa í stjórninni.

Svo spyr ég einnig: Telja menn það eðlilegt að samgrh. fari einn með umboð eigenda á aðalfundi ef það verður ákveðið að stjórnin verði hlutafélag? Er ekki eðlilegra að menn hafi þann hátt á að Alþingi kjósi ákveðinn fjölda manna til að fara með hlut ríkisins einhvern ákveðinn tíma eftir breytinguna, t.d. tíu manns þar sem hver fer með 10% hluta ríkisins í einhvern árafjölda, segjum fimm eða tíu ár eftir þessa breytingu?

Varðandi 1. gr. frv. og ákvæðin um stofnun félagsins kemur fram að hlutafé skuli allt vera í eigu ríkisins og sala þess óheimil án samþykkis Alþingis. Þá spyr ég hvort ekki þurfi að vera nein frekari ákvæði um þennan þátt. Þó svo núv. hæstv. samgrh. hyggist ekki selja hlutabréfin í sinni tíð eins og kom mjög skýrt fram hjá honum á Alþingi í gær, er hægt með þessu frv. að bjóða hlutabréf í stofnuninni til sölu. Það er þá komið undir vilja stjórnvalda hverju sinni hvort það verði gert. Því velti ég fyrir mér hvort ekki ætti að setja inn í ákvæði um að slík fyrirætlan skuli kynnt með ákveðnum fyrirvara, t.d. tveggja ára fyrirvara. Væri það ekki eðlilegur þáttur í lögunum? Þá er ekki hægt að flana að einu ef sú ákvörðun verður tekin einhvern tíma í framtíðinni að selja hlutabréfin í fyrirtækinu.

Síðan eru nokkrar frekari spurningar er varða réttindi starfsmanna, þ.e. kaup og kjör. Það er mjög óljóst margt í þeim efnum í frv. Hver mun t.d. semja um kaup og kjör við starfsmenn fyrir hönd fyrirtækisins? Verður fyrirtækið aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, verði það að hlutafélagi? Við hverja verður samið? Verður samið við þau félög sem nú eru samningsaðilar og hvað verður um forgangsréttarákvæði stéttarfélaganna? Í frv. stendur í 8. gr., með leyfi forseta.

„Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar *stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá* stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni."

Samkvæmt þessu þarf greinilega að semja við hvern og einn starfsmann því að þeir eru ef ég skil rétt með mismunandi réttindi. Á þá að gera persónulega einstaklingsbundna samninga við hvern og einn starfsmann? Það er nauðsynlegt að fá svör við þessari spurningu.

Það eru fleiri spurningar eins og það hvernig verður með æðstu yfirmenn. Verður þeim sagt upp störfum og verða stöður þeirra auglýstar lausar til umsóknar þegar eða ef af þessu verður? Það eru ýmsar fleiri spurningar sem vakna þegar maður les frv. yfir. Ég ætla að láta staðar numið hér en vænti svara hæstv. ráðherra við þessum spurningum. Öðrum athugasemdum mun ég koma að við meðferð málsins í samgn. eða við 2. umr. málsins í þinginu.

[15:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti það mjög athyglisvert sem fram kom hjá hv. þm. að honum er umhugað um að brjóta upp Póst- og símamálastofnun. Það kom fram í ræðu hv. þm. að hann vildi í fyrsta lagi skilja póstinn algerlega frá síma- eða

fjarskiptaþætti Póst- og símamálastofnunar og hugsaði sér að póstþjónustan yrði rekin sérstaklega sem sérstök opinber stofnun.

Þá kom það fram hjá hv. þm. að hann hugsaði sér að hluta af fjarskiptasviði símamálastofnunar yrði breytt í hlutafélag en í þriðja lagi lýsti hv. þm. þeirri skoðun sinni að rétt væri að ljósleiðarinn yrði séreign ríkisins eftir sem áður og félli ekki undir hið nýja hlutafélag. Það liggur því fyrir frá þessari stundu að hv. þm. hugsi sér að Póst- og símamálastofnun verði a.m.k. skipt upp í þrjá þætti. Má vera að hv. þm. hafi jafnframt í huga að t.d. póstfaxið verði enn einn þátturinn og sala á fjarskiptabúnaði enn einn þátturinn eins og komið hefur fram og þingmaðurinn vitnaði til. Mér finnst þetta vera mjög athyglisverð hugmynd og væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. Ég geri ráð fyrir að það komi kannski í ljós síðar í umræðunni hvort þetta sé stefna Þjóðvaka gagnvart Póst- og símamálastofnun að hún skuli með þessum hætti brotin upp, samkeppnisstaða stofnunarinnar í heild sinni veikt og raunar brotin upp hvort sem við horfum til samkeppni erlendis frá eða vaxandi samkeppni innan lands. Með því yrði starfsöryggi starfsfólks stefnt í hættu og stofnunin yrði ekki nema svipur hjá sjón. Mér finnst þetta mjög merkilegar hugmyndir og átti satt að segja ekki von á þeim.

[15:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur náttúrlega ekki á óvart að hæstv. samgrh. skuli snúa út úr orðum mínum. En ég var að spyrja út í ýmis atriði sem eru óljós í þessu frv. og var að velta upp mörgum spurningum sem vakna við lestur frv. Ég var ekki að koma með neinar ákveðnar skoðanir heldur beið eftir svörum frá hæstv. ráðherra um það hvert álit hans væri á þessum spurningum sem hafa vaknað við lestur frv.

[15:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi hv. þm. svo að hann hefði tekið undir þau sjónarmið sem Hreinn Loftsson lýsti í viðtali við blað Starfsmanna bandalags ríkis og bæja og var ekki hægt að skilja hv. þm. öðruvísi. Í öðru lagi skildi ég hv. þm. svo að hann teldi rétt að ljósleiðarinn yrði séreign ríkissjóðs. Hafi ég á hinn bóginn misskilið hv. þm. að þetta hafi ekki komið fram í upphaflegri ræðu biðst ég afsökunar á því og er mér það sérlega ljúft og getum við þá orðið sammála um þessa þætti að rétt sé að halda Póst- og símamálastofnun í einu lagi og það sé þá rétt að hlutafélagið taki jafnt til póstþjónustunnar sem fjarskiptaþáttarins.

Hv. þm. vék að því hvort aðskilnaður póstsviðs og fjarskiptasviðs yrði mögulegur strax. Ég kom inn á það í frumræðu minni, sagði að til þess að undirbúa það kæmu upp mörg álitamál. Uppbygging Póst- og símamálastofnunar er ekki með þeim hætti að aðskilnaður á þessum tveim sviðum sé auðveldur fyrirvaralaust. Ég held því fram að hann sé ógerningur þannig að það er þá um það að ræða að fresta málinu í heild sinni ef maður hugsar sér að það eigi að vera skilyrði fyrir því að hefjast handa.

Ég held að það sé líka alveg fullkomlega ljóst að ekki eru forsendur til þess að aðskilja einkaréttarsviðið og samkeppnissviðið, t.d. á sviði fjarskipta vegna þess að einkaréttarsviðið fellur niður 1. jan. 1998 og verður þess vegna einungis um markaðssvið að ræða. Á hinn bóginn hljótum við Íslendingar að gera upp við okkur með hvaða hætti við viljum standa að póstþjónustunni til frambúðar.

[15:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi athugasemdir hæstv. ráðherra er rétt metið hjá honum að ég tók undir skoðun Hreins Loftssonar sem kom fram í Tímanum á laugardaginn. (Gripið fram í.) Nú, það er líklega einnig í BSRB-blaðinu, ég vissi það ekki. En ég tek undir það að ég tel að það þurfi að skipta þessu upp og tók undir það með honum. Aftur á móti sé ég ekki hvað ætti að vera erfiðara hér á landi að skipta þessu fyrirtæki í póststofnun og símamálastofnun þar sem það hefur verið gert á Norðurlöndum og víðast í Evrópu og menn hafa alveg getað tekist á við það þar. Ég sé því ekki að við getum ekki tekist á við þetta.

Aftur á móti eru margar aðrar spurningar sem hæstv. ráðherra hefur ekki svarað enn þá en verða að bíða betri tíma síðar í umræðunni.

[15:51]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun íþróttalaga, 347. mál, fsp. BH, þskj. 605.

Ríkisreikningur 1991, 87. mál, nál. fjárln., þskj. 584.

Stofnun sérskóla á vegum ríkisins, 351. mál, fsp. HjÁ, þskj. 609.

Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, 157. mál, nál. allshn., þskj. 610.

[15:51]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það hefur lengi legið í loftinu að stjórnunar- og rekstrarformi Pósts og síma yrði breytt og það er rétt að taka það fram strax í upphafi að ég er ekkert mótfallin því í sjálfu sér. Mér finnst það að mörgu leyti eðlilegt og sjálfsagt. Það er hins vegar stóra spurningin hvort það er rétta leiðin sem hér er lögð til, þ.e. að gera Póst og síma að hlutafélagi og kem ég að því síðar. En breytingar af einhverju tagi eru trúlega nauðsynlegar.

Hins vegar er mér það undrunarefni eins og fram hefur komið í máli flestra sem talað hafa á undan mér hversu óljóst og losaralegt allt er í þessu frv. miðað við þann undirbúning sem málið hefur fengið. Sá undirbúningur hefur staðið í mörg ár og verið í höndum sérfræðinga og helstu ráðamanna á þessu sviði og fróðleikur, beinar upplýsingar og ráð sótt til annarra landa þar sem breytingar hafa gengið yfir á undanförnum árum. Það hefði því mátt búast við nánast skotheldu frv. með greinargóðum skýringum og rökstuðningi en því er ekki að heilsa. Rökstuðningur og skýringar eru í rauninni afar fátæklegar. Það er bagalegt því að það er hreint ekki sama hvernig að þessu máli er staðið. Við verðum að geta áttað okkur betur á afleiðingum þessara breytinga fyrir neytendur, fyrir starfsfólk og fyrir ríkissjóð. Þær afleiðingar eru fjarri því að vera ljósar eftir lestur þessa þingmáls.

Rökin fyrir nauðsyn þess að breyta Pósti og síma í hlutafélag eru þau að það hafi orðið svo ör þróun í fjarskiptatækni og jafnframt aukist frjálsræði í fjarskiptum sem hvort tveggja leiðir til verulega aukinnar samkeppni á þessu sviði. Því sé nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að gera Pósti og síma kleift að fylgjast með tímans straumi og allri þessari þróun og búa fyrirtækið undir að mæta þeirri samkeppni sem er í vændum. Reyndar er svo í hinu orðinu tekið fram að grannt hafi verið fylgst með þessari þróun, stofnunin Póstur og sími hafi yfir að ráða búnaði og þekkingu til fjarskiptaþjónustu til jafns við það sem best gerist í löndum Evrópu og sé jafnvel um margt í fararbroddi. Þetta mun rétt vera. T.d. var Ísland fyrsta landið í heiminum til þess að taka í notkun stafrænt símkerfi

um allt land. Sá merkilegi áfangi náðist sem sagt þrátt fyrir ríkisfjötrana og ég verð að segja að mér er satt að segja ekki kunnugt um nein tilvik þar sem ríkisrekstur Pósts og síma hefur reynst fyrirtækinu sérstakur fjötur um fót.

Mikið er talað um sjálfstæði ríkisstofnana en það er a.m.k. að hluta til einfaldlega ákvörðunaratriði hvernig farið er með stjórnun og ákvörðunarvald í ríkisfyrirtækjum og ég á bágt með að skilja að hlutafélagshugmyndin sé aleina leiðin. Það er margítrekað að hlutafé skuli allt vera í eigu ríkisins og sala þess óheimil án samþykkis Alþingis eins og fram kemur í 1. gr. frv. Ég vil segja um það efni að það er afar brýnt að ganga svo frá að ekki komi til sölu án þess að það verði gert með lagabreytingu í tengslum við sérstakt frv. þar um þannig að það verði raunverulega fjallað um málið á Alþingi sérstaklega en ekki aðeins í tengslum við fjárlagagerð, þ.e. að sett verði inn ein setning í heimildargrein um það að heimilt sé að selja hlutabréf í eigu ríkisins. Þetta kemur fram í skýringum við 1. gr. að það þurfi breytingar á þessari grein laganna og það er spurning hvort það er ekki eðlilegt að það verði þá einfaldlega í greininni sjálfri svo menn þurfi ekki að fara að leita að skýringum á því hvað sé átt við með þessu.

Svo er annað sem vefst fyrir mér. Eigandi hlutafjárins verður einn, a.m.k. fyrst um sinn, og hlutabréf aðeins eitt. Samt segir í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Pósts og síma hf. skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Ef félaginu verður skipt í tvö félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu stjórnir beggja skipaðar á sama hátt.

Samgrh. fer með eignaraðild ríkissjóðs á Pósti og síma hf."

Þá er spurningin: Hver situr aðalfund? Ég sé ekki betur en þar verði hæstv. samgrh. dálítið einmana nema ætlunin sé að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar eigi rétt til setu á aðalfundi hins nýja Pósts og síma. Ég bið hæstv. samgrh. að upplýsa mig og þingheim um þetta atriði, hverjir eiga rétt til setu á aðalfundi hins nýja fyrirtækis ef þetta frv. verður að lögum.

Ég endurtek að ég sakna þess að fá ekki betri skýringu og rök fyrir því að þessi leið hefur verið valin því að þau hljóta náttúrlega að vera fyrir hendi. Mér er ómögulegt að kalla það fullnægjandi rök að hér er nánast sama fullyrðingin endurtekin æ ofan í æ í greinargerðinni, það er að samkeppnishæfni fyrirtækisins verði að auka. Punktur. Þetta er endurtekið með örlítið breyttu orðalagi í gegnum alla greinargerðina og í athugasemdum við frumvarpsgreinar. Dæmigerð eru upphafsorðin í þeim kafla greinargerðarinnar sem ætlað er að fjalla um meginniðurstöðu nefndarinnar sem undirbjó frv. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin komst að þeirri meginniðurstöðu að hagkvæmast sé og raunar nauðsynlegt að gera Póst- og símamálastofnunina sem sjálfstæðasta til þess að auka samkeppnishæfni í þeim þjónustugreinum sem hún annast.

Nefndin taldi enn fremur að sjálfstætt atvinnufyrirtæki á þessu sviði gæti veitt landsmönnum ódýrari og betri þjónustu en ella og yrði jafnframt traustari vinnustaður fyrir starfsfólk."

Hvers vegna sjálfstætt fyrirtæki á þessu sviði er betur í stakk búið til að veita ódýrari og betri þjónustu og jafnframt verið traustari vinnustaður fyrir starfsfólk er gersamlega órökstutt og ég lýsi eftir rökstuðningi hæstv. ráðherra um þetta atriði. Það er staðreynd að íslenska Póst- og símamálastofnunin hefur staðið sig harla vel í flestum greinum. Við skulum láta símaskrárruglið liggja á milli hluta svo og ýmsar hremmingar sem menn hafa lent í hjá innheimtunni og sjálfsagt má tína fleira til. Það er staðreynd að systurstofnanir á Norðurlöndunum líta hingað öfundaraugum vegna alls þess sem hér hefur gerst í tæknimálum og vegna þess hve lágir taxtarnir eru fyrir þá þjónustu sem veitt er. Því miður er nærtækasta skýringin á lága verðinu sú hversu laun starfsfólksins eru lág. Því sé ég ekki alveg fyrir mér hvernig nýr og breyttur Póstur og sími hf. ætlar að fara að því að bjóða upp á ódýrari og betri þjónustu. En kannski getur hæstv. samgrh. skýrt það síðar í umræðunni og ég óska eftir því að hann geri það.

Svona heldur greinargerðin áfram með fullyrðingum á borð við það sem stendur í þessum sama kafla og ég vitnaði í áðan, með leyfi hæstv. forseta: „Auka þarf sjálfstæði póst- og símaþjónustunnar hér á landi í því skyni að þessar þjónustugreinar geti betur staðist aukna samkeppni erlendis frá." Og aðeins neðar: „Augljóst er að stjórnendur sjálfstæðs íslensks fyrirtækis á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu geta á mun auðveldari hátt brugðist við síbreytilegum aðstæðum á markaði og segja má að sjálfstætt hlutafélag á þessu sviði yrði að öllum líkindum mun arðbærara fyrirtæki, samkeppnishæfara og jafnframt áhugaverðari vinnuveitandi fyrir starfsfólk heldur en ríkisstofnun með svipuðu sniði og verið hefur."

Þá komum við að viðkvæmasta þætti þessa máls, þeim þætti sem alltaf er erfiðastur við formbreytingu af þessu tagi, þ.e. því sem snýr að starfsfólkinu. Hjá Pósti og síma starfa nú um 2.400 manns, u.þ.b. 900 í hvoru félagi, þ.e. Félagi ísl. símamanna og Póstmannafélaginu, um 400 félagar munu vera í ASÍ og 200 í Félagi háskólamanna. Það er með þetta fólk eins og fleira starfsfólk hjá ríkinu að flest er það á lágum launum en með þolanleg réttindi, réttindi sem það hefur samið um við ríkisvaldið og sætt sig við lág laun á móti, réttindi eins og æviráðningu, biðlaun, fleiri orlofsdaga, lífeyrisréttindi o.fl. Öll þessi réttindi eru mikilvægur hluti kjaranna, réttindi sem metin hafa verið svo mikils að fyrir þau væri nokkru fórnandi í launum enda hafa viðsemjendur þess hvergi sparað að minna á öll þessi réttindi til þess að slá á beinar kaupkröfur.

Við fyrstu sýn gæti svo virst sem 8. gr. tryggði starfsfólki rétt til sömu kjara hjá nýju og breyttu fyrirtæki Pósts og síma og þeir njóta nú, þ.e. fastráðnir starfsmenn. Þó er þetta engan veginn skýrt. Ég vísa m.a. til texta í umfjöllun við 8. gr. frv. þar sem fjallað er um biðlaunaréttinn. Pósti og síma hf. er gert skylt að virða áunnin réttindi og taka við tilheyrandi skuldbindingum af ríkissjóði. Hins vegar eins og segir í textanum, með leyfi forseta:

„Hins vegar er ákvæðinu ekki ætlað að veita starfsmönnum þessum aukin réttindi, þar á meðal biðlaunaréttindi, miðað við það sem þeir áður höfðu, þannig að þeir geti ekki sótt rétt til beggja, félagsins og ríkisins, yrði staða lögð niður eftir stofnun félagsins."

Hvað þýðir þetta? Mér sýnist einfaldlega að þessi réttur sem starfsmenn ríkisstofnana hafa talið dýrmætan og allmiklu fórnandi fyrir í launum sé talsvert brothættur þegar til kastanna kemur. Þetta er kjarni málsins svo að maður grípi til alþekkts slagorðs og sýnir í hvílíkar ógöngur launakerfi hins opinbera er komið þegar allur þorri opinberra starfsmanna hefur árum saman hangið á lélegum launum og látið sér þau lynda í skiptum fyrir réttindi af ýmsu tagi. Við yfirfærslu af því tagi sem hér er verið að efna til er einfaldlega að mínu mati óhjákvæmilegt að setjast nú niður og meta þessi réttindi

til fjár og bæta þau. Ég vil taka það aftur fram að ég er ekki mótfallin breytingum á rekstrarformi Pósts og síma út af fyrir sig og er raunar sammála því að hún sé nauðsynleg þótt ég gagnrýni lítilfjörlegan rökstuðning og sé ekki sannfærð um þá leið sem hér er valin. En menn verða að horfast í augu við þann tilkostnað sem hlýtur að leiða af breytingum af þessu tagi og menn verða að vinna að slíku í sátt við alla aðila en ekki afgreiða fólk eins og búpening sem hægt er að færa milli dilka eftir geðþótta. Það má vel vera að starfsfólki sé með þessu lagaákvæði tryggt að það geti flutt réttindi með sér. En hversu lengi skyldi það standa? E.t.v. væri réttast að gera a.m.k. tilraun til að meta núverandi réttindi starfsmanna Pósts og síma til fjár og bjóða þeim hlutabréf í nýju fyrirtæki í staðinn. Ætli það væri ekki eina ráðið til að tryggja réttindi þeirra. Réttindamál starfsmanna eru að mínu viti stærsta atriðið í þessu máli og þarfnast rækilegrar athugunar og samráðs.

Þá vil ég loks nefna eitt, herra forseti, sem ég skil ekki fremur en hv. síðasti ræðumaður. Hér er lagt til að gera Póst og síma að hlutafélagi í einu lagi. Innan stofnunarinnar eru margir rekstrarþættir sem skiptast í ýmsar deildir og þær verða sjálfsagt smám saman gerðar að sjálfstæðum fyrirtækjum. En það sem mest stingur í augu er að ekki skuli gengið til þess verks að skilja í sundur póst- og símaþjónustuna eins og víðast hvar er gert. Ég skildi ekki alveg vandlætingu hæstv. ráðherra áðan yfir orðum síðasta ræðumanns, hv. 18. þm. Reykv., um að það kæmi til greina að skipta upp Pósti og síma því að það er svo sannarlega gert ráð fyrir því í frv. og greinargerð eða athugasemdum við einstakar greinar. Þar segir og ég vitna beint í athugasemd við 2. gr. þar sem segir í 2. mgr.:

„Niðurlag 2. mgr. gerir ráð fyrir þeim möguleika að til þess geti komið að talið verði heppilegt og hagkvæmt að félaginu verði skipt milli tveggja félaga þar sem annað annaðist póstþjónustu en hitt fjarskiptaþjónustu."

Þarna stendur það. Í greinargerð um aðskilnað póst- og símaþjónustu stendur, með leyfi forseta:

„Talsvert hefur verið rætt hvort aðskilja eigi póst- og símaþjónustuna hér á landi eins og víðast hefur verið gert í öðrum löndum. Í því sambandi má benda á eftirfarandi atriði:

Æskilegt er að stíga einvörðungu það skref að breyta réttarstöðu Póst- og símamálastofnunar í hlutafélagsform og láta það hafa forgang. Að því loknu verði skoðað hvort heppilegt sé að skipta rekstrinum í tvö sjálfstæð hlutafélög. Með því gæfist m.a. tími til að gera úttekt á rekstri og efnahag hvorrar þjónustugreinar um sig og efla þær rekstrarlega ef á þyrfti að halda áður en til slíks aðskilnaðar kæmi."

Ekki er þetta nú alveg morgunljóst allt saman. En ég spyr bara: Hvaða úttekt eru menn að tala um? Flestar upplýsingar sem á þarf að halda hljóta að finnast í ársreikningum og það vita allir að tekjur símaþjónustunnar halda póstþjónustunni uppi. Ætli það láti ekki nærri að um tveir þriðju hlutar tekna Pósts og síma komi frá símaþjónustunni en einn þriðji hluti þeirra frá póstþjónustunni. Hins vegar er álíka margt starfsfólk í hvorum geira. Það er held ég deginum ljósara að það verður að rjúfa sambandið þarna á milli.

Ég vil að lokum minna á að við erum að tala um örlög einnar bestu mjókurkýr ríkisins ef frá er talið kannski ÁTVR. Póstur og sími skilaði nær milljarði held ég til ríkisins á síðasta ári og á að gera slíkt hið sama á þessu ári eða um 860 millj. kr. ef ég man rétt. Mér finnst ekki koma skýrt fram hvernig þessu verður háttað ef frv. verður að lögum. Það getur varla talist til búhygginda að slátra einni bestu mjólkurkúnni eða öllu heldur gefa nytina úr henni. Telur hæstv. ráðherra tryggt að ríkissjóður hafi ekki minni tekjur af rekstri Pósts og síma eftir en áður og hvernig á að tryggja það?

Ég vil að lokum endurtaka að mig undrar að við skulum ekki fá skýrara og betur frágengið þingmál í hendurnar eftir þennan undirbúningstíma. Ég tel nauðsynlegt að gengið væri rækilega frá öllum þáttum varðandi hlut starfsfólks pósts og síma áður en gengið er til þessara breytinga.

[16:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, 12. þm. Reykn., svo að hann væri sammála því að nauðsynlegt væri að breyta réttarformi Pósts og síma eða a.m.k. ekki mótfallinn því. Á hinn bóginn skildist mér á hv. þm. að hann gæti ekki hugsað sér að fara þá leið sem hér er farin. Ekki var samt hægt að skilja hvaða leið hv. þm. vildi fara öðruvísi en svo að ekki kæmi til greina að velja hlutafélagsformið. Þó kom ekki í ljós hvers vegna hv. þm. vildi ekki hlutafélagsformið og virtist ekki skilja hvernig á því stendur að það er einmitt valið. Það er svo í sambandi við ný samkeppnislög og í sambandi við þau ströngu skilyrði sem sett eru í þeim efnum á hinu Evrópska efnahagssvæði að ætlast er til þess að starfsemi eins og póstþjónusta og fjarskiptaþjónusta verði í framtíðinni rekin án ríkisábyrgðar, án þess að á bak við þá starfsemi sé ríkisábyrgð. Það er ætlast til þess í sambandi við póstgíróið að slík starfsemi sé rekin án þess að á bak við hana sé ríkisábyrgð. Þegar við erum að tala um að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag erum við að velja rekstrarform sem er í því fólgið að ábyrgðin felst í eigin fé eigandans, þ.e. sem sagt eignum Pósts og síma hf. sem standa á bak við þær skuldbindingar sem fyrirtækið hefur tekið á sig en ekki öðrum eignum ríkissjóðs. Þetta er munurinn á því að velja hlutafélagsform og að láta sitja í því fari sem nú er.

Ef verið er að velta því fyrir sér að reyna að tryggja atvinnuöryggi fólksins sem vinnur hjá Póst- og símamálastofnun er auðvitað fyrsta skrefið að reyna að tryggja að stofnunin hafi áfram grundvöll til að starfa á þeim sviðum sem hún starfar nú. En miðað við hinar nýju reglur og hinar ströngu samkeppnisreglur sem Alþingi hefur sjálft sett og ganga að sumu leyti lengra eru ríkisrekstri settar mjög þröngar skorður og þrengri skorður frá ári til árs.

[16:14]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir verst að hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningunum sem ég beindi til hans. Ég nefni sérstaklega tvær spurningar. Ég spurði um tekjurnar af rekstrinum sem Pósti og síma hefur verið gert að skila, mjög háum upphæðum í ríkissjóð á undanförnum árum. Og ég spurði hvort það yrði einhver breyting þar á eða hvernig ráðherra mundi tryggja að ríkissjóður yrði ekki af tekjum vegna Pósts og síma. Ég spurði líka mjög forvitnilegrar spurningar. Ég spurði um rétt til setu á aðalfundi þess félags sem er aðeins í eigu eins aðila.

[16:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Annars vegar vissi fyrirspurn hv. þm. að því hver mundi sitja á aðalfundi Pósts og síma hf. ef frv. verður að lögum. Sá sem fer með hlutafjáreign ríkissjóðs er

samgrh., það er skýrt, enda er það svo nú að samgrh. fer með yfirstjórn Pósts og síma, auðvitað í umboði ríkisstjórnarinnar og Alþingis og verður ekki breyting á því. Með þessu frv. er því alls ekki verið að auka völd samgrh. Þvert á móti hefur verið gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt hlutafélag sem hafi ákveðna stjórn, sem ráði framkvæmdastjóra eða forstjóra og þar fram eftir götunum í staðinn fyrir samgrh. Frv. gerir því beinlínis ráð fyrir því að dregið sé úr því valdi sem samgrh. hefur á Póst- og símamálastofnun.

Í annan stað spurði hv. þm. að því hvort það væri hægt að tryggja að Póstur og sími gæti til frambúðar greitt 860 millj. í ríkissjóð og haldið stöðu sinni að öðru leyti, verið í fararbroddi á fjarskiptasviði og rekið póstþjónustuna með þeim myndarbrag sem nú er. Auðvitað er ekkert víst í þeim efnum. Samkeppnin á fjarskiptasviði er ógnarlega mikil, breytileg og vaxandi. Og samkeppnin á póstsviðinu er líka vaxandi. Bankarnir amast t.d. mjög við því að Pósturinn skuli annast póstgíró. Við getum því ekki fyrir fram slegið því föstu að afrakstur Pósts og síma verði til langframa jafngóður. Það er ekki hægt að setja lög um það á Alþingi. Það er undir rekstrinum komið hverjar greiðslurnar verða til ríkisins. Arðurinn af hlutabréfinu verður auðvitað í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar og þá samgrh., í samræmi og innan þeirra marka sem hlutabréfalögin setja.

[16:17]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér virðist á þessum svörum að það séu frekar lítil líkindi til þess að við höldum nytinni í kúnni. Þar að auki vil ég segja sem viðbragð við hinu svari hæstv. ráðherra að það verður greinilega hið huggulegasta kaffisamsæti, aðalfundurinn í Pósti og síma hf.

[16:18]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna því frv. sem hér er fram lagt af hálfu hæstv. samgrh. Í því mikla samkeppnisumhverfi sem öll fjarskiptaþjónusta í heiminum er nú að sigla inn í vegna mikilla tækninýjunga og örrar þróunar er mikil nauðsyn á formbreytingu á rekstri Pósts og síma. Í nágrannalöndum okkar innan Evrópu hefur verið ráðist í formbreytingu á rekstri opinberra símafyrirtækja, þótt mislangt hafi verið gengið í breytingu á eignarhaldi.

Frv. sem hér liggur fyrir gerir ákveðið ráð fyrir óbreyttu eignarhaldi ríkisins. Það er augljóst að sjálfstætt rekið fyrirtæki getur á mun auðveldari hátt brugðist við aukinni samkeppni erlendis frá og síbreytilegum aðstæðum á markaðnum. Sífellt eru að koma fram nýjungar í fjarskiptaþjónustu og upplýsingatækni sem auðveldara er að bregðast við í venjulegum fyrirtækjarekstri en opinberri stofnun sem aftur leiðir til hagkvæmari og betri þjónustu við neytendur. Jafnframt yrði fyrirtækið áhugverðari og sveigjanlegri vinnustaður fyrir starfsfólk.

Ég tel einnig að þessi formbreyting leiði til þess að hægt verði að huga að verulegum breytingum á uppbyggingu gjaldskrár. Svokallaðar arðgreiðslur í ríkissjóð hafa numið 850–860 millj. kr. á undanförnum árum. Hvernig verður skattgreiðslum háttað eftir formbreytingu? Eftir því sem best verður lesið út úr ársreikningum Pósts og síma fyrir árið 1994 að teknu tilliti til þess að ekki liggja fyrir allar upplýsingar sem verða að liggja fyrir til að hægt sé að áætla nákvæmlega skattálagningu fyrirtækisins í hlutafélagsformi má reikna með að tekjuskattur fyrirtækisins verði um 400 millj. kr. Reyndar heldur lægri á fyrsta ári þegar færðar eru í fyrsta skipti orlofsskuldbindingar ársins, niðurfærsla viðskiptakrafna og hugsanlega fleiri atriði sem ekki eru enn komin í ljós við aðlögun fyrirtækisins að nýju formi. Reikna ég þá með að raunhagnaður fyrirtækisins sé um 1,2 milljarðar í stað 1,5 milljarða að teknu tilliti til áfallinna lífeyrisskuldbindinga ársins sem eru um 380 millj. Reiknuð áfallin lífeyrisréttindi starfsmanna eru um 8 milljarðar og miðað við að eigið fé verði metið að öðru leyti á 13 milljarða, eins og fram kemur í ársreikningum 1994, er eigið fé fyrirtækisins um 5 milljarðar.

Eins og reiknað er með í 4. gr. frv. skal stofnhlutafé fyrirtækisins verða 75% af því sem gera þá 3.750 millj. kr. í hlutafé. En þá er spurningin: Hver verður arðgreiðsla til ríkissjóðs af þeirri upphæð? Ef hluthafinn, þ.e. ríkissjóður, krefst hámarksarðgreiðslu verður það í þessu dæmi 375 millj. kr. Ég teldi hins vegar eðlilegra að þessi arður rynni til notenda þjónustunnar í formi lækkaðrar gjaldskrár. Ég fullyrði að breytt gjaldskrá sem fæli í sér að gera landið að einu gjaldsvæði mundi jafnframt auka til muna notkun símans þannig að tekjuauki yrði verulegur hjá fyrirtækinu þess vegna. Ekki er dregið í efa að fjarskiptakerfið beri margfalt meiri umferð en nú er. Nýtingin á fjárfestingunni yrði því til muna betri.

Sú öra þróun sem orðið hefur í alls konar upplýsingatækni knýr enn frekar á um breytingar. Kostir upplýsingatækni eru ótal margir, ekki síst til þess að fólk geti aukið og bætt þekkingu sína. Hún eykur einnig samkeppnismöguleika fyrirtækja og skapar ný tækifæri. Upplýsingatækni á að geta styrkt stöðu landsbyggðarinnar á margan hátt og afar nauðsynlegt að menn opni augun fyrir því. En til þess að stuðla að því að þróun geti orðið hröð og örugg um allt land verðum við að sjá til þess að ekki séu viðskiptahindranir í veginum í formi óheppilegrar gjaldskrárstefnu. Að þessum málum verður jafnframt að huga þegar samkeppnishæfni fyrirtækisins er skoðuð, þegar opnað verður fyrir frelsi í talsímaþjónustunni 1. jan. 1998.

Atvinnumöguleikar í sambandi við fjarvinnslu mundu einnig aukast til muna ef gjaldskránni yrði breytt og allt þetta umhverfi yrði gríðarlega mikið aðgengilegra fyrir alla landsmenn.

Ég tel ekki rétt að rekja sögu gjaldskrármála Pósts og síma í einstökum smáatriðum en ljóst er að þar hefur gætt ýmissa boðafalla í áranna rás og lengst af hefur verið mjög óeðlilegur munur á langlínu- og innanbæjarþjónustu. Fram hefur komið í umræðu að undanförnu að það voru langlínugjöldin á árum áður sem byggðu upp innanbæjarkerfin. Þessi verðlagningarstefna hefur því verið eins og skattur á landsbyggðina sem eðli málsins samkvæmt hefur þurft að ná í þjónustu til þéttbýlissvæðanna. Eins og fyrr er getið hefur tækniþróun orðið ótrúlega ör og Póstur og sími hefur byggt upp fjarskiptaþjónustuna með nýjustu og bestu tækni. Það sem varð ekki síst þess valdandi að þróunin hefur orðið svo ör hér á landi er lagning ljósleiðarakerfisins sem var fjármagnað að miklu leyti í sambandi við uppbyggingu ratsjárstöðvanna. Því er stofnkostnaður við þessa miklu þjóðvegi fjarskiptanna ekki nema að litlu leyti hjá Pósti og síma. Ég tel því að nú sé kjörið tækifæri til að afnema allar viðskiptahindranir á milli landsvæða og nýta kerfið betur. Í mínum huga er ekki vafi á að notkun eykst verulega þegar verðmúrum hefur verið rutt úr vegi á milli landshluta.

Eins og nú háttar til í tæknibúnaði Póst og síma kostar það stofnunina ekki meira að selja símtal á milli húsa á Akureyri heldur en símtal á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hver eru þá rökin ef stofnkostnaður hefur verið greiddur af utanaðkomandi aðila eins og áður er getið?

Í vaxandi mæli hafa smáfyrirtæki verið að bindast samstarfsneti til þess að verða samkeppnishæfari á markaðnum. Á þetta við um margs konar þjónustu- og framleiðslufyrirtæki. Einnig hafa fyrirtæki í samkeppnisþjónustu farið út í að staðsetja sig á fleiri en einum stað á landinu. Í þeirri nýju tækni sem við þekkjum nú geta starfsmenn og samstarfsaðilar í slíkum fyrirtækjum haft gott og óhindrað samband. Það er óhæfa að slíkur vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi, sem er í raun að berjast í alþjóðlegu umhverfi, sé heftur af gömlum gjaldskrárhugmyndum.

Ég get nefnt dæmi um verkfræðistofu sem staðsett er á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Hún leitaði eftir því að fá svokallað þverlínusamband á milli starfsstöðva fyrirtækisins. Í ljós kom að slíkt samband var nífalt dýrara en sams konar samband á milli Seltjarnarness og Hafnarfjarðar, en þó er yfir fleiri sveitarfélög og símstöðvarmörk að fara. Annars vegar var gjaldið 9.200 kr. og hins vegar 82 þús. kr. í afnotagjald. Í stofngjaldi var hins vegar margfalt meiri munur. Annars vegar 9 þús. kr., leiðin Hafnarfjörður–Seltjarnarnes, hins vegar 567 þús. 222 kr., Reyðarfjörður–Egilsstaðir.

Á símgjöldum varð hins vegar mikil bót sl. vor þegar gjaldsvæðin voru stækkuð þannig að t.d. þetta fyrirtæki komst á sama gjaldsvæði. Fyrirtækið hefur mjög náið samstarf við annað fyrirtæki í Reykjavík og milli þeirra gilda enn hin háu langlínugjöld. Þess skal þó getið að í sambandi við tölvusamskipti hefur ástandið lagast með tilkomu svokallaðs ISDN-sambands sem dugar mjög vel því fyrirtæki sem ég nefni hér sem dæmi innan svæðis og einnig við samstarfsaðilann í Reykjavík, en að vísu með hærri gjöldum af því að yfir svæðamörk er að fara.

Ég hef heyrt því haldið fram að fella þurfi niður við gjaldskrárbreytingu sem fæli í sér eitt gjaldsvæði þau skref sem nú eru innifalin í fastagjaldinu. Hafi áður verið rök fyrir því að hafa innifalin skref í ársfjórðungsgjaldi, þ.e. í núverandi kerfi, þá eru þau rök fullgild með breyttri gjaldskrá. Þetta er einfaldlega ákvörðun um uppbyggingu gjaldskrár sem getur verið bundin ýmsum forsendum og einnig markmiðum. Ég held einmitt að það sé mikill kostur að hafa frískref í fastagjaldinu. Það kemur þeim vel sem eru pössunarsamir með notkun á símanum eins og t.d. margt eldra fólk. Síminn er samt sem áður mikið öryggistæki fyrir þetta sama fólk. Það eru hins vegar að mínu mati ekki rök fyrir því að hafa mismunandi mörg skref innifalin eftir landshlutum eins og nú er, eftir að landið er orðið eitt gjaldsvæði.

Samkvæmt upplýsingum frá Pósti og síma eru 400 skref innifalin í fastagjaldinu hjá notendum á landsbyggðinni, en einungis 200 hjá notendum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi mismunun á ekki við rök að styðjast eftir að landið er orðið eitt gjaldsvæði, hafi þá einhvern tíma verið hægt að finna þau rök.

Margt mætti enn ræða um gjaldskrármál svo sem leigulínur og margt fleira, en ég læt hér staðar numið að sinni.

Herra forseti. Ég vil beina því til samgn. að hún bæti inn í frv. við yfirferð sína á því ákvæði þess efnis að jafnhátt gjald greiðist fyrir sömu þjónustu hvar sem er á landinu. Samkvæmt 10. gr. frv. setur stjórn félagsins gjaldskrá sem þó er háð samþykki samgrh. hvað varðar verðlagningu á póst- og símaþjónustu innan lands. Ég tel að ekki sé nóg að ráðherra hafi þetta vald. Þótt ég telji að núv. ráðherra og jafnvel núverandi stjórnendur Pósts og síma væru vel vísir til að fylgja því eftir seinna meir að landið skuli vera eitt gjaldsvæði koma aðrir á eftir sem skilja kannski ekki nauðsynina fyrir hindrunarlaus viðskipti og samskipti á milli allra íbúa landsins, hvar sem þeir eru staddir. Ég tel því mikla nauðsyn á að ákvæði þess efnis séu strax bundið í lögin sjálf um hið nýja fyrirtæki.

Ég vil að lokum vitna í orð póst- og símamálastjóra í ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 1993 sem ég nálgaðist á Internetinu á mjög auðveldan hátt. Hann segir, með leyfi forseta:

„Góð símaþjónusta brúar vegalengdir og gerir þjónustuaðilum um allt land kleift að þjóna viðskiptavinum utan síns byggðarlags því þeir eru aldrei lengra frá þeim en að næsta síma. Markmið Pósts og síma er að auðvelda mönnum samskipti við aðra, hvar sem er, hvenær sem er og á þann hátt sem þeir sjálfir óska."

Ég vil að lokum, forseti, ítreka þakkir mínar fyrir fram komið frv. og tel það vera mikið framfaraspor.

[16:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek útgangspunkt í þeirri staðreynd í þessari umræðu að Póstur og sími sé í heildina tekið og að breyttu breytanda heldur vel rekið fyrirtæki. Ég byrja á því að lýsa mig efnislega sammála því hrósi sem fyrirtækið fær í greinargerð frv. á bls. 4. Þar er gengið nokkuð langt í því að fullyrða að þessi stofnun eins og þar segir m.a., með leyfi forseta: „ráði yfir búnaði og þekkingu til fjarskiptaþjónustu sem jafnist á við það sem best gerist í löndum Evrópu og sé að sumu leyti í fararbroddi í þessum efnum, en á sl. ári varð Ísland fyrsta landið í heiminum til að taka í notkun stafrænt símkerfi um allt land." Þá er enn fremur fullyrt að við séum vel í stakk búin til að fylgja stefnumótun Evrópubandalagsþjóðanna á þessu sviði.

Þá er náttúrlega nærtækt að bera upp fyrstu spurninguna, herra forseti: Til hvers er verið breyta fyrirkomulagi sem hefur gefist afar vel? Það sérkennilega er að í umræðunni hefur mér vitanlega ekkert rökstutt komið fram um það sem hægt er að benda á í fortíðinni eða blasir við í nútíðinni sem hái stofnuninni Pósti og síma að starfa eins og hún hefur gert. Mér vitanlega hafa engin dæmi verið nefnd úr síðari ára sögu Pósts og síma þar sem það hefur háð stofnuninni að vera ríkisstofnun. Ég tel að það sem hér hefur verið reynt að færa fram sem röksemd fyrir breytingum að þessu leyti gagnvart nútíðinni og framtíðinni sé ekki sannfærandi. Með því er ekki sagt að það geti ekki verið ástæða til að breyta en rökin, herra forseti, hafa ekki komi fram.

Að vísu er reynt að segja að ýmislegt sé að breytast í fjarskiptamálum og það sé þróun í þessum efnum úti í Evrópu, en hefur ekkert gerst undanfarin ár? Hefur ekki verið þróun í gangi? Hvar hafa þeir menn verið sem reyna að halda því fram í ljósi þess sem fullyrt er í greinargerðinni, í ljósi þess sem blasir við í uppbyggingu fjarskiptakerfisins á Íslandi undanfarin ár, að Póstur og sími hafi verið eitthvert nátttröll í þeim efnum og að það hafi komið niður á stöðu okkar Íslendinga í þessum efnum að hafa haft eina öfluga ríkisstofnun sem fór með þessi mál? Eigum við að fara aðeins yfir það, herra forseti, sem hefur gerst á allra síðustu árum, fimm til átta árum? Uppbyggingu stafræns símkerfis er lokið, því fyrsta í heiminum að sagt er, þar sem

allt símkerfið er orðið stafrænt, hver einasta stöð, hvar sem menn búa í landinu fyrir utan kannski einn eða tvo bæi sem enn kynnu að notast við farsíma en þessu átaki hefur verið lokið. Það er ágætis árangur, er það ekki? Hvað hefur verið gert í sambandi við tækni, t.d. í farsíma og GSM-síma? Jú, ætli við séum ekki einhverjir mestu notendur þeirra tækja í heiminum? Farsímakerfi hefur verið byggt upp þannig að það dekkar ágætlega landið og fer talsvert út á miðin. Er það ekki nokkuð gott? Jú, þetta hefur ríkisstofnunin Póstur og sími getað gert í gær. Við erum á fullri ferð að byggja upp GSM-síma. Er það ekki nokkuð gott? Jú, þetta hefur ríkisstofnunin Póstur og sími getað gert. Það er búið að leggja ljósleiðara meira og minna hringinn í kringum landið og inn á allar helstu stöðvar. Það hefur Póstur og sími getað gert, með því að fá lán að vísu. Það er verið að undirbúa og að hluta til farið í svokallaða breiðbandavæðingu, þ.e. koma hverju einasta heimili í mörgum sveitarfélögum inn á þetta kerfi með beinni braut, þjóðbraut. Hefur ekki þurft að breyta fyrirtækinu til að undirbúa það? Nei. Það er á fullri ferð. Póstur og sími hefur sent bréf í mörg sveitarfélög þar sem kynnt eru áform stofnunarinnar um að leggja svona þráðinn í hvert einasta hús. Þetta hefur getað gerst. Þetta hefur ríkisstofnunin Póstur og sími getað gert.

Póstur og sími er meðeigandi í Cantat-sæstrengnum, fyrirtækinu sem lagði hann og rak. Það háði ekki Pósti og síma að vera ríkisstofnun í því tilviki. Heimild til að vera þátttakandi í þeirri fjárfestingu var umsvifalaust veitt. Er þá ekki hægt að segja, herra forseti, þegar farið er yfir söguna síðustu ár og stöðu fyrirtækisins í núinu að það vanti eitthvað upp á röksemdir um að mönnum hafi verið eitthvað ófrjálsar hendur eða það hafi verið þeim fjötur um fót að vera sterk ríkisstofnun? Ég leyfi mér að halda því fram að svo sé. Ég held einmitt að Póstur og sími hafi notið þess að vera ein sterk stofnun, mjög sjálfstæð, þannig að það má auðveldlega að mínu mati rökstyðja það að verið sé að hefta sjálfstæði stofnunarinnar með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Vegna hvers? M.a. vegna þess að þá kemur stjórn einhverra sjö snillinga sem hæstv. ráðherra ætlar að handvelja yfir stofnunina sem hefur ekki verið fyrir hendi í dag. Ég get fullyrt það af eigin reynslu að Póstur og sími hefur a.m.k. þegar hann hefur búið við almennilega yfirmenn í stóli samgrh. verið mjög sjálfstæður og notið stærðar sinnar og styrks og ráðuneytið hefur ekki verið þar með puttana ofan í hlutunum enda er þar ærinn stærðarmunur þar sem er 2.000–3.000 manna stofnunin Póstur og sími og pínulítið 10 manna ráðuneyti. Faglega og á allan hátt eru þau hlutföll einfaldlega þannig að þessi stóra og sterka stofnun og reyndar fleiri slíkar sem heyra undir samgrn. eru fullfærar um að bjarga sér sjálfar og ráða áherslum sínum. Þannig hefur það verið, enda hefur enginn annar þekkingu til þess í landinu að segja þeim fyrir verkum. Hinar stóru, sérhæfðu og sterku ríkisstofnanir eins og Flugmálastjórn, Póstur og sími og Vegagerðin búa einar yfir hinni faglegu þekkingu og sérfræði og það liggur í hlutarins eðli að þær verða af sjálfu sér sjálfstæðar.

Herra forseti. Ég gef oft og tíðum ekki mikið fyrir þetta kjaftæði sem sett er á blað um það að „háeff-un" og tilkoma einhverrar stjórnar leysi á einhver bönd sem fyrir hafi verið og haldið aftur af þessum stofnunum. Það er ekki rétt. Í veruleikanum er það ekki þannig.

Herra forseti. Í öðru lagi er það svo þetta með einkavæðinguna eða einkavinavæðinguna. Nú er það þannig að hæstv. ráðherra leggur mikið á sig í umræðum um þessi mál til að fullvissa menn um að hann ætli ekki að selja, hugur hans standi ekki til þess. Við skulum taka hæstv. ráðherra trúanlegan og bara afgreiða það í eitt skipti fyrir öll að þannig sé það að hæstv. samgrh. Halldór Blöndal hafi ekki hug á því að selja fyrirtækið. En er það nóg? Er nóg að vita það þegar þau öfl sem meira og minna ráða ferðinni í ríkisstjórn og bak við þá ríkisstjórn sem hæstv. ráðherra er í selja mönnum þessa aðgerð með allt öðrum hætti? Helstu hugmyndafræðingar ríkisstjórnarinnar og forustumenn í þessum málum á hennar vegum, formenn einkavæðinganefnda og aðrir slíkir, eru ekkert að fara í launkofa með það hvað fyrir þeim vakir. Þeir ganga jafnvel svo langt sumir hverjir eins og höfuðpáfinn sjálfur, Hreinn Loftsson, sem hefur oftast verið formaður og efsta silkihúfan í einkavæðingarkraðakinu segir að það hafi engan tilgang að vera að þessari „háeff-ingu" nema til þess að selja í kjölfarið. Það megi einu gilda hvort þetta „hf." standi þarna. Ef menn selja ekki þá er þetta allt saman unnið fyrir gýg. Undir þetta er tekið af ýmsum fleirum.

Hvernig var það þegar þeir töluðu af sér, snillingarnir sem eru í „háeff-ingarnefndum" um bankana? Misstu þá út úr sér að auðvitað væri þetta til þess að selja bankann eins og hv. þm. Guðni Ágústsson getur borið vitni um. Það hefur sjálfsagt verið ógætni og klaufaskapur af mönnunum að missa þetta út úr sér en þeir gerðu það nú samt þannig að þeir töluðu þó hug sinn. Þess vegna segi ég alveg eins og er að það er bara því miður ekki þannig að ágætar yfirlýsingar og góður vilji samgrh. dugi mönnum í þessum efnum vegna þess að sporin hræða og reynslan sýnir að ekki er mark takandi á slíkum yfirlýsingum.

Hvernig var það á síðasta kjörtímabili þegar gert var pólitískt samkomulag um að taka skref fyrir skref í sambandi við einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins og Framsfl. var meira að segja plataður til þess að standa að því samkomulagi og gekkst inn á frv. um það, aðrir hyggnari menn létu ekki veiða sig í þá gildru að selja helminginn en það gerði Framsókn. Svo eru málin að sjálfsögðu skoðuð og könnuð og rædd í framhaldinu og ekkert gert nema með samþykki Alþingis, uppáskrift og bla, bla, bla. Hversu lengi hélt þetta pólitíska samkomulag? Í þrjá mánuði, þá var fjmrh. kominn og knúði í gegn heimild um að selja afganginn. Þannig er þetta gert.

Í Noregi var sagt alveg fram á mitt síðasta ár: Norski síminn verður gerður að hlutafélagi en bréfin verða ekki seld, nei, nei, nei, nei. Það dettur engum manni í hug. Þannig var því olnbogað í gegnum þingið. Hvað er verið að gera í Noregi í dag? Það er verið að auglýsa fyrstu bréfin. Svo lengi hélt það nú.

Það er þessi ferill, herra forseti, sem gerir það að verkum að við getum því miður ekki rætt um málið eins og þyrfti að vera hægt að ræða um það, þ.e. halda því algerlega aðgreindu, annars vegar að breyta fyrirtækinu með einhverjum hætti, hugsanlega í hlutafélag og hins vegar því að einkavæða það eða ekki einkavæða það. (Gripið fram í.) Reynslan er sú að þetta eru tvær hliðar á sama peningnum. Þetta er bara eins og krónan öðrum megin og loðnan hinum megin á smámyntinni og vertu svo ekki að grípa fram í hérna, hv. hf.-sérfræðingur. (**Samgrh.:** Það á að segja hv. þm.) Hv. þm. hf.-spesíalisti, Guðni Ágústsson, getur talað fyrir sjálfan sig á eftir úr ræðustól. Þetta er því miður þannig, herra forseti. Jafnvel fiff eins og að segja bara eitt hlutabréf hefur verið alveg gífurlega mikill hluti af röksemdum hæstv. ráðherra, það er bara gefið út eitt bréf og þar með sé ekkert hægt að

eiga við þetta. Þetta er þá væntanlega úr stáli og ekki hægt að taka þetta eina hlutabréf í sundur. (**Gripið fram í:** Það á bara að afhenda það.) Á að höggva þetta eina hlutabréf í grjót eða hvað? Hver fellur fyrir svona röksemd? (**Gripið fram í:** Það verður að afhenda það.) Hver fellur fyrir svona röksemdum að það breyti einhverjum sköpuðum hlut þegar hæstv. fjmrh. kæmi kannski þremur mánuðum seinna og mundi knýja það fram við fjárlagaafgreiðsluna næsta haust að selja fyrir eins og 1–2 þúsund milljónir upp í gatið. Halda menn að eitt hlutabréf skipti þá einhverju máli? Nei, þvílíkur óskaplegur barnaskapur.

Ég spyr mig auðvitað að því, herra forseti: Til hvers að breyta? Það er fyrsta spurningin. Af hverju er ekki hægt að láta fyrirkomulag í friði sem hefur gefist vel? Við Íslendingar njótum 90 ára uppbyggingar og rekstrar í einu sameinuðu, sterku fyrirtæki sem hefur allan tímann notað arðinn til þess að halda áfram uppbyggingu. Það er það sem er að skila okkur nútímalegustu fjarskiptum í Evrópu. Það er það sem er að skila okkur lágri gjaldskrá. Það er af því að menn hafa ekki tekið arð út úr þessari starfsemi og flutt hann annað. Hvert halda menn að arðurinn af símfyrirtæki Nýsjálendinga sé að fara núna? Hvert halda menn að hann sé að fara núna? Til Bandaríkjanna. Halda menn að Nýsjálendingar muni njóta betri fjarskipta á næstu öld fyrir peninga sem fara til Bandaríkjanna eða hvað? Það er forsenda þess að við getum notið þess að hér er eitt stórt sterkt fyrirtæki á ferð sem flytur ekki arðinn út í óskylda starfsemi, að það sé fyrir hendi. Að það sé um sameiginlega eign á fyrirtækinu að ræða og arðurinn sé ekki fluttur annað. Þess vegna tek ég mjög undir það sem kom fram fyrr í umræðunni í orðaskiptum hæstv. ráðherra og hv. þm. Ragnars Arnalds. Við skulum fara vandlega yfir það áður en við stuðlum hér að einhverju slysi, hvort hugsanlega sé hægt að ná pólitískri samstöðu um tilteknar breytingar ef menn telja þær óhjákvæmilegar og nauðsynlegar sem varðveita þessa eiginleika fyrirtækisins. Mér er annt um fyrirtækið Póst og síma. Ég tel það skipta svo miklu máli fyrir okkur og ekki síst landsbyggðina upp á komandi tíma að þó að ég vildi helst engar breytingar og ég vilji helst að fyrirtækið fái að vera í friði og þessir menn fái útrás fyrir orkuna með því að fjandast á einhverju öðru en fyrirtæki af þessu tagi að ég er samt tilbúinn til þess að leita meira til að ná pólitísku samkomulagi um breytingar ef það skyldi vera flötur fyrir því. Það er það sem felst í okkar ræðum hér. Við erum ekki það heilagir og ekki það kaþólskir í þessum efnum og þegar mikið er í húfi eins og stofnun af þessu tagi er öllum skylt að reyna að leggja eitthvað á sig. Þess vegna endurtek ég það og tek undir það sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði í þeim efnum. En að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi, að „háeffa" það í ljósi reynslunnar af slíkum málum undanfarin missiri og vitandi hvað á bak við liggur hjá mörgum aðilum, er ég ekki tilbúinn til að gera.

Ef við líkjum Pósti og síma við barn og einkavæðingarfárinu við læk er spurningin sú hvort við treystum ríkisstjórninni til að leiða barnið yfir lækinn án þess að drekkja því. Í ljósi þess hvernig þetta hefur gengið til í hverju tilvikinu á fætur öðru á undanförnum missirum hef ég miklar efasemdir um að höndin sem ætlar að leiða barnið yrði farsæl. Það er nú þannig, herra forseti.

Það vakna óhjákvæmilega mjög margar spurningar þegar þessu litla frv. er flett. Sú fyrsta snýr að því hvernig staðið hefur verið að því að undirbúa þetta mál. Það er nokkuð sérkennilegt þegar farið er yfir nefndina sem hæstv. ráðherra setti til starfa að skoða hvernig hún er saman sett. Nú er þetta meira og minna allt snillingar sem í nefndinni eru og vinir mínir upp til hópa og samstarfsmenn fyrrum þannig að ekki ætla ég að lasta þá sem einstaklinga. En hafa menn tekið eftir því að formaður nefndarinnar er fyrrv. samþingmaður hæstv. ráðherra, Lárus Jónsson, mikill trúnaðarvinur og ágætur maður, kunningi okkar beggja. Númer tvö í nefndinni eru tveir skrifstofustjórar úr samgrn., afbragðsmanneskjur báðar tvær og vel hæfar. En þær eru skrifstofustjórar í samgrn., undirmenn hæstv. ráðherra. Í þriðju kippu koma hverjir? Póst- og símamálastjóri og aðstoðarpóst- og símamálastjóri, undirmenn hæstv. ráðherra. Ágætir menn báðir tveir og prýðilega hæfir. En þeir eru undirmenn hæstv. ráðherra og æðsti yfirmaður og næst æðsti yfirmaður stofnunarinnar sem á í hlut. Skeggið er dálítið skylt hökunni í þessum efnum svo ræðumaður taki líkingu sem menn ættu að geta skilið. Fyrrum samþingmaður ráðherrans er formaður, tveir skrifstofustjórar í samgrn. eru frá ráðuneytisins hlið og póst- og símamálastjóri og aðstoðarpóst- og símamálastjóri koma frá stofnuninni. Bíðum nú við. Svo er leitað eftir fyrsta ráðgjafa. Hver er það? Það er náfrændi hæstv. ráðherra, maður honum mjög handgenginn sem iðulega er fenginn í svona verk. Og svona til að hafa þetta nú ekki allt of langt í burtu þá er blaðafulltrúi Pósts og síma ritari nefndarinnar. Ég hef ekki farið ofan í ættartölur þeirra tveggja manna annarra sem þarna eru nefndir til sögunnar en u.þ.b. svona stór er hringurinn utan um hæstv. ráðherra, samgrn. og Póst og síma sem undirbjó málið faglega. Ég er ekki viss um að þarna sé einu sinni svo mikið sem einn framsóknarmaður hvað þá annað. Hefði það þó verið sniðugt hjá hæstv. ráðherra að leyfa nú garminum honum Katli í Framsfl. að eiga þarna eins og einn mann. Þetta er nú ekki mjög trúverðugt satt best að segja. Þrátt fyrir það ágæta fagfólk sem þarna er sett þá er staðan svona. Hæstv. samgrh. hefur ekki mikla fjarvistarsönnun frá þessu máli satt best að segja. Það er ekki svo að t.d. þverpólitísk nefnd eða nefnd sem að einhverju leyti samanstóð af óháðum fagaðilum hafi unnið að málinu. Nei, það er ekki svo. Það vantar nokkuð upp á það.

Þess vegna er það líka kannski að vonum að þarna eru ekki nefndir margir aðrir möguleikar en þeir sem nefndin að endingu kom sér niður á. Það er ekki mikið farið yfir það hvort einhvers konar annars konar sjálfstæði stofnunarinnar gæti komið að sömu notum eins og nefnt var fyrr í umræðunni t.d. fyrirtækjavæðing stofnunarinnar án þess að gera hana að hlutafélagi. Það eru til margar útgáfur af því og vel þekktar víða erlendis að taka ríkisstofnanir og gera þær að fyrirtækjum án þess að gera þær að hlutafélögum. Þar eru margar útgáfur í boði, sjálfseignarstofnanir og fyrirtækjavæðing, ef svo má að orði komast. Um þetta eru ýmis orð notuð. Það er hægt að gera þetta að „kompani" eða „foretag" eða „bolag" eða „selskab" en ekki „aktieselskab". Það eru sem sagt ýmsar útgáfur til sem hefði verið fróðlegt að sjá að nefndin hefði farið yfir.

Ég sakna í öðru lagi og lýsi hér eftir fjarskiptalögum. Stendur til að afgreiða þetta mál svona án þess að fara yfir fjarskiptalögin í leiðinni? Stendur til að opna hugsanlega hér fyrir frelsi t.d. á sviði símaþjónustu án þess að lögfesta kvaðir á þá sem mundu inna af hendi slíka þjónustu? Er hæstv. ráðherra e.t.v. að boða þá framtíð að upp geti sprottið aðilar sem fleyta rjómann ofan af hér á þéttbýlissvæðinu en hin opinbera stofnun verði skilin eftir með byrðarnar af því að veita þjónustuna þar sem hún er dýrust og erfiðust? Er

verið að boða slíka framtíð? Þessum spurningum þarf að svara.

Það hefur verið komið inn á fáránleikann í sambandi við stjórn hlutafélagsins. Þættir sem lúta að gjaldskrárákvæðum hafa verið nefndir og það er ekki vansalaust að hæstv. ráðherra hefur afar lítið gert á fimm ára ferli sínum til að halda áfram að jafna gjaldskrá í þeim takti sem áður hafði verið.

Herra forseti. Það hættulegasta af öllu sem vakir í þessu máli er það að þetta verði notað sem aðferð til að lima stofnunina í sundur, aflima hana. Það óttast ég mest og meira en að ofstækið nái yfirhöndinni í því formi að menn fari að selja bréf. En að reyta af stofnuninni þennan þáttinn í dag og næsta þátt á morgun er sú framtíð sem ég óttast mest og mundi reynast okkur Íslendingum verst að mínu mati gagnvart því að geta áfram, hér eftir sem hingað til, notað okkur það að eiga eina sterka stofnun eða fyrirtæki sem byggir upp nútímalega þjónustu á þessu sviði og geti áfram verið í fararbroddi eins og hingað til.

Það má margt annað segja um þetta, herra forseti. Tímans vegna verð ég að láta hér staðar numið a.m.k. að sinni. En ég segi alveg eins og er að mér finnst algjörlega ótækt að í einhverju fári taki menn sér ekki góðan tíma í að fara mjög vandlega yfir málið, efnislega og pólitískt. Mönnum er það skylt þegar mikið er í húfi eins og hér er að leggja sig fram og vanda sig, síðast en ekki síst gagnvart því að reyna að ná pólitískri samstöðu um hlutina.

[16:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór ekki milli mála að hv. þm. þótti það vond lending að hér skuli lagt til að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag. Var svo að skilja á hv. þm. að hann kenndi því mest um að þeir ráðgjafar sem ég hef haft við undirbúning málsins séu ekki góðir. Hann nefndi sérstaklega til þá embættismenn sem ég fól að undirbúa verkið og jafnframt að kynna sér hvernig staða þessara mála er á öðrum Norðurlöndum. Það er nýmæli hér í sölum Alþingis að vikið sé að embættismönnum með þessum hætti úr þessum stól. Enda sást að hv. þm. var mjög brátt á meðan hann var að flytja þennan hluta ræðu sinnar.

Annars vil ég tala út frá þeim efnisatriðum sem hv. þm. vék að áðan. Ég vil ítreka það sem ég áður sagði að Póst- og símamálastofnun getur ekki unnið á sama grundvelli og áður nema vegna þess að sá grundvöllur er ekki fyrir hendi vegna þeirra samkeppnislaga sem sett hafa verið og vegna þeirra samninga sem við höfum gert um hið Evrópska efnahagssvæði. Þetta hélt ég að hv. þm. væri kunnugt. Það dugir ekki að halda sig 90 ár aftur í tímanum til að reyna að fela þessar staðreyndir fyrir sjálfum sér eða draga poka yfir höfuð sér. Til að hægt sé að halda Póst- og símamálastofnun í einu fyrirtæki, Pósti og síma hf., er óhjákvæmilegt að það fyrirtæki sé ekki með bakábyrgð ríkissjóðs. Fyrirtæki sem starfar með bakábyrgð ríkissjóðs á öllum sínum skuldbindingum eins og var uppástunga hv. þm. Ragnars Arnalds hér fyrr í dag, uppfyllir ekki skilyrði samkeppnislaga. Það þýðir ekki neitt að koma hingað upp og tala um að ég sé með þröngan ráðgjafahóp æðstu embættismanna samgrn. þegar kemur að því að ræða efnislega um þennan þátt málsins. Mér þykir vænt um Póst- og símamálastofnun og vil tryggja framtíð hennar á þeim grundvelli sem þar hefur verið og reyna að tryggja starfsöryggi fólksins sem þar vinnur.

[16:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að segja alveg eins og er að hæstv. samgrh. er afar lunkinn í einu í málflutningi og það eru útúrsnúningar. Hér síðast kom eitt alveg ágætt dæmi um það þegar hann þóttist hafa heyrt það í mínu máli að ég væri á einhvern hátt að vega að embættismönnum eða starfsmönnum nefndarinnar sem slíkum. Það vill svo til að ég margendurtók að þarna væri á ferðinni hið ágætasta fagfólk, prýðilega hæft og vinir mínir og kunningjar upp til hópa í kaupbæti. Málið snérist ekki um það. Ég var ekki að gagnrýna þetta fólk heldur það með hversu þröngum hætti hæstv. ráðherra lét undirbúa málið. Það er annar hlutur, hæstv. ráðherra. Vill nú ekki hæstv. ráðherra reyna að skilja að það á að vera hægt að greina á milli þess að fjalla um hlutina annars vegar gagnvart faglegri hæfni og ágæti einstaklinga og hins vegar þess hvaða vinnubrögð og aðferðir eru viðhafðar. Kannski skilur hæstv. ráðherra þetta ekki, e.t.v. ekki fyrr en á morgun. Þá ræðum við saman þegar þar er komið að þetta hefur komist í gegnum þokuna.

Varðandi samkeppnislögin held ég að ég leyfi mér að setja mig á háan hest og segja að ég þekki þau miklu betur en hæstv. ráðherra. Það vill svo til að ég sat í efh.- og viðskn. og lagði mikla vinnu í þau lög. Ég hafði sjálfur áður flutt frv. um heildarendurskoðun á samkeppnislögum eða lögum um Verðlagsstofnun sem þá hétu og tel mig kunna þetta satt best að segja nokkuð vel. Ég hef líka reynt að fylgjast með framkvæmd þeirra síðan. Staðreyndin er sú að samkeppnislögin varða einmitt leið til þess að stofnanir eins og Póstur og sími geti starfað áfram, því þar er kveðið á um að um bókhaldslegan og fjárhagslegan aðskilnað einkareksturs eða einkaleyfastarfsemi og samkeppnisþátta skuli vera að ræða. Það er akkúrat ekki þannig að samkeppnislögin banni ríkisstofnanir. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra sem mátti skilja á honum hér áðan. Ef menn ætla að túlka samkeppnislögin eða hugsanlega hinn evrópska rétt svo kaþólskt að það megi ekki vera um ríkiseign á neinu að ræða sem er í samkeppni, þá er komin upp ný staða. En svo hefur ekki verið gert hingað til. Einstöku menn eru að vísu að reyna að kæra okkur Íslendinga í útlöndum á þessum forsendum en mér er ekki kunnugt um að úrskurðir hafi fallið sem hafi verið svo kaþólskir. Þess vegna er mikill misskilningur að það sé eitthvað í samkeppnislögunum sem geri það sjálfkrafa að verkum að stofnanir geti ekki haldið áfram að vera til sem ríkisstofnanir.

[16:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir hvert leiðin liggur í þessum efnum. Samkeppnisstofnun hefur gert mjög strangar athugasemdir við suma þætti í rekstri Póst- og símamálastofnunar eins og þeir hafa verið reknir. Það liggur alveg ljóst fyrir að við erum að tala um það að við erum að koma inn í nýjan samkeppnisheim. Auk þess liggur fyrir að ýmis erlend fyrirtæki vilja síður og sum alls ekki eiga sömu viðskipti og áður við Póst- og símamálastofnun á meðan hún er opinber stofnun. Ég hélt að þetta lægi ljóst fyrir. Og kærum linnir ekki á einstök svið Póst- og símamálastofnunar eins og að henni er staðið nú með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hennar. Við stöndum frammi fyrir þessu. Í fyrsta lagi stöndum við frammi fyrir því hversu erfitt það er að reka fyrirtæki samkvæmt fjárlögum. Í öðru lagi stöndum við frammi fyrir því að ábyrgð ríkissjóðs á öllum rekstri

og skuldbindingum Póst- og símamálastofnunar gera henni óhægt um vik í hinum nýja heimi. Og við stöndum líka frammi fyrir því að á sumum sviðum er beinlínis bannað að opinberar stofnanir komi að rekstrinum.

Hv. þm. vék sér undan að svara því hvers konar fyrirtæki hann gæti hugsað sér að leysti Póst- og símamálastofnun af hólmi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt vegna þess að hv. þm. lýsir nú vel verkum sínum. Það er honum að þakka að símagjöld hafa lækkað á langlínu. Hann hefur byggt upp Póst og síma og hann er betur að sér um samkeppnislögin. En á hinn bóginn er hv. þm. ófáanlegur til að lýsa hugmyndum sínum um það fyrirtæki sem hann vill að leysi Póst- og símamálastofnun af hólmi.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er alveg rétt, herra forseti, að því miður hefur Samkeppnisstofnun lent í þeim ógöngum að mínu mati að eyða allt of miklu af kröftum sínum í smáatriði sem lúta að samskiptum opinberra aðila eða þeirra sem hafa einkarétt á einhverri starfsemi og markaðarins að öðru leyti en látið ýmislegt annað mæta afgangi. Ég tel að eltingarleikur við smámuni eins og t.d. notendabúnaðarsölu Pósts og síma eða auglýsingar í símaskránni séu af því tagi. En allt í lagi með það. Þar er vissulega jaðarsvæði, grátt svæði sem út af fyrir sig er alveg hægt að viðurkenna að þurfi að taka á. Það er allt leysanlegt. Samkeppnislögin kveða einmitt á um það til hvaða aðgerða þurfi þar að grípa þannig að tryggt sé að ekki sé verið að færa hagnað úr einkaleyfabundinni starfsemi yfir á samkeppnissvið. Það er eðlileg og réttmæt krafa að öllum slíkum skuldbindingum sé fullnægt. Það verður Póstur og sími að sjálfsögðu að gera. Það er hins vegar ekkert sem segir að fyrirtækið geti ekki að öðru leyti starfað óbreytt áfram. Því mótmæli ég. Ég kannast ekki við að það liggi fyrir neinn slíkur salómonsdómur. Enda mundi hann sjálfkrafa þýða, herra forseti, að engin ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnanir gætu starfað. Það væri þannig ef menn ætluðu að gerast svona heilagir. En það er ekki svo.

Varðandi það hvers konar fyrirtæki ég gæti hugsað mér að Póstur og sími yrði ef þyrfti að breyta honum, þá á ég ósköp einföld svör við því, herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég helst að hann fái að vera í friði. Það er mín lína. Ég hefði reynt að verja stofnunina í lengstu lög óbreytta, sem ríkisstofnun. Í öðru lagi reyndi ég að búa til sjálfstætt fyrirtæki sem ekki væri hlutafélag, sem væri varið fyrir einkavinavinavæðingarkórnum með gerð sinni þannig að það væri sæmilega tryggt að fyrirtækið fengi að vera í friði og gæti starfað. Þar gæti einhvers konar sjálfseignarstofnunarform eða sameignarform, sjálfstætt fyrirtæki utan fjárlaganna án beinnar ábyrgðar ríkisins, vel komið til greina. Hæstv. ráðherra hlýtur að skilja að hér hefur verið talað mannamál í dag um það að við erum tilbúin til að skoða hvort hægt sé að ná pólitísku samkomulagi. Ef hæstv. ráðherra vill það ekki þá vekur það auðvitað umsvifalaust upp grunsemdir um það að hann tali hér þvert um hug sinn, að eitthvað annað sé á döfinni en látið er í veðri vaka.

[17:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður Steingrímur J. Sigfússon sagði að fyrst og fremst vildi hann að fyrirtækið Póstur og sími yrði látið í friði, eins og hann sagði það. Eins mikið og ég met hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þá er ég ekki viss um að það sé hægt. Ég er heldur ekki viss um að það sé æskilegt fyrir fyrirtækið sjálft og fyrir starfsmenn þess að það verði látið í friði. Ég held sem sagt að það sé nauðsynlegt að taka á rekstrarhögum þess fyrirtækis með einhverjum hætti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir og er búið að vera til umræðu í allan dag er sögulegt að ýmsu leyti. Ég tel að þar sé aðallega tvennt sem máli skiptir. Annars vegar sú tillaga sem þar er gerð um að gera stofnunina að hlutafélagi og hins vegar þau ákvæði sem lúta að réttindum starfsmanna.

Ég hef fyrr í dag komið í stórum dráttum að viðhorfum mínum gagnvart réttindum starfsmanna. Ég tel að þeirra sé með engum hætti nægilega vel gætt í þessu frv. En áður en ég kem að þessum atriðum, herra forseti, vildi ég drepa á nokkur önnur sem mér finnst hins vegar skipta miklu minna máli varðandi þetta mál heldur en þessi tvö meginatriði sem ég nefndi hér áðan.

Ég vil kannski ekki taka svo stórt upp í mig að segja að frv. sé að öllu leyti losaralega unnið en sumt í því virkar fáránlegt. Mér finnst t.d. með ólíkindum að fyrst hæstv. samgrh. á að fara með hlutaféð einn þá skuli þurfa sjö manna stjórn og af þessum sjö mönnum ætli hann sér það vald að skipa alla sjálfur. Ég tel enga goðgá að hið háa Alþingi fengi að kjósa stjórn stofnunarinnar en þó teldi ég enn mikilvægara ef hægt væri að ná samkomulagi um að í stjórn stofnunarinnar sæti t.d. fulltrúi Neytendasamtakanna. Og frekar tveir en einn vegna þess að sjónarmið allra neytenda fara ekki að öllu leyti saman. Annars vegar er um að ræða þá sem búa á landsbyggðinni og hins vegar okkur sem búum hér. Hins vegar finnst mér stappa fáránleika næst að hæstv. samgrh. ætlar að fara einn með hlutaféð. Hann ætlar að halda aðalfund einu sinni á ári og þar mæta auðvitað þeir sem fara með hlutaféð. Hver mætir þar? Það er hæstv. samgrh. Hann er sennilega eini maðurinn á Íslandi sem leyfir sér að leggja fram frv. sem skilgreinir hann sjálfan sem fund. Þetta er nýmæli í íslenskri málfræði og nýmæli í — eigum við að segja — valdafíkn einstakra hv. stjórnmálamanna hér á landi.

Herra forseti. Eins og ég sagði er frv. sem hér liggur fyrir að mörgu leyti merkilegt og til þess að hægt sé að greiða fyrir umræðu er nauðsynlegt að þeir sem leggja frv. fram geri sér grein fyrir stöðu frv. og samhengi við veruleikann í kringum þá. Það er alveg ljóst af þeim orðaskiptum sem *ég átti hér fyrr í dag við hæstv. samgrh. að hann hefur ekki* kynnt sér nýfallinn dóm, hinn svokallaða SR-dóm, þar sem tekið er á réttindamálum starfsmannanna. Þegar hann rakti það að biðlaunarétturinn flyttist yfir til hins nýja fyrirtækis og þar með væri í engu áfátt kjörum þeirra var ljóst að hann gerði sér ekki grein fyrir því að þetta er ekki í samræmi við niðurstöðu dómsins þar sem fjallað er um þessa hluti. Þar segir, með leyfi forseta, að þeir muni óhjákvæmilega brjóta gegn viðurkenndri reglu um jafnræði þegnanna. Það er alveg ljóst þegar menn lesa t.d. 3. mgr. 8. gr., þar sem fjallað er um réttindamálin, að þar er verið að brjóta gegn viðurkenndri reglu um jafnræði þegnanna. Mér er málið skylt vegna þess að ég átti þátt í því með hæstv. samgrh. á síðasta þingi að flytja hér mál sem lutu að því að hlutafélagavæða tvö ríkisfyrirtæki og samkvæmt bestu sannfæringu lagði ég mig í líma við að koma í gegn ákveðnu formi á réttindum starfsmanna sem eru dæmd ómerk með þessum dómi. Ég held að menn verði að taka mið af því. Ef hæstv. ráðherra kinokar sér við að koma hér upp og lýsa því yfir að þessi dómur sé bull, verður hann a.m.k. að fallast á að þetta frv. hans er ekki í samræmi við það sem í dag er talið felast í lögum. Annaðhvort verður hann lýsa yfir vanþóknun sinni

á dómunum eða fallast á að frv. sem hann leggur hér fram sé ekki í samræmi við túlkun íslenskra dómstóla á réttindum opinberra starfsmanna. Ef hann tekur ekki af skarið um þetta efni hlýtur allt sem sagt hefur verið hér í dag um að frv. sé ekki nægilega unnið af hans hálfu að styðjast við rök.

Herra forseti. Þetta frv. er, eins og ég sagði, sögulegt sakir tveggja hluta. Annars vegar er frv. merkisberi breytinga á högum mjög stórs ríkisfyrirtækis, þ.e. Pósts og síma. Ég tek það fram strax í upphafi að ég tel að það sé nauðsynlegt að gera breytingar á rekstrarhögum fyrirtækisins. Ég tel að ör þróun í fjarskiptatækni, örar tækniframfarir og gjörbreytt rekstrarumhverfi fyrirtækisins, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem við höfum axlað, geri það algjörlega nauðsynlegt að huga að breytingum á því. Ég held sjálfur að hlutafélagaformið, eins og ég kem að síðar, sé æskilegt fyrir fyrirtæki af þessu tagi. Það þýðir hins vegar ekki að ég sé samþykkur þessu frv. eins og það liggur fyrir. Í rauninni fer fjarri því. Þar skiptir mestu máli og reyndar öllu máli fyrir mig, réttindaákvæðið. Þegar skyggnst er undir yfirborð þessa frv. kemur í ljós að því er líka ætlað hlutverk múrbrjótsins í fyrstu atlögu að illa grunduðu stríði ríkisins gegn réttindum opinberra starfsmanna. Ég segi fyrir mig að mér finnst ekki hægt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir með þessum greinum. Ég tel að þegar 8. gr., sem er sú grein sem tekur á réttindum starfsmanna, er lesin í samhengi við svipaðar greinar í þeim þremur frv. sem ríkisstjórnin hefur boðað um breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna þá blasi við verulega mikil skerðing á réttindum. Ég tel að biðlaunaskerðingin ein sem ég les út úr þessu geti numið fyrir alla starfsmenn Pósts og síma á annan milljarð króna. Ég segi það einfaldlega að með hliðsjón af þessum dómi tel ég ekki stætt á því fyrir hið háa Alþingi að ætla sér að samþykkja þessi lög. Og það er annað sem vekur furðu mína. Þessi dómur sem mér hefur orðið tíðrætt um var kveðinn upp 5. janúar. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. fjmrh. sem tapaði málinu fyrir hönd ríkissjóðs hafi áfrýjað því. Hvað þýðir það? Þýðir það ekki að menn í fjmrn. eru einfaldlega ekki vissir um hvort þeir hafi föng og efni til að áfrýja dómnum? Hæstv. samgrh., sem er hér fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hlýtur að hafa farið yfir þetta með sínum mönnum og ég spyr hann hvort ríkissjóður ætli að áfrýja þessum dómi eða ekki.

Herra forseti. Mér dylst ekki fremur en ýmsum öðrum sem hér hafa talað og þá aðallega stjórnarliðum að það er nauðsynlegt að gera breytingar á rekstrarformi Pósts og síma. Ég tel reyndar nauðsynlegt að huga að öðrum ríkisfyrirtækjum líka. Það er jafnbrýnt að þegar menn gera það verða þeir að ná sátt við starfsmennina. Það verður að búa til einhvern farveg til að þetta sé hægt. Í sumum tilvikum þarf að vera kleift að breyta fyrirtækjum í hlutafélög en í öðrum tel ég nauðsynlegt að hafa tæki og aðferðir sem gera kleift að stíga skrefið til fulls og hreinlega einkavæða þau. Það eru mörg rök sem hníga að því að það sé betra að ríkisfyrirtæki séu í formi hlutafélags heldur en í þessu formi hefðbundinna, stirðnaðra og þunglamalegra ríkisfyrirtækja.

Í fljótu bragði langar mig að telja hér upp fern rök, herra forseti, sem eru augljós fyrir því.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að form hlutafélagsins gefur fyrirtækinu miklu meiri sveigjanleika, t.d. til þátttöku í annarri atvinnustarfsemi. Hæstv. samgrh. gat þess hér ítarlega í framsöguræðu sinni að það væri nauðsynlegt fyrir Póst og síma á næstu árum að taka þátt í stofnun slíkra hlutafélaga og þá gerir hlutafélagformið stjórnendum fyrirtækisins auðveldara um vik að gera það. Ég tel líka að það sé nauðsynlegt að hafa sveigju hlutafélagsformsins til þess að geta svarað þessum öru breytingum sem eru í umhverfi fyrirtækisins. Við skulum ekki gleyma því að Póstur og sími er staddur í þeim geira atvinnulífsins þar sem breytingarnar eru hvað byltingarkenndastar, hvað hraðastar. Hann þarf að hafa þessa sveigju, herra forseti, til að geta svarað árásum nýrra keppinauta og áreitum nýrra aðstæðna.

Í öðru lagi gerir hlutafélagaformið fyrirtækinu kleift að mæta öðrum félögum í samkeppni á jafnréttisgrunni. Ég tel t.d. ekki ólíklegt miðað við það hvernig félagið hefur þróast á undanförnum árum að það hafi reynst nauðsynlegt fyrir það að ráðast í mjög fjárfrekar framkvæmdir bara til að halda í við þróunina. Við sjáum að það eru áfram byltingar á döfinni innan þessa atvinnugeira. Hlutafélagaformið gefur fyrirtækinu t.d. svigrúm til að verða sér úti um aukið fjármagn með hlutafjárútboðum. Ég held að þetta hljóti að vega þungt. Ég held að í nýrri veröld harðnandi samkeppni og dvínandi einkaleyfa sé nauðsynlegt fyrir fyrirtækið að hafa þessi færi. Ég tel líka að með þessu mundi skattalegt umhverfi stofnunarinnar breytast í takt við það sem er að gerast hjá öðrum fyrirtækjum annars staðar í atvinnulífinu í landinu. Ég tel það æskilegt frá mínu sjónarmiði sem skattborgara. Hlutafélagsformið færir ábyrgð yfir á stjórnarmenn, það gerir þeim skylt að fylgja ákveðnum leikreglum og því fylgir viss agi. Það tel ég líka æskilegt og farsælt í samkeppnisrekstri eins og þessum, sem virðist kalla á það að menn hafi öll spjót úti til að auka hagkvæmnina. Þessi ákvæði skortir vitaskuld í núgildandi lögum um stofnunina en taka gildi um leið og menn breyta rekstrarformi hennar.

Í fjórða lagi má bæta því við að þegar maður horfir á þetta frá sjónarhóli skattborgarans og gerir sér grein fyrir aukinni samkeppni þá finnst mér þægilegt að vita til þess að með hlutafélagsforminu breytist ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins þannig að í staðinn fyrir að vera ótakmörkuð ábyrgð þá takmarkast hún einungis við hlutafjáreignina. Þetta gerir það að verkum, herra forseti, að mér finnst að menn eigi að stefna að því að gera Póst og síma, eða a.m.k. símann eins og ég kem að hér á eftir, að hlutafélagi. En það á að gera það í samráði við opinbera starfsmenn. Menn eiga ekki að fara hér fram með frv. sem er beinlínis í blóra við nýfallinn dóm. Það er ekki hægt. Menn geta ekki unnið svoleiðis.

Ég tek líka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni sem gerir greinarmun á því að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélagi og einkavæða það. Ég geri sama greinarmuninn. Ég geri mér hins vegar ljósa grein fyrir því að með hlutafélagsforminu kann að vera að búið sé að stíga skref að einkavæðingunni, það verður a.m.k. auðveldara að einkavæða fyrirtækið. Þótt ég sé í prinsippinu þeirrar skoðunar að það eigi að gera þetta að hlutafélagi þá tel ég, og er þar sammála hæstv. samgrh., að það eigi ekki að selja hlutabréf fyrirtækisins. Ég er sammála honum um það.

Ég tel líka nauðsynlegt að rifja upp að flestir flokkar sem hafa setið í ríkisstjórn undanfarin tíu ár hafa komið að einkavæðingu með einhverjum hætti. Það er t.d. hollt að rifja upp að minn flokkur stóð að slíku í tíð síðustu ríkisstjórnar og næstsíðustu ríkisstjórnar. Alþb. stóð t.d. að því í ríkisstjórn fyrir 1990 að gera Ferðaskrifstofu ríkisins að hlutafélagi og var líka í ríkisstjórn sem gerði hlutafélag um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Því má auðvitað segja að Alþb. á ákveðinn frumburðarrétt að því að hafa ýtt einkavæðingunni úr vör hér á Íslandi þótt síðar megi segja að

misvitrir menn í stuttbuxnaarmi Sjálfstfl. hafi komið óorði á þá þróun.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að hafa tæki til að breyta viðeigandi ríkisstofnunum yfir í hlutafélög eða selja þau til einkaaðila ef þörf krefur, ef menn eru sammála um það. Að þessu leyti er ég alveg sammála ágætum þingmanni Alþb. og einum af fyrrverandi fósturfeðrum mínum, hv. þm. Svavari Gestssyni, sem sagði orðrétt í ræðu árið 1992 í umræðum um breytingu á Sementsverksmiðjunni í hlutafélag, með leyfi forseta: „Auðvitað þarf að vera hægt að einkavæða fyrirtæki." Það er hins vegar mjög erfitt í dag. Það er erfitt að gera fyrirtæki að hlutafélögum sem eru í eigu ríkisins vegna þess að það vantar farveginn til að semja um réttindi og kjör opinberra starfsmanna. Enginn veit þetta betur en ég sem var formaður iðnn. sem ýtti í gegnum þingið frv. til laga um að gera hlutafélag úr Sementsverksmiðjunni og kom líka að Síldarverksmiðjum ríkisins.

Herra forseti. Ég rifja upp að þá voru í frv. ákvæði sem gerðu efnislega ráð fyrir því alveg eins og í þessu frv. að starfsmenn héldu sömu störfum hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir höfðu hjá ríkisstofnuninni á meðan hún var að öllu leyti innan vébanda ríkisins. Þeir nytu þá að sjálfsögðu sömu lífeyrisréttinda sem þeir höfðu unnið sér inn enda er um að ræða stjórnarskrárbundin eignarréttindi. En vegna þess að þessum starfsmönnum var boðið hjá hlutafélaginu nákvæmlega sama starfið og þeir höfðu gegnt hjá ríkinu var tekið fram í viðkomandi frumvarpsgrein, sem síðar varð að lögum, að ekki giltu um þá biðlaunaákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954. Röksemdafærsla stjórnarliða, þar á meðal mín, var sú að ef menn vildu ekki halda áfram starfi sínu hjá hinu nýja hlutafélagi höfnuðu þeir einfaldlega tilboði um slíkt og þá yrði biðlaunarétturinn virkur og á engum væri brotið. Lögfræðingar fjmrn. voru á þeirri skoðun að þetta væri rétt. Ég var í hjarta mínu algerlega sannfærður um að þetta væri rétt. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem við kölluðum til í iðnn. og sjútvn. á þeim tíma, var sannfærður um þetta. Á móti voru aðrir menn eins og Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður og Gestur Jónsson. Síðan rísa úfar yfir þessum ákvæðum og menn efna til málareksturs og það er búið að kveða upp dóm. Það er alveg ljóst, herra forseti, að meginatriði þess dóms eru tvíþætt. Ég hef þegar rakið annan meginþáttinn. Hann er sá að þegnarnir verða að njóta jafnræðisreglunnar. Ekki er hægt að breyta högum eins starfshóps einungis með því að breyta hinni almennu reglu sem er 14. gr. laga nr. 38/1954. Hinn meginþáttur þessa úrskurðar er sá, herra forseti, að staða hjá hlutafélagi sem er að öllu leyti í eigu ríkisins getur samkvæmt þessum úrskurði ekki talist sambærilegt starf. Það liggur því alveg ljóst fyrir, herra forseti, að frv. sem hæstv. samgrh. er að leggja fram er í algjörri andstöðu við úrskurð undirréttar. Hæstv. samgrh. gerir að vísu tilraun sem mér finnst klaufaleg til þess að komast hjá þessu. Hana er að finna í 2. mgr. 8. gr. frv. En í 3. mgr. er alveg ljóst að þar er verið að láta ákveðinn hóp þegnanna, þ.e. starfsmenn Pósts og síma, njóta sérstakra kjara, sérstakra versnandi kjara sem hópurinn, þ.e. allir opinberir starfsmenn eiga ekki að sæta. Það er ljóst samkvæmt þessum úrskurði að það er ekki hægt. Þess vegna segi ég, herra forseti: Hvernig leyfir hæstv. samgrh. sér að koma hingað með frv. sem er í andstöðu við nýfallinn dóm? Því miður læðist sá grunur að mér eftir orðaskipti okkar hér í dag að hann hafi hvorki kynnt sér dóminn né frv. það ítarlega að hann sjái ósamræmið þarna á milli.

Herra forseti. Það er skoðun mín að eftir þennan dóm geti ríkisstjórnin ekki gert nokkurt ríkisfyrirtæki að hlutafélagi né einkavætt nokkurt ríkisfyrirtæki nema gera annað af tvennu. Í fyrsta lagi getur hún farið þá leið að borga öllum starfsmönnum viðkomandi stofnunar biðlaun. Eða hún verður að breyta almennu reglunni, þ.e. lögunum frá 1954. Því segi ég, herra forseti, og kem aftur að upphafi máls míns, að þetta frv. er ekki bara sögulegt frv. vegna þess að það brjóti í blað að því leyti að gera stóra ríkisstofnun að hlutafélagi. Þetta frv. er líka múrbrjóturinn í fyrstu atlögu ríkisstjórnarinnar að réttindum opinberra starfsmanna. Það ber, herra forseti, að lesa þetta frv. með hliðsjón af þeim boðuðum þremur frv. sem ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. hefur hjalað um í fjölmiðlum síðustu daga og hafa bara eitt að markmiði, að draga úr réttindum opinberra starfsmanna. Þetta frv. mun aldrei standast stjórnarskrá, það mun aldrei standast þann úrskurð sem ég hef þegar vísað til fyrr en eitthvert þeirra boðuðu frv., sem við höfum ekki enn séð, er orðið að veruleika. Fyrr en búið er að breyta hinni almennu reglu um biðlaunaréttinn. Þá eru menn ekki bara að tala um á annan milljarð sem það kostar starfsmenn Pósts og síma, þá eru menn að tala um tugmilljarði fyrir alla starfsmenn ríkisins í dag.

[17:22]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrr í umræðunum í dag kom fram að hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Alþfl., er andvígur því að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Ég gat ekki betur skilið á ræðu hv. 15. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, en að hann væri meðmæltur því í grundvallaratriðum að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Því hlýt ég að spyrja hv. 15. þm. Reykv.: Hvort er stefna Alþfl., sú sem hv. 9. þm. Reykn., varaformaður flokksins, boðaði hér í dag eða sú stefna sem hv. 15. þm. Reykv. boðaði í ræðu sinni hér á undan?

[17:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti leitt að sjá það á svip hv. þm. Árna M. Mathiesen að það var eins og hann væri undrandi á því að ég væri ekki andstæður hlutafélagsforminu. Hann ætti að þekkja mig nægilega vel til að vita að mér er það ekki mjög andsnúið. Hitt ætti hann líka að vita af löngum kynnum við mig að ég kann alltaf að lúta yfirvaldi og þess vegna lýt ég varaformanni Alþfl., hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, jafnan í auðmýkt ef aðstæður krefjast þess. Hins vegar þegar hv. þm. Árni M. Mathiesen kom hingað í þennan stól í dag til að krefja hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson um afstöðu hans þá kom það alveg skýrt fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni ekki einu sinni, heldur tvisvar, hver afstaða hans var. Ég ætla einungis að ítreka það sem voru lokaorð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ef skilningarvit hv. þm. Árna M. Mathiesen eru svona lakleg í dag þá mun ég gera rek að því að fá útskrift af ræðu Guðmundar Árna til að hann skilji nákvæmlega hvað það var sem hv. þm. sagði.

[17:24]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki með neinum ólíkindum sem fram hefur komið hér í dag hjá hv. þingmönnum Alþfl. að þeir hafa hvor sína skoðun á málinu og hvorugur hefur treyst sér til að úttala sig um það hver væri stefna Alþfl. Þeir vísa hins vegar til þess að ég skilji þá ekki og að þeir

skuli útskýra þetta fyrir mér hér í hliðarsölum á eftir þegar þeir hafa fengi útskrift af ræðum sínum. Við skulum vona að þeim takist betur að útskýra þetta fyrir mér þá en þeim hefur tekist að útskýra þetta fyrir þingheimi í ræðustólnum í dag.

[17:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér varð einu sinni hált á því að gera greind eins af þingmönnum Sjálfstfl. að umræðuefni úr þessum ræðustól og ætla ekki að gera það aftur í dag enda er hv. þm. Árni Johnsen ekki í salnum. Hins vegar var það svo að það kom fram andstaða, ekki við hlutafélagaformið heldur við frv., sem byggðist á 8. gr. Það var alveg skýrt í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að hann var algjörlega andstæður meðferðinni á réttindum starfsmannanna. Ég held að það sé ekki hægt að svara þessu með öðrum hætti. Ég mun síðan ef þörf krefur aðstoða hv. þm. Árna M. Mathiesen við lestur á ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og mætti jafnvel kalla til liðsauka ef það dugar ekki.

[17:26]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hv. síðasti ræðumaður geri aðeins betur grein fyrir þeim hugmyndum sem lágu að baki þeirri skoðun hans að það væri æskilegra að stjórn Pósts og síma hf. yrði skipuð af Alþingi frekar en af þeim ráðherra sem fer með málaflokkinn. Mér fannst að hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, hefði tekið undir athugasemd hv. 18. þm. Reykv., Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, að það væri æskilegra að Alþingi kysi stjórn yfir Pósti og síma.

Nú höfum við dæmi um það, t.d. í ríkisbönkunum, að skipaðar séu stjórnir af Alþingi yfir bankana en bankamálaráðherra er með ábyrgð á þeim málaflokki. Þetta hefur svo oftar en einu sinni leitt til þess að stjórnskipuleg ábyrgð verður loðin. Bankarnir heyra undir bankaráðherrann en það er hægt að kenna þingkjörnum stjórnum þeirra um það sem aflaga fer þar. Ef þessi hugmynd þingmannsins næði fram að ganga yrði Alþingi ábyrgt fyrir stjórn Pósts og síma hf. en ekki sá ráðherra sem fer með þennan málaflokk. Það hefur nú frekar verið tilhneiging í þá átt að draga úr þessum hagsmunaárekstri og gera skilin skarpari á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Þess vegna kemur mér þetta svolítið á óvart af hálfu hv. þm. miðað við ákveðin frv. sem hann hefur sjálfur lagt fram sem umhvrh. Ég hefði viljað fá skýringu á þessu.

[17:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að gera þá játningu að hv. þm. Tómas Ingi Olrich tók mig í bólinu þarna. Það er oft svo að menn hugsa ekki hugsun sína algjörlega til enda. Ef hv. þm. man hvernig ég orðaði þetta þá var vísa mín hálfkveðin. Þegar setningunni lauk þá tók ég fram að e.t.v. væri heldur betra að fá þarna fulltrúa neytenda. Ég er í grundvallaratriðum nokkuð sammála því að við eigum ekki í of ríkum mæli að beita því að kjósa úr okkar hópi í stjórnir slíkra stofnana og er algerlega sammála því sem hann sagði um ríkisbankana. Ef ég væri ekki vaxinn upp úr því þá mundi ég nú kannski rifja það upp fyrir hv. þm. að á síðasta kjörtímabili var þingmaður úr flokki hans sem gerði það að skilyrði fyrir framgangi ákveðins frv. um Áburðarverksmiðjuna að þar fengju ýmsir kollegar okkar að sitja. En eins og ég sagði er ég vaxinn upp úr því og ætla ekki að minna hv. þm. á það.

[17:28]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gladdi hjarta mitt að heyra þessa yfirlýsingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það er nú svo að hann er mjög skörulegur ræðumaður og það hendir stundum skörulega ræðumenn að þeir fara fram úr eigin hugmyndum. Það er einmitt það sem hefur gerst.

Hitt er svo annað mál að hann vék áðan að víðum faðmi Sjálfstfl. Það er alveg rétt að Sjálfstfl. hefur það víðan faðm að hann nær bæði utan um menn sem hafa sömu skoðun á stjórnskipunarmálum sem ég hef og eins aðra sem fara aðrar leiðir.

[17:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki það að ég vilji koma hingað til að hæla þroska mínum en ég hefði getað svarað hv. þm. Tómasi Inga Olrich með því að ástæðan fyrir því að ég vildi fá þingmenn þarna inn væri einfaldlega sú að ég treysti ekki ráðherranum fyrir málaflokknum. En af löngum kynnum mínum við hann tek ég mér það ekki í munn þó það sé verulegur ágreiningur um tiltekna hluti þessa frv.

[17:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, vék aftur að þeim dómi sem nýfallinn er í héraðsdómi Reykjavíkur varðandi fyrrum starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins og vildi halda því fram að það væri blindandi hægt að yfirfæra þann dóm á starfsmenn Pósts og síma eins og frv. til laga um stofnun hlutafélagsins Póstur og sími liggur fyrir. Ég er ekki sammála hv. þm. um það. Það er sá mikli munur á því frv. sem hér liggur fyrir og lögunum um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins að í 7. gr. þeirra laga er kveðið á um að ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi ekki við, en í því frv. sem hér liggur fyrir er þvert á móti sagt að sú grein eigi við, en á hinn bóginn muni biðlaunarétturinn haldast hjá hlutafélaginu Póstur og sími hf. Ég er þeirrar skoðunar að af því að þessi breyting er almenn um þetta fólk muni hún standast. Við erum að tala um mikinn fjölda manna og ég tel að það muni halda. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að það er vafalaust að hægt væri að takmarka biðlaunaréttinn með því að reglan yrði almenn eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem samið hefur verið um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og mér heyrðist á ummælum þingmannsins áðan að hann hefði kynnt sér.

[17:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki nudda hæstv. samgrh. því um nasir að hann hafi ekki frá hendi skapara síns skilningarvitin til þess að skilja það sem hér stendur. Það getur ekki verið ótvíræðara.

Það er alveg ljóst samkvæmt úrskurði dómsins að starf hjá hlutafélagi sem er 100% í eigu ríkisins telst ekki sambærilegt starf og það sem viðkomandi hafði áður hjá ríkinu þó að hann hafi sömu laun, þó að hann sitji í sama stól, á sömu skrifstofu. Formbreytingin er staðreynd og það má m.a. vísa til þess að þróun lífeyrisréttinda verður öðruvísi í framtíðinni eftir að breytingin hefur orðið.

Í annan stað er það líka alveg ljóst að biðlaunarétturinn, a.m.k. samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og jafnvel fleiri málsgreinum

hennar, er skilyrtur. Þar með er það alveg ljóst að starfsmenn Pósts og síma eftir breytinguna og þegar hún á sér stað njóta ekki fullkomins réttar á við aðra opinbera starfsmenn. Þar með á við þá það sem segir í úrskurði dómsins að slíkar greinar brjóta gegn viðurkenndri reglu um jafnræði þegnanna.

Herra forseti. Ég hef ekkert vit á lögfræði en ég hélt að hæstv. samgrh. væri lögvís maður. Þetta skilur hvert mannsbarn. Málið er einfaldlega það að hæstv. samgrh. hefur annað tveggja vísvitandi komið fram með frv. sem stangast á við það sem dómstólarnir segja að sé rétt ellegar hann hefur ekki unnið heimavinnuna sína. Mér er nákvæmlega sama hvort er rétt. Það sem ég veit er hins vegar þetta: Þetta frv. gengur ekki samkvæmt úrskurði dómara landsins. Svo einfalt er það. Og hvaða flokkur er það, herra forseti, sem hefur að einkunnarorðum: „Með lögum skal land byggja"? Vill hæstv. samgrh. rifja það upp fyrir mér?

[17:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sem ég sagði hér er auðvitað kjarni málsins. Hér erum við að tala um það að biðlaunarétturinn falli ekki niður, heldur eigi hann áfram við. Mér þykir satt að segja hálfundarlegt að hv. þm. skuli endurtaka hér og þrástagast á hinu sama og halda því fram að hér sé um algjörlega sambærileg efnisatriði að ræða og algjörlega sambærileg ákvæði. Það er ekki svo. Það eru ósannindi.

Á hinn bóginn liggur fyrir lögfræðilegt álit um það að ákvæðið eins og það er í frv. standist þá hugsun sem lá á bak við ákvæðið um biðlaun á sínum tíma og það er skoðun þess lögfræðings sem það skrifaði að það standist fyrir dómi þannig að þetta mál hefur verið athugað sérstaklega. Ég vil í allri vinsemd biðja hv. þm. að kynna sér þau plögg sem ég skal senda honum áður en hann hefur fleiri orð hér uppi.

[17:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið ráðherra. Ég veit að undir svona kringumstæðum er hægt að búa til hvaða lögfræðiálit sem er. Þau eru ekki túskildingsvirði. Það er svo einfalt mál. Og þegar ég var í því hlutverki fyrir síðustu ríkisstjórn að fara með tvö slík frumvörp í gegnum þingið, þá voru einir tveir eða þrír lögfræðingar fjmrn. sem töldu mér trú um að ég væri að gera rétt og það voru tíndar til einhverjar skrauthúfur úr hópi hæstaréttarlögmanna. Síðan voru einhverjir aðrir sem voru á móti og við vorum þeirrar skoðunar að það væri ekkert að marka þá af því að þeir væru lögfræðingar hagsmunaaðila, þ.e. stéttarfélaganna. En það kom bara í ljós að þeir höfðu rétt fyrir sér.

Málið er, hæstv. samgrh., það kann vel að vera að þegar allt er skorið til hjarta og nýrnanna, þá hafi ráðherrann rétt fyrir sér og ég rangt. En miðað við úrskurð í undirrétti, þá hef ég rétt fyrir mér og þangað til hæstv. fjmrh. hefur áfrýjað málinu (Gripið fram í.) og fengið niðurstöðu sér í vil, þá er það þannig að þetta frv. er í andstöðu við úrskurð íslenskra dómstóla. Og ætlar hæstv. samgrh. að standa í því hér að verja frv. sem liggur fyrir að er í blóra við úrskurði íslenskra dómstóla? Ég þekkti hann að öðrum dreng hér áður fyrr. (**Samgrh.**: Málinu hefur verið áfrýjað.)

[17:36]

Útbýting þingskjala:

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 355. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 615.

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, 283. mál, nál. samgn., þskj. 612.

Rekstrarform Landsvirkjunar, 352. mál, þáltill. SighB o.fl., þskj. 611.

[17:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega með hálfum huga sem maður hefur mál sitt á eftir mesta sérfræðingi í því að formbreyta ríkisfyrirtækjum, hv. 15. þm. Reykv., sem nú hefur yfirgefið salinn, en ég hygg að fáir menn á Íslandi í samanlagðri kristni hafi komið jafnmikið nálægt því að formbreyta ríkisfyrirtækjum eins og hv. 15. þm. Reykv. þannig að það er fullkomin ástæða til að hlusta eftir því sem hann segir. Hann átti þátt í því að formbreyta Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni og Síldarverksmiðjum ríkisins. Mér er til efs að nokkur núlifandi Íslendingur hafi verið jafnafkastamikill á þessu sviði. Þess vegna var það svo að ég hlustaði mjög grannt eftir orðum hans og fagnaði því í sjálfu sér að hann lýsti því yfir að hann væri enn sömu skoðunar og á síðasta kjörtímabili að það væri ástæða til að breyta rekstrarformi Pósts og síma líkt og hann sjálfur stóð að því að breyta rekstrarformi allmargra ríkisfyrirtækja á síðasta kjörtímabili.

Það hafa orðið miklar breytingar í fjarskiptamálum okkar Íslendinga eins og í heiminum í kringum okkur. Það sem þótti viðurkennt í gær er orðið úrelt í dag og framtíðin ber eitthvað óvisst í skauti sér. Tæknibreytingarnar sem við erum núna að sjá gera það að verkum að hefðbundin landamæri á fjarskiptasviðinu eru að hverfa, aukin samkeppni mun lækka verð og það er einmitt niðurstaðan af alþjóðlegum samanburði OECD-ríkjanna að aukið frelsi á fjarskiptasviðinu lækki verðið. Það sem meira er, markaðurinn muni stækka og valmöguleikar neytendanna muni aukast. Í þessari veröld samkeppni mun verðmætasta eign hvers símafélags ekki verða fastur búnaður, heldur ekki síst markaðurinn og notendurnir og þess vegna skiptir það miklu máli að bjóða nægilega góða þjónustu sem sem flestir vilja nýta sér.

Á tækni- og tölvusviðinu, þar með fjarskiptasviðinu, eru landamæri milli ólíkra tæknisviða að breytast. Við getum ekki lengur leyft okkur að tala um símtækni eða fjarskiptatækni með hefðbundum hætti. Tölvur og símamál eru að verða óaðskiljanlegur hluti hvors annars. Einmitt vegna þess að sími, sjónvarp og tölvur eru að tengjast órjúfanlegum böndum munum við í framtíðinni sjá birtast framleiðsluvörur þar sem þessi þrenns konar tækni verður nýtt í sameiningu. Breska tímaritið The Economist orðaði það svo í ræki legri úttekt á fjarskiptamálum fyrir skömmu að hinar nýju framleiðsluvörur muni einkennast af ánægjunni sem sjónvarpstæknin munu veita okkur, minni og hugsun tölvunnar og af hinum mannlegu samskiptum sem síminn býður okkur upp á.

Það hefur líka verið bent á það að í venjulegum nútímabíl finnum við 50 mismunandi smátölvur sem hver um sig hafi sjálfstætt hlutverk. Með því að samtengja þessa tækni við bílasíma framtíðarinnar verði hægt að stjórna bílnum með öðrum hætti heldur en áður, svo sem eins og það að auðvelda mönnum að rata um, finna að nýju stolna bíla og ýmislegt annað sem framtíðin ein muni leiða í ljós.

Hverjir eru það sem hagnast munu á þessum breytingum á fjárskiptasviðinu? Það má nefna nokkra til sögunnar í þessu sambandi. Í fyrsta lagi mun fjarskiptabylting framtíðarinnar draga úr ferðalögum sem nú eru nauðsynlegur hluti ýmiss

konar atvinnustarfsemi vegna ferða á fundi og til þess að reka erindi.

Í öðru lagi er margs konar þjónusta sem hið opinbera veitir og menn þurfa að sækja nú til sérstakra stofnana eins og Húsnæðisstofnunar ríkisins, Tryggingastofnunar og fleiri slíkra aðila. Henni má allt eins sinna í gegnum tölvur og fjarskipti framtíðarinnar.

Í þriðja lagi höfum við þegar séð möguleikana á fjarnámi í gegnum tölvur og önnur fjarskipti. Því miður erum við Íslendingar komnir mjög stutt áleiðis að þessu leytinu eins og fram kom í umræðu í síðustu viku en nú fer fram í menntmrn. stefnumótun á þessu sviði sem fróðlegt verður að fylgjast með.

Í fjórða lagi má nefna að eldri borgar og þeir sem t.d. vegna fötlunar eru einangraðir á heimilum sínum geta með auðveldari hætti átt samskipti við stjórnsýsluna, við annað fólk eða nám svo að dæmi sé tekið.

Í fimmta lagi er það deginum ljósara að einangraðri byggðir munu sérstaklega hagnast á þessari tækni. Möguleikarnir til þess að sinna störfum, t.d. á landsbyggðinni, munu aukast okkur öllum til hagsbóta.

Það er einmitt í þessari tæknibyltingu sem ég hef verið að lýsa sem við verðum að taka þátt. Það er óhjákvæmilegt ef við ætlum að þróast áfram sem nútímaþjóðfélag í fullri samkeppni við þjóðfélögin í kringum okkur. Sem betur fer er það svo að við búum við mjög gott kerfi að þessu leytinu hér á landi og Póstur og sími hefur borið gæfu til þess að fylgjast ákaflega vel með á fjarskiptasviðinu að öllu leyti. Það er líka ljóst eins og ég hef margoft vakið athygli á að verðlag á símkostnaði á Íslandi er mun lægra heldur en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur og það er vissulega ánægjulegt að þannig hafi það tekist til. Það hefur orðið mjög umtalsverð breyting að þessu leyti á undanförnum árum. Ég vek athygli á því að það er ekki bara um það að ræða að símkostnaðurinn á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins hafi jafnast heldur er það einnig svo að raunkostnaður símaþjónustunnar í heild hefur lækkað vegna þess að símataxtarnir hafa ekki hækkað mörg undangengin ár.

Það er líka ljóst að fjarskiptamálin verða æ þýðingarmeiri í atvinnulífinu og það t.d. vekur athygli við lestur erlendra blaða og tímarita að umfjöllun um fjarskiptamálin er að verða æ umfangsmeiri í viðskiptatímaritum og viðskiptablöðum af öllu tagi. Það er ekki óalgengt að á forsíðum virtra erlendra blaða og tímarita sé einmitt verið að fjalla um fjarskiptamál í sem breiðustum skilningi þess hugtaks.

Ástæðan fyrir því að ég vek athygli á þessu er sú að við erum að ræða frv. sem felur í sér formbreytingu á mjög mikilvægri stofnun, Pósti og síma. Menn spyrja eðlilega: Hvers vegna? Er einhver ástæða til að gera þessa formbreytingu? Hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti bókstaflega eftir rökum fyrir því að við værum að gera þessa formbreytingu á þessu félagi.

Ég tel að það sem við eigum að hafa í huga í þessu sambandi sé einfaldlega að það rekstrarform sem við ætlum að búa utan um starfsemi Pósts og síma hér á landi verði sem þjálast, virkast og líklegast til að takast á við þær breytingar sem eru að verða, ekki munu verða heldur eru að verða í fjarskiptamálunum allt í kringum okkur. Það er sá útgangspunktur sem við þurfum að ganga út frá. Og þess vegna finnst mér það fráleitt koma til greina að við notum t.d. Landsbanka Íslands eða ríkisbankana sem sérstaka fyrirmynd að því rekstrarformi sem við viljum sjá í nútímalegri stofnun sem ætlar að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni sem fram fer af mjög mikilli hörku.

Ég held þess vegna að það séu fjöldamörg rök fyrir því að við breytum um rekstrarform á Pósti og síma í því skyni að tryggja forræði þessa fyrirtækis og tryggja stöðu þessa fyrirtækis á innlendum markaði í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem er að mæta fyrirtækinu nú þegar.

Í fyrsta lagi tel ég að við hljótum að horfa á hlutafélagaformið vegna þess að það er form sem við þekkjum í atvinnurekstri hér á landi. Það hefur almennt gefist vel í atvinnurekstri í heiminum í kringum okkur og hvers vegna skyldum við ekki nota það form sem við þekkjum best sjálf, Íslendingar, og er algengast úti um allan heim í rekstri fyrirtækja? Af hverju skyldum við reyna að hverfa til einhvers annars forms sem við þekkjum síður og er augljóslega alls staðar á undanhaldi sem það rekstrarform fyrirtækja í heiminum?

Í öðru lagi má benda á það sem hefur margoft komið fram að samkeppnislögin gætu mjög auðveldlega eins og fram hefur komið í áliti Samkeppnisstofnunar knúið Póst og síma til að losa sig frá ýmsum veigamiklum þáttum í sínum rekstri. Það er alveg ljóst að samkeppnissvið Pósts og síma mun stækka vegna þess einfaldlega að það eru að verða æ fleiri þættir í rekstri þessa fyrirtækis sem hafa snertifleti við fyrirtæki á erlendum og innlendum markaði.

Í þriðja lagi er mjög þýðingarmikið að Póstur og sími geti farið að taka þátt í skyldum rekstri. Ég nefndi áðan að það er þannig að með þeirri þróun sem hefur orðið í fjarskiptamálum, sjónvarpsmálum og tölvumálum eru skilin á milli þjónustusviðanna, þ.e. síma, fjarskipta og tölvu, að verða mjög óljós. Það verða mjög vandfundin rök fyrir því að fyrirtæki á einu þessara sviða hasli sér ekki völl á öðru þannig að þetta eru líka rök í málinu.

Í fjórða lagi eru hin almennu rök sem hafa verið flutt af fjöldamörgum þingmönnum. Það eru þessi almennu rök um mikilvægi sveigjanleikans og um að boðleiðirnar séu sem stystar innan fyrirtækisins svo að menn geti tekið skjótar ákvarðanir og brugðist hratt við miklum breytingum. Það er ekkert vafamál á því að þetta form sem við höfum núna á rekstri Pósts og síma, þó að það hafi gefist vel á síðastliðnum árum, mun henta frekar illa í því að bregðast hratt við örum breytingum sem allir eru sammála um að verða á þessu sviði á allra næstu árum og eru reyndar þegar hafnar af miklum krafti.

Í fimmta lagi segi ég að það er varla tilviljun að allar þjóðir sem hafa tekið þessi mál til rækilegrar endurskoðunar hafa einmitt valið sér þetta form hlutafélagavæðingarinnar í einhverju formi til að fyrirtækin á fjarskiptasviðinu verði sem best í stakk búin til að takast á við framtíðina. Það er ekki þannig að við eigum að apa upp að óathuguðu máli allt sem gerist erlendis. En við hljótum, nema við ætlum að vinna í algerri einangrun, að taka tillit til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað víðast hvar úti um allan hinn frjálsa heim.

Þetta eru í mínum huga, virðulegi forseti, helstu rökin fyrir því að það er óhjákvæmilegt að við tökumst á við það núna að breyta formi þessa félags í hlutafélagsformið vegna þess einfaldlega að ég held að það sé skynsamlegt allra hluta vegna að styrkja þessa atvinnugrein innan lands sem er að mæta aukinni erlendri samkeppni. Menn geta velt fyrir sér hver sé reynsla annarra þjóða af þessu. Í nýlegri úttekt sem gerð var eftir að formbreytingin átti sér stað í Danmörku

og kynnt var fyrir fulltrúum samgn. Alþingis eða fulltrúum þingflokkanna sem heimsóttu danska símafyrirtækið, er komist svo að orði að séð frá sjónarhóli notendanna hafi formbreytingin í meginatriðum tekist vel. Fyrirtækið, þ.e. danska símafélagið, varð notendavænna ef svo má að orði komast og lægra verð á þjónustu náði til fleiri þátta. Þetta er með öðrum orðum það mat á reynslunni sem þegar er fengin frá öðrum þjóðum. Og ég endurtek að þó að það sé þannig að við eigum ekki að éta upp að óathuguðu máli allt sem frá öðrum þjóðum kemur, hljótum við að reyna að byggja á reynslu þeirra þjóða sem hafa gengið í gegnum þessar miklu breytingar.

Það er svo að hin alþjóðlega samkeppni er hafin og þó að við höfum kannski tamið okkur, eins og fram kom í máli hæstv. sagmrh. í upphafi umræðunnar, að ætla það að Póstur og sími geti starfað í óbreyttri mynd að eilífu, amen, þá er það einfaldlega ekki þannig. Menn hafa orðið nú þegar möguleika á því að fara fram hjá símakerfi Pósts og síma, hringja til „óperatora" úti í heimi og komast þannig inn á alþjóðlegar símalínur. Þetta er því einfaldlega komið til að vera og við stöndum frammi fyrir þessum raunveruleika.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið nokkuð rækilega farið ofan í það sem ég geri mér mætavel grein fyrir að hlýtur að verða langviðkvæmasta málið í þessari umræðu, þ.e. spurningin um réttarstöðu starfsmannanna. Ég held að það sé alveg ljóst að í samgn. Alþingis verði þetta það mál sem við þurfum að fara hvað rækilegast yfir því að það er skýr vilji sem hefur komið fram í máli hæstv. samgrh. og kemur mjög skýrt fram í athugasemdunum við 8. gr. þessa frv. að það er andi frv. að tryggja starfsmönnum Pósts og síma eins og segir í athugasemdunum, með leyfi forseta: „sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess" og nú er ástæða til að undirstrika, „eins og engin formbreyting hefði orðið á rekstri hennar, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða."

Ég held að það skipti mjög miklu máli vegna þess að hér hefur verið mjög vitnað til dómsins í SR-málinu svokallaða, að vekja athygli á því að það er munur á 8. gr. þessa frv. og hins vegar 7. gr. laganna um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Í lögunum um Síldarverksmiðjur ríkisins segir aðeins, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum." Síðan kemur þessi setning: „Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Ég hef að vísu ekki sjálfan dóminn undir höndum. En ég hef efnislega frásögn í BSRB-blaðinu af þessu máli. Þar er það að í fyrsta lagi er vakin athygli á því, segir í dómnum, að þetta ákvæði í lögunum um Síldarverksmiðju ríkisins, SR, brjóti gegn jafnréttisreglu stjórnarskrár og alþjóðasáttmála sem Ísland á aðild að með því að biðlaunaréttur einstaklingsins við þessar aðstæður sé skertur. Nú er það þannig að það sem skiptir öllu máli og hæstv. samrh. hefur verið að fara rækilega yfir, er að gert er ráð fyrir því í þessu frv. að biðlaunarétturinn flytjist með viðkomandi starfsmanni inn í hið nýja félag. Munurinn á þessu og lögunum um SR er að þar var ekki gert ráð fyrir þessu ákvæði. Það er ekki talað um það ákvæði í þeim lögum. Mér sýnist því af þessu máli að við séum að tala um mjög ólík ákvæði. Ég er hins vegar á þeirri skoðun í grundvallaratriðum að ofan í þessi mál verði að fara mjög rækilega því að málið stendur og fellur með því að þetta gangi upp.

Ég verð að segja það að ég áttaði mig ekki alveg á ræðu hv. 15. þm. Reykv. þegar hann fjallaði um þetta. Hv. þm. var ákaflega jákvæður fyrir þessari formbreytingu enda kom það ekki á óvart því að hann var, svo að ég noti hans eigin orðalag, múrbrjótur hinn mesti þegar verið var að formbreyta ríkisfyrirtækjum á síðasta kjörtímabili. Annars vegar var hv. þm., hinn mikli múrbrjótur og jákvæður fyrir hugmyndinni um það að breyta þessu ríkisfyrirtæki í hlutafélag en dró svo í land í hinu orðinu og fór að tala um að það væri ekki hægt að gera þetta fyrr en búið væri að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna vegna þess að þetta ræki sig hvert á annars horn. Ég trúi varla að það hafi verið meining hv. þm. að segja sem svo að til þess að hann gæti látið þessar hugsjónir sínar rætast á þessu kjörtímabili eins og hinu síðasta, þyrfti að gera breytingar sem fælu í sér skerðingu á lífeyrisréttindum og öðrum réttindum opinberra starfsmanna. Það er ekki meiningin með þessu frv. hér. Með frv. er þvert á móti talað mjög um það að tryggja, eins og ég hef þegar rakið og kemur fram í athugasemdum við 8. gr., svo að ég endurtaki, með leyfi virðulegs forseta: „að tryggja starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess eins og engin formbreyting hefði orðið á rekstri hennar ..." Mér sýnist því, virðulegi forseti, að við fyrsta yfirlestur sé á þessu reginmunur og dómurinn í SR-málinu eigi ekki við varðandi 8. gr. í frv. um Póst og síma. En ég endurtek að þetta er það mál sem rækilegast þarf að kafa ofan í til að taka af öll tvímæli svo að þetta góða framfaramál sem formbreytingin á Póst og síma er, takist sem best.

Ef ég hefði undir höndum ívitnun í hv. formann Alþfl., hv. 9. þm. Reykv., þá nánast hvetur hann til þess með miklum látum á forsíðu Alþýðublaðsins að formbreyting af þessu taginu eigi sér stað. Hann kvartar mjög undan því og telur að það sé eitt af því sem standi í veginum fyrir framförum á Íslandi að við séum með svo stóran hlut af atvinnulífinu njörvaðan niður með ríkisafskiptum og nefnir sérstaklega í því sambandi fjarskiptakerfið og Póst og síma. Út af fyrir sig kemur mér því ekki afstaða hv. 15. þm. Reykv. neitt á óvart enda lýsti hann því yfir að hann væri afar hollur sínum foringjum og hlýtur að hafa gegnt því herútboði sem var blásið til á forsíðu Alþýðublaðsins á dögunum.

[17:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þm. sagði um að ég hefði talið nauðsynlegt að breyta lögum frá 1954, um réttindi opinberra starfsmanna. Það er alger reginfirra og allur meginþungi minnar ræðu var einmitt sá að það væri ríkisstjórnin sem ætlaði sér að gera það. Ég sagði hins vegar að út frá lögmálum rökfræðinnar mundi ekki vera hægt fyrir ríkisstjórnina að fá þessi lög samþykkt þannig að dómur yrði ekki kveðinn upp svipaður SR-dómnum á grundvelli þeirra nema það yrði gert. Það er náttúrlega gríðarleg breyting á því.

En vegna þess að hv. þm. ræddi um SR og taldi að það væri munur á því sem segir í 7. gr. frv. til laga um breytingu á högum Síldarverksmiðjanna og því sem segir í 8. gr. þessa frv., þá langar mig til þess að lesa þar sem sagði í 7. gr. frv. um síldarverksmiðjur ríkisins, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess

og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Þetta segir hv. þm. að sé efnislega öðruvísi en 8. gr. vegna þess að í 8. gr. *er gert ráð fyrir því að öll réttindi flytjist* með eins og ekki hafi orðið um formbreytingu að ræða. Nú langar mig til að lesa greinargerð með 7. gr. sem ég var að lesa áðan vegna þess að hún gerir ráð fyrir nákvæmlega því sama. Þar segir, með leyfi forseta:

„Greininni er ætlað að tryggja föstum starfsmönnum SR sömu störf hjá nýja félaginu við stofnun þess og þeir gegna nú. Engin breyting verður því á atvinnumöguleikum, launum eða lífeyrisréttindum starfsmanna."

Nákvæmlega það sama. Samt sem áður fellur dómur sem segir: Þetta er ekki sambærileg staða. Það má velta fyrir sér af hverju það er. Er það vegna þess að biðlaunin eru í rauninni ekki laun heldur skaðabætur sem er verið að greiða mönnum m.a. fyrir missi atvinnuöryggis? Gætum við orðið sammála um að atvinnuöryggi mundi breytast við það að þetta yrði að hlutafélagi? Ég er ekki viss um það. Það kann að vera. Það þyrfti að skoða.

Það er ýmislegt fleira sem ég gæti nefnt þessu til staðfestu. Mig langar líka að spyrja hv. þm. en kannski er það ekki sanngjarnt að ég spyrji hann. Er það svo að hjá hinu nýja hlutafélagi muni menn halda áfram að vinna sér inn lífeyrisréttindi t.d.? Er fæðingarorlof hið sama o.s.frv.? En það sem mestu máli skiptir er að hann hefur lýst því yfir fyrir hönd hv. samgn. að þessi mál verði skoðuð mjög rækilega. Það er gott.

[17:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel einmitt að það sem hv. las upp sýni og undirstriki að það er verulegur munur á annars vegar þeim lagatexta sem hann vitnaði til varðandi SR-mjöl eða Síldarverksmiðjur ríkisins og hins vegar því frv. sem við erum að ræða. Ég tel að frv. sem er hér til umfjöllunar taki miklu betur á þessu máli en lögin gera enda er frv. að hluta til samið í ljósi þess dóms sem féll í SR-málinu og menn höfðu til hliðsjónar. Ég veit að hv. þm. er brenndur af biturri reynslu af því að treysta á lögfræðinga og gefur ekki mikið fyrir lögfræðiálit sem hann kallaði held ég silkihúfur í hógværð sinni áðan. Engu að síður er það svo að það er álit þess lögmanns sem hæstv. samgrh. hefur stuðst við við undirbúning þessa máls og hefur komið að fleiri slíkum málum, að eins og frumvarpsgreinin lítur hér út, standist hún þessa skoðun. Ég verð samt sem áður að segja að ég varð auðvitað var við að hv. þm. var að undirbúa sig undir lítinn slag um frv. sem hæstv. forsrh. hefur boðað. Ég skildi þó ekki alveg þá hugsun hjá hv. þm. að tala annars vegar fyrir hlutafélagavæðingu en vekja samt sem áður athygli á því að þetta frv. stæðist ekki gagnvart þeim lögum sem í gildi eru varðandi opinbera starfsmenn. Maður hlýtur því að álykta sem svo að hv. þm. segi: Við skulum láta þetta yfir okkur ganga. Öll biðlaun verða greidd með þeim kostnaði sem því fylgja, ellegar þarf að breyta þessum lögum.

[18:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni er skilningur hv. þm. réttur. Í ræðu minni fyrr í dag sagði ég að það væru tvær leiðir færar að því er virtist fyrir ríkisstjórnina: Annars vegar að greiða biðlaunin öllum starfsmönnum ríkisfyrirtækja sem er breytt yfir í hlutafélag. Hins vegar að fara þá leið, sem mér sýnist ríkisstjórnin vera að feta sig núna. Hún er sú að breyta lögunum frá 1954, þ.e. gera atlögu að kjörum og réttindum opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir góðan vilja og góðar yfirlýsingar hv. þm., kýs ég að lesa þetta frv. um Póst og síma með hliðsjón af þeim þremur ókomnu frumvörpum sem ríkisstjórnin hefur boðað. Ég kýs líka að lesa það í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á bönkunum. Það er alveg ljóst að það nákvæmlega sama mun gilda um bankastarfsmenn og við erum að ræða um í dag. Ég tel að nýleg harka forsrh., sem hafði sýnt vaxandi mýkt á síðari missirum og mánuðum, sýni það eitt að ríkisstjórnin ætlar sér fyrst að ná fram þessum þremur frumvörpum um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Síðan verður Póstur og sími keyrður í gegn og síðan verða bankafrumvörpin keyrð í gegn. Þá verður þetta löglegt, en það verður siðlaust vegna þess að þá verður búið að skerða réttindi opinberra starfsmanna sem nemur milljörðum króna.

En millileiðin, hv. þm., er fær. Það er hægt að fara þá leið að semja við opinbera starfsmenn, semja um einhvers konar aðferð sem gerir kleift að fara þessa leið. En það er nákvæmlega það sem ríkisstjórnin hefur ekki gert. Hún á kost á tveimur leiðum. Hún á kost á því að ræða við menn og semja og hún á kost á ófriði og hún hefur valið leið ófriðarins. Má kannski gera því skóna að hér sé um að ræða einhvers konar aðdraganda að kjarasamningum sem síðar fara fram á þessu ári? Er það ekki alveg ljóst að það ber að líta á þetta allt í einni heild. Þetta er aðför. Ég lít svo á vegna þess að núna, þegar er efnahagsleg uppsveifla, er fært að leysa þetta vandamál í góðum friði með samningum.

[18:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talar um að það sé verið að efna til ófriðar við opinbera starfsmenn. Þetta frv. sem við ræðum hér gefur ekki tilefni til neinnar ályktunar af því tagi, nema síður væri. Þegar frv. er lesið, bæði frumvarpstextinn sjálfur og athugasemdirnar, er alveg ljóst hver andi þessa frv. er. Það er engin ástæða til að draga jafnhvatskeytislegar ályktanir og hv. 15. þm. Reykv. gerði um það að í frv. felist einhver ófriðaryfirlýsing í garð opinberra starfsmanna í þessu frv. Öðru nær.

Það sem þetta frv. felur í sér umfram frv. og lögin um Síldarverksmiðjur ríkisins er að hér er verið að tala um að *áunninn biðlaunaréttur sem menn hafa unnið sér inn hjá Pósti* og síma flytjist með þeim inn í hið nýja félag. Það er ekki þannig að menn hafi biðlaunarétt á tveimur stöðum, heldur flyst biðlaunarétturinn með þeim inn í hið nýja félag. Í þessu felst auðvitað mikil breyting frá því sem var í lögunum um Síldarverksmiðjur ríkisins, sem við báðir stóðum að að samþykkja, hv. þm. og ég. Þetta er sú niðurstaða sem lögmenn, sem hafa verið kallaðir til ráðgjafar, hafa komist að. Ég endurtek það, þótt hv. þm. hafi ekki mjög mikið álit á þessari stétt um þessar mundir. Mig minnir að hann hafi einhvern tíma haft það þegar hann var að veifa lögfræðiálitum við önnur tækifæri sem ráðherra og þingmaður. Þótt hann hafi ekki mikið álit á lögfræðistéttinni um þessar mundir, þá er það einmitt þessi stétt manna sem kölluð er til lögskýringa þegar mikið liggur við.

[18:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. er ekki bara verið að gera grundvallarbreytingu á rekstri Pósts og síma, heldur er

ýmsum spurningum hvað varðar starfsfólk, réttindi þess og kjör og áhrif þessara breytinga á þjónustu Pósts og síma við landsmenn ósvarað. Mér finnst hæstv. samgrh. hafa svarað mjög óskýrt þeim spurningum sem til hans hefur verið beint í þessari umræðu, ekki síst þeim sem lúta að kjörum starfsmanna Pósts og síma. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að hæstv. samgrh. sjái sér fært að vera hér viðstaddur.

(**Forseti** (RA)**:** Hann er þarna innst.)

Gott og vel. Því er haldið fram í frv. af hálfu hæstv. samgrh. að hér sé ekki verið að einkavæða Póst og síma. Hvað sem því líður er ljóst að hugur hæstv. samgrh. virðist standa til þess, en í frumvarpsdrögunum sem lágu fyrir 1993 var einmitt gert ráð fyrir sölu á hlutafé í Pósti og síma. Eins eru ýmis atriði í þessu frv. sem virðast eiga að ryðja brautina fyrir einkavæðingu og má ætla að hér sé á ferðinni stórt skref í þá átt. Skoði maður frv. sem hæstv. ráðherra var með 1993 eru ákvæðin ósköp svipuð að því er varðar heimild til sölu á hlutabréfum, en í fyrri frumvarpsdrögum ráðherra stóð: „Við stofnun og til ársloka 1997 skulu öll hlutabréf í félaginu vera eign ríkissjóðs. Eftir þann tíma tekur Alþingi ákvörðun um hvort og í hve miklum mæli hlutabréfin skulu seld." Mér sýnist þetta vera ósköp sambærilegt ákvæði.

Það er ljóst hvert hugur ráðherrans stefndi á þeim tíma og vil ég þar vitna í frétt sem kom í DV á sínum tíma, 12. ágúst 1992. Ég vitna hér orðrétt til fyrirsagnar, með leyfi forseta: „Útlendingar geta keypt Póst og síma, segir Halldór Blöndal samgrh." Í greininni segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er ekki loku fyrir það skotið heldur að erlendir aðilar geti keypt hlut í Pósti og síma eða íslensku símafyrirtæki. Ég tel hins vegar skynsamlegt í fyrirsjáanlegri framtíð að íslenska ríkið eigi í það minnsta helminginn í slíku fyrirtæki."

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, hvert hugur ráðherrans stefnir í þessu máli. Þótt hér sé verið að reyna að koma málinu í gegn undir þeim formerkjum að það eigi ekki að selja hlutabréfin, er alveg ljóst að það er verið að stíga mjög afdrifaríkt skref til einkavæðingar á Pósti og síma. Ég hygg að við séum flest sammála um að svo þurfi að búa að rekstrarumhverfi Pósts og síma að það sé í stakk búið til að mæta örri tækniþróun, samkeppni í gagnaflutningi og nánast byltingu í fjarskiptatækni o.s.frv. Við þurfum að laga okkur að samkeppni á þessu sviði. Spurningin er þá um leiðir. Þarf að breyta rekstrarformi Pósts og síma til að standast samkeppni og þá hvernig? Ég tel að ekki þurfi mikið að deila um markmið, heldur fremur leiðir til að ná því markmiði. Og þar vakna margar spurningar, herra forseti.

Þótt flestar þjóðir sem við berum okkur saman við hafi á síðari árum verið að breyta rekstri símaþjónustunnar, þó misjafnt sé með póstþjónustuna, virðist það ríkisrekna form sem við höfum búið við ekki hafa hamlað okkur í að laga okkur að þessari öru þróun á sviði fjarskipta og upplýsingamiðlunar. Það kemur greinilega fram og var vitnað til þess fyrr í dag í greinargerð með frv. að við höfum lagað okkur prýðilega að þessari þróun.

Við sjáum það líka þegar skoðuð er tafla sem birtist í Símablaðinu árið 1993 yfir símagjöld fyrirtækja miðað við sömu notkun í öllum OECD-löndum árið 1991. Þar er Ísland langlægst að því er varðar símagjöldin.

Ég velti því fyrir mér, og það hafa fleiri gert hér í dag, hvort það sé endilega sjálfgefið að knýja þurfi á um þessa breytingu á rekstri Pósts og síma, þ.e. að breyta rekstrarforminu í hlutafélag. Ég tel að það þurfi að athuga það sérstaklega hvort ekki sé hægt að ná markmiðunum með því að fara þá leið sem farin var í Frakklandi og í Lúxemborg á sínum tíma, þ.e. að gera Póst og síma að sjálfstæðu fyrirtæki í eigu ríkisins undir sérskipaðri stjórn sem hefði víðtækt ákvörðunarvald til að framkvæma nauðsynlegar breytingar til að hægt væri með eðlilegum hætti að aðlagast örri þróun í fjarskiptatækni. Það felur í sér að engin hlutbréf eru gefin út en félagið starfar á líkan hátt og um hlutafélag væri að ræða.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh. aftur um þessa leið vegna þess að hæstv. ráðherra var þeirrar skoðunar fyrir kosningar 1995, fyrir tæpu ári, að það væri ekki endilega nauðsynlegt að fara þá leið að breyta rekstrarformi Pósts og síma í hlutafélag, heldur væri hægt að fara aðra leið. Ég ætla að vitna til þess, með leyfi forseta, sem fram kom á fundi sem Starfsmannafélag Pósts og síma hélt um þetta mál rétt fyrir kosningar, en þá sagði hæstv. samgrh. orðrétt:

„Halldór Blöndal samgrh. hafði fyrstur framsögu. Hann sagði að það væri ekki aðalatriðið að breyta stofnuninni í hlutafélag heldur kemur það ekki síður til greina að stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins sem lúti almennt lögmálum markaðarins, greiði skatta og skyldur og þar fram eftir götunum."

Ég spyr: Hvað hefur gerst, hæstv. ráðherra? Hæstv. ráðherra hafði þá afstöðu rétt fyrir kosningar, fyrir nokkrum mánuðum, að ekki væri endilega nauðsynlegt að breyta stofnuninni í hlutafélag, heldur kæmi ekki síður til greina að stofna sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins. Nokkrir þingmenn hafa talað fyrir því hér í dag að það bæri að skoða áður en farið verður út í þessa breytingu. Ég tek t.d. undir það sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég er ekki sannfærð um þau rök sem hæstv. ráðherra færir fram að það sé endilega nauðsynlegt að fara út í hlutafélagaformið. Og ég spyr um afstöðu ráðherrans: Hvað hefur breyst frá því að ráðherrann sagði þetta fyrir örfáum mánuðum?

Það er alveg ljóst að réttarstaða fólks í þessu frv. er ákaflega óljós. Ég verð að segja, herra forseti, að ég var furðu lostinn undir framsöguræðu hæstv. ráðherra. Þar kom orðrétt fram hjá hæstv. ráðherra að það þyrfti að hefja viðræður um hagsmunamál starfsmanna. Á fyrst að fara að hefja viðræður um hagsmunamál starfsfólksins eftir að þetta mál er komið inn á þingið? Það er með ólíkindum að ráðherra skuli hafa slík samskipti við starfsfólkið sem á svo mikið í húfi við þessar breytingar. Maður veltir fyrir sér hvort það sé tilviljun að gert er ráð fyrir, bæði í frv. varðandi réttindi starfsfólks og um breytingu á lögum um grunnskóla, að starfsfólk haldi óbreyttum kjörum og réttindum. En í öðrum frumvörpum er um að ræða allt önnur kjör, eins og t.d. varðandi lífeyrisréttindi. Bæði þetta frv. og breytinguna á grunnskólalögunum virðist eiga að nýta til að gerbreyta og skerða lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Mér finnst mjög sérkennilegt að hæstv. ríkisstjórn, þótt hún hafi vissulega mikinn þingstyrk, skuli bjóða þinginu upp á þessa vitleysu. Opinberum starfsmönnum er boðið að halda sömu réttindum og kjörum í einu frv. og síðan kemur annað frv. inn í þingið sem á að taka öll þessi réttindi aftur. Það er verið að nýta þessar breytingar eins og í sambandi við grunnskólalögin og þessa formbreytingu hér til þess að taka réttindin holt og bolt, réttindin sem opinberir starfsmenn hafa haft og sem viðurkennt er oft og tíðum að hafi haldið niðri launum hjá starfsfólkinu og þetta á að gera án þess að fólkinu sé bætt þetta í launum.

Ég ætla að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra varðandi stöðu starfsfólksins og ég mun ekki una því að hann svari því með útúrsnúningi í andsvari á þeim tveimur

mínútum. Hann hefur ekki svarað ýmsum spurningum sem komu fram, t.d. hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur varðandi stöðu starfsfólksins. Ég bið ráðherrann að svara þessum spurningum:

1. Hverjir verða samningsaðilar starfsfólks eftir breytingu yfir í hlutafélag? Maður getur líka spurt: Hvaða áhrif hefur það ef gildistakan á að vera 1. okt. 1996 og samningar starfsfólks Pósts og síma eru lausir um næstkomandi áramót? Verða samningar þessa starfsfólks áfram lausir um næstkomandi áramót miðað við gildistökuna 1. október?

Í 8. gr. frv. er kveðið á um að starfsfólk skuli halda þeim réttindum sem það hafði áunnið sér hjá stofnuninni en í skýringum með 8. gr. kemur fram að með ákvæðinu eru viðurkennd þau réttindi sem starfsmenn höfðu áunnið sér hjá stofnuninni fyrir stofnun félagsins. En hvað gerist síðan? Spurningin lýtur að því hvað gerist eftir stofnun félagsins. Verða þau laun og réttindi sem fólk hefur áunnið sér fryst og starfsfólki síðan boðin önnur kjör af hálfu þessa félags, kannski breytt eða skert réttindi frá því sem starfsfólkið hafði áður? Hvernig verður fyrirkomulagið þá? Á að gera persónubundna samninga við hvern og einn starfsmann í þessu nýja hlutafélagi? Eru ekki allar leiðir opnar fyrir nýja félagið að segja fólki upp og ráða það þá á öðrum kjörum eftir breytinguna? Það er athyglisvert sem kemur fram í 8. gr. frv. að kveðið er á um að fólk fái ekki lakari laun en það naut áður. Þó það nú væri. Starfsfólk Pósts og síma er á lægstu launum sem boðin eru í þjóðfélaginu. Þakka skyldi hæstv. samgrh. þó hann ætli ekki að standa að því að starfsfólkið fái lakari laun en það nýtur núna.

Hvaða lög eiga að gilda um starfsfólk Pósts og síma? Eiga að gilda lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða lög sem gilda á almenna vinnumarkaðnum? Starfsfólkinu er þetta ekki ljóst. Ég spyr hæstv. ráðherra að því og ætlast til þess að hann svari því hvaða lög hann telur að eigi að gilda um starfsfólkið.

Ég spyr um verkfallsrétt póst- og símamanna. Hér eru 300–400 manns sem hafa engan verkfallsrétt. Þó var tekið á þessu í fyrri frumvarpsdrögum ráðherrans á árinu 1993. Hvað mun breytast? Mun eitthvað breytast hvað varðar verkfallsréttinn?

Ég ítreka spurningu Ástu R. Jóhannesdóttur: Hvað verður um núverandi æðstu stöður hjá Pósti og síma við breytinguna? Halda yfirmennirnir stöðum sínum eða verða þær auglýstar lausar til umsóknar? Það er einu sinni svo að þar sem farið hefur verið út í þessa formbreytingu sem hefur svo leitt til einkavæðingar eru það yfirmennirnir sem hafa grætt á öllu saman. Laun þeirra hafa margfaldast en laun starfsfólksins hafa yfirleitt staðið í stað. Mér finnst mjög sérkennilegt að starfsmenn Pósts og síma hafi ekki átt fulltrúa í nefndinni sem samdi frv. og nánast ekkert samráð hafi verið haft við starfsmannafélög starfsfólksins við samningu frv.

Ég ætla aðeins að víkja að öðrum ákvæðum frv. Ef ríkisstjórnin er staðráðin í að knýja þessa breytingu í gegn, sem ég er alls ekki sannfærð um að sé nauðsynleg, og ég tek undir með hæstv. ráðherra sem sagði á fundi póst- og símamanna fyrir kosningar að alls ekki sé nauðsynlegt að fara þessa leið. Það er oft svo að stjórnmálamenn tala tungum tveim, hvort um er að ræða fyrir eða eftir kosningar. Ef ríkisstjórnin er staðráðin í að knýja þetta í gegn er spurning hvort hæstv. ráðherra gæti ekki hugsað sér að skipta upp annars vegar póstinum og hins vegar símaþjónustunni. Ýmis rök mæla með því að það verði gert og raunverulega knýr ekkert á um breytingu á póstþjónustunni en eins og við vitum er fólgin í henni mikil samfélagsleg þjónusta. Maður spyr hvaða áhrif þessi breyting hefði fyrir þjónustuna við landsbyggðina.

Í 2. gr. frv. er veitt mjög víðtæk heimild til stofnunar dótturfyrirtækja og stefnt að því að tryggja fjárhagslegan aðskilnað þess hluta fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta sem er í samkeppni við aðra. Ég sé ekki að það þurfi að vefjast fyrir mönnum að skipta upp rekstri síma- og póstþjónustunnar og breyta ekki póstþjónustunni í hlutafélag. Hæstv. ráðherra talar um að þetta kalli á mjög mikla vinnu. Af hverju lét hæstv. ráðherra þá vinnu ekki fara fram áður en hann kom með frv. inn í þingið?

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að við stofnun félagsins skuli allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis. Ákvæðið virðist skýrt varðandi hlutafé sem verður til við stofnun félagsins en nú spyr ég hvernig með verður farið ef talin verður þörf fyrir að auka hlutafé síðar meir. Kemur þá eingöngu til kasta eiganda ríkissjóðs eða telur ráðherrann sig með ákvæðum þessa frv., ef samþykkt verða, eða með vísun í ákvæði hlutafjárlaga geta boðið út nýtt hlutafé? Mér sýnist ákvæðið vera skýrt en ekki er annað hægt en að ráðherrann svari því afdráttarlaust hvort hann telji að með þessum lögum, ef að lögum verður, eða með vísan í hlutafjárlögin geti hann aukið hlutaféð.

Virðulegi forseti. Ég nefni líka 5. gr. frv. Mér finnst ekki boðlegt að Alþingi sé boðið upp á að endurmat eigi að fara fram á eignum stofnunarinnar og skuldbindingum á viðskiptavild eftir að frv. verður að lögum. Hvernig stóð á því að hæstv. ráðherra lét þetta endurmat ekki fara fram meðan málið var í skoðun hjá hæstv. samgrh. og ríkisstjórninni þannig að Alþingi hefði þá hugmynd um hvert þetta endurmat væri og hvert hlutaféð yrði? Mér finnst ekki boðlegt fyrir Alþingi að ætla að gera þetta eftir að frv. er orðið að lögum.

Mikið hefur verið rætt um að samgrh. eigi einn að skipa sjö manna stjórn Pósts og síma sem ég tel alveg út í hött. Ég spyr ráðherrann og óska eftir svari við því hvort hann telji a.m.k. ekki eðlilegt að starfsmenn fái einn fulltrúa í stjórn félagsins. Er ekki lágmark að starfsfólki sé boðið upp á það ef af þessari breytingu verður að fá a.m.k. einn fulltrúa í stjórn félagsins?

Í fyrra frv. var talað um fimm manna stjórn en nú er allt í einu búið að breyta því í þessu frv. yfir í sjö manna stjórn. Þarf hæstv. ráðherra að koma fyrir fleiri gæðingum inn í stjórnina eða hver er ástæðan fyrir þessari breytingu? Hún er a.m.k. ekki skýrð hér. Alla vega virðist svo að ráðherrann hafi ekki verið að búa til pláss fyrir fulltrúa starfsmanna í þessari stjórn.

Ég spyr hæstv. ráðherra um gjaldskrárnar. Telur hann að það verði um einhverjar gjaldskrárhækkanir að ræða við þessar breytingar? Hvað átti hæstv. ráðherra við í framsöguræðu sinni þegar hann sagði fyrr í dag að frekari jöfnun á símkostnaði væri fram undan? Hæstv. ráðherra skýrði það ekkert nánar og ég held að ástæða sé til að ráðherra skýri það.

Hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. hljóta að hafa skoðað það saman hvað megi meta að hlutafélagið, ef af verður, greiði í skatta eftir þessa formbreytingu. Á síðustu árum hafa verið greiddar verulegar fjárhæðir frá Pósti og síma í ríkissjóð, 860 millj. ef ég man rétt, og hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hljóta að hafa reynt að leggja eitthvert mat á það

hvað megi ætla að þetta nýja hlutafélag greiði í skatta og skyldur til ríkissjóðs.

Ég sé að tími minn er búinn en ég vil líka spyrja ráðherrann um eitt mikilvægt atriði. Hvað verður um niðurfellingu á fastagjaldi síma, sem tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar hafa, þegar þessu er breytt í hlutafélag? Verður þeim hópi tryggð áfram þessi kjör í einhverju formi, t.d. með hærri bótum frá almannatryggingum?

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin segja þetta: Verði þessi ríkisstjórn áfram við völd tel ég einsýnt að hér sé verið að stíga afdrifaríkt skref til einkavæðingar á Pósti og síma á Íslandi og við því vil ég vara sterklega. Það skulu vera lokaorð mín að ég mun ekki láta mér nægja í stuttu andsvari einhvern útúrsnúning frá hæstv. ráðherra. Ég mun þá taka aftur til máls á eftir og nýta mér þann tíma sem ég hef til þess að knýja á um svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir ráðherrann.

[18:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rödd þingmannsins er sem ljúf tónlist í eyrum mér þannig að það er mjög freistandi að svara ekki til þess að maður fái að heyra hv. þm. taka aftur til máls.

Hv. þm. byrjaði ræðu sína á því að ræða um fund sem efnt var til af starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar fyrir síðustu kosningar í gamla Sjálfstæðishúsinu. Það er laukrétt hjá hv. þm. að ég lýsti því yfir að ég teldi óhjákvæmilegt að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag eða annað rekstrarform sem væri á sama grundvelli. Slíkt rekstrarform er ekki til samkvæmt íslenskum lögum en ég held að óhjákvæmilegt væri að búa til einhvern efnahagsreikning hvert sem rekstrarformið er. Þegar við erum að tala um hlutafélag með þeim hætti að það verði eitt hlutabréf sem verði í eigu ríkisins sem ekki er heimilt að selja nema samþykki Alþingis komi til þá erum við að tala þar um hvert sé eigið fé ríkissjóðs í hinu nýja fyrirtæki sem arðgreiðslur miðast síðan við. Þegar hv. þm. og ýmsir aðrir eru að tala um einhverja aðra gerð af fyrirtæki er vitnað til annarra landa. Ég hef t.d. ekki séð löggjöf um það hvernig fyrirtæki póst- og símaþjónustunnar er í Frakklandi. Einhver var að giska á það við mig að menn væru byrjaðir að selja hlutabréf. Það væri búið að breyta því í hlutafélag nú. Ég veit ekki hvort það er rétt. En aðalatriðið er að það er Alþingis að ákveða hvort hlutabréf verði seld í Pósti og síma hf. Burt séð frá því hvort þetta frv. verður samþykkt eða ekki getur Alþingi síðar samþykkt slíkt frv.

[18:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. samgrh. sagði á þessum umræddu fundi að það kæmi ekki síður til greina að stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins sem lúti almennum lögmálum markaðarins. En ég hygg að hæstv. ráðherra hafi ekki gert svo lítið eftir kosningar að kanna þennan kost. Þessi leið var farin eins og ég sagði í Frakklandi og Lúxemborg og það var almennt viðurkennt að það væri um mjög stórt skref að ræða og að það form væri ekki síður heppilegt til þess að það væri hægt að mæta þeirri öru tækniþróum sem við erum að tala um. Það stendur í plöggum sem eru væntanlega komin frá samgrn. að ég hygg að vafalítið megi rekja það til áhrifa starfsmanna að þetta form varð fyrir valinu þegar sjálfstæði póst- og símaþjónustunnar var aukið í Frakklandi. Það er ljóst að þar hefur verið hlustað á starfsfólkið sem hefur reynslu í þessum efnum, en hæstv. ráðherra ætlar greinilega ekkert að nýta sér þekkingu starfsfólksins á þessu sviði. Það er vissulega miður.

Ég er fegin því, herra forseti, að hæstv. ráðherra notaði ekki þetta andsvar til einhverra útúrsnúninga varðandi aðrar mikilvægar spurningar sem ég lagði fyrir hann og vænti þess að hann muni þá í ítarlegu máli á eftir gera grein fyrir afstöðu sinni til þeirra og þá á ég sérstaklega við um stöðu starfsfólksins og spurningar sem ég lagði fyrir ráðherrann í því efni.

[18:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af því sem ég sagði áðan um fundinn í Sjálfstæðishúsinu fyrir kosningar, þá lýsti hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, því yfir, eins og ég man fundinn, að í hennar huga kæmi ekki til greina að breyta Póst- og símamálastofnun í fyrirtæki sem starfaði á markaðsgrundvelli. Væri fróðlegt að sjá ef einhverjar perlur væru til í þessu blaði um það sem eftir hv. þm. var haft. Ég man ekki betur en því hafi jafnframt verið flaggað að Alþfl. í heild sinni væri á móti því að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag og mér fannst hv. þm. hálfvegis með brosi sínu staðfesta að hafa átt þátt í þeirri samþykkt meðan hann var í Alþfl.

Við vorum saman í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili og þá kom ljóst fram á fundum ríkisstjórnarinnar að hv. þm. vildi halda óbreyttri stöðu Póst- og símamálastofnunar. Ég hygg þess vegna að það sé ljóst að við erum að tala út frá mjög ólíkum sjónarhornum. Hv. þm. lýsti því yfir fyrir kosningar að hann vildi óbreytta stöðu Póst- og símamálastofnunar eins og ég man það, óbreytta stöðu, vildi ekki breyta Póst- og símamálastofnun í fyrirtæki sem starfar á markaðsgrundvelli. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að talaði um hlutafélag í því sambandi og er ljóst að ef rekstrarform yrði annað en kæmi að sama gagni, þá er ég ekki bókstafstrúarmaður að því leyti til. Í íslenskri löggjöf eru hins vegar ekki til nein ákvæði um slík fyrirtæki eða slíkt rekstrarform fyrirtækja.

[18:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra, að hann sé ekki bókstafstrúarmaður að þessu leyti, og tek þessa yfirlýsingu ráðherrans þannig að hann muni mjög jákvætt skoða með þinginu hvort það sé þá ekki hægt að fara aðrar leiðir eins og hæstv. ráðherra sagði fyrir kosningar að kæmi til greina.

Hæstv. ráðherra spurði um það hvað sú sem hér stendur sagði á þessum umræddu fundi. Það kemur líka fram í Símablaðinu og ég skal lesa það hér, með leyfi forseta. Það er ljóst af þeim orðum að sú sem hér stendur er algerlega samkvæm sjálfri sér bæði fyrir og eftir kosningar, en þar sagði ég, með leyfi forseta:

„Jóhanna Sigurðardóttir frá Þjóðvaka sagðist hafa barist hart gegn einkavæðingu Pósts og síma. Ef breyta ætti stofnuninni í hlutafélag væri það aðeins fyrsta skrefið í átt til að selja hana."

Það er nákvæmlega það sem ég tel að sé. Ég yrði ekkert hissa á því ef þetta frv. yrði að lögum að jafnvel næsta haust eða næsta vetur kæmi ráðherrann inn með frv. um það að leita heimilda til að selja hlutabréf Pósts og síma. Og að því er varðar Alþfl., þó að mér komi ekki við stefna flokksins, þá man ég ekki betur en að flokksþing Alþfl. hafi á sínum tíma, ég hygg að það hafi verið á árinu 1992, hafnað bæði

hlutafélagavæðingu og einkavæðingu á Pósti og síma.

[18:34]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mikil þróun á sér stað innan fjarskiptatækninnar um allan heim. Hin mikla tækniþróun og aukið frjálsræði hefur aukið samkeppni milli fyrirtækja í fjarskipta- og póstþjónustu. Sú samkeppni nær milli landa og innan landanna sjálfra. Samkeppnin mun aukast verulega 1. jan. 1998, en þá mun allur einkaréttur í fjarskiptum falla niður innan Evrópusambandsins.

Víða í nágrannalöndum okkar hafa menn verið að minnka afskipti ríkisins af fjarskipta- og póstþjónustu, oft í formi hlutafélagavæðingar. Nú er svo komið víða í Vestur-Evrópu að póst- og símaþjónusta er veitt af sjálfstæðum atvinnufyrirtækjum en ekki ríkisstofnunum eins og áður var. Það er því ekki nema eðlilegt að við Íslendingar skoðum okkar hug í þessum efnum.

Hér innan lands hefur verið fylgst með þróun fjarskipta og höfum við nú búnað og þekkingu á fjarskiptamálum á valdi okkar eins og best gerist í Evrópu. Það er mjög brýnt að okkar Póst- og símamálastofnun sé viðbúin þeirri miklu samkeppni sem búast má við, sérstaklega á sviði fjarskipta. Tæknin er orðin það mikil að hægt er að bjóða fullkomna fjarskiptaþjónustu á einangruðum og afskekktum svæðum án óhóflegs kostnaðar og þetta þýðir að jafnvel íslenski markaðurinn er ekki út úr kortinu hjá erlendum fjarskiptafélögum þótt hann sé lítill. Við megum búast við stóraukinni samkeppni, bæði af hálfu erlendra og innlendra aðila á næstu árum.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú ákveðið að breyta Pósti og síma í hlutafélag í eigu ríkisins. Það hlutafélag yrði ekki hægt að selja nema Alþingi ákvæði slíkt á seinni stigum. Ekkert slíkt er á döfinni að mínu mati. Þó tel ég líklegt að þróunin gæti orðið sú að hinu nýja hlutafélagi yrði skipt upp í tvö sjálfstæð hlutafélög. Væntanlega kæmi síðar upp krafa um að selja hlutabréf í Símanum hf. á frjálsum markaði þar sem hann verður í mun meiri samkeppni en póstþjónustan. Alþingi þyrfti að taka á því máli, en það má vera að slíkt yrði æskilegt. Ef þróunin verður slík, sem ég tel að ekki sé hægt að útiloka, þá tel ég að ekki sé æskilegt að seld yrðu nema 49% hlutabréfa á frjálsum markaði þannig að ríkið færi með meirihlutavald innan fyrirtækisins. Það er mikilvægt að breytingar á rekstri ríkisstofnana verði gerðar í skrefum þannig að fyrirtækin geti aðlagast breyttum aðstæðum með eðlilegum hætti.

Sú hlutafélagavæðing sem nú stendur fyrir dyrum gerir ákvarðanatöku Pósts og síma sveigjanlegri eins og margoft hefur verið komið inn á í dag. Stjórnendur og starfsfólk geta brugðist hraðar við síbreytilegum aðstæðum á markaðnum. Það verður því betur í stakk búið að taka þátt í samkeppninni. Einnig má búast við að sjálfstæð fyrirtæki geti boðið upp á betri og ódýrari þjónustu en núverandi form. Það má einnig segja að langtímahagsmunir starfsfólksins hljóti að vera þeir að fyrirtæki geti lifað af samkeppni og dafnað. Það eru ekki hagsmunir þess að fyrirtækið dragist aftur úr og hugsanlega tapi samkeppni gagnvart erlendum aðilum. Mér skilst samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið varðandi það hvernig tekið var á sambærilegum málum í Danmörku að þar hafi starfsmenn talið farsælla að póst- og símaþjónustan yrði færð frá því að vera ríkisstofnun yfir í sjálfstætt fyrirtæki sem gæti tekist á við nýjar aðstæður á markaði.

Það er hins vegar eitt atriði sem hefur sótt á mig í frv. ríkisstjórnarinnar um hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Af hverju er verið að breyta ríkisstofnuninni Pósti og síma í eitt hlutafélag? Af hverju er stofnuninni ekki skipt upp í tvennt, í tvö sjálfstæð hlutafélög? Eða símanum er breytt í hlutafélög en pósturinn látinn bíða eða gerður að sjálfstæðu fyrirtæki eins og í Danmörku? Þar er pósturinn sjálfstætt fyrirtæki í eigu danska ríkisins og um hann gilda sérstök lög. Fyrirtækið er ekki á fjárlögum og starfsmenn eru ríkisstarfsmenn. Formið gengur ekki í berhögg við reglur Evrópusambandsins um póstþjónustu. Stjórnin er skipuð níu mönnum, sex frá ráðherra og þremur frá starfsmönnum.

Síma- og póstmál eru ekkert sérstaklega tengd eða skyld. Af hverju á að vera sameiginleg stjórn þessara tveggja mismunandi eininga? Er ekki líklegra að síminn njóti sín sjálfstætt og pósturinn líka? Það er að mínu mati mjög líklegt að Póstur og sími verði aðskilinn í tvö hlutafélög bráðlega eins og hér hefur komið fram. En af hverju má ekki stíga það skref strax?

Hæstv. ráðherra hefur sagt að það sé óráðlegt, það tæki of mikinn tíma og væri flókið. Hins vegar veit ég til þess að það hefur verið að verulegu leyti greitt úr slíkum málum, m.a. í bókhaldi Pósts og síma og er sú vinna langt komin. Það getur varla verið svo flókið að skipta fyrirtækinu upp. Er ekki eðlilegra og hagkvæmara að skipta því í tvö félög, annað sæi um póstþjónustuna en hitt um fjarskiptaþjónustuna? Fyrirtækin yrðu hvort í sínu lagi heilsteyptari, markvissari og samhentari en það mundi skila sér í betri rekstri.

Þau rök hafa heyrst að síminn skili afgangi en pósturinn sé rekinn með halla og því sé eðlilegt að Póstur og sími séu í sama hlutafélagi. Þessi rök tel ég alls ekki nægjanleg. Ég vona að samgn., sem fær frv. í vinnslu, skoði mjög vandlega hvort ekki sé rétt að skipta Pósti og síma strax í tvö aðskilin félög.

En er hægt samhliða breytingu Pósts og síma í hlutafélag að jafna símkostnað yfir landið? Landið er ekki stórt. Má ekki einmitt núna nota tækifærið og skilyrða þjónustu símans þannig að neytendum verði ekki mismunað eftir búsetu? Þegar síminn í Noregi var hlutafélagavæddur eða Telenor var stofnað, þá skilst mér að gengið hafi verið út frá því skilyrði að Telenor tryggði að símagjaldskrá í dreifbýli yrði lækkuð. Slíka leið ætti einnig að skoða hér. Hér hefur reyndar komið fram í máli hæstv. ráðherra að jöfnun sé á dagskrá, en það hefur ekkert verið skilgreint nánar.

Herra forseti. Ég tel rétt að stjórnvöld bregðist við þeirri samkeppni sem fyrirsjáanleg er, sérstaklega í fjarskiptum, en ég set spurningarmerki við það að setja Póst og síma í eitt hlutafélag. Það er von mín að samgn. skoði hvort aðrar leiðir sem ég hef bent á séu ekki hagkvæmari til lengri tíma litið.

[18:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Tæknin tekur örum breytingum. Hratt flýgur stund. Einkavæðum Póst og síma. Þetta er inntakið í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar í dag og étur hver upp eftir öðrum án þess að menn færi rök fyrir sínu máli. Mér finnst hægt að nálgast þessa umræðu út frá tveimur sjónarhornum: Annars vegar er um að ræða þjónustustofnun sem snertir líf okkar allra. Hún snertir okkur sem notendur þessarar þjónustu og hún snertir okkur sem eigendur þessarar stofnunar.

Í öðru lagi er hægt að líta á Póst og síma sem einn fjölmennasta vinnustað í landinu og skoða málin út frá hagsmunum þeirra sem starfa á þessum vinnustað. Það hefur verið gert og í máli sumra hv. þm. með ágætri röksemdafærslu í dag. Það hafa verið settar fram spurningar sem menn vilja fá svör við áður en endanlega er gengið frá þessum málum.

Í því frv. sem hér er til umræðu eru alvarlegar brotalamir að því leyti sem þarf að skoða nánar, t.d. hvað varðar biðlaunaréttinn og skírskotun til lífeyrisréttinda, en þar er einnig að finna mjög jákvæða hluti. T.d. segir í 8. gr. frv.:

„Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeir boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni."

Í athugasemdum sem fylgja frv. er einnig að þessu vikið og sagt á þá leið að starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar verði tryggð sambærileg kjör þeim sem þeir áður nutu hjá Póst- og símamálastofnun. Og í skýringu við 8. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Með ákvæðinu eru viðurkennd þau réttindi, sem starfsmenn höfðu áður áunnið sér hjá stofnuninni fyrir stofnun félagsins."

Þetta þykir mér mjög jákvætt, góð og jákvæð nálgun og ég fagna því sem kom fram í framsöguræðu hæstv. samgrh. að á næstu dögum verði sest niður með fulltrúum starfsmanna Pósts og síma, farið rækilega yfir þessi mál og kannað með hvaða hætti verði hægt að tryggja þau markmið sem hér eru sett á blað. Þessu fagna ég.

Hinu fagna ég ekki hvað ríkisstjórnin er að gera gagnvart þeim réttindum sem hér er vísað til vegna þess að allt réttindakerfi starfsmanna ríkisins er í uppnámi eftir að ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún hygðist taka allan lagabálkinn um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna upp með rótum, lífeyrisréttindin einnig. Þar er boðuð stórfelld réttinda- og kjaraskerðing sem gerir því miður ágætar yfirlýsingar og ágæt markmið, sem sett eru á blað í þessu frv. og ég vísaði til, harla lítils virði. Þess vegna er algerlega útilokað að afgreiða þessi lög áður en botn er fenginn í þetta. Þetta var það sem ég vildi sagt hafa á þessu stigi um þennan þátt málsins, þ.e. vinnustaðinn og réttindi starfsfólksins.

Þá vil ég víkja að hinum liðnum, þjónustustofnuninni Pósti og síma sem snertir líf okkar allra sem notenda þessarar þjónustu og sem eigenda þessarar stofnunar. Þegar litið er á starfsemi Pósts og síma hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa fjallað um, í greinargerð sem fylgir frv. og í flestum samanburðarfræðum, sem sett hafa verið fram í skýrsluformi um Póst og síma á liðnum árum, að þessi íslenska stofnun stendur sig afar vel. Ísland er með lægstu innanlandssímgjöld í gervöllu OECD. Við erum búin að farsímavæða allt landið. Við erum búin að leggja ljósleiðara um allt Ísland. Svo standa menn í röðum í allan dag og segja að það þurfi meiri sveigjanleika. Við erum að verða vitni að því að þessi íslenska stofnun stendur jafnfætis þeim stofnunum og þeim sem eru miklu stærri erlendum hvað tækniframþróun snertir. Eru það þá einhverjir alþjóðlegir samningar sem knýja okkur til þessara breytinga? Það eru engir alþjóðlegir samningar sem knýja okkur til þessara breytinga. Ég fullyrði það. Ég fullyrði að samningar um Evrópska efnahagssvæðið gera engar kröfur á okkur um eignarhald á stofnuninni. Skyldi það rekstrarform sem við búum við standast samkeppnislög? Já, það gerir það. Það þarf engar breytingar að gera á eignarhaldinu gagnvart samkeppnisráði.

Hvað þá með eigendur stofnunarinnar, skattgreiðendur? Þarf að breyta einhverju þeim til hagsbóta? Póstur og sími fær ekki eina einustu krónu úr ríkissjóði. Hún skilar hins vegar 1.000 millj. kr. á hverju ári inn í ríkissjóð. Halda menn að þær krónur yrðu fleiri eftir þessa formbreytingu? Ég held ekki. Jú, kunna menn að svara á móti. Við getum náð þessum peningum í gegnum skattgreiðslur og arðgreiðslur. Arðgreiðslur, hve lengi? Ekki mjög lengi samkvæmt orðum Hreins Loftssonar, formanns einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, sem segir í BSRB-tíðindum, með leyfi forseta:

„Sumir segja að rekstrarformið skipti öllu en ekki eignarhaldið. Ég er annarrar skoðunar. Það er eignarhaldið sem skiptir öllu. Þetta eru aðskildar ákvarðanir í tíma. Það er í mörgum tilvikum skynsamlegt að breyta rekstrarformum fyrirtækja fyrst og gera þau að góðri söluvöru áður en þau eru seld. Nokkur ár geta liðið þarna á milli. Menn eiga að hafa þetta í huga. Reynsla erlendra sérfræðinga er einungis sú að það sé einungis skynsamlegt að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag sé ætlunin að selja það. Hlutafélagavæðingin er bara fyrsta skrefið að mínu áliti." Heiðarlegur maður, Hreinn Loftsson. Formaður einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar talar hreint út.

Hér hefur verið vitnað í ferðalag þingmanna til Skandinavíu til að kynna sér málin og vísað þar í að starfsmenn hefðu óskað sérstaklega eftir þessari breytingu. Hvaða starfsmenn? Það voru yfirmennirnir. Ekki voru það félög starfsmanna sem óskuðu eftir þessu. Þau hafa verið andvíg þessum breytingum og þar er búið að selja hlutabréfin í danska símafyrirtækinu sem skilaði í fyrra yfir 10 milljörðum íslenskra króna í arð. Hvert skyldu 300–400 millj. af þessum 10 milljörðum fara? Þær fara til Bandaríkjanna. Hvers vegna? Vegna þess að það er búið að selja hlutabréfin til Bandaríkjanna. Í Noregi var okkur sagt að hlutabréfin yrðu aldrei seld. Það er verið að auglýsa þau núna. Tveir plús tveir eru fjórir, hvort sem við erum í Noregi, Nýja-Sjálandi eða á Íslandi. Svo eru menn að tala um sveigjanleika. Er það sveigjanlegra fyrirkomulag sem verið er að búa til? Jú, kannski. Undir eignarhaldi eins ráðherra sem fer með eitt hlutabréf, sjö manna stjórn.

Mér er spurn: Hvað erum við að tala um hérna? Við erum að tala um fyrirtæki með eigið fé upp á 15 milljarða. Ef menn ætla að fara út í annað rekstrarform þurfa menn að ganga þá leið til enda og tryggja eftirlit markaðarins sem menn eru að sækja inn á. Hvernig er það gert? Það er með eftirliti þeirra sem eiga hlutabréfin. Í því felst markaðsvæðingin. Skilja menn þetta ekki? Það er málið. Það eru kostir markaðarins ef menn ætla að fara út á þá braut að taka þetta undan lýðræðislegri stjórn Íslendinga sem eiga þetta fyrirtæki. Ég vara við blekkingum af því tagi sem hér eru uppi í málflutningi. Eða á þetta fyrirtæki með 15 milljarða í eigið fé að vera það sveigjanlegt að ekki megi nokkur maður líta þar inn í bókhaldið eða inn í reksturinn? Hvert eru menn eiginlega að fara? Mér er spurn. Hvað er það sem hæstv. ráðherra Halldór Blöndal getur gert á morgun þegar hann situr einn að hlutabréfunum sem íslenska ríkisstjórnin getur ekki gert í dag?

Ég vil í stuttu máli segja þetta: Við erum með lægstu innanlandssímgjöld innan OECD. Við erum með stofnun sem er undir lýðræðislegu valdi. Við erum með stofnun sem er sveigjanleg í rekstri og hefur sannarlega verið það. Við

erum með stofnun sem hefur skilað miklum fjármunum inn í ríkissjóð, inn í sameiginlega sjóði okkar. Hvar skyldi sönnunarbyrðin hvíla? Hvort skyldi hún hvíla hjá þeim sem vilja viðhalda því fyrirkomulagi sem við búum við eða hjá hinum sem vilja breyta því? Skyldi hún ekki hvíla þar? Hingað kom hins vegar maður sem þekkti vel til þessara mála, til einkavæðingarumræðunnar víðs vegar um heiminn og hafði alveg sérstaklega kynnt sér símastofnanir í því efni. Hann var spurður: En hvers vegna í ósköpunum eru menn þá að gera þetta? Jú, sagði hann. Dýrin gera það. Meira að segja býflugurnar gera það. Allir gera það. Við hljótum að gera það. Er ekki kominn tími til að menn færi rök fyrir sínu máli? Mér finnst það.

[18:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ef ekki taka fleiri til máls þakka ég fyrir málefnalegan málflutning og hversu ítarlega hefur verið farið í einstök atriði frv. Það kemur mér auðvitað ekki á óvart að hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, skuli lýsa yfir efasemdum yfir því að rétt sé að breyta Póst- og símamálastofnun í fyrirtæki sem vinni á markaðsgrundvelli. Það hefur komið fram áður í máli hans hverjar stjórnmálaskoðanir hans eru. Þær eru grunnmúraðar eins og raunar stjórnmálaskoðanir mínar en við erum hins vegar ekki á sama væng stjórnmálanna. Ég trúi því ekki eins og hann að til langs tíma sé það farsælt í erfiðri samkeppni að fyrirtæki eða stofnun — það er erfitt að kalla Póstur og sími fyrirtæki og stofnun í sömu andránni — við skulum segja að Póstur og sími sé rekinn sem opinber stofnun og trúi því að Póstur og sími muni halda velli til frambúðar á þeim grundvelli.

Ég deili ekki þeirri skoðun með honum. Ég er gagnstæðrar skoðunar og það er ekki rétt hjá hv. þm. þegar hann segir að öll starfsmannafélög Pósts og síma séu andstæð því að (**ÖJ:** Í Danmörku.) já, í Danmörku já, þá misheyrði ég. Ég þekki það auðvitað ekki. En hér á landi eru skiptar skoðanir meðal starfsmanna Pósts og síma á því hvort skynsamlegt sé að breyta fyrirtækinu í hlutafélag eins og hér er gert ráð fyrir eða halda áfram að reka það sem opinbera stofnun.

Ég hlýt að segja það út af því sem hv. þm. sagði áðan um tvö frumvörp sem kynnt hafa verið ríkisstjórninni og hann þekkir í einhverri gerð. Vinnsla frumvarpanna hefur haldið áfram og mér er ekki alveg kunnugt um hvaða gerð hv. þm. hefur í höndum. Þar erum við annars vegar að tala um frv. um breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hins vegar erum við að tala um frv. um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

Um síðara frv., um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, vil ég segja að það er vitaskuld ógerningur að halda þeim reglum og þeim sjóði í því horfi sem verið hefur. Ég hygg að það sé rétt hjá mér að hallinn á lífeyrissjóðnum sé um 3,5 milljarðar á ári og það er alveg ljóst að það verður að breyta reglum og skilmálum sjóðsins og þá kemur auðvitað til greina að auka greiðslur í sjóðinn. Hins vegar kemur líka til greina að halda greiðslum óbreyttum en breyta þá þeim réttindum sem viðkomandi fá. Ég held að við verðum öll að gera okkur grein fyrir því að opinberir starfsmenn eru orðnir það margir að aðrir skattgreiðendur una því ekki til lengdar að þeir þurfi að standa undir hluta af lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna með sköttum sínum og skyldum. Ég hef haft áhyggjur af þessu mjög lengi, líka á þeim tíma þegar ég var kennari og var í Kennarasamtökunum og tel raunar að tómlæti of margra forustumanna opinberra starfsmanna í þessum efnum hafi verið of mikið. Ég held þess vegna að það sé ekki hægt, hvorki fyrir mig né hv. þm., sem er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að horfa þannig til framtíðarinnar að lögin um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og uppbygging þess sjóðs, kröfurnar sem á hann eru lagðar og inngreiðslurnar séu eitthvað sem við getum hugsað okkur að standi óumbreytanlegt um aldur og ævi. Ég held að við getum ekki tekið málið upp á þeim grundvelli.

Á hinn bóginn liggur fyrir samkvæmt þeim hugmyndum sem eru um þetta frv. hér að þær skuldbindingar sem hvíla á starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar verði látnar fylgja félaginu og koma fram í efnahagsreikningi þess.

Um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna vil ég á þessari stundu aðeins segja það, sem ég sagði raunar í frumræðu minni, að sú var grunnhugsunin í sambandi við biðlaunarétt opinberra starfsmanna að til hans ætti að grípa ef starf yrði lagt niður til þess að viðkomandi starfsmaður hefði nokkurt svigrúm til að leita sér að nýju starfi. Ég hygg að við hljótum að geta verið sammála um það hér í þessum sal að rauði þráðurinn í þeirri löggjöf sem við setjum um vinnandi menn í þjóðfélaginu hljóti að vera sá að menn sitji nokkurn veginn við sama borð að þessu leyti. Það hefur raunar líka komið fram að þegar stjórnmálamenn hafa skipt um starf þá hefur ekki verið talið eðlilegt að biðlaunarétturinn fylgdi þeim eftir að þeir hafa þegið laun annars staðar. Hafa verið skrifaðar um þau efni margar greinar og ég hygg að ótal ræður hafi einnig verið fluttar um þau. Það sem við gerum hér í þessu frv. er að við viðurkennum að biðlaunarétturinn sé fyrir hendi. Við gerum ráð fyrir því að starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar sé gefinn kostur á sambærilegu starfi í Pósti og síma hf., í samræmi við lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ef það er skoðun forustumanna Bandalags ríkis og bæja og þeirra starfsmannafélaga sem í hlut eiga að þetta eigi ekki að vegast á, ef þeir eru þeirrar skoðunar að það sé einskisvirði fyrir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar að lögin geti að þessu leyti átt við þegar ráðið er til nýrra starfa í Pósti og síma hf. og vilja þess vegna hafa það laust hvort um endurráðningu sé að ræða, jafnvel hjá gömlum starfsmönnum, þá er það auðvitað afstaða og þá hljóta forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að túlka hana með þeim hætti. Auðvitað geta forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ekki sagt hvort tveggja í senn: Við ætlumst til þess að ákvæðin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eigi við þegar okkur hentar en ekki þegar okkur hentar það ekki. Í þessu frv. er gengið út frá því að ekki verði röskun á högum þess fólks sem vinnur í Póst- og símamálastofnun. Í samræmi við það viljum við að biðlaunarétturinn haldi. Það má svo aftur segja að ég hlýt, bæði sem stjórnmálamaður og ráðherra, að gera það upp við mig með hvaða hætti ég vildi koma að málinu. Ég vildi að öll réttindin fylgdu með, en menn geta ekki fengið tvöföld réttindi á vissum sviðum. Ef starfsmannafélögin hafna ráðningunni þá má aftur velta vöngum yfir því hvort krafan um biðlaunaréttinn standi.

Hitt er svo annað mál að í því frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem fyrir liggur er valin önnur leið en í frv. um Póst og síma. Þar er því slegið föstu að biðlaunarétturinn skuli við það bundinn að viðkomandi fái ekki sambærilegt starf þótt hjá hlutafélagi sé og er þá átt við launakröfur og annað þvílíkt. Biðlaunarétturinn er þar með takmarkaður sem er almenn aðgerð og ég held að ekki séu neinar deilur uppi um að hún standist.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir varpaði hér fram ýmsum spurningum sem að mestu leyti skýrast af því að við erum hér að tala um að breyta ríkisstofnun í hlutafélag. Auðvitað hefur það ákveðna breytingu í för með sér á réttindum starfsfólks til frambúar þar sem um það gilda mismunandi lög. Eins og ég sagði áðan er nú í deiglunni að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það hefur verið talað um, eins og m.a. kom fram hjá þessum hv. þm. og ýmsum öðrum þingmönnum, að opinberir starfsmenn hefðu einhver ógnarréttindi vegna biðlaunanna og vegna lífeyrisréttar síns, það réttlætti að þeir séu mun lægra launaðir en annað launafólk og þeir hafi sætt sig við það af þeim sökum. Þegar við erum að tala um lægst launaða fólkið hjá Pósti og síma þá geta menn auðvitað velt vöngum yfir því, miðað við þau lífeyrisréttindi sem það að lokum fær og hefur fengið, hvort þetta fólk hefði ekki fremur kosið að betur hefði verið við það gert í mánaðarlegum launum og kjörum. Við getum því ekki sett eitthvert jafnaðarmerki á milli þessa og launakjaranna. Ég held að það sé t.d. alveg útilokað að velta því fyrir sér að það sé eitthvert jafnaðarmerki á milli biðlaunaréttarins og launakjara. Á meðan ég starfaði meðal opinberra starfsmanna minnist ég þess ekki að þeir hafi almennt talið biðlaunaréttinn mikils virði. Ég held að það sé ekki rétt vegna eðlis hans og uppbyggingar. Enda munum við, fólk á mínum aldri, ekki eftir því fyrr en á allra síðustu árum að erfitt hafi verið á að leita sér að nýju starfi. Og ekki hafa orðið neinar grundvallarbreytingar á allra síðustu árum um launamismun milli mismunandi stétta.

[19:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseta. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessa hugvekju og endurminningar sem hann flutti okkur hér. Það væri mjög freistandi að hafa langt mál um þetta en þetta er stutt andsvar þannig að ég verð að láta mér nægja örfá orð. Það er rangt sem kemur fram í máli hans að opinberir starfsmenn hafi sýnt því tómlæti að ganga til viðræðna um lífeyrismál. Það er langt síðan við óskuðum formlega eftir slíkum viðræðum. Það er einnig rangt að rugla saman svokölluðum biðlaunarétti stjórnmálamanna og þeim biðlaunarétti sem hér um ræðir. Biðlaunaréttur stjórnmálamanna lýtur ekki sömu lögmálum. Hann vaknar ekki vegna þess að starf er lagt niður heldur vegna þess að þeir hverfa úr einu starfi í annað.

Ef hæstv. ráðherra hefði hlustað betur á mál mitt hefði hann tekið eftir því að ég fagnaði því í upphafi að í frv. væru sett þau markmið að tryggja starfsfólki áunnin réttindi. Ég lagði ríka áherslu á þetta í upphafi máls míns. Ég sagðist telja að þarna væri ákveðnar brotalamir að finna hvað snertir biðlaunaréttinn, nokkuð sem þyrfti að fara nánar í saumana á. En ég fagnaði því meginmarkmiði sem hér væri að finna í frv. og fagnaði því sérstaklega að boðið hefði verið upp á viðræður þar að lútandi á næstunni. Þetta var meginatriði í mínu máli hvað snertir kjör starfsmanna. Síðan vék ég að skoðunum mínum á því hvort rétt væri að gera þessa stofnun að hlutafélagi. Það er allt annar handleggur. En hér blikka á mig ýmis viðvörunarljós. Þau orð sem hæstv. samgrh. viðhafði um lífeyrisréttindi almennt og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þau frv. sem liggja hér fyrir og hafa vakið mjög hörð viðbrögð af hálfu starfsmanna ríkisins og eiga að sjálfsögðu skilið miklu ítarlegri umræðu en við getum leyft okkur hér í stuttu andsvari.

[19:10]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemd við síðasta hluta ræðu hæstv. samgrh., þar sem hann ræddi um launakjör opinberra starfsmanna. Ég hef sömu reynslu og hæstv. ráðherra að hafa verið opinber starfsmaður. Ég hélt að allir opinberir starfsmenn könnuðust við það að þau réttindi sem þeir hafa umfram aðrar stéttir í samfélaginu hafa einmitt verið metin til launa. Það rifjaðist upp fyrir mér að í sumar reiknaði annar af hagfræðingum Alþýðusambandsins það út hvað lífeyrisréttur alþingismanna þyddi í launum. Ef ég man rétt þá sagði hann mér í þessari blaðagrein í Morgunblaðinu að ég hefði 350 þús. kr. í laun á mánuði sem ég kannast alls ekki við. Það kom ekki heim og saman við minn launaseðil. En allir vita að þessi réttindi hafa verið metin til launa og að launakjörum opinberra starfsmanna hefur verið haldið niðri í krafti þessara réttinda sem þeir hafa vissulega umfram aðra. Ég vil því mótmæla þessari túlkun hæstv. samgrh.

[19:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðlegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að hæstv. samgrh. ætlar sér ekki að greiða hér fyrir þingstörfum. Hann ber ekki við að svara þeim spurningum sem óskað er eftir að hann svari við þessa umræðu. Því sá ég mig knúna til að fara aftur í ræðustólinn og freista þess að fá hæstv. ráðherra til að svara. Það er erfitt að sætta sig við að hæstv. samgrh. beri svo litla virðingu fyrir lýðræðinu að hann heldur að Alþingi sé einhver stimpilstofnun sem afgreiðir það sem kemur frá framkvæmdarvaldinu og ráðherra beri engin skylda til að greiða hér fyrir með því að svara eðlilegum spurningum sem til hans er beint. Þó ekki væri nema vegna svara hæstv. ráðherra varðandi réttarstöðu starfsfólks er ljóst að þar rekst hvað á annars horn. Hæstv. ráðherra sagði fyrst að frv. fæli ekki í sér neina röskun á högum fólksins en í næstu setningu sagði hann að þessi formbreyting hafi í för með sér breytingu á réttindum starfsfólks til frambúðar. Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra á við með þessu.

Virðulegi forseti. Ég beindi örugglega einum 10–12 spurningum til hæstv. ráðherra. Ég vek athygli forseta á því að ráðherrann hefur ekki látið svo lítið að svara einni einustu af þeim. Ég neyðist til að endurtaka þær, mér finnst þær mjög mikilvægar. Ef ráðherrann svarar þeim hér skýrt og skilmerkilega má vel vera að það greiði fyrir málinu í þinginu.

Ráðherrann ætlar nú fyrst, eftir að málið er komið til 1. umr., að láta svo lítið að hefja viðræður við starfsfólk um hagsmunamál þess. Ég spyr því í fyrsta lagi: Ætlar ráðherra sér, ef ekki næst bærilegt samkomulag milli starfsfólksins og hans varðandi hagsmunamál hinna fyrrnefndu, með góðu eða illu og í andstöðu við starfsfólkið að knýja málið í gegn á þingi þótt ýmislegt sé enn óljóst að því er varðar réttarstöðu starfsfólksins?

Þegar ráðherrann segir að það verði engin röskun á högum starfsfólksins þá ætti nú ekkert að vefjast fyrir hæstv. ráðherra að svara t.d. þeirri einföldu spurningu hvort starfsfólk Pósts og síma eftir formbreytinguna eigi að lúta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða lögum sem gilda um starfsfólk á almenna markaðnum. Þessari einföldu spurningu ætti ráðherrann að geta svarað.

Ég spyr varðandi 8. gr.: Á að frysta þessi áunnu réttindi sem fólkið hefur við gildistöku laganna og semja síðan

upp á nýtt við starfsfólkið á einhverjum öðrum og breyttum kjörum? Ráðherra hlýtur að hafa skoðað þetta mikilvæga atriði sem lýtur að hagsmunum starfsfólks og geta svarað því hvort það eigi að frysta réttindi sem starfsfólk hefur við gildistökuna, laun, kjör og önnur réttindi og semja svo um önnur við starfsfólkið, kannski um einhverja persónubundna samninga.

Ég ítreka það og það ætti ráðherrann að hafa kynnt sér að nú býr þetta fólk við það að samningar starfsfólksins eru lausir um áramótin en lögin eiga að taka gildi 1. október. Eru þá samningar starfsfólksins — og engin veit náttúrlega við hverja þeir eiga að semja, kannski ráðherrann geti svarað því — eru þeir þá líka lausir eins og hjá öðrum um áramótin? Eða eru þeir með einhverjum hætti að binda sig miðað við það að gildistakan er 1. október? Þetta eru eðlilegar spurningar sem hljóta að verða bornar upp hér í þinginu og í þeirri þingnefnd sem fjallar um málið.

Hvað um verkfallsrétt póst- og símamanna. Nokkur hundruð póst- og símamenn hafa engan verkfallsrétt núna. Ráðherrann tók á því í fyrra frv. sínu vegna þess að í frv. frá 1993 segir: „Tilteknum starfsmönnum sem starfa vegna þessarar þjónustu er óheimilt að taka þátt í verkföllum." Ég spyr: Af hverju segir hæstv. ráðherra ekkert um þetta atriði málsins í frv.? Er það alveg óþarfi eða verður einhver breyting þar á? Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því í þeim umræðum sem fram hafa farið í dag að þótt ýmsir þingmenn hafi komið hér ræðustól og lýst sig jafnvel hlynnta þessari formbreytingu þá brennur þetta á öllum: Hvað verður um réttarstöðu, kjör og réttindi starfsfólksins? Ráðherrann getur því ekki bara skautað léttilega fram hjá því eins og hann ætlar sér greinilega að gera í þessari umræðu og koma sér hjá að svara öllum eðlilegum spurningum um þetta mál. Spurningarnar eru um æðstu stöður Pósts og síma. Verða þær auglýstar? Við hlutafélagabreytinguna hljóta þetta að verða eftirsóttar stöður ef marka má það sem gerst hefur í löndunum í kringum okkur. Þar hafa laun æðstu yfirmanna þessara stofnana margfaldast, þrefaldast segja margir, á meðan laun annarra hafa staðið í stað. Á að auglýsa þessar stöður? Þannig að það eru ýmsar spurningar sem koma upp í hugann.

Ég ítreka aftur að mér finnast rök ráðherrans mjög lítið sannfærandi þegar hann talar um að það sé erfitt að aðskilja núna rekstur Pósts og síma og fara þá bara út í hlutafélagavæðingu að því er varðar símaþjónustuna en ekki breyta póstþjónustunni. Í 2. gr. frv. á að vera hægt að tryggja fjárhagslegan aðskilnað þess hluta fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis og verndar og hins vegar þess hluta sem er í samkeppni. Er eitthvað fóknara að aðskilja rekstur póst- og símaþjónustunnar? Ráðherrann vill auðvitað hafa þetta allt í hendi sér því hann er að undirbúa jarðveginn fyrir einkavæðingu. Og ég spyr varðandi 2. gr. frv. þar sem segir: „Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum." Hvað þýðir þetta? Erum við að gera það sama og gert var í Danmörku að heimila kannski útlendingum að koma og fjárfesta í Pósti og síma?

Virðulegi forseti. Það eru ýmsar spurningar sem hafa vaknað við þessari umræðu sem ég tel mjög brýnt að við fáum einhver svör við. Ég spyr ráðherrann að því sem örugglega mundi greiða fyrir málinu í þinginu: Er ráðherrann tilbúinn að beita sér fyrir því að fulltrúar starfsfólks fái aðild að stjórn þessa nýja hlutafélags? Ég endurtek þessa spurningu vegna þess að hún er mikilvæg. Er ráðherrann tilbúinn til að beita sér fyrir því að fulltrúar starfsfólksins ef af þessari breytingu verður — ég hef talað fyrir því að hægt er að fara aðra leið — fái aðild að stjórn fyrirtækisins? Ég spyr líka um tekjur ríkissjóðs. Hafa hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. reynt að leggja mat á það hve miklu þetta nýja hlutafélag muni skila til ríkissjóðs eða hvort það verður þá verulega minna en ríkissjóður hefur þó haft af tekjum Pósts og síma? Mér finnst líka þurfa að koma skýrar fram varðandi gjaldskrárnar og þjónustuna við landsbyggðina hvort búast megi við hækkunum. Mér finnst líka mjög sérkennilegt að í frv. er kveðið á um að það eigi að semja um þjónustu sem ekki skilar arði milli þessa nýja félags og ríkissjóðs. Af hverju á það ekki að vera? Á þetta félag að vera undanþegið því að tryggja öryggisþjónustu vegna Pósts og síma? Þetta lyktar mjög af því að það sé verið að undirbúa jarðveginn fyrir pilsfaldakapítalisma. Ég spyr líka um elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa fengið fasta símagjaldið fellt niður. Hvað verður eftir þessa breytingu?

Þetta eru örfáar af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra og ráðherrann sá enga ástæðu til að svara. En svörin gætu haft veruleg áhrif á það að greiða fyrir málinu hér í þinginu. Ég vænti þess, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum. Ég minni á að ég beindi líka til ráðherrans spurningum varðandi það ef til kæmi í framtíðinni að auka hlutafé félagsins. Til hvers telur ráðherrann sig þá hafa heimildir? Telur hann sig geta aukið hlutaféð með vísan í hlutafjárlög eða frv. sem við erum að fjalla um?

Ég sé að tími minn er úti en ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum.

[19:23]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrr í dag í þessari umræðu kom fram að innan Alþfl. er klofningur í afstöðu til þessa máls. Hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður flokksins, er andvígur því að breyta Pósti og síma í hlutafélag en hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, er í grundvallaratriðum samþykkur því að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Í ljósi þess að umræður hafa farið fram að undanförnu um að hugsanlega séu Þjóðvaki og Alþfl. að sameinast, þætti mér áhugavert að vita og fá það skýrt frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort hún er meðmælt því eða á móti því í grundvallaratriðum að breyta Pósti og síma í hlutafélag og hvort hennar afstaða sé jafnframt stefna Þjóðvaka og sameiginleg afstaða þingmanna flokksins.

[19:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hv. þm. hefur annað slagið komið í ræðustólinn í dag, ekki til þess að tala um efnisatriði frv. eða það sem menn hafa helst áhyggjur af varðandi ýmislegt sem fram kemur í því heldur til að reyna að kasta einhverju upp um að þingmenn í hinum ýmsu þingflokkum séu ósammála um hvernig eigi að taka á málinu. En auðvitað kom það fram sem hv. þm. er hræddur við, að við sem erum að vinna að sameiningu jafnaðarmanna í eina breiðfylkingu gerum okkur fulla grein fyrir því að Sjálfstfl. óttast ekkert meira en að af þessu verði. Ótti hv. þm. kom greinilega fram og ég skil hann vel.

[19:25]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki mikið um svör við spurningum mínum hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ekki skil ég

alveg hvað hún á hægt með að átta sig á mínum tilfinningum, *betur en ég sjálfur. Ekki hefur nú hvarflað að mér ótti* við það að jafnaðarmenn sameinist. En það virðist alveg greinilegt að ef þeir ætla sér að sameinast, munu þeir ekki sameinast um einhverja stefnu, alla vega ekki í þessu máli. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson treysti sér ekki til þess að segja hver væri stefna Alþfl. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Alþfl., treysti sér ekki til að segja frá því hver væri stefna Alþfl. í málinu og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir treysti sér ekki til að kveða upp úr um það hvort hún sé í grundvallaratriðum sammála eða ósammála um að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Hvað þá að hennar skoðun væri stefna flokksins eða hvort allir þingmenn flokksins væru sammála henni. Mér sýnist því að allir þessir þingmenn og þingmenn þessara tveggja flokka séu eingöngu að hengja sig í þessari umræðu og umfjöllun um afstöðu í þessu máli í tæknileg útfærsluatriði en ekki grundvallaratriði málsins, þ.e. hvort rétt sé að breyta Pósti og síma í hlutafélag eða ekki. Ég vil þá frekar biðja um skýra og skorinorða afstöðu hjá þeim sem eru beinlínis á móti þessu og lýsa því yfir eins og hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson.

[19:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. er að reyna að draga athyglina frá því sem við höfum upplifað í dag að það er alls ekkert samkomulag um efni frv. á stjórnarheimilinu. Ég er ekki viss um þegar til kastanna kemur að ríkisstjórnin hafi þingmeirihluta fyrir því að standa að málum eins og gert er í frv. hæstv. samgrh. Ég man ekki betur en að a.m.k. tveir þingmenn Framsfl. hafi komið í ræðustól í dag og lýst því yfir að þeir vildu sjá að Pósti og síma yrði skipt upp þannig að ekki yrði farið út í hlutafélagavæðingu nema á símaþjónustunni. Hefur hv. þm. engar áhyggjur af því? Ég get fullvissað hv. þm. um að sameinaðir jafnaðarmenn í einum þingflokki munu ekki fara að eins og Sjálfstfl. gerir sem teymir alltaf Framsfl. með sér. Framsfl. er alltaf, í hverju málinu á fætur öðru, undir hælnum á Sjálfstfl. Við munum ekki fara eins að við að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög eða einkavæða þau. Markmið sjálfstæðismanna er fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni fjármagnseigenda. En það eru fyrst og fremst *jafnaðarmenn sem hafa efst í huga hver verður staða og* réttindi starfsfólks við slíka breytingu og hvaða áhrif hún hefur. Það hefur ljóslega komið fram í umræðunum í dag að Sjálfstfl. hefur ekki nokkrar áhyggjur af því máli.

[19:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér þykir mjög vænt um það hvað hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggur sig fram um að fá svör til að hún geti hjálpað mér að koma málinu gegnum þingið eða greitt fyrir því eins og hv. þm. orðar það.

Fyrst sagði hv. þm. að ég ætlaði nú fyrst að láta hefja viðræður við starfsfólk Pósts og síma. Það er ekki rétt. Ég hygg að það hafi verið um mánaðamótin júní/júlí á síðasta sumri sem þær viðræður hófust og hafa staðið eins og efni hafa gefið tilefni til. Það er rétt að það dróst nokkuð á langinn að frv. yrði lagt fram og þá lágu viðræður niðri. En eins og ég sagði þá verða þær teknar upp nú að nýju á næstu dögum svo það svarar því. En það liggur auðvitað fyrir eins og hv. þm. veit að Alþingi hlýtur að taka afstöðu til frv.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um hvernig staðið yrði að samningsmálum við starfsfólk Póst- og símamálastofnunar. Um það er það eitt að segja sem ég sagði áðan að ég vil ræða um það við starfsfólk Pósts og síma hf. Ég hef rætt um það sérstaklega að ég sé til viðræðu um það að samningsaðilinn verði annars vegar Póstur og sími hf. og hins vegar samtök starfsfólks Pósts og síma með viðlíka hætti og nú er hjá ríkisbönkunum og það svarar þeirri spurningu.

Hv. þm. spurði um 8. gr. Eins og fram hefur komið hvað eftir annað í viðræðum þá held ég að efni þeirrar greinar liggi skýrt fyrir. Auðvitað verður um að ræða persónubundinn samningsrétt hvers einstaks enda er gert ráð fyrir því að menn flytji réttindin með sér til Pósts og síma hf. þannig að nauðsynlegt er að skilgreina og setja niður í hverju hann er fólginn.

Hv. þm. spurði hvernig færi um samninga um áramót. Samningar eru almennt lausir um áramót. Í sambandi við þá spurningu skírskota ég enn til þess að við erum að hefja viðræður við fulltrúa starfsmannafélaga Póst- og símamálastofnunar, síðar Pósts og síma hf., nú á næstu dögum. Það vísar til þess.

Hv. þm. spurði hvernig haldið yrði á 13. gr. Pósti og síma hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn sem nánar er skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur. Þetta er auðvitað eitt af þeim atriðum sem fellur undir *þær sömu viðræður.*

Hv. þm. spurði hvernig færi um stöður æðstu embættismanna Pósts og síma eftir að fyrirtækið verður hlutafélag. Það kemur skýrt fram í 8. gr. að menn skulu eiga rétt á hliðstæðum störfum. Auðvitað hlýtur að verða auglýst eftir sem áður hver verði forstjóri Póst- og símamálastofnunar. Það er augljóst vegna eðli málsins.

Í sjöunda lagi spurði hv. þm. hvort ég væri meðmæltur því að fulltrúi starfsfólks sæti í stjórn. Frv. gerir ekki ráð fyrir því.

Í áttunda lagi spurði hv. þm. hvort tekjur ríkissjóðs yrðu hinar sömu eftir að fyrirtækið verður hlutafélag. Það getur auðvitað enginn sagt um það fyrir fram hver verði arður af hlutafélagi. Fyrr í dag spurði hv. þm. hvernig stæði á því að ekki væri búið að skrifa upp efnahagsreikning nýs hlutafélags, Pósts og síma hf., miðað við 1. júlí nk. Það er náttúrlega svo að þótt unnið hafi verið að því að endurmeta eignir Póst- og símamálastofnunar, skuldbindingar og viðskiptavild, og unnið sé að því að leggja mat á aðra skulda- og eignaliði efnahagsreiknings er ekki frá slíkum málum gengið fyrr en í lokin. Í 5. gr. er kveðið á um það hverjir skuli meta þessi atriði lögum samkvæmt. Það breytir því ekki að undirbúningsvinnan *hefur verið lengi í gangi enda væri ógerningur* að skila niðurstöðu á þessum tíma ef verkið væri allt óunnið eins og hv. þm. gaf í skyn.

Í níunda lagi hafði hv. þm. einhvern grun um að gjaldskrár mundu hækka ef Póst- og símamálastofnun yrði breytt í hlutafélag. Ég get ekki svarað því hvaðan slíkar hugrenningar koma. Ég kannast ekki við þær.

Hv. þm. spurði um 14. gr. Þar er talað um að ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að ráðast í einhverjar sérstakar aðgerðir eða framkvæmdir er opnað fyrir þann möguleika að ríkisstjórnin greiði fyrir það.

Loks spurði hv. þm. hvort ég gæti ákveðið að hlutafé Pósts og síma yrði aukið. Það get ég auðvitað ekki því það er gert ráð fyrir því samkvæmt frv. að ríkissjóður eigi allt hlutafé. Ríkissjóður yrði þá að leggja fram fé til slíkra hluta og það verður ekki gert án atbeina Alþingis.

[19:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. ráðherra fer mjög fram í þessum efnum þó að augljóst sé af svörum hans að það þarf helst að toga þetta upp úr hæstv. ráðherra með töngum til að fá þau fram. Þó svörin væru ekki alveg skýr fannst mér ýmislegt skýrast frá því fyrr í dag. Hæstv. ráðherra svaraði að vísu ekki spurningum mínum um elli- og örorkulífeyrisþegana og um verkfallsréttinn. Mér þykir það miður og spyr hvort hæstv. ráðherra vilji ekki bæta úr og svara þessum tveimur atriðum. Mér fannst mjög athyglisvert í máli hæstv. ráðherra að hann talaði um að eftir þessa breytingu yrði um að ræða persónubundinn samningsrétt hvers og eins eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Ég verð að líta svo á meðan annað er ekki upplýst og ekki talað skýrar en ráðherrann gerir að það eigi að frysta laun, kjör og réttindi starfsfólksins frá gildistöku laganna og síðan að semja eftir á við hvern og einn í persónubundnum samningum. Það veit því enginn út í hvaða óvissu hann er að fara og ráðherrann treystir sér greinilega ekki til að taka af skarið í því efni.

Í lokin vænti ég þess að hann svari þessum tveimur spurningum, um elli- og örorkulífeyrisþegana og verkfallsréttinn og þeirri einföldu spurningu sem ég spyr nú í þriðja skiptið í dag: Munu starfsmenn Pósts og síma eftir þessa breytingu lúta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða munu þeir lúta lögum sem almenni vinnumarkaðurinn gerir? Þetta er einföld spurning og ráðherranum ætti ekki að verða skotaskuld úr því að svara henni.

[19:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði að vísu um persónubundna samninga. Hafi ég sagt samningsrétt voru það augljós mismæli. 14. gr. hljóðar svo:

„Nú óska stjórnvöld eftir því að Póstur og sími hf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma hf.“

Ég held að það sé alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki beinan íhlutunarrétt að þessu leyti í stjórn Pósts og síma hf. Það er eðlilegt að ákvæði af þessu tagi sé hér.

Í sambandi við elli- og örorkulífeyrisþega rifja ég upp að á meðan við vorum saman í ríkisstjórn, ég og hv. þm., var það skoðun beggja stjórnarflokkanna að það væri eðlilegt að kvaðir af þessu tagi væru skilgreindar í fjárlögum. Eða það kæmi fram í fjárlögum hverjar ættu að vera greiðslur Tryggingastofnunar til Pósts og síma fyrir þá tilhliðrun sem þarna var gerð fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Ég hygg að hafi flestir verið sammála um það. Þetta er auðvitað fyrirkomulagsatriði. Þessi tilhliðrun kostar ákveðna fjármuni. Það er verið að tala um að gera útgjöld ríkisins gagnsæ eins og nú er tíska að tala. Meiningin er auðvitað sú að skattborgararnir viti hvert peningarnir fara. Ég tel eðlilegt að þeirri stefnu sé fylgt. En þetta mál hefur ekki verið rætt sérstaklega við fjmrh. eða heilbrrh. hvernig á þessum málum verður haldið. En auðvitað verður tekið tillit til þess. Við erum að tala um 30–40 millj. kr.

[19:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem tímanum vindur fram skýrast málin nokkuð frekar þannig að ágætt væri að hafa svolítinn tíma til að ræða þetta fram eftir kvöldi og vita hvort menn gætu þá ekki fengið svör við þeim spurningum sem maður er að leita eftir. Ég heyri að það hafa engar ráðstafanir verið gerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvernig eigi að fara með fastakostnað á síma elli- og örorkulífeyrisþega. Ég geri mér fulla grein fyrir því að skiptar skoðanir eru um fyrirkomulag á því. Ég held að þingmenn séu almennt sammála um að það eigi að veita tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum þennan afslátt. En það er ljóst af svörum ráðherrans að ekki hefur verið hugsað fyrir þessu atriði af hálfu ríkisstjórnarinnar. Því beini ég því til þeirrar nefndar sem fær málið til umfjöllunar að það verði sérstaklega skoðað en það mál ekki skilið eftir í lausu lofti ef þessi formbreyting á að eiga sér stað.

Í fimmta skipti, herra forseti, beini ég þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort starfsmenn Pósts og síma lúti lögum — ég þarf líklega að setja þetta með teskeið til hæstv. ráðherra því hann nær þessu greinilega ekki — um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og vera þá opinberir starfsmenn eða mun verða sú breyting á varðandi þeirra réttarstöðu að starfsmennirnir muni lúta lögum sem gilda um almenna vinnumarkaðinn. Ég vek athygli á því að þetta er í fimmta sinn sem ég spyr þessarar spurningar.

[19:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er best að svara þessu í þriðja skiptið eða svo. Þessu er margsvarað bæði í beinu svari til hv. þm. og eins með öðrum hætti í umræðunum. Að þessu vék hv. þm. Ögmundur Jónasson í ræðu sinni. 8. gr. fjallar einmitt um það að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eiga ekki lengur við eftir að Póst- og símamálastofnun hefur verið breytt í hlutafélag. Þetta hefur áður komið fram og er alveg ljóst. En á hinn bóginn taka þeir með sér þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og öðlast við skiptin þegar stofnun er breytt í hlutafélag. Þetta hélt ég að væri öllum mönnum ljóst sem hafa lesið frv. Ég tala ekki um ef þeir hafa haldið hverja ræðuna á fætur annarri um frv. og séð ástæðu til að spyrja ótal spurninga. Annars vil ég segja, herra forseti, að málatilbúnaður hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er eftir efni máls. Þingmaðurinn er mikill andstæðingur þess að Póst- og símamálastofnun sé breytt í hlutafélag eða fyrirtæki á markaðsgrundvelli og vill halda stofnuninni óbreyttri til framtíðar. Með því vill hún leggja stein í götu þess að fyrirtækið geti þróast og tekist á við fleiri verkefni í framtíðinni sem stuðla að öryggi starfsmanna að fara þá leið að breyta stofnuninni í hlutafélag. (**JóhS:** Þetta er útúrsnúningur hjá ráðherranum.) Þetta er ekki útúrsnúningur.

[19:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni hefur mörgum spurningum verið varpað til hæstv. samgrh. og hann hefur ekki látið svo lítið að svara nema hluta þeirra og þá eftir að margoft hefur verið kallað eftir þeim. Þar sem ég á sæti í samgn. hyggst ég ekki endurtaka þær spurningar sem ég hef ekki fengið svör við í þessari umræðu þar sem ég get kallað eftir þeim í nefnd og síðan við 2. umr. en ég hefði gjarnan viljað heyra afstöðu hæstv. ráðherra á þeirri spurningu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði og ég hafði spurt fyrr í dag. Mun hann beita sér fyrir því að fulltrúi starfsfólks verði í stjórninni þó svo að það komi ekki fram í frv. eins og það liggur fyrir nú? Mér finnst mjög mikilvægt að það komi fram hér við umræðuna.

Einnig vek ég athygli á því eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði áðan að það er algjörlega óvíst hvað verður um þann afslátt eða þau hlunnindi sem elli- og örorkulífeyrisþegar með litlar tekjur hafa hjá Pósti og síma eftir þessa formbreytingu. Það er gjörsamlega óvíst hvernig verður um það. Því verður haldið til haga hvernig þeim málum lyktar. En ég tel að það þurfi að fá svör við a.m.k. þessu tvennu. Síðan varðandi réttindi starfsmanna eins og segir í 8. gr. „.... enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni." Verður farið út í einstaklingsbundna samninga við þessa starfsmenn hvern og einn? (**JóhS:** Hann sagði já áðan.) Hann sagði það. Einstaklingsbundnir samningar við hvern og einn starfsmann. En verður fulltrúi starfsfólks í stjórninni? Ég tel fulla ástæðu til að hæstv. ráðherra svari því og einnig hvað verður um hlunnindi lífeyrisþega.

[19:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig satt að segja ekki á því af hverju þingmenn Þjóðvaka bera þrásinnis fram sömu spurningar sem skýrt hefur verið svarað.

Ég sagði í sambandi við stjórnina þá er hér gert ráð fyrir því að hún skuli skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þannig liggur frv. fyrir og þannig hefur ríkisstjórnin lagt það upp.

Í öðru lagi er ég spurður um efnisatriði 8. gr. Þar er sérstaklega kveðið á um að fastráðnum starfsmönnum skuli boðnar stöður hjá Pósti og síma hf., sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir réttindum hjá félaginu sem þeir hafi þegar áunnið sér hjá stofnuninni: „Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni Póst- og símamálastofnunar sambærilega stöðu hjá félaginu ..." Hér er fjallað alveg sérstaklega um það að rætt sé við hvern einstakan starfsmann og metið hver séu réttindi hvers einstaks starfsmanns. Þar eð 8. gr. fjallar sérstaklega um þetta sé ég satt að segja ekki af hverju tveir þingmenn Þjóðvaka þurfa að spyrja sérstaklega hvort þetta sé í frv.

Í þriðja lagi var spurt um hvernig færi um elli- og örorkulífeyrisþega. Það hefur verið þannig að þeir hafa haldið sérstökum hlunnindum. Það hefur engum manni dottið í hug öðrum en þingmönnum Þjóðvaka að þau hlunnindi verði felld niður, ekki nokkrum manni og ég skil satt að segja ekki hvað þetta uppþot á að þýða. (Gripið fram í.)

[19:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi ekki að gera sér upp einhverja undrun yfir því þó að maður spyrji út í ákveðin atriði í frv. því að þau eru mjög óljós og full ástæða til að spyrjast fyrir um það hvernig hann hyggist haga málunum því að það kemur hvergi fram í frv. hvernig hann ætlar að haga þessu t.d. með elli- og örorkulífeyrisþegana.

Varðandi réttindi starfsfólksins þurfti greinilega að fá skýringu frá ráðherranum því að það var mjög óljóst í frv. (**JóhS:** Og er enn.) Og er það enn þá. Ég tel að hann hafi ekki heldur ekki svarað þeirri spurningu hvort starfsmenn muni fá fulltrúa í stjórn. Það kemur ljóst fram í frv. að það verða sjö menn í stjórn eins og það liggur fyrir en ekki hvort starfsmenn muni eiga þar fulltrúa. Það kemur hvergi fram og það er það sem ég er að spyrja um.

[19:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka enn að þessi fyrirspurn um elli- og örorkulífeyrisþega er algerlega tilefnislaus. Það hefur engin tillaga komið fram um það, hvorki innan Póst- og símamálastofnunar, frá heilbr.- og trmrh. eða í samgrn. að skerða hlut þessa fólks. Ég skil satt að segja ekki hvernig hv. þingmönnum dettur þetta í hug. Þetta hefur ekki komið upp og ég átta mig ekki á þeim hvötum sem liggja að baki því að reyna að gefa það í skyn að með þessu frv. eigi sérstaklega að níðast á þessu fólki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:49.

---

97. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Ákvæði hegningarlaga er varða óviðeigandi ummæli um erlenda þjóðhöfðingja, fsp. SvG, 292. mál, þskj. 531.
2. Reglur um þátttöku barna og unglinga í happdrætti, fsp. MF, 298. mál, þskj. 537.
3. Skipun nefndar um fréttaflutning af slysförum, fsp. GÁS, 303. mál, þskj. 543.

Til viðskiptaráðherra:

4. Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi, fsp. EKG, 318. mál, þskj. 560.
5. Fjárfesting Íslendinga erlendis, fsp. EKG, 319. mál, þskj. 561.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 356. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 616.

Mengunarhætta vegna olíuflutninga, 353. mál, fsp. HG, þskj. 613.

Vá vegna olíuflutninga, 354. mál, fsp. HG, þskj. 614.

Tikynning um utandagskrárumræðu o.fl.

[13:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill geta þess að kl. 15:30 fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er Ágúst Einarsson og landbrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa og verður hálftíma umræða. Efni umræðunnar er ákvörðun samkeppnisráðs um verðmyndun hjá Osta- og smjörsölunni og Mjólkursamsölunni og úrelding Mjólkursamlags Borgfirðinga.

Einnig er rétt að geta þess að atkvæðagreiðslur verða væntanlega að lokinni utandagskrárumræðunni, þ.e. rétt um það bil kl. 16:00.

Ákvæði hegningarlaga er varða óviðeigandi ummæli um erlenda þjóðhöfðingja.

Fsp. SvG, 292. mál. — Þskj. 531.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er að nokkru leyti það að fyrir nokkrum vikum skrifaði eitt dagblaðanna allkjarnyrtan leiðara um forseta tiltekins ríkis ekki langt frá okkur. Nú kippti enginn sér upp við þetta í sjálfu sér nema niðurstaðan varð svo sú í utanrrn. að skrifað var bréf þar sem leiðarahöfundurinn og dagblaðið voru átalin fyrir að hafa hagað orðum sínum með þessum hætti um þennan tiltekna þjóðhöfðingja.

Ég velti fyrir mér hver gæti verið undirstaðan fyrir þessari íhlutun ráðuneytisins og komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að í hegningarlögum er enn þá þetta ákvæði frá árinu 1941, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum ef sakir eru miklar."

Þetta ákvæði er reyndar frá 1976 en síðan segir í gamla ákvæðinu:

„Sömu refsingu skal hver sá sæta sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlendis ríkis sem staddir eru hér á landi."

Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort hann telji ekki tímabært að fella þetta ákvæði 95. gr. hegningarlaganna úr gildi. Ástæðan er m.a. sú að það er augljóst mál að þetta ákvæði á ekkert erindi við samtímann eins og það er og það kemur aftur og aftur fyrir að í blöðum, m.a. í forustugreinum, er veist mjög harkalega að tilteknum þjóðhöfðingjum. Um suma þjóðhöfðingja er talið að segja megi hvað sem er eins og kemur fram í forustugrein Morgunblaðsins í dag sem fjallar um Saddam Hussein en forustugreinin heitir „Samviskulaus einræðisherra" og þar er hann kallaður samviskulaus harðstjóri. Það er auðvitað fullt tilefni til þess í sjálfu sér en spurningin er sú: Er eðlilegt að hafa í lögum landsins ákvæði sem í rauninni heimilaði það að ritstjórar Morgunblaðsins væru tyftaðir af opinberum aðilum fyrir það að fara þessum orðum um þennan aðila?

Það því miður þannig, hæstv. forseti, að þessi lagaákvæði standa ekki aðeins á lögbókinni heldur hafa þau verið notuð, þ.e. í máli ríkisins gegn Þórbergi Þórðarsyni fyrir óviðurkvæmileg ummæli hans um Adolf Hitler en í niðurstöðu Hæstaréttar á sínum tíma segir svo, með leyfi forseta:

„Það verður að telja það meiðandi og móðgandi fyrir erlenda menningarþjóð að segja það að hún hafi sadista í formannssæti stjórnar sinnar og hann og stjórn hans hafi skipulagt og fyrirskipað hina hryllilegustu kvalir og pyndingar á varnarlausum mönnum."

Niðurstaðan varð sú að ákærði, Þórbergur Þórðarson, var dæmdur til að greiða 200 kr. sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ég spyr hæstv. dómsmrh. Íslands árið 1996 hvort hann telur ekki tímabært að fella niður þau lagaákvæði sem voru undirstaða þessa dóms yfir Þorbergi Þórðarsyni til varnar Adolf Hitler.

[13:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hegningarlagaákvæði sem spurt er um er 1. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga en ákvæðið er svohljóðandi:

„Hver sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum ef sakir eru miklar."

Í 97. gr. almennra hegningarlaga kemur síðan fram að mál út af brotum sem nefnd eru í þessu ákvæði skuli því aðeins höfða að dómsmrh. hafi lagt svo fyrir og sæta þau öll opinberri meðferð. Ákvæði sem mæla fyrir um refsingu fyrir að smána erlendan þjóðhöfðingja hafa verið í íslenskum hegningarlögum allt frá því að almenn hegningarlög frá árinu 1869 tóku gildi. Núgildandi ákvæði í 1. mgr. 95. gr. var upprunalega í hegningarlögunum nr. 19/1940 en hefur tvisvar sætt breytingum. Fyrri breytingin var gerð með lögum nr. 47/1941 þar sem hámarksrefsing fyrir brot á ákvæðinu var hækkuð úr eins árs fangelsi upp í sex ár auk þess sem fellt var út skilyrði um að stjórn viðkomandi erlends ríkis þyrfti að krefjast opinberrar málshöfðunar.

Síðan breytingin var gerð með lögum nr. 101/1976 en þá var fána Sameinuðu þjóðanna og fána Evrópuráðsins veitt hliðstæð refsivernd og erlendir þjóðfánar njóta. Þess má geta að nánast samhljóða ákvæði og 1. mgr. 95. gr. er að finna í dönskum og norskum hegningarlögum, þótt hámarksfangelsisrefsing fyrir að smána erlenda þjóðhöfðingja sé þar nokkru lægri eða tvö ár í Danmörku og eitt ár í Noregi. Mjög fágætt er að refsimál hafi verið höfðað vegna brota á 1. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga eða samsvarandi ákvæði í eldri hegningarlögum. Í því sambandi er aðeins vitað um tvo gamla hæstaréttardóma, annars vegar frá 31. okt. 1934 og hins vegar frá 27. febr. 1935 og svo einn óáfrýjaðan héraðsdóm kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 14. apríl 1959.

Eins og sjá má af þessu eru mjög fá refsimál sem höfðuð hafa verið á grundvelli þessarar lagagreinar. Það hefur því verið mjög varlega farið í að beita þessu ákvæði.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að tilefni sé til þess að fella þetta ákvæði niður. Ég er á hinn bóginn á þeirri skoðun að refsiramminn sé býsna hár og hef ekki sjálfur séð hvert tilefni varð til þess að hækka refsirammann í sex ár 1941 og ég teldi að það kæmi mjög vel til álita að færa refsirammann í átt við það sem gerist með öðrum norrænum þjóðum.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin að öðru leyti en því að hann virðist ekki hafa hlustað á ræðu mína og finnst mér það heldur leitt til þess að vita vegna þess að við höfum mjög knappan tíma til að gera grein fyrir máli okkar. Ég spurði ekki um 1. mgr. Ég spurði fyrst og fremst um 2. mgr. og ráðherrann fjallaði eingöngu um 1. mgr. í svarræðu sinni.

2. mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sömu refsingu skal hver sá sæta sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis sem staddir eru hér á landi."

Hér er fyrst og fremst verið að tala um þann þátt sem lýtur að 2. mgr. og því ákvæði fyrri málsgreinarinnar sem snertir eingöngu erlenda þjóðhöfðingja. Ég fullyrði að hæstv. ráðherra hefur með afstöðu sinni áðan verið að lýsa því yfir að hið almenna ákvæði varðandi ríkin sem slík og fána ríkjanna eigi að vera inni í lögum. Spurningin sem ég ber fram er þessi: Er ástæða til að hafa sérstaka lagavernd fyrir erlenda þjóðhöfðingja sem reynast vera fantar, reynast brjóta almenn mannréttindaákvæði af margvíslegu tagi og eru m.a. með réttu í forustugrein Morgunblaðsins í dag kallaðir samviskulausir harðstjórar? Ég tel alveg ljóst að þetta lagaákvæði eigi að fara og því eigi að breyta og ég veit að því hefur verið breytt í grannlöndum okkar. Þess vegna endurtek ég spurninguna sem ég bar fram við hæstv. dómsmrh. hvort hann telur ekki tilefni til þess að taka þetta ákvæði laganna út sem ég vék sérstaklega að í ræðu minni núna.

[13:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Svar mitt byggðist á því hvernig þessi fyrirspurn var lögð fyrir skriflega og útbýtt í þinginu. Ég tel hins vegar eins og ég sagði áðan að það sé fyllilega eðlilegt að breyta þeim refsiramma sem gilda um brot af þessu tagi til samræmis við það sem gildir í norrænni löggjöf. Að mínu mati er þessi refsirammi allt of hár en ég hef ekki séð ástæðu til þess að beita mér fyrir því að fella þessi ákvæði niður í umræddri grein.

[13:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég skynjaði það svo af orðum hæstv. ráðherra þó að ekki gangi beint fram af orðum hans að hann mundi kannski stuðla að því eða hjálpa til við að breyta umræddum lagaákvæðum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að láta reyna á þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi vék að sérstaklega og það fyrr en seinna.

Ég vek athygli á því að það getur háttað misjafnlega til varðandi afstöðu til þjóðhöfðingja. Þjóðhöfðingjum er ekki annað sameiginlegt en nafnið oft og tíðum. Sumir eru tákn, nánast í ætt við þjóðfána, þ.e. valdalausir þjóðhöfðingjar, kóngar og forsetar sem hafa ekki völd en hins vegar valdamiklir stjórnmálamenn sem standa fyrir umdeildum aðgerðum. Þarna gætu menn hugsanlega greint á milli ef mönnum sýndist svo.

[13:45]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Þetta er rétt ábending sem hér kom úr salnum. Þótt hér standi í reglum þingskapa: „Ráðherra, stutt athugasemd, ein mínúta", þá er átt við aðra ráðherra.

Reglur um þátttöku barna og unglinga í happdrætti.

Fsp. MF, 298. mál. — Þskj. 537.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Árin 1993 og 1994 varð heilmikil umræða á Alþingi um rekstur happdrætta og afleiðingar hans í kjölfar þess að lögð voru fram frumvörp sem urðu að lögum um söfnunarkassa og happdrættisvélar. Okkur bárust þá álit frá ýmsum félagasamtökum sem voru að sækja um leyfi til reksturs slíkra söfnunarkassa um það hversu hættuleg iðja það væri fyrir börn og unglinga að taka þátt í slíku happdrætti. Þá voru reglur hertar og fest í lög aldurstakmark, 16 ár, varðandi spilaþátttöku barna og unglinga.

Í umræðu voru fulltrúar allshn. á einu máli um að nauðsynlegt væri að herða eftirlit og setja aldurstakmark varðandi notkun á spilakössum og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var með sérstakar tillögur í því efni þegar lögin voru afgreidd. Eftir það hefur verið heldur hljótt um alla umræðu varðandi rekstur þessara happdrættisvéla eða söfnunarkassa og lítið verið um það að þingmenn hafi fengið bréf frá viðkomandi félagasamtökum með ábendingum um það sem betur má fara í þessum rekstri. Við höfum jafnframt séð á undanförnum vikum og mánuðum með mjög afgerandi hætti hvernig þátttaka barna og unglinga í hvers konar happdrætti hefur aukist. M.a. hefur það tíðkast í sjónvarpsútsendingum, sérstökum þáttum sem eru gerðir í kringum rekstur happdrætta, að hafa börn sem þátttakendur og þá kannski fyrst og fremst í auglýsingaskyni fyrir þá sem standa að þessari þáttagerð. Þetta hefur vakið athygli og þau félagasamtök sem bera hagsmuni barna fyrir brjósti eins og Heimli og skóli og Barnaheill hafa gert athugasemdir við þetta háttalag og jafnframt beint þeim tilmælum til okkar að við höldum vöku okkar gagnvart þátttöku barna og unglinga í hvers konar happdrætti, hvort sem þar er um að ræða svokallaða happaþrennu, happdrættisspil eða spilakassa. Engu að síður sjáum við að þátttaka barna hefur færst verulega í aukana á síðustu árum og er full þörf á því að skoða þær reglur sem gilda. Ég hef því lagt fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

1. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeim reglum sem gilda um þátttöku barna og unglinga í hvers konar happdrætti, þar með taldir peningaspilakassar? Ef svo er, í hverju er breytingin fólgin?

2. Eru þær reglur, sem hér gilda um þátttöku barna og unglinga í happdrætti og notkun á peningaspilakössum, í samræmi við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum? Ef ekki, í hverju er mismunurinn fólginn?

3. Hvernig er háttað eftirliti með því að þeim reglum, sem í gildi eru, sé framfylgt?

4. Hver eru viðurlög ef um vanrækslu á eftirliti er að ræða?

[13:50]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu fyrirspurninni er það að segja að í lögum um söfnunarkassa segir að í reglugerð um söfnunarkassa fyrirtækisins Íslenskra söfnunarkassa skuli kveða á um aldur þeirra sem nota megi söfnunarkassa til að leggja fram framlög og skal hann eigi vera lægri en 16 ár. Um happdrættisvélar Happdrættis Háskóla Íslands gilda ákvæði laga um Happdrætti Háskólans. Þar segir að lágmarksaldur þátttakenda skuli vera 16 ár og í reglugerð um pappírslaus peningahappdrætti Háskóla Íslands segir að aðgangur að happdrættisvélum skuli takmarkaður við þá sem eru 16 ára og eldri.

Um þátttöku í almennum happdrættum, hlutaveltum og getraunum gilda ekki aldursákvæði.

Sem svar við annarri fyrirspurninni er það að segja að reglur þær sem gilda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð miða við 18 ára aldur þegar um er að ræða að takmarka aðgang að happdrættum, veðmálum og spilum. Í Danmörku eru aldurstakmarkanirnar miðaðar við 18 ára aldur á þátttöku í veðmálum, við veðreiðar og á aðgangi að spilavítum, kasínó. Í Noregi eru aðeins aldurstakmörk á þátttöku í veðreiðum,

en þar eru þau 18 ár. Í Svíþjóð er ákvæði um að þeir sem eru undir 18 ára aldri megi ekki taka þátt í happdrætti með vélrænum spilatækjum, rúllettuspili, teningaspili eða spili með spilum.

Mismunurinn á íslenskum reglum og reglum á hinum þremur Norðurlöndunum er fyrst og fremst sá að hér gildir 16 ára aldur, en þar 18 ára aldur. Þann mun má væntanlega rekja til þess munar sem er á sjálfræðisaldri hér á landi þar sem hann er 16 ár, en í hinum löndunum 18 ár.

Að því er varðar þriðju spurninguna er það að segja að það er hlutverk lögreglu að fylgjast með því að aldurstakmarkanir séu virtar.

Að því er fjórðu spurninguna varðar er það að segja að þótt ekki hafi verið settar reglur um sérstakt eftirlit með þátttöku í happdrættisleikjum umfram eftirlit almennrar löggæslu er ljóst að þeir sem reka staði með tækjum sem menn yngri en 16 ára mega ekki hafa aðgang að bera ábyrgð á því að börn fremji ekki lögbrot í húsakynnum þeirra. Í lögunum um Happdrætti Háskólans segir að brot gegn lögunum varði sektum eða varðhaldi og í lögunum um söfnunarkassa segir að brot gegn lögunum varði sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Einnig er heimilt með dómi að gera upptæk tæki og fjármuni sem notaðir hafa verið við brot á lögunum. Einnig má geta 65. gr. barnaverndarlaga þar sem lagt er allt að fjögurra ára fangelsi við því að hvetja barn eða ungmenni til lögbrota.

Vegna þessara fyrirspurna er einnig rétt að taka fram að það hefur ekki farið fram sérstök vinna við heildarendurskoðun á löggjöf um happdrætti að undanförnu, en ég er þeirrar skoðunar að það sé fyllilega tímabært að gera það í heild sinni og þar á meðal á þeim atriðum sem hv. fyrirspyrjandi hefur gert að umtalsefni.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég spurði reyndar í fyrstu spurningunni: Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingum á þeim reglum sem gilda um þátttöku barna og unglinga í hvers konar happadrættum? Það er það sem mér finnst skipta verulegu máli ásamt þeim refsiákvæðum eða viðurlögum sem gilda ef barn verður uppvíst að því að nota spilakassa eða taka þátt í happdrætti sem það hefur ekki leyfi til samkvæmt lögum. Þá brýtur barnið eða unglingurinn auðvitað af sér, en engu að síður brýtur sá af sér sem rekur staðinn. Það væri fróðlegt að vita hvort komið hefur til refsinga í einhverju tilviki eða hvort eftirlitið er það gott að mati hæstv. ráðherra að í engu tilviki hafi verið brotið það ákvæði laga sem bannar 16 ára og yngri aðgang að söfnunarkössum og happdrættiskössum. Jafnframt væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. ráðherra finnst þátttaka barna og unglinga í happdrætti, m.a. í sjónvarpsþáttum, ekki brjóta í bága við lög um vernd barna og unglinga.

[13:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og ég tók fram hefur ekki farið fram að undanförnu sérstök skoðun á lögunum um happdrætti. Þau eru brotakennd og af ýmsum toga og ég tel að það sé ástæða til þess að semja nýja heildarlöggjöf um starfsemi happdrætta í landinu sem m.a. taki til þessa atriðis sem hér hefur verið gert að umtalsefni. En það hefur ekki verið unnið sérstaklega að því að undanförnu.

Mér er ekki kunnugt um að dómar hafi gengið vegna brota á þessum lögum. Ég hef ekki aflað mér sérstakra upplýsinga þar um. Það má því vel vera að svo sé, en mér er ekki kunnugt um það. Ég tel að á meðan gildandi lög ráða, eigi að framfylgja þeim og þeim aldurstakmörkunum sem þar eru. Gildir þá einu hvort um er að ræða happdrætti sem fer fram í sjónvarpi eða á öðrum stöðum. Það á að fylgja fram þeim aldursreglum sem lög og reglur kveða á um og draga þá til ábyrgðar sem þau kunna að hafa brotið.

Skipun nefndar um fréttaflutning af slysförum.

Fsp. GÁS, 303. mál. — Þskj. 543.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Þann 25. febrúar 1995 samþykkti Alþingi þáltill. þess efnis að dómsmrh. yrði falið að skipa nefnd er legði grundvöll að samráðsvettvangi hlutaðeigandi aðila um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks. Það er ljóst að fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa að sönnu í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni, en upp á síðkastið má þó greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum og lögreglu að störfum og öðrum viðkomandi aðilum, verður æ harðari og óvægnari. Óheppileg tilvik er hægt að nefna í því sambandi. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum.

Í þessari tillögu var ekki að því stefnt að hamla á neinn hátt tjáningarfrelsi eða prentfrelsi fjölmiðla, heldur fyrst og fremst að freista þess að koma á samráðsvettvangi sem gæti hugsanlega sameinast um samræmdar starfsreglur í þessu sambandi.

Í greinargerð með þáltill. sem samþykkt var voru nefnd til *sögunnar nokkur samtök sem væru heppilegir aðilar til* samráðs í þessu sambandi, svo sem slysavarnarfélög og björgunarsveitir, Blaðamannafélag Íslands, Félag fréttamanna, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun háskólans í siðfræði, Samtök um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð. Það liggur ljóst fyrir að í siðareglum blaðamanna er tekið á þessum málum í 3. gr. Enn fremur segir í reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins, 8. gr., með leyfi forseta:

„Fréttamönnum ber að sýna fyllstu tillitssemi í viðkvæmum málum. Þeim ber að forðast allt sem valdið getur saklausu fólki eða þeim sem eiga um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu.“ Á þessu er hnykkt í 10. gr. sömu reglna.

Í ljósi þessa hef ég lagt fram fyrirspurn til dómsmrh. hvers vegna þessi nefnd hafi ekki enn verið skipuð. Á hinn bóginn hef ég fengið upplýsingar um að hún hafi þegar hafið störf þótt ég viti jafnframt að sumir þeirra sem ég nefndi hér til sögu sem heppilega samráðsaðila hafi ekki haft um það vitneskju. Því leyfi ég mér, virðulegi forseti, að óska eftir því að dómsmrh. upplýsi um stöðu þessa nefndarstarfs, hvar það er á vegi statt, hvort starfið sé komið það langt að fyrir liggi einhverjar hugsanlegar hugmyndir um samræmdar verklagsreglur í þessu sambandi og að öðru leyti almennt um þær vangaveltur sem ég hef hér lýst.

[14:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er sá misskilningur í hinni skriflegu fyrirspurn sem lögð var fram í þinginu að nefndin hefur þegar verið skipuð. Hún var skipuð 7. nóvember á síðasta ári. Í henni eiga sæti Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem er formaður nefndarinnar, Pétur Gunnarsson blaðamaður, tilnefndur af Blaðamannafélagi Íslands, Böðvar Bragason lögreglustjóri, tilnefndur af Almannavarnaráði, séra Sigfinnur Þorleifsson tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og Sigrún Jóhannesdóttir, ritari tölvunefndar, tilnefnd af tölvunefnd.

Nefndin hefur þegar hafið störf. Hún hefur þegar sent bréf til fjölmiðla með fyrirspurnum um það viðfangsefni sem hér er um fjallað með óskum um viðhorf þeirra. Hún mun hafa á prjónunum að efna á síðari stigum til umræðufundar með öllum aðilum sem eiga hlut að máli til að fjalla um tillögur og viðfangsefnið sem nefndinni er ætlað að fjalla um í víðara samhengi.

Á þessu stigi er ekki meira að segja af störfum nefndarinnar. En ég vænti þess að hún muni vinna að verkinu með eðlilegum framgangshraða.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. dómsmrh. og fagna því að þetta nefndarstarf skuli þegar hafið og vera í fullum gangi, eftir því sem mér skildist á svari hæstv. ráðherra. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni bind ég talsverðar vonir við störf nefndarinnar og vænti þess að þeir aðilar aðrir sem ég nefndi hér til sögu og hugsanlega fleiri sem að málinu koma beint eða óbeint verði á síðari stigum máls kallaðir til skrafs og ráðagerða eins og raunar hæstv. ráðherra gat um.

Ég vil hins vegar að lyktum spyrja um það hvort í erindisbréfi nefndarinnar hafi að nokkru verið getið um það hvort hún ætti að skila af sér áfangaskýrslu eða einhverjum niðurstöðum fyrir tiltekinn tíma. Með öðrum orðum hvort einhver tímamörk væru á hennar starfi.

[14:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég er ekki með erindisbréfið við höndina en hygg að ég muni rétt að ekki hafi verið sett ákveðin tímamörk en um það rætt við formann nefndarinnar að reynt yrði að hafa eðlilegan framgangshraða á þessu starfi og því mati sem þarf að fara fram. Ég vona að það verði ekki neinn óeðlilegur dráttur á störfum nefndarinnar. En eðlilega hlýtur starf af þessu tagi að taka nokkurn tíma því að í þessu sambandi komu upp fjölmörg álitaefni sem þurfa íhugunar við og það þarf að samræma sjónarmið fjölmargra aðila sem koma að málinu.

Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi.

Fsp. EKG, 318. mál. — Þskj. 560.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Undanfarið hafa farið fram allmiklar umræður um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Þessar umræður hafa upp á síðkastið fyrst og fremst snúist um rétt útlendinga til þess að eiga í og fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Hins vegar hafa verið í gildi hér á landi lög býsna rúm varðandi heimildir útlendinga til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi að öðru leyti.

Því miður hefur oft og tíðum gætt mikillar tortryggni í garð útlendinga sem vilja festa fé sitt í íslensku atvinnulífi. Þetta þekkjum við af umræðum í gegnum tíðina. Samt er það þannig að víðast út um allan heim sækjast fyrirtæki og ríkisstjórnir eftir því að fá erlent áhættufé inn í atvinnulíf viðkomandi landa til þess að treysta það og gera það betur í stakk búið til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Það er augjóst mál að afstaða manna til erlendrar fjárfestingar hér á landi er mjög að breytast. Mikil átök urðu fyrir nokkrum áratugum um hugsanlega fjárfestingu útlendinga í stóriðju hér á landi. Nú má heita að sú umræða sé mjög breytt, ef ekki að baki. Nægir í því sambandi að minna á afgreiðslu Alþingis á samningnum um stækkun álversins í Straumsvík.

Í svari við fyrirspurn minni til þáv. hæstv. viðsk.- og iðnrh. fyrir tveimur árum kom fram að sáralítið var um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi ef undan var skilin þátttaka svissneska fyrirtækisins Alusuisse í hlutafjáraukningu hjá Ísal um þær mundir. Þó má segja að umtalsverð erlend fjárfesting hafi farið fram fyrr á árum í fiskeldi hér og á takmörkuðum sviðum öðrum. Engu að síður er erlend fjárfesting í atvinnulífi okkar sáralítil, svo lítil að það má segja að það standi nokkuð atvinnulífi okkar fyrir þrifum. Nú hefur verið breytt mjög skattalegu umhverfi fyrirtækjanna þannig að möguleikar Íslendinga til að laða að erlent fjármagn eru nú meiri og betri en áður. Það er vissulega vel. Vandi okkar innan lands undanfarin ár hefur því ekki stafað af því að andstaðan er svo mikil við þátttöku útlendinga í ýmissi atvinnustarfsemi ellegar að það séu lög sem giltu fyrir slíka fjárfestingu. Þvert á móti er það svo að vandinn hefur verið sá að útlendingar hafa lítið kært sig um að fjárfesta í íslensku atvinnulífi því miður, sjálfsagt einkanlega vegna þess að arðsemin er almennt minni í atvinnulífi okkar en erlendis. Engu að síður skiptir máli fyrir okkur hvernig til hefur tekist í þessum efnum og hvernig okkur mun ganga á þessu sviði. Því hef ég leyft mér á þskj. 560 að leggja fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. viðskrh.:

1. Hversu mikil var fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi árin 1993–1995?

2. Hversu mikil var sú fjárfesting í einstökum atvinnugreinum?

3. Má vænta aukins áhuga útlendinga á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi?

[14:07]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spyr á þskj. 560 um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hversu mikil var fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi árin 1993–1995?“ Bein fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi var eftirfarandi: Árið 1993 1.269 millj. kr. Árið 1994 351 millj. kr. Árið 1995 477 millj. kr. Þó ber að hafa það í huga að tölurnar fyrir árið 1995 eru bráðabirgðatölur.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hversu mikil var sú fjárfesting í einstökum atvinnugreinum?“ Í fiskeldi 126 millj. kr. árið 1993, 14 millj. kr. árið 1994 og engin árið 1995. Í iðnaði: 1.131 millj. árið 1993, engin árið 1994 og 23 millj. árið 1995. Í samgöngum var engin erlend fjárfesting árið 1993 en

262 millj. kr. árið 1994 og 111 millj. kr. árið 1995. Í verslun um milljón árið 1993 og 1994 og 73 millj. kr. árið 1995. Í fjármálastarfsemi var fjárfesting engin árið 1993, 19 millj. kr. árið 1994 en engin árið 1995. Í fjölmiðlum nam erlend fjárfesting 6 millj. kr. árið 1993, 50 millj. kr. árið 1994 og 262 millj. kr. árið 1995. Í þjónustu var engin fjárfesting árið 1993 en nam 7 millj. kr. árið 1994 og 8 millj. árið 1995.

Hv. þm. spyr í þriðja lagi: „Má vænta aukins áhuga útlendinga á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi?" Eins og kunnugt er eru ekki aðeins líkur á að erlend fjárfesting muni aukast hér á landi á næstu árum, heldur hefur um slíkt verið samið. Með samningnum um stækkun Ísals hefur erlend fjárfesting verið tryggð á árinu 1996 og árinu 1997. Margt bendir til að áhugi erlendra aðila í fjárfestingu í orkufrekri iðnaðarstarfsemi sé að aukast. Þar vil ég nefna nokkur dæmi:

1. Ákvörðun stjórnar Járnblendifélagsins síðasta föstudag um að undirbúa stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

2. Áhugi bandaríska fyrirtækisins Columbia Aluminium Corporation um samstarf við Íslendinga um byggingu álvers á Grundartanga.

3. Áhugi Kínverja á samstarfi um nýtt álver. Eftir heimsókn þeirra hingað í sumar hafa borist fréttir og óskir um að senda til Kína íslenska sendinefnd til viðræðna við kínversk stjórnvöld um byggingu mun minna álvers en uppi hafa verið hugmyndir um hér á landi, eða í kringum 40 þús. tonna álver.

4. Áhugi Atlantsálsaðilanna á að endurnýja athuganir um álver á Keilisnesi. Þær athuganir eru nú í gangi.

5. Áhugi erlendra aðila í kísilmálmi, slípiefnaframleiðslu, stálbræðslu og magnesíumframleiðslu svo að nokkur önnur dæmi séu nefnd um þær hugmyndir sem uppi hafa verið á vegum markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar.

Verulegt starf er nú unnið eða er í undirbúningi á vegum fjárfestingarskrifstofu viðskrn. og Útflutningsráðs í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki við kynningu fyrir markhópa erlendra fjárfesta á möguleikum til fjárfestingar í ýmsum öðrum greinum. Of snemmt er að spá um árangur en greina má meiri áhuga nú en oft áður og er það mat þeirra sem lengst hafa unnið að þessum efnum að áhuginn sé meiri nú en nokkru sinni fyrr.

Þær rýmkuðu heimildir sem felast í frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi opna nýjar greinar fyrir erlendum fjárfestum. Heimildir til aukinnar óbeinnar fjárfestingar í sjávarútvegi og fiskvinnslu gæti leitt til aukinnar erlendrar samvinnu á þessum sviðum og þar með talið aukinnar fjárfestingar. Rýmkun heimilda fyrir erlendra aðila til að fjárfesta í orkuframleiðslu og dreifingu orku gæti þýtt aukna erlenda fjárfestingu. Það ræðst þó af því hvort eigendur orkufyrirtækjanna, þ.e. ríkisvaldið og sér í lagi sveitarfélög taka ákvörðun um sölu orkufyrirtækjanna.

Af ofansögðu má ætla að erlend fjárfesting á Íslandi eigi eftir að aukast nokkuð á næstu árum, þ.e. umfram þá aukningu sem þegar hefur verið um samið. En sú fjárfesting sem samið hefur verið um er nánast tíföldun á umfangi erlendrar fjárfestingar hér á árunum 1996 og 1997 miðað við árin 1993 og 1995.

[14:12]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til að þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að impra á þessu máli. Ég held að þær upplýsingar sem fram hafa komið séu að mörgu leyti athyglisverðar. En mig langar til þess að varpa þeirri spurningu fram hvort ekki sé rétt að skoða þetta mál í víðara samhengi, þ.e. ekki aðeins sem áhuga erlendra fjárfesta á að fjárfesta í íslensku atvinnulífi heldur áhuga sparifjáreigenda almennt til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Það er staðreynd að þeir sem eiga fjármagn á Íslandi, en það eru kannski einkum og sér í lagi lífeyrissjóðirnir, hafa ekki sýnt því áhuga eða sýnt því mun minni áhuga en æskilegt er að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Ég held að það sé mjög fróðlegt að skoða þetta í samhengi þó ekki gefist tækifæri til að ræða það í þaula við þetta fyrirspurnarform. Ég held að það sé rétt að tregða erlendra aðila til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi haldist örugglega í hendur við tregðu innlendra sparifjáreigenda til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi.

[14:13]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ljóst af þessu að fjárfestingar útlendinga hérlendis eru nær engar. Ég minni á að fjárfestingar alls árið 1995 á Íslandi voru 70 milljarðar. Við erum að tala um 400 millj. Þetta er ekkert sem skiptir máli og það á að vera okkur umhugsunarefni að ekki hefur tekist að laða erlenda fjárfestingu hingað eins og nauðsynlegt er. Í ljósi sífellt aukinna alþjóðaviðskipta og þess að fjárfestingar milli landa verða sífellt algengari í efnahagsstefnu einstakra ríkja, eigum við að nota þetta tilefni sem fyrirspurnin gefur til að kanna betur hvernig þróunin hefur verið í nágrannalöndunum á síðustu árum og hvernig við getum breytt okkar löggjöf til að fá meiri erlendar fjárfestingar. Uppistaðan í erlendum fjárfestingum okkar hér eru í einni atvinnugrein sem er áliðnaður eða stóriðja. Það er kannski ekki mjög vænleg stefna til framtíðar að vera með öll okkar egg í þessari einu körfu. Þetta þarf að vera miklu fjölþættara og þetta er liður í þeirri breytingu sem er að verða á efnahagsumhverfi alls staðar í kringum okkur. Og við eigum að taka þátt í því með opnum huga.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir afar greinargóð svör og þær umræður sem hafa farið fram í kjölfarið af þeim fyrirspurnum og þeim svörum sem hún gaf tilefni til. Ég er sammála því sem hér hefur verið sagt að þær tölur sem hæstv. viðskrh. flutti okkur eru mjög alvarlegar og mikið áhyggjuefni hversu illa okkur gengur að laða erlent áhættufé inn í íslenskt atvinnulíf. Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. e. er meginskýringin á þessu ábyggilega sú að arðsemi í íslensku atvinnulífi er svo lítil að erlendir fjárfestar kæra sig ekki um að leggja fé í atvinnulífið. Sama má segja um íslenska fjárfesta sem eru líka mjög hikandi við það að fjárfesta í íslensku atvinnulífi, sennilega af sömu ástæðum. Arðsemiskostirnir eru aðrir betri sem menn leita þá frekar í.

Ég vek athygli á því að sú fjárfesting sem hér kom fram að hefur átt sér stað á undanförnum þremur árum, að undanskildu árinu 1993, nemur á bilinu 350–470 millj. kr. Það svarar tæplega eða kannski hóflega veltu eins frystitogara. Það er nú allt og sumt sem við erum að tala um sem er heildarfjárfesting útlendra aðila ef við undanskiljum árið 1993 þegar um var að ræða sérstaka hlutafjáraukningu erlendra eignaraðila í Járnblendiverksmiðjunni. Nákvæmlega það sama kom fram í svari þáv. hæstv. viðskrh. árið 1992

varðandi stærstu erlendu fjárfestingarnar sem eru að eiga sér stað er hlutafjáraukning í fyrirtækjum sem þegar hafa verið stofnuð. Það segir auðvitað mikla sögu um þetta eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh. að sú fjárfesting sem er núna að eiga sér stað í stækkun álversins er u.þ.b. tíföldun á þeirri erlendu fjárfestingu sem við höfum séð á undanförnum árum.

[14:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að það er og hefur verið tregða á undanförnum árum að fá erlenda fjárfesta inn í landið og margar ástæður kunna að vera fyrir því. Það er líka áhyggjuefni að innlendir fjárfestar skuli ekki sýna íslensku atvinnulífi meiri áhuga en verið hefur á undanförnum árum og ég held að lífeyrissjóðirnir geti gegnt þar gríðarlega mikilvægu hlutverki. Nú eru í endurskoðun lög um lífeyrissjóði. Ég þekki ekki nákvæmlega hversu langt sú endurskoðun er komin en eitt af þeim verkum sem sú nefnd átti að fara yfir og skoða sérstaklega var einmitt fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna. Ég held að hún geti gegnt gríðarlega mikilvægu hlutverki í þeim efnum. Það er áhyggjuefni en það er líka að vissu leyti ánægjulegt að núna árið 1996 og 1997 skuli vera um tíföldun á erlendri fjárfestingu í íslensku atvinnulífi að ræða. Það gefur mönnum vísbendingar um að kannski sé bjartara fram undan í þessum efnum.

Í nágrannalöndum hefur erlend fjárfesting verið í kringum 1% sem er tiltölulega lágt. Norðurlöndin hafa verið um 1% af landsframleiðslu sem hefur verið erlend fjárfesting, OECD-ríkin á bilinu 1,5–2% af landsframleiðslu. Við höfum verið með 0,1% á árunum 1993–1995. Með þeirri breytingu sem er núna að eiga sér stað með tífölduninni förum við nálægt 1% og nálgumst það sem löndin í kringum okkur er með í erlendri fjárfestingu. En hér er um tímabundna fjárfestingu að ræða og þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt að menn átti sig á því hvernig menn ætli að halda þessu áfram. Skipulögð vinna er í gangi af hálfu bæði iðn.- og viðskrn. til að leita að erlendum fjárfestum. Nokkur dæmi vil ég nefna.

Í fyrsta lagi. Starf markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og ég vitnaði til í ræðu minni áðan að hverju er unnið. Fjárfestingarskrifstofa viðskrn. og Útflutningsráðs hefur verið að vinna að sérstöku fjárfestingarverkefni víða um land með sveitarfélögum og fyrirtækjum. Verkefnið á Reykjanesi þar sem sérstaklega er leitað að erlendum fjárfestum inn á Reykjanesi.

Í öðru lagi í samvinnu við Verslunarráðið þar sem leitað er að erlendum fjárfestum inn í starfandi fyrirtæki á Íslandi, lítil fyrirtæki.

Í þriðja lagi er komið sjálfstætt fjárfestingarverkefni í gang á Eyjafjarðarsvæðinu í samstarfi við fyrirtæki þar og hérðasnefndina til að leita að erlendum fjárfestum inn í íslenskan matvælaiðnað.

Í fimmta lagi er í undirbúningi samstarf við sveitarfélögin í Austurlandskjördæmi um sérstök fjárfestingarverkefni á sviði orkufreks iðnaðar og að skilgreina það svæði sem vænlegan kost til þess að taka á móti stóriðju. Á þann hátt er verið að undirbúa næstu skref sem þurfa að taka við þegar framkvæmdum lýkur árið 1997 við stækkun álversins í Straumsvík.

Fjárfesting Íslendinga erlendis.

Fsp. EKG, 319. mál. — Þskj. 561.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það eru ekki mörg ár síðan að það þótti nánast goðgá að Íslendingar hösluðu sér völl í atvinnulífi annarra þjóða. Nú er heldur betur orðin breyting á. Við höfum séð það upp á síðkastið að íslensk atvinnufyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi, hafa verið að nema ný lönd víða um heim og taka þátt í sjávarútvegi út um allan heim. Þetta segir okkur fyrst og síðast að íslenskur sjávarútvegur er á heimsmælikvarða og talinn eftirsóttur til að flytja þekkingu og vera samstarfsaðili í þessari atvinnugrein nánast sama hvar í heiminum sem er. Í þessu sambandi er af nógu að taka. Hvað mesta athygli hefur að sjálfsögðu vakið sú staðreynd að Íslendingar, raunar Eyfirðingar, hafa fjárfest mjög eftirminnilega í tveimur togaraútgerðum í Þýskalandi eins og allir vita. En það er fleira sem ástæða er til að nefna í þessu sambandi. Minna má á þátttöku fyrirtækja eins og Granda í Chile, íslensk fyrirtæki tóku þátt í samstarfsverkefnum í sjávarútvegi suður í Afríku og Kamtsjatka og víðar. Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að minna á það frumkvöðulsstarf sem stóru sölufyrirtækin okkar í sjávarútvegi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandið, síðar Íslenskar sjávarafurðir, hafa gegnt með fjárfestingum sínum austan hafs og vestan í fyrirtækjum þar. Fleiri hafa raunar siglt í kjölfarið síðar. Íslendingar hafa líka fjárfest á öðrum sviðum, svo sem í byggingariðnaði í Suðaustur-Asíu, svo dæmi séu tekin. Þá er og að geta þess að Eimskip hefur í krafti styrks síns haslað sér völl á erlendri grundu með erlendri fjárfestingu víða. Enn má nefna fjárfestingu lyfjafyrirtækis austur í hinum baltnesku ríkjum. Enginn vafi er á því að þessi þróun er mjög æskileg. Hún opnar okkur leið inn á nýja markaði. Hún gefur fyrirtækjunum nýja viðspyrnu og hún skapar ný störf fyrir Íslendinga með nýstárlegum hætti. Það sem okkur er auðvitað fjötur um fót í þessu sambandi er tvennt. Smæð fyrirtækjanna og það hversu þau eru almennt fjárhagslega veikburða. Þess vegna kann að virðast fjarlægt að hyggja nú að þessum efnum og mér er að sjálfsögðu ljóst að fjárfesting af þessu tagi getur aldrei orðið annað en skynsamleg en lítil viðbót við okkar almenna innlenda efnahagslíf. Þá letur það að sjálfsögðu íslenska stjórnendur sem hafa fangið svo fullt af daglegum vandamálum að vita af því að tíminn sem þeir verja til undirbúnings og þátttöku í atvinnulífi erlendis tekur athyglina frá því sem þeir eru að gera hér heima og það eru því miður ekki margir framkvæmdastjórar eða athafnamennirnir sem geta leyft sér slíkt í dag. Ég hef hins vegar leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga á þskj. 561:

1. Hversu mikil var fjárfesting Íslendinga erlendis á árunum 1993–1995? Í hverju fólst sú fjárfesting?

2. Hversu mikill hluti fjárfestingarinnar kom frá
   a. atvinnufyrirtækjum,
   b. fjármálastofnunum, þar með töldum lífeyrissjóðum,
   c. einstaklingum?

3. Má vænta aukinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis? Ef svo er, á hvaða sviðum helst?

[14:23]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spyr á þskj. 561 um fjárfestingu Íslendinga erlendis. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. hversu mikil var fjárfesting Íslendinga erlendis á árunum 1993–1995 og í hverju sú fjárfesting fólst. Fjárfesting Íslendinga erlendis á árunum 1993 til 1995 og flokkun hennar eftir eðli fjárfestinga var sem hér segir: Heildarfjárfesting erlendis árið 1993 nam 2.845 millj., árið 1994 8.589 millj. og árið 1995 3.256 millj.

Fjárfestingin skiptist sem hér segir: Í fyrsta lagi var bein fjárfesting erlendis árið 1993 um 690 millj. kr. Bein fjárfesting árið 1994 791 millj. og 1995 484 millj. Bein fjárfesting var annars vegar í atvinnurekstri og nam hún 548 millj. kr. árið 1993, 730 millj. árið 1994 og 350 millj. árið 1995. Ég ætla að lesa þetta hægt þannig að hv. þm. nái þessu talnaflóði öllu niður. Bein fjárfesting vegna fasteignakaupa var 142 millj. árið 1993, 61 millj. árið 1994 og 98 millj. árið 1995.

Í öðru lagi eru verðbréfakaup, þ.e. óbein fjárfesting sem var á árinu 1993 2.155 millj., árið 1994 7.798 millj. og árið 1995 2.808 millj. Kaup á hlutabréfum nam 186 millj. kr. árið 1993, 420 millj. 1994 og 154 millj. árið 1995. Kaup á hlutdeildarskírteinum nam 132 millj. árið 1993, 1.206 millj. árið 1994 og 2.288 árið 1995. Fjárfesting í skuldabréfum nam 1.837 millj. árið 1993, 6.172 millj. árið 1994 og 366 millj. árið 1995.

Hv. þm. spyr hversu mikill hluti fjárfestingarinnar kom frá atvinnufyrirtækjum, hversu mikill hluti frá fjármálastofnunum, þar með töldum lífeyrissjóðum og hversu mikill hluti frá einstaklingum. Því miður er ekki unnt að svara þessari spurningu hv. þm. Seðlabankinn sem annast tölfræðilega vinnslu gagna um gjaldeyrisyfirfærslur hefur ekki upplýsingar um hverjir fjárfestarnir eru í hverju tilviki fyrir sig. Því miður er ekki svar við þessari spurningu hv. þm.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Má vænta aukinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis? Ef svo er á hvaða sviðum helst? Erfitt er að meta líkur á aukinni fjárfestingu íslenskra fyrirtækja erlendis. Við mat á því ber að greina á milli beinnar fjárfestingar, þ.e. aðallega varðandi fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis og óbeinna fjárfestinga. Slík fjárfesting virðist heldur vera að aukast og raunar bind ég vonir við að svo verði. Frumniðurstaða úttektar, sem unnin hefur verið um þjóðhagsleg áhrif þátttöku íslenskra fyrirtækja í atvinnustarfsemi erlendis, bendir til að það leiði til mikilla margfeldisáhrifa hér á landi vegna kaupa á vöru og þjónustu héðan vegna slíkrar þátttöku. Veruleg tækifæri ættu að vera til að fjárfesta erlendis, ekki síst í sjávarútvegi, en einnig á öðrum sviðum eins og dæmin sanna.

Hvað varðar verðbréfakaup eða beina ávöxtun fjármagns erlendis virðast slík kaup hafa dregist saman á árinu 1995 eftir allmiklar aukningu á árinu 1994. Framtíðarþróun þessara viðskipta ræðst af þróun vaxta og gengis og hvert framboð verður hér á landi á traustum hlutabréfum. Í því sambandi bind ég vonir við að íslenskir stofnanafjárfestar muni í auknum mæli geta komið að fjármögnun nýrra fjárfestinga bæði sem hluthafar og verkefnabundnir lánveitendur.

[14:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir góð svör. Ég bendi á að tífalt meira fjármagn streymir út en inn og það ætti að vekja menn til umhugsunar um það að hér eru einhver höft á atvinnulífinu sem þarf að finna og leysa. Það þarf að leysa atvinnulífið úr dróma. Þær ráðstafanir sem hæstv. ráðherra nefndi voru aðallega til þess að þvinga fram fjárfestingu en ekki til þess að lokka hana og ég bendi á muninn á því að ýta og lokka.

Ég geri ráð fyrir að stærstu fjárfestingarnar erlendis séu ekki inni í þessu og það eru Björk Guðmundsdóttir og Kristján Jóhannsson sem íslensk skattalög hafa fælt úr landi.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir greinargóð og skýr svör og sömuleiðis hv. þm. Pétri Blöndal fyrir athyglisvert inngrip í þessa umræðu. Það er ekki mjög þægilegt að átta sig þessu mikla talnaflóði og draga miklar ályktanir út frá þeim í fyrstu. Engu að síður er það þannig ef við skoðum þetta að það vekur nokkra athygli að um að er ræða talsverða fjárfestingu íslenskra aðila í atvinnurekstri erlendis. Það finnst mér mjög ánægjulegt við þessar tölur. Þetta eru kannski ekkert mjög háar tölur ef borið er saman við heildarfjárfestinguna á Íslandi eða landsframleiðslu okkar en þetta eru þó a.m.k. tölur sem munar um og þetta þýðir það að við erum þó þrátt fyrir allt, þrátt fyrir okkar smæð og þrátt fyrir veikburða atvinnulíf að hasla okkur völl á nýjum sviðum erlendis. Við erum þar með að afla okkur nýrrar þekkingar sem ég er alveg sammála hæstv. viðskrh. um að mun skila sér í margfeldisáhrifum inn í landið. Þetta skapar líka ný atvinnutækifæri fyrir okkar unga og vel menntaða fólk og við sjáum þá ásókn sem er í störf af þessu tagi, t.d. þegar Íslenskar sjávarafurðir auglýstu eftir fólki til starfa í Kamtsjatka í haust sóttu tugir manna um þessi störf, fólk sem stóð allt undir þeim væntingum og kröfum sem gert var til þess. Það er auðvitað athyglisvert að í þessu litla landi að okkur skyldi takast að manna stóran atvinnurekstur úti í heimi á sérhæfðu sviði en þetta tókst á mjög skömmum tíma og það segir auðvitað mikla sögu. Ég held að þetta sé þróun sem við þurfum með einhverjum hætti að ýta undir, þ.e. að auðvelda íslensku atvinnulífi að fjárfesta úti í heimi vegna þess að það hefur mjög jákvæð áhrif á þjóðarbúið í heild.

[14:31]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér er mjög knappt form notað undir merkilegar umræður. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel fulla ástæðu til að þakka fyrir þessar fyrirspurnir um fjárfestinguna. Ég tek eindregið undir að fjárfesting íslenskra aðila erlendis er mjög líkleg til að ýta undir hagstæða þróun atvinnulífsins á Íslandi. Það hefur orðið sú reyndin í sambandi við fjárfestingu þeirra tveggja eyfirsku fyrirtækja sem hafa haslað sér völl í sjávarútvegi erlendis.

Mig langar aðeins að benda á að þó það sé hárrétt sem fram kom í máli hæstv. viðskrh. að samdráttur virðist koma fram í kaupum á verðbréfum er það þó svo að í hlutdeildarskírteinum er stöðugur vöxtur enda er áhættan jöfnust þar. Segir það sína sögu um að þetta leitar jafnvægis.

[14:32]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að vekja máls á báðum þessum fyrirspurnum sem hér hefur verið reynt að svara eftir því sem upplýsingar leyfa. Það er rétt sem hefur komið fram að þetta er mjög þröngt form til að ræða eitt af stærstu hagsmunamálum okkar um

hvernig okkur tekst að fá bæði erlenda fjárfesta inn í landið og hvernig okkur tekst að fjárfesta í atvinnulífi erlendis.

Ég vek athygli á því að verði frv., sem er til umfjöllunar í þinginu, að lögum er gert ráð fyrir að viðskrh. geri þinginu grein fyrir því árlega í skýrslu hver þróunin hefur orðið í þessum efnum. Þá gefst vonandi í framtíðinni betra tækifæri til að fjalla um þessa hluti en undir því þrönga formi sem hér er.

Það er rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að fjárfestingin er mun meiri út úr landinu en inn og það er auðvitað áhyggjuefni. En að mörgu leyti er það dálítið merkilegt þegar við horfum á það háa vaxtastig sem við erum með á Íslandi. Vandamálið er hins vegar að við höfum búið við vísitölubindingar í mjög langan tíma. Þegar erlendir aðilar fara að velta fyrir sér þeirri merkilegu lánskjaravísitölu sem var hér einu sinni, sem heitir nú vísitala neysluvöruverðs, og spyrja hversu traust og örugg hún sé í raun til að fjárfesta eftir og spyrja hvort þessari vísitölu hafi einhvern tímann verið breytt þá verða menn að svara sem svo: Já, henni hefur verið breytt í nokkrum tilvikum. Þá er öryggið ekki meira en það hjá þessum fjárfestum að þeir treysta sér ekki til þess að fjárfesta í verðbréfum okkar.

Ég hef skipað nefnd til að leita allra leiða til að markaðssetja íslensk verðbréf erlendis. Það starf er núna í gangi. Formaður þeirrar nefndar kemur frá Seðlabankanum. Ég vonast til þess að í marsmánuði skili nefndin af sér tillögum. Ég bind nokkrar vonir við að þar gefist ákveðin sóknarfæri því þetta er okkur gríðarlega mikilvægt.

[14:35]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Af því að menn hafa talað um að við séum að ræða stórt mál undir þröngu formi minni ég á að í þinginu hefur undanfarið farið fram mjög mikil umræða bæði um eignarhald fyrirtækja og einnig form á fyrirtækjarekstri. Þar vil ég minna á síðustu umræðuna sem fór fram um hlutafjárvæðingu Pósts og síma í gær og síðan þá umræðu sem hefur farið fram á undanförnum vikum um erlenda fjárfestingu, ekki síst í sjávarútvegi.

Þær upplýsingar sem koma hér fram leiða í ljós eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal bendir á að tífalt meira fé streymir út úr landinu en það sem kemur inn. Því held ég að það væri full ástæða til fyrir hæstv. ráðherra að skoða frv. ríkisstjórnarinnar um erlendar fjárfestingar, endurskoða það með það í huga hvort ekki væri rétt að það yrði kannað betur hvort við ættum ekki að heimila beina fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi vegna þess að það er rökstudd ástæða til að ætla að það sé einmitt sá vettvangur sem gæri verið líklegastur til að laða erlenda fjárfesta að Íslandi vegna þess að menn þekkja Ísland best í gegnum sjávarútveginn. Það er líklegt ef þeir vilja fjárfesta í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi leiði þau kynni til þess að þeir vilja e.t.v. fjárfesta einnig í öðrum atvinnurekstri.

Athugasemdir á fyrirspurnafundi.

[14:37]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vekur athygli á því að í þeim umræðum sem spunnist hafa út af þeim fimm fyrirspurnum sem hefur verið svarað hafa allmargir þingmenn notað rétt sinn til að koma á framfæri stuttum athugasemdum. Forseti telur æskilegt að þingmenn hefðu það í huga að slíkar ræður þyrftu helst að koma fram áður en fyrirspyrjandi og viðkomandi ráðherra hafa fullnýtt sér rétt sinn til umræðna vegna þess að það kann að vera eitthvað í athugasemdum þeirra sem þessir ræðumenn vildu hafa áliti uppi á. Því væri æskilegt að menn kveddu sér hljóðs og gerðu stuttar athugasemdir áður en fyrirspyrjandi og viðkomandi ráðherra taka að endingu til máls.

Fundi slitið kl. 14:38.

---

98. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
að loknum 97. fundi.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 296. mál, þskj. 601. — 3. umr.
3. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 284. mál, þskj. 523, nál. 600. — 2. umr.
4. Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, stjtill., 157. mál, þskj. 187, nál. 610. — Síðari umr.
5. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, stjfrv., 283. mál, þskj. 522, nál. 612. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 296. mál (umframveiði síldar og hörpudisks). — Þskj. 601.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (Bændasamtök Íslands). — Þskj. 523, nál. 600.

[14:40]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti landbn. sem lagt er fram á þskj. 600 um frv. til laga um breytingar á lögum

um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Hæstv. landbrh. gerði grein fyrir efni frv. við 1. umræðu og er því ástæðulaust að fara sérstaklega yfir frv.

Nefndin gerir heldur engar breytingar við frv. sem slíkt en áréttar í nál. á þskj. 600 nauðsyn þess að það verði afgreitt.

Til fundar við nefndina komu Jón Höskuldsson, skrifstofustjóri í landbrn., og Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur frá Bændasamtökum Íslands. Með frv. er Bændasamtökum Íslands gert að taka við þeim verkefnum sem Búnaðarfélag Íslands eru falin í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. lög nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda. Þá er enn fremur nauðsynlegt að endurnýja umboð markanefndar sem allra fyrst vegna úrgáfu á markaskrám í sýslum landsins á þessu ári. Í tengslum við slíka útgáfu koma jafnan fram ýmis álitamál, en það er einmitt slík nefnd sem er úrskurðaraðili þegar slíkt kemur fram.

Tveir nefndarmanna voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, Árni M. Mathiesen og Margrét Frímannsdóttir. Aðrir nefndarmenn undirrita þetta álit án fyrirvara. Ég vil að lokum gera það að tillögu minni að þetta mál gangi áfram til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, síðari umr.

Stjtill., 157. mál. — Þskj. 187, nál. 610.

[14:44]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um till. til þál. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun. Nefndin fjallaði um málið og fékk gesti á sinn fund og umsagnir bárust líka á fund nefndarinnar. Við umræður um þáltill. komu fram nokkrar ábendingar um greinargerðina sem henni fylgdi. Greinargerðin er yfirlit yfir flest atriði í umferðaröryggisstarfinu og þarf stöðugt að endurskoða hana, helst árlega. Á þessu ári hyggst dómsmrn. fá Umferðarráð til að endurskoða skýrsluna um umferðaröryggisáætlun til ársins 2000 og koma með nýjar áherslur í umferðaröryggismálum. Hagsmunaaðilum verður þá gefinn kostur á að koma með tillögur og athugasemdir til Umferðarráðs um þau atriði er þeir telja brýnt að séu tekin til athugunar í skýrslunni.

Til allshn. bárust fjölmargar athugasemdir við greinargerðina m.a. frá Ökukennarafélagi Íslands um ökunám og leiðbeinendaakstur og verða þessar athugasemdir og tillögur væntanlega teknar til athugunar við endurskoðun á áhersluatriðum fyrir næstu þáltill. Á vegum dómsmrn. er verið að endurskoða reglugerð um ökupróf og ökukennslu í samræmi við Evrópusambandsreglur um ný evrópsk ökuskírteini. Ráðuneytið hefur m.a. verið að vinna tillögur um reglur fyrir æfingaakstur í samvinnu við Ökukennarafélagið og Umferðarráð og væntanlega verða þær reglur til að stuðla að bættu ökunámi en vonast er til að reglurnar taki gildi næsta haust.

Í athugasemd með þessari tillögu eru talin upp 22 atriði sem nefndin sem undirbjó tillöguna leggur til að hafi forgang í umferðaröryggisstarfinu. Kom fram í umræðum í nefndinni að ýmis þessara atriða eru þegar komin til framkvæmda eða langt komin.

Allshn. leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu að við 2. málsl. bætist: í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra.

Allir fulltrúar allshn. undirrita þetta nál. Jóhanna Sigurðardóttir, sem sat fundi sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk þessu áliti.

[14:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að spyrja út í nefndarstarf hjá allshn. varðandi þetta mál. Í umræðum í nóvember sl. kom fram í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að það yrði kannað hvort unnt væri að setja öryggisbelti í öll sæti í hópferðabifreiðum. Mig langar að vita hvort einhverjar upplýsingar um þetta málefni hafi borist til allshn. og eins hvort eitthvað hefur verið hugað að því að lögleiða skyldu um öryggisbelti í skólabifreiðum. Í skýrslunni sem unnin var varðandi umferðaröryggisáætlun til ársins 2001 kemur fram á bls. 39, með leyfi forseta: „Rétt þykir að setja öryggisbelti í öll sæti skólabíla og æskilegt er að öryggisbelti verði enn algengari í hópbifreiðum.“ Það eru eingöngu þessi atriði sem ég er að velta fyrir mér hvort eitthvað hafi komið fram um í starfi nefndarinnar.

[14:49]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að þessi þáltill. er afmörkuð, þ.e. ákveðinn texti sem þar er um að ræða en síðan er í greinargerðinni vitnað til þessarar skýrslu. Þar eru talin upp 22 atriði sem áætlað er að koma til framkvæmda. Það er hins vegar rétt að það komi fram að það voru ýmis atriði rædd í nefndinni í tengslum við greinargerðina við meðferð þessa máls. Þar á meðal var spurt hvort hægt væri að setja belti í langferðabifreiðar. Það var upplýst á fundi nefndarinnar, að því er ég man best, að Evrópusambandið væri búið að gera tillögur um slíkar reglur sem mundu gilda um allar nýjar langferðabifreiðar. Við eigum því von á því að það muni komast einhver skriður á þau mál er snerta aukið öryggi varðandi langferðabifreiðar. Væntanlega mundi þá það sama gilda um akstur skólabifreiða en það var ekki rætt sérstaklega. Ýmis mál sem tengjast umferðaröryggi voru rædd í nefndinni. Þar á meðal um notkun hjólreiðahjálma. Þar kom m.a. fram að nú þegar nota um 60–70% barna og unglinga hjólreiðahjálma og er það mjög athyglisvert. Þannig að það voru ýmis atriði sem voru rædd í tengslum við þessi mál. Einnig var spurst fyrir um þetta atriði sem hv. þm. vakti hér athygli á.

[14:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum atriðum, sérstaklega hvað varðar öryggisbelti í skólabifreiðar vegna slysa á skólabörnum við umferðaróhöpp skólabíla. Foreldrar sem hafa miklar áhyggjur af þessu máli hafa haft samband við mig. Ég vona að þetta nái fram að ganga þegar þær reglur sem þingmaðurinn minntist á taka gildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, 2. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 522, nál. 612.

[14:53]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá samgn. á þskj. 612 sem fjallar um frv. til laga um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Hermannsson frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra frá samgönguráðuneyti.

Með frumvarpinu er tryggður gagnkvæmur frjáls aðgangur skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan svæðisins og geta í því falist umtalsverðir hagsmunir fyrir íslenska kaupskipaútgerð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn nema Árni Johnsen sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Í nál. segir að í þessu litla frv. geti falist miklir hagsmunir fyrir íslenska kaupskipaútgerð. Það er öruglega ekki ofmælt vegna þess að þetta frv. felur fyrst og fremst í sér gagnkvæman rétt. En þannig háttar til á Íslandi að það eru sennilega ekki miklir möguleikar á því að erlend skipafélög sækist eftir því að sigla upp hinar íslensku ársprænur. Hins vegar geta falist verulegir hagsmunir í því fyrir íslensk skipafélög að geta farið um fljót Evrópu. T.d. hefur verið upplýst í samgn. að möguleikar til að sigla beint um evrópsku stórfljótin og skipaskurðina séu þarna opnaðir með vissum hætti. Eins og málum háttar í dag þarf að umskipa vöru í ýmsum evrópskum höfnum og flytja síðan ýmist með bílum eða öðrum skipum upp evrópsku fljótin og skipaskurðina.

Talið er að þessi flutningaaðferð, að flytja vörur með skipum upp skipaskurðina og fljótin, sé mjög vistvæn sem kallað er. Ég veit að ýmsir hv. þm. munu þekkja það hugtak. Því er talið að þessi flutningaleið verði mun meira notuð á næstu árum en t.d. hefðbundinn flutningur á landi. Það er talið að það verði meiri ásókn í að fara þarna um fljótin og skipaskurðina sem bera hins vegar takmarkaða umferð. Þá er kannski komið að aðalatriðinu. Talið er að þetta þýði í framtíðinni að aðgangurinn að þessum skipgengu vatnaleiðum verði takmarkaður og e.t.v. verði tekin ákvörðun um að setja þar á einhvers konar kvóta, hvort sem það verða sóknarkvótar eða einhverjir aðrir kvótar á heimildir skipafélaga til að sigla um skipgengar vatnaleiðir. Þess vegna geta í því falist nokkrir hagsmunir fyrir Íslendinga að hafa helgað sér nokkurn rétt með því að stunda siglingar á þessum vatnaleiðum. Í þessu felast sem sagt nokkrir hagsmunir fyrir okkur Íslendinga. En eins og ég nefndi áðan felast fyrst og fremst í þessu hagmunir okkar í sókn út á við. Hins vegar felast engar kvaðir í þessu. E.t.v. má því segja sem svo að nú sé loksins fundið það litla sannleikskorn sem fólst í þeim stóru orðum að með EES-samningnum hafi allt fengist fyrir ekkert.

[14:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Loksins, loksins. Það eru orðin sem mér koma í hug eftir að hafa hlustað á þessa glæsilegu framsöguræðu fyrir einhverju vitlausasta máli sem hefur rekið á fjörur þingsins. Ég verð að segja að hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni mæltist alveg óvanalega vel. Það var eins og hér væri á ferðinni alvörumál. Ég hlýt auðvitað að taka undir að það er gaman að finna loksins eitthvað í þessum samningi um EES sem fellur undir það sem hér var einu sinni gert mikið grín að, að menn fengju „allt fyrir ekkert". Það er líka gaman að það skuli vera hv. þm. sem finnur loksins þetta atriði þar sem Íslendingar eru að fá allt fyrir ekkert. Það var nefnileg einmitt þetta mál sem varð hér hálfgerð hornreka á síðasta kjörtímabili vegna þess að páv. hæstv. samgrh., sem er sami einstaklingurinn og gegnir því starfi í dag, hafði allt á hornum sér gagnvart þessu máli. Honum þótti það óþarfi á þeim tíma. En nú eru bersýnilega nýir menn komnir til valda í íslenskum samgöngumálum og formaður samgn. hins háa Alþingis heitir nú Einar K. Guðfinnsson. Væntanlega er það hann sem hefur svipt hulunni frá augum hins skilningssljóa hæstv. samgrn. í þessu máli. Ég verð enn og aftur að lýsa ánægju minni með framsöguræðuna og óska hv. þm. til hamingju. Með þessari ræðu hefur hann markað söguleg spor. Það er hann sem stýrir þessu merka máli í gegnum þingið.

Þess hlýtur að vera skammt að bíða eftir þessa ræðu að við getum farið að kalla hann hæstv. samgrh. Það sem ég vil þó fetta fingur út í er að hann skuli voga sér að tala um íslenskar ársprænur þegar hann er réttilega að sýna fram á að sennilega muni engir útlendingar af tæknilegum orsökum sækjast eftir því að sigla upp hin tígulegu og mikilúðlegu íslensku fljót. Ég minni hann þó á að það var eigi að síður svo að menn sóttust eftir því hér áður fyrr. Og ég minni hann á að erlendir konungar vildu forðum halda langskipum hér í eyjum í norðurhöfum til þess m.a. að geta siglt upp íslensk fljót og látið skellur sínar skakast að íslenskum smábændum. Nú er það loks löglegt.

Herra forseti. Ef ég hefði meiri tíma, hefði ég farið með af því tilefni þjóðsöng Grímseyinga sem lýtur einmitt að því. En aftur, hv. þm., til hamingju með þessa glæsilegu ræðu og þennan mikla áfanga í samgöngusögu Íslendinga.

[15:00]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að það veitti ekki af að flytja nokkuð ítarlega ræðu um þetta mikilvæga mál til að upplýsa hv. þm. um hvað það snerist því að hann virðist enn þá vera staddur á hinni fornu og fræknu söguöld þegar hér voru langskip og knerrir. En þetta hefur mikið breyst eins og mörgum öðrum er væntanlega ljóst. Nú sigla miklu stærri skip á milli landa og þess vegna eru hagsmunirnir orðnir dálítið aðrir.

Af því að við hv. 15. þm. Reykv. erum að tala um sögulegar yfirlýsingar í ræðum okkar, þá var það sögulegast í ræðu hv. þm. að hann tók undir það með mér að loksins hefði fundist sannleikskornið um hinn mikla samning um hið Evrópska efnahagssvæði þar sem allt hefði fengist fyrir ekki neitt. Það væri það sem við værum að sjá í þessu frv. sem skapaði Íslendingum ótvíræðan rétt til að sigla um hin glæsilegu fljót og skipagengu vatnaleiðir Evrópu en við þyrftum hins vegar ekkert að láta í staðinn. Þetta er það sem er sögulegt við frv. Það hefur þó síðbúið sé sannað hin fleygu orð. Það er það sem mun koma þessu máli í sögubækurnar en hvorki lítilfjörlegur atbeini minn að þessu máli né heldur hinn glæsilegi atbeini hv. þm. sem hefur með þessum þætti markað djúp spor í samgöngusögu landsins með því að skilja mikilvægi málsins sem hafði öðrum dulist við 1. umr. en þá tók enginn til máls.

[15:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir nánast allt sem hv. þm. sagði. Ég vil nota þetta tækifæri til að rifja það upp að þegar hugtakið „allt fyrir ekkert" spratt upphaflega fram í þessum sölum, var verið að ræða um fræga fiskitegund. Það var fiskurinn langhali sem átti að leyfa útlendum mönnum að veiða við Ísland en reyndist ekki vera til. Það kom síðar í ljós að þessa tillögu áttu ágætir íslenskir fiskifræðingar sem vissu að það var sennilega ekki hægt að finna hann.

Það hefur verið minn flokkur sem hefur reynt að tosa flokk hv. þm. fram í nútímann. Samt megum við aldrei gleyma því að viðhorf okkar fornu áa voru jafnan góð og menn eiga að hafa þau í heiðri. Og af því að hv. þm. talaði um knerri og langskip, rifjast einmitt upp fyrir mér þjóðsöngur Grímseyinga. Ég tel rétt að fara með svo sem eitt erindi hans í þessum umræðum:

Þú varst fyrr af mönnum metin
meira en eyðisker,
kóngar úti í öðrum löndum
ágirnd fengu á þér.
Einn þá sendi biðilsbréfið
beina leið á þing,
þá var happ að Ísland átti
Einar Þveræing.

[15:03]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér hefði fundist það mjög vel við hæfi af því að við erum að ræða þetta merkilega mál, Evrópska efnahagssvæðið út frá öðru sjónarhorni, að hv. þm. hefði líka farið með annað þekkt kvæði sem tengist óneitanlega einum frumkvöðli þess máls, „Það mælti mín móðir". En að öðru leyti vil ég ekki fjalla mjög ítarlega um þetta. Það er komið að lokum þessarar efnismiklu umræðu um þetta merkilega mál. Ég vil hins vegar vekja athygli hv. þm. á því að gerðar hafa verið grundvallarbreytingar á frv. frá því að það var lagt fram í stjórnartíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar sem hv. þm. átti að aðild að. En málið var þá gamalt baráttumál hans, hygg ég. Þá var gert ráð fyrir því að það væri líka um að ræða gagnkvæmnisákvæði varðandi flutninga með járnbrautum. En með harðfylgi sennilega hæstv. þáv. utanrrh. var fengin viðvarandi undanþága frá því að þurfa að hafa þann hortitt í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:05]

Umræður utan dagskrár.

Verðmyndun hjá Osta- og smjörsölunni.

[15:31]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og tilkynnt hafði verið hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er Ágúst Einarsson. Landbrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa, 1. mgr., þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er ákvörðun samkeppnisráðs um verðmyndun hjá Osta- og smjörsölunni og Mjólkursamsölunni og úrelding Mjólkursamlags Borgfirðinga.

[15:32]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Landbúnaðarmál eru í ólestri og skipulag þeirra veldur neytendum og bændum verulegu fjárhagstjóni. Þannig er 46% meiri stuðningur við landbúnað hérlendis en innan Evrópusambandsins og 70% meiri stuðningur hérlendis en að meðaltali innan OECD. Þessi stuðningur veldur auk lakari lífskjara m.a. því að minna er varið til heilbrigðis- og menntamála. Þessi steingelda og hættulega stefna ríkisstjórnarflokkanna hefur leitt til miklu hærra matarverðs hér en er í Evrópu. Nú nýverið kærði Bónus hf. Osta- og smjörsöluna til samkeppnisráðs og óskaði eftir að samkeppni fengi notið sín með lækkun vöruverðs að markmiði. Niðurstaða samkeppnisráðs var ótvíræð, þ.e. að Osta- og smjörsölunni beri að veita eðlilegan afslátt á vörum sem eru ekki verðlagðar af fimm manna nefnd og að þar verði að fara að samkeppnislögum.

Annað mál sem tengist Osta- og smjörsölunni og Mjólkursamsölunni lýtur að sambærilegri kæru Bónuss hf. og varðar vörur sem falla undir búvörulög. Þar kemst samkeppnisráð að athyglisverðri niðurstöðu sem er að 7., 13. og 18. gr. búvörulaga um verðlagsnefndir landbúnaðarins brjóti gegn markmiði samkeppnislaga. Hér er um mjög alvarlegan niðurstöðu að ræða. Það er ljóst að samkeppnislög eru sett til að tryggja lægra verð og eru neytendum hagkvæm. Búvörulögin brjóta í bága við þau og einokunarsamtök landbúnaðarins halda uppi ólögmætri verðlagningu og verðsamráði við verðlagningu búvara.

Það er mjög alvarlegur hlutur ef þrenging í sérlögum eins og búvörulögin eru, tekur af lög um eðlilega viðskiptahætti. Verðlag á matvælum hérlendis er mun hærra en í nágrannalöndum og stuðningur opinberra aðila meiri. Hvar liggur þá munurinn? Hvar er ríkidæmi bænda? Einkennast kjör bænda af velmegun og ofgnótt? Nei. Síður en svo. Það er víða fátækt og þrengingar í sveitum og það er vegna rangs kerfis. Það var eitt mesta framfaraspor Íslandssögunnar þegar einokun var aflétt hérlendis í verslun fyrir rúmum 200 árum. En samt teljum við að okkur sé farsælt að halda viðskiptaháttum einokunar áfram í landbúnaði. Þetta er skaðlegt og einnig heimskulegt vegna þess að með þessu fyrirkomulagi er kjörum bænda og neytenda haldið niðri.

Annað dæmi um ranga stefnu í landbúnaðarmálum blasir við þegar úrelding Mjólkursamlags Borgfirðinga er skoðuð. Þar er varið 227 millj. af almannafé til að úrelda mjólkurbúið. Tillögur hagræðingarnefndar voru að raunveruleg hagræðing ætti að eiga sér stað. Það var ekki gert heldur var húsið boðið út til málamynda. Hér eru brotin venjuleg viðskiptalögmál. Ég tel að þetta mál sýni misbeitingu ríkisvaldsins í verndaðri atvinnugrein til að hygla tilteknum fyrirtækjum. Þetta er sósíalismi andskotans eins og Vilmundur landlæknir mun hafa sagt. Það er brýnt að þessum stjórnarháttum linni hérlendis. Í tilefni framansagðs vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.

Bónus hf. sendi erindi til samkeppnisráðs um viðskiptahætti Osta- og smjörsölunnar og Mjólkursamsölunnar, m.a. hvað varðar verðlagningu á vörum sem falla undir ákvæði búvörulaga. Samkeppnisráð telur í svari sínu að tilteknar greinar búvörulaganna brjóti gegn markmiði samkeppnislaga.

1. Er ráðherra sammála áliti samkeppnisráðs?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á búvörulögum þannig að þau verði í samræmi við samkeppnislög?

Vegna erindis Bónuss hf. til samkeppnisráðs um viðskiptahætti Osta- og smjörsölunnar kemur fram að ráðið

telur að Osta- og smjörsalan eigi að bjóða viðskiptavinum sínum eðlilegan magnafslátt af vörum sem eru verðlagðar utan verðlagskerfis búvörulaga.

1. Er ráðherrann sammála ákvörðun samkeppnisráðs?

2. Mun ráðherrann beita sér fyrir að ákvörðun samkeppnisráðs verði virt, ekki síst í ljósi þess að viðskipti Bónuss hf. við Osta- og smjörsöluna eru um 400 millj. kr. á ári og þar af eru 240 millj. vegna vörukaupa sem falla undan verðlagsákvæðum.

Við ákvörðun um úreldingu Mjólkursamlags Borgfirðinga þar sem greitt var í úreldingarstyrk var leitað að kaupanda að eigum mjólkursamlagsins með átta daga tilboðsfresti. Þriggja spurninga er spurt varðandi það efni.

1. Telur ráðherra eðlilega staðið að málum í ljósi hins stutta tilboðsfrests?

2. Af hverju fór ráðherrann ekki að tillögum hagræðingarnefndar varðandi þetta mál?

3. Er ráðherrann reiðubúinn að beita sér fyrir endurskipulagningu í mjólkurframleiðslu þannig að samkeppnislög móti umgjörð atvinnugreinarinnar?

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur beint til mín nokkrum viðamiklum spurningum um stór og mikilvæg mál þannig að það er erfitt að svara þeim svo tæmandi verði á svo skömmum tíma sem hér er gefinn til umræðu.

Fyrst er að það segja að við höfum lengi búið við aðra verðlagningarhætti eða aðferðir í landbúnaði en á hinum frjálsa og almenna markaði. Um það gilda ákveðnir samningar sem gerðir hafa verið við bændastéttina og í framhaldi af því lagasetning sem Alþingi hefur sett.

Fyrst spyr hv. þm. um álit samkeppnisráðs um verðlagningu mjólkurvara. Þetta álit sem er númerað nr. 3/1996 barst ráðuneytinu með bréfi fyrir 10 dögum eða 19. febrúar. Það er nú í skoðun í ráðuneytinu. Þar er hreyft mörgum athugasemdum en sannleikurinn er sá að samkeppnislögin eru þess eðlis að þau eru eins konar yfirlitslög, stefnumótandi, en búvörulögin taka til sérstakra ákvæði sem varða búvöruverðlagninguna. Víða í samkeppnislögunum má finna ákvæði þar sem það er áréttað að búvörulögin séu undanþegin ákvæðum samkeppnislaganna sem slíkra. Það er einnig undirstrikað í greinargerð með frv. um samkeppnislögin á sínum tíma og í athugasemdum um einstakar greinar. Að lokum kemur það fram í ræðu hæstv. þáv. viðskrh. þegar hann mælir fyrir samkeppnislögunum að ákvæði um verðlagningu búvara séu bundin öðrum lögum en samkeppnislögunum. Þessi lagaágreiningur ef má kalla það svo er til skoðunar í landbrn.

Hér tel ég að sé um flókin mál að ræða sem sé nauðsynlegt fyrir ráðuneytið að skoða ítarlega og fara vel yfir áður en ráðherra gefur upp endanlegt álit sitt á niðurstöðunni. Ég vil þess vegna segja við hv. þm. þegar hann spyr tvisvar í spurningum sínum hvort ráðherra sé sammála áliti samkeppnisráðs og hins vegar hvort hann hyggist beita sér fyrir breytingu á búvörulögunum, að það hlýtur að verða að gerast í samkomulagi við bændastéttina. Þessi lagasetning byggir á ákveðnum samningum og við munum að sjálfsögðu fylgja þeim eftir. Landbrn. ber að fylgja búvörulögunum eftir eins og þau eru svo lengi sem þeim hefur ekki verið breytt. Ég vil eiga fullt samkomulag um þetta við viðkomandi aðila. Ég vil minna á að í þeim samningum sem ég hef þegar staðið að um endurskoðun á búvörusamningum hvað varðar sauðfjárframleiðsluna, þá hefur ákvæðum um verðlagningu verið breytt þannig að þegar er farið að stíga ákveðin skref í þá átt að aðlaga þessa verðlagningu að þeim kröfum sem almennt gerast á markaði.

Um spurningu nr. 2 sem varðar ákvörðun samkeppnisráðs vil ég aðeins segja að þar er enn fremur um að ræða lögfræðileg álitamál sem beint er til fyrirtækisins sem slíks en ekki til ráðuneytisins. Ráðuneytinu hefur ekki einu sinni borist það álit formlega því að það er ekki ætlað ráðuneytinu. Ég spyr í fyrsta lagi: Er ekki eðlilegt að fyrirtækið sem slíkt fái möguleika á því eins og lög samkeppnisráðs kveða á um að skoða sín mál? Reyndar eru í lögunum áfrýjunarákvæði þannig að ég tel að Osta- og smjörsalan verði að fá að skoða sín mál áður en kveðnir er upp dómar af mér eða öðrum hér í þessum ræðustóli.

Það er spurt um vald ráðherrans. Hvort ráðherra vilji beita sér fyrir að þessi ákvörðun sé virt. Það er í raun ekki í hans verkahring.

Osta- og smjörsalan er umboðsverslun og það hlýtur að verða að taka tillit til þess í málinu. Því miður virðast þær tölur sem byggt er á í álitinu rangar samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Osta- og smjörsölunni. Kannski er það ekki mitt mál, en það hlýtur að rýra bæði kæruna og álit stofnunarinnar ef rangt er farið með tölur. Viðskiptatölur frá seinasta ári eru, samkvæmt upplýsingum Osta- og smjörsölunnar, umtalsvert lægri en kveður á um í kærunni.

Síðan er spurt hér um stórmál, úreldingu Mjólkursamlagsins í Borgarnesi. Ég vil taka það fram að auðvitað var tilgangurinn fyrst og fremst sá að leita hagræðingar í mjólkuriðnaði. Hv. þm. spyr hvort ráðherra hafi ekki viljað fylgja eftir tillögu nefndarinnar. Ég tel að í öllum meginatriðum hafi tillögum hennar verið fylgt. T.d. er munurinn á endanlegri úreldingarupphæð, sem varð 227 millj. kr., ekki meiri en 4 millj. Nefndin gerði tillögu um að úreldingarféð yrði 223 millj. kr. svo þar ber ekki mikið í milli. Veittur frestur var bundinn í samningi sem báðir málsaðilar voru búnir að skrifa undir. Ráðherra gat því ekki breytt þeirri dagsetningu nema með því að rjúfa samninginn eða krefjast þess að hann væri tekinn til endurskoðunar. Það taldi ég ekki rétt að gera. Álit Ríkiskaupa sem svar við beiðni Sólar hf. staðfestir líka að að hér hafi verið eðlilega að máli staðið.

Varðandi síðasta lið spurningarinnar áskil ég mér rétt til að svara honum í seinni tíma mínum við þessa umræðu þar sem tími minn nú er þrotinn.

[15:44]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á tveimur mínútum verða svo stóru máli vart gerð fullnægjandi skil. Ég vil þó taka undir allt það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði. Varðandi síðara málið sem hann spurði um vil ég vekja athygli á að þarna er verið að leggja fyrirtæki til úr ríkissjóði á þriðja hundrað milljónir króna og eignirnar sem áttu að standa á bak við það framlag, til þess að hefja samkeppni við önnur fyrirtæki sem ekki njóta slíkra vildarkjara. Þetta geta ekki talist eðlilegir viðskiptahættir og ég gagnrýni það mjög harðlega. Ég vildi spyrja forustumenn Sjálfstfl. sömu spurninga og forstjóri Sólar spurði þá í viðtali við Morgunblaðið. Er það virkilega svo að þessi flokkur sem orðar sig við frjálst framtak ætli að líða þetta? Þeirri spurningu hefur enn ekki verið svarað en ég vænti þess að henni verði svarað í umræðum á eftir.

En það var fleira, herra forseti, sem hefur verið borið á borð hæstv. landbrh. og raunar ráðherra samkeppnismála líka vegna þess að föstudaginn 16. febrúar fengu þeir í hendur

ákvörðun samkeppnisráðs um samkeppnishindranir Félags eggjaframleiðenda. Ég verð að segja eins og er að ef það mál var alvarlegt sem hér var tekið upp varðandi Osta- og smjörsöluna, er hitt miklu alvarlegra. Þar kemur fram að samtök eggjaframleiðenda hafa með ólögmætum hætti þráfaldlega brotið samkeppnislög og beitt fyrir sig búvörulögum sem samtökin hafa túlkað að því er virðist eftir vild hverju sinni eins og við hefur átt fyrir þeirra hagsmuni. Í niðurstöðu samkeppnisráðs segir, með leyfi forseta:

„Efni þeirra gagna sem reifuð voru hér að framan gefa ótvírætt til kynna að Félag eggjaframleiðenda hefur haft skýran og einbeittan vilja til að ræða um, stuðla að og framkvæma aðgerðir sem hvað alvarlegastar þykja jafnt í íslenskum sem í erlendum samkeppnisrétti."

Það kemur líka fram að þessar aðgerðir hafa valdið því að egg eru 110–115% hærri í verði hér á Íslandi en í nálægum löndum. Þetta er gersamlega óviðunandi. Það er líka gersamlega óviðunandi að hæstv. landbrh. og hæstv. ráðherra samkeppnismála skuli ekki bregðast tafarlaust við og ráða bót á þessu sem ekki verður gert nema með því að fella alifuglaframleiðslu og afurðir alifuglaræktar út úr búvörulögunum þannig að samkeppnislög nái ótvírætt til slíkrar framleiðslu. Ég mun beita mér fyrir því að slíkt mál verði flutt á Alþingi þar sem ég hef orðið var við að hæstv. landbrh. er seinn til svara um þau efni og hæstv. ráðherra samkeppnismála virðist ekki hafa skoðað þau.

[15:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að ég hafi enn málfrelsi hér sem þingmaður og mér leyfist að fjalla um það mál sem er til umræðu. Ég tel að hv. fyrirspyrjandi hafi flutt dágott innlegg til þess að koma sér inn í Alþfl. á ný, ef Alþfl. vill þá yfirtaka restina af Þjóðvaka. Hann talaði eins og besti krati enda hefur aðalmaður þeirra í þinginu, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, farið viðurkenningarorðum um hv. þm. Ágúst Einarsson. Hv. þm. spurði um álit landbrh. á niðurstöðu samkeppnisráðs og ég blanda mér í þessa umræðu vegna þess að afstaða mín til álits samkeppnisráðs varðandi Osta- og smjörsöluna er alveg á hreinu. Ég tel að samkeppnisráð hafi með umfjöllun sinni um mál Bónuss gegn Osta- og smjörsölunni skákað sér út úr alvarlegri umræðu um samkeppnismál. Það sem samkeppnisráð sagði var í stuttu máli að verð á vörum Osta- og smjörsölunnar skyldi hækkað til annarra en Bónuss/Hagkaups. Ég er ekki sammála því að þeir sem versla við aðra söluaðila en Hagkaup og Bónus eigi að þurfa að greiða meira fyrir vörurnar til þess að niðurgreiða fyrir Bónus/Hagkaup. Ég held að samkeppnisráði væri nær að líta á matvörumarkaðinn hér á landi og taka eftir því að Hagkaup/Bónus er orðið gjörsamlega markaðsráðandi á matvörumarkaðnum og komið í einokunaraðstöðu.

[15:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Vestf. að tíminn til að ræða þetta mikilvæga mál er stuttur. En í ljósi breyttra aðstæðna og viðhorfa sem rutt hafa sér til rúms í atvinnulífi samtímans hvort heldur er hérlendis eða erlendis þar sem lykilorðin eru jöfn rekstrarskilyrði og nýleg samkeppnislög hafa að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þannig að hagkvæmari og betri nýtingu á framleiðsluþáttum þjóðfélagsins, skýtur augljóslega skökku við að hæstv. landbrh. skuli beita þeim aðferðum við meðferð á sölu ríkiseigna sem raun ber vitni. Það, að hæstv. landbrh. felur Ríkiskaupum að selja eignirnar, hlýtur að þýða að eftir úreldingu þeirra fer hæstv. landbrh. með eignarhald á þeim og því eru þær eignir ríkisins. Sala eignanna fór fram samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 651 frá 1994, um ráðstöfun eigna ríkisins, sem sett er með stoð í lögum um opinber innkaup. Markmið og tilgangur þeirra laga er að tryggja hagsmuni ríkisins í hvívetna. Það verður því að segjast eins og er að við þá málsmeðferð sem hér var höfð uppi af hálfu hæstv. landbrh. voru hagsmunir ríkisins, skattgreiðenda, ekki hafðir að leiðarljósi. Úreldingarstyrkur upp á 227 millj. kr. þegar markaðsvirði eignarinnar er metið á 258 millj. kr., sem þýðir að eignirnar eru afhentar til baka á 31 millj. kr., getur ekki þjónað hagsmunum skattgreiðenda. Sú tilraun sem gerð var til að selja eignirnar var aðeins til málamynda, a.m.k. ef tekið er mið af viðtali sem Morgunblaðið hafði við Þóri Pál Guðjónsson kaupfélagsstjóra ellefu dögum áður en auglýsing um sölu eignanna birtist í Morgunblaðinu. Þar lýsir hann því yfir að hlutafélag í eigu Kaupfélags Borgfirðinga, Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, Osta- og smjörsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna muni kaupa eignirnar að nýju. Það er því alveg ljóst að við sölu þessa hafa allt aðrir hagsmunir verið hafðir að leiðarljósi en hagsmunir skattgreiðenda og ríkisins þó svo að lög kveði skýrt á um þá hagsmuni skuli hafa að leiðarljósi við sölu á ríkiseignum.

Örfá orð í lokin, herra forseti. Mér virðist að sú hagræðing sem stefnt hefur verið að í mjólkuriðnaðinum, sem er vernduð starfsgrein, muni leiða til þess að fjármunir sem notaðir eru til hennar muni á endanum hafna hjá fyrirtækjum sem eru í óheftri samkeppni. Það er með öðrum orðum verið að færa fjármuni frá starfsemi fyrirækja sem eru í verndaðri atvinnugrein yfir til fyrirtækja sem eru í óheftri samkeppni.

[15:52]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er ekki langur tími sem við höfum til að tjá okkur um þetta mál hér í dag. Ég vil í upphafi segja að það hefur lengi verið mín skoðun að aukin og frjáls samkeppni í framleiðslu og sölu á landbúnaðarvörum væri öllum aðilum til góða og þá ekki síst bændum. Hvað varðar úreldingu Mjólkursamlagsins í Borgarnesi tel ég ljóst að þær reglur sem ráðherra hefur sett um þetta efni og framgangsmátinn við þessa úreldingu eru allt annað en viðunandi. Ég tel mjög brýnt að það verði haldið áfram að úrelda mjólkurstöðvar því þær eru of margar og of smáar. En þá verðum við að gera það á viðunandi hátt. Ég vil því leggja til við hæstv. landbrh. að hann skoði þær reglur sem gilda um úreldingu í sjávarútvegi þar sem úreldingarsjóðurinn eignast úreltar eignir, selur þær síðan sjálfur og ber ábyrgð og eignarhald á þeim.

Hvað varðar gagnrýni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar á Sjálfstfl. þá er það stórt orð, Hákot. Það er holur hljómur í gagnrýni Alþfl. á okkur sjálfstæðismenn varðandi þær málamiðlanir sem við þurfum að gera í þessari ríkisstjórn með Framsfl. Sjálfir geta þeir ekki einu sinni gert upp við sig hvort þeir ætli að styðja af heilum hug sjálfsagða breytingu á rekstrar- og viðskiptaumhverfi Pósts og síma, þ.e. að breyta því í hlutafélag.

[15:55]

Þorvaldur T. Jónsson:

Herra forseti. Það er mjög áríðandi að upplýsa þingheim um þær rangfærslur sem hafðar hafa verið uppi í fjölmiðlum

um að Kaupfélag Borgfirðinga sé í samkeppni við einkafyrirtækin með 227 millj. kr. af opinberu fé að vopni. Þessi áróður virðist sprottinn úr einum anga Hagkaupsveldisins, Sól hf., en framkvæmdastjóri þess fyrirtækis talar af mikilli vandlætingu um þessa meintu meðferð á almannafé. Það væri e.t.v. fróðlegt að fara ofan í saumana á því hversu mikið af almannafé hefur tapast á því fyrirtæki með nauðasamningum og afskriftum skulda og hversu hátt verð núverandi eigendur fyrirtækisins hafa greitt fyrir þær eignir sem eru bundnar í því. Sannleikurinn er sá að Kaupfélag Borgfirðinga rekur enga starfsemi, hvorki á sviði mjólkuriðnaðar né safagerðar, í húsakynnum fyrrum Mjólkursamlags Borgfirðinga. Hluta hússins leigir hlutafélag að nafni Engjaás ehf. sem greiðir þar sína húsaleigu og hefur engan aðgang að þeim tækjum sem fyrrum voru notuð þar til mjólkurvinnslu, hvað þá þeim fjármunum sem greiddir voru Kaupfélagi Borgfirðinga vegna úreldingarinnar. Þetta hlutafélag hefur sitt hlutafé eins og Sól hf. og önnur hlutafélög og býr að öllu öðru leyti við sömu aðstöðu og samkeppnisaðilarnir.

Herra forseti. Ég held því ekki fram að mjólkuriðnaðurinn sé hafinn yfir gagnrýni frekar en aðrir hlutar landbúnaðarkerfisins og þar er margt sem betur mætti laga að nútímasjónarmiðum um samkeppni. En þessi umræða sem hv. þm. Ágúst Einarsson flytur hér inn á Alþingi er mjög áróðurskennd og firrt og ber öll einkenni þeirrar umfjöllunar um landbúnaðarmál sem verið hefur í þjóðfélaginu undanfarin missiri og er runnin undan rifjum þeirra afla í þjóðfélaginu sem vilja beygja bændur og fyrirtæki þeirra og gera að þrælum fákeppnivaldsins í smásöluversluninni.

Annað mál eru svo reglur um úreldingu sem einnig er umhugsunarefni þegar þær leiða til þess að nýjustu og fullkomnustu fjárfestingar í atvinnugrein eru teknar úr notkun. Úrelding ætti auðvitað að miða að því að hjálpa þeim fyrirtækjum sem eru að verða undir vegna þess að þau fylgja ekki kröfum tímans um afköst og gæði til þess að hasla sér völl á nýjum vettvangi.

[15:57]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um að stórmarkaðir eins og Hagkaup/Bónus og fleiri hafa náð árangri í að lækka vöruverð og haft mikil áhrif á íslenska verslun og vöruverð. En allt orkar tvímælis þá gert er. Ég velti því fyrir mér hvernig litla en mikilvæga matvörubúðin fer að því að lifa þetta stríð af, ef stórmarkaðirnir fá miklu lægra verð hjá matvælaframleiðslufyrirtækjunum. Við getum nefnt hér Hagabúðina, Melabúðina og smáverslanir um land allt. Blasir kannski við að verðið verði hækkað til þeirra? Stórinnkaup hjá heildsölu þýða hækkað verð til kaupmannsins á horninu, eins og hér hefur komið fram.

Það ber að varðveita heilbrigða viðskiptahætti á öllum sviðum, en skoðum málið í heild sinni. Sá stóri á að slá af sinni álagningu en ekki gera kröfu til að sá litli kaupi inn á hærra verði. Og hvað er að gerast í heiminum? Það eru fleiri stærri og merkilegri en við. Hvaða umræða fer fram í Bandaríkjunum og Frakklandi? Í Morgunblaðinu í gær stendur á forsíðu: „Bannað að selja með tapi." Þar segir, með leyfi forseta: „Franska stjórnin samþykkti í gær að leggja fyrir þingið frumvarp til laga um bann við því að verslanir selji vörur með tapi. Er frumvarpinu beint gegn svokölluðum „tilboðum" stórmarkaðanna og jafnframt ætlað að standa vörð um litlar verslanir og framleiðendur.

Stórmarkaðir í Frakklandi og víðar laða til sín viðskiptavini með sérstökum tilboðum, t.d. með því að bjóða nautasteikina á 60–70 kr. kg í tiltekinn tíma og vegna þess hve stórir þeir eru á markaðnum þá geta þeir ráðið miklu gagnvart framleiðendum. Telja sumir að þeir hafi stundum misnotað það vald sitt."

Í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, skulum við rifja upp söguna. Hagkaup/Bónus hirða t.d. oft lífsbjörgina af kartöflubændum, fella kílóverð þeirra niður í 8 kr. þótt það kosti 45 kr. að framleiða kartöflur. Við þekkjum bókastríðið. En við ættum að vera sammála um eitt. Tökum málið upp í heild sinni og skoðum það út frá neytendum, út frá sjónarmiði framleiðenda og smáverslunarinnar á Íslandi sem er mikilvægur hlekkur og má ekki deyja út í þessari blindu samkeppni.

[16:00]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru veigalítil. Raunverulega kom ekkert fram í máli hans nema það eitt að hann hefur enga stefnu. Hann vildi skoða eitthvað nánar. En þó kom fram ein stefna sem hann er fulltrúi fyrir, þ.e. að breyta engu og halda óbreyttu kerfi við eins og hægt er. Það er ekki rétt með farið hjá hæstv. ráðherra að hann hafi farið að tillögum nefndarinnar sem minnst hefur verið á. Það er viðtal við tvo nefndarmenn, Guðmund Gylfa Guðmundsson og Björn Arnþórsson, í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum þar sem fram kemur gagnrýni á þessa málsmeðferð. Ég rifja líka upp ummæli Páls Kr. Pálssonar sem talaði um að þessi aðgerð hvað varðar Borgarnes væri lögleg og siðlaus. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lét einnig falla þung orð.

Athyglisverðast í þessari umræðu er að Sjálfstfl. lætur Framsfl. tala algerlega í þessu máli. Hins vegar kom afstaða ríkisstjórnarinnar mjög skýrt fram hjá hæstv. ráðherra Páli Péturssyni. Hann talaði um að samkeppnisráð skákaði sig út úr almennri umræðu með sinni afstöðu. Hann gaf skýra yfirlýsingu. Nú er samkeppnisráð ekki að gera annað en leggja lögfræðilegt mat á þessa stöðu. Ráðherrann vill greinilega að búvörulögin hafi forgang fram yfir samkeppnislög varðandi þessi tilteknu ákvæði. Hans afstaða er skýr og afstaða ríkisstjórnarinnar endurspeglaðist í málflutningi hans. Ég lít á ummælin um mig um að ég sé hinn versti krati sem hrós úr munni hæstv. ráðherra.

Hv. þm. Árni Mathiesen ræddi um aukna samkeppni. Hv. þm. Árni Mathiesen hefur ekkert með landbúnaðarstefnu þessarar ríkisstjórnar að gera. Hún er mótuð af Framsfl. og reyndar meiri hluta Sjálfstfl. Fyrst þyrfti því hv. þm. að geta unnið skoðunum sínum meira fylgi innan síns eigin flokks áður en hann viðrar þær hér í ræðustól.

Það kom greinilega fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni og reyndar hv. þm. Þorvaldi T. Jónssyni, en sérstaklega hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni, að þeir eru fjandsamlegir stórmörkuðum. Þeir eru fjandsamlegir markaðslausnum, frjálsri samkeppni og fleiri hlutum sem menn hafa verið að þróa um ártuga skeið í öllu efnahagsumhverfi. Það er augljóst hvaða afstöðu þessir menn vilja hafa. Þeir vilja reyra enn fastar þetta kerfi skömmtunar. Þeir eru fulltrúar þess. Þeir bjuggu það til. Þeir eru ánægðir með það og þeir ætla að verja það fram í rauðan dauðann alveg sama hvað líður hagsmunum bænda og neytenda.

[16:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru örfá atriði sem komu fram í um-

ræðum einstakra hv. þm. sem ég vil nefna. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði t.d. um sölu á ríkiseignum og að það hefði verið greinilegt að eignir sem voru keyptar á 227 millj. hefðu verið seldar á 31 millj. Þetta verður að leiðrétta. Hér er ekki um sölu að ræða og það var ekki heldur um kaup að ræða. Úreldingarféð var ekki kaup á neinum eignum. Ríkið eignaðist aldrei þessar eignir og varð aldrei þinglýstur eigandi þeirra. Hagræðingarféð er til að fá viðkomandi fyrirtæki til þess að skipta um atvinnustarfsemi, að hætta að vinna úr mjólkurafurðum og fara í einhverja aðra starfsemi. Væntanlega hefur engum dottið í hug að þessar eignir yrðu ekki notaðar til áframhaldandi atvinnustarfsemi. Fólkið sem vann þar og vinnur enn hefur a.m.k. miklar væntingar til þess svo að þetta verður að leiðrétta. Og frádrátturinn sem hv. þm. nefndi, um 30 millj. kr., var helmingurinn af því matsverði sem samkomulag varð um milli ráðherra og Kaupfélags Borgfirðinga. Það segir í reglunum að heimilt sé að draga allt að helming af þessu verði frá úreldingarfénu. Þegar ég segi við hv. þm. Ágúst Einarsson að ég hafi farið svo til í öllu að tillögum nefndarinnar, þá er munurinn á tillögum hennar og því sem endanlega varð samkomulag milli mín og forsvarsmanna kaupfélagsins, 4 millj. kr. Þetta liggur fyrir, hv. þm.

Síðan svar við lokaspurningu hv. þm. sem varla er tími til: Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir endurskipulagningu í mjólkurframleiðslu þannig að samkeppnislög móti umgerð atvinnugreinarinnar? Nú verð ég aftur að ítreka það sem fram kom í máli mínu í upphafi og hv. þm. sagði að hefðu verið veigalítil svör og lítils virði, lítið ætti að gera og skoða betur, að ég hef lýst því yfir bæði nú og áður að ég vil athuga þessi mál í samráði við bændastéttina og í samráði við landbúnaðinn sem atvinnugrein. Sú stefna á að ráða ferðinni. Ég hef líka minnt á það áður að við höfum stigið fyrstu skrefin til þessarar breytingar í samningunum um sauðfjárræktina. Þar höfum við stigið skref sem eru veigamikil til breytinga á verðlagsmálum í þessari atvinnugrein og e.t.v. mótandi fyrir það sem kann að vera framhaldið í þessu efni. Ég mun reyna að stuðla að því að slíkar óhjákvæmilegar breytingar verði í sem nánustu samráði við bændastéttina og verði sem sársaukaminnstar. Ég býst við því að þær geti þýtt erfiðleika fyrir stéttina og þá sem vinna úr landbúnaðarafurðum og hafa afkomu sína af landbúnaði. Þess vegna þarf að skoða þetta allt saman í heild og í samhengi við aðra hluti eins og hér hefur ítrekað komið fram hjá mörgum hv. þingmönnum.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 296. mál (umframveiði síldar og hörpudisks). — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, JónK, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
26 þm. (ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, KH, LMR, ÓRG, ÓÖH, RA, SF, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 625).

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (Bændasamtök Íslands). — Þskj. 523, nál. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun, frh. síðari umr.

Stjtill., 157. mál. — Þskj. 187, nál. 610.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Brtt. í nál. 610 samþ. með 42 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

21 þm. (ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, KH, LMR, ÓRG, RA, SF, SJS, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 626).

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 522, nál. 612.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

99. FUNDUR

fimmtudaginn 29. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Norræna ráðherranefndin 1995, skýrsla, 329. mál, þskj. 577.
2. Norrænt samstarf 1995, skýrsla, 337. mál, þskj. 592.
3. Vestnorræna þingmannaráðið 1995, skýrsla, 324. mál, þskj. 571.
4. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1995, þáltill., 325. mál, þskj. 572. — Fyrri umr.
5. ÖSE-þingið 1995, skýrsla, 312. mál, þskj. 553.
6. Norður-Atlantshafsþingið 1995, skýrsla, 335. mál, þskj. 590.
7. Fríverslunarsamtök Evrópu 1995, skýrsla, 336. mál, þskj. 591.
8. Evrópuráðsþingið 1995, skýrsla, 338. mál, þskj. 593.
9. VES-þingið 1995, skýrsla, 339. mál, þskj. 594.
10. Alþjóðaþingmannasambandið 1995, skýrsla, 340. mál, þskj. 595.
11. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 284. mál, þskj. 523. — 3. umr.
12. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, stjfrv., 283. mál, þskj. 522. — 3. umr.
13. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 301. mál, þskj. 541. — 1. umr.
14. Helgidagafriður, stjfrv., 315. mál, þskj. 556. — 1. umr.
15. Staðfest samvist, stjfrv., 320. mál, þskj. 564. — 1. umr.
16. Almenn hegningarlög, stjfrv., 333. mál, þskj. 582. — 1. umr.
17. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 355. mál, þskj. 615. — 1. umr.
18. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreyttar lífverur, 117. mál, nál. umhvn., þskj. 623; brtt. umhvn., þskj. 624.

Gjaldtaka ríkisins af skemmtiferðaskipum, 358. mál, fsp. GHall, þskj. 627.

Siglingastofnun Íslands, 173. mál, nál. samgn., þskj. 620; brtt. samgn., þskj. 621.

Staða kvenna innan löggæslunnar, 288. mál, svar dómsmrh., þskj. 618.

Umboðsmaður aldraðra, 359. mál, þáltill. GHall, þskj. 628.

Norræna ráðherranefndin 1995.

Skýrsla samstarfsráðherra, 329. mál. — Þskj. 577.

og

Norrænt samstarf 1995.

Skýrsla, 337. mál. — Þskj. 592.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það er tillaga forseta að 1. og 2. dagskrármálið verði tekin saman samkvæmt heimild í 63. gr. 3. mgr. þingskapa og einnig verði 3. og 4. dagskrármálið tekin saman. Forseti skoðar það samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

[10:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlandanna um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1995 sem hefur verið lögð fram á þskj. 577.

Það sem öðru fremur einkenndi norrænt samstarf á liðnu ári var framkvæmd þeirra breytinga á formi og innihaldi starfsins sem Norðurlandaráð og ráðherranefndin sameinuðust um í skýrslunni Nýir tímar í norrænu samstarfi. Skýrslan liggur frammi í íslenskri þýðingu. Af hálfu Íslands sátu í þeirri nefnd Sighvatur Björgvinsson, þáv. samstarfsráðherra, ásamt þeim sem hér stendur og stóðum við af hálfu Íslands að tilurð skýrslunnar. Eitt höfuðmarkmið skýrslunnar var að beina samstarfinu að þremur meginstoðum, samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlandanna um Evrópumál og samvinnu Norðurlanda við grannsvæði þeirra. Norðurlandaráð hefur sem kunnugt er í kjölfarið komið á nýrri og breyttri nefndaskipan sem endurspeglar þessa þrískiptingu. Sama gildir um verkefnaval og breyttar áherslur í störfum ráðherranefndarinnar. Í samræmi við skýrsluna var ráðist í endurmat á starfsemi tæplega 50 samnorrænna stofnana sem velflestar eru kostaðar af norrænu fjárlögunum með tilliti til

svokallaðs norræns notagildis og niðurstöður þess lagðar fyrir þing Norðurlandaráðs í Kuopio. Nefndin sem framkvæmdi endurmatið komst að þeirri niðurstöðu að 21 stofnun hefði mikið norrænt notagildi, 19 tiltölulega lítið norrænt notagildi og 7 voru flokkaðar sem miðlungsstofnanir út frá þessu gildismati sem að sjálfsögðu segir ekki alla söguna í sambandi við norrænt samstarf.

Samstarfsráðherrarnir töldu matið góðan grundvöll fyrir frekari ákvarðanatöku og fólu framkvæmdastjóra skrifstofu ráðherranefndarinnar að leggja fram tillögu um framkvæmdina. Tillaga hans byggði á endurmatinu sjálfu, umsögnum frá fagráðherranefndum, stjórnum stofnananna og sjálfu Norðurlandaráði. Tillögur framkvæmdastjórans liggja nú fyrir og komu til umræðu á fundi samstarfsráðherranna 13. febrúar síðastliðinn. Samstarfsráðherrarnir töldu þær almennt séð skynsamlegar en fjölluðu ekki um þær í einstökum smáatriðum. Síðan hafa tillögurnar verið kynntar fyrir Íslandsdeild Norðurlandaráðs og að sjálfsögðu hafa þær jafnframt verið kynntar í ríkisstjórn. Ráðgert er að samstarfsráðherra taki afstöðu til tillagnanna á fundi 4. mars nk., ákvörðun þeirra verði síðan send Norðurlandaráði til umsagnar og endanleg afstaða verði tekin í apríl m.a. á grundvelli þessara umsagna. Samkvæmt tillögum framkvæmdastjórans verða 13 stofnanir lagðar niður, þrjár nýjar stofnaðar sem taka við hluta verkefna þeirra sem lagðar verða niður og rekstri þriggja verður breytt gagngert. En jafnvel þótt ýmsar stofnanir verði lagðar niður, er gert ráð fyrir að því starfi sem þar hefur átt sér stað verði haldið áfram eins og skýrt kemur fram í skýrslunni.

Það má ljóst vera að þessi úttekt hefur verið afar gagnleg og það hefur margt komið fram í rekstri stofnananna sem betur má fara. Eins hafa áherslur samstarfsins breyst upp á síðkastið og því sjálfsagt að skapa fjárhagsrými til að auka starfið á forgangssviðunum. Það er jafnframt ljóst að það hefur verið hollt fyrir allar stofnanirnar að fara í gegnum þessa skoðun. Hún hefur í sjálfu sér orðið til þess að ýmislegt hefur verið endurskoðað og það má vænta breyttra áherslna í ýmsu að því er varðar margar stofnanir sem munu starfa áfram.

Ég vil taka fram að á þessari stundu er engin leið að meta hver sparnaðurinn verður í norrænum fjárlögum næsta árs eða ársins 1997. En það liggur nokkuð ljóst fyrir að hann verður ekki umtalsverður og hefur verið giskað á að hann gæti numið 3 millj. danskra króna. Það er þó ljóst að umtalsverður sparnaður næst síðar ef tillögurnar ganga eftir og það greiðir væntanlega fyrir því að nauðsynlegar nýjungar geti orðið í norrænu samstarfi í framtíðinni.

Á árinu 1995 var ákveðið að flytja skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs í sama húsnæði og skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fer þessi flutningur fram síðari hluta árs 1996. Það er von allra að það leiði til betri nýtingar á starfskröftum og einnig til aukins upplýsingaflæðis milli Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar og verði þannig til þess að gera starf Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar skilvirkara en verið hefur. Að frumkvæði hæstv. forsrh. Íslands var í október 1994 hafin athugun á því á hvern veg norrænu löndin gætu aukið samstarf og verkaskiptingu milli ýmissa stofnana og stjórnvalda á Norðurlöndum sem fást við svipuð verkefni. Ilkka Suominen, fyrrv. forseta Norðurlandaráðs, var falið þetta verkefni sem unnið var með aðstoð ráðgjafahóps.

Samkvæmt þessari skýrslu sem skilað var í febrúar 1995 eru víða möguleikar á aukinni verkaskiptingu milli landanna sem ekki hefur unnist tími til að kanna frekar. Því var ákveðið að halda verkinu áfram og var skipuð til þess sérstök nefnd með íslenskri þátttöku. Í þessu starfi hefur verið bent á ýmsa athyglisverða möguleika til aukins samstarfs og verkaskiptingar, m.a. á sviði vöruöryggis, matvælaeftirlits, umhverfisvöktunar og um notkun norræna umhverfismerkisins. Allar þessar tillögur eru til athugunar hjá nefndinni. Af hálfu Íslands hefur og verið bent á kosti aukins norræns samstarfs á sviði lyfjaeftirlits, kvimyndaeftirlits og á sviði krabbameinsrannsókna án þess að samstaða hafi náðst um að fylgja þessum tillögum eftir. Þetta starf hefur ekki gengið jafn vel og skyldi því að innan stofnana Norðurlandanna virðist vera tilhneiging til að standa vörð um þá starfsemi sem á sér stað í hverju landi og vinna þannig gegn aukinni verkaskiptingu sem verður að teljast skammsýni og ekki til þess fallið að efla norrænt samastarf til frambúðar. Það er þó rétt að halda áfram á þessari braut því að hér er um það að ræða að finna leiðir til að efla samhug og samstarf Norðurlandanna á hinum ýmsu sviðum sem ég tel afar brýnt um þessar mundir.

Mikilvægi norræns samstarfs fyrir Íslendinga verður ekki dregið í efa og það gildir bæði um samstarf landanna um innri mál og ekkert síður um evrópsk samstarfsmál og einnig á alþjóðavettvangi. Evrópumál eru nú fastur liður á fundum ráðherranefndanna og á fundum forsætis- og utanríkisráðherra. Það hefur verið komið á föstu samráði sendifulltrúa Norðurlandanna í Brussel í Evrópusambandinu í því skyni að finna hvaða pólitísk stefnumál Evrópusambandsins eru þess eðlis að þau beri að ræða á norrænum vettvangi. Þetta samráð komst fyrst á síðari hluta ársins 1995 og því er ekki komin full reynsla á það enn. Án þess að ég vilji á nokkurn hátt draga úr eða kasta rýrð á þetta samstarf sem er gagnlegt, þá er ég sannfærður um að það geti ekki komið í stað formlegrar norrænnar upplýsingaskrifstofu í höfuðstöðvum Evrópusambandsins.

Ég lagði áherslu á það á sínum tíma þegar ég sat sem þingmaður í Norðurlandaráði að það yrði kannað og stefnt að stofnun slíkrar skrifstofu. Ég er enn þeirrar skoðunar að því verki eigi að halda áfram. Ég tel að þetta samráð skipti afar miklu máli í norrænu samstarfi því að hvort sem okkur líkar það betur eða verr hefur ýmislegt sem áður átti sér stað í norrænu samstarfi flust í allmiklum mæli yfir í Evrópusamstarfið.

Norðurlandaráð hefur boðað til ráðstefnu um Evrópumál 4. og 5. mars nk. í Kaupmannahöfn og er það liður í því að færa Evrópumálin inn á hinn norræna vettvang. Ráðstefnan verður áreiðanlega gagnlegur vettvangur pólitískrar umræðu og undirbúnings fyrir ríkjaráðstefnu ESB og ekki síst verður ráðstefnan gagnleg fyrir alla aðila til þess að átta sig betur á framtíðaráherslum í þessu samstarfi.

Eins og áður hefur verið vikið að er norrænt samstarf á alþjóðavettvangi afar mikilvægur vettvangur, ekki síst fyrir Íslendinga vegna þess hversu fáliðuð utanríkisþjónusta okkar er. Utanríkisráðherrar Norðurlandanna samþykktu á árinu 1995 að ósk norrænu forsætisráðherranna skýrslu um norrænt samstarf í alþjóðastofnunum. Þar var lagður grunnur að áframhaldandi samvinnu Norðurlanda á alþjóðavettvangi þrátt fyrir aðild þriggja Norðurlandanna að Evrópusambandinu. Sameiginlegur málflutningur landanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur dregist verulega saman. Þetta er mikið áhyggjuefni en sá pólitíski vilji sem bæði forsætis- og utanríkisráðherrar landanna hafa sýnt til að viðhalda sam-

starfinu innan Sameinuðu þjóðanna bendir til þess að unnt sé að koma þessum málum á ný í góðan farveg verði þeim vilja sem kemur fram í þessum samþykktum fylgt eftir og hefur verið leitast við að gera það af Íslands hálfu.

Ákveðið hefur verið að auka vægi norræna samstarfsins að því er varðar norðurskautssvæðið. Samstarfsáætlun um málefni þessa svæðis var lögð fyrir Norðurlandaráðsþing á liðnu hausti og síðan var samstarfsáætlunin samþykkt á síðasta fundi samstarfsráðherra. Það skiptir miklu fyrir okkur Íslendinga og aðrar þjóðir sem byggja norðlæg svæði að hagsmunamál þessa stóra og mikilvæga svæðis gleymist ekki og fái nýjan sess í norrænu samstarfi. Það er mjög mikilvægt að Norðurlönd verði stefnumótandi í málefnum þessa svæðis og í norðurskautsráðinu sem stendur til að stofna á þessu ári og það er mikilvægt að samstarfsáætlunin nýtist vel í þessu skyni. Þetta samstarf er afar mikilvægt eins og ég hef vikið að áður og ekki síður en norræna grannsvæðasamstarfið við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland þó að allt aðrir hagsmunir liggi þar að baki.

Fjárveitingar til grannsvæða samstarfsins á norrænu fjárlögunum jukust úr 14 millj. danskra króna árið 1994 í 51 millj. danskra króna árið 1995 sem sýnir mjög vel auknar áherslur á þessu sviði. Upplýsingaskrifstofa var stofnuð í St. Pétursborg á árinu og er það fjórða norræna upplýsingaskrifstofan, en fyrir voru skrifstofur í Tallinn, Riga og Vilnius. Sérstök áhersla er lögð á veitingu náms- og starfsstyrkja til að stuðla að þróun lýðræðis í þessum löndum og aukinni sérfræðiþekkingu á sem flestum sviðum.

Norræna vegabréfasambandið hefur verið í gildi síðan 1955. Eins og allir þekkja tryggir þetta mikilvæga vegabréfasamband frjálsar ferðir allra þegna þjóðanna innan Norðurlandanna án vegabréfaskyldu. Nú standa yfir viðræður um aðild Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar að svokölluðu Schengen-samstarfi en samtímis eru í gangi viðræður um tengsl Íslands og Noregs við þetta sama samkomulag sem m.a. eiga að geta leitt til þess að norræna vegabréfasambandið haldist og tryggt verði að það líði ekki undir lok. Skoðun mín er sú að norræna vegabréfasambandið hafi svo víðtækt gildi, bæði táknrænt og pólitískt, að það þurfi að vera afar mikilvæg rök fyrir hendi ef niðurstaða geti orðið sú að því verði á einhvern hátt fórnað. Það er alveg ljóst að það fylgir því ákveðinn kostnaður, sérstaklega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, ef takast á að ganga þannig frá málum að skilyrði Schengen-samkomulagsins verði uppfyllt en því má ekki gleyma að jafnframt er nauðsynlegt að breyta þessari flugstöð allmikið á næstu árum vegna aukinnar umferðar og vaxandi ferðamannastraums til landsins. Í þessar breytingar þyrftum við hvort eð er að ráðast á næstu árum til þess að auka samkeppnishæfni Íslands og þá um leið flugstöðvarinnar til þess að mæta vaxandi umferð. Nú er unnið að því að reyna að skilja þennan kostnað sem best að og ég vænti þess að geta gefið frekari upplýsingar um það alveg á næstunni.

Um síðustu áramót gekk í gildi breyting á Helsingforssamningnum sem felur í sér að Norðurlönd skuldbinda sig til að láta Norðurlandabúa njóta sama réttar og heimamenn við setningu laga og annarra reglna á öllum sviðum sem samningurinn nær til. Þrátt fyrir undantekningar frá þessari skyldu sem samkvæmt samningnum eru heimilaðar er hér stigið mikilvægt skref í þá átt að jafna rétt norrænna borgara. Nú er verið að kynna samninginn í þjóðþingum landanna og í stjórnsýslu viðkomandi landa og leita leiða til að veita fólki sem telur að brotið sé á sér aðstoð og leiðbeiningar á norrænum vettvangi.

Að lokum vík ég nokkrum orðum að norrænu fjárlögunum. Þau voru 718 millj. 925 þús. danskar krónur á árinu 1995 sem var 8% hækkun frá árinu áður. Hvað varðar norrænu fjárlögin fyrir árið 1996 varð reyndin sú að þau lækkuðu um um það bil 4% vegna eindreginnar kröfu frá einu landinu um aukinn sparnað og hagræðingu í norrænu samstarfi. Þótt ég sé ekki þeirrar skoðunar að það eigi að skera niður framlög til norræns samstarfs þá tel ég að það hafi tekist að ná viðunandi niðurstöðu á flestum sviðum að því er varðar árið 1996. Það liggur fyrir næsta fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna að taka ákvörðun um heildarupphæð norrænu fjárlaganna 1997. Kostnaðarskiptingin milli landanna er reiknuð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og því veldur versnandi fjárhagur Svíþjóðar miðað við hin löndin að fjárframlag þeirra mun lækka umtalsvert á næstu árum. Þrátt fyrir það er þeirri kröfu viðhaldið af þeirra hálfu að það þurfi að draga enn frekar úr fjárframlögum til norræns samstarfs og vísa ég til þess að samdráttur ríki á öllum sviðum og norrænt samstarf verði á engan hátt skilið undan í því sambandi. Svíar hafa þurft að bregða á það ráð að skera mjög niður í fjárlögum sínum eins og mörg önnur lönd sem við höfum jafnframt upplifað hér á landi og þeir eru ákveðið þeirrar skoðunar að norræna samstarfið þurfi að ganga í gegnum sama hreinsunareldinn.

Stefna allra hinna landanna hefur hins vegar verið sú að sama fjármagn verði veitt til samstarfsins á árinu 1997 og var gert árið áður. Það er mjög líklegt að hér verði að fara bil beggja í þessu máli vegna þess að ekki er hægt að knýja það fram að eitt land reiði fram meira en það er tilbúið til vegna þess að norræna samstarfið byggir á því að allir samþykki niðurstöðuna. Í reynd hefur hvert land neitunarvald í þessu skyni. Þannig eru skilyrði þessa samstarfs að við göngum til þess sem sjálfstæð og fullvalda ríki. Þannig hefur það alltaf verið og þannig viljum við hafa það og þess vegna er nauðsynlegt að ná fram málamiðlunum á ýmsum sviðum.

Herra forseti. Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að norrænu samstarfi á síðasta ári fyrir góð störf, bæði á þeim skrifstofum sem sinna þessum málum og þeim embættismönnum sem starfa daglega að norrænum málum og síðast en ekki síst þakka ég gott samstarf við Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

[10:56]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu um norrænt samstarf frá febrúar 1995 til desember 1995 sem er á þskj. 592. Ég mun reyna að komast hjá því að endurtaka of mikið af því sem þegar hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., samstarfsráðherra Norðurlanda, en óhætt er að segja að miklar breytingar hafi orðið á norrænu samstarfi á síðasta starfsári. Í kjölfar nýrrar stefnumótunar í norrænu samstarfi, sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars sl., var hafin vinna við breytingar á Helsinki-sáttmálanum og samþykktum Norðurlandaráðs. Þessari vinnu auk breytinga á skipulagi og starfsemi Norðurlandaráðs lauk á árinu.

Á þingi ráðsins í Reykjavík var skýrslan Nýir tímar í norrænni samvinnu lögð fram og samþykkt. Skýrslan hefur að geyma tillögur um markmið, inntak og form norrænnar samvinnu í nánustu framtíð og rekur pólitískar forsendur og ný áhrif innan Norðurlandasamstarfsins. Með skýrslunni var samþykkt að endurnýja bæri samstarfið og laga það að nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Nauðsynlegt væri að hleypa nýju lífi í samstarfshættina

og laga þá að nýjum aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um aðild að Evrópusambandinu. Norræn samvinna er ekki talinn valkostur andspænis heldur hluti af víðtækri evrópskri samvinnu. Nauðsynlegt er talið að tryggja öllum aðildarríkjum og sjálfstjórnarsvæðum áframhaldandi jafnræði innan ramma norrænnar samvinnu hvernig sem tengslum þeirra við Evrópusambandið og EES er háttað.

Mikilvægur þáttur í umbótastarfinu er að samvinnan tengist meira stjórnmálaflokkunum og mun augljósar en áður. Því ber að styrkja frekar það flokkasamstarf í norrænni samvinnu sem verið hefur á undanförnum árum.

Norrænu samstarfi framtíðarinnar er beint að þremur meginsviðum: Samvinnu innan Norðurlanda, milli Norðurlanda og Evrópu, Evrópusambands og EES og samvinnu Norðurlanda og grannsvæða þeirra. Samvinna innan Norðurlanda byggist á og stuðlar að þróun gilda sem allar Norðurlandaþjóðirnar eiga sameiginlega og koma helst fram í skyldleika menningar og tungumála, svipaðri afstöðu til lýðræðis, góðu umhverfi og helstu félagslegum réttindum. Um er að ræða samstarf í þjóðfélagsmálum sem stuðlar að þróun sameiginlegra norrænna gilda á þeim sviðum þar sem samnorrænar lausnir gagnast Norðurlandabúum betur en þjóðbundnar lausnir eða alþjóðlegt fyrirkomulag. Norðurlönd og EES fjalla aðallega um samstarf í málum sem fyrst og fremst eru mikilvæg fyrir samstarf innan Evrópusambandsins og EES þar sem gildismat og hagsmunir Norðurlandanna fara saman. Norræn samvinna skal mynda grundvöll frumkvæðis í þeim málum sem ríkin óska eftir að hafa áhrif á í Evrópu. Norræn samvinna skal einnig stuðla að því að samræma framgang tilskipana og annarra reglna Evrópusambandsins og EES. Auk þess skal norræn samvinna stuðla að tengslum milli Norðurlanda og sjálfstjórnarsvæða sem eiga aðild að Evrópusambandinu og þeirra ríkja sem tengjast Evrópusamvinnu með EES-samningnum eða öðrum samningum.

Þróunin á grannsvæðum Norðurlanda, þ.e. á Eystrasaltssvæðinu og heimskautssvæðinu, skiptir miklu pólitísku máli fyrir Norðurlönd. Aukin samvinna við Eystrasaltsríkin og norðausturhéruð Rússlands er mikilvægt framlag til stöðugleika og lýðræðis á svæðinu. Sjálfbær þróun byggist m.a. á ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna og hagsmuna frumbyggja á heimskautssvæðinu.

Í skýrslunni er einnig kafli um tillögur að skipulagi Norðurlandaráðs en þeim var allmikið breytt í meðförum forsætisnefndar. Nefndaskipan í Norðurlandaráði var breytt þannig að fagnefndir voru lagðar niður frá og með áramótunum 1995–1996 og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir sem eru byggðar á fyrrgreindum meginsviðum. Jafnframt var ákveðið að flokkasamstarfið yrði aukið og að forustuhlutverk Norðurlandaráðs yrði eflt. Breytingar á tilhögun funda Norðurlandaráðs voru þær að ráðið heldur nú eitt þing á ári í stað tveggja áður þar sem almennar umræður fara fram. Reglubundið þing skal framvegis haldið að hausti. Formennska og embættistími miðast við almanaksár. Þemaráðstefnur eru haldnar til viðbótar þingi Norðurlandaráðs í þeim tilgangi að fjalla sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig var ákveðið að bjóða þeim aðilum sem taka þátt í starfi Evrópusambandsins, einkum norrænum fulltrúum á Evrópuþinginu og fulltrúum í Evrópunefndum norrænu þjóðþinganna eða samsvarandi stofnunum og jafnvel fulltrúum fagnefnda hinna einstöku þjóðþinga, að taka þátt í aukaþingum og þemaráðstefnum.

Á árinu var enn fremur ákveðið að samræma og koma á fót sameiginlegri upplýsinga- og útgáfustefnu fyrir allt norrænt samstarf á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta mun verða auðveldara í framkvæmd því að einnig var ákveðið á árinu að flytja skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs sem frá upphafi hefur verið í Stokkhólmi til Kaupmannahafnar eins og þegar hefur komið fram. Með þessu er bæði stefnt að hagræðingu í rekstri þessara tveggja stærstu stofnana Norðurlandasamstarfsins og reynt að auðvelda samráð og samstarf embættismanna þeirra.

Á starfsárinu var Helsinki-sáttmálanum, grundvallarreglum norræns samstarfs, breytt til samræmis við þær nýju áherslur í norrænu samstarfi sem hér hafa verið raktar.

Hæstv. forseti. Ég mun nú fjalla lítillega um störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Hún hélt á starfsárinu 13 fundi. Fyrstu tveimur mánuðum ársins var varið til undirbúnings þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Reykjavík dagana 27. febrúar til 2. mars. Um þinghaldið og skipulag þess sá skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í samvinnu við ráðstefnudeild Ferðaskrifstofu Íslands. Þingið var haldið í Háskólabíói en skrifstofuaðstaða var einnig leigð á þriðju hæð Bændahallarinnar, á Hótel Sögu.

Segja má að umræður á þessu þingi hafi einkennst af breytingum á norrænu samstarfi og breyttum aðstæðum í þeirri samvinnu. Þátttakendur á þingi Norðurlandaráðs voru rúmlega 1.000 og fór þinghaldið fram sem skyldi. Kostnaður af þinghaldinu var rúmlega 20 millj. ísl. kr.

Á síðasta starfsári komu hingað gestir frá Eystrasaltsríkjum. Það er í samræmi við ákvörðun sem tekin var árið 1992 um að veita þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi norrænan styrk til að heimsækja Norðurlönd og kynna sér framkvæmd lýðræðis og þingræðis og auka faglega þekkingu sína. Þá má geta þess að Íslandsdeild ákvað að standa fyrir ráðstefnu nú nýverið um Schengen og norræna vegabréfasambandið og var hún haldin þann 23. febrúar í Flughótelinu í Keflavík.

Starfsmenn skrifstofu Íslandsdeildar á starfsárinu voru Elín Flygenring, forstöðumaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, og Lene Hjaltason deildarsérfræðingur. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir mjög gott starf.

Hæstv. forseti. Ísland fór með formennsku í Norðurlandaráði á síðasta ári. Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 27. febr. 1995 tók hv. þm. Geir H. Haarde við starfi forseta Norðurlandaráðs. Gegndi hann því til 1. janúar 1996 þar eð reglum um skiptingu á formennskulandi var breytt eins og áður hefur komið fram. Skiptin fara nú fram um áramót.

Hv. þm. Geir H. Haarde lagði fram skýrslu fyrir forsætisnefnd um þau atriði sem hann hafði sérstakan áhuga á að yrði unnið að á starfsárinu. Fyrst og fremst lagði hann áherslu á að skipan og starfsháttum norræns samstarfs yrði breytt og að þeim breytingum yrði lokið á starfsárinu.

Í öðru lagi lagði hann áherslu á að Norðurlandaráð mundi auka samstarf heimskautsríkja og að þingmannanefnd sú sem Norðurlandaráð kom á með þátttöku Bandaríkjamanna, Kanada, Rússlands og Evrópuþingsins, mundi starfa ötullega að því að ríkisstjórnir stofnsettu Norðurheimskautsráð.

Í þriðja lagi lagði forsetinn áherslu á að alþjóðasamstarf innan Norðurlandasamstarfsins yrði styrkt og þrátt fyrir að þrjú af fimm Norðurlöndum væru fulltrúar í Evrópusambandinu mundi hið nána norræna samstarf sem átt hefur

sér stað innan Sameinuðu þjóðanna halda áfram. Lagði hann til að Norðurlandaráð héldi þemafundi um ýmis málefni þar sem Norðurlönd gætu átt sérstakt samstarf innan alþjóðastofnana m.a. hvað varðar norrænt samstarf á hafréttarsvæðum, varnarsamstarf í Evrópu, lagasamstarf, samstarf um mannréttindamál og menningarmálasamstarf.

Í fjórða lagi lagði hann áherslu á að upplýsingaflæði milli Norðurlanda og Evrópusambandsins yrði aukið til muna og að sett yrði á stofn norræn upplýsingaskrifstofa í Brussel sem sæi um að safna upplýsingum sem hefðu sérstakt gildi fyrir norrænt samstarf, fyrir Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina og koma upplýsingum um norrænt samstarf á framfæri við aðila í Evrópusamstarfi.

Þá má geta þess að í júní 1995 var hv. þm. Geir H. Haarde kjörinn formaður þingmannanefndar um heimskautsmálefni og tók hann þar við af Halldóri Ásgrímssyni, núv. hæstv. utanrrh. og norrænum samstarfsráðherra.

Norðurlandaráð hélt fimmta aukaþing sitt í Kaupmannahöfn 29. september. Ráðið var kallað saman til aukaþings til að fjalla um forsætisnefndartillögu og um nýtt skipulag og nýja vinnuhætti fyrir Norðurlandaráð. Einnig var fjallað um þingmannatillögu um nefndarskipan og ráðherratillögu um breytingu á Helsinki-sáttmálanum. Á þinginu var samþykkt að breyta nefndarskipan á grundvelli þess sem ákveðið var á þingi ráðsins í Reykjavík, þ.e. að samstarfið skuli í framtíðinni beinast að þremur meginsviðum.

Í samræmi við þessa ákvörðun var ákveðið að stofna þrjár meginnefndir, Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Þá var einnig ákveðið að forsætisnefnd yrði styrkt sem stjórnunartæki og að þingin yrðu helguð mikilvægum pólitískum málum. En fyrir utan þessar þrjár nýju nefndir og forsætisnefnd var einnig stofnuð kjörnefnd og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs.

Í þingmannatillögunni um nefndaskipan sem þingmenn flokkahóps vinstri sósíalista lögðu fram var lagt til eftirfarandi: Evrópunefnd yrði stofnuð og mannréttindanefnd einnig en menningar-, umhverfis- og efnahagsnefnd mundi halda áfram að starfa. Starfsemi fjárlaganefndar mundi færast yfir til forsætisnefndar. Tillaga sú var ekki samþykkt. Ráðherranefndartillaga um breytingu á Helsinki-sáttmálanum var samþykkt á þinginu. Síðan hélt Norðurlandaráð sitt síðasta aukaþing í Kuopio í Finnlandi 13.–15. nóvember 1995. Þar fóru fram almennar umræður sem voru helgaðar utanríkis- og varnarmálum ásamt Evrópumálum.

Hæstv. forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég vil að síðustu segja örfá orð um hvaða þýðingar þessar breytingar sem nú hafa verið gerðar á Norðurlandaráði munu hafa fyrir Ísland. Auðvitað er erfitt að gera sér grein fyrir því á þessari stundu. Reynslan verður að leiða það í ljós. En ég held þó að allir hafi gert sér grein fyrir því að breyttar aðstæður sem eru því samfara að þrjú af Norðurlöndunum eru orðin aðilar að Evrópusambandinu kalla á breytingar á skipulagi Norðurlandaráðs. Breytingarnar hafa það í för með sér að landsdeildir hafa miklu minna vægi en áður var en pólitísku flokkahóparnir meira. Nú fer val í trúnaðarstöður fram í flokkahópunum. Það gerðist áður í landsdeildunum. Það má því segja að þingmenn þurfi að sanna sig í sínum flokkahópum. Ég ætla ekki að segja duglegri. Ég vil halda því fram að allir þingmenn hafi verið duglegir í norrænu samstarfi en þeir þurfa að sanna sig í sínum flokkahópum til þess að eiga möguleika á að verða tilnefndir í trúnaðarstöður í norrænu samstarfi.

Við Íslendingar höfum haldið því fram og teljum mikilvægt að norræna samstarfið gagnist okkur sem tengiliður þar sem við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu og mér sýnist að það eigi að geta gengið þannig fram. Við munum leggja mikla áherslu á að áfram verði unnið að samstarfi á heimskautssvæðinu sem þegar er hafið og að norðurheimskautsráð verði stofnað. Ég held það megi fullyrða að það sé útlit fyrir að það geti gerst á þessu ári.

Fjárhagsrammi forsætisnefndar fyrir árið 1996 er 39 millj. sænskra kr. Skrifstofa forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi er nú með 28 starfsmenn og greiðir Ísland 1,1% til þessara fjárlaga. Það er ekki mikill kostnaður sem kemur þannig á okkur Íslendinga í þessu mikilvæga samstarfi. Að lokum vil ég segja að norrænt samstarf er okkur Íslendingum óskaplega mikils virði og verður það áfram. Þess vegna er mikilvægt að þannig verði haldið á málum að það muni geta þróast áfram en þó í fullu samræmi við það sem er að gerast að öðru leyti í Evrópu.

Að síðustu þakka ég samstarfsfólki mínu, hv. þingmönnum sem hafa skipað Íslandsdeild Norðurlandaráðs ásamt mér á þessu tímabili, fyrir mjög gott samstarf.

[11:16]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég lýsi ánægju minni með að umræða um norræn málefni á grundvelli þeirra skýrslna sem fyrir liggja fer fram snemma á degi og ég þakka hæstv. forseta fyrir þá tilbreytni að skapa rúm á góðum tíma í þingstörfum til þess að ræða norrænt samstarf. Ég segi þetta vegna þess að á undanförnum árum, ég held ég megi segja mörgum árum, hefur það ekki verið Alþingi til sérstaks sóma hvernig umræðum um hin norrænu mál á grundvelli ársuppgjörs hefur verið komið fyrir og ég vona að sá háttur sem hér er tekinn upp verði til eftirbreytni.

Ég hef starfað á vettvangi Norðurlandaráðs í sjö eða átta ár, frá 1988 til loka síðasta árs. Ég tek þátt í þessari umræðu fyrst og fremst af áhuga á norrænum málum sem hjá mér tengist ekki veru í Norðurlandaráði sérstaklega þó að það hafi auðvitað orðið til þess að opna augu mín fyrir mörgu og gefa mér kost á að kynnast mörgu sem ella hefði ekki orðið. Það væri mjög æskilegt að þingheimur almennt gæfi þessum málum meiri gaum en verið hefur. Sérstök athugun fór fram á þeim málum á síðasta ári á vegum embættismanna skrifstofu Norðurlandaráðs, hvernig þau mál sem þar eru rædd og ákvörðuð skila sér inn á þjóðþingin. Ég legg ekki mat á þá úttekt sem þá fór fram en hún minnir okkur á að það er auðvitað nauðsynlegt að alþjóðasamstarfið og þá ekki síst norræna samstarfið tengist þeim störfum sem fara fram á þjóðþinginu vegna þess að margt er þar þýðingarmikið og að nokkru leyti samtvinnað.

Varðandi starfið að norrænum málefnum á vegum Alþingis hefur þar verið unnið ötullega af þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í því og af því starfsliði sem sinnir þessum verkum á skrifstofu Norðurlandaráðs sem og af þeim ráðherrum sem starfa innan Norræna ráðherraráðsins. Er þar í hópi hæstv. utanrrh. sem gegnir jafnframt störfum samstarfsráðherra Norðurlanda. Vegna tengsla þings eða starfa að þessum málum á vegum Alþingis hef ég lagt áherslu á að þess yrði gætt að þó að breyting hafi orðið á norrænu samstarfi og undirstöður þess að nokkru leyti veikst að mínu mati vegna aðildar þriggja Norðurlanda að Evrópusambandinu leggjum við Íslendingar áfram ríka áherslu á að halda þessu samstarfi sem myndarlegast uppi og Alþingi þar á

meðal. Við gætum þess að á vegum Alþingis sé tryggt að það sé vel búið að þessu samstarfi. Ég tel að með sjálfstæðri skrifstofu, sem vinnur að þessum málum, eigi það að vera tryggt að svo sé enda séu eðlileg fjárframlög til hennar. Ég held að við þurfum að gæta þess í framtíðinni að raska ekki því sem vel hefur tekist til í þessum efnum og í öllu falli að búa svo vel að þeim sem sinna þessum málum á vegum þingsins að ekki sé skorið við nögl.

Ég kem að nokkrum atriðum sem varða breytingarnar á norrænu samstarfi og það sem hæstv. ráðherra og formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs gerði að umtalsefni. Ég nefni þar fyrst það sem varðar áherslubreytingar í samstarfinu vegna Evrópumálanna. Vissulega er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að tryggja sem best samstarf við Evrópusamstarfið og halda uppi eðlilegum tengslum við það mikilvæga svæði eins og önnur svæði og breytingar sem gerðar hafa verið á norrænu samstarfi hafa lotið að þessu að nokkru leyti og kannski að verulegu leyti. Ég vil síður en svo gera lítið úr þýðingu þess að við stöndum þar vaktina. Við höfum einnig hið Evrópska efnahagssvæði sem tengir þessi svæði saman, Ísland við Evrópusambandið með sérstökum samningi en ég vil slá vissan varnagla. Ég held að við þurfum að gæta þess, a.m.k. þeir sem telja að Ísland eigi ekki að gerast aðili að Evrópusambandinu, að það sé ekki vænlegur kostur, hvorki í bráð né lengd fyrir Íslendinga. Við getum kannski orðað það í fyrirsjáanlegri framtíð. Þá þurfum við að gæta þess að áherslan á norrænu tengslin svo eðlileg sem hún er verði ekki til þess að við sogumst lengra en æskilegt er inn í tengsl við Evrópusambandið sem eins konar viðhengi, eins konar vagn sem hengdur er aftan í. Ég segi þetta vegna þess að ég tel að þarna geti verið ákveðin hætta á ferðum. Þar hef ég m.a. í huga þá ríkjaráðstefnu sem er að hefjast eftir réttan mánuð, 29. mars, á vegum Evrópusambandsins, ríkjaráðstefna þess þar sem æðstu menn Evrópusambandsríkjanna koma saman til þess að fjalla um breytingar á grunnsáttmála Evrópusamningsins, Maastrichtsamningnum eða Maastricht-sáttmálanum eins og hann er nú kallaður, Rómarsamningurinn að stofni að sjálfsögðu.

Á þessari ríkjaráðstefnu verða til umræðu breytingar á samningnum. Hverjar þær verða og hversu róttækar er ekki ljóst. Um það er deilt og verður sjálfsagt tekist á á þessum vettvangi en þær geta leitt til verulegra breytinga sem hafa óbein áhrif á okkur og samstarfsskilyrðin. Þar hef ég m.a. í huga utanríkissviðið þar sem áhersla er lögð á það af mörgum innan Evrópusambandsins að þétta samstarfið þar og samningsbinda þar meira en gert var í Maastricht 1992. Þar hef ég í huga ýmis þau efni sem flokkast nú undir þriðju stoð í sáttmálum Evrópusambandsins sem varða innanríkismálefni og lögreglumálefni og annað þess háttar sem hefur verið á fullu forræði hvers ríkis en sem rædd verða á þessari ríkjaráðstefnu og hugmyndir eru uppi um það hjá ýmsum að þar verði meirihlutasamþykktir teknar upp sem getur auðvitað haft verulegar breytingar á þróun þessara mála innan Evrópusambandsins.

Virðulegur forseti. Ég tek hér ekki tíma til þess að fjalla nánar um þetta efni en ég vek athygli á því. Vafalaust eru skoðanir skiptar og það þekkjum við á Alþingi um framtíðarsýn á stöðu Íslands í Evrópu. En þeir sem telja að við eigum ekki erindi inn í þá stóru ríkjaheild sem er í mótun í Evrópu þurfa að gæta þess að í þessu samstarfi, hinu norræna sem annars staðar, sogumst við ekki inn hálfnauðug. Ég held að við þurfum við umræðuna um Schengen-samstarfið, vegabréfasamstarfið og þá áherslu sem lögð er á að viðhalda hinu norræna vegabréfasamstarfi einnig að hafa þetta í huga. Þetta sérstaka samstarf mikils meiri hluta Evrópusambandsríkja sem miðar að því að afnema vegabréfaskyldu milli landa hefur áhrif vegna aðildar þriggja Norðurlandanna að Evrópusambandinu. Það getur hins vegar gerst í framhaldi af ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins að breytingar verði á þessum grunni og þetta Schengen-samstarf færist alveg undir ramma Evrópusambandsins og verði hluti af því. Það getur vel orðið. Ég hef því viðrað þá hugmynd að við eigum hvort sem menn eru á því að það beri að stefna inn í þetta samstarf eða ekki að taka okkur lengri tíma en nú er rætt um og sjá hvað gerist á hinni mikilvægu ríkjaráðstefnu í þessum efnum, hver staða verði þá uppi.

Í þessu sambandi er talað um að frjáls för milli landa sé mikilvæg. Auðvitað er hún mikilvæg. Á það erum við að leggja ríka áherslu. En hún ræðst ekki eingöngu af því hvort menn þurfa að hafa með sér vegabréf eða ekki. Hún ræðst af því hvort menn komast hindrunarlaust í gegn með eða án framvísunar vegabréfa. Ég vek athygli á því að uppi eru hugmyndir um það jafnhliða því sem talað er um Schengen, t.d. um aðild Norðurlandanna þriggja að Schengen, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, að innleiða verði sérstök skilríki, sérstök nafnskírteini eða ígildi vegabréfa sem hverjum og einum beri að bera með sér, e.t.v. á öllu þessu svæði, og vera reiðubúnir að framvísa ef óskað er eftir hvar sem er þannig að hér er ekki allt sem sýnist í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Næst vil ég nefna fjárhagsrammann. Það er sannarlega áhyggjuefni að það er knúið á um það af Svíum að lækka framlög til hins norræna samstarfs umfram það sem eru sjónarmið annarra Norðurlanda. Það er vissulega réttmætt og þakkarvert að hæstv. utanrrh. er í hópi þeirra sem standa þar á móti eins og fært er. Lækkunin milli síðustu ára var í krónum talið um 11 millj. danskra króna en meira vegna verðbreytinga, e.t.v. ígildi allt að 30 millj. danskra króna. Þarna eru uppi kröfur um verulega lækkun, einning á forgangssviðum. Við sjáum það t.d. á sviði eins og umhverfismálunum, sem átti að vera eitt af forgangssviðunum, að þar kemur fram lækkun milli ára. Hér stefnir í ranga átt og ég óttast að við annars réttmæta endurskoðun á starfi stofnana, hinna samnorrænu stofnana, sé það ekki bara hugmyndin, og þá á ég við Svía og kannski fleiri, að skapa svigrúm til nýrra verkefna, heldur að nota þessa endurskoðun til þess að skera niður, til þess að lækka norrænu fjárlögin. Mér sýnist að margt jákvætt hafi gerst við þessa endurskoðun á hinum norrænu stofnunum. Ég vil ekki leggja mat á stöðuna eins og hún liggur fyrir nú en álitamál eru þar vafalaust mörg. Ég tel að sérfræðinganefndin sem skilaði áliti sínu hafi ekki að öllu leyti verið með réttar áherslur. Ég var mjög undrandi á þeim einkunnum sem þar er að finna varðandi margar af hinum norrænu stofnunum, lágar einkunnir á stofnunum sem við höfðum haldið að hefðu haft verulegt gildi. Mér skilst t.d. að í hópi þeirra 13 stofnana sem nú er ráðgert að leggja niður sé Norræna þjóðfræðastofnunin, mig minnir að hún heiti það. Ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir þeirri stofnun sérstaklega, hvert viðhorf hans sé til hennar. Mér sýnist tæplega réttmætt að stefna að því að leggja störf hennar niður.

Virðulegur forseti. Hér ef ég nefnt fáeina þætti, en ástæða væri til að ræða margt fleira. Má því vera að ég kveðji mér aftur hljóðs við umræðuna til þess að víkja að nokkrum fleiri atriðum.

[11:31]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja finnst mér að núna við þessa fyrstu umræðu um norrænt samstarf eftir að breytingarnar voru ákveðnar og komu til framkvæmda, hefði kannski mátt velta því aðeins fyrir sér hvernig þær hafa gefist og hvort þær eru líklegar til að efla þetta samstarf til frambúðar. Ég heyrði á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hann hafði sínar skoðanir á því máli. Ég get ekki neitað því að mér finnst að í þessum breytingum felist ákveðin uppgjöf við að halda hátt á lofti merkjum norrænnar samvinnu. Ég held að það sé áhyggjuefni, sérstaklega fyrir Ísland, vegna þess að fyrir okkur skiptir kannski meira máli en fyrir alla aðra að þessir hlutir séu bornir myndarlega fram, bæði í sjálfu sér en líka í hinu alþjóðlega umhverfi sem við erum hluti af. Ég hef velt því fyrir mér á undanförnum missirum þegar maður sá að hverju dró af hverju Ísland hefur ekki getað tekið sig meira út úr en raun ber vitni og af hverju menn hafa ekki getað tekið sig saman sem Íslendingar í þessu samstarfi til þess að halda þannig á málum að því væri lyft aðeins inn í framtíðina með myndugri hætti en ætlunin virðist núna þegar meiningin er að skera niður framlög og þetta er svona að mörgu leyti heldur ræfilslegt og kraftlítið.

Þá er mitt svar að nokkru leyti það að þær undirstöður sem nefndir einstakra þjóðríkja hvíla á hafa verið veiktar mjög verulega. Þar á ég t.d. við flokkasamstarfið sem menn eru píndir í með flokkum sem þeir eiga í raun og veru enga pólitíska samleið með en eru allt í einu orðnir partur af á einhverjum skandinavískum fundum. Það á t.d. við um okkur alþýðubandalagsmenn, við höfum stundum upplifað okkur í mjög sérkennilegum félagsskap á þessum vettvangi. Ég get ímyndað mér að það eigi líka við um framsóknarmenn. A.m.k. vona ég það en satt að segja veit ég það ekki, þeir hafa verið að taka ýmsum myndbreytingum í seinni tíð. En ég vona að þeim finnist stundum sá félagsskapur sem þeir eru í sérkennilegur, að ég tali nú ekki um íhaldsflokkana sem eru þarna. Ég tel að sumir þeirra séu jafnvel íhaldssamari en Sjálfstfl. og er þá langt til jafnað. Ég tel því að Ísland hafi goldið þess hvernig þetta kerfi hefur verið útbúið og hið norræna samstarf þar af leiðandi. Íslensku fulltrúarnir hafa ekki síður verið hluti af einhverjum flokkasendinefndum þarna en þátttakendur í því að leggja áherslu á hið norræna samstarf eingöngu á íslenskum forsendum. Og ég held að sú aukna áhersla á flokkasamstarf sem verður núna í hinu nýja skipulagi sé ekki til bóta fyrir Ísland.

Ég vil að þetta sjónarmið komi hér fram og sé haldið til haga vegna þess að ég tel að það eigi rétt á sér. Ég harma að það skuli ekki vera rætt alveg sérstaklega vegna þess að Ísland hefur sérstöðu í þessu máli. Þetta vildi ég nefna nr. eitt, hæstv. forseti, því að ég tel að það skipti máli.

Í öðru lagi finnst mér ástæða til að nefna það hér, eins og ég hef reyndar gert stundum áður, að mér finnst að það eigi að gera meira úr norrænu menningarsamstarfi í þessari umræðu en venjulega er gert. Mér finnst t.d. að það væri hugsanlegt að fara sérstaklega yfir Norræna menningarsjóðinn. Það væri hugsanlegt að Norræni menningarsjóðurinn, sem hefur algera sérstöðu meðal norrænna stofnana og er eins konar samstarfsverkefni ráðherranna og þingmannanna, væri hér til meðferðar sem sérstakt efni og það væri sérstök skýrsla um Norræna menningarsjóðinn og stöðu Íslands í hinu almenna, norræna menningarsamstarfi sem kæmi hér til umræðu. Ég tel það réttlætanlegt út af formlegri stöðu Norræna menningarsjóðsins, en það er auðvitað líka réttlætanlegt vegna þess að norræna menningarsamstarfið er svo gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland. Það skiptir því miklu að þar sé myndarlega á málum haldið og að Alþingi sé ljóst hve þýðingarmikið þetta norræna menningarsamstarf er. Ég dreg ekki í efa að þingmenn þekki þessa hluti flestir allvel, en ég held þó að það væri gagnlegt fyrir Alþingi, norrænt samstarf og norræna menningarsamstarfið og menningarmálin yfirleitt ef þau væru tekin sérstaklega fyrir. Þetta hef ég rætt hér áður og tel ástæðu til að ítreka það, hæstv. forseti.

Þá vil ég nefna að mér fannst það athyglisvert í þeim framsöguræðum sem hér voru haldnar áðan að þar var nokkuð mikið rætt um Evrópusamstarfið og tengslin við Evrópu. Þar var dálítið talað um Eystrasalt og þar var dálítið talað um heimskautin, en það var lítið talað um vestnorrænt samstarf. Mér finnst það samt vera vinkill sem skiptir máli þegar við horfum á hið norræna samstarf. Staðreyndin er sú að það er alveg hægt að halda því fram að hið vestnorræna samstarf hafi að nokkru leyti verið sett til hliðar í hinu almenna, norræna samstarfi á undanförnum árum, m.a. vegna þess að menn hafa beint sjónum sínum annað. Og það tel ég harmsefni. Hvað varðar heimskautssamstarfið tel ég að menn miði þar við að reyna að ná árangri sem vafalaust er mjög mikilvægur, en ég er ekki viss um að hægt verði að ná honum alveg á næstunni vegna þess að þar eigum við við að véla ýmsar þjóðir sem hafa að sumu leyti önnur forgangsatriði en við. Ég nefni þar t.d. Kanada, Bandaríkin og Rússland. Þar eru hlutirnir aðeins flóknari en gerist hjá okkur. Þess vegna finnst mér að í umræðu um norrænt samstarf eigi að leggja áherslu á tengslin frá hinu norræna samstarfi í gegnum vestnorræna samstarfið yfir til þessa heimskautssamstarfs. Það á að ræða hlutina í því samhengi. Ég verð að segja að mér finnst það alvarlegt umhugsunarefni að á sama tíma og menn látast vera að horfa á þessa hluti eitthvað heildstætt fréttist af því, án þess að það hafi verið rætt nokkurs staðar, að það séu hugmyndir uppi um að leggja niður vestnorræna sjóðinn sem er þó partur af þessu norræna heildarsamstarfi. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst að vestnorrænt samstarf hafi verið vanrækt í norrænu samhengi á undanförnum árum. Ég fann það t.d. vel þann tíma sem ég gegndi formennsku í Norræna menningarsjóðnum að áherslur voru allar í þá átt að leggja frekast áherslu á Eystrasaltsverkefnin. Ég tel það í sjálfu sér gott, en vestnorrænu verkefnin eru svo mikilvæg fyrir þær fámennu þjóðir sem eru hér Norður-Atlantshafinu að það var alvarlegt hvernig þau voru að mörgu leyti vanrækt á þessum tíma. Kannski má segja að umsóknirnar hafi ekki alltaf verið svo góðar, en það var heldur ekkert gert til að ýta undir það. Ég tek þetta upp við umræðuna um norrænt samstarf vegna þess að þetta er norrænt samstarf. Vestnorræna samstarfið er hluti af því þótt við höfum sjálfstæða stofnun sem heitir Vestnorræna þingmannasambandið, sem rætt verður um hér á eftir. Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti, vegna þess að ég tel að þetta skipti mjög miklu máli í hinu almenna, norræna samhengi.

[11:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Undir þessum umræðum hafa kviknað hjá mér ýmsar hugsanir. Ég hlustaði á ræðu hæstv. utanrrh. áðan og einnig hef ég heyrt þær ræður sem aðrir hafa flutt. Sú hugsun sem vaknar hjá mér er auðvitað: Erum við að halda dauðahaldi í samstarf við Norðurlandaþjóðirnar, samstarf

sem í raun á litla framtíð fyrir sér? Ég viðurkenni að ég hef alltaf verið mjög fylgjandi norrænu samstarfi og tel að við Íslendingar höfum haft alveg gífurlega mikið út úr því, kannski meira en nokkur hinna stærri Norðurlandaþjóða. En það fer auðvitað ekki fram hjá nokkrum manni og við verðum auðvitað að horfast í augu við það að sú eðlisbreyting sem orðið hefur á með inngöngu Svía og Finna í Evrópusambandið í kjölfar Dana veldur því að sjónir beinast nú að allt öðru. Þetta finna allir þeir sem taka þátt í norrænu samstarfi. Það var t.d. mjög áberandi á kvennaráðstefnunni í Kína að þar var nákvæmlega ekkert norrænt samstarf, nákvæmlega ekki neitt. Að vísu var haldinn einn blaðamannafundur, aðallega til að auglýsa þáverandi kandídat til formennsku í Sósíaldemókrataflokknum, Monu Sahlin, sem lenti síðan í vondum málum. En mörgum, m.a. fulltrúum Norðurlandaráðs sem voru þarna á ráðstefnunni, fannst þetta mjög sjokkerandi og þá sérstaklega hvað embættismannaliðið hafði lítinn áhuga á norrænu samstarfi. Menn verða að gera sér grein fyrir því að með því að Svíþjóð og Finnland eru komin inn í Evrópusambandið þagnar þeirra rödd á alþjóðavettvangi. Nú er það bara Evrópusambandið sem talar fyrir þeirra hönd.

Ég vildi koma þessum hugsunum á framfæri. Við hljótum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvaða framtíð þetta samstarf á fyrir höndum. Er raunverulegur vilji til þess að viðhalda því og jafnvel efla það? Ég held að það sé alveg sannleikanum samkvæmt sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að það er pólitískur vilji. En samt sem áður er allt raunverulegt starf farið að snúast í átt til Evrópu. Það gengur orðið allt út á það að fylgjast með því sem er að gerast í Evrópu og þetta hefur auðvitað ákveðnar afleiðingar fyrir okkur. Ég treysti mér ekki til að svara því á þessari stundu hver niðurstaðan verður eða hvernig við eigum að bregðast við, en við hljótum að velta þessu mjög alvarlega fyrir okkur. Eigum við að leggja einhverjar aðrar áherslur?

Þar kem ég að því í máli mínu, hæstv. forseti, að mér finnst að við á hinu háa Alþingi þurfum að fara mjög rækilega í gegnum það alþjóðasamstarf sem við tökum þátt í. Við höfum afar takmarkað fjármagn til þess að vinna í alþjóðasamstarfi þingmanna. Síðasta kjörtímabil sat ég í Evrópuráðinu, nú er ég áheyrnarfulltrúi í EFTA-nefndinni og sit í Vestnorræna þingmannaráðinu. Þar eru fjárveitingar með þeim hætti að það er einfaldlega ekki hægt að fylgjast með. Ég sá það í bréfi frá forsætisnefnd að t.d. er verið að þrengja mjög að Evrópuráðinu varðandi þátttöku í fundum. Að mínum dómi er þar um ákaflega merkilegt starf að ræða og ég held að við þurfum svolítið að vega það og meta í hverju við eigum að taka þátt, hvað er þess virði að leggja í það tíma, vinnu og fjármuni. Eins og ég sagði áðan hef ég ávallt verið mjög hlynnt norrænu samstarfi en við hljótum að spyrja okkur hvaða afleiðingar þær breytingar, sem þegar eru orðnar, munu hafa fyrir okkur og hvort við eigum að breyta eitthvað um áherslur í okkar alþjóðastarfi. Þá er ég fyrst og fremst að tala um þingið.

[11:46]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði þeirrar spurningar hvort við værum að halda dauðahaldi í Norðurlandasamstarfið sem eitthvað sem ekki ætti framtíð fyrir sér. Ég má til með að bregðast við þessu vegna þess að ég tel að aldrei hafi verið eins mikil nauðsyn á því að að efla norrænu samvinnuna og leggja mikla áherslu á hana og einmitt núna vegna þeirrar breytingar að tvö af Norðurlöndunum hafa gengið í Evrópusambandið. Ég nefni sérstaklega í því sambandi að Danir, sem hafa verið lengst Norðurlandaþjóðanna í Evrópusambandinu, leggja alveg sérstaka áherslu nú um stundir á norræna samstarfið og þeir hafa t.d. barist gegn því með okkur Íslendingum og öðrum að verða við kröfu Svía um niðurskurð. Þetta er mjög mikilvægt að komi fram í umræðunni. Hvað varðar þá staðreynd að á kvennaráðstefnunni í Kína var nánast ekkert norrænt samstarf tel ég að þar hafi hreinlega verið um mistök að ræða. Þar var líka unnið þvert á það sem utanríkisráðherrar Norðurlandanna og forsætisráðherrar höfðu gefið yfirlýsingar um. Þessi mál hafa verið tekin upp sérstaklega á norrænum vettvangi bæði innan embættismannakerfisins og einnig á þingum Norðurlandaráðs og það er fullur vilji til þess að menn gæti þess í framtíðinni að um fullt norrænt samstarf verði að ræða í alþjóðlegu samhengi.

[11:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær upplýsingar sem komu fram. Það er rétt sem hún sagði að samvinnuskorturinn vakti náttúrlega athygli bæði þingmanna og annarra sem voru í Kína en það breytir ekki þeirri spurningu þó að það sé núna pólitískur vilji til þess að viðhalda þessu samstarfi er spurningin sú hvað raunveruleikinn býður upp á og hvers eðlis verður þetta norræna samstarf í framtíðinni eftir þessar grundvallarbreytingar. Ég get verið sammála þingmanninum um að kannski hafi aldrei verið meiri nauðsyn á því að efla þetta samstarf af ýmsum ástæðum og kannski ekki síst fyrir okkur. Við hljótum samt að spyrja okkur hver grundvöllurinn sé eftir að svona mikil breyting hefur átt sér stað og hver er raunverulega viljinn. Af menningarlegum og sögulegum ástæðum hafa Norðurlandaþjóðirnar og ekki síst pólitíkusarnir áhuga á þessu samstarfi og hafa haft af því mikið gagn og samstaða Norðurlandanna hefur gefið Norðurlöndunum í gegnum tíðina mikinn pólitískan styrk. Því miður hefur einnig orðið breyting á því núna með þessari aðgreiningu milli Norðurlandanna. Hvað sem menn segja um vilja í þessum efnum er framtíðin samt býsna óljós.

[11:50]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þegar litið er til baka yfir síðasta ár eða svo er ljóst að þetta tímabil hefur verið mjög viðburðaríkt í norrænu samstarfi á þeim vettvangi sem við þingmenn þekkjum best til, þ.e. á vettvangi Norðurlandaráðs. Núna er nákvæmlega ár síðan þing ráðsins var haldið í Reykjavík þar sem teknar voru mikilvægar ákvarðanir um framhald þessa samstarfs sem síðan var fylgt eftir síðar á árinu á þingum í Kaupmannahöfn og í Kuopio í Finnlandi og margs konar starfi hinna ýmsu nefnda, ekki síst forsætisnefndar á tímabilinu.

Þær breytingar sem hafa verið gerðar að umtalsefni eru miklar og margvíslegar en þær gerast auðvitað ekki í tómarúmi ótengdu öðru því sem er að gerast á hinum pólitíska vettvangi í löndunum. Það er ekki hægt að ræða þessi mál samhengislaust eða eins og Íslendingar gætu t.d. einir ráðið þessari ferð án tillits til þess sem er að gerast í öðrum löndum. Menn geta auðvitað rætt þetta út frá sjónarmiðum sinnar eigin óskhyggju. Það er hins vegar ekki mjög gagnlegt, menn verða að horfast í augu við þær staðreyndir og þann raunveruleika sem við blasir. Það sem við blasir er að þrátt fyrir að Norðurlöndin þrjú séu nú orðnir aðilar

að Evrópusambandinu er fullur pólitískur vilji í löndunum öllum til þess að halda áfram hinu gamla og gróna norræna samstarfi en með þeim breytingum sem óhjákvæmilegar og nauðsynlegar eru og út á það hefur þetta ferli gengið.

Ég tel að við Íslendingar verðum að sjálfsögðu að virða þær ákvarðanir sem önnur lönd taka um samstarf sitt, t.d. í Evrópumálum eða aðild að öðrum bandalögum. Hins vegar skulum við fagna því hversu eindreginn sá ásetningur er annars staðar á Norðurlöndum að eiga áfram samstarf við okkur og við Norðmenn á hinum hefðbundna norræna grundvelli. Enda þótt margir horfi með söknuði til þess tíma þegar Norðurlöndin voru ein og sér í sínu gamalgróna norræna samstarfi býður framtíðin að mínum dómi upp á mjög margt spennandi í þessu samstarfi þó að ekki felist nákvæmlega það sama í því og áður var. Það er t.d. alveg ljóst að einstaklingsbundnum tillögum þingmanna í Norðurlandaráði um hin ýmsu svokölluðu góðu málum mun fækka. Samstarfið verður í öðru formi. Það verður meira bundið ráðstefnum um tiltekið málefni, svokölluðum þemafundum, eins og formaður Íslandsdeildar gerði grein fyrir. Það er ýmislegt þess háttar þegar ákveðið og á döfinni, í næstu viku er m.a. sérstök ráðstefna um framtíðarmálefni Evrópu sem hefur verið vandað vel til. Það er sömuleiðis á döfinni í næsta mánuði ráðstefna um heimskautasvæðin sem hefur verið í undirbúningi í langan tíma og verður haldin í Kanada með þátttöku Kanadamanna, Bandaríkjamanna og Rússa, að sjálfsögðu fullburðugri þátttöku Norðurlandaráðs sem er frumkvæðisaðili að þessu samstarfi eins og menn vita þar sem hæstv. núv. utanrrh. átti mjög mikilvægan hlut að máli.

Jafnframt er á döfinni sameiginlegur fundur ráðsins með baltneska ráðinu nú í aprílmánuði þannig að Norðurlandasamstarfið, Norðurlandaráð, er að færa kvíarnar út fyrir sín hefðbundnu landamæri. Menn hljóta að fagna því að hægt er að finna þessu samstarfi vettvang og form með þessum hætti í stað þess að einbeita sér einvörðungu að þeim málum sem í hinu nýja skipulagi tilheyra hinni svokallaðri Norðurlandanefnd sem er hið gamalkunna, hefðbundna norræna samstarf sem eftir sem áður er allra góðra gjalda vert, menningarmálin, réttindi hins almenna borgara og fleira þess háttar en það er ekki lengur hið eina sem um er fjallað á þessum vettvangi.

Vikið hefur verið að því í þessari umræðu að Íslendingar sem þjóð þyrftu að halda vöku sinni og vissulega er það rétt. Menn hafa lýst áhyggjum af því að flokkasamstarfið sem verður meira áberandi en áður geti verið varhugavert fyrir okkur Íslendinga og að við pössuðum kannski ekkert inn í það. Auðvitað geta menn fært fram ýmis rök að þessu leyti. Það er t.d. alveg ljóst að miðjuhópurinn í Norðurlandaráði er mjög margbreytilegur hópur þar sem starfa að mig minnir 15 eða 17 stjórnmálaflokkar og margir frá sumum löndum á svæðinu. Engu að síður geta menn náð þar saman um hin mikilvægustu atriði þó að ágreiningur sé um aðra hluti. Ég bendi á að þrátt fyrir að menn hafi lýst áhyggjum af því að Íslendingum kunni að farnast illa í þessu flokkasamstarfi hefur þetta starf skilað þremur Íslendingum inn í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Ekki á grundvelli þess hvaðan menn eru upprunnir heldur á grundvelli þess í hvaða flokkahópi þeir starfa. Það er rétt sem formaður Íslandsdeildar sagði að þetta skipulag mun gera meiri kröfur til þess að menn séu virkir í flokkasamstarfinu en ef menn eru það þá þurfa menn engu að kvíða um það að starf þeirra verði virt af vettugi eða ekki metið að verðleikum.

Eitt af því sem í undirbúningi hefur verið á þessu ári er flutningur skrifstofu Norðurlandaráðs frá Stokkhólmi til Kaupmannahafnar þar sem hún á að verða framvegis undir sama þaki og skrifstofa hinnar norrænu ráðherranefndar. Þetta er m.a. gert til þess að ná fram meiri hagkvæmni í þessum rekstri m.a. vegna ítrekaðra krafna og sjónarmiða um að spara sem ekki skal gert lítið úr því að vissulega verður sparnaður til framtíðar þó þessir flutningar auðvitað kosti sitt meðan þeir standa yfir. Hugmyndin er ekki síður sú að efla samstarfið og fá meira út úr því starfsumhverfi sem þarna mun skapast, fá meira pólitískt innihald út úr þessu samstarfi. Það er að mínum dómi ekkert vafamál að staða þingmanna til þess að hafa áhrif á ráðherranefndina mun breytast til batnaðar með flutningunum vegna þeirrar miklu nálægðrar sem þarna verður þá framvegis milli þessara aðila. Ég sé ekki ástæðu til þess að örvænta um þetta samstarf. Það er engin ástæða til þess. Ég bendi líka á, eins og hefur komið fram í umræðunni, að matið á hinu norræna notagildi hinna ýmsu norrænu stofnana er nú að skila ánægjulegum árangri. Menn höfðu af því vissar áhyggjur þegar fyrsta skýrslan um það mál kom fram hér fyrir nokkru síðan að það gæti stefnt í óefni, það væri ekki gert á málefnalegum forsendum að því er varðaði allar þessar stofnanir. Ég tel að eins og það mál hefur nú þróast sé ekki hægt að halda uppi í það minnsta almennum ágreiningi eða gagnrýni á þetta starf heldur sé það að þróast inn í mjög svo skynsamlegan og eðlilegan farveg þar sem endurmati er beitt á starfsemi stofnana sem kallar síðan á ákveðna endurnýjun, endurskipulagningu og viðbrögð við breyttum aðstæðum. Ég tel að það sé mjög jákvætt og sýni reyndar að norræna samstarfið er ekki staðnað heldur getur það verið dýnamískt og lagað sig að breyttum tímum. Það er líka ánægjuefni að þær norrænu stofnanir sem staðsettar eru á Íslandi hafa komið vel út úr þessu mati.

Ég ætla ekki að fjalla að þessu sinni um Schengensamstarfið. Við höfum rætt það hér í þingsalnum við eitt tækifæri og það mál er í vinnslu og kemur vonandi til umræðu síðar í vor. Þar er að mörgu að hyggja og það mál er alls ekki einfalt.

Í lokin langar mig að víkja að Vestnorræna samstarfinu sem hv. 8. þm. Reykv. gerði að umtalsefni. Það er vissulega rétt hjá honum að það er eðlilegt að ræða það mál í nánum tengslum við skýrslurnar um norræna samstarfið vegna þess að það er auðvitað hluti af því þó því hafi verið komið fyrir í sérstöku samstarfsráði, Vestnorræna þingmannaráðinu. Þótt Vestnorræna þingmannaráðið eigi fullan rétt á sér tel ég að það sé í sjálfu sér ekki skynsamlegt að einangra þessa starfsemi algjörlega utan við hið almenna norræna samstarf. Það er reyndar ekki hægt að gera það. Vestnorræna samstarfið er hugsað til þess að efla þingmannasamstarf þessara þriggja ríkja sem eiga jafnframt öll aðild að Norðurlandaráði. Hins vegar tel ég skynsamlegt fyrir þetta samstarf að reyna líka að færa út kvíarnar. Mér er ánægjuefni að hafa átt hlut að máli að því er varðar það að Vestnorræna þingmannaráðið fékk boð sem sjálfstæður aðili um að taka þátt í ráðstefnu Norðurlanda og annarra um heimskautamálefni sem haldin verður í Kanada nú í næsta mánuði og ég hef þegar vikið að. Ég held að þar séu verkefni sem vestnorræna samstarfið passar vel inn í og sem hægt er að tengja saman báðum til góðs, bæði vestnorrænu ríkjunum og þeim sem núna vinna að stofnun heimskautaráðs, norðurheimskautsráðs á þeim vettvangi sem þegar hefur verið getið um. Einnig þarna tel ég að séu ýmsir framtíðarmöguleikar og ástæðulaust að gera lítið úr þeim.

Virðulegi forseti. Að endingu þakka ég eins og aðrir sem hér hafa talað af hálfu Íslandsdeildarmanna samstarfið á þessu síðasta starfsári. Það hefur verið afskaplega gott og hvað sem líður skiptingu íslenskra þingmanna í flokkahópa á hinum norræna vettvangi hafa þeir starfað mjög vel saman á breiðum pólitískum grundvelli innan Íslandsdeildarinnar.

[12:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að mikilvægt sé að þróa þá hugsun sem kom að nokkru leyti fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv. hér áðan að það verði með einhverjum skipulegum hætti reynt að formbinda hið vestnorræna samstarf við hið norræna samstarf þó þannig að hið vestnorræna samstarf geti með einhverjum hætti haldið sjálfstæði sínu. Ég held að það sé mjög vandasamt að þróa hið vestnorræna samstarf öðruvísi áfram vegna þess að ekki er hægt að búast við því að það nái að lifna og dafna öðruvísi en að það sé lifandi þáttur af þeirri samstarfsheild sem er í gangi á Norðurlöndum. Ég held að þær tilraunir sem hafa verið uppi í þá veru að þróa vestnorræna samstarfið að nokkru leyti frá hinu norræna samstarfi af vissum pólitískum ástæðum sem menn þekkja og eru að sumu leyti eðlilegar hafi kannski ekki verið mjög skynsamlegar að öllu leyti og nauðsynlegt sé að þróa þá hugsun sem hér kom fram hjá hv. þm. og ég rakti hér áðan varðandi tengslin á milli hins almenna norræna samstarfs og hins vestnorræna samstarfs. Þá er ég bæði að tala um formleg tengsl, ég er að tala um pólitísk tengsl og ég er líka að tala um fjárhagsleg tengsl vegna þess að einn meginvandi vestnorræna samstarfsins er sá að það hefur ekki neina fjármuni til að vinna fyrir. Mér líka það athyglisvert sem hv. þm. sagði. Hann sagði: Það er fullur vilji til að halda uppi hinu norræna samstarfi og það er fullur pólitískur vilji til þess. Það er fagnaðarefni og það er hlutur sem ég veit að hann tekur þátt í því að styðja af myndugleik sjálfur. Hins vegar missti hann út úr sér, sennilega óvart, setningu sem var þessi: „en hið norræna samstarf er auðvitað góðra gjalda vert". Hið norræna samstarf er góðra gjalda vert en hin almennu tengsl út fyrir hið norræna svæði eru farin að taka hugi manna hálfa. Það er umhugsunarefni að mínu mati.

[12:05]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú veit ég ekki hvort hv. síðasti ræðumaður fór alveg rétt með mitt mál. Mig minnir að ég hafi sagt að hið gamalgróna norræna samstarf væri góðra gjalda vert og ég stend við það. Samstarfið á menningarsviðinu, um réttindi borgaranna og allt það sem þetta hefur snúist um á undanförnum áratugum, mun auðvitað halda áfram. Vettvangurinn fyrir það er Norðurlandanefndin. En það er bara ekkert „bara það" lengur. Þó það sé góðra gjalda vert og þó við eigum að efla það og styðja, halda því áfram og styrkja dugar það ekki eitt og sér lengur og við fáum heldur ekki þá þátttöku í þessu samstarfi þeirra lykilmanna úr norrænu stjórnmálalífi ef þetta á bara að snúast um þessa þætti. Ég held að okkur hafi tekist að forma þetta nokkuð skynsamlega í þeim breytingum sem nú er búið að samþykkja með því að taka þarna inn Evrópumálefni, nærsvæðamálefni og jafnvel fleira sem kemur upp á vettvangi forsætisnefndar. Hitt mun halda áfram, þetta „gamalgróna góðra gjalda verða" norræna samstarf en það mun ekki verða það eina í framtíðinni því við verðum að útvíkka þetta eins og fram hefur komið.

[12:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst þetta andsvar hv. þm. góðra gjalda vert.

[12:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil koma að frekar en mér vannst ekki tími til í fyrri ræðu minni. Ég vil tengja það við það sem hefur verið rætt hér mikið. Það er í sambandi við stöðu hins norræna samstarfs almennt séð, stöðu okkar innan þess og samskiptin út á við. Ég tek almennt undir það að við þurfum að horfast í augu við þann veruleika sem ríkir vegna breytinganna. Ég benti á það í fyrri ræðu minni að það hafa gerst mikil tíðindi þar sem eru þáttaskilin í samskiptum meiri hluta hinna fimm norrænu þjóða við Evrópusambandið með inngöngu þriggja. Það verður ekki fram hjá því horft. Ég óttast eins og fram hefur komið að sú niðurstaða sem þar varð eigi eftir að draga meiri dilk á eftir sér í raun en nú blasir við og er farið að gera margvíslega vart við sig eins og hefur verið rætt um í umræðunni. En það breytir ekki því að við Íslendingar getum notað Norðurlandasamstarfið og eigum að gera það bæði innanvert á milli hinna norrænu þjóða en einnig í samskiptum við svæði sem liggja að Norðurlöndum í norðri innan heimskautasamstarfs og í austri þar sem er samstarfið við Eystrasaltsríkin og svæði innan Rússlands sem liggja að Norðurlöndum, Barentssvæðið og önnur slík þar sem um formlega samvinnu er að ræða. Við Íslendingar höfum lagt áherslu á að vera þar þátttakendur. Okkur hefur tekist það, kannski fyrst og fremst vegna hins norræna samstarfs. Við höfum notað það sem búarsporð til að verða þátttakendur í samstarfi sem, miðað við stöðu okkar á landakortinu, er kannski ekki augljóst fyrir ýmsa utanaðkomandi að við eigum heima í. Þetta finnst mér réttmætt og við eigum að halda því áfram um leið og við hlúum að því sem hægt er að halda uppi samnorrænt.

Í þessu samhengi kem ég aðeins að heimskautasamstarfinu sem er væntanlega að taka á sig fastari mynd í samstarfi ríkisstjórna með stofnun sérstaks heimskautsráðs. Ég vil inna hæstv. utanrrh. aðeins nánar eftir því hvert hans mat sé á því sem gerast muni eða geti gerst á fundinum í Kanada í næsta mánuði þar sem stefnt er að því að ná sem lengst í þessum efnum. Ég tók ekki eftir því að það kæmi fram í framsögu hans hér frekara mat á stöðunni að þessu leyti. Ég vona sannarlega að það takist að koma þessu samstarfi á milli ríkisstjórna eins og stefnt hefur verið að og að það geti borið ávöxt. Síðan haldi samstarf þingmanna að sjálfsögðu áfram og verði eðlilega tengt inn í þetta samstarf. Þarna eru miklir möguleikar sem við þurfum að taka þátt í og einbeita okkur að, þ.e. ef litið er til norðurs. Það er ekki ástæða til að ræða það frekar hér. Þarna eru mörg atriði sem þarf að sinna og ekki síst á sviði umhverfismálanna.

Varðandi samstarfið í alþjóðastofnunum og hið norræna samstarf eins og hæstv. utanrrh. vék að hefur komið á daginn að það hefur verið þyngra undir fæti með hið norræna samráð í alþjóðastofnunum og þá ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar var reynt að sporna við og hæstv. ráðherra átti góðan hlut að því máli vorið 1995 til þess að koma í veg fyrir að það gliðnaði meira þarna en þörf væri á. Ég tek undir að það er sjálfsagt að viðhalda hinu samnorræna samstarfi í alþjóðastofnunum eins og mögulegt er. Þar eru vafalaust ákveðin takmörk vegna Evrópusambandsins og þeirra reglna sem þar eru ríkjandi og eiga eftir að þróast, kannski enn frek-

ar í þá átt að það verði erfiðara fyrir Norðurlöndin að koma fram með sameiginlega stefnu. Þá verðum við auðvitað að bregðast við því með raunsæjum hætti. Ein afleiðing þess að við höfum ekki stuðning og styrk af hinu samnorræna samstarfi í alþjóðastofnunum held ég að hljóti að verða sú að við þurfum að leggja meira í utanríkisþjónustu okkar sjálfstætt til þess að geta staðið þar betur á eigin fótum ef við getum ekki leitað eðlilegs stuðnings hjá aðilum sem við höfum átt samleið með og höfum getað átt samstarf við. Út frá því vil ég skoða þróun íslenskrar utanríkisþjónustu að Ísland geti fótað sig þar betur án þess að vera háð um of samráði við aðila sem ráða okkur kannski ekki að öllu leyti heilt eða hafa ekki stöðu til þess að gera það. Það á alveg sérstaklega við um hið pólitíska að við þurfum að gæta þess því að á vettvangi embættismanna er oft tilhneiging til þess kannski að þróa mál lengra en skynsamlegt er eða er í samræmi við þær pólitísku hugmyndir sem eru uppi hverju sinni. Þetta er ekki sagt með neinu vanmati á það mikla starf sem unnið er á embættismannavettvangi og embættismannasamstarfi. En þar þarf auðvitað að vera samræmi á milli og þar þarf hið pólitíska mat að vera ráðandi og til þess þurfa stjórnmálamenn bæði á vegum ríkisstjórna og þingmanna að komast að málum sem burðugir þátttakendur.

Það er eitt atriði sem ég vil nefna frekar, virðulegur forseti. Það varðar hið gamalgróna norræna samstarf sem hér hefur verið rætt. Það berast til okkar ýmis dæmi um að hefðbundin réttindi sem tekist hefur að tryggja milli norrænna borgara innan landanna er ekki til haga haldið. Það koma í ljós hindranir sem ekki hafa verið uppi til skamms tíma. Þetta stafar vafalaust að nokkru leyti af því að staða hinna samnorrænu samninga á félagsmálasviði og ýmsum réttindasviðum er ekki lengur burðarásinn í embættismannakerfinu þegar verið er að fara yfir mál og meta stöðu borgara því að nýjar reglur á grundvelli Evrópuréttarins eru farnar að ryðja sér til rúms. Þarna skortir á að samræmis sé gætt og reynt sé að tryggja það um leið og staðið er við samningsbundnar skuldbindingar um samræmingu við Evrópuréttinn að tillit sé tekið til þess sem á að vera tryggt í samstarfi Norðurlandanna. Um þetta væri hægt að rekja mörg dæmi. Ég get vísað til fyrirspurnar sem ég lagði fram á þingi í marsmánuði 1995 til eins norræns ráðherra um þessi efni þar sem dregin voru fram dæmi um þetta. Okkar embættismenn og stjórnmálamenn líka þekkja fjölmörg dæmi um þetta. Þarna er rík nauðsyn að standa á verði og það hefur vissulega verið viðleitni á pólitískum vettvangi til að fara yfir þetta og leitast við að koma í veg fyrir að það verði gliðnun að því er varðar gagnkvæm réttindi milli Norðurlandanna.

Ég vil að endingu, virðulegur forseti, óska þeim sem vinna á hinum norræna vettvangi, jafnt ríkisstjórnarmegin sem þingmannamegin, alls hins besta í því þýðingarmikla starfi sem þeir rækja við breyttar aðstæður. Það hefur komið fram að sá sem hér talar og sá flokkahópur sem ég hef starfað í, þ.e. sem Alþb. starfar með á norrænum vettvangi, hefði viljað sjá annað form í sambandi við norræna þingmannasamstarfið en varð niðurstaðan. Það ræddum við hér þegar breytingar voru gerðar á Helsinki-sáttmálanum. Það er of snemmt að kveða upp dóma um það hvernig til tekst með niðurstöðuna en ég vona það og óska að það geti þrátt fyrir allt gefið sem besta raun miðað við okkar hagsmuni og áhuga. Áreiðanlega auðveldar þetta ekki að mörgu leyti starfið og því gerir það í raun meiri kröfur til þeirra þingmanna sem eru þátttakendur á þessum vettvangi. Og til þess að gefa dæmi um hvað ég á við nefni ég hið gamalgróna norræna samstarf sem nú er undir einni 30 manna þingmannanefnd sem á að fjalla um allt hið gamalgróna. Og það er ekki mjög skýrt enn þá hvernig á að koma við brúnum yfir í grannsvæði og Evrópumál. Það verður verkefni eins þingmanns ef ég man rétt að fylgjast með í þessari norrænu nefnd því að við þurfum að skipta okkur á hinar nefndirnar og þannig hagar til að nú er aðeins einn íslenskur þingmaður í þessum 30 manna hópi norrænu nefndarinnar.

Ég vænti þess að við getum staðið saman um það og hlúð að því á vettvangi Alþingis almennt séð að búa þessu samstarfi sem eðlilegastar aðstæður og þá með því að tryggja nauðsynlegar fjárveitingar til þess og starfsaðstöðu.

[12:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið sem mér finnst endurspeglast í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að Norðurlandasamstarfið sé það mikilvægasta erlenda samstarf sem við höfum átt og munum væntanlega og vonandi eiga áfram vegna þess að það eru mín sjónarmið að hvert svo sem vegir liggja sé okkur mjög mikilvæg sú samheldni og það samstarf sem þarna hefur verið byggt síðustu áratugi.

Þingmaðurinn setti upp mjög áhugaverða kenningu um að þróa betur og efla íslenska utanríkisþjónustu til að bæta úr því sem hann óttast að verði, en það er minna samráð innan Norðurlanda og Norðurlandaráðs þannig að hið pólitíska samráð verði eflt í gegnum utanrrn. Mér fannst það mjög athyglisvert sjónarmið sem þingmaðurinn setur fram og mér finnst ljóst að í því felst mikill ótti um að samráðið á Norðurlandaráðsvæng sé að minnka eða takmarkast mjög. Ég lít svo á að einmitt þessi þáttur, borgararéttindin og félagslegi rétturinn og þeir samningar og sáttmálar sem við höfum búið til á norræna svæðinu hafi verið mjög mikilvægur og í hann hljótum við að reyna að halda eins lengi og unnt er. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort óttinn sem speglast í orðum hans stafi af breytingum sem nú hafa orðið á norræna samstarfinu og þá því formi og þeim ramma sem Norðurlandasamstarfinu verður nú búinn eða hvort hann telji að það sé ástæða til að óttast breytingar fyrst og fremst vegna aðildar sumra Norðurlandanna að Evrópusambandinu og hinum auknu áherslum á evrópska samstarfið. Ég spyr vegna þess að það hefur verið óbifanleg trúa mín að jafnt þau lönd sem kjósa að vera innan Evrópusambandsins og þau sem velja að standa utan þess, skiptir norræna samstarfið mjög miklu máli, bæði fyrir innbyrðis tengingu til að hafa áhrif inn í Evrópusambandið og fyrir þau sem velja að standa utan þess, til að taka þátt í umræðunni og fá einhvern veginn að koma að ákvarðanatöku og umfjöllun. Þess vegna bregður mér nokkuð að heyra áhyggjur hv. þm. og spyr hvort þær eigi rætur í þessum breytta ramma eða hvort það sé almennt vegna þessara breyttu áherslna í samvinnu innan Evrópu.

[12:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hygg að við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir deilum svipuðum viðhorfum að því er varðar hið norræna samstarf og ég þakka henni fyrir að vilja ræða þetta frekar. Ég tel að það sé um hvort tveggja að ræða þegar hún spyr um ástæðurnar fyrir áhyggjum mínum. Meginástæðan er innganga Norðurlandanna þriggja í Evrópusambandið og sú stefna sem Evrópusambandið setur sínum aðildar-

ríkjum varðandi utanríkismál. Hún er tilkomin í vaxandi mæli eftir breytingar á Evrópusambandinu með Maastrichtsáttmálanum þar sem utanríkismálin eru orðin Evrópusambandsmál formlega og í ríkari mæli en áður. T.d. talar eitt Evrópusambandsríki hverju sinni á alþjóðaráðstefnum fyrir hönd Evrópusambandsins og Norðurlandaþjóðunum innan hinnar gömlu samvinnu er á vissan hátt gert ómögulegt að koma sínum áherslum sameiginlega að vegna þess ramma sem Evrópusambandið hefur dregið.

Nú kann að vera að þetta eigi eftir að ganga enn þá lengra innan Evrópusambandsins. Um það vil ég ekki fullyrða. Enginn veit í rauninni hverju ríkjaráðstefnan næsta skilar og hver þróunin þarna verður. En áhugi margra er að dýpka samstarfið í Evrópusamstarfinu og í átt að ríkisheild, hversu langt sem þar verður gengið. Ég held að við þurfum að bregðast við þessu, þ.e. þeir sem ekki sjá það fyrir sér að Ísland eigi að verða aðili að Evrópusambandinu í framtíðinni. Ég vil að við reynum að varðveita þrátt fyrir allt samskipti þar sem það er raunsætt en bæta okkur upp það sem tapast með því að efla sjálfstæða íslenska utanríkisþjónustu og leggja í hana meira en minna til að við getum staðið á eigin fótum.

[12:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög áhugavert sjónarmið sem kemur fram hjá þingmanninum og vissulega til umhugsunar fyrir okkur. Ég vil minna á að Ísland reyndi einna lengst að sporna við því að við hyrfum frá gamla fyrirkomulaginu, þ.e. land á móti landi í vægi og þar með hlutdeild okkar í ákvarðanatökunni. Það var og það land sem síðast gaf sig með þá afstöðu að vilja ekki fara inn í „flokkahóp gegn flokkahópi" ef við notum „gegn" eða jafnvel „flokkahóp með flokkahópi". Það á eftir að koma í ljós hvort þessi breyting sem nú er orðin staðreynd verður til góðs eða hvort hún verður upphafið af því að Norðurlandastarfið eins og við þekkjum það best byrji að þurrkast út. Ég held að þessi breyting sé til þess fallin að efla stöðu okkar í víðara samhengi og í Evrópusamstarfi því við getum beitt okkur í sérhverjum flokkahópi þannig að flokkahópurinn sem á síðan samstarf inn í Evrópuflokkahópana geti farið með sameiginleg sjónarmið sem hafa komið fram í Norðurlandasamtarfinu, á Norðurlandaþingum og í þessum stóru nefndum sem nú skipta á milli sín verkefnunum í Norðurlandaráði og að Norðurlandaráð sé með þessu að reyna að ná sér í tæki til að flytja þessi áhrif með sterkari hætti inn í evrópska samstarfið. Eins og okkur öllum hefur verið það erfitt og ég held að Íslendingar standi alveg saman að berjast fyrir „land á móti landi-stöðunni" ef unnt er, þá hef ég skilið það svo að þetta hafi orðið ofan á til þess að reyna að hafa enn sterkari áhrif utan Evrópusambands sem innan, en inn í Evrópu.

[12:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samstarf þingmanna og fyrirkomulag þess er eitt. Samstarf ríkisstjórna og staða þeirra, staða ríkjanna hvers gagnvart öðru eða milli hvers annars og í fjölþjóðlegu samstarfi er annar handleggur. Í rauninni verður þetta mun meira ákvarðandi að því er varðar ríkjasamstarfið. Á þeim vettvangi eru línur dregnar um möguleikana.

Ég hef ekkert á móti því að stjórnmálamenn leitist við að starfa saman til að kynnast hvers annars sjónarmiðum og koma fram með áherslur ef þeir telja sig eiga saman í fjölþjóðlegu flokkasamstarfi. En það breytir ekki því sem síðan er ákvarðað og markað með samningum á milli ríkja. Þar blasir við sá rammi sem Evrópusambandið dregur og er hins vegar breytingum undirorpinn. Hann er að hreyfast í ákveðna átt. Við bíðum eftir því eins og margir aðrir að sjá hvað kemur út úr ríkjaráðstefnunni sem er fram undan. Það getur haft veruleg áhrif, einnig inn á hið norræna samstarf.

Við höfum í rauninni verið í ákveðinni vörn gagnvart hinum sterku áhrifum sunnan að og gagnvart þeim alþjóðlegu breytingum sem eru í gangi og við komumst ekkert undan í sambandi við samkeppnisskilyrði og annað þess háttar. Þetta setur okkur ákveðin takmörk. Við viljum halda í norræn gildi og eigum að nota hvern þann vettvang sem við getum til þess að koma því til skila sem við teljum að sé einhvers virði og við náum saman um. Um það erum við hv. þm. áreiðanlega sammála.

[12:30]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem upp fyrst og fremst til þess að þakka fyrir þá umfjöllun sem hér hefur farið fram um norrænt samstarf. Umræðan hefur verið mjög málefnaleg og fyrir það er ég þakklát. Hún hefur líka verið meiri en oft áður sem kannski kemur til af því að ákveðin þróun á sér nú stað í norrænu samstarfi. Það er meira að gerast í norrænu samstarfi en oft áður.

Hv. 4. þm. Austurl. nefndi í upphafi umræðunnar að það væri mikilvægt að hún hæfist að morgni dags og kannski hefur það líka haft einhver áhrif hvað þetta snertir. En sem sagt, umræðan hefur verið góð og mikilvæg.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi að hér hefði frekar átt að fara fram umræða um það hvernig hefði til tekist. Sannleikurinn er sá að það er allt of snemmt að dæma um það á þessari stundu. Ég vil þó segja að mér finnst þetta starf, samkvæmt nýju skipulag, fara vel af stað og það er langt frá því að það sé eins og hv. þm. nefndi, ræfilslegt og kraftlítið. Má nefna í því sambandi að í næstu viku er þemafundur í Kaupmannahöfn þar sem fjallað verður fyrst og fremst um ríkjaráðstefnuna sem verður á þessu ári. Um miðjan aprílmánuð er ráðstefna í Vilnius sem fjallar um þróun samstarfs Eystrasaltsríkja við Norðurlöndin. Í næsta mánuði er ráðstefna í Kanada þar sem fjallað verður um samstarf á norðurheimskautssvæðinu. Allt er þetta til marks um að mikið er að gerast í þessu samstarfi. En það er rétt að tengslin eru farin að ná miklu meira út fyrir svæðið. Má vera að það séu mismunandi skoðanir á því hvort það er rétt eða rangt. Ég held þó að mun fleiri telji það rétt og af hinu góða vegna þess að í auknu alþjóðasamstarfi megum við sem búum á Norðurlöndum ekki líta á þau sem eitthvert einangrað fyrirbæri. Samstarf norrænna þjóða í alþjóðasamstarfi er ákaflega mikilvægt og við verðum að gæta þess að það þróist áfram og verði áfram sterkt. Komið hefur fram í umræðunni að einhverjir hnökrar eru á því og þá sérstaklega í sambandi við kvennaráðstefnuna í Kína.

Mikilvægi landsdeilda og flokkahópa hefur verið hér til umfjöllunar og við Íslendingar vorum dálítið tregir til að stíga það skref að landsdeildirnar hefðu ekki sama vægi og áður. Hins vegar hefur sú litla reynsla sem komin er sýnt okkur að við þurfum ekkert sérstaklega að óttast það að við náum ekki sterkri stöðu innan ráðsins með því fyrirkomulagi sem nú er.

Ég get ekki staðist freistinguna að nefna það aðeins vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson hafði uppi nokkuð stór orð um þetta. Það var þó á grundvelli fyrra fyrirkomulags og

vegna tilnefningar hans flokkahóps sem hann náði nokkuð sterkri stöðu í norrænu samstarfi, nefnilega þeirri stöðu að verða formaður menningarmálasjóðsins. Mér þætti alveg vert að hafa mörg orð um menningarmálasjóðinn, þótt hann sé kannski ekki beint á dagskrá, en eins og allir vita útdeilir hann um 25 millj. danskra króna til menningarsamstarfs á Norðurlöndunum. Ég sit þar í stjórn og var formaður á sl. ári.

Eftir stutta stund verður mælt fyrir skýrslu um störf Vestnorræna þingmannaráðsins, en Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti að óska eftir því við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að það geti sent áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs. Tillagan var samþykkt í forsætisnefnd Norðurlandaráðs þannig að þetta fyrirkomulag hefur þegar verið tekið upp. Ég held að það sé ekki merki um að Norðurlandaráð líti Vestnorræna þingmannaráðið hornauga, það er miklu fremur að að það vilji tengjast því frekar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil bara endurtaka að mér finnst þessi umræða hafa verið góð og málefnaleg, ekki síst innlegg hv. 4. þm. Austurl. Hann hefur mikla reynslu af þessu samstarfi og þótt hann sitji ekki lengur í Íslandsdeild Norðurlandaráðs veit ég að hann mun áfram leggja lóð á vogarskálina til að norrænt samstarf geti áfram verið jákvætt og okkur í hag.

[12:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel eins og margir aðrir að þessi umræða hafi verið mjög gagnleg. Það hefur margt komið fram í henni sem er þess eðlis að það hlýtur að vekja nokkra athygli. Ég held að það standi upp úr þessari umræðu að það er þrátt fyrir allt mjög góð samstaða um það af okkar hálfu að standa vörð um norrænt samstarf og lítill áherslumunur á milli flokka í því samhengi, jafnvel þótt menn kunni að telja að það sé hægt að fara mismunandi leiðir til að ná sömu markmiðum. Það er mjög eðlilegt og hlýtur að vera mikilvægt að slík umræða fari fram.

Áleitnasta spurningin sem fram hefur komið í þessari umræðu er þó kannski sú sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir bar fram, en hún orðaði hana einhvern veginn svo: Erum við að halda dauðahaldi í norrænt samstarf, samstarf sem á litla framtíð fyrr sér? Það er mikilvægt að svona spurning sé sett fram. En ég verð að svara því fyrir mig að ég tel að norrænt samstarf eigi mikla framtíð fyrir sér, en þá verðum við líka að ræða í hvaða samhengi það er. Norrænt samstarf er ekki eingöngu inn á við, þótt það samstarf sé mjög mikilvægt. En *það sem er að aukast verulega er norræna samstarfið út á við.* Þá skiptir mestu máli að hve miklu leyti norrænu þjóðirnar eru tilbúnar til að fylgjast að í norrænu samstarfi út á við. Það hafa þær gert í gegnum tíðina í ýmsum alþjóðastofnunum og í margvíslegu samstarfi á alþjóðlegum vettvangi. Það er alveg ljóst að þetta hefur að nokkru leyti breyst vegna þeirrar staðreyndar að þrjú ríkjanna hafa gengið í Evrópusambandið. Ísland og Noregur hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þjóni ekki hagsmunum þeirra að verða samferða hinum Norðurlöndunum í því samstarfi.

Í þessu sambandi er mikilvægt að íhuga hvort það skipti ekki afar miklu máli fyrir norrænt samstarf að norrænu þjóðirnar reyni að fylgjast að í öllu alþjóðlegu samstarfi ef þær telja þess nokkurn kost. Það er t.d. alveg ljóst að það hefur skipt okkur Íslendinga miklu máli í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins að þar hafa Norðmenn og Danir líka verið þátttakendur. Það hefði verið sterkara fyrir okkur og öll Norðurlöndin ef Finnar og Svíar hefðu verið það líka, að ég tala nú ekki um ef þetta bandalag verður stækkað mjög verulega. Þá munu áhrif Norðurlandanna verða minni innan þeirrar heildar, en mundu hins vegar aukast ef hin löndin gengju inn. Það er að sjálfsögðu þeirra mál að ákveða hvort það verður með sama hætti og það er okkar mál að ákveða hvort við gerumst þátttakendur í Evrópusambandinu þegar fram líða stundir. Um það skal ekkert fullyrt á þeirri stundu, en við höfum svarað fyrir okkur að við teljum það a.m.k. ekki tímabært eins og akir standa, hvað svo sem komandi pólitískir aðilar og komandi kynslóðir kunna að ákveða í því sambandi.

Norræna vegabréfasambandið og Schengen-samstarfið er einmitt þáttur sem þarf að íhuga í þessu samhengi. Ég tel að við eigum að sækjast eftir því að vera með í því samstarfi ef við teljum það geta þjónað okkar hagsmunum og framtíð í norrænni samvinnu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að við séum ekkert að halda dauðahaldi í eitthvað sem eigi litla framtíð fyrir sér. Við erum að reyna að gera okkar til að styrkja norrænt samstarf vegna þess að við vitum að það styrkir stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Það styrkir stöðu okkar meðal Norðurlandanna, en ekkert síður á alþjóðlegum vettvangi.

Svo var annað mikilvægt atriði sem hv. þm. Svavar Gestsson varpaði fram. Stöndum við að málum með þeim myndugleik sem til þarf? Væri ekki ástæða til, eins og hann varpaði fram, að taka sig meira út úr, láta bera meira á sér og skapa okkur meiri sérstöðu? Ég er þeirrar skoðunar að við höfum farið alveg rétt að í þessu samhengi. Við höfum gengið inn í hið pólitíska samstarf í flokkahópum og annars staðar og við höfum gert það af myndugleik. Við höfum haldið okkar stöðu af fullum myndugleik í þessu sambandi, ekki með því að skapa okkur einhverja sérstöðu, heldur með því að taka þátt í breytingunum og hafa áhrif á þær. Það var hið rétta og það höfum við gert. Ef við hefðum farið öðruvísi að, skapað okkur sérstöðu og staðið utan við, hefðum við ekki haft þau áhrif sem *við höfum haft.* Við *höfum haft* full áhrif á framvinduna og getað ráðið úrslitum um margt. En við höfum gert það með jákvæðum hætti og gert það vegna þess að það hefur verið krafa uppi um það víða að það ættu sér stað breytingar sem ekki verður hjá komist.

Varðandi einstök atriði og einstakar spurningar sem hér hafa komið fram vil ég fyrst taka fyrir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um Norræna menningarsjóðinn. Honum eru gerð skil á bls. 73 í þessari skýrslu. Það hefur ekki verið gert áður. Ég tek undir það að hann er að sjálfsögðu mikilvægur þáttur í norrænu samstarfi og ber að taka hans mál fyrir eins og málefni annarra stofnana. En í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hans, þótt auðvitað mætti gera það ítarlegar.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði um norrænu þjóðfræðistofnunina eða Nordiska instituttet för folkdiktning. Það er rétt að það stendur til að leggja þá stofnun niður en þó alls ekki að leggja starfið niður. Það er gert ráð fyrir að það haldi áfram og það hefur komið tilboð frá háskólanum í Åbo um að yfirtaka þetta starf með þeim hætti að stofnunin haldi nafni sínu og hún verði bundin háskólanum í framtíðinni. Í því er verið að vinna. Þarna fer fram mikilvægt starf og ef það getur farið fram með hagkvæmari og ódýrari hætti í tengslum við þennan ágæta háskóla, er það af hinu góða. Það er ekki verið að leggja til að leggja þetta starf niður, en það er ekki talið nauðsynlegt að viðhalda sjálfstæðri stofnun

með þeim tilkostnaði sem þar þarf til til þess að halda því áfram.

Ég vil segja eitt um vestnorræna samstarfið. Það sem er sérstakt við það er að það er samstarf innan Norðurlandasamstarfsins. Það er öðruvísi en samstarfið við Eystrasaltið þar sem fram fer samstarf milli Norðurlandanna annars vegar og Eystrasaltsríkjanna hins vegar og það sama á við um Rússland. Ég tek undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði. Ég er sammála honum um að það er ekki nægilega vel til þess hugsað hvaða styrkur geti orðið í þessu samstarfi og að það vantaði tengingu við önnur svæði og önnur lönd umhverfis þetta svæði til þess að gera það að styrkari heild í norrænu samstarfi. Það er m.a. vegna þessarar hugsunar sem heimskautssamstarfið hefur nú fengið meiri kraft. Það er meiri áhugi fyrir því vegna þess að með því tengjumst við betur löndunum fyrir vestan okkur og löndunum sem tengjast norðrinu alveg eins Eystrasaltssamstarfið tengist löndunum í kringum Eystrasaltið. Við höfðum af því vissar áhyggjur að áherslurnar í norræna samstarfinu væru að færast of mikið í austur og suður. Það vantaði þar mótvægi til þess að Ísland gæti haldið sem sterkastri stöðu í þessu samhengi.

Út af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði um Kanada, þá er það nú svo að það mun ekki gerast að mínu mati mjög mikið, því miður, á fundum í Kanada í næsta mánuði. Það var gert ráð fyrir því að þá yrði gengið frá stofnun heimskautaráðsins. Það verður ekki og eftir því sem ég best veit verður tiltölulega lítil þátttaka umhverfisráðherra í þeim fundi ef hún verður þá nokkur. Í júní er hins vegar stefnt að því að þá geti átt sér stað fundur þar sem reynt verður að ganga frá stofnun ráðsins. Þessu hefur seinkað, því miður. Ég tel enga ástæðu til að vera með neina svartsýni í sambandi við niðurstöðu málsins. En það er ljóst að þetta ætlar að taka lengri tíma en við héldum í upphafi og þess vegna var mikilvægt að samstarfsráðherrar Norðurlandanna gengu frá samstarfsáætluninni núna á síðasta fundi einmitt til þess að leggja áherslu á vilja Norðurlandanna í þessu máli þannig að hann verði ekki dreginn í efa.

Að lokum tek ég undir það sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það er mikilvægt að styrkja utanríkisþjónustuna meir vegna þess sem er að gerast. Það er alveg ljóst að við getum ekki í sama mæli á öllum sviðum treyst á samstarfið við hin Norðurlöndin. Við þurfum að styrkja utanríkisþjónustu okkar líkt og Norðmenn hafa verið að gera. Norðmenn fjölguðu mjög í sinni utanríkisþjónustu vegna væntanlegrar þátttöku í Evrópusambandinu. En þótt ákvörðun hafi verið tekin um að Noregur gengi þar ekki inn hafa þeir alls ekki dregið í land heldur þvert á móti eflt utanríkisþjónustu sína og sinnt málum og margvíslegu samstarfi af mun meiri krafti en við gerum. Þetta ber að viðurkenna. En við stöndum frammi fyrir því sem lítil þjóð að reyna að sinna öllu því mikilvægasta sem er á ferðinni. Ég hef lagt á það áherslu eftir að ég kom í utanrrn. að tengja utanríkisþjónustuna betur norrænu samstarfi en þar hef ég meira tækifæri vegna þess að ég sinni jafnframt Norðurlandamálunum. Ég tel að með því séum við Íslendingar að sýna jafnframt hversu mikla áherslu við leggjum á Norðurlandasamstarfið. Ég hef ekki orðið var við neitt annað, hvorki af hálfu samstarfsráðherra né utanríkisráðherra en að einlægur vilji sé af hálfu þeirra manna sem þar eru í fyrirsvari að viðhalda sterku norrænu samstarfi og leggja áherslu á það. Það er hins vegar alveg rétt eins og hér hefur komið fram að það eru ekki alls staðar sömu áherslurnar, hvorki í embættismannakerfinu né annars staðar. Það þarf að vinna á móti því. Það er ánægjulegt til þess að vita að Danir sem eru nú búnir að vera í Evrópusambandinu í 20 ár skuli leggja jafnríka áherslu á norrænt samstarf nú og raun ber vitni. Þeir hafa lært þá lexíu að Evrópusamstarfið kemur ekkert í staðinn fyrir norræna samstarfið. Þetta eru mikilvæg skilaboð af hálfu Dana, skilaboð sem jafnframt hafa borist til Svía og Finna sem eðlilega eru mjög uppteknir af Evrópusamstarfinu vegna þess að þeir eru að byrja þar. En ég vænti þess að reynsla Dana verði til þess að norræna samstarfið eigi mikla framtíð fyrir sér og það er mikil ástæða fyrir okkur Íslendinga að leggja mikla áherslu á það.

[12:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við varðandi menningarsamstarfið var að ég tel að það komi til greina að það verði rætt hér sérstaklega af því að Norræni menningarsjóðurinn hefur sérstöðu. Hann er öðruvísi en aðrar norrænar stofnanir. Þessu vil ég koma á framfæri. Ég hef oft gert það áður. Ég þakka auðvitað fyrir þennan kafla sem er í skýrslunni og ég hafði tekið eftir. En ég held að það gæti orðið til að opna augu býsna margra í þessari virðulegu stofnun ef Menningarsjóðurinn fengi sérstaka meðferð. Ég hvet til þess að það verði íhugað af fullri alvöru.

Í öðru lagi varðandi það að við hefðum sérstöðu, þá átti ég við það að Íslendingar haldi fram sínum heildarmálstað af fullri reisn og myndugleika með jákvæðum hætti í norrænu samhengi. Ég er ekki að tala um neinn útúrboruhátt af hálfu Íslendinga. Ég vona að ráðherrann hafi ekki skilið mig þannig. Hafi menn skilið mig þannig, þá þekkja menn ekki minn fyrri málflutning í þessum efnum. Þá er það tilhneiging til útúrsnúnings sem ég tel óþarfan miðað við forsögu þessa máls. En ég tel að ef menn hefðu fyrst og fremst haldið saman á sínum forsendum héðan, ofan úr þessari eyju í því skipulagsstarfi sem átt hefur sér stað í norrænu samhengi að undanförnu, þá hefðu menn kannski haldið aðeins öðruvísi á málunum en reyndin varð á. Ég held að flokkasamstarfið hafi mulið sérstöðuna óþarflega fljótt úr mönnum í þessum sal og í þessari sendinefnd, herra forseti.

[12:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að við höfum ekki haldið saman sem ein heild í þessum málum þó að eitthvað hafi verið skiptar skoðanir. Ég tel að það sé alveg einsýnt að við höfðum sem einstaklingar mikil áhrif á það sem var að gerast í flokkahópunum. Við höfðum fullt samráð um þau mál okkar í milli. Ég held að þar hafi því tekist tiltölulega vel til þó að alltaf megi deila um það hvort mynduglega sé haldið á málum eða ekki. Það er mitt mat eftir þá reynslu að það hafi tekist nokkuð vel til af okkar hálfu.

Út af því sem hv. þm. sagði um menningarsamstarfið, þá vil ég vekja athygli á því að það er full ástæða til að það fari fram meiri umræða um menningarsamstarfið í heild sinni, ekki aðeins um þennan ágæta sjóð því að menningarsamstarfið er svo miklu víðtækara og einn aðalþátturinn í norrænu samstarfi. Það verður að segjast alveg eins og er að í dag höfum við afar lítið rætt um það. Mennta- og menningarmálaráðherrarnir hafa mikla sérstöðu umfram aðra fagráðherra í norrænu samstarfi þannig að þetta má alltaf gera og taka upp síðar. Það er full ástæða til þess því að auðvitað skiptir þetta samstarf miklu máli fyrir okkur

Íslendnga og ég held að það sé fullur vilji til að viðhalda því. Það er einmitt áhugavert, finnst mér, þegar nú er verið að endurskoða allar þessar stofnanir, að maður verður betur var við áhugann á norræna menningarsamstarfinu. Maður heyrir meira frá öllu því fólki sem þar hefur starfað og eðlilega hefur áhyggjur af þeim vettvangi sem það starfar á. Ég held að það hafi verið mjög af hinu góða að farið var í þessa endurskoðun því að maður hefur orðið miklu meira var við þessa aðila. Ég segi alveg eins og er að það mætti stundum heyrast meira um norræna menningarmálasamstarfið frá öllum þeim sem taka þátt í því.

[12:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eiginlega nákvæmlega þetta sem ég var að hvetja til, þ.e. að það yrði einhvern tíma umræða um norræna menningarsamstarfið í víðtæku samhengi á grundvelli skýrslu um sjóðinn. Það væri ágætt að taka málið til umræðu á þeim grundvelli til vekja athygli á þessu samstarfi. Það eru satt að segja alveg ótrúlega margir Íslendingar sem láta sig þetta norræna menningarsamstarf mjög miklu skipta en það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að þeir eru allt of fáir hins vegar sem koma fram með það mál á vettvang nema þegar eitthvað bjátar á. Það vill oft verða í öðrum pólitískum verkefnum, að fólk lætur einmitt í sér heyra þegar hallar á. En veruleikinn er sá að ég hygg að það séu þúsundir Íslendinga sem norræna menningarsamstarfið snertir með einum eða öðrum hætti. Ég held að þetta fólk mætti gjarnan finna sinn samnefnara í einhverri umræðu af þessum toga á Íslandi og sem færi þá fram í þessari stofnun.

Varðandi það hvort menn hafa náð því að verða samferða í íslensku sendinefndinni, Íslandsdeildinni, þá dreg ég það ekki í efa. Ég dreg það heldur ekki í efa að menn hafi allir lagt sig fram. Og ég dreg það heldur ekki í efa sem er mikilvægt að þeir sem þar eru séu ánægðir með sinn hlut og sáttir við það hvernig þeir unnu. Ég held þó að þrátt fyrir það megi menn hugsa um þetta og ekki láta læsa sig fasta í þessu flokkasamstarfi. Ég leyfi mér að gera athugasemd við það og ég skora á menn að taka líka mark á því.

[12:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör við fyrirspurnum mínum. Ég ætla ekki að fara að óska eftir frekari upplýsingum þó að lengi megi spyrja hvar málum sé komið, t.d. varðandi stöðu norrænna þjóðfræða undir merkjum háskólans í Åbo. Norrænt samstarf getur verið háð því að til sé fjármagn. En tilefni andsvars var ábending hæstv. ráðherra varðandi Dani og áhuga Dana á að viðhalda norrænu samstarfi. Það er allrar athygli vert sannarlega bæði fyrr og síðar. Danir bjuggu við það lengi að vera einir Norðurlanda innan Evrópusambandsins. Nú hafa þeir fengið Svía og Finna sér við hlið og þeir hafa lengsta reynslu þjóða Norðurlanda af þessu samstarfi og þeir hafa engst í þessu samstarfi allan tímann og full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að fylgjast náið með stöðu Dana innan Evrópusambandsins og þá dýrkeyptu reynslu sem þeir búa að innan þessa samstarfs. Áhyggjur þeirra þessa stundina eru ekkert minni en meðan þeir voru einir og það tengist þeim breytingum sem eru á dagskrá innan Evrópusambandsins m.a. um að minnka vægi lítilla ríkja, breyta samstarfinu og gera það meira ákvarðandi, meira yfirþjóðlegt en það er nú þegar í dag og dönsku sjónarmiðin hafa verið þar í minni hluta. Þeir hafa óttast um sinn hag eins og niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar á sínum tíma bar vott um og þeir hafa enn þá þungar áhyggjur. Við skulum fylgjast með Dönum og hvernig þeir hafa siglt þarna og hverjar áhyggjur þeirra eru. Þar gætum við lært ýmislegt af í framtíðinni.

[Fundarhlé. — 13:02]

Vestnorræna þingmannaráðið 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, 324. mál. — Þskj. 571.

og

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1995, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 325. mál. — Þskj. 572.

[13:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir skýrslu á þskj. 571, 324. máli, um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1995, frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi Alþingis 28. des. 1994 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Ingibjörg Pálmadóttir, Petrína Baldursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Á fundi sínum 6. febr. 1995 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Árna Johnsen formann og Steingrím J. Sigfússon varaformann.

Á fundi Alþingis 13. júní 1995 voru síðan kosnir eftirtaldir fulltrúar til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson, Gísli S. Einarsson, Svavar Gestsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Á fundi sínum 27. júlí 1995 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Steingrím J. Sigfússon formann og Árna Johnsen varaformann. Á fundi Alþingis 22. des. 1995 var Svavar Gestsson kosinn fulltrúi í Vestnorræna þingmannaráðinu í stað Steingríms J. Sigfússonar og Kristinn H. Gunnarsson kosinn varamaður í stað Svavars Gestssonar.

Deildin hélt fjóra fundi á árinu. Á ársfundi ráðsins 1994 var ákveðið að skipa vinnunefnd til að athuga framtíðarsamstarfið og mögulegt samstarf landanna um samskipti við Evrópusambandið og sameiginlegar áherslur gagnvart því. Íslensku fulltrúarnir tveir í vinnunefndinni sendu í byrjun febrúar 1995 bréf til utanríkisráðuneytisins, Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, utanríkismálanefndar Alþingis og Íslandsdeildar Norðurlandaráðs þar sem óskað var eftir áliti á stöðu vestnorrænnar samvinnu og samstarfi vestnorrænu þjóðþinganna sérstaklega, í ljósi breyttra aðstæðna. Einnig var óskað eftir hugmyndum um hvernig æskilegt væri að þessi samvinna þróaðist á næstu árum.

Í svörum umsagnaraðilanna kom fram vilji til að halda samstarfinu áfram en þó í breyttri mynd. Fyrir ársfundinn var Geir H. Haarde, alþingismanni og forseta Norðurlandaráðs, boðið á fund með Íslandsdeildinni þar sem hann gerði grein fyrir stöðu mála í Norðurlandaráði og rædd voru tengsl þess og Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi Íslandsdeildarinnar í júní skýrði Inga Sólnes, forstjóri sameiginlegu skrifstofunnar hjá Vestnorden Tourist Board, frá samstarfi þeirra þar sem áhersla er sérstaklega lögð á fjögur verkefni, þ.e. árlega ferðakaupstefnu, farandkynningu á ferðaskrifstofum í Þýskalandi, markaðssetningu skemmtiferðaskipa og græna ferðamennsku. Fram kom að Íslendingar væru hikandi varðandi útvíkkun samstarfsins á sviði ferðamála svo það næði einnig til Norður- og Vestur-Noregs.

Á miðsvetrarfundi Íslandsdeildar formannaráðsins í Kaupmannahöfn 25. apríl 1995 var m.a. rætt um framtíðarsamstarfið. Ýmis önnur mál voru til umræðu þar, þar á meðal framgangur samþykktar ráðsins í þjóðþingunum og fyrirhugaður sumarfundur á Grænlandi sem ákveðið var að halda í ágúst 1995.

Ellefti ársfundur ráðsins var haldinn í Qaqortoq á Grænlandi dagana 11. og 12. ágúst 1995. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannráðsins eftirtaldir þingmenn: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir. Alls sóttu 17 vestnorrænir þingmenn ársfundinn. Sérstaklega hafði verið boðið til fundarins forseta Norðurlandaráðs, Geir H. Haarde alþingismanni, og vestnorrænum fulltrúum í norrænu samstarfsnefndinni en færeyski fulltrúinn Niels H. Velberstað sótti fundinn af þeirra hálfu. Á fundinum gerði Geir H. Haarde og Niels H. Velberstað grein fyrir væntanlegum skipulagsbreytingum í Norðurlandaráði og breytingum í byggðasamstarfinu innan ráðherranefndarinnar með samþykkt nýrrar samstarfsáætlunar um byggðamál þar sem breytingarnar felast fyrst og fremst í þátttöku strandhéraða Noregs í samstarfinu. Formenn landsdeildanna fluttu síðan stuttar skýrslur um störfin á árinu og gerðu stuttlega grein fyrir stjórnmálalegri stöðu hver í sínu landi. Í almennu umræðunum kom fram eindreginn vilji þingfulltrúa til að efla samstarfið í framtíðinni og ákveðið var að skipa vinnuhóp innan ráðsins sem á að leggja tillögur að verðandi framtíðarsamstarfi og skipulagi samstarfsins fyrir næsta ársfund. Einnig komu fram þó nokkrar væntingar í almennu umræðunum til hins væntanlega heimskautaráðs.

Fyrir þinginu lá ein tillaga. Hún var til landstjórnar Færeyja, Grænlands og ríkisstjórnar Íslands um að eiga frumkvæði að kaupum á vestnorrænu barnamyndunum þremur „Ævintýri á Norðurslóðum, þrjú ævintýri frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi" til notkunar við kennslu í grunnskólum vestnorrænu landanna þriggja og var hún samþykkt einróma.

Auk þess voru samþykktar fjórar eftirfarandi ákvarðanir um störf ráðsins sjálfs:

Óskað var eftir því við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að Vestnorræna þingmannaráðið geti sent áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs og eins og kom fram í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur fyrr í dag var sú ósk samþykkt í forsætisnefnd Norðurlandaráðs á síðasta ári.

Einnig var ákveðið að skipa vinnuhópa til að vinna að nýju skipulagi fyrir ráðið.

Vestnorræna þingmannaráðið ákvað að formennirnir athugi fyrir næsta ársfund hvort væri hægt að fá hlutdeild í fjárveitingum í norrænu fjárlögunum sem færu til nemendaskipta milli vestnorrænu landanna og hinna Norðurlandanna til þess að gera nemendaskipti innan vestnorrænu landanna möguleg.

Einnig var ákveðið að láta landsdeildaformennina eiga frumkvæðið að því að gera bækling um vestnorræna samstarfið ásamt tölfræðilegum upplýsingum um vestnorrænu löndin þrjú.

Í framhaldi af ákvörðunu ráðsins nr. 1 frá 1995 var óskað eftir því við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að fá senda áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs eins og fyrr var getið. Fékkst jákvætt svar þar að lútandi og sótti Steingrímur J. Sigfússon, formaður ráðsins, haustþing Norðurlandaráðs í Kuopio í Finnlandi 1995.

Í lok fundarins í Qaqortoq tók Steingrímur J. Sigfússon við formennsku í Vestnorræna þingmannaráðinu af Jonathan Motzfeldt. Þar var ákveðið að halda 12. ársfund þingmannaráðsins á Íslandi sumarið 1996, nánar tiltekið í Vestmannaeyjum.

Undir þessa skýrslu skrifa hv. þm. Árni Johnsen formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Svavar Gestsson.

Í framhaldi af þessari skýrslu vil ég mæla fyrir tillögu til þál. á þskj. 572 um samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1995, 325. mál. Flm. þáltill. eru hv. þm. Árni Johsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Svavar Gestsson. tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, landsstjórnar Færeyja og landsstjórnar Grænlands að eiga frumkvæði að kaupum á vestnorrænu barnamyndunum þremur „Ævintýri á Norðurslóðum, þrjú ævintýri frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi" til notkunar við kennslu í grunnskólum vestnorrænu landanna þriggja."

Sumarið 1995 voru framleiddar þrjár barnamyndir ætlaðar færeyskum, grænlenskum og íslenskum börnum þar sem áhersla var lögð á að sýna hvað löndin þrjú eiga sameiginlegt en jafnframt það sem gerir þau sérstök, auk þess að stuðla að samvinnu milli vestnorrænna kvikmyndagerðarmanna. Þetta samstarfsverkefni fékk stuðning Kvikmyndasjóðs Íslands og Norræna sjónvarps- og kvikmyndasjóðsins, svo og barnadeilda sjónvarpsstöðvanna á Íslandi, í Danmörku og Finnlandi. Einnig styrktu ýmsir færeyskir og grænlenskir aðilar gerð myndanna. Myndirnar þrjár standast tæknilega allar kröfur sem gerðar eru til mynda sem sýndar eru í kvikmyndahúsum og sjónvarpi. Þær hafa verið sýndar á Íslandi, í Færeyjum, Danmörku, Finnlandi og í Hollandi. Íslenskir kennarar hafa sóst eftir þeim til kennslu í grunnskólum en fé til kaupa á þeim til notkunar við kennslu hefur ekki fengist.

Ég vona að þáltill. um samþykkt Vestnorræna þingmannaráðsins fái góða meðferð í þeirri nefnd sem henni verður vísað til þannig að þessar ágætu barnamyndir fái að koma fyrir augu sem flestra.

Virðulegi forseti. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni umræðu í þinginu vísað til hv. utanrmn.

[13:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir þann sem hefur átt sæti í Norðurlandaráði og tekur sæti í Vestnorræna þingmannaráðinu er það mjög mikil breyting. Maður upplifir mjög sterklega hversu ólík staða það er að vera þingmaður í samstarfi þessara þriggja landa sem eiga svo margt sameiginlegt og er svo mikilvægt að taka sameiginlega á mörgum málum og hvernig það hefur verið að vinna að málum á milli Norðurlandanna og hversu formlegt og sterkt það samstarf hefur verið. Samstarfið í Vestnorræna þingmannasambandinu er þess eðlis að þingmennirnir sem slíkir eiga sitt samstarf fyrst og fremst í gegnum árlegan fund sinn. Má segja að það skipulag sé fremur óformlegt þar sem fulltrúar hittast ekki allir nema í þetta eina skipti og svo landsdeildaformennirnir e.t.v. einu sinni miðsvetrar. Það er þessi þáttur sem við, sem nú skipum Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins, höfum verið að fjalla um að undanförnu og sem þingmannasambandið í heild hefur tekið til umræðu á fundi sínum í Grænlandi í sumar. Er hægt að breyta þessu? Er þetta óumbreytanlegt fyrirkomulag? Er þetta fullnægjandi? Er þetta fyrst og fremst huggulegheitasamstarf sem ber það í sér að við, Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar hittumst sem fulltrúar þessara landa á norðurslóð og reynum að kortleggja það í hverju okkar leið fari saman en að öðru leyti séum við að vinna að hagsmunum þessara landa á öðrum sviðum og innan annars samstarfs?

Í umræðunni um skýrslu Norðurlandaráðs í morgun að það sem væri ólíkt samstarfinu í Vestnorræna þingmannasambandinu kom fram að þetta væri samstarf innan Norðurlandaráðs og það er alveg hárrétt. Þetta er samstarf landa innan Norðurlandaráðs. Það gerir það að verkum að á meðan tillögur eru lagðar fram í Norðurlandaráðinu, samþykktar í ráðinu, og ganga síðan til ráðherranefndar og komast í framkvæmd í gegnum ráðherrasamstarfið þarf að bera fram ályktanir ársfundar Vestnorræna þingmannasambandsins í þingunum og reyna að þoka málum fram í gegnum framkvæmdarvaldið. Auk þess er engin fjárhagsstaða hjá þessu sambandi til að vinna einhver verkefni sjálfstætt og því mjög þröngur stakkur sniðinn.

Við höfum rætt þetta hlutskipti og hvernig Vestnorræna þingmannasambandið hefur birst í umræðunni innan Norðurlandaráðs. Ég hef haldið því fram að í Norðurlandaráði sendum við fulltrúar frá vestnorrænu löndunum tvískipt skilaboð og þessi skilaboð eru gjarnan: Ekki gleyma okkur í vestnorrænu löndunum. Munið eftir okkur í vestnorrænu löndunum. Á sama tíma er verið að fjalla um aukið samstarf inn á St. Pétursborgarsvæðið, við Eystrasaltslöndin og yfirleitt inn á hið forna Hansa-svæði. Hins vegar eru skilaboðin: Ekki skilja okkur eftir í Vestnorræna, við erum órjúfanlegur hluti af Norðurlandasamstarfinu. Þetta hafa oft verið mjög undarleg skilaboð og ekki síst í menningarsamstarfinu höfum við fundið það vel hvernig við þurfum að vera í stöðunni „haltu mér — slepptu mér" innan Norðurlandasamstarfsins þar sem við erum að reyna að halda þessum hlutum til streitu. Það fer ekki hjá því að Vestnorræna þingmannasambandið verður að velta því fyrir sér og reyna að kortleggja hvaða áhrif þær breytingar sem búið er að taka ákvörðun um í Norðurlandaráði hafa.

Það er engan veginn ljóst fyrir okkur hvort að þessi breyting eigi eftir að hafa áhrif til batnaðar eða hvort samstarfið á eftir að flosna upp á einhvern hátt innan þessara breytinga. Það er það sem við höfum verið að reyna að átta okkur á og það var mjög mikilvægt að fulltrúi Vestnorræna fengi að koma sem áheyrarfulltrúi á síðasta Norðurlandaráðsþing og áhugavert að heyra frá fulltrúum okkar þar hvaða líkur eru á því að slíkt verði varanlegt ástand.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga reyni að átta sig á því hvernig við sjáum fyrir okkur að þetta samstarf geti verið og í hvaða átt það eigi að þróast. Fyrir utan það sem ég hef þegar nefnt er þetta samstarf þess eðlis að eitt fullvalda ríki er í samstarfi við tvær þjóðir með heimastjórn, þjóðir sem heyra undir Danmörku, og það flækir stöðuna til viðbótar því sem ég hef áður gert að umtalsefni. Vegna alls þessa er mjög mikilvægt fyrir okkur að reyna að endurskoða þetta samstarf og þeir þingfulltrúar sem sátu ársfundinn í fyrra voru allir sammála um það að þeir vildu efla það. Þeir vildu finna leiðir til þess að gera samstarfið snarpara og öflugra og að beinn árangur og ávinningur yrði af störfum þingmanna í þessu starfi. Það var mjög mikilvægt fyrir okkur sem mættum þarna til leiks í Grænlandi að Geir H. Haarde, þáverandi forseti Norðurlandaráðs, skyldi koma á fundinn og vera með okkur þar, fjalla um breytingarnar á Norðurlandaráði og hlusta á þau sjónarmið sem komu fram á ársfundinum. Ég vil nota tækifærið til að þakka þingmanninum fyrir að hafa gefið sér tíma til þessa fyrir utan að þetta var ánægjuleg för.

Ég hef nefnt möguleikana á að senda áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs en eins og fram kemur á bls. 2 og 3 í skýrslunni er þess getið að Vestnorræna þingmannaráðið hafi skipað vinnuhóp til þess að vinna að nýju skipulagi fyrir ráðið. Sá sem hefur tekið sæti í þessum vinnuhópi mun fjalla um þær hugmyndir sem eru settar þarna fram í einum fjórum liðum. Það er mjög áhugavert að velta því fyrir sér hver staða þessa samstarfs er, einmitt og ekki síst í tengslum við að fram undan er stofnun heimskautsráðs og fyrsti fundur í Kanada í næsta mánuði fyrir utan fund Norðurlandaráðs hér á Íslandi. Hvaða áhrif er hugsanlegt að þetta hafi? Stofnun heimskautsráðs með þessum sömu löndum ásamt fleiri löndum á norðurhveli. Hvaða áhrif hefur það að við verðum komin með slíkt samstarf, að við erum með Norðurlandasamstarfið, að við erum með svo margvíslegt samstarf á vettvangi Evrópu og svo þetta litla, notalega en að mínu mati mikilvæga samstarf þessara þriggja landa, Færeyja, Grænlands og Íslands? Hver verður hlutur þess? Aðilar sem gáfu umsögn um hugmyndir sem settar voru fram af þingmannaráðinu hafa nefnt sem möguleika til þess að efla og treysta stoðir samstarfsins að Norður- og Vestur-Noregur kæmu inn í samstarf Vestnorræna. Ég læt þá skoðun mína í ljós að ég tel að það sé ekki vænlegur kostur. Ég held að það sé ekki styrking fyrir samstarf þessara þriggja landa að hlutar úr landi eins og Noregi komi og sé með. Ég tel að þau vandkvæði sem fylgja því að þessi þrjú lönd eru ekki jafnsett munu frekar aukast en hitt ef við tökum inn í samstarfið hluta af því fullvalda ríki sem Noregur er. Ég hef frekar lagst gegn því í umræðunni þó að við séum ekki búin að taka neinar ákvarðanir um slíkt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í gegnum allar tillögurnar. Ég býst við að fulltrúi okkar sem sækja mun fund vinnuhópsins og fjalla um þessa þætti muni gera það mun ítarlegar en það eru nokkrir þættir sem ég vil nefna í sambandi við þetta. Það fyrsta er stofnun heimskautsráðsins og það er hugsanlega innlimum Norður- og Vestur-Noregs inn í Vestnorræna þingmannaráðið sem mér finnst óviturlegt

og skynsamlegra að bíða með og sjá hverju fram vindur með heimskautsráðið áður en lengra er gengið í því. Síðan finnst mér mikilvægt að við reynum að skoða hver hlutur og hlutverk Vestnorræna þingmannasambandsins á að vera gagnvart Vestnorræna sjóðnum. Það höfum við einmitt rætt með tilliti til þess hversu fjárvana sambandið er og þar með vanmegnugt til þess að fara í einhver bein verk sem kosta eitthvað.

Vissulega er ekki hægt að ræða um þessa þætti öðruvísi en að koma inn á það sem hefur verið talin forgangsröðun í störfum Vestnorræna þingmannaráðsins en það er þróun atvinnulífs og efnahagur, menning, menntun og samgöngur og aðstæður í samgöngu- og ferðamálum. Mér hefur sýnst sem svo að af þeim þáttum, sem hafa verið settir í forgang, hafi mest borið á samstarfi þessara landa varðandi samgöngumálin og ferðamálin. Minna hefur farið fyrir beinum samskiptum, þ.e. á einhverju víðtækara sviði og út fyrir þetta samband en þó tengt starfi Vestnorræna sambandsins á vegum menningar og menntunar. Einmitt þess vegna tókum við það til sérstakrar umræðu á ársfundinum í sumar hvort hægt væri að fá því breytt að nemendaskipti færu eingöngu fram á milli Norðurlandanna sem þýðir að ungmenni frá Færeyjum og Grænlandi geta ekki tekið þátt í nemendaskiptum milli Færeyja og Grænlands eða frá Færeyjum því að þau geta að sjálfsögðu komið til Íslands. Ef ekki væri hægt að hafa þau áhrif á að hægt væri að breyta þessu og opna möguleikana á samskipti ungmenna innan vestnorræna svæðisins væri hugsanlegt að við reyndum t.d. að efla þessi menntunartengsl ungmenna með því að reyna að koma á einhvers konar miðstöð sem ungmenni frá bæði Færeyjum og Grænlandi gætu sótt í, að ungmenni frá Færeyjum og Grænlandi gætu komið hingað til Íslands og átt samskipti hér, nemendahópar frá öllum þremur löndunum. Þetta er engan veginn útfært eða sett fram sem nein formleg tillaga en við höfum rætt þetta á þessum fundi með hvaða hætti við getum stuðlað að samskiptum ungmenna á milli þessara þriggja landa og þar með e.t.v. inn í þá menntunarmöguleika sem norræna samstarfið býður upp á milli landanna.

Þessa þætti alla og hvað verður ofan á í því sem hefur verið sett fram sem hugmyndir í vinnu hópsins verður að sjálfsögðu að skoða nánar hjá okkur á fundi sem haldinn verður á Íslandi í sumar og fróðlegt að vita hvernig okkur tekst til. Það hefur líka verið talað um að útbúa bæklinga og vera með betri upplýsingar um stöðu þessara landa en það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að staða þessa samstarfs er fremur fljótandi. Ef við miðum þetta samstarf við önnur formlegri og öflugri sambönd sem við höfum við önnur lönd, hvort sem það er EFTA, Evrópuráðið, Norðurlandaráðið eða NATO, er eins og þau hafi öll einhvern fastari grunn að standa á en þetta samstarf. Ég lít svo á að hluti af vandanum sé einmitt að starfið er innan Norðurlandaráðs og það er Ísland með tveimur löndum með heimastjórn.

Ég ætla að láta þetta nægja sem vangaveltur mínar um skýrsluna. Ég hef mjög mikinn áhuga á því að okkur takist að hleypa meiri krafti og meiri festu í samstarfið á milli þessara þriggja landa. Við eigum miklu meira sameiginlegt en menn hafa oft reynt að leiða hugann að og þó að þjóðirnar, ekki síst sú grænlenska og sú íslenska og færeyska, séu kannski fremur ólíkar enda uppruninn annar, er svo margt sem tengir og ótrúlegt hversu margt það er sem tengir þessi lönd saman.

Virðulegi forseti. Mér finnst það vera prýðætt að Alþingi samþykki tillögu sem þessa. Í fyrsta lagi er verið að styðja menningarverk listamanna í löndunum þar sem þetta verkefni hefur verið tekið fyrir og skilað af sér með miklum sóma. Verið er að varpa ljósi á ólíkar aðstæður en samt þar sem menn tengja einhverjum sameiginlegum tengslum þessara landa og varpa ljósi á menningaráhrif sem verið er að skila til barna og ungmenna í gengum slíka kvikmyndagerð og auk þess sem myndir af þessum toga eru að mínu mati eru mjög hollt myndefni fyrir börnin okkar. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að Alþingi samþykki þessa tillögu.

[13:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykn. hefur farið nokkuð rækilega yfir þau mál sem verið er að fjalla um varðandi hugsanlegar breytingar á vestnorræna þingmannasamstarfinu og ég þakka henni fyrir það. Sömuleiðis kemur það glöggt fram í skýrslunni þannig að það er ástæðulaust að bæta þar nokkru við og a.m.k. ekki nein ástæða til þess að fara yfir einstök efnisatriði vegna þess að hv. þm. gerði það mjög nákvæmlega og ég er sammála henni um þau mál að svo miklu leyti sem afstaða kom fram hjá henni.

Vestnorrænt þingmannasamstarf verkar þannig á mig að það svífi í lausu lofti og það vanti eiginlega allt sem við á að éta þar. Í fyrsta lagi vantar ákveðið skipulag. Það er losaralegt. Það er þannig núna að hver þjóð fyrir sig getur ákveðið að hafa eins marga og henni sýnist og hún nennir að borga undir í viðkomandi sendinefndum. Það er dálítið sérkennilegt kerfi, en þannig er það.

Í öðru lagi er hefur þetta vestnorræna samstarf enga fjármuni, ekki eina einustu krónu úr að spila. Það segir sig sjálft að í samkeppni við annað samstarf, t.d. norrænt samstarf eða Evrópusamstarf, þá gengur það ekki neitt. Við höfum haft mikla snillinga í þessu starfi á skrifstofu okkar sem við getum verið ánægð með og mikið meira en það, en ef þetta samstarf á að vera til á annað borð þarf til þess starfsmann á vegum Vestnorræna þingmannaráðsins. Og til þess þarf fjármuni. Ég er hvorki að tala um fjölda manns né neinn þúsund fermetra kontór, en eitthvert horn, einhvers staðar á Vestur-Norðurlöndum. Ég get ímyndað mér að þetta væri t.d. í Norræna húsinu. Þetta gæti líka verið í Norðurlandahúsinu í Færeyjum eða í Napa í Nuuk, allt eftir aðstæðum. Staðreyndin er a.m.k. sú að þetta er allt of losaralegt, ef þetta á að vera til á annað borð.

Af þessum ástæðum væntanlega var tekin ákvörðun um það, eins og hv. 5. þm. Reykn. gat um áðan og fram kom í skýrslunni, að fara nánar yfir þessi mál á vettvangi Vestnorræna þingmannaráðsins. Það var sett þar niður svokölluð vinnunefnd og hefur hún haldið einn fund. Þar lagði formaður Vestnorræna þingmannaráðsins fram ákveðnar tillögur og ábendingar, spurningar um ýmis mál, m.a. þau sem hér voru rakin í síðustu ræðu. Er skemmst frá því að segja að þessi fundur var heldur vel sóttur. Þarna voru fulltrúar frá Grænlandi og Færeyjum auk Íslendinganna og undirtektir undir þær ábendingar sem fram komu voru góðar. Auðvitað er hugsanlegt að leggja svona samstarf niður, það er enginn sem segir að eitthvað svona eigi að vara að eilífu. Ég tel þó ekki tímabært að ákveða það og það var samstaða um að reyna að vinna að því að setja einhvern hrygg í þetta starf. Það verður gert með því að fara yfir fjármál, starfsmannahald skipulag og tengsl við aðra eins og heimskautsráðið. Menn nefndu líka Vestur-Noreg í þessu sambandi, ég fæ það ekki alveg til að ríma en allt í lagi með það. Við getum rætt það

eins og annað. En undirtektir voru góðar á þessum fundi og var ákveðið að senda þessar sömu spurningar og ábendingar til landsstjórnanna í Færeyjum og á Grænlandi, ríkisstjórnar Íslands, samstarfsráðherranna og forsætisnefndar Norðurlandaráðs og biðja um skoðun þeirra á þessu. Hvað segja þessir aðilar um málið? Vilja menn gefa því gaum?

Eitt af því sem við ræddum aðeins voru fjármálin og spurningin um hvort hugsanlega væri hægt að ná einhverju af tekjum Vestnorræna sjóðsins inn í reksturinn á Vestnorræna þingmannasamstarfinu. Í þeim svo að segja töluðum orðum spurðist að afstaða forsrn. á Íslandi væri sú að það ætti að leggja Vestnorræna sjóðinn niður. Við sáum bréf þess efnis og þar kom fram að menn vildu leggja Vestnorræna sjóðinn niður. Fyrir því eru fullgildar ástæður að mínu mati, þ.e. þær að Vestnorræni sjóðurinn hefur í raun bara verið fyrir Ísland. Færeyjar og Grænland hafa eiginlega ekkert fengið úr þessum sjóði af því að umsóknir þaðan hafa ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til lánveitinga úr sjóðnum.

Á þessum fundi sem ég vitna til, vinnunefndarfundi, kom fram að einmitt Færeyingar og Grænlendingar vilja endilega hafa sjóðinn þótt þeir hafi ekki fengið neina peninga úr honum. Þeir telja að núna standi þannig á t.d. varðandi ferðamennsku á Grænlandi að þar séu að skapast fjöldinn allur af litlum verkefnum sem hentuðu mjög vel fyrir Vestnorræna sjóðinn að glíma við. Af þessum ástæðum var óskað eftir því við viðviðkomandi embættismenn forsrn. að þeir hinkri með að ýta á eftir því að sjóðurinn verði lagður niður og málið verði rætt á milli ríkisstjórnanna annars vegar og Vestnorræna þingmannaráðsins hins vegar. Formaður Vestnorræna þingmannaráðsins hefur sent ríkisstjórn Íslands bréf þar sem á þessum málum er tekið og óskað er eftir viðræðum. Ég vil sérstaklega biðja hæstv. utanrrh., sem jafnframt er samstarfsráðherra Norðurlanda, að leggja eyrun við þessari ábendingu sem þarna er komin fram varðandi Vestnorræna sjóðinn. Afstaða forsrn. hefur verið sú af eðlilegum ástæðum að sjóðurinn mætti fara. Færeyingarnir og Grænlendingarnir vilja hafa sjóðinn og það má segja að Vestnorræna þingmannaráðið vilji gjarnan hafa sjóðinn líka, þ.e. næla í eitthvað af peningunum í kringum sjóðinn til eigin rekstrar. Ég held að það væri mjög æskilegt að þetta væri skoðað í rólegheitunum.

Það leiðir aftur hugann að því að umræðan um þessi mál er dálítið sundurlaus og mér finnst umhugsunarefni að það sem er að gerast í Stjórnarráðinu hefur stundum ótrúlega lítil tengsl við þingið. Ég held að þetta eigi líka við norrænt samstarf að öðru leyti. Ég tel þetta almennt séð umhugsunarefni, en ég er hér sérstaklega að hugsa um vestnorræna þingmannasamstarfið. Það er auðvitað þingmannasamstarf eins og kemur fram í heiti samstarfsins. Það má segja að í rauninni eigi það sér ekki tiltekinn stað í stjórnarráðskerfinu í þessum löndum sem er líka eðlilegt þar sem tvö af þátttökuríkjunum eru heimastjórnarsvæði en við aftur fullvalda ríki með öllu sem þar tilheyrir. Það er því dálítið flókið að koma þessu samstarfi fyrir og sjálfsagt að einhverju leyti viðkvæmt gagnvart Dönunum þótt þeir hafi staðið sig mjög vel í þessu máli að öllu leyti og ekkert sé upp á þá að klaga. Samt sem áður liggur svona í málinu og ég endurtek það sem ég sagði í upphafi, þetta hefur verið losaralegt. Það vantar í þetta hrygginn og það þarf að koma í þetta hryggnum ef þetta á að lifa almennilega. Og þetta þarf að lifa. Það er gott að það sé til eitthvert vestnorrænt þingmannasamstarf.

[14:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar tel ég að það hafi verið nauðsynlegt að hreyfa við Vestnorræna lánasjóðnum. En það er ekki þar með sagt að menn þurfi að rjúka til og leggja þetta starf niður ef það er vilji nágranna okkar að viðhalda því og breyta. En það er með þetta starf eins og allt annað að það þarfnast skoðunar og sjálfsagt að endurskipuleggja það.

Ég get tekið undir með hv. þm. að það vantar hrygginn í þetta samstarf. Það hefur alltaf vantað í það hrygginn. Það var tekin sú ákvörðun að efna til vestnorræns þingmannasamstarfs án þess að setja upp samsvarandi samstarf milli ríkisstjórna eða milli þessara þjóða. Ég játa að ég hef verið heldur andvígur því að setja upp slíkt formlegt samstarf þótt ég sé mikill fylgismaður þess að starfa með þessum grannþjóðum okkar. Ég vil ekki að það sé misskilið. Ég skrifaði undir samninginn um Vestnorræna lánasjóðinn sem samstarfsráðherra á sínum tíma. Hann var undirritaður á Höfn í Hornafirði og var merkilegur sjóður þegar til hans var stofnað. En auðvitað þarf að endurskoða það.

Ég hef verið andvígur því að efna til slíks formlegs ráðherrasamstarfs vegna þess að ég óttast að þar með misstu hin Norðurlöndin áhuga á samstarfinu við þessa aðila og þætti þá á margan hátt þægilegt að þetta samstarf væri komið í einhvern ákveðinn farveg. Þá þyrfti ekki lengur að fjalla um þessi mál á hinum stærri samnorræna vettvangi. Með sama hætti og við Íslendingar tökum þátt í Eystrasaltssamstarfinu, Evrópusamstarfinu, samstarfinu við Rússland, samstarfinu og í Barentshafi, sem skiptir okkur ekki jafnmiklu máli og t.d. Rússa og Norðmenn og þær þjóðir sem starfa við Eystrasaltið, er það jafn mikilvægt fyrir okkur að hinar Norðurlandaþjóðirnar sem hafa ekki jafnmikilla hagsmuna að gæta á þessu svæði taki fullan þátt í þessu samstarfi þannig að það sé ekki eitthvert einangrað fyrirbæri frá öðru Norðurlandasamstarfi. Það er það sem við upplifum í sambandi við vestnorræna þingmannasamstarfið. Það er nokkuð einangrað fyrirbæri frá öðru norrænu samstarfi. Það verður að viðurkennast. En það er ekki þar með sagt að þingmenn þessara þjóða eigi ekki að hafa með sér gott og náið samstarf og jafnframt ríkisstjórnir þessara þjóða. En það má aldrei verða til þess að hinar þjóðirnar láti þetta eiga sig og vilji ekki koma að því. Ég lít svo á að þetta samstarf sé í vissri kreppu og það þurfi að ákveða hvaða hryggur verði settur í það. En hvað svo sem gerist í þeim efnum, verður það góða samstarf og sú góða vinátta sem er á milli okkar og þessara grannþjóða okkar að haldast. Breytingarnar mega aldrei leiða til þess að það verði skilið á þann hátt, hvorki meðal Færeyinga né Grænlendinga, að Íslendingar hafi ekki fullan hug á að eiga gott samstarf við þessa frændur okkar.

[14:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hæstv. ráðherra. Ég held að málið sé kannski það að reyna að rjúfa einangrun vestnorræna samstarfsins án þess að stofna því í hættu. Það hefur verið þannig að vinir okkar frá Færeyjum og Grænlandi hafa gjarnan viljað hafa samstarfið ekki alveg ólíkt því sem það er vegna þess að með þeim hætti geta þeir gengið fram með fullgildum hætti gagnvart Íslendingum á þingmannagrundvelli. En það hefur orðið til þess að það er að sumu leyti of mikið los á þessu og ég heyri

að við erum sammála um að það er skynsamlegt að reyna að breyta því.

Ég tek líka undir það með hæstv. ráðherra að það liggur ekkert á því. Þetta er ekkert sem þarf að gerast á morgun eða hinn. Þetta eru hlutir sem þurfa að fá eðlilega þróun og það þarf að skapa um það samstöðu á öllum þjóðþingunum á þessu svæði. Það er samt sem áður nauðsynlegt að ganga í þetta verk af nokkrum myndugleik, aðallega vegna nýs skipulags hjá Norðurlandaráði. Þar vinna menn að nýjum hlutum og eru býsna uppteknir af því eins og eðlilegt er. Það er hætt við að samstarf í þessari skúffu gleymist ef menn fara ekki í að endurskipuleggja vestnorræna þingmannasamstarfið samhliða eða strax í kjölfarið.

Að lokum vil ég beina því sérstaklega til hæstv. ráðherra að hann taki á þessu máli á vettvangi samstarfsráðherra Norðurlanda þegar þangað berst bréf frá Vestnorræna þingmannaráðinu þar sem óskað verður eftir umsögn eða áliti samstarfsráðherranna á þeim hugsanlegu skipulagsbreytingum sem þarna þarf að gera. Og loks vil ég endurtaka óskir mínar um að það verði sérstaklega litið til með vestnorræna sjóðnum og spurningunni um það hvernig honum verður komið fyrir í framtíðinni. Í þeim efnum þarf að vinna sátta- og samtalastarf á milli ráðuneyta og þingmanna.

[14:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel þetta eðlilegar ábendingar sem koma fram hjá hv. þm. en vil benda á að í tengslum við það starf sem hefur farið fram innan Norðurlandaráðs um undirbúning á samstarfinu á norðurheimskautssvæðinu hefur jafnframt verið rætt um það. Ég hef tekið þátt í umræðum um að samræma það svæðasamstarf sem fer fram á öllu þessu svæði. Það á við um vestnorræna samstarfið. Það á við um Barentssamstarfið og það á við um svokallað Nordkalotten samstarf þannig að það er margt annars konar svæðasamstarf sem fer þarna fram og það vantar að samræma það. Skoðanir mínar hafa því gengið í þá átt að það ætti að fara fram heildarendurskoðun á öllu þessu samstarfi sem ég tel að nokkru leyti vera hafið. Ég tel að það sé mjög gott að nú sé þetta bréf komið fram og tel nauðsynlegt að taka það með í þá endurskoðun sem nú fer fram og þá framtíðarsýn sem er í gangi að því er varðar þetta samstarf í stærra samhengi. Það tengist að sjálfsögðu líka samstarfi við Skotland og það svæði því að við megum ekki gleyma því að þar voru norrænir menn og þar er fólk af norrænum uppruna sem hefur mikinn áhuga á því að tengjast samstarfi á þessum slóðum við Norðurlandaþjóðirnar.

[14:16]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi hugmyndir hæstv. utanrrh. um að reyna að skoða og samræma svæðasamstarf og tilvísun til annarra svæða, þá nefndi hann í ræðu sinni að þetta samstarf væri ólíkt vegna þess að það er innan Norðurlandaráðs og hefði því aðra stöðu en Barentssvæðið, Eystrasaltssvæðið o.s.frv. Þetta finnst mér vera kjarni málsins. Mér hefur fundist að ótti okkar sé sá að ef vestnorræna samstarfið verður of sterkt, formlegra og öflugra, þá gæti þróunin orðið í þá átt að okkur væri smám saman ýtt í ríkara mæli í það á kostnað þeirrar stöðu sem við höfum haft og viljum hafa í Norðurlandaráði. Mig langar að heyra skoðun utanrrh. á því hvort hann telji að það sé hætta á þessu eða að slíkur ótti sé fyrir hendi hjá okkur og að það sé ástæðan fyrir því hvað við höfum farið máttleysislega fram í þessu samstarfi og hvort meiri ástæða sé til að efling þessa samstarfs, svo sem með ráðherraábyrgð á einhvern hátt, mundi e.t.v. verða til þess að okkur yrði ýtt meira inn í vestnorrænt samstarf.

[14:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta samstarf beri að skoða í norrænu samhengi. Ég er andvígur því að líta á það sem einangrað fyrirbæri. Ég vil þátttöku hinna Norðurlandaþjóðanna í því. Ég nefni það að uppi eru hugmyndir um það að frumkvæði Dana að því er varðar samstarfið við Barentshaf, að Færeyingar og Grænlendingar komi inn í það samstarf eins og ýmis önnur svæði í Norður-Noregi og í norðurhluta Rússlands, í Norður-Svíþjóð og Norður-Finnlandi. Þess vegna er ég að benda á að það er nauðsynlegt að skoða þessi mál í samhengi. Það er ekki skynsamlegt að vera með líkt samstarf á allt of mörgum stöðum þannig að það verði lítill árangur af því. Ég ítreka þá skoðun mína að ef þetta samstarf á að geta fengið þann styrk sem því ber, þarf að víkka það út. Það þarf að fá fleiri að málum og það verður að vera bæði á ríkisstjórnargrundvelli og milli þingmanna. En ég bendi á, t.d. að því er varðar Barentshafið, að tekist hefur að skipuleggja það samstarf bæði sem samstarf milli ríkisstjórna og jafnframt milli svæða án þess þó að það sé komið í gang þingmannasamstarf. Ég tel að það sé það margt að gerjast í þessum málum að það sé eðlilegt að taka endurskoðun á vestnorræna samstarfinu inn í þessa mynd og því mun ég reyna að fylgja eftir ef fyrir því er vilji hjá þeim sem starfa innan Vestnorræna þingmannasambandsins.

[14:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það að þetta samstarf eigi að vera innan Norðurlandaráðs en ekki sérstakt og afmarkað. Fyrir því hef ég fært rök í minni fyrri ræðu. En við höfum einnig rætt hvort það sé hugsanlegt að öflugt heimskautsráð og samstarf á því svæði sem hæstv. utanrrh. var upphaflegur höfundur að, gæti á einhverjum tíma komið í staðinn fyrir vestnorræna samstarfið. Okkar niðurstaða var sú að það hlyti að vera að slíkt samstarf eins og vestnorræna samstarfið yrði til innan slíks svæðis. En nú skil ég hæstv. ráðherra þannig að e.t.v. mundi Barentshafssamstarf sem mundi innlima þessi lönd, yfirtaka það sem nú er vestnorræna samstarfið og það vestnorræna mundi ekki halda áfram að vera afl innan svæðis. Ég vil gjarnan svar við því hjá hæstv. ráðherra.

[14:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti ekki við það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að Barentssamstarfið ætti með einhverjum hætti að yfirtaka vestnorræna samstarfið. Þvert á móti hef ég fremur verið talsmaður þess að líta á það samstarf sem fram fer núna í kringum Barentshafið í enn víðara samhengi, þ.e. að öll heimskautssvæðin komi að því. Ég hef verið talsmaður þess að útvíkka það og það samstarf tæki fremur yfir Barentssamstarfið. Það verður að koma í ljós. Og auðvitað verður Barentssamstarfið að halda áfram undir þeirri regnhlíf en jafnframt undir norrænni regnhlíf. Með sama hætti getur vestnorræna samstarfið átt sér stað undir þeirri regnhlíf, en jafnframt undir norrænni regnhlíf.

Ég var bara að benda á að ég hef orðið var við þennan áhuga hjá Dönum. Þeir eru þátttakendur í Barentssamstarfinu sem ein Norðurlandaþjóðanna en eru áhugasamir um að

það fram fari athugun á því hvort svæðin eins og sumir líta á, sjálfstjórnarsvæðin Færeyjar og Grænland komi að því samstarfi eins og ýmis „sjálfstjórnarsvæði" í Rússlandi og héruð í Noregi sem koma að þessu samstarfi með sjálfstæðum hætti og ásamt ríkisstjórnunum. Það væri svona álíka og ef einhver svæði á Íslandi, Vestmannaeyjar eða Þingeyjarsýslur og sveitarfélögin á þeim svæðum eða sveitarfélögin á Suðurnesjum o.s.frv. gætu jafnframt tekið þátt í ákveðnu samstarfi. Ég vil bara koma þeim upplýsingum á framfæri að ég tel þess vegna ástæðu til að líta á þessi mál í miklu víðara samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

ÖSE-þingið 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, 312. mál. — Þskj. 553.

[14:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1995 sem birtist á þskj. 553. Þar er og lýst upphafi ÖSE-þingsins, uppbyggingu þess og kosningu íslensku fulltrúanna og fer ég ekki nánar út í það.

ÖSE-þingið, en ÖSE stendur fyrir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Því er ætlað að stuðla að öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Hlutverk ÖSE-þingsins er m.a. að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum og stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum.

Það er gert ráð fyrir því að ÖSE-þingið komi saman einu sinni á hverju ári í júlí. Við það starfa þrjár nefndir. Sú fyrsta starfar að stjórn- og öryggismálum. Önnur er um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál og sú þriðja er um lýðræðis- og mannréttindamál.

Starf ÖSE á árinu 1995 var aðallega eftirfarandi: ÖSE-þingið starfaði m.a. að málefni minnihlutahópa í Moldavíu, Eystrasaltsríkjunum, Úkraínu, Albaníu og Makedóníu og því er ætlað að bregðast eins skjótt og hægt er þegar hætta er á að þjóðernisdeilur þróist í átök innan ÖSE-svæðisins. Þetta er eitt af markmiðum þingsins. Það hefur auk þess veitt aðstoð við gerð stjórnarskráa í ríkjum fyrrverandi Sovétríkjanna og fylgiríkjum þeirra. Því er ætlað að samræma kosningaeftirlit og útvega sérfræðinga á sviði stjórnskipunarréttar og veita þannig mikilvæga aðstoð við uppbyggingu lýðræðis í þessum löndum. Í þessu skyni tók ÖSE-þingið þátt í kosningaeftirliti vegna kosninga í Armeníu, Lettlandi, Króatíu, Georgíu, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússlandi, Kasakstan og Rússlandi. Alls tóku um 200 þingmenn ÖSE-ríkjanna þátt í þessu starfi, langflestir í Rússlandi, við kosningarnar þar.

Herra forseti. ÖSE tók þátt í lausn ýmissa deilumála og átakavörnum, m.a. í Tsjetsjeníu, Moldavíu og Nagorno-Karabakh. Þingið fjallaði og mikið um átökin í fyrrum Júgóslavíu en því miður gat það sem kunnugt er ekki stöðvað af neinum árangri þar á árinu 1995 þó að það hafi breyst.

ÖSE ályktaði gegn kjarnorkutilraunum Frakka og það var bent á að samstarf ÖSE væri eini vettvangurinn þar sem Rússar mættu öðrum Evrópuríkjum á jafnréttisgrundvelli. Svo er reyndar ekki lengur en þannig var það.

Sérstök mál sem ÖSE-þingið stóð fyrir voru t.d. að senda sendinefnd til Tyrklands í boði tyrkneska þingsins til að skoða aðstæður Kúrda. Auk þess áttu íslensku fulltrúarnir fund með tveimur fulltrúum frá Tyrklandi um málefni Sophiu Hansen á þinginu sem haldið var í Ottawa sl. sumar. Tyrkirnir könnuðust við málið og lýstu sig að vissu leyti reiðubúna til að aðstoða og mun Íslandsdeildin eiga frekari samskipti við þá í þessu sambandi. Íslandsdeildin átti auk þess kynningarfund með fulltrúum frá Kirgisistan og Tadsjikistan.

Þetta eru helstu atriðin úr skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins og vísast til þskj. 553 í því sambandi.

Herra forseti. Það vekur athygli að markmið ÖSE eru mjög háleit, þ.e. að stuðla að öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Óneitanlega veldur það miklum vonbrigðum hve veik samtökin eru þegar kemur að því að koma úrbótum í framkvæmd. Við höfum horft úrræðalaus á gegndarlaus brot á mannréttindum sem hafa fylgt stríðsátökum t.d. í fyrrum Júgóslavíu. Saklausir borgarar, lítil börn og gamalmenni ekki undanskilin, hafa lent í skelfilegum atburðum.

Það er óneitanlega undarleg tilfinning að sækja glæsta fundi og samþykkja háleitar ályktanir en fara svo heim og ekkert virðist breytast. Það læðist að manni sá uggur að starfið skaði jafnvel stundum þá sem á að verja, veiti falskt öryggi. Dæmi um það eru griðasvæði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu. En e.t.v. holar dropinn steininn eins og þróun síðustu mánaða sýnir.

Herra forseti. Það vekur enn fremur furðu hversu margar alþjóðastofnanir eru að vinna að sama marki. Fjöldi samtaka telur sér skylt að vernda t.d. mannréttindi eða að framkvæma kosningaeftirlit. Sú spurning er áleitin hvort þessi stóru samtök séu e.t.v. í tilvistarkreppu og séu að búa sér til verkefni. Hugsanlega mætti skipa þessum málum betur og markvissar ef samtökin mörkuðu sér ákveðnari stefnu.

Hvað ÖSE varðar, þá hafa samtökin nú á árinu 1996 fengið mjög merkilegt verk að vinna í Bosníu í sambandi við framkvæmd Dayton-friðarsamkomulagsins, t.d. framkvæmd kosninga sem er mjög flókin í svo sundurtættu landi.

Læt ég hér lokið skýrslu um starf ÖSE-þingsins 1995.

[14:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég gat þess fyrr í morgun hvort það væri ekki ástæða fyrir okkur á hinu háa Alþingi að skoða það rækilega í hvaða alþjóðasamstarfi við tökum þátt. Ég get ekki neitað því að skýrsla hv. þm. Péturs Blöndals um starfsemi ÖSE vakti hjá mér þær spurningar hvort þátttaka okkar í ÖSE sé nauðsynleg og hvað eigi eiginlega að gera með það fyrirbæri. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu varð til á þeim tíma þegar ástand mála var allt annað en það er nú. Ég spyr hvort það séu forsendur fyrir starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu vegna þess að nánast öll mál, ég held öll þau mál sem hv. þm. kom inn á í sinni skýrslu eru til meðferðar annars staðar.

Hann nefndi minnihlutahópa í ríkjum Austur-Evrópu. Það mál hefur verið mjög mikið til umfjöllunar innan Evrópuráðsins. Kosningaeftirlit. Það eru ótal aðilar sem senda fulltrúa sína til kosningaeftirlits, þar á meðal Evrópuráðið, Sameinuðu þjóðirnar og hinir og þessir aðilar. Það var komið inn á Kúrda og ástandið í Tyrklandi sem einnig hefur verið stöðugt til umfjöllunar í Evrópuráðinu. Rússar eru nú orðnir

aðilar að Evrópuráðinu þannig að ekki þarf vettvang til að ræða sérstaklega við þá. Þeir eru að vísu ekki komnir í NATO, hvort sem þeir fara þangað fyrr eða síðar þannig að það má segja að sá þáttur sem snýr sérstaklega að öryggismálunum kann að þurfa einhvern vettvang. En öll eru þessi ríki nú aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Og þegar hv. þm. nefndi mál Sophiu Hansen, þá hygg ég að íslenskir þingmenn hafi reynt að beita sér í því máli hvar sem þeir hafa getað komið því við, m.a. í Evrópuráðinu, hugsanlega innan NATO og alls staðar þar sem þeir hafa átt samskipti við tyrkneska þingmenn. (**Gripið fram í:** Í VES.) Já, Vestur-Evrópusambandinu og hvar sem menn hafa getað.

Í þessu samhengi vil ég nefna það síðasta sem fram kom í máli þingmannsins um verkefni í Bosníu. Það er einmitt athyglisvert. Við horfðum upp á hörmungarnar í um það bil fimm ár og allan þann tíma voru málefni fyrrverandi ríkja Júgóslavíu til meðferðar í ótal stofnunum, hjá Sameinuðu þjóðunum, NATO, Evrópuráðinu, Evrópusambandinu, ÖSE og eflaust víðar. Ég vil því bara ítreka það sjónarmið mitt að við höfum takmarkað fjármagn til þessarar starfsemi. Við stöndum frammi fyrir því í ákveðnum nefndum og ég vil þar aftur tiltaka Evrópuráðið og EFTA-nefndina. Það er þar sem ég þekki til. Ég veit að fulltrúar annarra alþjóðadeilda hafa líka sitt að segja um það hve fjármagnið takmarkar starfsemina. Við þurfum að velta því fyrir okkur í mikilli alvöru, í hverju viljum við taka þátt og í hverjum eigum við að taka þátt. Er ekki rétt að við reynum að takmarka okkur við þá þætti sem snerta okkur mest og sem varða framtíðina mestu og að við séum ekki að vinna í sömu málunum í mörgum stofnunum?

[14:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýddi á mál hv. þm. vegna þessarar skýrslu. Ég hef einnig heyrt í hv. þm. í sambandi við skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Þegar þetta tvennt er lagt saman hlýtur maður að spyrja: Hver er sýn Kvennalistans til utanríkismála?

Mér kom dálítið á óvart spurning hv. þm. fyrr í dag í sambandi við Norðurlandasamstarfið þó að það væri vissulega rökstutt af hennar hálfu. Það var viðleitni til rökstuðnings. En mér fannst koma líka ákveðið mat þar fram. Nú er spurningin um Öryggisráðstefnuna í Evrópu og hvort Alþingi Íslendinga eigi að láta sig þann vettvang skipta. Jafnframt finnst mér koma fram spurning um þýðingu þeirra samtaka sem ganga undir þessu nafni. Mér fannst hvort tveggja felast í máli hv. þm.

Ég tel að Ráðstefnan um öryggismál í Evrópu hafi verulega þýðingu og það sé ekkert sem hafi komið í staðinn fyrir hana. Spurningin hlýtur miklu frekar að vera sú hvort ekki sé hægt að treysta það samstarf, færa það út og treysta það. Þetta er eini vettvangurinn þar sem Rússland og fleiri ríki í austanverðri álfunni eru þátttakendur í skipulegu samstarfi af þessum toga. Það eru ekki nein sólarmerki sem vísa til þess að þar verði einhver róttækt breyting á. Ég held að þeir sem tala fyrir hlutleysisstefnu og tala gegn hernaðarbandalögum og vilja sem víðtækast alþjóðasamstarf, þurfi að gæta sín áður en þeir fara að kippa fótunum undan þessum vísi sem mætti vera sterkari.

[14:38]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt er alþjóðasamstarf þingmanna. Annað er utanríkisstefna íslensku þjóðarinnar og sú þátttaka sem ríkisstjórnin hefur í alþjóðlegu samstarfi. Ég var fyrst og fremst að beina sjónum að alþjóðasamstarfi þingmanna og hvaða forgangsröð eigi þar að ríkja. Ég get tíundað margt hér eftir þingmönnum sem sátu á RÖSE-þingi, eins og það þá hét, á síðasta kjörtímabili. Ég vil ekki taka mér það orð í munn sem þeir notuðu um það þing en ég heyrði ekki betur en þeim þætti harla ómerkilegt starf fara þar fram. Það kann að vera að hv. þm. Pétur Blöndal sé á annarri skoðun. Það sem ég var að segja er að flest málefni sem þar virðast vera til umræðu ef marka má skýrslu nefndarinnar eru til umfjöllunar annars staðar. Rússland er komið inn í Evrópuráðið. Þar hafa verið miklar umræður um deilur í Austur-Evrópu og ástandið í Tjetsjeníu. Þangað eru kallaðir til ráðherrar og forustumenn ríkja þó að verkefnið öryggismál heyri ekki beinlínis undir Evrópuráðið. Auðvitað eru þessi mál til umræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við þurfum því svolítið að íhuga það að menn séu ekki stöðugt að koma upp nýjum og dýrum stofnunum hjá alþjóðastofnunum sem lifa svo bara sjálfstæðu lífi af hefð. Við eigum að spyrja okkur eftirfarandi grundvallarspurningar: Er þörf fyrir þetta samstarf? Ég er ekki sannfærð um að þessi samtök séu nauðsynleg lengur.

Hins vegar hvað varðar framtíðarsýn Kvennalistans, þá viljum við að sjálfsögðu taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Það sem ég er að reyna að vekja athygli á er að það er óþolandi að þingmönnum skuli boðið upp á það að geta ekki sinnt því starfi sem þeir eru kjörnir til þess að sinna vegna fjárskorts. Þess vegna vil ég að við vegum það og metum í hverju eigum við að taka þátt. Eigum við að gera það almennilega? Eða eigum við ekki bara að sleppa því fyrst það er ekki hægt að gera fólki kleift að sinna starfinu almennilega?

[14:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst ekki rétt að tala um það hversu margir þingmenn á Alþingi geti tekið þátt í þessari eða hinni ráðstefnunni, síst af öllu ef verið er að leggja mat á gildi alþjóðasamtaka sem slíkra. Mér finnst hv. þm. annars vegar rugla saman spurningunni um það á hverju höfum við efni í sambandi við það hvaða fjöldi þingmanna er sendur á vettvang hverju sinni og hins vegar hvaða gildi viðkomandi samtök hafa. Ég minni á það að þessi samtök ríkja í álfunni, einu heildarsamtök Evrópuríkja í rauninni, — vissulega hefur Evrópuráðið fært út kvíarnar og hefur mikla þýðingu en það er á öðru sviði — þessi samtök eru sprottin upp úr Helsinkiráðstefnunni á sínum tíma og áttu kannski einhvern þátt í því samstarfi sem smám saman þróaðist fyrir lok kalda stríðsins milli austurs og vesturs á þessu sviði. Ég held að sú staðreynd að það vantar mikið á að þessi víðtæku samtök Evrópuríkja hafi skilað þeim árangri og þetta samstarf hafi náð þeirri festu sem þörf er á, eigi ekki að lita mat okkar á þessum samtökum. Ég held að það sé miklu frekar að athuga hverjar ástæðurnar eru fyrir því að ekki er lengra komið á þessum vettvangi. Ég held að það sé nokkuð langt í land með að það verði með öðrum hætti tryggður samræðuvettvangur á milli Rússlands og fleiri ríkja í Austur-Evrópu og ríkja og samtaka í vestanverðri álfunni. Ég sé ekki að Rússland sé á leið inn í Evrópusambandið. Ég sé ekki að Rússland sé á leið inn í Atlantshafsbandalagið. Ég held að það sé mikil þörf á því að þarna sé vettvangur sem þjóðir álfunnar mætist á,

fyrir utan Sameinuðu þjóðirnar sem halda sínu gildi.

[14:44]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var einmitt að leggja áherslu á það í mínu máli að við reynum að vega og meta það alþjóðasamstarf sem við tökum þátt í og spyrjum okkur spurninga: Eigum við þar erindi? Er nauðsynlegt að taka þátt í því? Þetta tengist því að þingmönnum er ekki gert kleift að sinna því alþjóðasamstarfi sem við erum þátttakendur í. Ég vil enn vísa til Evrópuráðsins. Fólk er kjörið í nefndir en samkvæmt fjárveitingum sem eru til þess starfs, er ekki nokkur leið að sinna því starfi. Þá vaknar auðvitað sú spurning: Til hvers erum við að þessu? Erum við þarna til þess að beita okkur, til þess að reyna að hafa einhver áhrif og til þess að fylgjast með eða bara til þess að skreppa svona öðru hverju og sjá hvað er um að vera, taka aðeins púlsinn á heimspólitíkinni? Mér finnst að þetta séu spurningar sem við eigum að vega og meta. Og ég ítreka að samkvæmt þeirri þekkingu sem ég hef á ÖSE, þá sýnist mér að þau samtök séu að verða óþörf. Ég vísa þar til Sameinuðu þjóðanna annars vegar og Evrópuráðsins hins vegar sem ég tel að séu að taka yfir þau verkefni sem ÖSE var ætlað að sinna.

[14:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get á margan hátt tekið undir orð hv. 14. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, enda endurtók hún að vissu leyti það sem ég hef sagt. Þessi samtök þurfa að spyrja sig stöðugt að því hvort þau séu þörf eða ekki. Það sem kannski helst vantar á er að þessi fjöldamörgu alþjóðlegu samtök, sem eru að vinna hingað og þangað, skilgreini nákvæmlega hvað hver gerir svo þau séu ekki öll að garfa í því sama. Ég get t.d. alveg séð fyrir mér að ÖSE-þingið sjái alfarið um kosningaeftirlit og mannréttindamál en sé ekki í samkeppni við Evrópuráðið og önnur samtök sem vinna að því sama.

Ég varpaði þeirri spurningu fram í Ottawa sl. sumar í einni nefndinni hvert væri eiginlega markmið þessara samtaka. Ég hafði einmitt á tilfinningunni að það sem var að gerast þarna væri ekkert voðalega merkilegt. Ég spurði hvort það væri þess virði að safna saman 300 þingmönnum á einn stað til þess að gera einhverjar innantómar ályktanir um innantóm mál sem enginn framfylgir. Þar er ég ekki bara að tala um peninga, ég er líka að tala um mannafla. Ég bendi á að Alþingi Íslendinga er oft og tíðum óstarfhæft vegna þátttöku alþingismanna í erlendu samstarfi. Næsta mánudag eru t.d. engir þingfundir af þeirri ástæðu. Þetta kostar að sjálfsögðu löggjafarsamkunduna heilmikið, ekki bara í peningum heldur líka í mannafla.

Ég er alveg sammála hv. þm. um að það þurfi að skipa málum mun hagkvæmar og betur og minnka skörunina á milli þessara samtaka.

[14:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef fylgst með þessum orðaskiptum af mikilli athygli og ég tel að hér sé tekið á grundvallarmáli varðandi þátttöku okkar í þessum erlendu bandalögum, nefndum og ráðum sem Alþingi á kost á að sækja. Ég held að það sé a.m.k. einnar messu virði að fara að orðum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og reyna að leggja það niður fyrir sér hvort það er þess virði að eyða takmörkuðu fjármagni í þetta starf. Er það þess virði að smyrja okkur þunnt yfir svona víðan flöt? Hún spurði hv. þm. Pétur Blöndal líka að því hvort honum þætti það peninganna virði að sækja þessi þing. (**Gripið fram í:** Og mannskaps.) Og mannskaps. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur einmitt allra þingmanna harðast gengið fram í því að gagnrýna óþarfa bruðl og eyðslu. Og hann hefur sett mörgum okkar gott fordæmi með þeirri gagnrýni. En það sem mér fannst vanta í málflutning hans, þar sem hann er fulltrúi okkar þarna, er mat á því hvort það hefur við rök að styðjast, sem ég þóttist greina í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, hvort það sé kannski ekki atorkunnar og fjármagnsins virði sem í þetta fer að halda úti manni í þessari starfsemi. Mér skildist, herra forseti, að það sem hv. þm. væri að segja í síðasta andsvari væri nákvæmlega það að menn ættu ekki að eyða dýrmætum tíma hans og dýrmætu fjármagni Alþingis til þess að sækja þessi þing. Ég, herra forseti, tek mark á hv. þm. Pétri H. Blöndal. Þegar hann segir svona hluti hlýtur það að byggjast á hans einlæga mati. Telur ekki hv. þm., eftir að hafa sett fram þessi viðhorf sín, að það væri eðlilegast og rökréttast fyrir hann að leggja þegar í stað til að Alþingi Íslendinga dragi sig út úr þessum samtökum og hætti að sækja þing þeirra?

[14:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög erfitt að taka á þessum málum. Mér er t.d. tjáð að ÖSE-þingið hafi átt góðan og mikinn þátt í friðarsamkomulaginu í Tsjetsjeníu. Hversu mikils virði er það að ná friði einum degi fyrr en seinna? Hvað kostar það í mannslífum og þjáningum? Og getur verið að það sé þess virði að skreppa einu sinni á ári til útlanda á fund ef árangur næst í þessum efnum? Ég get því ekki með góðri samvisku lagt til að ÖSE verði lagt niður. Hins vegar get ég lagt til að starfið verði samræmt og gert virkara þannig að það séu ekki margir að gera sama hlutinn, að það séu ekki margir um kosningaeftirlit, margir um baráttu fyrir mannréttindum, heldur væri ÖSE t.d. falið það verkefni sérstaklega. Þá yrði starfið virkara og við næðum betri árangri. Ég verð að segja að þau mál sem hér er unnið að, t.d. framkvæmd kosninga í Bosníu, er svo mikið atriði fyrir íbúana að ég held að við Íslendingar getum ekki skorast undan því að taka þátt í því. Mér finnst þetta bara ekki nógu virkt.

[14:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met í sjálfu sér þau rök sem hv. þm. færði fram. Það er ómögulegt að taka afstöðu til þess hvort það skilar einhverju að vera í svona ráðum þegar það kynni að vera að starfsemi þeirra og málflutningur leiði til þess að mannslíf bjargast. Það er erfitt að meta það. Við verðum að gæta þess hins vegar að reyna a.m.k. að haga málflutningi okkar og tillöguflutningi svo í þessum stofnunum sem við erum aðilar að að það dragi úr líkum á því að menn séu að gera sama hlutinn á mörgum stöðum. Ég velti því t.d. fyrir mér hvaða tilgang það hefur að við erum hér öll í dag að ræða skýrslur fjölda ráða og nefnda. Væntanlega gefur það okkur einmitt tækifæri til þess að eiga orðaskipti af þessu tagi, að reyna að leggja höfuð í bleyti og finna einhverja stefnu í þessum málum. Ég tel t.d. að það væri æskilegt, út frá því sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur sagt í dag, að það gæfist einhver tími til þess að ræða slíkt í þessum sölum. Er það rétt stefna sem hv. þm. flytur hér? Mun hann þá ekki sem fulltrúi okkar í framhaldi af því koma með hnitmiðaðan tillöguflutning sem miðar að nauðsynlegum breytingum? Ég er ekki að gagnrýna hv. þm. Pétur Blöndal og má vera

að hann hafi þegar verið með slíkan tillöguflutning uppi á þessum þingum. Það sem ég er hins vegar að gagnrýna er sá þáttur í fari þessarar ágætu stofnunar, Alþingis Íslendinga, sem felst í því að við fáum sjaldan tækifæri til þess að reyna að móta sameiginlega stefnu gagnvart erlendum stofnunum sem við tökum þátt í. Ég tek sem dæmi eitt af þeim ráðum sem við munum ræða síðar í dag, Evrópuráðið. Mér fannst sem Íslendingi hálfhallærislegt að hafa þrjá fulltrúa úti í Strassborg sem greiddu atkvæði í tilteknu mikilvægu máli sem allur heimurinn fylgdist með og þeir klofnuðu á þrjá vegu. Mér fannst hallærislegt og fáránlegt að það skyldi hvergi innan vébanda Alþingis hafa gefist tóm eða færi til þess að ræða stefnu þingsins í þeim málum.

[14:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst menn vera að blanda hér saman óskyldum málum og það með heldur ófarsælum hætti. Annars vegar að ræða um starfshætti stofnana og hins vegar að varpa rýrð á ákveðin samtök og þau markmið sem verið er að vinna að. Það er mjög auðvelt að höfða til þess að við Íslendingar erum fáir og fátækir og smáir og höfum ekki efni á því að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi og alþjóðasamtökum. Það er málflutningur sem ýmsir leggja eyru við og vissulega þurfum við að gæta þar ákveðins hófs, það er engin spurning. Allir geta verið sammála því að það þurfi að reyna að hafa áhrif á að alþjóðasamtök séu ekki að öll að grauta í sama hlutnum ef hægt er að ná hnitmiðaðra starfi. En viðfangsefni Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu er það stórt að mér finnst að það eigi að vera hlutur Íslendinga að reyna að treysta þau samtök. M.a. með það að markmiði að það komi ekki upp nýtt járntjald í álfunni sem veruleg hætta getur verið á með ýmsum hætti, pólitískt og viðskiptalega. Úfar eru það miklir, einnig hernaðarlega. Við erum því að tala um samtök þar sem ekkert er til staðar í dag sem kemur í staðinn fyrir þau. Auðvitað eigum við að leggja okkar lóð á þá vogarskál að bæta starf þeirra en ég held að það sé mjög þess virði að fulltrúi frá Alþingi Íslendinga fylgist með því sem þar er gert, einnig það sem er gagnrýni vert og flytji okkur fregnir af því hér inn á þennan vettvang. Við eigum ekki að loka á þátttöku í jafnþýðingarmiklum stofnunum og þarna er um að ræða.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki ósammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um það sem hann sagði áðan. En hann sagði sjálfur að við yrðum auðvitað að gæta hófs í okkar þátttöku. Það er staðreynd að við höfum úr takmörkuðu fjármagni að spila og við þurfum að velja vel hvernig við eyðum því. Nú er það svo að hv. þm. Pétur Blöndal er okkar fulltrúi á Ráðstefnum um öryggi og samvinnu í Evrópu. Ég skildi mál hans þannig að hann sjálfur væri ekki fullkomlega sannfærður um að það væri algjörlega virði þess tíma sem í það starf færi og þess fjármagns sem þyrfti að verja til þess. Mér þótti sem hann tæki með þeim orðum sínum að nokkru leyti undir gagnrýnisrödd hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur í þessum efnum. Þess vegna blandaði ég mér í þessa umræðu. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að það ætti að senda fulltrúa frá Alþingi Íslendinga til þess að fylgjast með störfum þessarar stofnunar. Gott og vel, ekki skal ég draga úr því. Hins vegar sagði hann líka að það væri staðreynd að sú stofnun væri að sinna málefnum sem engin önnur stofnun sinnti. Ég skildi hins vegar mál hv. þm. Péturs Blöndals þannig að það væri um skörun að ræða að einhverju leyti milli þessarar stofnunar og Evrópuráðsins. Að því leyti sem ég þekki þessar tvær stofnanir hefur mér fundist að þessi skörun hafi aukist talsvert á síðustu árum. Þess vegna verð ég að segja að ég er sammála því viðhorfi hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur að við eigum að íhuga það vel hvort þetta er virði fjármagnsins og tímans sem í þetta fer. Við eigum að skoða það og mér finnst merkilegt þegar fulltrúi okkar, Pétur Blöndal, kemur og tekur nokkuð vasklega undir þetta viðhorf. Hann hnýtir síðan við ákveðnum siðferðilegum fyrirvörum sem ég get verið honum alveg sammála um. Ég tek skýrt fram að ég kem ekki hér upp til þess að gagnrýna einn eða neinn. Þetta eru bara viðhorf sem mér finnst að við eigum a.m.k. einu sinni á ári að velta fyrir okkur. Í hverju eigum við að taka þátt og í hverju ekki? Hversu miklum fjármunum eigum við að verja í það o.s.frv.?

[14:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Víða er ótvírætt um að ræða samkeppni og skörun varðandi verkefni hjá alþjóðasamtökum og stofnunum. Það gildir um Evrópuráðið og fleiri slík samtök og eins þessi hér. Það er erfitt að finna þann aðila sem á að greina þarna á milli og koma á æskilegri verkaskiptingu þar sem þetta eru sjálfstæð samtök ríkja. Það er erfitt fyrir einhvern utanaðkomandi að blanda sér í þann hóp ef ekki er samstaða í hópnum um verkefni. Ég tel t.d. að Atlantshafsbandalagið hafi verið að breyta um verkefni í framhaldi af kalda stríðinu, m.a. til að halda sér á lífi og taka til við verkefni sem önnur alþjóðasamtök hafa sumpart verið að sinna á sama svæði. Dæmi um þetta eru auðvitað víða. Það má hins vegar ekki verða til þess að menn missi sjónar af því markmiði sem viðkomandi samtök eiga að sinna og hafa verið mynduð um til að sinna. Ég fullyrði að það hefur ekkert komið í staðinn fyrir Ráðstefnuna um samvinnu og öryggi í Evrópu. Meðan svo er þurfum við að hlúa að þeim samtökum til þess að líklegra sé að þau skili þeim árangri sem skiptir mjög miklu máli fyrir Evrópu, þar á meðal Ísland.

[15:00]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið mjög fróðleg umræða sem hér hefur farið fram. Auðvitað er það rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að þessar stofnanir taka breytingum. Þegar þingmannasamkoma RÖSE, eins og samtökin hétu þá, tók til starfa var allur þorri ríkja Mið- og Austur-Evrópu utan Evrópuráðsins. RÖSE var myndað öðrum þræði til að þróa mannréttindi í okkar heimshluta. Menn mega ekki gleyma því að það var einn af þremur meginþáttunum sem samkomulagið byggðist á.

Það er hins vegar alveg ljóst, og við sem sitjum vettvang Evrópuráðsins sjáum það mjög skýrt, að með inngöngu ríkja Mið- og Austur-Evrópu í Evrópuráðið er hluti af þeirri umræðu sem t.d. var á vettvangi RÖSE-þingsins þegar ég sat þar á síðasta kjörtímabili kominn í reglulegt starf Evrópuráðsins, ekki bara þingin sjálf heldur nefndarstörfin. Mér hefur t.d. þótt mjög fróðlegt að fylgjast með því hvernig einstakar nefndir Evrópuráðsins fylgjast mjög náið með mannréttinda- og lýðræðisþróun í þeim ríkjum sem nýlega hafa gerst aðilar að ráðinu. Þess vegna þykir mér líklegt að umræðuefnin sem hafa verið á vettvangi þingmannasamtaka RÖSE muni taka nokkrum breytingum.

Það sem mér fannst hins vegar forvitnilegast við RÖSE-vettvanginn var að taka þátt í umfjöllun þar sem þingmenn

frá Bandaríkjunum og Kanada voru virkir þátttakendur og hvernig ágreiningurinn sem hefur verið milli flokka á þjóðþingum Bandaríkjanna og Kanada annars vegar og sérstaklega stærri ríkjunum í Evrópu hins vegar birtist á þessum vettvangi. Niðurstaða mín er þess vegna sú að það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að sækja með reisn þann vettvang sem myndaður er í kringum RÖSE-samkomulagið, ekki fyrst og fremst vegna samræðunnar við önnur ríki í Evrópu eða þingmenn frá þeim ríkjum, við höfum sem betur fer nokkurn vettvang til þess, heldur til að eiga aðgang að samræðum við þingmenn frá Bandaríkjunum og Kanada um þessi mál. Það kann að vera að sú sérstaða sé að koma upp núna og feli í sér breytingar á eðli RÖSE-samstarfsins að það verði mikilvægur þáttur fyrir okkur Íslendinga til að byggja þar brýr með þátttöku okkar í Evrópusamstarfinu annars vegar og hins vegar að rækta þau tengsl sem bundið hafa okkur við Kanada og Bandaríkin hins vegar.

Norður-Atlantshafsþingið 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 335. mál. — Þskj. 590.

[15:04]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins geri ég grein fyrir ársskýrslu deildarinnar fyrir árið 1995, sbr. þskj. 590.

Starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins á árinu 1995 endurspeglar þau erfiðu verkefni sem Atlantshafsbandalagið stendur frammi fyrir að kalda stríðinu öllu. Fjöldi fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins sækist nú eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu og ber það áframhaldandi mikilvægi bandalagsins vitni. Gagnvart skipan evrópskra öryggismála leggja þessi ríki höfuðáherslu á aðild að Atlantshafsbandalaginu sem verið hefur að aðlaga sitt innra skipulag að breyttum verkefnum í breyttri heimsmynd. Bandalagið hefur mátt sem aðrar stofnanir skortir. Búast má við að það taki enn frekar þátt í aðgerðum til að koma á friði í löndum utan bandalagsins, samanber nýfengið hlutverk þess í Bosníu, en fjölþjóðaliðið sem þar starfar nú undir samræmdri stjórn Atlantshafsbandalagsins við að koma á friði er umfangsmesta hernaðaraðgerð í sögu bandalagsins.

Tengslin yfir Atlantshafið eru öryggi Evrópu jafnmikilvæg og áður, líkt og sannaðist með undirritun Daytonsamkomulagsins um lausn Bosníudeilunnar. Mikilvægi þessara tengsla var í brennidepli umræðunnar á árinu, ekki síst í tengslum við hugmyndir um eflingu sjálfstæðs varnarmáttar Evrópubandalagsins og vangaveltur um hlutverk og stöðu Vestur-Evrópusambandsins.

Efst á dagskrá Norður-Atlantshafsþingsins á árinu 1995 voru umræður um tengslin yfir Atlantshafið, stækkun bandalagsins til austurs, hlutverk þess í Bosníu og eflingu Evrópustoðarinnar. Á ársþingi Norður-Atlantshafsþingsins í október sl. var samþykkt ályktun í sex greinum þar sem m.a. er lögð áhersla á nauðsyn áframhaldandi virkrar þátttöku Bandaríkjanna í öryggismálum Evrópu.

Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt megináherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á hvernig trúverðugleiki Atlantshafsbandalagsins hvílir einmitt á samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum þegar m.a. er mikið rætt um aukið sjálfstæði Evrópu í öryggis- og varnarmálum.

Íslandsdeildin hefur lýst yfir stuðningi við eflingu Evrópustoðar bandalagsins, t.d. í formi Vestur-Evrópusambands en lagt áherslu á að áfram verði um Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins að ræða en ekki aðgreindan evrópskan herafla sem heyra mundi undir Evrópusambandið. Jafnframt er í ályktun þingsins skorað á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að hefjast handa við stækkun bandalagsins til austurs.

Á fundi Norður-Atlantshafsþingsins í Brussel í febrúar sl. taldi Solana, framkvæmdastjóri NATO, upp helstu verkefni bandalagsins á árinu 1996 en þau voru að hans sögn eftirfarandi:

1. Að koma á friði í Bosníu með því að skapa NATO og öðrum stofnunum á borð við ÖSE og Sameinuðu þjóðirnar aðstæður til að aðstoða við endurreisn og sáttaumleitanir.
2. Stækkun NATO.
3. Samskiptin við Rússland.
4. Að draga lærdóma af IFOR-verkefninu um innra skipulag NATO en í því eru þátttakendur í fjölþjóðaliðinu.

Einnig má þess geta að með sameiginlegum fundi Solanas með utanríkismálanefnd Alþingis og Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins 15. febrúar sl. komu fram sömu áherslur í máli Solanas en þar minnti hann á að á endanum væri ákvörðun um stækkun NATO komin undir þjóðþingum allra aðildarríkjanna, Alþingi þar á meðal. Þessi mál þarf auðvitað að ræða á hinu háa Alþingi.

Stækkun bandalagsins er flókið og viðkvæmt mál sem taka verður á með yfirvegun. Í desember á síðasta ári var ákveðið að hefja tvíhliða viðræður við umrædd ríki, þ.e. inngöngu í Mið- og Austur-Evrópuríkjanna í bandalagið. Ganga verður úr skugga um að viðkomandi ríki geri sér ljósar skyldur jafnt sem réttindi sem því fylgja að gerast aðilar að slíku bandalagi. Hins vegar er ljóst að innganga ríkja Mið- og Austur-Evrópu í Atlantshafsbandalagið felur í sér skýr skilaboð um stuðning Vesturlanda við þær pólitísku og efnahagslegu umbætur sem átt hafa sér stað í þessum ríkjum undanfarin ár og sem fyrir dyrum standa. Norður-Atlantshafsþingið hefur lagt áherslu á náin samskipti við þessi ríki og nú hafa 15 ríki Mið- og Austur-Evrópu fengið aukaaðild að þinginu og taka þau mörg virkan þátt í störfum þess að vísu án atkvæðisréttar. Með þessu leggur þingið sitt af mörkum til að efla samskipti og gagnkvæmt traust á milli þessara ríkja annars vegar og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Hér er þó ekki einungis um að ræða ríki sem sóst hafa eftir aðild að bandalaginu. Þannig er Rússland á meðal aukaaðila að þinginu og hefur þar kjörið tækifæri til að fylgjast með umræðunni um stækkun bandalagsins og kynnast þannig ástæðunum að baki fyrirhugaðri stækkun sem ekki er beint gegn Rússum eða neinum öðrum heldur miðar að því að tryggja öryggi og stöðugleika í Evrópu. Þetta er rétt að hafa í huga. Ég vildi minnast á þetta sérstaklega út af athugasemdum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan í umræðum um ÖSE-þingið að Norður-Atlantshafsþingið er einmitt mjög þarfur vettvangur að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Bosníudeilan var sem áður segir í brennidepli umræðunnar á árinu en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Norður-Atlantshafsþingið ályktaði um deiluna í október. Eftir stendur að með undirritun Daytonsamkomulagsins í desember sl. um lausn Bosníudeilunn-

ar sannaðist enn og aftur að tengslin yfir Atlantshafið eru grundvallarstoð evrópskra öryggismála sem halda ber við að kalda stríðinu loknu líkt og Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins hefur lagt megináherslu á í málflutningi sínum á þinginu.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur fyrir þessa ágætu skýrslu af störfum sendinefndar okkar hjá Norður-Atlantshafsþinginu. Ég hjó eftir því að þar, eins og reyndar á þingum Vestur-Evrópusambandsins þar sem ég á sæti, hefur átt sér stað talsverð umræða um hlutverkaskiptin milli Vestur-Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins. Mér sýnist að niðurstaðan sé nokkuð í sömu veru og nýjasta niðurstaða sérstaks aukaþings þings Vestur-Evrópusambandsins í Lundúnum núna fyrir tveimur vikum. Menn eru að reyna að gæta að því að búa ekki til einhvers konar tvöföldun á styrk. Menn eru að reyna að skapa verkaskiptingu sem býr til sterka Evrópustoð í formi Vestur-Evrópusambandsins án þess að skaða Atlantshafsbandalagið.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið, bæði hjá hv. þm. og reyndar hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni áðan eða hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að eðli Atlantshafsbandalagsins er að breytast. Ég minnist þess að ég hlustaði fyrir nokkrum árum á ræðu þáv. formanns Alþb., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem brá yfir sig kufli spámannsins og var að velta fyrir sér hver yrði þróun NATO. Hann vísaði í skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna og ræddi möguleikana á því að NATO mundi þróast í að verða eins konar friðargæslusveit, jafnvel undir Sameinuðu þjóðunum. Ég minnist þess líka að ýmsum þótti þetta hlálegt á þeim tíma. Ég hef ekki þau alþjóðlegu sambönd sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur og gat þess vegna ekki að öllu leyti metið réttmæti þessa. En það kom í ljós að allt það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þáv. formaður Alþb., sagði um breytingarnar á þróun Atlantshafsbandalagsins hefur reynst vera rétt. Atlantshafsbandalagið er skyndilega komið í það hlutverk að halda friðinn í Evrópu. Það er út af fyrir sig sögulega merkilegt að ég ekki vilji segja kaldhæðnislegt að það þurfti formann Alþb., sem hefur allra stjórnmálaflokka mest barist gegn Atlantshafsbandalaginu, til að draga upp þessa framtíðarmynd af NATO fyrir íslensku þjóðina. (**Gripið fram í:** Og það tókst.) Enn merkilegra er að hún reyndist algerlega rétt. Þeir menn í þessum sölum sem skilja best eðli og framtíð Atlantshafsbandalagsins eru með öðrum orðum hv. þingmenn Alþb. (**SvG:** Lengi er von á einum.) Lengi er von á einum, hrópar hér fram í sá þeirra sem á litríkasta fortíðina í þessum efnum. En kannski er það einmitt vegna fortíðar hv. þingmanna Alþb. sem þeir skilja framtíðina svona vel. Ekki skal ég neitt um það segja enda deili ég með þeim svolitlum parti af þessari fortíð og er ekki alsaklaus af þessum viðhorfum sem til að mynda hv. þm. Svavar Gestsson er þekktur fyrir. Þó verð ég að segja að mig brast gersamlega spádómsgáfu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar en hann hafði rétt fyrir sér.

Í dag er það svo að Atlantshafsbandalagið er orðin trygging fyrir friði í Evrópu og það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði um þróun þess fyrir nokkrum árum hefur reynst rétt. Ég er viss um að hann muni nota tækifærið í þessum umræðum á eftir til þess að segja fyrir um hvernig það muni þróast á allra næstu árum.

Eitt langar mig sérstaklega til að gera að umræðuefni og það eru hugmyndir um stækkun Atlantshafsbandalagsins. Hvarvetna sem maður kemur á þing Vestur-Evrópusambandsins eða á Norður-Atlantshafsþingið, þar sem verið er að tala um öryggi, er jafnhliða verið að tala um stækkun en hvergi er þetta annað en orðin tóm. Ég hegg eftir því þegar við fulltrúar Íslands sitjum t.d. á þingum Vestur-Evrópusambandsins heyrum við að það er búið að búa til órjúfanlegan hring. Ef þjóðir ætla sér að verða aðilar að Vestur-Evrópusambandinu þurfa þær að verða aðilar að NATO. En til þess að nýjar þjóðir komist inn í NATO þurfa þær að verða aðilar að Evrópusambandinu. Þar með eru forkólfar þessara svokölluðu lýðræðisþjóða sem í orði kveðnu eru alltaf að tala um að það eigi að stækka sambandið búnir að búa til múra sem enginn kemst yfir. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sagði áðan orð sem urðu þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs fyrst við höfum tækifæri til þess að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. Hún sagði: „Solana sagði í viðræðum við utanríkismálanefnd þingsins, við hæstv. utanrrh. og á þinginu í febrúar: Spurningunni um stækkun sambandsins verður að svara á þjóðþingunum.“ Hvað skortir til þess? Það skortir umræðu á þjóðþingunum.

Ég dró upp myndina af vítahringnum sem er þess valdandi að engin ný þjóð kemst inn í NATO eða Vestur-Evrópusambandið vegna þess að forsendan að fullri aðild að hvoru tveggja er nú um stundir aðildin að Evrópusambandinu. Hvaða afstöðu ætlum við Íslendingar að taka í þeim efnum? Mér finnst að þjóðir eigi að fá að ráða framtíð sinni sjálfar. Það eru þrjár litlar þjóðir sem Íslendingar bera fyrir brjósti umfram aðrar og það eru Eystrasaltsþjóðirnar. Þegar Solana, framkvæmdastjóri NATO, kom til fundar við utanrmn. Alþingis var sérstaklega eitt mál sem bæði formaður nefndarinnar og varaformaður og fyrrv. utanrrh., sem var líka staddur á fundi nefndarinnar, ítrekaði gagnvart Solana: Við styðjum það að Eystrasaltsþjóðirnir þrjár fái aðild að NATO, fái aðild að Vestur-Evrópusambandinu, vegna þess að þær vilja það sjálfar, vegna þess að þær telja sjálfar að þannig sé öryggi þeirra borgið.

Við skulum ekki gleyma því að allur hinn frjálsi heimur stóð áratugum saman í skuld við þessar þrjár þjóðir vegna þess að árið 1940 kom engin þeim til varnar þegar sovéski björninn slæmdi hrammi sínum á þær. Nú tel ég að Íslendingar og aðrir eigi að gjalda þessa skuld. Þeir eiga að taka upp baráttu fyrir því að þessum þremur þjóðum verði, fyrst þær vilja það sjálfar, hleypt inn í Vestur-Evrópusambandið með fullri aðild og hleypt inn í NATO með fullri aðild vegna þess að þær sjálfar halda því fram og telja að þetta sé eina tryggingin fyrir öryggi þeirra. Við skulum ekki gleyma því að núna magnast viðsjár í hinum gömlu ríkjum Sovétríkjanna. Við skulum ekki gleyma til að mynda yfirlýsingum fyrrv. utanríkisráðherra Rússlands sem sagði það berum orðum í apríl á síðasta ári að svo kynni að fara að til þess að tryggja hlut og rétt rússneskumælandi minnihlutahópa þyrftu Rússar að senda herlið aftur inn í þessi ríki. Hvað þýðir þetta? Fyrst og fremst er þetta ógnun gagnvart Eystrasaltsríkjunum og þess vegna hafa þessar þrjár þjóðir á þingum sínum, þjóðþingunum og líka í sínu sameiginlega þingi, aftur og aftur ítrekað ósk sína um að fá það öryggi sem felst í aðild að þessum samtökum. Hver er stefna Íslands í því?

Ég ætla ekki að fara að ráðast á hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson fyrir að hafa ekki markað sérstaka stefnu um það vegna þess að fyrri ríkisstjórn, sem ég átti aðild að, var

ekkert betri. Þar gilti það að við studdum þessar þjóðir og gerðum það mjög dyggilega eins og fyrrv. utanrrh. gerði. En hefur Ísland einhvers staðar gengið fram fyrir skjöldu innan Vestur-Evrópusambandsins og innan Atlantshafsbandalagsins og sagt: Það er stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að Eystrasaltsþjóðirnar þrjár fái aðild að þessum samtökum? Við þingmennirnir höfum gert það. Ég hef haldið ræður um það á þingi Vestur-Evrópusambandsins og ég er viss um að aðrir þingmenn í þessum sölum, sem þar eiga aðild, hafa líka gert það. En það sem vantar er afl ríkisstjórnar. Það vantar formlegt afl ríkisstjórnarinnar. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh.: Mun íslenska ríkisstjórnin beita sér fyrir því að ósk Eystrasaltsríkjanna um aðild að Atlantshafsbandalaginu og Vestur- Evrópusambandinu verði framkvæmd á næstunni?

[15:21]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þær umræður sem ég hef hlustað á eftir hádegið um skýrslur alþjóðanefnda hafa verið mjög athyglisverðar og það er vel að skýrslurnar skuli vekja umræðu því að oft hafa þær verið af skornum skammti í hv. Alþingi. Hér hefur verið komið inn á nokkur athyglisverð mál og m.a. varðandi þessa skýrslu um þingmannasamstarf NATO hefur verið komið inn á hið stóra mál, stækkun bandalagsins og afstöðu okkar. Þetta mál er vandasamt og viðkvæmt og við sem erum í sendinefndinni hjá þingmannasamtökunum höfum markað okkur stefnu í því.

Þetta mál er stöðugt til umræðu og það er tilkomið af því að hinar nýfrjálsu þjóðir, ef svo má segja, hafa óttast um öryggi í nýju umhverfi í Evrópu og horft til Atlantshafsbandalagsins um slíkt öryggi. Það hefur verið þrýst á í þessu efni. Auðvitað er ekki vansalaust að loka þessum dyrum og við höfum ekki verið því fylgjandi að gera það. Hins vegar höfum við viljað forðast að byggt sé nýtt járntjald í Evrópu með stækkuninni. Það er ekki fyrir það að synja að takmörkuð hrifning hefur verið hjá Rússum svo ekki sé meira sagt um þessi áform. Þess vegna var leikinn millileikur um svokallað samstarf í þágu friðar þar sem samstarf var byggt upp á ýmsum sviðum við þjóðir Austur-Evrópu. Rússar hafa skrifað undir það samkomulag og það er verið að framkvæma það gagnvart þeim.

Ég er nýlega kominn af fundi þar sem þessi mál voru rædd og það er mál þingmannanna sem þar voru að þetta samstarf hefði reynst vonum framar og m.a. létt undir að ná saman fjölþjóðahernum í Bosníu. Það hefur verið nauðsynlegur bakgrunnur þess. Hins vegar er nauðsynlegt áður en næstu skref eru stigin í stækkun að byggja upp samstarf við Rússland þannig að viðbrögð þeirra verði ekki á þann veg að það auki óöryggi og viðsjár í álfunni. Þá er verra af stað farið en heima setið. Ég tek undir það að auðvitað tölum við máli Eystrasaltsþjóðanna í þessum efnum. Það er ekki fyrir það að synja að í umræðunni hafa komið upp raddir um það að setja þjóðirnar í einhvers konar flokka, setja þjóðir Austur-Evrópu í nokkurs konar biðröð í þessu efni en við höfum talað máli þessara þjóða eins og síðasti ræðumaður kom inn á.

Það er athyglisvert að hlýða á þær umræður sem hafa verið á undan um gildi þessa alþjóðasamstarfs og gildi hinna ýmsu samtaka sem við þingmenn tökum þátt í. Auðvitað þurfum við að meta hvert það gildi er og þessi umræða endurspeglast í þeim þingmannasamtökum á alþjóðavettvangi sem við tökum þátt í og eru til umræðu hér. Á þeim fundi sem ég vitnaði til, sem var fyrir viku, voru einmitt miklar umræður í þeim þingmannahópi um hina svokölluðu tvöföldun, hvort það væri verið að tala um sömu hlutina víða í viðamiklum og dýrum alþjóðasamtökum sem taka mikla krafta og tíma. Ég tel að samstarf þingmanna NATO-ríkjanna sé afar mikilvægt. Það er eitt af því alþjóðasamstarfi þar sem við höfum tengsl yfir Atlantshafið. Aðild Bandaríkjanna og Kanada að þessu samstarfi er afar mikilvæg því að það er komin upp ný kynslóð á þingi Bandaríkjamanna, yngri kynslóð sem horfir kannski öðrum augum á tengslin yfir Atlantshafið en forverar þeirra gerðu. Þessi tengsl eru því afar mikilvæg og þau eru ekki síst mikilvæg fyrir okkur.

Ég hef líka alltaf verið talsmaður aukinna tengsla við Kanada. Kanadamenn hafa tekið vaxandi þátt í þessu samstarfi og því samstarfi á vegum flokkahópa sem eru líka þáttur í þessu alþjóðasamstarfi. Ég hef alltaf talið þau tengsl sem myndast í slíku alþjóðasamstarfi afar mikilvæg og einhvers virði en eigi að síður nauðsynlegt fyrir okkur í hv. Alþingi að ræða um forgangsröð í þessum efnum og hvað við eigum að leggja mikið til þessara mála. Ég tel að við verðum að kosta verulegum fjármunum til enda gerum við það en umræða eins og þessi er af hinu góða.

Ég vildi láta þessi örfáu atriði koma fram sem innlegg í umræðuna. Auðvitað beinist umræðan í þingmannasamstarfi Atlantshafsríkjanna mjög að friðargæslu NATO í Bosníu en NATO hefur þar það hlutverk að standa í milli og koma í veg fyrir átök. Aðrir þættir eru í höndum alþjóðasamtaka, m.a. uppbygging á svæðinu. Ekki síst er erfiður sá þáttur að aðstoða fólk eftir slíkar óskaplegar hremmingar við að lifa saman í nýju samfélagi. Það er kannski sá þáttur sem veldur mestum áhyggjum og verður erfiðastur þgar fram í sækir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en endurtek að umræður um skýrsluna um alþjóðasamstarfið eru af hinu góða.

[15:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða um utanríkismál. Ég tel að þetta sé eiginlega í fyrsta skipti sem bærilega líflegar umræður fara fram um þær skýrslur sem þingmannasamtökin hafa lagt fram hér á Alþingi. Ég tel það mikla framför og bera vott um vaxandi áhuga á alþjóðlegu samstarfi og þýðingu þess.

Það er ljóst að hinar ýmsu stofnanir í Evrópu eru í mótun. Hér hefur verið rætt nokkuð mikið um mikivægi þeirra. Mér heyrist að flestir séu sammála um mikilvægi NATO og þeirrar þróunar sem þar á sér stað. Það eru líka allir sammála um þýðingu Evrópuráðsins og þeirrar þróunar sem þar eru í gangi, en nokkrar efasemdir eru um ÖSE. Ég held að það sé rangt að gera lítið úr því sem er að gerast í ÖSE. Þótt sú stofnun kunni að breytast og verði jafnvel lögð niður þegar frá líður, er hún mjög mikilvæg í því þróunarferli sem nú á sér stað. Það er nánast útilokað að leggja það starf niður fyrr en línur skýrast í samstarfinu við Austur-Evrópu og sérstaklega Rússland. Samstarfið innan ÖSE þjónar sem mikilvæg brú í því sambandi en það má vel vera að það fari svo, ef NATO verður stækkað með eðlilegum hætti og Evrópuráðið þróast í þá átt sem nú er að gerast, að ÖSE verði smátt og smátt óþarft. Það er af hinu góða ef samrunaferlið í Evrópu getur leitt til þess að fækka stofnunum því það er enginn vafi á því að þar er viss tvíverknaður. Það hefur komið skýrt fram í þessum viðræðum. En einmitt til þess að geta sameinað stofnanir, þarf stundum nýjan samvinnuvettvang til að koma því til leiðar. Það sama hefur verið að gerast innan

NATO-samstarfsins. Það hefur verið hafið mjög þýðingarmikið samstarf við Austur-Evrópuríkin og Rússland sem hér hefur verið til umræðu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurðist fyrir um stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég get upplýst hann um það að stefna ríkisstjórnar Íslands er alveg skýr í þessu máli. Ríkisstjórn Íslands styður stækkun NATO til austurs en vill hins vegar að þar verði farið fram á varkáran hátt. Hvað þýðir það? Það þýðir að við styðjum þann undirbúning sem nú á sér stað innan NATO þar sem verið er að skilgreina hvaða skilyrði viðkomandi ríki þurfi að uppfylla til að gerast aðilar að NATO. Og það eiga sér líka stað núna mikilvægar viðræður við hvern og einn umstækjanda. Það verður lögð fram skýrsla á ráðherrafundi NATO sem verður haldinn í Berlín í byrjun júní. Þessi skýrsla mun áreiðanlega skýra nokkuð hvernig staðan er. Síðan er ætlunin að á ráðherrafundi NATO næsta haust eða í desember nk., verði málið orðið nægilega vel undirbúið til að hægt verði að taka frekari ákvarðanir um það.

Hvað Vestur-Evrópusambandið varðar þá veit hv. þm. jafn vel og aðrir og betur að þar eru uppi tvær stefnur. Annars vegar stefna þeirra sem vilja að Vestur-Evrópusambandið verði hluti af Evrópusambandinu, enda er það skilyrði í dag til að geta orðið fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu að vera bæði aðili að NATO og jafnframt aðili að Vestur-Evrópusambandinu. Það er ekki stefna okkar Íslendinga og ég tel að um það sé enginn ágreiningur. Okkar stefna er sú að Vestur-Evrópusambandið verði sjálfstæð stofnun, Evrópustoð NATO-samstarfsins eins og menn hafa orðað það, þannig að aðilar geti verið sjálfstæðir og fullgildir aðilar að þeim samtökum án þess að vera aðilar að Evrópusambandinu. Ég heyri að við erum alveg sammála um þá afstöðu. En þessar línur þurfa að skýrast betur, m.a. er beðið eftir því hver verður útkoman á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins.

Að því er varðar Eystrasaltsríkin þá var það tekið skýrt fram á þeim fundi sem ég átti með framkvæmdastjóra NATO, Solana, að Íslendingar sýndu sérstakan áhuga á aðild Eystrasaltsríkjanna þriggja að Atlantshafsbandalaginu og við styddum þá viðleitni þeirra.

Nú er það svo að þessi ríki, ásamt öðrum ríkjum Austur-Evrópu sem hafa sótt um aðild að Atlantshafsbandalaginu, hafa jafnframt sótt um aðild að Evrópusambandinu. Þessi ríki eru því bæði að banka á dyr Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins. Að því leyti til er þetta nokkuð samhliða, án þess að ég vilji setja þar eitthvert samasemmerki á milli eða gera það að skilyrði, að enginn fái að ganga í Atlantshafsbandalagið ef hann gengur ekki í Evrópusambandið. Það er ekki skoðun sem hefur komið fram af hálfu Íslendinga mér vitanlega eða a.m.k. ekki þar sem ég þekki til.

Ég vil að lokum þakka fyrir umræðurnar. Ég tel þær mikilvægar og afar þýðingarmikið að sem flestir þingmenn taki þátt í þeim. Það er mikið að gerast í þessum málum. Það á sér stað stöðug þróun sem mikilvægt er að fylgjast með. Þess vegna er ánægjulegt til þess að vita að alþingismenn taki virkan þátt í þessu alþjóðasamstarfi og fylgist með því sem þar er að gerast. Það er alveg rétt, eins og hér hefur komið fram, að þegar fram líða stundir verður ákvörðun tekin um stækkun NATO og ég er viss um að af henni verður. Það er ekki í fyrsta skipti sem Atlantshafsbandalagið er stækkað. Það var síðast stækkað með því að Þýskaland var sameinað og Austur-Þýskaland kom inn í varnarsamstarfið. Það hefur nokkrum sinnum komið til þess að Atlantshafsbandalagið hafi verið stækkað þannig að það er í sjálfu sér ekkert nýtt. Það er alveg ljóst að þessi samtök eru í mikilli þróun og það er ánægjulegt til þess að vita að Íslendingar skuli geta beitt áhrifum sínum með öðrum til þess að hafa áhrif á hana. Við eigum að sjálfsögðu að stuðla að því að Atlantshafsbandalagið stækki til austurs því með því verður öryggi Evrópu mun betur tryggt. En við megum samt ekki gleyma því að það er mjög mikilvægt í þessu samhengi að hafa eðlilegt samstarf við Rússland. Þessi stækkun má ekki verða til þess að ný landamæri verði dregin í Evrópu.

[15:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðuna, mér finnst hann nálgast hlutina með skynsamlegum hætti, vil ég kvitta fyrir það að hafa tekið eftir því sem hann sagði og leggja á það áherslu að mér finnst að umræðan um utanríkismál bæði nú og oft áður hafi verið um fortíð, um fortíðarvandamál. Umræðan hér í sambandi við skýrslurnar á hverjum tíma snýst fyrst og fremst um það hvernig Alþingi kemur að þessari fortíð og hinum ýmsu samtökum sem þingmenn eru hluti af. Hins vegar hefur ekki, því miður, farið hér fram umræða um heildarstefnumótun í utanríkismálum með hliðsjón af þeirri framtíð sem nú blasir við og er allt önnur en við mörg hver eða öll hér höfum alist upp við. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að ágreiningurinn um utanríkismál hefur verið meginágreiningur íslenskra stjórnmála undanfarna áratugi. Margt bendir til þess að þeir hlutir liggi núna öðruvísi. Mér finnst það skylda okkar hér á Alþingi og skylda ráðherranna og ríkisstjórnarinnar alveg sérstaklega að stuðla að því að sem víðtækust sátt geti orðið, víðtækari en hefur verið um þá stefnumótun til framtíðar sem þarf að eiga sér stað í utanríkismálum. Þetta segi ég hér, hæstv. forseti, í tilefni af ræðu hæstv. utanrrh. og hvet hann til þess að beita sér fyrir því að Alþingi geti haft hér ítarlega umræðu um þessa stefnumótun til framtíðar þar sem menn losi sig við þann vanda sem menn þekkja frá liðnum árum og áratugum og er yfirleitt nægilega mikið ræddur hér.

[15:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að ég hef út af fyrir sig engan áhuga á því að eyða miklum tíma í að ræða um fortíðina. Ég hef ekki verið hvatamaður að því. Síðar í vetur fer hér fram umræða um utanríkismál sem er vettvangur til að taka upp þau mál sem hv. þm. ræddi um. Ég tek undir með honum að það er mjög mikilvægt að horfa þar til framtíðar. Ég nefni t.d. afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Það er ekki rétt að taka afstöðu til Atlantshafsbandalagsins eftir því hvernig Atlantshafsbandalagið var fyrir tíu eða tuttugu árum. Þótt ég hafi verið stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins alla tíð og hv. þm. andstæðingur þess, þá eigum við að leggja það til hliðar. Við eigum að horfa á þróun Atlantshafsbandalagsins til lengri framtíðar og þýðingu þess bandalags fyrir friðinn í heiminum og friðinn í Evrópu. Þar blasir við allt önnur mynd.

Ég lít þannig á ræðu hans að hann boði að hans flokkur sé tilbúinn til að meta þetta mál alveg í nýju ljósi og ég hef heyrt þann tón áður. Það finnst mér mikilvægt skref í íslenskum stjórnmálum. Við sem höfum lengi verið stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins eigum að meta það og taka þeirri áskorun hv. þm. að ræða þessi mál nú með hliðsjón af framtíðinni. Ég tel að það gefist gott tækifæri til þess

þegar umræða fer hér fram um utanríkismál almennt síðar í vetur. Og ég skal fyrir mitt leyti leggja mig fram um að undirbúa hana sem best.

[15:43]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé einn meginvandi Alþingis að hér er ekki gert ráð fyrir í þingsköpum umræðum um stefnumótun eða framtíðarmál. Hér er gert ráð fyrir umræðum um frumvörp og skýrslur og stundum auðvitað um þingsályktanir. En hér er ekki gert ráð fyrir því að ríkisstjórnir leggi fyrir þingin, eins og tíðkast t.d. í Noregi, tillögur um stefnumótun í ýmsum málum, segjum í menningarmálum, menntamálum, atvinnumálum, efnahagsmálum eða hvað það nú er. Það er nokkuð sérkennilegt og þar gætum við margt lært af frændum okkar Norðmönnum. Þeir hafa komið upp því kerfi fyrir löngu að ákveðnar tillögur, stefnumótun og meðfylgjandi greinargerðir fá rækilega umræðu í norska þinginu. Þetta segi ég í tilefni af orðum hæstv. ráðherra. Mér finnst ágætt að þessi mál verði rædd í tengslum við skýrslu utanrrh. En ég segi alveg eins og er að ég held að við þurfum að taka þetta mál úr þeim farvegi ef kostur er, þótt ég vilji gjarnan ræða þetta undir þeim dagskrárlið, og velta því fyrir okkur hvort það sé til í dæminu að Alþingi sjálft hafi frumkvæði í þessum málum og þeir þingmenn sem hér sitja úr stjórn og stjórnarandstöðu fari rækilega yfir þau og velti því fyrir sér hvernig þeir vilja haga málum með hliðsjón af framtíðinni. Ég hvet sem sagt til frumkvæðis Alþingis um leið og ég lýsi því aftur yfir að ég met það mikils sem hæstv. ráðherra sagði í þessu máli.

[15:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu getur Alþingi tekið frumkvæði í hinum ýmsu málum hvenær sem er og það hefur oft gerst í mikilvægum utanríkismálum. Ég sagði áðan að ég myndi ekki eftir því að það hefði verið þetta líkleg umræða um þessi mál. Satt best að segja held ég að ekki einu sinni hafi tíðkast að ráðherrar væru viðstaddir hana eins og ég man eftir í fortíðinni sem er að sjálfsögðu ekki eðlilegt því að hér þarf að fara fram umræða milli þingmanna þingsins og framkvæmdarvaldsins um þessi mikilvægu mál.

En ég vil benda á annan mikilvægan vettvang þingsins í þessu sambandi sem er utanrmn. Þær skýrslur sem hinar einstöku þingmannanefndir gefa eru auðvitað lóð inn í umræðuna sem er hluti af stefnumörkun. Enda þótt hér fari fyrst og fremst fram umræða um frv. og þáltill. er þar líka um stefnumarkandi umræðu að ræða. Ég tel að eins og þingsályktunartillöguformið kemur hér fram sé það form sem gefur kost á margvíslegri stefnumörkun. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að við höfum ekki notað þetta form með alveg sama hætti og vinir okkar Norðmenn. Sjálfsagt má athuga að taka eitthvað upp eftir þeim í þeim efnum þó við eigum að sjálfsögðu ekki að taka allt upp eftir þeim því að það getum við ekki og það er ekki skynsamlegt. Við þurfum að finna þessu eðlilegan farveg og sá farvegur er fyrir hendi, það vantar ekki. Það vantar e.t.v. meira frumkvæði hvort sem það er af hálfu þingmanna eða ríkisstjórnar.

[15:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að hér hafa farið fram afskaplega gagnlegar umræður. Ég held að það eigi að nota þennan vettvang, þ.e. þingsalinn, til að ræða þessi mál þegar þessar skýrslur nefndanna koma. Mér þóttu t.d. gagnrýnar en góðar umræður um hlutverk okkar í ÖSE og hvort við eigum yfirleitt að taka þátt í ÖSE. Mér þótti það jákvætt. Ég held að það skorti líka nokkuð á að þingið ræði utanríkismál. Auðvitað gerist það hér einu sinni eða tvisvar á vetri að við ræðum skýrslu hæstv. utanrrh. en þá er farið vítt yfir sviðið. Menn smyrja sig ansi þunnt yfir gríðarlega mikil flæmi vegna þess að þá er allt undir. En stundum koma þeir tímar að það þarf að taka ákveðin mál og ræða sérstaklega.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að menn ættu ekki að ræða Atlantshafsbandalagið í dag með tilliti til þess hvernig það var fyrir tíu árum eða tuttugu árum. Það er rétt. Afstaða mín og fólks af minni kynslóð til Atlantshafsbandalagsins mótaðist á sínum tíma algjörlega af þátttöku Bandaríkjamanna í Víetnamstríðinu. Menn geta deilt um réttmæti þess í dag en það er alveg klárt að afstaða einnar ef ekki tveggja kynslóða til NATO mótaðist af þessu. Nú hefur það gerst eins og nokkrir hv. þm. hafa drepið á í dag að eðli Atlantshafsbandalagsins virðist vera breytt. Hlutverk þess hefur síðustu ár verið nokkuð óvíst eftir að Berlínarmúrinn hrundi og heimsmyndin breyttist. Heimsmyndin er enn að breytast það er ekki komið nýtt jafnvægi í heimsmálunum og Atlantshafsbandalagið hefur ekki algjörlega fundið sér farveg. Um tíma voru menn jafnvel að ræða hvort það mundi leysast upp og verða að engu.

Ég minnist þess þegar ég kom í heimsókn 1992 í höfuðstöðvar NATO í Brussel og átti þar viðræður við herforingja að ég hef sjaldan hitt menn sem voru jafnóvísir og óvissir um framtíðina og einmitt þá. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spáði réttilega fyrir um það fyrir nokkrum árum af þekkingu sinni á alþjóðamálum hvernig NATO mundi þróast en það voru nýmæli fyrir mig á þeim tíma. Hann hafði rétt fyrir sér. Í dag er NATO farið að gegna friðargæsluhlutverki sem skiptir gríðarlega miklu máli, ekki síst fyrir okkur Evrópubúa. Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé tími til kominn að Alþingi taki sérstaklega fyrir umræðu um Atlantshafsbandalagið og þau mál sem eru þar efst á baugi, þ.e. stækkunina. Umræðan sem hér hefur farið fram er mjög jákvæð en ég minnist þess ekki að menn hafi rætt um framtíð Atlantshafsbandalagsins í þessum sölum og þessar nýju blikur eða þessi nýju viðhorf sem eru þar komin upp.

Ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að ekki er mikill ágreiningur um afstöðu Íslendinga til NATO og til Vestur-Evrópusambandsins. Ég held til að mynda að allir flokkar í þinginu séu sammála um hvaða afstöðu Íslandi beri að taka til þróunar Vestur-Evrópusambandins. Þeirri stefnu lýsti hæstv. utanrrh. áðan. Það er sú stefna sem bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar hafa mælt fyrir á þingum þessara samtaka. En við þurfum að ræða stækkun Atlantshafsbandalagsins vegna þess að þar er meira undir en bara öryggi okkar. Við eigum sem smáþjóð ákveðnar skyldur gagnvart öðrum smáþjóðum. Ég hef áður í dag nefnt þrjár þjóðir sem Íslendingar hafa alltaf fyrir brjósti og það eru Eystrasaltsþjóðirnar. Þær hafa bankað mjög ákaft á dyr Atlantshafsbandalagsins og Vestur-Evrópusambandsins og Evrópusambandsins líka. En það er vegna þessa vítahrings sem ég nefndi hér áðan, það er búið að búa til ferli sem er ekki hægt fyrir aðrar þjóðir að stökkva inn í, að menn geta ekki orðið aðilar að NATO nema þeir séu aðilar að Evrópusambandinu og engum er hleypt inn í Evrópusambandið fyrr en einhvern tímann í óvissri framtíð og þegar að því kemur bendir allt til þess að Evrópusambandið muni þurfa að reiða af höndum gríðarlega fjármuni til að taka inn nokkur lönd

í viðbót. Ég er því ekki sannfærður um að það gerist. Þar af leiðandi dreg ég þá ályktun að það sé ekki víst að menn séu líka reiðubúnir að opna dyr NATO. Ég held sem sagt að þetta sé að verða dálítið „exklúsífur" klúbbur. Herra forseti fyrirgefur mér væntanlega þetta óíslenskulega orðalag. Ég held t.d. að þegar menn eru að mæra það að Atlantshafsbandalagið hefur farið í aðgerðir eins og „partnership for peace", sem ég kann ekki að nefna á íslensku, og ýmislegt fleira, sé það liður í því að draga úr viðsjám og það er liður í því að skapa frjóan jarðveg fyrir stækkun Atlantshafsbandalagsins. En það getur líka þróast upp í að það verði ekkert gengið lengra. Það getur þróast upp í það að NATO verði forréttindaklúbbur þeirra þjóða sem eru í þeim samtökum núna og hinir fái bara að koma og sigla á öðru farrými. Það eru hlutir sem við þurfum að ræða hérna. Hvers vegna er mér heitt í hamsi þegar ég ræði um Eystrasaltsþjóðirnar? Það er vegna þess, herra forseti, að ég held að við höfum ekki mikinn tíma. Ég held að þeir atburðir gætu gerst sem kynnu aftur að leiða til þess að það helsi sem var brugðið um háls þeirra áratugum saman verði aftur hert að.

Ég sagði áðan í ræðu minni að við höfum sérstakar siðferðilegar skyldur gagnvart öðrum smáþjóðum vegna þess að við höfum alltaf leitað til þeirra þegar við höfum lent í erfiðleikum. Þarna eru þrjár smáþjóðir sem eru í fyrirsjáanlegum erfiðleikum og við eigum að ganga fram fyrir skjöldu og segja: Það er stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að þessum þjóðum verði hleypt inn í Atlantshafsbandalagið. Hæstv. utanrrh. hefur réttilega tekið málstað þessara þjóða í viðræðum við framkvæmdastjóra NATO og vafalaust hefur hann og aðrir góðir menn í röðum okkar haldið ræður hér og hvar en opinberu stefnuna vantar. Það þarf að kveða upp úr með þetta. Staðreyndin er nefnilega þessi: Við segjum að sovéska ógnin sé frá en það hefur annað komið í staðinn. Ég fæ ekki betur séð þegar ég hlýði á mál manna í þessum sal og á þingum erlendis en að skyndilega sé komin upp sú staða að Rússar eru farnir að stjórna því hverjir eigi að fá að koma inn í Atlantshafsbandalagið.

Hv. þm. Jón Kristjánsson, sem hefur mikla þekkingu hvernig menn tala á þingum Atlantshafsbandalagsins, flutti þessi viðhorf áðan. Hann nefndi að menn vildu stækka Atlantshafsbandalagið til austurs en hann gat þess að það væri við afar takmarkaða hrifningu hjá Rússum. Menn hafa orðað þetta með allt öðrum hætti sums staðar á þeim þingum sem ég hef verið staddur. Auðvitað er það svo að menn verða að taka tillit til Rússa. Þeir eru stórveldi en samt sem áður má ekki afhenda þeim neitunarvald gagnvart þjóðum eins og Eystrasaltsþjóðunum. Ég fullyrði það í dag, herra forseti, að eins og staðan er núna hafa Rússar neitunarvald gagnvart inngöngu þessara þjóða í Atlantshafsbandalagið og það þarf að rjúfa. Ég held að tíminn geti verið naumur og við skuldum þessum þjóðum það að við smáþjóðin Ísland gangi fram fyrir skjöldu og taki afdráttarlaust svari þeirra.

[15:55]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. nefndi í ræðu sinni að hann óttaðist að þessi „exklúsífi" klúbbur mundi verða áfram við lýði og það muni ekkert verða af stækkun vegna þess að menn hafi tekið upp millistigið samstarf í þágu friðar. Ég vil geta um það að tilfinning mín er sú að það muni verða af stækkuninni. Hins vegar á sú stækkun vissulega aðdraganda. Það er rétt að það er ekki nýtt að NATO sé stækkað. Spánn var t.d. ekki í NATO frá upphafi. Hins vegar felur stækkun NATO auðvitað í sér alvarlegar skuldbindingar fyrir þær þjóðir sem eru í samtökunum. Hún felur í sér skuldbindingar um sameiginlegar varnir samkvæmt sáttmála samtakanna þannig að Rússar hafa hingað til litið á þetta mál með tortryggni. Það er unnið að því að draga úr þeirri tortryggni. Ég hef ekki trú á því að NATO verði til frambúðar eins og það er nú. Eins og þessi þingmannasamtök eru t.d. ekki þau sömu núna og þau voru fyrir tíu árum þegar ég sat þar fyrst um skamman tíma. Þvílík breyting sem orðið hefur á einum áratug er ólýsanleg þar sem allar þjóðir Austur-Evrópu eru komnar inn með áheyrnaraðild að þessum samtökum.

[15:57]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að vísu hafa komið fram sjónarmið í andsvari hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni. En ég minni á að full ástæða er til að hafa það í huga að það er tiltölulega stutt síðan þessi þróun hófst. Það er ekki fyrr en 1991 sem Norður-Atlantshafssamvinnuráðið er stofnað og seinna sem áætlun NATO um samstarf í þágu friðar kemur til. Þróunin er í gangi en hún mun taka einhvern tíma.

Auðvitað eiga Rússar ekkert neitunarvald í þessum efnum. Þeir eiga ekki að stjórna umræðunni þó að menn hafi sjálfsagt áhyggjur af mótmælum þeirra. Ég bendi m.a. á það að á fundinum í Brussel nú í febrúar varaði einn norskur þingmaður sérstaklega við því að fundið yrði upp einhvers konar nýtt millistig fullrar aðildar að NATO annars vegar og Samstarf í þágu friðar hins vegar til þess eins að þóknast Rússum og að ríkin ættu annaðhvort að fá aðild eða ekki. Nú hafa verið nokkuð skiptar skoðanir á þessu máli. En Solana tók undir þessi orð hans og lagði áherslu á að ekkert yrði gefið eftir af 5. gr. Atlantshafssáttmálans þar sem aðildarríki heita því að líta á árás á eitt þeirra sem árás á þau öll. Ég undirstrika að það er ekki hægt að líta á NATO sem einhvern forréttindaklúbb. Þessi þróun er í gangi og hún hefur verið talsvert ör.

[15:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að það sé tiltölulega stutt síðan þessi þróun hófst. Það er rétt. Það er líka tiltölulega stutt þangað til henni gæti lokið fyrir þrjár litlar þjóðir við Eystrasaltið. Hv. þm. vísar í 5. gr. NATO-sáttmálans og það er einmitt skjól þeirrar greinar sem þessi þrjú litlu ríki eru að sækja eftir. Ég held, herra forseti, að það væri auðvelt að draga upp þróun sem gæti á næstu missirum gjörbreytt stöðunni, a.m.k. fyrir þau. Vegna smæðar þeirra og lélegra varna, þó að þær séu líka í örri þróun, held ég að þessar þrjár þjóðir séu í miklu erfiðari og verri stöðu en nokkrar aðrar þjóðir ef tiltekin þróun verður í Rússlandi eftir næstu forsetakosningar sem er afskaplega auðvelt að mála upp.

Herra forseti. Ég hef einungis um mjög skamma hríð verið þátttakandi af Íslands hálfu í alþjóðlegum samtökum sem fjalla um öryggi og frið í Evrópu. En það er mín einlæga skoðun eftir að hafa verið eitt ár í þessu starfi að staðan sé nákvæmlega þannig að gagnvart Eystrasaltsríkjunum a.m.k. eru Rússar búnir að ná þeirri stöðu að þeir hafa neitunarvald gagnvart þátttöku þessara þriggja þjóða í Atlantshafsbandalaginu vegna eftirgjafar Evrópuríkjanna. Þjóðir eiga að fá að ráða sinni framtíð sjálfar. Þessar þrjár þjóðir hafa talið að öryggi þeirra verði best borgið með því að þær verði aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ég segi: Það á að verða við þeim óskum og smáríkið Ísland sem hefur háværa og skerandi

rödd á alþjóðavettvangi á að hrópa til stuðnings málstað þessara þjóða.

[16:01]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu alveg rétt ábending hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það er full ástæða til að fylgjast með þróun öryggismála í Evrópu um þessar mundir. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að minna á það að gefnu tilefni að við höfum á Norður-Atlantshafsþinginu og vafalaust á mörgum öðrum þingum, þar sem hv. þingmenn eiga aðild að mörgum alþjóðlegum ráðstefnum og fundum, að við höfum talað máli Eystrasaltsríkjanna og minnt á stöðu þeirra. Ég vil bara láta þetta koma sérstaklega fram.

[16:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þingmenn sem sitja á NATO-þingum hafa gert það. Ég hef líka gert það og aðrir meðlimir íslensku sendinefndarinnar sem situr þing Vestur-Evrópusambandsins. En það er ekki nóg. Ég vil að ráðherrar Íslands geri það líka. Stefna smáríkisins Íslands þarf að vera algerlega skýr í þessu. Eins og sagan sýnir, þá þarf einhvern til þess að rjúfa keðjuna. Það þarf einhvern til þess að stíga fram og taka svari þeirra afdráttarlaust. Það hefur áður skipt máli fyrir þessi ríki að Íslendingar tóku af skarið og þeir þurfa að gera það aftur.

[16:03]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með þeim sem hafa haft orð á því hversu málefnaleg og athyglisverð umræðan hefur verið í dag. Það er ánægjuefni að menn skuli ræða alþjóðamálin eins og nú er gert á grundvelli þeirra skýrslna sem alþjóðanefndir þingsins hafa lagt fram. Það er auðvitað líka mjög ánægjulegt að maður eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli nú tala um NATO eins og hann gerir, því að eins og hann sagði réttilega sjálfur fyrr í umræðunum þá var hann einu sinni annarrar skoðunar. En hann viðurkennir nú að hann hafði rangt fyrir sér þá. Við ýmsir aðrir höfðum rétt fyrir okkur. (Gripið fram í.) Við skulum ekki eyða tíma í að ræða liðna tíð í þessu efni.

Hér eru til umræðu spurningar um stækkun Atlantshafsbandalagsins og framtíð þess. Við sem áttum þess kost að ræða við framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins fyrir nokkru síðan um þau mál urðum að sjálfsögðu margs vísari. Þessi mál eru til umræðu víða. En málið er ekkert einfalt vegna þess að tryggingar á grundvelli 5. gr. Atlantshafssáttmálans eru meira en bara orðin tóm og barnaleikur. Það verður að vera hægt að framfylgja þeim. Þeir sem munu bera höfuðábyrgðina á því að hrinda þeim í framkvæmd verða að vera tilbúnir til að axla nýja ábyrgð. Að öðrum kosti er tryggingin ekki marktæk eða neins virði gagnvart þeim sem hún kynni að beinast að.

Það talar enginn um það í alvöru að gefa Rússlandi neitunarvald í þessu efni. Það dettur engum í hug. Auðvitað viljum við Íslendingar sem fyrst tryggja aðild annarra landa að þessum samtökum, þeirra sem um það biðja í Austur-Evrópu og þá ekki síst Eystrasaltslandanna. En þetta verður að gerast með trúverðugum hætti. Þessar tryggingar verða að vera þess eðlis að þeim sé trúað af öðrum og þeir sem axla ábyrgðina á þeim séu tilbúnir til þess. Þar er ég fyrst og fremst að tala um afstöðu Bandaríkjamanna, Bandaríkjaþings, öldungadeildarinnar í Bandaríkjunum. Ég er ekki búinn að sjá það enn þá að hún muni staðfesta útvíkkun Atlantshafsbandalagsins til Eystrasaltsins á meðan það liggur fyrir að það verða fyrst og fremst Bandaríkjamenn sem þurfa að taka á sínar herðar ábyrgðina á því að veita Eystrasaltslöndunum tryggingar, hugsanlega með loforðum um að beita kjarnorkuvopnum til þess að verja þau. Spurningin er: Er sú trygging, jafnvel þó hún yrði veitt, trúverðug? Mundu Bandaríkjamenn vera tilbúnir til að veita slíkar tryggingar og beita slíkum vopnum ef á þyrfti að halda? Það er náttúrlega ein af stóru spurningunum í þessu. Þess vegna er skynsamlegt að við mörkum okkur skýra stefnu. Það er skynsamlegt að fara að öllu með gát í þessu. Ég held að sú stefna sem mörkuð hefur verið af hálfu bandalagsins sé rétt og skynsamleg eins og t.d. framkvæmdastjóri bandalagsins útskýrði fyrir okkur í utanrmn. um daginn. Það er verið að ræða þessi mál við áhugasöm lönd. Málin eru í ákveðnum viðræðufarvegi. Vonandi endar það með því að áhugasöm lönd geta gengið í bandalagið og það fyrr en síðar. En við eða bandalagið skulum ekki hlaupa fram úr sjálfum okkur í þessu máli vegna þess að það getur verið mjög varhugavert.

Svo held ég að það sé heldur ekki rétt af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að blanda þessu saman beinlínis við Evrópusambandið. Það eru engin formleg skilyrði um aðild að því fyrst. Hins vegar er líklegra að það mundi ganga greiðlegar að tryggja löndum Mið- og Austur-Evrópu aðild að Evrópusambandinu en NATO þó svo að því muni fylgja margvíslegur kostnaður fyrir skattborgarana í löndum Evrópusambandsins þegar kemur að því að útfæra hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu yfir á landbúnaðarframleiðsluþjóðirnar í Mið- og Austur-Evrópu. Það er annað mál ótengt öryggismálunum, engu að síður mjög athyglisvert, en það er ekki rétt að blanda þessu tvennu saman.

[16:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að hrekja þennan málflutning hv. þm. Geirs H. Haardes. Ég er einfaldlega annarrar skoðunar um ýmsa hluti sem þarna koma fram. En ég er sammála því að menn eiga að fara að þessu með gát. Ég held samt sem áður að það þurfi einhvern til að tala máli þessara ríkja. Það gerir það enginn nú. Það eru allir með hálfkveðnar vísur um að auðvitað vilji menn allt fyrir þau gera. En þegar á hólminn er komið er erfitt að standa við þau orð. Hv. þm. Geir H. Haarde flutti skýringarnar á því af hverju svo er.

Mig langar aðeins að drepa á það síðasta sem hann nefndi hérna. Hann sagði að það væri ekki skynsamlegt af mér að blanda saman aðild að Evrópusambandinu og NATO. Það kann vel að vera að það sé ekkert skynsamlegt. Ég er honum mjög sammála um að það er óskynsamlegt að blanda þessu tvennu saman. En í mínum reynsluheimi, sem er þing Vestur-Evrópusambandsins, standa upp afskaplega góðir kristilegir íhaldsmenn og segja hreinlega: Svona er veruleikinn því að þessu er blandað saman af þeim sem fara með völdin og hafa dýrðina í þessum efnum. Það er staðreynd. Ég lít svo á að það sé staðreynd. Mér er sagt það af viturri mönnum. Það skýrir líka fyrir mér tregðuna sem virðist vera í gangi í þessum efnum.

Hv. þm. Geir H. Haarde hefur vafalaust góð svör við þessu og þau eru vafalaust ekkert ómerkari en þær staðhæfingar sem íhaldssamari og jafnvel gildari þingmenn en hann hafa úti í Evrópu.

[16:10]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvaða kristilegir íhaldsmenn eru að grauta í reynsluheimi hv. þm. og ekki veit ég hvaða íhaldsmenn geta verið gildari en hann á þeim vettvangi þar sem hann kemur. En formlega eru ekki tengsl þarna á milli þó að menn kannski vilji praktískt tengja þetta saman og segja: Eigum við ekki að gera annað fyrst og svo hitt. En viðræður eru í gangi samtímis um hvort tveggja þannig að í sjálfu sér eru formlega engin tengsl á milli. Það var það sem ég vildi leggja áherslu á. Þess vegna er hvorki skynsamlegt né rétt að blanda þessu saman.

[16:10]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er eins og oft áður að hér í þingsalnum spinnast athyglisverðar umræður um utanríkismál þegar skýrslum nefnda þingsins sem starfa á erlendum vettvangi er skilað. Þessar skýrslur vekja hins vegar ekki almennan áhuga í þinginu, því miður. Það verður að segjast eins og er að það er ekki í neinu samræmi við það vægi sem utanríkismál eru farin að hafa í störfum þingsins því að sú staðreynd er þó flestum ljós að þau mál sem áður voru kölluð utanríkismál ná nú yfir miklu stærri málaflokk en áður var. Mjög mikill hluti af því sem við erum að aðhafast á sviði lagasetningar sem snertir innanríkismál á sér uppsprettu nú á erlendum vettvangi. Það má því segja að verulegur hluti af umræðunni um innanríkismál sé kominn á dagskrá í utanríkismálaumræðunni. Þetta hefur fært vægi umræðunnar nær utanríkismálunum og nær þeim skýrslum sem hér eru til umfjöllunar í dag.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál almennt en koma inn á mjög mikilvæg atriði sem hér hefur verið talað um sérstaklega. Þau snerta útvíkkun Atlantshafsbandalagsins, starfsemi Evrópusambandsins á sviði öryggismála og stöðu okkar Íslendinga varðandi þessi mál.

Að því er varðar útvíkkun Atlantshafsbandalagsins þá eru mjög gild rök fyrir því að fara sér afar varlega. Atlantshafsbandalagið hefur sýnt mikinn sveigjanleika í sínu starfi. Atlantshafsbandalagið hefur stigið margs konar skref til að koma til móts við nýjar aðstæður með samstarfi við þær þjóðir sem ekki eru meðlimir í bandalaginu og voru áður flokkaðar undir andstæðinga NATO. Að sjálfsögðu hefur það haft áhrif á hugmyndir Atlantshafsbandalagsins um útvíkkun hversu ljósar og skilyrðislausar skuldbindingar bandalagsins eru í varnarmálum. Hér var sett fram sú skoðun af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, 15. þm. Reykv., að Íslendingar ættu að ríða á vaðið og krefjast þess að það yrði stefnumál Atlantshafsbandalagsins að baltnesku þjóðirnar fengju aðgang að Atlantshafsbandalaginu. Á þessu er augljós meinbugur. Það er augljós meinbugur á því að Íslendingar geti riðið á vaðið með hugmynd af þessu tagi jafnvel þó að til þess stæðu ýmis efnislög rök. Einn af þeim meinbugum sem er á málinu er sú staðreynd að Íslendingar taka ekki þátt í og leggja ekki lið hernaðarstarfi NATO. Þeir eru ekki með her og leggja ekki mannafla til varnarstarfsemi NATO. Íslendingar munu því ekki senda hermenn á vígvöllinn ef til þess kemur þó að þeir hafi eins og réttilega er bent á lagt fram lið sitt að því er varðar sjúkraþjónustu. Það er ljóst að Íslendingar munu ekki senda menn á vígvöllinn og munu ekki taka þátt í því starfi. Þeir væru því að leggja til að aðrar þjóðir sendu sína menn á vígvöllinn ef til þess kæmi að upp kæmi mjög viðkvæm staða varðandi baltnesku löndin og þau væru meðlimir í Atlantshafsbandalaginu. Að þessu leyti á Ísland óhægt um vik að ganga fram fyrir skjöldu, fyrir svo utan hitt að ég ætla ekki að endurtaka þær röksemdir sem hafa verið færðar hér fram aðrar fyrir því að það beri að fara með mikilli gát í þessu máli.

Mig langar hins vegar til að nefna það að fyrir utan þau varfærnislegu en skynsamlegu skref sem Atlantshafsbandalagið hefur stigið til þess að koma til móts við nýjan veruleika er ljóst að einnig er unnið að því að nálgast vandann, þ.e. öryggismál þeirra Evrópuríkja sem standa utan Atlantshafsbandalagsins, á öðru sviði með mjög varfærnislegum hætti. Það er alveg ljóst að Evrópusambandsþjóðirnar höfðu gert ráð fyrir því áður en Berlínarmúrinn féll að styrkja starfsemi sína á varnarsviðinu. Undirbúningur Maastricht-samkomulagsins hafði staðið lengi. Þótt samkomulagið væri ekki staðfest fyrr en eftir fall Berlínarmúrsins var málið í undirbúningi áður en aðstæður breyttust í Evrópu. Það var gert ráð fyrir því að sá til þess að gera einsleiti hópur sem þá myndaði Evrópusambandið efldi mjög verulega varnarsamvinnu sína. Þessi mál voru komin á mjög verulegan rekspöl þegar aðstæður breyttust í Evrópu, Sovétríkin hrundu og ný viðhorf blöstu við að því er varðaði öryggismál. Evrópusambandið tók þá ákvörðun að opna möguleika á útvíkkun Evrópusambandsins, í kjölfar þess að Berlínarmúrinn féll. Það er rétt að menn átti sig á því að það er beint samband á milli þess að Sovétríkin hrundu, Berlínarmúrinn féll og Evrópusambandið ákvað að gera tilboð um útvíkkun Evrópusambandsins, fyrst til EFTA-þjóðanna en síðan einnig austur á bóginn. Og hvernig stóð á því að þessi breyttu viðhorf Evrópusambandsins voru í svo nánum tengslum við atburðina 1989 og 1990? Ástæðan fyrir því var sú að Þýskaland öllum öðrum fremur sá öryggishagsmunum sínum borgið í því að nýta þetta einstæða tækifæri til að færa austurlandamæri Evrópusambandsins, sem jafnframt eru austurlandamæri Þýskalands, austur á bóginn. Með öðrum orðum var ein meginástæðan fyrir því að ákveðið var í nokkurri skyndingu á árunum 1989 til 1992 að gera tilboð um að stækka Evrópusambandið öryggishagsmunir Þjóðverja sem einnar af leiðandi þjóðum í Evrópusambandinu. Þetta þýddi í raun og veru að það hlutu að koma upp ný og viðkvæm vandamál er snertu austurlandamæri Evrópusambandsins. Það var t.d. alveg ljóst að ef Finnland yrði í þeim hópi landa sem gengju í Evrópusambandið, en Finnland var einmitt eitt af þeim löndum sem átti þess kost að íhuga inngöngu í Evrópusambandið í gegnum EFTA, mundi það skapa viðkvæm vandamál á austurlandamærum Evrópusambandsins. Það er einnig alveg ljóst að þótt Finnar hafi sótt um aðild að Evrópusambandinu af ýmsum ástæðum, þá er þar ein ástæða öllum öðrum mikilvægari, en sú ástæða tengist öryggismálum. Meginástæðan fyrir því að Finnar sóttu um aðild að Evrópusambandinu var sú að með því töldu þeir sig tryggja öryggishagsmuni sína. En voru í þeim samningum um inngöngu sem Finnar gerðu við Evrópusambandið einhver ákvæði sem tryggðu öryggishagsmuni þeirra? Nei. Í þeim aðildarsamningum voru engin tryggingarákvæði að því er varðar öryggismál og Evrópusambandið telur sig nú ekki skuldbundið til þess að tryggja öryggishagsmuni Finna.

Hins vegar er vitað mál að Maastricht-samkomulagið gengur út á aukið samstarf í öryggismálum og þess vegna verður að viðurkenna að Evrópusambandið, og þá ekki síst NATO-ríkin innan Evrópusambandsins, er í mjög sérkennilegri stöðu að því er varðar Finna ef til þess kæmi að á ný

yrðu þær aðstæður í Austur-Evrópu að Finnar teldu sínum öryggishagsmunum með einhverjum hætti ógnað. Það er ljóst að Evrópusambandið gæti ekki leitt þau hagsmunamál Finna hjá sér þótt engar skuldbindingar séu í aðildarsamning Finna að Evrópusambandinu. Þarna er því um mjög óljósar skuldbindingar Evrópusambandsins að ræða, en þó er ljóst að Finnar meta þær mjög mikils í sambandi við sín öryggismál. Hvers vegna nefni ég það sem möguleika að þarna kæmu upp vandamál að því er varðar þá sameiginleg landamæri Finna og Rússa? Ég nefni það vegna þess að í árásarstríði sem Sovétríkin stóðu að gegn Finnlandi voru mjög veruleg landsvæði tekin af Finnum og lögð undir Sovétríkin og eins og staðan er í dag eru þessi landsvæði innan Rússlands. Þessi mál hafa ekki verið opinberlega skilgreind sem deilumál á milli Finna og Rússa. Þó er það svo að nokkur hluti finnsku þjóðarinnar lítur svo á að þarna sé óleyst vandamál. Þetta nefni ég hér til þess að varpa ljósi á hversu flókin öryggismál Evrópu eru í raun orðin og hvernig þróun og útvíkkun Evrópusambandsins gegnir á vissan hátt millistigshlutverki í þeirri þróun sem hér var sérstaklega til umræðu, þ.e. útvíkkun Atlantshafsbandalagsins.

Þetta á við um fleiri ríki sem nú eru nýlega gengin í Evrópusambandið. Þau koma til með að njóta einhvers konar öryggis. Þótt þær skuldbindingar sem á bak við það standa séu mjög óljósar, gildir það einkum um önnur aðildarríki Evrópusambandsins sem ekki eru í NATO. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég held að það sé rétt að þegar menn velta fyrir sér þeim skrefum sem verið er að stíga í sambandi við öryggismál af hálfu NATO er einnig verið að búa til sveigjanleika í öryggismálum á öðrum vettvangi. Það er hluti af því sem Evrópusambandið er að gera með sinni útfærslu og fellur alveg heim og saman við það hlutverk sem skilgreint er sem markmiðsatriði í Maastricht-samkomulaginu.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 336. mál. — Þskj. 591.

[16:24]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég kynni hér skýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1995.

Starf þingmannanefndarinnar á síðasta ári tók mikið mið af þeim breytingum sem EFTA hefur gengið í gegnum á undanförum missirum. Þar ber að sjálfsögðu hæst inngöngu þriggja EFTA-ríkja í Evrópusambandið, þ.e. Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar. Eins olli atkvæðagreiðslan í Noregi og umsókn Norðmanna um aðild að Evrópusambandinu allmiklum breytingum hjá EFTA á meðan ekki lá fyrir hvað um það mál yrði.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir EFTA. Við stofnun Evrópska efnahagssvæðisins var ákveðið að þingmannanefnd EFTA skyldi jafnframt verða EFTA-hlutinn af þingmannanefnd EES og hefur hún í því hlutverki haft samband og samstarf við fulltrúa Evrópuþingsins eða þings Evrópusambandsins. Þá hefur þingmannanefnd EFTA einnig haft samstarf við þing úr ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og þetta samstarf hefur aukist á undanförnum árum.

Það má segja að EFTA hafi nú þríþætt hlutverk og starf þingmannanefndarinnar tekur mið af því. Í fyrsta lagi hefur EFTA það hlutverk að rækja tengsl EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið og að fylgjast með EES-samningnum og þeim atriðum sem varða framkvæmd hans. Í öðru lagi fylgist EFTA með framkvæmd EFTA-samningsins upphaflega. Og í þriðja lagi hefur EFTA staðið í gerð fríverslunarsamninga við lönd utan EES fyrir hönd EFTA-ríkjanna.

Þingmannanefnd EFTA hefur að sjálfsögðu minnkað nokkuð við útgöngu þriggja EFTA-ríkja en EFTA-nefndina gömlu mynda fimm fulltrúar frá hverju EFTA-ríkjanna. EFTA-megin í þingmannanefnd EES eru tólf fulltrúar sem hitta síðan tólf fulltrúa frá Evrópuþinginu og hefur Ísland fjóra fulltrúa af þessum tólf.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir 66 þingmönnum í EES-nefndinni, 33 hvorum megin frá, en það hefur orðið að samkomulagi að mæta einungis með 12 frá hvorum aðila.

Í skýrslunni kemur fram hverjir skipuðu þingmannanefndina fyrir og eftir kosningarnar í apríl. Ef ég fer aðeins yfir störf nefndarinnar vil ég fyrst geta þess að þingmannanefnd EFTA hefur á sl. ári rætt hlutverk EFTA til lengri tíma og þá í ljósi þess að Slóvenía hefur sýnt áhuga á umræðum um tengsl við EFTA og jafnvel látið í það skína að það kæmi til greina að sækja um aðild að samtökunum. Um þetta hefur verið mikið fjallað á vettvangi þingmannanefndarinnar og niðurstaðan varð sú að gera um þetta ákveðna skýrslu þar sem skoðanir nefndarinnar kæmu fram. Á fundi þingmannanefndarinnar í Triesenberg í Liechtenstein 20. og 21. nóv. var samþykkt sameiginleg skýrsla þar sem lýst er þeirri skoðun þingmannanefndarinnar að EFTA skuli í grundvallaratriðum vera opin samtök, án þess að samtökin séu beinlínis að sækjast eftir nýjum aðilum.

Í skýrslunni er rakið hvaða málefni hafa að öðru leyti verið til umfjöllunar í þingmannanefndinni og ég hygg að það sé í sjálfu sér ekki þörf á að ræða þau sérstaklega nema einhver hafi áhuga á að spyrja um eitthvað sem þar kemur fram.

[16:29]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 360. mál, frv. SvG, þskj. 629.

Flugmálaáætlun 1996–1999, 365. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 640.

Kjörfundir erlendis, 362. mál, fsp. GÁS, þskj. 631.

Póstlög, 364. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 639.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, 357. mál, frv. samgn., þskj. 622.

Störf dómara á vegum framkvæmdarvaldsins, 290. mál, svar dómsmrh., þskj. 619.

Verðbréfasjóðir, 98. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 634.

Verðbréfaþing Íslands, 101. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 635.

Evrópuráðsþingið 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 338. mál. — Þskj. 593.

[16:31]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í fjarveru hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, sem er formaður sendinefndar Alþingis á þingi Evrópuráðsins, mæli ég fyrir skýrslu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1995 og einnig að nokkru leyti umfjöllun okkar um þá atburði sem orðið hafa á vettvangi Evrópuráðsins á fyrsta mánuði þessa árs.

Í upphafi læt ég það koma fram að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur síðan hún tók við forustu í sendinefnd Íslands á þingi Evrópuráðsins leitt sendinefndina af miklum skörungsskap og það er ánægjulegt að verða vitni að því að þátttaka Íslands í starfi Evrópuráðsins er nú mun meiri en hún hefur löngum verið áður. Hv. þm. sem er formaður sendinefndarinnar er m.a. fjarverandi nú vegna þess að hún veitir forustu einni af nefndum þingsins, hún hefur verið kosin tvívegis formaður nefndarinnar og þarf þess vegna að sinna þeim skyldustörfum þegar umræðan fer hér fram.

Ég átti þess kost fyrir rúmum tíu árum að sækja þing Evrópuráðsins í um það bil fjögur ár og þess vegna var mjög fróðlegt að koma til baka eins og ég gerði síðasta vetur og sjá þær miklu breytingar sem þar hafa orðið. Satt að segja finnst mér að bæði á Alþingi, í fjölmiðlum og víðar í þjóðfélaginu skorti nánast algerlega skilning á því hve afgerandi þær breytingar hafa orðið sem setja nú svip sinn á þing og starfsemi Evrópuráðsins. Það er oft og tíðum sagt í opinberri umræðu að Ísland sé í þeirri hættu að einangrast frá umræðu um þróun Evrópu. Hér eru haldnir fundir, ráðstefnur, skrifaðar greinar og haldnar ræður sem fela það í sér að við séum að einangrast frá Evrópu vegna þess að við séum ekki aðilar að Evrópusambandinu. Í þessari umræðu finnst mér skorta skilning á því að Evrópuráðið er nú með aðild ríkja Mið- og Austur-Evrópu orðið víðtækasti vettvangur Evrópusamvinnunnar.

Nú eru 39 Evrópuríki fullgildir þátttakendur í starfi Evrópuráðsins. Sú þátttaka felur í sér að fjórum sinnum á ári koma þjóðkjörnir þingmenn frá þjóðþingum þessara 39 ríkja saman í Strassborg til þess að ræða og síðan greiða atkvæði um mikinn fjölda mála sem þar eru tekin fyrir, mála sem snerta mannréttindi, félagslega þróun, efnahagsmál, öryggismál, lýðræði og fjölmargt annað. Auk þessara fjögurra funda, sem standa hver um sig í heila vinnuviku, starfa nefndir þingsins á þann hátt að þær halda bæði í Strassborg, París og annars staðar í Evrópu mikinn fjölda nefndafunda allt árið. Alþingi Íslendinga er þess vegna nú mjög virkur þátttakandi í mjög fjölþættu starfi þjóðþinga 39 Evrópuríkja.

Frá er greint á forsíðu Morgunblaðsins í dag að í gær hafi utanríkisráðherra Rússlands undirritað formlega aðild Rússlands að Evrópuráðinu. Rússland kemur þar í kjölfarið á Eystrasaltsríkjunum, á Úkraínu, á Moldavíu, á Albaníu og ýmsum öðrum ríkjum auk Póllands, Tékkóslóvakíu, Rúmeníu, Búlgaríu og fjölmargra annarra. Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á því hvort Rússland hafi átt að gerast aðili að Evrópuráðinu eður ei er alveg ljóst að sá veruleiki sem staðfestur var í gær með undirritun utanrríkisráðherra Rússlands, ekki aðeins á aðildarsamningi Evrópuráðsins heldur einnig mannréttindasáttmála Evrópu, felur í sér grundvallarbreytingu á samstarfi í Evrópu. Rússneskir þingmenn og rússneskir ráðherrar, embættismenn og aðrir munu með fullum rétti taka þátt í að meta þau mál sem koma til afgreiðslu bæði á þingi Evrópuráðsins og í ráðherranefndinni.

Það sem er ekki síður mikilvægt og mér virðist nánast ávallt hafa gleymst í umræðunni hjá okkur er að nú getur hver einasti borgari ekki bara í Rússlandi heldur í öllum öðrum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu vísað málum sínum til mannréttindanefndar og mannréttindadómstóls Evrópu ef viðkomandi einstaklingur telur á sér brotið af valdhöfum lands síns. Við höfum séð það hjá okkur hvernig málssókn einstaklings á Akureyri varð til þess að stofnanir Evrópuráðsins, mannréttindadómstóllinn og aðrar stofnanir, knúðu Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn til að breyta í grundvallaratriðum þrískipan ríkisvalds í landi okkar. Með nákvæmlega sama hætti veitti undirritun utanríkisráðherra Rússlands í gær sérhverjum einstaklingi Rússlands rétt til þess að vísa málum sínum til þessara evrópsku mannréttindastofnana.

Það er líka ljóst að flestir sérfræðingar og stjórnmálamenn eru sammála um að forsendan fyrir öryggi og friði í álfunni felst ekki fyrst og fremst í hernaðarlegum styrk heldur felst hún í lýðræðisþróuninni og mannréttindaþróuninni í álfunni. Með því að taka Rússland og önnur ríki Austur- og Mið-Evrópu inn í hið lýðræðislega samfélag Evrópuráðsins er verið að stíga veigamikið skref til að stuðla að því að lýðræðisþróunin og mannréttindaþróunin í þessum heimshluta geti orðið sá grundvöllur sem gerir okkur kleift að þróa og byggja nýtt öryggiskerfi í álfunni.

Hér heima hafa menn hins vegar ríka tilhneigingu til þess að telja að Evrópusambandið og jafnvel Atlantshafsbandalagið séu meginstofnanirnar í þessari þróun en ég tel rétt að láta þá skoðun í ljósi að sú reglubundna starfsemi sem fer fram allt árið á vettvangi þings Evrópusambandsins og mannréttindastofnana og dómstóla Evrópuráðsins séu veigameiri þættir í þessari þróun en við höfum gert okkur skýra grein fyrir heima.

Ég nefni þetta í upphafi því mér finnst nokkuð skorta á um það að Alþingi Íslendinga og kannski líka ríkisstjórn hafi tekið mið af því í fjárveitingum að þessi grundvallarbreyting hefur orðið á eðli Evrópuráðsins. Evrópuráðsþingið og aðrar stofnanir Evrópuráðsins, m.a. ráðherranefndin, er nú sá vettvangur sem veitir íslenskum stjórnvöldum, bæði Alþingi og ríkisstjórn beinastan aðgang að ráðamönnum ríkja Austur- og Mið-Evrópu, hvort sem það er vegna stjórnmálalegra sjónarmiða eða efnahagslegra hagsmuna.

Einnig er rétt að geta þess að nýlega óskuðu Bandaríkin, Kanada og Japan eftir formlegri áheyrnaraðild að Evrópuráðinu. Mér fannst satt að segja mjög merkilegt sl. mánudag, þegar ég átti þess kost á fundi í efnahags- og þróunarnefnd Evrópuráðsins að fylgjast með ítarlegri umfjöllun sem þar fór fram um starfsemi Evrópubankans, þess banka sem settur var á laggirnar til þess að stuðla að efnahagslegum framförum í Austur-Evrópu, að sjá öfluga sendinefnd frá þjóðþingi Kanada vera mætta á þennan nefndarvettvang Evrópuráðsins til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og það sem meira var, að sjá þar einnig fyrrum utanríkisráðherra Mexíkó, öldungardeildarþingmanninn Solana, kominn til fundarins á grundvelli þeirra tengsla sem Mexíkó hefur sem aðildarríki að OECD að umfjöllun efnahagsnefndar Evrópuráðsins. Árlega fjallar efnahagsnefnd Evrópuráðins um málefni OECD og þá mæta einnig til þeirrar umfjöllunar þingmenn frá Japan, frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi og nú einnig Mexíkó auk Bandaríkjanna.

Það er líka rétt að menn hafi það í huga að samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Evrópubankans, sem er öflugasti fjárfestingaraðilinn í ríkjum Austur-Evrópu og Evrópuráðsins, gegnir þing Evrópuráðsins nú því hlutverki að vera hinn lýðræðislegi umfjöllunarvettvangur bankans. Jacques de Larosière bankastjóri, sem tók við af hinum fræga Attali, gefur einu sinni á ári Evrópuráðsþinginu skýrslur um starfsemi bankans úr efnahags- og þróunarnefnd Evrópuráðsins, leggur þá fyrir þingið gagnrýna skýrslu um starfsemi bankans. Það er þess vegna misskilningur sem kemur fram hjá mörgum að Evrópuráðið sé á engan hátt vettvangur fyrir efnahagsmál og þá hagsmuni sem tengjast þróun viðskipta og efnahagslegra samskipta. Þvert á móti hefur Evrópuráðið um langa hríð verið vettvangur til þess að fjalla um málefni OECD og þau efnahagslegu málefni sem þar eru tekin til meðferðar en hefur einnig vegna breytinganna í Austur-Evrópu tekið í auknum mæli að sér það hlutverk að vera vettvangur fyrir efnahagslega umræðu um málefni ríkja Austur-Evrópu.

Það er líka mjög athyglisvert að í aðdraganda ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins hefur Evrópuráðið tekið ákvörðun um að fjalla ítarlega um þær tillögur sem fram hafa komið og munu koma fram á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins. Hvers vegna? Jú, til að gefa þingmönnum ríkja utan Evrópusambandsins formlega, ég legg áherslu á það, formlega aðild að umfjöllun um þá tillögugerð sem fram kemur á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins því að með umfjöllun nefnda Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins um þessi málefni gefst þingmönnum frá öllum þeim ríkjum Evrópu sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri varðandi þá þróun.

Það er einnig ánægjulegt fyrir okkur að hin norrænu ríki hafa sögulega séð gegnt mikilvægu hlutverki innan Evrópuráðsins. Það var þess vegna ánægjulegt fyrir okkur íslensku fulltrúana að verða vitni að því að hv. þm. Geir Haarde flutti Evrópuráðsþinginu á sl. sumri formlega skýrslu og ávarp fyrir hönd Norðurlandanna og þingmannasamstarfs Norðurlanda. Kannski hefur Norðurlandaráð með vissum hætti vanrækt að rækja þann vettvang sem felst í Evrópuráðinu. Ég get fallist á það að hér áður fyrr var ekki mikil ástæða til þess fyrir Norðurlandaráð sérstaklega að rækja þennan vettvang. En með þeim breytingum sem orðið hafa á Evrópuráðinu finnst mér fyllilega koma til greina að forusta Norðurlandaráðs íhugi að koma á fót, í kjölfarið á heimsókn hv. þm. Geir Haarde til þings Evrópuráðsins sl. sumar, reglulegum samskiptum milli Norðurlandaráðs og Evrópuráðsþingsins. Það getur verið eitt tæki af mörgum til að viðhalda samstöðu Norðurlandanna á gömlum grunni þrátt fyrir aðild sumra þeirra að Evrópusambandinu.

Eins og fram kemur í skýrslu sendinefndarinnar, Íslandsdeildarinnar á Evrópuráðsþinginu, eru þau umfjöllunarefni sem þar eru tekin fyrir ærið margbreytileg. Ég hef vikið lítillega að efnahagsmálum, viðskiptamálum, atvinnuleysi og samskiptum ríkja í norðri og suðri, en allir þessir þættir eru ítarlegir umfjöllunarþættir á vettvangi Evrópuráðsins. Reyndar má einnig geta þess hér að Evrópuráðið hefur sett á laggirnar svokallaða norður-suður miðstöð eða North-South Center sem hefur aðsetur í Lissabon og ríkisstjórn Portúgals hefur lagt mikið kapp á að efla. Þessari stofnun er ætlað að vera samskiptavettvangur Evrópuráðsríkjanna annars vegar og þjóðanna í suðri, sérstaklega í Afríku og Asíu og Mið-Austurlöndum hins vegar. Flest Norðurlönd hafa gerst aðilar að þessari stofnun og mér finnst fyllilega koma til álita að Ísland geri það einnig. Það hefur ekki mikil útgjöld í för með sér. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef mundi það krefjast á bilinu 500–600 þús. kr. árlegs framlags af hálfu Íslands, en á grundvelli formlegrar aðildar gætu bæði æskulýðssamtök, einstaklingar, fjölmiðlafólk, fulltrúar almannasamtaka og fjölmargir aðrir komið að því merka starfi sem fer fram í norður-suður miðstöðinni í Lissabon.

Af ýmsum öðrum málum sem tekin eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópuráðsins má nefna umhverfismál, málefni sveitarstjórna og héraða, fólksfjöldamál, mannréttindamál af hvaða tagi sem er, auk þess virka eftirlits sem fram fer varðandi pólitíska þróun og þróun mannréttinda í nýjum aðildarríkjum, þ.e. ríkjum Austur-Evrópu. Greinilegt er að samþykktir og formleg afstaða Evrópuráðsins til þeirrar þróunar getur haft úrslitaáhrif í að knýja á um breytingar í átt að meira lýðræði og traustari mannréttindum. Við skulum í þessu sambandi ekki gleyma því að samkvæmt lögum Evrópuráðsins er ekki aðeins heimilt, heldur hefur því einnig verið beitt, að vísa ríki úr þingi Evrópuráðsins um ákveðinn tíma með formlegum hætti ef ríkið gerist brotlegt gegn mannréttindum og lýðræði. Þessum ákvæðum var beitt gagnvart Tyrkjum á sínum tíma þegar herforingjarnir tóku völdin þar. Það var mikið hitamál en leiddi til þess að þingmönnum frá Tyrklandi sem ekki voru kosnir með lýðræðislegum hætti var vísað út úr sal Evrópuráðsins í Strassborg og þeir fengu þar ekki sæti á nýjan leik fyrr en fullgilt lýðræði hafði tekið við í Tyrklandi. Það sama var einnig gert varðandi Grikkland.

Ég held að það sé mikilvægt að hafa í huga að þetta refsivald, þetta formlega refsivald, er í höndum Evrópuráðsins ef stjórnvöld eða herforingjar eða önnur öfl í ríkjum Mið- eða Austur-Evrópu ætla að brjóta niður lýðræðisþróunina eða mannréttindaþróunina í þessum ríkjum. Þar er þess vegna ekki aðeins um það að ræða að Evrópuráðið sé að veita Rússlandi eða öðrum ríkjum í Mið- eða Austur-Evrópu ákveðna viðurkenningu fyrir þann árangur sem þau hafa náð með formlegri aðild, heldur er Evrópuráðið einnig að fá ákveðið agavald með formlegum hætti yfir þeirri þróun. Valdhafarnir í þessum ríkjum vita að það er ekki aðeins að þeir þurfi að svara á hverju ári formlegum spurningum sem sendar eru til þeirra frá mannréttinda- og laganefnd og öðrum stofnunum Evrópuráðsins, heldur eiga þeir á hættu, ef þeir brjóta gegn grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda, að það komi fram tillögur á vettvangi Evrópuráðsins um að vísa þeim úr samtökunum. Það væru mjög alvarleg vegamót fyrir viðkomandi ríki vegna þess að það væri formleg tilkynning til heimsbyggðarinnar um að mistekist hefði að koma á lýðræði og mannréttindum í viðkomandi landi.

Virðulegi forseti. Ég hef að nokkru leyti vikið að ýmsum þeim þáttum sem snúa að starfsemi Evrópuráðsins. Áherslur mínar taka kannski nokkurt mið af því að ég get borið þessa starfsemi saman við þann tíma þegar kalda stríðið var enn ráðandi afl í okkar heimshluta og Evrópu var skipt í tvær blokkir sem stóðu gráar fyrir járnum með gerólíkt þjóðskipulag og þann tíma sem blasir við nú.

Ég vil að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi að Evrópuráðið er mikilvægasti vettvangur Alþingis og íslenskra stjórnvalda til þess að taka þátt í og fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, efnahagsþróuninni og lýðræðisþróuninni í Evrópu. Það er þess vegna mjög mikilvægt að Alþingi ræki skyldur sínar vel í þessum efnum og við komum því þannig fyrir að þeir sem starfa á þessum vettvangi hafi

möguleika og getu til þess að halda á málefnum Íslands af reisn.

Það er að lokum einnig vert að geta þess að við höfum orðið varir við það, þingmenn í íslensku sendinefndinni á þessum vettvangi, að ýmsir þingmenn Eystrasaltsríkjanna hafa uppi hugmynd um óformlegt samstarf þingmanna svokallaðra smáríkja í Evrópu. Þar á meðal er Landsbergis sem við þekkjum vel í þessum sal og er eftirminnilegt þegar hann var hér uppi á pöllum sem sérstakur gestur íslenskra stjórnvalda við setningu Alþingis áður en ríki hans hlaut sjálfstæði og gat fagnað lýðræði. Þá sýndu íslensk stjórnvöld og Alþingi þessum forustumanni lýðræðishreyfingarinnar í Eystrasaltsríkjunum þá virðingu að bjóða honum að vera viðstaddur þingsetningu. Við höfum ekki tekið afstöðu til þessarar hugmyndar en í ljósi þeirra orða sem fallið hafa í dag um mikilvægi Eystrasaltsríkjanna og þeirrar samstöðu sem við Íslendingar höfum sýnt þeim hef ég ásamt öðrum fulltrúum Íslands á þingi Evrópuráðsins verið jákvæðir gagnvart henni. Það er ljóst að sum þessara ríkja, m.a. Eystrasaltsríkin, finna sig nú nokkuð vanmáttug gagnvart t.d. Rússlandi. Áður voru það ýmis stærri ríki Mið-Evrópu. Ég nefni ríki eins og Úkraínu sem dæmi. Þau finna tilhneigingu Breta, Frakka, Þjóðverja, Ítala og annarra að horfa fyrst og fremst á hin stærri ríki Mið- og Austur-Evrópu þegar verið er að vega og meta samskipti og málefni. Þess vegna finnst mér það koma til álita að við tökum þátt í að þróa slíkan sameiginlegan, óformlegan vettvang þingmanna smáríkja innan Evrópuráðsins. Það er einnig mikilvægt áður en við tökum slíka formlega ákvörðun að ræða þetta mál, bæði hér í þingsal og á vettvangi utanrmn., þannig að við vissum að við hefðum stuðning Alþingis í þeim efnum.

[16:57]

Útbýting þingskjala:

Upplýsingalög, 361. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 630.

Verðbréfasjóðir, 98. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 633.

Verðbréfaviðskipti, 97. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 637; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 638.

Verðbréfaþing Íslands, 101. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 636.

[16:57]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka frsm. fyrir hans ágætu og athyglisverðu greinargerð um störf Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og önnur þau störf sem tekin hafa verið fyrir á liðnu starfsári á þeim vettvangi. Það er ljóst að Evrópuráðsþingið, eins og aðrar þær stofnanir og samtök sem hér eru til umræðu, hefur verið að taka miklum breytingum á undanförnum árum og það er athyglisvert að velta því fyrir sér að á vettvangi Evrópuráðsþingsins og á vettvangi ÖSE-þingsins og að hluta til á vettvangi þings Atlantshafsbandalagsins sitja nú meira og minna sömu þjóðirnar, Rússar eru að vísu ekki með í NATO en þeir eru með í friðarsamstarfsáætluninni. Bandaríkjamenn og Kanadamenn eru auðvitað ekki með í Evrópuráðinu en þeir hafa lagt þar mjög við hlustir eins og fram kom í máli frsm. og eru áhugasamir um að fá tækifæri til að fylgjast þar með. Þetta leiðir hugann að umræðunum fyrr í dag um verkaskiptingu þessara samtaka allra saman og að menn gæti þess að verkefnin skarist ekki.

Sjálft Evrópuráðið er að sjálfsögðu afar merkilegur vettvangur þar sem menn hafa haldið uppi merki mannréttinda um áratuga skeið og fylgt þeim málum eftir til að mynda með þeim hætti sem frsm. vék að. Löndum hefur verið vikið úr samtökunum, í það minnsta einu landi á þessu tímabili, fyrir að hafa ekki staðist prófið að því er varðar mannréttindi. Það úrræði hafa menn auðvitað gagnvart Rússlandi sem nú er orðið aðili að samtökunum. Það er ástæðulaust að deila um hvort sú ákvörðun var rétt eða röng að hleypa Rússum inn í þessi samtök fyrir nokkrum vikum síðan. Það er búið og gert. En úr því að það var gert verða menn að reyna að nota allt það sem Evrópuráðið býður upp á, ekki bara til að hjálpa Rússum að byggja upp lýðræðislegt þjóðfélag sem byggir á virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum heldur líka að halda þeim við efnið, veita þeim aðhald til að svo megi verða. Það er vissulega athyglisverð staðreynd sem fram kom m.a. hjá framsögumanni að nú geta nefndir á vegum Evrópuráðsins ferðast um Rússland til að fylgjast með því hvernig á þessum málum er haldið. Ég hef tilhneigingu til að halda að þessi leið sé ekki síður líkleg til að ná þeim árangri að gera Rússland að alvörulýðræðsríki en hin að halda þeim fyrir utan samtök eins og Evrópuráðið.

Í þessu máli verða allir lýðræðissinnaðir menn í hinum vestræna heimi að leggjast á eitt til að tryggja að lýðræði, virðing fyrir mannréttindum, fjölflokkaskipulag og réttarríkið nái öruggri fótfestu í Rússlandi. Það er allt of mikið í húfi ella, m.a. gagnvart því máli sem við hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddum hér fyrr í dag varðandi Eystrasaltslöndin því að við þekkjum þá staðreynd að lýðræðisleg ríki eru miklu ólíklegri til að standa í ófriði en einræðisríkin.

Ég ætla ekki að teygja lopann, herra forseti, en vík að einu atriði sem fram kom í máli framsögumanns, þ.e. sambandinu milli Norðurlandaráðs og Evrópuráðsins. Hann vék að heimsókn minni þangað í sumar þegar ég gegndi störfum forseta Norðurlandaráðs. Hann hafði lög að mæla í því efni. Það er mikilvægt að tengja þessi samtök saman. En það hefur verið gert og forsætisnefndir beggja samtaka hafa hist reglulega nú um nokkurra ára skeið. Ég man eftir slíkum fundum alveg frá 1992 eftir að ég kom til starfa á vettvangi Norðurlandaráðs og svona nokkurn veginn árlega síðan, nú síðast í desember sl. í Kaupmannahöfn, þannig að það er þarna ákveðið samstarf. Umræður eiga sér stað milli þessara aðila og vissulega finnast þingmenn á þingum Norðurlandanna sem starfa á báðum stöðum. Samstarfið er sem sagt formlega fyrir hendi. Ég held að það sé full ástæða til að festa það enn frekar í sessi. Ég tel að vettvangurinn fyrir það sé kominn innan Norðurlandaráðs með því að þar var sett á laggirnar sérstök nefnd um Evrópumálefni sem hefur það meginverkefni að sinna evrópskum málefnum, bæði þeim sem varða Evrópusambandið og stofnanir þess en ekki síður Evrópuráðið og verkefnin sem þar er að finna. Þetta vildi ég að kæmi fram í ljósi þess sem framsögumaður nefndi um þetta atriði.

[17:03]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að þakka fyrir framsögu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um skýrslu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1995. Hún segir rétt og vel frá störfum Íslandsdeildarinnar og störfum Evrópuráðsþingsins. Ég vil gera að umtalsefni nokkur atriði í skýrslunni og bæta við þá umfjöllun almennum hugleiðingum um hlutverk Evrópuráðsþingsins, Evrópuráðsins og samstarfs Íslendinga við Evrópuþjóðirnar.

Það er svo að þing Evrópuráðsins er rótgróin stofnun þar sem menn stunda mjög öguð vinnubrögð. Sem slíkt er þing Evrópuráðsins því góður skóli fyrir þingmenn í

milliríkjasamskiptum og í störfum stórra samtaka eins og Evrópuráðsins og þings Evrópuráðsins. Þar er málflutningur allur með mjög vönduðum hætti og starf allt í afar föstum skorðum. Og fyrir þá sem hafa haft tækifæri til að bera saman þingmannasamkundur Atlantshafsbandalagsins, ÖSE og Evrópuráðsins verður að segjast eins og er að vinnubrögðin öll á vettvangi Evrópuráðsþingsins eru til mikillar fyrirmyndar, jafnvönduð og vinnubrögðin innan þingmannasamkundu Atlantshafsbandalagsins eru. (**Gripið fram í:** Enda ættuð úr franska þinginu.) Uppruninn er reyndar ekki svo einfaldur og hv. þm. sem hér kallar fram í vill vera láta. En ekki skal ég hafa af Frökkum þann heiður að hafa mótað þessi störf meira en aðrir.

Þessi vönduðu vinnubrögð koma fram í því hvernig búið er að þingmönnunum, hvernig búið er að nefndunum og hvernig umfjöllun mála fer fram í nefndarstarfinu. Ég vil taka sem dæmi um eitt af þeim málum sem eru mjög mikilvæg og eru nú til umfjöllunar í Evrópuráðsþinginu í samvinnu fimm nefnda þingsins, en það er umfjöllun sem hófst á vegum nefndar sem formaður Íslandsdeildarinnar, Lára Margrét Ragnarsdóttir, er formaður fyrir. Þessi nefnd annast almannatengsl og þingleg tengsl Evrópuráðsþingsins. Þar er verið að fjalla um upplýsingasamfélagið og lýðræði á mjög athyglisverðan máta. Upphaflega var þessari nefnd falið að semja skýrslu um málið. Þegar skýrslan var tilbúin í drögum komu aðrar nefndir þingsins að málinu og birtu álit á þessari skýrslu. Skýrslan fjallar um mjög flókið viðfangsefni, viðfangsefni sem er í gerjun og mótun. Lyktir málsins urðu þær í bili að skýrslan um lýðræðið og upplýsingasamfélagið var send aftur til nefndarinnar til frekari úrvinnslu. En þegar litið er á þau gögn málsins sem nú liggja fyrir, þ.e. skýrsluna annars vegar og álitsgerðirnar hins vegar, er þar að finna afskaplega gagnlega og fræðandi umfjöllun um málið. Það má gera ráð fyrir því að þegar málið verður komið í lokavinnslu, fáist út úr þessu mjög gagnlegt yfirlit yfir þennan málaflokk sem íslenska ríkisstjórnin hefur reyndar sett í vinnslu einnig. Þannig má segja að þau ummæli sem komu fram áðan að Evrópuráðsþingið sé uppeldisstofnun í þingræði og samskiptum ríkja séu alveg hárrétt. Þessi stofnun hefur miklu uppeldishlutverki að gegna og virkar vel á því sviði.

Að því er varðar möguleika Íslendinga til að nýta Evrópuráðsþingið til að koma að ýmsum málum sem við höfum ekki beinan aðgang að heldur aðeins óbeinan, eins og t.d. þróuninni innan Evrópusambandsins, þá tek ég undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það er mjög mikilvægur vettvangur fyrir okkur. Og það er mjög mikilvægt að við nýtum hann vel til að reyna að komast að þessari umfjöllun. Ég tel nauðsynlegt að það gerist með víðtækari hætti en gert er ráð fyrir í Evrópuráðsþinginu nú. Það er rétt að ákveðnar nefndir Evrópuráðsþingsins koma að þessu máli en ég lít svo á að það sé æsklegt að koma að því með beinni og almennari hætti en þar er gert ráð fyrir. Ég tek fram að í umfjöllun danska þingmannsins Helle Degn um þetta mál kom í ljós athyglisverð og sérstök afstaða Dana til málsins. Hún kemur einnig fram í undirbúningi Dananna að ríkjaráðstefnu ESB þar sem þeir leggja áherslu á að það sé mjög mikilvægt að upp úr ríkjaráðstefnunni komi ný vinnubrögð og nýjar hugmyndir um það á hvaða grundvelli samstarf Evrópuríkjanna eigi að verða innan ESB þegar það færir út kvíarnar og að það sé ekki hægt að nálgast vandann á grundvelli Maastricht-samkomulagsins. Það verður að nálgast hann á nýjum forsendum. Það er ekki verið að tala um aðlögun að grundvelli Rómarsáttmálans og Maastricht-samkomulagsins heldur um að nálgast þetta á nýjum grundvelli. Þetta er afar merkilegur tónn og sérstakur. Það hefur ekki verið tekið undir hann af leiðandi þjóðum Evrópusambandsins. En þetta er merkilegur tónn og það er merkilegt að hann skuli koma frá skandinavískri þjóð. Ég held að það sé rétt að við fylgjumst mjög náið með því hvaða tón skandinavísku þjóðirnar gefa nú í undirbúningi þeirra að þessari ríkjaráðstefnu. Það er líka mikilvægt að við komum einhvern veginn að vettvangi þar sem við getum túlkað okkar eigin skoðanir í þessu máli vegna þess að það er mikilvægt að ESB-þjóðirnar, Evrópusambandsþjóðirnar, heyri álit okkar á því hvernig þróunin er innan Evrópusambandsins. Það er ekki neitt einkamál þeirra hvernig Evrópusambandið þróast. Ríkjaráðstefnan er ekkert einkamál Evrópusambandsríkjanna.

Það er hins vegar svo að það skortir mikið á að nægileg umfjöllun hafi verið á vettvangi Evrópuráðsþingsins um þau málefni sem það á að fjalla um og snerta ESB. Eitt af sérstökum viðfangsefnum Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins eru mannréttindamál og lýðræði. Evrópuráðsþingið og Evrópuráðið hafa sett sig á háan hest gagnvart ríkjum eins og t.d. Úkraínu varðandi atriði sem eru talin grundvallaratriði lýðræðisins eins og aðskilnaður valdsins. Evrópuráðsríkin hafa sett sig á háan hest gagnvart fleiri en einu ríki sem nú eru aðilar að Evrópuráðinu vegna þess að aðskilnaður valdsins sé þar ekki nógu skýr. En það hefur ekki borið mikið á umfjöllun um það sem gengur undir nafninu „hallarekstur lýðræðisins í Evrópusambandinu". Það er að vísu komið inn á þetta atriði en það er ekki fjallað um það sem einhvers konar formlegt brot á grundvallarreglum Evrópuráðsins. Þó er það svo, svo dæmi séu tekin, að löggjöf Evrópusambandsins á sér ekki uppsprettu í löggjafarsamkundu Evrópusambandsins, Evrópuþinginu. Löggjöfin á sér uppsprettu í framkvæmdarvaldinu. Það er svo sérstakt að þegar maður veltir fyrir sér hvaða stöðu þjóðþingin hafa til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og einnig hvaða stöðu Evrópuþingið hefur til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald í þessari löggjöf, þá kemur það í ljós að þjóðþingin sjálf eru kölluð til þess verks að fullgilda ákvarðanir Evrópusambandsins, tilskipanirnar, sem leiða til löggjafar. Þar með bera þjóðþingin þinglega ábyrgð á þessari löggjöf en geta ekki breytt henni.

Það skín út úr nokkrum skýrslum sem hafa verið skrifaðar um þessi efni nákvæmlega, þessi afmörkuðu efni, að þjóðþingin hafa ekki tök á því að breyta þeirri löggjöf sem þau bera samt þinglega ábyrgð á. Hins vegar getur Evrópuþingið orkað á löggjöfina til breytinga en Evrópuþingið ber þó ekki þinglega ábyrgð á þessum breytingum eða löggjöfinni sem slíkri þannig að það er um margt mjög sérkennilegt hvernig starfað er að því að móta löggjöf innan Evrópusambandsins. Á vissan hátt er hægt að fullyrða að það sé ekki gert með fullri virðingu fyrir þeim grundvallarsjónarmiðum sem Evrópuráðið virðir og leggur til grundvallar starfi sínu. Þetta er mikilvægt atriði vegna þess að Evrópusambandið er eiginlega á gráu svæði þegar á heildina er litið. Það er eiginlega eins konar milliríkjasamstarf þar sem ríkisstjórnir fara með leiðandi hlutverk í samstarfinu en á sama tíma er þarna um að ræða eins konar sambandsríki, a.m.k. er þarna um að ræða fyrirbæri sem kalla má að sé að þróast í átt til sambandsríkis. Það verður því á mörgum sviðum milli vita í þessum efnum sem snerta einmitt grundvallarsjónarmið og

grundvallarreglur Evrópuráðsins og þau málefni sem eru til umfjöllunar á Evrópuráðsþinginu.

Af því að ég sé að tími minn er orðinn naumur vil ég víkja örlítið að einum þætti öryggismála sem eru til umfjöllunar á Evrópuráðsþinginu, eru jafnframt til umfjöllunar á þingi ÖSE og á þingmannasamtökum NATO og skipta grundvallarmáli fyrir öryggismál en það eru efnahagsmál. Allar þessar þingmannasamkundur fjalla um efnahagsmál og vægi þeirra í öryggismálum. Það er svo merkilegt að á öllum þessum þremur þingum, á þessum þrenns konar vettvangi, mæta efnahagsmálin afgangi. Það gerist ítrekað og óhjákvæmilega sem afleiðing af nefndarskipaninni og starfi þessara þingmannasamkundna að efnahagsmálin fá ekki það vægi í öryggisumræðunni sem þau þyrftu að hafa. Þetta kom mjög berlega í ljós í umræðunni um aðild Rússands að Evrópuráðinu. Ég sé að ég hef ekki tíma til þess að ræða það mál hér og nú en ég mun koma að því síðar.

[17:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um starf íslenskra þingmanna í Evrópuráðinu. Ég þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir afar burðuga og fróðlega greinargerð fyrir starfi þeirra.

Það er aðallega tvennt sem mig langar til að drepa á vegna þess að hv. þm. gat þess sérstaklega að hann vildi gjarnan fá viðbrögð við því og ég verð þá að gera það a.m.k. fyrir mína hönd og e.t.v. flokks míns. Hann nefndi t.d. að hugmynd hefði komið fram um það frá einum af vinum okkar við Eystrasaltið að innan Evrópuráðsins yrði smíðaður sérstakur óformlegur samráðsvettvangur fyrir þingmenn smáþjóðanna sem eru innan Evrópuráðsins. Mér finnst þetta vera af hinu góða. Ég tel að það sé mjög jákvæð tillaga. Ég held að það sé óumdeilanlegt að Ísland sem er örþjóð á mælikvarða hinnar stóru veraldar hefur styrk langt umfram það sem fjöldi Íslendinga gefur tilefni til þess að ætla og það er vegna þess að okkur hefur lánast að eiga í samstarfi við góða granna og einnig innan bandalaga eins og Atlantshafsbandalagsins. Þetta hefur magnað upp rödd okkar og gefið okkur aukinn styrk. Ég er þeirrar skoðunar að smáþjóðir eigi að hjálpa og aðstoða hver aðra og ég held að sá vettvangur sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímssonar reifar sé mjög góður. Við eigum að taka undir þessa tillögu félaga okkar Landsbergis.

Hann nefndi það líka að hann teldi að Íslendingar ættu að velta því fyrir sér hvort þeir ættu ekki að gerast aðilar að norður-suður stofnuninni sem hefur aðsetur í Lissabon. Ég held að þetta sé tillaga sem ber að skoða og hefur reyndar verið til svolítillar umfjöllunar innan utanríkismálanefndar en hún var ekki reifuð þar í þaula. Þá komu m.a. fram upplýsingar sem vörðuðu kostnað við þátttökuna sem voru allt annars eðlis en hv. þm. nefnir hér. Ef mitt minni brestur ekki talaði einn af fulltrúum Íslendinga í Evrópuráðinu um að kostnaðurinn gæti hlaupið á bilinu 5–6 millj. en það hefur hins vegar komið fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að þetta er í mesta lagi 500–600 þús. kr. Það tel ég vera fyllilega þess virði að gjalda fyrir slíka þátttöku. Má svo sem rifja það upp að hv. þm. hefur áður komið að norður-suður samstarfinu með góðum árangri án þess að ég ætli að fara að rifja upp frækilega frammistöðu hans á norður-suður ráðstefnunni sem haldin var einmitt í Lissabon árið 1984. Þetta eru viðbrögð mín við þessu og ég vildi gjarnan að það kæmi fram.

Hins vegar er eitt atriði í viðbót sem ég vil reifa. Í löngu og greinargóðu máli sínu drap hv. þm. Tómas Ingi Olrich ekkert á það sem hæst hefur borið í starfi Evrópuráðsins undanfarið og það er ákvörðun Evrópuráðsins að hleypa Rússlandi inn í sínar raðir. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson færði fyrir því að mér þótti skynsamleg rök hvers vegna það getur verið mjög jákvætt fyrir þróun lýðréttinda í álfunni. Hins vegar horfði ég upp á það sem Íslendingur og sem einn af fulltrúum á hinu háa Alþingi hvernig sendinefnd Íslendinga sundraðist eins og sundurleit hænsnahjörð í þeirri atkvæðagreiðslu. Ég fylgist líka með því frá fréttatíma til fréttatíma hvernig jafnvel afstaða einstakra þingmanna sveiflaðist, að vísu ekki hv. þm. Tómasar Inga Olrich sem er þekktur fyrir staðfestu sína. Ég ætla ekki að deila neitt á þessa hv. þm. fyrir þær skoðanir sem birtust í atkvæðagreiðslunni. Hins vegar þykir mér að hér sé um afskaplega mikilvægt mál að ræða. Þetta tengist því sem ég sagði fyrr í dag. Svona mál þyrftu einhvers staðar að vera til umræðu á þeim vettvangi sem Alþingi haslar, annaðhvort í þessum þingsal eða í utanrmn. Ég minnist þess ekki þó að aðdragandinn að atkvæðagreiðslunni hafi verið svo mikill að þetta mál hafi nokkru sinni verið reifað, hvað þá rökrætt til hlítar innan utanrmn. Þetta eru fulltrúar sem við, ég og aðrir þingmenn, höfum kjörið til þess að fara með okkar mál í Evrópuráðinu og þess vegna finnst mér engin goðgá að þessir ágætu félagar okkar þyrftu a.m.k. að sæta því að hlusta á skoðanir mínar og skoðanir annarra þingmanna áður en þeir ganga til svo mikilvægs hlutar sem þessi atkvæðagreiðsla var.

Mér finnst það hvorki álitsauki fyrir Alþingi né Ísland að þriggja manna sendinefnd skuli splittast í þrjá hluta, sér í lagi þar sem allir þrír hlutarnir tilheyrðu stjórnarliðinu. Það þótti mér alveg með ólíkindum og ég tel að það sýni ekki rétt ástandið á stjórnarheimilinu því að þó að þar séu vissulega einhverjir brestir er það auðvitað með ólíkindum að stjórnarliðið skuli skipa sínu fólki þannig til verka að þegar þrír fara til atkvæðagreiðslu og allir úr stjórnarliðinu greiði þeir atkvæði á þrjá mismunandi vegu. Mér þætti vænt um það að hv. þm. Tómas Ingi Olrich reifaði þetta aðeins. Ég geri ekki þá kröfu til hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vegna þess að þó hann hafi flutt framsögu fyrir nefndinni var hann ekki staddur þarna. Mér skilst að hann hafi verið að pússa saman hjónaleysi austur í Indlandi sem hefur vafalaust ekki verið síður mikilvægt fyrir heimsfriðinn, a.m.k. í þeim hluta veraldar.

[17:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vildi svo til að ég nýtti allan þann tíma sem ég hafði í fyrra skiptið sem ég gat tekið til máls um þetta mál til að fjalla um störf Evrópuráðsins í heild en ég hef heimild til þess að taka aftur til máls um þetta mál og mun gera það og mun þar af leiðandi koma fram með þær skýringar sem hv. þm. bað um og bað réttilega um því að það er mjög eðlilegt að það verði skýrt í nokkru máli.

[17:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef beðið þeirrar stundar lengi að fá að ávarpa hv. þm. Tómas Inga Olrich í tilefni af atkvæðagreiðslunni og þeirri ásýnd sem Ísland birti af sér þar. Ég get þess vegna fallist á að bíða eftir seinni ræðu hans jafnvel þó að hún verði ekki flutt úr þessu púlti fyrr en löngu síðar í kvöld.

[17:26]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að þetta mál varði ekki utanrmn. nema óbeint vil ég gjarnan koma upp og láta í ljós skoðun mína á þeirri atkvæðagreiðslu sem hv. þm. gerði að umtalsefni.

Það má ekki gleyma því að menn koma fram á vettvangi Evrópuráðsþingsins, eins og reyndar miklu víðar í alþjóðlegu þingmannasamstarfi, sem einstaklingar frá ákveðnum löndum. Jafnvel þótt við hefðum í utanrmn. eða í þingflokkum eða á stjórnarheimilinu lagt fram einhverja ákveðna línu eða gefið fyrirmæli um einhverja ákveðna afstöðu hefðu þingmenn að sjálfsögðu ekki verið bundnir af því. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að á þessum vettvangi hafa menn frjálsar hendur og það er auðvitað partur af því skoðanalega lýðræði sem er þarna fyrir hendi.

Hitt er annað mál að menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvernig sú ásýnd er sem kemur fram í því að þrír þingmenn hafa þrjár mismunandi afstöður. En ég sé ekkert athugavert við það að menn greiði mismunandi atkvæði.

Það má kannski gagnrýna að þetta mál hafi ekki verið rætt nægilega vel í utanrmn. áður en þetta kom til afgreiðslu á þinginu í Strassborg. Menn geta flutt þá gagnrýni hér en það er ekki hægt að gagnrýna þingmennina sjálfa fyrir að taka afstöðu út frá eigin sannfæringu, sínu eigin mati á aðstæðum sem eru flóknar og við höfum lauslega drepið á í þessum umræðum. Út af fyrir sig er ekkert nýtt að menn hafi mismunandi mat á því og það var ekki bara í Íslandsdeildinni sem slíkur ágreiningur kom upp. Ég veit að í mörgum öðrum sendinefndum voru mismunandi skoðanir og atkvæði greidd með mismunandi hætti en þar voru reyndar fleiri þingmenn. Margir þingmenn kusu að taka sömu afstöðu og ríkisstjórnir þeirra hafa en ekki líkt því allir og það liggur í eðli málsins á þessum vettvangi.

[17:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Geir H. Haarde að það er ekki hægt að liggja hv. fulltrúum okkar á þingi Evrópuráðsins á hálsi fyrir þá afstöðu sem þeir tóku. Hins vegar er hægt að liggja okkur og þinginu og utanrmn. og jafnvel hæstv. forsrh. á hálsi fyrir að hafa ekki efnt til umræðu um þetta mikilvæga atriði til þess að reyna að samræma afstöðu íslensku fulltrúanna þannig að Ísland birtist ekki eins og sundurlaus hænsnahjörð á þingi Evrópuráðsins. Hv. þm. sagði að það væri ekkert sem benti til þess að slíkar umræður hefðu e.t.v. getað sett einhvern skikk á þetta mál. Ég bendi hv. þm. Geir H. Haarde á það að ég sagði áðan í ræðu minni að ég hefði eins og aðrir Íslendingar orðið áheyrandi að því hvernig a.m.k. einn fulltrúi Íslands á þessu þingi skipti um skoðun frá einum fréttatíma í útvarpinu til annars, væntanlega vegna þess að einhver hefur talað við hann, væntanlega vegna þess að hann hefur fengið nýjar upplýsingar. Ég held að það hefði verið fársælt fyrir okkur að ræða þetta í okkar hóp fyrir utan það hvað ég tel að það hefði verið miklu farsælla ef sá skeleggi hershöfðingi sem hæstv. forsrh. er hefði t.d. beitt einhverju af valdi sínu eða fortöluhæfileikum til þess að reyna a.m.k. að samræma skoðanir eigin fólks. En mér finnst það vera svolítið napurt að þrír Íslendingar greiði atkvæði á þrjá mismunandi vegu og enn merkilegra í ljósi þess að allir koma þeir úr stjórnarliðinu. Þetta hefði auðvitað verið allt öðruvísi ef þetta hefðu verið þrír stjórnarandstæðingar við þurfum ekki að ganga gruflandi að því.

Þetta leit ankannalega út. Þetta var aldrei rætt hérna, ekki heldur í utanrmn. Ég er alls ekki að bera fram neina gagnrýni á formann utamrn. en ég tengi þetta því sem ég sagði fyrr í dag að mér finnst að hér í þessum sölum sé nauðsynlegt að taka svona grundvallarmál, eins og mér finnst þetta a.m.k. jaðra við að vera, til rækilegri umfjöllunar og þá áður en til ákvörðunarinnar sjálfrar er gengið.

[17:30]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir annarra hv. þingmanna fyrir þá framsögu sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti áðan og taka sömuleiðis undir hans orð um ágæta frammistöðu formanns íslensku sendinefndarinnar, hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur.

Ég ætla að gera einn þátt að umræðuefni sem ekki hefur verið nefndur, en það eru umhverfismál sem mjög eru til umfjöllunar í Evrópuráðinu. Áður vildi ég þó undirstrika og leggja áherslu á það hversu mikilvægt Evrópuráðið er okkur Íslendingum. Það er mikilvægur vettvangur fyrir okkur, ekki aðeins til þess að fylgjast með lýðræðisþróun og mannréttindum í Evrópu, heldur er það einnig réttur vettvangur til þess að aga okkur sjálf og bera hingað heim þá framfarastrauma sem þar streyma í þingstörfum.

Þá vil ég einnig gera að umtalsefni þátttöku Austur-Evrópuríkjanna og segja að nokkru frá þeirri reynslu sem ég hef af einu slíku máli. Öllum er kunnugt að við höfum um það að velja að halda þessum ríkjum utan Evrópuráðsins og beita þau þvingunum, þ.e. þeirri þvingun að þau skuli fyrst taka til í sínum heimagarði áður en þau komi til liðs við okkur í Vestur-Evrópu. Hinn kosturinn er sá að hleypa þeim inn og beita þau aðhaldi með Mannréttindadómstólnum og þátttöku í Evrópuráðinu sjálfu. Ég er talsmaður þess síðarnefnda, þ.e. að hleypa þessum ríkjum eftir því sem kostur er inn í Evrópuráðið og beita þau þar aðhaldi, bæði með Mannréttindadómstólnum og umfjöllun í Evrópuráðinu.

Ég átti þess kost að vera í sendinefnd þingmanna Evrópuráðsins sem fór í kosningaeftirlit til Aserbaídsjan. Ég tel að slíkar ferðir séu einn sá vettvangur sem við höfum til þess að láta gott af okkur leiða í starfi Evrópuráðsins. Aserbaídsjan er ríki sem hefur lengi sótt um aðild að Evrópruráðinu og þá sótt um gestaaðild. Því hefur hins vegar verið neitað og að sjálfsögðu eru enn minni líkur á fullri aðild. Ég fann þegar ég átti viðræður við æðstu embættismenn þeirrar þjóðar hversu mikilvæg aðild að Evrópuráðinu er slíku ríki af mörgum ástæðum sem ég ætla ekki að fara að tíunda hér en mönnum er mjög kunnar.

Liður í umsókn Asera var að fá þingmannanefnd Evrópuráðsins til þess að koma og staðfesta að lýðræðislegar kosningar hefðu farið fram með viðeigandi hætti. Því miður, eins og komið hefur fram í máli mínu áður á hv. Alþingi, var undirbúningurinn hvorki nægjanlega góður né lýðræðislegur fyrir kosningarnar í Aserbaídsjan og þá enn síður framkvæmd kosninganna. Umsögn þingmannanefndarinnar frá Evrópuráðinu var þess vegna afar skorinorð, hreinskilin og afdráttarlaus í því efni að Aserbaídsjan uppfyllti ekki grundvallarskilyrði um lýðræðislegar kosningar sem þyrfti til þess að gerast gestaaðilar eða fá aukaaðild að Evrópuráðinu.

Enn fremur gagnrýndi þingmannanefnd Evrópuráðsins sem ég tók þátt í stjórnarskrá Aserbaídsjan. Það er eitt af þeim atriðum sem við að sjálfsögðu ætlumst til að slík ríki uppfylli til að fá aðild að Evrópuráðinu.

Ég vík þá örfáum orðum að umhverfismálunum, ekki til þess að gera þeim skil með neinum viðhlítandi hætti, heldur til þess fyrst og fremst að leggja áherslu á að umhverfismálin eru ríkur þáttur í starfi Evrópuráðsins, þáttur sem við eigum svo sannarlega að gafa gaum, því að þar eigum við mikilla hagsmuna að gæta. Ráðherrafundir eru haldnir og þar eru hinar stærri ákvarðanir teknar, en þær eru að sjálfsögðu byggðar á því starfi sem unnið hefur verið í Evrópuráðinu áður en til ráðherrafundanna kemur.

Það er flestum kunnugt að athygli Evrópuráðsins eins og annarra sem um umhverfismál fjalla snýr mjög til Austur-Evrópu. Það er hvort tveggja að menn sjá þar landvinninga, ég vil segja með pólitískum hætti gegnum umhverfismálin en ekki aðeins það, heldur þó hitt miklu frekar að í Evrópuráðinu gefst mönnum nú í fyrsta skipti tækifæri til að nálgast Austur-Evrópuríkin og beita þau þrýstingi, aðhaldi og um leið að hjálpa þeim í átt til betri umhverfisverndar. Þar er ekki aðeins um mannúð okkar að ræða heldur eigin hagsmuni. Það eru hagsmunir okkar að því mengunarfári ljúki sem fyrst sem ríkir í Austur-Evrópu.

Þessi áhersla og eðlileg athygli Evrópuráðsins á Austur-Evrópu er nokkuð sem við verðum að sjálfsögðu að taka þátt í, en það hlýtur þó að vera áhugaefni okkar að draga athygli og umfjöllun Evrópuráðsins hingað í átt til okkar, Norður-Evrópu, og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um hafsvæðin í kringum Ísland og öll þau mörgu hagsmunamál sem að okkur snúa á því sviði. Þá stendur okkur eins og öðrum ógn af þeirri mengun sem er frá Norður-Rússlandi og mætti fara mörgum þungum orðum um.

Ég tek undir orð sem hér hafa fallið í dag um þann mikilvæga þátt sem persónuleg kynni af þingmönnum annarra ríkja hafa. Ég sit í umhvn. í Evrópuráðinu og reyndar í annarri nefnd. Þar hefur mér gefist tækifæri til þess að tala við ráðandi menn og áhrifamenn í umhverfismálum í Evrópu. Ég hef sömuleiðis komið að máli við starfsmenn og stjórnendur þinghaldsins og boðað þeim að ég muni beita mér fyrir því að verkefni varðandi umhverfismál í norðurhöfum og á norðurslóðum og þau sem tengjast því mikla verkefni sem við höfum í norðurheimskautsráðinu komi til umfjöllunar í Evrópuráðinu.

Ég vil að lokum enn einu sinni taka undir orð frummælanda um Evrópuráðið, vægi þess fer vaxandi fyrir okkur. Við eigum að taka þar aukinn þátt, láta til okkar taka. Það er fagnaðarefni að þátttaka okkar að undanförnu hefur verið með þeim hætti að á rödd okkar er hlustað.

[17:39]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Sá hluti ræðu minnar sem átti að fjalla um umsóknaraðild Rússlands að Evrópuráðinu komst ekki fyrir í fyrri hluta ræðu minnar, en nú stendur til að gera grein fyrir viðhorfum mínum til þess máls. Ég óska eftir því að sá þingmaður sem óskaði sérstaklega eftir því að hlýða á þá umræðu verði kallaður í þingsalinn. — Ég sé að hann mætir hér og það er mér mikið ánægjuefni að sjá hann kominn til að hlýða á mál mitt.

Í ljósi þeirra atburða sem urðu í Tsjetsjeníu þegar stríð braust þar út var ákveðið að endurskoða umsóknaraðild Rússlands að Evrópuráðinu. Þingið ákvað því á sínum tíma að slá á frest umræðum á vegum þingsins varðandi umsögn þess um aðildarumsókn Rússlands að Evrópuráðinu. Það var hins vegar tekið upp í september í fyrra að leggja til að viðræðum yrði haldið áfram og það var samþykkt þá fyrir jólin að taka þessar viðræður upp. Það lá þá fyrir að óskað hafði verið eftir því að nefndir þingsins fjölluðu um þetta mál hver með sínum hætti. Pólitíska nefndin hafði fjallað um hið pólitíska vægi þessarar umsóknar og var því fylgjandi að mælt yrði með því að Rússland fengi aðild að Evrópuráðinu. Þess var farið á leit við laganefnd Evrópuráðsþingsins að hún gerði athugun á því sérstaklega hvort ástandið í Rússlandi væri með þeim hætti að þeir uppfylltu frá lagalegu sjónarmiði og með tilliti til mannréttinda þau skilyrði sem sett eru fyrir aðild að Evrópuráðinu. Þess verður þó sérstaklega að geta að Evrópuráðið og grundvöllur þess starfs er að tryggja lýðræði og vernda mannréttindi. Stofnskrá ráðsins og sáttmálar lýsa þeim meginreglum og þeim meginskilyrðum sem þarf að uppfylla til að þjóðir geti talist hæfar til að taka þátt í starfi Evrópuráðsins. Það var því að sjálfsögðu mjög mikilvægt að fá svar við því frá sjónarmiði laganefndarinnar, sem fjallar einmitt um lagalegu sjónarmiðin og mannréttindin, hvort Rússland uppfyllti þau skilyrði að geta orðið aðili að Evrópuráðinu. Þegar til umfjöllunar kom á fyrsta hluta Evrópuráðsþingsins eftir áramótin lá fyrir álit laganefndar sem komst að þeirri ótvíræðu niðurstöðu að ekki væri hægt að líta svo á að Rússland væri ríki sem væri byggt á lögum og rétti. Nefndin komst að þeirri formlegu niðurstöðu við erindi því sem henni var fengið að glíma við að Rússland uppfyllti ekki skilyrði um aðild. Það gerðist hins vegar í þessari merkilegu skýrslu að nefndin sem átti að fjalla um þetta á lagalegum grundvelli komst að þeirri pólitísku niðurstöðu að e.t.v. væri þó skynsamlegt að veita Rússum aðild af pólitískum ástæðum.

Það vandamál sem nefndin fjallaði um er flóknara en svo að ég geti gert ítarlega grein fyrir því í mínu máli. Ég ætla þó að minnast á nokkur atriði. Þess ber að geta að í skýrslunni er það viðurkennt að mjög veikar undirstöður réttarríkisins sé grundvallarvandamál í Rússlandi. Ríkið lýtur ekki lögum frá sjónarhóli laganefndarinnar. Á mörgum mikilvægum sviðum réttarfarsins hefur löggjöfin þó verið endurskoðuð og lagatextinn eins og hann lítur út er í mörgum atriðum fullnægjandi. Það er hins vegar viðurkennt að gildandi lög eru ekki framkvæmd. Það liggur fyrir og kemur fram í þessari skýrslu. Lögin eru því óvirk og við þekkjum mjög mörg dæmi um það að til eru fullkomnar stjórnarskrár sem aldrei eru framkvæmdar. Ég minni kannski á það, af því að ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur mikla þekkingu á því, að stjórnarskrá Sovétríkjanna var mjög fullkomin stjórnarskrá. En henni var ekki beitt mikið til styrktar mannréttindum þótt þar væru mjög athyglisverð ákvæði til styrktar mannréttindum.

Dómstólarnir eru háðir ríkisvaldinu og embættismannakerfinu og það er mjög erfitt að ná fram lagalegum rétti fyrir tilstilli dómstólanna. Ég vík að því sérstaklega vegna þess að þess var getið að nú geta einstaklingar borið mál sín undir mannréttindadómstól Evrópuráðsins, þá er það, því miður, lítils virði ef dómstólarnir í landinu virka ekki. Það er um það rætt í skýrslunni að þess séu dæmi að dómstólar þiggi mútur. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá niðurstöðu laganefndarinnar að ekki sé hægt frá lagalegu sjónarmiði og mannréttindasjónarmiði að mæla með aðild Rússa en víkja að hinu að hugsanlega liggi til þess gildar ástæður að gera það á pólitískum grunni. Ef við lítum á hið pólitíska umhverfi þá hefur það verið þannig og hafði verið þannig síðustu missirin áður en þessi ákvörðun var tekin að lýðræðisöflunum í rússneskum stjórnmálum hafði verið vikið mjög skipulega

til hliðar. Þau voru gerð með skipulögðum hætti áhrifalaus á rússnesk stjórnmál og átti það jafnt við um innanríkismál og utanríkismál. Að þessu leyti var Boris Jeltsín forseti að láta undan þrýstingi jafnt þjóðernissinna sem kommúnista. Á sama tíma og þetta var var beitt miskunnarlausri hörku í stríðinu í Tsjetsjeníu. Þar var beitt þvílíkri hörku í nánast ótakmörkuðum hernaði gegn skæruliðahópum að varnarlausir óbreyttir borgarar voru drepnir í stórum stíl. Þess ber einnig að geta, og ég hefði viljað koma inn á það einnig, að það hefur hægt á efnahagsþróun í Rússlandi í frjálsræðisátt en efnahagsþróunin hefur mjög bein tengsl við stjórnmálaþróunina og lýðræðisþróunina. Því var hægt að taka á þessu máli með þeim hætti að segja sem svo að við þær aðstæður sem þarna ríktu væri ekki skynsamlegt að samþykkja aðild Rússa að Evrópuráðinu. Í raun og veru snýst ágreiningurinn ekki um það að sá sem hér stendur vilji ekki veita Rússum aðild að Evrópuráðinu og það sjónarmið kom skýrt fram í málflutningi okkar hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur í þessu máli.

Við erum hlynnt því að Rússar fái aðgang að Evrópuráðinu. Hins vegar fannst okkur að þessi tími væri hæpinn til ákvörðunar af þessu tagi og töldum æskilegra að það væri í ljósi þess að komið hefði verið raunverulega til móts við þau atriði sem ég nefndi áðan í löggjöf landsins, í starfi dómstólanna og einnig í starfi stjórnmálaflokkanna í landinu, að sú ákvörðun hefði verið tekin að veita Rússum þá viðurkenningu að hleypa þeim inn í Evrópuráðið þegar aðstæður hefðu ekki verið að þróast í öfuga átt. Því var svarað að það væri gegn hagsmunum lýðræðisaflanna í Rússlandi að hleypa þeim ekki inn. Sú röksemd er reyndar röksemd sem getur komið upp og verið notuð af sama krafti ef til þess kemur að fram komi tillaga um að Rússum verði vísað úr Evrópuráðinu vegna tímabundinnar þróunar þar á bæ. Þá munu öll þessi rök verða aftur í gildi í þeirri umræðu svo ég taki það sérstaklega fram.

Þá vaknar sú spurning hvort ákvörðunin um að samþykkja aðild Rússlands að Evrópuráðinu hafi skipt sköpum í þessu máli. Það var mjög merkilegt að á þingi Evrópuráðsins var afar lítið rætt um það sem skipti þó sköpum um þróun lýðræðisins og hefur beinlínis grafið undan þróun lýðræðisaflanna, grafið undan stöðu lýðræðisaflanna í Rússlandi en það er efnahagsþróunin. Það var afar lítið komið inn á þessi atriði þegar umræðan stóð um það hvort mæla ætti með aðild Rússlands að Evrópuráðinu. Og hver er þróunin í efnahagsmálunum? Það kom fram daginn eftir þegar einmitt var fjallað um efnahagsástandið í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Úkraínu í ítarlegri skýrslu efnahagsnefndar Evrópuráðsþingsins að efnahagsástandið hefur stöðugt versnað í þessum ríkjum. Og hvers vegna hefur það m.a. versnað? Það hefur versnað m.a. vegna þess að Evrópusambandsríkin hafa reist viðskiptamúra gegn Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Úkraínu.

Á sama tíma og margir þingmenn Evrópusambandsríkjanna töluðu fjálglega um það að þeir væru á þessu augnabliki að taka ákvörðun sem skipti sköpum fyrir Rússland og lýðræðisþróunina þá kom í ljós í skýrslunni að viðskiptastefna Evrópusambandsins hefur haft úrslitaáhrif á efnahagsþróunina í þessum ríkjum og hefur grafið undan lýðræðisöflunum í landinu. Það fer því ekkert á milli mála að í mínum augum var þarna verið að ræða um aðild Rússlands að Evrópuráðinu sem skipti miklu minna máli en stefna Evróupsambandsins í viðskiptamálum og sú einangrun sem þessi ríki hafa orðið að sætta sig við og sú voveiflega þróun efnahagsmála sem hefur í raun og veru grafið undan lýðræðisöflunum í Rússlandi. Þess vegna lít ég svo á að af hálfu Evrópusambandsríkjanna hafi verið iðkuð yfirborðskennd stjórnmálastefna gagnvart þessum ríkjum. Það hefði verið heiðarlegra af þeim að opna meira á möguleika þessara ríkja til að skipta við Evrópusambandið á sviði þeirra vöruflokka þar sem þeir geta stundað viðskipti við Evrópusambandið en einmitt á því sviði hefur Evrópusambandið verið einna harkalegast í afstöðu sinni við Rússa, Úkraínumenn og Hvít-Rússa. Þarna er um ákveðinn tvískinnung að ræða sem ég held að eigi að taka til umfjöllunar í þessu sambandi.

Þess vegna undirstrika ég að þetta mál orkaði mjög tvímælis og í flestum sendinefndum voru mjög skiptar skoðanir um þessi mál. Það kom m.a. fram á sérstakri ráðstefnu hægri manna og kristilegra demókrata að miklar efasemdir voru uppi í sendinefnd Frakka á Evrópuráðsþinginu um það hvort ætti að samþykkja aðild Rússa. Hins vegar var þrýst á það af miklum krafti af framkvæmdarvaldinu að aðildin yrði samþykkt og allir þeir þingmenn Frakklands, sem höfðu áður lýst því yfir að þeir væru andsnúnir aðildinni á þessum tímapunkti, sneru við blaðinu og greiddu aðildinni atkvæði.

Ég held því að þegar upp er staðið sé það ljóst að þarna var um mikið álitamál að ræða. Deilan snerist ekki um það hvort ætti að veita Rússum aðild að Evrópuráðinu eða ekki heldur snerist hún um það hvort þær aðstæður hefðu verið fyrir hendi að það væri skynsamlegt á þessu augnabliki og ég taldi að svo væri ekki. Þess vegna greiddi ég atkvæði gegn þessu og hef ekki breytt um skoðun á því máli hér og nú.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin koma að því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði þegar hann spurði hvort það væri ekki slæm ásýnd að menn hafi mismunandi skoðanir á málefnum og noti lýðræðislegan rétt sinn til þess að tjá skoðun sína. Er þá ásýnd lýðræðisins slæm, hv. þm.? Er þá ásýnd lýðræðisins þegar menn hafa skiptar skoðanir að þeir hafi yfirbragð sundurlausrar hænsnahjarðar?

[17:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðustu orð hv. þm. Tómasar Inga Olrich voru honum alls ekki sæmandi og voru ekkert annað en hreinn útúrsnúningur. Hv. þm. veit nákvæmlega hvað mér gekk til. Það sem mér gekk til var það að ég taldi að það væri slæmt og Íslandi til vansa að þegar þrír fulltrúar Íslendinga taka þátt í atkvæðagreiðslu á erlendri grundu klofni þeir í flesta mögulega parta sem hægt er að hugsa sér. Auðvitað er það svo að þetta voru allt saman fulltrúar stjórnarliðsins og það má vel vera að umræðan sé vond fyrir þá því eftir því sem umræðunni vatt fram í málinu klofnaði hún í fleiri parta eins og hv. þm. man. Upphaflega greindust þessir þrír í tvo hluta en þegar upp var staðið og búið var að ræða málið svolítið greindust þeir í þrjá.

Hv. þm. flutti langt mál og ítarlegt og sýndi það sem ég vissi og voru engar fréttir fyrir mig að hann er vel að sér um þessi mál og miklu betur en margir aðrir. Ég tel að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Hvað var það sem var undir? Það sem var undir var það að Rússland var að ganga í fyrstu frjálsu samtökin í Evrópu eftir að lýðræðisþróunin hófst í Austur-Evrópu. Þetta voru kaflaskipti í stjórnmálasögu Evrópu. Það er ekkert skrýtið við það að Íslendingar reyndu að vega og meta þetta mál og taka það til umræðu hér. Það var ekki tekið til umræðu í þinginu sem hefði verið eðlilegt og það var heldur ekki tekið til umræðu í utanríkismálanefnd. Það er engan hægt að ásaka fyrir það. Ég tel að það skorti

ákveðnar hefðir í þessum efnum eftir því sem þátttöku okkar í starfi á erlendri grundu fleygir fram.

Mig langar að spyrja hv. þm. Tómas Inga Olrich: Í ljósi þess hversu mikilvæg þessi ákvörðun var og í ljósi þess hversu mikið var fylgst með henni innan lands og utan, hvernig vann nefndin sjálf fram að þessari niðurstöðu? Hvernig ræddi hún þetta mál í sínum hópi? Hvað voru margir fundir haldnir af sendinefndinni til þess að reyna að vega og meta þá kosti og galla sem hv. þm. reifaði svo vel?

[17:57]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alveg óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að því orðbragði sem hv. þm. notaði um það að menn greindi á um þetta mál. Það vildi svo til að sendinefnd Hollands klofnaði í málinu, sendinefnd Noregs klofnaði í málinu, sendinefnd Svíþjóðar klofnaði í málinu, sendinefnd Tékklands klofnaði í málinu, sendinefnd Eistlands var á móti málinu og sendinefndir mjög margra ríkja klofnuðu í málinu vegna þess að málið var mjög mikið álitamál. Það er einnig rangt að Rússar hafi ekki haft aðild að öðrum frjálsum samtökum. Rússar eru fullgildir aðilar að ÖSE. (**Gripið fram í:** Eftir að lýðræðisþróunin hófst.) Þeir eru fullgildir aðilar að ÖSE og voru það þegar þessi atkvæðagreiðsla stóð yfir.

Að því er varðar Íslandsdeildina sjálfa hefur hún raunar oftar en einu sinni tekið á því sérstaklega hvort þingmennirnir sem hana skipa tali þar í eigin nafni eða ekki. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir starfa þar sem einstaklingar og það er ekki hlutverk þingmannanefndar eins og þessarar né heldur þingmannanefndar eins og ÖSE að gangast í það að samræma skoðanir þingmannanna. Þeir eru þar sem einstaklingar. Hins vegar ræddi nefndin þetta mál á óformlegum fundum og þar kom í ljós að menn höfðu skiptar skoðanir á því og það endurspeglaðist í umræðum um þetta á lokastigi málsins.

[17:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir auðvitað miður ef hv. þm. Tómasi Inga Olrich er andvígur því að ég skuli nota orðið sundurlaus hænsnahjörð um sendinefnd Íslands á Evrópuráðinu þegar þennan atburð bar að. En þannig virkaði þessi hópur vaskra þriggja stjórnarliða ekki bara gagnvart mér heldur gagnvart íslensku þjóðinni. Það má vel vera að fjöldi sendinefnda hafi klofnað en ætli þetta sé ekki eina sendinefndin sem samanstóð af fleirum en tveimur sem klofnaði í þrjá vegu. Ég veit það ekki, ég þekki það ekki. Það má vel vera að svo hafi ekki verið. Hins vegar finnst mér dálítið merkilegt í ljósi mikilvægis atkvæðagreiðslunnar að það er upplýst hér að nefndin hélt engan formlegan fund um málið. Ég hefði talið að það væri ekki goðgá þó að nefndin héldi fund um mikilvægasta atburðinn sem hefur sennilega rekið á fjörur hennar síðustu fimm, sex árin. Ég hefði talið að það bæri vott um góð vinnubrögð og góða stjórnun að gera það en það er greinilegt að menn hafa sest niður á einhverju kaffihúsi og komist að því að það væri ekki flötur á því að ná samstöðu. Hv. þm. má alls ekki skilja það svo að ég telji að þegar búið væri að skoða þetta mál til hlítar væri einhver nauðsyn á því að menn tækju samræmda afstöðu en það hefði verið eðlilegt að menn reyndu að freista þess með því að kanna málið. Það var ekki gert eða svo virðist mér ekki vera.

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að hv. þm., Tómas Ingi Olrich gerði mér og því fjölmenna þingliði sem hér er mætt til að hlýða á umræður svolitla grein fyrir því hvernig þessar afstöður bar að. Það hefur hann gert með miklum sóma. Ég skil að hann og væntanlega aðrir líka hafa farið mjög ítarlega í málið. Ég ætla ekki að ræða það frekar. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ræðum mínum um þetta efni lokið að sinni. En ég á eftir eina langa ræðu.

[18:01]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það að óformlegir fundir um þetta mál voru ekki haldnir á kaffihúsum í Strassborg. Þeir voru, eins og margir óformlegir fundir þessarar nefndar, haldnir í húsakynnum Evrópuráðsins sem eru mjög virðuleg. Þar er gott andrúmsloft til að halda óformlega sem formlega fundi. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að að sjálfsögðu skiptir mestu máli nú, þegar Rússar eru orðnir aðilar að Evrópuráðinu, að þeim sé sýnt aðhald. Ég vil hins vegar minna hv. þm. Össur Skarphéðinsson á það að með þeirri ákvörðun sem tekin var um að mæla með aðild Rússa að Evrópusambandinu var jafnframt verið að gefa lýðræðissinnum, ég segi „lýðræðissinnum" innan gæsalappa, eins og Vladimir Zhirinovskíj, sæti á Evrópuráðsþinginu, atkvæðisrétt og áhrifamátt í störfum þingsins.

[18:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar í upphafi máls míns að vekja athygli á því að umræður hafa staðið frá því klukkan hálfellefu í morgun um okkar erlendu samskipti. Mér finnst það sæta nokkrum tíðindum og ég vil fagna því mjög að menn hafa tekið sér tíma í dag til að fara í gegnum okkar erlenda samstarf og vona svo sannarlega að það haldi áfram. Eins og ég upplifði þetta á síðasta kjörtímabili, runnu þessar skýrslur hér í gegn meira og minna umræðulaust. Að sjálfsögðu hafa menn í gegnum árin verið að taka afstöðu í alls konar stórmálum, stórpólitískum málum jafnt í Evrópuráðinu sem annars staðar, en einhvern veginn hefur skort vettvang til þess að ræða þau mál. Ég átti sæti í Evrópuráðinu á síðasta kjörtímabili og þar af leiðandi u.þ.b. hálft síðasta ár og ber því nokkra ábyrgð á því starfi sem hér er verið að gera grein fyrir.

Mig langar að rifja upp að þegar ég tók sæti í Evrópuráðinu 1991, reyndar sem varamaður, voru aðildarríkin 27 talsins. Nú eru þau 39. Þar hefur því orðið gífurleg fjölgun. Á fyrsta fundinum sem ég sótti ásamt þeirri nýju sendinefnd sem þá var að hefja starf — sá fundur var á sumarþingi í Finnlandi — gerðust mikil tíðindi því inn á þann fund bárust þær fregnir að allt væri komið í bál og brand í Júgóslavíu. Það var mjög merkilegt að upplifa að fulltrúar í sendinefnd Júgóslavíu sem þá var, en þeir voru Serbar, Króatar og menn af ýmsu þjóðerni, vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. Síðan hefur umræða um málefni þess svæðis einkennt mjög öll störf Evrópuráðsins.

Varðandi það efni sem hér hefur verið mikið rætt, Rússland, vil ég geta þess að það er ekki eins og aðild Rússlands að Evrópuráðinu hafi hafi komið upp í janúar sl. Það mál er búið að vera til umfjöllunar svo árum skiptir. Hver sendinefndin á fætur annarri hefur farið þangað til að kanna málin og til annarra þeirra ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Hvað eftir annað hefur því verið frestað að taka afstöðu til aðildar Rússlands vegna ástandsins þar. Ég verð að segja að

mér finnst minn ágæti, góði og gamli vinur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ekki alveg skilja eðli málsins. Hefðu þeir þingmenn sem eru varamenn í Evrópuráðinu, t.d. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hjálmar Jónsson, verið fulltrúar á þessu þingi, hefði niðurstaðan kannski orðið allt önnur. Menn eru þarna sem fulltrúar sinna flokka og sinna sjónarmiða. Það hefur margsinnis gerst í áranna rás að íslenskir þingmenn hafa tekið mismunandi afstöðu til mála eftir sinni sannfæringu. Ég hef margsinnis lent í því að greiða atkvæði og oft setið við hliðina á Birni Bjarnasyni, hæstv. menntmrh., og við höfum greitt atkvæði hvort á sinn hátt. Menn eru þarna fyrst og fremst sem fulltrúar sinna flokka og eiga að fylgja eigin sannfæringu. Þess vegna greiða menn atkvæði í samræmi við það.

Ég verð að segja að eftir að hafa fylgst með hegðun Rússa í Evrópuráðinu eftir að þeir fengu þar gestaaðild hygg ég að ég hefði greitt atkvæði á sama hátt og hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Það hefur komið í ljós að áður en ríki gerðust aðilar að Evrópuráðinu, en þá voru þau undir miklu eftirliti, lögðu þau sig fram við að standast þau skilyrði sem Evrópuráðið setur. Þá urðu ýmsar framfarir en eftir að Austur-Evrópuríkin komu inn í Evrópuráðið hefur reynst miklu erfiðara að fylgjast með þeim. Þá kom heldur betur í ljós að það var ekki allt í lagi. Ég minnist alveg sérstaklega dæmis frá Búlgaríu. Þar ákærðu yfirvöld dómsmála þingmann fyrir ummæli sem hann hafði látið falla um ástandið í landi sínu á þingi Evrópuráðsins. Það átti að lögsækja þingmanninn. Þá var nú ekki mikið til sem hét þinghelgi eða virðing fyrir málfrelsi þessa manns. Hann leitaði réttar síns og fulltingis þingmanna Evrópuráðsins sem auðvitað stóðu upp allir sem einn og spurðu: Eruð þið að verða vitlausir? Hvað á þetta að þýða? Með öflugum stuðningi við hann tókst að koma í veg fyrir þetta. Þeir áttuðu sig á því að þetta var ekki í samræmi við lög og reglur eða lýðræðislegar hefðir og rétt þingmanna.

Annað sem menn hafa verið að velta fyrir sér er það hvernig fer þegar Austur-Evrópuríkin, hvort sem það er Búlgaría, Rúmenía eða Rússland, verða komin með fulltrúa sína inn í Mannréttindadómstól Evrópu með sínar ólíku hefðir í lagasetningu og afstöðu til dómsvaldsins þar sem tengsl framkvæmdarvalds og dómsvalds eru þau að framkvæmdarvaldið hefur áratugum saman sagt dómsvaldinu fyrir verkum. Hvernig virkar það þegar þessir fulltrúar koma inn í Mannréttindadómstólinn? Eins og ég nefndi voru ríki Evrópuráðsins 27 árið 1991 en þau eru núna 39. Þessi ríki eru orðin þarna mjög stór og sterkur aðili. Hvaða áhrif munu þau hafa? Eru þau í stakk búin til að standa vörð um lýðræði og mannréttindi? Að mínum dómi hefði ástandið og afskipti Rússa af málefnum Tsjetsjeníu átt að vera nægilegt tilefni til þess að þeirra aðild yrði frestað enn einu sinni. Að mínum dómi stenst það ekki kröfur Evrópusambandsins að aðildarríki standi í styrjöld. Þarna kemur þetta mat sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich var að lýsa. Það er auðvitað ákveðinn pólitískur þrýstingur þarna á bak við og ákveðið pólitískt mat. Menn eru að vega og meta ástandið í Rússlandi og ég hef reyndar alltaf verið afar undrandi og gagnrýnin gagnvart þeim stuðningi sem núverandi stjórnvöld fá. Ég held að að mörgu leyti hefði verið betra að beita þá meiri þrýsingi og gagnrýni. En þetta er búið og gert.

Ég ætlaði líka að nefna annað ríki sem hefur verið undir smásjá Evrópuráðsins, en það er Tyrkland. Á þeim árum sem ég sat þarna komu aftur og aftur upp ýmis málefni sem snertu Tyrkland, átök þeirra innan lands og baráttu þeirra gegn skæruliðahreyfingu Kúrda, handtaka á þingmönnum og dómar yfir þingmönnum og fleira og fleira sem eru alveg greinilega brot á samþykktum Evrópuráðsins. En menn veigra sér við því að ganga skrefið til fulls og vísa Tyrkjum hreinlega úr Evrópuráðinu. Þeir eru a.m.k. greinilega alveg á mörkunum.

Mig langar líka að minnast á það hversu fróðlegt það var að fylgjast með málflutningi þeirra Rússa sem komu þarna inn. Þar á ég ekki við Zhirinovskíj sem tókst alltaf að vekja á sér mikla athygli og vera með málflutning sem kallaði á athygli fjölmiðla og var auðvitað einhvers staðar aftan úr öldum. Þegar ég fór að lesa mér til um þessa fulltrúa vakti athygli mína að þarna var t.d. herforingi. Reyndar gekk hann um í borgaralegum klæðum og ég veit ekki hvort hann situr þarna enn, en þá var hann sem sagt herforingi. Staða hersins í Rússlandi er náttúrlega með eindæmum. Að herinn bjóði fram til þings og það sé lögmál að varnarmálaráðherra landsins sé hershöfðingi og komi úr hernum er arfur sovétveldisins og eitt af því sem sýnir manni hvað lýðræðið á langt í land.

Hæstv. forseti. Hvað varðar þá umræðu sem hér varð fyrr í dag um skörun á milli alþjóðadeilda sem við þingmenn tökum þátt í, ber þessi skýrsla þess glöggan vott að það er verið að ræða sömu málin á mörgum stöðum. Það þarf ekki endilega að vera slæmt en það ber þess vott að menn dreifi kröftunum um of. Það kemur hér fram t.d. að á fyrsta hluta þings Evrópuráðsins var rætt um Tsjetsjeníu og aðildarumsókn Rússa strax í upphafi ársins og í framhaldi af fyrri umræðu. Á öðru þinginu var rætt um hernaðaraðgerðir Tyrkja í Norður-Írak o.s.frv. Þetta eru mörg þeirra mála sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gat um í skýrslu sinni um ÖSE og vekur spurningar um þennan tvíverknað.

Ég sé að á þriðja hluta þings Evrópuráðsins hefur verið samþykkt aðild Albaníu að Evrópuráðinu. Það rifjar upp fyrir mér að á sínum tíma átti ég þess kost að heimsækja Albaníu með nefnd sem fór þangað til að gera úttekt á ástandinu þar. Ég skrifaði reyndar á sínum tíma blaðagrein um þá heimsókn því það var ákaflega merkileg reynsla að koma þangað. Þá kom í ljós hvað þeir áttu gífurlega langt í land. Mér þætti gaman að fræðast um hvort þeim hefur á þessum u.þ.b. tveimur árum sem líða þarna á milli tekist að kippa því í liðinn sem þeir þurftu að taka á. Þessa daga sem við vorum þarna sat foringi stjórnarandstöðunnar í fangelsi og hafði verið krúnurakaður og settur í fangabúning. Svoleiðis gerðu menn á tímum Envers Hoxha og menn héldu því bara áfram. Þingmenn Evrópuráðsins voru að gera stjórnvöldum þarna grein fyrir því að þetta væri ekki framkoma sem gerði líklegt að þeir kæmust í Evrópuráðið. Þeir hrukku óskaplega við út af þessu máli. Ég man ekki hvað þessi maður heitir og veit ekkert hvort hann er utan fangelsis eða innan. Hann hafði verið síðasti forsætisráðherra kommúnistaflokksins og var sakaður um að 9 millj. dollara hefðu horfið. Það var aðstoð frá Ítalíu sem hvarf eins og dögg fyrir sólu og enginn vissi hvað hafði orðið af. Hann var auðvitað þingmaður en þeir gerðu sér lítið fyrir handtóku hann, krúnurökuðu og settu í röndóttan fangabúning. Lögfræðingur hans hafði ekki einu sinni fengið að hitta hann eða kynna sér málið o.s.frv.

Tíma mínum er alveg að ljúka. En það væri fróðlegt að átta sig á því hvort þeim hefur tekist að bæta svo úr hjá sér að þeir uppfylli skilyrðin. En mér fannst á þeim tíma að þingmennirnir sem voru að ræða við Albana væru svolítið slakir í kröfunum. Það held ég einmitt að sé hættulegt. Ég

er á þeirri skoðun að það sé betra að gera meiri kröfur fyrir fram og sjá til að menn standist raunverulega þau skilyrði sem menn gera um lýðræði og löggjöf en að þurfa að standa frammi fyrir því eftir á að reyna að þrýsta á um úrbætur.

[18:18]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir umræðurnar sem hér hafa farið fram. Ég held að þær staðfesti mjög eindregið að Evrópuráðið er í vaxandi mæli mikilvægur vettvangur fyrir okkur á Alþingi. Margir ræðumenn hafa vikið að þeim áhersluþáttum sem ég greindi frá í framsögu á þann veg að hægt er að binda miklar vonir við að Alþingi muni áfram sinna þessu af vaxandi þunga. Ég vil einnig þakka undirtektir sem fram hafa komið hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni við þá hugmynd að við þingmenn á vettvangi Evrópuráðsins munum taka vel í hugmynd Landsbergis og annarra fulltrúa Eystrasaltsríkja um að mynda óformlegan samráðsvettvang smærri ríkja. Einnig fannst mér athyglisvert að hann tók undir hugmynd um að Ísland íhugaði að gerast aðili að norður-suður stofnuninni. Vegna þess að hæstv. utanrrh. hlýðir nú á mál okkar vil ég eindregið beina því til hæstv. utanrrh. að það verði skoðað alvarlega í utanrrn. að Ísland gerist aðildarríki að norður-suður stofnun Evrópuráðsins í Lissabon. Það hefur komið fram við nánari athugun að kostnaðurinn við það er í kringum hálf millj. kr. á ári, einhvers staðar á bilinu 500–600 þús. kr. og jafnvel minni en ekki meiri. Þar fer fram mjög mikilvæg starfsemi. Ég er einnig þeirrar skoðunar að vegna viðskiptahagsmuna okkar í Portúgal muni það virka mjög vel gagnvart stjórnvöldum þar í landi að Ísland verði aðildarríki að þessari stofnun. Mér er kunnugt um að ríkisstjórn Portúgals hefur um langt árabil lagt mikla áherslu á þessa stofnun. Það er athyglisvert að spænski þingmaðurinn Martínez, sem nýlega lét af störfum sem forseti þings Evrópuráðsins — hann gegndi því starfi með miklum glæsibrag — hefur nú tekið að sér að vera stjórnarformaður í norður-suður stofnuninni. Það var hans eina ósk þegar hann lét af störfum sem forseti þings Evrópuráðsins að fá að gegna því starfi. Það er tvímælalaust merki um að hann ætli að beita sér fyrir því að byggja þá stofnun upp. Ef Spánverjar og Potúgalar taka höndum saman um það enn frekar þá finnst mér það að verða aðildarríki vera ákveðinn vottur af hálfu okkar Íslendinga um að meta starf þeirra í þessum efnum. Ég held ég fari rétt með það að bæði Svíar, Finnar og Danir hafi þegar gerst aðilar að þessari stofnun eða miðstöð.

Hér hefur eðlilega verið vikið að því hvort það sé skynsamlegt að styðja aðild Rússa að Evrópuráðinu og hvaða áhrif það hafi ef þjóðir með takmarkaðar lýðræðishefðir gerist þátttakendur í starfsemi Evrópuráðsins. Ég held að við verðum að hafa á því fullan skilning að engin þjóð hefur getað tamið sér lýðræði á skömmum tíma. Ekki heldur við Íslendingar. Það tíðkaðist t.d. hér fyrr á öldinni að í þessum sal sátu sem þingmenn menn sem jafnframt voru dómarar, ekki aðeins sem sýslumenn, heldur líka í æðsta dómstól landsins. Þá þótti mönnum ekkert athugavert við það að dómari við æðsta dómstól landsins gegndi í hjáverkum bankastjórastarfi við Íslandsbanka og sæti síðan síðdegis á þinginu við að setja lög. Ég er hræddur um að það yrði uppi fótur og fit í þjóðfélaginu nú ef dómari í Hæstarétti byði sig fram til þings og ætlaðist til að vera áfram í réttinum, hvað þá heldur ef hann tæki að sér að stýra Landsbankanum síðla dags. Jafnframt voru þeir æðimargir sýslumennirnir sem sátu í þessum sal og tóku þátt í að setja lög sem þeir síðan dæmdu eftir heima í héraði og fóru svo jafnframt með lögreglustjóravald til að rannsaka málin. Það er því ljóst að langt fram eftir þessari öld stóðst Ísland ekki þau skilyrði sem stífustu kröfur Evrópuráðsins fela í sér að lýðræðisríki og skipan mannréttinda eigi að uppfylla.

Mér fannst hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefna tvö ágæt dæmi um það hvernig starfsemi Evrópuráðsins verður til að leiðbeina hinum nýfrjálsu ríkjum í Austur-Evrópu um villur sem þar er verið að gera. Ég held að dæmin sem hún nefndi sýni mjög vel að það er einmitt hið, mér liggur við að segja, daglega eða virka aðhald sem felst í þátttökunni í Evrópuráðinu sem kemur til með að virka mjög vel. Við skulum gera okkur grein fyrir því að mikill hluti ef ekki nær allir þingmenn sem nú sitja á þjóðþingum í þessum ríkjum hafa nánast engin tækifæri haft til að temja sér þann hugsunarhátt, þær vinnuaðferðir og bera skynbragð á þá mælikvarða sem lýðræðisleg þjóðþing telja eðlilega. Ég hef orðið vitni að því hvað eftir annað á þeim stutta tíma sem ég hef verið í Evrópuráðinu um þessar mundir, að þátttaka ekki síst í nefndarstörfum á þeim vettvangi verður til þess að þessir þingmenn fá ábendingar, læra ákveðna lexíu og skynja þannig hvernig lýðræðið og þingræðið virkar í framkvæmd.

Ég vék að því í upphafsræðu minni og vil ítreka nú að það er afar merkileg staðreynd að nokkur hundruð þingmenn sem starfa jafnframt á þjóðþingum 39 Evrópuríkja, þar með talið allra stærstu ríkja álfunnar, Rússlands, Úkraínu, Þýskalands, Bretlands, Frakklands o.s.frv., verja nú samtals rúmum mánuði á ári í formleg þingstörf í Strassborg og taka þátt í ítarlegum nefndarstörfum til viðbótar á þessum vettvangi. Menn eru stundum að tala um stofnanir Evrópusambandsins sem vettvang fyrir víðtæka þátttöku og samskipti í málefnum álfunnar. Ég fullyrði það hér að á vettvangi Evrópusambandsins fer á engan hátt fram starfsemi sem er sambærileg við þá evrópsku þátttöku sem nú er orðin föst í sessi á vettvangi Evrópuráðsins.

Í þinghúsi Evrópuráðsins í Strassborg hanga myndir frá þeim atburðum þegar forustumenn Breta, Frakka og Þjóðverja voru að mynda Evrópuráðið í kjölfarið á hinum mikla harmleik í álfunni, heimstyrjöldinni síðari, til staðfestingar því — og við skulum ekki gleyma því — til staðfestingar því að aldrei aftur ætluðu Frakkar og Þjóðverjar eða Bretar eða Ítalir að fara með stríð hver gegn öðrum í álfunni. Við skulum ekki gleyma því að Evrópuráðið var upphaflega stofnað til að halda Þjóðverjum í böndum. Það var lýðræðislegur vettvangur til að draga Þjóðverja inn á samstarfsgrundvöll þar sem lýðræðisþjóðirnar í Evrópu ætluðu að beita aðferðum lýðræðis og mannréttinda til að koma í veg fyrir ný styrjaldarátök í álfunni. Nú er verið að beita hliðstæðum aðferðum í þágu þróunarinnar í Rússlandi og ýmsum öðrum ríkjum Mið- og Austur Evrópu. Þannig erum við með í höndum áhrifaríkt tæki sem hefur sannað getu sína í Vestur-Evrópu til að ná árangri í málefnum Austur- og Mið Evrópu. Þess vegna vil ég láta það koma fram hér að ef ég hefði tekið þátt í atkvæðagreiðslunni í Strassborg um aðild Rússa að sambandinu eins og ég á fullan rétt á sem aðalfulltrúi á þinginu þá hefði ég greitt atkvæði með aðild Rússa þrátt fyrir þá vinnu sem laga- og mannréttindanefndin sem ég á sæti í hafði lagt í málið og þær tillögur sem frá henni komu.

Það má vel vera að það muni reynast þrautin þyngri að vísa Rússlandi burt úr stofnunum Evrópuráðsins ef þróunin þar verður á þann veg að landið hættir að uppfylla skilyrði

lýðræðis- og mannréttinda. En ég er viss um að það verða margir þingmenn til að taka upp þann málstað á þingum Evrópuráðsins og í nefndum ráðsins ef þróunin í Rússlandi verður þannig. Það mun ekki ríkja nein þögn um það mál. Þess vegna er þing Evrópuráðsins og nefndirnar nú þegar orðinn vettvangur þar sem fulltrúar flokkanna í Rússlandi eru teknir upp á lýðræðisprófinu mánuð eftir mánuð eftir mánuð, ár eftir ár. Það er engin önnur stofnun í Evrópu sem gegnir því hlutverki. Eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich réttilega benti hér á er lýðræðishallinn á Evrópusambandinu svo mikill að það er vonlaust að það geti gegnt því hlutverki. Þótt Atlantshafsbandalagið hafi tekið miklum breytingum til batnaðar, þekkjum við líka dæmi úr sögu Atlantshafsbandalagsins að þar hefur ríkt þögn um herforingjastjórnir sem hafa því miður ríkt í nokkrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins um ákveðið skeið. Hvorki Evrópusambandið né Atlantshafsbandalagið getur þess vegna verið áhrifaríkt tæki til þess að veita það lýðræðislega aðhald sem þarf í þessum efnum. Það getur Evrópuráðið aftur á móti gert og ég held að sú skylda hvíli á okkur sem ein helsta og elsta lýðræðisþjóð álfunnar á mælikvörðum lýðræðis og manréttinda að sýna með afstöðu okkar og vinnu á þeim vettvangi að við ætlum að leggja okkar af mörkum til þess að hægt verði á næstu árum að fagna sams konar árangri varðandi þjóðir Mið- og Austur-Evrópu eins og hægt væri að gera varðandi þjóðir Vestur-Evrópu.

Við skulum ekki gleyma því að það var ekki atburðarásin í Austur- eða Mið-Evrópu sem leiddi til tveggja heimsstyrjalda. Það var atburðarásin í Vestur-Evrópu sem leiddi til tveggja heimsstyrjalda á þessari öld. Við getum þess vegna því miður ekki talað á grundvelli þeirrar sögulegu reynslu að allt hafi ávallt á þessari öld á okkar bóli verið með þeim hætti að hægt sé að sækja þangað fyrirmynd alla öldina. Við ætlum að beita þessu tæki og öðrum til að forða því að heimsálfa okkar og mannkynið allt verði á ný fyrir þeim hörmungum sem menn urðu að þola á fyrri hluta þessarar aldar.

[18:32]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri engar athugasemdir við lýsingu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar á skoðunum sínum um það hvort skynsamlegt hefði verið að mæla með aðild Rússa að Evrópuráðinu. Hann skýrði ágætlega hvers vegna hann hefði þá afstöðu sem hann lýsti og ég ber fulla virðingu fyrir þeirri skoðun.

Hins vegar fannst mér örla á þeim misskilningi sem ég veit að er þó ekki misskilningur, frekar hefur ekki verið komist rétt að orði, þegar hann sagði að það mætti lýsa deilunni þannig að hún hefði staðið um aðild Rússlands. Mér er ljóst að til eru þingmenn á Evrópuráðsþinginu sem eru á móti aðild Rússlands en þeir eru ekki margir. Deilan stóð ekki um hvort, heldur hvenær, á hvaða tímapunkti og við hvaða aðstæður sú ákvörðun er tekin. Ágreiningur okkar um þetta atriði snertir ekki það hvort Rússar ættu að verða aðilar að Evrópuráðinu heldur fyrst og fremst á hvaða tímapunkti og við hvaða aðstæður, því að ég deili skoðunum hans að því leyti til að ég tel að Rússar eigi erindi inn í Evrópuráðið.

[18:33]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að staðfesta að sá skilningur er réttur að þær mismunandi áherslur sem komu fram innan íslensku sendinefndarinnar á þingi Evrópuráðsins sneru fyrst og fremst að tímasetningu. Það ber að leggja áherslu á það og ef orð mín hafa falið það í sér að það mætti skilja þau á þann veg að innan sendinefndarinnar hafi verið grundvallarandstaða við aðild Rússa að Evrópuráðinu er nauðsynlegt að leiðrétta það.

Það er líka rétt að halda því til haga eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich benti á og fróðlegt fyrir aðra í salnum að átta sig á því að það eru til hópar þingmanna á þingi Evrópuráðsins sem telja að Rússland sé svo stórt, svo fyrirferðarmikið að aðild þess að Evrópuráðinu hljóti að breyta nánast í grundvallaratriðum eðli stofnana Evrópuráðsins. Sumir halda því jafnvel fram, a.m.k. í einkasamræðum, ég veit ekki hvort það hefur komið fram í opinberum ræðum, að Evrópuráðið muni aldrei leggja í það að vísa Rússlandi úr þingsalnum með formlegri atkvæðagreiðslu eins og Evrópuráðið hefur þó rétt til að gera líkt og Tyrkir urðu að ganga á dyr þegar þing Evrópuráðsins samþykkti að vísa þeim brott vegna herforingjastjórnarinnar í Tyrklandi. Vissulega væri það mikil ákvörðun að vísa rússnesku sendinefndinni formlega á brott og Rússlandi þar með úr stofnunum ráðsins. Það getur kannski verið rétt hjá þessum ágætu mönnum að ef á þyrfti að halda mundi það vefjast fyrir ýmsum m.a. af pólitískum ástæðum. Ég hef hins vegar þá trú að Evrópuráðið muni áfram sýna þann innri styrk sem það hefur sýnt til þessa.

[18:35]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað til þess að undirstrika að við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson leggjum sama skilning í þá atburði sem urðu á Evrópuráðsþinginu. Ég vil aðeins geta þess að það sem kom fram í máli hans um afstöðu nokkurra þingmanna í Evrópuráðsþinginu sem eru andvígir aðild Rússa að Evrópuráðinu af grundvallarástæðum kemur oftar fram í persónulegum viðræðum við þá en opinberlega. Það er mjög athyglisvert að taka tillit til þess, ekki síst vegna þess að hér hlýðir Össur Skarphéðinsson á mál mitt, að meðal íbúa Eistlands og þingmanna frá Eistlandi er þetta sjónarmið mjög ríkjandi. Þeir óttast mjög viðhorf Rússa til þeirra landamæra sem þar eru og reyndar eru umdeild og þeir hafa áhyggjur af því hvaða áhrif muni koma með Rússum inn í Evrópuráðið. Þess ber að geta að meðal þeirra þingmanna sem voru af hálfu Rússa á þessum fræga fundi voru eins ólík öfl eins og Lúkín sem er í Jabloko-flokknum og meðal lýðræðissinnuðustu aflanna á rússneska þinginu, þar var einnig Zjúganov sem er kommúnisti og hefur játað sérstaka hrifningu á kenningum Leníns og þar var Zhirinovskíj sem er að sjálfsögðu andlýðræðislegur stjórnmálamaður og kemur ekki til með að hafa heilbrigð áhrif á starf Evrópuráðsins.

[18:37]

Útbýting þingskjals:

Náttúruvernd, 366. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 642.

VES-þingið 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, 339. mál. — Þskj. 594.

[18:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hefur lengi dags staðið málefnaleg og athyglisverð umræða um utanríkismál sem ég held að hafi

sýnt fram á að það er nauðsynlegt að taka lotur um utanríkismál oftar en við gerum. Ég vek sérstaka eftirtekt á því að menn hafa eiginlega orðið sammála um að það eru blikur á lofti varðandi NATO, þ.e. hvert ætlar NATO að þróast, hvert á það að þróast og það mál sem ég flyt tengist því að nokkru leyti.

Herra forseti. Ég flyt skýrslu Íslandsdeildar Vestur-Evrópusambandsþingsins fyrir síðasta ár. Þetta er merkileg skýrsla að því leyti til að þetta er fyrsta skýrslan sem er flutt um þátttöku okkar Íslendinga í þessum merku þingmannasamtökum. Ég flyt hana vegna þess að formaður sendinefndarinnar, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, er stödd erlendis í opinberum erindagerðum. Hún er að sækja fundi á vegum Evrópuráðsins sem hefur einmitt verið mikið til umræðu.

VES eða Vestur-Evrópusambandið, sem er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja, varð löngum örreytiskot í túnjaðri höfuðbólsins NATO. Það var stofnað 1948 með Brusselsáttmálanum og þingmannasamkundunni sjálfri var komið á fót árið 1954. Aðildarríki þingsins eru tíu og þau er jafnframt öll aðildarríki ESB og NATO. Eins og hæstv. utanrrh. gat réttilega í dag er sú regla enn í fullu gildi að til þess að fá fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu þurfa ríki í senn að vera fullgildir aðilar að Evrópusambandinu og NATO. Þar að auki eiga þrjú ríki aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það eru ríki sem eru öll aðilar að NATO en standa utan ESB, þ.e. Ísland, Tyrkland og Noregur. Síðan hafa að auki áheyrnaraðild ríkin Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð sem eru öll aðildar að Evrópusambandinu en hafa ekki óskað eftir fullri aðild og það er afskaplega merkilegur hlutur og raunar mikilvægur í ljósi þróunar sambandsins. Menn verða að hafa þessa staðreynd í huga þegar þeir velta fyrir sér hvert á VES að þróast. Á það að verða hluti af Evrópusambandinu eins og hugmyndir eru uppi um sums staðar og ég mun víkja að síðar í máli mínu. En jafnframt hafa áheyrnaraðild að Vestur-Evrópusambandsins níu ríki í Mið- og Austur-Evrópu, þ.e. Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Rúmenía, Tékkland, Slóvakía og Ungverjaland.

Herra forseti. Í ljósi þess að þetta er í fyrsta skiptið sem slík skýrsla er flutt og vegna þess að þingheimur hefur e.t.v. ekki mikla og djúpa þekkingu á starfsemi þessa þings ætla ég aðeins að víkja að því hvernig það starfar. Það hefur aðsetur í París og árlega eru haldnir tveir þingfundir, í júní og desember. Þar að auki getur þingið haldið aukafundi ef forsætisnefnd tekur ákvörðun um það og nú er einmitt nýlokið mjög mikilvægu aukaþingi þar sem tekist var á um það hvert VES ætti að stefna í framtíðinni, hvort það ætti að halda áfram að vera sjálfstæð stofnun eða verða hluti af Evrópusambandinu. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku og innan þess starfa sex fastanefndir: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og síðan nefnd um almannatengsl.

Í landsdeildunum mega varamenn taka aðalsæti í nefndum og við eigum í krafti aukaaðildar okkar þrjá fulltrúa á þingum Vestur-Evrópusambandsins. Þessir þrír fulltrúar eru hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Siv Friðleifsdóttir auk mín og varamenn eru hv. þm. Kristján Pálsson, Guðmundur Hallvarðsson og Ásta R. Jóhannesdóttir. Eins og fyrr hefur komið fram í máli mínu var hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir kjörin formaður og sá sem hér flytur greinargerð var kjörinn varaformaður.

Starfsemi sendinefndarinnar hefur einkum lotið að þremur þáttum á árinu: Í fyrsta lagi átti deildin þátt í því að taka á móti forseta Vestur-Evrópuþingsins, hinum góðkunna Sir Dudley Smith sem kom hingað í boði forseta Alþingis og sat skemmtilegan kvöldverð í boði forseta þingsins úti í Viðey sem er rétt að fara ekki frekar út í hér en með honum var auk þess hin ágæta eiginkona hans lafði Katrín.

Herra forseti. Tveir fundir voru af hálfu nefndarinnar sóttir í París og þar ræddu íslensku fulltrúarnir aðallega tvennt. Í fyrsta lagi fór þar fram umræða um það hvaða réttindi og skyldur aukaaðilar ættu að hafa en í dag höfum við ásamt Norðmönnum og Tyrkjum fullt málfrelsi, tillögurétt og reyndar atkvæðisrétt í nefndum þingsins en það var tekist á um það hvort við ættum líka sem aukaaðilar að hafa fullan atkvæðisrétt á þingunum sem hefði þá í rauninni þýtt að sem aukaaðilar hefðum við réttindi fullgildra aðila. Það var tillaga þingsins að svo yrði og Finsberg lávarður, sem flutti tillöguna fyrir hönd þeirrar nefndar sem um þetta véladi, lagði þetta til en það reyndist ekki vilji fyrir henni. Auðvitað hörmuðu Íslendingar þetta mjög vegna þess að það var og er vilji sendinefndarinnar í kjölfar ákvörðunar þingsins um þátttöku þarna að vera mjög virk í starfi þingsins. Í öðru lagi var umræða um Eystrasaltsþingið þar sem ég ræddi um tengsl Íslands og Eystrasaltsríkjanna og flutti þar svipað mál og ég hef gert í dag, þ.e. ég lagði þar eindregið til að Eystrasaltslöndunum yrði tekið vel og þeim yrði hleypt bæði inn í Vestur-Evrópusambandið og reyndar NATO líka. Sá þröskuldur yrði ómerkur gerður sem felst nú í þeirri reglu að ríkið þurfi að vera líka fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu til þess að koma í NATO.

Það er rétt að geta þess líka, herra forseti, að á þinginu í desember í fyrra flutti hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir ræðu sem tók í stórum dráttum undir þetta viðhorf. Það er því alveg ljóst hver er vilji hinna óbreyttu þingmanna þó hér hafi komið fram í dag að menn séu kannski ekki alveg sáttir við það, a.m.k. ekki ég, að ríkisstjórnin taki ekki fastar á þessu.

Herra forseti. Tildrög þess að Íslendingar urðu aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu má rekja til nokkuð þverstæðukenndra atburða sem áttu sér stað í tengslum við Maastricht-ferlið. Vestur-Evrópusambandsríkin héldu þá fund þar sem þau í fyrsta lagi tóku ákvörðun um að bjóða þeim þremur ríkjum sem eru aðilar að NATO án þess að vera í ESB, aukaaðild að sambandinu. Þetta var gert, herra forseti, til að treysta hlutverk VES sem Evrópustoðar Atlantshafsbandalagsins. En á sama fundi var líka tekin ákvörðun um að vinna að því að þróa Vestur-Evrópusambandið þannig í framtíðinni að það yrði hluti af Evrópusambandinu. Ég tel að í þessu felist innri mótsögn. Ég tel að það séu ósamrýmanleg markmið annars vegar að hleypa NATO-þjóðum utan ESB inn í Vestur-Evrópusambandið til að auka vægi VES sem Evrópustoðar Atlantshafsbandalagsins en á hinn bóginn að vinna að því að þróa Vestur-Evrópusambandið inn í Evrópusambandið. Ég tel að þetta sé ósamrýmanlegt, herra forseti, og ég er á móti því. Ég held að það sé pólitísk eining um það á þessu þingi að vera á móti þessu.

Það er alveg ljóst að það þjónar ekki hagsmunum Íslendinga á meðan þeir eru utan Evrópusambandsins að þessi þróun haldi áfram. Það er margt sem mælir gegn þessu. Í fyrsta lagi skulum við velta því fyrir okkur hvers vegna Íslendingar þekktust boð Vestur-Evrópusambandsins um að ganga þar inn sem aukaaðilar. Það var til að ná þeim áhrifum sem felast í því að vera nánast í daglegu samneyti við stoð-

ir Atlantshafsbandalagsins, notfæra sér návígið til að koma skoðunum Íslendinga um öryggi og varnir Evrópu á framfæri og hafa sökum návígisins áhrif með hinni tíðu samræðu við fulltrúa Atlantshafsbandalagsins á þróun þessara mála.

Ef það verður ofan á, herra forseti, að Vestur-Evrópusambandið verður hluti af Evrópusambandinu eins og til skamms tíma virtist vera vilji allra sem eiga fulla eða aukalega aðild að Vestur-Evrópusambandinu utan Íslendinga og Breta, hvað hefur það í för með sér? Ef við horfum til þess hvaða áhrif það hefði haft t.d. á Atlantshafsbandalagið, þá er alveg ljóst að menn verða að tengja þetta þeirri þróun sem hefur átt sér stað í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum er komin upp ný kynslóð stjórnmálamanna, ný kynslóð manna sem taka ákvarðanir og þessi kynslóð horfir með vaxandi efasemdum til þátttöku Bandaríkjamanna í vörnum Evrópu. Sér í lagi og eðlilega vex þeim í augum kostnaðurinn við að hafa bandarískt herlið í Evrópu. Þetta er umræða sem Íslendingar hafa ekki farið varhluta af.

Ég hygg að meðan Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu og það er að sjálfsögðu rétt fyrir Ísland að vera það áfram, sé óæskilegt að mikilvægi varna Evrópu yrði flutt í auknum mæli yfir á Evrópusambandið með þessum hætti. Það mundi að sjálfsögðu auka líkurnar á því að Bandaríkjamenn létu í framtíðinni Evrópu eftir að sjá um varnir sínar. Sá dagur kann að koma að það sé réttmæt ákvörðun. En því miður, eins og við sjáum af atburðunum í Júgóslavíu, er sá dagur ekki í nánd að minni hyggju.

Herra forseti. Önnur rök mæla gegn þessu líka. Það var talað um það þegar þessum þremur ríkjum var boðin aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu að það yrði gert til þess að treysta mikilvægi þess sem Evrópustoðar Atlantshafsbandalagsins. En ef Vestur-Evrópusambandið verður inngróinn partur af ESB er um leið búið að svipta þessi þrjú ríki, Ísland, Noreg og Tyrkland möguleikunum á því að hafa áhrif á mál sem lúta þeirra eigin framtíð vegna þess að eðlilega mundu þessi ríki sem standa utan Evrópusambandsins ekki geta unnið innan ESB að þessum málum.

Það er vert að geta þess líka að ég tel eins og málum er háttað að t.d. Norðmenn með sína afgerandi atkvæðagreiðslu gegn þátttöku í Evrópusambandinu mundu eiga mjög erfitt með að halda uppi núverandi starfi og virkni innan Vestur-Evrópusambandsins. Það sama kynni e.t.v. að gilda fyrir Ísland a.m.k. miðað við núverandi ríkisstjórn. Þess vegna gæti þetta leitt til þess að a.m.k. virkni þeirra þjóða sem standa utan ESB eða eru aðilar að NATO mundi minnka og e.t.v. formleg staða þeirra líka. Þá má velta því fyrir sér hvort ekki sé beinlínis verið að vinna gegn því markmiði að VES verði að gildari Evrópustoð samstarfsins sem fer fram innan Atlantshafsbandalagsins.

Í þriðja lagi, herra forseti, er þess að geta að nú þegar eru fimm lönd innan Evrópusambandsins sem eru ekki fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Hvers vegna eru þau það ekki? Vegna þess að þau treysta sér ekki af pólitískum eða öðrum ástæðum til að axla þær skuldbindingar sem fylgja fullri aðild að þessu varnarbandalagi Vestur-Evrópuríkja. Ef Vestur-Evrópusambandið ætti að verða formleg stoð undir Evrópusambandinu sé ég ekki hvernig þessi ríki gætu samþykkt það nema því aðeins að sú varnarstefna sem nú er uppi yrði útvötnuð einhvern veginn. Það yrði tæpast í þágu öryggishagsmuna Evrópu eins og við höfum séð þá til þessa.

Herra forseti. Þetta eru meginrökin gegn því að það eigi að gera Vestur-Evrópusambandið að formlegum hluta Evrópusambandsins. Meginstarf íslensku sendinefndarinnar hefur falist í því að mæla gegn þessari þróun. Við höfum haldið ræður á þessum tveimur fundum gegn þessu þannig að eftir því hefur verið tekið. M.a. hefur verið leitað til okkar til að setja formlega fram rökin gegn því að þessi þróun nái fram að ganga í fyllingu tímans. Ég tel því, herra forseti, alveg ótvírætt að við höfum náð nokkrum árangri. Það sást á síðasta aukaþingi Vestur-Evrópusambandsins í Lundúnum sem haldið var fyrir þremur vikum, þegar niðurstaðan varð í rauninni sú að fallið var frá þessum hugmyndum í bili. Þar var gerð málamiðlun sem fól það í sér að menn ættu að stefna að einhverri ókunnri framtíð en nú væri réttara að hafa Vestur-Evrópusambandið áfram sem sjálfstæða stofnun. Og vegna þess að ráðstefnan í Lundúnum varð til að móta innlegg Vestur-Evrópusambandsins inn á ríkjaráðstefnu ESB sem hefst síðar á þessu ári, var þetta afskaplega mikilvæg afstaða. Íslendingar og Bretar höfðu að þessu leyti haft nánast sömu afstöðu og við gerðum okkur far um að láta það heyrast hvar sem var. Ég tel, herra forseti, að þetta hafi skipt nokkru máli. Ég tel að talsvert miklir hagsmunir séu fólgnir í því fyrir Ísland að þessi þróun nái ekki fram að ganga.

Svo má velta fyrir sér, herra forseti, hvort það sé réttur okkar að verja tíma og fjármagni til að taka þátt í þessum samtökum. Ég tel að ég hafi svarað þeirri spurningu í seinni hluta ræðu minnar. Ég tel að við höfum haft þarna sérstakan málstað. Við höfum haft sérstöðu. Við höfum náð að koma því afskaplega skilmerkilega á framfæri og ég tel að það hafi skipt nokkru máli varðandi þá niðurstöðu sem í bili hefur náðst um framtíð Vestur-Evrópusambandsins. Það er niðurstaða sem er mjög í samræmi við utanríkisstefnu Íslands, sem er mjög í samræmi við hina sameiginlegu afstöðu, ég held, flestra stjórnmálaflokka varðandi þennan tiltekna þátt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta. Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma af þinginu að ganga til samstarfs við aðrar þjóðir á vettvangi Vestur-Evrópusambandsþingsins. Við munum sjá það á næstu árum hvort ekki sé rétt að auka þátttöku okkar. En til að það verði hægt, m.a. til að gefa nefndarmönnum færi á að taka þátt í hinum mikilvægu sex fastanefndum þingsins, þarf aukið fjármagn. Það hefur ekki verið skilningur á því af hálfu þeirra sem ráða þinginu og það er auðvitað afstaða út af fyrir sig. Ég tel að það hafi verið misráðið. Ég tel að þarna sé um að ræða svo mikilvæg mál sem brenna það heitt nákvæmlega þessi árin á öryggis- og varnarsamstarfi Evrópuþjóðanna að það nauðsynlegt sé fyrir Ísland að fara þarna inn af fullum þunga. Það höfum við ekki náð að gera alveg enn þá.

[18:54]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir mjög greinargóða framsögu fyrir þessari skýrslu og ítarlega lýsingu hans á stöðu mála innan Vestur-Evrópusambandsins.

Það vekur óneitanlega athygli þegar horft er til Vestur-Evrópusambandsins að Norðurlöndin hafa öll náð saman um þá niðurstöðu að gerast ekki fullgildur aðili að því. Það er kannski ekki rétt að bera upp þá spurningu við hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvort það hafi verið rætt á vettvangi Norðurlandasamvinnunnar að þrátt fyrir alla umræðuna um að þróa Vestur-Evrópusambandið sem veigamikinn hlekk í nýju öryggiskerfi í álfunni, er það engu að síður afstaða

Norðurlandaríkjanna allra að treysta sér ekki til að vera þar fullgildir aðilar.

Það er skiljanlegt kannski að nokkru leyti með Ísland og Noreg sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu og það er kannski skiljanlegt með Finnland og Svíþjóð sem hafa að forminu til haft afstöðu hlutleysis. En mig langar til að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson til fróðleiks: Hver eru rökin af hálfu Dana fyrir því að vera ekki einu sinni aukaaðili sem þó Ísland og Noregur eru, heldur eingöngu áheyrnaraðili? Birtist það einhvern veginn í málflutningi þingmanna Dana á þessum vettvangi hvers vegna þeir hafa kosið að standa svo langt frá Vestur-Evrópusambandinu að þeir standi í raun og veru fjær en Ísland og Noregur?

[18:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að öll Norðurlöndin fimm hafa ekki kosið að taka sér stöðu sem fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Þrjú þeirra eiga þó kost á því. Það er erfitt að svara spurningunni vegna þess að ég hef ekki nægilega þekkingu á málinu til að geta það. Ég vil þó að því er varðar Danmörku greina frá því að Danir mæta þarna einungis til að fylgjast með. En ég minnist þess ekki að þeir hafi tekið til máls eða látið nokkrar skoðanir í ljós, meðan t.d. Norðmenn eru nokkuð virkir. Þingmenn þeirra á samkundunni hafa mælt fyrir fullri aðild Noregs að Vestur-Evrópusambandinu og ég hygg að því verði fylgt eftir af hálfu ríkisstjórnar Noregs á næstu árum.

Það var líka merkilegt þegar forsætisráðherra Dana kom hingað til fundar við utanrmn. í opinberri heimsókn sinni, að um það bil helmingurinn af því sem hann ræddi við okkur, og hann ræddi það reyndar líka talsvert í fjölmiðlum og í samtölum við systurflokk sinn, Alþfl., laut að Vestur-Evrópusambandinu. Satt að segja fannst mér dálítið merkilegt hversu mikinn þunga hann lagði á það mál og bersýnilegt að Danir hafa áhuga á því að breyta stöðu sinni á einhvern hátt. Ég held að hann hafi jafnvel sagt það í fjölmiðlum.

Hins vegar hafa Íslendingar á því ári sem þeir hafa verið þarna inni verið langvirkastir allra Norðurlandanna. Að hluta til, hv. þm., kann það að helgast af því, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að VES-ið var örreytiskot í túnjaðri höfuðbólsins áratugum saman. Það er fyrst núna á allra síðustu árum, þ.e. eftir Maastricht 1991, sem það er líklegt að Vestur-Evrópusambandið fái aukið vægi. Nú þegar á síðustu árum hefur Vestur-Evrópusambandið tekið að sér gæsluhlutverk bæði á Dóná, á Adríahafi og í Mostar. En ég hef ekki tíma til að fara frekar út í það.

[18:59]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann að vera hógværð hv. þm. að telja ekki að ein af ástæðunum fyrir því að sendinefnd Íslands mun vera eina sendinefnd norrænna ríkja sem lætur eitthvað að sér kveða á þessum vettvangi sé vösk framganga einstakra nefndarmanna í störfum þingsins. Hana þekkjum við náttúrlega úr þingsal á Alþingi og höfum kannski í þessum efnum gert að ákveðinni útflutningsvöru. En það mátti heyra á hinni merku ræðu sir Dudleys Smith sem hann hélt í boði forseta Alþingis að hin íslenska sendinefnd vakti greinilega mikla athygli á þinginu.

Hins vegar vil ég beina þeim tilmælum til nefndarinnar að í næstu skýrslu verði kafli um afstöðu og framgöngu hinna norrænu ríkja í starfi Vestur-Evrópusambandsins. Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir okkur þingmenn að fá nánari lýsingu á því, hvaða röksemdir liggja að baki mismunandi afstöðu norrænna ríkja til Vestur-Evrópusambandsins og hver málflutningur þingmanna frá hinum norrænu ríkjunum er á þessum vettvangi. Mér finnst t.d. mjög fróðlegt að heyra það hér að þingmenn Dana skuli yfirleitt ekki taka þátt í umræðum á þessum vettvangi. (**GHH:** Þeir eru bara hlustendur.) Ég held að þeir hafi rétt til að taka til máls, hv. þm. Geir Haarde, án þess að ég kunni að skýra það betur. Ég kem hér á framfæri þeirri ósk hér að í næstu skýrslu verði hugað að því að hafa kafla um hin norrænu ríki á vettvangi samstarfs um öryggismál í álfunni.

Alþjóðaþingmannasambandið 1995.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 340. mál. — Þskj. 595.

[19:01]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þetta er orðinn langur dagur og miklar umræður um alþjóðleg málefni. Ég ætla ekki að hafa langt mál um skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, en vísa í hið prentaða þskj. nr. 595 um það efni. Ég vildi hins vegar vekja athygli á nokkrum atriðum að því er varðar starfsemi þessa sambands sem er reyndar, að því er ég best veit, elstu alþjóðlegu samtökin sem starfað hafa samfleytt og starfa enn, stofnuð árið 1889.

Sá er reginmunur á þessum samtökum og öðrum sem gerð hefur verið grein fyrir í dag að þau ná um allan heim. Í sumum þeim samtökum sem rætt hefur verið um í dag eru mjög fá ríki, frá þremur í Vestnorræna þingmannaráðinu, fjórum í EFTA, fimm í Norðurlandaráði upp í 30–40 í Evrópuráðinu og ÖSE, en Alþjóðaþingmannasambandið hefur innan sinna vébanda 135 þjóðþing um allan heim, ef ég man rétt. Það er auðvitað grundvallarmunur á þessu. Hér er ekki um að ræða svæðisbundin samtök heldur alheimssamtök sem eiga sér aðeins hliðstæðu í Sameinuðu þjóðunum, sem eru vettvangur ríkisstjórnanna að sjálfsögðu.

Þessi samtök eru hins vegar miklu meira en bara vettvangur fyrir þingmenn til að koma saman og hittast, þótt það mikilvægasta í starfi samtakanna sé að vísu að skapa vettvang fyrir umræður um málefni líðandi stundar, þau málefni sem uppi eru í heiminum á hverjum tíma. Samtökin skapa vettvang fyrir tvíhliða samtöl eða fjölmennari til að leysa vandamál og geta þar með skapað fulltrúum aðstæður til að hittast sem ella hefðu ekki á því góð tök, fulltrúum landa sem hafa kannski ekki stjórnmálasamband eða eiga kannski í átökum. Mörg dæmi eru um að á þessum vettvangi hafi gefist tækifæri til að reyna að miðla málum eða jafnvel leiða þau til lykta.

Á undanförnum árum hefur sambandið beitt sér fyrir því að efla þróun lýðræðis um allan heim með því að bjóða fram tæknilega aðstoð, mannskap til að fylgjast með kosningum víða um heim, styðja og efla þátttöku kvenna jafnt sem karla í stjórnmálum, ekki síst í hinum vanþróaðri ríkjum heims og hlúa að mannréttindum hvarvetna, þá ekki síst mannréttindum þeirra sem kjörnir eru á þing sem fulltrúar sinna þjóða. Reynslan sýnir því miður að víða er réttaröryggi það mikið fótum troðið að þingmenn hafa jafnvel verið teknir

af lífi eða fangelsaðir án dóms og laga í ýmsum ríkjum heims. Þingmannasambandið hefur staðið vörð um réttindi þessara þjóðkjörnu fulltrúa og barist fyrir rétti þeirra oft með ágætum árangri þótt því miður séu allt of mörg dæmi um að harðstjórar hafi ekki virt leikreglur lýðræðisins gagnvart þingmönnum.

Hér eru á ferðinni samtök sem eru frábrugðin í eðli sínu hinum svæðisbundnu samtökum sem Íslendingar taka þátt í á vegum Alþingis. Reyndar er það svo í mörgum ríkjum að menn nota þennan vettvang til þess að skapa tvíhliða samskipti. Breska deildin innan Alþjóðaþingmannasambandsins hefur t.d. mjög mikil samskipti við önnur lönd og allar heimsóknir erlendra þjóðþinga til breska þingsins eru innan vébanda og á vettvangi þessa samstarfs og í nafni þess.

Ég gat þess áðan að Sameinuðu þjóðirnar væru kannski sú stofnun alþjóðleg sem sambærilegust væri þingmannasambandinu og þegar Sameinuðu þjóðirnar áttu 50 ára afmæli í fyrra var haldinn sérstakur aukafundur í ráði Alþjóðaþingmannasambandsins í sal allsherjarþingsins í New York þar sem rætt var m.a. um framtíð Sameinuðu þjóðanna og framtíðarsamstarf þessara tveggja samtaka. Niðurstaðan varð sú að allsherjarþingið samþykkti í haust sérstaka ályktun þar sem framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna var falið að vinna að gerð samstarfssamnings við Alþjóðaþingmannasambandið. Er sú vinna nú í fullum gangi og verið að vinna að formlegum samningi um þetta samstarf. Að baki slíkra hugmynda er sú skoðun að Alþjóðaþingmannasambandið gæti orðið svokölluð þingleg vídd fyrir það starf sem fram fer á vegum ríkisstjórnanna innan Sameinuðu þjóðanna.

Breyting hefur orðið á starfseminni innan Alþjóðaþingmannasambandsins á síðustu árum eins og annars staðar í kjölfar þess að kalda stríðinu er lokið. Áhugi sumra ríkja hefur minnkað, en áhugi annarra hefur aukist og fjöldi nýrra ríkja hefur komið til skjalanna á þessum vettvangi, bæði nýfrjáls ríki og síðan önnur sem áður fengu ekki aðild vegna stjórnarhátta í viðkomandi landi. Ég nefni þar sem dæmi Suður-Afríku, Namibíu, Chile og fleiri slík lönd. Þar fyrir utan hafa komið inn í samtökin fjöldi nýrra og nýfrjálsra ríkja bæði í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu og víðar. Þetta hefur kallað á margs konar breytingar, en kannski er það eftirminnilegast að átökin sem endurspegluðust milli vestrænna ríkja undir forustu Bandaríkjanna annars vegar og kommúnistaríkjanna undir forustu Sovétríkjanna hins vegar eru horfin. Kannski má segja að áhugi Bandaríkjamanna hafi af þeim sökum minnkað nokkuð á þátttöku í þessu samstarfi. Samstarfið er ekki lengur hugmyndafræðilegur átakavettvangur með sama hætti og áður var, en á hinn bóginn hafa önnur alþjóðleg deilumál tekið ríkari skerf af tíma samtakanna. Má þar t.d. nefna deilurnar í fyrir botni Miðjarðarhafs. Meðan þær stóðu sem hæst endurspegluðust deilumálin með mjög áberandi hætti á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins, en þróunin á þessum vettvangi hefur auðvitað líka komið mjög glöggt fram hjá sambandinu.

Það hafa verið nokkrar blikur á lofti varðandi þátttöku Bandaríkjaþings í samstarfinu, m.a. vegna þess að ríkjandi meiri hluti á þinginu hefur aðra afstöðu til alþjóðamála í ýmsum grundvallaratriðum en verið hefur. Hann hefur kannski fylgt meiri einangrunarstefnu en tíðkast hefur um margra ára skeið. Það hefur birst í framlögum og fjárveitingum til margs kyns samstarfs á alþjóðavettvangi sem sést best á því hvað skorið hefur verið við nögl að greiða framlög til sjálfra Sameinuðu þjóðanna, en það er Bandaríkjaþingi og Bandaríkjunum ekki til sérstaks framdráttar eða sóma. (**KÁ:** Það stendur nú vonandi til bóta.) Stendur vonandi til bóta, segir hv. þm. Kristin Ástgeirsdóttir. Og ég tek undir það. En ýmsar aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa mátt sætta sig við skert framlög og minni þátttöku en áður hefur verið.

Af hálfu Alþjóðaþingmannasambandsins hafa verið viðræður í gangi við fulltrúa Bandaríkjaþings sem hafa snúist um áframhaldandi þátttöku Bandaríkjanna af fullri einurð. Þar hafa menn lagt áherslu á að Bandaríkjamenn taki fullan þátt í þessum störfum, greiði ekki bara sín gjöld heldur sinni starfinu. Ég átti þess reyndar kost í gær að taka þátt í slíkum viðræðum í hlutverki mínu sem varaforseti þessara samtaka ásamt forseta þess sem kemur frá Egyptalandi og framkvæmdastjóra samtakanna. Í ljósi þeirra viðræðna sem við áttum vestra í gærdag við ýmsa helstu ráðamenn í þinginu, tel ég ekki ástæðu til þess að örvænta neitt um þetta atriði. En það mun auðvitað koma í ljós síðar.

Ég vísa að endingu, herra forseti, til þess skjals sem hér liggur frammi. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta. Umræðurnar í dag hafa verið ágætar almennt séð um þessi alþjóðlegu málefni. Ég sé ástæðu til þess að fagna því að það hefur þurft heilan dag til að ræða þessar skýrslur. Það er til marks um hvað áhugi hefur vaxið í þinginu á alþjóðamálum og störfum alþjóðanefnda. Það er líka til marks um að vonandi eru þessar nefndir allar að vinna störf sem máli skipta og sem munu skila sér inn í þingið með einum eða öðrum hætti, vonandi sem jákvæðustum.

[19:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þannig með þennan lið í þingsköpunum, andsvar, að það er ekkert sjálfgefið að hann sé alltaf notaður til þess að andmæla því sem fram kemur hjá hv. þingmönnum, heldur er hann vettvangur fyrir styttri innskot.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þm. Geir Haarde fyrir hans skýrslu. Ég vil einnig þakka honum fyrir það starf sem hann hefur unnið á þessum vettvangi. Það er ekki mjög algengt að íslenskir þingmenn í jafnvíðtæku alþjóðlegu starfi og hér um ræðir séu valdir til forustustarfa um árabil. Það hefur hins vegar orðið raunin varðandi hv. þm. Geir Haarde. Mér er kunnugt um það af samtölum sem ég hef átt við marga þingmenn sem ég hef hitt víða um veröldina og starfa á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins að þeir þekkja mjög vel til þeirrara starfa og tengja það við Ísland. Hróður Íslands hefur því verið aukinn sérstaklega á þessum vettvangi og víðar í krafti þeirra starfa sem hv. þm. Geir Haarde hefur unnið þar.

Það er kannski ekki almennt til siðs á Alþingi að menn fjalli um mál með þeim hætti sem ég geri nú, en mér finnst þau verk sem hv. þm. hefur unnið innan Alþjóðaþingmannasambandsins og sá trúnaður sem honum hefur verið veittur þar vera með þeim hætti að það beri að veita því sérstaka athygli á Alþingi og þakka fyrir það fyrir hönd þingsins.

[19:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Vissulega er ástæða til að taka undir orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar varðandi hv. þm. Geir Haarde. Móðir Gríms Thomsens hefði komist þannig að orði að hann væri sómi síns föðurlands eins og hún sagði oft um þá menn sem henni fannst standa sig vel. Ég kannast við þetta sama úr því alþjóðasamstarfi sem ég hef verið í að hv.

þm. Geir Haarde er þekktur meðal þingmanna og að góðu einu.

Ástæðan fyrir því að ég kem hingað í ræðustól er sú að það rifjaðist upp fyrir mér að ég hef notið mjög góðs af Alþjóðaþingmannasambandinu og við hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir. Ég vil koma því að hvað Alþjóðaþingmannasambandið kemur víða við því að á kvennaráðstefnunni í Kína kom Alþjóðaþingmannasambandið nokkuð við sögu. Það stóð þar fyrir mjög stórum fundi sem var haldinn í höll alþýðunnar í Peking, heils dags fundi þar sem voru saman komnir að ég hygg nokkur hundruð þingmanna því að það voru gríðarlega margir þingmenn á kvennaráðstefnunni. Mér er sérstaklega minnisstæð fylking indverskra þingkvenna sem voru þarna tugum saman og bar auðvitað mikið á vegna þess hvað þær voru skrautlega klæddar og glæsilegar konur. Þarna var farið í gegnum stöðu mála í þjóðþingum heimsins og kynnt skýrsla sem Alþjóðaþingmannasambandið lét vinna sérstaklega í tilefni af kvennaráðstefnunni um stöðuna á þjóðþingum. Ég veit ekki hvort þingmenn hafa almennt fengið skýrsluna. Ég á hana í fórum mínum og ég sá að ritari deildarinnar var með hana í sínum höndum í dag en það væri vissulega ástæða til að kynna hana betur því að þar er að finna gríðarlega góð og mikil gögn varðandi þátttöku kvenna og hlut þeirra á öllum þjóðþingum heimsins. Skýrslan sýnir að þegar hún var gerð var Ísland í 8. sæti í heiminum hvað varðar hlut kvenna á þjóðingum.

Alþjóðaþingmannasambandið gerði meira. Það stóð líka fyrir almennum umræðufundi um sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvernig væri hægt að koma þeim inn á þjóðþingin og beita þjóðþingunum til þess að koma þeim í framkvæmd. Framlag Alþjóðaþingmannasambandsins þarna var verulegt og það var mjög gaman að fá tækifæri til þess að hitta þarna þingmenn frá öllum heimsins hornum. Konur voru í miklum meiri hluta og eins og hér hefur komið fram er oft eins og maður fái einna mest út úr því í öllu þessu samstarfi að fá tækifæri til að tala við fólk úr ýmsum áttum.

Ég minnist þess einnig að forseti Alþjóðaþingmannasambandsins sem er frá Egyptalandi gerði nokkra grein fyrir stöðu þingmannasambandsins og ég minnist þess að hann lýsti þar sérstökum áhyggjum sínum af því hvað Bandaríkjamenn væru að draga sig út úr þessu starfi. Hann hvatti þá sem þarna voru til þess að þrýsta á Bandaríkin og vekja athygli á því hvað þetta starf væri um margt merkilegt en það mundi hafa afar alvarleg áhrif ef þeir drægju sig út úr starfinu og þá ekki síst vegna þeirra framlags.

Mig langaði bara að koma þessu á framfæri og vekja athygli á þessari skýrslu sem ætti að vera í höndum allra þingmanna því að oft er maður að leita upplýsinga um stöðu kvenna á þjóðþingum víða um heim og þessi skýrsla liggur fyrir og var mjög gott framlag til umræðunnar í Peking.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 284. mál (Bændasamtök Íslands). — Þskj. 523.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, 3. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 522.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–18. mál.

Fundi slitið kl. 19:21.

100. FUNDUR

þriðjudaginn 5. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1995, þáltill., 325. mál, þskj. 572. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 284. mál, þskj. 523. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, stjfrv., 283. mál, þskj. 522. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Flugmálaáætlun 1996–1999, stjtill., 365. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
5. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639. — 1. umr.
6. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 301. mál, þskj. 541. — 1. umr.
7. Helgidagafriður, stjfrv., 315. mál, þskj. 556. — 1. umr.
8. Staðfest samvist, stjfrv., 320. mál, þskj. 564. — 1. umr.
9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 333. mál, þskj. 582. — 1. umr.
10. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 355. mál, þskj. 615. — 1. umr.
11. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549. — 1. umr.
12. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frv., 357. mál, þskj. 622. — 1. umr.
13. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 173. mál, þskj. 216, nál. 620, brtt. 621. — 2. umr.
14. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 129, nál. 623, brtt. 624. — 2. umr.
15. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 102, nál. 637, brtt. 638. — 2. umr.
16. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 103, nál. 633, brtt. 634. — 2. umr.
17. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 106, nál. 635, brtt. 636. — 2. umr.
18. Náttúruvernd, stjfrv., 366. mál, þskj. 642. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá kennurum í Seljaskóla.
Erindi frá starfsmannafélagi Kvennaskólans í Reykjavík.
Erindi frá kennurum í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Áhættu- og nýsköpunarsjóður, 368. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 645.

Innflutningur dýra, 367. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 644.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 363. mál, frv. MF o.fl., þskj. 632.

Munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku, 369. mál, beiðni MF o.fl. um skýrslu, þskj. 646.

Náttúruvernd, 366. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 642.

Óbyggt skólahúsnæði, 305. mál, svar menntmrh., þskj. 643.

Samningur við Neyðarlínuna hf., 289. mál, svar dómsmrh., þskj. 641.

Tilkynning um utandagskrárumræðu o.fl.

[13:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Þess skal getið að fyrirhugaðri utandagskrárumræðu sem vera átti í upphafi þessa þingfundar þar sem hæstv. viðskrh. átti að vera til andsvara hefur verið frestað vegna veikinda hæstv. ráðherra. Hins vegar fer fram utandagskrárumræða kl. fjögur í dag þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. verður til andsvara. Efni umræðunnar er lækkun lífeyrisbóta 1. mars. Málshefjandi er Ásta R. Jóhannesdóttir. Þetta er hálftíma umræða.

Þess verður freistað að láta fara fram atkvæðagreiðslu um 1.–3. dagskrármálið kl. fjögur. En vegna fjarveru og fjarvistarleyfa mjög margra þingmanna er óvíst að það takist.

Flugmálaáætlun 1996–1999, fyrri umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 640.

[13:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Á þskj. 640 liggur fyrir till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1996–1999. Það sem er nauðsynlegt að athuga í sambandi við þessa flugmálaáætlun fram yfir það sem er í hinum fyrri flugmálaáætlunum er að í árslok var samþykkt lagabreyting þess efnis að flugvallargjaldi skyldi ráðstafað með flugmálaáætlun, eins og áður að vísu, en nú segir að tekjunum skuli annars vegar varið til rekstrar flugvalla og til framkvæmda í flugmálum en eldsneytisgjaldinu er eins og áður eingöngu varið til framkvæmda í flugmálum.

Þetta hefur í för með sér þá breytingu að eins og fram kemur á þingskjalinu er nú gert ráð fyrir því að öll árin bæði 1996, 1997, 1998 og 1999 skuli varið til rekstrar flugvalla á þessu ári 190 millj. kr. og á hinum næstu þremur 100 millj. kr. ár hvert. Þessar 190 millj. kr. eru í samræmi við fjárlög fyrir árið 1996.

Eins og málin lágu þá fyrir var búist við að tekjur af flugvallargjaldi eða tekjur samkvæmt flugmálaáætlun yrðu

mun minni en síðan hefur reynst. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að á þessu ári verði til ráðstöfunar 522 millj. kr. Skýrist sú tala annars vegar með því að nokkrar fyrningar eru frá síðasta ári og hins vegar er búist við að tekjur á þessu ári verði meiri en áður hafði verið áætlað og er enn búist við því á næsta ári að tekjur hækki um 5% og verði 473 millj. og svo hin næstu ár.

Raunar má segja að hér sé komin skýringin á þessum tekjum sem fundust og voru ræddar þegar vegáætlun var til umræðu fyrir skömmu og var svo að skilja að sumum þætti kannski undarlegt að það skyldi vera áhersluatriði að reyna að halda við flugmálaáætlunina eins og hún lá fyrir í staðinn fyrir að skera einstaka staði niður frá því sem þar hafði verið gert ráð fyrir. Er ég þá sérstaklega með Akureyri í huga.

Eins og tillagan liggur fyrir á þskj. 640 er gert ráð fyrir því að á næstu þremur árum, 1997, 1998 og 1999, verði reynt að leggja áherslu á að ráðast í hina miklu framkvæmd, endurnýjun á bundnu slitlagi á Reykjavíkurflugvelli. Má segja að það verk hafi kannski dregist úr hömlu. Við því er náttúrlega ekkert að gera nú en hitt liggur ljóst fyrir að það verður ekki beðið. Óhjákvæmilegt er að ráðast í verkefnið. Þess er að vænta að athuganir á vatnsbúskap Vatnsmýrarinnar geti legið fyrir á þessu ári, hvaða áhrif endurnýjun flugvallarins hefur, umhverfismat í víðum skilningi þess orðs geti legið fyrir á vordögum og jafnframt hefur verið ákveðið af mér og borgarstjóra Reykjavíkur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að hittast og ræða m.a. framtíð Reykjavíkurflugvallar eins og önnur samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Síðastliðið vor kom upp nokkur umræða um það hvar rétt væri að hugsa sér að ný flugstöð gæri risið og höfðu sumir uppi þá hugmynd að sameina umferðamiðstöð og flugstöð þar sem hún nú stendur. En á sínum tíma var talið að það gengi ekki upp vegna nálægðar Umferðamiðstöðvarinnar við Landspítalann. Ég hygg að sú hugmynd sé enn uppi að flugstöðin muni rísa á svæðinu fyrir sunnan Öskjuhlíðina skammt frá Nauthólsvík. Það mál er auðvitað einnig til athugunar.

Flugmálaáætlunin hér gerir ráð fyrir rétt um 500 millj. kr. til endurnýjunar slitlags á árunum 1997, 1998 og 1999. Það er tæpur helmingur þess sem þarf til þess að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll. Það hefur verið búist við að það geti kostað í kringum 12.000 millj. kr. með um 10% skekkju, kannski meiri skekkju, sem sýnir að óhjákvæmilegt verður að ráðast í lántöku vegna verkefnisins þar sem það verður að vinna í einni lotu, kannski á tveimur eða þremur árum. Með þeim tekjustofnum sem eru fyrir hendi á að vera auðvelt að endurgreiða lánið á næstu sjö til átta eða kannski níu árum án þess að nein ofætlan sé í því.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í flugmálaáætlun að breikka Akureyrarflugvöll um leið og slitlagsyfirlagið er endurnýjað. Ástæðan er vitaskuld sú að æ stærri flugvélar leggja leið sína þangað norður og hér er því að sjálfsögðu um öryggisatriði að ræða sem óþarfi er að fjölyrða um. Í flugmálaáætluninni er einnig gert ráð fyrir því að verulegar framkvæmdir verði á öðrum flugvöllum sem mikil umferð er um á þessu ári aðallega en örlítið á hinu næsta. Til Egilsstaðaflugvallar er gert ráð fyrir 43 millj., 33 millj. til Ísafjarðar og síðan er gert ráð fyrir því að kaupa snjósópara og ljúka framkvæmdum þar sem bundið slitlag var lagt á síðasta ári. Það er óþarfi að rekja það, það liggur fyrir á þskj.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því að bundið slitlag verði lagt á flugvöllinn á Vopnafirði þegar á næsta ári. Rökin fyrir því eru þau að uppi eru hugmyndir um að fljúga þangað stærri flugvélum, 19 manna flugvélum e.t.v. sem stundum eru kallaðar „rörið" og er þá forsenda fyrir því að þar sé bundið slitlag. Það er hægt að tengja slíkt fluginu á Þórshöfn en þar hefur einnig verið lagt bundið slitlag. Það er hægt að hugsa sér að beint flug geti orðið frá Reykjavík til Þórshafnar og Raufarhafnar með hinum stærri flugvélum þegar hið bundna slitlag hefur verið lagt.

Ég vil enn fremur minna á að ákveðin vandkvæði eru uppi á Þingeyri og Ísafirði. Við vitum að Ísafjarðarflugvöllur hefur mikla vankanta eins og t.d. þá að honum er lokað eftir að dimma tekur. Og þó að hér eigi að bæta við og reynt verði að auka öryggisbúnað, er óhjákvæmilegt til frambúðar annað en hugsa sér að Þingeyrarflugvöllur verði varaflugvöllur Ísafjarðarflugvallar. Þetta er orðið eitt og hið sama sveitarfélag eins og við vitum og vil ég beina því sérstaklega til samgn. að athuga þessi mál nú á síðari hluta áætlunartímabilsins.

Ég vil einnig vekja athygli samgn. á því að fjármál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hafa löngum verið í ólestri og eru uppi áætlanir um að endursemja um lán og gera áætlun um það hvernig hægt verði að greiða niður stofnkostnað þeirrar framkvæmdar. Mér þykir ekki óeðlilegt að einhverju fé af flugmálaáætlun sé varið til þess og hefur verið talað um 60 millj. kr. í því sambandi.

Eins og fram kemur í greinargerð hefur afkoma Flugmálastjórnar á undanförnum árum verið mjög góð. Rekstrargjöld og stofnkostnaður hafa nánast verið í samræmi við fjárheimildir og eru horfur á þessu ári að svo muni áfram verða. Rekstur Flugmálastjórnar er í stöðugri endurskoðun með hagræðingu í huga sem skilað hefur töluverðum sparnaði á undanförnum árum.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa þessi orð fleiri. Þskj. 640 er skýrt og greinargerðin sem fylgir fullnægjandi fyrir hv. þingmenn til að þeir geti gert sér grein fyrir þeim efnisatriðum sem varða þetta mál og hvernig hugsað er að standa að flugmálaáætlun til næstu fjögurra ára.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umræðu og samgn.

[13:49]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. samgrh. langar mig til að fá skýrari svör um áform sem eru uppi á vegum Reykjavíkurborgar og lúta að því hvernig staðsetningu væntanlegs flugvallar hér til að sinna innanlandsfluginu verður háttað. Við höfum heyrt í fjölmiðlum ýmsar hugmyndir þar um. Ég tel að það sé alveg ljóst að þetta mál verður að liggja fyrir mjög fljótlega og samgn. þingsins sem fær flugmálaáætlunina nú til meðferðar hlýtur að gera mjög stífar kröfur um að ákvörðun liggi fyrir. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra út í þetta mál frekar. Það er alveg ljóst að við erum að tala um mjög mikið fjármagn sem þarf til að byggja upp Reykjavíkurflugvöll. Það er óhjákvæmilegt. Ég held að sem betur fer sé nokkuð breið samstaða á Alþingi um slíkt mál. En það verður að liggja ljóst fyrir á þeim tíma sem við fjöllum um flugmálaáætlun, hver áformin eru um staðsetningu flugvallarins í Reykjavík.

[13:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan, höfum við borgarstjóri hugsað okkur að hittast von bráðar til að ræða þetta mál. Ég vil jafnframt minna á að það liggja fyrir yfirlýsingar borgarstjóra um að borgaryfirvöld hafi ekki annað í hyggju

en að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram þar sem hann nú er enda liggur það alveg ljóst fyrir að innanlandsflugi verður ekki haldið uppi frá Keflavíkurflugvelli, a.m..k. ekki til staða eins og Akureyrar, Hafnar í Hornafirði og þar fram eftir götunum. Það kemur auðvitað ekki til greina. En þessi mál munu skýrast og hygg ég að borgarstjóra sé ljúft að mæta á fundi samgn. og skýra sín mál þar.

[13:52]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir yfirlýsingu ráðherrans og fagna því ef það liggur skýrt fyrir frá Reykjavíkurborg að engin áform séu uppi um það að flytja þessa starfsemi sem nú er í Vatnsmýrinni. Það ættu því ekki að vera vandkvæði á því að samgn. þingsins, þegar hún fjallar um flugmálaáætlunina, fái þessa samþykkt sem gerð hefur verið eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra.

[13:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við þessa fyrri umræðu um flugmálaáætlun næstu fjögurra ára að þessu ári meðtöldu vil ég koma nokkrum atriðum á framfæri. Í fyrsta lagi lýsi ég yfir megnri óánægju af minni hálfu og okkar alþýðubandalagsmanna að því er varðar meðferð á fjármagni til flugmála og merktum tekjustofnum sem gott samkomulag var um á sínum tíma að teknir yrðu til framkvæmda í flugmálum í landinu. Það hefur ítrekað verið brugðið á það ráð af fyrrv. ríkisstjórn og nú af þessari að taka hluta af þessu fjármagni til beinna rekstrarþátta flugvallanna. Hugmyndin er að halda þar áfram í stórum stíl eins og fram kemur í greinargerð með þessari áætlun. Þar er gert ráð fyrir í flugmálaáætlun að fé til framkvæmda í flugmálum og tekjum af flugvallargjaldi skuli einnig varið til rekstrar flugvalla, ekki minna en 190 millj. kr. á þessu ári og 100 millj. kr. á næstu árum, ár hvert. Þetta er meðferð á mörkuðum tekjustofni sem er að mínu mati mjög óeðlileg. Það mætti hafa um það harðari orð vissulega og þyrfti ég ekki að leita í smiðju langt frá hæstv. ráðherra flokkslega séð til að velja þessari ráðabreytni einkunnir. Ég minni þar á orðræður hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem var ráðherra þegar þessi markaði tekjustofn var innleiddur á sínum tíma. Hann beitti sér hart gegn breytingum, einnig þegar hann var í stuðningsliði ríkisstjórnar eftir að farið var að taka umtalsverða fjármuni til annars en gert hafði verið ráð fyrir þegar tekjustofninn var ákveðinn.

Þetta bætist ofan á það að almennt var skorið stórkostlega niður fjármagn til flugmála með ákvörunum sem tengdust fjárlagafrv. þannig að miðað við það sem þá lá fyrir var niðurskurðurinn nærri því helmingur, hátt í 50% miðað við fyrra ár ef ég man rétt. Þessar tölur hef ég ekki fyrir framan mig. Það þarf ekki mörg orð til að lýsa því hvaða áhrif slíkt hefur á ráðgerðar framkvæmdir samkvæmt þeirri áætlun sem hefur verið í gildi. Þetta bitnar hart á stórum framkvæmdaþáttum, bæði endurbyggingu og nýbyggingu í sambandi við flugmálin og kemur niður á aðalflugvöllum heilla landshluta eins og Egilsstaðaflugvelli. Þeim framkvæmdum sem þar hafa verið í gangi og seinkar af þessum sökum. Þetta varðar einnig Reykjavíkurflugvöll og flugvöllinn á Akureyri. En inn í það mál koma yfirlýsingar hæstv. ráðherra varðand hið fundna fé sem hann aðeins vék að í sínu máli. Hann kom því á framfæri ekki alls fyrir löngu hvert hugur hans stæði í sambandi við ráðstöfun á þessu fundna fé og er það mál út af fyrir sig sem hefur þegar verið gagnrýnt á Alþingi. Ég ítreka gagnrýni mína á þeim vinnubrögðum sem þar voru uppi höfð af hæstv. ráðherra, þ.e. að boða það utan þings að það fjármagn sem þarna kynni að bætast við og verða til ráðstöfunar skyldi eyrnamerkt í ákveðnu skyni án þess að nokkrum hér, mér vitanlega, á þingi hefði verið kynnt þau áform. Slíkt hlýtur að sjálfsögðu að verða rætt ásamt öðrum atriðum sem snerta þessa áætlun og ... (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra er eitthvað farinn að ókyrrast undir máli mínu og helst ekki við í sæti sínu. Það er kannski til marks um það að eitthvað hefur á honum hrinið sú gagnrýni sem fram hefur komið úr ýmsum áttum vegna ráðslags hans um hvað hann hefði í huga í sambandi við hið fundna fé sem hann nú kallar svo eins og fram hefur komið opinberlega.

Einnig á hinum smærri flugvöllum í landinu sem gegna þó mjög mikilvægu hlutverki fyrir utan aðalflugvellina sem ég nefndi og fleiri ónefnda, er æskilegum og nauðsynlegum framkvæmdum frestað vegna þess að fjármagnið er annaðhvort ekki til ráðstöfunar eða ráðstafað til annarra þátta samkvæmt ákvörðun stjórnarmeirihlutans undir forustu hæstv. samgrh. Hér er einnig um að ræða flugvelli á Austurlandi sem ég ætla ekki að fara að gera að sérstöku umtalsefni, þar sem óskað hefur verið eftir verulegum aðgerðum t.d. á Hornafjarðarflugvelli og víðar. Það á eftir að sjá hvaða fjármagn fæst til þeirra nauðsynlegu aðgerða sem þar hefur verið óskað eftir.

Hér kom Reykjavíkurflugvöllur til umræðu og þörfin á aðgerðum í sambandi við hann. Ég tek undir það sem fram hefur komið að það er alveg nauðsynlegt að óvissu verði eytt fyrr en seina um stöðu Reykjavíkurflugvallar og endurbætur þar. Ég hef ekki satt að segja tekið mjög alvarlega hugmyndir um það að þessi flugvöllur yrði fluttur í náinni og fyrirsjáanlegari framtíð, að farið yrði að flytja innanlandsflugið eitthvert annað. Það skiptir alla landsmenn og Reykjavíkurborg auðvitað líka miklu máli að innanlandsflugið haldist í sem bestu horfi og tengist höfuðstaðnum. Auðvitað eru skipulagslegir annmarkar á því að rækja þetta flug frá Reykjavík í nágrenni þéttbýlis eins og alls staðar annars staðar þar sem flugvellir eru nærri þéttbýli en ég hef litið svo til að þeir erfiðleikar gætu farið minnkandi af ýmsum ástæðum vegna breytts flugvélakosts, vegna tæknibreytinga, vegna þess að unnt er að draga úr hljóðmengun af flugi o.s.frv. Ég fullyrði að það mundi hafa afar afdrifarík áhrif á innanlandsflugið ef farið væri að flytja það eitthvað verulega frá höfuðstaðnum, ég tala ekki um til Keflavíkur. Það væri hið sama í rauninni og að kippa fótum undan flugi víðast hvar innan lands, einfaldlega vegna þess tíma sem bættist þá við til þess að nýta sér flugið. Þetta held ég að sé öllum sem nota innanlandsflug eitthvað að ráði fullkomlega ljóst. Ég á ekki von á öðru en að núverandi flugvöllur verði endurgerður eins og brýn nauðsyn er að verði og allri óvissu þar að lútandi verði eytt hið fyrsta.

[14:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti margt athyglisvert í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Í fyrsta lagi er ekki rétt að gert hafi verið ráð fyrir því að skera niður fé til flugmála um nær 50% og hygg ég að þingmaður hafi þar mismælt sig og ætlað að tala um að gert hafi verið ráð fyrir að skera niður fjárveitingar til flugvalla samkvæmt flugmálaáætlun um nær 50% sem er annað. En eins og fram kemur hér í þeirri flugmálaáætlun sem lögð er fram er sá heildarniðurskurður eftir að tekjuþátturinn hefur verið endurskoðaður miklum mun minni eða um

60 millj. kr. á þessu ári, úr 395 í 332, og 20 millj. kr. á næstu árum. Það er líka rangt hjá hv. þm. þegar hann var að reyna að gefa það í skyn að fjárveitingar til Austurlands minnki samkvæmt hinni nýju flugmálaáætlun miðað við þá sem í gildi er. Það er ekki rétt. Ef við tökum Austfjarðaflugvellina sem heild er það ekki rétt.

Ég vildi gjarnan að hv. þm. upplýsti betur hvað hann ætti við með því að ég hafi ráðstafað hinu fundna fé fram hjá Alþingi og úti í bæ. Samkvæmt þeirri flugmálaáætlun sem er í gildi er gert ráð fyrir að til Akureyrar renni 75 millj. kr., samkvæmt þeirri flugmálaáætlun sem liggur frammi er gert ráð fyrir að á þessu ári renni til Akureyrarflugvallar 66 millj. kr. eða niðurskurður um 9 millj. kr. Á sama tíma og þetta liggur fyrir er verið að gefa í skyn bæði með óljósum orðum hér áðan og eins í þessum ræðustól áður af flokksbræðrum hv. þm. að ég sérstaklega verið að hygla Akureyri. Það sjá auðvitað allir að þetta er gripið úr lausu lofti.

[14:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra veit auðvitað um þann gífurlega niðurskurð sem var ákvarðaður í sambandi við samþykkt fjárlaga sem varðaði framkvæmdafé til flugvalla. Það er rétt. Hafi ég sagt annað þá er það mismæli. En það nam hátt í 50%, ég held að talan 48% hafi verið nefnd hér og legið fyrir við afgreiðslu mála. Það segir að sjálfsögðu til sín. Það var auðvitað ljóst í ljósi þess niðurskurðar sem þá blasti við að víða yrði að seinka framkvæmdum sem bitnaði m.a. á framhaldsframkvæmdum á Austurlandi sem víðar. Hæstv. ráðherra er að bregða mér um að hafa ætlað honum eitthvað annað en fram hefur komið. Það er alls ekki. Það liggur allt saman fyrir.

Hæstv. ráðherra boðaði það á flokksfundi sjálfstæðismanna í Norðurl. e., líklega á Akureyri, að því fundna fé sem nú er rætt um, þ.e. auknar tekjur, yrði ráðstafað sérstaklega til framkvæmda á Akureyrarflugvelli. Þetta var það fyrsta sem menn heyrðu um þetta efni. Ég hugsa að það sé ekki bara við alþýðubandalagsmenn heldur aðrir. Nú kemur hæstv. ráðherra og segir: Þetta var ekkert á skjön við flugmálaáætlunina. Þannig geta menn reynt að sleppa. Ég ætla ekkert að draga úr þörfinni á Akureyri fyrir framkvæmdir sem víða annars staðar og að þar hafi blasað við niðurskurður samkvæmt fyrirliggjandi flugmálaáætlun. Það liggur alveg ljóst fyrir. En hæstv. ráðherra kemst ekki undan því að hann hefur með þessum hugmyndum sínum ætlað að sleppa við niðurskurð að mestu leyti á Akureyri og láta hann bitna á öðrum. Þetta er mál sem Alþingi verður að fjalla um. Þó ég viti að hæstv. ráðherra er til alls líklegur og öflugur maður ætla ég honum ekki að taka fram fyrir hendur Alþingis þar sem það hefur valdið.

[14:06]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þm. að honum er gjarnt að ætla mönnum hið versta. Þetta mál er þannig vaxið að fulltrúar á vegum embættis Flugmálastjórnar fóru norður til Akureyrar og kynntu þar fyrir fulltrúum, m.a. Akureyrarbæjar, hvernig horfur væru í sambandi við flugmálaáætlun út frá þeim forsendum sem lágu fyrir þegar fjárlög höfðu verið samþykkt. Samkvæmt hugmyndum embættismanna Flugmálastjórnar var fyrirsjáanlegt að til mikils niðurskurðar kæmi á þeim framkvæmdum sem höfðu verið fyrirhugaðar á Akureyri. Þegar þar var komið sögu að kjördæmaráðsfundur var haldinn á Akureyri hafði verið haldinn fundur í flugráði og þá höfðu verið endurskoðaðar þær tekjuspár sem liggja til grundvallar flugmálaáætlun. Þá kom í ljós að niðurskurðurinn yrði miklu minni en áður hafði verið ætlað. Auðvitað voru ekki uppi hugmyndir af minni hálfu eða annarra til þess að gjörbreyta þeim áhersluatriðum sem áður höfðu verið né til þess að hætta við hálfkaraðar framkvæmdir. Þetta er allt og sumt. Þó einhver bæjarfulltrúi á Akureyri spyrji mig út í flugmálaáætlun er vani að maður reyni að svara líka þó á flokksfundum sé þegar maður reynir það á opinberum almennum fundum. Mér finnst hins vegar mjög merkilegt eftir að málið er allt komið í ljós að hv. þm. skuli halda áfram að dylgja með hið fyrra að ég hafi ætlað mér að hlífa Akureyri sérstaklega við niðurskurðinum ef til hans kæmi. Það er algjörlega úr lausu lofti gripið. Ef samgn. óskar þess að fá þær hugmyndir sem ég hafði uppi um niðurskurð á Akureyri sérstaklega er mér mjög ljúft að láta þær í té. Þær lágu fyrir og pólitískum fulltrúum á Akureyri var skýrt frá þeim hugmyndum. Það er ekkert að fela í því og blátt áfram undarlegt að það skuli vera verið að dylgja um þessi mál.

[14:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég reyni að lesa eitthvað illa í mál manna eða ætla mönnum hið versta. Stundum er það nú svo þegar hlutirnir koma fram að ég hef ekki haft hugmyndaflug frekar en aðrir um þau ráð sem brugðið er á. Ég hef ekki reynt hæstv. ráðherra að því að vera með lakari innviði en margur annar. Mér finnst ánægjuefni að hæstv. ráðherra skuli skýra sitt mál við umræðuna. Mér finnst koma fram hjá honum ef ekki iðrun og yfirbót þá a.m.k. að honum er ljós þörfin á að greina Alþingi frá málavöxtum í sambandi við þetta og leggja málin eðlilega fyrir þingið.

[14:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að varpa fram nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra varðandi þá flugmálaáætlun sem er til umræðu. Fyrst er að nefna málefni Reykjavíkurflugvallar. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvaða forsendur liggi að baki því að svo miklir fjármunir eru settir í flugvallaframkvæmdir úti á landsbyggðinni svo sem á Akureyri 66 millj. kr. á þessu ári, á Egilsstöðum 43 millj. kr. á þessu ári og á Ísafirði 33 millj. kr. þegar aðeins brot af þessum upphæðum fer til framkvæmda í móðurstöðinni Reykjavíkurflugvelli sem eru 18 millj. á þessu ári en 90% allra farþega sem fara út á land fara um flugvöllinn í Reykjavík. Ég hefði gjarnan viljað vita hvað ræður þessari forgansröðun framkvæmda sérstaklega með tilliti til þess sem kom fram hjá hæstv. ráðherra í máli hans þegar hann mælti fyrir þingsályktuninni hér áðan að á vordögum gæti legið fyrir niðurstaða á rannsóknum eða umhverfismat fyrir Reykjavíkurflugvöll. Sérstaklega vil ég spyrja um þetta vegna þess hve ástand Reykjavíkurflugvallar er slæmt og vegna þess að eins og oft hefur komið fram í umræðunni að það er álit margra að ástand flugvallarins sé á hættumörkum. Ég hefði gjarnan viljað fá skýringu á því hjá hæstv. ráðherra sem kemur fram í sundurliðun framkvæmda fyrir árið í ár að 8 millj. kr. eigi að fara í endurnýjun slitlags. Ég hefði gjarnan viljað vita hvaða brautir á að fara að laga slitlagið á sérstaklega þegar maður skoðar skýrslu sem Flugmálastjórn lét Almennu verkfræðistofuna hf. vinna fyrir sig í mars 1995 þar sem talin eru upp ein átta atriði sem talin eru þurfa lag-

færingar við á flugvellinum. Sérstaklega með tilliti til þess væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvaða verkefni á flugvellinum hafa forgang í vinnunni á þessu ári.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort haft hafi verið samráð við borgaryfirvöld í Reykjavík við gerð flugmálaáætlunar. Ég sá í Morgunblaðinu um helgina að hæstv. samgrh. hefur haft samband við borgarstjóra ekki fyrir alllöngu varðandi framtíð Reykjavíkurflugvallar. Hjá borgarstjóra kemur mjög skýrt fram að það sé vilji borgaryfirvalda að innanlandsflugið verði áfram á Reykjavíkurflugvelli. En ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvort það hafi verið haft samráð við borgaryfirvöld við gerð flugmálaáætlunar en ekki eftir gerð hennar. Hvort það hafi verið gert á vinnslustigi. Ef ekki vildi ég gjarnan vita hvort ekki væri eðlilegt að skipulagsyfirvöld í Reykjavík kæmu þar að verki eins og gerist við gerð vegáætlunar.

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra hvort það muni hafa áhrif á flugmálaáætlunina sem fyrir liggur ef við gerumst aðilar að Schengen-samkomulaginu seinna á þessu ári.

[14:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Schengen-samkomulagið og hugsanleg aðild okkar að því kemur ekki inn á flugmálaáætlun eins og hún liggur fyrir.

Það er alltaf samráð og mikil samskipti á milli stofnana samgrn., borgaryfirvalda og skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar, en vitaskuld er flugmálaáætlun ekki sérstaklega lögð fyrir borgaryfirvöld frekar en aðra sveitarstjórnarmenn. 8 millj. kr. til endurnýjunar slitlags á Reykjavíkurflugvelli fara til undirbúningsverkefna. Spurt er hvaða verkefni hafi forgang. Flugmálaáætlun lýsir því hvernig það er hugsað og það kemur raunar fram í greinargerð.

Loks er spurt hvaða forsendur séu að baki þess að svo miklum fjármunum skuli varið til flugvalla úti á landi og sérstaklega til tínt Akureyri og Egilsstaðir borið saman við Reykjavík út frá farþegafjölda og öðru slíku. Yfirleitt er ekkert samhengi þar á milli frá einu ári til annars. Farþegar sem fara um Akureyrarflugvöll á ári hverju eru 130 þúsund, um Reykjavík fara 333 þúsund. Það segir ekki að það sé sjálfgert að það eigi að fara þrisvar sinnum meira fjármagn til Reykjavíkur en til Akureyrar, enda er gert ráð fyrir því í þessari flugmálaáætun að fjármagnið til Reykjavíkurflugvallar sé miklu miklu meira en það. Það er gert ráð fyrir því að á næsta ári fari 127 millj. kr. til Reykjavíkur og 52 millj. kr. til Akureyrar. Árið 1998 er gert ráð fyrir 191 millj. kr. til Reykjavíkur og 5 millj. kr. til Akureyrar og árið 1999 180 millj. kr. til Reykjavíkur og 5 millj. kr. til Akureyrar. Þannig að það er ekkert samhengi þar á milli. Þegar við tölum um endurnýjun Reykjavíkurflugvallar, er þar um stórverkefni að ræða á borð við Egilsstaðaflugvöll, kostnaður er álíka mikill. Þess vegna er nauðsynlegt að búa sig undir að obbinn af fénu renni til þeirrar stórframkvæmdar með því að sinna áður ýmsum hinna smærri flugvalla.

[14:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Það kom alls ekki fram í máli mínu, herra forseti, að ég teldi að hlutfallslega mest fé ætti að fara til þeirra flugvalla sem hefðu flesta farþega. En ef litið er til þess hversu slæmt ástand er á Reykjavíkurflugvelli, hefði maður talið að meira fé kæmi til framkvæmda þar á þessu ári en gefur að líta í þessari flugmálaáætlun. Og líti maður til fjárfestinga á innanlandsflugvöllum undanfarin fjögur ár sýnist mér, lauslega reiknað, að Reykjavíkurflugvöllur hafi fengið um 50 millj. á sl. fjórum árum til framkvæmda. Ef við tökum Akureyri sem dæmi, sem hæstv. ráðherra er mjög tamt að nefna, hefur flugvöllurinn þar fengið 90 millj. kr. Þarna vil ég sérstaklega vísa til óviðunandi ástands á Reykjavíkurflugvelli sem tekur á móti og flytur megnið af þeim farþegum sem ferðast innan lands. Þess vegna vil ég gjarnan fá skýringar á þessari forgangsröðun.

[14:19]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að vona að Norðlendingar og sérstaklega Akureyringar fylgist mjög glöggt með þessari umræðu jafnskýrt og það kemur fram hversu mikill kjördæmapotari ég er og hversu ég held mínum málum fram fyrir norðan og er að því leyti verðugur fulltrúi míns kjördæmis.

En ef maður talar um þetta í alvöru, hefur ástandið verið þannig undanfarin fjögur til fimm ár að nauðsynlegt var að gera það upp við sig hvort þyngri áhersla yrði lögð á að byggja hér nýjan varaflugvöll fyrir millilandaflugið eða byggja upp Reykjavíkurflugvöll, hvort skyldi hafa forgang. Það var ákvörðun Alþingis á sínum tíma að láta alþjóðlegan flugvöll á Egilsstöðum, varaflugvöll á Egilsstöðum, sitja fyrir. Eins og ég sagði áðan kostar hann rúman milljarð ef allt er með talið. Ég er ekki með þær tölur nákvæmlega hjá mér.

Jafnframt var tekin ákvörðun um að hlutur Íslands í alþjóðlegu flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík yrði greiddur af flugmálaáætlun. Auk þess lá fyrir að Egilsstaðaflugvöllur, Húsavíkurflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Sauðárkróksflugvöllur og ýmsir aðrir flugvellir höfðu verið illa undir byggðir og var óhjákvæmilegt að endurbyggja þá til þess að unnt væri að halda uppi innanlandsflugi. Þetta er ástæðan fyrir því að það hefur dregist að ráðast í endurbætur á Reykjavíkurflugvelli. Auðvitað má eftir á að segja að við hefðum átt að láta Reykjavíkurflugvöll sitja fyrir og Vopnafjarðarflugvöll bíða. Það er auðvelt að segja það. Ég geri ekki ráð fyrir að menn nenni að berjast mikið fyrir Egilsstaðaflugvelli héðan af. Það yrði því fátt um varnir þótt slíkum sjónarmiðum væri haldið fram eftir á að snúa við hlutunum.

[14:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að gera lítið úr þörfinni fyrir uppbyggingu flugvalla úti á landi, heldur furða ég mig á því hvernig fé er skipt til framkvæmda á þessu ári.

Varðandi Akureyrarflugvöll og Reykjavíkurflugvöll þá held ég að Akureyringar fari líka um Reykjavíkurflugvöll alveg eins og Reykvíkingar fara um Akureyrarflugvöll. Uppbygging á flugvöllunum kemur því öllum landsmönnum til góða, ekki síst á Reykjavíkurflugvelli þar sem umferðin er mest. Og ég efast ekki um að Akureyringar jafnt sem Reykvíkingar fylgjast með þeirri umræðu sem fer fram á Alþingi um flugmál.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í framhaldi af umræðum sem hér hafa orðið og m.a. vegna andsvars hv. þm. Stefáns Guðmundssonar um Reykjavíkurflugvöll. Það mál hefur áður komið til umræðu að frumkvæði hv. 18. þm. Reykv. Ástæðan er auðvitað sú að við Reykvíkingar höfum

áhyggjur af þessu máli. Við höfum áhyggjur af öryggismálum í kringum Reykjavíkurflugvöll og við förum fram á að íbúum Reykjavíkur sé í þessu efni sýndur skilningur og málflutningi þeirra sanngirni.

Ég hef orðið var við það að þær hugmyndir sem uppi hafa verið í Reykjavík í þessum efnum hafa stundum mætt ákveðinni gagnrýni af hálfu manna utan Reykjavíkurkjördæmis og reyndar get ég skilið það. En ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að það eru tiltekin rök fyrir þessum sjónarmiðum sem komið hafa upp í Reykjavík. Þau rök heyrum við í þingsalnum á hverjum einasta degi þar sem er fluglínan yfir hjarta Reykjavíkur. Þess vegna hefur það auðvitað verið rætt af hálfu borgaryfirvalda og af hálfu samgrn. líka í skýrslu sem skilað var á árinu 1991 eða þar um kring. Þar var beinlínis um það fjallað hvort hugsanlegt væri að draga úr þessari flugumferð yfir Reykjavík. Þar voru menn aðallega með tvennt í huga. Í fyrsta lagi verulega mikla umferð erlendra smáflugvéla sem sækjast eftir því að lenda í Reykjavík og fá þjónustu þar. Hér er um að ræða geysimikla umferð, mun meiri umferð en menn kannski almennt gera sér grein fyrir.

Í öðru lagi voru menn að tala um að það væri kannski hugsanlegt að halda þannig á málum að æfinga- og kennsluflugið yrði ekki eins mikið eingöngu bundið við Reykjavík og verið hefur. Menn sögðu sem svo í þessari skýrslu: Eins og sakir standa er ekki við öðru að búast en því að innanlandsflugið verði hér a.m.k. um fyrirsjáanlega framtíð. Samt sem áður bera mjög margir Reykvíkingar ugg í brjósti út af því líka og segja sem svo: Það verður að leggja áherslu á verulega miklar endurbætur á öryggisbúnaði í kringum flugvöllinn. Um þetta hefur verið full samstaða. Ég hef þó heyrt að uppi hafa verið vissar tilraunir í þá veru að gera lítið úr þessum málflutningi Reykvíkinga og ég er m.a. hingað kominn til að mótmæla því. Ég tel að þessi málflutningur eigi full rök á sér og ég veit að allir sanngjarnir menn sjá að svo er.

Í viðtali við borgarstjórann í Reykjavík sem birtist í Morgunblaðinu 3. mars 1996, þ.e. núna á dögunum, segir t.d. svo með, leyfi forseta, og þetta er viðtal sem áður hefur verið vitnað til hér:

„Engin ákveðin afstaða hefur verið tekin af hálfu borgarinnar um hvað verður." Síðan segir borgarstjóri: „Ég held að það sé alveg ljóst að innanlandsflug verður áfram á Reykjavíkurflugvelli." En hún segir „innanlandsflug". Það er lykilatriði í þessu viðtali. Og síðan segir hún: „Spurningin er með hvaða hætti það á að vera."

Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að þannig liggur vilji borgaryfirvalda í Reykjavík að menn vilja fara betur yfir það en gert hefur verið hvernig það á að vera. Mér er kunnugt um að það hafa verið í gangi, eins og vitnað er til í greinargerð flugmálaáætlunarinnar, viðræður á milli Flugmálastjórnar annars vegar og ég hygg samgrn. líka, ég man ekki betur en ráðuneytisstjórinn í samgrn. sé hluti af þeim viðræðum, og hins vegar skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar um framtíðarstarfsemi flugvallarins. Það er lykilatriði. Ég vil þess vegna þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir það að vekja athygli á þessu en segi jafnframt að mér finnst satt að segja ólíklegt miðað við þær upplýsingar sem ég hef, m.a. frá starfsmönnum Flugmálastjórnar sem eru í hliðarherbergjum, að þessum viðræðum verði að fullu lokið áður en það þing sem nú situr afgreiðir þá flugmálaáætlun sem hér liggur fyrir. Enda sé ég ekki að þar sé neinn skaði skeður þó að það verði ekki og það gæti tekið eitthvað aðeins lengri tíma að fá botn í þau mál. Mér finnst það skylda stjórnvalda, skylda samgrn., skylda flugmálayfirvalda og skylda borgarstjórnarinnar í Reykjavík að ná sátt um fyrirkomulag málsins vegna þess að menn eru líka að taka fé úr almannasjóðum til þess að kosta endurbætur á þessum flugvelli. Það verður því að halda þannig á þessum málum að um þau náist sem víðust samstaða. Það er í raun og veru höfuðatriði.

Ástæðan fyrir þessu er auðvitað m.a. sú, hæstv. forseti, að það er gert ráð fyrir því að samningur Reykjavíkurborgar og flugvallaryfirvalda um Reykjavíkurflugvöll renni út árið 2010, ef ég man rétt. Núverandi samningur rennur út árið 2010 og það verður að fara að vinna að því núna, því að nú er komið árið 1996, að undirbúa endurnýjun þess samnings og það hvernig þeim málum verður fyrir komið. Ég held þess vegna að þetta sé atriði sem verður að taka á af fullri alvöru. Frá sjónarhóli borgaryfirvalda gæti þetta svæði í Vatnsmýrinni og suður af henni líka verið heppilegt til annarra nota. En það er allt annað mál og þeirri umræðu sem hér fer fram óviðkomandi. Aðalatriðið í huga okkar Reykvíkinga í þessu máli er öryggi og aftur öryggi.

[14:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Undirbúningur að því að endurnýja bundið slitlag á Reykjavíkurflugvelli hófst fyrir alvöru fyrir tveim árum og eins og ég tók fram áðan lýkur því ekki fyrr en nú á vori komanda. Ég er sammála hv. þm. um það að menn eigi ekki að vera að reyna að slá keilur með því að taka málefni Reykjavíkurflugvallar upp á röngum forsendum. Ég hef ekki gert það að fyrra bragði. En ég vil minna á að það áætlunarflug sem er til annarra landa frá Reykjavíkurflugvelli er á smærri flugvélum, aðallega er flogið til Færeyja, Grænlands og eitthvað til Glasgow. Það er ekki því ekki stór þáttur í starfseminni. Hins vegar hygg ég að ekki muni verða ásteytingarsteinn milli borgarinnar og samgönguyfirvalda að leysa þau mál ef ekkert annað kemur til. En ég er sammála hv. þm. um að það verður að beina þotum í ríkum mæli til Keflavíkurflugvallar.

Ég vil taka undir það að auðvitað vakir fyrir flugmálayfirvöldum eins og borgaryfirvöldum og Alþingi að reyna að tryggja öruggar flugsamgöngur. Við erum ekki einungis að hugsa um öryggi Reykvíkinga í þeim efnum þegar við segjum: Öryggi, öryggi, öryggi. Við erum að hugsa um öryggi allra landsmanna og líka þó svo þeir búi einhvers staðar úti á landi.

[14:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er enginn ágreiningur á milli okkar hæstv. ráðherra í þessu efni. Ég tel mjög mikilvægt að það liggi fyrir sá vilji m.a. af hálfu samgrn. og einnig af hálfu ýmissa annarra aðila eins og Flugmálastjórnar og borgaryfirvalda að farið verði í að undirbúa endurnýjun þessa samnings um Reykjavíkurflugvöll með tilliti til þess að umferðin verði eitthvað takmörkuð frá því sem nú er og öryggið verði betur tryggt en okkur finnst vera gert í dag. Ég viðurkenni að að mörgu leyti er þetta huglægt mat þeirra sem búa á þessu þrengsta svæði og kynnast flugvélaumferðinni frá degi til dags en ég segi alveg eins og er að mér finnst ástæða til þess að skoða málin og taka þessar áherslur alvarlega.

Hitt segi ég líka að ég er þar með ekki að draga úr nauðsyn þess að hafa öryggi á öðrum flugvöllum og mér finnst engin

þörf á því að tala svoleiðis um mál af þessu tagi, hæstv. forseti.

[14:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á ummæli hv. þm. Svavars Gestssonar þar sem hann taldi að ekki yrði fenginn botn í niðurstöðu varðandi framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli meðan þetta þing situr. Ég tel mjög mikilvægt að fenginn verði botn í þetta því að samkvæmt greinargerð með flugmálaáætluninni á að fara í miklar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli á næsta ári þar sem á að fara að byggja upp flugbrautirnar. Þess vegna lagði ég áherslu á að fram kæmi hvað hæstv. samgrh. hygðist í þeim efnum, sérstaklega hvað varðar öryggið sem hv. þm. kom mjög rækilega inn á og við þurfum hafa efst í huga. Þar vil ég nefna norðaustur-suðvestur flugbrautina sem við þingmenn þekkjum vel og heyrum í umferðinni frá. Á að gera þá braut í stand sem menn hafa haft miklar efasemdir um að eigi að vera opin? Það er mikilvægt að menn taki tillit til þarfa innanlandsflugsins en ekki hverjar eru þarfir Keflavíkurflugvallar eins og hefur komið fram í umræðu um lokun á þessari braut þar sem talað hefur verið um það að sambærileg braut í Keflavík hafi verið lokuð og þess vegna verði að halda þessari braut opinni. Ég tel að við þurfum að taka mið af hagsmunum Reykvíkinga og innanlandsflugsins þegar við metum slíkt og auðvitað á öryggið að vera það sem efst er í huga.

[14:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæðan til þess að ég nefndi þetta var ekki skoðun mín. Ég var bara að lýsa því sem kom fram í örstuttu samtali mínu við starfsmenn flugmálayfirvalda, sem eru ekki langt undan sem betur fer okkur til halds og trausts, að þeir töldu ólíklegt að botn fengist í þessi samtöl fyrr en á miðju þessu ári vegna þess að þau munu vera hluti af endurskoðun og aðalskipulagi Reykjavíkur sem ég reikna með að sé verið að vinna að núna og gert sé ráð fyrir að verði lokið á þessu vori ef ég man rétt. Ég sagði bara að mér fyndist ólíklegt að það kláraðist fyrir lok þessa máls í þinginu en það breytir ekki öllu að mínu mati. Ég held að það sé mikilvægt að umræðan sé hafin í þessari stofnun og það er ekki síst hv. þm. að þakka að sú umræða hefur verið hafin á þessum vetri og ég held að það sé mjög jákvætt.

[14:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það er mjög mikilvægt að þessi umræða er hafin og ég ítreka að ég tel að það þurfi að vera komin niðurstaða í þessi mál áður en við afgreiðum flugmálaáætlun úr samgn. fyrir vorið. Það er mikilvægt að við þingmenn í samgn. fáum upplýsingar um það hvernig málum verði háttað varðandi framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli áður en við afgreiðum flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999, til næstu fjögurra ára.

[14:35]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp að gefnu tilefni vegna þess að það kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar að ég geri lítið úr áhyggjum Reykvíkinga af öryggismálum flugs yfir Reykjavík. Ég hef fullan skilning á því og ég geri alls ekki lítið úr þeim áhyggjum.

Ég undirstrika að það er mjög áríðandi eins og ég sagði áður að menn reyni að ná skynsamlegri lausn í þessu máli og Reykjavíkurflugvöllur á stuðning minn. Það vil ég að komi skýrt fram þannig að enginn misskilningur verði út af þessu. En ég sagði það og segi það enn að við erum að fjalla um flugmálaáætlun. Þess vegna er alveg rétt eins og hv. þm. sagði að við þurfum að geta horft aðeins til framtíðar þegar við erum að fjalla um gerð flugmálaáætlunar og stóra málið í flugmálaáætlun er hvernig farið verður með uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Ég hef sagt það einu sinni á nefndarfundi í samgn. fyrir einu eða tveimur árum að það sé kannski niðurstaðan í þessu að menn verði að taka Reykjavíkurflugvöll, svo aðkallandi er framkvæmdin að það sé ástæða til að taka þetta mál út fyrir sviga ef svo mætti segja. Það gæti verið. En málið er mjög brýnt og fyrir það fyrsta má kannski átelja hvað menn hafa aðhafst lítið í þeim skipulagsmálum sem þarf að leysa.

[14:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi orð hv. þm. Mér finnst að þau séu jákvætt innlegg í málið og ég skil vel skoðun hans á því að það þurfi að fá botn í þessi mál að því er varðar Reykjavíkurflugvöll. Út af fyrir sig held ég að hann sé til í meginatriðum að því er varðar tímabil þessarar flugmálaáætlunar. Auðvitað getur það verið að menn komist að einhverri annarri niðurstöðu og þá er bara að horfast í augu við þann veruleika. En það er mest um vert að við viðurkennum vandann og það sé víðtækur skilningur á því í þessari stofnun.

Að vísu hafa verið deildar meiningar um það hvort ástandið á Reykjavíkurflugvelli sé á hættumörkum eða hvort þar sé enginn háski á ferðum svo að ég vitni orðrétt í fyrirsagnir í Morgunblaðinu frá 5. des. í fyrra sem sögðu frá umræðum á Alþingi þar sem þá var haft eftir hv. 18. þm. Reykv. að ástandið væri á hættumörkum en aftur á móti var það haft eftir hæstv. samgrh. að það væri enginn háski á ferðum. Út af fyrir sig held ég að þetta mál liggi þannig að þarna getum við alþingismenn ekki verið dómarar. Ég held að við verðum að kalla til faglega aðila í máli af þessum toga og fá ráð þeirra.

Ég vil nefna það að lokum, hæstv. forseti, að ég teldi eðlilegt að haft verði haft samráð við þingmenn Reykvíkinga í sambandi við þessa flugmálaáætlun eins og þingmenn annarra kjördæma að svo miklu leyti sem það kann að vera gert af hálfu samgn.

[14:39]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur komið fram örlítið kjördæmapot en af alkunnu lítillæti langar mig til að vekja athygli á því að á Hvolsvelli er lítill flugvöllur, öllu heldur lendingarstaður, sem var byggður af flugáhugamönnum og samkvæmt þessari till. til þál. um flugmálaáætlun áranna 1996–1999 virðist standa til að leggja þennan litla lendingarstað niður. Þessu hafa sveitarstjórnarmenn í Rangárþingi mótmælt og ég tek heils hugar undir þau mótmæli.

Þessi lendingarstaður er hlekkur í ört vaxandi ferðamannaþjónustu í Rangárþingi. Það er algengt að flugáhugamenn komi fljúgandi og lendi á Hvolsvelli, stundi t.d. veiðar í Rangánum, heimsæki söguslóðir Njálu, leiki golf á Strandarvelli eða njóti náttúrufegurðar Rangárþings. Einnig er þessi litli lendingarstaður hluti af samskiptamynstri Vestmannaeyinga og Rangæinga vegna þess að þess eru dæmi að fyrirtæki í Vestmannaeyjum og Hvolsvelli eigi samvinnu í sambandi við ferðamennsku.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að mótmæla þessari ákvörðun og skora á hæstv. ráðherra að endurskoða þessa ákvörðun.

[14:41]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Flugmálaáætlun fyrir næstu fjögur árin að þessu ári meðtöldu er náttúrlega stórmál þegar um er að ræða mikilvægan þátt í samgöngumálum þjóðarinnar. Ég tek samt eftir því að í þessari umræðu er einvörðungu verið að ræða um innanlandsflug og kannski er eðlilegt að það skuli vera helst til umræðu þar sem sá flugvöllur sem lýtur að langmestu leyti að utanlandsflugi, Keflavíkurflugvöllur, er hvergi nefndur á nafni í þessari flugmálaáætlun og hefur ekki verið að mér er sagt síðustu ár. Ég ætlaði að bæta úr því og minnast aðeins á þá staðreynd að Keflavíkurflugvöllur og Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru þeir tveir þættir flugsins sem skapa nánast allar þær tekjur sem koma inn í flugmálaáætlunina nú sem fyrr.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þó svo allar þessar miklu tekjur skapist þarna hefur ekki tekist að leysa úr gríðarlegum fjárhagsvanda sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur átt við að búa á öllum þeim tíma sem sú góða og glæsilega bygging hefur staðið uppi á Miðnesheiði. Ég held að öllum sé ljóst sem kynnt hafa sér málið að þær skuldir sem þar eru hafa staðið nánast ógreiddar alveg frá upphafi og skuldir Leifsstöðvar nema í dag um 4,5 milljörðum kr. og ekki að sjá neinar tilraunir til þess að minnka þær skuldir með neinu móti.

Það hefur komið fram í ársreikningum flugstöðvarinnar á undanförnum árum að þar vantar á annað hundrað millj. kr. á hverju ári til að hægt sé að standa undir þeim skuldum sem þar eru. Þá erum við bara að tala um vexti og afborganir, ekki neitt nýtt sem gæti hugsanlega komið upp. Þarna hefur safnast upp alveg feikilegur vandi sem er fyrst og fremst að koma niður á þeim rekstraraðilum sem hafa nýtt sér Leifsstöð með einum eða öðrum hætti og reynt að skapa tekjur en eini tekjustofn Leifsstöðvar eru leigugjöld á þeim aðilum sem þar eru inni. Á árinu 1994 eru leigutekjur t.d. um rúmar 300 millj. af 323 millj. kr. tekjum í allt. Aftur á móti eru svokölluð lendingargjöld 22 millj. en lendingargjöldin eru í allt á áætluninni fyrir árið 1996 um 427 millj. og þær renna nánast óskiptar til flugmálaáætlunar sem er síðan skipt niður á alla flugvelli landsins. Það eru því litlar 22 millj. sem koma til þess að greiða niður skuldir eða halda uppi rekstri Leifsstöðvar.

Ef við lítum á annað gott fyrirtæki innan veggja Leifsstöðvar sem er Fríhöfnin, þá hefur hún skilað miklum hagnaði í ríkiskassann á undanförnum árum. Á síðasta ári fóru um 600 millj. kr. í ríkiskassann úr rekstri Fríhafnarinnar sem beinn hagnaður. Á árinu þar áður eða 1994 fóru um 650 millj. kr. í ríkiskassann úr Fríhöfninni. Tekjur af flugstöðvarbyggingunni og Keflavíkurflugvelli sem renna í ríkiskassann eða til flugmálaáætlunar með einum eða öðrum hætti eru því meira en milljarður á hverju ári.

Það heyrir til undantekninga í heiminum á þeim alþjóðaflugvöllum sem starfa með reisn að litlar sem engar tekjur af rekstri flugstöðva eða starfsemi tengdri flugvöllum renni til að greiða niður stofnkostnað af stórum eða dýrum flugstöðvum sem þar eru reistar. Ég held því að það sé alveg ljóst að annars staðar hefur ekki verið tíðkaður sá siður að taka allar tekjurnar og setja annað en þangað sem þær skapast. Víða þar sem flug er jafnöflugt eins og óhætt er að segja að sé á okkar svæði, Keflavíkurflugvelli, hafa risið mjög öflugar verslunarmiðstöðvar eins og á Kastrup og víðar þar sem alhliða verslunarrekstur hefur blómstrað sem aldrei fyrr á undanförnum árum. Þetta hlutverk gæti hæglega verið hlutverk Leifsstöðvar ef breytt væri um aðferðir og starfsemin sem þar er til húsa væri ekki eins pínd í leigugjöldum og raun ber vitni. Ég er þó ekki að gera lítið úr því mikla starfi sem fríhafnarstarfsmenn hafa sinnt í sínum rekstri þegar ég tala um að það megi auka reksturinn hjá Leifsstöð heldur tel ég að þar sé hægt að gera enn betur með því að opna og gera öðrum kleift að taka þátt í þeim miklu og víðtæku möguleikum sem þarna eru til staðar. Ég vil sérstaklega benda á þetta í umræðunni. Ég veit að hugmyndir eru uppi um að á næsta ári renni um 60 millj. kr. til reksturs Leifsstöðvar eða til Keflavíkurflugvallar á einn eða annan hátt þó ekki sé um það getið í þessari flugmálaáætun. En á þessu ári mun ekki fara neitt af þessari flugmálaáætlun til að rétta hlut Keflavíkurflugvallar. Mér finnst miður að það skyldi ekki takast í þetta sinn. En ég vona að umræður skapist um vanda Leifsstöðvar á hinu háa Alþingi á þessu ári því að eins og kom fram í umræðu um verslunarrekstur í Leifsstöð fyrr í vetur, fór hún öll í að tala um fjárhagsvanda Leifsstöðvar. Ég held því að það sé tímabært að fara að ræða hann í alvöru á hinu háa Alþingi og með því hugarfari að þar sé vandamál sem þurfi að leysa. Þetta er ekkert lítið vandamál. Þetta er mjög stórt vandamál sem bíður eftir okkur óleyst.

[14:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti hv. þm. einfalda málin mjög eins og hann lagði flugmálaáætlun fyrir hér. **(Gripið fram í:** Ertu að brigsla honum um einfeldni?) Ég geri það já, eins og hann gerði grein fyrir sínum málum í þessu efni. Þannig standa sakir að það eru nægilegar tekjur af Flugstöð Leifs Eiríkssonar til að standa undir vöxtum og afborgunum af henni ef peningunum hefði frá öndverðu verið varið til þess. Og ef samið hefði verið um lán til langs tíma til flugstöðvarinnar, hefði ekki risið þar upp það vandamál sem nú er.

Í öðru lagi liggur það alveg ljóst fyrir að þegar ákveðið var að verja þessum tilteknu tekjustofnum til flugmálaáætlunar var svo komið að nauðsynlegt var að byggja upp flugvelli hringinn í kringum landið, m.a. vegna ferðaþjónustunnar. Forsendan fyrir því að menn flykkist hingað til Íslands er auðvitað sú að þeir geti komist lengra áleiðis en til Miðnesheiðar þó að Reykjanesið sé að vísu einhver fallegasti partur landsins.

Ég vil í þriðja lagi segja að þegar verið er að byggja upp varaflugvöll eins og gert var á Egilsstöðum og eins og verið er að gera einnig á Akureyri, þá er verið að greiða fyrir millilandafluginu og draga úr útgjöldum við áætlunarflug til Íslands þar sem þoturnar þurfa t.d. ekki á varaflugvelli í Skotlandi að halda. Varaflugvöllurinn á Egilsstöðum er beinlínis í þágu millilandaflugsins. Síðast en ekki síst vil ég vekja athygli á því að á þessu ári er gert ráð fyrir að 190 millj. kr. renni til reksturs flugvalla. Hann var áður greiddur úr ríkissjóði. Það er ljóst að með því losnar annað fé sem hægt er að nota til að greiða niður áhvílandi skuldir og ábyrgðir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar þannig að mér er ómögulegt að sjá að ekki hafi orðið breyting í þessum efnum og ekki sé komið til móts við þau sjónarmið í flugmálaáætlun fyrir þetta ár.

[14:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra samgöngumála veitir andsvar og segir að það hafi verið nægar tekjur af Leifsstöð til að standa undir rekstri. Í ársskýrslu vegna ársins 1994 stendur, með leyfi forseta:

„Ráðstöfunarfé flugstöðva fyrir vexti og afborganir lána nema 238,4 millj. kr. en þurfa að nema 377 millj. kr. til þess að geta greitt niður erlend lán, endurlánast á 20 árum með 6% vöxtum. Þannig vantar nú um 138,6 millj. kr. á ráðstöfunarfé flugstöðva til þess að ná þessu markmiði eins og gengisþróun dollarans er."

Þetta segir mér einfaldlega það að tekjurnar hafa ekki hrokkið fyrir afborgunum og vöxtum.

Varðandi önnur atriði sem hæstv. ráðherra kom inn á, geri ég ekki lítið úr því að þörf sé á varaflugvöllum og það þurfi að halda uppi innanlandsflugi sem sómi er að. Ég er ekki að gera lítið úr því. Ég er fyrst og fremst að benda á að vandi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er eftir sem áður gríðarlegur og verður ekki leystur öðruvísi en með því að til komi meira fé af þeim tekjum sem skapast í Leifsstöðinni til að greiða úr honum og lyfta upp verslunarrekstri sem getur skapað enn meiri tekjur og enn meiri möguleika til að halda þá uppi flugvallarrekstri víðs vegar um landið. Við erum í rauninni að slátra gæsinni sem verpir gulleggjunum, sem skapa allar þær tekjur sem hæstv. samgrh. þarf til skapa þá möguleika er við viljum hafa, bæði fyrir varaflugvelli og aðra þjónustu sem við þurfum svo sárlega á að halda í hinu góða landi okkar.

[14:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áður að ef fast hefði verið tekið strax í öndverðu á fjármálum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, væri ekki til staðar þessi fjárhagslegi hnútur þar sem nú er og þarf að höggva á þannig að það er allt rétt sem ég sagði um þau efni. Ég hef raunar talið að það eigi sér pólitískar rætur hvernig á þeim málum hefur verið haldið.

Ég vil í annan stað segja að það kom fram í minni framræðu að ég tel að nauðsynlegt nú að huga að því að hluti af flugvallargjaldinu gæti runnið til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ég talaði um 60 millj. kr. í því sambandi. Það er sú fjárhæð sem hefur verið nefnd og ég beindi því til samgn. að hafa það í huga.

[14:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. segir: Ef fast hefði verið tekið á fjármálum Leifsstöðvar á sínum tíma. Ég kannast ekki við að þau mál hafi verið tekin neinum tökum. En lán þarna eru eins og kemur fram í skýrslu frá endurskoðendum — það stendur hér t.d að erlend lán verði endurlánuð til 20 ára. Ég veit ekki hvað lánstími þarf yfirleitt að vera langur til að hægt sé að greiða þau niður með eðlilegum hætti. En auðvitað er það hlutverk ríkisstjórnar og Alþingis að taka á vandanum þó svo að það hafi ekki verið gert eins og hæstv. ráðherra vildi á sínum tíma.

Varðandi það að 190 millj. kr. renna til reksturs flugvalla í núverandi flugmálaáætlun eða fyrir árið 1996, þá eiga engar 190 millj. kr. að renna til reksturs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eða Keflavíkurflugvallar nema ef vera skyldu 20 millj. kr. Ég veit ekki um það, það kemur hvergi fram. Ég mun að sjálfsögðu með öðrum samgöngunefndarmönnum reyna að vinna að þessum flugmálum eftir bestu getu. En ég ítreka það að mál sem varða vanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru mál sem ekki geta beðið endalaust eftir úrlausn.

[14:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999 sem hefur verið gerð ítarlega grein fyrir. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að orðlengja mikið þá umræðu. Ég vildi hins vegar sérstaklega nefna í þessu sambandi það sem snýr að Ísafjarðarflugvelli og ég tel að skipti miklu máli fyrir hann. Það er gert ráð fyrir því í þessari tillögu sem hér liggur fyrir að á þessu ári verði sett upp svokölluð hindranalýsing. Það er 15 millj. kr. fjárveiting til þess sem ástæða er til að vekja athygli á að getur haft mjög mikið að segja fyrir flugvöllinn og þá starfsemi sem þar fer fram.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að eitt af því sem hefur takmarkað notagildi flugvallarins á Ísafirði hvað mest er sú staðreynd að það hefur ekki verið hægt að fljúga þangað nema í björtu. Og það hefur ekki verið hægt að fljúga þaðan heldur, a.m.k. ekki með áætlunarvélum, nema í björtu. Þessi búnaður mun hins vegar hafa það í för með sér að hægt verður að fara frá Ísafirði þó það sé farið að dimma og nánast hvenær sem er sólarhringsins að þessu leytinu og hægt verður að fljúga til Ísafjarðar heldur lengur en áður var mögulegt. Þessi búnaður gerir það að verkum að notagildi flugvallarins fyrir íbúa svæðsins mun vaxa mjög mikið. Það hefur oft verið þannig að það hefur staðið mjög glöggt, sérstaklega seinni hluta dags hvort hægt sé að fljúga eða ekki. Stundum hafa vélarnar orðið að hverfa frá og síðan veður heldur lægt, en þá hefur verið orðið of dimmt til að hægt væri að fljúga.

Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir Ísafjörð og svæðið í kringum Ísafjörð vegna þess hve svæðið er háð flugsamgöngum. Vegasamgöngur eru þannig við höfuðborgarsvæðið að bæði er langt að fara og vegir oft ekki greiðfærir og tepptir vegna snjóa. Þess vegna eru flugsamgöngurnar alveg sérstaklega mikilvægar fyrir þetta landsvæði. Það sem hérna er verið að leggja til er búnaður sem mun gera það að verkum að flugvöllurinn verður öruggari og þannig að hægt verður að nota hann stærri hluta ársins. Nýting hans mun þar með vaxa og möguleikar til að sækja þar þjónustu verða sem því nemur meiri. Það er ljóst öllum sem þekkja til að það skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið og raunar fyrir búsetu alla að aðdrættir og öflun aðfanga fyrir fyrirtæki og heimili séu sem auðveldust og þetta mun auðvitað gera slíkt mun auðveldara.

Ég vil líka fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. samgrh. í upphafi umræðunnar. Þar nefndi hann, og beindi því sérstaklega til samgn. Alþingis, að það yrði farið mjög rækilega yfir þá kosti sem væru til staðar varðandi uppbyggingu flugvallar í Dýrafirði við Þingeyri. Eins og kunnugt er hafa staðið yfir athuganir á möguleikum á nýrri flugbraut við svokallaða Sveinseyri, nokkru utar en núverandi flugbraut liggur. Nú fara væntanlega að fást lyktir í þessar athuganir og menn geta þá áttað sig á því hvaða kostir bjóðast til frekari flugvallaruppbyggingar í Dýrafirði. Það er líka ljóst að með hinum nýju og myndarlegu jarðgöngum, Vestfjarðagöngunum, er þessi flugvöllur farinn að hafa aukið hlutverk fyrir byggðina á Ísafirði, Bolungarvík og við Djúp. Það hefur hvað eftir annað gerst í vetur að Þingeyrarflugvöllur hefur verið notaður sem varaflugvöllur fyrir áætlunarflug Flugleiða inn á þetta svæði. Hér er því tvöfalt tilefni til að skoða þessi mál

sérstaklega og í eðlilegu samhengi. Þess vegna er ástæða til að fagna yfirlýsingu og ósk hæstv. samgrh. sem felur í sér stuðning við þann ásetning heimamanna að tryggja sem best flugsamgöngur við norðanverða Vestfirði og samnýta þá þrjá flugvelli sem nú eru til staðar þarna á svæðinu, þ.e. Holtsflugvöllur í Önundarfirði, Ísafjarðarflugvöllur og Þingeyrarflugvöllur. Ég ítreka hins vegar að stefnumótun liggur ekki endanlega fyrir varðandi uppbyggingu flugvallarins í Dýrafirði og þess vegna er ekki hægt að áætla þangað fjárveitingu strax. Sú stefnumótun verður fyrst að liggja fyrir og síðan verður gengið til verka í því að byggja upp á þeim grundvelli. Þess vegna ítreka ég og árétta að það er mjög þýðingarmikið að fyrir liggi þessi ósk og tillaga hæstv. samgrh., sem ég fagna mjög.

[15:03]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að hver horfi til síns kjördæmis þegar flugmálaáætlun er til umræðu og það mun ég einnig gera sem þingmaður Reykv. Ég held að við höfum þó öll í huga að þegar svo miklum fjármunum er varið fyrir jafnmikla hagsmuni og fólk á hér í húfi um allt land, ber okkur að halda þeirri yfirsýn sem mér finnst raunar hafa einkennt mál flestra þingmanna.

Ég hef sem flugráðsmaður náð að skoða flugmálaáætlunina nokkuð ítarlega og ég lýsi yfir fullu trausti og stuðningi við þau faglegu vinnubrögð sem ég sé að þar eru stunduð þar sem öryggismál hafa verið sett fremst, en síðan önnur í forgangsröð eftir þeim reglum sem þeir ágætu fagmenn hafa mótað sér sem að flugmálaáætluninni vinna.

Ég vil einnig láta koma fram að í greinargerð flugmálaáætlunarinnar er yfirlýsing um afkomu Flugmálastjórnar og ég tel sérstaklega ástæðu til þess að benda á hana. Þar segir, með leyfi forseta: „Afkoma Flugmálastjórnar á undanförnum árum hefur verið mjög góð. Rekstrargjöld og stofnkostnaður hafa nánast verið í samræmi við fjárheimildir og eru horfur á þessu ári að svo muni verða áfram. Rekstur Flugmálastjórnar er í stöðugri endurskoðun með hagræðingu í huga sem skilað hefur töluverðum sparnaði á undanförnum árum.“ Þetta tel ég að sé afar brýnt þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi sem hér um ræðir.

Við höfum takmarkað fjármagn milli handa og verðum þess vegna að ætla okkur röð í þeim megináherslum sem við höfum að leiðarljósi í starfi við uppbyggingu flugmála í landinu. Ég lýsi fullum stuðningi við þá áhersluröð sem hér kemur fram, þ.e. að snúa sér fyrst að þeim brýnustu verkefnum sem um er að ræða víða úti um land, en snúa sér síðan að Reykjavíkurflugvelli. Það er hins vegar alveg nauðsynlegt, þótt það komi því miður ekki fram í þessari flugmálaáætlun, að tekin verði ákvörðun sem standi og fullt mark verði tekið á um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Eins og allir vita var Reykjavíkurflugvöllur byggður á stríðsárunum og í undirlag hans var ekið rauðamölinni úr Rauðhólum. Hófst þar það hörmulega malarnám sem spillti þeim. Ég vonast til þess að ekki verði gengið á námur í grennd við Reykjavík nema í samræmi við umhverfismat og náttúruverndarsjónarmið þegar ráðist verður í gerð Reykjavíkurflugvallar.

Það er öllum kunnugt að Reykjavíkurflugvöllur er ekki aðeins flugvöllur Reykvíkinga, hann er flugvöllur alls landsins. 90% af farþegum í innanlandsflugi koma til Reykjavíkur. Þangað koma 300 þúsund farþegar og til samanburðar má nefna að um Keflavíkurflugvöll fara hartnær 800 þús. og um Akureyrarflugvöll vel á annað hundrað þúsund farþegar. Það hefur komið fram í umræðum hvernig ástand flugvallarins er. Ég tek þó undir mál hv. þm. Svavars Gestssonar, við skulum láta dóm um öryggismál og áhættu í hendur fagmanna og vara við óábyrgum hræðsluáróðri um hættu og annað sem ekki styðst við faglegt mat. En ástandi Reykjavíkurflugvallar er best lýst í skýrslu sem flugmálastjórn hefur látið Almennu verkfræðistofuna gera. Þar kemur fram að norður-suður brautina þarf að hækka um 1,5 metra í norðurenda svo hann uppfylli skilyrði um sjónlengd. Þverhalli flugbrauta, akbrauta og flughlaða er mjög víða ófullnægjandi fyrir afvötnun. Pollar myndast víða á flughlöðum. Sléttleiki flugbrauta er almennt allsendis ófullnægjandi miðað við þær kröfur sem gerðar eru. Merkingum er víða áfátt og ljósabúnaður rangt staðsettur. Síðan segir um flugbrautir:

„Malbik er í misjöfnu ástandi og eru sérstaklega útlagnarsamskeyti farin að gefa sig. Steypan er sums staðar heilleg en annars staðar mikið brotin.“

Þessu þarf að sjálfsögðu að kippa í lag með góðu og snöggu átaki, ef svo má til orða taka um framkvæmdir. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að hún láti frá sér fara stefnumörkun og ákvörðun um að ráðist verði í þetta verkefni og hafist verði handa á næsta ári, en að sjálfsögðu er ekki hægt að ráðast í þetta verkefni nema með lántöku. Uppbygging Reykjavíkurflugvallar kostar á bilinu 1–1,2 milljarða. Allir sem í flugmálaáætlun líta sjá að það er vitavonlaust að ætla henni að standa undir slíku. Með hliðsjón af því hversu verkefnið er brýnt og vegna hagkvæmni framkvæmda þarf að ráðast þar í lántöku og klára þetta verkefni á tveim til þrem árum. Nú eru ætlaðar til þess þrisvar sinnum tíu milljónir. Í flugmálaáætlun segir að þær séu til rannsókna og þróunarverkefna, en í greinargerðinni kemur fram að þar er m.a. átt við byggingu flugstöðvar, þarfagreiningar og rýmisathugun á byggingum og flughlöðum, þ.e. í fyrsta skipti kemur mér vitanlega fram að það á að ráðast í forathugun vegna flugstöðvarinnar. Henni þarf að velja stað vegna þess að þegar ráðist verður í gerð flugvallarins og byggingu hans þarf að ganga frá flughlöðum og nýta uppgröftinn m.a. til þess að hækka norður-suður brautina, sem ég gerði stuttlega að umtalsefni áðan.

Bygging flugstöðvarinnar sjálfrar getur þó væntanlega ekki orðið á þessu flugmálaáætlunartímabili. Hún hlýtur að frestast, enda er þar væntanlega um mörg hundruð millj. kr. fjárframkvæmd að ræða. Sennilega mun það bíða fram yfir aldamót þótt ég sé ekki að draga úr því sem ég hef heyrt á fagaðilum í ferðaþjónustunni, en þeir telja ástand flugstöðvarinnar í Reykjavík einn þann þröskuld sem stendur hvað mest fyrir uppbyggingu ferðamála bæði í Reykjavík og úti um landið. Ég vil líta svo á að yfirlýsing borgarstjórans sem kom fram í Morgunblaðinu um daginn og vitnað hefur verið í, sé óyggjandi og afdráttarlaus um það að Reykvíkingar vilji hafa flugvöllinn í Reykjavík. Ég tek hins vegar undir það sem hér hefur komið fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar. Að sjálfsögðu þurfum við aðeins að skoða það hvers konar tegund af flugsviði við ætlum að hafa hér, ef við fáum einhverju um það ráðið.

Tími minn er á þrotum en ég vil að það komi fram að það er óhjákvæmilegt að við látum af hendi flugmálaáætlunarfé á næstu árum til að styrkja fjárhag Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Það er algerlega óviðunandi að ekkert af þeim tekjum sem koma frá farþegafluginu, sem fer nú vaxandi sem betur fer, fari í að bæta aðstöðuna þar. En að sjálfsögðu þarf mun meira til en gert verður með því framlagi.

[15:11]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999. Það er gert í þröngri stöðu hvað fjármálin snertir og í ljósi þess að það hefur verið ákveðið að færa hluta af fé til uppbyggingar á flugvöllum yfir í rekstur. Það er því eðlilegt að rætt sé um forgangsröðun, hvað sé mest aðkallandi og hvernig þessu fé til uppbyggingar á flugvöllum sé varið. Ég tel að það þurfi að verja því þannig að reyna að ljúka einhverjum áföngum í þeim framkvæmdum sem verið hafa í gangi. Þar á ég m.a. við Egilsstaðaflugvöll og Akureyrarflugvöll, en þar hafa verið verulegar framkvæmdir.

Það er líka svo að nýjar tegundir flugvéla útheimta slitlag á flugvöllum þar sem möl er. Í því ljósi hefur verið ákveðið að leggja slitlag á flugvelli þar sem svo háttar til, m.a. á Vopnafirði. En kjarninn í þessari umræðu er Reykjavíkurflugvöllur og það er eðlilegt. Reykjavíkurflugvöllur er afar mikilvægur hlekkur í samgöngukerfi landsmanna. Hann er miðstöð innanlandsflugsins, bæði áætlunarflugs og sjúkraflugs. Það má heldur ekki gleyma sjúkrafluginu í þessu sambandi. Það er eðlilegt að Reykjavíkurflugvöllur taki rúm í þessari umræðu þar sem ástand hans er bágborið. Þetta var styrjaldaráraframkvæmd á sínum tíma eins og fram hefur komið.

Ég tel að eins og þessi flugmálaáætlun er upp sett sé það merki þess af hálfu stjórnvalda að það eigi að stefna að því að byggja upp Reykjavíkurflugvöll á þeim stað sem hann er nú. Ég fagna því enda hef ég verið talsmaður þess. En ég tek undir að auðvitað þarf að nást um það sátt og samkomulag við borgaryfirvöld í Reykjavík. En það er annað mál og ég tel rétt að nota það svigrúm sem gefst á þessu ári til þess að ná slíkri niðurstöðu. Það er sjálfsagt og eðlilegt.

Áhyggjur okkar, sem höfum tjáð okkur um Reykjavíkurflugvöll og hugsanlegan flutning flugvallarins úr bænum, hafa snúið að áætlunarfluginu innan lands og þeim áhrifum sem slík ákvörðun hefði að flytja t.d. innanlandsflugið til Keflavíkur. Ég er sannfærður um að það mundi stofna afkomu ýmissa flugleiða í voða innan lands. Hins vegar hef ég a.m.k. ekki gert lítið úr þeim öryggisþætti sem þarf ávallt að hafa í heiðri á öllum flugvöllum, bæði þessum og öðrum. Ég hef ekki skoðanir á takteinum á því hvort á að flytja æfingaflug og ferjuflug af vellinum. Það verður auðvitað að skoða. Ég kveð ekki upp úr með skoðanir um það í ræðustól á Alþingi. Það er eitt af því sem verður að ræða í sambandi við framtíðaráform um flugvöllinn. Hins vegar fagna ég því að það virðist stefna í að það komist niðurstaða í að byggja upp flugvöllinn á þeim stað sem hann er nú.

Annað mál sem er óútkljáð og hefur verið nokkuð í lausu lofti undanfarin ár er sá skuldahali sem er óleystur vegna byggingar flugstöðvarinnar í Keflavík. Auðvitað snertir það flugmálin. Hins vegar hagar það þannig til af sérstökum ástæðum að það heyrir undir annað ráðuneyti. Keflavíkurflugvöllur og málefni hans heyra undir utanrrn. En það breytir því ekki að flugmálaáætlun verður ekki rædd nema taka þessar aðstæður þarna inn í því að flugstöðin í Keflavík er hluti af þeim flugvallarmannvirkjum sem þjóna flugi hérlendis, innanlandsflugi í mjög litlum mæli en hún þjónar innanlandsflugi óbeint og flytur farþega og tekur á móti farþegum sem fluttir eru hingað til lands og fara síðan í mörgum tilvikum áfram með innanlandsfluginu. Allt er þetta órjúfanleg heild en hins vegar er mikill fjárhagsvandi sem þarna er við að fást. Ég viðurkenni að þarna er við erfiðan vanda að glíma eins og stendur við núverandi aðstæður í fjármálum ríkissjóðs.

Erindi mitt var m.a. að undirstrika að í flugmálaáætlun er nauðsynlegt eins og kostur er að ljúka þeim framkvæmdum sem hafa verið í gangi á flugvöllum víða um land. Það er ekki hægt í öllum tilfellum og þessi flugmálaáætlun gerir ekki ráð fyrir því að fullu. Ég fagna því að það stefnir í ákvörðun með framtíð Reykjavíkurflugvallar en undirstrika að um þau mál þarf að vera fullkomin sátt á milli borgaryfirvalda í Reykjavík og stjórnvalda.

[15:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að undirstrika að sú könnun sem nú stendur yfir á framtíð Reykjavíkurflugvallar verður að vera opin. Það getur ekki verið þannig að það sé sett það skilyrði í þeirri könnun að innanlandsflug verði þar um aldur og ævi og alla framtíð, það getur ekki gengið. Það verður auðvitað að vera alveg ljóst að þar ganga menn að hlutunum með opnum huga. Auðvitað getur vel verið að menn komist að þeirri niðurstöðu eins og ég sagði áðan og langlíklegast að þetta verði um fyrirsjáanlega framtíð. Ég vil láta það koma fram líka vegna orða hv. þm. og reyndar orða sem féllu fyrr í dag hjá hv. 11. þm. Reykv. að engar nýjar ákvarðanir hafa verið teknar svo mér sé kunnugt um á vegum borgaryfirvalda í þessum málum. Hins vegar liggur fyrir að það eru í gangi viðræður á milli borgaryfirvalda og flugmálayfirvalda vegna aðalskipulags og endurnýjunar þess með hliðsjón af því að það þarf að taka gildi núna fljótlega og gildir væntanlega ef ég man rétt til ársins 2014. Í því verða náttúrlega lagðar meginþróunarlínur um flugvöllinn en að því verki geta menn ekki gengið út frá því að einhver hluti þessa máls sé algerlega lokaður af.

[15:21]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að við getum ekki slegið því föstu í dag hvað verður um alla framtíð. Hins vegar liggur það á borðinu hjá okkur að við erum að ákveða það að verja um það bil hálfum milljarði kr. til að byggja upp Reykjavíkurflugvöll á næstu þremur árum og taka lán til þeirra hluta eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh. Það hlýtur að benda til þess að menn ætla a.m.k. í náinni framtíð að nota þennan flugvöll á þessum stað en ég er ekki þess umkominn að spá um hvað gerist í langri framtíð í þessu máli. Ég ætla ekki að blanda mér í umræðu um það hvernig könnun er sett upp en það er þeirra mál sem fjalla um hana og ég ætla ekki að leggja neinar línur í því efni. Ef áætlunin er samþykkt á Alþingi hlýtur hún að benda til þess að menn séu í þeim startholum að byggja upp flugvöllinn til náinnar framtíðar.

[15:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig minnir að í flugmálaáætluninni sé gert ráð fyrir dálitlum fjármunum til rannsókna- og þróunarstarfsemi og þróunarverkefna og mig minnir að það komi fram í greinargerðinni að eitthvað af því eigi að tengjast Reykjavíkurflugvelli. Ég lít þannig á að þarna séu menn ekki bara að rannsaka náttúruaðstæður heldur séu menn líka að reyna að horfa á þróun flugmála til framtíðar. Ef eitthvað mætti gagnrýna af minni hálfu í þessu efni væri það kannski helst að þetta séu fulltakmarkaðir fjármunir vegna þess að rannsóknir eru auðvitað alger undirstöðuþáttur í samgöngumálum. Þess vegna hvet ég til þess að menn skeri ekki

fjármuni til rannsóknar við nögl. Þarna þurfa menn einmitt að horfa langt fram í tímann til að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir þó að það sé bara til fjögurra ára því að bindandi ákvarðanir um svona hluti til fjögurra ára geta haft afdrifaríkar afleiðingar ef þær eru vitlausar. Þess vegna er úrslitaatriði að menn horfi langt fram í tímann í málum af þessu tagi og reyni að átta sig á líklegum þróunarlínum.

[15:23]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að auðvitað þarf að horfa langt fram í tímann varðandi flugmálaáætlun. Hins vegar er það sem horfir við okkur þingmönnum núna að við erum með flugmálaáætlun í höndunum sem gerir ráð fyrir að strax á næsta ári verði ráðist í þessar framkvæmdir. Auðvitað mætti hugsa sér það að endurskoða flugmálaáætlun ef rannsóknir sýndu og það kæmi í ljós að ekki væri vilji að hafa þennan flugvöll í borginni. En þetta er þó það sem við erum að fjalla um núna og þetta sýnir auðvitað ákveðinn vilja stjórnvalda í þessu efni.

Ég endurtek það sem ég sagði í ræðu minni áðan að það er nauðsynlegt að um þetta sé samkomulag og sátt og borgaryfirvöld og stjórnvöld séu samstiga í þessu mikilvæga máli. Ég legg á það mikla áherslu.

[15:25]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir þeirri breiðu samstöðu sem tekist hefur um að standa saman um það verkefni að hægt verði að ráðast í endurnýjun slitlags á Reykjavíkurflugvelli. Það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það er nauðsynlegt að verja verulegu fé og nægjanlegu fé til undirbúningsrannsókna og athugana í sambandi við slík verkefni og það er raunar innifalið í framkvæmdarliðnum, umhverfismat og annað sem því tengist þegar bæði flugmálaáætlun, hafnaáætlun, vegáætlun og margt viðkomandi framkvæmd.

Ég vil í annan stað segja út af þeim umræðum sem snúist hafa um Flugstöð Leifs Eiríkssonar að um það hefur verið algert samkomulag fram að þessu að flugmálaáætlunin snúist um uppbyggingu á flugvöllum innan lands og það hefur ekki verið tengt Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Á hinn bóginn er alveg ljóst í mínum huga að það hefur ekki verið tekið á fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eftir að sú bygging var risin og ég tel að það eigi pólitískar rætur. Ég hygg að það sé hins vegar rétt að reyna að stuðla að því að samkomulag takist um það hvernig leysa skuli þennan fjárhagsvanda og ég hef lýst því yfir af minni hálfu að ég er reiðubúinn til þess að stuðla að því að 60 millj. kr. renni til þess af flugmálaáætlun og um það hefur orðið samkomulag.

Ég held að það sé alveg ljóst að hvorki hv. þm. Jón Kristjánsson né aðrir hafa fram undir þetta verið reiðubúnir til þess að leggja til hliðar fé af flugmálaáætlun í þessu skyni en raunar hlýt ég að lýsa því yfir eins og ég gerði áðan á nýjan leik að þegar hér er gert ráð fyrir því að 190 millj. kr. á fjárlögum þessa árs renni beinlínis til rekstrar í flugmálum sé með því verið að koma til móts við kröfuna um að hluti af þessum fjármunum renni til þess að greiða niður skuldir vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

[15:27]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt. Ég hef ekki haldið langar ræður um flugmálaáætlanir undanfarinna ára um að greiða skuldir þessarar flugstöðvar og ég átta mig ekki á og ætla ekki að kafa í þessa grasafræði hæstv. ráðherra með pólitískar rætur. Ég leiði það hjá mér. Ég var eingöngu að tala um framtíðina í þessum efnum og að málefni flugstöðvarinnar hlytu að vera hluti af því dæmi sem við erum að tala um þegar við ræðum flugmálin í landinu og að verja tekjum af fluginu til uppbyggingar og rekstrar á flugvöllum. Það var inntak ræðu minnar. Við verðum að halda samstöðu um þetta og ég lýsi ánægju með það og stuðningi við það að það er vísir að þessu núna og menn eru að byrja á þessu af takmörkuðum fjármunum. Aðalatriðið er að halda samstöðu um uppbyggingu á þessu neti, bæði Reykjavíkurflugvöllur og landsbyggðarflugvellirnir og búa í haginn fyrir millilandaflugið. Allt er þetta samtengt í órjúfanlega heild.

Ég viðurkenni það vel að hugur minn er náttúrlega eins og annarra nokkuð bundinn við kjördæmi mitt í þessum efnum og ég hef talað þar fyrir ýmsum framkvæmdum á undanförnum árum og það hefur miðað verulega í því efni þó að margt sé reyndar eftir.

[15:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst minnast á ákvörðun sem er sennilega orðin tíu ára gömul um að semja sérstaka flugmálaáætlun til langs tíma og reyna að skipta verkum niður á flugvelli eftir því sem menn hafa komið sér niður á að væri skynsamlegt, bæði hvar ætti að hafa flugvelli og hvað ætti að gera á hverjum stað.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að ljúka endurbyggingu eða uppbyggingu flugvallanna á Íslandi á tíu árum. Værum við þá líklega að ljúka því á þessu ári eða hinu næsta, ef menn hefðu staðið við þá áætlun sem samþykkt var á sínum tíma. Jafnframt var séð fyrir fjárhag áætlunarinnar með sérstökum tekjustofnum sem hafa verið til umræðu hér. Eldsneytisgjald og flugvallargjald áttu að bera uppi hitann og þungann af kostnaði við þessa endurbyggingu, en því til viðbótar átti að leggja til fé úr ríkissjóði eftir þörfum.

Það má segja að reynslan hafi sýnt að þetta hafi haft bæði sína kosti og galla. Áætlunargerðin sem slík hefur að mínu viti tvímælalaust sannað kosti sína. Menn gerðu langtímaáætlun, skilgreindu verkefnið, brutu það niður og reyndu að raða því niður í tímaröð. Þrátt fyrir röskun á tíma hefur sú áætlun að öðru leyti haldist í meginatriðum. Núna standa eftir framkvæmdir fyrir um það bil 5 milljarða kr. Ef við ætluðum að ljúka þeim af á tíu árum, þ.e. fyrir árið 2006, þyrfti að veita um 500 millj. kr. á ári til uppbyggingar flugvalla. Ókosturinn sem komið hefur í ljós við þessa áætlanagerð er einmitt að menn hafa ekki staðið við fjármögnunina. Menn væru þá að vinna verkið á tuttugu árum í staðinn fyrir tíu ár. Í heildina er það kannski ekki svo slæmt að menn ættu að hætta við að marka sér stefnu og standa að áætlanagerð eins verið hefur. Ég held að kostirnir við það séu tvímælalaust miklu meiri en sá ókostur sem er veikleiki allrar áætlunargerðar hér á landi, þ.e. að menn freistast til þess að standa ekki við fjarhagsþátt málsins. Sú áætlun sem nú er til umfjöllunar ber glögglega með sér að ríkisstjórnin sem nú situr gengur lengra í því en aðrar ríkisstjórnir á þessu tíu ára tímabili að raska fjárhagsgrundvelli áætlunarinnar.

Á þeim fjórum árum sem áætlunin nær til, 1996–1999, er gert ráð fyrir að skerða framkvæmdagetu tekjustofnanna um tæpan hálfan milljarð kr. eða sem nemur einum tíunda hluta þess fjár sem talið er að þurfi til að ljúka uppbyggingu flugvalla á Íslandi. Og ef við tökum með síðasta ár þar sem var skorið niður um tæplega 100 millj. kr., kemur í ljós að á fimm ára tímabili er niðurskurðurinn um 600 millj. kr.

Það munar um minna þegar um slíkar stærðir er að tefla í heildarsamhenginu við 5 milljarða. Það er alveg óþolandi að metnaðarleysi hæstv. ríkisstjórnar skuli vera sem raun ber vitni, að hún skuli ekki glíma við fjárhagsvandann þar sem hann er en ráðist þess í stað á önnur verkefni sem búið er að taka út fyrir sviga í ríkisfjármálum með sérstökum tekjustofnum og hirði þær tekjur inn í ríkissjóð í stað þess að glíma við vanda ríkissjóðs og útgjöld hans.

Kostnaður við uppbyggingu flugvalla fer auðvitað eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Það skiptir t.d. verulegu máli hvort menn gera ráð fyrir að byggja upp flugvelli sem eiga að þola umferð Fokkervéla eða minni véla eins og t.d. Twin Otter. Mér hefur fundist einn helsti gallinn á langtímaáætlun í flugmálum vera sá að þar væri um of byggt á áætlunum Flugleiða um flugvélaflota. Það hefði verið hægt að byggja upp þessa flugvelli fyrir minna fé ef menn hefðu gefið gaum öðrum flugvélategundum sem eru fullboðlegar hér á landi og eru nú um þessar mundir að ryðja sér rúms á æ fleiri flugleiðum, t.d. þeim flugvélum sem Íslandsflug notar nú og hefur notað um skeið.

Ég vil aðeins víkja að flugvöllum á Vestfjörðum, en eðli málsins samkvæmt eru flugvellir flestir þar sem samgöngur eru verstar við aðra hluta landsins. Þetta á einkum við norðaustur- og norðvesturhluta landsins. Ef við skoðum samgönguáætlanir í samhengi við vegamál og hafnamál er ljóst að þróunin hefur verið og verður sú að vegagerð sækir æ meira á á kostnað flugmála. Þannig er t.d. rekstur áætlunarflugvalla varla fyrir hendi í stórum hluta landsins sem er í grennd við höfuðborgarsvæðið eða í góðum samgöngum við það eins og t.d. Suðurland, að frátöldum Vestmannaeyjum, Reykjanes, Vesturland og Norðurl. v. að mestu leyti. Þróunin er í þá átt að það svæði þar sem bílaumferð hefur vinninginn umfram flugumferð fer heldur stækkandi samhliða þeirri þróun að vegirnir eru smátt og smátt að batna. En eftir stendur að flugumferð er og verður mikilvægust á ystu svæðum landsins eins og Vestfjörðum. Þar er mikilvægast að menn haldi sig við þær áætlanir sem menn hafa gert um uppbyggingu flugsamgangna og nýti önnur samgöngumannvirki til að nýta flugvellina sem best. Það á bæði við um uppbyggingu flugs inn á sunnanverða Vestfirði og norðanverða Vestfirði.

Ég tek eftir því, virðulegi forseti, að á norðanverðum Vestfjörðum er ekki gert ráð fyrir fé til að byggja upp flugvöllinn á Þingeyri né heldur halda við flugvellinum á Flateyri og einungis gert ráð fyrir að leggja til fé til uppbyggingar á Ísafirði. Auðvitað munu jarðgöngin virka þannig að notagildi flugvallanna á Flateyri og Þingeyri eykst. Við eigum að bregðast við því með því að haga fjárveitingum þannig að batnandi samgöngur á landi nýtist okkur sem best, ekki með því að þurrka út allar fjárveitingar til þessara flugvalla eins og hér er lagt til.

[15:38]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Óþolandi metnaðarleysi, sagði hv. þm. á undan mér. Ég veit ekki hvaða orð ég á að hafa um þetta. Við stöndum frammi fyrir miklum niðurskurði í viðkvæmum málum eins og heilbrigðismálum, ég minni aðeins á innritunargjaldið á sjúkrahúsin sem var 80 millj. á ári, og svo gagnrýnir ræðumaður á undan mér að við skulum skera niður flugmálaáætlun um 100 millj. Ég skammast mín ekki fyrir að skera niður flugmálaáætlun um 100 millj. og nýta þá sömu peninga í heilbrigðismálin, jafnmörg og brýn verkefni sem þar eru. Mér hefur fundist að við værum sátt að mestu leyti um þá megindrætti sem eru í þessari flugmálaáætlun. Hér eru miklir hagsmunir í húfi, hér er mikið fjármagn sem við höfum milli handa, en þó ekki nóg. Megindrættirnir eru þeir að byggja upp flugvellina úti á landi, sinna þar brýnustu verkefnunum, en eiga það síðan alveg víst að það verði gengið í Reykjavíkurflugvöll. Um það hljótum við öll að sameinast. Ekki aðeins vegna okkar Reykvíkinga, heldur vegna þess að það eru líka hagsmunamál landsbyggðarinnar og landsins alls að byggja upp Reykjavíkurflugvöll.

Vegna orða þeirra sem hér hafa fallið vil ég gera þá skýlausu kröfu til borgarstjórnar Reykjavíkur að hún gefi afdráttarlausa og marktæka yfirlýsingu um það hvort flugvöllurinn eigi að vera þarna í náinni framtíð eða ekki. Við sem erum að berjast fyrir Reykjavíkurflugvelli, og þar eru bæði menn í stjórn og stjórnarandstöðu, verðum að hafa þetta leiðarljós ef við eigum að sinna þessu mikilvæga verkefni. Ég kalla eftir ákvörðun sem hægt er að taka mark á frá ríkisstjórninni um það að tekið verði til við Reykjavíkurflugvöll á næsta ári.

[15:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að árétta, vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, að niðurskurðurinn á flugmálaáætlun er á fimm ára tímabili um 600 millj. kr. Það er óhjákvæmilegt að finna að því að ríkisstjórnin skuli grípa til þess að seilast í tekjustofna flugmálaáætlunar og einnig tekjustofna vegáætlunar í stað þess að glíma við fjárhagsvandann þar sem hann er. Vandi ríkisstjórnarinnar er sá að hún hefur ekki pólitískt þrek til að leysa úr ríkisfjármálunum. Hún hefur ekki þrek til að afla tekna til að standa undir útgjöldum. Hún hefur ekki þrek til að skera niður útgjöld þar sem þess þarf. Vandinn er að við sitjum uppi með ríkisstjórn sem ræður ekki við vandamálin. Með því að ráðast á önnur verkefni sem hafa sína eigin tekjustofna, er ríkisstjórnin einfaldlega að flytja vandamálið þangað. Og auðvitað hlýtur vandamálið að koma fram í því að þau verkefni sitja á hakanum þegar peningarnir eru fluttir frá þeim og yfir í hinn botnlausa ríkissjóð.

Hvað varðar niðurskurð í heilbrigðiskerfinu sem hv. þm. nefndi sérstaklega og innritunargjöldin, vil ég minna hann á að Framsfl. leysti það með því að hætta við innritunargjöldin en sækja þá peninga aftur hjá fötluðum, með því að skera niður bílastyrki hjá fötluðu fólki. (**Gripið fram í:** Og umönnunarbæturnar.) Og umönnunarbætur. Það var lausn Framsfl. í þessu máli þannig að ég held að hv. þm. ætti ekki að nefna heilbrigðismálin í þessu samhengi, enda sé ég ekki að þau blandist flugmálaáætlun.

[15:43]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis ítreka það sem ég sagði áður. Auðvitað er óhjákvæmilegt að endurskoða í heild afstöðuna til flugvallanna í hinum nýja Ísafjarðarkaupstað, frá Þingeyri til Ísafjarðar. Á það er einnig að líta að innanlandsflug verður frjálst frá 1. júlí á næsta ári og af þeim sökum tók ég sérstaklega fram að ég óskaði eftir því að samgn. liti til þessa máls.

[15:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það háttar svo til að við höfum verið með þrjá flugvelli á þessu svæði og við eigum auðvitað ekki að reka fleiri flugvelli en við þurfum á að halda. Ég hef því ekkert við það að athuga ef menn geta fækkað flugvöllunum

án þess að það komi niður á flugtíðninni. En vandamálið á norðanverðum Vestfjörðum er það hve oft er ófært á Ísafjarðarflugvöll. Við höfum því litið til þess að jarðgöngin mundu gera okkur kleift að komast oftar fljúgandi vestur en verið hefur með því að geta lent á völlunum vestan heiða, þ.e. fyrst og fremst á Þingeyri. Til að þetta nýtist þarf í fyrsta lagi að taka ákvörðun um framtíð Þingeyrarflugvallar sem hefur verið í biðstöðu nokkur ár. Og samkvæmt þessari áætlun er ekki lagt til að neitt fé fari í þann völl á næstu fjórum árum. Það er afleitt því að þá eru menn einfaldlega að segja að við ætlum okkur að nota bara einn flugvöll til að fljúga inn á þetta svæði. Það bætir okkar stöðu ekki neitt sem búum á þessu svæði. Til þess að bæta samgöngurnar og nýta kosti hinna flugvallanna, þurfum við að hafa þá í lagi og hafa starfsmenn þannig að það sé hægt að nota þessa flugvelli.

[15:45]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlusta á þá þingmenn sem koma frá hinni dreifðu byggð þegar rætt er um Reykjavíkurflugvöll. Mér finnst eins og þeir slái nokkuð í takt við þá staðreynd sem nú blasir við að uppbygging Reykjavíkurflugvallar er forgangsverkefni og eitt af stærstu verkefnum sem eru fram undan í flugmálum. Hins vegar er ég ekki hissa á því þó að staðsetning vallarins velkist nokkuð fyrir mönnum en þó heyrist mér svo að menn séu sammála því að það sé eðlilegt að flugvöllurinn verði þarna a.m.k. í nánustu framtíð hvað svo sem menn horfa langt fram veginn í því sambandi. Einkum og sér í lagi skil ég það mjög vel vegna þess að það hlýtur að vera mikið atriði fyrir aðila sem koma utan af landi til Reykjavíkur og fara frá Reykjavík að eiga ekki um langan veg að sækja að eða frá frá flugvelli þegar komið er til höfuðborgarinnar.

Það hefur áður komið fram að talað er um að setja um 1.000–1.400 millj. í Reykjavíkurflugvöll til þess að byggja hann upp. Þegar menn tala um óþægindi af flugi inn á Reykjavíkurflugvöll tengist það einkum þeim sem næst búa flugvellinum en aðrir í úthverfum borgarinnar verða ekki svo mjög varir við umferð Reykjavíkurflugvallar.

Mér finnst að atvinnumálaþátturinn hafi nokkuð gleymst í umræðunni því að Reykjavíkurflugvöllur er með stærri vinnustöðum í höfuðborginni. Ég tek það ekki mjög alvarlega þegar menn tala um að það sé rétt að flytja flugvöllinn vegna þess að hann er það mikilvægur í atvinnumálum fyrir okkur Reykvíkinga að ég sem þingmaður Reykvíkinga mun beita mér fyrir því að hann muni verða hér í nánustu framtíð.

Menn hafa talað um kjördæmapot og minnt á aðra flugvelli landsins. Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt. Hins vegar finnst mér samt sem þingmenn hinna dreifðu byggða tali öðruvísi gagnvart Reykjavíkurflugvelli en þeir hafa gert áður. Það hefur líka sýnt sig í vegaframkvæmdum að menn tala öðruvísi nú en þeir hafa gert áður hvað höfuðborgarsvæðið áhrærir.

Ég á sæti í flugráði og hef getað fylgst mjög náið með þeim vinnubrögðum sem þar fara fram. Ég tek undir það með hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni að hjá Flugmálastjórn er mjög vönduð og ígrunduð vinnuaðferð sem mörg önnur ríkisfyrirtæki mættu taka sér til fyrirmyndar þá hlutir eru lagðir niður fyrir flugráð og menn ræða um framkvæmdir, kosti þeirra og galla og eins niðurröðun. Í flugráði hefur verið samþykkt að reyna að ljúka öllum verkefnum hinna smærri flugvalla áður en kemur að hinni stóru framkvæmd í uppbyggingu og enduryggingu Reykjavíkurflugvallar og það er vissulega af hinu góða.

Þegar þær ræður sem hér hafa verið fluttar eru skoðaðar grannt þá finnst mér þær endurspegla það sem samgrh. hefur sagt um nokkuð langan tíma, þ.e. að full ástæða sé til þess að líta yfir völlinn allan og skoða samtengingu vega, flugvalla og hafna. Við stöndum frammi fyrir því að nýting þessara mannvirkja þarf að vera skynsamleg. Auðvitað þurfum við líka að horfa á það hvaða vellir, hafnir og vegir það eru sem við ætlum að leggja áherslu á með tilliti til þessara meginþátta samgöngumála á Íslandi vegna þess að við höfum ekki endalaust fjármagn til þess að byggja það upp sem menn vildu gjarnan gera. Þess vegna er mjög af hinu góða að menn hafa látið skynsemina ráða og vilja byggja upp það sem kemur hverjum Íslendingi best til nota hverju sinni.

[15:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða fyrri ræðumanns um að menn væru að velta fyrir sér staðsetningu flugvallarins held ég að það sé alveg ljóst hver vilji borgaryfirvalda er. Það kemur fram í Morgunblaðinu 3. mars, sl. sunnudag, í viðtali við borgarstjóra og ég vitna í þetta viðtal, með leyfi forseta. Í upphafi segir:

„Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri segir ljóst að innanlandsflug verði áfram á Reykjavíkurflugvelli.“ Og síðar í sömu grein: „Ég held að það sé alveg ljóst að innanlandsflug verður áfram á Reykjavíkurflugvelli. Spurningin er með hvaða hætti það á að vera.“

Ég get ekki séð annað en hér komi alveg skýr vilji borgarstjóra fram í þessu viðtali í Morgunblaðinu.

Aftur á móti eins og komið hefur fram í umræðunni þurfa menn að velta því fyrir sér með hvaða hætti og hvernig þurfi að standa að innanlandsfluginu. Vilji borgarstjóra er ljós og kemur vel fram í þessu viðtali í Morgunblaðinu sl. sunnudag.

[15:52]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði áðan. Ég hef litið svo á að það sé alveg heiðskýrt að borgarstjórinn í Reykjavík er ekki á þeim nótunum að leggja af Reykjavíkurflugvöll. Ef það er einhver misskilningur okkar í milli þá leiðréttist þetta hér með. Auðvitað er mjög nauðsynlegt að þegar verði hægt að vinna þannig gagnvart þeim framkvæmdum sem fram undan eru. Bæði vegna staðsetningar flugstöðvarinnar og vegna flughlaða, sem kallað er, er nauðsynlegt að hraða þessum málum til þess að framkvæmd flugmálaáætlunar geti hafist á næsta ári.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók þetta sérstaklega fram vegna þess að hv. ræðumaður nefndi það að menn hefðu verið að velta fyrir sér ákvörðunum um staðsetningu og vildi að það kæmi alveg skýrt fram að vilji borgarstjóra er kominn fram.

Varðandi öryggisþættina sem komu einnig fram hjá hv. ræðumanni varða öryggismálin fleiri en þá Reykvíkinga sem búa í nágrenninu og óþægindin af fluginu yfir borgina koma auðvitað fleirum við en þeim sem búa hér. Hér starfar líka fjöldi manns og einnig varða öryggismálin og flugið hér yfir þá farþega sem fara hér um.

[15:54]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að öryggismálin eru enginn smáþáttur í þessu máli og það verður auðvitað að horfa á hann. En síðast en ekki síst þykir mér sérlega vænt um það hvernig borgarstjóri svaraði þessu máli í Morgunblaðinu vegna þess að væntanlega gerir hann eins og fleiri Reykvíkingar, þó ekki allir í núverandi meiri hluta borgarstjórnar, sér fulla grein fyrir hinu stóra atvinnuspursmáli sem við erum hér að fjalla um.

[15:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Alltaf þykir mér gaman að hlýða á hv. þm. Guðmund Hallvarðsson sem er einn snjallyrtastur flestra þingmanna og alltaf sér hann kjarnann í hverju máli. Ég gladdist þess vegna mjög að hann skyldi ljúka sinni síðustu ræðu á því að lofa og mæra núverandi borgarstjóra í Reykjavík, fyrrv. þingmann og eina af stallsystrum okkar hérna. Ég vænti þess, herra forseti, að það verði fleiri en hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson úr liði Sjálfstfl. sem munu sjá þá framsýni og þá skyggni sem er að finna hjá borgarstjóranum í Reykjavík þegar kemur að svona miklum hagsmunamálum Reykvíkinga.

Hv. þm. gat þess sérstaklega að hann fagnaði því að borgarstjórinn í Reykjavík hefði markað stefnu til framtíðar. Ég ætlaði eiginlega að koma upp til þess að benda á þann mun sem mér þótti vera á afstöðu hv. þm. og míns ágæta félaga, Guðmundar Hallvarðssonar annars vegar og hins vegar borgarstjórans vegna þess að hv. þm. sagði að auðvitað mundi Reykjavíkurflugvöllur vera á sínum stað í nánustu framtíð.

Þessi orð „í nánustu framtíð“ lýsa vel því tvílræði sem einkendi einmitt afstöðu fyrrv. meiri hluta í Reykjavíkurborg. Ég ætla ekki að deila á fjarstadda menn, en ég get leyft mér að deila pínulítið á félaga minn, hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, því að okkar leiðir lágu einmitt saman á þeim vígvöllum sem borgarstjórn Reykjavíkur var. Hann er eiginlega eins konar fulltrúi þessarar stefnu sem gerði það einmitt að verkum að meðan sjálfstæðismenn sátu þarna við stjórnvöl náðu þeir ekki að marka afdráttarlausa stefnu til framtíðar um þetta mál vegna þess að við í liði sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg var að finna þungavigtarmenn, þunga borgarfulltrúa sem voru annarrar skoðunar, sem voru þeirrar skoðunar að það ætti að flytja flugvöllinn.

Ég tel eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir hefur sagt að það sé í rauninni búið að marka stefnu til framtíðar. Borgarstjórinn í Reykjavík hefur sagt að það sé stefna þess hóps sem hún stendur fyrir að innanlandsflugið verði áfram í Reykjavík. Ég held að það sé mjög farsælt og ég held að það hljóti að vera málefni sem landsbyggðarmenn og Reykjavíkurbúar geta sameinast um. Ég held að það sé farsælt fyrir landbyggðina að hafa innanlandsflugið innan vébanda borgarmarkanna, og ekki bara innan vébanda borgarmarkanna heldur svo að segja í borgarmiðjunni. Það hlýtur að vera þægilegt fyrir þá ágætu landsbyggðarmenn sem hingað þurfa að sækja. (Gripið fram í.) Ég gat þess líka sérstaklega, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að þetta væri sameiginlegt hagsmunamál okkar. Hins vegar hef ég orðið var við það í afskiptum mínum af borgarmálum að það er fullt af fólki sem ber einlægan kvíðboga fyrir því að þarna kunni að verða flugslys. Ég minni á að gefin var út skýrsla fyrir sjö eða átta árum sem undirstrikaði möguleikana á því að það gæti orðið stórslys af völdum flugslysa. Það var bent á það t.d. að ein aðalflugflinan inn að vellinum, fluglína stórra farþegaflugvéla, liggur einmitt yfir gríðarlegum birgðum af bensíni úti í Örfirisey. Hvað gerist ef það mundi fara þar niður flugvél?

Herra forseti. Ég hef einu sinni orðið ásjáandi að flugslysi við enda flugvallarins þar sem þrír menn fórust í kanadískri ferjuflugvél. Það var alveg skelfilegt að sjá það gerast og það er engum blöðum um það að fletta að þarna er ákveðin hætta. Það hafa komið upp hugmyndir um það hvort það eigi t.d. að flytja ferjuflugið af flugvellinum, hvort það ætti e.t.v. að setja æfinga- og kennsluflug einhvers staðar annars staðar. Ég er þeirrar skoðunar að þetta beri að kanna vel og rækilega. Án þess að ég hafi nokkra sérfræðikunnáttu á þessu sviði finnst mér það koma vel til álita að flytja ferjuflugið en ég ítreka að ég hef ekki skoðað það mál til hlítar.

Ég held að það sé farsælt fyrir alla aðila að innanlandsflugið verði áfram í Reykjavík en það verður auðvitað að gæta fyllsta öryggis. Ég verð að hrósa hæstv. samgrh. fyrir það að hann hefur með borgaryfirvöldum í Reykjavík hlutast til um samræður sem væntanlega munu leiða til farsællar niðurstöðu í þessum málum. Eftir því sem ég hef skilið þessar umræður verður á næsta ári hafist handa við endurbyggingu vallarins og undirbúningur verður hafinn að nýrri flugstöð. Hæstv. samgrh. á hlut að því máli og það ber að þakka honum fyrir það.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kom upp fyrr í dag og var heldur heitt í hamsi yfir þeim orðum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lét falla. Ræddi hann m.a. niðurskurð og hann sagði að honum þætti engin goðgá þó að það væru skornar niður 100 millj. kr. af flugmálaáætlun þegar horft væri til þess að ríkissjóður væri í gríðarlegri fjárþörf og það þyrfti að skera niður i heilbrigðismálunum. Ég var honum algerlega sammála um það. Það er engin goðgá þó að það sé skorið niður 100 millj. kr. í flugmálaáætlun, jafnvel þó að það hefði verið eitthvað meira. Hins vegar verð ég að vekja eftirtekt hv. þm. á því að það eru kannski einhverjir aðrir þættir í ríkisrekstrinum þar sem hefði mátt skera niður ef menn ætla að fara að forgangsraða með þessum hætti eins og hv. þm. gerði með því að segja: Allt í lagi, ef það þarf að skera niður í heilbrigðismálum þá skulum við frekar skera niður í flugmálunum. Það er forgangsröðin sem hann er að leggja fyrir. Gott og vel. Hún er ekkert vitlaus en það eru kannski aðrir þættir sem hann og flokkur hans mættu íhuga miklu betur. Það eru t.d. landbúnaðarmálin. Er það ekki Framsfl. og fulltrúar hans sem hafa einmitt rekið þá landbúnaðarstefnu á síðustu árum sem hefur orðið þess valdandi að menn eru að eyða í hana 11–12 milljörðum. Ef menn segja a, þá verða þeir að segja b. Ef menn segja að það eigi að skera frekar niður í flugmálum en heilbrigðismálum, þá vil ég segja c, herra forseti, og segja: Er þá ekki rétt að menn reyni að spara þar sem hægt er að spara, sem er t.d. í landbúnaðarmálunum.

Herra forseti. Menn hafa rekið upp mikinn og gjallandi hlátur yfir því að ég hef látið mér um munn fara bókstafinn b. Hversu oft þarf ég að koma í þennan stól og lýsa yfir virðingu minni á Framsfl. til þess að mönnum finnist það ekki skrýtið? Og ef ég mætti, herra forseti, ljúka þessari ræðu minni á þeim 59 sekúndum sem ég á eftir til að minna á það að það var sama höndin sem skrifaði stefnuskrá A og B, Alþfl. og Framsfl. og það ber að virða þó að því miður hafi sú hönd ekki stýrt Framsfl. nógu langt inn í framtíðina.

[16:03]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara á flug landbúnaðar í umræðum um flugmál. Engu að síður kom síðasta ræðumanni nokkuð á óvart hvar ég gat um borgarstjórann í Reykjavík. En það er að gefnu tilefni vegna þess að ég hef ekki orðið var við það að samherjar R-listans í borgarstjórn séu á einu máli um hvað varði framtíð Reykjavíkurflugvallar. Þess vegna er það af hinu góða þegar borgarstjóri sér að sér og áttar sig á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar og mikilvægi atvinnumálanna flugvellinum tengdum.

Í annan stað hvað varðar fyrrv. borgarstjórn sjálfstæðismanna, hvar hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemur inn á það að þeir hafi sofið þyrnirósarsvefni gagnvart Reykjavíkurflugvelli er það rangt vegna þess að hér á árum áður voru ríkisstjórnir andsnúnar meiri hluta stjórnar Reykjavíkurborgar sem ekki vildu ljá því máls að þessu máli yrði hreyft, hvað þá ef eitthvað yrði gert. Ástand Reykjavíkurflugvallar sýnir þess líka merki hvernig málum er fyrir komið núna þannig að ég get þess vegna endurtekið að það er gott að það er þó a.m.k. einn innan R-listans, meiri hluta Reykjavíkurborgar, sem áttar sig á því hversu mikilvægur Reykjavíkurflugvöllur er.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í rauninni ekki miklu að svara. Ég fagna því bara að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ítrekar ánægju sína með störf núverandi borgarstjóra í Reykjavík. Ég get tekið undir það með honum að það er vaxandi hópur sjálfstæðismanna sem er að verða sömu skoðunar. M.a. vegna þess að borgarstjórinn og meiri hluti R-listans hefur lagt svo mikla áherslu á atvinnumálin sem raun ber vitni eins og þetta einmitt sýnir.

Ég tek ekki svo djúpt í árinni að segja að ræða hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar hin fyrri hafi verið ein samfelld árás á Árna Sigfússon, forustumann meiri hlutans, en hitt er alveg ljóst að meiri hlutinn svaf þyrnirósarsvefni árum saman vegna þess að ekkert gerðist. Við getum þó a.m.k. glaðst yfir því að það er stefna sem virðist njóta mjög víðtæks stuðnings, ekki bara þeirra sem fylkja sér um R-listann, heldur líka hinna. Þá er spurningin hvort þeir eiga ekki að stíga skrefið til fulls og koma algerlega til liðs við R-listann. Ég veit að það yrði mikill happafengur af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sem því miður getur ekki fengið að koma upp aftur til þess að svara og játast þessu.

[16:06]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að velta því fyrir mér þegar hv. þm. talaði um að Framsfl. hefði ráðið landbúnaðarstefnunni á undanförnum árum hvort það heyrðist í mér ef ég segði eins hás og ég er: „Þú mátt ekki gleyma garminum honum Katli." En það er að vísu annað mál.

Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann telur að mál Reykjavíkurflugvallar hafi ekki verið rædd fyrr en á síðasta vetri eða svo. Eins og sést á þeirri flugmálaáætlun sem samþykkt var í maímánuði 1994 var þegar gert ráð fyrir því að 100 millj. kr. yrði varið til flugvallarins á næsta ári vegna þess að þá þegar var hafinn undirbúningur þess að endurnýja slitlag á vellinum. Ég átti á þeim tíma viðræður um það mál, bæði við páv. borgarstjóra, Markús Örn Antonsson, og síðar við Árna Sigfússon borgarstjóra og þeir sýndu því jafnframt aukinn áhuga að ný flugstöð risi á Reykjavíkurflugvelli í stað þeirrar gömlu sem menn notast nú við. Á hinn bóginn hafði ég ekki stuðning til þess að taka það mál upp einmitt vegna þess að brýn verkefni önnur biðu úrlausnar sem var nauðsynlegt að fara í. Um það varð þess vegna pólitískt samkomulag milli mín og Alþfl. á þeim tíma að Reykjavíkurflugvöllur biði ársins 1997 og það var í fullri sátt við þáverandi yfirvöld Reykjavíkurborgar og hefur ekki breytt neinu um þær áherslur þó nýr pólitískur borgarstjórnarmeirihluti hafi verið kjörinn til að ráða málefnum Reykjavíkurborgar.

[16:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. gerir sér e.t.v. ekki grein fyrir því hvílíkur áfellisdómur fólst í orðum hans gagnvart fyrrv. borgarstjórn í Reykjavík. Hann gat þess að það hefði verið full sátt um það að ráðast ekki í framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli fyrr en 1997 og það hefði verið í fullri sátt við þáverandi forustu borgarinnar. Hverjir voru það? Það var auðvitað Sjálfstfl. Hins vegar er núna komið fólk til stjórnunar í borginni sem leggur mikla áherslu á þetta og það ber að þakka það að hæstv. samgrh. hefur alls ekki legið á liði sínu, hvorki nú né áður. Það sem ég átti við í tölu minni var einfaldlega að mér er kunnugt um það að skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar hefur átt fundi með forustumönnum flugmála, m.a. til þess að ræða stöðu Reykjavíkurflugvallar og hvernig hún kynni að breytast eða hvernig væri rétt að festa hana til framtíðar í þeirri vinnu á endurskoðun á aðalskipulagi sem stendur yfir í Reykjavík núna.

[16:09]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í flugsögunni eru til dæmi um ýmsar gerðir flugvéla sem hafa verið smíðaðar sem hafa aldrei komist í loftið. Þær hafa komist á braut og þær hafa verið keyrðar af miklu afli en þær hafa ekki náð fluginu. Þannig er með hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann baksar út og suður og hjartað berst í miklum móð en hann kemst ekki af brautinni. Hann blaðrar um hluti sem hann hefur ekki sett sig inn í og viðurkennir reyndar og hann vænir menn um hluti sem þeir bera ekki ábyrgð á. Til að mynda sagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson að í fyrrum borgarstjórnarliði sjálfstæðismanna í Reykjavík hefðu verið fulltrúar í forsvari sem hefðu verið á móti Reykjavíkurflugvelli. (**ÖS:** Þungavigtarmenn, sagði ég.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur ekki nefnt einn einasta mann, hvorki úr forsvari né þungavigtarmannaliði forustumanna Sjálfstfl. sem hefur verið á móti slíku í Reykjavíkurborg. Það hefur verið einróma samstaða um það að Reykjavíkurflugvöllur yrði staðsettur þar sem hann er enda eru menn í rauninni að tala um það að leggja niður höfuðborg Íslands, Reykjavík, ef þeir eru að tala um að leggja niður Reykjavíkurflugvöll. Það er samsvarandi og að leggja niður höfuðborgina formlega með þá stöðu í íslensku samfélagi vegna þess að höfuðborgin er til þjónustu fyrir landið allt og Reykjavíkurflugvöllur er lykill landsbyggðarinnar að höfuðborginni, lykill númer eitt, tvö og þrjú. Auðvitað eru gagnkvæmir hagsmunir fyrir Reykvíkinga til að komast út á land en fyrst og fremst er Reykjavíkurflugvöllur lykill landsbyggðarinnar að höfuðborginni. Það segir sína sögu þar sem 330 þúsund farþegar fara um Reykjavíkurflugvöll á ári og lendingar alls eru um 50 þúsund talsins.

[16:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen verður að virða mér það til vorkunnar ef honum þykir ég ekki vera mjög vaxinn til flugs. Þegar hann var í ræðustól áðan minnti hann mig hins vegar á útdauða fuglategund sem aldrei náði í öllu sínu dapurlega lífi að lyfta sér nokkurn tíma til flugs en hún tengist einmitt Vestmannaeyjum og heitir geirfuglinn.

Herra forseti. Ég undrast það hversu óstinnt fulltrúar Sjálfstfl. taka þeim sannindum sem ég flutti hérna áðan en þau eru einfaldlega að í tíð núverandi meiri hluta Reykjavíkurborgar er bersýnilegt að flugmálin eru tekin miklu fastari tökum. Það er í gangi vinna í tengslum við undirbúning að nýju aðalskipulagi sem miðar að því að festa flugvöllinn sem miðstöð innanlandsflugs í landinu. Ef hv. þm. Árni Johnsen hefði hlustað á alla mína ræðu, en eins og þingheimur tók eftir kom hann ekki í salinn fyrr en ræða mín var vel hálfnuð, hefði hann komist að því að ég var honum nákvæmlega sammála um það sem hann bar fram í niðurlagi tölu sinnar. Ég er honum sammála um að það eru hagsmunir bæði borgarbúa og þeirra sem búa á landsbyggðinni að hafa áfram miðstöð innanlandsflugsins nánast í borgarmiðjunni. Menn verða hins vegar að gæta fyllsta öryggis og ég gat þess enn fremur að það væri einnar messu virði að menn pældu í því, hvort það ætti e.t.v. að flytja ferjuflugið og mögulega kennsluflugið úr borginni. Ég tók sérstaklega fram að mér þætti þetta með ferjuflugið vera þess virði að skoða mjög rækilega.

Staðreyndin er einfaldlega sú að það er gott samkomulag með hæstv. samgrh. og hinni nýju og vösku borgarstjórn Reykjavíkur sem hefur tekið af skarið í þessum efnum. Það er einfaldlega svo að það voru efasemdir í hópi þungavigtarmanna í Sjálfstfl. fram eftir öllum síðasta áratug, ég veit það vel. Ég sat í þessari borgarstjórn annað veifið.

[16:14]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stafrófsæfingum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar komst hann í a, b og c og það fóru kærleiksorð milli hans og hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar á þeim hálfgerða borgarstjórnarfundi sem fór hér fram. Heyrðist mér hv. þm. Össur Skarphéðinsson tala hlýlega um næsta staf þar á eftir, d, og ég veit að honum hafa stundum verið kærir aðrir stafir sem eru þar heldur aftar. Skal ég fara yfir þá í framhaldi af stafrófinu með honum á eftir ef þörf þykir.

Kjarni málsins er þessi: Við erum með vandlega unna flugmálaáætlun sem hefur ákveðnar áherslur og ákveðinn takt í framkvæmdum sem samstaða ætti að geta verið um. Það er hins vegar hárrétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir. Ég er honum sammála um það að brýn nauðsyn kallar á það að við endurskoðum heildarúthlutun í meginmálaflokka í ríkisrekstrinum og spyrjum okkur, bæði þegar flugmálaáætlun er annars vegar og ýmsir aðrir útgjaldapóstar hjá ríkinu: Viljum við heldur taka þessa peninga og eyða þeim í þau verkefni sem okkur finnst sárast að þurfa að neita? Þar nefndi ég heilbrigðismálin, en þau eru að sjálfsögðu fleiri.

Ég er talsmaður þess að þetta sé einmitt rætt. Og ég heyri það úti í þjóðfélaginu að fólk spyr: Af hverju takið þið ekki frekar peningana úr þessu og látið þá í það sem okkur sárvantar? Það væri umræða sem ég væri tilbúinn til að taka þátt í. Við skulum ekki skensa hver annan, hvort sem við tölum um landbúnað eða annað. En þessarar umræðu er þörf og ég heyri fólk kalla á hana úti í þjóðfélaginu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Lækkun lífeyrisbóta 1. mars.

[16:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þann 1. mars sl. hófst ein siðlausasta atlaga ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að lítilmagnanum í samfélagi okkar. Þá kom til framkvæmda ákvörðun hæstv. heilbrrh. að lækka hámarksuppbót á lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins til þess að ná inn 2 millj. kr. í ríkissjóð á mánuði. Þessi greiðsla er viðbót við grunnlífeyri og tekjutryggingu lífeyrisþega sem greidd er ef sýnt er að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án hennar. Hámarksuppbótin er greidd samkvæmt vottorði frá lækni um mikla umönnunarþörf á heimili, lyfjakostnað, sjúkrakostnað og e.t.v. einnig háa húsaleigu. Það eru ósjálfbjarga, mikið sjúkir og mikið fatlaðir einstaklingar og jafnvel deyjandi fólk sem verður fyrir þessari kjaraskerðingu ríkisstjórnarinnar. 1.800 Íslendingar, sem svo illa er komið fyrir, eiga nú að komast af í veikindum sínum á mun lægri fjárhæð til framfærslu en áður. Ég er ekki viss um að stjórnarliðar, hv. þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl., hafi gert sér grein fyrir frá hvaða fólki þeir eru að ná inn þessum 2 millj. á mánuði í ríkissjóðs. Hverjum er ætlað að greiða niður fjárlagahallann? Er það almenn skoðun þeirra, herra forseti, að þetta fólk sé aflögufært?

Við skulum fara yfir það hvernig nú er verið að skerða hámarksuppbótina frá Tryggingastofnun ríkisins. Hámarksuppbót lífeyrisþega sem njóta umönnunar annarra en maka er lækkuð úr tæpum 19 þús. kr. í rúmar 16 þús. kr. Þetta eru umönnunarsjúklingar sem þurfa algera umönnun heima, oft lamaðir eða mikið fatlaðir sem geta enga björg sér veitt, og eru jafnvel að liggja sína banalegu heima, heyja sitt dauðastríð. Þetta eru lífeyrisþegar sem verða að treysta á umönnun sinna nánustu, fólks sem þarf oft að minnka við sig vinnu eða hætta störfum á meðan hinn sjúki þarfnast umhyggju þess. Uppbótin til þessara sjúklinga er lækkuð um 15%. Er hægt að leggjast lægra í sparnaðinum, herra forseti? Af þessu illa stadda fólki sér ríkisstjórnin ástæðu til að klípa 2.700 kr. á mánuði.

Síðan eru það umönnunarsjúklingar sem búa einir og fá greidda heimilisuppbót. Það eru lífeyrisþegar sem hafa nánast ekkert að lifa af nema almannatryggingabæturnar, rúmar 46 þús. kr. á mánuði, ef ekki kæmi til uppbótin. Séu þeir algerir umönnunarsjúklingar samkvæmt vottorði læknis hafa þeir fengið um 10.700 kr. í umönnunaruppbót í viðbót sem nú á að klípa af rúmar 1.300 kr. og sama gildir um þá sem njóta umönnunar maka. Svo eru það lífeyrisþegarnir sem búa einir og fá sérstaka heimilisuppbót. Þeir höfðu hámarksuppbót, rúmar 5 þús. kr. væru þeir algerlega háðir umönnun. Þessir lífeyrisþegar hafa engar tekjur aðrar en tryggingabæturnar, ekki einu sinni úr lífeyrissjóði. Þar er verið að skerða um tæpar 700 kr. á mánuði. Það getur vel verið að hæstv. heilbrrh. finnist þetta lágar upphæðir. Þannig hefur hann a.m.k. svarað gagnrýni á kjaraskerðingu lífeyrisbóta hingað til. En ég get fullvissað ráðherrann um það, herra forseti, að þessir umönnunarsjúklingar eru svo illa settir fjárhagslega að þá

munar um hverja krónu. Þessar skerðingar munu valda þeim miklum erfiðleikum, enda er uppbótin ekki greidd nema tekjur lífeyrisþegans séu í algeru lágmarki og henni er ætlað að mæta kostnaði hins sjúka vegna lyfjanotkunar og umönnunar sem hann ber vegna fötlunar sinnar eða sjúkleika. Þetta fólk þarf að treysta á aðra með allar sínar daglegu þarfir og athafnir.

Þessi skerðing er gerð á sama tíma og deildum er lokað og sjúkrarúmum er fækkað á sjúkrahúsum, á sama tíma og sjúklingar eru sendir heim fyrr en áður, veikari en áður, á sama tíma og 180 manns bíða í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmí í Reykjavík einni og hátt á þriðja hundrað bíða í brýnni þörf eftir þjónusturými. Þetta gerist á sama tíma og sjúkir komast ekki inn á sjúkrahús nema sem fársjúkir inn á bráðamóttöku. Þetta er gert á sama tíma og lyfjaverð er hækkað og greiðslur fyrir læknisþjónustu eru hækkaðar. Þetta er gert á sama tíma og það er stefna í heilbrigðismálum að leyfa sjúklingum að vera eins lengi heima og unnt er og fá þjónustu heim til að koma til móts við vilja sjúklingsins, auk þess sem það sparar samfélaginu um leið dýrt sjúkrarými.

Í framhaldi af þessu öllu spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Er það mat hans að umönnunarsjúklingar með hæstu uppbótina, þ.e. veikustu og mest ósjálfbjarga lífeyrisþegarnir með lágmarksframfærslueyri, séu þeir sem helst eru aflögufærir til að greiða niður fjárlagahallann?

2. Ráðherrann hefur haldið því fram til varnar niðurskurði á velferðarþjónustunni að þeir sem mest þurfi á velferðarkerfinu að halda verði ekki fyrir niðurskurðinum. Er hann enn þeirrar skoðunar eftir þessa lækkun hámarksuppbótar á lífeyri?

3. Frekari uppbót er greidd lífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án hennar, eins og segir í reglugerð. Tekið er tillit til eigna og allra tekna lífeyrisþega. Þeir 1.800 umönnunarsjúklingar sem nú verða fyrir skerðingu höfðu fengið það mat hjá Tryggingastofnun að þeir kæmust ekki af án hámarksuppbótar á lífeyri sinn. Hvað hefur breyst sem réttlætir kjaraskerðingu þeirra nú?

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að taka á Alþingi upp umræður um kjör lífeyrisþega. Um síðustu áramót hækkuðu lífeyrisbætur, þ.e. grunnlífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót. Alls hækkaði framlag til lífeyrismála um 2,5 milljarða á milli áranna 1995 og 1996. Þeir einstaklingar sem hafa sér til framfærslu grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót og t.d. lífeyristekjur til viðbótar, allt um það bil 60 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði, hafa á árinu 1996 meira sér til framfæris en á fyrra ári.

Hagur aldraðra og öryrkja er mjög mismunandi. Sem betur fer búa margir í þessum hópi við allgóð kjör. Að undanförnu hefur komið fram að nokkur hópur aldraðra á í greiðsluerfiðleikum vegna kaupa á þjónustuíbúðum. Félmrh. hefur með opnun ráðgjafarþjónustu tekið þau mál sérstaklega upp.

Ég hef lagt á það áherslu að við endurskoðun bóta almannatrygginga væri tryggður hagur þeirra sem verst eru settir. Þetta er einfalt að skilja þegar bætur eru hækkaðar til þeirra sem verst eru settir en lækkaðar hjá þeim sem eru efnameiri. Þegar bótum er breytt til samræmis verður málið flóknara. Þá þurfa menn að hafa heildarsýn til að geta metið áhrif skattbreytinga, þátttöku sveitarfélaga og hækkun í öðrum bótaflokkum sem vega upp á móti þeirri lækkun sem bótaþegi verður fyrir. Í þessum tilvikum skiptir miklu að allir sem um slík mál fjalla, bæði á hinu háa Alþingi og annars staðar, setji mál sitt þannig fram að ekki valdi óöryggi hjá öldruðum, sjúkum og öryrkjum.

Það sem hér er til umræðu er lækkun á flokkum heimildarbóta sem eru því marki brenndir að vera félagslegs eðlis. Einstaklingur kemur þannig til Tryggingastofnunar ríkisins og færir fram rök fyrir því að hann geti ekki framfleytt sér með þeim tekjum sem hann hefur og af einstaklingsbundnum ástæðum þurfi hann því að fá hærri fjárhæð til ráðstöfunar. Þrátt fyrir þessa lækkun hafa hámarksbætur Tryggingastofnunar hækkað um 3.727 kr. á mánuði frá því að ég tók við embætti og eru nú 55.522 kr. Þá er ekki reiknað með uppbótum vegna sérstaks kostnaðar bótaþegans, en að þeim meðtöldum getur einstaklingur verið með um 60 þús. kr. á mánuði.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég líka benda á að bótafjárhæð til einstaklings með umönnunarbætur eru rúmum 1.700 kr. hærri nú en þegar ég tók við embætti. Þarna er um að ræða nokkurs konar félagsmálahlutverk Tryggingastofnunar ríkisins, stofnunin úthlutar með þessum hætti yfir 800 millj. kr. á ári til skjólstæðinga sinna. Í umræðunni verða menn að muna að þetta eru viðbótarbætur ofan á grunnlífeyri, tekjutryggingu og aðrar bætur eftir aðstæðum.

Félagsleg framfærsla einstaklinga í þjóðfélaginu er skilgreind sem verkefni sveitarfélaga. Það gerir nálægðin, þekkingin á einstaklingnum og aðstæðum hans. Þó innan Tryggingastofnunar ríkisins sé unnið mikið og gott starf, verður einstaklingurinn ávallt fjarlægur og þekking á högum hans minni en í viðkomandi sveitarfélagi. Mín skoðun er sú að marka eigi þá stefnu að Tryggingastofnun ríkisins hafi með höndum grunnframfærslu og tryggingu fyrir einstaklinginn en ekki bætur sem ákvarðaðar eru á grundvelli félagslegra aðstæðna. Það er hlutverk sveitarfélaganna í landinu.

Þetta breytir ekki því að ég ætla áfram að verja kjör þeirra sem verst eru settir í þessu þjóðfélagi.

Ég hef verið á mörgum fundum og haft samband við marga sem þurfa að lifa á lífeyrisbótum. Í þeim samtölum hefur komið fram að það sem þeir finna mest fyrir er kostnaður vegna lyfja og læknisþjónustu. En það eru ekki aðeins lífeyrisþegar heldur líka tekjulitlar barnafjölskyldur sem finna mikið fyrir þessum kostnaði. Ég tel eðlilegra að ráðstafa þeim fjármunum sem tryggingakerfið hefur yfir að ráða til almennra úrræða sem kemur efnalitlu fólki vel. Slíka vinnu er ávallt verið að vinna í ráðuneytinu. Þar skoðum við ekki bara hugmyndir um sparnað og aðhald eins og sumir virðast halda, heldur líka hvernig má bæta velferðarkerfið og þétta öryggisnetið. Því hefur verið ákveðið að tekjulágir einstaklingar og fjölskyldur fái aukinn rétt til endurgreiðslu á læknis- og lyfjakostnaði. Nú er að ljúka endurskoðun á reglum um endurgreiðslu umtalsverðs læknis- og lyfjakostnaðar sem mun gera meira en vega upp á móti þeirri lækkun sem hér er til umræðu.

Endurgreiðslur samkvæmt þessum reglum eru nú greiddar út tvisvar sinnum á ári. Það eru ekki fullnægjandi úrræði. Þessar endurgreiðslur verða að fara fram oftar þannig að þeir sem eiga rétt á þeim þurfi ekki að bera kostnaðinn í langan tíma áður en þeir fá endurgreitt. Ætlun mín er að breyting á þessum reglum eigi sér stað fyrir næstu mánaðamót og á hún að gilda fyrir allt þetta ár. Það sem seinkað hefur þessari

vinnu er að í sömu reglugerð verður gripið til sérstakra ráðstafana fyrir barnafjölskyldur sem greiða háan lyfjakostnað vegna sýklayfja og sjúkdóma sem sérstaklega herja á börn. Því miður hefur sú vinna tekið lengri tíma en ég hafði reiknað með.

Með þeim aðgerðum sem ég hef lýst verður hagur þess fólks sem hér er til umræðu og reyndar fleiri betur tryggður en áður. Þannig ver ég kjör þeirra sem verst eru staddir.

Ég tel mig hafa svarað fyrirspurn hv. þm.

[16:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta málefni upp. Ég vil í upphafi geta þess að ég hef, líkt og hæstv. ráðherra, átt viðræður við lífeyrisþega og öryrkja, en það eru sennilega einhverjir aðrir einstaklingar en hæstv. ráðherra hefur rætt við því að þeir sem hafa rætt við mig segja að það sé erfiðara að lifa þegar krónunum fækkar og verðlagið hækkar.

Hér er til umræðu ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skerða kjör fólks sem samkvæmt opinberri skilgreiningu getur ekki framfleytt sér án þeirra bóta sem nú er verið að skera niður. Og það er nákvæmlega sama á hvaða forsendum við ræðum þessa ákvörðun. Svarið er á einn veg og aðeins á einn veg: Þetta er ranglát og siðlaus ákvörðun. Þetta er ákvörðun sem stríðir gegn fyrirheitum ráðherra og ríkisstjórnar.

Hvað sparnaði viðvíkur er ekki nóg með að það sé siðlaust að skerða kjör þeirra sem ekki geta framfleytt sér, heldur er sparnaðurinn enginn þegar upp er staðið. Eins og fram kom í máli frummælanda er þetta þvert á móti ávísun á aukinn kostnað nema til standi að láta fátækt fólk deyja drottni sínum með því að skerða og svipta það félagslegri aðstoð.

Varðandi fyrirheitin man ég ekki betur en við fjárlagaumræðuna fyrir jólin þegar því var andæft á Alþingi að tryggingabætur yrðu slitnar úr tengslum við launaþróun í landinu að ráðherra hafi lýst því yfir að ekki stæði til að skerða kjör þeirra sem bóta nytu. Nú kemur í ljós að greiðslur til þeirra sem eru allra verst settir eru lækkaðar í krónum talið. Þetta er gert til að spara 2 millj. kr. á mánuði, 24 millj. á ári. En mér er spurn: Hvað með fólk sem gat ekki framfleytt sér án þessara bóta fyrir skerðingu? Þarf ekki að taka það inn á stofnanir eftir skerðingu og hvað kostar það fyrir þá sem á annað borð vilja setja þetta upp á bókhaldsvísu? Eða á að láta þessa einstaklinga veslast upp? Ég held að ríkisstjórnin verði að gera sér grein fyrir því að þorri manna í landinu, mér liggur við að segja þjóðin öll, er andvíg þessari ákvörðun og gildir þá einu hvar í flokki menn standa. Ef ríkisstjórnin er staðráðin í því að keyra misréttisstefnu af þessu tagi í gegn mun það valda óánægju og ósætti í þjóðfélaginu sem ekki mun lægja fyrr en þessi ákvörðun verður tekin til baka. Ef hún verður ekki tekin til baka þá fer ég að skilja hvers vegna sumum hæstv. ráðherrum í ríkisstjórninni er ofarlega í sinni að stofna þurfi her í landinu. Mér er spurn: Hvar eru hinir hæstv. ráðherrarnir í ríkisstjórninni? Hvar er hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. vegna þess að það er ríkisstjórnin öll sem ber ábyrgð þegar ráðist er á þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þetta er siðlaus ákvörðun og hana ber að afturkalla.

[16:32]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda umræðuna. Hér er rætt um skammarlega framkomu ríkisstjórnarflokkanna við eldri borgara þessa lands. Flokkana sem tældu fólk með gylliboðum til fylgilags með fyrirheitum í síðustu kosningum eins og þessum: Við búum öldruðum gott ævikvöld. Og einnig: Aldraðir eru sá þjóðfélagshópur sem öðrum fremur á skilið þakklæti þjóðfélagsins í formi góðrar aðhlynningar. Þetta var auðvitað fyrir kosningar.

Herra forseti. Á sama tíma og 67 ára og eldri er ýtt út af vinnumarkaðnum eru komugjöld þeirra til lækna hækkuð verulega fyrir utan þá skerðingu á kjörum aldraðra sem hér er til umræðu og nemur að meðaltali 10–12%. Það er hryggilegt að þurfa að horfast í augu við það að 62% þjóðarinnar styður ríkisstjórnina í slíkum aðgerðum samkvæmt könnun Gallups. Þar á meðal eru þeir öldruðu sem verða fyrir þessum niðurskurði ríkisstjórnar Framsóknar og Sjálfstfl. Ég ætti að lýsa yfir viðurstyggð á þessum aðgerðum. Mér hefur verið ljóst og ég hef sagt það að eins og samsetning ríkisstjórnar er er hún eitthvað það daprasta sem fyrir gat komið. Því fordæmi ég þessi verk og lýsi hryggð yfir þeirri óhæfu sem er verið að vinna með aðför að kjörum aldraðra, skerðingu styrkja, fækkun stoðleyfa í gegnum tryggingakerfið fyrir þá sem verst eru staddir. Þetta gerist á þessum dögum þegar vorið er að heilsa og laukar að skjóta öngum sínum upp úr moldinni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að spyrja spurninga. En ég segi að ávöxtur illra aðgerða, þessi árás á aldraðra birtist sem staðreynd hjá vondri ríkisstjórn.

[16:34]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Mér fannst þegar ég heyrði ræður þeirra tveggja ágætu þingmanna sem hafa tekið til máls á undan mér að þær hafi verið samdar áður en ráðherra svaraði vegna þess að það er að sönnu rétt að (**Gripið fram í:** Ég er hræddur um að það svar hafi verið áður líka ...) og að efni utandagskrárumræðunnar, það er ástæða til þess. Hins vegar hefur það komið fram í svari ráðherra að unnið er að því að lækka útgjöld þessa fólks sem nemur skerðingunni og jafnvel gott betur því að það er alveg rétt hjá hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, að verðlagið skiptir einnig máli. Það ættum við kannski að hafa í huga á fleiri sviðum því að auðvitað miða aðgerðir okkar á miklu fleiri sviðum að því að halda verðlagi í landinu niðri og það skiptir máli fyrir þetta fólk eins og aðra.

Hins vegar er ljóst að hér er um það að ræða að skerða heimildarbætur og það leiðir hugann að skipulagi þessara mála yfirleitt og skipulagi Tryggingastofnunar hvort ekki er rétt að færa hluta af verksviði Tryggingastofnunar til sveitarfélaga að þessu leyti, að Tryggingastofnun hafi það hlutverk að vera öryggisnet en að sveitarfélögin annist í ríkari mæli einstaklingsbundin málefni. Ég held að það væri þarfara að ræða þetta erfiða mál á þeim nótum en að flytja þessa tilfinningaþrungnu heimastíla sem hafa verið fluttir á undan ræðu minni.

[16:37]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Samúð mín með hæstv. heilbr.- og trmrh. er djúp og rík. Það hlýtur að vera ömurlegt hlutskipti að bera ábyrgð á þeirri aðgerð sem hér er um að ræða og ég þakka hv. 18. þm. fyrir að taka það upp utan dagskrár. En svo djúp og rík sem samúð mín er í garð hæstv. ráðherra hlýtur hún að víkja fyrir öðrum þeim tilfinningum sem aðgerð þessi vekur.

Hér er, eins og fram hefur komið, verið að lækka svokallaða hámarksuppbót til elli- og örorkulífeyrisþega sem

þurfa að bera verulegan sjúkra- eða lyfjakostnað, mikinn kostnað vegna umönnunar, vegna húsaleigu sem fellur utan húsaleigubóta eða vegna vistunarkostnaðar á dvalarheimilum eða á öðrum stöðum með starfsleyfi frá ráðuneyti og þessi hámarksuppbót er því aðeins heimil ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án hennar. Þessa upphæð á að skerða og maður hlýtur að spyrja: Hvers konar veruleikafirring er eiginlega ríkjandi í ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála og í huga hæstv. ráðherra þessara mála að menn skuli yfirleitt láta sér koma til hugar að plokka peninga af fólki sem getur ekki framfleytt sér án þeirra? Ég spyr eins og hv. málshefjandi spurði áðan: Er hægt að leggjast öllu lægra?

Hæstv. ráðherra sagði áðan sér til varnar að bætur hefðu hækkað í hennar tíð að manni skildist svona almennt. Ekki held ég að fólk hafi almennt orðið vart við þá hækkun. Þó svo væri hafa þessar bætur aldrei verið svo háar að þær þyrftu ekki að hækka. En við erum að tala um bætur sem eru ætlaðar þeim sem geta ekki framfleytt sér án þeirra. Það er skilgreint þannig í lögunum og þeirri skilgreiningu er ekki verið að breyta heldur þrengja að þeim sem svo er ástatt með. Ef einhverjar bætur eru hækkaðar svo að minni þörf er á sérstakri uppbót er það auðvitað hið besta mál. En þeir sem ekki geta framfleytt sér mega ekkert missa.

Það verið nefndar tölur áður í umræðunni og þær eru ekki háar hver fyrir sig en þær skipta viðkomandi miklu máli. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða þessa siðlausu ákvörðun, breyta reglugerðinni á nýjan leik og skila elli- og örorkulífeyrisþegum aftur þessum skafkrónum sem skipta þá svo miklu en ríkissjóð harla litlu.

[16:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli og ég verð að segja að ræða hæstv. ráðherra vakti furðu mína m.a. vegna þess að hæstv. ráðherra nefndi að það sem væri einna erfiðast fyrir það fólk sem hér ætti í hlut væri kostnaður vegna lyfja- og læknisþjónustu. Þá kom fram hjá hv. formanni fjárln. að það væri verið að vinna að því að lækka útgjöld þessa hóps sem hér er verið að fjalla um og minnti hann á að það hefði komið skýrt fram í ræðu hæstv. ráðherra.

25% þeirra sem leita aðstoðar hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar eru öryrkjar sem fá jafnframt bótagreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Það er ákveðið samstarf á milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum og vissulega má auka það og hugsanlega færa verkefnið í auknum mæli yfir til sveitarfélaganna. En það á bara ekki að gerast á þennan hátt. Það á að gerast með því að samið sé við sveitarfélögin en það hefur hins vegar ekki verið gert. Það er ljóst að skerðingar á fólk sem hefur mjög litlar tekjur fyrir munu koma fram í auknum útgjöldum hjá sveitarfélögum vegna þess að tekjurnar sem þarna er verið að skerða duga ekki til framfærslu.

Hæstv. ráðherra sagði að aðeins væri verið að skerða hjá þeim sem mest hefðu. Ég er með miða frá Tryggingastofnun ríkisins sem segir hvernig skerðingin er og hvaða tölur við erum að tala um, hver þessi háu laun eru. Hér er einstaklingur sem nýtur örorkulífeyris, tekjutryggingar, uppbótar vegna sjúkrakostnaðar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar. Heildargreiðslurnar voru 55.164 1. febrúar, eru 54.496 kr. 1. mars. Þegar búið er að draga húsaleigu frá sem er upp á 18.749 kr. í félagslegu húsnæði er eftir til ráðstöfunar 35.747 kr. Þetta er fólkið sem hefur svo mikið til ráðstöfunar að það er allt í lagi að taka af því svo sem eins og smáskammt hvern mánuð.

[16:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson atyrti aðra hv. þm. fyrir að flytja heimastíla sem tækju í engu mið af svari hæstv. ráðherra. Ég verð hins vegar að segja það að annaðhvort talaði hæstv. ráðherra svo óskýrt eða skilningarvit hv. þm. eru of sljó því það er alveg klárt af máli hans að hann skildi ekki hvað það var sem hæstv. ráðherra sagði. Hv. þm. Jón Kristjánsson spurði hvort menn hefðu virkilega ekki tekið eftir því að ráðherrann hefði sagt að hann væri að lækka annan kostnað á móti þessari skerðingu. Ég tók eftir því, hv. þm. Jón Kristjánsson. Ég heyrði hvað það var sem hæstv. ráðherra sagðist vera að lækka á móti. Jú, hún ætlaði að auka endurgreiðslu á lyfjum og lækniskostnaði. Nú ætla ég ekki að heimta að hv. þm. Jón Kristjánsson viti til hlítar hvaða fólk það er sem hefur notið þessara bóta en það hefur fyrst og fremst verið fólk sem hefur verið afskaplega sjúkt og þurft mikla umönnun. Þetta hafa verið umönnunarbætur, ekki endilega fólk sem þarf lyf eða lækniskostnað, en þarf umönnum og það er með engu móti komið til móts við það. Af því að við hlið hv. þm. Jóns Kristjánssonar situr annar ágætur þingmaður Reykvíkinga, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, þá spyr ég hann: Hvernig í ósköpunum getur hann varið þessa gerð hæstv. heilbrrh. eftir að hann háði kosningabaráttu sem var á allt öðrum grundvelli en starf ráðherrans er? Það var hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem sendi m.a. öllum Reykvíkingum 67 ára og eldri eftirfarandi texta, með leyfi forseta:

„Okkur ber skylda til að nýta almannafé í því augnamiði að rétta hlut þeirra sem minna mega sín, liðsinna sjúkum og fötluðum." Hvernig ætlar hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og hvernig ætlar hæstv. ráðherra hans að koma þessu heim og saman við þá staðreynd að það eru 1.800 einstaklingar sem er núna verið að svipta mikilvægum upphæðum fyrir þeirra veiku pyngju, hvernig ætlar hann að gera það? Hvernig stendur á því, herra forseti, að það segir í reglugerðinni að þessi heimildaruppbót sé einungis veitt ef, með leyfi forseta, „ef sýnt þykir að lífeyrisþeginn geti ekki framfleytt sér án þessa". Ef maður gat ekki framfleytt sér án þessarar aðstoðar fyrir áramót hvernig í ósköpunum stendur á því að hann getur það allt í einu núna? Þessu verður hæstv. ráðherra að svara.

[16:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er svo sannarlega ekki verið að lyfta undir með þeim sem minnst mega sín með þessari aðgerð eins og framsóknarmenn lofuðu í kosningabaráttunni. Það er verið að skerða rétt lítilmagnans í samfélaginu. Hæstv. ráðherra talar um að bætur hafi hækkað um áramótin. Þær hækkuðu í samræmi við laun á launamarkaði eins og segir til um í almannatryggingalögunum, ekkert meira en það. En uppbótin, hámarksuppbótin, sem hér um ræðir miðast við grunnlífeyri þannig að það er eðlilegt að hún hækki lítillega en hún er verulega skert núna. Það fólk sem þarf á þessum uppbótum að halda er fólk sem hefur nánast ekkert til framfærslu í veikindum sínum, í fötlun sinni, fólk sem þarf að vera heima og þarf umönnun. Þarna var hægt að skera niður núna til að ná 2 millj. kr. inn í ríkiskassann á mánuði. Það er ekki hátt risið á þessari ríkisstjórn.

Síðan er talað um að það eigi að bregðast við vanda þessa fólks með því að endurgreiða oftar en tvisvar á ári mikinn lækn is- og lyfjakostnað. Þetta fólk býr við umönnunarkostnað. Það á ekkert að koma til móts við þann kostnað. Það á að skera niður og það er búið að því. Það er verið að vinna að endurbótum á kjörunum en það er búið að skera niður. Þetta fólk situr uppi með niðurskurðinn í dag. Ég ætla að minna hæstv. ráðherra á að það er fólk sem þarf að lifa af bótum frá Tryggingastofnun ríkisins sem er með rúmar 37.000 kr. á mánuði, sem er grunnlífeyrir og tekjutrygging, til að lifa af á mánuði og það er fólk sem er í sambúð. Treystir hæstv. ráðherra sér til þess að lifa á 37.000 kr. á mánuði? Ég leyfi mér að efast um það að nokkur treysti sér til þess enda minni ég á að 25% þeirra sem fá aðstoð hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar eru lífeyrisþegar eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir minnti á.

Ég leyfi mér að spyrja: Hvar er sú mannúð sem ríkti í Framsfl. áður þegar svona framkvæmdir eru gerðar? (**Gripið fram í:** Hún fór með þér.) Þetta er algjörlega siðlaus sparnaður og ég skora á hæstv. ráðherra að taka þessa aðgerð til baka og endurgreiða þessu fólki þá skerðingu sem það hefur orðið fyrir núna um mánaðamótin.

[16:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram nokkuð hörð umræða sem eðlilegt er. Það á að fara fram hörð umræða þegar talað er um lífeyrisþega í þessu landi. Það sem er aðalatriðið er að ekki fer nægjanlegt fjármagn til heilbrigðis- og tryggingamála í heildina tekið. Við heyrum ekki þvílík kvein úr öðrum ráðuneytum eins og við heyrum frá heilbrigðis- og tryggingamálunum. Það er þetta sem hlýtur að vera til endurskoðunar nú einmitt á þeirri stundu sem við ræðum þessi mál. Við látum of lítið til þessa málaflokks.

Vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram vil ég minna á það að hámarksbætur hafa hækkað á sl. 8 mánuðum um 7,25%. Við erum ekki að tala um lækkun, við erum að tala um hækkun og þegar menn tala um að verið sé að ganga harðast að lítilmagnanum ætla ég að minna á það sem ég sagði áðan. Ég sagði áðan að það væri verið að endurskoða þann mikla kostnað sem einmitt þetta fólk verður fyrir varðandi lyf og lækniskostnað. Menn gera lítið úr því. Hafa menn ekki verið að tala um það á hinu háa Alþingi að þetta sé óbærilegur kostnaður fyrir þessa aðila? Við erum að tala um að endurgreiðslur til þessa fólks verði meiri en nokkru sinni fyrr. (**Gripið fram í:** Af hverju var þá ekki byrjað á því?) Eins og ég sagði áðan, það er ekki einungis til lífeyrisþega, við erum líka að tala um barnafjölskyldur sem verða fyrir miklum lyfjakostnaði. Þess vegna hefur þetta tekið lengri tíma en ég hefði óskað eftir vegna þess að þetta er fremur flókin afgreiðsla. En þetta verður tilbúið fyrir næstu mánaðamót.

Ég þakka þessa umræðu þó hún hafi verið hörð, hún er holl og við verðum að horfast í augu við það að það er ýmislegt í þjóðfélaginu sem við þurfum að bæta. Við þurfum kannski að horfast í augu, líka þingmenn, hvort það sé ekki eitthvað sem við getum þrengt að okkur með. Ég nefni dæmi. Við alþingismenn erum nýkomnir af árshátíð og við borguðum ekki krónu á þá árshátíð. Við sýndum nú kannski fagurt fordæmi með því að greiða inn á þá skemmtun árlega sem ég nefni sem dæmi. En af því að menn hafa talað um það sérstaklega að við séum alltaf að höggva í sama knérunn vil ég minna á það að Tryggingastofnun ríkisins mun endurheimta af atvinnulífinu í landinu í fyrsta skipti 160 millj. Það er nýtt og sú ákvörðun var tekin við fjárlagaafgreiðslu 1996.

Flugmálaáætlun 1996–1999, frh. fyrri umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 640.

[16:51]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrr í dag vegna ákveðinna ummæla sem féllu um flugmálaáætlunina og sérstaklega um stöðu Reykjavíkurflugvallar sem hefur talsvert borið á góma í umræðunni. Það er auðvitað að vonum vegna þess að hér er um að ræða talsvert þýðingarmikið verkefni, eitt stærsta verkefni sem flugmálaáætlunin fjallar um. Það er þróunin á Reykjavíkurflugvelli á komandi árum. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að ég vildi láta það koma fram sem ég tel að sé kannski einna mikilvægast í málinu eins og sakir standa. Það liggur fyrir ein samþykkt um þetta mál af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík. Það er samþykkt sem var gerð á fundi borgarráðs snemma í janúar á þessu ári en frá henni segir í Morgublaðinu laugardaginn 6. jan. sl. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um að vísa tillögu borgarráðsfulltrúa sjálfstæðismanna um að gera úttekt á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir atvinnulífið í borginni til borgarskipulags til meðferðar í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Tillaga borgarstjóra var samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur."

Síðan segir áfram í frétt Morgunblaðsins 6. jan. sl.:

„Inga Jóna Þórðardóttir, borgarráðsfulltrúi Sjálfstfl., lagði fram tillögu í borgarráði um að fram færi úttekt á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar, á rekstri tengdum honum, fyrir atvinnulífið í borginni. Í bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstfl. þegar tillaga borgarstjóra var samþykkt var gagnrýnt að fulltrúar Reykjavíkurlistans í borgarráði treystu sér ekki til að taka skýra afstöðu til úttektar á efnahagslegum áhrifum af rekstri vallarins. Slík úttekt væri mikilvæg, ekki síst í ljósi yfirlýsinga borgarfulltrúa Reykjavíkurlistans um að til athugunar sé að leggja flugvöllinn niður.

Í bókun borgarráðsfulltrúa Reykjavíkurlista segir að ljóst sé að mun víðtækari rannsókn þurfi varðandi flugvöllinn. Úttekt þurfi að fara fram á kostnaði við að tryggja öryggi flugs og byggðar umhverfis völlinn og á honum sjálfum. Þá þurfi að fara fram umhverfismat vegna hugsanlegra áhrifa á lífríki og vatnsbúskap Tjarnarinnar ef skipt yrði um jarðveg og flugvallarsvæðið þurrkað upp.

Fram kemur að auk þess þurfi að kanna mikilvægi vallarins í atvinnulífi borgarinnar og þjónustuhlutverk almennt."

Hér er sem sagt um að ræða þá samþykkt sem síðast hefur verið gerð í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir réttum tveimur mánuðum um þessi mál. Ég tel mjög mikilvægt að halda henni til haga vegna þess að hún er eina samþykktin um vinnubrögð á vegum borgarinnar í þessum efnum sem liggur fyrir.

Það er einnig mikilvægt í þessu máli að mínu mati, hæstv. forseti, að láta það koma fram að ég tek eftir því að ýmsir talsmenn í umræðunum láta að því liggja að ef óvissa er um þróun Reykjavíkurflugvallar sé nóg annað við peningana að gera. Ég skil menn svona þó menn segi það ekki fullum fetum. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það er alveg nóg

annað við peningana að gera. (**Gripið fram í:** Viltu tilgreina nöfn í því?) Nei, ég er ekki að því vegna þess að ég tel að þessi sjónarmið hafi komið fram bæði beint og óbeint og ég tel að þau séu í sjálfu sér eðlileg vegna þess að það er eðlilegt að menn segi: Ef það er ekki ljóst hver er framtíð þessa flugvallar, af hverju ættum við þá að vera að taka hana inn á flugmálaáætlunina? Það er nóg annað við peningana að gera á ýmsum stöðum í landinu og ég ætla ekki að tína upp einhverja einstaklinga í þeim efnum vegna þess að ég geri ráð fyrir því að það sjái allir þingmenn í hendi sér að þannig eru málin.

En þá kemur að öðru sem er kannski nauðsynlegt að vekja athygli á í þessum efnum og það er að ef yrði tekin ákvörðun um að flytja völlinn í burtu að öllu leyti þýðir það enn meiri peninga einhvers staðar annars staðar. Það eru hlutir sem menn þurfa að horfast í augu við þannig að það er náttúrlega sýnd veiði en ekki gefin þó menn kæmust að þeirri niðurstöðu að það væri erfitt að halda áfram uppbyggingu hér á Reykjavíkurflugvelli. Það þýðir ósköp einfaldlega að peningarnir fari kannski eitthvað annað því auðvitað yrði að tryggja með nýjum hætti hinn enda flugsamgangnanna við dreifbýlið ef svo mætti að orði komast. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að nefna hér, hæstv. forseti, og ég ítreka það sem ég reyndi að draga fram fyrr í dag að mér finnst að það þurfi að skoða þessi mál í jafnvægi og af sanngirni. Ég neita því alveg að horfa algjörlega blint á þetta mál, t.d. eingöngu út frá atvinnuhagsmunum hér á svæðinu. Þetta er líka öryggismál eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi fyrr í dag og hann þekkir öryggismál sjómanna og atvinnuhagsmunina. Þessir hlutir verða að fara saman og ég skora á menn að fara ekki offari í þessum efnum við að tryggja að hlutirnir verði óbreyttir á Reykjavíkurflugvelli. Ég held að það sé þvert á móti þannig að það sé hagsmunamál landsmanna allra að það sé búið tryggilega um þessa hluti og að t.d. ferjuflugið og kennslu- og æfingaflugið flytjist að einhverju leyti héðan í burtu ef kostur er, a.m.k verði reynt að horfa á þetta í heildarsamhengi.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í umræðunni um vegáætlun að best væri auðvitað að við værum að tala um öll samgöngumálin í einu, þ.e. vegamál, flugmál, nú eru reyndar ferjurnar komnar inn á vegáætlun sem menn gagnrýna að eðlilegum ástæðum, en auðvitað eru þetta allt saman eitt heildarkerfi og þannig tel ég að menn eigi að horfa á það. Og einnig auðvitað stöðu og framtíðarþróun Keflavíkurflugvallar. Í þessum efnum skora ég á alþingismenn að horfa ekki bara til eins flugmálaáætlunartímabils. Ég skora á menn að reyna að horfa aðeins lengra inn í þessa framtíðarþróun því hér er um að ræða mikilvæg mál fyrir Íslendinga og úrslitamál um það hvort okkur tekst að þróa sæmileg lífskjör að samgöngurnar séu öruggar í margföldum skilningi þess orðs.

Ég brá mér aðallega í ræðustólinn, hæstv. forseti, til að undirstrika hver er hin síðasta samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur í þessum málum, hún liggur fyrir og ég las hana upp úr frétt Morgunblaðsins frá 6. jan. sl.

Ég endurtek að lokum að ég teldi að það eðlilegt að samgöngunefnd Alþingis kynnti sér hvernig viðræður standa milli borgaryfirvalda og Flugmálastjórnar um þessi skipulagsmál á Reykjavíkurflugvelli. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að samgöngunefnd fari yfir það og yfirheyri menn rækilega í þessum efnum. Þó að endanleg niðurstaða sé ekki komin eða verði ekki komin þá verða kannski komnar einhverjar þróunarlínur í málið sem ég tel mikilvægt að Alþingi kynni sér.

[16:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson tæpti á ýmsum málum varðandi Reykjavíkurflugvöll og möguleika hans í framtíðinni. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hann segir varðandi Reykjavíkurflugvöll og ætla ekki að meta framtíð hans sérstaklega. Ég tek undir það með hv. þm. að ferjuflug sem hefur verið töluvert til umræðu getur einfaldlega flust til annarra staða og þá fyrst og fremst til Keflavíkurflugvallar. Staðreyndin hefur samt verið sú að Keflavíkurflugvöllur hefur ekki boðið upp á þá þjónustu að geta tekið við ferjuflugi frá Reykjavíkurflugvelli þar sem þar hefur ekki verið boðið upp á t.d. einfalda aðstöðu eins og þá að afgreiða bensín til slíkra véla. Það mun nú vera að breytast þannig að með tilkomu nýrrar byggingar, sem nota á til að afgreiða smærri vélar og bensínafgreiðslu sem verið er að setja upp við hlið þeirrar afgreiðslu, mun reynast kleift að þjóna öllu ferjuflugi á Keflavíkurflugvelli. Ég hef þá trú að ferjuflug muni flytjast allt frá Reykjavíkurflugvelli vegna þess að þjónustan eftir þetta verður miklu betri á Keflavíkurflugvelli en Reykjavíkurflugvelli. Það eru margar ástæður en meginástæðan er kannski sú að það er mun meira öryggi í kringum flugvöllinn í Keflavík og einnig er þar sólarhringsþjónusta. Reykjavíkurflugvöllur býður bara upp á tólf tíma þjónustu fyrir slíkt flug. Ég held því að þetta muni koma af sjálfu sér og ég vona að það gerist fyrr en síðar.

[17:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg viðurkennt, eins og fleiri ræðumenn hafa gert hér í dag, að ég tel ekki að það mál sem við ræðum hér sé beinlínis mitt sérsvið að neinu leyti. En ég vil láta það koma fram að ég tel að þessi umræða hafi verið góð. Ég tel að hún hafi verið til bóta vegna þess að hún hefur dregið fram ýmsa mikilvæga þætti málsins. Aðalgallinn á umræðunni hér í dag er sá að ráðherrann hefur eiginlega alveg sloppið með niðurskurðinn á framlögunum í þennan málaflokk og það þyrfti að sauma betur að honum í þeim efnum við tækifæri. En ég er alveg sammála því sem hv. þm. sagði. Mér finnst að við eigum að skoða þessa hluti, bæði framtíðarþróun Reykjavíkurflugvallar og Keflavíkurflugvallar, og reyna að fella það inn í eina mynd. Það er auðvitað spurning hvort ekki er tímabært að setja slíka þróunaráætlun í gang. Kannski er hún í gangi. Það er mál sem ég ekki þekki, aðrir hér í salnum þekkja það sjálfsagt betur. Ég get tekið undir með honum að mér finnst að skoða eigi hlutina í heildarsamhengi.

[17:02]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er ekki undarlegt þó mikið sé rætt um Reykjavíkurflugvöll í þessari umræðu þar sem átakspættirnir í uppsetningu flugmálaáætlunar tengjast honum beinlínis. Það má segja að Reykjavíkurflugvöllur hafi um langt árabil verið í fjármagnssvelti til framkvæmda á sama tíma og unnið hefur verið stórátak í uppbyggingu flugvalla úti á landsbyggðinni. Nú hefur verið tekin sú ákvörðun að taka til hendinni við uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar og er það fyllilega tímabært.

Hún hefur farið hér svolítið út og suður umræðan um staðsetningar og vilja í hinu pólitíska litrófi. Það var fróðlegt að heyra hv. þm. Össur Skarphéðinsson snúa hlutunum

beinlínis við með málflutningi sínum fyrr í dag. Hann lagði spilin þannig á borðið að það væri að frumkvæði R-listans í Reykjavík að taka ætti til við uppbyggingu á Reykjavíkurflugvelli sem er auðvitað alrangt, þar eru þröskuldarnir. Sem betur fer eru skiptar skoðanir innan þess hóps en þar eru þröskuldarnir í framkvæmdinni. Menn verða að horfa til þess. Það hefur hvergi verið gerð nein formleg samþykkt um að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Spurningin er hins vegar hvort ekki sé næg samstaða innan meiri hluta R-listans í Reykjavíkurborg til að standa að áframhaldandi veru Reykjavíkurflugvallar í óbreyttri mynd. Spurningin er hvort þeir sem fara með forustu í Reykjavíkurborg ætla að stöðva uppbyggingu vallarins út frá öryggissjónarmiði og út frá öllum þáttum sem lúta að samgöngum á Íslandi. Það er stóra spurningin. Menn hafa verið að reyna að gera eitthvað úr viðtali við borgarstjórann í Reykjavík, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, í Morgunblaðinu sl. sunnudag. Þar sagði hún að það væri sín skoðun að Reykjavíkurflugvöllur ætti að vera áfram í Reykjavík. Það segir þó ekki að það sé meirihlutasamþykkt fyrir því hjá R-listanum í Reykjavík. Það hefur engin samþykkt verið gerð þar að lútandi. Við vitum að um þetta eru skiptar skoðanir og mikill ágreiningur. Það hefur best komið fram í máli forseta borgarstjórnar, Guðrúnar Ágústsdóttur, sem hefur haft miklar efasemdir í þessum efnum og aðrar skoðanir varðandi nýtingu á landi því sem Reykjavíkurflugvöllur stendur á. Nú er það ekki svo að Reykjavíkurborg eigi það land. Stærstur hluti þess lands sem Reykjavíkurflugvöllur er á er í eigu ríkisins, það er ekki borgarland.

Ef upp koma hugmyndir um að leggja þennan völl niður þá er verið að tala um að gjörbreyta öllu samgöngukerfi, öllu mynstri þjóðarinnar, ekki síst í samskiptum landsbyggðar og höfuðborgar. Að mínu mati er það svo að það sjónarmið að leggja niður Reykjavíkurflugvöll eru aðför að landsbyggðinni og aðför að Reykjavíkurborg. Það eru ekki bara hundruð starfa í Reykjavík sem tengjast Reykjavíkurflugvelli, það eru þúsundir starfa. Í ræðum fyrr í dag hefur verið vitnað til að ekki hafi verið vilji til þess í borgarstjórn að samþykkja tillögur sjálfstæðismanna um úttekt á mikilvægi vallarins með tilliti til atvinnu. Það segir einfaldlega að menn vilja ekki taka af skarið í þessu. Menn draga lappirnar, menn hafa ekki samstöðu, menn hafa ekki umboð til að taka af skarið og segja: Auðvitað verður Reykjavíkurflugvöllur áfram við lýði sem eðlilegt þjónustuhlutverk við landsbyggðina og við þá sem hafa atvinnu af því í Reykjavíkurborg. En menn vilja ekki gera þessa úttekt vegna þess að þeir vilja ekki að staðreyndirnar komi á borðið. Það eru ekki bara hundruð starfa á vellinum sjálfum sem tengjast fluginu, þar koma til þúsundir starfa í veitingaþjónustu, leigubílaakstri, alls kyns opinberri þjónustu og mörgu öðru sem forvitnilegt væri að draga saman þegar menn leyfa sér þá árás á landsbyggðina að nefna það að leggja niður Reykjavíkurflugvöll í núverandi mynd sinni. Það er með ólíkindum að slíkt skuli koma upp og ber, vona ég, fremur vott um vanhugsaðan málflutning en beinan vilja.

Það kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að það væri fullt samkomulag milli ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar, þ.e. R-listans, um uppbyggingu vallarins. Um þetta gildir bara eitt orð, kjaftæði. Það liggur ekkert samkomulag fyrir um það. Samgrh. hefur lýst því yfir að hann hyggist fá á hreint hvort Reykjavíkurborg ætli að stöðva uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Það hefur komið fram í málflutningi borgarfulltrúa að slíkar hugmyndir séu á lofti. Auðvitað er ástæða til að spyrja um slíkt þótt það ætti að vera höfuðborgarinnar að taka af skarið og segja hingað og ekki lengra. Hér er verið að tala um þátt sem lýtur að miklum öryggisatriðum og þess vegna þýðir ekki að draga lappirnar í þeim efnum. Það er einmitt ósamkomulagið innan meiri hluta borgarstjórnar sem veldur því að það eru efasemdir um hvort hægt sé að hrinda þessu máli í framkvæmd eins og Alþingi er að leggja til.

Það væri forvitnilegt að vita hvar hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur fengið umboð til að tala fyrir hönd R-listans eins og henn hefur gert með því að lýsa yfir þessu samkomulagi sem er ekki til staðar og enginn fótur er fyrir. Þótt t.d. fulltrúar R-listans séu með hugmyndir um að byggja hugguleget íbúðarhúsahverfi í Vatnsmýrinni, yrði það miklu meiri röskun á öllum vatnsbúskap á því svæði heldur en ef flugvöllurinn yrði þar áfram í sömu eða svipaðri mynd.

Það er til margs að líta en það sem kannski helst stendur á í dag er það hvort Reykjavíkurborg ætlar að breyta skipulaginu með vegakerfinu í kringum Reykjavíkurflugvöll, breyta hlutum á þeim vegi sem gengur undir nafninu Hlíðarfótur, færa Miklubraut, sem þýddi styttingu einnar aðalflugbrautarinnar úr norðri o.s.frv. Það er margt sem skoða þarf. Það er komið að framkvæmdahliðinni og hún má ekki tefjast. Það þarf að ráðast í þessar framkvæmdir á næsta ári. Vonandi ber meiri hluti borgarstjórnar gæfu til að sporna ekki gegn því að átak verði gert í þessum efnum bæði með uppbyggingu flugbrautarinnar og byggingu nýrrar flugstöðvar, sem jafnframt er aðkallandi mál.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 278. mál, svar félmrh., þskj. 617.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 650.

Sálfræðingar, 371. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 649.

[17:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki sagt að ég hafi sérstaka þekkingu á borgarmálum í Reykjavík en hef þó aðstöðu til að afla mér upplýsinga um þau af og til. Ég verð að segja að ég tel þessi ræðuhöld hv. þingmanns algjörlega fráleit. Ég vil ekki nota sömu orð um hann og hann notaði um hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þótt mér hafi komið það í hug. Málið snýst ekki um það að eitt eða neitt sé aðför að landsbyggðinni. Málið snýst fyrst og fremst um að það verði tekin sameiginleg ákvörðun ríkisvalds og borgaryfirvalda um þróunarlínurnar varðandi Reykjavíkurflugvöll til næstu ára þar sem verið er að vinna að endurskipulagningu Reykjavíkurborgar og aðalskipulagi fram til ársins 2014. Frá þessum hlutum verður auðvitað að ganga. Ég tel fulla ástæðu til að taka undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér fyrr í dag. Það er fagnaðarefni að meiri hlutanum í Reykjavík hefur nú loksins tekist að knýja samgrh. að samningaborði um þessi mál. Hann ætlaði ekki að ræða þessi mál við Reykjavíkurborg. Það var ekki fyrr en gengið var eftir því sérstaklega og núna eru loksins hafnar viðræður um þessi mál á milli flugmálayfirvalda annars vegar og hins vegar samgrn. og borgarinnar. Samgrh. kom ekki nálægt þessum málum. Það er því rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni

að samgrh. var að lokum beygður til að fara í þessar viðræður og það er fagnaðarefni. Þá aflétta yfirvöld væntanlega óvissunni varðandi þróun Reykjavíkurflugvallar.

[17:14]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð langsótt að sameiginleg ákvörðun þurfi að liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg og samgrn. um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar vegna þess að sú ákvörðun er fyrir löngu tekin. Ég get upplýst hv. þm. Svavar Gestsson um það að um langt árabil hefur verið mikil og ágæt samvinna milli Flugmálastjórnar fyrir hönd ríkissjóðs og borgarskipulags fyrir hönd Reykjavíkurborgar í öllum þáttum er lúta að þróun og uppbyggingu umferðar um Reykjavíkurflugvöll. Það hefur ekkert skref verið stigið í áætlun í þeim efnum nema í fullu samráði við borgarskipulagið. Enda kemur borgarskipulagið mjög að öllum þáttum sem þar þarf að taka tillit til svo sem staðsetningu mannvirkja, staðsetningu vega og greiða umferð að Reykjavíkurflugvelli. Þetta er ekkert nýtt, þetta er það sem hefur verið í gangi í mörg ár og að koma með tillögu um að það þurfi að fara að taka það upp núna er bara of seint. Það er í gangi. Jafnframt er alrangt að Reykjavíkurborg hafi knúið samgrh. um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar og enginn fótur er til fyrir þeirri fullyrðingu. Það er svo einfalt að samgrh. hefur sjálfur lýst því yfir að hann vilji leita fundar borgaryfirvalda til þess að ræða hugmyndir sínar, flugráðs og Flugmálastjórnar um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Það er ekki öfugt og það þýðir ekkert að snúa hlutunum þannig við með því að setja það fram án þess að færa staðfestingar fyrir því. Þetta mál er allt unnið að forgöngu og frumkvæði samgrh. og þeirrar stofnana innan ríkisvaldsins sem eru þar hlutaðeigandi en ekki fyrir forgöngu R-listans í Reykjavík. Það er ekki meginmálið. Meginmálið er að gengið verði í verkið en það er ekki hyggilegt að setja málið upp á þennan hátt. Ég vona að niðurstaða komi í málið sem fyrst. Það strandar fyrst og fremst á því núna varðandi staðsetningu til að mynda flugstöðvar hvort að Hlíðarfótur verði byggður eins og til stóð, hvort Miklabrautin verði færð og fleiri þættir sem borgarskipulagið þarf að vinna í heimavinnu sinni. Það skiptir máli og tefur þó ekki það að hægt er að taka ákvörðun um uppbyggingu flugbrautarinnar sjálfrar en það varðar mannvirki eins og flughlöð og flugstöð að slíkt liggi fyrir.

[17:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var á árinu 1991 að lögð var skýrla á borð samgrh. um Reykjavíkurflugvöll og það var sami samgrh. og situr enn í dag. Það er fyrst núna sem farið er að ræða þessi mál af einhverjum krafti milli aðila, m.a. milli flugmálayfirvalda og borgarmálayfirvalda í Reykjavík. Það er veruleikinn og ég tel þess vegna alveg hægt að setja hlutina þannig upp að borgaryfirvöld í Reykjavík hafi dregið samgrh. að viðræðuborðinu í málinu eins og ég gerði áðan. Það er líka alveg rétt hjá hv. þm. Árna Johnsen að það þarf auðvitað að taka inn í umræðu um framtíðarþróun Reykjavíkurflugvallar hluti eins og færslu Miklubrautarinnar og spurninguna um það hvort Hlíðarfóturinn verði lagður eða ekki. Ég hygg að það sé geysilega stórt atriði hvort Hlíðarfóturinn verði lagður eða ekki. Það er partur af þeirri skipulagsvinnu sem nú er verið að vinna og verið að ganga frá á vegum borgaryfirvalda í Reykjavík að því mér er best kunnugt um. Þess vegna er mjög mikilvægt að þrátt fyrir ágreining í aðdragandanum virðist geta orðið ágæt sátt um það að reyna að vinna sig út úr málinu á næstu mánuðum og það er mikilvægt fyrir borgaryfirvöld í Reykjavík. Það er þó aðallega mikilvægt fyrir þjóðina sem á flugvöllinn og Alþingi Íslendinga sem veitir fjármuni til þess að endurbæta hann frá því sem hann er núna.

[17:18]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið vitnað til skýrslu sem barst samgrh. 1991 um Reykjavíkurflugvöll og þróun og stöðu mála þar. Alveg frá því sú skýrsla kom hefur verið unnið skipulega að því á vegum samgrh. í flugráði og Flugmálastjórn að undirbúa það verkefni sem hér hefur verið til umræðu um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Það lá ljóst þegar í upphafi af hálfu hæstv. samgrh. að það kæmi að því á þessum tímamótum að taka til hendinni við það verk. Það voru stór verkefni í gangi úti á landsbyggðinni sem tóku hrygginn úr fjármagni flugmálaáætlunar hvort sem þar var um að ræða uppbyggingu flugvalla á til að mynda Vestfjörðum, Egilsstöðum, sem var nú stærsta verkefnið, Akureyri, Vestmannaeyjum og víðar. Á öllum helstu völlum landsins bæði með uppbyggingu brauta og öryggisbúnaðar. Öll þessi vinna hefur verið í gangi öll þessi ár. Það er ekki að fara í gang núna. Ef borgarfulltrúar R-listans eða R-listinn í heild hefur ekki fylgst með og er að vakna núna af vondum draumi að hann hafi átt að vinna einhverja heimavinnu þá er það vel en þessi vinna hefur verið í gangi undanfarin ár í samfellu. (Gripið fram í.) Tala um að samgrh. hafi verið knúinn til viðræðna, þetta er bara eins og að segja svart sé hvítt eða öfugt. (**Gripið fram í:** Svo er það Hlíðarfóturinn.) Svo einfalt er þetta ekki. Hlíðarfóturinn, vel á minnst. Það hefur enginn sérstök vinna verið í gangi um tveggja ára bil um uppbyggingu Hlíðarfótar. Það hefur ekkert komið inn á borð hjá flugráði eða Flugmálastjórn sem staðfestir að það sé unnið að einhverjum markmiðum. Það er einfaldlega í biðstöðu. (**Gripið fram í:** Nei, R-listinn vill það ekki.) Og hv. þm. sem halda öðru fram ættu að kynna sér hvernig þau mál standa nákvæmlega. Mér er fullkunnugt um það því ég hef fylgst með frá mánuði til mánaðar vegna setu minnar í flugráði. Þetta eru staðreyndir málsins, vonandi fer maskínan að snúast og allt til jákvæðari vegar en það þýðir ekkert að vera að teygja lopann á einhverjum upplýsingum og fullyrðingum sem standast ekki. (**Gripið fram í:** Það er rétt, þingmaður.) Þetta hefur verið biðstaða af hálfu Reykjavíkurborgar um nokkurra missira bil og óskandi að menn taki til hendinni og kippi þessu í liðinn og séu ekki með neinn moðreyk í þeim efnum.

[17:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljós ánægju mína yfir því hversu breið samstaða virðist vera á bak við þá flugmálaáætlun sem hér hefur verið lögð fram. Kjarni hennar er annars vegar sá að ljúka nauðsynlegustu endurbótum og uppbyggingu á flugvöllum úti á landi áður en ráðist er í að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll. Hins vegar virðist vera mjög breið samstaða um það í þingsalnum að nauðsynlegt sé að endurbæta brautirnar í Reykjavík, og eina sem menn virðast í rauninni kvarta yfir er að ekki sé hægt að setja höfundareinkenni á flesta þá þingmenn sem hér hafa talað upp á síðkastið. Málið er auðvitað það eins og hv. þm. vita ... (**ÖS:** Setja hvað?) Merkja mönnum eða einstökum flokk-

um þá hugmynd að endurbæta Reykjavíkurflugvöll. Það er auðvitað erfitt vegna þess að þetta mál er í eðli sínu þannig að það hefur verið unnið að því af borgaryfirvöldum og samgrn. síðustu ár og mjög fast eftir að ég varð samgrh. og þá með fyrri borgarstjórum, þeim Markúsi Erni Antonssyni og Árna Sigfússyni. Það breytti engu um framgang málsins þótt Ingibjörg Sólrún Gísladóttir yrði borgarstjóri þó að á hinn bóginn hafi heyrst raddir úr þeim borgarstjórnarmeirihluta sem nú er sem eru nokkuð hjáróma við það sem annars hefur yfirleitt heyrst frá ráðandi mönnum Reykjavíkurborgar.

Mér þykir líka vænt um að vita það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli styðja uppbyggingu flugmálaáætlunar að þessu leyti því hann veit það jafn vel og ég að auðvitað hefði það verið borin von í þeirri ríkisstjórn sem við sátum að áhersla af þessu tagi yrði tekin samhljóða á Alþingi eins mikill og áhugi Alþfl. var á því á þeim tíma að skera flugmálaáætlun niður. Ég held að þau sannindi verði að koma fram eins og þau voru úr því að hv. þm. gerir mikið úr stuðningi sínum við málið sem ég met mjög mikils.

Ég vil að öðru leyti aðeins segja að ég vona að samgn. muni geta afgreitt áætlunina mjög rösklega. Hún kemur til endurskoðunar eftir tvö ár því að það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að bjóða út verk og standa að henni á þessu ári að unnt sé að koma henni til afgreiðslu í þinginu eins og hv. þm. þekkja. Ég ætla ekki að hafa um þessa ályktun fleiri orð en ítreka þakkir mínar fyrir þann breiða stuðning sem þáltill. hefur í þingsalnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstlög, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639.

[17:25]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er einfalt í sniðum og lýtur eingöngu að nauðsynlegum breytingum á póstlögum með hliðsjón af því að Póst- og símamálastofnun verði breytt í Póst og síma hf. Það mál var ítarlega rætt á Alþingi á dögunum. Frv. snýr að því hvernig haldið skuli á einkaréttinum. Gert er ráð fyrir því að Pósti og síma hf. verði falið að annast um þá þjónustu sem gert er ráð fyrir að ríkið hafi einkarétt á eftir lögunum. Ég sé ekki ástæðu að fjölyrða um það frekar. Ég legg til að málinu verði vísar til samgn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 301. mál (dómtúlkar, handteknir menn og gæsluvarðhaldsfangar). — Þskj. 541.

[17:27]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Um er að ræða þríþættar breytingar á lögunum. Þær miða m.a. að því að bæta réttarstöðu sakborninga og gæsluvarðhaldsfanga og færa íslenska löggjöf til samræmis við alþjóðlegar samningsskuldbindingar um mannréttindi.

Í fyrsta lagi er í 1. gr. frv. gerð tillaga um nýja málsgrein við 13. gr. laganna þess efnis að þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda sem aðstoðar sakborning, vitni eða aðra skýrslugjöf fyrir dómi skuli ákveðin af dómara og greiðast úr ríkissjóði.

Einnig er lagt til í a-lið 3. gr. frv. að við 5. mgr. 69. gr. laganna bætist ákvæði um að lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveði þóknun túlks eða þýðanda sem aðstoðar sakborning við yfirheyrslur hjá lögreglu. Núgildandi lög gera þegar ráð fyrir að aðstoð túlks sé veitt við þessar aðstæður og að kostnaður vegna starfa þeirra teljist ekki til sakarkostnaðar heldur verði greiddur af ríkissjóði. Er þessi skipan í samræmi við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hins vegar hefur skort í lögum um meðferð opinberra mála nánari reglur um hvernig þóknun túlka og þýðenda er ákveðin.

Markmið viðbótarákvæðis við 13. gr. laganna svo og við 5. mgr. 69. gr. laganna er að bæta úr þessu. Auk þess sem þar er skýrlega kveðið á um að kostnaður vegna þessara starfa greiðist úr ríkissjóði eru ráðgerðar skýrari reglur um ákvörðun þóknunar til þessara aðila. Þykir í því sambandi eðlilegast að sömu reglur gildi og þegar þóknun er ákveðin fyrir störf réttargæslumanna sakborninga í opinberu máli og stefna framangreindar tillögur frv. að því markmiði.

Samhliða tillögum um að setja skýrar reglur um ákvörðun þóknunar til dómtúlka og skjalaþýðenda er ráðgert í 6. gr. frv. að 5. gr. laga nr. 32 frá 1914 um heimild fyrir Stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur verði felld niður. Í umræddu ákvæði er kveðið á um að Stjórnarráðið semji og setji verðskrá fyrir verk dómtúlka og skjalaþýðenda. Í ljósi almennra samkeppnissjónarmiða þykir ekki eðlilegt að opinber aðili setji ákveðna gjaldskrá fyrir þessi störf og hefur Samkeppnisstofnun m.a. lýst því áliti sínu að framangreint lagaákvæði stríði gegn samkeppnislögum. Af þessum ástæðum er hér gert tillaga um að þetta lagaákvæði verði fellt niður.

Annar meginþáttur frv. varðar heimildir dómsmrh. til þess að setja nánari reglur um rétt handtekins manns til að hafa samband við vandamenn sína, um framkvæmd yfirheyrslna hjá lögreglu og um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum. Tillögur um lagabreytingar í þessu skyni koma fram í 2. gr., í b-lið 3. gr. og 4. gr. frv. Helsta hvatann að þessum brtt. má rekja til skýrslu sem Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sendi ríkisstjórn Íslands í mars á síðasta ári. Skýrslan var gerð í framhaldi af heimsókn nefndarinnar hingað til lands sumarið 1993 þar sem hún kannaði aðstæður í nokkrum fangelsum og lögreglustöðvum hér á landi. Í skýrslunni lagði nefndin m.a. til að skýrari reglur yrðu settar hér á landi um tilkynningarrétt handtekins manns til aðstandenda sinna og vernd þess réttar svo og skilgreiningu á aðstæðum þar sem heimilt yrði að meina manni að njóta slíks réttar.

Einnig lagði nefndin til að til viðbótar reglum laganna um meðferð opinberra mála um yfirheyrslur væri rétt að semja sérstakar siðareglur til handa íslenskri lögreglu með nánari útfærslu á meginreglum laganna. Loks lagði nefndin til að ítarlegri reglur yrðu settar um samræmda skráningu á vistun manna í fangageymslum lögreglu. Nánari lýsingu og athugasemdum nefndarinnar um þetta efni má finna í fskj. I við frv.

Með tillögum frv. er komið til móts við áðurgreindar óskir Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum. Það er annars vegar gert með því að leggja til í 2. gr. frv. viðbætur við 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem fram kemur skýr regla um tilkynningarrétt handtekins manns, og hins vegar í 2. gr., b-lið 3. gr. og 4. gr. ráðgerðar reglugerðarheimildir til handa dómsmrh. um framangreinda málaflokka sem nefndin gerði athugasemdir við. Í framhaldinu verður unnið að því í dómsmrn. að semja og útfæra nánar þessar reglur.

Þriðji og síðasti þáttur frv. lýtur að heimild gæsluvarðhaldsfanga til þess að senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað. Þessar brtt. má einnig rekja til athugasemda nefndarinnar um varnir gegn pyndingum en nánari lýsingu á þeim má finna í fylgiskjali með frv.

Í 5. gr. frv. er síðan gerð tillaga um að ný málsgrein bætist við 108. gr. laga um meðferð opinberra mála, þess efnis að gæsluvarðhaldsfangar megi taka við og senda bréf til dómsstóla, dómsmrh. og umboðsmanns Alþingis og verjanda síns án þess að efni þeirra sé athugað. Fram til þessa hefur þessi réttur gæsluvarðhaldsfanga ekki verið fortakslaus þar sem 1. mrg. 108. gr. laganna kveður á um að sá sem stýrir rannsókn geti látið athuga efni bréfa eða annarra skjala frá gæsluvarðhaldsfanga og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar. Þannig hafa trúnaðarsamskipti við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld ekki verið undanþegin í þessu tilliti. Er markmið 5. gr. frv. að setja skýra reglu þess efnis. *Að öðru leyti er þar ráðgert að dómsmrh.* verði heimilt að setja í reglugerð ákvæði um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda öðrum opinberum aðilum eða einstaklingum bréf án þess að efni þeirra sé athugað. Í slíka reglugerð yrði væntanlega m.a. settar reglur um trúnaðarsamskipti gæsluvarðhaldsfanga við alþjóðlegar stofnanir um mannréttindavernd svo sem mannréttindanefnd Evrópu.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögunum sem hér eru til umræðu eru allar heldur til bóta. Vitnað er til nefndar sem heimsótti Ísland og skýrslu um þá heimsókn. Mig langar að vita hvort jafnframt hafi farið fram úttekt á fangelsum landsins og þeim lögum sem eru í gildi um fangelsi og fangavist og hvort fyrirhugað er að leggja fram breytingar á lögum um fangelsi og fangavist. Ég man ekki hvort það var á málaskrá sem birtist frá hæstv. ríkisstjórn núna á þessu þingi en a.m.k. fyrir einu eða tveimur árum eða svo var boðað að lagt yrði fram frv. um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist. Ég vildi gjarnan heyra hjá hæstv. ráðherra af þessu tilefni hvort það frv. verður lagt fram og hvort Evrópunefndin um varnir gegn pyntingum og vanvirðandi meðferð gerði einhverjar athugasemdir um fangelsi landsins og þau lög sem eru í gildi um fangelsi og fangavist og þá kannski sérstaklega hvort gerðar hafa verið athugasemdir við fangelsið í Síðumúla þar sem er um gæsluvarðhaldsvist að ræða, og fangelsið við Skólavörðustíg. Fullnægja þessir staðir þeim kröfum sem gerðar eru með tilliti til mannréttinda? Telur hæstv. ráðherra að þar sem í núgildandi lögum um fangelsi og fangavist er fjallað um réttinn til vinnu, réttinn til náms og réttinn til tómstundastarfs sé úrbóta þörf, hvort sem um er að ræða gæsluvarðhaldsfanga eða aðra fanga, þannig að hægt sé að framfylgja þeim ákvæðum sem eru í núgildandi lögum? En fyrst og fremst spyr ég hæstv. ráðherra hvort nefndin gerði athugasemdir um fangelsin og um þau lög sem eru í gildi.

[17:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við höfum fengið inn á Alþingi ýmis frv. Kannski fengum við það merkilegasta nú um daginn en þá fengum við frv. um hin svokölluðu reykingalög, frv. til tóbaksvarna, þar sem Alþingi er falið að setja nánast hátternisreglur um það hvernig menn haga sér við reykingar. Það er reglur um það hvort það megi reykja á vídeómyndum, hvort það megi selja sígarettur úr sjálfsölum o.s.frv. Þess vegna finnst mér nú dálítið sorglegt að þegar kemur að umfjöllun um mannréttindi er nánast kveðið svo á um að dómsmrh. setji reglur. Alþingi er ætlað að fjalla um löggjöf um alls konar hátternisreglur en þegar kemur að mannréttindum þá er dómsmrh. ætlað að setja reglur. Ég er reyndar á því að þetta frv. sé til bóta, en efni frv. lýtur fyrst og fremst að mannréttindum og það er ekki mikil krafa til löggjafarstofnunarinnar að löggjafinn fjalli um mannréttindi þegar það á við.

Lög um meðferð opinberra mála hafa það að markmiði að setja almennar reglur um rannsókn opinberra mála. Í þeim reglum er að finna lágmarksreglur sem kveða á um mannréttindi þeirra sem eru grunaðir um að hafa framið refsivert brot. *Í því tilliti finnst mér að það sé lágmark að kveðið sé á um í lögum hvernig fara skuli með þetta fólk.* Það er grundvallarregla í íslenskum rétti að fólk er álitið saklaust þar til sekt þess er sönnuð. Hér er því verið að fjalla um saklaust fólk og mannréttindi þess. Mér finnst ljóður á því frv. sem hér liggur fyrir að ekki séu settar lágmarksreglur um hvernig skuli til að mynda fjallað um tilhögun yfirheyrslna. Hér er einungis kveðið á um að dómsmrh. setji reglugerð. Það er ekki mikil krafa. Eins er það hvenær synja má handteknum manni um að hafa samband við sína nánustu vandamenn. Það er lágmarkskrafa til löggjafans að hann setji lágmarksreglur á þessu sviði.

Það hefur verið þannig í löggjöf okkar að við höfum fengið allar athugasemdir og réttarbætur erlendis frá. Það er svo að við höfum fengið slæma niðurstöðu þegar Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fengið réttarkerfi okkar til skoðunar. Ég minni sérstaklega á í þessu sambandi að dómsmrh. er yfirmaður lögreglu og sem slíkur er hann ekki hlutlaus í þessum efnum. Því hefði ég talið réttaröryggisins vegna að æskilegra væri að löggjafinn setti lágmarksreglur á þessu sviði. Ég hvet hv. allshn., en málið mun fara þangað, til að leggja a.m.k. fram einhverjar breytingar í þessum efnum og setja þá lágmarksreglur um það hvernig fara skuli með grunaða menn.

[17:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Suðurl. er það að segja að nefndin sem hér um ræðir, Evrópunefndin, gerði athuganir á fangelsunum með tilliti til starfssviðs síns. Það er vitnað til athugasemda hennar í athugasemdum með frv. Við teljum okkur hafa brugðist við þeim athugasemdum sem hún kom fram með, m.a. með þessu frv. og nokkrum úrbótum, m.a. á húsnæði því sem hér um ræðir.

Varðandi fangelsin, sérstaklega Síðumúlafangelsið og fangelsið við Skólavörðustíg, liggur fyrir að að mati ís-

lenskra stjórnvalda er það húsnæði í báðum tilvikum ófullnægjandi og að því stefnt að byggja nýtt fangelsi í Reykjavík sem gæsluvarðhaldsfangelsi og móttökufangelsi. Við höfum nýlega lokið við að byggja nýjan áfanga við fangelsið á Litla-Hrauni sem bætti mjög úr brýnni þörf.

Það er svo rétt sem hv. þm. bendir á að það hefur staðið til að koma fram nýrri fangelsismálalöggjöf og það er eitt af fjölmörgum verkefnum sem við þurfum að fást við. Eins og hv. þm. hafa tekið eftir er mikill fjöldi lagabreytinga sem dómsmrh. þarf að beita sér fyrir og þetta er eitt af þeim verkefnum sem bíður úrlausnar en er þörf á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Helgidagafriður, 1. umr.

Stjfrv., 315. mál (heildarlög). — Þskj. 556.

[17:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Núgildandi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar eru sem kunnugt er frá árinu 1926 og eru um margt orðin úrelt. Miðast þau í efni sínu við annað þjóðfélagsástand en við búum við í dag. Í tveimur álitum umboðsmanns Alþingis árið 1995 var vikið að ákvæðum laganna. Í áliti sínu frá 25. apríl 1995 beindi umboðsmaður því til dóms- og kirkjumrn. að það hyggði að því hvort ástæða væri til breytinga á nefndum lögum. Í sama áliti vakti umboðsmaður athygli á nauðsyn þess að tryggja samræmi í framkvæmd laganna. Í álitinu er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að lögin standi ekki í vegi almennrar veitingastarfsemi á páskadegi. Með hliðsjón af þessu skipaði ég á síðasta sumri nefnd sem falið var að endurskoða þessi lög. Nefndarmenn voru Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og séra Hjálmar Jónsson alþingismaður. Nefndin skilaði tillögum sínum í formi lagafrv. 29. jan. sl. Drög að lagafrv. lágu fyrir í október 1995 og voru þau lögð fyrir 26. kirkjuþing sem ályktaði um frumvarpsdrögin. Í frv. er að ýmsu leyti að finna skýrari og rýmri reglur en nú gilda um það hvaða starfsemi er heimil á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þess er hins vegar að geta að reglur frv. eru með þeim hætti að eftir sem áður mun reyna á túlkun varðandi ýmsa starfsemi. Verður það áfram hlutverk dóms- og kirkjumrn. og einstakra lögreglustjóra að leysa úr slíkum málum sem upp kunna að koma.

Í 1. gr. frv. kemur fram að um helgidagafrið sé mælt í því skyni að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar innan þeirra marka er greinir í frv. Með þessu er sett það markmið sem einnig er ítrekað í greinargerð með athugasemdum með frv. að almenningur hafi frið á tilteknum helgidögum en jafnframt sé tryggt að innan tiltekinna marka verði unnt að bjóða upp á þjónustu og afþreyingu þá daga sem hér um ræðir. Í því skyni er í 5. gr. frv. mælt fyrir um undanþágur frá ákvæðum laganna.

Í 2. gr. frv. eru taldir upp þeir helgidagar sem lagt er til að verði lögfestir helgidagar þjóðkirkjunnar. Um er að ræða sömu daga og taldir eru vera helgidagar samkvæmt gildandi lögum, en þar eru þeir hins vegar ekki tilgreindir sérstaklega. Það nýmæli er hins vegar lagt til að helgi föstudagsins langa og jóladags nái til kl. 6 að morgni næsta dags en það er gert í því skyni að styrkja helgi þessara daga frá því sem nú er svo sem nánar er skýrt í athugasemdum með frv.

Í 4. gr. frv. er að finna almennt ákvæði um starfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar. Kemur þar fram það nýmæli að lagt er til að á sunnudögum, öðrum degi jóla, nýjársdegi, skírdegi, öðrum degi páska, uppstigningardegi og öðrum degi hvítasunnu verði öll almenn starfsemi í þjóðfélaginu heimil án sérstakra takmarkana. Hvað varðar jóladag, föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag er lagt til að skemmtanir og einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum verði almennt bannaðar, svo og verslana- og viðskiptastarfsemi. Hið sama gildir um aðfangadag jóla eftir kl. 18.00.

Í 5. gr. frv. er að finna undanþágur frá ákvæðum 4. gr. Er þar að finna ákvæði um þá starfsemi sem heimilt er að stunda þrátt fyrir ákvæði 4. gr. Er í ákvæðinu að finna nokkra rýmkun á undanþágum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi verði heimil á þeim dögum sem bann 4. gr. nær til. Er þar um nokkra breytingu að ræða frá því sem er samkvæmt gildandi lögum en lagt er til að undanþágan nái m.a. til söluturna og myndbandaleiga. Er þessi undanþága sérstaklega skýrð í athugasemdum með frv.

Í öðru lagi er lagt til að íþrótta- og útivistarstarfsemi verði heimil á greindum dögum án takmarkana. Þykir ekki ástæða til að takmarka slíka starfsemi á þessum dögum.

Í þriðja lagi er lagt til að ýmis menningarstarfsemi verði undanþegin banni því er greinir í 4. gr. Nefnd sú sem samdi frv. setti í upphafi það markmið að á helgidögum þjóðkirkjunnar ætti fremur að stuðla að því að fram fari menningarstarfsemi en hitt. Er lagt til að slík starfsemi verði heimil eftir kl. 15 á greindum dögum.

Í fjórða lagi er í 5. gr. að finna ákvæði sem er nýmæli. Það er lagt til að heimilt verði að dansleikir sem hefjast að kvöldi laugardags fyrir páska og hvítasunnu standi til kl. 3 aðfararnótt páskadags og hvítasunnudags. Er þetta lagt til til rýmkunar með tilliti til þess að í auknum mæli er um að ræða skipulagðar skemmtanir þessa daga vítt og breitt um landið, gjarnan í tengslum við íþrótta- og útivistarstarfsemi.

Samkvæmt 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að heimilt verði fyrir lögreglustjóra að veita undanþágur frá ákvæðum 5. gr. að því er varðar tímasetningar og að því er varðar bann við einkasamkvæmum á opinberum veitingastöðum sem fram kemur í 4. gr. Undanþáguákvæði þetta er bundið við 5. gr. en nær hins vegar ekki til 4. gr. að öðru leyti en því er varðar einkasamkvæmi. Í þessu felst að lagt er til að lögreglustjóra verði ekki heimilt að veita undaþágur frá skemmtunum sem annars eru bannaðar skv. 4. gr. Þótti rétt að setja þetta fram með þessum hætti til að festa framkvæmdina í sessi þannig að hún yrði sem líkust á milli einstakra umdæma.

Nokkur umræða hefur stundum farið fram um veitinga- og gististarfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar, einkum um stórhátíðir. Þess er að geta í þessu sambandi að almenn veitingastarfsemi er heimil alla þá daga er greinir í frv. Hefur svo verið um langa hríð. Standa því gildandi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar ekki því í vegi að almenn veitingastarfsemi fari fram á þessum dögum og eru ekki lagðar til breytingar á því í frv.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni frv. og tilgangi og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:50]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill láta þess getið að gert er ráð fyrir því að þessi fundur standi til kl. 19.30 en ekki er gert ráð fyrir kvöldfundi og ekki verða atkvæðagreiðslur í dag.

[17:50]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tel að það frv. sem er til umræðu um helgidagafrið sé að mörgu leyti til bóta þar sem þar er lagfært ýmislegt og fært nær nútímanum en verið hefur. Hins vegar set ég nokkur spurningarmerki við ýmislegt sem er í frv. og hefði gjarnan viljað að það hefði verið upplýst betur, t.d. hvað helgidagar eru margir miðað við aðrar þjóðir. Það sem ég er fyrst og fremst að hugsa um er samband milli helgidaga og vinnudaga. Ég tel mjög nauðsynlegt að menn ræði þessi mál í samhengi, þ.e. helgidaga þjóðkirkjunnar. Er hér gert ráð fyrir dögum sem hjá mörgum öðrum þjóðum hafa ekki neitt sérstakt helgigildi. Ég nefni dag eins og skírdag, annan dag páska, uppstigningardag og annan dag hvítasunnu.

Mér er fullkomlega ljóst hvaða trúarleg sjónarmið liggja að baki þessum dögum en ég vil geta þess að ég dvalist á yngri árum nokkuð erlendis, m.a. bæði í mótmælendalöndum og kaþólskum löndum, og umfang helgidaga í þessum löndum sem voru trúaðri samfélög en við búum við var ekki það sama og við höfðum búið við í löggjöf okkar.

Hin ágæta nefnd vann þetta út frá sjónarmiðum kirkjunnar, þ.e. lítur á þetta út frá hinu hefðbunda, trúarlega sjónarmiði og helgidögunum sem er auðvitað rétt sjónarmið en ég hefði kosið að menn hefðu líka velt upp þessari spurningu varðandi þá frídaga sem koma á atvinnulífið vegna helgidaganna og eru þá greiddir með tvöföldu vinnuálagi ef þeir eru unnir. Vitaskuld er það hlutur sem er ekki hægt að hreyfa við einhliða og á ekki að gera. Þetta er samningsmál og er ekki hægt að tengja í þá löggjöf sem hér er. Hins vegar hlýtur þetta að vekja okkur aðeins til umhugsunar þegar við erum að festa helgidaga sem þýða í reynd áframhald á dýrum atvinnulífsdögum, ef við getum orðað það svo, miðað við aðrar þjóðir. Þá hefði verið rétt að taka umræðuna í víðara samhengi en hér er gert. Nýverið hefur einmitt komið fram umræða í efnahagslífi okkar hvort orlofsdagar væru of margir miðað við aðrar þjóðir, hvort við búum við eitthvað skerta samkeppnishæfni vegna þess. Ég ætla ekkert að alhæfa um þann þátt en ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að ræða slíkt.

Ég hefði kosið að það hefði komið skýrar fram í frv., nefndarálitinu og í framsögu ráðherra varðandi þetta samspil milli daganna og vinnumarkaðarins. Ég veit fullvel að það stendur í frv. það sem gert var á árum áður að draga fram skýran mismun á þessum tveimur þáttum, þ.e. vinnumarksþættinum og helgidagaþættinum og ég tel að löggjöf verði vitaskuld að vera aðskilin. Hins vegar finnst mér að í umræðunni hefði átt að upplýsa hvernig tengsl eru við vinnumarkaði í öðrum löndum. Ég vil beina því til þeirrar hv. nefndar sem fær þetta mál til umfjöllunar að kalla eftir upplýsingum um þetta mál þannig að hægt væri að skoða það í samhengi án þess að ég vilji á nokkurn hátt gera lítið úr þeim helgidögum þjóðkirkjunnar sem vissulega eiga að vera fyrir hendi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfest samvist, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 564.

[17:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Með þessu frv. er stigið það tímamótaskref að veita samkynhneigðu fólki í sambúð valkost um að stofna til staðfestrar samvistar og að með því öðlist það sömu réttindi og skyldur og veitt eru fólki í hjúskap. Hér er um að ræða nýjung á sviði íslenskrar sifjaréttarlöggjafar sem hefur það markmið að veita þessum þjóðfélagshópi réttindi sem hann hefur ekki áður notið. Fram til þessa hefur reyndar með öllu verið litið fram hjá því í íslenskri löggjöf að tryggja þurfi réttindi samkynhneigðra sérstaklega.

Löggjöfin hefur almennt verið þögul um þennan þjóðfélagshóp þótt ýmiss konar vernd hafi verið veitt öðrum minnihlutahópum í þjóðfélaginu. Hefur samkynhneigðum einstaklingum í sambúð, sem hafa rekið sameiginlegt heimili með tilheyrandi fjárhagslegri samstöðu, verið fyrirmunað að fá viðurkennt slíkt sambúðarform við skráningu á fjölskyldustöðu. Því hefur að öllu leyti verið litið á þá sem einhleypa einstaklinga við skráningu í þjóðskrá og löggjöf að öðru leyti og hafa þeir ekki notið neins konar hagræðis sem sambúðarfólk eða hjón njóta, svo sem skattalegrar samstöðu og réttar til ýmiss konar félagslegrar aðstoðar sem hefur verið bundinn við hjúskaparstöðu. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum voru meðal fyrstu þjóða heims til að stíga það skref sem stefnt er að með frv. þessu. Þannig er nú gildandi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð löggjöf sambærileg þeirri sem ráðgerð er í frv. og var sú löggjöf m.a. höfð til fyrirmyndar við frumvarpsgerðina. Um þessar mundir er sambærileg löggjöf í undirbúningi í Finnlandi. Verði frv. þetta að lögum ásamt frv. um sama efni sem verður væntanlega lagt fram fljótlega í Finnlandi kemst á sambærileg skipan um þetta efni alls staðar á Norðurlöndum.

Hvatann að gerð frv. þessa má rekja til ályktunar Alþingis frá 19. maí 1992 um skipan nefndar með fulltrúum nokkurra ráðuneyta og hagsmunasamtökum samkynhneigðra til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks. Skyldi nefndin m.a. kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

Vorið 1993 skipaði forsrh. nefnd um málefni samkynhneigðra á grundvelli þingsályktunarinnar. Í skýrslu nefndarinnar, sem kom út haustið 1994, birtust tillögur hennar um úrbætur á málefnum samkynhneigðra. Einn þáttur tillagnanna laut að því að bæta skyldi réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð með því að gefa þeim kost á að fá sambúð sína skráða með sömu réttaráhrifum og um hjúskap væri að ræða. Frv. þetta byggir á tillögum meiri hluta nefndarinnar um málefni samkynhneigðra um þetta efni og stefnir að áðurgreindu markmiði með nokkrum undantekningum þó frá því að sömu reglur gildi að öllu leyti og eiga við um hjúskap. Þannig ráðgerir frv. að samkynhneigðir í staðfestri samvist geti ekki ættleitt börn eða gengist undir tæknifrjóvgun líkt og þegar hjón eiga í hlut.

Rétt er að víkja nokkrum orðum að hugtakinu „staðfest samvist“ sem er nýtt hugtak og kann að hljóma framandi í fyrstu. Það er einmitt markmið frv. að þetta sambúðarform verði í hugum manna aðgreint frá því sem nú er kallað skráð sambúð eða eftir atvikum óvígð sambúð þar sem um er að

ræða sambúð karls og konu sem hægt er að skrá hjá Hagstofu og veitir að hluta þau réttindi og skyldur sem stofnast við hjúskap.

Nefndin um málefni samkynhneigðra lagði til að hugtakið staðfest samvist yrði notað um það sambúðarform sem er ráðgert í frv. Með því er undirstrikuð sérstaða þess auk þess sem nefndin álítur hugtakið þjált og það gefi möguleika á afleiddum hugtökum, svo staðfesting samvistar, samvistarmaki, samvistarfólk og þar fram eftir götunum. Ég mun nú lýsa efni og uppsetningu frv. og draga fram helstu aðalatriði þess.

Efnisskipan frv. er með sambærilegum hætti og í norrænni löggjöf um sama efni og ráðgerðar undantekningar frá því að hjúskaparlög gildi um staðfesta samvist eru sambærilegar þeim sem eru til staðar á Norðurlöndum. Frv. er þannig upp byggt að það vísar til þess að ákvæði hjúkskaparlaganna gildi um staðfesta samvist en dregur jafnframt fram hvaða undantekningar eru frá þeirri meginreglu. Þannig er frv. byggt upp á svipaðan hátt og hjúskaparlögin sjálf. Í fyrstu birtast reglur um skilyrði staðfestrar samvistar og könnun slíkra skilyrða sbr. 1.–3. gr. frv. Næst koma reglur um hvernig staðfesting samvistar fer fram í 4. gr., reglur um réttaráhrif staðfestrar samvistar í 5. og 6. gr. frv. Loks er lýst reglum um lok staðfestrar samvistar og réttaráhrif þeirra í 7. og 8. gr. frv. en gildistökuákvæðið er í 9. gr.

Ef fyrst er litið til skilyrða fyrir staðfestri samvist, þá kemur sú undirstöðuregla fram í 1. gr. að tveir einstaklingar af sama kyni geti stofnað til staðfestrar samvistar. Skilyrðið um sama kyn skýrir sig væntanlega sjálft, enda stefnir frv. að því að bjóða samkynhneigðum að staðfesta samvist sína. Skilyrði fyrir staðfestri samvist eru að öðru leyti hin sömu og eiga við um hjúskap með þeirri undantekningu þó sem birtist í 2. mgr. 2. gr. Þar er gerð krafa um ákveðin tengsl þeirra sem vilja staðfesta samvist sína við Ísland þar sem a.m.k. annar einstaklinganna verður að vera íslenskur ríkisborgari með lögheimili sitt hér á landi. Þetta er talin eðlileg regla í ljósi þess að þetta sambúðarform er enn viðurkennt í fáum löndum utan Norðurlandanna og staðfesting samvistar hefur því fyrst og fremst gildi fyrir einstaklinga hér á landi.

Önnur undantekning frá reglum hjúskaparlaganna er ráðgerð í 1. mgr. 4. gr. frv. og varðar hún framkvæmd staðfestingar á samvist. Lagt er til að staðfesting samvistar verði einvörðungu í höndum borgaralegra vígslumanna, þ.e. sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra, en ekki í höndum kirkjulegra vígslumanna. Þessi undantekning er m.a. lögð til í ljósi afstöðu þjóðkirkjunnar til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra. Málefni þetta er nú til umfjöllunar hjá nefnd sem biskup Íslands skipaði á síðasta ári. Hins vegar hefur kirkjuráð lýst þeirri afstöðu sinni að það óski ekki eftir því og telji vafasamt að mæla fyrir í lögum um heimild til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra. Sú skipan að undanþiggja í lögum heimild til kirkjulegrar vígslu er einnig í samræmi við löggjöf annarra Norðurlanda um þetta efni.

Mikilvægasta ákvæði frv. er að finna í 5. gr. þess þar sem ráðgert er að staðfesting samvistar hafi sömu réttaráhrif og hjúskapur með þeim undantekningum sem birtast í 6. gr. 5. gr. felur ekki aðeins í sér að ákvæði hjúskaparlaga skuli gilda um staðfesta samvist svo sem að gagnkvæm framfærsluskylda stofnist og reglur um eignaskipan í hjúskap eigi við, heldur vísar 5. gr. einnig til þess að öll önnur ákvæði laga sem varða hjúskap gildi jöfnum höndum um staðfesta samvist. Er hér á einum stað skýrlega sett fram sú regla að alls staðar í almennri löggjöf þar sem réttindi eða skyldur stofnast í tengslum við hjúskap eða hjón, eiginkonu eða eiginmann eða annan maka, þá gildi það einnig um staðfesta samvist. Er því ekki þörf sérstakra lagabreytinga á þessum sviðum til þess að réttaráhrif staðfestrar samvistar verði virk. Meðal mikilvægustu réttaráhrifa sem stofnast til í þessu sambandi má nefna að ákvæði skattalöggjafar munu gilda jafnt um einstaklinga í hjúskap og staðfestri samvist, ákvæði erfðalaga um gagnkvæman lögerfðarétt munu gilda milli einstakinga í staðfestri samvist, svo og reglur almannatryggingalaga og laga um félagslega aðstoð svo að eitthvað sé nefnt.

Eins og ég nefndi að framan er lagt til í 6. gr. frv. að nokkrar undantekningar verði frá þeirri meginreglu að staðfest samvist hafi sömu réttaráhrif og hjúskapur. Fyrstu tvær mgr. 6. gr. varða sérstaklega börn, en þar kemur fram að ákvæði ættleiðingarlaga og reglur um heimildir til tæknifrjóvgunar þar sem rætt er um hjón eða hjúskap gildi ekki um staðfesta samvist. Þessar undantekningar eru lagðar til með hliðsjón af því sjónarmiði að það sé barni að jafnaði fyrir bestu að eiga sér bæði móður- og föðurímynd og þannig sé ekki rétt að stuðla að því með lögum að tveir einstaklingar sama kyns eignist börn gegnum ættleiðingu eða tæknifrjóvgun. Það er einnig í samræmi við þá stefnu að lög heimila ekki einhleypum einstaklingum að eignast börn með þessum hætti.

Því má ekki gleyma að í reynd skapast þær aðstæður auðveldlega að foreldri sem fer með forsjá barns síns stofni til staðfestrar samvistar og þannig stofnist sameiginlegt heimilishald þeirra með barni annars einstaklings í staðfestri samvist. Ekki þykir ástæða til að leggja til þá undanteknigu í frv. að einstaklingar í staðfestri samvist megi ekki fara sameiginlega með forsjá barns annars þeirra við þessar aðstæður. Þannig leiðir sjálfkrafa af 3. mgr. 30. gr. barnalaga að þeir fara sameiginlega með forsjá barnsins, enda er það í þágu hagsmuna þess að þeir séu báðir framfærsluskyldir og ræki aðrar foreldraskyldur við það.

Um aðrar undantekningar 6. gr. frv. þarf vart að fara mörgum orðum en vísa má til skýringa í athugasemdum við greinina. 3. mgr. er öryggisventill sem settur er til þess að öðru kyni einstaklinga sem ganga í staðfesta samvist sé ekki gert hærra undir höfði en hinu. Undantekning 4. mgr. varðandi alþjóðlegar skuldbindingar skýrist fyrst og fremst af því að ef samningsaðilar viðurkenna ekki í löggjöf sinni sambúðarform sambærilegt staðfestri samvist er eðlilegt að gera þeim grein fyrir því hvað felst í hjúskaparhugtakinu samkvæmt íslenskum lögum og að þeir þurfi að veita samþykki sitt til að slík réttaráhrif verði gild gagnvart þeim.

Í 7. og 8. gr. frv. er fjallað um lok staðfestrar samvistar og réttaráhrif þeirra. Hér er vísað almennum orðum til ákvæða hjúskaparlaga og rétt er að benda sérstaklega á niðurlag 1. mgr. 8. gr. þar sem birtist sú almenna regla að alls staðar í almennri löggjöf þar sem vikið er að réttaráhrifum hjúskaparloka, þá eigi það jafnt við um lok staðfestrar samvistar. Líkt og ég lýsti hér að framan í tengslum við 5. gr., hefur 1. mgr. 8. gr. þau áhrif að alls staðar í lögum þar sem t.d. er rætt um fyrrverandi maka, ekkju eða ekkil, langlífari maka o.s.frv., þá gildi það um staðfesta samvist án þess að sérstakra breytinga sé þörf á í þessum lögum. Í tveimur síðari málsgreinum 8. gr. eru sérreglur þar sem víðtækari lögsaga er veitt dómstólum og stjórnvöldum í málum sem varða staðfesta samvist.

Herra forseti. Ég hef nú lýst markmiðum og efnisatriðum frv. og dregið fram mikilvægustu atriði þess. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[18:07]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Fátt er hverjum einstaklingi jafnheilagt og sjálfsvirðing og sú ósk að vera virtur og njóta viðurkenningar og mannréttinda í því samfélagi sem hann hrærist í. Þetta þykir okkur öllum sjálfsagður hlutur. Okkur þykir það líka sjálfsagður hlutur þegar við segjum, a.mk. í orði kveðnu, að á Íslandi eigi allir að búa við mannréttindi og við níðumst ekki á minnihlutahópum. Það hefur þó hins vegar verið ljóður á ráði okkar að veita ekki samkynhneigðum full og óskoruð réttindi í þjóðfélagi okkar.

Þess vegna er sú réttarbót sem fram kemur í þessu frv. sem flutt er af hæstv. dómsmrh. sérstakt fagnaðarefni og vonandi nær hún fram að ganga. Ég fagna því sérstaklega að frv. tryggir samkynhneigðum sömu réttindi og í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og raunar ögn betur. Ég lít svo á að með íslensku lögunum yrðu samkynhneigðum tryggð réttindi til þess að hafa forsjá fyrir barni í samvist sinni.

Ég tel að það verði erfitt að komast öllu lengra en ætla þó að leggja fram nokkrar tillögur í þá átt. Ég tel að það verði erfitt á þessu stigi að ná fyllstu réttindum sem ég hlýt þó að lýsa yfir að verði framtíðartakmark fyrir samkynhneigða, eins og minni hluti nefndarinnar lagði til í áliti sínu. Í minnihlutaáliti nefndar um málefni samkynhneigðra segir, með leyfi forseta:

„Ættleiðingarlög veita annars vegar hjónum rétt til þess að ættleiða barn saman, þ.e. frumættleiðing, og hins vegar öðru hjóna til að ættleiða barn hins, þ.e. stjúpættleiðing. Samkynhneigðum „í staðfestri samvist" ætti á sama hátt að vera heimilt að ættleiða börn." Þá segir einnig þarna, með leyfi forseta: „Ákvæði 233. gr. a í hegningarlögum veitir tilteknum hópum vernd gegn háði, rógi, smánun, ógnun eða annarri opinberri árás. Minni hluti nefndarinnar telur rétt að slík verndarákvæði nái einnig yfir samkynhneigða, bæði sem einsaklinga og sem hóp, sbr. 135. gr. a í norskum hegningarlögum." Ég tel mikilvægt að í væntanlegum verndarlögum verði tekið tillit til þess að einstaklingur njóti þessara réttinda en ekki aðeins hópurinn.

Í 5. lið minnihlutaálitsins segir, með leyfi forseta:

„Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð gilda lög þar sem kveðið er á um að ekki sé leyfilegt að neita samkynhneigðum og nokkrum öðrum tilteknum minnihlutahópum um einhverja þá vöru eða þjónustu sem boðin er almenningi í atvinnuskyni." Þetta tel ég að þurfi að tryggja vel hjá okkur þegar samkynhneigðir fá full réttindi.

Ég vil beina þeim orðum til nefndarinnar sem fær þetta til umfjöllunar hvort ekki megi ganga lengra en gert er í fyrirliggjandi frv. og taka inn í lögin stjúpættleiðingu, þ.e. að barn sem kemur inn í samvist verði ættleitt af þeim aðila sem ekki er kynforeldri. Með sama hætti vil ég beina því til nefndarinnar sem tekur þetta mál til umfjöllunar hvort ekki beri að tryggja erfðir barns eftir þann aðila sem ekki er kynforeldri. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að hér er ekki um endilega réttindi parsins að ræða, þ.e. þeirra sem eru í samvistinni, heldur er hér um réttindi barnsins að ræða.

Ég ítreka það að ég fagna þessari réttarbót og þeim mannréttindum sem eru aukin með þessu frv. Ég hvet þingmenn til að samþykkja frv. þegar það kemur vonandi í góðum búningi til þingsins eftir nefndarumfjöllun. Ég ítreka ábendingar mínar til nefndarinnar um að skoða stjúpættleiðingu og erfðir og tel að þingið eigi, þegar til lengri tíma er litið, að skoða það að ganga lengra og veita samkynhneigðum full réttindi á við aðra borgara hér á landi.

[18:13]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er skemmtileg nýbreytni hjá hæstv. ríkisstjórn að leggja fram frv. sem bætir réttarstöðu fólks. Við höfum séð meira af hinu það sem af er þessa þings. Það er ekki eingöngu um að ræða verulega réttarbót þar sem við erum að færa okkur nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum, heldur göngum við aðeins lengra með því að veita samkynhneigðu pari rétt til sameiginlegrar forsjár barns eða barna sem koma inn í sambúð.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með þetta frv. þótt vissulega hefði mátt, eins og kom fram áðan hjá hv. síðasta ræðumanni, ganga ívið lengra. Þar er kannski fyrst og fremst um að ræða kirkjulega vígslu og ættleiðingu. Réttur til tæknifrjóvgunar er nokkuð sem verið er að ræða. Frv. er enn til umræðu og kannski ekki rétt á þessu stigi að taka ákvarðanir sem eiga eftir að taka til þeirrar lagasetningar.

Það kemur mér á óvart að kirkjunnar menn skuli ekki taka því með afar jákvæðu og kristilegu hugarfari að veita samkynhneigðum kirkjulega vígslu, það fyndist mér eðlilegt og sjálfsagt. Þess ber þó að geta að þeir eru tilbúnir til þess að taka á móti parinu ef í óefni er komið og hlusta á og reyna sáttatilraunir þó ekki vilji kirkjan veita blessun sína slíkri sambúð.

Eftir þessu frv. hefur verið beðið lengi og það skiptir verulegu máli fyrir fjölda einstaklinga og fjölskyldur. Því ættum við að afgreiða það sem allra fyrst sem lög frá Alþingi.

Prestar eru opinberir starfsmenn eins og kemur fram í svarbréfi biskups Íslands til ráðuneytis frá 21. nóvember 1995 eftir að ráðuneytið hafði leitað álits embættisins á þessari lagasetningu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kirkjan gerir sér vitanlega grein fyrir því að prestar hennar eru ekki aðeins í þjónustu trúarlegs aðila, heldur einnig opinberir starfsmenn, sem hljóta að lúta lögum ríkisins og fyrirmælum."

Þannig að ef allshn. kemst að þeirri niðurstöðu að það skuli sett í lög að kirkjan veiti samkynhneigðu pari blessun sína sé farið fram á það og tilskilin vottorð fengin, þá ber kirkjunnar þjónum að fara eftir því. Finnst mér það sjálfsagt og eðlilegt. Það hefði nú verið eðlilegt að fulltrúar kirkjunnar hefðu tekið á þessu með mun jákvæðara hugarfari en gert er í því svari sem liggur fyrir. En ég hvet til þess að frv. verði afgreitt sem allra fyrst. Við höfum beðið lengi eftir þessari lagasetningu sem er veruleg réttarbót fyrir fjölda einstaklinga.

[18:17]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir mörg orð síðasta hv. ræðumanns. Fari svo að allshn. treysti sér til þess að ganga lengra í þá átt sem ég ræddi um áðan, þó ég vilji ekki telja það allt upp sem kom hér fram áðan, og veita enn frekari réttindi, þá mun ég styðja það.

Þó ég styðji full réttindi samkynhneigðra og fagnaði því mest ef þau næðust núna strax þá tel ég hins vegar að það sé betra að ná sátt um þetta frv. en efna til deilna sem gætu borið málið af vegi. Ég ítreka það að ég er tilbúinn til að styðja þá sem ganga vilja lengra á þessu stigi. En ég tel að í

þjóðfélaginu og hér á þinginu þurfi að skoða mjög rækilega áður en það er gert hvort mál þurfi að þroskast áður en slíkar ákvarðanir eru teknar til þess að stefna ekki jafnágætu máli og jafnmiklu framfaraskrefi og hæstv. dómsmrh. hefur lagt hérna fram í hættu.

[18:19]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi orð. Það er að sjálfsögðu fyrir mestu að um þetta mál náist samkomulag þannig að það hljóti sem allra fyrst afgreiðslu. Það er hins vegar ekki hægt annað en að undrast þau orð sem koma fram í athugasemdum við einstakar greinar frv. þar sem vitnað er í svarbréf biskupsins yfir Íslandi til ráðuneytis um það að kirkjan óski alls ekki eftir því og telji það mjög vafasamt að mælt verði fyrir því í lögum að heimild verði veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra. Ég undrast þetta sjónarmið sérstaklega frá því fólki sem starfar við kirkjuna og á að minnsta kosti að taka meira tillit til fólks og tilfinninga en allur almenningur, skyldi maður ætla.

[18:20]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun sennilega rétt vera að viðkvæmustu þættir í þessu efni eru þeir sem snerta trúarafstöðu manna, afstöðu manna til siðfræði og kirkju og ekki skal ég þrýsta á þetta mál eða á skoðanir nokkurs manns lengra en góðu hófi gegnir og eðlilegt er á þessu stigi málsins.

En það eru aðrir þættir sem ég drap á áðan sem mér finnst ekki snúa að viðkvæmum, trúarlegum og siðfræðilegum atriðum. Það er einmitt þessir þættir sem ekki er kannski minnst um verðir, þ.e. réttur barnsins, um erfðir og ættleiðingu. Þess vegna beini ég þeim tilmælum mínum til allshn. að þessi mál verði skoðuð því það kann svo að vera að um þetta náist samstaða umfram það sem er í frv. vegna þess að það snertir ekki hina viðkvæmari þætti málsins. Ef slíkt næst með góðri samstöðu þá tel ég að við séum skrefinu nær því sem telja verður full borgaraleg réttindi samkynhneigðra.

[18:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. tók svo til orða á einum stað í ræðu sinni: Löggjöfin hefur verið þögul um málefni samkynhneigðra. Það eru sannarlega orð að sönnu. Það er ekki bara löggjöfin sem hefur verið þögul um málefni þeirra heldur má heita að allt sem lýtur að hinu opinbera hafi verið þögult um málefni samkynhneigðra. Ég minnist þess er mér hafði tekist að ganga í gegnum 20 ára skólagöngu, í gegnum íslenska menntakerfið og var orðinn fulltíða maður, þegar ég í fyrsta skipti las um það sem maður hefði þó gert ráð fyrir að væri kennt í sögubókum, að helför Hitlers laut ekki bara að gyðingum, ekki bara að kommúnistum og jafnaðarmönnum heldur voru 800.000 samkynhneigðir Evrópubúar líka drepnir. Það var ekki vegna þess að þeir hefðu neitt gert af sér heldur einungis vegna þess að kynhneigð þeirra var öðruvísi heldur en hreinleiki hinnar arísku stefnu bauð upp á. Þetta tek ég nú hér sem dæmi um það hve mikið vantar upp á að málefnum samkynhneigðra séu gerð rækileg skil t.d. innan skólakerfisins. Ég held að hægt væri að uppræta mikið af þeim fordómum sem þeir sæta ef það væri undinn bugur að þessari þögn sem er ekki bara í löggjöfinni heldur líka í skólakerfinu.

Herra forseti. Ég get tekið undir það sem menn hafa sagt hér um frv. Ég er því hlynntur í öllum meginatriðum. Ég tel reyndar að það sé aðall sérhverrar ríkisstjórnar að leggja fram sem fæst frv. og miklu betur væri hin íslenska þjóð stödd ef þessi ríkisstjórn sem nú situr hefði lagt fram miklu færri frv. en hún hefur gert. Hins vegar eru á þessu gleðilegar undantekningar og þær tvær sem mér koma helst til hugar eru frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt. Annað frv. sem lýtur að tæknifrjóvgun og hann hefur þegar lagt fram brýtur blað vegna þess að það gengur lengra en nokkur samsvarandi löggjöf sem ég þekki annars staðar í heiminum. Þetta frv. sem hér liggur fyrir og við erum að ræða í dag er líka sögulegt vegna þess að mér er heldur ekki kunnugt um að það séu nokkurs staðar í gildi jafnframsækin lög og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Eins og hæstv. dómsmrh. gat um þá er í 5. gr. frv. gert ráð fyrir því að lögfest verði sameiginleg forsjá samkynhneigðra einstaklinga yfir börnum þeirra. Þarna á hæstv. dómsmrh. sérstakt lof skilið. Ég rifja það upp að í þeirri nefnd sem var eiginlega ráðgjafahópur hæstv. ráðherra, nefnd sem skipuð var á grundvelli þingsályktunar sem var samþykkt 1992 í maí, ef ég man rétt, voru lagðir til ákveðnir hlutir. Sú nefnd skiptist í meiri hluta og minni hluta. Það sem meiri hlutinn lagði til var t.d. að að þessu sinni yrði ekki stigið svo stórt skref sem felst í sameiginlegri forsjá barna. Það ber ekki bara vott um framsýni heldur ákveðið hugrekki hjá hæstv. dómsmrh. að hann ákvað að stíga lengra fram en nefndin gerði ráð fyrir og ekki bara það, heldur má heita að hann hafi reimað á sig sjömílnaskóna áður en hann steig þetta skref.

Ég tel, herra forseti, að ef Alþingi ber gæfu til að lögfesta þetta ákvæði þá mun það ekki bara vera mikill áfangi í baráttu samkynhneigðra hér á Íslandi heldur einnig í alþjóðlegri réttindabaráttu þeirra í öðrum löndum.

Herra forseti. Ég rifja það upp að tilurð frv. má rekja til ársins 1992 þegar samþykkt var þál. sem ég drap á hér áðan. Mér er málið skylt að því leyti til að ég á að því örlítinn frumburðarrétt. Ég sat í ríkisstjórn sem hratt af stað þeirri vinnu sem núna er að koma inn í þingið að frumkvæði hæstv. dómsmrh. En ég var líka einn af flutningsmönnum þáltill. árið 1992 sem var samþykkt, sem var upphafið að þessu. Þá þáltill. flutti sem fyrsti flm. núverandi borgarstjóri Reykjavíkur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og átti að henni allt frumkvæði.

Herra forseti. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gera talsvert meira en það eitt sem felst í frv. Við erum, held ég, öll sammála um það að samkynhneigðir hafa jafnan verið tabú. Þeir hafa tilheyrt óhreinu börnunum hennar Evu og um þá hefur ekki fram á allra síðustu tíma mátt tala. Þeirra hagur hefur verið bestur þegar þeir hafa ekki látið á sér kræla, þegar þeir hafa ekki gert sig sýnilega. En um leið og þeir hafa látið á sér kræla, orðið sýnilegri sem einstaklingar eða sem hópur, hafa fordómarnir líka brotist upp á yfirborðið.

Við höfum stundum talað um að Ísland í krafti smæðar sinnar og einangrunar sé mildara og betra þjóðfélag þegar kemur að hvers kyns fordómum. Ég er ekki alveg viss um það. Ég er ekki alveg viss um að því er t.d. varðar samkynhneigða, að fordómarnir hafi komið eitthvað vægar fram hér en annars staðar. Ég held að flest okkar þekki dæmi um samkynhneigða sem hafa verið flæmdir úr starfi sökum kynhneigðar, misst húsnæði og svo mætti lengi telja og jafnvel þurft að sæta mjög grófu ofbeldi eins og dæmi eru um. Allt þetta þekki ég úr mínum kunningjahópi og ættingjahópi þannig að það er alveg klárt að þeir sem hafa hjartað þeim megin sem réttlætið er, styðja hvaðeina sem hægt er að

grípa til til þess að draga úr þessum fordómum. Og það má velta því fyrir sér, herra forseti, hvernig við getum upprætt fordóma með lagasetningu. Er yfir höfuð hægt að uppræta fordóma með því að setja lög? Það má hugsa sér að það sé hægt með ýmsu móti. Til að mynda er hægt að festa í lagaramma að ákveðin fræðsla um málefni samkynhneigðra skuli t.d. verða partur af menntakerfinu. Það er líka hægt að sjá til þess á fjárlögum að veitt verði framlög til þess að þessi fræðsla verði möguleg.

Í annan stað er væntanlega hægt að dauðhreinsa löggjöfina sem nú gildir af öllu því sem felur í sér einhvers konar mismunun gagnvart þessum hópi sem þrátt fyrir allt er tiltölulega fámennur. Skiptir raunar ekki máli hvort hann er fámennur eða fjölmennur. Það þarf að uppræta þessa mismunun. Ég lít svo á að þetta frv. sem við erum að ræða hér í dag sé skref í þá átt.

Og í þriðja lagi er hægt að setja lög þar sem við hreinlega ákveðum að leggja blátt bann við ákveðinni áreitinni háttsemi gagnvart samkynhneigðum að viðlagðri refsingu. Allir þessir þrír þættir eru teknir fyrir, herra forseti, í skýrslunni sem var afrakstur vinnu nefndarinnar sem var sett á laggirnar af ríkisstjórninni í kjölfar þál. frá 1992. Allt það sem ríkisstjórnin gerir til að bæta stöðu samkynhneigðra hljótum við að mæla á þeirri stiku sem er lögð í þál. Þar, herra forseti, eru lykilorðin þau að nefndinni er falið að kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu samkynhneigðs fólks. Og síðan segir, með leyfi forseta: „... og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi." Frv. sem við erum að ræða í dag þarf að standast þetta próf. Það gerir það að mestu leyti, en þó ekki að öllu leyti.

Mig langar hins vegar, herra forseti, áður en ég vind mér í að ræða efni frv. sérstaklega, að rifja upp obbann af tillögum meiri hluta nefndarinnar, það sem allir nefndarmenn voru sammála um. Í fyrsta lagi var lagt til að sett yrðu lög um staðfesta samvist. Það liggur hérna fyrir. Ég óska hæstv. dómsmrh. til hamingju með þetta fína hugtak. Þetta er þjált í munni og afskaplega gott og ég er viss um að það á eftir að venjast mjög vel. En síðan er líka lagt til af hálfu meiri hluta nefndarinnar að hegningarlögum verði breytt þannig að það verði bannað að ráðast opinberlega með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt að samkynhneigðum sem hópi. Í þriðja lagi er líka lagt til að athugað verði hvort setja skuli ákvæði í hegningarlög eða önnur lög sem kveða á um að bannað verði að veita minnihlutahópum eins og samkynhneigðum tiltekna þjónustu eða tiltekna vöru.

Herra forseti. Mig langar til áður en lengra er haldið að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvar er þessi vinna stödd. Það má vera að hann hafi drepið á fyrra atriðið? (**Dómsmrh.:** Næsta mál á dagskrá.) Næsta mál á dagskrá. Þessi hæstv. dómsmrh. er einhver allra skjótasti dómsmrh. sem við höfum kynnst. Menn koma hér með óskir sínar og þær eru strax komnar á dagskrá. Herra forseti. Þar að auki er rætt um að það þurfi að fara í stóraukna fræðslu sem lýtur að því að skýra stöðu samkynhneigðra og nefndin varð t.d. sammála um að fræðsla um þau málefni yrði felld inn í námskrá í efstu bekkjum grunnskóla og að viðeigandi námsefni yrði undirbúið og kynnt með markvissum hætti. Þó að það sé ekki beinlínis á hinu faglega sviði hæstv. dómsmrh. að uppfylla það þá þætti mér vænt um ef hann gæti upplýst okkur í umræðunni á eftir hvernig stöðu þessa verks er háttað í dag. Er hún að einhverju leyti komin af stað?

Herra forseti. Ég ætla aðeins að drepa á þau atriði í frv. sem ég er ekki alls kostar sammála. Ég tel að frv. sjálft sé afskaplega merkilegt og ég tel að það skapi nánast vatnaskil í stöðu samkynhneigðra. En það er ýmislegt sem ég hefði viljað sjá betur fara og þar á ég fyrst og fremst við 1. mgr. 4. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæma staðfestingu á samvist."

Nú er það svo eins og kemur fram í greinargerðinni og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að gert er ráð fyrir því að staðfest samvist verði að öllu leyti eins og borgaraleg vígsla, þó með þeim undantekningum sem koma fram í 6. gr. En ég tek undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það væri æskilegt að stigið yrði skrefi lengra og heimilt yrði að staðfesta samvistina í kirkju. Nú er það svo að samkynhneigðir eru alveg eins og við, sumir eru trúaðir og aðrir ekki trúaðir. Sumir kunna að eiga þá ósk heitasta að fá þessa samvist staðfesta af kirkjulegu yfirvaldi, af fulltrúa þess drottins sem þeir trúa á. Mér finnst að það séu mannréttindi. Þá kem ég aftur, herra forseti, að því sem ég sagði að væri lykillinn, sem ég sagði að væri mælistikan á þann verknað sem ríkisstjórnin og aðrir beita sér fyrir til að afnema misréttið, þ.e. þar sem segir í fyrirmælum Alþingis til framkvæmdarvaldsins: „... nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi."

Ég tel að á meðan samkynhneigt fólk getur ekki fengið vígslu í kirkju sé ákveðið misrétti til staðar. Ég vísa til þess, herra forseti, að þegar biskup Íslands var beðinn um að gefa álit sitt á þingsályktunartillögunni 1992 sagði hann, með góðu leyfi herra forseta:

„Þingsályktunartillaga þessi verður vonandi skref í þá átt að efla sanngirni og skilning gagnvart samkynhneigðu fólki, líðan þess og hlutskipti, því fátt er jafnógeðfellt og fjarlægt frumatriðum kristinnar siðfræði eins og útskúfun þeirra sem eru öðruvísi en fjöldinn."

Ég get ekki skilið annað í því sem hér segir en að það sé fjarlægt frumatriðum kristinnar siðfræði að meina þeim samkynhneigðum sem vilja kirkjulega vígslu þann gerning. Nú er það svo að í yfirlýsingu kirkjuráðs, sem biskup birti fyrir hönd þess í svarbréfi til ráðuneytisins gagnvart þessu frumvarpi segir: „Kirkjan óskar alls ekki eftir því og telur það mjög vafasamt að mælt verði fyrir því í lögum að heimild sé veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra." Ég segi það, herra forseti, þetta er ekki mín kirkja, þetta er ekki mitt kirkjuráð sem talar svona. Ég tel að menn ættu ekki að knýja presta til að gera hluti sem þeim eru á móti skapi. En ef það eru prestar sem vilja staðfesta sambúð samkynhneigðra með kirkjulegri vígslu tel ég að heimildin eigi að vera fyrir hendi. Menn skulu ekki láta sér koma til hugar að það muni aldrei verða til samkynhneigður prestur sem mundi vilja gera þetta, né að það hafi aldrei verið til samkynhneigður prestur eða biskup. Herra forseti, þarna finnst mér að frumvarpið gangi ekki nógu langt. Ég verð hins vegar að taka undir með hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni að það er æskilegt að ná sem mestum friði um þetta frumvarp vegna þess að þar er svo mikilvægt og stórt skref stigið, ég er sammála því. En mér finnst að það sem þarna kemur fram sé kirkjunni til vansa. Mér finnst að í þessu felist fordómar íslensku þjóðkirkjunnar gagnvart ákveðnum hópi innan samfélagsins. Ég velti því fyrir mér hvort þjóðkirkjan geti haft uppi skoðun af þessu tagi gagnvart tilteknum hópi þegnanna. Ég leyfi mér að efast um það, herra forseti.

Að því er lýtur síðan að 6. gr. vil ég segja eftirfarandi: Ég tel að barátta samkynhneigðra fyrir réttindum sínum sé mannréttindabarátta og ég nálgast hana með því hugarfari. Þar sem mig kann að greina á við baráttu þeirra stafar það af því að ég hef að einhverju leyti önnur viðhorf til mannréttinda eða til staðar sé þá skörun á mannréttindum ólíkra hópa.

Herra forseti. Mig langar að byrja á 3. mgr. 6. gr. þar sem er talað um ákvæði laga með sérreglur. Þetta eru ákvæði sem skipta litlu máli en ég geri mér ekki grein fyrir hvað átt er við vegna þess að eina dæmið sem er tekið er af 7. gr. laga um félagslega aðstoð, þ.e. um ekkjulífeyri. Ég man hins vegar ekki betur en að við hefðum einmitt verið að afnema það ákvæði fyrir síðustu jól. Ég þekki engin slík ákvæði og veit ekki hvort þetta er nauðsynlegt. Mér finnst merkilegt að einmitt það ákvæði sem ég held að við séum búin að afnema úr lögunum skuli vera tekið hér.

Herra forseti. Hér er ákveðin málsgrein um ættleiðingarlög sem mér finnst a.m.k. rétt af þessu tilefni að reifa lítillega. Ég sagði áðan: Ég nálgast þetta frá sjónarhóli mannréttinda. Ég tel að þegar um er að ræða samkynhneigða, sem munu í framtíðinni búa í staðfestri samvist samkvæmt þessu frv., kunni það að vera mannréttindi barnsins að sá aðilinn sem er ekki kynforeldri fái að ættleiða það. Það getur verið í þágu barnsins. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson drap þegar á það sem einhverjir aðrir þekkja mögulega líka að þetta er spurning um erfðir. Ég held að það sem við eigum að gera gagnvart ættleiðingum samkynhneigðra sé fyrst og fremst að hugsa um mannréttindi barnsins. Í þessu tilviki er það sannfæring mín að það sé í þágu réttinda barnsins að leyfa stjúpættleiðingar. Ég tel því eindregið að það eigi að leyfa stjúpættleiðingar samkynhneigðra og að þeirri niðurstöðu kemst ég frá sjónarhóli barnsins.

Herra forseti. Málið er ekki jafneinfalt þegar við komum t.d. að frumættleiðingum. Ég vísa til þess að í þessu frv. er vísað til barnasálfræðinga sem hafa ákveðnar hugmyndir um það. Mér þótti líka merkilegt þegar við vorum fyrir skömmu í heilbr.- og trn. að reifa skyld atriði og fengum þar fordómalausan og virtan siðfræðing til að tala við okkur um þau mál að þá greindi hann okkur frá því að það væri viðtekin skoðun meðal barnasálfræðinga að barni væri nauðsynlegt sakir framtíðarheilla þess og þróunar að hafa móðurímynd og auk þess klára föðurímynd. Ég segi það frá sjónarhóli barnsins tel ég að áður en menn geta tekið ákvarðanir um svona hluti þarf að leiða þetta til lykta. Við þurfum að fá skoðanir manna á því. Hins vegar tel ég að sú regla eigi almennt að gilda um frumættleiðingar og um samkynhneigða og aðra að þar eigi fyrst og fremst að byggja á mati eins og gert er í dag. Ég er einn þeirra sem hafa gengið í gegnum slíka ættleiðingu og það er talsvert mikið ferli sem er hrósvert af hálfu Íslendinga og dómsmrn. hvernig að því er staðið. Þar er það fagmanneskja, reyndar fleiri en ein, sem leggja mat á það hvort viðkomandi umsækjendur séu hæfir til að ættleiða barn. Ég er þeirrar skoðunar að þannig eigi reglan að vera almennt.

Að lokum, herra forseti. Ég tel að þetta frv. sé mjög af hinu góða og að það eigi eftir að bera hróður Íslands og hæstv. dómsmrh. til annarra landa og til ókomins tíma. Ég tel að þetta verði eitt af því sem hæstv. ráðherra verði minnst fyrir þegar hann gerist grár og gamall og horfir yfir liðinn feril. Þá getur hann hugsað til þessa frv. með nokkru stolti vegna þess að hann hafði kjarkinn til að stíga lengra en ráðgjafar hans gerðu ráð fyrir. Þeir skafankar sem ég hef nefnt á þessu frv. breyta engu um stuðning minn við það. Ég hefði talið að á þessu stigi væri æskilegra að hafa heimild inni ef prestur vill leyfa kirkjulega vígslu samkynhneigðra og ég tel að það væri í þágu barnsins að það væri líka heimild til stjúpættleiðingar enda lægi þá fyrir samþykki kynforeldrisins sem er utan hinnar staðfestu sambúðar.

[18:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að þetta er gott frv. og eftir því sem ég hef hlerað mun þingheimur nokkuð styðja þetta mál og einmitt þau skref sem í því eru tekin. Ég hef í engu við að bæta það sem 15. þm. Reykv. sagði áðan og fór vel yfir það mál sem er til umræðu. En hann kom inn á frumættleiðingar og það er þess vegna, virðulegi forseti, sem ég óskaði að veita andsvar til að koma einu atriði á framfæri varðandi ættleiðingar sem mér finnst að hafi ekki verið fjallað um þegar rætt er um heimildir til handa samkynhneigðum að ættleiða börn. Ég tel að þegar fjallað er um ættleiðingar þessa fólks þá sjái menn fyrir sér að tveir samkynhneigðir í sambúð sæki um að fá að ættleiða barn og eigi að fara í gegnum það ferli sem hjón fara í gegnum og að í þetta skref séu menn ekki tilbúnir. Hins vegar er ekki fjallað um það þegar t.d. tvær konur búa saman og önnur þeirra á barn og þetta barn hefur verið í sambúðinni e.t.v. til margra ára og hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá lítur það barn á þær sem foreldri sín. Falli kynforeldrið frá er enginn réttur til handa barninu að fá að vera ættleitt af hinu foreldrinu sem það þekkir. Ég tel að þó svo menn séu sammála um að stíga ekki stærra skref en hér er gert í því frv. sem dómsmrh. hefur lagt fram þá sé mjög mikilvægt að líta á þetta réttindamál, nefnilega þegar barn er í slíkri sambúð og það sem þá getur gerst við fráfall.

[18:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér áðan. Fordómar í garð samkynhneigðra eru gífurlegir hér á landi. Ég hef enga trú á því að þeir séu nokkuð minni hér en víða annars staðar í heiminum. Hins vegar er það líka rétt sem fram kom hjá hv. þm. að lagasetning getur því miður ekki bætt úr vandamálum á þeim bænum. Þar þarf annað að koma til. Þar þarf kannski fyrst og fremst að koma til að þögnin sé rofin. Það má segja að þetta frv. sé fram komið sem einn liður í því þó að margt fleira þurfi að koma til, eins og aukin fræðsla um samkynhneigð og annað.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni með það frv. sem hér liggur frammi. Það gengur reyndar skrefi lengra en margir höfðu ástæðu til að ætla í því skyni að bæta réttarstöðu samkynhneigðra. Þjóðkirkjan hafnar þessum hópi reyndar enn þá. Svo virðist sem það sé nokkuð langt í land með viðurkenningu á þeim bænum, þ.e. viðurkenningu á samkynhneigðum. Kirkjan virðist vilja viðhalda þögninni og hún óskar ekki eftir því að þjóna þessu fólki. Hún óskar ekki eftir að þjóna þessu fólki með vígslu. En í athugasemdum með frv. og bréfi biskups Íslands til dómsmrn. segir:

„Hitt er vitanlega sjálfgefið að prestar og aðrir kirkjulegir aðilar munu biðja fyrir þeim sem leita eftir slíku og er þá aðeins spurt um þörf en ekki grennslast fyrir um stöðu viðkomandi."

Mér þykir þessi setning í bréfi biskups til dómsmrn. lýsa þeim fordómum sem birtast í afstöðu kirkjunnar til þessara mála. Það er reyndar önnur saga sem ég ætla ekki að fjölyrða um hér en ég harma þau ummæli sem sumir kirkjunnar þjónar hafa látið falla um þessi málefni. Það er reyndar þeim sjálfum til minnkunar og kirkjunni en ekki samkynhneigðu fólki.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. klofnaði nefndin sem fjallaði um málefni samkynhneigðra í afstöðu sinni til þess hversu langt ætti að ganga í lagabreytingum um þessi mál. Óttaðist meiri hlutinn að stuðla að því með lögum að þetta sambúðarform, þ.e. sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni, festist í sessi. Því væri rétt að fara hægt í sakirnar og taka smá skerf í einu. Á móti má hins vegar með réttu segja að sambúðarformið sem slíkt sé til staðar í raunveruleikanum. Það er samfélagslega viðurkennt, eða am.k. ekki bannað, og því nauðsynlegt að tryggja fólki sem velur sér slíkt sambúðarform ákveðin mannréttindi, þ.e. að þeirra sambúð hafi í för með sér sömu réttaráhrif og annarra sem eru í sambúð. Ég hef reyndar engar áhyggjur af því að það verði stórfelld aukning á samkynhneigð í kjölfar slíkrar lagasetningar. Ég lít svo á að þarna sé fyrst og fremst verið að veita fólki sjálfsögð réttindi sem það á rétt á eins og hverjir aðrir þegnar þessa samfélags.

Löggjöfin er löngu tímabær, eins og hér hefur komið fram í máli margra, og í raun og veru til skammar að það skuli ekki hafa verið tekið löngu fyrr á þessum málum. Samkynhneigðir hafa ekki notið hagræðis á grundvelli sambúðar sinnar sem þó hefur verið rík nauðsyn til. Margir samkynhneigðir í sambúð ala upp börn á heimilum sínum en hafa ekki átt þess kost að fara t.d. sameiginlega með forsjá þess barns auk þess sem réttaráhrif þau sem bundin eru við stöðu stjúpforeldris gagnvart stjúpbarni hafa ekki fylgt slíkri sambúð. Ég vil því sérstaklega fagna því skrefi sem stigið er að þessu leyti í lagafrv. Þarna hefur verið mikil nauðsyn á úrbótum og réttarstaða barna sem alast upp á heimilum samkynhneigðra er verulega bætt með frv. sem hér liggur frammi.

Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að við eigum að horfa á þessi mál út frá hagsmunum barnsins. Ég fagna því að hv. þm. skuli sérstaklega hafa komið inn á þau mál hér. Við eigum að horfa á þessi mál út frá hagsmunum og velferð barnsins. Ég er líka sammála honum um það að ekki sé rétt að bann við ættleiðingu, eins og kemur fram í 6. gr., sé endilega barninu fyrir bestu. Þess vegna er þetta að mínu mati galli á frv. Ég tel að þarna ætti að skoða málið í hverju og einu tilviki. Í mörgum tilvikum er það örugglega þannig að ættleiðingin gæti verið barninu fyrir bestu.

Það má líka vissulega velta því fyrir sér hvort slík lagasetning þar sem samkynhneigðum er að vissu leyti skipaður annar bás en þeim sem gagnkynhneigðir eru sé jákvæð, hvort verið sé að lögbinda í raun og veru misréttið sem viðgengst að einhverju leyti. Ég lít hins vegar svo á að löggjöfin sé fyrsta skref til að jafna stöðu fólks að þessu leyti og með þeim formerkjum mun ég styðja hana. Ég er að flestu leyti sátt við efni frv. og tel það vera raunhæft skref í átt til þess að útrýma misrétti gegn samkynhneigðum hér á landi.

[18:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar kvennalistakvenna lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og fagna því að það er fram komið. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. má rekja tilurð þess til ályktunar Alþingis frá 19. maí 1992 um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks. Það sem stendur hins vegar ekki hér en kom að vísu fram í máli hv. 15. þm. Reykv. hér áðan er það að tillagan var flutt að tilhlutan þingflokks Kvennalistans og var þáv. þingkona Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 1. flm. málsins. Það er því fyllsta ástæða til þess fyrir okkur að fagna því að frv. er fram komið. Ég held ég geti fullyrt að Kvennalistinn hafi verið fyrstur íslenskra stjórnmálaafla til að taka á mannréttindum samkynhneigðra í stefnuskrá og mér er reyndar ekki kunnugt um að önnur stjórnmálaöfl hafi tekið þau málefni inn í stefnu sína. En hvað sem því líður þá hafa viðhorfin verið að breytast. Til marks um það er þetta frv. sem er nú til umræðu.

Því miður er það svo að samkynhneigðir hafa verið ofsóttir og niðurlægðir í orði og verki hér á landi sem annars staðar og fordómarnir fengið að blómstra í skjóli vanþekkingar og skilningsleysis. Það þarf áreiðanlega ekki lítinn kjark til að viðurkenna samkynhneigð og reyna að lifa eðlilegu lífi samkvæmt því. Eitt hið nauðsynlegasta í málefnum samkynhneigðra er því að auka fræðslu og upplýsingar til almennings og faghópa til að efla skilning og draga úr fordómum og auka líkurnar á því að fólk beri virðingu hvert fyrir öðru og virði rétt hver annars.

Þetta frv. tekur ekki á þeim þætti en það sem hér er lagt til er ekki síður mikilvægt til að færa réttindi samkynhneigðs fólks nær þeim réttindum sem aðrir hafa. Þá er rétt að benda á það mál sem er hér næst á dagskrá þar sem tekið er á einni þeirra hliða sem að samkynhneigðum snýr. Það er að samkynhneigðir njóti refsiverndar sem hópur gegn því að á þá sé ráðist opinberlega með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan sambærilegan hátt.

Í þessu frv. sem við ræðum hér er lagt til að samkynhneigðu fólki sé veittur réttur til staðfestrar samvistar sem að flestu leyti tryggir því sömu réttindi og skyldur sambúðaraðila og gilda í hjúskap gagnkynhneigðra. Undantekningar eru að vísu nokkrar. Í fyrsta lagi fá samkynhneigðir, eins og hér hefur komi fram, ekki rétt til kirkjulegrar vígslu. Vil ég taka undir allt sem fram hefur komið í umræðunni í sambandi við það. Mér finnst vel athugandi að taka málið á þann hátt sem hv. 15. þm. Reykv. lagði til, þ.e. að prestar séu ekki skyldir til þess að framkvæma slíkar athafnir enda held ég að þeir leyfi sér að hafna því sem þeim er ógeðfellt, en að heimildin sé fyrir hendi. Ég vil benda hv. þm. á að lesa gaumgæfilega athugasemdirnar á bls. 10–11 hér í greinargerðinni um þetta atriði, en þar kemur afstaða þjóðkirkjunnar fram. Hún er að sjálfsögðu gegnsýrð af kristilegum kærleika. Þar fæst m.a. staðfesting á því að prestar og aðrir kirkjulegir aðilar, hverjir sem þeir nú eru, muni biðja fyrir þeim sem leita eftir slíku og er það sett fram svona eins og uppbót fyrir það að kirkjan biðst undan því að þurfa að vígja samkynhneigða.

Í 6. gr. frv. kemur fram að samkynhneigðir fá ekki rétt til ættleiðingar og heldur ekki heimild til tæknifrjóvgunar og þetta eru nú kannski stærstu atriðin, þessi þrjú. Þetta eru allt réttindi sem skipta miklu máli en engu að síður horfir þetta frv. til mikilla réttarbóta og verður vonandi samþykkt á þessu þingi. Sérstaklega er mikilvægt að með staðfestri sambúð öðlast sambúðarfólk sömu réttarstöðu samkvæmt barnalögum og gagnkynhneigðir eins og glöggt kemur fram í skýringum við 6. gr. frv. á bls. 12. Það er því tryggt að par í staðfestri samvist getur farið sameiginlega með forsjá barns annars aðilans og falli foreldri barnsins frá getur samvistar-

aðili farið áfram með forsjá þess. Ég vona að þetta sé allt rétt skilið.

Með þessu ákvæði er gengið lengra en á hinum Norðurlöndunum og skiptir það verulegu máli fyrir börn sem þannig er ástatt um. Þetta er kannski mikilvægasta atriði þessa frv. og sérstök ástæða til að fagna því. En ég vil taka undir orð þeirra sem hér hafa talað um að það ætti að athuga gaumgæfilega, án þess að það tefji nú framgang málsins, stjúpættleiðingu og erfðarétt barns í þessu sambandi.

Ég vil að lokum endurtaka það að við kvennalistakonur styðjum þetta frv. og vonum að það eigi greiðan framgang hér á Alþingi.

[18:57]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um staðfesta samvist felur í sér löngu tímabær mannréttindi fyrir samkynhneigða. Verði frv. að lögum erum við komin í röð þjóða sem hvað lengst hafa gengið í þessu efni, t.d. Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Þetta frv. kemur fram í kjölfar samþykktar Alþingis á þingsályktunartillögu frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þáv. þingkonu o.fl., sem lögð var fram 1992. Hér er einnig verið að fylgja eftir samþykktum bæði Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs. Samþykkt Evrópuráðsins frá 1981 beindi því til aðildarríkja sinna að tryggja samkynhneigðum sama rétt og öðrum til vinnu, launa og atvinnuöryggis auk þess að hvetja aðildarríkin til ýmissa aðgerða til að tryggja betur réttarstöðu þeirra. Samþykkt Norðurlandaráðs frá 1984 kvað á um að sett yrði löggjöf sem stuðlaði að jafnrétti samkynhneigðra.

Ég vil upplýsa hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um að í stefnuskrá Þjóðvaka er vikið að réttindum samkynhneigðra og fjallað um þau á pólitískan hátt.

Þingsályktunartillagan sem Alþingi samþykkti á sínum tíma felur í sér að nefndin sem var skipuð til verksins kanni lagalega, menningarlega og félagslega stöðu samkynhneigðra og geri tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til að misrétti hverfi hér á landi. Ljóst er eins og oft vill verða þegar jafnrétti á í hlut að lagaramminn einn og sér dugar sjaldnast til að koma á fullu jafnrétti. Það er ekki síður viðhorfsbreyting sem þarf til að ná fram jafnréttinu og uppræta fordóma sem kannski er enn mikilvægara fyrir samkynhneigða en löggjöf um viðurkenningu á staðfestri sambúð, samvist þeirra og réttindum henni tengdum.

Í skýrslu nefndar sem fjallaði um þetta mál og skilaði niðurstöðu árið 1994 og vikið er að í greinargerð frv. kemur margt athyglisvert fram um stöðu samkynhneigðra og hvernig sjálfsögð mannréttindi eru á þeim brotin. Þetta á ekki hvað síst við um vinnumarkaðinn en í skýrslunni er vitnað í erlendar rannsóknir og kannanir sem sýna t.d. að í Þýskalandi töldu yfir 40% aðspurðra sig hafa orðið fyrir mismunun á vinnumarkaði. Ýmislegt fleira athyglisvert kemur fram í þessari skýrslu og full ástæða til þess að nefndin sem fær málið til meðferðar gaumgæfi það. Því er m.a. haldið fram að samkynhneigðir Íslendingar hafi iðulega flust til annarra landa til að geta lifað þar óáreittir sem slíkir og sé þetta fólk í ákveðnum skilningi þess orðs þá flóttamenn.

Einnig kemur fram sem afleiðing af bágborinni félagslegri stöðu er ungu samkynhneigðu fólki hættara en öðrum að lenda í sálrænum og félagslegum vanda svo sem misnotkun vímuefna, fráhvarfi frá námi, samskiptaörðugleikum, ótímabærum aðskilnaði frá fjölskyldu og ekki hvað síst að þeir eru í einum stærsta áhættuhópnum varðandi sjálfsvíg.

Í skýrslu nefndarinnar frá 1994 er lagt til að námsskrár fyrir framhaldsskóla verði endurskoðaðar með tilliti til markmiðs um fræðslu í félagsfræðum og heilsufræði og í öðrum greinum þar sem slíkt þykir henta og að í því efni þurfi að huga að heppilegu námsefni. Auk þess er þess getið að leggja þurfi áherslu á umfjöllun um málið í grunnmenntun ýmissa starfsstétta. Þar eru nefndir til kennarar, hjúkrunarfræðingar, læknar, guðfræðingar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og lögreglumenn. Þetta er hér nefnt þar sem málefni framhaldsskóla eru til umfjöllunar í þinginu og það er einsýnt að markviss fræðsla er forsenda þess að uppræta misrétti og fordóma.

Þingmenn Þjóðvaka styðja frv. og munu greiða fyrir framgangi málsins þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi og öðlast gildi 1. júlí nk. Það er ljóst að frv. felur í sér mikla réttarbót. Í helstu atriðum er komið til móts við helstu hagsmunasamtök í þessu máli. Hér er stigið svo stórt skref í átt til fullra mannréttinda að deilumál um einstök atriði mega ekki verða til þess að hefta framgang frv. nú á þessu vorþingi.

[19:02]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ekki get ég fagnað framkomu þessa frv. Það er mörgum stjórnmálamönnum auðvelt að vera öllum viðhlæjandi öllum óskum og öllum hugmyndum. En það er ekki alltaf skynsamlegt. Það er oft hart að mínu mati en nauðsynlegt að þurfa að taka af skarið þegar um almenna hagsmuni er að ræða.

Öll almenn réttindi á Íslandi eru óháð kynvillu. Ég tel að þegar kemur að hugtakinu hjónavígsla, hvort sem orðið staðfesting er notað, staðfest samvist eða annað sem er illa skilgreint í mínu mati í því frv. sem hér um ræðir og segir nánast ekkert, þá kemur að sérstökum þáttum í samfélaginu þar sem að mínu mati verður að verja hag þeirra fjölmennari. Það verður að verja meiri hagsmuni fyrir minni.

Að mínu mati er engin spurning að samkynhneigt fólk eða kynvillt fólk, hvaða orð svo sem menn nota, er ekki síður hæfileikaríkt en annað fólk og geri ég í sjálfu sér engan mun þar á. En miðað við leikreglurnar sem við búum við, þá þurfum við að marka okkur ákveðnar línur þar sem horft er til allra átta og reynt er að koma í veg fyrir að daglegum árekstrum fjölgi í okkar samfélagi. En það tel ég gert með þeirri sérstöðu sem þetta frv. felur í sér með svokallaðri staðfestri samvist.

Allir eru háðir leikreglum án tillits til gáfna eða gengis enda mun löggjafinn seint geta tryggt hamingju með löggjöf. Það mun löggjafinn seint geta gert. Það hefur verið sagt í umræðunni að samkynhneigðir hafi verið ofsóttir á Íslandi og niðurlægðir. Ég held að það sé ekki rétt eins og það er sagt af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, ekkert frekar en margt annað fólk í okkar þjóðfélagi sem fer ekki hvunndagsleiðir daglega er ofsótt, bæði í ræðu og riti. (**Gripið fram í:** Það réttlætir það ekki.) Nei, það réttlætir það ekki en það réttlætir ekki að taka eigi fram fyrir hendurnar á almennum þáttum og skapa sérstöðu í málinu.

Það er mikilvægt að virða mannréttindi, sagði hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Það er ég fullkomlega sammála henni um. En þegar virða á mannréttindin þarf líka að gæta þess að virða almenna sjónarmiðið. Það er kannski talið hart að segja það, en það er mín sannfæring að kynvilla sé skekkja. Enginn er fullkominn og allir eru með einhverja skekkju á bakinu í sínu lífi. En hvar eru mörkin og hvar á að virða

skekkjuna svo að farið sé út í aðra sálma sem kannski snúa frekar að heimspekilegum efnum?

Spurt var í umræðunni hvort kirkjan gæti staðið við þá yfirlýsingu sína sem getið er um í greinargerð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kirkjan gerir sér vitanlega grein fyrir því að prestar hennar eru ekki aðeins í þjónustu trúarlegs aðila, heldur einnig opinberir starfsmenn, sem hljóta að lúta lögum ríkisins og fyrirmælum. Hins vegar óskar kirkjan alls ekki eftir því og telur það mjög vafasamt að mælt verði fyrir því í lögum að heimild sé veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra."

Nú er ekki verið að tala um að ganga svo langt í þessu frv. en það er gengið í áttina. Hv. þarsíðasti ræðumaður, Kristín Halldórsdóttir, sagði líka að sjónarmið kirkjunnar væri gegnsýrt af kristilegum kærleika. Af hverju ætlí hv. þm. sé að sletta þannig í grunn íslenskrar siðfræði sem byggist á trú kristinna manna? (**ÖS:** Og kærleika.) Kærleikurinn er teygjanlegt hugtak. Það veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson kannski betur en margir aðrir. Leikreglurnar eru sóttar í þá trú sem við viðurkennum sem þjóðkirkja og þá vík ég aftur að þorra landsmanna, sóttar í hina helgu bók, Biblíuna. Það er óþarfi að leita eftir því í Gamla testamentinu. Það er hægt að fara í beinskeyttari tilvitnanir í Nýja testamentinu hvort sem menn eru þá að tala um Mattheusarguðspjall, Kórintubréf eða aðra þætti sem leggja áherslu á það hvað sé skekkja og hvað ekki í hinni almennu siðfræði sem við byggjum á.

Mig minnir að það hafi verið 1992 sem sérfræðingar í kynlífsspeki á Íslandi höfðu forgang um að stýra skoðanakönnun hérlendis varðandi fjölda þeirra sem teldu sig vera kynvilltir. Þetta var 1.500 manna úrtak, þar sem 7% töldu sig haldna kynvillu. Það að mínu mati er innan eðlilegra skekkjumarka sem er í hverjum og einum manni. Og af hverju ættum við þá að fara að setja sérstök lög um réttindi fjölda sem er innan eðlilegra skekkjumarka, ef hægt væri að nota það orð í raun og sann sem um er rætt?

Það hefur verið vikið að því í máli hv. þingmanna að þetta sé spurning um erfðir, spurning um réttindi. Þetta er líka spurning um tilfinningar. Það hlýtur ekki síst að vera spurning um tilfinningar þeirra sem eru samkynhneigðir ekkert síður en annarra þegna þjóðfélagsins. (**ÖS:** Þeir vilja þetta.) Menn vilja svo margt sem þeir geta ekki fengið. Það er nú lífsins gangur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það kemur að því að löggjafinn þarf að setja almennar reglur sem tryggja þennan almenna rétt og stuðla að því að hamingjan gangi sem best fram hjá sem flestum en ekki á kostnað lítils hóps sem gæti að mínu mati raskað æði mörgu. Víst er þetta mál feikilega flókið, hvort sem kemur að skólagöngu eða öðrum þáttum í daglegu lífi. Það vita allir. Og það er ástæðulaust að tala um þetta mál öðruvísi en beint og opinskátt. Það gera allir aðilar málsins hvorum megin bordsins sem þeir sitja og það er eðlilegast. Það er enginn einn heilagur sannleikur í þessu. En það er þó niðurstaða sem er löggjafinn. Hann byggir á kristinni trú og kristinni siðfræði sem er túlkuð á þann veg sem kemur fram til að mynda í bréfi forsvarsmanna kirkjunnar. Alþingismenn hljóta að þurfa að taka tillit til þess þegar kemur að niðurstöðu. Þeir eiga ekki að vera jábræður allra, heldur verða þeir að finna veg sem þjónar hagsmunum flestra.

Það er spurning um marga þætti þegar kemur að erfðum og réttindum. Fólk sem er í sambúð, samkynhneigt eða ekki, hefur önnur réttindi en fólk sem er í vígðri sambúð. Það er þá óháð því hvort samkynhneigð er þar að baki eða ekki. Hvað um réttindi fólks sem býr saman ævilangt af öðrum ástæðum? Við skulum taka systkin sem hafa búið saman ævilangt. Við skulum taka móður og son, föður og dóttur, feðga eða mæðgin sem búa saman ævilangt af einhverjum ástæðum, (**Gripið fram í:** Það er erfðaréttur á milli þeirra, Árni.) hafa dagað uppi. Það er ekki sami erfðaréttur hjá þeim gagnvart öðrum systkinum nema með gerð erfðaskrár. En þarna er líka veikleiki í réttindastöðu sem ástæða væri til að mínu mati að kanna ekkert síður en mannréttindi sem varða samkynhneigða. Ég get ekki séð hvernig það á að vera sérmál til að taka út úr þeirri flækju sem er svo víða í okkar hlutum er lúta að almennum mannréttindum, þ.e. réttindum til peninga, erfða eða fjárfestinga á einhverju stigi. Það er nefnilega erfitt að mínu mati að rugla þessu máli saman við þær tilfinningar sem liggja að baki og þá kröfu sem hægt er að gera hverjum einstaklingi til handa um réttindi þar að lútandi. Það er annað mál.

Það hefur verið vikið að ættleiðingum samkynhneigðra. Það er skýr og skorinorð túlkun frv. að réttur samkynhneigðra foreldra til að ala upp sín börn hafi ávallt verið óskoraður og hefði löggjöf um staðfesta samvist engin áhrif þar á. Ég hef fjallað um þessa spurningu um rétt samkynhneigðra til ættleiðingar út frá þeim grunni sem í mér býr, þ.e. brjóstvitinu einu og beru. En ástæða er til að staldra við. Það er nefnilega nákvæmlega út frá þeim póstum sem ég held að menn ættu að fjalla um þessi mál meira en gert er. Menn eru svolítið að tala til annarra án þess að hafa fullkomna sannfæringu um að menn séu að gera rétt. Það er mín meining.

Eins og ég sagði áðan er oft svolítið erfitt að standa gegn pressunni um nýjan rétt. Nú er ég ekki að tala um fjölmiðlapressuna sem veður uppi með móðursýkisköstum út og suður í okkar þjóðfélagi heldur þrýstinginn frá hagsmunaaðilum sem vilja sérréttindi. Ég tel að ósk samkynhneigðra sem fjallað er um í þessum lögum og gengur ugglaust mjög skammt að þeirra mati, sé krafa um sérréttindi. Ef samkynhneigt fólk á að fá réttindi til staðfestrar samvistar, sambúðar, eins konar vígslu framhjá kirkjunni, af hverju ættum við þá ekki að leyfa fjölkvæni eða barnagiftingar sem tíðkast víða um heim o.s.frv.? Það kemur ekkert samkynhneigð við en það kemur við sérréttindum. Það kemur við lífsstíl sem er úr takt við þann grundvöll sem við byggjum okkar leikreglur á. Ég held að menn eigi að fara mjög hægt í þessum efnum.

Það eru skiptar skoðanir um það hvort gengið sé of skammt eða of langt. En það er mín bjargföst skoðun að jafnvel með þessu skrefi sé gengið of langt. Ég held að vandinn í það fámennum hópi sé að það sé á kostnað heildarinnar að smíða nýjan ramma fyrir þann hóp sem hér um ræðir þó svo að það fólk allt eigi gott skilið eins og allir aðrir.

Það er mikilvægt í framgangi þessa máls að hugsa það til enda með tilliti til allra leikreglna sem við búum við í okkar þjóðfélagi. Hér er um svo viðkvæman og oft stóran þátt í fjölmiðlaumræðu að ræða að mér finnst að það þurfi að stemma eins og hægt er stigu við því að mál flæði út um allt, að við töpum áttum og hleypum einhverju af stað sem við sjáum ekki fyrir hvar endar. Það er mikilvægt að viðhalda almennu reglunni þó svo að aldrei geti allir verið sáttir við hana. Hvort það sé sanngjarnt að nota orðið skekkja um samkynhneigða eða ekki, skal ég ekki leggja neinn stóradóm á. En engu að síður er það skekkja í reyndinni í okkar kerfi eins og það er nú og þess vegna eru menn ugglaust að tala um að breyta því. Það er viðurkennd skekkja. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ástæða til að hjálpa til á þeim vettvangi

á annan hátt en með slíkri lagasetningu sem hér um ræðir. Það eru ugglaust rök fyrir því að slíkt sé tekið upp á faglegri, beinskeyttari og opinskárri hátt en gert hefur verið hingað til þannig að menn geti áttað sig á til fulls hvar kreppir að, hvort sem það er á sviði kirkju, mennta eða annarra þátta. Ég tel að hér sé um skammtímalausn að ræða á vandamáli varðandi mannréttindi sem vissulega eru til staðar í þjóðfélaginu. Mér finnst þetta eins og að pissa í skóinn sinn að reyna að leysa þetta mál á þennan hátt.

Mikil upplausn veður víða yfir. Sumir fagna því og leggja jafnvel kapp á að geta nærst á upplausn hvort sem það er í stóru eða smáu, hvort sem það er hjá einstaklingi eða stórveldi eins og Sovétríkjunum. En upplausn, agaleysi og oft virðingarleysi vaða yfir nútímaþjóðfélög. Ég held að tilhliðrun í þeim efnum sem hér um ræðir í frv. sé ekki af hinu góða. Ég held að hún skapi fleiri vandamál en hún leysir. Vissulega leysir hún ákveðinn vanda en hún skapar fleiri að mínu mati en hún leysir og vekur fleiri spurningar en hægt er að svara.

[19:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var með undarlegri ræðum sem ég hef heyrt fluttar í þingsölum hins háa Alþingis og væri hægt að gera við hana fjölmargar athugasemdir. En ég ætla einungis að láta nokkrar nægja á þeim stutta tíma sem ég hef.

Leið hv. þm. Árna Johnsens í mannréttindamálum, mannréttindavandanum eins og hann kallaði það — ég átta mig reyndar ekki alveg á því hvað hann var að tala um vegna þess að það var ekki í samhengi við annað sem síðan kom fram í máli hans — besta leiðin væri sú að taka ekki á neinu því að flækjan er svo stór, um leið og við fælum einum rétt, þá aukum við mismunun gagnvart öðrum. Þetta er kannski einföld lógík en því miður of einföld fyrir minn smekk, allt of einföld.

Hv. þm. minntist oft á hamingju heildarinnar, hamingju og velferð heildarinnar. Það væri hún sem ætti að ráða. Hann hafði nokkrum sinnum orð á því að frv. væri á kostnað heildarinnar. Hvað truflar það heildina að gera fólki í þessum hópi sem hér er verið að ræða um kleift að njóta þeirra sjálfsögðu réttinda í kjölfar sambúðar sinnar sem frv. gerir ráð fyrir? Hvað truflar það tilfinningar eða tilvist hv. þm. Árna Johnsens eða hinnar hamingjusömu heildar eins og hann kallar svo? Ég vil fá svör við því vegna þess að þau komu ekki fram í ræðunni.

Hv. þm. talaði um að frv. fæli í sér skammtímalausn í mannréttindamálum. Því vil ég spyrja hv. þm. hvernig hann telji hina varanlegu lausn eiga að vera. Vill hann að ráðið sé að því fólki sem er haldið því sem hann kallar kynvillu og það sé beinlínis bannað eða komið í veg fyrir að þetta fólk búi saman? Hver er hin varanlega lausn, hv. þm. Árni Johnsen?

[19:24]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo augljóst mál að mínu mati að þegar sett eru fram mál á einfaldan hátt, þá mætti líka túlka það í mjög löngu máli og ítarlegu og raunar miklu ítarlegra máli en við höfum færi á að gera hér því hér er um svo margslungið mál að ræða. En það er að mínu mati á kostnað heildarinnar, á kostnað almennra leikreglna í þjóðfélaginu — þá er ég er að tala um leikreglur sem eiga að koma í veg fyrir hvunndagsárekstra, nagg og níð, slúður og umtal — að opna dyrnar þó ekki nema sé í svo litlum mæli sem með sanni má segja að sé gert í þessu frv. Þetta er kannski harðlínustefna en þetta er nú mitt sjónarmið samt.

Þegar spurt er um varanlega lausn á vandanum þá hef ég ekki ýjað að því að ég hafi neina patentlausn í þeim efnum. Ég tel hins vegar ástæðu til þess að kryfja þetta mál til mergjar og fara ofan í saumana á öllum þáttum þess í miklu beinskeyttari mæli en gert hefur verið hingað til, það nefndi ég í minni ræðu, hvort sem væri á vettvangi kirkju, mennta eða annarra stofnana í þjóðfélaginu sem ættu að koma við sögu. En með því að byggja þennan sérstaka þátt inn í lagasmíðina, það finnst mér ekki trúverðugt.

[19:26]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið erfitt að veita andsvar við ræðu hv. 3. þm. Suðurl. En ég vildi nú svona gegnsýrð af kristilegum kærleika minna hv. þingheim á frelsi allra manna til að hafa skoðanir og láta þær í ljósi. Ég vona að menn minnist þess. Það eru auðvitað sjálfsögð mannréttindi. En hv. þm. beindi nokkrum orðum til mín og virtist ósáttur við orð mín um mannréttindi. Hann hefur líklega ekki talið þau til marks um gott og gilt brjóstvitið eitt og bert. Hann dró í efa að staðhæfing mín um fordóma og ofsóknir á hendur samkynhneigðum væri rétt. Ég hlýt að mótmæla þeirri skoðun hv. þm. og gæti auðvitað stutt það með fjölmörgum dæmum úr fjölmiðlum ef ég hefði þau við höndina eða gæti leitað aftur í tímann. T.d. væri áreiðanlega hægt að finna frásagnir af því í sjálfu Morgunblaðinu.

[19:28]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur ekkert á óvart þó hv. þm. eigi erfitt með að veita andsvar við svo almennum atriðum sem komu fram í minni ræðu. Það er erfitt að veita andsvar gegn þessum almennu leikreglum sem við búum við frá degi til dags. Það er fyrst og fremst höggvið að þeim með breytingum í þessum efnum. Breytingar eru alltaf af hinu góða, en það er ekki ástæða til að gera bara breytingar breytinganna vegna ef þær skila ekki árangri eða styrkja stöðu þjóðfélagsins í heild.

Það að ég hafi efast um fordæmingu á samkynhneigðum er ekki rétt að öðru leyti en því að ég spurði: Hafa þeir orðið fyrir einhverjum öðrum og meiri aðdróttunum en ýmsir aðrir á öðrum vettvangi sem ganga ekki hinn hvunndagslega veg?

[19:29]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkynhneigðir hafa orðið fyrir árásum og fordómum vegna samkynhneigðar sinnar. Það er það sem við erum að ræða um hér. En af því að hv. þm. virðist telja að almennum reglum eða hinni almennu reglu þjóðfélagsins, ef ég man rétt, sé einhver hætta búin vegna þeirra réttarbóta sem við erum hér að fjalla um í frv., þá lít ég einfaldlega ekki svo á að þeirri almennu reglu sé nein hætta búin. Við erum aðeins að tala um að auka mannréttindi samkynhneigðra og færa þau nær því sem gildir um hina almennu menn ef svo á að komast að orði.

[19:30]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ræðuna sem hv. þm. Árni Johnsen flutti áðan, þá vil ég lýsa mig ósammála hans sjónarmiðum sem þar komu fram. Ég tel þau byggja á fordómum og þröngsýni. Hins vegar er vitaskuld öllum frjálst að hafa

skoðanir á þessu efni eins og öðrum, ekki hvað síst um málefni sem tengjast trú og tilfinningu. Ég geri ekki lítið úr þeim sjónarmiðum, síður en svo þó svo ég sé annarrar skoðunar.

Hins vegar hafa í umræðunni tekið þátt aðilar sem eru í öllum þingflokkum og lýst yfir stuðningi við frv. og reifað það með margvíslegum efnistökum. Málið er flutt af dómsmrh. sem stjfrv. og auðvitað efast ég ekkert um vilja stjórnarinnar í þessu efni. En mér leikur forvitni á að vita af því að hv. þm. er eini þingmður Sjálfstfl. sem hefur talað í þessari umræðu (**Gripið fram í:** Hingað til.) hingað til, hvort hér sé verið að endurspegla á einhvern hátt skoðanir sem eiga meira fylgi í þingflokki Sjálfstfl. og hvort þingflokkur Sjálfstfl. hafi tekið þetta mál, sem ég efast ekki um, til efnislegrar umræðu í sínum flokki. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að það komi skýrt fram við umræðuna, þar sem hér er um einn stjórnarþingmann að ræða sem lýsir skoðunum sem ganga mjög þvert á það sjónarmið sem hér kemur fram án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr þeim sjónarmiðum. Spurningin er þá hvað sé mikið fylgi með þessum sjónarmiðum í þeim þingflokki sem er annar aðili að þessum málum. Ég tel mjög brýnt fyrir okkur hin að átta okkur á því hvaða fylgi þau sjónarmið sem hér um ræðir njóti í þingflokki Sjálfstfl. Spurning mín til hv. þm. er þá hvort hann geti upplýst okkur eitthvað meira um það efni.

[19:32]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal svara hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir mig. Eins og gengur eru öll stjórnarmál rædd í þingflokkum viðkomandi stjórnar. Það er líka alkunna að menn hafa fyrirvara á ýmsum þáttum. Hér hef ég lýst minni skoðun en hef ekki umboð til að svara fyrir þingflokk Sjálfstfl.

[19:33]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum. Hann upplýsti ekkert nema sína afstöðu og gat ekkert um hvernig umræða hefði verið í þingflokknum. Ég tel eðli málsins samkvæmt ekki vera úr vegi að það heyrðust skoðanir frá fleiri þingmönnum Sjálfstfl. varðandi þetta frv. þó það komi kannski ekki fram við þessa umræðu. Ég veit ekki hvort tími er til þess. En ég held að málið sé þannig vaxið að það væri rétt að þingheimur vissi betur sjónarmið annars stjórnarflokksins úr því að þetta sjónarmið hefur komið fram með svo skýrum hætti eins og hv. þm. gerði grein fyrir.

[19:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að blanda mér aðeins í þá umræðu sem hv. þm. Ágúst Einarsson hóf hér varðandi stöðu þessa máls. Staða málsins er mjög skýr. Þetta er stjfrv. flutt í umboði stjórnarflokkanna og á ábyrgð stjórnarflokkanna. Ég var því miður ekki viðstaddur þegar þetta var rætt í mínum þingflokki en hefði að sjálfsögðu gert grein fyrir minni afstöðu til þessa máls sem er sú að ég styð frv. í meginatriðum. Ég tel þetta skref, þó allt of stutt sé, í rétta átt og mjög í samræmi við þá þáltill. sem ég var einn flutningsmanna að og sem samþykkt var samhljóða á Alþingi á árinu 1992. Þar var gert ráð fyrir því að sett yrði á laggirnar nefnd til að gera tillögur um hvernig ætti að bæta réttarstöðu samkynhneigðs fólks hér á landi. Þetta var á sínum tíma að frumkvæði þáv. ráðuneytis Davíðs Oddssonar.

Enn fremur er eðlilegt að vekja athygli á því að málið er flutt af hæstv. dómsmrh. sem situr eins og allir vita í þingflokki Sjálfstfl. þannig að mér finnst þetta mál vera afar skýrt og staða þess afar skýr. Hins vegar er það ekkert óalgengt að í ýmsum málum komi upp mismunandi sjónarmið og ég er í grundvallaratriðum ósammála hv. 3. þm. Suðurl. að þessu leytinu en virði að sjálfsögðu hans sjónarmið þó að ég sé þeim algerlega ósammála.

Ég ítreka að ég tel að frv. sem hér um ræðir sé skref í rétta átt, sé skref á þeirri leið að bæta réttarstöðu samkynhneigðs fólks og skref í þá átt að reyna að eyða fordómum sem því miður hafa ríkt allt of mikið í garð þessa fólks hér á landi eins og svo víða annars staðar, m.a. í hinum vestræna heimi sem þó telst sæmilega upplýstur eða a.m.k. gerir kröfu til þess.

Hér hefur því verið velt upp hvort slíkir fordómar hafi verið meiri gagnvart samkynhneigðum en ýmsum öðrum. Auðvitað má endalaust um það deila. Þó er það svo að fordómar af þessu taginu hafa verið að skjóta upp kollinum jafnvel úr ólíklegustu áttum. Ég man eftir því að eftir að ég undirritaði með glöðu geði að sjálfsögðu, stuðningsyfirlýsingu við markmið baráttu samkynhneigðs fólks, að ég fékk bréf í hendurnar, eitt það sérkennilegasta sem ég hef fengið á mínum ferli sem þingmaður, undirritað af fulltrúum fjölmargra trúarhópa í landinu — látum það nú vera að þessir menn hefðu kosið að skrifa slíkt bréf sem prívat persónur en hér voru á ferðinni fulltrúar trúarhópa af alls konar tagi og þar á meðal maður sem starfar innan íslensku þjóðkirkjunnar — þar sem að mínu mati var um að ræða einhverja svona verstu tegund af fordómum íklæddum guðfræðilegum og trúarlegum búningi sem er auðvitað hálfu verra en ef menn hefðu bara slett fram svona venjulegum fordómum sem menn sjá í gegnum. Þarna var gerð tilraun til þess því miður að fela og dylja fordómana og að mínu mati undarlega afstöðu til einstaklinga í þjóðfélaginu í einhverjum trúarlegum, óskiljanlegum, losaralegum búningi til þess að reyna að blekkja fólk til að ímynda sér að það sé ósamrýmanlegt guðskristni í landinu að styðja mannréttindabaráttu samkynhneigðs fólks hér á landi. Þetta er eitthvað furðulegasta og ómerkilegasta bréf sem inn um mína bréfalúgu hefur komið og berst þó ýmislegt í ruslpósti okkar þingmanna á degi hverjum eins og allir vita.

Ég tel að frv. sem hér er til umfjöllunar sé skref í þá átt að taka upp þessa umræðu með eðlilegum hætti á Alþingi og reyna að búa til sambúðarform fyrir samkynhneigt fólk sem styðst við lagaramma og er þar með viðurkennt í íslenskri löggjöf á einhvern hátt. Ég held hins vegar og tek það fram að það hefði að ósekju mátt ganga þessa leið dálítið lengra. Í mínum huga er það þannig að við eigum að taka það mjög bókstaflega þegar við tölum um að allir séu jafnir fyrir lögunum. Þess vegna hefði ég fyrir mína parta vel getað ímyndað mér að við hefðum farið með þetta mál lengra, tekið myndarlegar á þessu svo sem eins og með spurninguna um ættleiðingar sem ekki er afgreitt í frv. með nægilega trúverðuglegum hætti. Ég tel að í þeim efnum eigi að sjálfsögðu að gilda hinar sömu reglur fyrir samkynhneigt fólk og annað fólk í landinu og það eigi að meta það eins. Það eru auðvitað engin rök að segja að einn hópur fólks, samkynhneigt fólk, sé ekki hæft til að ala upp börn. Það er ekki nokkur maður sem getur haldið því fram að hópurinn samkynhneigt fólk sé fyrir fram útilokaður til að geta alið upp börn. Það er örugglega hægt að finna ýmsa þjóðfélagshópa, aldurshópa,

jafnvel hópa flokkaða út frá einhverju öðru þar sem menn gætu komist að þeirri niðurstöðu að uppeldi hefði ekki tekist sem skyldi. Eigum við þá að komast að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að útiloka það fólk frá því að ala upp börn? Að sjálfsögðu ekki. Þannig vinnum við ekki. Þess vegna hefði ég talið miklu eðlilegra að þessi leið yrði opnuð með almennari hætti og sömu reglur og sömu mælikvarðar yrðu notaðir þegar verið er að taka afstöðu til þess hvort samkynhneigðir ali upp börn eins og gert er í öðrum tilvikum í þessu þjóðfélagi.

Ég tel eðlilegt að hv. allshn. sem fær þetta mál til meðhöndlunar taki sérstaklega á þessu og ræði.

Það kom fram í máli hv. 3. þm. Suðurl. að hann spurði sjálfan sig hvort sanngjarnt væri að nota orðið skekkja þegar verið væri að ræða um samkynhneigt fólk. Það má vera sanngjarnt að nota orðið skekkja en eingöngu að því leytinu að það sé þá skekkja í þeirri þjóðfélagsmynd sem býr þannig að ákveðnum hópi fólks að það þarf að leita réttar síns með sértækum lögum af þessu taginu. Það er engin skekkja í því að fólk sé samkynhneigt en það kann að vera skekkja í því ef þjóðfélagið útbýr lagagrundvöll þannig að það halli á þetta fólk. Í því er skekkjan fólgin og það er sú skekkja sem við eigum að sjálfsögðu að reyna að leiðrétta.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki í sjálfu sér að orðlengja þetta mál. Ég studdi það á sínum tíma sem einn af flutningsmönnum þáltill. að ofan í þessi mál yrði farið. Ég tel að hér sjáum við hluta af þeim afrakstri og þetta sé rétt skref í rétta átt. Þetta er í raun og veru einfalt mál vegna þess að það snýst um mannréttindi og við viljum hafa mannréttindi fyrir alla landsmenn. Það á auðvitað að vera leiðarljósið okkar við þessa lagasetningu, ekkert annað. Við kunnum að hafa á því ólíkar skoðanir hvernig okkur líkar þetta sambúðarform sem hér er kallað staðfest samvist en aðalatriðið er þó það að við erum að reyna að feta okkur inn á þá slóð að búa eðlilega að samkynhneigðu fólki eins og öðrum einstaklingum í okkar þjóðfélagi. Það á að vera leiðarljósið í þessari umræðu.

[19:43]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá skörulegi málflutningur sem hv. þm. Einar Guðfinnsson flutti hér áðan var honum til mikils sóma. Ég tel afar mikilvægt að í jafnmiklu mannréttindamáli eins og hér um ræðir kveðji jafntraustur stjórnmálamaður og ég tel Einar Guðfinnsson vera, sér hljóðs með þessum hætti. Ég tel að hann hafi sýnt það eins og raunar fleiri í dag. En mér er það sérstaklega hugstætt þegar hann stóð hér upp og andmælti þeim orðum sem áður höfðu komið fram hjá samflokksmanni hans. Ég tel það afar mikilvægt að slíkur þingmaður komi hér og sýni kjark og þor. Við skulum minnast þess að við erum ekki bundin af neinu nema sannfæringu okkar.

Við sem höfum starfað í Evrópuráðinu og kynnst þar mannréttindasjónarmiðum höfum kynnst því sem við höfum heyrt þar; að þora og hafa kjark. Við erum ekki bundin af neinu nema sannfæringu okkar. Við þingmenn eigum að sýna að við þorum að stíga hér fram og að við óttumst ekki fordómana heldur berum einmitt frelsi og mannréttindi út til þjóðarinnar án þess að óttast að við verðum höfð að skotspæni þeirra sem aðrar skoðanir hafa.

Ég fagna þessu alveg sérstaklega og ítreka það sem kom fram í máli mínu og annarra. Þetta frv. er gott frv. Það má ganga lengra og ég vona að slíkt náist í nefndarstarfinu.

[19:45]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mannréttindi. Sitt sýnist hverjum. Það eru mannréttindi að fá að tala fyrir því. Ég virði margt af því sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í sinni ræðu. Það fer ekkert á milli mála. En það eru líka mannréttindi að tala máli sem hljóma við önnur sjónarmið en maður hefur kannski sjálfur. Hv. þm. minntist á bréf sem hann fékk á sínum tíma frá mönnum sem voru tengdir ýmsum trúarsöfnuðum í landinu og þjóðkirkjunni. Ég býst við að þetta sé sams konar bréf og ég fékk inn um mína bréfalúgu.

Ég er nú þannig gerður að ég kalla ekkert bréf ruslbréf. Þingmaðurinn talaði um að þingmenn fengju mikið af ruslbréfapósti. Manni geta þótt bréf mismunandi merkileg en margt í þessu bréfi fannst mér sagt af heilindum og staðfestu. Það var kannski svolítið mikið af beinum trúarlegum tilvitnunum sem þarfnast miklu fremur heimspekilegra athugana en beinnar umræðu eins og það er tekið af beinunum. En það er líka mannréttindabarátta.

[19:47]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur um það að að sjálfsögðu eiga allir sinn rétt til að láta í sér heyra og það er nákvæmlega það sem við erum að gera í dag. Við erum að ræða þessi mál vegna þess að við höfum þennan lýðræðislega rétt til að láta í okkur heyra og segja skoðanir okkar. Það sem ég hins vegar fann að því furðulega bréfi sem kom inn um mína bréfalúgu og ég hygg margra annarra þingmanna, var þessi tilraun til þess að klæða og fela fordóma í garð eins hóps, að búa þá búningi trúarlegs ívafs. Það að reyna að rökstyðja það með einhverri trúarlegri skírskotun að það sé rétt að meina ákveðnu fólki tiltekin réttindi sem við teljum sjálfsögð í lýðræðislegu nútímaþjóðfélagi, er ákaflega ljótur leikur, ákaflega ljótur leikur, ekki bara gegn því samkynhneigða fólki sem þessari orðræðu var beint gegn heldur ekki síður gagnvart því fólki sem tekur trú sína alvarlega og lítur svo á að því leytinu að hin kristna trú feli í sér kröfuna um umburðarlyndi. Það vottaði ekki fyrir minnstu örðu af umburðarlyndi eða virðingu fyrir skoðunum annarra í þessari samsuðu. Það var eingöngu verið með dulbúnum hætti að reyna að koma orðum að því að það væri eðlilegt út frá sjónarhóli Biblíunnar að samkynhneigt fólk hefði ekki sömu réttindi og við hin. Þetta er auðvitað forkastanlegur málflutningur sem er sjálfsagt í sjálfu sér að ræða, en hann styðst ekki við rök. Þetta eru upphrópanir sem engin leið er að styðja neinum trúarlegum eða heimspekilegum rökum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. og 9.–18 mál.

Fundi slitið kl. 19:50.

101. FUNDUR

miðvikudaginn 6. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Ómskoðanir, fsp. KÁ, 311. mál, þskj. 552.

Til dómsmálaráðherra:

2. Meðferð trúnaðarupplýsinga, fsp. LB, 342. mál, þskj. 597.

[13:37]

Útbýting þingskjala:

Fjárveitingar til sýsluvega, 306. mál, svar samgrh., þskj. 647.

Neyðarhjálp vegna fátæktar, 370. mál, fsp. GE, þskj. 648.

Tilkynning um utandagskrárumræður o.fl.

[13:37]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill tilkynna tvær utandagskrárumræður sem fara fram á síðari fundi þessa dags. Það er fyrst tilkynning um utandagskrárumræðu þar sem málshefjandi er Kristín Ástgeirsdóttir. Heilbr.- og trmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa 1. mgr. og er hálftímaumræða. Efni umræðunnar er læknavaktin á höfuðborgarsvæðinu.

Í síðari utandagskrárumræðunni er málshefjandi Rannveig Guðmundsdóttir. Heilbr.- og trmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa 1. mgr. og er hálftímaumræða. Umræðuefnið er rekstur og framtíð meðferðarheimilis við Kleifarveg.

Um fundahaldið í dag er það að segja að reiknað er með því að fyrirspurnafundi ljúki um kl. tvö og þá verði settur nýr fundur og byrjað á 10. dagskrármáli. Utandagskrárumræður sem áður getur hefjast kl. þrjú. Þá er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu að lokinni síðari utandagskrárumræðunni rétt fyrir klukkan fjögur, þ.e. rétt áður en þingflokksfundir hefjast. Ef þörf er á verður haldið áfram milli kl. sex og sjö samkvæmt dagskrá og þá aðallega til að ljúka annarrar umræðu málum frá nefndum þar sem fyrir liggur sameiginlegt nefndarálit. Þetta er gert þar sem ekki var unnt að hafa kvöldfund í gærkvöldi svo sem boðað hafði verið.

Ómskoðanir.

Fsp. KÁ, 311. mál. — Þskj. 552.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Samkvæmt þeim samningum sem verið hafa í gildi milli sérfræðinga og Tryggingastofnunar ríkisins mega kvensjúkdómalæknar einungis beita ómskoðun 50 sinnum á ári eða tæplega einu sinni í viku. Þeir kvensjúkdómalæknar sem veita slíka þjónustu á stofu hafa fyrir löngu rekið sig á að kvótinn er allt of lítill og yfirleitt búinn þegar komið er fram yfir mitt ár. Þá er um þrennt að ræða. Í fyrsta lagi að veita slíka skoðun ókeypis, í öðru lagi að láta viðkomandi konu greiða fyrir skoðun og í þriðja lagi að senda hana annað sem kann að kosta bið og hafa aukinn kostnað í för með sér.

Í bréfum sem ég hef undir höndum frá einum kvensjúkdómalækni til Tryggingastofnunar ríkisins segir, með leyfi forseta:

„Staðreyndin er sú að með heimild til einungis 50 ómskoðana á ári er ekki með nokkru móti hægt að halda sér í þeirri þjálfun sem nauðsynleg getur talist. Hvað þá að standa undir þeim kostnaði sem þessi þjónusta hefur í för með sér. Ómskoðun, einkum vaginal, ætti að vera snar þáttur og sjálfsögð þjónusta í daglegu starfi allra kvennlækna sem reka stofur. Öll greining verður skjótari og öruggari og hefur í för með sér verulega fækkun aðgerða, svo sem útskafana og kviðspeglana, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir í dag ómældar upphæðir fyrir."

Í öðru bréfi frá sama lækni segir, með leyfi forseti:

„Að hafa kvóta á slíkum rannsóknum stríðir gegn siðareglum lækna sem er skylt að veita þá bestu og óruggustu læknisþjónustu sem býðst á hverjum tíma. Í ljósi þessara upplýsinga vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.:

1. Hversu margar ómskoðanir á konum (framkvæmdar hjá kvensjúkdómalæknum á stofum) voru greiddar af Tryggingastofnun á síðasta ári?

2. Hvaða reglur gilda um ómskoðanir kvensjúkdómalækna á eigin stofum?

3. Telur ráðherra að sá kvóti, sem settur hefur verið á ómskoðanir á stofum, dugi til að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og forvarnir?

[13:40]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur beint til mín þremur spurningum um ómskoðanir og verður spurningunum gerð skil hér á eftir.

Fyrsta spurningin er: Hversu margar ómskoðanir á konum (framkvæmdar hjá kvensjúkdómalæknum á stofum) voru greiddar af Tryggingastofnun á síðasta ári? — Á árinu 1995 voru Tryggingastofnun ríkisins sendir 529 reikningar fyrir ómskoðanir á konum sem gerðar voru á stofum kvensjúkdómalækna.

Í öðru lagi er spurt: Hvaða reglur gilda um ómskoðanir kvensjúkdómalækna á eigin stofum? — Um ómskoðanir kvensjúkdómalækna á stofum gilda gjaldskrárreglur. Hver kvensjúkdómalæknir hefur heimild til að beita gjaldskrárliðum reglunnar u.þ.b. 50 sinnum á ári samanlagt. Kvensjúkdómalæknir getur kosið að vísa sjúklingi sínum til ómskoðunar hjá öðrum slíkum lækni og er það á gert á kostnað heimildar þess læknis sem vísar sjúklingnum áfram. Í slíkum tilvikum á læknirinn sem gerir ómskoðunina ekki rétt á greiðslu fyrir viðtal við sjúkling.

Í þriðja lagi er spurt: Telur ráðherra að sá kvóti, sem settur hefur verið á ómskoðanir á stofum, dugi til að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og forvarnir? — Sá kvóti eða sú takmörkun á fjölda sem lýst er í svari við spurningu tvö hér á undan á við um fjölda ómskoðana sérfræðilækna á stofum í samningi þeirra við Tryggingastofnun ríkisins. Ekki er um að ræða einhliða ákvörðun Tryggingastofnunar heldur er fjöldi skoðana, sem greitt er fyrir samkvæmt gjaldskrá, samkomulagsatriði við sérfræðilækna úr kjarasamningum frá 1991.

Nú er það svo að Tryggingastofnun ríkisins er hvorki ætlað að annast eða kosta forvarnir. Því er skýrt tekið fram í 1. gr. samnings um sérfræðilæknishjálp að sá samningur

nái ekki til heilsuverndarstarfa en undir það falla forvarnir enda eru ekki takmarkanir á ómskoðunum hjá heilsugæslu. Með þessu móti er ómskoðun sérfræðilækna á stofum sniðinn ákveðinn stakkur en miðað við þær upplýsingar sem við höfum virðist hann vera viðunandi. Að sjálfsögðu er alltaf álitamál hversu langt skuli ganga í rannsóknum. Slíkt mat á þörf er ævinlega flókið og viðkvæmt. Möguleikar eru á að endurskoða fjölda heimilda til ómskoðana á stofum lækna en ekki hefur þótt ástæða til þess að svo komnu máli.

Ómskoðanir kvenna á meðgöngu fara fram víða. Ómskoðanir á stofum sérfræðilækna er aðeins hluti heimildarinnar. Auk þeirra eru gerðar ómskoðanir á konum á meðgöngu, á göngudeildum, sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Almennt er gert ráð fyrir að hver kona fari einu sinni í ómskoðun á meðgöngu og oftar ef þurfa þykir. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um heimildarfjölda slíkra skoðana á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá læknum erum við ekki eftirbátar annarra þjóða í þeim efnum.

[13:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Spurningin og svarið við henni hjá hæstv. ráðherra þykja mér varpa dálítið merkilegu ljósi á eitt af því sem við höfum deilt um í heilbrigðisþjónustunni, nefnilega þetta: Leiða þessar svokölluðu sparnaðarráðstafanir til raunverulegs sparnaðar? Það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að sá kvóti sem settur er á ómskoðanirnar leiðir til þess að þegar læknar eru búnir að fylla kvótann hafa þeir val á tveimur leiðum. Að vísa til annars læknir sem þarf þá að nota sinn eiginn kvóta eða að vísa viðkomandi konu inn á sjúkrahús til skoðunar. Það hefur verið gert í nokkrum tilvikum. Þá er kostnaðurinn auðvitað orðinn miklu meiri. Spurningin er því hvort þessi kvótasetning á ómskoðanir leiðir raunverulega til sparnaðar. Mér þykir líka merkilegt að heyra það í svari hæstv. ráðherra að þetta er í raun spurning um kjarasamninga lækna. Það sem á auðvitað að ráða er fyrst og fremst heill og velferð kvennanna. Þetta hefur gildi sem nær langt út fyrir eftirlit með meðgöngu, t.d. hefur þetta forvarnagildi varðandi ýmiss konar sjúkdóma sem geta tekið sig upp hjá konum. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, herra forseti.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin en jafnframt lýsa miklum vonbrigðum með þau því ég fékk ekki betur heyrt af hennar lýsingu en að þetta væri nú eiginlega allt í besta lagi. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn minni eru einmitt ábendingar sem ég hef fengið frá kvensjúkdómalæknum. Ég hafði sambandi við nokkra þeirra í morgun til að heyra hvað þeir segðu um þetta. Þeim bar öllum saman um að þessi kvóti væri búinn þegar komið er rétt fram yfir mitt ár eins og ég gat um í fyrri ræðu minni og það að hafa svona takmarkaðan kvóta leiddi til þess að það yrði að vísa sjúklingum annað sem hefði aukinn kostnað í för með sér. Ég vil því taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hér er einmitt um aðgerð að ræða sem á að takmarka kostnað en leiðir af sér aukinn kostnað annars staðar.

Þau bréf sem ég hef undir höndum eru einmitt tilmæli til Tryggingastofnunar ríkisins um að endurskoða gjaldskrár og samninga milli sérfræðilækna og Tryggingastofnunar ekki síst vegna þess að viðkomandi læknum finnst að það sé verið að ýta þeim aftur á bak í þróuninni og þeim sé ekki gert kleift að nýta þá tækni sem þeir ráða yfir og sem þeir telja að komi í veg fyrir frekari sjúkdóma því þeir greinist fyrr. Það þýðir minni kostnað í heilbrigðiskerfinu og auðvitað meiri möguleika á því að viðkomandi sjúklingur nái bata. Þegar konur fara í skoðun til síns kvensjúkdómalæknis er það líka ákveðið öryggis- og eftirlitsatriði að fá fullkomna skoðun þó auðvitað eigi ekki að beita þeim í óhófi. En þessari skoðun er beitt við ýmis tækifæri. Það er ekki bara þegar um þungun er að ræða heldur er þetta almenn skoðun sem konur fá.

Ég skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér í þessu máli. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir konur og þeirra heilbrigði og heilsu. Þarna held ég að við séum með enn eitt dæmi um misheppnaða sparnaðartilraun.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hér áðan þá var það samkomulagsatriði við sérfræðinga í kjarasamningum 1991, hversu margar slíkar aðgerðir væru gerðar. Þetta er endurskoðað í hverjum kjarasamningum. En ég sagði hér áðan og vil endurtaka það að við erum ekki eftirbátar annarra þjóða varðandi þessa skoðunaraðferð. Trúlega gerum við fleiri svona skoðanir en nokkur önnur þjóð. Við erum því ekki bara að tala um að gera þessar skoðanir hjá sérfræðilæknum. Við gerum þetta á heilsugæslustöðvum, göngudeildum og á kvennadeildum og á sjúkrahúsum eins og hér hefur komið fram. En auðvitað er alveg hárrétt að það er miklu hagstæðara að gera þetta á göngudeildum en inni á sjúkrahúsunum ef ekki er þörf á frekari aðgerðum.

Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Það er ágætt að vekja máls á þessu. En þetta er sem sagt kjarasamningaatriði og það var samkomulag gert við sérfræðinga á sínum tíma hversu margar skoðanir væru gerðar á stofum.

Meðferð trúnaðarupplýsinga.

Fsp. LB, 342. mál. — Þskj. 597.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja litla fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmrh. Á grundvelli ýmissa valdheimilda fá stofnanir og embætti ríkisins miklar upplýsingar um einkalíf einstaklinga, þar á meðal mikilvægar trúnaðarupplýsingar. Í þessu ljósi tel ég mjög mikilvægt að við meðferð þessara upplýsinga gildi skýrar reglur og einkum er varðar samskipti milli stofnana ríkisins vegna þessara upplýsinga.

Til að skýra mál mitt örlítið betur langar mig að gefa dæmi. Fyrir stuttu hafði samband við mig maður sem hafði höfðað mál gegn ríkinu og ætlaði að reyna að ná fram rétti sínum. Í greinargerð ríkisvaldsins er vitnað til upplýsinga sem geta hvergi hafa komið fram nema vegna forræðisdeilu sem maðurinn átti í fyrir margt löngu og síðar vegna kæru um kynferðislegt brot. Til þessara gagna er vísað í greinargerð ríkisins. Því leyfi ég mér að leggja fram svofellda fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

„Hvaða reglur gilda um meðferð trúnaðarupplýsinga um einstaklinga í innbyrðis samskiptum stofnana ríkisins, svo sem upplýsinga sem fram koma við hjónaskilnaði, deilur um forræði barna og rannsóknir lögreglu á opinberum málum?“

[13:51]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í lögum er ekki að finna reglur þar sem sérstaklega er fjallað um meðferð trúnaðarupplýsinga um einstaklinga í samskiptum opinberra stofnana. Í þessu efni verður því að vísa til almennra ákvæða í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, almennra ákvæða laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, sérákvæða í lögum og reglugerðum svo og meginreglu stjórnsýsluréttarins. Um opinbera starfsmenn gildir sú almenna regla sem fram kemur í 32. gr. laga 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem segir:

„Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins."

Regla þessi hefur almennt gildi og gildir því jafnt í samskiptum opinberra starfsmanna við einstaklinga, fyrirtæki eða aðrar opinberar stofnanir.

Í lögunum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, er að finna almennar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga. Í II. kafla laganna kemur það fram að kerfisbundin skráning persónuupplýsinga sé því aðeins heimil að hún teljist eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengist starfi hans eða verksviði. Þar eru einnig taldar upp þær upplýsingar sem óheimilt er að skrá og varða einkamálefni einstaklings nema heimild sé til þess í lögum eða viðkomandi hafi sjálfur látið umræddar upplýsingar í té.

Í 5. gr. laganna segir að án sérstakrar heimildar í lögum sé eigi heimilt að skýra frá framangreindum upplýsingum nema með samþykki hins skráða eða einhvers sem heimild hefur til að skuldbinda hann. Heimilt er þó með samþykki tölvunefndar að skýra frá nefndum upplýsingum ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga krefjast þess.

Vegna sérstakrar tilvísunar fyrirspyrjanda til mála er varða hjónaskilnaði, forsjárdeilur og rannsókn opinberra mála skal tekið fram að þær almennu reglur sem nefndar voru hér að framan gilda að sjálfsögðu við meðferð slíkra mála. Stjórnvald sem slík mál hefur til meðferðar í þessum tilvikum, sýslumannsembætti, lögregla og dómsmrn., gefur því aðeins öðru stjórnvaldi trúnaðarupplýsingar um einstaklinga sem komið hafa fram við meðferð málsins, að það stjórnvald sem æskir upplýsinganna hafi lagaheimild til þess að óska eftir umræddum upplýsingum eða aðili máls veiti samþykki sitt fyrir því að umræddum upplýsingum sé komið á framfæri.

Sem dæmi um slíkt ótvírætt lagaákvæði má nefna þær heimildir sem barnaverndaryfirvöld hafa samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna til að kalla eftir upplýsingum og þá skyldu sem hvílir á þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna til að skýra barnaverndaryfirvöldum frá óviðunandi misfellum á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna eins og það er orðað í 13. gr. laganna. Tekið er fram í umræddri grein að þessi tilkynningar- og upplýsingaskylda gangi framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Sérstök tilkynningarskylda hvílir á lögreglu skv. 14. gr. umræddra laga, m.a. vegna rannsóknar á opinberu máli þar sem börn eru annaðhvort þolendur eða gerendur. Í 16. gr. kemur fram að lögreglu er skylt að hafa samvinnu við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Einnig má benda á lög um umboðsmann barna en þar segir í 5. gr.: „Stjórnvöldum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu."

Í lögum um umboðsmann Alþingis segir í 7. gr. að hann geti krafið stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns. Að því er varðar forsjárdeilur og hjúskaparmál sérstaklega má benda fyrirspyrjanda á að í reglugerð nr. 231/1992, um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum, segir svo í 16. gr.

„Sýslumanni er óheimilt, nema lög mæli annan veg, að afhenda úrskurð öðrum en aðilum máls. Þó má láta barnaverndaryfirvöldum eða sérstaklega tilnefndum tilsjónarmanni í té afrit úrskurðar, hafi þeim verið falið að liðsinna við framkvæmd úrskurðar um umgengni. Tryggingastofnun ríkisins skal enn fremur látið í té afrit úrskurðarorðs um meðlag er stofnunin greiðir, sé þess óskað, ásamt upplýsingum um kennitölu og heimilisfang hvors aðila og barns eða barna. Enn fremur geta opinberir aðilar, eftir skriflegri rökstuddri beiðni, fengið afrit úrskurðar, ef nauðsyn þykir bera til."

Svipað ákvæði er að finna í 14. gr. reglugerðar nr. 230/1992 um stjórnsýslumeðferð hjúskaparmála.

Að lokum má benda fyrirspyrjanda á þá meginreglu stjórnsýsluréttarins að opinber starfsmaður hefur ekki heimild til þess í skjóli starfa síns að afla sér trúnaðarupplýsinga er ekki hafa þýðingu fyrir verkefni sem honum eru falin í starfi. Þessi meginregla hefur verið staðfest að umboðsmanni Alþingis samanber skýrslu umboðsmanns til Alþingis frá árinu 1992 á bls. 236.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör. En jafnframt spyr ég að því hvort til standi að setja skýrar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga milli stofnana ríkisins.

[13:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu eru nokkuð skýrar reglur í þessu efni og almenn lög. Og eins og mál eru vaxin hefur ekki þótt ástæða til að setja sérstaklega viðbótarákvæði í þeim efnum.

Fundi slitið kl. 13:57.

---

102. FUNDUR

miðvikudaginn 6. mars,
að loknum 101. fundi.

Dagskrá:

1. Munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku, beiðni um skýrslu, 369. mál, þskj. 646. *Hvort leyfð skuli.*

2. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1995, þáltill., 325. mál, þskj. 572. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 284. mál, þskj. 523. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, stjfrv., 283. mál, þskj. 522. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Flugmálaáætlun 1996–1999, stjtill., 365. mál, þskj. 640. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 301. mál, þskj. 541. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Helgidagafriður, stjfrv., 315. mál, þskj. 556. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Staðfest samvist, stjfrv., 320. mál, þskj. 564. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Almenn hegningarlög, stjfrv., 333. mál, þskj. 582. — 1. umr.

11. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 355. mál, þskj. 615. — 1. umr.

12. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549. — 1. umr.

13. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frv., 357. mál, þskj. 622. — 1. umr.

14. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 173. mál, þskj. 216, nál. 620, brtt. 621. — 2. umr.

15. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 129, nál. 623, brtt. 624. — 2. umr.

16. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 102, nál. 637, brtt. 638. — 2. umr.

17. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 103, nál. 633, brtt. 634. — 2. umr.

18. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 106, nál. 635, brtt. 636. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (barnaklám, samkynhneigð). — Þskj. 582.

[13:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum frá 1940. Í frv. eru ráðgerðar tvenns konar breytingar á lögunum. Þær lúta annars vegar að því að gera refsivert að hafa gróft barnaklám í vörslu sinni og hins vegar að veita samkynhneigðum refsivernd gegn því að á þá sé ráðist opinberlega með háði, smánun, ógnun eða á annan sambærilegan hátt.

Það er nýjung í íslenskri refsilöggjöf að gera vörslu á efni með barnaklámi refsiverða en setning slíks refsiákvæðis er hins vegar í samræmi við alþjóðlega þróun á þessum vettvangi í viðleitni til að sporna sérstaklega gegn þessum óhugnanlega þætti klámiðnaðar í heiminum. Núgildandi íslenskt refsiákvæði um klám er að finna í 210. gr. hegningarlaganna. Þar er fyrst og fremst lögð refsing við birtingu kláms á prenti og framleiðslu, innflutningi og sölu á klámefni en nær hins vegar ekki til þess verknaðar eins að hafa myndefni með grófu barnaklámi í vörslu sinni. Í 1. gr. frv. er þannig lagt til að ný málsgrein bætist við 210. gr. sem kveður á um refsingu fyrir slíkt athæfi.

Við framleiðslu efnis sem felur í sér barnaklám svo sem við gerð myndbanda eða ljósmynda eru iðulega framin alvarleg kynferðisleg brot gegn þeim börnum sem taka þátt í myndatökunni. Hins vegar getur reynst erfitt að ná til þeirra sem framleiða slíkt efni sem dreift er á alþjóðlega vísu. Þannig er oft erfitt að rekja uppruna efnisins, t.d. að finna þá einstaklinga sem tóku myndirnar eða áttu hlutdeild að því svo og börnin sem myndirnar eru teknar af og geta ýmis sönnunarvandamál komið upp í því sambandi. Eins getur framleiðsla farið fram á mörgum stigum svo sem að einn einstaklingur taki myndirnar en að þær séu framkallaðar og þeim dreift í öðrum löndum.

Markmið þess að gera vörslu á barnaklámi refsiverða er fyrst og fremst að ef ríki heims fallast almennt á að setja slíkt ákvæði í refsilöggjöf sína yrði eftirspurn eftir slíku efni takmarkaðri og þar með dregi jafnframt úr kynferðislegri misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess. Sambærilegum refsiákvæðum hefur þegar verið bætt inn í löggjöf Danmerkur og Noregs og verið í undirbúningi í Svíþjóð auk þess sem önnur ríki víða um heim hafa gert vörslu barnakláms refsiverða eða íhuga lagasetningu í þá veru. Þessi þróun er í samræmi við alþjóðlega samvinnu um úrræði til að uppræta barnaklám en bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs hefur verið skorað á aðildarríki að gera vörslu á barnaklámi refsiverða í innanlandslöggjöf sinni.

Eins og lagt er til í fyrri hluta 1. gr. frv. er stefnt að því að hver sá sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum skuli sæta sektum. Með þessu er gengið út frá að myndefnið sýni í raun að verið sé að fremja kynferðisbrot á barni og hér miðað við skilgreiningu 202. gr. hegningarlaga um að slíkur verknaður gagnvart barni yngra en 14 ára varði fangelsi allt að 12 árum.

Í síðari hluta 1. gr. frv. er lagt til að það varði einnig sektum að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða við aðstæður þar sem börn nota hluti á grófan, klámfenginn hátt.

Erfitt getur reynst að skilgreina hvað felst í hugtakinu klám. En með þessu er miðað við að ef ekki er um að ræða beint holdlegt samræði eða kynferðismök í skilningi 202. gr. hegningarlaga þá þurfi mynd að fela í sér gróft klám til að falla undir refsiákvæði. Þannig verður að meta hvert tilvik, t.d. hvort mynd sýni barn sem tekur þátt í kynferðisathöfn eða hvort myndataka beinist að kynfærum barns. Hins vegar er ráðgert að t.d. nektarmyndir af börnum í venjubundnum leik falli utan gildissvið ákvæðisins. Með því að áskilja gróft

klám í 1. gr. frv. skapast síður sönnunarvandamál um hvort myndefnið sé þess eðlis að það falli undir ákvæðið.

Skilyrði refsiábyrgðar skv. 1. gr. frv. er að maður hafi efni með barnaklámi í vörslu sinni. Með vörslu á efni er ekki gert að skilyrði að maður eigi efnið heldur er nægjanlegt að hann hafi það á leigu, í láni eða geymslu. Hins vegar er hægt að beita öðrum ákvæðum 210. gr. með þyngri refsimörkum gagnvart þeim einstaklingi sem hefur t.d. leigt honum myndina eða dreifir slíku klámefni á annan hátt. Um nánari skilgreiningu á því hvað átt er við með orðinu börn í 1. gr. svo og hvers konar myndir eða hlutir geta fallið undir ákvæðið vísa ég til ítarlegra athugasemda við 1. gr. í athugasemdum við frv. Ég vil þó leggja á það áherslu að ekki þótti ráðlegt að tilgreina ákveðin aldursmörk barns í ákvæðinu. Í því sambandi geta risið erfið sönnunarvandamál þar sem klámefni af þessu tagi er nær undantekningarlaust framleitt erlendis og ógerlegt að staðfesta hver var aldur barns á þeim tíma sem myndataka fór fram. Verður því að draga ályktanir af ytri líkamlegum þroska barnsins í hverju tilviki.

Í 2. gr. frv. er lagt til að í 233. gr. a, almennu hegningarlaganna, verði samkynhneigðum veitt sambærileg refsivernd og ákvæðið veitir nú þegar gegn því að ráðist verði opinberlega með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan sambærilegan hátt á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða. Þetta ákvæði frv. á m.a. rætur að rekja til tillagna nefndar um málefni samkynhneigðra sem birtist í skýrslu nefndarinnar frá október 1994. Þar er m.a. vísað til þess að sambærilegar breytingar hafi verið gerðar á refsilöggjöf á Norðurlöndum. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna að samkynhneigðir sem minnihlutahópur í þjóðfélaginu eigi að njóta sérstakrar verndar svo sem aðrir minnihlutahópar gera skv. 233. gr. a í dag. 233. gr. a var á sínum tíma bætt inn í hegningarlögin með breytingalögum frá 1973 í tengslum við fullgildingu Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1965 um afnám alls kynþáttamisréttis. Fram til þessa hefur lítt reynt á 233. gr. a í tengslum við kynþáttamisrétti eða árásir sem gerðar eru opinberlega á minnihlutahópa sem taldir eru í ákvæðinu og fela í sér háð, róg, smánun, ógnun eða sambærilegar athafnir. Hins vegar felst í þessari breytingu á hegningarlögum skýr yfirlýsing um ótvíræð réttindi samkynhneigðra til fullrar aðildar að íslensku samfélagi og hvatning til þess að þeir leiti óhikað réttar síns. Full þörf er á slíkri refsivernd fyrir samkynhneigða enda er þar um að ræða minnihlutahóp sem finnur ekki hvað síst fyrir fordómum þjóðfélagsins í sinn garð.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir þeim tvíþættu markmiðum sem sett eru með breytingum á hegningarlögunum í þessu frv. og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Nú stendur til enn eina ferðina að gera andlitslyftingu á almennu hegningarlögunum frá 1940 en þau eru reyndar að stofni til mun eldri, ef ég man rétt, þar sem þau eru sótt að miklu leyti í dönsku hegningarlögin sem voru frá 1930 og voru að stofni til mun eldri. Auk almennra hegningarlaga höfum við fjölda sérrefsilagaákvæða í hinu ýmsu lögum og slík ákvæði eru oft og tíðum þannig úr garði gerð að þau kveða aðeins á um heimild til refsingar en eru að öðru leyti fáorð. Þau fylgja hins vegar í kjölfar ítarlegra hátternisreglna sem lagabálkurinn lýsir að öðru leyti. Sérrefsiákvæðin eru oft og tíðum um smærri brot og yfirsjónir eða þá yngri brot sem áður þekktust ekki en hafa orðið til með aukinni tækni og breyttum atvinnuháttum. Sem dæmi má nefna viðskiptalöggjöf ýmiss konar, fiskveiðilöggjöf og umferðarlöggjöf.

Almennu hegningarlögin sem hér er verið að breyta eiga að fjalla um öll hin veigameiri og alvarlegri brot, ekki síst ýmis rótgróin afbrot sem fylgt hafa mannlegu samfélagi frá alda öðli eins og prófessor Jónatan Þórmundson orðar það í riti sínu Refsirétti. Einnig falla undir almenn hegningarlög brot sem brjóta gegn trúar- og siðferðisreglum og gegn almennri siðgæðisvitund, sem sagt hin alvarlegri brot. En það hefur ýmislegt breyst í heiminum á þeim tíma sem liðinn er frá því hegningarlögin tóku gildi. Refsirétturinn er í stöðugri framþróun enda hafa lögin tekið þó nokkrum breytingum frá því þau voru sett. Ég hef látið taka saman fyrir mig hversu oft lögunum hefur verið breytt frá upphafi og fékk þau svör að það væru 30 lagabreytingar sem hafa falið í sér breytingu á almennu hegningarlögum frá því þau voru sett sem verður að teljast nokkuð mikið.

Kaflinn um kynferðisbrot sem er til umfjöllunar nú var gagngert endurskoðaður síðast með lögum frá 1992 og enn og aftur er hann kominn til endurskoðunar. Ég tel að almennu hegningarlögin séu því miður orðin ansi sundurlaus og það sé ekki ásættanlegt að hafa okkar meginheimild á sviði refsiréttarins þannig. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort það standi til að láta fara fram heildarendurskoðun á þessum mikilvæga lagabálki. Ef það stendur ekki til vildi ég gjarnan heyra hans skoðun á slíkri endurskoðun, hvort hann telji ástæðu til að kanna hvort þetta sé orðið tímabært.

Um efni frv. að öðru leyti hef ég fyrst og fremst athugasemdir fram að færa við fyrri greinina en hún felur í sér viðbót við 210. gr. hegningarlaganna. Hæstv. dómsmrh. hefur þegar útskýrt efni greinarinnar og tel ég það nokkuð skýrt hvað greininni er ætlað að ná yfir, þ.e. vörslu efnis með grófu barnaklámi. Með grófu barnaklámi er átt við samfarir eða önnur kynferðismök við börn eftir því sem ég best fæ séð í grg. Um markmið ákvæðisins segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Markmið þess að gera refsivert að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi er að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Bann gegn því að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi er talið geta dregið úr og fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efni."

Auk þess segir í grg.: „Þegar efni með barnaklámi er framleitt eru jafnframt framin alvarleg refsiverð brot gegn börnunum og má teljast undarlegt að varsla á slíku efni teljist ekki refsiverð. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi er mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það getur stuðlað að því að bæta réttarstöðu barna. Ef það verður almennt að ríki heims geri vörslu á efni með barnaklámi refsiverða getur það stuðlað að því að takmarka eftirspurn eftir slíku efni og þar með kynferðislega misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess."

Þessi rök eru eðlileg og að ég held í takt við siðferðis- og réttarvitund okkar flestra. En það sem ég á erfiðara með að skilja með tilliti til þessara raka er það hvers vegna ekki er gengið lengra í ákvæðunum úr því á annað borð er verið að kveða á um þetta í hegningarlögunum. Af hverju er aðeins talað um grófu barnaklám? Er ekki varsla efnis með hvers kyns barnaklámi eitthvað sem við viljum að sé refsivert?

Við erum með ákvæðinu að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun og við teljum að bann gegn vörslu barnakláms takmarki eftirspurn eftir slíku efni og þar með kynferðislega misnotkun í tengslum við framleiðslu þess. Eins og ákvæðið lítur út í dag virðist mér að varsla barnakláms sé í lagi svo framarlega sem það sé ekki gróft. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég misskil þetta. Ég tel að eðlilegra hefði veri að stíga skrefið til fulls og hef ekki komið auga á skynsamleg rök á móti því. Í athugasemdum með frv. segir um þetta, með leyfi forseta.

„Á móti framangreindum rökum" — sem sagt að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun — „kemur að mjög óljóst er hvaða áhrif slíkt bann kemur til með að hafa í reynd og að rannsókn á slíkum brotum getur gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs. Þá hefur því verið haldið fram að í einstaka tilvikum geti efni með barnaklámi, sem kynferðislega misþroska menn hafa í vörslu sinni, hugsanlega að einhverju leyti komið í veg fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum."

Og síðan segir: „Í 1. gr. frumvarpsins er valin sú leið að gera refsivert að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi, þ.e. efni þar sem um er að ræða samfarir eða önnur kynferðismök. Samkvæmt greininni verður refsivert að hafa í vörslu sinni myndir eða annað efni sem framleitt er með þeim hætti að jafnframt er framið alvarlegt kynferðisbrot gegn barni. Myndir sem teknar eru með þeim hætti að við töku þeirra er ekki framið alvarlegt kynferðisbrot gegn barninu falla ekki undir ákvæði greinarinnar og er með þeim hætti reynt að koma til móts við það sjónarmið að slíkt efni geti haft þau áhrif að kynferðislega misþroska menn fremji síðar kynferðisafbrot gegn börnum. Slík takmörkun getur einnig gert réttarvörsluna á þessu sviði auðveldari þar sem síðar skapast álitaefni um hvort myndefnið sé þess eðlis að það falli undir verknaðarlýsingu ákvæðisins."

Það verður að segjast eins og er að þessi hluti grg. er annað tveggja, annaðhvort er hann einstaklega klaufalega fram settur eða ótrúlega vitlaus. Er það rétt skilið hjá mér að ákveðið hafi verið að miða bara við gróft barnaklám vegna þess að temmilegt barnaklám geti hjálpað kynferðislega misþroska mönnum að takast á við hvatir sínar? Ég get ekki skilið þetta á annan hátt.

Önnur röksemd sem mér finnst koma þarna fram felst í því að með því að miða aðeins við gróft barnaklám þá verði réttarvarslan öruggari og sönnunarvandinn verði minni. Að sjálfsögðu er einfaldast að hafa refsilöggjöfina í anda tiltekins íslensks heimspekings sem lýsti því einhvern tíma yfir að það væri skynsamlegt að byggja refsilöggjöf einungis á sektum og dauðarefsingum. Annað væri vandasamt og dýrt og skapaði aðeins sönnunarvandamál.

Löggjöfin er full af ákvæðum sem vekja upp gífurleg sönnunarvandamál en við verðum líklega að kljást við það fyrir dómstólum. Það eru a.m.k. í mínum huga ekki rök gegn því að hafa refsiákvæði á þennan veg.

Þriðju rökin sem tínd eru upp í grg. á móti því að fella barnaklám almennt undir greinina eru þau að rannsókn á slíkum brotum geti gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs. Ég trúði vart mínum eigin augum þegar ég sá þessa setningu í grg. Er það virkilega svo að árið 1996, á tímum síaukinna mannréttinda barna, að friðhelgi einkalífs sé notuð sem rök gegn því að slíkur ósómi sem barnaklám sé upprættur hvar sem hann viðgengst, innan eða utan heimilis? Reglan um friðhelgi einkalífs á ekki að vinna gegn svo sjálfsögðum hlutum sem vernd barna gegn því að vera notuð til upptöku á klámmyndum, ekki frekar en það er réttlætanlegt að nota ákvæðið sem rök gegn því að aðrir meðlimir fjölskyldunnar séu misrétti eða ofbeldi beittir í skjóli hennar. Þarna er löngu kominn tími til breyttra viðhorfa og löggjafanum yrði sómi að því að sýna gott fordæmi í þessum efnum.

Á meðan við höfum svona röksemdarfærslu í grg. með löggjöf um svo viðkvæmt efni er ekki von á góðu fyrir dómstóla landsins þegar þeir loksins fá ákvæðið til túlkunar. Ég tel því mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra skýri frekar þessi orð í grg. ef ég hef misskilið þau. En mér finnst þau gefa tilefni til þessarar túlkunar og ef þessi túlkun er rétt tel ég mjög mikilvægt að þessi kafli í grg. sé tekinn til gagngerrar endurskoðunar og lagaákvæðinu breytt í þá veru að láta það falla almennt undir vörslu efnis með barnaklámi.

[14:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög en ég tek undir öll þau efnisatriði sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti í mjög vandaðri yfirferð sinni um þetta frv. Ég tel að þau álitaefni sem hún reifaði í ræðu sinni séu verð mikillar íhugunar hjá þeirri nefnd sem mun fá þetta mál til umfjöllunar. Til að mynda hef ég aldrei fyrr séð hugtakið kynferðislega misþroska maður. Ég sé að það er notað til að draga úr vægi þeirrar greinar sem verið er að setja inn í hegningarlögin. Þar er talað um að það sé einungis refsivert ef í ljós kemur að í þeim varningi sem menn hafa undir höndum sé framið alvarlegt kynferðisbrot gegn barni. Með öðrum orðum er hægt að gagnálykta að það sé ekki saknæmt að hafa undir höndum efni sem einhver maður dæmir að sýni ekki alvarlegt kynferðisbrot gegn barni. Ég get ekki fallist á það sjónarmið. Ég velti því fyrir mér hvort það byggi á einhverjum rannsóknum þegar menn staðhæfa í greinargerðinni að sú staðreynd að menn hafi aðgang að slíku efni geti mögulega leitt til þess að þeir, sem frumvarpshöfundar kalla kynferðislega misþroska menn, fremji síðar kynferðisafbrot gagnvart börnum. Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Er þetta byggt á einhverjum rannsóknum sem starfsmenn hans hafa undir höndum og hafa þá væntanlega verið gerðar út í hinum stóra heimi?

Ég tek mjög undir það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði um þá röksemd að með því að hafa þetta með þeim hætti að það séu einungis alvarleg kynferðisbrot sem eru saknæm þá geri það réttarvörsluna auðveldari. Mér eins og henni finnst þetta hláleg athugasemd, herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að þetta mál verði kannað mjög rækilega í allshn. vegna þess að ég held að þarna sé ekki gengið nógu langt til þess að sporna gegn dreifingu efnis sem sýnir börn í kynferðismökum.

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með seinni greinina. Hérna er komið framhald af þeirri vinnu sem við reifuðum í umræðum lengi dags í gær. Eins og menn muna samþykkti hið háa Alþingi þingsályktun í maí 1992 sem leiddi til þess að sett var á stofn nefnd sem átti að fjalla um málefni samkynhneigðra. Hún hefur skilað af sér góðri vinnu, skilað tillögum frá sér, sem hæstv. dómsmrh. hefur hafist handa við að hrinda í framkvæmd. Ein af tillögum nefndarinnar er nú komin klædd orðum í 2. gr. frv. Ég spyr hins vegar hæstv. dómsmrh. hvort orðalag greinarinnar gangi nægilega langt, þ.e. hún meinar mönnum að ráðast opinberlega á hóp manna vegna tiltekinna þátta, m.a. samkynhneigðar. Nú er

það svo að við vitum að það er oft ráðist með spotti og hvers kyns áreitni að einstaklingum vegna samkynhneigðar þeirra. Þýðir þetta, hæstv. dómsmrh., að það sé ekki saknæmt að ráðast þannig að einstaklingi?

[14:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að taka undir með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um nauðsyn þess að hegningarlögin verði endurskoðuð í heild. Við höfum orðið vitni að því og tekið þátt í því að breyta þessum lögum nú á undanförnum árum og þá oft í ljósi umræðu sem hefur átt sér stað um tiltekin glæpsamleg athæfi eins og þegar breytt var kafla hegningarlaganna vegna umræðu um sifjaspell og nauðgun. Síðan hefur verið þrýstingur á að taka sérstaklega upp hegningarlögin varðandi refsingar vegna alls sem lýtur að innflutningi eða neyslu eiturlyfja. Það er ákveðin hætta á því að verulegt misræmi skapist á milli dóma ef einstakir þættir eru teknir út og lögin plástruð æ ofan í æ án þess að fram fari heildarendurskoðun.

Í því frv. sem er til umræðu hefur verið farið yfir skilgreininguna á því hvað er gróft barnaklám. Í greinargerðinni kemur hins vegar fram að Norðmenn hafi sett mjög svipað ákvæði inn í sín lög en á bls. 4 í frv. segir um Noreg:

„Með lögum nr. 49 22. maí 1992 var 211. gr. norsku hegningarlaganna breytt og varsla á myndefni með barnaklámi gert refsivert. Samkvæmt d-lið 1. mgr. greinarinnar varðar það þann sektum eða fangelsi allt að 2 árum, eða hvoru tveggja, sem hefur í vörslu sinni eða flytur inn myndir, kvikmyndir, myndbönd eða sambærilegt efni, þar sem nokkur sem er eða virðist vera yngri en 16 ára er sýndur á kynferðislegan eða klámfenginn hátt."

Síðan kemur skýring á því hvernig Norðmenn túlka þetta orð kynferðislegur og klámfenginn, en þar segir:

„Með hugtökunum „kynferðislegur" og „klámfenginn" er í ákvæðinu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða á annan hátt er til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta."

Þarna er í raun um sama orðalag hér og í norsku lögunum að ræða en allt aðra túlkun á því hvað er gróft barnaklám. Á bls. 6. í greinargerðinni er skýring á því hvernig við túlkum ákvæði frv. og kemur hún mér verulega á óvart. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það sem bannað er að hafa í vörslu sinni samkvæmt ákvæðinu eru ljósmyndir, kvikmyndir og sambærilegir hlutir."

Þetta er nákvæmlega sama orðalag „sambærilegir hlutir" og er í norska ákvæðinu. En síðan kemur skýring á því hvernig við ætlum að beita þessu ákvæði og það er þannig, með leyfi forseta: „Af því leiðir að undir ákvæðið falla ekki teikningar, þótt þær séu teiknaðar af lifandi fyrirmynd. Sama gildir um myndir sem búnar eru til í tölvu, enda er ekki um að ræða að myndað hafi verið raunverulegt samræði eða önnur kynferðismök og þar af leiðandi ekki framið refsivert brot gegn barni við gerð myndarinnar."

Hvað ef börn komast í teikningar eða þegar börnum eru sýndar slíkar teikningar eða tölvuleikir eða tölvumyndir? Getur það ekki á sama hátt haft alvarlegar afleiðingar fyrir sálarlíf barns eins og mynd af beinni misnotkun þar sem um lifandi fyrirmynd er að ræða? Mér finnst þetta vera mjög sérkennileg túlkun og erfitt að fallast á að grófar teiknimynir eða tölvumyndir eða myndir í tölvuleikjum falli ekki undir þetta ákvæði og sé þá þar af leiðandi ekki um refsivert athæfi að ræða á sama hátt og um getur í 1. gr. þessa frv.

Að lokum varðandi 2. gr. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alltaf erfitt að meta og hljóti að vera skiptar skoðanir um það hvaða hópa eða einstaklinga á að taka út og nefna eða tiltaka sérstaklega þar sem beita skal refsingum ef ráðist er að þeim með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan sambærilegan hátt opinberlega. Hins vegar fannst mér koma fram í ræðu hæstv. ráðherra og reyndar oftar en einu sinni að þarna væri verið að fjalla um minnihlutahópa. Það væri m.a. þess vegna sem þyrfti að setja þetta í lög. Það væri fyrst og fremst verið að fjalla um minnihlutahópa. Ég lít hins vegar þannig á að ekki sé verið að tala sérstaklega um minnihlutahópa heldur alla þá sem verða fyrir háði, rógi, smánun, ógnun eða ráðist er á á sambærilegan hátt opinberlega. Ef minnihlutatrúarhópur ræðst á aðila í íslensku þjóðkirkjunni þá hljóta að gilda nákvæmlega sömu ákvæði. Það kemur hvergi fram í þessum lagagreinum en hins vegar fannst mér ég mega skilja það þannig af ræðu hæstv. ráðherra að fyrst og fremst væri um að ræða vernd fyrir minnihlutahópa.

[14:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp til að taka undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur þar sem hún ræðir hvað það er hlálegt að ekki skuli vera lagt bann við því að búa til myndir í tölvu eða teikna myndir af börnum við kynferðisathafnir. Við vitum að með þeirri tækni sem við búum við núna er hægt að búa til myndir sem sýna hvað eina sem maður vill. Það er þess vegna hægt að búa til myndir, sem væri ekki refsivert að gera samkvæmt þessu frv., sem sýndu börn í grófum kynferðisathöfnum einfaldlega með því að notfæra sér þá tækni sem menn búa yfir í dag. Ég velti því fyrir mér hvers vegna menn banna það ekki? Ef verið er að opna farveg til þess að búa til slíkar myndir þar sem fyrirmyndin hefur aldrei verið til eða hefur a.m.k. ekki tekið þátt í þeim athöfnum sem myndin sýnir getur það ekki hvatt til að fella hugsun manna í þann farveg að þetta sé í lagi og að þetta dragi úr þeirri siðferðilegu mótstöðu sem við til allrar guðslukku búum við í dag gegn slíkum athöfnum? Dregur það ekki úr mótstöðu manna gegn slíku?

Ég held að þegar hv. allshn. skoðar frv. eigi hún að taka þetta til mjög nákvæmrar íhugunar. Tæknin býður einfaldlega upp á að það sé hægt að búa til og dreifa myndum af viðfangsefnum sem aldrei hafa tekið þátt í athöfnum sem myndirnar sýna. Ég held að það eigi að leggja bann við slíku.

[14:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég læt í ljós ánægju mína með efni þessa frv. um leið og ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, fyrst hjá hv. 12. þm. Reykv. Þar á ég í fyrsta lagi við að það sé löngu orðið tímabært að endurskoða almennu hegningarlögin í heild og ekki síður hitt að 1. gr. frv. virðist eiga eingöngu við allra grófasta barnaklám. Ég get vel skilið að ef þetta væri orðað almennara þá gætu myndast mörg grá svæði og væntanlega er tilgangurinn að hafa þetta svona skýrt til að geta forðast þau. Ég sit sjálf í allshn. og mun vinna að því að þröskuldurinn verði lækkaður þannig að hægt verði að ná yfir meira en þetta allra grófasta því ef þetta getur unnið gegn kynferðislegri áreitni og misnotkun á börnum er það vel. Ég held að við verðum við setningu á

svona viðkvæmri löggjöf að vanda mjög vel til hennar og hér megi betrumbæta orðalag til að ná settum tilgangi.

Þá fagna ég alveg sérstaklega 2. gr. frv., því ákvæði að það sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi að ráðast að fólki vegna samkynhneigðar. Því miður gat ég ekki verið viðstödd umræðuna um staðfesta samvist í gær. En ég nota tækifærið til að láta í ljós ánægju mína yfir því frv. Ég tel að í þessum tveimur frv. saman felist mjög mikilvæg réttarbót þótt vissulega megi þar bæta um betur eins og kom fram í umræðunni í gær. Ég læt í ljós ánægju mína með þau sjónarmið sem komu fram í umræðunni í gær sem ég kynnti mér í morgun og furðu minni yfir sjónarmiðum hv. þm. Árna Johnsens. Ég fagna því að samkynhneigðir munu nú njóta verndar sem hópur á við mismunandi trúarhópa og hópa af mismunandi kynþáttum og tel að hér séu mikilvæg framfararspor á ferðinni í átt til aukinna mannréttinda fyrir samkynhneigða. Um leið hvet ég til allsherjarendurskoðunar á almennu hegningarlögunum.

[14:29]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hefur farið fram um efnisákvæði frv. og eins þá spurningu sem hefur verið vakin upp hvort tímabært sé að efna til heildarendurskoðunar á hegningarlögunum. Hegningarlögin eru vitaskuld orðin gömul, að stofni til og síðasta heildargerð þeirra er frá 1940 eins og kunnugt er og allar götur síðan hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á þeim. Refsiréttturinn er í stöðugri þróun og þess vegna hygg ég að það verði ávallt þannig að á þeim tíma sem hlýtur að líða á milli heildarendurskoðunar á þessum viðamikla lagabálki þurfi löggjafarvaldið að gera jafnt og þétt breytingar á lögunum í samræmi við þróun á þessu réttarsviði. Breytingar eins og þær sem við erum að fjalla um hér þola oft ekki bið eftir heildarendurskoðun og menn þurfa að meta þá brýnu hagsmuni sem eru í húfi að koma fram réttarbótum þó að full þörf geti verið á heildarendurskoðun. Ég tek undir það sjónarmið að það fer að koma tími á að heildarendurskoðun fari fram á lögunum. Það verður mjög umfangsmikið verk og tímafrekt. Þó að slíkri endurskoðun verði hleypt af stokkunum geri ég ráð fyrir að menn geti ekki komist hjá því að gera breytingar á meðan á hegningarlögunum vegna þess að margar þeirra þola oft ekki bið. En þetta er vissulega eitt af þeim verkefnum sem við þurfum að fara að horfa til.

Varðandi þær athugasemdir sem hafa komið fram um einstök efnisákvæði frv. fór fram af hálfu höfunda frv. á meðan það var á vinnslustigi í ráðuneytinu þó nokkur skoðun á málinu og hvaða sjónarmið hafa legið að baki við gerð sams konar löggjafar á þeim Norðurlöndum sem þegar hafa lögfest ákvæði af þessu tagi. Eitt helsta álitaefnið var einmitt hvar draga ætti mörkin og hvort ætti að gera hvers kyns barnaklám refsivert eða vörslu hvers kyns barnakláms refsiverða eða draga mörkin við gróft barnaklám. Það er alveg nauðsynlegt líka vegna þessarar umræðu að hafa það í huga, ekki síst vegna þeirra orða hv. 15. þm. Reykv. að hér er verið að fjalla um vörslu. Það er ekki verið að fjalla um framleiðslu, dreifingu eða klám sem er refsivert á grundvelli annarra ákvæða gildandi hegningarlaga heldur vörsluna eina. Það er mjög sérstakt í refsirétti að varslan ein út af fyrir sig án þess að verið sé með henni að brjóta beint gegn öðrum sé refsiverð. Þess vegna getur verið vandasamara að draga markalínurnar í þessu efni. Í athugasemdum með frv. koma fram þau sjónarmið sem ég hygg að séu ekki síst komin frá danskri reynslu í þessu efni en þó held ég að aðalsjónarmiðið sem þarna lá að baki hafi verið spurningin um sönnunarfærsluna og þá spurningin um það hvort lagaákvæðið geti orðið virkt.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þarna eru mikil álitaefni á ferðinni. Það var engan veginn alveg skýrt hvor leiðin væri heppilegri í þessu efni en við kusum á endanum að fara þessa leið fyrst og fremst með skírskotun til þeirra raka að það væri líklegra á grundvelli þessara upplýsinga sem við höfum, einkanlega frá Danmörku, að ákvæðið geti orðið virkara. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað að það er mjög eðlilegt að þessar skilgreiningar séu skoðaðar og menn meti það í meðferð í þinginu hvort þessi skilgreining á að vera víðtækari. Það var verulegt álitaefni við samningu frv. og þessi varð niðurstaðan. En ég tel fullkomlega eðlilegt og málefnalegt að menn skoði þetta því að það geta verið rök fyrir báðum leiðunum í þessu efni.

Brot af þessu tagi vegna þeirrar spurningar sem kom fram beinast í eðli sínu gegn hópi. Enda þótt einn einstaklingur eigi í hlut þá beinast brotin að honum vegna þess að hann er hluti af ákveðnum hópi og getur notið refsiverndar samkvæmt lögunum á þeim forsendum.

Það er einnig rétt að taka fram vegna nál. um stöðu samkynhneigðra, sem varð tilefni þess að þessar breytingar voru gerðar, að það var einnig rætt um það að athuga hvort setja þyrfti sérstök ákvæði í hegningarlög sem verndaði samkynhneigða í þeim tilvikum þar sem þeim yrði hugsanlega neitað um aðgang að veitingastöðum eða tilteknum viðskiptum. Þetta atriði er til frekari athugunar fyrst og fremst vegna þess að það kostar nokkuð meiri vinnu að fara ofan í það mál. Við höfum í gildandi hegningarlögum ákvæði varðandi aðra minnihlutahópa eins og fram hefur komið þegar um er að ræða ógnanir eða smánun. Þess vegna er tiltölulega mjög einfalt að bæta nýjum hópi inn í það refsiréttarákvæði en í hinu tilvikinu þarf að semja algerlega nýtt ákvæði sem hlýtur að taka til miklu fleiri hópa. Það kostar meiri fræðilega vinnu áður en unnt er að koma með það í frumvarpsformi inn á Alþingi og það er ástæðan fyrir því að það er ekki í þessu frv.

[14:37]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. kom hér inn á nokkur efni og svaraði að nokkru þeirri gagnrýni sem kom fram á frv. áðan. Enn get ég ekki séð sannfærandi röksemd fyrir því að hafa ákvæðið svona. Ég bendi á máli mínu til stuðnings að hæstv. dómsmrh. minntist á og benti réttilega á að hér væri einungis um vörslu slíks efnis að ræða sem er alveg rétt vegna þess að fjöldamörg önnur ákvæði og heill kafli reyndar í hegningarlögunum um kynferðisbrot fjallar um þetta að einhverju öðru leyti en hér er einungis talað um vörsluna. Hann lét það jafnframt fylgja að það gerði það að verkum að sönnunarfærslan væri vandasamari. Ég átta mig ekki á því út af hverju það er. Út af hverju varslan sem slík bendir til þess að sönnunarfærslan sé vandasamari. Ég tel það ekki breyta nokkru um það hvort við séum að tala um vörslu eða eitthvað annað að það geti verið vandasamara að sanna athæfið. Ég minni á það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á hvernig væri t.d. litið á þetta í Noregi. Ég sé hreinlega ekkert því til fyrirstöðu að við förum ekki einhverja svipaða leið. Við erum að tala um það eins og Norðmennirnir segja að hér er átt við kynferðislega lýsingu sem virkar stuðandi eða á

annan hátt er til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi. Þar með eru taldar kynferðislegar lýsingar á börnum.

Ég bendi á að hegningarlögin eru stútfull af mjög vafasömu orðalagi sem er mjög erfitt að túlka. Ég nefni sem dæmi síðustu mgr. 206. gr.: „Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði" o.s.frv. Ég get nefnt 209. gr.: „Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna" o.s.frv. Þetta eru allt mjög vandasöm hugtök að túlka.

Ég hvet til þess að það sé líka skoðað í þessu máli hvort ekki megi hafa þetta víðara og láta dómstóla um að túlka. Ég legg til að þær skýringar sem gefnar eru í athugasemdunum verði fjarlægðar úr greinargerðinni vegna þess að það eru ekki röksemdir sem eru boðlegar í greinargerð með lagafrv.

[14:40]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef ég hef ekki talað nógu skýrt í þessu efni hér áðan. Það var ekki ætlun mín að halda því fram að varslan gerði sönnunarbyrðina erfiðari. En það að við erum að gera vörslu refsiverða gerir það vandasamara að ákveða refsingar. Það var raunverulega það sem ég átti við. Ég vona að það skiljist og biðst afsökunar á því að hafa ekki talað nægilega skýrt áðan. En ég tek að öðru leyti undir það að ég tel fullkomlega eðlilegt að þetta álitaefni fái rækilega skoðun í hv. allshn.

[14:40]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst dómsmrh. tala nokkuð skýrt í þessu máli. En ég þakka góðar umræður um málið og sérstaklega hv. þm. 12. þm. Reykv. Ég hjó sérstaklega eftir því að hæstv. dómsmrh. talaði um að gera ákvæðið virkt og það er þess vegna sem ég kem upp í andsvari. Í seinni málslið 1. gr. segir segir svo, með leyfi forseta: „Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt."

Það er nákvæmlega þetta sem ég er að horfa til því með því að hafa tvö hugtök sem eru matskennd, þ.e. „á grófan klámfenginn hátt", er í raun og veru verið að gera ákvæðið veikara. Ég legg til að felld verði út orðin „á grófan klámfenginn hátt" og dómstólum falið að meta það hvað telst klámfengið og hvað ekki. Ég er hræddur um að ákvæðið verði ekki eins virkt og vera bæri ef tvö matskennd hugtök eru inni í ákvæðinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 1. umr.

Stjfrv., 355. mál (heildarlög). — Þskj. 615.

[14:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Frv. þetta er borið fram sökum þess að síðustu ár hefur komið í ljós við framkvæmd núgildandi laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, með síðari breytingum, að þörf er á endurskoðun, og hefur verið, ýmissa ákvæða þeirra laga auk þess sem nauðsynlegt hefur þótt að lögfesta reglur um starfsemi þeirra sem fást við sölu fyrirtækja. Var því ákveðið að semja frv. það sem hér er lagt fram. Frv. felur í sér tvær meginbreytingar frá núgildandi lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að lögin taki einnig til sölu á fyrirtækjum, þ.e. að til sölu á fyrirtækjum þurfi sams konar löggildingu og nú þarf til sölu fasteigna og skipa.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæðið um 2% hámarksþóknun falli niður en í stað þess komi ákvæði um að hverju sinni skuli gerður sérstakur samningur um söluþóknun milli fasteignasala og seljanda. Að því er varðar þá breytingu að láta lögin jafnframt taka til sölu fyrirtækja er ljóst að í slíkum viðskiptum getur verið um verulega hagsmuni að ræða. Er því mikilvægt að aðili sem hefur opinbera starfsviðurkenningu annist slík viðskipti og geri yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu fyrirtækisins og beri ábyrgð á að þannig sé að samningsgerð staðið að hagsmunir beggja séu tryggðir.

Til þessa hafa engin lagaákvæði tekið til þeirra aðila sem hafa haft milligöngu um sölu fyrirtækja og hefur vantað ákvæði sem gerir þá ábyrga fyrir réttum viðskiptaháttum. Er ákvæði þessu ætlað að bæta þar úr.

Um þá tillögu í 14. gr. frv. að fella niður ákvæðið um 2% hámarksþóknun og setja í þess stað ákvæði um að hverju sinni skuli gera sérstakan samning um söluþóknun má geta þess að eftir gildistöku samkeppnislaga, nr. 8/1993, kom fram frá Félagi fasteignasala sú skoðun að þetta ákvæði samræmdist ekki markmiðum þeirra laga og því yrði að fella það úr gildi. Ráðuneytið átti nokkur bréfaskipti við Samkeppnisstofnun um þetta atriði og eru þau bréf fylgiskjöl með frv.

Geta má þess að í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 14. febrúar sl. segir að Samkeppnisstofnun líti svo á að með tillögu þessari sé komið til móts við ábendingar stofnunarinnar.

Auk framangreindra meginbreytinga yrði í frv. að finna ýmsar aðrar tillögur að efnisbreytingum og nokkur nýmæli. Meðal þeirra helstu eru ákvæði um skyldu fasteignasala til að hafa ábyrgðartryggingu sem tryggi viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fasteignasalinn ber ábyrgð á. Er miðað við að ekki skipti máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetning eða gáleysis. Sambærileg ákvæði um tryggingar er nú að finna í reglugerð nr. 520 frá 1987 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 161 frá 1994. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segir að fasteignasali skuli leggja fram ábyrgðartryggingu til greiðslu skaðabótaskylds tjóns og vátryggingafélagi sé heimilt að gera endurkröfur sé tjóni valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Framangreind reglugerð byggist á ákvæði 2. gr. núgildandi laga um að sá sem óskar löggildingar skuli leggja fram tryggingu samkvæmt reglum sem ráðuneytið ákveður.

Þá er í frv. lagt til að ef þeir sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna annast sjálfir sölu þeirra skulu þau skjöl sem tengjast sölunni vera unnin af fasteignasölum eða vera staðfest af þeim og verði ekki þinglýst ella. Að baki þessari tillögu búa fyrst og fremst sjónarmið um neytendavernd. Ljóst er að í slíkum tilvikum getur aðstaða þeirra sem að viðskiptum standa verið ærið ójöfn þar sem seljandinn þekkir eignina til hlítar og hefur eftir atvikum mikla reynslu af sölu eigna en kaupandinn er e.t.v. að eiga slík viðskipti í fyrsta sinn. Því þykir rétt að aðili sem hefur opinbera starfsviðurkenningu og ber ábyrgð sem opinber sýslumaður annist skjalagerð eða tryggi með áritun sinni að hún sé þannig úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

Í frv. er lagt til að hert verði á ákvæðum um eftirlit með fasteignasölustarfsemi og ráðherra fái ótvíræða heimild til að stöðva starfsemi sem gengur í berhögg við ákvæði laganna. Í núgildandi lögum hafa ekki reynst vera nægjanlegar skýrar heimildir til að stöðva slíka starfsemi án tafar, t.d. þegar fram hefur komið að fasteignasali hefur ekki lengur fullnægjandi tryggingar, og er með ákvæði þessu ætlað að bæta úr því.

Auk framangreinds er í frv. lagt til að meðal þeirra skilyrða sem sett eru þeirri löggildingu til fasteignasölu skuli vera það skilyrði að viðkomandi hafi haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár. Samsvarandi ákvæði gildir nú um lögmenn.

Að lokum má geta þess að einnig eru lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar á textanum til þess að gera hann skýrari og markvissari auk þess sem þar er að finna ýmsar minni háttar efnisbreytingar til lagfæringar á núgildandi lögum.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:47]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það eru örfá atriði sem ég tók eftir þegar ég renndi augum yfir þetta frv. á borðinu hjá mér í gær sem ég vildi aðeins fara fáeinum orðum um. Það er þá í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að fella niður úr lögum það ákvæði laganna um fasteignasölu að þar verði tilgreind áfram hámarkssöluþóknun. Samkvæmt gildandi lögum er, eins og menn vita, hámarksþak á söluþóknun fyrir fasteignasala og er gert ráð fyrir að hún megi aldrei vera meiri en 2%.

Ég hef orðið var við að sú breyting sem hér er gerð tillaga um, þ.e. að fella niður þetta þak, vekur talsverðar spurningar og miklar áhyggjur hjá fólki sem er að fjalla um þessi mál, m.a. hef ég orðið var við það í röðum manna í Neytendasamtökunum. Auðvitað má segja að kaupandi fasteignar eða seljandi geti í sjálfu sér verið fullsæmdur af því að leysa þetta mál með því að gera samning um söluþóknunina fyrir fram áður en eignin er seld eða þegar eignin er sett í sölumeðferð af hvaða tagi sem hún er. Ég held þó að í núgildandi lögum varðandi hámarkssöluþóknun upp á 2% sé fólgin tiltekin vernd fyrir almenning og svo eigi að vera áfram nema ég heyri mjög veigamikil rök fyrir öðru. Þess vegna vil ég í fyrsta lagi undirstrika, hæstv. forseti, að ég tel að þessi ákvæði eigi að vera áfram inni þannig að hægt sé að takmarka hámarkssöluþóknun hjá fasteignasölum, hvort sem þeir selja fyrirtæki eða skip eða hvað það nú er, við 2%.

Í annan stað, hæstv. forseti, vil ég segja að ég tel að það séu vissir kostir í þessu frv. sem byggjast á því að það á að setja strangari reglur um starfsemi fasteignasala. Það á að halda þannig á þeim málum að þar sé vandað til viðskipta og að almenningur geti sem best treyst þeim sem stunda fasteignasölur. Það skiptir mjög miklu máli. Ég tel það sem sagt í öðru lagi ánægjuefni.

Hitt finnst mér hins vegar umhugsunarefni og það er þriðji þátturinn sem ég ætlaði að nefna. Hann er sá að ég sé ekki betur en að verið sé að takmarka mjög verulega frelsi almennings til þess að versla með fasteignir sín á milli. Ég held að það verði að vera alveg á hreinu við þessa umræðu, hæstv. forseti, að hvort sem þetta frv. verður að lögum eða ekki verða einstaklingarnir sjálfir eftir sem áður að geta skipt á eignum, keypt eignir og selt eignir eftir atvikum, án þess að spyrja einhverja fasteignasala um það. Annað væri óeðlilegt. Ég sé ekki betur en það sé verið að stórauka vald fasteignasalanna og réttindi og raunar skyldur þeirra líka. Í þeim efnum vil ég bara halda því til haga að ég tel að þrátt fyrir það allt saman verði að tryggja eðlilegt viðskiptafrelsi með fasteignir eins og annað sem fólk kann að versla með.

Þessi þrjú atriði vildi ég nefna, hæstv. forseti, og þætti ekki verra ef hæstv. dóms- og kirkjumrh. vildi tjá sínar skoðanir á þessum athugasemdum mínum.

[14:51]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Varðandi 2% söluþóknunina er ástæðan fyrir því að lagt er til að hún verði felld út mjög ákveðin ósk Samkeppnisstofnunar þar að lútandi. Ráðuneytið hefur átt í nokkrum bréfaskriftum við stofnuna þar um, fyrst og fremst til að fullvissa sig um að það sjónarmið sé sett fram af hálfu stofnunarinnar til þess að verja hagsmuni neytenda. Ráðuneytið leit svo á að það væri höfuðmarkmiðið með þessu ákvæði og við höfum fengið það staðfest að sjónarmið Samkeppnisstofnunar byggir fyrst og fremst að þessu leyti á því að með nýjum ákvæðum séu hagsmunir neytendanna betur tryggðir.

Með frv. er ekki verið að koma í veg fyrir að einstaklingar geri viðskipti sín á milli með sölu fasteigna en það er reynt að koma til móts við stöðu neytenda, ekki síst í þeim tilvikum þegar byggingaraðilar selja margar íbúðir. Þeir hafa auðvitað yfirburðastöðu yfir einstaka kaupendur í slíkum viðskiptum og mikilvægt að skjöl málsins séu yfirfarin af þeim aðilum sem til þess eru færir. Viðskiptin þurfa ekki að fara fram í gegnum fasteignasala. Það er aðeins gert ráð fyrir því að skjöl málsins séu yfirfarin af mönnum sem til þess hafa réttindi og það er hugsað sem frekari vernd fyrir neytendur.

[14:53]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessar athugasemdir. Ég tel að það sé ástæða til að fara að skoða þessa Samkeppnisstofnun. Hún er farin að haga sér eins og hún sé yfirstofnun í þessu þjóðfélagi og jafnvel yfir Alþingi og ríkisstjórninni. Ég held því að það þurfi að kíkja aðeins á það mál, hvort það er í raun þannig að hún sé samkvæmt stjórnarskrá yfir Alþingi, Hæstarétti og ríkisstjórn og öllum hér. Mér finnst því lítil ástæða til þess að taka sérstaklega mark á ábendingum hennar í þessu efni og legg til að hv. allshn. velti því fyrir sér hvort ákvæðið um 2% hámarkssöluþóknun í fasteignasölu fái ekki bara að standa áfram.

Ég heyrði hæstv. ráðherra ekki segja neitt um þær áhyggjur mínar að með þessu væri verið að takmarka frelsi fólks til þess að skipta á eignum, kaupa eignir og selja á eigin vegum og án þess að spyrja fasteignasala alltaf um leyfi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að viðhorf ráðherra í þeim efnum liggi fyrir vegna þess að þrátt fyrir allt er hér verið að auka réttindi fasteignasala og skyldur þeirra líka. Það má ekki ganga of langt í því þannig að ég endurtek þá spurningu mína.

[14:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna endurtekinna spurninga hv. þm. get ég auðvitað endurtekið svar mitt. Það er ekki stefnt að því að draga úr því að einstaklingar geti átt bein viðskipti sín á milli. Það er fyrst og fremst verið að tryggja að t.d. í þeim tilvikum þegar byggingaraðilar selja margar íbúðir þá séu skjölin yfirfarin af þar til bærum aðilum. Viðskiptin þurfa ekki að fara fram á vegum eða fyrir milligöngu fasteignasala,

þau geta aðilar átt sín á milli. Þetta þykir horfa til aukinnar verndar fyrir neytendur í þeim tilvikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 549.

[14:56]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þetta frv. er flutt í tengslum við frv. til laga um breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Af þessum tveimur frv. leiðir sú breyting að nú verður óbein fjárfesting í sjávarútvegi heimil þótt verulegar takmarkanir séu þar enn á. Því verður ekki lengur með lögunum komið í veg fyrir beina erlenda eignaraðild að lögaðila sem á í fyrirtæki sem stundar fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands. Sú beina eignaraðild er hins vegar takmörkuð við 25% hlutafjár eða stofnfjár en má þó ná til allt að 33% hlutafjár eða stofnfjár ef eignarhlutur viðkomandi lögaðila í fyrirtæki sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands er ekki meira en 5%. Auk þess er sú krafa gerð að það fyrirtæki sem á í útgerðarfyrirtæki sé undir íslenskum yfirráðum. Sambærileg ákvæði eru um þetta efni í lögum um veiðar í efnahagslögsögu Íslands og í lögum um fjárfestingu erlendra aðila og því nauðsynlegt að gera breytingar á báðum lögum samtímis.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Læknavaktin á höfuðborgarsvæðinu.

[14:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú um mánaðamótin rann út samningur Læknavaktarinnar sf. við heilbrigðisyfirvöld, en honum var m.a. sagt upp vegna óánægju heimilislækna með verkaskiptingu innan heilsugæslunnar sem reyndar hefur gengið svo langt að um 90% heimilislækna í landinu hafa sagt upp störfum. Læknavakt utan hefðbundins vinnutíma hefur verið innt af hendi í Reykjavík frá árinu 1928. Árið 1986 var gerður sérstakur samningur við Læknavaktina sf. sem heimilislæknar á höfuðborgarsvæðinu standa að og er óhætt að fullyrða að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi um árabil notið mjög góðrar þjónustu og búið við mikið öryggi í heilbrigðismálum. Því er ekki að leyna að vaxandi spennu hefur gætt milli heimilislækna annars vegar og sérfræðinga í ýmsum greinum læknisfræðinnar hins vegar. Hlutfall heimilislækna fer stöðugt minnkandi meðan hlutur sérfræðinga vex.

Meðan deilan um tilvísanakerfið stóð sem hæst á sl. ári sló í brýnu milli læknahópa og að hluta til endurspeglast þær deilur í þeirri stöðu sem nú er komin upp í heilsugæslunni. Heilsugæslulæknar telja að sérfræðingar færi sig sífellt meira inn á þeirra svið og benda á að í stærsta íbúakjarna landsins hefur uppbygging heilsugæslustöðva setið á hakanum með þeim afleiðingum m.a. að sérfræðiþjónusta er mjög aðgengileg. Málið snýst um verkaskiptingu, lög, reglur og stefnu í heilbrigðismálum.

Í kjölfar fyrrnefndra deilna milli læknahópa setti núv. hæstv. heilbrrh. á fót nefnd sl. sumar til að gera tillögur um samskipti heilsugæslu- og heimilislækna annars vegar og sérfræðinga hins vegar. Sú nefnd hefur skilað af sér, en lítið hefur frést af afdrifum eða framkvæmd þeirra tillagna. Í áliti nefndarinnar kemur fram að nefndarmenn voru sammála þeirri meginstefnu heildarsamtaka lækna og yfirstjórnar heilbrigðismála að æskilegt væri að samskipti sjúklings og læknis hæfust að öllum jafnaði hjá heimilislækni. Og ég spyr: Hvernig ætlar hæstv. heilbrrh. að fylgja tillögum þessarar nefndar eftir?

Sl. haust dró svo enn til tíðinda er fregnir bárust af því að Tryggingastofnun hefði gefið sérfræðingum í barnalækningum grænt ljós á kvöldþjónustu í Domus Medica við hlið þeirrar þjónustu sem Læknavaktin sf. veitir. Læknavaktin sf. sagði samningnum upp 24. október og skyldi hann renna út hinn 1. mars 1996. Í kjölfar uppsagnarinnar lýsti fundur yfirlæknaráðs heilsugæslunnar í Reykjavík, sem haldinn var 8. nóvember 1995, yfir miklum áhyggjum vegna þeirrar stöðu sem upp var komin og óskaði eftir viðræðum við stjórn heilsugæslunnar í Reykjavík. Rúmir þrír mánuðir eru nú liðnir en ekkert hefur gerst. Heimilislæknar sögðu upp störfum 1. febrúar og enn hefur ekkert gerst heldur í þeirra málum að því er mínar heimildir herma. Aðeins eru tveir mánuðir til stefnu þar til uppsagnir læknanna koma til framkvæmda nema uppsagnarfrestur verði framlengdur um þrjá mánuði.

Hæstv. heilbrrh. bauð heimilislæknum upp á þátttöku í starfshópi sem hefði það verkefni að koma með tillögur um fyrirkomulag læknavaktar í Reykjavík og nágrenni og aukna þjónustu sérfræðinga í barnalækningum. Heimilislæknar svöruðu með nokkrum spurningum til heilbrrh. sem engin svör hafa fengist við. Hugmyndir hafa verið á kreiki um að bjóða vaktþjónustu lækna út, en mér vitanlega hefur enn ekkert gerst í því máli og þar við situr.

Svo sem áður er fram komið tengist uppsögn á samningi Læknavaktarinnar sf. umræðu um verkaskiptingu innan heilbrigðisþjónustunnar þar sem heimilislæknar halda því fram að lög og reglur séu brotnar og eðlileg skipting í frumþjónustu, sérfræðiþjónustu og læknisþjónustu á sjúkrahúsum sé öll í molum. Hver á að sinna hverju og hvernig er lögum framfylgt? Það eru þær spurningar sem hér vakna.

Læknavaktin á höfuðborgarsvæðinu gegnir miklu og mikilvægu öryggishlutverki í heilbrigðiskerfinu. Öll kvöld og allar nætur er hægt að kalla á lækna eða leita til vaktarinnar á Heilsuverndarstöðinni. Tugir þúsunda íbúa á höfuðborgarsvæðinu nýta sér þjónustuna, ekki síst vegna veikinda barna. Læknavaktin starfar enn þótt samningurinn sé runninn út, enda ganga menn ekki svo glatt frá öryggisþjónustu af þessu tagi. En ætlast hæstv. heilbrrh. til þess að læknar standi vaktina samningslausir svo vikum skiptir með öll sín mál í uppnámi?

Ég hlýt að lýsa þungum áhyggjum yfir þróun þessara mála hér á höfuðborgarsvæðinu og spyrja hæstv. heilbrrh. hvað viðræðum við heilsugæslulækna um málefni heilsugæslunnar líður og hvernig eigi að tryggja að sú góða kvöld- og næturþjónusta sem við njótum haldi áfram. Hver er staða þess máls sem hér er til umræðu og hvað er ráðuneyti heilbrigðismála að gera til að leysa þann vanda sem blasir við

í heilsugæslunni? Á að láta mánuðina líða án aðgerða eða hvað hyggst hæstv. heilbrrh. gera til að tryggja að óánægja innan heilsugæslunnar leiði ekki til þeirrar upplausnar sem nú virðist því miður blasa við?

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og þingheimi er kunnugt sagði stjórn Læknavaktarinnar sf. upp samningi sínum við heilsugæsluna í Reykjavík í október sl. og átti uppsögnin að miðast við 1. mars 1996. Læknavaktin var stofnuð 1986 og er sameignarfélag heilsugæslulækna stofnuð í þeim tilgangi að annast læknavakt í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Læknavaktin sinnir vitjana-, móttöku- og upplýsingaþjónustu alla virka daga ársins frá 17–8 að morgni og allan sólarhringinn um helgar og á frídögum. Læknavaktin annast vitjanir og almennar móttökur og þar starfa læknir, hjúkrunarfræðingur, móttökuritari og bílstjóri. Í bréfi stjórnar Læknavaktarinnar sf. til stjórnar heilsugæslunnar í Reykjavík þar sem tilkynnt er uppsögn samnings kemur fram að stjórn Læknavaktarinnar telji forsendur gildandi starfssamnings Læknavaktar sf. brostnar.

Fram kom hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins að ásteytingarsteinninn væri sérstaklega vaktþjónusta er barnalæknar í Domus Medica hefðu sammælst um og hlotið hefði samþykki Tryggingastofnunar fyrir greiðslu reikninga vegna þeirra sjúklinga er nýttu sér hana, eins og fram kom hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Skýrt kom fram að enda þótt læknarnir hefðu ákveðið að leggja Læknavaktina sf. niður mundu þeir ekki skorast undan skyldum sínum að standa vaktir á vegum heilsugæslunnar. Samstarfsráð heilsugæslunnar í Reykjavík tók þá ákvörðun að bjóða út þjónustu meðal heimilis- og heilsugæslulækna. Yfirlæknar heilsugæslunnar í Reykjavík og á Seltjarnarnesi lýstu í framhaldi af þessu yfir áhyggjum sínum við forstjóra heilsugæslunnar og óskuðu viðræðna um málið. Aðilar hafa fundað til að leita lausna á málinu og hafa þar komið fram ýmsar óskir fulltrúa Læknavaktarinnar sf. svo sem um húsnæði og bættan tækjakost og reifaðar hafa verið hugmyndir um breytt skipulag.

Í lok janúar sl. sögðu heilsugæslulæknar upp störfum. Samtímis var því lýst yfir að Læknavaktin sf. væri fús til að starfa áfram samkvæmt síðastgildum samningi á meðan leitað yrði lausna á deilu þeirri er leitt hafa til fjöldauppsagna heilsugæslulækna. Þannig standa málin. Eins og áður hefur komið fram í umræðum á Alþingi eru í gangi viðræður milli heilbrrn. og heilsugæslulækna.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég ítreka að vaktþjónustu lækna fyrir höfuðborgarsvæðið verður sinnt áfram þannig að öryggi og þjónusta fyrir íbúa verði tryggt. Vegna fyrirspurnar hv. þm., Kristínar Ástgeirsdóttur, um nefnd sem skilaði áliti í nóvember varðandi sérfræðiþjónustu, vil ég segja að samþykkt var að setja sérstaka hámarkseiningu á fjölda sérfræðiverka þannig að sérfræðingar eru komnir á svokallaðan kvóta. Það kom út úr því nefndarstarfi.

[15:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu í dag, tilefni hennar er ærið. Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu er í uppnámi og raunar er það vandamál miklu víðtækara en það sem hér er til umfjöllunar. Hinn handahófskenndi niðurskurður í heilbrigðiskerfinu kemur einhvers staðar fram í kerfinu. Ef við tökum niðurskurðinn á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa lýst yfir miklum áhyggjum af stöðu mála, gerist það um leið að komum á heilsugæslustöðvarnar fjölgar. Fólkið sem er sent of snemma heim af sjúkrahúsum leitar í heilsugæsluna, til heimilislækna eða fær heimahjúkrun. Sem dæmi um þessa þróun má nefna að samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslunni í Reykjavík hefur verið gífurleg aukning skjólstæðinga sem fá heimahjúkrun í Vesturbæjarumdæminu í Reykjavík á árunum 1990–1994. Fjöldi vitjana í heimahjúkrun hefur stóraukist á þessu tímabili eða úr rúmlega 6 þús. vitjunum í 13 þús. Að auki hefur heilsuverndarstarf í umdæminu vaxið verulega en aukningunni hefur ekki verið mætt með fjárveitingum í sama mæli.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur er það svo samkvæmt lögum og reglum sem stjórnvöld hafa sett að fyrsta stigs þjónusta á að eiga sér stað hjá heimilis- og heilsugæslulæknum, annars stigs þjónusta hjá sérfræðingum á stofum og göngudeilum og þriðja stigs þjónusta í heilbrigðiskerfinu á sjúkrahúsum og sjúkrastofnunum. Menntun og þjálfun lækna er miðuð við þetta fyrirkomulag. Frumþjónustan felur í sér ákeðið öryggisnet, á hana eru lagðar ákveðnar skyldur og henni er ætlað að sinna öllu fólki allan sólarhringinn.

Í sjálfu sér er ekkert skrýtið eins og raunin hefur orðið að ungt fólk sem velur sér sérgrein að loknu almennu læknisnámi staldri við þá ákvörðun að starfa í heilsugæslunni. Stjórnvöld horfa nefnilega aðgerðarlaus á það að sérfræðingar setji upp vaktþjónustu sem í raun sinnir frumþjónustu, en hún er samkvæmt lögum og reglum á sviði heilsugæslunnar. Ungir læknar virðast þannig eiga þess kost að setja á stofn sínar prívatstofur sem sinna frumþjónustu en gefa væntanlega meira í aðra hönd en störfin hjá heilsugæslunni. Það er alger nauðsyn á því að heilbrigðisyfirvöld setji sér markmið og skýrari markmið en hafa sést í málefnum heilsugæslunnar. Ætla þau að horfa á þessa þróun áfram eða hafa þau hugsað sér að styðja við það velferðarnet sem heilsugæslan óneitanlega er? Ég vil fá svör við þessu frá hæstv. ráðherra heilbrigðismála. Vill hún tryggja heilsugæslunni starfsskilyrði hér í Reykjavík eða hyggst hún breyta lögum og reglum um þessi mál? Framkvæmdin hefur verið í trássi við lög og reglur sem gilda um málið.

Einnig vil ég vita hvort heilbrrh. telji ekki ástæðu til að kanna þær staðhæfingar sem heyrst hafa úr röðum heimilislækna að sérfræðingar sem starfa samkvæmt samningum við Tryggingastofnun hafi í einhverjum tilvikum brotið gegn samningnum, en í honum segir að þeim sé óheimilt að starfa sem almennir heimilislæknar og að frumlækningar og heilsuvernd eigi að vera unnin af heimilislæknum á heilsugæslustöðvum.

[15:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda, Kristínu Ástgeirsdóttur, fyrir að taka þetta mál á dagskrá því að heilsugæslan, frumþjónustan í heilbrigðiskerfinu, er í uppnámi eins og menn vita. Þorri lækna er búinn að segja upp störfum og hefur nánast ekkert heyrst um það hvernig eigi að leysa þessa deilu. Sama gildir um læknavaktina sem heilsugæslulæknar í Reykjavík skiptast á um að sinna. Hún er nátengd uppsögnum heilsugæslulækna og því hvernig barnalæknar hafa komið inn í þessa vaktþjónustu.

Þótt samningurinn við Læknavaktina hafi runnið út um mánaðamótin, hafa þeir lýst því yfir að þeir munu sinna henni

til 1. maí. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þessir menn sinni þjónustunni án þess að vera á nokkrum samningi og það til lengdar. Íbúar í Reykjavík eiga kröfu á að vita hvernig þessari þjónustu muni verða háttað á næstunni. Fólkið þarf að treysta á þessa þjónustu og ég get ekki heyrt að það komi nokkurs staðar fram í svari hæstv. ráðherra hvaða hugmyndir er verið að ræða. Hæstv. ráðherra talar um að viðræður séu í gangi, en það eru engar upplýsingar um það hvað menn eru að reifa í þessum viðræðum, engin svör.

Það kom einnig fram í máli ráðherrans að það væri verið að ræða breytta verkaskiptingu. Ég tel persónulega að það væri þörf á því að breyta verkaskiptingu heilsugæslunnar og gera hana sjálfstæðari, en eins og komið hefur fram eru málefni bæði læknavaktarinnar og heilsugæslunnar samtengd og þessa deilu verður að leysa á næstu vikum. Það eru tveir mánuðir til stefnu og það er krafa íbúanna í Reykjavík að þessi mál verði leyst. Það verður að létta af óvissunni um *þessi mál, það verða að koma fram einhverjar upplýsingar* um það hvað menn hyggjast gera í þessu. Enn hafa ekki fengist nein svör um það. Ég vona að þau fáist síðar í ræðu hæstv. ráðherra.

[15:13]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu og hefur verið tekið upp utan dagskrár af hv. 14. þm. Reykv. er í raun inni angi af þeirri deilu eða þeirri uppsögn heilsugæslulækna sem rædd var utan dagskrár á Alþingi á dögunum. Málið snýst fyrst og fremst um *skipulag í grunnþjónustu í heil*brigðismálum hérlendis. Það hefur verið spurt um skoðun og stefnumótun í málefnum heilsugæslunnar. Það er fljótsögð mín skoðun á því máli. Ég tel að heilsugæslan eigi að sinna grunnþjónustu í heilbrigðismálum hérlendis og aðgerðir eigi að miðast við það. Það er alveg ljóst og það vita hv. þingmenn að uppbygging heilsugæslunnar í Reykjavík hefur gengið hægt og hægar en úti á landsbyggðinni. Það er m.a. vegna þess að hér eru ýmsir sérfræðingar á fleti fyrir. Það hefur fjölgað mikið í þeirri stétt og eru því átök þarna á milli.

Þessi mál verður auðvitað að leysa og er unnið að því. Ég er sannfærður um að niðurstaða mun fást í þau mál, en mín skoðun er að það verði að vera á þeim nótum að heilsugæslan sinni grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Ég er sannfærður um að það er ódýrasti og hagkvæmasti kosturinn. Ég hef reynslu af því þar sem ég er alinn upp við þetta heilsugæslukerfi, ég hef góða reynslu af því (**ÖS:** Og berð þess góð merki.) Og ber þess merki, eins og hv. 15. þm. Reykv. segir réttilega. Ég hygg að við leysum ekki þessi mál utan dagskrár í dag en ég hef lýst minni skoðun á hlutverki heilsugæslunnar í landinu.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jóni Kristjánssyni, sem ætla mætti að væri varaheilbrigðisráðherra því að hann siglir jafnan í kjölfar hæstv. heilbrrh. í þessum umræðum, ratаðist satt á munn þegar hann sagði að við leystum ekki þessi mál utan dagskrár í dag. Hitt er annað mál, herra forseti, að í máli hans fólst lausn á þessu máli. Hv. þm. sagði að hann væri þeirrar skoðunar að það væri heilsugæslan sem ætti að sjá um grunnþjónustuna, en það er nákvæmlega það sem skortir á að hæstv. heilbrrh. láti koma til framkvæmdar. Deilan snýst um það, herra forseti, hversu langt sérfræðingarnir eiga að seilast inn á verksvið heilsugæslulæknanna. Um það snýst þessi deila. Eins og hæstv. heilbrrh. hefur sagt í fjölmiðlum, er rót þessa vandamáls sú að á síðustu tíu til tólf árum hafa komið fleiri sérfræðingar hingað til lands en raunverulega er þörf fyrir. Það er eðlilegt og samkvæmt lögmálum markaðarins að þeir reyna að finna sér útrás á einhverjum nýjum sviðum og þeir hafa í vaxandi mæli farið inn á svið heilsugæslulæknanna, heimilislæknanna. Það er einmitt það sem þeir eiga ekki að gera, lögum samkvæmt. Það sem heilsugæslulæknarnir hafa verið að segja er: Ráðherrann þarf að taka af skarið. Og hvernig hefur ráðherrann tekið af skarið?

Herra forseti. Í fjölmiðlum hefur hún sagt að þetta hangi saman við heildarlausn og þegar hún hefur verið spurð hvenær von sé á þessari heildarlausn, hvort það verði innan skamms, hefur hæstv. ráðherra sagt: Það er ekki hægt að tímasetja það á nokkurn hátt. Hæstv. ráðherra hefur með öðrum orðum sagt að hún viti ekki hvenær þessi deila verður til lykta leidd og á meðan vofir yfir að 90% af öllum heilsugæslulæknum á landsbyggðinni hætti störfum innan tveggja mánaða. Hæstv. ráðherra hefur ekki farið að ráðum hv. þm. og varaheilbrigðisráðherra, Jóns Kristjánssonar, og látið lögin koma til framkvæmda.

Herra forseti. Mig langar líka að varpa fram spurningu til hæstv. heilbrrh. Hún sagði um daginn í sjónvarpinu að það væri hagkvæmast og best að beina fólki í grunnþjónustuna, sem er heilsugæslan samkvæmt lögum þessa lands. Er hæstv. heilbrrh. með þessum orðum að taka undir stefnu Alþfl. um að það beri þrátt fyrir allt og þrátt fyrir hennar fyrri orð að *taka upp tilvísunarkerfið*?

[15:19]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mjög gagnlegt fyrir okkur hv. þingmenn að ræða þessi mál í þingsölum, en ég held að það væri ekki síður gagnlegt fyrir okkur að hafa að viðmælendum forustumenn stéttarfélaga innan heilbrigðisgeirans, ekki síður en hæstv. heilbrrh. Mér finnst þetta vera eitt af mjög mörgum málum sem eru að koma upp innan heilbrigðiskerfisins þar sem stéttarfélögin ganga fram af *mikilli* hörku og *mikil* samkeppni er að verða á *milli* stétta innan þessa geira.

Þessu til viðbótar kemur svo sú samkeppni sem er á milli stofnana og jafnvel á milli deilda innan stofnana um fjármagnið. Ég er þeirrar trúar að samkeppni sé af hinu góða og að við þurfum að nýta okkur hana sem best. Svo það megi verða þarf að skapa þessari samkeppni eðlilegan farveg og það þarf að vera innifalið í því að þeir sem standa sig best og veita bestu þjónustuna fyrir minnsta fjármuni hafi einhvern hag af því að gera þá góðu hluti. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. heilbrrh. að hún reyni í slíkum málum sem hún hefur til úrlausnar að skapa samkeppninni farsælan farveg þar sem þeir sem þjónustunnar njóta og þeir sem þjónustuna veita best, njóti góðs af.

[15:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hafi það verið ætlunin með þessari umræðu að varpa frekara ljósi á stöðu þessara mála og stefnu ríkisstjórnar í þeim efnum, hefur sú tilraun því miður mistekist, þrátt fyrir tilraun hv. frummælanda í þessari umræðu.

Síðasti hv. ræðumaður talaði um samkeppni. Hv. formaður fjárln. ræðir um þá grunnþjónustu sem heilsugæslan eigi að sinna, sem eru að sönnu engin ný tíðindi. Hæstv. heilbrrh. skilar auðu í þessu eins og fyrri daginn.

Það eru auðvitað fjölmörg mál sem þarf að taka á. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að taka á sjálfstætt starfandi heilsugæslulæknum í Reykjavík sem standa til hliðar við hina venjubundnu heilsugæslu? Hvernig ætlar hann að taka á þætti Tryggingastofnunar ríkisins í þessum efnum? Hvaða hlutverki á Heilsuverndarstöðin að gegna í þessu sambandi? Þarna eru fjölmörg álitaefni og ég veit að við þeim eru engin einföld svör. En mér liggur hins vegar við að segja að hér sé fullkomlega skilað auðu og svör við spurningum af þessum toga eru engin.

Hér er auðvitað að hluta til um kjarabaráttu að ræða. Við skulum átta okkur á því. En það viðfangsefni má nálgast eftir ýmsum leiðum, m.a. þeim sem ég gat um hér áðan varðandi skipan heilsugæslunnar í Reykjavík. Heilsugæslan í Reykjavík er ekkert lík því sem gerist og gengur úti um land allt. Þar hefur þetta tekist býsna vel. Hér í nágrannabyggðum hefur hún til að mynda verið til fyrirmyndar í mörgu en Reykjavík hefur setið eftir. Það liggur alveg ljóst fyrir, virðulegi forseti, að við munum ekki haggast fetið fram á við ef hæstv. ráðherra ætlar að halda fast við þá stefnu sína að hreyfa sig ekki hænufet þegar kemur að nauðsynlegri uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík. Þar er ég að tala um byggingu nýrra heilsugæslustöðva þar sem þörfin er brýnust. Hæstv. ráðherra hefur sagt sem svo að það sé stóra stopp á byggingu steinkumbalda í heilbrigðiskerfinu. Á það líka við þegar sögunni víkur að nauðsynlegri uppbyggingu heislugæslustöðva í Reykjavík? Skýrt svar við því óskast.

[15:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að vandinn í þessu máli sé sá að hæstv. heilbrrh. hefur enga stefnu í málinu. Vandinn er sá að hæstv. heilbrrh. fylgir ekki einu sinni eftir stefnu Framsfl. og þá er ég ekki að tala um kosningastefnuna sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er alltaf að lesa upp úr hér, heldur þá stefnu sem fylgt var í heilbrigðisráðherratíð Guðmundar Bjarnasonar, þegar stefnan og framkvæmdin var sú að heilsugæslan kostaði ekkert. Fólk fór ókeypis inn á heilsugæslustöðvarnar og ástæðan var sú að þannig átti að draga úr kostnaði, m.a. við sérfræðiþjónustuna. Núv. ríkisstjórn hefur ekki tekið á þessu máli og ég skora á núv. hæstv. heilbrrh. að segja eitthvað um það og beita sér í þessu máli.

Ég held að það sé líka rétt að rifja upp það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Reykjavík hefur verið stórkostlega vanrækt í þessu efni og þar á Sjálfstfl. alla sök. Sjálfstfl. kom í veg fyrir uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík um margra ára skeið og það var ekki hægt að koma við neinum hlutum af hálfu heilbrrn. af því að borgaryfirvöld í Reykjavík voru þversum í þessu máli, fyrst undir forustu páv. forstjóra Sjúkrasamlags Reykjavíkur og síðan undir forustu borgarstjórans í Reykjavík, enda er það sami maðurinn því að Davíð Oddsson gegndi þessum störfum hvoru á eftir öðru eins og kunnugt er.

[15:25]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég bað um þessa umræðu var sú að ég hrökk við þegar ég heyrði að kvöldi 29. febr. að samningur Læknavaktarinnar væri að renna út. Stundin var runnin upp og ég hafði ekki orðið vör við að neitt hefði gerst í þessu máli. Hæstv. heilbrrh. segir að viðræður séu í gangi og á meðan starfi Læknavaktin. Ég veit ekki til þess að það séu neinar viðræður í gangi. Hvar fara þær fram, hæstv. heilbrrh.? Hverjir eru að tala saman og hvaða tíðinda má vænta af þeim viðræðum? Sá læknir sem ég talaði við úr stjórn Læknavaktarinnar tjáði mér að það eina sem hefði heyrst frá hæstv. heilbrrh. væri það sem hér var vitnað til úr fjölmiðlum og kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

Það var sett nefnd á laggir til þess að skoða samskipti milli heimilislækna og sérfræðinga. Sú nefnd hefur skilað af sér og hæstv. heilbrrh. segir: Útkoman úr nefndinni varð sú að það var settur kvóti á sérfræðinga. Eftir að sá kvóti var ákveðinn hefur sérfræðingum fjölgað um 18 á ákveðnu tímabili, fram til síðustu áramóta ef ég man rétt. Það eru fleiri tillögur um þessi samskipti og ég hlýt að auglýsa eftir því hvort það sé ekki meiningin að fara eftir þeim.

Ég vil geta þess hér að hv. félmn. Alþingis var í heimsókn á Akureyri síðasta mánudag og þriðjudag. Þar á meðal heimsóttum við heilsugæsluna á Akureyri og þar fann maður einmitt svo glöggt þann anda sem ríkir í röðum heilsugæslulækna sem segja: Það er verið að þrengja að okkur og skera niður á öllum sviðum. Það er verið að skera niður í frumþjónustunni, það er verið að skera niður verkefni sem horfa til forvarna. Meira að segja krabbameinsleit hjá konum og stórmerkilegt verkefni sem heilsugæslan á Akureyri hefur sinnt varðandi ungbörn í bænum. Það er verið að þrengja að þessari þjónustu á allan hátt og við hljótum að spyrja hver stefna hæstv. heilbrrh. sé og hvað hún ætli sér langan tíma til þess að leysa þessi mál. Við erum að tala um málefni sem er búið að vera á dagskrá síðan í október. Mánuðirnir líða. Samningur Læknavaktarinnar er útrunninn. Uppsagnir heilsugæslulækna ganga í gildi eftir tvo mánuði og hvað á að bíða lengi? Hvað ætlar hæstv. heilbrrh. sér langan tíma? Það er ljóst að hér þarf ákveðin stefnumótun að eiga sér stað vegna þess að lögum og reglum er ekki framfylgt og tíminn líður og Róm brennur.

[15:28]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða deilu sem staðið hefur lengi. Hún hefur ekki staðið í nokkra mánuði, hún hefur staðið í mörg ár. Hér er spurt að því hvar þessar viðræður standi. Þær standa þannig að það var búið að halda marga fundi þegar þessi deila komst í hámæli. Fulltrúar ráðuneytisins og fulltrúar heilsugæslunnar hafa setið þessa fundi og eftir því sem ég veit best er næsti fundur í fyrramálið.

Það er búið að leita ýmissa leiða til að ná samkomulagi og ég á von á að það samkomulag náist. En það verða örugglega ekki allir ánægðir með það. Það verður örugglega annar hópur sem þá rís upp og þá verður örugglega beðið um aðrar utandagskrárumræður. Þannig er þessum málum háttað.

En það er rétt sem fram hefur komið í umræðunum. Ef við ætlum að byggja upp heilsugæsluna á Reykjavíkursvæðinu eins og hefur verið gert víðast hvar um landið, þarf til þess mikið fjármagn. Heilsugæsluuppbygging á Reykjavíkursvæðinu hefur verið svelt til margra ára. Það er einföld staðreynd. Við getum farið vítt og breitt um landið og séð þar mjög stórar og myndarlegar heilsugæslustöðvar, fullstórar á mörgum stöðum. Á sama tíma búa margar heilsugæslustöðvar hér við mikil þrengsli. Til þess að leysa þetta vandamál þarf fjármagn.

Það er alveg ljóst að þessi deila verður ekki leyst í sölum Alþingis frekar en aðrar deilur.

Umræður utan dagskrár.

Rekstur meðferðarheimilisins við Kleifarveg.

[15:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna meðferðarheimilis barna við Kleifarveg og þeirrar fréttar að Sjúkrahús Reykjavíkur muni hætta rekstri heimilisins í sparnaðarskyni frá 1. júlí nk. Stjórn sjúkrahússins leggur áherslu á að börnunum sem dvelja á meðferðarheimilinu verði tryggð áframhaldandi þjónusta og sé það á ábyrgð félagsmála- og fræðsluyfirvalda.

Virðulegi forseti. Fyrir örfáum vikum mælti ég fyrir tillögu í þessum þingsal um að skipaður yrði starfshópur til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrrn. séu í raun félagsleg verkefni og að unnin yrði áætlun um að flytja þau milli ráðuneyta. Um hana varð verulega góð og málefnaleg umfjöllun í þessum þingsal. Markmið slíkrar tillögu var að afstýra því sem hefur verið að gerast, þ.e. að þegar niðurskurðarhnífnum er beitt í heilbrigðiskerfinu er ráðist að félagslegum úrræðum og helst að þeim sem eiga sér ekki málsvara í kerfinu, öldruðum, börnum, öryrkjum.

Skemmst er að minnast ákvörðunar um að loka Bjargi og óttans og kvíðans sem sú málsmeðferð öll vakti með vistmönnum heimilisins og harðrar gagnrýni samfélagsins á það mál. Og enn er höggvið. Það er ekki farin sú leið sem ég var að mæla fyrir. Það er farin sú leið að ákveða fyrst að hætta rekstri og þar með sé málið komið á annarra hendur. Þetta eru óþolandi vinnubrögð og til þess eins fallin að vekja óvissu um hag barnanna og ótta og kvíða aðstandenda.

Ég lít svo á, virðulegi forseti, að Sjúkrahús Reykjavíkur sé þvingað til að taka ákvörðun um að hætta þessum rekstri. Þegar ofan í langvarandi sparnaðar- og aðhaldsaðgerðir á sjúkrahúsinu er gerð krafa um að á fjórða hundrað millj. kr. verði skornar niður í rekstri er eðlilegt að kannað sé hvaða deildum verði hreinlega lokað. Það er þá sem fjarlægari verkefni, félagslegu úrræðin, verkefni sem mönnum finnst að aðrir eigi að sjá um, lenda undir hnífnum. Þetta er óásættanleg staða.

Á meðferðarheimilinu við Kleifarveg eru átta börn í vistun. Helmingur þeirra barna er þar dvelja býr þar og börnin eiga þarna sitt heimili. Dvalartími barna á þessum stað mælist í árum, ekki mánuðum, í árum. Þetta eru börn sem hafa átt í miklum erfiðleikum og þurfa á aðstoð samfélagsins að halda. Þeirra vegna vel ég að hafa ekki frekari orð um aðstæður þeirra.

Það sýnist rökrétt að heimili sem þetta sé rekið samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna eins og meðferðarheimili sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu og félmrn. Því má þó ekki gleyma að það eru sérfræðingar sem leggja börn inn á meðferðarheimilið við Kleifarveg, þegar þau eru orðin svo illa stödd að önnur úrræði eru ekki talin duga. Að svo komnu máli legg ég ekki mat á rekstrarformið en bendi á að ef heimilið verður flutt yfir til félmrn. erum við enn á ný að flytja útgjöld á milli vasa á sömu brókinni þar sem ríkið borgar brúsann í báðum tilfellum. Hér er um að ræða dæmalausa „ekki-benda-á-mig"-pólitík sem er að verða vörumerki þessarar ríkisstjórnar. Sparað verður í útgjöldum heilbrrn. en útgjöld aukin hjá félmrn. þó breytt rekstrarform kynni að hafa einhver áhrif á fjárhæðir. Eitt er ljóst, að hér erum við að tala um heimili sem fellur undir úrræði á vegum ríkisins. Fram hjá því verður ekki komist.

Virðulegi forseti. Við alþingismenn verðum að krefjast breyttra vinnubragða, kalla eftir skynsemi í verklagi og að hætt verði sífelldum óttavekjandi tilkynningum. Það er augljóst mál að hér er farið öfugt í hlutina. Fyrst er ákveðið að hætta rekstri. Síðan eru hafnar könnunarviðræður um hvernig eða hvort framtíð heimilisins sé tryggð. Það er afar brýnt þegar hrófla á við rekstri sem snýr að viðkvæmum hópum að farið sé í þau mál af varúð. Boðorð númer eitt á að vera að þegar tilkynnt sé um breytingar, sé búið að ráða fram úr vanda. Í þessu tilfelli er tilkynningin fyrsta skrefið og síðan á að finna lausnirnar.

Virðulegi forseti. Surningar mínar til heilbrrh. eru þessar: Hver er undirbúningur og aðdragandi að þessari ákvörðun? Hafa átt sér stað viðræður milli heilbrrn. og félmrn. um rekstur vistheimilisins við Kleifarveg? Ætlar heilbrrh. að tryggja að börnin sem þar búa fái áframhaldandi aðstoð, að þau fái nauðsynlega og viðunandi þjónustu, að þau verði ekki send heim?

[15:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hafa átt sér stað töluverðar umræður um sparnaðartillögur stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur um lokun meðferðarheimilisins að Kleifarvegi eða breyttan rekstur þess. Ég hef rætt þessi mál við borgarstjórann í Reykjavík og urðum við sammála um að stefna að því að leggja fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag reksturs meðferðarheimilisins að Kleifarvegi fyrir lok mánaðarins. En aftur er málinu slegið upp eins og heilbrigðisyfirvöld áformi að leggja af viðkvæma þjónustu fyrirvaralaust.

Ekki þótti það hins vegar mikil frétt þegar barna- og unglingageðdeild Landspítalans var tryggð 12 millj. kr. aukafjárveiting nú fyrir skemmstu sem tryggði bætta þjónustu við veikustu einstaklinga í hópi barna sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

Ég vil lýsa því strax yfir að ekki stendur til að leggja niður þá starfsemi sem nú fer fram á Kleifarveginum. Engin áform eru uppi um að loka heimilinu, enda öllum ljóst sem fylgjast með umræðu um heilbrigðismál að brýn þörf er fyrir þjónustuúrræði fyrir börn með félagsleg og geðræn vandamál. Meðferðarheimilið er dvalarstaður sjö barna á grunnskólaaldri sem vísað er þangað af sálfræðideild skóla. Þau sækja skóla í nágrenninu en njóta umönnunar og fá meðferð við sitt hæfi á Kleifarveginum. Húsnæðið á Kleifarveginum var gefið Borgarspítalanum í þeim tilgangi að þar yrði rekið heimili fyrir hjálparþurfi börn og reksturinn er enn að nokkru leyti studdur af gjöfum. Starfsemin er rekin í tengslum við geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur en er að mörgu leyti sjálfstæð eining. Einingin er mjög smá og viðfangsefnin eru nokkuð ólík viðfangsefnum annarra deilda á sjúkrahúsinu. Starfsemin er á mörkum heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu. Og af því að hv. þm. spurði sérstaklega að því hvort verið væri að flytja þessa þjónustu yfir á félagslega geirann, þá er svarið við því nei.

Á undanförnum missirum hefur verið lögð á það mikil áhersla að verkaskipting á stóru sjúkrahúsunum verði markvissari og að forðast tvítekningar. Miðstöð meðferðar við geðrænum vanda barna og unglinga er barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Í því sambandi hefur verið á það bent að hugsanlega sé hagkvæmara og skynsamlegra að heimilið við Kleifarveg tengist barna- og unglingageðdeildinni og yrði jafnvel hluti af þeirri deild. Þessar hugmyndir er verið að skoða og verða notaðar til þess næstu vikur. En

hver sem niðurstaðan af þessari endurskoðun verður, mun rekstur meðferðarheimilisins við Kleifarveg halda áfram og hagsmunir barnanna verða tryggðir.

[15:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra líka fyrir þau svör sem hún gaf hér sem ég tel að hafi út af fyrir sig verið góð. Vandinn er hins vegar sá sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að þeirri starfsemi sem hefur verið á Kleifarvegi hefur verið stofnað í mikla óvissu með yfirlýsingum. Það hættulega í þessum málum, gagnvart þeim sem eiga heima á þessum heimilum eða dvelja þar um lengri eða skemmri tíma, er að verið er að vekja óvissu og kvíða hjá þessum einstaklingum. En þeir mega yfirleitt ekki við því. Það hvernig á málinu hefur verið haldið hefur því verið slæmt. Ég tel að yfirvöld Sjúkrahúss Reykjavíkur og ráðuneytið hefðu þurft að koma sér saman um þetta mál og meðferð þess í smáatriðum áður en var farið að flíka hugmyndum sem í raun og veru áttu ekki við neitt að styðjast.

Í öðru lagi vil ég svo segja það, hæstv. forseti, að það er umhugsunarefni að á þessu þingi hafa þingmenn kvatt sér hljóðs sjö sinnum utan dagskrár til að ræða heilbrigðismál, þar af sex sinnum í hálfa klukkustund og í eitt skipti í ótakmarkaðan tíma. Og það er í eina skiptið á þessu þingi sem fram hefur farið umræða í ótakmarkaðan tíma utan dagskrár um einstakan málaflokk. Þetta sýnir mér og staðfestir að verulegt ósætti er um heilbrigðismálin og það hvernig á þeim er haldið. Það er sú alvarlega niðurstaða sem mér finnst að við verðum að komast að hér. Ég held í sjálfu sér að það sé rétt að beina því til hæstv. heilbrrh. en líka að undirstrika það að auðvitað er hún að framkvæma þá stefnu sem ríkisstjórnin og meiri hluti hennar ber ábyrgð á í þessu efni. Ég held því að það sé rétt sem var bent á í gær að auðvitað ætti að kalla í þá alla til að ræða við þá um þessi mál þegar verið er að taka heilbrigðismálin upp. En veturinn til þessa og þessar tíðu utandagskrárumræður í sjö skipti sýna að það er bullandi ósætti um þann grundvallarþátt velferðarkerfisins sem heilbrigðismálin eru. Það er mjög slæmt, herra forseti.

[15:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni ræðum við heilbrigðismálin. Nú er það meðferðarheimilið á Kleifarvegi sem Sjúkrahúsi Reykjavíkur er gert ókleift að reka áfram vegna þess að niðurskurður er slíkur á fé til rekstrar sjúkrahússins. Engu að síður kemur hæstv. ráðherra og heldur því fram og staðfestir að það standi ekki til að leggja niður þessa þjónustu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherrans. En hvers vegna er þá Sjúkrahúsi Reykjavíkur ekki gert kleift að reka þetta heimili áfram? Það er verið að skera niður og það er verið að vísa kostnaðinum annað.

Í erindi frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til borgaryfirvalda er borgarstjóra tilkynnt að Sjúkrahús Reykjavíkur mun hætta rekstri á Kleifarvegi 1. júlí. Því er ekki gert kleift að reka heimilið áfram. Borgarstjóri fer síðan fram á það við ráðherra að leyst verði úr vanda þeirra barna sem dvelja á heimilinu og óskar eftir niðurstöðu fyrir lok marsmánaðar, enda varla seinna vænna. Þarna er verið að vísa heilbrigðisþjónustu yfir til félmrn. Hæstv. ráðherra ætti að leysa þetta innan ríkisstjórnarinnar ef menn ætla að færa rekstur meðferðarheimilisins til félmrn. Það er a.m.k. ljóst að þetta er verkefni sem er á vegum ríkisins og ekki er hægt að ætlast til þess að borgaryfirvöld taki á þessum rekstri. Þetta er meðferðarheimili sem er eðlilegt að félmrn. taki á. Ég tek undir með hv. málshefjanda þar sem hún bendir á að vinna þarf að fara í gang um það hvaða verkefni skuli vera undir félmrn. og hvaða verkefni undir heilbrrn. Það er einnig óþolandi að lítilmagninn skuli alltaf verða fyrir niðurskurðinum og þurfi að þola óvissu sem verður þegar fram koma yfirlýsingar um niðurskurð og óöryggi um framtíð þeirra stofnana sem þeir þurfa að treysta á. Þetta er heimili barna sem hafa átt mjög erfitt og það er ekki á það bætandi með því að hleypa framtíð þeirra í óvissu.

[15:45]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að reifa þetta mál og þakka þau svör ráðherra að ekki standi til að leggja starfsemi Kleifarvegsheimilisins niður. Meðferðarheimilið við Kleifarveg var gefið Reykjavíkurborg upphaflega af Hvíta bandinu og heimilissjóði fyrir taugaveikluð börn í þeim tilgangi að hafa þar vistheimili fyrir börn sem ættu við geðræn og félagsleg vandamál að stríða eins og hér hefur komið fram. Þarna hefur verið rekið mjög merkt meðferðarheimili. Fyrst var það rekið af sálfræðideildum skóla í Reykjavík og síðan fór reksturinn undir Sjúkrahús Reykjavíkur eða geðdeild Borgarspítalans þar sem mörg þeirra barna sem þarna hafa dvalist hafa átt við verulega erfið vandamál að stríða.

Nú þegar tilkynning kemur um að Sjúkrahús Reykjavíkur hyggist hætta rekstri þessa heimilis vegna þess að þarna sé ekki um sjúkrahúsrekstur að ræða er verulega umhugsunarvert hvað verður um heimilið. Það má benda á að rekstur Kleifarvegsheimilisins er mun ódýrari en rekstur barnageðdeildarinnar. Reksturinn kostar svipað og önnur þau heimili sem heyra undir Barnaverndarstofu. Ég tel því ákaflega mikilvægt að þetta er hlutfallslega ódýrt úrræði og mikilvæg starfsemi sem þarna á sér stað. Ég fagna því að lausn sé í sjónmáli en tel að það þurfi að skoða vel hvort að núverandi rekstrarhættir þurfi að breytast ef starfsemin á að flytjast yfir á barna- og unglingageðdeildina eða tengjast henni nánar.

[15:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með þá yfirlýsingu sem hér hefur komið fram. Ég verð þó að árétta að þau vinnubrögð sem eru viðhöfð í niðurskurðarmálum heilbrrn. eru óþolandi. Í þessu tilfelli var fyrst tilkynnt um að það skyldi hætta rekstri þessa mikilvæga heimilis í sparnaðarskyni og boðaðar viðræður um það hvort félags- eða fræðslumálayfirvöld tækju við þessum vanda. Úrskurður ráðherra í dag er athyglisverður um það að þetta heimili verði rekið í tengslum við geðdeildina og það segir okkur það að matið er væntanlega það að þetta sé hvorki félags- né fræðslumál. Mér finnst að alþingismenn hljóti að krefjast faglegri vinnubragða í öllum þeim málum sem snúa að viðkvæmum heimilum. Það er eiginlega borið í bakkafullan lækinn með því sem hefur átt sér stað bæði varðandi Bjarg og eins þessari tilkynningu sem er tilefni utandagskrárumræðu í dag um vistheimili fyrir börn. Það hlýtur að vera ástæða til þess að ráðherrann fari að skoða það hvernig hún ætlar að taka á þessum viðkvæmum heimilum þegar niðurskurðarhnífnum er sífellt beint þangað.

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa afdráttarlausu yfirlýsingu og ég get ekki stillt mig um að minnast á það að í gær

drap ráðherrann nokkuð á dreif í svörum sínum um heilbrigðismál og gerði það m.a. að umræðuefni að þingmenn ættu að líta í eigin barm og fara að spara, e.t.v. fyrir heilbrigðiskerfið, og vísaði þar í þingveislu. Það er dálítið skemmtilegt af því tilefni að rifja það upp að snemma á síðasta kjörtímabili notaði ný og vösk þingkona fyrstu eldhúsdagsræðu sína til að gagnrýna fjáraustur til ráðherrabíla. Þetta var núverandi hæstv. heilbrrh. sem þrátt fyrir þá gagnrýni lét það vera eitt af sínum embættisverkum að kaupa nýjan og dýran ráðherrabíl og ráða sér sérstakan einkabílstjóra. Ekki mundi ég hafa gert þetta að umtalsefni nema vegna orða hennar í gær. Það verður að gera þær kröfur til þeirra sem hafa tekið að sér að sinna æðstu embættisstörfum ríkisins að þeir haldi sig við þau málefni sem eru til umræðu og blandi ekki saman veigalitlum atriðum eins og því sem fer til þingsins og þess sem fer til hins mikilvæga málaflokks heilbrigðismála.

[15:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á þessum veigalitlu atriðum sem hv. þm. gat áðan um. Ég vil geta þess að ég á sjálf bílinn og ríkið á ekki eina krónu í honum en ég á ekki bílstjórann, það er rétt.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu og er aðalmálið, meðferðarheimilið við Kleifarveg, vil ég geta þess að yfirlýsingar um lokun þar koma ekki frá heilbr.- og trmrn. Þær koma frá stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur og það er sama varðandi Bjarg að þær yfirlýsingar komu ekki frá heilbr.- og trmrn. Það er mikilvægt að það komi fram í umræðunni vegna þess að heilbrrh. hverju sinni stjórnar ekki alfarið umræðunni. (Gripið fram í.) Ég heyri ekki hvað hv. þm. kallar fram í en það skiptir ekki öllu máli. Hins vegar skiptir öllu máli að þessar yfirlýsingar komu ekki frá okkur og það verður ekki lokað fyrir starfsemina og starfsemin er hluti heilbrigðisþjónustunnar vegna þess að flest þessara barna eru veik.

Varðandi önnur mál sem hafa komið fram var þess getið réttilega áðan af hv. þm. Svavari Gestssyni að hér hafi verið haldnar sjö utandagskrárumræður um heilbrigðis- og tryggingamál og ég hef orðið vör við það og það er hárrétt. Ég gat þess líka í umræðunni í gær að það er umhugsunarefni að önnur mál eru sjaldnar á dagskrá og við hljótum að spyrja okkur: Er ekki vitlaust gefið til ráðuneytanna? Þarf ekki meira fjármagn til heilbrigðis- og tryggingamála? Það er það sem ég tel að komi út úr þessari miklu umræðu um heilbrigðismál að það hljóti að vera samkomulag milli alþingismanna að leggja meira til þessa málaflokks jafnvel þó það sé á kostnað annars.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, 1. umr.

Frv. samgn., 357. mál (frv. samgn.). — Þskj. 622.

[15:54]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands. Frv. þetta er flutt af samgn. og er í raun afrakstur vinnu nefndarinnar í kjölfar þess að til nefndarinnar hafði áður verið vísað frv. til laga um sameiningu þessara stofnana sem hér voru nefndar og það var ljóst af vinnu samgn. að við þurfum að flytja sérstakt frv. um það sem hér lítur dagsins ljós. Í tengslum við frv. hæstv. samgrh. um sameiningu þessara stofnana sem ég nefndi áðan var flutt sérstakt frv. af því taginu sem hér er til umræðu en við vinnu nefndarinnar kom það í ljós að upptalning á þeim lögum sem þurfti að breyta í kjölfar breytingarinnar var engan veginn tæmandi og ákvað nefndin að flytja sjálfstætt frv. þar sem á þessu máli væri tekið. Eins og menn sjá eru þessar brtt. er eins konar bandormur sem ná yfir fjöldann allan af lögum sem leiðir af því að verið er að sameina tvær stofnanir eins og fram hefur komið.

Breytingarnar eru þær helstar að heitum einstakra stofnana er breytt í Siglingastofnun Íslands við sameininguna. Heitum yfirmanna einstakra stofnana er breytt í heitið forstjóri Siglingastofnunar Íslands og einstök ákvæði eru felld brott, þar á meðal ákvæði um vitanefnd í lögum um vitamál en gert er ráð fyrir því í frv. til laga um Siglingastofnun Íslands að siglingaráð taki við verkefnum nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. enda er ekki ástæða að vísa frv. sérstaklega hæstv. samgn. þar sem þaðan er þetta frv. upprunnið og tel þess vegna eðlilegast að það fari milli umræðna án þess að fara til nefndar.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem vakti athygli mína þegar ég hlýddi á hið ágæta mál hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, formanns samgn., er að hér er samgn. að flytja sjálfstætt frv. Frv. er flutt vegna þess að annað stjfrv. sem fram kemur um sameiningu þriggja stofnana er svo lélegt og vinnubrögð hæstv. ráðherra sem leggur það fram eru svo léleg að samgn. sér þann kost grænstan að flytja sitt eigið sjálfstæða frv. Þegar maður ber þessi frv. saman kemur í ljós að sú vinna sem hv. samgn. hefur unnið er náttúrlega allt önnur og miklu betri en það sem kemur úr ráðuneytinu.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér þykir þetta mikill áfellisdómur yfir framkvæmdarvaldinu. Mér þykir gríðarlega slæmt að vinna að jafnmerkum málum og sameiningu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja er skuli vera svo slæleg að þingið þurfi svo að segja semja stórfellt frv. til þess að aðlaga hin ýmsu lög að þeim breytingum sem verið er að leggja til.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé til vansa fyrir höfunda hins upphaflega frv., ég get ekki sagt annað, en ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þá miklu vinnu sem hann og nefnd hans hafa bersýnilega lagt í málið.

[15:58]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nú að frv. gefi ekki tilefni til þess að fella mikla áfellisdóma yfir þeim sem sömdu upphaflega það frv. sem nefndin kaus að leggja til hliðar en leggja þess í stað fram sitt eigið frv. Ég tel að hv. samgn. hafi unnið mjög eðlilega að þessu máli, farið vel ofan í það eins og samgn. gerir jafnan, ævinlega og alltaf. Það var niðurstaða okkar að það væri skynsamlegra í stað þess að gera breytingar á því frv., sem lagt var fram, að leggja fram þetta sjálfstæða frv. og það gerum við. Það er hlutverk löggjafarsamkomunnar að setja lög og stundum er kvartað undan því að við höfum lítið frumkvæði í þeim efnum. En ég þakka hv. þm. fyrir hlý orð og hólið í garð samgn. og vil nefna til viðbótar jafnframt

starfsmann nefndarinnar sem hefur lagt á sig mikla vinnu í þessu sambandi.

[15:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þarf sannarlega ekki að þakka mér lofið í garð hans og hv. samgn. Satt að segja spyr ég sjálfan mig hvar værum við ef við hefðum ekki samgn. fyrst að frv. sem koma frá fagráðherranum eru svo léleg svo ég noti orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að nefndin taldi skynsamlegra eftir að hafa lesið frv. ráðherrans að leggja það til hliðar og semja nýtt frv. Það er auðvitað fáheyrt þó að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson segi að það sé engin ástæða til þess áfellast framkvæmdarvaldið sökum þess. Þó verð ég að segja að þetta er í fyrsta skipti sem ég sé svona hlut gerast og það er einungis vegna hans milda og blíða eðlis og viðleitni hans til að breiða yfir misfellur sinna manna sem hann viðhefur þessi orð. Auðvitað er mjög merkilegt að þetta skuli gerast og einhvern tímann hefði fyrrverandi formaður Alþb. sagt hér: Þetta er sögulegt. Því það er auðvitað mjög merkilegt þegar ein þingnefnd ákveður að vinnan sem kemur úr ráðuneytinu sé svo léleg að frv. er bara fleygt og nefndin semur frv. sem er miklu betra að öllu leyti. Þetta er áfellisdómur yfir viðkomandi ráðherra og mér þykir leitt að það þurfti að vera hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem felldi þann dóm, þrátt fyrir blíðlegt orðlag áðan.

[16:00]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. er farinn að feta í spor síns gamla fóstra og fellir mikla dóma um sögulegar stundir þegar lítið frv. lítur dagsins ljós. Ég held að það sé mjög ofmælt og vona að honum fari ekki að hætti Snorra að líta þannig á að oflofið sé háð, þegar hann flytur þessa tímamótaræðu sína.

Að öðru leyti hef ég ekki miklu við þetta að bæta, en mér finnst mjög eðlilegt þegar þingnefndir fara yfir mál að þær reyni þá að gera það af mikilli vandvirkni og reyni að komast að þeirri niðurstöðu sem nefndirnar telja skynsamlegasta. Það hefði auðvitað mátt deila um það hvort eðlilegt hefði verið að búa til mjög langa runu af breytingartillögum við það frv. sem upphaflega var lagt fram. Við töldum hins vegar skynsamlegast og eðlilegast allra hluta vegna að gera það með þeim hætti að leggja fram sjálfstætt frv. Það fól í sér það miklar breytingar frá upphaflegu frv. að við töldum eðlilegast að leggja fram sjálfstætt frv. og leggja þá hitt frv. til hliðar.

Meira er ekki um þetta litla mál að segja, virðulegi forseti.

[16:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hér er mjög sérkennilega að málum staðið og ótrúlegt að samgrn. skuli detta í þennan pytt sem hér hefur bersýnilega verið reynt að laga af þingnefndinni.

En ég kvaddi mér hljóðs líka vegna þess, hæstv. forseti, að í tengslum við þetta mál vildi ég spyrja: Er það þannig að starfsfólkið sem hefur verið hjá þessum stofnunum verði starfsfólk hjá hinni nýju stofnun með sömu réttindi og sömu skyldur í einu og öllu og þar er gert ráð fyrir? Mér er ljóst að þetta tilheyrir kannski alveg eins næsta dagskrármáli, en það er þó partur af þessu sameiningarmáli og ég tel óhjákvæmilegt að spyrja um það. Ég spyr líka hvort litið hafi verið á ákvæði laga um hópuppsagnir og aðilaskipti í þessu sambandi þannig að það sé alveg tryggt að starfsfólkið haldi sínum réttindum að öllu leyti frá því sem nú er við flutning til nýrrar stofnunar.

[16:03]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að sjálfsagt mundi þessi umræða fremur eiga heima undir næsta dagskrárlið sem er hin efnislega umræða um sameiningu þessara tveggja stofnana. En það er sjálfsagt að svara spurningu hv. þm. Á þetta mál hefur mjög rækilega verið litið. Það hefur verið lögð á það mikil áhersla við undirbúning málsins að hafa gott samráð við starfsfólk beggja stofnananna. Fulltrúar þeirra komu á fund samgn. og engum andmælum var hreyft við þeirri aðferð sem hér er lögð til.

Eins og hv. þm. getur séð í þeirri brtt. sem við leggjum fram við næsta frv., er gert ráð fyrir því að þessi lög öðlist þegar gildi en framkvæmdin verði hins vegar ekki fyrr en 1. okt. Það er hugsað beinlínis til þess að skapa sem bestan og liðlegastan umþóttunartíma fyrir það fólk sem er að hefja störf hjá hinni nýju sameinuðu stofnun. Á margan hátt er þetta sambærilegt við stofnun Þjóðarbókhlöðunnar þegar sameinaðar voru tvær stofnanir. Það var horft mjög til þess fordæmis þegar verið var að vinna að undirbúningi þessa máls. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, og það er eitt af því sem samgn. gerði brtt. um, að lögin öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. okt. þannig að hægt sé að hefja undirbúninginn að þessari sameiningu og hann geti orðið sem liðlegastur. Til framkvæmda kemur þá ekki fyrr en 1. október svo menn hafa góðan tíma til að undirbúa sig.

Umræðu frestað.

Munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku.

Beiðni MF o.fl. um skýrslu, 369. mál. — Þskj. 646.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Beiðni leyfð með 33 shlj. atkv.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1995, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 325. mál. — Þskj. 572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 284. mál (Bændasamtök Íslands). — Þskj. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, IP, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JBH, JónK, ÓE, ÓRG, RG, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 651).

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum vegna EES, frh. 3. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 522.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (BH*, HG, SvG) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JBH, JónK, LB, ÓE, ÓRG, RG, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 652).

Flugmálaáætlun 1996–1999, frh. fyrri umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Póstlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 301. mál (dómtúlkar, handteknir menn og gæsluvarðhaldsfangar). — Þskj. 541.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Helgidagafriður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 315. mál (heildarlög). — Þskj. 556.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Staðfest samvist, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 564.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (barnaklám, samkynhneigð). — Þskj. 582.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, frh. 1. umr.

Stjfrv., 355. mál (heildarlög). — Þskj. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 549.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.
[Fundarhlé. — 16:16]

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 357. mál (frv. samgn.). — Þskj. 622.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingastofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 216, nál. 620, brtt. 621.

[18:32]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 620 sem og breytingartillögum á þskj. 621 við frv. til laga um Siglingamálastofnun Íslands. Meginefni þess frv. er það að sameina Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun. Þetta mál hefur fengið allmikla umfjöllun í samgn. Nefndin fékk á sinn fund ráðuneytisstjórann í samgrn., Jón Birgi Jónsson, og Helga Jóhannesson, lögfræðing ráðuneytisins. Enn fremur Hermann Guðjónsson vita- og hafnamálastjóra, Benedikt Guðmundsson siglingamálastjóra, Jóhönnu Stefánsdóttur og Sigurð Guðmundsson, fulltrúa starfsmanna Vita- og hafnamálastofnunar, Stefán Geir Karlsson, Pál Guðmundsson og Sævar Vigfússon, fulltrúa starfsmanna Siglingamálastofnunar. Enn fremur fékk nefndin umsögn um frv. frá Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Landhelgisgæslunni, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sjómannasambandi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Siglingamálastofnun Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Vita- og hafnamálastofnun.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fram koma í breytingartillögum og útskýrðar eru í nefndarálitinu. Ég vil með örfáum orðum fara yfir helstu efnisatriði þeirra breytinga sem samgn. leggur til að gerðar verði á þessu frv.

Í fyrsta lagi leggjum við til þá breytingu á 2. gr. að forstjóri Siglingastofnunar Íslands skuli skipaður af samgrh. til fimm ára í senn og hann skuli síðan ráða allt annað starfsfólk stofnunarinnar. Þetta er nokkur breyting frá því sem var í frv. en þar var gert ráð fyrir því að samgrh. réði þessa starfsmenn. Þessi brtt. sem samgn. leggur til er í samræmi við þá stefnu sem boðuð er í starfsmannaáætlun hjá ríkinu og má segja að sé í samræmi við þá þróun sem almennt hefur orðið að auka ábyrgð og verksvið forstöðumanna stofnana og draga þar með úr áhrifavaldi ráðherra við daglega stjórnun eða við stefnumótun hjá ríkisstofnunum af þessu taginu. Þá er þetta ákvæði líka í samræmi við ákvæði hafnalaga.

Í öðru lagi er lagt til með breytingartillögu við 3. gr. frv. að þau verkefni sem heyra undir Siglingastofnun Íslands hina nýju verði skilgreind nokkru betur en gert hafði verið í þessu frv. Það eru tekin inn ákvæði sem við töldum nauðsynlegt að væru skilgreind varðandi verkefni Siglingastofnunarinnar. Það er sett inn heimild fyrir stofnunina að fela öðrum tiltekin verkefni að fengnu samþykki ráðherra. Í þessu tilfelli má nefna að það eru tiltekin verkefni sem unnin eru af stofnuninni sem aðrir eru jafnframt að vinna og það er eingöngu verið að opna þessa heimild í því skyni að geta komið við eðlilegri hagræðingu á þessu sviði. Síðan er ákvæði í brtt. sem opnar á möguleika stofnunarinnar til þess að taka þátt í rannsókna- og þróunarstarfsemi, sérstaklega með það í huga að stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Að mati þeirra sem glöggt þekkja til geta falist í þessu ýmsir möguleikar vegna þess að hér á landi er til staðar, eins og allir vita, mikil sérþekking á þessu sviði sem við getum örugglega nýtt okkur með því að flytja út verkefni til annarra þjóða. Slíkur útflutningur er þegar er hafinn á ýmsum öðrum sviðum og við teljum raunar að þarna séu ýmsir möguleikar fyrir hendi sem við ættum að huga að.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum um skipan bæði hafnaráðs og siglingaráðs. Til skýringar er rétt að nefna að stjórnskipun þessarar stofnunar gerir ráð fyrir því að það séu tvö fagráð innan stofnunarinnar, þ.e. annars vegar hafnaráð og hins vegar siglingaráð sem séu til ráðuneytis um þessa tvo málaflokka sem eru höfuðmálasvið Siglingastofnunarinnar. Annars vegar erum við að ræða um hafnaráð sem er þá til ráðuneytis um hafnamál og hins vegar siglingaráð sem er til ráðuneytis um siglinga- og vitamál. Við gerum ráð fyrir nokkurri breytingu á skipan hafnaráðsins, þ.e. á skipanatíma þeirra sem sitja í hafna- og siglingaráði.

Eins og ég nefndi fyrr í dag í umræðu um frv. þessu tengt gerir nefndin tillögu um að lögin sjálf öðlist þegar gildi en komi þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1996. Þetta er gert með það að markmiði nr. eitt, tvö og þrjú að auðvelda samruna þessara tveggja stofnana í því skyni að sem minnst röskun verði á högum starfsmanna. Við teljum líka að það sé mjög mikilvægt til þess að vel takist til um samruna stofnana af þessu tagi að menn hafi góðan tíma til þess að undirbúa sig. Það er sem eðlilegast að skipa málunum með þeim hætti að lögin sjálf taki gildi en komi hins vegar ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1996.

Með ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að sem fyrst verði skipað í hafna- og siglingaráð og hafist handa við undirbúning að framkvæmd laganna. Þá er í ákvæði til bráðabirgða enn fremur kveðið á um rétt starfsmanna þeirra stofnana sem sameinast í Siglingastofnun Íslands. Þetta ákvæði er sams konar og er í lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og er samhljóða 14. gr. þeirra laga, enda er hér um að ræða sambærilegan hlut, það er verið að sameina tvær ríkisstofnanir og á það ber auðvitað að leggja mikla áherslu. Hér er ekki um að ræða formbreytingu sem menn eru kannski vanir að ræða um, heldur er hér um að ræða sameiningu tveggja ríkisstofnana.

Virðulegi forseti. Í umfjöllun nefndarinnar var nokkuð rætt um það hvort eðlilegt væri að setja þessari stofnun sérstaka stjórn. Niðurstaðan varð sú að gera ekki tillögu um það. Sú umræða er í sjálfu sér sjálfstæð umræða sem gæti átt sér stað við aðrar aðstæður þar sem við veltum fyrir okkur almennt þeirri stefnu hvort eðlilegt sé að ríkisstofnunum séu settar stjórnir eða hvort það séu settar stjórnir yfir ríkisstofnanir eins og t.d. Vita- og hafnamálastofnun og nú væntanlega þá Siglingastofnun Íslands. Sama spurning ætti þá væntanlega við um fleiri ríkisstofnanir eins og Vegagerðina eða aðra. Það er engin ástæða til þess að sú stefnumótun fari fram við afgreiðslu þessa máls hér. Það er angi af miklu almennara máli sem menn þurfa þá að ræða við aðrar aðstæður.

Það sem að mínu mati vinnst helst við sameiningu þessara tveggja stofnana sem hér er verið að ræða um er í fyrsta lagi hagræðing og sparnaður í rekstri, sem auðvitað er markmið

út af fyrir sig, en ekki síður hitt sem að mínu mati skiptir mjög miklu máli að sameinuð stofnun hefur meira bolmagn til að hafa í þjónustu sinni sérhæfða starfsmenn sem þörf er á hverju sinni og stuðla þannig að betra upplýsingastreymi ásamt bættri nýtingu mannafla og aðstöðu. Þetta á ekki síst við víða úti um landsbyggðina þar sem Siglingamálastofnun hefur komið upp útibúum á nokkrum stöðum. Ég tel ljóst að með þessari sameiningu er hægt að nýta betur það starfsfólk sem þar er, efla starfsemina og opna möguleika á því að ráða til starfa sérhæft fólk sem mikill liðsauki væri að, bæði fyrir stofnunina og þau svæði þar sem hún starfar.

Virðulegi forseti. Undir álit samgn. Alþingis rita allir nefndarmenn, Einar K. Guðfinnsson, form. og frsm., Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson, Árni Johnsen og með fyrirvara rita undir þetta nefndarálit Guðmundur Árni Stefánsson, Ragnar Arnalds og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

[18:42]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög gott mál að ræða. Ég tel að þær breytingartillögur sem hv. formaður samgn., Einar Kristinn Guðfinnsson, kynnti séu til bóta. En ef ég man rétt, á þessi stofnun sem við erum að fjalla um rætur að rekja til vitamála og hefur sinnt þeim störfum um langt skeið. Með það í huga og einnig vegna þess að ég hef orðið var við það hjá eldri starfsmönnum stofnunarinnar að það sé nokkur söknuður að því að það nafn eða sú tilvísun skuli falla út úr nafni stofnunarinnar, vil ég spyrja hv. formann samgn. hvort það hafi ekki komið til tals í nefndinni að finna stofnuninni annað nafn sem vísaði til þessa upprunalega hlutverks hennar.

[18:43]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er til að svara og skemmst frá því að segja að sú umræða fór aldrei fram í nefndinni hvort ástæða væri til þess að breyta um nafngift. Menn töldu einfaldlega að þetta lýsti ágætlega hlutverki stofnunarinnar, Siglingastofnun Íslands, þannig að þetta mál var ekkert rætt þar frekar.

[18:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem á langa umræðu að baki. Sjómannasamtökin hafa lengi fjallað um Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun og hefur sýnst sitt hverjum þar um. Ég held að ég muni það rétt að sjómannasamtökin hafi andmælt þessum hugmyndum og væri gott að fá upplýsingar um það hjá formanni samgn. hér á eftir.

Ég er ekki að draga í efa að sameining gæti orðið af hinu góða fyrir þessar tvær ríkisstofnanir. Ég hef heyrt á mæli þeirra sem hjá Siglingamálastofnun vinna að þeir telji að nú sé svo komið með starfsemi þeirra að rétt sé að mál linni og einhver lending náist. Það eru hins vegar nokkur atriði í þessu sem vekja athygli mína, bæði í frv. og greinargerðinni. Þótt verið sé að sameina stofnanir kemur berlega í ljós þegar grannt er skoðað hvernig hin ýmsu ráðuneyti koma þarna við. Er vont til þess að vita að sum ákvæði í þessu frv. eru nánast út og suður vegna þess hversu mörg ráðuneyti koma þar að málum.

Í 5. lið 3. gr. um verkefni Siglingamálastofnunar segir að hún eigi að annast mál er varða lög og varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhvrh. setur. Kem ég þá að því sem ég gat um áðan. Það er svo að erlendis eru mál eins og mengunarmálin á einni og sömu hendi og er það dálítið merkilegt að svona skyldi hafa tekist til er umhvrn. var sett á stofn að þessu er nánast tvískipt enda segir líka í 6. lið 3. gr. um verkefni Siglingamálastofnunar að hún eigi að annast samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að og varða siglinga-, hafna- og vitamál. En þá er ekki getið um mengunarmál.

Vissulega er það svo að oftar en ekki eru líka alþjóðasamþykktir um mengun hafsins. Þá er það Siglingamálastofnun, þessu nýja fyrirtæki, nánast óviðkomandi. Það er umhvrn. sem á að mæta á þeim alþjóðasamkundum sem þar fara fram og útbúa reglur sem að því lúta og síðan að koma því til þessarar nýju stofnunar. Þetta allt gerir málið náttúrlega flóknara og gerir mönnum erfitt um vik að starfa undir þeim kringumstæðum að olíumengunarslys gæti gerst. Þá eru allmargir aðilar sem koma að því máli og liggur ekki endanlega ljóst fyrir hver skuli bera ábyrgðina og með hvaða hætti og hvernig skuli tekið á þeim málum. Þetta er mjög bagalegt, einkum þegar litið er til að ekki er langt síðan stórt olíuskip strandaði við Englandsstrendur og mikil olía fór í hafið. Það virðist vera að á Íslandi vanti hinn ábyrga aðila sem getur tekið af skarið og sagt á þeirri stundu sem slíkt óhapp gerist, sem ég vona að verði þó aldrei: Nú skal framkvæma. En þess í stað þarf málið að fara á milli ráðuneyta.

Í athugasemdunum við lagafrv. segir m.a. að nefnd hafi verið skipuð 1993 af samgrh. til að kanna möguleika Vita- og hafnamálastofnunar annars vegar og Sigingamálastofnunar hins vegar á samnýtingu mannafla og aðstöðu eða sameiningu þessara stofnana í eina stofnun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af störfum nefndarinnar hófst vinna við endurskoðun á starfsemi Siglingamálastofnun ríkisins annars vegar og Vita- og hafnamálastofnun hins vegar þar sem talið var að ná mætti fram verulegri hagræðingu í rekstri þeirra. ... Lögð var meiri áhersla á að hraða vinnunni hjá Vita- og hafnamálastofnun og hefur ýmsum umbótaverkefnum verið hrint í framkvæmd.“ Síðan segir: „Nú er því heppilegur tími til að sameina þessar stofnanir í eina stofnun, Siglingastofnun Íslands. Sú reynsla sem fengist hefur hjá Vita- og hafnamálstofnun, ásamt þeirri vinnu sem lokið er fyrir Siglingamálastofnun ríkisins, kemur að góðum notum fyrir mótun stefnu og framtíðarsýnar sameinaðrar stofnunar.“ Og síðan markmiðið: „Langtímamarkmið með sameiningunni er hagræðing og sparnaður í rekstri samhliða markvissri þjónustu við viðskiptavini stofnunarinnar.“

Þegar einkum er litið til þess að talað er um markvissa þjónustu við viðskiptavini stofnunarinnar þá held ég að ég megi til með að staldra við og koma að orðum formanns samgn. þar sem hann talaði um að rætt hefði verið um að setja stofnuninni stjórn. Ég held að full ástæða sé til þess vegna þess að það hefur borið á góma hjá þessari ágætu Siglingamálastofnun sem er enn starfandi að þar virðist markmið og leiðir hafa á stundum farið úr böndunum og hefur siglingamálaráð sem þar hefur starfað um nokkurn tíma þá ekki dugað til. Þess vegna tel ég að það sé full ástæða til þess, vegna þess að það eru að koma að tveir hópar sem hafa sinnt hvor sínu verkefninu um langan tíma, að öðru fremur sé nauðsyn á að þessi stofnun hafi sérstaka stjórn sem geti þá stýrt hlutum þannig að vel fari því að það er vissulega nauðsynlegt í þeirri tilraunastarfsemi sem á lögfesta að þar

haldist mönnum vel á verki svo að þetta verði ekki verra en það sem fyrir var ef hægt er að tala um það í þeirri merkingu.

Sameinuð stofnun hefur meira bolmagn til að hafa í þjónustu sinni þá sérhæfðu starfsmenn sem þörf er á hverju sinni og stuðla að betra upplýsingastreymi ásamt bættri nýtingu mannafla og aðstöðu. Sameining mun nýtast bæði ríkinu og viðskiptavinum stofnananna. Ég er ekki hissa á því að eftirfarandi texti skuli vera í athugasemdunum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Siglingamálastofnun ríkisins safnar upplýsingum um sjóslys og Vita- og hafnamálastofnunin hefur umsjón með hönnum innsiglinga og innsiglingamerkja. Mörg sjóslys verða í og við innsiglingar í hafnir. Sameining stuðlar að gerð öruggari hafnarmannvirkja."

Getur verið að allan þann tíma sem þessi tvö ríkisfyrirtæki hafa starfað hafi engin samvinna verið þar á milli? Getur það verið að Vita- og hafnamálastofnun hafi verið að hanna hafnarmannvirki og innsiglingar með þeim hætti að stórslys gætu stafað af vegna þess að þeir hafa ekki haft samband við Siglingamálastofnun sem skráir slys? Þessi texti er með slíkum eindæmum og ég er þess vegna ekki hissa á því sem ég gat um áður. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Vita- og hafnamálastofnun hefur unnið að rannsóknum á öldulagi á hafinu kringum landið og safnað upplýsingum í nærri tvo áratugi. Til að auka öryggi sjófarenda og auðvelda sjósókn hefur verið komið upp upplýsingakerfi með upphringingabúnaði um veður og sjólag þar sem 12 veðurstöðvar í vitum og annesjum senda upplýsingar um veður og 6–7 ölduduflsem gefa upp ölduhæð og öldulengd."

Þetta er auðvitað hið besta mál. En allt í einu er þessi ágæta stofnun komin inn á starfsemi Veðurstofunnar og ruglast nú málið heldur betur. Þetta er mjög gott og þarft framtak Vita- og hafnamálastofnunar, ég ætla ekki að gera lítið úr því en þetta sýnir enn betur í hnotskurn hvernig háttað er með mál sem lúta að öryggisþáttum sæfarenda við Ísland. Hvernig í ósköpunum má það vera, eins og ég gat um áðan, að ekkert samstarf virðist hafa verið á milli þessara aðila af því að getið er um það í texta í lagafrv. að hafnarmannvirkin hafi verið það illa hönnuð af því að upplýsingar hafi ekki komið frá Siglingamálastofnun sem skráir slys á sjómönnum?

Ég gat áðan um vandamálið í sambandi við mengun og hér er komið inn enn eitt málið sem lýtur að veðurathugunum og veðurfarsupplýsingum. Svo haldið sé áfram með textann þá segir hér, með leyfi forseta, og vekur enn undrun mína: „Vita- og hafnamálastofnun gerir áætlanir um uppbyggingu hafna. Siglingamálastofnun ríkisins heldur skrá yfir skipaflotann og fylgist með þróun hans. Við hönnun og áætlanagerð um uppbyggingu hafna er mikilvægt að hafa góðar upplýsingar um skipaflotann og áætlaðar breytingar á honum."

Getur verið að þessar upplýsingar frá Siglingamálastofnun hafi ekki legið fyrir hjá Vita- og hafnamálastofnun? Eru þetta einu rökin fyrir því að það er nauðsynlegt að sameina þessar stofnanir af því að upplýsingastreymið er ekkert þarna á milli? Er nauðsynlegt að sameina stofnanirnar svo að Vita- og hafnamálastofnunin viti nákvæmlega um stærð fiskiskipaflotans á hverjum tíma?

Herra forseti. Ég gat um það í upphafi að ég hefði ekki á móti því að þessi tilraun yrði gerð. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að það er í andstöðu við það að sjómenn telja öryggi sínu best borgið með því að hafa þetta óbreytt. Hins vegar hef ég heyrt það á starfsmönnum Siglingamálastofnunar að þeir telji að það ástand sem hefur verið viðloðandi um nokkuð langan tíma hvað áhrærir stofnunina sé með þeim hætti að þessi úrlausn ef svo má kalla gæti orðið til þess að styrkja stofnunina enn frekar og henni veitir líklega ekki af því.

Að lokum vildi ég segja þetta: Ég hef haldið því margsinnis fram að eðlilegra hefði verið með tilliti til þess að hafnarframkvæmdir eru komnar á þann rekspöl öðruvísi en áður var, framkvæmdir minni en voru — og með tilliti til þess að Vegagerðin hefur þegar tekið að sér þjónustu nokkurra ferja — að sá hluti Vita- og hafnamálastofnunar, sem heitir hafnamál, færi undir Vegagerðina en vitamálaþátturinn færi undir Landhelgisgæsluna og síðan yrðu Landhelgisgæslan og Siglingamálastofnunin sameinuð og styrkt. Það væri hinn raunhæfi kostur í málinu.

Herra forseti. Mér sýnist að með frv. sé kannski verið að stíga það spor og ég eygi þá von að einhver skynsemi sé fram undan í málinu sem muni leiða til þess að Siglingamálastofnunin verði innan ekki langs tíma sameinuð Landhelgisgæslunni.

[18:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ekki ætla ég að bera fyrrv. oddvita reykvíska sjómanna það á brýn að innri órökvísi gæti í því sem hann segir en mér fannst það á köflum í hans ágætu ræðu áðan. Hann talaði í þá veru að mér fannst eins og hann væri ekki sammála þeirri meginstefnu sem kemur fram í frv. að það eigi að stefna að því að sameina stofnanir sem er þrátt fyrir allt, herra forseti, hluti af stefnu hans eigin flokks. Einmitt sú stefna hefur verið burðarásinn í einum fjórum ráðstefnum sem hæstv. fjmrh. hefur haldið þegar hann hefur verið að kynna stefnu sína um nýskipan í ríkisrekstri, stefnu sem má raunar rekja aftur til síðustu ríkisstjórna, stefnu sem ég styð að verulegu leyti.

Í lok ræðu sinnar hins vegar lét hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson í ljós þá frómu ósk að hann vænti þess að innan mjög skamms tíma yrði þessi stofnun gerð enn stærri og yrði sameinuð Landhelgisgæslunni. Ég, herra forseti, tek undir það. Ég held að það sé það sem við eigum að reyna að skoða og kem að þeirri stefnu síðar í máli mínu.

Ég vildi hins vegar í upphafi, herra forseti, segja að þó að ég sé búinn að hlaða lofi á hv. þm. og formann samgn. Einar K. Guðfinnsson, verður aldrei nógsamlegu lofi hlaðið á þann góða dreng og þá ágætu nefnd fyrir það hvernig hún hefur tekið á málinu. Eins og kom fram í umræðunni fyrr í dag var þetta mál hraksmánarlega búið af hendi ráðuneytisins og kom í ljós að það þurfti hina vösku menn hv. samgn. og þrekmenni, sem er starfsmaður nefndarinnar, til þess að gera fjöldamargar breytingar á málinu sem tengist sameiningu þessara stofnana.

Ég er að öllu leyti sammála þeim breytingartillögum sem koma fram í áliti samgn. Það er einungis eitt sem ég vildi þó beina til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Hann gat þess að það hefði verið niðurstaða eftir talsverða umfjöllun í nefndinni að hafa ekki stjórn yfir stofnuninni. Mér þótti í sjálfu sér vænt um að það væri ekki flasað að þeirri niðurstöðu heldur væri það niðurstaða rökræðu og umfjöllunar í nefndinni. Ég er honum hins vegar ósammála, þótt ég þekki þessa stofnun ekki líkt því eins vel og hann eftir þá miklu umfjöllun sem hann hefur staðið fyrir innan samgn. Ég verð að segja, herra forseti, af þeirri reynslu sem ég hef af því að reka íslenskt ráðuneyti að þau eru vanbúin að mannafla og illa í stakk búin

til þess að standa fyrir rekstri stofnana án þess stuðnings sem er að finna í stjórnum. Ég studdi það t.d. mjög á sínum tíma þegar verið var að stokka upp Náttúrufræðistofnun Íslands að sett yrði þriggja manna stjórn yfir stofnunina, einmitt af þessum ástæðum. Við getum tekið ráðuneyti eins og heilbr.- og trmrn. sem dæmi. Það stýrir 40% af útgjöldum íslenska ríkisins, en þar starfa einungis 24 eða 25 menn og undir þá heyra fjölmargar stofnanir. Auðvitað hlýtur svo að fara að þær stofnanir sem ekki hafa stjórn yfir sér detta á milli skips og bryggju og oft og tíðum hafa þær litla umsjón af hálfu ráðuneytisins. Þetta er mín reynsla sem fyrrv. ráðherra. Þess vegna tel ég að það væri æskilegt við flestar aðstæður að hafa stjórn yfir þessum stofnunum. Ég tel það sérstaklega nauðsynlegt þar sem um er að ræða stofnanir sem að einhverju leyti eiga að hafa eftirlit og þetta er að öðrum þræði eftirlitsstofnun. Það er bráðnauðsynlegt að yfir slíkum stofnunum sé stjórn sem menn og hagsmunaaðilar, sem eru margir í þessu tilviki, geti leitað stuðnings hjá. Sú staða kann að koma upp að sá starfsmaður ráðuneytisins sem er viðkomandi stofnun til halds og trausts eða jafnvel stýrir henni af hálfu ráðherra sé ekki viðræðuhæfur um tiltekin mál, hafi ekki tíma til að sinna málunum eða hafi einfaldlega ekki áhuga á því. Þess vegna vísa ég því til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar hvort það væri ekki ráð að kanna þetta svolítið betur.

Herra forseti. Áður en lengra er haldið vil ég velta því aðeins fyrir mér hvort ekki hefði verið rétt að stíga skrefið svolítið lengra við þessa sameiningu, þ.e. hvort ekki hefði verið mögulegt að koma einhverju af verkefnum sem eru innan þessarar stofnunar út á almennan markað. Ég er þeirrar skoðunar að það séu ákveðin verkefni á vegum ríkisins sem eigi að bjóða út í ríkari mæli en gert er núna. Ég er að vísu meðvitandi um að hæstv. fjmrh. hefur á síðustu árum hrint í framkvæmt útboðsstefnu á vegum ríkisins sem ég tel að hafi verið ríkissjóði og almenningi til heilla, en á vegum t.d. Vita- og hafnamálastofnunar er hönnunardeild, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson drap hér lítillega á og því ekki að leggja hana niður og setja verkefni hennar á almennan markað? Nú er það svo að einmitt þessi grein *íslensks atvinnulífs, þ.e. verkfræðileg ráðgjöf, býr við mjög* veika markaðsstöðu. Hún hefur ekki náð að þróast eðlilega að því er ég hygg vegna þess að ríkið hefur ginið yfir hönunarverkefnum. Þessi verkefni hefur vantað til útboðs á almennum markaði og mig langar að varpa þeirri spurningu til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar hvort þetta hafi ekki verið rætt í tengslum við þessa uppstokkun. Nú geri ég mér að vísu grein fyrir, herra forseti, að þarna er verið að stíga mjög stórt skref í þróun þessarar stofnunar og kannski hafa menn ekki talið ráðlegt að stíga það skref um leið. En ég vildi samt, herra forseti, nota þetta tækifæri til þess að reifa í víðara samhengi hugmyndir mínar um t.d. tilflutning á svona verkefnum yfir á almennan markað. Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að ræða hugmyndir mínar um almenna uppstokkun á stofnanastrúktúr ríkisins.

Áður en ég hverf frá hönnunardeild Vita- og hafnamálastofnunar langar mig að benda á að einnig Vegagerðin hefur yfir gríðarlega öflugri hönnunardeild að ráða. Ég velti því fyrir mér hvort það sé eitthvað sjálfgefið. Er nauðsynlegt að þannig verði það um aldur og ævi? Er ekki allt í lagi að menn leyfi sér þann munað að hugsa upphátt hvort ekki sé rétt að fara í vaxandi mæli út í að flytja þessi verkefni yfir á almennan markað?

Ég vil aðeins halda áfram með vita- og hafnamál. Ég minnist þess að þegar við vorum að ákveða, íslenska þjóðin fyrir skömmu, að fara í að bæta við álverið í Straumsvík þá var að sjálfsögðu farið í það að hanna stækkun hafnarinnar í Straumsvík og völdum hópi fyrirtækja boðið að vera með í útboði. Á þeim lista var til að mynda fyrirtækið Vita- og hafnamálastofnun. Þar tók með öðrum orðum ríkisfyrirtæki þátt í útboði á almennum markaði. Maður veltir því fyrir sér af hverju þetta ríkisfyrirtæki var að því. Væntanlega vegna þess að á fjárlögum gerum við kröfur um ákveðnar sértekjur til þess að endar nái saman. Og má þá ekki halda þessari hugsun áfram og segja sem svo: Eru skattborgararnir þar með ekki að niðurgreiða þessa samkeppni? Og hvað með hin almennu fyrirtæki, einkafyrirtækin sem háð eru samkeppni? *Þetta er ekki réttlát samkeppni og þetta eru hlutir sem við* þurfum líka að hugsa um.

Ég vil segja, herra forseti, að ég fagna þeirri hugsun sem kemur þarna fram. Þarna er verið að feta þá braut að sameina stofnanir og það er nauðsynlegt að gera það miklu víðar. Ég held að eitt af því sem hlýtur að vera meðal brýnustu verkefna í ríkisrekstrinum sé einmitt að stokka upp stofnanastrúktúrinn íslenska. Við búum þar að danskri arfleifð og ég hygg að lögunum um Stjórnarráðið hafi ekki verið breytt í næstum því 30 ár, eða síðan 1969. Það er staðreynd að stofnanir okkar eru allt of margar, þær eru allt of fámennar og þær eru allt of veikburða. Það þarf að stækka þær með sameiningu og gera þær að sterkari heild. Sumar má e.t.v. leggja niður að hluta. Ég held að aðalatriðið sé að menn reyni að gera þær að burðugri heild. Þegar menn fara í svona verkefni er ekki bara verið að sameina tvær stofnanir í nýja stofnun sem sinnir sömu verkum og áður. Það er líka verið að setja stofnuninni hinni nýju þau verkefni að endurskilgreina sjálfa sig og það er það sem mér finnst vanta eftir náin kynni mín af nokkrum íslenskum ríkisstofnunum. Það vantar hvata fyrir þessar stofnanir til að endurskoða markmið sín, kanna hvort verksvið þeirra sé rétt, hvort það sé ekki eitthvað sem mætti e.t.v. sleppa eða færa út á almennan markað og hvort það séu ekki önnur verkefni sem þarf að leggja meiri áherslu á.

Ég hef hins vegar orðið var við það á mínum tiltölulega skamma ferli sem stjórnmálamaður að það er gríðarlega erfitt að ná þessu fram. Ég minnist t.d. þess að í síðustu ríkisstjórn kom upp hugmynd um að sameina Sjómælingar og Landmælingar og af því að málið var mér skylt kannaði ég lítillega hvort ekki væri grundvöllur fyrir því. Það reyndist að sjálfsögðu enginn grundvöllur fyrir því. Og af hverju? Vegna þess að þarna var tekið á því sem hefur verið hluti hinna helgu véa í íslenskum ríkisrekstri, það eru landamerkin milli ráðuneyta. Það má aldrei íhuga að sameina stofnanir sem eru ekki undir sömu ráðuneytum og af því að sjómælingar voru undir öðru ráðuneyti en landmælingar, var þessi fína hugmynd skotin niður eins og rjúpa á flugi. Þessi hefðbundnu mörk milli ráðuneytanna eru nefnilega óumbreytanleg í landslagi ríkisins alveg eins og Esjan er í landslagi okkar Reykvíkinga. Það er þessi ósýnilega fimmta herdeild embættismannanna sem jafnan kemur til sögunnar þegar að þessum hlutum kemur.

Ég minnist þess líka, herra forseti, að ég gerði veikburða tilraun til að sameina örsmáa stofnun, sem nokkuð er kunn orðin og heitir embætti veiðistjóra, Náttúrufræðistofnun. Þá risu auðvitað upp smákóngar í a.m.k. tveimur flokkum sem töldu að með því væri verið að vega að íslenskri bændastétt. En ég veit að eftirmaður minn í embætti umhvrh., hæstv.

ráðherra Guðmundur Bjarnason, er kjarkmenni og hann mun þegar fram líða stundir freista þess að sameina þetta aftur á nýjan leik.

Auðvitað eru margar svona stofnanir sem þyrfti að ráðast í og fyrst ég er kominn í þennan stofnanaham vil ég taka fleiri dæmi. Hvað vinna margar stofnanir á sviði matvælarannsókna? Það er Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, það er hið fræga embætti yfirdýralæknis, það er Rannsóknastofa landbúnaðarins, það er komin ný stofnun á Akureyri, það er Hollustuvernd ríkisins og nú síðast fréttist af því að landlæknir er búinn að stofna rollubú austur á fjörðum til að kanna hvaða áhrif fitusýrur hafa á hjartalag Egilsstaðabúa miðað við Vestur-Íslendinga. (Gripið fram í.) Já, og hér er enn ein stofnun nefnd til sögunnar. Það sem ég er að leggja áherslu á, herra forseti, er að ég fagna því að hér er kominn vísir að því sem ég vænti að verði uppstokkun á öllu ríkiskerfinu. Ég held t.d. að það sé nauðsynlegt fyrir atvinnulífið að rannsóknastofnunum verði steypt saman í burðugri heild.

Ég minnist þess, herra forseti, að á síðasta kjörtímabili sat ég sem almennur þingmaður í nefnd sem var fengið það verkefni að véla um sameiningu þriggja rannsóknastofnana atvinnulífsins, Orkustofnunar, Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Formaður þessarar nefndar var einn af hinum ungu kraftmiklu spútnikum í athafnalífinu og tillögur nefndarinnar voru mjög góðar, en auðvitað voru þær drepnar af smákóngum í kerfinu. En, herra forseti, það ber að fagna því sem vel er gert og ég fagna því að loksins er hæstv. fjmrh. hættur að tala um að sameina stofnanir. Hann er farinn að framkvæma, að vísu í gegnum aðra ráðherra, en þetta er stefna sem voru lögð drög að í tíð síðustu ríkisstjórnar og þetta er partur af vissri uppstokkun í ríkisrekstrinum sem Alþfl. ásamt Sjálfstfl. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar átti frumburðarrétt að og við munum að sjálfsögðu ganga eftir því að þessari stefnu verði enn frekar hrint í framkvæmd. Það er ekki nóg að láta staðar numið við þessar stofnanir, það þarf að fara víðar. Það þarf t.d. að taka þær stofnanir sem ég drap á hér áðan. Herra forseti. Aftur færi ég hv. samgn. þakkir mínar fyrir afskaplega vel unnið verk.

[19:12]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd samgn. þakka fyrir ágæta umræðu sem hér hefur farið fram um þetta frv. og þær breytingartillögur sem frá samgn. hafa komið. Þetta mál á sér allnokkurn aðdraganda eins og ég nefndi aðeins áðan.

Það var seinni hluta ársins 1993 að hæstv. samgrh. skipaði nefnd undir forustu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar sem vann að undirbúningi þessa máls. Við þann undirbúning var haft víðtækt samráð við aðila málsins í báðum stofnunum og ég tel að það hafi skipt mjög miklu fyrir framgang málsins að það hefur verið unnið með þeim hætti, það hefur verið reynt að leita samstarfs og samráðs við það fólk sem hjá þessum stofnunum starfar og það kom mjög skýrt fram í starfi samgn. Alþingis að það var álit þess fólks að það skipti mjög miklu máli að ná fram niðurstöðu sem fyrst þannig að þeirri óvissu, sem alltaf kemur fram þegar verið er að tala um að breyta stofnunum, linnti. Þess vegna var það þýðingarmikið að fá fram niðurstöðu í samgn. Alþingis og það var mjög mikið fagnaðarefni að það tókst að ná henni þannig að það var um það sátt í nefndinni.

Hv. 10. þm. Reykv. kom inn á nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að drepa á. Hann ræddi í fyrsta lagi um afstöðu Sjómannasamtakanna til þessa máls. Því er til að svara að þar var ekki um að ræða einróma afstöðu. Þau skiptust nokkuð í afstöðu sinni til þessa máls. Til að mynda vildi Farmanna- og fiskimannasambandið kljúfa Vitastofnun út úr Vita- og hafnamálastofnun og sameina hana Landhelgisgæslunni og það var sjónarmið sem kom jafnframt annars staðar fram. Þó má segja að það var yfirgnæfandi þannig að þeir sem kallaðir voru til álits og hér eru nefndir í nefndarálitinu voru þeirrar skoðunar að þá leið, sem var lögð til í nefnd undir forustu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, væri eðlilegast að fara.

Hv. 10. þm. Reykv. nefndi líka nokkur atriði úr greinargerðinni sem hann taldi að væri tortryggileg og mætti draga af því þær ályktanir að ekkert samstarf hefði verið hingað til á milli Vita- og hafnamálastofnunar annars vegar og hins vegar Siglingamálastofnunar. Þetta held ég að sé alrangt hjá hv. þm. Það er ekkert í þessari greinargerð sem gefur það til kynna að ekkert samstarf hafi verið þarna á milli. Auðvitað hefur verið samstarf á milli þessara stofnana.

Það sem þetta frv. gengur hins vegar út frá er að það þurfi að vera sem beinastar leiðir á milli þessara stofnana og að menn samhæfi kraftana, samhæfi þekkinguna og menn séu ekki að vinna í eina áttina á einum stað og aðra áttina á hinum staðnum. Grundvöllurinn eða hugmyndafræðin á bak við það að sameina þessar stofnanir er einmitt það að þessar boðleiðir séu þráðbeinar og sem greiðastar. Allt það sem hér er sagt í greinargerðinni lýtur eingöngu að því að rökstyðja og undirbyggja nauðsyn þess að þetta sé gert þannig að sameina þessar stofnanir en segir í sjálfu sér ekkert um það að einhverju samstarfi á milli stofnananna hafi verið ábótavant. Það er í sjálfu sér ekki verið að leggja neinn dóm á það.

Varðandi það sem hv. 15. þm. Reykv. sagði, þá get ég verið sammála honum að nær öllu leyti. Hann velti fyrir sér spurningunni um stjórn stofnunarinnar. Þetta er að mínu mati spurning, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, sem mér finnst að þurfi og við teljum að þurfi að ræða almennt. Þetta er auðvitað ákveðin stefnumótun varðandi ríkisstofnanir almennt. Við töldum ekki eðlilegt við þessar aðstæður núna að við tækjum af skarið varðandi hina nýju Siglingastofnun Íslands sérstaklega. Við töldum miklu eðlilegra að þessi stefnumótunarumræða ætti sér stað með almennari hætti. Auðvitað er hægt að segja sem svo og ég er sammála hv. þm. um að það er mjög margt sem mælir með því að ríkisstofnanir hafi sérstaka stjórn, m.a. veikleiki ráðuneytanna og því væri hægt að benda á einhvern tiltekinn aðila sem væri ábyrgur fyrir rekstri stofnunarinnar að öllu leyti. Við skulum hins vegar ekki gleyma því að slíkt mundi fela í sér fyrst og síðast það að viðkomandi stofnun yrði sjálfstæðari, sjálfstæðari gagnvart Alþingi, hugsanlega sjálfstæðari gagnvart framkvæmdarvaldinu í ráðuneytunum. Á það geta menn litið jafnvel hvort tveggja sem kost og galla. Það er kostur að stofnanir geti unnið sjálfstætt, geti tekið sem fyrst ákvarðanir. En það getur líka haft auðvitað vissa galla í för með sér sem menn gera sér grein fyrir. En þetta er mál sem við þurfum að ræða sérstaklega og ég vil ekki orðlengja um.

Ég er líka sammála hv. þm. um að mér finnst eðlilegt að verkefni stofnunar eins og þessarar séu færð út á hinn almenna markað þar sem það á við. Þess vegna var það svo að samgn. gerði tillögu um það að ný málsgrein kæmi inn þar sem segði, með leyfi forseta: „Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgrh. að fela öðrum að annast ákveðin verkefni.“ Raunar er það þannig að innan Vita- og hafnamálastofnunar hefur þetta skref þegar verið stigið að

talsverðu leyti með því að mörg verkfræðileg úrlausnarefni og hönnunarviðfangsefni hafa verið færð út á hinn almenna markað. Ég held að það hafi verið gert með góðum árangri og ég tel að það mætti beita þessu víðar. Útboðsstefnan hefur tekist almennt vel hjá ríkinu og ég tel að þetta eigi ekki síst við og eigi að eiga við í meiri mæli varðandi hönnunar- og undirbúningsvinnu. Við erum búin að fá vel menntaða hönnuði, verkfræðinga og arkitekta sem starfa á hinum almenna markaði og það yrði þeim lyftistöng ef þessi stefna yrði ofan á.

Ég er síðan líka sammála því að við þurfum að hafa ákveðna framtíðarsýn með stofnanir á borð við þessa og vek athygli á því að hér í greinargerðinni segir frá slíkri vinnu sem þegar hefur átt sér stað einmitt hjá þessum tveimur stofnunum m.a. í tengslum við hugmyndirnar og umræðuna um að sameina þær.

[19:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæt svör við þeim ábendingum og spurningum sem voru bornar fram til hans í ræðum mínum og reyndar annarra þingmanna áðan. En það er spurningin um stjórn yfir stofnun sem mér er hugleikin. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hafa stjórnir yfir ríkisstofnunum, einkum og sér í lagi stofnunum sem fara með eftirlitshlutverk. Það gerir þessi nýja stofnun sem nú er lagt til að verði sett á laggir. Þess vegna tel ég þetta misráðið. Ég hjó eftir því, herra forseti, að hv. þm. var mér í rauninni efnislega sammála. Hann segir hins vegar að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi að móta stefnu um þetta, ekki einungis gagnvart þessari tilteknu ríkisstofnun heldur öllum ríkisstofnunum. Það kann að vera svo, herra forseti. En ég velti því fyrir mér og spyr hv. þm.: Hvar á sú umræða að fara fram? Hvers vegna ekki að taka hana einmitt þegar föng eru til, þegar einstakar stofnanir koma til skjala þingsins eins og þessi nýja stofnun gerir núna?

Það er nokkuð til í því sem hv. þm. sagði að það kynni að vera að viðkomandi stofnun yrði sjálfstæðari. En er það nokkuð verra? Sjálfstæðar ríkisstofnanir, eru þær nokkuð af hinu slæma? Ég held ekki. Það er svo að ég er reyndar líka þeirrar skoðunar, þó að mér hafi láðst að geta þess í mínu máli áðan, að ég tel að það eigi að vera pólitísk stýring á þessum stofnunum að því leytinu til að seta stjórnarmanna ætti að fylgja ráðherrum. Þegar ráðherrar koma og fara þá ættu lögin að gera ráð fyrir því að nýir stjórnarmenn verði skipaðir. Þannig kemst til áhrifa sú pólitíska stefna sem kjósendur í raun hafa valið með því að fleyta viðkomandi ráðherra inn í ríkisstjórn.

[19:21]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða undirstriki fyrst og fremst það sem ég sagði í tvígang, þ.e. að þessi umræða sem verið er að hefja um það hvort ætti að setja þessari tilteknu ríkisstofnun stjórn, verðskuldar að fara fram á almennum nótum. Ég tel að það sé óeðlilegt þegar við erum að byrja að feta okkur áfram með nýja ríkisstofnun eins og þessa, sameinaða ríkisstofnun sem við ætlum veigamikið hlutverk, að taka þessa prinsippafstöðu líka. Ég tel að það sé miklu eðlilegra að við gerum það með almennum hætti og reynum þá að átta okkur á því hvernig og í hvaða tilvikum við teljum eðlilegt að tilteknum ríkisstofnunum séu settar stjórnir.

Ég er að mörgu leyti sammála því sem hv. þm. sagði í vangaveltum sínum. En um þetta verða menn að taka almenna prinsippafstöðu og reyna að vinna síðan út frá því í stað þess að gera þetta á þann tilviljanakennda hátt að þegar einhver stofnun kemur á dagskrá hér í þingsölum, eigum við að taka þá afstöðu að fjalla um hvort hún eigi að hafa sína stjórn en síðan liggur það á milli hluta og enginn skiptir sér af því hvort sambærileg stofnun að öllu öðru leyti fái stjórn eða ekki. Ég tel langeðlilegast að þessi almenna umræða hefjist. Það er að sjálfsögðu þannig að það væri þá hlutverk ríkisstjórnar hverju sinni að fjalla um þessa spurningu og ríkisstjórnarflokkanna að taka afstöðu til þess hvernig þeir vilja móta þessa stefnu. Ég svara spurningu hv. þm. þannig að það sé eðlilegast að það sé gert á vettvangi ríkisstjórna.

[19:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að tala um sameiningu stofnana og skipulagsbreytingar á opinberum stofnunum. Mér finnst mikilvægt að fá upplýst hvernig að þessum málum verður staðið, hvort starfsmönnum sem starfa við þessar stofnanir verður sagt upp störfum eða hvort þeir verða færðir til í starfi eða hvernig menn hyggjast standa almennt að þessum málum. Í því sambandi vil ég vísa til laga nr. 95/1992. Þetta eru lög um hópuppsagnir. Í þeim segir í 1. gr., svo að ég vitni orðrétt til þeirra, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1.–4. gr. eiga við um uppsagnir atvinnurekenda á fastráðnum starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu, ...“

Síðan er í 2. gr. þessara sömu laga vísað til samráðs sem atvinnurekendur verða að hafa í slíku tilviki. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp.“

Nú vil ég, hæstv. forseti, fá upplýsingar um það hvernig að þessum málum verður staðið, hvort í ráði er að segja starfsmönnum upp. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir að farið verði að þeim lögum sem við búum við og samráð verði haft við trúnaðarmenn starfsmanna um hvernig staðið verði að þessum málum almennt.

[19:25]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Við undirbúning þessa máls, bæði af hálfu þeirra sem skipuðu nefndina sem undirbjó frv. og af hálfu hæstv. samgrh. og enn af hálfu samgn., hefur verið lögð mikil áherslu á það að til þessara verka sé gengið af mikilli nærgætni. Það er reynt að tryggja að þessi breyting í þá átt að sameina stofnanirnar tvær gerist þannig að það valdi sem minnstri röskun fyrir starfsmenn.

Við skulum hafa það í huga að hér er verið að tala um að sameina tvær ríkisstofnanir. Hér er ekki um formbreytingu að ræða. Hér er í raun og veru um sambærilega hluti að ræða eins og áttu sér stað þegar Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn voru sameinuð. Þess vegna var það svo að

meðal breytingartillagna samgn. er ákvæði til bráðabirgða sambærilegt við það sem segir í þessum ívitnuðu lögum, með leyfi virðulegs forseta:

„Öll störf hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun ríkisins (Hafnamálastofnun ríkisins og Vitastofnun Íslands) verða lögð niður frá 30. september 1996. Um rétt starfsmanna fer skv. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum."

Ég held að þetta svari spurningunni. Það er jafnframt eins og ég nefndi áður í umræðunni, gert ráð fyrir því að þessi lög taki gildi strax en að komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. október í haust, einmitt til að vinna að sameiningu stofnananna þannig að það valdi sem minnstri röskun fyrir starfsmennina sem eiga að vinna hjá hinni nýju stofnun. Ég held því að með þessu hafi verið reynt að koma til móts við þessi sjónarmið.

[19:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessi svör en spyr í framhaldinu hvort til standi að greiða viðkomandi starfsmönnum biðlaun, hvort það sé uppi á teningnum. Mér finnst það góðra gjalda vert að menn komi fram af nærgætni við starfsmenn. En það sem ég er að vitna til hér eru lög. Ég er að vitna til þess að þegar um hópuppsagnir er að ræða, ber atvinnurekanda að leita eftir samráði við trúnaðarmenn starfsmanna eða þá sem þeir velja sér til slíkra verka. Það segir til um það í lögum og ég spyr hv. þm. hvort þetta hafi verið gert.

[19:29]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessari spurningu get ég svarað eingöngu þannig að það hefur verið haft mjög náið samstarf við starfsmannafélögin og þar með vænti ég við trúnaðarmenn í báðum þessum stofnunum. Fulltrúar starfsmannafélaga beggja stofnananna komu á fund samgn. Alþingis, höfðu tækifæri til að tjá sig um það og hafa þeir mér vitanlega ekki gert athugasemdir við þá málsmeðferð sem hefur verið viðhöfð varðandi þetta mál. Það samráð hefur þannig að mínu mati verið tryggt.

En að öðru leyti vísa ég til þess að hér er verið að leggja til sams konar málsmeðferð og viðhöfð var þegar verið að sameina tvö bókasöfn, Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið. Sá samruni tveggja stofnana fór fram að því er ég best veit án nokkurra teljandi vandkvæða og það er nákvæmlega það sem verið er að reyna að gera með samruna þessara stofnana. Það verður engin eðlisbreyting að öðru leyti en því að þessi störf verða til í hinni nýju stofnun með sama hætti þannig að ég held að þetta verði gert eins og best verður á kosið.

[19:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram að ég hef ekki rýnt ítarlega í málið sem hér er til umræðu og ætla ekki að koma með stórar athugasemdir við það eins og það liggur hér fyrir. Þá á ég við bæði frv. En ég vil þó taka undir þær ábendingar sem fram hafa komið við umræðuna, m.a. frá hv. 17. þm. Reykv. að því er varðar starfsmannamálin. Það er afar mikilvægt að það sé gengið þannig frá hnútum að ekki sé hætta á að þeir séu á neinn hátt óeðlilega reyrðir að því er varðar réttindi starfsmanna og frágang á þeim málum öllum. Ég vil líkt taka undir það sem kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. að því er varðar spurninguna um stjórn fyrir þessa stóru stofnun. Það er vissulega mikið íhugunarefni hvernig á slíku máli skuli haldið. Ég tel að þær ábendingar sem hér hafa komið fram um að það sé mikil þörf á því að fara yfir þau efni út frá almennum sjónarmiðum þannig að ekki ráði nánast tilviljun eða viðhorf einstaks ráðherra sem situr á þeim tíma sem lög eru sett hvort gerð er tillaga um það að stjórn sé skipuð yfir stofnun eða ekki. Það blasir við að þarna háttar misjafnlega í einstökum ríkisstofnunum og það verður ekki séð að það liggi fyrir nein gild almenn sjónarmið sem leiðarljós í þeim efnum. Spurningin um þetta snertir ekki aðeins viðkomandi stofnun og hvernig á málum hennar er haldið heldur einnig uppbyggingu ráðuneytanna og styrk þeirra. Sú stefna hefur verið tekin upp sums staðar og í vaxandi mæli hér, að setja stjórn yfir ríkisstofnanir en ekki að leggja af stjórnir, ekki það ég man, ekki hin síðari ár. Stjórnir eru settar yfir stofnanir þar sem engar voru fyrir. Þetta á m.a. við um stofnanir á sviði orkumála svo dæmi sé tekið þar sem settar hafa verið stjórnir yfir stofnanir þar sem engar voru fyrir. Þetta eru áreiðanlega viðbrögð oft og tíðum tilkomin af því að ráðuneytin eru mjög veik. Þau eru óeðlilega veik til þess að halda utan um málefni viðkomandi stofnana, fyrir utan það að auðvitað geta verið gild almannasjónarmið sem ráða því hvort stjórn er sett yfir stofnun vegna þess m.a. að æskilegt er talið að Alþingi sem fulltrúi almannavalds hafi aðgang að málefnum viðkomandi stofnunar með einhverjum hætti. Og það hefur verið gert í mjög mörgum tilvikum. Þetta fer að nokkru leyti eftir eðli starfsemi. Það viðurkenni ég. Í sumum tilvikum getur verið eðlilegt að ráðherra skipi t.d. alla stjórnarmenn án tilnefningar, t.d. í fyrirtækjum sem eru í reynd í forsjá framkvæmdarvaldsins fyrst og fremst. En í öðrum tilvikum getur verið eðlilegt að Alþingi hafi þar íhlutunarrétt og skipi eða tilnefni eða kjósi fulltrúa í stjórn viðkomandi stofnunar.

Ég hvet til þess að á þessum málum verði tekið. Mér finnst að það færi vel á því að samgn. skoði þetta mál, jafnvel sérstaklega hvað varðar þessa stofnun, en eigi þá jafnframt hlut að því gagnvart þeim sem eðlilegt er að reyni að taka á þessum málum — það verður nú að teljast Stjórnarráðið þótt Alþingi geti vissulega tekið það einnig upp og ekkert væri á móti því — að það verði um þetta vélað og fjallað fyrr en seinna.

Ég er síðan eindregið þeirrar skoðunar sem hér kom fram í máli hv. 15. þm. Reykv. að þar sem um er að ræða að ráðuneyti skipa formenn stjórna eins og er mjög algengt, þá eigi tvímælalaust að skipta um eða losa þá skipan alltaf þegar um ráðherraskipti er að ræða, jafnvel að hafa það opið þó að ráðherraskipti verði innan sama flokks eins og stundum á sér stað vegna þess að það skiptir auðvitað mjög miklu máli og er hugmyndin að baki þess að skipa slíkan fulltrúa að hann sé raunverulegur tengiliður milli viðkomandi ráðuneytis og ráðherra þar sem tengsl og samskipti séu góð á milli þannig að trúnaður sé á milli aðila í þessu efni. Ég hef alltaf gert tillögur um þetta, í seinni tíð a.m.k., þegar ég hef verið tilkvaddur til að vinna að tillögugerð sem snertir þessi efni. Ég mæli eindregið með því að sá háttur verði upp tekinn og sú breyting gerð sem víðast þar sem um ráðherraskipan er að ræða í nefndir og ráð.

[19:37]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir hugleiðingar hv. 4. þm. Austurl. um spurninguna um stjórn stofnana. Ég tel eins

og ég hef þegar sagt nokkrum sinnum í dag mikilvægt að við mörkum þessu almenna stefnu. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að við tökum ákvörðun um þetta í eitt og eitt skipti. Það er eðlilegast að við höfum um þetta ákveðna stefnumótun og vinnum síðan í anda hennar. Í raun og veru hefur sú þróun átt sér stað undanfarin ár að við höfum verið að setja stjórnir yfir stofnanir í ríkari mæli. Ég man ekki eftir stofnun þar sem stjórn hefur beinlínis verið lögð af en ég man hins vegar eftir nýlegu dæmi þar sem það var ákveðið að setja stórri ríkisstofnun stjórn, þ.e. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem nýlega var sett stjórn og ég tel að hafi verið mjög skynsamlegt. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki Löggildingarstofunni.) Hv. þm. bætir við Löggildingarstofunni. Ég tel það mjög eðlilegt varðandi t.d. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem er fyrirtæki sem er komið í nýtt umhverfi. Það þarf að geta brugðist hratt við og þarf að geta unnið býsna sjálfstætt. Inn á hennar borð koma mörg mál sem er langeðlilegast að stjórn stofnunar taki ákvörðun um en lendi ekki sífellt á ráðherraborði eins og við þekkjum mörg dæmi um, samanber það að jafnvel ákvarðanir um opnun einstakra útibúa Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins voru á ákvörðunarvaldi hæstv. fjmrh.

Ég er líka sammála því sem hér hefur komið fram að það sé eðlilegt að stjórnir fylgi ráðherra og skipt sé um stjórnir að loknum alþingiskosningum. Það er raunar gert. Ákveðin stefnumótun kemur fram í því máli í breytingartillögum samgn. varðandi skipan bæði hafnaráðs og siglingaráðs. Þar er gert ráð fyrir mikilli breytingu frá því sem var í upphaflegu frv. Það er einmitt gengið í þá átt sem hv. 4. þm. Austurl. var að segja varðandi skipan stjórnarinnar þannig að ég held að þeirrar stefnumótunar sjái stað í þessum breytingartillögum.

[19:40]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé að okkur hv. formann samgn. greini ekki mikið á í almennum sjónarmiðum að þessu leyti. Ég vil eingöngu bæta því hér við að þó ég telji að samræming í þessum efnum sé nauðsynleg þá er ég ekki eindregið þeirrar skoðunar að það ástand eigi að vera til frambúðar að þörf sé á stjórnum yfir allar stofnanir ríkisins. En það er háð því að þannig sé frá málum ráðuneytanna gengið starfsmannalega séð að þau hafi starfsmenn sem séu færir um að sinna viðkomandi stofnunum sem tengiliðir við æðsta ákvörðunarvald. Á það skortir mjög verulega. Við höfum fylgt þeirri stefnu hér að halda í og það stundum um of, við starfslið ráðuneyta þannig að þau eru engan vegin í stakk búin að sinna sínum lögboðnu verkefnum. Á þetta hef ég oft bent. En ég veit að þetta eru sjónarmið sem ekki eiga alltaf upp á pallborðið. Hitt er mjög algengt að reynt sé að kreista ráðuneytin fast og heimta sparnað og að þar séu sem fæstir að störfum. Þarna þarf að haga málum út frá efni en ekki út frá einhverjum öðrum sjónarmiðum. Í þessu efni þyrfti að breyta til því það er þó nokkuð um það að stofnanir séu nánast lausgangandi í allt of litlum tengslum við viðkomandi ráðuneyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 102, nál. 637, brtt. 638.

[19:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. við frv. til laga um verðbréfaviðskipti. Þetta frv. er frv. um heildarlög um verðbréfaviðskipti og eru brtt. nefndarinnar þess vegna nokkuð umfangsmiklar. Það skýrist af því að hér eru á ferðinni heildarlög sem eru allyfirgripsmikil og fjalla um þetta svið fjármagnsmarkaðarins. Það gilda reyndar tiltölulega nýleg lög um verðbréfaviðskipti, þ.e. lög sem voru samþykkt á árinu 1993. En frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á þessum málum erlendis og þeirra breytinga gætir í þessu frv. og frv. er í rauninni samið í takt við þær tilskipanir sem hafa komið fram á vettvangi hins Evrópska efnahagssvæðis.

Nefndin sendi frv. til umsagnar allmargra aðila og fékk á sinn fund fulltrúa frá þeim sem sendu inn umsagnir. Þess er getið í nál. hverjir komu á fund nefndarinnar. Nefndin stendur öll að nál. án fyrirvara og að þeim brtt. sem gerðar eru. Ég mun í örstuttu máli rekja brtt. og rökstuðning fyrir þeim, samanber nál. á þingskjali 637.

1. Við 1. gr. frv. Þar er fyrst og fremst um tæknilegar breytingar að ræða. Þó er smábreyting í því að kveðið er á um að verðbréfafyrirtæki hafi ekki einkarétt á tiltekinni þjónustu sem fjallað er um bæði í 1. gr. og reyndar í 8. gr. frv.

2. Við 2. gr. Þar sem fjallað er um skilgreiningar. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins „almennt útboð" og síðan er enn fremur fjallað um skilgreiningu á hugtakinu „náin tengsl". Í því sambandi er höfð til viðmiðunar ákveðin tilskipun frá Evrópusambandinu sem nefnd er svokölluð Post-BCCI tilskipun og kom til í kjölfar gjaldþrots eða hruns bankans sem gekk undir nafninu Bank of Commerce and Credit International. Sumir gáfu honum reyndar nafnið Bank of Crooks and Criminals International.

3. Við 3. gr. er verið að gera ríkari kröfu til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu en gert er í hlutafélagalöggjöfinni. Þar eru einnig gerðar meiri kröfur til framkvæmdastjóra varðandi þekkingu á verðbréfaviðskiptum.

4. Við 4. gr. er ekki um neina efnislega breytingu að ræða heldur tilfærslur.

5. Við 5. gr. Þar er verið að stytta fresti.

6. Við 7. gr. Þar er lagfærð tilvísun.

7. Við 8. gr. Þar eru felldir niður liðir sem ekki hafa efnislega þýðingu.

8. Við 9. gr. Þar er fjallað um verðbréfamiðlara og lagt til að þeim verði heimilt að veita sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti. Eins líka að þeim verði heimilt að eiga viðskipti með eigin reikning ef þeir uppfylla strangari eiginfjárkröfu en gert var ráð fyrir í frv.

9. Við 10. gr. Þar er verið að fjalla um svokallaða viðbótarþjónustu verðbréfafyrirtækja. Nefndin telur að slík viðbótarþjónusta eigi ekki að falla undir einkarétt verðbréfafyrirtækja enda ekki hægt að útiloka aðra frá þeirri starfsemi.

10. Við 12. gr. er lögð til stytting á fresti.

11. Við 19. gr. eru ákveðin nýmæli þar sem verið er að auka hagræðingu í viðskiptum með verðbréf þannig að verðbréfafyrirtæki sem hafa verðbréf í vörslu sinni þurfi ekki að árita verðbréf sem skipta um eigendur þótt þau skipti ekki

um vörslustað og verðabréfafyrirtækjum verði veitt heimild til þess að halda framsalsröð í sérstakri skrá. Þetta þýðir að það þarf ekki að færa jafnóðum inn á bréfin hverjir hafa keypt þau, eins og nú er.

12. Lagt er til að undanþiggja verðbréfafyrirtækin stimpilskyldu til þess að gera stöðu þeirra sambærilega við það sem gildir um viðskiptabanka og sparisjóði.

13. Við 25. gr. Vegna tilkynninga til Verðbréfaþings Íslands er lagt til að þær tilkynningar séu ekki flokkaðar sem trúnaðarmál eftir að þær eru komnar til þingsins.

14. Við 31. gr. Brtt. lýtur aðallega að breytingu á formi greinarinnar en einnig gert ráð fyrir þeirri efnisbreytingu að til að fullnægja tilskipunum Evrópusambandsins verði fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu gert að tilkynna bankaeftirlitinu ef endurgreiðsla af víkjandi láni veldur því að eiginfjárhlutfall fer niður fyrir 10%.

15. Við 33. gr. Þar er fjallað um efnisinnihald ársreikningsins.

16. Við 35. gr. Þar er verið að gera ráð fyrir auknum kröfum til endurskoðanda í samræmi við þessa fyrrnefndu Post-BCCI tilskipun frá Evrópusambandinu.

17. Við 36. gr. Þar er verið að fjalla um hagskýrslugerð og það þurfi að taka tillit til upplýsingakerfa í fyrirtækjum þegar upplýsingar eru gefnar vegna hagskýrslugerðar.

18. Við 37. gr. Þar er lagt til að lokamálsliður greinarinnar falli brott. Þar er fyrst og fremst verið að ræða um styttingu á fresti.

19. Við 50. gr. Þar er átt við afturköllun starfsleyfa, þar sem verið er að fjalla um fresti í því sambandi.

20. Við 60. gr. Þar er breyting á gildistökuákvæði.

21. Við ákvæði til bráðabirgða. Þar er fjallað um aðlögun starfandi fyrirtækja að þeim breytingum sem verið er að gera í frv.

Eins og ég gat um, hæstv. forseti, stendur öll nefndin að þessum breytingartillögum. Ég legg þetta því í umræðu og vonast til að hv. þingheimur geti fallist á þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 98. mál (EES-reglur). — Þskj. 103, nál. 633, brtt. 634.

[19:52]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum og nefndaráliti frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Öll nefndin stendur að þessum breytingartillögum og nefndaráliti. Breytingartillögurnar eru ekki viðamiklar.

Það er brtt. við 2. gr. Þar er verið að breyta þremur árum í fimm ár. Þarna er verið að fjalla um hversu lengi eftir gjaldþrot menn þurfa að bíða þangað til þeir geta farið að vera í stjórn verðbréfasjóðs.

Í öðru lagi er tæknileg breyting þar sem bætt er við hugtakinu „einkahlutafélag“ á eftir hlutafélagi.

Í þriðja lagi er brtt. við 4. gr. frv. þar sem verið er að breyta um skilgreiningu.

Í fjórða lagi er brtt. sem á við um svokallaða Post-BCCI tilskipun frá Evrópusambandinu um kröfur til endurskoðenda og skyldur þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaþing Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 101. mál (EES-reglur). — Þskj. 106, nál. 635, brtt. 636.

[19:54]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum og nefndaráliti frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Nefndin stendur öll að breytingartillögunum sem eru á þskj. 636. Ég mun í örstuttu máli gera grein fyrir þeim.

Í 1. lið tillagnanna eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna þar sem bætt er inn hugtakinu „uppgjörskerfi“. Enn fremur eru í 1. lið lagðar til ákveðnar breytingar þar sem fram kemur að það sé hlutverk stjórnar Verðbréfaþingsins að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að það sé hlutverk stjórnarinnar að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

Í 2. lið breytingartillagnanna er verið að leggja til að það séu gerðar ríkari kröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Verðbréfaþings en hingað til hefur verið.

Í 3. lið breytingartillagnanna er gert ráð fyrir því að verðbréfamiðlun sem hefur heimild til að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning geti fengið aðgang að Verðbréfaþinginu. Þetta þýðir að verðbréfamiðlanir sem uppfylla ríkari eiginfjárkröfur en almennt gerist geta átt aðild að þinginu.

Í 4. lið breytingartillagnanna er bætt við hugtakinu „uppboðskerfi“ eins og kom fram í 1. lið tillagnanna.

Í 5. lið breytingartillagnanna er gerð tillaga um við bætist ákvæði til bráðabirgða þannig hljóðandi, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.“

Þessi tillaga, hæstv. forseti, mundi hafa mikla þýðingu fyrir framþróun viðskipta með verðbréf á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 15. mál.

Fundi slitið kl. 19:57.

103. FUNDUR

fimmtudaginn 7. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frv., 357. mál, þskj. 622. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 173. mál, þskj. 216, nál. 620, brtt. 621. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 102, nál. 637, brtt. 638. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 103, nál. 633, brtt. 634. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 106, nál. 635, brtt. 636. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — 1. umr.
7. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 129, nál. 623, brtt. 624. — 2. umr.
8. Innflutningur dýra, stjfrv., 367. mál, þskj. 644. — 1. umr.
9. Náttúruvernd, stjfrv., 366. mál, þskj. 642. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[10:34]

Útbýting þingskjals:

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 99. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 654.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Bryndís Guðmundsdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn."

Kjörbréf Bryndísar Guðmundsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því nú, skv. 2. gr. þingskapa, að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[10:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Bryndís Guðmundsdóttir, 12. þm. Reykn., hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Bryndís Guðmundsdóttir, 12. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill geta þess að kl. 15.30 í dag fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er Sighvatur Björgvinsson og efni umræðunnar er: Samkeppnishindranir Félags eggjaframleiðenda. Hæstv. viðskrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og verður hálftíma umræða.

Atkvæðagreiðslur um 1.–5. dagskrármál geta ekki farið fram nú en munu fara fram kl. 13:30.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, 1. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570.

[10:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Frv. er flutt vegna þess að að því er stefnt að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna frá og með 1. ágúst nk. Í lögum nr. 66 frá 8. mars 1995, um grunnskóla, var ákveðið að sveitarfélögin tækju yfir rekstur grunnskólanna frá ríkinu og jafnframt að kennarar og skólastjórar grunnskóla yrðu starfsmenn sveitarfélaga í stað þess að vera ríkisstarfsmenn. Vegna þessa voru sett inn í 57. gr. grunnskólalaganna sérákvæði sem kváðu á um að Alþingi samþykkti fyrir 1. ágúst 1996:

a. breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggði öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla sem rétt höfðu átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins aðild að sjóðnum,

b. lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggði þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda.

Einnig skyldi Alþingi hafa samþykkt breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum, þ.e. grunnskólalögunum.

Varðandi síðasta þáttinn, kostnaðarþáttinn, vil ég geta þess að það liggja fyrir í drögum meginlínur samkomulags á milli sveitarfélaganna og ríkisins um þann þátt málsins þannig að í það stefnir að öllum þeim skilyrðum sem sett voru í gildistökuákvæði grunnskólalaganna verði fullnægt.

Frumforsenda flutnings grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga var að sættir tækjust með öllum aðilum um framkvæmd flutningsins og fyrirkomulag ráðningarréttinda kennara og skólastjóra hjá nýjum vinnuveitanda í framtíðinni. Til þess að undirbúa það mál skipaði ég nefnd 26. júní sl. til þess að gera tillögur að meðferð kjara- og réttindamála kennara og skólastjórnenda við grunnskóla við flutning hans frá ríki til sveitarfélaga. Í nefndinni sátu Guðmundur H. Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, sem jafnframt var formaður, Jón G. Kristjánsson, fulltrúi sveitarfélaganna, og Birgir Björn

Sigurjónsson, fulltrúi kennarafélaganna. Þá starfaði Sigurður Helgason, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, með nefndinni sem fulltrúi menntamálaráðherra. Nefndin skilaði skýrslu um réttindamál grunnskólakennara við flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga 22. des. sl.

Í nefndarálitinu var lagt til að sett yrðu lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla sem reknir verða af sveitarfélögunum, sem yrðu fullkomlega hliðstæð lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því einu breyttu sem leiddi af nýjum rekstraraðilum. Lögin skyldu gilda jafnt um þá sem nú væru í starfi og þá sem síðar yrðu ráðnir. Þá lagði nefndin til að til viðbótar núverandi köflum laga nr. 38/1954 kæmu viðbótarkaflar sem leiddu af efnisákvæðum laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningum starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og efnisákvæðum reglugerða um veikindaforföll og barnsburðarleyfi ríkisstarfsmanna, nr. 410 og 411 frá 1989. Einnig skyldi vera í lögunum kafli sem kvæði á um að ráðningar núverandi kennara og skólastjórnenda flyttust órofnar á milli aðila og héldu fullu gildi sínu. Allir kennarar og skólastjórnendur skyldu halda stöðum sínum eins og verið hefði hjá ríki. Biðlaunaréttur stofnaðist ekki við flutninginn, enda hefði löggjafinn að fullu tryggt óbreytt réttindi. Jafnframt áttu að vera ákvæði þess efnis að öll réttindi sem bundin voru starfsaldri eða þjónustualdri, svo sem með tilliti til veikindaréttar, barnsburðarleyfis eða annarra réttinda sem tengjast starfsaldri, héldu að fullu gildi sínu hjá nýjum vinnuveitanda.

Frumvarpið er byggt á því samkomulagi sem náðist milli þessara aðila og birt er í skýrslu nefndarinnar. Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38/1954, auk þess sem starfsmönnum er áfram tryggður sá réttur sem þeir nú njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989.

Í bréfi verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans til menntamálaráðherra, dags. 1. febrúar sl., sem birtist sem fylgiskjal I með frumvarpinu, kemur fram að verkefnisstjórnin sé sammála um efni frumvarpsins. Jafnframt kemur fram að verkefnisstjórnin hafi orðið ásátt um að undirbúningur lagasetningar, sem tryggi óskert lífeyrisréttindi kennara og skólastjórnenda við flutninginn, fari fram í tengslum við gerð tillagna að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá var verkefnisstjórnin einnig sammála um breytingu á lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986, hvað varðar ráðningu grunnskólakennara og skólastjórnenda í grunnskólum eingöngu. Varðandi samkomulag verkefnisstjórnarinnar um að efnisákvæði reglugerða um veikindaforföll og barnsburðarleyfi ríkisstarfsmanna, nr. 410 og 411 frá 1989, verði lögfest vísast til 37. gr. frumvarps þessa, sem og fylgiskjala III og IV með frumvarpinu, en þar eru þessar reglugerðir birtar.

Það kom fram í öllum undirbúningi að þessu máli á lokastigum að unnið væri að því á vegum ríkisstjórnarinnar að endurskoða lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, og að ríkisstjórnin hygðist leggja fram frv. til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþingi 1996. Ef það frumvarp nær fram að ganga er ríkisstjórnin reiðubúin til að breyta lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frumvarps þessa um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra við grunnskóla, ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorum tveggja.

Herra forseti. Þetta eru meginatriði þess máls sem hér er um að ræða. Frv. er eins og fram hefur komið endurspeglun á lögum sem nú eru í gildi um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og niðurstaðan í þeim samningaviðræðum sem fóru fram á milli sveitarfélaganna með aðild ríkisvaldsins var að þannig skyldi frá málum gengið að þessi réttindi fylgdu kennurunum óskert frá ríkinu til sveitarfélaganna. Um það er engin spurning þegar menn lesa frv. að þannig er um hnúta búið og frá málum gengið að augljós réttur kennara er tryggður með skýrum hætti.

Það er rétt að taka fram í þessu samhengi þegar menn velta fyrir sér þessari efnislegu niðurstöðu að það var einnig meginstefið í starfi réttindanefndarinnar þar sem þetta sögulega samkomulag náðist að réttindanefndin lagði til grundvallar að draga eins og hægt væri úr þeirri röskun sem yrði við flutninginn. Þó aðilar geti eftir atvikum verið sammála um að þörf sé ýmissa breytinga á starfsmannahaldi grunnskóla, þá eigi flutningurinn í sjálfu sér ekki að leiða til grundvallarbreytinga á högum kennara og skólastjórnenda. Nefndin hafði það sjónarmið að leiðarljósi, og það er það sjónarmið sem liggur að baki þessu frv., að kennarar eigi hvorki að vera betur né verr settir eftir að þeir flytja frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Eins og við vitum hafa síðan þeir atburðir gerst eftir að þetta samkomulag var gert og frá þessu máli gengið með þessum hætti að kennarar hafa vegna ágreinings við ríkisvaldið um breytingar á lögunum frá 1954 og vegna umræðna um breytingar á lífeyrissjóðslögum opinberra starfsmanna og annarri löggjöf lýst sig óbundna af þessu samkomulagi. Er það þeirra ákvörðun sem þeir hafa leitast við að rökstyðja eins og kunnugt er. Ég lít hins vegar þannig á að það sé skylda okkar sem hér störfum og skylda mín sem menntmrh. að vinna að framkvæmd grunnskólalaganna og fullnægja þeim skilyrðum sem sett voru í gildistökuákvæði laganna til þess að grunnskólinn flyttist til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996. Með því samkomulagi sem tókst í réttindanefndinni og síðan í verkefnisstjórninni var mikilvægum áfanga náð á þeirri braut sem mér finnst að eigi ekki að eyðileggja vegna deilna um önnur atriði. Menn hljóta þegar þeir fjalla um skólamál og mál eins og þetta að líta á efni þess máls og velta fyrir sér hvaða leiðir eru best færar til þess að ná því markmiði sem Alþingi samþykkti með grunnskólalögunum fyrir rúmu ári og á grundvelli þeirrar miklu vinnu sem unnin hefur verið vegna grunnskólans og til þess að grunnskólinn fái þetta nýja rekstrarform sem Alþingi samþykkti einróma á sínum tíma með þeim skilyrðum sem fram hafa komið og tíunduð hafa verið og verið er að fullnægja hvert af öðru. Ég tel að það sé mjög óskynsamlegt að stofna framtíð grunnskólans í óvissu vegna ágreinings á milli stéttarfélaga kennara og ríkisvaldsins um önnur málefni sem ekki snerta grunnskólann beint og ráða engum úrslitum í raun og veru um það mál miðað við þær forsendur sem lagðar eru hér í þessu frv.

Ég ítreka að um þetta frv. hefur náðst góð sátt og í meðförum ríkisstjórnarflokkanna virtu menn þá sátt og stóðu þannig að afgreiðslu málsins innan þingflokkanna að menn tóku að sér, ef þannig má að orði komast, að standa við samninginn og flytja frv. óbreytt og stuðla að því að það næði fram að ganga á Alþingi með hliðsjón af þeim forsendum sem fyrir liggja. Ég tel að á bak við það búi sá eindregni vilji hjá þingmönnum, sem ég hef orðið var við að eru ekki aðeins í

röðum stjórnarflokkanna heldur einnig stjórnarandstæðinga, að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996.

Gífurlega mikil vinna hefur verið unnin á undanförnum mánuðum til þess að það markmið náist og línur lagðar með það í huga að svo gerist. Ég held að þeir menn sem vilja leggja stein í götu þess séu ekki með hagsmuni skólans í huga heldur aðra hagsmuni og raunar eru þær deilur, sem uppi eru vegna annarra atriða og menn vilja nýta til þess að leggja stein í götu þessa máls, alls ekki um skólamál og ganga alls ekki út á það að tryggja snurðulausa starfsemi grunnskólans heldur út á allt önnur atriði. Ég legg því ríka áherslu á það að menn hafi hagsmuni skólans og þeirra sem þar starfa og þeirra sem þar nema í huga þegar um þetta mál er fjallað og leggi það til grundvallar þegar þeir meta það og meta nauðsyn þess að frv. nái fram að ganga. Um þetta var samkomulag. Því samkomulagi hefur ekki með nokkru móti verið raskað og deilur um önnur atriði verður að leysa á þeim vettvangi þar sem unnt er að leysa þær. Það er ekki innan veggja skólanna og ekki í þágu heilbrigðs skólastarfs að láta þær deilur verða til þess að tefja fyrir þessu.

Eins og ég sagði hafa farið fram viðræður undanfarna daga á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um kostnaðarþáttinn. Í framhaldi af því að kostnaðarnefnd skilaði áliti sínu 13. febrúar sl. var ákveðið að setja niður viðræðuhóp á milli ríkisins og sveitarfélaganna um þann þátt og ég hef rökstuddar vonir um það að þar náist jafngott samkomulag og náðist um réttindamálin og þar með verði unnt að flytja grunnskólann frá ríkinu til sveitarfélaganna á þeim forsendum sem lög mæla fyrir um og okkur ber skylda til að starfa eftir.

Ég legg síðan til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[10:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er alvörugefinn maður og það er sjaldgæft að hann bregði sér í hlutverk þess þjóðkunna Íslendings sem gengur undir nafninu Ragnar Reykás en það verður að segjast að það er persóna sem kemur upp í hugann eftir að hafa hlustað á þessa ræðu hæstv. menntmrh. Fyrst lýsti hæstv. ráðherra í fjálgu máli því ágæta samkomulagi sem hefði náðst um þetta mál og hefði ekki með nokkru móti verið raskað eins og hann orðaði það. Og hann lýsti því í hverju þetta samkomulag fólst. Það felst í því, eins og segir reyndar í grg., að þau réttindi kennara og skólastjórnenda sem koma fram í þessu frv. skuli vera, með leyfi forseta, „fullkomlega hliðstæð lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins." Þetta kemur fram síðar í grg. á sömu síðu: „Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna." Eftir að hæstv. ráðherra hefur flutt langt mál um það hvað hafi náðst gott samkomulag um þetta þá setur hann þetta samkomulag upp í loft með því að lýsa því yfir að þær aðstæður kunni að skapast, og meira að segja á allra næstu dögum, svo ég noti hans eigin orð, að ríkisstjórnin sé reiðubúin til þess að taka aftur öll þessi réttindi með öðrum frv. Það voru nánast hans eigin orð. Þetta, herra forseti, get ég ekki kallað annað heldur en málflutning sem má kenna við Ragnar Reykás og er ekki sæmandi hæstv. menntmrh.

[10:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alrangt sem hv. þm. hélt fram að uppi væru áform um að breyta þessu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér er um samkomulagsatriði að ræða á milli sveitarfélaganna og kennara og niðurstaðan varð sú að miða við lögin frá 1954 og leggja þau til grundvallar og það er gert. Ef þetta frv. verður samþykkt þá erum við að samþykkja lög sem verður ekki breytt af öðrum en Alþingi og þar hafa þingmenn jafnt sem aðrir frumkvæðisrétt í að breyta lögum. Ég lít þannig á að við séum með þessu að lögfesta samkomulag sem náðist á milli kennara og sveitarfélaganna um það hvernig þeir ætla að halda sínu réttarsambandi þegar grunnskólinn flytur frá ríkinu til sveitarfélaganna. Hver einasti alþingismaður hefur að sjálfsögðu rétt til þess að gera tillögu um breytingu á þessu frv. og hver einasti alþingismaður hefur rétt til þess að gera tillögu um breytingu á lögum en í frv. er því lýst hvernig ríkisstjórnin mundi beita sér ef hún ætlaði að beita sér fyrir því að breyta lögunum. Þá yrði að koma fram ósk annaðhvort frá Kennarafélaginu eða sveitarfélögunum eða báðum aðilunum sameiginlega. Það í sjálfu sér breytir engu um rétt einstakra þingmanna eða einstakra ráðherra jafnvel til þess að flytja aðra tillögu því sá réttur er stjórnarskrárbundinn og við getum ekki aftekið hann í grg. með frv. eða samningum við aðra þannig að þessu leyti er hér um yfirlýsingu, pólitíska yfirlýsingu af hálfu ríkisstjórnarinnar að ræða sem breytir að sjálfsögðu engu um það hvernig menn geta staðið að því að breyta lagafrumvörpum. En grundvallaratriðið var að réttur kennara yrði hinn sami á undan og eftir og þeir hafa ekki meiri rétt sem ríkisstarfsmenn heldur en sveitarstjórnarstarfsmenn þegar kemur að því að ræða um það hvort Alþingi breytir lögum eða ekki. En við erum hér að flytja frv. og erum að ræða um það að setja lög um það hvernig réttarstöðu kennara skuli háttað gagnvart sveitarfélögunum og þeim lögum verður ekki breytt nema að Alþingi komi að því máli.

[10:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er langt síðan ég hef heyrt svona endemis málflutning frá ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Hér liggur fyrir stjfrv. og það er ekki hægt að leggja slík frv. fram nema allir ráðherrar séu því sammála. Samt er hæstv. menntmrh. að boða það hér að það kunni að vera að aðrir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands leggi fram frv. eða brtt. sem ganga á skjön við anda þessa frv. Það er auðvitað svo fráleitt að það tekur engu tali og það hefur aldrei tíðkast og það hefur aldrei gerst. Ef slíkt gerist þá liggur við líf ríkisstjórnar eins og hæstv. menntmrh. auðvitað veit.

Staðreyndin er þessi, eins og hæstv. menntmrh. staðfesti í svari sínu áðan, að það liggur fyrir sáttargjörð. Hún liggur fyrir í formi þeirra ákvæða um réttindi kennara og skólastjórnenda sem er að finna í frv. Hins vegar liggur það líka fyrir og ítrekað af hæstv. menntmrh. að hann er reiðubúinn til þess að brjóta þá sáttargjörð annaðhvort einn eða með ríkisstjórninni allri á næstu dögum með því að láta samþykkja frumvörp sem kippa til baka þeim réttindum sem hann er að lofa hér. Hann er nánast að halda því fram að þetta sé ekkert nema orðin tóm og ekkert nema virði þess pappírs sem þetta stendur á vegna þess að allt annað sé í bígerð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er það sem hann er að segja og það er ekki hægt að líta á þetta öðrum augum en þeim að þarna séu uppi blekkingar, að menn hafi verið teymdir á asnaeyrunum. Ég gerði mér satt að segja ekki grein fyrir því að þetta hefði verið ætlan manna fyrr en ég hlustaði á ræðu hæstv. menntmrh. áðan.

[10:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alrangt hjá hv. þm. Það er ekkert sem vakir fyrir ríkisstjórninni varðandi þetta frv. annað en að það nái fram óbreytt og sé viðurkennt sem samningur á milli aðilanna. Ríkisstjórnin hefur fallist á frv. og þingflokkarnir hafa fallist á frv. Það sem hins vegar liggur einnig fyrir er að fyrir liggur frv. til laga um breytingar á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en það er einmitt sérstakt mál sem snertir ekki þetta frv. Á því verða menn að átta sig. Það mál hefur sinn gang. En þetta snertir flutning grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaganna og þessum lögum verður ekki breytt nema það verði gert einhvern tímann síðar. Ekki er ég að boða breytingar á því. (**ÖS:** Í næstu viku.) Nei. Ég er alls ekki að tala um það. Það er alrangt. Það er grundvallaratriði í þessu máli að þetta frv. verði samþykkt og það fylgi kennurunum frá ríkinu til sveitarfélaganna og því verði ekki breytt nema einstakir þingmenn hafi frumkvæðisrétt að því eins og menn vita og ég þarf ekkert að ræða það. Það var það sem ég var að ræða um að einstakir þingmenn og einstakir ráðherrar hafa í sjálfu sér alltaf frumkvæðisrétt til þess að beita sér fyrir breytingum á frv. eða lögum en það er ekki í þessu máli. Um það er samkomulag milli allra aðila að þetta mál gangi fram með þessum hætti og þetta verði sá samningur sem fylgir kennurunum frá ríkinu til sveitarfélaganna. (**ÖJ:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt. (**ÖJ:** Þetta er ósatt.) Þú hefur engin rök, hv. þm., til að halda því fram að þetta sé rangt. (**ÖJ:** Ég færi þau fram á eftir.) Þetta er samkomulagið og það liggur fyrir í þessu frv. Það er klippt og skorið og þeir menn sem eru að gera öðru skóna eru að gera þetta mál tortryggilegt af annarlegum ástæðum og eru að reyna að leggja stein í götu þess að þessar umbætur í skólamálum nái fram að ganga.

[10:57]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi málflutningur hæstv. menntmrh. er vægast sagt furðulegur. Við stöndum frammi fyrir því á hinu háa Alþingi að búið er að leggja fram tvö frv. Annars vegar um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og hins vegar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hæstv. menntmrh. segir þessi mál algjörlega óskyld. Það er búið að gera samkomuleg sem kennarar hafa reyndar sagt sig frá en nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvernig sér hann það ganga upp að kennarar, sem færast yfir til grunnskólans og eru flestir félagar félagar í Kennarasambandi Íslands, hluti þeirra er í Hinu íslenska kennarafélagi, hafi óbreytt réttindi frá því sem nú er meðan hinir félagarnir í HÍK og KÍ verða sviptir þeim réttindum sem er að finna í frv. ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Heldur hæstv. menntmrh. virkilega að þetta gangi upp? Trúir hann því að menn sætti sig við það að félagsmenn í stéttarfélögunum hafi mismunandi réttindi? Fyrir utan það að hér er um einhliða árás ríkisvaldsins að ræða, í mörgum atriðum mjög umdeilanleg. Og önnur spurning til hæstv. menntmrh.: Trúir hann því að sveitarfélögin taki við grunnskólanum við þessar kringumstæður? Það var búið að gera ákveðið samkomulag sem ríkisstjórnin setti í algjört uppnám og ég veit það frá tveimur stærstu sveitarfélögum landsins, þar sem ég hef átt þess kost að ræða við sveitarstjórnarmenn, að þeir eru að sjálfsögðu ekki tilbúnir að taka við grunnskólunum við þessar aðstæður með samninga kennara í uppnámi. Maður spyr bara: Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega hér á hinu háa Alþingi? Væri ekki nær að fá einhvern botn í þessi mál áður en lengra verður haldið?

[10:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið liggur mjög einfalt og skýrt fyrir. Varðandi réttarstöðu kennaranna og hina ólíku réttarstöðu miðað við það hvort þeir verði áfram starfsmenn ríkisins eða sveitarfélaganna, þá lá það fyrir þegar menn voru að vinna að þessu samkomulagi, sem liggur til grundvallar frv., að það hafa verið uppi áform um það hjá ríkinu að breyta réttarstöðu t.d. framhaldsskólakennaranna á þann veg að æviráðningin yrði afnumin og þeir yrðu ráðnir með öðrum hætti. Þetta hefur legið fyrir í frumvarpi allt frá 1994 og kom ekki kennurum neitt á óvart, þeir vissu það nákvæmlega þegar unnið var að þeim réttindamálum sem liggja að baki þessu frv. Því finnst mér heldur seint fram komið að það sé málsástæða fyrir því að vera andvígur þessu frv. eða því fyrirkomulagi sem þar er gert ráð fyrir. Einnig lá það fyrir í bréfi, sem er dagsett 12. des. sl. ef ég man rétt, að unnið væri að því að endurskoða lögin frá 1954 sem sent var m.a. til kennara þannig að allar þessar forsendur lágu fyrir þegar unnið var að gerð þessa frv. Það sem hér er um að ræða er að þetta er samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna, kennara og sveitarfélaganna um það hvernig staðið skuli að réttindamálum kennara þegar grunnskólinn er fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Það er verið að fullnægja skilyrði sem Alþingi setti í 57. gr. grunnskólalaga. En við þingmenn, sem sífellt vinnum að því að fjalla um ný lög og nýjar forsendur, vitum að þær breytast, en það fer alltaf eftir því hvað menn vilja tengja mikið saman. Ég tel ástæðulaust að tengja þetta saman. Ég tel að hér sé um samningsatriði að ræða á milli sveitarfélaganna og kennaranna. Ramminn er skapaður í þessu frv. Það er tekið fullt tillit til óska kennara eins og þær komu fram í viðræðum. Þá lá fyrir að ríkið ætlaði að breyta réttarstöðu annarra kennara þannig að ekkert af því sem hér hefur verið nefnt er eitthvert nýmæli í málinu og lá allt fyrir þegar þetta samkomulag var gert.

[11:01]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að að hafi legið fyrir og er reyndar rétt að það lá fyrir að það átti að endurskoða lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en eftir því sem maður les í þessu frv. þá komu fulltrúar opinberra starfsmanna hvergi að því máli. Og ég hygg að marga hafi rekið í rogastans þegar fregnir bárust af því hvað var verið að gera eða leggja til í þeirri nefnd. Vil ég þó taka fram að ég er alls ekki andvíg öllu því sem þar er verið að gera, en þó er þar um nokkur stórmál að ræða. Og eftir stendur það sem ég var að benda á áðan að verði frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskólanna samþykkt og gangi í gildi 1. ágúst, þá kann svo að vera að mánuði áður verði gengin í gildi önnur lög sem breyta réttindum hins hluta félagsmanna. Við erum að tala um stéttarfélög sem greinast þannig að sumir vinna í grunnskólanum og aðrir í framhaldsskólanum. Ég get ekki séð með nokkru móti að þetta gangi upp. Ég er ekki síst að hugsa um réttindi þessara starfsmanna. Ég spái því að það verði ekki liðinn langur tími frá því að grunnskólinn fer yfir til sveitarfélaganna þar til menn fara að sjálfsögðu í það að samræma þessi réttindi. Það gengur ekki í opinberu kerfi hvort sem það eru sveitarfélögin eða ríkið að það séu mjög mismunandi réttindi í gangi. Ég

hef ekki trú á því að það gangi upp og það á heldur ekki að vera þannig.

[11:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kjarni málsins sem hv. þm. nefndi að eins og málið er núna þá verða mismunandi réttindi. Það verða önnur réttindi hjá þeim kennurum sem verða starfsmenn grunnskólans á grundvelli þessa frv. sem við erum að fjalla um heldur en hinna ef þessar breytingar ná fram að ganga. Það lá einnig fyrir þegar við höfum verið að fjalla um framhaldsskólafrv. Það hefur legið alla tíð fyrir að þarna getur verið um mismunandi réttindi að ræða. Við tökum af skarið með þessu frv. um réttindi grunnskólakennaranna. Hitt málið verður þá að hafa sinn gang og síðan verða menn í framtíðinni að taka sínar ákvarðanir en þeir verða að gera það á grundvelli þessa frv. sem verður vonandi samþykkt og mælir alveg ótvírætt fyrir um réttindi grunnskólakennara. Ég er sammála hv. þm. um það að í þessu máli verða menn að geta skilið á milli þessara tveggja hluta. Ef það skapar vandamál fyrir stéttarfélögin að menn innan þeirra hafa mismunandi réttindi, þá hljóta stéttarfélögin að geta leyst úr því eins og mörgu öðru þannig að ég sé ekki að það sé sá ásteytingarsteinn sem menn eigi að nota í þessu. Það hefur legið fyrir og fulltrúar stéttarfélaganna sátu í þeirri nefnd sem samdi frv. og vissu þá jafnframt um frv. um framhaldsskólakennara. Ég varð ekki var við það þá að menn væru að bera fyrir sig í þeim viðræðum að þetta væri með þessum hætti. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem við verðum að skoða og meta með hliðsjón af þeim vilja okkar til þess að breyta og færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Ef menn vilja það í raun og veru eins og Alþingi varð einróma sammála um fyrir rúmu ári og sjá hér hvernig við ætlum að gera það, þá finnst mér að við eigum að ræða það á þeim efnislegum forsendum en ekki fara að taka ný atriði inn í það sem snerta í raun og veru ekki það mál.

[11:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er orðin mjög illskiljanleg umræða. Það er verið að ræða um það að flytja grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Það er verið að ræða um á hvaða forsendum það skuli gert. Við megum ekki láta annarleg sjónarmið villa okkur sýn, segir hæstv. menntmrh. Við eigum að einskorða umræðuna við sjálfan flutninginn og þetta frv. og við megum ekki láta truflast af því að sennilega verði í næstu viku tekið til umræðu í Alþingi frv. sem kippir forsendum undan þessu sama frv. Það eru annarleg sjónarmið ef menn láta þetta eitthvað rugla sig í ríminu.

Flutningur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga hefur verið og er enn mjög umdeildur í þjóðfélaginu. Þegar hæstv. menntmrh. tók við sínu starfi þá sagði hann að hann mundi beita sér fyrir því að flutningur á grunnskólanum frá ríki til sveitarfélaga yrði gerður í sátt við alla sem hlut ættu að máli. Hann yrði gerður í sátt á milli ríkis og sveitarfélaga og kennarasamtakanna, þ.e. starfsfólksins. Ég leyfi mér að trúa því að hæstv. menntmrh. hafi mælt þetta af fullum heilindum. Þann skilning lögðu kennarar í hans orð og í hans fullyrðingar og gengu til samninga við menntmrn. á þeim forsendum. Menn voru jafnvel tilbúnir að sinni að gleyma yfirlýsingu fyrrv. hæstv. menntmrh. sem sagði að við þennan flutning væri kjörið tækifæri til að opna kjarasamninga, þá væri tækifæri til að hækka launin. Þetta reyndist ekki gerlegt. Það reyndist ekki vera vilji hjá stjórnvöldum til að ganga til samninga við kennara á þessum forsendum og var að lokum fallist á samkomulag sem byggði á því að kennarar héldu öllum sínum réttindum óskertum. Það var ekki meira sem farið var fram á en að kennarar héldu öllum sínum réttindum óskertum. Á þeirri forsendu voru þeir tilbúnir til að styðja þennan flutning og á þeim forsendum varð þetta frv. til, enda er þar talað um óbreytt ráðningarréttindi, t.d. er sveitarfélögum skylt að taka við skipuðum kennurum og jafnframt skylt að skipa kennara og skólastjóra til framtíðar.

Með frv. fylgir bréf, undirritað 1. febrúar, frá verkefnisstjórn um flutning grunnskólans til hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar, og það er reyndar birt sem fskj. með frv., en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Það er skilningur verkefnisstjórnarinnar að við flutning grunnskólans til sveitarfélaga sé ekki ætlunin að skerða lífeyrisréttindi kennara og skólastjórnenda."

Varla höfðu menn sett nöfn sín undir þessa yfirlýsingu, undir þetta bréf fyrr en fram koma á vinnsluborðum ríkisstjórnarinnar þrjú ný lagafrumvörp eða drög að þremur nýjum frumvörpum. Í fyrsta lagi er um að ræða frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem gerbreytir þeirra réttarstöðu, afnemur t.d. biðlaunaréttinn og gerbreytir þeirra réttarstöðu á ýmsa lund, t.d. varðandi skipun, en að henni er sérstaklega vikið í samkomulaginu. Í öðru lagi frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eða frumvarpsdrög eru það víst enn þá. En þau frumvarpsdrög sem hafa verið kynnt fela í sér stórfelldar skerðingar. Ég fullyrði að í þeim drögum sem okkur hafa verið kynnt, sem höfum komið fram fyrir hönd opinberra starfsmanna í því samráði sem svo er stundum kallað, hinn tæknilegi prófarkalestur á fullbúnum eða nær fullbúnum frumvarpsdrögum ríkisstjórnarinnar, er um að ræða stórfellda kjaraskerðingu, ekki aðeins fyrir þá sem eru þegar starfandi, heldur einnig gagnvart lífeyrisþegum. Það er um stórfellda skerðingu að ræða. Þar er gert ráð fyrir því að nema úr gildi reglur sem mundu sannanlega rýra kjör þeirra sem nú eru í starfi. En hæstv. menntmrh. stendur hér í pontu og segir: Við skulum ekki láta einhver annarleg sjónarmið trufla okkur. Við skulum ekki vera að ræða einhver mál sem ekki koma þessu frv. við, segir hann en eru þegar allt kemur til alls sjálfur grundvöllurinn sem við hljótum að standa á.

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar, fulltrúar fjmrh. hafa marglýst því yfir á fundum, stórum og smáum, að þau frumvörp sem hér er verið að ræða um geti ekki lifað við hliðina á þeim frumvarpsdrögum sem dreift hefur verið til þingmanna, frumvarpi um réttindi og skyldur. Þeir hafa marglýst því yfir. Og ég vek athygli hæstv. menntmrh. á því að fulltrúar fjmrn. hafa marglýst því yfir að frumvörpin um réttindi og skyldur og þau frumvörp sem hæstv. menntmrh. er að kynna hér gangi engan veginn upp saman. Og það er ósvífni af versta tagi að saka menn um annarleg sjónarmið þegar þeir ætla að ræða þessa hluti heildstætt og á málefnalegum grunni eins og hér hefur verið gert. Það var á þeirri forsendu sem formaður Kennarasambands Íslands, Eiríkur Jónsson, ritaði hæstv. menntmrh., Birni Bjarnasyni, bréf 26. febrúar sl. Bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í tengslum við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga vil ég taka fram að ég tel mig óbundinn af því samkomulagi sem náðist í verkefnisstjórninni þann 1. febrúar sl. Þessa afstöðu byggi ég m.a. á þeirri staðreynd að þau frumvarpsdrög sem nú liggja á borðinu um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ganga

þvert á það samkomulag sem náðist í verkefnisstjórninni þann 1. febrúar 1996.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Jónsson,

fulltrúi kennarafélaganna í verkefnisstjórn."

Nú er spurningin þessi: Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að hann hyggist því aðeins fara fram með þessi mál að um þau ríki víðtæk sátt í samfélaginu á milli ríkis, á milli kennarafélaganna og á milli sveitarfélaganna; hvað hyggst hann gera þegar nú er ljóst orðið að þessi sátt er rofin, hún er ekki lengur fyrir hendi? Mér er spurn: Hefur hæstv. menntmrh. átt viðræður við sveitarfélögin um þær auknu skuldbindingar sem þau yrðu hugsanlega að takast á hendur vegna kjarabreytinga? Ef hæstv. menntmrh. er alvara með því að samningar yrðu teknir upp, ef hann vildi það á annað borð, og kjörin yrðu tryggð og treyst, þá kæmi það í hlut sveitarfélaganna að ganga frá slíku. Hafa slíkar viðræður farið fram?

Nú má náttúrlega spyrja, nú má náttúrlega velta því fyrir sér hvort kennarar eigi ekki einn kost í stöðunni. Ef stjórnvöld ætla að fara fram með þessum óbilgjarna hætti og keyra þessi mál fram án þess að um þau ríki sátt eins og áður hafði verið gefið fyrirheit um, þá má spyrja hvort kennarar og starfsmenn skólanna eigi annarra kosta völ en að beita samtakamætti sínum þegar þar að kemur. En þá er komið að þriðja frv. Þá er komið að þriðju frumvarpsdrögunum og þau liggja á borði hæstv. félmrh. Út á hvað skyldu þau ganga? Þau ganga út á lögþvingaða miðstýringu kjarasamninga. Þau ganga út á það ef fram næðu að ganga að einstök stéttarfélög yrðu í raun svipt samningsrétti sínum. Þau ganga út á það. Þau ganga út á það að fela sáttasemjara ríkisins vald til að skjóta einni kjaratillögu yfir allan launamarkaðinn, láta hana ganga yfir allan launamarkaðinn, láta allan launamarkaðinn greiða atkvæði um það upp úr einum potti. Síðan yrði búið svo um hnútana að þriðjungur allra launamanna á Íslandi yrði að segja nei til að fella slíka tillögu. Maður fer að velta því fyrir sér af því að mér varð tíðrætt um heilindin í upphafi míns máls þegar ég sagði að ég hefði trú á því og ég heyri það frá kennurum að þeir hafi trú á því að hæstv. menntmrh. hafi komið fram af heilindum í þessu máli nú og sannast sagna held ég að hann hafi gert það fram að þessu. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt hvernig hæstv. menntmrh. fer fram í þessu máli, hvort hann ætlar að taka þátt í þeirri aðför sem ríkisstjórnin er greinilega að undirbúa gegn launafólki, gegn opinberum starfsmönnum sérstaklega með því að svíkja öll þau fyrirheit sem hann gaf fyrir fáeinum mánuðum um að gengið yrði frá þessum málum í fullri sátt, hvort hann virkilega ætlar að ganga á bak þeirra fyrirheita og þeirra orða sinna.

Ég hef það fyrir satt að ef það fengist vissa fyrir því á þessari stundu að frumvörpin illræmdu, frumvörpin þrjú, skerðingar- og haftafrumvörpin þrjú sem liggja á vinnsluborðum ríkisstjórnarinnar yrðu dregin til baka og yrðu ekki sett fram og ekki yrði reynt að hrófla við þeim réttindum og kjörum sem þar er kveðið á um nema í raunverulegu samkomulagi og samvinnu við þá sem hlut eiga að máli, þá værum við að ræða þetta frumvarp og þessar breytingar á allt öðrum grundvelli. Ég efast ekki um að kennarar mundu endurskoða þá afstöðu sem þeir hafa tekið núna til þessa máls.

Mér finnst skipta miklu máli hvernig hæstv. menntmrh. fer fram í þessu máli, en ég ætla að leyfa mér fyrir eigin hönd og hönd annarra þingmanna sem vilja skoða þessi mál í heild sinni, sem vilja skoða þessi mál með tilliti til þeirra frumvarpa sem eru á vinnslustigi að frábiðja okkur ónot af því tagi sem komu frá hæstv. menntmrh., þegar menn eru að efna til málefnalegrar umræðu, að hún sé afgreidd á þann hátt sem hann reynir að gera. Þetta er ekki sæmandi fyrir menntmrh. Íslands.

[11:20]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta er að hér hefur komið fram að flutt er stjfrv., þ.e. frv. sem hlotið hefur fylgi allra ráðherra í hæstv. ríkisstjórn, en jafnframt hefur hæstv. menntmrh. tekið fram að það komi í sjálfu sér ekki í veg fyrir að einstakir þingmenn, þar á meðal ráðherrar, kunni að hafa aðrar skoðanir og beita sér fyrir flutningi mála sem ganga í aðra átt.

Þá hefur það líka komið fram að hæstv. fjmrh. hefur kynnt samtökum opinberra starfsmanna eða fulltrúum þeirra frumvörp sem ganga í þveröfuga átt við það frv. sem hér er rætt. Ég sé ekki, virðulegi forseti, hvernig hægt er að halda þessari umræðu áfram í fjarveru hæstv. fjmrh. því að hann hlýtur að þurfa að svara þeirri spurningu hvort hann hyggst þá nýta sér þann rétt, sem hann vissulega hefur og hæstv. menntmrh. gat um sjálfur í sinni ræðu, hvort hann ætli sér að flytja þingmál á Alþingi, annaðhvort stjfrv. eða frv. í eigin nafni, sem gengur þvert á þau réttindi sem þetta frv. sem hér er til umræðu á að tryggja.

Það væri líka ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann ætlaði að taka ábyrgð á slíkum vinnubrögðum að flutt yrðu tvö frumvörp um réttindamál opinberra starfsmanna sem ganga hvort í sína áttina.

Herra forseti. Ég fer þess á leit að umræðunni verði frestað um stund þar til a.m.k. annaðhvort fjmrh. eða hæstv. forsrh. getur verið viðstaddur og tekið af þau tvímæli sem hæstv. menntmrh. getur ekki.

(**Forseti** (RA): Forseti vill láta þess getið að hæstv. forsrh. mun vera veikur og er því ekki væntanlegur hingað í dag. En ég skil orð hv. þm. á þann veg að hann óski eftir nærveru hæstv. fjmrh. og verður þá þeim skilaboðum komið til hans.)

[11:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Ég ætla að fá að gera grein fyrir því, herra forseti, að ég tel að það sé rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fór fram á hér að þessar umræður yrðu málefnalegar og um efni málsins. Mér finnst að sú athugasemd sem var gerð undir liðnum um fundarstjórn forseta sé liður í því að reyna að gera þessa umræðu ómálefnalega. Það hefur ekkert komið fram, herra forseti, (Gripið fram í.) sem veldur því að það sé þörf á að draga í efa að ríkisstjórnin standi heils hugar á bak við það frv. sem hér er til umræðu. Þingflokkar ríkisstjórnarinnar gera það einnig. Það eru engin áform uppi um annað en að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt.

[11:24]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil eindregið taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að það er sjálfsagt að fresta þessari umræðu þangað til þeir ráðherrar sem hafa boðað að þeir hyggist standa að þingmálum,

að stjórnarfrumvörpum sem ganga í allt aðra átt en það mál sem hér er rætt og liggur fyrir til umræðu. Það er satt að segja mjög furðulegt að hæstv. menntmrh. skuli koma hér og telja að það sé óeðlilegt að við óskum eftir nærveru þessara ráðherra, jafnsamofin og þessi mál eru pólitískt.

Hæstv. ráðherra hefur í dag, virðulegur forseti, reynt að haga sínu máli þannig að að formi til sé hægt að taka á málinu einangrað. Ég held að það þurfi mikið hugmyndaflug satt að segja til að taka undir slík sjónarmið. Það sem er óeðlilegt við þessa umræðu er að lagt sé út í hana án þess að aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni séu viðstaddir. Auðvitað hefði verið æskilegt og fyllilega eðlilegt að hæstv. forsrh. væri viðstaddur þegar þessi umræða færi fram, en við höfum skilning á því að á þessum degi er hæstv. forsrh. veikur. En geti ráðherrar ekki verið hér við af einhverjum ástæðum, þá er auðvitað ekki annað að gera en fresta umræðunni.

[11:26]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir að benda á þessa staðreynd sem liggur í augum uppi að auðvitað verða þessir ráðherrar að koma hingað til umræðunnar einmitt til þess að gera hana málefnalega, ekki til að gera hana ómálefnalega eins og hæstv. menntmrh. hélt fram áðan. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá sérstaklega til sögunnar hæstv. fjmrh. sem hefur verið að semja frumvörp um að taka allt það af kennurunum sem á að afhenda þeim samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er framkoma sem er algjörlega ólíðandi og það er lágmark að þessir menn láti sjá sig í þessari stofnun á sama tíma og verið er að ræða málið.

Hitt er svo líka mikilvægt, hæstv. forseti, að á sama tíma og þessi umræða stendur yfir, hefur ekki náðst samkomulag við sveitarfélögin um flutning grunnskólans. Það er fundur á vegum Samtaka sveitarfélaga ég hygg á morgun, þar sem verður farið yfir þessi mál og þar eru menn m.a. að velta því fyrir sér að gera það að skilyrði fyrir flutningnum að breyta grunnskólalögunum og seinka innsetningunni um mörg ár til þess að sveitarfélögin fallist á flutninginn. Hér væri auðvitað um að ræða þvílíka aðför að þessu máli í heild að það tekur engu tali og því full nauðsyn á því að málið sé rætt á breiðum grundvelli. Ef það er hins vegar ekki hægt í dag, þá á auðvitað að fresta því fram yfir helgi þangað til afstaða sveitarfélaganna liggur fyrir. Það er fráleitt af ráðherranum að reyna að knýja stjórn þingsins til að reyna að ræða málin áfram með þeim hætti sem við erum að reyna í dag.

[11:28]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill upplýsa að vegna óska hv. 4. þm. Vestf. var leitað eftir því hvort hæstv. fjmrh. sæi sér fært að koma á þennan fund, en þá kom á daginn að hann er erlendis og verður það í þessari viku og þeirri næstu. Hæstv. forsrh. gegnir störfum fjmrh. nú um stundir og eins og forseti hefur þegar upplýst er hann veikur.

[11:29]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vona nú að það séu fleiri hæstv. ráðherrar frískir en sá eini sem er við þessa umræðu. Hæstv. ráðherra sagði að hann vildi forðast það að þessar umræður yrðu ómálefnalegar. En jafnvel þó að þeir hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. væru viðstaddir umræðuna þá er ekki endilega víst að þær yrðu ómálefnalegar vegna þess að það er ekki þar með sagt að þeir tækju til máls.

En ég sé ekki hvernig hægt er að halda þessari umræðu áfram, virðulegi forseti, þegar svo háttar til að tveir hæstv. ráðherrar hafa lent í mótsögn hvor við annan, annars vegar hæstv. menntmrh. sem gert hefur heiðurssamkomulag við grunnskólakennara og flytur hér mál til að standa við það heiðursmannasamkomulag og hins vegar hæstv. fjmrh. sem hefur boðað flutning frumvarpa sem ganga í allt aðra átt og gera þetta heiðursmannasamkomulag hæstv. menntmrh. við grunnskólakennara að engu. Þeim spurningum sem verða lagðar fram um þetta mál getur hæstv. menntmrh. ekki svarað. Hann getur ekki svarað þeim vegna þess að þau mál, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eru ekki á hans forræði og hann hefur ekkert um þau mál að segja nema sem almennur ráðherra í ríkisstjórn. Hins vegar hefur hæstv. fjmrh., eins og hér hefur komið fram, kynnt sem sinn vilja allt aðra hluti og virðist kynna það í nafni sömu ríkisstjórnar og hæstv. menntmrh. situr í. Ég tel því að það sé ekkert óeðlilegt að fara þess á leit að umræðan fari ekki fram fyrr en þessir tveir hæstv. ráðherrar eða a.m.k. annar þeirra, fjmrh. og forsrh., flokksbræður hv. menntmrh., geta verið hér viðstaddir til þess að þingheimur geti gengið úr skugga um hvort það heiðursmannasamkomulag hæstv. menntmrh. og grunnskólakennara á að standa eða hvort hæstv. fjmrh. ætlar að afnema það með atbeina hæstv. forsrh.

[11:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sem formaður þingflokks Kvennalistans tók ég þátt í fundi formanna þingflokka fyrir viku síðan með menntmrh., þar sem við fórum fram á að umræðum um málið — það var ekki tekið á dagskrá í síðustu viku — yrði frestað fram til dagsins í dag. Þar af leiðandi finnst mér svolítið erfitt núna að standa ekki við það samkomulag að ræða um málið í dag en ég verð að segja að í ljósi þeirra óska sem hér hafa komið fram þá fer ég fram á að það verði a.m.k. gert fundarhlé núna og þessi mál rædd við menntmrh.

[11:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Þessum fundi verður frestað í fimmtán mínútur. Forseti óskar eftir að formenn þingflokka komi til viðræðna við forseta í forsetaherbergi.

[Fundarhlé. — 11:35]

[11:55]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Vegna þeirra umræðna sem urðu áðan um fundarstjórn vill forseti láta þess getið að umræðu um 6. dagskrármálið verður nú haldið áfram til kl. eitt en þá verður gert matarhlé. Að matarhléi loknu hefjast umræður um 7. dagskrármálið. En umræðu um 6. dagskrármálið verður þá frestað til mánudags.

[11:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Það er dapurlegt að þegar frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla kemur til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi, sá réttindagrunnur sem flutningur grunnskólakennara frá ríki til sveitarfélaga hvílir á, þá skuli hátta þannig til að kennarafélögin hafa bæði ákveðið að draga sig út úr öllu samstarfi um flutning grunnskólans. Í ályktun frá þeim kemur margítrekað

fram að verði af flutningi við þessar kringumstæður þá sé það í fullri andstöðu við félögin, í fullri andstöðu við þá sem þessi breyting snýst um sem eru fyrst og fremst kennararnir í landinu.

Það frv. sem hér er til umfjöllunar, sem uppfyllir vissulega þau formskilyrði sem það á að uppfylla, er afrakstur vinnu verkefnisstjórnar sem fjallaði um réttindamál kennaranna þegar þeir yrðu starfsmenn sveitarfélaga. Sú vinna sem þar fór fram sýnir að fulltrúar kennara og sveitarfélaga unnu heils hugar að því mikla verkefni sem markað var með samþykkt grunnskólalaganna fyrir um réttu ári síðan. En eins og fram kom í greinargerð þess lagafrv. var meginmarkmið þess flutningur alls reksturs grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og að ábyrgð á allri starfsemi grunnskólans yrði falin sveitarfélögum. Var þar um að ræða rökrétt framhald breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá árinu 1989 þar sem ákveðið var að sveitarfélögin kostuðu ein stofnun og rekstur grunnskóla. Um viðamikið verkefni og mikilvægt er að ræða og því mikils um vert að allir sem að því koma vandi sig sem mest þeir mega og að orð standi. Verkefnið er ekki aðeins mikilvægt vegna grunnskólans þó það eitt og sér væri ærin ástæða til vandvirkni. Nei, það er jafnframt líklegt að það að sveitarfélögin taka á sig þá miklu ábyrgð sem yfirtöku verkefnisins fylgir hafi afgerandi áhrif á þróun sveitarfélaganna í næstu framtíð. Því það er nokkuð víst að sú mikla vakning, sem er meðal sveitarstjórnarmanna varðandi sameiningu sveitarfélaga nú um stundir, tengist ekki síst yfirtöku þessa verkefnis og því hversu stórt og krefjandi það er. Sveitarfélögin hafa líka lagt gríðarlega vinnu í þetta verkefni grunlaus um þær sendingar frá ríkisvaldinu sem nú eru því miður staðreynd.

Í febrúarbréfi menntmrn. segir hæstv. menntmrh. m.a., með leyfi forseta:

„Ég hef komist þannig að orði að grunnskólinn sé fjöregg þjóðarinnar og því beri að fara varlega við að færa hann frá einum aðila til annars. Þannig hefur verið staðið að málinu. Allir hafa leitast við að vera samstiga. Skólinn kemst því óbrotinn til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996 nema slys verði á síðasta áfanganum."

Nú, virðulegur forseti, hefur það slys orðið. Á sama tíma og unnið er að yfirfærslu grunnskólans og kennarar taka fullan þátt í því starfi sem lýtur að því að réttindi þeirra færist óbreytt milli þessara aðila, ríkis og sveitarfélaga, svo sem fyrir er sagt í grunnskólalögunum þá eru aðrar nefndir að störfum sem eru að dunda við allt aðra hluti en óbreytt réttindi. Lítum betur á lífeyrismálin.

Í lok nóvembermánaðar bar sú sem hér stendur fram fyrirspurn til fjmrh. um hvernig miðaði vinnu við breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla sem rétt hafa átt til aðildar að sjóðnum áframhaldandi aðild svo sem segir fyrir í 57. gr. grunnskólalaga. Í svari ráðherra kom fram að samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og kennara hefði þá skömmu áður skilað af sér tillögum um það hvernig farið yrði með lífeyrismálin. Jafnframt kom fram í máli ráðherrans að hafinn væri undirbúningur að samningu lagafrv. um breytingu á lögunum um lífeyrissjóðinn þar sem tekið yrði á þeim atriðum sem samstarfsnefndin teldi nauðsynlegt til að flutningur réttinda gengi sem best. En, virðulegi forseti, ráðherrann lét þess jafnframt getið að önnur nefnd, án aðildar kennara, væri að athuga með aðrar breytingar á lögunum um lífeyrissjóðinn og rakti nokkrar þeirra. Þar voru þau atriði sem nú hafa birst í því frv. sem ráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn og hafa minna en ekkert með flutning grunnskólans að gera eða þær tillögur sem samstarfsnefndin skilaði af sér til ráðherra, enda margkomið fram að um sé að ræða skerðingu á lífeyrisréttingum kennara og er það hvorki í samræmi við loforð stjórnvalda um efnislega óbreytt réttindi né í samræmi við niðurstöður verkefnisstjórnarinnar þar sem, eins og fram kemur í bréfi hennar til ráðherra frá 1. febrúar sl., segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun þessa máls innan verkefnisstjórnarinnar hefur verið sérstakur gaumur gefinn að því með hvaða hætti skuli tryggja við flutninginn óskert lífeyrissjóðsréttindi þeirra starfsmanna sem átt hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vísast í þessu sambandi til 57. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, og 4. tölul. kafla 1.3.1 og kafla 3.5 í skýrslu nefndar um réttindamál grunnskólakennara við flutning grunnskóla til sveitarfélaga.

Það er skilningur verkefnisstjórnarinnar að við flutning grunnskólans til sveitarfélaga sé ekki ætlunin að skerða lífeyrisréttindi kennara og skólastjórnenda."

Það er þess vegna furðulegt að heyra það hér að þær hugmyndir, sem liggja fyrir um skerðingu þessara réttinda, skuli nú vera kallaðar hlutir sem snerta ekki þetta mál eins og mátti skilja á hæstv. ráðherranum hér áðan. Því vissulega er það svo að það snertir þetta mál þegar verið er að ganga beinlínis á svig við það sem áskilið var og menn skrifuðu undir 1. febrúar í ár.

Mér finnst rétt að taka fram að menntmrh. lýkur sérstöku lofsorði á formann Kennarasambands Íslands í fyrrnefndu fréttabréfi ráðuneytisins og telur að afstaða hans hafi ráðið miklu um farsæla niðurstöðu í réttindamálum kennara. Og svo segja menn að það sé ekki verið að koma aftan að neinum. Hvað með þá sem skrifuðu undir bréf verkefnisstjórnarinnar í góðri trú? Hér áðan var lesið upp bréf frá þessum sama formanni Kennarasambandsins þar sem hann segir sig frá þessari undirskrift. Hér er auðvitað um að ræða fullkominn trúnaðarbrest milli ríkisvaldsins og kennaranna og augljóst að verið er að nota það tilefni sem gefst til breytinga á lífeyrissjóðnum vegna yfirfærslu grunnskólans til að skerða lífeyrisréttindi, ekki bara kennaranna heldur opinberra starfsmanna almennt. Þess vegna hljótum við að svara hæstv. ráðherranum þegar hann talar um að menn séu að stofna málinu í óvissu. Við hljótum að spyrja hver það sé. Hver er það sem stofnar þessum málum í óvissu?

Þá er komið að þriðja aðila málsins sem eru sveitarfélögin í landinu. Hvað með þau? Eru menn þar á bæ búnir að átta sig á stöðu mála og því að kennararnir munu ekki samþykkja að kjarasamningur þeirra við ríkið flytjist á milli aðila eins og samkomulag var áður orðið um? Hafa menn þar á bæ áttað sig á að það samkomulag er nú í vindinum vegna framkomu ríkisins? Og að ef af yfirfærslunni verður í blóra við samtök kennaranna þá verða engir kjarasamningar til staðar 1. ágúst nk., nema sveitarfélögin verði búin að gera við þá nýjan kjarasamning? Undir gerð þess kjarasamnings búa samtök kennara sig nú. En eru sveitarfélögin farin að undirbúa það? Er þeim þessi alvarlega staða málsins ljós? Það er að renna upp fyrir þeim ljós þessa dagana trúi ég.

Það frv. sem hér liggur fyrir um réttindamálin, og er að því er virðist miðað við það sem fram hefur komið af hálfu hæstv. ráðherra fyrst og fremst til þess að uppfylla tiltekin formskilyrði, er nú eðlilega álitið einbert sýndarmennskuplagg af hálfu margra kennara sem benda á að

miðað við þau vinnubrögð sem þeir hafa kynnst af hálfu ríkisstjórnar varðandi lífeyrismálin, þá treysti þeir því ekki að kennarar og skólastjórnendur grunnskóla haldi lengi þeim réttindum sem þar er kveðið á um og stangast munu vissulega á við réttindi annarra opinberra starfsmanna og annarra kennara í sömu kennarafélögum sem verða eftir þessa breytingu áfram starfsmenn ríkisins því ef önnur áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á réttindum ríkisstarfsmanna ganga eftir þá verða til nokkrar tegundir kennara með mismunandi réttindi. Auðvitað óttast kennarar að þau réttindi sem þeim eru áskilin með því frv. sem hér er borið fram verði hirt af þeim með lögum rétt eins og af öðrum.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherrans að það á eftir að semja á milli ríkis og sveitarfélaga um hve miklir fjármunir skuli fylgja yfirtöku sveitarfélaganna af öllum rekstri grunnskólans. Þannig er ekki er búið að hnýta alla hnúta enn þá fyrir utan starfsmannamál. Það kom líka fram í hans máli að drög að samkomulagi liggja fyrir á milli aðila. Það er þá líklega eins gott að taka það strax með í reikninginn, og væntanlega hafa aðilar gert það, að ríkið hefur þegar breytt því umhverfi sem menn töldu sig vera að vinna í, m.a. hvað varðar kjarasamninga kennaranna. En að reyna að halda því fram að ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna hafi ekki áhrif, að það sé einhver misskilningur og þá væntanlega allra annarra en þeirra sem sitja í ríkisstjórninni og hafa þaðan sína sérstöku sýn á málin, því ég er hér með ályktanir sem voru í pósthólfinu mínu nú áðan, ályktanir frá 24 félögum opinberra starfsmanna eða samtökum þeirra, ef menn halda að þetta hafi ekki áhrif þá eru menn auðvitað meira en blindir.

Auðvitað hefur það áhrif ef þau frv. sem fyrir liggja ná fram að ganga og það mun þá væntanlega koma í hlut sveitarfélaganna hvað varðar kennarana að borga þeim fyrir þau réttindi sem ríkið tekur af sínum starfsmönnum að því er virðist bótalaust. Því það hefur ekkert annað komið fram en að réttindin verði tekin af mönnum bótalaust, að það séu þakkirnar fyrri áralanga þjónustu á lélegu kaupi í gegnum tíðina. Lélegu kaupi sem réttlætt hefur verið með öllum réttindunum sem nú eru talin svo léttvæg að þau skipta tæpast máli að mati ráðamanna. Nei, virðulegi forseti, hér er um að ræða kjaraatriði sem hafa haft svo afgerandi áhrif á laun og kjör opinberra starfsmanna að það hlýtur að verða að semja um þau nema ætlunin sé að ganga einhliða á kjör starfsmanna ríkisins og enn sem komið er verður því vart trúað. Eða til hvers er þá samningsrétturinn ef svo stórum og afdrifaríkum málum má nú skipa einhliða með lögum?

Eina vonin til að bjarga því sem bjargað verður er að þau frv., sem lúta að breyttum réttindum launafólks og ríkisstjórnin hyggst bera fram í fullkominni ósátt við þá sem við þau eiga að búa, verði dregin til baka í þeirri mynd sem þau eru nú og það handsalað við fulltrúa stéttarfélaganna að þau verði ekki borin fram fyrr en full sátt ríkir og samkomulag hefur tekist um það hvernig farið verður með réttindi launafólks, hvort sem er á hinum opinbera markaði eða hinum almenna. Þannig held ég að ríkisstjórnin ætti að taka fullt mark á ályktun stjórna BHMR, BSRB og KÍ frá 6. mars sl., þar sem fram kemur að samtökin krefjast þess að ríkisstjórnin hafi raunverulegt samráð við opinbera starfsmenn og leiti samninga um þær breytingar sem hún vill koma fram.

Ég óttast reyndar að sá trúnaðarbrestur sem orðinn er gagnvart kennurunum sérstaklega hafi gert varanlega út um þá von, sem ég og fleiri deildum með hæstv. menntmrh., að grunnskólinn, þetta fjöregg, flyttist óbrotinn á milli aðila. En fyrsta skrefið í þá átt að líma þau brot saman væri að ráðherrann gerði sér grein fyrir því og það kæmi þá fram hversu alvarlegt málið er og að ríkisstjórnin öll ynni í samræmi við það.

Ég ætla í lok máls míns, virðulegi forseti, að draga saman þau atriði sem mestu máli skipta til þess að árétta það hversu alvarleg staðan er.

Í fyrsta lagi. Kennarafélögin hafa ákveðið að draga sig út úr öllu samstarfi um flutning grunnskólans. Kjarasamningar kennara við ríkið flytjast því ekki yfir til sveitarfélaganna og enginn kjarasamningur verður í gildi milli kennarafélaganna og sveitarfélaganna 1. ágúst nema þessir aðilar verði búnir að semja sín í milli. Það undirbúa kennarafélögin nú. Hafa sveitarfélögin gert sér grein fyrir þessari stöðu og hafið undirbúning að kjarasamningsgerð?

Í öðru lagi. Á sama tíma og unnið er í verkefnisstjórn með þátttöku kennara og sveitafélaga að flutningi réttinda, þar með töldum óskertum lífeyrisréttindum, eru aðrar nefndir að störfum án þátttöku kennara og þær nefndir eru að vinna í allt aðra átt. Þessi vinnubrögð koma í bakið á forustu kennaranna og hafa valdið fullkomnum trúnaðarbresti milli kennara og ríkisstjórnar.

Í þriðja lagi. Það frv. sem liggur fyrir um réttindamál kennara og skólastjórnenda grunnskóla er nú af mörgum kennurum álitið einbert sýndarmennskuplagg til að uppfylla formskilyrði. Eftir þau vinnubrögð sem kennarar hafa kynnst í lífeyrismálunum treysta þeir því ekki að þetta plagg haldi né þau réttindi sem það á að tryggja nema rétt á meðan undirskriftir þorna.

Í fjórða lagi. Það er verið að nota tilefnið til breytinga á lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna vegna yfirfærslu grunnskólans til að skerða lífeyrisréttindi ekki bara kennaranna heldur allra ríkisstarfsmanna. Meint réttindi opinberra starfsmanna hafa gjarnan verið notið sem réttlæting á lágum launum þeirra. Það verður að semja um svo veigamikil kjaraatriði sem réttindamálin. Þau hafa haft bein áhrif á launaákvarðanir í kjarasamningum opinberra starfsmanna hingað til.

Virðulegi forseti. Það mál sem við fjöllum nú um, flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna, er eitt af stóru málum þessarar ríkisstjórnar og í rauninni prófsteinn á það hvort ríkisstjórnin ræður við skipulagsverkefni af því tagi og þær breytingar á stjórnsýslu í landinu sem hljóta að fylgja. Þetta eru breytingar sem er verið að koma fram til að fullnusta grunnskólalög sem nú eru rúmlega ársgömul. Til þess að þetta takist, til þess að ríkisstjórnin geti komið þessu máli fram eins og á að gera þá er ekki nóg að fullnægja formskilyrðum. Það er blekking ef menn halda það. Það er gerð krafa um að efnisskilyrðunum sé fullnægt og mikilvægi málsins er slíkt að það hlýtur að verða gert þó hæstv. ráðherra og jafnvel ríkisstjórnin öll hafi ekki áttað sig á því enn.

[12:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég fara nokkrum orðum um dagskrá þessa fundar þar sem fyrir stundu fór fram umræða um stjórn forseta og þess var farið á leit að fundinum yrði frestað þar til umræðan gæti farið fram í viðurvist fjmrh. eða forsrh. Þessi ósk kom fram vegna þess að verið er að ræða þetta frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda í sveitarfélögum í því umhverfi að yfir vofa

önnur frv. um réttindamál og réttindaskerðingar. Úrskurður forseta eftir að fundi þingflokksformanna með forsetum lauk var að fundinum yrði frestað til kl. eitt og síðan yrði umræðu haldið áfram á mánudag.

Ég vek athygli forseta á því að það er mikilvægt að fundinum sé frestað og að niðurstaða fundar, sem verður í Borgarnesi á morgun, um flutning grunnskólans til sveitarfélaga og fjármál sveitarfélaga liggi fyrir því þær niðurstöður eru innlegg í þá umræðu sem fer fram um þetta frv. Hins vegar kom fram á fundi með forseta vafi um að viðkomandi ráðherrar yrðu til reiðu á mánudaginn. Þess vegna, virðulegi forseti, set ég fyrirvara minn við þennan úrskurð, ef það er hægt að komast þannig að orði, vegna þess að beiðnin var um ráðherrana og ég bið um að það verði skoðað að fundi þessum verði ekki fram haldið öðruvísi en annar hvor þeirra ráðherra sem ég hef nefnt verði viðstaddir.

Varðandi það frv. sem er til umræðu vil ég ræða flutning verkefna til sveitarfélaganna og flutning grunnskólans sem eitt af stærstu málum í flutningi verkefnanna til sveitarfélaganna og e.t.v. eitt mikilvægasta málið.

Mjög margir hafa talið brýnt að flytja öll helstu stóru verkefnin til sveitarfélaganna, svo sem málefni fatlaðra, grunnskólann og mörg önnur. Hvers vegna? Hvers vegna þykir það gott mál í dag að flytja þessi verkefni til sveitarfélaganna sem hafa óumdeilt á liðnum áratugum verið verkefni ríkisins? Það er vegna þess að það þykir nokkuð ljóst að þeim málefnum sem varða fjölskylduna og velferð hennar sé best komið hjá sveitarfélögunum. Þar kemur margt til. Þekking á umhverfinu, þekking á þörfum barna, þekking á þörfum fjölskyldunnar varðandi aðbúnað grunnskólans, hið sjálfstæða mat sveitarfélagsins á uppbyggingu og þróun grunnskólans og verkefna á forgangsröðun heimamanna sjálfra hvernig um þau mál sé farið og þeirra eigin aðlögun að aðstæðum hverju sinni. Enda þótt ég drepi á örfá eru þetta mjög veigaþung atriði í því að flytja verkefni til sveitarfélaganna og gera sveitarfélögin ábyrg fyrir þessum stóru verkefnum.

Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, að það að flytja verkefni til sveitarfélaganna er snar þáttur í sameiningu sveitarfélaga. Margir hafa viljað sameiningu sveitarfélaga og talið að það sé leið okkar inn í öflugri framtíð og betri hagstjórn og víða hefur verið tregða í sveitarfélögum til þess að sameinast innbyrðis. Helst hafa þau verið tilbúin að sameinast um verkefni en halda sjálfstæði sínu hvert gagnvart öðru.

Nú hefur það gerst að fyrirhugaður flutningur grunnskólans hefur orðið hvati að frekari samvinnu og sameiningu á svæðum þar sem áður var fullkomið tregðulögmál í þessum efnum. Þess má geta að núna er t.d. umræða uppi um sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Það hefur verið umræða um að sameina öll sveitarfélög á Austurlandi og að ógleymdu því að flestöll nágrannasveitarfélög hafa sameinast Ísafirði. Það er enginn vafi á því að þetta er mjög mikilvæg þróun í dreifbýlu landi okkar og er til framtíðar litið til mikillar farsældar í þeim málum að flytja verkefni til sveitarfélaganna. Ég er sannfærð um að sú góða sátt sem náðist um að flytja grunnskólann hefur átt sinn þátt í því að hreyfing hefur orðið í sameiningarátt. Þingmenn lögðust líka á eitt með sveitarstjórnarmönnum að stuðla að því að áformin um að flytja grunnskólann kæmust í framkvæmd í fullri sátt og á sem bestan hátt.

Hægt er að spyrja: Var þá allt í lukkunar velstandi frá upphafi þ.e. frá því að grunnskólafrumvörpin komu frá menntmn. í fyrra? Svarið er nei. Strax komu fram óróleikaraddir frá kennurum. Það komu fram efasemdir um að nógu vel væri tryggt að sveitarfélög gætu tekið við þessum grundvallarþætti í fræðslu- og mótunarferli vaxandi kynslóðar. Þeir óttuðust að launa- og réttindamál þeirra væru ekki tryggð. Það er merkilegt að þann kvíða reyndist erfitt að sefa. Sumum okkar fannst þetta óþarfatortryggni og óþarfaótti. Sumum okkar fannst þetta merki um vantrú á sveitarfélögunum og sum okkar höfðu starfað á vettvangi sveitarstjórna og fannst að það væri móðgandi gagnvart sveitarfélögum í landinu að þeim væri ekki treyst fyrir þessu þýðingarmikla máli. Á síðustu dögum þings í vetur náðist loks sátt þar sem var sett inn sérákvæði í lögin um lífeyrisréttindi og þær forsendur sem tryggja þurfti til þess að skólinn yrði fluttur í sátt allra. Þessi ákvæði voru í fyrsta lagi um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggði öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem höfðu átt rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum. Að sjálfsögðu voru menn að sækjast eftir þessu ákvæði af því þeir töldu að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins myndi búa við óbreytt ákvæði til einhverrar framtíðar og þeir töldu að verið væri að tryggja réttindi þeirra í lífeyrissjóði sem þeir þekktu, trúðu á og höfðu unnið fyrir um áratuga skeið.

Síðara atriðið var að lög um ráðningaréttindi kennara og skólastjórnendum grunnskóla tryggði þeim efnislega óbreytt ráðningaréttindi hjá nýjum vinnuveitenda.

Við getum spurt: Voru kennararnir með óþarfatortryggni? Voru sveitarstjórnarmenn of bjartsýnir á að nú stæði ríkisvaldið við sitt? Voru þeir þingmenn beinlínis aular sem börðust fyrir því að þetta mikla hagsmunamál, flutningur grunnskóla til sveitarfélaga, yrði með reisn? Var sú sem hér stendur í einhvers konar aulahópi? Það er tilfinning sem situr eftir á þessum dögum að sú sé raunin.

Virðulegi forseti. Þess vegna spyr ég: Þýðir eitthvað að ræða það frv. efnislega sem er á dagskrá? Ég held ekki. Menntmrh. vill væntanlega flýta því að frv. fari í umfjöllun nefndar þannig að þar sé hægt að taka á málunum og hafa frv. klárt og e.t.v., ég segi e.t.v., gera breytingar ef frv. um breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna verður sett í lög og ef það hefur áhrif á þau réttindi sem sett eru fram í frv. sem hér á að lögfesta. Það er að sjálfsögðu með miklum krafti sem ég segi ef, og ef, og ef. Vegna þess að ég trúi því ekki að óreyndu að þrátt fyrir hinn mikla meiri hluta sem ríkisstjórnin býr við verði reynt að fara með þessi réttindamál í gegnum þingið með valdi.

Vegna þeirra spurninga, sem ég hef sett fram, má ég til með að vísa í ályktun stjórnar Kennarasambandsins og Hins íslenska kennarafélags þar sem þeir segja að „á sama tíma og kennarafélögin hafa verið í samstarfi um endanlegan flutning grunnskólans til sveitarfélaganna er ríkisstjórnin að kynna alvarlega skerðingu á réttindum starfsmanna ríkisins og markmiðið með samvinnu kennarafélaganna, ríkis og sveitarfélaga hefur verið að tryggja þeim félagsmönnum sem flytjast til sveitarfélaganna óbreytt réttindi eftir flutninginn. Einnig að tryggja sveitarfélögunum næga tekjustofna til að standa undir kostnaði vegna grunnskólans."

Kennarafélögin árétta að þau hafa frá upphafi unnið af fullum heilindum að undirbúningi flutningsins og það finnst mér að sé rétt. Ég tel að það hafi verið unnið af miklum heilindum á milli menntmrn. og kennarafélaganna að þessum undirbúningi og það er það sorglega í þessu máli og mun

ég koma að því síðar. Kennarafélögin segja í framhaldi af því að ríkisvaldið hafi hins vegar sent frá sér drög að frv. til laga sem fela í sér alvarlega skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna. Í því yfirliti sem ég er með nefna þau þrennt: „Í drögum að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er stefnt að því að afnema nær öll núverandi réttindi starfsmanna en auka skyldur þeirra.“ Þetta er mat kennaranna, virðulegi menntmrh. Og í drögum að frv. til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins „er stefnt að því að skerða verulega frá því sem nú er réttindi sjóðfélaga. Sjóðfélagar munu í framtíðinni þurfa að greiða hærra verð fyrir mun lakari réttindi.“ Í þriðja lagi er nefnt að í drögum að frv. til laga um samskiptareglur á vinnumarkaði „er stefnt að afnema að mestu sjálfstæðan samningsrétt stéttarfélaga. Þeim er þannig gert ómögulegt að sækja í samningum bætur fyrir þau réttindi sem afnumin eru með lögum.“

Virðulegi forseti. Það er ekki tamt í munni þeirrar sem hér stendur að vera með gífuryrði og ætla ekki að vera með þau við umræðu um frv. en ég leyfi mér að benda á það með þungri áherslu að þetta er mat þeirra sem eiga hlut að máli.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það að frv. sem slíkt sem hér liggur sé sáttamál og ég hef ekki athugasemdir við það. Þarna eru ákveðin réttindi tryggð og reglur settar um ráðninga- og samskiptamál. Ég geng alveg út frá því eins og hefur verið margundirstrikað af stjórnarliðum að við eðlilegar aðstæður mundu þingmenn vera að ræða e.t.v. einstaka þætti en með jákvæðu hugarfari en eins og málum er háttað og í því umhverfi sem þingmál er tekið til umræðu í dag sýnist mér það hafa lítinn tilgang að fara í efnisatriði frv.

Um þetta snýst málið og tortryggnin, sem við fundum fyrir sl. vor, hefur brotist út í þeirri vissu opinberra starfsmanna að frá þeim verði tekin réttindi sem áður hafa verið metin til fjár. Hvort sem þeim líkar betur eða verr. Það er sú staðreynd sem blasir við hvort sem þeim líkar betur eða verr. Vegna þess að því hefur verið lýst yfir að starfsmenn eru tilbúnir í viðræður, tilbúnir til að reyna að finna sátt og flöt á málum þannig að farið sé fram með þessi mál í fullkominni sátt. Þrátt fyrir það hefur frv. um réttindi og skyldur komið inn í þing og talað er um að verið sé að reyna að ná samkomulagi um það á meðan það liggi hér og bíði umræðu.

Ráðherra heldur því mjög fram að frv. sem er á dagskrá sé óháð frv. um réttindi og skyldur sem lagt hefur verið fram og skerðir kjör. Varðandi það vísa ég í texta sem er á bls. 9 í upphafi greinargerðar með frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, eru nú í endurskoðun og hyggst ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþingi 1996. Ef það frumvarp nær fram að ganga er ríkisstjórnin reiðubúin til að breyta lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frumvarps þessa um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra við grunnskóla ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorum tveggja.“

Virðulegi forseti. Stundum er textinn mjög flókinn en mér finnst þessi texti vera mjög einfaldur. Og ég spyr menntmrh.: Ef frv. sem hér er til umræðu fer til nefndar og verður lögfest núna fljótlega og ef í kjöfarið kemur frv. um réttindi og skyldur með allt öðrum ákvæðum um réttindi og skyldur og það verður lögfest fyrir vorið og ef svo á haustþingi kemur fram ósk frá sveitarfélögunum um að gerðar verði breytingar á þessu frv. vegna hins frv., liggur þá ekki í þessum texta að ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum, verði það skoðað að breyta lögum? Óskað er svara.

Ríkisstjórnin er sífellt að kasta bolta sín á milli. Ráðherrar keppast við að vera í eins konar „ekki-benda-á-mig“-leik þegar óþægileg mál eru uppi og samábyrgð virðist engin. Þannig segir t.d. heilbrrh., þegar hart er gengið eftir viðbrögðum við niðurskurði í heilbrigðiskerfinu, að það sé vitlaust gefið, að það eigi ekki að veitast að heilbrrh. fyrir að það þurfi að skera svona illilega niður á viðkvæmum stöðum af því að ráðuneyti heilbrigðismála ætti að fá stærri skerf. Þarna talar ráðherrann eins og viðkomandi hafi ekki átt hlutdeild í ákvörðunum um fjárlög og skiptingu þeirra. Þetta er að sjálfsögðu óþolandi fyrir þingmenn að hlusta á sem hér sitja og hafa reynt að hafa áhrif á að niðurstaða fjárlaga yrði önnur. Við erum ekki að ræða heilbrigðismálin hér, en þetta segi ég til að undirstrika hversu lítil samábyrgð virðist vera hjá þessari ríkisstjórn. Ekki fyrr er menntmrh. kominn með sáttafrv., um það er ekki deilt, virðulegi forseti, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda en syrtir í lofti.

Fjmrh. kemur fullkomlega óvænt með allt aðra framtíðarsýn um réttindi opinberra starfsmanna. Ég upplifi það þannig að fjmrh. hafi komið aftan að menntmrh. Ég trúi því að menntmrh. hafi unnið af heilindum, hann hafi viljað vel og hann hafi ætlað sér að flytja grunnskólann með sóma til sveitarfélaganna. Þetta er mín trú. Þess vegna hélt menntmrh. því til streitu að ræða frv. í dag og heldur því fram að þetta sé sáttafrv., sáttagerð. Hann afneitar þeim þætti fjmrh. sem birtist í því að ráðherrann er kominn fram með frv. um réttindi og skyldur sem er allt annars eðlis og hefur skapað það óæskilega andrúmsloft sem þetta réttindamál er rætt í.

Við eigum eftir að taka þau frumvörp sem vísað er sífellt í til umræðu, þau frumvörp sem boðuð hafa verið um sáttastörf í vinnudeilum, um lífeyrissjóð og um réttindi og skyldur. En ég held að við þingmenn hefðum þurft að fara í gegnum þau mál áður en gengið er frá lögum um réttindi grunnskólakennara hjá sveitarfélögum. Það er bara rökrétt, ef einhver á að geta trúað því að mál gangi eftir eins og vilji er sýndur til með þeirri frumvarpsgerð sem hér er til umræðu. Það er óhugnanlegt fyrir okkur hversu vantrúin á stjórnmálamenn er mikil, hversu tortryggnin var óheft í fyrravor þegar verið var að ræða flutning grunnskólans og ríkisstjórn, ráðherrum og þingmönnum eiginlega ekki treyst til að standa vörð um það sem þurfa þótti. Það er óhugnanlegt að það skuli ganga eftir og opinberast þjóðinni allri að hægri höndin veit aldrei hvað sú vinstri gerir og það stendur ekki steinn yfir steini frá einu vori til annars.

Virðulegi forseti. Þingmenn gera sér grein fyrir að ýmislegt í réttindum opinberra starfsmanna þarf endurskoðunar við, að eðlilegt sé að aðlaga ýmislegt í reglum að reglum vinnumarkaðar í dag, reglum sem voru barn síns tíma. Og ég tel að opinberir starfsmenn séu því fylgjandi. Margir sem ég hef rætt við segja: Við vitum að það þarf að breyta ýmsu og við erum tilbúin til þess í sátt. En hér er um bæði röng vinnubrögð og rangar tímasetningar að ræða.

Það er komið að lokum tíma míns, virðulegi forseti. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að koma með eina setningu í lokin varðandi tiltrúna til stjórnmálamannanna og fyrirhugað lífeyrisfrv. Hæglætismaður í minum kunningjahópi lét þau orð falla við mig á dögunum að ef lífeyrisréttindin yrðu skert hjá opinberum starfsmönnum með þeim hætti sem hefur verið kynnt, yrði uppreisn í þjóðfélaginu. Virðulegi forseti.

Það sem á eftir fylgdi hjá þessum hæglætismanni sagði mér að við verðum að skipta um vinnubrögð og breyta okkar gerðum ef við ætlum að vinna tiltrú fólks í þessu þjóðfélagi á störf okkar.

[12:36]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli hv. þm. kom fram að það væri óhuggulegt að skynja þá tortryggni sem ríkti úti í samfélaginu á meðal opinberra starfsmanna gagnvart stjórnmálamönnum. Það er vissulega hægt að taka undir það. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni sem við okkur blasir og reyndar á það sér orðið alllanga sögu, þ.e. þessi furðulegu og hörmulegu samskipti ríkisvaldsins við sína starfsmenn. Við erum búin að horfa upp á það ár eftir ár að einstakir hópar ríkisstarfsmanna hafa farið í verkfall og það hafa verið sett lög á launahækkanir og vinnudeilur og fleira slíkt. Þetta er mikil öfugþróun og ég veit svo sem ekki hvar orsakanna er að leita. Þetta er orðin löng og mikil saga og það verður að taka á þessum vinnubrögðum öllum sem við erum nú vitni að, þ.e. að hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir. Því miður á flokkur hv. þm. töluverðan þátt í þessum vinnubrögðum.

[12:38]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þýðir ekkert fyrir þingmann sem hefur verið stjórnarliði, og það gildir um öll okkar sem tilheyra flokkum sem hafa verið í stjórn, að skorast undan því að axla ábyrgð á verkum sem hafa verið unnin í tíð viðkomandi ríkisstjórnar. Það hefur sú sem hér stendur aldrei gert, þótt hún hafi orðið undir í sínum hópi með skoðanir sínar eins og gengur. Hún hefur aldrei freistast til þess að koma með yfirlýsingar hér um að hafa viljað gera öðruvísi eða yfirbjóða. En það er alveg ljóst að það er fáheyrt að gengið hafi verið frá máli í sátt eins og gert var á sl. vori, einmitt til að róa ólgu og sætta sjónarmið, og sett ákvæði í lög til þess að treysta slík bönd og síðan er gengið til verka á næsta vori með þeim hætti sem hér er gert. Það eru vinnubrögð sem ég fullyrði að hafi ekki þekkst þegar flokkur undirritaðrar hefur verið í ríkisstjórn.

[12:39]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að ég hygg að við séum hér vitni að algerlega fáheyrðum vinnubrögðum. Þótt margt megi gagnrýna frá umliðnum árum, er þetta engu lagi líkt og þýðir að það er verið að setja vinnumarkaðinn gersamlega á annan endann. Ég tek undir það að ef ríkisstjórnin ætlar að keyra í gegn þessi frumvörp eða gera tilraun til þess, mun það auðvitað kosta mjög mikinn óróa og upplausn í ríkiskerfinu og stefna því máli í stórhættu sem við erum að ræða hér í dag, þ.e. flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna.

[12:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lagði fyrir mig spurningu um túlkun á lokamálsgrein í upphafskafla greinargerðarinnar með þessu frv. Það er alveg ljóst að þar er lýst þeirri aðferð sem ríkisstjórnin ætlar sér að beita ef til þess kæmi að henni bærust óskir um að endurskoða þetta lagafrv. eftir að það er orðið í lögum. Að sjálfsögðu felst ekkert í þeim ráðagerðum um það að orðið verði við slíkum óskum. En ríkisstjórnin mun ekki standa að breytingum á þessu máli nema um það komi óskir, annaðhvort frá sveitarfélögunum, kennurunum eða báðum sameiginlega.

[12:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég árétta þá spurningu mína til menntmrh. Ef frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verður að lögum og lífeyrissjóðsmálum verður skipað með nýjum hætti á þessu vori og síðan kemur beiðni frá sveitarfélögunum í haust um að breyta þeim lögum, verður þá orðið við þeirri ósk?

[12:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil láta þess getið, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að hér er verið að lögfesta samkomulag á milli kennaranna og sveitarfélaganna. Grunnurinn að þessu frv. er að það náðist samkomulag í viðræðum á milli fulltrúa kennara og fulltrúa sveitarfélaganna um þá skipan mála sem hér er um að ræða.

Það er allsendis órökrétt að álykta sem svo að í framhaldi af því að slíkt samkomulag sé lögfest muni þriðji aðili, sem hefur tekið að sér að framfylgja þessum málum með þeim hætti sem við erum að gera hér með því að leggja þetta frv. fram, rjúfa það samkomulag upp á sitt eindæmi. Þarna þarf því að hafa ákveðið jafnvægi í huga og þannig ber að skýra lokamálsgreinina í greinargerðinni. En ég vil einnig vekja athygli á því að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur sagt að hann líti á þessa lokamálsgrein sem einskis virði í sjálfu sér. Að sjálfsögðu verður að ganga þannig fram í þessu máli að um jafnvægi sé milli samningsaðilanna að ræða sem eru kennarar og sveitarfélögin. Menn mega ekki gleyma því þegar þeir eru að ræða þessi mál og blanda hinum þremur málunum inn í að það er verið að tala um að kennarar hætti að vera starfsmenn ríkisvaldsins og verði starfsmenn sveitarfélaganna. Breytingar á lögum sem varða starfsmenn ríkisins ná því að sjálfsögðu ekki til kennara eftir að þeir eru orðnir starfsmenn sveitarfélaga. Þar er um réttarsamband að ræða á milli sveitarfélaganna og kennara sem við erum að lögfesta með þessum hætti og það væri fráleitt að gera því skóna að menn ætluðu að raska því einhliða.

[12:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má skilja orð menntmrh. þannig að orðalagið „ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorn tveggja“, sé bara tilviljun. Ég vek athygli á orðalaginu. Ég hef mjög mikinn skilning á því að menntmrh. víki sér undan að svara þessari spurningu minni afdráttarlaust. Ég geri mér líka grein fyrir því að þetta frv. er af allra hálfu sáttafrv. og ég hrósa menntmrh. fyrir þau vinnubrögð sem hann hefur viðhaft í málefnum grunnskólans alveg fram að þessu. Ég minni hann samt á að gerðir annarra ráðherra í ríkisstjórn hafa sett þá sátt í uppnám.

[12:44]

Bryndís Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu varðar einn mikilvægasta þáttinn í flutningi grunnskólans til sveitarfélaga, þ.e. kjör kennara og skólastjóra, réttindi þeirra og skyldur. Eins og fram hefur komið byggir þetta frv. á tillögum svonefndrar réttindanefndar sem er ein þriggja nefnda sem undirbúið hafa þennan flutning.

Niðurstöður nefndarinnar eru í megindráttum í samræmi við samþykktir Kennarasambands Íslands varðandi þau atriði

sem nauðsynlegt er talið að tryggja þegar til flutnings grunnskólans kemur. Eitt af grundvallarskilyrðum Kennarasamtakanna fyrir viðræðum og því að af flutningi grunnskólans gæti orðið var að gildandi réttindi væru í einu og öllu tryggð hjá nýjum vinnuveitanda og fullkomin sátt ríkti um öll samningsatriði milli þeirra er málið varðar.

Það hefur verið yfirlýst stefna kennarafélaganna að ef flytja ætti gildandi kjarasamning óbreyttan til nýrra vinnuveitenda yrði áliti réttindanefndarinnar fylgt að öllu leyti. Að öðrum kosti væru forsendur fyrir áframhaldandi viðræðum um flutning grunnskólans brostnar og taka yrði upp kjarasamningaviðræður í tengslum við flutninginn.

Í frv. þessu virðist sem kennurum og skólastjórum séu tryggð þau réttindi og skyldur sem þeir nú hafa sem ríkisstarfsmenn auk þess sem þar eru ákvæði um að áunnin réttindi flytjist með þeim yfir til nýs vinnuveitanda. Gert er ráð fyrir óbreyttum veikindarétti, fæðingarorlofs- og lífeyrisrétti og að ráðningarformið „skipun" verði áfram í gildi. Ég er í sjálfu sér hlynnt flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna og tel að það hafi ýmsa kosti en að því tilskildu að réttindi og kjör séu að fullu tryggð og að sveitarfélögum verði tryggðir tekjustofnar til að mæta auknum kostnaði og er það í samræmi við stefnu Kvennalistans.

Ég get verið sammála þessu frv. í megindráttum og því ætti það að vera fagnaðarefni ef það nær fram að ganga og verður að lögum. En ýmsar blikur virðast á lofti og málin komin í hnút. Því valda nokkur frumvörp sem stjórnvöld telja nauðsynlegt að lögbinda á næstu vikum. Ýmislegt í þeim veldur áhyggjum og ljóst er að verði þessi frumvörp að lögum eins og þau hafa verið kynnt er langur vegur frá að um óbreytt réttindi kennara og skólastjóra í grunnskólum sé að ræða. Gróflega er þar vegið að kjörum þessara hópa, sátt og samráð fokið út í veður og vind og flutningur grunnskólans í mikilli óvissu. Hér er í raun um að ræða skerðingarfrumvörp sem varða réttindi ríkisstarfsmanna, svo sem frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, drög að frv. um samskiptareglur á vinnumarkaði og fæðingarorlof svo að eitthvað sé nefnt.

Ýmislegt bendir til þess að væntanleg lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra í grunnskólum verði ekki langlíf ef frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nær fram að ganga. Gera má fastlega ráð fyrir að sambærilegar breytingar og þar eru fyrirhugaðar í átt til skerðingar yrðu fljótlega gerðar á þeim lögum sem hér er verið að leggja til, enda hefur heyrst í umræðu undanfarna daga að þeim lögum sé ekki spáð langra lífdaga. Ljóst er að kennarastéttin gefur ekki eftir lögbundin réttindi sem í kjarasamningum hafa verið talin hluti af launakjörum nema í staðinn komi hærri laun eða önnur sambærileg og jafnverðmæt réttindi. Lítið fer fyrir þeim bjartsýnishugmyndum sem eitt sinn einkenndu umræðu um flutning grunnskólans heim í hérað. Ýmsir álitu að þegar tekjustofnar sveitarfélaga vegna grunnskólahalds yrðu ákveðnir gæfist tækifæri til verulegra launahækkana og unnt yrði að leiðrétta smánarleg laun kennara. Þá byðist tækifæri til breytinga á kjarasamningum til samræmis við breyttar áherslur í skólastarfi.

Kostnaðaraukning sveitarfélaga vegna launa býður þeirri hættu heim að ýmis starfsemi og þjónusta sem grunnskólalög gera ráð fyrir að sé til staðar verði látin víkja. Það er því afar brýnt að sveitarfélögum verði tryggðir tekjustofnar til að standa undir auknum kostnaði við rekstur grunnskólanna. Ör samfélagsþróun hefur breytt hlutverki skóla mjög hin síðari ár. Kröfur til skólahalds eru aðrar og meiri og fara síst minnkandi. Auk þekkingarmiðlunar þarf að sinna uppeldis- og ráðgjafarhlutverki í ríkari mæli en áður. Of mörg börn og ungmenni eiga í vandræðum með líf sitt og nám. Grunnskólinn á því enn langt í land með að mæta þörfum ólíkra einstaklinga og meðan svo er hentar hann aðeins þeim sem falla best að því kerfi sem fyrir er.

Brýnt er að hvers konar sérfræðiþjónusta skólanna verði efld til muna, svo sem á sviði námsráðgjafar og sálfræðiþjónustu og að markvisst verði unnið að því að koma í veg fyrir alvarleg skipbrot nemenda sem nú eru því miður allt of tíð. Og tala ég hér af reynslu eftir 30 ára starf í skólakerfinu. Það veldur mörgum áhyggjum hvað verði nú um ýmsar þær nýjungar sem bryddað hefur verið upp á og vel hafa gefist og notið vinsælda meðal nemenda og skólamanna. Nefni ég þar t.d. skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði. Það dylst engum sem komið hefur nærri skólastarfi hve ábyrgðarmikið, vandasamt og krefjandi það er. Skólar verða að geta laðað til starfa úrvals fólk en það gerist tæplega með því að bjóða kennarastéttinni þau smánarkjör sem hún býr nú við. Menntastofnanir ná ekki að skila árangri ef þær búa við stöðugan niðurskurð og fjársvelti. Með því móti gröfum við undan eigin framtíð. Sem menningarþjóð ber okkur skylda til að veita auknu fjármagni til skóla svo unnt sé að reka metnaðarfullar stofnanir sem veita þá bestu menntun sem völ er á.

Menntun felur í sér að gera að manni og vel menntaðir, heilbrigðir og hamingjusamir einstaklingar eru líklegir til góðra verka, samfélagi, menningu og þjóð til heilla. Það ætti því að vera æðsta markmið menntastofnana að skila af sér slíku fólki. Skólar verða þá að vera færir um að mennta í bestu merkingu þess orðs. Til þess þarf ánægt og hæft fólk og aukið fjármagn. Fámenn þjóð hefur ekki efni á að menntun misfarist.

Herra forseti. Með þeim fyrirvara sem ég hef hér gert grein fyrir og þrátt fyrir þá stöðu sem uppi er nú, lýsi ég þeirri von minni að flutningur grunnskólans til sveitarfélaga megi takast sem best.

[12:52]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. hans ræðu. Ég vil láta þess getið varðandi þau tvö atriði sem nefnd voru, sérfræðiþjónustuna og skólabúðirnar á Reykjum, að í þeirri vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum dögum og samningum sem staðið hafa yfir milli ríkisins og sveitarfélaganna hefur sérstaklega verið hugað að sérfræðiþjónustunni og hvernig best verði staðið að því og sérkennslumálum. Einnig tel ég að það liggi fyrir samkomulag um það hvernig unnt verði að starfrækja áfram skólabúðirnar að Reykjum. Í báðum þessum tilvikum hefur því verið hugað mjög gaumgæfilega að þeim óskum sem fram hafa komið. Ég held að lausnir séu í samræmi við það sem óskir hafa verið uppi um.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að það hefur verið sjónarmið kennaranna að þeim sé ekki unnt að láta af hendi réttindi sín nema fá eitthvað í staðinn eins og það var orðað eða eitthvað komi þar á móti. Það er grundvallarviðhorf sem menn verða að hafa í huga þegar rætt er um frv. sem við erum að fjalla um. Með því að standa að málum eins og gert er í frv. er lagður grunnur að því að samningsaðilarnir, kennararnir annars vegar og sveitarfélögin hins vegar, geti staðið þannig að málum að réttindi séu alveg skýr og skyldurnar líka hjá hvorum um sig þannig að unnt verði þegar menn setjast niður

og fjalla um þessi málefni, þessir tveir aðilar sem er forsenda þess að þessum lögum yrði breytt ef frv. nær fram að ganga, þá stæðu þeir jafnt að vígi. Þá væri hægt að tala um þetta á þeim forsendum sem hv. þm. nefndi að eitthvað kæmi í staðinn fyrir þau réttindi sem menn afsöluðu sér. Þetta er sú hugsun sem kennarar hafa alltaf látið uppi þegar um þessi mál hefur verið rætt. Með frv. er sú réttarstaða tryggð að aðilarnir sætu við sama borð. Ríkið skapar rammann sem handhafi grunnskólans á þessu stigi og flytur hann yfir til sveitarfélaganna á þessum forsendum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

[13:37]

Útbýting þingskjala:

Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, 373. mál, þáltill. KH o.fl., þskj. 653.

Tanneyðing hjá börnum og unglingum, 374. mál, fsp. GÁ, þskj. 655.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 357. mál (frv. samgn.). — Þskj. 622.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Siglingastofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 216, nál. 620, brtt. 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 621,1 samþ. með 36 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 621,2–7 samþ. með 36 shlj. atkv.

2.–8. gr., svo breyttar, og nýtt ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 102, nál. 637, brtt. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Brtt. 638,1 samþ. með 35 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 638,2–41 samþ. með 36 shlj. atkv.

2.–60. gr. og ákv. til brb. I–II (verða ákv. til brb. I–III), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Verðbréfasjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 98. mál (EES-reglur). — Þskj. 103, nál. 633, brtt. 634.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 634,1–4, samþ. með 35 shlj. atkv.

2.–12. gr. (verða 2.–13. gr.), svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Verðbréfaþing Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 101. mál (EES-reglur). — Þskj. 106, nál. 635, brtt. 636.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]

Brtt. 636,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 636,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 636,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 636,4 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

5.–6. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 636,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Erfðabreyttar lífverur, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 129, nál. 623, brtt. 624.

[13:53]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 623 og breytingartillögum umhvn. við frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Frv. er lagt fram til að uppfylla skyldur sem íslenska ríkið tók á sig með EES-samningunum.

Í 74. gr. samningsins er vísað til XX. viðauka en í honum er sérstakt ákvæði um verndarráðstafanir er skulu gilda samkvæmt 73. gr. samningsins. Í XX. viðauka EES-samningsins eru tvær tilskipanir er fjalla um erfðabreyttar lífverur, þ.e. tilskipun ráðins frá 23. apríl 1990, um einangraða notkun erfðabreyttra örvera, og tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990, um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.

Markmið frv. er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur, heilsu manna og dýra gegn óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Helstu ráðstafanir samkvæmt frv. til að ná þessum markmiðum eru að gert er ráð fyrir að óheimilt verði að hefja starfsemi þar sem ætlunin er að fari fram afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera nema fyrir liggi leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um sérstakt leyfi fyrir hverja tegund. Einnig er slepping, dreifing og markaðsetning erfðabreyttra lífvera óheimil nema að fengnu leyfi Hollustuverndar. Þá er gert ráð fyrir skyldu til að halda sérstaka skrá yfir notkunina. Loks er starfsemi með erfðabreyttar lífverur háð eftirliti.

Þó að umhvn. leggi nokkrar efnisbreytingar til hrófla þær breytingar ekki við þessum grundvallaratriðum frv. heldur miða breytingartillögurnar að því að skýra þær reglur sem eiga að gilda og hnykkja á því sem mikilvægast er á þessu sviði. Ljóst er að þörfin fyrir löggjöf á þessu sviði er mikil og nauðsynlegt er að nokkuð strangar reglur gildi um beitingu erfðatækni. Erfitt er að spá fyrir um framtíð erfðatækni og því er að finna nokkuð víðtækar reglugerðarheimildir í frv. Verður að ætla að það sé nauðsynlegt í þessu tilviki.

Nefndin fékk fjölmarga á sinn fund við umfjöllun frv. og eru þeir taldir upp í nefndaráliti. Þá fékk nefndin einnig umsagnir frá ýmsum aðilum. Mun ég nú gera grein fyrir helstu breytingartillögum sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. á þskj. 624.

Meginbreytingin sem nefndin leggur til að gerð verði á frv. snýr að því ákvæði um að öll framleiðsla og meðferð erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt og í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun. Erfðatækni er svið þar sem líklegt er að siðfræðileg álitaefni komi upp og þarfnist umræðu og því þótti nefndarmönnum mikilvægt eftir að hafa skoðað málið vel að fram komi í markmiðsgrein laganna að beiting erfðatækni verði í samræmi við almenn siðferðisviðhorf þjóðfélagsins á hverjum tíma.

Í samræmi við þessa viðbót við markmiðsgreinina eru lagðar til ýmsar breytingar á frv. Lúta þær m.a. að því að í skipan ráðgjafarnefndar skv. 6. gr. verði höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í siðfræði. Einnig er lögð til sú breyting að leyfi til afmarkaðrar notkunar, sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera sé háð því að það sé talið siðferðilega réttlætanlegt.

Mjög mismunandi er hvort lög um erfðatækni hafa að geyma ákvæði um siðfræði. Má sem dæmi nefna að ekkert slíkt ákvæði er að finna í dönsku lögunum um erfðatækni en í þeim norsku er að finna ákvæði svipað því sem nefndin leggur til að bætt verði inn í frv. Umhvn. leggur til í breytingartillögum sínum að tekið verði skýrt fram í lagatexta að lögin gildi ekki um afurðir erfðabreyttra lífvera.

Í greinargerð kemur skýrt fram að frv. ef að lögum verður er ekki ætlað að ná til afurða erfðabreyttra lífvera. Ljóst má vera að margt í daglegu umhverfi okkar telst til afurða erfðabreyttra lífvera, svo sem jurtaolía sem unnin er úr erfðabreyttum plöntum, mjólk úr erfðabreyttri kú o.s.frv. Reglur þær sem frv. hefur að geyma mundu missa marks ef þeim væri ætlað að ná til slíkra afurða.

Til að taka af allan vafa í þessu sambandi leggur umhvn. einnig til að afurðir erfðabreyttra lífvera verði skilgreindar í lagatexta. Einnig gerir nefndin tillögu um að skýrt komi fram í frv. að við framkvæmd laganna skuli höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð. Nokkrar breytingar á skilgreiningu verða lagðar til. Miða þær að því að skýra viðfangsefni frv. betur. Umhvn. leggur til að ráðgjafarnefnd, sem mælt er fyrir um að komið skuli á fót, verði skipuð níu mönnum í stað fimm eins og gert er ráð fyrir í frv. Með því á að tryggja að fleiri sjónarmið komi fram í nefndinni. Einnig eru lagðar til breytingar sem miða að því að skýra frekar verkefni og starfssvið nefndarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að við skipun í nefndina verði höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og í siðfræði einnig. Skýrt skal tekið fram að með því er ekki verið að leggja til að hver og einn nefndarmanna sé sérfróður á sviði erfðatækni eða siðfræði heldur að innan nefndarinnar sé til staðar sérþekking á þessum sviðum.

Þá er gerð tillaga um breytingu er miðar að því að auka frumkvæði nefndarinnar þar sem henni er falið að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til betri vegar í erfðatækni. Loks er lagt til að nefndinni verði falið að beita sér fyrir fræðslu til almennings um erfðabreytingar en mjög mikilvægt verður að teljast að almenningur hafi tækifæri til þess að fylgjast með þróun í erfðatækni.

Nefndin leggur einnig til þá breytingu að umhvrh. skuli leita umsagnar ráðgjafarnefndarinnar áður en hann setur reglugerðir á grundvelli laganna. Lagt er til að bætt verði inn reglugerðarheimildum annars vegar um fræðslu til almennings um erfðatækni og hins vegar um ábyrgðartryggingar. Við rannsóknir um leyfi til afmarkaðrar notkunar, sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera leggur nefndin til þá breytingu að orðið „áhættumat" verði ekki notað heldur verði umsækjendum ætlað að gera í umsókn sinni grein fyrir hugsanlegum afleiðingum afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera á heilsu manna og umhverfi. Þessi breyting er lögð til m.a. með hliðsjón af norsku lögunum um erfðatækni.

Einnig er lagt til að opnuð verði leið fyrir Hollustuvernd til þess að krefjast ítarlegri gagna og fá skýringar á einstökum atriðum frá umsækjendum, t.d. hvað varðar greinargerð um hugsanlegar afleiðingar.

Umhvn. leggur einnig til nokkrar breytingar á leyfisveitingaferli en nauðsynlegt þótti að kveða skýrar á um ýmsa þætti þess ferils. Þannig er í fyrsta lagi lagt til að bætt verði inn í frv. ákvæði um að Hollustuvernd leggi mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna ráðgjafarnefndar og taki afstöðu til þess hvort veita skuli leyfi. Þá er lagt til að bætt verði inn ákvæði í samræmi við brtt. við 1. gr. um markmið laganna þess efnis að aðeins sé heimilt að veita leyfi sé það siðfræðilega réttlætanlegt.

Loks er lagt til að bætt verði í lögin í samræmi við það sem segir í greinargerð að Hollustuvernd ríkisins skuli hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er úr hverju sinni.

Þá er lagt til að kveðið verði skýrar á um það hvenær unnt er að sækja um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn. Lagt er til að það verði aðeins heimilað ef um er að ræða fleiri tegundir sem öllum er sleppt á sama stað eða sömu tegund sem sleppa á á fleiri stöðum í sama tilgangi og á tilteknum tíma. Miðar þessi breyting að því að gera umsóknarferlið skilvirkara.

Einnig er lögð til breyting sem lýtur að frágangi umsókna. Umsóknir skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu skiljanlegar almenningi og fallnar til kynningar hjá almenningi.

Loks er lagt til að lögbundið verði að Hollustuvernd skuli leita umsagnar Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana sem starfa á því sviði sem umsóknin lýtur að, auk þess

sem umsagnar skal leitað hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Gert er ráð fyrir nánari útfærslum á formi umsagna og umsagnarfresti í reglugerð.

Þá eru lagðar til breytingar sem miða að því að skerpa ábyrgð þess sem fengið hefur leyfi til sleppingar og dreifingar á erfðabreyttum lífverum eða hefur sótt um slíkt leyfi. Leyfishafa verði þannig gert skylt að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um nýjar upplýsingar sem fram kunna að koma um áhættu sem fylgt getur sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera og ef nauðsynlegt er að breyta heimilaðri tilhögun um sleppingu eða dreifingu þeirra. Á grundvelli nýrra upplýsinga er gert ráð fyrir að Hollustuvernd taki afstöðu til leyfis eða leyfisveitingar á ný.

Einnig er lagt til að bætt verði við ákvæði laganna möguleika á að banna eða takmarka markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera hérlendis, þ.e. að banna megi markaðssetningu ef hún samræmist ekki íslenskum lögum. Haft var til hliðsjónar svipað ákvæði í norskum lögum sem veitir norskum yfirvöldum heimild til að banna eða takmarka markaðssetningu erfðabreyttra lífvera telji þau að markaðssetningin hafi í för með sér hættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða hún stríði gegn öðrum markmiðum norsku laganna. Þá er sérstaklega tekið fram í norsku lagagreininni að við leyfisveitingar verði að taka tillit til þess hvort markmiðssetning hafi í för með sér þjóðfélagslegan ávinning eða hvort hún styrki sjálfbæra þróun.

Hvað varðar þann fund sem kallaður er opinber fundur í frv. leggur nefndin til að fundurinn verði kallaður opinn áheyrnarfundur. Fyrirmynd að slíkum fundi er það sem nefnist á Norðurlöndum „offentlig höring" og á ensku „public hearing". Gert er ráð fyrir að heimild verði til að halda slíka fundi. Er það Hollustuvernd ríkisins sem ákveður hvort boðað verði til slíks fundar.

Loks er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði fellt brott þar sem það þykir óþarft.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til fyrir hönd umhvn. að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á þskj. 624 og ég hef gert nánari grein fyrir. Undir þetta álit skrifa Ólafur Örn Haraldsson, Gísli S. Einarsson, Árni Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson, Tómas Ingi Olrich, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristín Halldórsdóttir.

[14:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta mál sem er hér til umfjöllunar er í eðli sínu flókið og vandasamt. Fáir hafa komið að erfðabreytingum á lífverum hér á landi og það hefur ekki verið iðkað í stórum stíl. Ég kom að einni tegund erfðabreytinga þegar ég var námsmaður og eftir á að hyggja er það dálítið merkilegt að hafa tekist að komast í gegnum langa skóla erlendis og síðan hingað heim og stundað rannsóknir sem í eðli sínu voru ekkert annað en erfðabreytingar á lífverum án þess að hafa eiginlega nokkru sinni velt fyrir sér siðfræði rannsókna af þessu tagi.

Eitt af hinu góða sem tengist þessu frv. er að það hefur sett í gang vandaða umræðu þó hún markist við tiltölulega þröngan hóp um erfðabreytingar og um siðfræðina sem liggur að baki slíkum mannanna verkum. Eins og ég veit manna best var þetta frv. lengi í fæðingu en hefur núna hlotið mikla umfjöllun hjá hv. umhvn. eins og kom fram í máli formanns hennar áðan, hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar. Það eru hins vegar nokkur atriði sem mig langar að reifa í tengslum við breytingartillögurnar, sum minni háttar en sum taka á grundvallaratriðum.

Ég hjó t.d. eftir því að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson nefndi í máli sínu að við umfjöllun á tilteknum breytingartillögum innan nefndarinnar hefðu menn haft til hliðsjónar norsk lög um þetta sama efni. Nú er það svo að norsku lögunum hefur að því er ég best veit verið breytt einu sinni frá því að þau voru sett upphaflega. Þau hafa nefnilega tekið mið af kröfum sem Norðmenn gengust undir þegar þeir staðfestu alþjóðlega samninga. Ég geri mér grein fyrir að málið er í eðli sínu tæknilegt og flókið og ekkert skrýtið þó að nefndin hafi í umfjöllun sinni stuðst við ráð sérfræðinga og getur vel verið að það sé erfitt fyrir hv. formann nefndarinnar að svara spurningum. En ég held að hann geti veitt mér svör við fyrstu spurningu minni. Hún varðar einmitt 2. gr. frv. Mér er ekki alveg ljóst hvort texti 2. gr. feli það í sér að lögin taki líka til útflutnings á erfðabreyttum lífverum út fyrir Evrópska efnahagssvæðið.

Spurning mín er fram sett vegna þess að breyting hefur orðið á stöðu Íslands eftir að upphafleg samning frv. fór af stað skömmu eftir að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Breytingin felst í því að við Íslendingar höfum staðfest samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Hann tók gildi hér á landi ef ég man rétt í desember 1994. Samkvæmt þeim samningi, nánar tiltekið 19. gr. þess samnings, þá ber okkur að setja almennar reglur um útflutning lífvera sem falla undir það frv. sem við erum að reifa og mér er ekki ljóst hvort nefndin hafi í umfjöllun sinni breytt hinu upphaflega frv. til samræmis við þetta eða hvort 2. gr. megi skilja þannig að ákvæði frv. taki líka til útflutnings á erfðabreyttum lífverum út fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Það væri þarft að fá úr því skorið við þessa umræðu, herra forseti.

Sums staðar í breytingartillögunum finnst mér að horfið sé frá góðri venju við lagasetningu. Þá finnst mér að nefndin hafi tekið upp orðalag sem eigi ekki að sjást í lögum og ég held að hafi ekki verið í hinni upphaflegu gerð frv. Ég nefni t.d. að í breytingartillögum sem gerðar eru við 2. gr. frv. eru brúkuð orð á borð við „hafa skal í huga" og ef ég man rétt er líka gerð brtt. við 6. gr. þar sem er líka rætt um „höfð skal í huga". Mér finnst svona orðalag vera allt of ónákvæmt og ég er mótfallinn því að fagnefndir þingsins séu með þessum hætti að breyta frumvörpum sem koma úr ráðuneytum. Þó að mönnum í ráðuneytum eins og öðrum séu mislagðar hendur, þá forðast þó vanir frumvarpssmiðir að nota orðfæri á borð við þetta. Ef ég held mig, herra forseti, við 2. gr., þá hefur verið gerð tillaga frá umhvn. um svofellda málsgrein sem felld verði inn í 2. gr.:

„Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð."

Mér finnst öll þessi setning vera allt of loðin og óljós. Ég veit ekki hvaða lagagildi það hefur að setja inn í texta af þessu tagi orð eins og „höfð í huga." Hvað felst í orðunum „sérstaða landsins á norðurslóð"? Ég geri mér auðvitað óljósa grein fyrir því eins og aðrir Íslendingar að við höfum ákveðna sérstöðu sökum hnattstöðu landsins en hvernig tengist það efni þessa frv. um erfðabreyttar lífverur, herra forseti?

Ég hegg eftir því að nefndin hefur farið út í það að bæta við skilgreiningum innan frv. Hins vegar er það svo þegar maður les þetta ágæta frv. að þar er að finna hugtök sem þyrfti e.t.v. eftir á að hyggja að skilgreina betur. T.d. er orðið „umhverfi" víða notað í textanum, en hvergi er skýrt hvað er

átt við. Ég velti því fyrir mér, herra forseti. Eiga menn við manngert umhverfi eða eiga þeir við náttúruna alla? Samkvæmt skilgreiningu Páls Skúlasonar, prófessors í heimspeki við háskólann, er orðið bundið því sem manninum viðkemur beint en nær ekki til náttúrunnar allrar og sá skilningur virðist líka ríkja hérna, a.m.k. er mið tekið af þeirri staðreynd að eina opinbera stofnunin sem í frv. er nefnd til þess að fara með framkvæmd og ákvarðanatöku ásamt hæstv. ráðherra er Hollustuvernd ríkisins.

Það vakna hjá mér ákveðnar spurningar við þetta. Þegar menn fóru fyrst að hyggja að lagasetningu af þessu tagi úti í í Evrópu blöstu allt önnur viðfangsefni við en í dag. Þá voru menn fyrst og fremst að ræða erfðabreytingar á örverum, þ.e. veirum og bakteríum og það var hægt að ráða niðurlögum þeirra með svipuðum aðferðum og þegar menn leita lausna við ákveðnum mengunarvandamálum og vandamálum sem tengjast eiturefnum. En nú er sviðið allt öðruvísi. Nú höfum við undir fiska, við höfum undir jurtir og við höfum undir spendýr.

Að því er ég best veit eru menn farnir að nota spendýr til þess að búa til dýr sem heita á útlendum tungum „transgenic" dýr, þ.e. dýr sem búið er að setja inn í erfðaefni framandi tegundar og nota til þess að framleiða ákveðnar afurðir. Hins vegar setur þetta lagasetningu af þessu tagi aðrar kröfur. Hættan sem fylgir því að sleppa erfðabreyttum lífverum er ekki síst fólgin í því að hún skaði önnur dýr, aðrar plöntur eða búsvæði þeirra og vistkerfi sem þær eru háðar eða eru hluti af. Þess vegna tel ég að það hefði e.t.v. við þessa yfirferð nefndarinnar verið nauðsynlegt að huga að því hvort ekki væri rétt að setja upp kröfur í frv. um að sérfróðir aðilar um náttúru Íslands kæmu líka að því að meta þessa hættu áður en heimild er veitt til sleppingar. Hollustuvernd ríkisins er góð stofnun svo langt sem hún nær, en hvorki hún né ráðherra með því afli sem hann býr yfir innan ráðuneytisins búa yfir þessari þekkingu sem þyrfti að kalla til í framtíðinni.

Ég tel sem sagt að þarna sé komið að ákveðnum grundvallarviðhorfum sem þyrfti að íhuga svolítið betur áður en menn láta þetta frv. endanlega frá sér fara. Ég hegg líka eftir því, herra forseti, að við 4. gr. gerir hv. umhvn. tillögu um að við bætist skilgreining á orðinu „lífvera". Öllum skólabörnum er kennt eða var a.m.k. kennt að lífrænar sameindir og veirur væru ekki lífverur. Þessi skilgreining hljóðar hins vegar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lífvera er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis." Hér sýnist mér að sé eiginlega búið að breyta skilgreiningunni á orðinu „lífvera" eins og það hefur verið kennt þeim kynslóðum sem nú eru á fótum. Orðið „lífvera" er eitt af grundvallarhugtökum náttúrufræðinnar og ég er ekki viss um að þarna sé verið að feta rétta leið. Er ekki hægt, herra forseti, að komast frá þessu máli þannig að algeng orð séu notuð með þeim hætti sem algengur er?

Í 13. gr. þessa frv., herra forseti, er lagt bann við því að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Hér kemur aftur að því sem ég nefndi áðan að heimurinn er talsvert breyttur frá því er menn fóru af stað með lagasetningar af þessu tagi í nálægum löndum og úti í Evrópu. Við erum ekki lengur bara að tala um örverur, við erum líka að tala um plöntur og um dýr. Væntanlega hefur hv. umhvn. verið að svara að einhverju leyti þessum breyttu viðhorfum með því að leggja til í brtt. 11.b að lögbundið verði að áður en Hollustuvernd kveður upp sitt mat leiti stofnunin umsagnar Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana á því sviði sem umsóknin lýtur að. Hér, herra forseti, verður að vekja eftirtekt á því að hæstv. umhvrh. mun síðar í dag reifa frv. sem gerir ráð fyrir gerbreyttu hlutverki Náttúruverndarráðs. Alveg sama hvernig menn líta á það, þá tel ég að það sé yfirgnæfandi meiri hluti fyrir því frv. í þinginu. Ég held að við verðum a.m.k. að leyfa okkur þann munað að bíða með afgreiðslu þessa frv. þar til við sjáum hvernig náttúruverndarmálinu reiðir af eða hreinlega að breyta þessu. Þegar Náttúruverndarráð er orðið að eins konar ráðgjafarnefnd fyrir hæstv. ráðherra, eins og ég skil það frv. sem hann mun fjalla um í dag, sé ég ekki að það séu nokkur færi á því fyrir slíkan hóp að veita umsagnir um jafnflókið og tæknilegt mál og hér er um að ræða. Ég held þess vegna að það yrði lítil vörn í umsögn Náttúruverndarráðs og ráðið býr heldur ekki yfir miklum gögnum um náttúru Íslands að þessu leyti.

Það er að vísu talað um rannsóknastofnanir á því sviði sem þessi umsókn lýtur að. Það á líka að leita ráða hjá þeim. Ég hefði talið að það væri betra, herra forseti, til að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt og bestu þekkingar verði leitað á þessu viðfangsefni, að telja einfaldlega upp í frv. hvaða stofnanir það ættu að vera.

Herra forseti. Í 6. gr. er boðið til mikillar sviðaveislu. Þar er kveðið á um ráðgjafarnefnd ráðherra sem átti upphaflega að vera fimm manna og allir með sérþekkingu á einhverju sviði, sem að vísu er ekki skilgreind innan laganna. Sviðið er þá væntanlega allt það sem undir er þegar erfðabreytingar eru annars vegar. Hér er lagt til að nefndin verði níu manna í stað fimm og kemur fram að það sé átt við að þeir verði sérfróðir á sviði erfðatækni eða siðfræði. Þá kem ég enn og aftur að þessari breyttu nútíð og framtíð að því leyti að þetta mál lýtur ekki lengur bara að siðfræðilegum spurningum sem tengjast erfðatækni örvera, heldur er nú komnir til miklu flóknari hlutir, svo sem æðri dýr og æðri plöntur. Spurningin er þá: Fyrst hv. nefnd kýs að fara þá leið að stækka ráðgjafarnefndina úr fimm upp í níu, sem er allra góðra gjalda vert, er þá ekki rétt að lögbinda það að einhverjir þessara manna séu sérfróðir á sviði vistfræði, dýrafræði, grasafræði eða hafi til að bera einhverja þá sérfræðikunnáttu sem lýtur að plöntum og dýrum og búsvæðum þeirra?

Erfðafræðingar og siðfræðingar geta ekki endilega metið þá hættu sem fylgir erfðabreyttri lífveru fyrir náttúru landsins og það sama gildir um Hollustuvernd ríkisins. Þess vegna tel ég, herra forseti, að í 6. gr. þurfi að koma fram hvaða svið það er sem nefndin þarf að spanna og það þyrfti helst að setja í lagatexta fulltrúa hverra skuli tilnefna í nefndina til að tryggja að þar verði fyrir hendi sú sérþekking sem þarf til þess að koma í veg fyrir slys.

Herra forseti. Það hefur verið rauður þráður í ræðu minni, sem ég vona að hafi ekki hljómað fjandsamlega gagnvart málinu sem slíku, að ég hef ákveðnar efasemdir um það að framtíðarsýnin hafi verið nógu skörp hjá nefndinni þegar hún fór yfir þetta frv. Þar er ég fyrst og fremst að ræða um hlutverk Hollustuverndar.

Mér er, eins og a.m.k. hæstv. ráðherra veit, sú stofnun nokkuð hugleikin og ég vil henni vel. En eins og hennar verksvið er í dag og eins og sú sérfræðiþekking er sem þar ríkir, er ég þeirrar skoðunar að hún sé ekki að óbreyttu fullkomlega hæf til að takast á við þau vandamál sem er krafist af henni með þessum lögum. Ég spyr þess vegna hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, eða hæstv. ráðherra, hvort það sé

gert ráð fyrir því að verksvið Hollustuverndar ríkisins verði víkkað með því að stofnunin fái þá sérfræðiþekkingu sem þarf til að meta áhættuna af erfðabreyttum lífverum fyrir náttúruna. Og ég velti því fyrir mér hvort menn hafi kannað hvað það mundi kosta. Ef ekki er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum og ekki gert ráð fyrir breytingum á verksviði Hollustuverndar í kjölfar þessa, er þá ekki rétt að gera ráð fyrir því í frv. að fleiri stofnanir komi að mati áhættunnar og komi að ákvarðanatökunni sem óhjákvæmilega bíður í framtíðinni?

[14:23]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil freista þess í andsvari, þótt þar gefist aðeins tvær mínútur, að svara nokkru af því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson drap á. Það er öldungis rétt að málið er flókið og krefst mikillar sérþekkingar, sérþekkingar sem við í nefndinni urðum að sækja mjög til annarra, þ.e. utan nefndarinnar. Hinu skal þó ekki leynt að mikla vinnu lögðu nefndarmenn í þetta frv. og töldum við okkur hafa lagt okkur fram af mikilli samviskusemi og metnaði um að þetta frv. yrði sem best úr garði gert.

Frv. ber með sér að hér er verið að fara út á ókunnar slóðir að verulegu leyti þar sem menn vilja gera tvennt, þótt að sumu leyti sé ósamrýmanlegt, þ.e. gæta þess að hvergi sé tekin óþarfaáhætta og um leið að hindra ekki eðlilega þróun og framgang og framsækni sem nauðsynleg er við vinnu með erfðabreyttar lífverur. Þess vegna bera lögin það með sér að þau eru að stórum hluta rammalög og ítarlegar reglugerðarheimildir eru fyrir hendi.

Varðandi útflutning út fyrir EES lítum við svo á að í 2. gr. sé tekið á slíku og það hafi verið falið inni í þeim almenna texta sem segir: Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Þegar sagt er að höfð skuli í huga staða á norðurslóð og þar fram eftir götunum, ber það keim af þessu sem ég segi. Hér er um rammalög að ræða og þess vegna eðlilegt að hafa þetta sem víðast.

Virðulegi forseti. Ég veit að tími minn í andsvari að þessu sinni er liðinn, en ég er tilbúinn til að koma hér að nýju og taka til máls eftir því sem tilefni gefst til.

[14:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú bendi ég hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni á að hann þarf ekki að koma hér upp í blóðspreng. Kjósi hann svo, hefur hann möguleika á að halda ræðu til að svara þessu betur. En ég skil, alveg eins og ég sagði í minni ræðu, að þetta er flókið mál og vafalaust hefur verið leitað til fjölda sérfræðinga. Og e.t.v. er nauðsynlegt að hafa sérfræðiaðstoð við höndina til að geta svarað tæknilegum spurningum.

Ég tel að það hefði verið betra að gera annars konar breytingar á 2. gr. til að spanna útflutninginn líka. En ábending mín hefur leitt til þess að það liggur fyrir túlkun nefndarformannsins á því að 2. gr. er í rauninni líka svar við þeirri kröfu sem er sett á hendur Íslendingum í 19. gr. alþjóðasamningsins um líffræðilega fjölbreytni. Þá liggur það fyrir.

Að öðru leyti er ég ósammála hv. þm. um þá litlu orðalagstækni sem ég ræddi hérna. Það er mér eitur í beinum að hafa svona orðalag í lagasetningu þó það kunni vel að vera að ég hafi sjálfur fallið í slíka gryfju einhvern tíma á mínum ferli. En ég held að þingmenn ættu að stefna að því að hafa þetta ekki svona loðið og óákveðið. (**Gripið fram í:** Hafa það í huga.) Já, ég á við það orðalag. Við getum leyft okkur það í daglegu spjalli en við viljum síður að borgarar landsins þurfi að eiga heill sína og hamingju undir svo loðnum setningum sem gera ekkert nema skapa mjög víðfeðm grá svæði.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar þau atriði sem ég reifaði hérna áðan, en þetta voru almennar hugleiðingar sem ég taldi vert að koma fram með. Ég ítreka að lokum að mér finnst eins og menn hafi ekki alveg, þegar nefndin fór í þessa miklu vinnu sína, gert sér grein fyrir því að staðan er allt önnur en hún var fyrir kannski fjórum, fimm árum.

[14:28]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að við höfðum margt í huga, eins og kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég ítreka orð mín um það að hér er um rammalög að ræða og menn vildu benda til átta þar sem mönnum þótti ástæða til þess að hafa áhyggjur, svo sem að Ísland er á norðurslóð og um margt viðkvæmara hvað erfðabreyttar lífverur snertir en önnur landsvæði.

Um 6. gr. þar sem við leggjum til að hafa níu menn í stað fimm má segja í stuttu máli að af sömu ástæðum og ég hef getið vildum við ekki þrengja val mannanna í nefndina, hvorki með því að hafa þá of fáa né heldur að telja upp í lagatexta nákvæmlega þær stofnanir og sérfræðigreinar sem ættu að koma í nefndina vegna þess að við treystum þeim sem hafa framkvæmdarvaldið til þess einmitt að gæta þeirra hagsmuna sem hv. þm. gat um hvað varðar dýr og plöntur og sem svo sannarlega eru hin miklu og stóru áhyggjuefni þeirra sem um þessi mál fjalla.

Ég hygg að ég hafi komið inn á eða getið um flest þau atriði, þótt stuttlega hafi verið, en er tilbúinn til að ræða þetta frv. frekar í dag eða síðar. Ég veit að hæstv. umhvrh. mun geta um nokkur þau atriði sem ég hef ekki komið inn á og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór nokkrum orðum um.

[14:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. til laga um erfðabreyttar lífverur frá umhvn. sem leggur til breytingar á frv. í mörgum liðum eins og fram kemur á sérstöku þingskjali. Ég vil rifja það upp að frv. þetta kom fram á 119. þingi, vorþinginu sem við köllum, í kjölfar síðustu alþingiskosninga. Það var þá fyrst lagt fram en undirbúið í tíð fyrri ríkisstjórnar að verulegu leyti og ég geri ráð fyrir nokkurn veginn í þeim búningi sem það var síðan lagt fram. En hæstv. umhvrh. getur upplýst það nánar og hefur það kannski einhver áhrif á viðbrögð manna við þeim tillögum sem nefndin gerir, þó að ég vilji trúa því að menn líti á þetta fyrst og fremst út frá efni máls en ekki út frá höfundarrétti frumgerða eða þróun málsins í vinnslu.

Ég vil minna á það, virðulegur forseti, að við 1. umr. málsins á 119. þingi gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum í sambandi við þetta efni í ræðu og drap þar á þau atriði sem ég taldi að þyrfti sérstaklega að gæta við frekari skoðun þessa máls. Það var þó fyrst og fremst eitt atriði sem ég lagði megináherslu á í mínu máli þá. Það var að inn í alla umfjöllun um þessi mál og það sem tengdist frv. væri nauðsynlegt að taka siðferðilega mælikvarðann fram og ræða málin í ljósi slíkra viðhorfa þannig að það væru ekki fyrst og fremst tæknileg atriði, hagsmunaleg atriði, efnahagsleg atriði sem

réðu þeim leyfisveitingum og skilyrðum sem sett eru varðandi nýtingu á erfðabreyttum rannsóknum og hugsanlega nýtingu á erfðabreyttum lífverum. Þetta hefur síðan verið til umfjöllunar í umhvn., bæði á síðasta þingi, 119. þingi, þann skamma tíma sem þá var til stefnu en einnig í nefndinni á yfirstandandi þingi. Þar hefur málið verið til umræðu á fjölmörgum fundum nefndarinnar sem, eins og fram kom hjá formanni hennar, hefur lagt sig verulega fram um að setja sig inn í málið í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi og þeirrar þróunar í löggjöf sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar m.a. frá því að grunnur frv. var fyrst unninn. Og ég mun koma aðeins nánar að því í mínu máli.

Það varð niðurstaða eins og fram kemur í breytingartillögunum að taka alvarlega kröfuna um hina siðferðilegu umræðu um að beiting eða nýting erfðabreyttra lífvera sé réttlætanleg, sé ábyrg út frá siðferðilegum og samfélagslegum mælikvarða. Þetta er þungamiðjan í þeim breytingum sem nefndin leggur til í frv. og ekki aðeins á markmiðsgrein heldur í fjölmörgum greinum þar sem fjallað er um skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ég tel að nefndin hafi stigið mjög réttmætt og farsælt skref með því að taka þetta inn í frumvarpstextann og gera tillögu um það eins og þetta liggur fyrir. Það breytir að mínu mati ekki aðeins svipmóti málsins heldur í rauninni einnig undirstöðunni þar sem inn í markmiðin eru teknir þessir þættir sem skilyrði fyrir skoðun málsins á athugunarstigi hjá bærum aðilum og skilyrði fyrir leyfisveitingum að þar sé ábyrgt haldið á málum.

Menn kunna að spyrja: Erum við þá að ganga gegn þeim *tilskipunum sem lagðar voru til grundvallar*? Þær voru að mér skilst hvati þess að umhvrn. tók þessi mál á sínum tíma sérstaklega til umfjöllunar með lagasetningu í huga. Eru menn að ganga á einhvern hátt gegn þeim skilyrðum? Ég svara því þannig að svo sé ekki með neinum ótvíræðum hætti. Það er ekki verið að því heldur er verið að tryggja lagastoð fyrir þeim fyrirmælum sem þar eru og við erum skuldbundin að taka tillit til sem aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. En hins vegar leyfum við okkur svo sem við höfum heimildir til að bæta við mikilsverðum þáttum varðandi málið sem breikka sviðið, sem bæta við mælikvarðana. Og það hefur komið í ljós eða a.m.k. ekki annað komið í ljós heldur en það sé góður réttur okkar að gera það. Ég hef ekki heyrt af andmælum eða formlegum mótmælum að neinu leyti við það sem tekið hefur verið *upp í löggjöf nágrannalanda eins og Noregs, Svíþjóðar og* Finnlands nú undanfarin ár varðandi þessi atriði, en öll þessi lönd hafa tekið þessa mælikvarða með inn í sína löggjöf um erfðabreyttar lífverur.

Það var minnst á að Danir hefðu þetta ekki í sinni löggjöf og það er rétt að ég best veit að ekki er enn búið að yfirfara dönsku lögin með tilliti til þessa. En ég hef trú á því að þess verði ekki langt að bíða að Danir breyti sínum lögum að þessu leyti. Svo mikið er víst að nú alveg nýverið, ég held í byrjun ársins eða a.m.k. á þessum vetri, skilaði opinber aðili danskur sem kallast Teknologirådet skýrslu um erfðabreyttar lífverur og meðferð þeirra og leggur einmitt í henni ríka áherslu á að það þurfi að taka hinn siðferðilega þátt með inn í skoðun málsins. Engan veginn nægi fyrir meðferð þessara mála framvegis að leggja það fyrst og fremst *í hendur rannsóknaraðila sem eðli máls samkvæmt eru* að jafnaði kappsfullir og áhugasamir um sitt sérsvið eða í hendur stjórnmálamanna án leiðsagnar, þannig að með styrkri stoð í fyrirmælum og löggjöf sé hægt að taka á málum út frá víðu sjónarhorni þar sem þessir mikilvægu þættir einnig eru í heiðri hafðir og teknir með í athugun málsins.

Ég gæti, virðulegur forseti, haft um þennan þátt lengra mál. Ég ætla ekki að bæta miklu við um þetta sérstaklega. En ég vek athygli á því að í einkaleyfalöggjöf okkar og við breytingar á henni var um þessi efni fjallað og mikið rætt. Einkaleyfalöggjöfin snertir þessi efni. Í 1. gr. laga nr. 17/1991, sem breytt var fyrir líklega tveimur árum, er tekið inn í 1. gr. og ég leyfi mér að vitna til þess hér samhengisins vegna, með leyfi forseta:

„Einkaleyfi má ekki veita fyrir:

1. Uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.

2. Plöntu- eða dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða."

Þetta segir í okkar gildandi einkaleyfalöggjöf og það má segja að sú stefna sem umhvn. fer inn á sé í góðu samræmi við þá varnagla og þau fyrirmæli sem sett eru að athuguðu máli í löggjöfina um einkaleyfi. Þetta lá ekki fyrir beinlínis með þessum hætti í frv. sem flutt var heldur var það tekið upp í iðnn. á þeim tíma af fulltrúum sem þar áttu sæti. Mikið var um málið fjallað auk þess sem um það hafði verið fjallað í sérstakri nefnd sem skilaði áliti til iðn.- og viðskrn. um einkaleyfavernd á sviði líftækni í maí 1995. Þar er að finna mikinn fróðleik og ábendingar um þessi efni og raunar ábendingar sem gætu varðað frekari breytingar og styrkingu á þeim fyrirvörum sem varða einmitt þessi siðferðilegu og hugsanlega einnig samfélagslegu álitaefni. Ég hvet áhugaaðila um málið til að kynna sér þá álitsgerð sem þarna var skilað af sérstakri stjórnskipaðri nefnd í maímánuði 1995. Ég hef nefnt hér heitið á skýrslu nefndarinnar. Ég kem síðar, virðulegur forseti, að einmitt einkaleyfamálinu sem er einn þáttur þessa máls í alþjóðlegu samhengi. Það er mjög mikið til umræðu og mjög umdeilt á alþjóðlegum vettvangi svo sem eðlilegt er.

Þá kem ég aðeins að fáeinum atriðum öðrum varðandi breytingartillögur okkar. Hv. formaður nefndarinnar hefur gert grein fyrr þeim í einstökum atriðum. Ég ætla aðeins að taka á örfáum þáttum frekar og m.a. í ljósi þeirrar ræðu sem hér var flutt síðast af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Í brtt. nefndarinnar við 2. gr. frv. er lögð er til svohljóðandi viðbót, með leyfi forseta:

„Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð."

Það komu mér satt að segja afar mikið á óvart þau viðhorf sem hv. 15. þm. Reykv. dró fram varðandi þessa brtt. sérstaklega. Á ég þá ekki við spurninguna um orðalag sem lengi má deila um heldur efnisatriðið í þessum þætti. Ég er afar undrandi á því ef svo glöggur þingmaður og viðkomandi hv. þm. er í margri grein telur að ekki sé eðlilegt að slá þennan varnagla sem hér er gert en ég gat ekki annað en lesið það í mál hans að hann teldi hortitt að gera þessa brtt. af hálfu nefndarinnar. Ég vil aðeins skýra þetta því að eins og aðrir á ég hlut að máli sem aðstandandi þeirra breytingartillagna sem hér liggja fyrir.

Virðulegur forseti. Það er almennt viðtekið viðhorf að *umhverfi norðurslóða, lífríki norðurslóða, sé vegna umhverf*isskilyrða viðkvæmara að mörgu leyti en umhverfi suðlægari staða þó að þeir geti einnig og einkum þegar kemur sunnar þar sem hiti og aðrar umhverfisaðstæður takmarka lífsskil-

yrðin eða valda því að lífríkið er fábreyttara tegundalega séð, færri tegundir og eiga við örðug umhverfisskilyrði að etja sem þau hafa þó vissulega lagað sig að í tímans rás. Slíku umhverfi er að sjálfsögðu hættara við röskun vegna manngerðra breytinga, vegna skyndilegra breytinga þar sem náttúran bregst ekki við með sínum ráðum, með sínum viðbrögðum á þeim tíma sem líffræðileg þróun þarf að fylgja. Því getur það verið og ég held að það sjónarmið sé hvarvetna uppi að við slíkar aðstæður, m.a. þar sem er tegundaleg fábreytni og á okkar einangraða landi, eyjunni Íslandi, vill svo til að við erum með sérstaka tegund af samsetningu sem að nokkru leyti a.m.k. stafar af því að landið er eyland og liggur langt frá meginlöndum. Það er því viðkvæmara fyrir bæði innflutningi tegunda í þetta umhverfi og um það erum við hv. þm. sammála, aðstandendur að sérstöku frv. þar að lútandi. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem stendur ásamt mér að frv. um sérstakar breytingar á lögum um landgræðslu að þessu leyti og hvað þá ef um er að ræða erfðabreyttar lífverur og sleppingu þeirra í umhverfið en það er einmitt viðfangsefni þessa frv. að setja um það skilyrði og móta reglur um það. Það eru þessi umhverfisskilyrði norðurslóða og þar á meðal hér á landi sem valda því að þar þurfum við að vera sérstaklega vakandi og hafa í huga þá þætti sem landinu eru búnir og lífríki þess.

Þá kem ég aðeins að málfarsatriðinu sem hv. þm. dró fram. Ég spyr: Þekkja menn ekki það orðfæri í íslenskri löggjöf „að hafa hliðsjón af"? Ég held að það sé býsna víða í íslenskri löggjöf. Hver er munurinn á „að hafa hliðsjón af" eða „að hafa í huga" í reynd? Hann er ekki mikill. Að hafa hliðsjón af er ekki bjóðandi, er ekki ákvarðandi. Að hafa í huga er heldur ekki ákvarðandi í einstökum atriðum en slær varnagla og lögin bjóða það að þetta atriði skuli tekið með þegar verið er að meta leyfisveitingar á grundvelli væntanlegra laga svo að ég er alveg undrandi á því að þetta skuli vera ásteytingsefni en ekki er það svo stórt að ég dvelji lengur við það.

Ég ætla að víkja af þessu tilefni aðeins frekar að athugasemdum hv. þm. sem er ekki lengur í sal, virðulegur forseti. Það væri gott að hann væri áheyrandi en meðan svo er ekki ætla ég að fjalla um annað efnisatriði sem tekið er inn í frv. og ég tel ástæðu til að vekja sérstaka athygli á vegna þess að það er til bóta. Það er brtt. við 19. gr. og skýring í nefndarálitinu að því er það varðar. En í 19. gr. frv. er kveðið á um hvernig með skuli farið gagnvart fyrirmælum samningsins sem koma fram í VI. kafla frv. að því er varðar markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og hvernig með skuli farið gagnvart samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þar hefur 2. mgr. verið breytt nokkuð og lagt til að hún orðist svo og ég leyfi mér að vitna til brtt.:

„Umhverfisráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Það sama á við ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara að öðru leyti eða samræmist ekki íslenskum lögum."

Hér er verið að styrkja það orðalag sem fyrir var í greininni og enn frekar með nefndarálitinu sem að sjálfsögðu ber að hafa til hliðsjónar við túlkun laganna og einnig það sem kom fram í framsögu formanns nefndarinnar fyrir áliti hennar. Um þetta efni fengum við sérstaka greinargerð umbeðna frá umhvrn. og það var góð samstaða um það í nefndinni að ganga eins langt í þessu efni og eðlilegt væri og fært væri til þess að styrkja stöðu íslensks framkvæmdarvalds að þessu leyti. Að mínu mati er gengið frá þessu eins og kostur er í þeirri stöðu sem við erum innan samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og með því að lögbinda það sem hér er lagt til.

Vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék sér frá ætla ég aðeins að koma að atriðum sem ég tel rétt að nefna frekar vegna ræðu hans og ábendinga sem ég vil reyna að túlka allar á hinn jákvæðasta hátt því að ég efast ekki um að hv. þm. gengur gott eitt til. Ég held að það sé nokkurn veginn orðrétt sem ég tók niður í máli hv. þm. þar sem hann sagðist vera á móti því að nefndir séu að breyta frumvörpum ráðuneyta yfirleitt. Ég veit ekki hvort virðulegur forseti veitti þessu athygli. Ég hygg að það hafi raunar annar setið í forsetastól þegar hv. þm. flutti mál sitt. En þetta var af tilefni margra breytingartillagna umhvn. og það kemur mér satt að segja mjög á óvart að heyra það þótt skilningurinn hafi átt að verða eitthvað jákvæðari í garð nefndarinnar en ég fékk numið af máli hv. þm.

Hvert er verkefni okkar á hv. Alþingi? Hvert er verkefni okkar þingmanna og þingnefnda ef það er ekki einmitt í því fólgið að yfirfara með gagnrýnu hugarfari, og þá bið ég ekki um oftúlkun á því, þau mál sem er vísað til nefnda, jákvæðu hugarfari um málsmeðferð, að athuga mál hlutlægt, en jafnframt með gagnrýnu hugarfari varðandi hugsanlegar æskilegar breytingar á viðkomandi máli. Það vill svo til, og ég vona að það sé ekki bakgrunnur þessara orða af hálfu hv. þm., að umhvn. þingsins hefur í flestum stærri málum sem hafa verið lögð fyrir hana síðan nefndin var sett á laggir, og það vill svo til að ég hef átt sæti í nefndinni jafnlengi og hún hefur verið við lýði á vegum Alþingis, frá því 1991 að breyttum þingsköpum, að umhvn. þingsins hefur gert, þurft að gera eða verið sammála um að gera veigamiklar breytingar á þeim stjórnarfrumvörpum sem fram hafa komið á þessu sviði. Ég hef ekki orðið var við að þessi vinnubrögð af hálfu hv. nefndar hafi verið talin sérstaklega gagnrýniverð í þinginu almennt séð og þau mál sem hafa verið lögð fyrir af hálfu nefndarinnar og hún hefur verið sammála um hafa yfirleitt náð fram að ganga með góðu samþykki og þá væntanlega vegna þess að breytingartillögur af hálfu nefndarinnar hafa verið vel hugsaðar og réttmætar enda að því er stjórnarfrumvörp varðar yfirleitt unnin í samvinnu við eða með vitneskju og oft með samstarfi við það ráðuneyti sem á í hlut og þann ráðherra sem hefur hverju sinni setið þar í ráðuneyti. Þetta frv. er engin undantekning frá því. Þess vegna finnst mér að umhvn. þurfi ekki að hafa að neinu leyti slæma samvisku að því er snertir þær tillögur sem hún leggur fyrir þingið varðandi frv.

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra er kominn í sal og ég ætla að koma með svolitla ábendingu sem ég bið hæstv. ráðherra um að hlýða á en ekki taka til sín sérstaklega því að henni er ekki beint til hæstv. ráðherra að sérstaklega gefnu tilefni. Við stóðum frammi fyrir því sl. vor á 119. þingi að það var eftirrekstur af hálfu vökuaðila samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Það var verið að ýta á eftir að lögfesta tilskipanirnar tvær sem lágu til grundvallar því máli sem flutt hafði verið inn í þingið. Eins og gengur lagði nýr hæstv. umhvrh. áherslu á að þetta yrði afgreitt og vildi helst að nefndin afgreiddi málið frá sér fyrir lok 119. þings sem stóð aðeins í mánuð og hafði nefndin þá ef ég man rétt

annan stóran lagabálk að fást við sem hún afgreiddi frá sér á ótrúlega skömmum tíma miðað við erfitt verkefni sem voru lögin um matvæli. Hún lagði mikið á sig í þeim efnum en treysti sér ekki til þess að ljúka málsmeðferð þessa frv. og tók því til við það eftir að það var endurflutt óbreytt af hálfu ráðuneytisins inn í þingið. Hún skilar því nú fyrst áliti sínu og breytingartillögum og hefur þó veitt þessu máli allan forgang í starfi sínu frá því í haust að því er stjórnarmálefni varðar. Annað hefur kannski ekki legið beint fyrir en að senda þau til umsagnar með eðlilegum hætti. Nú er málið afgreitt, að vísu á ystu mörkum miðað við þau bréf sem gengið hafa út frá eftirrekstraraðilum í EES-kerfinu. Talsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA virtust vera farnir að hafa nokkrar áhyggjur af málinu og voru farnir að setja stjórnvöldum eins konar eindaga. Ég vil ekki túlka hversu alvarlegir þeir voru en þeir voru þó farnir að láta liggja að kærum o.s.frv. Væntanlega kemur ekki til neins slíks þar sem málið er á góðri leið til afgreiðslu í þinginu og hef ég enga samvisku af þeirri málsmeðferð sem málið hefur tekið í þinginu undir forustu umhvn. og formanns hennar sem skilar því af sér.

Ég held að þetta dæmi þurfi að vera okkur svolítill lærdómur og þá á ég sérstaklega við Stjórnarráðið. Það verður að ætla Alþingi Íslendinga tíma og tækifæri til að fara yfir nýmæli sem verið er að fjalla um, sumpart vegna þess að það tengist samningnum um EES, þannig að hægt sé að fara yfir það efnislega og lagfæra eftir því sem mönnum býður við að horfa að teknu tilliti til skuldbindinga okkar að öðru leyti. Málið er ekki einfaldlega að afrita tilskipanir og efnisatriði þeirra heldur að taka inn í löggjöfina þætti og atriði sem nauðsynlegt er að yfirsýn þingmanna og samkvæmt vilja og viðhorfum þingnefnda. Ég held að þetta sé einmitt ágætt dæmi um það og væri ágætt að hæstv. umhvrh. hvíslaði þessu að starfsbræðrum sínum og nefndi það jafnvel upphátt við ríkisstjórnarborðið einhvern tíma á góðri stundu til þess að hughreysta starfsfélaga sína sem eru með svipuna á bakinu frá eftirrekstrarstofnunum kenndum við EES. (**Gripið fram í:** Oft mæddir mjög.) Já.

Ég nefndi einkaleyfalöggjöfina áðan og íslensku einkaleyfalöggjöfina og tel það einmitt til fyrirmyndar að í iðnn. í formennskutíð hv. þm. Svavars Gestssonar og m.a. að tilstuðlan fulltrúa í umhvn., þáv. formanns umhvn., var fjallað sérstaklega um þennan siðferðilega þátt við mótun löggjafar. En á þessu sviði eru harðar deilur uppi í hinu alþjóðlega samfélagi og á einstökum svæðum. Þannig vill til að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um sjö eða átta ára skeið verið að reyna að koma í gegn tillögum að því er varðar einkaleyfi og lagt þær tillögur sínar á þessu sviði fyrir Evrópuþingið sem hefur umsagnarrétt um mál. Þar hafa farið fram miklar og heitar umræður um þetta og á síðasta vetri, ef ég man rétt, gerðist það að tillaga sem þá lá frammi þar sem framkvæmdastjórnin taldi sig vera að koma til móts við gagnrýni af hálfu þingsins hlaut ekki meirihlutastuðning og var felld þrátt fyrir gífurlegan þrýsting og eftirrekstur þessa herskara af svokölluðum lobbíistum sem eru að starfi fyrir atvinnulífið, atvinnufyrirtækin og fjölþjóðafyrirtækin og hafa aðsetur í Brussel og lífsviðurværi af því að reka erindi þessara hagsmunaaðila.

Evrópuþingið hefur látið sig þessi efni miklu skipta og málin eru þar enn til umræðu. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að framkvæmdastjórnin hafi ungað út einni útgáfunni enn nýlega að því er þetta varðar en um efni hennar hef ég ekki fréttir að færa.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að auðvitað er einkaleyfaþátturinn verulegt atriði í sambandi við þróun afurða erfðabreyttra lífvera og málsmeðferð alla. Þar hafa Bandaríkin, sem hafa verið framarlega á þessu sviði í rannsóknum eins og á fleiri sviðum, haft forgöngu eða verið stórtæk í veitingu einkaleyfa og gengið langtum lengra en okkur íhaldssömum Evrópubúum, ég tala nú ekki um á Norðurlöndum, gott þykir. Bandaríkjamenn gáfu út fyrsta einkaleyfið um erfðabreyttar lífverur, um örverur 1980, ef ég man rétt, fyrstu plöntuna 1985 og fyrsta dýrið 1987. Síðan hefur komið geysileg skriða slíkrar einkaleyfagjafar. Þar keppast fyrirtækin, sem í mörgum tilvikum og kannski flestum eru fjölþjóðafyrirtæki, sum gífurlega stór, við að reyna að stækka sviðið og fá einkaleyfi fyrir sem flestum lífverum, erfðaefni sem flestra lífvera, til að geta einokað þær. Ekki vegna þess að það sé farið að nýta þær með beinum hætti, jafnvel ekki að rannsaka, heldur til að eiga aðgang að þeim og innheimt gjöld ef farið yrði að þróa framleiðslu á þessu sviði. Þarna er um að ræða lífverur sem ekki eru eingöngu bundnar við Bandaríkin sem slík, heldur er reynt að teygja sig sem víðast. Hér standa þróunarlöndin frammi fyrir gífurlega stóru dæmi, ekki bara varðandi einkaleyfatökuna heldur varðandi framleiðsluna á grundvelli þess hátækniiðnaðar sem framleiðsla á grunni erfðabreyttra lífvera vissulega er. Þetta er hátækniiðnaður, gífurlega kostnaðarsamur þar sem mörg hin fátækari lönd heimsins hafa litla möguleika á að leggja mikið af mörkum og eru jafnvel í þeirri stöðu, þegar til kastanna kemur að nýta eigin lífverur í þessu skyni, að standa frammi fyrir hindrunum að því er varðar einkaleyfalöggjöf.

Umsvifin á þessu sviði eru orðin ótrúlega mikil. Menn hafa verið að fá af því fréttir undanfarin missiri í nokkrum mæli. Ég gæti talið upp ótal dæmi um framleiðsluafurðir sem þarna eru á ferðinni. T.d. plöntur og dýr sem eru í vaxandi mæli viðfangsefni í erfðabreytingum, fyrst í rannsóknaskyni og síðan í framleiðsluskyni. Þarna er um stórframleiðslu að ræða þar sem margar af nytjaafurðum sem hafa verið framleiddar með náttúrulegum afurðum og þá auðvitað sumpart með náttúrulegum kynbótum sem svo eru kallaðar eða kynbótum sem ekki ganga inn á erfðaefni og eru að ryðja sér braut, slíkar afurðir koma í stað þeirra náttúrulegu afurða sem fyrir voru.

Eitt dæmi um þetta er erfðabreytt maísplanta sem Kanadamenn hafa rannsakað og erfðabreytt og er núna að fara út á markað sem útsæði. Þeir eiginleikar sem ræktaðir hafa verið upp gera það að verkum að þessi erfðabreytti maís þolir skordýr. Það þarf ekki að kosta til með skordýraeitri jafnmiklu og áður og hann fær þannig samkeppnislegt forskot. Sojabaunir eru annað dæmi. Næpur eða næputegund sem þekkt er og Hollendingar hafa verið að ryðja braut markaðslega séð er enn eitt dæmi. Þetta er bara til að nefna eitthvað í þessum efnum, en fjármagnið sem þarna er á bak við mælist í risastórum upphæðum og væri svo sem ástæða til að nefna eitthvað í því sambandi. Ég get t.d. nefnt eina tölu sem ég tek út úr grein sem birtist í The Daily Telegraph og Morgunblaðið vitnaði til 31. desember sl., með leyfi forseta. Þar segir:

„Fjárfestingin í líftækni um allan heim er mikil, um 400 milljarðar kr. árin 1991–1992."

Gagnrýnendur segja að hreinræktuð gróðafikn sé eini hvatinn, stendur einnig þar. Þetta er til að nefna tölu sem er þó fjögurra ára gömul. Tímabilið 1991–1992 eru þetta 400 millj. íslenskra króna og þessar upphæðir eru orðnar langtum

hærri nú og þarna fer samkeppnin síharðnandi. Hér er því við mikið að fást í þessum efnum og gild ástæða til þess að móta sem skýrastar reglur og líta á málið í heild sinni.

Það getur verið gott mál svona þröngt séð að geta hafið framleiðslu á afurð sem stenst náttúrulega óvini ef svo má segja, sýkingu af sveppavöldum eða árásir skordýra o.s.frv. En menn skyldu hafa varann á því að fyrr en varir geta viðkomandi tegundir farið að sýna á sér óvæntar hliðar sem ekki eru jákvæðar fyrir heildarhagsmuni eða þróunina almennt. Hinu er ekki að neita að margt af því sem þróað hefur verið í þessum efnum er nánast eins og lygasaga, það mætti jafnvel nota orðið töfralausnir ef menn vildu orða það jákvætt, og í ætt við það sem menn hafa lesið í vísindaskáldsögum og öðru slíku fram að þessu.

Við erum hér sem sagt á Alþingi Íslendinga að fást við nýmæli þar sem er þessi löggjöf og erum að reyna af hálfu umhvn. og umhvrn. okkar að reyna að vanda verkið.

Það er tekið fram, virðulegur forseti, af frsm. og í nefndaráliti að frv. þetta taki ekki til afurða erfðabreyttra lífvera. Það er ekki uppfinning umhvn. heldur var frv. þannig fyrir lagt. Það gildir einnig um þær tilskipanir sem vitnað er til og frv. tekur tillit til, þar er ekki fjallað um afurðir erfðabreyttra lífvera, þ.e. ef afurðirnar innihalda ekki lifandi erfðabreyttar lífverur. Þar liggja mörkin. Þessa er getið af okkar hálfu til þess bara að það sé alveg skýrt en ekki vegna þess að nefndin leggi mat á það hvort það hefði átt að taka með í reikninginn.

Þá kem ég að atriði sem ég vil taka með inn í umræðuna og það er einmitt hin alþjóðlega umræða um afurðir erfðabreyttra lífvera og hvernig með skuli farið því að á því er ekki tekið hér. En það mál er til meðferðar annars staðar og í öðru samhengi og er mjög umdeilt mál. Og í því sambandi langar mig að spyrja hæstv. umhvrh. alveg sérstaklega um afstöðu íslenskra stjórnvalda til kröfunnar um að merkja skuli fyrir neytendur framleiðsluafurðir erfðabreyttra lífvera sem ekki innihalda lifandi erfðabreyttar lífverur og eru þess vegna ekki hluti af þeim reglum sem hér er verið að setja. Þessi mál eru í bullandi umræðu. Þau eru til meðferðar innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég hef hér grein úr Sænska dagblaðinu frá 31. desember síðastliðnum undir yfirskriftinni „Genmanipulerad mat til butiker" sem ég bið hæstv. forseta að gera aðgengilega fyrir hæstv. ráðherra því að þar er vikið að þessu máli. Þar segir m.a. að kommissar Anita Gradin hafi orðið undir með sín sjónarmið og kröfu varðandi þetta efni, þ.e. að gera það að gildandi reglu innan Evrópusambandsins að það þurfi að merkja framleiðsluafurðir sem boðnar eru til sölu á markaði og eru afurðir erfðabreyttra lífvera, taka það fram þannig að notandinn viti hvers hann er að neyta, hvað hann er að kaupa. Það segir um það í þessari grein að sænska afstaðan, og þetta er tilvitnun í sænskt blað, sé sú að neytendum af heilsufarslegum ástæðum og vegna siðferðilegra viðhorfa beri að fá að vita hvort líftækni hafi verið notuð við framleiðslu viðkomandi neysluvara. Eitthvað á þessa leið er hér, virðulegi forseti, að finna í þessu tilvitnaða blaði.

Í greinargerð sem umhvn. fékk frá umhvrn. dags. 8. febrúar 1996 þar sem fjallað var um afurðir erfðabreyttra lífvera, er tekið fram með leyfi forseta:

„Hvað varðar umbúðamerkingar vöru sem inniheldur afurðir erfðabreyttra lífvera eru skiptar skoðanir. Þetta á sérstaklega við um matvæli. Í sambandi við væntanlega tilskipun ESB um „ný matvæli" (novel foods) hefur Ísland verið fylgjandi ströngum reglum um merkingar matvæla sem gerð eru úr eða innihalda erfðabreyttar lífverur. Einnig hefur verið lagt til að matvæli verði sérstaklega merkt ef þau innihalda afurðir erfðabreyttra lífvera sem hafa veruleg áhrif á efnasamsetningu þeirra og gerð en ekki í þeim tilvikum þar sem um sé að ræða lítið magn íblöndunarefna, hjálparefna eða aukefna sem framleidd eru með erfðabreyttum lífverum og sem koma í stað annarra sambærilegra efna." Nú bið ég hæstv. ráðherra að taka sérstaklega eftir: „Noregur og Danmörk hafa sett fram kröfur um að öll matvæli sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða afurðir þeirra verði merkt sérstaklega sem Ísland hefur ekki stutt." Ég endurtek: sem Ísland hefur ekki stutt. Og áfram: „Samkvæmt nýlegum upplýsingum er stór hluti ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu mótfallinn svo ströngum merkingaskilyrðum."

Hér er um að ræða að mínu mati mjög stórt mál. Og þó að það sé ekki hluti af því frv. sem hér er borið fram og liggur fyrir til 2. umr., þá er þetta mál sem er nátengt frv., þar sem það er afleiðing þess sem leyft kann að verða samkvæmt frv. og varðar alþjóðlega afstöðu að þessu leyti. Þarna í svari umhvrn. er talað um Noreg og Danmörku og mér sýnist óhætt að bæta Sviþjóð við samkvæmt þeirri tilvitnun sem ég var að vitna til úr Sænska dagblaðinu frá síðasta degi liðins árs. Ég spyr hæstv. ráðherra nánar eftir því hvort þetta sé hans vilji sem hér er verið að lýsa. Hverjir eru það sem um þetta hafa fjallað? Hvernig hefur verið fjallað um þetta atriði í íslenska stjórnkerfinu? Er það virkilega svo að Íslendingar ætli ekki að leggjast á sveif með sjónarmiði notenda víða um heim? Stendur Ísland ekki að baki því sjónarmiði stjórnvalda á Norðurlöndunum sem Anita Gradin kommissar í Evrópusambandinu reyndi að knýja fram en fékk ekki nægan stuðning við þar á bæ? Líklega hefur hún orðið undir í meirihlutaatkvæðagreiðslu og greinilega fyrst málið gekk ekki fram, þá hefur verið greitt atkvæði samkvæmt þeirri reglu þar sem væntanlega um vísun til vöru væri að ræða en ekki umhverfismál í þrengri merkingu. Þetta er alveg ótrúlegt.

Þó ég taki ekki undir allt sem kemur frá neytendasamtökum eða undir þeirra merki skulum við segja, virðulegur forseti, þá finnst mér að við þurfum að sjálfsögðu að gæta að þeim sjónarmiðum. Ég bendi á það fyrir hæstv. ráðherra að einmitt í þessari blaðagrein er vitnað til alþjóðaneytendasamtaka sem finnast í 90 löndum sem gera þessa kröfu sem ég hef verið að vitna til en Ísland virðist ekki taka undir, jafnsjálfsagt og það væri.

Virðulegur forseti. Ég hef talið ástæðu til þess að koma að þessu máli við 2. umr. svo ítarlega m.a. vegna þess að ég hef átt beinan hlut sem nefndarmaður í umhvn. að þeim breytingartillögum sem hér eru og kannski átt hlut í að þær voru teknar upp sérstaklega. Ég hef getið þar um eitt meginatriði í upphafi míns máls. Ég vil undir lokin nefna tvö, þrjú atriði í viðbót í örstuttu máli.

Það er í fyrsta lagi að því er varðar þá eftirlitsstofnun sem ætlað er að fara með málið fyrir hönd umhvrn. sem er Hollustuvernd ríkisins, að nefndin tekur þar undir með flutningsmönnum eða þeim sem lögðu frv. fyrir að það verði Hollustuverndin sem verði leyfisveitandi eða fjalli um starfsleyfi, rannsóknarleyfi og annað sem lýtur að þessu máli. En við hljótum um leið að leggja á það ríka áherslu að þessari stofnun verði gert kleift að standa sómasamlega að vinnu þessara mála eins og löggjafinn ætlast til með því frv. sem hér er borið fram. Ég segi þetta m.a. vegna þess að ég tel að það fylgigagn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem fylgdi þessu máli inn í þingið sé með öllu óraunhæft ef það á að takast af

hálfu Stjórnarráðsins að gera þau ákvæði virk sem hér er um að ræða. Og það á ekki að bíða eftir einhverjum óhöppum eða kreppu í þessum efnum. Það verður að byrja á því að þjálfa upp fólk þekkingarlega, ráða til fólk þekkingarlega og e.t.v. að þjálfa það sérstaklega til þess að ráða við þau verkefni sem hér eru og síðan að sjálfsögðu að draga til þekkingu úr öðrum sérfræðistofnunum eins og gert er ráð fyrir í frv. og með breytingartillögum við frv. Mér fannst ekki mjög skynsamlegt það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði um þetta efni í aðfinnslutón gagnvart nefndinni og frv. eins og það liggur nú fyrir af nefndarinnar hálfu. Við erum með mjög skýrum hætti að hvetja til þess að bæði við málsmeðferð og þegar umsagna er leitað, þá verði leitað víða fanga í þessum efnum. En hvar hefðum við átt að nema staðar? Ef við hefðum farið að telja upp þær sérfræðistofnanir sem Hollustuvernd eða sá aðili sem fjallar um málið hefði átt að kveðja til sögunnar þá hefðu það getað orðið býsna margir. Ég held að það sé atriði sem einfaldlega sé betur komið í þeim almenna ramma sem þessu er búinn hér.

Síðan aðeins varðandi ráðgjafarnefndina. Það er tillaga um að fjölga í níu manns í þessari ráðgjafarnefnd. Sú tillaga nefndarinnar fékk einkunnina sviðaveisla af hálfu fyrrv. umhvrh., hv. 15. þm. Reykv. Ég vil leyfa mér að andmæla einkunnagjöf af þessu tagi. Ég tel einmitt vegna þess að málið er margbrotið, að þá sé mjög skysamlegt að víkka þarna rammann að því er snertir fjölda nefndarmanna. Við nefnum sérstaklega tvö álitaefni þar sem þarf að tryggja þekkingu innan nefndarinnar án þess að tína til önnur svið. Það tel ég líka vera skynsamlega að staðið.

Nefndarinnar bíður mikið hlutverk. Þess má geta að Svíar hafa í hliðstæðri nefnd 13 manns og Norðmenn eru að ég held með yfir 20 manna nefnd sem heitir bioteknologi-nefndin. Við erum því ekki að slá nein met í þessu efni en töldum einmitt að þarna væri ratað meðalhóf að teknu tilliti til efnis máls.

Virðulegur forseti. Að endingu þetta um leið og ég þakka samnefndarmönnum mínum í umhvn. fyrir samstarfið við meðferð þessa máls og umfjöllun alla og það góða samstarf og sammæli sem varð um breytingartillögur við afgreiðslu málsins úr nefndinni, þá vil ég vekja á því athygli að það er eftir mjög stórt svið sem löggjafinn þarf að fjalla um fyrr en seinna á annan og víðtækari hátt en gert hefur verið fram að þessu. Það er það sem snýr að manninum sjálfum í víðu samhengi að því er varðar erfðabreytingar og erfðatækni. Þó að inn í þingið hafi komið mál eins og frv. um tæknifrjóvganir, þá vantar mikið á að um þessi efni hafi verið fjallað af nægilegri breidd að því er varðar manninn, rannsóknir, læknisfræðina og annað sem snýr að fikti við stafróf lífsins, eins og ég held að ég hafi leyft mér að kalla þetta við 1. umr. málsins, til þess að taka þar inn það víða sjónarhorn sem reynt er að taka með inn í þetta mál að því er varðar aðrar lífverur en manninn því að hann stendur utan við sviðið þó að hann sé gerandi að því er varðar þetta frv. Ég tel sem sagt mikla þörf á því að það verði farið í það verkefni að undirbúa almenna löggjöf að því er varðar erfðabreytingar og allt sem að þeim lýtur og snertir manninn sjálfan. Kannski væri rétt að hreyfa því með þingmáli hér af minni hálfu eða að ráðuneytið taki sig til. Sviðið er mjög stórt og vandasamt en það er jafnframt afar brýnt. Ég vona að við getum innan tíðar staðið hér með löggjöf í þessum efnum sem tekur mið af hraðfara tækniþróun á þessu sviði, ekki síður að því er manninn snertir heldur en aðrar lífverur, þar sem álitaefnin hrúgast upp og þar á meðal siðferðileg álitamál.

[15:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Obbinn af ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sýndi það sem þingheimur vissi áður að hann hefur mikla þekkingu á þessu máli. En mikil raun er að því að sjá þennan ágæta hv. þm. eyðileggja sjálfan sig hér í þessum sölum aftur og aftur með því að geta ekki tekið þátt í málefnalegri umræðu án þess að þurfa að troða persónulegar illsakir og hreyta skattyrðum og gera mönnum upp illar hvatir. Í fyrsta þriðjungi ræðu sinnar sem var afskaplega vondur og hefði betur verið ófluttur fór hv. þm. með getsakir sem mér fannst vera afar óviðeigandi. Þar gerði hv. þm. mér upp þær hvatir að ég hefði flutt mínar ábendingar, sem voru málefnalegar að öllu leyti, einfaldlega vegna þess að ég teldi að ég hefði einhvern höfundarrétt að þessu frv. sem hæstv. umhvrh. flytur. Hann taldi jafnframt að af einhverju leyti gæti þetta stafað af því að ég hefði ekki verið sáttur við starf fyrri umhvn. á síðasta kjörtímabili sem hv. þm. átti og á enn sæti í. Í þriðja lagi hélt hann því fram að ég hefði efnislega sagt að ég teldi að þingnefndir ættu ekki að koma að frv. eða gera neinar breytingar á þeim.

Herra forseti. Þetta er svo makalaus málflutningur að ég get ekki annað en komið hér upp og átalið þingmanninn harðlega fyrir að láta sér svona um munn fara. Að því er varðar frv. um erfðabreyttar lífverur þá er rétt að greina frá því að það var samið upphaflega á meðan ég var í umhvrn. Það kom tvisvar fyrir mín augu og ég fyrirbauð að frv. færi í því formi fyrir þingið af því að mér þótti það ekki þinginu bjóðandi. Síðar var frv. lagt fram af hæstv. umhvrh., eftirmanni mínum, og ég hef ekkert við það að athuga. Það er alveg fráleitt að ég telji að ég eigi einhvern höfundarrétt á því frv. eða öðrum frv. eða köflum í öðrum frv. sem hæstv. ráðherra telur rétt að leggja fram og ég kann með einhverjum hætti að hafa komið að eða fyrrv. starfsmenn mínir unnið. Þetta er auðvitað algjörlega fráleitt. Og ég hef yfir engu að kvarta að því er varðar vinnubrögð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í fyrri nefnd á meðan ég var umhvrh. Við vorum stundum ekki sammála um hlutina og í einstökum málum gríðarlega ósammála en það breytir því ekki að hann hafði sinn fyllsta rétt til að hafa þær skoðanir á þeim málum sumum sem frá mér komu að þau væru vond. Alveg eins og ég er þeirrar skoðunar að fyrsti þriðjungur þessarar ræðu hv. þm. sé honum ekki sæmandi, ekki þinginu og hefði betur verið ófluttur. Svona eiga menn ekki að tala hér þegar menn eru að reyna að efna til málefnalegrar umræðu, hv. þm.

[15:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekkert að fara að leggja mat á það sem var uppistaðan í andsvari hv. þm. að ég hafi á einhvern hátt verið ósanngjarn í viðbrögðum mínum við ræðu hans. Það verður að vera annarra að taka það til athugunar. En eitthvað hef ég hitt á viðkvæma taug og það þykir mér leitt ef það hefur verið svo að ómaklega hafi verið að vegið. Það var mér alls ekki í huga. Hitt leyndi sér ekki af ræðu hv. þm. að hann gagnrýndi nefndina í ýmsum greinum og það voru viðbrögð við því sem ég hafði uppi í mínu máli og ætti ekki að verða tilefni til viðbragða af þessum toga. Ég undrast það satt að segja en vona að það verði ekki til að valda misskilningi til langframa. Menn geta borið saman ræður okkar og séð hver tilefni voru til og hvernig

orðum var hagað. Hér er um stórt mál að ræða þar sem eru vissulega álitaefni og þar sem hv. þm. kom að sem ráðherra við undirbúning málsins. Ég held að málið hafi komið inn í þingið að mestu leyti í þeim búningi sem það lá fyrir fyrir stjórnarskiptin.

[15:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér líður einfaldlega vel í þessu samfélagi sem lifir hér innan þessara veggja og ég vil ekki troða illsakir við fólk. Ég vil eiga hér í málefnalegri umræðu. Ég vil heldur ekki að mér séu gerðar upp þær hvatir sem hv. þm. gerði vegna þess að af hans orðum má t.d. ráða að ég kynni að bera einhvern kala eða einhverjar neikvæðar kenndir gagnvart eftirmanni mínum vegna þess að hann notar einhver frv. eða frumvarpskafla sem voru samdir af mér eða undir minni stjórn. Það er auðvitað algjörlega fráleitt. Ég tel að eftirmaður minn sinni sínu starfi afskaplega vel enda eru umhverfismálin þannig að þau eru ekki flokkspólitísk í sínu eðli.

Ég vek athygli á því að allar mínar ábendingar voru settar mjög vinsamlega fram. Ég lauk meira að segja lofsorði á þá miklu vinnu sem nefndin hafði unnið. Ég gerði þetta einfaldlega vegna þess að ég hef haft tóm til að athuga þessi mál betur. Og ef það hefur mátt skilja ræðu mína sem einhvers konar gagnrýni þá hefur það verið gagnrýni á sjálfan mig vegna þess að frv. og þeir kaflar sem ég var að gagnrýna urðu sennilega til á meðan ég var umhvrh. Þannig að það er ekki með nokkru móti hægt að segja annað en að hafi einhverjum spjótum verið fleygt þá hafa þau komið eins og bjúgverpill í bak þess sem gagnrýnina flutti. Ég bendi hv. þm. á þetta. Ég reyndi að setja mál mitt fram með málefnalegum hætti og ég vil ekki að mér séu gerðar upp hvatir af þessum toga vegna þess að ég á þær ekki til og ég tel ekki heldur að hv. þm. sé það lítilla sanda og sæva að hann beri þær sjálfur í sínu eigin brjósti. (**Gripið fram í:** Þær eru nú fyrir hendi.)

[15:37]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil undirstrika það að innan nefndarinnar var mjög gott andrúmsloft við vinnu að þessu máli. Þar átti hlut að máli með öðrum varaformaður umhvn., hv. 5. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, sem að mínu mati setti sig vel inn í málið. Ég gerði ráð fyrir því að hann leitaði eftir viðhorfum ekki síst frá þeim sem um höfðu vélað áður þannig að þau kæmu þá inn í starf nefndarinnar frekar en að það kæmu alvarlegar athugasemdir þegar 2. umr. færi fram og nefndin hefði afgreitt málið frá sér. Að því leyti komu mér dálítið á óvart sumar af þeim athugasemdum sem fram komu hjá hv. þm.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Samkeppnishindranir Félags eggjaframleiðenda.

[15:39]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Föstudaginn 6. febr. sl., birtist ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3 frá 1996 um málið „Samkeppnishindranir Félags eggjaframleiðenda, viðskiptakjör við sölu eggja". Málavextir voru þeir að tveir aðilar, verslun í Reykjavík og Alþýðusamband Íslands, höfðu óskað eftir því við stofnunina að rannsökuð yrði kæra um verðsamanburð og verðsamráð Félags eggjaframleiðenda og hins vegar markaður eggjaframleiðenda hér á Íslandi. Í öðru lagi hafði stofnunin komist að niðurstöðu um að enn væri verð á eggjum u.þ.b. 110% dýrara hér í Reykjavík en t.d. í Kaupmannahöfn og hefði lítið dregið úr þeim verðmismun í fimm ár. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð tóku þá ákvörðun um að hefja rannsókn að eigin frumkvæði. Í byrjun þessa árs fékk Samkeppnisstofnun fundargerðir frá fundum samtakanna og tel ég fulla ástæðu til að vitna í nokkur ummæli sem þar falla. Þar segir í fyrsta lagi í fundargerð frá samtökunum, með leyfi forseta:

„[NN] reifaði málið og greindi síðan frá því að hann hefði hækkað verð hjá sér og lækkað afslætti jafnframt því ... Menn tjáðu sig um málið almennt og fram kom að menn hefðu víðast hvar hækkað en misjafnt væri hvort tekist hefði að lækka afslætti."

Á öðrum stað segir, með leyfi forseta: „[NN] lagði áherslu á að lækka afslætti og í framhaldi af því leitaði ... álits manna á því hvort þeir væru reiðubúnir að skrifa undir samkomulag um að virða markað hver annars."

Í þriðja lagi segir í fundargerðunum, með leyfi forseta: Tiltekinn maður „... sagði verðið of lágt. ... taldi að menn þyrftu að vera jákvæðir, sýna vilja og standa saman. [NN] fagnaði viðhorfsbreytingu í þá átt að menn teldu verðið of lágt og tók undir þá skoðun. Það gerði [JJ] einnig. Hann vildi að hænur yrðu teknar úr varpi og félagið útvegaði mönnum, sem það gerðu, egg frá þeim sem ættu miklar birgðir."

Í fjórða lagi segir enn úr fundargerð, með leyfi forseta: „Að lokum voru menn sammála um það að miða hámarksafslátt við 12% og stefna bæri að því að ná því í síðasta lagi hinn 1. júlí nk. Mikil áhersla var lögð á að menn virtu markað hver annars."

Í fimmta lagi segir í fundargerðinni, með leyfi forseta. „Á stjórnarfundi 28. júlí 1994 var rætt um markaðsmál og þetta bókað: „Menn sammála að almennt hafi gengið vel að ná upp verðum.""

Þá segir einnig í þessari fundargerð sitthvað sem sýnir hvernig Félag eggjaframleiðenda hafi bundist samtökum um að stuðla að verðhækkunum á eggjum og koma í veg fyrir að menn kepptu á markaði.

Í niðurstöðum segir m.a. svo, með leyfi forseta: „Efni þeirra gagna sem reifuð voru hér að framan gefa ótvírætt til kynna að Félag eggjaframleiðenda hefur haft skýran og einbeittan vilja til þess að ræða, stuðla að og framkvæma aðgerðir sem hvað alvarlegastar þykja jafnt í íslenskum sem í erlendum samkeppnisrétti."

Hér segir líka, með leyfi forseta: „Ljóst má því vera að á umræddu tímabili hafa ákvæði samkeppnislaga um bann við verðsamráði ekki átt við um heildsöluviðskipti á eggjum þar sem búvörulög bönnuðu alla verðsamkeppni í þessum viðskiptum. Á hinn bóginn er ljóst samkvæmt gögnum málsins að a.m.k. á þessu tímabili hafa eggjaframleiðendur og verslanir ekki farið eftir hinu opinbera verði og þannig brotið gegn skýru ákvæði 18. gr. búvörulaga."

Þar segir enn, með leyfi forseta: „ Athyglisvert er að Félag eggjaframleiðenda skýrir 18. gr. búvörulaga með mismunandi hætti eftir atvikum."

Enn segir, með leyfi forseta: „Á landbúnaðarráðherra hvílir því sú skylda að sjá til þess að ákvæðum búvörulaga sé fylgt. Ekki er að sjá að viðkomandi stjórnvald hafi haft virkt eftirlit með því að farið sé eftir 18. gr. búvörulaga í viðskiptum með egg. Vegna þessa athafnaleysis stjórnvalda

hefur skapast það ástand að verð á eggjum hefur í reynd verið frjálst. Undir þessum kringumstæðum er með öllu óviðunandi að Félag eggjaframleiðenda hafi komist upp með að grípa til aðgerða sem hamla gegn verðsamkeppni.

Framangreint ástand hefur leitt til þess að öll verðmyndun á eggjamarkaði er mjög óeðlileg og í skýrri andstöðu við markmið samkeppnislaga ...“

Enn segir: „Í ljósi þessa alls er það skoðun samkeppnisráðs að ákvæði samkeppnislaga taki til þeirrar háttsemi Félags eggjaframleiðenda að skipta mörkuðum.“

Og enn segir: „ Samkeppnisráð telur sannað að á ... stjórnarfundum Félags eggjaframleiðenda hafi félagið, stjórnarmenn og starfsmaður félagsins ákveðið eða hvatt til aðgerða sem miðuðu að því að skipta mörkuðum eggjaframleiðenda eftir svæðum og þannig brotið ítrekað gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga.“

Nú hef ég áhuga á að vita hvað hæstv. ráðherra neytenda og samkeppnismála hefur um þetta álit að segja. Nú er ljóst að það er skoðun samkeppnisráðs að í mörgum tilvikum hafi búvörulögin ekki átt við. Túlkun þeirra hafi verið mismunandi eftir aðstæðum hjá Félagi eggjaframleiðenda og þeir hafi hvað eftir annað gerst sekir um brot á beinum ákvæðum samkeppnislaga sem framleiðsla þeirra fellur undir þó svo að hluti þeirra falli undir búvörulög.

Virðulegi forseti. Ég vil óska eftir því að hæstv. ráðherra samkeppnis- og neytendamála tjái sig um afstöðu sína og hvað hann hyggist gera til að tryggja að eðlileg verðsamkeppni geti átt sér stað í eggjaframleiðslu og að ekki sé samráð um skiptingu markaða.

[15:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Í upphafi held ég að það sé rétt til þess að skýra síðan framhald umræðunnar að menn átti sig á því hvert sé hlutverk Samkeppnisstofnunar. Hlutverk Samkeppnisstofnunar er skýrt í 5. gr. þeirra laga þar sem gert er ráð fyrir að samkeppnisráð eigi að framfylgja boðum og bönnum laganna og í öðru lagi að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja, óréttmætum viðskiptaháttum, að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins og þar fram eftir götunum. Á grundvelli 5. gr. getur síðan samkeppnisráð fylgt því eftir að þeir aðilar sem brjóta í bága við 5. gr. standi við ákveðið ákvæði samkeppnislaga og þannig hefur samkeppnisráð tækifæri til og möguleika á með því að beita refsingum, beita sektum að ná því fram sem samkeppnisráð leggur til við viðkomandi aðila um að breyta varðandi háttsemi sína og hegðan. En 19. gr. samkeppnislaganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.“

Það er á grundvelli þessarar greinar, 19. gr. samkeppnislaganna, sem Samkeppnisstofnun hefur núna sent álit til landbrh. þar sem vakin er athygli á samkeppnishindrunum Félags eggjaframleiðenda eins og hv. þm. vitnaði í í framsöguræðu sinni úr fundargerðum Félags eggjaframleiðenda og þeirri samantekt sem Samkeppnisstofnun hefur tekið saman og sent til hæstv. landbrh.

Það má taka álit Samkeppnisstofnunar frá 16. febrúar og þær meginniðurstöður saman í þrennt.

Í fyrsta lagi eru menn sammála um að egg teljist vera búvara og falli þar af leiðandi undir lög nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með öðrum orðum þýðir þetta að samkeppnislög eiga ekki við varðandi ákvörðun um verðlagningu. Hins vegar gerist það eins og hv. þm. vitnaði í að þegar verðlagsnefnd hefur ákveðið hvert verðið skuli vera þá fer Félag eggjaframleiðenda að bjóða lægra verð sem brýtur í bága við anda laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Býður fyrst 12% en síðan þegar þeir fá tilboð upp á 21% afslátt frá Ríkisspítölunum þá gera þeir athugasemdir við það tilboð og segja að það sé bannað samkvæmt búvörulögum að bjóða lægra verð en þar er ákveðið, sem er rétt. Það er þetta sem samkeppnisráð gerir athugasemdir við og telur að þegar Félag eggjaframleiðenda er farið að bjóða lægra verð heldur en það verð sem ákveðið er af verðlagsnefnd þá sé orðið um frjálsa verðlagningu að ræða.

Í öðru lagi telur samkeppnisráð að Félag eggjaframleiðenda brjóti búvörulögin með því að bjóða þessa afslætti.

Í þriðja lagi gera þeir athugasemdir við skiptingu markaðarins.

Samkvæmt samkeppnislögum er bannað að skipta markaði milli fyrirtækja eða milli framleiðenda og það er hvergi í búvörulögum sem slíkt er heimilað. Þess vegna tel ég að það sé ótvírætt brot sem þarna hefur verið framið að ætla að gera tilraun til, eins og gert er með bréfi frá Félagi eggjaframleiðenda til framleiðenda þann 20. júní 1994, að skipta markaðnum.

Þetta álit er sent til landbrh. og Samkeppnisstofnun vekur athygli hæstv. ráðherra á þeim samkeppnishindrunum sem þarna eru í gangi og óskað er eftir að gerðar verði þar breytingar á. Hins vegar er það svo að Samkeppnisstofnun getur ekki fylgt þessu eftir. Það eru fyrst og fremst störf ráðuneytisins sem nú taka við og ég veit að hæstv. landbrh. er að láta skoða þessa greinargerð og þetta álit sem hefur komið frá Samkeppnisstofnun með tilliti til þeirra laga sem ég hef hér vitnað í.

Hvað framhaldið snertir og snýr að Samkeppnisstofnun þá er það ljóst eins og fram kemur í því áliti sem hv. þm. vitnaði í áðan að Samkeppnisstofnun mun fylgja eftir eftirliti með Félagi eggjaframleiðenda og einstökum framleiðendum þannig að það sé skýrt (Forseti hringir.) að viðkomandi félagasamtök geti ekki haldið áfram uppteknum hætti sem hér hefur komið fram við umræðuna. Það er gert í þeim tilgangi að tryggja að um takmarkaða samkeppni sé að ræða og fyrst og remst það sem snýr að markaðsskiptingunni en frá því 1. des. 1995 var tekin ákvörðun um að heildsöluverð eggja skyldi gefið frjálst tímabundið en það getur auðvitað breyst. Það er ákvörðun fimm manna nefndar að taka ákvörðun um slíkt.

[15:51]

Útbýting þingskjala:

Framtíðarsamvinna Íslands og Vestur-Evrópusambandsins, 375. mál, fsp. KPál, þskj. 659.

Mannanöfn, 73. mál, nál. allshn., þskj. 657; brtt. allshn., þskj. 658.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 376. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 664.

[15:52]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það kemur mér svolítið á óvart hvernig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson leggur þessa umræðu upp sem

meint brot eggjaframleiðenda á lögum og stillir hæstv. viðskrh. upp sem ábyrgum fyrir þeim framgangi mála. Ég held að öllum hafi verið ljóst að búvörulögin ganga að einhverju leyti framar öðrum almennum lögum eins og samkeppnislögum þannig að í versta falli fyrir eggjaframleiðendur væri um að ræða álitamál. Og ef um brot hefði verið að ræða og hægt væri að gera viðskrh. að einhverju leyti ábyrgan þá væru þetta brot sem líka viðgengust í ráðherratíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og hann væri þar af leiðandi meðábyrgur núv. hæstv. viðskrh. En um þetta finnst mér ekki ástæða til að þrátta frekar því ég er sannfærður um að við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson erum sammála um að svona eigi málum ekki að vera skipað, að í eggjaframleiðslunni eigi að vera frjáls samkeppni bæði í framleiðslu, verðlagningu og markaðssetningu. Þessu þurfum við þar af leiðandi að breyta. Við gerum það ekki eins og VSÍ hefur lagt til með því að breyta skilgreiningu á landbúnaði. Við gerum það hins vegar með því að breyta lögum hér á hv. Alþingi. En þegar við gerum það þá verðum við að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi það að eggjaframleiðslan er hér á landi hjá okkur skattlögð atvinnugrein, gagnstætt því sem er í öðrum löndum þar sem hún er niðurgreidd og gagnstætt því sem á við um ýmsar aðrar landbúnaðargreinar hjá okkur sem eru einnig niðurgreiddar. Þetta á bæði við hvað varðar sjóðagjöldin og kjarnfóðurgjöldin. Þetta eru gjöld sem við þurfum að afnema og ég trúi því að hæstv. landbrh. sé nú þegar að undirbúa að svo geti orðið.

Eitt enn verðum við að hafa í huga. Það er að fóðuriðnaðurinn erlendis er gríðarlega niðurgreiddur, ekki bara hvað varðar hráefni heldur einnig hvað varðar fóðurblöndunina. Ég veit að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur skilning á því að við getum ekki látið setja okkar atvinnulíf þannig út af sakramentinu eins og hann sýndi þegar hann tók til sinna ráða hvað varðar skipasmíðaiðnaðinn. Þetta atriði verðum við einnig að hafa í huga þegar við gerum breytingar í átt til aukins frjálsræðis.

[15:55]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli. Það er ótvírætt í fyrsta lagi að eggjaverð er tvöfalt hærra hérlendis en annars staðar. Það er í öðru lagi ótvírætt að ekki fæst eðlilegur magnafsláttur í eggjaviðskiptum, í þriðja lagi að einokunarsamtök eru við lýði við eggjasölu, í fjórða lagi að búvörulög eru í mótsögn við samkeppnislög. Og í fimmta lagi að eggjabændur brjóta alvarlega og á ámælisverðan hátt gegn lögum. Það kemur fram, hv. þm. Árni M. Mathiesen, í úrskurði samkeppnisráðs.

Það sem er hins vegar athyglisverðast varðandi þetta mál er hvernig Sjálfstfl. lætur þetta viðgangast. Sjálfstfl. kennir sig stundum og talar fyrir frelsi í viðskiptum. En í reynd og það lýsir sér vel í þessu máli, er Sjálfstfl. laustengt hagsmunabandalag afturhaldsafla og framsóknarhyggju enda er afskaplega lítill munur á þessum tveimur flokkum í ríkisstjórn. Þetta mál er táknrænt og sýnir stefnu Sjálfstfl. í reynd. Sjálfstfl. kemur hér fram sem varðhundur kerfisins, verjandi einokunar og óeðlilegra viðskiptahátta. Hvað segja forustumenn Sjálfstfl. um þetta mál, ráðherrar Sjálfstfl.? Það er enginn þeirra viðstaddur. Hvað segir framkvæmdastjóri Verslunarráðs um þetta mál, um óréttmæta viðskiptahætti? Hann er ekki viðstaddur hér frekar en fyrri daginn.

Það sýnir sig nefnilega vel að Sjálfstfl. er kerfisflokkur í þessum málum sem öðrum. Hvaða hv. þm. Sjálfstfl. tóku upp gagnrýni í umræðu þegar það kom gagnrýni á Osta- og smjörsöluna, Mjólkursamsöluna og úreldingu Mjólkursamlagsins í Borganesi? Ekki einn einasti fyrir utan hv. þm. Árna M. Mathiesen. Og Sjálfstfl. hefur nokkuð lengi farið vel á því að vera með eina eða tvær fjarvistarsannanir þegar kemur að málum í umræðu en hann hefur ekki breytt sinni stefnu.

Mér finnst þetta mál lýsa því fyrst og fremst hvað Sjálfstfl. meinar raunverulega þegar hann talar um viðskiptafrelsi. Í þessu máli kemur greinilega fram efnahagsstefna Sjálfstfl. og það er mjög gott fyrir þjóðina að kynnast því hvernig hún er í reynd í þessu eggjasölumáli.

[15:57]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hví spyr ég ráðherra samkeppnis- og neytendamála? Ekki síst vegna þess að á bls. 11 segir svo í niðurstöðum samkeppnisráðs, með leyfi hæstv. forseta:

„Félag eggjaframleiðenda hefur haft skýran og einbeittan vilja til þess að ræða, stuðla að og framkvæma aðgerðir sem hvað alvarlegastar þykja jafnt í íslenskum sem erlendum samkeppnisrétti."

Það er þessi ráðherra sem fer með neytendamál og samkeppnismál. Þess vegna spyr ég hann.

Hv. þm. spurði: Hvernig stóð á því að sá sem hér stendur tók ekki á málinu í sinni viðskiptaráðherratíð? Vegna þess að niðurstaða samkeppnisráðs, þar sem m.a. eru raktar tilvitnanir úr fundargerðum Félags eggjaframleiðenda, kemur ekki fyrir mínar sjónir fyrr en föstudaginn 16. febr. sl. Mér var ekki kunnugt um það að á vegum félagsins hefðu staðið yfir jafnósvífnar tilraunir til þess að koma í veg fyrir að eðlilegt frjálsræði gæti orðið í eggjaviðskiptum. Mér var ekki heldur kunnugt um að þeir létu bóka í fundargerðir sínar að menn séu almennt sammála um að vel hafi gengið að ná upp verði á eggjum.

Það er ekki ástæðulaust að verð á eggjum er hér tvöfalt hærra en í nágrannalöndunum. Þessar samkeppnishindranir eiga sinn þátt í því að lokum. Ég bendi mönnum á að samkeppnisráð telur fullar ástæður liggja til að beita sektum við brotum á samkeppnislögum vegna þessa athæfis en lætur það vera vegna þess að Samkeppnisstofnun lýsir því yfir að félagið virðist annaðhvort ekki hafa þekkt lögin eða skilið þau. Það er þá nýtt ef menn geta sloppið við sektir út á það að menn séu annaðhvort ekki það meðvitaðir að þeir lesi lög eða ekki það skilningsglöggir að þeir skilji þau. Það er þá verið að segja nýjar reglur í íslensku réttarfari.

Auðvitað er einfaldast og átakaminnst að koma á, virðulegi forseti, eðlilegri samkeppni um egg og alifuglaafurðir með því að gera þá einföldu breytingu á búvörulögunum að fella þessa framleiðslu undan búvörulögum enda á hún afskaplega lítið skylt við t.d. hefðbundna sauðfjárrækt á Íslandi.

Ég og aðrir þingmenn Alþfl. höfum í dag lagt fram hér á Alþingi frv. um að slík breyting verði gerð. Það er rétta leiðin til þess að tryggja eðlilega samkeppni í þessari atvinnugrein sem alifuglarækt in er og neytendum hér á Íslandi sambærilegt verð fyrir þessar afurðir miðað við það sem neytendur í nágrannalöndunum borga.

[16:01]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Af málflutningi hv. þm. Ágústs Einarssonar mætti helst halda að Sjálfstfl. væri einhver stærsti eggjafram-

leiðandi á Íslandi. Því er nú ekki að heilsa. (**Gripið fram í:** Það eru of margir kjúklingar í honum.) Langstærstur hluti ræðu hans fjallaði um Sjálfstfl. en ekki það málefni sem hér er til umræðu. Ég verð hins vegar að segja að gagnrýni hans á það að eitthvað vanti upp á málflutning sjálfstæðismanna í frjálsræðisátt verður léttvæg fundin á meðan hann og hans þingflokkur og formaður hans flokks getur ekki svarað því á Alþingi hvort Þjóðvaki ætli sér að styðja svo sjálfsagt mál í frjálsræðisátt í viðskiptalífi þjóðarinnar eins og að gera Póst og síma að hlutafélagi.

Það gerðist í umræðum í síðustu viku að formaður Þjóðvaka var spurður að þessu beinlínis og hún margvék sér undan því að svara þessari spurningu. Á meðan ekki er hægt að svara svo einföldum spurningum af hálfu flokksins, verður gagnrýni á aðra fyrir það að standa ekki nógu þétt að auknu frjálsræði í þjóðfélaginu léttvæg fundin.

[16:02]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vakti skilmerkilega athygli á því hvað viðgengst í skjóli Sjálfstfl., þ.e. óréttmætir viðskiptahættir. Það er ekki tími til að rekja það nákvæmlega, en það er það sem málið snýst um. Ef sjálfstæðismenn hefðu verið trúir því sem þeir segja oft á tyllidögum, hefðu þeir sagt: Hér hafa átt sér stað mistök við lagasetningu og útfærslu. Hér leiðréttum við vitaskuld framkvæmd og lög mála þannig að það svari til nútímaviðskiptahátta. Það er ekki gert. Það er snúist til varnar fyrir þetta kerfi og það er ekki að ástæðulausu að menn gera það. Hér kemur líka fram í þessum úrskurði þegar ráðuneytið heimilaði ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi til kvótakaupa varðandi þennan þátt þegar þessi mál voru til umræðu. Og það var í ráðherratíð Halldórs Blöndals sem þessir hlutir gerðust. Það er enginn munur, hv. þm. Árni Mathiesen, á stefnu Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Það er það sem ég er að draga fram. Við getum rætt mjög ítarlega um Póst og síma og hv. þm. þekkir mætavel stefnu Þjóðvaka í því máli. Við viljum hafa póstinn í óbreyttu formi. Við viljum skoða formbreytingu á símanum, hvort sem það verður þá í sjálfstæða stofnun eða hlutafélag. Það verður að fara betur yfir það og við höfum hvorki sagt af eða á með það. Sjálfur held ég að hlutafélagsformið væri mjög heppilegt, en það eru fjölmörg álitamál varðandi þann þátt. Og það er útúrsnúningur, hv. þm., að koma með þá umræðu inn í þetta, en það er allt í lagi, ég get svarað þeirri spurningu. En hann svaraði ekki því sem ég beindi til hans, sem snýst um stefnu Sjálfstfl. í reynd, hvað hún er afturhaldssöm og hvað hún er fánýt eins og sést á fjarveru allra ráðherra Sjálfstfl. Mér finnst það lýsa málinu best af öllu.

[16:04]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Mér finnst hafa örlítið borið við í þessari umræðu að menn haldi að hér séu einhverjir hlutir að gerast sem þeir hafi ekki í raun og veru vitað um, þ.e. að það sé allt í einu að koma í ljós núna að verðlagning á eggjum falli ekki undir samkeppnislög. Það er af og frá vegna þess að það var ákveðið með lögunum um sölu, framleiðslu og verðlagningu búvara árið 1993 að eggin, ásamt öðrum landbúnaðarafurðum, skyldu falla utan samkeppnislaganna.

Það kom líka skýrt fram þegar mælt var á sínum tíma fyrir samkeppnislögunum af þáv. hæstv. viðskrh. að landbúnaðurinn stæði utan þeirra. Það er því vilji þingsins sem hefur komið fram í þessum efnum að undanförnu. (**Gripið fram í:** Og allir sammála.) Og allir hafa verið því sammála, það held ég að sé rétt hjá hv. þm.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. málshefjanda, Sighvati Björgvinssyni, um refsingarnar, þá er það svo, hv. þm., að Félag eggjaframleiðenda hefur ekki verið með neitt leynimakk í þessum efnum. Mat mitt er, eftir að hafa lesið þessa skýrslu, að þeim hafi í raun ekki verið lögin betur kunn en fram kemur. Staðreyndin er sú að þetta hefur alltaf verið gert fyrir opnum tjöldum, þrátt fyrir fundargerðir sem hv. þm. vitnaði til. 20. júní 1994, í tíð hæstv. þáv. viðskrh., skrifar Félag eggjaframleiðenda bréf. Það var ekki sent í ráðuneytið, en þetta var gert fyrir opnum tjöldum, menn voru engu að leyna. Bréf félagsins er til allra framleiðenda og skipta þeir þar markaðnum á milli sín. Ég held því að í raun hafi félaginu ekki verið þetta betur kunnugt.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að menn verði að halda uppi samkeppni vegna þess að hún kemur neytendum til góða. Við verðum líka að passa okkur á því, eins og kemur skýrt fram í þessari skýrslu, að hin mikla samkeppni getur líka leitt til einokunar þegar upp er staðið, þ.e. þegar menn eru komnir út í það að selja langt undir framleiðslukostnaðarverði. Eitt af því sem nú er verið að skoða í ráðuneyti viðskiptamála er hvernig að þeim hlutum er staðið.

Það kom fram að það væri nauðsynlegt að taka verðlagsmál landbúnaðarins upp og ég held að hæstv. landbrh. hafi áður lýst því yfir við svipaða umræðu að það stæði til að gera það og hann væri tilbúinn til þess að skoða þá hluti.

Erfðabreyttar lífverur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 129, nál. 623, brtt. 624.

[16:07]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Við snúum okkur þá aftur að því að ræða 117. mál þingsins, frv. til laga um erfðabreyttar lífverur, sem nú er komið frá nefnd til 2. umr. í þinginu. Ég vil byrja á því að þakka hv. nefnd og nefndarmönnum, hv. þingmönnum í umhvn., fyrir gott starf og það sem þeir hafa lagt á sig við að fara yfir þetta frv. og þær breytingartillögur sem þeir leggja hér til. Ég hygg að segja megi að þær séu allar til bóta og gerðar í samvinnu eða samráði við ráðuneytið, við embættismenn þar og í samráði við sérfræðinga, því að þetta er auðvitað efnislega flókið mál.

Tveir hv. þm. hafa tekið þátt í þessari umræðu auk framsögu hv. formanns umhvn. Mig langar að gera einstök atriði úr ræðum þeirra að umræðuefni og reyna að svara þeim fyrirspurnum sem þeir hafa beint til mín. Það verður kannski ekki alveg í þeirri röð sem það kom fram í umræðunum, heldur þá frekar í þeirri röð sem ég hef síðan sett þetta upp hjá mér. Mig langar fyrst að fara örfáum orðum um tilurð frv. Ég ætla ekki að tala neitt um höfundarrétt að frv. heldur hvernig að því var staðið að vinna það og hver var meginröksemdin fyrir því að leggja það fram strax í upphafi minnar tíðar sem umhvrh. og þá áherslu sem ég hef lagt á að fá frv. afgreitt, eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanna.

Umhverfismálin eru, eins og fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, lítt flokkspólitísk og þess vegna ekki óeðlilegt að mál sem hafa verið í vinnslu í ráðuneytinu í tíð fyrri ríkisstjórnar eða í tíð annarra ráðherra hafi nokkuð

óhindrað framgang ef ekki eru einhver sérstök ágreiningsefna álitamál uppi. Ég leit svo á að þetta mál væri í þeim farvegi þegar ég kom í umhvrn. og það var einnig talið mjög brýnt að koma því inn á hv. Alþingi og til afgreiðslu sem allra fyrst vegna þess að við værum þá þegar að komast í tímaþröng með að afgreiða málið vegna tengsla þess við samþykktir eða tilskipanir frá Evrópska efnahagssvæðinu og aðild okkar að þeim samningi. Það er vissulega rétt, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom síðan inn á, að vöktunaraðilar, eins og hann kallaði þá sjálfsagt réttilega, hafa ýtt mjög fast á málið. Þeir gerðu það reyndar strax í fyrrasumar, að ég tali nú ekki um þegar ljóst var að málið yrði ekki afgreitt fyrir áramót. Þá stóðu þessir aðilar nánast á öndinni. Ég fékk upphringingar út af málinu erlendis frá þar sem lögð var áhersla á að hraða því og koma því gegnum þing. Ég taldi mig ná bærilega góðu samkomulagi við formann nefndarinnar, sem ég veit að gert var í samráði við aðra nefndarmenn, um afgreiðslu málsins upp úr áramótunum og ég tel að það samkomulag hafi fyllilega staðist. Ég veit að nefndarmenn hafa lagt mikla vinnu í að koma málinu eins fljótt til afgreiðslu hér og þeir töldu nokkurn kost á. Svona meira til gamans má kannski lýsa því svo að frá Brussel sé nánast fylgst með störfum þingsins daglega til að vita hvað afgreiðslu þessa máls líður. Ég er því sannarlega feginn að komið er á endasprettinn með að koma frv. í gegnum þingið.

Eins og hér hefur komið rækilega fram í umræðum og þá ekki síður í áherslum hv. þingmanna sem hafa talað og breytingartillögunum sem koma frá umhvn., fjallar málið um fleira en bara það að lögfesta tilskipanir. Enda væri kannski nánast hægt að gera það, þótt það séu ekki ásættanleg vinnubrögð, með einfaldri lagasetningu um að þessi eða hin tilskipunin gildi hér og hafi tekið lagagildi. Þann háttinn höfum við ekki tekið upp. Við viljum að tilskipanir fái efnislega umfjöllun og lögfestingu, þær sem þess þurfa, og það sé þá gert á vandaðan hátt. Við tökum líka inn í umræðuna þá þætti sem við teljum nauðsynlegt og eðlilegt að fylgi með við slíka lagasetningu. Ég tek því fyllilega undir það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. þegar hann gerði grein fyrir því að auðvitað væri það meira heldur en að því væri ekki mótmælt, það væri beinlínis heimilt að byggja frv. upp með efnisatriðum sem við teldum nauðsynlegt að fylgdu, þótt það væri ekki endilega innan þrengsta ramma tilskipunarinnar. Ég er þess vegna ánægður með þessi vinnubrögð og lýsi stuðningi mínum við þær tillögur sem hér eru settar fram af nefndinni. Þrátt fyrir þetta tel ég nauðsynlegt að málið fái skjóta framgöngu þar sem það er komið til 2. umr. í þinginu.

Hv. 15. þm. Reykv., sem því miður hefur gengið úr salnum, ræddi um að hann teldi að vegna vissra atriða, sem lögð eru fram í breytingartillögum nefndarinnar, væri nauðsynlegt að bíða með samþykkt þessa frv. eftir samþykkt hugsanlega annarra frumvarpa sem liggja fyrir þinginu og verða senn tekin til umræðu. Það held ég að væri óráð og vona að til þess komi ekki. Ég kem kannski að því aðeins síðar ef hv. þm. gengur í salinn.

Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, spurði mig um afstöðu til afurða erfðabreyttra lífvera og stefnu stjórnvalda í því að merkja skuli fyrir neytanda á umbúðir slíkrar vöru ef um er að ræða afurð erfðabreytta lífvera. Svar mitt hlýtur að helgast nokkuð af því að ég set hér fram mína persónulegu skoðun á málinu en ekki því að málið hafi verið tekið til efnislegrar eða formlegrar umræðu af hálfu stjórnvalda. Ég vil að neytendur hafi sem gleggstar upplýsingar um það hvað verið er að selja þeim. Ég hef t.d. talað mjög fyrir því í sambandi við kröfu um innflutning á vörum, t.d. ýmsum landbúnaðarvörum sem nú er heimilt að flytja inn en áður hafði verið óheimilt, að mönnum sé algerlega ljóst hvað þeir eru að kaupa og þar með talið láta ofan í sig. Ég hef reyndar viljað ganga lengra og held mig enn fast við það að við eigum ekki að hleypa ákveðnum vörum inn í landið en það er auðvitað algerlega óskylt þessu máli sem hér er til umræðu. En ég vil bara segja þetta til áréttingar á mínum viðhorfum eða sjónarmiðum í því efni. Þar er ég t.d. að tala um landbúnaðarvörur sem framleiddar eru með vaxtaraukandi efnum, hormónum eða vaxtaraukandi lyfjum sem við viljum ekki að séu heimiluð í framleiðslu okkar landbúnaðarafurða. Að öðru leyti ræði ég ekki frekar um það.

Hv. þm. las upp úr minnisblaði sem kemur sem svar til nefndarinnar við spurningum sem nefndin hefur beint til ráðuneytisins varðandi það að Ísland hafi ekki stutt áherslur sem virðast hafa þó komið fram hjá nágrannaþjóðum okkar í þessu efni. Ég ætla ekki að breyta þessu orðalagi og hef ekki ástæðu til þess. Sjálfsagt er það svo að Ísland hafi ekki stutt þær áherslur þar sem þær hafa verið til umræðu. Mér dettur í hug að segja um þennan þátt málsins að við höfum ekki verið mikilvirkir gerendur sjálfir á þessu sviði sem við erum að tala um hér en viðbúið að það gætu gerst miklar og sjálfsagt hraðstígar breytingar á því sviði hjá okkur eins og hjá öðrum löndum. Það hafi svo leitt til þess að við höfum ekki tekið þetta mál til mjög ítarlegrar eða efnislegrar umfjöllunar. Svarið hefði kannski getað verið þannig að Ísland hafi ekki tekið afstöðu til þessa máls frekar en það að við höfum ekki stutt viðhorfið. En nú ætla ég ekki að tala fyrir hönd forvera minna í þessu efni. Ég veit ekki hvað þar hefur verið á ferðinni. Það hefur ekki borið upp á borð hjá mér sérstaklega að ég sé að lýsa stefnu ríkisstjórnar í heild sinni á þessu efni. Ég er aðeins að segja frá mínum viðhorfum og því að ég muni þá reyna að fylgja þeim eftir þegar og ef málið kemur til minna kasta sem ekki er ólíklegt að það geri.

Ég sný mér þá aftur að því, fyrst hv. 15. þm. Reykv. er genginn í salinn á ný, sem ég var að tala um út af þeirri áherslu sem lögð hefur verið á það að flýta afgreiðslu frv. af hálfu eftirlitsaðila EFTA og nauðsyn þess að fá það lögfest. Ekki bara þess vegna heldur líka fyrir okkur og af efnisatriðum sem okkur varðar þá held ég að það væri ekki góður kostur eins og hv. þm. nefndi þó varðandi breytingartillögur frá hv. umhvn., að það kynni að vera nauðsynlegt að bíða með þetta frv. eftir samþykki hugsanlega annarra frumvarpa sem verða til meðferðar í þinginu og vonandi verða lögfest. Ég geri mér vonir um það að frv. sem hér er á dagskrá síðar í dag og fer til þingnefndar fái afgreiðslu og verði lögfest. En það er ekki að öðru leyti til umræðu hér. Í framhaldi af því verður að taka mið af þeim breytingum og þá breyta öðrum lögum sem kunna að skarast ef breytingar verða gerðar á lögum um Náttúruverndarráð og önnur stofnun tekur við því hlutverki sem Náttúruverndarráð hefur nú. En það var einmitt það sem hv. þm. var að velta fyrir sér þegar hann var að ræða um það hvort hér kynni ekki að koma upp skörun. Náttúruverndarráð hefur ákveðið hlutverk samkvæmt gildandi lögum og heldur því hlutverki og þeim verkefnum þar til þeim lögum hefur verið breytt, ef og þegar. Ég verð að biðja um það að menn líti til þess að þetta frv. verði afgreitt óháð því.

Síðan ræddi hv. þm. í beinu framhaldi af þessu um þær breytingartillögur nefndarinnar við 13. gr. frv. þar sem seg-

ir svo með leyfi forseta: „... komi: Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana eftir því sem við á og hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins ...“ o.s.frv. Hér er skýrt tekið fram „rannsóknarstofnana eftir því sem við á“, þegar hv. þm. var að velta því fyrir sér hvort ekki þyrfti að gera ítarlegar grein fyrir þessu og telja þá þær rannsóknarstofnanir upp sem um væri að ræða. Þetta kemur einnig fram í nefndarálitinu sjálfu þar sem undirstrikað er að Hollustuvernd skuli leita umsagna rannsóknastofnana sem starfa á því sviði sem umsóknin lýtur að. Mér finnst nú að hér muni vera auðvelt fyrir Hollustuvernd að leita umsagna hjá viðkomandi aðilum án þess að þeir séu allir taldir upp í lagatexta. En þetta er tillaga nefndarinnar og ég tek undir þau sjónarmið sem þar eru sett fram og ítreka von mína og ósk um að málið verði afgreitt hið fyrsta eftir þessa ítarlegu umræðu.

Hv. 4. þm. Austurl. og 15. þm. Reykv. fjölluðu báðir um stöðu og möguleika Hollustuverndar ríkisins til að takast á við og fjalla um ný verkefni. Ég tek undir það með þeim báðum, hv. þm., og hef reyndar gert það áður í þessum ræðustól að nauðsynlegt er að horfast í augu við þá staðreynd að þessi stofnun hefur á undanförnum árum fengið stöðugt ný og mikilvæg verkefni, ekki síst tengd samningum okkar um Evrópska efnahagssvæðið, en stjórnvöld, þar með talið sá sem hér stendur, hafa ekki verið nógu öflug í að verja stofnunina og skapa henni þau skilyrði að hún geti af fullum krafti gegnt sínu hlutverki og fylgt eftir þessum nýju verkefnum. Þetta segi ég nú vegna þess að það hef ég áður sagt úr þessum ræðustól og vil aðeins gera nánari grein fyrir því að á seinustu vikum nýliðins árs fjallaði sérstök nefnd um fjármál og fjárveitingar þessarar stofnunar og komst að ákveðinni niðurstöðu um það hvernig að því skyldi standa að vinna betur úr því verkefni. Hún fékk litla fjárveitingu til að fara í ákveðna sérfræðivinnu sem nú er í gangi á stofnuninni. Síðan er gert ráð fyrir því að þessi nefnd ljúki endanlega sínum störfum fyrir vorið þannig að þá liggi fyrir hugmyndir hennar um það bil sem þarf að fara að taka ákvarðanir fyrir fjárlagagerð næsta árs. Í öðru lagi má geta þess að líka hefur verið sett á laggirnar ný nefnd eða önnur nefnd sem á að fjalla um lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Hún á að endurskoða þau þannig að þar verði farið efnislega í lögin í heild sinni, efnisatriði þeirra. Það verður ítarleg vinna um verkefni stofnunarinnar og þá í framhaldi af því hvernig henni skuli að öðru leyti skipað.

Ég vona að við getum náð saman um það að styrkja stofnunina. Ég held að það sé ekki ástæða til þess sem kom fram í máli hv. 15. þm. Reykv. ef ég skildi hann rétt, að fjölga stofnununum sem eiga að vinna samkvæmt þessum lögum formlega, hvort það ætti að tilgreina fleiri stofnanir sem hefðu eftirlitshlutverk samkvæmt lögunum. Ég held að það mundi flækja málið. Ég held að það sé eðlilegt að það sé ein stofnun sem hafi með það að gera og leitar síðan upplýsinga, umsagnar og samstarfs við aðrar stofnanir á þeim sviðum sem um er að ræða hverju sinni eins og áður hefur komið fram. Það er auðvitað sú stofnunin sem tilheyrir umhvrn. sem eðlilegast er að fjalli um þau ákvæði sem hér er verið að lögfesta.

Að lokum vil ég taka undir þau viðhorf sem fram komu bæði hjá hv. framsögumanni nefndarinnar og síðan hjá hv. 4. þm. Austurl. um það að leggja áherslu á siðfræðilega þáttinn, taka hann meira inn í frv. og inn í þessa lagasetningu en í upphafi var ætlað. Ég held að ég hafi lýst því yfir strax við 1. umr. að það væri ekkert nema gott eitt um það að segja teldi nefndin sér mögulegt að koma því hér inn þannig að það væri ásættanlegt, þó svo kannski þyrfti að fjalla um þau mál í víðara samhengi. Vafalaust tengist það ýmiss konar annarri lagagerð og lagasetningu eins og ég held að hafi komið fram hjá hv. 4. þm. Austurl. líka, að það ætti ekki bara við hér. Ég tel að það sem hér hefur þó verið gert, að taka þessar áherslur inn eins og breytingartillögur umhvn. gera ráð fyrir, sé mjög til bóta og lýsi einnig stuðingi mínum við það.

Ég held, hæstv. forseti, að ég eyði þá ekki lengri tíma í það að fjalla um þessi efnisatriði. Ég vona að ég hafi að nokkru svarað þeim spurningum sem beinlínis var til mín beint frá hv. 4. þm. Austurl. um kröfuna um merkingarnar og frá hv. 15. þm. Reykv. um stöðu og skipulag Hollustuverndarinnar og stöðu hennar til þess að takast á við þessi verkefni. En ég lýsi að öðru leyti ánægju minni með þessar umræður og ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir vönduð og góð vinnubrögð.

[16:26]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra er sáttur við breytingartillögurnar sem liggja fyrir og þær áherslubreytingar sem orðið hafa í meðförum nefndarinnar. Það eru tvö atriði sem ég vildi nefna. Það er í fyrsta lagi varðandi afurðir erfðabreyttra lífvera og umfjöllun málsins á vettvangi EES-kerfisins. Þar held ég að hæstv. ráðherra þyrfti að hafa hröð handtök hugsanlega til þess að koma sínum áherslum á framfæri ef það er þá ekki orðið um seinan. En það kemur manni spánskt fyrir sjónir ef þarna eru teknar ákvarðanir af talsmanni Íslands á viðkomandi stað í kerfinu sem ég veit ekki hver er, sem ekki hafa verið bornar undir íslensk stjórnvöld, ríkisstjórn eða viðkomandi ráðuneyti. Mér finnst mjög uggvænlegt satt að segja ef slíkt gerist í svo mikilvægu máli og hér um ræðir. Þar sem um er að ræða stórt mál sem snertir fjöldann, almenning og um er að ræða aðrar áherslur en uppi eru hjá stjórnvöldum Norðurlanda, a.m.k. í þremur löndunum að því er mér virðist. Ég vildi aðeins nefna þetta hér til að ýta á eftir því af minni hálfu og ég heyri á hæstv. ráðherra að hann er alveg sammála um efnisatriðið. Ég fagna því viðhorfi sem fram kom hjá hæstv. ráðherra.

Síðan vildi ég, virðulegur forseti, nefna að auki fjárhagsstöðu og starfsaðstöðu Hollustuverndar ríkisins. Ég hafði skilið það svo að það væri að vænta úrlausna og einnig fjárhagslegra úrlausna í kjölfar vinnu þeirrar nefndar sem sett var á fót í tengslum við undirbúning fjárlaga. Ástæðan fyrir því að ekki var orðið við og ekki urðu undirtektir við brtt. sem ég m.a. flutti til að reyna að bæta örlítið úr mjög erfiðri stöðu nefndarinnar, var eiginlega sá skilningur minn og ég hygg fleiri að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því og hefði í raun áskilnað um það að þarna væri hægt að auka við fjármagn til stofnunarinnar á þessu ári því að það er augljóslega knýjandi nauðsyn vegna þeirra fjölmörgu verkefna sem eru í undandrætti hjá stofnuninni og henni er lagalega skylt að sinna en hefur ekki haft aðstöðu til eins og ég m.a. rakti þegar fjárlagafrv. var til umræðu. Ég vil inna hæstv. ráðherra nánar eftir þessu því að það er langt að bíða næsta árs til að taka betur á mörgum málum sem þarna bíða.

[16:29]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara segja um þessa tvo þætti sem hv. 4. þm. Austurl. ítrekaði að hafi einhver boð út gengið nú nýlega um afstöðu mína, ráðuneytisins eða stjórnvalda varð-

andi merkingar á afurðum erfðabreyttra lífvera, hafa orðið þar einhver mistök á að mér skyldi ekki vera gerð grein fyrir því. Á hinn bóginn vona ég reyndar að það sé lengra um liðið síðan slík boð hafa verið send en að það hafi yfirleitt verið í minni tíð. Ég vil a.m.k. álíta svo þar til annað kemur í ljós.

Varðandi Hollustuvernd og stöðu hennar er rétt hjá hv. þm. að við höfðum og höfum kannski enn vonir eða væntingar um að niðurstaða nefndarinnar geti leitt til þess að hægt sé að sannfæra menn um að það þurfi hið fyrsta að taka á fjármálum stofnunarinnar og það megi ekki bíða næsta árs. Við höfum sérstaklega verið að skoða í þessu efni hvaða möguleika stofnunin hefur til að auka sértekjur sínar. Hún er nú að fá ýmiss konar þjónustuverkefni við eftirlit með innflutningi og fleira slíkt sem ég álít að geti aflað henni aukinna sértekna. Ég tala hér með fyrirvara þar til nefndarálitið liggur fyrir, en hugsanlega gæti þetta leyst eitthvað úr hennar fjárhagsvanda og skapað henni betri starfsaðstöðu.

Í öðru lagi er ekki útilokað að upp komi sú staða að menn telji nauðsynlegt að taka á málum hennar með fjáraukalögum en ekki hafa verið gefin nein fyrirheit um það. Svo kann að fara að það bíði fjárlagagerðar næsta árs en ég vænti þess að við vitum betur um stöðuna þegar við höfum fengið nefndarálitið. Stefnt er að því að það liggi fyrir ekki seinna en í maímánuði. Niðurstaða eða úttekt sérfræðinga sem vinna nú í stofnuninni átti samkvæmt áætlun að liggja fyrir í mars og átti nefndin síðan að ljúka störfum sínum ekki seinna en í maí.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 367. mál (gjald fyrir einangrun). — Þskj. 644. [16:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér yfir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54 frá 1990 sem er 367. mál þingsins og flutt á þskj. 644. Frv. felur í sér tvíþættar breytingar á lögum um innflutning dýra.

Annars vegar er lagt til að aukið verði við 7. gr. laganna málsgrein sem fjallar um töku á gjaldi fyrir einangrun dýra og erfðaefnis í sóttvarnastöð.

Hins vegar er um að ræða breytingu sem leiðir af 4. gr. laga nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í heildarsamtök bænda, þ.e. Bændasamtök Íslands.

Í 4. gr. nefndra laga nr. 130/1994 er kveðið á um að endurskoða skuli öll lagaákvæði þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda.

Í 2. gr. þessa frv. er lagt til að Bændasamtök Íslands eða starfsmenn þess taki við hlutverki því sem starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands er ætlað að hafa með höndum samkvæmt gildandi lögum. Þar er annars um að ræða það hlutverk ráðunauta Búnaðarfélags Íslands samkv. 12. gr. laganna að velja íslensk dýr sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að velja fósturmæður við hugsanlegan innflutning á fósturvísum. Gæta verður þess að verðmætir eiginleikar íslensks búfjárkyns tapist ekki við blöndun við innflutt kyn og er unnt með reglugerð að kveða á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar, telji ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og/eða viðkomandi búfjárræktarnefnd ástæðu til.

Hins vegar er um að ræða ákvæði í 20. gr. sem tryggir aðild Búnaðarfélags Íslands að setningu reglugerðar á grundvelli laganna. Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að Bændasamtök Íslands taki við því hlutverki sem Búnaðarfélag Íslands hafði með að gera samkvæmt lögunum.

Eins og ég sagði áður gerir frv. einnig ráð fyrir því að lögfest verði ákvæði 7. gr. laganna sem kveður á um gjaldtöku fyrir einangrun dýra og erfðaefnis í sóttvarnastöð. 1. gr. frv., ef að lögum verður, gerir ráð fyrir að eigendur dýra og erfðaefnis skuli greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá ber að miða við að tekjur sóttvarnastöðvar standi undir útgjöldum hennar. Hér er því um að ræða svonefnt þjónustugjald en ekki skatt í merkingu stjórnarskrárinnar.

Innflutningur dýra og erfðaefnis er óheimill samkvæmt lögum nr. 54 frá 1990, en unnt er að veita undanþágur frá því banni. Séu dýr flutt til landsins samkvæmt sérstakri undanþágu þar um ber að einangra dýrin svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á sbr. 9. gr. laganna. Aðalreglan er sú að innflutt dýr verða ekki flutt úr sóttvarnastöð. Það á þó ekki við um heimilisdýr sem ekki eru af ætt hóf- eða klaufdýra. Unnt er að veita leyfi til að flytja slík dýr úr sóttvarnastöð en þó ekki fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki, að mati yfirdýralæknis, að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum.

Í Hrísey var fyrir nokkrum árum byggð sérstök einangrunarstöð fyrir gæludýr sem flutt hafa verið til landsins samkv. ákvæðum laga nr. 54 frá 1990, og ég hef hér vitnað til. Hafa dýrin verið vistuð í stöðinni í tiltekinn tíma gegn greiðslu gjalds fyrir fóðrun og umhirðu á einangrunartímanum. Í núgildandi lög um innflutning dýra skortir heimild til slíkrar gjaldtöku. Umboðsmaður Alþingis beindi þeim tilmælum til landbrn. á síðasta ári að það beitti sér fyrir því að lögfest yrði lagaheimild til þeirrar gjaldtöku sem hér um ræðir og er frv. þetta flutt til að verða við þeim tilmælum og tryggja eðlilega framkvæmd málsins.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hæstv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (heildarlög). — Þskj. 642. [16:38]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um náttúruvernd sem flutt er á þskj. 642 og er 366. mál þingsins. Frv. felur í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála auk nokkurra minni háttar efnisbreytinga á lögum um náttúruvernd.

Lengi hefur verið talið brýnt að endurskoða lög um náttúruvernd. Ég taldi rétt að skipta þeirri endurskoðun í tvennt, þ.e. að láta annars vegar endurskoða stjórnskipulag náttúruverndarlaganna og hins vegar lögin í heild sinni og þar með efnisatriði þeirra. Í samræmi við þessa stefnu fól ég starfshópi undir formennsku aðstoðarmanns míns, Guðjóns Ólafs

Jónssonar, að endurskoða stjórnskipan náttúruverndarmála. Auk hans áttu sæti í hópnum Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhvrn., og hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir og Árni M. Mathiesen. Starfshópurinn lagði til ýmsar breytingar á stjórn náttúruverndarmála og gerði það að tillögu sinni að lagt yrði fyrir Alþingi nýtt frv. til náttúruverndarlaga og lagði fram drög að því. Hópurinn lagði áherslu á það í störfum sínum að ná sem víðtækastri samstöðu um breytingarnar og er frv. m.a. unnið í góðri samvinnu við forsvarsmenn Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á stjórn náttúruverndarmála þykja það viðamiklar og snerta að auki flestar greinar gildandi laga þannig að til einföldunar og skilningsauka er lagt fram heildstætt frv. til nýrra náttúruverndarlaga. Frv. snýr þó, eins og ég hef áður greint, einkum að stjórnskipulagi náttúruverndarmála en ekki að efnisatriðum náttúruverndarlaga og reglna um náttúrvernd. Ég vil biðja hv. þm. og hv. umhvn. að hafa þetta í huga við meðferð málsins hér á þingi að þessu sinni.

Ég vil einnig taka fram að með þessu er ekki horfið frá því að endurskoða lögin í heild sinni eins og ég mun koma nánar að síðar.

Allt frá því að sérstakt umhvrn. var stofnað árið 1990 hefur verið lögð áhersla á að laga yfirstjórn og frumkvæði náttúruverndarmála að stofnun þess. Gildandi lög um náttúruvernd eru nr. 47/1971 og eru þau að stofni til frá árinu 1956 en það ár voru fyrstu almennu lögin um náttúruvernd sett hér á landi. Endurskoðun á gildandi lögum um náttúruvernd frá 1971 hefur staðið yfir um alllangt skeið. Þáverandi menntmrh. lagði fram á 107. löggjafarþingi 1984–1985 frv. til nýrra náttúruverndarlaga sem samið var að tilstuðlan náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs. Á 117. löggjafarþingi 1993–1994 var lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd þar sem yfirstjórn náttúruverndarmála var löguð að stofnun umhvrn. og ýmis verkefni færð til þess frá Náttúruverndarráði. Jafnframt voru lagðar til nokkrar breytingar á efnisatriðum laganna. Samkvæmt frv. átti sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, að taka við rekstrarhlutverki Náttúruverndarráðs. Átti stofnunin að annast rekstur þjóðgarða og umsjón friðlýstra svæða og náttúruverndarminja, hafa almennt eftirlit með náttúru landsins og forgöngu um fræðslu. Samkvæmt frv. átti að halda náttúrverndarþing annað hvert ár og skyldi það m.a. kjósa fulltrúa í náttúruverndarráð. Ráðið átti að marka stefnu í náttúruverndarmálum, stuðla að almennri náttúruvernd og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál svo eitthvað sé nefnt. Frv. þetta varð ekki að lögum en var lagt fram að nýju á 118. löggjafarþingi 1994, að mestu óbreytt. Þó voru lagðar til verulegar breytingar á hlutverki Náttúruverndarráðs og ekki gert ráð fyrir að ráðið færi með stjórnsýslu á vegum ríkisins. Það frv. varð heldur ekki að lögum.

Frv. það sem ég mæli hér fyrir og grg. með því er að nokkru byggt á þessum fyrri frv. og þeim grg. sem þeim fylgdu. Þá hefur verulegt tillit verið tekið til umsagna og nefndarálita sem fram komu við meðferð þeirra á þingi. Ég vil þó ítreka það sem ég sagði áðan að til skilningsauka og einföldunar hef ég kosið að leggja fram heildstætt frv. í stað frv. til breytinga á núgildandi náttúruverndarlögum.

Þá er það mat mitt að frv. sé betur úr garði gert nú en áður var, vandaðra og betur unnið. Má sem dæmi nefna að nú eru lagðar til breytingar á sex öðrum lögum auk gildandi náttúruverndarlaga, allt til að gæta samræmis um breytingar á stjórn náttúruverndarmála sem ég mun nánar fjalla um síðar.

Þá var við undirbúning frv. haft samráð við ýmsa aðila er vinna að náttúruverndarmálum, eins og ég greindi frá áðan. Með frv. þessu eru lagðar til verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála. Kveðið er skýrt á um yfirstjórn umhvrh. Undir hans yfirstjórn kemur til ný ríkisstofnun, Náttúruvernd ríkisins, og munu verkefni Náttúruverndarráðs færast til þeirrar stofnunar og ráðherra. Ráðið verður hins vegar ráðherra til ráðgjafar og mun fjalla um allt það er lýtur að náttúruverndarmálum. Eins og áður sagði er í frv. skýrt kveðið á um yfirstjórn umhvrh. yfir málaflokknum og mun hin nýja stofnun, Náttúruvernd ríkisins, starfa undir yfirstjórn hans. Ráðherra mun skipa stofnuninni fimm manna stjórn og jafnframt forstjóra til fimm ára í senn. Hann mun og skipa sex af níu mönnum í Náttúruverndarráð og boða til náttúruverndarþings í stað Náttúruverndarráðs eins og nú er. Umhvrh. mun og fara með heimild til setningar reglugerða, staðfestingar ýmiss konar samninga, ákvörðunarvald um friðlýsingu, stofnun fólkvanga og þjóðgarða og útgáfu náttúruminjaskrár. Náttúruvernd ríkisins mun að öðru leyti taka við daglegum rekstri og verkefnum Náttúruverndarráðs. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stofnuninni fimm manna stjórn að loknum alþingiskosningum, þar af einn samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs og einn samkvæmt tilnefningu samgrh., en telja verður eðlilegt að hann sem yfirmaður ferðamála tilnefni einn mann í stjórnina enda vaxandi þörf fyrir enn frekari samvinnu ferðamála og náttúruverndaryfirvalda. Stjórninni er ætlað að fara með yfirstjórn Náttúruverndar ríkisins, fjalla um starfs- og fjárhagsáætlanir og hafa eftirlit með fjárreiðum og ráðstöfun fjár. Í umboði stjórnar fer forstjóri stofnunarinnar með daglega stjórn hennar.

Í 5. gr. frv. er kveðið mjög ítarlega á um hlutverk Náttúruverndar ríkisins. Stofnuninni er ætlað að annast umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum, svo og eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum.

Þá skal stofnunin hafa eftirlit með umferð og umgengni í óbyggðum, sjá um undirbúning að friðlýsingu svæða og hafa umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráningu náttúruminja. Enn fremur ber Náttúruvernd ríkisins að hafa umsjón með gerð skipulagsáætlana fyrir náttúruverndarsvæði í hennar umsjá í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

Þá verður það hlutverk stofnunarinnar að sjá um fræðslu og rekstur gestastofu á náttúruverndarsvæðum, svo og almenna fræðslu og álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar. Jafnframt skal Náttúruvernd ríkisins, vitanlega í samráði við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, vinna að og hafa eftirlit með friðunar- og uppgræðsluaðgerðum á sviði gróður- og skógverndar, samanber 18. gr. frv. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin skili skýrslum til ráðherra um ástand náttúruverndarsvæða í hennar umsjá og sinni öðrum störfum að náttúruvernd eftir því sem ráðherra kann að ákveða hverju sinni.

Í frv. er að finna ákvæði um umsjón og rekstur friðlýstra svæða, rekstur þjóðgarða, sérstakt ákvæði um gestastofur sem er nýmæli og um framkvæmd eftirlits. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á þremur atriðum sem eru í samræmi við stefnu mína og ríkisstjórnarinnar um að flytja

ábyrgð á stjórn náttúruverndarmála í auknum mæli heim í hérað.

Í fyrsta lagi er kveðið á um heimild til handa Náttúruvernd ríkisins til að fela einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða annarra en þjóðgarða. Um það skal gera sérstakan samning sem ráðherra staðfestir þar sem m.a. skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, framkvæmdir, landvörslu, móttöku ferðamanna, fræðslu- og þjónustugjöld, svo eitthvað sé nefnt.

Í öðru lagi er Náttúruvernd ríkisins heimilt að fela sveitarfélögum eða héraðsnefndum umsjón og rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum.

Í þriðja lagi er stofnuninni heimilt með samningi að fela náttúrustofum sveitarfélaga og náttúruverndarnefndum sveitarfélaganna að annast eftirlit með náttúru landsins. Gert er ráð fyrir að umhvrh. þurfi að staðfesta samninginn en í honum verði m.a. kveðið á um greiðslur fyrir eftirlitið, menntun eftirlitsmanna, skýrslugerð og fleira sem máli skiptir.

Í frv. eru lagðar til verulegar breytingar á skipan og starfsháttum Náttúruverndarráðs. Samkvæmt núgildandi lögum sitja sjö manns í ráðinu. Af þeim skipar ráðherra eingöngu formann, en sex eru kjörnir á náttúruverndarþingi. Sama regla gildir um varamenn. Ráðið fer eigi að síður með margs konar stjórnsýslu á vegum ríkisins. Verði frv. þetta að lögum mun ráðið ekki annast neina stjórnsýslu á þess vegum, heldur vera ráðherra til ráðgjafar, gangast fyrir ráðstefnum og opinni umræðu um náttúruverndarmál og stuðla að almennri náttúruvernd. Daglegur rekstur og verkefni Náttúruverndarráðs mun, eins og áður sagði, færast til Náttúruverndar ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði í framtíðinni skipað níu mönnum til tveggja ára í senn í stað fjögurra ára eins og nú er. Umhvrh. kemur til með að skipa sex í upphafi náttúruverndarþings, fimm að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands, Ferðamálaráðs og skipulagsstjóra ríkisins og formann sérstaklega án tilnefningar. Þrír skulu hins vegar kosnir af Náttúruverndarþingi. Skipan og kosning varamanna verður með sama hætti.

Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir sérstakri skrifstofu eða framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs eins og lagt var til í frv. til breytinga á lögum um náttúruvernd sem lagt var fyrir Alþingi á 118. löggjafarþinginu. Í frv. er lagt til að umhvrh. boði til náttúruverndarþings tvisvar á kjörtímabili. Í fyrra skiptið að loknum alþingiskosningum eða í upphafi kjörtímabils og svo tveimur árum síðar. Með þessu gefst ráðherra kostur á að kynna þeim hagsmuna- og áhugaaðilum sem sinna náttúruvernd stefnu sína á þessu sviði í upphafi kjörtímabils og ræða um framgang hennar og annarra mála á því miðju.

Samkvæmt gildandi lögum boðar Náttúruverndarráð til þingsins þriðja hvert ár. Í frv. er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð undirbúi náttúrverndarþing og leggi fyrir það skýrslu um störf sín. Þingið er umræðuvettvangur hinna ýmsu aðila sem fjalla um náttúruverndarmál og er því ætlað að fjalla um náttúruvernd frá ýmum sjónarmiðum auk þess að kjósa þrjá fulltrúa í Náttúruverndarráð svo sem áður er getið.

Í 14.–25. gr. frv. er að finna ýmis ákvæði um aðgang almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl. Ákvæði þessi eru að mestu samhljóða 11.–20. gr. og 29. gr. gildandi laga, þó þannig að Náttúruvernd ríkisins og umhvrh. taka eftir atvikum við þeim verkefnum sem Náttúruverndarráði er falið samkvæmt gildandi lögum. Breytingar þessar skýra sig að mestu sjálfar og ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þær sérstaklega í þessari framsöguræðu.

Í 26.–28. gr. frv. er fjallað um friðlýsingar og í 29. gr. um stofnun þjóðgarða. Eðlilegt er eftir stofnun sérstaks umhvrn. að umhvrh. fari með heimild til friðlýsingar. Samkvæmt frv. nær heimild þessi til friðlýsingar sérstæðra náttúrumyndana, lífvera, búsvæða þeirra og vistkerfa og landsvæða. Ráðherra ber þó áður að leita tillagna eða álits Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs og verður að telja eðlilegt að leita umsagnar þessara aðila áður en ákvörðun um friðlýsingu er tekin.

Sömu sögu er að segja um stofnun þjóðgarða. Í frv. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að landsvæði þjóðgarða verði í eigu ríkisins nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda. Samkvæmt gildandi lögum skal landsvæði skilyrðislaust vera í eigu ríkisins, þ.e. landsvæði sem er innan þjóðgarða.

Samkvæmt 32. gr. frv. skal umhvrh. gefa út náttúruminjaskrá í stað Náttúruverndarráðs eins og nú er. Gert er ráð fyrir að skráin komi út fjórða hvert ár, þ.e. einu sinni á kjörtímabili í staðinn fyrir þriðja hvert ár eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Náttúruvernd ríkisins mun í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands annast öflun gagna í skrána og undirbúa útgáfu hennar. Náttúruverndarráð skal fjalla um náttúruminjaskrá fyrir útgáfu. Nánari ákvæði um skráningu náttúruminja mun ráðherra setja í reglugerð.

Af öðrum ákvæðum frv. vil ég vekja athygli á 35. gr. Þar er fjallað um svokölluð þjónustugjöld. Samkvæmt greininni getur Náttúruvernd ríkisins ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu stofnunarinnar og aðgang að náttúruverndarsvæðum þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum. Tekjum sem aflað er með þessum hætti skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra var aflað.

Í 41. gr. frv. eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að gera til samræmis við þær breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á stjórn náttúruverndarmála. Þessar breytingar varða lög um bann gegn jarðraski, nr. 123/1940, lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, lög um skipulag ferðamál, nr. 17/1994, og lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995. Samkvæmt frv. mun Náttúruvernd ríkisins taka við því hlutverki og þeim verkefnum sem Náttúruverndarráð sinnir í dag.

Í frv. er gert ráð fyrir að hin nýju lög taki gildi 1. janúar 1997. Frá sama tíma falla úr gildi núgildandi lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða mun umhvrh., ef frv. þetta verður samþykkt sem lög á Alþingi, þegar skipa stjórn Náttúruverndar ríkisins sem hefjast mun handa við að undirbúa starfsemi stofnunaninnar. Jafnframt er ætlunin að fyrsta náttúruverndarþing samkvæmt lögunum verði haldið í janúar 1997. Ráðherra mun boða til þingsins en undirbúningur þess verður í höndum þess Náttúruverndarráðs sem þá er gert ráð fyrir að láti af störfum, þ.e. þess Náttúruverndarráðs sem nú situr.

Eins og ég hef áður sagt tel ég brýnt að efnisatriði laga um náttúruvernd verði endurskoðuð hið fyrsta. Enn brýnna er þó

að ná samkomulagi um stjórnskipan náttúruverndarmálanna eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna er í frv. þessu lítið um efnisbreytingar á gildandi lögum. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um heildarendurskoðun laganna innan tveggja ára frá gildistöku, þ.e. fyrir 1. jan. 1999. Ég mun því á næstu dögum leita eftir tilnefningum í nefnd til þess að vinna að þessu verkefni. Í henni hef ég hug á að sitji m.a. fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, Náttúruverndarráðs, Sambands ísl. sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Bændasamtakanna og umhvrn. Nefndinni er ætlað að skila mér tillögum sínum fyrir áðurgreindan tíma og stefni ég að því að leggja fram á Alþing heildstætt frv. til nýrra náttúruverndarlaga fyrir lok þessa kjörtímabils. Það er að sjálfsögðu hv. Alþingis að taka ákvörðun um hvort það treystir sér til að lögfesta það, en ég tel að það sé orðið brýnt að gera það svo fljótt sem auðið verður.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið helstu atriði þessa frv. til náttúruverndarlaga og leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. umhvn.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er alltaf ánægjuefni þegar hér koma fram mál sem tengjast náttúruverndarmálum og umhverfismálum, ekki síst ef þau hafa verið vel unnin og undirbúin og verið flutt til úrbóta á atriðum í löggjöf eða breytinga á löggjöf. Það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir er vissulega um gildan þátt í umhverfismálum, þ.e. frv. til nýrra laga um náttúruvernd. Það er sannarlega þörf á því að lögin frá 1971 fái heildarendurskoðun og Alþingi afgreiði frá sér nýja löggjöf um náttúruvernd. Ég hef lengi haft áhuga á því að yfir þessi mál verði farið í ljósi þeirra breytinga á stjórnkerfi okkar sem gerðar hafa verið og raunar má segja að það sé mjög sérstakt að lögunum frá 1971 skuli ekki hafa verið breytt svo neinu nemi utan lágmarksbreytinga sem gerðar voru þegar umhvrn. var komið á laggirnar 1990 og þá fyrst og fremst til að ganga þar frá formsatriðum þó einstaka efnisþættir vissulega kæmu inn í málið.

Eins og hæstv. ráðherra gat um hafa áður komið fram í þinginu ein þrjú frumvörp til endurskoðunar náttúruverndarlaga, að hluta þó um breytingu á lögunum en ekki heildarendurskoðun. Þótt þetta frv. sé flutt í þessum búningi er hér, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, um að ræða takmarkaða endurskoðun á gildandi löggjöf en ekki heildarendurskoðun eins og ætla mætti af búningi málsins eins og það kemur fyrir þingið. Mér finnst verulegur ljóður á þessu þingmáli að þar skuli ekki, eftir svo margar atrennur hin síðustu ár að þessari löggjöf, koma fram heildstæð endurskoðun á lögum um náttúruvernd heldur eingöngu tekið á stjórnunaratriðum náttúruverndarmála.

Það er svo að þessi efni er æskilegt að skoða í samhengi og líta á málið í heild sinni. Það kom fram við umræður um þau frumvörp sem flutt voru í tíð síðustu ríkisstjórnar af hálfu margra, þar á meðal margra umsagnaraðila svo og alþingismanna, að mikil nauðsyn væri á því að taka heildstætt á endurskoðuninni. Ég minni t.d. í þessu sambandi á vel rökstudda umsögn frá Ferðafélagi Íslands og forseta þess sem lá fyrir á síðasta þingi og umsagnir margra fleiri aðila sem komu á fund umhvn. eða sendu henni umsagnir. Mér finnst mikill ljóður á þessu þingmáli að það skuli vera svo takmarkað, ekki síst í ljósi þess að um þann þátt sem hér er vísað til sem meginefnisbreytinga, þ.e. breytingar á stjórnunarþættinum, hafa legið fyrir tillögur og hann hefur verið mikið ræddur á undanförnum þingum. Mér hefði fundist eðlilegt að nýr umhvrh. tæki málið þeim tökum að láta fara fram heildarendurskoun og reyna að vinna að því rösklega að hún færi fram, frekar en að fylgja fordæmi forvera sinna að þessu leyti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum með það að svona skuli staðið að máli.

Í því sambandi leyfi ég mér að benda á að það eru fjölmargir þættir þessarar löggjafar um náttúruvernd sem þarfnast brýnt, og ekki síður en stjórnunarþátturinn, að hljóta endurskoðun og taka breytingum í ljósi breyttra aðstæðna. Eins og ég hef oft tekið fram voru lögin frá 1971 framsækin lög á sínum tíma og góð um margt en þó ekki í öllum greinum og það á m.a. við um efnistöku. Ákvæðin varðandi efnistöku og nám jarðefna er þáttur sem er afar brýnt að sé endurskoðaður og ný og hert ákvæði séu sett um út frá nútímalegum viðhorfum. Raunar liggur fyrir þessu þingi frv. til breytinga á lögum um náttúruvernd frá þeim sem hér talar um það atriði sérstaklega og ég veit að af hálfu umhvrn. og hæstv. ráðherra hefur verið lögð áhersla á að á þessum þætti verði tekið og var sérstök ráðstefna haldin um þetta efni á sl. hausti. Og ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum er ekki að finna afstöðu til þess mál sem fyrir liggur? Ég er ekki að biðja um að það verði tekið upp út af fyrir sig, það er tæknilegt atriði hvernig á því er tekið, en mér finnst að það sé a.m.k. óeðlilegt að taka ekki á breytingum um þessi efni með undirtektum við fyrirliggjandi frv. eða með öðrum hætti af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar.

Ég bendi einnig á önnur atriði eins og umferðarrétt almennings því að þó að það sé kannski ekki dagaspursmál, þá er þar um að ræða nauðsyn á endurskoðun. Ég nefni akstur utan vega. Á því er aðeins gripið í frv. Það er aðeins gripið á því efni. Mér finnst að ekki hafi nógu vel til tekist frekar en í fyrri útgáfum frá tíð fyrri ríkisstjórnar að því leyti. Það er knýjandi nauðsyn að það mál sé tekið fastari tökum en gert hefur verið og eitthvað öðruvísi en hér er boðað og það má auðvitað lagfæra.

Sama gildir um umgengni af ýmsum toga varðandi rusl, sorp og annað. Hér er alveg úrelt ákvæði í löggjöf að þessu leyti sem þarf að færa til nútímahorfs, ákvæði um gróðurvernd, um eyðibýli, girðingar og mannvirki í vanhirðu o.s.frv., þannig að það eru hér margir þættir sem þurfa athugunar og breytinga við sem hefði hins vegar ekki þurft að taka mjög langan tíma að endurskoða eða koma með tillögur um þannig að hægt verði að líta á þau. Þetta vildi ég sagt hafa um þennan ramma málsins sem hér liggur fyrir til umræðu.

Ég vil nú snúa mér að frv. eins og það kemur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn. Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra eru þrjú meginatriði sem lagt er til að verði breytt. Það er að sett verði á fót ný ríkisstofnun, Náttúruvernd ríkisins, með fimm manna stjórn og síðan vísað í reglugerð um alla innviði. Og jafnhliða því að stöðu Náttúruverndarráðs verði gjörbreytt frá því sem nú er. Í stað sex manna ráðs auk formanns, ef ég man rétt, er gert ráð fyrir níu manna ráði en fyrst og fremst umræðuhópi án nokkurrar starfsaðstöðu. Um það er ekkert fjallað í þessu frv. og ekki heldur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. þannig að það virðist svo sem aðbúnaður að Náttúruverndarráði sé afar lítilfjörlegur samkvæmt frv. Síðan er í þriðja lagi um að ræða friðlýsingarmálin, undirbúning þeirra og framkvæmd friðlýsinga þar sem þau mál eru færð með ákveðnari hætti en áður var frá Náttúruverndarráði eða stofnun undir ráðuneyti til ráðuneytisins eða ráðherra eins

og það er orðað í frv. Þetta eru þessi þrjú stóru viðfangsefni. Um þau vil ég segja nokkuð.

Varðandi þá útgáfu sem hér liggur fyrir að því er varðar hugmyndina um ríkisstofnun, þ.e. að mynda sérstaka ríkisstofnun, þá finnst mér betri eða má segja skárri í öllu falli svipur á þessu en á fyrri tillögum um þetta efni þar sem gert var ráð fyrir Landvörslu ríkisins með þriggja manna stjórn og hins vegar tiltölulega óskýrum mörkum í mörgum greinum milli þeirrar stofnunar sem gert var ráð fyrir samkvæmt fyrri frumvörpum. Þá er ég að vísa til frumvarpanna frá 1993 og 1994. Það er heldur skýrara greint á milli Náttúruverndarráðs og hennar samkvæmt þessu frv. heldur en þá var gert. Það er út af fyrir sig alveg skoðunarvert að taka mál þeim tökum að mynda ríkisstofnun um þessi efni í stað skrifstofu Náttúruverndarráðs og færa verkefnin með skýrari hætti undir ráðuneytið. Undir það hef ég tekið oft í umræðum um þessi mál og er sjálfsagt að líta á það efni, en spurningin kemur síðan um Náttúruverndarráð og stöðu þess til hliðar við þessa ríkisstofnun.

Nafnið á þeirri ríkisstofnun sem hér kemur er ekki illa til fundið, raunar hef ég einhvern tíma heyrt það fljúga fyrir áður, og mér finnst það vel geta hæft þeirri stofnun sem á að fjalla um náttúruverndarmálefni hliðstætt því sem er um Hollustuvernd ríkisins að gefa því nafnið Náttúruvernd ríkisins. En mér finnst skýringar um það hvernig á að byggja þessa stofnun upp í einstökum atriðum vera afar lítilfjörlegar samkvæmt frv., enda nánast vísað í reglugerð. Og í greinargerð með frv. er ekkert bitastætt að finna frekar um hugmyndir um uppbyggingu stofnunarinnar og aðbúnað nema ef taka ætti alvarlega þau orð sem standa í umsögn fjmrn. um starfsaðstöðu og þess háttar, reyndar orð eða umsögn sem er unnin í samvinnu við umhvrn. eftir því sem þar stendur, en þar er því í rauninni slegið nokkurn veginn föstu að menn ætli að komast af með sama fjármagn og hefur runnið til Náttúruverndarráðs í öllum aðalatriðum og ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna frv. þannig að ekki horfir það til mikillar rýmkunar á fjárhag stofnunarinnar. Mér finnst það mjög merkilegt að það skuli a.m.k. ekki í greinargerð með frv. koma upplýsingar um með hvaða hætti hugmyndin er að byggja þessa stofnun upp skipulagslega og eitthvert mat á nauðsynlegri starfsaðstöðu því að þörfin blasir við á fjölmörgum sviðum að bæta þarna um frá því sem nú er á skrifstofu Náttúruverndarráðs. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir þessu í umræðu. Það er óhjákvæmilegt að þingnefnd sé einhver grein gerð fyrir því með hvaða hætti sé hugsað að taka á þessu.

Þá vil ég koma að hugmyndinni um stjórn þessarar stofnunar, en það finnst mér eitt það lakasta sem er að finna og nokkuð óvænt að sjá koma fram í frv., þ.e. með hvaða hætti hugmyndin er að setja þessari stofnun stjórn. Það er auðvitað alltaf álitamál hvernig á að skipa stjórnir ríkisstofnana og líka eins og rætt var í þinginu í gær hvaða ríkisstofnunum á að setja stjórnir, eða hvort eigi að gera það að almennri reglu. Hér er gert ráð fyrir því að umhvrh. skipi þrjá menn í stjórnina, Náttúruverndarráð tilnefni einn og svo á að koma ráðherra úr óskyldum málaflokki, samgrh., og skipa fimmta manninn. Mér finnst alveg meiri háttar tíðindi að sjá þetta. Að vísu örlaði á svipuðum tillögum í fyrri frumvörpum en ég hélt að það hefði verið nógsamlega rætt til þess að hæstv. ráðherra færi ekki að taka undir slíkar tillögur. Það stendur í greinargerð einhvers staðar sem skýring á þessari tillögu um sérstakan vaktmann samgrn. í stjórn Náttúruverndar ríkisins að samgrh. fari með stóra málaflokka, t.d. vegamál og ferðamál. Rétt er það, vissulega. Hann fer líka með hafnamál og margt fleira sem mætti þar til nefna. Auðvitað er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við samgrn., ekki síst með tilliti til ferðamála. Það er alveg rétt eins og við svo fjölmörg önnur ráðuneyti, t.d. landbrn. vegna þeirrar skörunar sem þar hefur verið og enn virðist eiga að halda uppi í sambandi við gróðurverndarmálin, þar á meðal skógvernd. Mér finnst ekki nein skýr rök fyrir því og ekki hægt að taka undir þá tillögu að það sé ætlast til að ráðherra úr öðrum málaflokki, í rauninni hagsmunatengdu ráðuneyti að því er varðar umhverfimálin, þ.e. þar sem um hagsmunaárekstra getur vissulega verið að ræða í ýmsum greinum. En það á svo við mörg önnur ráðuneyti. Og ég spyr: Af hverju ekki eins menntmrh. varðandi þann gilda og þýðingarmikla þátt sem er fræðsla um náttúruvernd í hinu almenna skólakerfi sem er einhver brýnasti þátturinn til að renna skoðun undir aukinn skilning uppvaxandi fólks í landinu á gildi náttúruverndar og þýðingu náttúruverndar fyrir nútíð og framtíð? Af hverju ekki menntamálaráð? Það væri þá eitthvað hlutlausari aðili, skulum við segja, að því er varðar náttúruverndarmálin. Ég vara mjög eindregið við að ætla að hafa þennan hátt á í sambandi við uppbyggingu á stjórn þessarar ríkisstofnunar. En um þessi efni sem og önnur er varða frv. verður auðvitað fjallað í þingnefnd og er sjálfsagt að líta á það. Ég tel að þarna hafi óhönduglega til tekist í tillögugerð og menn þurfi að skoða þetta opnum huga í þingnefnd.

Í sambandi við Náttúruverndarráð þá finnst mér að það þurfi að líta á hugmyndina að baki Náttúruverndarráði kannski með svolítið öðrum hætti heldur en gert er í þessu frv. Það er verið að mynda sérstaka ríkisstofnun undir skýru forræði ráðuneytis og það eru rök fyrir því. En síðan er Náttúruverndarráði ætlað að starfa sem umræðuvettvangur til þess að fjalla um náttúruvernd í víðu samhengi og þá er eftir sem áður ráðherra ætlað að skipa formann og varaformann í þetta ráð og síðan á að leita til sérfræðistofnunar eftir tilnefningu og þrír eiga að verða kosnir á náttúruverndarþingi. Ég varpa í fullri vinsemd fram þeirri hugsun hvort það gæti ekki verið skynsamleg ef menn halda Náttúruverndarráði sem umræðuvettvangi og ég hefði viljað sjá það þá til hliðar við þessa ríkisstofnun sem vökumanni í náttúruverndarmálum í víðu samhengi, eins konar samvisku, til þess að veita stjórnvöldum aðhald og koma fram með tillögur og standa að bæði umræðu og fræðslu eftir því sem möguleikar þess leyfa í þjóðfélaginu en vera ekki svona kerfisbundið eins og þarna er hugmyndin að byggja ráðið upp.

Það kæmi að mínu mati fyllilega til greina að náttúruverndarþingið kysi þetta ráð í heild sinni og þar á meðal formann þess sérstaklega ef menn vilja leggja þá áherslu á forustu í ráðinu og að ráðið sé þannig í rauninni frjáls vettvangur almennings í landinu að svo miklu leyti sem það endurspeglast í setu og þátttöku í náttúruverndarþingi sem er svo mál út af fyrir sig hvernig eigi að vera skipað og hverjir eigi að koma þar að máli. Ég óttast að þetta verði dálítið stirt og kerfisbundið undir ráðuneytinu eins og þetta er sett fram þarna og bið menn í allri vinsemd að hugleiða málið, ef menn ætla að fylgja þessum ramma að öðru leyti sem hér er fyrir lagður.

Ég held að það væri í rauninni mjög æskilegt að geta viðhaldið þessum félagslega þætti náttúruverndarmálanna með góðu samstarfi við áhugamannahreyfinguna, með fólk sem víðast af landinu og þá sem eru að sýsla um umhverfis-

verndina. Náttúruverndarþingið hefur reynst vera gagnlegur vettvangur og góður til þess að ræða og sumpart takast á, m.a. við opinbera embættismenn sem þar hafa setið með málfrelsi og tillögurétti. Ég get tekið undir að halda þeim vettvangi og halda Náttúruverndarráði sem vökuaðila þessara mála, en þá verður líka að búa sæmilega að þessu ráði eða a.m.k. þannig að það sé ekki bara skilið eftir og látið á guð og gaddinn eins og ætla má af þessu frv. því að það er hvergi neitt að finna um starfsaðstöðu fyrir þetta ráð. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að Náttúruvernd ríkisins taki við húsnæði Náttúruverndarráðs og skrifstofunni sem nú er og er áætlað að það fari svona 1,5–2 millj. kr. til þess að standa undir kostnaði við það. Það er hvergi kveðið á um starfsmann. Því eru ætlaðar einhverjar tekjur frá Endurvinnslunni sem er harla lítið eins og verið hefur og óvisst með það. Að öðru leyti er lítið að hafa úr greinargerð um það hvernig menn ætla að ætla þessu ráði yfirleitt að starfa.

Ég efast líka um þessa tilnefningarleið sem þarna er farin frá tilnefndum fimm stofnunum eða svo, fjórum eða fimm stofnunum sem gert er ráð fyrir. Þetta tel ég að þurfi umhugsunar við og það þurfi að gaumgæfa þetta miklu betur heldur en fram kemur í þeim texta sem hér liggur fyrir.

Virðulegur forseti. Það eru vissulega fleiri þættir sem ég vildi ræða ef tími minn leyfir.

(**Forseti** (ÓE): Hann leyfir það.)

Þá vil ég koma þeim líka á framfæri en það var um þessi ...

(**Forseti** (ÓE): Ég bið nú afsökunar. Tíminn er liðinn.)

Það var það sem ég hafði haldið, virðulegur forseti, en ég hef mögguleika til að koma að nokkrum atriðum. Ég hef fjallað um burðarvirkin í þessu frv. ef má gefa því það gott nafn að tala um burðarvirki. Mér finnst sumir hornsteinanna vera heldur á lausri jörð og hefði viljað sjá ýmislegt með öðrum hætti, en ég er viss um að ráðherra bregst við því sem hér hefur fram komið og eftir atvikum aðrir þingmenn. En ég mun bæta kannski nokkru við síðar í umræðu.

[17:19]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru nokkur orð til viðbótar út af athugasemdum hv. 4. þm. Austurl. sem ég þakka út af fyrir sig fyrir. Ég þakka fyrir áhuga hans á þessu máli og að hann skuli sýna það hér í ræðu. Það kemur mér út af fyrir sig ekkert á óvart því að ég veit um áhuga hans á málaflokknum og hef heyrt viðhorf hans til sumra þessara mála áður. Við höfum áður rætt um það á þingi í tíð þessarar ríkisstjórnar einhvern tíma á upphafsdögum hennar, líklega í fyrirspurn, hvernig sá sem hér stendur hygðist taka á málum eða lögum um náttúruvernd og þar með auðvitað á málefnum Náttúruverndarráðs og náttúruverndarmálunum almennt.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það sé brýnt að ná fram breytingum á þessum stjórnþætti. Stjórnskipun þessara mála er eðlilega með þeim hætti frá fyrri tíð, óskylt því sem hefur í raun gerst eftir að umhvrn. sem slíkt tekur til starfa, og ég held reyndar að það sé í sjálfu sér ekki neinn ágreiningur um að á því þurfi að taka. Ég gerði mér líka vonir um það og geri það enn að vegna þess einmitt að þessi hlið málanna hefur tvívegis verið til umfjöllunar í þinginu, í tíð fyrri ríkisstjórnar, þ.e. að taka á stjórnskipunarþættinum, þá mundi það geta gengið hraðar fram nú í hv. þingi þannig að taka á honum. Ef ég hins vegar hefði valið þann kostinn að fara strax í heildarendurskoðun á öllum lagaatriðunum, þ.e. heildarskoðun með efnisatriðunum umfram þennan stjórnskipunarþátt, þá hefði það tekið miklu lengri tíma og mun gera það. Ég er fullviss um það eins og ég líka gat um í ræðu minni. Ég vil gera það og tel að það sé nausynlegt og brýnt að fara í það einnig og veit að það er búið að vinna í því máli töluverða undirbúningsvinnu. Það eru ýmsir þættir sem þar hafa verið til skoðunar, bæði hjá Náttúruverndarráði, hjá ýmsum áhugaaðilum og áhugasamtökum um náttúruverndarmál og í ráðuneytinu sjálfu, einmitt þættir sem hv. þm. nefndi og ég kem aðeins að síðar.

En niðurstaðan varð þessi og af hreinum praktískum atriðum talið skynsamlegra að fara þó fram með frv. í þessum búningi eins og hv. þm. gerði þó örlitla athugasemd við, að því skyldi vera valinn þessi búningur, af því að ekki var og ekki er um heildarendurskoðun að ræða. Ég tek undir það að vissulega er það álitamál og forverar mínir höfðu ekki valið þennan kostinn, heldur fluttu þeir, ef ég veit rétt, breytingar við lögin frá 1971. Og þess vegna bað ég um það áðan að hv. þingmenn og hv. nefnd sem fær málið til skoðunar tækju það til umfjöllunar með þeim fyrirvara að fjöldinn allur af atriðum sem hér eru sett fram í einstökum greinum eru í sumum tilfellum alveg óbreytt frá því sem er í gildandi lögum og hefði þess vegna ekki þurft að setja fram heildstætt frv. En þar sem stjórnskipunarbreytingin kemur svo víða við þá voru menn sammála, bæði þeir sem unnu að undirbúningi frv., nefndin sem vann að undirbúningi þess og aðrir ráðgjafar sem að því komu og töldu að þetta væri miklu aðgengilegra og betra form en um það geta auðvitað verið skiptar skoðanir. Ég tek að hluta til undir þessa athugasemd hv. þm. um það að búningurinn gefur kannski tilefni til þess að álíta að hér sé heildstæð endurskoðun sem er í raun ekki.

Þetta var það sem hv. þm. nefndi fyrst. Ég hef líka í öðru lagi gert grein fyrir þeirri afstöðu minni að gera þetta í tveimur áföngum á þennan hátt sem hér er lagt upp með. Og þó þar sé farið í fótspor forvera minna í umhvrn., þá hef ég gert mér vonir um að það gæti flýtt fyrir afgreiðslu þessa máls að þingið og þingnefnd er búin að fjalla um hliðstæð mál þótt þau hafi verið með nokkuð öðrum hætti, en mál hliðstæð því sem hér er lagt fram.

Í þriðja lagi nefndi hv. þm. nokkur efnisatriði sem vissulega er þörf á að taka á. Það er sjálfsagt orðið mjög brýnt að taka á ýmsum úreltum ákvæðum í eldri lögum og þess vegna má það ekki dragast að þessi endurskoðunarvinna fari í gang og er vonandi að henni ljúki líka sem fyrst þó ég hafi ekki gert mér vonir um að það gæti tekið skemmri tíma en kannski eitt og hálft til tvö ár, tvö ár þannig að við gætum fengið inn í þingið frv. e.t.v. um áramót 1998/1999. Það væri gott ef það gæti orðið fyrr, ég mundi að sjálfsögðu ekki harma það, heldur fagna því mjög, en veit að þetta tekur allt sinn tíma.

Hv. þm. nefndi sérstaklega þá þætti sem námuvinnslu og námaleyfi varðar og er vissulega brýnt mál að taka á. Í framhaldi af þeirri ráðstefnu eða því þingi, sem hv. 4. þm. Austurl. gat um í ræðu sinni áðan, höfum við fjallað um málið í ráðuneytinu og átt í viðræðum og bréfaskiptum við Náttúruverndarráð og fleiri hagsmunaaðila um það hvernig að því verði staðið. Ég sé það fremur fyrir mér að það verði að fara í þessa heildarendurskoðun, þó ég útiloki ekki að hægt sé að taka á þeim málum sérstaklega, þó það væri alveg eindregin niðurstaða okkar að setja það ekki inn í þetta frv., sumpart af ótta við að það kynni að leiða til þess að menn færu þá út fyrir það að hér er verið að fjalla um stjórnskipun

og taka hina ýmsu þætti inn í þetta og halda áfram að bæta eða staga í eldri lög sem ég held að sé ekki góður kostur, heldur væri betra ef hægt væri að taka þetta með heildstæðu formi.

Í fjórða lagi nefndi — ég hef merkt þetta í töluröð sjálfur, það var ekki beinlínis það sem hv. þm. gerði í ræðu sinni en eins og ég nóteraði hjá mér þessi efnisatriði hans, þá talaði hann í fjórða lagi um þrjá þætti frv. sem eru vissulega allir mikilvægir og það sem verið er að taka á er hin nýja stofnun, þ.e. hlutverk Náttúruverndarráðsins eins og það verður eftir breytinguna og síðan hvernig staðið verður að friðlýsingarmálunum sjálfum. Aðeins fyrst um stofnunina, Náttúruvernd ríkisins, sem hér er gert ráð fyrir að setja á fót. Ég tel eðlilegt að það sé gert á þennan hátt. Mér finnst eðlilegt að þessi stofnun heiti Náttúruvernd ríkisins. Mig minnir að það hafi verið talað um landvörslu áður og einhver hlutaverkefni af því sem þessi stofnun þarf að fara með. Ég tel eðlilegt að hún beri þetta nafn og fjalli um málin öll í heild sinni sem undir hana eiga að falla, en við höfum vissulega ekki gert ráð fyrir því að með þeirri breytingu, sem er fyrst og fremst stjórnskipunarbreyting, sé um að ræða gjörbreytt eða stóraukin umsvif. Eins og hv. þm. bendir réttilega á er ekki gert ráð fyrir því.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að draga það inn í þessa umræðu, þó að það megi og þurfi því miður oftast nær að fylgja þegar rætt er um starfsemi opinberra stofnana, að við erum í þessari fjárhagsglímu sem ríkissjóður stendur í, ekki bara um þessar mundir heldur er búinn að vera í undanfarin ár, og við ætlum að halda áfram þeirri glímu, þ.e. að reyna að ná ríkissjóði hallalausum þannig að það gefur ekki mikið svigrúm til þess að auka umsvif opinberra stofnana. Hér er fyrst og fremst verið að breyta stjórnskipuninni en í öllum höfuðatriðum er gert ráð fyrir því að starfsemin verði með svipuðu sniði. Ég veit þó að Náttúruverndarráð og hin væntanlega stofnun, Náttúruvernd ríkisins, hefur við að glíma mörg viðfangsefni sem þyrfti að taka enn fastari tökum heldur en gert hefur verið og væri vissulega ekki á móti því að geta eflt það starf og aukið á einhvern hátt en ég er ekki svo bjartsýnn að ég geri mér vonir um það eins og sakir standa, hvað svo sem framtíð ber í skauti sér með batnandi þjóðarhag. Ég veit að umhverfismálin í heild sinni og ekki kannski hvað síst náttúruverndarmálin hafa vaxandi fylgi í hugum þjóðarinnar og ég hygg að það gefi þess vegna möguleika fyrir þá sem fást við þessi mál á komandi árum að efla þennan málaflokk og taka hann enn fastari tökum en mönnum hefur þó tekist hingað til.

Það geta verið og eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir um það hvernig eigi að standa að því að skipa menn í stjórnir stofnana, í fyrsta lagi hvort þær yfirleitt eigi að vera með stjórnir. Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að Náttúruvernd ríkisins sé skipuð stjórn. Það er mín eindregna skoðun. Síðan geta alltaf verið uppi ótal álitamál um það hvernig eigi að skipa þær stjórnir og hverjir eigi að eiga aðild að því. Niðurstaða mín varð sú að ferðamálin væru mikilvægur þáttur í sambandi við umhverfismál og miklu máli skipti að þar væri góð og traust samvinna milli ferðamálaþáttarins og náttúruverndarinnar. Fyrir því er hægt að rekja ýmis dæmi, en ég held að það sé ekki þörf á því, enda undirstrikaði hv. þm. það líka í sinni ræðu að mikilvægt væri að það væri gott samspil milli ferðamála og umhverfismála þó að hann væri ekki sammála því að það ætti endilega að gerast á þann hátt sem hér er lagt til, að samgrh., ráðherra ferðamála eins og það hefur þróast í okkar stjórnskipun, ætti að skipa í þessa stjórn. Ég endurtek að um það geta alltaf verið skiptar skoðanir, hvernig eigi að standa að því. Landbrh. ætti kannski alveg eins að eiga þarna fulltrúa og menntmrh. og minnugur þess að til skamms tíma heyrði þessi málaflokkur að verulegu leyti undir menntmrh., þá má kannski segja að það hafi ekki verið og sé ekki fráleit hugmynd eða hugsun og mikilvægi þess að innprenta þjóðinni, æsku landsins, strax í upphafi mikilvægi fyrir náttúruverndarmálum. Ég tek algjörlega undir þau sjónarmið. En þetta varð niðurstaða okkar. Ég minni á að þarna er líka um að ræða þrjá fulltrúa sem skulu skipaðir í stjórnina án tilnefningar. En auk samgrh. er það síðan Náttúruverndarráð sem skal tilnefna í stjórnina og þannig tengist alveg ótvírætt inn í stjórn hinnar nýju stofnunar.

Síðan ræddi hv. þm. um Náttúruverndarráðið sjálft og vissulega má segja að það fær mjög breytt hlutverk. Ráðið verður ráðgefandi. Það er hópur áhugafólks og samtaka þeirra aðila og einstaklinga, sem vilja vinna að og leggja áherslu á náttúruverndarmálin, umhverfis- og náttúruverndarmál, sem kemur saman á náttúruverndarþingi og starf þess verður sjálfsagt að mótast nokkuð í þeim nýja búningi sem þetta frv. gerir ráð fyrir og þá einnig sjálfstæði þess gagnvart ráðuneyti og ráðherra. En þó er skýrt kveðið á um það í frv. að þetta nýja ráð skuli vera ráðgefandi aðili og það hefur auðvitað líka umsagnarskyldu, bæði umsagnarrétt og umsagnarskyldu og vöktunarhlutverk samkvæmt ýmsum greinum frv. sem ég ætla ekki að eyða tímanum í enda sé ég að hann er að renna út frá mér. Það er hægt að fletta því upp og lesa það, en það hefur margvíslegu hlutverki að gegna. Ég hygg að það megi finna ýmsar hliðstæður fyrir slíkum ráðgefandi nefndum í öðrum málaflokkum sem hafa þá svipaða starfsaðstöðu og þetta ráð þarf að koma sér upp, jafnvel að einhverju leyti starfa þá í tengslum við viðkomandi ráðuneyti. Ég þykist muna það að nefnd sú sem starfar samkvæmt lögunum um vernd og veiðar villtra fugla og dýra — ég fer kannski ekki alveg rétt með nafnið eða heitið á þessum lögum en þar er ráðgefandi nefnd sem starfar í nánum tengslum við ráðuneytið og hefur haft starfsaðstöðu þar inni án þess að ég sé á þessu stigi beinlínis að boða það eða bjóða. Ég held að þetta sé eitthvað sem við þurfum bara að skoða og ræða. Ég óttast í raun ekki að það finnist ekki á því einhverjar viðunandi lausnir. Þá getur menn líka greint á um það hvernig svona ráð á að vera skipað. Ég hygg að það sé rétt að formaður sé eftir sem áður skipaður af ráðherra og það sé tryggt að inn í ráðið komi ákveðin sjónarmið með tilnefningum frá ýmsum aðilum. En hvort þeir eiga að vera fimm og þrír kosnir eða fjórir tilnefndir og fimm kosnir eða öfugt, ég get lýst því yfir hér að ég er tilbúinn til þess að hugleiða þau mál og skoða það nánar hvernig að því skuli best staðið og treysti nefndinni til að vinna vel úr þessu máli. Frv. þetta er mikilvægt mál. Það er mikilvægt að það nái fram að ganga og ég treysti því og vonast til þess og veit að nefndin vinnur vel en ég vona líka að hún treysti sér til að vinna þetta mál hratt þannig að við náum að lögfesta það fyrir vorið.

[17:34]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir það svolítið leitt að ekki skuli vera meiri þátttaka í umræðum um þetta mikilvæga mál. Mér finnst málaflokkurinn verðskulda að hann sé ræddur hér og gaumgæfður og að umhvn. fái veganesti frá þingheimi en það sé ekki sá sem hér talar, sem er jú nefndarmaður í þeirri

þingnefnd, sem er að lýsa viðhorfum sem auðvitað má koma á framfæri í nefndinni en ég mundi þó að sjálfsögðu engu að síður koma á framfæri hér inni í þingsal líka vegna þess að mál þetta á að ræða opið. Ég vil því nota tækifærið til þess að bæta við svolitlu frá því sem ég gerði í fyrri ræðu minni jafnhliða því sem ég drep á kannski fáein atriði sem hæstv. ráðherra nefndi í sínu máli og ég þakka honum fyrir viðbrögð.

Það sem kannski er ástæða til að nefna sérstaklega í því samhengi og tengist framsögu hæstv. ráðherra er sú hugsun að taka þennan þátt núna sérstaklega út úr. Hann er undirbúinn af tveimur hv. þm. ásamt embættismönnum og síðan á að skipa nefnd með breiðum tilnefningum til að endurskoða lögin þannig að tillögur gætu legið fyrir að tveimur árum liðnum, einu og hálfu til tveimur árum. Mér finnst þetta vera mjög skothend vinnubrögð og það m.a. í ljósi þess sem var undirstrikað af nokkrum hv. þm. við umræður fyrr í dag um frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Þessi mál hafa ekki fengið umfjöllun í þinginu eða í þingnefnd eftir skýrum flokkspólitískum áherslum eða línum eins og það er stundum kallað. Það stafar kannski af því að flokkarnir hafa ekki nógu skýra stefnu hver og einn til þess að skapa slík átök enda eru þau ekki það sem maður er að lýsa eftir eða eru ákjósanleg endilega. Þvert á móti er mjög gott ef hægt er að vinna málin án þess. En þess vegna hefði ég í sporum hæstv. ráðherra kallað til fólk til þess að draga inn sjónarmið víðar að heldur en frá stjórnarliði eingöngu í þessu máli og fyrirspurn mín fyrr á þinginu þar að lútandi var einmitt til að hvetja til þess að málin yrði tekin þeim tökum til þess að greiða fyrir endurskoðun löggjafar um þessi mál. En þá boðaði hæstv. ráðherra eitthvað í þá veru sem síðan gekk eftir og liggur hér fyrir í þessum búningi. Mér finnst þetta svolítið aftan að siðunum farið að ætlast síðan til þess, eftir að þetta mál hefði fengið afgreiðslu, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, að þá verði leitað til þingflokka til þess að fjalla um það sem eftir stæði, allra þingflokka á Alþingi. Það er eitthvað svolítið súrt í þessu og ekki alveg með þeim hætti sem farsælt gæti talist vegna þess að ég held að það hefði greitt fyrir málinu, og eins á fyrra kjörtímabili, ef það hefði verið fært til enda sem þáv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, reyndi, að setja niður nefnd með fulltrúum þingflokka sem síðan var afmunstruð í miðjum klíðum, kannski með þeim afleiðingum að við stöndum hér og erum að ræða frv. um sömu efni í þriðja sinn og þriðja búningi, þeir sem hafa fylgt þessari umræðu eftir og verið þar þátttakendur. En ekki meira um það. Ég er ekkert að kveinka mér í þessu. Ég tek þessu máli eins og það kemur en þá hefur maður því miður ekki haft þá aðstöðu að koma að sjónarmiðum í gegnum sinn þingflokk sem hugsanlega hefði átt að vera þarna þátttakandi og hefði að mínu mati verið mjög réttmætt, sem og aðrir þingflokkar á Alþingi. En kannski reynir á þetta áður en lýkur.

Varðandi stjórn Náttúruverndar ríkisins vil ég aðeins undirstrika það að jafnhliða og samvinna við önnur ráðuneyti og stofnanir, rannsóknarstofnanir sem aðrar, er auðvitað nauðsynleg og sjálfsögð í stjórnkerfinu, þá er það ekki góður svipur af því eða skynsamlegt að fara að kalla yfir sig tilnefningar annarra ráðuneyta inn í stjórnir. Mér er ljóst að þetta hefur verið gert í fyrri tíð í einstökum tilvikum. Ég minnist þess að fjmrn. var sums staðar inni með fulltrúa ásamt fagráðuneyti svona til að vakta, það var einkum þar sem um eignarhlut var að ræða í fyrirtækjum eða við slík tilvik. En þetta er ekki algengt í okkar stjórnkerfi, það fullyrði ég. Og svo mikilvægt sem það er að samþætta ferðamál eins og meðferð auðlinda almennt og þar með atvinnumálin umhverfismálum og viss viðleitni er í gangi þar að lútandi, þá getur það gerst með öðrum og skynsamlegri hætti heldur en hér er verið að efna til.

Ég vil nefna í sambandi við friðlýsingarmálin svona aðeins til umhugsunar að það má vel búa við kerfi ekki ósvipað því og hér er verið að leggja til. Mér finnst hins vegar svolítið sérkennilegt hvernig efnt er til samráðs eða tillögugerðar um þessi efni og valið er úr. Það má segja að Náttúruverndarráð sé eðlilegur aðili. Spurning hvort á að lögbjóða það. Og sama gildir í sumum greinum um stofnun eins og Náttúrufræðistofnun Íslands sem að sjálfsögðu er mikilvægur aðili sem undirstöðustofnun í náttúrufræðum. En ég spyr t.d. um náttúrustofurnar. Þær eru ekki nefndar þarna og ætli það séu ekki býsna margir aðilar sem teldu sig hafa orð að leggja í belg í sambandi við æskilega friðlýsingu og verndun lands. Ég gæti nefnt þar marga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Jarðfræðistofnun Háskólans, Líffræðistofnun Háskólans, svo örfá dæmi séu nefnd, um aðila sem fjalla um mál og búa yfir þekkingu sem getur gagnast að þessu leyti. Því held ég að það sé skynsamlegt að líta aðeins yfir þessi atriði svolítið betur, aðallega út frá þeirri forsendu að enginn finni sig afskekktan sem á að hafa aðgang að máli.

Ég vek athygli á því að náttúrustofur landshlutanna, sem ég kalla stundum svo en í frv. eru kallaðar náttúrustofur sveitarfélaga, sem ég held að sé nú ekki alveg réttnefni samkvæmt lögunum, það eru þær stofnanir sem hafa langskýrustu hlutverki að gegna sem stuðningsaðilar við náttúruvernd vítt um landið og eiga að koma inn í bæði friðlýsingarmál og eftirlit beinlínis samkvæmt lögunum. En þær eru hvergi nefndar á nafn í sambandi við friðlýsingarmálin. Ég held því að þetta þurfi svolítillar skoðunar við.

Síðan örstutt, virðulegur forseti. Það eru hér nokkur efni sem ég vil nefna. Að ætla að stofnsetja þjóðgarða utan ríkislanda, þ.e. á landi sem ekki er í ríkiseign. Mér finnst það mikið álitamál hvort á að hverfa að því ráði. Ég er ekki viss um að það sé til bóta þó það hafi vissar jákvæðar hliðar. Varðandi samninga við aðra aðila um eftirlit og slíkt þá getur það verið ágætt ef vel er um það búið og góð samvinna um það efni, tryggilega frá því gengið. Að aðrir en ríkið geti staðið að rekstri gestastofa, það tel ég út af fyrir sig jákvætt. Síðan kemur ákvæðið um gjaldtökuna, aðgangseyri að svæðum þar sem spjöll hafa orðið eða eru yfirvofandi. Þetta finnst mér alveg furðulega „frumleg" tillaga. Mér finnst einkennilegt ef menn ætla að fara að afla tekna með þessum hætti eða gera sér vonir um það því ég held að þetta gefi minna en ekki neitt. Almennt séð er ég ekki meðmæltur því að þannig sé staðið að málum. Síðan varðandi eftirlitið, þá er erfitt að átta sig á hvað átt er við með sérstöku eftirliti greiddu af framkvæmdaaðilum (Forseti hringir.) og síðan er hér annað eftirlit sem á að setja gjaldskrá um en samkvæmt umsögn fjmrn. virðist það eiga að vera kostnaðarlaust, unnið sem sagt af öðrum þannig að þetta rímar ekki alveg saman.

Um umsögn fjmrn. þyrfti ég að halda aðra ræðu, virðulegur forseti. Það verður að gera við annað tækifæri. Það er satt að segja alveg dæmalaust fylgigagn, sagt að það sé unnið í samráði við umhvrn. Ég vona að það sé ekki rétt umhvrn. vegna og ég hefði þar margar athugasemdir að gera en ég að sjálfsögðu tek ekki tíma í það.

[17:46]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt. Út af fyrir sig ætla ég ekki að taka upp aftur það sem við erum búin að tala um áður eins og í sambandi við tilnefningar og stjórnunarþættina og þau mál en það voru tvö atriði sem komu fram í lok máls hv. þm. Það var annars vegar spurningin um þjóðgarðana á landi sem ekki er í ríkiseign. Ég tel að þetta geti í mörgum tilfellum verið til bóta, nauðsynlegt í sumum tilvikum til þess að koma á þeirri friðlýsingu sem menn vildu gjarnan og teldu nauðsynlega en eiga í erfiðleikum með að öðru leyti vegna sérstakra aðstæðna. En mér er ljóst að þetta er erfitt ákvæði í framkvæmd. Það verður erfitt að framkvæma það og þarf að ganga mjög vel frá hnútunum til þess að það lendi ekki í einhverjum erfiðleikum síðar. Ég held að það sé til bóta að hafa þennan möguleika. Ég er ekki að segja að það eigi almennt að hafa það svo eða nýta hann, ég held að hitt eigi að vera meginreglan. Mér er ljóst að þar sem svo kann að vera að einkaeign er á landi eða landshluta innan þjóðgarða þá þarf að ganga mjög vel frá þeim málum.

Hitt var ákvæðið um gjaldtökuna. Við verðum sennilega að eiga orðaskipti um það betur síðar við hv. þm. því ég veit að hann getur ekki svarað mér en mér var ekki alveg ljóst hvað hann var að fara, hvort hann er almennt á móti því að gjald sé tekið fyrir notkun, umgengni um land eða notkun. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ættum að taka gjald af notendum. Ég veit ekki hvort það er rétt að segja notendur, þ.e. ferðamenn og aðrir þeir sem fara um landið og ganga um viðkvæma staði sem nauðsynlegt er að leggja í töluverðan kostnað við að varðveita og halda í lagi. Mér finnst eðlilegt og nauðsynlegt að við heimilum gjaldtöku í slíkum tilvikum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og er það áfram. Um formið á þessu getum við sjálfsagt rætt eitthvað nánar. Það eru þessi ströngu ákvæði um að til þess að það verði ekki skattur þá megi aldrei innheimta nema til þess að láta það renna til þess sama svæðis sem verið er að innheimta gjaldið af þannig að það sé verið að greiða fyrir þá þjónustu sem þar er veitt eða vörslu á því landi sem um er að ræða. Það þrengir þessa stöðu mjög frá því sem ég gæti hugsað mér persónulega að sjá, en mér er alveg ljóst hitt viðhorfið, að gjaldtaka umfram það sem varðar viðkomandi svæði og kostnað af því getur samkvæmt skilgreiningu flokkast sem skattheimta og þar torveldar það okkur málið. Ég ætla að láta þetta duga núna, hæstv. forseti.

[17:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki svo að frv. sé með heimild til almennrar gjaldtöku. Ég væri ekki meðmæltur því heldur en það er með þessa heimild til takmarkaðrar gjaldtöku. Í 35. gr. segir, með leyfi forseta:

„Náttúruvernd ríkisins getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu stofnunarinnar." — Það er þjónusta. — „Þá getur Náttúruvernd ríkisins enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Tekjum skv. 1. mgr. skal varið til eftirlits lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra var aflað."

Þarna er mjög takmarkandi heimild. Ég fæ engan botn í hvernig þetta er hugsað í framkvæmd. Eins og ég sagði er um þennan fjárhagsramma þannig búið samkvæmt fylgiskjalinu á bls. 22–24 að það er næstum því sögulegt plagg. Fyrir utan það að þar segir að erfitt sé að leggja mat á áhrif frv. á útgjöld ríkissjóðs þar sem ekki liggur fyrir starfs- og rekstraráætlun fyrir hina nýju stofnun. Það varðar það sem ég nefndi. Þarna er þessi nýja stofnun nefnd með skammstöfun, NVRR. Er það virkilega áform hæstv. umhvrh. að fara að kalla Náttúruvernd ríkisins, virðulega stofnun, NVRR. Ég vil ekki trúa því að þetta sé ættað úr umhvrn. og bið hæstv. umhvrh. að reyna að eyða þessu ónefni hið allra fyrsta úr pappírum. Ég get a.m.k. ekki fellt mig við þetta. Skammstafanir ríða allt of víða húsum nú til dags og þá best að hafa þær ekki í þessum búningi.

Þetta verður að nægja hér, virðulegur forseti, af minni hálfu sem andsvar.

[17:51]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt um gjaldtökuákvæðin. Það verður að sjálfsögðu skoðað í nefndinni hvernig að þessum málum er hægt að standa eða hver vilji manna er til þess. Ég ítreka mína skoðun á því að það sé eðlilegt að við innheimtum í ákveðnum tilvikum gjald fyrir í fyrsta lagi þá þjónustu sem verið er að veita og í öðru lagi til þess að geta staðið straum af kostnaði að einhverju leyti við þau svæði sem um er að ræða. Það er mitt viðhorf og ég þarf ekkert að bæta við það sem ég sagði áðan í því efni.

Síðan aðeins varðandi þessa skammstöfun. Ég hef að vísu orðið var við það í umhverfismálunum almennt að það er nánast óskiljanlegur frumskógur af allslags skammstöfunum á hinum ýmsu stofnunum sem við eigum aðild að og tökum þátt í alþjóðasamstarfi og það er til þess fallið að flækja hvern einasta heilvita mann og menn eiga erfitt með að fóta sig og rata um þann frumskóg. Ég veit ekki hvaðan þessi hugmynd eða nafngift er komin og mér finnst þessi aðferð ekki skemmtileg, hvort sem það er nú VSÍ eða ASÍ eða NVRR eða hvað það nú annað er, eða BSRB af því að ég sé að hv. þm., sem jafnframt er formaður þeirra samtaka er hér staddur hjá okkur. Ég er ekki að gera lítið úr þessu öllu saman, auðvitað er það oft til hægðarauka að stytta löng nöfn en þetta er ekki sérlega skemmtilegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:53.

104. FUNDUR

mánudaginn 11. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 129, nál. 623, brtt. 624. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Innflutningur dýra, stjfrv., 367. mál, þskj. 644. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Náttúruvernd, stjfrv., 366. mál, þskj. 642. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 173. mál, þskj. 660. — 3. umr.
6. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frv., 357. mál, þskj. 622. — 2. umr.
7. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 104, nál. 654. — 2. umr.
8. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — Frh. 1. umr.
9. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 334. mál, þskj. 587. — 1. umr.
10. Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, stjfrv., 376. mál, þskj. 664. — 1. umr.
11. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 356. mál, þskj. 616. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá opinberum starfsmönnum í Skagafirði.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 377. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 665.

Gatnagerðargjald, 106. mál, nál. félmn., þskj. 675; brtt. félmn., þskj. 676.

Húsbréfalán, 380. mál, fsp. RG, þskj. 670.

Kennarar og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum, 379. mál, fsp. BG, þskj. 669.

Niðurskurður á fé til heilsugæslu og forvarnastarfs, 383. mál, fsp. SvanJ, þskj. 673.

Nýting innlendra plantna til iðnaðarframleiðslu, 378. mál, fsp. ÖS, þskj. 668.

Réttindi starfsmanna varnarliðsins, 382. mál, fsp. RG, þskj. 672.

Siglingastofnun Íslands, 173. mál, þskj. 660.

Umsýslustofnun varnarmála, 381. mál, fsp. RG, þskj. 671.

Varnir gegn mengun sjávar, 385. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 677.

Verðbréfasjóðir, 98. mál, þskj. 662.

Verðbréfaviðskipti, 97. mál, þskj. 661.

Verðbréfaþing Íslands, 101. mál, þskj. 663.

Þróunarverkefni í heilsugæsluforvörnum, 384. mál, fsp. SvanJ, þskj. 674.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sameining ríkisviðskiptabanka.

[15:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Núna síðustu sólarhringana hefur það komið fram hjá formanni bankastjórnar Landsbankans að það væri hans skoðun að miðað við stöðuna í bankakerfinu um þessar mundir væri skynsamlegast til að ná fram ýtrustu hagræðingu að stefna að því að sameina ríkisbankana tvo, þ.e. Landsbankann og Búnaðarbankann. Þetta sjónarmið formanns bankastjórnar Landsbankans er í samræmi við sjónarmið sem við alþýðubandalagsmenn höfum sett fram á undanförnum árum. Fyrsta ástæðan er sú að við teljum að með þessu móti mætti ná fram meiri hagræðingu og sparnaði í bankakerfinu. Önnur ástæðan er sú að við teljum að með þessu móti yrði til sterkur banki í hinu alþjóðlega peningakerfi. Í þriðja lagi teljum við að með þessu móti mætti um leið og bankarnir sameinuðust taka á stjórnunarvanda Landsbankans og Búnaðarbankans. Í fjórða lagi teljum við að það væri beinlínis rangt út frá hagsmunum eigandans, þ.e. þjóðarinnar, að selja þessa banka hvorn í sínu lagi eins og menn hafa verið að tala um að undanförnu. Ég vil af þessum ástæðum, vegna þessara sjónarmiða, hæstv. forseti, beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hver sé hans skoðun á þessum viðhorfum og hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að málið verði unnið á þessum grundvelli, þ.e. stefnt að hagstæðustu og skynsamlegustu lausninni miðað við allar aðstæður bæði í efnahags- og bankakerfi Íslendinga.

[15:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Sl. sumar skipaði ég nefnd í samræmi við stjórnarsáttmálann sem fékk það hlutverk að undirbúa formbreytingu beggja ríkisviðskiptabankanna, þ.e. Landsbankans og Búnaðarbanka Íslands. Undanfari þess var sá að ég átti í viðræðum við fulltrúa bankaráðanna í báðum bönkunum, starfsfólk beggja bankanna og bankastjóra beggja bankanna, þar sem við komumst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að það væri best að hafa fámennan hóp til að undirbúa verkið en í góðu samstarfi við þessa aðila. Nefndin er skipuð fulltrúa viðskrh., sem er Gunnlaugur Sigmundsson, fulltrúa úr Seðlabankanum, sem er Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri, og formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir H. Haarde. Þessi nefnd er að störfum og mun innan tíðar skila sínum tillögum. Ég veit ekki nákvæmlega hverjar hennar tillögur verða en ég er þeirrar skoðunar, af því að hv. þm. spyr hver sé mín afstaða til þessa máls, að við eigum að halda málinu í þessum farvegi, undirbúa hlutafjárvæðingu hvors bankans fyrir sig, gera þá að hlutafélögum, það er óbreytt áform ríkisstjórnarinnar um að koma þessum frv.

fram á þessu þingi og að hlutafélagabankar í eigu ríkisins geti tekið til starfa um næstu áramót. Ég tel að þetta sé besti framgangur málsins og að í þessum farvegi eigi að halda því þar sem málið hefur verið undirbúið á þessum grunni í samvinnu við starfsfólkið og í samvinnu við bankaráð beggja bankanna og bankastjórnirnar.

[15:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. ráðherra kom mér út af fyrir sig ekki á óvart. Það er í samræmi við það almenna einkavæðingarkast sem ríkisstjórnin er haldin og Framsfl. hefur tekið þrátt fyrir mikla svardaga hér á síðasta kjörtímabili um allt annað. Það er sem sagt ákveðið að halda sínu striki, að einkavæða bankana, að gera þá að hlutafélagi hvað sem öllum staðreyndum líður. Þó að fyrir liggi að það væri fjárhagslega miklu hagstæðara og mundi stuðla að meiri sparnaði að sameina þessa tvo banka, að þar með yrði til sterkur íslenskur banki í alþjóðlegu peningakerfi, að þar með væri sköpuð leið til að taka á stjórnunarvanda þessara tveggja banka og að þar með væri hagsmunum eigandans, þ.e. þjóðarinnar langbest borgið. Samt á að halda áfram með þennan einkavæðingarstrekking. Ég vil segja það af þessu tilefni, hæstv. forseti, að við í þingflokki Alþb. og óháðra höfum ákveðið með hliðsjón af þessu og því sem við áttum von á frá hæstv. ráðherra að flytja þingmál sem leiðir þetta mál til lykta í þessari virðulegu stofnun þó að ráðherrann sé á móti því.

[15:11]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Af því að hv. þm. vitnaði í formann bankastjórnar Landsbankans í ræðu hans á ársfundi bankans sl. föstudag þá held ég að hv. þm. hafi misskilið formann bankastjórnarinnar vegna þess að formaður bankastjórnarinnar gekk út frá því að bankarnir yrðu gerðir að hlutafélögum en þeir yrðu sameinaðir í einu hlutafélagi. Hins vegar er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir því að þessi formbreyting eigi sér stað. Það kemur líka skýrt fram að það á ekki að selja eignarhluti ríkisins í þessum bönkum nema Alþingi taki ákvörðun um slíkt. Ég hef hins vegar sagt að til þess að styrkja eiginfjárstöðu þessara banka, til þess að gera þá betur í stakk búna til að mæta vaxandi samkeppni þá telji ég eðlilegt að menn byrji á því sem fyrsta skrefi að heimila fleiri aðilum að koma að með því að hægt sé að auka hlutafé í þessum bönkum. Það er sú leið sem hægt er að fara til þess að styrkja eiginfjárstöðu þeirra. Ef menn hins vegar gera ekkert annað en að slá bönkunum saman þá stendur það eftir að það hafa verið gerðar athugasemdir við það af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, að með því að hafa bankana annars vegar ríkisviðskiptabanka og hins vegar einkabanka starfandi á sama markaði þá er verið að skekkja samkeppnisaðstæður þessara banka. Bara út frá þeirri forsendu er nauðsynlegt að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum.

[15:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Það sem ég er að gagnrýna er að ríkisstjórnin stefnir bersýnilega á það að gera bankana hvorn í sínu lagi að hlutafélagi. Það er útgangspunktur ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Útgangspunktur málsins af minni hálfu og okkar hálfu er sá að við eigum að halda þannig á málum að bankarnir verði sameinaðir. Það er forsendan til þess að til verði sterk rekstrareining í íslenska bankakerfinu, miklu ódýrari en ella væri. Ég harma að hæstv. viðskrh. skuli vera eins og hér hefur komið fram, fangi einkavæðingarstefnu Sjálfstfl. Það er ekkert annað sem hér liggur fyrir.

[15:14]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það er stefna ríkisstjórnarinnar að breyta ríkisviðskiptabönkunum báðum í hlutafélög. Það er gert í þeim tilgangi að opna fyrir þann möguleika að nýir aðilar komi að bönkunum með nýtt eigið fé til að styrkja eiginfjárstöðu þeirra í fyrirsjáanlegri vaxandi samkeppni við erlenda banka. (**SvG:** Selja þá.) Það er ekki verið með þessu að tala um, hv. þm., að selja eignarhluti ríkisins í þessum bönkum vegna þess að með því er ekki verið að styrkja eiginfjárstöðu þeirra. Þar er aðeins verið að skipta um eignarhald á því eigin fé sem fyrir er í bönkunum en um leið er líka með þessari breytingu sem boðuð er verið að jafna samkeppnisaðstæður milli hlutafélagabankans og ríkisviðskiptabankanna sem er algjörlega nauðsynlegt.

Réttur bænda o.fl. til atvinnuleysisbóta.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. félmrh. Málið varðar rétt bænda, smábátasjómanna, vörubílstjóra og fleiri sjálfstætt starfandi einyrkja til atvinnuleysisbóta. Þannig er að hæstv. ráðherra, þáv. hv. þm. Páll Pétursson, var afar skeleggur í baráttunni fyrir réttindum þessara hópa á síðasta kjörtímabili, þá að vísu stjórnarandstæðingur, og taldi með öllu óþolandi að til að mynda bændur væru látnir greiða tryggingagjald í Atvinnuleysistryggingasjóð en nytu þar engra réttinda. Hægt væri að tína til fjölmargar tilvitnanir í mál hv. þm. á síðasta kjörtímabili. Þannig sagði hv. þm. til að mynda 14. febr. 1994 að það gilti auðvitað það sama um bændur og vörubílstjóra og smábátaeigendur sem verið væri að tala um — þetta var í umræðum um fyrirspurn frá hv. þm. Jón Helgsyni um atvinnuleysisbótarétt þessara aðila — það væri verið að gera mönnum það skylt að gefa upp alla von, gefa sig upp á bátinn og hætta allri sjálfsbjargarviðleitni. Svo seint sem 3. febr. 1995 sagði hv. þáv. þm. Páll Pétursson í umræðum um þessi mál, með leyfi forseta:

„Menn hafa verið að éta upp eignir sínar og margir eru búnir að safna neysluskuldum til þess að draga fram lífið. Þeir [þ.e. bændur] hafa ekki möguleika á atvinnuleysisbótum þó ótrúlegt megi virðast. Bændur eru látnir greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð en honum er lokað fyrir þeim. Hann er harðlokaður fyrir bændum, þeir þurfa að gefa upp alla von og segja sig hér um bil til sveitar til þess að hafa einhverja möguleika á að fá einhverjar hundsbætur“ — ég endurtek, herra forseti, hundsbætur, þetta eru óbreytt orð hv. þm. — „úr Atvinnuleysistryggingasjóði.“

Nú veit ég ekki annað, herra forseti, að staðan sé nákvæmlega óbreytt eins og hún var þegar hv. þm., nú hæstv. félmrh., hafði þessi hörðu orð um óviðunandi réttarstöðu bænda, smábátasjómanna, vörubílstjóra og fleiri sjálfstætt starfandi einyrkja gagnvart þessum hlutum.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað líður úrbótum á þessu sviði?

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp og rifja upp ummæli mín frá fyrra þingi. Ég hef ekki í neinu breytt þeirri skoðun minni og stend við allt sem ég sagði um þetta mál. Það er óviðunandi réttleysi einyrkja, þar með bænda, trillusjómanna, bílstjóra, og reyndar vil ég bæta námsmönnum við, að eiga hér um bil engan rétt til atvinnuleysisbóta.

Það sem gerst hefur í málinu er að það eru tvær nefndir að störfum. Önnur er að endurskoða atvinnuleysistryggingalöggjöfina og ég vænti þess að hún sé komin á lokastig. Hin er að störfum í því að finna út úr þessu með einyrkjana. Ég vonast eftir því að fá frá þeim tillögur innan skamms. Ég tel að þarna sé um atriði að ræða sem verði að leiðrétta og ég mun leggja allt kapp á að gera það.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sannarlega gott að vita að hæstv. ráðherra hefur ekki skipt um skoðun. Hann stendur við allt sem hann hefur sagt um að þetta ástand sé gjörsamlega óþolandi og réttarstaða aðila, sem borga iðgjöld að fullu í sjóðinn en njóta sáralítils eða einskis verðs réttar, gangi ekki.

Hitt er öllu lakara að hæstv. ráðherra, á því hefur hv. þm. Pátt Pétursson e.t.v. ekki átt von þegar hann hafði uppi þessi stóru orð svo seint sem 3. febr. 1995, hefur núna vald til þess að breyta þessum hlutum. Það vill nefnilega svo til að það er í reglugerðarvaldi hæstv. ráðherra að stórbæta stöðu þessara hópa gagnvart þessum hlutum. Við deildum á síðasta kjörtímabili á fyrrv. félmrh. Alþfl. fyrir að útfæra ekki þessa hluti þannig með reglugerð að bændur, sjómenn og aðrir slíkir nytu meiri réttar. Nú hefur hæstv. félmrh. Páll Pétursson þetta vald og er búinn að hafa hátt í ár. Það er því heldur dauflegt miðað við hin stóru orð og hinn einbeitta ásetning hæstv. ráðherra að skjóta sér á bak við einhverjar tvær nefndir sem séu að damla í þessu. Hæstv. ráðherra hefði strax daginn eftir að hann tók við embætti getað gert alvöru úr stóru orðunum með þeim einfalda hætti að hafa samband við hæstv. fjmrh. og tilkynna honum um að hann mundi gefa út reglugerð um bætta réttarstöðu þessara hópa.

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það verður nú að viðurkennast að það gengur nú margt hægara af verkum heldur en maður kynni að óska. Það er rétt hjá hv. þm. að það er hægt að laga nokkuð til með reglugerðarbreytingu og verði fyrirsjáanlega ekki um lagabreytingu að ræða þá er það óhjákvæmilegt því að núverandi ástand getur ekki gengið. En ég hef verið að bíða eftir því að geta breytt lögum sem ég tel að sé líka mikilsvert og þá er eðlilegra að vinna málið á þeim vettvangi. En ef ekki tekst að ná samstöðu um það og koma því máli í höfn þá er óhjákvæmilegt að breyta reglugerðinni og vinna þarna nokkurt skref.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er nú greinilega miklu erfiðara hjá hæstv. félmrh. þrátt fyrir allt heldur en hann vill vera láta. Þó viðurkennir hæstv. ráðherra að valdið sé í hans höndum en hann hafi einfaldlega ekki notað það í þessa átta mánuði eða hvað það nú er sem hann er búinn að vera yfirmaður þessara mála. Það er nú auðvitað ekki nógu góð frammistaða satt best að segja. Staðreyndin er nefnilega sú að burt séð frá öllum lagabreytingum þá eru viss skilgreiningaratriði í reglugerð þannig úr garði gerð að þau taka engu tali. Svo dæmi sé tekið til að mynda fyrir vörubílstjóra þá þarf hann til þess að geta fengið atvinnuleysisbætur, ég segi nú ekki að henda vörubílnum en að minnsta kosti að taka hann af skrá og skila inn númerunum. Og það sama á við um bónda. Hann þarf að lýsa því yfir að hann hafi lokið sínum búskap o.s.frv. Þetta ákvæði er auðvitað gjörsamlega út í hött, út í loftið. Þessu hefði hæstv. ráðherra getað breytt, lagfært a.m.k. framkvæmdaatriðin þannig að þau gengju upp og látið svo bíða e.t.v. endurskoðun á lögunum, að taka á málinu í heild sinni. Ég get því ekki hælt hæstv. ráðherra fyrir frammistöðuna, því miður. Það er dapurlegt að þurfa að segja það en hæstv. ráðherra hefur alls ekki staðið undir þeim væntingum sem stórbrotnar lýsingar hans á þessu óréttlæti á síðasta kjörtímabili gáfu manni þó vonir til að ætla.

[15:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að reglugerðarvald er í mínum höndum en ég vil nota það vald sem mér hefur verið fengið þannig að úr því verði varanleg úrbót og menn geti lifað sæmilega sáttir við það. Ég held að það sé kannski fullsnemmt fyrir hv. þm. að meta það eða dæma frammistöðu mína í þessu. Ég vænti þess að geta, eins og ég sagði áðan, innan skamms lagfært það mikla óréttlæti sem þarna viðgengst. (**SJS:** Þú verður að fara að taka þig á.)

Kirkjugarðurinn á Bessastöðum.

[15:24]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í fjölmiðlum nýverið hefur komið fram að svonefnd Bessastaðanefnd hefur tekið ákvörðun um það að loka kirkjugarðinum á Bessastöðum. Með öðrum orðum að íbúar Bessastaðahrepps hafi þar ekki lengur möguleika til þess að grafa sitt fólk. Nú veit ég vel að Bessastaðanefnd heyrir undir hæstv. forsrh., en þar sem staðgengill hans er ekki til staðar í dag þykir mér við hæfi að beina fyrirspurn til hæstv. kirkjumrh. og spyrjast fyrir um það hvort ákvörðun af þessu tagi hafi verið tekin, með heimild hvers og síðast en ekki síst hvers vegna. Samkvæmt þessum sömu heimildum sem ég vísaði til þýðir þetta í raun að íbúum Bessastaðahrepps verður væntanlega vísað í önnur sveitarfélög þegar að þessum stóradómi kemur. Ég sé engin efnisrök standa til þess að þetta höfuðból, Bessastaðir, kirkjustaður til alda, og með nauðsynlegri þjónustu sem því fylgir, skuli vera lokaður heimamönnum eins og hér um ræðir.

Ég vænti þess að hæstv. kirkjumrh. geti upplýst um málið.

[15:25]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þekki ekki til þessa máls og get þess vegna ekki gefið viðhlítandi skýringar á þeim ákvörðunum sem hv. þm. vitnaði til en minni einvörðungu á að hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórnir taka ákvarðanir um þau málefni sem lúta að viðkomandi kirkjugörðum og vitaskuld er síðan hægt að skjóta þeim með stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds ef aðilum þykir nauðsynlegt að fá slíkan úrskurð.

[15:26]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í grein í Morgunblaðinu, fimmtudaginn 7. mars, ritar þar varahreppsnefndarmaður í Bessastaðahreppi um þetta mál og vísar til fundar í safnaðarnefnd sem halda átti í gær og hef ég raunar ekki fengið fregnir af þeim fundi. Mér er hins vegar ekki fullkomlega ljóst, og það kom ekki fram í svari hæstv. ráðherra, hverjar heimildir Bessastaðanefndar eru í þessum efnum og hvort þær eru þá einhverjar eins og má ráða af þessari tilgreindu grein hreppsnefndarmannsins. Því vænti ég þess að frekari upplýsingar um þetta mál fáist þá jafnskjótt og hæstv. kirkjumrh. og væntanlega forsrh. geti borið saman bækur sínar um það hvar vald liggur í þessum efnum, hvers vegna þessi ákvörðun hefur verið tekin og ef hún hafi verið tekin hvernig megi snúa henni við þannig að þessi garður verði opinn þeim sem þangað vilja fara þegar að þeim tíma kemur.

[15:27]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, 216. mál, svar fjmrh., þskj. 666.

Skattlagning skulda einstaklinga, 277. mál, svar fjmrh., þskj. 667.

Erfðabreyttar lífverur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 129, nál. 623, brtt. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Brtt. 624,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 624,2–23 samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–30. gr., svo breyttar, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 367. mál (gjald fyrir einangrun). — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (heildarlög). — Þskj. 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 660.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, BG, BH, EKG, EOK, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GHH, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, MF, ÓÖH, RG, SighB, StG, SJS, TIO, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 680).

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, 2. umr.

Frv. samgn., 357. mál (frv. samgn.). — Þskj. 622.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–30. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 104, nál. 654.

[15:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. efh. og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Nefndin skrifar öll undir nál. án fyrirvara.

Nefndin fjallaði um þetta mál og sendi það til umsagnar og fékk fulltrúa frá viðskrn. og Seðlabanka Íslands á fund sinn. Tillaga nefndarinnar um breytingu er smávægileg og á við það að á eftir 9. gr. frv. komi ný grein er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða I í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Starfsheimildir 8. gr. laga þessara koma til viðbótar heimildum sérlaga um starfandi lánastofnanir."

Þarna er fyrst og fremst átt við að tekin séu af öll tvímæli með það hvaða starfsheimildir þær stofnanir sem heyra undir þessi lög hafa. Tillagan er sett inn að frumkvæði Iðnlánasjóðs.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

2.–9. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 654 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Tilkynning um dagskrá.

[15:41]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess varðandi 8. dagskrármálið, Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, að það hafa komið fram mjög eindregin tilmæli frá þingflokksformönnum stjórnarandstöðuflokkanna um að umræðum um það mál verði frestað á þessum fundi vegna fjarveru hæstv. fjmrh. Hyggst forseti verða við þeim tilmælum.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 334. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 587.

[15:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 587 er flutt frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að 11 nafngreindum einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Umsóknir allra þessara aðila hafa verið kannaðar í dómsmrn. og fullnægja þær þeim skilyrðum sem allshn. hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar með lögum. Jafnframt er ráð fyrir því gert svo sem venja er og lögum samkvæmt að nýir ríkisborgarar fullnægi skilyrðum laga um mannanöfn.

Þetta er annað frv. sem flutt er á þessu þingi venju samkvæmt. Það hefur tíðkast að flytja tvö frv. um veitingu ríkisborgararéttar á hverju þingi mörg undangengin ár, hið síðara þegar dregur að vori og liggur það nú hér fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 376. mál. — Þskj. 664.

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga sem lagt hefur verið fram á þskj. 664.

Samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., geta skuldarar sótt um heimild til að leita nauðasamninga. Eru úrræði laganna hvort heldur tæk einstaklingum eða lögaðilum. Ef nauðasamningur kemst á og ber árangur hefur skuldara tekist að koma nýrri skipan á fjármál sín og forðað því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Með lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. var leitast við að gera reglur um nauðasamninga einfaldari og aðgengilegri en ákvæði fyrri laga um nauðasamninga, nr. 19/1924, fólu í sér. Var þess vænst að það gæti leitt til nokkurrar aukningar á beitingu úrræðisins, bæði fyrir lögaðila og einstaklinga. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að sárafáir nauðasamningar hafa komist á fyrir einstaklinga, einkum þá sem leggja ekki stund á atvinnurekstur. Það verður ekki rakið til þess að einhverjir meinbugir séu á lögum um gjaldþrotaskipti að þessu leyti. Vafalaust er skýringin sú að skuldari þarfnast yfirleitt aðstoðar lögmanns til að leggja grundvöll að nauðasamningsumleitunum og setja fram slíka beiðni. Það er kostnaðarsamt fyrir einstakling sem glímir við fjárhagsörðugleika auk þess sem hann þarf að leggja fram tryggingu þegar beiðni um heimild til að leita nauðasamnings er lögð fyrir héraðsdóm. Þetta hefur reynst einstaklingum ofviða í mörgum tilvikum og væntanlega komið í veg fyrir að nauðasamningar hafi reynst þeim það úrræði sem að var stefnt með þeim lagabreytingum. Frv. þetta gerir á hinn bóginn ráð fyrir réttaraðstoð með því að ríkissjóður greiði kostnað af aðstoð við að leita nauðasamnings ásamt tryggingu sem skuldara ber að leggja fram við meðferð málsins fyrir dómi. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir því að lögð verði fram frumvörp til breytinga á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, þar sem lagt er til að veittar verði rýmri heimildir til að fallast á nauðasamninga vegna opinberra gjalda og meðlagsskulda. Þessar kröfur eru verulegur hluti af skuldum einstaklinga og því gæti synjun nauðasamnings vegna þeirra gert út um slíka viðleitni skuldara. Verði öll þessi frumvörp að lögum ættu nauðasamningar að geta orðið raunhæft úrræði fyrir einstaklinga í fjárhagsvanda.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Með frv. því sem er til umræðu er staðfest að Framsfl. hefur gefist upp á einu af sínum stærstu loforðum í kosningabaráttunni sem var að koma á greiðsluaðlögun fyrir skuldug heimili í landinu. Fyrir kosningar fluttu framsóknarmenn frv. um málið og gerðu kröfu um lögfestingu þess fyrir síðustu kosningar undir því fororði að málið þyldi enga bið. Nú, tæpu ári eftir að þeir hafa sest í ríkisstjórn og fengið þar með yfirstjórn húsnæðismála í landinu, boða þeir að nú verði horfið frá málinu. En það er einmitt staðfest í greinargerð með því frv., sem er til umræðu, að framsóknarmenn hafa horfið frá því að koma á lögum um greiðsluaðlögun.

Í stað þess er flutt frv. til laga um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga þar sem í umsögn með frv. frá fjmrn. kemur fram mjög athyglisvert innlegg í umræðuna. Þeir telja að vísu að ógerlegt sé að meta hversu margir einstaklingar munu nýta sér þessa aðstoð samkvæmt frv. en sé miðað við að þeir verði 20–40 yrði kostnaðaraukinn 4–10 millj. kr. Samkvæmt þessu álítur fjmrn. greinilega að mjög fáir einstaklingar komi til með að njóta aðstoðarinnar eða einungis 20–40 einstaklingar og kostnaðarauki fyrir ríkissjóð verði 4–10 millj. kr. Ef þetta er rétt vil ég spyrja hvort það sé ekki hreinn brandari að flytja mál með þessum hætti inn á þingið og að þetta frv. eigi að koma í stað þess

frv. sem framsóknarmenn hafa löngum boðað um að koma á víðtækri greiðsluaðlögun fyrir skuldug heimili.

Við munum að framsóknarmenn boðuðu fyrir kosningar að kæmust þeir í ríkisstjórn mundu þeir ráðast í stærstu skuldbreytingu Íslandssögunnar fyrir heimilin í landinu en þeir hafa nánast ekkert gert nema gefa fólki loforð og setja fram væntingar, eins og hæstv. félmrh. virðist gera reglulega, sem ekkert er á bak við þegar á reynir.

Fyrir kosningar var mikið talað um að það væri bjargræði fyrir fólk að lengja lánstímann í húsbréfakerfinu og það var gert fyrir síðustu jól og tók gildi um síðustu áramót. Komið var á sveigjanleika eins og það var kallað í húsbréfakerfinu með því að heimila lánalengingar til 40 ára. Það var varað við því úr þessum ræðustól að þetta væri ekki úrræði sem fólk mundi í raun og sanni nýta sér vegna þess að þetta mundi einungis leiða til meiri affalla og hækkunar á verði fasteigna. Það hefur komið í ljós, virðulegi forseti, að mjög fáir hafa nýtt sér þessi úrræði. Frá áramótum hafa eingöngu um 50 manns leitað eftir því að fá lán til 40 ára en á sama tíma leituðu 600 manns eftir 25 ára láni og einungis 10 manns leituðu eftir 15 ára láni. Við erum að tala um að einungis 50 manns hafi nýtt sér úrræðið sem Framsfl. boðaði helst fyrir kosningar til þess að létta á greiðslubyrði og greiðslustöðu heimilanna í landinu.

Virðulegi forseti. Lengi verður í minnum höfð á þingi hraksmánarleg för hæstv. félmrh. fyrir jólin þar sem ráðherrann var gerður afturreka með frv. um skuldbreytingu fyrir heimilin í landinu þar sem það fól í sér verulegar þrengingar fyrir fólk á þeim reglum sem giltu um skuldbreytingar. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun höfðu hátt í 2.000 manns fengið aðstoð í greiðsluerfiðleikum vegna heimilda sem höfðu verið í gildi frá 1993 en samkvæmt tillögum sem ráðherrann kom með á Alþingi fyrir jólin hefði 1.600 manns af þessum 2.000 verið hafnað ef tillögur ráðherrans um skuldbreytingu hefðu gilt á þessum tíma. Félmn. Alþingis lagði því tillögur ráðherrans til hliðar en mælti með lögfestingu á þeim heimildum sem verið höfðu í gildi frá 1993 fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum.

Við höfum það fyrir okkur í dag að 40 ára lánalengingin hefur litlu sem engu skilað og fólk nýtir sér ekki þetta úrræði. Við höfum það líka fyrir okkur að skuldbreytingin hefur ekkert breyst fyrir fólk frá því sem var 1993. Síðan höfum við það fyrir okkur núna að greiðsluaðlögunin er lögð til hliðar og hér er flutt frv. af hæstv. dómsmrh. sem á að hluta til á að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun sem fjmrn. metur svo að einungis 20–40 manns muni njóta góðs af.

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að gera minna af því að skapa reglubundið slíkar væntingar úti í þjóðfélaginu um að hann sé með lausnir á borðinu til þess að bjarga skuldugum heimilum en gera þess í stað eitthvað raunhæft í málinu. Við getum auðvitað skoðað ýmis önnur úrræði. Ég og margir fleiri hér inni höfum lagt mjög mikla áherslu á að koma með frv. um greiðsluaðlögun. Það felur í sér mjög víðtæk úrræði fyrir fólk sem er í verulegum skuldum. Nefnd sem fjallaði um það mál á sínum tíma og skilaði skýrslu um það úrræði mælti með því að tekin yrðu upp lög um greiðsluaðlögun og vísaði til þess að það hefði til að mynda gefist mjög vel í Noregi.

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi að koma miklu betur fram en það gerir í greinargerðinni af hverju fallið er frá frv. um greiðsluaðlögun. Ég hygg að það sé ekki af viljaskorti hæstv. félmrh. vegna þess að hann hefur alla tíð talað fyrir þessu frv. um greiðsluaðlögun og Framsfl. líka, heldur tel ég að það sé miklu frekar að hér sé enn eina ferðina staðfest að Sjálfstfl. ræður ferðinni í ríkisstjórninni hvort sem um er að ræða í heilbrigðismálum eða í húsnæðismálum þegar einu stærsta kosningaloforði framsóknarmanna er stungið undir stól.

Við getum horft á þessa lausn sem við erum að fjalla um núna, virðulegi forseti. Kannski fá 20–40 manns úrlausn og þó að ég bendi á að fjmrn. telur að ekki sé gerlegt að ætla þetta nákvæmlega þá gefa þeir sér þó ákveðna tölu þannig að eitthvað hafa þeir lagt til grundvallar. Til samanburðar kom í ljós á sl. ári að í Reykjavík voru fasteignir sem seldar voru á nauðungaruppboði 380 og hafa aldrei verið fleiri. Hér erum við að tala um lausn og ríkisstjórnin kemur með lausn sem á að veita um 20–40 manns úrlausn. Mér finnst frv. bara brandari, virðulegi forseti.

Ég held að ástæða væri til að ríkisstjórnin skoðaði hvað er hægt að gera til þess að bæta stöðu skuldara í miklu víðara samhengi. Ég hef lagt fram á Alþingi mál sem eru að vísu ekki enn komin til umræðu sem eru um mjög víðtækar aðgerðir til að bæta stöðu skuldara og þar er m.a. — og vík ég þá máli mínu til hæstv. dómsmrh. Þar er kveðið á um að sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum. Ég spyr um afstöðu dómsmrh. til þessarar leiðar og hvort ekki væri hægt að skoða a.m.k. samhliða þeirri leið sem hæstv. dómsmrh. leggur til að sett verði opinber gjaldskrá vegna innheimtukostnaðar lögmanna. Það er lagt til í þeirri þáltill. sem hefur ekki enn verið mælt fyrir en það er gert af því gefna tilefni að í febrúar 1994 kvað Samkeppnisstofnun upp úrskurð að beiðni Lögmannafélags Íslands um undanþágu frá banni við útgáfu á sameiginlegri gjaldskrá. Í úrskurði sínum taldi Samkeppnisstofnun hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, ekki til þess bæran aðila að gefa út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna en vísaði á orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef setja þarf reglur eða gjaldskrá til að gæta hagsmuna þeirra sem áður er um rætt eða til að gæta samræmis hjá dómstólum samanborið við það sem fjallað er um í beiðni Lögmannafélags Íslands, telur Samkeppnisstofnun eðlilegt að það sé löggjafarvaldið eða til þess bær stjórnvöld sem það gera."

Samkeppnisstofnun segir því klárt og kvitt að hið opinbera ætti að geta sett slíkar gjaldskrár.

Öll rök mæla með því að sett verði opinber gjaldskrá um innheimtukostnað lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á þennan kostnað sem er oft afar þungbær fyrir fólk en fólk í vanskilum velur sér ekki lögmann heldur eru það kröfuhafar þeirra sem það gera. Lögmál frjáls markaðar um framboð og eftirspurn þar sem fólk beinir viðskiptum sínum þangað sem það fær ódýrasta þjónustu gildir því ekki í þessum tilvikum. Ef skuldari greiðir ekki lögmanni það sem hann er krafinn um gengur lögmaðurinn að skuldurunum með fjárnámi og nauðungarsölu og þeim er því nauðugur einn kostur að greiða lögmönnum, sem eru fengnir til að gæta hagsmuna annarra, uppsett verð fyrir þátt þeirra í innheimtu skulda. Það er því eðlilegt, virðulegi forseti, að það komi til atbeina opinberra aðila að gæta hagsmuna skuldara með útgáfu opinberrar gjaldskrár um innheimtukostnað lögmanna. Við höfum fyrir okkur dæmi, og þeirra er einmitt getið í þeirri þáltill. sem ég nefndi, um himinháar fjárhæðir sem fólk þarf að greiða í lögfræðikostnað. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til

hæstv. dómsmrh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að sett verði opinber gjaldskrá þar sem m.a. verði sett þak á kostnað lögmanna.

Varðandi það frv. sem við erum að ræða veltir maður því fyrir sér hvað þetta kemur að miklu gagni. Ég hef nefnt þann fjölda sem fjmrn. telur fram að njóti góðs af þessu en flestar skuldir eru tryggðar með veði í fasteign. Eftir því sem ég best veit ná nauðasamningar ekki til veðkrafna og ég spyr hæstv. dómsmrh. að því hvort það megi ætla að þetta sé úrræði sem gagnist okkur hér á landi þar sem flestar skuldir eru veðkröfur og með ábyrgð þriðja aðila og eftir því sem mér skilst ná nauðasamningar ekki til skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum.

Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, og spyrja hæstv. dómsmrh. í ljósi þeirra svara sem hann gaf mér við fyrirspurn á Alþingi þar sem ég spurði hæstv. ráðherra um fjölda fjárnámsbeiðna sem falla á ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga, en þar komu fram tölur þar sem verulega stór hluti af fjárnámsbeiðnum falla á ábyrgðarmenn, hvort hæstv. ráðherra hyggist beita sér í málinu þannig að staða ábyrgðarmanna vegna fjárskuldbindinga verði betur tryggð. Ég tel mjög mikilvægt að það sé gert þegar við höfum fyrir okkur að af fjárnámsbeiðnum t.d. í Reykjavík sem ábyrgðarmenn helst skrifa upp á, var liðlega þriðjungur þeirra sem féllu á ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga. Ég tel mjög brýnt að hæstv. ríkisstjórn og ekki síst hæstv. dómsmrh. taki á þessu máli og tryggi betur réttarstöðu ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga.

Síðan vil ég einnig nýta þetta tækifæri, virðulegi forseti, og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist flytja frv. um að efnalitlu fólki verði tryggð ókeypis lögfræðiþjónusta og fjármálaaðstoð vegna innheimtuaðgerða kröfuhafa. Það mál hefur oft verið á dagskrá í sölum Alþingis og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann ætli að láta þar við sitja og láta það frv. sem við hér ræðum duga varðandi réttaraðstoð við einstaklinga. Eða er á döfinni að flytja frv. sem tryggi ókeypis lögfræðiþjónustu?

Að lokum, virðulegi forseti, er ástæða til að benda hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrum sem fjalla um þetta mál á að það er hægt að leita annarra úrræða en hér er gert með því hænufeti sem stigið er með þessu frv. Ég vek athygli á því að áðan var verið að dreifa svari við fyrirspurn minni um gjaldtöku og skattlagningu skulda einstaklinga. Þar eru sundurliðaðar þær tekjur sem ríkissjóður hefur af einstaklingum og lögaðilum varðandi stimpilgjöld, þinglýsingar og innheimtu af einstaklingum og lögaðilum, svo sem aðfarargjald og gjald vegna beiðni um nauðungarsölu. Það eru ekki svo litlar fjárhæðir, virðulegi forseti, sem ríkissjóður fær vegna erfiðleika fólks sem komið er í erfiðleika með skuldir sínar. Ríkissjóður skattleggur grimmilega skuldir einstaklinga. Spurt var um þrjú ár, 1993, 1994 og 1995. Í heildina tekið er innheimtan á þessum þremur árum af einstaklingum og lögaðilum í stimpilgjald, þinglýsingargjald, aðfarargjald og gjald vegna beiðna um nauðungarsölu, hvorki meira né minna en 8 milljarðar. Hér erum við að fjalla um frv. sem fjmrn. álítur að kosti 4–10 millj. til þess að bæta stöðu skuldugra heimila í landinu. Á sama tíma erum við hér með á borðinu upplýsingar um það að ríkissjóður hefur haft á sl. þremur árum hvorki meira né minna en 8 milljarða af skuldugum einstaklingum. Svo erum við að velkjast með það ár eftir ár að skattleggja fjármagnstekjur. Þó vantar inn í þetta svar tekjur sem ríkissjóður hefur af virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum. Ég veit fyrir víst að við erum að tala þar um mjög háar fjárhæðir, svo hundruðum milljóna skiptir. Það er því ekki fjarri lagi að áætla að ríkissjóður hafi haft á sl. þremur árum um 10 milljarða kr. í skattlagningu af skuldum einstaklinga. Ríkissjóður hefur sem sagt skattlagt skuldir einstaklinga upp á 10 milljarða kr.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu. Væri ekki nær í stað þess að fara þá leið sem hér er lögð til að ríkisstjórnin og ráðherrar færu yfir þessa skattlagningu á skuldir einstaklinga og athuguðu hvort ekki væri hægt að draga með einum eða öðrum hætti úr henni? Þar er ég ekki síst að tala um stimpilgjöldin en þau vega langþyngst í þessari fjárhæð, um og yfir 2 milljarða á hverju ári þau þrjú ár sem um var spurt.

Ég taldi, virðulegi forseti, að það væri full ástæða til að vekja athygli á þessu. Mér finnst ríkisstjórnin hafa valið leið sem skilar mjög litlu fyrir skuldug heimili í landinu. Ég verð að segja að mig undrar það, jafnvel þótt tekið sé tillit til þeirra tveggja frumvarpa sem eru óræðd um Innheimtustofnun sveitarfélaga og leið til að fella niður skattaskuldir einstaklinga, ef framsóknarmenn ætla að láta sér það nægja og telja sig þar með vera búna að uppfylla loforð sín um skuldbreytingu aldarinnar.

[16:06]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera örlitla athugasemd við þennan málflutning. Þar var nánast fullyrt að það væru 20–40 sem mundu leita sér þessarar aðstoðar og það mundi kosta 4–10 millj. En það stendur mjög skýrum stöfum í áliti eða umsögn fjmrn. að það sé algjörlega ógerlegt að meta hversu margir einstaklingar mundu nýta sér þessa aðstoð. En færi svo að þeir yrðu 20–40, það er bara tekið sem dæmi, þá mundi það kosta 4–10 milljónir. Ég get því ekki setið undir því að það sé nánast fullyrt að það verði einungis 20–40 sem muni leita sér þessarar réttaraðstoðar.

Það er líka ágætt að minnast á það í leiðinni að í bígerð er að koma fram með frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem innheimtumenn geta mælt með því að farið sé í nauðasamninga ef það er bæði skuldara og ríkissjóði í hag. Það liggur líka fyrir frv., sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson mun mæla fyrir á eftir, um Innheimtustofnun sveitarfélaga og samkvæmt því fá meðlagsgreiðendur, sem skulda háar fjárhæðir, tækifæri til að fara í nauðasamninga og fá þar felldan niður höfuðstól ef þeir hafa greitt lækkaðar mánaðargreiðslur í a.m.k. þrjú ár. Það verður því að skoða þetta allt í heild. Þessi þrjú frumvörp munu vinna saman og ég tel að það geti verið mjög ásættanleg niðurstaða sem við fáum fyrir það fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum þegar þau verða öll komin til framkvæmda.

[16:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það fram í máli mínu að í umsögn fjmrn. stæði að þeir teldu ógerlegt að meta hversu margir einstaklingar mundu nýta sér þessa aðstoð. En þeir tóku þó mið af ákveðinni forsendu og varla er hún út í bláinn. Þeir þurfa varla að margfalda hér fyrir alþingismenn hvað 250 þús. á tíu einstaklinga þýðir. Hv. þingmenn geta reiknað það út sjálfir þannig að það hlýtur að vera eitthvað meira á bak við þetta en það. Auðvitað hlýtur sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar að fara ofan í það hvaða úrræði þetta séu fyrir einstaklingana. Það er engum greiði gerður með því að vekja upp einhverjar falsvonir hjá skuldugum einstaklingum

um að hér sé verið að setja fram mál sem margra vanda á að leysa, en svo þegar upp er staðið og farið verður að vinna samkvæmt þessu nýja úrræði leysi það vanda mjög fárra. Alþingi hlýtur þá að taka málið upp í heild sinni og skoða hvort ekki sé skynsamlegra að fara aðrar leiðir, t.d. með lögum um greiðsluaðlögun. Ég veit, og vísa þar til umræðna á undanförnum árum á Alþingi, að það er meiri hluti fyrir því að fara þá leið að koma á víðtækari greiðsluaðlögun en hér er gert. Það er fyrst og fremst af því að Framsfl. er í þessu máli eins og öðrum ávallt undir hælnum á Sjálfstfl. Þess vegna komumst við ekki nema hænufet í þessu máli.

[16:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það lýsir vel rakalausum málflutningi hv. 13. þm. Reykv. í þessari umræðu þegar hv. þm. tönnlast hvað eftir annað á því að fjmrn. hafi komist að þeirri niðurstöðu að þetta frv. eigi ekki að leysa úr vanda nema 20–40 einstaklinga. Öll ræðan var byggð á þessari röksemdafærslu. Allar ályktanir sem hv. þm. dró voru byggðar á þessari röksemdafærslu. Þó stendur alveg skýrt og skilmerkilega í álitinu að það sé ógerlegt að leggja mat á það hversu margir muni sækja um og síðan er tekið dæmi. Sé það þessi fjöldi, hefur það þennan kostnað í för með sér. En allar ályktanir sem hv. þm. dró með stóryrðum sínum voru dregnar af þessari fölsku framsetningu á áliti fjmrn. á málinu. Og ef hv. þm. hefði svo lesið lögin eða lagafrv., hefði hann auðvitað líka séð það að í lagatextanum er hvergi gerð nein tilraun til þess að takmarka fjölda þeirra einstaklinga sem eiga að njóta þeirra réttinda sem hér er verið að kveða á um.

Staðreynd málsins er sú að það er ekki hægt að segja um það fyrir fram hversu margir munu leita eftir því að njóta þessara réttinda. En ég held að það verði ekki á móti því mælt að ráðagerð eins og þessi bætir stöðu manna og auðveldar þeim sem eru í erfiðleikum að leita úrlausnar. Hún er verulegt framlag til aðstoðar slíku fólki. Það er algerlega ástæðulaust að gera lítið úr henni og með öllu tilhæfulaust að draga ályktanir af rangri lýsingu á áliti fjmrn. sem birtist með frv.

[16:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er skylda varðandi öll stjfrv. að leita álits fjárlagaskrifstofu svo hægt sé að áætla hvað viðkomandi stjórnarfrumvörp hafi í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Þess vegna er leitað álits fjárlagaskrifstofu. Ég margtók það fram, virðulegi forseti, hvernig þetta væri orðað hjá fjmrn. Ég tel mjög sérkennilegt ef fjmrn. er að geta sér hér til um tölur, ef það er ekkert á bak við þær hjá fjárlagaskrifstofunni eða fjmrn. sem hefur það hlutverk að meta kostnað fyrir ríkissjóð vegna stjórnarfrumvarpa.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. telji sig ekki hafa svarað þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hans með orðum sínum áðan. Ég mun ítreka þær í umræðunni á eftir vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að fá upplýsingar og svör við þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir dómsmrh.

[16:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. 13. þm. Reykv. dregur í land með fullyrðingar sínar. Það er málefnalegt og eðlilegt af hv. þm. En ég minni líka á að með því falla allar hinar stóru ályktanir sem af hinni röngu túlkun voru dregnar og sú harða gagnrýni sem sett var fram á frv. af hálfu hv. þm.

[16:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta er bara útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra. Hann er að reyna að draga athyglina frá ýmsu sem fram kemur í þessu frv. og kannski einmitt því hvað hér er um litla úrlausn fyrir fólk að ræða, nánast enga. Þetta frv. er ekkert annað en sýndarmennska af hálfu hæstv. dómsmrh. og hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef ekki dregið í land með eitt eða neitt. Ég er einungis að vitna í það sem stendur í umsögn fjmrn. um þetta mál og gerði grein fyrir hvernig fjmrn. hefði matreitt þessar tölur. En hér er um svo lítið skref að ræða að hæstv. dómsmrh. fer greinilega á taugum í ræðustólnum. Mér finnst það ekkert skrýtið því að auðvitað skammast hæstv. dómsmrh. sín fyrir hve lítið skref er verið að stíga til þess að hjálpa þeim sem eru í miklum skuldum.

[16:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast mjög málflutning hv. 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem ég veit að er vel að sér í þessum málaflokki enda var hún um hríð félmrh. Það kemur í ljós við nánari athugun í lauslegri úttekt fjmrn. að 50% af skuldum einstaklinga eru vegna skattaskulda. Helmingur skuldavandræða fólks er vegna skattaskulda. Um 30% af skuldavandræðum fólks er vegna skulda eða lána í bönkum og sparisjóðum. Það kemur líka í ljós að það eru innheimtumenn ríkissjóðs sem biðja um gjaldþrotið. Það eru þeir sem biðja um gjaldþrot. Gjaldþrotum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. 1992 var beðið um 107 gjaldþrot á vegum héraðsdóms Reykjavíkur. 1993 voru þau 209 og 1994 548. Þetta getur ekki gengið svona til lengdar. Það eru innheimtumenn ríkissjóðs sem biðja um þessi gjaldþrot. Það kostar ríkissjóð um 100–150 þús. kr. vegna vinnu lögfræðinga við að gera upp þessi bú og það innheimtist í flestum tilfellum ekkert upp í þessa kröfur. Þess vegna held ég að það frv. sem hér er lagt fram sé spor í rétta átt.

Það hefur líka komið í ljós að það eru þrjár meginástæður fyrir greiðsluvanda fólks. Það kom fram í samantekt um greiðsluvanda heimilanna sem var kynnt í júlí 1995. Þessar þrjár meginástæður eru: Lækkun launa, áhrif skattbreytinga og lækkun barnabóta, vaxtabóta og þess háttar. Ég spyr: Hver var félmrh. á þeim tíma þegar þessar lækkanir áttu sér stað? Og það er einnig aukið framboð lána á lánsmarkaði.

[16:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skilst að hv. síðasti ræðumaður hafi verið formaður þeirrar nefndar sem hefur fjallað um skuldavanda heimilanna og þar með stýrt þeirri nefnd sem féll frá því að koma hér inn með frv. um víðtæka greiðsluaðlögun. Ég held að hv. þm. skuldi þingheimi það í ræðustól á eftir að gera okkur ítarlega grein fyrir því af hverju fallið var frá þeirri leið. Og ég vil spyrja hv. þm. sem formann þessarar nefndar, sem hlýtur að hafa farið yfir öll möguleg úrræði sem fyrir hendi eru til að létta skuldir heimilanna, hvort hv. þm. hafi ekki farið yfir þá miklu skattlagningu sem er á skuldir einstaklinga af hálfu ríkissjóðs, að ríkissjóður skuli á sl. þremur árum hafa haft 8–10 milljarða í alls konar gjöld og ekki síst stimpilgjöld. Ég spyr hv. þm. um það. Var ekki ástæða til þess að skoða þá hlið málsins frekar en fara þessa

leið sem við höfum verið að ræða og ég tel að muni mjög litlu skila til að bæta skuldastöðu heimilanna?

[16:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega skoðaði sú nefnd sem ég var í forsvari fyrir mjög margar leiðir og við veltum fyrir okkur mjög mörgum leiðum. Ég geri mér einnig grein fyrir því að hér erum við að taka ákveðin skref í þá átt að hjálpa fólki sem á í verulegum vandræðum.

Við vitum einnig að fjmrn. og innheimtumenn ríkisins hafa verið ákaflega stífir við að gefa ekkert eftir af þessum skattaskuldum. Við vitum líka og það veit hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að margar af þessum kröfum innheimtumanna ríkissjóðs eru áætlaðar skattskuldir. Það er vegna þess að það eru ekki allir sem gera skattframtölin. Þegar fólk lendir í verulegum vandræðum fara fjármálin í raun og veru í rúst. Ég tel að það sem við höfum verið að gera í þessum efnum sé mjög til góðs.

Við vitum að við getum ekki bjargað öllum sem eiga í vandræðum. Það er alveg ljóst. Við vitum að það er vegna þess að fólk eyðir því miður um efni fram og við sáum í okkar nefndarstarfi hræðileg dæmi um það, ekki einungis hjá þeim sem lægst hafa launin heldur einnig hjá fólki sem er með meðaltekjur og jafnvel mjög há laun. Ég tel að það sem við erum að gera í þessum efnum sé spor í rétta átt.

[16:21]

Útbýting þingskjals:

Réttindi sjúklinga, 388. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 683.

[16:21]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur frammi snýst um það að ríkisvaldið leggi fram ákveðna fjárhæð til einstaklinga í því skyni að auðvelda þeim að leita nauðasamninga eins og fram hefur komið áður í umræðunni. Samkvæmt greinargerð með frv. er tilgangurinn sá að leysa greiðsluvanda heimilanna og er í því skyni vísað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem segir að stuðla skuli að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum. Ríkisstjórnin ætlar að gera þetta með því að veita allt að 250 þús. kr. réttaraðstoð til einstaklinga svo þeir geti leitað nauðasamninga á svipaðan hátt og fyrirtæki gera mjög oft.

Bent er á í athugasemdum og það kom reyndar fram í máli hæstv. dómsmrh. hér áðan að frá því að reglur gjaldþrotaskiptalaganna um nauðasamninga komust á hafa sárafáir einstaklingar leitað slíkra samninga. Vilja höfundar greinargerðarinnar ekki rekja þetta til galla á lögunum heldur til þess að þar sem einstaklingar þurfa að leita kostnaðarsamrar lögmannsaðstoðar og setja fram tryggingu áður en þeir geta neytt þessa úrræðis, þá sé þetta of kostnaðarsamt fyrir einstaklinga. Það má vel vera að þetta sé rétt, ég hef svo sem ekki skoðað lögin sérstaklega með þessa fullyrðingu í huga. En það sem vekur furðu mína og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan eru athugasemdir í greinargerðinni með frv. um úrræðið greiðsluaðlögun. Þetta úrræði hefur verið mjög til umræðu á síðustu árum sem leið til að rétta af óheillaþróunina varðandi skuldasöfnun og greiðsluvanda heimilanna. Og hverjir hafa farið þar fremstir í flokki? Jú, þar hafa farið þingmenn Framsfl.

Hvað segir um þetta í athugasemdum með frv.? Þar segir:

„Vegna greiðsluvanda heimilanna hefur því verið hreyft á ný hvort ekki ætti að lögleiða sérstakt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar, svokallaða greiðsluaðlögun, samkvæmt fyrirmynd eftir danskri löggjöf þar sem úrræðið er nefnt „gældssanering" eða norskri, en þar nefnist það „gjeldsordning". Úrræði af þessu tagi þykir ekki henta íslenskum aðstæðum. Hætt er við að greiðsluaðlögun yrði kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð og legði miklar byrðar á þau stjórnvöld sem færu með þetta verkefni. Að auki er úrræði sem þetta með öllu óþarft í ljósi þess að reglur um nauðasamninga taka mið af þörfum einstaklinga, hvort sem þeir leggja stund á atvinnurekstur eða ekki."

En hvað sögðu hv. þingmenn Framsfl. sem væntanlega standa að þessu frv.? Hvað höfðu þeir um greiðsluaðlögun að segja í fyrra eða í hittiðfyrra? Þá var þetta úrræði nauðsynlegt í því skyni að ná niður greiðsluvanda heimilanna, gersamlega nauðsynlegt úrræði. Ég vil nefna um þetta nokkur dæmi.

Ég get nefnt sem dæmi hv. þm. Guðna Ágústsson sem segir árið 1994 í utandagskrárumræðu um skuldastöðu heimilanna, með leyfi forseta:

„Við gerum kröfu til þessarar ríkisstjórnar þó við styðjum hana ekki að hún leiti samstarfs um það í þjóðfélaginu við aðila vinnumarkaðarins, við banka, lífeyrissjóði og Húsnæðisstofnun, að það verði sest yfir þennan vanda og hann leystur. Þess vegna fannst mér skaði að hæstv. ráðherra svaraði í engu þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hana og kom ekki fram með neinar tillögur, gerði lítið úr greiðsluaðlögun og sagði að auki að hún hefði ekki ætlað að beita sér fyrir því að í fjárlögum væri gert ráð fyrir neinu í þessum efnum. Þetta harma ég."

Þetta sagði hv. þm. Guðni Ágústsson árið 1994. Ég get nefnt annað dæmi. Hv. þm. og nú hæstv. ráðherra Páll Pétursson sagði í umræðum reyndar um fundarstjórn árið 1993:

„Ég vil einnig minna á annað mál sem verður að ræða hér á þinginu og verður að ná afgreiðslu. Það er till. til þál. um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Þetta er till. til þál. sem flutt er af tveimur stjórnarsinnum, hv. formanni þingflokks Alþfl., Össuri Skarphéðinssyni, og Sigbirni Gunnarssyni, meðreiðarsveini hans, og þetta er ágætis tillaga."

Þriðja dæmið sem ég vil nefna er tilvitnun í hv. þm. og nú ráðherra Finn Ingólfsson í umræðu um Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1994. Þar leitar hann eftir afstöðu hæstv. þáv. félmrh. um það að hann svari kannski frekar á eftir með aðstöðu sína til frv. sem framsóknarmenn höfðu lagt fram um greiðsluaðlögun. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það er hárrétt að hugmyndin er komin frá Noregi. Hún er þýdd og aðlöguð íslenskum aðstæðum. Það að tími hafi ekki verið nægjanlega mikill fyrir þá hæstv. félmrh. Alþfl. sem hafa verið í ríkisstjórninni og verið í félmrn. síðan 1987 til að taka upp þetta fyrirkomulag sem greiðsluaðlögunin er er náttúrlega út í loftið því að einstakir hv. þm. Alþfl. fluttu þáltill. um það árið 1991, ef ég man rétt, frekar en 1992 að komið yrði á í húsnæðiskerfinu greiðsluaðlögunarfyrirkomulagi."

Hér leitar hv. þáverandi þm. eftir afstöðu félmrh. til þessa máls um greiðsluaðlögun og kallar eftir svari.

Hv. þingmenn Framsfl. hafa flutt heilt frv. til laga um greiðsluaðlögun eins og hér kom fram áðan og þar fór allur þingflokkurinn fyrir. En tilveran virðist hafa breyst því nú hentar úrræðið ekki lengur íslenskum aðstæðum. En eftir því sem ég best fæ séð hafa íslenskar aðstæður því miður lítið

breyst að þessu leyti frá árinu 1994 og 1995 þegar þingmenn Framsfl. fluttu tillögu sína um greiðsluaðlögun. En burt séð frá þessum öfugsnúningi Framsfl. eru nokkur efnisatriði í frv. sem ég vildi gjarnan fá skýringar á frá hæstv. dómsmrh. Er hann ekki í húsinu?

(**Forseti** (ÓE)**:** Jú. Ég geri ráðstafanir til að kalla á hann. — Ráðherrann er viðstaddur.)

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í nokkur atriði í frv. og fá skýringar á þeim. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv. að dómsmrh. skipi nefnd þriggja manna til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir samkvæmt frv. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra, en þann þriðja skipar dómsmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Í 4. gr. kemur síðan fram að dómsmálaráðherra getur því aðeins veitt réttaraðstoð ef nefndin mælir með því. Þarna er þessari nefnd að því er mér sýnist falið mjög mikið vald í þessum efnum. Það sem ég sakna hins vegar og ég mundi telja nauðsynlegt að það kæmi fram í svona lögum til að löggjafarvaldið hafi hugmynd um hvaða reglur eigi að fara að setja, það er hvaða reglu má þessi þriggja manna nefnd — ekki er neitt tekið fram um það hvernig hún skuli skipuð með tilliti til hæfni eða þekkingar á málaflokkunum annað en að ráðherra er falið að meta það hverjir þessir einstaklingar eru — hvaða reglum á hún að fylgja við ákvörðun sína sem eftir því sem mér sýnist er nokkuð bindandi fyrir ráðherrann. Telur ráðherrann ekki eðlilegra að löggjafinn ákvarði þetta á einhvern veginn sjálfur. Við sem hér sigjum og tökum afstöðu til frv. þegar þar að kemur þurfum að hafa a.m.k. einhverja yfirsýn yfir það hverjar úthlutunarreglurnar eiga að vera og hvað þarf fyrir að liggja. Annars sýnist mér að það sé hreinlega hætta á því að þarna geti ákveðinn klíkuskapur átt sér stað. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í þetta, hvernig þessar úthlutunarreglur hafi verið hugsaðar nánar.

Ég spyr líka: Út af hverju nefnd en ekki sýslumaður eins og hefur yfirleitt verið í skyldum málum erlendis? Þegar verið er að ræða um t.d. greiðsluvanda heimilanna og úrræði eins og greiðsluaðlögun, þá er gert ráð fyrir að þetta úrræði sé hjá sýslumanni. Hvers vegna er sú leið ekki farin í frv.? Sjá menn eitthvað sérstaklega því til fyrirstöðu?

Hámark greiðslnanna er 250 þús. handa hverjum umsækjanda miðað við vísitölu neysluverðs í febrúar 1996. Án þess að ég sé nákvæmlega með yfirlit yfir það hvað svona hlutir kosta, þá sýnist mér að þetta nægi kannski í mesta lagi fyrir lögfræðikostnaði og tryggingu. Við erum í raun búin að viðurkenna að þetta fólk sé fórnarlömb kerfisins. Þetta er fólk sem hefur farið illa út úr fjármálum. Kannski eru einhver tilvik eins og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason benti á áðan þar sem fólk hefur farið illa með fé. En ég held að það sé kannski svolítið erfitt stundum að greina þar á milli. Við viðurkennum a.m.k. öll, trúi ég, að hér sé ákveðinn vandi til staðar sem ríkisvaldið beri ákveðna ábyrgð á. Og mér sýnist að þarna sé verið að hjálpa þessu fólki til að greiða lögmönnum fyrir að hjálpa sér. En það er ekki verið að leysa vanda þeirra að öðru leyti.

Ég vil í lokin beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvað það er við greiðsluaðlögunina sem ekki hentar íslenskum aðstæðum. Ég hef aðeins gert yfirborðslegan samanburð á þessum tveimur úrræðum. Ég þekkti ekki nauðasamningsúrræðin mjög ítarlega fyrir en hef verið að reyna að skoða þau í gjaldþrotalögunum. Þar segir að nauðasamningur hafi í för með sér, án tillits til samninga, laga eða annarra reglna, að allar samningskröfur falli sjálfkrafa í gjalddaga gagnvart skuldaranum þegar samningurinn kemst á, nema kveðið sér þar á um tiltekinn gjaldfrest.

Skoðum nú hvað gerist ef skuldarinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hann missir kannski atvinnu eða eitthvað annað kemur upp á sem gerir það að verkum að hann getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eftir því sem mér sýnist í lögunum um nauðasamninga er þar ákveði sem segir að á meðan nauðasamningur hafi ekki verið efndur að fullu megi ógilda hann með dómi í máli sem einhver sá, sem á samningskröfu, höfðar á hendur skuldaranum. Þar þurfa þó ákveðin skilyrði að vera til staðar, þar á meðal það skilyrði að skuldarinn vanefnir verulega skuldbindingar sínar samkvæmt nauðasamningnum. Auk þess fellur nauðasamningurinn sjálfkrafa úr gildi ef hann hefur ekki verið efndur að fullu og skuldarinn fær heimild til að leita nauðasamnings á ný eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta.

Ef nauðasamningur fellur úr gildi rankar við réttur lánardrottna skuldarans til að krefja hann um efndir samningskrafna eins og samningurinn hefði aldrei verið gerður. Ef við hins vegar skoðum greiðsluaðlögun, a.m.k. eins og hún er lögð fram og skýrð í till. til þál. sem lögð var fram af Össuri Skarphéðinssyni og Sigbirni Gunnarssyni, þá er þar skýring frá hagfræðingi Neytendasamtakanna, Sólrúnu Halldórsdóttur. Þar kemur m.a. fram að það sem gerist við greiðsluaðlögun er að á greiðslustöðvunartímabilinu tekur sýslumaður eignir skuldara í sína vörslu og það er mjög mikil leiðbeiningarskylda á hinu opinbera. Þetta er svona nokkurs konar gjörgæsla til fimm ára. Síðan segir að ef fjárhagsstaða skuldara versni á þessu fimm ára gjörgæslutímabili, t.d. vegna atvinnuleysis, sé hægt að sækja um að samningurinn við lánardrottna verði endurskoðaður með tilliti til breyttra aðstæðna. Ef skuldari hefur aftur á móti bætt fjárhagsstöðu sína á tímabilinu geta lánardrottnar krafist þess að hann borgi meira en upphaflega var um samið. Þarna sýnist mér að í greiðsluaðlöguninni sé gert ráð fyrir þeim möguleika að skuldari geti ekki að fullu uppfyllt þessar skuldbindingar samkvæmt þeim samningi sem hann gerir. Honum er gefinn ákveðinn aðlögunartími og það er kannski ekki tekið á honum á sama hátt og almennt gerist þegar kröfur falla í gjalddaga ef hann getur ekki staðið við þær vegna tiltekinna ástæðna.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort einhver úrræði séu hugsuð í svona tilvikum. Eru þau til staðar varðandi reglurnar um nauðasamninga eða fer sá sem hefur fengið nauðasamning og getur ekki staðið við hann einfaldlega inn í þessa almennu hakkavél dómskerfisins, ef ég má orða það svo?

[16:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er hluti af stærri pakka, þ.e. það eru þrjú frumvörp sem tengjast hvort öðru og eiga öll að leiða til aðstoðar við það fólk sem á við greiðsluerfiðleika að stríða. Það er góðra gjalda vert og að sjálfsögðu nauðsynlegt að til séu úrræði til þess að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum, ekki síst vegna þess að það hefur komið í ljós að gjaldþrot og gjaldþrotaskipti leiða í rauninni oft ekki neitt af sér. Kröfur ná ekki fram að ganga og það gæti reynst miklu affarasælla að reyna að teygja á tímanum

og gera fólki kleift að ná einhvern veginn jafnvægi í skuldum sínum.

Eftir að hafa hlustað á þessa umræðu, hæstv. forseti, hlýtur að vakna sú spurning hver þörfin sé fyrir aðgerðir af þessu tagi. Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir að ríkisvaldið, framkvæmdarvaldið, skuli leggja fram frv. af þessu tagi án þess að fyrir liggi nokkuð skýr mynd um það hver þörfin sé. Það kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að enn sem komið er eru þeir tiltölulega mjög fáir sem hafa nýtt sér þann möguleika að lengja húsbréfalán til 40 ára, hver sem raunin kann að verða síðar. Þá vaknar sú spuring hver þörfin sé á þeirri aðstoð sem hér er verið að bjóða og hver þörfin sé á þeim breytingum sem ætlað er að gera á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Ég hefði talið mjög brýnt að menn gerðu sér einhverja grein fyrir þörfinni og þar með talið kostnaðinum. En eflaust eru til einstaklingar sem þurfa á úrræðum að halda og þar af leiðandi þurfa þau að vera til staðar.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem hér hefur verið sagt. Það hafa margar spurningar komið fram til hæstv. dómsmrh. og ég vil bæta við spurningum um þá upphæð sem hér er kveðið á um, þ.e. 250 þús. kr. handa hverjum umsækjanda. Á hverju byggist þessi upphæð, hæstv. dómsmrh.? Hversu langt dugar hún? Hver er meðalkostnaðurinn við aðgerð af þessu tagi? Má reikna með því að þetta dugi flestum þeim sem leita eftir þessari réttaraðstoð eða þurfa menn sjálfir að leggja eitthvað til?

Ég hlýt líka að spyrja, eins og þeir sem hafa talað á undan mér, hverju það sætir að ríkisstjórnin velur að fara þessa leið í stað þess að veita greiðsluaðlögun. Hér var lagt fram í fyrra ítarlegt og að allra dómi mjög gott frv. af Framsfl. og við í stjórnarandstöðunni tókum okkur til og fluttum frv. framsóknarmanna eins og það lagði sig á vorþingi og vorum harla ánægð með það. En hér kemur skýrt fram að ríkisstjórnin hefur vikið þeirri leið til hliðar og í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Hætt er við að greiðsluaðlögun yrði kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð og legði miklar byrðar á þau stjórnvöld sem færu með þetta verkefni."

Ég vildi biðja hæstv. dómsmrh. að skýra frekar í hverju munurinn liggur. Hvers vegna yrði greiðsluaðlögun miklu dýrari leið? Ég einfaldlega átta mig ekki á því.

Þegar við ræðum um þessi úrræði verða menn að gera sér grein fyrir því hvernig skuldir heimilanna eru saman settar, hverjar orsakir eru og hvar ábyrgðin er. Samkvæmt þeim skýrslum sem við höfum fengið í okkar hendur um skuldir heimilanna er ýmislegt sem kemur á óvart. M.a. hve það sem við getum kallað lausaskuldir eða neysluskuldir eru stór hluti af skuldunum, þ.e. lántökur í bönkum og lánastofnunum af ýmsum ástæðum. Einnig kemur á óvart hve námslán vega þungt í skuldum margra og að stór hluti skulda þeirra sem hér er vísað til eru skattar og opinber gjöld, þar með talin meðlög. Menn hljóta að spyrja sig hvar ábyrgðin sé. Hver er ábyrgð einstaklinganna gagnvart fjármálum sínum og hvenær fara menn fram úr sjálfum sér? Hvenær eru menn að tefla á tæpasta vað og hvenær er það ástandið í samfélaginu og jafnvel aðgerðir ríkisvaldsins sem eiga þar hlut að máli?

Í því samhengi vil ég minna á það, sem ég hef reyndar áður nefnt í þessum ræðustól, að þess voru allmörg dæmi og kunna að vera enn að greiðslumat húsbréfadeildarinnar sé upp á það allra mesta, þ.e. að þeir ætli fólki helst til mikið og þess vegna hafi margir lent í vandræðum. En það er ekki síður það að ungu fólki er ætlað að afla sér húsnæðis, standa undir námsskuldum, eignast börn og ala þau upp og standa undir öllu þessu með þeim lágu launum sem hér eru greidd. Með þeim samdrætti sem við höfum gengið í gegnum á undanförnum árum hefur þetta orðið mjög mörgum þungt í skauti.

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér fallist á að þessi leið er hvorki betri né verri en aðrar. Það er engin ástæða til annars en að styðja þetta frv. en þó eru hér ýmsar spurningar sem nauðsynlegt er að fá svar við, eins og t.d. það hvers vegna þessi leið er valin og hver hin raunverulega þörf er sem við erum að fást við hérna.

[16:43]

Útbýting þingskjals:

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 389. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 684.

[16:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Umræðan um þetta frv. hefur tekið dálítið sérkennilega stefnu í dag. Það er hæstv. dómsmrh. sem leggur fram frv. en allir þeir sem taka til máls um það kjósa fremur að eiga orðastað við hæstv. félmrh. Það er auðvitað skiljanlegt vegna þess að hæstv. dómsmrh. gengur erinda hæstv. félmrh. og leggur fram frv. til laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem vilja leita nauðasamninga. Og að því er manni skilst á framsögu málsins er þetta partur af því að standa við það loforð sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem drepið var á húsnæðismál.

Herra forseti. Ég sagði: „þar sem drepið var á húsnæðismál" vegna þess að húsnæðismál voru varla tilgreind sérstaklega í stefnuyfirlýsingunni og það sætti miklum undrum þegar hún loksins sá ljós vegna þess að hæstv. félmrh. og hans flokkur hafði í heilli kosningabaráttu varla haft annað á vörunum en það að nú yrði loksins kippt í lag öllum vanda þeirra sem ættu við erfiðleika að glíma í húsbyggingum og vegna húsnæðislána. En það vakti sérstaka eftirtekt, herra forseti, að eftir allt geip þeirra framsóknarmanna, eftir öll loforðin um greiðsluaðlögun og eftir öll frýjunarorð þeirra í síðustu ríkisstjórn er hvergi að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar neitt sem lýtur að greiðsluaðlögun. Orðið greiðsluaðlögun kemur þar ekki fyrir, herra forseti. Það er þess vegna ekkert skrýtið þó að menn kjósi að leyfa hæstv. dómsmrh. að sofa áfram værum blundi í sínum sessi vegna þess að menn hafa engan sérstakan áhuga á því að eiga við hann orðastað um þetta. Menn þakka þetta ágæta frv. sem hér er lagt fram en það nær ærið skammt. Menn vilja hins vegar eiga orðastað við hæstv. félmrh. vegna þess að það er hann sem flutti loforðin og það er hann sem hefur svikið loforðin. Það þykir mér slæmt vegna þess að ég tel rétt að það komi fram að mér þykir að hæstv. félmrh. hafi að mörgu leyti góð tök á sínum málaflokkum. En hann nær því ekki að efna loforðin sem voru gefin fyrir hönd Framsfl. í síðustu kosningabaráttu.

Ég hef áður tekið það fram að hæstv. félmrh. var ekki sá framsóknarmanna sem mestu lofaði en hann var eigi að síður partur af þeirri forustu sem bjó til væntingar gagnvart fátæku fólki úti um allt þjóðfélag, um að kæmist Framsfl. til valda yrði þeirra vanda kippt í lag. Menn bera ákveðnar skyldur. Hæstv. félmrh. er partur af forustu flokksins sem lagði fram þessi loforð og það er hann sem er ábyrgur fyrir þessum

málaflokki og þess vegna er það hans að efna loforðin sem fyrir hans hönd og forustu Framsfl. voru gefin.

Herra forseti. Það var óvenjuauðmjúkur félmrh. sem sté í stólinn fyrr í dag þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að inna hann eftir því hvað liði hundsbótunum eins og hann sjálfur kallaði bætur til einyrkja á síðasta kjörtímabili. Þá var það auðmjúkur hæstv. félmrh. sem sté í stólinn og sagði veikum rómi að vissulega vildi hann að hlutirnir gengju eilítið hraðar en þeir gera. Nú er það svo að ég tel engin föng til þess að ásaka hæstv. félmrh. fyrir það að hlutirnir gangi eitthvað hægar hjá honum en öðrum ráðherrum Framsfl., nema síður væri. Það er hins vegar svo að þó að hann verði kannski ekki ásakaður um að hafa fætur úr gúmmíi virðist samt sem áður svo að hann hafi kiknað gagnvart Sjálfstfl. Það var hæstv. félmrh. sem tók það að sér að hrinda í framkvæmd þeim væntingum sem Framsfl. hafði skapað. Og það var eitt mál sérstaklega sem Framsfl. hafði dregið úr pússi sínu og hafði lofað í þessum þingsölum og frammi fyrir þjóðinni, í ræðum forustumanna og í auglýsingum sem forustumennirnir keyptu í dagblöðum þjóðarinnar. Það var greiðsluaðlögunin.

Hverjir voru það, herra forseti, sem komu aftur og aftur upp í tíð síðustu ríkisstjórnar og ragmönuðu menn um að leggja fram frumvarp um greiðsluaðlögun þegar þeim þótti hægt ganga? Hvað gerðu þeir þá? Þeir lögðu fram sitt eigið frv. Það var Framsfl. sem lagði fram frv. um greiðsluaðlögun í þessum sölum. Það vakti ánægju víða, það vakti fögnuð og það sem var kannski verst, það kveikti vonir með fátæku fólki sem var kannski í nauðum statt. Framsfl. hlaut brautargengi út á þessi miklu loforð. Það voru ekki síst loforðin í húsnæðismálunum sem gerðu það að verkum að fullt af fólki treysti flokknum og greiddi honum atkvæði sitt og fleytti til valdastóla. Menn bíða enn eftir því að lagt verði fram frv. um greiðsluaðlögun.

Það kom skýrt fram til að mynda í grein sem hæstv. viðskrh. skrifaði að mig minnir 29. mars sl. í Tímanum að ef Framsfl. næði þeim áfanga að komast í ríkisstjórn yrði þetta frv. um greiðsluaðlögunina endurflutt. Er það rangminni hjá mér, herra forseti, að einn af flm. hafi heitað Páll Pétursson, þáv. hv. þm. og núv. mikilsvirtur ef ekki hæstv. félmrh.? Ég held að það sé ekki misminni hjá mér. Hann var einn flutningsmanna og fyrir hönd hans lofaði hæstv. viðskrh. því að lagt yrði fram frv. um greiðsluaðlögun. Nú virðist mér á þeirri umræðu sem hefur spunnist í tengslum við þetta frv. til laga um réttaraðstoð við þá einstaklinga sem vilja leita nauðasamninga að það komi ekkert frv. um greiðsluaðlögun.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. félmrh. lýsi því yfir á eftir hvort við því sé að búast að fram komi frv. um greiðsluaðlögun. Mér er að vísu kunnugt um það, herra forseti, að hann hefur skipað ýmsum af nýsveinum Framsfl. í nefndir hist og her úti um þjóðfélagið. Þeir eru að vinna að hinum og þessum málum og allt eru þetta góðir og gegnir menn sem læra vafalaust margt af því að fá að leika hálffrjálsum hala undir handarjaðri hæstv. félmrh. En ef það er svo að þetta er eini afraksturinn af verkum þessara ágætu nýsveina Framsfl. og ef það er einvörðungu með þessum hætti sem hæstv. félmrh. ætlar að efna loforð sín þá segi ég tvennt, herra forseti: Litlu verður Vöggur feginn. Í öðru lagi segi ég til nýsveina Framsfl.: Ill var þín gangan fyrsta, ef þetta er það eina sem út úr þessu kemur, herra forseti.

Ég held að nauðsynlegt sé, herra forseti, að menn rifji aðeins upp málflutning hæstv. félmrh. og Framsfl. á síðasta kjörtímabili. Þá var það eitur í þeirra beinum ef þáv. félmrh. settu niður nefndir til þess að kanna vandann. Það var Framsfl. sem sagði aftur og aftur að það þyrfti ekkert að kanna vandann. Ég minnist þess, herra forseti, að það var núv. hæstv. ráðherra, Finnur Ingólfsson, sem stóð í nákvæmlega sömu sporum og ég stend núna en hann sagði 27. des. 1994, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Staðreyndin er nú sú að það er ekki þörf á neinni sérstakri úttekt á þeim erfiðleikum sem blasa við. Erfiðleikarnir eru alveg ljósir og ástæður þeirra eru líka alveg ljósar."

Herra forseti. Á þessum tíma var það niðurstaða Framsfl. að málið væri alveg klárt. Greiðsluerfiðleikar fólksins í landinu lægju ljósir fyrir og það þyrfti ekkert að skoða þá frekar.

Það var þáv. hv. þm. Finnur Ingólfsson, núv. hæstv. ráðherra, sem sagði í þessari grein sem ég vísaði til áðan og birtist í Tímanum 29. mars, þar er hv. þm. og núverandi ráðherra að tala um þetta merka frv. sem hann flutti ásamt núv. félmrh. um greiðsluaðlögun og þar segir þingmaðurinn, með leyfi forseta:

„Það er mat okkar framsóknarmanna, sem flytum þetta frv. að nú sé tími kannana og skoðana á ástandinu liðinn. Aðstæður fólksins liggi fyrir og aðstæður greiðsluerfiðleikanna séu kunnar. Því sé nú runninn upp tími aðgerða og því var þetta frv. um greiðsluaðlögun lagt upp á Alþingi."

Herra forseti. Nú blasir við þegar maður skoðar það að hið eina sem hæstv. félmrh. hefur gert í þessum efnum er að setja menn til verka í nefndum hér og hvar. Hann telur bersýnilega með verkum sínum að það sem hæstv. viðskrh. sagði fyrir kosningar hafi verið bull og þvæla. Og, herra forseti, ég er sammála hæstv. félmrh. um það. Það var bull og þvæla sem núv. hæstv. viðskrh. sagði þá. Það var þörf á því að kanna málin en, herra forseti, undir lok síðasta kjörtímabils birtist úttekt sem sýndi vandann í hnotskurn. Það þurfti ekkert frekari kannanir. Samt sem áður er enn þá bið á frv. um greiðsluaðlögunina sem hv. þm. Páll Pétursson flutti á síðasta kjörtímabili og hæstv. ráðherra, Páli Péturssyni, ber siðferðileg skylda til þess að flytja núna. Ef hann gerir það ekki er hann ómerkingur orða sinna vegna þess að þetta voru væntingarnar sem hann skapaði á síðasta kjörtímabili með flutningi málsins. Hann sagði: „Svona á að leysa vandann." Þetta sagði hann á meðan hann var óbreyttur þingmaður. Nú er hann orðinn ráðherra, nú fer hann með málaflokkinn, nú hefur hann valdið og dýrðina. Honum ber siðferðileg skylda til þess að flytja málið og ef hann gerir það ekki er hann ekki merkur sinna orða.

Herra forseti. Ég skal hins vegar ekki gera þá kröfu til hans að hann svari því endilega hér og nú hvenær frv. kemur. Það kann vel að vera að það hafi verið allt saman rangt, málið væri svo skýrt að það þyrfti ekkert að hugsa það frekar. Það kann vel að vera að það þurfi nokkra mánuði í viðbót. Ég er alveg reiðubúinn til þess að gefa honum átta mánuði í viðbót til þess að leggja fram þetta frv.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. er það merkur ráðherra að hann skuldar okkur sem hlýddum á orð hans á síðasta kjörtímabili, hann skuldar fólkinu sem greiddi honum atkvæði og hann skuldar öllum kjósendum Framsfl. fyrst og síðast að leggja fram þetta frv.

Nú er það auðvitað svo, herra forseti, þó að hæstv. félmrh. sé maður á besta aldri og ern eftir því kann vel að vera að sökum mikilla anna í ráðuneyti sínu búi hann við mikið álag og það kann vel að vera að það leiði til þess að minni hans sé ekki jafngott og það var á síðasta kjörtímabili. En hann

er heppinn. Hann á vini á óvæntum stöðum, menn sem eru alltaf til í að rifja upp hlutina fyrir honum, herra forseti, og mér finnst af þessu tilefni að nauðsynlegt sé að rifja lítillega upp hvað það var sem fleytti Framsfl. til þess mikla sigurs sem flokkurinn vann í síðustu kosningum. Það voru loforðin um húsnæðismálin og í hnotskurn, herra forseti, hvað var það sem Framsfl. lofaði?

Hann lofaði í fyrsta lagi að setja lög um greiðsluaðlögun fyrir fólk í langvarandi greiðsluerfiðleikum og það var þetta frv. sem núv. hæstv. félmrh. flutti og sem honum ber siðferðileg skylda til þess að flytja áður en allt of langur tími er liðinn.

Í öðru lagi lofaði Framsfl. að lækka tímabundið vexti af húsnæðisskuldum fólks í fjárþröng. Það gerði núv. hæstv. iðnrh. í Tímanum í lok mars en eins og þjóð veit er hann alveg sérstakur sérfræðingur um vaxtamál og hefur sérstaka yfirlýsingu um það frá einum af bankastjórum Landsbankans. Sjálfstfl. lofaði líka að frysta skuldir meðan leitað væri lausna fyrir fólk í tímabundnum erfiðleikum. Framsfl. lofaði líka að lækka beinlínis skuldir samkvæmt auglýsingu sem flokkurinn birti í DV 3. apríl. Það hefur enginn heyrt um nokkrar af þessum fyrirætlunum síðan. Hæstv. iðnrh. endurtók þetta í blaðagrein en hann er sennilega búinn að tapa minninu jafnríkulega og hæstv. félmrh. Það bólar ekkert á því, herra forseti, að skuldirnar séu lækkaðar. Það bólar ekkert á því að þær séu frystar og það bólar ekkert á frv. um greiðsluaðlögunina.

Herra forseti. Ég held að af verkunum eigi menn að dæma þessa ágætu menn og minn dómur er þegar að hníga að því að það sé ekkert að marka það sem þeir sögðu fyrir síðustu kosningar og ég held að áður en langt um líður munu kjósendur komast að sömu niðurstöðu.

Herra forseti. Það er hæstv. félmrh. sem á að fylgja eftir þeim loforðum sem forusta Framsfl. flutti. Síðan er það einstakra þingmanna Framsfl. að fylgja eftir ákveðnum loforðum sem þeir gáfu, jafnvel þó að viðkomandi mál njóti ekki hljómgrunns innan þeirra flokks.

Ég nefni t.d. að áðan kom upp vösk þingkona Framsfl., hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Hún lagði sitt af mörkum til að gera sem gildasta innstæðuna í loforðabankanum. Það var hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem í grein í Tímanum sagði að það væri hennar skoðun að það ætti að stefna að því að greiðsluhlutfallið við fyrstu íbúðarkaup færi upp í 80%. Þetta er göfugt markmið í sjálfu sér. En, herra forseti, þessi ungi, nýi þingmaður Framsfl. hefur ekkert gert svo að við í þessum þingsölum höfum séð til þess að hrinda þessu í framkvæmd.

Að lokum, herra forseti, um leið og ég spyr hæstv. félmrh. hvenær kemur að því að hann leggi fram frv. um greiðsluaðlögunina þá spyr ég líka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur: Hvenær kemur að því að hún leggur fram frv. um að lánið fari upp í 80% af kostnaði fyrstu íbúðar?

[16:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær eru athyglisverðar ræðurnar sem talsmenn jafnaðarmannaflokkanna flytja við þessa umræðu. Mér er ekki alveg ljóst hvort búið er að sameina þá en það stendur þá alla vega fyrir dyrum, ekki ber mikið á milli.

Hv. 4. þm. Suðurl. orðaði það svo að hv. 13. þm. Reykv. hefði verið um hríð í stóli félmrh. Það var ekki nákvæmlega orðað því að ýmsum þótti sem það væri býsna löng hríð, ekki síst þeim sem áttu við mikinn vanda að etja í húsnæðismálum. Hvers vegna? Vegna þess að fulltrúar jafnaðarmanna sem ég hygg á þeim átta árum sem liðu áður en núv. hæstv. félmrh. tók við hafi ekki verið færri en fjórir, a.m.k. þrír sem sátu í stóli félmrh. Þeir gerðu ekkert annað eins og hv. 15. þm. Reykv. lýsti en að skipa nefndir. Þeir komu ekki neinu í verk eins og hv. 15. þm. Reykv. orðaði svo skilmerkilega. En þeir skipuðu nefndir. Það sem hefur gerst er það að nú er farið að koma málum í framkvæmd. Menn geta alveg endalaust deilt um það hér hvort hæstv. núv. félmrh. hefur beitt sér fyrir miklum umbótum á þessu sviði. En hann hefur beitt sér fyrir umbótum og hann hefur komið málum í framkvæmd sem ráðherrar jafnaðarmanna í átta ár gerðu ekki. Það er kjarni þessarar umræðu. Það er það sem fólkið í landinu veit.

[17:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. er vammi firrtastur allra ráðherra Sjálfstfl. og hann á ekki að vera að blanda sér í þessa orðræðu mína við Framsfl. með svona málefnalitlu skæklatogi. Ég heyrði það hins vegar á máli hans að honum rennur til rifja að ekki skuli þokast betur í sameiningarmálum jafnaðarmanna. Má vera að það þurfi einhvern leiðtoga til að sameinast um og kannski hæstv. dómsmrh. bjóði sjálfan sig fram. A.m.k. hygg ég að mörg okkar gætu samþykkt að sameinast um þann forsetaframbjóðanda sem hann hefur lýst yfir stuðningi við. En að öðru leyti, herra forseti, er það svo eins og hæstv. dómsmrh. sagði: Félmrh. síðustu ríkisstjórna lögðu grunninn að lausn vandamálanna með því að gera úttekt á þeim. Það er byrjunin og hún lá fyrir. Hverjir sögðu að það lægi fyrir? Það voru engir aðrir en þingmenn Framsfl. sjálfs sem sögðu fyrir síðustu kosningar að nú þyrfti ekki að kanna hann frekar vegna þess að við værum búin að því, nú væri kominn tími aðgerðanna. Hvaða aðgerðir voru það sem við áttum von á? Auðvitað það sem þeir höfðu sagst ætla að gera á meðan þeir voru óbreyttir þingmenn í stjórnarandstöðu. Hvað er það sem skiptir mestu máli fyrir illa stadda skuldara þessa lands, þá sem hafa lent í erfiðleikum og nauðum vegna erfiðra húsbygginga? Það eru lög um greiðsluaðlögun. Og hverjir voru það sem lofuðu því? Það var maðurinn sem situr þarna. Hann lofaði því. Hann ber móralska skyldu til að leggja fram þetta frv. vegna þess að hann sagði að hann mundi gera það, hæstv. dómsmrh., ef hann kæmist til valda. Illu heilli hleypti þjóðin honum til valda. Þótt hann sé ágætur ráðherra miðað við hina, brennur það samt á honum að leggja fram þetta frv. vegna þess að hann lofaði því.

[17:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir stendur, hv. 15. þm. Reykv., að jafnaðarmenn fóru með þennan málaflokk í átta ár og gerðu ekkert, eins og hann segir sjálfur, nema að skipa nefndir. Síðan kemur nýr félmrh. og þá er farið að framkvæma hlutina. Eða er það kannski svo að það hafi ekki tekið átta ár að finna leiðir til úrlausnar heldur hafi vandinn orðið til vegna þessara átta ára sem jafnaðarmenn fóru með þessi mál? Á kannski að skilja ræðu hv. þm. á þann veg? Ég hygg að það væri ráðlegt fyrir hina málsnjöllu talsmenn jafnaðarmannaflokkanna að fara með meiri hógværð í þessa umræðu en þeir hafa gert.

[17:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stundum velti ég því fyrir mér hvar hæstv. dómsmrh. geymir skilningarvitin í umræðu af þessu tagi.

Hér kemur hann upp og segir að það hafi ekkert gerst í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá hafi hrannast upp mikill vandi og blessuð ríkisstjórnin hafi ekkert gert. Hvar hefur þessi hæstv. ráðherra alið manninn síðustu árin? Er það ekki einmitt í þessari ríkisstjórn sem hann var að ráðast á? Og ef hún tók svona illa á þessum málum eins og hann var að lýsa núna, hvar var hann þá? Hvar var hæstv. ráðherra sem núna er reiðubúinn til að hlaupa undir okið — og ég fagna því – með hæstv. félmrh.? En ef staðan var svona svakalega slæm á síðasta kjörtímabili, hvar var þá blessaður hæstv. dómsmrh. sem úr öllu vill gott gera?

[17:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir málefnalegar umræður. Ég vil líka þakka talsmönnum jafnaðarmannaflokkanna fyrir sitt innlegg þótt það væri með nokkuð öðrum hætti.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir spurði af hverju ekki hefði komið fram frv. um greiðsluaðlögun. Því er til að svara að ég skipaði nefnd til þess að semja frv. til laga um greiðsluaðlögun undir forustu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Þessi nefnd vann ágætt starf í sumar og fram til jóla. Niðurstaða hennar varð sú að það væri skynsamlegra að fenginni reynslu, eftir að hafa kannað reynslu nágrannaþjóðanna af greiðsluaðlögun, þá væri skynsamlegra sem fyrsta skref að semja tvö frv. Annað er það sem hér er til umræðu og hitt kemur til umræðu innan fárra daga um tekjuskatt og eignarskatt. Það er byltingarkennt frv., þar sem fjmrh. flytur frv. til þess að opna fyrir að hægt sé að semja um skattaskuldir, þ.e. aðrar en vörsluskatta. Það getur vel verið að einhvern tímann komi að því að það verði flutt frv. um greiðsluaðlögun en sú leið sem hér er opnuð verður reynd fyrst.

Hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, taldi mig auðmjúkan. Ég mundi nú kannski ekki lýsa sjálfum mér svoleiðis en ég er hógvær og af hjarta lítillátur. Það veit hv. þm. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir þetta um húsnæðismál og greiðsluerfiðleika, með leyfi forseta:

„Að lánstími húsnæðislána frá Húsnæðisstofnun verði breytilegur þannig að í stað 25 ára eins og nú er verði hann á bilinu 15–40 ár. Sérstök áhersla verður lögð á að hjálpa ungu fólki til þess að eignast sína fyrstu íbúð. Þeim sem greiða af eldri fasteignaveðbréfum Húsnæðisstofnunar verður gefinn kostur á lengingu lána. Stuðlað verður að því að einstaklingar, sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum. Stefnt verður að því að flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið."

Þetta segir í stefnuyfirlýsingunni, herra forseti. Það hafa engin loforð verið svikin. Ég hef átt ágætt samstarf við ráðherra Sjálfstfl. og þingflokk Sjálfstfl. um þessi mál. Ég hef sett niður nefndir, ekki bara til að kanna eða gera úttektir, heldur til að leysa vandann. Við erum í óða önn að reyna að leysa þann vanda sem safnast hefur fyrir á undanförnum mörgum, mörgum árum sem Alþfl. hefur farið með ráðuneyti félagsmála.

Ég verð að segja að það gladdi mig í aðra röndina að hv. 13. þm. Reykv. skyldi taka með sínum hætti á þessu máli. Það sannar fyrir mér að ríkisstjórnin er áreiðanlega á réttri leið úr því að hv. 13. þm. Reykv. er svona óánægð með það sem verið er að gera. Því flest sem hv. þm. gerði í sinni ráðherratíð í húsnæðismálum og skuldamálum heimilanna snerist í höndunum á henni. Ég efast ekki um að hún hafi haft góðan vilja en það snerist allt einhvern veginn svo slysalega að eftir hana er bara rjúkandi rúst. Það verkaði öfugt. Hún stóð fyrir greiðsluerfiðleikalánum. Húsbréf upp á 4 milljarða voru gefin út. Vesalings skulduga fólkið, hvað gerði það við húsbréfin sín? Það seldi þau með 25% afföllum. Fékk 3 milljarða fyrir þá 4 milljarða sem það skuldbatt sig fyrir. Nú er þetta fólk í viðtölum við mig á hverjum miðvikudegi alveg hreint að kikna undan hjálpinni frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem náttúrlega var endemis hefndargjöf.

Mig langar til að fara hér örfáum orðum um það hvað verið er að gera í húsnæðismálum og skuldamálum heimilanna. Ég get ekki nema stiklað á mjög stóru. Mig langar fyrst að nefna húsnæðismál. Í sumar var hækkað lánshlutfall til kaupenda fyrstu íbúðar úr 65% í 70%. Þetta verður til þess að ungt fólk sem er að reyna að leita sér að þaki yfir höfuðið fer fremur í að kaupa á almennum markaði heldur en leita í félagslega kerfið. Fyrir jólin var lánstími húsbréfa gerður sveigjanlegur. Nú á fólk kost á 15, 25 eða 40 ára lánum. Það er ekki komin mikil reynsla á þetta. Markaðurinn er ekki búinn að taka við sér varðandi þessi 40 ára bréf. Það er því allt of snemmt að segja til um hvernig þau reynast og hvað þau verði mikið notuð í framtíðinni. Það er að koma, herra forseti, fyrir þingið frv. til laga um félagslegar íbúðir þar sem tekið er á erfiðleikum sveitarfélaga sem mörg hver hafa lent í miklum vandræðum út af félagslegum íbúðum sem þau hafa orðið að innleysa. Þetta frv. á að leysa bráðavanda þeirra út af þessum íbúðum. Það verður hér til umræðu á næstunni. Það er verið að reyna nýjar leiðir í félagsíbúðamálum í reynslusveitarfélagaverkefninu. Það eru fjögur reynslusveitarfélög sem óska eftir því að gera tilraunir í félagslega kerfinu og ég á von á að af því fáist dýrmæt reynsla. Það er unnið að löggjöf um félagslegar íbúðir. Það er komin í gang nefnd sem á að athuga ákvæðið um það að kanna kosti þess og galla að flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið. Sú nefnd er hins vegar skammt á veg komin og ég vil ekki gefa mér neitt um hver verður niðurstaða hennar.

En það er rétt að ég hlaupi á fleiri atriðum sem við höfum verið að vinna að. Það er tekin til starfa ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna. Hún tók til starfa 23. febrúar sl. Um er að ræða samstarfsverkefni 16 stofnana undir forustu félmrn. Þessi ráðgjafarstofa er tilraunaverkefni til tveggja ára og þar munu starfa sex manns, sérfróðir starfsmenn, sem sinna einstaklingum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Þessi aðstoð er veitt ókeypis og það er gert ráð fyrir að ráðgjafarstofan verði eins konar miðstöð fyrir fólk í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Þangað getur það komið og fengið bestu ráðgjöf um fjármál sín, hjálp til að semja um lengingu lána, hagræðingu lána o.s.frv. frá færustu sérfræðingum. Það mun vera einstætt fyrirkomulag að svo margar stofnanir komi að einu verki og kosti það. Þetta samstarfsverkefni er kostað af öllum aðilunum. Það er ekki bara sagt, ég skal koma með þér í þetta ef þú borgar. Það hefur verið gert ítarlegt samkomulag um aðgerðir vegna greiðsluvanda á milli lánastofnana og það var staðfest 2. febrúar. Á allra næstu dögum verður gengið frá reglugerð um skuldbreytingalán Húsnæðisstofnunar.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir flutningi sex lagafrumvarpa til viðbótar. Eitt þeirra erum við að ræða í dag. Öll fela þau í sér mikilvæg úrræði. Þrjú þessara frv. hafa hlotið afgreiðslu í ríkisstjórninni, tvö eru þegar komin fram og það þriðja kemur væntanlega hér fyrir vikulokin. Í

fyrsta lagi eru þetta tvö frv. sem samin voru í nefnd hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, það frv. sem við ræðum í dag og þar að auki frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjmrh. mun flytja strax og hann kemur heim. Efni þess frv. er að skapa svigrúm til að semja um skattaskuldir einstaklinga og aðrar skattaskuldir en vörsluskatta.

Þá liggur hér fyrir síðar á fundinum frv. til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Það frv. er samið í framhaldi af starfi nefndar undir forustu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og þar á að opna heimild fyrir stjórn stofnunarinnar til þess að semja um höfuðstól skuldar.

Þá eru í undirbúningi á vegum hæstv. viðskrh. þrjú frv. sem eru líka hluti af þessum pakka. Það er í fyrsta lagi að reglur um tryggingar vegna greiðslukortaviðskipta verði felldar inn í 8. kafla samkeppnislaga. Síðan er frv. til laga um innheimtustarfsemi og tilgangur þess er að tryggja hagsmuni skuldara gegn of hárri innheimtuþóknun. Og að lokum frv. til laga um þjónustukaup sem á að tryggja eðlilega hagsmuni neytenda.

Herra forseti. Takmarkið er að fækka gjaldþrotum sem mest. Og þegar þessi úrræði öll, ráðgjafarstofan, breytingar á Húsnæðisstofnun og þau lagafrv. sem ég var að enda við að nefna eru komin í gagnið, tel ég að við getum sagt í ríkisstjórninni að við höfum staðið vel að verki og gert það sem við lofuðum.

[17:18]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. svaraði áðan fyrirspurn minni um hvers vegna framsóknarmenn hefðu skyndilega komist að þeirri niðurstöðu að greiðsluaðlögun hentaði ekki íslenskum aðstæðum. Hann svaraði því til að hann hefði sett á stofn nefnd og nefndin hafi talið skynsamlegra að fara þá leið sem ríkisstjórnin fór og snúa þá baki við hugmyndum um greiðsluaðlögun. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svarið en ég tel það hins vegar ekki nægjanlega skýrt. Ég vil nota tækifærið hér og spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann sjálfur þetta vera skynsamlegri leið en greiðsluaðlögun? Telur hann hagsmuni þeirra einstaklinga sem leita aðstoðar nægilega borgið með því að gera þeim kleift að leita nauðasamninga eins og frv. gerir ráð fyrir? Ég vil líka spyrja hann sömu spurningar og ég spurði reyndar hæstv. dómsmrh. áðan: Hvað verður um þetta fólk ef það getur ekki staðið við nauðasamningana? Gilda þá almenn ákvæði gjaldþrotaskiptalaga og gjaldþrot blasir við og það sem því fylgir?

[17:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég féllst á þá skoðun nefndar hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar að skynsamlegra væri að fitja svona upp og flytja frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem ég tel að sé ákaflega mikilvægt og mjög mikil stefnubreyting í innheimtumálum ríkissjóðs og réttaraðstoð við gerð nauðasamninga. Það er skynsamlegra að prófa þá leið fyrst. Það er hugsanlegt að þessar leiðir, ef þær gefast ekki nægilega vel og stemmning verður fyrir því þegar reynsla er fengin á þær, að fara út í að setja lög um greiðsluaðlögun eftir að betri og meiri reynsla er fengin á það á Norðurlöndum. Það var raunverulega frá nágrannalöndum okkar sem við fengum ágæt frv. um greiðsluaðlögun, en þar hafa slík lög verið í gildi um eitthvert árabil, og lásum þau og skoðuðum vandlega. En við fengum ákveðnar viðvaranir líka með þessum frv. þannig að greiðsluaðlögun sem ætti að heppnast getur ekki verið bein þýðing á þeim lögum sem þar hafa verið sett. Ég held að það sé skynsamlegra að sjá hvernig unnið er eftir þeim og síðan að meta það og ef okkur þykir þörf á að setja einhvern tímann síðar tillögur um greiðsluerfiðleika.

Varðandi það hvað tekur við. Ég lít svo á að ráðgjafarstöðin sé gífurlega mikilvægt fyrsta skref. Frv. sem ég tíundaði og breytingar á lögum sem gerðar hafa verið eru allt saman markverð skref sem leysa einhvern hluta af vandanum. Því miður er ég sannfærður um að það er ekki hægt að bjarga öllum með þessum úrræðum. Það eru allmargir í svo hrikalegri stöðu að því miður er ekkert hægt að gera annað en að fara í gjaldþrot með þeim hremmingum sem því fylgir. En takmarkið með þessari vinnu er að reyna að fækka eins og mögulegt er þeim einstkalingum sem þurfa að ganga í gegnum gjaldþrot.

[17:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir því sem mér heyrist á orðum hæstv. félmrh. er þarna verið að viðurkenna að með þeim úrræðum sem er verið að leggja til er verið að velta þessu fólki, sem hefur lent í erfiðleikum m.a. vegna galla í kerfinu, vegna þess að það hafa verið gildandi reglur sem við viðurkennum á vissan hátt að séu ósanngjarnar og hafa komið mjög illa út fyrir einstaklinga, inn í almennu hakkavélina í kröfukerfinu. Er það rétt skilið hjá mér? Mér fannst það ekki koma skýrt fram í svari hæstv. félmrh. Ég veit að hér er hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason staddur. Hann kannski þekkir þetta manna best. En það er ekki verið að tala um neitt í líkingu við greiðsluaðlögun þar sem skuldari er í algjörri gjörgæslu í fimm ár og kröfuhöfum er gert að sýna honum ákveðna biðlund. Þetta er ekkert í líkingu við það úrræði heldur erum við að tala um að honum er gert kleift að leita nauðasamninga og eftir það fer hann inn í almenna kerfið. Ég vildi gjarnan fá skýrari svör að þessu leyti frá hæstv. félmrh.

[17:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meiningin er auðvitað að reyna að forða fólki frá því að lenda í hakkavélinni. Til þess erum við nú að þessu. Greiðsluerfiðleikaleiðina athuguðum við mjög gaumgæfilega. Hún hefur ýmsa kosti en það eru líka ákveðnir ókostir á henni. Það þarf nefnilega tvo til að fara í greiðsluerfiðleika. Það þarf að fá lánardrottin til að samþykkja. Lánardrottinn getur komið í veg fyrir að farið yrði í greiðsluerfiðleikameðferð. Nauðasamningaleiðin hefur gefist vel í æðimörgum fyrirtækjum. Hins vegar hafa einstaklingar ekki getað nýtt sér hana. Ég held að mjög mörg fyrirtæki séu nú starfandi vegna þess að þau hafa gengið í gegnum nauðasamninga. Við skulum því ekkert fúlsa við þeirri leið heldur.

[17:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra alls ekki gefa þinginu fullnægjandi svör við því af hverju horfið hefði verið frá frv. um greiðsluaðlögun. Hæstv. ráðherra vísaði til þess að nefnd undir forustu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar hefði komist að þessari niðurstöðu. Ég vil í því sambandi minna á að nefnd sem vann á vegum félmrn. skilaði líka í maí 1994 mjög ítarlegri skýrslu um greiðsluaðlögun. Það var ítarleg skýrsla í sex köflum þar sem m.a. var farið yfir reynslu annarra þjóða sem hafa tekið upp þessa löggjöf og hvernig slík úrræði hentuðu hér á landi. Niðurstaða nefndarinnar var sú að í tíu atriðum telur hún upp kosti þess að taka upp lög um greiðsluaðlögun og leggur hreinlega til að

slíkri löggjöf verði komið á. Hún segir í sínum niðurstöðum að reynsla Norðurlandaþjóðanna af greiðsluaðlögun sé góð og að nákvæm úttekt Norðmanna á reynslu af greiðsluaðlögun fyrstu ár laganna gefi til kynna að árangur sé góður og í samræmi við markmið sem sett voru. Og síðan kemur fram að þetta séu góð úrræði fyrir einstaklinga í alvarlegum greiðsluvandræðum hér á landi. Þannig að þetta er allt önnur niðurstaða heldur en þessi nefnd hefur komist að. Og nefndin sem fær þetta mál til úrlausnar hér á þinginu hlýtur að skoða ítarlega þessa skýrslu fyrri nefndar sem starfaði í þessu máli.

Af því að ráðherrann segir að það sé til marks um að þetta sé gott úrræði að ég tali gegn því, þá vil minna hann aftur á frv. sem hann flutti hér fyrir jólin og ráðherra var rekinn til baka með. Nefnd sem starfaði á vegum ráðherrans í tæpt ár eða a.m.k. 6–8 mánuði kom með þetta frv. Síðan kemur hæstv. ráðherra með það inn í þingið. Og við athugun nefndarinnar á málinu kemur í ljós að það er verið að þrengja verulega ákvæði sem voru til staðar um skuldbreytingu. 2.000 manns höfðu fengið úrræði frá 1993 en það kom í ljós við athugun nefndarinnar að einungis 400 en ekki 2.000 hefðu fengið fyrirgreiðslu ef úrræði hæstv. félmrh. hefðu verið í gildi. Hér var því um verulega þrengingu að ræða. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort reglugerðin sem hann nefndi að hann væri að gefa út um skuldbreytingu lána feli í sér einhver ný úrræði frá því sem verið hefur frá 1993. Er ekki einungis verið að lögfesta þau úrræði sem hafa verið í gildi frá 1993?

[17:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur nú nokkurt vatn runnið til sjávar síðan 1994 og reynsla hefur fengist þar sem greiðsluaðlögun hefur verið reynd. Ég er ekki að fordæma greiðsluaðlögun og er að mörgu leyti mjög skotinn í þeirri hugmynd. Ég held hins vegar að það sé réttari aðferð að fara fyrst á flot með þetta fyrirkomulag sérstaklega vegna þess að ég held að nýmæli um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt fylgi með. Ég held að þetta sé heppilegri niðurstaða en þær hugmyndir sem ég hef séð um greiðsluaðlögun þó ég telji að þær hugmyndir þurfi að vera til skoðunar líka í framtíðinni.

Hv. 13. þm. Reykv. minntist á húsnæðismálafrv. fyrir jólin. Ja, sá var nú rekinn til baka. Frv. var flutt eins og nefnd undir forustu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar lagði til. Ég fagnaði því og enginn meira en ég að hv. félmn. vildi rýmka ákvæði frv. Ég kom til nefndarmanna í félmn. með nýja grein sem þeir tóku við og gerðu að sinni. Mér hefði aldrei dottið í hug í fyrstu lotu að fara fram á það við þingið að fá það reglugerðarvald sem ég fékk með því frv. Varðandi þá reglugerð sem hv. þm. spurði um og nýmæli í henni er best að doka við og bíða eftir því að reglugerðin komi út og þá kemur það í ljós.

[17:30]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra staðfesti nákvæmlega það sem ég var að segja hér áðan. Hann flutti frv. á þingi fyrir jólin sem fól í sér verulegar skerðingar á þeim úrræðum sem voru til staðar um skuldbreytingu. Ráðherrann sá vissulega að sér eftir að félmn. hafði bent félmrn. og hæstv. félmrh. á þau mistök sem hann var að gera. Þingið staðfesti því og gerði að lögum þau úrræði sem verið höfðu til staðar frá 1993. Enn einu sinni er ráðherrann að skapa fólki væntingar um að hér sé um einhver ný úrræði til skuldbreytinga að ræða. Ég fæ ekki betur séð en að reglugerð sem á að gefa út á grundvelli þeirra laga sem voru sett fyrir jólin feli í sér nákvæmlega sömu úrræði og hafa verið til staðar frá 1993. Sem betur fer kom þingið í veg fyrir mistök hæstv. ráðherra, en hann hafði haft nefnd starfandi í marga mánuði til að undirbúa mál sitt varðandi skuldbreytingu heimilanna sem Framsfl. hafði lofað. Niðurstaðan varð sú að ráðherrann boðaði við fyrstu umræðu verulegar þrengingar á úrræðum til skuldbreytinga sem verið höfðu til staðar í tvö ár.

[17:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum spyrja að leikslokum í þessu eins og öðru. Meginatriðið er þetta: Lagasetningin tókst vel. Og ég vænti þess að reglugerðin verði líka til bóta. Í þessu húsnæðisstofnunarfrv. eru merk nýmæli sem ég vænti að eigi eftir að koma þjóðinni að gagni. Við í félmrn. erum önnum kafin við að reyna að laga húsnæðislöggjöfina sem því miður var ekki nægilega vel úr garði gerð og því mistókst margt af því sem hv. fyrirrennari minn hafði lagt þar til mála.

[17:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Satt að segja finnst mér að umræðan sem fer hér fram núna sé með, mér liggur við að segja, óhuggulega hefðbundnu sniði. Fyrir utan örfáar undantekningar snýst þetta aðallega um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að kenna hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um allan vanda húsnæðiskerfisins. Ég ætla ekki að tala fyrir hv. þm. í því máli. Ég ætla bara að benda á það í allri vinsemd að aðrir flokkar voru líka í ríkisstjórn þegar húsbréfakerfið varð til og afföllin voru sem mest, þar á meðal Framsfl., Alþb. og Sjálfstfl. Þetta er svo yfirtak ómerkilegur málflutningur að það tekur engu tali. Hann leysir engan vanda vegna þess að við erum hér saman komin til að reyna að tala okkur í gegnum málin og til að finna einhverja lausn á þeim vandamálum sem uppi eru.

Ég verð líka að segja alveg eins og er um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Auðvitað má alveg gefa Framsfl. einn fyrir viðleitni í málinu. Það er allt í lagi að segja að menn séu að reyna ýmislegt. En frv. er ákaflega gallað eins og ég mun rekja hér dálítið. Það eru mjög alvarlegir gallar á frv., efnislegir gallar sem nauðsynlegt er að ræða. Aðalgallinn við frv. er sá að þetta er ekki frv. um félagslegt úrræði. Þetta er frv. til laga um að ríkissjóður borgi lögmönnum. Þetta er frv. til laga um að ríkissjóður borgi lögmönnum peninga. Svo einfalt er það. Sjálfstfl. hefur auðvitað neitað félagslegum úrræðum eins og hann gerði alla tíð í ríkisstjórninni með félmrh. Alþfl. Því var alltaf neitað. Alþýðuflokksmennirnir, bæði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og hæstv. forseti sem hér situr, gerðu tilraun til að ýta í gegn einhverjum félagslegum málefnum. Það gekk ekki neitt. Íhaldið stoppaði það. Að eigin sögn voru kratarnir a.m.k. eitthvað að nudda í þeim efnum þótt það skilaði óhugnanlega litlu. Niðurstaðan er svo sú að Sjálfstfl. hefur fullan sigur í málinu. Og dómsmrh. Sjálfstfl. flytur frv. um að efna kosningaloforð Framsfl. — þetta er sérkennileg verkaskipting og athyglisverð — með því að það verði heimilt að borga lögmönnum allt að 250 þús. kr. fyrir þann mann sem ætlar að leita réttar síns samkvæmt lögum. Þetta er því óhugnanlega smátt, hæstv. forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn viðurkenni veruleikann. Að vísu er

það í áttina að aðstoða fólk við að leita réttar síns, það skal enginn gera lítið úr því. En að ætla sér að líta á málið eins og einhverja allsherjarlausn eins og reynt er að gera þegar hæstv. dómsmrh. þenur sig hér aftur og aftur fyrir hönd íhaldsflokkanna tveggja, er satt að segja alveg átakanlegt. Það er átakanlegt að sjá hvernig hæstv. félmrh. er algjörlega genginn í þessi Heiðnabjörg, blessaður karlinn, með leyfi forseta.

Varðandi frv. sjálft, ætla ég að fara yfir nokkur efnisatriði þess og greinargerðina. Mér finnst málið illa fram lagt. Ég ætla að fara aðeins yfir það á eftir. Mér finnst að svona mál eigi að vera vel fram lögð og greinargerðir eigi að vera skýrar.

Fyrsta gagnrýnisefni mitt varðandi þetta frv. er að hérna sé hætta á því að það sé verið að opna fyrir aðferðir sem er nær að kenna við klíkuskap en almenn réttindi fólks. Hér eru íhaldsflokkarnir tveir, gömlu helmingaskiptaflokkarnir, að búa til eitt kerfið enn sem gengur út á það að dómsmrh., sem er pólitískur ráðherra, ákveður hver fær réttinn, en að vísu að fenginni tillögu nefndar. Í frv. stendur að hann geti ekki veitt neinum öðrum en þeim sem nefndin gerir tillögu um, en hann skipar sjálfur nefndina. Ég tel að þetta standist ekki nútímavinnubrögð í stjórnsýslu, virðulegi forseti. Ég skora á hv. allshn. eða félmn. sem fær þetta mál til meðferðar að breyta þessu. Ég treysti núv. dómsmrh. mjög vel til að taka faglega á málinu, ég tek það fram. En það kemur ekki málinu við. Sú uppsetning mála að dómsmrh. eigi að úthluta gæðum úr ríkissjóði samkvæmt tillögu nefndar sem hann skipar sjálfur gengur ekki. Það gengur ekki, hæstv. forseti, að vinna svona að málum. Ég skora á þá sem hér eru úr stjórnarmeirihlutanum að velta því fyrir sér hvort ekki er hægt að koma þessu öðruvísi fyrir, að orða frumvarpstextann þannig og gera lögin þannig að hér verði um að ræða almenn réttindi, en ekki bara réttindi sem eru ákveðin af nefnd sem ráðherrann skipar og svo af ráðherranum sjálfum. Þetta er gagnrýnisatriði mitt númer eitt. Ég tel að þetta sé slæmt og alvarlegt gagnrýnisatriði. Mér finnst að það sé verið að fara mörg ár aftur í löggjöf með því að setja þessa hluti upp svona. Ég kann ekki að meta þessa uppsetningu.

Í öðru lagi sé ég ekki annað en að samkvæmt þessu sé gert ráð fyrir sáralitlum fjármunum í þessu skyni. Þetta er óskaplegur afturúrkreistingur, með leyfi forseta, þetta er ekki neitt. Og auðvitað er það alveg rétt sem hæstv. dósmrh. segir að fjmrn. veit ekkert um þetta mál. Fjmrn. er yfirleitt til vandræða þegar á að fara að koma einhverjum réttindum í gegnum ríkisstjórnina, ég þekki það. En ráðherrann verður að viðurkenna að þetta er óttalega aumingjalegt. Síðasta línan í þessu druslulega þingskjali endar á þessu: „sé miðað við að þeir verði 20–40 yrði kostnaðaraukinn 4–10 millj. kr." Þetta er rismikið, það verð ég að segja. Þetta er átakanlega ræfilslegt. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er greinilega ekki gert ráð fyrir að þetta skili neinu.

Ég óttast að sú aðferð sem hér er verið að tala um, þ.e. að búa til umsóknarferli til dómsmrh. og svo einhverja matsnefnd, verði margra mánaða ferli. Er ekki verið að lengja í hengingarólinni hjá fólkinu, svo ég noti nú tilvitnanir í 30 ræður framsóknarmanna frá næstsíðasta þingi um mál af þessu tagi? Ég sé á öllu að það er ekki meiningin að þetta kosti neitt. Það á ekki að gera neitt með þetta annað en það að Sjálfstfl. er að telja Framsfl. trú um að íhaldið sé að efna kosningaloforðin sem Framsókn gaf, en ætlar nú að svíkja og getur ekki staðið við sjálf. Það er fullkomlega átakanlegt að sjá þessar tölur, þessa ræfilslegu magalendingu Framsfl. Ég finn svo sem ekki mikið til með hæstv. félmrh., hann hefur verið hér lengi og kynnst mörgu. Það er annað með þessa ágætu ungu þingmenn Framsfl. eins og hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason, sem kemur hér inn í góðri trú, hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, allt þetta fólk sem flaut inn á miklum kosningasigri Framsfl. sem byggðist á loforðum til þessa fólks um að það ætti að leysa vanda þess. Ég finn til með þessum þingmönnum vegna þess að ég vona að þeir hafi slæma samvisku.

Í þriðja lagi verð ég að spyrja í sambandi við þetta frv., hæstv. forseti, hvaða einstaklingum það eigi að bjarga. Hverjir eru þeir? Það á að fara að borga lögfræðingum, eins og ég sagði áðan. En hverjir eru það aðallega sem eiga um sárt að binda, eins og kom hér fram hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni? Hverjir eru þeir? Það eru þeir sömu, það er fólkið sem ríkið er sjálft að knésetja. Það er það sem verið er að fjalla um hér sérstaklega, fólk sem ríkisvaldið hefur komið á vonarvöl. Ég held að staðan sé þannig að ef ríkið slakar aðeins á klónni að því er varðar tekju- og eignarskattinn, muni það fá margfaldlega þessar skitnu 250 þús. kr. per nef til baka aftur. Mér segir svo hugur að ríkissjóður sé ekki að láta hér út eina einustu krónu. Þakka skyldi það, þótt ríkið hafi vit á að hætta að stofna til nýrra málaferla við fólk sem á ekki neitt og getur ekki borgað neitt upp í kröfurnar sínar. Aftur á móti verður ríkið að bera stórkostlegan kostnað af því að borga lögfræðingastóðinu fyrir pappírana sem þeir framleiða á lögfræðikontórunum. Það er það fólk sem fær upp í 250.000 kall og ástæða er til að óska Framsfl. til hamingju með þá aðstoð við þá sérstöku stétt.

Hæstv. forseti. Í seinni hluta ræðu minnar ætlaði ég að víkja aðeins að greinargerðinni. Þar er sagt að nefnd hafi verið að störfum undir forustu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Mér finnst að það hefði átt að birta hér nefndarálitið og láta það fylgja með þannig að menn gætu borið þetta saman og fundið rökin fyrir hinni miklu opinberun Framsóknarflokksins að greiðsluaðlögun væri ekki brúkleg. Í þessu skjali stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna greiðsluvanda heimilanna hefur því verið hreyft á ný hvort ekki ætti að lögleiða sérstakt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar, svokallaða greiðsluaðlögun, samkvæmt fyrirmynd eftir danskri löggjöf þar sem úrræðið er nefnt „gældssanering" eða norskri, en þar nefnist það „gjeldsordning"."

Ég sakna þess að það skuli ekki hafa verið dregin hér inn fleiri norðurlandamál, eins og t.d. finnska. Það eina fróðlega við þetta er hvað þetta heitir annars vegar á dönsku og hins vegar á norsku, að öðru leyti er þetta ótrúlega rýrt. Hefur því verið hreyft? Það er nú eitthvað annað. Það var heill stjórnmálaflokkur, hæstv. forseti, sem gerði út á það alla kosningabaráttuna að hreyfa því að það ætti að taka upp greiðsluaðlögun. Hér stendur: „hefur því verið hreyft á ný". Menn þöndu sig aftur og aftur í ræðustóli eins og hæstv. félmrh. og sögðu að þingið færi ekki heim fyrr en búið væri að samþykkja lög um greiðsluaðlögun. Eða eins og hann sagði hér, með leyfi forseta, undir lok eins þingsins: „Ég árétta þá ósk sem hv. 4. þm. Norðurl. v. setti fram og læt það fylgja að þetta mál verðum við að útkljá hér á þessu þingi áður en við förum heim."

Síðan mætti vitna hér í ræður Guðna Ágústssonar og hæstv. núv. iðnrh. í þessu efni. Það átti að afgreiða þetta

strax. Málið lá fyrir, það þurfti ekki að skoðast stundinni lengur.

Það ljóta í dæminu er að fjöldinn allur, þúsundir af því fólki sem bjó við þennan hraklega kost í húsnæðismálum, sem menn bera hér ábyrgð á frá undanförnum árum, trúði framsóknarmönnunum í þessu máli. Það er auðvitað komið að því að menn velti því fyrir sér hvað stjórnmálamenn leyfa sér að segja og gera og haga sér fyrir kosningar vegna þess að ég er sannfærður um að þó nokkur hópur af þeim framsóknarmönnum sem hafði uppi þessi fyrirheit fyrir kosningar vissi að þeir mundu eiga erfitt með að standa við þau svo ekki sé meira sagt. Svo kemur útskýringin á þessu, „hreyft á ný", aftur kemur vor í dal. Svo segir, með leyfi forseta, að úrræði af þessu tagi þyki ekki henta íslenskum aðstæðum. Það er ekkert rökstutt. Hvað er það? Er það þýðingarvandinn? Er það kannski þess vegna sem orðin „gældssanering" og „gjeldsordning" eru þarna? Hvað er það? Þykir ekki henta íslenskum aðstæðum. Hvaða íslensku aðstæður eru það sem hafa breyst svona? Er það bara það að Framsfl. fékk ráðherrastólana? Þar með breyttist allt. Hvaða rökstuðningur er fyrir því að þetta henti ekki íslenskum aðstæðum? Á Framsókn eitthvað bágt, blessunin? Nei, segir hæstv. dómsmrh. á táknmáli sem er ekki óhætt að bera sér í munn vegna slæmrar reynslu af ávörpum af því tagi við þingmenn Suðurlands í seinni tíð í sveitinni. Nei, hæstv. dómsmrh. segir að Framsókn eigi ekki bágt. Hæstv. dómsmrh. er nefnilega ánægður með Framsókn og til hamingju með það, hæstv. félmrh. Það er nú meiri lukkan.

En hvað er það sem veldur því að þetta hentar ekki íslenskum aðstæðum? Það er ekki rökstutt en svo kemur ný setning, hæstv. forseti. Mér er sem ég heyri ræður og viðbrögð hv. þm. Guðna Ágústssonar við þessari setningu á síðasta kjörtímabili. En hún er svona, með leyfi forseta:

„Hætt er við að greiðsluaðlögun yrði kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð ..." Ja, þar kom að því. Og ég spyr, er það ástæðan? Er það ástæðan og hver er sá kostnaður sem menn eru þar að tala um? Ég man eftir umræðum um þetta á síðasta kjörtímabili og ég man eftir að þeir framsóknarmenn sögðu að þetta væri ekkert nokkuð mál. Hér er ég með bunka af einhverjum tilvitnunum í þá um þau efni. Það segir: „Hætt er við að greiðsluaðlögun yrði kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð og legði miklar byrðar á þau stjórnvöld sem færu með þetta verkefni."

Aumingja stjórnvöldin, vesalings stjórnvöldin. Hugsa sér hvað þessi vesalings stjórnvöld yrðu þjáð og þjökuð með allar þessar byrðar á bakinu. Ekki man ég eftir að Framsfl. væri að tala sérstaklega fyrir þeim byrðum í síðustu kosningabaráttu.

En að lokum kemur niðurstaðan, með leyfi forseta: „Að auki er úrræði sem þetta með öllu óþarft ..." Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að burt séð frá öllu því sem snertir þá kosningaloforðasvikasögu sem hér er að renna upp er alveg óhjákvæmilegt að þessi texti verði rökstuddur nánar. Hvað er það í íslenska skuldakerfinu hjá heimilunum sem gerir það að verkum að úrræði sem naut stuðnings meiri hluta Alþingis fyrir nokkrum mánuðum hentar núna ekki íslenskum aðstæðum? Hvað er það alveg nákvæmlega? Það verður að koma fram. Ég held þess vegna að óhjákvæmilegt sé að fara fram á að þessi rökstuðningur verði birtur.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé ekki góð reynsla af því sem hér liggur fyrir þegar íhaldið ætlar að efna kosningaloforð Framsfl. Ég tel að hér sé verið að taka upp kerfi sem er slæmt af því að það bjóði heim klíkuskap. Hér sé ekki um að ræða almenn réttindi heldur réttindi sem menn geti skammtað úr pólitískum hnefa. Þetta minnir mann á fyrri ár og áratugi í sambýli Framsfl. og íhaldsins þegar íhaldsflokkarnir tveir hafa náð saman og ég held að það verði að skoða. Og ég held að hitt verði að skoða líka, og menn eigi að játa það, að í rauninni eru menn ekki með frv. til laga um félagsleg úrræði fyrir fólk sem er í nauðum statt. Hér eru menn fyrst og fremst með frv. til laga um að borga lögfræðingum kostnað fólks við að leita réttar síns. Þess vegna hefði auðvitað verið eðlilegra að mörgu leyti að hér væri um almennt frv. að ræða sem snerti aðstoð við fólk sem er að leita réttar síns en látum það vera. Þetta er í áttina ef það verður tryggt að það verði ekki hægt að beita klíkuskap í þessum efnum. Síðan er nauðsynlegt að fá það fram hver eru rökin fyrir því að Framsfl. er núna á móti þeirri greiðsluaðlögun sem hann barðist fyrir, með leyfi forseta, með kjafti og klóm um margra missira skeið.

[17:51]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að eitt af höfuðmarkmiðum hennar sé að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum. Ég vil meina að við séum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að standa við fyrirheit okkar með framlagningu þessa frv. Í ríkisstjórninni hefur náðst samstaða um ákveðin mál hvað þetta varðar. Það má benda á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, það má nefna ítarlegt samkomulag sem náðst hefur meðal lánastofnana hjá fólki sem á í erfiðleikum varðandi lán og annað slíkt, það má nefna reglugerð um skuldbreytingu lána í Húsnæðisstofnun og þau þrjú lagafrv. sem hér hafa verið nefnd.

Þingmenn hafa verið mjög duglegir við að rifja upp kosningaloforð framsóknarmanna og það sýnir að þau kosningaloforð sem við gáfum vöktu athygli og þau eru einnig ákveðinn vegvísir í þeirri ríkisstjórn sem við störfum í. Við stefnum ótrauð að því að standa við loforð okkar og það frv. sem hér er lagt fram er einn angi af þeim meiði.

Í dag höfum við m.a. rætt um greiðsluaðlögun. Þessi svokallaða greiðsluaðlögun var tekin upp fyrir u.þ.b. 10 árum í Danmörku en í Noregi 1994. Það er alveg ljóst að greiðsluaðlögun er um margt mjög spennandi kostur. Síðan kemur í ljós að greiðsluaðlögun er dýr, hún gagnast of fáum. Það höfum við séð í tölum frá Danmörku, Noregi og víðar og hún er ákaflega hægvirk en við höfum alls ekki útilokað að á einhverju tímabili komum við til með að taka upp greiðsluaðlögun þegar við höfum skoðað þau mál betur en við höfum gert.

Við getum líka spurt okkur um það hvers vegna greiðsluaðlögunin hafi ekki tekið gildi í ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vegna þess eins og hún hefur réttilega bent á höfðu starfað nefndir og ég hef skoðað þær skýrslur vel sem þær nefndir skiluðu af sér og ég spyr að því hvers vegna tók þetta ferli ekki gildi í síðustu ríkisstjórn. Það er spurning á hvern hátt við getum hjálpað þeim sem eiga í miklum erfiðleikum með skuldir sínar. Í þeirri nefnd sem ég starfaði í vorum við sammála um það að við þyrftum að grípa til eins skjótvirkra aðgerða og mögulegt var og þess vegna náðist samstaða um þau lagafrv. sem er verið að leggja hér fram.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir talaði réttilega um það að margar af skuldum heimilanna stafa af gölluðu kerfi. Það er vissulega rétt og m.a. þess vegna er verið að leggja fram lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga því að það kemur í

ljós að fjöldi manna sem skuldar meðlög hefur ekki getað farið út á atvinnumarkaðinn vegna þess að þá hefur í raun og veru hver einasta króna sem þeir hafa unnið sér inn runnið í Innheimtustofnun sveitarfélaganna. Þess vegna hafa menn sem skulda meðlög mjög gjarnan farið út á hinn svokallaða svarta markað.

Það kom líka fram í máli mínu áðan að u.þ.b. 50% af skuldum einstaklinga stafa m.a. af skattaskuldum og það er nákvæmlega þess vegna sem við erum að leggja fram lög um réttaraðstoð en innheimtumenn ríkissjóðs hafa einmitt verið að ganga í skrokk á því fólki sem skuldar skattaskuldir. Sá kostnaður hefur lent á ríkissjóði og hefur ekki skilað því inn sem menn hafa vænst og við getum líka velt fyrir okkur til hvers erum við að gera fjölda heimila í landinu gjaldþrota þegar ekkert næst upp í kröfurnar. Hver tekur þá við þessu ágæta fólki?

Það sem mér þykir athyglisvert við þær aðgerðir sem er verið að vinna að er að náðst hefur mjög víðtæk samstaða um ýmsa hluti eins og hæstv. félmrh. hefur verið að benda á. Það voru 16 félög, stofnanir eða samtök sem komu sér saman um Ráðgjafarstofu heimilanna og aðgerðir í þeim efnum. Það finnst mér skipta mjög miklu máli. Mér finnst einnig skipta máli að það hefur náðst samstaða í ríkisstjórninni um þau mál sem við erum að tala um hér. Það bendir til þess að við eigum að geta náð árangri en ég endurtek það að mér finnst engin ástæða til þess að útiloka greiðsluaðlögunina. Hún er ein aðferð til viðbótar.

Það er alveg nauðsynlegt að kenna um fjármál í skólum landsins. Við þurfum að byrja mjög snemma því að í störfum þeirra nefndar sem ég starfaði í um greiðsluaðlögun kemur í ljós að mjög mikið af ungu fólki verður snemma gjaldþrota. Þetta unga fólk gerir sér ekki grein fyrir þeirri ábyrgð sem í því er fólgin að taka lán, fá sér VISA-kort og þar fram eftir götunum. Oft og tíðum lenda þessar skuldbindingar á þriðja aðila, foreldrum, ömmu og afa eða einhverjum skyldmennum. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál og við verðum að stefna að því að kenna ungu fólki strax í grunnskóla, svo ekki sé talað um í framhaldsskólum, hvað það þýði að stofna heimili, stofna til skuldbindinga og þar fram eftir götunum. Það sem við erum að gera í þessum efnum er ekki alls kostar fullkomið frekar en önnur mannanna verk en ég tel þetta þó mjög til bóta og ég vonast til þess að þær aðferðir sem við erum að benda á komi til með að gagnast mörgum.

[17:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. framsóknarmönnum hér inni tekst ekki enn að útskýra fyrir mér af hverju horfið er frá greiðsluaðlögun og hvað hafi svona mikið breyst í íslensku umhverfi frá því að þeir tóku við að ekki sé hægt að taka upp greiðsluaðlögun. Við höfum það fyrir okkur að hin Norðurlöndin hafa tekið þetta upp. Danmörk hefur verið með þetta síðan 1984 og Noregur síðan 1993 og í skýrslu þeirrar nefndar sem ég vitnaði til og starfaði í nokkra mánuði að þessu máli, kemur einmitt fram að það sé mjög góður árangur af þessari greiðsluaðlögun og fjöldi manns hafi sótt um og nýtt sér þessi úrræði. Það er ekkert sem kemur fram í þessari skýrslu eins og hv. þm. nefndi að hér sé um hægvirk og dýr úrræði að ræða.

Hv. þm. nefndi það sem ein rök að þetta gagnaðist of fáum. Hvað með það frv. sem við erum að ræða hér? Fyrst hv. þm. bendir á það sem ein rök í málinu að greiðsluaðlögunin gagnist of fáum hlýtur hann að hafa velt því fyrir sér hve mörgum gagnast þá þetta úrræði. Hv. þm. hlýtur að hafa velt því fyrir sér.

Og í lokin, af hverju ég hafi ekki flutt þetta mál inn í þingið. Nefndin skilaði niðurstöðu í maí 1994. Ég hvarf úr ráðherrastól í júní 1994. Það er meginskýringin. En á þeim tíma sem þetta mál byrjaði í mínu ráðuneyti 1993 var unnið mjög ötullega að því að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum um málið þannig að það var raunverulega tilbúið til lagasetningar í maí 1994. Mér finnst mjög sérkennilegt, og ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni og fleirum sem hér hafa talað, af hverju ekki er birt niðurstaða nefndar hv. þm. í þessu máli. Ég er að vitna í skýrslu upp á sex kafla og 20 eða 30 blaðsíður sem lá fyrir um þetta mál sem mælti öll með þessu úrræði. Ég held að nefndin sem fær þetta til úrlausnar eigi kröfu á því að sjá nefndarálitið og rök nefndarinnar fyrir því að þessi leið er ekki farin.

[18:02]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst miðað við þau gögn sem við höfum fengið og séð að greiðsluaðlögunin á Norðurlöndum eins og ég sagði áðan hefur gagnast of fáum. Það kerfi er of hægvirkt og við teljum það of kostnaðarsamt miðað við það hve fáum það gagnast. Ég hef því miður ekki nákvæmar tölur en ég get fundið þær úti á skrifstofu minni. Fulltrúi félmrn. og fulltrúi dómsmrn. fóru til Noregs í vetur til að kynna sér þessi mál og fengu upplýsingar um það hvernig þetta ferli hafði gagnast á Norðurlöndunum. Þá komu þessar upplýsingar m.a. í ljós.

Eins og hæstv. félmrh. hefur bent á er það líka alveg ljóst að í þeirri nefnd sem ég starfaði í litum við þannig á að þau frumvörp sem við erum að leggja hér fram kæmu til með að verða fljótvirkari og gagnast fleirum m.a. með tilliti til þess hvernig skuldasamsetningin er hjá einstaklingum. Og það er þess vegna sem við lögðum áherslu á það að þessi frumvörp yrðu tekin áður en til greiðsluaðlögunar kæmi.

[18:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Munurinn á þessum tveimur úrræðum sem hér hafa verið til umræðu er skýr, annars vegar á margumræddri greiðsluaðlögun og hins vegar á því úrræði sem hér er verið að leggja til.

Greiðsluaðlögun felur í sér ákveðna félagslega lausn. Það er í mínum huga mjög skýrt að þarna er um að ræða félagslega lausn. Hún snýst um það að opinber embættismaður, sýslumaður, tekur í raun og veru skuldarann og hans vandamál í gjörgæslu. Það gerist þannig að markmið laganna er náttúrlega fyrst og fremst það að hjálpa einstaklingum sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum og greiðsluerfiðleikarnir verða að vera viðvarandi. Það eru ýmis úrræði í reglunum um greiðsluaðlögun sem er ætlað að koma í veg fyrir misnotkun eins og oft er um félagsleg úrræði t.d. það að ekki er hægt að skrifa maka fyrir eignum og sækja síðan um greiðsluaðlögun.

Ef ekki hefur náðst fyrirkomulag við lánardrottna er hægt að sækja um að fjármálin verði tekin til athugunar hjá sýslumanni. Umsóknareyðublöð liggja frammi hjá félagsmálastofnun, á skrifstofu neytendastofnunarinnar og hjá sýslumönnum. Þetta bendir allt til þess að þarna sé um að ræða félagsleg úrræði, vegur sem fólki er bent á að fara ef það lendir í vandamálum. Skuldarinn fær síðan þriggja mánaða greiðslufrest á öllum sínum skuldum eftir að umsóknin

hefur verið samþykkt. Greiðslustöðvunartímabilið sem svo er kallað, þetta þriggja mánaða tímabil, er síðan notað til samningaumleitana við lánardrottna um það hvernig skuldari getur losnað úr þeim alvarlegu greiðsluerfiðleikum sem hann er í.

Það er gengið út frá því að skuldari borgi skuldir sínar en með öðrum skilmálum en hingað til. Til að létta greiðslubyrðina er samið um tiltekin atriði í ákveðinni röð. Það eru ákveðnar reglur sem gilda um það hvernig þetta skuli gert. Í vissum tilvikum er hægt að fara fram á afskrifun skuldar að hluta eða hún er afskrifuð að öllu leyti. Á greiðslustöðvunartímabilinu tekur sýslumaður eignaskuldara í sína vörslu og það er ekki hægt að selja eignir t.d. á nauðungaruppboði á tímabilinu. Skuldara er ætlaður lágur framfærslukostnaður fyrir fjölskylduna á greiðslustöðvunartímabilinu og líka á því tímabili sem í hönd fer og nefnt er greiðsluaðlögunartímabil og þetta tímabil er fimm ár.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason talaði um það áðan að greiðsluaðlögunartímabilið væri allt of seinvirkt úrræði. Ég verð að segja það eins og er að ég er svolítið hissa á þessu vegna þess að ég held að í svona málum þegar um langvarandi greiðsluvandamál fjölskyldu er að ræða sem er búinn að vefja upp á sig — þetta er orðinn stór snjóbolti sem er *búinn að rúlla lengi og sem við megum ekki gleyma að* stjórnvöld bera að vissu leyti ábyrgð á þessu, við erum að viðurkenna það — þá er ekkert of langur tími að ætla sér fimm ára aðlögunartímabil til ná því niður. Og það verður ekki gert með einni 250 þús. kr. greiðslu sem fer beint til lögmanns eða í tryggingu. Það er þetta sem er lykilatriði. Það er grundvallarmunur á þessum tveimur úrræðum.

Það er vissulega rétt að þetta úrræði sem hér er til umræðu er spor í rétta átt. Ég held að enginn hafi þrætt fyrir að það er spor í rétta átt. En það er grundvallarmunur á þessum tveimur úrræðum og því er á engan hátt verið að uppfylla loforð um greiðsluaðlögun með þessu frv. Ég hef ekki enn þá séð sannfærandi rök fyrir því og í raun og veru langt í frá. Og það sem kannski helst skilur þessi tvö úrræði að er það hvað gerist síðan ef skuldarinn ekki getur staðið við þetta. Það er grundvallaratriði í málinu. Það er tekið á þessum skuldara sem er kominn í félagslega gjörgæslu, ef svo má að orði komast, mildum höndum ef tiltekin atriði koma upp eins og það að hann missir atvinnu á þessu tímabili. Samkvæmt þessum úrræðum sem hér eru til staðar er ekki svo. Þá er það bara viðurkennt að það sé aldrei hægt að fullu að forða gjaldþrotum einstaklinga.

Það alvarlega hefur hins vegar gerst hér á landi og þróunin hefur verið sú síðustu ár, sem hefur sýnt sig m.a. með upplýsingum frá héraðsdómi Reykjavíkur, að gjaldþrotum fyrirtækja hefur fækkað á meðan gjaldþrotum einstaklinga hefur stórlega fjölgað. Þetta er alvarlegur hlutur sem verður að taka ábyrgð á og verður að ná einhverjum viðvarandi lausnum á. Ég get ekki séð að það sé gert með þessu frv.

Að lokum vil ég ítreka þær spurningar sem ég lagði í upphafi fyrir hæstv. dómsmrh. Ég spurði hann í upphafi umræðunnar um ýmis atriði, t.d. um nefndina sem á að úthluta og af hverju þetta sé ekki sett í hendur sýslumanns eða einhvers opinbers aðila. Af hverju er verið að búa til sérstaka nefnd? Ég vildi gjarnan fá skýringar á því. Einnig mundi ég gjarnan vilja heyra skýringar hans á þessum sérislensku aðstæðum. Og hvað þær varðar, þá hefur verið borið saman í umræðunni annars vegar lagaumhverfið sem við búum við í gjaldþrotaréttinum og þar á meðal varðandi nauðasamningana og hins vegar Norðurlöndin. En ég man ekki betur en fyrirmyndin að þessu réttarkerfi sem við búum nú við m.a. á sviði gjaldþrotaskipta hafi verið sótt til Norðurlandanna. Þetta er kerfi sem var hannað fyrir nokkrum árum að mestu leyti af Markúsi Sigurbjörnssyni, núv. hæstaréttardómara, og fleirum sem unnu með honum að undirbúningi þessara breytinga.

Nú þori ég ekki að fullyrða að þessi lög séu í einu og öllu eins og þau sem gilda á Norðurlöndunum. En með tilliti til þess þætti mér einmitt gaman að heyra það enn og aftur frá hæstv. dómsmrh. hverjar þessar sérislensku aðstæður séu. Eru þær fólgnar í lagaumhverfinu varðandi nauðasamninga? Er eitthvað öðruvísi í reglunum á Norðurlöndunum, í reglunum um gjaldþrotaskipti, gjaldþrotaskipti einstaklinga og það sem snýr að nauðasamningsumleitunum? Það er eina skýringin sem ég get séð að gæti réttlætt eitthvað sem heitir sérislenskar aðstæður. En því miður fyrir höfunda frv. man ég ekki betur en að þessar tiltölulega nýlegu reglur sem gilda núna um gjaldþrotaskipti og nauðasamninga séu einmitt fyrst og fremst byggðar á reglum Norðurlandanna. Eftir þessa umræðu stendur það í mínum huga sem reyndar hefur komið fram áður að ekki sé um neinar sérislenskar aðstæður að ræða aðrar en þær að hér er pólitísk tregða hjá *ríkisstjórninni til* að koma á kerfi um greiðsluaðlögun. Ég get ekki séð neinar aðrar skýringar. En kannski hefur hæstv. dómsmrh. einhverjar skýringar í farteskinu.

[18:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum víkja að nokkrum þeirra efnisatriða sem fram hafa komið í þessari umræðu. Það er mjög mikilvægt í allri umfjöllun um þetta frv. að *hafa í huga að það er aðeins einn þáttur í* mun viðameiri aðgerðum sem hæstv. félmrh. hefur verið að beita sér fyrir til úrlausnar á vanda margra sem hafa verið í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa. Það er ekki málefnalegt í þessari umræðu að horfa einvörðungu á þetta frv. Efnislega eru að baki þeim ráðstöfunum sem hér er verið að mæla fyrir um aðstoð, breytingar sem koma fram í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og Innheimtustofnun sveitarfélaga þar sem verið er að rýmka heimildir til þess að ganga að nauðasamningum. Skipta þá auðvitað mestu máli þau áform sem uppi eru um að rýmka heimildir ríkisins til að ganga að nauðasamningum og gera þau ákvæði sem hér er verið að mæla fyrir um virkari en ella hefði orðið.

Það er óhjákvæmilegt að menn geri sér glögga grein fyrir því að hér er um að ræða einn þátt í mun viðameiri aðgerðum sem hæstv. félmrh. hefur verið að beita sér fyrir á þessu sviði. Auðvitað leysa þessi mál ekki vanda allra eins og hér hefur komið fram enda hygg ég að það séu fá úrræði til sem leysi vanda allra. Við getum aldrei stigið þau skref að ábyrgð sé endanlega og að öllu leyti tekin frá þeim sem fjárskuldbindingar gera. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt að stíga þessi skref með þessum hætti.

Menn hafa spurt: Af hverju er ekki tekin upp greiðsluaðlögun að norrænum hætti? Hér hefur verið mjög skilmerkilega, ekki síst af hv. 4. þm. Suðurl., gerð grein fyrir því hvaða annmarkar eru taldir á að fara inn á þá braut. Ég hygg að það sé rétt af okkur að fá reynslu af þeirri aðferð sem hér er lögð til og samanburð við reynslu nágrannalandanna sem hafa farið aðra leið, bæði að því er varðar skilvirkni og eins að því er varðar kostnað. Ég er þess sannfærður að þeir

þingmenn sem hér hafa verið að tala horfa ekki fram hjá kostnaði í þessum efnum og er alveg fráleitt að það sé unnt að tala um ráðstafanir af þessu tagi án þess að hafa í huga að öllum aðgerðum er settur fjárhagslegur rammi. Að öllu þessu athuguðu tel ég að hér sé um mjög mikilvægt skref fram á við að ræða og það hefði verið skynsamlegt að stíga það með þessum hætti.

Hv. 13. þm. Reykv. kom með spurningar sem ekki lúta beint að þessu frv. en tengjast umræðuefninu. Í fyrsta lagi varpaði hann fram þeirri spurningu hvort ég teldi rétt að setja heimildir fyrir gjaldskrá að því er varðar innheimtuþóknun lögmannanna en eins og hv. þm. vita hefur það verið afstaða Samkeppnisstofnunar að slíkt væri ekki samrýmanlegt samkeppnislöggjöf. Dómsmrn. hefur átt nokkur bréfaskipti við Samkeppnisstofnun af þessum sökum. Ég er þeirrar skoðunar, og sú skoðun hefur áður komið fram af minni hálfu, að eðlilegt sé að tryggja lagagrundvöll fyrir því að gjaldskrá gildi um innheimtuþóknun lögmanna, ekki síst með tilliti til þeirrar röksemdafærslu sem fram kom í þessari umræðu að hér er ekki í raun og veru um að ræða samkeppnisaðstöðu vegna þess að skuldararnir ráða ekki neinu um það hverjir eru fengnir til að innheimta skuldirnar.

Það liggur núna fyrir frv. að nýjum lögum um lögmenn og er til meðferðar hjá þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna. Ég geri ráð fyrir því að úr þessum skorti á lagagrundvelli verði bætt nái það frv. fram að ganga. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt af fréttum er það nú til meðferðar hjá stjórnarflokkunum.

Þá spurði hv. þm. um álit mitt á stöðu ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Það er viðamikið efni en ég get fyrst og fremst lýst þeirri skoðun minni að ég tel að bankar og lánastofnanir hafi gengið allt of langt, ekki síst þegar um er að ræða lán til einstaklinga, að krefjast ábyrgðarmanna og í mörgum tilvikum sé miklu heiðarlegra og ábyrgara af lánastofnunum að neita um lán fremur en að krefjast ábyrgðarmanna eða gera það að skilyrði fyrir lánveitingum.

Varðandi þá spurningu hvort ástæða sé til að ganga lengra í löggjöf um opinbera réttaraðstoð vil ég aðeins segja að ég tel þetta vera eðlilegt skref á þessu stigi og það verður að koma til athugunar síðar hvort ástæða þykir að ganga lengra.

Þá vil ég víkja að atriðum sem fram komu í máli hv. 12. þm. Reykv. og reyndar einnig að nokkru leyti í máli hv. 8. þm. Reykv. og lýtur að atriðum í 3. og 4. gr. frv. Hv. þm. spyr hvers vegna sett sé á fót sérstök nefnd til þess að afgreiða umsóknir af þessu tagi og enn fremur eftir hvaða reglum hún eigi að vinna og hvort ekki sé eðlilegra að setja skýrari reglur um þessi álitaefni þannig að nefndin væri með bundnari hendur en ella yrði eins og frv. er úr garði gert.

4. gr. frv. tekur á því að hægt er að veita þeim fjárhagsaðstoð sem gert er ráð fyrir að geti fengið úrlausn mála sinna með nauðasamningi. Það eru þau almennu skilyrði sem fram eru sett og það er rangt sem kemur fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að hér sé þegnum mismunað. Þetta er almenn regla og verður ekki skilin á neinn annan hátt. Auðvitað má hugsa sér að setja einhverjar enn afmarkaðri vinnureglur fyrir nefndina til að vinna eftir en þá kemur auðvitað upp það álitaefni hvort sjá þarf út yfir öll þau tilvik sem taka þarf tillit til og nefndin yrði of bundin og þessu úrræði sniðinn of þröngur stakkur. Auðvitað er það alltaf álitaefni í reglum eins og þessum en þarna hygg ég að eðlilegt sé að slík nefnd sjái út yfir þau mál sem til kasta hennar muni koma, fyrst og fremst í þeim tilgangi að gera þetta úrræði ekki of þröngt fyrir fram af hálfu löggjafans. En skilyrðin eru sett skýrlega fram, hin almennu skilyrði.

Þá ætla ég að koma að þeirri spurningu hvort það sé eðlilegt að nefnd eins og hér er gert ráð fyrir verði sett á fót og fjalli um þessar úrlausnir. Við höfum eitt fordæmi fyrir nefndarstarfi af þessu tagi. Hér er tiltölulega fátækleg löggjöf um opinbera réttaraðstoð og hún kemur fyrst og fremst fram í ákvæðum réttarfarslaga um gjafsókn. Þar eru þau lagafyrirmæli að það er sérstök þriggja manna nefnd sem metur umsóknir og ráðherra tekur síðan hina endanlegu ákvörðun. Hann er óbundinn af niðurstöðu nefndarinnar ef hún er jákvæð. Ef hún er á hinn bóginn neikvæð getur hann ekki breytt þeirri niðurstöðu. Hér er verið að fylgja svipaðri vinnureglu og gefist hefur ágætlega varðandi gjafsókn.

Hér má vitaskuld koma við annars konar fyrirkomulagi. Ég teldi til að mynda alls ekki óeðlilegt að nefnd eins og þessi tæki endanlegar ákvarðanir og síðan gætu þeir sem í hlut eiga eða til hennar leita eftir atvikum skotið þeim stjórnsýslukærum til æðra stjórnvalds, til ráðherra ef svo bæri undir. Ég gæti vel hugsað mér slíka útfærslu á þessari framkvæmd og ég tel mjög eðlilegt að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar taki atriði eins og þessi til meðferðar. En þarna er fyrst og fremst stuðst við þá reynslu sem við höfum haft af gjafsóknarnefndinni.

Þá spurði hv. þm. einnig um það hvað yrði um nauðasamninga ef þeir sem í hlut eiga geta ekki staðið við skilyrði þeirra. Það hefur nokkuð komið fram í umræðunni. Við verðum að líta á það í fyrsta lagi að nauðasamningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að koma viðkomandi aðila á réttan fjárhagslegan kjöl á nýjan leik og forða honum frá gjaldþroti. Við verðum að ganga út frá því að samningsforsendan sé sú að viðkomandi aðili eigi að geta staðið við skilyrði nauðasamninganna en vitaskuld er það rétt að aldrei verður við öllu séð og það verður heldur ekki hægt að búa löggjöfina þannig úr garði að ríkisvaldið beri hina endanlegu fjárhagslegu ábyrgð. En í flestum tilvikum hlýtur maður að ganga út frá því að nauðasamningur sé þannig úr garði gerður að verulegar líkur séu á því að menn komist á grundvelli hans út úr aðsteðjandi vanda.

Ég hygg að ég hafi þá drepið á flest þau atriði sem efnislega hefur verið vikið að í þessari umræðu. Það var að vísu spurt hvort einhver athugun hefði verið gerð á því hvernig þessi upphæð mundi duga vegna kostnaðar við einstök mál af þessu tagi. Um það er erfitt að segja. En auðvitað verður að setja upphæðum af þessu tagi ákveðið fjárhagslegt þak og ég geri ráð fyrir því að sú upphæð sem er nefnd í frv. sé nærri lagi um þann kostnað sem er venjulegur af því að leita slíkra úrræða og kostnaði við lögfræðiaðstoð við það.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá vikið að flestum þeirra efnisatriða sem komið hafa fram í umræðunni til þessa.

[18:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann veitti. Ég tel að hann hafi að nokkru leyti fallist á þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í umræðunni af hálfu hv. 12. þm. Reykv. og af minni hálfu líka að því er það varðar að hann telur það koma til greina að sú nefnd sem þarna er verið að tala um taki jafnvel endanlega ákvörðun í málinu. Ég verð að segja eins og er að ég sé ekki alveg hvernig það getur gerst. Ég held að það sé skynsamlegra að svona nefnd sé tillöguaðili, hún sé

kannski ættuð með einhverjum hætti annars staðar að en gert er. Ég lít þannig á að hæstv. ráðherra hafi opnað fyrir það að menn velti fyrir sér öðrum leiðum í þessu efni í hv. nefnd og ég tel að það komi til móts við þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram með rökum.

Ég kann ekki gjafsóknarreglurnar en mér finnst hugsanlegt að gjafsóknarákvæðin séu að einhverju leyti höfð til hliðsjónar. Það er alveg rétt að þau hafa að mörgu leyti gefist vel og sú vinnuregla sem var tekin upp fyrir allmörgum árum er út af fyrir sig góð. Ég held að við öll þekkjum hins vegar það vel til í dómsmrn. að við vitum að þar getur ýmsum snjóað inn við ýmsar aðstæður sem jafnvel eru ráðherrar og það er ekki gott að hafa svona reglur allt of losaralegar.

Í annan stað vil ég síðan spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki verið að kasta greiðsluaðlögunarmálinu alveg út af borðinu áðan því að hann sagði: ... fá reynslu af þessari aðferð fyrst varðandi skilvirkni og fjármuni. Svo má skoða hitt málið.

Hvenær er reynsla komin af þessari aðferð? Hvenær er tímabært að hans mati að taka upp athugun á greiðsluaðlögunarmálinu í ljósi þeirrar reynslu sem hefði aflast á grundvelli þess frv. sem hér liggur fyrir, ef það verður að lögum?

[18:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir einhvers misskilnings að þessu leyti í máli hv. 8. þm. Reykv. Ég tók undir með hv. 4. þm. Suðurl. sem stýrði þessu nefndarstarfi og reyndar komu þau sjónarmið einnig fram hjá hæstv. félmrh. að eðlilegt væri að fá reynslu af þessari skipan mála og þá gleggri reynslu frá Norðurlöndunum áður en frekari umfjöllun yrði um greiðsluaðlögun, ég er ekkert að útiloka það að hún geti á síðari stigum komið til umfjöllunar. Ég ítreka á hinn bóginn að ég held að hér sé stigið skynsamlegt skref, það sé fundin aðferð sem með tiltölulega skjótvirkum og skilvirkum hætti geti komið ýmsum þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum til aðstoðar. Og það er auðvitað það sem mestu máli skiptir, það er verið að koma í framkvæmd ráðstöfunum sem geta gagnast ýmsum þeim sem búa við þessa erfiðleika.

Að því er varðar svo málsmeðferðina og nefndina ítreka ég það sem ég hef áður sagt að það má færa þá vinnu út með öðrum hætti en sett er fram í frv. og ég hygg að við slíkar aðstæður væri heppilegast að nefndin sjálf tæki endanlega ákvörðun í málinu sem væri síðan hægt með stjórnsýslukæru á grundvelli stjórnsýslulaga að skjóta til æðra stjórnvalds. Þá yrði nefndin eins konar lægra stjórnvald og ekki hluti af dómsmrn.

[18:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessar ábendingar. Ég held að það sé álitamál hvort það stenst að svona nefnd hafi ákvörðunarvald um upphæðir úr ríkissjóði með þeim hætti sem menn tala um. Ég útiloka það ekki en það virkar þannig á mig að það sé dálítið vafasöm aðferð. Mér finnst aðalatriðið það að við erum að einhverju leyti að tala okkur niður á það að þetta þurfi að tryggja ákveðið óhæfi á milli þeirra aðila sem um véla annars vegar og taka ákvörðun um peningana hins vegar. Það mikilvæga pólitíska í þessu máli er þó kannski að það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. og í andsvari hans áðan að það er greinilega ætlunin að nota þetta frv., ef að lögum verður, sem rök fyrir því að greiðsluaðlögunarhugmyndin fari út af borðinu og þannig takist Sjálfstfl. annað kjörtímabilið í röð að sópa greiðsluaðlögunarhugmyndinni út af borðinu. Fyrst tókst það með Alþfl. og nú á að leika Framsfl. eins. Það finnst mér vera sú hótun sem mátti lesa eða heyra á milli línanna í þeim orðum sem hæstv. ráðherra lét hér falla.

[18:31]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin við spurningum mínum. Ég saknaði þó svars við einni spurningu. Það var spurningin sem sneri að því hvort til staðar væru einhverjar sérístenskar aðstæður í lagaumhverfinu um nauðasamninga eða heimildir til að leita nauðasamninga um gjaldþrotaskipti sem búa til þessar sérístensku aðstæður? Mér finnst þetta mikilvægt atriði. Ef svo er ekki get ég ekki séð annað en að sú umræða, sem hefur verið hér í dag og snýst um einhverjar sérístenskar aðstæður sem maður hefur enn ekki fengið skýr svör við, sé í raun og veru einungis til að fela ákveðna pólitíska tregðu til þess að beita þessu úrræði. Hana má að hluta til skýra með því að ríkisstjórnin vilji ekki verja fé til þessarar aðgerðar og það er þá forgangsröðun. En ég sakna þess svolítið í þessari umræðu að fá það skýrt fram. Er það ekki bara ástæðan? Hæstv. dómsmrh. telur ekki ómögulegt að hugsa þetta á einhvern annan hátt. Ég vil þá benda á að það er ráðgert að nefndarstarfið sem slíkt kosti frá 0,3 upp í 0,5 millj. kr. á meðan kostnaðarauki sem verið er að tala um fyrir skuldarann er áætlaður um 4–10 millj. kr., sé um 20–40 einstaklinga að ræða. Mér finnst nefndarstarfið nokkuð hátt hlutfall af ráðum til úrbóta. Ég vil gjarnan fá svar við því hvort eitthvað hafi verið til umræðu í nefndinni eða ríkisstjórninni að hreinlega fara þá leið að láta héraðsdómara meta þetta á sama hátt og hann metur hvort skilyrði séu til nauðasamninga, eins og gert er ráð fyrir í lögunum sjálfum um nauðasamningana. Er hann ekki sá sem almennt fjallar um þessi mál og þá kannski best til þess fallinn að meta hvort skilyrði til nauðasamninga séu til staðar í tilfelli þessa einstaklings?

[18:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í frekari þrætubók um þetta efni. Það hefur verið gert svona meira í pólitískum tilgangi að ræða um samanburð á þessari leið og greiðsluaðlöguninni. Ég hygg að flestir séu sammála um að það sé skynsamlegt að fara skilvirka leið í þessu efni. Auðvitað verðum við alltaf að horfa á kostnað og ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um að stíga þetta skref til að hefjast handa á þessu sviði og það er auðvitað það mikilvægasta.

Varðandi þá spurningu hvort eðlilegt sé að færa þessa ákvörðun um opinbera réttaraðstoð út til dómara þá er ég ekki þeirrar skoðunar að dómarar eigi að taka ákvörðun þar um. Það getur líka þrengt þetta úrræði. Þótt út frá því sé gengið að það séu líkur á því að viðkomandi aðili fái heimild til að ganga til nauðasamninga er það ekki skilyrði í þessum lögum, ef samþykkt yrðu, að það sé búið að veita þessa heimild. Þannig getur það gerst að þær líkur séu fyrir hendi og síðan komi á daginn að heimild til nauðasamninga verði ekki veitt. Þessi leið gæti þess vegna þrengt kosti manna til að láta á þetta reyna fyrir dómstólum. Ég tel að það væri ekki skynsamlegt í stöðunni, ekki síst út frá þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram um að þetta sé of þröngt.

[18:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið

því ég get fjallað um þetta mál í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar. Það hefur ýmislegt komið fram í þessari umræðu sem ástæða væri til að ræða nánar. Það er alveg ljóst að það hefur verið kallað mjög eftir því að fá fram mismuninn á þessu úrræði sem hér er mælt fyrir af hálfu dómsmrh. og frv. um greiðsluaðlögun. Og það er ljóst að það hafa ekki komið skýr svör við því nema frá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur sem skýrði mjög nákvæmlega hver mismunurinn væri á þessum tveim úrræðum. Og hann er í grundvallaratriðum mjög mikill. Ég held að það sé alveg ljóst. Ég held að nefndin sem fær málið til umfjöllunar verði að fjalla mjög ítarlega um það.

Það er eitt atriði í mínu máli sem hæstv. dómsmrh. svaraði ekki, en ég þakka honum að öðru leyti þau svör sem hann veitti við spurningum mínum. Ég spurði hæstv. dómsmrh. að því hvort ekki væri rétt að flestar skuldir séu tryggðar með veði í fasteign en í nauðasamningum eru slíkar skuldir undanþegnar. Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort það dragi ekki verulega úr gildi þessara úrræða þar sem hér á landi er það svo að flestar skuldir eru tryggðar með veði í fasteign eða á ábyrgð þriðja aðila. Ef þetta er undanskilið í nauðasamningum, dregur það þá ekki verulega úr gildi þessa úrræðis? Ég held að það væri mikilvægt að fá það fram hér.

Ég vil fagna því sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. Hann er sammála því sem ég hef sett fram í till. til þál. um að sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem sett verði þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum. Mér fannst rökin sem hæstv. dómsmrh. setti fram í því efni þau sömu og ég hef sett fram. Ég vil mega líta svo á eftir svar hæstv. ráðherra að í því frv. sem hann hyggst leggja fram um lögmenn verði lagastoð sem heimilar slíka opinbera gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna. Ég tel það mjög þýðingarmikið úrræði vegna þess að við vitum að gjaldtaka lögmanna vegna innheimtukrafna er oft mjög há og gjaldtaka þeirra getur oft ráðið úrslitum um það hvort skuldari getur ráðið fram úr sínum erfiðleikum. Ég tel því mjög mikilvægt að fá þetta fram.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi um réttarstöðu ábyrgðarmanna er það vissulega rétt sem fram kom í máli ráðherrans að bankar og lánastofnanir spyrja lítið um greiðslugetu viðkomandi lánþega. Þeir spyrja frekar um ábyrgðarmenn og veðsetningu á bak við skuldina. Ég tel að það þurfi að gera eitthvað í því máli. Það olli mér vonbrigðum að það kom ekki fram neitt í máli ráðherrans sem gaf tilefni til þess að hann ætlaði að beita sér eitthvað í því efni. Ég tel að það verði að tryggja með lögum vernd fyrir ábyrgðarmenn þar sem kveðið verði á um ríka upplýsingaskyldu lánveitenda um gildi ábyrgðar og um efni samnings. Ég held að þar skorti verulega á og tel nauðsynlegt að gripið verði til ráðstafana í því máli.

Í lokin, virðulegur forseti, þá olli það mér líka miklum vonbrigðum að ráðherrann hæstv. virðist ætla að láta þar við sitja varðandi réttaraðstoð við fólk. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann mundi beita sér fyrir því sem margoft hefur verið óskað eftir hér á hv. Alþingi, þ.e. að sett verði löggjöf sem tryggi ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra betur en svo að hann vildi a.m.k. í bili láta staðar numið við þetta frv. Það olli mér vissulega vonbrigðum vegna þess að ég tel það einmitt mjög mikilvægt úrræði þegar litið er í heild á skuldastöðu einstaklinga að ókeypis lögfræðiaðstoð sé til staðar fyrir þá.

[18:41]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sat í þeirri nefnd sem vann að greiðsluaðlögun heimilanna ásamt hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sem var formaður nefndarinnar. Ég vil ekki láta þessa umræðu líða án þess að segja örfá orð sem eru þá í andsvari. Ég vil lýsa furðu minni á því hvað stjórnarandstaðan og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafa lítið getað séð jákvætt við það sem verið er að gera með þessum aðgerðum. Ég held að það sé engin spurning, og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur eflaust séð það þegar hún var í sínu ráðuneyti, að skuldir heimilanna eru svo margs konar að á þeim verður að taka með mismunandi hætti. Eins og við sáum þetta í nefndinni voru skuldirnar kannski flokkaðar niður í fimm meginþætti, þ.e. veðskuldir, sem eru skuldir sem ekki verða teknar af viðkomandi veðum með neinum lögum, enda mundum við setja allt fjármálakerfi landsmanna í uppnám ef við færum út í slíkar aðgerðir. Þær raunverulegu breytingar sem mér finnst standa upp úr í þessu eru fyrir það fyrsta að skattaskuldir skuli geta verið sveigjanlegar með því frv. til laga sem verður lagt hér fram um tekjuskatt og eignarskatt. Eins eru meðlagsskuldir samkvæmt nýju frv. umsemjanlegar við Innheimtustofnun, bæði má framlengja þær eða jafnvel fella niður við mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Síðan er svo stóra málið, Ráðgjafarstofnun heimilanna, sem mun aðstoða allt þetta fólk sem svo sannarlega þarf á aðstoð að halda við að meta hvernig það getur samið um skatta- og meðlagsskuldir við ríkið sjálft og við veðhafa ef um sölu eigna er að ræða. Ég held að með þessum frv. þremur hafi verið stigið verulega mikilvægt skref til að koma til móts við skuldugt fólk og það sé sannarlega þess virði að sjá hvort það gagnast ekki betur en sú leið sem Norðurlandaþjóðirnar hafa farið. Ég held að við getum verið ánægðir með þá niðurstöðu sem hér er komin á vegum ríkisstjórnarinnar og þessarar nefndar. Því er full ástæða til að fagna þessu og vonast til að það gagnist þeim sem á þurfa að halda.

[18:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns er nauðsynlegt að fram komi að það sem ég hef verið að gagnrýna, og reyndar fleiri í dag, er að það er verið að bregðast allt öðruvísi við gagnvart skuldugum heimilum en lofað var, t.d. af hálfu framsóknarmanna fyrir kosningar. Það er alveg ljóst að framsóknarmenn eru á flótta undan sínum eigin loforðum. Ég fæ ekki betur séð af ummælum þeirra sjálfstæðismanna sem hafa talað hér í dag en að greiðsluaðlögun muni aldrei verða að veruleika fyrr en sjálfstæðismenn fara úr Stjórnarráðinu. Ég held að það sé alveg ljóst. Ég hef verið að gagnrýna það hér, virðulegi forseti, að með þessu er ekki verið að fara í almenn réttindi handa fólki eins og hefði verið með greiðsluaðlögun. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að hér er miklu frekar um að ræða frv. til laga um að greiða lögmönnum við ákveðin skilyrði þóknun sína sem er vissulega hægt að taka undir með honum að er mjög sérkennilegt hvernig að eigi að standa. Það er fyrst og fremst að það hafa verið skapaðar miklar væntingar í þjóðfélaginu um það hvernig eigi að taka á skuldavanda heimilanna og ég held að það sé alveg ljóst að með þessu frv. erum við að stíga mjög smátt skref. Jafnvel þótt við tökum inn þau frv. sem hv. þm. nefndi áðan held ég að verið sé að grípa til úrræða sem eru langt frá þeim væntingum sem

ríkisstjórnin og ekki síst hæstv. félmrh. hefur gefið fólkinu í landinu sem á greinilega ekki að standa við.

[18:46]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að meta loforð framsóknarmanna en ef ég ætti að meta þann árangur sem við eigum að ná með þessum frv., fylgifrv. þessa frv. um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, þá erum við að uppfylla það sem mögulegt er að gera gagnvart skuldugu fólki. Ég held að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hljóti að hafa orðið vör við það t.d. í kosningabaráttunni. A.m.k. þegar ég kom á hina ýmsu vinnustaði voru meðlagsskuldir með mestu og erfiðustu málum sem margur átti við að glíma. Ég held að ég megi segja að á mjög mörgum vinnustöðum var það sem hvíldi einna þyngst á viðkomandi karlmönnum hvernig þeir ættu að komast úr úr þeim ótrúlega bagga sem Innheimtustofnun hefur sett þessa menn í af ýmsum ástæðum — og þeir sjálfir náttúrlega. En eigi að síður hafa þeir ekki haft nein úrræði. Þeir hafa ekki haft nein úrræði að leita eftir til þess að semja sig út úr þeim skuldum sem hafa safnast upp hjá Innheimtustofnun. Ég tel að það séu einmitt þau atriði sem við erum að tala um, þ.e. að finna úrræði fyrir þetta fólk.

Með þessu frv. tel ég einmitt að við höfum náð þeim áfanga og hann er að mínu viti mjög mikilvægur og lítil ástæða til að gera það tortryggilegt eða að gera lítið úr þeim áhrifum sem það mun hafa.

[18:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því sem hv. þm. sagði að með þessum frumvörpum væri verið að uppfylla það sem mögulegt væri að gera. Þetta er auðvitað staðfesting á því sem ég og fleiri höfum haldið fram í dag að hér mun ríkisstjórnin láta við sitja og við munum ekki sjá neitt frv. um greiðsluaðlögun á þessu kjörtímabili.

[18:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Sumir þingmenn hafa talað um að hér væri ekki um félagslegt úrræði að ræða. Við skulum skoða þetta nánar. Þetta er að vissu leyti réttarfarslegt úrræði enda flytur hæstv. dómsmrh. málið. En það kemur einstaklingunum til góða og er að því leyti félagslegt í eðli sínu. Nú ætla ég að biðja hv. þm. að hugsa bara með sér. Ef þeir væru í miklum fjárhagsörðugleikum og sæju að þeir yrðu að grípa til sársaukafullra aðgerða hvort mundu þeir þá heldur kjósa að ganga í gegnum greiðsluaðlögun eða nauðasamninga? Ég hef verið að velta þessu fyrir mér. Ef ég væri í slíkum vandræðum er ég ekkert viss um að ég mundi síður kjósa að fara í nauðasamninga en að lenda í fimm ára gjörgæslu. Þetta er kannski matsatriði en ég held að menn megi ekki vera með neina fordóma í þessu efni.

Framsfl. er síður en svo á móti greiðsluaðlögun og eins og hefur margoft komið fram og m.a. hjá hæstv. dómsmrh. þá getur það vel passað sem viðbótarúrræði ásamt þeim úrræðum sem við erum að boða hér. Þetta frv. er eitt af sex frv. sem verða flutt af fjórum ráðherrum og öll eru félagslegs eðlis og til þess ætluð að hjálpa fólki í greiðsluerfiðleikum. Ráðgjafarstofan og sex ný lagaúrræði eru miklu líklegri til árangurs en greiðsluaðlögun ein og sér.

Ég tel að ríkisstjórnin hafi unnið vel að þessu máli og það sé góð samstaða um úrræðin. Þetta eru víðtækari og markvissari úrræði gegn skuldavanda heimilanna en nokkur önnur ríkisstjórn hefur komið með sem ég hef upplifað og hef ég þó verið hér talsverðan tíma.

Fólkið í landinu virðist ekki vera á sama máli og hv. þm. sem eru með svikabrigsl á Framsfl., að Framsfl. sé alltaf að svíkja og svíkja og svíkja. Fólkið í landinu virðist ekki vera á sama máli. Ef eitthvert mark má taka á skoðanakönnunum þá vill svo til að Framsfl. bætir sig með hverri skoðanakönnuninni eftir aðra á meðan fylgi sumra er nánast horfið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál (samningar við skuldara). — Þskj. 616.

[18:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum. Í 1. gr. frv. er lagt til að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði heimilt að gera tímabundna samninga við skuldara sem kveða á um að lægri upphæð verði greidd en fellur til mánaðarlega. Slíka samninga skuli endurskoða á sex mánaða fresti. Jafnframt er lagt til að stjórnin fái heimild til að afskrifa höfuðstól eða hluta hans ef um sérstakar aðstæður er að ræða hjá skuldara svo sem félagslega erfiðleika, enda séu aðstæður skuldara þannig að hann geti ekki greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans auk meðlaga sem falla til mánaðarlega. Gert er ráð fyrir að heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans verði bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. málsgreinarinnar.

Eins og reyndar hefur komið fram í umræðum um málið sem hér var til meðferðar næst á undan hefur verulegur vandi skapast á allmörgum heimilum, allt of mörgum heimilum, vegna vangreiddra barnsmeðlaga. Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir því við mig fljótlega eftir að ég tók við embætti félmrh. að farið yrði í að reyna að leysa þennan vanda. Ég skipaði nefnd undir forustu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar. Hún var með þátttöku Sambands ísl. sveitarfélaga og þetta frv. er ávöxtur af vinnu hennar. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, herra forseti. Frv. er nokkuð ljóst og bætir úr mjög brýnni þörf því meginatriðið er að reyna að hjálpa skuldurunum til að komast á fætur og standa í skilum. Barnsmeðlög voru hækkuð um þriðjung fyrir fáeinum árum og það varð til þess að allt of margir hættu að greiða og fóru að safna skuldum. Það er ekki góð aðferð. Það er gengið hart að mönnum sem eru í vinnu og allt of margir hafa séð sér það úrræði eitt að vinna svart eða fara á atvinnuleysisbætur vegna þess að það hefur verið gengið svo hart í kaupið þeirra. Meginatriðið er að koma mönnum í skil og láta þá halda áfram að vera í skilum. Skuldirnar við Innheimtustofnun sveitarfélaga eru yfir 5 milljarðar í meðlögum og þar af er mat manna að 4 milljarðar séu óinnheimtanlegir. Það er náttúrlega þýðingarlaust að vera að hafa þess háttar í bókhaldi.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að frv. verði sent hæstv. félmn. til meðferðar.

[18:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær spurningar til hæstv. ráðherra. Það er í fyrsta lagi að í umsögn fjmrn. kemur fram að ekki verður séð að frv. fylgi kostnaður fyrir ríkissjóð. Nú er spurning hvort um það sé að ræða að þetta sé hvort sem er tapað fé. Á einhverjum hlýtur það að lenda ef það á að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Þannig að ég stoppaði aðeins við þetta. Dráttarvextir eru alltaf verulega stór þáttur í skuldum meðlagsgreiðenda og á allar skuldir eru reiknaðir dráttarvextir þegar skuldin fer í vanskil. Staðan var sú um síðustu áramót að af þessum 3 eða 5 milljörðum voru um 11 eða 12 hundruð millj. kr. dráttarvextir. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til greina þegar verið var að skoða þessi úrræði að falla frá dráttarvöxtum en taka í staðinn upp almenna samningsvexti?

[18:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það eigi að líta þannig á þessa kostnaðarumsögn frá fjmrn. að það sé ekki um nýjan kostnað að ræða. Framkvæmd þessara laga kemur ekki til með að hafa í för með sér kostnað í sjálfu sér. Það er verið að fella niður skuldir sem menn líta svo á að séu tapaðar. Dráttarvextirnir hafa verið umsemjanlegir en margir hafa ekki sinnt um að semja um dráttarvextina vegna þess að þeir hafa gjörsamlega gefist upp. Ég veit ekki hvort dráttarvextir eru séríslenskir en þeir eru a.m.k. ekki tíðkaðir um allan heim. Ég átti þess kost einu sinni að standa í samningum um byggingu álvers vestur í Bandaríkjunum, þ.e. við Bandaríkjamenn sem vildu byggja álver á Keilisnesi. Í þeim samningum fórum við Íslendingarnir að tala um dráttarvexti. Þeir horfðu á okkur furðu lostnir og vissu ekki hvað þetta var þetta íslenska fyrirbrigði dráttarvextir var ef til vanefnda kæmi á samningi. Ég held að dráttarvextir séu í eðli sínu mjög umdeilanlegt fyrirkomulag.

[18:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hæstv. ráðherra segir að dráttarvextir hafi verið umsemjanlegir þá held ég að það hafi fyrst og fremst verið þannig að fólk gat samið um að þeir yrðu felldir niður að hluta eða öllu leyti ef þeir stæðust ákveðna áætlun. En það sem ég er að spyrja hæstv. ráðherra um er hvort ekki sé rétt að falla alfarið frá dráttarvöxtum, sem eru kannski 14–15%, og fara niður í venjulega samningsvexti, sem eru kannski helmingi lægri, þ.e. hætta að reikningsfæra þetta á dráttarvexti. Það er það sem hefur hleypt upp skuldunum og í skýrslu nefndar sem fjallaði um þetta mál segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Dráttarvextir þyngja því greiðslubyrðina verulega og eru þess oft á tíðum valdandi að menn gefast endanlega upp við að standa í skilum."

Þess vegna er bein spurning mín til hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því og þá hugsanlega í meðförum málsins í þinginu að fallið verði frá því að dráttarvaxtareikna skuldirnar heldur verði teknir upp venjulegir vextir?

Í lokin varðandi kostnaðinn við þetta frv. Nú á að afskrifa höfuðstólinn. Þetta eru engin ný viðbótarútgjöld hjá ríkissjóði en einhver hlýtur að bera það að verið sé að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti kannski upp á 4 milljarða. Er það þá Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eða Innheimtustofnun?

[19:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það komi vel til greina að endurskoða þetta dráttarvaxtafyrirkomulag. Ég er ekki tilbúinn að lýsa yfir sérstakri afstöðu til málsins en mér finnst það alveg skoðunar vert hvernig að því verður staðið.

Varðandi það hverjir beri skellinn, þá reikna ég með því að hann lendi á jöfnunarsjóði eða á sjóði okkar allra, þ.e. þetta eru skuldir sem eru þegar tapaðar.

[19:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu að því er virðist saklaust frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga. En er það svo? Er það virkilega rétt skilið hjá mér að með frv. eigi að heimila meðlagsgreiðendum að afskrifa höfuðstól meðlagsskulda sinna? Ætlar löggjafinn að fara að mismuna meðlagsgreiðendum? Ætlar löggjafinn að refsa þeim meðlagsgreiðendum sem hafa staðið í skilum, oft með erfiðismunum, og verðlauna þá sem hafa trassað meðlagsgreiðslur með því að afskrifa höfuðstól meðlagsskulda?

Þetta frv. hefur kallað á hörð viðbrögð í þjóðfélaginu, bæði frá körlum sem hafa staðið í skilum með sínar meðlagsgreiðslur og ekki síður frá konum sem fá meðlagsgreiðslur vegna barna sinna. Þær eru fleiri en ein, konurnar sem í mín eyru segjast munu setjast að í félmrn. og krefjast sambærilegrar niðurfellingar skulda og barnsfeðurnir fá sem ekki hafa staðið í skilum, ef þetta frv. verður lögfest.

Meðlag er núna langt undir helmingi framfærslukostnaðar barns og það hefur reynst mjög erfitt að fá það hækkað í þjóðfélagi þar sem karlar ráða ríkjum. Það er því algert hneyksli ef Alþingi ætlar að sameinast um það í þokkabót að afskrifa höfuðstól áfallinna meðlagsgreiðslna. Ég tel hins vegar að það komi vel til greina eins og hér hefur verið rætt að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði heimilt að semja við viðkomandi meðlagsskuldara um að greiða skuldir sínar á lengri tíma eða skuldbreyta eða breyta dráttarvöxtum og þessum gjöldum. En afskriftir á höfuðstól koma alls ekki til greina að mati okkar kvennalistakvenna. Því vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi hugleitt þá mismunun sem frv. mun leiða til, í fyrsta lagi gagnvart meðlagsgreiðendum sem staðið hafa í skilum og í öðru lagi gagnvart mæðrum sem ekki hafa komist hjá því að standa við sín útgjöld vegna barna viðkomandi meðlagsgreiðanda. Hvernig er með jafnræðisregluna? Á hún kannski við í þessu tilviki?

Þetta frv. er að mínu mati hneyksli og vonandi ber Alþingi gæfu til að breyta því í meðförum eða fella það þó að um stjfrv. sé að ræða. Það þarf að gera átak í því að auka samábyrgð feðra vegna barna sem ekki eru í þeirra forsjá. Þetta er skref í þveröfuga átt, skref sem getur orðið til þess að þeir feður sem nú standa í skilum með sínar meðlagsgreiðslur hætta því í von um að fá afskrifaðan höfuðstól skuldanna. Því miður finnst mér líklegt að þetta verði afleiðingin af lagasetningu af þessu tagi þrátt fyrir þann yfirlýsta tilgang frv. að auka innheimtuhlutfall Innheimtustofnunar sveitarfélaga til frambúðar og stækka greiðendahópinn. Það markmið er vissulega gott. Fram kemur í greinargerðinni að Innheimtustofnun á 5,5 milljarða í útistandandi skuldum eða 515 þús. á hvern skuldara að meðaltali. Þetta eru verulegar háar upphæðir og ljóst að það þarf mikið að koma til. En ég tel að þetta frv. gangi ekki í þessu formi.

Þó að það sé gert að skilyrði í frv. að afskriftir af höfuðstól skuldar komi ekki til fyrr en eftir að viðkomandi hafi

staðið við lækkaðar mánaðargreiðslur í þrjú ár, tel ég að það sé mjög hættulegt gagnvart öðrum meðlagsgreiðendum að afskrifa þessar skuldir og það komi ekki til greina. Einnig má spyrja: Ef viðkomandi getur staðið við skuldirnar í þrjú ár, hvers vegna ætti hann þá ekki að geta það áfram?

Það er líka einkennileg tilviljun að það séu skuldir vegna meðlagsgreiðslna sem nú á að heimila afskriftir á. Eru þessar skuldir léttvægari en aðrar skuldir? Á sama tíma og þjóðin er að reyna að sameinast um að það beri að auka foreldraábyrgð og auka ábyrgð feðra í uppeldi barna er löggjafinn að koma með frv. sem gerir þá óábyrga gagnvart sínum barneignum.

Aðeins um Innheimtustofnunina. Það er ljóst að hún er í vanda. Ég held að það verði að finna aðrar leiðir til úrbóta en þá sem lögð er til í þessu frv. Að lokum vil ég vekja athygli á ummælum hv. þm. Kristjáns Pálssonar í síðasta máli sem tengist þessu þar sem hann talaði um Innheimtustofnun sveitarfélaga og sakaði hana um að hafa komið meðlagsgreiðendum í mikil vandræði. Já, ef það er Innheimtustofnunin sem á sökina á meðlagsskuldum þá er ekki nema von að stjórnarþingmenn hjálpist til við lagasetningu af þessu tagi. Þessu verður að breyta. En sú lausn sem hér er lögð til er siðferðilega óverjandi.

[19:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti hv. þm. tala nokkuð strítt. Ég lít svo á að þetta frv. sé gagnlegt og skynsamlegt frv. og það sé verið að horfast í augu við staðreyndir. Frv. í sjálfu sér skerðir síður en svo rétt móður eða þess foreldris sem tekur við meðlagi. Innheimtustofnunin stendur skil á meðlaginu hvort sem faðirinn greiðir eða ekki eða móðirin. Það eru ekki feður einir sem greiða meðlög, það gera líka mæður í ýmsum tifellum og greiða föður meðlög með barni sem hjá honum er. Ég hef vissulega hugleitt það misræmi sem af þessu getur skapast að þeir sem standa í skilum fá ekki neina léttingu á sínum byrðum í gegnum frv. En staðreyndirnar tala sínu máli. Skuldirnar hafa hrúgast upp og ég spyr hvað Kvennalistinn vilji gera við þá meðlagsgreiðendur sem hafa lagt árar í bát eða vinna svart og standa hvorki móðurinni skil á lögbundnu meðlagi né samfélaginu.

Ég hugsa líka til kvenna sem hafa farið í sambúð með mönnum sem skulda meðlög. Það vill nú svo til að það eru æðimargir sem hafa komið að máli við mig út af þessum vanda. Ég hef að vísu ekki gert neina sérstaka tæmandi statistik um það en mér segir svo hugur um að a.m.k. helmingurinn séu konur sem hafa farið í sambúð með mönnum, fráskildum mönnum eða barnsfeðrum sem ýmist hafa lagt upp laupana og borga ekki eða streða og streða við að standa í skilum og 75% af kaupinu þeirra er tekið þannig að ég tel að þetta sé ekkert sérmál annars kynsins.

[19:10]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er fyllilega ljóst, hæstv. félmrh., að þær mæður eða það foreldri sem hefur forsjána fær í flestum tilvikum sitt meðlag. En meðlagið er ekki nema hluti af framfærslukostnaði barns og mæðurnar eiga oft í erfiðismunum eða það foreldri sem hefur forsjá með að sjá fyrir sér og börnum sínum og þurfa oft að steypa sér í miklar skuldir. Ég er alveg sannfærð um að þær mundu glaðar vilja afskrifa sínar skuldir af hvaða toga sem þær eru, oftast vegna framfærslu barnsins. Það er því mjög óréttlátt ef feður geta sloppið og afskrifað sínar skuldir en ekki mæðurnar eða þeir sem eru með börnin.

Hvað viljum við gera við þá sem ekki greiða meðlög? Ég sagði áðan að ég er alveg sammála því að það má skuldbreyta þessu að einhverju leyti og gera þeim kleift að borga þetta á lengri tíma. En í prinsippinu er óverjandi að fella niður höfuðstól skuldanna að mínu mati. Stundum hafa menn verið settir í fangelsi vegna ógreiddra meðlagsgreiðslna og auðvitað er það notað líka. Ég held að það sé mjög varasamt að slaka á í þessum efnum.

[19:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki held ég að það sé gott ráð að fara að tugthúsa meðlagsgreiðendur. Ég mæli ekki með því. Við eigum ekki tugthús yfir nærri alla sem þyrftu að afplána og ég held að það séu margir glæpir verri sem framdir eru í landinu en að standa ekki skil á meðlagi þó að ég sé alls ekki að mæla því bót.

Að feður hafi sloppið. Það vill svo til að það hefur verið gerð á þessu nokkuð ítarleg félagsfræðileg könnun, um hamingju fólks, lífskjör og allt þetta. Út úr því kemur að einstæðar mæður eða fráskildar konur eru yfirleitt miklu sælli samkvæmt þessari félagsfræðilegu úttekt en fráskildir karlar. Þetta kom mér á óvart því að ég hafði ekki hugleitt þetta. Kannski eru konurnar svona ánægðar að losna við ómögulega karla. Það getur vel verið og karlarnir séu að einhverju leyti verr gerðir til þess að bjarga sér einir. En á því er marktækur tölfræðilegur munur hvað fráskildir karlar eru miklu vansælli en fráskildar konur.

[19:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En ég vil spyrja enn einu sinni hvort hann hyggist taka á móti þeim konum sem ég hef heyrt að muni setjast að í félmrn. og krefjast niðurfellingar sinna skulda á sama hátt og meðlagsgreiðendur sem ekki standa við sitt.

[19:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býð fólk yfirleitt velkomið í félmrn. en ég hef enga peninga til að gefa því. Ef Alþingi setti lög eða heimildir handa mér til að fella niður skuldir handa konum fyrir einhverjar óskilgreindar skuldir, þá væri ég manna glaðastur að geta hresst þær við og gefið þeim peninga. En eins og staðan er hef ég enga möguleika á því.

[19:14]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi mál eru ekki þess eðlis að það eigi að gantast með þau. Við erum að ræða háalvarlegt mál. En það sem mér hefur oft fundist koma í ljós þegar málefni meðlagsgreiðenda koma til umræðu hér, er að þeir njóta mikillar samúðar meðal karlpeningsins í sölum hins háa Alþingis. En við konurnar höfum stundum komið með ýmsar gagnrýnar spurningar um þessi mál og það sem mér finnst liggja að baki er að það ríkir ákveðið kæruleysi í þessum málefnum í samfélagi okkar. Karlmenn leyfa sér sumir hverjir að eiga börn og það nokkuð víða og telja sig ekki bera mikla ábyrgð á þeim. Maður hefur iðulega heyrt þá kvarta undan þessum erfiðu meðlögum og vissulega geta þau verið þung í skauti. En þá spyr maður bara: Af hverju í ósköpunum er fólk að eiga öll þessi börn? Mér finnst að hæstv. félmrh., sem fer með forræði fjölskyldumála, eigi að taka tak í þessum málum og reyna að brýna fyrir karlmönnum landsins að sýna meiri ábyrgð til þess að þeir lendi ekki í þessum erfiðu skuldum

því að ég held að það sé ekki hægt að horfa fram hjá því að þarna er um ákveðið ábyrgðarleysi og kæruleysi að ræða sem á sér djúpar rætur í sögu okkar og menningu og þarna getum við gert á bragarbót með því að sýna meiri ábyrgð og með því að nota smokkinn.

[19:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Augnablik var ég að hugsa um að lofa hv. síðasta ræðumanni að eiga síðasta orðið. Auðvitað er um ábyrgðarleysi og kæruleysi að ræða í einhverjum tilfellum en það er alls ekki í öllum. Ég held að það sé einmtt mjög verðugt verkefni og við ættum heldur að reyna að sameinast um það að koma málefnum fjölskyldnanna í landinu í gegnum margvíslegar aðgerðir. Ég vonast eftir að geta í næstu viku mælt fyrir tillögu um fjölskyldustefnu sem gengur væntanlega til hv. félmn. og ég vona að fái þar góðar viðtökur hjá hv. félmn.

Ég vil taka það fram að jafnréttismál tilheyra ráðuneyti mínu og ég hef spekúlerað töluvert í þeim eftir að ég kom í ráðuneytið, gerði það reyndar áður, en eftir að það var orðinn partur af vinnunni, þá hef ég gert það og það er ýmislegt sem hægt er að laga þar og ég er staðráðinn í að reyna að laga.

Hlutskipti allra þeirra feðra sem þurfa að borga meðlag er ekki sjálfvalið. Ég leyfi mér að fullyrða að stór hópur þeirra vildi heldur hafa fengið forræði yfir börnunum. En þjóðskipulag okkar og venjur hafa hagað því þannig til að í langflestum tilfellum fær móðirin forræði barnsins. Þetta eru einhver heitustu, erfiðustu og tilfinningaþrungnustu mál sem maður verður var við. Að vissu leyti er kannski hægt að segja að það séu forréttindi fyrir móðurina jafnvel að fá forræði barnsins. Ég þekki nokkra feður sem vildu mikið til vinna að fá forræði yfir börnum sínum.

[19:19]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikið rétt í því sem hæstv. félmrh. var að segja. Auðvitað eru forræðismál afar erfið og flókin mál og það er líka rétt sem fram kom í hans máli að við þurfum að skoða þessi mál í samhengi við stöðu fjölskyldunnar og það sem margir vilja kalla upplausn fjölskyldunnar, allt það sem að henni steðjar og allar þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem við höfum gengið í gegnum. Ég vil ekki sleppa því í þessu samhengi að nefna að það er greinilega mjög vaxandi fyrirbæri í samfélagi okkar eins og svo mörgum öðrum að konur búi einar með börn, þær kjósi að eiga börn einar og ala þau upp einar og sér. Margir félagsfræðingar og sálfræðingar hafa áhyggjur af þessu félagslega fyrirbæri. Það er talað um þetta sem alveg sérstakt vandamál t.d. í Bandaríkjunum hvað stúlkur þar eignast börn ungar og standa uppi með þau einar. Allt þetta þurfum við að skoða í félagslegu samhengi. En það breytir ekki því að við stöndum að mörgu leyti svolítið sér í þessu miðað við Norðurlöndin og hér hefur mjög lengi verið sú hefð að konur séu einstæðar mæður. Við þekkjum þetta mjög vel frá 19. öldinni og jafnframt eins og ég nefndi í fyrra andsvari mínu að það er því miður ákveðið kæruleysi ríkjandi og kannski sá hugsunarháttur að taka örlögunum. Þetta gerist og við bara tökum því. Nútímatækni er auðvitað með þeim hætti að bæði karlar og konur geta og eiga að axla ábyrgð á kynlífi sínu og reyna að gera allt sem hægt er til þess að sjá til þess að öll börn séu velkomin og hægt sé að sjá þeim farborða og fólk sé ekki að reisa sér hurðarás um öxl en auðvitað koma alltaf upp tilvik þar sem slíkt er ekki til.

[19:22]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. félmrh. um forræði barna tek ég undir það með honum að ég held að það sé öllum að verða ljóst núna að það er eftirsóknarvert hlutskipti að fá forræði barna sinna og feður eru sem betur fer í auknum mæli að átta sig á því. En samfélagsgerð okkar er því miður þannig að mæður sinna börnum sínum í reynd meira en feður og ég hygg að það sé fyrst og fremst tvennt sem skýrir það. Það er annars vegar hinn gífurlegi launamunur kynjanna og hins vegar möguleikar kynjanna til að taka fæðingarorlof. Þetta veldur því að börn eru mun tengdari mæðrum sínum en feðrum þegar til skilnaðar kemur þegar um það er að ræða og m.a. þess vegna dæmist það mun oftar mæðrum í vil að hafa forræði þegar tveir deila. Reyndar er það úrræði í vaxandi mæli notað að foreldrar hafa sameiginlega forsjá. Ef feður vilja í raun og veru standa jafnfætis mæðrum og ef hæstv. félmrh. vill gera eitthvað til þess að gera þeim það kleift verður hann að standa að tvenns konar breytingum. Fyrst og fremst að auka möguleika feðra til þess að taka fæðingarorlof og í öðru lagi að gera eitthvað raunverulegt í því að jafna launamun kynjanna.

[19:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort tveggja er á dagskrá. Ég hef í undirbúningi og á það er m.a. drepið í þáltill. um fjölskyldustefnu að stefna að rýmkuðu fæðingarorofi feðra.

Varðandi launamuninn er að fara í gang verkefni um starfsmat sem ég veit að hv. þingmenn þekkja og ég vonast eftir að geta átt fund út af því máli á morgun með nefndinni sem hefur unnið að því, þ.e. nefnd Sivjar Friðleifsdóttur. Þetta er að ég hygg skref í áttina sem er tvímælalaust rétt að taka, þ.e. að koma á kynlausu starfsmati í fjórum fyrirtækjum eða stofnunum, tveimur á vegum ríkisins, einu á vegum borgar og einu í einkageiranum. Að þessu er unnið.

Ég fór til Bandaríkjanna og mælti fyrir skýrslu um framkvæmd jafnréttisáætlunar hjá sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna. Þetta var mjög fróðleg ferð og gaman að kynnast viðhorfi þeirra 23 sérfræðinga sem þarna voru eða þeirra sem ég hafði einhver samskipti við. Mér finnst að tvennt standi mjög áberandi upp á okkur í jafnréttismálum. Það er í fyrsta lagi kynbundinn launamunur, í öðru lagi réttleysi sveitakvenna. Ég vil reyna að laga hvort tveggja og á næstunni verður haldin á Akureyri ráðstefna á mínum vegum um atvinnumál kvenna í dreifbýli.

Ég get jafnframt getið þess að ég hef skrifað Jafnréttisráði og leitað álits á hugmynd sem ég hef og vil gjarnan hrinda í framkvæmd. Það er að verðlauna eða veita viðurkenningu fyrirtækjum eða stofnunum sem geta sannað að þar sé ekki kynbundinn launamunur. Ég ætlast til þess að fyrirtækin líti svo á að það sé eftirsóknarvert, fái viðurkenningu sem hægt sé að hafa á áberandi stað og hef ritað Jafnréttisráði nýlega þar um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:28.

105. FUNDUR

þriðjudaginn 12. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 334. mál, þskj. 587. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, stjfrv., 376. mál, þskj. 664. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 356. mál, þskj. 616. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 657, brtt. 658. — 2. umr.
5. Gatnagerðargjald, stjfrv., 106. mál, þskj. 111, nál. 675, brtt. 676. — 2. umr.
6. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frv., 357. mál, þskj. 622. — 3. umr.
7. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 681. — 3. umr.
8. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 661. — 3. umr.
9. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 662. — 3. umr.
10. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 663. — 3. umr.
11. Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, þáltill., 270. mál, þskj. 504. — Fyrri umr.
12. Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þáltill., 302. mál, þskj. 542. — Fyrri umr.
13. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 321. mál, þskj. 567. — 1. umr.
14. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 322. mál, þskj. 568. — 1. umr.
15. Læknalög, frv., 199. mál, þskj. 249. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreyttar lífverur, 117. mál, þskj. 679.
Félagsleg aðstoð, 387. mál, frv. ÁRJ, þskj. 682.
Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 99. mál, þskj. 681.
Reynslusveitarfélög, 390. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 685.
Stjórnarskipunarlög, 386. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 678.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 334. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 587.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 376. mál. — Þskj. 664.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 356. mál (samningar við skuldara). — Þskj. 616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Mannanöfn, 2. umr.

Stjfrv., 73. mál (heildarlög). — Þskj. 73, nál. 657, brtt. 658.

[13:37]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um mannanöfn, en nál. er á þskj. 657, og meðfylgjandi brtt. á þskj. 658. Allir nefndarmenn allshn. undirrita nál. en Ögmundur Jónasson með fyrirvara.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. á mörgum fundum og í þeirri vinnu hefur nefndin notið góðrar aðstoðar þeirra Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra í dómsmrn. og Halldórs Ármanns Sigurðssonar prófessors en þau ásamt Hjálmari Jónssyni þingmanni skipuðu þá nefnd er samdi frv. Jafnframt fékk nefndin fjölda gesta á sinn fund og fjöldi umsagna barst til nefndarinnar.

Frumvarpið gerir almennt ráð fyrir meira frelsi í nafngiftum en samkvæmt gildandi lögum, einkum með því að heimila aðlöguð erlend eiginnöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli, og með því að heimila millinöfn. Þannig er t.d. í frv. gerð sú breyting að ekki er lengur tilskilið að eiginnafn skuli vera íslenskt. Þessi breyting felur í sér mikla rýmkun því að fjöldi tökunafna, sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli, getur tekið íslenska eignarfallsendingu. Þessu ákvæði um eignarfallsendingu er ætlað að tryggja að ný tökunöfn lagist að reglum íslensks máls, að nokkru marki a.m.k., og stefni íslenska beygingakerfinu ekki í voða.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er það samið vegna mikillar gagnrýni á gildandi lög. Sú gagnrýni hefur einkum beinst að þröngum eiginnafnaheimildum laganna og því að þau heimila ekki millinöfn. Enn fremur hefur komið fram veruleg gagnrýni á það ákvæði laganna er skyldar þá er öðlast íslenskt ríkisfang með lögum og heita erlendu nafni til að taka sér íslenskt eiginnafn sem börn

þeirra verða síðan að taka sem kenninafn. Nöfn manna eru einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar þeirra og þessi þröngu skilyrði laganna hafa valdið miklum sárindum í mörgum fjölskyldum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þeir sem í hlut eiga geti haldið fullu nafni óbreyttu og að niðjum þeirra verði heimil notkun ættarnafns.

Íslensk nafnahefð er stór þáttur í menningu Íslendinga. Þróunin á þessari öld hefur þó verið sú að sífellt fleiri taka upp ættarnöfn. Ljóst virðist að ættarnöfnum á eftir að fjölga hratt. Í frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp nýr flokkur nafna, svokölluð millinöfn. Með því er meðal annars stefnt að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en kenninöfn.

Um millinöfnin er fjallað ítarlega í greinargerð með frv. á bls. 14 og 15, en þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ástæður þess að nefndin leggur þetta nýmæli til eru einkum þessar:

1. Allmikil ásókn er í að fá að gefa millinöfn. Um það bil 38% af þeim nöfnum sem mannanafnanefnd hafnaði frá 1. nóvember 1991 til 1. september 1994 voru millinöfn (90 af 237). Með því að heimila þau er frjálsræði um nafngiftir því aukið verulega og telur nefndin það eftirsóknarvert markmið.

2. Lítt var amast við millinöfnum allt til þess að lög nr. 37/1991, um mannanöfn, tóku gildi [þ.e. núgildandi lög]. Fjöldi manna ber því nöfn af þessu tagi.

3. Algengt er að margir í sömu fjölskyldu beri sama millinafn og því tengist notkun þeirra mjög vitund fólks um uppruna sinn og tilfinningum þess í garð náinna ættingja."

Allshn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Ein meginbreytingin sem þar er lögð til er breyting við 8. gr. sem snýr að því að maður geti kennt sig til beggja foreldra eða kennt sig til annaðhvort föður eða móður til viðbótar ættarnafni sem hann á rétt á. Frv. gerir aðeins ráð fyrir að maður geti borið eitt kenninafn. Þannig verða nöfn eins og Pétur Guðrúnarson Jónsson, Guðrún Steinunnardóttir Briem eða Guðjón Jónsson Stephensen heimil. Bent skal á að þarna er einungis um heimildarákvæði að ræða. Telja verður líklegt að langflestir Íslendingar muni áfram vilja halda í þá hefð að nota aðeins eitt kenninafn.

Með hliðsjón af þessari grundvallarbreytingu telur nefndin nauðsynlegt að breyta jafnframt 6. og 7. gr. Breytingin á 6. gr. hefur það í för með sér að heimilt er að nota eignarfall eiginnafns sem millinafn, þegar um er að ræða eiginnafn annars foreldris. Í frv. er þetta bannað þar sem það hefði opnað möguleika á tvöfaldri kenningu. Þar sem lagt er til að tvöföld kenning verði heimil er eðlilegt að þessi möguleiki verði líka fyrir hendi. Dæmi um slík nöfn væru t.d. Pétur Guðrúnar Jónsson eða Guðrún Steinunnar Briem.

Ákvæði 6. mgr. 7. gr., sem lagt er til að falli brott, átti að koma í veg fyrir notkun tvöfaldra ættarnafna, þ.e. að menn tækju sér millinafn sem eins konar ættarnafn til viðbótar því ættarnafni sem þeir bæru. Með hliðsjón af framansögðu eru rökin fyrir slíkri takmörkun ekki til staðar lengur.

Nefndin vill benda á að í þessum breytingartillögum felst ekki heimild til að nota samtenginguna „og" eða bandstrik milli nafna, samanber Pétur Guðrúnar og Jónsson, Pétur Guðrúnar-Jónsson, Guðrún Steinunnardóttir og Briem eða Guðrún Steinunnardóttir-Briem. (**Gripið fram í:** En komma Briem?) Aðrar breytingartillögur eru eftirfarandi:

Lögð er til breyting á 8. gr. sem er ætlað að koma í veg fyrir að niðjar þeirra sem báru ættarnöfn samkvæmt þjóðskrá og fallið hafa frá í gildistíð núgildandi laga um mannanöfn, nr. 37/1991, glati rétti til að taka upp ættarnafn sem þeir annars ættu rétt á.

Lögð er til breyting á 11. gr. sem er ætlað að tryggja að niðjar þeirra einstaklinga sem fengið hafa ríkisfang án þess að þurfa sjálfir að breyta nöfnum sínum njóti sama réttar og niðjar þeirra sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt og þurftu að breyta nöfnum sínum. Taka má ímyndað dæmi um sænskan mann að nafni Gunnar Nyström sem fékk íslenskt ríkisfang á síðasta ári og þurfti ekki að breyta nafni sínu þar sem Gunnar er íslenskt nafn. Börn hans, yngri en 16 ára, máttu hins vegar ekki bera ættarnafnið Nyström heldur urðu Gunnarsbörn. Með þessari breytingu verður þeim heimilt að taka upp ættarnafn forfeðra sinna eins og niðjum þeirra einstaklinga sem fengið hafa íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu.

Lögð er til breyting á 12. gr. þess efnis að útlendingum verði heimilt að taka upp kenninafn maka síns eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Erlend eiginkona íslensks manns sem er Jónsson má þannig nefna sig Jónsson. Einnig verður henni heimilt, eins og frv. gerir ráð fyrir, að nota kenninafnið Jónsdóttir í stað Jónsson ef hún kýs það frekar. Ákvæðið verður því rýmra en í gildandi lögum.

Lögð er til breyting á 13. gr. sem veldur því að allar millinafnabreytingar skv. 6. gr. falla undir dómsmálaráðuneytið. Breytingar á millinöfnum skv. 7. gr. heyra hins vegar undir Hagstofu Íslands, sbr. 2. mgr. 18. gr. sem segir:

„Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, sem ekki eru bundnar leyfi dómsmrh., skulu tilkynntar þjóðskrá."

Lögð er til breyting á 14. gr. sem snýr að kenninöfnum barna. Ef óskað er breytingar á kenninafni barns þannig að það fái ættarnafn sem það á rétt á eða verði kennt til móður í stað föður eða öfugt er meginreglan sú að slík breyting skuli tilkynnt þjóðskrá, sbr. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Sá háttur verður ávallt hafður á ef foreldrar eru sammála um nafnbreytingu. Sé hins vegar óskað eftir slíkri breytingu og það foreldri, sem barnið hefur verið kennt til, er andvígt breytingunni leggur nefndin til að ráðherra fjalli um málið og leyfi breytinguna því aðeins að sérstaklega standi á og telja verði að hún verði barninu til verulegs hagræðis.

Lögð er til breyting á 21. gr. þess efnis að íslensk málnefnd fái að tilnefna fulltrúa í mannanafnanefnd. Rétt þykir að nefndin verði áfram skipuð þremur mönnum og því er jafnframt lagt til að heimspekideild Háskóla Íslands tilnefni einn fulltrúa í hana í stað tveggja. Ósk um þessa breytingu kom fram í umsögn íslenskrar málnefndar og töldu frumvarpshöfundar að þessi tilhögun væri til hins betra.

Lögð er til breyting á 22. gr. sem felur í sér að mannanafnanefnd gefi út mannanafnaskrá en ekki Hagstofa Íslands. Allshn. telur rétt að verða við eindreginni ósk Hagstofunnar um þessa breytingu.

Lögð er til breyting við 25. gr. þar sem nú hafa verið sett lög um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, og kemur sú vísitöluviðmiðun m.a. í stað lánskjaravísitölu.

Loks er lögð til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða að skýrt komi fram að Hagstofan skuli ávallt leitast við að semja um skráningu nafna. Nöfn skulu einungis skráð samkvæmt reglum sem Hagstofunni ber að setja sér við gildistöku laganna þegar svo stendur á að ekki næst samkomulag um skráningu nafna. Hér er aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða þar sem verið er að vinna að breytingum á tölvukerfi

Hagstofunnar og er vonast til að þær breytingar komist í gagnið jafnvel á næsta ári.

Með þessum breytingum er gert ráð fyrir að engin takmörkun verði á skráningum nafna í þjóðskrá. Þetta er auðvitað afar mikilvægt þegar litið er til persónuréttar og jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar.

Virðulegi forseti. Með lögum þessum, ef samþykkt verða, er íslensku þjóðinni búin frjálslyndari rammi um nafngiftir en verið hefur og er það von nefndarinnar að þjóðin hafi þannig betra tækifæri til að móta nafnsiði sína en hingað til og að sátt sé um þá framkvæmd.

[13:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir álitsgerð allshn. með fyrirvara og ætla ég að gera stuttlega grein fyrir hvers vegna. Í fyrsta lagi vil ég að fram komi að innan þingflokks Alþb. og óháðra hefur farið fram umræða um þetta mál og þar komið fram hugmyndir sem ganga í aðrar áttir en þær sem hér er lagt til. En hvað mína skoðun snertir vil ég segja þetta:

Þegar á heildina er litið finnst mér hér um að ræða lagabreytingar í rétta átt og mun ég styðja þær. Með þeim er t.d. opnað á þann möguleika að einstaklingar séu kenndir við báða foreldra sína, móður og föður. Sjálfur hefði ég viljað ganga lengra og koma á því fyrirkomulagi að sérhver einstaklingur yrði í opinberum skýrslum kenndur við báða foreldra, föður og móður. Það væri síðan undir hverjum og einum komið hvort foreldra hann kenndi sig við í daglegu tali eða báða foreldra ef því væri að skipta. Ég er því eindregið fylgjandi að halda í íslenska nafnahefð og held ég að þetta fyrirkomulag, þ.e. þegar einstaklingur yrði kenndur við báða foreldra, yrði til að treysta hana í baráttunni við ættarnöfnin þegar til lengri tíma er litið. Mönnum væri heimilt að nota ættarnöfn sem millinöfn, en öllum væri skylt í opinberum gögnum að kenna sig við móður og föður.

Auk þess er á það að líta að það færist í vöxt að fólk vilji kenna sig við móður í stað föður. Stundum vill það gera breytingar þegar liðið er á ævina, en iðulega fylgja þessu talsverðir erfiðleikar og oft sárindi. Ef fólk væri hins vegar kennt við báða foreldra í opinberum gögnum yrði þetta hinn eðlilegasti hlutur.

Mér finnst þetta líka vera augljóst jafnréttismál kynjanna. Það ætti að vera hin almenna regla að fólk sé kennt við móður sína engu síður en við föður. Ekki féll þessi hugmynd að öllu leyti í grýttan jarðveg í allshn. Engu að síður töldu aðrir nefndarmenn ekki rétt að ganga svo langt að gera það að skyldu að kenna sig við báða foreldra í opinberum skýrslum. Með frv. nú er hins vegar opnað á þennan möguleika. Að mínu mati er það hálft skref inn í framtíðina og mun ég að sjálfsögðu styðja að það verði stigið. Komi fram stuðningur í þinginu við þá hugmynd að stíga skrefið til fulls mun ég flytja brtt. í þá veru við 3. umr.

Að lokum langar mig til að segja örfá orð um þá hugmynd sem stundum er reifuð og gengur út á að fráleitt sé að setja einhverjar reglur yfirleitt um mannanöfn; nöfnum ætti fólk að geta ráðið sjálft og vildi það t.d. taka sér ættarnöfn, ný eða gömul, ætti það að vera sjálfrátt um það, þannig er málflutningurinn. Hér þarf hins vegar að hafa það í huga að frelsi í þessum efnum er í rauninni ekki til. Valið stendur á milli nafnakerfa þótt við séum af veikum mætti að reyna að finna einhverjar millileiðir í því efni. Hætt er við að óheft ættarnafnanotkun kæmi til með að ryðja kenninafnakerfinu út á skömmum tíma. Þetta sýnir reynslan okkur greinilega og nægir að nefna í þessu sambandi að höfnun á ættarnafni er stundum litin sem höfnun á fjölskyldu og veigrar fólk sér að sjálfsögðu við slíku. Þetta mundi takmarka valið þegar fram líða stundir.

Á sama hátt er stundum litið á það sem höfnun á föður þegar einstaklingur kennir sig við móður. Hjá því getum við hins vegar komist með því að skylda alla til að kenna sig við móður og föður í opinberum gögnum. Það dregur úr tilfinningalegu mikilvægi þess hvort foreldri einstaklingur síðan kennir sig við að jafnaði.

[13:54]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstuttar athugasemdir vegna ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan. Eins og fram hefur komið leggur allshn. til nokkrar breytingar á frv. og meðal þeirra er tillaga um að manni verði heimilt að kenna sig til beggja foreldra eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Það er rétt að undirstrika að hér er einungis um heimildarákvæði að ræða en ekki skyldu. Hv. þm. benti á það sem sína skoðun í þessu efni að ákveðin skylda yrði um að kenna sig til beggja foreldra. Þetta atriði var rætt í allshn. en hlaut ekki undirtektir.

Ég er þess fullviss sjálf að meginþorri fólks vill aðeins kenna sig til annars foreldris í samræmi við hinn forna nafnasið okkar Íslendinga. Hins vegar er í tillögum okkar lagt til að hinum, sem vilja kenna sig til beggja foreldra, verði það heimilt. Það er einnig í samræmi við það markmið sem stefnt er að með frv., að auka frelsi í nafngiftum en ekki að leggja auknar skyldur á fólk.

[13:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem oft hefur hlotið talsverða umræðu í þessari stofnun eins og kemur fram í greinargerð með frv. þar sem ríkisstjórnir gerðu á árum áður hverja tilraunina á fætur annarri til að setja lög um mannanöfn en gáfust upp við það. Og það var ekki fyrr en á þinginu 1990–1991 að það tókst að lokum að setja lög um mannanöfn, þau lög sem nú hafa verið í gildi um örfárra missira skeið.

Ég vil byrja á því að segja það sem mína skoðun að mér finnst það ótrúlegt fljótræði ef Alþingi ætlar sér að breyta þeirri löggjöf núna í grundvallaratriðum eftir þá litlu reynslu sem fengin er af henni. Ég tel að hér sé um að ræða svo mikilvægan þátt í okkar menningu, þar sem er íslenska kenninafnakerfið, að það eigi a.m.k. að vera tryggt að í fyrsta lagi hafi verið fjallað eðlilega um málið af faglegum aðilum, en í öðru lagi sé það tryggt að alþingismenn sem eiga að taka ákvarðanir í þessu efni hafi fengið tíma til þess að setja sig inn í málið í einstökum atriðum. Þetta segi ég, hæstv. forseti, vegna þess að hér er ekki um að ræða mál sem er einfalt eða rakið, heldur flókið og tekur tíma að setja sig inn í. Í því sambandi bendi ég t.d. á ritgerð Páls Sigurðssonar um mannanöfn sem er eitt af þeim gögnum sem allshn. mun hafa fengið til skoðunar, ritgerð upp á fleiri tugi blaðsíðna þar sem tínd eru saman mikilvægustu efnisatriði þessa máls og sýnir að málið hefur mjög víðtæka skírskotun, bæði málvísindalega skírskotun, skírskotun að því er varðar hefð með tilliti til íslenskrar menningar og málsögu almennt, en líka aðra skírskotun sem lýtur að einstaklingunum sem nöfnin bera. Þess vegna verð ég að segja það, hæstv. forseti, að ég harma það ef menn ætla sér að knýja fram niðurstöðu í

þessu máli á tiltölulega mjög stuttum tíma. Ég tel að þetta sé mál sem þurfi miklu lengri umræðu en kostur gefst á núna á einum eftirmiðdegi og a.m.k. lengri umhugsun. Því verð ég að segja það alveg eins og er að ég dreg það mjög í efa að allir þeir sem eiga um að véla, þ.e. alþingismenn, hafi gert málið upp við sig í einstökum atriðum. Þetta segi ég vegna þess að hér gildir allt annað en um venjuleg þingmál vegna þess að í venjulegum þingmálum, ef ég má orða það svo, er það þannig að flokkarnir taka gjarnan heildarafstöðu af einhverju tagi, byggt á einhverjum pólitískum grundvelli. Hér er um að ræða mál þar sem hver einasti þingmaður hlýtur að vera algjörlega óbundinn af einhverri línu frá viðkomandi flokki, hvort sem það er stjórnarflokkur eða ekki. Ég trúi t.d. ekki öðru en í stjórnarflokkunum sé hópur af mönnum sem hafi að einhverju leyti aðrar skoðanir á þessu máli en koma fram í þessu frv. eða brtt. Mér þætti mjög skrýtið ef stjórnarþingmenn teldu sig bundna af einhverri flokkslegri afstöðu í máli af þessum toga. Hér er um að ræða mál af allt öðru tagi sem þar með kallar á það að allir þingmenn, hver fyrir sig, myndi sér skoðun með eindregnari hætti en oft er gert án þess að ég sé að gera lítið úr því hvernig menn mynda sér skoðun í þessari virðulegu stofnun.

Ég vil einnig segja það í sambandi við þetta mál að mér finnst að það satt að segja byggt á talsvert miklum misskilningi. Ég tel að framkvæmd laganna hafi verið mjög sérkennileg af þeirri nefnd sem fór með það mál á sínum tíma og að í rauninni sé hægt að halda því fram að menn hafi oftúlkað ákvæði laganna eins og þau eru og að það sé hægt að koma við innan gildandi laga þeim óhjákvæmilega sveigjanleika sem verður auðvitað að vera til staðar þegar lög af þessu tagi eru framkvæmd, þó svo það felist ekki í gildandi lögum að t.d. sé hægt að taka upp millinöfn sem almennan lið í okkar nafnakerfi. Það er annað mál vegna þess að millinöfnunum var hafnað í atkvæðagreiðslu sem fór fram þegar lögin um mannanöfn voru rædd á þinginu 1990–1991.

Ég nefni það kannski í leiðinni, hæstv. forseti, að hér er ekki bara verið að gera leiðréttingar á gildandi mannanafnalögum, þ.e. gera þau þjálli, nothæfari eins og þau eru. Vafalaust má finna einhver dæmi þess að það eigi að laga. Hér er líka verið að gera mjög byltingarkennda tilraun til að breyta grundvallaratriðum í mannanafnakerfinu, þ.e. það á samkvæmt þessu frv. að lögfesta millinafnakerfi sem hefur ekki verið til í íslensku máli samkvæmt lögum þó að menn hafi komist upp með það vegna slælegrar lagaframkvæmdar á lögunum frá 1925. Þess vegna er um að ræða annars vegar það sem menn kalla lagfæringar á hlutunum, en hins vegar býsna róttækar breytingar þar sem er þessi millinafnabreyting.

Í greinargerð með frv. hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli segir svo að gagnrýnin hafi einkum beinst að 2. gr. laganna, nr. 37/1991, og framkvæmd hennar. Þetta er út af fyrir sig rétt. Ég tel reyndar að gagnrýnin hafi aðallega beinst að framkvæmd laganna. Greinin hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.“

Frumvarpshöfundarnir útskýra greinina svona, þ.e. höfundar þess frv. sem við erum að ræða núna, þeir útskýra greinina svona, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. málsl. 2. gr. felur það í sér að öll eiginnöfn af erlendum uppruna eru óheimil nema því aðeins að þau hafi unnið sér hefð í íslensku máli, hvort sem þau eru löguð að almennum reglum íslensks máls og hérlendum ritvenjum eða ekki.“

Hér segi ég, hæstv. forseti, þetta er röng túlkun á greininni vegna þess að í greininni stendur ekki að eiginnafn skuli vera íslenskt og hafa unnið sér hefð í íslensku máli, heldur stendur í 1. málsl.: „Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.“ Þannig er í greininni eins og hún er sveigjanleiki fyrir það sem menn eru að reyna að nálgast í textanum eins og hann liggur fyrir í stjfrv. Þar með er meginröksemd stjfrv. að mínu mati fallin vegna þess að sá sveigjanleiki sem um er að ræða er opinn samkvæmt gildandi lögum. Í gildandi lögum eru ákvæðin þessi: Eiginnafnið skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli þó það sé hugsanlega af erlendum uppruna, en hafi unnið sér hefð í íslensku máli. Það er ekkert verið að útiloka erlend nöfn eða nöfn af erlendum uppruna. Og það er beinlínis rangt sem stendur í greinargerðinni að ákvæði 1. málsl. 2. gr. feli það í sér að öll eiginnöfn af erlendum uppruna séu óheimil. Þetta er beinlínis rangt. Satt að segja tel ég að þegar þessi undarstöðuþáttur í röksemdafærslu frumvarpshöfundanna er brostinn þá sé málflutningur þeirra í heild brostinn í þessu máli.

Efnisatriði 2. gr. gildandi laga eru sex. Í fyrsta lagi að eiginnafn skuli vera íslenskt. Í öðru lagi að það hafi unnið sér hefð í íslensku máli. Í þriðja lagi að það brjóti ekki í bága við íslenskt málkerfi. Í fjórða lagi að það megi ekki vera nafnbera til ama. Í fimmta lagi að hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn. Og í sjötta lagi að óheimilt sé að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni. Þetta eru efnisatriðin.

Í tillögum nefndarinnar og tillögum stjfrv. eru þessi ákvæði tekin upp í 5. gr. Þar eru líka sex efnisatriði. Þau eru þessi, með leyfi forseta:

1. Eiginnafn skal geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.

2. Nafnið skal hafa unnið sér hefð í íslensku máli.

3. Nafnið má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi eins og það er í gildandi lögum.

4. Nafnið skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls. Það er reyndar nýtt, en það er mikilvægt atriði og ég er sammála því.

5. Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn. Þetta er í rauninni óbreytt frá gildandi lögum.

6. Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum.

Hér er ein breyting sem skiptir máli. Hún er sú að í gildandi lögum stendur: „Eiginnafn skal vera íslenskt“. Það stendur í gildandi lögum. En í frv. stendur: „Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu“. Það stendur ekki í frv. að eiginnafn skuli vera íslenskt, heldur að eiginnafn skuli geta tekið íslenskri eignarfallsendingu. Það er flókið mál. Það er jafnvel enn þá flóknara en að finna út úr því hvaða nafn er íslenskt að uppruna.

Í greinargerð frv. eru kostulegar vangaveltur um það hvort það er við hæfi að fólk heiti þessu nafni eða hinu miðað við þetta skilyrði. Því er t.d. slegið föstu að nafnið

Tsjækovski geti ekki gengið af því að það geti ekki tekið íslenskri eignarfallsendingu. Auðvitað getur það það. (**Gripið fram í:** Djúgasvíli.) Ég tala nú ekki um ósköpin, eða Búkovskí eða hvað menn vilja. Ég verð því að segja það, hæstv. forseti, í fullri alvöru að ég tel að þessi afmörkun um eignarfallsendinguna og það eitt dugi ekki í þessu sambandi. Þess vegna teldi ég að það væri nauðsynlegt að fara yfir þetta mál aðeins betur til að menn átti sig á því ef þeir eru óánægðir með gildandi lög, ég skil það þannig að menn séu óánægðir með gildandi lög, þá þurfa þeir að átta sig á því hvaða skilgreining á að koma í staðinn. Og þessi eina breyting frá gildandi lögum, um að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu, dugir ekki, hæstv. forseti. Hún dugir ekki vegna þess að það hvað getur tekið íslenskri eignarfallsendingu er líka matsatriði eins og kemur fram í greinargerð frv. Það er gert ráð fyrir því að nefndin sem fjalli um málið hafi tiltölulega mjög rúmar heimildir um það hvaða orð hún metur þannig að þau geti tekið íslenska eignarfallsendingu.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að þetta út af fyrir sig staðfesti það að menn þurfa að skoða þetta betur. Annars vegar það að ég tel með fullum rökum að það sé misskilningur að ekki hafi verið hægt að framkvæma gildandi lög öðruvísi og svo hins vegar það að þetta með eignarfallsendinguna dugi ekki í málinu og af þessum tveimur ástæðum væri langeðlilegast að fresta málinu.

Varðandi síðan efnisatriði frv. að öðru leyti og einstök atriði, þá opnar frv. fyrir það að merkingarlausar stafarunur verði notaðar sem eiginnöfn. Það er útilokað að stöðva það að merkingarlausar stafarunur verði notaðar sem eiginnafn. Dæmi: Skunnar, Skunnar Skunnarsson, Skunnarsdóttir, frá Skunnari, beygist eins og Gunnar. Það er augljóst mál að hér væri um nýlundu að ræða. Þetta lýtur beygingarlögmálum íslenskunnar í öllum meginatriðum. Einhverjir mundi kannski halda því fram að þessi Skunnar mundi auðga málið ef eitthvað væri og gaman væri að hafa hann hér á þingi, hv. þm. Skunnar, til tilbreytingar frá okkur hinum sem heitum þessum hversdagslegu nöfnum, Tómas og Svavar og ég tala nú ekki um Jón. Í greinargerð frv. kemur það fram að í raun og veru er opið fyrir mál af þessu tagi. Þetta stafar af því að nefndin setur sér eitt markmið númer eitt. Hvað er það? Það er ekki að gera lögin um mannanöfn þjálli í framkvæmd. Nei. Það er það ekki. Það er að gera framkvæmdina frjálslegri. Prúð og frjálsleg í fasi. Það er aðalmarkmið nefndarinnar. Það er auðvitað stórkostlegt að vera með svona frjálsar nefndir í þjóðfélaginu. Ég viðurkenni það. En hvaða frjálsræði er þetta í raun og veru sem menn eru að tala um? Fyrir hverja er þetta frjálsræði? Fyrir þá sem gefa nafnið. En auðvitað er með þessu verið að opna fyrir ófrelsi íslenskrar mannanafnahefðar sem yrði fyrr brotin niður af kringumstæðunum, þ.e. af hinni alþjóðlegu kenninafnahefð sem við höfum ekki tekið upp. Þannig er hér í rauninni verið að opna fyrir ófrelsi þessarar íslensku kenninafnahefðar að mínu mati.

Ég tel algjörlega fráleitt að setja hlutina þannig upp að það að opna fyrir frelsi í nafntökum sé sjálfstætt úrlausnarefni. Ég tel að þessir hlutir eigi að vera þannig að um þá sé sátt. Hlutverk löggjafans er að fara millileiðina á milli reglunnar og frelsis einstaklingsins í þessu máli. Það eru engar tillögur uppi um það, eða a.m.k. ekki miklar, að afnema mannanafnalögin. Það eru tillögur uppi um það af ríkisstjórninni að halda í reglur í þessum efnum. Ég skil það þannig að það séu flestir þeirrar skoðunar að það eigi raunar að halda þannig á málum að það séu reglur, í grófum dráttum að verja þetta kenninafnakerfi sem við höfum, en það er auðvitað grunnþátturinn í þessu máli. Því sé ég ekki að þessi uppsetning mála, þessi algera opnun nefndarinnar geti staðist, enda viðurkennir hún sjálf að hún stenst ekki því að nefndin er með tillögur hjá sér um meiri höft heldur en er í gildandi lögum, t.d. að því er varðar ættarnöfn maka útlendinga sem sest hafa að hér og orðið íslenskir ríkisborgarar. Það fólk átti að svipta því frelsi sem það hefur haft um áratuga skeið til þess að nýta sér þau nöfn sem útlendir makar þeirra bera. Það var mjög sérkennilegt að þessir frelsispálmar í nefndinni, með leyfi forseta, skyldu finna það út að það þyrfti endilega að svipta þetta fólk tilteknu frelsi þrátt fyrir frelsisyfirlýsinguna.

Svo stendur hérna líka áfram að það sé áfram takmarkað hversu mörgum nöfnum menn megi heita. Ég minni á að þegar mannanafnalögin voru til meðferðar 1991 og formaður þingflokks Sjálfstfl. flutti margar breytingartillögur um það, en hann heitir eins og kunnugt er Geir Hilmar Haarde, flutti breytingartillögur um það að þeirri takmörkun yrði aflétt, þannig að menn gætu heitið slatta af nöfnum eins og tíðkast í konungbornum fjölskyldum þar sem dugir varla hálf blaðsíða A4 til þess að rekja nöfnin sem þeir heita, þessir snillingar sem eru af konungsættum. En ég er ekki að segja að við séum það hér. En nefndin leggur það til, frelsisnefndin, að það frelsi sé skert, sé takmarkað þannig að nefndin er auðvitað ekki sjálfri sér samkvæm að því er þessa hluti varðar.

Í greinargerð þeirri sem birtist með frv. er sagt frá þeim félögum Skjarpi og Skunnari, en það eru tvær hetjur, Skjarpur og Skunnar. Þeir eru ekki í Íslendingasögum, en þeir eru hér, Skjarpur og Skunnar. Skjarpur Skunnarsson. Það væri gaman að hitta hann á fleti fyrir. Þar er það rakið hvaða nöfnum hefur verið hafnað af mannanafnanefndinni. Ég er svoleiðis yfir mig undrandi á þeim lista hvaða nöfnum hefur verið hafnað. Það er í sjálfu sér kannski ekki skrýtið að menn vilji breyta lögum sem þeir halda að eigi að framkvæma svona eins og að það eigi að hafna nafni eins og t.d. Manfreð, eða nafni eins og Maggi, eða nafni eins og Marselíus, eða nafni eins og Birgitta, eða nafni eins og Bella, eða nafni eins og Bogga. Það er auðvitað von að menn sem telja að svona nöfn séu bönnuð, vilji breyta svoleiðis ólögum, það mundi ég líka gera ef ég teldi svona nöfn bönnuð, en þau eru það ekki vegna þess að ég tel að nefndin og ráðuneytið hafi á undanförnum árum oftúlkað mannanafnalögin. Þetta ætlar nefndin að leysa með því að setja það skilyrði eitt að nöfnin geti tekið eignarfallsendingum eða eins og segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Að sjálfsögðu er oft matsatriði hvort nafn getur tekið íslenska eignarfallsendingu eða ekki og verður að eftirláta mannanafnanefnd að meta það hverju sinni."

Með öðrum orðum eru veruleg matsatriði skilin eftir fyrir Magga, Belindu, Manúel, Manfreð, Marselíus og Garibalda og fleiri.

Ég verð að segja það líka að ég tel að ýmsar fleiri niðurstöður þessarar nefndar séu mjög sérkennilegar eins og það t.d. að hafna nafninu Vilma sem beygist auðvitað og rímar við orðið filma og sögnina að hylma og lýtur ágætlega íslensku máli að öllu leyti. En menn lásu lögin þannig að þetta mætti ekki. Að vísu höfnuðu menn líka kvenmannsnafninu Villimey sem mér finnst nokkurt umhugsunarefni og ég ætla ekki að fara frekar út í hér.

Í greinargerð frv. er fjallað um 5. gr. þar sem segir:

„Eiginnafn skal geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.“ Um þetta segir svo í greinargerðinni, og ég vil sérstaklega biðja hv. formann nefndarinnar að leggja eyrun við, en í greinargerðinni segir svo um þetta mál:

„Þessi hluti málsliðarins er samhljóða hefðarákvæði í 1. málsl. 2. gr. gildandi laga en hefur allt annað gildissvið.“

Með öðrum orðum að hefðarákvæði gildandi laga hafi eitt gildissvið, en þetta ákvæði allt annað gildissvið. Ég verð því miður að spyrja hv. formann nefndarinnar: Í hverju liggur munurinn? (**SP:** Hvar er þetta?) Þetta er í greinargerðinni á blaðsíðu 12, í skýringum við 5. gr., en við þá grein eru einna lengstu skýringarnar. Þetta er skammt fyrir ofan töfluna um það hvað telst vera hefð, en þar er rakið við hvað er miðað. Það er rakið allt aftur í það hversu oft nöfn hafa komið fyrir frá manntalinu 1703 og síðar. Það er náttúrlega mikilvægt að það liggi fyrir hvaða hefð menn eru þarna að tala um? Er hún allt önnur? Ég er ekkert að draga það í efa að þetta sé rétt, en mér þætti betra sem partur af þessari stofnun að vita um hvað menn eru að tala.

Ég kem þá næst að meginbreytingunni og því sem mér finnst erfiðast að kyngja efnislega í þessu frv., það er millinafnaþátturinn. Í greinargerðinni um III. kafla eru tilgreind rökin fyrir því.

Fyrstu rökin eru þessi, með leyfi forseta: „Allmikil ásókn er í að fá að gefa millinöfn.“ Það eru rök. Jú, það eru út af fyrir sig rök í málinu, en mér finnst það ekki rök til að beygja sig fyrir.

Önnur rökin eru þessi: „Lítt var amast við millinöfnum allt til þess að lög nr. 37/1991, um mannanöfn, tóku gildi.“ Þarna finnst mér slugs í lagaframkvæmd í 60 ár vera notað sem rök fyrir því að víkja frá þeim lögum sem sett voru með samhljóða atkvæðum að þessu leytinu til 1991. Ég vísa þessu á bug sem rökum. Ég sé ekki satt að segja að þetta séu nægilega gild rök.

Í þriðja lagi er það borið fram sem rök: „Algengt er að margir í sömu fjölskyldu beri sama millinafn og því tengist notkun þeirra mjög vitund fólks um uppruna sinn og tilfinningum þess í garð náinna ættingja.“ Þetta eru að mínu mati gild rök. Þetta eru algjörlega gild rök og á að horfast í augu við. Ég er alveg tilbúinn til þess, hæstv. forseti, að horfast í augu við þessi rök. En síðan segir, með leyfi forseta, í rökstuðningnum fyrir millinöfnunum:

„Menningarlegir hagsmunir samfélagsins af því að varðveita íslenska kenninafnasiðinn (föður- og móðurnafnakerfið) eru ótvíræðir, eins og vikið verður að síðar í þessari greinargerð. Ættarnöfn hafa þann höfuðókost að þau stefna þessum sið í voða. Auk þess leiðir ættarnafnakerfið oftast til þess að kenninöfn kvenna víkja fyrir kenninöfnum karla. Millinöfnin hafa hvorugan af þessum ókostum en geta hins vegar haft þann sama kost og ættarnöfnin að auka samkennd fjölskyldna og vitund fólks um uppruna sinn, þ.e. þegar margir í sömu fjölskyldu eða ætt bera sama millinafn.“ Ættin, þetta er athyglisvert fyrir okkur hina. Síðan segir: „Þeirri mótbáru er reyndar stundum hreyft gegn millinöfnum að þau séu eða geti verið „dulbúin ættarnöfn“, menn taki oft að nota millinafn sem ættarnafn og leggi af föður- eða móðurnafn sitt. Eftir að Hagstofa Íslands tók að fylgja reglum um skráningu nafna jafnfast eftir og nú er raunin virðist þessi ótti þó vera ástæðulaus.“ — Ég átta mig satt að segja ekki alveg á því hvaða rök eru fyrir því að þessi ótti er ástæðulaus, en svo segir:

„Með millinafnakerfinu er þeim sem nú bera ættarnafn gert kleift að kenna sig til föður eða móður að íslenskum sið án þess að þurfa jafnframt að kasta ættarnafninu.“ Og svo segir:

„Eins og vikið verður að síðar felst verulegt misrétti í ákvæðum gildandi mannanafnalaga um ættarnöfn. Nokkur hópur manna hefur val sem þorri fólks hefur ekki.“ — Þetta er svívirðilegt ranglæti eins og allir sjá. Það er ofboðslegt. Sumir mega hafa ættarnöfn en aðrir ekki. Það sést náttúrlega á þessum ættarnafnalausu hvað þeir eru kúgaðir. (**Gripið fram í:** Það sést úr ræðustólnum.) Það sést nú víða. En hérna stendur:

„Eins og vikið verður að síðar felst verulegt misrétti í ákvæðum gildandi mannanafnalaga um ættarnöfn. Nokkur hópur manna hefur val sem þorri fólks hefur ekki. Millinafnakerfið dregur úr þessari mismunun.“ — Þannig að þetta er þá félagslegt úrræði að rétta við niðurlægingu þeirra og skort á sjálfstrausti sem ekki heita ættarnöfnum. Þannig er alveg sérstakur félagslegur mannréttindavinkill í málinu, að bæta fyrir þann skaða sem við hin berum að hafa ekki ættarnöfn. Þá megum við taka upp millinöfn. Þetta er auðvitað athyglisvert. Þetta er alveg nýtt. Ég vissi ekki að dómsmrn. væri svona upptekið af félagslegum úrræðum. Það var það a.m.k. ekki í gær þegar við vorum að ræða hér um nauðasamninga. En það er núna þannig að þarna á að bæta það upp sem á vantar hjá þessum ættarnafnalausu vesalingum með því að gefa þeim kost á því að heita millinöfnum. Amen og halelúja og mikið er nú þeirra réttlæti. (**KÁ:** Nú geta menn rétt hag sinn.) Nú geta menn rétt hag sinn sinn, já.

Ég tel með öðrum orðum, hæstv. forseti, að þau rök sem flutt eru fyrir millinöfnunum séu röng, þau haldi ekki, skili engu og í rauninni séu menn að stíga skref í þá áttina að taka upp almennt ættarnafnakerfi í staðinn fyrir kenninafnakerfið sem við eigum, enda viðurkennir nefndin það reyndar líka sem samdi frv. eða frumvarpsdrögin upphaflega því að hún segir á einum stað í greinargerð, með leyfi forseta:

„Einsýnt er að ættarnöfn eru í hraðari sókn hér á landi en menn gera sér almennt grein fyrir, svo hraðri að íslenska kenninafnasiðnum stendur af henni veruleg ógn.“

Nefndin viðurkennir að ættarnafnaflóðið er í fullum gangi og þau eru í hraðri sókn hér á landi og fyrir því eru tiltekin rök sem ég ætla ekki að fara út í. Að mínu mati er verið að ýta undir þessa sókn með því að taka upp þetta millinafnakerfi sem gerð er tillaga um í þessu frv. og er meginbreytingin í frv. frá því sem er í gildandi lögum. Þetta er mál, hæstv. forseti, sem mér finnst að þurfi að skoða miklu nánar.

Hæstv. forseti. Tveir nefndarmenn í mannanafnanefnd sendu formanni allshn. ítarlega umsögn um þetta mál. Það eru þeir Erlendur Jónsson dósent og Páll Sigurðsson prófessor. Það er afar fróðleg greinargerð sem frá þeim kemur. Hvað segja þeir og af hverju er ekki hlustað á þá í þessu máli? Það hafa engn rök komið fram hér fyrir því að þeirra álit sé neitt léttvægara en önnur álit. (**SP:** Þeir komu á fund nefndarinnar.) Já, en það hefur ekki verið gerð grein fyrir því hér og þess vegna geri ég það. Þeir segja svo m.a., með leyfi forseta:

„Við teljum að ekki sé brýn þörf nú á gagngerri endurskoðun gildandi laga um mannanöfn. Við álítum að ákvæði 5. gr. frv., það er aðalbreytingin, leyfi ýmis eiginnöfn sem meiri hluti almennings í landinu mundi tæpast samþykkja. Jafnframt eru í frv. ákvæði er ekki samrýmast markmiði frv. um jafnræði borgaranna þannig að ekki er ljóst að meiri

friður yrði um löggjöf um mannanöfn en nú er þegar, yrði frv. að lögum.

Hugmynd höfunda frv. um svokölluð millinöfn er andstæð íslenskum nafnasiðum og innleiðir nafnaflokk sem er hugtakalega ótækur. Jafnframt mun notkun millinafna undirbúa jarðveginn undir og hvetja til frekari innleiðslu ættarnafna hér á landi."

Ég segi alveg eins og er að mér finnst að það þurfi talsvert þung rök til þess að hafna því sjónarmiði sem fram kemur í áliti þessara tveggja manna í mannanafnanefndinni.

Allshn. mun hafa fengið þessa menn á sinn fund og vafalaust einnig fengið til meðferðar greinina „Nöfn og nafnaréttur" í ritinu Lagaþættir, greinar af ýmsum réttarsviðum, sem gefið er út af háskólaútgáfunni í Reykjavík 1994, þar sem Páll Sigurðsson prófessor gerir mjög ítarlega grein fyrir þessum málum, þróun mannanafnahefðarinnar á Íslandi, lagalegri stöðu mannanafnsins og segir m.a. þetta, með leyfi forseta, *í lok sinnar ítarlegu greinar sem er upp á 40 síður í þessu riti:*

„Hér hefur verið drepið lauslega á fjölmörg atriði er á einn eða annan hátt snerta mannanöfn og nafnasiði fyrr og síðar, auk þess sem nokkuð var fjallað um réttarþróun á þessu sviði sem og núgildandi réttarreglur.

Ljóst er að seint mun verða útrýmt ágreiningi um eiginnöfn en mér virðist reyndar að fylgja megi núgildandi lagaákvæðum um þau til nokkurrar frambúðar með minni háttar breytingum. Sýnt er, hvað sem öðru líður, að þessi ákvæði mannanafnalaganna sem nú eru í gildi eru vel framkvæmanleg eftir að settar voru þær vinnulagsreglur sem fyrr var lýst."

Páll tekur undir það almenna sjónarmið að það séu út af fyrir sig rök fyrir því að breyta vissum tæknilegum atriðum í gildandi lögum, en segir samt sem áður: Menn eiga að fara hægt í breytingar af þessu tagi. Menn eiga að temja sér íhaldssemi í þessu máli, fara varlega í málum af þessum toga. Og hann segir hér, með leyfi forseta:

„Er þó æskilegt að þær breytingar sem gerðar eru verði hægfara og umfram allt, að þær séu vel grundaðar. Þegar öllu er á botninn hvolft mun verða tekist á um tvær andstæðar meginstefnur á þessu sviði: Annars vegar íhaldssama stefnu sem byggir á verndun tungunnar fyrir óæskilegum erlendum áhrifum, en hins vegar frjálslyndisstefnu sem þolir helst engin höft á heimild manna til að velja börnum sínum nöfn að vild eða um þau kenningarnöfn er menn kjósa. Að sjálfsögðu má færa, og hafa oft verið færð, mikilvæg og þung rök fyrir „hreintungustefnu", sem óþarfi ætti að vera að endurtaka hér, en vissulega geta þó verið áhöld um hvort réttlætanlegt sé að beita lagaráðstöfunum í því augnamiði að hreinsa tunguna; annars konar aðferðir, svo sem áróður og kennsla, gætu e.t.v. orðið árangursríkari. „Frjálshyggjumennirnir" geta líka vissulega bent á það, máli sínu til stuðnings, að úr því að foreldrum ungbarna sé trúað fyrir lífi þeirra og limum, geti vart verið viðurhlutameira að treysta þeim jafnframt fyrir nafngiftum barnanna. Líklegt er að í reynd muni löggjafinn reyna að þræða einhvern milliveg milli þessara kenninga og skoðana er nú voru nefndar, þótt varasamt sé að spá fyrir um fjarlæga framtíð á þessu áhugaverða mannlífssviði."

Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst að okkur auðnist ekki ef þetta frv. yrði óbreytt að lögum að þræða þessa leið hófsemdar á milli annars vegar frjálslyndra viðhorfa einstaklinganna sem eiga fullan rétt á sér og hins vegar þeirra sem vilja leggja rækt við hina almennu menningarlegu undirstöðu í þessu máli. Þess vegna mun ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að málinu verði frestað. Ég segi það hins vegar að verði því hafnað þá mun ég taka afstöðu til þeirra breytingartillagna sem að öðru leyti liggja fyrir með hliðsjón af efni máls, en ég mun leggja til að þessu máli verði frestað og það verði skoðað betur. Það er engin nauður sem rekur á eftir því að þessu máli verði lokið.

Þegar gildandi lög um mannanöfn voru sett árið 1991 höfðu ekki verið í gildi nein lög um mannanöfn um 60–70 ára skeið, þ.e. engin lög sem menn framkvæmdu. Það var ósátt um lögin. Þess vegna var farið í það að setja þessi lög á sínum tíma og auðvitað tóku þau þá á ýmiss konar háttsemi sem hafði tíðkast til hliðar við lög mjög lengi. Þess vegna urðu þau óvinsæl og því miður var það þannig að óþarflega stíf framkvæmd laganna, eins og ég hef rakið, varð til þess að vekja úlfúð og tortryggni kringum þessi lög langt umfram það sem nokkur efnisleg rök voru til. Ég tel að í þeim efnum hafi grein eftir dr. Halldór Ármann Sigurðsson sem birtist í Morgunblaðinu árið 1993 skipt mjög miklu máli og hafi að nokkru leyti hrundið þessari skriðu af stað, en greinin hét því nafni sem segir allt um efni hennar: Ólög um mannanöfn. Þessi grein ásamt hallærislegri framkvæmd laga á köflum, ótrúlega klúðraðri málsmeðferð stundum sem fjölmiðlar gerðu sér að vonum ákaflega mikla skemmtun úr varð til þess að menn töluðu í kaf þessa löggjöf sem menn reyndu að setja í sæmilegri sátt og engin eðlileg reynsla er komin á enn þá. Ég tel þess vegna að það væri fljótræði af *Alþingi að fara að breyta þessum lögum í grundvallaratriðum núna.*

Ég bið menn um að athuga að í þessu frv. og brtt. nefndarinnar eins og þær liggja fyrir er ekki bara verið að laga einhver tæknileg atriði. Það er verið að breyta grundvallaratriðum. Það er verið að breyta skilgreiningu eiginnafns í íslensku máli úr því að eiginnafnið eigi að vera íslenskt í það að það eigi að taka íslenskum eignarfallsendingum og það er verið að lögleiða millinöfn. Ég hef allan skilning á því að menn eigi að nálgast þessa hluti með sveigjanlegum hætti, *en ég bið um það að menn fari varlega.*

[14:35]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson flutti hér langa ræðu og mátti glöggt heyra að hann væri andsnúinn þessum breytingum sem lagðar eru til, einkum út frá því að allt falli á 2. gr., um að eiginnafn skuli vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli, og þarna mistúlki bæði allshn. og nefndin sem samdi frv. þessa setningu. Málið snýst einfaldlega um það að með núgildandi lögum frá 1991, sem að mínum dómi eru byltingarkennd lög í vitlausa átt, þá gerist það í fyrsta skipti í íslenskri málsögu að það er tekið fyrir, það er bannað, að ný nöfn berist inn í málið. Það er ekki von að almenningur sætti sig við það. Þetta gerist á sama tíma sem nauðsyn er á meiri sveigjanleika heldur en áður hefur verið.

Þetta segi ég hiklaust vegna þess að það er verið að útiloka ný erlend nöfn. Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í málinu. Það segir: Það þarf að vera hefð fyrir því eða vera íslenskt, þannig að þar með fellur hans málflutningur meira og minna um sjálfan sig.

Að hægt verði að laga erlend nöfn að íslensku máli eins og alltaf hefur átt sér stað er nauðsynlegt að setja inn — og þar er einmitt ástæðan sú — eða reynt að gera það með því að setja skilyrði um eignarfallsendingu.

Önnur atriði eru svo sem mörg sem ástæða væri til að minnast á. Álit þeirra félaga úr mannanafnanefndinni, Erlendar og Páls, og hv. þm. Svavars Gestssonar eru íhaldssjónarmið fyrst og fremst án nokkurra sérstakra eða skynsamlegra raka að mínum dómi. Hvenær mundu verða einhverjar breytingar ef meiri hluti þjóðarinnar þyrfti að samþykkja allt nýtt í hvert skipti? Hvað mundi þá gerast? Það er eitt, verndun tungunnar, það er annað ofverndun tungunnar. Það hefur stundum verið reynt og það má ekki takast að stöðva þróun í íslensku máli.

[14:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er svo sem ekki hissa á þessu nefndaráliti miðað við orð þingmannsins núna. Ég segi alveg eins og er. Mér fannst að í hans andsvari kæmi fram tilraun til útúrsnúnings, algjörlega óþarfs útúrsnúnings. Þetta mál snýst ekki um íhaldssemi, hreintungustefnu, frjálshyggjustefnu, frjálslyndi eða eitthvað þess háttar. Þetta snýst um það að Alþingi Íslendinga rati meðalhófið sem er eins góð sátt um og mögulegt er með þjóðinni. Það er grundvallaratriðið, það virðist þingmaðurinn ekki skilja. Og það er tvennt í þessu frv. sem stefnir því í hættu að menn rati meðalhófið. Annað er skilgreiningin á eiginnafni eins og ég rakti áðan og hitt er upptaka millinafnakerfisins sem hvort tveggja á að framkvæma af nefnd sem í rauninni hefur ekkert til að fara eftir annað en sitt eigið mat á hlutunum. Ég tel að það sé útilokað annað en hv. þm. taki undir það að þetta tvennt eru byltingarkenndar breytingar. Þær eru ekki vondar fyrir það, en það er ekki hægt að vísa rökum á bug með þeim orðum að rökin séu íhaldssöm, síst fyrir mann sem kemur úr gamla íhaldsflokknum.

[14:39]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar talaði þingmaður úr nýja íhaldsflokknum, en ég vil spyrja: Hverjum dettur það í hug öðrum en hv. þm. Svavari Gestssyni að nokkurt foreldri gefi barni sínu nafnið Skunnar, Skjarpur eða eitthvað slíkt? Hverjum dettur það yfirleitt í hug? Fólk vill gefa börnum sínum góðar gjafir og ekki síst þessa fyrstu gjöf sem er nafnið. Það er margt vitlausara í íslenskum málsháttum en það að gifta fylgi góðu nafni. Við eigum að vera umburðarlynd gagnvart foreldrunum sem bera þarna stóra ábyrgð og ekki að þrengja að, eins og hv. þm. sagði, með ófrelsi heiðar.

[14:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir Skunnar og Skjarpur, nýjustu liðsmenn hv. þm., eru ekki frá mér ættaðir, þeir eru frá honum. Þeir eru úr greinargerð hans eigin nefndar. Þaðan er það nú komið.

Ég held að hv. þm. þurfi, ég vil segja það í fullri vinsemd, að gera ráð fyrir þeim möguleika að þingmenn sem tala hér séu að vanda sig og tala í fullri alvöru. Ég var að reyna það áðan og ég fer fram á það að hann velti þeim orðum fyrir sér í fullri vinsemd og ekkert annað.

[14:41]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að fjalla virðulega um þetta mál, en það er auðvitað ósköp skiljanlegt að hv. þm. Svavar Gestsson hafi áhuga á þessu, enda fyrrv. menntmrh.

Ég vil ítreka að það var ítarlega fjallað um þetta mál í allshn. og málið var þar að auki rætt í þingflokkum, þar á meðal þingflokki Alþb. þar sem bæði Drífa Pálsdóttir og Halldór Ármann Sigurðsson mættu á fund þingflokksins eftir því sem ég best veit og kynntu þetta mál.

Það er skiljanlegt að það séu skiptar skoðanir um mannanöfn og löggjöf í því efni, en ég tel rétt að þessar breytingar séu gerðar, ekki síst vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið.

Því hefur verið haldið fram að málið sé byggt á misskilningi, m.a. á því að mannanafnanefnd hafi oftúlkað gildandi lög. Ég held að það sé heldur vafasöm fullyrðing.

Það var einnig talað um millinöfnin. Ég hygg að ég hafi skýrt það að millinöfn hafa tíðkast um langan tíma þannig að það má segja að það sé komin nokkurs konar hefð fyrir þessum nöfnum.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson svaraði þessu atriði varðandi ranga lagatúlkun þeirrar nefndar sem samdi frv. Ég held að það sé alveg skýrt sem kemur fram í núgildandi lögum um mannanöfn. Þar segir í 2. gr.: „Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.“ Það er því engin spurning um hvað hér er átt við. Erlent nafn er óheimilt ef það hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli þannig að þetta er alveg skýrt að mínu mati.

Það er einnig verið að bera saman í gildandi lögum og í frv. mismunandi ákvæði. Ég skýrði það áðan í framsögu með nefndaráliti að það er tekið út úr frv. það ákvæði sem fjallaði um að nafnið skyldi vera íslenskt og vil ég ítreka það sem ég sagði áðan um það efni. Reyndar kemur þetta mjög skýrt fram í frv., t.d. á bls. 10 um 5. gr. frv.

Það var líka minnst á hættuna á því að það mynduðust og yrðu leyfilegar einhverjar stafarunur. Ég verð að segja um það, hv. þm., að ég held að við hljótum að verða að treysta því að Íslendingar muni skíra nöfnum sem eru í tengslum við íslenska mannanafnahefð. Ég hef a.m.k. ekki ástæðu til þess að ætla annað.

Enn fremur var nefnt atriði á bls. 12 í frv., þar var ákveðið misræmi að mati hv. þm. (Forseti hringir.) Þar sagði m.a. á miðri blaðsíðu, með leyfi virðulegs forseta: „Ákvæðið heimilar tökunöfn sem hafa unnið sér hefð jafnvel þótt vafi kunni að leika á um það hvort þau taka íslenska eignarfallsendingu.“ Þetta er skýring á fyrri mgr. þar sem segir: „Þessi hluti málsliðarins er samhljóða hefðarákvæði í 1. málsl. 2. gr. gildandi laga en hefur allt annað gildissvið.“ Þetta er því alveg skýrt.

Það eru auðvitað mörg fleiri atriði sem mætti víkja að, en mér þótti brýnt að koma þessum athugasemdum að strax í andsvari.

[14:45]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því, sem hv. formaður nefndarinnar gerir vafalaust, að það er erfitt að rökræða um svona mál í andsvörum. En þau efnisatriði sem ég vil halda hér til haga eru þessi:

Í fyrsta lagi tel ég að tillagan um að lögleiða millinafnakerfi auki líkurnar á því að ættarnöfnin yfirtaki sviðið. Ég tel mig hafa rök Páls Sigurðssonar í þeim efnum, sem eru ekkert verri en rök annarra.

Í öðru lagi tel ég að túlkun mannanafnanefndar og ráðuneytisins á lögunum um mannanöfn hafi verið of þröng og að mörgu leyti röng miðað við efni málsins og það sem löggjafinn ætlaðist til.

Í þriðja lagi tel ég hins vegar að sú skilgreining á eiginnafni, að það verði bara farið eftir því hvort nafnið tekur

íslenskri eignarfallsendingu eða ekki, sé ekki nægilega örugg. En að lokum, hæstv. forseti, eins og ég endurtók áðan og ég tek eftir að hv. þingmenn hafa ekki tekið eftir, varðandi einstakar breytingartillögur, varðandi t.d. réttinn til að kenna sig við föður eða móður, þá er það utan við þessi gagnrýnisatriði. Það er mál sem ég áskil mér allan rétt til að koma að síðar. En þetta voru fjögur grundvallaratriði sem ég hreyfði áðan og endurtek núna vegna þess að mér fannst að hv. þm. hefði ekki gert sér grein fyrir því að þetta voru aðalatriði míns máls.

[14:47]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hér hefur verið vísað til skoðunar Páls Sigurðssonar prófessors, þá vil ég að það komi skýrt fram, og það er tekið fram í nefndaráliti frá allshn., að bæði Páll Sigurðsson prófessor og Erlendur Jónsson dósent komu á fund nefndarinnar og að sjálfsögðu liggja öll gögn í þessu máli fyrir nefndinni og nefndarmenn gátu kynnt sér margvísleg gögn í málinu.

Ég er í sjálfu sér sammála því að það sé erfitt að koma með miklar rökræður í andsvörum, en tel þó rétt að ítreka það sérstaklega að meginástæða þeirrar *miklu gagnrýni* sem fram hefur komið á gildandi lög er að lögin séu of ströng. M.a hefur það verið gagnrýnt að lögin heimili ekki millinöfn, en það er svo að fyrir gildistöku gildandi laga tíðkaðist það að börnum væri gefin millinöfn við skírn án þess að lagaheimild væri fyrir slíkum nafngjöfum og þau voru átölulaust skráð í þjóðskrá þannig að millinöfnin eru því orðin eins konar hefð í sumum fjölskyldum sem þykir mjög svo sárt að geta ekki gefið nýjum fjölskyldumeðlimum þessi nöfn fyrir utan alla hina einstaklingana sem þess óska. Þar að auki er stefnt að því með upptöku millinafna verði dregið úr notkun ættarnafna þar sem lagt er til að heimilt verði að breyta ættarnafni í millinafn og kenna sig til föður eða móður eða þeirra beggja í samræmi við hinn forna íslenska kenninafnasið.

Hv. þm. hefur verið tíðrætt um skoðanir okkar í allshn. í þessu efni og vil ég segja það fyrir sjálfa mig að ég tel mig frekar íhaldssama í þessum efnum. Ég hef verið ánægð með okkar íslensku mannanafnahefð og tel mikilsvert að við hugum að íslenskri menningu, en hins vegar skil ég vel tilfinningar fólks og sárindi út af þeim takmörkunum sem hafa verið í gildandi lögum og vil taka tillit til þess.

[14:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir það með hv. þm. að ég skil vel tilfinningar fólks í þessu máli og rakti það reyndar í ræðu minni áðan að ég tel að það séu einu rökin sem hreyft hefur verið varðandi millinafnamálið að þar geti verið um að ræða hefð sem hefur þróast, að vísu ekki á grundvelli laga en fram hjá lögum, af því að það var slæleg lagaframkvæmd, alveg frá 1925, og þessi hefð hefur unnið sér ákveðinn sess í viðkomandi fjölskyldum og kringum slíkar hefðir í fjölskyldum eru mjög oft tilfinningar.

Það er líka alveg rétt hjá hv. þm. að margt af því sem hér er verið að gera, hvort sem það er í frv. eða í gildandi lögum eða í öðrum lögum sem við erum að setja, þá erum við að setja tilteknar skorður í samfélaginu. Út af fyrir sig eru yfirleitt deildar meiningar um hvernig á að setja þær skorður. Það er ævinlega svo. Vandinn er hins vegar sá að það kemur alls staðar einhvers staðar við. Ég held að sú aðferð sem hér er lögð til, bæði af upphaflegu nefndinni sem hv. þm. Hjálmar Jónsson sat í og ég var aðallega að ræða um áðan, og í þingnefndinni, hafi menn ekki fundið þennan meðalveg. Ég óttast að það verði ósætti um framkvæmd þessara laga fyrst og fremst vegna þess að framkvæmdin verði svo misjöfn og dyntótt og órökvís á milli nefndarmanna eða annarra slíkra opinberra aðila. Ég segi því alveg eins og er að ég er enn frekar þeirrar skoðunar eftir að hafa hlýtt á svör tveggja ábyrgðarmanna málsins, hv. þm. Hjálmars Jónssonar og hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur. Ég er enn sannfærðari um það en áður að mér finnst að menn eigi að hinkra með málið.

[14:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem við ræddum fyrr á þinginu er nú komið frá þingnefnd. Ég verð að segja að það er fyrr heldur en ætla mætti miðað við eðli málsins. Við sem störfum í nefndum þingsins erum að vísu oft gagnrýnd fyrir það af þeim sem bera frumvörp fram að þingnefndir séu heldur seinvirkar, en í þessu tilviki sýnist mér að hv. allshn. hafi flýtt sér heldur mikið við að afgreiða mál þetta til 2. umr. og þá samkvæmt starfsvenjum hér markað hraða málsins í *þinginu ef meiri hluti er fyrir því að málið gangi áfram til* afgreiðslu að lokinni þessari umræðu.

Ég tel að það efni sem við ræðum sé mjög mikilvægt. Sú spurning sem við hv. þingmenn stöndum frammi fyrir, réttara væri að segja spurningar því að þær eru margar sem tengjast þessu máli og sem svara þarf ef á að fara að breyta lögum, eru margar þess eðlis að það væri eðlilegt að bæði þingheimur sem og almenningur í landinu fengi meira ráðrúm til þess að fjalla um málið, hugleiða málið, koma sjónarmiðum á framfæri heldur en hér er stefnt að. Ég segi þetta vitandi um það að mál þetta var sýnt á 118. þingi, þ.e. í fyrra, en varð þá *ekki unnið í nefnd, a.m.k. engu nefndaráliti skilað um* það þannig að umræða fór takmarkað fram í þjóðfélaginu að ég held á grundvelli þess flutnings.

Hér er eins og fram hefur komið um að ræða mál sem snertir hvern einstakling í landinu og ekki síður þá sem óbornir eru, hvernig til tekst að marka lagaramma um nafngiftir og þar höfum við Íslendingar af hefð að státa sem margir öfunda okkur af sem kynnast þeirri nafnhefð vegna þess hversu merkileg hún er, hversu skýr menningararfur er þar á ferðinni og hversu óvenjuleg hún er einnig miðað við það sem gerist hjá mörgum öðrum þjóðum og raunar flestum *sem búa í nágrenni við okkur í þessum heimshluta sem svo* er stundum kallaður. Ég held að við þurfum að gæta vel að því við umfjöllun þessa máls þegar skoðaður er þessi stóri þáttur í menningu Íslendinga, eins og það er kallað með réttu í nefndaráliti, áður en við lögleiðum breytingar sem fyrr en varir geta leitt til kollsteypu. Og það er í rauninni það sem mér sýnist stefna í, það gæti orðið niðurstaðan ef fallist er á þær breytingar sem frv. hefur í för með sér og að teknu tilliti til breytingartillagna frá hv. þingnefnd.

Ég hafði vænst þess, virðulegur forseti, að frsm. nefndar væri viðstaddur umræðuna, hafði óskað eftir því að svo væri *því að ég mæli m.a. til þingnefndarinnar* og þá ekki síst til oddvita hennar. Það sem ég hef áhyggjur af í þessu efni eru nokkrir þættir sem ég mun koma að, en ég vil þó áður ítreka það sjónarmið sem er að finna í nefndaráliti og sem mér finnst að eigi að leggja til grundvallar þegar fjallað er um mál sem þessi og það er hversu stór þáttur nafnhefðin er í okkar menningu. Það hlýtur að leggja okkur þá skyldu á herðar, ef við erum sammála um þetta, að hlúa að þessum arfi

þó að við viljum ekki gera hann stirðnaðan eða óumbreytanlegan því að það er ekki það sem stefna ber að. Auðvitað þurfum við að vera reiðubúin í því eins og með íslenskt mál almennt að þróa það, auðga það með nýjungum eins og við gerum í málinu, en við þurfum að gera það af hugkvæmni og við þurfum að ætla breytingum tíma til þess að sanna sig, ekki að hlaupa upp til að breyta settum reglum eingöngu af því að það gætir óánægju hjá einstaklingum, fleiri eða færri eftir atvikum, með reglurnar og kanna mál vel áður en breytingar eru lagðar til.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson talaði í sínu máli áðan um ófrelsi hefðanna, ef ég hef tekið rétt eftir. Það er sjálfsagt rétt að hefðir eru hefðir vegna þess að þær skapa aðhald. En ég vil ekki kalla það ófrelsi. Ég tel að í velflestum hefðum felist jákvæður þáttur sem menn skulu varast að klippa á og líta á sem fjötur. Það þurfa a.m.k. að vera mjög gild rök fyrir því ef það á að líta þannig á málið og svipta kannski grundvellinum undan hefðinni, sem ég er þó alls ekki að ætla neinum sem eru að bera fram þetta mál hér, að þau stefni að því. Það sem okkur kann að greina á er matið á því til hvers nýjar leikreglur munu leiða, hvert bera þær okkur?

Ég hef getið þess í umræðu um þetta mál, af því að ég hef leyft mér að tala um það við 1. umr. í þau tvö skipti sem frv. hefur verið lagt fram, að ég hef nokkra reynslu af þeim höftum sem var að finna, og þeim reglum um leið, til þess að knýja m.a. fólk af erlendu bergi brotið til þess að fylgja íslenskum nafnhefðum. Ég hef ekki fundið til þess að það hafi verið svo sársaukafullt að það væri ástæða til þess að við rýmkuðum rammann til muna frá því sem verið hefur, þó ég sé eindregið þeirrar skoðunar að það eigi að heimila fólki af erlendu bergi að bera sín nöfn þó að það gerist íslenskir ríkisborgarar og það eigi fyrst og fremst að miða breytingarnar við afkomendurna. Það er í sambandi við nafngiftir á börnum sem við eigum að setja reglurnar en vera frjálslynd að því er varðar það að leyfa fólki sem hingað kemur að bera sín nöfn á meðan lifir þó það fái fullan þegnrétt í landinu. Þetta kann að þykja nokkuð hörð kenning og auðvitað ekki alltaf skilningi að mæta hjá þeim sem flytja til landsins á því að þurfa að lúta slíku. Ég held þó að málið snúist í raun ekki um það. Ég held að það sé ekki svo erfitt í reynd þótt það geti verið gagnrýnissefni og fólk sé ekki fyllilega sátt við það, að af þeim sökum þurfi að gera róttækar breytingar á okkar nafnkerfi.

Þá ætla ég að koma að fáeinum atriðum en vísa annars til margs sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv. sem flutti ítarlega ræðu og hefur greinilega farið vel yfir málið. Ég er sammála mjög mörgu af því sem kom fram í hans máli og ætla ekki að endurtaka það eða tilgreina það út af fyrir sig sérstaklega, en vil taka undir þá meginósk sem þar var borin fram að þingið flýti sér ekki við lögfestingu á þessu frv. og þeim breytingum sem það felur í sér.

Ég ætla fyrst að koma að eiginnafninu, því sem varðar 5. gr. og kannski væri rétt að nefna það sem er í 1. gr., spurninguna um fjölda nafna þar sem segir: „Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals." Ég væri alveg reiðubúinn til þess að hafa þennan ramma opinn, þ.e. fjölda eiginnafna. Mér finnst það ekkert stórmál hvort menn finna upp á því að gefa þrjú nöfn, fjögur nöfn eða jafnvel fimm nöfn og þaðan af fleiri. Það er nú svo að við almenna skráningu taka dálkarnir ekki við nema takmörkuðu. Ég verð iðulega fyrir því, og ber þó aðeins eitt nafn, að það styttist af sjálfu sér í tölvukerfi nútímans vegna þess að í því er 21 bókstafur ef föðurnafn er meðtalið og þá verður að fella af. Þannig verður það í reynd að þó að menn séu skreyttir með fjölda nafna, þá rúmast ekki í almennum dálkum, hvort sem það eru vegabréf eða hvaða gögn það eru, þá rúmast ekki nema lítið af því og þaðan af síður eru líkur á því að það sé notað í reynd. Ég hef þess vegna ekki miklar áhyggjur af því.

Hins vegar hef ég vakið athygli á því í tvö skipti við umræður um þetta mál að það er í raun í gangi í samfélaginu breyting á íslenskum nafnhefðum sem mjög hefur sótt á allra síðustu ár og tengist því að það eru gjarnan gefin og í vaxandi mæli miðað við það sem verið hefur tvö eiginnöfn, sem ég kalla tvínefni. Það verður til þess að t.d. í máli manna og í máli fjölmiðla, og jafnvel er til þess ætlast af þeim sem nöfnin gefa, að báðum sé til skila haldið. Það leiðir til þess í reynd að við erum að koma með tvenns konar nafnkerfi bara vegna þessara breytinga, þ.e. maður, karl eða kona, er nefndur tveimur nöfnum, föðurnafni eða kenninafni er sleppt. En sé í sama vetfangi nefndur einstaklingur með eitt nafn, þá þykir alls ekki nóg að nefna hann einu nafni heldur er kenninafnið látið fylgja, þ.e. föðurnafn, ættarnafn eða móðurnafn eftir atvikum látið fylgja. Við höfum dæmi hér á Alþingi Íslendinga um þetta og hvernig fjölmiðlarnir segja frá mönnum sem eru með tvínefni, tvö eiginnöfn. Í sömu fréttinni er sagt frá því að þessi eða hinn þingmaðurinn með tvínefni hafi flutt mál og svo hafi þessi sonur þessa (**Gripið fram í:** Er ekki hefð fyrir þessu í fornum íslenskum sögum?) Það kann að vera. Ég hef ekki kannað það sérstaklega. En ég vek athygli á þessu og þetta sækir mjög á. Þegar maður hefur þessa breytingu í huga sem þarf ekki nema einn fréttatíma til að finna dæmi um, þetta heyrist í hverjum fréttatíma ljósvakamiðlanna, þá geta menn séð það til hvers millinafnakerfið með heimild til að taka upp ættarnöfn sem millinafn mun leiða fyrr en varir. Og var það þó eitt af því sem hv. frsm. nefndarinnar lagði áherslu á að ætti að vinna gegn ættarnöfnum í landinu. Þarna held ég að liggi ein stór kórvilla í þessu máli í mati hv. þingnefndar á því sem hér er lagt til að innleitt verði.

Ég er alveg sannfærður um það að þetta millinafnakerfi með heimild fyrir upptöku ættarnafna m.a. mun leiða til þess fyrr en varir að okkar gamla nafn muni riðlast í allt öðrum og meiri mæli heldur en gerst hefur fram að þessu. Ég er undrandi á því að borin skuli fram sem rök í þessu máli einhver jafnræðissjónarmið, að vesalingar, sem ekki hafa orðið þeirrar upphefðar, virðulegur forseti, aðnjótandi að fá á sig danskt nafn eða eitthvert dalanafn fyrr á öldinni á meðan menn gátu keypt sér ættarnöfn, skuli hafa heimild til að bera millinafn. Það er borið fram sem veruleg rök í málinu, jafnræðiskenning, og ekki er það jafnræði kynja sem þar er á ferðinni. Það er svo annar þáttur í þessu máli og nokkuð sérkennilegur líka sem ég mun koma að. Ég hafna gjörsamlega þessari vorkunnsemi við þá sem ekki bera ættarnafn eða hafa átt kost á því, það skuli opnað fyrir það. Með því eru menn í rauninni að vega með mjög ákvarðandi hætti að þeirri íslensku nafnahefð sem er stór þáttur í menningu Íslendinga eins og kveðið er að orði í nefndarálitinu. Ég vil skilja það svo af þeim sem bera málið fram að þeir vilji bera það fyrir brjósti en þeir draga rangar ályktanir af þeim tillögum sem þeir bera fram fyrir þingið.

Það mun ekki verða mikið um það, svo eitt dæmi sé tekið, að Guðmundur Briem Jónsson, ef ég tek ímyndað dæmi, verði kallaður Guðmundur Jónsson í umræðum af vandalausum. Ég segi vandalausum því að það kann að vera

að þeir sem nafn hafa gefið hafi hugsað sér eitthvað annað, en það sem verður ráðandi eru þeir sem um fjalla, ekki síst ef viðkomandi persóna er oft nefnd á nafn almennt í fjölmiðlum eða annars staðar. Ætli það verði ekki lítið um það að hann verði kenndur við Jón og ætli líði á löngu áður en Briemsnafnið verður orðið ráðandi, þetta millinafn? Ég held að það blasi við öllum sem hugsa um málið að það mun verða ofan á fyrr en varir og menn eru í rauninni — ég veit ekki hvort það er réttmætt að orða það svo, en mér datt í hug að menn væru að gefast upp. Það er óbeint þó það sé ekki vilji hv. tillögumanna að gefast upp eða innleiða hér nafngiftir sem munu leiða til mjög róttækra breytinga fyrr en varir á íslenskri nafnhefð. Ég held að það séu engin tilefni til þess í formi óánægju eða krafna úti í samfélaginu að slíkar breytingar verði innleiddar. Þó að megi vafalaust finna dæmi frá einstaklingum um óánægju með það kerfi og þær reglur sem við höfum búið við, og það er sjálfsagt að hlýða á það, það er sjálfsagt að íhuga hversu alvarleg sú óánægja er og hversu sterk rök eru fyrir því að taka tillit til hennar með sveigjanleika sem ekki þarf þó endilega að felast í breytingu á almennri reglu.

Ég held að það sé nokkuð til í því sem hér hefur verið sagt að hluti af þeim þrýstingi til breytinga, sé hann raunverulegur, sé hann til staðar, hafi stafað af því að það hafi hugsanlega verið of mikið horft á bókstafinn þegar afstaða hefur verið tekin af þeim sem hafa ráðið ferðinni, þegar það hefur verið metið hvað skuli heimilað og hverju hafnað á undanförnum árum. Ég tel að það sé mjög sérkennilegt, það sem fram kemur hér og liggur fyrir í þessu máli að aðeins fjórum eða fimm árum eftir að samþykkt voru ný lög um mannanöfn, þá er komið frv. sem hefur að geyma svo miklar breytingar sem raun ber vitni, ekki bara frá fyrri gildandi lögum heldur nýmæli. Í greinargerð með frv., ekki nefndaráliti, heldur í greinargerð með frv. segir um það:

„Einkum hefur nefndin þó stuðst við þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 37/1991 og litið til þeirrar gagnrýni á lögin sem fram hefur komið."

Ætli nefndin hafi ekki verið að störfum frá hausti 1993? Hún hefur störf u.þ.b. tveimur árum eftir að ný lög voru sett og studdist einkum við þá reynslu sem fengist hafði af framkvæmd tveggja ára gamalla laga. Þetta er mjög einkennilegt, ef menn verða allt í einu svo vitrir á tveimur árum og telja að af svo mikilli reynslu sé að taka að tveimur árum liðnum í máli sem varðar hefðir í menningu Íslendinga treysta þeir sér til að bera fram breytingar með vísun í reynslu. Mér finnst það ekki trúverðugt og hljóti önnur viðhorf að vega þyngra þegar þessar tillögur eru fram bornar.

Þá er það 5. gr., virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg réttmætt að benda á að sú grein opnar fyrir nýmæli varðandi eiginnöfn sem mjög erfitt verður að setja skorður við og mjög erfitt að skera úr um hvað skuli heimilað og hvað ekki að því er varðar nýmæli. Nú er mér það ljóst að auðvitað eru mestar líkur á því að fólk af íslensku bergi brotið miði við eitthvað sem gæti talist eiga sér einhverja hefð í málinu, hvort sem það er nú gælunafn eða eiginnöfn sem verið hafa, nöfn sem eru sótt í frændgarðinn o.s.frv. Ég geri frekar ráð fyrir því.

Varðandi t.d. nýbúa í landinu, þá hljóta þeir að telja eðlilegt að þeir geti sótt slík nýmæli í sinn frændgarð annars staðar frá og með góðum rétti í ljósi þessara ákvæða krafist þess að geta skýrt eða nefnt sín afkvæmi í samræmi við það, enda lúti þau þeim ramma sem 5. gr. setur. Til dæmis um að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða unnið sér hefð í íslensku máli, sem er þá annar mælikvarði en ekki sami mælikvarði. Það er annar tveggja af þeim sem þarf að standast samkvæmt þessu ásamt því að þetta brjóti ekki í bága við íslenskt málkerfi, enda hlýtur það að vera mælikvarðinn að eignarfallsendingin standist. Það er sá mælikvarði sem settur er varðandi málkerfið. Ég tek skýrt fram að ég tel þetta ekki vera stórmál. Mér finnst spurningin um eiginnafn vera mun minna mál en spurningin um millinöfn, sem mun að mínu mati kollvarpa okkar nafnhefð fyrr en varir, enn frekar en orðið er. Ég tel að það skipti ekki sköpum fyrir þá hefð þó tekin séu inn ný eiginnöfn, jafnvel þótt framandi þyki í upphafi. Ef við lítum yfir þau nöfn sem Íslendingum hafa verið gefin í 35 kynslóðir eða svo, ef við hefðum það allt á skrá, er þar margt að finna sem kemur okkur nútímafólki spánskt fyrir sjónir. Það þarf ekki annað en líta yfir lista frá síðustu öld. Sumar hefðir voru bundnar við landshluta að því er varðaði eiginnöfn þannig að það var hægt að ráða af nafni manns í ýmsum tilvikum hvaðan hann kom og það jafnvel þótt nöfnin væru ekki mjög sjaldgæf, eins og t.d. mitt föðurnafn. Það er engin tilviljun að Halldór Laxness, sá fundvísi rithöfundur, lét Guttorm Guttormsson, sem kemur fyrir í Íslandsklukkunni, vera Austfirðing. Þetta nafn var bundið við Austurland. Ég hef ekki fundið nokkurn mann með þessu nafni enn þá, ég hef að vísu ekki lagst djúpt í ættfræði, sem ekki á ættir að rekja til Austurlands og ef grannt er skoðað er hann þá frændi þess sem hér talar að langfeðgatali. Svona er okkar nafnkerfi skemmtilegt þar sem íhaldssemi hefur gætt og má margt af því læra. Jón Þeófílusson Íslandsklukkunnar gat að sjálfsögðu ekki verið nema af einu landshorni eða úr einum landsfjórðungi svo að annað dæmi úr sama ritverki sé tekið. Þetta er ánægjuleg hefð af að státa sem við skulum reyna að viðhalda. En við eigum ekki að gera það með því að hafna nýjum nöfnum. Það riðlar ekki okkar gamla kenninafnakerfi, sem er eitt aðalatriðið í þessu máli og það sem mestu skiptir að standa vörð um.

Ég tel, virðulegur forseti, að með millinafnakaflanum og þeirri stefnu að innleiða millinöfn séu menn á röngu spori og þurfi að líta miklu betur á það mál. Ég tek hér dæmi um ættarnöfn úr 7. gr. Þar sá ég enga breytingu svo ég leyfi mér að vitna í það þar sem fjallað er um ættarnöfn:

„Ættarnafn er einungis heimilt sem millinafn í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein.

Hver maður sem ber ættarnafn í þjóðskrá má breyta því í millinafn, sbr. 15. gr.

Hver maður sem ekki ber ættarnafn en á rétt til þess má bera það sem millinafn.

Maður má bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn."

Nú þurfa þeir að leggjast undir feld sem vilja breyta til að sjá hvort þeir komast í gegnum nálarauga þessarar greinar og afla sér millinafns í formi ættarnafns. Það er margt sem breyta mætti í skjóli þessa, einnig hjá þeim sem eiga sín nöfn. Það er ekki ástæða til að loka á það allt saman, en mér finnst hér ekki stefnt í rétta átt með þessu. Ég segi það í fullri vinsemd við þá sem bera þessar tillögur fram, bæði ráðuneyti og þingnefnd. Ég bið um að fólk hugsi sitt ráð betur áður en farið er að samþykkja tillögu af þessu tagi.

Þá kem ég að þriðja þættinum sem ég vildi nefna. Þó er kannski rétt að koma aðeins að því sem segir í tölul. 4 í nefndarálitinu. Þar er tekið dæmi sem lýsir þessu vel og hv.

formaður allshn. reiddi fram. Dæmið um Gunnar Nyström segir heilmikla sögu um þetta. En þó ekki alla, því að opnað er fyrir millinafnið hjá Íslendingum í marga ættliði sem geta fundið fótfestu fyrir því að taka sér ættarnöfn sem fyrr en varir verða að ráðandi nafni í stað kenninafns.

Þá kemur að þriðja þættinum, það er heimildin til þess að taka upp millinafn sem eins konar kenninafn föður eða móður. Ég hef látið það koma fram að ég tel sjálfsagt að það sé heimilt hvort sem er að kenna sig til föður eða móður og ætti í rauninni ekki að þurfa fram að taka að það sé eðlileg regla, bæði út frá jafnræðissjónarmiði sem og eðli máls. Í rauninni má færa mörg rök fyrir því að eðlilegra sé að kenna menn til móður en föður vegna þess að þær heimildir eru að jafnaði traustari fyrir blóðtengslunum. Ef við horfum fram í tímann í ljósi frv. um tæknifrjóvgun og annarra slíkra hluta, getur margt skolast til, einnig að því er varðar móðurkyn. Ég ætla ekki að ræða það neitt sérstaklega í sambandi við þetta frv., en vek athygli á því og styð eindregið að það sé í lögum að frjálst sé að kenna sig hvort sem er til föður eða móður. Þó finnst mér eðlilegt að það sé hluti af nafngift, þ.e. að það sé ekki litið á það sem sjálfsagt eða eðlilegt að börnin fari að hringla með það eftir á, eftir því hvort þeim er vel við mömmu eða pabba. Mér finnst ekki skynsamlegt að ætla börnunum að kveða upp úr um það, heldur er það foreldranna að koma sér saman um það. En til þess að sleppa fram hjá því, er hv. allshn. með heimild um það. Hún leggur til breytingu, hafi ég lesið rétt í málið, um að heimilt sé að hafa hvort tveggja, að taka inn nafn þess foreldris sem barnið er ekki kennt við sem millinafn í eignarfalli eins og dæmi eru rakin um hér og bæri sá er hér stendur þá nafnið Hjörleifur Guðrúnar Guttormsson eða þá öfugt. Þetta var vissulega haft í flimtingum á mínu æskuheimili þar sem réttindamál kynja voru til umræðu. Ég minnist þess að faðir minn lét þá skoðun í ljós að honum væri mjög ljúft að börnin væru kennd við móður. Mér finnst sem sagt sjálfsagt að það sé hluti af nafngift að skera úr um það. En að fara að innleiða það að taka upp hvort tveggja, finnst mér mikill misskilningur. Í mínum huga á það ekkert skylt við jafnræðisreglu og getur að mínu mati ekki verið spurning um einhver réttindamál kynja sem slíkra.

Hefðin fyrir því að kenna til föðurs hefur verið rík í málinu en það getur breyst. Fyrir því eru fullar heimildir og sjálfsagt að festa það í lögum að mínu mati en hitt líst mér ekki á.

Við sem höfum búið í sjávarplássum í þekkjum það ósköp vel að það er ekkert óalgengt, t.d. í sjómannssfjölskyldum, að barnið sé kennt við móður til aðgreiningar frá öðrum börnum og föðurnafnið gleymist nánast. Og þetta loðir lengi við menn. Ég leyfi mér að nefna dæmi úr minni heimabyggð til virðingar við ágætan kunningja minn sem er kallaður Nonni Möggu Sigga Hall og þekktur undir því í bæjarfélaginu og vafalaust út fyrir það. Það má segja að það sé vinsæl getraun þegar fólk kemur í plássið og spyr: Hvað heitir hann, þessi? Ýmsum vefst tunga um tönn. Réttilega er auðvelt að rata á Jón en hitt getur vafist fyrir mönnum að kenna til föður og þannig er það með fleiri.

Annað dæmi úr mínu umhverfi: Siggi Stínu og fleiri börn úr því ágæta húsi. Auðvitað er það vegna fjarvista föður sem slíkt þróast og það er ekkert við því að segja. Það er mjög eðlilegt og sjálfsagt að halda slíkum möguleikum opnum. Menn þróa þá og taka sér þá hvað sem lög bjóða. Þetta er hluti af hefðinni því gælunöfn eru víða mjög tíðkuð og segja oft sína sögu. Það auðgar umhverfi okkar að viðhalda þeim og ekki eiga þau sé litla stoð í menningarsögunni, nægir að vísa til Íslendingasagna, sá hafsjór sem þær eru af viðurnefnum sem eru svo annar þáttur ekki óskyldur.

Virðulegur forseti. Það er margt annað sem ástæða væri til að koma að í sambandi við þetta mál en ég held ég hafi drepið á það sem mér er einna efst í huga. Ég held að skipti hvað mestu varðandi þetta frv. sem er fram borið og efni þess og þær getsakir — því ég vil kalla það getsakir um líklega þróun sem ég hef haft hér uppi, því að auðvitað býr enginn þar yfir einu réttu svari, það leiðir að líkum hvert stefna muni í þessum efnum. Ég ítreka að ég tel að það skipti mjög miklu hvernig til tekst í máli sem þessu. Mér finnst sem þær breytingar sem er verið að leggja til geti nánast leitt af sér þá ályktun af minni hálfu að það væri jafngott að hafa engin lög um þessi efni eins og það sem hér er fram borið. Mér finnast þær breytingar sem er verið að leggja til vera það rúmar og alveg sérstaklega ýta undir þróun sem mér finnst óæskileg að ég held að það sé alveg eins gott að sleppa þeim og flytja einfalt frv. um það að lög um mannanöfn, nr. 37/1991, séu felld úr gildi. Það er ekki fjarstætt að ályktа svo. Lög nr. 37/1991 verða úr gildi felld vegna þess að svo langt er gengið í hér í tillögum að ég held að það verði mjög erfitt að stöðva sig af og nýta þennan ramma, ef að lögum yrði, til þess að stuðla að því að viðhalda þessum gilda þætti í íslenskri menningu sem íslensk nafnhefð hefur verið til þessa. Ég bið hv. þm. og þá sem bera þetta mál fram að hugleiða það sem hér er sagt um þetta og gefa þingheimi góðan tíma til að fara yfir málið betur en kostur hefur verið til þessa og leyfa jafnframt almenningi í landinu að koma svolítið að málinu í ljósi þeirrar umræðu sem hér fer fram af tilefni þessa nefndarálits og þessa frv.

[15:34]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örfáar athugasemdir út af ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hann var að hafa orð á því m.a. að málið hefði komið of fljótt frá allshn. og að e.t.v. hefði verið of mikill flýtir á meðferð þessa máls. Að mínu mati er þetta ekki rétt fullyrðing hjá hv. þm. Það er ekki bara að málið hafi verið ítarlega unnið í nefndinni heldur þar auki hefur málið verið kynnt sérstaklega, að ég held, í öllum þingflokkum, og var sérstaklega kynnt í þingflokki hv. þm. af tveimur gestum sem voru í nefndinni og sömdu frv. Væntanlega hefðu því átt að koma fram alveg glöggar skýringar á því máli þannig að afstaða manna hefði mátt koma í ljós kannski fyrr. Enn fremur vil ég taka það fram að nál. og brtt. frá allshn. voru komnar fyrir þingið fyrir allmörgum dögum þannig að þm. hv. höfðu þess vegna líka tækifæri til að taka afstöðu til málsins. Ég er alls ekki að gera lítið úr því að hv. þm. séu að ræða þetta mál. Þetta er mál sem mjög skiptar skoðanir eru um bæði á hinu háa Alþingi og í þjóðfélaginu. En ég hef áður rakið skoðanir mínar á því af hverju ég held að þessar lagabreytingar séu nauðsynlegar. Áðan var spurt: Til hvers munu nýjar leikreglur leiða? Þetta er athyglisverð spurning og ég held að það væri rétt að menn gætu fylgt því eftir og skoðað hvaða þróun yrði á mannanöfnum eftir ákveðinn gildistíma laganna. Auðvitað verður gefin út mannanafnaskrá. Þar koma fram ákveðnar upplýsingar. En þingið hefur líka möguleika á að afla sér aðgang að slíkum upplýsingum.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þessar athugasemdir koma hér fram.

[15:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að lasta það neitt sértaklega að málið kemur hér til 2. umr. þó ég hefði kosið að sjá það í verulega öðrum búningi en liggur fyrir. Mér sýnist sem hv. þingnefnd hafi, ef marka má nál., ekki leitað víða fanga að því er varðar viðmælendur t.d. varðandi málið. Ég hef ekki kannað umsagnir um þingmálið sem var vitnað til nokkurra hér áður í ræðu. En um þetta er ekki að fást úr því sem komið er. Málið liggur fyrir og sú kynning sem fram hefur farið á málinu af hálfu þeirra sem bera það fram og mótuðu frv. á sínum tíma er góðra gjalda verð en breytir ekki því að álitaefnin hrannast upp.

[15:37]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur átt sér stað. Sérstaklega vil ég þakka málefnalega og yfirvegaða ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan og hefði gjarnan viljað að hann ætti sæti í hv. allshn. svo við hefðum getað rætt málið þar áður en hingað væri komið.

Mig langar í upphafi að nefna þetta orðasamband „ófrelsi hefðanna" sem hann hjó eftir. Ég tók það reyndar upp eftir hv. þm. Svavari Gestssyni. Það er ekki mitt sjónarmið að hefðir séu slæmar, öðru nær. Hefðir eru góðar og nauðsynlegar. Þær eiga ekki að fjötra heldur halda mannlífinu á eðlilegum brautum en mega þó ekki stöðva þróun eða breytingar. Það er hefð fyrir þróun í íslensku máli. Það er líka mála sannast.

Við erum að ræða um frv. til laga um íslensk mannanöfn og ég vil benda á það að ábyrgð á nafngjöf er fyrst og fremst foreldranna og það að foreldrar vilja um fram allt gefa börnum sínum góð nöfn. Það er sjálfsagður hlutur af hálfu foreldra og foreldrar hugsa mikið um það áður en kemur að skírn eða nafngjöf, fari það tvennt ekki saman, að gefa góð nöfn sem börnunum sé sæmd af að bera.

Ég veit engin dæmi þess að nafngift sé ekki mikilvæg í augum foreldra og tilfinningamál. Því eru hömlur og eftirlit vandmeðfarin efni. Það þarf að mínum dómi að sýna umburðarlyndi. Og foreldrar þurfa að hafa möguleika á að ræða við einhverja sérfróða aðila um nafngift ef þeir telja að nöfnin sem þeir vilja gefa eða nafnið sé ekki innan eðlilegra marka sem nokkuð almenn sátt getur verið um.

Þá er líka á það að líta að skírn og nafngjöf eru tengdari hér hjá okkur en meðal flestra annarra þjóða. Það á sumpart rætur í þjóðtrúnni en fyrst og fremst í því að við teljum að nafngjöfinni fylgi blessun ásamt skírninni. Margt fólk er líka meðvitað um merkingu nafna sem má líka segja að sé sérislenskt fyrirbæri. Og svo sem áður sagði tel ég margt hæpnara í íslenskum málsháttum en það að gifta fylgi góðu nafni.

Það er allt í lagi með langflest nöfn í íslenskri nafnaflóru. Þau eru auðveld í máli, sjálfsögð og beygingar réttar og eðlilegar. Þróun íslensks nafnsiðar hefur líka verið eðlileg um aldirnar. Lög stóðu ekki til þess að leyfa eða banna. Það er ein ástæða þess að löggjafinn á ekki að hafa stíft taumhald í þessum efnum. En svo sem áður hefur komið fram í umræðunni gerist það í fyrsta skipti í íslenskri málsögu að reynt er að stöðva þá þróun að ný nöfn berist inn í málið með gildandi lögum frá 1991. Það er að gerast, eins og áður sagði, á þeim tíma sem meiri nauðsyn er á sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Enda sætti almenningur sig ekki við breytinguna, vandamál hlóðust upp og brýnt var að taka lögin til endurskoðunar. Því vil ég koma að því að það er ekki rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði og fleiri hafa minnst á að nú ríki friður um framkvæmd laganna. Það eru ótal mál sem bíða úrlausnar, bíða þess að kveðið sé upp úr með það af hálfu löggjafans hvað skuli standa í lögunum. Fólk bíður einnig eftir því að úr þessum tilfinningamálum og álitaefnum verði leyst.

Vissulega má finna ýmis skringileg nöfn og furðuleg í kirkjubókum liðinna alda og reyndar ekki síst á síðustu öld. En fróðir menn hafa talað um að síðasta öld hafi verið hálfgerð nafnspillingaröld. Þó eru ýmis nöfn falleg þó þau hafi ekki náð festu í málinu. Hér er eitt tekið upp úr kirkjubók, Frumrósa Guðrún Bernharðdína. Hún er fædd 1873. Og ein fékk nafnið Jólavía, 25. desember 1889, væntanlega vegna þess að hún er fædd á jóladaginn, dóttir hjónanna Gísla Jónssonar og Þorbjargar Kristjánsdóttur sem voru gift vinnuhjú á Reykhólum á Barðaströnd. Þau voru skynsemdarfólk og breyttu þessu nafni í Kristín Jólavía með tilvísan til Krists sem var fæddur á jólum og þau hafa vitað mætavel. En síðan virðist hún hafa sleppt þessu nafni alveg, þessu Jólavíu-nafni. Frómráður Ólafsson var fæddur 1829 og Friðgjarn, þetta eru óskaplega falleg nöfn en hafa samt ekki náð festu í málinu. Það er nefnilega þannig að reynslan og sagan sýnir að þau nöfn hreinsast út aftur sem eru óþjál í munni eða ankannaleg. En með eðlilegu frelsi til að ákvarða nöfn mótast og slípast nafnsiðurinn af lifandi notkun. Það er það sem við verðum að gæta að að nafnsiðurinn fái frelsi til að slípast og þróast af notkuninni vegna þess að nafnsiðurinn og málið eru lifandi mál. Því tekur nafnsiðurinn breytingum og stundum verður það vinsælt og viðtekið af nöfnum sem í fyrstunni kann að virðast framandlegt og furðulegt. Það ber líka að hafa hugfast að löggjafinn er ekki að mæla með þeim nöfnum sem eru svona á mörkunum og fram hefur komið líka í umræðunni. Ekki heldur því að allir skuli kenna sig bæði til föður og móður. Það er heimilt og verður e.t.v. notað að einhverju marki og það er sjálfsagður réttur að mínum dómi. Eins það að kenna sig til hvors foreldris síns sem er.

Ég vil þá víkja að millinafnakaflanum. Hann hefur hlotið nokkra gagnrýni og ég hygg að við verðum að taka hann til nokkuð betri umræðu hér og að hv. þm. átti sig á því hvað verið er að reyna að gera með þessum millinafnakafla.

Það hefur átt sér stað þróun, þ.e. með uppteknum erlendum ættarnöfnum á þessari öld. Það hefur að vísu ekki alveg tífaldast en nærri lætur. Það voru 290 ættarnöfn á Íslandi 1910 en eru 1994 2.300. Það stefnir í það að ættarnöfnin flæði yfir og taki yfir og taki af sonar/dóttur kenninafnakerfið íslenska. Þar er ég íhaldssamur. Ég vil ekki að við missum þetta sérislenska fyrirbæri sem ég hygg að eigi að vera stolt okkar í íslenskum nafnasið.

Ég grip hér aðeins niður í greinargerðinni þau ættarnöfn sem eru komin inn í málið. Ég er ekki að dæma þau, bara sýna hvað þau falla illa að íslensku máli. Það eru nöfn eins og Brown, Bruun, Busk, Cabrera, Carlsen, Cassata, Chelbat, Cilia, Datye, Turner, Tönsberg, Urbancic, Weihe, Weisshappel, Wessman, Wheat, White, Wolfram, Woll, Wöhler og Özcan, svo dæmi séu tekin en þau eru auðvitað miklu, miklu fleiri. Nú er verið að gefa þessu fólki kost á millinafnaleiðinni fyrir sig og ekki síður afkomendur sína. Þeir sem hingað hafa komið með þessi nöfn fá að halda í nafn sem þeim þykir vænt um að sjálfsögðu frá sínum heimalöndum til þess að tapa þeim ekki og fá að hafa þau sem millinöfn en nota sonar/dóttur kerfið hér í framtíðinni. Verði ekki brugðist einhvern veginn við þessu, eins og við leggjum hér

til, er ljóst að íslenski kenninafnasiðurinn mun líða undir lok á örfáum áratugum. Um það er ég sannfærður. Við megum ekki leyfa okkur að stinga höfðinu í sandinn og láta sem ekkert sé.

Virðulegi forseti. Það er fjarri því að sátt sé um núgildandi lög um mannanöfn. Eins og áður sagði eru fjölmargar óskir um breytingar. Fjölmargt fólk biður og ég tel víst að nú fari talsverð umræða af stað í þjóðfélaginu því mörgum eru þessi lög, útfærsla þeirra og framkvæmd tilfinningamál. Á þeim hafa margir, ef ekki allir skoðun og friðurinn sem ríkt hefur undanfarið og ýmsir hafa talað um að sé kominn um lögin er nú ekki fyrir hendi. Það er logn. En það er svikalogn. Það á eftir að bresta á aftur ef við ekki gerum neitt í þessu máli. Það varð strax ljóst eftir setningu laganna 1991 í hvað stefndi og þess vegna var nauðsynlegt að taka strax á málum.

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Fjármál sveitarfélaga, 391. mál, fsp. KHG, þskj. 686.

Risnukostnaður ráðuneyta, 392. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 687.

[15:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það hefur gerst nú eins og oft áður þegar þessi mál eru til umræðu að umræðan verður fjörleg og margir taka þátt í henni. Það endurspeglar einmitt kjarna málsins hversu málið er lifandi í vitund fólks og hversu náið það er hverjum og einum að flestir ef ekki allir láta sig málið varða og reyna eftir bestu getu að hafa á því skoðun. Ég er í hópi þeirra sem hafa verið mjög gagnrýnir á þau lög sem nú eru í gildi og sett voru árið 1991. Ég tel að þau lög hafi verið allt of þröng. Þau hafi gengið allt of langt í þá átt að bregða fæti fyrir vilja fólks um nafngiftir og hafi þar af leiðandi uppskorið verulega óánægju í samfélaginu eins og hv. þm. þekkja frá þjóðfélagsumræðunni á undanförnum árum. Ég tek ekki undir það að óvinsældir núverandi laga megi rekja til þvergirðingsháttar þeirra sem sitja í mannanafnanefnd. Ég tel þvert á móti að löggjöfin sjálf hafi verið orsök óánægjunnar og það er hún sem skapar þá umgjörð sem mannanafnanefnd hefur orðið að fara eftir. Það má auðvitað deila um niðurstöðu nefndarinnar í einstökum tilvikum af þeirri einföldu ástæðu að nefndinni eru gefin bæði stíf skilyrði en ekki að öllu leyti mjög ljós. Hún þarf því oft og tíðum að leggja mat á hlutina og eins og ávallt er þegar um matskennda hluti er að ræða, þá sýnist sitt hverjum um þá niðurstöðu.

Ég er því eindregið hvetjandi þess að þeim lögum verði breytt í þá átt að þau verði fremur löggjöf til leiðbeiningar um þróun í stað þess að vera löggjöf gegn þróun. Löggjöf um svo nátengda hluti hverjum manni sem nafn hans er getur ekki verið bannlöggjöf. Hún verður að vera í formi leiðbeiningarlöggjafar sem reynir eftir föngum að leiða þróunina inn á tilteknar brautir fremur en aðrar. Í þeim efnum verða menn að byrja á því að setja sér markmið, þ.e. hvaða atriði það er sem menn vilja reyna að hafa áhrif á í þróuninni. Það sem ég tel að ætti að vera höfuðtilgangur mannanafnalaga er að leitast við að stýra þróuninni þannig að nöfnin séu íslensk að máli til og skilningi. Þau geta verið útlend að uppruna en það þarf að stuðla að þróuninni á þann veg að íslenskan yfirtaki nöfnin og geri þau að sínum, orð úr sínu máli. Þannig eigum við fyrst og fremst að beita löggjöfinni í þessu máli af þeirri einföldu ástæðu að annað gengur ekki eftir. Það er rakið hér í frv. að viðleitni í fyrri lögum til að stýra þróuninni hefur ekki gengið vegna þess að fólk hefur hana að engu ef hún bersýnilega gengur gegn vilja fólks í þessu nákomna máli.

Annað atriði sem ég tel að eigi að vera markmið löggjafar af þessu tagi og er í frv. er að reyna að vernda tilteknar hefðir. Ég er út af fyrir sig mjög sammála því t.d. að verja þá hefð ef við getum að persóna kenni sig til föður eða móður. Það tel ég vera megineinkenni á íslenskri mannanafnahefð að menn kenna sig til föður eða móður, þ.e. kenna sig til persónu en ekki til ættar eins og algengast er erlendis. Hins vegar bendi ég á þróunina sem rakin er m.a. í þessu frv. til stuðnings því að við getum ekki varið þessa hefð með bannlöggjöf. Við verðum að reyna að stýra vilja fólks með öðrum hætti. Ég get tekið undir þá leið sem reynt er að fara í þessu frv. að opna fyrir millinöfn í þeirri von að þróunin verði að eftir sem áður haldi menn áfram að kenna sig til föður eða móður en taki upp þau nöfn sem millinöfn sem hefðu orðið ættarnöfn. Við verðum bara að setja okkur undir dóm framtíðar. Þróunin verður einfaldlega að ráða. Við getum ekki ætlast til þess að sjá fyrir hvert menn vilja fara í þessum efnum. Ef svo fer að í þessu efni sem ég er að nefna eða einhverju öðru að þróunin gengur til annarrar áttar en við viljum sum hver — auðvitað er mismunandi skoðun manna nú — þá verðum við einfaldlega að beygja okkur undir það. Við getum ekki lagst gegn þeirri þróun sem yrði ef, t.d. eins og hér hefur verið nefnt að tiltekin breyting leiðir af sér að eitthvað sem nú er uppi legðist af. Þá verður það bara svo að vera. Þá er það vegna þess að það er vilji fólksins. Við getum ekki sett löggjöf til að stöðva þá þróun. Gagnrökin um að menn eigi ekki að vera með bannlög í þessu efni felast einfaldlega í röksemdafærslunni. Það getur einfaldlega aldrei gengið eftir.

Virðulegi forseti. Ég er eins og áheyrendur hefur kannski rennt í grun stuðningsmaður þess að núverandi löggjöf verði breytt og ég get í meginatriðum tekið undir þær breytingar sem frv. hefur að geyma. Reyndar er ég á þeirri skoðun að löggjöf eigi í þessu efni að undirstrikast með því atriði að nafngift er fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem gefa nafnið. Við verðum að láta þá sem gefa nafnið bera ábyrgðina í öllum meginatriðum. Við eigum að forðast að taka þá ábyrgð af fólki með lagasetningu sem færir þá íhlutunarvaldið og ábyrgðina til annarra sem ekki eru beinir aðilar að málinu.

Almennt er ég á þeirri skoðun að meginreglan ætti að vera sú að þeir sem gefa nafnið ráða því hvaða nafn það er og bera þá á því ábyrgð. Síðan er það á valdi þess sem nafnið fær að breyta því ef honum þykir svo þegar hann vex úr grasi.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna tvö atriði þó sem mér finnst vera lýti á þessu frv. og vildi gjarnan að yrði breytt eða jafnvel felld brott. Það fyrra er ákvæði 22. gr. frv. um að úrskurðir mannanafnanefndar séu endanlegir. Ég er ekki sáttur við að mannanafnanefnd skuli falið þar dómsvald að öllu leyti í þessu máli og að þeir sem hlut eiga að máli geti ekki áfrýjað úrskurði nefndarinnar til dómstóla eins og er hin almenna regla í íslensku réttarfari. Ég er á þeirri skoðun að dómstólaleiðin ætti að vera opin í þessu máli eins og flestum öðrum.

Í öðru lagi er ég ekki sammála því sem er að finna í 25. gr. frv. um heimild til stofnunar á vegum framkvæmdarvaldsins að leggja á og innheimta sektir. Ég ekki þeirrar skoðunar að framkvæmdarvaldið eigi að hafa heimildir af þessu tagi. Löggjafinn ætti að fara mjög sparlega í að fela framkvæmdarvaldinu heimild til að sekta þegna landsins. Þá finnst mér það vera hálfgerður hortittur í 25. gr. að taka

það fram að sektir skuli vera vísitölubundnar. Sérstaklega í ljósi þess að hér vorum við fyrr í vetur að afgreiða frá Alþingi þá meginstefnumörkun ríkisstjórnarinnar að afnema öll tengsl á milli verðlags og launa, bóta almannatrygginga og vísitölu, svo ég nefni dæmi. Hví skyldu þá sektir eiga að vera bundnar vísitölu ef svo mikilvægur hlutur sem laun eru það ekki? Þetta finnst mér stinga í stúf við almenna stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og er fylgjandi því að það verði a.m.k. fellt brott.

Virðulegi forseti. Í þessum lagabálki og brtt. eru auðvitað allmörg atriði sem mér finnst ekki öll vera einboðin. En þau miða að því að leita samkomulags eða ná málamiðlun um útfærslu á undantekningum en lúta ekki að þeirri meginreglu sem ég hef lýst sem skoðun minni og þeirri meginreglu sem er að finna í þessu frv. að opna fyrir þá stirðu löggjöf sem nú er í gildi og breyta henni í þá veru að betri sátt sé líkleg til að nást um hana en þá löggjöf sem menn hafa búið við á undanförnum fjórum árum. Það er dæmi um löggjöf sem hefur eiginlega alveg reynst misheppnuð og því sjálfsagt að breyta henni hið snarasta.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta efni, ég hef lýst skoðun minni til málsins og er fylgjandi því að það verði afgreitt svo fljótt sem verða má.

[16:03]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um leið og ég þakka ágæta ræðu bendi ég á að varðandi endanlega úrskurði mannanafnanefndar var það töluvert rætt bæði í allshn. og í nefndinni sem samdi frv. að ef tekið yrði annað úrskurðarstig þá yrði það mjög hliðstætt og tilnefndir menn yrðu væntanlega úr sömu röðum og nú er gert. En ég bendi á að það er hægt að áfrýja til dómstóla. Dómstólaleiðin er alltaf opin.

Dagsektarákvæðum hefur ekki verið almennt beitt. Það er sem betur fer hægt að beita öðrum aðferðum að fá börnum nafn ef það trassast hjá forráðamönnum. Ég veit ekki til að þess að dagsektarákvæðinu hafi nokkurn tímann verið beitt. Ég veit það þó ekki fyllilega. En það er þvingunarúrræði en ekki refsiákvæði. Þess vegna er allt annað um það að segja varðandi vísitölubindinguna.

[16:04]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka samnefndarmönnum mínum í allshn. fyrir afar gott samstarf í þessu máli og mjög vönduð vinnubrögð svo og sérfræðingum nefndarinnar, þeim Halldóri Ármanni Sigurðssyni prófessor og Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra í dómsmrn.

Þegar frv. þetta kom fram var ljóst að það hafði að markmiði að auka frelsi í nafngiftum og losa þjóðina úr viðjum löggjafarinnar frá 1991 sem var að mínu mati allt of þröng. Í þessu sambandi bendi ég á skoðanakönnum Gallups frá 1994 sem getið er í greinargerð með frv., en þar kemur fram að 45% aðspurðra vildu aukið frjálsræði í nafngiftum landsmanna en þó einhverjar takmarkanir en 34% vildu algert frjálsræði. Áður en lengra er haldið tek ég fram að ég er afar stolt af okkar íslensku mannanafnahefð en tel þó að það verði að taka mið af þróun samfélagsins og þess flæðis af erlendu fólki og þess hvað Íslendingar eru mikið erlendis og því ber að skoða mannanafnalöggjöfina í því ljósi. Ég sjálf vann þetta mál með það að markmiði að við ættum að reyna að halda í okkar hefðir en þó að vera frjálslynd og leyfa þær breytingar sem fólk óskar eftir svo framarlega sem þær eru í takt við hefðir okkar.

Ég átti þess kost að fjalla um mannanafnafrv. sem var samþykkt á Alþingi árið 1991. Þá var ég varaþingmaður. Þá var það fyrst og fremst ákvæðið um kenninöfn sem fór fyrir brjóstið á mér, nefnilega það að eingöngu var heimilað að kenna sig við föður eða móður. Ég flutti þá brtt. sem gekk út á það að fólki væri heimilað að kenna sig bæði við föður og móður. Ég vitna beint í þingræðu mína frá 1991 en þá sagði ég, með leyfi forseta:

„Þessi tillaga heimilar að börn kenni sig bæði við föður sinn og móður án þess að hrófla við íslenskri nafnahefð. Samkvæmt frv. er heimilt að kenna sig við annað hvort foreldra en ekki bæði. Íslensk kenninafnahefð er mjög sérstök og full ástæða til að halda í hana. Hefðin sýnir þó leifar af föðurréttarsamfélaginu en þetta frv. tekur á því með því að leyfa val á milli þess að kenna sig við föður eða móður. Það er mín skoðun að þetta val sé til bóta en í reynd muni það ekki breyta miklu nema í þeim tilfellum að börn vilji ekki eða geti ekki kennt sig við föður. Hefðin að kenna sig við föður er það sterk að hætt er við að það yrði túlkað sem óvirðing við föður ef nafn móður yrði valið.

Frá kvenfrelsissjónarmiði hefur íslensk kenninafnahefð víða vakið athygli, ekki síst vegna þess að konur geta haldið eigin nafni við giftingu sem getur skipt afar miklu máli þar sem nafn er mikilvægur hluti af sjálfsímynd fólks. En með því að kenna okkur eingöngu við föður ber okkar kerfi sterkari einkenni föðurréttarsamfélags en kerfi nágrannalandanna þar sem víða er heimilt að halda bæði nafni föður og móður. Þetta er jafnréttismál og alls ekki viðeigandi annað að mínu mati en að fólk geti valið sjálft að kenna börn sín við báða foreldra í stað þess að lögin takmarki það val. Þegar er nokkuð um að þetta sé gert og ég á ekki von á að þetta verði mikið notað."

Helstu rökin sem komu fram gegn þessari brtt. minni árið 1991 voru þau að það væri mjög erfitt fyrir Hagstofuna að taka inn svo marga stafi. Þetta voru auðvitað ekki efnisleg rök, þetta voru meira kerfisrök og það fór þannig á endanum að brtt. mín árið 1991 var felld á jöfnum atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli. Núna þegar ég kom að þessu máli er alveg ljóst að þessar jafnréttishugmyndir áttu hljómgrunn og fulltrúar frá Hagstofunni sögðu okkur í allshn. að þetta yrði ekki vandamál núna. Því vil ég fagna alveg sérstaklega að samstaða náðist um að breyta 8. gr. frv. í þá veru núna að heimilt yrði að kenna sig bæði við föður og móður samkvæmt brtt. allshn.

Það var reyndar mjög erfitt fyrir þá efasemdamenn sem voru innan nefndarinnar að standa gegn þessari ósk þegar heimila átti hitt efnisatriðið brtt. við 8. gr., nefnilega það að manni sem sé heimilt að bera ættarnafn sé einnig heimilt að kenna sig til föður og móður.

Röksemdir mínar frá 1991 eiga enn þá við. Fyrst að okkar góða íslenska mannanafnakerfi samræmist ekki jafnréttissjónarmiðum varðandi kenninöfn í sama mæli og hefðir nágrannalandanna er líklegt að vaxandi óánægju hefði gætt að þessu leyti og því tel ég að það hefðu verið meiri líkur á að þessu kerfi hefði verið hafnað ef þessi tillaga hefði ekki komið til.

Vegna orða sem féllu fyrr í umræðunni, m.a. frá hv. þm. Svavari Gestssyni, tek ég fram að meðferð allshn. á þessu máli var afar vönduð og ítarleg. Það er alveg ljóst að það eru mjög miklar óánægjuraddir í þjóðfélaginu með gildandi lög

og grundvallarafstaða mín er sú að nöfn fólks séu mikilvægur hluti af sjálfsmynd þess og því beri löggjafanum að virða óskir fólks í þeim efnum að langmestu leyti. Með auknu flæði fólks af erlendum uppruna til landsins og vaxandi kynnum Íslendinga af erlendri mannanafnahefð eykst þrýsingur í þá átt að breyta hefðum okkar. Ég tel því líklegra að okkar kerfi haldist í meginatriðum ef fólk getur þróað það áfram í takt við breytt viðhorf hvort sem það eru jafnréttisviðhorf eða óskir t.d. erlendra maka til að taka upp kenninöfn maka.

Ef fólk vill fá að nota millinöfn eða ættarnöfn finnst mér til lítils að banna það með lögum sem eru ekki í takt við réttlætiskennd fólks. Ég tel mjög óeðlilegt að þrengja löggjöf af þessu tagi þannig að það særi réttlætiskennd fólks.

Ég er alveg sannfærð um að ég verð sjálf ánægðari með að kenna mín börn við föður sinn eingöngu eftir að ég veit að það er heimilt fyrir þau núna að taka einnig upp kenninafn móður óháð því hvort nokkurn tímann verður af þeirri breytingu. Breytingin sem lögð er til á 8. gr. sannfærir mig um að núna höfum við hefð sem er í takt við jafnréttissjónarmið og það gerir mig mun ánægðari með kerfið.

Eitt af þeim markmiðum sem nefndin sem samdi frv. gekk út frá var að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn. Ef til vill ýtti það markmið undir að hugmyndin um millinöfn komst inn í frv. En e.t.v. er brtt. við 8. gr. þar sem fólki er heimilt að kenna sig bæði við föður og móður og að nota ættarnafn ekki í takt við það markmið. Ég sé því engin sérstök rök fyrir því að taka upp millinöfn eftir að þessi sveigjanleiki kom inn í kenninafnagreinina önnur en óskir fólks sem að mínu mati ber að hlusta á svo og að millinöfn gætu verið notuð sem sameiningartákn, t.d. fyrir systkini eða fyrir fjölskyldu, t.d. í útlöndum sem getur komið sér vel því það er stundum erfitt að vera í útlöndum sem fjölskylda þar sem allir hafa mismunandi nöfn. Ég er því þeirrar skoðunar að þær breytingar sem eru lagðar hér til í frjálsræðisátt geri okkur sáttari og stoltari af okkar íslensku mannanafnahefð. Þó tel ég að frelsi í eiginnöfnum og kenninöfnum skipti meira máli en millinöfnin og gæti því í sjálfu sér alveg sætt mig við að millinöfnin væru felld út úr frv.

Ég vil að lokum furða mig á þeim íhaldssömu sjónarmiðum sem hafa komið fram ekki síst varðandi eiginnöfn og á ég þar ekki síst við málflutning hv. þm. Svavars Gestssonar. Gagnrýnin á millinöfnin t.d. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni tel ég bitastæðari. Millinöfnin eru að mínu mati líklegri til að hafa áhrif á þróun hefða okkar en annað í þessu frv. Þar er þó um eindregnar óskir fólks að ræða og ég tel að treysta beri fólki fyrir því að ákveða nöfn á börn sín og fjölskyldu sína. Lög af þessu tagi verða að virða óskir fólks um svo persónulega þætti eins og nöfn barna sinna eða eigin kenninöfn og því tel ég að frv. sé verulegt skref í framfaraátt og ég styð það í öllum meginatriðum. Ég tel að það verði líklegra til þess að fólk sætti sig við íslenska mannanafnahefð og verði jafnvel stoltara af að taka upp íslensk kenninöfn þó að það geti notað eftirnöfn af erlendum uppruna áfram að eigin vild.

[16:17]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðu hennar. Ég nefni það vegna þess að það var rætt um jafnréttissjónarmið og það er vissulega hægt að taka undir þau rök en ég vil líka láta það koma fram að það var líka rætt um það í allshn. að okkur hefur fundist að okkar íslenska mannanafnahefð, þ.e. sú staðreynd að konur halda sínu kenninafni og taka ekki upp nafn eiginmanns, vera mjög gott jafnréttismál og höfum verið stolt af því. Ég vildi bara láta þetta koma fram, virðulegi forseti.

[16:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ábendinguna. Ég kom reyndar inn á þetta atriði í rökstuðningi mínum sem ég vitnaði beint til frá árinu 1991. Ég er alveg sammála hv. þm. og formanni allshn., Sólveigu Pétursdóttur, að það er auðvitað mikilvægt jafnréttismál að konur halda óbreyttu nafni við giftingu.

[16:18]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hlý orð í minn garð langar mig aðeins til að staldra við það atriði sem mér finnst ekki vera rætt um hérna og það er dálítið skrýtið að menn skuli ekki ræða. Það er í fyrsta lagi að menn skuli ekki mótmæla því með rökum að framkvæmdin hafi verið of þröng. Í öðru lagi það sem er aðalatriðið í máli mínu að eignarfallstakmörkunin á eiginnafnaskilgreiningunni sé vafasöm og svo í þriðja lagi eru það millinöfnin sem menn geta út af fyrir sig haft allt aðra skoðun á en ég og skiptir engu máli. Andstaða mín við málið eins og það liggur fyrir stafar heldur ekki af því að ég sé maður boða og banna. Ég vísa því algjörlega á bug að málflutningur minn sé settur til hliðar með klisjum af því tagi, það gerir hv. þm. heldur ekki og ég segi það líka út af hennar orðum að margt af hennar rökstuðningi varðandi málið er lýtur að jafnréttatriðum. Ég er algjörlega sammála þeim sjónarmiðum. Ég tel að þarna séu fyrst og fremst tvö efnisatriði. Annars vegar að eignarfallstakmörkun eiginnafnaskilgreiningarinnar sé á tæpu vaði og hins vegar að millinafnakerfið ýti undir að ættarnafnaflóðið gangi yfir okkur. Þetta eru mínar aðalröksemdir í þessu máli.

[16:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ágætt að fá kjarnann úr gagnrýni hv. þm. Svavars Gestssonar. Ég er ósammála honum varðandi eignarfallið vegna þess að ég treysti foreldrum til þess að velja nöfn við hæfi og ef þau eru erlendir ríkisborgarar þá er eignarfallsákvæðið mjög mikilvægt. Ég hef engar áhyggjur af því að fólk sé að kalla börnin sín Skjunnar eða Skjönnar eða hvað það var sem hv. þm. nefndi. Ég get tekið undir að ég hef vissar efasemdir um millinafnakaflann en ég er samt alveg tilbúin að standa að frv. eins og það er.

[16:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi fyrrnefnda atriðið, eignarfallstakmörkun eiginnafnanna, bið ég um að þetta mál sé heldur ekki afgreitt þannig að auðvitað verði maður að treysta foreldrunum. Alveg eins er það með flutning grunnskólans sem er mikið umtalað mál. Menn sögðu alltaf í sambandi við flutning grunnskólans að við verðum að treysta sveitarfélögunum. Málið snýst ekki um traust eða vantraust í þessu efni. Ég er að segja að sú takmörkun sem byggist á eignarfallinu einu sé órökstudd málvísindalega. Það eru engar sérstakar forsendur fyrir því að takmarka þetta svona frekar en gert er í gildandi lögum. Það sem stendur er bara þetta, eiginnafn skal vera íslenskt eða lúta íslenskum hefðum þannig að ég sé engin rök fyrir því að þessi eignarfallsleið er valin. Ég

get alveg tekið undir þetta sjónarmið hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, sem ég heyrði í fyrr í dag, að eiginnafnsatriðið er auðvitað mikilvægt en mikilvægasti hluti nafnakerfisins er þó kenninafnakerfið. Ég endurtek að ég hef engin rök heyrt fyrir þessari eignarfallsleið allshn.

[16:23]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það hefur verið ítarleg umræða um þetta mál og ekki vanþörf á. Ég vil gera að umtalsefni í sambandi við þetta frv. brtt. sem allshn. leggur til auk nokkurra annarra atriða. Það er í fyrsta lagi ákvæði um millinöfn eins og gert er ráð fyrir í III. kafla frv. Ég hef verulegar áhyggjur af þeirri leið og þeirri útfærslu sem þar er lagt upp með. Ég er smeykur um að þetta muni leiða til þess að millinöfn verði tekin upp, sem millinöfn í fjölskyldum sem myndi leiða til þess að millinöfn kæmu að hluta til í stað ættarnafna. Þetta eru áhyggjur sem fleiri hafa lýst hér í umræðunni. Ég tel að margt bendi til að svo geti orðið og ég tel ekki æskilegt að slík þróun eigi sér stað. Það kemur fram í frv. að ættarnöfn hér á landi hafi verið rétt tæp 300 árið 1910 en séu 2.227 árið 1994. Það kemur ekki fram í frv. hvernig þróunin hefur verið síðustu áratugi og hvernig þessum ættarnöfnum hefur fjölgað hér upp á síðkastið.

Mér skilst að eitt aðalvandamálið varðandi fjölgun ættarnafna sé vegna þess að útlendingar sem eru ekki íslenskir ríkisborgarar og bera vitaskuld erlend nöfn að börn þeirra sem eru búsett hér taka upp ættarnafn föður síns. Það veldur því að fjölmörg ný ættarnöfn komi hér inn í nafnaumhverfi okkar. Það virðist ekki vera tekið á því máli sérstaklega en það ætti þó kannski að skoða ef það er þá uppruni þessa vanda sem menn eru að glíma við. Ég held að það sé ljóst að allir vilja viðhalda þeirri hefð sem við höfum haft í nafngift okkar, að kenna sig við föður eða móður þó þannig að ekki sé gengið á rétt þeirra einstaklinga sem bera ættarnöfn.

Ég bendi einnig á að lögin sem voru sett um þetta eru nú ekki mjög gömul, frá 1991, og e.t.v. þarf meiri reynsla að komast á þau. Millinöfn hafa þróast hér óformlega en kannski ekki alveg í ramma núgildandi laga. Ég tel hins vegar að það eigi ekki að lögfesta þetta eins og hér er lagt til. Í umræðunni var kynnt bréf frá nefndarmönnum í mannanafnanefnd, Páli Sigurðssyni og Erlendi Jónssyni þar sem var einmitt getið varðandi millinöfnin að það væri hlutur sem væri andstæður íslenskum siðum en vitaskuld getur þetta allt saman verið álitamál.

Hins vegar vil ég að menn beini huga sínum að öðrum atriðum. Það er í fyrsta lagi í 22. gr. frv. Þar er sagt að úrskurði mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Nefndin skal birta niðurstöður úrskurða sinna árlega. Það að ekki er hægt að skjóta til æðra stjórnvalds tel ég vera slæmt ákvæði í lögum og hefur reyndar verið bent á í umræðunni.

En það sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni er varðandi ættarnöfn og útfærslur þeirra og ég vil kynna brtt. sem við þingmenn Þjóðvaka munum, ásamt vonandi fleiri þingmönnum, flytja við þetta mál. Þar erum við að vísa beint í frv. Með leyfi hæstv. forseta, vil lesa upp úr frv. á bls. 22. Þar segir svo:

„Önnur leið út úr þessum ógöngum væri að banna ættarnöfn með öllu hér á landi en þótt ýmsum kunni að þykja sú leið æskileg verður að telja hana ófæra. Það er auðsætt brot á mannréttindum að taka af mönnum þau nöfn sem þeir bera. Eins og minnst var á í athugasemdum við III. kafla hugðist nefndin því leggja til að farinn yrði sá meðalvegur í þessu efni að öll ættarnöfn breyttust smám saman í millinöfn með því móti að ófæddir niðjar þeirra sem nú bera ættarnöfn mættu bera þau sem millinöfn ásamt föður- eða móðurnafni en ekki sem ættarnöfn (þó með þeirri undantekningu að barn mætti fá ættarnafn ef það ætti alsystkini sem þegar bæri nafnið).“

Svo segir hér áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Það orðalag sem nefndin hafði í huga var nokkurn veginn eftirfarandi: „Hver maður skal kenna sig til föður eða móður ... Maður sem ber ættarnafn má þó bera það áfram en það gengur ekki til niðja hans. Þó er ávallt heimilt að barn fái sama kenninafn og alsystkini þess.““

Ég tel að mörg rök séu fyrir þessari hugmynd og við munum bera þessa tillögu upp hér sem brtt. við álit nefndarinnar.

Hins vegar, herra forseti, hefur komið fram ósk um að fresta öllu málinu. Ég held að það væri mjög til bóta vegna þess að hér hefur komið fram ýmislegt í umræðunni sem gerir það að verkum að menn þurfa að skoða ýmsa efnisþætti betur. Í svona frv. er ýmislegt tæknilegs eðlis vitaskuld til bóta en hins vegar er kveðið upp úr um mjög veigamikil atriði sem ekki hafa hlotið nægjanlega umræðu á hinu háa Alþingi og innan einstakra þingflokka. Ég bendi á að afstaða gagnvart þessu máli gengur þvert á alla flokkslínur. Það sem ég mundi óska eftir, herra forseti, bæði í ljósi þessarar umræðu þar sem hafa komið fram fjölmargar ábendingar og athugasemdir og í ljósi þess að hér hefur verið boðuð brtt. við frv. að hv. allshn. skoði þetta mál milli 2. og 3. umr. og fari betur yfir það. Ég vil lýsa því yfir, herra forseti, að ég treysti allshn. mjög vel til að gefa málinu gaum á milli 2. og 3. umr. og vega þessi mál og meta á nýjan leik.

[16:31]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þakka hv. formanni allshn. fyrir gott starf í nefndinni og það að leiða þetta mál til þeirra lykta sem ég vonast til að við sjáum nú hilla undir.

Ég tel nauðsynlegt að koma rökunum fyrir því að miða við eignarfallið að við þessa umræðu. Þau eru fyrst og fremst þau að fyrir eru í málinu fjöldi nafna og annarra orða sem hafa ekki neina aðra endingu en einmitt eignarfallsendinguna. Það má taka dæmi af svo sjálfsögðu kvenmannsnafni sem Rut, um Rut, frá Rut, til Rutar. Það er sem sagt eignarfallsendingin sem sýnir að nafnið beygist.

Ég vil koma að því stórmáli sem hér er líka á ferðinni gagnvart mannréttindum þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir, en koma til Íslands og gerast Íslendingar. Þeir sem hingað til hafa gerst íslenskir ríkisborgarar hafa þurft að breyta nafni sínu, en gert er ráð fyrir því í frv. að þeir fái að halda fullum nöfnum sínum. Það er ekki gerður greinarmunur á þeim sem bera ættarnöfn eftir því hvort þeir eru innfæddir Íslendingar eða Íslendingar af erlendu bergi brotnir. Þetta er mikilvægt mannréttindaatriði og má taka dæmi af t.d. tveimur Jensenum, annar flutti til Íslands frá Danmörku fyrir hundrað árum og hann og hans niðjar hafa fengið að bera ættarnafnið Jensen, en niðjar Jensens sem flutti til Íslands fyrir tíu árum geta ekki borið ættarnafnið. Þarna er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera jöfnuð á.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom að því í andsvari hvort menn vildu ræða það hvort lögin og túlkun þeirra hefði verið of þröng fyrst eftir að þau voru sett 1991. Ég get tekið undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að það var hvort

tvegga. Lögin um íslensk nöfn voru þrengd frá því sem var í framkvæmd fyrir 1991. Þau voru líka túlkuð of þröngt. Mitt sjónarmið er það að sú þrönga túlkun hafi vegið þyngra þegar óánægja blossaði upp í þjóðfélaginu. Ágreiningsmál, vandamál og óþægindi margra fjölskyldna varð til þess að ekki var um annað að ræða en að taka lögin upp og endurskoða þau almennilega. Ég hygg að það hafi verið gert og ég vil leyfa mér að þakka þeim ágætu sérfræðingum sem sömdu frv., Drífu Pálsdóttur og Halldóri Ármanni Sigurðssyni, sem auk mín unnu að því máli og síðan allsherjarnefndarmönnum fyrir þeirra ágætu vinnu í þingnefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, 3. umr.

Frv. samgn., 357. mál (frv. samgn.). — Þskj. 622.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 681.

Umræðu frestað.

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 661.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:37]

Gatnagerðargjald, 2. umr.

Stjfrv., 106. mál (heildarlög). — Þskj. 111, nál. 675, brtt. 676.

[16:52]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um gatnagerðargjald.

Félmn. hefur haft þetta mál til meðferðar frá því fyrir jól og hefur eytt allverulegum tíma í það, enda nokkur atriði sem nefndin kaus að kanna sérstaklega. Niðurstöðu nefndarinnar er að sjá á nefndaráliti á þskj. nr. 675 og í breytingartillögum á þskj. 676. Nefndin leitaði fyrst og fremst til sveitarfélaganna um álit á þessu frv. og hafði jafnframt í huga það sem fram kom í framsöguræðu hæstv. félmrh. þar sem hann beindi því til nefndarinnar að skoða sérstaklega þann aðlögunartíma sem sveitarfélögunum yrði veittur að nýjum lögum.

Þær breytingartillögur sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um endurgreiðslu gatnagerðargjalds verði fellt brott úr 2. mgr. 1. gr. frv. og í þess stað vísað til þess í 1. mgr. 6. gr. að ráðherra skuli setja slíka reglugerð. Þarna er einfaldlega verið að koma í veg fyrir ákveðna tvítekningu í lögunum þar sem þessi reglugerð var nefnd tvisvar sinnum.

Í öðru lagi er með breytingum á 2. gr. gerð tilraun til að skilgreina nánar til hvers skuli verja gatnagerðargjaldi sem innheimt er samkvæmt lögunum og m.a. eru tekin af tvímæli um að lagnir vegna götulýsingar geti heyrt þar undir. Ég undirstrika þetta, hæstv. forseti, geti heyrt þar undir því að það er ekki meiningin að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur í einstökum sveitarfélögum sem eiga sjálf rafveitur eða hitaveitur og hafa látið þær standa straum af kostnaði við lagnir vegna götulýsingar og lýsinguna sjálfa. Það kom hins vegar fram við rannsókn nefndarinnar á málinu að það hefur víða orkað tvímælis hvort heimilt sé að telja götulýsingu til lagna. Víða hefur það verið framkvæmt þannig að nefndinni fannst rétt að taka af öll tvímæli í lögunum um að götulýsingar geti heyrt þar undir.

Hæstv. forseti. Í þriðja lagi er lagt til að í 6. gr. frv. verði kveðið á um það að sveitarfélögin eigi að birta sérstaka gjaldskrá og þar skuli koma fram hvað sé innifalið í gjaldinu í hverju sveitarfélagi. Með þessari brtt. erum við að koma til móts við ábendingar sem umboðsmaður Alþingis hefur sett fram þess efnis að greiðendur eigi á hverjum tíma að vita fyrir hvað er verið að greiða.

Síðan er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 1997 og einnig að aðlögunartími fyrir sveitarfélögin verði tíu ár í stað fimm ára eins og lagt var til í frv.

Þá vil ég geta þess, hæstv. forseti, að í nefndinni urðu mjög miklar umræður um það hvort rétt væri að taka inn í lögin ákvæði þess efnis að ef sveitarfélögin ekki sinna framkvæmdum, tilskildum götulögnum innan ákveðins tíma, ættu húseigendur rétt á endurgreiðslu. Eftir miklar umræður og skoðun komumst við að þeirri niðurstöðu að þetta væri nánast óframkvæmanlegt og mundi leiða til þess að aftur yrði tekið upp það fyrirkomulag sem nú er við lýði þar sem um tvenns konar gjald er að ræða. Þá væri afar erfitt að skilgreina nákvæmlega hvaða hluta ætti að endurgreiða. Með því að innheimta aðeins eitt gatnagerðargjald er sveitarfélagið að innheimta peninga sem er varið almennt til gatnagerðar en ekki endilega í þeirri götu sem verið er að greiða fyrir. Það varð því niðurstaða nefndarinnar að þetta væri óframkvæmanlegt þó að vilji hafi staðið til þess að tryggja hag greiðenda sem allra best.

Undir þetta nefndarálit rita allir nefndarmenn. Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins og Svanfríður Jónasdóttir sem er áheyrnarfulltrúi er samþykk áliti þessu.

[16:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að í meðförum nefndarinnar hafi verið gerðar á frv. breytingar sem til bóta mega teljast að mínu mati. Ég var með nokkrar athugasemdir við frv. við 1. umr. og mér sýnist að þær tillögur um breytingar sem hér liggja fyrir frá nefndinni grípi að nokkru leyti á þeirri gagnrýni með þeim tilgangi að reyna að bæta úr þar sem mér fannst áfátt vera í löggjöfinni.

Ég vil fyrst nefna að breytt er í 6. gr. frv. í 1. mgr. texta sem er ótækur að mínu viti í lagamáli. Það er „og fleira" eða „o.fl." Það er augljóst hverjum sem les. Hvernig eiga þeir sem eiga að framkvæma lögin að vita hvað löggjafinn á við þegar það stendur bara „og fleira"? Nefndin hefur tekið á þessu og fellt þetta brott og leggur til að í staðinn komi texti sem er skýr að því leyti að það er alveg ljóst hvað við er átt. Þessa brtt. tel ég því vera til verulegra bóta. Og ekki hvað síst að brtt. kveður á um það að í reglugerð um gatnagerðargjald eigi að kveða á um endurgreiðslu þess en ekki bara álagningu.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, þá eru í öðru lagi breytingar sem lúta að athugasemdum sem umboðsmaður Alþingis hefur gert. Án þess að rekja þær frekar en fram hefur komið get ég tekið þær saman undir einn hatt og sagt: Þær eru allar til bóta. Ég get alveg stutt þessar breytingartillögur.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, segja nokkur orð almennt um málið og rifja að nokkru leyti upp sjónarmið mín í því. Mér finnst galli á þessu frv. eins og mörgum öðrum af þessu tagi sem fjalla um heimild til að innheimta gjald hjá íbúum í sveitarfélögum að frv. eru samin út frá sjónarhóli þess sem innheimtir gjaldið, þ.e. sveitarstjórnanna í þessu tilviki. Mér finnst að hagur og sjónarmið þeirra sem borga gjaldið vera um of fyrir borð borinn. Þó vil ég taka fram að þær breytingar sem hér eru ganga í þá átt sem ég hef nefnt og mæta þeim sjónarmiðum sem ég hef talað fyrir. Eftir sem áður finnst mér almennur bragur málsins vera enn um of í þessa veru. Þetta er lagafrv. um tekjuöflun fyrir sveitarfélög og það eru of fá ákvæði sem lúta að réttindum þeirra sem eiga að borga þetta gjald.

Fyrir það fyrsta sem er aðalgallinn í málinu af því að hér er um að ræða gjald en ekki skatt — gjald er innheimt til þess að mæta tilteknum kostnaði, er gjaldið ákveðið ótengt kostnaðinum sem það á að standa undir. Gjaldið er ákvarðað sem ákveðinn hundraðshluti af mati fasteignar. Það er algerlega ótengt þeim kostnaði sem sveitarfélagið stofnar til við það að leggja götu og annað sem tíundað er í frv. að eigi að ráðstafa því til. Auðvitað er grundvallarreglan þegar um er að ræða heimild til gjaldtöku, að gjaldtakan sé tengd kostnaðinum. Það er ekki í þessu tilviki. Þetta er reyndar líka í öðrum lögum um svipað efni. Þar á ég við lögum um holræsagjald. En hins vegar hefur verið í þriðju lögunum sem lúta að þessu efni, sem eru lög um vatnsgjald sem sett voru í desember 1991, mjög ákveðið tekið á því að skilgreina hvaða kostnaði vatnsgjaldið á að mæta. Þar er jafnframt sett mjög skýrt fram í lagatextanum að ekki megi innheimta hærra gjald en kostnaðinum nemur. Þetta eru mjög skýr og góð lög þó að sá galli sé á gjöf Njarðar að hvorki félmrn. né sveitarstjórnir fara eftir þeim. Báðir aðilar láta vísvitandi eins og þessi lög séu ekki til. Fyrr eða síðar mun auðvitað á það reyna, hvort sem það verður fyrir umboðsmanni Alþingis eða dómstólum að fá framkvæmdarvaldið til þess að framfylgja lögunum. Það er náttúrlega óviðunandi frá sjónarhóli þeirra sem eiga að borga að þeir séu að greiða miklu hærri gjöld en þeim ber samkvæmt lögunum. Og það er óviðunandi af hálfu þeirra sem eru íbúar í sveitarfélögum að sveitarstjórnir komist upp með að innheimta miklu hærri gjöld af íbúunum en þeim er heimilt samkvæmt lögum án þess að yfirmaður sveietarstjórnanna, félmrh., geri nokkuð til þess að verja íbúana.

Það er því miður annar galli á málinu sem endurspeglar það sem ég nefndi að væri megingallinn á þessu frv., að það er samið út frá sjónarhóli þess sem innheimtir gjaldið en ekki þeim sem borgar, að yfirmaður félagsmála hér á landi hefur undanfarin ár litið á sig sem framlengdan arm sveitarstjórnanna en ekki sérstakan fulltrúa íbúanna. Á þessu þarf að verða veruleg breyting þannig að félmrh. og ráðuneytið líti fyrst og fremst á sig sem aðila sem á að gæta réttinda íbúanna en er ekki sérstakur fulltrúi fyrir sveitarstjórnir, hvað þá fámennan hóp sveitarstjórnarmanna eins og þróun hefur verið á síðustu árum.

Ég tel, virðulegi forseti, að megingallinn á þessu frv. verði eftir sem áður sá að gjaldheimtan er ótengd kostnaðinum. Samkvæmt frv. geta sveitarstjórnirnar innheimt hærra gjald en nemur tilkostnaðinum. Og það er alltaf opið hversu hátt þetta gjald getur verið að öðru leyti en fram kemur í frv. Það er miðað við bara fasteignamat eignarinnar, ótengt þeim framkvæmdum sem á að verja fénu til. Það sem er til bóta í breytingartillögum nefndarinnar er að það er nánar skilgreint í hvað á að verja þessu gjaldi. Það tek ég alveg undir að er til verulegra bóta og styð það. En ég tel að það vanti alla skilgreiningu og tengingu á milli gjaldsins og tilkostnaðarins.

Eitt sem menn þurfa að gera upp við sig er hvort það eigi að miða gjaldið við tilkostnað í viðkomandi götu, í viðkomandi hverfi eða í viðkomandi sveitarfélagi. Ég nefndi nýju lögin um vatnsgjald. Þar er þetta skilgreint. Það er tiltölulega einfalt því að um er að ræða gjald sem á að standa undir rekstri á veitukerfi því það er veitukerfið í heild sem er kostnaðurinn sem miðað er við. Þetta er ekki alveg eins augljóst í þessu tilviki um gatnagerðargjöld. En engu að síður þarf að skilgreina það. Það getur verið verulega breytileg niðurstaða á því hvað gjaldið þyrfti að vera hátt ef það á að standa undir tilkostnaði eftir því hvort menn miða við eina götu, hverfi eða heilt sveitarfélag.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. Ég hef ítrekað aðalathugasemdir mínar við málið og þau sjónarmið sem ég hef í þessu efni. En ég vil ítreka að lokum að þær breytingar sem nefndin gerir á málinu eru allar til bóta. Það gerir það skýrara til hvaða verkefnis á að verja gjaldinu. En eftir stendur það sem er meginmálið að það er alveg óbundið tilkostnaði. Það hlýtur að vera grundvallaratriði ef veitt er heimild til að innheimta gjald til að mæta kostnaði, að gjaldið sé tengt kostnaðinum.

[17:08]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að nokkru leyti tekið undir þau orð sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði varðandi 3. gr. frv. um ákvörðun gatnagerðargjalds. En málið er að það er ákaflega vandmeðfarið að ákveða þetta gjald með tilliti til kostnaðar vegna þess að kostnaður við gatnagerð er gífurlega mismunandi eftir því hvar er og hvernig aðstæður eru. Sjálfsagt væri hægt að búa til meðalstaðal sem farið yrði eftir. En breytingin sem verið er að gera er sú að í stað þess að áður var innheimt gatnagerðargjald í tvennu lagi, er verið að sameina það í eitt. Sveitarfélögin fá tíu ár til að aðlaga sig að þessu nýja kerfi. Núna eru menn að greiða fyrir gatnagerð í sínu sveitarfélagi sem menn nota sameiginlega meira og minna í stað þess að áður var hugsunin sú að menn væru að greiða gatnagerðina í sinni götu við sitt hús. Ég get tekið undir það sjónarmið og það er kannski næsta verkefni að reyna að finna aðra leið til þess að skilgreina gjaldið í beinum tengslum við kostnaðinn.

En sú nefnd sem samdi frv. komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að halda þeirri viðmiðun sem hefur verið við lýði einfaldlega vegna þess að menn hafa bara ekki fundið betri aðferð til að skilgreina þetta gjald.

[17:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. að það er flókið og vandasamt að finna almenna reglu sem á að nota til að ákvarða gjaldið vegna þess hvað kostnaður er breytilegur. Þá eru bara við þessu að mínu viti tvær leiðir. Önnur leiðin er einfaldlega sú að vera ekki að innheimta neitt gjald vegna þess hvað torvelt er að ákvarða hvað það eigi að vera hátt. Bara af jafnræðisreglu er óviðunandi að gjaldið sé breytilegur hluti af tilkostnaði. Ef það er svona erfitt að finna út hvað gjaldið á að vera hátt, þá ættu menn ekki að hafa neitt gjald heldur almennan skatt og segja sem svo: Sveitarfélögin hafa almennan tekjustofn til að standa undir þessum kostnaði alveg eins og það stendur undir öðrum tilgreindum kostnaði með sínum skattstofnum. Ég hygg að mörgu leyti að það væri einfaldasta lausnin að afmarka almennan skattstofn til að standa undir þessum kostnaði alveg eins og menn eru að gera núna með grunnskólakostnaðinn. Þar fara menn þá leið að í stað þess að reikna út kostnaðinn fyrir hvert sveitarfélag og fyrir hvern notanda, þá taka menn það gegnum almenna skattstofn af því að hitt yrði líka mjög flókið, ekki bara pólitískur ágreiningur heldur mjög flókið að reikna það út.

Ég held að menn mundu ættu að færa sig meira yfir í það form að taka þessar tekjur í gegnum almenna skattstofna að því marki sem ekki er hægt að ákvarða þá með sæmilega traustum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. SighB o.fl., 270. mál. — Þskj. 504.

[17:12]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 504 um aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi. Flutningsmenn auk mín eru aðrir þingmenn Alþfl.

Ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi nú er að síðustu mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands hafa sýnt fram á að enn er ekkert lát á flutningi fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Verði framhald á þessum búferlaflutningi verður þess skammt að bíða að jafnvel stóru byggðarlögin á landsbyggðinni geta ekki lengur veitt þá þjónustu sem þörf er á í nútímaþjóðfélagi og það mun að sjálfu sér valda enn frekari brottflutningi fólks. Þá hefur fólksfækkunin nú þegar valdið miklum samdrætti í tekjum margra sveitarfélaga sem þar með hafa átt í stöðugt meiri erfiðleikum við að halda uppi núverandi þjónustustigi, hvað þá heldur að auka þar við og bæta eins og íbúarnir telja sig þurfa. Sums staðar á landsbyggðinni hefur verið reynt upp á síðkastið að bregðast við með sameiningu sveitarfélaga í því skyni að styrkja þau sem rekstrareiningar og auka þjónustu. En jafnvel þær tilraunir munu ekki bera nema takmarkaðan árangur ef fólksfækkun heldur áfram í jafnmiklum mæli og verið hefur.

Margar ástæður valda því án efa að fólk flytur búferlum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Sumar eru huglægar eða jafnvel sálrænar en aðrar efnislegar. Það er athygli vert að í mörgum byggðarlögum þaðan sem fólksflutningar hafa verið mestir er atvinnustig mjög hátt, mun betra en landsmeðaltal gefur til kynna og atvinnutekjur sömuleiðis. Fólk flytur oft af þessum landsvæðum á stað þar sem atvinnutekjur eru minni og atvinnuöryggið einnig minna. Meiri möguleikar vegna fjölbreyttara atvinnulífs reynast aukinheldur oft vera blekking, m.a. vegna meira atvinnuleysis og meiri menntunarkrafna á höfuðborgarsvæðinu en víða annars staðar. Það má líka benda á að vegna mikillar uppbyggingar í félagsviðfangsefnum sveitarfélaga er þjónusta við barnafólk oft miklu betri á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu og aðstæður til uppeldis barna jafnframt ákjósanlegri þannig að efnalegar aðstæður nægja ekki til þess að skýra mikið aðstreymi fólks frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Því er full ástæða til að kanna hvað það er sem þessum búferlaflutningi veldur, hvort einhverjar ástæður séu þar tilgreindar öðrum fremur og einnig hvort hægt er að sjá eitthvert ákveðið mynstur í búferlaflutningum á Íslandi. Þau kunna að vera mismunandi eftir landshlutum, þ.e. að fólk flytji t.d. úr mesta dreifbýlinu, sveitunum, sem hafa átt í miklum erfiðleikum, ekki síst í sauðfjárrækt, til þéttbýlisstaðanna í viðkomandi kjördæmi eða landshluta eða beinlínis til annarra landshluta eða höfuðborgarsvæðisins án viðkomu í þéttbýliskjörnum. Þetta getur að sjálfsögðu verið mismunandi eftir landshlutum, það liggja ekki fyrir nema mjög takmarkaðar upplýsingar um búferlaflutningsmynstur.

Ýmis úrræði hafa verið reynd í krafti byggðastefnu í gegnum ár og áratugi til að treysta byggð hringinn í kringum landið. Þau úrræði hafa yfirleitt einskorðast við fyrirgreiðslu við atvinnulífið á viðkomandi stöðum en þó er það ekki einhlítt. Einnig hafa sveitarfélögum og jafnvel einstökum þjónustufyrirtækjum verið veitt aðstoð. Sum þessara úrræða hafa skilað árangri. Sá árangur hefur oft verið tímabundinn, í einstökum tilvikum varanlegur en önnur virðast ekki hafa skilað þeim árangri sem eftir var sóst. Þess vegna er líka tímabært að fá yfirlit yfir hvaða ráðstafanir sem hafa verið gerðar geta skilað árangri til lengri eða skemmri tíma svo hægt sé að byggja á þeirri reynslu með tilliti til framtíðar. Einnig og ekki síður er nauðsynlegt að vita hvaða úrræði hafa ekki skilað árangri svo menn geti þá valið önnur ráð en þau sem ekki hafa dugað til þess að reyna að vinna gegn þessari alvarlegu þróun.

Einnig er nauðsynlegt að líta í kringum okkur og athuga hvað gert hefur verið í nálægum löndum. Það er mjög athyglisvert þegar við lítum t.d. til Stóra-Bretlands að þar eru svæði sem áður voru langt á eftir, bæði í atvinnutekjum og miklu atvinnuleysi. Nú eru þetta mestu vaxtarsvæði Bretlandseyja. Ég vil þar t.d. nefna Wales, gamla kolanámusvæðið sem skar sig fyrir aðeins örfáum áratugum, eða fyrir 1974, úr frá öðrum svæðum í Stóra-Bretlandi fyrir þær sakir að þar voru vinnudeilur eða tapaðir vinnudagar vegna vinnudeilna um tíu sinnum fleiri en að landsmeðaltali. Þar var atvinnuleysi miklu meira en annars staðar á Bretlandseyjum, þar voru laun miklu lægri og atvinnulífið miklu frumstæðara. Hafin var sókn til að byggja upp atvinnulífið í þessum landshluta árið 1974 þegar stofnuð var ein af fyrstu markaðsskrifstofum í Evrópu til þess m.a. að sækjast eftir erlendu fjármagni til uppbyggingar. Á þeim tímum voru aðeins til tvær slíkar markaðsskrifstofur í allri Evrópu. Nú eru þær yfir 300 og

niðurstaðan af vel heppnuðu átaki bæði landsstjórnarinnar og héraðsstjórnarinnar í Wales hefur nú orðið sú að þetta gamla kolanámuhérað, sem var svo aftur úr fyrir aðeins nokkrum áratugum, er nú mesta vaxtarsvæði á Bretlandseyjum. Þar eru tapaðir vinnudagar vegna vinnudeilna orðnir færri en nemur landsmeðaltali. Laun hafa stórhækkað, mjög hefur dregið úr atvinnuleysi og hagvöxtur á þessu svæði er nú meiri en nokkru sinni fyrr, mun meiri en í flestum öðrum héruðum Bretlandseyja. Ekki er þetta vegna þess að þarna sé svo mikið af náttúruauðlindum. Það eru ekki hinar gömlu kolanámur sem standa undir þessari uppbyggingu heldur sú stefna sem mörkuð hefur verið af hálfu stjórnvalda í Stóra-Bretlandi og stjórnvalda í héraðinu Wales.

Það er augljóst að það að geta byggt landið, þar sem landkostir eru þess eðlis að það er lífvænlegt miðað við nútímakröfur um fagurt mannlíf og menningu, er hluti af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Sú skylda hvílir á herðum okkar Íslendinga að byggja landið vort allt þar sem það er byggilegt og sjá til þess að þær auðlindir sem við eigum séu nýttar og að landið sé í byggð. Með því á ég ekki við að við eigum að berjast á móti eðlilegum búsetubreytingum sem óhjákvæmilegar eru vegna breyttra krafna og aðstæðna, heldur að við látum ekki um okkur spyrjast að staðir sem eiga að geta verið lífvænlegir, bæði vegna atvinnu, búsetumöguleika og möguleika íbúanna á að lifa þar eðlilegu nútímalífi, fari úr byggð í heimi þar sem mannfjöldavandamál verður stöðugt erfiðara viðfangs og fólk deyr milljónum saman úr hungri. Þá getur þjóð sem nýtir landið sitt til fullnustu, og þar á ég við þá staði sem hægt er að nýta með eðlilegum hætti og búa mannsæmandi lífi á, ekki lengi staðið gegn því að aðrir fái þá tækifæri til þess að nýta þá landkosti. Þess vegna er sú stefna að treysta byggðina á Íslandi sjálfstæðismál, hluti af þeirri eilífu sjálfstæðisbaráttu sem þjóðin á í.

Við leggum til, herra forseti, í þessari þáltill. að Alþingi feli forsrh. að skipa nefnd þar sem sitji m.a. fulltrúar Byggðastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, aðilar vinnumarkaðar og ráðuneyta og nefndinni verði falin fjögur tiltekin verkefni. Það er í fyrsta lagi að gera úttekt á því hvað einkum veldur því að fólk flytur í jafnmiklum mæli og verið hefur búferlum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Í því sambandi verði m.a. skoðað hvernig búferlaflutningum er hagað, þ.e. hvort þeir tengjast tilteknum aldurshópum eða atvinnustéttum, svo og hvort um beina búferlaflutninga er að ræða eða tilfærslur sem verða milli dreifbýlis og þéttbýlis á landsbyggðinni og þéttbýlisins þar og höfuðborgarsvæðisins. Einnig verði kannað með úrtaksathugunum hjá þeim sem flutt hafa búferlum til höfuðborgarsvæðisins frá landsbyggðinni á síðustu fimm til tíu árum hvaða ástæður séu tilgreindar fyrir flutningnum. Í því sambandi verði sérstaklega athugað að hve miklu leyti stefna sú, sem fylgt hefur verið í málefnum framhaldsmenntunar á Íslandi með höfuðáherslu á bóklegar námsgreinar, kann að hafa valdið búseturöskun. Atvinnutækifæri fyrir ungt fólk með slíka menntun eru mun færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þar sem í byggðarlögum úti á landi er hins vegar oft skortur á fólki með verk- og tæknimenntun.

Ég legg sérstaka áherslu á það í þessu sambandi að þarna er nauðsynlegt að skoða mun fleira en atvinnutekjur og atvinnutækifæri. Ég er t.d. sannfærður um að verulegur hluti af þessari búseturöskun stafar af þeirri áherslu sem við höfum lagt í uppbyggingu á okkar framhaldsskólakerfi. Það á að mennta ungt fólk til bóklegs framhaldsnáms sem gefa fá atvinnutækifæri úti á landsbyggðinni þegar námi er lokið. Þetta er þáttur sem getur verið ráðandi í þessum efnum. Svona takmörkuð könnun hefur verið gerð einu sinni áður fyrir nokkrum árum á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins og mér skilst að í febrúarmánuði, eða skömmu eftir að þessi tillaga var lögð fram og henni dreift á Alþingi, hafi stjórn Byggðastofnunar samþykkt að hefja slíka könnun eins og ræðir um hér í 1. gr. (**Gripið fram í:** Það er alveg ótengt því.) En mér er ekki kunnugt um hvort könnunin sé jafnvíðtæk og þarna er gert ráð fyrir. Ég heyri að hv. þm. kallar fram í að sú niðurstaða hafi verið óháð þessari tillögu, það má vel vera. Ég er einfaldlega að skýra frá þeirri staðreynd að stjórn Byggðastofnunar samþykkti að þessi könnun skyldi fara fram og sú samþykkt var gerð nokkru eftir að þessari tillögu var dreift á Alþingi. Ég legg ekkert frekari merkingu í það, ég skýri bara frá staðreyndum. Hv. þm. sem fram í kallaði hlýtur að vita gerr um þetta enda á hann sæti í stjórn Byggðastofnunar og líka á Alþingi og hefur því væntanlega getað sameinað þekkingu sína frá báðum þessum stöðum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að fela umræddri nefnd að meta hvaða árangur hefur orðið á aðgerðum sem gripið hefur verið til á umliðnum árum af hálfu opinberra aðila til að treysta byggð á landsbyggðinni, þ.e. hvaða úrræði hafa lánast og hver ekki.

Í þriðja lagi er nefndinni falið samkvæmt þessari þáltill. að kanna hvaða aðgerðir sem gripið hefur verið til í nálægum löndum til að efla búsetu í jaðarbyggðum og auka fjölbreytni í atvinnulífi og treysta byggð eru taldar hafa skilað bestum árangri og í fjórða lagi að gera tillögur um til hvaða úrræða stjórnvöld á Íslandi, þ.e. ríkisstjórn, Alþingi og sveitarstjórnir, geta gripið til þess að treysta byggð á Íslandi þar sem landkostir eiga að geta boðið upp á lífvænlega afkomu, þjónustu og menningarlíf í samræmi við nútímakröfur. Lagt er til að niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi sem skýrsla og kynntar sveitarstjórnum og almenningi og að kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Herra forseti. Ég tel að tillaga af þessu tagi, svo víðfeðm sem hún er, sé vissulega tímabær. Það er tímabært eftir margra ára starfsemi, sem ekki hefur skilað tilætluðum árangri til að treysta byggð á Íslandi, að meta hvað hefur borið árangur í þeim efnum og hvað ekki. Það er nauðsynlegt að kynna sér hvað veldur þessari miklu búseturöskun. Það er nauðsynlegt að skoða hvaða aðgerðir hafa lánast í löndunum í kringum okkur þar sem við sambærilegt vandamál hefur verið að etja. Það er líka nauðsynlegt að taka saman tillögur eða handbók um það hvað íslensk stjórnvöld og þá fleiri en ríkisstjórn og Alþingi, þar á meðal sveitarstjórnir og stjórnarstofnanir, geta gert til að treysta byggð á Íslandi á þeim stöðum þar sem byggð á að geta verið lífvænleg.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til síðari umr. og væntanlega til allshn. Það er sennilega eðlilegasta að sú nefnd taki við þessari tillögu.

[17:26]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er athyglisverð tillaga á ferð og ég held að það gæti verið afar fróðlegt og gagnlegt að fá úttekt af þessu tagi. Mér segir svo hugur að það gæti eflaust margt komið á óvart í slíkri könnun.

Það er mjög margt að athuga í þessu samhengi og rifjast þar upp fyrir mér grein sem ég las fyrir nokkru um könnun sem hafði verið gerð í Noregi á búferlaflutningum þar í

landi. Þar hefur átt sér stað sama þróunin og hér og reyndar í allri Evrópu undanfarin 200 ár eða svo þar sem þéttbýli hefur stöðugt verið að vaxa og íbúum að sama skapi að fækka í sveitum í kjölfar tækniþróunar og þróun markaðarins. Þar hafa allar breytingar orðið í þá átt að færa fólk nær vinnustaðnum og verksmiðjunum og framleiðsluna nær markaðnum. En þessi könnun sem gerð var í Noregi leiddi í ljós að meginástæðan fyrir því að fólk flutti frá nyrstu byggðum Noregs suður á bóginn var veðrið. Það var ekki atvinnan, það var ekki menntunin eða félagsþjónustan heldur veðrið. Þetta tengist því að heimurinn er að verða svo lítill og minnkar sífellt meira í gegnum sjónvarp og gervihnetti. Það kom fram í svörum fólks sem hafði flutt að það hafði horft á fólk spóka sig í góða veðrinu á Karl Johann í Ósló, hímandi sjálft í kulda og trekki einhvers staðar norður á hjara veraldar. Það hafði einfaldlega ekki áhuga á að lifa slíku lífi. Þetta þótti mér afar athyglisvert og það væri fróðlegt að heyra hvað þær þúsundir Íslendinga sem hafa flutt sig um set, aðallega suður á bóginn, segja um ástæður búferlaflutninganna. En það er vert að spyrja sig að því hvort þetta sé búseturöskun, eins og svo oft er nefnt hér á landi, eða búsetuþróun í samhengi við breytta atvinnuhætti, breyttan markað og fleira í þeim dúr. Ég spyr hvers vegna það hefði ekki átt að gerast hér á landi að þéttbýlisstaðir stækkuðu og þeir fáu íbúar sem hér eru þjappi sér saman í stóran kjarna í samræmi við þær breytingar sem við sjáum um heim allan. Það má minna á að núna í júní eru Sameinuðu þjóðirnar að halda sína síðustu stórráðstefnu um byggð og þróun byggðar í heiminum, einmitt vegna þessarar þróunar sem hefur átt sér stað um allan heim.

Við erum svo efnislega þenkjandi hér á landi að við byrjum alltaf á að spyrja um tekjurnar, um atvinnustigið og fleira og fleira, hin efnislegu gæði. En ég hygg að þegar allt kemur til alls þá sé það svo margt annað sem ræður meiru um það hvernig fólk velur sér búsetu og að það breyti um búsetu. Þó trúi ég því að það sé rétt sem fram kom í máli 1. flm. þessarar till. að sú áhersla sem hér hefur verið í menntamálum hafi haft þarna töluvert mikið að segja. Við þekkjum eflaust öll ótal dæmi um fólk sem komist hefur til mennta. Ég get bara tekið sjálfa mig sem dæmi. Að vísu fluttu foreldrar mínir um leið og elstu börnin fóru í menntaskóla. En ekki gæti ég snúið aftur til heimabyggðar minnar. Það er ekkert fyrir mig að gera þar. Ekki í mínu fagi. Það gildir eflaust um mjög marga að fólk sem hefur sérmenntað sig í tækni og vísindum og ýmsum háskólagreinum á einfaldlega ekki afturkvæmt af því að þar er ekkert fyrir það að gera. Og jafnvel þó svo væri þá kemur upp það vandamál að það er ekkert fyrir makann að gera sem einnig er oft með háskólamenntun. Auðvitað hefur þetta allt sitt að segja fyrir utan svo menningarlífið, félagslega þjónustu, það hvað atvinnulíf er víða einhæft og að ekki sé minnst á einangrun. Vegna þess að staðreyndin er sú að til þess að byggð lifi af þá þarf þar ákveðinn lágmarksfjölda. Þeir sem sáu heimildarmynd um Sléttuhrepp og byggðina á Hornströndum nú nýlega í sjónvarpinu ættu að átta sig á þessari þróun. Þegar íbúatalan var komin niður fyrir ákveðna tölu þá einfaldlega hrundi byggðin. Þá er ekki grundvöllur lengur fyrir byggð. Fyrir utan svo allt það sem snýr að atvinnulífi og lífsbaráttu sem auðvitað var gífurlega erfið á því svæði.

Það hefur verið þróunin hér eins og annars staðar að þar sem lífsbaráttan var langsamlega hörðust, þaðan hafa líka fólksflutningar verið mestir. En það er ákaflega athyglisvert að menn hafa verið að reyna að sporna við hér með því m.a. að byggja upp gott heilbrigðiskerfi og gott skólakerfi. Við erum með gríðarlega marga skóla, framhaldsskóla um allt land þótt reyndar þurfi nemendur víða að sækja nokkuð langt til að komast í skóla. En allt kemur fyrir ekki. Þróunin er stöðugt í þá átt að byggðin vex hér á suðvesturhorninu en minnkar úti á landsbyggðinni.

Við getum líka velt því fyrir okkur að nýleg könnun leiddi í ljós að fjöldi ungs fólks á Íslandi er tilbúinn til að flytja úr landi. Stöndum við hugsanlega frammi fyrir því á næstu áratugum að þurfa yfir höfuð að verja byggð á Íslandi, ekki bara í sveitum landsins og hér fyrir utan þennan stóra byggðakjarna, heldur hreinlega á Íslandi vegna þess að hugarfarið er að breytast og það mikið?

Hæstv. forseti. Tíma mínum er alveg að ljúka. Ég hefði haft gaman af að velta þessum málum hér fram og aftur fyrir mér. Ég hef stundum furðað mig á því hvernig menn tala um þessar breytingar og þróun hér á landi í óskaplega sorglegum tón. Kannski er það hryggilegt að sjá byggðina sína minnka og vera í mikilli vörn. En við megum ekki gleyma því að það sem hér hefur gerst er einfaldlega í samræmi við breytingar alls staðar í heiminum. Og ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort aðgerðir eru til eða hvaða aðgerðir eru til til að breyta þessu nema hugsanlega breytt lífsgildi. Hugsanlega gætu breytt lífsgildi fólks haft þarna einhver áhrif. En sú könnun sem hér er verið að leggja til er að mínum dómi mjög athyglisverð og ég hygg að við hefðum öll mjög gott af að fá slíka könnun í hendur.

[17:35]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við hljótum að fagna því að alþýðuflokksmenn skuli vera farnir að beina sjónum sínum að byggðamálum. Það eitt út af fyrir sig er nú fagnaðarefni. Í fyrirsögn tillögunnar segir að hún fjalli um aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi. Að vísu segir ekki hvort treysta skuli byggð í sveit eða borg. Efni hennar er í megindráttum að skipa nefnd sem hefur ekkert smáhlutverk. Það er að kanna ástæður búferlaflutninga og gera tillögur um hvernig megi treysta byggð á Íslandi.

Í nefndinni eiga að sitja m.a. fulltrúar Byggðastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, aðilar vinnumarkaðarins og ráðuneyta. Í fyrstu hljótum við að setja spurningarmerki við skipun nefndarmanna sem allir hafa aðsetur í höfuðborginni og hafa ekki fram að þessu gefið sérstakan gaum að byggðamálum utan Byggðastofnunar og hluta af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Margt af því sem fram kemur í tillögunni um verkefni nefndarinnar er nú þegar verkefni m.a. Byggðastofnunar. Annað sem þarna kemur fram krefst slíkra grundvallarrannsókna að nær hefði verið að vísa því til vísindastofnana á tilheyrandi sviðum.

Í 4. tölul. um verkefni nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Að gera tillögur um til hvaða úrræða stjórnvöld á Íslandi, ríkisstjórn, Alþingi og sveitarstjórnir, geta gripið til þess að treysta byggð á Íslandi þar sem landkostir eiga að geta boðið upp á lífvænlega afkomu, þjónustu og menningarlíf í samræmi við nútímakröfur."

Eins og ég gat um fyrr þykir mér nokkuð merkilegt að aðilar vinnumarkaðarins og ráðuneyti, þá væntanlega öll, eigi að gera slíkar tillögur en t.d. landshlutasamtök sveitarfélaga komi hvergi nærri þessari vinnu. Kannski er þetta herbragð hjá alþýðuflokksmönnum til að fá höfuðborgarbörnin í þess-

um stofnunum til að líta út fyrir borgarmörkin. Ég held þó að betra hefði verið að fá einhverja sem þekkja betur til á landsbyggðinni með í nefndina til að skýra einstaka þætti þess í hverju það felst að búa á slíkum stöðum.

Í greinargerðinni er drepið á marga ágæta þætti sem ég held að mætti halda meira á lofti og ég er nokkuð viss um að fólk gerir sér ekki almennt grein fyrir. Þá á ég m.a. við hversu góð þjónusta er víða í sveitarfélögum út á landi við barnafólk og eldri borgara og mun betri en í höfuðborginni.

En að lokum, hæstv. forseti, vil ég lýsa vantrú minni á því að þeir aðilar sem gert er ráð fyrir að sitji í nefndinni séu þeir heppilegustu til að setja fram nýjar hugmyndir um byggðamál.

[17:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú eins og síðasti ræðumaður fagna því að menn taka þessi mál til umræðu á þingi. Ekki er vanþörf á í ljósi þeirrar þróunar sem verið hefur undanfarin ár, mörg hver, í fólksfækkun á landsbyggðinni. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst alþýðuflokksmenn vera býsna fátækir í sínum málatilbúnaði. Þeir eru búnir að sitja í ríkisstjórn í átta ár og loksins þegar búið er að sturta þeim úr ráðherrastólunum fara þeir að muna eftir landsbyggðinni og koma með tillögu sem heitir: um aðgerðir til þess að treysta byggð á Íslandi.

Gott og vel. Hverjar eru þá tillögur Alþfl.? Þær eru tvær. Í fyrsta lagi skal skipuð nefnd. Í öðru lagi á nefndin að gera tillögur. Alþfl. hefur engar tillögur. Hann hefur ekkert til málanna að leggja eftir átta ára ríkisstjórnarstarf. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson studdi tvær ríkisstjórnir og sat reyndar í annarri á átta ára tímabili. Á þeim tíma fækkaði Vestfirðingum um eitt þúsund. Hann minntist aldrei á tillöguflutning um aðgerðir til að treysta byggð á landsbyggðinni á þeim tíma. Þetta er hlutur sem gerir það að verkum að málatilbúnaður af þessu tagi verður ótrúverðugur. Þetta verður svona skrautmál til að varpa fram þegar mikið er kallað eftir tillögum stjórnmálamanna út á landi eins og var síðasta haust á Vestfjörðum og eflaust víðar um landið í kjölfar talna sem sýndu fram á mikla fólksfækkun. Þá var spurt: Hvaða tillögur hafið þið fram að færa? Og mér finnst eðlilegra að menn reyni að spreyta sig á því að varpa fram hugmyndum sínum um það hvert vandamálið sé og hvaða tillögur menn hafa til að reyna að bregðast við því.

Alþfl. hefur svo sem tillögur þótt hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sé svo hógvær að hann nefni þær ekki. Alþfl. er með fínar tillögur a.m.k. að eigin mati til þess að leysa þessi mál. Ég vil nefna tvær. Fyrri tillagan er sú að leggja niður kjördæmin. Hafa eitt kjördæmi á Íslandi. Það er mikill búhnykkur fyrir landsbyggðarkjördæmin og væntanlega til að treysta byggð á Íslandi. Síðari tillagan er sú að leggja sérstakan skatt á sjávarútveg sem heitir veiðileyfagjald og á að leggjast á þá sem stunda þennan atvinnurekstur. Sérstakur skattur á sjómenn og sérstakur skattur á verkafólk í landi. Tillaga Alþfl. til að efla byggð á Íslandi er um veiðileyfagjald sem leggst að 86% á landsbyggðina, á svæðið utan höfuðborgarsvæðisins. Eru þetta tillögur til að treysta byggð á Íslandi? Alþfl. segir: Þetta eru tillögurnar til að treysta byggðina á Íslandi. Hann segir ekki á landsbyggðinni heldur á Íslandi. Ég segi þessar tillögur veikja byggðina á landsbyggðinni og er ekki á bætandi. (**KÁ:** Af hverju er þingmaðurinn svona vondur við Alþfl. á afmælisdaginn?) Ég er ekkert vondur við Alþfl. Ég er þvert á móti að reyna að leiða hv. þm. sem flytja þessa tillögu fyrir sjónir að þeir eigi að gera betur en þeir hafa gert hingað til. Það er nú frekar að vera góður við þá en hitt. (**Gripið fram í:** Afmælisgjöf.) Það er afmælisgjöf frá mér til hv. þm. Alþfl. að þeir eigi að huga að þessum stefnuatriðum sínum og endurskoða þau. Ég segi það í mestu vinsemd. Bið ég þá um að taka upp vinsamlegri pólitíska stefnu í þessum efnum en verið hefur. (**SighB:** Gjafirnar líkar gefandanum.) Já, já, ég veit að hv. þm. kann vel að meta gjafirnar.

En ég vil segja mína skoðun á þessu máli. Númer eitt, tvö og þrjú er að breyta stjórnkerfinu á Íslandi þannig að þeir sem búa úti á landi ráði meira en verið hefur um sitt umhverfi. Við þurfum að minnka valdsvið Alþingis og ríkisins og auka valdsvið manna þar sem þeir eru. Og ég er að tala um héraðastig.

Eitt af því sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kallaði þróun og taldi óhjákvæmilegan hlut svona eins og annað lögmál Newtons, er ekkert slíkt heldur pólitísk ákvörðun um að byggja upp ríkisvaldið hér. Það er markvisst pólitískt ákvarðað að hafa hér fleiri, fleiri þúsund störf en ekki úti á landi. Það er ekki þróun. Það er niðurstaða af pólitískri stefnu. Af þeirri stefnu að hafa fullkomið miðstýringarvald hér á landi. Það sem við þurfum að breyta er að afnema þessa miðstýringu og efla styrk manna úti á landi þannig að þeir ráði málum meira sjálfir. Það er það sem fyrst og fremst þarf að gera. Það þarf ekkert að efla byggð á Íslandi í þeim skilningi að það þurfi að fá einhverja menn hér til að segja okkur hvað við eigum að gera. Við þurfum að fá vald til að ráða málum sjálfir. Með því eflum við byggð á Íslandi fyrst og fremst.

Það er að mínu viti ekki verkefni manna hér að ákvarða hvernig menn nýta fiskimið á Íslandi. Því eiga menn að ráða heima í héraði og þegar menn hafa vald á auðlindum sínum til lands og sjávar þá hafa menn styrkinn til þess að gera þá hluti sem þarf að gera, hver á sínu svæði. Þessar aðgerðir eru að mínu viti grundvallaratriði til þess að breyta einhverju um þá þróun sem verið hefur alla þessa öld eða frá því árið 1904 þegar við fengum heimastjórn og afnámum þá í leiðinni síðustu leifar héraðastjórna sem höfðu verið við lýði við aldir hér á landi. Það er merkilegt að það skuli vera á þeim tíma sem Íslendingar hafa ráðið málum sínum sjálfir á þessari öld skuli vera tími miðstýringar. Mér finnst þetta bera vott um vanþroskaða stjórnsýsluhætti nýfrjálsrar þjóðar. Við þurfum að endurmeta þetta í ljósi reynslunnar og taka upp héraðastigið sem hefur á skort á þessari öld og er að mínu viti einn stærsti örlagavaldurinn á öldinni um þróun byggðar á landinu.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi sem dæmi byggðirnar Aðalvík og á Hornströndum sem hefðu eyðst mjög snöggt. Kannski eru nákvæmlega þær byggðir þannig í sveit settar að framfarir á samgöngusviði og öðrum skyldum sviðum hefðu verið það dýrar að menn hafi ekki ráðið við það á þeim tíma, ég vil ekki dæma um það. En einmitt þetta dæmi er mjög skýrt til að undirstrika að miðstjórnarvaldið í Reykjavík brást ekki við að veita mönnum þau úrræði og fylgja tækniframförum þannig að menn vildu búa þarna áfram, menn urðu ekki lengur samkeppnisfærir í lífsskilyrðum miðað við svæðið á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er einmitt gott dæmi um skort á skilningi valdsins hér á nauðsynlegum úrbótum úti á landi.

[17:47]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi. Þar eru flutningsmenn nokkrir hv. þingmenn Alþfl. undir forustu hv. 4. þm. Vestf. Ég fagna því að hv. 4. þm. Vestf. talar fyrir þessari tillögu á afmælisdegi Alþfl. Það bendir til þess að flokkurinn sé þrátt fyrir allt á réttri leið. Hins vegar er, eins og komið hefur fram hjá ræðumönnum á undan mér, kannski ekki mjög mikið kjöt á beinunum þegar farið er að skoða þetta. Tillagan er eingöngu um að skipa nefnd til þess að kanna af hvaða ástæðum fólk flytur burt. Það er fróðlegt út af fyrir sig og ég styð það að þessi nefnd verði skipuð. En ég hef ekki trú á að þetta skipti sköpum og þetta séu mjög harkalegar aðgerðir til að treysta byggð, ekki úti á landsbyggðinni, hins vegar getur verið mjög fróðlegt að vita það af hverju fólk flytur utan af landsbyggðinni. Við teljum okkur auðvitað vita töluvert um það. En úrtakskönnun eins og talað er um í tillögunni væri góðra gjalda verð og það væri ekki mikið fyrirtæki og þyrfti ekki stórar nefndir til að undirbúa slíka könnun aðila vinnumarkaðarins og aðra. Það mætti fá félagsvísindadeild Háskólans til þess að gera slíka könnun og komast að niðurstöðu í því efni, gera könnun á allstóru úrtaki um það.

Það væri fróðlegt að vita það hvers vegna fólk t.d. flytur frá bærilegri atvinnu, víða góðri læknisþjónustu og alveg bærilegri þjónustu utan af landsbyggðinni og hingað suður þar sem lífsskilyrði eru um margt óþægilegri en úti á landi þó að það sé auðvitað misjafnt. Hér er langræði í vinnu, mikil umferð og margir hlutir dýrir í framfærslunni þó að ýmislegt sé ódýrara en úti á landsbyggðinni. En það er langt í frá að það sé vont líf að búa víða úti um landsbyggðina, lífsskilyrði eru þar víða góð. Hins vegar er ég sannfærður um að það er eitt atriði framar öðrum sem gerir það að fólk flytur hingað og flendist hér. Það er að fólk sækir menntun sína hingað, er hér um árabil í þessu samfélagi og festist í þessu samfélagi og fer ekki heim aftur og því það fær ekki vinnu við sitt hæfi. Ég held að þetta sá langsamlega veigamesta ástæðan og það gerir það auðvitað að hér er miðstöð stjórnsýslunnar, hér er miðstöð verslunarinnar í landinu, hér er miðstöð þjónustu. Þetta skapar ótölulegan fjölda starfa og fjölbreytni í atvinnulífinu þó að atvinnuleysi sé hér staðreynd. Það er meginmálið hvernig er hægt að snúa þróuninni við. Ég hef auðvitað ekki svar við því í stuttu máli og ekki í þessari ræðu hér. Ef ég hefði algild svör væri auðvelt að flytja tillögur um slíkt á Alþingi en það er tilfellið að menn hafa ekki algild svör í þessu efni en menn hafa reynt að byggja upp menntastofnanir úti á landsbyggðinni. Ég er t.d. sannfærður um að Háskólinn á Akureyri er mjög þýðingarmikil stofnun og þýðingarmikið skref til að snúa þessu við. En ég hef heyrt að það eru ekki allir sammála um að það eigi yfirleitt að vera háskóli þar. Ég hef heyrt þær skoðanir að það eigi ekki að dreifa kröftunum í þeim efnum. En ég er á því að það sé eitt af því sem getur snúið þessari þróun við.

Ég minntist á að tillagan væri fróðleg og ég styð hana. Hún er góðra gjalda verð og ég held að ekkert sé á móti því að slík könnun fari fram svo að menn viti af hverju menn yfirgefa jafnvel góðar tekjur og atvinnu úti á landsbyggðinni til að fara hingað í höfuðborgina. Ekki trúi ég því að það sé veðrið. Það er varla veðrið sem gerir það að menn flytja hingað þó að það geti verið staðreyndin einhvers staðar. Ég heyrði menn kvarta mjög undan veðrinu hér og það getur vel verið eins og hv. 14. þm. Reykv. sagði að það sé ef það er tilfellið að fólk er að flytja vegna veðurs þá verði hætt við því að fólk fari að flytja úr landi, flytji héðan úr Reykjavík vegna veðurs. (**Gripið fram í:** Austur á Vopnafjörð?) Ja, kannski austur á Vopnafjörð, kannski til Norðurlandanna eða eitthvert þangað sem sólin skín lengri hluta úr árinu en hér er.

Ég fagna tillögunni út af fyrir sig. Þó að hún muni ekki marka nein þáttaskil í byggðamálum tel ég þetta þó vera merki þess að Alþfl. og hv. þingmenn hans séu á 80 ára afmæli flokksins farnir að huga að byggðamálum og er það vel.

[17:56]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem með þá athugasemd við málflutning hv. síðasta ræðumanns að ein af ástæðunum fyrir því að þetta land er byggt er hvað veðurfar er hér hagstætt. Það er staðreynd málsins ef við berum okkur saman við umheiminn að veðurfar er mjög hagstætt á Íslandi. Það er t.d. afar sjaldgæft að menn þjáist hér fyrir sakir hita, sem er mjög algengur kvilli víða erlendis og menn taka út miklar þjáningar sakir hita. Það er einnig mjög sjaldgæft að menn þjáist reyndar fyrir kulda sakir og það er rétt að minna á það að Íslendingar hafa tekið þátt í ráðstefnum vetrarborga nú í nokkur skipti og þar hefur það komið Íslendingum að sjálfsögðu gleðilega á óvart að í löndum þar sem við höfum talið í fáfræði okkar að væri miklu þægilegra veðurfar eins og í víðáttumiklum svæðum Kanada eða jafnvel Rússlands eru raunar ekki nema um tveir mánuðir sem eru þægilegir, þ.e. vormánuður og haustmánuður, en á veturna eru menn að deyja úr kulda. Ég nefni sérstaklega borgina Calgary, þar eru menn að deyja úr kulda á vetrum en á sumrin eru menn að deyja úr hita. Mig langar til þess að varpa þeirri hugmynd fram hvort það sé ekki kominn tími til þess að menn átti sig fyllilega á því hvað veðurfar er hagstætt á Íslandi.

[17:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek það fram í þessu sambandi vegna andsvars hv. 5. þm. Norðurl. e. að ég var ekkert að kvarta undan veðurfari á Íslandi en sagði að ég hefði heyrt kvartað undan veðurfari. Ég er ekkert hræddur um að deyja hér úr hita, ekki reyndar úr kulda heldur þó ég viti að menn hafa orðið úti. Hér erum við á hitaveitusvæði og erum þar víða hér á landi og þess vegna held ég að við þurfum ekki að óttast það og ættum að geta þreyjað hér þorrann og góuna.

Ég tek fram að ég var ekki að boða brottför mína af landi brott vegna óhagstæðs veðurfars í Reykjavík þannig að þess vegna mun ég ekki fara. Þið verðið að umbera mig hér eitthvað lengur.

[17:59]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það kemur út af fyrir sig ekkert á óvart að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli vera 1. flm. á tillögu til þess að treysta byggð á Íslandi. Ég veit að hv. þm., sem kemur úr landsbyggðarkjördæmi, ber hag síns kjördæmis mjög fyrir brjósti og vill veg kjördæmisins sem mestan. Hins vegar kemur ýmislegt í tillögunni mér á óvart miðað við þá umræðu sem við höfum átt á Alþingi að undanförnu.

Í 1. lið er svo sem ekki margt sem á óvart kemur, en eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. er líklegt að þetta falli undir starfssvið Byggðastofnunar. Væntanlega ætti athugun sem þessi að vera sífellt í gangi þar innan dyra og við ættum

nánast að geta ýtt bara á takka á tölvunum hjá okkur og fengið stöðuna í þessum málum samstundis.

2. liðurinn kemur mér svolítið á óvart. Ég held að miðað við þær forsendur sem gefnar eru í tillögunni ætti öllum að vera ljóst að þær aðgerðir sem við höfum gripið til til að treysta byggð í landinu og sporna við fólksflutningi hingað á suðvesturhornið hafa ekki tekist, þær hafa misheppnast.

Í 3. lið leggja flutningsmenn til að kannað verði til hvaða ráðstafana hafi verið gripið í nálægum löndum, á Norðurlöndunum og í Stóra-Bretlandi. Þar þekki ég svolítið til, bæði reyndar á Norðurlöndunum og sérstaklega í Skotlandi. Þar hefur að mörgu leyti verið gripið til svipaðra ráðstafana og hér. Þar hefur verið nokkurs konar niðurgreiðslu- og styrkjastefna í gangi sem hefur að mestu leyti byggst á landbúnaði, sauðfjárrækt í Skotlandi ásamt fiskeldi og í Noregi að mestu leyti á fiskeldi og sjávarútvegi, en jafnframt líka á hefðbundnum landbúnaði. Það er einmitt þessu líkt sem við höfum verið að gera hér á landi sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur gagnrýnt mjög harðlega að undanförnu í þingsölum. Ég verð reyndar að viðurkenna að ég hef tekið undir flest gagnrýnisatriði hans í þessu sambandi. Þess vegna kemur mér svolítið á óvart að það skuli vera forsenda í tillögunni að athuga sérstaklega hvernig þessum málum er háttað annars staðar og hvernig þeir aðilar hafa reynt að leysa þau. Þeir hafa gert það á nákvæmlega sama hátt og við, gert sömu mistökin og ekki haft erindi sem erfiði frekar en við.

Í fjórða lagi eru hér tillögur um það til hvaða úrræða stjórnvöld á Íslandi, ríkisstjórn, Alþingi og sveitarstjórnir geta gripið til. Er hann að boða sértækar aðgerðir í þessu sambandi? Vill hann auka á þær aðgerðir sem hann hefur þó verið að gagnrýna að undanförnu? Eða liggur eitthvað meira á bak við sem ekki kemur fram í tillögutextanum? Mér kemur þetta á óvart. Ef þetta er eins og ég hef verið að lýsa, veldur það mér að vissu leyti vonbrigðum að það skuli ekki vera frumlegri hugmyndir í tillögunni en raun ber vitni.

[18:03]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls um þetta þingmál og vil aðeins víkja að nokkrum atriðum sem þeir hafa minnst á.

Í fyrsta lagi held ég að sá málflutningur sé úreltur að menn komi hér og berji sér á brjóst og segi: Við vitum allt, en hinir ekki neitt. Ef menn hafa setið uppi með alla þessa vitneskju öll þessi ár, hvernig stendur þá á því að ekki hefur betur til tekist? Það kemur ekki í veg fyrir að einstakir þingmenn flytji sínar tillögur þótt við alþýðuflokksmenn höfum lagt fram þessa þáltill. Þeir eru frjálsir að því að gera það hvort heldur sem er. Við komum ekki í veg fyrir það með þessum tillöguflutningi. Og ef menn sitja uppi með alla vitneskjuna, af hverju leggja þeir þá ekki tillögurnar fram?

Í annan stað getur það meira en verið rétt að ein leið til að treysta byggð í landinu sé að flytja fleiri verkefni og meiri sjálfsstjórn út til byggðarlaganna. En um það vitum við ekki, það er bara einfaldlega fullyrðing. Það getur vel verið að sú fullyrðing sé rétt, en við höfum enga sönnun fyrir því að svo sé. Það er hins vegar verið að gera þetta núna að frumkvæði sveitarstjórnarmanna sjálfra því að þeir eru að taka að sér reynslusveitarfélagaverkefni. Þeir eru að reyna að sameina byggðarlög sín og gera ýmsar aðgerðir til þess að geta verið færir um að taka að sér fleiri verkefni. Það er af hinu góða og við skulum vona að það gangi upp.

Auðvitað er rétt að við skoðum hvað hefur verið gert í áranna rás til að treysta byggð í landinu. Lengi vel stóð baráttan um það að tryggja algerlega óbreytt búsetumunstur. Það var stefna stjórnvalda árum saman að berjast gegn þéttbýlismyndun á Íslandi og reyna með öllum ráðum að koma í veg fyrir að þéttbýli myndaðist og varðveita algerlega óbreytt búsetumunstur. Það er alveg ljóst að þessi stefna bar ekki árangur. Hún kostaði óhemjumikið fé, en bar ekki tilætlaðan árangur. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að þarna er um að ræða að hluta til þróun sem er eðlileg. Menn gera einfaldlega kröfur til lífsins í dag sem erfitt er að uppfylla nema í fjölmenni eða með góðu aðgengi að þéttbýli. Það sem þessi tillaga gengur út frá er ekki að reyna að varðveita algerlega óbreytt búsetumunstur, t.d. eins og jarðalögin gera ráð fyrir. Þar er gert er ráð fyrir því að allar jarðir verði nýttar til hefðbundins búskapar sem nýttar voru til hefðbundins búskapar árið 1974 og það sé helst ekki hægt að breyta út frá því. Það sem við erum að tala um er hvað gera megi til að hægt sé að varðveita búsetu í byggðum þar sem mætavel er unnt að lifa heilbrigðu, eðlilegu mannlífi í samræmi við kröfur nútímans og það er hægt að gera mjög víða úti á landi.

Það er sagt að þarna sé ekki um að ræða neinar tillögur sem slíkar. Jú, svo er, vegna þess að ef menn ætla að grípa til árangursríkra aðgerða, verða menn að byggja á þekkingu. Menn verða að vita hvert vandamálið er. Menn verða að byggja á vitneskju um það hvað veldur því að búferlaflutningar eru svona miklir, og þá er ég ekki að tala um frá mesta dreifbýlinu til þéttbýlisins, heldur frá stöðum sem eiga að geta boðið upp á og bjóða meira að segja núna upp á allar aðstæður til góðrar afkomu og mannsæmandi lífs. Þótt við höfum reynt að berjast gegn þessari þróun um áratuga skeið, vitum við ósköp lítið hvaða ástæður það eru sem valda því að þetta gerist. Við vitum mætavel hvernig stendur á því að það fækkar svo í sveitum og fólk flyst úr mesta dreifbýlinu í meira þéttbýli. En við vitum ekki hvað veldur því að fólk flytur í svona miklum mæli frá lífvænlegum stöðum úti á landi. Það hefur komið í ljós að þau úrræði sem við höfum gripið til, sem aðallega hafa verið í því fólgin að reyna með lánum og styrkjum að styðja við atvinnulífið á viðkomandi stöðum, hafa ekki dugað nema að takmörkuðu leyti. Og það er vissulega kominn tími til þess að við könnum hvaða ástæður það fólk, sem hefur verið að flytja á undanförnum 10–15 árum, færir fram fyrir búsetuflutningum sínum. Á þeirri vitneskju hljótum við að verða að reisa þær tillögur sem við gerum til úrbóta.

Auðvitað er alveg rétt að það er kjörið viðfangsefni fyrir Félagsvísindastofnun háskólans að gera þetta með einfaldri skoðanakönnun, enda getur sú stofnun mætavel gert það á vegum nefndar sem skipuð væri eins og tillagan gerir ráð fyrir. En það er gert ráð fyrir að sú nefnd geri meira en að vinna slíka skoðanakönnun. Það er gert ráð fyrir því að hún meti líka árangur þeirra aðgerða sem menn hafa reynt að grípa til og þær hafa verið mjög margvíslegar. Og þær hafa ekki allar mistekist. Sumar aðgerðir sem við höfum gripið til, t.d. eins og dæmin sýna nú upp á síðkastið um sameiningu fyrirtækja og aukið samstarf fyrirtækja sem menn hafa beitt sér fyrir af hálfu stjórnvalda, hafa skilað sér vel og tryggt atvinnulífið á landsbyggðinni. Það er því ekki hægt að fordæma allar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til af Byggðastofnun og

fjölmörgum öðrum aðilum og segja: Ekkert af þessu dugði vegna þess að það tókst ekki að snúa við búsetuþróun. Ég fullyrði að sumt af þessu hefur skilað árangri. Það er eðlilegt að við verðum að meta það og þá að sjálfsögðu í samvinnu við sveitarstjórnirnar, launafólk og þær stofnanir sem hafa staðið að þessu, hvaða úrræðum við gætum byggt á og hvað hefur ekki gengið upp.

Menn segja: Allar aðgerðir í nálægum löndum hafa verið af þessum toga. Hv. þm. Árna Mathiesen hefur sést yfir að í 3. tölulið segir, með leyfi forseta: „Að kanna hvaða aðgerðir, sem gripið hefur verið til í nálægum löndum ... eru taldar hafa skilað bestum árangri." Þar á það sama við og varðandi þær aðgerðir sem við höfum gripið til, sumar þeirra hafa reynst mjög vel. Ég veit ekki hvort hann var hér inni þegar ég tók dæmi af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í Wales. Þar er ekki bara miðað við einhverja styrki frá ríkinu. Þetta eru aðgerðir sem sveitarstjórnirnar standa að, t.d. með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir fyrirtæki sem vilja setja sig þar niður. Þetta eru aðgerðir sem menntakerfið stendur að með því t.d. að bjóða upp á starfsþjálfun fyrir þá starfsmenn sem hefja störf í nýjum greinum og þetta eru aðgerðir sem stéttarfélögin standa að með því að bjóðast til að aðstoða við slíka starfsþjálfun og bjóðast til að gera ákveðna samninga við ný fyrirtæki sem koma inn um tilteknar fyrirgreiðslur og tryggingar í sambandi við uppbyggingu og þjálfun.

Þetta hefur skilað þeim árangri, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, að þetta gamla kolanámusvæði í Stóra-Bretlandi, sem áður og fyrr var mörgum áratugum aftur úr meðaltalinu í Bretlandi, er nú orðið mesta vaxtarsvæðið þar. Það vill svo til að ég hef safnað mér miklum upplýsingum um þetta og skoðað hvað sú markaðsskrifstofa, sem sett var á laggirnar 1974, hefur gert í samvinnu við landsstjórnina og héraðastjórnina á staðnum. Ég tel að við getum ýmislegt af þessu lært. Það er eðlilegt að þetta sé líka skoðað þannig að hér eru vissulega tillögur á ferðinni, tillögur um að menn verði sér fyrst úti um þekkinguna, fái svarað spurningunni um það hvað veldur þessum búsetuflutningi þegar ekki er hægt að sjá að það verði skýrt með atvinnuaðstæðum, atvinnutekjum, atvinnuöryggi eða neinu slíku. Hvað er það þá sem veldur? Við þurfum að fá að vita það. Það er alveg rétt sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði áðan að skólakerfið spilar alveg örugglega inn í þetta, bæði þegar ungt fólk þarf að fara til náms heiman frá sér og svo ekki síður sú mikla áhersla sem lögð hefur verið í okkar framhaldsskólakerfi á einhliða bóklegt námsefni sem leiðir til framhaldsnáms í háskóla og embættisprófs í atvinnugreinum sem mjög lítið framboð er á í hinum dreifðu byggðum, á sama tíma og mikill skortur getur verið í þessum dreifðu byggðum á verk- og tæknimenntuðu fólki. Það eru því örugglega margar ástæður fyrir þessu. Ég ætla ekkert að fullyrða um það vegna þess að mínar fullyrðingar eru ekkert haldbetri en annarra hv. þingmanna sem hafa komið fram með sínar skoðanir. Þetta eru einfaldlega fullyrðingar, en þetta þurfum við að fá að vita. Við höfum, þrátt fyrir alla þá fyrirhöfn sem við höfum lagt í aðgerðir til þess að reyna að treysta byggð, haft afskaplega takmarkaða vitneskju um þetta.

Ég ætla ekki að fara í deilur um hvað menn hafa gert og hvað ekki. Ég minni einfaldlega á að sú aðgerð sem sennilega hefur orðið hefðbundnu atvinnulífi sjávarþorpanna hringinn í kringum landið til mests ávinnings er ákvörðun okkar um aðild að EES sem tryggði okkur tollfrjálsa markaði fyrir afurðir. Og á tímabili síðustu ríkisstjórnar var gert mesta átak í samgöngumálum á vegum sem gert hefur verið í Vestfjarðakjördæmi svo langt aftur sem ég man. Eru þetta ekki aðgerðir til að treysta byggð? Ég hefði nú haldið það og þar væru kjósendur okkar hv. 5. þm. Vestf. sammála.

Ég ætla heldur ekki að ræða um veiðileyfagjald sem skatt. Hér er um að ræða afnotagjald, leigugjald fyrir eign sem þjóðin á en felur tilteknum einstaklingum eða félögum afnotaréttinn af. Ég spyr hv. 5. þm. Vestf.: Ef hann væri í húsi sem ríkið ætti og borgaði leigu fyrir afnotaréttinn af því bæri þá að líta á þá greiðslu hans sem skatt til ríkisins? Að sjálfsögðu ekki. Menn eru að greiða gjald fyrir afnot af annarra manna eign og það er ekki skattur heldur leigugjald. Það er ekki skattur ef ég leigi hús hv. 5. þm. Vestf. vestur í Bolungarvík og greiði honum leigugjald fyrir það. Ef hv. þm. leigir sér eign annars manns, annars aðila, ríkisins eða annarra og greiðir afgjald fyrir að fá að nota þessa eign þá er hann ekki að greiða skatt heldur leigugjald. Ég sé satt að segja ekki að slík umræða varði eitthvað það mál sem hér er flutt.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að hér eru vissulega lagðar fram tillögur um aðgerðir. Hér eru hins vegar ekki lagðar fram neinar fullyrðingar. Hér er ekki sagt: Svona og svona á að gera. Þetta á ríkið að leggja fram, þetta eiga sveitarfélögin að leggja fram, og þá gengur allt upp eins og kapall. Við erum búin að reyna svo oft að koma með slíkar patentlausnir úr ræðustól í þinginu. Þær hafa sjaldnast gengið upp því að það gengur afskaplega illa að stjórna svona málum úr ræðustól á Alþingi Íslendinga þar sem menn byggja á brjóstvitinu einu saman. Menn verða að hafa í fyrsta lagi þekkinguna, hvaða vandamál menn eiga við að fást. Í öðru lagi verða menn að líta á reynsluna og hvað segir reynslan okkar? Hvað hefur lánast og hvað hefur ekki lánast? Í þriðja lagi verða menn að líta til nálægra þjóða sem hafa átt við sambærileg vandamál að etja. Hvað hefur lánast af þeim aðgerðum sem þær hafa gripið til og við gætum þá lært af? Síðan eiga menn að sjálfsögðu að leggja saman og sjá hvað það er sem sveitarfélögin geta gert. Hvað það er sem launþegasamtökin geta gert. Hvað það er sem ríkið getur gert. Hvað það er sem Alþingi getur gert til þess að stuðla að því að eðlileg byggð verði á Íslandi. Með eðlilegri byggð á ég við byggð á svæðum þar sem á að vera hægt að búa fólki í fyrsta lagi mannsæmandi lífskjör, á að vera hægt að tryggja örugga atvinnu í öðru lagi og á að vera hægt að tryggja fólki þá þjónustu og þau tækifæri til eðlilegs menningarlífs og samskipta sem nauðsynleg eru í nútímaþjóðfélagi. Ég fæ ekki skilið að menn geti gert einhverjar athugasemdir við það að reyna að byggja málið þannig upp heldur þvert á móti að það sé tími til þess kominn.

Virðulegi forseti. Með þessu er ég ekki að kasta steinum að nokkrum manni eða efast um að fullyrðingar manna kunni að vera réttar en menn hafa ekkert fyrir sér um það annað en brjóstvitið.

[18:18]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í seinni ræðu hv. 4. þm. Vestf. kom fram að hann sagði að menn hefðu barist fyrir algerlega óbreyttu búsetumunstri í gegnum árin. (**SighB:** Framan af, sagði ég, framan af.) Framan af. Ég vildi aðeins koma inn á þetta. Ég held að þetta sé fullmikið sagt. Ég held a.m.k. að allir geri sér grein fyrir því að búsetan breytist og það er ekki hægt að tryggja búsetu á öllum byggðum bólum sem eru byggð í dag. Hins vegar hef ég alltaf litið á baráttuna í byggðamálum sem

baráttu fyrir því að halda byggðinni og það eigi ekki að fara í aðgerðir til þess að flýta fyrir byggðaröskun eins og hefur oft verið. Bardaginn hefur staðið um það og ég tel að t.d. það að tryggja byggð í þéttbýlisstöðum landsins sé þjóðhagslega hagkvæmt. Það er svo komið svo að víða er búið að byggja upp mikla þjónustu í þessum byggðakjörnum og ef þau eru lögð niður, þá þarf að byggja alla þessa þjónustu upp á nýtt í höfuðborginni. Mýmörg dæmi eru um að það þarf að verja aftur í það mjög miklum fjármunum þannig að það má ekki gleyma þessari baráttu varðandi byggðamálin sem er þjóðhagslega hagkvæm til að halda byggðinni í landinu.

Að bera saman leigugjald fyrir hús og aðgang að fiskimiðunum eru náttúrlega algerlega ósambærilegir hlutir og ég er alveg hissa á hv. 4. þm. Vestf. að leggja upp með slíkan málflutning.

[18:20]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um fyrra atriðið sagði ég að framan af hefði lengi verið sú stefna stjórnvalda að verja óbreytt búsetumunstur, m.a. hér á Alþingi. Þetta hlýtur hv. þm. að þekkja enda er hann ritstjóri þess málgagns sem rúm fyrstu 20 árin eftir stofnun flokka okkar beggja hafði það einmitt á stefnuskrá sinni. Ég ætla að taka það fram að ég ætla ekki að kasta neinum steinum á þessum afmælisdegi til okkar gamla samstarfsflokks nema síður væri en ef hv. þm. flettir upp í bók Guðjóns Friðrikssonar um Jónas frá Hriflu þá mundi hann komast að raun um það að fyrstu tvo áratugina var stefnan að vinna gegn þéttbýlismyndun, ekki bara í Reykjavík heldur gegn þéttbýlismyndun á landinu almennt. Þá var gripið til margra úrræða á Alþingi til að tryggja að búsetumynstrið héldist algerlega óbreytt og meira að segja reynt að snúa við og færa fólk úr þéttbýlinu í dreifbýlið, t.d. með lögum um nýbýli og stofnun nýbýla. Í þetta var varið umtalsverðum fjárhæðum þannig að það liggur alveg ljóst fyrir að fyrstu rúmlega tvo áratugina var þetta stefna stjórnvalda.

Um seinna atriðið að líkja saman húsi og fiskimiðum getum einfaldlega sagt: Finnst hv. þm. það siðlegt að tilteknir aðilar, fáir miðað við fjöldann, geti fengið að nýta sér eign annarra manna, eign fjöldans og selt hver öðrum nýtingarréttinn fyrir hátt verð án þess að gjalda eigandanum nokkra leigu fyrir? Mér er alveg sama, virðulegi forseti, þó að hann segi að það eigi ekki við að bera saman fiskimið og hús, en þarna er um það að ræða að nýta sér eignir annarra manna án afgjalds, án þess að greiða fyrir það leigu og meira að segja, virðulegi forseti, að standa í viðskiptum sín á milli með þann nýtingarrétt fyrir háar fjárhæðir.

[18:23]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kannski gert mistök í því að vera svona heldur nálægt nútímanum en hv. 4. þm. Vestf. er hugstætt að flokkurinn á 80 ára afmæli í dag og hverfur 60–80 ára aftur í tímann. Ég hef lesið þessa sögu og það er alveg rétt að áherslurnar á þeim tíma voru aðrar en í dag. Ég var að tala um þær áherslur sem við, núlifandi stjórnmálamenn, höfum lagt. En ég svara ekki fyrir þá sem voru í forsvari fyrir 70–80 árum. Það dettur mér ekki í hug.

Varðandi veiðileyfagjaldið vil ég segja það að hv. 4. þm. Vestf. getur gengið inn í hús án þess að hafa nokkur tæki í höndunum en til þess að veiða þarf hann að hafa skip.

[18:24]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að hægt er að ganga inn í hús án þess að hafa nokkur tæki í höndunum eða tól en það er svolítið erfitt að nýta sér hús til búsetu öðruvísi en að hafa a.m.k. rúm til að sofa í og borð til að snæða við. Ég held að flestir þeir sem greiða leigu til ríkisins fyrir nýtingu á húseign ríkisins leggi sér það til og bæði munn og maga þar að auki og finnst það samt sem áður engin rök fyrir því að greiða ekki leigu.

Virðulegi forseti. Við höfum allir okkar fortíð. Fortíð bæði Framsfl. og Alþfl. er löng. Henni gleymum við náttúrlega ekki. Enda þótt sú stefna sem ég ræddi um áðan sé ekki lengur við lýði þá er ekkert óskaplega langt síðan horfið var frá henni.

[18:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nýti mér rétt minn til andsvara til að koma á framfæri athugasemd um þessa till. til þál. og vil geta þess að ég tel að hún geti verið mjög gagnleg fyrir þingið. Ég sakna þess kannski örlítið að ekki skuli hafa verið reiknað með því sérstaklega að kannað yrði hvernig almennar aðgerðir hafa bætt stöðu landsbyggðarinnar. Ég nefni sérstaklega jafnvægi í efnahagsmálum og ég nefni raunsæja gengisskráningu, hvernig þessar almennar aðgerðir hafa gagnast landsbyggðinni. Í mörgum tilfellum hafa slíkar aðgerðir haft meiri áhrif og betri á atvinnulíf úti á landsbyggðinni en ýmsar sértækar aðgerðir.

Að því er varðar svo auðlindaskattinn er það alveg augljóst mál frá mínum bæjardyrum séð að slíkur skattur mundi koma fram sem landsbyggðarskattur vegna þess að hann mundi leggjast á atvinnugreinar landsbyggðarinnar öðrum fremur. Það er ekki hægt að tala um þetta sem annarra manna eign vegna þess að þessi auðlind er að sjálfsögðu eign þjóðarinnar og þar með líka sjómannanna sem um hana eru að véla. Til þess að varpa ljósi á þetta vandamál er ekki hægt að nefna það dæmi sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson notaði í þessu sambandi þegar hann talaði um að þessir sjómenn væru að nota annarra manna eign. Sú hugmyndafræði á engan veginn við í þessu tilfelli og varpar engu ljósi á málið.

Ég vil í lokin taka það fram að ég tel að sú hugmynd sem kemur fram í þáltill. að skoða nákvæmlega ástæðurnar fyrir byggðaröskun og helstu aðgerðir til þess að treysta byggð á Íslandi sé af hinu góða og hún muni koma þinginu til góða en ég held að hún muni sérstaklega koma þingmönnum Alþfl. til góða.

[18:28]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. og skal taka það fram til þess að forða öllum misskilningi að tillagan var ekki flutt í sérhagsmunaskyni. Tillagan var flutt vegna þess að við flutningsmenn töldu að hún gæti gagnast öllum íbúum á Íslandi vegna þess að það er ekki heldur eftirsóknarvert fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu að landið eyðist á öðrum stöðum.

Við getum rætt lengi um veiðileyfagjald. Ég ræddi ekki um það að sjómenn væru almannaeign. Ég ræddi um það sem er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að miðin eru eign allrar þjóðarinnar. Það eru bara tilteknir örfáir einstaklingar sem hafa leyfi til að nýta sér þessi mið og standa í viðskiptum sín á milli með nýtingarréttinn. Það eru ekki sjómenn. Sjómenn standa ekki í kvótabraski. Sjómenn hafa út af fyrir

sig ekki réttindi til að nýta miðin. Það eru útgerðarmennirnir og eigendur fiskiskipanna sem fyrst og fremst hafa þennan rétt, hafa fengið hann fyrir ekkert hjá þjóðinni en versla með hann sín á milli fyrir miklar fjárhæðir. Mér finnst það ekki eðlilegt svo að ég ítreki það að einhverjir tilteknir einstaklingar fái úthlutað með skömmtunarkerfi frá Alþingi og ofan úr Stjórnarráði einkarétt til að nýta sér almannaeign, fái síðan að versla sín á milli með þann nýtingarrétt og hafa af því miklar tekjur á sama tíma sem eigandinn hefur engar tekjur af auðlind sinni.

[18:30]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að sú aðferð að nýta þjóðareign ákveðnum atvinnugreinum til framdráttar er mjög algeng og viðgengst í mörgum tilfellum eins og t.d. nýting á þjóðgörðum sem ferðaþjónustan nýtir á vissan máta án þess að það sé krafist afgjalds af því og þannig mætti mörg dæmi telja sem eru skyld þessu.

En ég vil aðeins skýra það mál mitt hér að ég taldi að þessi þáltill. mundi gagnast þinginu öllu og kannski þjóðinni allri en einkum og sér í lagi Alþfl. Ég vil nefna sérstaklega að hún gagnast alveg sérstaklega einum af flutningsmönnum þáltill., þ.e. hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni vegna þess að hann er einn af þeim þingmönnum sem opinberlega mæltu gegn því að stofnaður var háskóli á Akureyri og telur að það hafi verið mistök að gera það. Ég hygg að þessi þáltill. ef hún nær fram að ganga og verður samþykkt, muni hún varpa ljósi á það fyrir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hvers vegna slík ákvörðun var réttlætanleg á sínum tíma.

[18:31]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt að það séu skiptar skoðanir um einstakar framkvæmdir. Ég bendi hv. þingmönnum á að það var ekki títtnefndur hv. þm. einn sem hafði efasemdir um byggingu Háskólans á Akureyri. Það voru ýmsir fleiri úr öllum flokkum, þar á meðal úr flokki hv. þm. sem töldu að það væri ekki skynsamlegt. Þessi úttekt mundi þá nýtast öllum flokkum og ekkert síður þingmönnum og ráðamönnum úr flokki hv. þm. en öðrum.

[18:31]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og óska hv. þm. og 1. flm. þessarar tillögu, Sighvati Björgvinssyni, og Alþfl. til hamingju með afmælið og biðja þá um leið að minnast þess manns með virðingu sem skrifaði textann.

Hér hafa verið fróðlegar umræður um byggðamál og sá er skrifaði texta Alþfl. hugsaði til þeirra einnig. Það væri hægt að tala langt mál um þau en menn hafa sagt og fleiri en einn að aðgerðirnar sem gripið hefur verið til í byggðamálum hafa mistekist. Það væri fróðlegt að fá frekari skýringu á því hvað menn eru að tala um.

Vissulega hefur ekki allt tekist. En hvernig væri það ef ekkert hefði verið að gert? Hv. 1. flm. þessarar tillögu hafði það verkefni fyrir ekki löngu síðan að leggja mikla vinnu í að skoða hvort það væri rétt að þetta hefði tekist. Niðurstaða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar var einmitt á þann veg að það hefði ekki brugðist. En auðvitað hefur ekki verið tekið nóg á. Og í sömu andrá nefna menn eitt dæmi sem oft hefur verið gripið til til að koma höggi á þá þróun og uppbyggingu og aðgerðir á landsbyggðinni sem er fiskeldið. Eitt ákveðið blað hefur farið offörum í þeim efnum að reyna að koma höggi á þá grein og þá sem að henni hafa staðið. En mér er það í minni þegar þetta blað var að skrifa í forustugrein um þá sem stóðu í fiskeldi í upphafi þessarar atvinnugreinar á Íslandi. Þá var risafyrirsögnin fyrir forustugreininni: „Vormenn Íslands að verki."

Nei. Það er hægt að tala um byggðamál lengi en menn verða að tala um þau af raunsæi og meiri ábyrgð því að það er mikið í húfi.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því, virðulegi forseti, hverju við höfum verið að tapa og hvar aukningin í atvinnulífi landsmanna er. Við höfum verið að tapa í hefðbundnum atvinnuvegum okkar sem landsbyggðin hefur byggt á og öll aukningin er í þjónustugreinunum sem við höfum ekki getað tekið við vegna þess að okkur landsbyggðarfólki hefur ekki borið gæfa til þess að koma upp ákveðnum sterkum þjónustukjörnum á landsbyggðinni. Það held ég að 1. flm. þessarar tillögu sé mér sammála um.

[18:34]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég hef aldrei sagt að allar aðgerðir sem gripið hefur verið til hafi brugðist. Þvert á móti. Ég hef sagt að sumt hafi tekist en annað ekki. Það væri rétt að gera úttekt á því og fá það fyrir sig lagt hvað hefði lánast af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og hverjar ekki.

Í öðru lagi minni ég á að ég býst við að svona undir lokin hafi hlýhugur alþýðuflokksmanna til þess sem skrifaði textann eins og hv. þm. sagði, þ.e. Jónasar frá Hriflu, verið öllu meiri en hlýhugur hans eigin flokksmanna. Ég held því að við þurfum ekki að bera neinn kinnroða fyrir sögunni í því sambandi nema síður væri.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta mál að sinni annað en það að ég lýsi því yfir að ég get verið að mörgu leyti sammála hv. þm. sem hér talaði áðan en vil þó minna á eitt í lokin. Mikill samstarfsmaður, að vísu ekki flokksbróðir, sagði í bæklingi sem hann gaf út fyrir kosningarnar 1987 að innan fjögurra ára yrði það aðalvandamálið í loðdýrarækt á Íslandi að telja peningana. Það hafa því fleiri feilað en þeir sem hv. þm. ræddi um því að ég held að þegar fjögur ár voru liðin hafi komið í ljós að þeir sem höfðu farið út í þessa atvinnugrein af ýmsum ástæðum, m.a. fyrir hvatningu stjórnmálamanna, þurftu því miður að glíma við önnur og stærri vandamál en að telja peninga.

[18:36]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara vegna lokaorða hv. þm. um loðdýraræktina þá gæti ég átt orðastað við hann um þá atvinnugrein. Því miður er það svo með margar nýgreinar og allt of margar að við sem hér sitjum og stjórnum kannski þessu landi höfum ekki borið gæfu til þess að skilja það að allt nýtt þarf vissa aðlögun. Þessi grein eins og margar aðrar fékk því miður ekki nógu þolinmótt fé. Því miður var það svo.

Nú vilja margir Lilju kveðið hafa. Og þessi grein akkúrat sem hv. þm. var að tala um, loðdýraræktin, nú horfir þar býsna vel. Ég get sagt hv. þm. það að víða eru menn að fara af stað að nýju og Byggðastofnun hefur meira að segja tekið þar á með, með einu skilyrði. Það er að það verði ekki farið út í nýjar framkvæmdir, heldur muni menn reyna að nýta þær fjárfestingar sem nú liggja víða ónýttar vítt og breitt um landið þannig að loðdýraræktin geti orðið það sem hún upphaflega var hugsuð til þess að verða, þ.e. stoðgrein með

hefðbundnum landbúnaði. Hún getur orðið til þess að bændur geti nú setið jarðir sínar við skertan rétt í hefðbundnum búskap.

[18:37]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum vona að þær spár rætist sem hv. þm. hafði uppi og ekki skal standa á mér að slá saman með honum í slíkar vonir. En við skulum líka gæta þess að það var ekki skortur á lánsfé sem stóð í vegi fyrir framgangi loðdýraræktarinnar á Íslandi því að í sumum tilvikum var veitt lán sem var umfram 100% af stofnfé þó að eigin vinna viðkomandi væri reiknuð þar inn í. Vandinn var miklu fremur sá að stjórnmálamenn fóru sér ekki nógu varlega þegar þeir hvöttu bændur sem voru orðnir mjög illa staddir til að fara með afganginn af sínu umráðafé út í þessa atvinnugrein, lofuðu þeim gulli og grænum skógum og spáðu því eins og ég sagði áðan um einn ágætan samþingmann okkar sem gaf út sérstakan pésa fyrir kosningarnar 1987, að slíka gróðavon væri þarna að finna að innan fjögurra ára yrði stærsta vandamál bænda að telja bara peningana sem þeir mundu hagnast á af þessari atvinnugrein. Þetta er það sem getur gerst þegar vonir, óskir og þrár og brjóstvitið eru látin ráða en þekkingin send út á ystu nöf.

[18:39]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræður en vil aðeins fara nokkrum orðum um þá till. til þál. sem hér hefur verið mælt fyrir og er til umræðu, þ.e. um aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi. Ég fagna þessari tillögu og tel að hún sé bæði þörf og nauðsynleg. Hins vegar vil ég taka undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e. að ég held að hún sé ekki síst nauðsynleg endurhæfingarathugun fyrir hv. þingmenn Alþfl.

Ég vil samt sem áður og áður en ég vík að tillögunni, nefna það vegna þeirrar umræðu sem fór fram í andsvörum um loðdýraræktina að ég ætla rétt bara að vona það, hæstv. forseti, að Byggðastofnun fari nú varlega ef hún er byrjuð að veita lán eða styrki til loðdýraræktar vegna þess sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði. Það er afskaplega mikið atriði.

Varðandi þessa tillögu vil ég segja það að ég tel að hún sé að mörgu leyti skynsamlega upp byggð, þ.e. að í fyrsta lagi sé gerð úttekt á því og reynt að meta það hvað hafi einkum valdið þeirri þróun sem hefur orðið hér á landi og við getum ekkert á móti mælt. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt. Í öðru lagi hvaða árangur hafi orðið og leita einnig í þriðja lagi til þess sem hefur gerst í nágrannalöndum og svo í fjórða lagi að gera tillögur.

Auðvitað hefði verið mjög æskilegt til þess að geta hafið pólitíska umræðu um hugmyndir alþýðuflokksmanna að það kæmi fram eins og hv. 5. þm. Vestf. nefndi, hvað Alþfl. leggur sérstaklega til. Ég met hins vegar þær skýringar sem hv. 1. flm., hv. 4. þm. Vestf., nefndi að hann vildi fyrst skoða og kanna áður en gerðar eru tillögur. Ég met þennan rökstuðning. Þegar við skoðum stöðuna og reynum að meta forsendur fyrir stöðugleika og jafnri byggðaþróun, er það í fyrsta lagi mikilvægast að það sé nægilegt framboð atvinnu á þeim svæðum sem byggð er, það sé bærilegt menntunarframboð, það sé þjónustuframboð, svo sem heilbrigðisþjónusta og það sé hóflegt vöruverð í landinu og það kannski ekki hvað síst. Þessi skilyrði hafa ekki verið til staðar í landinu að ég tel. Þess vegna hefur sú röskun orðið sem raun ber vitni. Engu að síður og það vil ég undirstrika, tel ég að e.t.v. sé alvarlegasti þátturinn í þessu öllu saman og sá þáttur sem hefur valdið e.t.v. þeirri miklu röskun sem hefur orðið, að það hafi á tímabili verið röng gengisskráning. Hún hefur leitt til þess að sjávarútvegsfyrirtækin hafa orðið illa úti á meðan þjónustufyrirtækin og m.a. mörg verslunarfyrirtæki hafa notið hennar. Þetta er flókið mál. En ég tel að þetta sé e.t.v. ríkasta ástæðan fyrir því sem hefur gerst.

En hvað er til ráða? Ég bíð eftir þessari könnun áður en ég nefni margar hugmyndir eða tillögur til úrbóta. Það er tvennt sem ég vil þó nefna. Það er algert lykilatriði ef við ætlum að halda eðlilegri byggðaþróun í landinu að við getum nýtt auðlindirnar. Það er forsendan fyrir því að búseta haldist og við getum byggt upp afkomu þjóðarinnar með viðunandi hætti. En meginforsendurnar og þau aðalatriði sem ég tel að stjórnvöld eigi að beita sér í, fyrir utan hinar almennu aðgerðir til þess að styrkja atvinnulífið, eru bættar samgöngur og lækkun á orkuverði í landinu. Ég tel að mikilvægustu aðgerðirnar, beinu aðgerðirnar sem stjórnvöld geta beitt sér fyrir séu þessir tveir þættir, lækkun orkuverðs og bættar samgöngur. Þetta vil ég að komi fram í þessari umræðu en vil að öðru leyti þakka hv. þm. Alþfl. fyrir það frumkvæði sem þeir sýna hér. Ég er sannfærður um að hugur fylgi máli og þeir styðji okkur stjórnarliða í því að bæta sem best aðstöðu hinna dreifðu byggða.

[18:44]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt andsvar vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Kannski hef ég sagt að Byggðastofnun væri byrjuð á, það er ekki rétt ef ég hef sagt það. Byggðastofnun hefur verið að athuga það nú um sinn og um nokkurt skeið að hrinda átaki á stað til þess eins og ég sagði að aðilar færu af stað með loðdýrarækt að nýju gegn því að nýta þær fjárfestingar sem þegar eru til á jörðunum þannig að menn fari ekki út í nýjar fjárfestingar.

Ég fullyrði það líka við hv. þm. að það muni örugglega verða farið varlega í þessum efnum því vissulega eru menn brenndir og margir illa brenndir í þessari grein. En það hefur líka margt jákvætt áunnist. Menn búa nú yfir mikilli þekkingu á loðdýrarækt á Íslandi. Menn eiga góð dýr sem hafa skilað mjög háu skilaverði til íslenskra loðdýrabænda. Og menn eiga annað sem aðrar þjóðir geta ekki státað af sem eru í loðdýrarækt. Íslendingar eiga trúlega einir ósýktan loðdýrastofn sem kannski kemur til með að gefa loðdýrabændum miklu hærra verð en menn hafa áður talað um. Eins og ég var að reyna að segja áðan í örstuttu máli er og var meiningin að loðdýrarækt yrði fyrst og fremst stoðgrein við hefðbundinn landbúnað til að gera bændum mögulegt að sitja jarðir sínar við skertan rétt í hefðbundnum búskap þannig að menn gætu nýtt þær fasteignir og fjárfestingar sem ævistarf bóndans liggur í. Og ég vona svo sannarlega að það takist, en vissulega er alltaf því miður of mikið af úrtölumönnum til í þessum efnum.

[18:47]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki telja mig í hópi úrtölumanna hvað varðar atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. (**StG:** Ég var ekki að tala um hv. þm.) Ég fagna því, hv. þm. Ég tel engu að síður að það þurfi að fara varlega og ég fagna því sem hv. þm. sagði. Ég er sannfærður um að hann mun leggja til að farið verði fram af skynsemi. En ég tel að svo brennd séu stjórnvöld af þessari atvinnugrein, og kannski ekki síst þeir sem hafa m.a. staðið fyrir því ábyrgðarhlutverki að lána, að það þurfi að fara gætilega. Ég tel að stjórnarflokkarnir

sem þurfa þá að bera ábyrgð á þeim aðgerðum sem snúa að loðdýraræktinni þurfi að tala sig rækilega og vel saman áður en næstu skref eru tekin hvað varðar eflingu hennar, nema það sé alveg tryggt að markaðirnir séu í lagi og þær aðgerðir sem farið er út í séu nokkuð tryggar og öruggar.

[18:48]

Útbýting þingskjals:

Mannanöfn, 73. mál, rökst. dagskrá SvG og HG, þskj. 691.

[18:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins svara þeim spurningum sem til mín var beint og árétta fáein atriði sem mér finnst ástæða til að koma inn á í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur síðan ég talaði síðast.

Þá vil ég fyrst víkja að því sem nefnt var um að sveitarfélögin væru að eigin frumkvæði að sækjast eftir því að taka að sér ný verkefni. Minnt var á þá væntanlegu breytingu sem fram undan er, þ.e. að sveitarfélögin taki að sér rekstur grunnskóla og átak um sameiningu sveitarfélaga. Ég vil segja að það að sveitarfélögin taki að sér rekstur grunnskóla er engin breyting hvað landsbyggðina varðar. Það er ekki verið að flytja nein verkefni til landsbyggðarinnar sem ekki voru þar fyrir. Það er ekki verið að flytja fjármuni út á land sem ekki voru þar fyrir. Það eina sem verið er að gera er að breyta um húsbændur þeirra sem sjá um fræðsluna. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hver eigi að gera hvað í þessu efni, ríkið eða sveitarfélögin, en hvað landsbyggðina varðar eru útgjöldin þau sömu og verkefnin þau sömu. Breytingin eflir því ekki þrótt landsbyggðarinnar nema menn gefi sér að sveitarfélögin fái meiri tekjur með verkefninu en þau þurfa til að sinna því og geti notað viðbótarpeningana til nýrra verkefna. En ég hygg að menn séu almennt sammála um að svo er ekki. Það er ekki það sem felst í þessari breytingu.

Ég vil undirstrika að þar sem menn fóru út í að endurskipuleggja sveitarstjórnarstigið eins og hér var gerð tilraun til árið 1993 með fækkun sveitarfélaga, eins og gert var í Noregi og í Frakklandi, þá fylgdu því aðrar aðgerðir sem áttu að vera þeim til stuðnings. Samanlagt áttu þessar aðgerðir að efla styrk dreifbýlisins eða landsbyggðarinnar í þessum löndum og þar vó þyngst endurskipulagningin á ríkisvaldinu sjálfu. Í öllum skýrslum sem ég hef lesið um þessar breytingar í Noregi og Frakklandi ásamt öðru efni sem unnið var í sambandi við þá vinnu sem fram fór og var undanfari tillögugerðar um sameiningu sveitarfélaga, var ævinlega skýrt tekið fram að fylgja þyrfti með endurskipulagning á ríkisvaldinu sjálfu, stofnunum ríkisins, hlutverki þeirra og miðstjórnarvaldinu. Þetta vita menn, bæði af reynslu annarra þjóða og innlendra manna sem viðað hafa að sér efni um þetta. Menn hafa því efnið fyrir framan sig og geta tekið sínar pólitísku ákvarðanir. Sú ríkisstjórn sem síðast sat hafði pólitíska skoðun á þessu verkefni. Hún var á móti því að þessi endurskipulagning á ríkisvaldinu færi fram, þ.e. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Hún var einfaldlega á móti því. Það er pólitísk afstaða. Það sem mér finnst kannski helst vandinn með þessa tillögu er sá að hún er lögð upp eins og það sé eitthvert hlutlaust efni að styrkja byggð á Íslandi, það sé bara hægt að safna einhverjum upplýsingum og koma svo með tillögur. Þannig er það ekki. Þetta er pólitískt mál. Menn mega ekki draga athyglina frá þem þætti málsins að hér er fyrst og fremst um að ræða spurningu um pólitískar áherslur. Síðasta ríkisstjórn tók þá pólitísku afstöðu að vera á móti því að dreifa ríkisvaldinu og það drap allan hugsanlegan ávinning af sameingingu sveitarfélaga. Það gerði málið gersamlega marklaust.

Ég hef ítrekað vakið athygli á þessu og haldið fram þessu sjónarmiði, bæði í nefndarstarfi og inni á þingi. Þar af leiðandi hef ég útmálað mínar pólitísku áherslur í þessu efni og málið liggur þannig fyrir að menn þurfa einfaldlega að taka pólitíska afstöðu. Það er miklu stærri hlutur í málinu en látið er í veðri vaka með þessari tillögu þar sem hún er lögð upp eins og þetta sé bara eitthvert hlutlaust efni sem menn geti kippt í liðinn ef menn safna einhverjum tilteknum upplýsingum. Þessi nefnd mun aldrei geta svarað þessum pólitísku spurningum. Alþfl. hefur svarað þeim fyrir sitt leyti með þeirri afstöðu sinni að leggjast gegn þriðja stjórnsýslustiginu og taka upp veiðileyfagjald. Þetta eru allt saman pólitískar áherslur sem hafa mikil áhrif á framvindu í byggðaþróun.

Mér finnst varla að maður geti farið út í það að rökræða við hv. þm. Sighvat Björgvinsson um muninn á að leigja hús og að taka upp veiðileyfagjald. Það þarf kannski aðeins að fara yfir það mál, en niðurstaðan af veiðileyfagjaldi er einföld. Hún þýðir að menn ætla að láta suma borga skatt sem aðrir þurfa ekki að borga. Menn ætla að ná inn tekjum fyrir ríkissjóð. Samkvæmt úttekt Dagblaðsins á þessari stefnu Alþfl. þýðir hún, miðað við markaðsverð á leigukvótum í dag, 26 þús. millj. á hverju einasta ári sem sjávarútvegurinn verður að greiða. Þar verða engin ný verðmæti til. Þetta er tekið af þeim peningum sem fyrir eru, þannig að sjávarútvegurinn hefur bara þeim mun minna úr að spila, hvort sem það verða 26 milljarðar á ári eða einhver önnur tala. Það getur ekki styrkt landsbyggðina að taka milljarða kr. á hverju einasta ári frá landsbyggðinni og setja í ríkissjóð í Reykjavík, sem notar þá svo til að borga rekstrarkostnað ríkisins sem að mestu leyti er í Reykjavík. Ég er þeirrar skoðunar að það geti ekki verið styrkur fyrir landsbyggðina, en um það eru skiptar pólitískar skoðanir.

Ég vil benda á eitt atriði sem mér finnst að menn mættu huga að og mætti þá taka með ef reynt verður að vinna upp úr þessari tillögu ályktun sem menn geta sameinast um. Það þarf að opna augu manna fyrir því hvað það kostar íslenska þjóð að búa til þetta höfuðborgarsvæði. Það er vandlega falið í öllum skýrslum hvað það kostar íslenska þjóð marga milljarða á hverju ári að reka þjóðfélagið með þessum hætti en ekki með dreifðari byggð eins og eðlilegt væri, a.m.k. að mínu mati.

Menn verða að taka saman kostnaðinn hér af allri mannvirkjagerðinni, af slysunum, af öllum stóru stofnununum sem enginn ræður við að reka í dag. Hver hefur yfirsýn yfir rekstur þessara stóru ríkisspítala sem eru orðnir alger skrímsli og enginn getur náð tökum á? Bara á síðustu tíu árum hefur ójafnvægið verið þannig að öll fólksfjölgunin á landinu hefur orðið hér. Hefði fjölgað annars staðar jafnmikið og hér, væri um 10–12 þúsund manns færra á höfuðborgarsvæðinu en er í dag. Það er nokkurn veginn sá fjöldi sem býr í Grafarvogi. Og hafa menn kynnt sér hvað Grafarvogur kostar? Það eru tugir milljarða sem menn hefðu að verulegu leyti getað komist hjá að leggja út í sem kostnað, ef það hefði verið jafnvægi í byggðaþróuninni.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er lokið og ég læt hér staðar numið.

[18:57]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir með hv. 1. flm.,

Sighvati Björgvinssyni, að það hefur örugglega ekkert eitt á síðasta kjörtímabili stuðlað eins mikið að framgangi og því að viðhalda byggð í hinum dreifðari byggðum landsins en EES-samningurinn. Ég held að það sé alveg ljóst. Eins og staðan er í dag, er fátt sem við getum gert betra til að styrkja byggðina en að byggja upp og auka samgöngurnar.

Varðandi það sem ég nefndi áðan um þær hugmyndir sem kæmu fram í tillögunni um það til hvaða ráða ætti að grípa í sambandi við byggðamálin og það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði í sinni ræðu áðan um það sem hefur verið að gerast í Wales á kolanámusvæðunum, held ég að við verðum að horfast í augu við að hinar dreifðari byggðir hér á landi eiga afskaplega lítið sameiginlegt með kolanámusvæðunum í Suður-Wales. Á kolanámusvæðunum í Suður-Wales búa 2 millj. manna, tveir þriðju af íbúatölu Wales. Þarna er ekki um að ræða dreifða byggð eins og við erum að tala um á Norðausturlandi, Norðvesturlandi eða Vestfjörðum. Þetta er eitt af þéttbýlustu svæðum Stóra-Bretlands og þarna eru hefðbundin kolanámu- og stáliðnaðarsvæði.

Árið 1994 var tilkynnt að þarna yrði eytt í styrki af hálfu ríkisstjórnar Íhaldsflokksins í Bretlandi 1.000 millj. sterlingspunda. Ég held því að aðstæðurnar sem þarna er um að ræða eig afskaplega lítið sameiginlegt með hinum dreifðari byggðum hér á landi. Ef það er eitthvert svæði sem þær eiga eitthvað sameiginlegt með, er það frekar þéttbýlissvæðið á suðvesturhorninu. Þá er það starf sem unnið hefur verið á Suðurnesjunum varðandi frísvæði og á Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu einna helst það sem kemst nálægt því hjá okkur að vera eitthvað í líkingu við það sem hefur verið að gerast á kolanámu- og stálsvæðunum í Suður-Wales. En þrátt fyrir það að ég telji það jákvætt sem þar hefur verið að gerast og þær hugmyndir sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi að hann vildi draga sinn lærdóm af þessu starfi sem fram hefur farið í Wales, þá er þar samt um að ræða gríðarlega mikið styrkjaverkefni af opinberri hálfu. Það er þetta sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur verið að gagnrýna og ég hef verið að taka undir með honum að við værum að reka stefnu styrkja og niðurgreiðslna en ekki stefnu þar sem um væri að ræða frjálst atvinnulíf og markaðsbúskap. Um það snerist EES-samningurinn. Hann snerist um frelsi í atvinnulífi og markaðsbúskap en ekki um styrkjastefnur.

[19:01]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er mér það ljóst að það er mikill munur á dreifbýlinu á Íslandi og í Wales, jafnvel þótt það sé útkjálkahérað og hafi verið. En það var ekki á grundvelli kolanámanna og stáliðjuveranna sem uppbyggingin átti sér stað heldur á grundvelli allt annarra atvinnuþátta sem voru þeim mjög framandi. Sú starfsemi til uppbyggingar fékk ekki meiri stuðning en veittur er annars staðar á Bretlandseyjum fjarri háborginni London og svæðinu þar í kring, ekki meiri.

Ég minni bara á það, virðulegi forseti, að það eru tveir byggðakjarnar á Íslandi sem eru að skoða nákvæmlega sambærilegar aðgerðir og þar voru reyndar. Það er annars vegar Eyjafjarðarsvæðið sem vill kynna kosti sína til nýrrar framleiðslu og hins vegar kjarnabyggðin á Austurlandi. Það eina sem ég leyfði mér að benda á, virðulegi forseti, er að við þurfum ekki að finna upp hjólið. Þetta hjól hefur þegar verið fundið upp og menn hafa ekið því á undan sér með góðum árangri í grannlöndunum sums staðar. Við eigum að læra af því því að það er ýmislegt í þeirri reynslu sem við getum nýtt okkur, m.a. til framdráttar verkefnum á svæðinu sem ég nefndi áðan sem menn hafa áhuga á. Við eigum ekki að þurfa að eyða tíma, fé og fyrirhöfn í að finna þetta allt saman upp sem aðrir hafa löngu fundið upp á undan okkur og notað með góðum árangri.

[19:03]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona bara að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson misskilji mig ekki. Ég var ekki að segja að það hefðu verið settar þúsund milljónir sterlingspunda í stáliðnaðinn eða kolaiðnaðinn í Suður-Wales. Það er auðvitað sá iðnaður sem hefur verið á undanhaldi þar. Ástæðan fyrir þessum styrkjum hefur verið sú að menn hafa verið að reyna að byggja eitthvað upp í staðinn og útvíkka möguleikana og auka fjölbreytnina nákvæmlega eins og hann var að lýsa.

Það er út af fyrir sig gott að menn geri það og það er hárrétt hjá honum að menn eiga ekki alltaf að vera að reyna að finna upp hjólið. Nákvæmlega það sem ég er að segja er það að sú styrkja- og niðurgreiðslustefna sem beitt hefur verið hefur ekki gengið upp. Hann hefur gagnrýnt það. Ég hef tekið undir með honum en hann er samt sem áður að boða þessa styrkja- og niðurgreiðslustefnu í tillögu sinni.

[19:04]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hv. þm. kallar styrkja- og niðurgreiðslustefnu eru úrræði sem hefur verið beitt í mörg herrans ár og er beitt enn. Spurningin er bara sú hvort þær aðferðir sem menn hafa valið skila tilætluðum árangri. Mér dettur ekki í hug að það verði alfarið afnumið að reynt verði af opinberri hálfu að styðja t.d. við atvinnulíf á stöðum sem eru að hrynja, ekki vegna þess að þeir liggi ekki vel við veiðum eða ekki sé næg þekking á veiðiskap eða öðru slíku heldur vegna þess að fyrirtækin eru svo veik að þau eru að missa kvótann úr byggðarlaginu og ekkert er eftir. Auðvitað verður haldið áfram að styðja við bakið á slíkum aðilum. Auðvitað verður reynt að koma í veg fyrir það að heilu héruðin leggist í auðn. Spurningin er bara sú hvort þær leiðir sem við höfum valið hafi skilað nægilega góðum árangri eða hvort við getum lært af reynslu okkar sjálfra og af úrræðum annarra. Ég tek það fram að þessir svokölluðu opinberu styrkir til uppbyggingar atvinnulífi í Wales, fyrst við erum alltaf að tala um það, er ekki nema lítill þáttur í því sem réði úrslitum um að þessi tilraun þeirra tókst. Það voru ýmsir aðrir sem komu að þeirri lausn, m.a. menntakerfið, m.a. verkalýðshreyfingin, m.a. sveitarstjórnir, m.a. öflugt kynningarstarf á þeim tækifærum sem þarna buðustu o.s.frv. Af þessum fordæmum eigum við að reyna að læra þannig að þeir peningar sem við notum í þessu skyni nýtist sem best.

[19:05]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt af mér að taka að minnsta kosti viljann fyrir verkið og trúa því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er að halda fram. Hann er að reyna að vinsa úr þeim tillögum sem hann hefur séð annars staðar frá þá hluti sem ekki eru, sem ég hef nefnt hér, styrkja- og niðurgreiðslustefna. Hann vill læra af reynslunni. Við beitum ekki þeim aðferðum heldur eins og hann nefndi sjálfur í sinni ræðu. Við beitum almennu aðgerðunum sem felast í hlutum eins og EES-samningnum og samgöngubótum. Ég held að

við getum því hætt að karpa um það að þessu sinni en ég mun fylgjast mjög grannt með því hvernig þessu máli vindur fram hjá hv. þm. og með því að það sé um það að ræða að ég ætli að taka viljann fyrir verkið hjá hv. þm. að þessu sinni.

[19:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram um margt mjög áhugaverðar umræður um byggðamál. Ég held að það sé mjög gott að á Alþingi skuli menn ræða þessi mál því að það virðist ekki alltaf vera mikill áhugi á þessum málaflokki. Það sem ég vildi vitna í er t.d. það sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi að hér duga ekki eingöngu skýrslugerðir og tölusafnanir heldur er hér um mjög pólitísk mál að ræða og það þarf að taka pólitískar ákvarðanir.

Hv. 2. þm. Vesturl. nefndi t.d. raforkumálin. Ég vil taka undir að það er þáttur sem þarf virkilega að taka á og það er pólitísk stefnumótun að það skuli vera neytendur raforku á svæðum Rariks og Orkubús Vestfjarða sem byggja upp dreifikerfið í sveitum landsins. Það hlýtur að vera pólitísk stefnumótun. Ekki eru það íbúar höfuðborgarsvæðisins sem taka þátt í því verkefni. Það er að mörgu að hyggja í þessu.

Ég vil einnig nefna það að menn hafa dundað við svona skýrslugerðir fyrr og margar ágætar. Ég vil minnast á skýrslu sem var gerð hjá Byggðastofnun árið 1989. Það var Ársæll Guðmundsson sem tók þessa skýrslu saman og hún heitir Kostnaður þéttbýlismyndunar.

Ég hef ekki orðið sérstaklega vör við það að menn hafi tekið mikið mið af þessu í sinni pólitísku stefnumótun að undanförnu en þá þótti mönnum rétt að líta á það hvernig þessi þróun væri og hvaða kostnað hún hefði í för með sér fyrir þjóðarbúið. Það verður að segjast eins og er að heildaráhrifin af þeirri byggðaþróun sem við höfum horft upp á eru afskaplega neikvæð í heild sinni fyrir þjóðarbúið. Maður hefur samt sem áður ekki séð að þetta hafi skipt verulega miklu máli í pólitískum ákvörðunum og því sem menn hafa verið að framkvæma núna á allra síðustu árum. Þessi skýrsla varð gerð 1989 og satt að segja lítið verið hampað. Þar er lagt mat á ýmsa þætti, skóla, dagvistun, vatnsveitur, vegagerð og samgöngutæki og mjög margt fleira. Eins eru huglægir þættir eins og lífskjör sem eru tekin út frá öðrum þáttum en beinum hagrænum sjónarmiðum og þróun félagsmála. Þetta þykir mér afskaplega merkileg skýrsla. Ég held að það sé ástæða til þess að fara í slíka skýrslugerð aftur. Þá á ég við að menn reyni að meta það hvert þessi þróun er að leiða okkur. Á endanum ef þetta breytist ekki, sitjum við uppi með borgríki. Það bara leiðir af sjálfu sér. Ég held að það sé ekki nokkur maður sem hefur í rauninni áhuga á því. En til þess að breyta þessari þróun verður að spyrna við fótum og það fyrr en seinna, mundi ég halda.

Að síðustu vil ég vitna í það sem hv. flm., Sighvatur Björgvinsson, sagði í upphafi að byggðamál væru sjálfstæðismál. Ég held að það sé akkúrat punkturinn og við verðum að vinna út frá því sjónarmiði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 302. mál. — Þskj. 542.

[19:12]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögu þessari til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara er markmiðið að dregið verði úr óhóflegri gjaldtöku og skattlagningu á skuldir og vanskil einstaklinga. Auk þess felur tillagan í sér að tryggð verði betur réttarstaða fólks við fjárnám, uppboðsaðgerðir og gjaldþrotameðferð.

Ástæður þessarar tillögu eru augljósar. Á síðustu sjö árum hefur þjóðin gengið í gegnum miklar efnahagsþrengingar sem ekki síst hafa bitnað á launafólki og þrengt að heimilum landsins. Launafólk tók á sig verulegar byrðar á sama tíma og byrðum var létt af fyrirtækjum og skapað svigrúm til að treysta atvinnulífið. Frá 1990 þegar þjóðarsáttin var gerð og fram til síðustu áramóta hafa fyrirtækin greitt niður skuldir sínar um 24 milljarða en á sama tíma hafa heimilin aukið sínar skuldir um 120 milljarða kr. Hér er um að ræða 440 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Það verður að segja eins og er, virðulegi forseti, að hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða og augljóslega er hér um hluta af herkostnaði launafóks við þjóðarsáttina að ræða.

Því til viðbótar að skuldaaukning heimilanna hefur á þjóðarsáttartímanum orðið 120 milljarðar kr. má sjá af svari fjmrh. í þingsölum í gær við fyrirspurn minni um hvernig ríkið skattleggur skuldir fólks að svo virðist vera að ríkið hafi skattlagt skuldir fólks um 17–18 milljarða á þjóðarsáttartímanum. Af þessum 120 milljörðum kr. er um að ræða um 30 milljarða kr. sem eingöngu má rekja til neyslu.

Þessi skuldaaukning heimilanna á sér vissulega ýmsar skýringar. Launin hafa verið nánast óbreytt frá 1990, eftirvinna hefur dregist verulega saman auk þess sem með stjórnvaldsaðgerðum hafa verið lagðar ýmsar byrðar á heimilin í landinu. Sköttum var t.d. létt af fyrirtækjum en skattbyrði heimilanna aukin. Það var m.a. gert í nafni þjóðarsáttar til að treysta atvinnulífið. Síðan hafa heimilin orðið fyrir ýmsum skerðingum vegna ýmissa stjórnvaldsaðgerða sem dregið hafa úr ráðstöfunartekjum heimilanna.

Á sama tíma og heimilin hafa aukið skuldir sínar — það varð 120 milljarða kr. raunaukning á skuldum þeirra á þjóðarsáttatímanum — er ljóst að m.a. hið opinbera hefur verið að hafa verulegar tekjur af fjárhagserfiðleikum heimilanna í landinu. Við þær aðstæður sem heimilin hafa búið við er mjög óeðlilegt að ríkisvaldið sé að græða á neyð þeirra.

Samhliða þessari þáltill. lagði ég fram fyrirspurn til ráðherra um gjaldtöku á skattlagningu skulda einstaklinga. Þar kemur fram að ríkisbókhald getur ekki sundurliðað hvort um einstaklinga eða lögaðila er að ræða en í heild hefur ríkissjóður innheimt í stimpilgjöld, þinglýsingar og innheimtu vegna fjárnáms og nauðungarsölu undanfarin þrjú ár um 8 milljarða kr. Þá var spurt um tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum en ríkisbókhald taldi sig ekki geta svarað þeirri spurningu. Hægt er þó að nálgast svar við þeirri spurningu. Þegar litið er til veltu í atvinnugreininni, lögfræðiþjónusta, fasteignaþjónusta, kom í ljós að veltan í greininni var á árinu 1993 tæpir 3 milljarðar kr. og skil á virðisaukaskatti um 550 millj. kr.

Ef litið er á þjóðarsáttatímann eða sl. sex ár, 1990–1995, má ætla út frá svari fjmrh. og þeim upplýsingum sem nálgast má varðandi lögfræðikostnað að ríkissjóður hafi á þjóðar-

sáttatímanum haft í tekjur vegna gjaldtöku eða skattlagningu af skuldum einstaklinga um 17–18 milljarða kr. Þar að auki er um að ræða þóknun lögmanna og fjármálastofnana, svo sem banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja fyrir innheimtuaðgerðir sem oft er umtalsverður kostnaður við vanskil. Því er ljóst að ríkið, fjármálastofnanir, lögmannastéttin og aðrir innheimtuaðilar hafa haft miklar tekjur af fólki sem býr við sára neyð og á í miklum greiðsluerfiðleikum. Það hlýtur að vera brýnt nú þegar betur árar í þjóðfélaginu og leitað er leiða til að finna úrlausn fyrir mjög skuldug heimili í landinu að ríkisvaldið líti í eigin barm og skoði hvort ekki sé rétt að dregið verði úr gjaldtöku og skattlagningu hins opinbera vegna skulda einstaklinga, svo sem vegna stimpil- og þinglýsingargjalda, gjaldtöku við fjárnám og nauðungarsölu og virðisaukaskatt og innheimtukostnað lögmanna en það er ein þeirra tillagna sem koma fram í þessari tillögu.

Í greinargerð koma fram mörg dæmi um, virðulegi forseti, að þegar einstaklingur og heimili komast í greiðsluþrot með skuldir sínar er það oft að svo gífurleg gjaldtaka, vextir og kostnaður ríkis og kröfuhafa hefur gert útslagið um það að fólk hefur ekki getað náð tökum á fjármálum sínum. Þannig er algengt að þóknun, kostnaður og álög á skuldir einstaklinga til ríkis og innheimtuaðila geta þegar upp er staðið orðið mun hærri en höfuðstóll skuldarinnar og eru rakin um það nokkur dæmi í greinargerð með þáltill. Slík skattheimta ríkissjóðs misbýður siðferðiskennd fólks og verður oft til þess að brjóta niður einstaklinga sem þurfa á öllu sínu að halda til þess að ráða fram úr erfiðleikunum. Það hlýtur að vera siðferðileg spurning hvort réttlætanlegt sé að ríkið nýti sér þannig neyð fólks í tekjuöflunarskyni og komi jafnvel í veg fyrir að það geti náð tökum á lífi sínu á nýjan leik.

Eðlilegt er að fólk sem lendir í vanskilum greiði fyrir þau útgjöld sem kröfuhafi eða ríkið verður fyrir af þeim sökum en þegar gjaldtakan er orðin margföld sú fjárhæð sem svarar beinum útgjöldum ríkissjóðs er um beina skattlagningu að ræða á skuldir og neyð heimilanna í landinu.

Í tillögunni sem hér er flutt er lýst ýmsum aðgerðum sem ég tel brýnt að hv. Alþingi skoði og sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Ég hef nefnt að dregið verði úr gjaldtöku og skattlagningu hins opinbera sem ég hef lýst áður. Ég tel að það verði að tryggja betur rétt skuldara við fjárnáms- og uppboðsaðgerðir og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað uppboðsmeðferðar eða gjaldþrotaskipta.

Það væri ástæða, virðulegi forseti, til þess að fara nokkrum orðum um greiðsluaðlögun. Um það mál var rætt töluvert í þingsölum í gær en þar kom í ljós að Framsfl. hefur horfið frá því að koma á lögum um greiðsluaðlögun, en á það er lögð mikil áhersla í þáltill.

Það er líka lagt til að sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum. Ástæða til þess að fagna því, virðulegi forseti, að það kom fram í umræðunum í gær þegar ég beindi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um það efni að svo virðist vera að hæstv. dómsmrh. ætli að leggja fram frv. sem tryggi lagastoð þannig að hægt verði að setja opinbera gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna. Ég er sannfærð um að sú leið mun skila árangri því að eins og fram kemur í dæmum í þessari þáltill. leggjast himinhár gjaldtökur á kröfur einstaklinga þegar svo er komið að mál einstaklinga eru komin í fjárnám að ekki sé talað um gjaldþrotameðferð.

Ástæða væri til að nefna, virðulegi forseti, að gera þarf sérstaka skoðun á hvort það sé rétt leið sem við förum að legga á svona mikla dráttarvexti. Við leggjum á dráttarvexti beint á skattaskuldir einstaklinga og eins á meðlög og fleiri þætti. Ég tel fulla ástæðu til þess og mun skoða það sérstaklega að flytja þingmál um það efni að þessi þáttur vaxtalaga verði skoðaður sérstaklega, að horfið verði frá þeirri dráttarvaxtatöku sem við höfum búið við allt of lengi.

Virðulegi forseti. Ég ræddi nokkuð í gær um eina af þeim tillögum sem koma fram í tillögunum, þ.e. að það sé nauðsynlegt að setja reglur sem tryggi betur réttarstöðu ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga, svo sem skyldur lánveitenda til að upplýsa ábyrgðarmenn um hvað felst í sjálfskuldarábyrgð og/eða veðleyfi þeirra. Í svörum hæstv. dómsmrh. við fyrirspurn minni, sem birtust fyrir nokkru á Alþingi, kom í ljós að um þriðjungur fjárnámsbeiðna falla á ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga. Það er ekki hægt að ganga fram hjá þessari staðreynd og láta eins og ekkert sé og því er nauðsynlegt að settar verði reglur sem tryggi betur réttarstöðu þeirra.

Einnig tel ég nauðsynlegt með líkum hætti eins og lagt er til varðandi lögmenn að settar verði reglur fyrir fjármálastofnanir um hámark gjaldtöku vegna vanskila skuldara.

Í lokin er lagt til að efnalitlu fólki verði tryggð ókeypis lögfræðiþjónusta og fjármálaaðstoð vegna innheimtuaðgerðar kröfuhafa. Árið 1990 var lagt fram stjfrv. sem kom til móts við þessa tillögu en ég heyrði á svörum hæstv. dómsmrh. í gær að ekki eru uppi nein áform af hálfu ríkisstjórnarinnar um að flytja frv. um það efni sem hefur svo oft komið til tals í sölum þingsins um að setja löggjöf um að tryggja efnalitlu fólki ókeypis lögfræðiþjónustu. Ég vona að sú nefnd sem fær málið til meðferðar skoði þetta sérstaklega.

Virðulegi forseti. Auðvitað væri ástæða til þess að ræða þetta mál miklu ítarlegar en ég hef gert en ég sé ekki ástæðu til þess enda er fámennt í þingsölunum. Ég vil í lokin segja að þó svo virðist vera að hér sé um að ræða tillögu sem hafi í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð er ekkert einsýnt að svo þurfi að vera og alls ekki sjálfgefið. Það er ekki þjóðhagslega hagkvæmt að illa statt fjölskyldufólk missi allar eigur sínar í kjölfar minnkandi launa eða atvinnuleysis. Við vitum að því fylgja aukin félagsleg vandamál, meiri þörf fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins og þar með aukin útgjöld ríkis og sveitarfélaga. Þótt tillagan feli í sér einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð er tekjutap ríkissjóðs þess vegna ekki sjálfgefið þegar á heildina er litið vegna aðgerða til aðstoðar skuldara sem búa við neyð. Það er vilji fyrir því í þingsölum og ríkisstjórnin hefur einnig látið það koma fram að það sé nauðsynlegt að taka á málefnum skuldugra heimila. Ég held að þær tillögur sem ég hef lagt fram hljóti að vera innlegg í þá umræðu þegar við höfum það svart á hvítu fyrir framan okkur samkvæmt svörum frá ráðuneytum að skattlagning ríkisins á skuldir heimilanna í landinu gangi úr öllu hófi og séu algerlega himinhrópandi. Þau svör sem liggja fyrir hljóta að verða til þess að tekið verði á málinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. og 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:25.

106. FUNDUR

miðvikudaginn 13. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Gjaldskrá Pósts og síma, fsp. SF, 350. mál, þskj. 608.
2. Vá vegna olíuflutninga, fsp. HG, 354. mál, þskj. 614.

Til menntamálaráðherra:

3. Endurskoðun íþróttalaga, fsp. BH, 347. mál, þskj. 605.

Til iðnaðarráðherra:

4. Kærumál vegna undirboða, fsp. SvG, 348. mál, þskj. 606.
5. Skipasmíðaiðnaðurinn, fsp. SvG, 349. mál, þskj. 607.

Til umhverfisráðherra:

6. Mengunarhætta vegna olíuflutninga, fsp. HG, 353. mál, þskj. 613.

Til utanríkisráðherra:

7. Framtíðarsamvinna Íslands og Vestur-Evrópusambandsins, fsp. KPál, 375. mál, þskj. 659.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 394. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 692.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 99. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 690.

Tekjuskattur og eignarskattur, 393. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 688.

Verðbréfaviðskipti, 97. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 689.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu. Kl. 3.30 fer fram utandagskrárumræða og er málshefjandi Margrét Frímannsdóttir. Dómsmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða. Efni umræðunnar er aukastörf dómara.

Gjaldskrá Pósts og síma.

Fsp. SF, 350. mál. — Þskj. 608.

[13:36]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Fyrri fsp. mín til hæstv. samgrh. er eftirfarandi, með leyfi forseta:

Hefur Póstur og sími einhver áform um að taka upp eina gjaldskrá fyrir símtöl innan lands?

Lengi hefur verið talað um hve brýnt sé að landsmenn sitji við sama borð hvað varðar símkostnað innan lands. Slíkt sé jafnréttismál, auki viðskipti o.s.frv. Tekin hafa verið jákvæð skref í þá átt að jafna símkostnað landsmanna á undanförnum árum en manni er spurn af hverju á ekki að jafna símkostnaðinn algjörlega

Nýtt sjónarmið rekur nú mjög á eftir því að símkostnaður verði jafnaður. Það er tilkoma Internetsins eða Veraldarvefsins því að tæknin er þannig að maður tengist netinu í gegnum símalínur. Á síðustu vikum og mánuðum hefur notkun tölvunnar í samskiptum manna aukist til mikilla muna og má raunar tala um að um upplýsingabyltingu sé að ræða, a.m.k. hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu sem höfum aðgang að öllum þjónustuaðilum Internetsins á viðráðanlegu verði. Það sama verður varla sagt um íbúa landsbyggðarinnar sem ofan á taxta til þjónustuaðila þurfa að greiða langlínutaxta til símans vegna þess tíma sem þeir eru tengdir við Internetið. Það hlýtur að vera okkur kappsmál að allir landsmenn hafi sömu möguleika til að nýta sér upplýsingatæknina og taka þátt í þessari byltingu. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þeir sem ekki verða tölvulæsir um aldamótin og færir um að nálgast og hagnýta sér upplýsingar sem liggja inni á alþjóðlegum gagnabönkum sér til gagns verða í sömu sporum og þeir sem voru ólæsir um síðustu aldamót.

Það er eitt af grundvallaratriðum íslenskrar menntastefnu að hér ríki jafnrétti til náms og að allir hafi sömu möguleika til menntunar og þekkingar. Það er hlutverk okkar á Alþingi að fylgjast með þróun mála í samfélaginu og tryggja að allir landsmenn hafi sömu möguleika.

Það er hægt með tvennum hætti. Annars vegar með því að byggja upp dýra þjónustu á öllum gjaldskrársvæðum símans til að allir sitji við sama borð og geti náð sambandi við Internetið á innanbæjartaxta. Hinn kosturinn, sem er miklu betri, er að Póstur og sími leggi niður löngu úrelta svæðaskiptingu landsins og taki upp einn taxta fyrir öll almenn símtöl innan lands þannig að allir sitji við sama borð.

Ísmennt er dæmi um fyrirtæki sem hefur leitast við að þjóna landsbyggðinni með því að byggja upp þjónustu í öllum landshlutum og er sú uppbygging langt komin. Þó vantar miðlara á Sauðárkróki, Austurlandi og á Suðurnesjum til að ná yfir öll gjaldskrársvæði símans samkvæmt upplýsingum mínum. Þessi uppbygging á hverju svæði er að sliga fyrirtækið. Eitt gjaldskrársvæði mundi skipta þetta fyrirtæki sem og önnur sem þjónusta Internetið miklu máli. Samkvæmt upplýsingum mínum varð Ísmennt að leggja niður þjónustu sína á Kópaskeri, í kjördæmi hæstv. ráðherra, fyrst og fremst vegna hárra gjalda og tengingu við háhraðanet Pósts og síma. Það þurfti að greiða kílómetragjald að næsta tengipunkti. Er þetta nútíminn, hæstv. ráðherra? Það væri kannski ágætt að beina þessu líka til hæstv. menntmrh. sem hér situr. Er þetta nútíminn sem hann sér fyrir sér?

[13:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er gott að vera búinn að fá nútímalega þingkonu í salinn og veitir sannarlega ekki af í þessa gömlu stofnun.

Fsp. sem liggur fyrir er þessi: Hefur Póstur og sími einhver áform um að taka upp eina gjaldskrá fyrir símtöl innan lands?

Þessi spurning hefur orðið mjög áleitin eftir að umræður um að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag komust á lokastig nú á dögunum og eftir að frv. var lagt fram. Hafa ýmsir alþingismenn átt fundi með forsvarsmönnum Pósts og síma einmitt um gjaldskrármálin og sett sig vel inn í þau mál sem þar liggja til grundvallar og er ekkert nema gott um það að segja. Auðvitað er rétt hjá hv. þm. að pólitískur þrýstingur hefur verið, ég veit ekki hvort ég á að segja svo áratugum skiptir, um að jafna þann mun sem hefur verið á

langlínusamtölum og innanlandssamtölum. Er nú svo komið að gjaldsvæðin eru einungis þrjú og þegar hefur verið ákveðið að fækka þeim í tvö sem næsta skref sem ég tel mjög mikils virði. Jafnframt held ég að það sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að athugun liggur fyrir á því hver sé meðalnotkun símnotenda eftir kjördæmum. Það kemur í ljós að meðalnotkun á talsíma er svipuð á Reykjavíkursvæðinu og úti á landi sem byggist auðvitað á því að það eru fleiri skref innifalin úti á landi en hér á Reykjavíkursvæðinu eða helmingi fleiri. Ef sú leið verður farin að taka upp eina gjaldskrá fyrir öll símtöl þá mundu slík innifalin skref hverfa því það verður merkingarlaust að hafa þau. Jafnframt liggur það ljóst fyrir að þunginn af gjaldheimtunni mun færast til í einhverjum mæli. Hann mun áreiðanlega færast frá atvinnurekstrinum yfir á einstaklingana, á heimilin. Það mun verða kostnaðartilfærsla frá fyrirtækjum yfir á heimili ef landið verður gert að einu gjaldsvæði. Ég hygg að allir séu sammála um það sem hafa sett sig inn í þessi mál. Eigi að síður geta menn talið að fyrir því geti verið rök. Það er annað mál. Eins og sakir standa er næsta skref, sem tekið verður, að fækka gjaldsvæðum niður í tvö sem hefur auðvitað verulega lækkun í för með sér og erum við þá kannski fyrst og fremst að tala um íbúa á Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurlandi sem þurfa að hringja til Reykjavíkur. Svo auðvitað Reykvíkinga sem þurfa að flytja yfir á hina sömu staði, þ.e. ef eitt gjaldsvæði er á milli þá er núna greitt hærra gjald en ef um samliggjandi gjaldsvæði er að ræða en hugmyndin er að fækka gjaldsvæðum niður í tvö og halda áfram í átt til fulls jafnaðar eins og hefur verið stefna Pósts og síma.

Það að breyta landinu einnig í eina gjaldskrá hefur erfiðleika í för með sér í sambandi við línuleigu og ýmislegt því líkt sem skýrir auðvitað betur að kostnaðartilfærslan færist yfir á einstaklingana, yfir á heimilin frá atvinnurekstrinum auk þess sem ýmsar spurningar vakna í sambandi við samkeppnisstöðu Pósts og síma síðar meir þegar talsíminn verður gefinn frjáls eftir tvö ár.

Síðari spurningin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Veitir stofnunin stórum fyrirtækjum afslátt af auglýstum töxtum? Ef svo er, hversu mikill er afslátturinn í prósentum og hvað er um háar upphæðir að ræða á síðustu árum, hvaða skilyrði þarf fyrirtæki að uppfylla til að geta fengið afslátt?

Svar við þessu er að Póstur og sími veitir ekki afslátt af auglýstum töxtum fyrir símaþjónustu.

[13:45]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Jöfnun símkostnaðar er tvímælalaust eitt mikilvægasta og brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar. Það hefur náðst verulegur árangur á þessu sviði á undanförnum árum og almennt hefur símkostnaður lækkað mjög mikið hér á landi og mun nú vera sá lægsti sem um getur í ríkjum OECD. Hvað varðar landsbyggðina hafa þau svæði sem eru undir sama svæðisnúmeri verið stækkuð og kemur það sér vel. En óánægja landsbyggðarmanna er eftir sem áður með það hvað dýrt er að hringja til höfuðborgarinnar þar sem flestar stofnanir ríkisins eru staðsettar auk margháttaðra þjónustufyrirtækja. Mörg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu hafa mætt þessu með því að koma sér upp grænum símanúmerum sem er mjög góð þjónusta við landsbyggðina. Það hafa einnig stofnanir ríkisins gert en því miður ekki nærri nógu margar.

Alþingi samþykkti í hittiðfyrra þáltill. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson flutti ásamt fleiri þingmönnum Sjálfstfl. þar sem gert var ráð fyrir að grænum númerum yrði komið upp í öllum ráðuneytum og helstu stofnunum ríkisins á árinu 1995. Það kom fram hér á Alþingi í haust að aðeins þrjú ráðuneyti og nálægt 20 ríkisstofnanir hafa fengið grænar línur. Það væri tvímælalaust mikill fengur að því fyrir íbúa landsbyggðarinnar að framfylgt yrði að fullu þeirri ályktun sem Alþingi samþykkti samhljóða árið 1994.

[13:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykn. fyrir fyrirspurnina og hæstv. samgrh. fyrir svörin. Ég vil nota þetta tækifæri til að ítreka skoðanir mínar sem áður hafa komið fram hér í þingsölum um þetta mál að það beri að taka inn í frv. til laga um stofnun hlutafélags um Póst og síma að landið verði gert að einu gjaldsvæði. Það er ekki vansalaust að einstaklingar og fyrirtæki þessa lands skuli búa við viðskiptahindranir af því tagi sem felast í svæðaskiptingu hvað gjaldskrá varðar. Ég hef áður fært rök fyrir því úr þessum ræðustól að stofnkostnaður sem byggist á vegalengd er ekki verulegur þáttur í kostnaði sem taka þarf tillit til í gjaldskrárgerð. Með formbreytingu fyrirtækisins verður jafnframt breyting á skattlagningu þess og því tel ég vera svigrúm í rekstri fyrirtækisins til að gera þessar breytingar.

Í svari hæstv. ráðherra kom fram að ekki standi til að gera breytingar nema þannig að landið verði tvö gjaldsvæði. Ég spyr því þingheim: Vilja menn búa við þetta ástand til frambúðar?

[13:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að verulega hefur miðað í rétta átt til jöfnunar á símkostnaði í landinu. Engu að síður er það svo að enn þá skortir nokkuð á að þessi kostnaður hafi verið lækkaður eins og eðlilegt er. Ég vil þó í þessu sambandi segja að þetta mál hefur á sér nokkrar hliðar sem menn verða að skoða jafnframt því sem við reynum að stefna að því að jafna þennan símkostnað. Það er sú staðreynd sem fram kom í máli hæstv. samgrh. hér áðan að það eru innifalin ákveðin skref í afnotagjaldi notenda Pósts og síma. Þau eru 200 hér á höfuðborgarsvæðinu en 400 út á landi. Í þessu felst ákveðin kjarajöfnun. Það er t.d. ljóst að það eru heimilin og kannski ekki síst þau heimili sem hafa minna á milli handanna sem munar um þetta. Þess vegna vil ég segja það, virðulegi forseti, að um leið og við stígum þessi skref í átt til jöfnunar á símkostnaði þá verðum við að gæta þess að verja þann rétt sem þetta fólk hefur, þ.e. þessi innifóldu skref í sínum símkostnaði. Við verðum að horfa til þess að við séum ekki að færa byrðarnar yfir á það fólk um leið og við stígum þetta skref í átt til jöfnunar sem eðlilegt er. Um leið vil ég þakka hæstv. samgrh. svörin og hv. málshefjanda fyrirspurnina.

[13:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mun hafa verið 1987 eða þar um bil að Alþingi samþykkti þingsályktun um jöfnun símkostnaðar. Sá sem hér talar var fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu. Í framhaldi af því tókst að lækka mjög verulega þann mikla mun sem var nær áttfaldur um þetta leyti á langlínusamtölum þar sem ódýrast var og þar sem dýrast var. Það var í tíð fyrrv. samgrh., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að eitthvað gerðist sem um munaði í þessum efnum. Það

er síðan alveg rétt að það er enn talsvert í land að afnema mismununina og það er það sem ber að gera. Ég tek undir með fyrirspyrjanda að því leyti. Og að blanda því saman við spurninguna um kjarajöfnun er auðvitað mál sem er hægt að taka á eftir sem áður ef menn vilja. Að gera landið að einu gjaldsvæði er réttlætismál jafnt fyrir einstaklinga sem fyrirtæki. Það er undir stjórnarliðum komið hvort það verður gert eitthvað í málinu hvort sem það tengist lögum um Póst og síma eða verði sjálfstæð aðgerð. Þeir hv. stjórnarþingmenn sem hér hafa talað verða auðvitað að tryggja fylgi við slíka aðgerð.

[13:51]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Reykn. fyrir að hreyfa þessu máli. Ég tel að það sé kominn tími til að stíga skrefið til fulls og jafna símkostnað. Ég byggi það m.a. á því að það eru gjörbreytt viðhorf í þessum efnum vegna þess að það er kominn ljósleiðari hringinn í kringum landið sem er grundvöllurinn að síma- og fjarskiptakerfinu hér. Ljósleiðarinn var m.a. kostaður af erlendum aðilum að stórum hluta þannig að sá fjárfestingarkostnaður er ekki réttlæting fyrir þessum mismun sem er staðreynd.

Ég hygg að þessi mismunur á skrefum á höfuðborgarsvæðinu og út á landi hafi einmitt verið til þess að mæta þessum mismun á símkostnaði. Það er nú svo að allar þessar tækniframfarir auka tekjur og bæta afkomu Póst- og símamálastofnunar þannig að það er fullkomlega kominn tími til að stíga þetta skref til fulls.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem ég hef fengið. Ég spyr hins vegar hæstv. ráðherra: Af hverju á að taka þetta í skrefum? Er of mikið mál að stíga skrefið til fulls? Er það of mikið mál? Við verðum að átta okkur á nútímanum sem við lifum í og leyfa öllum notendum og þjónustuaðilum að sitja við sama borð bæði hvað varðar almenn samtöl og ekki síst Internet-þjónustuna sem er að verða gífurlega mikilvæg, sérstaklega fyrir landsbyggðarfólkið. Ég nefni hér fjarnám og fjarvinnu ýmis konar sem er ítrekað búið að segja hér í þessum sölum að skipti miklu máli.

Ég vil taka undir hugmynd hv. þingkonu Arnbjargar Sveinsdóttur sem sagði að það ætti að skoða eitt gjaldskrársvæði þegar Póstur og sími yrði hlutafélagavæddur. Það var einmitt á þeim nótum sem ég talaði um það mál hér um daginn. En ég spyr: Af hverju má ekki stíga þetta skref strax? Það mæla öll rök með því. Og ég held að tíminn skipti okkur máli. Eftir því sem við gerum það fyrr þeim mun mikilvægara verður það. Við verðum að leyfa fólki að sitja við sama borð hvað þetta varðar. Ég átta mig ekki á því að það þurfi endilega að treina þetta og taka það í mörgum skrefum. Hæstv. ráðherra er þekktur fyrir að taka rösklega á mörgum málum. Ég nefni þegar við tókum í gegn ríkisábyrgð á Hvalfjarðargöngunum fyrir jól. Það var nú ekki mikið mál. Ég spyr því, af hverju má ekki leggja smá forgang í þetta líka? (**Gripið fram í:** Heyr! Heyr!)

[13:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn., Siv Friðleifsdóttir, spurði mig hvers vegna væri ekki hægt að taka fast á þessu máli og leysa það í eitt skipti fyrir öll. Það má auðvitað spyrja um það því mér heyrðist áðan á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, 4. þm. Austurl., að hann þyrfti ekki annað en að flytja smá þáltill. og þá gerðist það af sjálfu sér að símkostnaður jafnaðist á landinu. Það má kannski spyrja hvers vegna hann jafnaði ekki símkostnaðinn til fulls á meðan flokksbróðir hans hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var ráðherra úr því að ekki þurfti nema smá tillöguflutning til þess arna. En sennilega eru nú málin ekki alveg svona einföld. Ég hélt raunar líka að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson væri það kunnugur þingsögunni að hann hefði einhverjar hugmyndir um að símamál hefðu verið rædd hér áður en hann settist á hið háa Alþingi.

Auðvitað er málið ekki svo einfalt. (Gripið fram í.) Er nú hv. þm. Svavar Gestsson orðinn eitthvað órólegur? Það er gott að sjá lífsmark með hv. þm. Auðvitað er það heldur ekki rétt sem formaður fjárln. sagði hér að fjárfestingarkostnaður skipti ekki máli í sambandi við gjaldskrár Pósts og síma og gaf í skyn að NATO hefði borgað allan ljósleiðarann. Ekki var það nú svo þó þeir hæstv. ráðherrar sem þá voru, Svavar Gestsson og aðrir slíkir hafi séð til þess að NATO kom vel að þeim málum að byggja upp fjarskiptakerfið hér á landi þó að ég hafi tekið eftir því að Steingrímur J. Sigfússon hafi haft lágt um það þegar hann var fyrir norðan. Hann hefur á hinn bóginn hrósað sér þeim mun meira af því annars staðar.

Herra forseti. Ég gleymdi að víkja að því hér áðan að það stendur auðvitað til að sami taxti verði á Interneti um allt land.

Vá vegna olíuflutninga.

Fsp. HG, 354. mál. — Þskj. 614.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að flytja fyrirspurn til hæstv. samgrh. á þskj. 614 um vá vegna olíuflutninga. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því hér heima og erlendis að kröfur um gerð, búnað og siglingu skipa sem flytja olíu til landsins verði hertar og samræmdar, m.a. í ljósi ítrekaðra stórslysa við Bretlandseyjar?

2. Hvaða ráðstafanir koma einkum til álita til að draga úr líkum á strandi eða öðrum áföllum sem leitt geta til stórfelldrar mengunar vegna olíuflutninga við strendur landsins?

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að jafnhliða þessari fyrirspurn hef ég beint annarri fyrirspurn sem er á dagskrá þessa fundar til hæstv. umhvrh. um mengunarhættu vegna olíuflutninga en geri hana að sjálfsögðu ekki hér að umtalsefni. En hv. þm. geta kynnt sér það mál á þskj. 613.

Þau stórslys við Bretlandseyjar sem vísað er til eru mönnum vafalaust í fersku minni, ekki síst það síðasta þegar olíuskipið Sea Empress strandaði við Wales í síðasta mánuði og nálægt 65 þús. tonn af hráolíu láku í hafið eða nærri helmingurinn af farmi skipsins. Þarna höfðu áður orðið ítrekað stórslys. Fyrsta stórslysið sem ég minnist á þeim slóðum var Torrey Canyon slysið 1967. Síðan kom árið 1989 Exxon Valdez sem var reyndar við Alaska og var mjög umtalað. Þar var gripið til margháttaðra aðgerða og vafalaust víðar af þeim sökum. Síðan kom Braer slysið við Hjaltland 1993 þar sem um 80 þús. tonn af olíu láku í hafið.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hver alvara er á ferðum þegar slíka vá ber að höndum. Allt ber að gera sem hægt er til að koma í veg fyrir að slík stórslys verði en að

sjálfsögðu þarf að hafa viðbúnað ef svo fer. Fyrirspurnin er fram borin til að fá fram viðhorf hæstv. samgrh. til málsins og upplýsingar um það til hvaða aðgerða hæstv. ráðherra telur að grípa þurfi til viðbótar þeim viðbúnaði sem fyrir er bæði hér heima og erlendis.

[14:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil aðeins segja út af hinni fyrri fyrirspurn þar sem spurt er hvort samgrh. muni beita sér fyrir því hér heima og erlendis að kröfur um gerð búnaðar á siglingu skipa sem flytja olíu til landsins verði hertar og samræmdar m.a. í ljósi ítrekaðra stórslysa við Bretlandseyjar, að þessi spurning eins og hún er orðuð heyrir undir umhvrn. Það vekur aftur upp þá spurningu, eins og raunar í ýmsum öðrum tilvikum einnig, hvort ekki sé rétt að mengunarmál og umhverfismál sem varða siglingar á hafi skuli eins og áður heyra undir Siglingamálastofnun en ekki umhvrn. En það er annað mál. Ákvörðun var tekin á sínum tíma að færa það yfir og hafa ekki komið upp umræður að breyta því en auðvitað er spurning hvort þessi mál eigi ekki að vera á einni hendi.

Síðari spurningin er svohljóðandi, með leyfi forseta: Hvaða ráðstafanir koma einkum til álita til að draga úr líkum á strandi eða öðrum áföllum sem leitt geta til stórfelldrar mengunar vegna olíuflutninga við strendur landsins?

Þetta mál hefur verið í athugun undanfarið og má minna á það að Siglingamálastofnun hélt fund um þessi mál 27. apríl 1993. Í kjölfar þess eða 5. maí 1993 ákvað Benedikt Guðmundsson siglingamálastjóri að myndaður yrði hópur til að vinna að tillögum um siglingar við Ísland sem í áttu sætu fulltrúar frá útgerðarfélögum, kaupskipaútgerðum og útvegsmönnum, olíufélögum, Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun og Siglingamálastofnun sem vann að því að semja reglur sem yrðu til þess fallnar að draga úr hættu á mengunarslysum við Ísland m.a. með því að breyta siglingaleiðum. Raunar hafa tveir hv. þm., Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson, flutt þáltill. um sama efni, um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Það mál er nú til athugunar í samgn. og hefur verið sent út til umsagnar. Formaður samgn., hv. þm. Einar Guðfinnsson, hefur sagt mér að nefndin stefni að því að málið fái afgreiðslu nú á þessu þingi. Í tillögugreininni segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, ...“

Í svari frá Siglingamálastofnun um þessi efni sem ég bað um í tilefni af þessari fyrirspurn segir m.a., með leyfi forseta:

„Meðal þeirra aðgerða sem til greina koma er að útbúnar verði leiðbeiningar um siglingar skipa við Ísland með yfirliti yfir sérstök svæði við strendur landsins ásamt upplýsingum um viðeigandi varúðarráðstafanir til að forðast mengun á þeim. Skilgreining þessara svæða tæki mið af annars vegar klak- og hrygningarstöðum helstu nytjafiska í hafinu og stórum fuglabjörgum og öðrum friðlýstum svæðum við strendur Íslands og hins vegar svæðum sem eru varasöm eða hættuleg vegna siglingafræðilegra aðstæðna.

Til greina kemur að beina skipum, sem flytja olíu til Faxaflóasvæðisins, lengra frá landi þegar þau sigla meðfram suðurströnd landsins og fyrir Reykjanes. Siglingar á þeim slóðum, einkum fyrir ókunnuga, geta verið mjög varasamar eins og fjölmörg dæmi sanna.

Jafnframt er hugsanlegt að gera meiri kröfur um tilkynningarskyldu og leiðsöguskyldu skipa, sem sigla með olíu og önnur hættuleg efni til Íslands eða um íslenska landhelgi en nú er gert með lögum nr. 34/1993, um leiðsögu skipa. Útfærsla á slíku yrði á svipaðan hátt og í löndum sem við berum okkur saman við.

Loks kemur til greina að gera sérstakar kröfur um smíði og búnað skipa, sem flytja olíu til Íslands, umfram þær sem gerðar eru í alþjóðasamþykktum en slíkt verður þó ekki gert nema að vel athuguðu máli. Í því sambandi vil ég þó taka fram að ekki stendur til að banna siglingar tankskipa með einfaldan byrðing hingað til lands. Þau skip, sem flytja olíu hingað til lands nú, eru að jafnaði með mjög þéttri niðurhólfun ásamt tvöföldum botni, sem dregur úr líkum á að olía renni í sjóinn þó svo að gat komi á botn þeirra.“

Herra forseti. Ég vil svo bæta því við að við munum að sjálfsögðu leggja áherslu á að fylgja þessu máli eftir og að skýrar reglur verði settar um ferðir þessara skipa hér við land.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans vil ég gera nokkrar athugasemdir og ábendingar og þá það fyrst að mér fannst hæstv. ráðherra að ástæðulausu vísa frá sér að svara fyrsta tölulið fyrirspurnarinnar. Í raun kom hæstv. ráðherra að því máli síðar í sinni ræðu en hafði þau orð í sambandi við fyrsta tölulíðinn að hann vildi fara í landvinninga gagnvart hæstv. umhvrh. og hala til baka þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um að færa mengunarvarnir yfir til umhvrn. Þetta var satt að segja mjög kostulegt í svari hæstv. ráðherra. En í þessu efni kom hæstv. ráðherra, einmitt þegar hann vék að svari frá Siglingamálastofnun, að ákveðnum þáttum sem vissulega gætu verið til verulegra bóta og eðlilegar ráðstafanir í sambandi við kröfur varðandi búnað og siglingu skipa til landsins því hér er ekki eingöngu verið að fjalla um viðbrögð við mengun sem hefur orðið heldur til þess að koma í veg fyrir að slík vá skapist við t.d. skipstrand. Það sem hæstv. ráðherra nefndi og hafði komið fram frá Siglingamálastofnun er að svæðisskipta hafsvæðum við landið eftir gildi þeirra, bæði verndargildi og eins að því er hættu varðar. Ég vil eindregið hvetja til þess að á það ráð verði brugðið og eftir atvikum verði siglingaleiðum olíuflutningaskipa breytt með tilliti til slíkra svæða og einnig að hertar verði kröfur varðandi siglingu þeirra.

Sama gildir um spurninguna um tæknilegan búnað og gerð skipa. Hæstv. ráðherra tók sérstaklega fram að hann vildi ekki taka undir kröfuna um tvöfaldan byrðing olíuflutningaskipa, kröfu sem mjög víða er uppi. Ég skil ekki hvers vegna hæstv. ráðherra vill útiloka það að Ísland leggist á sveif til að fá það samþykkt í alþjóðlegu samhengi og að gömul olíuflutningaskip verði endursmíðuð eða endurgerð og þeim ekki leyft að sigla í 30 ár eins og nú er samkvæmt samþykktum frá 1993, í 30 ár með einfalt byrði samfara þeirri mjög auknu hættu sem af siglingu slíkra skipa stafar ef til strands kemur. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að taka verulega á á sínu valdsviði til þess að í reynd verði gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að fyrirbyggja vá.

[14:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef varðandi þær áhyggjur sem hv. þm. lýsti yfir í sambandi við skip með einfaldan byrðing þá hefur verið tekið á þeim málum

eftir alþjóðlegum reglum. En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Ég sagði að þau skip sem flytja olíu hingað til lands nú eru að jafnaði með mjög þéttri niðurhólfum ásamt tvöföldum botni sem dregur úr líkum á að olía renni í sjóinn þó svo að gat komi á botn þeirra. Ég vil enn fremur leggja áherslu á að þessi mál eru í gagngerri endurskoðun með sama markmið í huga og hv. þm. Það er auðvitað höfuðatriði málsins og að ýtrasta varkárni og strangar reglur gildi um siglingar olíuskipa hér við land.

Endurskoðun íþróttalaga.

Fsp. BH, 347. mál. — Þskj. 605.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn þessi er borin fram vegna þeirrar miklu og ánægjulegu þróunar sem hefur átt hefur sér stað að undanförnu innan íþróttahreyfingarinnar. Segja má að um hugarfarsbreytingu sé að ræða í afstöðu til íþróttastarfs og tengsla þess við almennt skóla- og uppeldisstarf í landinu. Hið opinbera hefur ekki fylgt þessari viðhorfsbreytingu eftir, hvað þá stuðlað að henni með mótun löggjafar og markvissri stýringu á fé til verkefna í íþróttastarfi. Við svo búið má ekki standa lengur. Núgildandi íþróttalög eru frá 1956 og það er fyrir löngu tímabært að breyta þeim og endurmeta í því sambandi stefnu stjórnvalda í íþróttamálum.

Svavar Gestsson, fyrrv. menntmrh., skipaði í desember 1988 nefnd til að gera tillögu að stefnumótun á sviði íþrótta-, æskulýðs- og tómstundamála til ársins 2000. Nefndin skilaði áliti í janúar 1991. Í júní 1992 skipaði Ólafur G. Einarsson, þáverandi menntmrh., nefnd til að endurskoða íþróttalögin. Sú nefnd skilaði áliti í janúar 1993 og fjallaði m.a. um markmið íþróttalaga, stjórn íþróttamála, íþróttahéruð, íþróttanefnd, íþróttasjóð og skólaíþróttir. Síðasta febrúar kom út rit á vegum hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar sem ber heitið Menning, menntun, forsenda framtíðar. Þar stendur á bls. 16 að frumvarp til nýrra íþróttalaga verði flutt á Alþingi.

Í grannlöndum okkar hafa stjórnvöld mótað og útfært stefnu á fjölmörgum sviðum íþróttalífs þar sem sett eru fram markmið í þróun almennings- og skólaíþrótta annars vegar og keppnisíþrótta hins vegar. Hið opinbera veitir síðan fé til íþróttamála í samræmi við uppsett markmið í því skyni að stýra þróuninni í þá átt sem pólitískt samkomulag er um. Ekki er annað vitað en að íþróttahreyfingin bæði hér og í grannlöndum okkar sé þess mjög fýsandi að þannig verði staðið að málum að því tilskyldu að fullt samráð sé haft við hana. Hætt er við að stjórnvöld hér á landi séu að verða hemill á þá jákvæðu þróun sem hafin er. Brýna nauðsyn ber til þess að hlúa að samstarfi skóla og íþróttafélaga, skapa fjölskyldum tækifæri til sameiginlegra íþróttaiðkana og félagsstarfs, efla menntun íþróttakennara og leiðbeinenda og setja fram skýr markmið opinbers fjárstuðnings í íþróttastarfið í öllum þess myndum. Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvenær má vænta þess að ríkisstjórnin leggi fram frv. til nýrra íþróttalaga? Og í öðru lagi: Hefur átt sér stað frekari endurskoðun á meginstefnu stjórnvalda um þróun íþróttastarfs í landinu en fyrir lá í áliti nefndarinnar um ný íþróttalög í janúar 1993?

[14:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrst er spurt hvenær megi vænta þess að ríkisstjórnin leggi fram frv. til nýrra íþróttalaga. Drög að frv. til nýrra íþróttalaga hafa verið til athugunar á vegum menntmrn. að undanförnu og eru nú til umfjöllunar í ráðuneytinu og er stefnt að því leggja frv. fyrir Alþingi næsta haust.

Enn er spurt: Hefur átt sér stað frekari endurskoðun á meginstefnu stjórnvalda um þróun íþróttastarfs í landinu en fyrir lá í áliti nefndar um ný íþróttalög í janúar 1993? Vinna að stefnumörkun á þessu sviði hefur m.a. tengst umfjöllun þeirra frumvarpsdraga sem íþróttalaganefndin skilaði og vikið var að í svari við fyrri spurningunni. Í því starfi hefur m.a. verið haft samráð við íþróttanefnd, Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Í verkefnaáætlun menntmrn. sem hv. fyrirspyrjandi nefndi og kynnt var nú í febrúar og dreift hefur verið á þingi er sérstakur kafli um íþróttir og æskulýðsmál. Þar er lögð áhersla á eflingu almennra íþrótta og mikilvægi þess að skapa aðstæður til að fjölskyldan geti sameinast í leik og starfi. Einnig er bent á mikilvægi íþróttakennslu í skólum með hliðsjón af breytingum í skólahaldi með einsetnum skólum og heilsdagsskóla og þar með lengri skóladegi. Rétt er í þessu sambandi að benda einnig á gagnmerka könnun sem Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála gerði að frumkvæði menntmrn. en niðurstöður hennar birtust haustið 1994 í skýrslu sem ber heitið: Um gildi íþrótta fyrir íslensk ungmenni. Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa vakið mikla athygli og hljóta að hafa áhrif á stefnumótun stjórnvalda og jákvæðari afstöðu almennings til íþrótta því að niðurstöðurnar sýna að íþróttaiðkun í skólum leiðir almennt til betri námsárangurs og heilbrigðara lífs þeirra sem íþróttirnar stunda.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og lýsi yfir ánægju minni með að það standi til á næstunni að leggja fram frv. til nýrra íþróttalaga. Ef ég skildi svar hæstv. ráðherra rétt þá byggir frv. að miklu leyti til á þeim drögum sem fyrir lágu hjá nefndinni 1993. Þær upplýsingar sem ég hef um það álit eru að þar er fjallað um markmið íþróttalaga, stjórn íþróttamála, samsetningu íþróttanefndar, skiptingu landsins í íþróttahéruð, afskipti íþróttanefndar af þeirri skiptingu o.s.frv. Felst í þessum drögum að frv. sem verið er að vinna með í ráðuneytinu stefnumótun af stjórnvalda hálfu um það hvort reynt verði að hafa áhrif á t.d. dreifingu fjármagns í íþróttahreyfingunni? Liggur fyrir áætlun um að breyta því fyrirkomulagi sem nú er, þ.e. að fjármagn er lagt í einn sjóð sem hreyfingin síðan skiptir og stjórnvöld hafa í raun og veru ekki skipt sér af?

Ég tel að þetta skipti verulegu máli ef stjórnvöld á annað borð vilja hafa áhrif á það starf sem fram fer í íþróttahreyfingunni án þess að þau kannski beinlínis ákveði þetta heldur að það sé reynt að hafa áhrif á það að einhverju leyti.

Ég vil líka taka undir það með hæstv. menntmrh. að rannsóknin á gildi íþrótta sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála varpaði ljósi á það að mikilvægi íþróttastarfs í landinu m.a. með tilliti til sjálfsmyndar ungmenna og unglinga og í raun og veru allra, gagnast ekki síst sem liður í forvörnum gegn fíkniefnum. Þess vegna getur maður enn og aftur séð mikilvægi þess að þessi mál séu í föstum skorðum af stjórnvalda hálfu. En ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þarna liggi fyrir einhver endurskoðun á stýringu

þess fjármagns sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar.

[14:16]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að hreyfa íþróttamálum. Það er satt að segja ekki mjög oft sem þau koma hér fyrir og það á sér tilteknar skýringar. Það á sér að nokkru leyti þær skýringar að árið 1989 var tekin um það ákvörðun í tengslum við sérstaka samninga milli ríkis og sveitarfélaga að sveitarfélögin hefðu íþróttirnar eins og það var orðað og Íþróttasjóður eins og hann var áður var í raun og veru lagður niður og möguleikar ríkisins til að hafa áhrif á þróunina í þessum efnum urðu miklu minni en áður var. Þau urðu minni að mínu mati heldur en æskilegt er. Ég held að við þyrftum að ræða um það hér við annað tækifæri hvernig mætti hugsanlega bæta stjórnkerfi íþróttanna þannig að áhugi Alþingis og stjórnvalda á því að koma nálægt þessu máli geti birst með skarpari hætti en verið hefur.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi þá fyrirspurn hvort það sé ætlunin hugsanlega með nýjum lögum að ríkisvaldið fari að hlutast til um það hvernig fjármunum sé varið úr þeim sjóðum sem íþróttahreyfingin hefur yfir að ráða ef ég skildi það rétt, þá verður það ekki. (**BH:** Opinberum framlögum.) Hvernig opinber framlög eru skilgreind til íþróttamála er náttúrlega matsatriði hverju sinni. Við höfum Íþróttasjóð. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði grein fyrir, þá er hlutverk hans gjörbreytt frá 1989 og síðan hefur íþróttahreyfingunni verið veitt aðild að tekjustofnum eins og lottói og öðru slíku og veitt heimild til þess að nýta þar fjármuni. Að sjálfsögðu kann það að vera matsatriði hverju sinni hvað Alþingi eða fjárveitingavaldið á að skipta sér mikið af því hvernig slíkum fjármunum er varið. Ég tel að það sé mjög hæpið að fara inn á þær brautir í sambandi við setningu íþróttalaga.

Eins og fram hefur komið hafa þessi lög verið til endurskoðunar á undanförnum áratugum án þess að menn hafi komist að endanlegri niðurstöðu. Og frv. eins og það liggur fyrir núna er ekki í endanlegri mynd. Mér finnst að það sé ekki rétt af mér að gefa vísbendingar um það að ég muni gera tillögur þess efnis að ríkisvaldið ætti að skipta sér meira af því hvernig þessu fé er varið. Ég lít þannig á að lög af þessu tagi eigi að vera rammi utan um hina frjálsu starfsemi sem síðan á að gefa svigrúm til að þróast á eigin forsendum. En auðvitað þarf að vera eins og hér hefur komið fram og vilji stendur til einhver opinber þátttaka með einu eða öðru móti. En það munum við væntanlega fá tækifæri til að ræða nánar næsta haust þegar frv. verður lagt fram.

Kærumál vegna undirboða.

Fsp. SvG, 348. mál. — Þskj. 606.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 606 fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um kærumál vegna undirboða. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra rétt að beita sér fyrir breytingum á þeim reglum sem í gildi eru um kærur vegna undirboða sem skekkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar?"

Tilefni fyrirspurnarinnar er margþætt má segja. Á undanförnum árum hefur íslenskur iðnaður aftur og aftur reynt að leita réttar síns gagnvart hugsanlegum undirboðum framleiðslufyrirtækja erlendis. Þar hafa menn leitað til stjórnvalda, þeir sem eru að framleiða neysluís hér á landi, þeir sem hafa með að gera mölun á hveiti hér á landi og þeir sem hafa með að gera skipasmíðar og skipaviðgerðir. Þeir hafa aftur og aftur á undanförnum missirum snúið sér til stjórnvalda og farið fram á það að stjórnvöld á Íslandi geri eitthvað til að verja þessar iðngreinar andspænis ósanngjarnri erlendri samkeppni. Og við höfum úrræði í þessum efnum. Á síðasta kjörtímabili voru sett lög um þessi mál og á grundvelli þeirra laga var sett reglugerð. Ýmsir eins og t.d. ég og núv. hæstv. félmrh. vorum þá þeirrar skoðunar að ferlið sem gert var ráð fyrir í lögunum og reglugerðunum væri allt of flókið og dygði ekki fyrir íslenskan iðnað. Það væri svo seinvirkt að það hrykki hvergi nærri til. M.a. af þeim ástæðum er það síðan að Samtök iðnaðarins hafa núna ítrekað snúið sér til iðnn. Alþingis út af þessu máli. Staðreyndin er sú að iðnn. Alþingis hafði mikið með það að gera eins og hæstv. iðnrh. veit hvernig þessir hlutir voru þróaðir á síðasta kjörtímabili. Hún sinnti því af þó nokkrum áhuga og dugnaði eftir því sem aðstæður leyfðu.

Dæmi um það hvernig á þessum málum er tekið er að 22. júlí 1994 skrifuðu Samtök iðnaðarins og kærðu vegna ríkisstyrkja og undirboða í skipasmíðum og skipaviðgerðum. Þetta var 22. júlí 1994. Svar barst frá fjmrn. dagsett 23. janúar 1996, þar sem fjmrn. segir við Samtök iðnaðarins að ekki séu efni til þess að taka á málinu og í ljósi ofangreindra aðstæðna sem raktar eru sé málinu vísað frá. Af þessu tilefni spyr ég hæstv. ráðherra:

Er ekki nauðsynlegt að hans mati sem fulltrúa iðnaðarins í ríkisstjórninni að breyta þeim reglum sem eru í þessum efnum hér á landi sem heimila stjórnvöldum að taka á því þegar erlend fyrirtæki beita ósanngjörnum undirboðum í samkeppni við íslenskan iðnað?

Þessari fyrirspurn þætti mér vænt um að hæstv. iðnrh. svaraði.

[14:23]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur lagt fram fyrirspurn á þskj. nr. 606 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra rétt að beita sér fyrir breytingum á þeim reglum sem í gildi eru um kærur vegna undirboða sem skekkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar?"

Áður en ég vík að sjálfri fyrirspurninni vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Það er grundvallaratriði í stefnu núverandi ríkisstjórnar að fyrirtækin njóti í hvívetna jafnræðis og samkeppnishindrunum sé rutt úr vegi. Hlutverk hins opinbera er að skapa eðlileg og sanngjörn samkeppnisskilyrði en ekki að veita einstökum atvinnugreinum beinan rekstrarstuðning. Í samræmi við það er á alþjóðavettvangi barist gegn hvers kyns ríkisstuðningi við atvinnugreinar sem raska samkeppnisstöðu. Þróunin hefur verið í þessa átt, bæði innan lands og svo í alþjóðlegum samningum, svo sem EES-samningnum og GATT-samningnum.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla gildir ekki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar gilda á hinn bóginn almenn samkeppnisákvæði.

2. Rétt er að geta þess að framkvæmd laga um undirboð og jöfnunartolla heyrir undir fjmrn. Nefnd sem fjallar um undirboðs- og jöfnunartolla hefur starfað á vegum þess ráðuneytis síðan um mitt ár 1994 eins og fram kom í inngangi hv. þm. og hefur um það verið gefin út sérstök reglugerð.

3. Reglur um undirboðs- og jöfnunartolla hér á landi sem settar voru 1994 byggja að meginstofni til á þeim alþjóðasamningum sem í gildi eru um þetta efni, svo sem GATT-samningnum.

Fyrirspyrjandi spyr hvort iðnrh. hyggist beita sér fyrir breytingu á reglum um meðferð kæra vegna meintra undirboða. Eins og þegar hefur komið fram er þessi málaflokkur í höndum fjmrn. Mér er kunnugt um að í kjölfar nýs GATT-samkomulags þarf að endurskoða núgildandi reglugerð um undirboðs- og jöfnunartolla þannig að samræmis sé gætt við núgildandi GATT-samning. Þannig er ekki um grundvallarbreytingu að ræða heldur breytingar á framkvæmd. Á næstunni mun fara í gang á vegum fjmrn. starf vegna þessara breytinga. Iðnrn. mun fylgjast með því og á fulltrúa í þeirri nefnd sem mun vinna að undirboðs- og jöfnunartollum. Ég er sammála hv. þm. að á þessu þarf að verða breyting. Það sem þarf að gerast fyrst og fremst að mínu viti er að það þarf að stytta þennan tíma ef nokkur kostur er þannig að fyrirtæki búi ekki eins lengi við þessa óvissu.

Þau tvö mál sem hv. þm. tók sérstaklega fram, Kornaxmálið svokallað og ísmálið. Kornaxmálið er sem betur fer leyst. Ísmálið er í sérstakri skoðun og ég á von á því að það muni líka leysast. En það er rétt hjá hv. þm. að tíminn sem fer í þetta er of langur og fyrirtækin búa á meðan við mikla óvissu. Þann tíma þarf að stytta.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Mér fannst satt að segja í fyrri hluta svaranna örla á metnaðarleysi í ræðu hans þar sem hann vísaði til þess að fjmrn. réði yfir málaflokknum. En svo færðist ráðherrann heldur í aukana þegar leið á svarið þannig að það var mjög til bóta sem hann sagði að lokum, þ.e. að það þyrfti bersýnilega að stytta tímann. Ég að það sé aðalatriðið að tryggja að kærumeðferðin taki miklu styttri tíma.

Í þeim efnum held ég að tvennt þurfi að koma til. Annað er að það séu sett í lög skýrari reglur um þennan tíma, þ.e. hversu langan tíma má fjmrn. í lengsta lagi taka sér í að úrskurða í svona málum. Ég held að það eigi að setja stífar reglur um það. Í öðru lagi held ég að það eigi að tryggja iðnaðinum, Samtökum iðnaðarins og iðnrn. beinni áhrif á kærunefndina sjálfa og hugsanlegar niðurstöður hennar. Ég tel að þetta séu óhjákvæmilegar lágmarksbreytingar sem þarna verður að gera. Ég segi þetta fyrst og fremst í því skyni, hæstv. forseti, að við verðum að tryggja að íslenskur iðnaður búi við algerlega sambærileg skilyrði að því er þetta varðar og iðnaður nágrannaríkjanna. Það er það sem við erum að tala um. Við erum ekki að tala um forréttindi íslensks iðnaðar að neinu leyti. Staðreyndin er sú að í nágrannaríkjum okkar og ríkjunum á EES-svæðinu er eftirlitskerfi með undirboðum mjög virkt og mjög öflugt. Það eina sem ég er að fara fram á fyrir hönd þeirra aðila úr íslenskum iðnaði sem hafa talað við mig er að þeir njóti sambærilegra aðstæðna og önnur iðnaðarfyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu.

[14:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það sem ég vildi fyrst og fremst gera ljóst í fyrri hluta svars míns við fyrirspurninni áðan var að það væri skýrt að fjmrn. færi með yfirstjórn málaflokksins sem að þessu leyti snýr að samkeppnismálum. En með því er ég ekki að ásaka fjmrn. að það hafi ekki staðið sig. Ég þekki þessi mál og það veit ég að hv. þm. gerir líka. Þeir erlendu aðilar sem við þurfum að eiga samskipti við geta því miður dregið menn mjög á svari við þeim fyrirspurnum sem berast. Það er vel þekkt í Snorramálinu sem hv. þm. vitnaði í áðan og svar barst ekki við fyrr en í lok janúar. Það er á alþjóðavettvangi sem við þurfum líka að ná niðurstöðu um það hversu langan tíma menn hafa til að gera grein fyrir þeim kærum sem koma upp.

Iðnrh. á fulltrúa í samráðsnefndinni um innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla. Iðnrh. á líka mann í þeirri nefnd sem núna er að endurskoða þessa reglugerð. Ég tek undir með hv. þm. að ég legg höfuðáherslu á að það verði bæði gagnvart þeim aðilum sem við erum að takast á við og eins hér af innlendum aðilum reynt að stytta þennan tíma eins og nokkur kostur er þannig að fyrirtækin sem við óvissuna búa þurfi að gera það í sem allra skemmstan tíma.

Skipasmíðaiðnaðurinn.

Fsp. SvG, 349. mál. — Þskj. 607.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili komu málefni skipasmíðaiðnaðarins mjög oft til umræðu. Staðreyndin er sú að þar stóðu mál lengi vel ákaflega illa. Ég tel að það hafi fyrst og fremst verið vegna þess að menn hafi ekki treyst sér til að veita íslenskum skipasmíðaiðnaði á eðlilegan hátt sambærileg skilyrði og skipasmíðaiðnaðurinn í samkeppnislöndunum hefur búið við. Það var ekki fyrr en á síðasta hluta síðasta kjörtímabils að stjórnvöld fengust til þess að taka á þessu máli og það tel ég að hafi verið gert allmyndarlega þann tíma sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var iðnrh. og ég veit að hann naut þar stuðnings manna úr öllum flokkum bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Hann gaf yfirlýsingu á Alþingi 21. des. 1994 um aðgerðir til að jafna stöðu skipaiðnaðarins og þar greindi hann frá því til hvaða aðgerða væri ætlunin að grípa til að jafna stöðu skipaiðnaðarins. Þar kom fram að ætlunin var sú að vera með tiltekna stuðningsmöguleika við skipasmíðaiðnaðinn meðan 7. tilskipun ESB um skipasmíðar væri í gildi á EES-svæðinu öllu en nú er gert ráð fyrir því að sú tilskipun verði í gildi a.m.k. til 1. okt. nk. Því miður hefur ekkert annað gerst í þessu máli síðan en það að ráðherrann gaf þessa yfirlýsingu og í staðinn er íslenskum skipasmíðafyrirtækjum vísað á svokallaða kæruleið. Það er sagt við fyrirtækin: Þið eigið að sanna í hverju tilviki hvort þið eruð beitt ósanngjörnum undirboðum af erlendum skipasmíðafyrirtækjum sem eru að keppa um verkefnin við ykkur. Reynslan af þessu er slæm. Hún er svo slæm að Samtök iðnaðarins sneru sér sérstaklega til iðnn. Alþingis með bréfi sem er dagsett 19. des. 1995 þar sem fram kemur að þau telji kæruleiðina afar erfiða og vilja frekar fara þessa almennu leið og segja í lok bréfsins:

„Samtök iðnaðarins telja og leggja á það þunga áherslu að íslensk stjórnvöld eigi að framlengja stuðning þann sem hefur verið veittur til skipaiðnaðarins hér á landi enda er ljóst að það munu önnur EES-ríki gera."

Og því spyr ég hæstv. ráðherra: Mun ráðherra beita sér fyrir því að skipasmíðaiðnaðurinn hér á landi njóti stuðnings eins og í öðrum EES-ríkjum samkvæmt 7. skipasmíðatilskipun Evrópusambandsins?

[14:33]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr á þskj. 607: Mun ráðherra beita sér fyrir því að skipasmíðaiðnaðurinn hér á landi njóti stuðnings eins og í öðrum EES-ríkjum samkvæmt 7. skipasmíðatilskipun Evrópusambandsins? Í svari mínu áðan við hliðstæðri fsp. á þskj. 606 lýsti ég viðhorfum ríkisstjórnarinnar, viðhorfum mínum, gagnvart stuðningsaðgerðum við atvinnulífið og ætla ekki að endurtaka það. Þá er það mat mitt að aðstæður séu nú slíkar bæði gagnvart erlendri samkeppni svo og með hliðsjón af verkefnastöðu skipasmíðaiðnðarins að ekki sé þörf á beinum ríkisstyrkjum til skipasmíðaiðnaðarins á þessu ári enda er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum. Ég rökstyð niðurstöðu mína nánar með upplýsingum um það hvað gert hefur verið og hver staðan er núna.

Í fyrsta lagi. Árin 1994 og 1995 var veitt jöfnunaraðstoð. Það er ekki alveg hárrétt hjá hv. þm. að ekkert hafi verið gert árið 1995 en þá var veitt jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði. Tilgangur hennar var að jafna þá samkeppnismismunun sem greinist vegna erlendra ríkisstyrkja. Jöfnunaraðstoðin árið 1994 var um 13% af tilteknum verkum í skipasmíðaiðnaði og viðgerðum og var varið 60 millj. kr. það ár til þessara verkefna. Árið 1995 var veitt jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði á grundvelli 7. tilskipunar ESB um styrki til skipasmíða sem var hluti af EES-samningnum það ár. Nam aðstoðin 4,5% af skilgreindum verkefnum í skipaviðgerðum í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Heimilt var að veita 25 millj. kr. til þess verks. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við var ekki gert ráð fyrir þessum 25 millj. kr. á fjárlögum þessa árs. Því kom það inn í fjáraukalagafrumvarpið síðari hluta árs 1995 að þessar 25 millj. kr. voru settar inn. Reynslan er hins vegar sú að fyrirtækin hafa ekki nýtt sér þetta fé heldur aðeins 17 millj. kr. af 25 og það eru vísbendingar um það að þörfin fyrir styrki sé ekki eins rík eins og menn vilja halda fram. Því var ákveðið að á fjárlögum ársins 1996 yrði ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til styrkja í skipasmíðaiðnaðinum fyrir það ár. Það var samkomulag innan Evrópusambandsins að þessum styrkjum yrði hætt um áramótin 1995/1996. Því var síðan frestað á grundvelli þess að 7. tilskipunin hafði þá hjá OECD ekki náð fram að ganga. Eins og kom fram hjá hv. þm. er gert ráð fyrir því að hún taki gildi 1. okt. á þessu ári.

Í árslok 1995 lét ráðuneytið kanna það hver afkoman væri í skipasmíðaiðnaðinum. Afkoma, verkefnastaða, fyrirsjáanleg verkefnastaða og atvinnuástand var nær undantekningalaust betri á árinu 1995 en 1994 og bjartara yfir árið 1996 en árið 1995. Öll fyrirtækin að einu undanskildu í skipasmíðaiðnaðinum eru rekin með hagnaði árið 1995 og það er auðvitað besta dæmið um að þessi atvinnugrein er sem betur fer mjög að rétta úr kútnum. Fyrir utan það gekkst iðnrn. fyrir því í árslok 1995 að ráðist var í sérstakt átak sem við höfum kallað nýsköpun í mjöl- og málmiðnaði. Tilgangur verkefnisins var að auka samkeppnishæfni í fiskimjölsiðnaði og tækniþróun í málmiðnaði, þar með talið í skipasmíðaiðnaði. Meðal annars var atvinnuástandið hjá málmiðnaðarmönnum áhyggjuefni á sínum tíma og það veit ég að hv. þm. man eftir sem formaður iðnn. Á sameiginlegum blaðamannafundi sem iðnrn. átti með Samiðn lýsti formaður Samiðnaðar því yfir í árslok 1995 að atvinnuleysinu væri lokið hjá málmiðnaðarmönnum. Síðan þá hefur það gerst að menn hafa ákveðið að ráðast í stækkun álversins í Straumsvík sem mun kalla á verulegan fjölda málmiðnaðarmanna til starfa. Sem betur fer er ástandið í þessari iðngrein miklu betra en nokkru sinni fyrr, í langan tíma að minnsta kosti.

[14:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu hvort að ríkið eigi að styrkja skipasmíðaiðnaðinn frekar en gert hefur verið. Ég bendi aðeins á eitt atriði sem ég tel að þurfi að koma fram þegar verið er að tala um frekari styrkveitingar til skipaiðnaðarins að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög hafa á síðustu 15 árum styrkt upptökumannvirki slippstöðva og skipasmíðastöðva um landið um 1 milljarð króna. Þetta hefur leitt til þess að það er mikið umframframboð af möguleikum fyrir skipaiðnaðinn þannig að nýting upptökumannvirkja í dag er ekki nema 30%. Ef ekki hefði komið til þessara styrkveitinga hefði nýtingin getað orðið um 50%. Ég tel að þetta sé ein ástæðan fyrir því hversu erfiðlega hefur gengið fyrir skipaiðnaðinn að koma undir sig fótunum og því setur maður mikið spurningarmerki við það hvers vegna ríki og sveitarfélög hafa séð ástæðu til þess að skipta sér svo mjög af uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins yfirleitt. Ég bendi sérstaklega í þessu sambandi á skipasmíðastöðvar eins og Skipasmíðastöð Njarðvíkur og Skipasmíðastöð Daníels sem eru einu innlendu skipasmíðastöðvarnar sem eiga sín eigin upptökumannvirki og eru í einkaeigu. Þau hafa greinilega orðið fyrir mikilli samkeppnismismunum sem hefur leitt til þess að þau hafa átt erfiðara uppdráttar og í raun erfiðara fyrir iðnaðinn í heild sinni að koma undir sig fótunum.

[14:40]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Málefni skipaiðnaðarins hafa verið til umræðu á Alþingi af og til á undanförnum árum og þá jafnan vegna hinna miklu erfiðleika sem steðjað hafa að þessari iðngrein, verkefnasamdráttur, fækkun starfsmanna og miklir erfiðleikar í rekstri skipasmíðastöðvanna. En síðasta ríkisstjórn greip til margháttaðra aðgerða eins og hv. þm. nefndi til að rétta hag þessarar mikilvægu iðngreinar. Þær aðgerðir hafa skilað árangri, svo góðum að nú er mikil uppsveifla í greininni, næg verkefni og fjölgun starfsmanna og reyndar skortur orðinn á járniðnaðarmönnum. En eftir sem áður tel ég rétt að það verði veittir styrkir til nýsmíða og endurbóta með hliðsjón af 7. tilskipun ESB á meðan helstu samkeppnisþjóðir okkar ríkisstyrkja þennan iðnað á forsendum þessarar sömu tilskipunar sem vonandi sér reyndar fyrir endann á. Það er rétt sem hæstv. iðnrh. sagði áðan að á síðasta ári notuðu fyrirtækin aðeins $^2/_3$ hluta þeirrar upphæðar sem ætluð var til þessara styrkja á árinu 1995 en það á sér sínar skýringar. Skýringin er sú fyrst og fremst að ráðuneytið setti svo stífar reglur um þessa styrki að stærsti hluti verkefnanna var ekki styrkhæfur. Reglurnar voru þannig að aðeins nýsmíði yfir 100 brúttótonnum og endurbætur á skipum yfir 1.000 brúttótonnum áttu rétt á styrk úr þessum potti. Í dag eru nokkrir útgerðarmen að huga að nýsmíði 60–80 tonna

vertíðarbáta. Þetta eru afar hentug verkefni fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar og þessi styrkur getur ráðið úrslitum um það að þessi nýsmíði verði unnin hér á landi. Ég sé þess vegna fulla ástæðu til þess að þessum styrkjum verði haldið áfram, reglunum verði breytt þannig að minni nýsmíðar eigi möguleika á styrkjum og einnig hvað varðar endurbæturnar að það verði ekki miðað við 1.000 tonna skip.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og einnig hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunum. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði nákvæmlega það sem ég vildi segja í þessu máli. Við erum ekki að tala um að það eigi að veita íslenskum skipasmíðaiðnaði einhverja sérstaka styrki. Við erum ekki að tala um neitt svoleiðis. Við erum ekki að tala um að það eigi að veita íslenskum skipasmíðaiðnaði betri aðstöðu en gengur og gerist með skipasmíðaiðnaðinn í öðrum löndum, við erum ekkert að tala um það. Við erum ekki að tala um neinar sérreglur. Við erum að tala um að skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi njóti sömu aðstæðna og skipasmíðaiðnaður gerir í samkeppnislöndunum á Evrópska efnahagssvæðinu, það er það sem við erum að tala um. Við erum að tala um upphæðir sem eru tiltölulega mjög lágar. Hæstv. iðnrh. nefndi áðan upphæðina frá árinu 1995 sem mig minnir að hafi verið 60 millj. (**Iðnrh.:** 1994.) 1994 segi ég. Hann nefndi upphæðina frá síðasta ári sem varð að lokum 17 millj. Ég er þeirrar skoðunar að ef reglurnar yrðu teknar upp eins og heitið var á sínum tíma varðandi skipasmíðaiðnaðinn hér á landi væru menn að tala um upphæðir í kringum 10 millj. kr. Ég tel málið vera þannig og ég tel að þetta snúist ekkert um það hvort að verkefnastaðan er góð eða vond. Hún er góð, þetta er að lagast en ég vil að greinin njóti sambærilegra skilyrða og annars staðar. Það er stundum talað um það til hvers stjórnvöld eigi að skipta sér af atvinnulífinu. Það er eitt sem stjórnvöld eiga að sinna í sambandi við atvinnulífið og það er að viðkomandi atvinnugreinar njóti sambærilega skilyrða og gerist í samkeppnisumhverfi atvinnugreinanna. Það á viðkomandi ráðherra, í þessu tilviki iðnrh., að passa. Það er skylda hans.

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Eitt af þeim vandamálum sem skipasmíðaiðnaðurinn stóð frammi fyrir árið 1994 var mikil umframafkastageta. Síðan þá hefur orðið mikil hagræðing í atvinnugreininni. Eins og hefur komið fram eru verkefni bókuð talsvert langt fram í tímann og því ber sérstaklega að fagna. Ég er þeirrar skoðunar að þegar þannig árar og ekki er bein ástæða til að styrkja ákveðnar atvinnugreinar þá eigi ríkið ekki að ráðast í slíka hluti enda er hér um tímabundið ástand að ræða. Við erum að berjast fyrir því á alþjóðlegum vettvangi að styrkjum til skipasmíðaiðnaðarins verði hætt. Það er von að þessi OECD-tilskipun taki gildi 1. okt. 1996. Þá tel ég að það sé betra fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað að þurfa ekki að hafa búið við slíka styrki fram til þess tíma sem síðan yrðu þurrkaðir í burtu. Reglurnar sem settar voru árið 1995 byggja algjörlega á grundvelli 7. tilskipunar Evrópusambandsins um styrki til skipasmíðaiðnaðar. Reglur hér eru ekki strangari en þær reglur sem við þurfum að búa við á ESB-svæðinu. Ég legg áherslu á þetta. Hér er um tímabundna aðgerð að ræða. Ef menn gripu til styrkja þá er um tímabundna aðgerð að ræða þessu mun ljúka í síðasta lagi vonandi 1. okt. á þessu ári. Þess vegna eigum við ekki að vera að gefa atvinnugreininni einhverja deyfisprautu fram til þess tíma.

Mengunarhætta vegna olíuflutninga.

Fsp. HG, 353. mál. — Þskj. 613.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. umhvrh. um mengunarhættu af völdum olíuflutninga er svohljóðandi í þremur tölusettum liðum:

1. Hvaða viðbúnaður er hérlendis til að bregðast við stórfelldri olíumengun við strendur landsins, t.d. hliðstæðri og ítrekað hefur orðið af skipströndum við Bretlandseyjar?

2. Hvaða aðili samræmir aðgerðir til að draga úr líkum á slíkri vá og hver annast yfirstjórn aðgerða ef slys ber að höndum?

3. Til hvaða fyrirbyggjandi aðgerða er brýnast að grípa af Íslendinga hálfu, einna og í samvinnu við útlendinga, til varnar mengun vegna olíuflutninga við strendur landsins?

Ástæðan þess að fyrirspurnin kemur fram nú er að þessi mál minna óþyrmilega á sig með ítrekuðum stórfelldum slysum þó ekki sé hér við land í þeim mæli sem við þekkjum erlendis frá, síðast fyrir ströndum Wales í Bretlandi þar sem olíuskipið Sea Empress strandaði með óheillavænlegum afleiðingum. Óhapp þetta varð á einhverju viðkvæmasta strandsvæði Bretlandseyja, náttúruverndarsvæði á evrópskan mælikvarða. Afleiðingarnar eru auðvitað þær sem fylgja slíkum slysum þó ekki sé allt komið í ljós því þær geta verið alllangvinnar. Það tekur tíma að olía leysist upp af náttúrulegum ástæðum og mengun getur því tekið yfir alllangan tíma. Ég spyr um viðbúnað hérlendis til að bregðast við þessu. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra dragi fram aðalatriði þess máls.

Í öðru lagi var spurning um það hver samræmir aðgerðir til að draga úr líkum á slíkri vá og um yfirstjórn slíkra aðgerða. Menn heyrðu í hæstv. samgrh. hér áðan og það er áhyggjuefni ef það er svo að togstreita ríkir á milli ráðuneyta um valdsvið og ekki síður og kannski enn frekar ef ekki er um nauðsynlega samræmingu að ræða á milli þeirra sem þurfa að koma við sögu, þ.e. hæstv. samgrh. og hæstv. umhvrh. og e.t.v. félmrh., sem ráðherra sveitarstjórna í landinu og um fyrirbyggjandi aðgerðir bæði á okkar eigin valdsviði eða aðgerðir til að breyta alþjóðlegum samþykktum sem hér er spurt um. Þar kemur margt til greina sem ég vænti að hæstv. ráðherra reki hér að því er varðar hugmyndir hans þar að lútandi.

[14:50]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt eins og kemur fram í máli hv. fyrirspyrjanda, hv. 4. þm. Austurl., sem beinir til mín fyrirspurn á þskj. 613 í þremur liðum, að mál af því tagi sem hann veltir fyrir sér í fyrirspurn þessari minna stöðugt á sig þótt þau séu ekki hér við strendur, a.m.k. ekki með þeim hætti sem gerst hefur í kringum okkur. Það er vissulega nauðsynlegt að halda vöku sinni og reyna að gæta þess að viðbúnaður sé ávallt eins og við best getum búið hjá okkur.

Svar mitt við 1. tölul. fyrirspurnarinnar er að búnaður til að bregðast við stórfelldri olíumengun við strendur landsins

eins og orðið hefur í tvígang með stuttu millibili við Bretlandseyjar er ekki til staðar hér á landi. Olíuflutningaskip af þeirri stærð sem strandaði við suðvesturströnd Englands nýverið sigla því betur ekki nærri Íslandsströnd. Á síðasta ári fluttu 34 erlend olíuflutningaskip um 565 þús. tonn af olíu hingað til lands. Minnsti farmurinn var rúm 2.000 tonn og sá stærsti tæp 30.000 tonn. En flestir farmarnir voru af stærðinni 1.500–1.800 þús. tonn. Til samanburðar hafa skip þau sem strandað hafa fyrst við Hjaltlandseyjar 1993 og nú síðast við suðvesturströnd Englands svo sem hv. fyrirspyrjandi minnti á verið með um 150.000 tonn af olíu í farmi. Búnaður Hollustuverndar ríkisins er miðaður við að hægt sé að fást við öll algengustu tilvik olíumengunar í sjó hér við land og fyrstu viðbrögð ef um er að ræða meiri háttar mengunaróhöpp sem eðlilega eru mun minni líkur á að eigi sér stað. Við bestu skilyrði getur olíuupptökubúnaður stofnunarinnar dælt allt að 50–60 tonnum af olíu á klukkustund. Ef fyrirsjáanlegt er að óhappið er stærra en svo að búnaður stofnunarinnar ráði við það er reiknað með að sækja aðstoð erlendis frá. Ísland er, ásamt Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, aðili að svokölluðu Kaupmannahafnarsamkomulagi en um er að ræða samkomulag milli þjóða um gagnkvæma aðstoð ef kemur til mengunaróhapps sem búnaður viðkomandi lands ræður ekki við.

Á undanförnum árum hefur kerfisbundið verið unnið að því að koma upp viðeigandi mengunarvarnabúnaði en uppbyggingunni er enn ekki að fullu lokið. Áætlað er að koma upp um 1.000 metrum af flotgirðingu en nú eru til um 600 metrar af flotgirðingu í umsjá Hollustuverndar ríkisins. Búnaður Hollustuverndar er byggður upp með það í huga að samtengja hann við þann búnað sem sækja þarf til hinna Norðurlandanna verði um stærri mengunaróhöpp að ræða. Ísland er einnig aðili að alþjóðasamningi á vegum Alþjóðasiglingarmálastofnunarinnar, svokölluðum OPRC-samningi sem byggir á sömu sjónarmiðum og Kaupmannahafnarsamkomulagið. Framkvæmd þess samnings er þó enn í mótun.

Við 2. tölul. fyrirspurnarinnar er það að segja að Hollustuvernd ríkisins samræmir aðgerðir og annast yfirstjórn aðgerða verði olíumengun á sjó utan hafnarsvæða til að draga úr slíkri vá í samræmi við ákvæði VII. kafla laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Hollustuvernd annast yfirstjórn aðgerða ef slys ber að höndum í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins í þeim tilvikum er mengunarslys verða utan hafnarsvæða. Verði mengunaróhöpp innan hafnarsvæða er það viðkomandi sveitarfélag sem ber ábyrgð á hreinsunaraðgerðunum.

Svar við 3. tölul. fyrirspurnarinnar er: Í samræmi við áðurnefnt Kaupmannahafnarsamkomulag hafa fulltrúar íslenskra stjórnvalda tekið þátt í sameiginlegum æfingum og námskeiðum landanna og til er viðbragðsáætlun um flutning á búnaði ef til óhapps kemur hér á landi. Þessir fulltrúar okkar hafa síðan tekið þátt í æfingum og kynnt búnaðinn í þeim höfnum landsins sem hafa mengunarvarnabúnað. Þess má einnig geta að ríkissjóður hefur lagt sveitarfélögunum til fé til að koma upp búnaði við helstu hafnir landsins til samnýtingar í öðrum höfnum. Þá hefur verið unnið að kortlagningu landsvæða og siglingaleiða með tilliti til áhættuþátta og samhliða því gerð viðeigandi viðbragðsáætlun til að grípa til ef kemur til mengunaróhapps. Einnig hafa farið fram viðræður við hagsmunaaðila um möguleika á að setja sérstakar reglur um siglingaleiðir olíuskipa hér við land og er þess vænst að niðurstaða náist sem fyrst í það mál. Má kannski að lokum segja að það sé e.t.v. hluti af því sem hæstv. samgrh. var að ræða hér um áðan og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er auðvitað nauðsynlegt að gott samstarf og samkomulag, góð samvinna og samræming sé milli þessara ráðuneyta varðandi svo mikilvægan áhættuþátt sem er til umræðu.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans. Vegna svars hans við 1. tölul. fyrirspurnarinnar tek ég fram að þó það sé vissulega rétt að það magn olíu, sem er flutt hingað til lands með skipum, er ekki í þeim mæli sem gerist erlendis þá segir magnið ekki allt, umhverfisaðstæður segja talsvert mikið um áhrif af slysum ef olía kemur í sjó. Eftir því sem sjórinn er kaldari þeim mun lengri tíma er olían að leysast upp með náttúrlegum hætti og það getur verið margfalt tjón. Ég hef lesið í erlendum ritum um allt að hundraðfalt tjón sem fer eftir köldum sjó annars vegar og hlýsævi hins vegar þar sem olíuslys verða og áhrif mengunar. Þetta ber því að taka með í dæmið.

Í öðru lagi ítreka ég hvílík nauðsyn er á að gætt sé samstarfs og samræmingar hjá Hollustuvernd ríkisins með öðrum aðilum aðilum sem í hlut eiga. Ég spyr hæstv. ráðherra enn frekar að því hvort þess sé gætt að allir hlutaðeigandi aðilar hafi það samstarf og sá undirbúningur liggi fyrir að allt gangi vel ef illa færi því að það er þá sem reynir á. Það varðar einnig þriðja þáttinn, þ.e. samstarf ráðuneyta eins og samgrn. og umhvrn., að mér er nokkuð til efs að þar sé tekið samræmt á málum eins og þyrfti að vera. Hæstv. umhvrh. gæti haft skoðanir á búnaði skipa sem kveðið er á um í lögunum um mengun sjávar, að ráðuneyti hans geti haft afskipti af og þar getur reynt á að gera alþjóðlegar kröfur um hertar aðgerðir fyrir utan það sem varðar flokkun og siglingaleiðir og flokkun á hafsvæðum með tilliti til hættu sem er heimild fyrir í lögum að hafsvæði séu flokkuð út frá því sjónarhorni.

[14:58]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt rétt sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Austurl. að aðstæður geta verið mjög mismunandi og magn olíu þarf auðvitað ekki að segja til um það tjón sem hún getur valdið. Það er þó staðreynd að þessi gríðarlega stóru olíuskip eru ekki að sigla hér alveg við strendur okkar og fyrst og fremst eru olíuflutningarnir sem hingað koma olía sem við erum að nota sjálf því að við erum ekki með olíuhreinsunarstöðvar af því tagi eins og verið er að flytja olíu til og á milli staða í nágrannalöndum okkar. Þetta er því fyrst og fremst sú olía sem við notum sjálf og farmarnir þess vegna minni. En það er auðvitað rétt að það þarf að hafa þetta allt í huga og mengunarvarnabúnaðurinn og viðbrögðin þurfa að taka mið af því. Ég tek þetta þess vegna ekki síður sem ábendingu frá hv. þm. en það að hann sé beinlínis að krefjast annarra svara af minni hálfu á þessu stigi í sambandi við þá hættu sem kann að vera af minna magni af olíu.

Hitt vil ég svo segja um samræminguna og samstarfið að er það auðvitað svo að við skiptum nú nokkuð með okkur valdsviðum í stjórnskipun okkar og einstakir þættir heyra undir þetta ráuneyti og aðrir undir hitt og eðlilegt að svo sé. En líka mjög brýnt og nauðsynlegt að gott samstarf sé milli ráðuneytanna og milli ráðherra á þeim málaflokkum sem kunna að skarast og kunna að varða málin af beggja hálfu. Þótt ég kynni að hafa einhverjar sérstakar skoðanir á

búnaði skipa leiði ég hjá mér í augnablikinu að svara hv. fyrirspyrjanda vegna þess að ég hef ekki skoðað það mál svo til hlítar að svar mitt væri vel undirbyggt. En um hafsvæðin vil ég hins vegar segja að það tel ég að sé miklu nær því að falla undir starfssvið umhvrn. og nefni það þá aftur sem kom fram í lokamáli mínu í svarinu áðan að þegar er unnið að því að reyna að ná samkomulagi um siglingaleiðir olíuskipa hér við land og að hluta til gæti það fallið undir það hvaða hafsvæði á að verja og hvar á að leyfa slíkar siglingar.

Framtíðarsamvinna Íslands og Vestur-Evrópusambandsins.

Fsp. KPál, 375. mál. — Þskj. 659.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skjót viðbrögð við þessari fyrirspurn sem var lögð fram á fimmtudaginn í síðustu viku.

Ríkjaráðstefna Evrópusambandsríkja, einn mesti pólitíski viðburður í Evrópu á síðari árum, er að hefjast innan skamms. Sú ráðstefna mun m.a. fjalla um varnar- og öryggismál Evrópu og hlutverk Vestur-Evrópusambandsins, VES, í því.

Eins og flestir vita sem fylgst hafa með þessum málum er stefnt að því í Maastricht-sáttmálanum að VES verði Evrópustöð Evrópusambandsins í NATO og skuli því sameinuð Evrópusambandinu. Um þetta eru mjög skiptar skoðanir innan Evrópu og hefur hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, m.a. lýst sig mótfallinn þeirri breytingu. Það var þó almennt álitið allt fram á aukaþing VES í London í síðasta mánuði að Maastricht-sáttmálinn yrði virtur og VES sameinað Evrópusambandinu. Með ræðu forsætisráðherra Bretlands, John Majors, á þessu þingi tel ég að orðið hafi mikill vendipunktur í þessu máli. Þar sagði hann að það yrði ekki í hans stjórnartíð né í næstu stjórn hver sem væri við stjórnvölinn í Bretlandi, Íhaldsflokkurinn eða Verkamannaflokkurinn, að aðrir en breska þingið eða ríkisstjórn Bretlands gætu sent breska hermenn í stríð. Það yrði þeirra eigin ákvörðun. Því kæmi aldrei til greina að breskar hersveitir yrðu sameinaðar undir yfirráð Evrópusambandins né annarra þjóða. Hann taldi sameiningu VES við Evrópusambandið ekki koma til greina af þessari meginforsendu. Þessi eindregna afstaða Breta endurspeglaðist síðan í umræðunum í þinginu á eftir um framtíðarhlutverk Vestur-Evrópusambandsins, m.a. í íslensku sendinefndinni, en hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði fyrir hennar hönd í því máli. Ég tel því að þær umræður sem fram fara á ríkjaráðstefnunni á næstu mánuðum um öryggis- og varnarmál muni snúast um hvernig starfsemi VES verði styrkt og hvaða ríki verði þar sem fullgildir aðilar. Sem ein af þjóðum Evrópu hef ég alltaf álitið að Ísland ætti að hafa sem nánust tengsl við Evrópuþjóðir innan NATO og í Evrópusambandinu við framtíðarþróun Íslands á sviði öryggismála og á sviði verslunar og viðskipta. Ég tel því að Íslendingar eigi að sækja um fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það tel ég gerast best með þeim þjóðum sem eru aukaaðilar, „associate members", eins og Noregur og Tyrkland. Fulltúar þessara beggja þjóða hafa óskað eftir því á tveimur síðustu þingum VES að reglum samtakanna yrði breytt í þá veru að þær gætu gerst fullgildir aðilar. Ég tel að við Íslendingar eigum að stilla okkur upp með þessum þjóðum hvað þetta varðar enda eru þær með okkur í NATO.

Það hefur komið fram á þingum VES, m.a. hjá Finsberg lávarði, formanni bresku sendinefndarinnar, að meiri hluti sé fyrir því að breyta reglum VES í þá veru að Evrópuríki NATO yrðu fullgildir aðilar. En þetta sagði hann eftir ræðu norska fulltrúans Vidars Bjørnstad þar sem hann var að mæla fyrir fullri aðild Noregs að VES á þinginu í París í desember sl.

Virðulegi forseti. Ég tel að í þessu máli þurfi afstaða Íslands að vera skýr, ákveðin og opinber, hvert við stefnum í þessu máli. Þess vegna er sú spurning sem hér er til umræðu lögð fram, virðulegi forseti:

Hvernig telur ráðherra að framtíðarsamvinnu Íslands og Vestur-Evrópusambandsins verði best háttað?

[15:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson spyr um framtíðarsamvinnu Íslands og Vestur-Evrópusambandsins, hvernig þessari samvinnu verði best háttað. Eins og fram kom í máli hans er rétt að taka fram að Ísland er fullgildur aukaaðili að VES og það þarf því í sjálfu sér ekki að ræða um sérstaka samvinnu. Hins vegar er eðlilegt að tala um það hvernig við viljum að VES þróist og hvar við getum komið að þeirri þróun. Rúmlega þrjú ár eru liðin síðan Ísland ásamt Noregi og Tyrklandi undirritaði skjal um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. En aukaaðildin felur ekki í sér réttindi og skyldur samkvæmt stofnsamningi VES enda sá samningur ekki undirritaður af okkar hálfu.

Í stuttu máli geta aukaaðilar tekið fullan þátt í ráði og nefndum VES. Þau geta hins vegar ekki hindrað ákvarðanir sem ríki með fulla aðild hafa náð samstarfi um. Á sama hátt geta aukaaðilar tengst ákvörðunum VES. Í dag eru einungis þau ríki sem bæði eru í NATO og ESB fullir aðilar að VES að Danmörku undanskilinni. Fram hefur komið áhugi, einkum meðal þingmanna og nú í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar, að við sækjum um fulla aðild að VES. Stofnsáttmáli VES kveður skýrt á um að það verður að koma boð frá aðildarríkjunum sem er einróma samþykkt af þeim, þ.e. boð frá VES ef til slíks á að koma og er rétt að taka fram að það getur orðið harðsótt. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að gagnkvæmar varnarskuldbindingar VES eru mun meira afgerandi en hjá NATO. Tvær meginástæður eru fyrir aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu. Í fyrsta lagi að tryggja aðgang Íslands að vettvangi þar sem teknar eru ákvarðanir um evrópsk öryggismál sem kunna að hafa þýðingu fyrir öryggi Íslands. Í öðru lagi að styrkja svonefnda Evrópustoð innan Atlantshafsbandalagsins og þá um leið áfram öflug tengsl um Atlantshaf.

Íslendingar eiga mikið í húfi að geta beitt áhrifum sínum í umræðum um öryggismál Evrópu vegna hinna hröðu samrunaþróunar innan Evrópusambandsins og vaxandi áherslu á sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu þess. Þá er í samræmi við ákvörðun Maastricht-fundarins stefnt að því að VES annist varnarmál ESB þegar sameiginleg varnarstefna verður að veruleika.

Síðari þátturinn, að styrkja Evrópustöð Atlantshafsbandalagsins og varðveita haldföst tengsl um Atlantshaf, er enn í fullu gildi. Afstöðubreyting Bandaríkjanna að styðja af einlægni þróun sjálfstæðrar öryggisímyndar Evrópu í formi Vestur-Evrópusambandsins og styrkari Evrópustoð NATO

hefur gert þessa málefnabaráttu auðveldari. Einnig er mikilvægt að hafa í huga breytingu á afstöðu Frakklands til varnarsamstarfsins innan Atlantshafsbandalagsins.

Eins og hv. þm. kom inn á er fram undan ríkjaráðstefna ESB. Þar mun koma til umræðu hvernig stofnanalegum tengslum þess við VES verður háttað. Engin samstaða er um þessi mál eins og kom fram í máli hans. Bretland eitt í minni hluta stutt af Íslandi og Noregi innan VES leggur áherslu á stofnanalegt sjálfstæði VES. Önnur ESB-ríki aðhyllast samruna VES við ESB þó áherslumunur séu á hver hraði samrunans skuli vera. Það verður því afar mikilvægt fyrir Ísland að fylgjast mjög náið með umfjöllun um þetta mál sérstaklega og sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu almennt á þessari nefndu ríkjaráðstefnu.

Ekki þarf að fjölyrða um það að Ísland mun eftir sem áður leggja áherslu á stofnanalegt sjálfstæði VES þar sem við getum komið þeirri skoðun á framfæri. Ljóst er þó að umræðan um stofnanaþáttinn mun á næstunni fyrst og fremst fara fram innan ESB og á ríkjaráðstefnunni.

Hvað er þá með innra skipulag VES? Í formennskutíð sinni hefur Bretland lagt áherslu á að byggja upp starfsgetu VES svo sem áætlanagerð og upplýsingaöflun. Með aukinni áherslu Frakklands á samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins er líklegt að auðveldara verði fyrir VES að sinna minni verkefnum þeim sem kennd eru við Petersberg þar sem um er að ræða að beita VES til neyðaraðgerða á sviði mannúðaraðstoðar og björgunar, friðargæslu og að tryggja frið á hættutímum og það á svæðum utan landsvæðis aðildarríkjanna. Lykilatriði hvað þetta varðar felst í að tengsl VES og NATO styrkist og að samkomulag takist um aðgang og notkun VES á herstjórnarkerfi NATO. Eftir kyrrstöðu virðist samkomulag vera í augsýn sérstaklega eftir að Frakkar boðuðu aukið samstarf í NATO.

Til að styrkja stöðu Íslands og efla framlag til VES kann að vera áhugavert að skoða möguleika þess að taka þátt í ofangreindum verkefnum þar sem þau mundu að öllu jöfnu ekki varða meiri háttar átök. Það er ekki óraunhæft að Ísland geti orðið virkur þátttakandi í skilgreindum afmörkuðum verkefnum VES þó meginábersla verði sem fyrr á að gæta öryggishagsmuna Íslands og tryggja öfluga Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafssamstarf.

[15:10]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að mörg öfl vilja að VES verði innlimað í Evrópusambandið. Hins vegar vil ég benda á að í nýlegri úttekt sem prófessor Nikolaj Petersen við Árósarháskóla tók saman fyrir Norðurlandaráð segir hann um öryggisþáttinn vegna ríkjaráðstefnunnar að þegar öryggismál séu skoðuð þá sé ljóst að ekkert norrænna landa vill á þessum tímapunkti fulla aðild að VES og ekki megi búast við að nokkurt norrænt land mundi styðja tillögu um að VES yrði innlimað í Evrópusambandið. En það eru sum önnur lönd sem vilja það. Samkvæmt upplýsingum mínum hefur enginn norskur ráðherra sett fram þá kröfu að Noregur gerist fullgildur aðili að VES enda eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra þá sækja lönd ekki um aðild heldur er þeim boðin innganga. Það er því ekki opinber stefna Norðmanna að mínu viti. Það er líka spurning ef Ísland og Noregur fengju að gerast fullgildir aðilar að VES hvað yrði þá um Tyrkland. Þeir eru í sömu aðstöðu og við, þeir eru í NATO og aukaaðilar að VES. Hvað mundu Grikkir segja ef Tyrkir fengju að ganga þar inn? Mér finnst þetta mun flóknara en svo að við getum á þessum tímapunkti krafist fullrar aðildar að VES eins og hér kom fram.

[15:12]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. Eins og mörgum er kunnugt hefur VES verið að eflast á undanförnum árum og er nú orðið mjög virk stofnun sem slík og er núna að móta þá framtíðarstefnu í takti við það hlutverk sitt að vera Evrópustoð NATO. Ég tel nauðsynlegt að skoða aðild okkar að VES mjög gaumgæfilega og hvar við eigum að marka okkur bás innan Vestur-Evrópusambandsins. Vestur-Evrópusambandið mun vissulega hafa talsverð áhrif á þróun varnarmála innan Evrópu jafnvel þótt eins og hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að það muni fyrst og fremst sinna mannúðarstörfum og hjálparstörfum. En þar sem við erum einu sinni NATO-land og Evrópuland tel ég mjög mikilvægt að við fylgjumst mjög náið með og verðum mjög virkir þátttakendur í því starfi sem þar fer fram á næstunni, ekki síst á meðan verið er að móta framtíðarstefnu Vestur-Evrópusambandsins. Við höfum t.d. ekki atkvæðisrétt í Vestur-Evrópusambandinu og ég vildi biðja hæstv. utanrrh. að kanna hvort við gætum á einhvern hátt fengið tamarkaðan eða fullan atkvæðisrétt á þingum Vestur-Evrópusambandsins.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans og hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunni. Ég er alveg sammála því sem komið hefur fram að þetta mál er ekki einfalt og það þarf að sjálfsögðu mikinn undirbúning bak við tjöldin eins og maður segir þannig að slík ætlan eins og mér finnst að við eigum að stefna að, að gerast fullgildir aðilar, nái fram að ganga. Þess vegna held ég að því sé fyrst og fremst beint til fulltrúa viðkomandi þjóðþinga á fundum Vestur-Evrópusambandsins að þeir reyni að liðka þannig til innan þingsins að þjóðir gerist fullgildir aðilar og breytingarnar komi með þeim hætti og boðið komi frá þinginu. Þess vegna held ég einmitt að fulltrúi Norðmanna, Vidar Bjørnstad, hafi borið það upp á þinginu að reglum yrði breytt þannig að Noregur gæti fengið fulla aðild.

Ég sagði ekki í ræðu minni að það væri opinber stefna Norðmanna að verða fullgildir aðilar að VES en aftur á móti er Vidar Bjørnstad fulltrúi Verkamannaflokksins á þinginu í VES og ég tel þá í beinum tengslum við ríkisstjórn Noregs. Ég geri því ráð fyrir að þetta sé í fullu samráði að Norðmenn eru að vinna í þessu máli innan Vestur-Evrópusambandsins fyrir opnum tjöldum. Ég held að það sé því ekki alveg rétt í þessari skýrslu sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vitnaði í að enginn Norðurlandaþjóðanna hefði áhuga á að ganga inn í VES sem fulltrúi með full réttindi. Mér sýnist alla vega að Norðmenn hafi áhuga.

Ég þakka fyrir þessa umræðu.

[15:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel afar þýðingarmikið að taka mál sem þetta til umræðu og til þess að auka skilning á stöðu okkar í sambandi við mál eins og það sem hér er til umræðu. Ég held að það sé alveg ljóst að það er ekki hægt að fá einhvern takmarkaðan atkvæðisrétt innan þessara samtaka. Annaðhvort erum við áheyrnaraðilar, aukaaðilar eða með fulla aðild. Ég

held að það sé alveg raunhæft mat eins og nú standa sakir að ef Íslendingar vilja fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu þurfa þeir í reynd að ganga í Evrópusambandið. Þannig er staðan í dag. Ég er ekki að mæla með því. En ég held að við þurfum að gera okkur alveg fulla grein fyrir því að staðan er þessi. Hvort sem okkur líkar betur eða verr er staðan sú að þau þrjú ríki sem ekki eru í Evrópusambandinu, þ.e. Tyrkland, Ísland og Noregur, eru aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Það er mikið ósamkomulag á milli Grikklands og Tyrklands og það er afar ólíklegt eins og nú standa sakir að það geti orðið að Tyrkjum yrði boðin full aðild að Evrópusambandinu þótt í sjálfu sér sé ekkert sem komi beint í veg fyrir það.

Þetta tel ég vera stöðuna en aðalatriðið fyrir okkur er að taka þátt í þeirri umræðu sem er um framtíðarþróun Vestur-Evrópusambandsins og það eru meiri líkur á því nú en áður að Vestur-Evrópusambandið verði hin sjálfstæða stoð NATO og verði ekki innlimað inn í Evrópusambandið. Það er aðalatriðið að mínu mati en ekkert aðalatriði á þessu stigi að við gerumst fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Það er ekki opinber stefna Íslands. Það er ekki opinber stefna Noregs en mér er fullkunnugt um að Tyrkir hafa lagt á það mikla áherslu að fá fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu og Tyrkir eru líka að fara fram á aðild að Evrópusambandinu. En eins og allir vita hefur þessi stefna Tyrkja ekki fengið undirtektir.

Fundi slitið kl. 15:19.

---

107. FUNDUR

miðvikudaginn 13. mars,
að loknum 106. fundi.

Dagskrá:

1. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 389. mál, þskj. 684. — 1. umr.
2. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 677. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 684. [15:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands. Þetta frv. er flutt á þskj. 684 og er 389. mál þingsins. Frv. er samið í landbrn. Um tilurð þess vísast til 4. gr. laga nr. 130/1994 en samkvæmt þeim lögum voru Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameinuð í ein heildarsamtök bænda sem hafa hlotið nafnið Bændasamtök Íslands og hafa þau samtök eins og kunnugt er þegar tekið við öllum réttindum og skyldum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Í áðurnefndri 4. gr. laga nr. 130/1994 er kveðið á um það að tekin skulu til endurskoðunar öll lagaákvæði þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og er frv. það sem hér liggur fyrir árangur af því starfi. Við samningu frv. var haft samráð við Bændasamtök Íslands. Í frv. eru lagðar til breytingar á 33 lögum en langflest þeirra eru á framkvæmd landbrn.

Þegar hafa verið lögð fyrir þingið tvö önnur frumvörp sem rekja má til breytinga á yfirstjórn samtaka bænda og er þar átt við frv. til laga um breytingu á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. sem þingið samþykkti sem lög í síðustu viku og frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra sem hv. landbn. þingsins hefur nú til meðferðar. Í flestum tilvikum fela breytingar þær sem hér eru lagðar til ekki annað í sér en að orðin Bændasamtök Íslands koma í hin ýmsu lög í stað *Stéttarsambands bænda* eða *Búnaðarfélags Íslands*. Því er ekki um að ræða efnisbreytingar á gildandi lögum enda rúmast slíkar breytingar ekki í því formi sem er á þessu frv.

Þá ber líka að nefna að sum lögin eru til heildarendurskoðunar á vegum ráðuneytisins þótt sú vinna sé ekki langt á veg komin. Á það t.d. við um skógræktarlögin, landgræðslulögin, lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, jarðræktarlögin og búfjárræktarlögin.

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á 11. gr. frv. sem fjallar um breytingar á lögum nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Stjórn Framleiðnisjóðs er í dag skipuð fimm mönnum og er í 11. gr. frv. lagt til að svo verði áfram. Samkvæmt lögunum eins og þau eru í dag tilnefna Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar hver um sig einn mann í stjórnina en landbrh. skipar einn án tilnefningar og er sá formaður stjórnar. Sá háttur hefur verið hafður á frá því að Framkvæmdastofnunin var lögð niður að forsrh. hefur tilnefnt einn mann í stjórn Framleiðnisjóðs enda ekki sjálfgefið að valdheimildir Byggðastofnunar, sem tók þó við hluta af verkefnum Framkvæmdastofnunar, næðu til þess að tilnefna í stjórnina.

Eins og ég sagði áðan þykir rétt að stjórn Framleiðnisjóðs verði áfram skipuð fimm mönnum og er í frv. gert ráð fyrir því að Bændasamtök Íslands tilnefni tvo fulltrúa og er það í sjálfu sér óbreytt frá því sem nú er, sbr. 2. gr. laga um Framleiðnisjóð, sbr. lög nr. 130/1994. Jafnframt er gert ráð fyrir að landbrh. skipi tvo menn án tilnefningar og verði annar þeirra formaður stjórnarinnar. Þá er gert ráð fyrir að Rannsóknarráð Íslands fái tilnefningarrétt í stjórnina

og verður að líta svo á að slíkt fyrirkomulag samræmist vel lögmætu hlutverki Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eins og því er lýst í 1. gr. laganna en það er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum og má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir sem miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðarinnar miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Hlutverk Rannsóknarráðs Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 er m.a. að treysta stoðir íslensks atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun. Má ætla að sú breyting sem hér er lögð til á skipan stjórnar Framleiðnisjóðs sé vel til þess fallin að tengja saman þá aðila sem hér um ræðir og þau verkefni sem þeir hafa með að gera lögum samkvæmt. Með þeirri breytingu á skipan stjórnar Framleiðnisjóðs, sem 11. gr. frv. felur í sér ef að lögum verður, er enn fremur lagt til að Búnaðarbanki Íslands eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn sjóðsins. Rökin fyrir þeirri breytingu eru fyrst og fremst þau að óeðlilegt sé að fulltrúi annarrar fjármálastofnunar eigi sæti í stjórninni og taki þar þátt í afgreiðslu og ákvörðunum sem varðað geta viðskiptamenn viðkomandi stofnunar. Slíkt gæti skapað hagsmunaárekstra. Í samræmi við þessa tillögu er lagt til í b-lið 11. gr. frv. að 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna um Framleiðsnisjóð verði felldar brott en þar er kveðið á um að Búnaðarbankinn hafi umsjón með sjóðnum gegn þóknun og um endurskoðun á bókhaldi sjóðsins fari eftir núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Um síðari atriðið verða almennar reglur að gilda.

Í 9. gr. frv. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, í þá veru að rjúfa þau tengsl sem hafa verið við Búnaðarfélag Íslands samkvæmt lögunum. Sú breyting sem nú er orðin á skipan stjórnar hagsmunasamtaka bænda leiðir til þess að ekki getur talist eðlilegt að Bændasamtök Íslands hafi með sama hætti umsjón með landgræðslumálum og Búnaðarfélag Íslands hafði með að gera í umboði landbrh.

Í 34. gr. frv. er lagt til að nokkur lög og lagaákvæði sem talin eru úrelt verði felld brott en þar er m.a. um að ræða lög um mótak, lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og lög frá 1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Að endingu skal þess getið að frv. þetta var til umfjöllunar á nýafstöðnu búnaðarþingi og barst ráðuneytinu í gær ályktun þingsins þar sem koma fram athugasemdir og ábendingar við 9.–11. gr. og 17. og 19. gr. frv. Mun ég koma þeim á framfæri við hv. landbn.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 385. mál (gildissvið o.fl.). — Þskj. 677.

[15:26]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum. Frv. þetta er flutt á þskj. 677 og er 385. mál þingsins. Frv. er samið í umhvrn. í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Árið 1979 voru sett lög um landhelgi, efanhagslögsögu og landgrunn, sbr. lög nr. 41/1979. Lög þessi tengdust staðfestingu hafréttarsáttmálans og er ætlað að tryggja réttindi og hagsmuni Íslendinga varðandi yfirráðarétt yfir hafsvæðinu kringum Ísland. Í lögum um varnir gegn mengun sjávar er að finna frekari útfærslu á lögunum nr. 41/1979 hvað snertir þennan þátt málsins. Þessi lög mörkuðu tímamót á sínum tíma en á þeim árum sem liðin eru frá því að þau voru sett hefur mikið vatn runnið til sjávar auk þess sem viðhorf hafa breyst til nýtingar auðlindarinnar. Reynslan hefur og sýnt að á sumum atriðum þarf að skerpa betur. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að stefna að heildarendurskoðun laga um varnir gegn mengun sjávar á næstu tveimur árum. Hins vegar eru nokkur atriði sem þarf að taka á hið fyrsta og geta ekki beðið eftir heildarendurskoðun laganna. Um er að ræða eftirtalin atriði:

1. Gildissvið laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, takmarkast við íslenska efnahagslögsögu. Samkvæmt svokölluðum MARPOL-samningi, sem er alþjóðasamningur frá 2. nóv. 1973, um varnir gegn mengun frá skipum, og íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, hefur Ísland skuldbundið sig til að íslensk lög á þessu sviði nái einnig yfir starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu. Taka þarf af öll tvímæli um það í lögunum.

2. Ísland hefur ritað undir alþjóðasamning um varnir gegn mengun hafrýmis Norður-Atlantshafsins, svokallaðan OSPAR-samning. Ísland er aðili að gildandi samningum á þessu hafsvæði en stefnt er að því að OSPAR leysi eldri samninga af hólmi, þ.e. Óslóarsamninginn frá 1972 og Parísarsamninginn frá 1974. Það er hagur Íslands að OSPAR taki gildi hið fyrsta þar sem í honum eru ákvæði sem ætlað er að sporna enn frekar gegn því að mengunarefni berist út í umhverfið. Samningurinn tekur ekki gildi fyrr en öll aðildarlönd Óslóar- og Parísarsamninganna hafa staðfest hinn nýja OSPAR-samning. Í honum eru nokkur ákvæði, einkum er varða varp úrgangsefna í hafið, sem þarf að taka á í íslenskri löggjöf áður en hann verður staðfestur.

Loks þarf að lagfæra lítillega lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, sbr. lög nr. 57/1995, með tilliti til breytinga sem urðu á árinu 1995 þegar starfsemi mengunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins var færð yfir til Hollustuverndar ríkisins.

Hæstv. forseti. Vegna þeirra atriða sem ég hef talið upp að framan tel ég mikilvægt að þær breytingar sem frv. þetta gerir ráð fyrir verði að lögum á þessu þingi. Í 1. gr. frv. er kveðið á um að við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveður á um að lögin gildi einnig um starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum. Með þessu ákvæði er verið að taka af öll tvímæli um að ákvæði MARPOL-samningsins gildi fyrir íslensk skip sem eru utan íslenskrar efnahagslögsögu.

3. gr. frv. er breyting á 13. gr. laganna. Er þar sett fram sú meginregla að allt úrkast efna og hluta í hafið sé óheimil, samanber þó upptalningu í 2. mgr. greinarinnar. Við gerð OSPAR-samningsins ákváðu samningsaðilar að víkja frá svokölluðum bannlistum þar sem talin eru upp þau efni sem bannað er að varpa í hafið. Það hefur sýnt sig vera afar erfitt að ganga úr skugga um að slík efni sé ekki að finna í margs

konar hlutum. Þess í stað er farin sú leið að telja upp þau efni sem til greina kemur að varpa í hafið. Þrátt fyrir að þessi efni séu talin upp þarf að ganga úr skugga um það í hvert skipti að þau innihaldi ekki mengandi efni.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna „leyfislistann" eins og hann er samkvæmt OSPAR-samningnum. Í henni er einnig að finna heimildarákvæði til að setja reglur um með hvaða hætti standa skuli að varpi úrgangsefna í hafið. Þetta er gert til þess að geta sett fram nánari reglur er taki mið af samþykktum vinnureglum OSPAR-samningsins.

Í 5. gr. frv. eru gerðar þær breytingar á lögum að við 18. gr. laganna bætist við tvær nýjar málsgreinar. Í fyrri mgr., sem lagt er til að bætt verði við 18. gr. laganna, er kveðið á um að Hollustuvernd ríkisins skuli sjá um að skipuleggja og samræma viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó og þann búnað sem nauðsynlegur er. Þetta er komið til vegna þess að nauðsynlegt er að tryggja samræmingu í notkun þess mengunarvarnabúnaðar sem þegar hefur verið tekinn í notkun og tekinn verður í notkun í framtíðinni. Enn fremur er nauðsynlegt að svonefnd samningsráð fái formlegan bakgrunn.

Í síðari mgr., sem lagt er til að bæta við 18. gr. laganna, er sett inn heimild fyrir ráðherra að setja samræmda gjaldskrá fyrir notkun á mengunarvarnabúnaðinum. Þetta ákvæði er sett inn að ósk hafnanna þar sem erfitt getur verið fyrir einstök sveitarfélög að ákveða gjald fyrir notkun á þessum búnaði.

Þar til umhvrn. var stofnað árið 1990 fór samgrn. með mál er tengdust mengun sjávar. Þurfti ráðuneytið því að hafa samráð við heilbrrn. sem fór þá með hollustuháttamál og menntmrn. sem fór með náttúruverndarmál við setningu reglna um olíumengun frá landsstöðvum og um flokkun eiturefna og hættulegra efna. Þessir málaflokkar heyra nú allir undir umhvrn. og þarf að laga lögin að þeirri staðreynd. Breytingar í þessa veru er að finna hér og hvar í frv. Einnig er um að ræða lagfæringu í samræmi við að verkefni mengunarvarnadeildar Siglingamálastofnunar voru flutt til Hollustuverndar ríkisins 1. júní 1995. Breytingar í þessa veru eru gerðar í 2., 4., 5., 6. og 7. gr. frv. og þarfnast þessar breytingar ekki frekari skýringa.

Í 8. gr. frv. er kveðið á um að lögin skuli þegar öðlast gildi og þegar þau hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Loks er rétt að taka fram að í umsögn fjmrn. um frv. kemur fram að ekki er fyrirsjáanlegur kostnaðarauki fyrir ríkissjóð verði frv. óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið framsögu um þetta frv. til laga um breyting á lögum, nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og umfjöllunar í hv. umhvn.

[15:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir og aðeins segja að það er eðlilegt og sjálfsagt að reyna að breyta löggjöf okkar til samræmis við sáttmála sem við höfum verið þátttakendur í og viljum stuðla að að öðlist gildi.

Það er sérstaklega eitt atriði sem mér finnst ekki með góðum svip í þessu frv. en það kann að vera vandi við að fást. Þar er um að ræða lista í 3. gr. þar sem heimilað er að tilteknum efnum eða hlutum sé varpað í hafið. Það er 3. gr. frv. Ég tel að við Íslendingar þurfum að leitast við að umgangast hafið sem best og vera þar í fararbroddi. Til þess þurfum við auðvitað að bæta okkur í mörgum greinum og að setja heimild í lög um að hægt sé að setja dýpkunarefni, föst jarðefni, fiskúrgang og ekki síst skip og loftför í hafið fram til 2004, margt af því ber ekki góðan svip. Ég tel að við þurfum að endurskoða mjög alvarlega reglur um umgengni við hafið og hafsbotninn, bæði á grunnsævi og svo langt út sem seiling mannsins nær.

Ég man ekki betur en það sé bannað samkvæmt reglum okkar nú að sökkva skipsskrokkum í hafið, kann þó að vera að mig misminni, en samkvæmt þessu erum við með opna heimild til ársins 2004. Mér finnst að við verðum að leita annarra leiða í löggjöfinni ef þarna er um að ræða að uppfylla ákvæði alþjóðasamnings en taka svo til orða sem hér er gert.

[15:35]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt. En það er um 3. gr. að segja að ég tel að þetta form sem hér er sett upp sé til bóta þar sem settur er fram listi yfir það hverju heimilt er að varpa í hafið. Ég álít listann mjög þröngan gagnstætt því sem var í fyrri lögum eins og ég reyndi að gera grein fyrir í framsögu minni þar sem var áður listi yfir það sem bannað var. Hér er sem sagt snúið við formerkjunum og gert í samræmi við ákvæði OSPAR-samningsins hvernig þetta skuli vera.

Hv. þm. nefndi að leyfilegt væri að setja skip og loftför í sjóinn fram til 31. des. 2004. Fyrst svona ákveðin dagsetning er tiltekin finnst mér líklegt án þess að ég hafi það þó fyrir framan mig að hér sé um að ræða einhvern samning sem við kunnum að vera aðilar að. Ég man eftir því að nýlega var í þinginu fyrirspurn um framkvæmd mála af þessu tagi og kom í ljós að það er orðið mjög lítið um það að skipum sé sökkt eða þau dregin til hafs til þess að farga þeim á þann hátt. Hins vegar kann það að skapa önnur vandamál í höfnum, hjá skipasmíðastöðvum eða hjá sveitarfélögum sem þarf þá að taka á með öðrum hætti og er að sjálfsögðu eitt af viðfangsefnum umhvrn. eða umhverfisyfirvalda að sjálfsögðu að glíma við það.

Að lokum minni ég á afstöðu mína og viðbrögð okkar Íslendinga við því þegar til stóð að sökkva títtumræddum olíuborpalli síðasta sumar og við áttum ábyggilega þátt í því að að tókst að koma í veg fyrir það, þ.e. afstaða okkar til málsins og mótmæli við því ásamt mótmælum frá fjölda annarra aðila. Viðhorf mitt til þeirra mála er því nokkuð ljóst þó að það kunni að vera að í lögum eða samningum einhvers staðar sé að finna heimildir sem gera það að verkum að þessi dagsetning er svo afdráttarlaust bundin hér en það álít ég að sé mál sem hv. umhvn. mun að sjálfsögðu skoða í vinnu sinni.

[15:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert ef um þrengingu er að ræða á efnum og hlutum sem heimilt er að varpa í hafið. Þessi mál verða auðvitað gaumgæfð í þingnefnd og borin saman við gildandi reglur á þessu sviði. Ég tel að við eigum að sníða mjög þröngan stakk í þessum efnum og taka almennt séð umgengni okkar við hafið og

hafsbotninn til endurskoðunar þannig að bætt verður úr ýmsu sem aflaga fer nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Aukastörf dómara.

[15:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru fékk ég skriflegt svar dómsmrn. við fyrirspurn minni um nefndastörf og verkefni sem dómarar vinna fyrir framkvæmdarvaldið. Í framhaldi af þeim svörum hef ég óskað eftir umræðu um aukastörf dómara og grundvallarsjónarmið varðandi aðgreiningu hinna þriggja þátta ríkisvaldsins, þ.e. framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Þó gert sé ráð fyrir þessari þrískiptingu valdsins eru augljós tengsl milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þar eð þingmenn geta verið ráðherrar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að löggjafinn tengist dómsvaldinu á þann hátt að þingmenn gegni dómsstörfum eða dómarar þingstörfum. Slíkt þætti fráleitt og ósamrýmanlegt stjórnarskránni. Það hefur hins vegar verið álitamál hvort dómarar geti stundað önnur störf samhliða dómstörfum, t.d. á sviði framkvæmdarvaldsins.

61. gr. stjórnarskrárinnar gerir enn ráð fyrir því að dómarar sinni umboðsstörfum. Þessu ákvæði hefur ekki verið breytt þrátt fyrir lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði en megintilgangur þeirra laga var að ég hélt að einskorða störf dómara við dómstörfin. Því kemur það verulega á óvart í svari ráðuneytis við fyrirspurn minni hversu umfangsmikil aukastörf dómara eru í þágu og samkvæmt beiðni framkvæmdarvaldsins. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort það fær staðist 2. gr. stjórnarskrárinnar, staðist í ljósi réttaröryggis og staðist þær breytingar á réttarfari sem gerðar hafa verið á undanförnum árum að dómarar sinni aukastörfum í þeim mæli sem gert er. Það er umhugsunarefni vegna sjálfstæðis dómstóla gagnvart löggjafar- og framkvæmdarvaldi að einn af hverjum þremur dómurum situr í nefndum eða ráðum á vegum framkvæmdarvaldsins, alls 23. 9 af þessum 23 sitja í nefndum á vegum dómsmrn. sem öðru fremur á að sjá um að tryggilega sé búið um réttaröryggishnúta dómskerfisins. Sérstaklega í ljósi dómstólabreytinganna sem gerðar voru 1992 og þess að dómarar séu hafnir yfir allan vafa um vanhæfni og hlutdrægni.

Auk þess er eftirtektarvert að nokkrar þessara nefnda koma bersýnilega inn á svið löggjafar og dómsvalds, t.d. réttarfarsnefnd og barnaverndarráð. Störf dómara í þeim nefndum orka verulega tvímælis og gætu valdið vanhæfi við dómstörf. Það er því vissulega tímabært að skoða hvort ekki er ástæða til þess að ganga þannig frá málum að starfandi dómarar sinni eingöngu dómstörfum. Ég taldi reynar að Alþingi hefði þegar gengið þannig frá málum en svar dómsmrh. við fyrirspurn minni bendir til annars.

Í 34. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er gert ráð fyrir því að heimilt sé að fela opinberum starfsmanni aukastörf í þágu hins opinbera enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum sem stöðu hans fylgja. Hins vegar ef starfsmaður tekur að sér aukastörf í annarra þágu ber honum að tilkynna það því stjórnvaldi ríkisins er veitti honum stöðuna. Ef það stjórnvald telur aukastarfið ósamrýmanlegt aðalstarfi starfsmannsins má hann ekki taka það að sér. Ég spyr því hæstv. dómsmrh. hvort leitað hafi verið samþykkis stjórnvalds varðandi þær 23 skipanir dómara í nefndir sem greint er frá í svari dómsmrn. Ef ekki hvort hæstv. ráðherra telji ekki eðlilegt að sömu reglur gildi gagnvart aukastörfum dómara og aukastörfum annarra opinberra starfsmanna, þ.e. að ávallt skuli fara fram faglegt mat á því hvort aukastarf sem dómari tekur að sér samrýmist aðalstarfi hans. Jafnframt spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki sé full ástæða til þess að setja reglur um aukastörf dómara, hvort og þá hvaða aukastörf starfandi dómari megi taka að sér.

Samkvæmt 2. og 6. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd ákveður Kjaradómur launakjör hæstaréttardómara og héraðsdómara. Samkvæmt 6. gr. skal kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hann úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort Kjaradómur hafi fjallað sérstaklega um þau aukastörf dómara sem þeir hafa tekið að sér á vegum ráðuneyta. Hefur Kjaradómur samþykkt þau og ákveðið þóknun vegna þeirra?

Í því svari sem barst við fyrirspurn minni víkur hæstv. dómsmrh. sér undan því að svara þeirri grundvallarspurningu hvort ekki sé andstætt megintilgangi réttarfarsbreytinganna 1992 og 2. gr. stjórnarskrárinnar að dómarar sinni störfum á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Í stað þess að svara beint er notast við svokölluð hagkvæmnisrök fyrir því að dómari eigi sæti í stjórnsýslunefndum. Það voru einnig hagkvæmnisrök sem notuð voru fyrir því að sami maður fór á sínum tíma með umboðsvald og dómsvald. Með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds lýsti Alþingi þau rök ótæk og ákvað að dómarar skyldu einungis fara með dómsvald. Ráðuneytið leggur í svari sínu áherslu á að sjálfgefið sé vegna sérstakrar þekkingar og hæfni dómara að nýta starfskrafta þeirra í ýmsum nefndum og ráðum, m.a. til að semja lagafrumvörp og til að fjalla um erfið og viðkvæm mál þar sem víðtækrar lagaþekkingar er krafist. Ég dreg ekki í efa að hæfni og þekkingu dómara megi nýta í störfum fyrir framkvæmdarvaldið en það er einfaldlega ekki það sem málið snýst um heldur hitt að aldrei má leika minnsti vafi á hæfi dómara til að gegna dómstörfum. Auk þess má ætla að fjöldi lögmanna búi yfir þeirri þekkingu og reynslu sem þarf til að sinna þeim störfum sem fylgja nefndasetu þeirra 23 dómara sem um getur í svari dómsmrn. Dómsvaldið verður að vera hafið yfir allar vangaveltur um hugsanlegt vanhæfi vegna tengsla við framkvæmdarvaldið eða aðra. Þar eiga að vera skýrar og skarpar línur. Þær virðast ekki hafa verið dregnar með þeim lögum sem Alþingi hefur sett. Þó tel ég að Alþingi hafi lýst á ótvíræðan hátt þeim vilja sínum að skilja ætti algerlega á milli dómsvalds og framkvæmdarvalds með þeim réttarfarsbreytingum sem gerðar voru 1992. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.: Mun hann beita sér fyrir því að settar verði reglur þar sem tekin verður af allur vafi í þessum efnum?

[15:45]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda gilda um aukastörf dómara sömu reglur og gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum. En samkvæmt gildandi lögum er heimilt að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu

á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Samkvæmt gildandi reglum er ekki skylt að leita eftir samþykki stjórnvalds til að fela mönnum aukastörf í þágu ríkisins. Það er á hinn bóginn skylt ef um er að ræða störf í annarra þágu.

Að því er varðar þá dómara sem eiga hlut að máli hefur ekki verið leitað eftir samþykki dómsmrh. til skipunar þeirra í nefndir nema í þeim tilvikum sem leiðir af eðli máls að sjútvrh. og dómsmrh. hafa á undanförnum fimm árum skipað menn í nefndir.

Að því er varðar það álitaefni sem hv. fyrirspyrjandi vék að um Kjaradóm er það að segja að samkvæmt lögum um Kjaradóm og kjaranefnd er hlutverk Kjaradóms að úrskurða um hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Kjaradómur ákvarðar þannig hvaða aukastörf dómara tilheyra aðalstarfi en það er ekki hlutverk Kjaradóms að taka afstöðu til þess hvort eða hvaða aukastörfum dómarar mega sinna. Ef aukastarf er launað sérstaklega er það ekki hlutverk Kjaradóms að ákvarða þóknun fyrir það. Um ákvörðun þóknunar fyrir aukastörf dómara gilda sömu reglur og fyrir aukastörf annarra opinberra starfsmanna.

Að því er varðar þá spurningu hvort nauðsynlegt sé að setja reglur til að taka af vafa í þessum efnum er það svo að um þetta gilda almennar reglur og þær sömu fyrir dómara og aðra þannig að í sjálfu sér hafa ekki komið upp vafatilvik að þessu leyti svo mér sé kunnugt um. En auðvitað getur verið álitaefni hvort tiltekin störf samrýmist starfi dómara.

Ég fól réttarfarsnefnd að semja ný lög fyrir dómstólana, ný dómstólalög, og þess er að vænta að á næsta hausti verði tillögum skilað um þau efni. Það er eitt af viðfangsefnum nefndarinnar að taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að setja sérstakar reglur fyrir dómara varðandi aukastörf og verður þá á því tekið í áliti réttarfarsnefndar þegar tillögur að dómstólalögum koma síðar á þessu ári.

Alls staðar á Norðurlöndunum þar sem aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds fór fram löngu á undan því sem gerðist hjá okkur eru dómarar í nefndastörfum, einkanlega þegar um er að ræða störf sem lúta að samningu lagafrumvarpa. Ýmist sitja þeir í slíkum nefndum og í nokkrum tilvikum hafa dómarar verið fengnir til þess að semja lagafrumvörp upp á eigin spýtur. Ég tel þetta vera eðlilega skipan og hún raskar ekki á nokkrun hátt réttaröryggi eða hæfi dómenda til þess að fjalla um dómsmál. Væri vissulega mikill skaði skeður ef dómarar gætu til að mynda ekki komið að undirbúningi lagafrumvarpa um réttarfarsmálefni. Í öllum tilvikum taka þau stjórnvöld sem bera fram frumvörpin hinar pólitísku ákvarðanir um þær tillögur sem lagðar eru fyrir Alþingi og Alþingi setur sjálft lögin. Því er það svo að í þeim tilvikum er ekki á nokkurn hátt að mínu mati skert réttaröryggi manna í landinu. En því eru eðli máls samkvæmt sett þröng mörk hvaða störf geta talist samrýmanleg dómarastörfum og ég tel það vera fyllilega eðlilegt álitaefni að setja um það skýrar reglur og það er hlutverk réttarfarsnefndar sem vinnur nú að nýjum dómstólalögum.

[15:50]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Það væri gaman ef hæstv. dómsmrh. upplýsti hversu margir dómarar sitja í réttarfarsnefnd sem nú á að endurskoða dómstólalögin. Hugmyndin um þrískiptingu ríkisvalds byggir á þeirri hugsun að hið sameinaða þjóðfélagsvald sé þríþætt og skiptist í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Með skiptingu ríkisvaldsins í þrjá þætti á að vera tryggt að enginn einn þáttur þess verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og að eigin geðþótta.

Lögin frá 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, byggja á þessari hugsun þrátt fyrir að í því tilviki líkt og fleirum er varða réttarfarsbreytingar hafi vegsemd okkar komi að utan eftir að einstaklingar höfðu dregin ríkið nauðugt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og fengið þar réttláta niðurstöðu, niðurstöðu, sem samræmist ákvæðum hinna ýmsu mannréttindasáttmála, niðurstöðu sem þeir höfðu ekki fengið hér á landi. Það er því ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að skörp skil skuli vera milli dómara sem fara með dómsvaldið og handhafa framkvæmdarvalds enda fá dómarar oft og iðulega réttarágreining til meðferðar þar sem takast á annars vegar einstaklingar og hins vegar ríkisvaldið sem framkvæmdarvaldið fer með fyrirsvar fyrir. Því getur nefndaseta dómara í einstaka tilvikum leitt til þess að raunverulegt hætta sé á hagsmunaárekstrum. Í ljósi reynslunnar er frekari málflutningur fyrir Mannréttindadómstólnum lítt eftirsóknarverður fyrir ríkið. Í raun er engin þörf á því að hafa dómara í nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að starfandi dómarar í landinu eru 47, þar með taldir 9 hæstaréttardómarar. Ég kannaði það að gamni mínu í dag að undanfarin 40 ár eða allt frá árinu 1956 hafa verið útskrifaðir frá lagadeild Háskóla Íslands um það bil 1.000 lögfræðingar. Ég á bágt með að trúa því að í þeim hópi megi ekki finna fólk sem geti setið í nefndum án þess að yfirvofandi hætta sé á því að unnin verði verulega réttarspjöll fyrir þjóðina.

Í skriflegu svari dómsmrh. vegna fyrirspurnar hv. málshefjanda sitja 12 dómarar í stjórnsýslunefndum sem falið er úrskurðarvald. Í ljósi þess fjölda lögfræðinga sem hafa verið útskrifaðir undanfarin 40 ár fæ ég ekki séð að það séu nokkur rök að vísa til hagkvæmni í þessu sambandi. Sennilega er leitun að þjóð sem er jafn vel mönnuð af lögfræðingum og sú íslenska.

Mig langaði að lokum að gera orð Morgunblaðsins í dag í forustugrein að mínum: „Stjórnvöldum ber að fylgja fast fram meginmarkmiði réttarfarsbótanna sem enn er að festa rætur og tryggir almenningi réttaröryggi sem lengi hefur verið beðið eftir."

[15:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu. Hér er hreyft máli sem snertir sjálfar rætur þess þjóðskipulags sem við búum við eins og komið hefur fram sem er byggt á þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Grunnhugsunin að baki þessari skiptingu er sú að með því að þrískipta ríkisvaldinu sé minni hætta á ofríki ríkisvaldsins gagnvart þegnunum og misbeitingu valds af hálfu ríkisins. Við Íslendingar höfum haft þessa skiptingu í stjórnarskrá okkar um langt skeið en eins og öllum er kunnugt og hér hefur komið fram líka í umræðunni þurfti utanaðkomandi þrýsting til þess að raunverulegri skiptingu, eins og okkur var sagt þá, yrði komið á milli framkvæmdarvalds og dómsvalds. Það er ekki gert fyrr en fyrir nokkrum árum síðan.

Eins og málshefjandi benti á má draga í efa að eiginleg skil hafi orðið þarna á milli og bendir svarið við fyrirspurn hennar um störf dómara á vegum framkvæmdarvaldsins eindregið til þess. Mér finnst með ólíkindum að heyra hæstv. dómsmrh. segja að það sé eðlileg skipan að dómarar semji

frumvörp sem þeir eiga síðan að dæma eftir í ókominni framtíð og túlka. Þeir semja þá væntanlega greinargerðirnar sem eru síðan notaðar sem lögskýringargögn þegar málin koma fyrir þá sjálfa einhvern tíma síðar meir. Það má vel nýta reynslu dómara og þekkingu á t.d. sviði réttarfarsmálefna eins og hæstv. dómsmrh. inn á áðan á annan hátt en þann að setja þá í nefndir og í störf á vegum ríkisins. Það má gera það með því að senda t.d. frumvarpsdrög sem eru samin af einhverjum af þeim þúsund lögfræðingum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á áðan að væru til. Það má senda slík drög eða frv. til umsagnar til Dómarafélagsins. Þetta er gert um aðrar stéttir sem búa yfir einhverri sérþekkingu og ég er alveg undrandi á því að það skuli vera litið svo á að það sé það mikill hörgull á lögfræðingum hér í þessi störf að það þurfi að leita í smiðju dómara og vera þannig að stefna í hættu hlutleysi þeirra þegar til þess kemur að mál koma fyrir dóminn síðar meir á ferlinum. Mér finnst þessi skipan engan veginn sæmandi og ég er undrandi á því að hæstv. dómsmrh. skuli telja þetta vera eðlilega skipan og mér finnst ekki hafa komið fram í svari hans af hverju er nauðsynlegt að leita til dómaranna og af hverju störf þeirra þurfa að vera með þessum hætti. Af hverju er ekki hægt að bregðast við þessu með því að leita umsagnar t.d. hjá Dómarafélagi Íslands eins og gjarnan er gert í slíkum tilvikum?

[15:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. málshefjandi hafi vakið athygli með fyrirspurn sinni um þessi efni og nú með þessari umræðu utan dagskrár á máli sem er mjög nauðsynlegt að verði lagfært. Eftir þær upplýsingar sem fengist hafa frá hæstv. dómsmrh. liggur fyrir í hve miklum mæli leitað er til dómara í sambandi við nefndastörf.

Ég sé ekki hin minnstu rök fyrir því og sannfærðist á engan hátt af því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að nokkur nauðsyn sé á því að halda áfram að skipa dómara í nefndir á vegum hins opinbera og mér finnst það ekki í rauninni réttmætt að setja þá að öllu leyti hvað þetta varðar undir sama hatt og opinbera starfsmenn almennt. Störf dómara eru önnur og veigameiri en almennt gerist um embættismenn í landinu. Eins og hér hefur komið fram í máli manna er hægurinn hjá að leita eftir sjónarmiðum frá dómurum landsins ef nauðsynlegt er talið í sambandi við hvaða málefni sem er sem eðlilegt er að þeir tjái sig um og ég skora á hæstv. ráðherra að marka skýr skil í þessum efnum og beita sér fyrir því en ætla ekki réttarfarsnefnd að hreinsa til í þessum efnum. Það væri þó að það skuli síst lastað ef það kemur þaðan og nauðsyn verður á því.

Ég vil einnig segja að það er þörf á að skoða þessi mál víðar. Eitt af þeim efnum sem þarna er auðvitað umhugsunarefni og hefur verið vakin athygli á með tillöguflutningi hér og oft áður er spurningin um setu ráðherra á Alþingi Íslendinga, þ.e. að sambland löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem birtist í því. Ég nefni það aðeins vegna þess að það er auðvitað eitt af þessum skörunarmálum milli þessara þriggja valdsviða og ekki það minnsta.

[15:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það gilda sömu reglur um dómara og aðra opinbera starfsmenn hvað varðar heimildir til að stunda aukastörf. Í úrskurði sem kemur frá dómsmrn. 20. des. 1995 og varðaði heimild sem lögregluþjónn í Reykjavík óskaði eftir til að stunda leigubílaakstur sem aukastarf eru rök ráðuneytis í því máli eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Markmiðið með að tilkynna skuli veitingavaldinu [þ.e. dómsmrn.] um það þegar starfsmaður hyggst hefja vinnu við önnur störf samhliða starfi því er hann gegnir í þágu ríkisins er að tryggt sé að starf hans fari saman við starfið hjá ríkinu. Er í því efni um tvennt að ræða: Annars vegar að starfsmaður geti með fullnægjandi hætti rækt starfið og þar með talin nauðsynleg yfirvinna og þar með talið að aukastarfið valdi ekki hættu á vanhæfi hans í aðalstarfið."

Út frá þessum rökum var þessum lögregluþjóni hafnað á sínum tíma um heimild ráðuneytis til þess að stunda leigubílaakstur í Reykjavík. Mér hefði þótt eðlilegt, að það hefði komið fram hjá hæstv. ráðherra að veitingavaldið, hæstv. dómsmrh., hefði með sama hætti fjallað um umsóknir eða veitingu þessara 23 eða 29 aukastarfa til dómara.

Ég bendi einnig á það að þegar talað er um þessi aukastörf og hugsanlegt vanhæfi að nýleg lög sem samþykkt voru á Alþingi um fjöleignarhús, fela í sér að þar sé sett á stofn sérstök kærunefnd fjöleignarhúsamála. Í þessari kærunefnd fjöleignarhúsamála sitja þrír menn, þar af einn dómari. Lögin tóku gildi 1. jan. 1995 fyrir réttu ári. Eini möguleiki þeirra sem sækja til þessarar kærunefndar með sín mál til að skjóta málinu eitthvað lengra er til dómstóla. Yfir 70 mál fóru til kærunefndar fjöleignarhúsamála á árinu 1995. Eini möguleiki þeirra sem sækja til nefndarinnar um að fá leiðréttingu mála sinna sætti þeir sig ekki við niðurstöðu nefndarinnar er að fara með málin til dómstóla. Einn dómari situr í þessari nefnd af þremur nefndarmönnum.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að ábyrgð á lagasetningu er hjá Alþingi. Hins vegar vitum við það að jafnvel þó svo dómarar hafi komið að því að semja lagafrumvörp þá það hefur gerst að túlkun á gildi einstakra lagagreina og þeirra reglugerða sem byggja á lögum hefur verið mjög misvísandi. Það er jafnframt ljóst að dómarar hafa komið að því að semja reglugerðir. Því væri fróðlegt að heyra hvort það er í einhverjum tilvikum um að ræða að dómari hafi vikið vegna vanhæfis vegna þess að hann hafi komið að því máli, samningu lagafrv. eða reglugerðar á öllum stigum málsins og síðan eigi að dæma eftir.

[16:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að ítreka að gildandi lagareglur kveða á um að það þurfi að leita samþykkis þess stjórnvalds sem skipað hefur í stöðu ef viðkomandi starfsmaður sækir um að fá að vinna aukastörf annars staðar en hjá ríkinu eða reka einkafyrirtæki. En lögin kveða ekki á um að það þurfi slíkt samþykki ef um er að ræða aukastörf hjá ríkinu.

Ég get alveg fallist á að það kunni að vera rétt að setja sérreglur um dómara, ekki síst vegna þess eins og ég sagði áðan að það liggur í eðli máls að heimildir til aukastarfa þeirra hljóta að vera þrengri en annarra. Þess vegna er það m.a. hlutverk réttarfarsnefndar að taka það álitaefni til skoðunar við tillögugerð að nýjum dómstólalögum.

Varðandi vanhæfi manna til þess að kveða upp dóma er það að segja að þó að þeir hafi tekið þátt í að undirbúa lagafrumvörp leiðir það ekki af sjálfu sér að það leiði til vanhæfis við uppkvaðningu dóma. Það liggur í augum uppi að til mynda að þingmenn, sem uppfylla skilyrði til þess að vera dómarar, missa ekki það skilyrði fyrir það eitt að hafa verið þingmenn og sett lög. Þeir geta síðar orðið dómarar þrátt fyrir það. Sama er að segja um embættismenn sem

vinna í ráðuneytum að undirbúningi laga að þeir geta ef þeir uppfylla önnur skilyrði síðar orðið dómarar. En það breytir ekki þeirri niðurstöðu að ég tel eðlilegt að um þessi mál sé fjallað og það er verið að gera á réttum og eðlilegum vettvangi eins og sakir standa.

[16:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að það leiðir ekki af sjálfu sér til vanhæfis að dómararnir komi að samningu lagafrumvarpa. Það sem er verið að ræða um er einmitt það að þetta ógnar þeirri skiptingu sem við búum við í dag. Enn og aftur hef ég ekki heyrt skýringar hæstv. ráðherra á því af hverju í ósköpunum framkvæmdarvaldið þarf að leita í þessa smiðju þegar verið er að undirbúa einhver mál. Af hverju er ekki hægt að leita eitthvert annað en yfir í þennan anga ríkisvaldsins sem er beinlínis ætlast til í stjórnskipuninni okkar að séu skil á milli? Það er til nóg af öðru fólki til að vinna þessi verk.

Það kom einmitt fram í máli hæstv. ráðherra að ekkert væri því til fyrirstöðu að þingmenn gætu síðar orðið dómarar. Það er alveg rétt. Hins vegar er ekki eðlilegt að t.d. ég sem þingmaður taki að mér í aukastörfum að dæma í málum og það lýsir kannski hverju er verið að ógna þarna. Þó þetta sé ekki fyllilega sambærilegt þá er verið að ógna ákveðinni skiptingu sem við viljum búa við. Það er ekki eðlilegt þó að það sé rétt sem hæstv. ráðherra bendir á að það eru ekki klárar og skýrar hæfisreglur dómara en ég tel fyllilega réttlætanlegt að taka þetta mál upp til athugunar og ég skora á hæstv. ráðherra að gera það og íhuga alvarlega hvort ekki sé ástæða til þess að endurskoða þessi vinnubrögð.

[16:07]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreyttar lífverur, 117. mál, brtt. umhvn., þskj. 698.
Skoðun ökutækja, 395. mál, fsp. HjÁ, þskj. 695.

Fundi slitið kl. 16:08.

---

108. FUNDUR

fimmtudaginn 14. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 657, brtt. 658. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Gatnagerðargjald, stjfrv., 106. mál, þskj. 111, nál. 675, brtt. 676. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 389. mál, þskj. 684. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 677. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frv., 357. mál, þskj. 622. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, þáltill., 270. mál, þskj. 504. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þáltill., 302. mál, þskj. 542. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — Frh. 1. umr.
9. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 661, brtt. 689. — Frh. 3. umr.
10. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 662. — 3. umr.
11. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 663. — 3. umr.
12. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 681, brtt. 690. — Frh. 3. umr.
13. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 679, brtt. 698. — 3. umr.
14. Upplýsingalög, stjfrv., 361. mál, þskj. 630. — 1. umr.
15. Sálfræðingar, stjfrv., 371. mál, þskj. 649. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Köfun, 148. mál, nál. samgn., þskj. 700; brtt. samgn., þskj. 701.
Landflutningasjóður, 317. mál, nál. samgn., þskj. 699.
Starfshættir Alþingis, 397. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 697.
Þorskeldi, 396. mál, fsp. ÖS, þskj. 696.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hyggst haga fundarhaldi í dag með þeim hætti sem formönnum þingflokka var kynnt í gær með bréfi, þ.e. að fyrst verði fram haldið umræðu um 8. dagskrármálið, Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, og stefnt að því að ljúka þeirri umræðu á þessum fundi. Ætlunin er að gera hlé á fundinum um klukkan eitt til klukkan hálftvö en þá fari fram utandagskrárumræða skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og er það hálftíma umræða. Málshefjandi er Guðný Guðbjörnsdóttir og hæstv. forsrh. verður til andsvara. Efni umræðunnar er ásakanir um kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum. Að þeirri umræðu lokinni, um kl. 14.00, verða atkvæðagreiðslur um sjö fyrstu dagskrármálin og að því loknu verður tekið til við önnur dagskrármál eftir því sem tími vinnst til.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundarsókn þingmanna.

[10:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að gera að umtalsefni hvernig þingstörfum er hagað eða öllu heldur hvernig

mætingu þingmanna er háttað. Þegar fundur var settur voru mættir átta þingmenn í húsið. Kannski hefur þeim fjölgað eitthvað síðan þá var en ekki er það nú mikið, sýnist mér.

Hér á að fara að ræða mjög mikilsvert mál um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og það eru einungis átta þingmenn skráðir í þinghús þegar umræða á að hefjast.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þrettán.)

Nú eru þrettán komnir, segir forseti og er það vel að það hafi fjölgað þó að talan þrettán sé ekki hátt hlutfall af 63.

Ég vek athygli á því að það er mætingarskylda á fundum þingsins. Því nefni ég þetta að mér er satt að segja ofboðið hvernig þingmenn, sérstaklega þingmenn stjórnarliðsins, haga sér í þingsölum á þann veg að þeir hreinlega forakta umræður, þeir mæta ekki. Þeir eru yfir höfuð annars staðar en þeir eiga að vera. Ég vil láta það koma fram að ég tel að við verðum auðvitað að sýna sveigjanleika og gæta sanngirni gagnvart þingmönnum því að þeir þurfa að sinna ýmsum störfum. En þetta er of langt gengið, virðulegi forseti, ekki bara í dag heldur undanfarna daga og ég hvet forseta til þess að taka á þessu máli af myndugleik og skörungsskap eins og ég veit að hann getur þegar með þarf.

Eitt af því sem ég tel að valdi því að þingmenn ástunda þann sið að mæta lítt til þingfunda er að það er nánast eins og þeim sé gefið frí með því að safna saman atkvæðagreiðslum og tilkynna fyrir fram að þær verði ekki fyrr en á þessum tíma eða hinum tímanum. Það er nánast tilkynning til þingmanna um það að þeir þurfi ekki að vera hér nema bara þær fáu mínútur sem það tekur að greiða atkvæði. Ég hvet forseta til þess að taka þetta mál til athugunar og brýna fyrir þingmönnum og þá sérstaklega þingmönnum stjórnarliðsins þá skyldu sína að vera á þingfundum.

[10:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna þessara orða hv. þm. tekur forseti undir að það er aðfinnsluvert hversu illa er mætt á þingfundi. Nú eru 14 þingmenn skráðir í húsið og forseti hefur gert athugasemdir við þetta. M.a. gerði hann athugasemdir við það að boðaðir voru fundir í tveimur þingnefndum núna í dag á þessum tíma. Reyndar voru þeir fundir einnig boðaðir í gær en forseti gat ekki gert athugasemd við það vegna þess að það er ekki fundaskylda á fyrirspurnafundum eins og var í gær. En forseti gerir athugasemdir við þetta og hefur lagt bann við því að nefndafundir verði haldnir á þingfundatíma nema haft sé samráð við forseta um það.

Forseti verður að fresta um sinn þeirri umræðu sem átti að hefjast vegna þess að hæstv. forsrh. er ekki kominn til fundar en umræðunni var frestað sl. mánudag vegna þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. voru þá báðir erlendis.

[10:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Ég tel að þetta setji mjög slæman brag á þingið hversu fáir mæta til fundar, sérstaklega þegar menn eru að ræða jafnmikilvægt mál og hér er.

Ég tek líka undir með hv. þm. að mér finnst að stjórnarliðið gæti gert talsvert betur en senda hingað þrjá menn þó öflugir séu hver með sínum hætti. Ég tek undir með hæstv. forseta að það gengur alls ekki að nefndir séu að setja á fundi þegar búið er að boða til þingfunda. Ég nefni sérstaklega hv. efh.- og viðskn. annars vegar og hins vegar hv. sjútvn.

Eins og hæstv. forseti hefur getið þá er fundur með þeim utan bæjar á sama tíma og hér er boðað til þingfundar til þess að ræða mikilvægt mál. Nú er það að vísu svo að hæstv. forseti hefur gert við þetta strengilegar athugasemdir. Ég tel að forseti hafi í öllum greinum reynst mjög röggsamur en ég tel að hann eigi að taka af skarið og hreinlega banna nefndum að halda fundi með þessum hætti.

Að því er varðar þá nefnd sem ég veiti forstöðu, heilbr.- og trn. þá er óskað eftir fundi með henni og félmn. í hádeginu þegar líkur voru á að það væru þingfundartími. Ég tók það sjálfur mjög óstinnt upp og mun ekki fara til þess fundar og ég tel að það eigi ekki að setja fundi nefnda á meðan við erum með ákveðinn þingfundartíma og hvet hæstv. forseta til þess að taka af festu á þessu og helst að senda þeim nefndum sem hér hafa gerst sekar bréf um að þetta endurtaki sig ekki.

[10:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur þegar lagt bann við því að nefndarfundir verði haldnir á þingfundatíma nema í samráði við forseta. — Þessum fundi er frestað til kl. 11.00.

[Fundarhlé. — 10:42]

[11:01]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrisréttindi öryrkja, 400. mál, fsp. PHB, þskj. 706.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 232. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 704.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570.

[11:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að hæstv. ráðherrar hafa nú loksins gefið sér tíma til þess að vera viðstaddir umræðu um þetta viðkvæma mál. En eins og við vitum hefur málið frestast nú um nokkurn tíma vegna þess að ráðherrar hafa ekki haft tíma til að sitja hér og hlusta á umræðuna eða taka þátt í henni.

Það er nú loksins að koma í ljós sem margan hefur grunað nokkuð lengi. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna sem á að verða að veruleika 1. ágúst nk. er í algeru uppnámi vegna klaufalegrar framkomu ríkisstjórnarinnar við samtök launafólks. Mánuð eftir mánuð beið fólk með óþreyju eftir niðurstöðum þeirra nefndar sem falið var að gera tillögur að fyrirkomulagi mála við flutninginn. Ef ég man rétt var þeim ætlað að skila af sér í október sl. En nefndarstarfið dróst á langinn enda langt í frá einfalt mál að standa að flutningi grunnskólans þannig að réttindamálum starfsmanna sé borgið. Þegar nefndirnar loksins skiluðu verki sínu sem átti að fela í sér samráð við samtök opinberra starfsmanna leið ekki á löngu þar til í ljós kom að hið meinta samráð virtist aðeins hafa verið til málamynda. Það hefur ekki nokkurt samráð verið haft heldur hafa samtök opinberra starfsmanna verið höfð með við tæknilegar útfærslur á hugmyndum ríkisstjórnarinnar um flutninginn.

Það voru starfandi þrjár nefndir í tengslum við sjálf grunnskólalögin, ein verkefnisstjórn, ein réttindanefnd og

ein kostnaðarnefnd, en að auki var á sama tíma starfandi nefnd um samskiptareglur á vinnumarkaði sem samkvæmt orðanna hljóðan átti að skoða mögulegar breytingar á samskiptareglum aðila vinnumarkaðarins. Henni var hins vegar aldrei ætlað að endurskoða sjálfa vinnulöggjöfina nema í þeim mæli sem það teldist nauðsynlegt af þeim sem að nefndarstarfinu kæmu. En samráðið sem þarna átti sér stað breyttist skyndilega í frv. til breytinga á lögum þrátt fyrir andstöðu við þá málsmeðferð í nefndinni. Eins og fulltrúar samtaka launafólks í nefndinni hafa bent á, þá leggja þeir áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins semji um samskipti sín sjálfir. Ríkisstjórnin velur hins vegar með stuðningi atvinnurekendasamtakanna að beita lögþvingunum sem nú liggja fyrir í frumvarpsdrögum. Hún velur ekki eiginlegt samráð við samtök launafólks. Hún velur ekki friðsamlegar breytingar á reglum um fyrirkomulag á vinnumarkaði. Hún ætlar sér að breyta reglum um þessa hluti með eða án vilja launafólks og samtaka þess. Það kemur fram í málsmeðferðinni í tengslum við flutning grunnskólans og birtist þar á sama hátt og í nefndarstarfinu um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Við höfum fleiri dæmi um aðför ríkisstjórnarinnar að réttindum launafólks, þ.e. frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og enn meira mun vera í farvatninu. Ríkisstjórnin er síðan undrandi á öllu fjaðrafokinu sem vinnubrögð hennar hafa valdið. Skyldi það vera tilviljun að samtök opinberra starfsmanna sem og samtök á almennum vinnumarkaði hafa lýst yfir hörðum mótmælum við meðferð ríkisstjórnarinnar á hinu meinta samráði í tengslum við löggjöf á vinnumarkaði á sama tíma og kennarasamtökin í landinu lýsa yfir trúnaðarbresti við ríkisstjórnina í tengslum við samráð vegna flutnings grunnskólans. Nei. Þetta er engin tilviljun. Þetta er enginn misskilningur heldur þótt fjmrh. hafi gefið út opinbert plagg um að forsvarsmenn ríkisstarfsmanna fari með rangt mál. Ríkisstjórnin hefur brugðist því trausti sem þessi samtök hafa sýnt henni í þessum efnum með því að sýna þeim fullkomna lítilsvirðingu að hinu svokallaða samráði loknu.

Hérna liggur fyrir frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Við lestur þess virtist það ekki fela í sér mikla hættur. Í frv. er greint frá því að frumforsenda flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga sé sú að sættir takist með öllum aðilum um framkvæmd flutningsins og fyrirkomulag ráðningarréttinda kennara og skólastjóra hjá hinum nýja vinnuveitanda í framtíðinni. Þar segir einnig að frv. sé byggt á því samkomulagi sem náðist milli tilheyrandi aðila og birtist í skýrslu nefndar sem var ætlað að fjalla um málið. Þetta hljómar svo að allt sé í bestu sátt og miklu samlyndi við samtök kennara. En nú hefur heldur betur annar sannleikur komið á daginn og enn eina ferðina lítur út fyrir að meint samráð við samtök launafólks sé hreinlega misnotað til þess að fá stimpil á stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum launafólks.

Samtök opinberra starfsmanna hafa séð ástæðu til að gefa út sérstakt rit um stöðvun leiftursóknarinnar, um stöðvun árása ríkisstjórnarinnar á réttindi og kjör launafólks. Bent er á í riti þessu að frumvarpsdrög ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um sáttastörf í vinnudeilum fela í sér grófa árás á starfskjör og réttindi launafólks verði þau að lögum. En þessi frumvarpsdrög hefur ríkisstjórnin verið að dunda við að smíða á sama tíma og samráðið mikla hefur átt sér stað um réttindi og skyldur kennara. Þetta kalla ég ekki heilindi, herra forseti. Þetta kalla ég heldur ekki samráð við samtök launafólks. Það er kominn tími til að hæstv. ríkisstjórn svipti nú hulunni af heildarmyndinni í málefnum launafólks og samtaka þeirra.

Frumvörpin öll sem ríkisstjórnin fyrirhugaði að leggja fram og hafa veruleg áhrif á réttindi launafólks þarf að skoða í heild í stað þess að tína púsluspilin eitt af öðru inn í heildarmyndina. Heildarmyndin hefur svo sem verið að koma í ljós smám saman. En það er eins og ríkisstjórnin þori ekki að birta fyrirætlanir sínar hreint út fyrir fólki enda er hætta á að þá hefði ekki orðið mikið um samráð. Ríkisstjórnin skuldar fólki skýra stefnu í þessum viðkvæmu málum því lengra verður ekki gengið á þessari braut.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir því í upphafi umræðunnar um daginn að kennarar hafi látið aðra þætti en þá sem snerta flutning grunnskólans og efni frv. sem hér er til umræðu glepja sig og þar með dregið til baka undirskrift sína á efni frv. Ég undrast að hæstv. ráðherra skuli láta sér koma þetta á óvart. Ég undrast að hæstv. ráðherra skuli láta sér detta í hug að kennarar sætti sig við það að á meðan þeir skrifa upp á óskert réttindi sín í nefndunum um flutning grunnskólans, er ríkisstjórnin með hinni hendinni að semja frv. sem skerðir þessi sömu réttindi. Og það kemur ekki á óvart að opinberir starfsmenn hafa lýst því yfir að sú atlaga sem kemur fram í frumvörpunum sem nú liggja fyrir þýði það, ef þau verða að lögum, að forsendur fyrir kjarasamningum þeirra séu brostnar. Ríkisstjórnin er hreinlega að ögra friði á vinnumarkaði með framkomu sinni og hún verður að taka afleiðingunum af því. Það er nefnilega nauðsynlegt að skoða þessi mál í samhengi og hæstv. ráðherra hlýtur að vita að það er ekki hægt að taka einn hluta kjaramála opinberra starfsmanna og kippa honum úr sambandi án þess að það hafi áhrif á kjarasamningana.

Ég held reyndar að hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnin öll misskilji þetta allt saman. Hvað segir í svokölluðu upplýsingabréfi fjmrh. sem gefið er út nú nýlega? Þar segir að þau frv. sem hér eru til umræðu skerði á engan hátt réttindi sem bundin eru í kjarasamningum. En þessir hlutir eru ekki svo einfaldir. Ef við tökum almenna vinnumarkaðinn, þá er það svo að flest réttindi eru þar bundin í kjarasamningum. Kjarasamningarnir eru grundvöllurinn að réttindaumhverfi launafólks á almennum vinnumarkaði. Þeir eru langveigamesta heimildin sem launafólk byggir rétt sinn á. Lög kveða að litlu leyti á um þetta og ráðningarsamningar kveða aðeins á um nánari útfærslu réttindanna sem bundin eru í kjarasamningum, enda er ekki einu sinni áskilið á almenna vinnumarkaðinum að þeir séu skriflegir.

Á opinbera markaðnum, þ.e. á því sviði sem hér er til umfjöllunar, er þessu bara allt öðruvísi farið. Þar eru lög mun þýðingarmeiri og kjarasamningar eru aðeins lítill hluti af réttindaumhverfinu. Ég get nefnt að þess eru engin dæmi eftir því sem ég næst fæ komist að kjarasamningar opinberra starfsmanna kveði á um uppsagnarfrest starfsmanna eins og undantekningarlaust er hins vegar gert í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Hér er um að ræða mjög veigamikinn þátt í réttindum starfsmanna, uppsagnarfrestinn. Hjá opinberum starfsmönnum er uppsagnarfresturinn byggður á lögum og ráðningarsamningum því í lögum nr. 97/1974 er það lögbundin skylda að þegar opinber starfsmaður er ráðinn til starfa skal það gert með skriflegum ráðningarsamningi. Og þar er einnig kveðið á um uppsagnarfresti, hvernig þeir eiga að vera ef ekki er sérstaklega kveðið á um

þá í kjarasamningi. Það er því ljóst að mjög stór hluti og mikilvægur hluti réttinda á opinbera markaðnum er bundinn í lögum eða í ráðningarsamningum. Og það er ljóst að ef þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin hyggst nú taka upp gagnvart opinberum starfsmönnum eru talin eðlileg, þá er allt réttindakerfi opinberra starfsmanna í fullkominni upplausn því að að sjálfsögðu eru kjarasamningarnir byggðir á því lagaumhverfi sem þeir eru gerðir í. Það verður að skoða þá í samhengi við það.

Ríkisstjórnin hefur vísað til þess að hún sé að jafna aðstöðuna á milli starfsmanna á almenna markaðnum annars vegar og hinum opinbera hins vegar. Samtök opinberra starfsmanna hafa í þessu samhengi bent á að félagsmenn þeirra séu verr launaðir en almennir launþegar vegna þess að réttindi þeirra, eins og t.d. æviráðningin, hafi í raun verið keypt dýru verði. Það sem er grundvallaratriði í þessum málum er að ríkisstjórnin sýni skilning á því laga- og réttindaumhverfi sem launafólk starfar í. Þar er ekki hægt að taka einhvern einn þátt út og líta á hann algerlega einangrað. Það verður að horfa á þessi mál í samhengi. Réttindaumhverfi opinberra starfsmanna verður ekki tekið til baka eins og hæstv. ríkisstjórn hyggst nú gera. Slík framkoma er algerlega óásættanleg og ríkisstjórninni til lítils sóma.

[11:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er gaman að sjá hvað hér er fjölskipaður bekkurinn og hvað ráðherrar sýna þessu mikinn áhuga og sérstaklega hæstv. menntmrh. sem við vitum að hefur sýnt því mikinn áhuga að málið nái fram að ganga og það sé hægt að rökræða hérna. Það er auðvitað alveg sérstaklega heppilegt að fá tækifæri til þess að rökræða a.m.k. við annað eyra hæstv. ráðherra meðan hitt er límt við símtólið þarna inni í afherbergi. En nú kemur hæstv. ráðherra og það er ágætt. Hæstv. ráðherra er kannski ekki mikill á velli en þeim mun gildari andlega og siðferðisstyrkur hans og þrek er mikið. Það þarf líka talsverða burði, herra forseti, til að standa undir því lofi sem hefur verið hlaðið á hæstv. menntmrh. fyrir framgöngu hans í þessu máli.

Eiríkur Jónsson, forsvarsmaður kennara, og reyndar fleiri talsmenn verkalýðssamtakanna í landinu, m.a. hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingmaður Alþb. og óháðra, hafa líka tekið í þann streng að hæstv. menntmrh. hafi staðið sig mjög vel við þann hluta af flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna sem lýtur að stöðu kennara. Kennarar hafa eðlilega lagt höfuðáherslu á það að réttindi þeirra verði í engu skert þegar þessi mikilvægi flutningur á sér stað. Þeir hafa notið vildar hæstv. menntmrh. sem hefur í einu og öllu tekið undir málflutning þeirra um þetta atriði. Það var þess vegna sem vonir voru bundnar við að það tækist stórslysalítið að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Menn voru sannfærðir um góðan hug hæstv. menntmrh. Þegar menn ræða þessi mál er það auðvitað svo að þeir leggja til grundvallar þau orð sem hæstv. menntmrh. hefur látið frá sér fara og hans starfsmenn.

Herra forseti. Nú virðist hins vegar, því miður, það vera uppi á teningnum að það er eins og að aðrir í ríkisstjórninni séu að reyna að ómerkja orð hæstv. menntmrh. Því miður verð ég líka að segja, herra forseti, að mér finnst ekki að öllu leyti hugur fylgja máli hjá hæstv. menntmrh. Þá vísa ég til þess að þegar hann hélt framsöguræðu sína var hún full af svardögum um það að í engu yrði gengið á bak þeirra loforða sem kennurum voru gefin. En bæði í máli hæstv. menntmrh. og eins í greinargerðinni sem hann ber ábyrgð á var að finna hluti sem eru talsvert á skjön við orð hæstv. menntmrh. Á bls. 8 og 9 í greinargerðinni sem er með þessu frv. er mikið talað um það, eins og hæstv. ráðherra lagði þunga áherslu á í sinni ræðu, að réttindi og skyldur kennara mundu ekki hnikast frá því sem nú er. En hins vegar kemur það fram að ef sérstakar aðstæður koma upp, þá er hæstv. menntmrh. reiðubúinn til þess að hlaupa frá þessum orðum sínum. Það kemur fram, herra forseti, þar sem segir í greinargerðinni á bls. 9 að ef ósk kemur um það frá sveitarfélögum að breyta þeim ákvæðum sem er að finna í frv. um réttindi og skyldur kennaranna er ekki bara ríkisstjórnin reiðubúin til þess að gera það heldur er hæstv. menntmrh. reiðubúinn til þess að taka þátt í því. Ég tel ekki að það sé með ósæmilegum hætti sneitt að hæstv. menntmrh. þegar ég leyfi mér í þessum stóli að draga þá ályktun af þessum orðum að það sem í því felst er það eitt að hæstv. menntmrh. er að segja það kurteislega að hann er til í að svíkja þau orð sem hann hefur gefið kennarasamtökunum. Hvar, hæstv. menntmrh., í þeim plöggum sem undirrituð eru af ráðuneytinu og starfsmönnum ráðuneyta gagnvart kennurum er að finna eitthvað sem felur það í sér að við vissar aðstæður er ráðuneytið reiðubúið til þess að hlaupast frá þessum loforðum?

Herra forseti. Það er nefnilega svo að þetta mál snýst í rauninni einungis um það hvort orð og fyrirheit skulu standa og það er sú stika og sá einasti mælikvarði sem hæstv. menntmrh. verður mældur á í þessu máli. Þá verða menn að fara lítillega yfir það, hver voru þessi orð, hver voru þessi fyrirheit? Aðdragandi málsins hefur þegar verið rifjaður upp, herra forseti. Hann var sá að Alþingi samþykkti með lögum að ríkissjóður mundi tryggja að ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla yrðu óbreytt eftir að grunnskólinn væri kominn yfir á ábyrgð sveitarfélaganna. Eins og kemur fram í greinargerðinni, herra forseti, var það líka samþykkt að lífeyrisréttindin mundu líka verða óbreytt. Þetta var sáttargerðin. Á þessu byggðist vild kennara gagnvart málinu. Í framhaldi þessarar lagasetningar var sett á laggir nefnd sem hafði það verkefni eitt að gera tillögur um það hvernig skyldi farið með réttindi og kjaramál kennara og skólastjórnenda. Það var hluti af þeirri sáttargjörð sem hæstv. menntmrh. bauð fram til þess að sátt næðist. Í þessari nefnd sátu fulltrúar allra þeirra þriggja aðila sem að málinu koma, sveitarfélaganna, kennaranna og fjmrn. sem lagði til formanninn og hlutur menntmrn. og full vitneskja um það sem þar gerðist var tryggður með því að fulltrúi ráðuneytisins vann með nefndinni. Nefndin skilaði undir jól tillögum sem nefndarmennirnir sameinuðust um. Þetta voru tillögurnar sem hæstv. menntmrh. gerði síðan að sínum.

Í stuttu máli varð niðurstaða nefndarinnar sú að sett yrðu lög sem kvæðu á um það að réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda yrðu algerlega og fullkomlega hin sömu og áður eða eins og er mælt fyrir um í lögum frá 1954, nr. 38, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er vert að undirstrika, herra forseti, að það var ekki einasta rætt að lagt yrði fram frv. þessa efnis heldur gengust fulltrúar ríkisstjórnarinnar undir það að beita sér fyrir samþykkt frv. En á þessu tvennu er nefnilega nokkur munur, herra forseti, eins og sjúkraliðar geta borið um af reynslu síðustu ára. Þetta frv. var því byggt á samkomulagi, samkomulagi sem var signt í bak og fyrir af hæstv. menntmrh. Í því birtast skýlaus fyrirheit ráðherrans gagnvart kennurum. Í stuttu máli, herra

forseti, felur það í sér að fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lofar hæstv. menntmrh. kennurum nákvæmlega sömu réttindum og þeir hafa samkvæmt lögunum frá 1954. Þetta kemur ekki aðeins fram í áliti samstarfsnefndarinnar heldur segir skýrum stöfum í greinargerðinni, sem hæstv. ráðherra ber formlega ábyrgð á, að réttindin eigi að verða fullkomlega hliðstæð lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Síðar segir: „Frv. felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna, nr. 38/1954."

Það er vert að undirstrika, herra forseti, að sá sem leggur þessa greinargerð formlega fram er hæstv. menntmrh. Það er hann sem gefur þessi loforð um að kennarar haldi öllum réttindum sínum við flutning grunnskólans. Í því sambandi skiptir engu máli hvort ég eða einhverjir innan ríkisstjórnarinnar hafa þá skoðun að gildandi löggjöf byggist á úreltum viðhorfum eða sé ósanngjörn eða ekki í takt við tímann. Það eina sem skiptir máli í þessu sambandi, herra forseti, er sú staðreynd að hæstv. menntmrh. hefur gefið loforð fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hann verður að lýsa því yfir úr þessum ræðustóli að hann hyggist standa við það loforð hvað sem yfir dynur, ella eru forsendurnar fyrir flutningi grunnskólans brostnar.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er þekktur fyrir það að fela ekki skoðanir sínar. Hann er þekktur fyrir það að ræða hans er já, já og nei, nei. En í þessu máli hafa runnið grímur, ekki bara ein heldur tvær og jafnvel fleiri á hæstv. ráðherra. Hann hefur ekki talað skýrt í málinu. Hann hefur sagt það skorinort í framsögu sinni og greinargerð að hann hyggist standa við þau loforð sem gefin voru gagnvart kennurunum en hann hefur líka sagt það í framsögu sinni og enn fremur í greinargerðinni að sú staða kann að koma upp að hann hyggist brjóta þetta loforð. Ég get ekki skilið mál hæstv. menntmrh. öðruvísi en svo að ef sú staða kemur upp að sveitarfélögin óska eftir því að þessum lögum verði breytt í þá veru að verulega verði dregið úr þeim réttindum sem kennurum og skólastjórnendum eru tryggð með þessu frv., til samræmis við önnur lög sem kunna að verða samþykkt síðar, þá hyggst hann gera það. Ég get ekki túlkað það öðruvísi, herra forseti, en að með því sé hæstv. menntmrh. beinlínis að segja þingheimi það að hann sé reiðubúinn til að ganga á bak orða sinna. Ef það er misskilningur hjá mér, herra forseti, tel ég að hæstv. menntmrh. verði að skýra í hverju sá misskilningur liggur og hann verður að skýra það hvort það er rangur skilningur hjá mér að hann sé reiðubúinn til þess að leggja fram frv. eða standa að samþykkt frv. sem gengur í bága við það sem hér segir svo fremi sem sveitarfélögin óski eftir því.

Herra forseti. Það eru loforðin sem eru mælistikan sem verða lögð á hæstv. ráðherra. Ég ítreka að það skiptir ekki máli hvort okkur þykir núverandi löggjöf um lífeyrisréttindi eða biðlaunarétt eða uppsagnarfrest rétt eða röng. Málið snýst einfaldlega um þetta: Orð skulu standa.

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur farið geyst fram í málinu og svarað þeim hörðu ásökunum sem á hana hafa verið bornar af hálfu opinberra starfsmanna og af hálfu kennara. En ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þetta frv. sé ekki hægt að skoða eitt og sér. Það verður að skoða í samhengi við önnur frumvörp sem varða réttindi opinberra starfsmanna. Það verður að skoða þetta frv. með hliðsjón af þeim þremur frumvörpum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem búið er að leggja fram, sum a.m.k. og hin koma á næstu dögum eða vikum. Strax í næstu viku hefur verið boðað að menn munu ræða frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er nefnilega mergurinn málsins sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði áðan að með frv. sem liggur fyrir er verið að lofa kennurum og skólastjórnendum með annarri hendinni óbreyttri stöðu en í hinni hendinni glittir í önnur frumvörp hjá hæstv. ríkisstjórn þar sem á að draga núverandi réttindi til baka. Það er auðvitað þetta sem málið snýst um.

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til þess að gera það að umræðuefni að mér finnst sem það skorti verulega á skilning innan ríkisstjórnarinnar á stöðu þessara mála. Mér sýnist að það skorti á að ríkisstjórnin samræmi stefnu sína vegna þess að það eru fleiri frumvörp sem tengjast réttindamálum opinberra starfsmanna. Við höfum nýverið, herra forseti, rætt um frv. til laga um Póst og síma þar sem steinninn sem steytir á eru einmitt réttindi opinberra starfsmanna. Ég hef bent á það, herra forseti, að þar er að finna ákvæði í frv. sem eru beinlínis í andstöðu við nýfallinn úrskurð héraðsdóms um biðlaunaréttinn og eðli biðlaunaréttarins. Þetta, herra forseti, hafa ráðherrar Sjálfstfl. sagt að sé rangt hjá mér. En ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að benda á að í nýlegu viðtali í Morgunblaðinu tekur hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, undir þau viðhorf sem ég hef hérna. Ég held líka, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að í þessum sölum komi fram hvort ríkisstjórnarliðið stendur heilt og óskipt á bak við þessi frumvörp. Ég tek sérstaklega mið af frv. um Póst og síma vegna þess að það tengist málinu, vegna þess að biðlaunadeilan er ein og hin sama og ég spyr þá framsóknarmenn sem hér eru staddir í salnum: Er það svo að Framsfl. standi heill og óskiptur og án fyrirvara á bak við þær atlögur sem felast í ákvæðum frv. um biðlaunin? Það er nauðsynlegt að þetta komi fram við umræðuna.

Þegar ríkisstjórnin segir að það eigi með engu móti að skerða réttindi kennara og skólastjórnenda er nauðsynlegt að menn fari yfir þau frumvörp sem verða á dagskrá á næstu vikum. Eins og ég hef sagt í minni tölu er alveg ljóst af greinargerðinni og af ræðu hæstv. menntmrh. að verði þau frumvörp samþykkt á næstu vikum er hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin og stjórnarliðið samkvæmt svörum hæstv. menntmrh. reiðubúið til þess að standa að nýrri lagabreytingu sem varðar réttindi og skyldur kennara. Þess vegna er nauðsynlegt að reifa þetta. Er það virkilega svo eins og kemur fram í bæklingi hæstv. fjmrh. að í þessum lögum sé ekki verið að taka á neinum samningsbundnum kjaraatriðum?

Herra forseti. Það er reyndar athyglisvert þegar maður les bækling hæstv. fjmrh. að þar er listilega slitið á milli annars vegar lífeyrisfrv. og hins vegar réttindafrv. sjálfs. Ég held hins vegar, herra forseti, að kjarni málsins felist í þeirri greiningu sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti áðan. Það er einfaldlega svo að það er allt öðruvísi farið með kjaramál opinberra starfsmanna en þeirra sem eiga kjör sín undir samningum á frjálsum markaði. Það er svo að lög og reglur skipa í miklu ríkari mæli kjörum opinberra starfsmanna en gerist á hinum frjálsa markaði og þess vegna skiptir þetta svo miklu máli. Það er einfaldlega rangt þegar ríkisstjórnin heldur því fram að þær breytingar sem koma fram í frumvörpunum sem við ræðum á næstu vikum snerti ekki samningsbundin kjaraatriði. Það er svo, herra forseti, að fram undan í þjóðfélaginu blasir við góðæri. Og af hverju stafar þetta góðæri? Ég gæti barið mér á brjóst og sagt: Það var vegna síðustu ríkisstjórnar, og ég er viss um það að einhverjir ráðherrar núverandi ríkisstjórnar eru tilbúnir

til þess að koma hingað og segja að það sé vegna gerða og verknaðar núverandi ríkisstjórnar.

Herra forseti. Staðreyndin er hins vegar sú að grunnurinn að góðærinu sem við erum núna að sigla inn í var lagður á undangengnum áratug. Hann var lagður með hófstilltum kröfum verkalýðssamtakanna. Árið 1980 þegar menn réðust í að gera drög að svokallaðri þjóðarsátt voru menn í harðvítugum kjaraátökum og það var þá sem opinberir starfsmenn slógu af launakjörum sínum en fengu í staðinn samningsbundin atriði sem vörðuðu réttindi og lífeyrismál. Nú er það hins vegar svo að þessi atriði hafa verið partur af kjörum þeirra allar götur síðan 1980, og eru í sumum tilvikum í hættu vegna þessara frumvarpa. Ég segi aftur og ítreka, herra forseti, að það skiptir ekki máli hvaða skoðun við í sjálfu sér höfum á fyrirhuguðum breytingum ríkisstjórnarinnar á lögunum frá 1954. Það sem skiptir máli er að orð skulu standa. Það sem skiptir máli er það að hæstv. menntrmh. hefur sagt: Kjörin verða óbreytt en það liggur fyrir að hætta er á því að samþykkt verði annars konar kjör með öðrum frumvörpum sem munu hafa áhrif á kjör og réttindi kennara. Hérna er um að ræða verulegar breytingar. Þarna er um að ræða breytingar á örorkulífeyri, makalífeyri, 95 ára reglunni, þeim árafjölda sem menn þurfa að greiða í lífeyrissjóði, í verðtryggingu á lífeyri og svo mætti lengi telja. Þarna er líka verið að ræða um biðlaun.

Nú er það svo, herra forseti, að ég tel að í mörgum greinum sé nauðsynlegt að breyta gildandi lögum. Sumt af því sem ríkisstjórnin hefur lagt fram eru atriði sem ég tel að eigi að skoða. Ég nefni t.d. það sem ríkisstjórnin segir um aukin völd forstjóra og yfirmanna stofnana. Ég tel að það sé góðra gjalda vert. En ég lít hins vegar svo á, herra forseti, að þetta séu allt saman atriði sem þarf að ræða í tengslum við samninga opinberra starfsmanna. Það er alveg ljóst að þetta hefur verið metið til fjár í fortíðinni og það er ekki hægt að koma núna fram og ætla sér að taka ýmis kjaraatriði til baka nema eitthvað komi á móti. Það er nákvæmlega það sem þetta mál gengur út á. Það eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Hún hefur farið mjög klaufalega með þessi þrjú frv. sem við ræðum á næstu vikum. En mér finnst einnig, herra forseti, að hæstv. menntmrh. hafi farnast mjög klaufalega með mál sem allir voru sammála um í upphafi og sem ýtt var farsællega úr vör en virðist nú í herrans nafni og fjörutíu vera að hljóta heldur ófarsæla lendingu. Hæstv. menntmrh. á eftir að koma hingað upp og lýsa því skorinort yfir að verði gerðar breytingar á lögunum frá 1954, þá muni hann eigi að síður sjá til þess að orð standi og að breytingar verði ekki gerðar á réttindum kennara og skólastjórnenda. Af hverju? Vegna þess að það var grunnurinn að stuðningi þeirra við þennan flutning og það voru orð hæstv. ráðherra sem tryggðu stuðning kennara.

[11:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get endurtekið allt það sem ég sagði í upphafi þessarar umræðu og m.a. þetta, með leyfi herra forseta:

„Grunnurinn að þessu frv. er að það náðist samkomulag í viðræðum á milli fulltrúa kennara og fulltrúa sveitarfélaganna um þá skipan mála sem hér er um að ræða.

Það er allsendis órökrétt að álykta sem svo að í framhaldi af því að slíkt samkomulag sé lögfest muni þriðji aðili, sem hefur tekið að sér að framfylgja þessum málum með þeim hætti sem við erum að gera hér með því að leggja þetta frv. fram, rjúfa það samkomulag upp á sitt eindæmi. Þarna þarf því að hafa ákveðið jafnvægi í huga og þannig ber að skýra lokamálsgreinina í greinargerðinni. En ég vil einnig vekja athygli á því að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur sagt að hann líti á þessa lokamálsgrein sem einskis virði í sjálfu sér. Að sjálfsögðu verður að ganga þannig fram í þessu máli að um jafnvægi sé milli samningsaðilanna að ræða sem eru kennarar og sveitarfélögin. Menn mega ekki gleyma því þegar þeir eru að ræða þessi mál og blanda hinum þremur málunum inn í að það er verið að tala um að kennarar hætti að vera starfsmenn ríkisvaldsins og verði starfsmenn sveitarfélaganna. Breytingar á lögum sem varða starfsmenn ríkisins ná því að sjálfsögðu ekki til kennara eftir að þeir eru orðnir starfsmenn sveitarfélaga. Þar er um réttarsamband að ræða á milli sveitarfélaganna og kennara sem við erum að lögfesta með þessum hætti og það væri fráleitt að gera því skóna að menn ætluðu að raska því einhliða."

Þetta er yfirlýsing sem ég gaf í umræðum hér á dögunum þann 7. mars. Ég get endurtekið hana. Hún er alveg skýr og ég held að menn þurfi ekki að draga í efa vilja minn til þess að standa að því að þessi mál nái fram að ganga á þeim forsendum sem ég hef sjálfur tekið þátt í að móta og liggja skýrar fyrir í þessu frv.

[11:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Alla jafnan eru ræður hæstv. menntmrh. skýrar og fróðlegar og þess vegna er allt í lagi að hann lesi hér þær ræður sem hann hefur áður flutt. Það eina sem hæstv. menntrh. þarf að gera er að lýsa því yfir að jafnvel þó að þau frumvörp sem kynnt og rædd verða á næstu vikum verði samþykkt, þá muni hann ekki beita sér fyrir og ekki taka þátt í því að það verði gerð samsvarandi breyting á því frv. sem liggur fyrir núna, verði það að lögum.

[11:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og tekið er fram í greinargerðinni hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún muni ekki beita sér fyrir breytingum á þessu frv. eða ef það verður að lögum nema með sérstökum hætti, þ.e. að annaðhvort komi ósk frá sveitarfélögunum, kennarasamtökunum eða báðum. Síðan hef ég gefið þá skýringu að hérna er um samkomulag kennara og sveitarfélaganna að ræða sem að sjálfsögðu verður ekki rift einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er að sjálfsögðu eins og ég hef líka margtekið fram ekki unnt að binda hendur alþingismanna samkvæmt stjórnarskránni. Þeir hafa fullan rétt til að gera tillögur um breytingar á lögum. En ég mun ekki beita mér fyrir því. Ég tel að hér sé um skynsamlega leið að ræða og hef beitt mér fyrir þessu samkomulagi. Og að sjálfsögðu mun ég ekkert gera eða hafa frumkvæði að neinu því sem mun rifta eða raska þessu samkomulagi og þeirri tryggingu sem kennarar og sveitarfélögin hafa fengið með samkomulaginu.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að síðan við ræddum þessi mál 7. mars hefur verið gengið frá samkomulagi á milli ríkisins og sveitarfélaganna um kostnaðarþáttinn. Þetta mál lá fyrir á þeim fundi sem fulltrúaráð sveitarfélaganna efndi til í Borgarnesi í síðustu viku og fjallaði um málið. Þar kom ekkert fram um það að menn vantreystu ríkisvaldinu að standa að þessum málum með þeim hætti að tengsl kennara og sveitarfélaganna yrðu þannig að þau gætu komist að niðurstöðu um framtíðarsamskipti sín. Þvert á móti fagna menn á þeim vettvangi þessu samkomulagi og þessari niðurstöðu

sem liggur fyrir í frv. og er forsenda þess að málið nái fram að ganga í þeirri fullu sátt sem alla tíð hefur verið að stefnt.

[11:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var besta ræða hæstv. menntmrh. sem hann hefur flutt í þessu máli til þessa vegna þess að hún birti í allri sinni nekt hina raunverulegu fyrirætlan ríkisstjórnarinnar. Ég spurði einfaldrar spurningar. Hún var þessi: Ef frumvörpin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verða samþykkt á næstu vikum, kemur þá til greina að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. standi að því að réttindum kennara og skólastjórnenda verði breytt með samsvarandi hætti? Svar hæstv. menntmrh. var tvíþætt: Í fyrsta lagi sagði hann: Nei. En síðan í öðru lagi: Nei, ríkisstjórnin mun ekki gera það einhliða. En svarið var skilyrt. Ef sveitarfélögin óska eftir því, þá munum við gera það. Þá er komið að kjarna þessa máls. Það er hin siðferðilega skuldbinding sem hæstv. menntmrh. hefur gengist undir af hálfu ríkisstjórnarinnar um að koma í veg fyrir að réttindunum verði breytt frá því sem er að finna í lögunum frá 1954. Þetta var hin siðferðilega skuldbinding sem hann axlaði. Ég fæ ekki betur séð en hann sé nú eins og burðarklár að spretta af sér þeim klyfjum og lýsa yfir að hann geti við vissar kringumstæður staðið að því að brjóta sín eigin orð. Það er um þetta sem þessi deila snýst, herra forseti. Það er af þessum sökum sem kennarasamtökin eru full grunsemda. Það er af þessum sökum sem það er ekki rétt sem einn hæstv. ráðherra sagði að þau væru að blanda saman óskyldum hlutum sem væru annars vegar flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna og hins vegar frv. til breytinga á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Nú liggur það ljóst fyrir, herra forseti, eftir síðustu ræðu hæstv. menntmrh. að þessir hlutir eru mjög tengdir og gætu haft mjög mikil áhrif á afkomu kennara. Ég ítreka það aftur, herra forseti. Þetta hefur ekkert að gera með það hvaða skoðun maður hefur á lögunum frá 1954 eða lögunum um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Þetta hefur með það að gera hvaða skoðun maður hefur á vægi orða ráðherra íslensku ríkisstjórnarinnar og þau eru ekki mikils virði ef marka má orð hæstv. menntmrh. áðan.

[11:38]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hér er fram haldið umræðu um frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem hafin var í byrjun síðustu viku ef ég man rétt og hefur slitnað nokkuð sundur. Það er ekki að undra þótt þessi umræða taki nokkurn tíma í þinginu í ljósi þess hvernig málið er vaxið. Hér er á ferðinni leikflétta, alveg óvenjuleg pólitísk leikflétta af hálfu hæstv. ríkisstjórnar landsins í sambandi við þetta mál. Það er auðvitað mjög mikilvægt að þingið ræði og dragi skýrt fram hvernig þetta mál er vaxið. Það er reyndar ekki nein erfið gestaþraut í ljósi þess að fyrir þinginu liggur ekki aðeins þetta mál heldur 372. mál sem hefur verið útbýtt í þinginu. Það er frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sá fylgifiskur, einhverjir mundu segja gambítur, er fram kominn með formlegum hætti en var það ekki þegar umræðan hófst.

Framsöguræða hæstv. menntmrh. fyrir þessu máli um daginn var nokkuð sérkennileg og bar vitni þeirri einkennilegu stöðu sem hæstv. ráðherra er í og er settur í af ríkisstjórninni og sjálfsagt hluti af sem aðili að ríkisstjórn, þ.e. þessi tvö frv., það sem við ræðum hér og hið síðara sem ég nefndi, eru fram komin nokkurn veginn samtímis. Hið síðara var kynnt í drögum og lá fyrir þegar mælt var fyrir hinu fyrra. Áform ríkisstjórnarinnar, a.m.k. að því er varðar hæstv. fjmrh., hafa legið alveg skýrt fyrir um þessi efni um lengri tíma þannig að það er því miður ekki hægt að afsaka það hvernig hér er að málum staðið með því að menn hafi verið óvitandi um þetta þó að það kunni að vera að hæstv. menntmrh. hafi ekki vitað fyrr en þá tiltölulega nýlega hver áform hæstv. fjmrh. voru í einstökum atriðum. Um það er ekkert hægt að fullyrða.

Það er einn þáttur þessa máls sem ég vil koma að sérstaklega. Það eru skuldbindingar þingsins og þingheims þegar lögfest var frv. um grunnskóla á 118. þingi í febrúarmánuði á fyrra ári. Mér finnst að það hafi gleymst að rifja það upp hvernig mál stóðu þá. A.m.k. var ekki minnst á það af hæstv. ráðherra og kannski eðlilega. Ráðherrann talaði mikið um það í sínu máli og undirstrikaði að Alþingi hefði samþykkt einróma á sínum tíma frv. um grunnskóla sem fól í sér flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, samþykkt það einróma, úr þessu var mikið gert. En þá er rétt að rifja upp hvernig sú samstaða náðist í þinginu sem hæstv. ráðherra vitnaði til. Það var ekki þrautalaust og frá því var gengið með alveg ákveðnum hætti sem er nauðsynlegt að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd í núverandi stöðu. Það var nefnilega þannig að það stóð yfir mikil umræða um það, bæði innan þingsins en einnig meðal hagsmunaaðila og þá á ég ekki síst við samtök kennara, hvernig gengið yrði frá lagasetningunni að því er snertir yfirfærslu grunnskólans til ríkisins. Þessi staða endurspeglast mjög vel í þeim málsskjölum sem fram komu á síðasta stigi þegar gengið var frá frv. og það áður en það var lögfest. Þar komu fram álit eftir álit frá hv. menntmn. og formaður hennar sem hér er viðstaddur umræðuna man vafalaust gerla hvernig málum var háttað þá og hversu glöggt það stóð að frv. næði fram að ganga og hlyti lögfestingu með sæmilegu samkomulagi svo að ég orði það ekki fastar, því að meira var ekki hægt að segja. Sumir þingmenn sem sátu hjá við afgreiðslu málsins, þar á meðal sá sem hér stendur, höfðu ekki mikla sannfæringu fyrir því að það væri verið að stíga farsælt skref til framtíðar litið fyrir grunnskólann með því að flytja þá þætti sem eftir stóðu, þ.e. varðandi kennarana og laun þeirra og í rauninni forræði eins og um það er búið í lögunum um grunnskóla sem nú gilda.

Ég hef haft miklar efasemdir um að það væri rétt að ganga svo langt eins og gert var með lögunum um grunnskólann og þetta á við um fleiri þætti sem varða spurninguna um flutning verkefna frá ríkinu til sveitarstjórnastigsins. Það segi ég ekki vegna tortryggni gagnvart þeim sem skipa sveitarstjórnir hverju sinni eða sveitarstjórnir geti ekki rætt mál prýðilega að því er varðar þeirra verksvið og nærumhverfi og margt væri hægt að flytja þangað sem nú er á hendi ríkisins. Þegar um er að ræða stórmál eins og hér, þ.e. spurninguna um yfirráð yfir heilu skólastigi, málsmeðferð varðandi heilt skólastig þá spyrjum við spurningarinnar um það hvernig almannavaldið getur tryggt með löggjöf og íhlutunarrétti það jafnræði sem við gerum kröfu um að ríki óháð búsetu og kyni að því er varðar grunnskólann og þetta má gilda um mörg önnur svið.

Því er ég að rifja þetta upp að það snertir afgreiðslu málsins. Ég gekk ekki gegn málinu á lokastigi vegna þess að það samkomulag sem gert var hafði tekist, sú málamiðlun sem gerð var og endurspeglast í lokaafgreiðslu hv. menntmn.

mn. áður en frv. var lögfest vegna þess að hagsmunasamtök kennara töldu sig geta við unað. Hvernig var þá afgreiðslan? Hún birtist í því, virðulegi forseti, að 23. febr. 1995 kom fram framhaldsnefndarálit frá meiri hluta menntmn., sem sagt skipt nál. þar sem meiri hlutinn stóð að framhaldsnefndaráliti við 3. umr. málsins og fylgdu þar brtt. því áliti við 57. gr. eins og frv. var þá statt. Stjórnarandstaðan var ekki hluti af þessu nál. sem þarna lá fyrir. En tveimur dögum síðar, 25. febr. 1995, kemur inn í þingið annað framhaldsnefndarálit frá sömu þingnefnd, frá menntmn., um frv. til laga um grunnskóla þar sem öll nefndin stendur að málsafgreiðslu og nýrri brtt. sem fylgir þessu áliti. Það var þetta samkomulag sem hafði tekist í menntmn. um hvernig 57. gr. frv. skyldi orðuð sem innsiglaði þá samstöðu sem endurspeglaðist í þinginu þannig að ekki voru greidd atkvæði gegn þótt nokkrir þingmenn sætu hjá við afgreiðslu málsins og gerðu grein fyrir atkvæði sínu. Þannig var þetta vaxið. Þetta nál. vil ég leyfa mér, að lesa upp samhengisins vegna, með leyfi forseta:

„Menntamálanefnd hefur komið saman til fundar um málið eftir að það var tekið til 2. umræðu. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi yfirlýsing:

„Ríkisstjórnin telur mikilvægt að víðtæk sátt takist um flutning grunnskólans milli hlutaðeigandi aðila, ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara.

Ríkisstjórnin hefur gefið samtökum kennara fyrirheit um að þær breytingar verði gerðar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi kennurum og skólastjórnendum sem rétt hafa átt til aðildar að þeim sjóði að þessi réttindi þeirra verði eigi lakari eftir breytinguna.

Þá hefur ríkisstjórnin einnig heitið samtökum kennara því að sett verði sérstaklega í lög ákvæði er tryggi framangreindum hópi kennara og skólastjórnenda, eftir því sem við getur átt, óbreytt réttindi eftir flutning grunnskólans.

Stjórnmálaflokkarnir munu beita sér fyrir því meginmarkmiði að kennarar fái jafngild kjör og réttindi eftir að yfirfærslu er lokið."

Nefndin leggur til breytingar á 57. gr. frumvarpsins sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um stöðu réttinda- og lífeyrismála kennara við tilflutning grunnskólans. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um að fyrir liggi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Í þriðja lagi er lagt til að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996."

Þetta er undirritað af öllum nefndarmönnum í hv. menntmn. 25. febr. Þegar atkvæði eru greidd og frv. afgreitt þá hefst 57. gr. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996 enda hafi Alþingi þá samþykkt ..."

Nál. er hluti af þessari gjörð og allir sanngjarnir aðilar hljóta að sjá að með þessu er þingið að taka á sig siðferðilega skuldbindingu gagnvart þeim aðilum sem áttu í hlut og á þessu lokastigi málsins höfðu haft skýra fyrirvara, og þá á ég við kennarasamtökin, samtök kennara í grunnskólum, og töldu sig eftir atvikum að þessum gjörningi fyrirliggjandi við þetta unað og lögðu af þá miklu andstöðu sem var að finna í röðum þeirra, bæði af skólapólitískum ástæðum en einnig af kjarahagsmunaástæðum gegn því að yfirfærsla grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga ætti sér stað. Þessi andstaða að því er varðaði hin skólapólitísku sjónarmið var ekki síst víða úti um landið, í dreifbýli í landinu, sem á eðli máls undir högg að sækja að því er varðar kröfuna um jafnræði í kennslu og aðstöðu nemenda og starfsmanna skóla. Það eru þeir aðilar sem voru eðlilega uggandi um þessa tilfærslu og ég skil sjónarmið þeirra afar vel.

Ég held því að þetta verði að fylgja með þegar hæstv. menntmrh. undirstrikar í framsögu sinni fyrir málinu afgreiðslu Alþingis, einróma samþykki Alþingis á sínum tíma fyrir þessa yfirfærslu. Það gengur að sjálfsögðu ekki upp. Það gengur ekki með neinu móti upp að á sama tíma og menn ætla sér að ganga frá frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla með þeim hætti sem fyrir liggur í þessu frv. að breyta í mörgum grundvallaratriðum stöðu opinberra starfsmanna, þar á meðal kennara framhaldsskóla og annarra skólastiga sem taka laun frá ríkinu, breyta kjörum þeirra og réttindum og smeygja svo á lokastigi máls inn í grg. með frv. þeirri yfirlýsingu sem margoft hefur verið rædd í sambandi við málið að komi óskir um það frá sveitarstjórnarstiginu eða samtökum kennara muni ríkisstjórnin beita sér fyrir upptöku máls með öðrum hætti.

Það breytir engu í þessu sambandi þó að hæstv. menntmrh. lýsi því yfir að hann út af fyrir sig hafi ekki frumkvæði að upptöku málsins. Hvaða gagn er í slíkum yfirlýsingum þegar um málið er þannig búið sem raun ber vitni? Fyrir nú utan það að ævi manna á ráðherrastóli er háð óvissu og þar kemur að sjálfsögðu maður eftir mann og yfirlýsingar einstakra ráðherra duga ekki lengur en þeir fara með vald sitt. Ég tel að það sé með öllu óverjandi að ætla að knýja fram yfirfærslu grunnskólans, telja að forsendurnar fyrir henni séu uppfylltar þegar staðið er að málum af hálfu ríkisstjórnarinnar að því er varðar opinbera starfsmenn með þeim hætti sem nú liggur fyrir. Ég er satt að segja mjög undrandi á því að hæstv. ríkisstjórn skuli reyna að þrýsta málum fram eins og hér er unnið. Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin geri ráð fyrir því að komast upp með það að standa að málum eins og hér er lagt upp. Ég tala ekki um afleiðingarnar fyrir grunnskólann, fyrir skólann, fyrir börnin og nemendurna og starfsmenn alla sem hafa á undanförnum árum verið að reyna að bæta kjör sín að því er varðar kennarana, þau kjör sem þeir búa við í hatrömmum átökum við ríkisvaldið með þeim litla árangri sem sú barátta hefur skilað og þeim miklu fórnum sem hafa verið færðar og álagi á þetta skólastig sem því hefur fylgt ef á þeim tíma sem á að afhenda forræði skólastigsins eins og hér er um búið frá ríki til grunnskólans að þá ætli menn að hafa tímasprengju undir þeim gjörningi. Það er dagljóst að ekki verður til langframa við það búið að einhver allt önnur lögmál gildi um starfsmenn sveitarfélaga, um fjölmenna starfsstétt sem væri komin inn til sveitarfélaganna og hefði við þau að semja annars vegar, og starfsmenn sem gegna í reynd hliðstæðum störfum þó að á öðru skólastigi sé en þiggja laun frá ríkinu og að réttindi þeirra og staða verði öll önnur.

Ég skil vel þann fjölda áskorana sem berast alþingismönnum nú frá samtökum kennara og opinberra starfsmanna og fylla orðið möppur, sem borist hafa frá fundum þeirra sem haldnir hafa verið að undanförnu og enn er verið að boða til. Ég held að Alþingi og hæstv. ríkisstjórn eigi að hlýða á þau viðvörunarorð og ég hvet hæstv. menntmrh. og enn frekar hæstv. forsrh. til þess að doka við varðandi þessi mál, ekki að reyna að þrýsta þessu frv. fram til lögfestingar á meðan ekki er séð fyrir hver verða afdrif þess frv. sem nýlega hefur verið dreift um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þannig að hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera í þessu efnum

og Alþingi Íslendinga sjái eitthvað inn í framtíðina að því er þetta varðar.

[12:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem upphaflega var samkomulag að sögn við kennara og fleiri hefur átt sér mikla hrakfallasögu í þessum sal. Það hefur verið reynt aftur og aftur að koma þessu máli til meðferðar en það hefur ekki verið hægt. Ástæðan var í fyrsta lagi sú að þegar það samkomulag sem hér átti að fara að ræða lá fyrir, kom fram í dagsljósið annað frv. sem ríkisstjórnin eða fjmrn. var með uppi í erminni og menn voru greinilega tilbúnir til að leggja fram hér í þessari stofnun. Það var svo lagt fram með allt öðrum efnisatriðum en eru í þessu frv. Þetta á ekki bara við um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna heldur á þetta líka við frumvarpsdrögin um breytingu á Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna sem liggja fyrir og eru til út um allt þjóðfélagið og ég hef t.d. lesið. Þar er um að ræða verulega skerðingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þetta eru auðvitað alveg ótrúleg vinnubrögð miðað við aðdragandann að málinu. Hver var hann? Hann var sá að grunnskólafrumvarpsbreytingin var í uppnámi í þessari stofnun og það átti að fara að ljúka þingi. Það var ekkert samkomulag um málið hér og það var augljóst mál að stjórnarandstaðan gat þá, ef hún vildi, stöðvað málið vegna þess að það var svo skammur tími eftir til þingloka. Hvað gerðist þá? Þá var gengið í það að reyna að ná samkomulagi um þetta mál og fyrir því beitti sér hæstv. forsrh. Þess vegna er mjög mikilvægt að hann er núna staddur hér við framhald þessarar umræðu.

Niðurstaðan af þeim málaleitunum varð sú að á þskj. 927 birtist framhaldsnefndarálit um frv. til laga um grunnskóla sem var undirritað af okkur öllum sem þá sátu í hv. menntmn., fyrirvaralaust. En þar segir m.a. eins og hér kom fram áðan. Þar er byrjað á því að vitna í og birta yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Það er texti sem unninn var af hæstv. forsrh. auðvitað í samkomulagi við hinn stjórnarflokkinn og við menntmrh. og fjmrh. Þar segir í fyrstu línu, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin telur mikilvægt að víðtæk sátt takist um flutning grunnskólans milli hlutaðeigandi aðila, ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara."

Ég segi það, hæstv. forseti, ef ekki hefði verið gengið frá þessu samkomulagi þá hefði flutningur grunnskólans ekki farið í gegnum þingið með þeim hætti sem gerðist á síðasta vori og raun varð á. Þá hefði ríkisstjórnin orðið að taka það mál upp á nýju þingi. Sú sáttagjörð sem varð til á milli flokkanna í febrúar 1995 varð því forsenda flutningsins, forsenda allrar vinnunnar sem síðan hefur farið fram og hún var gerð í sátt við fleiri. Hún var gerð í sátt við kennarasamtökin. Hún var gerð í sátt við Samband sveitarfélaga á þeim tíma. Þess vegna eru vinnubrögð fjmrn. í þessu máli bersýnilega á skjön við þann sáttaanda sem málið var rekið í og verður að fylgja málinu eftir í.

Ég vil segja það líka að ég hef grun um það að hæstv. menntmrh. hafi ekki varað sig á vinnubrögðum fjmrn. í þessu máli. Ég veit ekki um það. En ég trúi því ekki að hæstv. menntmrh. hafi gengið frá samkomulagi við kennarana sem undirritað var í verkefnisstjórninni 1. febrúar sl. varðandi þessi mál, m.a. lífeyrismálin og hann hafi þá vitað um að það var verið að semja annað frv. sem birtist þessu sama fólki 12. febrúar. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Ég segi það eins og er og endurtek: Ég trúi því varla að hæstv. menntmrh. hafi vitað um þessi vinnubrögð. Og ég trúi því enn síður að hæstv. forsrh. hafi haft hugmynd um þessi vinnubrögð vegna þess að hann átti úrslitaaðild að því að samkomulag náðist um flutning grunnskólans 25. febrúar 1995.

Þegar þetta frv. er lagt fyrir sem hér er til umræðu annars vegar og svo hins vegar það að önnur frv. fara að koma inn, þá segir Kennarasambandið af eðlilegum ástæðum: Undirskrift okkar á yfirlýsingu verkefnisstjórnarinnar 1. febrúar sl. er dregin til baka. Það er eðlilegt. Nú stendur þetta mál þannig að sveitarstjórnirnar hafa fyrir sitt leyti samþykkt yfirfærsluna. Ég tel að það vanti mjög lítið á það. En staðan er engu að síður sú í augnablikinu að Kennarasamband Íslands er mjög ósátt við stöðu málsins. Ég vil segja það við hæstv. ráðherra, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., að það verður að ganga í það núna að leysa þá samskiptahnökra sem eru uppi milli fjmrn. og kennarasamtakanna. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað mun hann gera til þess að beita sér fyrir því að þessi hnútar verði leystir? Það er alveg augljóst mál að það er óþolandi fyrir kennarasamtökin og grunnskólann og börnin sem eru í skólunum að flytja skólann yfir í fullri ósátt við kennarasamtökin í landinu. Það gengur ekki.

Þessa spurningu vil ég leggja fram til hæstv. forsrh. með hliðsjón af því samkomulagi sem við gengum frá aðfararnótt 25. febrúar 1995 og innsiglað var í menntmn. á þskj. 927 þar sem segir svo m.a., með leyfi forseta, mjög merkilegt og sjaldgæft orðalag hér í þessari stofnun:

„Stjórnmálaflokkarnir munu beita sér fyrir því meginmarkmiði að kennarar fái jafngild kjör og réttindi eftir að yfirfærslu er lokið."

Af hverju var þetta orðað svona? Það var orðað svona vegna þess að við gerðum okkur öll grein fyrir því að það var hugsanlegt að sú ríkisstjórn sem þá var til yrði jafnvel ekki til eftir kosningar og að eitthvað af þeim flokkum sem þá voru í stjórnarandstöðunni yrðu kannski í ríkisstjórn sem og varð eins og gengur. Og þess vegna var þetta óvenjulega orðalag sett þarna inn í góðri trú. Ég vil segja fyrir mitt leyti af því ég átti aðild að þessu sem menntamálanefndarmaður fyrir hönd Alþb. að ég stóð að þessu samkomulagi í góðri trú. Þeim mun verra finnst mér það að menn skuli koma þannig aftan að manni, liggur mér við að segja, í vinnubrögðum sínum eins og ég tel að fjmrn. hafi gert og bítur svo höfuðið af skömminni með því að fjmrh. sjálfur hleypur í frí til útlanda sömu daga og á að ræða þetta í þessari stofnun. En það er innanhússvandamál í ríkisstjórninni sem ég skipti mér ekki af.

Í bréfi verkefnisstjórnarinnar um flutning grunnskólans til menntmrh. frá 1. febrúar 1996 segir svo, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun þessa máls innan verkefnisstjórnarinnar hefur verið sérstakur gaumur gefinn að því með hvaða hætti skuli tryggja við flutninginn óskert lífeyrissjóðsréttindi þeirra starfsmanna sem átt hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins."

Ég endurtek að það hefur sérstakur gaumur verið gefinn að því að óskert réttindi þessa fólks við flutninginn verði tryggð. Og síðan segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Það er skilningur verkefnisstjórnarinnar að við flutning grunnskólans til sveitarfélaga sé ekki ætlunin að skerða lífeyrisréttindi kennara og skólastjórnenda."

Og enn fremur segir hér, með leyfi forseta:

„Verkefnisstjórnin hefur orðið ásátt um að undirbúningur að gerð lagaákvæða þessa efnis skuli fara fram í tengslum

við gerð tillagna að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins."

Með öðrum orðum, það stendur hér í þessu skjali að til að tryggja lífeyrissréttindi kennaranna verði frv. um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna breytt í tengslum við vinnuna við þetta mál. Og hverjir skrifa undir þetta, hæstv. forseti? Hverjir skrifa undir þetta? Það er Hrólfur Kjartansson, fyrir hönd menntmrh., það er Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh., það er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, það er Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands. Og það er Húnbogi Þorsteinsson, fyrir hönd félmrh. Með öðrum orðum, allir þessir fimm aðilar skrifa undir það að lífeyrisréttindi verði óskert og það verði tryggt í nýjum lögum eða lagafrv. að þau verði það. Hvað gerist svo? Örfáum dögum síðar eða 12. febrúar, tólf sólarhringum síðar, birtist frv., fullbúið frv., fullbúinn frumvarpstexti, frv. til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hefur að vísu ekki verið dreift í þessari stofnun en er til í fjölriti út um allt þjóðfélagið. Og hvað stendur þar? Þar stendur allt annað en í grg. frv. og í yfirlýsingu verkefnisstjórnarinnar, allt, allt annað. Og þess vegna endurtek ég það sem ég sagði áðan. Ég trúi því ekki að hæstv. menntmrh. hafi vitað af því að það var verið að vinna þessa hluti þvert á það sem menn lofuðu þegar þeir undirrituðu yfirlýsingu verkefnisstjórnarinnar. **(Gripið fram í:** Af hverju trúirðu því ekki?) Vegna þess að ég trúi því ekki upp á nokkurn mann að hann komi svona fram við stéttarsamtök í landinu, ekki nokkurn mann.

Í grg. þessara frumvarpsdraga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir t.d. svo, með leyfi forseta:

„Í lagafrumvarpi þessu, sem samið er að ákvörðun fjmrh., eru lagðar til verulegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins."

Þar segir að breyta verði svokallaðri eftirmannsreglu sem er ein undirstöðureglan í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna vegna þess að hún er erfið eða illframkvæmanleg.

Þar segir að í raun og veru sé verið að taka í grundvallaratriðum upp allt annað kerfi heldur en er hjá Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og þar er rakið mjög rækilega að hérna sé um að ræða feikilega miklar breytingar. Og það hefur verið framkvæmd á þessu tryggingafræðileg úttekt. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fleiri aðilar hafa látið fara fram tryggingafræðilega úttekt á þessu frumvarpsdrögum. Niðurstöður hennar eru t.d. þær að ef sjóðfélagi hefur starf 20 ára og hættir 60 ára þá munu réttindi hans skerðast mjög verulega eða um 8,5%. Fleiri tölur liggja fyrir í þessu skjali þar sem um er að ræða verulega mikla skerðingu sums staðar en auðvitað annars staðar minni eins og gengur. Þegar aðstoðarmaður fjmrh. var spurður í sjónvarpinu um daginn: Er þetta réttur útreikningur? þá sagði aðstoðarmaður fjmrh.: Það getur vel verið. Hann viðurkenndi að það gæti verið að menn væru að skerða þetta. Auðvitað er það ljóst að menn eru að því. En þetta er sami aðstoðarmaður fjmrh. og sat í nefndinni sem ég var að lesa upp eftir áðan.

Síðan hafa opinberir starfsmenn tekið saman mjög ítarlegt yfirlit um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins samkvæmt þeim frv. sem hér liggja fyrir. Í Morgunblaðinu í dag er mjög glöggt yfirlit yfir helstu breytingarnar sem verið er að gera, þ.e. frá gildandi lögum um réttindi og skyldur og yfir til frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem verður rætt hér væntanlega á næstunni. Það eru tólf mjög veigamikil efnisatriði sem eru talin upp í þessu opnuyfirliti í Morgunblaðinu. Ef kennararnir verða fluttir yfir til sveitarfélaganna og verða starfsmenn þeirra þá liggur það náttúrlega í augum uppi að þeir munu ekki búa við betri réttindi, eða hvað, en allir aðrir opinberir starfsmenn þannig að afgreiðslan á þessu frv. sem hér er til umræðu á sama tíma og hitt frv. liggur þarna frammi og bíður umræðu er markleysa. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin taki af skarið í þessum efnum og nái samkomulagi um það við kennarana og aðra hvernig með þessi mál verður farið. Það að ætla sér að hreinsa þessi mál út í uppnámi er algjörlega fráleitt.

Varðandi opinbera starfsmenn og stöðu þeirra geta menn sagt ýmislegt og það er alveg ljóst að það er verulegur munur á réttarstöðu og kjarastöðu þeirra annars vegar og á hinum almenna vinnumarkaði hins vegar. Það er mál sem hefur oft verið rætt. Veruleikinn er hins vegar sá að ríkisstarfsmenn hafa viðurkennt þetta sjálfir í því að þeir hafa oft og tíðum fallist á aðeins minni hækkanir á töxtum og minni breytingar á kjörum en þeir hefðu ella talið sér fært að knýja fram. Þannig telja þeir að þeir séu með aðeins lakari kjörum að mörgu leyti að gefa fyrir þau réttindi sem um er að ræða. Út af fyrir sig þarf ekki að vera sérkennilegt þó að viðsemjandinn vilji á einhvern hátt breyta þessum réttindum. Það eru engin tíðindi. Það hefur oft áður komið til tals en þá þarf það að gerast í samkomulagi og þá þarf ríkisstjórnin að beita sér fyrir því við þær aðstæður sem eru uppi t.d. núna að farið verði í viðræður við aðilana um að semja um það hvernig haldið verði á þessum málum.

Ég á aðallega það erindi í ræðustól, hæstv. forseti, að knýja á um það að fá afdráttarlaus svör um það hvað ríkisstjórnin ætlar að gera núna til að tryggja það að kennararnir geti staðið eðlilega að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna af því að allir aðilar málsins vilja að það gerist í sátt úr því að það gerist á annað borð. Ég tel að það sé engin lausn á málinu að flytja yfirlýsingar eins og fjmrn. gerir í þeim áróðursbæklingi sem er dreift á kostnað skattborgaranna inn á hvert heimili í landinu en þar stendur, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru engin réttindi skert sem samið hefur verið um í kjarasamningum."

Staðreyndin er auðvitað sú að hér er verið að skerða alvarlega veruleg réttindi sem samið hefur verið um í kjarasamningum og það eru mannasiðir í þessu þjóðfélagi að menn reyni að semja sig út úr vanda en beiti ekki valdi til þess með þeim hætti sem mér sýnist að fjmrn. ætli að gera. Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í málinu hér og nú til að tryggja aðkomu kennara að þessu máli aftur á nýjan leik? Hvernig hyggst forsrh. og hvernig hyggst menntmrh. beita sér í þeim efnum og hefur hann ekki áhyggjur af því að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna í ósátt við kennarana eins og margt bendir til í dag?

[12:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil gjarnan fá að leggja nokkur orð í belg þessa máls á þessu stigi í framhaldi af orðum hv. þm. Svavars Gestssonar. Það er alveg hárrétt sem hann sagði að fyrir rétt rúmu ári, þá við sérstakar aðstæður í þinginu, leituðust flokkar í stjórn og stjórnarandstöðu eins og því var skipað þá við að ná sátt um þau atriði sem hann rakti, bæði innan þingsins og við aðila utan þess, sérstaklega sveitarfélög og kennara. Mönnum var auðvitað ljóst að það var

afar þýðingarmikið við jafnflókna og umfangsmikla aðgerð, einhverja mestu breytingu á samskiptum ríkis og sveitarfélaga varðandi verkefni annars vegar og tilflutning á mjög miklum fjölda starfsmanna hins vegar, að leitast væri við að tryggja eins mikla sátt og fært væri milli allra þessara aðila. Auðvitað gera menn sér grein fyrir því að meiningarmunur kann að verða um einstök minni atriði á langri leið en það var samdóma álit þeirra aðila sem komu að málinu á þessu stigi að rétt væri að gera sitt ýtrasta til að ná sæmilegri sátt innan þingsins og utan þess um það. Það er líka hárrétt að hv. þm. Svavar Gestsson kom mjög að því máli.

Það hefur náðst gott samkomulag í sjálfu sér við þessa aðila, sveitarfélög og kennara um öll meginatriðin og samkomulagið við sveitarfélögin hefur nánast verið innsiglað. Það er ljóst að það stendur ríkur vilji til þess af hálfu sveitarstjórnarmanna yfirleitt um landið að þessi tilfærsla megi ná fram að ganga og hún frestist ekki því það er ótti sem ég tel að sé ekki ástæðulaus meðal sveitarstjórnarmanna að færi þetta mikla mál í frestun núna væri mjög óöruggt um framtíð þess, a.m.k. á næstu árum. Því hefur það verið mat manna að það sé rétt að fylgja því fast fram að þetta mál gangi fram nú í vor þannig að þar megi ekki verða nein bilun í.

Forráðamenn samtaka opinberra starfsmanna áttu fund með fulltrúum ríkisstjórnar fyrir nokkrum vikum. Á þeim fundi var m.a. Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, og gerði þar athugasemdir með félögum sínum við ýmis mál sem þá voru uppi. Mér er þó óhætt að segja að formaður Kennarasambandsins hafi á þeim fundi lagt höfuðáherslu á þátt frv. um lífeyrissjóðina gagnvart sér og félagsmönnum sínum. Ég hafði áður sagt í þessum ræðustól að ég teldi að ekki kæmi til álita að breyta með lífeyrissjóðsfrv. lögum þannig að áunninn réttur einstaklinga sem væru nú í störfum mundi breytast. Ég minnist þess að formaður BSRB, hv. þm. Ögmundur Jónasson, kallaði fram í að yfirlýsing af þessu tagi væri þýðingarmikil.

Nú er það þannig að menn geta út af fyrir sig deilt tölu vert um þessi atriði en ég tel að færð hafi verið fram ýmis rök fyrir því að menn verði að fara mjög nákvæmlega ofan í þetta frv., sérstaklega varðandi lífeyrissjóðsmálin. Enda þótt breytingar þar séu nauðsynlegar upp á framtíðina til að styrkja stöðu sjóðsins og að tryggja að ríkið komist ekki í þrot varðandi hann þegar fram í sækir og jafnframt að tryggja að meira jafnvægis gæti í lífeyrissjóðsmálum landsmanna en verið hefur þá verður jafnframt að gæta að hinu sem ég hafði áður lýst yfir að ekki væri verið að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hefðu áunnið sér. Mér sýnist einsýnt miðað við viðtökur á því máli að það þurfi að fara fram góðar og umfangsmiklar viðræður við aðila um lífeyrissjóðsmálin. Ríkisstjórnin mun ekki reyna að þvinga fram að það verði afgreitt á þessu þingi, t.d. í ósátt við kennara. Ég tel því að það mál eigi ekki að þurfa að vera þröskuldur í vegi þessa máls. Ég tel að sú vinna og sú góða sátt sem verið hefur milli aðila í öllum meginatriðum, sveitarfélagamanna annars vegar og Kennarasambandsins, kennaranna og ríkisvaldsins og reyndar stjórnmálaflokkanna eins og það var orðað af ásettu ráði í þinginu í lok febrúar sé þess eðlis að það eigi að vera hægt að koma málinu þokkalega í höfn.

Ég geri alls ekki lítið úr því að menn þurfi að fara mjög nákvæmlega ofan í lífeyrismálin og gera þær breytingar en þær breytingar verða að horfa til framtíðar. Ekki er hægt að láta þær breytingar verða afturvirkar með þeim hætti að það sé verið að hafa af einstaklingum rétt sem þeir höfðu byggt upp eða höfðu ástæðu til að ætla að þeir mundu búa við. Ég held að þetta hvort tveggja þurfi að koma til og þetta þurfa menn að fara nákvæmlega ofan í.

Ég vildi á þessu stigi málsins, herra forseti, geta þessara sjónarmiða.

[12:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það lóð sem hann hefur lagt á vogarskálar til að þetta mál geti komist eðlilega áfram. Ég tel að það sé mjög mikilvægt sem hann sagði um lífeyrissjóðsfrumvarpið og hann endurtók það sem áður hefur komið fram í þeim efnum þar sem hann lagði á það áherslu í ræðu sinni að ekki mætti skerða áunnin réttindi og þá þurfa menn auðvitað að fara í þá vinnu að skilgreina það hvað eru áunnin réttindi. Það er ekki alveg einfalt mál að taka á því ef það á að breyta málinu á annað borð en ég tel að það sé út af fyrir sig alveg hægt að fara í einhverjar viðræður um þau mál en þær viðræður taka kannski dálítinn tíma, jafnvel einhverja mánuði.

Hins vegar vek ég athygli á því, hæstv. forseti, að það er nauðsynlegt í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir, frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskólans, að átta sig á því að í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem liggur frammi og á að ræða á þriðjudaginn, er verið að taka til baka hluta af þeim réttindum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ítreka þá spurningu mína: Hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á þessu máli þar sem um það er að ræða að hér liggja fyrir tvö stjfrv. sem stangast algerlega á? Ég endurtek það sem ég sagði áðan að það verða að fara í gang viðræður við aðila málsins, þ.e. kennarana í þessu tilviki, til þess að tryggja það að menn séu sáttir við niðurstöðuna varðandi réttindaflutninginn. Það eru menn ekki í dag af því er Kennarasambandið telur eins og fram hefur komið, að menn hafi komið aftan að þeim undirskriftum og yfirlýsingum sem gengið var frá 1. febrúar. Spurning mín stendur því enn: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að tryggja að það verði hægt að flytja þetta mál í gegnum þingið? Eins og er gengur það ekki að því að það stangast algerlega á við frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

[12:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gangi fram á þessu þingi. Auðvitað þarf þingið að skoða málið og fara yfir það hvort að þar séu atriði sem gangi ekki upp gagnvart öðrum lögum eða frv. en ég ítreka það sem ég sagði áðan að það kom fram á fundi með nokkrum ráðherrum og forustumönnum launþegahreyfingarinnar frá Eiríki Jónssyni, formanni Kennarasambandsins, að það væri lífeyrissjóðsmálið sem væri þrándur í götu þess að samkomulag mætti nást á milli manna. Ég hef ekki reynt þann ágæta mann að öðru en því að hann sé maður þeirra orða sem hann lætur falla.

[12:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í Morgunblaðinu í dag, en það blað er gefið út hér í borg eins og við þekkjum sem erum hér inni og hefur þó nokkra kaupendur enn þá, er rækilega farið yfir muninn á því frv. sem hér er verið að ræða annars vegar og hins vegar frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ég heyrði yfirlýsingu hæstv. forsrh. um það að hann er þeirrar skoðunar að það mál þurfi að fara fram. Í þessu yfirliti eru nefnd tólf mikilvæg atriði þar sem frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skerðir réttindaákvæði þess frv. sem hér liggur fyrir. Það verður að taka á því máli og ég tel mikilvægt að þingið fjalli um þetta mál og það verði rætt í þingnefnd o.s.frv. En það er þó mikilvægast á þessu stigi málsins að framkvæmdarvaldið opni á ný fyrir viðræður sem það sleit með því að koma aftan að kennarasamtökunum með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan. Þess vegna endurtek ég áskorun mína til ríkisstjórnarinnar um að það verði farið í viðræður um þessi ágreiningsatriði því að meðan þau standa svona er málið í uppnámi.

[12:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu, þá var að mínu viti nánast búið að sigla þessu máli í strand. Þau frv. sem við munum taka til umræðu í næstu viku gengu þannig gegn þeim loforðum sem búið var að gefa kennurum og skólastjórnendum að ég taldi að það væri óðs manns æði að ætla sér að það mál yrði tekið í gegn átakalaust. En nú tel ég að ræða hæstv. forsrh. hafi höggvið á þennan hnút. Sú yfirlýsing sem hann hefur gefið er mjög merkileg. Hún er nánast í þá veru að það verði hætt við af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja fram frv. um breytingar á lífeyrisréttindum ef í ljós kemur að það eru átök um það mál. Við sem erum í þessum sal vitum að það er uppi mikill ágreiningur um það og ég tel að þar með sé það alveg ljóst að það frv. verður ekki keyrt í gegnum þingið á þessum vetri.

Hins vegar sagði hæstv. forsrh. að það yrði ekki gengið gegn áunnum réttindum sem menn hefðu eða hefðu talið ástæðu til að ætla að þeir hefðu. Eitt af þeim er t.d. biðlaunarétturinn. Nú er upp ágreiningur um það hvers eðlis biðlaunaréttur er. Er hann eins og kemur fram í bæklingi hæstv. fjmrh. ætlaður til þess eins að menn hafi laun á meðan þeir eru að leita sér að nýrri vinnu eða er það svo að biðlaunin séu í raun skaðabætur fyrir tap á réttindum? Ég tel að nýfallinn dómur í svokölluðu SR-máli taki af skarið um það að hin rétta túlkun er hin síðarnefnda. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh.: Þýðir þetta ekki að ef það er ágreiningur um biðlaunaréttinn muni ekki verða lögð höfuðáhersla á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að keyra frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í gegn á þessu þingi?

[12:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að frv. um réttindi og skyldur eigi að fá eðlilega meðferð í þinginu og framgang. Ég er ekki sammála hv. þm. um það hvaða skilning ber að leggja í dóm héraðsdóms varðandi biðlaunin, alls ekki, vegna þess að héraðsdómur byggði þar ekki á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Hann byggði hins vegar á jafnræðisreglu og ég tel að það séu allt, allt aðrar forsendur í málinu heldur en hv. þm. gaf til kynna. Ég tel reyndar að eftir að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa verið samþykkt í þeirri mynd sem ríkisstjórnin hefur lagt fram eða með þeim breytingum sem þingið telur nauðsynlegt að gera, þá verði þessi jafnræðisregla uppfyllt og þá verði það vandamál sem dómarinn stóð frammi fyrir að hans mati ekki til staðar.

Ég skal ekki segja um það hvernig þetta mál kynni að fara fyrir Hæstarétti. Ég hef ekki trú á því að ríkið muni tapa því fyrir Hæstarétti en það verða menn að sjá þegar málið kemur þangað. En það er ekki heldur ástæða til þess að bíða í sjálfu sér eftir því, því að það er sjálfsagt að setja undir leka af þessu tagi því að það hefur aldrei verið vilji löggjafans að menn sætu uppi með raunverulega tvöfaldan biðlaunarétt. Það hefur aldrei staðið til. Að mati þess dómara sem var einn í dómum sínum var hins vegar þetta vandamál sem sneri að jafnræðisreglunni en ekki að eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Hann hafnaði því, þessi dómari.

[12:34]

Bryndís Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Yfirlýsingar hæstv. forsrh. vekja vissulega vonir. En af því sem ég hef heyrt á máli manna og séð núna undanfarna daga og síðast í Morgunblaðinu í dag, þá fæ ég ómögulega skilið hvernig það má vera að þau þrjú frv. sem fyrirhugað er að leggja fram og fjalla um réttindi og skyldur, lífeyrissjóðsmál opinberra starfsmanna og samskipti á vinnumarkaði, komi ekki til með eins og þau hafa verið kynnt að skerða réttindi og kjör kennara og skólastjórenda sem samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu eiga að flytjast með grunnskólanum yfir til sveitarfélaga. Mér finnst það vera hártogun að segja að kjörin og réttindin verði ekki skert því ef áform skerðingarfrumvarpanna ná fram að ganga, þó síðar verði, má ætla að það sama verði látið ganga yfir kennara og skólastjórnendur.

Það er augljóst að umtalsverðar breytingar þarf að gera á þessum frv. ef sátt á að nást um flutning grunnskólans, ella verða málin áfram í uppnámi. Kjarasamningar kennarafélaganna og lögbundin réttindi hafa verið órjúfanleg heild í viðræðum kennarafélaganna við ríkisvaldið. Þar hafa lífeyrisréttindi og ráðningarkjör vegið þungt. Nú lítur hins vegar út fyrir að þau réttindi sem boðið er upp á samkvæmt frumvarpsdrögum séu mun lakari en þau réttindi sem fyrir eru. Þannig er pakkinn rýrður og samningsgrundvöllur brostinn. Ef ekki næst sátt um óskert kjör og réttindi kennara í tengslum við flutning grunnskólans verða samningar lausir 1. ágúst nk. og tel ég það mjög alvarlegt fyrir alla aðila málsins. Kennarar skrifa ekki undir nýja kjarasamninga fyrr en fulltryggt er að ekki verði um kjaraskerðingu að ræða. Æskilegast væri að frv. færu ekki í gegnum þingið nú, heldur gæfist tími til að taka á málum í tengslum við kjarasamninga síðar. Með þessu er ég ekki að segja að útilokað sé að skoða breytingar á lögum um opinbera starfsmenn. En það verður að vera ljóst þeim sem samið er við að sérhverja skerðingu verður að bæta. Opinberir starfsmenn og þar með taldir kennarar hafa í kjarasamningum mátt sætta sig við minni launahækkanir en aðrir vegna ýmissa svotalinna fríðinda í starfi, svo sem góðra lífeyris- og ráðningarkjara og hefur sá skilningur m.a. verið staðfestur af Kjaradómi.

Herra forseti. Það er eðlilegt að snúast til varnar ef skerða á réttindi án þess að nokkuð komi í staðinn. Ég leyfi mér að spyrja: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að sátt verði í þessu mjög svo þýðingarmikla máli?

[12:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að vegna þessarar fyrirspurnar hv. þm. hafi málin skýrst nokkuð í umræðum á undangengnum mínútum og það sé ljóst að ríkisstjórnin mun leggja sig fram um að tryggja að þessi mál megi ná fram að ganga þannig að hin mikla vinna sem ríkisvaldið, sveitarfélögin, þingmenn hér, þingnefndir og ekki síst kennararnir hafa lagt í þetta mál, fari ekki forgörðum. Ég hef þá trú að menn beri gæfu

til þess að standa saman um það að málinu verði siglt heilu í höfn.

[12:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er til umræðu er flutt til að fullnægja ákvæðum 57. gr. grunnskólalaga. Það hefur verið rifjað upp af nokkrum ræðumönnum í dag hvernig var staðið að lögfestingu grunnskólalaganna í febrúar á síðasta ári og ég vil gjarnan leggja orð í belg.

Það er nauðsynlegt að rifja svolítið upp í hvaða sporum við stóðum þá. Þá vildi svo til að kennarar stóðu í mjög erfiðri vinnudeilu við vinnuveitanda sinn og þeirri viðkvæmu deilu var blandað inn í umfjöllun um grunnskólafrv. Það truflaði mjög umræðuna. Alþingi bar þó gæfu til þess á síðustu dögum þingsins sl. vor að leiða þetta mikilvæga mál til farsælla lykta í sátt með því að samþykkja ný grunnskólalög. Þar er kveðið á um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna sem er eitt af mikilvægustu atriðum sem lögin fela í sér.

Það skiptir gríðarlega miklu máli að tilflutningurinn takist vel, það blandast engum hugur um það. Það er mikið hagsmunamál í húfi fyrir okkur öll, fyrir sveitarfélögin, fyrir grunnskólann og fyrir þjóðfélagið í heild. Sveitarstjórnarstigið á Íslandi hefur hingað til verið miklu veikara en sveitarstjórnarstigið t.d. í flestum nágrannalöndum okkar. Með því að stíga þetta skref er því stuðlað að valddreifingu, sveitarfélögin eru styrkt og það er stuðlað að frekari tilfærslu verkefna í framtíðinni. En það er þá líka háð því skilyrði að okkur takist vel við það stóra, viðkvæma og mikilvæga mál sem tilflutningurinn er.

Mér finnst að við stöndum núna að ýmsu leyti í svipuðum sporum eins og við gerðum í febrúar á síðasta ári því að hér í umræðunni er verið að blanda saman ólíkum málum, þ.e. því frv. sem er hérna til umræðu og öðru frv. sem hefur verið lagt fram í þinginu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt frv. um lífeyrismál sem enn er í vinnslu og hefur ekki litið dagsins ljós í Alþingi. Ég vil sérstaklega draga það fram að hæstv. menntmrh. hefur lagt áherslu á að vinna að þessu máli í fullri sátt við málsaðila, í fullri sátt við kennara og í fullri sátt við sveitarstjórnarmenn. Hann hefur í þeim efnum farið algerlega að þeim skilyrðum sem sett eru í 57. gr. grunnskólalaganna.

Ég vil líka nefna það að ég tel að umræðurnar sem hafa farið fram í kjölfar nýju grunnskólalaganna um hvernig tilflutningurinn verður framkvæmdur og einnig hvernig ákveðnum málum verður komið fyrir hjá sveitarfélögunum, hafi greitt fyrir því að sveitarfélögin sameinuðust og það verði um frekari sameiningu að ræða en nú þegar er orðin. Til marks um það er að víða um landið eru einmitt núna í gangi sameiningarviðræður. Það er mjög forvitnilegt að heyra áform um sameiningu sveitarfélaga, t.d. við vestanverðan Eyjafjörð og líka í Skagafirði. Frá því að við ræddum þetta mál í síðustu viku hafa sveitarfélögin líka haldið fulltrúaráðsfund þar sem samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans var staðfest. Þess vegna vil ég lýsa því hér að ég tel að það beri kannski ekki þegar grannt er skoðað svo mikið á milli. Það er sátt um að það þurfi að halda þannig á þessu máli að það verði til lykta leitt á farsælan hátt og þess vegna er auðvitað mjög nauðsynlegt að allir sem koma að því vandi sig. Ég vona að þessi umræða sem hefur orðið hér í dag verði til þess að málið fái greiða afgreiðslu og varpi nokkru ljósi á það sem menn hafa viljað ræða við umfjöllunina, bæði í dag og eins í síðustu viku.

[12:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er orðinn svo knappur ræðutími að menn þurfa að tala í áföngum eftir að þingsköpunum var breytt. Menn sem höfðu vanist hinum frjálslegu þingsköpum fyrr á öldinni verða að taka þetta í lotum eins og mér sýnist reyndar að sé verið að flytja tillögur um að þingstörfin séu í lotum. Vegna þess að mér fannst dálítill misskilningur koma fram í andsvörum og ræðu hæstv. forsrh. áðan vildi ég rifja aðeins upp að það voru nokkur mjög mikilvæg efnisatriði sem ber á milli þessara tveggja frumvarpa.

1. Gildissvið laganna. Í textanum eins og hann liggur fyrir um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er gert ráð fyrir því að lögin nái til allra ríkisstarfsmanna en ekki þeirra sem eru starfsmenn hlutafélaga í eigu ríkisins. Ég er ekki að segja að þetta atriði snerti kennara en þetta er eitt atriðið sem breytir talsvert miklu um ýmsar stofnanir í eigu ríkisins.

2. Ágreiningur er um auglýsingar starfa. Það er ekki mjög stórt mál að mínu mati en um það er engu að síður ágreiningur og ég tel að það sé dæmi um ágreiningsefni og mismun á milli þessara tveggja lagafrumvarpa sem er tiltölulega einfalt að leysa.

3. Gert er ráð fyrir því í frv., sem liggur fyrir núna og verður rætt á þriðjudaginn, að forstöðumönnum verði heimilt að greiða einstökum starfsmönnum launaauka vegna hæfni þeirra eða árangurs þeirra í starfi. Það má margt um þetta segja og ég tók eftir að hv. 15. þm. Reykv. taldi að þetta væri athyglisvert ákvæði og ég tel það athyglisvert. Ég verð hins vegar að segja að þetta er nokkuð vandmeðfarið og mér finnst það mikil spurning ef menn eru annars vegar að heimila þetta í almennum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en hins vegar er verið að taka í gegn frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla þar sem engin heimildarákvæði til forstöðumanna, þ.e. skólastjóra, af þessu tagi er að finna.

4. Í frv. sem við erum að ræða er gert ráð fyrir því að laun verði greidd eins og verið hefur, þ.e. að einhverju leyti fyrir fram. Í hinu frv. sem verður rætt á þriðjudaginn er gert ráð fyrir því að þau verði greidd eftir á og ég spyr: Finnst mönnum líklegt að sú skipan fái að haldast í friði eftir að aðrir opinberir starfsmenn, þ.e. í skilningi ríki/sveitarfélög, væru komnir á eitthvert annað fyrirkomulag? Mitt svar er nei. Ég er sannfærður um að jafnvel þótt þetta frv. yrði að lögum ef hitt frv. verður líka að lögum þá verður farið að sauma að kennurunum korteri seinna. Það er veruleikinn. Þannig er það.

5. Í frv. sem verður rætt á þriðjudaginn eru ákvæði um veikindarétt og fæðingarorlof sem eru öðruvísi en í gildandi lögum og samkvæmt gildandi kjarasamningum og reglugerðum. Opinberir starfsmenn telja að að mörgu leyti sé þar um að ræða miklu lakari rétt í frv. sem rætt verður á þriðjudaginn en í frv. sem við erum að ræða í dag. Ég segi fyrir mig, ég veit ekkert um það. En þetta er eitt af þeim málum sem mér finnst að eigi að ræða.

Síðan er gert ráð fyrir því að ákvæði um ráðningarkjör breytist. Í frv. sem verður rætt á þriðjudaginn er gert ráð fyrir því að starfsmenn aðrir en embættismenn verði ráðnir með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Í gildandi lögum frá 1954 er það hins vegar þannig eins og menn

þekkja að hluti ríkisstarfsmanna er æviráðinn. Það á t.d. við um embættismenn og kennara en yfirleitt ekki aðra. Hér er um að ræða breytingu og ég held að það séu mjög margir þeirrar skoðunar að þessu ákvæði megi breyta, það sé ekkert á móti því að atriði af þessu tagi sé breytt. En það þarf að gerast í sátt og samkomulagi. En það dugir ekki að tryggja það með einu frv. sem liggur fyrir en að taka það svo til baka með frv. sem verður rætt á þriðjudaginn.

6. Gert er ráð fyrir því að breytt verði ákvæðum um ráðningarkjör embættismanna. Það gæti haft áhrif á kennarana sérstaklega þó að það hafi reyndar meiri áhrif á aðra opinbera starfsmenn. Það þýðir m.a. að stórir hópar opinberra starfsmanna missa samnings- og verkfallsrétt, t.d. lögreglumenn, tollþjónar og fangaverðir.

7. Ákvæði eru í frv. sem verður rætt á þriðjudaginn um árangur í starfi. Þar segir: „Nái starfsmaður ekki fullnægjandi árangri í starfi getur forstöðumaður veitt honum áminningu en áður skal að jafnaði gefa honum kost á að tala sínu máli. Nái viðkomandi ekki fullnægjandi árangri má veita honum lausn um stundarsakir."

Það er alveg augljóst mál að þetta ákvæði er stórhættulegt fyrir skólana ef það yrði fært þegjandi og hljóðalaust yfir á þá. En það er jafnljóst ef sveitarfélögin væru komin með skólana kæmi sums staðar upp þrýstingur í þessum efnum sem gæti gert kennurum mjög erfitt fyrir við ákveðnar aðstæður vegna þess að það er hvergi erfiðara en í skólum að meta það hvað er árangur í starfi og hvað ekki.

Þá er gert ráð fyrir breytingu á biðlaunarétti samkvæmt því frv. sem verður rætt á þriðjudaginn. Staðreyndin er auðvitað sú að þessi biðlaunaréttur hefur verið úthrópaður mjög af núv. hæstv. fjmrh. Hann hefur verið talinn hið versta mál og það er eðlilegt að hann skuli vera á móti biðlaunarétti vegna þess að biðlaunarétturinn hefur verið aðalhindrunin í vegi þess að hann hafi getað einkavætt hvaða ríkisfyrirtæki sem er af því að það er svo erfitt að finna fyrirtæki og reyndar ekki hægt annars staðar en hjá ríkinu sem getur tryggt það sem kallað er sambærileg kjör. Þess vegna telja margir og taka reyndar undir þessi sjónarmið fjmrh. að þetta mál eigi að skoða en það á ekki að taka þetta einhliða af aðilum eins og gert er ráð fyrir í frv. sem verður rætt á þriðjudaginn.

Þá er í frv. sem verður rætt á þriðjudaginn gert ráð fyrir því að breyta ákvæðum um skyldur og ábyrgð forstöðumanna. Þar er gert ráð fyrir því að ráðherra setji sérhverjum forstöðumanni erindisbréf, forstöðumaður beri ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að rekstur hennar sé í samræmi við fjárlög. Ráðherra geti áminnt forstöðumann og veitt honum lausn fyrir vanrækslu í starfi. Þessi ákvæði gætu verið mjög varasöm fyrir skólastjóra andspænis sveitarstjórnum landsins. Ég tel að þetta ákvæði sé sérstaklega varhugavert þegar um er að ræða kennara og skólastjórnendur og sérstaklega skólastjóra sem þurfa að hafa tiltekið sjálfstæði gagnvart sveitarstjórnunum sem reka skólana eftir þessar breytingar. Það er kannski stóri vandinn við þær breytingar sem menn eru að tala um að kennararnir komist nær sveitarstjórnunum og sínu næsta yfirvaldi að þessu leytinu til. Ég er sannfærður um að margir kennarar og skólastjórnendur sakna fjarlægðarinnar til ríkisins eftir að grunnskólinn verður kominn undir sumar sveitarstjórnir í landinu.

Síðan eru ákvæði um hópuppsagnir og launajafnrétti kynja og það síðarnefnda er í raun og veru ekki mál sem ástæða er til að ætla að um þurfi að vera ágreiningur.

Þessi atriði nefni ég, hæstv. forseti, vegna þess að 25. febr. í fyrra var gengið frá tilteknu drengskaparsamkomulagi allra aðila þessa máls, allra stjórnmálaflokkanna, fulltrúa þeirra á Alþingi, Kennarasambands Íslands og hæstv. forsrh. sagði áðan að hann hefði reynt formann Kennarasambands Íslands að því að standa við orð sín og það hygg ég að allir taki undir sem þekkja til þess máls. Þetta samkomulag var hins vegar marghliða og nú reynir á það hvort stjórnvöld vilja standa við þau orð í einu og öllu sem stjórnmálaflokkarnir gáfu 25. febr. 1995. Vilja stjórnmálaflokkarnir allir standa við þau fyrirheit sem þá voru gefin? Það er ekki nóg að menn hafi mikið álit á því að formaður Kennarasambandsins standi við orð sín. Það er nauðsynlegt að það sé tryggt í einu og öllu að hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin standi við orð sín að því leyti til að flutningur grunnskólans gerist í sátt allra veigamestu málsaðilanna. Þetta meginatriði verða menn auðvitað að taka til skoðunar og taka mið af þegar verið er að afgreiða þetta mál.

Ég tel óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að þetta mál fái mjög rækilega meðferð í þingnefnd þó að það sé að undirstöðu til samkomulag og samkomulagi verði ekki breytt. Ég tek undir orð hæstv. menntmrh. að hv. menntmn. verður að fara mjög rækilega í alla umgjörð þessa máls og á það vil ég leggja áherslu. Það er spurning hvort sama nefnd og fær frv. um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þarf ekki að skoða þessi mál bæði samhliða.

[12:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ágæta ræða hv. þm. snerist í raun um frv. sem hann ætlar að ræða í þingsalnum á þriðjudaginn kemur því að það snýst ekki um það mál sem við erum að tala um. Í því frv. sem hér liggur fyrir er tekið af skarið um öll þau atriði sem hv. þm. taldi að væri eitthvert vafamál um vegna frv. sem hann mundi ræða á þriðjudaginn kemur.

Við erum að flytja réttindi og skyldur kennara og stjórnenda grunnskólans til sveitarfélaganna á grundvelli þess frv. sem liggur fyrir og það er alveg skýrt og engin vafaatriði um það. Um það mál er samkomulag og ég tel að í ræðu hæstv. forsrh. fyrr í þessum umræðum hafi komið fram að það eru forsendur fyrir því að ná góðri sátt um þetta mál og fylgja því áfram í þeirri sátt og í anda þeirrar sáttargerðar sem varð í febrúar á síðasta ári og það liggi fyrir að við munum ná því fram með þeim hætti að allir aðilar sem koma að málinu geti vel við unað.

Um það frv. sem hér er til umræðu er mjög góð sátt. Frv. byggist á samkomulagi sem gert var þannig að um það þarf ekki að efast.

[12:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. verður náttúrlega að hætta því að láta hæstv. fjmrh. plata sig. Það er kominn tími til þess að hann vari sig á hæstv. fjmrh. því að það er auðvitað alveg bersýnilegt að hann hefur ekki áttað sig á því enn þá. Hæstv. menntmrh. er að flytja frv. í góðri trú. Ég hef aldrei hallað orði á hann varðandi það mál enda er engin ástæða til. Ég hef líka sagt að kennararnir gerðu þetta samkomulag í góðri trú. Það var skrifað undir þetta af fimm aðilum í góðri trú, fulltrúum ýmissa aðila.

Síðan kemur fjmrn. með allt annað mál og þessum undirskriftaraðilum var aldrei gerð grein fyrir frv. um réttindi og

skyldur starfsmanna ríkisins að það ætti að breytast eins og þar var gert ráð fyrir. Það var með öðrum orðum verðið að plata fólk. Þó að hæstv. menntmrh. hafi látið hæstv. fjmrh. plata sig einu sinni þá skora ég á hann að láta ekki gera það aftur.

[12:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. umhyggju hans fyrir mér og stöðunni gagnvart hæstv. fjmrh. Ég hef enga þörf fyrir stuðning hans í þessu máli því að það er alveg ljóst að ég hef ekki verið plataður neitt í málinu og enginn aðili þessa máls hefur verið plataður. (**SvG:** Víst.) Það liggur alveg ljóst fyrir og eins og fram hefur komið í umræðunum að í greinargerðinni með frv. sem við erum að fjalla um kemur fram að menn vissu að það stæði fyrir dyrum að endurskoða lögin frá 1954. Bréf þess efnis var sent t.d. kennarasamtökunum 12. des. 1995. Það lá því alveg ljóst fyrir að þessi vinna var farin af stað. Einnig varðandi réttindi kennara að því er varðar æviráðningu og annað slíkt lá það einnig fyrir og hefur legið fyrir frá 1994 í frv. til laga um framhaldsskólann. Við þurfum því ekki að taka þessar umræður upp aftur.

Umræðurnar hafa verið mjög gagnlegar í dag því að með fyrirspurn hv. þm. til forsrh. og svari hæstv. forsrh. hefur komið fram að ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að ganga til viðræðna við kennarasamtökin og aðra um það mál sem deilan hefur einkum snúist um eins og þeir sjá sem kynna sér umræðurnar á síðustu sólarhringum, þ.e. lífeyrissjóðsmálið. Ég tel að þessar umræður, fyrirspurnir hv. þm. og svör hæstv. forsrh., hafi leitt málið inn á nýtt stig, viðræður okkar við kennarana og sveitarfélögin um yfirfærslur grunnskólans. Ég er tilbúinn eins og hv. þm. og aðrir að taka síðan þátt í umræðum um frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er annað mál sem við þurfum að ræða hér og verður til umræðu á þriðjudaginn kemur eins og hv. þm. hefur margsinnis vakið máls á.

[13:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að þetta er eitt frv. og svo er annað á þriðjudaginn. Ég hef nokkuð oft tekið fram í dag að frv. sem verður rætt á þriðjudaginn tekur alveg til baka það sem stendur í þessu frv. Það er aðalatriði málsins og það finnst mér að hæstv. menntmrh. þurfi að gera sér betri grein fyrir en mér finnst hann gera hér. Það er beinlínis rangt hjá honum að kennurum hafi verið með bréfi 12. des. 1995 gerð grein fyrir því sem yrði í frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. (**Menntmrh.:** Frv. er endurskoðað.) Það er allt annað mál, það er auðvitað fölsun að segja: Lögin verða endurskoðuð og segja að þar með hafi kennurunum verið gerð grein fyrir efnisatriðum málsins. (**Menntmrh.:** Ég sagði það ekki.) Nei, það sagði ráðherrann ekki en þess vegna eru það ekki rök sem ráðherrann flutti. Það er út í loftið að segja: Kennarar fengu bréf 12. des. 1995 um að það ætti að endurskoða lögin vegna þess að þeir voru í góðri trú. Þeir voru í þeirri góðu trú að það gæti ekki verið að það ætti að svipta þá í sama Stjórnarráðinu þeim réttindum sem þeir voru að semja um við hæstv. menntmrh. Þeir voru í góðri trú og það var svikist aftan að þeim. Og það er það traust sem varð til, traustið sem varð til 25. febr. (**Menntmrh.:** ... réttindum með þessu frv.) Hæstv. forseti. Það er órótt í ráðherranum þarna. Traustið sem varð til 25. febr. 1995 þarf að endurreisa. Það var brotið niður af fjmrn. og hæstv. menntmrh. þarf að hjálpa til við að endurreisa það traust. Það er starfsskylda hans.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Brottfall nemenda úr skyldunámi, 401. mál, fsp. BG, þskj. 707.

Iðnaðarlög, 405. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 711.

Náms- og starfsfræðsla, 402. mál, fsp. BG, þskj. 708.

Námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 403. mál, fsp. BG, þskj. 709.

Nefndir á vegum ráðuneyta, 404. mál, fsp. KHG, þskj. 710.

Stjórnarskipunarlög, 398. mál, frv. JóhS og SvanJ, þskj. 702.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 232. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 705.

Umræður utan dagskrár.

Ásakanir um kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum.

[13:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hugtakið kynferðisleg áreitni hefur varla farið fram hjá nokkrum Íslendingi á liðnum vikum vegna þess erfiða máls sem nú skiptir þjóðinni og þjóðkirkjunni upp í fylkingar. Á sl. hausti urðu einnig blaðaskrif vegna ásakana stúdenta við Háskóla Íslands um kynferðislega áreitni. Þau komu mér ekki á óvart þar sem ég hafði heyrt um slík tilvik sem háskólakennari á annan áratug.

Þessi tvö dæmi sýna að umræðan um kynferðislega áreitni er loksins komin upp á yfirborðið hér á landi en slík mál hafa lengi verið í opinberri umræðu í velflestum nágrannalanda okkar. Fyrstu viðbrögð eru svipuð og þegar umræðan um konur og heimilisofbeldi var að öðlast viðurkenningu eða umræðan um sifjaspell. Þá var spurt hvort það væri ekki einkamál hvað gerist á milli hjóna innan veggja heimilisins og hvort feður mættu ekki lengur sýna dætrum sínum hlýju. Nú er spurt hvort ekki sé lengur leyfilegt að leggja höndina á öxl nemanda og hvort banna skuli daður á vinnustað.

Þessar spurningar og viðbrögð eru skýr merki um vanþekkingu á efninu og sýna betur en margt annað þörfina á að unnið verði markvisst fyrirbyggjandi starf á þessu sviði. Gera verður skýran greinarmun á snertingu umhyggjusams kennara og kynferðislegu áreiti, daðri og áreiti, ástarleikjum og nauðgun. Annars vegar er umhyggja og gagnkvæm ánægja, hins vegar misbeiting á valdi sem er aldrei á jafnréttisgrundvelli, óvelkomin endurtekin kynferðisleg hegðun sem skortir alla gagnkvæmni.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir því að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegu áreiti á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum verði unnið markvisst að því að sporna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Nú árið 1996 er þessi könnun fyrst að fara

í gang sem er vissulega fagnaðarefni en vegna hægagangs stjórnvalda hefur enn lítið verið hirt um að vinna markvisst gegn kynferðislegri áreitni í opinberum stofnunum. Þó ber að vekja athygli á nýlegum bæklingi Jafnréttisráðs um kynferðislega áreitni.

Samkvæmt fréttum Ríkisútvarpsins 7. mars eru bresku lögfræðingasamtökin nú að setja reglur um hvernig bregðast eigi við ásökunum um kynferðislega áreitni. Skilgreining á breska lögfræðingahugtakinu er talin geta skapað fordæmi fyrir lagatúlkun yfirleitt. Þar er lagt til að kynferðisleg áreitni verði skilgreind sem óæskileg framkoma af kynferðislegum toga sem hefur skaðleg áhrif á vinnustað eða á trúnaðarsamband, veldur þolanda vanlíðan og er að öðru leyti vinnustað til vansæmdar. Undir þessa skilgreiningu á kynferðislegri áreitni heyra klámbrandarar, óviðeigandi tilmæli um náin samskipti utan vinnustaðar, óvelkomnir kossar og þukl svo og þvingun til samræðis. Þessi skilgreining er í samræmi við reglur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hvergi í íslenskum lögum er að finna skilgreiningu á því hvað sé kynferðisleg áreitni en slíkar skilgreiningar er að finna bæði í sænsku og dönsku jafnréttislögunum.

Það sem áðurnefnd mál hafa leitt vel í ljós er hve vanmáttugar viðkomandi stofnanir hafa reynst við að taka á málunum. Þó að kæran í háskólanum hafi fengið föst efnistök í viðkomandi deild koma fæst mál innan háskólans upp á yfirborðið. Ástæðan er ekki síst sú að mínu mati að skort hefur skýran farveg og reglur fyrir svona mál þó að slíkt sé vel þekkt í erlendum háskólum.

Vanmáttur kirkjunnar til að taka á máli málanna þessa dagana hefur verið átakanlegur. Í fyrsta lagi stöðvaðist alvarlegasta málið hjá sóknarprestum sem virtust ekki finna því viðeigandi farveg. Í öðru lagi var málið fyrnt að lögum og ríkissaksóknari taldi sig ekkert geta aðhafst. Í þriðja lagi gat siðanefnd kirkjunnar ekkert gert vegna þess að reglur hennar kveða á um að aðeins sé fjallað um mál sem eru yngri en eins árs og aðrar stofnanir kirkjunnar hafa ekki heldur reynst megnugar til að taka á þessum málum. Í fjórða lagi taldi kirkjumálaráðherra ekki rétt að taka á málinu. Afleiðingin er sú að hvorki verður sannað sakleysi biskups né sekt og viðkomandi konur sitja uppi með áburð frá prófföstum um að þær fari með rangt mál. Þessi staða er fullkomlega óviðunandi fyrir viðkomandi konur, fyrir biskupinn, fyrir þjóðkirkjuna og fyrir þjóðina alla. Þess vegna tel ég brýnt að bæði löggjafinn eða Alþingi Íslendinga og framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin og forsvarsmenn allra opinberra stofnana taki þetta alvarlega og geri allt sem í þeirra valdi stendur til að fyrirbyggja að svona mál geti komið upp aftur. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. eftirfarandi spurninga:

1. Er forsrh. kunnugt um hvort einhver opinber stofnun hefur komið sér upp farvegi fyrir mál sem snerta kynferðislega áreitni?

2. Hyggst forsrh. beita sér fyrir því að starfsmenn og trúnaðarmenn opinberra stofnana eigi kost á fræðslu á þessu sviði?

3. Hyggst forsrh. sem yfirmaður framkvæmdarvaldsins í landinu beita sér fyrir því að í sérhverri opinberri stofnun, m.a. í Stjórnarráðinu, kirkjunni og í fræðslukerfinu, verði komið á fót trúnaðarnefndum eða einhvers konar farvegi sem þeir er verða varir við kynferðislega áreitni geta snúið sér til í þeim tilgangi að stöðva fyrirbærið án þess að fara í dómsmál?

4. Telur forsrh. að með ákvæðinu í 198. gr. hegningarlaganna sé lagalegri hlið þessara mála nægilega sinnt? Er hann sammála okkur kvennalistakonum um að æskilegt væri að fá skýr ákvæði um þessi mál inn í fræðslulöggjöfina fyrir öll skólastig, inn í jafnréttislögin og vinnulöggjöfina? Ef svo er, hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir slíkum lagabreytingum?

[13:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hafði skilið beiðni um umræðu þessa þannig að hér mundu menn ræða almennt um málið sem tekið var á dagskrá en ekki vikið sérstaklega að einstökum málum sem kunna að vera til umræðu í þjóðfélaginu. Þar sem það er ekki fært að mínu viti mun ég halda mig við það að ræða málið á almennum nótum.

Ég vil fyrst víkja að nokkrum lagtímasjónarmiðum sem gilda um þessi efni og sérstaklega um kynferðislegt áreiti á vinnustað en með samþykkt laga nr. 40/1992 tókst eftir fjórar tilraunir að setja ný ákvæði í hegningarlög um kynferðisbrot. Það er ekki vafi á því að allshn. þingsins hafði þar góða forgöngu í málinu undir forustu formanns nefndarinnar.

Samkvæmt 198. gr. hegningarlaganna er sá verknaður refsiverður að maður misnoti sér aðstöðu sína ef annar er honum háður í atvinnu sinni til að áreita hann kynferðislega, atvinnukúgun, og geti það varðað allt að tveggja ára fangelsi. Slík verknaðarlýsing hafði ekki áður verið í lögum en áður hafði verið notast við ákvæði 209. gr. hegningarlaga um brot gegn blygðunarsemi með lostugu athæfi. Það má almennt segja um breytingarnar frá 1992 að þær hafi þyngt refsimörk og viðurlög við kynferðisbrotum allverulega og munu þau refsimörk nú vera þau þyngstu á Norðurlöndum.

Varðandi almenn ákvæði um kynferðislega áreitni var ákvarðað af allshn. að taka ekki upp almenn ákvæði af því tagi á því stigi málsins heldur eingöngu ákvæði sem ég gat um áðan þegar um er að ræða það að aðili er háður aðila fjárhagslega eða í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi. Það er rétt að menn átti sig á varðandi þá þætti sem snúa að kynferðislegri áreitni að sönnunarstaðan í slíkum málum hlýtur yfirleitt að vera mjög erfið og mjög tengd huglægri aðstöðu og afstöðu þolandans. Það rekast gjarnan á miklir hagsmunir brotaþolans og hins vegar hinir hagsmunirnar að saklaus maður verði ekki sakfelldur sem er meginregla sem ég hygg að menn vilji ekki hverfa frá. Það hefur aðeins borið á því í umræðu að menn vilji snúa sönnunarbyrðinni við þannig að ásökun ein dugi. Sanni menn ekki sakleysi sitt gagnvart slíkum ásökunum skuli þeir dæmdir. Slíkar reglur hafa ekki verið teknar upp síðan spánski rannsóknarrétturinn leið undir lok og ég mundi ekki fyrir mitt leyti vera fylgjandi því að slík breyting yrði gerð.

Varðandi ákvörðun í þinginu þegar þetta mál var ákvarðað 1992 er rétt að minna á að þegar formaður allshn. mælti fyrir nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar tók hún fram að rétt þætti að halda í ákvæðinu að gerandinn í málinu misnoti sér freklega aðstöðu sína til að koma í veg fyrir misnotkun ákvæðisins. Jafnframt tók hún fram varðandi nýmælið um trúnaðarsambandið gagnvart skjólstæðingi að með trúnaðarsambandi við skjólstæðing væri m.a. átt við ef læknir eða heilbrigðisstéttir eða sálfræðingar misnoti samband sitt við sjúkling, prestur við syrgjanda, kennarar við nemendur, yfirmenn gagnvart undirmanni o.s.frv. Það hefur komið fram vilji til þess að kanna þessi mál sérstaklega eins og hv. þm. nefndi og hefur tölvunefnd nú veitt heimild sína til þess að könnun á grundvelli jafnréttisáætlunar frá 1993 eigi sér stað.

Ég óskaði eftir því sérstaklega vegna þess tilefnis sem hér var gefið að ráðuneytisstjórar upplýstu mig um það hvort mál af þessu tagi hefðu komið fram innan ráðuneytanna. Enginn ráðuneytisstjóri kannaðist við að slík mál hefðu komið upp varðandi kynferðislega áreitni eða væri til meðferðar í ráðuneytinu. Á hinn bóginn hefðu ráðuneytin í nokkrum tilvikum verið upplýst um mál af þessu tagi eða frétt um mál af þessu tagi sem hefðu komið upp í einstökum stofnunum. Slík mál hefðu verið útkljáð án atbeina ráðuneytis, stundum með því að þeir sem ásakaðir voru um kynferðislega áreitni hættu þar störfum. Ég tel ekki ástæðu að fara að fjalla sérstaklega um þær stofnanir sem í hlut áttu.

Ég get ekki tímans vegna svarað öllum þeim spurningum sem fram voru bornar. Ég vil eingöngu segja það að ég tel rétt að þingið og ríkisvaldið taki þátt í því að leitast við að marka skýrar og glöggar reglur sem um þetta megi gilda því að það er ekki vafi á því að málum af þessu tagi hefur of lengi ekki verið sýndur nægjanlegur skilningur. En um leið verður að ganga fram af varfærni og ofstækislaust svo að ekki fari verr en skyldi.

[13:45]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að umræða um þessi mál sé brýn og nauðsynleg. Þá á ég við almenna umræðu til þess að taka þau efni sem hafa legið í láginni, jafnvel flokkast undir skúmaskot, upp á yfirborðið, um þau fjallað með eðlilegum hætti og þeim fundinn farvegur í samfélaginu til lausnar. Almenn fræðsla sem m.a. hlýst af opinni umræðu er þýðingarmikill þáttur við lausn málsins og að almennt verði skilningur í samfélaginu við hvað er átt, hvað felst í svonefndri kynferðislegri áreitni og menn rugli því ekki saman við eðlileg samskipti kynja þar sem báðir aðilar eru þátttakendur með frjálsum hætti.

Hér hafa þessi mál vissulega komið á dagskrá áður eins og minnt hefur verið á og við höfum fengið ákvæði inn í hegningarlög fyrir einum fjórum árum sem er mikilvægt atriði og til þess er vísað í nýlega uppkveðnum dómi af héraðsdómi Norðurl. e. Við höfum líka í 6. gr. jafnréttislaga ákvæði sem nota mætti í þessu samhengi. Ef litið er til nágrannalanda er þessu misjafnlega fyrir komið. Í sænskri löggjöf frá 1991 eru sett inn bein ákvæði í jafnréttislöggjöfina varðandi kynferðislega áreitni. Í norskum lögum er þetta hins vegar tekið undir vinnuvernd. Það sýnir að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fara yfir þessi efni, þ.e. hvernig við komum því best fyrir í lögum og fyrirmælum frá Alþingi hvernig á þessum málum verður best tekið. Ég hvet eindregið til þess að um það verði fjallað. Þetta fellur að því er mér virðist einkum undir verkefni félmrn. og dómsmrn. En það er einnig eðlilegt að þingið og nefndir þess sem við eiga komi að málinu. Það er afar nauðsynlegt að finna þessum málum farveg út frá almennum sjónarmiðum og í ljósi niðurstöðu af könnunum. Ein slík stendur nú yfir og þarf að taka mið af slíku og taka þessi mál upp feimulaust til umræðu og úrlausnar.

[13:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Málshefjandi vitnaði í máli sínu til þáltill. sem samþykkt var á Alþingi 1993 þar sem í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var félmrn. falið að gera könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Ég tel að reynslan sýni að þetta nægi ekki, þ.e. þau ákvæði sem finna má í hegningarlögum um þetta efni þar sem kveðið er á um bann við kynferðislegri áreitni. Það þarf fleira að koma til.

Nágrannaþjóðir okkar hafa margar hverjir brugðist við umræðu um kynferðislega áreitni á vinnustöðum með því að opinber fyrirtæki hafa sett reglur um það hvernig brugðist skuli við kvörtunum starfsmanna á fyrsta stigi málsins. Þá hafa háskólar erlendis, t.d. í Englandi, komið á sérstakri ráðgjöf sem rekin er af nemendum í nánum tengslum við skólayfirvöld. Þolendur kynferðislegs ofbeldis geta leitað til ráðgjafarþjónustunnar sem hefur umboð til að taka á málinu.

Ég hygg að a.m.k. ein ástæða þess að ekki er fyrr tekið á svona málum sem upp koma sé að þolendur vita í raun ekki hvernig þeir eiga að snúa sér í málinu eða til hvers á að leita, enda eru slík mál alltaf vandmeðfarin. Þolendur sem verða fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað veigra sér örugglega oft við því, t.d. þegar um yfirmann eða hærra settan starfsmann er að ræða, að kæra hann af ótta um atvinnuöryggi sitt sem kannski er undir viðkomandi yfirmanni komið. Ég tel að við verðum að skapa farveg fyrir það hvernig á að taka á kynferðislegu ofbeldi, t.d. á vinnustöðum eða í opinberum stofnunum.

Við þingmenn Þjóðvaka munum beita okkur fyrir því að lögð verði fram á Alþingi till. til þál. þess efnis að settar verði reglur um meðferð kynferðislegrar áreitni í opinberum stofnunum og á vinnustöðum og um hvernig fara eigi með kvartanir um kynferðislega áreitni á fyrstu stigum málsins.

[13:50]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Viðkvæmt og vandmeðfarið efni er til umræðu og það svo að við hikum jafnvel við að hefja máls á því. Ég tek undir með málshefjanda, hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og öðrum sem talað hafa að ástæða er til að setja reglur og auðvelda leiðir til lausnar í áreitnimálum og hvers kyns misbeitingu aðstöðu. Einnig þakka ég svör hæstv. forsrh.

Við erum hér ekki að kveða upp dóma. Ég legg þunga áherslu á það að brýn nauðsyn er á skýrum boðleiðum og viðbrögðum, öruggum, faglegum og fumlausum viðbrögðum. Þannig ber að tryggja tilfinningalega áheyrn og einnig að tryggja öryggi þeirra sem hafa umkvartanir fram að færa. Einstaklingur þarf að geta kvartað, fundið að ósæmilegri framkomu gagnvart sér, líka löngu áður en áreitið og eineltið er komið á það stig að það varðar við lög. Öryggi beggja aðila þarf að tryggja. Við þurfum að kunna að taka á málum sem eru erfið og óþægileg. Komi slík mál upp innan opinberra stofnana og hvar svo sem þau koma upp annars staðar, er mikilvægt að bregðast við þeim af ábyrgð, af virðingu og trúnaði við alla málsaðila jafnt. Ég heiti mínum stuðningi til þess að svo megi verða.

[13:52]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Kynferðisleg áreitni felst í orðum eða athöfnum af kynferðislegum toga sem þeim er fyrir verður líkar ekki. Ég ætla að fullyrða það hér að nánast hver einasta kona í okkar samfélagi hafi orðið fyrir einhverju sem flokka má sem kynferðislega áreitni, misalvarlegri þó. Inn á borð okkar kvennalistakvenna hafa komið dæmi um konur sem hrakist hafa úr vinnu vegna kynferðislegrar áreitni og undanfarnar vikur hafa margar konur sagt okkur frá reynslu

sinni af kynferðislegri áreitni sem þær hafa orðið fyrir en hafa aldrei sagt frá, hvað þá kært.

Víða erlendis er umræðan um kynferðislega áreitni mun lengra komin en hér enda dæmin mörg. Í Bandaríkjunum hafa t.d. nánast allar stofnanir og skólar sett sér reglur um kynferðislega áreitni og hvernig ber að taka á slíkum málum jafnframt því að lög hafa verið sett.

Haustið 1994 féll dómur í Kaliforníu vegna ákæru um kynferðislega áreitni yfirmanns í risastóru lögfræðifyrirtæki, en hann hafði áreitt undirmann sinn um nokkurt skeið. Kviðdómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri um svo alvarlegt mál að ræða að til þess að dómurinn hefði fordæmisgildi yrði hann að vera þungur. Fyrirtækið var dæmt í 7 millj. dollara sekt eða 450 millj. íslenskra króna.

Annað mjög þekkt dæmi frá Bandaríkjunum snertir skipan hæstaréttardómarans Clarence Thomas sem sakaður var um kynferðislega áreitni sem átt hafði sér stað mörgum árum áður en þótti snerta hæfni hans sem æðsta dómara.

Hæstv. forseti. Hér á landi þarf málefnaleg umræða um kynferðislega áreitni að eiga sér stað vegna þess að þar er um að ræða hegðun sem særir og eyðileggur og á ekki að hafa í flimtingum. Hér þarf að setja reglur og mun skýrari lög þannig að skólar, stofnanir og fyrirtæki geti tekið á málum sem upp koma og að þeir sem brotið er á geti leitað réttar síns án þess að eiga æru- eða atvinnumissi á hættu. Þau mál sem hér hafa verið til umræðu að undanförnu hafa sýnt það og sannað að kynferðisleg áreitni er mál sem nauðsynlega þarf að taka á í okkar samfélagi.

[13:55]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég verð þó að segja að svör hans ollu mér töluverðum vonbrigðum. Hugsanlega hafði hann ekki tíma til þess að svara spurningum mínum, en hann gerði í raun og veru lítið annað en að upplýsa hvernig breytingarnar á hegningarlögunum komu til árið 1992. Einnig nefndi hann að nokkrir ráðuneytisstjórar hefðu þekkt til tilvika um kynferðislega áreitni og slíkt kemur sannarlega ekki á óvart.

Ástæða þess að ég kýs að spyrja hæstv. forsrh. um hvort hann hyggist setja í gang vinnu á þessu sviði — annars vegar innan framkvæmdarvaldsins með því að setja í gang ákveðnar nefndir sem koma almennilegri skikkan um þessi mál innan hverrar einustu ríkisstofnunar og hins vegar hvort hann ætli sér að undirbúa lagasetningu af þessu tagi — ástæðan er að því miður er reyndin sú að stjórnarandstöðumál komast oft ekki í gegnum þingið. Vissulega erum við kvennalistakonur tilbúnar nú þegar með þingsályktun í þessa veru og við erum einnig að undirbúa víðtækar lagabreytingar á þessu sviði. Mig langar aðeins að telja upp hvernig svona löggjöf þyrfti að vera.

Í fyrsta lagi þyrfti lagasetningin að skapa vinnuumhverfi sem dregur úr líkum á að fólk verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað. Hún þarf að koma á fót ódýru og skilvirku fræðslukerfi fyrir atvinnurekendur og forsvarsmenn stofnana. Í þriðja lagi þurfa lög og starfsreglur stofnana að gera fólk meðvitað um rétt sinn og hverng ber að bregðast við kynferðislegri áreitni, komi hún upp á vinnustað. Síðast en ekki síst þurfa lög á þessu sviði að hafa fyrirbyggjandi tilgang. Það þarf sem sagt að okkar mati mun víðtækari löggjöf á þessu sviði svo og upplýstari lögfræðinga og dómara en fyrirfinnast á Íslandi ef marka má undirtektir lagadeildar til að taka upp námskeið af þessu tagi.

Ég vona að þessi umræða verði til þess að kynferðisleg áreitni komi almennt upp á yfirborðið, að hún verði tekin föstum tökum því að þetta fyrirbæri er einn fylgifiskur samskipta kynjanna og þeirrar staðreyndar að bæði kynin eru á vinnumarkaðnum. Mikilvægt er að virkja þann kraft sem oft skapast í samskiptum kynjanna á uppbyggilegan hátt fyrir einstaklinga og stofnanir í stað þess að leyfa slíkum krafti að fara í niðurbrjótandi farvegi. Er það von mín að þessi umræða verði liður í slíku starfi.

[13:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða hafi verið gagnleg. Ég hlýt að vekja athygli á því þó sem ég nefndi áðan að refsiramminn varðandi kynferðisbrot hér á landi er þyngri en gerist í öðrum norrænum löndum.

Í annan stað er verið verið að gera þá athugun sem að hafði verið stefnt um þessar mundir. Ég tel rétt að ríkisstjórn og þing taki málið til umræðu þegar sú athugun liggur fyrir.

Í þriðja lagi er rétt að menn hafi í huga vegna þessarar umræðu sem auðvitað er mjög mikilvæg að við skulum ekki gefa okkur að ástand hvað þetta varðar sé lakara eða verra nú en áður var. Ég held að ég megi fullyrða að ástandið hafi verið miklu lakara og verra hér forðum vegna þess að fólk var ekki meðvitað um þessa hluti. Umræðan var ekkert uppi um þessa hluti. Áður fyrr höfðu kannski yfirboðarar miklu sterkari stöðu gagnvart undirmönnum sínum en nú er. Samband milli húsbænda og hjúa var með allt öðrum hætti áður fyrr. En þó að þetta sé svo, þá á það ekki að draga úr þeim vilja sem fram kom í þinginu að menn skipi þessum málum í eðlilegan og skiljanlegan og skýran farveg.

Mannanöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 73. mál (heildarlög). — Þskj. 73, nál. 657, brtt. 658.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

1. gr. samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: LMR*.

3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HBl, ÍGP, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Talsverðar umræður hafa orðið um frv. til laga um mannanöfn sem hér er til atkvæðagreiðslu. Einnig hafa komið fram áhyggjur af aukinni notkun ættarnafna og hafa t.d. ákvæði frv. um millinöfn verið nefnd í því sambandi þótt þeim sé í reynd ætlað að draga úr útbreiðslu ættarnafna.

Allshn. tók þessi mál til umræðu á fundi sínum í gær en það var m.a. gert að beiðni hv. þm. Ágústs Einarssonar. Nú er ljóst að hið háa Alþingi getur fylgst með þróun mannanafna og kallað eftir upplýsingum, t.d. frá mannanafnanefnd. Enn fremur munu mikilvægar upplýsingar koma fram í sérstakri mannanafnaskrá sem gefin verður út og send m.a. öllum sóknarprestum. Engu að síður telur allshn. rétt að koma til móts við sjónarmið hv. þm. og fara þess á leit við hæstv. dómsmrh. að hann fylgist með þróun mála og gefi Alþingi skýrslu eftir að ákveðin reynsla er komin á framkvæmd þeirra lagabreytinga sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil hins vegar undirstrika það að frv. er samið vegna mikillar gagnrýni á gildandi lög. Allshn. fór mjög ítarlega í þetta mál og er það skoðun okkar að þessar breytingar þurfi að gera á mannanafnalögum. Með því að gera ráð fyrir meira frelsi í nafngiftum en samkvæmt gildandi lögum er það von nefndarinnar að þjóðin fái þannig betra tækifæri til að móta nafnsiði sína en hingað til og að sátt náist um þá framkvæmd.

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að láta þessa yfirlýsingu koma fram í upphafi þessarar atkvæðagreiðslu og segi jafnframt já.

[14:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Að baki því frv. sem hér liggur fyrir liggur umfangsmikil og fagleg vinna þeirrar nefndar sem fékk það verkefni að endurskoða lögin. Það var mjög brýn þörf á að gera það vegna þess að um gildandi lög var ekki nægjanleg sátt í þjóðfélaginu. Markmið frv. er að rýmka gildandi reglur en viðhalda eigi að síður ríkjandi mannanafnahefð á Íslandi. Ég tek undir það sjónarmið að það sé mikilvægt að fylgjast með framkvæmd laganna og hef því ákveðið að fela mannanafnanefnd að gera skýrslu um framkvæmd laganna verði þetta frv. að lögum. Niðurstaða þeirrar skýrslu verði kynnt Alþingi að ári liðnu þannig að unnt verði að fylgjast glöggt með þróun mála og grípa til ráðstafana ef löggjafarsamkoman telur það nauðsynlegt í ljósi þeirrar þróunar sem verður.

[14:04]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja nokkuð óvenjulegt í upphafi atkvæðagreiðslu að meginburðarásar málsins telji nauðsynlegt að flytja fyrir því tvær áróðursræður áður en atkvæðagreiðslan hefst.

Ég vildi láta það koma fram í atkvæðaskýringu minni að ég tel að málið sé ekki nægilega vel undirbúið og stend að tillögu um það að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. Sú tillaga kemst hins vegar ekki til atkvæða nú heldur við 3. umr. og það er óhjákvæmilegt að þá verði farið ítarlegar yfir málið og m.a. svarað þeim athugasemdum sem komu fram hjá aðaltalsmönnum málsins áðan.

Ég vil láta það koma fram, hæstv. forseti, að ég mun sitja hjá við efnisgreinar frv. eins og þær liggja fyrir nema ég mun greiða atkvæði gegn 6. gr. en það er millinafnagreinin sem opnar fyrir það að íslenska kenninafnakerfið verði enn frekar og enn hraðar brotið niður en ella væri. Ég tel að hún sé versti þáttur frv. fyrir utan hina sérkennilegu útskýringu og skilgreiningu á eiginnafni sem kemur fyrir í 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að öll hljóð sem taka eignarfallsendingu geti verið eiginnafn á íslensku. Það er sérkennilegt en þetta leggur nú hv. allshn. til.

[14:06]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög sérkennilegt að menn skuli sækja það fast á hv. Alþingi að breyta aðeins fimm ára gömlum lögum um mannanöfn og rökin hafa ekki komið fram í skýrsluformi til þingsins eins og nú er hugmyndin að taka upp ef þetta verður lögfest að flytja árlega skýrslu um þróun mála. Ég hef gert grein fyrir því að ég tel frv. í vissum greinum vega að íslenskri nafnhefð og þeim mikilvæga þætti íslenskrar menningar sem hún er og því stefni þetta frv. í ranga átt.

Ég stend að tillögu sem kom ekki fram í tæka tíð fyrir þessa umræðu um það að málið verði tekið af dagskrá og á það mun reyna við 3. umr. málsins. Ég mun sitja hjá við einstakar greinar aðra en 6. gr. sem ég tel vera langalvarlegustu grein þessa máls og vildi láta það koma fram.

[14:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni orða hæstv. dómsmrh. þakka fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf á hinu háa Alþingi. Ýmsir hv. þingmenn, þar á meðal ég, hafa áhyggjur af þeirri millinafnaleið sem er farin í frv. þótt markmið frv. í þessu efni séu skýr. Þess vegna tel ég yfirlýsingu ráðherra mjög mikilvæga um að fylgst verði sérstaklega með þróun þessara mála og Alþingi gefin sérstök skýrsla um þetta efni þannig að hægt sé að grípa inn í ef stefnir í ranga átt. Þessari yfirlýsingu ber að fagna hér úr ræðustól.

2.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HG, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HBl, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, RA, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HBl, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 39:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, RA, SJS, SvG.

6 þm. (ÁE, GE, GÁS, JóhS, SvanJ, ÖS*) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HBl, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 658,2 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (ÁE, GÁS, HG, JóhS, RA, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HBl, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GÁS.
6 þm. (ÁE, HG, JóhS, RA, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HBl, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, SvG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,3 samþ. með 43:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: RA.
7 þm. (ÁE, GÁS, HG, JóhS, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (ÁE, GÁS, HG, JóhS, RA, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, BG, EgJ, EKG, EOK, FI, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÁMM.
8 þm. (BH, GE, GÁS, HG, JóhS, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (GÁS, HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,4 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (GÁS, HG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓRG, ÓÖH, RG, StG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (GÁS, HG, JóhS, RA, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,5 (ný 12. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, DO, EgJ, EKG, EOK, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (BH, HG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,6 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (HG, SJS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, SvG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,7 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (HG, SJS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, SvG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

15.–20. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,8 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

21. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (HG, SJS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 658,9 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GGuðbj, GMS, JóhS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

23.–24. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,10 samþ. með 43:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GE, SJS, SvG.
5 þm. (BH, HG, KHG, ÓRG, RA) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

25. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, BG, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (BH, GE, HG, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

26.–28. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,11 (nýtt ákv. til brb. I) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JóhS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, RA, SJS, SvG.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GHH, GuðjG, GMS, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Gatnagerðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 106. mál (heildarlög). — Þskj. 111, nál. 675, brtt. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Brtt. 676,1 samþ. með 44 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 676,2 (ný 2. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PHB, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (KHG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HG, JBH, MF, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StG, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í 3. gr. er veitt heimild til að innheimta gatnagerðargjald og ákvarða gjaldstofn fyrir það gjald. Eðli gjalds er að það á að mæta tilteknum, afmörkuðum kostnaði. Í þessari grein er gjaldið hins vegar ákvarðað án tillits til kostnaðarins og afmarkast einvörðungu af mati á íbúðarhúsnæði sem er í engu samhengi við kostnaðinn. Ég tel að það gjald sem Alþingi veitir framkvæmdarvaldi heimild til að innheimta eigi að vera afmarkað við þann kostnað sem gjaldinu er ætlað að mæta og þar sem þetta skilyrði er ekki uppfyllt í þessari grein frv. mun ég sitja hjá.

4.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 676,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EKG, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HjÁ, HG, JBH, MF, ÓÖH, PP, RG, StG, StB, ÖJ) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 676,4 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EKG, FI, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HjÁ, HG, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, StB, ÖJ) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 676,5 samþ. með 45 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, EKG, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HjÁ, HG, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 389. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Varnir gegn mengun sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 385. mál (gildissvið o.fl.). — Þskj. 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Sameining Vitastofnunar, Hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar, frh. 3. umr.

Frv. samgn., 357. mál (frv. samgn.). — Þskj. 622.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EKG, FI, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (ÁJ, ÁRJ, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, GMS, HjÁ, HG, JBH, MF, ÓÖH, RG, StG, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 714).

Aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SighB o.fl., 270. mál. — Þskj. 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 302. mál. — Þskj. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 661, brtt. 689. [14:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um verðbréfaviðskipti.

Nefndin fjallaði aðeins um þetta mál milli 2. og 3. umr. og vill gera tvær breytingar. Fyrri breytingin snýr að því að skilgreina betur hugtakið „náin tengsl". Í öðru lagi er lögð til breyting við 9. gr. frv. þar sem verið er að skýra betur út þær heimildir sem verðbréfamiðlanir hafa til að versla fyrir eigin reikning.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 98. mál (EES-reglur). — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaþing Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 101. mál (EES-reglur). — Þskj. 663.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 681, brtt. 690.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570.

[14:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um frv. til breyttra laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda hefur verið að mörgu leyti mjög gagnleg. Hér hefur það gerst í umræðunni að það liggur nú fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar, mælt fram af munni ekki ómerkari manns en hæstv. forsrh., að frv. um breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna verður ekki lagt fram á þessum vetri eins og málum er nú háttað. Þetta tel ég vera gríðarlega mikinn áfanga í að reyna að lægja þær öldur sem hæstv. menntmrh. með dyggum stuðningi hæstv. fjmrh. hefur vakið í þessu máli.

Herra forseti. Það er samt sem áður nauðsynlegt að fara yfir nokkur atriði til viðbótar í málinu. Þetta mál er þannig vaxið að hæstv. menntmrh. gaf kennurum og skólastjórnendum mjög skýr loforð. Þessi loforð voru þannig að með engu móti yrði horfið frá þeirri réttarstöðu sem er að finna í lögunum frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þessu lýsti hann margsinnis yfir. Það kemur hins vegar fram, herra forseti, bæði í máli hans í morgun og í greinargerðinni að við vissar kringumstæður getur hann hugsað sér að stuðla að því að þetta loforð verði brotið. Það er af þessum ástæðum sem kennarar og skólastjórnendur hafa dregið sig til baka úr því undirbúningsstarfi sem var í gangi um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og það var af nákvæmlega sömu orsökum sem hæstv. forsrh. kom hér til að reyna að lægja öldurnar sem búið var að vekja í kringum þetta mál.

Staðreyndin er sú svo að maður tali tæpitungulaust, herra forseti, að það sem gerðist í málinu var það auðvitað að hæstv. menntmrh. hafði góðan vilja en hæstv. fjmrh. kom í bakið á honum og lagði fram hugmyndir að breyttum lögum um lífeyrisrétt sem voru algerlega í blóra við þær yfirlýsingar sem búið var að gefa kennurum og skólastjórnendum og reyndar opinberum starfsmönnum um samráð í þessu máli. Það er það sem hefur verið deilt á. Hæstv. forsrh. segir hins vegar að nú verði lífeyrisfrv. ekki lagt fram. Hann sagði líka annað sem var talsvert mikilvægt, að ekki yrði gengið á þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa áunnið sér til þessa.

Því er nauðsynlegt, herra forseti, að geta þess að það er ýmislegt fleira sem tengist þessu og það er frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og tengingin við kennarana. Það er nefnilega ýmislegt sem kennarar hafa gert ráð fyrir að verði óbreytt og geta auðvitað stutt sig við loforð hæstv. menntmrh. í þeim efnum. En hæstv. forsrh. gat þess hins vegar í morgun að hann hygðist eigi að síður beita sér fyrir því að á þessu þingi yrði samþykkt frv. sem við hefjum umræðu um næsta þriðjudag og felur í sér verulega breytingu á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins. Sumt af þessu er jákvætt. Sumt af því get ég stutt. Annað er þess eðlis að það þarf að skoða betur. En hvaða skoðun sem við kunnum að hafa á því frv., herra forseti, verður samt sem áður að ganga eftir því að hæstv. menntmrh. standi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við þau loforð sem búið var að gefa áður. Og loforðin voru þau að réttindin mundu ekki hnikast til í kjölfar flutningsins yfir til sveitarfélaganna. En það er samt sem áður svo, herra forseti, að það er fjöldi atriða í frv. sem verður rætt í næstu viku sem tengist einmitt framtíðarréttindum kennara.

Ég nefni það, herra forseti, að um er að ræða afnám samningsréttar hjá tiltölulega stórum hópi innan BSRB. Það eru ýmsir starfsmenn ráðuneyta, starfsmenn dómstóla, sýslumannsembætta, lögreglu- og tollstjóraembætta, starfsmenn hjá Almannavörnum ríkisins, Fangelsismálastofnun og Landhelgisgæslunni sem munu eftir þetta búa við mjög skertan samningsrétt. Sömuleiðis er alveg ljóst að verkfallsréttur verður ekki hinn sami og áður. En það sem skiptir e.t.v. líka mestu máli í þessu er tvennt. Það er annars vegar það sem menn hafa nefnt ráðningarfestu opinberra starfsmanna og hins vegar biðlaunarétturinn. Það er alveg ljóst að biðlaunarétturinn er mál sem menn eru ekki búnir að skoða nægilega vel. Ég bendi til að mynda á, herra forseti, að það eru greinilega uppi mismunandi viðhorf innan ríkisstjórnarinnar á því hvers eðlis biðlaunarétturinn er. Ég vísa þá til viðhorfa hæstv. viðskrh. sem fram hafa komið opinberlega til biðlaunaréttarins annars vegar og hins vegar þeirra skoðana sem hæstv. samgrh. hefur sett fram í frv. sínu um Póst og síma sem nýlega hefur verið rætt. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvers eðlis biðlaunarétturinn er og hvers vegna hann var í upphafi settur á.

Menn greinir á um það hvort hann sé til þess að gefa mönnum ákveðið svigrúm meðan þeir eru að leita sér að starfi annars staðar eftir að búið er að leggja niður þeirra starf eða hvort hann er skaðabætur fyrir áunnin réttindi. Og sú staðreynd, herra forseti, að biðlaunarétturinn er mismunandi eftir því hversu lengi menn hafa verið í starfi hjá hinu opinbera og þar með áunnið sér mismunandi sterk réttindi, þykir mér benda til þess að þegar þetta ákvæði var sett upphaflega í lögin frá 1954, þá hafi menn hugsað sem svo að það bæri að líta á þetta öðrum þræði sem skaðabætur fyrir að tapa áunnum réttindum og líka fyrir það að tapa möguleikanum til að vinna sér inn frekari réttindi innan þess kerfis sem menn voru í.

Í annan stað, herra forseti, er það alveg ljóst að ráðningarfesta opinberra starfsmanna verður allt önnur og lakari. Auðvitað hljóta kennarar og skólastjórnendur að horfa til þess. Þeir hafa ekki síður en aðrir opinberir starfsmenn gert sér grein fyrir því að ráðningarfestan er eitt af því sem gerir það eftirsóknarvert að vera ríkisstarfsmaður. Þeir hafa ekki síður en aðrir sem hafa verið í starfi hjá hinu opinbera stundum gert sér að góðu lægri laun en gengur og gerist annars staðar vegna þess að þeir eiga þó vinnuna vísa. Þetta skiptir máli, herra forseti. En í ýmsum greinum skerðir frv. þessi ráðningarskilyrði opinberra starfsmanna.

Ég bendi t.d. á það, herra forseti, að samkvæmt þeim frv. sem verða lögð fram, mun starfsmönnum sem til að mynda lenda í útistöðum við yfirmenn og verður jafnvel sagt upp starfi, ekki kleift að skjóta máli sínu til úrskurðar hjá æðra stjórnvaldi. Það er auðvitað veruleg breyting á því umhverfi sem viðkomandi starfsmenn hafa hrærst í.

Það má auðvitað nefna fleira sem e.t.v. er ekki jafnsterkt og þessi atriði. Herra forseti. Ég tel að það hafi verið afskaplega viturleg ákvörðun hjá hæstv. forsrh. að gefa þá yfirlýsingu sem gekk af hans munni í morgun. Hann sagði það skýrt og skorinort að ríkisstjórnin mundi ekki freista þess að knýja fram frv. um breytingar á lífeyrisréttindum vegna þeirrar miklu andstöðu sem hefur sprottið fram við það. En staðreyndin er sú, herra forseti, að bæði í þessum sölum og eins í röðum opinberra starfsmanna er talsverð andstaða líka við annan þátt þessarar frumvarparaðar ríkisstjórnarinnar og það er auðvitað frv. sem felur m.a. í sér breytingar á biðlaunaréttinum. Og ég held, herra forseti, að það væri viturlegt af hæstv. menntmrh. að hlutast til um það að menn mundu nú hægja skriðinn í þessu máli og freista þess að ná samræðu við samtök opinberra starfsmanna til þess að reyna að lægja þær öldur sem þetta hefur einnig skapað. Það held ég að sé besta starfsaðferðin til þess að það megi skapa nægilega kyrrð í málinu til að flutningur grunnskólans yfir til sveitarfélaganna megi ganga eftir eins og til var stofnað.

Herra forseti. Ég vil að endingu ítreka það, að þetta mál snýst í sjálfu sér ekki um það hvaða skoðanir einstakir þingmenn í þessum sölum kunna að hafa á fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um breytingar á einstökum ákvæðum gildandi laga um réttindi opinberra starfsmanna. Þetta snýst ekki um það. Við getum verið með því eða á móti því. Það sem þetta varðar er einungis eitt: Hversu dýr eru orð ráðherra í ríkisstjórn Íslands?

Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur verið gefin út yfirlýsing um að kjör kennara og skólastjórnenda munu ekki breytast við það að skólinn verði fluttur yfir til sveitarfélaganna og það verður að ganga eftir. Herra forseti. Í máli tveggja ráðherra í dag hafa ekki komið fram nægilega skýrar yfirlýsingar sem tryggja það. Þess vegna, herra forseti, er við því að búast að áfram spinnist ófriður í kringum þetta mál. Ég skora því á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því að ná samræðu um málin og reyna að leysa þetta í friði alveg eins og þegar honum var í morgun kippt upp úr díkinu af hæstv. forsrh. sem lýsti því yfir, a.m.k. hvað varðaði lífeyrisréttindin, þá verði reynt að leysa það í sæmilegum friði og sátt við opinbera starfsmenn.

[14:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins drepa á fáein atriði varðandi frv. sem hér hefur verið til umræðu í dag og reyndar í síðustu viku einnig. Frv. þetta fjallar um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda á grunnskólastigi. Það er afleiðing af ákvörðun sem tekin var fyrir ári síðan eða liðlega það á Alþingi um að flytja grunnskólann yfir til sveitafélaga.

Ég vil, virðulegi forseti, af því tilefni, árétta þá skoðun mína að ég hef verið og er andstæðingur þess að gera þá breytingu sem þarna um ræðir, þ.e. að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Ég greiddi atkvæði gegn því á síðasta ári þegar greidd voru atkvæði um þá grein frv. til nýrra grunnskólalaga sem sérstaklega kvað á um þessa breytingu.

Afstaða mín mótaðist einkum af því að ég tel að grundvallarréttindi eins og menntun eigi að vera tryggð af aðila í þjóðfélaginu sem hefur þann styrk að hann er ekki tengdur alvarlegum sveiflum í efnahagslífi t.d. eða staðbundnum breytingum sem kunna að verða og hafa áhrif á tekjur sveitarfélaga. Ég tel sem sé að sveitarfélög séu almennt of smáar einingar til þess að vera nægilega stöðugur bakhjarl fyrir því að veita menntun fyrir börn á þessum aldri.

Þá er ég einnig á þeirri skoðun að það eigi að vera samfélagslegt verkefni að veita úrlausn af þessu tagi. Við getum ekki brotið niður þá samfélagslegu ábyrgð með þeim hætti að skipta henni niður eftir sveitarfélögum og koma málum þá fyrir á þann veg að hvert sveitarfélag fyrir sig er ábyrgt fyrir sínum hluta en ber enga ábyrgð á málum hjá íbúum í öðrum sveitarfélögum. Það dugar ekki minna að mínu viti í svo mikilvægu máli sem menntun er en að íbúarnir myndi nokkurs konar gagnkvæmt vátryggingarfélag til þess að við getum treyst því sem best að samræmda og burðuga menntun sé að fá alls staðar á landinu. Þetta eru þau almennu sjónarmið sem liggja til grundvallar því að ég hef ekki verið stuðningsmaður þeirrar breytingar sem gerð hefur verið og þetta frv. er flutt til þess að staðfesta. Af sjálfu leiðir að ég mun ekki styðja þetta frv. þar sem það gengur gegn þeim skoðunum sem ég hef á þessu máli.

Ég vil einnig nefna fáein atriði sem komið hafa fram í framhaldi af þeirri ákvörðun sem tekin var í fyrra og staðfestir að mínu mati þær skoðanir sem ég hef í þessu efni. Það er það sem komið hefur fram í nýgerðu samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Samtaka sveitarfélaga. Það kemur í ljós að grundvöllurinn fyrir málflutningi þeirra sem tala fyrir þessari breytingu hefur verið sá að sveitarfélögin geti tekið þetta verkefni að sér, þau séu það burðugar einingar að þau geti það nema þau smæstu og menn mæti því með því að setja til hliðar í tiltekinn jöfnunarsjóð fé til að styrkja hinar smáu einingar svo að þær geti með þeim stuðningi valdið sínum verkefnum. En menn byggðu mál sitt á því að öðru leyti að önnur sveitarfélög en þau smæstu gætu af eigin rammleik sinnt þessu verki.

Nú kemur í ljós þegar á hólminn kemur að þetta reynist ekki rétt. Það kemur í ljós að stóru sveitarfélögin, þau sem hafa meira en 2.000 íbúa hvert upplýsa að þau treysta sér ekki til þess að taka við þessu verkefni eins og ráð hefur verið fyrir gert og gera kröfu til þess að fá meira fé, til að standa undir því en áður hafði verið talið að þau þyrftu og fulltrúar þeirra sveitarfélaga höfðu sjálfir áréttað að væri nægjanlegt. Það er afar merkileg niðurstaða sem kemur í ljós í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars sl., þ.e. að þar skuli vera opinberað að stóru sveitarfélögin treysta sér ekki til að vinna þetta verkefni eins og áður hafði verið lýst yfir að mundi duga.

Þetta staðfestir þá skoðun sem ég setti fram að menn væru með verkefnið fært yfir á allt of smáar einingar. Það er rétt að mínu viti líka að undirstrika að með þessu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga eru stóru sveitarfélögin í raun að selja sama hlutinn tvisvar er þau taka þetta verkefni að sér, fyrst með samkomulagi í fyrra og síðan aftur núna með viðbótarsamkomulagi. Ríkið er því raunverulega að borga þessum sveitarfélögum tvisvar fyrir þennan tilflutning á verkefnum.

Það er ástæða til að staldra við og íhuga grundvöllinn að stefnumörkuninni á flutningi verkefna frá ríki þegar það kemur í ljós að stærstu og öflugustu sveitarfélögin reynast vanmáttug að axla ábyrgðina sem þeim er ætlað að taka á sínar herðar. Ég hef haft þá skoðun og tala fyrir því að þar sem menn telja skynsamlegt að breyta fyrirkomulagi verkefna í opinberri stjórnsýslu og færa frá ríkinu verkefni, þá sé mun skynsamlegri leið og árangursríkari að flytja verkefnin yfir á stærri stjórnsýslueiningar en núverandi sveitarfélög, hvort heldur menn tala um sveitarfélög eins og þau eru núna eða verða á næstu árum í ljósi áforma um sameiningu þeirra því að þau áform munu að mínu viti ekki breyta neinu í

grundvallaratriðum. Sveitarfélögin verða of vanmáttug til að taka við viðamiklum verkefnum. Eina leiðin til þess að koma þeim verkefnum út í héruðin og frá ríkinu er að taka upp stærri einingar sem felast í héraðastigi eða þriðja stjórnsýslustiginu. Það hefur oft komið til umræðu hér á þingi og annars staðar en að mínu viti er fyllsta ástæða til að hefja umræðu um það svo oft sem unnt er því að á meðan við búum við það fyrirkomulag að ætla okkur að flytja verkefnin frá einum stórum aðila eins og ríkinu yfir á marga smáa eins og sveitarfélög, þá mun okkur ekkert miða áleiðis í þeim efnum. Það verður mikill vandræðagangur, bæði meðan á þessum verkefnaflutningi stendur varðandi grunnskólann og í kjölfarið á honum. Ég býst við að menn muni hafa fangið fullt af vandamálum sem leiða af þessari stöðu.

Þá vil ég vekja athygli á því að enn þá eru óleystir endar í málinu. Það er enn óleyst hvernig eigi að fara með sérskólana. Menn setja lög að sérskólarnir eigi að fara yfir til sveitarfélaga. Í morgun kom fulltrúi fjmrn. á fund fjárln. og fjármála- og félagsmálaráðuneytanna. Þeir voru inntir eftir því hverjir eigi að taka við sérskólum eins og Heyrnleysingjaskólanum. Það fengust engin svör við því. Það stendur í grunnskólalögunum að sveitarfélög eigi að taka við þessum sérskólum en þarna er um að ræða skóla sem sinna landinu öllu, sinna tilteknum sérþörfum, hafa landið allt sem viðfangsefni og hafa eðlilega verið á höndum ríkisins hingað til. Hvaða sveitarfélag hefur landið allt sem viðfangsefni? Það er auðvitað ekki neitt. Hvaða sveitarfélög á þá að taka við sérskólunum? Það er ekki vitað enn. Ef menn ákvarða að sérskóli skuli vera verkefni eins tiltekins sveitarfélags spyr ég: Er það hlutverk sveitarfélagsstigsins að eitt sveitarfélag vinni verkefni fyrir önnur? Ég hélt að grundvöllurinn að skipan landsins í sveitarfélög væri einmitt sá að þeim var ætlað að sinna verkefnum innan sveitarfélags síns en ekki í öðrum sveitarfélögum. Verkefnum sem sveitarfélögin gætu ekki sinnt mundi ríkið sinna eða eitthvert annað stjórnsýslustig eins og ég hef nefnt að væri möguleiki á að gera ef menn væru ásáttir um slíka breytingu. Ég tel mjög óeðlilegt ef það yrði niðurstaðan sem gæti orðið að eitthvert eitt sveitarfélag tæki að sér að reka sérskóla fyrir hönd allra hinna sveitarfélaganna.

Í öðru lagi er óleyst eftir því sem næst verður komist hvernig fara eigi með starfsmenn færðsluskrifstofanna. Menn hafa getað fylgst með að undanförnu þó nokkrum vandræðagangi í því hvernig sveitarfélögin ætla að sinna því verkefni sem fræðsluskrifstofunar hafa sinnt hingað til og það kemur í ljós að sveitarfélögin geta ekkert sinnt því og verða því að bindast samtökum um það. Það gengur á ýmsu hvernig menn vinna úr því. En kjarninn er sá með starfsmenn fræðsluskrifstofanna að þeim hefur verið sagt upp, þeim var sagt upp sl. september. Þá spyrja menn: Hvað verður um þá starfsmenn? Stendur þeim til boða að fá störf á hinum nýju skrifstofum sem taka við? Þessa spurningu lagði ég fyrir fulltrúa ráðuneytanna tveggja, félmrn. og fjmrn., sem komu á fund fjárln. í morgun. Svörin voru dálítið loðin en þó má draga þau saman þannig: Þeim mun standa til boða að fá starf á hinum nýju skrifstofum sem taka við verkefni fræðsluskrifstofanna gegn því að afsala sér biðlaunaréttinum. Með öðrum orðum, þessum ríkisstarfsmönnum er boðið starf með skilyrðum hjá sveitarfélögunum. Þau fái starf hjá sveitarfélögunum gegn því að afsala sér réttindum hjá ríkinu. Þetta tel ég mjög óeðlilegt og reyndar ekki sæmandi hvorki ríkisvaldi né sveitarfélögum að halda svona á málum gagnvart starfsmönnum.

Auðvitað má deila um það hvort biðlaunaréttur sé yfir höfuð réttlætanlegur eða ekki. En það er í farvegi dómsmála eftir því sem ég best veit og er bara með sínum hætti. Í þessu tilviki verður því ekki blandað saman gagnvart starfsmönnum fræðsluskrifstofanna, skoðun manna á biðlaunaréttinu yfir höfuð og hvernig farið er með það mál í þeirra tilviki.

Ég vildi, virðulegi forseti, beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort þetta sé orðið endanlega ljóst með starfsmenn fræðsluskrifstofanna, hvort það verði staðið á því að tilboð um atvinnu standi þeim aðeins til boða að þeir afsali sér þessum réttindum. Ef svo er, hvort það skilyrði sé sett af hálfu ríkisins eða hvort það séu sveitarfélögin sem setja þetta skilyrði. Ég tel mjög mikilvægt að skýr svör fáist um þetta efni.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið og þó að ég hefði gjarnan viljað ræða frekar um viðfangsefnið menntun og sveitarfélögin gefst ekki tími til þess að sinni. Ég vil þó segja, virðulegi forseti, að fyrst menn á annað borð eru á þeim buxum að flytja menntuna af höndum ríkisins tel ég ekkert einboðið að flytja það til annars stjórnsýslustigs, þ.e. sveitarfélaga. Mér finnst koma alveg til greina að flytja menntunina alla leið til foreldranna.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. þm. sem ég vildi gera að umtalsefni. Annars vegar að því er varðar sérskólana er alrangt að halda því fram að þar séu einhver vafaatriði. Að því máli hefur verið unnið mjög skipulega á undanförnum mánuðum. Reglugerð liggur fyrir um það hvernig sérkennslu verður háttað og um það náðist samkomulag á vettvangi verkefnisstjórnarinnar og einnig á milli ríkisins og sveitarfélaganna hvernig að þessum málum yrði staðið og hvaða fjármunir þyrftu að flytjast frá ríkinu til sveitarfélaganna til þess að unnt yrði að sinna þeim verkefnum sem sérskólarnir sinna. Í raun er um það að ræða að auknu fjármagni verður veitt til sérkennslu og betur að henni búið að ýmsu leyti eftir að hún flyst til sveitarfélaganna en gert hafði verið hjá ríkinu.

Um það hver ber ábyrgð á sérskólunum þá eru þeir í Reykjavík og það er Reykjavíkurborg sem tæki við þeim nema sveitarfélögin kæmu sér saman um annað. Þetta er á valdsviði sveitarfélaganna. Sérskólarnir flytjast með grunnskólunum til sveitarfélaganna og Reykjavíkurborg er heimilisfesti stærstu sérskólanna eins og við vitum. Ef sveitarfélögin kjósa annan hátt en að fela Reykjavíkurborg reksturinn er það á þeirra valdi hvernig að því verður staðið en í reglugerðinni sem samin hefur verið er gripið á þeim vanda hvernig tekið verður á greiðslu kostnaðar vegna sérskólanna þannig að ég held að þetta sé ekki mál sem vefjist fyrir þeim sem að þessu verki vinna. Ef hv. þm. eru að kalla á menn sér til fræðslu um þetta mál þá bendi ég á formann verkefnisstjórnarinnar og einnig fulltrúa sveitarfélaganna og ég held að það sé mjög brýnt að ræða við alla aðila málsins til þess að fá svör við þeim spurningum sem upp koma og einnig varðandi starfsmenn fræðsluskrifstofanna. Frá þeirra málum er verið að ganga og ég veit ekki til annars en það sé gert í góðri sátt við starfsmennina og að skipulagið í þeim efnum liggi ljóst fyrir.

[15:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi síðara atriðið um starfs-

menn fræðsluskrifstofanna. Þau svör sem við fengum í morgun frá fulltrúum fjmrn. og félmrh. voru þannig: Þeim mun standa til boða að fá vinnu á nýju skrifstofunum ef þeir afsala sér biðlaunaréttinum. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Er þetta rétt? Stendur núverandi starfsmönnum fræðsluskrifstofanna því aðeins til boða nýtt starf að þeir afsali sér réttindum?

Í öðru lagi: Ef svo er, er það ríkið sem setur þetta skilyrði eða eru það sveitarfélögin?

Þá kom fram í svari hæstv. ráðherra að ekki er ekki ljóst hver tekur við sérskólunum. Hann sagði einfaldlega: Þeir eiga lögheimili í Reykjavík nema sveitarfélögin kæmu sér saman um annað. Með öðrum orðum staðfestir það þau svör sem við fengum í morgun hjá fulltrúum þeirra tveggja ráðuneyta sem ég nefndi. Þetta er ekki ljóst enn þá. Með allri virðingu fyrir starfsmönnum Reykjavíkurborgar, sem auðvitað eru alls góðs maklegir, er einfaldlega ekki rétt að stofnun sem á að þjóna landinu öllu lúti húsbóndavaldi yfirmanna sem hafa þrengri sjóndeildarhring eðli málsins samkvæmt þar sem verkefni þeirra er sveitarfélag en ekki landið allt. Það er ekki réttur vettvangur og staðfestir einfaldlega að þetta verkefni geta sveitarfélögin ekki tekið að sér.

Ég er á þeirri skoðun og tel eðlilegast að sérskólarnir verði áfram á höndum ríkisins eða annars aðila sem hefur landið allt sem viðfangsefni og getur horft á málefnin og getur leyst út frá þeim sjónarhóli, en ekki með þrengri sjónarmið í huga.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að sveitarfélögin taka við rekstri sérskólanna. Það sem hv. þm. er á móti er það að Reykjavíkurborg kunni hugsanlega að taka við þeim rekstri í nafni sveitarfélaganna. Það er annað mál. Hv. þm. getur haft þá skoðun og verið andvígur því að Reykjavíkurborg verði þarna rekstraraðili. En það þýðir ekki að einhver óvissa sé um það hvernig rekstri sérskólanna verði háttað. Þeir verða fluttir til sveitarfélaganna og það er á ábyrgð sveitarfélaganna að annast rekstur þeirra og sveitarfélögin hafa fengið fé til þess. Hv. þm. getur haft vantrú á því að Reykjavíkurborg geti rekið skólana. Ég hef ekki þá vantrú. Ég tel þvert á móti að ekkert bendi til þess að Reykjavíkurborg geti ekki staðið vel að rekstri sérskólanna og fjármunir hafa verið tryggðir til þess að starfsemi þeirra geti haldið áfram óbreytt og jafnvel frekar efld en hitt.

Varðandi starfsmenn fræðsluskrifstofanna er ég ekki með þau nákvæmu gögn í höndum sem ég þyrfti að hafa til þess að svara fyrirspurnum hv. þm. af þeirri nákvæmni sem hann óskar en hitt er ljóst að sú almenna regla gildir þegar störf eru lögð niður og menn taka við öðrum störfum, t.d. hjá ríkinu, ef þeir þiggja þau störf fá þeir ekki biðlaun. Ef starfsmenn fræðsluskrifstofanna taka við störfum hjá sveitarfélögunum kann að hafa verið samið um það að þeir þiggja ekki biðlaun hjá ríkinu. Ég hef ekki þau gögn við höndina en þau eru fyrir hendi. Það er búið að fjalla um þetta, það er unnið að því að komast að niðurstöðu um það hvernig að þessu verður staðið og finnst mér líklegast að niðurstaðan verði sú sem hv. þm. segir að ef þeir taka við störfum hjá sveitarfélögunum fái þeir ekki jafnframt biðlaun frá ríkinu. Ef þeir hins vegar taka ekki við störfum og stöðurnar eru lagðar niður þá fá þeir biðlaun. Þetta er hin almenna regla sem mér finnst að eigi að gilda um þetta eins og endranær.

[15:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki góður svipur á málum ef ráðherra getur ekki svarað því þrátt fyrir ítrekaðar spurningar hver hátturinn verður á. (**Menntmrh.:** Það er alveg sjálfsagt að svara þessu, það vantar bara gögn hér.) Ég heyri að ráðherra er vanbúinn til þess að svara því og það er alveg sjálfsagt að sýna biðlund í því og gefa ráðherra færi á að afla sér upplýsinga. Til þess eru þessar umræður og hann hér til andsvara. En ég minni á að þess var óskað að hæstv. fjmrh. yrði hér og hann yrði væntanlega sá aðili sem hefur þessar upplýsingar og ég vek athygli á því að hann er ekki við umræðuna. Það vantar líka staðgengil hans við umræðuna þó að það hafi verið beðið um það á sínum tíma og umræðu frestað um nokkra hríð til þess að þeir mættu verða við.

Það er auðvitað ekki góður svipur á því, virðulegi forseti, að þingmenn skuli ekki geta fengið svör um hvernig hlutunum verður fyrir komið í mikilvægum atriðum. Ég kalla það mikilvæg atriði sem snertir kjör starfsfólks á vinnustöðum eins og fræðsluskrifstofunum. Eins og ég sagði má hver hafa sína skoðun á því hvað er eðlilegt og hvað er óeðlilegt varðandi biðlaunarétt. Ég hef mínar skoðanir á þeim efnum og get reifað þær við tækifæri og það verður tækifæri til þess fljótlega, jafnvel næstu viku þegar við ræðum annað frv. En það er óeðlilegt að mínu viti að skilyrða vinnu hjá sveitarfélögum því að maður afsali sér réttindum hjá ríkinu. Verið er að flytja störfin frá ríkinu til sveitarfélaga. Og það er óeðlilegt ef svo er að sveitarfélög setja það skilyrði fyrir því að starfsmaður fái vinnu hjá sveitarfélaginu að hann afsali sér réttindum hjá ríkinu. Það er óeðlilegt. Ég fer ekki ofan af þeirri skoðun minni, virðulegi forseti, en ítreka jafnframt að ég þigg boð hæstv. menntmrh. um að afla upplýsinga um þetta efni. Ég vænti þess að ráðherrann muni koma með upplýsingarnar áður en þessari umræðu lýkur.

[15:16]

Útbýting þingskjals:

Kjörfundir erlendis, 362. mál, svar dómsmrh., þskj. 693.

[15:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þótti nokkuð sérkennilegt að hlusta á þann ræðumann sem talaði á undan mér þegar hann var að tala um sérskólana og fleiri málefni þeim tengd. Að sjálfsögðu hefur mikil umræða átt sér stað um þessi málefni. Það var mikið um þetta rætt meðan grunnskólafrv. var í vinnslu á hinu háa Alþingi. Síðan þá höfum við, a.m.k þingmenn Reykjavíkur og m.a. þingkonur Kvennalistans verið að fylgjast með því hvernig þessum málum vindur fram hjá Reykjavíkurborg. Ég get upplýst og glatt þingmanninn með því að það er mjög mikill vilji hjá Reykjavíkurborg til að taka vel á þessum málum og náttúrlega stendur alls ekki til að útiloka nokkurt einasta barn frá þjónustu sem það hefur notið hingað til. Hins vegar er þetta spurningin um það hvort sveitarfélögin sem hafa notið þjónustu sérskólanna gera eitthvert samkomulag sín á milli. Það er auðvitað það sem er inni í umræðunni, að þau verði í samvinnu eða peningar fylgi barni sem fengi pláss í viðkomandi skóla. Tökum t.d. Heyrnleysingjaskólann, reyndar hefur nemendum fækkað mjög þar en hann mun væntanlega starfa fram. Auðvitað eru sveitarfélögin að reyna að vinna að þessum málum með eins farsælum hætti og hægt er. En það breytir ekki því að hér er

verið að gera grundvallarbreytingar á skólakerfinu með mjög stuttum fyrirvara. Ég held að við hljótum að vera sammála um að það er mjög stuttur fyrirvari sem sveitarfélögin hafa til þess að koma öllum þessum breytingum í kring.

Það fór reyndar eins og við spáðum, minni hlutinn í menntmn. sl. vetur þegar málið var til afgreiðslu, að ýmislegt mundi koma upp úr dúrnum eins og t.d. það hvað einsetning skólanna yrði sveitarfélögunum kostnaðarsöm og þá ekki síst þeim stærstu þar sem skólarnir eru hvað þéttsetnastir. Eins minnast þingmenn þess eflaust að hér varð mjög mikil rimma ekki síst vegna réttinda kennara. Það var reynt að girða fyrir réttindamissi og fyrirvaralausar breytingar með þeim fyrirvara sem settur var inn í lögin um að viðeigandi frv. yrðu komin fram áður en af breytingunni yrði.

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Ríkisstjórnin ætlar sér að hægja á í þeim breytingum sem hún hefur boðað á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna með því að setja lífeyrismálin í einhvers konar starfshóp eða nefnd þar sem opinberir starfsmenn komi að. Menn ætla sem sagt að athuga málið betur og ég hygg að m.a. þeir útreikningar sem hafa verið lagðir fram varðandi skerðingu á lífeyri opinberra starfsmanna hafi kannski valdið þar einhverju um og þau miklu og sterku mótmæli sem opinberir starfsmenn hafa haft í frammi. Þó að þetta sé fram komið, þá stöndum við eftir sem áður frammi fyrir því að það er búið að leggja fram á Alþingi nýtt frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í allmörgum atriðum ber ekki saman við þau lög sem hér á að fara að lögfesta um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda. Við hljótum að ítreka þá spurningu sem ég reyndar kom með í upphafi þessarar umræðu hvort það sé skynsamlegt og eðlilegt að mismunandi reglur ríki innan stéttarfélaga og á milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Þessi atriði eru ákaflega misveigamikil. Ég ætla að koma að örfáum hér á eftir.

Það sem menn eru að gera er að færa það ástand sem nú ríkir frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna óháð öðrum breytingum sem er verið að gera eða íhuga á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Og skal ég enn taka það fram að það er langt í frá að ég sé andvíg þeim breytingum. Þar horfir margt til bóta. En þar eru vissulega atriði sem þarf að skoða mjög gaumgæfilega og snerta einfaldlega kjör ríkisstarfsmanna. Mér finnst þetta vera spurning hvort það eigi að gera þetta svona. Þ.e. ef ég gef mér að frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nái fram að ganga með hugsanlega einhverjum breytingum, þá er svona atriði sem ég vil benda hæstv. menntmrh. á. Í frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er t.d. gert ráð fyrir því að það verði breyting á launagreiðslum, það verði farið að greiða laun eftir á. Ég verð að viðurkenna að ég skil alls ekki rök ríkisins fyrir því að breyta þessu. Það er rökstutt með því að þetta sé til samræmis því sem gildir á almennum vinnumarkaði. En í þessu frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnanda er gert ráð fyrir því að laun verði áfram greidd fyrir fram. Þetta er kannski ekkert atriði sem skiptir neinu stóru máli en spurningin er sú hvort það eigi ekki að vera svona gildandi og bara einfaldast og best að það sé nokkurn veginn sama kerfi ríkjandi.

Vinnubrögðin í sambandi við allt þetta mál sem er hugsanlega að leysast. Ég fæ ekki betur séð en það stefni í það að flutningur grunnskólans sé að komast í höfn. Það er greinilegt að það hefur náðst samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna eða sem stefnir í að þetta leysist allt saman varðandi fjármögnun grunnskólans. Viðurkenning ríkisins liggur fyrir varðandi þann kostnað sem mun lenda á sveitarfélögunum. Ef lífeyrismálin verða tekin til alvarlegrar skoðunar af ríkisstjórninni og stéttarfélögunum, þá er það langsamlega stærsta málið á ferðinni. Ef tekst að leysa það á næstu vikum þá hygg ég að þessi flutningur geti átt sér stað nokkuð átakalaust.

Þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið afar sérkennileg, samanber það að leggja fram þetta frv. þar sem nánast engu er breytt frá því sem nú er í gildi, reyndar eins og hafði verið gert samkomulag um við kennarana, en að vera svo að hinu leytinu að gera þessar töluvert miklu breytingar á ríkiskerfinu. Ég er þeirrar skoðunar að þær breytingar sem hugsanlega verða gerðar hjá ríkinu muni flytjast yfir til sveitarfélaganna. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt. Það verður mjög erfitt fyrir stéttarfélög að vera með hópa innan sinna vébanda sem eru að vinna sömu störfin en hafa mismunandi réttindi.

Það virðist stefna í það að samstarf sveitarfélaganna um rekstur grunnskólans verði sums staðar ekki eins mikið og maður hefði óskað eftir. Samkvæmt fréttum eða því sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sagði frá á fundi sem sambandið hélt um helgina, þá stefnir í að það verði 20 skólaskrifstofur á landinu, þ.e. skrifstofur sem yfirtaka verkefni fræðsluskrifstofanna. Það er mín ósk í þessu samhengi að sveitarfélögin hefðu komið sér betur saman um þennan rekstur og nýttu betur sameiginlega reynslu og krafta. Sannleikurinn er sá, hæstv. forseti, eins og kom vel fram í heimsókn hv. félmn. til Akureyrar nú á dögunum, að okkur er sem betur fer fleirum og fleirum að verða ljóst hvað fjöldi og smæð sveitarfélaganna er í raun og veru mikill þröskuldur fyrir eðlilegu samstarfi og eðlilegri þróun. Þetta er að koma upp í hverju málinu á fætur öðru þegar það gerist að verkefni eru flutt í æ ríkari mæli yfir til sveitarfélaganna. Þar má t.d. nefna skólamál og málefni fatlaðra sem auðvitað snerta skólamálin líka o.fl. o.fl. Ég held því að þessar breytingar sem verið er að gera knýi á um það að samvinna og samruni sveitarfélaganna verði meiri en orðið er.

Hæstv. forseti. Ég ætla að koma inn á örfá atriði í sjálfu frv. Eins og ég segi, það er eins og þeir hjá ríkinu hafi ekki fylgst með því sem verið var að gera á öðrum stöðum. Ég hefði gjarnan viljað sjá einstakar breytingar sem verið er að gera á lögunum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna í þessum lögum. Ég vil þar nefna t.d. eitt atriði sem snertir 7. gr., um það hvað geti orðið til þess að starfsmanni sé vikið úr starfi eða fái lausn frá stöðu. Í 7. gr., með leyfi forseta, er nefnd vankunnátta eða óvandvirkni í starfi. Ég hygg að þetta sé dæmt upp úr gildandi lögum. En í nýja frv. er tekið svolítið öðruvísi á þessu. Það tengist þeirri stefnu sem er að finna í grunnskólalögunum um að það eigi að fara fram innra mat í skólunum á því sem þar er verið að gera og reyndar mat eftirlitsaðila á því hvernig skólinn stendur sig. Ég held og ætla að beina því til nefndarinnar að bera saman þessar greinar. Spurningin er hvort það eigi að kveða fastar að orði varðandi það að fólk standi sig vel í starfi og standist það mat og þær kröfur sem gerðar eru til kennara. Þetta tengist hugmyndum um gæðastjórnun og fleira slíkt.

Annað atriði sem ég vil velta upp og vekja athygli á er varðandi 13. gr. þar sem er fjallað um það að starfsmanni skuli veitt lausn þegar hann er fullra 70 ára að aldri. Síðan koma aðrar reglur sem tengjast 95 ára reglunni eða öðrum réttindum sem fólk hefur áunnið sér.

Ég velti því mikið fyrir mér hvort þessi starfsmannastefna ríkisins, að binda starfslok við 70 ára aldur, sé rétt, sérstaklega þar sem ég veit að kennsla er ákaflega krefjandi starf. Ég hefði talið að það hefði þurft miklu meiri sveigjanleika varðandi það að kennarar geti hætt störfum. Ég vil setja spurningarmerki við þessa starfsmannastefnu. Ég held að það þurfi að viðurkenna það, eins og reyndar er gert varðandi ýmsar stéttir, að starf þeirra sé með þeim hætti að það sé ekki verjandi að menn sinni því mjög lengi. Þar má nefna t.d. flugumferðarstjóra og fleiri stéttir sem gerðar eru miklar kröfur til. Ég velti því fyrir mér hvort það þyrfti ekki að vera meiri sveigjanleiki varðandi starfslok kennara.

Í 14. gr. er komið inn á það atriði sem hv. síðasti ræðumaður nefndi áðan og snerti skólaskrifstofurnar, þ.e. hvort fólki fengi þar störf áfram. Reyndar fæ ég ekki séð annað en að allar þessar nýju skólaskrifstofur sem verða stofnaðar muni kalla á aukinn starfskraft og verður fróðlegt að sjá hvernig þeim tekst að sinna þeim kröfum og veita þá þjónustu sem skólaskrifstofum er ætlað að sinna. (Forseti hringir). Svona líður tíminn hratt, hæstv. forseti. Hann er bara búinn.

Ég verð að láta hér staðar numið en vil þó biðja forseta leyfis um að mega svara því sem ég ætlaði reyndar að koma inn á og varðar það síðasta sem fram kom í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þ.e. að menntun fari alla leið til foreldranna. Það er mál sem ég hefði viljað ræða af mikilli alvöru við þingmanninn og mun kannski gera síðar í þessari umræðu.

[15:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að verða við því að gefa þingmanninum tækifæri til að ræða það mál með því að opna andsvaraumræðu. Ef menn eru á þeirri skoðun að ríkið sé ekki lengur sá aðili sem best er fær um að veita grunnmenntun í landinu heldur annar aðili sem eðli máls samkvæmt byggir á þrengra viðhorfi, þ.e. sveitarfélagastigið, verðum við að skoða málið í heild. Það kunna að vera fleiri fletir á því sem eru þá kannski jafnáhugaverðir eða jafngildir og eiga sín rök fyrir því að menn ræði þá til fullnustu líka.

Ég nefndi í lok ræðu minnar áðan að ég teldi að menn ættu að skoða af fullri alvöru að gefa mönnum kost á að flytja skólann alla leið til foreldranna. Ég sé ekki að foreldrarnir séu verri aðili til að reka skóla en sveitarstjórnir, jafnvel ekki verri en ríkið. Ég minni á dæmi sem við höfum fyrir framan okkur um örðugleika í sveitarfélagi, þ.e. þvergirðingshátt meiri hluta sveitarstjórnar í Mývatnssveit sem nýtir afl sitt byggt á ýsmum staðarsjónarmiðum til að níðast á foreldrum í tilteknum hluta sveitarfélagsins. Ég tel að löggjafinn verði að hafa svigrúm fyrir foreldra til að taka málið úr höndum sveitarstjórna þegar allt stefnir í óefni. Hvers vegna ættum við að vatntreysta þeim til að reka skólann með venjulegum stuðningi ríkisins eins og sveitarfélögin munu fá í gegnum jöfnunarsjóð og tekjustofna? Ég sé ekki að það sé neitt verra. Þvert á móti, það gæti opnað nýjar leiðir í þessari flóru.

[15:35]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur í Mývatnssveit, en ég hygg að sveitarstjórnarmenn þar hafi kannski aðra sögu að segja en hv. þm. eins og hann túlkaði þau mál. Við verðum auðvitað að hafa í huga að við höfum takmarkaða peninga, við höfum takmörkuð fjárráð og það verður litlum sveitarfélögum erfitt að reka fleiri en einn grunnskóla. En ég vil minna á að það er ekkert í grunnskólalögunum sem bannar að stofna einkaskóla og þeir verða auðvitað að standast ákveðnar kröfur. Ég vil minna á að ég tók undir að slíkt yrði leyft því að ég vil eiga minn rétt til að stofna kvennaskóla og held því til haga þegar þar að kemur. En það sem mig langaði að segja við hv. þm. er að þessi hugmynd um að menntunin fari til foreldra hefur verið reynd, m.a. í Bandaríkjunum. Svona hugmyndir hafa verið uppi í kennslufræðum, en þar eru það fyrst og fremst sértrúarhópar sem hafa rekið þessa stefnu og hafa verið með hugmyndir þess eðlis að hvert foreldri fengi bara senda einhvers konar tilvísun eða tékka frá ríkinu og gæti síðan valið skóla fyrir barnið sitt sem kenni nógu kristilega og sé ekki að halda fram þróunarkenningunni og ýmsu sem þessum hópum er í nöp við. En flest hefur þetta dottið upp fyrir vegna þess að þeir skólar, sem hafa verið reknir á þessum forsendum, standast ekki þær kröfur sem bandarísk lög gera til skólastarfs.

Ég vil líka í þessu samhengi nefna að einn helsti kostur okkar norræna módels, sem á sér auðvitað áratuga og reyndar meira en aldarlanga sögu, gengur út á að hafa kerfi sem þjónar öllum, þar sem allir eiga kost á því að mennta sig. Það er meira en hægt er að segja um flest önnur þjóðfélög og ég held að það sé nokkuð sem við eigum að halda í. Þetta er dýrmætur kostur, en hvort það er ríkið eða sveitarfélögin er ekki stóra málið að mínum dómi, sérstaklega ef við göngum lengra í því að sameina sveitarfélögin.

[15:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja um þetta sem fram kom að í grunnskólalögunum er tekið skýrt fram að einkaskólar eigi ekki kröfu til styrks af almannafé. Þeir búa ekki við sömu skilyrði og skólar sem reknir yrðu samkvæmt nýju breytingunni af sveitarfélögum. Við sjáum það t.d. í Mývatnssveit. Sveitarstjórnin getur, samkvæmt núgildandi lögum og reglum um úthlutun almannafjár sem rennur til hennar til að halda uppi grunnskólakennslu, stöðvað það flæði og meinað fólki eða tiltekinni sveit, hvort sem það er suðurhluti Mývatnssveitar eða einhver önnur sveit á landinu, að taka við skólanum. Af hverju mega foreldrarnir ekki taka við skólanum ef sú staða er uppi sem þarna er og víðar á eftir að verða í framhaldi af þeirri vitlausu lagabreytingu að sveitarstjórnin neitar fólkinu um að hafa skólann á sínu svæði áfram? Menn verða að hafa eitthvert lágmark í því að foreldrar eða fólk í dreifðum byggðum geti brugðist við ósanngjörnum ákvörðunum sveitarstjórna, sem er auðvitað alltaf hætta á þegar menn færa málin á svona þröngan vettvang. Núgildandi lög eru allt of þröng og ég veit að það munu koma upp vandamál mjög fljótlega í framhaldi af þessari breytingu.

Því spyr ég: Þar sem slíkt verður, getur það þá ekki verið partur af því að halda friðinn eða finna lausn á málum að foreldrar geti á sína ábyrgð og með eðlilegum stuðningi rekið sinn skóla? Þarf endilega að einskorða hlutina við eitthvert sveitarstjórnarstig frekar en ríkið eða eitthvað annað?

[15:40]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég vitnaði til áðan sé ég ekki að það sé neitt sem mælir á móti því að fólk stofni einkaskóla. En það hljóta að vera takmörk fyrir því hvað hægt er að reka marga grunnskóla í einu sveitarfélagi og auðvitað hlýtur að verða að viðhafa skynsemi í þeim rekstri eins og annars staðar. Auðvitað var það ótti margra í litlu sveitarfélögunum

úti á landi að þeir myndu einmitt missa sinn skóla við þessa breytingu.

Menn eiga að skoða ýmsa kosti sem uppi eru, en ég vil skjóta því að svona undir lokið að hv. þm. að hann hefur gengið í smiðju til Ruth Richardson frá Nýja-Sjálandi sem er einn af boðberum Nýja-Sjálands-hugmyndafræðinnar eins og ég kalla hana. Hún heldur því einmitt fram að það eigi að færa kennsluna og skólana til foreldranna.

[15:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Frv. var samið með samþykki fulltrúa kennarasamtakanna sem síðar hafa lýst sig óbundna af samkomulaginu vegna fyrirhugaðra frumvarpa ríkisstjórnarinnar. Sum þeirra hafa þegar verið lögð fram um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, um lífeyrisréttindi og frv. um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Það kom fram í fyrri hluta þessarar umræðu sl. mánudag að hæstv. menntmrh. viðurkenndi það sjónarmið að ef réttindi kennara verði skert, verði að greiða þeim fyrir slíka skerðingu, eins og kennarar hafa reyndar sjálfir haldið fram. Kennarar, eins og aðrir opinberir starfsmenn, telja sig verr launaða en almenna launþega vegna þess að réttindi þeirra séu betri en gerist og gengur á almennum markaði. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Telur hann að þetta frv. leiði til þess að það komi í hlut sveitarfélaganna að greiða kennurum fyrir þau skertu kjör sem væntanlega koma til ef frv. um réttindi og skyldur nær fram að ganga?

Þótt hæstv. forsrh. hafi í morgun gefið yfirlýsingu um að breytingar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verði ekki þvingaðar fram á þessu þingi, frestast það varla lengur en fram á næsta haust og þá hugsanlega með einhverjum breytingum. Því finnst mér málið enn þá í óvissu nema til komi skýr yfirlýsing frá ríkisvaldinu um að það muni greiða kennurum fyrir það réttindatap sem umdeild frumvörp ríkisstjórnarinnar hafa í för með sér, hvenær sem þau verða samþykkt. Er hæstv. menntmrh. samþykkur þessum skilningi mínum eða telur hann óeðlilegt að ríkið greiði fyrir þessi skertu kjör?

Ég hef fullan skilning á afstöðu kennarasamtakanna um að þau geri kröfu til þess að réttindamál sín séu alveg á hreinu við flutninginn yfir til sveitarfélaganna, enda var það gert að skilyrði þegar grunnskólalögin voru samþykkt og flutningurinn yfir til sveitarfélaganna.

Eitt það réttindamál sem nú er mikið í umræðunni eru fyrirhugaðar breytingar á barnsburðarleyfi fyrir opinbera starfsmenn og þar með fyrir kennara, en reglugerð um barnsburðarorlof er einmitt prentuð sem fskj. með þessu frv. Þar sem ég hef ekki átt aðgang að nefnd sem vinnur að endurskoðun á reglum sem gilda um fæðingarorlof, þá hef ég heyrt mjög mikið að yfirvofandi sé skerðing á þessum rétti. Já, skerðing en ekki umbætur eins og ætla mætti að þjóðarsamstaða væri um. Því vil ég enn og aftur spyrja hæstv. menntmrh. hvort hugsanlegar breytingar á fæðingarorlofi, þá til skerðingar ef til kæmu, verði einnig hluti af því sem ríkið ætlar að borga fyrir eða láta sveitarfélögin borga fyrir.

Að lokum vil ég ítreka að það eru auðvitað fleiri sem eiga hagsmuna að gæta en kennarar í þessu máli. Þar á ég ekki síst við öll grunnskólabörn landsins, foreldra þeirra og sveitarfélögin. Ég er sjálf sannfærð um að það mun leiða til góðs að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna og vona svo sannarlega að sá flutningur verði að veruleika og frestist ekki. En hitt er alveg ljóst að þessi flutningur getur ekki og má ekki eiga sér stað nema í fullri sátt við kennara og samtök þeirra.

Að lokum vil ég aðeins geta þess að það væri mun skemmtilegra ef hægt væri að ræða þessi mál út frá framtíðarsýn um uppbyggingu grunnskólans, hvernig við viljum sjá grunnskólann í framtíðinni frá uppeldisfræðilegu sjónarhorni heldur en þurfa að vera í þessu karpi um réttindamál sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa því miður neytt okkur til.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er þá komið að lokum þessara umræðna og vil ég þakka hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í þeim með þeim hætti sem gerst hefur nú á síðustu klukkustundum sérstaklega. Umræðurnar hafa dregist á langinn eins og við vitum út af öðrum málum, en nú hafa hlutirnir skýrst þannig að það liggur allt ljóst fyrir sem við okkur blasir varðandi þetta mál.

Það sem hér er um að ræða er eins og ég hef margítrekað að lögfesta samkomulag sem hefur tekist á milli allra aðila sem að málinu hafa komið varðandi réttindi og skyldur kennara og skólastjóra þegar þeir flytjast frá ríkinu til sveitarfélaganna. Um þetta var góð sátt í sérstakri nefnd sem var skipuð til þess að vinna að málinu og síðan einnig í verkefnisstjórninni og síðan einnig á vettvangi ríkisstjórnarinnar og í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég tel því að þetta mál hafi gott brautargengi á hinu háa Alþingi og í raun og veru hefur ekki komið neitt fram í þessum umræðum sem bendir til þess að nokkur ágreiningur sé um efni frv. sem hér er til umræðu. Það sem menn hafa hins vegar gert að umtalsefni eru önnur frv. Það eru einkum þau þrjú sem ég þarf ekki að tíunda hér og sérstaklega upp á síðkastið hugsanlegt frv. um breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna.

Það sem gerðist í umræðunum í dag var að hæstv. forsrh. gaf mjög mikilvæga yfirlýsingu varðandi lífeyrissjóðsmálin sem ég tel að muni greiða mjög fyrir því að á ný takist eðlilegt samstarf á milli kennaranna, sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um framvindu þessa máls. Með leyfi hæstv. forseta vil ég rifja það upp sem hæstv. forsrh. sagði, að ríkisstjórnin muni ekki reyna að þvinga það fram að á þessu þingi verði í ósátt til að mynda við kennara gengið til þess verks að samþykkja hér frv. til laga um breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Og eins og hæstv. forsrh. sagði, þá telur hann og ég er honum sammála að með þessum málatilbúnaði eigi lífeyrisréttindamálin ekki að verða þröskuldur í vegi þess máls sem við erum að ræða, þ.e. flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Þetta er ákaflega mikilvægt og er í samræmi við sjónarmið sem formaður Kennarasambands Íslands, Eiríkur Jónsson, hefur haldið fram á fundum með ríkisstjórninni, einnig í viðræðum við mig, viðræðum við þingmenn Sjálfstfl. og í viðræðum við fjölmiðla um að lífeyrisréttindin og meðferð þess máls væri kjarnaatriði þegar um það væri að ræða hvort kennarar kæmu aftur til þess góða samstarfs sem þeir áttu við ríkisvaldið og sveitarfélögin um flutning grunnskólans.

Ég vil láta þess getið að ég átti fund á þriðjudaginn var með Eiríki Jónssyni og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem við fórum yfir stöðu málsins eftir að sveitarfélögin höfðu fjallað um samkomulagið við ríkið um kostnaðarþáttinn. Við skiptumst á skoðunum

og áttuðum okkur á því hvað þyrfti að gerast í málinu til þess að samstarfið yrði gott á nýjan leik. Ég tel eins og ég segi og ítreka að yfirlýsing hæstv. forsrh. greiði mjög fyrir því og hljóti að leiða til þess að menn taki aftur og enn á ný höndum saman um að vinna að þessu máli í góðri sátt. Það hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum ræður hv. þingmanna að þeir vilja eins og ég og eins og ríkisstjórnin og eins og sveitarfélögin, að sem best samkomulag og samvinna verði við kennara um málið núna á lokasprettinum. Það er rétt mat sem hefur komið fram hjá hv. þingmönnum ýmsum í ræðum þeirra um þetta mál að með samkomulaginu sem náðist á milli ríkisins og sveitarfélaganna var smiðshöggið rekið á það að þessi áform næðu fram að ganga í samræmi við það sem samþykkt var á Alþingi 25. febr. 1995 og grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna 1. ágúst nk.

Varðandi spurningar sem fyrir mig hafa verið lagðar, síðast af hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, vil ég taka fram að það sem ég sagði er að með því að lögfesta frv. eins og við erum að leggja til, er sköpuð réttarstaða og réttartengsl á milli sveitarfélaganna og kennaranna sem gerir kennurunum kleift í samningum við sveitarfélögin að ná fram þeim sjónarmiðum sem þeir hafa haldið fram um það að skerðingu á réttindum eigi að bæta í launum. Það eru þeir tveir aðilar sem hljóta að semja um það þegar þetta nær fram að ganga. Það verður ekki ríkið sem kemur að þeim samningum heldur er það samningsatriði milli kennaranna og sveitarfélaganna og á þeim grunni sem frv. mælir fyrir um. Það er það sem ég var að tala um en ekki spurningin um það hvaða hlut ríkið ætti að því máli eftir að kennararnir eru orðnir starfsmenn sveitarfélaganna eins og að er stefnt.

Sama á við um breytingar á fæðingarorlofi. Ég er ekki kunnugur því máli. En ef það varðar samskipti sveitarfélaganna og kennara, þá er það samningsatriði á milli þeirra aðila. Við flytjum fæðingarorlofsréttinn yfir með frv. Eins og kemur fram eru fylgiskjöl með frv. reglugerðir um þau atriði þannig að það mál er hluti af þessu, þeirri réttarstöðu sem kennurunum er sköpuð gagnvart sveitarfélögunum á grundvelli samkomulagsins og á grundvelli þessa frv. Þar verður síðan um samskipti kennara og sveitarfélaga að ræða eftir að þeir hafa orðið starfsmenn sveitarfélaganna þar sem ríkisvaldið þarf í sjálfu sér ekki að koma að. Tillit hefur verið tekið til þessa í kostnaðarmatinu og þeim fjármunum sem verða fluttir frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði mig um réttindi og réttarstöðu starfsmanna fræðsluskrifstofanna. Ég sagði að mig skorti gögn til þess að svara því nákvæmlega. Síðan fyrirspurnin kom fram hef ég m.a látið senda til mín bréf sem ég fékk afrit af og var sent til verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskólans og er undirritað af formanni Kennarasambandsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna þar sem þeir fjalla um þetta mál eins og það horfir við þeim. Með leyfi hæstv. forseta finnst mér nauðsynlegt að lesa þetta bréf þannig að menn átti sig á því í hvaða stöðu málið er og hvernig hugsanlegt er að leysa það. Það greinir frá því hvaða hugmyndir hafa komið fram varðandi réttarstöðu þessara starfsmanna. Með leyfi forseta er bréfið svohljóðandi:

„Neðangreind samtök vilja vekja athygli verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga á því að enn er algerlega óljóst um stöður og réttindi starfsmanna á fræðsluskrifstofum. Samtökin telja að þessir starfsmenn eigi siðferðilega sama rétt og grunnskólakennarar til áframhaldandi starfa og óskertra réttinda, þrátt fyrir að störf þeirra séu nú færð frá ríki til sveitarfélaga með öðrum hætti en störfin í grunnskólum. Samtökin leggja þess vegna til:

1. Að verkefnisstjórnin geri nú þegar tillögur um hvernig störfin á fræðsluskrifstofum verði færð yfir til hlutaðeigandi sveitarfélags/sveitarfélaga í hverju tilviki fyrir sig, enda er aðeins um rúmlega 70 starfsmenn að ræða.

2. Að núverandi starfsmönnum á fræðsluskrifstofum verði boðin störf og tryggður að öðru jöfnu forgangur til þeirra.

3. Að gert verði sérstakt samkomulag milli hlutaðeigandi samningsaðila um réttarstöðu þessara einstaklinga (starfsmenn Landakots) sem feli í sér að þeim verði tryggð algerlega sambærileg og óskert réttindi miðað við það sem þeir hafa í dag, bæði með tilliti til laga nr. 38/1954, ásamt reglugerðum um barnsburðar- og veikindaleyfi, og laga nr. 29/1963, um lífeyrisréttindi, og feli þetta í sér að þessir starfsmenn fái ekki biðlaun við flutninginn.

4. Að í þeim tilvikum þar sem ómögulegt reynist að tryggja starfsmönnum sambærilegt starf fái þeir yfirlýsingu um rétt sinn til biðlauna og hugsanlegan forgang að nýju starfi í faggrein sinni á vegum ríkis eða sveitarfélaga.

Samtökin hvetja verkefnisstjórnina til að hefjast strax handa í þessu verkefni þar sem ýmis sveitarfélög eru þegar búin að auglýsa umrædd störf laus til umsóknar."

Þetta eru hugmyndir formanna stéttarfélaganna. En eins og ég sagði þá er hér um 70 starfsmenn að ræða úr mismunandi stéttarfélögum og réttindin eru því mismunandi. Þetta bréf barst verkefnisstjórninni fyrir rúmum mánuði og ég tel víst að hún muni taka á þessu máli. Ég sé ekki annað en í bréfinu felist hugmyndir um lausn á því sem sé viðunandi fyrir alla aðila. En ríkisvaldið hefur takmarkað svigrúm til að gefa yfirlýsingar um þetta því þetta er spurningin um það á hvaða kjörum þeir verða ráðnir til sveitarfélaganna. Málið er í þessum farvegi og það verður tekið á því í verkefnisstjórninni og ég efast ekki um að það verður leitt til lykta með góðu samkomulagi eins og önnur mál.

En að því er biðlaunaréttinn varðar sem hv. þm. spurði sérstaklega um, þá kemur hér hið sama fram og ég sagði, að svo framarlega sem starfsmennirnir fá sambærileg störf með sambærilegum réttindum eigi þeir ekki að öðlast biðlaun. Að því leyti svaraði ég því fyrirspurninni efnislega rétt þótt ég hefði ekki við höndina þetta bréf sem ég hef nú lesið þar sem þessum vanda er lýst. Verkefnisstjórnin er að fjalla um þetta og mun vafalaust komast að niðurstöðu. Ég árétta það sem ég sagði, að ef þingmenn vilja fá glöggar og nákvæmar upplýsingar um það hvernig að þessum málum er staðið, þá hvet ég til þess að formaður verkefnisstjórnarinnar og fulltrúar sveitarfélaganna séu kallaðir til því að þeir hafa betri yfirsýn yfir þetta. Þótt fjmrn. og félmrn. hafi að sjálfsögðu glögga sýn er málið í höndum menntmrn. og sveitarfélaganna að því er heildaryfirsýnina varðar þannig að þar geta menn fengið upplýsingar um það hvernig málið stendur.

En eins og ég sagði, herra forseti, vil ég þakka þessar umræður. Þær hafa dregist á langinn en þegar upp er staðið tel ég að það hafi ekki orðið málinu til tjóns. Þvert á móti hefur komið fram í umræðunum mikilvæg yfirlýsing af hálfu hæstv. forsrh. sem að mínu mati gerir okkur kleift að starfa áfram að þessu mikla máli í góðri sátt. Ég vona að sá andi ríki einnig innan hv. menntmn. þegar hún tekur málið til afgreiðslu þannig að það megi vinna að því áfram í þeim anda sem náðist í febrúar á síðasta ári þegar grunnskólalögin voru samþykkt samhljóða af þingmönnum og það verði

unnið að málinu í samræmi við þann vilja allra sem hér hafa talað nema eins þingmanns, að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaga.

[15:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin við fyrirspurn minni. Hann hefur gefið þau svör sem hann getur best á þessari stundu. En ég vek athygli á því að svörin leiða fram eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er ósamið. Þetta er ófrágengið mál milli ríkisins, sveitarfélaga og stéttarfélaganna.

Í öðru lagi tel ég rétt að árétta kjarnann í þessu máli sem er þessi: Það er verið að leggja niður störf á fræðsluskrifstofum ríkisins. Þau störf eru lögð niður. Samkvæmt lögum öðlast þeir starfsmenn því rétt til biðlauna hjá ríkinu. Síðan verða stofnaðar aðrar skrifstofur hjá öðrum aðila sem heitir sveitarfélög. Spurningin er: Býðst sá aðili til að ráða þá í vinnu sem missa starf sitt hjá ríkinu gegn því að viðkomandi persóna afsali sér réttindum hjá ríkinu? Um þetta snýst málið. Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort ríki og sveitarfélög geti samið um þetta sín í milli. Eins og ég skil þessi biðlaunaréttindi þó að ég sé á engan hátt að segja að ég sé sammála því hvernig þau eru, þá eru þetta réttindi sem menn öðlast við tilteknar aðstæður sem eru uppi og hver persóna á. Ef þetta er réttur skilningur minn er ekki hægt að gera kröfu til þess af hálfu annars aðila, þ.e. sveitarfélags, að viðkomandi persóna afsali sér réttindum hjá ríkinu til að fá starf hjá sveitarfélögunum.

[16:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom er um 70 starfsmenn að ræða. Það hefur einnig komið fram í umræðunum að í staðinn fyrir fræðsluskrifstofurnar sem hafa verið í hverju kjördæmi, átta talsins, er ætlunin að stofna um 20 skrifstofur til þess að veita sömu þjónustu. Sveitarfélögin hafa staðið þannig að málinu. Ég tel engan vafa á því að starfsmenn fræðsluskrifstofanna ættu að geta fengið störf við hæfi.

Ef ekki semst um þetta með öðrum hætti kann það að vera einstaklingsbundið á milli viðkomandi sveitarfélags og starfsmannsins hvernig gengið er frá þessum samningum en í bréfinu sem ég las upp kemur fram hjá formönnum stéttarfélaganna að þeim finnst ekki óeðlilegt að ef starfsmennirnir glati einskis í þeim rétti sem þeir hafa fái þeir ekki biðlaun frá ríkinu eftir að hafa fengið sambærilegt starf með sömu réttindum hjá sveitarfélögum þannig að málið liggur þannig fyrir.

Að lokum verður líklega um einstaklingsbundna samninga að ræða en menn hljóta náttúrlega að vilja taka mið af þessum aðstæðum þegar þeir ráða menn í vinnu og það er sveitarfélaganna að gera það og ganga þannig frá samningum við menn að allir séu sáttir þegar samið er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 630.

[16:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um það sem ýmist hefur verið nefnt upplýsingaréttur almennings eða upplýsingaskylda stjórnvalda eftir því hvernig á það er litið en lagt er til að mætist hér í öllu hlutlausara heiti og nefnist einfaldlega upplýsingalög. Frv. er samið í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar af nefnd sérfræðinga sem var reyndar skipuð í tíð fyrri ríkisstjórnar til að vinna að nokkrum grundvallarumbótum á stjórnsýslu hins opinbera. Í nefndinni eiga sæti Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Gunnar Jóhann Birgisson hæstaréttarlögmaður og Páll Hreinsson, sérstakur aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Hefur sama nefnd áður samið frv. til stjórnsýslulaga sem Alþingi hafði til meðferðar á 116. löggjafarþingi og samþykkti lítt breytt á útmánuðum ársins 1993. Tókst þar í þriðju tilraun að undangengnum tveimur ályktunum Alþingis að setja stjórnsýslunni almennar málsmeðferðarreglur með lögum.

Stjórnsýslulögin geyma reyndar einnig ákvæði um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Þau takmarkast þó af gildissviði þeirra laga þannig að þau taka aðeins til upplýsinga réttaraðila að máli sem er til meðferðar hjá stjórnvöldum.

Meginregla þessa frv. mælir hins vegar fyrir um aðgang að upplýsingum um mál óháð aðild að því og hvenær það hefur verið til meðferðar jafnframt því að sérstakur kafli tekur á aðgangi þess er upplýsingar varðar án þess að mál hans sé til meðferðar. Í þessu ljósi má e.t.v. segja að frv. myndi eins konar framhald af aðgangsákvæðum stjórnsýslulaganna og tengist þeim með þessum hætti. Áhuga á og tilraunir til að setja upplýsingalög má þó rekja enn lengra aftur en stjórnsýslulög í sögu þessarar stofnunar eða allt til ársins 1969 að till. til þál. um upplýsingaskyldu stjórnvalda kom fyrst fram á Alþingi. Sú tillaga var tvívegis endurflutt áður en hún var samþykkt í maí 1972 en þetta mun vera í sjötta skipti sem stjfrv. þessa efnis er lagt fyrir Alþingi til efnislegrar meðferðar. Áform um setningu slíkra reglna hafa verið boðuð í málefnasamningum og stefnuyfirlýsingum allra ríkisstjórna sem setið hafa frá árinu 1988 og umboðsmaður Alþingis hefur í erindum bæði til mín og fyrirrennara míns í embætti hvatt til lagasetningar um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Fyrri frumvörp hafa hlotið misgóðar undirtektir á hinu háa Alþingi, allt frá því að vera dræmar við fyrstu frumvörpunum til þess að vera kröftuglega gagnrýnd. Sú gagnrýni virðist þó einkum hafa beinst að samspili meginreglu þessara frumvarpa um óheftan aðgang að opinberum gögnum við þær undanþágur sem gera verður og hversu víðtækar þær eigi að vera. Minna hefur hins vegar farið fyrir umræðu um þjóðfélagslega nauðsyn lagareglna sem þessara og hver markmið þeirra eigi að vera.

Það hefur til skamms tíma einkennt og að ég hygg bagað stjórnsýslu hins opinbera að starfslið þess hefur ekki búið að settum reglum um aðgang að upplýsingum í vörslu stjórnvalda og virðist reyndar vera algengara að starfsskilyrði þeirra séu vörðuð á hinn veginn með þagnarskylduákvæðum, ýmist almenns eðlis eða um sérgreind tilvik, sbr. fylgiskjöl 1 og 2 með frv. þessu. Á einstökum sviðum hafa þó á síðustu árum verið sett lagaákvæði sem tryggja rétt almennings til aðgangs að tilteknum gögnum, sbr. skrá þá sem fylgir frv. þessu sem fskj. 1 en þegar þeim sleppir hefur ríkt um það mikil réttaróvissa að hvaða marki almenningur á rétt til aðgangs að slíkum upplýsingum og e.t.v. hægt að segja að ekki hafi verið um nokkurn rétt að ræða í því samhengi. Hefur þá verið byggt á almennum og óskráðum reglum stjórnsýsluréttarins um að stjórnvöldum sé oft heimilt að veita almenningi

aðgang að gögnum í ríkara mæli en leiðir af beinum rétti þess er upplýsinganna beiðist enda standi sett ákvæði um þagnarskyldu því ekki í vegi. Það sér hver maður að þarna getur verið um þröngratað einstigi að fara sem varðar getur ábyrgð ef rangt er að staðið.

Sé um flókið mál að ræða hefur vart verið á færi nema þjálfaðra sérfræðigna að leysa úr því á ólögfestum grundvelli. Réttaróvissa á þessu sviði hefur valdið töfum og stundum harðvítugum deilum um úrlausn mála, hamlað því að samræmd framkvæmd hafi komist á, jafnvel ýtt undir að gögnum sé í vafatilvikum haldið leyndum umfram það sem þörf er á. Það er því með öllu rangt, sem stundum hefur verið haldið fram, um frumvörp þessa efnis að þau standi til að þrengja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum frá stjórnvöldum. Þvert á móti standa reglur sem þessar til að tryggja almenningi þennan rétt og þarf brýnar ástæður til að eitthvað verði undan þeim rétti tekið.

Ein forsenda þess að unnt sé að tala um lýðræðislega stjórnarhætti er sú að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almenningsþágu. Slíkan aðgang hafa borgararnir að fundum á hinu háa Alþingi eins og þeir eiga stjórnarskrárvarinn rétt til og sama á að meginreglu við um þinghald dómstóla. Sama aðferð verður af augljósum ástæðum ekki almennt viðhöfð um starfsrækslu framkvæmdarvaldsins enda þótt sömu sjónarmið eigi ekki síður við um þá starfsemi sem þar fer fram. Það þarf þó ekki að koma í veg fyrir og á ekki að standa því í vegi að almenningur geti fylgst með athöfnum stjórnvalda, ýmist beint eða fyrir milligöngu fjölmiðla. Slíkur aðgangur gefur almenningi kost á að kynna sér viðfangsefni stjórnvalda og mynda sér á þeim skoðun á hlutlægum grundvelli og ætti yfirleitt að veita fjölmiðlum betri möguleika á að sinna hlutverki sínu í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Þá eru lögfestar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda til þess fallnar að auka á aðhald með starfsemi stjórnsýslunnar. Með lögunum opnast sú leið að fá upplýsingar um áður afgreitt mál hjá stjórnvöldum svo hægt sé að meta hvort stjórnvöld hafi gætt samræmis og jafnræðis við úrlausn mála. Þannig stuðla meginmarkmið frv. að því að styrkja lýðræðislega stjórnarhætti og réttaröryggi stjórnsýslu hins opinbera auk þess sem þau ættu þegar best lætur að auka tiltrú almennings á að stjórnvöld séu hlutverki sínu vaxin.

Í samræmi við þessi markmið er með þessu frv. lagt til að lögfest verði sú meginregla að stjórnvöldum sé skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum máls þegar eftir því er leitað. Rétt er hins vegar að geta þess sérstaklega að ekki er nein skylda lögð á herðar stjórnvöldum að veita slíkar upplýsingar að eigin frumkvæði né heldur að taka saman eða búa til upplýsingar sem liggja ekki fyrir.

Frv. tekur heldur ekki á rétti eða skyldu stjórnvalds til að láta öðru stjórnvaldi í té upplýsingar og almennt er ekki tekin til þess afstaða hvernig veittar upplýsingar eru notaðar en um það gilda eftir því sem við á réttarreglur í öðrum lögum, svo sem höfundalögum og almennum hegningarlögum. Frumvarpshöfundar hafa leitast við að setja fram eins auðskilinn texta og frekast er kostur. Meginreglur eru einfaldar og skýrar og undantekningum mjög í hóf stillt og orðaðar með almennum hætti. Við undirbúning málsins hafa þeir kynnt sér fyrri frumvörp sama efnis og leitast við að mæta þeirri gagnrýni sem þau sættu, einkum það sem síðast kom fram.

Annars staðar á Norðurlöndum og í öðrum vestrænum ríkjum hafa fyrir löngu verið sett sambærileg lög og síðast í morgun voru mér sýnd lög þeirra Færeyinga um innlit í stjórnsýsluna sem þar tóku gildi um leið og stjórnsýslulögin okkar í ársbyrjun 1994. Þessa löggjöf, einkum hina norsku og dönsku, hafa höfundar kynnt sér og dregið af viðeigandi lærdóm miðað við þann veruleika sem aðstæður hér búa íslenskri stjórnsýslu og sjálfsagt er að taka tillit til. Víðtækt samráð hefur verið haft við helstu hagsmunaaðila á ýmsum stigum undirbúnings og er mér tjáð að allgóð samstaða hafi náðst um þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir svo að allflestir geti við unað.

Mun ég nú, herra forseti, víkja nokkrum orðum að einstökum greinum frv. eins og ég tel að tilefni sé til en vísa að öðru leyti til ítarlegra athugasemda sem fylgja greinunum. Gildissvið frv. er hið sama og stjórnsýslulaga að því leyti að það tekur til allrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. þeirrar starfsemi sem handhafar framkvæmdarvaldsins hafa með höndum samkvæmt þeirri þrískiptingu ríkisvaldsins sem leiðir af 2. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki skiptir hins vegar máli hvers eðlis sú starfsemi er og verður gildissvið upplýsingalaga að því leyti víðtækara en stjórnsýslulaga en þau gilda aðeins um töku stjórnvaldsákvarðana. Ákvæði frv. ná einnig til þeirra einkaaðila sem falin hefur verið meðferð opinbers valds en eðli málsins samkvæmt falla löggjafarstörf og starfsemi Alþingis og stofnana þess utan ramma laganna, svo og dómstörf. Þá eru lagaskil og gildissvið samkvæmt öðrum lögum afmörkuð í 2. gr. frv.

Meginregla frv. er tíunduð í upphafsákvæði II. kafla og felst í aðalatriðum í því að einstaklingar og lögaðilar, þar með taldir fjölmiðlar, eiga lögum samkvæmt rétt til aðgangs að gögnum mála innan stjórnsýslunnar án þess að þurfa að sýna fram á tengsl við málið eða aðila þess og án þess að þurfa að sýna fram á hagsmuni af því að fá að nota umbeðnar upplýsingar. Þessi meginregla gildir óskorað innan gildissviðs laganna og víkur innan þess aðeins fyrir þeim takmörkunum og undanþágum sem eru taldar tæmandi í 4.–6. gr. frv. Þær eru afmarkaðar með tvennum hætti. Annars vegar formlega þannig að tiltekin gögn sérstaks eðlis eru undanþegin upplýsingarétti í 4. gr. en hins vegar efnislega í 5. og 6. gr. þannig að ríkir almanna- eða einkahagsmunir standi því vegi að upplýsingar verði veittar.

Ég nefndi fyrr í máli mínu að sá mótbyr sem fyrri frumvörp um sama efni hafa mætt hafa einkum beinst að þessum undanþáguákvæðum. Mönnum hafa þótt þau of fyrirferðarmikil í samanburði við meginregluna. En hér er það einmitt hún sem kemur til hjálpar þar sem undanþáguákvæðin ber að sjálfsögðu að skýra með hliðsjón af meginreglunni sem leiðir til að þau ber að skýra þröngt. Jafnframt er með ýmsum hætti dregið úr áhrifum undanþáguákvæðanna eftir því sem aðstæður leyfa. Þannig er í 7. gr. mælt fyrir um að veita skuli aðgang að öðrum hluta skjals en þeim, sem undanþáguákvæði kann að taka til.

Í 3. mgr. 3. gr. er lagt til að fest verði í lög sú óskráða regla sem stjórnvöld hafa hingað til stuðst við og nefnd hefur verið reglan um aukinn aðgang að gögnum. Af henni leiðir að stjórnvöldum verður eftir sem áður heimilt að veita rýmri aðgang að gögnum en leiðir af meginreglu laganna og þeim undantekningum sem hún sætir svo fremi að þagnarskylduákvæði í öðrum lögum standi því ekki í vegi.

Loks eru í 8. gr. ákvæði um að veita skuli aðgang að undanþegnum gögnum að tilteknum tíma liðnum. Er þá litið

svo á að hagsmunir sem undanþáguákvæðum er ætlað að verja hafi ekki ævarandi gildi og dvíni með árunum. Skuldbindingar ríkisins samkvæmt þjóðréttarsamningum ganga þá ákvæði þessu framar eins og á er hnykkt í lagaskilareglu 2. mgr. 2. gr. frv.

Það er, herra forseti, einlæg skoðun mín að öllu lengra verði ekki gengið, eða ætti ég að segja komist, í að opna stjórnsýsluna og veita aðgang að þeim upplýsingum sem þar er að finna. Má jafnvel vera að sumum þyki að of langt sé gengið í einhverjum tilvikum og hef ég þá sérstaklega í huga að þau tímamörk sem eru sett í síðari mgr. 8. gr. kunni að reynast of stutt. Það mál hlýtur að koma til skoðunar í hv. nefnd sem málið fær til meðferðar. Við hljótum að viðurkenna að þörf er á að vernda ákveðnar upplýsingar fyrir óviðkomandi aðgangi og eins margvísleg og stjórnsýslan er verður vart nær þeim komist eða þær skilgreindar nánar en gert er í 4.–6. gr. frv.

Þá er í V. kafla leitast við að ryðja úr vegi öðrum ásteytingarsteini í gagnrýni á fyrri frumvörp þar sem lagt er til að sett verði á stofn sérstök úrskurðarnefnd um þau ágreiningsmál sem upp koma þegar stjórnvald synjar um aðgang að gögnum, en beiðandi þeirra vill ekki við það una. Eftir almennum reglum stjórnsýslulaga mundi slíkri synjun verða skotið til æðra stjórnvalds og yfirleitt enda á borði ráðherra eða eftir atvikum dómstóla. Enda þótt ég sé almennt mótfallinn því að völd ráðherra séu frá þeim tekin og þar með skert sú ábyrgð sem einungis þeir geta borið gagnvart Alþingi, get ég fallist á að sú leið sem hér er lögð til búi yfir kostum og svari ákveðnum kröfum sem ekki er jafnauðvelt að verða við innan hins eiginlega stjórnkerfis. Með þessum hætti verður almenningi gert kleift að fá endanlega úrlausn mála sinna hjá óháðum aðila, sem ekki verður sakaður um að eiga annarra hagsmuna að gæta, með einföldum og skjótvirkum hætti. Jafnframt standa vonir til að úrskurðir slíkrar nefndar verði til að móta og fylla ákvæði laganna þannig að venjur skapist og fordæmi um samræmda framkvæmd þeirra með hraðari og öruggari hætti en ella. Skýr efnisrök mæla þannig með þessari leið og þess vegna get ég lagt eindregið til að til hennar verði stofnað. Eftir sem áður verður heimilt að bera úrskurði hennar eins og annarra stjórnvalda undir dómstóla.

Eins og getið var hér að framan tengist upplýsingaréttur stjórnsýslulögum á þann hátt að þar er kveðið á um aðgang aðila að máli sem tekin verður stjórnvaldsákvörðun um. Í öðrum tilvikum kunna einstaklingar og lögaðilar að eiga réttmætari hagsmuni umfram aðra af því að fá upplýsingar sem varða þá sjálfa sérstaklega og réttlæta að þeir hagsmunir standi til að veita þeim rýmri aðgang en ella mundi vera. Af þessum sökum er lagt til að sérstök ákvæði gildi þegar svo háttar til í 9. gr. frv.

Loks vil ég víkja að því sem telja verður til frumforsendna þess að lög sem þessi nái markmiðum sínum og virki í framkvæmd. Það er ekki aðeins nauðsynlegt að stjórnvöld varðveiti í gögnum mála hvaða afgreiðslu þau hafa hlotið, heldur verður skráning og flokkun skjala og annarra gagna að vera með þeim hætti að unnt sé að glöggva sig á hver gögn máls eru og hvar þau eru geymd. Mikilvægt er því að ákvæði um varðveislu gagna og málaskránigu verði annað og meira en orðin tóm og þess vegna er í 22. gr. að finna einu reglugerðarheimildir þessa frv. til að samræma skjalastjórn hjá stjórnsýslu ríkisins eða eftir atvikum á einstökum sviðum hennar.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginmarkmiðum og aðalákvæðum frv. þessa og hef ekki dregið dul á nauðsyn þess að sett verði löggjöf af þessu tagi, einkum til að styrkja lýðræðislega stjórnarhætti í landinu og efla réttaröryggi borgaranna. Jafnframt er ástæða til að ætla að ákvæði slíkrar lagasetningar ættu að stuðla að aukinni hagkvæmni í skráningu og varðveislu gagna hjá hinu opinbera og auka skilvirkni í stjórnsýslu þegar til lengri tíma er litið.

Þegar frv. til stjórnsýslulaga var samþykkt hér á Alþingi fylgdu því einnig tilmæli til stjórnvalda frá hv. allshn. um að vel þyrfti að standa að kynningu þeirra jafnt fyrir almenningi sem starfsliði stjórnsýslunnar. Af því tilefni gekkst forsrn. fyrir umfangsmikilli fræðslu- og útgáfustarfi í tengslum við gildistöku þeirra. Ég hygg að ekki sé síður ástæða til að standa vel að kynningu þessara laga verði frv. samþykkt og leyfi ég mér því að beina því sérstaklega til hv. nefndar að taka þennan þátt málsins einnig til umfjöllunar.

Herra forseti. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta frv. og til þess vandað á allan hátt. Ég ítreka að höfundar þess hafa kappkostað að eiga náið samráð við aðra sérfræðinga og hagsmunaaðila á þessu sviði og kynnt þeim hugmyndir sínar og tillögur á ýmsum stigum. Það er því full ástæða til að ætla að breið samstaða megi nást um þetta mál að þessu sinni og bind ég vonir við að takast megi að afgreiða það á þessu þingi.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með að þetta frv. skuli vera fram komið. Það hefur lengi verið beðið eftir því að frv. af þessu tagi kæmi fram. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. er alllangt um liðið síðan tillögur voru fyrst ræddar um þessi málefni á Alþingi og reyndar samþykkt að láta vinna verk ef þessu tagi. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé um afar vandaða vinnu að ræða. Þetta er málefni sem snertir einstaklinga sem þurfa og vilja leita sér upplýsinga um ákveðin málefni, en þetta kemur líka inn á starfssvið ákveðinna stétta og hópa eins og t.d. sagnfræðinga og blaðamanna. Ég held að það sé ákaflega æskilegt og gott að það sé skilgreint í lögum hver réttur fólks til að afla sér upplýsinga er og hvað á að banna.

Það var aðeins eitt atriði í þessu frv. sem ég var að velta fyrir mér og það er þetta sem víkur að takmörkunum á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna. Sem sagnfræðingur hef ég oft orðið vör við það og rekist á það sjálf að það vakna spurningar varðandi ýmis gögn sem hafa veri innsigluð til áratuga og ekki verið hægt að komast í. Ég gæti þar t.d. nefnt gögn sem snerta heimsstyrjöldina síðari og þá rannsókn sem hér fór fram á einkahögum fólks, þ.e. úttekt á „ástandinu" svokallaða og þeim stúlkum sem þar komu við sögu. Öll þau gögn hafa verið innsigluð og verða ekki opnuð fyrr en einhvern tíma á næstu öld, þ.e. einhver hluti þessara gagna. En hér eru settar reglur um þetta. Í 4.–6. gr. er skilgreint hvaða upplýsingar verði takmarkaðar og í 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Veita skal aðgang að öðrum gögnum sem 4.–6. gr. taka til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til, að frátöldum upplýsingum er varða einkamálefni einstaklinga en aðgang að þeim skal fyrst veita að áttatíu árum liðnum frá því að þau urðu til."

Nú er þetta auðvitað allt spurning um hvað er eðlilegt og rétt. Hvort 30 ár og 80 ár eru réttu tölurnar skal ósagt látið, ég ætla ekki að gera neina sérstaka athugasemd við það. En ég get nefnt það hér að ég hef stundum velt því fyrir mér hvort mönnum á að vera mögulegt að birta ýmis konar persónulegar upplýsingar um fólk þegar í mesta lagi eru kannski komnar tvær kynslóðir frá því að viðkomandi einstaklingur lést. Ég get nefnt sem dæmi ýmislegt sem fram kemur í ævisögu Jónasar frá Hriflu eftir Guðjón Friðriksson. Þar eru birtir langir kaflar úr bréfum og ýmsar persónulegar upplýsingar og maður veltir því stundum fyrir sér hvort satt megi ekki kyrrt liggja. En sú viðmiðun sem hér er að finna er eitthvað sem nefndin þarf að skoða og eðlilegt að hafa þetta í samræmi við það sem gengur og gerist hjá öðrum ríkjum. Almennt talað vil ég fagna þessu frv. og lýsi yfir stuðningi mínum við það. Ég vona að sú ákaflega önnum kafna allshn. gefi sér tíma til að vinna þetta mál. Ég get nefnt það einu sinni enn að það er ákveðið áhyggjuefni hvað hleðst gífurlega mikið starf á þá nefnd. Stjórn þingsins verður að fara að skoða hvort ekki er hægt að jafna vinnuálag eitthvað meira og betur en gert er, þannig að mál af þessu tagi sem ég tel ákaflega gott dagi ekki uppi vegna þess hve nefndin hefur gríðarlega mikið verk að vinna.

[16:28]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil fagna framlagningu þessa máls. Ég tel að það sé vel úr garði gert og að í frv. sé gætt nokkuð góðs innra jafnvægis. Mér finnst þetta frv. einnig rökrétt framhald af samþykkt stjórnsýslulaga sem samþykkt voru á síðasta kjörtímabili og komi til með að fylla vel út í þá lagabálka sem fjalla um réttindi einstaklinga gagnvart stjórnkerfinu.

Hins vegar er það svo að það eru oft mál eins og þessi sem varða grundvallarréttindi einstaklinganna í þjóðfélaginu sem ekki fá eins mikla umræðu og dægurmálin. Það sést m.a. á því hve fáir þingmenn eru viðstaddir í dag og finnst mér það afar miður. Ég vona hins vegar að það muni frekar leiða til þess að þingmenn starfi betur að þessu máli í nefnd, það fái góðan og skilvirkan framgang í þinginu og verði til eins mikils framdráttar fyrir einstaklinginn gagnvart hinu opinbera og mér sýnist að stjórnsýslulögin hafi verið.

[16:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls um frv. þetta fyrir undirtektir þeirra. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði. Það er mikið sem hleðst á hv. allshn. Ég vil nefna það sérstaklega, sem reyndar er getið um í greinargerð með frv., að það var lögð fram á 118. þingi skýrsla frá mér um þetta frv. og það yrði meginefni þess sem gæti kannski flýtt fyrir vinnu við frv.

Varðandi þá efnisathugasemd sem hún nefndi um tímasetningar þar sem um er að ræða viðkvæm einkamál nefndi ég það einmitt í framsöguræðu minni að þetta væri atriði sem kynni að orka tvímælis og nefndin muni skoða einmitt það atriði sérstaklega.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Reykn. að þetta frv. er mikið hagsmunamál fyrir almenning, jákvætt aðhald fyrir stjórnsýsluna og þá stjórnmálamenn sem starfa í stjórnsýslunni hverju sinni. Ég hygg að löggjöf af þessu tagi hafi reynst vel þeim þjóðfélögum sem líkust eru okkar og engin ástæða til að ætla annað en að þetta frv. ef að lögum verður geti aukið mjög réttaröryggi og aðgang almennings í landinu að þeim skjölum sem þeir aðilar sem í þeirra þágu og umboði vinna eru að sýsla með hverju sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sálfræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (stjórnskipuleg meðferð leyfisveitinga). — Þskj. 649.

[16:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um sálfræðinga þess efnis að meðferð mála er varðar starfsréttindi þeirra flytjist frá menntmrn. til heilbr.- og trmrn.

Forsaga máls þessa er sú að á vegum trmrn. var starfandi nefnd um endurskoðun laga þessara þegar heildarendurskoðun á löggildingarmálum heilbrigðisstétta hófst í heilbr.- og trmrn. Félag sálfræðinga taldi þá svo mikilvægt að endurskoðun þessara laga tæki mið af því er gilda mun um heilbrigðisþætti almennt að nefndin fór þess á leit við endurskoðun laganna yrði frestað eða lægi í láginni þar til heildarendurskoðun heilbr.- og trmrn. yrði lokið. Jafnframt kom fram í erindi frá félaginu að svo rík áhersla yrði lögð á það innan félagsins að sálfræðingar teljist til heilbrigðisstétta að yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna væri því eindregið fylgjandi að málefni þeirra yrðu flutt til heilbr.- og trmrn. Að athuguðu máli hafa hlutaðeigandi stjórnvöld fallist á þessi sjónarmið og ríkisstjórnin samþykkt að málaflokkurinn flytjist á milli þessara ráðuneyta.

Heilbr.- og trmrn. hefur til skamms tíma haft umsagnarrétt um hluta starfsleyfis umsókna sálfræðinga og er málum þeirra því ekki með öllu ókunnugt auk þess sem ávinningur á að hljótast af því að lögverndunarmál þeirra verði endurskoðuð samhliða öðrum sem þeir skipa sér í flokk með. Með því að lög þessi varða samkvæmt efnisákvæðum sínum meðferð stjórnsýslumála og töku stjórnvaldsákvarðana og Alþingi tók sérstaklega til þess afstöðu hvar þeim ætti að skipa í ráðuneyti þykir rétt að leita jafnframt atbeina þingsins til að breyta þeirri skipan og í skyni er frv. þetta flutt. Í ljósi þess að hér er einvörðungu um stjórnskipulegt atriði að ræða vil ég leyfa mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:33]

Útbýting þingskjals:

Skaðabótalög, 399. mál, frv. allshn., þskj. 703.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 16:34.

109. FUNDUR

mánudaginn 18. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 97. mál, þskj. 661, brtt. 689. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 98. mál, þskj. 662. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 101. mál, þskj. 663. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 681, brtt. 690. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Upplýsingalög, stjfrv., 361. mál, þskj. 630. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Sálfræðingar, stjfrv., 371. mál, þskj. 649. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Skaðabótalög, frv., 399. mál, þskj. 703. — 1. umr.
9. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 388. mál, þskj. 683. — 1. umr.
10. Læknalög, frv., 199. mál, þskj. 249. — 1. umr.
11. Köfun, stjfrv., 148. mál, þskj. 176, nál. 700, brtt. 701. — 2. umr.
12. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 313, nál. 704 og 721, brtt. 705. — 2. umr.
13. Landflutningasjóður, stjfrv., 317. mál, þskj. 559, nál. 699. — 2. umr.
14. Gatnagerðargjald, stjfrv., 106. mál, þskj. 713, brtt. 716. — 3. umr.
15. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 679, brtt. 698. — 3. umr.
16. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 408. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 722.

Fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana, 330. mál, svar félmrh., þskj. 694.

Gatnagerðargjald, 106. mál, þskj. 713; brtt. félmn., þskj. 716.

Háskóli Íslands, 217. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 718.

Háskólinn á Akureyri, 218. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 718.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 407. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 720.

Mannanöfn, 73. mál, þskj. 712; brtt. allshn., þskj. 715.

Opinber fjölskyldustefna, 406. mál, stjtill. (félmrh.), þskj. 719.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 232. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 721.

Tilhögun þingfundar.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa þetta um fundahaldið í dag: Í upphafi fer fram atkvæðagreiðsla samkvæmt dagskrá um sjö fyrstu dagskrármálin og síðan verður dagskránni fram haldið eins og henni er raðað upp nema hvað 12. dagskrármálið, Viðskiptabankar og sparisjóðir, er tekið út af dagskrá að beiðni formanns efh.- og viðskn. 15. dagskrármálið, Erfðabreyttar lífverur, er einnig teikið út af dagskrá. Forseta skilst að ætlunin sé að halda fund í umhvn. frekar um það mál og 16. dagskrármálið, Mannanöfn, er tekið út af dagskrá þar sem sérstakar óskir hafa borist um það. Þessi mál öll verða hins vegar tekin fyrir síðar í vikunni.

Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 661, brtt. 689.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Brtt. 689 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (ÁRJ, BG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, JBH, KPál, LMR, MS, MF, RA, StG, TIO, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 723).

Verðbréfasjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 98. mál (EES-reglur). — Þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, FrS, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjálmJ, JBH, KPál, LMR, MS, MF, RA, StG, TIO, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 724).

Verðbréfaþing Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 101. mál (EES-reglur). — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁRJ, GuðjG, GB, JBH, LMR, MS, MF, RA, StG, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 725).

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 681, brtt. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Brtt. 690 samþ. með 52 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁRJ, DO, GuðjG, GB, JBH, MS, MF, RA, StG, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 726).

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Upplýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sálfræðingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (stjórnskipuleg meðferð leyfisveitinga). — Þskj. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skaðabótalög, 1. umr.

Frv. allshn., 399. mál (margföldunarstuðull o.fl.). — Þskj. 703.

[15:13]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, sem er á þskj. 703 og allshn. hefur komið sér saman um að flytja. Skaðabótalög tóku gildi á Íslandi 1. júlí 1993. Fram til þess tíma höfðu uppgjör bótamála mótast af venjum þar sem fordæmisúrlausnir dómstóla skiptu mestu máli.

Með skaðabótalögunum var að mestu horfið frá svokölluðu læknisfræðilegu örorkumati í sambandi við skaðabætur fyrir líkamstjón yfir í fjárhagslegt örorkumat. Þá fólst í lögunum mikil breyting frá eldra kerfi sem fyrst og fremst lýsir sér í tilhneigingu til þess að staðla og einfalda aðgerðir við tjónsuppgjör. Tilgangur laganna var ekki síst að stuðla að fækkun deilumála sem leggja þurfti fyrir dómstóla. Fljótlega kom þó í ljós mikil óánægja meðal lögmanna, sérstaklega með þann margfeldisstuðul sem útreikningur á fjárhagslegu örorkumati byggir á. Töldu menn þennan stuðul of lágan og mikill fjöldi tjónþola væri því að fá mun lægri bætur vegna örorku sinnar en sem næmi því fjárhagslega tjóni sem þeir urðu fyrir Þetta leiddi til þess að 18. febr. 1994 skipaði dómsmrh. nefnd þriggja manna til þess að leggja mat á það hvort ástæða væri til þess að breyta nýsettum skaðabótalögum út frá þeirri gagnrýni sem fram hefði komið. Í nefndinni áttu sæti þeir Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Guðmundur Skaftason, fyrrv. hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Claessen, páv. ríkislögmaður, nú hæstaréttardómari.

Nefnd þessi klofnaði í afstöðu sinni. Gestur og Gunnlaugur lögðu til að gerðar yrðu tvennar breytingar á lögunum, þ.e. að margfeldisstuðullinn yrði hækkaður í 10 og að það lágmarksmiskastig, sem bætur til tekjulausra einstaklinga grundvölluðust á, yrði lækkað úr 15% í 10%. Guðmundur taldi ekki þörf á að breyta lögunum.

Dómsmrh. sendi allshn. þessar tillögur en nefndin leit svo á að ekki væri komin næg reynsla af lögunum til þess að rétt væri að gera breytingar á þeim að svo stöddu og skilaði nefndin skýrslu til þingsins í því sambandi. Í dómi Hæstaréttar frá 30. mars 1995 mótaði rétturinn nýja stefnu um hvaða frambúðarávöxtun eigi að reikna með að fáist af greiddum bótum fyrir varanlega örorku. Í dóminum er gengið út frá því að miða skuli við 4–5% frambúðarávöxtun en samkvæmt eldra fordæmi réttarins hafði framkvæmd stuðst

við 6% ávöxtun. Þessi dómur leiddi til þess að bætur fyrir varanlega örorku lækkuðu. Í tilefni af dóminum sendi allshn. þeim Gesti og Gunnlaugi bréf þar sem hún fól þeim að taka á ný upp fyrri athugun sína með hliðsjón af niðurstöðu dómsins. Jafnframt var þeim falið að yfirfara önnur ákvæði laganna og leggja mat á hvort breyta þyrfti einhverju þeirra og þá hvernig. Var þeim falið að semja frv. til laga um breytingu á skaðabótalögunum í samræmi við niðurstöður sínar.

Gestur og Gunnlaugur skiluðu álitsgerð sinni til nefndarinnar þann 10. nóv. 1995 og fylgdu henni fullbúin drög að frv. til breytinga á skaðabótalögunum, samanber fskj. með frv. því sem hér er mælt fyrir. Í tillögum þeirra eru lagðar til miklar breytingar á gildandi lögum þótt áfram sé í aðalatriðum miðað við þá stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993. Megintilefni tillagnanna er:

1. Allir séu felldir undir fjárhagslegt örorkumat, þ.e. þeir sem hafa engar eða takmarkaðar tekjur, t.d. námsmenn, atvinnulausir og heimavinnandi sbr. 8. gr. gildandi laga fái bætur fyrir varanlega örorku eftir sömu sjónarmiðum og sams konar mati og þeir sem hafa atvinnutekjur.

2. Tekinn verði upp samfelldur margföldunarstuðull til útreiknings á varanlegri örorku sem nái frá 0–83 ára aldurs og miðist hann við 4,5% frambúðarávöxtun. Stuðullinn verði hæstur við 17 ára aldur en fari síðan stiglækkandi með hækkandi aldri. Gengið er út frá að bætur til barna séu ávaxtaðar miðað við að þeim sé ætlað að bæta tekjur frá 17 ára aldri.

3. Við útreikning bóta sé miðað við meðaltal árslauna síðustu þriggja almanaksára fyrir slys í stað tekna síðustu 12 mánuði áður en slys átti sér stað.

4. Sett séu í lögin ákvæði um lágmarkslaun sem bætur taki mið af en nauðsynlegt er að hafa einhverja slíka lágmarksviðmiðun ef taka á alfarið upp fjárhagslegt örorkumat. Gert er ráð fyrir að lágmarkslaunin verði miðuð við 1,4 millj. kr. árslaun.

5. Bætur fyrir varanlegan miska verði látnar stiglækka um fjórðung frá 50–70 ára aldurs í stað þess að helmingast á tímabilinu frá 60–70 ára.

Allshn. sendi tillögurnar til umsagnar hjá ýmsum aðilum og fékk jafnframt marga gesti á fund sinn vegna málsins. Flestir þeir aðilar töldu að rétt gæti verið að huga að breytingum á gildandi lögum í þá átt að hækka bætur. Hins vegar kom fram hjá sumum gagnrýni á einstaka þætti tillagnanna. Sérstaklega er þar um að ræða þrjú atriði:

1. Lágmarkslaunaviðmiðunin gæti valdið ósanngjarnri niðurstöðu í sumum málum og að óeðlilegt sé að afmarka bótarétt fyrir varanlega örorku við eitthvert tiltekið aldursmark.

2. Tillögurnar leiði í ýmsum tilvikum til ofbóta, þ.e. að heildarbætur til hins slasaða verði hærri en nemur tekjutjóni hans þar sem áfram verði í gildi reglur laganna um að bætur frá þriðja aðila dragist ekki frá bótakröfu.

3. Aukinn bótaréttur gæti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Allshn. hefur í vetur farið mjög ítarlega yfir málið út frá framangreindum tillögum. Ýmsar spurningar hafa vaknað hjá nefndinni við skoðun málsins, svo sem hvort rétt sé að víkja frá þeirri stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993 með því að láta bætur frá öðrum en hinum bótaskylda hafa áhrif á skaðabótakröfu, hvort unnt sé að láta sömu meginreglur gilda við ákvörðun skaðabóta til tjónþola, hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slys eða ekki og hvort rétt sé að lögfesta lágmarksviðmiðun í því sambandi, hvort réttara sé að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslu skaðabóta þegar örorkustig er hátt og hinn bótaskyldi er fær um að taka á sig slíkar skuldbindingu, hvort eðlilegra sé að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum hins slasaða fremur en heildarárslaunum, hvort möguleikar á frambúðarávöxtun séu aðrir en Hæstiréttur gengur út frá í dómi sínum frá 30. mars 1995, hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða tillögurnar ef frv. það sem ríkisstjórnin hefur látið vinna fjármagnstekjuskatt verður að lögum o.s.frv.

Nefndin telur að of mörgum spurningum sé ósvarað enn til að hægt sé að framkvæma allar þær lagabreytingar sem fram komu í tillögum tvímenninganna að sinni. Nefndin leggur því til að dómsmrh. verði falið að skipa nefnd sérfræðinga til að yfirfara skaðabótalögin í heild sinni. Í þeirri endurskoðun yrði þó sérstaklega hugað að skaðabótum fyrir líkamstjón, m.a. með hliðsjón af þeim tillögum sem allshn. lét vinna og þeim athugasemdum sem fram komu í nefndinni. Í því sambandi yrði einnig skoðað hvort þörf sé á að setja skýrari ákvæði í lögum um mat á miska og varanlegri örorku sem og eftir hvaða reglum skaðabótaskyldir aðilar eigi að greiða kostnað til sérfræðinga, þar á meðal lögmanna. Í sambandi við heildarendurskoðun laganna að öðru leyti vill nefndin benda á að á fundum hennar fór m.a. fram umræða um hvort ástæða væri til að rýmka skilyrði til miskabóta. Frv. gerir ráð fyrir að nefndinni væri gert að ljúka störfum það tímanlega að ráðherra geti eigi síðar en í október 1997 lagt tillögu nefndarinnar fyrir Alþingi í formi lagafrv.

Með hliðsjón af tillögum tvímenninganna og með tilliti til fram kominna athugasemda telur allshn. þó að ekki verði hjá því komist að gera strax á þessu þingi ákveðnar lágmarksbreytingar á lögunum. Þannig virðist alveg ljóst að sá margföldunarstuðull sem fram kemur í 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaganna sé ekki nægilega hár til þess að slasað fólk fái fullnægjandi bætur fyrir fjártjón sem leiðir af varanlegri örorku. Nefndin leggur til að stigið verði það skref að þessi stuðull verði hækkaður úr 7,5 í 10 eða um þriðjung, þ.e. að við útreikning bóta fyrir varanlega örorku verði árslaun tjónþola eins og þau eru skilgreind í 7. gr. margfölduð með tölunni 10. Bætur fyrir varanlega örorku munu þannig hækka um 33%. Jafnframt leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á 8. gr. laganna sem fjallar um bætur til þeirra sem hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur þannig að lágmarksákvæði 1. málsl. 2. mgr. um að engar örorkubætur greiðist þegar miskastig er minna en 15% verði breytt þannig að lágmarkið verði fært niður í 10% og gerðar samsvarandi breytingar á reiknireglu 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að breytingarnar taki gildi um mitt þetta ár. Tryggingafélögin lögðu áherslu á að þar sem vátryggingariðgjöld væru yfirleitt greidd fyrir fram væri nauðsynlegt að hafa ársfyrirvara á lagabreytingum sem leiddu til hækkunar bóta. Á móti kemur að með hliðsjón af breyttri viðmiðun á frambúðarávöxtun er orðið knýjandi að hækka margföldunarstuðulinn sem fyrst. Nefndin telur rétt að fara bil beggja í þessu efni og leggur því til að gildistakan miðist við 1. júlí nk.

Breytingarnar sem nefndin er að leggja til að gerðar verði á lögunum byggjast á fyrri tillögum þeirra Gests og Gunnlaugs sem fram koma í meiri hluta nefndarinnar sem dómsmrh. skipaði 1994. Þær tillögur miðuðust reyndar við 6% frambúðarávöxtun bóta fyrir varanlega örorku en ekki 4,5% ávöxtun.

Allshn. bað Vátryggingareftirlitið að leggja mat á hvaða áhrif þessar breytingar mundu hafa á iðgjöld tryggingafélaganna. Í bréfi eftirlitsins til nefndarinnar frá 13. mars sl. kemur fram að áhrifin af breytingunni á 8. gr. séu óveruleg en þriðjungshækkun á margföldunarstuðli 6. gr. leiðir til þess að skaðabætur fyrir líkamstjón hækki í heildina um 21–25%. Er þá miðað við að allar bætur, þ.e. bætur á grundvelli miskastigs skv. 4. og 8. gr., þjáningarbætur á grundvelli 3. gr. og bætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem hlýst af. Breyting margföldunarstuðulsins hefur aðeins áhrif á bætur fyrir varanlega örorku skv. 5. gr., sbr. 5. og 6. gr. laganna. Vátryggingareftirlitið byggir í útreikningum sínum á sjö dæmum sem sett voru fram í meirihlutaáliti Gests og Gunnlaugs frá 23. júní 1994 þar sem bætur samkvæmt skaðabótalögunum voru bornar saman við reiknaðar bætur samkvæmt eldri aðferðum. Vátryggingareftirlitið reiknar þessi dæmi upp á nýtt miðað við að margföldunarstuðullinn sé 10. Með sömu forsendum fær Vátryggingareftirlitið út að heildarbætur, þ.e. jafnt fyrir líkamstjón sem annað tjón, muni hækka um 7%. Eftirlitið telur að iðgjöld ásamt fjármagnstekjum ættu að nægja fyrir tryggingafélögin til að mæta þeirri hækkun.

Allshn. leggur áherslu á að takmarkið hljóti ávallt að vera að menn fái fullar bætur fyrir það tjón sem þeir verða fyrir. Þegar um líkamstjón er að ræða getur hins vegar oft verið erfitt að meta hvað séu fullar bætur, sérstaklega þegar um ungt fólk er að ræða sem hefur ekki enn fundið sitt framtíðarstarf. Sambærileg örorka getur skert möguleika eins mjög mikið meðan hún hefur óveruleg áhrif á framtíð annars. Svo lengi sem gengið verður út frá þeirri grundvallarreglu að menn eigi að fá tjón sitt bætt að fullu er samt nauðsynlegt að hafa lögin þannig úr garði að sem sanngjörnust niðurstaða fáist í hverju tilviki fyrir sig.

Í því sambandi er vafasamt að velta sér of mikið upp úr því hvort hugsanlegar lagabreytingar hafi áhrif á iðgjöld tryggingafélaganna. Hins vegar virðist nefndinni með hliðsjón af framangreindum útreikningum Vátryggingareftirlitsins að þær breytingar sem hún leggur til að gerðar verði á lögunum strax á þessu þingi eigi ekki að þurfa að leiða til hækkunar iðgjalda.

Virðulegi forseti. Að lokum nota ég þetta tækifæri til að þakka þeim Gesti og Gunnlaugi fyrir þá miklu og vönduðu vinnu sem þeir lögðu í þetta mál. Jafnframt þakka ég nefndarmönnum fyrir einstaklega gott samstarf að málinu en nefndin lagði sig alla fram um að gera þessu máli eins góð skil og kostur var. Það er von okkar að vinna við heildarendurskoðun laganna geti farið af stað sem allra fyrst því eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir í frv. að ráðherra leggi nýtt frv. til breytinga á skaðabótalögum í síðasta lagi í upphafi haustþings á næsta ári. Nefndin óskar þess að sátt muni ríkja í þjóðfélaginu um þetta mikilvæga mál.

Að svo komnu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr.

[15:28]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þær breytingar sem nú liggja fyrir á skaðabótalögunum og eru til umræðu eru ekki mjög metnaðarfullar breytingar. Þær fela greinilega í sér málamiðlun á milli þeirra sjónarmiða sem helst hefur verið tekist á um frá því að skaðabótalögin voru sett árið 1993 og reyndar frá því fyrir þann tíma. Svo sanngirni sé gætt er rétt að árétta að breytingarnar sem nú eru gerðar eru betri en óbreytt ástand. Á því leikur ekki vafi. En þessar breytingar ganga ekki nógu langt og frv. felur ekki í sér tillögur sem geta aflétt þeim átökum sem hafa verið um skaðabótalögin. Málinu er enn einu sinni skotið á frest til að skipuð verði nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga þar sem sérstaklega verði hugað að skaðabótum fyrir líkamstjón, m.a. með hliðsjón af þeim tillögum sem allshn. lét vinna fyrir sig á 120. löggjafarþingi og þeim athugasemdum sem hafa komið fram í nefndinni eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæði með frv.

Bráðabirgðaákvæðið er reyndar sérstakt þar sem nefndinni er falið að hafa til hliðsjónar einhverjar tillögur og tiltekna tillögu sem allshn. lét vinna fyrir sig og sem fram hafa komið og athugasemdir sem fram hafa komið í allshn. Ég tel að þessu ákvæði þurfi að breyta. Það kemur undarlega fyrir sjónir að binda endurskoðun laga við einhverjar umræður sem hafa verið í þingnefnd. Þá væri kannski eins gott að þingnefndin framkvæmdi endurskoðunina sjálf á grundvelli þeirra umræðna. Reyndar sé ég fátt því til fyrirstöðu að nefndin geri tillögur á grundvelli þeirra tillagna en ég mun víkja að því síðar. Hugum aðeins að efni frv.

Í fyrsta lagi felur frv. í sér að margföldunarstuðull skaðabótalaganna um skaðabætur vegna varanlegrar örorku er hækkaður úr 7,5 í 10, en eins og fram kemur í athugasemdum með frv. þá segir þar að það virðist ljóst að sá margföldunarstuðull sem fram kemur í 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaganna sé ekki nægilega hár til þess að slasað fólk fái fullnægjandi bætur fyrir fjártjón sem leiðir af varanlegri örorku. Nefndin leggur til að stigið verði það skref að þessi stuðull verði hækkaður úr 7,5 í 10 eða um þriðjung. Jafnframt leggur nefndin til að lágmarksákvæði 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna, en sú grein fjallar um bætur til tekjulausra einstaklinga, um að engar örorkubætur greiðist þegar miskastig minna en 15%, verði breytt þannig að lágmarkið verði fært niður í 10% og gerðar samsvarandi breytingar á reiknireglu 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Eins og ég tók fram í upphafi tel ég báðar þessar breytingar vera til verulegra bóta og mun ekki standa gegn þeim sem slíkum. Frv. felur ekki í sér aðrar efnislegar breytingar á skaðabótalögunum en þess í stað er lagt til að dómsmrh. skipi nefnd til að endurskoða lögin í heild og frv. þar um skuli lagt fyrir Alþingi ekki síðar en í október 1997. Eitt og hálft ár til viðbótar á að líða án þess að tekið sé verulega á þeim vandamálum sem hafa risið vegna skaðabótalaganna. Á meðan verða tjónþolar að bera það að e.t.v. fái þeir ekki bætt tjón sitt á þann hátt sem þeim ber miðað við tilgang og eðli skaðabótalaga sem er að bæta tjónþolum fjárhagslegt tjón sem þeir verða fyrir í þeim mæli sem hægt er að reikna það út.

Gildistökuákvæði breytinganna tel ég óeðlilegt því að það er gert ráð fyrir að breytingin taki gildi 1. júlí 1996. Ekki er að finna neinar haldbærar skýringar á því í athugasemdum með frv. af hverju lögin taki ekki gildi strax. Það er nánast verið að viðurkenna með þessum breytingum að hér sé verið að leiðrétta ákveðið óréttlæti sem hefur viðgengist og bæta stöðu tjónþola. Því er mér það óskiljanlegt að sú leiðrétting geti ekki tekið gildi fyrr en 1. júlí. Ég vil gjarnan fá skýringar á þessu hjá hv. formanni allshn. ef hægt er, ég sé ekkert sem réttlætir það að fólk þurfi að bíða svo lengi eftir þessari lagfæringu eins og ég lít á að hér sé verið að framkvæma.

Nú kann einhver að spyrja hvort þetta sé ekki allt saman ofureðlileg málsmeðferð, þ.e. allshn. leggi til að fram fari heildarendurskoðun laganna með sérstakri áherslu á skaða-

bætur fyrir líkamstjón og með hliðsjón af tillögum sem allshn. lét vinna fyrir sig á síðasta þingi. Það lítur út fyrir að vera eðlileg og vönduð málsmeðferð við fyrstu sýn, en þegar nánar er litið á málið vakna fjölmargar spurningar. Það fyrsta sem kemur í hugann er sú spurning hvers vegna ekki hafi verið notast við þær tillögur sem lagðar voru fyrir allshn. í fyrra en þær eru birtar sem fskj. með frv. Þessar tillögur voru gerðar af tveimur lögfræðingum, annars vegar Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni og hins vegar Gunnlaugi Claessen, hæstaréttardómara og fyrrv. ríkislögmanni. Reyndar höfðu þessir sömu menn unnið tillögur fyrir dómsmrh. árinu áður en forsendur breyttust eilítið milli áranna 1994 og 1995 vegna dóms Hæstaréttar frá í mars 1995 þar sem mótuð var ný stefna um það hvaða ávöxtun eigi að reikna með við útreikning bótauppgjörs fyrir varanlega örorku. Dómurinn kallaði reyndar á enn hærri margföldunarstuðul en áður hafði verið gerð krafa um og þetta var rakið í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur.

En hvert var hlutverk lögfræðinganna tveggja? Samkvæmt erindisbréfi dómsmrh. þegar þeim var falið að skoða málið í fyrra skiptið segir um hlutverk þeirra: Nefndin leggi rökstutt mat á hvort sá margföldunarstuðull sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. laganna leiði til þess að fullar bætur fáist fyrir fjárhagslegt tjón. Í því sambandi verði sérstaklega athugað hvort reglan valdi því að breyting verði almennt á fjárhæð skaðabóta vegna líkamstjóns, fjárhagslegs tjóns annars vegar frá því sem verið hefur eftir venjum í dómaframkvæmd fyrir gildistöku laganna ef miðað er við sama örorkustig. Er jafnframt óskað eftir áliti nefndarinnar um hvaða áhrif miskabætur samkvæmt 4. gr. og meðferð á greiðslum frá þriðja manni samkv. 4. mgr. 5. gr. laganna geti haft á þá niðurstöðu hvort tjónþoli fái bætur samsvarandi og hann hefði fengið eftir eldri reglum vegna sömu áverka.

Í öðru lagi segir í erindisbréfi ráðherra að telji nefndin að fyrrnefndur margföldunarstuðull hafi sjálfstæð áhrif á heildarfjárhæð skaðabóta í samanburði við eldri rétt er leitað eftir áliti hennar um hver stuðullinn þurfi að vera svo samræmi verði þar á milli. Óskað var eftir svörum við því hvaða almennar afleiðingar slíkar breytingar á stuðlinum gætu haft.

Loks skal nefnt að meðal fylgiskjala um erindi ráðherra voru bréfaskrif fimm lögmanna til dómsmrh. og allshn. Alþingis í ágúst og september á árinu 1993 og enn fremur andsvar Arnljóts Björnssonar prófessors til sömu aðila frá sama tíma og í janúar á árinu 1994. Þessa nefnd, sem var skipuð að tilhlutan dómsmrh., skipuðu reyndar þrír menn eins og fram kom í máli frsm. Auk Gunnlaugs Claessens og Gests Jónssonar var Guðmundur Skaftason einnig í nefndinni, en hann skilaði séráliti. Skaðabótalögin og framkvæmd þeirra hafa reyndar ekki gengið hljótt fyrir sig og það hefur verið mikill ófriður um uppgjör skaðabóta vegna líkamstjóna raunar allt frá árinu 1991.

Eldri bótareglur byggðust fyrst og fremst á ólögfestum fræðikenningum skaðabótaréttarins en einungis að litlu leyti á settum lögum. Langflest bótamál voru gerð upp með samkomulagi fulltrúa tjónvalds eða vátryggingafélags annars vegar og fulltrúa tjónþola hins vegar. Uppgjörsaðferðir mótuðust af venjum þar sem fordæmisúrlausnir dómstóla skiptu mestu máli. Aðalforsendur í uppgjöri voru mat læknis á læknisfræðilegri örorku tjónþola og útreikningur tryggingafræðings á örorku tjónþola og ýmis atriði. Þegar skaðabótalögin koma til er gerð þarna mikil breyting sem fyrst og fremst lýsir sér í tilhneigingu til að staðla og einfalda aðgerð við tjónsuppgjör. Það er gerð sú grundvallarbreyting á mælikvarðanum sem notaður er til að meta tjón fyrir varanlega örorku þannig að það er horfið frá svokölluðu læknisfræðilegu örorkumat og tekið upp svokallað fjárhagslegt örorkumat.

Það var reyndar fyrr eða með gildistöku skaðabótalaganna sem ágreiningur byrjaði að rísa um uppgjör tjóna. Árið 1991 settu tryggingafélögin sér verklagsreglur sem tóku gildi 1. nóvember það ár. Samkvæmt þeim skyldi í minni líkamstjónsmálum, eftir því sem maður best sér, aðeins bjóða tjónþolum u.þ.b. 25–30% af þeim bótum sem tíðkast höfðu. Það má segja að það hafi skapast nánast stríðsástand í bótaréttinum á tímabili út af þessu. Tjón voru aðeins gerð upp við þá sem vildu una verklagsreglunum en önnur mál fóru fyrir dómstóla. Eins og gefur að skilja var freistandi fyrir þann sem hafði misst starfsorku sína að einhverju leyti að fallast frekar á lágar bætur og fá þær greiddar strax heldur en að bíða í einhver ár, eins og dómstólameðferðin tekur stundum, eftir hærri greiðslum.

Þetta voru óþverraleg vinnubrögð af hálfu tryggingafélaganna og reyndar með ólíkindum að það skyldi viðgangast að þjónustustofnanir eins og tryggingafélögin gætu sett sér einhliða vinnureglur sem gengu beinlínis í bága við gildandi rétt. Þótt óskráður væri, var hann alltaf hinn gildandi réttur. Fjöldi mála fór fyrir dómstóla og dómstólar höfnuðu þessum verklagsreglum. Í kjölfar þess voru sett nýju skaðabótalögin sem voru að miklu leyti að fyrirmynd danskra skaðabótalaga. Það hefur reyndar verið gagnrýnt að það hafi gleymst að taka það með í reikninginn að Danir hafa í gildi almannatryggingakerfi sem bætir tjónþolum að miklu leyti það sem þeir fara á mis við í skaðabótauppgjörum, en hið sama verður ekki sagt hér.

Lögin tóku gildi 1. janúar 1993 og hefur vægast sagt staðið um þau styrr síðan. Okkar helstu lögmenn á sviði skaðabótaréttar hafa gagnrýnt þau harðlega, einkum og sér í lagi fyrir margföldunarstuðulinn sem þeir telja of lágan. Málið hefur verið til skoðunar hjá hv. allshn. sem fól síðan þeim Gesti og Gunnlaugi áðurnefndum að endurskoða lögin eftir dóm Hæstaréttar frá 30. mars 1995. Í bréfi allshn. er þeim félögum falið eftirfarandi og í erindi nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Í tilefni af dómi, sem kveðinn var upp í Hæstarétti 30. mars 1995, hefur allsherjarnefnd Alþingis ákveðið að fara þess á leit við Gest Jónsson, hæstaréttarlögmann, og Gunnlaug Claessen, hæstaréttardómara, að þeir taki á ný upp athugun sem þeir framkvæmdu á árinu 1994 að tilhlutan dómsmálaráðherra á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, og geri í því sambandi eftirfarandi:

1. Taki til athugunar þann margföldunarstuðul sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. laganna í ljósi þess að Hæstiréttur hefur með fyrrgreindum dómi mótað nýja stefnu um hvaða frambúðarávöxtun eigi að reikna með við bótauppgjör að fáist af greiddum bótum fyrir varanlega örorku. Er leitað á ný eftir áliti á því, hvort bætur samkvæmt lögunum fyrir fjárhagslegt tjón séu samsvarandi bótum, sem hefðu fengist eftir gildandi reglum fyrir setningu laganna, en ef svo er ekki, hvaða breytingu þurfi að gera á margföldunarstuðlinum til að slíkt samræmi fáist.

2. Yfirfari önnur ákvæði laganna og leggi mat á hvort breyta þurfi einhverjum þeirra og þá hvernig.

3. Semji frv. til laga um breytingu á skaðabótalögum, ef niðurstöður í framangreindum viðfangsefnum gefa tilefni til

þess, ásamt athugasemdum. Er óskað er eftir að slíkt frv. verði afhent í tæka tíð til að leggja megi það fram á Alþingi strax eftir að það kemur saman til funda haustið 1995. Er einnig óskað eftir að drög að frv. verði afhent allsherjarnefnd og kynnt nefndarmönnum áður en ráðist verður í lokafrágang þess."

Þetta gerðu þeir félagar samviskusamlega og tillögum skiluðu þeir til allshn. með bréfi dags. 10. nóvember 1995. Þær tillögur fylgja frv. sem fskj. Það má líka geta þess að í kjölfar þess að þeir félagar skiluðu inn tillögum sínum skoraði þorri íslensku lögmannastéttarinnar, ég man ekki nákvæmlega hversu margir það voru en stór hluti hennar, á Alþingi að samþykkja þessa tillögu. Það eru ekki bara þeir lögmenn sem starfa við skaðabótamál og gætu þar af leiðandi hugsanlega haft einhverja hagsmuni af því hversu háar bætur reiknast, heldur var það mun stærri hópur sem skrifaði undir þá áskorun.

Það er mér því algerlega hulin ráðgáta hvers vegna á að skipa enn eina nefndina til að endurskoða þessi mál. Hvað á hún að sjá sem fyrri nefndir hafa ekki séð? Hvað var að tillögum þeirra tvímenninganna? Af hverju var ekki hægt að framkvæma þær nú? Það er ljóst að ágreiningur verður alltaf um þessi mál á milli þeirra sem verða fyrir tjóni og tryggingafélaganna í landinu, sem hafa haft vægast sagt mjög hátt um afleiðingar þess ef tillögur þeirra félaga verða samþykktar óbreyttar. Tryggingafélögin eru þjónustustofnanir, þau eiga að vinna eftir þeim reglum sem löggjafinn setur og löggjafinn á að setja reglur sem gera það að verkum að markmiði skaðabótalaga verði náð. Hann á ekki að láta hótanir tryggingafélaga um hækkun iðgjalda ráða ferðinni. En það er það sem hefur gerst. Í hvert skipti sem endurskoðun stendur til á lögunum rísa tryggingafélögin upp og hóta hækkuðum iðgjöldum ef breytingar verða gerðar.

Við eigum að minnast þess að breytingarnar ganga út á að tryggja tjónþolum bætur í samræmi við tjón sitt í þeim mæli sem það er unnt. Það er ekki réttlætanlegt að láta tjónþola bera hallann af ástandinu, láta þá í raun og veru borga brúsann. Verði réttlætinu ekki fullnægt öðruvísi en með hærri iðgjöldum, verður það e.t.v. svo að vera. Ég tel það skárri leið en að skerða þær bætur sem fólk á rétt á að fá ef það verður fyrir tjóni og taka þannig af þeim sem síst mega við því.

Ég vil að lokum árétta að þrátt fyrir gagnrýni mína á frv. og þær tillögur sem hér liggja fyrir og þrátt fyrir það að ég hefði viljað sjá tillögur þeirra félaga Gests og Gunnlaugs framkvæmdar hér og nú, er hér stigið spor í rétta átt og sú málamiðlun sem hér er farin er betri en ekki neitt og betri en óbreytt ástand. En ég sé enn ekki rökin fyrir því af hverju ekki mátti fara alla leið og ganga strax að tillögum þeirra félaga.

[15:43]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðuna. Hún er greinilega vel að sér í þessum málum enda hygg ég að við séum sammála um að hér sé um flókið og vandmeðfarið mál að ræða, eitt flóknasta svið lögræðinnar. Ég ætla þó að koma að örfáum athugasemdum strax í andsvari.

Í 3. gr. frv. segir, með leyfi virðulegs forseta: „Sérstaklega skal hugað að skaðabótum fyrir líkamstjón, meðal annars með hliðsjón af þeim tillögum sem allsherjarnefnd lét vinna fyrir sig á 120. löggjafarþingi og þeim athugasemdum sem fram hafa komið í nefndinni."

Hér er einfaldlega verið að undirstrika að öll þau gögn sem allshn. hefur viðað að sér í sambandi við þetta mál, sem eru mjög miklir og merkilegir pappírar, muni liggja fyrir þessari nefnd til skoðunar. Ég held að ég hafi örugglega svarað því í minni framsögu fyrir hönd nefndarinnar hvers vegna ekki er farið eftir þessum nýju tillögum frá Gesti og Gunnlaugi að þessu sinni heldur farinn ákveðinn millivegur en hef bent á að það eru mjög margar spurningar sem vöknuðu í sambandi við þessar tillögur í vinnu nefndarinnar. Ég vil hins vegar undirstrika það að Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður hefur unnið mjög náið með allshn. í þessu máli.

Ég vil líka árétta það út af orðum hv. þm. að verklagsreglur tryggingafélaganna koma ekki inn á borð löggjafans. Enn fremur varðandi gildistökuna var ég búin að skýra frá því áður, virðulegi forseti, í framsögu minni ef ég fæ að ítreka það, þá segi ég: Frv. þetta gerir ráð fyrir að breytingarnar taki gildi um mitt þetta ár. Tryggingafélögin lögðu áherslu á að þar sem vátryggingariðgjöld væru yfirleitt greidd fyrir fram væri nauðsynlegt að hafa árs fyrirvara á lagabreytingum sem leiddu til hækkunar bóta. Á móti kemur að með hliðsjón af breyttri viðmiðun og frambúðarávöxtun er orðið knýjandi að hækka margföldunarstuðulinn sem fyrst. Nefndin telur rétt að fara bil beggja í þessu efni og leggur því til að gildistakan miðist við 1. júlí nk. Um þetta var nefndin sammála þó að ég geti hins vegar tekið undir skoðun hv. þm. í því að það sem snýr fyrst og fremst að löggjafarvaldinu er að setja sanngjarnar reglur um skaðabótarétt.

[15:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að verklagsreglur tryggingafélaganna komu ekki inn á borð löggjafans og ég var einmitt að lýsa furðu minni á því í ræðu minni áðan að félög eins og tryggingafélögin geti sett sér reglur sem eru hreint og beint í andstöðu við gildandi lagareglur þó að þær hafi verið óskráðar. Það er einmitt það sem ég hef verið að reyna að draga fram.

En varðandi 2. málsl. í bráðabirgðaákvæði 3. gr. veltir maður því fyrir sér hvers vegna er verið að draga þetta á langinn. Úr því að ekki er hægt að fara að þessum tillögum núna, úr því að þær eru ekki nógu góðar, út af hverju á þá ekki að láta nýja nefnd hafa fullkomlega frjálsar hendur um það? Á að leita að öðrum sérfræðingum sem hafa aðrar skoðanir en eiga samt sem áður að taka eitthvert tillit til þeirra tillagna sem hafa komið fram í áliti Geirs og Gunnlaugs? Ég hefði talið eðlilegra að sleppa þeim málslið sem snýr að því hvernig þessar tillögur eigi að vera. Ég hefði sjálf getað fallist á það að þær hefðu verið lagðar fram hér og nú en úr því að það er ekki hægt sé ég ekki rökin fyrir því að fara þá leið sem farin hefur verið í bráðabirgðaákvæðinu og þá sé eðlilegra að ný nefnd hafi óbundnar hendur.

[15:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem nefndarmaður í allshn. er ég meðflm. þessa frv. og kem því til með að styðja að það nái fram að ganga. Meginástæða þess að ég stend að flutningi þessa máls er í fyrsta lagi að málið var á forræði allshn., reyndar þeirrar nefndar sem sat á síðasta kjörtímabili og því þykir eðlilegt að nefndin skili málinu af sér inn í þingið.

Í öðru lagi tel ég að þetta frv. feli í sér réttarbót fyrir þá sem eiga rétt á skaðabótum þó að þær séu alls ekki nægar að mínu mati. Allshn. hefur unnið mjög mikið í þessu máli

eins og fram kemur í nefndarálitinu og þó að við kvennalistakonur hefðum viljað ganga lengra í þá átt sem tillögur þeirra Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessens frá 10. nóv. 1995 mæltu með er ljóst að gífurlegur ágreiningur er um þessi mál í þjóðfélaginu og sú millilending sem hér er boðuð er pólitísk málamiðlun sem ekki varð haggað.

Sú gagnrýni sem minnst er á í nefndarálitinu á áðurnefndar tillögur og áðurnefnd drög að frv. frá þeim Gesti og Gunnlaugi, að lágmarkslaun séu notuð til viðmiðunar við bótaúreikning og tillögur leiði til ofbóta og aukinn bótaréttur geti leitt til hækkunar á iðgjöldum, kom vissulega fram hjá ýmsum viðmælendum allshn. Við kvennalistakonur tökum ekki undir þessa gagnrýni að öllu leyti eða teljum hana mun léttvægari en þá gagnrýni sem er á núverandi ástand þar sem verulega vantar á að fólk fái fullar fjárhagsbætur í núverandi kerfi, jafnvel eftir að það frv. sem nú liggur fyrir er orðið að lögum.

Ég lít svo á að skyldur löggjafans séu fyrst og fremst þær að skapa réttlát skaðabótalög fremur en að horfa til möguleika á hækkun iðgjalda, ekki síst vegna þess að þau rök sem tryggingafélögin hafa fært fram um nauðsyn á hækkun á iðgjöldum eru ekki nægilega sannfærandi að mínu mati.

Sá pólitíski millileikur og málamiðlun sem fram kemur í þessu frv. er til bóta miðað við núverandi lög og mun leiða til hækkunar á skaðabótum. Því ákvað ég að vera meðflutningsmaður sem aðili að allshn. sem einstaklingur án þess að binda þingflokk Kvennalistans að öðru leyti. Ég kom því sjónarmiði á framfæri í nefndinni að ég hefði kosið að stuðullinn hefði verið hækkaður a.m.k. upp í 11 sem hefði að mínu mati verið réttlátari lending. Einnig taldi ég að lögin ættu að taka gildi strax við samþykkt þeirra en ekki 1. júlí eins og frv. gerir ráð fyrir. Hvers eiga þeir tjónþolar að gjalda sem slasast á milli þess tímabils sem líður á milli samþykkis þessa frv. og fram til 1. júlí? Þetta var málamiðlun á milli sjónarmiða bótaþola og hagsmuna tryggingafélaga og ég er þeirrar skoðunar að við hefðum átt að láta lögin taka gildi strax.

Ein mikilvægasta greinin í þessu frv. er þó að mínu mati 3. gr. um ákvæði til bráðabirgða þess efnis að dómsmrh. skipi nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga og að nýtt frv. til skaðabótalaga verði lagt fram eigi síðar en í október 1977. Mjög mikilvægt er að sú nefnd hefjist handa sem fyrst ef unnt á að vera að gera nauðsynlegar rannsóknir til að fá fram öll viðeigandi gögn í þessu viðkvæma en mikilvæga máli.

Það er mjög athyglisvert sem kom fram við yfirferð á málinu að við Íslendingar byggjum okkar skaðabótalöggjöf á fordæmi frá Danmörku en þar virðast skaðabætur vera með því allra lægsta sem tíðkast í Evrópu. Þetta kerfi þarf því að skoða frá öllum hliðum og skal sérstaklega bent á það atriði sem nefnt er í greinargerð allshn. að hugað verði að því að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslna þegar örorkustig er hátt, ekki síst í ljósi þess að til umræðu er að setja á fjármagnstekjuskatt sem verulega mundi skerða skaðabætur sem greiddar eru með eingreiðslu. Þau álitamál sem eru einna stærst nú á þessu sviði eru að mínu mati hvort halda eigi áfram að byggja á stöðluðum skaðabótarétti eins og lögin frá 1993 gera ráð fyrir eða hvort fara eigi aftur til þess ástands sem ríkti fyrir gildistöku skaðabótalaganna. Hitt álitamálið er hvort taka beri tillit til annarra lífeyristrygginga við mat á skaðabótagreiðslum eða ekki. Þarna er um grundvallaratriði að ræða að mínu mati og mælist ég til að viðkomandi nefnd, sem á að búa til nýtt frv., skoði vel alla kosti og galla á þessum mismunandi leiðum en festi sig ekki við of þröngar forsendur í byrjun.

Eitt mikilvægasta misrétti skaðabótalaganna verður ekki leiðrétt með skaðabótaréttinum sjálfum, nefnilega það að miða framtíðartekjur við tekjur viðkomandi á slystíma. Á meðan kynjamisrétti tíðkast í launum og er eins mikið og raun ber vitni í þjóðfélaginu munu konur fá lægri skaðabætur en karlar. Það er mjög óréttlátt í landi þar sem jafnrétti til launa á að ríkja. Því væri verulega til bóta ef miðað væri við tilteknar lágmarkstekjur fyrir tekjulága einstaklinga eins og gert er ráð fyrir í tillögum þeirra Gunnlaugs og Gests frá því 10. nóv. 1995. Þær tillögur hefðu einar sér leitt til verulegar hækkunar á skaðabótum fyrir velflestar konur, ekki síst þær sem eru í hlutastörfum og einnig mjög marga láglaunamenn. Ef ekki verður veruleg breyting á næsta ári til batnaðar varðandi kynbundið launamisrétti mæli ég eindregið með því að þessi leið verði farin í því nýja frv. sem nú á að fara að smíða. Með því móti þarf fólk ekki að líða fyrir það út ævina að vera með óvenjulega lágar tekjur þegar það slasast. Að þessu sögðu ítreka ég þó að ég tel að sú nefnd sem á að endurskoða þessi lög eigi að hafa óbundnar hendur og eigi að skoða sem alflest sjónarmið.

[15:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð inn í þessa umræðu sem er um mjög mikilvægt mál og formaður hv. allshn. hefur gert grein fyrir því frv. sem lagt er fram af hv. allshn. Ég met mjög mikils að það náðist samstaða um að flytja þetta mál sem hér er á dagskrá. Það er rétt sem hefur komið fram að þetta er ákveðin millileið sem hér er farin, ákveðinn áfangi sem tekinn er í því að koma á réttlátari lögum um skaðabótarétt.

Hv. 12. þm. Reykv., Bryndís Hlöðversdóttir, taldi að þetta væru ekki metnaðarfullar breytingar sem hér er lagt til að gera á lögunum. Ég mótmæli því því að sannleikurinn er sá, og það held ég að við séum öll sammála um sem höfum setið í hv. allshn., að hér er um mjög flókið og vandasamt mál að ræða sem er þessi löggjöf. Við stóðum einfaldlega frammi fyrir því að ráða ekki við það að koma með heildartillögur um breytingar á lögunum á þeim tíma sem eftir er af þessu þingi eftir að hafa kynnt okkur það mjög vel. Ég er nokkurn veginn sannfærð um það að ef hv. þm. hefði setið í allshn. og fylgst með þessu máli frá upphafi þar hefði hún verið annarrar skoðunar.

Hvað er það sem við setjum fram sem aðalatriði við þessa löggjöf? Það hlýtur að vera að móta reglur sem leiði til þess að tjón verði að fullu bætt þó að það sé alltaf erfitt nákvæmlega að skilgreina hvað eru fullar bætur. Sannfæring mín er sú að þær tillögur sem lagðar eru fram og unnar af þeim félögum, Gesti Jónssyni og Gunnlaugi Claessen, hefðu leitt það af sér að það hefði orðið um verulegar ofbætur að ræða. Það er ekki það sem við viljum. Auðvitað er enginn vandi að búa til reglur ef við óttast ekki ofbætur, ef við hugsum bara um það eitt að allir fái örugglega nóg og enginn of lítið. En mér finnst að ofbætur séu ekki verjandi í verulegum mæli. Auðvitað er aldrei hægt að koma málum þannig fyrir að þær geti ekki átt sér stað í einstaka tilfellum, en í mínum huga geta ofbætur verið vandamál. Þess vegna þarf að skoða þetta mál í heild sinni og það er einmitt það sem lagt er til í þessu frv.

Annað var það sem hv. þm. nefndi og það var um gildistökuákvæði frv. sem hún taldi algerlega óskiljanlegt. Það

má segja að þar sé kannski líka farin ákveðin samningaleið og sáttaleið. Það voru bæði hugmyndir um það í nefndinni og hjá okkar viðmælendum að lögin tæku gildi strax og eins hitt að þau tækju gildi eftir ár. Ástæða þess að það þykir ekki rétt að lögin taki gildi strax er sú að tryggingafélögin hafa gert samninga til langs tíma. Margir samningar eru frá mars og til árs og þar með hafa þau skuldbundið sig eða gert samninga á grundvelli þeirra laga sem eru í gildi í dag. Hvort sem við tölum um að tryggingafélögin séu allt of vel stæð efnahagslega eða ekki, þá hlýtur að vera skiljanlegt að þau þurfa aðlögunartíma. Þótt mér finnist að ár hafi verið allt of langt í þeim efnum, finnst mér vel hægt að sættast á að lögin taki gildi eins og lagt er til í frv. (**KHG:** Er þm. andvígur því að lögin taki strax gildi?) Já, þingmaðurinn er ekki fylgjandi því að þessi lög taki strax gildi. Þess vegna styður þingmaðurinn þetta frv. sem fram er komið og hljóðar upp á að þau taki gildi 1. júlí.

Ég vil aðeins koma inn á atriði sem kannski styður það sem ég hef verið að segja um hugsanlegar ofbætur. Samkvæmt upplýsingum sem hv. allshn. fékk frá Vátryggingareftirlitinu, hefur farið fram könnun hjá einu vátryggingafélaganna sem nær til allra tjóna sem urðu á síðari helmingi ársins 1993 og tilkynnt höfðu verið til ársloka 1995. Hafa tjónbætur verið endurreiknaðar og endurmetnar með tilliti til fyrirliggjandi tillagna fyrir hvern bótaþátt. Niðurstöður, og þá er ég að tala um tillögur tvímenninganna, eru þær að bæði tilkynnt tjón, bæði uppgerð að fullu og tjón sem að hluta til eru uppgerð, hefðu verið bætt með 35–45% hærri fjárhæðum ef fyrirliggjandi tillögur hefðu gilt sem lög á árinu 1993. Mestu munar um hækkun vegna varanlegrar örorku, þ.e. bóta vegna missis atvinnutekna og bóta til tekjulausra sem um það bil tvöfaldast samanlagt, þ.e. hækka um 100% frá gildandi skaðabótareglum en sá þáttur er um 60% bótanna samanlagt. Þetta finnst mér að séu rök inn í þá umræðu og rök fyrir því frv. sem hér er lagt fram.

Þá eru líka nýrri upplýsingar frá Vátryggingareftirlitinu. Miðað við það frv. sem nú liggur fyrir frá hv. allshn. telur Vátryggingareftirlitið að það sé ekki ástæða til að óttast verulega hækkun tryggingaiðgjalda, þótt ég vilji taka fram að mér finnst það í sjálfu sér sé ekki aðalatriði í þessu máli. Við hljótum fyrst og fremst að hugsa um að lögin séu þannig úr garði gerð að þau bæti skaða að fullu. En iðgjaldaþátturinn hefur komið inn í þessa umræðu og að mati Vátryggingareftirlitsins er ekki ástæða til þess að ætla að iðgjöld hækki verulega vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. (**KHG:** Hafa þau þá ekki verið of há?) Hv. þm. er örugglega heimilt að setja sig á mælendaskrá og taka þátt í þessari umræðu, þar sem ég heyri að hann hefur mikinn áhuga á málinu. (**Gripið fram í:** Það er skemmtilegra að gera það svona.) Sem sagt, það sem lagt er til af hv. allshn. er millileið og skref í þá átt að lögunum verði breytt frekar. Í sjálfu sér má segja að það sé slæmt að þurfa strax að breyta þessum lögum þar sem ekki er komin á þau nægilega mikil reynsla, en allshn. taldi svo greinilegt að stuðullinn væri of lágur, ekki síst eftir dóm Hæstaréttar, að það væri ekki verjandi að lögin væru óbreytt mikið lengur. Þess vegna er það ósk mín að þetta frv. verði samþykkt á þessu vorþingi.

[16:06]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir vitnaði í ræðu mína áðan og gerði ýmsar athugasemdir við það sem ég sagði. Hún benti m.a. á að ástæðan fyrir því að tillögur þeirra tvímenninga hafi ekki verið samþykktar að sinni væru þær að það hefði verið sýnt fram á að þær gætu leitt til ofbóta, ef ég skildi hv. þm. rétt.

Ég vil þá spyrja: Samkvæmt útreikningi hverra? Í álitsgerð þeirra tvímenninganna sem fylgir með frv. segir, með leyfi forseta:

„Við undirbúning álitsgerðar þessarar höfum við átt viðræður við ýmsa sérfræðinga á þeim sviðum sem tengjast viðfangsefninu. Höfum átt fundi með Arnljóti Björnssyni hæstaréttardómara, Bjarna Guðmundssyni tryggingafræðingi, Bjarna Þórðarsyni tryggingafræðingi, Guðnýju Björnsdóttur héraðsdómslögmanni, starfsmanni Sjóvá-Almennra hf., Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, Ragnari H. Hall, hrl., formanni örorkunefndar og Sigurði Snævarr, hagfræðingi hjá Þjóðhagsstofnun."

Hér eru nefndir til sögunnar þeir helstu sérfræðingar sem ég kannast við á þessu sviði og ég minnist þess líka að í fyrri álitsgerðinni er m.a. vitnað í útreikninga dr. Péturs Blöndals. Ég held að það sé að verða hörgull á sérfræðingum að leita til sem mundu hugsanlega koma með aðrar tillögur. Þess vegna er ekki von nema maður spyrji hversu marga sérfræðinga þarf og hversu mörg ár þarf til að endurskoða þetta mál. Eins og fram kom líka í umræðu er deilumálið ekki nýtt. Við erum ekki með neitt nýtt deilumál og það gengur ekki að beita þeim rökum að það þurfi að koma meiri reynsla á framkvæmd laganna. Það er fyrir séð að þarna er verið að ganga á rétt fólks til að fá réttarbætur. Það má vel vera að í einhverjum tilvikum geti tillögurnar leitt til ofbóta. En eins og það er í dag, vitum við að þær bæta ekki að fullu það tjón sem þær eiga að bæta.

[16:08]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má kannski segja að það séu líka til sérfræðingar í hv. allshn. Eftir að hafa hlýtt á mjög marga aðila og fengið mörg gögn í hendur er það mat nefndarinnar að það sé ekki ástæða og ekki óhætt að stíga stærra skref á þessu stigi málsins en gert er í þessu frv.

Mig langar aðeins að koma inn á mál sem varðar önnur bótaúrræði sem eru í gildi samkvæmt lögum í dag. Eitt af því sem nefndin mun eflaust fjalla um er staðlaður bótaréttur. Við skulum hugsa okkur að það verði umferðarslys og hinn slasaði gæti átt rétt á bótum eftir a.m.k. fjórum nánast lögbundnum leiðum sem einstaklingum og fyrirtækjum er gert að standa undir með einum eða öðrum hætti. Það fyrsta er ábyrgðartrygging, annað lífeyrissjóður, þriðja slysatrygging launþega og fjórða almannatryggingakerfið og Tryggingastofnun ríkisins. Mér finnst því augljóst að það sé eitt af því sem þarf að skoða í þeirri nefnd sem skipuð verður, hvort rétt sé að hverfa frá þeim reglum sem í gildi eru með staðlaða bótaréttinn.

Mér finnst að hv. þm. geri ekkert með það að um ofbætur geti verið að ræða. Hver er það sem borgar ofbætur? Það eru neytendur. Það eru hinir. Og það er eiginlega ekki hægt að hugsa sér að fólk eigi að geta grætt stórkostlega á því að meiða sig, þótt það sé kannski ljótt að taka þannig til orða. En það er m.a. það sem málið snýst um.

[16:10]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki tilgangur minn að gera lítið úr störfum hv. allshn., langt í frá. Og allra síst vil ég gera

lítið úr þeirri staðreynd að mögulega sé um ofbætur að ræða í einhverjum tilvikum. Ég er einungis að vekja athygli á því að eins og staðan er í dag og hefur verið hingað til, hefur fólk ekki fengið bætt það tjón sem það átti að fá. Mér finnst þolanlegra ástand að einhverjir fái ofbætur heldur en að vita að margir fá ekki bætt að fullu það tjón sem þeir eiga að fá. Mér finnst það skipta öllu máli að tjónþolar fái það tjón sem þeir eiga að fá bætt.

Ég er á engan hátt að gera lítið úr því að mögulega kunni að eiga sér stað einhver misnotkun á þessu bótakerfi eins og við vitum að viðgengst stundum á slíkum kerfum, því miður. En ég sé bara ekki að lausnin fáist með því að bíða lengur og fá nýjar tillögur og nýja sérfræðinga. Við vitum að staðreyndin er sú að þarna er um að ræða málamiðlun í allshn. Þar er um að ræða málamiðlun á milli mjög ólíkra sjónarmiða og við eigum að viðurkenna að svona er þetta, það er ekki svo margt sem á eftir að kanna. Það er búið að reikna þessa hluti fram og til baka. Það er hins vegar ekki hægt að komast lengra að sinni, m.a. vegna þrýstings frá tryggingafélögunum og hótana um það að þá verði iðgjöldin hækkuð. Ég sé ekki annað en það séu helstu rökin í málinu en þetta er þó spor í rétta átt. Ég mun leggja til að það verði gerðar tilteknar breytingar á þessu frv. eins og það liggur fyrir miðað við þá gagnrýni sem ég hef látið koma fram, en að öðru leyti tel ég þær vera spor í rétta átt.

Mér finnst nauðsynlegt að fólk skoði það og takist á um það hér eftir hverju verið er að bíða.

[16:12]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og þegar hefur komið fram, er verið að bíða eftir því að finna þá leið sem við getum sæst á og orðið sammála um að sé rétta leiðin. Í greinargerð með þessu frv. á bls. 2, eru talin upp mjög mörg atriði sem hv. allshn. telur að þurfi að skoða nánar til þess að um heildstæðar tillögur geti verið að ræða til breytinga á lögunum.

Ég er sammála hv. þm. um að það er óverjandi að fólk fái langt í frá fullar bætur miðað við tjón sem það verður fyrir og þess vegna er það sem við teljum ekki stætt á því að bíða með það að koma fram með tillögur sem bæti verulega úr. 33% hækkun á stuðlinum hlýtur að geta talist veruleg bót fyrir þá einstaklinga.

Ég vil kannski bæta því við að Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen telja að ýmislegt sem komið hefur fram sem rök gegn þeirra tillögum sé málefnalegt og ástæða sé til að skoða það frekar, þótt ég vilji alls ekki gera lítið úr tillögum þeirra og þeirri vinnu sem þeir hafa lagt á sig fyrir hv. allshn. í þessum efnum.

[16:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að flestir séu sammála um að það þurfi að fara fram gagnger endurskoðun á skaðabótalögunum frá 1993 þar sem margvíslegir og stórir ágallar hafa komið fram í þeirri löggjöf. Með þessu frv. frá allshn. er stigið mikilvægt skref til hækkunar á skaðabótum eða stuðlunum. Engu að síður er ljóst að mörg stór álitamál bíða úrlausnar þeirrar nefndar sem frv. kveður á um í ákvæði til bráðabirgða að hæstv. dómsmrh. skipi. Það hefði vissulaga verið æskilegt og út af fyrir sig nauðsynlegt að afgreiða á þessu þingi allar þær breytingar sem er nauðsynlegt að gera á skaðabótalögunum. En ég tel að miðað við allar aðstæður sé þetta ásættanleg niðurstaða þó ég telji að ekki hefði átt að gefa nefndinni sem vinna á verkið áfram svona langan tíma. Miðað við þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í þetta mál hefði að mínu viti verið nægjanlegt að gefa nefndinni tíma fram á næsta vetur þannig að hægt hefði verið að lögfesta allar þær breytingar sem gera þarf á skaðabótalögunum þegar á næsta þingi en þær þyrftu ekki að bíða í kannski tvö ár héðan í frá.

Það er alveg ljóst að það er mjög erfitt fyrir fólk að búa við mismunandi bótarétt. Það gerist auðvitað nú með því að við erum einungis að stíga eitt skref af því sem nauðsynlegt er í áfanga að heildarendurskoðun á þessum lögum. Það geta því verið í gangi þrjú mismunandi skaðabótakerfi sem er mjög óæskilegt. Þess vegna hefði verið réttara að mínu viti að flýta þessari endurskoðun meira en gert er ráð fyrir í frv.

Það sem gerði nefndinni erfitt fyrir og kom raunar í veg fyrir að hægt væri að afgreiða heildstæð skaðabótalög var fyrst og fremst það að sjónarmið umsagnaraðila stönguðust gjörsamlega á. Það sem einn taldi hvítt taldi annar svart þannig að það var gjörsamlega óhugsandi fyrir nefndina að átta sig gjörla á hvaða raunverulegu áhrif breytingarnar mundu hafa á útreikning á skaðabótarétti tjónþola eða hvort og þá hvað mikla hækkun breytingarnar kynnu að hafa á iðgjaldagreiðslur. Ég man hreinlega ekki eftir því að svona gjörsamlega andstæð sjónarmið hafi komið fram í langan tíma frá hagsmunaaðilum um hvaða áhrif einstaka tillögur eða frv. hafi enda erum við kannski að fjalla hér um flóknasta svið lögfræðinnar sem er skaðabótaréttur.

Það er vissulega rétt sem hér kom fram og undir það tek ég að meginmarkmiðið hlýtur að vera að tjónþolar fái sanngjarnar bætur. Ég er í meginatriðum hlynnt þeim tillögum sem lágu fyrir nefndinni frá þeim sem sömdu þetta frv., þ.e. Gunnlaugi Claessen og Gesti Jónssyni, en um það náðist ekki samkomulag.

Þegar ég vitna í mismunandi sjónarmið hjá hagsmunaaðilum sem gengu hreinlega í gagnstæðar áttir þá get ég til að mynda vitnað í Samband íslenskra tryggingafélaga. Þeir töldu að hækkun skaðabóta vegna líkamstjóna mundi nema um 50% ef tillögurnar yrðu að lögum og hækkun iðgjalda vegna breytinga yrði geysileg í ábyrgðartryggingum eins og þeir orðuðu það og öðrum þeim tryggingum sem hefðu að geyma ábyrgðartryggingaþáttinn. Þó vissulega sé rétt að við eigum fyrst og fremst að skoða það meginmarkmið tjónþola að þeir fái sanngjarnar bætur þá verður ekki fram hjá því litið hvað mismunandi skoðanir komu upp annars vegar frá tryggingafélögunum og hins vegar frá Vátryggingareftirlitinu hvort þörf væri á að hækka iðgjöldin. Tryggingafélögin héldu því fram að bara miðað við þá einföldu breytingu sem verið er að gera á skaðabótalögunum með því að hækka stuðulinn þá þyrfti að koma til 15–20% hækkun á iðgjöldum. Það er auðvitað algjörlega óástættanlegt. Því treysti ég því auðvitað sem fram kom hjá Vátryggingareftirlitinu bæði í bréfi því sem formaður nefndarinnar las upp áðan og eins í nefndinni að Vátryggingareftirlitið telur að vátryggingafélögin eigi að geta mætt þessari hækkun á stuðlunum án þess að til komi hækkun á iðgjöldum. Ég mun samþykkja þetta frv. í trausti þess að ekki verði um að ræða neina hækkun á iðgjöldunum. Vátryggingareftirlitið getur gripið inn ef um er að ræða ósanngjarna iðgjaldahækkun. Miðað við það sem ég hef farið ofan í þetta mál sem liggur fyrir nefndinni tel ég að það þurfi ekki að koma til hækkun á iðgjaldagreiðslum. Það segir sig auðvitað sjálft að það mun hafa veruleg áhrif á kjör fólksins í landinu ef þessu frv. fylgir að hækka þurfi iðgjöldin um kannski 15–20%. Við skulum minnast

þess að árið 1993 þegar almennt var talið að verið væri að draga úr skaðabótum hjá fólkið lækkuðu tryggingafélögin ekki iðgjaldagreiðslurnar þó þau hefðu kannski átt að gera það miðað við þær forsendur sem þau gefa sér núna fyrir því að hækka þær.

Margt kom fram í nefndinni þegar við vorum að fjalla um þetta stóra mál. Neytendasamtökin bentu á að tryggingabætur væru almennt lægri hér á landi en í nágrannalöndunum en tryggingaiðgjöld væru samt hærri. Töluverðar umræður urðu sem tengist stöðu á bótasjóðnum sem er til staðar og hefur hækkað verulega í gegnum árin og nú er áætlað að sé um að mig minnir 11 milljarðar kr. Þar kom einnitt fram verulegur mismunur á skoðunum Vátryggingareftirlitsins og tryggingafélaganna þar sem tryggingafélögin töldu að þeir 11,6 milljarðar, sem voru í sjóðnum 1994, væri eingöngu skuldbindingar vegna tjóna sem ekki væri búið að ganga frá. Það væri því ekki um neinn varasjóð að ræða, t.d. til að mæta hækkun á iðgjöldum. Síðan kemur Tryggingaeftirlitið, virðulegi forseti, og talar um að kannski megi líta á það sem svo að það sé 3,5 milljarðar í þessum bótasjóði sem sé borð fyrir báru, varasjóður sem ekki þurfi að líta á sem skuldbindingar vegna tjóna sem þegar hafa orðið. Þetta eitt segir okkur, virðulegi forseti, hvaða vandi nefndinni var á höndum þegar svona misjöfn sjónarmið komu fram vegna þess að vissulega skiptir máli hvort um er að ræða varasjóð í þessum bótasjóði sem hefur ekki þegar verið skuldbundinn upp á 3,5 milljarða eða hvort allir þessir 11,6 milljarðar séu þegar bundnir vegna fyrri tjóna. Úr þessu fékkst ekkert skorið. Þessir tveir aðilar voru ekki sömu skoðunar að því er þetta mál varðar.

Ýmislegt fleira mætti nefna sem kom fram í nefndinni, t.d. skoðun Vinnuveitendasambandsins sem ég er gjörsamlega ósammála. Þeir töldu að það væri mjög óeðlilegt að hafa þessa lágmarksviðmiðun við tekjur vegna skaðabóta. En lágmarkslaunaviðmiðið var í tillögum tvímenninganna um 1.400 þús. kr. Var það álit Vinnuveitendasambandsins að þessi tillaga upp á 1.400 þús. kr. lágmark miðaði að því að tveir þriðju hlutar tjónþola fái fjártjón sitt ofbætt vegna viðmiðunar við umrætt lágmark. En síðan þegar gengið var á Vátryggingareftirlitið og þeir spurðir hvort þeir gerðu athugasemdir við lágmark upp á 1.400 þús. kr. þá gerði Vátryggingareftirlitið engar athugasemdir við það að hafa þetta lágmark í lögum.

Eins komu vissulega fram gagnlegar ábendingar frá Vinnuveitendasambandinu sem snerta vaxtafótinn. Vinnuveitendasambandið gerði að umtalsefni í umsögn sinni að með dómi Hæstaréttar í mars 1995 í skaðabótamáli komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að ekki væri eðlilegt að miða við 6% vexti við ávöxtun á töpuðum framtíðartekjum heldur væri nær að miða við 4,5%. Það skiptir verulegu máli hvaða vaxtaviðmið er notað. Benti Vinnuveitendasambandið m.a. á sem augljóst er að það er miklu hærri ávöxtun á ýmsu sem í boði er eins og spariskírteinum ríkissjóðs og fleiri bréfum sem væru betur til þess fallin að tjónþolar, sem verða fyrir mikilli örorku, næðu ásættanlegri ávöxtun.

Virðulegur forseti. Ég vil gera að umtalsefni gildistöku á frv. ef að lögum verður. Hún á að verða 1. júlí 1996. Vissulega er mjög óeðlilegt og verður að taka undir þegar allir viðurkenna að hér sé um mikið réttlætismál að ræða og nauðsynlegt sé að hækka þennan stuðul til þess að fólk fái sanngjarnar bætur þá skuli líða þrír og hálfur mánuður frá því að Alþingi samþykkir frv. þangað til það tekur gildi. Þeir sem lenda í slysi á þessu tímabili verða að búa við það að skaðabætur þeirra taki mið af eldri lögum. Þess vegna hefði ég sannarlega viljað skoða nánar hvort hægt væri að ná einhverju samkomulagi um það að sá réttur sem skapast með þessu frv., ef að lögum verður, taki gildi strax. Á það var vissulega horft hvað Samband íslenskra tryggingafélaga sagði í því máli. Þeir töldu að þeir þyrftu a.m.k. heilt ár til að undirbúa þessar breytingar af sinni hálfu sem var þó bara einföld breyting varðandi hækkun á stuðlinum. Þeir töldu að um afturvirkar íþyngjandi aðgerðir væri að ræða sem þeir þyrftu að *mæta með hækkun á iðgjöldunum.*

Þegar miðað er við það hve lítið skref er verið að stíga og ég tek líka undir að stuðullinn hefði þurft að vera nær 12 en 10 þá tel ég nú ekki að tryggingafélögin þurfi þennan tíma til undirbúnings. Ég vísa líka í stöðu bótasjóðsins sem ég nefndi áðan.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Það er komið *ákveðið samkomulag í þetta mál* sem ég og þingmenn Þjóðvaka munum styðja. Ég taldi þó rétt að koma þeim athugasemdum á framfæri sem ég hef varðandi þetta mál sem eru allmiklar. En ég í treka að í trausti þess að tryggingafélögin nýti sér ekki að verið sé að breyta þessum ákvæðum skaðabótalaga og fari að hækka iðgjöldin þá styð ég þetta mál og einnig í trausti þess að Vátryggingareftirlitið sem hefur sagt að það telji að tryggingafélögin eigi að geta staðið undir þessum breytingum að það grípi þá til þeirra ákvæða í lögum sem það getur gert til að forða því að um hækkun á iðgjöldum verði að ræða vegna þessara breytinga.

[16:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað um andsvar í tilefni af orðum hv. þm. um að hún samþykkti þetta frv. í trausti þess að tryggingafélögin hækkuðu ekki iðgjöldin. Mér finnst satt að segja alveg ótrúlegt það mikla traust sem menn sýna tryggingafélögunum með hliðsjón af fenginni reynslu. Ég vildi spyrja hv. þm. og aðra sem hafa um þetta mál vélað um það hvernig þeir fara að því að treysta tryggingafélögunum svona rosalega. Það væri fróðlegt að hæstv. allshn. gerði grein fyrir því hvaða hugljómun hún hefur orðið fyrir í sambandi við þetta mikla traust á tryggingafélögunum. Mér sýnist hins vegar einboðið ef málið er samþykkt í trausti þess að tryggingafélögin hækki ekki eigi auðvitað Alþingi að gera það með þeim eina hætti sem það getur gert þetta. Það er að setja inn í lögin ákvæði um að tryggingafélögunum sé bannað að hækka iðgjöldin út á þessa breytingu, beinlínis bannað það. Það er það eina sem er rökrétt að gera í þessu samhengi.

Ég verð að segja í framhaldi af ummælum hv. þm. og annarra þingmanna varðandi þetta mál þar sem talað er um einhverja millileið, sáttaleið og að mætast á miðri leið að það er eins og það sé einhver ósýnileg hönd í húsum Alþingis á vegum tryggingafélaganna sem menn hafi allt í einu ákveðið að semja við. Ég kannast ekki við að tryggingafélögin eigi hér þingmenn. Það mætti rannsaka en ég kannast ekki við að svo sé. M.a. með hliðsjón af því flytjum við, ég og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, tvær brtt. við þetta frv. Annars vegar gerum við ráð fyrir breytingu á 3. gr. og hins vegar gildistökugreininni. Afgreiði Alþingi málið svona finnst mér það ekki afgreiða það með fullmyndugum hætti fyrir hönd löggjafans heldur er ætlast til að menn stigi einhverja hálfa leið til móts við tryggingafélögin. Við erum kosin af þjóðinni

til að gegna hér tilteknum skyldustörfum og við eigum að horfa yfir sviðið í heild með hliðsjón af því.

[16:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er meginmarkmiðið að tjónþolar fái sanngjarnar og eðlilegar bætur. En við verðum að horfa til þess hvort svo geti farið að þessi breyting hafi þær afleiðingar að tryggingafélögin hækki iðgjöld sín. Ég leiddi að því rök í máli mínu að tryggingafélögin ættu ekki að þurfa að hækka iðgjöld sín og vitnaði þar til Vátryggingareftirlitsins og skoðunar þess á því og til hvaða úrræða Tryggingaeftirlitið getur gripið ef til þess kemur. Það var innihaldið í máli mínu þegar ég sagðist treysta því að ekki þyrfti að koma til hækkunar iðgjalda vegna þessa, þ.e. að Vátryggingareftirlitið mundi þá grípa inn í. En ef hv. þm. hefur einhverja leið til þess í gegnum löggjafarvaldið með einhverju ákvæði sem tryggir að tryggingafélögin hækki ekki iðgjöld sín vegna þessa, er ég sannarlega tilbúin til að skoða það. Eitt þyrfti líka að skoða sem mér láðist að geta um og ekki hefur komið fram hér. Tryggingafélögin hafa bent á að með breytingum og hækkun á skaðabótunum muni lögmannsþóknanir margfaldast vegna þess að hér á landi reiknast lögmannsþóknun sem hlutfall af bótum en ekki, eins og gerist t.d. í Danmörku, að þóknun er gerð upp á grundvelli vinnutímaframlags. Það þyrfti því jafnframt að skoða það hvort ekki væri ástæða til að koma í veg fyrir að lögmannsþóknanir hækkuðu gífurlega vegna þessa ákvæðis.

[16:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er 1. umr. málsins þannig að ég tel einboðið að þetta mál hljóti að fara til nefndar á nýjan leik í ljósi þeirrar umræðu sem hér fer fram þótt málið sé flutt af nefnd, þetta er þannig mál. Ég benti á að ég teldi eðlilegt að hv. allshn. tæki til meðferðar bæði þær brtt. sem við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flytjum hér og þá ábendingu sem komið hefur fram frá mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þessi lagabreyting sé gerð í trausti þess að þarna verði ekki um hækkanir að ræða. Þá er tvennt til. Annað er það að Samband íslenskra tryggingafélaga gefi yfirlýsingu um að það muni ekki hækka í tilefni af þessu. Eða þá hitt að Alþingi samþykki lög þess efnis að það sé óheimilt að hækka út á þessar breytingar.

[16:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hér eru komnar tvær brtt. og nokkrar athugasemdir við þetta mál má taka undir það að allshn. skoði það á milli umræðna. Allshn. hefur að vísu skoðað málið mjög ítarlega og það hefur verið unnið mjög mikið í því í hv. allshn. Ég vil þó undirstrika, virðulegi forseti, að þó málið fari til skoðunar í hv. allshn. vegna þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram má ekkert koma í veg fyrir að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi, svo mikilvægt er það. Það yrði þinginu til hreinnar skammar ef þetta frv. af einhverjum ástæðum þyrfti að sitja eftir og fengi ekki afgreiðslu þótt ég undirstriki að ég hefði viljað sjá það í heildstæðari löggjöf en hér er lagt til af allshn.

[16:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum hér að fjalla um bætur fyrir tjón, slys og annað því um líkt. Það er eitt af því flóknasta sem við sjáum. Áður en lögin voru sett árið 1993 gerðist það þannig að læknir mat örorkuna, oft eftir einhverjum töflum. Missir fótar var ákveðin prósenta, missir sjónar önnur prósenta og síðan var örorkumat læknisins látið í hendur tryggingafræðingi sem reiknaði út frá aldri mannsins hvaða fjárhagstjóni hann yrði fyrir. Reiknað var með því að fjárhagstjónið yrði eins og örorkulíkurnar gáfu tilefni til. Inn í það komu lífslíkur og vextir og til að útskýra hlutverk vaxtanna þá var það þannig að tryggingafræðingurinn komst að því að maðurinn tapaði kannski 100.000 kr. í desember árið 2005 og þá var athugað hvaða upphæð þyrfti að leggja á bók í dag með þessum fyrir fram gefnum vöxtum til að eiga 100.000 á þessum degi að því gefnu að maðurinn væri þá enn á lífi. Þannig að dánarlíkur koma inn í þetta líka. Þetta var ákaflega flókið. Maðurinn fékk eingreiðslu sem honum var ætlað að ávaxta og þurfti þá að ná þeirri ávöxtun sem gengið var út frá í útreikningnum. Eins og ég segi var þetta mjög flókið mál og þessu var breytt árið 1993.

Herra forseti. Tjón eru mjög persónubundin, sérstaklega minni tjón. Við skulum ímynda okkur að einhver hv. þm. missi litla fingur vinstri handar. Það mun ekki há honum að neinu leyti í starfi og hann mun ekkert missa í tekjum. En ef viðkomandi væri heimsfrægur píanóleikari gæti það orðið til þess að hann spilaði ekki framar. Þar af leiðandi er örorkan í öðru tilfellinu núll en í hinu tilfellinu 100%, sama tjónið. Sama hef ég oft rekist á varðandi verkamenn sem verða fyrir litlu tjóni og þar sem þeir eru ekki lengur færir um að grafa skurð hef ég upplifað að þeir eru gerðir að verkstjórum og hækka í launum. Þannig að tjón þeirra var ekkert, minna en ekkert. Það er því ákaflega erfitt að dæma tjón einstaklings. Oft á tíðum eru þau dæmd út frá líkum. Maður verður fyrir ákveðnu slysi og það eru ákveðnar líkur á því að meiðslin taki sig upp eftir nokkra áratugi. En kannski taka þau sig aldrei upp. Ég man eftir dæmi um sjómann sem varð fyrir alvarlegu slysi en það var lagað. En það mátti ekkert koma fyrir hann, þá yrði hann 100% öryrki. Þegar ég síðast vissi hafði ekkert komið fyrir hann og hann vann áfram sem sjómaður. Honum voru líka dæmdar bætur á þeim grundvelli að hann yrði með ákveðnum líkum öryrki. Þannig að það er ákaflega einstaklingsbundið hvernig menn lenda í slíku tjóni sem menn eru að tala um.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt í öllum bótarétti og í öllum bótakerfum að ekki sé um oftryggingu að ræða. Af hverju? Vegna þess að það er einhver sem borgar bæturnar. Það er einhver sem borgar bæturnar og ef um er að ræða kerfisbundna oftryggingu verður sá sem borgar að borga meira, hvort sem það eru tryggingafélög, iðgjaldsgreiðendur eða skattgreiðendur og of háar bætur eða oftrygging er alltaf til skaða. Yfirleitt er talið að hún eigi ekki að eiga sér stað.

Herra forseti. Það kom hér fram í máli hv. þingmanna að hv. allshn. fékk afar misvísandi umsagnir. Á því er mjög einföld skýring. Hún er sú að sumir líta eingöngu á afmarkaðan hluta vandans. Hverju tapar maðurinn í tekjum og hvað þarf að bæta honum? Segjum að þetta sé maður með 100.000 kr. tekjur á mánuði. Hann er 100% öryrki og þá tapar hann þarna 100.000 kr., kann einhver að segja. Það þarf að bæta honum þessar 100.000 kr. eða 1,2 millj. á ári héðan í frá til ellilífeyrisaldurs eða jafnvel til dánardægurs. Þetta segja sumir og þeir segja að það sé allt of lítið að bæta það með tíföldum árslaunum. Það er hárrétt þegar maður lítur bara á tekjutjónið eitt sér. En svo kemur í ljós að við erum með almannatryggingakerfi sem þessir menn höfðu ekki hugað að og þetta almannatryggingarkerfi tryggir mann sem aldrei

hefur borgað í lífeyrissjóð og aldrei hefur unnið 50–54 þús. kr. lágmark. Það eru reyndar ákaflega flóknar reglur. En Íslendingur sem hefur verið búsettur á landinu í 16 ár, að mig minnir, fær 54 þús. kr. á mánuði í lífeyri þó hann hafi aldrei borgað í lífeyrissjóð. Þetta hlýtur að koma inn í þetta dæmi sem við erum að tala um. Síðan erum við búin að setja upp heilmikið kerfi lífeyrissjóða ef einhver skyldi ekki hafa tekið eftir því. Í þessum lífeyrissjóðum eru um eða yfir 200 milljarðar til að tryggja Íslendinga. Þessir lífeyrissjóðir hafa mjög metnaðarfullt markmið, þ.e. að tryggja Íslendingum 60–80% af tekjum vegna örorku eða elli. Þeir eru reyndar ekki búnir að starfa nema í 20 ár og eru því ekki komnir hálfa leiðina að þessu marki. Þeir eru farnir að veita fólki núna svona 40–60% af launum sem ellilífeyri. 40% oftast nær eða jafnvel 30%, en í örorkulífeyri eru flestir þessir lífeyrissjóðir þannig að þeir framreikna. Ungur maður sem verður öryrki fær 70–80% af launum sem lífeyri. Reyndar er samspil lífeyrissjóðakerfisins og almannatrygginga ákaflega flókið. En mér segir svo hugur að maður sem verður 100% öryrki og er með 80 þús. kr. á mánuði, ég lagði fram fyrirspurn um þetta til heilbrrh. í síðustu viku, fái 84 þús. kr. í lífeyri. Maður sem er með 80 þús. kr. í mánaðarlaun fær um 84 þús. kr. í lífeyri. Hann fær sem sagt hærri örorkubætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum en hann hafði í laun. Þetta kostar milljarða. En ef þetta tjón hans verður vegna slyss sem er bótaskylt þá skal hann fá tíföld árslaun til viðbótar við það að hafa hagnast á slysinu. Hann er með 80 þús. kr. á mánuði, það eru 960 þús. kr. á ári sinnum 10, þ.e. 9,6 millj. vegna þess að hann græðir 4.000 kr. á mánuði. Það er von að umsagnirnar hafi verið misvísandi.

Það sem kemur kannski mikið inn í þetta mál er að menn eru að rugla saman miska og bótum, fjárhagstjóni. Ég er eingöngu að tala um fjárhagstjón. Ég er ekki að tala um þann mikla miska sem menn verða fyrir við það að verða fyrir slysi. Þessi oftrygging minnkar þegar um er að ræða menn með hærri tekjur. Ef þetta er ungur öryrki með 200.000 kr. í tekjur fær hann u.þ.b. 150 þús. kr. í lífeyri ef allar tekjurnar eru tryggðar, þ.e. ef hann er ekki háður því eins og opinberir starfsmenn að eingöngu dagvinnan er tryggð. Þegar maður lítur til alls kerfisins í heild er þar greinilega um að ræða töluverða oftryggingu. Það er dýrt og það þarf að reyna að hindra.

Herra forseti. Menn hafa nokkuð rætt hér um hlutverk vaxta. Það er verið að tala um að fyrir þennan hæstaréttardóm var reiknað með 6% vöxtum og nú á að reikna með 4,5% vöxtum. Hvernig lítur þetta út fyrir einstakling sem verður fyrir tjóni? Hann fær einhverja upphæð sem hann á að ávaxta um alla framtíð. Ef þetta er þrítugur maður þá þarf hann að ávaxta þetta þar til hann fer á ellilífeyri sjötugur eða í 40 ár. Honum var ætlað að ná 4,5% raunvöxtum á þetta fjármagn sitt í 40 ár. Það er nánast útilokað. Ég held að vaxtaprósentan, þeir vextir sem menn ná á þetta fjármagn sitt, sé miklu lægri og kannski ekki nema 3–3,5% í svona langan tíma. Þarna er um að ræða vantryggingu.

Svo hefur ekki komið inn í umræðuna að þessar eingreiðslur eða bætur eru skattfrjálsar en launin að sjálfsögðu ekki. Þannig að það er líka ákveðin oftrygging. Eldra fólk sem verður öryrkjar er ekki búið að vera eins lengi í lífeyrissjóði þannig að það nær ekki þessum 70–80% af tekjum sem ég talaði um áðan. Þeir aðilar fá því ekki eins háar bætur og yngra fólkið.

Það er von að þetta mál sé flókið. Ég styð eindregið að úr þessu máli verði unnið frekar í nefnd og það getur vel verið að menn þurfi að hverfa frá þeim einföldu aðgerðum að hafa einhvern stuðul sem allir eiga að fá burt séð frá aðstæðum. Kannski þurfa menn að fara þá leið að reikna hvern einstakan út og kannski eiga menn að ganga enn þá lengra og vera ekki að tala um eingreiðslur og ætla ekki fólki að ávaxta fé sitt í 20–30 ár, heldur eigi menn að fá lífeyri. Þá losnar um fullt af vandamálum, t.d. það sem ég gat um áðan með líkurnar á sjómanninum, hann fengi þá 100% lífeyri þegar áfallið dyndi yfir en ekkert þangað til. Sömuleiðis mætti kanna jafnóðum hvort menn hafi raunverulega orðið fyrir jafnmikilli örorku og um er talað þannig að ef lífeyrir væri greiddur út til þessa fólks mætti segja að maður sem er með 150 þús. kr. mánaðarlaun eigi bara að hafa þau tryggð um alla framtíð. Ef það kemur í ljós að örorkan batnar eða versnar er hægt að leiðrétta það með lífeyrinum. En þetta er náttúrlega töluvert mikil kerfisbreyting og ég ætla að menn þurfi a.m.k. um tvö ár til þess að huga að þessum málum.

[16:45]

Bryndís Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. til breytinga á skaðabótalögum sem sett voru árið 1993 og tóku gildi 1. júlí það ár. Þau lög voru nýlunda hér á landi og þóttu mikil réttarbót. Sú stefna hafði verið mörkuð við setningu þeirra laga að gera ákvæði þeirra þannig úr garði eins og segir orðrétt í greinargerð með frv. með leyfi, herra forseti, „að tjónþoli fái almennt auk hæfilegra miskabóta fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla".

Eftir að lögin tóku gildi komu fram rökstuddar ábendingar frá hópi lögmanna um að reikningsreglur laganna væru fjarri því að ákveða þorra tjónþola fullar bætur fyrir fjártjón. Ábendingu lögmannanna var í fyrstu illa tekið en þó fór svo að lokum að málið var tekið til meðferðar að frumkvæði allshn. og nefnd þriggja manna sett í málið. Tveir nefndarmanna skiluðu meirihlutaáliti vorið 1994 þar sem fallist var á réttmæti ábendingar lögmannanna. Ekkert varð úr breytingum á lögunum í það sinn en allshn. fól síðar þeim Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Gunnlaugi Claessen hæstaréttardómara, er staðið höfðu að meirihlutaálitinu vorið 1994, að gera nýjar tillögur að breytingum á lögunum eftir að Hæstiréttur hafði síðla vetrar 1995 kveðið upp stefnumarkandi dóm í líkamstjónsmáli. Tillögum þeirra félaga var skilað til allshn. í nóvember sl. ásamt ítarlegri og mjög vel rökstuddri skýrslu sem fylgir frv. Tillögur þeirra tvímenninga fela í sér mikilsverðar og að mínu mati nauðsynlegar breytingar á allmörgum ákvæðum skaðabótalaganna. Þykir mér miður að allshn. treystir sér ekki til að leggja til frekari breytingar á lögunum byggðar á tillögum þeirra tvímenninganna en kemur fram í frv. því sem hér liggur frammi.

Eins og fyrr sagði var megingagnrýnin á reikningsreglurnar og þá einkum margfeldisstuðulinn í 6. gr. sem hafði verið ákveðinn 7,5. Fyrri tillögur tvímenninganna voru 1994 gerðu ráð fyrir að stuðullinn þyrfti að hækka upp í 10 til að tryggja markmið laganna um fullar bætur. Síðan hefur dómur Hæstaréttar frá mars 1995 enn frekar leitt til þess að stuðull þessi þyrfti að hækka enn þá meira. Er skoðun tvímenninganna ítarlega rökstudd á bls. 13–19 í fskj. með frv.

Ég ætla mér ekki að ræða um fræðilegar forsendur breytingartillagnanna enda ekki sérfræðingur á því sviði. Hinar pólitísku forsendur eru hins vegar skýrar og komu fram í því sem ég vitnaði til áðan að tilgangur laganna hefði ver-

ið m.a. að tjónþoli fengi almennt auk hæfilegra miskabóta fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlytist af völdum líkamsmeiðsla. Ef hinar pólitísku forsendur eru þessar og þar sem fyrir liggur ítarleg og rökstudd tillaga fræðimanna á sviði skaðabótaréttar sem hefur ekki verið hrakin efnislega þá skil ég ekki hvers vegna er ekki lagt til að ganga lengra til breytinga á lögunum en fram kemur í frv. og þá til samræmis við tillögur þessara fræðimanna. Það skyldi þó ekki vera að áróðursherferð vátryggingafélaganna gegn tillögum þeirra Gests og Gunnlaugs eigi hlut að máli, áróðursherferð sem var alls ekki málefnaleg út frá sjónarmiði vátrygginga og skaðabótaréttar. Efnisleg gagnrýni kom ekki fram. Megingagnrýnin var af pólitískum toga. Breytingarnar mundu hafa í för með sér stórkostlega hækkun iðgjalda. Þetta var snjallt áróðursbragð. Vátryggingafélög vissu að slíkur áróður gengi í margan stjórnmálamanninn. Ekkert hefur verið sannað um nauðsyn hækkana iðgjalda þó farið yrði að tillögum tvímenninganna, eða hvað segir Vátryggingareftirlitið um það?

Allshn. hefur látið semja vandaða greinargerð þar sem fram kemur að tjónþolar þurfa að þola hróplegt ranglæti vegna laganna. Greinargerðinni fylgja fullbúnar tillögur um hvernig úr skuli bæta. Ef ríkisvaldið sér ekki fyrir hagsmunum tjónþola verða fáir aðrir til þess. Skref það sem lagt er til að stigið verði í þá átt að tjónþolar fái fullnægjandi bætur er til bóta en að mínu mati engan veginn nægilega stórt. Ég styð þessar breytingartillögur en legg þó til að frekari endurbótum verði hraðað.

[16:50]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég nota tækifærið til þess að þakka hv. þingmönnum fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað um þetta frv. allshn. um breytingar á skaðabótalögum. Ég vil líka nota tækifærið til þess að ítreka að það er öll allshn. sem flytur þetta frv. og stendur að þessu máli og í allshn., þar sem eru níu hv. þingmenn og áheyrnarfulltrúi, eru fulltrúar allra stjórnmálaflokka á þinginu.

Ég bendi líka á það og virðist vera full ástæða til þess að rifja það upp að unnið hefur verið mjög ítarlega að þessu máli af hálfu nefndarinnar. Það er ekki að ástæðulausu sem nefndin kemst að þessari niðurstöðu. M.a. hafa ábendingar hv. þingmanna, sem hafa komið fram í umræðunni, verið ræddar fram og til baka.

Ég tel líka að það komi skýrt fram í greinargerð með þessu frv. og í framsögu minni áðan hvers vegna ekki er farið að tillögum þeirra Gests og Gunnlaugs í þessu frv. Þá var minnst á það áðan af hálfu hv. þm. Bryndísar Guðmundsdóttur og talað um áróðursherferð tryggingafélaganna gegn þessum tillögum. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa aðeins upp úr umsögnum sem eru einungis smábrot af öllum þeim pappírum sem við höfum haft til skoðunar í nefndinni út af málinu til að sýna hve skiptar skoðanir eru á þessu máli og hvað bæði menn, félagasamtök og stofnanir vilja leggja áherslu á í þessu sambandi og það er ekki svo einfalt mál. Í lok umsagnar Alþýðusambands Íslands segir t.d., með leyfi virðulegs forseta:

„Að lýstu framangreindu telur ASÍ þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögunum til hagsbóta fyrir tjónþola og mælir því með að skaðabótalögunum verði breytt í samræmi við þær. Af hálfu ASÍ er þessi afstaða fyrst og fremst byggð á því að sambandið unir ekki bótakerfi sem ekki tryggir jafnræði þeirra sem fyrir tjóni verða. Á hinn bóginn telur ASÍ algerlega óásættanlegt að breytingar á skaðabótalögunum verði til að hækka iðgjöld tryggingafélaganna. Leiði breytingar þær sem hér eru lagðar til til slíkrar hækkunar iðgjalda er óhjákvæmilegt að leitað verði leiða til að draga úr kostnaði á móti.“ Fulltrúar Alþýðusambandsins, sem komu til viðtals við nefndina tóku skýrt fram fyrirvara hvað þetta atriði snerti.

Þá vil ég líka fá að lesa stuttlega upp úr áliti Vinnumálasambandsins, en þar kemur fram í lok umsagnar: „Vinnumálasambandið beinir því þeim eindregnu tilmælum til allshn. Alþingis að þetta frv. verði lagt til hliðar,“ þ.e. þetta frv. tvímenninganna, „fengnir verði viðurkenndir fræðimenn til að gera úttekt á skaðabótalögum, t.d. á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Ef hún gerir tillögur til breytingar á skaðabótalögunum, verði Þjóðhagsstofnun eða Hagstofa Íslands beðnar um að meta kostnaðaráhrif þeirra lagabreytinga.“

Þá segir í lok umsagnar frá Neytendasamtökunum: „Telja Neytendasamtökin nauðsynlegt að allshn. Alþingis gangist fyrir því nú þegar að sett verði á fót nefnd til að skoða þetta mál heildstætt og miðað við það að íslenskir neytendur verði ekki verr settir hvort heldur varðandi tjónauppgjör eða iðgjaldatryggingar skyldutrygginga en er í nágrannalöndum okkar. Nefndin þyrfti einnig að hafa það verkefni að endurskoða skaðabótalögin með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem nefndin mun komast að í þeim samanburði.“

Það kom líka skýrt fram af hálfu gesta sem komu til nefndarinnar frá Neytendasamtökunum að þeir voru með fyrirvara við þetta mál þannig að þeir treystu sér ekki til þess að meta málið fyrr en séð væri hvaða fjárhagslegar afleiðingar það hefði að leggja til slíkar breytingar sem fólust í tillögum tvímenninganna. Þetta eru aðeins nokkur dæmi af öllum þeim álitaefnum sem allshn. hefur þurft að fást við í vinnu sinni að þessu máli.

Ég rifja líka upp minnisblað sem fulltrúar Lögmannafélagsins komu með á fund nefndarinnar vegna þess að verið er að tala um allar þær umræður sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu um skaðabótalögin og hvort þurfi að breyta þeim en þar leggja þeir áherslu á að það þurfi að koma til lágmarksbreytingar á lögunum nú þegar og nefna sérstaklega til breytingar á stuðlinum og breytingar eins og nefndin leggur til varðandi 8. gr., þ.e. um þann þröskuld sem hefur verið á miskabótum. Vafalaust er það svo að menn hefðu viljað sjá þann stuðul hærri en allshn. leggur til en eins og ég hef sagt áður eru mjög margvísleg sjónarmið sem liggja þarna að baki. Þar að auki vil ég nefna að allshn. leggur til í bráðabirgðaákvæði að nefnd fari í að endurskoða lögin og það er ákveðið tímamark sem þessi nefnd hefur. Eins og ég sagði áðan í framsögu vonast ég til þess að sú vinna fari mjög fljótt af stað og við getum fengið þannig niðurstöður úr þeirri vinnu að það muni ríkja sátt um þetta mál í þjóðfélaginu og ekki veitir af. Auðvitað gerum við okkur alveg grein fyrir því, þingmenn á hinu háa Alþingi, að tjónþolar í þjóðfélaginu eru óskilgreindur hópur, en ekki einhver hagsmunahópur sem hefur talsmenn fyrir sig. Að sjálfsögðu gerum við okkur grein fyrir ábyrgð okkar í þeim efnum.

Vegna þess að talað var um jafnréttishlið þessara mála vil ég minnast á að það átti sér stað þó nokkur umræða um slíkt í þjóðfélaginu, á síðasta sumri og í haust, að m.a. var talað um dóm sem féll í undirrétti á síðasta ári varðandi slys en það slys átti sér stað fyrir gildistöku skaðabótalaganna. Það er búið að leiðrétta þetta ástand, þ.e. 8. gr. skaðabótalaga nær yfir þetta núna. Það er enginn greinarmunur gerður á

kynjum. Það breytir því ekki að það er ákveðið launamisrétti í þjóðfélaginu en á það er líka bent í umsögn frá Jafnréttisráði. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að gera grein fyrir því sem þar segir:

„Það er álit ráðsins að tillögurnar tryggi að kynferði tjónþola verði ekki eitt af þeim atriðum sem lagt verði til grundvallar við ávörðun bótafjárhæðar eins og tíðkast hefur. Kynferði mun þó áfram hafa áhrif á bótafjárhæð á meðan munur er á launum í hefðbundnum starfsgreinum kvenna og karla. Við því þarf hins vegar að bregðast á öðrum vettvangi."

Það er náttúrlega mjög mikilvægt að menn hafi þetta í huga.

Að lokum ítreka ég, virðulegi forseti, þakkir til hv. þingmanna fyrir þessar umræður. Sérstaklega ítreka ég þakkir til nefndarmanna í allshn. sem hafa unnið mjög ötullega að málinu og hafa náð þeirri niðurstöðu sem birtist í frv. sem liggur nú fyrir hinu háa Alþingi. Ég vona svo sannarlega að þingmenn taki málinu vel þannig að það geti skapast sátt um það í þjóðfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:59]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdir að Bessastöðum, 409. mál, fsp. ÁE, þskj. 727.

Skaðabótalög, 399. mál, brtt. SvG o.fl., þskj. 729.

Réttindi sjúklinga, 1. umr.

Stjfrv., 388. mál. — Þskj. 683.

og

Læknalög, 1. umr.

Frv. KF, 199. mál (samþykki sjúklings til aðgerðar). — Þskj. 249.

[17:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um réttindi sjúklinga. Frv. er samið af nefnd sem hóf störf á sl. vori. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða og ég vona að frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Ég vil í upphafi gera nokkra grein fyrir því mikla starfi og að því er ég tel nokkuð óvenjulega sem býr að baki því frv. sem hér er til umræðu. Nefndina, sem samdi frv., skipuðu auk embættismanna í ráðuneytinu fulltrúar frá landlæknisembætti, Læknafélagi Íslands, Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga, samtökum heilbrigðisstétta og Neytendasamtökunum. Nefndin hóf störf í sumarbyrjun á síðasta ári og hóf þá þegar að kalla til sín fulltrúa allra sjúklingahópa sem vitneskja var um. Vert er að vekja athygli á því að áður en nefndin hóf störf var ekki hér á landi tæmandi yfirlit yfir öll félög sjúklinga og eftir því sem vinnu nefndarinnar vatt fram komu fram ábendingar um félög sem ekki var vitað um. Því yfirliti sem nefndin hefur unnið mun verða dreift til hlutaðeigandi aðila og heilbrigðisyfirvöld munu í framtíðinni leitast við að halda með skipulegum hætti skrá yfir þá hópa formlega og óformlega sem starfa með einum eða öðrum hætti að hagsmunamálum sjúklinga.

Nefndin hélt alls á þriðja tug funda og fékk til sín fulltrúa 45 sjúklingahópa. Nefndarmenn, sem flestir hafa starfað lengi að heilbrigðismálum, hafa tjáð mér að fundir með þessu fólki hafi reynst afar áhugaverðir og gagnlegir í starfi nefndarinnar. Þetta fólk hafði mikið fram að færa og má rekja ýmis atriði í frv. beint eða óbeint til atriða sem fram koma í máli þess. Í áliti nefndarinnar eru dregin saman atriði sem segja má að samhljómur hafi verið um og vil ég, með leyfi forseta, rekja þau helstu hér.

Mikilvægi þess að setja sérstök lög um réttindi sjúklinga. Íslensk heilbrigðisþjónusta er í meginatriðum góð þó gera megi betur á ýmsum sviðum. Bæta má samstarf milli þeirra ráðuneyta sem koma að málefnum sjúklinga og fatlaðra. Forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu skal fyrst og fremst byggð á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum. Sjúklingafélög eiga oft erfitt með að koma upp upplýsingum um starfsemi sína á framfæri og innan heilbrigðisstofnana ríkir áhugaleysi um starfsemi þeirra. Heilsufarslegum þörfum sjúklinga er í flestum tilfellum vel sinnt en nokkur skortir á að mannlegum og andlegum þörfum sé sýndur skilingur. Ekki er nægilega tryggt að upplýsingar, sem sjúklingar fái, séu auðskiljanlegar. Bæta má þekkingu heilbrigðisstétta á rétti sjúklinga. Auka þarf fræðslu til sjúklinga um rétt þeirra og bæta aðgang að heilbrigðisstarfsmönnum vegna upplýsinga um þennan rétt. Auka þarf þekkingu sjúklinga á rétti til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Efla þarf túlkaþjónustu fyrir heyrnardaufa á heilbrigðisstofnunum. Taka þarf meira tillit til sjúklinga með sérþarfir eins og blindra, heyrnarlausra, þroskaheftra og daufblindra. Taka þarf í auknum mæli til reynslu og þekkingar vandamanna á sjúkdómum. Mikilvægt er að hlustað sé á kvartanir sjúklinga og vandamanna þeirra og við þeim brugðist.

Framangreind atriði eru sem fyrr segir meðal þess sem fram kom í máli gesta á fundum nefndarinnar um réttindi sjúklinga. Þó ekki séu til hér á landi sérstök almenn lög um réttindi sjúklinga er ýmis slík atriði að finna í dreifðri löggjöf. Kveðið er á um rétt til heilbrigðisþjónustu í samnefndum lögum frá árinu 1990, lögum um málefni aldraðra og lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Í ýmsum lögum eru ákvæði um veikindarétt. Þá ber að nefna lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð og læknalög. Loks má nefna sérákvæði um þvingunarinnlagnir í lögræðislögum.

Í frv. þessu eru dregin saman þau atriði sem sjúklingar eru þegar taldir njóta beint eða óbeint á grundvelli dreifðra ákvæða í lögum, reglugerðum og siðareglum heilbrigðisstétta. Þá er í frv. nýmæli sem m.a. eiga rætur að rekja til atriða sem fram koma í máli sjúklingahópa sem komu á fund nefndarinnar auk þess sem fyrirmyndir voru sóttar í upplýsingar sem aflaðar voru víða erlendis frá um þetta efni. Þá endurspeglast að sjálfsögðu í frv. ýmis atriði sem heilbrigðisstéttir hafa þegar haft í heiðri í faglegu starfi og þróun á þessu sviði hefur tekið mið af. Það er ánægjulegt hvernig þessar stéttir hafa sjálfar verið að fjalla um ýmis atriði sem tryggja réttarstöðu sjúklinga og má þar t.d. nefna reglur um skriflegt samþykki.

Víkjum þá að helstu atriðum frv. Skilgreint markmið frv. er að tryggja sjúklingum ákveðin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi. Stuðst er við hefðbundið orðalag í ýmsum alþjóðasamningum á sviði mannréttinda. Í

samskiptum sínum við heilbrigðisþjónustuna eru sjúklingar oft í hlutverki hins veikburða og því hætt við að réttur þeirra sé brotinn. Tilgangur lagasetningar um réttindi sjúklinga er að tryggja þeim tiltekin mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og jafnframt að styrkja það trúnaðarsamband sem ríkja ber milli sjúklinga og starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar. Í markmiðsákvæðum er ítrekuð jafnræðisregla stjórnarskrár Íslands.

Í 2. gr. frv. eru skilgreind nokkur hugtök þess. Mér hefur borist til eyrna að menn hafi haft í flimtingum skilgreiningu frv. á hugtakinu „sjúklingur". Verði fundin betri skilgreining eða annað þjált hugtak sem nær efni skilgreiningarinnar geri ég ekki athugasemd við það. Á hinn bóginn var ætlun höfunda frv. að leggja með skilgreiningunni áherslu á að ákvæði frv. ættu jafnt við þá sem við skilgreinum í daglegu tali sem sjúklinga og alheilbrigða einstaklinga sem einhverra hluta vegna leita eftir heilbrigðisþjónustu. Við getum nefnt af handahófi einstakling sem óskar eftir læknisvottorði vegna náms erlendis, þungaða konu sem er hraust og kennir sér ekki meins en sækir reglulega mæðraeftirlit eða unga stúlku sem óskar eftir að fá ávísaða getnaðarvarnapillu hjá heimilislækni. Hér er ekki um að ræða sjúklinga, hvorki samkvæmt almennri málnotkun né skilgreiningum málvísinda en á hinn bóginn er hluti þeirra sem njóta heilbrigðisþjónustu í raun fullfrískt fólk.

Þá er rétt að vekja sérstaklega athygli á því að í frv. er nýmæli um skilgreiningu á hugtakinu „vísindarannsókn." Í skilgreiningunni er gert að skilyrði að slík rannsókn hafi hlotið fullnægjandi vísindalegt og siðfræðilegt mat og hún verður að vera þess eðlis að engin slík sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Í 3. gr. frv. er ítrekaður samfélagslegur réttur sjúklinga, þ.e. réttur til heilbrigðisþjónustu sem skuli vera sem sambærilegastur og eins fullkominn og unnt er innan þess fjárhagsramma sem þjónustunni er sniðinn á hverjum tíma. Þá er kveðið á um meðferð og aðbúnaður skuli miðast við ástand, aldur og horfur auk bestu þekkingar sem völ er á. Ég vil vekja sérstaka athygli á mikilvægu ákvæði um að sjúklingur eigi rétt á samfelldri meðferð og að samstarf liggi á milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að meðferð.

Enn er að finna nýmæli í 4. gr. frv. þar sem kveðið er á um að til séu aðgengilegar upplýsingar fyrir sjúklinga. Mikilvægt er að fyrirliggjandi séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, rétt til almannatrygginga, félagslegrar aðstoðar, um félög sem starfa í þágu sjúklinga, hvort sem það eru sjúklingafélög, félög vandamanna eða styrktarfélög þeirra. Í frv. er gert ráð fyrir að heilbr.- og trmrn. sjái til þess að til séu upplýsingar um þessi atriði.

Enn fremur er sú skylda lögð á heilbrigðisstofnanir að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn hafi þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum. Í ábendingum sjúklingafélaga kom fram að þau telja að nokkuð skorti á að sjúklingum sé nægilega skýrt réttur þeirra til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og annað er réttur sem njóta og á ákvæðið rætur að rekja til þeirra ábendinga.

Í II. kafla frv. er fjallað um rétt sjúklings til upplýsinga um heilsufar sitt og meðferð. Þar er að finna það nýmæli að ef í hlut á sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál, skuli honum tryggð túlkun á þessum upplýsingum. Þar sem upplýsingalöggjöfin er ein meginstoð réttinda sjúklinga er nauðsynlegt að tryggja þennan rétt. Oft getur reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum. Með sama hætti er túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa enn af skornum skammti. Engu að síður þykir nauðsynlegt að undirstrika þennan rétt og að ábyrgð á að hann sé tryggður hvílir á heilbrigðisstofnunum.

Í II. kafla er jafnframt að finna eina af meginreglum um réttindi sjúklinga, þ.e. að sjúklingur ákveði sjálfur hvort hann þiggi meðferð og enga meðferð megi framkvæma án samþykkis sjúklings. Í lögræðislögum hefur lengi verið ákveði um að engan megi leggja á sjúkrahús til meðferðar gegn vilja sínum.

Í frv. þessu er vísað til ákvæðis lögræðislaga um samþykki fyrir meðferð hjá sjúklingum sem vegna greindarskorts eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Sérstaklega er þó tekið fram að í þessum tilvikum skuli hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er. Þá er sett það skilyrði að samþykkið skuli vera skriflegt ef kostur er og komi það fram að sjúklingurinn hafi skilið þær upplýsingar sem honum hafa verið gefnar. Um nokkurt skeið hefur reglum um skriflegt samþykki verið framfylgt á nokkrum deildum Landspítala og gefist vel. Frá meginreglu um samþykki er gerð sú undantekning að ef sjúklingur er meðvitundarlaus skal taka samþykki hans sem gefið gagnvart meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Hafni sjúklingur meðferð er skylt að upplýsa sjúklinginn um afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Sérákvæði er um höfnunina á meðal sjúkra barna. Sérákvæði er um að óheimilt sé að varðveita sýni úr sjúklingum nema vegna greiningar nema til komi sérstakt samþykki sjúklingsins og jafnframt um samþykki fyrir vísindarannsókn, samanber það sem fyrr segir um það nýmæli. Sjúklingi skal skýrt frá þeirri áhættu sem kann að fylgja þátttöku í rannsókninni og hugsanlegum ávinningi.

Í 11. gr. er loks að finna nýmæli um að sjúklingur geti neitað að taka þátt í þjálfun eða kennslu nemenda á heilbrigðissviði.

Í III. kafla frv. er að finna nýmæli um þagnarskyldu sem tekur til allra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu en þegar gilda slík ákvæði um lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn. Ekki er síður talin rík ástæða til að leggja áherslu á þagnarskyldu annarra starfsmanna. Að öðru leyti er byggt á meginreglum sem fram koma í ákvæðum læknalaga og eru undanþágurnar hinar sömu. Undirstrikað er að þagnarskyldan geti vikið fyrir lögbundinni tilkynningarskyldu svo sem í barnaverndarlögum.

Í IV. kafla laganna eru ítrekuð ákvæði læknalaga um meðferð upplýsinga á sjúkraskrá. Þó er þar að finna nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi eru tekin af tvímæli um að aðgangur að sjúkraskrá er ekki takmarkaður við það hvenær skráin er færð eins og nú er gert samkvæmt læknalögum. Er það gert í kjölfar dómsniðurstöðu Hæstaréttar frá 26. jan. 1995. Þá er kveðið á um að skráð skuli í sjúkraskrá þegar hún er skoðuð vegna vísindarannsóknar og síðast en ekki síst að að sjúklingur geti gert skriflegar athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá og skuli þær lagðar með skránni.

Í V. kafla frv. er fjallað um ýmis grundvallaratriði varðandi meðferð sjúklinga. Í 17. gr. er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfa síns vegna eiga samskipti við sjúkling skuli koma fram við hann af virðingu. Fjallað er um að óviðkomandi fái ekki aðgang að heilbrigðisstofnunum og að meðferð skuli framkvæmd með þeim hætti að

utanaðkomandi aðilar sjái ekki til eða fái upplýsingar um meðferðina.

Í 18. gr. er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmenn skuli gefa sjúklingum sem bíður eftir meðferð skýringar á biðinni og upplýsingar um áætlaðan biðtíma. Þess eru dæmi að bið eftir meðferð sé eingöngu bundin tiltekinni heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstarfsmanni og í þeim tilvikum ber að skýra sjúklingi fra því að hann geti fengið meðferð annars staðar.

Í 19. gr. er kveðið á um forgangsröðun. Þar segir að forgangsröðun skuli fyrst og fremst byggð á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum. Afar mikilvægt er að gætt sé jafnræðis þegar nauðsynlegt reynist að forgangsraða. Í kaflanum er ítrekuð regla um rétt sjúklinga til að velja sér lækni og undirstrikuð er heimild sjúklinga til að leita álits annars heilbrigðisstarfsmanns.

Í 21. gr. frv. er vikið að ábyrgð sjúklinga gagnvart meðferð sem hann hefur samþykkt og ábyrgð gagnvart eigin heilsu. Gert er ráð fyrir að sjúklingur reyni eftir megni að fygja fyrirmælum lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna um atriði sem snerta meðferðina.

Reglur um innlögn og útskrift eru nýmæli. Þar er kveðið á um að kynna skuli fyrir sjúklingi reglur og venjur sem gilda á stofnun og máli skipta. Heilbrigðisstarfsmenn skulu eftir því sem kostur er kynna sig og starfssvið sitt fyrir sjúklingi og sjúklingur skal fá að vita hvaða starfsmaður ber meginábyrgð á meðferð hans. Er líður að útskrift skal kanna aðstæður sjúklings og útvega honum heimaþjónustu eða annað vistunarúrræði eftir því sem unnt er. Þá skal sjúklingur við útskrift fá leiðbeiningu um ýmis þýðingarmikil atriði svo sem lyfjagjöf, matarræði, þjálfun og hreyfingu. Loks er kveðið á um læknabréf og að læknisvottorð skuli afhent sjúklingi án ástæðulauss dráttar, en slíkt getur skipt viðkomandi einstakling miklu máli.

Í 23. gr. er kveðið á um linun þjáninga, rétt sjúklings á nærveru við fjölskyldu og vini og andlegum og trúarlegum stuðningi, en slíkt getur skipt sjúkling miklu máli í meðferð hans. Í 24. gr. frv. er að finna nýmæli sem þegar hefur vakið nokkra athygli. Í ákvæðinu er fjallað um rétt sjúklings til að deyja með reisn og rétt til mannúðlegrar umönnunar á dánarbeði. Þá leiðir það af meginreglunni um samþykki sjúklings fyrir meðferð að ef dauðvona sjúklingur gefur ótvírætt til kynna að hann óski hvorki eftir meðferð sem lengi líf hans né tilraun til endurlífgunar, ber að virða þá ákvörðun hans.

Þess ber að geta að ýmis sjúkrahús hafa þegar sett leiðbeinandi reglur um meðferð sjúklings við lok lífs og hefur þetta atriði verið til umfjöllunar meðal heilbrigðisstétta á undanförnum árum.

Í frv. er farin sú leið að setja sérstakar reglur um sjúk börn, þ.e. sjúklinga undir 16 ára aldri, enda koma foreldrar eða aðrir forráðamenn þá við sögu auk viðkomandi einstaklinga. Upplýsingar um heilsufar og batahorfur svo og aðrar upplýsingar skal jafnan veita foreldrum eða forráðamönnum. Þó skulu börn eftir því sem kostur er höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri.

Þá skal afla samþykkis foreldra eða forráðamanna fyrir nauðsynlegri meðferð, en í 26. gr. frv. er þó að finna sérákvæði ef þessir aðilar neita að samþykkja nauðsynlega meðferð. Í slíkum tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni að gera barnaverndarnefnd viðvart. Ef um lífsnauðsynlega meðferð er að ræða getur málum verið þannig háttað að ekki vinnist tími til að leita til barnaverndaryfirvalda. Í þeim tilvikum er ákvörðun sett í hendur heilbrigðisstarfsmanns og honum gert skylt að taka ákvörðun með heilbrigði barnsins að leiðarljósi þrátt fyrir andstöðu foreldra eða forráðamanna.

Aðrar reglur frv. um sjúk börn styðjast við norrænar leiðbeiningareglur um þetta efni. M.a. er kveðið á um að börn skuli fá að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð. Þau eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og njóta heimsókna systkina og vina.

Sjúk börn á skólaskyldualdri skulu hafa aðgang að kennslu við hæfi. Þá skal umhverfi og aðbúnaður barna á heilbrigðisstofnunum hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi. Í 28. gr. frv. er ítrekaður réttur til að kvarta samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og læknalögum. Þó er gerður greinarmunur á athugasemdum annars vegar sem beina skal að yfirstjórn viðkomandi stofnunar og kvörtunum hins vegar. Kvörtunum skal beina til landlæknis eða sérstakrar þriggja manna kvörtunarnefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Sú skylda er lögð á starfsmenn heilbrigðisstofnana að liðsinna sjúklingum í þessum efnum. Þá skulu stjórnir heilbrigðisstofnana taka til athugunar ábendingar starfsmanna um að brotinn sé á sjúklingum réttur.

Ég hef lokið yfirferð yfir einstök efnisatriði frv. til laga um réttndi sjúklinga. Ég veit að frv. mun fá mikla og vandaða umfjöllun innan þingsins og umsagnaraðilar eiga eftir að koma athugasemdum sínum á framfæri við hv. heilbr.- og trn. Til álita kom að afla umsagna á vegum ráðuneytisins áður en frv. yrði lagt fram, en í ljósi þeirrar vönduðu vinnu sem lögð er í þann þátt í þingnefndum var talið að í því fælist nokkur tvíverknaður.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér með að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[17:24]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að nú er komið fram frv. um réttindi sjúklinga. Eins og við höfum margoft heyrt í fjölmiðlum hafa sjúklingar oft átt í útistöðum við heilbrigðisþjónustuna, e.t.v. vegna framkomu heilbrigðisstarfsmanna, kröfu um aðgang að sjúkraskrám og fleiri slíkra atriða.

Frv. sem við fjöllum um nú á einmitt að taka á þessu og skilgreina hver réttindi sjúklinga eiga að vera. Að mínu mati eru athyglisverð nýmæli í 3. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita innan þess fjárhagsramma sem heilbrigðisþjónustunni er sniðinn á hverjum tíma."

Hér er sem sagt verið að bjóða upp á þjónustu innan þess fjárhagsramma sem sniðinn er í fjárlögum. Þjónustan má samkvæmt þessu ekki kosta hvað sem er. Ég get ekki betur sé en að þessi grein stangist að vissu leyti á við 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu en þar segir, með leyfi forsea:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu er því ekki neinn varnagli um að þjónustan eigi að vera innan ramma fjárlaga, enda hefur margoft verið bent á þessa grein af ýmsum hagsmunahópum þegar togast er á um fjármagn til heilbrigðismála. Það er auðvitað algerlega óraunhæft að bjóða upp á þá fullkomnustu þjónustu sem hægt er að veita án tillits til þess hvað hún kostar. Við gætum notað allt fjármagn íslensku fjárlaganna einungis í heilbrigðiskerfið ef við vildum fara þá leið. Slíkt gengur að sjálfsögðu ekki upp.

Samfélagið hefur miklu fleiri skyldum að gegna, það þarf að bjóða upp á menntakerfi, félagslega aðstoð, samgöngur og annað. Að mínu mati ætti 1. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu að vera orðuð á svipaðan hátt og nú er lagt til í frv. um réttindi sjúklinga, þ.e. að það eigi að veita sem fullkomnasta þjónustu en hún á að vera innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn er af yfirvöldum.

Í d-lið 5. gr. frv. er kveðið á um að læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skuli eftir því sem við á gefa sjúklingum upplýsingar um möguleika sjúklings á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur. Þetta hjómar vel, en hvað þýðir þetta í reynd?

Tökum ímyndað dæmi um konu sem fer til læknis vegna kvilla í kviðarholi. Hann ákveður að skera hana upp. Sömu aðgerð hefði mátt gera með kviðsjá hjá öðrum lækni á annarri stofu. Lækninum láðist að geta þess áður en hann skar konuna. Konan veikist vegna aðgerðarinnar, eitthvað fer t.d. úrskeiðis. Gæti hún þá kært viðkomandi lækni á grundvelli 5. gr. laganna þar sem honum láðist að benda henni á annan valkost, þ.e. kviðsjáraðgerð sem er minna inngrip eða minni aðgerð en hefðbundin skurðaðgerð? Þessari spurningu tel ég að heilbr.- og trn. verði að velta fyrir sér og fá svar við.

Í 7. gr. eru ákvæði um að ekki megi framkvæma meðferð án samþykkis sjúklings. Samþykkið á að vera eftir því sem kostur er skriflegt, þar sem fram kemur hvaða upplýsingar voru gefnar sjúklingi og hann hafi skilið upplýsingarnar. Þetta er ágætis regla. En ef sjúklingur skrifar undir slíka pappíra, getur þá verið að hann hafi fyrirgert bótakröfu sinni á einhvern hátt ef eitthvað fer úrskeiðis? Gæti þróunin orðið sú að í þeim skjölum sem sjúklingur undirritar standi að hann geri sér fyllilega grein fyrir hugsanlegum fylgikvillum og samþykki aðgerðina engu að síður? Ágætt væri að fá upplýsingar um það frá hæstv. heilbrrh. hvort þessum spurningum hafi verið velt upp í heilbrrn. Gæti verið að sjúklingar séu að afsala sér bótakröfum með því að skrifa undir slík gögn?

Í 12. gr. er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Starfsmaður í heilbrigðisþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskylda helst þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum. Mæli ríkar ástæður með því getur starfsmaður látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Sé starfsmaður í vafa getur hann borið málið undir landlækni."

Hér finnst mér að vissu leyti vikið óeðlilega frá þagnarskyldunni. Hvernig á að sannreyna hver vilji hins látna var? Af hverju eru heilbrigðisstarfsmönnum gefnar nánast frjálsar hendur með að veita upplýsingar um hinn látna, en ekki meðan hann var í lifanda lífi? Þá er þagnarskyldan meiri. Heilbr.- og trn. þarf að skoða þessa grein betur með það í huga.

Í 14. gr. er kveðið á um aðgang að sjúkraskrám. Í greininni eru nýmæli. Þar er kveðið á um að lækni og öðrum sem færa sjúkraskrár sé skylt að sýna hana sjúklingi og afhenda ljósrit af henni sé þess óskað. Ekki megi sýna sjúklingi upplýsingar sem hafðar eru eftir þriðja aðila, þ.e. öðrum en sjúklingi eða heilbrigðisstarfsmanni, nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Þetta ákvæði nær til allra sjúkraskráa óháð því hvenær þær voru færðar. Nýmælin eru að sýna eigi sjúklingi skrárnar óháð því hvenær þær voru færðar. Það á sem sagt að sýna sjúklingi gamlar skrár.

Samkvæmt núgildandi læknalögum er takmarkaður aðgangur að gömlum skrám. Ekki má sýna skrár sem færðar eru fyrir 1988. Ef rakin eru lagaákvæði varðandi aðgang að sjúkraskrám var sú meginregla lögfest 1981 að einstaklingar ættu rétt á að kynna sér þær upplýsingar sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæli gegn því. Þessi meginregla gilti einnig um sjúkraskrár.

Árið 1988 tóku gildi ákvæði í læknalögum um að afhenda ætti sjúklingi sjúkraskrár ef það þjónaði ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Síðar var deilt um það hvort lögin væru afturvirk eða ekki. Það bar svo við fyrri hluta ársin 1990 að þáv. heilbrrh. lagði fram frv. til breytinga á læknalögum frá 1988. Þar var gert ráð fyrir að gera lögin skýrari þannig að tekin væru af öll tvímæli um hvort sýna mætti sjúkraskrár færðar fyrir og eftir 1988, eða einungis þær sem voru færðar eftir 1988. Ráðuneytið hafði túlkað læknalögin þannig að afhendingarskyldan næði einnig til sjúkraskráa sem færðar voru fyrir 1988, en nauðsynlegt væri að þetta kæmi skýrt fram í lögunum sjálfum. Heilbrrh. þáverandi vildi þannig setja skýrt í lög að heimilt væri að sýna gamlar sjúkraskrár færðar fyrir 1988 þannig að sýna mætti allar skrár, gamlar og nýjar. Þessu var síðan breytt í meðförum Alþingis. Heilbr.- og trn. fór þannig gegn vilja ráðherra og lagði til að ekki mætti sýna sjúkraskrár sem færðar voru fyrir árið 1988. Mér þykir mjög merkilegt að nefndin skyldi taka svo skýrlega aðra afstöðu en ráðherra vildi.

Nú leggur núv. hæstv. heilbrrh. til, alveg eins og fyrrv. heilbrrh. gerði 1990, að heimilt verði að sýna allar sjúkraskrár, gamlar sem nýjar. Í greinargerð frv. um réttindi sjúklinga sem við fjöllum núna um er nýlegur dómur Hæstaréttar notaður sem rök með því að opna sjúkraskrár óháð því hvenær þær voru færðar. Það eru að sjálfsögðu rök sem mæla með því að það eigi að opna gamlar sjúkraskrár. Meðrökin eru þau að það séu sjálfsögð réttindi sjúklinga að sjá hvað var skrifað um þá á árum áður. En það eru líka til mótrök og aðallega þau að heilbrigðisstarfsmenn hafi e.t.v. á þeim tíma litið á sjúkraskrár sem vinnuplagg sem ætti ekki að sýna sjúklingi og fært þær þannig. Þar geta líka verið upplýsingar frá þriðja aðila hafðar eftir einhverjum öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmanni. Slíkar upplýsingar geta verið í sjúkraskránum sem erfitt er að aðgreina frá öðrum upplýsingum og því ómögulegt að bera slík ummæli eða slíkar upplýsingar undir þriðja aðila.

Í 17. gr. er tekið á því að upplýsingar um meðferð sjúklinga séu ekki aðgengilegar öðrum en viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum. Fagna ég þessu og minnist þess að það kom mér sjálfri verulega á óvart þegar ég lá inni á sjúkrahúsi vegna fæðingar að sjá aðgerðarlista hangandi uppi á vegg yfir þá sjúklinga sem voru að fara í aðgerð þann daginn. Ég gat sem sagt lesið nöfn sjúklinga sem fóru í aðgerð þann daginn og nákvæmlega í hvers lags aðgerð þeir voru að fara. Þessi listi hékk uppi á sjúkrahúsinu þar sem talsverður umgangur var þannig að þetta var aðgengilegt nokkuð stórum hópi manna sem átti þarna leið um og þetta er auðvitað gersamlega óeðlilegt.

Í 24. gr. frv. er mælt fyrir um að ef sjúklingur gefi ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skuli virða þá ákvörðun. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða að mínu mati, en ýmsar

stofnanir hafa sett sér vinnureglur um þetta eins og kemur fram í greinargerð frv. Borgarspítalinn og hjúkrunarheimilið Eir eru slíkir staðir, en þar er leitast við að halda fund með sjúklingi og aðstandendum hans þar sem farið er yfir það hvað sjúklingur vill að gert verði við lok lífs og niðurstöðurnar eru skráðar. Boðið er upp á fulla meðferð, það á þá sem sagt að gera allt sem í valdi sjúkahússins stendur, eða fulla meðferð að endurlífgun, þá á að hætta meðferðinni eða boðið er upp á líknandi meðferð.

Í tillögum siðaráðs landlæknis sem ég hef kynnt mér, þær eru reyndar ósamþykktar, segir:

„Meðferð sem lengir líf dauðvona sjúklings án þess að hún feli í sér lækningu eða líkn er ekki réttlætanleg. Ákvörðun um takmörkun meðferðar skal tekin af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem mest hafa sinnt sjúklingi og þekkja hann best. Að ákvörðuninni skulu standa a.m.k. einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur og bera sameiginlega ábyrgð á henni. Ákvörðunina skal skrá í sjúkraskrá sjúklings með undirskrift beggja þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem að henni stóðu. Þar skal koma fram rökstuðningur fyrir ákvörðuninni. Verði ágreiningur milli heilbrigðisstarfsfóks og aðstandenda skal leita álits þverfaglærðrar siðanefndar sjúkrahúss eða landlæknis."

Þetta er að mínu mati nokkuð skrýtið. Þetta eru reyndar bara tillögur, en mér finnst mjög skrýtið að ef upp kemur ágreiningur á milli heilbrigðisstarfsfólks og aðstandenda sjúklings, skuli t.d. leita álits þverfaglegrar siðanefndar sjúkrahúss. Hvað ef aðstandendur eru ósammála? Á þá nánast að fara fram einhvers konar atkvæðagreiðsla systkina um það hvort foreldri eigi að fá að lifa eða deyja á einhverjum ákveðnum tímapunkti? Getur verið að þau fái sektarkennd síðar ef þau taka slíka ákvörðun? Mér finnst við vera komin út á mjög hála braut hér ef þessar tillögur verða samþykktar.

Að lokum vil ég segja að þetta frv. sem við erum að fjalla hér um er í heildina mjög gott fyrir réttarstöðu sjúklinga og það er brýnt að það fái faglega umfjöllun sem fyrst í heilbr.- og trn. En það eru fjölmörg atriði hér sem vert er að skoða mun betur.

[17:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið hv. 4. þm. Reykn. sem lúta að skráningarmálum og rétti sjúklinga í þeim efnum. Ég tel að það sé ýmislegt í þessu frv. sem er til bóta en ég saknaði þess að hvorki hún né hæstv. ráðherra drap á það sem er aðalatriði fyrir sjúklinga nú til dags. Það er að það séu sett inn í lög um réttindi sjúklinga ákvæði um að það sé bannað að skattleggja þá eftir að þeir koma inn á spítalana og að leggja á þá sérstök gjöld. Þannig að ég tel að í lögum af þessu tagi, ef þetta yrði að lögum, ætti að setja ákvæði um að það sé algerlega óheimilt að taka skatt af sjúklingi eftir að hann er kominn inn á heilbrigðisstofnunina. Þetta tel ég undirstöðuatriði og mikilvægt að halda því til haga og áskil ég mér allan rétt til að flytja um það breytingartillögu á síðari stigum málsins að hér verði algerlega tekið af skarið þannig að sjúklingum verði sem mest er kostur á hlíft við of skattaglöðum stjórnvöldum sem eru aðalvandamálið í dag þar sem stjórnvöld eru alltaf að láta sér detta í hug að skattleggja sjúklinga.

Varðandi orðalag á einstökum þáttum frv. sé ég að aðalvandinn er að sumu leyti sá að menn hafa verið að glíma við að þýða upp úr öðrum textum. Það er út af fyrir sig fróðleg ábending sem kemur þarna frá hv. 1. þm. Vestf. sem var mjög mærður í fjölmiðlum um helgina og með hliðsjón af því tel ég fulla ástæðu til að taka mark á hans frammíkalli umfram annarra manna.

[17:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég saknaði þess að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir svaraði ekki hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég minnist þess að það var einmitt hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem ein allra þingmanna Framsfl. hefur lýst yfir stuðningi við tillögur sem ganga þvert á það sem hv. þm. Svavar Getsson var að tala um. Þingmaðurinn er nefnilega þeirrar skoðunar að það eigi að skattleggja sjúklinga og hefur lýst því margsinnis yfir. Hún vill að þeir borgi matarkostnaðinn inni á sjúkrahúsum.

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir afar lærða og djúpa yfirferð um þetta mál. Nú er það svo að ræða hæstv. heilbrrh. var óvanalega góð og yfirgripsmikil, en mér sýnist að ræða hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur hafi verið sýnu yfirgripsmeiri og má vera að hæstv. ráðherra megi taka að verja sitt sæti. Ég sé að hér kann að vera komin upp einhvers konar keppni innan Framsfl. um stól heilbrrh. En við förum ekkert frekar út í það, enda sé ég að aðstoðarheilbrigðisráðherrarnir báðir eru mættir. Herra forseti, það sem mér þótti gott í ræðu hv. þm. var yfirferð hennar um hvernig skyldi fara með trúnaðarupplýsingar og sjúkraskrár. Margt af því sem hún sagði opnaði augu mín fyrir ýmsu, en það sem ég náði ekki alveg og var kannski vegna þess að ég hafði ekki skilningarvitin nægilega uppi við, var það hver afstaða hennar sjálfrar er til þeirra ákvæða sem koma fram í frv. Á að opna skrárnar fyrir sjúklingum eða ekki? Ég var ekki alveg klár á því. Mér finnst þetta vera prinsippatriði og vildi gjarnan að hv. þm. hreinsaði allan efa minn í þessum efnum.

[17:41]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hef verið talsmaður þess að taka upp matargjöld, þjónustugjöld. Mér finnst eðlilegt að þeir sem leggjast inn á sjúkrahús greiði fyrir þann mat sem þeir borða þar og þá er ég að tala um að undanþiggja þó nokkra hópa sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér. En ég hef verið talsmaður þess að taka upp slíkt þjónustugjald, það er alveg hárrétt.

Það er hins vegar engin keppni á milli okkar hæstv. heilbrrh. hér. Mér þykir hún standa sig afar vel í starfi. Ég styð hana og hennar stefnu og á auðvitað mikinn hlut í þeirri stefnu sem hæstv. heilbrrh. fylgir þannig að við erum algerlega samstiga.

Varðandi það hvort opna eigi sjúkraskrár afturvirkt eða ekki, þá tel ég að það eigi að gera það, m.a. vegna þess hvernig hæstaréttardómurinn féll, sá nýlegi sem greint er frá í greinargerð frv. Hann féll sjúklingi í vil, það mátti skoða sjúkraskrár afturvirkt. Reyndar kom krafan fram um það fyrir 1990 og þá stóð ekkert um að sjúkraskrárnar væru lokaðar. Það er því spurning hvort dómurinn féll vegna þess að krafa viðkomandi kom fram fyrir árið 1990 þegar skránni var lokað, eða hvort krafan kom fram vegna þess að einstaklingar eiga, samkvæmt þeirri meginreglu sem var lögfest árið 1981, rétt á að kynna sér þær upplýsingar sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra nema mikilvægir almannahagsmunir séu því andsnúnir. Sjálfri finnst mér eðlilegt að sjúklingar eigi að fá að sjá sínar gömlu skrár. En það er spurning hvort læknar verði ekki að lesa þær mjög nákvæmlega yfir til þess

að geta aðgreint hvort þar eru upplýsingar eftir þriðja aðila sem þarf að bera undir þá. Það væri mikill skaði ef slíkt ylli áföllum í fjölskyldum, þ.e. af því að það koma viðkvæmar upplýsingar fram í gömlu skránum.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér eru sannarlega merkileg mál til umfjöllunar og því miður varð ég þess ekki áskynja þegar ég leit á dagskrá þingins í morgun að hér yrðu þessi mál á dagskrá í dag. Ég taldi að það hefði allt annarri dagskrá verið dreift fyrr í dag þannig að ég kem vanbúnari til þessarar umræðu en ég gjarnan vildi. En hv. þm. Siv Friðleifsdóttir heldur uppi heiðri heilbr.- og trmrn. með sinni nákvæmu yfirferð yfir málið. Ég vil byrja á að taka fram að ég ætlaði alls ekki að efna til ágreinings innan Framsfl. þó ég virðist hafa komið við veikan punkt hjá hv. þm. með því aðýja að því að e.t.v. kunni hún að vera að slægjast eftir háum embættum innan ríkisstjórnarinnar. Það var alls ekki ætlan mín að efna til neins slíks ágreinings, en auðvitað veit hv. þm. að ég er einn af fáum sem enn sem komið er hafa lýst því yfir að hún hafi alla burði til þess að verða mjög farsæll ráðherra. (**SF:** Hún þarf auðvitað að ganga í Alþfl. til þess.) Það hugsa ég líka, hv. þm., að þú þurfir að gera því að mér sýnist að karlpeningurinn í Framsfl. sé þess eðlis að hann muni aldrei láta ungri og vaskri konu eftir annað ráðherraembætti.

Herra forseti. Ég tel að hér sé þarft mál á ferðinni. Það er rétt að undirstrika að tildrög þessa frv. eru þau að fyrrv. heilbrrh., núv. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, setti á laggir nefnd sem skilaði af sér tillögum sem þetta frv. er byggt á. Enn og aftur kom að því, herra forseti, að arfleifð Alþfl. verði núv. hæstv. heilbrrh. heilladrjúg.

Það er svo að í þessu frv. eru tekin saman ýmis atriði sem varða réttindi sjúklinga sem þeir njóta nú þegar að flestu leyti í ýmsum öðrum ákvæðum laga og reglugerða. Það kemur hins vegar fram, herra forseti, í máli hæstv. heilbrrh. og einnig í greinargerðinni að hér sé talsvert um nýmæli í frv. Sá galli er á greinargerð frv. að nýmælin eru ekki talin upp og maður veltir því fyrir sér: Er um einhver raunveruleg nýmæli að ræða í þessu frv. sem eru ekki þegar praktíseruð með einhverjum hætti innan sjúkrastofnana eða innan heilbrigðisgeirans? Ég hnýt sérstaklega um það, herra forseti, á bls. 15 í greinargerðinni, þar er fskj. sem hefur að geyma umsögn fjmrn. um frv. og þar segir með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru lögfest á einum stað þau réttindi sem sjúklingar eru þegar taldir njóta samkvæmt ýmsum laga- og reglugerðarákvæðum.“ Mér virðist því að það sé skoðun fjmrn. að hér sé um engin raunveruleg nýmæli að ræða. Hér sé einungis verið að taka saman ýmis réttindi sem sjúklingarnir njóta nú þegar.

Ég neita því ekki, herra forseti, að ég hefði gjarnan viljað sjá frv. stíga skrefi lengra í sumum efnum og þá er ég kannski fyrst og fremst að ræða um VII. kaflann eins og ég mun drepa á síðar í mínu máli.

Herra forseti. Ég ætla þá í eins stuttu máli og kleift er að gera grein fyrir fyrstu viðbrögðum mínum og Alþfl. til þessa frv. Það hryggir mig, herra forseti, að sjá strax í 2. gr. skilgreiningu sem er með engu móti hægt að fallast á. Enginn ráðherra hæstv. ríkisstjórnar og ekkert íslenskt stjórnvald á að leyfa sér að misþyrma íslenskri tungu eins og þar er gert. Þarna er sett fram skilgreining á sjúklingi og samkvæmt þessari skilgreiningu má halda því fram að gervallur flokkur hæstv. heilbrrh. sé helsjúkur vegna þess að allir framsóknarmenn eru ýmist heilbrigðir eða sjúkir. Svona er skilgreiningin, með leyfi forseta: „Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu, heilbrigður eða sjúkur.“ Með öðrum orðum er lagt til að Alþingi Íslendinga lögfesti þá skilgreiningu að heilbrigður maður geti verið sjúklingur. Slíkt kemur náttúrlega ekki til greina og þingið getur ekki látið henda sig að samþykkja slíkt. Ég vænti þess að heilbr.- og trn. muni vinda bug að því að breyta þessu, enda heyrði ég það á máli hæstv. heilbrrh. að hún eiginlega óskar eftir að tillögur yrðu gerðar um betra orðalag heldur en þarna er að finna.

Ég er ósammála hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um það að 1. gr. núverandi helbrigðislaga eigi að færa til samræmis við það orðalag sem er að finna í 3. gr. Í 1. gr. heilbrigðislaganna er talað um að sjúklingur á Íslandi eigi að hafa kost á þeirri bestu þjónustu sem völ er á. Það er auðvitað markmiðið sem við eigum að stefna að. Ég tel það háleitt og göfugt. Þó að ég geti í sjálfu sér alveg fallist á að í þessum lögum verði talað um að þessari þjónustu þurfi auðvitað að sníða fjárhagslegan stakk finnst mér samt að meginmarkmiðið sé það sem lýst er í 1. gr. heilbrigðislaganna.

Herra forseti. Þetta frv. heitir „frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.“ Ég velti því fyrir mér hvort það ætti ekki að vera „réttindi og skyldur sjúklinga“. Ég sé t.d. við mjög fljóta yfirferð að í 21. gr. er verið að setja sjúklingnum ákveðnar skyldur á herðar og meðan eitthvað slíkt er að finna í frv. þá velti ég því fyrir mér hvort ekki sé rétt að láta það líka heita: réttindi sjúklinga og skyldur.

Að því er varðar ýmsar þær ábendingar sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttur kom með í ræðu sinni er ég sammála henni að það megi skoða þau atriði sem hún drap á varðandi d-lið 5. gr. Kann að vera að læknir sem lætur hjá líða að veita sjúklingi upplýsingar um möguleika á annars konar aðgerð eða annars konar tækni til þess að framkvæma aðgerð sé að baka sér skaðabótaábyrgð ef aðgerð hans mistekst? Þetta er auðvitað mál sem þarf að skoða og getur skipt talsverðu máli.

Ég skil það svo, herra forseti, að hér sé líka til umræðu frv. hv. varaþingmanns Katrínar Fjeldsted. Tillaga hennar er að ýmsu marki efnislega samhljóða því sem segir í 7. gr. Hv. þm. Katrín Fjeldsted leggur til að samþykki sjúklings þurfi að vera skriflegt. Reyndar talar hún um í frv. sínu að ef sjúklingurinn er rænulaus og um sé að ræða bráða aðgerð, þurfi eigi að síður að leita eftir samþykki aðstandenda. Það er auðvitað algerlega fráleitt og ekki með nokkru móti hægt að samþykkja það og að þessu leyti tekur frv. hæstv. heilbrrh. frv. þingmannsins fram.

Hins vegar tek ég undir þann varnagla sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sló. Hún spyr hvort verið gæti að með því að samþykkja að skrifa undir skjal áður en aðgerð er framkvæmd af lækni kunni sjúklingurinn með einhverju móti að minnka rétt sinn til skaðabóta ef illa fer. Nú er það að vísu svo að það kemur fram í greinargerð hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted að það er ekki skoðun hennar að slíkur gjörningur sjúklings mundi leiða til þess að hann ætti minni möguleika á skaðabótum ef til einhvers konar óhappa kæmi. Þetta þarf auðvitað að skoða afskaplega vel.

Herra forseti. Mér finnst afar mikilvægt það sem fjallað er um í V. kafla, 18. gr. og hljóðar svo:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal heilbrigðisstarfsmaður, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.“

Herra forseti. Hér er komið að því sem ég tel vera svartasta blettinn á íslenska heilbrigðiskerfinu, það eru biðlistarnir. Því miður berast okkur fregnir um að þeir séu að lengjast þessa dagana. Síðasta ríkisstjórn reyndi eftir föngum að auka fjárveitingar til þess að stytta biðlista. Við vitum öll að það hafa verið átök um fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins og eitt af því sem hefur orðið undan að láta er viðleitni til þess að stytta biðlistana. Ég vísa til 1. gr. heilbrigðislaganna um að allir eigi að hafa kost á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á. En er ekki kominn tími til þess að tímasetja hvenær? Við eigum öll að eiga kost á bestu meðferð sem völ er á. Það segir bara ekki hvenær.

Nú er það svo, herra forseti, að menn lenda í því að bíða ekki bara eitt og ekki tvö heldur allt upp í þrjú ár eftir mjög mikilvægum aðgerðum. Læknum, bæklunarlæknum, eru settar mjög þröngar skorður. Sumir þeirra fá einungis að framkvæma tiltekinn fjölda af ákveðnum aðgerðum sem fjöldi fólks er þó að bíða eftir. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé þjóðhagslega hagkvæmt. Ætli menn hafi nokkurn tíma sest niður og reynt að reikna út hvaða hagkvæmni og hvaða raunverulegur sparnaður felst í þessu? Sá sem er á biðlista þiggur í fyrsta lagi bætur frá almannatryggingakerfinu og það eru útlát fyrir ríkið. Hann getur ekki innt af höndum vinnuframlag og ekki tekið þátt í atvinnulífinu og þar af leiðandi hlýtur að draga úr framleiðslu og verðmætasköpun af hans hálfu. Þetta bakar honum líka andlega vanlíðan og e.t.v. fjölda manns í kringum hann. Þegar upp er staðið hygg ég að biðlistarnir kosti meira en sparnaðurinn sem menn uppskera við þær þrengingar sem bæklunardeildir sæta núna.

Ég held því, herra forseti, að það sé tímabært að Alþingi velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að setja einfaldlega í lög að sjúklingar eigi ekki að þurfa að vera á biðlistum nema tiltekinn tíma, 3–6 mánuði. Það er auðvitað algerlega ótækt þegar staðan er orðin þannig að menn þurfa að bíða upp í 2–3 ár. Ég lít svo á að það sé brot á sjálfsögðustu mannréttindum okkar tíma.

Það sem vekur eftirtekt mína þegar vindur fram í frv., herra forseti, er einnig 20. gr. Þar er um að ræða mjög merkileg fyrirmæli frá hæstv. heilbrrh., m.a. til þeirrar nefndar sem ég sit í og vélar um uppstokkun á stofnanakerfi heilbrigðisgæslunnar. Í greininni segir, herra forseti, að sjúklingur geti þrátt fyrir skiptingu landsins í tiltekin heilsugæsluumdæmi leitað til þess heilsugæslu- eða heimilislæknis sem honum hentar best. Ég tek heils hugar undir þetta markmið. Það er hins vegar svo að menn eru núna að ræða það að skipta landinu upp í ákveðin heilsuumdæmi, sem byggist á kjördæmaskiptingunni í landinu, og það er í umræðu að koma upp sérstökum heilbrigðisstjórnum sem eiga að fá fjárhagslegt vald, eiga að fá að deila fjármagninu sem rennur til viðkomandi heilsuumdæmis. Þá hafa komið upp skoðanir í þá veru að þessar stjórnir ráði því til dæmis hvort sjúklingur geti leitað út fyrir heilsuumdæmið án þess að fjármagnið fylgi. Ég tel að þessi grein taki af öll tvímæli um það að slík breyting verður ekki gerð á heilbrigðiskerfinu nema það sé algerlega tryggt að fjármagnið fylgi sjúklingnum. Ég tel að það skipti verulega miklu máli. Ýmsir aðrir kunna að vera annarrar skoðunar, t.d. ýmsir hv. þingmenn af landbyggðinni enda sé ég að það færist ógnvænlegur svipur yfir andlit hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Að því er varðar hina merku 24. gr., um dauðvona sjúklinga, er ýmislegt sem vekur mann til umhugsunar. Ég hjó eftir því í máli hæstv. ráðherra og sé það einnig í greinargerðinni að ýmis sjúkrahús hafa þegar sett leiðbeinandi reglur um meðferð sjúklinga við lok lífs. Þessi grein tekur af öll tvímæli um að ef dauðvona sjúklingur gefur það ótvírætt til kynna að hann óskar ekki eftir að lifa lengur, óskar ekki eftir frekari meðferð, þá ber að virða þá ákvörðun. Ég velti hins vegar fyrir mér, herra forseti, og kannski gæti hæstv. heilbrrh. svarað eftirfarandi spurningu: Með hvaða lagastoð hafa ýmis sjúkrahús þegar sett reglur um það hvernig eigi að fara með sjúkling sem óskar eftir því að hætta að vera til? Ég velti fyrir mér hvar er lagastoðin fyrir því að mönnum er hjálpað til að deyja á íslenskum sjúkrastofnunum í dag. Eða, hæstv. ráðherra, er ég að misskilja þetta algerlega?

Mér finnst þetta mjög merkileg grein en það sem mér finnst skorta á er hins vegar ef sjúklingur er orðinn mjög langt leiddur, ef hann er orðinn rænulaus og ekki í ástandi til þess að taka á móti upplýsingum um eigin stöðu eða eigin lífslíkur, hver á þá að taka ákvarðanirnar? Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir upplýsti okkur áðan um siðareglur sem eru í drögum hjá siðanefnd landlæknis. Það er ekkert um þær í greinargerðinni þannig að það er óskaplega erfitt að gera sér grein fyrir því hvað gerist í þeim tilvikum að sjúklingur hefur tapað ráði og rænu og læknar og heilbrigðisstarfsfólk er sammála um að hann á ekki afturkvæmt til meðvitundar, þá getur samkvæmt hljóðan orðanna í 24. gr. enginn tekið ákvörðun um það að hann fái að deyja með reisn. Þetta finnst mér vera galli. Ég bendi á að t.d. í 6. gr. er fjallað um upplýsingar til sjúklings og þar segir, með leyfi forseta:

„Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr. skulu þær veittar nánasta vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði."

Ég hygg, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að breyta 24. gr. til samræmis við 6. gr., sem ég var að vísa í hér áðan, þannig að það geti einhverjir fyrir hönd rænulauss sjúklings, sem á ekki afturkvæmt til meðvitundar að mati bestu manna, tekið þá ákvörðun fyrir hann að hann fái að deyja með reisn. Þetta er auðvitað eitt af því sem er umdeilanlegt í þessu frv. en ég styð þetta. Hér er þó um mjög djúpt siðferðilegt álitaefni að ræða sem ég held að muni reynast mönnum erfitt að ráða fram úr og ráða til lykta.

Ég velti einu fyrir mér, herra forseti, þegar ég les þessa ágætu reglu um sjúk börn sem er að finna í 27. gr. Þar er talað um að sjúk börn á skólaskyldualdri sem dveljast á stofnunum heilbrigðiskerfisins eigi að hafa aðgang að kennslu sem hæfir þeirra aldri og ástandi. Þetta finnst mér göfugt markmið, markmið sem ég held að við eigum að setja okkur að framfylgja. En það mun kosta peninga. Við vitum að það eru því miður allt of mörg börn sem þurfa að dvelja langtímum saman á sjúkrastofnunum vegna þess að þau eru verulega sjúk. Ég tel að þá sé það skylda okkar að reyna að búa svo um hnúta að þau geti þegar fram líða tímar haldið á nýjan leik á vit lífsins með sem svipaðastan undirbúning og önnur börn sem hafa getað sótt okkar hefðbundnu skóla. Þegar ég les hins vegar álit fjárlagaskrifstofu fjmrn. á bls. 16 get ég ekki skilið það öðruvísi en svo að það sé ekki gert ráð fyrir neinum kostnaðarauka. Á meðan svo er, herra forseti, tel ég einsýnt að það göfuga markmið sem er að finna í 27. gr. muni ekki ná fram að ganga.

Herra forseti. Að lokum vil ég koma að 28. gr. sem ég ætlaði að gera að meginefni ræðu minnar. Hún fjallar um það hvernig beri að fara með athugasemdir og kvartanir af hálfu sjúklinga. Samkvæmt þessu getur sjúklingur kvartað

til landlæknis eða kvörtunarnefndar. Ég tel að landlæknir, eins og málum er háttað núna, geti ekki talist óháður aðili. Eins og hann er hnýttur inn í heilbrrn. í dag kemur hann nánast fram sem undirstofnun þess, partur af heilbrrn. samanber fjárlögin. Er þess þá að vænta að sjúklingur eigi kost á algjörlega óháðri meðhöndlun kæru sinnar? Ég er ekki viss um það. Ég tel að þá þurfi með sterkari hætti að skilja á milli landlæknisembættisins og heilbrrn. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt fyrir a.m.k. mig að halda því til haga að ég ásamt öðrum þingmönnum Alþfl. flutti hér fyrr í vetur þáltill. um umboðsmann sjúklinga. Þar var lagt til að Alþingi fæli ríkisstjórninni að undirbúa ráðningu umboðsmanna sjúklinga á stærri sjúkrahúsum í landinu og hverju heilsugæsluumdæmi. Ég held að reynslan sýni að það sé nauðsynlegt. Ég held að 28. gr. sem á að setja undir þann leka sem við skutum byttu undir með okkar þáltill. sé ekki nægilega sterk, herra forseti.

[18:04]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst afar merkilegt það sem kom fram hjá hv. þm. varðandi biðlistana. Það væri kannski rétt að setja ákveðið hámark á hve lengi menn mættu vera á biðlista, t.d. þrjá til sex mánuði. Þetta er mjög göfug hugsun, en ég efa að það gangi upp. Það var reynt í Noregi að setja ákvæði inn í lög um hámarksbiðtíma á biðlista. Það var tekið út þar sem séð var fram á að margar skaðabótakröfur væru yfirvofandi ef stjórnvöld eða heilbrigðisyfirvöld gætu ekki uppfyllt reglurnar um biðtímann. Ég tel mjög varasamt við núverandi aðstæður að setja slíkt inn í lögin. Ég tek hins vegar undir spurningu hv. þm. um lagastoð fyrir þeim reglum sem nú eru notaðar um lok lífs og ýmsar stofnanir fara eftir. Þegar ég skoðaði tillögur siðaráðs landlæknis um leiðbeiningar um takmörkun og meðferð við lok lífs, viðurkenni ég að mér brá svolítið. Þar kemur fram í 5. lið að ef sjúklingur er ófær um að taka þátt í ákvörðun um takmörkun meðferðar skal heilbrigðisstarfsfólk leita samráðs við nánustu aðstandendur um ákvörðunina. Síðan kemur fram í 10. lið að ef ágreiningur er á milli heilbrigðisstarfsfólks og aðstendenda, á að leita álits þverfaglegrar siðanefndar sjúkrahúss eða landlæknis. Ef reglurnar verða á þessum nótum, erum við að mínu mati komin út á mjög hála braut. Ég vildi nota tækifærið til að benda hv. þm. á þetta.

[18:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir hennar ágætu ábendingu. Mér finnst aðdáanlegt hversu nákvæmlega hún hefur sett sig inn í þetta mál. En eins verð ég að geta í þessari umræðu sem mér þykir miður. Það er þetta: Ég stend henni ekki jafnfætis í umræðunni vegna þess að ég er stjórnarandstæðingur. Ég hef ekki fengið þessi drög til yfirlestrar, enginn hefur komið þeim drögum í mínar hendur sem hún er að vísa hér í. Það er ekki nokkur maður í stjórnarandstöðunni sem ég þekki sem hefur þau. Ég verð að segja að þegar við erum að ræða jafnmikilvægt mál og þetta, finnst mér það fjandi hart, herra forseti, að einhverjir meðlimir stjórnarliðsins hafi undir höndum drög að siðareglum landlæknisembættisins um hvernig eigi að hjálpa dauðvona sjúklingum að ljúka lífi sínu með reisn en við hin höfum ekkert um þetta að segja. Við getum ekki tekið þátt í þessari umræðu vegna þess að við höfum þetta ekki. Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég get ekki tekið þátt í þe ;ari umræðu, sem að öðru leyti er fróðleg, við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur vegna þess að ég þekki ekki þessi drög. Og ég hefði talið að drög af þessu tagi væru jafnvel trúnaðarmál áður en kæmi til lokaákvörðunar um hvernig þau ættu að vera.

Herra forseti. Að því er varðar biðlistana þykir mér miður að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir telur óráðlegt að velta því fyrir sér hvort eigi að setja svona í lög. Það má vel vera að úti í löndum hafi komið í ljós að það séu ekki föng til þess. Ég segi það hins vegar að eini bletturinn á íslenska heilbrigðiskerfinu, sem er engri sérstakri ríkisstjórn að kenna, eru biðlistarnir. Þeir eru hneisa fyrir íslenska velferðarkerfið. Sjálfur er ég á þeim aldri sem flestir kalla aldurinn besta því þá er heilsan enn góð og menn þurfa ekki að leita til heilbrigðiskerfisins vegna hrörnunar. En ég get ekki ímyndað mér neitt verra en að þarfnast mjög sárlega einhverrar bæklunaraðgerðar og þurfa að bíða eftir henni, ekki í eitt ár ekki í tvö ár heldur þrjú ár. Það eru brot á mannréttindum eins og við skiljum þau í dag. Að þessu verður að vinda bug.

[18:08]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri þessar ósamþykktu tillögur frá siðaráði landlæknis ekki að umræðuefni hér vegna þess að ég er í stjórnarflokki. Ég fæ þær ekki sem stjórnarliði. Ég komst yfir þessar upplýsingar með því að ræða við ritara okkar úti í Þórshamri. Ég bað hana að útvega það sem til var. Þessar tillögur fengum við sendar í gegnum faxtæki. Mér heyrist hins vegar að hæstv. ráðherra sé ekki búinn að sjá þessar tillögur en trúnaðurinn er ekki meiri en að þær eru sendar í faxi til ritara okkar í Þórshamri. Ég vænti þess að ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefði hringt í landlæknisembættið hefði hann sjálfsagt líka fengið þessar tillögur. Ég get ljósritað þær strax fyrir hann.

[18:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér eru afar merkileg mál til umræðu sem vert er að ræða ítarlega og þau kalla á mikla skoðun. En áður en ég vík að þessu frv. sem er meginmálið, langar mig til að benda á að fyrir helgina mælti hæstv. forsrh. fyrir frv. til upplýsingalaga og við þurfum að hafa það í huga við meðferð þessa máls í nefnd að kanna hvort það er fullt samræmi milli frv. til upplýsingalaga og þessa frv. hér um réttindi sjúklinga. Í upplýsingalögunum er verið að tryggja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum og þar eru undantekningareglur. Ég sé að þar er ekkert minnst á heilbrigðismál en í 5. gr. eru nefnd gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga. Ég vildi bara koma því að hér að það sé rétt að skoða þetta í samhengi.

Varðandi frv. um réttindi sjúklinga langar mig fyrst að víkja að nafni frv. og væntanlegra laga. Mér finnst það ekki gefa rétta mynd að kalla þetta frv. „frv. til laga um réttindi sjúklinga" því hér er vissulega í mörgum greinum vikið bæði að skyldum sjúklinga og skyldum heilbrigðisstarfsfólks. Auðvitað skiptir það engu meginmáli en það gefur réttari mynd af því um hvað lögin fjalla að heiti væntanlegra laga sé ítarlegra.

Áður en ég vík að einstökum greinum vil ég að fagna því að þetta frv. skuli fram komið. Ég tel að hér sé fyrst og fremst verið að festa í lög þær reglur sem menn hafa verið að móta á undanförnum árum og jafnvel áratugum og það hljóti að vera mikil réttarbót bæði fyrir sjúklinga og alla þá sem vinna við heilbrigðisþjónustuna að hafa slík lög, að geta sótt

sér styrk til laganna og að þarna sé sem sagt vörn og réttur á báða bóga og skilgreining á skyldum.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi skilgreininguna á hugtakinu sjúklingur. Ég þekki það að læknar nota þetta orð almennt um alla þá sem til þeirra koma, hvort sem viðkomandi reynist veikur eða ekki. En þetta er svolítið sérkennileg skilgreining og má svo sem hugleiða að skýra þetta betur. Varðandi 3. gr. hefur hér verið farin sú leið að breyta aðeins 1. gr. heilbrigðislaganna en í henni segir, ef ég man rétt: Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á. Þetta er orðað einhvern veginn svona, þetta er ekki alveg orðrétt. Þetta er galopin heimild og alveg ljóst að á grundvelli þeirra laga gætu sjúklingar gert kröfur um mjög mikla þjónustu sem hugsanlega er ekki nokkur leið að veita eða kostar þvílíkar óskaplegar upphæðir að við það verður ekki ráðið. Minni ég þá á dæmið sem hæstv. heilbrrh. tók í umræðunni um heilbrigðismálin almennt, dæmi um sjúkling þar sem meðferð kostaði u.þ.b. 100 millj. kr. Það er gífurlegt álitamál hvenær á að leggja út í slíkar óskaplegar aðgerðir, að maður tali nú ekki um það hver á að meta það. Hér er farin sú leið að það beri að veita fullkomnustu meðferð sem hægt er innan þess fjárhagsramma sem viðkomandi stofnun hefur. En hvað þýðir þetta í raun og veru? Gæti þetta þýtt að það verði hugsanlega að neita sjúklingum um þjónustu? Eða á að bjóða þeim að borga það sem á vantar eða hvað? En ég held að þetta sé eðlileg viðmiðun. Við vitum að við verðum að setja þjónustunni einhverjar skorður.

Varðandi upplýsingar og aðgang að upplýsingum vil ég taka undir þær hugleiðingar sem komu fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, ekki síst um upplýsingar aftur í tímann. Annars vegar getur það verið mjög réttmætt að fólk hafi aðgang að sjúkraskrám og upplýsingum um sig sjálfa og jafnvel skyldmenni sín. Slíkt geti nú bara snert sagnfræðilegar rannsóknir og ævisögur og fleira slíkt ef maður hugsar til lengri tíma en það er vissulega rétt að fólk getur rekist á mjög viðkvæmar upplýsingar. Þetta snertir einmitt líka upplýsingalögin en í frv. til upplýsingalaga er kveðið á um að hægt sé að takmarka upplýsingarétt annars vegar til 30 ára og hins vegar 80 ára þar sem um persónulegar upplýsingar er að ræða. Þetta er vissulega atriði sem vert er að velta mjög alvarlega fyrir sér vegna þess einmitt að fólk getur rekist á ýmislegt sem veldur sársauka eða jafnvel uppgötvað að sá sem það hélt að væri faðir sinn eða jafnvel móðir er einhver allt annar o.s.frv.

Það rifjaðist upp fyrir mér mjög sérkennilegt mál sem ég komst í kast við fyrir nokkrum árum þar sem um var að ræða að kona sem hafði átt við sjúkdóm að stríða vildi láta þurrka út upplýsingar um sig og sjúkraferil sinn. Hún fékk þau svör að það væri ekki hægt, væri ekki heimilt. Þetta var henni mikið hjartans mál. Henni fannst að hún væri að skila til sögunnar og erfingjanna einhverju sem hún vildi ekki að neinn fengi að vita. En eftir því sem ég best veit þá náðist þetta ekki fram.

Varðandi ýmislegt annað sem hér kemur fram og vert er að velta fyrir sér get tekið undir það varðandi biðlistana og bið eftir meðferð að auðvitað væri æskilegt að geta sett einhverjar skorður. Þá kemur inn á umræðu sem við höfum átt í félmn. um það að tryggja rétt þess sem leitar eftir þjónustu sem sagt á að vera heimilt að draga endalaust á langinn. Hver er skylda stjórnvalda hvað þetta varðar þegar á einum stað er sagt að sjúklingur skuli eiga rétt á fullkomnustu meðferð sem völ er á hverjum tíma en hins vegar er honum gert að bíða í allt að þrjú ár og jafnvel lengur.

Varðandi 20. gr. var rétt sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að það er mjög mikilvægur réttur hvers og eins að geta leitað til þeirra sérfræðinga sem þeir vilja. Við höfum barist nokkuð hart gegn því að það væri ekki verið að takmarka þann rétt. Við vitum það sem búum á höfuðborgarsvæðinu að við getum nýtt okkur þau réttindi að leita til þeirra sérfræðinga sem við kjósum. Það gildir svolítið öðru máli um aðra.

Í 21. gr. segir: „Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir." Sú spurning vaknar hjá mér hvað þetta þýðir í raun og veru. Ég veit að t.d. í Bandaríkjunum hafa menn verið að færa sig meira og meira inn á þá braut að ef sjúklingur í raun og veru ber ekki ábyrgð á heilsu sinni eins og með því að reykja þá er sjúklingi einfaldlega neitað um meðferð. Þá er t.d. sagt hvað varðar hjartaaðgerðir að ef sjúklingurinn ekki bætir hegðan sína og sýnir raunverulega ábyrgð að ekkert þýði að gera hjartauppskurð, það beri ekki árangur. Hvað eru menn í rauninni að meina með þessu? Það segir hér: „Honum ber eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt." En hvað ef hann gerir það ekki? Hver er hugsunin á bak við þetta, hæstv. heilbrrh.? Þegar menn eru að tala um forgangsröðun og kostnað í heilbrigðisþjónustunni og ef sjúklingur sýnir ekki sjálfur vilja til að taka afleiðingum gerða sinna og að bæta heilsu sína er spurning hversu langt samfélagið á að ganga í að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu ef ljóst er að hún ber ekki árangur.

24. gr., um meðferð dauðvona sjúklings, kallar á frekari skýringar og frekari reglur. Menn hafa verið að feta sig eftir þessari braut inni á sjúkrahúsunum og það má segja að það hafi orðið ákveðin stefnubreyting frá því þegar reynt var að halda lífinu í fólki eins lengi og hægt er yfir í það að meta hverjar eru lífslíkurnar, hverju skilar meðferð o.s.frv., og einfaldlega að virða rétt fólks til að fá að deyja. En þetta er auðvitað alltaf alveg óskaplega vandmeðfarið þegar t.d. er um að ræða að taka vélar úr sambandi og fleira slíkt og hver á að taka þá ákvörðun. Hver á að bera ábyrgðina? Þetta er geysilega vandmeðfarið en slíkar reglur þurfa að vera til.

Ég skil 27. gr. og það sem komið var inn á áðan varðandi kennslu barna svo á umsögn fjmrn. að þar er vísað til þess að það er verið að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna og að grunnskólanum beri að veita þessum börnum þjónustu eins og öðrum. Eftir því sem ég best veit hefur kennslu verið sinnt inni á sjúkrahúsunum og auk þess listrænni meðferð eða „artþerapí" og margt verið gert þó að kannski séu það einkum þrengsli sem hafi hamlað starfi á barnadeildum, bæði á Landakoti, sem er reyndar búið að flytja yfir á Borgarspítalann, og á Barnaspítala Hringsins.

Að lokum, hæstv. forseti, varðandi 28. gr. og það að sjúklingur geti gert athugasemdir við meðferð væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. heilbrrh. hversu mikið er um kvartanir af þessu tagi. Hafa þær vaxið mjög? Þetta er mjög þekkt fyrirbæri, m.a. í Bandaríkjunum þar sem um gífurleg málaferli og kvartanir hefur verið að ræða. Menn hafa reynt að tryggja sig þar bæði með tryggingum og lögum og ýmsum aðgerðum, þ.e. þeir sem sinna heilbrigðisþjónustu, og auðvitað verða þeim á mistök eins og öðrum. En hve mikið er um slíkar kvartanir? Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að það er auðvitað spurning hvort landlæknir er réttur aðili til að dæma í slíkum

málum. Hér er reyndar minnst á kvörtunarnefndir og ég verð að viðurkenna að hér er vísað til laga um heilbrigðisþjónustu. Ég veit ekki hvernig þær eru skipaðar. En eins og hv. þm. nefndi fluttu nokkrir þingmenn Alþfl. tillögu um umboðsmann sjúklinga en sú ágæta fyrrum þingkona Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, flutti þetta mál margsinnis á síðasta kjörtímabili. Það fékk alltaf mjög góða umsögn en náði ekki fram að ganga. Við getum spurt okkur að því, það er ákveðin þróun, sérstaklega á Norðurlöndum, að verið er að skipa umboðsmann fólks í ýmsum málum. Alls staðar á Norðurlöndunum er starfandi umboðsmaður jafnréttismála, það er umboðsmaður barna og það er verið að tala um umboðsmann neytenda o.s.frv. Allt er þetta auðvitað mikil réttarbót. En það vekur líka spurningar um hvort það sé ekki orðið eitthvað óeðlilegt við framkvæmd laga ef það þarf að koma upp eftirlitskerfi nánast gagnvart hverjum einasta þætti framkvæmdarvaldsins. Hins vegar held ég að það geti verið verulega mikil ástæða til varðandi umboðsmann sjúklinga þar sem oft er um fólk að ræða sem á erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér.

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál með þeim fyrirvara að sjálfsögðu að hér eru ýmsar greinar sem þarf að skýra og skoða betur enda um afar vandmeðfarið og viðkvæmt mál að ræða. En ég hygg að eftir að málið hefur fengið rækilega meðferð í hv. heilbrn. muni það verða til bóta.

Vegna þess að hv. varaþingmaður Katrín Fjeldsted sést í hliðarsal get ég ekki annað en aðeins minnst á hennar frv. sem er einnig til umræðu. Hún leggur til í frv. sínu að lækni sé skylt að afla skriflegs samþykkis eða lækni beri að afla skriflegs samþykkis sjúklings. Ég hygg að þessi tvö frv. falli nokkuð saman og að við munum afgreiða þessi mál með þeim hætti að einmitt verði tekið tillit til tillögu hennar með þeim hætti sem hér er lagt til og frv. gengur reyndar út á.

[18:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði því skóna að e.t.v. væri kerfið komið í ógöngur þegar framkvæmd lagabálka væri með þeim hætti að það þyrfti í einni grein eftir aðra að setja upp sérstaka talsmenn eða umboðsmenn þeirra sem notfæra sér viðkomandi kerfi. Ég er ekki sammála því. Ég held að t.d. heilbrigðiskerfið og lagabálkar og reglugerðir sem því tengjast séu svo flókin að jafnvel hver sem er eigi erfitt með að fóta sig í þeim. Ég minnist þess að þegar umræðan um umboðsmenn sjúklinga kom fyrst upp á Norðurlöndunum á síðasta áratug voru menn að ræða um að það væri einkum nauðsynlegt fyrir þá sem ættu erfitt uppdráttar, lítilmagnann í þjóðfélaginu, til þess að ná rétti sínum. Nú eru menn almennt orðnir þeirrar skoðunar að það sé hverjum og einum mjög þarft að eiga innhlaup hjá einhverjum sem getur skýrt þetta flókna kerfi út. Við sjáum það t.d. á Íslandi því að tölur frá landlæknisembættinu sýna að þetta er mikill vandi. Árið 1993 bárust embættinu 252 kvartanir vegna samskipta við sjúkrastofnanir, 275 árið 1994. Það er ljóst að kvörtunum og athugasemdum við þjónustu sem sjúklingar fá fjölgar. Ég held því að það sé nauðsynlegt að setja upp svona embætti með einhverjum hætti og ég held að það sé ekkert skrýtið. Ég held að þetta kerfi sé orðið svo flókið að jafnvel þeir sem hafa nasasjón af því eiga í erfiðleikum með að rata rétta leið innan þess.

[18:29]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikið rétt í því sem hv. þm. sagði. Ég var aðeins að velta því upp hvort aðrar leiðir væru færar en þær að koma upp þessu umboðsmannakerfi en vissulega getur það skilað miklum árangri. Ég held t.d. að eftir því sem ég hef lesið um umboðsmenn jafnréttismála á Norðurlöndum þá hafi þau embætti verið mjög til góðs. Við höfum reynslu af því hvaða áhrif umboðsmaður Alþingis hefur haft. Þetta er ein aðferð til þess að skýra boðleiðirnar á milli valdhafa og fólksins og það getur auðvitað mjög oft komið í veg fyrir óþarfa málaferli og flóknar deilur. Úr því að þingmaðurinn nefndi það flókna kerfi sem við búum við á ýmsum sviðum má minna á almannatryggingakerfið því ef eitthvað er illskiljanlegt eða óskiljanlegt í stjórnkerfi okkar hygg ég að það sé almannatryggingakerfið. Það mætti bæta úr því hvað varðar umboðsmann og upplýsingar. En ég velti þessu eingöngu upp, ég er alls ekki að mæla gegn því að þessi leið sé farin.

[18:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka ágæta umfjöllun um þetta frv. Það er rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að þau frumvörp sem hér eru til umræðu saman, um breytingar á læknalögum og réttindi sjúklinga, falla mjög vel saman.

Það eru mörg nýmæli í þessu frv. eins og fram hefur komið og vil ég þar fyrst nefna að þar er kveðið á um reglur um vísindarannsóknir, að sýni úr sjúklingi má ekki geyma nema með leyfi sjúklings og það er nýtt. Þar er kveðið á um samfellda meðferð, aðgang að upplýsingum fyrir sjúklinginn, breyttar reglur um sjúkraskrár, þagnarskyldu allra sem starfa að heilbrigðisþjónustu, skýringar á bið og að beina skuli sjúklingi þangað sem er styttri biðlisti. Ég vil koma inn á það sérstaklega vegna þess að hér hefur verið rætt mikið um biðlistana sem er vandamál. Menn verða að horfast í augu við það þótt það fækkaði á biðlistum árið 1995 samkvæmt tölum frá landlækni, bæði hvað varðar þvagfæraskurðlækningar, hjartaskurðlækningar og beinaaðgerðir svo að eitthvað sé nefnt. En það er samt ekki nægjanlegt.

Það er mjög mikið atriði að sérfræðingur sem veit af plássi fyrir sjúklinginn annars staðar beini honum þangað ef mikill og langur biðlisti er hjá honum. Það er kveðið sérstaklega á um það í þessu frv. að það er skylda lækninsins. Það er kveðið á um forsendur forgangsröðunar, reglur um innlögn og útskrift, reglur um að lina þjáningar, reglur um meðferð dauðvona sjúklinga og sérreglur um sjúk börn svo eitthvað sé nefnt.

Það komu fram nokkuð margar spurningar sem eðlilegt er. Hér er verið að fjalla um mjög viðkvæm siðfræðileg málefni sem eru oft og tíðum mjög flókin eins og hér hefur komið fram. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði hvort sjúklingur gæti verið að afsala sér bótakröfurétti með því að skrifa undir að hann sé tilbúinn að fara í ákveðna meðferð. Svarið við því er nei. Hann afsalar sér ekki bótarétti. En fari sjúklingur í mál, er þetta eðlilega gagn í málinu.

Hv. þm. talaði einnig um sjúkraskrár og það ákvæði að það er afturvirkt að sjúklingur geti fengið að sjá sínar sjúkraskrár. Þarna er verið að tryggja rétt sjúklingsins afturvirkt og það getur verið mjög þýðingarmikið fyrir hann. En það er með þetta eins og annað, þetta er stór siðferðileg spurning. Það er mat mitt að rétt sé að sjúklingurinn hafi þennan rétt.

Hv. formaður heilbr.- og trn. spurði margs. Fyrsta spurning hans var um ábyrgð sjúklings á eigin heilsu sbr. 21. gr. frv. Það eru auðvitað engin refsiákvæði varðandi 21. gr. En það er lykilatriði að sjúklingurinn sé tilbúinn til að fara að fyrirmælum læknis varðandi lyfjagjöf, mataræði, þjálfun, hreyfingu o.s.frv. ef lækning á að takast. Í því samhengi var bent á að við værum að tala um skyldur sjúklinga og þá væri þetta orðið frv. um réttindi og skyldur sjúklinga. Aðalatriðið er auðvitað það að meðferðin gagnist einstaklingnum.

Hv. þm. talaði líka um 24. gr., um dauðvona sjúklinga og rétt sjúklings til að deyja með reisn. Það er þannig að yfirleitt er meðferð ekki neydd upp á sjúklinginn ef hann vill alls ekki þiggja hana. En með þessu frv. er það réttur sjúklingsins um leið og hann þiggur ekki meðferð að hann fái nákvæmar skýringar á því hvað það þýðir fyrir hann að þiggja hana ekki. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði.

Hv. þm. gerði líka að umtalsefni 27. gr. um sjúk börn og mikilvægi þess að á meðan á sjúkrahúsdvöl stendur fái barnið menntun við hæfi. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm., þessi grein kostar peninga. Við verðum að horfast í augu við að stærsta barnasjúkrahúsið okkar getur ekki fullnægt þessum kröfum í dag og það hlýtur að vera stefna okkar að þeim verði fullnægt.

Það kom fram fyrirspurn frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur hvort mikið væri um kvartanir vegna læknismeðferða. Það er nokkuð um kvartanir. En trúlega er lítið kvartað á Íslandi miðað við aðrar þjóðir.

Þá komum við að atriði sem hefur líka verið mjög til umfjöllunar, þ.e. umboðsmaður sjúklinga. Landlæknir er í dag umboðsmaður sjúklinga ásamt sérstakri þriggja manna kvörtunarnefnd. Ég tel það fullnægjandi. En ég veit að hv. þingmenn eru margir á annarri skoðun.

Ég tel að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem hér hafa komið upp og þakka fyrir ágæta umræðu um þetta mikilsverða mál.

[18:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svör sem að flestu leyti voru fullnægjandi og skýr. Það eru þó nokkur atriði sem mig langar að hnykkja á. Það er í fyrsta lagi varðandi 27. gr. þar sem rætt er um sjúk börn á skólaskyldualdri. Þar er það göfuga markmið sett fram í frv. að þau skuli hafa aðgang að kennslu sem hæfi þeirra aldri og ástandi. Ég tel þetta afar mikilvægt og efast ekki andartak um vilja hæstv. heilbrrh. til þess að gera þetta ákvæði virkt. Ég hjó eftir því að í svari sínu gat ráðherrann þess að í dag væru ekki fullnægjandi aðstæður fyrir hendi á þeim barnadeildum sem við búum við núna. Gott og vel. Hér er hæstv. ráðherra að gera það sem hún getur til þess að breyta þessu ástandi. En eins og jafnan er við ramman reip að draga þar sem er hæstv. fjmrh. Það er dálítið dapurlegt að þegar svona lofsvert ákvæði er sett fram af hálfu ríkisstjórnarinnar með annarri hendinni, er það nánast ómerkt með hinni, því fjmrn. segir að það sé ekki gert ráð fyrir því að kostnaður aukist við þetta. Eina skýringin á því gæti auðvitað verið sú að það sé gert ráð fyrir því að sveitarfélögin taki alfarið við kostnaðinum sem af þessu hlýst án þess að fá nokkurt fjármagn á móti frá hinu opinbera. Ég held að þetta sé atriði sem þarf að skoðast mjög rækilega í tengslum við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Þetta gæti orðið talsvert kostnaðarsamt í sumum tilvikum og alveg nauðsynlegt að hnýta alla hnúta í þessum efnum þannig að ekki komi upp einhver ágreiningur síðar milli sveitarfélaganna og ríkisins um vanefndir sem kynnu að leiða til þess að þeir sem síst skyldi, börnin, gjaldi fyrir með því að fá ekki þá kennslu sem hér er gert ráð fyrir.

Mig langar jafnframt, herra forseti, að drepa betur á umboðsmann sjúklinga og viðhorf hæstv. ráðherra til þeirrar hugmyndar sem ég reifaði hérna og Alþfl. hefur fyrr á þessu þingi flutt og hv. fyrrv. þm. Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, flutti á fyrri kjörtímabilum. Ég held að það sé tæpast ásættanlegt í dag að reyna að reisa kerfi sem byggist á því að landlæknir verði umboðsmaður sjúklinga. Í dag er alltaf verið að hnýta landlæknisembættið traustari böndum við heilbrrn. og sú staða kann að koma upp að þeim sem sækir undir væng landlæknisembættisins þegar upp koma erfið mál finnist að hann njóti ekki fyllsta hlutleysis. Ég held að þar þurfi alveg óháða stofnun eða óháðan umboðsmann. Ég bendi á að núna er í heilbr.- og trn. gersamlega óskylt frv. sem varðar sóttvarnir þar sem verið er að tengja heilbrrn., ráðuneytið sjálft, enn sterkari böndum við landlæknisembættið. Ég tel því að þetta sé ekki nægilega gott kerfi sem hér er verið að setja upp þrátt fyrir þriggja manna kvörtunarnefnd. Á meðan hún er á vegum landlæknisembættisins get ég ekki talið hana fullkomlega óháða heilbrrn. Það sem við erum einmitt að gera svo víða í dag er að koma í veg fyrir að sá sem hefur framkvæmd með höndum hafi eftirlit með sjálfum sér. Á þessu sviði sýnist mér að það sé verið að setja upp kerfi þar sem landlækni, sem er hluti heilbrrn., er ætlað að hafa eftirlit með öðrum hlutum heilbrrn. Það er ekki ásættanlegt í nútímaþjóðfélagi, herra forseti.

Að því er 24. gr. varðar varpaði ég nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra um það sem mér fannst hún ekki svara nægilega skýrt. Eins og ég hef sagt styð ég það sem segir í þessu ákvæði. Það var alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði, sjúklingur á að hafa rétt til þess að hafna meðferð og hann á að fá að deyja á meðan hann getur með reisn. En sú staða kann að koma upp að sjúklingurinn sé ekki í ástandi til þess að taka á móti upplýsingum frá hjúkrunarfólki og læknum um eigin stöðu og hann geti einfaldlega ekki metið eigin lífslíkur. Hver á þá að gera það fyrir hann? Það kemur hvorki fram í greininni sjálfri né greinargerð með frv. hvort fjölskyldu sjúklingsins eigi að vera leyfilegt að taka þessa ákvörðun í slíkum tilvikum. Á það að vera hjúkrunarfólk og læknar? Út af fyrir sig er hægt að leggja ýmsar tillögur til lausnar á þessu, en í dag er ekki gert ráð fyrir því. Og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki nauðsynlegt að það sé með einhverjum hætti gert ráð fyrir því að aðstandendur dauðvona sjúklings, sem ekki hefur lengur tök á að meta það sjálfur hvort hann eigi að hafna meðferð, geti tekið slíka ákvörðun fyrir hann.

[18:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þetta síðasta sem hv. formaður heilbr.- og trn. spurði um áðan um matið, ef sjúklingur er meðvitundarlaus og getur ekki sjálfur kveðið upp úr með það hvort hann vilji þiggja meðferð eður ei þá er það læknirinn sem ákveður hvort um verður að ræða áframhaldandi meðferð.

Um sjúku börnin og 27. gr. vil ég geta þess að það er útilokað annað en að bæta aðstöðuna á Barnaspítala Hringsins varðandi langsjúku börnin og það kostar peninga.

Varðandi umboðsmann sjúklinga vil ég láta þess getið að í Danmörku var ákveðið fyrir nokkrum árum að þetta

embætti var sett á laggirnar en þeir hafa gefist upp á því í dag. Kvörtunarnefndin sem var til umræðu áðan er hlutlaus aðili. Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi frá Hæstarétti sem er lögfræðingur, einn læknir sem er ekki að vinna í heilbrigðisþjónustu og einn hjúkrunarfræðingur sem er ekki heldur að vinna í heilbrigðisþjónustu. Ég held að þessum atriðum sé mjög vel fyrir komið varðandi kvörtunarnefndina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Köfun, 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (heildarlög). — Þskj. 176, nál. 700, brtt. 701.

[18:47]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgn. um frv. til laga um köfun á þskj. 700 ásamt breytingartillögum á þskj. 701 við sama frv.

Megintilgangurinn með því frv. sem hér er til umræðu er í fyrsta lagi að tryggja betur öryggi kafara, samanber athugasemdir í frv. þar sem talað er um að tryggja eftir föngum að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis færi sjálfum sér eða öðrum ekki að voða og í öðru lagi að skýra betur hlutverk kafara við þeirra störf.

Hugtakið köfun er rækilega skýrt í frv. Það merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði. Nú mun einhverjum kannski þykja sem óþarfi sé að skilgreina þetta hugtak sérstaklega í lögum en þá vil ég vekja athygli á þeim upplýsingum sem fram koma í athugasemdum við 2. gr. Þar er bent á að samkvæmt orðalagi núverandi 2. gr. laga um kafarastörf megi ætla að undir þau falli líka áhafnir kafbáta og aðilar sem nota reykköfunarbúnað. Það sjá auðvitað allir að við svo búið má ekki standa og nauðsynlegt er þess vegna að skilgreina þetta hugtak.

Nú veit ég ekki hvort þingheimur allur, sem hlýðir á mál mitt, viti hvað hugtakið 50 hektópasköl eða 50 millibör yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar þýði en það mun þýða á mæltu máli að með hugtakinu köfun sé átt við það að fara 50 sm undir yfirborð vatnsins en vel að merkja eingöngu þegar notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði en hugtakið köfunarbúnaður er líka rækilega skilgreint í lögum þessum.

Virðulegi forseti. Samgn. fór rækilega yfir þetta mál og fékk á sinn fund lögfræðinga samgrn. þá Helga Jóhannesson og Jósef Þorgeirsson, Kristbjörn Óla Guðmundsson frá Slysavarnafélagi Íslands og Auðun F. Kristinsson, formann Félags ísl. kafara. Nefndin fékk enn fremur skriflegar athugasemdir frá Félagi ísl. kafara, Slysavarnafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingamálastofnun og Landssambandi ís. útvegsmanna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þskj. Þar er m.a. kveðið á um að sett skuli inn ákvæði sem gera sjálfboðaliðum sem þiggja ekki laun fyrir köfunarstörf sín kleift að starfa samkvæmt starfsreglum þeirra sem samtök þeirra skulu setja en ráðherra samþykkja. Hér er m.a. átt við kafara sem starfa á vegum Slysavarnafélags Íslands en Slysavarnafélag Íslands hefur sett fram mjög skýrar og skilmerkilegar reglur um starfsemi kafara sinna.

Í öðru lagi er lögð til breytingartillaga þar sem kveðið er á um að nánari reglur skulu settar um áhugaköfun og heimild fyrir ráðherra til setja nánari reglur um skilyrði fyrir viðhaldi réttinda samkvæmt köfunarskírteini og enn fremur um heimild hinnar nýstofnuðu Siglingastofnunar Íslands til gjaldtöku fyrir eftirlit, útgáfu og endurnýjun köfunarskírteina.

Í þriðja lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um að það séu innflytjendur eða þeir sem smíða köfunarbúnað sem þurfa að fá viðurkenningu Siglingastofnunar fyrir búnaðinum. Ef vottorð liggur fyrir frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur er það fullnægjandi.

Loks er ákvæði sem skiptir nokkru máli og það er hvernig með skuli fara ef slys eða óhöpp verða við köfun. Þar er um að ræða grundvallarbreytingu frá frv. Í brtt. samgn. er gert ráð fyrir því að þegar slys við köfun á sér stað skuli það tilkynnt lögreglu í hlutaðeigandi umdæmi og hún annast rannsókn á orsökum slíkra slysa. Síðan er lagt til að sérfróðir menn verði kallaðir til við rannsóknina og að fulltrúi Siglingastofnunar Íslands skoði búnaðinn.

Virðulegi forseti. Undir nefndarálitið rita samgöngunefndarmennirnir Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson, Ragnar Arnalds og Guðmundur Árni Stefánsson. Árni Johnsen og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Bryndís Guðmundsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landflutningasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 317. mál (hlutverk). — Þskj. 559, nál. 699.

[18:52]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um landflutningasjóð, nr. 62/1979, með síðari breytingum. Nefndarálitið er á þskj. 699 ásamt breytingartillögu.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn lögfræðinga samgrn., þá Helga Jóhannesson og Jósef Þorgeirsson, og Guðmund Arnaldsson viðskiptafræðing frá Landvara.

Í frv. sem hér um ræðir er í grundvallaratriðum verið að víkja frá því hlutverki sem svokallaður landflutningasjóður hefur haft. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 1979 og hafði það hlutverk að lána til landflutningafyrirtækja eins konar stofnlán eða fjárfestingarlán. Hann var fjármagnaður þannig að landflutningabílstjórar greiddu 1% af tekjum sínum inn í þennan sjóð. Fimm árum síðar var þessum inngreiðslum hætt. Sjóðurinn hefur verið til staðar en hlutverki hans er í raun og veru lokið. Eignir sjóðsins eru rúmar 15 millj. kr. og er ætlunin samkvæmt þessu frv. að ráðstafa þessum peningum til landflutningagreinarinnar til þess að mæta þeim miklu breytingum sem eru að verða á starfsumhverfi landflutningabílstjóranna.

Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að yfir okkur er að dembast margs konar reglur og tilskipanir utan úr Evrópu sem gera það að verkum að miklar breytingar eru að verða í þessari atvinnugrein sem menn þurfa að laga sig að og mjög þýðingarmikið að það sé aðstoðað við þessa aðlögun sem auðvitað er þegar hafin.

Um það er alger sátt meðal bílstjóra og þeirra aðila sem stofnuðu þennan sjóð og hafa raunverulega búið hann til með innborgunum sínum að ráðstafa honum með þessum hætti. Gert er ráð fyrir því með þeirri brtt. sem við leggjum til að þegar hlutverki sjóðsins er lokið, falli þessi lög úr gildi. Það eru með öðrum orðum sett sólarlagsákvæði inn í breytingartillöguna okkar sem hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„5. gr. orðast svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafað í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004."

Árni Johnsen, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Bryndís Guðmundsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu, en undir nefndarálitið rita auk formanns og framsögumanns Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Ragnar Arnalds.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gatnagerðargjald, 3. umr.

Stjfrv., 106. mál (heildarlög). — Þskj. 713, brtt. 716.

[18:56]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 716 en við yfirlestur á frv. eftir 2. umr. kom í ljós að um ákveðna tvítekningu að ræða þar sem segir að það ber að fella niður lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík og fleiri, nr. 42/1911. Í mikilli lagahreinsun sem átti sér stað árið 1990 voru þessi lög felld úr gildi. Við viljum að rétt sé rétt, herra forseti, og leggjum því til að þetta falli út úr frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12., 15. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 18:57.

---

110. FUNDUR

þriðjudaginn 19. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skaðabótalög, frv., 399. mál, þskj. 703. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 388. mál, þskj. 683. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Læknalög, frv., 199. mál, þskj. 249. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Köfun, stjfrv., 148. mál, þskj. 176, nál. 700, brtt. 701. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Landflutningasjóður, stjfrv., 317. mál, þskj. 559, nál. 699. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Gatnagerðargjald, stjfrv., 106. mál, þskj. 713, brtt. 716. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

7. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, 411. mál, frv. RG o.fl., þskj. 730.

Erlendar skuldir þjóðarinnar, 412. mál, fsp. PHB, þskj. 731.

Skaðabótalög, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 399. mál (margföldunarstuðull o.fl.). — Þskj. 703.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ekki var gerð tillaga um að málið gangi til nefndar enda flutt af nefnd.

(**SvG:** Forseti. Það var nefnt í umræðum.)

Það var nefnt í umræðunni en formaður nefndarinnar gerði ekki tillögu. Eru aðrir sem gera tillögu um að málið gangi til nefndar?

(**SvG:** Ég geri tillögu um að málið gangi til allshn.)

Hv. 8. þm. Reykv. gerir tillögu um að málið gangi til allshn.

[13:35]

Sólveig Pétursdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi upplýsa að það var fundur í allshn. í morgun og það komu ekki fram neinar óskir um að málið yrði tekið aftur fyrir í nefndinni. Þessi atriði sem hafa komið fram í brtt. frá hv. þm. hafa verið rædd fram og til baka í allshn. Ég sé því ekki ástæðu til að þetta mál sé tekið aftur fyrir. Svo háttar til að þetta mál er óvenjulegt að því leyti að það er flutt af þingnefnd þannig að málið fer venjulega ekki aftur til þingnefndar. Ég vildi bara að þetta kæmi fram.

[13:36]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það er satt að segja að verða dálítið umhugsunarefni hvað alvarleg og þung og oft flókin mál fara hratt í gegnum þingið. Það hefur komið fyrir aftur og aftur á undanförnum missirum að mál af þessu tagi hafa verið afgreidd of hratt þannig að það hefur orðið að samþykkja breytingarfrv. mjög skömmum tíma eftir að viðkomandi mál voru gerð að lögum. Þess vegna held ég að það sé óhjákvæmilegt að leggja á það áherslu að nefndin fái þetta mál til meðferðar á ný í nafni vandaðra vinnubragða Alþingis. Fyrir þinginu liggja breytingartillögur um þrjú efnisatriði frv. og auk þess hafa komið fram hugmyndir um frekari breytingar. Þess vegna held ég að það sé alveg óhjákvæmilegt að fara fram á það í fullri vinsemd við hv. þingnefnd að hún skoði málið aftur með hliðsjón af fluttum og boðuðum breytingartillögum. Ég tel að það sé ekki hægt að láta formann nefndar sem flytur mál um það að hafna beiðni af þessu tagi. Þess vegna skora ég á þingheim að fallast á mína tillögu um að málið fari á ný til allshn.

[13:38]

Sólveig Pétursdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að þetta mál hafi fengið mjög vönduð vinnubrögð hér í hinu háa Alþingi. Ég vil taka fram að það er búið að vinna mjög mikið í þessu máli. Það hafa ítarlega verið skoðaðar allar hliðar þess. Hins vegar ef hv. þm. finnst þetta svona mikið mál út af orðspori þingsins og vinnubrögðum þess þá er ég fyrir mitt leyti tilbúin til að skoða það og heyra álit meðnefndarmanna minna í því efni hvort það sé rétt að taka málið aftur fyrir í nefndinni.

[13:38]

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem komið hefur fram hjá formanni allshn. að nefndin er búin að leggja mikla vinnu í þetta mál og hefur varið mörgum fundum til að fjalla um það. Því er það ekki rétt að málið hafi ekki fengið vandaða meðferð þó það hafi ekki verið lengi til umræðu hér í þingsalnum. Það hefur fengið vandaða meðferð. Niðurstaða nefndarinnar var sú sem fram kemur í frv. sem nefndin flutti. Hún náði samkomulagi um að ganga það skref sem þar er um að ræða. Ég tel hins vegar að ef það verður niðurstaða úr atkvæðagreiðslu hér í þinginu að vísa málinu aftur til meðferðar nefndarinnar sem ég tel ekki þörf á, en verði það niðurstaða þingsins, þá eigi nefndin aðeins að fjalla um þær fram komnu brtt. sem lagðar hafa verið fram við það frv. sem hún flytur en ekki að fara aðra yfirferð yfir málið, þ.e. að taka á málum sem hún hefur þegar rætt til fullnustu. (**SvG:** Það er venjan.)

[13:39]

Jón Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. allshn. og ég tel í sjálfu sér ekki þörf á því að vísa málinu til nefndarinnar aftur en ef þingið ákveður svo þá mun nefndin auðvitað taka þær brtt. fyrir sem hér eru. Eigi að síður hefur hún rætt þær mjög ítarlega allar í meðferð málsins. Ég vil einnig benda á það varðandi þetta mál sem er lykilatriði að málið tekur aðeins á tilteknum atriðum en heildarendurskoðun löggjafarinnar er vísað áfram. Þetta mál mun því verða í heild sinni á dagskrá áður en mjög langir tímar líða. Að sjálfsögðu mun nefndin taka málið fyrir. Ég lýsi því a.m.k. yfir fyrir mig. En ég tel þess ekki þörf vegna þess að málið hefur verið rætt mjög ítarlega í nefndinni og einmitt þessar brtt. sem liggja hér fyrir.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég held að það væri mjög hæpið fordæmi algjörlega burt séð frá efni þessa frv. ef þingnefnd neitaði að taka við því verkefni að fara yfir þingmál eftir 1. umr. Sú staðreynd að nefndin flytur málið og hefur rætt það og skoðað eitthvað áður en 1. umr. fór hér fram er óviðkomandi því að hin venjulega þinglega meðferð mála er sú að eftir 1. umr. og þau sjónarmið sem þar koma fram tekur þingnefnd málið og fer yfir það og skoðar. Ég held að það sé beinlínis andstætt hugsuninni og þeim eðlilega gangi sem mál hafa hér í gegnum þingið ef ekki verður brugðist vel við óskum um að í kjölfar umræðna og sjónarmiða sem hér koma fram við 1. umr., þar sem þingmenn sem ekki sitja í viðkomandi nefnd eiga kost á að láta slíkt koma fram, að vísa málinu til nefndar. Það er mikill misskilningur hjá hv. nefndarmönnum, formanni og öðrum sem hér koma upp og líta á það sem gagnrýni á hv. þingnefnd eða vinnuna þar þegar svona ósk er sett fram. Það er alls óviðkomandi því að hér komu fram ýmis sjónarmið við 1. umr. málsins. Hugmyndir um breytingar á málinu voru reifaðar og ég held að það væri þingræðislega mjög óeðlilegt og hv. nefnd setti sig í annarlegar stellingar gagnvart slíkum beiðnum ef hún brygðist ekki vel við því að taka við málinu.

Herra forseti. Ég minni einnig á að þegar breytingar voru gerðar á þingsköpum Alþingis og Alþingi tók að starfa í einni málstofu urðu í kjölfarið talsverðar umræður um það hvernig ætti að tryggja að mál fengju eftir sem áður jafnrólega og yfirvegaða skoðun og tveggja deilda kerfið hafði í för með sér. Þá varð það m.a. niðurstaða að kæmu fram óskir um að nefndir tækju mál til skoðunar á nýjan leik eftir 2. umr. þá bæri að verða við slíkum óskum. Vegna hvers? Vegna þess að það kom að nokkru leyti í staðinn fyrir þá tvöföldu yfirferð sem mál fengu áður í deildum. Þannig að enn frekar með vísan til þess sem nú eru starfshættir Alþingis, er stætt á því að þingnefnd sem hefur undirbúið mál neiti að taka það til frekari skoðunar? Það er alveg gjörsamlega út úr korti þannig að ég hvet hv. formann allshn. til að endurskoða afstöðu sína og taka vel við því að nefndin sé beðin um frekari vinnu af þessu tagi. Væntanlega er hv. þingnefnd ekki það illa á sig komin að hún geti ekki lagt nokkrar klukkustundir í viðbót í yfirferð á þessu máli.

[13:44]

Valgerður Sverrisdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við ættum nú að hætta þessari umræðu og greiða atkvæði um það að málinu verði vísað til nefndar eins og hér hefur komið fram tillaga um. Ég styð það vegna þess að hér hafa komið fram brtt. og það er allt í lagi að tala um þær í nefnd þó ég telji að þetta mál hafi fengið alveg einstaklega vandaða umfjöllun í nefnd.

Fyrst að hér var rætt um breytingar sem gerðar voru á þingsköpum Alþingis 1991 þá var það nú ein grundvallarhugsunin í þeirri breytingu að auka starf í nefndum þannig að umræður gætu orðið minni í þinginu sem reyndar hefur nú orðið raunin. Það er þannig með þetta mál að það hefur verið fjallað mjög mikið og oft um það í nefnd og nákvæmlega og þingflokkar, alla vega minn flokkur hefur fengið að fylgjast með umfjöllun málsins. Ég veit ekki hvort þetta er eitthvert vandamál innan þingflokks Alþb. og óháðra en staðreyndin er sú að sá hv. þm. sem situr í nefndinni er hinn óháði í þeim

þingflokki. Hvort það er eitthvert sambandsleysi þar á milli veit ég ekki. En það virðist vera að hv. þm. Svavar Gestsson hafi ekki fengið tækifæri til að fylgjast með málinu.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vill spyrja hvort ekki séu komin nægileg rök með eða á móti þannig að hægt sé að ganga til atkvæða.)

[13:45]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú sérstaklega þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að greiða fyrir þingstörfum með þeim hætti sem hún gerði hér í síðari hluta athugasemdar sinnar og ætla ekki að ræða það mál frekar. En jafnframt vil ég þakka hv. þm. fyrir stuðninginn við það að málið fái meðferð í nefnd. Mér finnst mjög mikilvægt þingræðislegt atriði að það sé þannig að nefndirnar fái mál ef óskað er eftir því og taki þau til meðferðar. Vegna þess að ef því er neitað þá er verið að gera umræðurnar hér í salnum hér að markleysu, með fullri virðingu fyrir meðferð nefndanna sjálfra. Þess vegna tel ég að það sé þingræðislega rétt niðurstaða hjá hv. þm. að það sé eðlilegt að málið sé tekið til meðferðar eins og hér var stungið upp á áðan. Og ég þakka henni fyrir þá afstöðu þó að hin hafi ekki verið til fyrirmyndar.

Frv. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BG, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (LMR, SighB) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, DO, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, MS, MF, ÓRG, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 388. mál. — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Læknalög, frh. 1. umr.

Frv. KF, 199. mál (samþykki sjúklings til aðgerðar). — Þskj. 249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Köfun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (heildarlög). — Þskj. 176, nál. 700, brtt. 701.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Brtt. 701,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 701,2–9 samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–9. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 317. mál (hlutverk). — Þskj. 559, nál. 699.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 699 (ný 5. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Gatnagerðargjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 106. mál (heildarlög). — Þskj. 713, brtt. 716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Brtt. 716 samþ. með 51 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BG, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁRJ, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, MS, RA, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 734).

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650.

[13:55]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en sjöunda dagskrármálið er tekið fyrir vill forseti kynna svohljóðandi bréf:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.“

Undir þetta bréf ritar Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb. og óháðra.

Þessi er réttur þingflokksins og ræðutími verður því tvöfaldaður. En forseti vill láta þess getið að það er ekki þingleg skylda þingmanna að nýta allan ræðutímann.

[13:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir 372. máli þingsins sem er á þskj. 650. Ég mun fyrst í inngangi mínum fjalla um aðdraganda þessa máls og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um ríkisrekstur og starfsmannamál og síðan ræða efnisatriði frv. og tengsl þess við önnur frv. sem liggja fyrir þinginu eða eru væntanleg.

Íslenskt efnahagslíf er smám saman að komast upp úr djúpri efnahagslægð sem stuðlað hefur að því að lífskjör hér hafa versnað í samanburði við önnur Evrópuríki. Til að lífskjör hér verði með því besta sem gerist í heiminum verðum við Íslendingar að setja okkur markmið um bætt lífskjör og meiri hagvöxt. Ekki nægir að tryggja jafna samkeppnisstöðu gagnvart öðrum því að íslenskt atvinnulíf þarf að ná forskoti á aðrar þjóðir hvað samkeppnisstöðu snertir. Þótt pólitískt dægurþras virðist alloft skyggja á umræðu um stefnumörkun til lengri tíma skynja sem betur fer stöðugt fleiri mikilvægi þess að við setjum okkur markmið um bætta samkeppnisstöðu Íslands og vinnum að því á hverjum einasta degi að færa okkur nær því markmiði.

Íslenskt þjóðfélag þarf að leita allra leiða til að auka verðmætasköpun og bæta lífskjörin. Öll viljum við bætt lífskjör, öruggari sjúkraþjónustu, betri skóla, hreinna umhverfi, stærri bókasöfn, fleiri listasöfn o.s.frv. Betri lífskjör og sífellt meiri hagsæld eru hins vegar ekki sjálfsagðir hlutir sem ganga í erfðir. Þau má þvert á móti rekja til þess að atvinnulífið er stöðugt, að ný störf eru sköpuð og framleiðni er aukin, bæði heima fyrir og erlendis. Þau þjóðfélög sem búa fyrirtækjum og fólki ákjósanlegt umhverfi standa betur að vígi í samkeppninni. Til að ná þeim árangri þarf marghátttaðar breytingar, m.a. umbætur sem felast í nýskipan í ríkisrekstri.

Í nær öllum aðildarríkjum efnahags- og framfarastofnunar OECD hefur umræða um að færa ríkisreksturinn í nútímalegra horf verið mjög fyrirferðarmikil. Kröfur til ríkisins um þjónustu hafa aukist á undanförnum árum og umsvifin að sama skapi. Halli á ríkissjóði flestra aðildarlanda OECD er viðvarandi og vaxandi verði ekkert að gert. Útgjaldabyrðar og reyndar skattbyrðar einnig eru því fluttar yfir á komandi kynslóðir. Á næstu árum munu kröfurnar aukast enn frekar m.a. með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar. Ef við ætlum að veita almenningi áfram góða þjónustu og tryggja undirstöður velferðarþjóðfélagsins verðum við að leita nýrra leiða í ríkisrekstrinum. Það er hlutverk stjórnmálamanna að leita leiða til að gera ríkisreksturinn skilvirkari og koma á jafnvægi milli gjalda og tekna í ríkisrekstri án þess að vegið sé að undirstöðum velferðarþjóðfélagsins. Til þess að ná þessu markmiði þarf ríkisreksturinn að vera í stöðugri endurskoðun, hætta þarf þjónustu sem er óþörf eða einkaaðilar geta alfarið séð um en finna hentugar lausnir á þeim sviðum þar sem markaðurinn mun ekki veita borgurunum nægilega örugga þjónustu.

Ríkisstjórnin samþykkti fyrir áramót stefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Þar segir m.a. að þunglamalegur ríkisrekstur stuðli að auknum álögum á fólk og fyrirtæki, dragi úr athafnaþrótti og minnki lífsgæði. Þess vegna hafa augu skattgreiðenda í auknum mæli beinst að ríkisrekstrinum og leiðum til þess að gera hann hagkvæmari, draga úr umfangi og kostnaði. Um leið eru gerðar sífellt auknar kröfur til ríkisins um þjónustu við borgarana. Megininntak stefnunnar um nýskipan í ríkisrekstri er að einfaldari ríkisrekstur þar sem ríkið er fyrst og fremst kaupandi þjónustunnar en ekki veitandi hennar sé farsælasta leiðin til að auka hagkvæmni í ríkisrekstri og bæta þjónustuna.

Með nýskipan í ríkisrekstri er þess freistað að ná sem mestri hagkvæmni í meðferð skattfjár og um leið að bæta þjónustu við almenning í þeirri starfsemi sem ríkisvaldið hefur alfarið með höndum þar sem hægt er að beita stjórnunaraðferðum sem tíðkast í rekstri fyrirtækja. Til þess að svo megi verða þarf umhverfi ríkisstofnana að verða sem líkast því sem gerist í einkarekstri og þar hljóta starfsmannamálin að skipa veglegan sess.

Ljóst er að umbætur í ríkisrekstri verða ávallt mjög takmarkaðar nema tekið verði á starfsmannamálum ríkisins. Starfsmenn ríkisins eru nú um 25 þúsund talsins og þeir starfa hjá embættum, stofnunum og fyrirtækjum sem eru mjög ólík að innri gerð. Sem dæmi um það hversu fjölbreyttur hópur það er sem starfar hjá ríkinu má nefna að sem stendur greiðir ríkið laun samkvæmt 140 kjarasamningum til einstaklinga í 175 mismunandi stéttarfélögum. Áætlað er að ríkið hafi greitt í laun um 39,5 milljarða árið 1995. Þetta þýðir að það verkefni að endurskoða starfsmannastefnu ríkisins er mjög viðamikið að sjálfsögðu.

Á síðustu árum hafa ýmsar ríkisstofnanir komið fram með nýjungar í rekstri sínum sem miða að bættri þjónustu eða betri meðferð opinbers fjár. Í forustu fyrir þessum breytingum hafa verið stjórnendur og starfsmenn þessara stofnana sem hafa bæði þekkingu og áhuga á því að gera reksturinn skilvirkari og koma honum í takt við það sem gerist á almennum markaði. Ný viðhorf þeirra sem eru á vettvangi í ríkisrekstrinum gera kröfu til stjórnvalda um að rekstrarumhverfið verði bætt þannig að stofnunum verði gert kleift að vinna sem mest í anda nútímalegra stjórnunaraðferða þar sem fari saman sjálfstæði og ábyrgð. Breytt starfsmannastefna ríkisins er forsenda þess að bæta megi rekstur ríkisins og ná fram aukinni hagkvæmni. Á síðustu árum hafa verið gerðar margvíslegar tilraunir með breytt fyrirkomulag í ríkisrekstri. Margar þeirra lofa góðu. Má í því sambandi nefna þjónustusamninga sem gerðir hafa verið milli nokkurra stofnana og ráðuneyta. Þar er tilgreint hvaða þjónustu ráðuneytið kaupir af stofnuninni og fyrir hvaða verð. Ef þess verður krafist að stofnunin veiti jafngóða eða betri þjónustu en einkafyrirtæki þarf starfsumhverfi stofnunarinnar að batna. Ljóst er að til þess að koma á nýskipan í ríkisrekstri, hvort sem það er í skólamálum, heilbrigðismálum eða á öðrum sviðum ríkisrekstrarins, verður að veita stofnunum og starfsfólki þeirra aukið svigrúm og sjálfræði til að ná þeim árangri sem krafist er. Slíkur árangur næst ekki nema aukið vald sé fært út í stofnanir. Að því er stefnt með frv. sem hér liggur fyrir til umræðu.

Þær breytingar sem lagt er til í þessu frv. að gerðar verði á starfsmannamálum ríkisins hafa verið til umræðu um nokkurt skeið. Árið 1993 var haldin ráðstefna á vegum fjmrn. um ríkisreksturinn. Í framhaldi af því voru skipaðir vinnuhópar til að útfæra hugmyndir um umbætur. Í tillögunum sem fylgdu í kjölfarið má finna margt af því sem unnið hefur verið að á síðustu árum. Má þar nefna þjónustusamninga stofnana og ráðuneyta, útboð og aukið sjálfstæði stofnana. Þá sagði í riti sem gefið var út í kjölfarið að skapa þurfi

skilyrði til að unnt sé að skipta um stjórnendur í ríkisrekstri og afnema æviráðningu. Þá segir að draga þurfi úr miðstýringu í starfsmanna- og launamálum ríkisins. Á ráðstefnu sem haldin var um starfsmannamál ríkisins haustið 1994 nefndi ég sex atriði sem ég taldi að taka ætti mið af í þróun launa- og starfsmannamála. Þessi atriði voru:

1. Auka þarf og skerpa ábyrgð yfirmanna ríkisfyrirtækja og stofnana. Einnig þarf að leggja af æviráðningar og meta stjórnunarstörf eftir árangri.

2. Hverfa þarf frá þeirri lagalegu sérstöðu sem ríkir um málefni ríkisstarfsmanna.

3. Í stað þess að leggja megináherslu á starfsaldurshækkanir í kjarasamningum verði meira tillit tekið til ábyrgðar, frammistöðu og framleiðni.

4. Þess verði freistað að samræma lífeyrismál opinberra starfsmanna því sem gerist á almennum vinnumarkaði.

5. Stefnan í starfsmannahaldi ríkisins verði að sjá til þess að ríkið geti keppt við einkamarkaðinn um hæft starfsfólk á jafnréttisgrundvelli.

6. Umsýsla um launa- og starfsmannamál færist út í stofnanir.

Í þessari ræðu haustið 1994 kynnti ég jafnframt áform um endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna en þau lög eru frá 1954, nr. 38. Á ráðstefnunni voru nokkrir forustumenn ríkisstarfsmanna og einn þeirra flutti ræðu m.a. um þær hugmyndir sem settar voru fram á ráðstefnunni. Þetta nefni ég hér vegna þess að í fjölmiðlum má skilja á nokkrum forustumönnum ríkisstarfsmanna að hugmyndir frv. hafi komið algerlega flatt upp á þá og hálfgerð leynd hafi hvílt yfir þeim fram á síðustu vikur. Það er að sjálfsögðu alrangt því að þær hafa legið fyrir í hér um bil tvö ár.

Frv. það sem hér er til umræðu er samið af nefnd sem skipuð var af fjmrh. 23. ágúst 1995 til þess að endurskoða í heild stefnu ríkisins í starfsmannamálum þess. Í nefndinni eiga sæti Eiríkur Tómasson prófessor, sem er formaður, Inga Dóra Sigfúsdóttir stjórnmálafræðingur og Þórður S. Óskarsson vinnusálfræðingur. Þetta er nefnd sérfræðinga, enda taldi ég eðlilegast að leita eftir því að sú nefnd setti fram meginstefnuna og ynni síðan að þessari tillögugerð sem hér er til umræðu. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að auka skuli hagkvæmni í ríkisrekstrinum, stuðla að bættri þjónustu hins opinbera og gera starfsmannstefnu ríkisins skýrari en hún nú er. Þá var sérstaklega tekið fram að nefndin skuli gæta að jafnrétti kynjanna. Í greinargerð nefndarinnar sem samþykkt var í ríkisstjórn í nóvember í fyrra voru markmið nýrrar starfsmannastefnu tíunduð, en þau eru þessi, með leyfi forseta:

1. Vald til að taka ákvarðanir sem varða starfsmenn, aðra en æðstu stjórnendur ríkisins og stjórnendur ríkisstofnana, verði fært frá ráðherrum/ráðuneytum, þar á meðal fjármálaráðuneyti, til stjórnenda einstakra stofnana. Samhliða verði gerð kjarasamninga við opinbera starfsmenn færð í svipað horf og tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði, t.d. með því að stofna vinnuveitendasamband ríkisins með þátttöku ráðuneyta og einstakra ríkisstofnana, sem gæti orðið í fyrirsvari fyrir ríkið við kjarasamningagerð. Slíkt verður ekki gert nema með breytingum á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en æskilegast væri að þær yrðu gerðar samhliða breytingum á hinni almennu vinnulöggjöf sem nú er unnið að.

Ég er að tíunda markmiðin sem samþykkt voru í ríkisstjórninni á grundvelli tillagna nefndarinnar um starfsmannastefnu ríkisins.

2. Stjórnendum ríkisstofnana verði gert það auðveldara en nú er að miða fjölda starfsmanna við raunverulega starfsmannaþörf stofnunar. Það verður tæpast gert nema með því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Slíkt kallar m.a. á endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá verði stuðlað að aukinni tilfærslu á fólki í störfum, bæði á milli einstakra stofnana ríkisins og á milli ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja.

3. Launakerfi ríkisins verði einfaldað, t.d. á þann hátt að aðeins verði samið um tiltekin grunnlaun og lágmarksréttindi starfsmanna í kjarasamningum, jafnframt því sem afnumdar verði sumar þær uppbætur á laun er nú tíðkast, svo sem laun fyrir „ómælda yfirvinnu". Í staðinn fái stjórnendur ríkisstofnana svigrúm til að ákvarða einstökum starfsmönnum laun eftir sérhæfni og menntun sem nýtist í starfi, svo og eftir ábyrgð og frammistöðu hvers og eins. Þessar ákvarðanir styðjist við almennar reglur og málefnaleg sjónarmið þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt, t.d. milli karla og kvenna, við ákvörðun slíkra viðbótarlauna.

4. Gerðar verði auknar kröfur til menntunar og starfsreynslu ríkisstarfsmanna með því t.d. að gera markvissari kröfur til þeirra, sem ráðnir eru í störf á vegum ríkisins, og vanda betur til ráðninga í þau störf. Samhliða þarf að efla og samhæfa endurmenntun og -þjálfun ríkisstarfsmanna til að hún nýtist sem best í starfi.

5. Jafnrétti milli karla og kvenna sem starfa hjá ríkinu verði aukið með því m.a. að jafna launakjör þeirra. Nauðsynlegt er og að tryggja að breytingar þær, sem lýst er hér að framan, bitni ekki á konum fremur en körlum, t.d. með því að fæðingarorlof skerði ekki réttindi er byggja á starfsreynslu. Jafnframt verði stefnt að því að vinnutími verði sveigjanlegri en nú er og dregið verði úr óhóflegri yfirvinnu. En þetta hvort tveggja tengist þeim liðum sem ég hef fyrr nefnt í minni ræðu þar sem ég hef verið að fjalla um grunn að þeirri stefnu sem mörkuð var í starfsmannamálunum. Þá verði mörkuð sú stefna af hálfu ríkisins að ráðnir verði hæfustu einstaklingarnir til starfa, án tillits til kynferðis, sbr. lið 4 hér að framan.

6. Skilgreina þarf betur almenna stefnu ríkisins í starfsmannamálum er byggi m.a. á því að auka jafnrétti milli karla og kvenna, sbr. lið 5 hér að framan, og að gera ríkisstarfsmönnum betri grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim, ekki síst í skiptum við það fólk sem skipti á við hlutaðeigandi stofnun Nánari útfærsla verði í höndum stjórnenda einstakra ríkisstofnana.

Þetta var, virðulegi forseti, orðrétt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember, en frá þeim tíma hefur verið gefin út bók um þetta síðasttalda, um hvernig vinna megi betur að jafnréttismálum á grundvelli núgildandi laga og núgildandi aðstæðna. Og í bígerð er að halda fundi og ráðstefnur með stjórnendum í ríkisrekstri til að opna augu þeirra fyrir þeim nauðsynlegu viðhorfsbreytingum sem þurfa að eiga sér stað í þessum efnum.

Eins og fram hefur komið hef ég lagt á það áherslu að við undirbúning stefnu um umbætur og nýskipan í ríkisrekstri verði sem flestir ríkisstarfsmenn virkjaðir. Ég er þess fullviss að þeir opnu fundir og ráðstefnur sem haldnar hafa verið um nýskipan í ríkisrekstri og vinnufundir, með m.a. fjölmörgum

ríkisstarfsmönnum, um nýjar hugmyndir í rekstri hafa leitt til þess að mun meiri umræða hefur verið um bætta stjórnun í ríkisrekstrinum en nokkru sinni fyrr. Um leið og lögð hefur verið áhersla á að virkja ríkisstarfsmenn í hugmyndavinnu hefur einnig verið lögð áhersla á að framfylgja lagaákvæðum um samráð við samtök ríkisstarfsmanna við undirbúning þess frv. sem hér liggur frammi. Ég vil nú skýra í hverju það samráð hefur verið fólgið.

Hinn 23. ágúst sl. var nefndin um endurskoðun starfsmannastefnu ríkisins sett á laggirnar. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að endurskoða núgildandi lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hinn 12. desember sl. var BSRB, BHMR og KÍ sent bréf þar sem m.a. var skýrt frá því að heildarendurskoðun á lögunum stæði fyrir dyrum og yrði henni hraðað. Jafnframt var óskað eftir hugmyndum frá samtökunum þremur að breytingum á lögunum. Svarbréf barst frá BSRB en ekki hinum samtökunum.

Hinn 6. febr. sl. var samtökunum þremur kynnt meginmarkmið og meginefni þess frv. sem nú hefur verið lagt fram. Hinn 12. febr. sl. voru samtökunum send frumdrög að frv. eftir að þau höfðu verið kynnt ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna. Þótt lítið hafi farið fyrir umfjöllun og viðræðum um efni frumvarpsdraganna var unnið að breytingum á þeim eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Nokkrum ákvæðum var breytt til að koma til móts við athugasemdir frá samtökum ríkisstarfsmanna. Því miður, það verður að segja þá sögu eins og er, kusu forustumenn samtaka ríkisstarfsmanna fremur að fara í sína auglýsingaherferð og ræða frv. eingöngu út frá sínum sjónarmiðum en taka þátt í viðræðum við ríkið um frv. Eins og ég hef margoft lýst yfir erum við reiðubúin til þess að ræða við samtök ríkisstarfsmanna um efni frv. eftir að það hefur verið lagt fram í þinginu, en það var auðvitað gert til þess að ríkisstarfsmenn og almenningur gætu kynnt sér í hverju frv. væri fólgið en þyrftu ekki að reiða sig á meira og minna áreiðanlegar lýsingar forustumanna launþegasamtaka í opinberum rekstri. (**ÖJ:** Ertu að segja að þið hafið logið?) Ég bið menn um að geyma sér sárindi sín aðeins, sitja á sér. Það verður nægur tími til þess að tala á eftir. Það hefur verið beðið um tvöfaldan ræðutíma þannig að formaður BSRB fær væntanlega að flytja ræðu sína hér eins og allir aðrir hv. alþingismenn. (**ÖJ:** Nú þarf að gera kröfu um að fjmrh. fari með rétt mál.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki samtöl í salnum.)

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er kveðið á um ýmis umbótamál sem ríkisstjórnin hyggst vinna að á kjörtímabilinu. Auk starfsmannamálanna eru þar nefnd lífeyrismál og breytingar á vinnulöggjöfinni. Frá upphafi kjörtímabilsins hefur verið unnið að tillögugerð í þessum efnum. Ég vil geta þess í þessu sambandi að breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði hafa verið til umræðu að undanförnu og síðast í ríkisstjórninni í morgun og ég á von á því að það frv. sem hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi verði lagt fram á næstu dögum. Það byggir á nefndarstarfi sem varð til í tíð síðustu ríkisstjórnar. En að sjálfsögðu er frv. eins og það lítur nú út lagt fram á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en ekki þeirrar nefndar sem vann að frv. þótt hugmyndirnar séu sóttar til nefndarstarfsins.

Í öðru lagi er ástæða til að geta þess að drög að frv. um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna eru til umfjöllunar í nefnd sem fulltrúar ríkisstarfsmanna eiga aðild að. Fjórir forustumenn ríkisstarfsmanna eiga aðild að nefndinni. Ég hygg að nefndin hafi haldið tíu fundi. Hugmyndin var að leggja þetta frv. fram nú og reyndar hefði átt að vera búið að því, en fyrir um það bil þremur vikum síðan var frá því horfið vegna þess að upp komu efasemdir um það til hvaða þátta svokölluð áunnin réttindi næðu. (**Gripið fram í:** Var það ekki bara að Davíð tók af þér völdin?) Ef vísað er til ræðu í síðustu viku, þá held ég að hv. þm. fari nokkuð dagavillt því ég er að vísa til þess sem gerðist fyrir þremur vikum. (**Gripið fram í:** Fer ekki ráðherrann áravillt?) Nei, nei, nei. Hv. þm. getur eins og aðrir fengið að ræða hérna síðar. En ég vil nota þetta tækifæri til þess að taka það sérstaklega fram að ég kannast ekki við að það sé nokkur hinn minnsti ágreiningur á milli mín og forsrh. í þessu máli, hvorki fyrr né nú. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki samtal. Það eru allir hv. þingmenn á mælendaskrá sem eru að grípa fram í.)

Þetta vil ég taka sérstaklega fram vegna þess að í nefndinni fara fram efnislegar umræður um þessi mál og það er engin ástæða til að ætla að þar verði farið með málin á þann veg að hallað verði á áunnin réttindi opinberra starfsmanna. Það er öllum ljóst að það þarf að breyta lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ábyrgir fjármálaráðherrar geta ekki horft upp á óbreytt ástand. Það er hins vegar spurning hvernig á að fara að og auðvitað verður þess freistað að ná sem bestu samkomulagi þar um. En jafnvel þótt samkomulag náist ekki við alla aðila, því það er líka spurning um það hvort hér geti fulltrúar opinberra starfsmanna samið fyrir hvern og einn því að í vissum skilningi er um einstaklingsbundin réttindi að ræða, þá þarf að gera breytingar hvernig sem þær verða gerðar.

Það er von mín hins vegar að það takist að hraða þessu starfi þannig að frv. geti litið dagsins ljós á þessu þingi en ég get ekki lofað því að það frv. verði afgreitt á þinginu. Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram í þessari ræðu að þetta frv. sem mér sýnist að opinberir starfsmenn hafa fremst beint spjótum sínum að að undanförnu er í skoðun, í nefnd sem fjórir fulltrúar opinberra starfsmanna eiga aðild að. Þar fara fram mjög málefnalegar umræður um frv. og þar er nú verið að ræða til að mynda það hvort menn geti komist að sameiginlegri niðurstöðu um þær forsendur sem byggja skuli á við breytingar á lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta segi ég hér og nú sérstaklega vegna þess að mér hefur sýnst að í fundaherferð opinberra starfsmanna beini þeir spjótum sínum að þessu frv. sem er til skoðunar. Þeir hafa fullan aðgang að öllum upplýsingum og taka þátt í vinnu málsins. (**ÖJ:** Líka réttindum og skyldum?)

Í þriðja lagi vil ég geta þess að forsrh. þarf að flytja bandorm, þ.e. frv. sem þarf að fylgja þessu frv. Það er á lokastigi. En það frv. er flutt vegna þess að í fjölmörgum lögum er vísað til laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Eins og margoft hefur komið fram, þá kann það að fara svo að þetta frv. breytist í meðförum þingsins. Það verður að koma í ljós í þingstarfinu eins og eðlilegt er enda hef ég ávallt boðið upp á það að viðræður geti átt sér stað við þá aðila sem að þessu máli þurfa að koma.

Loks vil ég aðeins nefna þótt ekki sé ástæða til að ræða svokallað kennarafrumvarp um yfirfærslu grunnskólans. Þar hefur að sjálfsögðu verið staðið við öll fyrirheit ríkisins. Það starf sem þar hefur átt sér stað hefur verið undir forustu menntmrn. en formenn undirnefndanna hafa komið úr fjmrn., a.m.k. í tveimur atkvæðamestu nefndunum. Þar hefur verið full samstaða. Flutningur þessa frv. sem við erum að ræða hér var öllum ljós þegar það frv. var ákveðið á sínum

tíma, enda skýrt tekið fram í greinargerð með frv. að von væri á því frv. sem hér er til umræðu. Það er því rangt sem stundum hefur verið haldið fram að það hafi verið komið í bakið á einhverjum með flutningi þessa frv. sem hér er til umræðu.

Markmið frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins má segja að sé fjórþætt:

1. Að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum markaði.

2. Að auka sjálfstæði en um leið ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana.

3. Að gefa starfsfólki tækifæri til að vera umbunað eftir ábyrgð og hæfni í starfi.

4. Að færa ýmis ákvæði laganna frá 1954 eins og um vinnutíma í nútímalegra horf.

Þegar lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett árið 1954 var mikill munur á réttarstöðu flestra þeirra sem störfuðu hjá ríkinu og annarra launþega. Á meðan þeir fyrrnefndu höfðu hvorki rétt til að semja um kaup og kjör né verkfallsrétt nutu þeir síðar nefndu hvors tveggja. Af þessum sökum var eðlilegt að fyrrnefnda hópum væri tryggður betri réttur í lögum. Réttarstaða starfsmanna ríkisins hefur hins vegar gjörbreyst á þeim fjórum ártugum sem liðnir eru frá því að lögin voru sett. Ríkisstarfsmenn hafa nú flestir fengið samnings- og verkfallsrétt og eru flestir ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Sú nýja starfsmannastefna sem felst í því frv. sem hér er til umræðu felst einkum í þremur meginbreytingum. Í fyrsta lagi ganga breytingarnar út á að dreifa valdi samfara aukinni ábyrgð stjórnenda í ríkisrekstri. Forstöðumenn ríkisstofnana fá aukið svigrúm til að greiða starfsmönnum til viðbótar grunnlaunum eftir hæfni og ábyrgð eins og ég hef áður getið um. Um þetta verða settar skýrar verklagsreglur og þess gætt að konur og karlar hafi sömu möguleika til að fá viðbótarlaun. Um leið og sjálfstæði forstöðumannanna er aukið er gerð meiri krafa til þeirra um árangur í starfi. Áviðráðningar eru afnumdar. Forstöðumenn skulu skipaðir til fimm ára í senn með skipunarbréfi þar sem tilgreind eru verkefni stofnunar og þau markmið sem sett eru til skemmri eða lengri tíma. Þá tekur forstöðumaður ábyrgð á því að þjónusta stofnunar sé viðunandi og innan marka laga, þar á meðal marka fjárlaga.

Í öðru lagi fela breytingarnar í sér að starfsfólk er hvatt til að gera betur í starfi sínu með því að auka svigrúm til umbunar fyrir hæfni og ábyrgð í starfi. Þá er starfsfólki gert skylt að hlíta breytingum á starfi og launum. Þó er ekki hægt að breyta launakjörum þann tíma sem eftir er af skipun eða uppsagnarfresti samkvæmt ráðningarsamningi.

Þá má nefna að gert er ráð fyrir að boðið verði upp á aukinn sveigjanleika í vinnutíma fyrir starfsfólk, en það getur t.d. liðkað til fyrir barnafjölskyldum. Þá er ekki sérstaklega kveðið á um að konur njóti einar fæðingarorlofs eða geti unnið hlutastarf vegna heimilisforstöðu eins og er í núgildandi lögum.

Í þriðja lagi má nefna að með þeim tillögum um breytingar sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að allir starfsmenn ríkisins sitji við sama borð hvað réttindi og skyldur áhrærir. Nú er það svo að starfsmaður ríkisins sem er t.d. iðnaðarmaður og félagsmaður í ASÍ nýtur ekki sömu réttinda og starfsmaður sem er í BSRB. Þetta fólk vinnur hlið við hlið í þjónustu fyrir landsmenn og það samræmist illa jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar. Hér er því um mikilvæga réttarbót að ræða fyrir þá einstaklinga í starfi hjá ríkinu sem ekki hafa fallið undir gömlu lögin um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Í frv. eru ekki skert réttindi sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Því hefur hins vegar ranglega verið haldið fram af sumum forustumönnum ríkisstarfsmanna. Réttindi starfsmanna sem ráðnir hafa verið við gildistöku laganna breytast ekki að öðru leyti en því að réttur þeirra til biðlauna verður takmarkaður frá því sem nú er. Í frv. er gert ráð fyrir að réttindi þeirra starfsmanna sem ráðnir verða eftir gildistöku laganna breytist þannig að áviðráðning er afnumin, biðlaunaréttur er afnuminn og laun verða almennt greidd eftir á.

Þótt lögin um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna séu rúmlega fertug hafa litlar breytingar verið gerðar á þeim. Starfsmannalög á Norðurlöndunum eru öll innan við 15 ára gömul hins vegar. Ég vek athygli á því og frá því er sagt í greinargerð með frv. frá hvaða tíma þau eru og hverjar hafi verið helstu efnisbreytingar á þeim. Okkar starfsmannalög eru hins vegar 42 ára gömul. Sem dæmi um hversu úrelt lögin eru orðin má nefna að gengið er út frá þeirri reglu að starfsmenn ríkisins séu ráðnir eða skipaðir ótímabundið án gagnkvæms uppsagnarfrests eða séu í raun áviðráðnir. Samt sem áður er stærsti hluti ríkisstarfsmanna nú ráðinn með gagnkvæmum uppsagnarfresti á grundvelli laga frá 1974.

Þá ber víða á úreltum viðhorfum til kynjanna. Þar segir m.a. að konur geti einar nýtt sér heimild til sveigjanlegs vinnutíma að því gefnu að þær veiti heimili forstöðu og á öðrum stað segir: Ákveða skal með reglugerð hvernig fara skuli um launagreiðslur til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar.

Ég vil nú, virðulegi forseti, aðeins skoða nokkur bein efnisatriði frv. Ég hef þegar minnst á helstu breytingar sem verið er að gera í frv. en ríkisstarfsmenn eins og allir vita hafa nú flestir fengið samnings- og verkfallsrétt. Þrátt fyrir þetta er enn á því byggt að lögin taki einvörðungu til þeirra sem eru félasmenn í félögum innan vébanda BSRB og BHMR en nú er gert ráð fyrir breytingu í þessum efnum eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Frv. skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hlutanum er mælt fyrir um gildissvið laganna. Í öðrum hluta frv. sem tekur aðeins til embættismanna svokallaðra, en það er skilgreint hugtak í lagafrv., er skilgreint hverjir af starfsmönnunum skuli teljast embættismenn í skilningi laganna. Hugtakið „embættismaður" er fyrst og fremst notað í frv. vegna þess að það kemur fyrir í 20. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem stefnt er að því að embættismenn teljist þeir einir sem fást við æðstu stjórn ríkisins og sinna öryggisgæslu, svo sem lýst er nánar í athugasemdum með 22. gr. frv.

Í öðrum hluta er að finna reglur um það þegar embættismenn eru skipaðir eða settir í starf og þeim veitt lausn úr starfi og þar er einnig að finna fyrirmæli um sérstakar skyldur embættismanna umfram aðra ríkisstarfsmenn.

Þriðji hluti frv. tekur til annarra starfsmanna ríkisins en embættismanna. Þar er að finna reglur um ráðningu þeirra til starfa og starfslok auk þess sem kveðið er á um sérstök réttindi þeirra starfsmanna sem undir þriðja hluta falla, þ.e. samnings- og verkfallsrétt.

Í fjórða hlutanum eru ýmsar sérreglur og svo eru auk þess bráðabirgðaákvæði sem eru vitanlega mjög mikilvæg.

Ég ætla að hlaupa á nokkrum efnisatriðum frv. sem mig langar til að leggja áherslu á. Í 5. gr. er fjallað um vald

forstöðumanna. Þar er sagt að forstöðumaður ráði alla starfsmenn og þetta er gert með það fyrir augum að auka sjálfstæði forstöðumannanna eins og markvisst er stefnt að með frv. Ákvæði þetta tengist eins og áður sagði 22. gr. frv. en þar er gengið út frá því að einungis sumir af starfsmönnum hjá stofnunum sem falla undir þá grein verði embættismenn svo sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við greinina. Stefnt er að því að a.m.k. í sumum tilvikum verði ákveðið í viðkomandi lögum hverjir teljast embættismenn hjá þeim stofnunum sem taldar eru upp í 22. gr. en verði það ekki gert er það hlutaðeigandi ráðherra eða forstöðumaður stofnunar sem ákveður það í hverju tilviki.

Í 7. gr. er fjallað um auglýsingar um störf og þar segir að þau skuli auglýsa í Lögbirtingablaði, það er aðalreglan. Þessi grein er aðeins öðruvísi en er í núgildandi lögum en er sett m.a. með tilvísan til álits umboðsmanns sem liggur fyrir en þar kemur fram gagnrýni á framkvæmd þeirra laga sem nú eru í gildi.

Í 9. gr. er fjallað um þessi viðbótarlaun sem menn kannast við og hefur nokkuð verið í umræðunni. Þarna er lagt til að hægt sé að greiða umfram grunnlaunin en með þessu móti er lögð áhersla á að það sem er einn mikilvægasti hlekkurinn í nýrri starfsmannastefnu ríkisins að ríkið og stofnanir þess geti veitt almenningi, sem til þeirra leitar, bæði þjónustu svo sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan. Við viljum að ríkið standi á jafnréttisgrundvelli gagnvart öðrum vinnuveitendum þannig að hægt sé að ráða til ríkisins starfsfólk sem fái sambærileg og jafngóð kjör og þeir sem starfa á einkamarkaði og til þess þarf sveigjanlegri launastefnu.

Í 12. gr. er fjallað um veikindaforföll og fæðingarorlof en nú byggist rétturinn til greiðslu launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi á mismunandi forsendum. Í 1. mgr. segir að sömu aðilar og fjalla um laun og önnur kjör skuli fjalla um rétt starfsmanna til launa í veikindaforföllum og í fæðingarorlofi. Þetta mál var nokkuð til umræðu fyrir nokkrum vikum síðan, en er komið í þann búning að ég hygg að allir geti verið nokkuð sáttir við.

Í 13. gr. er fjallað um rétt starfsmanna til sveigjanlegs vinnutíma. Þar er um nýja grein að ræða sem er talsverð breyting frá núgildandi lögum.

Í 21. gr. er það nýmæli að nú er heimilt að áminna starfsmann sem hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi sínu í þágu ríkisins. Hér er um að ræða nokkra breytingu frá því sem gildir þar sem heimild er útvíkkuð til þess að áminna starfsmann en ítarlega er fjallað um það í greinargerð með frv. hvað sé fullnægjandi árangur í starfi. Auðvitað er það svo að það verður að fara varlega með slíka heimild enda er tryggilega gengið frá því að viðkomandi starfsmaður hafi sinn rétt sem hann getur haldið fram til þess að ekki sé að ræða ósanngjarna og ólöglega áminningu sem síðan getur orðið grundvöllur uppsagnar.

Í 22. gr. er því lýst eins og ég hef áður sagt hverjir teljist embættismenn samkvæmt lögunum og í 23. gr. er sú meginregla sett að embættismenn skuli hér eftir ekki skipaðir ótímabundið heldur tímabundið til fimm ára í senn. Þessi atriði þarf öll auðvitað að skoða mjög vel og það kann vel að koma til álita að breyta þeirri upptalningu sem kemur fram í greinargerð og þessum lögum. Það verða menn að finna út. Það var ekki hugmyndin að takmarka rétt einhverra hópa heldur fyrst og fremst að koma hlutunum þannig fyrir að það kæmi sér best bæði fyrir viðkomandi starfshópa sem hafa ekki verkfallsrétt í dag og fyrir vinnuveitanda þeirra, ríkið. Það kann að vera ástæða til þess í vissum tilvikum að ekki sé gengið út frá fimm ára reglunni og ég nefni í því sambandi t.d. lögreglumenn. Það þarf að sjálfsögðu að fara vandlega ofan í slík atriði eins og boðið hefur verið upp á.

Ég verð að fara hratt yfir sögu en í 38. gr. er sagt að sérhverjum forstöðumanni verði sett erindisbréf þar sem skilgreind skuli helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar en í 2. mgr. 8. gr. frv. er aðeins að finna heimild til að setja öðrum starfsmönnum erindisbréf. Með þessu móti er verið að gera ábyrgð forstöðumanna í ríkisrekstrinum skýrari en hún er í dag en það er afar mikilvægt ef auka á sjálfstæði stofnana og stjórnenda stofnana ríkisfyrirtækja.

Í 1. mgr. 41. gr. er sett fram sú meginregla að ráða skuli aðra starfsmenn en embættismenn ótímabundið en með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Í raun er þetta sú regla sem er við lýði hjá langflestum aðilum sem eru ráðnir til starfa hjá ríkinu í dag.

Í 1. mgr. 44. gr. er staðfest að ekki sé skylt að veita manni áminningu áður en honum er sagt upp störfum án tillits til þess hver ástæða fyrir uppsögn er. Síðan er mjög skýrt kveðið á um það hvern andmælarétt viðkomandi starfsmaður hefur.

Ég bendi einnig á 56. gr. og ákvæði til bráðabirgða án þess að fara mörgum orðum um það sem þar stendur. Þar er auðvitað að finna mjög mikilvæg ákvæði og ljóst er að þegar þetta frv. verður að lögum þarf að gera frekari breytingar og skoða þær með tilliti til þess sem gerast mun í öðrum frumvörpum og hvernig þeim reiðir af í þinginu. Augljóst er að ef réttarstaða opinberra starfsmanna verður svipuð og á einkamarkaði, almennum markaði, þarf að sjálfsögðu að taka tillit til þess í sambandi við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna en opinberir starfsmenn hafa eins og flestir vita sótt mjög fast að gerðar verði breytingar á þeim lögum.

Virðulegi forseti. Ég hef farið í nokkur efnisatriði þessa frv. sem hefur verið talsvert til umræðu. Greinargerðin í frv. er mjög skýr og reyndar hefur frv. legið fyrir í um það bil hálfan mánuð þannig að öllum er ljós sá boðskapur sem þar er.

Breytingar á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna eru að sjálfsögðu löngu tímabærar. Það eru stöðugt meiri kröfur gerðar til þjónustu ríkisins og ríkisstofnanir verða að hafa burði til að keppa við einkamarkaðinn um hæft starfsfólk. Það kerfi sem er við lýði kemur í veg fyrir að eðlilegar umbætur eigi sér stað í ríkisrekstrinum og kemur í veg fyrir aukið sjálfræði og ábyrgð stofnana og forstöðumanna þeirra. Þetta kerfi er þess vegna úr sér gengið. Stöðugt meiri kröfur eru gerðar til ríkisrekstrarins og ríkisstofnanir verða að búa við svipað starfsumhverfi og einkamarkaðurinn sem gerir þeim kleift að aðlagast breyttum háttum og keppa um hæft starfsfólk á jafnréttisgrunni. Frv. sem er til umræðu er ætlað að færa umhverfi ríkisstofnana í nútímalegra horf og bæta þjónustu ríkisins við almenning. Frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er mjög mikilvægt hagsmunamál allra Íslendinga, ekki einungis ríkisstarfsmanna eins og stundum má skilja í umræðu um fyrirhugaðar umbætur í ríkisrekstrinum heldur alls almennings. Okkur ber því að fjalla um þetta umbótamál þannig að tekið sé tillit til hagsmuna almennings sem og hagsmuna starfsmanna ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari ræðu minni lýst stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi umbætur í ríkisrekstri og skýrt út að sú stefna byggir á þeirri hugsun að umbætur í ríkisrekstri getið verið þáttur í því að efla og styrkja samkeppnisstöðu

Íslands á meðal þjóðanna. Það er mikilvægt að við áttum okkur á því að ríkisreksturinn, ríkisumsvifin eru svo mikil meðal vestrænna þjóða að það skiptir verulegu máli hvernig okkur tekst til til þess að við getum haldið uppi betri lífskjörum en nágrannar okkar og það er eftir því sem við sækjumst að sjálfsögðu.

Ég hef bent á það hvernig í þessu frv. ef samþykkt verður muni rekstur ríkisins verða sveigjanlegri. Ég hef bent á það hvernig farið er í átt til jafnréttis með tvennum hætti, *bæði jafnréttis karla og kvenna annars vegar en líka jafnréttis starfsmanna eftir því í hvaða félögum þeir eiga aðild*, annars vegar í félögum opinberra starfsmanna og hinna sem eru starfandi hjá ríkinu sem vinnuveitenda en eiga aðild að félögum sem eru aðildarfélög ASÍ.

Ég hef lagt á það áherslu í ræðu minni hve mikilvægt það er að ríkið geti haft góða starfskrafta í þjónustu sinni og til þess þarf sveigjanleika, meira sjálfstæði stofnana og möguleika á því að umbuna fólki í launum. Þá er í frv. horfið frá æviráðningu og biðlaunum enda held ég að flestir séu sammála því að þetta eru börn síns tíma. Þetta voru réttindi sem eru eðlileg á meðan verkfallsréttur og samningsréttur giltu ekki hjá opinberum starfsmönnum en hefur í raun breyst því að æviráðning er núna hjá fámennari hópi nýráðinna starfsmanna og biðlaunarétturinn sem hefur verið til umræðu að undanförnu er auðvitað þess eðlis að það hlaut að koma að því að hann yrði endurskoðaður. Allar þessar breytingar eru samt hluti af alþjóðlegri þróun sem hefur átt sér stað eins og kemur fram í greinargerðinni, þróun sem lýsir sér m.a. í breytingum sem gerðar hafa verið á starfsmannalögum í helstu nágranna- og viðmiðunarlöndum okkar eins og á Norðurlöndum en einnig miklu víðar í hinum vestræna heimi eins og innan OECD þar sem þessar umræður *hafa verið mjög fyrirferðarmiklar. Við verðum að muna eftir* því, virðulegi forseti, að ríkið er ekki eingöngu til vegna starfsmanna ríkisins þótt þeir séu alls góðs maklegir heldur vegna landsmanna allra sem ríkinu er ætlað að þjóna.

Að lokinni 1. umr. málsins óska ég eftir því að frv. fái meðferð í hv. efh.- og viðskn. og verði síðan sent til 2. umr.

[14:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að mótmæla því hvernig hæstv. fjmrh. setur hlutina upp. Það er tæplega hægt að kalla það annað en hroka og lítilsvirðingu í garð samtaka opinberra starfsmanna þegar hæstv. fjmrh. fer um viðbrögð þeirra við þessu frv. *þeim orðum sem hann gerði áðan*. Hæstv. ráðherra lætur í öðru orðinu í það skína að ríkisstjórnin vilji hafa gott samstarf og samráð við opinbera starfsmenn og verkalýðshreyfinguna um breytingar mála á vinnumarkaði. En í hinu orðinu ræðst hæstv. ráðherra héðan úr ræðustóli á Alþingi á samtök opinberra starfsmanna fyrir viðbrögð þeirra við þessu frv. og talar þar um áróðursherferð. Það var ekki hægt að skilja ráðherra öðruvísi en svo að hann teldi stórlega ámælisvert hvernig opinberir starfsmenn hefðu brugðist við.

Nú er það svo, herra forseti, að *ég veit ekki betur en* hæstv. ráðherra sjálfur hafi þegar lagt upp í áróðursherferð fyrir sjálfan sig og stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli og það fyrir almannafé. A.m.k. fékk ég bæklingsóféti inn um lúguna sem ég veit ekki betur en fjmrh. sé ábyrgðarmaður að þar sem er rekinn skefjalaus áróður fyrir stjórnarstefnunni í þessu máli. Er það þá ámælisvert, hæstv. fjmrh., að samtök opinberra starfsmanna reyni að bera hönd fyrir höfuð sér og haldi fundi með félagsmönnum sínum úti um landið? Er það orðið saknæmt að menn tali yfirleitt á móti stjórnarstefnunni ef þeir eru ekki sáttir við hana? Ég held að hæstv. fjmrh. nái ekki langt og nái ekki upp eðlilegum samskiptum eða góðu samstarfi við einn né neinn með svona samsetningu mála. Ég mótmæli því hvernig fjmrh. setur hlutina upp við upphaf umræðunnar og skora á hann að draga þessi orð til baka og endurskoða afstöðu sína til samskipta við opinbera starfsmenn. Ef hann á að eiga einhverja minnstu von um það að ná árangri í þessum málum þá held ég að hæstv. ráðherra þurfi að gerbreyta um vinnubrögð.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var reyndar ekki efnisleg athugasemd heldur athugasemd um önnur atriði. Það getur vel verið að hv. þm. þyki það hroki og lítilsvirðing sem kom fram í máli mínu, en það var ekki ætlunin og ég vona að hann hafi þá verið einn um að skilja orð mín þannig. Það sem ég hins vegar benti á og verður ekki umflúið, þar sem það er sannleikurinn í málinu, er að þegar frv. var afhent opinberum starfsmönnum svo hægt væri að hefja efnislegar umræður kusu þeir að setja frumvarpsdrögin, sem voru reyndar umræðudrög, fram með þeim hætti að þar væri um meiri háttar árás af hálfu ríkisstjórnarinnar og þó einkum fjmrh. að ræða. Ég held að þetta sé öllum ljóst. Hvað fundaherferðina varðar held ég að það sé líka ljóst að þar var ekki verið að halda fram málstað beggja aðila eða fá upplýsingar frá báðum hliðum. Þetta voru einhliða baráttufundir og það hlýtur að koma að því og það verða menn líka að þola, jafnvel þingmenn hv. stjórnarandstöðu, að hinn aðilinn fái að koma sínum sjónarmiðum að, hvort sem það er á hinu háa *Alþingi eða með þeim aðferðum sem hafa tíðkast*, þ.e. með því að gefa út blað til að koma hinni hliðinni að í málinu. Reyndar er þetta blað gefið út á vegum fjmrn., 4. árg. Ég held að allir hljóti að skilja að það er mjög lýðræðislegt. Ég vil ítreka það sem ég hef margoft sagt. Boð okkar um að ræða við opinbera starfsmenn og forustumenn þeirra um þetta frv. stendur. Frumvarpsdrögin sem lögð voru fram í upphafi hafa í raun gerbreyst og fjölmörg atriði sem nú eru í frv. eru tilkomin vegna ábendinga frá fulltrúum opinberra starfsmanna. Þannig viljum við vinna, en í samráðinu felst ekki að við séum skuldbundin til að fara í einu og öllu eftir þeim hugmyndum sem fulltrúar eða forustumenn opinberra starfsmanna hafa um það hvernig svona lög eiga að líta út. Það er Alþingis að setja lög um þessi efni, en það er hins vegar skylda okkar að hafa samráð við forustumenn launþegasamtaka opinberra starfsmanna. Ég vona að þetta skiljist og ég vona líka að enginn skilji viðhorf mín þannig að hér sé um einhvern hroka og lítilsvirðingu að ræða í garð opinberra starfsmanna.

[14:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er virðingarvert að hæstv. fjmrh. reynir aðeins að draga í land. Ég gerði efnislega athugasemd, fullkomlega efnislega athugasemd við það sem hæstv. ráðherra sagði um áróðursfundaferðir samtaka opinberra starfsmanna. Nú kvartar hæstv. ráðherra undan því, að mér skildist, að það hefði verið gagnrýnivert að ekki hefðu bæði sjónarmið fengið að koma fram á fundum samtaka opinberra starfsmanna. Lítur hæstv. ráðherra svo á að BSRB megi ekki halda fundi nema útskýra jafnframt málstað ráðuneytisins? Ég geri engar

athugasemdir við það þó sjónarmið hæstv. ráðherra og stefna ríkisstjórnar komi fram. Ég hef reyndar ekki orðið var við annað en að hæstv. ráðherra sé í fjölmiðlunum á hverjum einasta degi og hafi yfirburðastöðu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Aðrir aðilar þurfa að kosta það dýrum dómum, halda fundi og kaupa sér auglýsingar til þess að reyna að reisa rönd við ofurvaldi ríkisstjórnar og ráðherra í gegnum fjölmiðlana sem allir þekkja. Þannig að þar hallar ekki svo á.

Hæstv. ráðherra gerði beinlínis athugasemdir við það að samtök opinberra starfsmanna hefðu yfir höfuð reynt að verja hendur sínar í þessu máli. Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að slíta viðbrögð samtaka opinberra starfsmanna úr samhengi við það hvernig hæstv. ráðherra hefur unnið að málinu. Það er sem sagt samráð eftir á sem hæstv. ráðherra ætlast til að verkalýðshreyfingin sé boðin og búin að eiga við hann. Fyrst semur hæstv. ráðherra frumvörpin, ákveður stefnuna, keyrir þau út og þá eru menn til í samráð. Það er svona samráð eftir á sem hæstv. ráðherra telur eðlilegt að eiga við samtök opinberra starfsmanna eða verkalýðshreyfinguna og ef menn eru ekki tilbúnir í það, ef menn lýsa óánægju með slíkt, þá eru það áróðursherferðir og áróðursbrögð og óeðlilegt fundahald að mati hæstv. ráðherra eftir því sem hér kom fram.

Það að bæklingurinn hafi verið 4. árgangur eru náttúrlega stórmerk tíðindi. Það breytir í grundvallaratriðum eðli hans að þetta skuli hafa verið 4. árgangur af einhverju í fjmrn.

[14:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei haldið því fram að það sé óeðlilegt að launþegasamtök haldi fundi, síður en svo. Mér þykir það alveg sjálfsagt. Ég hef hins vegar gert athugasemdir við það að í upphafi samráðsferils um frumvarpsdrög sem lágu fyrir og þurfti að ræða, m.a. til þess að hægt væri að taka tillit til breytingartillagna frá viðkomandi aðilum, kusu forustumenn opinberra starfsmanna að fara út á völlinn með frumdrögin, tala fyrir þeim með sínum hætti og fara í sumum tilvikum því miður ranglega með í stað þess að hefja viðræður á því stigi málsins. Það varð hins vegar til þess að við neyddumst til að skýra okkar málstað í því blaði sem gefið var út. Ég vona að hv. þm. sé ekki að amast við því að ríkið gefi út fjórblöðung til að skýra þann málstað sem við þurfum að verja í þessu efni. (Gripið fram í.) Það skiptir í sjálfu sér engu máli, en ég virði hv. þm. fyrir það að reyna að gerast fyndinn með þessum hætti, enda tókst honum það mjög vel. Hins vegar skyldi ég ekki brandarann, eða hvað 4. árgangurinn hafði með þetta að gera. En hv. þm. skildi það örugglega sjálfur. (**SJS:** Á ég kannski að segja hann aftur?) Hv. þm. gefst tækifæri til þess að segja brandarann aftur því hann er á mælendaskrá að því er ég best veit.

Aðalatriðið er þetta og ég ætla að endurtaka það hér enn og einu sinni að samráð stendur til boða. En samráð þýðir ekki að það eigi að fara í einu og öllu eftir viðhorfum opinberra starfsmanna. Það hlýtur að vera Alþingi sem tekur lokaákvörðun um það hvernig þessi lög eiga að líta út. Formaður BSRB veit að ég hef amast við því að aðeins önnur hliðin hafi verið kynnt. Hann hefur sagt við mig að hann telji sig hafa kynnt báðar hliðar málsins og spurt mig hvort ég treysti honum ekki fyrir því. Ég skal viðurkenna að ég treysti mér sjálfum fremur til að skýra mína hlið málsins en forustumanni BSRB, þótt sjónarmið hans séu góðra gjalda verð.

[14:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska eftir því að hæstv. forsrh. komi í þingsalinn og einnig hæstv. utanrrh., formaður Framsfl. Þótt hæstv. fjmrh. sé í böðulshlutverkinu að þessu sinni, þurfa þeir að vera viðstaddir sem bera pólitíska ábyrgð á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Einnig er nauðsynlegt að ríkisstjórnin geri grein fyrir stefnu sinni og geri hreint fyrir sínum dyrum vegna þess að það hafa komið fram mjög misvísandi upplýsingar og yfirlýsingar frá ráðherrum í ríkisstjórninni, annars vegar frá hæstv. fjmrh. og hins vegar hæstv. forsrh., varðandi þau frumvörp sem hafa verið til umræðu að undanförnu, þar á meðal um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Hæstv. forsrh. sagði í þingsölum ekki alls fyrir löngu að um lífeyrismálin yrði samið. Hann bætti því við að ekki stæði til og reyndar hefði aldrei staðið til að taka af mönnum áunnin réttindi. Nú segir hæstv. fjmrh. í þingræðu áðan að vel komi til greina að leggja lífeyrisfrv. fram á þessu þingi. Hæstv. forsrh. sagði ekki alls fyrir löngu að þetta yrði ekki gert og það yrði samið um þessi mál. (**Gripið fram í:** Og báðir segjast vera sammála.) Báðir segjast síðan vera sammála. Hæstv. fjmrh. kemur fram og segir að sér finnist vel koma til greina að fara svokallaða Vestmannaeyjaleið. Hver var Vestmannaeyjaleiðin? Hún var að loka sjóðnum í Vestmannaeyjum, Lífeyrissjóði bæjarstarfsmanna, skella hurðinni á starfsfólkið bótalaust. Er hæstv. forsrh. sammála þessari leið? Ef hæstv. forsrh. er alvara með það að ekki eigi að skerða áunnin réttindi, vil ég beina þessari spurningu til hans: Hvað með skerðingu á áunnum réttindum sem er að finna í því frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins? Þar eru áunnin réttindi skert. Ef það reynist vera að áunnin réttind yrðu skert yrðu þessi frumvarpsdrög að lögum, ætlar hæstv. forsrh. þá að beita sér fyrir því að þetta frv. verði sett í sama farveg og frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og að um þessi mál verði samið á síðaðra manna hátt? Þetta eru hlutir sem við þurfum að fá upplýsta áður en þessari umræðu er lokið.

Og það er enn annað. Við þurfum líka að fá að vita hvaða frumvörp önnur hæstv. ráðherra í ríkisstjórn eru með í rassvasanum. Hvað á eftir að dúkka upp í þessari viku? Það var hringt í fulltrúa samtaka launafólks í morgun og þeir boðaðir á fund hæstv. félmrh. með klukkutíma fyrirvara til að kynna þeim nýtt frv. til laga um samskipti á vinnumarkmaði. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Og hvað á síðan eftir að dúkka upp í einkavæðingunni og einkavinavæðingunni? Þau frumvörp sem eru til umræðu og hafa verið til umræðu að undanförnu ber öll að skoða í ákveðnu samhengi. Auðvitað vitum við öll hvað vakir fyrir ríkisstjórninni. Auðvitað vitum við öll að ríkisstjórnin ætlar að hafa biðlaunaréttinn af fólki. Hún ætlar að hafa biðlaunaréttinn af starfsmönnum svo að hún geti verið frjálsari að því að einkavinavæða. Auðvitað vitum við hvað það er sem vakir fyrir mönnum og er ekki rétt að menn tali um þessa hluti umbúðalaust? Hæstv. fjmrh. stendur hér og segir að þetta snúist fyrst og fremst um betri meðferð opinberra fjármuna. Er þetta ekki sami fjmrh. og færði einkavinunum SR-mjöl á silfurfati? Er þetta ekki sami hæstv. fjmrh. og „seldi" Lyfjaverslun ríkisins? Er þetta ekki sami hæstv. fjmrh. og seldi eða gaf eða færði alla vega á silfurfati framleiðsludeild

ÁTVR? Og kemur síðan hingað í pontu á Alþingi og segir að þetta snúist allt um betri meðferð opinberra fjármuna. Hvert eru menn eiginlega að fara hér í málflutningi? Mér er spurn.

Síðan er sagt að þetta sé allt gert í samráði og samvinnu. Hvers konar afbökun er þetta á máli, hugtökum og orðum? Samráð. Þeir vissu þetta allt og hafa vitað í tvö ár, sagði hæstv. fjmrh. Hvað var það sem menn vissu í tvö ár? Að afnema átti samningsrétt hjá lögreglunni? Hafa menn vitað það í tvö ár? Að afnema átti samningsrétt hjá tollvörðum? Hafa menn vitað það í tvö ár? Hafa menn vitað í tvö ár að það átti að takmarka málfrelsi hjá stórum hópum starfsmanna ríkisins? Hafa menn vitað það í tvö ár? Hafa menn vitað í tvö ár að hér ætti að koma á nýju samningskerfi þar sem vald forstjóranna yrði stóraukið, að hér yrði launakerfi samkvæmt duttlungum forstjóranna? Hafa menn vitað það í tvö ár? Hafa menn vitað í tvö ár að kynnt yrði á Alþingi frv. svo fullt af mannfyrirlitningu að það væri ekki sæmandi fyrir Alþingi að samþykja það?

Ég vil beina fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Hvað er átt við með minni háttar skrifstofustörfum? Hverjir eru hinir minni háttar menn sem eiga að starfa hjá ríkinu? Það er talað um það í þessum lögum að greina á milli hárra og lágra, húsbænda og hjúa. Sum störf þarf að auglýsa og önnur ekki. Það þarf ekki að auglýsa hin minni háttar skrifstofustörf. Hver eru þau? Getum við fengið þetta upplýst?

Svo eru það kallaðir samningar og samráð þegar mönnum eru kynnt nær fullbúin lagafrumvörp og þeir beðnir um að lesa þau yfir í próförk vegna þess að það eigi að leggja þau fyrir þingið eftir helgina til samþykktar. Það er hins vegar rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að það hefur ýmsu verið breytt frá fyrstu próförk. Í fyrstu próförk gleymdist veikindaréttur inn. Í fyrstu próförk var ekki gert ráð fyrir því að menn yrðu að upplýsa starfsmenn um það hvað þeir ættu að fá í kaup og hvaða réttindi þeir ættu að búa við fyrr en tveimur mánuðum eftir að þeir kæmu til starfa. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Jú, vegna þess að þetta var það allra lægsta sem þeir höfðu fundið hjá Evrópusamandinu. Þetta var kjallaragólfið í Evrópu, sennilega úr fjallahéruðum Grikklands eða Suður-Portúgal. Hinn evrópski kjallari átti að verða hið íslenska loft. Þannig að það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. að það hefur sitthvað verið lagað. En það sem ekki hefur verið lagað og ekki hefur verið breytt er að við erum hér með frv. sem gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum frá félagslegum samningum yfir í duttlungasamninga þar sem völd forstjóranna eru aukin á alla lund. Málskotsréttur er meira að segja takmarkaður. Það er kveðið á um hann í 49. gr. Hér segir um þá grein, með leyfi forseta:

„Ef ekki væri öðruvísi fyrir mælt væri heimilt að kæra sérhverja ákvörðun, sem tekin er á grundvelli laganna til æðra stjórnvalds með stjórnsýslukæru skv. 26. gr. stjórnsýslulaga. Slíkt myndi hins vegar draga úr sjálfstæði því sem ætlunin er að veita einstökum forstöðumönnum ríkisstofnana samkvæmt frumvarpinu."

Hinir sjálfstæðu menn, hinir sjálfstæðu einstaklingar. Hvað er það sem vakir fyrir ríkisstjórninni? Mér er spurn. Hvað skyldi vaka fyrir ríkisstjórninni með 47. gr. laganna? Þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga."

Menn eiga að að fá það sem aðrir vinna fyrir. Síðan geta menn í skugga sólkonunganna, markgreifanna, hinna nýju yfirstétta, staðið utan félagslegra samtaka en notið góðs af því sem aðrir vinna fyrir. Síðan segja þeir að þeir séu að gera þetta allt til að umbuna hinum eljusömu einstaklingum. Hinum duglegu. Haldið þið að menn sjái ekki í gegn um þetta? Það eru ekki hinir eljusömu og duglegu. Það eru hinir hlýðnu og undirgefnu. Það er verið að færa völd til í þjóðfélaginu með þessu frv. En þetta skyldi ekki koma nokkrum manni á óvart. Vegna þess að hér er verið að föndra við nýjungar sem hafa verið reyndar annars staðar. Þetta eru engar nýjungar. Þeir hafa leitað logandi ljósi í öllum mistakasmiðjum heimsins. Þeir hafa fundið allt það versta sem þeir þar hafa komist yfir og ætla að reyna að þröngva upp á þessa þjóð.

Hingað kom í sérstöku boði ríkisstjórnarinnar erindreki alla leið frá Nýja-Sjálandi, Ruth Richardson. Hún flutti mikla eldmessu á Hótel Loftleiðum. Hvað skyldi hún hafa sagt? Hún sagði: Ég vil vekja athygli ykkar á þrennu. Í fyrsta lagi þurfum við á leiftursókn að halda. Farið hratt fram og ákveðið. Í öðru lagi hafið ekkert samráð. Gerið þetta án samráðs og reynið að koma með margt í einu. Þetta er allt að ganga eftir. Þeir standa sig mjög vel. Ekkert samráð og hratt og hlustið ekki á mótmæli. Að lokum þetta: Hlustið ekki á mótmæli. Og hæstv. fjmrh. kom hér áðan og talaði um forustumenn starfsmanna ríkisins. Hvers konar fyrirlitning er þetta á öðrum starfsmönnum ríkisins og öllu því fólki sem hefur verið að koma saman til funda, ræða þessi mál og sent ríkisstjórninni sitt álit? Yfir 200 fundir hafa verið haldnir þar sem þessi frv. hafa verið kynnt og það rignir yfir mótmælaskjölunum. Síðan leyfa menn sér að segja að þetta sé eitthvert andóf í einstaka forustumanni sem þar að auki fari með rangt mál.

Þessi lærimóðir ríkisstjórnarinnar, Ruth Richardson heitir hún, fyrrv. fjármálaráðherra Nýja-Sjálands sem hrökklaðist úr embætti sökum óvinsælda eftir að hún hafði rústað velferðarkerfið þar í landi og er reyndar mjög stolt af — það stóð upp úr henni hugsjónaeldurinn á Hótel Loftleiðum, ekki vantaði það. Hún er komin núna til Bangladesh og Argentínu og er að reyna að uppfræða menn þar. Við höfum hins vegar borið okkur saman í flestum efnum við Norðurlöndin og ýmis önnur ríki innan OECD sem búa við svipaðar aðstæður og við.

Mig langar til að gera að umtalsefni hér sitthvað sem kemur fram í athugasemdum ríkisstjórnarinnar með því frv. sem hér er til umræðu. Hér segir t.d., og þetta er í sama andanum og ég vísaði til áðan að það ætti að fara vel með opinbert fé, sem að sjálfsögðu á að gera, að sjálfsögðu á að gera hvort sem um er að ræða söluna á SR-mjöli eða einkavinavæðinguna í Neyðarlínunni þar sem verið er að dæla miklum fjármunum til einkavina ríkisstjórnarinnar á sama tíma og menn ætla að haska þessu í gegnum þingið svona rétt fyrir vorið áður en laxveiðitíminn byrjar.

Í athugasemdum með þessu lagafrv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað mjög ört á undanförnum áratugum. Þannig er áætlað að þeir hafi verið um 8% af vinnuafli í landinu árið 1955 miðað við 20% á þessu ári."

Það sem við eigum að skilja með þessari yfirlýsingu er að þetta sé svo geigvænleg fjölgun og orðið svo alvarlegt vandamál hve fjölmennir starfsmenn hins opinbera eru að það verði að snúa af þeirri braut. En það er ekki gerð nokkur einasta tilraun til að setja þessi mál í sitt rétta samhengi.

Þannig er það að ef litið er á samanburðartölur úr skýrslum Þjóðhagsstofnunar á árabilinu 1980–1988 kemur í ljós að vinnuafl starfandi hjá hinu opinbera er miklu minna hlutfall hér en gerist í flestum öðrum ríkjum. Einnig er á það að líta að þegar við erum að bera saman stærðir af þessu tagi þurfum við að gæta vel að því að við séum með sambærilegar stærðir. Þannig er hér í athugasemdum ríkisstjórnarinnar við þetta frv. talað um ríkisstarfsmenn. Nær lagi væri að tala um opinbera starfsmenn ef við erum að bera þetta saman við það sem gerist með erlendum þjóðum einfaldlega vegna þess að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er ólík og mismunandi frá einu landi til annars. Sums staðar er skólinn á vegum sveitarfélaga og drjúgur hluti heilbrigðisþjónustunnar en annars staðar hjá ríkinu. Ef við skoðum samanburðartölur sem ég var að vitna til, kemur í ljós að vinnuafl hins opinbera á þeim árum sem ég vísaði í, 1980–1988, var 16,7% hér á landi, 26,3% á Norðurlöndum án Íslands, sums staðar að sjálfsögðu hærra því þetta er meðaltal, 33% í Danmörku, 29% í Svíþjóð en OECD-meðaltalið er á svipuðu róli og við, 15,2% á þessu tímabili.

En það sem skiptir ekki síst máli þegar við erum að bera saman svona stærðir er að hyggja að þeim samfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað frá 8% hans Friðriks Sophussonar. Hverjar skyldu þær breytingar hafa verið? Þær breytingar felast í því að konur hafa farið út á vinnumarkaðinn. Það deilir enginn um það að eftir 1960 má rekja hagvöxtinn í norðanverðri Vestur-Evrópu til atvinnuþátttöku kvenna. Þær hafa farið út á vinnumarkaðinn. Þegar farið er að skoða þessar tölur og þessi gögn, þegar farið er að bera saman þessar stærðir í alvöru þá sjáum við að atvinnuþátttaka kvenna er einna hæst í heiminum hér á landi. Það eru aðeins Svíar sem standa okkur framar að þessu leyti. Þetta hefur gerst þannig að störf sem áður voru unnin inni á heimilunum, umönnunarstörfin, uppeldis- og kennslustörfin, fræðslustörfin, eru komin út í þjóðfélagið, út í opinberar stofnanir. Þess vegna þyrfti hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson að halda örlítið erindi um það fyrir okkur hver hans heimssýn raunverulega er þegar hann horfir með svo mikilli eftirsjá í 8% frá 1955. Vill hann hverfa aftur til þess tíma? Reyndar veit maður varla þegar maður er að fjalla um þessi mál og um þetta frv. og um þessar athugasemdir, hvar á að byrja og hvar á að hætta.

Hér segir m.a., með leyfi forseta: „Ríkið minnir að ýmsu leyti á fyrirtæki sem hefur orðið undir í samkeppni á frjálsum markaði.“ Hvað er átt við með þessu? Er verið að tala um sjúkrahúsin eða skólana? Hvað eru menn að tala um? Hvers konar alhæfingar eru þetta eiginlega? Haldið þið að við gerum okkur ekki öll grein fyrir því að sumar stofnanir ríkisins eru vel reknar, aðrar ekki? Að sjálfsögðu er það svo. En hvers konar alhæfingar eru þetta? Það má benda á það að árið 1993 gerði efnahags- og framfarastofnun OECD úttekt á íslenska heilbrigðiskerfinu. Meginniðurstaðan varð sú að íslenska heilbrigðiskerfið veitti þjónustu sem er töluvert yfir meðallagi að gæðum með tilkostnaði sem væri lítið umfram meðaltal annarra OECD-ríkja. Svipað framlag, betri gæði. Síðan kemur hæstv. fjmrh. fram hér með frv. og athugasemdir þar sem verið er að níða niður þessa þjónustu, alhæfa um alla opinbera þjónustu. „Hún er illa rekin, minnir á illa rekið fyrirtæki.“ Er þetta til þess fallið að skapa málefnalega umræðu? Mér er spurn.

Hæstv. fjmrh. sagði að það vekti fyrir frumvarpssmiðum að jafna kjörin, að jafna kjör starfsmanna hjá rí' inu. Ég vildi að svo væri, að það væri í rauninni verið að jafna kjörin upp á við, að laga og bæta kjörin hjá þeim sem búa við lökust kjörin og lökustu réttindin. En er það að jafna kjörin að takmarka málfrelsi manna? Er það að jafna kjörin að svipta heilar stéttir samningsrétti? Er það að jafna kjörin? Er það að jafna kjörin að svipta menn biðlaunarétti, þeim sem hafa búið við hann? Af hverju ekki að laga hann hjá hinum sem hafa ekki haft hann eða semja um annars konar fyrirkomulag? Vegna þess að þetta er áróður sem er mjög lævís. Það er verið að reyna að mála úr opinberum starfsmönnum, starfsmönnum ríkisins einhverja spillta forréttindastétt — það er það sem verið er að reyna gera — sem mætir á morgnanna í vinnuna til að baða sig upp úr biðlaunarétti, veikindarétti og fæðingarorlofi umfram það sem aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa. Þetta er sú mynd sem verið er að reyna að draga upp. Staðreyndin er sú að hjá hinu opinbera búa menn við ólík launa- og réttindakerfi. Það er staðreynd. Í sumum tilvikum eru menn í nákvæmlega sama starfi, með sömu menntun, gera nákvæmlega sömu hlutina. Þeir geta valið um tvö ólík félög. Þetta á við t.d. hjá Flugmálastjórn, hjá Pósti og síma, hjá útvarpi, hjá sjónvarpi og víðar. Kjörin eru ólík, réttindin eru ólík og launakjörin eru ólík. Í sumum tilvikum er launamunurinn 15 þús. kr. á mánuði. Sá sem býr við lakari réttindi hefur hærri laun og munurinn er 15 þús. kr. Hann var það í þessum mánuði og í síðasta mánuði, líka í desember, líka í september og í fyrra og hittiðfyrra og fyrir tíu árum. Hvernig er þessi munur réttlættur? Jú, vegna þess að menn hafa annan og betri lífeyrisrétt. Menn hafa annan og betri veikindarétt og menn hafa margrómaðan biðlaunarétt. Þetta er skýringin á þessum mun. Síðan ætlar ríkisstjórnin að koma hér fram og fjmrh. og segja: Við meintum ekkert með þessu. Þetta var allt í plati. Við ætlum að þurrka þetta út á sama hátt og við þurrkum út með einföldu strokleðri samningsrétt hjá heilum starfsstéttum, lögreglu, tollvörðum, starfsmönnum fangelsa. Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Og ætla síðan að leyfa sér að koma hér fram og segja að þetta sé allt gert í anda jafnréttis.

Ég vil að lokum ítreka það að af hálfu samtaka launafólks fullyrði ég að um þessa þætti alla, um alla þessa þætti eru menn tilbúnir að semja og hafa alltaf verið, að ganga til samninga um breytingar á þessum hlutum. En valdboði af því tagi sem hér er verið að þröngva upp á okkur er algerlega hafnað. Ég á eftir að taka á því og ég á nú eftir að trúa því að alþingismenn, að þingmenn stjórnarflokkanna ætli að láta teyma sig til þessara verka. En með því verður fylgst.

[15:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi beina eftirfarandi spurningu til hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem jafnframt er formaður BSRB og benda á það að 20% af vinnuafli þjóðarinnar eru opinberir starfsmenn. 80% eru þar af leiðandi ekki opinberir starfsmenn og öll laun opinberra starfsmanna eru greidd með sköttum og skattbyrðin er orðin mjög mikil. Ég ætla að spyrja hann að því hvernig hann líti á biðlaunarétt. Telur hann eðlilegt að fólk sé að taka við nýju starfi jafnvel með hærri launum hafandi biðlaunarétt? Hvers virði er þessi biðlaunaréttur í augum opinberra starfsmanna? Hann hlýtur að geta sagt það í prósentum af launum. Sömuleiðis er ein spurning í viðbót: Hvers virði er æviráðningin sem hlutfall af launum?

[15:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. 20% þjóðarinnar eru opinberir starfsmenn. Skattborgarar borga þeim laun. Eigum við ekki að segja að þeir fái laun upp úr sjónum og af verðmætum sem þjóðin aflar og skapar. Það á líka við um starfsmenn Kaupþings t.d., Fjárfestingarfélagsins, svo vitnað sé til starfsemi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal þekkir mjög til. Hún hefur líka þurft að standa straum af óheyrilegu vaxtaokri sem hefur einkennt þetta þjóðfélag á síðustu tveimur áratugum eða hálfum öðrum áratug. Mikið af fiskinum okkar hefur farið í það og öðrum verðmætum sem við höfum aflað.

Hvernig við verðleggjum einstök réttindi, það ætla ég ekki að fara út í hér. En ég veit ekki heldur og get ekki slegið á það hvernig á að verðleggja framkomu manna, mannorð manna, viðhorf til samninga. Hins vegar erum við að kynnast mjög undarlegum framgangsmáta ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég veit ekki hvernig hún verðleggur sig þannig að hún geti hér rift samningum að vild. Haft af fólki réttindi hvort sem það eru biðlaunaréttur eða annar réttur sem það hefur áunnið sér.

[15:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki fékk ég svör við því hvers virði biðlaunarétturinn er og þeim mun síður hvers virði æviráðningin er. Kannski er þetta einskis virði og þá getum við afnumið þetta. Hvað varðar Kaupþing og starfsmenn þeirra þá vil ég benda hv. þm. á að það eru svona fjögur til fimm ár síðan ég seldi það ágæta fyrirtæki og það er í höndum ágætra manna núna, sparisjóðanna. Ég veit ekki betur en það veiti ágæta þjónustu jafnt opinberum starfsmönnum sem öðrum. Varðandi vaxtaokrið sem hv. þm. kom inn á og alla fiskana sem fara í það þá hafa fiskarnir aðallega farið í vaxtaokur erlendis. Og það vaxtaokur, ég vil benda á það, kostar ríkissjóð, vegna erlendra skulda ríkissjóðs, vegna skulda ríkissjóðs innan lands og erlendis og vegna halla ríkissjóðs vegna þess að það er verið að greiða ríkisstarfsmönnum há laun og góð laun sem þeir eiga rétt á, þá kostar það 50 millj. kr. á dag, þ.e. vextir sem ríkissjóður er að borga vegna skulda ríkissjóðs. Það er mjög ógnvekjandi fyrir 80% þjóðarinnar.

[15:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að fara út í karp hér við hv. þm. Pétur H. Blöndal um biðlaunarétt eða önnur réttindi sem verið er að reyna að hafa af fólki. En ég held þó að réttindi almennt séu háð því hver í hlut á hversu vel þau koma sér. Fyrir þann mann sem missir atvinnu sína og fær greidd biðlaun þá skipta þau að sjálfsögðu þann einstakling mjög miklu máli. Ég vil aðeins minna á þær stærðir sem við erum að tala um þegar menn ætla svona að gefa sér lausan tauminn í að hneykslast á þessum hlutum. Þá er það svo að við skulum segja talsímavörður hjá símanum, ætli hann sé ekki með 70 þús. kr. í grunnlaun og ef nú svo færi að viðkomandi fengi biðlaun, jafnvel tvöföld laun og væri með 140 þús. kr. á mánuði í heila sex mánuði þá slagar hann ekki upp í helminginn af launum hæstv. fjmrh. sem er að býsnast svona óskaplega yfir því að einhverjir starfsmenn ríkisins komi til með í fáeina mánuði að slaga, ja, ekki upp í helminginn af þeirra eigin launum. (Gripið fram í.) Þetta er dæmi um tvöfalt siðferði.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gefst nú tækifæri síðar til að ræða ýmis efnisatriði sem komu fram í ræðu hv. þm. En ég vil vegna orða flokksbróður hans hér fyrr á fundinum, þar sem hann kvartaði undan hroka, aðeins rifja upp fáein atriði úr ræðu hv. þm. Í fyrsta lagi — hann er að vísu óháður en hann er með Alþb., hefur ekki svarið sig af þeim enn þá — hann talaði um að ég væri í hlutverki böðulsins. Hann talaði tvisvar sinnum um þá mannfyrirlitningu sem væri að finna hjá mér. (**ÖJ:** Og ég meina það.) Hann sagði til viðbótar að ég málaði opinbera starfsmenn upp sem spillta forréttindastétt. Það hefur kannski farið fram hjá þessum ágæta hv. þm. sem er forustumaður BSRB að fjmrn. gekkst fyrir hugmyndastefnu síðasta haust þar sem sérstök áhersla var lögð á að sýna allar þær framfarir og hugmyndir sem hafa orðið til í opinberum rekstri, í kennslu, í heilbrigðismálum, orkumálum og víða í opinberum rekstri sem sýndi það hvers megnugir opinberir starfsmenn og stjórnendur þeirra eru. Allir þeir sem töluðu þar og ræddu málin voru sammála um að það horfði til bóta ef aukið frjálsræði væri gefið í ríkisrekstrinum. Ég veit ekki hvort hv. þm. fór á þessa hugmyndastefnu. Ég hef ekki hugmynd um hvort hann hefur kynnt sér það sem er að gerast *hjá opinberum stofnunum. Ég held að áður en hv. þm.* notar slík orð sem hann notaði hér í ræðustólnum og hefur notað og öllu hafleygari annars staðar að undanförnu, ætti hann að kynna sér það hvernig fjmrn. og fjármálaráðherra hefur kynnt opinberan rekstur og það sem þar er að gerast að undanförnu. Þá mundi hann hugsanlega haga orðum sínum eilítið öðruvísi.

[15:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu hef ég kynnt mér starfsemi opinberra stofnana og þekki mjög vel til í þeim mörgum og er einmitt að andæfa þeim niðrandi alhæfingum sem fram hafa komið frá hæstv. fjmrh. og starfsmönnum hans bæði í frv. og í athugasemdum við frv. Ég las upp úr frv. og athugasemdunum hér áðan. Einnig vitnaði ég til gerða ríkisstjórnarinnar. Ég vitnaði til sölunnar á SR-mjöli t.d. þar sem mönnum voru færðir miklir fjármunir á silfurfati. Menn hafa talað um hundruð milljóna í því efni. Ég talaði um söluna á Lyfjaverslun ríkisins. Tilefnið var að hæstv. fjmrh. sagði hér í upphafi síns máls að þetta snerist fyrst og fremst um skynsamlega og góða ráðstöfun opinberra fjármuna og ég ber brigður á það. Ég færi fyrir því rök og tel fram dæmi. Það sem við erum hins vegar að ræða um hér eru frv. sem skerða réttindi fólks. Réttindi sem eru í lögum og reglugerðum. Réttindi sem hefur verið samið um, áunnin réttindi. Þetta er til umræðu hér núna. Af minni hálfu hefur umfjöllunin verið mjög málefnaleg og meira að segja ótrúlega hófstillt því tilefnið er ærið til mikilla æsinga. Ég vona reyndar að þær eigi eftir að verða miklar ef það raunverulega vakir fyrir ríkisstjórninni að keyra þessi réttinda- og skerðingafrumvörp hér í gegnum þingið.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hér hefur hv. þm., sem er formaður BSRB, komið upp og lýst því yfir að Lyfjaverslunin hafi verið gefin á silfurfati. Ég vísa þessum ummælum á bug. (**SvG:** Á hverju var það þá?) Það hefur margoft komið fram með hvaða hætti sú sala var gerð og það hefur margoft komið fram að sú sala hefur verið talin

til fyrirmyndar og nú í dag er Lyfjaverslun ríkisins eitt hið myndarlegasta fyrirtæki. Það var selt. Í því starfa starfsmenn sem áður voru starfsmenn ríkisins og standa sig vel og hafa skilað ágætum árangri og þetta fyrirtæki mun vonandi skila ágætum sköttum á næstunni. En þetta dæmi var síðan notað til þess að réttlæta orð eins og böðull, níð, mannfyrirlitning og þess háttar. Síðan var klykkt út með því að segja að það væri vegna þess að við vildum breyta æviráðningunni sem hefur verið breytt í meginatriðum hjá langflestum starfsmönnum ríkisins og í staðinn fyrir að taka upp gagnkvæma samninga með þriggja mánaða uppsagnarfresti alveg eins og gengur og gerist hjá öllu venjulegu starfsfólki, líka hjá þeim sem starfa hjá ríkinu að mestu leyti. Í öðru lagi ætluðum við að reyna að koma í veg fyrir það að fólk væri á tvöföldum launum í sama starfinu, jafnvel hjá sama fyrirtækinu, einungis ef fyrirtækinu væri breytt í hlutafélag en væri ekki almennt opinbert fyrirtæki. Þetta eru ósköpin. Og hv. þm. notar þessi hugtök „böðull", „níðingur" og „mannfyrirlitning." Þarf ekki hv. þm. aðeins að hugsa áður en hann velur sér orðin í þessum umræðum í dag?

[15:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal velja mér orðin ef fjmrh. velur sér frumvörpin sem hann ætlar að reyna að þröngva í gegnum þingið og ég stend við það að þetta frv. sem hér er sett fram byggir á mannfyrirlitningu eða meðal annarra orða, hver eru hin minni háttar skrifstofustörf hjá ríkinu? Að sjálfsögðu byggir það á mannfyrirlitningu líka þegar heilar starfsstéttir eru sviptar samningsrétti án samráðs eða samninga við þær. Auðvitað byggir það líka á mannfyrirlitningu að halda því fram og fullyrða að um þessi mál hafi verið samið við okkur sem höfum verið í forsvari fyrir samtök launafólks í þessum efnum. Það er verið að misnota orð og hugtök. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að taka það til íhugunar. Síðan verður fróðlegt að heyra röksemdir hans og skýringar t.d. á sölunni á SR-mjöli fyrst við erum farin að ræða um ráðstöfun opinberra fjármuna.

[15:33]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þingheimi er auðheyrlega fagnaðarefni að fá að sjá aftur framan í hæstv. fjmrh. Það er auðheyrt að sumir hafa beðið hans með óþreyju (**SvG:** Hver segir það?) og eru heilar sendinefndir mættar í móttökunefndina. Ekki efa ég að það hafi orðið fagnaðarfundir þegar hæstv. fjmrh. kom aftur norður hingað í nepjuna og hæstv. settur fjmrh., hæstv. forsrh., tók á móti honum með blíðulátum. Ég læt mér ekki detta í hug að rengja það að þeir hafi fallist í faðma enda hefur hæstv. fjmrh. gefið út stórmerka yfirlýsingu um það að þeir séu innilega og hjartanlega sammála um mikilvæg stjórnarfrumvörp, einkum og sér í lagi frumvarp um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

Nú er vandinn eiginlega bara sá að það vefst fyrir þingi og þjóð að skilja þessar stórmerku og ánægjulegu yfirlýsingar um samkomulag. Ég bið hæstv. fjmrh. að upplýsa í hverju þetta merkilega samkomulag er fólgið. Er það fólgið í því að það fornkveðna að svona geri maður ekki eigi að gilda sem hæstv. forsrh. sagði efnislega og er gamalkunnt án samráðs við hæstv. fjmrh. að það að leggja fram stjfrv. um lífeyrisréttindi þar sem ekki er staðið við yfirlýsingar um að ekki sé um skerðingu réttinda að ræða? Eða er samkomulagið um það sem hæstv. fjmrh. hefur haft við orð að þeir séu innilega sammála um efnið, þ.e. svona geri menn, og vonir standi til þess að þetta frv. sjái dagsins ljós hið allra fyrsta? Þá væri kannski næst að hæstv. fjmrh. útskýrði fyrir okkur: Hvað er hið allra fyrsta? Er það t.d. núna fyrir þinghléið á föstudaginn eða er það fyrir 1. apríl, væri það ágæt dagsetning að miða við sem eru seinustu forvöð til þess að leggja fram stjórnarfrumvörp án afbrigða eða er það á þessu þingi eða kannski á næsta ári eða næsta kjörtímabili? Hvenær? Hvað þýðir sem allra fyrst hjá þessum fóstbræðrum sem eru svona innilega sammála?

Hæstv. forsrh. hefur gert það áður og hann gerði það einu sinni enn án samráðs við fjmrh. sinn að segja þegar mál er komið í öngþveiti og ógöngur: „Svona gerir maður ekki." Rök hans voru þau að að því er varðaði það umdeilda frv. um lífeyrisréttindin væri það alveg ótvírætt að það stæðist ekki sem lýst hafði verið yfir fyrir hönd fjmrn. að það fæli ekki í sér neina skerðingu á áunnum réttindum heldur væri einungis um tilfærslu á réttindum að ræða. Nú hafa opinberir starfsmenn ráðið í þjónustu sína tryggingastærðfræðing og niðurstöður hans eru þær að þessi yfirlýsing, sem var burðaryfirlýsing frv., sé ósönn og það sé staðreynd að frv. feli ekki í sér tilfærslu á réttindum, heldur skerðingu á áunnum réttindum. Það er stutt tölum og dæmum og enginn hefur vefengt það. Þetta eiga að vera rökin fyrir því að þetta frv. er ekki nógu gott, svona gerir maður ekki, svona bara gera ekki menn sem stunda þjóðarsátt og búa sig undir mikilvægar kosningar, bara alls ekki, menn gera ekki svona. En þá er spurningin: Á þetta ekki líka við um það frv. sem hér er á dagskrá um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Er það ekki svo að gildandi lög séu hluti af starfskjörum og heildarkjörum opinberra starfsmanna? Það er alveg óvefengjanlegt um lífeyrisréttindin. En hvað með þetta? Hæstv. fjmrh. og fjmrn., mandarínar hans, hafa fullyrt að hér sé ekki um að ræða neina skerðingu á samningsbundnum réttindum enda sé þetta mál sem lúti lögum, hundgömlum, úreltum lögum, frá 1954, það sé í engu hróflað við samningsbundnum réttindum.

Talsmenn opinberra starfsmanna hafa rengt þetta og þeir segja að þetta sé ekki rétt. Þeir segja að þetta nýja lagafrv. og breytingar sem í því felast feli í sér skerðingar á réttindum sem varða kjör og að hluta til megi rekja til samningsbundinna réttinda sem þeir hafi greitt atkvæði um. Dæmi um þetta er nefnt að í nafni þess að samræma hlutina til jafns við almenna markaðinn er gerð sú breyting að laun skulu greidd eftir á en ekki fyrir fram. Það eru starfshlunnindi sem má meta í gildi launa að fá laun greidd fyrir fram ef um verðbólgu er að ræða.

Því er haldið fram að ráðningarkjör opinberra starfsmanna séu að ýmsu leyti betri, meira starfsöryggi og meira öryggi t.d. gagnvart uppsögnum en á almenna markaðnum. Að svo miklu leyti sem því er breytt er verið að breyta þar réttindum sem má reikna sem ígildi launa vegna þess að því var á sínum tíma haldið fram að opinberir starfsmenn gætu sætt sig við lægri laun ef þeir hefðu betri réttindi.

Að því er varðar afnám á samningsrétti og verkfallsrétti tiltekinna hópa sem hér hafa verið nefndir, löggæslumenn, tollverðir, fangaverðir og slíkir, er það breyting á kjörum. Því hefur gjarnan verið haldið fram í kjarasamningum að hafi hópar samnings- og verkfallsrétt þá eru þeir í annarri stöðu en ef þeir eru sviptir þessum réttindum og ef það á að svipta einhverja hópa slíkum réttindum sem varða getuna til þess að hækka laun sín megi reikna það sem ígildi launa. Meira að segja að því er varðar biðlaunaréttinn, það sem ég er að

mörgu leyti sammála hæstv. fjmrh. og þarf ekki að koma neinum á óvart, er hann samt sem áður, bæði samkvæmt lögum og studdur hæstaréttardómum, orðinn að ígildi launa, þ.e. að afnema hann og afnema hann afturvirkt að hluta til *því að hann er takmarkaður líka hjá þeim sem eru í starfi.* Ákvæðið á ekki bara við um nýja menn. Þá er spurningin um það, á að afnema þennan rétt án þess að meta það að nokkru í launum?

Virðulegi forseti. Þetta er aðalatriði málsins. Að því er varðar frv. til laga um breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna er það hafið yfir allan vafa að lífeyrisréttindin eru hluti af heildarkjörum opinberra starfsmanna. Þau hafa verið metin betri en almennt á vinnumarkaðinum og í kjarasamningum hafa þau rök verið notuð mjög lengi að vegna þess að opinberir starfsmenn njóti betri lífeyrisréttinda og tryggari en aðrir sé að réttlæting fyrir því að þeir fái lægri laun en almennt gerist á vinnumarkaðinum. Um þetta held ég að enginn deili. Þetta eru þau rök sem forsrh. gerir að *sínum þegar hann segir við fjmrh. sinn: Svona gera menn* bara ekki.

Ef það er líka rétt hjá opinberum starfsmönnum að það frv. sem hér liggur fyrir eigi að nokkru leyti einnig við um réttindi og skyldur, að það sé verið að draga úr, takmarka eða afnema réttindi sem voru hluti af samningskjörum og höfðu verið notuð til þess að réttlæta lægri laun, þá gildir nákvæmlega það sama um þetta frv. eins og hitt og þá spyr maður: Hvar er hæstv. forsrh.? Ef rökin eru rétt varðandi lífeyrisréttindin að svona geri maður ekki er þá ekki kominn tími til fyrir hæstv. forsrh. ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur að segja: Það er komið á daginn að þetta á líka við um réttindi og skyldur. Svona gerir maður ekki. Á sú framsöguræða, sem hæstv. fjmrh. flutti áðan, ekki að vera seinustu orð hans um málið? Ef hæstv. forsrh. *vill* vera sjálfum sér samkvæmur þá er það væntanlega svo.

Af hálfu opinberra starfsmanna er fyrst og fremst sagt eftirfarandi: Kjarasamningar eru í gildi. Við erum á miðju samningstímabili. Réttindamálin, sérstaklega lífeyrisréttindin og að hluta til einnig önnur ráðningar- og starfskjararéttindi eru hluti af kjörum okkar. Ríkisstjórnin kemur með frv. um breytingar. Að því er varðar lífeyrisréttindin er alveg ótvírætt um að ræða skerðingu og skerðingu á áunnum réttindum og afturvirkt. Að *því er varðar starfsréttindin að öðru leyti er* það umdeilanlegra og í minna mæli en engu að síður hygg ég að það séu dæmi um það að sama grundvallarreglan eigi við um þetta. Opinberir starfsmenn segja: Þetta er ekki gert að höfðu eðlilegu samráði við okkur. Hvernig stendur á því að það er meiningin að keyra þetta í gegnum þing á samningstímanum án þess að gefa fulltrúum okkar tækifæri til samningaviðræðna um að meta þessar breytingar til launa ef þetta er vilji meiri hluta löggjafans? Þetta finnst mér vera kjarni málsins. Þetta finnst mér vera raunverulega staða málsins.

Það er alkunna að það hefur verið verulegur munur á launakjörum opinberra starfsmanna og á almenna markaðnum. Við munum það vel að opinberir starfsmenn hafa stundum sett fram kröfur um að draga úr þeim mun á ákveðnu tímabili. Bandalag háskólamanna setti t.d. fram kröfur um og setti mikla vinnu í það hvernig unnt væri að ná því fram að draga úr þessum mun, að draga úr bilinu sem væri á milli kjara opinberra starfsmanna og almennum vinnumarkaði. Það er staðreynd að það eru fyrst og fremst þessi réttindi sem hafa verið réttlætt í því skyni.

Nú segir hæstv. fjmrh.: Tilgangur þessa frv. er einmitt að draga úr mun á starfskjörum opinberra starfsmanna og færa þau meir til samræmis við almenna vinnumarkaðinn. Þá spyr ég: Er hann ekki einmitt þar með að segja að margt af því sem hér er verið að leggja til að verði breytt sé raunverulega samningsatriði, ígildi launa? Og þá spyr maður: Hvers vegna býður hann þá ekki upp á þá samninga og hvers vegna gerir hann þá ekki ráð fyrir því að þessar breytingar taki gildi þegar núverandi kjarasamningar hafa runnið út með nýjum samningum? Þetta finnst mér spurningin um aðferðafræði málsins.

Ég vil nefna tvö mál sem kannski eru ekki stór í þessu samhengi og beina þá sérstökum spurningum til fjmrh. ef hann telst enn vera í húsinu, ef hann er ekki bara farinn af því að svona gera menn ekki,

(**Forseti** (GÁS): Hæstv. fjmrh. er í húsinu og ég mun gera ráðstafanir til þess að fá hann hingað inn í sal.)

Hann er sennilega í faðmlögum við hæstv. forsrh. af því að þeir eru svo sammála. Ég geymi mér þá þessar spurningar *þar til hæstv. ráðherra kemur í salinn og vík að öðru á meðan.*

Meginrök hæstv. fjmrh. í þessu máli eru það sem kalla mætti almenn skynsemisrök. Hann segir einfaldlega: Lögin sem marka réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru hundgömul, þau eru úrelt. Þau eru frá árinu 1954, þau endurspegla allt annan þjóðfélagsveruleika en nú er og þess vegna eru ýmsar ástæður til breytinga. Fyrir utan fjölgun opinberra starfsmanna sem kom til umræðu áðan nefnir hann m.a. til í greinargerð með frv. þá staðreynd að ríkið gerir 140 kjarasamninga við 175 félög. Þá er út af fyrir sig ástæða til að spyrja: Er þetta skynsamlegt skipulag á vinnumarkaði? Og ég spyr út frá sjónarmiði launþega: Er þetta skynsamlegt skipulag á vinnumarkaði?

Þar sem hæstv. fjmrh. er hér í gættinni ætla ég að ljúka við að beina *tveimur spurningum til hans, með leyfi* forseta. Þessar spurningar mínar, hæstv. fjmrh., lúta ekki að aðalatriðum málsins sem ég ræddi um í fjarveru ráðherrans úr salnum, en þarfnast skýringa. Hið fyrra varðar gildissvið þessara laga. Opinberir starfsmenn halda því fram að gildissvið sé þrengt og nefna sérstaklega til sögunnar starfsmenn í stéttarfélögum opinberra starfsmanna sem eru í störfum í fyrirtækjum sem eru ríkisfyrirtæki, en engu að síður í formi hlutafélaga. Úr því að hér er um fyrirtæki í ríkiseigu eða stofnanir að ræða, af hverju er gildissviðið þá ekki látið ná til þeirra? Mín spurning er nánar tiltekið þessi: Finnst hæstv. fjmrh. það vera hlutverk ríkisins að kveða á um það í hvaða stéttarfélögum menn eru úr því að grundvallarreglan, 100% eignarhlutur ríkisins, er fyrir hendi? Ef það eru einhverjar aðrar skýringar á þessu, *þætti mér vænt um að þær kæmu* fram.

Annað atriði varðar auglýsingu starfa. Almenna reglan og mjög þýðingarmikil regla í opinberri stjórnsýslu að talið hefur verið hingað til er sú að störf séu auglýst og auglýst með góðum fyrirvara. Þær breytingar sem gerðar voru með stjórnsýslulögum sem snertu m.a. allt sem varðaði undirbúning að ráðningu í opinber störf að fram færi hæfnismat á grundvelli umsókna sem ekki geta orðið nema störf séu auglýst þótti mikið framfaraspor að því er varðaði opinbera stjórnsýslu. Þess vegna spyr ég: Hvernig stendur á þessari skiptingu að það eru einungis svokölluð embættisstörf eða eitthvað af því taginu sem á að auglýsa lögum samkvæmt og samkvæmt einhverjum reglum, en önnur störf af þessum 20 þúsund störfum opinberra *starfsmanna eru ekki auglýs*ingaskyld nema þá samkvæmt nánari reglugerð sem fjmrh.

setur? Af hverju er þetta ekki hluti af lögunum? Er þetta ekki þýðingarmikið grundvallaratriði að því er varðar opna stjórnsýslu og almennar reglur sem taka til allra þannig að menn séu jafnir fyrir þeim?

Herra forseti. Ég vék að því að almenn rök hæstv. fjmrh. fyrir nauðsyn frv. hér og nú séu einfaldlega þau að gömlu lögin séu úrelt, þau endurspegli liðna tíð, að þjóðfélagið hafi tekið miklum stakkaskiptum, opinberum starfsmönnum hafi fjölgað mjög og breytingar hafi orðið á síðan að stórir hópar opinberra starfsmanna og opinberir starfsmenn almennt með fáum undantekningum hafi náð samnings- og verkfallsrétti. Hann styður það jafnvel þeim rökum að sambærilegar breytingar hafi orðið í ýmsum grannlöndum okkar á undanförnum árum og þessi lög hafi verið í endurskoðun víðast hvar á Norðurlöndum á undanförnum árum fram á seinustu ár.

Þetta er allt saman gott og blessað. Það eru margvísleg rök fyrir því. Og það er jafnvel eitthvað til í því að að því er varðar réttarstöðu annars vegar þeirra sem eru opinberir starfsmenn eða í samtökum opinberra starfsmanna og hins vegar félagar í almennum stéttarfélögum að það sé löngu tímabært að reyna að vega þann mun upp. Og það er jafnvel eitthvað til í því líka að því er varðar úrelt ákvæði um réttarstöðu og mun á kynjum. Ég ætla ekkert að neita því. Kjarni málsins er hins vegar þessi: Hvernig stendur á því, og það er hlutur sem hæstv. fjmrh. þarf að skýra í þessari umræðu, úr því að þessi frumvörp bæði tvö fela í sér breytingar á heildarstarfskjörum opinberra starfsmanna, alveg ótvírætt að því er varðar lífeyrisréttindin og ég tek þau rök opinber starfsmanna gild að það eigi líka einnig við um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að það er ætlan löggjafans, ef það er annars ætlan hans, að keyra þetta fram á samningstímabilinu? Hvers vegna bjóða þeir ekki upp á samninga um gildistöku að loknum eðlilegum samningum þegar nýir kjarasamningar koma til?

Nú ætla ég að taka það fram, virðulegi forseti, að ég tek ekki þátt í því að segja í þessum ræðustól að þessi frumvörp séu sérstaklega að því er þetta varðar eitthvert samsæri, meinfýsi eða tilgangurinn sé sá að koma mönnum á kné eða þrengja hag opinberra starfsmanna að öllu leyti. Það eru ákveðnir hlutir í þessu sem eru jákvæðir. Og ég vil taka alveg skýrt fram að ég hef ekkert skipt um skoðun á því efni. Ég nefni til sögunnar æviráðningu. Æviráðning embættismanna, opinberra starfsmanna, er arfur frá lénsveldisskipulagi liðinnar aldar. Það, að einhver úrvalshópur embættismanna hafi embætti sín að léni með æviráðningu, er fordæmanlegt, forkastanlegt og óverjandi. Það er algerlega út í hött að heildarsamtök opinberra starfsmanna fari í varnarstöðu við að verja leifar úreltra tíma af því tagi.

Hér talar maður sem gegnt hefur embætti utanrrh. og hefur búið við það sem stjórnandi í ráðuneyti að stýra mönnum æviráðnum sem hafa embætti að léni. Ég tel það kerfi ekki til fyrirmyndar. Ég tel mjög þarft að afnema það og hef lengi viljað beita mér fyrir því. Nú skal það tekið fram að þetta er kannski ekki eins stórt mál og það var áður vegna þess að þetta á einungis við um lítinn hluta, en það eru forréttindi sem á að afnema. Hlaupi almennir launþegar í stéttasamtökum opinberra starfsmanna í vörn fyrir forréttindahópana sem þessa njóta, er það á algerum misskilningi byggt. Auðvitað eiga opinberir starfsmenn, embættismenn sem aðrir, að vera ráðnir annaðhvort á almennum ráðningarkjörum eða, ef menn vilja tryggja ákveðið öryggi að því er varðar sérfræðiþjónustu, til tiltekins tíma, fimm ára ráðningartími kannski með rétti til endurráðningar eða eitthvað þess háttar. Þetta eru bara almenn réttindi, nauðsynlegt aðhald í opinberum rekstri og er aðgerð gegn forréttindum. Það er ekki hlutverk launþegasamtaka að verja forréttindi.

Að því er varðar biðlaunin er það líka rétt að að svo miklu leyti sem þar er um að ræða áunnin réttindi sem tryggja mönnum rétt til þess að vera á tvöföldum launum einhvern tíma, þá er það vafasamt. Ég minni hv. þingmenn sem hér eru staddir á það að ef stjórnmálamenn sem kosnir eru til fjögurra ára taka biðlaun sem þeim eru tryggð samkvæmt reglum, þá er það undantekningarlaust kallað pólitísk spilling. Kannski fer það þó að einhverju leyti eftir því hvaða flokki menn tilheyra, það er a.m.k. kallað spilling ef þeir eru í vinstri sinnuðum flokkum. Menn gera ekki eins miklar kröfur til hægri sinnaðra flokka. Meira að segja að því er þetta mál varðar er það engu að síður staðreynd að til biðlaunaréttarins hefur verið stofnað með lögum og túlkun á lögum með hæstaréttardómi þýðir að menn hafa notið þessara réttinda. Þau eru partur af starfskjörum opinberra starfsmanna. Hv. þm. Pétur Blöndal spurði áðan hvað mætti reikna þau sem stóran hlut af kjörum. Ég hef ekki hugmynd um það, en ég veit að þessi löggjöf, þessi hæstaréttardómur og þessi fordæmi eru ótvírætt orðin að kjörum sem lengi hafa viðgengist. Þá kemur spurningin: Á að afnema þau einhliða að frumkvæði löggjafans eða á að semja um það eða þá, ef löggjafinn gerir það og ekki näst samningar, að bæta fyrir ígildi þeirra launaréttinda sem í þessu fólust?

Þriðja atriðið sem er álitamál í þessu frv. en er a.m.k. ýmislegt jákvætt um að segja er ákvæðið um að auka sjálfstæði og ábyrgð forustumanna í ríkisrekstri. Ég bið menn að hugleiða hver hagur launþega almennt er í miðstýrðu ríkiskerfi þar sem eiginlega allar ákvarðanir fara upp á toppinn til ráðherra. Ég spyr: Er það t.d. svo að opinberir starfsmenn líti á það sem jákvætt að sá launamunur sem er í kerfinu fari neðan jarðar, hann sé dulbúinn í formi óunninnar yfirvinnu sem síðan er úthlutað án nokkurs efnislegs mælikvarða til einhverra sem eru inn undir? Eins og hv. þm. Alþþ. og óháðra, Ögmundur Jónasson, sagði, stundum kannski í skjóli embættisvalds til hinna hlýðnu. Ég hef heyrt hv. þm. Ögmund Jónasson segja: Eitt af því sem við þurfum að gera við breytingar á launakerfinu er að gera það opið og sýnilegt og fá ákvarðanirnar upp á borðið. Ég held að nálægðin milli forstöðumanns ríkisstofnunar eða ríkisfyrirtækis og hans starfsmanna tryggi að það sé betra kerfi heldur en miðstýrt kerfi allt upp í ráðherra og dulbúið kerfi launabóta. Mér finnst þess vegna umhugsunarefni fyrir almenna opinbera starfsmenn hvort það eigi að leggja áherslu á að þetta sé endilega af hinu illa. Ég skil að menn geta verið tortryggnir. Ég skil að þeir eru hugsanlega tortryggnir á það að í skjóli þessa ákvæðis geti þrifist einhver forstjóraspilling, þ.e. að forstöðumenn geti hyglað sínum nánustu af einhverjum öðrum ástæðum. Að vísu er það svo að ef verið er að gera forstöðumenn ábyrga fyrir starfsárangri, fyrir því að halda sig innan fjárlaga, fyrir frammistöðu í rekstri, hafa þeir ekki efni á því að hygla einhverjum mönnum nálægt sér sem sem ekkert er í spunnið og engu skila. Ég held því að þetta sé jákvæð hlið á þessu máli, nefnilega sú að launþegar sem leggja sig fram í starfi, opinberir starfsmenn sem er fullt af, því hef ég kynnst af eigin reynd, fái með sýnilegum hætti umbun vegna þess að opinberi geirinn er auðvitað í samkeppni við einkageirann og ef hann getur ekkert gert nema farið neðan jarðar, þá getur hann ekki keppt við einkageirann. Ég hélt að það væri í hag

almennt fyrir opinbera starfsmenn og þeirra starfsframgang að það lögmál gilti að umbuna mætti þeim sem legðu fram góða vinnu til þess að þeir héldust í opinbera geiranum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég endurtek að lokum að ég tel kjarna þessa máls vera þessa spurningu: Vakir það fyrir ríkisstjórninni að taka einhliða til baka áunnin réttindi sem opinberir starfsmenn hafa áunnið sér? Ég tel að svo sé. Fyrst svo er ber að breyta aðferðafræði ríkisstjórnarinnar á þann hátt að það verði teknir upp samningar þar sem farið er yfir staðreyndir mála og þær metnar og staðið við það sem alltaf hefur verið sagt í samningum áður, að þá verði samið um það að þetta sé *ígildi launa* og það verði þá bætt í formi betri launa.

[16:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun svara sumum efnisatriðum síðar en ég byrja á að þakka hv. þm. fyrir stuðning hans við frv. sem ég met mikils.

Það er ástæða til að taka strax fram að ég geri mikinn mun á annars vegar þeim réttindum sem svo eru kölluð sem koma fram í lögunum sem hér eru til umræðu, eins og æviráðningunni og biðlaunaréttinum annars vegar og lífeyrisréttinum hins vegar. Það hefur aldrei svo ég viti til verið blandað saman æviráðningunni og biðlaunaréttinum og launum. Meira að segja gerðist það fyrir u.þ.b. tíu árum að horfið var frá æviráðningunni í stórum stíl en það komu engar launauppbætur í staðinn. Ekki heldur þegar minnst hefur verið á biðlaunaréttinn. Við teljum því að þetta sé arfur liðins tíma eins og hv. þm. sagði og það sé hægt að afnema það með lögum án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Þetta er ekki áunninn réttur. (**ÖJ:** Er samningsrétturinn líka arfur liðins tíma?) Ef ég fæ frið fyrir hv. þm. andartak. Hann er búinn að halda tvö hundruð fundi um allt land segir hann og hann getur ekki einu sinni stillt sig á meðan aðrir tala hérna. (**ÖS:** Þú ert nú að hvíla þig á meðan.) Það er hárrétt, ekki veitti af, hv. þm. (**Gripið fram í:** Þú ert þreytulegur.) Í öðru lagi er verið að tala um lífeyrisréttindi. Ef menn vilja hér alvöru umræður þá skulum við ræða þetta af alvöru. Þetta er alvörumál. Það eru starfskjör, áunnin lífeyrisréttindi snerta menn ekki, það eru starfskjör sem menn geta ekki tekið á. Ef menn ætla að breyta lífeyrisréttindum, sem eru ekki áunnin, hlýtur það að gerast með þeim hætti að eitthvað komi í staðinn sem sé jafngilt hvort sem það er í formi launa eða í formi einhvers konar framlags inn í lífeyrissjóð. Þetta liggur allt fyrir. En það er reginmunur á þessu tvennu og ég kannast vel við það og það eru allir sammála um að lífeyrisréttindin eru mjög tengd kjörum, þar á meðal launakjörum og það verður ekkert hægt að víkja frá því. Þetta vildi ég að kæmi fram og þetta hélt ég að allir vissu og um þetta er mikil samstaða þótt ákveðnir aðilar hafi kosið í stöðunni að búa til þá vígstöðu fyrir sig að láta líta svo út að við séum hér með níðingsbragð og böðulshætti að ráðast á (**ÖJ:** Þetta er ómerkilegt þegar verið er að vega að réttindum ...) áunnin réttindi.

(**Forseti** (GÁS)**:** Þögn í salnum.)

Ég legg til, hæstv. forseti, að það verði talað við hv. þm. og hann beðinn um að sýna smástillingu annað slagið. Þetta var hins vegar svar vegna þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti eftir viðhorfum mínum varðandi þessi mál.

[16:03]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. byrjaði í ræðu sinni að þakka mér fyrir stuðning sinn við frv. Það setti af stað hjá mér þá hugsun að sennilega er þetta skýringin á því hvernig hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. náðu svona góðu og ljúfu samkomulagi. Þeir hafa misskilið hvor annan svona rækilega að þeir halda báðir að þeir styðji lífeyrisréttindafrv. Annar segir að vísu að svoleiðis eigi menn ekki að gera en hinn segir að hann búist við því á næstu stundu. Þetta varðar eitthvað móttökutækið og viðtökuhæfnina um það hvernig orð manna eru skilin. Ég var ekki að lýsa yfir stuðningi við frv. Ég var að lýsa því yfir að það væru í því ákveðnir jákvæðir þættir en ég gagnrýndi meginatriðin mjög harðlega.

Að sjálfsögðu, hæstv. fjmrh., er það ljóst að lífeyrisréttindin eru útreiknanlegur hluti af kjörum opinberra starfsmanna. Það ber að bæta það í samningum, ekki einhliða heldur í samningum. Hvernig stendur þá á því, hæstv. fjmrh., að því er yfirlýst um frv. sem nú hefur kannski verið dregið til baka og kannski ekki, að það svipti í engu, dragi í engu eða skerti í engu áunnin réttindi? Nú eru hins vegar lagðar fram tölulegar staðreyndir um að svo sé. Voru þetta mistök? Verður þess vegna að vinna frv. upp á nýtt fyrir utan aðferðafræðina?

Að því er varðar það frv. sem við tölum nú um getur hæstv. fjmrh. neitað því að sama grundvallarskýring eigi við, þ.e. einhliða ákvörðun um að breyta fyrirframgreiðslu launa í eftirágreiðslur, breytingar eða afnám á samnings- og verkfallsrétti hjá tilteknum hópum og afnám biðlaunaréttar? Á það ekki við hið sama að hér hafi verið um að ræða hluti sem höfðu áhrif á að laun opinberra starfsmanna eru lægri en þau hefðu ella verið? Svo vil ég minna hæstv. fjmrh. á að ég spurði um skýringar hans að því er varðaði gildissviðið og að því er varðaði takmarkanir á auglýsingum opinberra starfa.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég mun koma að gildissviðinu síðar, ég hef ekki tíma til þess nú. En um auglýsinguna er það eitt að segja að auðvitað á að auglýsa störfin en það þarf ekki að auglýsa þau öll í Lögbirtingarblaðinu. Ég tek líka fram að ég þakka hv. þm. fyrir stuðning við meginatriði frv., ég orða það þannig til að það sé nákvæmara. Ég tek fram ef sú staða kemur upp að mönnum finnst betra að halda samningsrétti manna eins og lögreglumanna, þ.e. færa þá úr embættismannahópnum til annarra er sjálfsagt að ræða það. Við töldum hins vegar að það væri heppilegra bæði fyrir þá og aðra að þeir tilheyrðu embættismannahópnum. Þetta er auðvitað til umræðu.

Í öðru lagi tek ég fram vegna lífeyrisréttarins að það eru þrjár vikur síðan beðið var um að reiknað væri út nákvæmar en við höfðum þá gert hvort einhver skerðing kæmi fram á áunnum réttindum. Það liggur fyrir frá einum aðila og er til skoðunar hjá öðrum. Það er niðurstaða sem vel getur verið rétt og mun það að sjálfsögðu verða lagað. Málið er einfaldlega það að þetta eru frumvarpsdrög sem eru til umræðu og þessa dagana, síðast í hádeginu í dag var fundur með fjórum forustumönnum starfsmanna ríkisins sem eiga sæti í þessari nefnd þar sem verið er að ræða um það hvernig hægt sé að komast að sameiginlegum forsendum í því máli. Það hefur aldrei staðið til að leggja fram frv. sem gerir það að verkum að áunnin réttindi hverfi. Hins vegar er nauðsynlegt að breyta þessum réttindum til að samtímagreiðslurnar frá ríkinu og frá launþegunum geti orðið grundvöllur útborgunar ásamt ávöxtuninni en við þurfum ekki að búa við þá óvissu

sem við búum við í kerfinu í dag með 95 ára reglunni, 32 ára reglunni og eftirmannareglunni. Um það snýst málið. Ég get ekkert sagt um það hvenær frv. verður tilbúið. En ég vona að það verði sem fyrst og ég ætla ekkert að hafa nað nákvæmara en sem fyrst. Það verður hv. þm. að virða mér til vorkunnar. Ég get ekki orðað það nákvæmar á þessari stundu.

[16:07]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að skilja orð hæstv. fjmrh. á annan veg en að hann viðurkenni nú að honum hafi orðið á mistök að setja saman frv. um lífeyrisréttindi sem fól í sér skerðingu á áunnum réttindum þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherrans um að svo væri ekki. (**Fjmrh.:** Þetta eru frumvarpsdrög.) Þetta eru frumvarpsdrög, það er alveg rétt, en það breytir ekki því að yfirlýsingin var engin drög. Því var lýst yfir fullum fetum að frumvarpsdrögin fælu ekki í sér neina skerðingu á áunnum réttindum. Nú skilst mér að það liggi fyrir viðurkenning, ég skil orð hæstv. fjmrh. á þann veg að það hafi aldrei verið meiningin og sé svo — sem ég held að sé rétt — þá er frv. mistök.

Í annan stað er alveg óhjákvæmilegt að koma í veg fyrir að fjmrh. hætti að leggja út málflutning minn á annan veg en hann er. Það er misskilningur hjá honum að afnám æviráðningar sem varðar fáeina forréttindamenn í kerfinu og takmarkanir afturvirkt á biðlaunaréttindi séu aðalatriði frv. Það er ekki aðalatriði þessa frv. Það eru leiðréttingar, sérstaklega afnám æviráðningarinnar. Aðalatriði þessa frv. er þetta: Ríkisstjórnin fer fram með frv. sem fela í sér einhliða skerðingu á áunnum réttindum og hún gerir það ekki með því að ganga til samninga um að bæta það upp í kjarasamningum. Það er aðalatriðið og þessu erum við andvígir. (**Fjmrh.:** Hvaða áunnin réttindi?) Hvaða áunnin réttindi? Eru það ekki réttindi allra opinberra starfsmanna að þeir hafa fyrirframgreidd laun en nú á að ákveða að þau verið eftirágreidd þrátt fyrir verðbólgu. Er það ekki dæmi um það? (**Fjmrh.:** Ekki núverandi starfsmönnum, það gildir ekki um þá.) Er ekki hæstv. fjmrh. farinn að verða eins og sumir aðrir sem hann kvartar undan. Hann er sífellt grípandi fram í. (**Fjmrh.:** Hv. þm. verður að lesa frv.) En hæstv. ráðherra hefur ræðutíma.

[16:10]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta frumvarp sem hér er tekið til umræðu er illa undirbúið vegna þess að það hefur verið staðið rangt að vinnunni við það. Starfsmannastefna ríkisins endurspeglast í væntanlegum þremur þingmálum, þ.e. þessu frv., áður boðuðu frumvarpi um lífeyrissjóðsmál og í þriðja lagi frumvarpi sem var boðað af hálfu félmrh. um vinnudeilur á almennum markaði.

Lífeyrissjóðsfrv. hefur verið tekið út af dagskrá og margt bendir til þess að þriðja frv. verði heldur ekki lagt fram. Þannig stendur nú orðið lítið eftir af heildarstefnu ríkisins varðandi starfsmannamál.

Það er ámælisverðast varðandi þetta frumvarp, sem snertir 25 þús. starfsmenn ríkisins, að það skuli vera unnið án samráðs við samtök ríkisstarfsmanna. Hæstv. fjmrh. hefur haldið því fram að með þessu frumvarpi séu einungis skert kjör ríkisstarfsmanna hvað varðar tvö atriði, þ.e. biðlaun svo og æviráðningu. Vissulega eru þau tvö atriði skert með ótvíræðum hætti í þessu frv. En það er margt fleira sem tengist kjarasamningum opinberra starfsmanna sem komið er inn á í þessu frv. Vitaskuld, hæstv. fjmrh., verður að líta á heildarlöggjöf um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamninga í samhengi. Kjarasamningar tengjast vitaskuld þessari rammalöggjöf. Þau efnisatriði hefði átt að ræða við stéttarfélög við næstu kjarasamninga. Það er ámælisvert af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma fram með einhliða heildarlöggjöf á þessu sviði sem er unnin án samráðs og gefur engin tækifæri á að taka upp kjarasamninga.

Þetta frumvarp hefur fengið mikla gagnrýni en það er einnig margt sem vantar í frv., t.d. hvað viðvíkur réttarstöðu starfsmanna, um starfsemi stéttarfélaga og samningsferil.

Vitaskuld er mikilvægt að endurskoða lög um opinbera starfsmenn. En þetta mál snertir, eins og ég gat um áðan, 25 þús. starfsmenn ríkisins og um þriðjungur af útgjöldum ríkisins, eða um 36 milljarðar, rennur til launagreiðslna eins og getið er um í frumvarpinu. Hér er því um geysilega mikilvægan þátt í þjóðlífi okkar að ræða og því skiptir miklu máli að vandað sé til undirbúnings við breytingar.

Meginmarkmið frv. er að auka vald forstöðumanna einstakra stofnana, m.a. til að bæta stjórnun í ríkisrekstri og gerð eru skarpari skil á milli starfsmanna ríkisins, þ.e. hverjir eru í samningsumhverfi almenna markaðarins og hverjir eru í samningsumhverfi hins opinbera. Það á að reyna að færa ríkisrekstur nær því sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Ég tek undir það sjónarmið að það beri að stefna því að afnema mun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þetta á þá vitaskuld við kaup, kjör og réttindi. Stærsti þátturinn varðandi þetta er vitaskuld lífeyrissjóðsmál en þau mál verða ekki tekin til umræðu í þessu samhengi nú um stundir.

Það er mjög vikið að í greinargerð með frv. og kom fram í máli hæstv. fjmrh. að það eigi að reyna að bæta stjórnun í opinberum rekstri þannig að betur verði komið til móts við þarfir neytendanna, borgaranna í þessu landi. Sem liður í því er sjálfstæði stofnana aukið og vald forstöðumanna þeirra og með því telur hæstv. fjmrh. að þetta sé fært nær hinum almenna vinnumarkaði.

Nú er það svo að fjölmargt vantar í þetta frv. til nútímalegri stjórnunar. Þannig vita flestir að undirstaða fyrir árangursríka stjórnun er langtímastefnumótun og það að færa sig úr miðstýrðu fyrirkomulagi yfir í dreifstýringu. Það eru til margvíslegar stjórnunaraðferðir í opinberum rekstri sem hægt er að hafa að leiðarljósi. Hægt er að nefna nokkrar stjórnunaraðferðir í þessari umræðu. Það er t.d. rætt um stjórnun í undantekningartilvikum, það er rætt um stjórnun með því að vera sýnilegur, í þriðja lagi rætt um stjórnun með verkefnadreifingu, í fjórða lagi er talað um stjórnun með markmiðssetningu, í fimmta lagi er talað um stjórnun með ákvörðunarreglum. Á þessari upptalningu sést greinilega án þess að ég ætli að útskýra muninn á einstökum stjórnháttum, að stjórnun er sérgrein innan viðskiptafræði og hagfræði þar sem mikið þróun hefur átt sér stað síðustu áratugi. Það er lítið vikið að þessum breyttu viðhorfum í frv. þótt svo að ég viti að fjmrn. hefur undanfarin ár reynt að tileinka sér ýmsa þætti í nýrri hugsun, t.d. hvað viðvíkur samningsstjórnun og gæðastjórnun svo alkunn hugtök séu nefnd.

Það hefði hins vegar verið mjög til bóta ef í greinargerð hefði verið sett skýrari útfærsla varðandi þessa þætti í stað þess að forstöðumanni væru falin öll völd.

Markmið opinbers reksturs hlýtur vitaskuld að vera að ná árangri en til þess þarf að beita nýjustu þekkingu. Mjög margt í starfsemi ríkisins er á samkeppnisvettvangi og þá verður vitaskuld að laga sig að þeim leikreglum sem þar

gilda. Sömuleiðis þarf að hafa vel í huga sérstöðu ríkisvaldsins í velferðar- og menntamálum þar sem gilda allt önnur lögmál en á samkeppnismarkaði. Þessi aðgreining sem er í sjálfu sér pólitískt ágreiningsefni kemur mjög lítið fram í frv. og vitaskuld hefði ríkisstjórnin átt að gera betur grein fyrir pólitískum markmiðum sínum við þessa lagasetningu. Það ber einnig að hafa í huga að opinber umsvif hérlendis eru lítil miðað við önnur lönd. Þannig er umfang ríkisins eða opinberra aðila hérlendis sem hlutfall af þjóðarframleiðslu langtum minni en á Norðurlöndunum og mun minni en að meðaltali innan OECD. Þetta er athyglisverð staðreynd í ljósi þess að oft er því haldið fram að opinber rekstur og opinber umsýsla séu að sliga íslenskt hagkerfi. Því fer víðs fjarri.

Það er ámælisvert í frv. að æviráðning starfsmanna er afnumin án þess að það sé gefinn nokkur kostur á launauppbót til að vega á móti þeim réttindamissi. Ýmsir ríkisstarfsmenn hafa litið þennan rétt mjög alvarlegum augum en grundvallaratriðið er að hér er um samningsbundinn rétt að ræða sem endurspeglast í lægri launum þar sem menn leggja mikið upp úr þeim rétti. Þetta er einn þeirra þátta sem er ekki hægt að setja í lög einhliða nema taka upp kjarasamninga samhliða. Allsherjarvald fjmrn. varðandi flesta þá þætti sem viðkoma hinu nýja skipulagi gengur eins og rauður þráður í gegnum frv. Þannig virkar fjmrn. sem yfirfrakki við ráðningar og kemur þetta skýrt fram í 7. gr. frv.

9. gr. þess er hins vegar ein aðalgrein frv. Hún felur í sér stóraukið vald forstöðumanna stofnana ríkisins. Þetta sem er hornsteinn frv. er ekki vel útfært. Forstöðumanni er falið vald með ráðningum og honum er einnig veitt heimild til að veita sérstakar launauppbætur. Hér er einum manni falið mjög mikið vald nánast eftirlitslaust. Þetta er nefnilega ekki svipuð aðferð og gildir á hinum almenna vinnumarkaði þar sem forstjóri eða framkvæmdastjóri hefur vissulega vald til að borga umfram kjarasamninga. Það er oft gert. Á almenna markaðnum er það framkvæmdastjóri sem ber beina ábyrgð gagnvart stjórn síns félags og verður að mæta með ákvarðanir sínar, m.a. launaákvarðanir gagnvart undirmönnum, hjá sinni stjórn ef á þarf að halda. Sömuleiðis er stjórnin ábyrg gagnvart hluthöfum sínum á aðalfundi á ári hverju. Þannig eru tvö skref frá framkvæmdastjóra fyrirtækis sem hann verður að hafa í huga þegar hann tekur t.d. einstaklingsbundnar launaákvarðanir. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir í reynd neinum yfirmönnum forstöðumanna nema að forminu til, þ.e. ráðherra. Forstöðumönnunum er falið sjálfdæmi í að hygla einstökum undirmönnum sínum eftir engum reglum. Hér er brotið á öllu eðlilegu samningsumhverfi og einnig því sem gildir á hinum almenna vinnumarkaði.

Einnig má spyrja sig hvort forstöðmenn geti farið með þetta vald. Ef litið er yfir sviðið hjá hinu opinbera er það vitaskuld svo að margir gætu farið vel með þetta aukna vald sem þeir fengju og náð árangri með nýjum tækjum. Aðrir myndu hins vegar, vegna þess að það er misjafn sauður í mörgu fé, ekki valda og jafnvel misnota þessi auknu réttindi sem 9. gr. frv. felur þeim. Þetta mál, sem tengist samningsferli innan stofnana ríkisins, þarf að skoða miklu betur.

Í 17. gr. frv. er mjög alvarlegt ákvæði þar sem sagt er að starfsmönnum sé skylt að vinna þá yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þetta ákvæði þekkist ekki á hinum almenna vinnumarkaði. Það er alfarið í valdi starfsmanns hverju sinni hvort hann vill vinna yfirvinnu og það er eðlilegt að svo sé einnig á opinberum vinnumarkaði. Í 21. gr. frv. er getið um fjölmarga þætti sem geta valdið áminningu yfirmanns án þess að kveða skýrt úr um það að starfsmaður eigi kost á að tala máli sínu. Þar er bætt við að ef það er unnt þá skal hann gera það. Og auðvitað spyr maður sig að hvers mati er það þá hvort honum eigi að vera mögulegt að fá að tala máli sínu ef hann fær áminningu. Hér er brotið á starfsmönnum. Hugsunin í þessari grein er augljós. Hún er að gera réttarstöðu hans lakari en áður.

Í II. hluta frv. er fjallað um embættismenn. Þar er mjög rúmur listi settur upp. Með þessu ákvæði er tekinn samningsréttur af fjölmörgum stéttum opinberra starfsmanna svo sem starfsmönnum ráðuneyta, dómstóla, sýslumannsembætta, lögreglu- og tollstjóraembætta, Almannavarna, Fangelsisstofnunar og Landhelgisgæslu. Þá má spyrja sig af hverju t.d. allir starfsmenn Stjórnarráðsins eru flokkaðir í þessa lávarðadeild, sem hér er gert ráð fyrir að setja upp.

Í 23. gr. frv. er kveðið á um embættismenn sem forstöðumenn eru einnig og eiga öllu að stjórna. Þar er ekki sagt að það eigi skilyrðislaust að auglýsa stöður þeirra. Þeir eru ráðnir tímabundið sem ég er sammála en mér finnst það eigi að vera skilyrði að embættin eigi að auglýsa hverju sinni. Það á ekki að vera unnt að framlengja skipunartíma án auglýsinga. Ef til vill er betra varðandi embættismenn að setja upp sérstakar dómnefndir sem gera hæfnismat á umsækjendum og í kjölfar þess álits verði ákvörðun tekin um ráðningu. Þetta fyrirkomulag, að fá faglega umfjöllun, þekkist innan háskólakerfisins alls staðar í heiminum við að leggja mat á mismunandi hæfi manna. Ég efast ekki um að þessi aðferð væri betri en einhliða ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Í 30. gr. frv. er kveðið á um hvernig hægt er að leysa starfsmann frá störfum ef um sjúkleika yfir lengra tímabil er að ræða. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta ákvæði er eins og gildir á hinum almenna vinnumarkaði.

Í 36. gr. er gert ráð fyrir flutningi á embættismönnum milli embætta. Í greininni er gert ráð fyrir að það stjórnvald sem skipar mann í embætti geti flutt hann á milli. Hér er ekki gert ráð fyrir að embættismaðurinn hafi neitt um það að segja og finnst mér hér sé gengið á rétt manna þótt ég sé í grundvallaratriðum sammála því að menn séu fluttir milli starfa í opinberri þjónustu, sérstaklega þeir sem gegna ráðandi störfum. Ég hefði ég kosið að settar væru skýrari reglur og ekki haft, eins og allt frv. ber með sér, í valdi vinnuveitandans.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að hagsmunir vinnuveitandans ganga eins og rauður þráður í gegnum frv. Það er oft og tíðum gengið á réttindi starfsmanna og á möguleika þeirra að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt. Þetta er einnig í andstöðu við nútíma stjórnunarhætti, í andstöðu við það fyrirkomulag sem menn leitast nú við að láta fyrirtækjarekstur og opinberan rekstur þróast í meðal nágrannalandanna. Menn reyna sífellt að tengja starfsmenn inn í lýðræðislegt ákvarðanaferli í starfi sínu saman með stjórnendum frekar en að setja upp miðstýrt boðvald gagnvart undirmönnum eins og gert er í frv. Þetta tel ég vera einn alvarlegasta ágallann á frv., þ.e. að ekki er fundinn farvegur fyrir nútímalega stjórnunarhætti. Menn verða vitaskuld að búa lagaramma sveigjanleika til að laga sig að nútímastjórnunarháttum.

Í 38. gr. frv. er rætt um skyldur forstöðumanna stofnana. Þar er sagt að ef farið er fram úr fjárlagaheimildum geti ráðherra veitt forstöðumanni áminningu eða veitt lausn frá embætti ef um ítrekaða, stórfellda vanrækslu í starfi er að ræða. Ég tel rétt að forstöðumenn verði dregnir til ábyrgðar ef þeir fara fram úr áætlunum með því að stýra sinni stofn-

un ekki af þeirri aðgæslu sem þeim ber sem starfsmönnum almennings.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. ef þetta verður nú að lögum hvort hann telji að einhverjum forstöðumönnum beri nú að segja upp störfum. Það væri mjög athyglisvert að vita hvernig hæstv. ráðherrar hugsa sér að beita þessu ákvæði eða hvort þetta er raunverulega bara marklaust tal og menn fái að vera áfram lélegir ríkisforstjórar eins og hingað til og látnir í friði. Ég hefði talið eðlilegt að öllum yfirmönnum ríkisins yrði sagt upp störfum í kjölfar þessara breytinga. Stöður þeirra yrðu auglýstar lausar til umsókna og þeir gætu þá sótt um aftur eins og aðrir þegnar þessa lands.

Það er áberandi þáttur í frv. að fjmrn. er með puttana í hverri einustu ákvörðun sem viðvíkur fagráðuneytunum. Ég hefði talið eðlilegra að menn hefðu reynt, samhliða eflingu sjálfstæðis stofnana ríkisins, að efla fagráðuneytið sem ábyrgan eftirlitsaðila gagnvart einstökum stofnunum. Þó svo að menn ræði um að dreifstýring eigi að vera aðall frv. þá falla menn aftur og aftur í þá gryfju að reyna að sanka öllum völdum til fjmrn. þegar kemur að hinni praktísku útfærslu. Ég tel þetta vera ranga stefnu.

Í 46. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ef starfsmaður hefur sagt upp störfum þá sé forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef margir leita lausnar samtímis. Þetta ákvæði þekkist ekki á almenna vinnumarkaðnum. Því væri fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort og hve mikið hann ætlar að launa starfsmönnum fyrir þessar auknur skyldur sem á þá eru lagðar umfram almennan vinnumarkað. Hér eru menn á villigötum eins og víða í frv.

Í 47. gr. segir ma.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga."

Hér er opnaður sá möguleiki að hæstv. fjmrh. getur hyglað starfsmönnum sem kjósa að standa utan stéttarfélaga eða skipulags félagskapar um sín kjaramál. Hér er hæstv. fjmrh. fengið tæki til að brjóta niður félagsskap stéttarfélaga hvort sem stéttarfélögin eru á heildargrunni eða innan stofnana. Það er mjög alvarlegt ákvæði í þessu frv. að það skuli vera opnuð leið fyrir ríkisvaldið til að brjóta niður félagafrelsi á vinnumarkaði eins og þetta ákvæði getur leitt til.

Það kemur einnig fram í frv. að það vantar alveg ákvæði um samningsferli. Það vantar t.d. alveg ákvæði um starfsmannaráð. Það vantar ferli fyrir kjarasamninga byggða á stofnunum eða vinnustaðarsamningum. Nú er það svo að það eru sérstök lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 94/1986. Hins vegar hefði þurft að taka þau mál í víðu samhengi inn í þessa umræðu.

Ég tel mikilvægt að fundinn sé samningafarvegur á einstökum stofnunum með skipulögðum hætti. Ég hef áður talað fyrir vinnustaðarsamningum og það er hluti af stefnuskrá Þjóðvaka. Þar er getið um þann þátt sem árangursríkt tæki við samninga, bæði fyrir verkalýðsfélög og vinnuveitendur. Þetta er nútímalegt form við kjarasamningsgerð sem víða er notað í heiminum, þótt við höfum ekki borið gæfu til þess að hverfa út úr þessu miðstýrða samningsumhverfi okkar.

Það vantar alveg opnun á þessa hugsun inn í þetta frv. um þetta ferli. Tónninn er allur sá að vinnuveitandinn hafi allt vald. Að því leyti gengur þetta frv. lengra í átt til valds vinnuveitenda en gildir á hinum almenna vinnumarkaði og er þó vald vinnuveitenda þar verulegt.

Í 52. gr. frv. er rætt um að það beri ekki að leita umsagna eða gefa stéttarfélögum kost á að fylgjast með málum sem varða ágreining milli starfsmanna og vinnuveitenda ef um verklagsreglur er að ræða. Nú vil ég spyrja: Hvað er átt við með verklagsreglur? Það er hægt að skilgreina það á þann hátt að starfsmenn hefðu lítinn málskotsrétt varðandi sín mál, komi til ágreinings á milli þeirra og hins alvalda forstöðumanns.

Þá vantar alveg inn í þetta frv. með hvaða hætti eftirlit verði haft með forstöðumönnum. Þeim er gefið hér mikið vald, en valdi verður að fylgja eftirlit.

Í ákvæðum til bráðabirgða eru biðlaun skert. Biðlaunaréttur er tekinn af öllum nýjum starfsmönnum en skertur á þeim sem fyrir eru. Hér er um samningsbundin réttindi að ræða og að því leytinu til er frv. brot á kjarasamningi. Ég vil að þetta ákvæði sé tekið út úr frv. og fjallað um það sérstaklega við næstu kjarasamninga ef menn vilja breytingar á þessu ákvæði. Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta um frv. um hlutafjárvæðingu Póst og síma. Þar er gert ráð fyrir að biðlaunarétturinn fylgi áfram yfir í hið nýja hlutafélag.

Hvers vegna er gerður munur á starfsmönnum? Ég sé ekki betur, hæstv. fjmrh., en að starfsmenn Pósts og síma fái rýmri rétt hvað viðvíkur þessu máli en starfsmenn ríkisins að öðru leyti samkvæmt þessu frumvarpi. Hér virðist vera um mótsögn að ræða í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum frv. og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi hvort svo sé.

Í sambandi við samningsumhverfið má geta þess að það er ekki fjallað um neinar hugsanlegar breytingar á því hver fari með samningsumboð fyrir hönd ríkisins. Þótt sérstök lög gildi um kjarasamninga opinberra starfsmanna, færast fjölmargir ríkisstarfsmenn í annað samningsumhverfi og margir eru eftir í hinu fyrra kerfi. Það eru slæm vinnubrögð að móta ekki stefnu á þessu sviði. Nú er það svo að fjmrn. og þá sérstök nefnd, samninganefnd ríkisins, fer með gerð kjarasamninga fyrir hönd fjmrn. Þetta er miðstýrt fyrirkomulag. Samninganefnd ríkisins gerir alla kjarasamninga sem ríkið gerir og á það bæði við um stéttarfélög á opinberum vettvangi og almennum vinnumarkaði. Það er ekki gerð nein tillaga um breytingar á þessum þætti né rætt um það í frv. Ég tel hið miðstýrða fyrirkomulag á kjarasamningagerð ríkisins, og mér er nokkuð kunnugt um það ferli, einmitt af hinu illa. Ég tel betra að fara með samningsumboð vinnuveitendans, þ.e.a.s. ríkisins, í ríkara mæli yfir til ráðuneytanna og þá sérstaklega yfir til stofnana og þá vitaskuld í samvinnu við forstöðumenn einstakra stofnanna. Það þarf að færa þetta samningsumhverfi með formlegum hætti yfir til ráðuneyta og stofnana, þannig að í einstökum stofnunum mæti samninganefnd hins opinbera, þess vegna leidd af forstöðumanni, fulltrúum stéttarfélaganna eða starfsmannafélaganna á viðkomandi stofnunum. Þetta hefði ég talið miklu árangursríkari leið við kjarasamninga en nú tíðkast.

Í 49. gr. frv. er málskotsréttur við uppsögn starfsmanna takmarkaður verulega. Hér eru stjórnsýslulög tekin úr sambandi að nokkru leyti og þetta er ákvæði sem þarf vitaskuld miklu nánari skoðunar við. Það þarf að formfesta starfsmannaráð í þessari löggjöf en það vantar algjörlega. Minni réttindi sem þetta frv. felur í sér verður vitaskuld að bæta með hærri launum. Sömuleiðis er í þessu frv. allt of opin

skilgreining á því hverjir teljast embættismenn hins opinbera. Það vantar algerlega stefnumótun um samningsstöðu stéttarfélaga við stofnanir og ráðuneyti. Frv. felur í sér lélegri ráðningarfestu en verið hefur og vald forstöðumanna er aukið verulega án þess að eftirlit með því valdi fylgi. Það vantar algerlega farveg ef deilur verða milli forstöðumanns og starfsmanna. Frv. gengur raunverulega út frá því að geðþóttavald forstöðumanna fái að ráða ríkjum í opinberri umsýslu. Þá er einnig afnuminn samnings- og verkfallsréttur hjá fjölmörgum stéttum.

Frv. einkennist af algjöru samráðsleysi og auðvitað kann það ekki góðri lukku að stýra, eins og atburðir undanfarinna vikna hafa sýnt. Flutningur grunnskólans var settur í uppnám vegna einstrengingslegrar og kjánalegrar framgöngu stjórnvalda varðandi réttindamál. Stéttarfélög hafa gagnrýnt ýmislegt annað varðandi þetta frv., m.a. það að réttur til makalauna er afnuminn, veikindaréttur er skertur og fæðingarorlof er skert. Frv. felur í sér á fjölmörgum sviðum skerðingar sem menn verða vitaskuld að takast á við í kjarasamningum og þá í formi hækkaðra launa ef skerðingarnar eiga að ná fram að ganga.

Í þessu frv. er veikindaréttur og orlofsréttur í uppnámi að mati stéttarfélaga. Varðandi yfirborganir, sem hafa þekkst víða í opinberum rekstri, er gert ráð fyrir því að forstöðumaður geti einhliða breytt þeim án þess að starfsmaður hafi nokkurn rétt til umræðu um þann þátt.

Herra forseti. Það er mjög mörgu ábótavant í þessu frumvarpi, bæði hvað efni og málsmeðferð varðar. Það hefði þurft að vinna þetta frv. í samráði við stéttarfélög og fleiri aðila og það hefði þurft að gera það á þeim tíma þegar kjarasamningar eru lausir.

Það er skoðun mín að það beri að fresta þessu máli til haustsins og alls ekki stefna að afgreiðslu þess núna á vorþingi. Það á hins vegar að vinna þetta mál í þingnefnd þannig að leitað sé umsagna og málið sé betur undirbúið fyrir væntanlegt haustþing. Þá þyrfti að koma yfirlýsing ríkisstjórnarinnar við þessa umræðu að tekin verði út þau ákvæði er varða biðlaun og æviráðningu og aðra þættir sem snúa beint að kjörum starfsmanna. Þeir þættir yrðu þá skoðaðir í næstu kjarasamningum. Það þarf einnig að taka upp lög um kjarasamninga, búa þeim nýjan ramma og fara ofan í lífeyrissjóðsmálin við samningsgerðina í haust. Tillaga mín er sú að menn reyni að finna þessu máli þannig farveg að það verði unnið að þeim í samráði, en það er hugtak sem þessi ríkisstjórn virðist ekki þekkja.

Herra forseti. Það er ekki góð aðferðafræði fyrir ríkisvaldið að lenda í stríði við 25 þúsund starfsmenn sína varðandi réttindi og skyldur. Ríkisstjórnin hefur með frumhlaupi sínu nokkrar undanfarnar vikur stuðlað að því og það hefur skapast tortryggni milli ríkisvalds og starfsmanna þess. Þetta er vond stefna, þetta er vond stjórnmálastefna sem við stjórnarandstæðingar erum ósáttir við. Við hefðum staðið öðruvísi að þessum málum. Við hefðum gert það í samráði við stéttarfélög og aðra aðila og með markvissari stefnumótun varðandi fleiri þætti en fram koma í þessu frumvarpi.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að málið fái skoðun en verði ekki afgreitt á þessu vorþingi heldur látið bíða næstu samninga. Nauðsynleg undirbúningsvinna verði unnin nú á vorþingi þannig að hægt sé að stefna að því að afgreiða nýja heildarlöggjöf annaðhvort á haustþingi eða á næsta vorþingi. Þetta tel ég skynsamlega niðurstöðu í þessu máli.

[16:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi samráð þá bar svo við að okkur hv. þingmönnum bárust mótmæli utan úr bæ í stórum stíl við þessu frv. löngu áður en við sáum það. Þannig að eitthvað virðist hafa kvisast út og mér er næst að trúa hæstv. fjmrh. að þeir hafi lagt þetta fram sem drög í samningaviðræðum og því hafi svo verið lekið út þaðan. Það kann ekki góðri lukku að stýra í samráði ef annar aðilinn lætur drög sem koma fram leka út og fer svo að mótmæla þeim sömu drögum út um allan bæ.

Varðandi forstöðumenn, sem hv. þm. hafði miklar áhyggjur af, kom hann sjálfur inn á það að þeir hefðu í dag möguleika á að hygla mönnum með óunninni yfirvinnu og gera það eflaust í einhverjum mæli, annars væri hv. þm. ekki að tala um það. Þeir eru í dag í mjög sterkri stöðu vegna þess að þeir eru oft æviráðnir. Þetta á að leggja af. Það á að leggja af æviráðningu og gera ábyrgð þeirra miklu víðtækari. Ég bendi hv. þm. á að sérnefnd hæstv. efh.- og viðskn. er að fjalla um fjárreiður ríkissjóðs og þar stendur í 50. gr.: „Forstöðumenn og stjórnendur ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra stofnana og fyrirtækja sem undir þá heyra sé í samræmi við heimildir.“ Þarna er verið að stórauka ábyrgð forstöðumanna ríkisfyrirtækja og það gerir þeim aftur á móti ekki kleift að hygla einum eða neinum nema starfsmennirnir eigi það skilið.

[16:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú yfirleitt orðvar en ég er hissa á þessari þvælu hjá hv. þm. Ég veit að hann veit betur. Það er alrangt að þessi frumvarpsdrög hafi verið lögð fram hjá stéttarfélögum í einhverjum samningaviðræðum og lekið út þaðan. Hann þarf ekki annað að gera en lesa greinargerð frv. Þar er því lýst hvernig þetta mál var unnið. Þetta er unnið einhliða af fjmrn. Það var sent stéttarfélögunum með nokkurra daga fyrirvara. Þau komu engum athugasemdum að, menn voru aldrei kallaðir til ráðslags í þessu máli. Hér var ekki unnið í samráði við stéttarfélögin og samningaviðræður fóru aldrei fram. Frv. er einhliða stefna og framlag ríkisstjórnarinnar. Meira að segja viðurkennir fjmrh. það sjálfur svo það er óþarfi fyrir hv. þm. að reyna að búa til einhverja aðra söguskýringu.

Annað sem hann ræddi er varðandi forstöðumenn stofnana. Ég benti á að forstöðumenn stofnana samkvæmt þessu frv. hafa í reynd miklu meiri völd og áhrif en gildir á hinum almenna vinnumarkaði. Það tel ég mikið umhugsunarefni. Framkvæmdastjórar á almennum vinnumarkaði hafa, eins og ég rakti, yfir sér virkar stjórnir fyrir utan hluthafafundi. Í frv. er valdið hins vegar fært alveg eftirlitslaust til einstakra manna. Það er það sem ég er að gagnrýna í frv. Við eigum ekki að skipuleggja ríkisreksturinn þannig að einstaklingar án ábyrgðar fái þessa möguleika bæði gagnvart réttindum og launakjörum sinna undirmanna á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frv. Þetta er galin stefna satt best að segja.

[16:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið, þ.e. þá þvælu sem ég ku hafa sagt, þá er það dálítið undarlegt að maður fái fyrst mótmæli við einhverju frv. sem á að leggja fram og síðan nokkrum vikum seinna komi frv. fram. Þannig að asinn hefur nú ekki verið neitt sérstaklega mikill hjá ríkisstjórninni í þessu máli. Ég hallast að því að það sé rétt sem hún segir.

Auðvitað þarf annar hvor aðilinn að leggja fram eitthvað til að ræða um. Síðan getur maður rætt um það. Menn þurfa að hafa einhverja beinagrind til að ræða um fyrst.

Varðandi það að forstöðumennirnir séu eftirlitslausir. Yfir þeim er að sjálfsögðu ráðherra og svo geta starfsmennirnir að sjálfsögðu snúið sér til sinna þingmanna sem þar eru yfir. Þannig að það verður mjög auðvelt fyrir þingmenn að koma með fyrirspurn á Alþingi ef einhver starfsmaður er illa haldinn vegna ofríkis forstöðumanns.

[16:47]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi framlagningu frv. þá ætti hv. þm. að beina þessu til hæstv. fjmrh. Hann var hvattur af stjórnarandstöðunni mjög ítrekað til þess að leggja frumvörpin fram hér á Alþingi þannig að hin pólitíska umræða gæti átt sér stað. Það var hann sem gerði það ekki. Að öðru leyti var atburðarásin eins og ég lýsti áðan. Það að fara að blanda núna þingmönnum inn í þá nýsköpun sem hæstv. fjmrh. er að standa fyrir hér í ríkisrekstri er alveg ný sýn í málinu. Ég minnist þess nú ekki að hafa séð í greinargerð frv. að þingmenn séu allt í einu orðnir stjórnaraðilar í þessum nýja ríkisrekstri. En þarna er nú þingmaðurinn kominn held ég á nokkrar villigötur án þess að við skulum nokkuð gera lítið úr starfi þingmanna við að gæta hagsmuna kjósenda. En þingmenn eru ekki aðilar að stjórnsýslunni hér með þessum hætti. Það stendur sem ég sagði að eini formlegi yfirmaður forstöðumanna er ráðherra. Í reynd þýðir þetta að forstöðumennirnir eru eftirlitslausir. Það er það sem ég er að segja að það er ólíkt rýmra vald sem þessir menn hafa en tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði og um það snýst málið. Ef menn eru að tala um að laga stöðuna að því sem gildir á hinum almenna vinnumarkaði þá eiga menn að minnsta kosti að vita hvernig sú staða er en ekki að gera það eins og hér er lagt til.

[16:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða afar stórt mál sem ekki verður skoðað öðruvísi en að líta yfir önnur mál sem því tengjast en það er lífeyrisfrv. sem hæstv. fjmrh. hefur dregið til hliðar eða stungið niður í skúffu að sinni þó ég eigi ekki von á að það verði lengi. Það hefur verið boðað frv. um sáttastörf í vinnudeilum og jafnframt er verið að vinna í heilbrrn. frv. til laga um fæðingarorlof sem tengist þessum málum sem hér eru til umræðu. Öll þessi mál verður að skoða í samhengi þegar við erum að reyna að átta okkur á því hvað hér er á ferð. En í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að hæstv. fjmrh. er afar spenntur fyrir því sem ég kalla Nýja-Sjálands hagfræðina. Hann ætlaði sér að skella inn og koma í gegn með hraði miklum breytingum á þeirri löggjöf sem hér gildir um vinnumarkaðinn og opinbera starfsmenn en hann hefur fengið mjög hörð viðbrögð þó við eigum að sjálfsögðu eftir að sjá það enn hvað úr verður.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar bauð hæstv. fjmrh. til sín fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands til þess að af henni mætti læra hvernig ætti að ná tökum á vinnumarkaðnum í þeim nýsköpunaranda sem hann þykist hér vera að færa fram. Vissulega skal ég viðurkenna að það eru ýmsar góðar hugmyndir í því sem rætt hefur verið, m.a. á stórum ráðstefnum opinberra starfsmanna og forstöðumanna fyrirtækja en það eru líka miklar brotalamir á þessum hugmyndum.

Þessi fyrrverandi ráðherra á Nýja-Sjálandi, Ruth Richardson, ráðlagði stjórnvöldum einmitt að hefja leiftursókn og að koma frumvörpum í gegn þannig að ekki væri tími til viðbragða. Það var haft eftir henni í viðtölum sem við hana voru höfð að málamiðlanir væru ekki það sem stefna bæri að. Það væri lítið á þeim að græða. Menn yrðu að skilgreina sína stefnu og koma henni í gegn með hraði. En það er líka sérkennilegt að hæstv. fjmrh. vill bara læra sumt af þessum fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands. Hún lagði mikla áherslu á það í sínu máli að stóru samflotin og heildarkjarasamningar héldu samfélaginu í gíslingu eins og hún orðaði það með því að láta einn samning gilda meira og minna fyrir alla eins og eftir henni var haft í Morgunblaðinu. Sú spurning vaknar hjá mér hvar heildarstefnan sé hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., eða hafa þeir ekki borið saman bækur sínar? Að því leyti get ég tekið undir hugmyndir Ruth Richardson um að þessi stóru samflot þar sem verið er að knýja stéttarfélög öll í sama farveg, bjóða ekki upp á þann sveigjanleika sem nútímavinnumarkaður krefst og tekur ekki tillit til mismunandi þarfa og menntunar og framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði og eru á engan hátt í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaði enda er að því mér skilst verið að hverfa frá þessu alls staðar í Evrópu. Það er alls staðar verið að hverfa frá þessum stóru samflotum en þá á að fara að lögfesta þau á Íslandi. Reyndar hefur það verið í samræmi við stefnu VSÍ og ASÍ og vissulega verður ekki annað viðurkennt en að samráðið bar ákveðinn árangur. En þegar jafnvægi er komið á efnahagslífið er auðvitað ekki hægt að una við slíka sviptingu á samningsfrelsi. Því hljótum við að skoða það mál vandlega þegar það kemur. Ég er fyrir fram mjög andvíg slíkri leið sem verið er að leggja til í frv. til laga um sáttastörf í vinnudeilum. Ég get sagt það hér enn einu sinni að ég skil ekki þá hugsun að menn leggi áherslu á frjálsa samkeppni á öllum sviðum og geri allt til að innleiða hana en þegar kemur að launaþættinum þá á allt að vera niðurneglt og fryst. Þá er frelsið ekki til staðar. Þetta snýr ekki síst að þeim stéttum sem hafa haft lægst launin og þar eru auðvitað kvennastéttirnar mjög áberandi, ekki síst í opinberri þjónustu. Ef menn negla niður slíkt samningsfrelsi þá þýðir það auðvitað um leið að það er ekki hægt að stokka upp launakerfið. Það er ekki hægt að gera launakerfið réttlátt. Ég ætla að koma betur að því hér á eftir.

Hér er sem sagt með annarri hendinni verið að grípa einhverjar hugmyndir sem hæstv. fjmrh. eru þóknanlegar en það er greinilegt að það er ekki allt sem á upp á pallborðið. Ég held að hann ætti líka að skoða ýmsa aðra reynslu frá Nýja-Sjálandi því það er ekki allt vont sem þar hefur gerst þó það hafi reyndar haft mjög miklar félagslegar afleiðingar hvernig þar voru keyrðar í gegn breytingar á vinnumarkaði og breytingar á hinu félagslega kerfi. Þetta mál sem við erum hér að ræða snýr ekki aðeins að þeim sem nú eru ríkisstarfsmenn heldur ekki síður að þeim sem eiga eftir að verða ríkisstarfsmenn. Þó að hæstv. fjmrh. haldi því fram að hér sé ekki verið að skerða samningsbundinn kjör og jafnvel samningsbundin réttindi sem ég tel reyndar að sé alls ekki rétt hjá honum því hér er verið að breyta réttindum, þá snýr þetta ekki síður að því hvernig kjörin og réttindin verða hjá ríkisstarfsmönnum framtíðarinnar. Hvernig verða réttindi og skyldur þeirra sem eiga eftir að ráða sig í framtíðinni hjá ríkinu? Ef ríkið á að vera samkeppnishæft um fólk á vinnumarkaði þá vakna þær spurningar að ef réttindum og skyldum verður breytt eins og hér er verið að boða, hvar er

þá sú mikla samkeppnisstaða? Hvar stendur ríkið þá? Því getur enginn neitað að áratugum saman hefur verið vísað til þessara réttinda ríkisstarfsmanna þegar samið hefur verið um kaup og kjör og laununum hefur verið haldið niðri með þeim rökum að ríkisstarfsmenn hafi meiri réttindi en starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Það hafa verið rökin. Þess vegna er ekki um annað að ræða en annaðhvort að semja við ríkisstarfsmenn um réttindi og skyldur ellegar að semja um það að launin hækki sem nemur þeim réttindum sem hér á að afnema. Það er aðeins um þetta tvennt að ræða.

Ég legg mikla áherslu á það að um launakjör ríkisins og um starfsemi ríkisins, hvort sem við erum að tala um skólakerfið, menntakerfið, eða heilbrigðiskerfið, þarf að ríkja ákveðin sátt. Það þarf að vera sátt í málefnum sem snerta nánast hvert einasta mannsbarn í landinu. Skólakerfið kemur við nánast hvert einasta heimili í landinu. Nánast allir þurfa fyrr eða síðar að leita til heilbrigðisþjónustunnar. Það sama gildir um aðrar ríkisstofnanir. Ég get ekki annað en lýst furðu minni á því hvernig hæstv. fjmrh. talar um ríkiskerfið. Það hefði mátt ráða það af máli hans hér áðan að það væri nú nánast allt á fallanda fæti hjá ríkinu. Það væri þvílík ógnarþörf á umbótum í átt til einhvers sem hann telur vera skylt gæðastjórnun. En ég fæ ekki séð að þær hugmyndir sem hér er verið að boða séu í samræmi við það sem ég veit um gæðastjórnun. Þá vitna ég þar fyrst og fremst til reynslu frá Bandaríkjunum.

En ég spyr hæstv. fjmrh.: Er hann þeirrar skoðunar að þjónusta ríkisins sé meingölluð? Ég veit ekki betur en að starfsmenn skóla og heilbrigðisstofnana og jafnvel ráðuneytanna, t.d. fjmrn. — ég hef töluverða reynslu af því hér sem þingmaður að vinna með fulltrúum ráðuneytanna — ég fæ ekki betur séð en að þar séu allir að vinna sitt verk með sóma. Við getum tekið nánast hvaða ríkisstofnun sem er. Ég nefni t.d. Hafrannsóknastofnun eða Orkustofnun. Er eitthvað mikið að í þessum stofnunum? Mér finnst að hæstv. fjmrh. geti ekki leyft sér að tala svona. En það breytir ekki því að menn eiga alltaf að vera að þróa starfið, bæta og breyta. Mér finnast það vera trúarbrögð sem menn skella hér alltaf fram að einkafyrirtæki séu alltaf og alls staðar betur rekin en ríkisfyrirtæki. Þetta er bara ekki rétt. Við höfum dæmi um margar ríkisstofnanir þó við göngum kannski ekki svo langt að rifja upp reksturinn á Hagstofunni sem var frægur á sínum tíma vegna hins gífurlega sparnaðar og hagræðis sem þar var ríkjandi. Hver pappírssnepill var nýttur sem hægt var að nýta þar. (**Gripið fram í:** Báðum megin.) Ég fullyrði að ríkisstarfsmenn yfir höfuð séu að vinna sitt verk vel þó auðvitað kunni að vera þar undantekningar á. Þannig að ég krefst þess af hæstv. fjmrh. að hann tali af virðingu um stofnanir ríkisins enda á hann að vera yfirmaður margra þeirra. Og við sem hér erum á hinu háa Alþingi höfum það starf að hafa eftirlit með öllu þessu kerfi. En eins og ég segi þarf auðvitað margt að bæta og breyta.

Þá kem ég að þeim þætti sem mér finnst í rauninni skipta mestu máli í þessu öllu saman því ég vil taka það fram að það er ýmislegt í þessu frv. sem ég tel að horfi til bóta þó að hér sé líka grundvallaratriði sem ég get ekki samþykkt. En það sem skiptir svo miklu máli í þessu öllu saman eru vinnubrögð. Það er það hvernig menn nálgast málin og hvernig menn ætla að ná árangri. Ég skil ekki þennan hugsunarhátt sem hefur svo lengi verið ríkjandi í Stjórnarráðinu og er ekki bara hjá þessari ríkisstjórn heldur þeirri síðustu líka og ríkisstjórninni þar áður þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh., að samskiptum við ríkisstarfsmenn sé best stjórnað þannig að þar sé alltaf allt í háa lofti. Ef það eru ekki verkföll og vinnudeilur eru það lög á ríkisstarfsmenn. Við erum búin að horfa upp á það á undanförnum árum að mikil óánægja hefur ríkt meðal ríkisstarfsmanna með launakjör og hver hópurinn á fætur öðrum hefur gripið til verkfallsvopnsins með afar alvarlegum afleiðingum fyrir þá sem það hefur bitnað á og fyrir þá sem hafa staðið í þeim verkföllum. Við hljótum að spyrja okkur, hæstv. fjmrh., einmitt þegar við fjöllum um frv. af þessu tagi hvernig þessi samskipti eru. Hvernig er hægt að bæta samskipti ríkisins og opinberra starfsmanna? Það er ekki hægt með því að gera einhliða árás á réttindi á skyldur, á verkfallsréttinn og á það hvernig samningum skuli háttað í framtíðinni. En það frv. er reyndar ekki komið fram á hinu háa Alþingi. Þessi samskipti sem eiga sér langa sögu eru verulegt áhyggjuefni og ef eitthvað hefur haft áhrif á starfsmenn ríkisins og vinnuumhverfi þeirra, vinnuanda, vinnusiðferði eru það þessar stöðugu einhliða árásir ríkisvaldsins og það hvernig hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur látið samninga og vinnudeilur fara í hinn versta hnút. Þetta þekki ég sjálf af eigin reynslu frá þeim kennaradeilum sem voru háðar á þeim tíma þegar ég var ríkisstarfsmaður og ég tel að hafi skaðað skólakerfið til langframa. Ég get líka nefnt að þau átök og niðurskurður og erfiðleikar sem heilbrigðiskerfið hefur glímt við á undanförnum árum hefur haft verulega áhrif á vinnuandann innan þeirra stofnana. Enda var þar vaðið fram án samráðs, án samvinnu og án þess að kynna málin fyrir fólki. En það, hæstv. fjmrh., er einmitt það sem samkvæmt skilningi mínum felst í hugtakinu gæðastjórnun, það er einmitt það að stjórna vel, að skapa góðan vinnuanda, að hafa samráð við fólk, að dreifa valdinu, að gefa fólki tækifæri á að hafa áhrif. Þarna hefur stjórnunarstíll kvenna haft veruleg áhrif samkvæmt því sem ég hef lesið frá Bandaríkjunum þar sem er einmitt talað um það sem sérstakt fyrirbæri sem menn hafa mjög mikið verið að horfa til þar sem aðallega er reynt að beita samráði og því að fólki líði vel á vinnustaðnum, að vinnustaðurinn sé í góðu umhverfi og að fólki finnist að það skipti einhverju máli það sem það er að gera. En hvernig menn ganga hér fram kann auðvitað ekki góðri lukku að stýra.

Ég ætla að víkja að einstökum efnisatriðum þessa frv. Ég vil sérstaklega beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvað felst í því sem kemur fram í frv. í 12. gr. og í athugasemd við 12. gr. varðandi fæðingarorlofið. Hvað þýðir þetta sem hér er verið að boða? Um þann hóp, sem er ekki skilgreindur sem embættismenn segir í athugasemdum með 12. gr., með leyfi forseta:

„Fyrir þá starfsmenn, sem nú falla undir lög nr. 38/1954 og ekki eru skilgreindir sem embættismenn samkvæmt þessu frumvarpi, myndi þetta þýða að um réttindi þeirra færi með sama hætti og annarra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. að þeim væri tryggður lágmarksréttur til greiðslna í veikindaforföllum, en um frekari rétt yrði viðkomandi stéttarfélag að semja. Hvað varðar greiðslur í fæðingarorlofi þá færi það eftir 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993."

Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta ekki að stór hópur ríkisstarfsmanna sem hefur hingað til notið fæðingarorlofs í samræmi við það sem gilt hefur um opinbera starfsmenn á að fara inn í tryggingakerfið? Mér finnst þetta vera stórmál ef ég hef skilið þetta rétt.

Ég ætla aðeins að færa mig framar í frv. og ég vil ekki láta hjá líða að nefna það sem hér kemur fram í 2. gr. þar

sem sagt er: „Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna.“ Samkvæmt skilningi mínum á þrískiptingu ríkisvaldsins eiga ákvæði sem snerta alþingismenn og ráðherra ekki heima í lögum af þessu tagi. Alþingismenn eru ekki opinberir starfsmenn í skilningi laga. Um þá gilda sérstök lög. Ég set spurningarmerki við að framkvæmdarvaldið sé með þessum hætti að skipta sér af Alþingi og alþingismönnum. En þegar efh.- og viðskn. fékk kynningu á þessu frv. kom það fram að þetta væri einfaldlega gert til þess að gera það skýrara til hverra þessi lög næðu en mér finnst það vera spurning hvort það eigi yfir höfuð að nefna þarna þá sem eru samkvæmt skilgreiningi laga ekki opinberir starfsmenn.

Ég vil fagna því að á nokkrum stöðum í frv. er minnst á jafnan rétt kvenna og karla og það veitir ekki af að minna þá sem fara með stöðuráðningar á að þeim ber að gæta þess að konur og karlar hafi jafnan rétt til opinberra starfa og jafnframt að konur og karlar hafi sama rétt til annarra kjara sem boðið er upp á en þar er mjög mikill misbrestur á.

Varðandi 7. gr. spyr ég eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hverju það sæti að ekki eigi að auglýsa öll störf hjá ríkinu. Ég gæti skilið að menn gerðu kannski undanþágu varðandi sumarafleysingar eða eitthvað slíkt en mér finnst það vera grundvallarregla að það eigi að auglýsa öll opinber störf þannig að allir hafi tækifæri til að sækja um þau. Í 7. gr. segir: „Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra.“ Samkvæmt þessu geta verið mjög mismunandi reglur milli stofnana en mér finnst einfaldast og skilvirkast að sú regla gildi að allar stöður séu auglýstar.

Í 2. mgr. 8. gr. segir: „Hver sá, er starf veitir, getur sett starfsmanni erindisbréf.“ Ég velti því fyrir mér hvort það eigi ekki að vera rétt og skylt að allir fái erindisbréf. Eða a.m.k. í öllum þeim störfum þar sem fólk ber ákveðna ábyrgð. Auðvitað bera allir ábyrgð en það er oft einfaldara og skýrara að fólk hafi erindisbréf og viti nákvæmlega í hverju starf þess er fólgið.

Þá kem ég að því ákvæði 9. gr. sem hefur allnokkuð verið rætt hér sem snertir það að forstöðumenn stofnana geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum sem ákvörðuð eru eða samið er um. Jafnframt segir: „Ráðherrar geta enn fremur ákveðið að greiða forstöðumönnum einstakra stofnana, sem undir þá heyra, laun fyrir árangur í starfi til viðbótar þeim launum sem ákvörðuð eru skv. 1. mgr.“ Í rauninni lít ég þannig á að hér sé verið að lögfesta það sem hefur verið viðtekið. Svo mikið er víst að eins og launakerfi ríkisins er núna þá er það algjörlega óviðunandi, allar þær undirborðsgreiðslur og greiðslur fyrir óunna yfirvinnu og sporslur af ýmsu tagi sem menn fá m.a. til þess að ríkið sé samkeppnishæft við almennan vinnumarkað og geti ráðið til sín sérhæft starfsfólk. Fyrst og fremst á launakerfið að vera sýnilegt og ákveðnar reglur að gilda þar. Ég vil ekki taka afstöðu gegn þessu ákvæði hér. Það getur oft verið réttlætanlegt að ákveðinn hvati sé til staðar. Þetta er víða við lýði, t.d. í háskólum í Kanada og víðar, það er það dæmi sem ég man eftir. Menn verða að skoða mjög rækilega hvaða afleiðingar það hefur að hafa slíkt kerfi sem er einhvers konar hvati innan stofnunar. Það getur líka haft mjög neikvæð áhrif, ekki síst þegar tekinn er upp alls konar feluleikur í kringum það.

Ég var búin að nefna 12. gr. sérstaklega og þá vil ég líka nefna annað ákvæði sem ég tel vera mjög jákvætt og það er að binda það í lög að starfsmenn eigi rétt á sveigjanlegum vinnutíma. Það er mjög jákvætt ákvæði og löngu tímabært að taka upp. Ég minni á að þingkonur Kvennalistans hafa árum saman flutt tillögur um að sveigjanlegum vinnutíma yrði komið á, ekki síst hjá ríkinu. Ég tel að þetta sé mjög til bóta og muni koma m.a. foreldrum smábarna til góða.

Þá kem ég að skyldum ríkisstarfsmanna. Þar vil ég vekja athygli á því hvort ekki ætti að taka fyrir kynferðislega áreitni í kaflanum um skyldur ríkisstarfsmanna, þ.e. að það sé vikið að því hvernig hægt sé að taka á slíkum málum ef upp koma. Við kvennalistakonur höfum verið að velta því fyrir okkur hvar í lögum slík ákvæði ættu heima og einn sá lagabálkur sem hefur verið nefndur í því sambandi eru lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þau lög ná til allra ríkisstarfsmanna, jafnt svokallaðra embættismanna sem annarra. Hér er akkúrat tækifæri til að koma inn slíkri lagagrein.

Ég get ekki annað en minnst á 16. gr. þar sem vikið er að því að starfsmenn skuli koma stundvíslega til starfa hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum. Það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. fjmrh. hyggst fylgja þessu eftir eða hvort úrbætur eru fyrirhugaðar hvað varðar þetta atriði. Mín reynsla er að það er oft afar erfitt að ná í sérstaklega forstöðumenn stofnana eftir hlé. Það veitti ekki af að taka þar á.

Í 22. gr. kemur skilgreining á því hverjir eru embættismenn. Þar eru tíundaðir starfsmenn Alþingis og stofnana þess. Ég vek aftur athygli á því sem ég nefndi áðan að það er spurning hvort — reyndar teljast starfsmenn Alþingis líklega ríkisstarfsmenn í skilningi laganna. En ég vildi nú gjarnan skoða það nánar. Síðan kemur þetta mjög svo alvarlega atriði sem er dæmi um einhliða árásir hæstv. fjmrh. og manna hans og felast hér í 7. lið 22. gr., þar sem ákveðnir hópar sem nú hafa verkfalls- og samningsrétt eru sviptir þeim rétti. Þeir eru skilgreindir sem embættismenn og samkvæmt því sem verið er að leggja til í þessu frv., hafa þeir ekki verkfalls- og samningsrétt. Þetta er hlutur sem þarf að semja um. Ég minnist þess að þáverandi hæstv. fjmrh., Albert Guðmundsson, spurði hvar í veröldinni það tíðkaðist að lögreglan færi í mótmælagöngur eins og gerðist hér fyrir allnokkrum árum. En við vitum líka að lögreglumenn hafa verið afar óhressir með sín kjör. Ég veit ekki hvað um þá verður ef þeir eiga að fara hér undir kjaranefnd væntanlega. Það er mál sem þarf að taka á sérstaklega og semja við þá hópa um. Það er augljóst mál.

Hæstv. forseti. Hér eru ýmis önnur atriði sem vert er að vekja athygli á. Ég ætla að taka eitt atriði í viðbót sem mér finnst skipta mjög miklu máli. Það er 33. gr. þessa frv. þar sem reyndar er verið að fjalla um embættismenn og ég hygg að sú regla gildi um alla starfsmenn ríkisins. En það er þessi spurning hvort ríkið eigi að halda svo fast í það að fólk hætti störfum 70 ára gamalt. Þá er ég ekki að vísa til þess að fólk eigi að fá að vera lengur við störf heldur fyrst og fremst það hvort ekki er nauðsynlegt og öllum til bóta að tíminn geti verið sveigjanlegur og sveigjanlegri en hér er boðið upp á. Hér er nefnt í framhaldinu að sé maður 65 ára þegar hann er skipaður tímabundið þá á að miða það við að hann hætti þegar hann nær 70 ára aldri. Hér er viðmiðunin sú að embættismenn skuli hætta við 70 ára aldur. Ég held að ég fari rétt með það. Ég man ekki til þess að þetta sé nefnt áður þar sem verið er að fjalla um starfsmenn ríkisins

almennt, heldur er það almenn stefna ríkisins að menn hætti sjötugir. Ég get nefnt sem dæmi kennarastéttina og ýmsa þá sem vinna í heilbrigðisþjónustunni og víðar þar sem fólk er undir miklu álagi að það getur verið mjög rík ástæða til þess að fólk eigi þess kost að hætta fyrr. Þessar reglur gilda reyndar um einstaka stéttir eins og flugumferðarstjóra og eflaust fleiri. Ég held ég muni rétt að lögreglumenn hafi getað hætt fyrr, en hér finnst mér vera um mjög stórt atriði að ræða og spurning hvort það sé rétt af ríkisvaldinu að miða svona fast við þennan ákveðna aldur.

Ég vil þá aðeins víkja að því atriði hvernig verið er að færa valdið til stjórnenda stofnana. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að yfirmenn stofnana eru nánast eftirlitslausir nema hvað þeir heyra undir ákveðinn ráðherra. Mér finnst sú stefna sem skín út úr þessu frv. alls ekki í samræmi við þær hugmyndir sem nú eru efst á baugi um góða stjórnunarhætti og það sem kallað er gæðastjórnun. Þetta er mjög ólýðræðislegt eins og það birtist í frv. Það hefur þegar komið fram að þetta veldur óánægju meðal ríkisstarfsmanna. Ég held að við ættum að skoða þetta atriði mjög alvarlega. Hér er um nokkra breytingu að ræða og mér finnst hæstv. fjmrh. þurfa að skýra það betur fyrir okkur hvað liggur þarna að baki, eða hver réttur starfsmanna er. Við hér á Íslandi höfum ekki leitt í lög þær tilskipanir Evrópusambandsins sem snúa að rétti starfsfólks þegar uppsagnir eiga sér stað, en innan Evrópusambandsins eru miklu strangari reglur um að ekki sé hægt að segja fólki upp störfum án skýringar og að fólk hafi rétt, það geti fengið að vita ástæður og varið sig. Hér er reyndar gert ráð fyrir því í frv. að fólki sé veitt áminning en það er þó ekki alltaf skylt að veita áminningu. Ég er ekki að gera því skóna að menn fari að grípa til þess að segja fólki upp í stórum stíl en þarna á réttur starfsfólks að vera ríkur. Fólk á að njóta starfsöryggis og það eiga að vera gildar ástæður fyrir því að fólki sé sagt upp. Það er þessi valdahugsun og yfirstjórn sem gengur í gegnum frv. sem er ákaflega ógeðfelld.

Hæstv. forseti. Það væri hægt að nefna margt fleira í sambandi við þetta frv. En það sem skiptir mestu máli er, eins og ég nefndi áðan, að það þarf að þróa og bæta ríkisreksturinn. Auðvitað eigum við að stefna að því að fara eins vel með skattfé borgaranna og hugsanlegt er. Við eigum að skilgreina í hvaða rekstri ríkið á að vera, hverju það á að sinna og um það þarf að ríkja sátt. En fyrst og fremst þurfa menn að vinna með þeim hætti að vera ekki sífellt að setja samfélagið á annan endann með vinnubrögðum af því tagi sem ríkisstjórnin hefur iðkað. Þar kom greinilega í ljós að annaðhvort voru menn með hrein og klár bolabrögð eða þá að vinstri höndin vissi ekki hvað sú hægri gerði þegar menn voru annars vegar að semja frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda og með hinni hendinni að útbúa þetta frv. sem felur í sér miklar breytingar. Þetta varð til að hleypa mjög illu blóði í undirbúning flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna vegna þess að öllum hlaut að vera ljóst að þær breytingar sem yrðu gerðar á kjörum, réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna, jafnvel þótt við tökum bara þá sem verða nýráðnir, hlytu að hafa áhrif á sveitarfélögin. Þótt hæstv. menntmrh. hafi talið sig vera fyrst og fremst að flytja núgildandi ástand frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna hlýtur maður að skilja að væntanlegir starfsmenn sveitarfélaganna skyldu bregðast hart við. Auðvitað sáu þeir fram á að þessi réttindi yrðu skert þar líka. Það ríkir töluvert samræmi milli ríkis og sveitarfélaga þótt reyndar sé þar um ýmis konar mismunandi réttindi að að ræða.

Hæstv. forseti. Ég fæ tækifæri til þess í hv. efh.- og viðskn. að fara rækilega í gegnum þetta mál. Eins og ég hef nefnt, er ýmislegt jákvætt í þessu frv. en hér er líka um grundvallaratriði að ræða sem snerta samskipti ríkisins og starfsmanna þess á vinnumarkaðnum. Það er ljóst að ef meiri hlutinn á hinu háa Alþingi ætlar að keyra þetta frv. í gegn án breytinga, mun það kosta átök á vinnumarkaði. Ég held að óhætt sé að fullyrða það, ef marka má viðbrögð opinberra starfsmanna. Hér skiptir máli að vera réttlátur, virða réttindi og skyldur þeirra sem vinna hjá ríkinu og koma hér á eðlilegu samráði. Að sjálfsögðu á að hætta við þær breytingar sem boðaðar hafa verið á fæðingarorlofsmálum og lífeyrismálum eins og þau standa. Ég get tekið undir með hæstv. fjmrh. að það þarf að fara mjög rækilega í gegnum þau mál og ná þar samkomulagi. Síðast en ekki síst verður að hverfa frá þeim áformum að ætla að steypa allan vinnumarkaðinn hér í þetta endemis samráð sem gerir ekkert annað en að viðhalda óréttlátu launakerfi.

[17:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. ræðumanni fyrir málefnalega ræðu. Það stendur ekki til að keyra þetta frv. í gegnum þingið án breytinga. Þvert á móti hefur því verið lýst yfir að aðstandendur frv. eru tilbúnir til að breyta því.

Í öðru lagi vil ég að komi fram vegna ummæla ræðumanns að ég tel að ég hafi gert mér far um það í mínu starfi að sýna fram á hvað vel hefur verið gert í ríkisrekstrinum. Ég vísa því á bug að ég hafi talað um ríkisstarfsmenn með lítilsvirðingu. Og ég vil endurtaka það enn einu sinni að það er rangt að það hafi ekki verið efnt til samstarfs um þetta mál. Það sem gerðist var að þegar frumvarpsdrögin voru lögð fram í hendur fulltrúum opinberra starfsmanna var farið með þau út og barist gegn þeim þannig að við náðum því miður aldrei að ræða efnislega um þessi frv. Varðandi ummælin um kennarana, að það væri sérkennilegt að hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri gerði, var skýrt tekið fram um þá að það stæði til að gera þessar breytingar. Það sama gildir um Póst og síma. (Gripið fram í.)

(Forseti (GÁ)**:** Þögn í sal.)

Það var tekið með í frv. um réttindi og skyldur kennara og greinargerðina og kynnt þeim sem stóðu að frv. Líka kennurunum sem vissu nákvæmlega að hverju þeir gengju, þótt þeir lýstu ekki yfir stuðningi við þetta frv., enda var það þá aðeins til í drögum.

Ef menn lesa 12. gr. og ákvæði til bráðabirgða, 2. mgr. ef ég man rétt, kemur berlega í ljós að það er ekki verið að breyta neinum réttindum hvað varðar fæðingarorlof. Enda tel ég að það hefði ekki verið hægt. Það er kjarabundinn og samningsbundinn réttur. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram hér í andsvari.

[17:29]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að hann er tilbúinn til að skoða breytingar á þessu frv. ásamt meiri hlutanum hér á hinu háa Alþingi. Ég tel mjög mikilvægt að hann skuli lýsa því yfir. Ég nefndi það ekki að hann hefði talað af lítilsvirðingu um ríkisstarfsmenn, ég vísaði aðeins til þess hvernig hann talaði um ríkisreksturinn í heild.

Hvað varðar þessi frv., þá kemur þetta fram í athugasemdum. Það er nefnt hér hverjir sömdu þetta frv. og þar áttu ríkisstarfsmenn ekki fulltrúa. Hins vegar gerðist það um

leið og fulltrúar ríkisstarfsmanna fengu þessi frumvarpsdrög í hendur, að þá sáu þeir þar þvílík ósköp að þeir brugðust hinir verstu við og fiskisagan flaug eins og eldur í sínu um samfélagið og olli miklum titringi. Auðvitað hafa menn gripið til þess ráðs að reyna að stöðva þessa þróun.

Varðandi fæðingarorlofið, þá er það mergurinn málsins sem ég nefndi hérna áðan. Við erum ekki bara að tala um þá sem nú eru ríkisstafsmenn. Við erum að tala um það hvaða kjör ríkisstarfsmönnum framtíðarinnar verður boðið upp á. Hver verða þau? Ég get svo sem sætt mig við ýmislegt, en við stöndum það langt að baki öðrum þjóðum hvað varðar fæðingarorlof að það að hluti verðandi ríkisstarfsmanna fari á sömu kjör og hér gilda á almennum vinnumarkaði er algerlega óásættanlegt. Það á ekki að jafna niður á við, hæstv. fjmrh. Það þarf að bæta rétt allra þeirra sem eru á vinnumarkaði, bæði karla og kvenna, til þess að njóta fæðingarorlofs.

[17:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja það að ég hef heldur ekki talað um ríkisreksturinn neitt lítilsvirðandi. Það tel ég ekki. Ég hef þvert á móti gert mér far um að sýna fram á það hvers hann er megnugur með því t.d. að halda hugmyndastefnu þar sem við lögðum áherslu á að sýna það besta sem þar hefur verið gert í ríkisrekstrinum. Í fyrsta lagi vil ég að þetta komi fram.

Í öðru lagi varðandi kennarana, þá er það þannig að á bls. 9 í frv. á þskj. 570 er sagt skýrum stöfum og þetta kom í gegnum nefndina sem kennararnir áttu aðild að, að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu til endurskoðunar og ríkisstjórnin hyggist leggja fram frv. til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþinginu 1996. Það var aldrei farið í grafgötur með það og ekki farið á bak við einn eða neinn.

Síðan er það í sambandi við fæðingarorlofið, þá stendur skýrum stöfum á bls. 13 í frv., ákvæði til bráðabirgða, ég vek athygli á þessum orðum með leyfi forseta: „ ... uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið ...“ Það skýrir alveg það sem þarf að skýra.

Hv. þm. talaði síðan um auglýsingar á störfum í sinni ræðu. Þar er einungis verið að reyna að setja niður reglu sem er nær því sem hefur viðgengist á undanförnum árum því að það hefur því miður ekki verið farið eftir lögunum frá 1954. Það á að auglýsa öll störf en í sumum tilvikum kann að vera rétt að fara í gegnum ráðningarskrifstofu. Þessu er lýst í greinargerð með frv. þannig að það er ekkert verið að draga úr rétti manna til að sækja um störf.

Um kynferðislega áreitni vil ég segja að ég tel að það eigi fremur heima í almennum hegningarlögum og það eigi ekki að draga inn í þessi lög of mikið af refsiverðri háttsemi. Það fer betur á því að hafa það í almennum hegningarlögum.

Varðandi 7. tölul. 22. gr., þá vil ég segja það sem áður hefur komið fram, að það er alveg sjálfsagt að ræða breytingar á því varðandi lögreglumenn, tollverði og aðra slíka. Við héldum að það væri betra að hafa þá með meira starfsöryggi en þeir misstu þá samningsréttinn í staðinn. Ef það getur ekki orðið svo verður að breyta því.

[17:34]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Þetta verður sífellt ánægjulegra, hæstv. forseti, því hæstv. fjmrh. lýsir hér yfir hverri breytingunni á fætur annarri hvað varðar frv. þannig að það er ágætt að við fáum að bæta þetta töluvert. En hvað varðar kynferðislega áreitni finnst mér þar gæta misskilnings hjá hæstv. fjmrh. Hér er um það að ræða að taka á því hvernig með slík mál skuli fara innan ríkisstofnana. Í 14. gr. er vikið að skyldum starfsmanns, með leyfi forseta: „Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis ...“ Þarna mætti tengja þetta saman. En spurningin snýst um það hvernig á að taka á slíkum málum. Þetta er nýtt í íslenskri umræðu. Þetta er fyrirbæri sem er miklu algengara á vinnumarkaði en menn hafa gert sér grein fyrir. Í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum hefur verið farin sú leið að setja lagastoð hvað þetta varðar en einnig að setja reglur innan stofnana og fyrirtækja. Það er það sem við þurfum að gera hér á landi og hér má búa til ákveðna lagastoð fyrir því. Það er það sem ég var að vekja athygli á, hæstv. fjmrh. Og við getum skoðað það betur í hv. efh.- og viðskn.

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt þegar þetta frv. er tekið hér til umræðu að setja það í nokkurt samhengi við þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur almennt, þ.e. stjórnarstefnuna, að svo miklu leyti sem það er skilgreinanlegt fyrirbæri og liggur fyrir. Ég útbjó mig þar af leiðandi til umræðna m.a. með ritið sjálft, höfuðbókina sjálfa sem ég veit að forseti hefur undir koddanum og les kvölds og morgna, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Þar er þrennt einkum athyglisvert í sambandi við þetta frv. Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. getur hlustað með símann á eyranu. (**Fjmrh.:** Ég kann þetta.) Hæstv. fjmrh. telur sig kunna stjórnarsáttmálann og það er gott. Spurningin er hins vegar hvort það sem á bak við liggur og sú stefna sem þar er falin í fáeinum orðum á köflum er nægjanlega ljós fyrir öllum.

Í fyrsta lagi er sagt um mál sem þessu tengjast á bls. 2 í stjórnarsáttmálanum og þetta er ekki mjög mikið rit, að ríkisstjórnin hyggist, með leyfi forseta: „vinna að nýskipan í ríkisrekstri, t.d. með auknum útboðum, sameiningu stofnana, þjónustusamningum, breyttu launakerfi og aukin ábyrgð stjórnenda.“

Í öðru lagi er sagt um þessi mál á bls. 3, að ríkisstjórnin hyggist, með leyfi forseta: „leggja fram áætlun um verkefni á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Það á einnig við um fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis“ segir þar að vísu. Allt í einu er Alþingi komið inn í myndina þegar að sölunni kemur.

Í þriðja og síðasta lagi er á bls. 6 með svofelldum orðum fjallað um þessi mál, að ríkisstjórnin, með leyfi forseta, hyggist: „endurskoða vinnulöggjöfina með það að markmiði að stuðla að stöðugleika, ábyrgð samningsaðila og auknum áhrifum einstakra félagsmanna í stéttarfélögum.“ Ekki er beinlínis sagt utan stéttarfélaga en það er þó gefið í skyn.

Í hvaða samhengi eru þessir hlutir, herra forseti? Hvað liggur fyrir um stefnu hæstv. ríkisstjórnar eða þeirra sem ferðinni ráða að þessu leytinu til í hæstv. ríkisstjórn? Hvaða stjórnarstefna er þetta? Þetta er frjálshyggja. Það liggur alveg

ljóst fyrir að leiðarljós hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum er frjálshyggjustefna. Það er einkavæðing. Það er að breyta vinnulöggjöfinni. Það er að losa upp verkalýðshreyfinguna, veikja hana og draga úr samtakamætti launafólks. Allt fellur þetta saman í eina mynd. Þessar kenningar eru alveg þekktar. Það er alveg vitað hvert menn sækja hugmyndafræðina. Þetta er í grófum dráttum sama lína og fyrrv. ríkisstjórn framfylgdi nema hvað hún virðist þó heldur hafa orðið hægrisinnaðri ef eitthvað er við komu Framsfl. inn í samstarfið í staðinn fyrir krataflokkinn og eru það auðvitað mikil tíðindi og undur.

Það er líka vitað hvert hæstv. ríkisstjórn sækir sína ráðgjafa. Það hefur komið fram í umræðunni. Það þurfti að fara hinum megin á hnöttinn, nokkurn veginn eins langt og hægt er að fara. Þegar ég fór það á sínum tíma var 26 klukkustunda flug frá Íslandi til Nýja-Sjálands. Það dugði hvorki meira né minna ne að fara alveg hringinn í kringum hnöttinn og andsælis okkur hinum megin niður á hann til að ná í ráðgjafa, litla járnfrú sem þar fannst, Ruth Richardson, fyrrv. fjármálaráðherra. Þar fannst svona einhver miniútgáfa af járnfrúnni og hún var fengin hingað upp til þess að leggja á ráðin í þessum efnum. Þetta er thatcherísk frjálshyggjustefna sem við Íslendingar af einhverjum hörmulegum ástæðum sitjum uppi með tíu árum eftir að sú stefna gekk sér til húðar í fæðingarlandinu, Bretlandi. Menn hafa eins og stundum áður dagað uppi með svona hugmyndir og það er enn verið að keyra eftir þeim hér.

Þetta lýtur ekki bara, herra forseti, að innihaldi hugmyndanna sjálfra. Þetta snýr líka að vinnubrögðunum, aðferðunum sem notaðar eru. Þetta eru auðvitað hinar thatcherísku aðferðir og nú hafa menn ákveðið alveg greinilega að herða sig upp í það að hlíta hinum nýsjálensku ráðum eða fornfrægum vinnubrögðum frú Thatcher og keyra þetta yfir menn á fyrri hluta kjörtímabilsins hvað sem tautar og raular. Muna menn ekki átökin í Bretlandi t.d. sem ríkisstjórn Thatcher stóð í á fyrstu árum valdaferils síns, hið fræga og illvíga kolanámuverkfall o.s.frv. sem stóð í á annað ár? Að lokum tókst ríkisstjórninni þar að brjóta á bak aftur öflugasta sérsamband á vinnumarkaði í Bretlandi og eftir þvílíkar fórnir sem menn höfðu þar fært að um annað eins eru tæpast dæmi í sögunni. En það tókst að lokum og bresk verkalýðshreyfing hefur ekki borið sitt barr eftir glímuna við frú Thatcher og hennar fylgismenn á sínum tíma. Af þvílíku harðfylgi var þessari stefnu framfylgt.

Hver var hugsunin á bak við þetta, herra forseti, fyrir utan það að menn kannski af pólitískum ástæðum vildu hafa þetta svona? Hún var líka sú að það væri efnahagsleg nauðsyn að brjóta niður verkalýðshreyfinguna. Frjálshyggjumennirnir voru búnir að tala sig upp í þann hita að það væri efnahagslegt böl að hafa sterka verkalýðshreyfingu og það væri m.a. þar sem orsök fyrir atvinnuleysinu lægi. Hefur það komið á daginn að veikari staða verkalýðshreyfingarinnar í t.d. Vestur-Evrópu hafi skilað mönnum aukinni atvinnu í fyrirheitna landinu, Evrópusambandinu? Er það? Nei. Síðast þegar ég frétti þá vantaði kannski 200 þúsund manns upp á að atvinnulausir væru orðnir 20 millj. innan vébanda Evrópusambandsins. Það er nú árangurinn sem menn hafa náð með þetta leiðarljós, þetta siglingaljós uppi (Gripið fram í.) því að þessi frjálshyggja hefur meira og minna verið keyrð. (Gripið fram í.) Er nú hæstv. fjmrh. að verða eitthvað órólegur? Var ekki ætlunin að fara út í þessi mál í sambandi við þetta frv.? Það er nefnilega athyglisvert að þegar hæstv. fjmrh. kemur hér, þá er ekkert á ferðinni. Hann talar grátklökkur um að þetta sé allt svo saklaust og gott og biður menn að vera ekki að æsa sig og nota ekki stór orð, þetta séu svo sakleysislegar, tæknilegar lagfæringar fyrst og fremst vegna þess að lögin eru orðin 40 ára eða hvað það nú er, annað sé ekki á ferðinni. Þannig á að selja mönnum þetta, auðvitað. En hér er ekkert annað á ferðinni en það að stjórnarstefnan er að birtast alveg grímulaust í breytingum á grundvallarleikreglum á vinnumarkaði sem eru til þess ætlaðar að veikja stöðu samtaka launamanna í anda frjálshyggjunnar. Það er ekkert annað þarna á ferðinni.

Menn þurfa einfaldlega, herra forseti, að fara vandlega yfir frv. og bera það saman við gildandi lög og samskiptareglur eins og þær hafa verið til þess að sjá hvað þarna er á ferðinni og láta ekki blekkjast, láta hvorki útsenda áróðursbæklinga í fjórða árgangi fréttabréfs fjmrn. (**Fjmrh.:** Fyrsta tölublaði.) né annað efni — í fyrsta tölublaði — né annað efni blekkja sig. Allra síst fagurgala hæstv. ráðherra í ræðustóli þegar hann reynir að gera lítið úr öllu.

Vinnubrögðin, herra forseti, tala líka sínu máli um þetta. Menn vissu alveg nákvæmlega hvað þeir ætluðu að gera og þurftu ekki langan tíma til að koma því á blað. 12. desember er samtökum launamanna skrifað og sagt að það eigi að hefja störf á þessu sviði og endurskoða þessi grundvallaratriði í vinnulöggjöfinni. Í byrjun febrúar er hóað í menn og mönnum kynnt fullbúin frumvarpsdrög sem jafnframt er sagt að eigi að afgreiða og gera að lögum á þessu þingi. Menn megi koma með athugasemdir fram að helgi, en þetta verði lagt fram og þetta verði afgreitt. Svo kalla menn þetta samráð. Ja, sér er nú hvert samráðið. Þetta er rétt eins og þegar dauðadæmdum manni er boðið að velja á milli þess hvort hann reyki eða fái tebolla áður en aftakan fer fram.

Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur í anda þessarar aðferðafræði aldrei boðið upp á eiginlegar efnislegar viðræður um þetta mál. Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að mótmæla fullyrðingum af því tagi sem eru í upphafsorðum greinargerðar með frv. á bls. 14. Það er fráleitt í ljósi þess sem hér hefur komið fram og liggur m.a. fyrir í ályktunum fjölmargra samtaka og félaga opinberra starfsmanna að hægt sé að segja, eins og gert er á bls. 14 í greinargerð með frv., að í kjölfar þessa hafi átt sér stað viðræður við fyrirsvarsmenn samtakanna og höfð hafi verið hliðsjón af athugasemdum þeirra við endanlega gerð frv. Hvaða efnislegu viðræður voru það? Hvenær var boðið til þeirra? Ég get ekki fallist á þessa orðanotkun sem hér er á ferðinni. Miðað við það sem liggur fyrir í málinu, er það einfaldlega ekki rétt, herra forseti. Það er því óhjákvæmilegt að mótmæla þessum vinnubrögðum og ég spái því að hæstv. fjmrh. muni hefnast fyrir að ætla að reyna að svindla þessu í gegn og vinna að þessu með þessum hætti, telja mönnum trú um að þarna hafi eitthvert efnislegt samráð átt sér stað þegar svo er ekki og reyna að réttlæta þann aðdraganda þessa máls sem hér hefur verið rakinn. Málið er þannig til komið að það er búið út á fáeinum vikum og hefði einhvern tíma þótt ástæða til þess að vanda sig aðeins meira og taka sér meiri tíma í viðkvæm og vandasöm grundvallaratriði af þessu tagi sem varða fjölmennar stéttir úti í þjóðfélaginu, en svo er ekki. Og af hverju ekki? Af því að menn voru með það alveg á hreinu hvað þeir ætluðu að gera. Forskriftin lá fyrir, formúlan var klár í hvaða átt átti að breyta þessum hlutum að erlendri forskrift frjálshyggjumanna. Þess vegna þurftu menn ekki tíma.

Ef við förum aðeins yfir það, herra forseti, í hvaða greinum frv. þessar grundvallarbreytingar birtast helst, er eðlilegt

að staldra kannski fyrst við 9 gr. frv. Ég tek þær ekki endilega í tölusettri röð heldur út frá efnisþáttum. 9. gr. frv. hefur verið gerð rækilega að umtalsefni af mörgum á undan mér og ég get vísað til þess. Þar eru auðvitað klárlega á ferðinni breytingar á vinnureglum og aðferðum sem veikja samtök launamanna. Þær draga úr þeirri félagslegu hugsun sem er á bak við skipulagðan vinnumarkað og færa þetta nær geðþóttavaldi einstakra forustumanna, í þessu tilviki forstjóra. En fyrst og fremst snýr þetta að því að stilla launamanninum upp, einum og óstuddum og án þess styrks sem felst í samstöðunni, frammi fyrir vinnuveitanda sínum og láta hann einan um að ganga frá sínum málum. Það er verið að færa málin í þá átt. Menn geta klætt það í fallegan búning og sagt að það sé gott að auka ábyrgð og sjálfstæði forsvarsmanna, forstjóra eða hvað það nú heitir. En það er þá í besta falli bara önnur hliðin á málinu. Hin snýr að stöðu þessa eina launamanns sem þá er kominn inn á teppið. Hafi hann verið með kjaft eða eitthvað sé út á hans störf að setja, hann er jafnvel ekki einu sinni fjarskyldur ættingi forstjórans, það finnst hvergi í íslenskum ættartölum að hann sé skyldur honum, er kannski komin upp sú staða sem verst gerist í þessum efnum. Viðkomandi starfsmaður hefur ekki á bak við sig nein samtök og engan varnarstuðning af sameiginlegum áherslum félaga sinna.

Ég vil líka í sambandi við þetta geðþóttaákvæði 2. mgr. 9. gr. koma inn á þátt sem lítillega hefur verið gerður að umtalsefni og það er launamisréttið, hið kynbundna launamisrétti. Sú hugsun sem kemur hér fram og víðar í frv. að opna fyrir nánast einstaklinsbundna samninga við starfsmenn og heimila forustumönnum að gera betur við þá sem þeim sýnist innan hóps jafnsettra starfsmanna, taka t.d. einn af sex deildarstjórum í opinberri stofnun og segja: Hann er bestur, hann Jón. Þótt hann sé að vísu deildarstjóri eins og allir hinir og með jafnlanga reynslu, er hann í fyrsta lagi skyldur mér og í öðru lagi kýs hann sama flokk og ég og í þriðja lagi er þetta afbragðsmaður. Ég hef því ákveðið að hækka hann sérstaklega í launum. Þar með er það ekki lengur mál að verið sé að mismuna jafnsettum mönnum innan stofnunarinnar því forstjórinn er kominn með geðþóttavald til að gera það ef honum sýnist svo. Og hafi hann einhver vandræði af því, getur hann réttlætt það með því að um sérstaka hæfni viðkomandi starfsmanns sé að ræða. Það þarf ekki annað til en að mat viðkomandi yfirmanns sé það að einhver einn maður, Jón Jónsson, sé sérstaklega hæfur. Þar með getur hann hækkað hann í launum umfram aðra.

Aftur að jafnréttisspurningunni og kynbundnu launamisrétti. Datt engum í hug að þetta mál mundi snúast upp í andhverfu sína og verða hættulegra en nokkuð það sem hingað til hefur gerst í sambandi við að veikja stöðu kvenna vegna þess hverjar vinnuaðstæður þeirra eru iðulega? Ég minni á niðurstöður skýrslu Jafnréttisráðs um kynbundinn launamun frá sl. vori. Hver varð meginniðurstaða þeirrar skýrslu? Hún var sú að hinn kynbundni launamunur kemur fyrst og fremst til sögunnar í gegnum óumsamdar uppbætur á laun. Er þá lausnin sú að auka svigrúm forustumanna stofnunar til að gera meira af því tagi, ganga lengra út á braut persónulegra óumsaminna uppbóta af þessu tagi? Hæstv. fjmrh. las að vísu þessa skýrslu með þeim sérkennilega hætti á sl. vori, einn manna hygg ég, að hann taldi lausnina felast í því að ganga í meiri frjálshyggjuátt á vinnumarkaði. Þannig ætti að ráðast á hið kynbundna launamisrétti. Flestir aðrir lásu hið gagnstæða út úr skýrslunni. þ.e. að vandinn læ' i einmitt þar og það sem helst verði konurnar væru föst umsamin laun. Og staðan væri skárst í þeim stéttum eða hjá þeim fyrirtækjum þar sem ekki væri um umtalsverðar óumsamdar greiðslur að ræða. En eins og ónefndur höfðingi er sagður lesa Biblíuna, þá tók hæstv. fjmrh. að lesa skýrslu Jafnréttisráðs þannig að hún væri röksemdafærsla fyrir frekari frjálshyggju í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hvaða höfðingi er það?) Hann er ekki nefndur í þessum ræðustóli, það er bara vísað til hans óbeint. Dannaðir menn gera það ekki.

Ég segi alveg hiklaust að þetta atriði frv. er stórhættulegt. Ég skil ekki að þeir sem á annað borð hafa farið yfir þennan þátt málsins skuli ekki taka þetta upp og gera það að þungavigt málflutnings síns. Þessi breyting á samskiptum vinnuveitandans, í þessu tilviki ríkisins, og opinberra starfsmanna væri stórhættuleg frá sjónarhóli þeirra sem vilja berjast fyrir og beita sér fyrir einhverju launajafnrétti og afnema kynbundinn launamun. Leiðin að því marki liggur í gegnum það að semja um hlutina í heildstæðum samningum þannig að það sé hægt að láta ákvæði, m.a. jafnréttislaganna sem banna kynbundinn launamun, verða virk í gegnum kjarasamninga sem halda, en ekki í hinu að opna allar gáttir fyrir geðþóttasporslum og uppbótum af ýmsu tagi. Þær munu lenda hjá körlunum, það sýnir reynslan, og konurnar sitja eftir. Það er alveg á hreinu.

Í öðru lagi, herra forseti, um þátt þessu náskyldan, þ.e. ákvæði í 47. gr. um heimild manna til að standa utan stéttarfélaga og hvernig með þá hluti skuli farið. Þar eru sömuleiðis á ferðinni ákvæði sem varða veginn út á þá frjálshyggjubraut að leysa upp verkalýðsfélögin og opna farveg fyrir það að menn fari út úr stéttarfélögum. Þar er á ferðinni ákvæði sem er einmitt hættulegt vegna þess að það er síðan að nokkru leyti sett á vald viðkomandi yfirmanns eða fjmrh. að ákvarða kjör þeirra starfsmanna sérstaklega sem þannig kjósa að starfa. Og hvað gæti gerst ef viðkomandi forustumaður og fjmrh. væru báðir miklir frjálshyggjumenn eins og því miður hefur af og til hent? Og þeir væru alveg sérstaklega kappsfullir um að ýta undir það að sem allra flestir færu út úr verkalýðsfélögunum? Gæti þá ekki hugsast að sú hætta lægi í málinu að þeir mundu freistast til að gera betur við þá starfsmenn sem kysu að vera utan verkalýðsfélaga til að sýna mönnum að þannig kæmu þeir ár sinni best fyrir borð? Og það leiddi aftur til þess að flóttinn út úr félögunum mundi aukast o.s.frv. Ég held að hér sé að ýmsu að hyggja. Hér geta legið margir ljótir fiskar undir steini, herra forseti, sem ástæða er til að skoða mjög vandlega.

Í þriðja lagi, herra forseti, er eitt af grundvallaratriðunum sem þarna er á ferðinni og verið er að breyta ákvæði 22. gr. um fjallskil á opinberum starfsmönnum. Nú á að draga þá í dilka samkvæmt því hvort þeir eru embættismenn eða ekki. Margt er nú kúnstugt í þessu, herra forseti, og að sumu leyti finnst mér hér vera á ferðinni afturhvarf til einhvers konar embættismannahugsunar sem ég hélt að tilheyrði 19. öldinni. Jafnvel þess anda sem var hjá Lærdómslistarfélaginu og öðrum slíkum klúbbum, svo maður minnist ekki á 7. gr. Ég kem að henni síðar. En þessi embættismannahugsun sem hér er, þ.e. að það sé einhver sérstakur útvalinn hópur sem skuli vera embættismenn og njóta annarrar meðferðar en aðrir starfsmenn hins opinbera eða ríkisins, kemur mér spánskt fyrir sjónir. Hvaða óskaplegi munur er á þeim sem taldir eru upp í 22. gr. og svo þeim sem gegna almennt ábyrgðarmiklum eða vandasömum störfum hjá hinu opinbera, hjá ríkinu yfirleitt? Eru þeir ekki í sjálfu sér allir embættismenn? Eða eru þeir kannski á hinn bóginn ekki embættismenn heldur bara starf-

andi menn sem hafa tiltekinn vinnuveitanda? Hvað er verið að fara hér? Hvaða djúpstæða speki liggur á bak við það að flokka menn upp með þessum hætti í tvær meginfylkingar, embættismenn og ekki embættismenn? Ég lýsi eftir því að það verði lýst inn í þetta 19. aldar fyrirbæri sem hér er á ferðinni, herra forseti.

Hér eru að sönnu á ferðinni stóralvarleg ákvæði þar sem samningsréttur og verkfallsréttur er tekinn af fjölmennum stéttum sem slíkan rétt hafa haft, eins og t.d. lögreglumönnum, tollvörðum, fangavörðum, starfsmönnum Almannavarna o.s.frv. Það merkilegasta er þó að fjmrh., þ.e. viðsemjandinn, skal skera úr um það hvaða starfsmenn falli undir t.d. 8. og 10. tölul. greinarinnar. Hverjir eru það? Það eru forstöðumenn stofnana og fyrirtækja ríkisins. Þá kemur aftur að því að menn eru settir í þá stöðu að eiga allt sitt undir geðþóttavaldi ráðherrans, þar á meðal það hvort þeir komast í hinn guðsútvalda hóp og fá að verða embættismenn eða ekki. Það verður þá væntanlega þannig að forsvarsmenn eða forstöðumenn svokallaðra minni háttar stofnana fá ekki að falla undir 22. gr. en hinir fá það.

Það er mjög sérkennilegt, herra forseti, hvernig þessi uppsetning málsins er öll hugsuð. Ég held að hæstv. fjmrh. verði að gera betur grein fyrir því hvaða röksemdafærsla liggur að baki þessari hugsun. Svo legg ég til að það verði hætt að gefa símann endalaust inn í hliðarherbergi þannig að fjmrh., þó glöggur sé, noti höfuðið til þess að fylgjast með umræðunni. (**Fjmrh.:** Ég heyri.) Ég er ekki viss um að hæstv. fjmrh. sé svo vel úr garði gerður að hann geti með fullri athygli gert marga hluti í einu, þótt vonandi geti hann það sem ónefndur forseti Bandaríkjanna var sagður ekki geta, þ.e. að tyggja tyggigúmmí og ganga samtímis. Mér finnst það virðingarleysi við umræðu af þessu tagi að menn skuli ekki geta haldið sig í salnum og hlustað. Auðvitað ættu þeir að vera hér, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Það var beðið um það, herra forseti, að þeir væru hér við umræðuna. Hér er á ferðinni stórpólitískt mál sem varðar alla ríkisstjórnina.

(**Forseti** (GÁ)**:** Sá forseti sem nú stjórnar fundi lét þau boð út ganga fyrr í dag.)

Ég er hæstv. forseta þakklátur fyrir það og þess vegna fyndist mér sanngjarnt að þeir sæjust í salnum, þessir höfðingjar.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er í húsinu.)

Það er líka þannig, herra forseti, að hæstv. forsrh. hefur stundum gripið í taumana og tekið völdin af hæstv. fjmrh., bæði í stóru og smáu. Frægast var nú þegar hæstv. forsrh. sagði að svona gerði maður ekki og drap þar með hugmyndir hæstv. fjmrh. um að skattleggja blaðburðarbörn. En það gerðust líka tíðindi í þessum málum þegar hæstv. forsrh. notaði sér utanför hæstv. fjmrh. og setti niður mál sem þessu er nátengt. Hann kvað upp úr um það að ekki yrði farið fram með frv. um breytingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna nema í samráði og samkomulagi við þá.

Herra forseti. Í fjórða lagi af efnisþáttunum ætlaði ég að nefna 40. gr. Hún er líka dálítið merkileg frá ýmsum sjónarhornum séð og það ekki bara varðandi samhengið við önnur ákvæði þessa frv. Hún er eiginlega merkileg út frá réttarhugsun í landinu og spurningunni um virðingu fyrir mannréttindum og réttindum borgaranna. Hvað stendur í 40. gr.? Ég veit að stjórnarþingmenn eru almennt upp til hópa stórkostlega stoltir af að bera svona mál hér fram. Það stendur, herra forseti:

„Embættismönnum er óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum."

Þetta er án frekari skilgreiningar. Hvers konar höft og kvaðir er verið að setja á menn? Hvers konar réttindaskerðing er hér á ferðinni? Vita menn ekki að til þess þarf mjög brýn rök? Ríkir almannahagsmunir þurfa að liggja að baki öllum takmörkunum á mannréttindum hér á landi. Er þetta virkilega hugsað þannig að ekki skuli embættismenn bara vera án verkfallsréttar og samningsréttar — ég vek aftur athygli á því að það er hæstv. fjmrh. sem getur í vissum tilvikum úrskurðað um að menn lendi undir þennan flokk og þar með svipt menn þessum réttindum — heldur skulu þeir ekkert það mega gera sem að mati væntanlega hæstv. fjmrh. gæti flokkast undir að stuðla að, taka þátt í eða efna til verkfalla eða annarra sambærilegra aðgerða. Hvaða eru sambærilegar aðgerðir við verkföll? Það eru væntanlega allar aðgerðir sem verkafólk grípur til til þess að reyna að bæta kjör sín. Það er varla til önnur niðurstaða en sú að þetta sé allsherjarbann á það að þessi hópur í landinu megi með nokkrum hætti æmta eða skræmta, láta hugsun í ljós, skrifa blaðagrein eða tala við kunningja sína um það að hann hafi skítt og vildi sjá kjör sín batna. (**PHB:** Var þetta ekki háaðall rétt áðan?) Þessir embættismenn? (**PHB:** Já.) Skiptir það einhverju máli gagnvart mannréttindum? (**PHB:** Já.) Er hv. þm. að halda því fram að menn eigi að vera misjafnir gagnvart mannréttindum? Er það hugsun hv. þm. að þar með sé þessi hópur réttdræpur? Ég bið nú hv. þm. að hugsa sig um áður en hann kallar aftur svona fram í.

Herra forseti. Þarna er margt mjög sérkennilegt á ferðinni og ég velti því fyrir mér hvort þessar fluggáfuðu hetjur sem hafa höfundarrétt að þessu frv. hefðu kannski átt að hugsa sig um aðeins lengur en frá 12. desember til janúarloka með þeim frátöfum sem átið á jólasteikinni og annað slíkt hefur haft um áramótin og jólin. Hefði það kannski verið hyggilegt að menn hefðu lagst aðeins betur yfir þetta mál áður en þeir til að mynda í ofstæki sínu lenda út á svona brautir.

Það er allt í lagi að hafa það á hreinu og draga skýr mörk um það hverjir hafa verkfallsrétt í þeim skilningi að þeir geti lagt niður vinnu og truflað þá starfsemi sem þeir standa fyrir eða bera ábyrgð á þannig. En að taka af mönnum öll mannréttindi í sambandi við það að láta hugsun sína í ljós eða eiga óbeint aðild að einhverjum slíkum hlutum. Ef embættismaður sem hér fellur undir sendir t.d. baráttuskeyti inn á fund eða inn á verkfallsvakt er hann þá orðinn brotlegur við lög? Já, væntanlega. Hann væri með vissum hætti að taka þátt í eða stuðla að eða efna til verkfalls eða sambærilegrar aðgerðar. Hvar ætla menn eiginlega að draga mörkin? Hvar hafa menn hugsað sér að láta staðar numið? Þarf ekki að taka inn refsiákvæði? Eigum við ekki að semja sérstakt refsiákvæði í samhengi við 40. gr.? Nú leyfir embættismaður sér að láta í ljós að það sé réttlætanlegt að opinberir starfsmenn fari í verkfall til að reyna að bæta kjör sín og skal hann þá sæta varðhaldi í allt að hálft ár. Eða lengur, hafi hann orðið áður uppvís að sambærilegum glæp. (**SvG:** Og missa þá biðlaun.) Missa þá biðlaun og ekki hljóta frekari starfsframa hjá hinu opinbera. Hvar ætla menn að enda? Ég held, herra forseti, að margt af þessu tagi sé mjög vanhugsað í frv. og það þurfi að fara mikið betur yfir það en gert hefur verið hingað til hvað á yfirleitt erindi inn í mál af þessu tagi. Á hinn bóginn þarf að skilgreina óljósar heimildir sem hér eru á köflum á ferðinni áður en þær verða lögfestar, t.d. þarf að afmarka úrskurðarvald fjmrh. þannig að í laga-

textanum sé einhver leiðsögn fyrir því hverja fjmrh. getur samkvæmt eigin geðþótta úrskurðað ýmist embættismenn eða ekki embættismenn o.s.frv. Er ekki verið að framselja þarna ansi mikið vald? Þykir það góð latína? Hvað segir hv. frammíkallandi Pétur H. Blöndal?

Um 7. gr., herra forseti, langaði mig til að fara fáeinum orðum. Reyndar hefur hún líka verið tekin fyrir af fyrri ræðumönnum og ég get vísað til þess. Það er þessi dásamlega grein sem kveður á um auglýsingu starfa og laus embætti. Þar er á ferðinni satt best að segja alveg ótrúlegur texti. Ég get ekki annað en tekið undir að það lýsi fornaldarlegum hugsunarhætti og mannfyrirlitningu, nítjándu aldar hugsunarhætti, gagnvart launamönnum að setja yfirleitt í lagatexta eða orða á blaði hluti eins og þar er gert. Mér finnst það alveg makalaust. Fyrirlitningin á þeim sem vinna hin óæðri störf á vegum ríkisins er svo botnlaus og andar svo út úr öllum þessum texta að það tekur engu tali. Hér er talað um minni háttar skrifstofustörf, ræstingarstörf og sendilsstörf. Þvílíkt og annað eins! Það er rétt svo að mennirnir hafi haft sig í að setja þetta á prent. Þau störf þarf nú ekki að auglýsa. Maður bíður bara eftir því að það verði aftur farið að gefa út svona lærdómskver fyrir heldri manna börn eins og til eru á söfnum og einhverjir hafa kannski séð. (**KÁ:** Og heldri manna húsmæður.) Já, sérstakar matreiðslubækur fyrir þær o.s.frv. Það er samkvæmt orðanna hljóðan sú nítjándu aldar skipan sem hér á að koma á, ef ekki átjándu. (**KÁ:** Eftir átján hundruð.) Já, reyndar var þetta að hluta til strax á átjándu öldinni, það er rétt hjá hv. þm. og sagnfræðingi. Sumt af því dóti var nú orðað þannig þá.

Herra forseti. Það er satt best að segja mjög dapurlegt að þetta mál skuli bera að með þessum hætti. Hér hefur í máli margra komið fram það sjónarmið, og ræðumaðurinn er alveg tilbúinn til að bætast í þann hóp, að það geti verið full efnisleg rök fyrir því að taka til skoðunar og breyta vissum þáttum í þessari löggjöf. Um það snýst ekki deilan. Ég hygg að þetta mál hefði ekki vakið nein stórkostleg viðbrögð í þjóðfélaginu ef það hefði verið það sem það segist vera og þykist vera og hæstv. fjmrh. er að reyna að telja mönnum trú um að það sé, þ.e. að í þessu máli vaki ekkert annað fyrir en það að gera minni háttar tæknilegar lagfæringar á úreltum atriðum eins og einhverjum biðlaunarétti og æviráðningu. Þannig reynir hæstv. ráðherra að selja mönnum þetta. Þetta eru fyrst og fremst svona minni háttar lagfæringar sem allir eiga að vera sammála um og eru að mestu leyti þegar orðnar til í praxís. En það bara er ekki svo. Stóra pólitíkin í þessu máli liggur allt annars staðar. Hún er grundvallarbreytingin í anda frjálshyggjunnar sem hér er verið að reyna að læða inn án þess að menn séu menn til að standa fyrir því og reyna að rökstyðja það. Og hæstv. fjmrh. væri maður að meiri ef hann gengist við málinu. Ef hann kæmi hér og segði: Ég er frjálshyggjumaður enda var ég í stuttbuxnadeildinni og Eimreiðarhópnum. Og nú er ég loksins að koma hér með þingmálið sem mig hefur alltaf dreymt um — báknið burt. (**Fjmrh.:** Ég var ekki í Eimreiðarhópnum.) Ég bið hæstv. fjmrh. afsökunar. Ég hef haft hæstv. fjmrh. stórlega fyrir rangri sök, hann var ekki í Eimreiðarhópnum. En hann mun þó oft hafa verið talinn til stuttbuxnahópsins í Sjálfstfl., frjálshyggjudeildarinnar, og honum hafa verið eignaðar hugrenningar af þessu tagi. Ég segi það aftur, herra forseti, það væri hægt að bera virðingu fyrir hæstv. fjmrh. ef hann kæmi til dyranna eins og hann er klæddur, gengist við málinu og reyndi að verja það með rökum í stað þess að smygla því svona í gegn. Þá væru menn tilbúnir að skoða það með jákvæðum hætti og af velvilja að gera lagfæringar og breytingar á þessari löggjöf í góðu samstarfi við samtök opinberra starfsmanna og vinnumarkaðinn almennt, ef boðið væri upp á slíkt. En svo er bara því miður ekki. Aðdragandi málsins er eins og þegar hefur verið lýst. Síðan reyna menn að dulbúa málið og smygla því í gegn á fölskum forsendum og það er löðurmannlegt.

Að lokum, herra forseti, langar mig aðeins til að gera að umtalsefni þessa klisju sem mikið hefur gengið hér og verið rifist um hvort verið sé að skerða umsamin réttindi eða ekki. Niðurstaðan virðist sú að ekki sé hægt að mæla á móti því að hér sé með vissum hætti um kjarabundin réttindi manna að ræða í þessu frv. En ég leyfi mér að segja að í mínum huga skiptir það ekki öllu máli. Það er klisja og kjaftæði að halda að það sé hægt að einangra annars vegar þá þætti sem samið hefur verið um á hverjum tíma og hins vegar það umhverfi sem samið er í, þar með talið lagalegt. Það er rugl. Auðvitað taka kjarasamningar alltaf mið af því lagalega og starfslega umhverfi sem samið er í. Annað er ekki hægt. Þetta samhengi er þannig að það þýðir ekkert að vera að tala um hvað stóð nákvæmlega í kjarasamningi eða hvað var í lögum á hverjum tíma. Menn semja með hliðsjón af öllum almennum aðstæðum, réttindum, skyldum og starfsumhverfi, þess vegna alveg óskyldum þáttum eins og menn auðvitað vita. Hversu oft hafa kjarasamningar ekki verið innsiglaðir með því að gerðar hafa verið breytingar á fjárlögum eða alls óskyldum þáttum og þeir hafa verið metnir inn í kjarasamningana með ýmsum hætti. Halda menn t.d. að það mundi ekki hafa áhrif á kjarasamninga, svo dæmi séu tekin nógu fráleit og skýr til að menn skilji það, ef það hefði staðið í lögum og stæði í lögum að fjórða hvert ár skyldu opinberir starfsmenn fá að vera á fullum launum við að endurmennta sig? Halda menn að það mundi ekki hafa áhrif á kjarasamningana fyrir hin þrjú árin eða hvað? Eða ef það stæði á hinn bóginn í lögum að opinberir starfsmenn skyldu vinna kauplaust í nóvember og desember á hverju ári. Dettur mönnum í hug að við næstu kjarasamninga mundu opinberir starfsmenn ekki muna eftir því máli og reyna að láta það hafa einhver áhrif á kjör sín, þótt það væri ekki inni í kjarasamningi heldur hluti af lagalegri umgjörð og umhverfi starfsmanna? Auðvitað er þetta svona. Þetta er svo mikið endemis bull að það tekur engu tali. Það þýðir ekkert að vera í þessu pexi. Það er alveg út í loftið að vera að rífast um það hvort með lagatextanum núna sé nákvæmlega verið að skerða eitthvað sem hafi verið kjaralegt í þeim skilningi að það hafi verið beinlínis um það samið. Eða hvort það séu einhverjir þættir sem hafa verið á sviði lögvarinna réttinda eða af einhverjum öðrum toga í starfsumhverfi opinberra starfsmanna sem hafa haft áhrif á þeirra kjör. Auðvitað er það þannig, herra forseti, að það er algjörlega viðurkennt og hefur verið í háa herrans tíð að ýmis lögbundin réttindi manna hafa haft áhrif á kjör þeirra. Eða er ekki búið að reyna að sætta opinbera starfsmenn ýmsa, t.d. kennara, við það árum og áratugum saman að þeirra kjör hafa verið lakari en kjör sambærilegra hópa úti á almenna vinnumarkaðnum vegna þess að þeir væru að mynda betri lífeyrisréttindi, byggju við atvinnuöryggi o.s.frv.? Hanga þessi hlutir þá ekki saman? Jú, auðvitað. Hættum þessu, það hefur ekkert upp á sig að eyða tíma í að ræða þennan þátt málsins.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að ég held að það eigi að taka þetta mál hér upp og til umræðu á þeim pólitísku for-

sendum sem því ber. Við skulum ekki týna okkur í einhverju þrasi um minni háttar mál sem ekki skipta öllu máli, efnisleg eða tæknileg. Það eru þær grundvallarbreytingar sem hér er verið að reyna að læða í gegn sem eru átakaflöturinn í þessu máli og um það skulum við ræða. Ég trúi því ekki enn, herra forseti, að það sé þannig komið að vinnubrögð af þessu tagi nýtist mönnum til þess að þræla í gegn lagasetningu á fáeinum vikum á Alþingi Íslendinga. Ég trúi því ekki að við eigum eftir að eyða þessum fallegu vordögum sem hér eru eftir í það að að sett verði löggjöf með þessum hætti, undir þessum formerkjum og með þessum aðdraganda. Þannig að ég treysti því gjörsamlega að þetta mál fari ekki lengra en hugsanlega að 1. umr. klárist og málið fari til nefndar og þar sofi það svefni, því miður ekki réttlátra, það sem eftir er í vor. Þá hefur hæstv. ríkisstjórn tíma til að hugsa sinn gang, taka málin upp og bjóða samtökum launamanna aftur til viðræðna á jafnræðisgrundvelli um þessi mál og hæstv. ríkisstjórn mun ekki geta notað tímann til annars þarfara í vor og sumar og fram á næsta haust.

[18:15]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó það sé að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. að við eigum að beina sjónum að stóru málunum í frv. þá eru þau nú býsna mörg og ýmis atriði hér sem snerta réttindi og skyldur starfsmanna sem virðast kannski smá í fyrstu en skipta miklu máli þegar betur er skoðað. Ég ætlaði fyrst og fremst að víkja að því sem hv. þm. nefndi í sambandi við 9. gr., þ.e. rétt forstöðumanna til að ákveða greiðslur til einstakra starfsmanna. Hann nefndi að þetta tengdist launamisrétti kynjanna og það ætti að beita sér gegn þessu af öllu afli. En þá er þess að geta að hér segir neðar í greininni, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun."

Í þessu er auðvitað mikil stoð og spurningin sem vaknar er þessi: Á að banna það yfir höfuð? Á sem sagt ekki að vera leyfilegt að vera með einhverja slíka umbun? Það er auðvitað grundvallarspurning. Þetta er atriði sem ég vil fá að skoða nánar vegna þess að að mínum dómi er betra að hafa þetta fast og ákveðið eins og hér er kveðið á um en það kerfi sem við höfum búið við nú um margra ára skeið þar sem einhverjum svona sporslum er úthlutað til hinna og þessara eftir því sem jafnvel ráðherra einum þóknast. Hér er þó verið að reyna að setja ákveðið form á hlutina. En auðvitað er það hárrétt að fyrst og fremst þarf að semja um uppstokkun á launakerfi ríkisins sem tekur mið af því launamisrétti sem þar ríkir milli kynjanna. Þar þarf að beita nýju starfsmati og hækka lægstu laun og grípa reyndar til fleiri aðgerða til þess að auka möguleika kvenna á starfsframa o.s.frv. En ég held að þessi grein í sjálfu sér breyti ekki miklu þar um þegar hún er tengd við það sem síðar segir í greininni að um þetta gildi reglur. Það sem skiptir máli er að launakerfið sé gagnsætt og það komi einfaldlega fram hverjir njóta þessara réttinda.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sömu skoðunar og hv. þm. að í t.d. 3. mgr. 9. gr. sé eitthvert hald í þessum efnum. Af þeirri ósköp einföldu ástæðu að þessi grein gengur miklu skemmra en t.d. afdráttarlaus ákvæði í jafnréttislögum. Ef ég man rétt 4. gr. jafnréttislaga þá er alveg skýlaust og afdráttarlaust bannað að mismuna í launum og tækifærum þannig að í raun mætti segja að þessi grein sé veiking á því t.d. ef þarna hefði staðið tilvísun í 4. gr. jafnréttislaga. Það hefði að mínu mati verið sterkari frágangur á málinu en þessi. Auðvitað munu menn aldrei viðurkenna það, hvorki hafa það í reglum né viðurkenna að þarna sé verið að búa út farveg til að mismuna kynjunum. Það liggur í hlutarins eðli. Það er hins vegar eðli málsins og í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um það hvernig launamununrinn verður til, hvar hann verður til og í hverju hann felst sem ég tel ástæðu til að óttast alveg sérstaklega. Að auka enn svigrúm af þessu tagi fyrir óumsamdar greiðslur. Hv. þm. nefndi, sem ég er alveg sammála, að aðalatriðið væri það að um þessa hluti væri samið og þeir samningar væru gagnsæir. Hvar stendur það í 9. gr.? Það sendur ekkert um að það skuli vera aðgengilegar upplýsingar um það hverjum er bætt upp með launasporslum. Það er aldeilis ekki. Það er m.a. af þeim ástæðum sem ég óttast þetta ákvæði að það er ekki sett í neitt skýrt samhengi við það hvernig með skuli farið. Það er ekki félagsleg hugsun eða félagsleg nálgun á bak við það. Ef þetta væri þannig að heimildirnar tækju til þess að það væri heimilt að bæta jafnsettum mönnum kjör ofan á samninga, þeir hlutir væru aðgengilegir, lægju fyrir og það væri alveg ljóst að menn væru sérstaklega á verði gagnvart því að í gegnum þetta kynni kynbundinn launamunur að aukast, þá væri kannski hægt að líta á þetta. En ég efast meira að segja um að það sé yfir höfuð endilega bót í því að hafa 3. mgr. eins og hún er. Í besta falli er hún það sem Þórbergur heitinn hefði kallað „selvfølgelighed", þ.e. það segir sig sjálft að menn setja auðvitað ekki reglur sem heimila að mismuna kynjunum, væntanlega. En í versta falli þá gæti hún ef eitthvað er verið með veikara orðalagi, heldur til hins verra borið saman við það að vísað væri í jafnréttislög.

[18:21]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jafnréttislögin gilda að sjálfsögðu. (**SJS:** Að sjálfsögðu.) Samkvæmt þeim er óheimilt að mismuna fólki í launum. Ég tel að eins og þetta blasir við í 9. gr. þá sé einmitt verið að reyna — Það á að setja reglur sem tryggja að konur og karlar hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Ég er til í það með þingmanninum að skoða þetta mjög rækilega. Það á auðvitað að bæta því við að þetta á allt að vera sýnilegt og gagnsætt sem þarna er samið um. Höfundar frv. telja sig vera að bæta hér úr vegna þess að það segir í athugasemd um 9. gr., með leyfi forseta:

„Ákvarðanir um launauppbætur af þessu tagi hafa hins vegar verið ósamræmdar og tilviljanakenndar og því m.a. haldið fram að konur hafi ekki haft sömu möguleika til að fá uppbætur á laun og karlar. Af þessum sökum er í 3. mgr. lagt til að ákvarðanir um slík viðbótarlaun skuli fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem m.a. skuli kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá slík viðbótarlaun."

Miðað við það ástand sem nú ríkir er þetta þó til bóta. Það er vissulega rétt sem fram kom í máli hv. þm. að launamunur kynjanna hefur, m.a. hjá ríkinu, byggst á þessum svokölluðu aukagreiðslum. Þrátt fyrir það er líka til staðar ákveðinn munur sem er ekki hægt að skýra með neinu öðru en kynferði, engu öðru. Við skulum skoða þetta mál nánar. En aðalatriðið finnst mér vera að launakerfi ríkisins sé skýrt og skiljanlegt og að það sé réttlátt.

[18:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. séum í raun og veru ekki mjög ósammála þegar betur er að gáð í þessu sambandi. Mér finnst það liggja í augum uppi og í hlutarins eðli að auðvitað dytti mönnum ekki í hug að hafa reglur um þessa hluti sem opinberlega viðurkenndu að aðstöðumunur kynjanna væri fyrir hendi gagnvart því að fá hluti af þessu tagi á vinnustað. Það gengi ekki. Það mundi líka brjóta jafnréttislög o.s.frv. Vandinn er hins vegar sá að hættan liggur í því að aðstaða kynjanna til að nýta sér svona möguleika er mismunandi. Það eru svörin sem við fáum. Það er það sem kom fram í könnuninni á sínum tíma, í ítarlegum viðtölum sem þar voru tekin, að það eru félagslegar aðstæður, það er tíðarandinn, það eru fjölskylduaðstæður og annað slíkt sem veldur því að landið liggur þannig að tekjur kvenna út úr slíkum hlutum verða minni. Við getum svo lengi rætt um orsakir og allt það.

Jafnvel þó menn gangi frá þessu gagnvart reglunum og segi: Reglurnar eru í lagi. Bæði kynin skulu eiga sömu möguleika á að fá svona greiðslur. En ef aðstæður fólks eru síðan mismunandi þá bitnar það meira á konunum og þá höfum við í raun og veru ekki unnið neitt. Þannig að mín niðurstaða er sú að það að opna þennan farveg sé af hinu illa. Ég vil sjá þá þróun verða í launakerfinu að menn vinni fyrst og fremst fastan umsaminn vinnutíma fyrir föst umsamin laun. Yfirvinnu tækju menn þá út í fríum o.s.frv. Þessu sporslu-, yfirvinnu-, þóknunar-, einingadóti öllu saman yrði sópað út af borðinu og vinnunni jafnað betur á þá sem fyrir eru með föstum umsömdum vinnutíma fyrir föst umsamin laun. Það er og verður að mínu mati eina leiðin sem eitthvað heldur gagnvart því að berjast gegn kynbundnum launamun.

[18:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs er sama atriði og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á og ég vil mjög eindregið taka undir hennar sjónarmið. Hér er verið að feta sig inn á nýjar brautir. Það er hugmyndin að það gildi gagnsæjar reglur hjá fyrirtækjunum þannig að öllum sé ljóst hvernig starfsframi verður til í fyrirtækinu og að það sé farið eftir reglum þannig að menn átti sig á því hvenær þeir fá kauphækkun og hvenær ekki. Það á sérstaklega að tryggja að þetta sé gert þannig að það bitni ekki á öðru kynínu. Af hverju er þetta gert? Það er vegna þess eins og kom fram hjá hv. þm. að núverandi kerfi er svo ósýnilegt. Og þó menn hafi falleg orð um það að þeir ætli að útrýma yfirvinnu o.s.frv., þá gerist það ekki í bráð. Ríkið þarf á því að halda að geta umbunað góðu fólki og fengið í sína þágu hæft fólk og borgað því sæmilega góð laun umfram það sem eru grundvallarlaunin.

Í öðru lagi finnst mér mjög sérkennilegt að hlusta á hv. þm. koma hingað upp og ráðast að aðstandendum frv. fyrir það að þeir séu að ráðast á kjör manna og kjarabundin réttindi og nefna æviráðninguna sem í raun hefur horfið úr lögum eftir 1974. Ég minni bara á að þeir sem hafa haft kannski mestar launahækkanir að undanförnu hafa t.d. verið kennararnir. Þeir hafa fengið helmingi meira en aðrir. Þeir hafa samt mjög góðan rétt, það er auðvitað ekkert samræmi þar á milli. En það sem athyglisverðast er að þessi hv. þm. var í ríkisstjórn þegar formaður Alþb. var fjármálaráðherra. Þá var samið við opinbera starfsmenn og skömmu seinna voru samningarnir teknir af með bráðabirgðalögum. Þetta þurfa menn að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd hér og menn koma og leika Krist í þessum umræðum eins og hv. þm. gerði. (**SvG:** Hver var að leika Krist hérna? Er þetta nú viðeigandi ...?)

[18:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kemur hæstv. fjmrh. og segir, ég held ég hafi náð því orðrétt: Það er hugmyndin að það gildi gagnsæjar reglur. Það stendur ekki í frumvarpstextanum. Það er ekki það sem við getum lesið út úr þessum texta sem þarna er. Eigum við þá ekki að setja það í lögin? Eigum við ekki að ganga þannig frá málinu að það sé ljóst hvernig þetta verði. Ég segi alveg eins og er og það kom reyndar fram í máli mínu áður en hæstv. fjmrh. kom hér upp í andsvari að það er m.a. ein ástæðan fyrir því að ég er tortrygginn á það hvernig frá þessu er gengið. Ég tel að þá eigi að lögfesta og afmarka leiðsögn um það hvernig með svona vald — að svo miklu leyti sem það er fyrir hendi — er farið, vegna þess að ég er á móti því að framselja geðþóttavald af þessu tagi til forstöðumanna stofnana eða hæstv. ráðherra, jafnmerkir sem þeir eru. Ég tek það fram að ég er ekki að segja það vegna þess að ég óttast að núv. hæstv. fjmrh. fari verr með það vald en aðrir. En mér finnst almennt að slíkt eigi að vera að lágmarki í löggjöf af þessu tagi. Og það er þannig að hér, eins og svo oft áður, geta verið tvær hliðar á sama peningnum. Það er ekki heldur hægt að horfa fram hjá þeirri hættu að málið svona úr garði gert gæti verið farvegur fyrir aukinn launamun, ekki endilega milli kynja heldur innbyrðis aukinn launamun opinberra starfsmanna, að það dragi enn hraðar í sundur en ella með þeim sem komast upp í efri lögin og geta í krafti aðstöðu sinnar eða nálægðar við forustumenn og toppa knúð fram betri kjör.

Ég var ekki sérstaklega að ráðast á þá þætti sem hæstv. fjmrh. nefndi hér. Ég held að ég hafi gert einna minnst úr þeim af flestum ræðumönnum. Ég var að reyna að draga fram stóru pólitísku drættina í þessu máli. Og ég varaði einmitt við því að menn týndust alveg í pexi um biðlaun og fyrirfram- og eftirágreidd laun og eitthvað því um líkt.

Að lokum er það þannig að komi á dagskrá hér að ræða um setningu bráðabirgðalaga í tíð fyrrv. og núv. ríkisstjórna þá er ég alveg tilbúinn til þeirrar umræðu. Ég held ég fari alveg rétt með það að hæstv. núv. fjmrh. og félagar hans í núv. og fyrrv. ríkisstjórn eiga algjört met í því að setja bráðabirgðalög. Þeir hafa tekið af kjaradóma og tekið af ýmiss konar réttindi trekk í trekk með bráðabirgðalögum. Þannig að við skulum bara skella okkur í þá umræðu ef það er efnislegt, herra forseti, og heyrir undir þennan dagskrárlið.

[18:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ánægjulegt að heyra að hv. þm. er tilbúinn til að taka þátt í því í nefndarstarfinu, hann á sæti í hv. nefnd sem fær málið til meðferðar, að prófa sig áfram með það hvernig þessar reglur gætu litið út. Mér finnst vel koma til greina að skrifa þær annaðhvort í lagatexta eða lýsa því með öðrum hætti, t.d. í nál., hvernig þessar reglur ættu helst að líta út. Við fáum tækifæri til að ræða það frekar við 2. umr. Með þessari yfirlýsingu hefur hv. þm. viðurkennt að málið fái einhvers konar meðferð í nefndinni og ég fagna því að sjálfsögðu.

Varðandi bráðabirgðalögin vil ég leggja áherslu á það að að mínu mati, kannski á það ekki að heyra undir þessa umræðu, er harla sérkennilegt að hlusta á ræðumenn Alþb. koma hingað og tala um að við séum að skerða kjör og réttindi í þessu máli þegar ljóst er að af sumu er verið að taka og annars staðar er verið að bæta við eftir atvikum. Frv. er lagt fram á þinginu vel undirbúið en ekki eins og gert var þegar ríkisstjórnin á sínum tíma samdi fyrst við opinbera starfsmenn, þar á meðal kennara, en nokkrum vikum síðar voru kjarasamningar teknir úr sambandi með bráðabirgðalögum um hásumar. Þessir menn eru ekki í góðri stöðu til að gagnrýna núverandi ríkisstjórn. Ég er hvenær sem er reiðubúinn til að bera saman afrek núverandi ríkisstjórnar og fyrrverandi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og svo ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar í þessum málum. Varðandi kjör minnist ég þess ekki að þar hafi verið um margt annað en kjaradóminn fræga að ræða sem ég held að Alþb. hafi stutt mjög fast að yrði afnuminn með bráðabirgðalögum. Það held ég að hv. þm. muni votta.

[18:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ég tilbúinn til að taka þátt í skoðun þessa máls í þingnefnd og ég vona þá líka að það verði gagnkvæmt þannig að þingnefndinni gefist þá almennilegt tóm til þess að fara í þau mál. Það er alveg ljóst að það samráð sem ekki var haft við opinbera starfsmenn verður að færast inn í þingið og vinnu þingnefnda. Ég fyrir mitt leyti mun að sjálfsögðu reyna að knýja á um að samtök opinberra starfsmanna komist að málinu eftir að það er komið til meðferðar á vegum efh.- og viðskn. og þar geti átt sér stað efnisleg umræða og efnislegar viðræður við þá sem eiga að búa við þessa löggjöf og hafa hana sem grundvöll sinn í starfi, vonandi um langa framtíð, tugi þúsunda manna úti í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi er það þannig, herra forseti, að það er ekki hægt að leggja að jöfnu einhliða pólitískar ákvarðanir um grundvallarbreytingar á almennri löggjöf, grundvallarlöggjöf, af þessu tagi á vinnumarkaði og einstökum atvikum eða tilvikum sem komið hafa upp í kjaradeilum tiltekinna hópa. Það er alveg rétt að kjaradeila háskólamanna á sínum tíma og langt og erfitt verkfall og lausn þess máls voru allt saman mjög erfiðir hlutir. Síðan fór í gang þróun sem leiddi það af sér að lokum að málin komust í algjöra sjálfheldu á sumarmánuðum 1990. Þá sögu þekkja menn og mætti margt um hana segja. En það verður ekki gert hér, a.m.k. ekki á 24 sekúndum. Hitt er alveg ljóst að það eru ekki sambærilegir hlutir við almenn grundvallaratriði löggjafar sem menn þurfa að vanda sig gagnvart og helst þarf að geta staðið án þess að menn séu mikið að hringla í henni áratugum saman. Það á ekki að vera þannig að grundvallarlöggjöf vinnumarkaðarins sé öll í uppnámi og pólitískt bitbein, að henni sé hent fram og til baka eftir því hvernig vindar blása í ríkisstjórn. Það á að vanda slíka löggjöf, það á að reyna að ná um hana víðtækri pólitískri samstöðu þannig að hún geti helst staðið áratugum saman án mikilla breytinga. Þetta eru ekki vinnbrögð sem teikna til slíks sem hér eru ástunduð.

[18:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að líkja mér við Krist eins og hæstv. fjmrh. taldi sjálftekið hlutverk eins af félögum mínum í stjórnarandstöðunni í ræðu sinni áðan. Ég ætla ekki heldur að halda því fram að hæstv. fjmrh. hafi steypt á sig þyrnikórónu frelsarans en eins og hann hefur talað í dag, einkum fyrri part dags, þá er hann farinn að minna óskyggilega mikið á Stefán sem var fyrsti píslarvotturinn og var grýttur til bana árið 34 e. Kr. Það er eins og hæstv. fjmrh. líti á sig sem einhvers konar fórnarlamb hér í dag. Hann kemur og er hvumpinn og það er bersýnilegt að honum finnst menn vera vondir við sig. Nú er það svo að hæstv. ráðherra hefur margar ástæður til að vera glaður og reifur í bragði. Ég gæti af skyndingu talið upp þrjár ástæður. Í fyrsta lagi hefur hæstv. ráðherra sjálfur haldið því fram að fram undan sé mikið góðæri hjá Íslendingum og rakið það eins og vera bera að nokkru leyti til fyrrverandi ríkisstjórnar. Hæstv. ráðherra hefur líka veðurfarslegar ástæður til að vera glaður og reifur því það er skyndilega komið vor á miðjum vetri. Í þriðja lagi, og það er nú kannski ríkasta ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra á að vera kátur, er hann nýlega kominn frá því að flatmaga á ströndum fjarri Íslandi þar sem sólin bakaði hann í heitum geislum dag eftir dag. Samt kemur hæstv. ráðherra hér og er dapur í bragði. Hann er fórnarlambið eins og fram hefur komið í þessum umræðum. Og líkast til, þegar öllum steinum er velt við og allt er grannt skoðað, er það svo að hæstv. ráðherra er að vissu marki fórnarlamb. En hæstv. fjmrh. er ekki fórnarlamb stjórnarandstöðunnar þótt hann hafi kvartað undan málflutningi hennar hér í dag. Hann hefur m.a. haldið því fram að hann hafi verið uppnefndur, kallaður ljótum nöfnum og jafnvel nefndur til böðulsverka. En hæstv. ráðherra er hins vegar fórnarlamb sinnar eigin ríkisstjórnar, síns eigin forsrh. Ef ég mætti ráða hæstv. ráðherra heilt þá held ég að hann ætti að taka undir með þeim sem halda því fram að hann fari fram með nokkru offorsi því maður sem fer fram með offorsi er að minnsta kosti sjálfráður sinna gerða. Hann lætur a.m.k. stjórnast af sínum eigin vilja. Staðreyndin er nefnilega sú, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur ekki lengur völdin í þessum málum. Það verður að horfa á þetta mál sem við erum að ræða í dag í samhengi við önnur mál sem ríkisstjórnin hefur lagt fram eða boðað að komi fram á næstu dögum. Eitt af þessum málum, herra forseti, er frv. um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Það er ekki hægt að slíta það frá þessu máli sem við erum að ræða hér. Eins og allir vita hefur hæstv. forsrh. tekið völdin af hæstv. fjmrh. Hann hefur lýst því yfir, þrátt fyrir heitstrengingar hæstv. fjmrh., að frv. sem skerði réttindi opinberra starfsmanna í lífeyrismálum verði ekki lagt fram á þessu þingi. Þetta tel ég óskaplega mikilvægt og það er líka mikilvægt fyrir hið viðkvæma sálarlíf hæstv. fjmrh. vegna þess að það gerir hann að fórnarlambi hæstv. forsrh. Þess vegna skil ég það þegar allt er skoðað, herra forseti, að það kann að vera nokkuð til í því að hæstv. fjmrh. sé fórnarlamb og hann kann að hafa efni og ástæður til þess að vera hvumpinn í dag þrátt fyrir allt. Það er nefnilega búið að taka af honum völdin í mikilvægum málum sem þessum efnum tengjast.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að yfirlýsingin sem hæstv. forsrh. gaf þegar hann, fyrir hönd ráðherrans, tók til baka frv. um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna varðar líka það frv. sem við erum að tala um. Eins og hæstv. fjmrh. hefur væntanlega lesið í ræðu hæstv. forsrh. gaf hæstv. forsrh. út yfirlýsingu um að það yrði ekki hróflað við áunnum réttindum opinberra starfsmanna. Ég held að það sé óumdeilt og ég held að það megi meira að segja sjá það skrifað skýrum stöfum í upplýsinga- og áróðursriti hæstv. fjmrh. að það er hróflað við áunnum réttindum í þessu frv. sem við ræðum

hér í dag. Það tel ég reyndar, herra forseti, gefa tilefni til að ætla að einhvern tímann á næstunni muni þetta frv. verða dregið til baka eins og hitt frv. Og ef menn vilja fara að leita, mætti auðvitað spyrja hver örlög frv. um breytingar á vinnulöggjöfinni sem hæstv. ríkisstjórn ætlaði líka að fram verða. Þetta mál var svo illa grundað í upphafi að eitt af öðru eru mál ríkisstjórnarinnar sem þessu tengjast að falla. Og ég segi það, herra forseti, ég tel að yfirlýsing hæstv. forsrh. sl. fimmtudag sé þess efnis að það er ekki hægt annað en að taka þetta frv. til baka eða breyta því í veigamiklum efnum. Það er alveg ljóst að það er hróflað við áunnum réttindum. Ég nefni biðlaun, ég nefni samningsrétt, ég nefni verkfallsrétt, ég gæti nefnt fleira. Þar með er alveg ljóst að fyrirætlunin sem birtist í frv. hæstv. fjmrh. er í andstöðu við þá yfirlýsingu sem forsrh. hefur síðar gefið. Orð forsrh. eru dýr, þau eru jafndýr gulli og þau munu standa.

Ég hef aldrei, herra forseti, orðið þess áskynja að orð hæstv. forsrh. hafi ekki gildi umfram orð einstakra ráðherra í núverandi hæstv. ríkisstjórn. Þess vegna tel ég að ef hæstv. forsrh. ætlar að vera merkur sinna orða, verði hann að hlutast til um að ýmsum meginatriðum í þessu frv. verði breytt, því kippt til baka eða það verði einfaldlega svæft svefninum langa í nefnd.

Herra forseti. Það hefur komið fram að það virðist ekki vera fullkominn skilningur milli hæstv. forsrh. og fjmrh. um efni sem tengjast þessum réttindamálum. Í umræðum sl. fimmtudag lýsti hæstv. forsrh. því skorinort yfir að menn yrðu ekki bótalaust sviptir réttindum sem þeir hefðu áunnið sér. Í þeirri umræðu var það túlkað svo að hæstv. ráðherra myndi sjá til þess að frv. yrði ekki lagt fram. Hæstv. forsrh. mótmælti því ekki og hafði þó öll tök til þess í umræðunni. Þessa þögn hans gagnvart fullyrðingum stjórnarandstöðunnar ber að túlka og er ekki hægt að túlka með öðru móti en svo að hæstv. forsrh. hafi verið að taka af tvímæli um það að lífeyrisréttindafrumvarpið yrði ekki lagt fram í þeirri mynd sem við höfum séð það.

Nú ber svo við, herra forseti, að hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að frv. verði eigi að síður lagt fram. Hins vegar sé það svo að það hafi aldrei verið ætlunin að hreyfa við neinum réttindum sem menn hefðu nú þegar. Ég minni á að skömmu eftir að drög að því frv. komu í umferð beittu samtök opinberra starfsmanna sér fyrir því að tryggingastærðfræðingur reiknaði út hversu mikil skerðing fylgdi frv. Það kom í ljós að skerðingin var 4–11%. Aðstoðarmaður hæstv. fjmrh. sagði í samtali við ríkissjónvarpið og ég held fleiri fjölmiðla að hann rengdi ekki þessa útreikninga tryggingastærðfræðingsins en hins vegar hefði fjmrn. ákveðið að láta þetta mál til sérstakrar skoðunar hjá öðrum aðila. Ég held að þegar upp er staðið noti tryggingastærðfræðingarnir sams konar aðferðir og ráðgjafi hæstv. fjmrh. Þegar hann hefur lokið sínum reikningum mun niðurstaðan verða hin sama.

Herra forseti. Er hér ekki farið vitlaust að hlutunum? Átti hæstv. fjmrh. ekki að fara þá leið að láta sína stærðfræðinga reikna þetta út áður en hann lagði fram það frv.? Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. ráðherra hefur sagt núna allra síðustu daga að það hafi aldrei staðið til að skerða réttindin svo nokkru næmi. Hafi það verið ætlunin, tel ég að hann hafi átt að ganga úr skugga um það með því að láta reikna dæmið út áður. Það var bersýnilega ekki gert.

Herra forseti. Ég tel líka nauðsynlegt að rifja það upp að hæstv. fjmrh. hafði frumkvæði að því í þessari umræðu að ræða svolítið um það mál sem við ræddum hér fyrr í vikunni og tengist réttindum kennara. Það var hæstv. fjmrh. sem dró það mál inn í umræðuna og þess vegna tel ég rétt að drepa aðeins á það líka. Hæstv. fjmrh. sagði að það hefði verið staðið við allt sem kennurum var lofað. Þá má spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig stendur þá á því að samtök kennara drógu sína fulltrúa út úr þeim nefndum sem eru að véla um flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaga? Ég held, herra forseti, að svarið liggi í því að það var ekki staðið við allt það sem kennurum var sagt. Þegar við samþykktum lögin um flutning grunnskólans í fyrra var í fyrsta lagi samþykkt ákvæði í lögin sem sagði að ekki skyldi hróflað við lífeyrisréttindum þeirra og í öðru lagi var líka efnislega samþykkt að ekki skyldi hróflað við þeim réttindum sem er að finna í lögunum nr. 38/1954. Þetta var tekið skýrt fram í grg. og þetta var líka tekið skýrt fram í ræðu hæstv. menntmrh. en á öllu þessu máli var einn hængur. Hann var sá að hæstv. menntmrh. lýsti því yfir bæði í ræðunni og í grg. að við tilteknar aðstæður kynni hann og ríkisstjórnin að hlutast til um að kennarar yrðu e.t.v. sviptir þeim réttindum sem þeim var lofað. Þessar tilteknu aðstæður voru þær, herra forseti, að ef sveitarfélögin, sem voru einn þeirra þriggja aðila sem að málinu komu, óskuðu eftir því þá yrði það gert. Með þessum hætti tókst ríkisstjórninni um tíma að klúðra þessu máli þótt samtök sveitarfélaga reyndu að lýsa því yfir að þau hygðust ekki gera þetta. En ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að drepa á þetta hér vegna þess að ég er ósammála hæstv. fjmrh. um að það hafi verið staðið við allt það sem kennurum var lofað. Þarna var opin glufa, þarna var ákveðinn veikur hlekkur sem kennarar gagnrýndu eðlilega mjög harkalega. Það þurfi sem sagt hæstv. forsrh. til að grípa fram fyrir hendur hæstv. fjmrh. til að þetta samningaferli færi aftur af stað.

Herra forseti. Hér er síðan til umræðu frv. um breytt lög sem varða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég segi það, herra forseti, og vísa til þess sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði fyrr í dag, en það finnst mér vera lykilsetningin í öllu því sem hefur verið sagt í dag. Opinberir starfsmenn eru reiðbúnir til þess að ræða öll þessi atriði en það verður að semja um þau. Mér finnst það sanngjörn krafa, herra forseti, ég get ekki sagt annað.

Ég er þeirrar skoðunar að margt í þessu frv. sé jákvætt, annað ekki. Sumt er þess eðlis að það beinlínis hreyfir við og hnikar til kjörum og réttindum opinberra starfsmanna, annað skiptir ekki máli varðandi bein kjör og ýmislegt af því er jákvætt.

Ég tel t.d., herra forseti, það sem varðar aukið svigrúm yfirmanna stofnunarinnar jákvætt. Mig greinir að því leyti á við marga aðra talsmenn stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað í dag að ég er þeirrar skoðunar að þetta sé ágætt mál. Ég minni líka á að það eru ekki allir opinberir starfsmenn sem eru á móti þessu ákvæði. Ég man ekki betur en að á ráðstefnu sem borgin hélt 12. júní 1995 hafi framkvæmdastjóri BHMR, Birgir Björn Sigurjónsson, tekið undir að það ætti að auka sjálfstæði og svigrúm stofnana borgarinnar með þeim hætti að það væri hægt að ráða menn á kjörum umfram samningsbundin kjör og réttindi. Ég tel það mikilvægt. Ég hef áður í þessum stól drepið á það að ég tel að það sem hæstv. fjmrh. er að gera varðandi stofnanir ríkisins sé af hinu góða.

Við höfum áður rætt örlítið samruna stofnana og ég tel að það sé afskaplega mikilvægt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að fækka stofnunum ríkisins. Það á að skeyta þeim saman og gefa yfirmönnum meira svigrúm til að keppa við

almenna markaðinn um gott starfsfólk. Það þýðir að þeir eiga að hafa ákveðinn slaka til að veita mönnum hlunnindi eða laun umfram það sem gerist í kjarasamningum í dag. Ég er líka þeirrar skoðunar, herra forseti, að partur af þessari uppstokkun stofnanastrúktúrsins okkar felist í því að setja stjórnir yfir allar stofnanir og sér í lagi þær sem hafa með einhvers konar eftirlitshlutverk að gera og það held ég að komi að nokkru leyti til móts við gagnrýni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann orðaði það svo að stofnanirnar eða ráðuneytin væru of veik til að geta haft eftirlit með stofnununum. Ég er sammála því og ég tel þess vegna að yfir þeim eigi að vera pólitísk stjórn sem fylgir ráðherra. Þessu, herra forseti, er ég sammála.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að segja að ég er að verulegu leyti ósammála því sem kemur fram í þeim viðhorfum hæstv. fjmrh. sem eru t.d. birt hér í margnefndu fyrsta tölublaði upplýsingabréfs fjmrh., 4. árgangi, sem er í raun ekkert annað en áróðursrit fyrir stefnu fjmrn. í þessu máli. Ég tel það álitamál hvort ráðherrum sé leyfilegt að gefa út rándýrt upplýsingarit af þessu tagi sem í ýmsum efnum að því er ég tel er beinlínis villandi. Mér finnst það t.d. kúnstugt og villandi að þetta upplýsingarit tengist einungis frv. um réttindi og skyldur en það er hvergi talað um lífeyrisfrv. sem er auðvitað miklu veigameira og mikilu þyngra og skiptir meira máli. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort það þýði að þegar að því kemur að hæstv. fjmrh. stendur við þau orð sem hann hefur haft uppi í fjölmiðlum síðustu daga og leggur fram það frv. að þá verði aftur bruðlað svona með peninga skattborgara.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. fjmrh. sé ekki með öll þessi frv. vegna þess að hann láti stjórnast af mannfyrirlitningu, mannvonsku eða níðingshætti eða vilji ná sér niðri á öllum. Ég held þvert á móti að hæstv. fjmrh. gangi það eitt til sem allir fjmrh. eiga að láta stjórna sínum gerðum, þ.e. hann vill fara með skattpeninga borgaranna með eins hagfelldum og hagkvæmum hætti og hann telur unnt. Ég er honum sammála um það markmið en það er ekki hægt að beita öllum ráðum til þess. Ég held t.d. að það sé miklu farsælla að fara þá leið að reyna að ná samningum um tiltekin atriði.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hér upp í andsvari eftir að formaður BSRB hafði flutt sína miklu ræðu og vildi fá hann til að setja fram tölur til verðlagningar einstakra ákvæða sem formaður BSRB hafði talið upp og taldi að væru færð til skerðingar með frv. Herra forseti, ég tel að í því felist viss viðurkenning af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals um að þarna séu fémæt réttindi. Ég tók hans mál þannig. Ég er líka þeirrar skoðunar að þarna sé um að ræða fémæt réttindi og ég held að það sé ekki hægt að taka þau af nema eitthvað komi í staðinn. Það er það sem skiptir öllu máli. Það er hægt að fara hér vítt yfir sviðið, herra forseti, spyrja um ákveðna hluti og halda því fram að í sumum efnum sé verið að fara verulega á skjön við *núverandi réttindi opinberra starfsmanna*. Ég ætla ekki að gera það nema í örfáum greinum. Hins vegar bendi ég á að frv. virðist svo óskýrt að opinberir starfsmenn og a.m.k. við, þingmenn hins háa Alþingis, sem lesum frv. virðumst skilja ýmis mikilvæg efni þess öðruvísi en fjmrn. Ég nefni sem dæmi að svo virðist af orðanna hljóðan að fæðingarorlof skerðist. Ég bendi á að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur þráspurt um það í dag og virtist ekki mjög ánægð með svörin. Ég bendi líka á að réttur til svonefndra lausnarlauna og makalauna er skertur að því er mér virðist samkvæmt 30. gr. frv. Og svo mætti lengi telja. Ég nefni t.d. veikindarétt embættismanna. Nú kemur það fram í upplýsingariti hæstv. fjmrh. að þetta séu rangar fullyrðingar. Þá dreg ég a.m.k. þá ályktun að frv. sé ekki betur úr garði gert en svo að menn sem koma að því með sæmilega opnum huga skilja þetta ekki sama skilningi og hæstv. fjmrh. Ég sé að hann hristir höfuðið og er þessu bersýnilega ósammála. En svona er þetta. Ég vildi því gjarnan, herra forseti, ekki endilega hér í andsvörum en í ræðu síðar í dag eða kvöld, að hæstv. fjmrh. segið skýrt og skorinort hvort það er svo að réttur til lausnarlauna, makalauna og veikindaréttur embættismanna breytist ekki með þessu frv. Það er nauðsynlegt að það komi fram, herra forseti.

Það sem ég vildi helst gagnrýna varðandi málflutning hæstv. fjmrh. er að mér finnst að ákveðinni hulu blekkingar sé sveipað í kringum frv. og málið allt þegar hann leggur oftúráherslu á það í fjölmiðlum og í ræðum sínum hér og í þessu upplýsingariti að það sé ekki verið að hrófla að neinu leyti *við réttindum sem hefur verið samið um í kjarasamningum*.

Herra forseti. Ég hef átt sæti í ríkisstjórn með hæstv. fjmrh. og ég held að á því tímabili hafi það tvisvar gerst að lokið var samningum á almennum markaði. Og ég held að a.m.k. í annað skiptið hafi ríkisstjórnin gengist undir það jarðarmen að ganga frá ákveðnum hlutum. Það var ekki partur af kjarasamningum. Það er svo margt held ég, herra forseti, sem hægt er að segja að sé ekki partur af kjarasamningum. En þá finnst mér að hæstv. fjmrh. beiti blekkingum að því leytinu til að auðvitað veit hann það manna best að umhverfið sem samningar opinberra starfsmanna er gert í er allt öðruvísi en tíðkast á frjálsum launamarkaði. Opinberir starfsmenn þiggja hlunnindi og réttindi sem eru bundin í lögum á meðan slíkt tíðkast í miklu minni mæli á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta er mergurinn málsins. Þess vegna hafa opinberir starfsmenn skorið upp þessa herör. Og menn verða að hugsa til enda þær röksemdir sem hæstv. fjmrh. *hefur í sínum málflutngi beitt gegn óskum opinberra* starfsmanna um hærri laun á síðustu árum. Það eru ekki mörg ár síðan opinberir starfsmenn fóru í harða baráttu til að ná jafnstöðu við almenna markaðinn. Þeir töldu nauðsynlegt að laun þeirra hækkuðu vegna þess að verulegur munur væri á þeim og launum fyrir samsvarandi störf á frjálsum vinnumarkaði. Hver voru þá svör stjórnvalda? Þau voru á þá lund, herra forseti, að það væri ekki réttmætt af opinberum starfsmönnum að krefjast nákvæmlega sömu launa og tíðkuðust á almennum vinnumarkaði vegna þess að starfsmenn innan opinbera geirans nytu ákveðinna fríðinda sem væru ígildi launa. Ég er sammála þessu að verulegu leyti, herra forseti. En af sjálfu leiðir að hægt er að gagnálykta að þegar á að einhverju leyti að skerða þessi réttindi þá er það ekki hægt öðruvísi en að það sé greitt í einhvers konar mynd. Þetta eru fémæt réttindi sem hafa áunnist, kannski ekki á grundvelli sérhvers einstaklings en a.m.k. í gegnum baráttu samtakanna *í áratugi. Og það er ekki hægt að hnika þessum réttindum til* nema það verði greitt með einhverjum hætti, herra forseti.

Herra forseti. Er það svo að áunnin réttindi séu skert? Það er spurning sem nauðsynlegt er að svara. Hvers vegna? Vegna þeirra orða hæstv. forsrh. sem féllu hér sl. fimmtudag. Þá sagði hæstv. forsrh., með leyfi herra forseta: „Þá verður jafnframt að gæta að hinu sem ég hafði áður lýst yfir að ekki væri verið að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hefðu áunnið sér.“ Þetta, herra forseti, er önnur lykilsetning þessarar umræðu. Þetta er mælistikan sem menn þurfa að leggja á þetta frv. Er það svo að í því sé að finna eitthvað

sem má færa heim um áunnin réttindi? Ef niðurstaðan er já, þýðir það einfaldlega að það er ekki hægt að gera það án þess að brjóta þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér sl. fimmtudag, nema ríkisstjórnin fallist á að greiða það með einhverjum hætti. Þetta er lykillinn að lausn þessa máls. Ég held, herra forseti, að ef við reynum að líta hlutlaust á þetta mál og gefum okkur að efinn í þeim efnum sem ég nefndi hér áðan sé þeim megin sem hæstv. fjmrh. er, þá eru samt sem áður önnur mál hér sem ég get að svo stöddu og án frekari skýringar með engu móti fallist á að sé ekki skerðing á áunnum réttindum. Þá er fyrst til að taka, herra forseti, að biðlaun eru skert. Ef þetta frv. verður að lögum, munu þeir sem voru ráðnir fyrir gildistöku frv. njóta skertra biðlauna, þ.e. þeir sem hafa unnið lengur en í 15 ár höfðu áður 12 mánaða biðlaunarétt, hann fer núna samkvæmt bráðabirgðaákvæði niður í sex mánuði. Þeir sem hafa unnið skemur en 15 ár höfðu áður sex mánaða biðlaunarétt, hann fer núna niður í þriggja mánaða biðlaunarétt. Það er ekki hægt með góðu móti, herra forseti, að halda því fram að þarna sé ekki verið að skerða áunnin réttindi. Ég held að enginn sæmilega gefinn maður og sæmilega vel gerður maður sem vill koma hlutlaust og með sanngjörnum hug að þessu máli geti haldið öðru fram. Það er bókstaflega ekki hægt.

Menn geta deilt um hvert sé eðli biðlauna og menn hafa gert það. Eru það skaðabætur fyrir réttindi sem menn hafa áunnið sér eða er það einungis tímabundin hjálp á meðan menn eru að leita sér að annarri vinnu? Það er hægt að færa rök fyrir hvoru tveggja. Löggjafinn hefur ekki talað skýrt í þeim efnum og það hefur ekki fallið, svo mér sé kunnugt, dómur sem skilgreinir það til hlítar. En hvaða skoðun sem menn hafa á eðli biðlaunanna þá held ég að það sé alveg ljóst að það er verið að skerða áunnin réttindi vegna þess að það er verið að draga úr biðlaunaréttinum. Og það kemur alveg skýrt fram hér í þessu plaggi. Það er heldur nöturlegt hjá hinum vaska hæstv. fjmrh. að þegar hann er að deila á málflutning samtaka opinberra starfsmanna og kemur hér með lista, þá getur hann í engu hvort það sé rétt sem þeir hafa að segja um biðlaunaréttinn eða hvort það sé rangt.

Herra forseti. Fleira mætti nefna eins og samningsrétt og verkfallsrétt. Þetta eru réttindi sem ég held að sé ekki hægt með góðu móti annað en að segja að séu réttindi sem eru í eðli sínu fémæti. Og ef það á að skerða þau eða taka þau af þá er það ekki hægt nema fyrir þau komi einhvers konar bætur. Og því segi ég það, herra forseti, að allt það sem kemur fram eða flest það sem kemur fram í frv. er þess eðlis að það er íhugunarvirði. Og það er meira en einnar messu virði að fara í gegnum allt þetta frv. og rökræða hvern einasta þátt sem þar er lagður til. En fjölmargir þeirra eru þess eðlis að það er ekki hægt að hnika við þeim, tel ég, án þess að opinberir starfsmenn séu hafðir með í ráðum og án þess að í sumum tilvikum sé þeim hreinlega bætt það. Þess vegna er ekki hægt að afgreiða þetta mál nema haft verði ríkara samráð en það sem nú hefur verið gert við opinbera starfsmenn.

Herra forseti. Það er margt fleira sem ég gæti um þetta rætt en ég ætla að láta máli mínu lokið að svo stöddu og áskil mér allan rétt til að halda áfram að eiga hér í rökræðu við hæstv. fjmrh. um þetta efni.

[19:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir mjög málefnalega ræðu. Hann varpaði til mín þeirri spurningu hvort æviráðning og biðlaun væru fémæt réttindi. Ég spurði þeirrar spurningar og ég fékk ekki svar við því hvort þetta væri hægt að meta að einhverju leyti sem prósentu af launum. Æviráðningin getur varla verið fémæt réttindi fyrir mann sem er að byrja eða er starfandi því hún á ekki að falla niður hjá þeim sem þegar eru æviráðnir. Það er verið að stytta biðlaunin að einhverju leyti en það er líka verið að færa þau í það horf sem fólk vill almennt horfa til, þ.e. að menn séu ekki með tvöföld laun jafnvel í sama starfi hjá sama atvinnurekanda.

Hv. þm. kom með góða hugmynd um að setja stjórnir yfir allar stofnanir. Það væri mjög jákvætt og kæmi til móts við þau vandræði hjá opinberum stofnunum sem hv. þm. Ágúst Einarsson benti á. Á hinum almenna markaði er stjórn yfir stjórnandanum og yfir stjórninni er hluthafafundur. Við getum sagt í þessu tilfelli að ef það væru komnar stjórnir yfir allar stofnanir þá væri yfir forstjóranum, sem er kominn með meira vald komin stjórn, og yfir stjórninni væri fjmrh. eða einhver annar ráðherra sem stofnunin heyrir undir.

Varðandi upplýsingaritið þá held ég að það megi auðvitað gagnrýna það að stjórnvöld séu að réttlæta sinn málstað með slíku riti. En mér sýnist ritið hafa verið mjög ódýrt framleitt og þetta eru að sjálfsögðu upplýsingar til móts við þær miklu upplýsingar sem koma frá hinni hliðinni og hafa komið á undanförnum vikum og mánuðum.

[19:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf mjög umdeilanlegt hvort það sé hægt að réttlæta það að ráðuneytið gefi út áróðursrit af því tagi sem við höfum verið að ræða hér um. Þegar ég var í ríkisstjórn og lenti í erfiðum málum og þurfti að skýra minn málstað, kaus ég að fara ekki þá leið vegna þess að það er umdeilanlegt, sér í lagi þegar átök eru lík þeim sem nú eru að spinnast þar sem kemur fram í máli hæstv. ráðherra að hann telur að hann eigi nánast persónulega hendur að verja sökum þeirra ádeilna sem hann verður fyrir. En ég taldi samt ef það væri einhver þingmaður í þessum sölum sem væri á móti því að bruðla svona með skattpeninga borgaranna þá væri það hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hér hefur vaskast gengið fram í að gefa mönnum góð ráð um hvernig á ekki að sóa fé.

Að því er varðar síðan það sem hv. þm. talaði um æviráðninguna. Ég get svo sem sagt, ég gerði það ekki í minni fyrri ræðu, að ég tel að æviráðning sé hlutur fortíðarinnar. Ég gæti ekki svarað því á þessari stundu hversu mikils virði hún er. En það er eitt af því ásamt svo mörgu öðru sem þarf að ná lendingu í með samningum. Eitt atriði drap hv. þm. á sem er vert að nefna. Hann sagði: Ja, æviráðning er að minnsta kosti ekki neins virði fyrir þann sem er að byrja núna. Það veltir upp þessum merkilega hlut. Það er bersýnilega ætlunin að setja upp tvö kerfi. Annars vegar sólarlagskerfi fyrir þá sem eru núna starfsmenn fyrir gildistöku þessa frv. og hins vegar fyrir þá sem koma nýir að. Ég velti því fyrir mér hvort það sé siðferðilega verjandi að setja upp slíkt kerfi þar sem menn hlið við hlið njóta mismunandi kjara og stenst það til að mynda jafnræðisákvæði stjórnsýslulaganna? Ég leyfi mér að efast um það. En þar sem jafnklár lögfræðingur og prófessor, dr. Eiríkur Tómasson, hefur nú að málinu komið þá vil ég ekki leggja höfuð mitt að veði.

[Fundarhlé. — 19:07]

[20:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fátt hefur verið meira rætt að undan-

förnu á þessu landi en „frumvörpin", eins og það er kallað. Sennilega hefur núverandi hæstv. ríkisstjórn ekki orðið fræg-ari að neinu en þessum frumvörpum. Það er talað um þau með skelfingu um allt þjóðfélagið. Það eru ekki bara opinberir starfsmenn sem tala þannig um þessi ósköp. Það eru fleiri, vegna þess að hér er um að ræða allsherjaratlögu að félagslegum réttindum í landinu. Þar er hvert frv. á fætur öðru kynnt til sögunnar. Fremst fara þar frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkins og frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. En þarna eru einnig á ferðinni ýmis önnur frv. eins og t.d. frumvarpsdrög sem munu hafa verið kynnt Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands í morgun. Ég sá í fréttum í kvöld að þau höfðu verið kynnt þessum aðilum og þar eru á ferðinni enn ein tíðindin. Mönnum þarf víst ekki að koma neitt á óvart þó núverandi hæstv. fjmrh. og núverandi hæstv. ríkisstjórn vilji krukka eitthvað í almenn félagsleg réttindi landsmanna. Það er í ágætu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. Sjálfstfl. Það þarf enginn að vera neitt hissa á því.

Hins vegar er alveg ótrúlegt að jafnreyndir menn og núverandi forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., skuli láta sér til hugar koma að vinna í málinu eins og þeir hafa gert. Það er alveg með ólíkindum. Það er engu líkara en þeir hafi kosið að koma af stað illindum. Ég veit að sjálfsögðu að það getur ekki verið. Ég hef enga trú á því að þessir menn, sem ég þekki marga af góðu, séu þannig innrættir að þeir hafi sérstakan áhuga á því að koma af stað illindum í þjóðfélaginu. En það er engu líkara en þeir hafi viljað koma af stað illindum. Og þeir hafa haldið þannig á þessum málum að jafnvel innsiglaður friður um tiltekin atriði eins og t.d. viss atriði varðandi flutning grunnskólans stóðu allt í einu hér í uppnámi, að ég segi ekki í ljósum logum, núna fyrir nokkrum vikum þegar það spurðist hvernig hæstv. fjmrh. ætlaði að standa að málum varðandi Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Ég held að það sé ekki nokkur leið önnur en að halda því fram og ítreka það hér sem áður hefur reyndar verið sagt í þessum umræðum að í þessum fjórum frumvörpum birtist í raun og veru stefna ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð með ótrúlega undarlegum hætti. Það voru handarbakavinnubrögð. Ég held að það verði í fyrsta lagi, hæstv. forseti, að byrja á því að skora á hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir því af hverju hann vinnur t.d. svona að málefnum opinberra starfsmanna. Hvað á þetta að þýða? Hvaða skýring er á því að menn haga sér með þessum hætti? Ég tel að Alþingi og þjóðin eigi heimtingu á því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hvað það er sem veldur því að menn henda hér allt í einu inn í umræðuna fjórum frumvarpsdrögum sem snerta mikilvæg grundvallaratriði mannréttinda með þeim hætti að það verður bókstaflega allt vitlaust í mótmælum. Mér liggur við að segja sem betur fer, því þjóðin væri býsna illa á sig komin ef menn kyngdu þegjandi og hljóðalaust þeim réttum sem ríkisstjórnin eldaði fyrir opinbera starfsmenn og fleiri aðila núna um jólin og eftir hátíðarnar.

Svo fór að menn áttuðu sig á því að þetta gat ekki gengið svona. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna var í stórkostlegri hættu. Það mál var stopp hér í þinginu í margar vikur á þeim tíma sem hæstv. fjmrh. var í burtu. Þá var ekki hægt að taka það mál fyrir af því að það var í stórkostlegu uppnámi. Og það var ekki fyrr en hæstv. forsrh. birtist hér á fimmtudaginn í síðustu viku að hægt var að fara af stað með viðræður aftur um hugsanlegan flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég ætla að byrja á því, hæstv. forseti, að víkja aðeins að yfirlýsingu hæstv. forsrh. vegna þess að hún var gefin í framhaldi af ræðu sem ég flutti þennan dag.

Þannig háttar til að aðfararnótt 25. febrúar í fyrra var gert ákveðið pólitískt samkomulag um flutning grunnskólans sem varð að byggjast á tilteknum tveimur meginatriðum. Þessi atriði voru í háska stödd núna á dögunum vegna þess hvernig fjmrh. ætlaði að keyra fram ýmis mál varðandi réttindi opinberra starfsmanna, þar á meðal kennara, og líka vegna vinnubragða fjmrn. í sambandi við réttindi kennara sem voru alveg með ólíkindum og ég kem hér aðeins að á eftir. Um yfirvofandi flutning grunnskólans var að nást svona tiltölulega góð samstaða í þjóðfélaginu. Þótt ýmsir aðilar hefðu eitt og annað við hann að athuga þá var það engu að síður svo að það var að myndast um hann allgóð sátt og málið var farið af stað. En það stoppar af því fjmrh. heldur á málunum eins og hann gerði þar til hæstv. forsrh. heggur á hnútinn og segir að í bili megi leggja þetta frv. um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna til hliðar.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni sl. fimmtudag eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Enda þótt breytingar þar séu nauðsynlegar upp á framtíðina til að styrkja stöðu sjóðsins og að tryggja að ríkið komist ekki í þrot varðandi hann þegar fram í sækir og jafnframt að tryggja að meira jafnvægis gæti í lífeyrissjóðsmálum landsmanna en verið hefur þá verður jafnframt að gæta að hinu sem ég hafði áður lýst yfir að ekki væri verið að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hefðu áunnið sér. Mér sýnist einsýnt miðað við viðtökur á því máli að það þurfi að fara fram góðar og umfangsmiklar viðræður við aðila um lífeyrissjóðsmálin. Ríkisstjórnin mun ekki reyna að þvinga fram að það verði afgreitt á þessu þingi, t.d. í ósátt við kennara."

Síðan segir hæstv. forsrh.:

„Ég geri alls ekki lítið úr því að menn þurfi að fara mjög nákvæmlega ofan í lífeyrismálin og gera þar breytingar en þær breytingar verða að horfa til framtíðar. Ekki er hægt að láta þær breytingar verða afturvirkar með þeim hætti að það sé verið að hafa af einstaklingum rétt sem þeir höfðu byggt upp eða höfðu ástæðu til að ætla að þeir mundu búa við."

Ég staldra við þetta, hæstv. forseti, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að þetta mál er hluti af því sem við erum að ræða hér hvernig hann skilji þessa yfirlýsingu. Hvað á hann við með því að ekki megi svipta menn bótalaust rétti sem þeir hafa áunnið sér? Liggur það fyrir að mati hæstv. fjmrh. hvaða atriði það eru sem hann telur að menn hafi áunnið sér? Hvernig á t.d. í þessu sambandi að líta á svokallaða 95 ára reglu? Eða ýmsar aðrar reglur sem menn hafa auðvitað áunnið sér þann tíma sem þeir hafa verið í þjónustu ríkisins en hafa kannski ekki byrjað að nýta sér hana af því þeir hafa ekki uppfyllt öll skilyrðin sem þarf til þess að uppfylla viðkomandi réttindi. Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þessu, annaðhvort í andsvari eða í lokaræðu sinni hér í kvöld, hvað hann telji skýrt í því efni þegar menn eru að tala um það hvað opinberir starfsmenn hafa áunnið sér. Mér finnst ekki að fjmrn. hafi unnið heimavinnuna sína í þessu máli. Ég hef a.m.k. ekki orðið var við það.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. fjmrh. um það að hæstv. forsrh. segir að það verði að fara fram góðar og umfangsmiklar viðræður við aðila um lífeyrismálin. Ég get alveg tekið undir þetta og ég vil líka spyrja hæstv. fjmrh. hvað séu góðar og umfangsmiklar viðræður um þessi mál. Hvernig hyggst hann haga þeim góðu og umfangsmiklu viðræðum? Það skiptir gríðarlegu máli. Og síðan segir hæstv. forsrh.:

„Ríkisstjórnin mun ekki reyna að þvinga fram að það [þ.e. þetta frv. um lífeyrissjóðina] verði afgreitt á þessu þingi t.d. í ósátt við kennara." Eru það einhver fleiri atriði sem ríkisstjórnin er þarna með í huga en sérstaklega kennararnir og flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna? Ég spyr að því.

Og enn vitna ég í yfirlýsingu hæstv. forsrh. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég geri alls ekki lítið úr því að menn þurfi að fara mjög nákvæmlega ofan í lífeyrismálin og gera þar breytingar en þær breytingar verða að horfa til framtíðar. Ekki er hægt að láta þær breytingar verða afturvirkar með þeim hætti að það sé verið að hafa af einstaklingum rétt sem þeir höfðu byggt upp eða höfðu ástæðu til að ætla að þeir mundu búa við."

Og ég spyr líka: Hvað þýðir þetta? Um hvað er hæstv. ríkisstjórn að tala í þessu efni? Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var með býsna fyndinn kafla um að það væri undarlegt þetta samkomulag þeirra formanns og varaformanns Sjálfstfl. í þessu atriði. Ég ætla svo sem ekki að fara að skemmta mér eða gera tilraun til að skemmta öðrum með því máli en ég reikna með að mennirnir viti nokkurn veginn um hvað þeir eru að tala. Og hvað eiga menn við þegar þeir tala um að breytingarnar megi ekki verða afturvirkar? Er það þannig, hæstv. forseti, að menn séu hér að lýsa því alveg stíft yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að þau réttindi öll sem menn hafa unnið sér inn í núinu, bæði hin beinu réttindi og auk þess hin óbeinu réttindi sem lúta að sérreglum, 95 ára reglu, 32 ára reglu og guð veit hvað það heitir allt saman, séu eign manna þannig að þeir sem hafa unnið sér þau inn geti nýtt sér þau við lífeyristöku þegar þar að kemur? Það er algjört úrslitaatriði, hæstv. forseti, m.a. fyrir þá aðila sem standa að þessu máli hér og ég tala nú ekki um kennarana sem á að fara að flytja yfir, eins og það er kallað, að fá svör við þessum spurningum.

Ég ætla, hæstv. forseti, aðeins að halda mig við kennarana og rifja upp að hérna liggur fyrir frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en í menntmn. liggur fyrir frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Það er gífurlega margt sem ber þarna á milli. Það eru gríðarlega stór atriði sem ber þarna á milli og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann sjái fyrir sér sambúðina milli þessara tveggja kerfa, annars vegar kennaranna hjá sveitarfélögunum og hins vegar opinberra starfsmanna sem vinna hjá ríkinu við allt önnur skilyrði. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem hér hefur heyrst. En að sögn tæknimanna liggur nokkurn veginn í augum uppi að það er ekki við því að búast að menn geti unað því að um sé að ræða tvenns konar réttindakerfi. Er hæstv. fjmrh. tilbúinn til að lýsa því yfir að réttindi kennara og skólastjórnenda haldi, að það sé hans pólitíska yfirlýsing að hann muni standa með þeim réttindum eins og þau standa í hér frv. hvað sem kann að verða samþykkt í hinu frv.? Er hann tilbúinn til að lýsa því yfir? Ef hann er ekki tilbúinn að lýsa því yfir þá er fiskur undir steini. Þá er maðkur í mysunni. Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. skýri þetta af því að þessi frv. eru tvö og hann flytur þau bæði sjálfur sem hluti af ríkisstjórninni. Annars vegar flytur hann frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem fjmrh. og hins vegar er það menntmrh. sem flytur hitt frv. með stuðningi fjmrh. Þetta verður að vera alveg skýrt í þessu sambandi, hæstv. forseti. Þess vegna tel ég, með hliðsjón af umræðunum sem hafa verið hér að undanförnu um þessi mál, að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. taki algjörlega af skarið í þessu af því að frv. eru mörg. Það er blekking að ætla sér að ræða þetta mál hér í einhverju tómarúmi. Þetta mál fjallar ekki fyrst og fremst um tæknileg atriði varðandi réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta frv. er hluti af pólitískri heild sem m.a. er verið að leggja á borð þingmanna núna í frv. til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem er verið að tína hér inn í skjóli náttmyrkurs á kvöldfundi frá hæstv. félmrh. Þetta er hluti af heild.

Varðandi það að kannski beri ekki svo mikið í milli þessara tveggja frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda, þá er það þannig að það eru gríðarlega stór atriði sem þarna ber í milli. Ég ætla í því sambandi, hæstv. forseti, að víkja t.d. að 2. gr. frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla þar sem segir, með leyfi forseta:

„Um ráðningu ... Tekið skal fram hvort um er ræða skipun eða ráðningu með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af fullgildum ráðningarsamningi sínum."

Það er ekkert svona lagað í hinu frv. Þar er ekki á vísan að róa að því er þetta varðar.

Ég nefni í öðru lagi 4. gr. í kennarafrv. þar sem er fjallað um skipun í stöður. Hún er auðvitað hvergi í hinu frv. eins og það lítur út.

Ég nefni í þriðja lagi í þessu sambandi mismuninn að því er varðar auglýsingu á stöðum þar sem um er að ræða tiltekið afskaplega sérkennilegt kerfi í 7. gr. frv. sem við erum að ræða hér núna en er mikið einfaldara og gamalkunnugt kerfi í 5. gr. frv. um kennara og skólastjórnendur. Ég gæti líka í þessu sambandi til að undirstrika mismuninn á þessum tveimur frv. nefnt hérna frv. um réttindi og skyldur þar sem fjallað er um tiltekin atriði varðandi setningu manna í störf. Ég get nefnt hér líka 21. gr. frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna varðandi skipun og setningu í embætti þar sem er um að ræða allt allt aðra hluti en í kennarafrv. Þannig að ég held að það sé nauðsynlegt að þingheimur geri sér grein fyrir því að það er verið að leggja hér fram tvö frv. og það er verið að blekkja með öðru frv. Ríkisstjórnin er að blekkja með öðru frv., öðru hvoru frv. er hún að reyna að blekkja þingheim og þjóðina með. Ef hún meinar það sem hún segir í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þá meinar hún ekkert með því sem stendur í hinu frv. Það er því alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svipti hulunni af þessum blekkingaleik sem hann stendur fyrir í þessum málum sem að vísu snertir aðeins þessi tvö frv. eftir að hæstv. forsrh. sló á fingurnar á honum í sambandi við frumvarpsdrögin um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

Ég ætla ekki að nefna fleiri atriði sem ber verulega á milli þessara tveggja frv. Ég hef nefnt fimm atriði þar sem verulega er um að ræða stóran mun á þessum tveimur frv. sem hér eru lögð fram.

Svo eru það vinnubrögðin, hæstv. forseti, í sambandi við kennarafrv. úr því að maður nær loksins í hæstv. fjmrh. til að tala við hann um þessi mál. Það er alveg ótrúlegt. Það er þannig að á tilteknum tíma er gengið frá bréfi verkefnisstjórnar, um flutning grunnskólans, til menntmrh. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Verkefnisstjórnin hefur orðið ásátt um að undirbúningur að gerð lagaákvæða þessa efnis skuli fara fram í tengslum við gerð tillagna að frumvarpi til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins."

Það er sem sagt talað um það í bréfi verkefnisstjórnarinnar frá 1. febr. 1996 að umræður um lífeyrismálin skuli fara fram við þessa menn í tengslum við umræður um og breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Tveimur vikum seinna draga starfsmenn fjmrn. upp úr pússi sínu fullbúið frv. sem hafði aldrei verið sýnt þessu fólki sem verið var að ræða við um flutning grunnskólans. Ég segi: Þarna er komið aftan að mönnum með býsna alvarlegum hætti. Ég sagði það hér fyrir nokkrum dögum að ég hefði enga trú á því að hæstv. menntmrh. væri aðili að þessum ljóta leik, að þessu svindli, með leyfi forseta, gagnvart opinberum starfsmönnum. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Vissi hann um þetta? Vissi hann, þegar skrifað var undir skjalið gagnvart kennurunum, 1. febr. að það væri tilbúið frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem var lofað í bréfi verkefnisstjórnarinnar að ætti að ræða við kennarana? Vissi hann um það? Var hann þátttakandi í þessu gabbi gagnvart opinberum starfsmönnum? Og svo ætlast menn til þess, hæstv. forseti, að umræðan hér snúist um einhver minni háttar tæknileg atriði út og suður eftir að það er komið í ljós að vinnubrögðin eru eins og hér hefur verið rakið?

Hæstv. forseti. Ég tel að í frv. sem hér er á dagskrá sé um að ræða fjölmörg atriði bæði smá og stór. Ég ætla ekki að endurtaka margt af því sem hér hefur verið sagt fyrr í dag um þau efni. En ég ætla aðeins að byrja á að fara yfir vinnubrögðin sem lýst er í greinargerð frv. á bls. 14. Ég vil skjóta því hér að, hæstv. forseti, að það er náttúrlega mjög sérkennilegt hvernig frv. er lagt fram. Ég hef aldrei séð svona frágang á frv. Það er byrjað á 10–15 línum eða svo, athugasemdir við lagafrv. þetta, síðan eru birtar yfirlýsingar frá tiltekinni nefnd sem fjmrh. skipaði og svo er farið yfir það hvernig þessum hlutum er háttað í nokkrum löndum, síðan yfir hverja grein fyrir sig. En það er hvergi dregið skilmerkilega saman á einum stað hverju nákvæmlega er verið að breyta. Hver grein fyrir sig er tekin og farið einhverjum orðum um hana en það er ekki farið yfir frv. eins og venja er og maður verður að gera kröfu um vegna þess að hér snjóar inn alls konar málum. Því eiga þingmenn að geta gert kröfu um að mál séu sæmilega útbúin af hæstv. ríkisstjórn, en það á ekki við um þetta frv. Það er illa frá því gengið tæknilega burt séð frá öllu efni málsins.

Það var sem sagt 12. des. 1995 að skrifað var bréf og sagt orðrétt, með leyfi forseta, að heildarendurskoðun — hvorki meira né minna — stæði fyrir dyrum. 12. desember. Stæði fyrir dyrum. Hvernig mundi nú venjulegur þingmaður skilja þetta orðalag; stæði fyrir dyrum? Mundu menn skilja það þannig að þetta væri eiginlega búið, afgreitt mál, eða mundu menn skilja það þannig að það væri verið að leggja af stað hér í nokkra vegferð? Ég hygg að það sé hinn almenni skilningur á því máli. En það var tekið fram í bréfinu, segir svo hér í öðru lagi, að ætlunin væri að hraða endurskoðun á lögunum. Hvernig hefðu menn nú skilið það? Mundu menn hafa skilið það þannig að það ætti að hraða henni þannig að henni lyki bara um áramót? Eða kannski um næstu áramót, 1996/1997? Það hefði verið talinn hraði einhvern tímann. Það er stundum talinn hraði í fjmrn., t.d. þegar á að fara að leggja á fjármagnstekjuskatt. Þá er nú hraðinn ekki talinn í dögum eða vikum heldur árum eða kjörtímabilum jafnvel hjá hæstv. núv. fjmrh. Veruleikinn er hver? Hann er sá að í þessu bréfi stendur að það sé óskað eftir hugmyndum um breytingar sem fyrst. Þetta gengur svo skínandi vel að það er byrjun í febrúar sem kynnt er efni frv. Svo stendur hér í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Í kjölfar þess hafa átt sér stað viðræður við fyrirsvarsmenn samtakanna [opinberra starfsmanna] og hefur verið höfð hliðsjón af athugasemdum þeirra við endanlega gerð frumvarpsins."

Ég fullyrði það, herra forseti, að þarna er verið að reyna að segja ósatt, í þessum línum meira og minna. Það er meira og minna verið að reyna að segja ósatt, verið að vefja ósannindin inn í einhverja loðmullu sem ætlast er til að menn taki ekki eftir. Það var augljóst mál að það var ekki um það að ræða að menn sætu þarna yfir ítarlegum samningaviðræðum um einstök atriði þessa máls, sem menn hefðu þó átt að gera vegna þess að auðvitað er umbúnaður um kjarasamninga, þ.e. lögin í þessu tilviki, hluti kjarasamninganna. Það segir sig sjálft. Þannig að sú tilraun til blekkinga sem birtist hér í greinargerð frv. er alveg ótrúleg. Ég segi það eins og er, hæstv. forseti, að ég neyðist til að nota þau orð þó ég hafi tekið eftir því hér í dag að hæstv. fjmrh. er alveg ótrúlega viðkæmur fyrir orðum, þ.e. íslenskum orðum eins og fram hefur komið, enda er hann búinn að vera lengi í burtu á öðrum menningarsvæðum þar sem tíðkast annað orðbragð en hér í þessari stofnun. Vinnubrögðin eru satt að segja alveg fráleit, algjörlega fráleit af hálfu hæstv. ráðherra í þessum málum.

Eins og ég rakti hér áðan er þetta hluti af heildarstefnu. Eitt er sem sagt lífeyrisfrv. og ég ætla að endurtaka aðeins eina spurningu um það. Hvenær kemur það? Hvenær hefjast hinar umfangsmiklu og góðu viðræður? Umfangsmiklu og góðu viðræður, eða fara þær kannski fram svona sitt í hvoru lagi. Hvenær kemur þetta frv.? Hvenær ætlar fjmrh. að leggja þetta frv. fram? Ætlar hann að gera það í haust? Ætlar hann að gera það í haust? Þá er afturköllun hæstv. forsrh. markleysa. Vegna þess að ef það á að leggja frv. fram í haust, er það partur af þessum málatilbúnaði. Þá er verið að blekkja. Er meiningin að leggja þetta frv. fram í haust? Ég vil líka endurtaka hér fyrri spurningar frá í dag varðandi önnur atriði eins og t.d. í sambandi við réttarstöðu starfsmanna Pósts og síma. Ég vil einnig spyrja: Er kannski ætlunin að taka í gegnum þingið líka frv. sem var verið að dreifa hér á borðin um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur? Er ætlunin að gera það líka? Eins og menn þekkja þá hafa lögin um stéttarfélög og vinnudeilur staðið óbreytt um alllangan tíma. Af hverju? Fyrst og fremst vegna þess að það hefur ekki verið hægt að ná samstöðu um það hvernig þeim ætti að breyta í einstökum atriðum. Og stéttarfélögin hafa verið virt þannig að ríkisstjórnir, hvað sem þær hafa heitið, hafa ekki hjólað í þessi mikilvægu undirstöðuatriði einhliða. Það á reyndar alveg eins við í sambandi við opinbera starfsmenn. Ég spyr: Hvað ætli það hafi oft gerst á undanförnum áratugum að menn hafi hjólað í réttindamál opinberra starfsmanna án þess að áður hafi farið fram ítarlegar samningaviðræður? Ætli við munum ekki eftir því báðir, ég og hæstv. fjmrh., hvernig réttindamál opinberra starfsmanna hafa verið tekin hér í gegnum þingið, t.d. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem hafa í raun og veru verið niðurstaða kjarasamninga. Og þar sem ráðherrar Sjálfstfl. hafa verið að semja við opinbera starfsmenn og engum hefur dottið í hug að breyta þessum hlutum vegna þess að um var að ræða niðurstöðu samninga. En núv. hæstv. ríkisstjórn gerir ekkert með samninga. Hún ætlar að keyra þessa hluti í gegn með góðu eða illu. Henni er bersýnilega alveg sama hvor lendingin í þeim efnum verður.

Hæstv. fjmrh. sagði hér fyrr í kvöld varðandi viðræðurnar við kennarana: Það var skýrt tekið fram við kennarana að það stæði til að gera þessar breytingar — ég tók eftir þessu orðalagi — gera þessar breytingar á lífeyrismálunum. Ég ætla að spyrja ráðherrann: Hvaða „þessar breytingar" voru kennararnir látnir vita um að stæði til að gera á lífeyrismálunum áður en gengið var frá frv. um réttindimálin? Hvaða „þessar breytingar" voru nákvæmlega kynntar í þessu efni? Hvaða „þessar breytingar" voru það sem hæstv. ráðherra ákvað að kynna áður en gengið var frá yfirlýsingu verkefnisstjórnarinnar 1. febrúar sl. um flutning grunnskólans? Hvaða breytingar lágu þá á borðinu varðandi lífeyrismál opinberra starfsmanna um leið og gengið var frá bréfi verkefnisstjórnarinnar? Hvaða breytingar lágu þarna fyrir? Það stendur í bréfi verkefnisstjórnarinnar að þetta verði rætt síðar, en ráðherrann sagði hér í dag: „Það var skýrt tekið fram að það stæði til að gera þessar breytingar." Þá skildi ég hann þannig að hann ætti við þær breytingar í frumvarpsdrögunum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, að hann sé að gefa í skyn að það mál hafi í raun og veru verið kynnt fyrir verkefnisstjórninni áður en blaðið var undirritað. Ef það er rangt, er mikilvægt að það komi fram. Ég tel nokkuð ljóst að hitt atriðið sé hreinlega ósatt vegna þess að þessar breytingar gátu ekki hafa verið kynntar við þær aðstæður sem þarna voru.

Málið snýst um það, hæstv. ráðherra, að 1. febrúar sl. gekk verkefnisstjórn vegna flutnings grunnskólans frá yfirlýsingu. Þar var gengið frá reglum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda og því að lagareglur yrðu þær sömu og hafa verið, fluttar algerlega yfir. Þetta mál var rætt í dag og þegar hæstv. fjmrh. var gagnrýndur fyrir að hafa ekki greint frá því í einstökum atriðum sem stæði til að gera í lífeyrismálunum svaraði hann að það hefði verið skýrt tekið fram að það stæði til að gera þessar breytingar. (**Fjmrh.:** Það var ekki verið að tala um lífeyrismálin þarna.) Það er ágætt, en þá er gott að hæstv. fjmrh. skýri það, annaðhvort í andsvari eða í ræðu sinni seinna, vegna þess að þetta er þýðingarmikið úrslitaatriði. Að vísu liggur það nú fyrir að þessi drög að frv. um lífeyrissjóð virðast hafa verið til þegar menn voru að undirrita yfirlýsingu verkefnisstjórnarinnar.

Ég tel nauðsynlegt að fá þetta alveg upp á borðið, hæstv. forseti, vegna þess að hér er greinilega um að ræða mjög mikla ónákvæmni í samskiptum af hálfu fjmrn. sem nauðsynlegt er að skýra í þessum málum svo hlutirnir geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti.

Síðan ætla ég, hæstv. forseti, að drepa á nokkur atriði sem ég tel að skipti langmestu máli í þessu frv. Ég tel að það séu þrjú grundvallaratriði sem skaga þarna alveg upp úr. Það er í fyrsta lagi 9. gr. sem hefur margoft verið nefnd í dag og gengur út á það að forstöðumenn stofnana geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum o.s.frv. Þetta hefur verið rætt dálítið í dag. Ég tel að þetta sé grundvallarbreyting og ég heyri að menn eru ekki alveg sammála um hana. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu hér. En ég ætla að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig sér hann fyrir sér að forstöðumenn einstakra ríkisstofnana geti gengið frá þessum hlutum, ákveðið aukagreiðslur til starfsmanna sinna, miðað við þann starfsramma sem þeim er ætlaður samkvæmt fjárlögum hverju sinni? Það hlýtur í raun og veru að vera býsna snúið mál að koma þeim hlutum eðlilega fyrir miðað við að þegar við göngum frá fjárlögum þá felast í þeim fjárheimildir um einstakar greiðslur. Ég sé það satt að segja ekki fyrir mér í fljótu bragði hvernig menn hugsa sér að koma þessu atriði fyrir miðað við annað frv. sem liggur hér inni, þ.e. frv. til laga um fjárreiður ríkisins. Ég sé ekki hvernig sú hugsun sem þarna er verið að viðra og opnar fyrir talsverðan sveigjanleika fyrir þessa aðila rímar við aðrar reglur og önnur lög sem eru í gildi í þessum efnum

Annað atriði sem ég tel standa upp úr, hæstv. forseti, í sambandi við þetta frv. er 40. gr. og það hvernig embættismenn eru flokkaðir í tvennt samkvæmt 22. gr. í æðri og óæðri embættismenn, æðri og óæðri starfsmenn ríkisins. Ég tel þetta satt að segja ekki heppilegt fyrirkomulag. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. skýri mikið betur hvaða rök eru fyrir því að búa til 1. flokks embættismenn og 2. flokks embættismenn. Og hann þarf að skýra mikið betur hvað hann á við með 40. gr., þ.e. orðunum „til að stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum." Ég tel að þetta sé stórt atriði, hæstv. forseti, og meginatriði nr. 2 eins og ég sé þetta frv. fyrir mér.

Grundvallaratriði nr. 3 er 47. gr. Um hana mætti segja margt, en tíminn leyfir það því miður ekki, hæstv. forseti. Ég minni á að á næstsíðasta þingi var stjórnarskránni breytt. Þar var aðallega breytt mannréttindakafla hennar og það var heilmikið tekist á um hvort það ætti að vera þannig að stéttarfélögin héldu sömu möguleikum til að skipuleggja sig og fólk innan sinna vébanda og verið höfðu. Þau sjónarmið komu fram, m.a. frá einum og einum manni að ég hygg úr Sjálfstfl., að þetta ákvæði sem þarna var verið að tala um væri í raun og veru slæmt og það þyrfti að opna fyrir það að menn gætu losað sig út úr stéttarfélögunum. Með hliðsjón af þessu má t.d. nefna sjónarmið hæstv. menntmrh. varðandi aðild að stúdentaráði Háskóla Íslands eða skyldaðild að samtökum stúdenta.

Hver varð niðurstaða Alþingis í þessu máli? Niðurstaðan varð sú að í raun og veru væri ekkert í nýju stjórnarskránni sem hróflaði við skipulagsrétti verkalýðshreyfingarinnar. Það var t.d. tekið fram af hv. þm. Ragnari Arnalds, frsm. stjórnarskrárnefndar, og hv. þm. Geir H. Haarde, sem var einnig frsm. þeirrar nefndar, að það ætti ekki á neinn hátt að hrófla við þeim réttindum sem verkalýðshreyfingin hefði haft til að skipuleggja sig. Það var alveg skýrt um hvað menn voru að tala. Einn þáv. þm. Sjálfstfl., Björn Bjarnason, gerði athugasemdir við þetta mál varðandi réttindi verkalýðsfélaganna til að skipuleggja sig með eindregnum hætti.

Nú er það hins vegar svo að í 47. gr. er komið inn á grundvallarréttindi hinna almennu verkalýðsfélaga í þessu landi með þeim hætti að það sýnir betur en nokkuð annað í frv. að staða launafólks á Íslandi andspænis þessu frv. hlýtur að mætast í einum punkti. Hér stendur, með leyfi forseta, í 2. mgr. 47. gr.: „Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf." Hér er bersýnilega verið að opna fyrir alveg nýjan vinkil á þessum skipulagsmálum stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar. Því miður hef ég ekki haft aðstöðu til þess að lesa þetta frv. sem var verið að henda á borðin frá félmrh. Framsfl., hinum vinstri sinnaða Páli Péturssyni hæstv. Það er því mál sem við verðum að skoða síðar og væntanlega gefst kostur á því síðar í kvöld því þetta er auðvitað allt sama súpan.

Ég tel augljóst, hæstv. forseti, með hliðsjón af því hvernig staðan er í þessum málum og með hliðsjón af því að kjarasamningar verða lausir um næstu áramót að ríkisstjórnin vill

greinilega taka upp allt samningssviðið eins og það leggur sig. Hún er í raun og veru að segja upp kjarasamningum með þessum vinnubrögðum. Með hliðsjón af vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í þessum málum sem eru algerlega einstæð, á hv. Alþingi auðvitað að taka í taumana. Það er eðlilegt að Alþingi fylgi í þeim efnum fordæmi hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. ákvað að stöðva á þessu þingi lífeyrissjóðafrv. Hann sló þannig á fingurna á hæstv. fjmrh. Ekki í fyrsta sinn segja sumir, ég þekki það ekki. Nú á Alþingi að fylgja fordæmi hæstv. forsrh. og stöðva þetta. Og gera hvað við það? Ekki henda því, heldur vísa því aftur til ríkisstjórnarinnar þannig að hún geti unnið betur sína heimavinnu og taki þessi mál upp með eðlilegum hætti í samningaviðræðum við stéttarfélögin í landinu sem munu fara fram um næstu áramót eða í tengslum við það að núgildandi kjarasamningar losna. Þess vegna væri að mínu mati eðlilegast að Alþingi samþykkti að vísa þessu frv. frá, vísa því til ríkisstjórnarinnar þannig að hún geti farið í eðlilegar viðræður við stéttarsamtökin í landinu um þessi mál.

Ég vil líka segja, hæstv. forseti, að ef málin eru skilin eftir svona, t.d. varðandi lífeyrismálin og mismununinn á þeim tveimur frumvörpum sem ég hef rætt, er bersýnilega ekki verið að stuðla að góðum friði um það að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna. Þar þurfa menn bersýnilega að ganga mikið betur frá hlutunum af því að því miður sýnir reynslan að núverandi ríkisstjórn er í þeim efnum ekki treystandi.

[21:11]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreyttar lífverur, 117. mál, brtt. umhvn., þskj. 737.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 415. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 739.

[21:11]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér er til umræðu um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru tekin til endurskoðunar lagaákvæði jafnframt því sem boðað er að fram komi frv. um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Ég vil af því tilefni freista þess að gera grein fyrir viðhorfum mínum til þeirra mála sem þessi tvö frumvörp munu grípa á og í samræmi við þá meginreglu að menn lýsi almennum viðhorfum til málsins við 1. umr. en hins vegar til einstakra efnisgreina í 2. umr.

Á undanförnum áratugum hefur þróast mjög mismunandi réttarstaða launþega hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar. Þá ber að geta þess að allstór hluti starfsmanna hjá hinu opinbera fellur einnig undir kjarasamninga ASÍ-stéttarfélaganna. Þessi þróun endurspeglast í skiptingu verkalýðshreyfingarinnar í annars vegar stéttarfélög opinberra starfsmanna og þá fyrst og fremst ríkisstarfsmanna og hins vegar stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands. Ég tel að þessi uppskipting hafi veikt verkalýðshreyfinguna, sér í lagi sú staðreynd að menntamenn safnast saman í sérfélög um sína hagsmuni í stað þess að fylkja sér með öðrum launþegum.

Það eru miklir hagsmunir fólgnir í því að þessar tvær fylkingar launþega renni saman í eina öfluga launþegahreyfingu. Ég tel það mikilvægasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar um þessar mundir að vinna að þessari samfylkingu. Til þess að ná fram þessu markmiði þarf að samræma stöðu launþega og þar með talið réttarstöðu þeirra, verkfallsrétt, samningsrétt og lífeyrisrétt. Ég er því á þeirri skoðun að rétt sé að samræma stöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði út frá almennum hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar. Samræmd lífeyrisréttindi eru nauðsynleg til þess að þessi þróun megi verða. Í þessari skoðun um samræmd kjör felst ekki að skerða eigi kjörin í heild sinni, hins vegar mun slík samræming óhjákvæmilega leiða af sér að ýmsir þættir kjaranna breytast frá því sem nú er.

Erfiðasti hjallinn er tvímælalaust lífeyrisréttindin, einkum í ljós þeirrar staðreyndar að lífeyrisskuldbindingar vegna opinberra starfsmanna eru einn hinn alvarlegasti vandi ríkissjóðs og munu fara vaxandi að óbreyttu. Það verður ekki undan því vikist að grípa til aðgerða á þessu sviði. Lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs, þ.e. loforð um lífeyri umfram það sem til er í sjóði, nema um 67 þús. millj. kr. og þessi skuldbinding vex um 3,6 milljarða kr. á hverju ári umfram innkomin iðgjöld. Er talið að lífeyrisiðgjöld standi ekki undir nema $^1/_5$ hluta skuldbindinga. Auk þessarar skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs er áætlað að skuldbindingar vegna starfsmanna í B-hluta stofnana ríkisins séu um 12 milljarðar kr.

Ég minni á álit yfirskoðunarmanna ríkisreiknings sem fram kemur í endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1994, með leyfi forseta:

„Hér þarf tafarlaust að taka á. Í fyrsta lagi á málunum í heild, en í annan stað einstökum vandamálum sem hlaða upp á sig."

Það gengur ekki að safna árlega upp skuldbindingum og vísa á framtíðina til greiðslu þeirra. Það er óásættanlegt fyrir þá sem búa við lífeyrisréttindi sem takmarkast af iðgjöldum að þurfa í framtíðinni að borga sérstakan skatt til að standa undir lífeyrisréttindum annarra. Það á ekki að veita betri lífeyrisréttindi en iðgjaldagreiðslur standa undir. Vilji alþingismenn viðhalda óbreyttum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, ber þeim að afla tekna til þess að standa undir réttindunum. Vilji menn ekki afla nægilegra tekna ber að skerða réttindin. En það er eitt sem ekki er hægt að gera og það er að veita betri réttindi en iðgjöldin standa undir.

Það er verkefni ríkisvaldsins og starfsmanna þess að semja um lífeyrisréttindi á þessum grundvelli. Auk þeirrar stefnu að færa saman starfskjör opinberra starfsmanna og launþega á almennum vinnumarkaði tel ég nauðsynlegt að draga úr miðstýringu ríkisvaldsins. Valddreifing í opinberum rekstri er bráðnauðsynleg, hvort heldur er um að ræða að færa vald til stofnana ríkisins í starfsmannamálum eða almennt auka sjálfstæði þeirra.

Undanfarna áratugi hefur uppbygging opinbers reksturs grundvallast á sterkri miðstýringu og er kominn tími til að snúa af þeirri braut og er ég þá með í huga að dreifa opinberu valdi út um land. Niðurstaða mín er þessi:

1. Stefna á að því að sameina verkalýðshreyfinguna og færa saman réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna markaði.

2. Dreifa á valdi til einstakra stofnana ríkisins.

3. Taka á tafarlaust á því gríðarlega vandamáli að veitt skuli lífeyrisréttindi sem eru meiri en iðgjöld standa undir.

Að því marki sem frv. fellur að þessum sjónarmiðum er það til bóta. Í frv. eru hins vegar atriði sem ganga til annarrar áttar og eru óásættanleg. Þar vil ég fyrst nefna ákvæði 2. mgr. 47. gr. sem er greinilega sett til að brjóta niður afl stéttarfélaganna. Það hlýtur að vera grundvallarregla í samskiptum ríkisins og stéttarfélaganna að samningsréttur

um kaup og kjör sé hjá félögunum. Þá er ákvæði 17. gr. um skyldu starfsmanna til að vinna yfirvinnu fullkomlega andstætt grundvallarreglunni um að launþegi sé frjáls að því að vinna yfirvinnu. Valddreifingu fylgir að ákvörðun um launakjör flyst að einhverju leyti til stofnana. Það þarf að vera sem mest á grundvelli samnings við stéttarfélög sem kjörin víkja frá grunnlaununum. Og ég hef efasemdir um ákvæði 9. gr. um rúma heimild forstöðumanna stofnana til einstaklingsbundinna frávika.

Þá þarf að huga að ákvæðum 49. gr. um málskotsrétt vegna ákvarðana stjórnvalda, ekki hvað síst í tengslum við valddreifinguna. Það er nauðsynlegt að starfsmaður ríkisins eigi ávallt leið til að fá athugaða af sæmilega hlutlausum aðila bersýnilega ósanngjarnar ákvarðanir stjórnvalds sem yfir honum er.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli dregið saman almenn viðhorf mín til breytinga á umhverfi í opinberum rekstri auk þess að nefna nokkur atriði í þessu frv. sem mér þykja afar ósanngjörn. Þau mega því gjarnan missa sig. Að öðru leyti geymi ég mér umfjöllun um einstök efnisatriði frv. til 2. umr.

[21:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið mikið rætt um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í dag, enda eina málið á dagskrá þingsins. En það hefur ekki einvörðungu verið rætt innan þings, það hefur einnig verið talsvert til umfjöllunar utan þings. Þar er ég ekki að tala um fjöldann allan af fundum sem haldnir hafa verið undanfarna daga og vikur um þessi mál. Ég er að vísa til viðtala í fjölmiðlum, m.a. við hæstv. fjmrh. Þar mun hann hafa lýst því yfir að drögum að þessu frv., sem hér er til umræðu, hafi verið skotið til samtaka opinberra starfsmanna og óskað eftir umsögn af þeirra hálfu. Þeir hafi kosið, opinberir starfsmenn og þeirra samtök, að fara með þetta út og gera opinberar upplýsingar sem hefðu ekki átt að verða opinberar að svo stöddu. Hv. þm. Pétur Blöndal mun einnig hafa talað í þá veru í dag að málið hafi lekið frá BSRB og öðrum samtökum opinberra starfsmanna. Þannig hefur verið talað hér.

Hvernig halda menn að við vinnum? Hvernig halda menn að lýðræðisleg samtök vinni? Á þetta allt að gerast á bak við luktar dyr? Átti kannski ekki að láta það vitnast að til stæði að svipta lögreglumenn samningsrétti? Átti það ekki að vitnast að það stóð til að svipta starfsmenn Stjórnarráðsins samningsrétti? Tollverði? Starfsmenn fangelsa? Mátti það ekki vitnast? (**PHB:** Það fór sem sagt út.) Þetta var að sjálfsögðu látið ganga til okkar félagsmanna og félaga og rætt þar. Hv. þm. býsnast nú mjög yfir þeim upplýsingum að um þetta hafi verið fjallað í stjórn samtaka launafólks. Það segir okkur sína sögu um starfshætti í þeim samtökum sem hv. þm. starfar með, þar er það einræðisvaldið sem gildir. Fáeinir menn virðast véla þar um málin og segja síðan hinum hvað þeim eigi að finnast. Að sjálfsögðu er um þetta rætt innan stjórnar og innan samtaka sem eiga um þetta að fjalla.

Í dag var haldinn fundur í þeirri nefnd sem fjallar um lífeyrismálin og lífeyrisfrv. starfsmanna ríkisins. Þar var óskað eftir upplýsingum um það hvort ríkið eða fjmrn. hefði reitt fram einhverja nýja útreikninga. Svörin sem þar fengust voru á þann veg að svo væri ekki. Síðan birtist það í fréttum í dag síðdegis að þessir útreikningar hafi verð gerðir. Þeir eru látnir ganga út til fjölmiðlanna og eru þar til umræðu. Eftir hverju er verið að óska af okkar hálfu? Er verið að óska eftir lokaðri umræðu, einhverri prívatumræðu fáeinna manna þegar verið er að gera grundvallarbreytingar á okkar samningsumhverfi, grundvallarbreytingar á réttarstöðu manna? Hvað skyldu menn hafa verið að staðfesta í þessum útreikningum sem voru til umfjöllunar í fjölmiðlum í dag? Þar var verið að staðfesta að fullyrðingar samtaka opinberra starfsmanna um að drögin að frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fælu í sér stórfellda skerðingu ættu við rök að styðjast. Verið er að staðfesta að þarna sé um stórfelldar skerðingar að ræða. Og mótsagnirnar sem hér hafa komið fram í málflutningi hæstv. fjmrh. og annarra sem hafa talað af hálfu ríkisstjórnarinnar eru afar miklar. Þannig segir hæstv. fjmrh. að aldrei hafi staðið til að skerða áunnin lífeyrisréttindi bótalaust. Ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh. hvernig á því hafi staðið að menn hafi rætt um það í alvöru að afnema svokallaða eftirmannsreglu sem sannanlega felur í sér skerðingu á lífeyri þeirra sem komnir eru á lífeyri? Átti að bæta þeim það upp í launum? Á hvern hátt ætlaði hæstv. fjmrh. að bæta þessi réttindi? Hann hefur fullyrt að aldrei hafi staðið til að skerða áunnin réttindi bótalaust. Hvernig átti að bæta þessu fólki, lífeyrisþegum, upp þessi réttindi? Hvernig átti að gera það?

Hér hefur verið rætt um þær grundvallarbreytingar sem boðaðar eru með frv. um réttindi og skyldur á launakerfi ríkisins, kosti þess og galla að hafa miðstýrt launakerfi og hvort hyggilegt sé að fara út í aukna valddreifingu, fara með kjarasamninga inn í einstakar stofnanir. Og hefur sitt sýnst hverjum í því efni. Þá grundvallarreglu verður að virða, ætli menn á annað borð að hverfa frá miðstýringu til aukinnar valddreifingar, að samningar verði félagslegir, að um verði að ræða félagslega samninga. Ekki samninga á forsendum forstjóranna, ekki duttlungasamninga. En það er einmitt þetta sem boðað er í þessu frv. Þetta er frv. sem veitir forstöðumönnum einhliða rétt til að ákvarða kaupið og kjörin. Þeim er í sjálfsvald sett hvernig þeir bera sig að í þeim efnum. Mér finnst mikilvægt þegar við erum að ræða þetta málefnalega að athuga hver reynsla annarra þjóða er af sams konar breytingum og hér eru boðaðar. Hver er reynsla annarra þjóða? Mönnum hefur orðið tíðrætt um það í dag að það eigi að búa svo um hnútana að hlutur kvenna verði tryggður sem best. Hér í 9. gr. segir að það skuli kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Engar reglur eru settar um þetta. Þetta er bara staðhæfing sem þarna er sett á blað.

Hver skyldi reynsla annarra þjóða hafa verið af þeim kerfisbreytingum sem hér eru boðaðar? Alls staðar þar sem hefur verið farið út á þessa braut, hefur þetta leitt til aukins launamunar. Það hefur alls staðar gert það. Það er búið að gera fjöldann allan af rannsóknum á þessu. Þetta hefur gerst í Svíþjóð. Það voru gerðar miklar rannsóknir á því. Launamunurinn jókst. (**Gripið fram í:** Launamunur almennt?) Já, og sérstaklega milli karla og kvenna. Launamunurinn jókst við það að fara úr miðstýrðu kerfi yfir í valddreift. Hvernig skyldi standa á því? Jú, vegna þess að menn afsala sér tækjunum til þess að laga þessa hluti. Markaðurinn býður upp á ákveðið misræmi og ranglæti í þessum efnum og til þess að laga það þarf að taka ákvörðun um að maður vilji laga það og síðan þarf að hafa möguleika á að fylgja þeirri ákvörðun eftir. Menn hafa notað alls kyns tæki til þess, starfsmat t.d. Menn þurfa að geta tekið um þetta ákvörðun og eiga möguleika á að fylgja henni eftir.

Í frv. eru menn að afsala sér öllum þessum tækjum. Það er ekki nóg með að menn séu að hverfa frá miðstýrðu kerfi

og fara yfir í valddreift. Menn eru líka að setja það í vald einstakra forstöðumanna, einstakra forstjóra að ákveða samkvæmt sínum geðþótta. Það segir í lögunum. Það er því allt sem bendir til þess að þessi kerfisbreyting muni leiða til aukins launamunar og aukins munar milli karla og kvenna. Reynslan alls staðar segir okkur þetta. Og heyra hæstv. fjmrh. tala um að það þurfi að gera launakerfið gagnsætt og setja þetta upp á borð. Vita menn það ekki að samkvæmt lögum á að birta allar þessar upplýsingar? Til skamms tíma var birt skrá yfir launakjör allra opinberra starfsmanna. Menn gátu nálgast hana í hvaða bókabúð sem var. Af hverju er þetta ekki gert? Af hverju var horfið frá þessari ráðstöfun? Og vita menn ekki að allar upplýsingar um launakjör, bæði launin sjálf og annað sem mönnum er greitt, er allt til í tölvum fjmrn? Þetta er allt saman þar til. Allar þessar upplýsingar eru fyrir hendi. Það er hægt að keyra þetta allt út ef vilji er til þess. Þessar upplýsingar eru allar fyrir hendi. Það sem verið er að gera núna hérna með þessum breytingum er að það er verið að fara með þetta niður í jörðina. Það er verið að búa til duttlungastjórnun og það er alveg sama hvað hæstv. fjmrh. hristir mikið höfuðið yfir því. Það er verið að búa til duttlungastjórnun nema hann meini ekkert með þessu. Nema hann meini ekkert með því að forstöðumenn stofnana geti ákveðið að umbuna mönnum á sínum forsendum. (**Gripið fram í:** Hvernig er kerfið núna?)

Kerfið er núna þannig að hinar breiðu stéttir, hinar stóru stéttir í þjóðfélaginu eru á dagvinnulaunum. Vinni þær á næturnar fá þær vaktaálag fyrir slíkt. Þær eru ekki á þessu sporslukerfi, sjúkraliðarnir, hjúkrunarfræðingarnir. Hvað eru menn að tala um hér almennt? Almennt eru opinberir starfsmenn á taxtalaunum. Hvað er verið að gefa í skyn? Að hér sé eitthvert neðanjarðarlaunakerfi þegar á heildina er litið? Staðreyndin er sú að þegar kemur upp í toppana sem menn ætla að gera sjálfráðari, þá er það þar sem sporslurnar verða til. En hjá hinum almenna launamanni er það taxtinn sem blífur. Menn fá greitt samkvæmt launataxta. Heldur hv. þm. Pétur Blöndal að menn séu kannski allir með 40 þús. kr. greiðsluna, hinn almenni opinberi starfsmaður eða vill hann fara nánar út í þá sálma? Hvað eru menn að reyna að gefa í skyn? Staðreyndin er sú að einkenni launakerfisins hjá hinu opinbera er það að launin eru almennt of lág. Það verður að hækka þau. En það verður ekki gert með því að setja þetta inn í duttlungastjórnun forstjóra, það verður ekki gert með því. Það sem verið er að skapa með því er sannanlega, ef við lítum til reynslu annarra þjóða, hætta á auknu launamisrétti.

Eitt vildi ég gjarnan fá upplýst hjá hæstv. fjmrh. sem segir að vel komi til greina að lögreglumenn, tollverðir og aðrir þeir sem samkvæmt frv. eru sviptir samningsrétti, fái samningsréttinn en glati þeirri ráðningarfestu sem þeir búa við. Er verið að bjóða upp á eitthvert val í þessum efnum?

Lögreglumenn á Norðurlöndunum búa við bæði samningsrétt og verkfallsrétt, á öllum Norðurlöndunum, og trausta ráðningarfrestu. Þeir gera það. Hér er verið að bjóða upp á eitthvert val. Það verður fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um þetta á eftir.

Það sem er að gerast í grófum dráttum er að það er verið að reyna að þröngva í gegn grundvallarbreytingum. Þannig er að starfsmaður hins opinbera þarf að líta til þriggja þátta. Hann þarf að líta til þess lagaramma sem setur honum skorður. Hann þarf að líta til verkstjórnandans, síns verkstjóra og hann þarf að sjálfsögðu að líta til þeirra sem hann þjónar, almennings. Það sem verið er að gera með þessum lögum er að breyta áherslunum hvað þessa þætti snertir. Það er verið að auka vald yfirboðarans og ég fór í gegnum það við fyrri umræðuna í dag að þetta kemur fram í fjölmörgum greinum frv.

Að lokum vil ég segja þetta. Mér hefur fundist þessi umræða af hálfu hæstv. fjmrh. einkennast af vantrú, mér liggur við að segja fyrirlitningu gagnvart opinberum rekstri og það einkennir allan málatilbúnað í þessu frv. Það er talað um þá ógæfu sem hafi hent þjóðina frá 1955 þegar opinberir starfsmenn voru 8% af vinnuaflinu upp í að vera núna 20%. Það er engin tilraun til að skoða þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa á þessum tíma. Þegar umönnunarstörf og uppeldis- og menntastörf hafa flust af heimilinu út á vinnumarkaðinn. Það er engin tilraun til að skoða aukna atvinnuþátttöku kvenna og hvernig það hefur breytt þessum hlutföllum. Það er engin tilraun til þess að skoða þetta með tilliti til samanburðar við önnur lönd sem sýnir að við erum með miklu minni opinber umsvif en gerist á Norðurlöndunum og almennt í hinum þróaða heimi, miklu minni. Það er engin tilraun til að gera það. Stundum veltir maður því fyrir sér hvort hæstv. fjmrh., æðsti yfirmaður hins opinbera reksturs hér á landi, haldi að þetta fólk sé ekki að gera neitt, að það sé eiginlega bara til óþurftar, kennararnir, hjúkrunarfræðingarnir, sjúkraliðarnir, að það komi bara í vinnuna á morgnana svona til að ræða um veikindarétt og biðlaun og lífeyrisrétt og annað slíkt. Að hæstv. fjmrh. skuli ekki átta sig á þeirri þjónustu sem hér fer fram við samfélagið, ekki bara hinn almenna borgara heldur við atvinnulífið allt, því samspili sem á sér stað milli opinbers reksturs og einkareksturs.

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að við fáum nánari upplýsingar frá ríkisstjórninni um hvað hún raunverulega ætlast fyrir. Við erum búin að fá yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sem stangast á í veigamiklum atriðum. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að það komi ekki til greina að skerða áunnin réttindi. Við höfum ekki fengið svör við því hvort hann ætlar að fylgja þessu eftir gagnvart frv. um réttindi og skyldur. Þar er gert ráð fyrir því að áunnin réttindi verði skert. Biðlaunaréttur er áunnin réttindi. Biðlaunaréttur er ekki sá sami fyrir mann sem hefur starfað skemur en 15 ár og hinn sem starfað hefur lengur en 15 ár. Hann er ólíkur. Þetta eru áunnin réttindi og þannig mætti nefna fleiri atriði.

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki hægt að ljúka þessari umræðu áður en við fáum nánari upplýsingar um það hvað ríkisstjórnin raunverulega ætlast til. Og það verður að greiða úr þeim mótsagnakenndu yfirlýsingum sem hafa komið annars vegar frá hæstv. fjmrh. og hins vegar frá hæstv. forsrh.

[21:42]

Útbýting þingskjals:

Reglur við innheimtu opinberra gjalda, 314. mál, svar fjmrh., þskj. 717.

[21:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það fer að líða að lokum þessarar umræðu. Ég vildi nota tækifærið til þess að taka upp atriði sem hafa komið upp í umræðunni síðan ég talaði fyrr í dag og einnig að koma að einni spurningu sem ég gleymdi að spyrja hæstv. fjmrh.

Fyrra atriðið varðar það sem fram kom í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þar sem hann ræddi um yfirvinnu. Mér þótti það athyglisvert og það vekur þá spurningu hvern-

ig sú skylda sem lögð er á herðar opinberra starfsmanna að vinna yfirvinnu kemur heim og saman við þá yfirlýstu stefnu að samræma réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna því sem gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Eftir því sem ég best veit er ekki hægt að skylda menn til að vinna yfirvinnu gegn vilja sínum. En slíkt ákvæði er að finna í núgildandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar segir í 31. gr., með leyfi forseta:

„Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma."

Hér í frv. er þetta hlutfall lækkað niður í fimmtung þannig að það er aðeins verið að draga úr þessari skyldu. En spurning mín er þessi: Finnst hæstv. fjmrh. rétt að halda í þetta ákvæði og hvernig kemur þetta heim og saman við það yfirlýsta markmið að samræma reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði því sem er hjá ríkinu? Ekki gerir það ríkið samkeppnishæfara að geta skyldað starfsmenn sína á þennan hátt.

Hitt atriðið sem ég vildi ítreka og spyrja hæstv. fjmrh. um, er skýring á breytingunni varðandi launagreiðslur, það að hverfa frá því að greiða laun fyrir fram og fara í eftirágreiðslur. Ég sé einfaldlega ekki hvaða rök mæla með þessu. Er hugsunin sú að fólk eigi að vera búið að vinna vinnuna sína áður en það fær borgað fyrir hana eða hvað? Þetta getur skipt máli t.d. þegar fólk er að leggja út í vinnudeilur og það getur auðvitað verið erfitt að fá ekki kaupið sitt greitt. (**Gripið fram í:** Hann er að spara.) Það er nú spurningin. Felst í þessu sparnaður fyrir ríkið? Ég get varla ímyndað mér að svo sé til lengri tíma litið. En mér finnst algjörlega vanta rök varðandi þetta atriði. Þetta er í núgildandi lögum og það er sem sagt verið að breyta þessu en mér finnst hér algerlega vanta skýringu á því hvers vegna.

Þá langar mig aðeins til að ræða við hv. þm. Ögmund Jónasson um 9. gr. frv. sem hann gerði hér að umtalsefni og mér finnst hann nú vægast sagt gera allt of mikið úr. Það kemur fram í skýringum við greinina að það er einmitt verið að taka á því að svona sérstakar launagreiðslur eru mjög handahófskenndar nú. Mér finnst menn ekki hafa lesið greinina almennilega en það segir hér, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum," — að sjálfsögðu er samið um grunnlaun og kjarasamningar gilda auðvitað. Síðan segir í framhaldinu — „sem ákvörðuð eru eða samið er um skv. 1. mgr."

Það er sem sagt hægt að semja um aukagreiðslur af þessu tagi vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi, t.d. ef menn hafa sérstaka menntun, vegna sérstaks álags og væntanlega nær það til fleiri en ... (**ÖJ:** Ofan á það sem samið er um.) Já, það er það sem ég er að segja. En það er heimilt að gera þetta með samningum. Það er hægt að semja um þetta. (**ÖJ:** Þá ræður forstöðumaðurinn.) Þetta stendur hér í greininni, hv. þm. Það er hægt að semja „eða samið er um skv. 1. mgr." Það er hægt að bæta slíkum aukagreiðslum ofan á samninga. (Gripið fram í.) (**ÖJ:** Ofan á samninga.) Ofan á samninga. Það er það sem málið snýst um. Slíkar greiðslur geta verið réttmætar, t.d. vegna óeðlilegs álags. Tökum t.d. öldrunarstofnun eða eitthvað slíkt, þá er samið um það sérstaklega að þar sé um álag að ræða. Það kemur líka fram hérna í greininni þó ég ætli nú ekki að fara að gerast einhver sérstakur ... (**ÖJ:** Þá eru það samningar.) Já. (**ÖJ:** Það er munurinn.) Það er það sem kemur fram hér í greininni, hv. þm.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að ræða ekki saman hér.)

Það kemur líka fram, það er best að ítreka það enn einu sinni, að það á að fara eftir reglum. Þessi forstöðumaður sem getur samið við sitt starfsfólk eða einstaka starfsmenn um slíkar aukagreiðslur á að fara eftir reglum. Þannig að það er einungis hægt að ákveða slíkt eftir ákveðnum reglum. Ef ég tek það sem hv. þm. nefndi hér áðan þá er það svo að t.d. kennarar í framhaldsskólum svo ég taki nú dæmi hafa samið um ýmsar aukagreiðslur, hópálag, stílapeninga, gæslupeninga og sérstakt álag vegna félagsstarfa sem þeir sinna fyrir nemendur. Það hefur verið samið um ýmsar slíkar greiðslur. Hér er um það að ræða að í stað þess að það duttlungakerfi sem nú er til, þar sem einmitt forstöðumenn semja um svona sporslur í felum — þannig er það núna og það nær að vísu yfirleitt ekki til mjög stórs hóps en þó ótrúlega stórs. Hann er ótrúlega stór og það eru t.d. ákveðnir hópar háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem hafa slíkar aukagreiðslur. (**Gripið fram í:** Sjaldnast konur.) Já, það er alveg hérrétt það eru fyrst og fremst karlastéttir sem hafa notið þessa og þar liggja að baki ákveðin sjónarmið. Ég vil spyrja hv. þm.: Hverju hafa miðstýrðir samningar skilað konum hér á landi? Við stöndum einfaldlega frammi fyrir þeirri staðreynd að launahlutfall kynjanna er nú það sama og það var á þrettándu öld og það sama og það var um síðustu aldamót, hvort sem við erum að tala um konur sem ófu vaðmál áður en fiskurinn tók við sem aðalútflutningsvara eða hvort við tökum fiskverkakonur hér um síðustu aldamót sem höfðu einungis um helming af launum karla. Við erum einfaldlega í sömu stöðu enn þann dag í dag ef litið er á meðallaun. Hér hafa samningar á undanförnum árum verið mjög miðstýrðir. Þeir hafa verið mjög miðstýrðir. Ég fæ ekki séð að það hafi skilað konum neinu sérstöku. Hins vegar kannast ég við það frá Danmörku að þar var fyrir nokkrum árum gerð ákveðin breyting sem aðallega fólst í því að samningar voru fluttir frá ríki til sveitarfélaga. Þeir voru fluttir til sveitarfélaganna og það hefur sjálfsagt fylgt verkefnaflutningi yfir til sveitarfélaganna. Það hefur ekki komið fram þar að sú breyting hafi skilað konum neinum sérstöku. Danskur hagfræðingur sem ég hlustaði á út í Svíþjóð fyrir um það bil tveimur og hálfu ári síðan, sagði að sú breyting hefði ekki skilað konum neinu sérstöku. En það verður að liggja að baki einhver stefnumörkun og vilji til breytinga til að það verði breyting á launakjörum kvenna sérstaklega. Það eru markmið sem bæði ríkisstjórn og sveitarfélög þurfa að setja sér. Ég get vísað til þess að launahlutfall kvenna miðað við karla í Bandaríkjunum er miklu hærra en hér. Ekki eru þar miðstýrðir kjarasamningar. Það er nú ekki aldeilis. Þannig að það er ýmislegt annað sem ræður. Það eru viðhorf sem ráða, það eru lög sem ráða og það má nefna að í Bandaríkjunum hafa konur í verulega ríkum mæli nýtt sér dómstólaleiðina. Dómar sem falla þar eru teknir alvarlega og hafa fordæmisgildi. Ég get nefnt sem dæmi að þegar ég fór í ferð um Bandaríkin haustið 1994 þá kom ég m.a. í heimsókn í Firestone hjólbarðaverksmiðjurnar í Iowa (**ÖS:** Ekki í Yellowstone?) Nei, það var hvorki í Yellowstone né Yellowknife heldur í Iowa. Þar unnu konur í mjög ríkum mæli við verksmiðjustörf við hlið karla. Þær urðu bara steinhissa þegar við fórum að spyrja þær hvernig væri með launahlutföllin því það hvarflaði ekki að nokkrum manni þar að greiða konum og körlum mismunandi laun.

Hins vegar var þar búið að standa verkfall í sex mánuði vegna þess að Japanir voru að taka verksmiðjuna yfir. Þeir ætluðu einmitt að bylta launakerfinu og starfsháttum öllum og hafa það að hætti Japana, sveigja menn til hlýðni og annað slíkt. Enda hafði staðið verkfall í sex mánuði. Þannig að þessi mál eru með ýmsum hætti, hv. þm.

Ég held að menn eigi nú að skoða þessa hluti vel. Ég vil rifja það upp í þessu samhengi að hér höfum við einmitt horft upp á það á undanförnum árum að heilu samtökin hafa verið þvinguð undir kjarasamninga, þvinguð undir þjóðarsáttina og í raun og veru verið svipt samningsrétti um árabil. Það er mín skoðun að ég vil sjá sem mesta samstöðu launafólks hér á landi og ég held að það veiti ekki af að það standi sameinað um réttindi sín og sæki fram til aukinna réttinda. En ég hef ekki trú á því að það eigi að þvinga alla undir sömu lög og reglur. Það þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki og það þarf að eiga sér stað veruleg uppstokkun, ekki síst til að ná tökum á því launamisrétti sem hér ríkir. Það þýðir t.d. að karlarnir fá þá ekki það sama. Ef menn ætla virkilega að taka á launamisréttinu þá þýðir það meiri hækkun til kvenna og kvennastétta en karlarnir fá. Ég held að menn eigi ekki að vera svona hræddir við þetta ákvæði sem við erum hér að ræða sérstaklega. Ég hef ekki áhyggjur af þessu enda gilda þær skýringar sem hér eru gefnar á þessu sérstaka ákvæði (**Gripið fram í:** Ruth Richardson var ...) og þeim reglum sem á að setja. Ég held einmitt að vonandi nýtist þetta konum til betri launa hjá ríkinu. Já, Ruth Richardson var á því að *það ætti ekki að binda allt samfélagið í einn kjarasamning* og það er nú þróun sem menn hafa t.d. verið að hverfa til í Skandinavíu, að binda ekki allt saman í einn samning eða einn farveg, samráðið mikla vegna þess að það kemur niður á ákveðnum hópum. Við sjáum það, hv. þm. sem er mjög heitt hér í hamsi í þessum umræðum, að sú stefna sem hér hefur verið ríkjandi hefur m.a. bitnað á opinberum starfsmönnum. Hún hefur bitnað á ákveðnum hópum sem reyndar hafa reynt að brjótast undan þessu með hverju verkfallinu á fætur öðru vegna þess að óánægjan er mjög mikil, ekki síst meðal kvennastéttanna. Ég held því að við eigum að hafa opin augun fyrir þeim leiðum sem færar eru. En ef sú verður raunin að þessi lög, verði þau samþykkt, leiði til aukins launamunar kynjanna þá skal ég verða fyrst til að ganga til liðs við hv. þm. til að reyna að breyta því.

[21:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar í dag að hann talaði um að í þessu frv. mætti finna afnám málfrelsis hjá embættismönnum ef ég skildi hann rétt. Líklega er verið að vísa til 18. gr. frv. og 40. gr. sem fjallar um verkfallsréttinn ef ég man rétt. Báðar þessar greinar, bæði 18. gr. og 40. gr., eru í lögum nú. Önnur er í lögum frá 1915 en hin er í lögunum um opinbera starfsmenn. (**ÖJ:** .... sem heyra undir þessar greinar.) Já, það er hugsanlegt ef niðurstaðan verður sú að 7. tölul. í skiptingunni á milli embættismanna og annarra verður eins og hann er í frv. Ég hef margoft lýst því yfir að það er enn þá opið og ég kem að því síðar. Þetta vildi ég bara segja til þess að það sæti ekki eftir hér í umræðunni. Það er ekki verið að gera neinar breytingar á núgildandi lögum í þessu efni. Í raun og veru eru verkföll opinberra starfsmanna að meginstefnu til bönnuð í gömlum lögum en undanþága er gerð með nýrri lögum. Auðvitað vita forustumenn opinberra starfsmanna hvert formið er á löggjöfini.

Eins og hér er kallað fram í þá er í frv. gengið út frá því að lögreglumenn, fangaverðir og tollverðir verði embættismenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þeir njóta þannig meira öryggis í starfi en aðrir en hafa á *móti hvorki samnings- né verkfallsrétt* ef frv. yrði að lögum. Þetta er þó ekki fastákveðið. Þetta var eitt þeirra atriða sem við vildum gjarnan ræða við forustumenn starfsmanna ríkisins og forustumenn þeirra félaga sem þarna eiga í hlut en sú umræða gat ekki orðið á því stigi málsins. En ég vek sérstaka athygli á því að á sama tíma og hv. þm. Ögmundur Jónasson fer hér geyst og segir að þarna sé verið að taka réttindi af mönnum, og það er út af fyrir sig rétt að samningsrétturinn mundi hverfa, þá er félagi hans í Alþb., sem sýnir hver munurinn er á óháðum og alþýðubandalagsmönnum, að gagnrýna það og segir að það sé verið að búa til fyrsta flokks embættismenn með sérréttindi. Í þeirri yfirlýsingu hv. þm. felst það að í frv. sé verið að gera fangaverði, tollverði og lögregluþjóna að einhvers konar fyrsta flokks embættismönnum. *Ég vek athygli á því hve mikið misræmi er í* málflutningi þessara manna sem koma hvor úr sinni áttinni en eru þó samstarfsmenn á yfirstandandi kjörtímabili.

Ég ítreka það enn á ný að það er ekki verið að skerða nein réttindi sem samið var um í kjarasamningum. Þau réttindi sem hér er um að ræða voru tekin í lög 1954, átta árum áður en opinberir starfsmenn fengu samningsrétt en það gerðist fyrst 1962.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson taldi að gildissvið laganna væri þrengt. Sannleikurinn er sá að gildissviðið er rýmkað en ekki þrengt því að það nær nú til allra starfsmanna sem samið er við hvort sem þeir eru í félögum svokallaðra opinberra starfsmanna eða í öðrum félögum. Þetta er þess vegna réttarbót fyrir stóran hóp starfsmanna ríkisins.

Ákvæðið í 2. gr. frv. er hins vegar í samræmi við núgildandi lög, þ.e. að starfsmenn hlutafélaga í eigu ríkisins heyra ekki undir lögin nr. 38/1954, né heldur banka — ja, reyndar bankastarfsmenn í þeim skilningi að dómstólar hafa jafnað skyldum stundum til þeirra, það er áhorfsmál hvort þeir hafi biðlaunarétt o.s.frv. Um auglýsingarnar hef ég áður talað.

Það var mjög athyglisvert að hlusta á hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ræða hér málið í dag því hann var á móti því að halda æviráðningunni. Það tók enginn meira upp í sig í því máli en hann. Hann var á móti því að *biðlaunarétturinn* tvöfaldaði laun í sömu störfum hjá sama vinnuveitanda og hann fagnaði valddreifingu til stofnana. En svo sagði hann: Ég er á móti því að verið sé að afnema áunnin réttindi og dæmið sem hann tók þar var að nú fengju menn ekki lengur fyrirframgreidd laun. Það skal tekið fram sem hv. þm. vissi ekki ... (**Gripið fram í:** Hann tók samningsrétt og líka þetta.) Já, en hann tók þetta sérstaklega fyrir. Það var búið að svara því. Í andsvari sem ég flutti í dag tók ég sérstaklega fram það sem ég sagði nú fyrr í minni ræðu að það mál er allt opið og er til samninga enn þá. Það er ekkert verið að slá neinu föstu í sambandi við lögreglumennina, fangaverðina eða tollverðina. En í sambandi við fyrirframgreiðsluna, þá mun hún að sjálfsögðu gilda fyrir alla núverandi starfsmenn ríkisins og þessi regla gildir einungis fyrir þá sem munu fá störf eftir gildistöku frv. þegar það verður að lögum. (Gripið fram í.) Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði að því í sinni ræðu og ástæðan er einfaldlega sú að þetta er regla sem er meginreglan á íslenskum kjaramarkaði. Þannig er farið að víðast. Ég sé ekki ástæðuna fyrir því nú þegar opinberir starfsmenn hafa upp til hópa samnings- og verkfallsrétt eins

og aðrir eigi þeir að fá fyrirframgreidd laun fyrir vinnu sem þeir hafa ekki enn þá unnið, þannig er það sjaldnast. Hitt er svo annað mál að þetta er ekki það atriði sem mér er fastast í hendi í frv., ég skal taka það fram.

Hv. þm. Ágúst Einarsson fjallaði um tilflutning í störfum. Það skal tekið fram að ákvæði 36. gr. frv. er byggt á 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar sem veitir forseta Íslands, það á að skiljast ráðherrum, heimild til að flytja embættismenn úr einu embætti í annað. Það er til í lögum. Ákvæðið í 2. mgr. 46. gr. frv. er að finna í niðurlagi 1. mgr. 15. gr. núgildandi starfsmannalaga þannig að þar er ekkert nýtt á ferðinni. Það ákvæði fjallar um uppsagnir starfsmanna og hvenær megi halda þeim að störfum.

Og í 2. mgr. 47. gr. þar sem fjallað er um þá sem kjósa að standa utan stéttarfélaga og menn hafa gert hér mikið mál úr, þá er nákvæmlega þessi hugsun til í núgildandi lögum, þ.e. í 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Þetta er í lögum. Þetta er ekkert nýtt. Það er ekkert verið að gera neitt nýtt.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að með frv. væri verið að ganga á svig við þær hugmyndir sem komu fram hér við breytingar á stjórnarskránni. Það er ekki ætlunin í þessu frv. Ég minni á að til skamms tíma voru í gildi ákvæði sem ég man ekki hvort enn þá eru í gildi um það að ráðherra getur raðað mönnum ef ákveðnir aðilar æskja þess. Mig minnir að því hafi verið breytt þegar kjaranefndin kom til skjalanna. En þannig var það. Menn gátu komið til ráðherrans og óskað eftir að verða ráðherraraðaðir eins og það kallaðist. Ég veit að þetta þekkir t.d. formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hann veit líka hvernig það var notað af ráðherrum í gegnum tíðina þó ég hafi losað mig frá því og ekki staðið sjálfur að slíku á undanförnum árum.

Ég segi um biðlaunaréttinn að hann er einstaklingsbundinn réttur. Hann er ekki réttur sem byggir á kjarasamningum. Ég endurtek að það stríðir gegn allri sanngirni að menn séu á tvöföldum launum í sömu störfum hjá sömu aðilum. Og af því það var spurt um Póst og síma þá er þannig gengið frá hnútunum í því sambandi að ef þessi frv. verða að lögum eins og þau standa núna með gildistökuákvæðum mun þetta frv. taka gildi fyrr og tilvísunin í póst- og símalögunum vísar til nýju laganna því það er tilvísun til starfsmannalaganna í póst- og símafrumvarpinu. Þá skal geta þess að það er þrengri markaður fyrir starfsmenn Pósts og síma en fyrir ríkisstarfsmenn því að biðlaunarétturinn verður ekki til þegar mönnum er sagt upp heldur þegar störf eru lögð niður.

Mig langar til að lesa hér, með leyfi forseta, klausu sem er svona: „Til að samræma framleiðniaukningu og umbætur í launamálum telur samninganefnd ríkisins að efla verði valdsvið, ábyrgð og skyldur forstöðumanna ríkisstofnana og fyrirtækja þannig að þeir geti haft frumkvæði í auknu fjárhagslegu forræði stofnananna."

Þetta er yfirlýsing sem ég stóð að á sínum tíma og var samin af páv. formanni samninganefndar ríkisins og flutt af honum í samningum sem hann stýrði fyrir hönd ríkisvaldsins. Sá maður er hv. þm. Ágúst Einarsson og sýnir að hann styður væntanlega þá valddreifingu sem verið er að leggja til í frv. Og ekki einungis hann. Ég ætla að lesa hér fleira, með leyfi forseta. Hér segir í ræðu sem nýlega var flutt hjá borginni:

„Borgarstjórn gerir stofnanirnar sjálfstæðari og um leið ábyrgari fyrir verkefnum sínum." Síðar segir: „Borgarstjóri láti stofnanirnar sjálfar ráða sér dugandi starfsmenn á þeim kjörum umfram lög og samningsbundin kjör eins og hver stofnun treystir sér til. (**ÖS:** Það er búið að lesa þetta í dag.) Aldrei er of góð vísa oft kveðin, eins og einhver sagði. En þetta var Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri BHM, og hann styður það eins og BHM að færa vald út til stofnananna.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði síðastur fyrir kvöldmatarhlé og ræddi um ýmis atriði og hann eins og fleiri kom eðlilega að lífeyrismálunum. Ég vil enn á ný undirstrika það sem ég hef sagt margoft að það er verulegur munur á réttindunum sem eru í lífeyrissjóðafrv. og lífeyrissjóðalögunum, réttindum sem þar er að finna og hinum réttindunum sem eru í þessu frv. og er breyting á lögum sem voru til áður en samningsrétturinn varð til. Það er verulegur munur á þessu tvennu. Og ég ætla að reyna að segja frá því til viðbótar að þegar fulltrúar opinberra starfsmanna komu á fund ríkisstjórnarinnar fyrir u.þ.b. þremur til fjórum vikum, fjögurra ráðherra í Stjórnarráðinu, var nokkuð rætt um þessi mál. Þá kom fram af hálfu Páls Halldórssonar að hann taldi að væntanlegur réttur opinbers starfsmanns sem t.d. hefði starfað í einn mánuð hjá ríkinu, væntanlegur réttur hans sem gæti komið upp 30–40 árum seinna vegna 95 ára reglunnar, væri í raun og veru áunnin réttindi. Þessi yfirlýsing ásamt sumu öðru benti til þess að hér er um að ræða mjög vandmeðfarin einstaklingsbundin réttindi og okkur þótti ástæða til að láta lögfræðinga kanna þetta mjög rækilega. Til þess starfs var efnt í nefnd sem fjórir forustumenn opinberra starfsmanna eiga sæti í. Það er þessi lífeyrisnefnd og þetta er til skoðunar núna þessa dagana. Þetta hefur tafið málið og orðið til þess að ég get ekki á þessari stundu nákvæmlega sagt hvenær frv. kemur fram. Þannig að það hefur legið fyrir í nokkrar vikur að það frv. er ekki tilbúið og á eftir að breytast. Það er líka hárrétt að tryggingastærðfræðingur komst að þeirri niðurstöðu að líkast til mundu ákvæði frumvarpsdraganna skerða réttindin. Ég býst við því að tryggingastærðfræðingur sem er að vinna á vegum fjmrn. — og ég heyrði líka í fréttum, hafði nú ekki séð neitt, heyrði bara í fréttum eins og formaður BSRB, hefði skilað niðurstöðum. Ég hafði ekki hugmynd um það sjálfur. Ég er ekkert hissa á því þótt hann kæmist að svipuðum niðurstöðum því forsendur þeirra eru mjög líkar. Þetta þarf að skoða mjög rækilega því það hefur aldrei staðið til og ég vil ítreka það enn einu sinni að það hefur aldrei staðið til að skerða áunnin réttindi opinberra starfsmanna. Það hefur alltaf staðið til að réttindi þeirra yrðu eftir breytinguna samsvarandi og fyrir breytinguna. (**ÖJ:** Samt ... ekki tillögur í þá veru.) Það er ekki rétt. (**ÖJ:** Jú, það er rétt.) Það getur orðið tilfærsla á milli réttindanna. (**ÖJ:** Þá á ráðherrann ... áunnin réttindi.) Ég á náttúrlega fyrst og fremst við það sem er alveg augljóst og það er sá réttur sem hefur orðið til vegna framlaga í sjóðinn frá upphafi. (**ÖJ:** Allra framlaga?) Já, allra framlaga frá upphafi. Spurt er hvort það megi loka þeim réttindum í þeim skilningi að meta stöðuna nú til fjár og frysta hana og verðabæta fram í tímann. Nú má ég til með, fyrst farið er að ræða um frv. sem alls ekki er hér til umræðu, að skýra það sem ég hef ekki gert fyrr í dag. Það er að ástæðan fyrir því að það er verið að reyna að útrýma 32 ára reglunni, 95 ára reglunni sem er ekki til hjá sveitarfélögunum, hún er ekki til hjá Reykjavíkurborg, og eftirmannsreglunni er eingöngu sú að það er ekki hægt fyrir vinnuveitandann að greiða í sjóðinn ákveðna upphæð sem svarar til útborgunar þegar útborgunin er svo óviss að enginn veit fyrir fram hver hún verður vegna þess að hún

miðast við eitthvað allt annað en innborgunina. Og það er af þessari ástæðu sem menn eru að reyna að finna lausn á þessu máli. Það stendur ekki til að ríkið sé að spara á þessu. Þvert á *móti má gera ráð fyrir því t.d. að á greiðslugrunni aukist halli* ríkissjóðs um milljarða vegna þessara breytinga vegna þess að það er verið að stefna að því að ríkið leggi til hliðar jafnóðum þá fjármuni sem þarf að leggja fram. En ég segi: þetta frv. er ekki hér til umræðu. Frumvarpsdrögin liggja í nefnd. Í nefndinni eru fulltrúar opinberra starfsmanna og menn eru að reyna að finna sameiginlegar forsendur í málinu. Svo einfalt er það mál. Svo geta menn leikið sér að því að segja að forsætisráðherra hafi slegið á puttana á fjármálaráðherra og fjármálaráðherra sé ekki á sama máli og forsætisráðherra. Menn mega leika sér eins og þeir vilja í þeim efnum en þetta eru staðreyndir málsins.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi um upplýsingaritið. Ég get sagt honum að hann getur fengið að sjá reikningana yfir það. Það er mjög ódýrt. Það var gert eins ódýrt eins og hægt var. Ég tel það skyldu mína, það er lýðræðisleg skylda mín að skýra út hvað er í þessum frv., ekki síst eftir að útspil opinberra starfsmanna kom þar sem ranglega var farið með mörg atriði. (**ÖJ:** Hvaða atriði?) Með fjölda atriða vegna þess fyrst og fremst að upplýsingar ef kalla má þetta upplýsingar opinberra starfsmanna eða áróður þeirra miðaðist við frumvarpsdrög sem voru ekki endanleg og í öðru lagi vegna þess að sumir forustumenn opinberra starfsmanna misskildu greinilega það sem kom fram í frv. (**ÖJ:** Hverjir?)

Varðandi fæðingarorlof og veikindaréttindi hef ég áður rætt. Það stendur ekki til og er ekki verið að breyta því í frv.

Ég hef reynt að ræða hér um áunnin réttindi. Hvað eru áunnin réttindi? Nú get ég ekki — það verða betri lögfræðingar en ég að skoða það rækilega — en ef talað er um áunnin eignarréttindi þá er gert ráð fyrir því almennt að þau séu það sem kallað er lögvarin af stjórnarskránni. Með öðrum orðum að einföld lög eins og þessi lög sem við erum að fást við núna eða lög um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna mundu ekki verða til þess, þó þau yrðu samþykkt hér, að menn misstu eignir sínar. Það verða að koma bætur í staðinn. (**Gripið fram í:** Eftir því hverjar eignirnar eru.) Já. Spurningin er svo: Hver eru þessi áunnu eignarréttindi? Það er verið að skoða núna. Tveir prófessorar í háskólanum voru fengnir til að skoða þetta mál rækilega því þetta snertir miklu fleiri og stærri mál en þetta lífeyrissjóðamál. Ég veit að það eru mjög góðir lögfræðingar í þingflokki Alþb. sem geta áreiðanlega skýrt þetta miklu betur út á þingflokksfundum þar en ég geri hér úr ræðustóli. (**ÖS:** Skortir lögfræðinga .. ?) Nei, nei, nei. Það er ágætur lögfræðingur og þá hef ég sérstaklega í huga hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur svo það fari nú ekki milli mála. (**Gripið fram í:** Já. Þetta er rétt.)

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi sérstaklega þessi mál og spurði um ýmislegt. Hann spurði t.d. um grunnskólafrv. og samband þess við þau frv. sem hér hafa verið til umræðu, einkum og sér í lagi frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en einnig um frumvarpsdrögin um lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Ég ætla að reyna að svara því eftir bestu getu.

Í fyrsta lagi vil ég taka fram að í vinnunni við yfirfærsluna var fjmrn. mjög áberandi. Guðmundur H. Guðmundsson deildarstjóri var formaður réttindanefndarinnar og Halldór Árnason skrifstofustjóri stýrði nefndinni sem fjallaði um skiptin á milli ríkis og sveitarfélaga. Báðir komu sem sagt úr fjmrn. Það er alveg kristaltært að þegar verið var að klára frv. um réttindi og skyldur kennara var sagt frá því mjög skýrt að það stæði til að endurskoða þessa löggjöf og það var skrifað inn í frv. að viðstöddum fulltrúum opinberra starfsmanna. Það er bókað, skjalfest. (**ÖJ:** Hvað var þeim ljóst?) Þeim var ljóst að það stæði til að leggja frv. fram. Á bls. 9 í frv. sem búið er að vísa til menntmn. segir orðrétt, með leyfi forseta, og hlusti menn vel á:

„Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, eru nú í endurskoðun og hyggst ríkisstjórnin leggja fram frv. til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþingi 1996. Ef það frv. nær fram að ganga er ríkisstjórnin reiðubúin til að breyta lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frv. þessa um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra við grunnskóla, ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorum tveggja."

Þetta lá fyrir. (**ÖJ:** Þetta var ekki partur af samkomulaginu við kennarana.) Það er enginn að tala um það. Það er einungis verið að segja frá því að þessar upplýsingar lágu fyrir þegar gengið var frá frv. (**ÖJ:** Ekki hvað ætti að gera.) Að sjálfsögðu ekki. Frv. um réttindi og skyldur var ekki til á þeirri stundu. Það er verið að blanda inn í þetta frv. um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Hér á þingpöllunum er t.d. formaður Kennarasambands Íslands sem ég sé að kókiterar við flokksbræður sína. (**Gripið fram í:** Fáum hann í salinn.) Nei. En ég ætla að lýsa því yfir til þess að hann geti þá vottað það á eftir fyrir framan dyr, hann hefur ekki málfrelsi hér, að þegar gengið var frá verkefnayfirfærslunni og minnst á lífeyrisréttinn var það fyrst og fremst til þess að lýsa því yfir að við yfirfærsluna héldu kennarar réttindum sínum. Það var fyrst og fremst slík yfirlýsing. Þegar því nefndarstarfi lauk var hafinn undirbúningur á breytingu á lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins. Það er hins vegar jafnljóst að það lá ekkert frv. eða engin frumvarpsdrög fyrir á þessari stundu. (**Gripið fram í:** Og engin efnisatriði í málinu.) Engin efnisatriði í málinu, það er alveg hárrétt. Enginn hefur haldið öðru fram. Hins vegar gátu menn sagt sér sjálfir út á hvað þessar breytingar mundu ganga, sérstaklega vegna uppsöfnunar.

Ég vil einnig taka fram að það fara fram gagnlegar umræður í þessari nefnd. Ég tel að á 11 fundum hafi farið fram góðar og umfangsmiklar viðræður og ég vona að þeim haldi áfram í nefndinni sem fjallar um lífeyrismálin.

Ég hef reynt að fjalla um hvað það þýddi þegar forsrh. sagði: „eða höfðu ástæðu til að búast við", þ.e. réttindi sem ríkisstarfsmenn höfðu ástæðu til að búast við í lífeyrismálunum. Ég get ekki svarað því öðruvísi en ég hef gert. Það er verið að kanna hvað þetta þýðir lögfræðilega.

Hv. þm. spurði hvenær frv. kæmi. Því get ég ekki svarað öðruvísi en ég hef þegar gert. Það kemur vonandi sem fyrst. En það kemur ekki fyrr en nefndarmennirnir í nefndinni sem eru að fjalla um lífeyrismálin eru komnir að niðurstöðu um sameiginlegar forsendur, ekki um sameiginlegar niðurstöður heldur um sameiginlegar forsendur sem þarf að byggja á, bæði tryggingafræðilegar og lögfræðilegar. Um það snýst málið. Ég vonast til þess að frv. verði lagt fram í vor. Það er bráðnauðsynlegt allra vegna að fá lausn á þessu máli sem allra fyrst. Það gæti því miður dregist til næsta hausts. Um það get ég ekkert sagt á þessari stundu. Ég tók eftir því að þegar hv. þm. Kristinn Gunnarsson flutti sitt mál, hurfu hv. alþýðubandalagsmenn úr salnum. Hann flutti ræðu sem var líklega merkilegasta ræðan sem flutt var hér í kvöld. Hann flutti ræðu sem hefði getað verið flutt af mér, þeim sem

hér stendur. Hún fjallaði um lífeyrismálin eins og þau blasa við þeim sem eru fulltrúar landsbyggðarinnar, fulltrúar þess fólks sem ekki eru opinberir starfsmenn. Það sem hann sagði á erindi til hv. alþýðubandalagsmanna. Ég vona að þeir hugleiði aðeins ræðu hv. þm. Kristins Gunnarssonar því að hann minntist einmitt á hættuna sem hefur komið fram vegna uppsöfnunar skuldbindinga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig þessari ræðu verða gerð skil í t.d. fjölmiðlum sem fylgjast með þessari umræðu í kvöld.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvernig ráðherrann hefði hugsað sér að farið yrði með mismunandi réttindi annars vegar kennaranna hjá sveitarfélögunum og hins vegar hjá starfsmönnum ríkisins. Því er til að svara að í dag eru mjög mismunandi réttindi hjá opinberum starfsmönnum eftir því hvort þeir starfa hjá sveitarfélögunum eða hjá ríkinu. Margir starfsmenn ríkisins sem eru t.d. í almennum verkalýðsfélögum hafa miklu minni réttindi en hinir sem eru félagsmenn hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þetta verða menn að hafa í huga.

Ég hef minnt á það að 95 ára reglan, sem menn eru að verja með kjafti og klóm, er ekki til í Lífeyrissjóði Reykjavíkurborgar. Í dag eru því margs konar réttindi til hjá opinberum starfsmönnum og ekkert nýtt að þau séu misjöfn. Þegar réttindin voru samin fyrir kennarana, og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Svavari Geststsyni að það er ótal margt í því frv. sem er öðruvísi en þetta, þá var bara eitt haft að leiðarljósi. Það var að endurspegla öll þau réttindi sem voru í frv. frá 1954, hversu vitlaus sem þau voru. Og af hverju var það gert? Af hverju tóku menn sig ekki til og leiðréttu frv. og settu það til nútímahorfs? Vegna þess að niðurstaðan varð sú að halda algerlega óbreyttum réttindum því að lögin sem sett voru í fyrra skylduðu ríkisstjórnina til að flytja slíkt frv. Þess vegna var farin þessi svokallaða endurspeglunarleið. Ég skil vel að mönnum þyki það arfavitlaust en þetta var niðurstaða vegna kröfu kennaranna á sínum tíma og þeir fengu auðvitað það sem þeir vildu. Hitt er svo annað mál að það verður þeirra mál og sveitarstjórnanna hvort það eigi að breyta þeim lögum einhvern tíma á síðari stigum. Og ég er sannfærður um það að þessum lögum verði breytt innan tíðar. (**SvG:** Um kennarana?) Um kennarana, ég er sannfærður um það. Það verður ekki gert að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. En það verður áreiðanlega gert að frumkvæði sveitarfélaganna og kannski fremur kennaranna af því að í þessum lögum er fullt af úreltum hlutum sem endurspegla yfir 40 ára gömul sjónarmið. (**SvG:** Af hverju varstu að skrifa undir þetta?) Vegna þess að ég fór að lögum, hv. þm., og ef ég má nú ljúka máli mínu einsamall, það er að vísu pláss fyrir tvo í ræðustólnum, þá vil ég gjarnan fá að halda áfram því að margar voru spurningar hv. þm. sem nú hefur talað í dúett með mér.

Ég hef nú reyndar svarað flestöllu af því sem hv. þm. spurðist fyrir um, en ég ætla enn að undirstrika hvernig hann horfði á sundurliðunina í 40. gr. Hann sagði: Hér er verið að skipa menn sem fyrsta flokks embættismenn og síðan hina hér. Þeir sem fóru í fyrsta flokkinn voru tollverðirnir, lögreglumennirnir og fangaverðirnir sem hv. þm. Ögmundur Jónasson segir að ég sé að svíkja. Svona stangast þessi málflutningur á. (**ÖJ:** Þetta er útúrsnúningur, Friðrik minn.) Ég veit ekki hver er Friðrik hans hérna, en það er annað mál.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti ræðu í kvöld og í henni kom í sjálfu sér ekkert nýtt fram. Það kemur í ljós að það takast á tvö sjónarmið í þessu máli. Annars vegar eru sjónarmið þeirra sem skynja að við getum ekki setið uppi með ríkisrekstur óbreyttan alveg burt séð frá því hvernig tímarnir breytast. Þau sjónarmið sem skilja það að við verðum að færa ríkisreksturinn í nútímahorf, við verðum að gera hann þannig að hann styrki samkeppnisstöðu Íslands og stuðli að betri þjónustu fyrir almenningi. Hins vegar eru þeir sem vilja miðstýra með mjög afturhaldssömum sjónarmiðum kjarasamningum opinberra starfsmanna og þora ekki að takast á við þá valdreifingu sem er nauðsynleg til þess að skilvirkni verði til í opinberum rekstri. Þetta kristallar mismunandi sjónarmið. Í flestum löndum í kringum okkur hafa menn haft vit á að gera þær breytingar sem þarf að gera og ég vænti þess og veit að Alþingi Íslendinga mun fara þá leið því að það horfir til framfara fyrir land og þjóð.

[22:28]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fór með rangt mál varðandi 47. gr. Hann sagði að það væri sambærilegt gildandi lögum. Það er rangt. Í 7. gr. laga frá 1986 er talað um starfsmenn sem eru utan stéttarfélaga. Í fyrsta lagi greiða þeir til þess stéttarfélags sem þeir ættu að tilheyra og taka laun samkvæmt þeim samningum. Ég er ekki að gera að umtalsefni gjald til stéttarfélaga. Í 47. gr. segir allt annað. „[Hann skal] njóta sömu launa og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjmrh. ákveða laun og launakerfi starfsmanna." Hér er efnisbreyting á ferðinni sem opnar möguleika fyrir fjmrh. að brjóta niður félagafrelsi hjá opinberum starfsmönnum. Og ég er dálítið hissa á því að opinberir starfsmenn hafa ekki gert meira úr þessu ákvæði en raun ber vitni. Þeir hafa reyndar nefnt þetta.

Í öðru lagi varðandi vald forstöðumanna og annað slíkt. Ég hef margoft tekið fram að ég vil auka vald ríkisstofnana. Það á hins vegar ekki að gerast, hæstv. fjmrh., með þeim hætti sem hér er lagt upp með, þ.e. með eftirlitslausu valdi sem forstöðumönnum er fengið. Ég er að tala um að valdinu fylgi eftirlit og þá samningsumboð. Það verður að vera í farvegi sem er hægt að vinna vel eftir, en það á að efla sjálfstæði stofnana.

[22:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræðutími hefur verið takmarkaður og skal ég reyna að vera stuttorður. Í fyrsta lagi drógu kennarar sig út úr samstarfi um flutning grunnskólans vegna þess að þeir töldu sig hafa verið blekkta. Þeir hafa ákveðið að ganga að nýju til samstarfs en vilja áður fá skriflegar yfirlýsingar frá ríkisstjórninni vegna þess að þeir hafa brennt sig áður á því að það er ekki að marka þær yfirýsingar sem gefnar hafa verið.

Hæstv. fjmrh. segir að ekki standi til með þessu frv. sem hér er til umræðu að skerða réttindi sem samið hafi verið um. Hér er verið að breyta öllu kjaraumhverfinu, þar á meðal áunnum réttindum. Ég nefndi það í ræðu minni áðan að biðlaunaréttur er áunnin réttindi. Hann eykst eftir því sem fólk er lengur í starfi. Hæstv. fjmrh. sagði hvað honum þætti sanngjarnt í þeim efnum. Honum þótti ósanngjarnt ef einhver einstaklingur væri í einhvern tíma á tvöföldum launum. Ég vil trúa hæstv. fjmrh. fyrir því að mér finnst líka ósanngjarnt þegar ráðherrar í ríkisstjórn eru á fjórföldum launum á við lægstu starfsmenn ríkisins, mér finnst það mjög ósanngjarnt. Mér finnst það líka mjög ósanngjarnt þegar ríkisstjórn gefur

einkavinunum SR-mjöl upp á mörg hundruð millj. Mér finnst það líka mjög ósanngjarnt.

Hæstv. fjmrh. segir að það takist á tvö sjónarmið. Það er rétt. Þær nýjungar hins vegar sem fjmrh. boðar eru sóttar í mistakasmiðjur heimsins. Menn hafa leitað fanga í Nýja-Sjálandi og Thatcher-Bretlandi. Það er rétt að þessum ráðum er andæft vegna þess að þau hafa hvarvetna leitt til aukins ójafnaðar og það er á þeirri forsendu sem þessu er mótmælt.

[22:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vonast til þess að niðurstaðan verði sú að kennarar taki þátt í yfirfærslu grunnskólans. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Það á eftir að svara bréfi þeirra og reyndar á eftir að kanna mjög rækilega hvað felst í þeirra yfirlýsingum, en það verður að sjálfsögðu gert á næstu dögum.

Í öðru lagi vil ég benda á að frá mínum bæjardyrum séð og ég er ekki hæstiréttur, er biðlaunarétturinn ekki varinn af stjórnarskránni. Frá mínum bæjardyrum séð er það svo. Það er hægt að afnema hann með einföldum lögum.

Loks eru þær mistakaverksmiðjur, ég held að hv. þm. hafi kallað þetta svo. (**ÖJ:** Mistakasmiðjur.) Mistakasmiðjur. Við skulum átta okkur á því hvaða mistakasmiðjur það eru. (**ÖJ:** Nýja-Sjáland.) Það eru OECD-ríkin, það eru efnuðustu þjóðir þar sem lífskjörin eru best. Norðurlöndin, Vestur-Evrópuþjóðirnar, Norður-Ameríkuþjóðirnar. Það eru þessar þjóðir sem hafa verið að færa ríkisreksturinn til nútímahorfs. Þetta eru mistakasmiðjurnar. Þetta sýnir bara hugarheim hv. þm. og sannar það sem ég sagði áður um það hvaða sjónarmið takast á í þessu máli. (**ÖJ:** Minni háttar skrifstofustörf, hvað þýðir það?)

[22:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að ræða frekar biðlaunaréttinn við hæstv. fjmrh. Ég vil fyrst spyrja hann: Gerir hann sér ekki grein fyrir því að fjmrn. hefur tapað næstum öllum málum sem tengjast biðlaunarétti? Sá skilningur sem hann hefur haft uppi á biðlaunum og eðli þeirra hefur hingað til þegar til dómstóla hefur komið verið dæmdur rangur. Ég er andstæður þeirri skoðun hans að biðlaunarétturinn sé ekki áunninn. Ég held að hann sé áunninn með tvennum hætti. Í fyrsta lagi í gegnum baráttu opinberra starfsmanna sem heildar, hann hefur komið til vegna þeirra. Í öðru lagi er hann fall af tíma. Hann eykst þegar kemur yfir ákveðna tímalengd í starfi hjá ríkinu. Þess vegna er hann áunninn.

Í þriðja lagi held ég líka að hann sé eins konar trygging sem hinn opinberi starfsmaður hefur fengið gegn því að starf hans kunni að verða fellt niður. Þá verður þessi réttur virkur. Þetta held ég að menn verði að gera sér grein fyrir.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvernig á því standi, ef hann er svona mikið á móti biðlaunaréttinum, að embættismenn halda réttindum áfram en ekki aðrir.

[22:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hv. þm. Ég held að síðasti dómurinn um biðlaunaréttinn byggist á svokallaðri jafnræðisreglu, þ.e. ef maður les þennan dóm með mínum gleraugum. Það kann að vera rangt því að það er erfitt að glöggva sig á honum. Ég tel að biðlaunarétturinn sé skaðabótaréttindi sem auðvitað eru mismunandi mikil eftir því hvort starfsmaður er lengur eða skemur við störf. Þessi réttur er tilkominn, eins og mjög gögglega sést í Alþingistíðindum frá þeim tíma, til þess að koma í veg fyrir að fólki væri sagt upp með því að leggja niður störf af því að það hafði hvorki samningsné verkfallsrétt. Og ástæðan fyrir því að þessu er haldið hjá svokölluðum embættismönnum er að þeir munu hvorki hafa samningsrétt né verkfallsrétt eftir þá breytingu sem verið er að gera hér. Þess vegna er eðlilegt að þeir haldi að nokkru biðlaunaréttinum eins og var frá 1954, áður en menn höfðu samnings- og verkfallsrétt. Það er skýringin.

[22:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru farin að koma göt í hina rökheldu brynju hæstv. ráðherra. Hann viðurkenndi áðan að samningsréttur og verkfallsréttur séu í rauninni fémæt réttindi. Hann sagði: Þessi réttindi eru tekin af tilteknum hópi starfsmanna, þ.e. hinum svokölluðu embættismönnum og það ber að bæta þeim það með því að láta þá fá önnur réttindi. Með öðrum orðum metur hann biðlaunaréttinn til fjár og hann er líka að meta verkfalls- og samningsréttinn til fjár. Þetta er mikilvæg játning af hálfu hæstv. fjmrh. og sýnir að öll hans peysa af röksemdum er að rakna upp.

[22:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hélt að ég gæti ekki svarað. Þess vegna var hann svona kokhraustur í ræðustólnum. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. vegna þess að þetta eru ekki fjárréttindi í þessum skilningi. Þessi réttur verður einungis til við mjög tiltekin afmörkuð skilyrði hjá fólki sem hefur ekki samningsrétt og verkfallsrétt. Þetta er eins konar skaðabótaréttur, það er mín skoðun á málinu. Ég hef margoft sagt: Ég er ekki hæstiréttur í málinu. Við eigum von á hæstaréttardómi. Ef sá hæstaréttardómur verður á þann veg að þetta séu áunnin eignarréttindi lögvarin af stjórnarskránni, verða auðvitað allir að beygja sig fyrir því. Og þá er engin hætta á ferðum. En ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki og þess vegna tel ég að það sé mjög eðlileg breyting að hverfa frá því að menn geti haft tvöföld laun við sömu störf hjá sömu fyrirtækjum í eigu sömu aðila.

[22:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða það framfaramál sem þetta frv. er heldur frv. sem ekki er til umræðu, þ.e. lífeyrismálin.

Herra forseti. Það vantar 60–70 milljarða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta er tala sem við getum ekki gert okkur grein fyrir. Þetta eru 3 millj. á hvern einasta opinberan starfsmann. Þetta eru 600 þús. kr. á hvern einasta vinnandi mann í landinu. Hæstv. fjmrh. sagði að áunnin réttindi verði ekki skert. Herra forseti. Af vinnandi fólki hér á landi skulda 80% þjóðarinnar hinum 20% 600 þús. kr. hver. Ef opinberir starfsmenn halda að þetta dæmi gangi upp, þá til hamingju. Ég hef þá trú að þetta gangi ekki upp og ég spyr hæstv. fjmrh. hvernig hann sjái þetta dæmi ganga upp. Þetta er nákvæmlega það sama og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði. Ég hef lagt fram tillögu um það að opinberir starfsmenn geti valið hærri laun og lakari lífeyrisréttindi eða launin sem þeir hafa og góðu lífeyrisréttindin.

[22:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. að við stöndum frammi fyrir því að þurfa að velja aðra hvora leiðina eða einhverja blöndu úr báðum, t.d. að loka

sjóðnum og nýir starfsmenn fái þá önnur kjör. Þau kjör geta annaðhvort verið betri launakjör eða meira framlag vinnuveitandans á móti framlagi launþegans í lífeyrissjóð þar sem framlagið stendur undir útborguninni þegar fram í sækir. Þetta eru þær tvær aðferðir sem til eru.

Það er minnst á 60–70 milljarða í þessu sambandi. Það er nú þannig með suma tryggingastærðfræðinga að þeir gefa sér forsendur. Það fer auðvitað allt eftir ávöxtunarforsendunni sem gefin er hvaða upphæð er notuð. Ef við höfum 5%, þá er þetta lægri upphæð. Ef það eru 2,5 eða 3%, sem ég veit að kollegar hv. þm. nota, þá er upphæðin miklu hærri. Þetta er ekki meiri vísindi en svo. Það er t.d. enn deilt í lífeyrisnefndinni um slíkar forsendur af því að tryggingastærðfræðingar gera svo mikinn mun á því hvernig laun munu þróast og hver verði síðan verðlagsvísitala. Ég held að þeir hafi ekki alltaf rétt fyrir sér þó að þeir séu vel menntaðir.

[22:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að það sé að koma betur og betur í ljós hvað frv. er illa unnið af hálfu hæstv. fjmrh. Það sannar kannski það sem menn máttu vita að líklegast borgar sig ekki fyrir hæstv. ráðherra að flatmaga á fjarlægum ströndum meðan misvitrir embættismenn framkvæma verkin fyrir þá. Það sem hér hefur gerst er að það eru lögð fram frumvörp en ráðherrann er ekki alveg klár á því hvað í þeim felst.

Ef ég má byrja á því, herra forseti, að taka hér dæmið um lífeyrisréttindafrv. sem ekki hefur verið lagt fram. Hæstv. forsrh. hefur sagt þvert ofan í yfirlýsingar hæstv. fjmrh. að það verði ekki lagt fram í þeirri mynd sem það hefur verið kynnt hagsmunaaðilum. Því er ljóst að hæstv. fjmrh. hafði ekki hugmynd um hvað það var sem fólst í því frv. Hæstv. fjmrh. hefur aftur og aftur í dag og í fjölmiðlum síðustu daga eftir að hæstv. forsrh. var búinn að gera hann afturreka með frv. haldið því fram að hann hafi ekki ætlað að skerða rétt eins eða neins. Hins vegar, eins og hann hefur raunar sagt í dag, vissi hann ekki hvað í þessu frv. var. Hann var ekki viss um hvort í því fólust skerðingar eða ekki. Samt hafði hann haft fyrir því að kynna hagsmunaaðilum frv. Slík vinnubrögð eru auðvitað afskaplega óvönduð.

Herra forseti. Það hefur komið fram að tryggingastærðfræðingur, væntanlega óháður sem hefur bara beitt þeirri þekkingu sem hann hefur aflað sér með langri skólagöngu á sínu sviði, hefur reiknað þetta frv. sem liggur fyrir í dragaformi og er á flækingi hist og her um þjóðfélagið. Hann kemst að þeirri mikilvægu niðurstöðu að skerðingin sé 4–11%. Þetta er merkileg tala, ekki síst í ljósi þess að aðstoðarmaður hæstv. fjmrh. hefur sagt í fjölmiðlum að sér komi alls ekki á óvart að slíkt sé skerðingin og hann rengi það ekki. Með öðrum orðum er sá maður sem næst gengur hæstv. fjmrh. þeirrar skoðunar að það geti vel verið svo að frv. feli í sér 4–11% skerðingu. Þá spyr maður: Ef það kemur ekki aðstoðarmanni fjmrh. á óvart, því skyldi það þá koma hæstv. fjmrh. á óvart? En það er eigi að síður svo að hæstv. ráðherra segist ekki hafa nokkra hugmynd um það hvort í þessu felist skerðing eða ekki. Það eru ekki góð vinnubrögð, herra forseti.

Hins vegar fagna ég því að bæði hv. þm. Pétur Blöndal og hæstv. fjmrh. hafa eðlilega sagt að ef til þess komi að skerða réttindi af þessu tagi, verði með einhverju móti að bæta það. Það er auðvitað mergurinn málsins. Ef menn ætla með einhverju móti að skerða áunnin réttindi, verður að bæta það upp með einhverjum öðrum hætti.

Herra forseti. Það er hæstv. fjmrh. sem hefur öðru sinni í dag dregið inn í umræðuna frv. sem varðar réttindi kennara. Og það er ekki hægt annað en bera til baka þær vitleysur og þær staðleysur sem hæstv. ráðherra lætur sér hér öðru sinni um munn fara. Við tókum þessa umræðu, herra forseti, í síðustu viku þegar hæstv. ráðherra var víðs fjarri góðu gamni. Hæstv. ráðherra kemur hér og segir: Það var aldrei ætlunin að brjóta neitt á kennurum. Það var aldrei ætlunin vegna þess að menn gerðu þeim ljósa grein fyrir því að það kynni að fara svo að hér yrði lagt fram sérstakt frv. sem breytti skyldum og réttindum allra opinberra starfsmanna og af sjálfu mundi þá leiða að það kynni að fara svo að réttindum kennara yrði þá líka breytt.

Herra forseti. Það er nákvæmlega þetta sem ekki var sagt við kennara þegar gengið var frá samningunum. Og það er rétt að fara aðeins yfir með hvaða hætti þetta samkomulag var gert. Á Alþingi náðist víðfeðm samstaða um flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna og það var tvennt sem menn settu inn í lög sem kváðu á um þetta. Það var í fyrsta lagi að lífeyrisréttindum yrði ekki breytt til hins verra og að ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda mundu heldur ekki breytast þegar yfir til nýs vinnuveitenda væri komið. En það segir réttilega á bls. 9 að það kunni að skapast þær aðstæður að ríkisstjórnin gæti haft frumkvæði að því að breyta samkomulaginu við kennara. Og hvaða aðstæður eru það? Jú það er ef einn af þessum þremur aðilum, fer fram á breytingar, ef t.d. sveitarfélögin óska eftir því að réttindum kennara verði breytt. Það var eins og blaut tuska framan í andlit þingheims, framan í andlit kennaranna þegar þetta sást í greinargerðinni og þegar hæstv. menntmrh. kom og flutti þetta líka munnlega í sinni ræðu. Menn áttu ekki von á þessu. Þetta var aldrei parturinn af samkomulaginu og það er staðfest á blaðsíðunni beint á móti, herra forseti. Neðst á bls. 8 í frv. til laga um réttindi kennara og skólastjórnenda segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er byggt á því samkomulagi sem náðist milli þessara aðila og birt er í skýrslu nefndarinnar."

Síðan segir: „Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38/1954 ..."

Hæstv. fjmrh., þetta var samkomulagið sem var gert. Kennurum var hvergi gerð grein fyrir því, a.m.k. kemur það ekki fram í fylgiskjölum sem ríkisstjórnin hefur látið fylgja frv., að það kynnu að skapast aðstæður þar sem þessu yrði kippt til baka, alls ekki. Það var nákvæmlega þess vegna sem kennarar drógu fulltrúa sína til baka úr nefndum sem voru að fjalla um flutninginn. Hins vegar á meðan hæstv. fjmrh. var erlendis þá hefur hæstv. forsrh. í rauninni undið hann eins og blautan svamp og úr svampinum lak a.m.k. frv. um lífeyrisréttindin. Þannig að það er alveg ljóst að það er frá.

En það er líka nauðsynlegt að árétta það hér, herra forseti, að lensa hæstv. forsrh. lenti á fleiri frv. en einvörðungu því sem laut að lífeyrisréttindunum. Ég hef áður rifjað það upp, herra forseti, að það sem hæstv. forsrh. sagði var orðrétt þetta, með leyfi forseta: „Þá verður jafnframt að gæta að hinu sem ég hafði áður lýst yfir að ekki væri verið að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hefðu áunnið sér." Ég tel herra forseti, að í frv. sem er hér til efnislegrar meðferðar, frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sé verið að breyta réttindum sem er ekki hægt að lýsa óðruvísi en áunnum. Hæstv. fjmrh. missti það út úr sér í andsvari áðan að það bæri að virða samningsrétt og verkfallsrétt til

verðmæta. Vegna þess að embættismennirnir sem skapaðir eru með frv. eru sviptir bæði samningsrétti og verkfallsrétti þá sagði hæstv. fjmrh. verður þeim bætt sú svipting með því að þeir fá biðlaunarétt. Með þessu er hæstv. fjmrh. að viðurkenna þrennt í senn. Í fyrsta lagi að biðlaunarétturinn felur í sér fémæti, í öðru og þriðja lagi að verkfallsréttur og samningsrétturinn fela það líka í sér. Þetta finnst mér, herra forseti, benda til þess ótvírætt að orð hæstv. forsrh. eigi við um þetta. Þarna er verið að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hafa áunnið sér.

Það sem skiptir þó miklu meira máli tel ég að sé auðvitað biðlaunarétturinn. Það getur vel verið að það sé, svo notuð séu orð hæstv. fjmrh., bara bölvað bull að láta menn hafa eins og hann segir tvöföld laun. Það má vel vera að hæstv. fjmrh. sé svo gjörsamlega úti á þekju að hann hafi ekki tekið eftir þeirri þróun sem hefur orðið í íslensku samfélagi núna á allra síðustu árum. En ef hann hefði ekki búið við sama atvinnuöryggi og ég og hann búum við þá mundi hann kannski vita að úti í þjóðfélaginu hefur nýr vágestur numið land. Atvinnuleysi hefur verið hér miklu meira en við höfum þekkt á undanförnum árum. Er rétt við slíkar aðstæður að svipta menn réttinum til biðlauna? Ef það er gert, herra forseti, og ég er til umræðu um það, verður það að gerast þannig að það sé samið um það við opinbera starfsmenn og að þeim séu boðnar viðunandi bætur.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði í dag hversu mikils virði þessi réttur væri. Ég get ekki svarað því. Menn geta ekki svarað því vegna þess að það er nokkuð sem hlýtur að vera rætt um í samningum milli manna. Það er mergurinn málsins. Hæstv. fjmrh. hefur ekki staðið í neinum samningum og hann hefur engan vilja haft til raunverulegra samninga. Það er ekki fyrr en núna þegar hann er kominn í klípu með málið, þegar hann er um það bil að verða búinn að klúðra þessum þremur flaggskipum sínum, frv. þremur, sem hann kemur á hnjánum og býðst til að semja. Við viljum hafa samráð, sagði hæstv. fjmrh. hér í dag. Við viljum semja og endilega tala við opinbera starfsmenn. En það er samt sem áður svo að í þessu merka áróðursriti sem hæstv. fjmrh. hefur gefið út á kostnað skattborgaranna er samningsferlinu lýst. Og hvað kemur fram þar? Jú það kemur fram að 23. ágúst sl. skipaði fjmrh. nefnd til að endurskoða starfsmannastefnuna og m.a. til að endurskoða núgildandi lög sem eru nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Síðan er það ekki fyrr en sex mánuðum síðar, hálfu ári síðar, 12. desember sem hæstv. fjmrh. skrifar opinberum starfsmönnum bréf. Með öðrum orðum þá er í marga mánuði búin að starfa nefnd til að endurskoða lögin og þeir sem eðlilega hefðu átt að hafa fulltrúa þar ef raunverulegur vilji var til samráðs voru samtök opinberra starfsmanna. Þeim er skrifað bréf rétt undir jólin og jólagjöf hæstv. fjmrh. til þeirra er að spyrja samtökin hvað þeim finnist eiga að vera í þessum nýju lögum. Samráðsviljinn sem birtist nú með því þegar hæstv. fjmrh. er kominn niður á hnén í málunum birtist bara í því að opinberir starfsmenn fengu bréf og síðan eru þeim kynnt drögin 12. febrúar. Þetta er allur samráðsviljinn. Eins og Páll Halldórsson hefur sagt, þá var mönnum boðið til eins eða tveggja rabbfunda með ágætum prófessor í lögum við Háskóla Íslands sem samdi þessi lög, fínn maður. En þetta var allt samráðið. Eðlilega er það svo að hæstv. fjmrh. vill semja núna þegar allt er í óefni komið og þegar hæstv. forsrh. er búinn að vinda hann eins og blauta tusku. Er búinn að brjóta hann niður gagnvart samningsaðilunum. Menn spyrja eðlilega út frá orðum hæstv. forsrh.: Hvenær dregur hæstv. fjmrh. þetta frv. líka til baka? Ég held nefnilega að áður en upp verður staðið verði búið að sýna fram á að hér er um það að ræða að það er verið að hnika aftur áunnum réttindum. Þá er spurningin um það hvort á að gilda, yfirlýsingar hæstv. forsrh. eða yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Við höfum reynsluna fyrir okkur. Við vitum að í hvert einasta skipti sem hæstv. forsrh. vill þá tekur hann hæstv. fjmrh. og setur hann eins og ungbarn á hné sér. Ég held, herra forseti, þegar menn fara yfir þetta mál með rökum, komist þeir að því að miðað við yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gefið, er ekki hægt að samþykkja þetta frv. í óbreyttri mynd vegna þess að þá er hæstv. forsrh. orðinn ómerkur orða sinna. Og ef það er eitthvað sem hæstv. forsrh. er annt um þá eru það hans orð. Ég hef aldrei vitað til að hann hafi gengið á bak þeirra. Ég á heldur ekki von á því núna að það gerist af þessu tilefni.

Herra forseti. Mig langar aðeins að ræða þessi áunnu réttindi sem menn hafa drepið hér á. Ég tel að samningsréttur sé áunnin réttindi. Ég tel að verkfallsréttur sé það líka og ég hef bent á að í máli hæstv. fjmrh. megi finna rök sem benda til hins sama. Biðlaunarétturinn, segir hæstv. fjmrh., er einstaklingsbundinn. Hann er ekki partur af kjarasamningum. Mér finnst að partur af þeim blekkingaleik sem ég held fram að hæstv. fjmrh. hafi ráðist í á kostnað okkar skattborgaranna þegar hann gaf út þetta áróðursrit hérna felist einmitt í því að gefa ekki rétta mynd af því umhverfi sem kjarasamningar opinberra starfsmanna fara fram við. Það má skilja á þessu plaggi eins og þar gildi sömu leikreglur og eru við lýði á frjálsum vinnumarkaði. Það er auðvitað allt, allt öðruvísi. Það eru svo margir þættir af kjörum, hlunnindum og réttindum opinberra starfsmanna sem ráðast af lagasetningu og reglugerðum sem hins vegar gerist alls ekki á frjálsum vinnumarkaði. Það er einmitt þessi þróun sem í gegnum tíðina hefur orðið til þess að opinberir starfsmenn hafa fallist á lægri laun eða gert sér að góðu en viðgangast á frjálsum vinnumarkaði. Þegar opinberir starfsmenn hafa gengið fyrir dyr hæstv. fjmrh., þessa hæstv. fjmrh., á undangengnum árum og sagt: Það er komið að því að opinberir starfsmenn fái laun sem eru í samræmi við það sem tíðkast á frjálsum vinnumarkaði. Hvert hefur svarið þá verið? Svarið hefur verið að opinberir starfsmenn hafi ýmis konar réttindi sem menn á frjálsum vinnumarkaði hafa ekki og þess vegna sé sanngjarnt að það sé metið að einhverju leyti sem ígildi launa og krónutalan sé lægri. Gott og vel.

Hin hliðin á þessari röksemdafærslu er sú að þegar lensu hæstv. ríkisstjórnar er nú lagt í þessi réttindi, þegar á að rýra þau, hljóta á móti að koma sömu rök og hæstv. fjmrh. hefur áður notað, að ríkisstjórnin bæti réttindamissinn með einhverju sem fémætt má teljast. Það held ég að hljóti að vera eðlileg krafa, herra forseti. Ég tel að það sé lágmarkskrafa líka, herra forseti, að hæstv. fjmrh., sem er oddviti fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar, kynni sér a.m.k. rækilega það sem hefur gerst í biðlaunamálunum. Ég sagði áðan að í hvert einasta skipti, held ég, sem ríkisstjórnin hefur þurft að fara með biðlaunamál fyrir dómstólana þá hefur hún tapað. Í langflestum tilvikum að minnsta kosti. Dómurinn sem féll núna fyrir skömmu í svokölluðu SR-máli virðist í fljótu bragði ekki koma þessum frv. við. En þegar skyggnst er undir yfirborðið kemur í ljós að það er í rauninni kjarni þess sem hæstv. fjmrh. þarf að breyta. Þessi dómur var tvenns konar. Annars vegar komst dómarinn að þeirri niðurstöðu að

það væri ekki hægt að svipta starfsmenn SR-mjöls biðlaunarétti vegna þess að það væri brot á jafnræðisreglu, vegna þess að það væri ekki verið að láta allan hópinn, opinbera starfsmenn, sæta þessari skerðingu heldur einungis tiltekinn part af honum. En það var líka annað sem dómurinn komst að. Hann ítrekaði að það er ekki sambærilegt að starfa hjá hlutafélagi sem er algerlega í eigu ríkisins og á frjálsum vinnumarkaði. Þetta er mergurinn málsins. Punctum saliens í því sem er að gerast með þessu frv. er að í því felst lykillinn að því að einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar gangi upp. Það er málið. (**Gripið fram í:** Rétt.) Við höfum þegar séð eitt frv. hæstv. ríkisstjórnar fljóta upp á sker. Það var frv. um Póst og síma. En það hefur komið opinberlega fram að það er ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um þá aðferð sem þar er notuð til að reyna að samræma réttindaákvæðin gildandi lögum. Og það er alveg ljóst að biðlaunaákvæðið í póst- og símafrumvarpinu er algjörlega í blóra við niðurstöðuna í SR-málinu. Þannig að það mun aldrei koma til þess, fullyrði ég, að það frv. komi óbreytt frá nefnd og sennilega dagar það uppi. Ef menn skoða líka ræður hæstv. samgrh. í því máli, kemur í ljós að hann er í hjarta sínu sammála því að það sé ekki hægt að hlutafélagsvæða Póst og síma fyrr en frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er komið í gegn.

Þetta er það sem ríkisstjórnin þarf að fá fram. Það er þess vegna sem hún dregur til baka frv. um lífeyrisskerðinguna og það er þess vegna sem hún mun líka draga til baka það frv. um breytingar á vinnulöggjöf sem hefur verið dreift hér í dag. Það sem ríkisstjórnin þarf að fá fram er auðvitað biðlaunaákvæðið sem er að finna í þessu frv. hérna. Áður en það er samþykkt getur ríkisstjórnin ekki einkavætt eitt einasta fyrirtæki eða eina einustu stofnun án þess að greiða viðkomandi starfsmönnum full biðlaun. Það er mergurinn málsins.

Að þessu leytinu til hefur hæstv. ráðherra ekki komið hreint til dyra. Enginn hæstv. ráðherra hefur komið hér beinlínis og sagt: Við þurfum að gera þetta til þess að hlutafélagsvæða og einkavæða. Nú hefur það auðvitað komið í ljós að bæði ég og hv. þm. Svavar Gestsson teljum að hið opinbera þurfi að hafa leiðir til að einkavæða fyrirtæki ef mönnum sýnist svo. Við erum sammála um þetta enda báðir gamlir marxistar. En það er einfaldlega þannig að allt kostar sitt. Réttindi starfsmanna eru fémæt. Það er ekki hægt að taka aftur biðlaunaréttinn öðruvísi en að eitthvað komi fyrir og ef hæstv. fjmrh. vill endilega hlutafélagsvæða opinberar stofnanir, sem er til umræðu af minni hálfu, verður hann að hlíta leikreglunum og gjalda keisaranum það sem keisarans er. Í þessu tilviki er það klárt að hann kemst ekki hjá því að borga biðlaunaréttinn samanber þau lög sem eru í gildi og samanber þann dóm sem féll í SR-málinu. Og hæstv. ráðherra á að vera maður til að koma hingað og segja: Það er út af þessu sem mér liggur á að koma þessu frv. í gegn. Þá getum við kannski rætt frv. á réttum grunni.

[23:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er alveg hægt að halda því fram að þetta þing sem hefur staðið um nokkurra mánaða skeið hafi að sumu leyti verið óvenjudauft. Í raun og veru hefur það verið þannig að menn hafa verið að nudda hér í gegnum þingið fjölmörgum meira og minna tæknilegum málum og það hefur verið mjög lítið um það að efnt væri til verulega alvarlegra pólitískra skoðanaskipta. Þá undanþigg ég í þessu sambandi að sjálfsögðu fjárlagafrv. og bandorminn en að öðru leyti hefur þetta þing ekki sætt mjög miklum tíðindum. Og það hefur heyrst út í þjóðfélaginu að menn hafa talið að þetta þing væri afbrigðilega dauft að mörgu leyti. Nú er hins vegar ýmislegt að gerast á þessum klukkutímum sem bendir til þess að á síðustu vikum þessa þings geti dregið til meiri tíðinda, meiri pólitískra tíðinda en maður hefur séð mjög lengi í þessu landi. Það er fyrst og fremst vegna þess að það er verið að leggja hér fram frumvörp hvert á fætur öðru um hin almennu starfsréttindi launafólks og er þar um að ræða stórkostlegar hugmyndir um grundvallarbreytingar á öllum þessum atriðum.

Hér liggur fyrir frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Það er samið samkvæmt samkomulagi 1. febrúar sl. Hér liggur fyrir frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Frá því var gengið um miðjan febrúar, tveimur vikum síðar eða svo. Þar er mest allt tekið til baka sem stendur í frv. um réttindi og skyldur skólastjórnenda. Síðan er dreift hér á borð þingmanna í kvöld frv. til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem gerir m.a. ráð fyrir því að breyta í grundvallaratriðum allri umgjörð verkalýðsfélaganna í landinu. Til fróðleiks er m.a. gert ráð fyrir því að það verði opnað fyrir það að stofnuð verði vinnustaðarfélög með tilteknum hætti þrátt fyrir mjög hörð mótmæli verkalýðshreyfingarinnar. Við höfum að undanförnu kynnst því hvernig opinberir starfsmenn, BSRB, BHMR og kennarasamtökin hafa mótmælt aðförinni að sínum réttindum. En ég spái því, hæstv. forseti, að í framhaldi af þessu frv. sem dreift var hér á borð þingmanna í kvöld muni vakna upp víðtækari mótmæli samtaka launafólks en menn hafa getað gert sér í hugarlund að kæmi til greina miðað við þær aðstæður sem hafa verið uppi að undanförnu. Ég er sannfærður um að þegar menn átta sig á því hvað felst í öllum þessum málatilbúnaði muni mjög víða heyrast mótmæli í þjóðfélaginu. Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að núv. ríkisstjórn treystir því að hún hafi hér 40–43 menn til að greiða atkvæði með sér í öllum málum. En ég er viss um að þegar þingmenn stjórnarflokkanna átta sig á því hvað hér er verið að gera við verkalýðshreyfinguna í landinu munu jafnvel þeir sem hafa sofið fastast í vetur vakna. Ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að það er stór spá að gera sér í hugarlund að þessir menn muni rumska í vetur en ég spái því samt að svo verði. Ég spái því að jafnvel þingmenn stjórnarflokkanna muni rumska. Ég spái því, hæstv. forseti, að á næstu dögum og vikum sem eftir eru af þessu þingi muni almenningur á Íslandi rísa upp og gera það sem unnt er til að stöðva þá ósvinnu sem ætlunin er að taka hér í gegnum þingið á þessum vordögum í skjóli sljóleikans, í skjóli kæruleysisins, í trausti þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki nokkur maður taki við sér.

Því hefur verið haldið fram að núv. ríkisstjórn sé óvenjusterk, hún geti í rauninni allt. Hún hafi svo sterkan þingmeirihluta og ráðherrarnir séu í raun svo samstilltir að það gangi aldrei hnífurinn á milli þeirra. Því hefur verið haldið fram um þessa ríkisstjórn að að mörgu leyti starfaði hún og sérstaklega ráðherrar Framsfl. eins og menn í embættismannastjórn. Þeir væru með svona tiltölulega snyrtilegum hætti að rúlla í gegn þessum hefðbundna prófarkalestri Stjórnarráðsins en að öðru leyti örlaði ekki mikið á pólitík hjá þeim aðilum. Ég sé núna fyrir mér, hæstv. forseti, að þetta geti verið að breytast. Ég sé fyrir mér að menn muni átta sig á því nú á næstunni, bæði þessir aðilar og þjóðin líka, að jafnvel ríkisstjórn með sterkan þingmeirihluta getur verið veik. Það

mun koma í ljós þegar fólk rís upp almennt á móti þessum hugmyndum sem hér eru uppi.

Ég tók eftir því, hæstv. forseti, að þegar rætt var um núv. ríkisstjórn við upphaf hennar sögðu ýmsir talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna, eins og t.d. hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, að svona stjórnir hefðu alltaf lent í stríði við verkalýðshreyfinguna, alltaf. Svona stjórnir hefðu aldrei kunnað að fara með mál gagnvart samtökum launafólks í landinu. Þetta eru í raun og veru svipaðir hlutir, hæstv. forseti, *og við höfum oft sagt, alþýðubandalagsmenn.* En ég tók sérstaklega eftir því í yfirlýsingum og viðtölum við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Ég tók líka eftir því þá að margir töldu að það mundi ekki gerast fyrr en seint á kjörtímabilinu að þessi ríkisstjórn lenti upp á kant við samtök launafólks í landinu. Það yrði mjög seint á kjörtímabilinu. Ég held að það hafi engan órað fyrir því þá að það gæti gerst eftir aðeins örfáar vikur eða mánuði að núv. ríkisstjórn lenti í stórfelldum átökum við samtök launafólks með þeim hætti sem nú sýnist blasa við. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að jafnvel þessi sterka ríkisstjórn getur fyrst og fremst fyrir eigin handvömm riðað til falls á ótrúlega stuttum tíma ef menn halda áfram offorsi gagnvart samtökum launafólks með þeim hætti sem er að birtast hér núna.

Því hefur stundum verið haldið fram, hæstv. forseti, að það sé erfitt að stjórna þessu landi gegn verkalýðshreyfingunni. Ég held að við munum eftir því sumir að við höfum talið að þessi kenning væri rétt og að hún væri skynsamleg og styddist við reynslu. Við þekkjum líka frá síðustu árum að við höfum ekki orðið vör við þetta mikla afl sem felst í verkalýðshreyfingunni. Margir hafa talið að í raun og veru væri hún komin að fótum fram og gæti ekki barið frá sér. Það er kannski að einhverju leyti í trausti þess sem ríkisstjórnin setur fram þessar hugmyndir sínar núna. Auðvitað er það *samt sem áður þannig að verkalýðshreyfingin í landinu getur* sett fram sínar kröfur og sýnt sitt afl. Ég held að þegar um er að ræða að breyta í grundvallaratriðum starfsskilyrðum launafólks sé komið að úrslitastundu. Ef menn ekki sýna þetta afl sem er í verkalýðshreyfingunni við aðstæður eins og þessar, gerir hún ekki það gagn sem hún þarf að gera fyrir launafólk í þessu landi. Þess vegna held ég að það geti verið fram undan úrslitaátök fyrir samtök launafólks og það geti farið svo að ríkisstjórnin komist að því fullkeyptu að það er ekki hægt að fara gegn verkalýðshreyfingunni á Íslandi með hvað sem er. A.m.k. vona ég að það verði þannig. Ég vona að hæstv. ráðherrar muni heyra þann kraft sem þar er til ef betur er að gáð.

Hæstv. forseti. Ég ætla þessu næst að víkja aðeins að einstökum efnisatriðum sem fram hafa komið í kvöld. Ég tók þannig til orða að það væri verið að flokka menn í fyrsta flokks og annars flokks starfsmenn. Af hverju sagði ég það? Vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir því að sumir hafi að nokkru leyti meiri réttindi en aðrir. Þess vegna er það útúrsnúningur að setja hlutina upp með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerði í þessu efni hér fyrr í kvöld. Hæstv. fjmrh. vitnaði til þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefði sagt að það ætti að fella niður æviráðningar og hann væri á móti biðlaunaréttindum. Ég tók eftir því að hv. þm. sagði þetta nokkurn veginn svona. Ég held hins vegar að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að hvaða skoðun sem menn kunna annars að hafa á biðlaunaréttindum eða æviráðningum þá skiptir máli hvernig farið er að því að taka á þessum hlutum. Auðvitað er þetta hluti af kjörum og kaupi og auðvitað á þetta að gerast með kjarasamningum. Þess vegna eru aðfarir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum fráleitar.

Varðandi almenn efnisatriði ætla ég bara að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. fullyrti að í 47. gr. frv. fælist engin efnisbreyting. Ég tók eftir því að hv. þm. Ágúst Einarsson rak þetta gjörsamlega þvert ofan í hæstv. ráðherra. Þar kom fram að í 2. mgr. 47. gr. felst efnisbreyting. Eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði, getur hún orðið til þess að brjóta *niður stéttarfélögin og möguleika þeirra til að hafa útslitaáhrif á vinnumarkaðnum.* Ég held að það sé nauðsynlegt í þessu sambandi að hlusta á hv. þm. Ágúst Einarsson, m.a. vegna þess að ég veit ekki betur en að hann hafi um hríð stýrt samninganefnd ríkisins og þekki þar af leiðandi allvel til þessara mála.

Í fimmta lagi ætla ég að víkja að hinum áunnu réttindum, afturvirku réttindum og þeim þáttum sem hér voru nefndir. Hæstv. ráðherra sagði: Það hefur aldrei staðið til að skerða áunnin réttindi. Hann sagði meira. Hann sagði: Það stendur ekki til að spara á þessum breytingum varðandi lífeyrismálin. Það stendur ekki til að spara. Það var fróðlegt að heyra það miðað við það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði þegar hann var að biðja um að laun opinberra starfsmanna yrðu lækkuð um 600 þús. kr. á mann á ári. Hæstv. ráðherra sagði fullum fetum að það væru ekki uppi hugmyndir um að spara á þessari lífeyrisbreytingu. Það fannst mér athyglisvert. En athyglisverðast fannst mér það að hæstv. fjmrh. viðurkenndi að hin sérstöku réttindi opinberra starfsmanna, þ.e. 32 ára reglan, 95 ára reglan og eftirmannsreglan hafi ekki verið metin. Mér fannst hæstv. fjmrh. tala eins og honum væri ekki að öllu leyti ljóst að menn hafa áunnið sér þessi réttindi að einhverju leyti líka. Þess vegna er í raun og veru nauðsynlegt að reikna út þessi réttindi fyrir hvern og einn opinberan starfsmann. Og ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann *hugsi sér virkilega að breyta lögunum um Lífeyrissjóð opinberra* starfsmanna þannig að það verði tekið flatt yfir línuna eða hvort það hlýtur ekki að vera leiðin í því máli sem hann ber fyrir brjósti að skoða lífeyrisréttindi hvers og eins og reikna þau út frá viðkomandi einstaklingi. Ég held að það sé útilokað að fara öðruvísi yfir þessa hluti.

Ég tel það líka mjög mikilvægt sem hæstv. fjmrh. sagði fyrr í kvöld og ég endurtek það svo það fari ekki á milli mála hvað hann sagði, eða þannig skildi ég a.m.k. ráðherrann. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það kemur vonandi sem fyrst, [þ.e. frv. um lífeyrissjóðinn] það verður að finna sameiginlegar forsendur, tryggingafræðilegar og lögfræðilegar."

Þetta sagði hæstv. ráðherra. Þetta er mjög mikilvægt atriði og ég vil inna hann eftir því hvort þetta sé rétt eftir honum haft því að þetta er í raun og veru úrslitamál í þessu sambandi. Það þýðir að sú nefnd eða sá hópur sem er að störfum, að því er ráðherrann sagði fyrr í kvöld, sem er að fjalla um þessi mál verður að komast að sameiginlegri niðurstöðu til þess að hægt sé að flytja frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna inn í þessa stofnun að mati ráðherrans. Og það er auðvitað mjög mikilvægt að hæstv. fjmrh. svari þessu skýrt vegna þess að það hefur hann ekki gert. Ég tel að í raun og veru hafi fjmrn. ekki unnið sína heimavinnu í sambandi við þessi mál að því er varðar útreikning á áunnum réttindum og fleiri þáttum af því tagi.

Í sjötta lagi varðandi einstök atriði sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh. fyrr í kvöld er það atriði að hann sagði um

kennarafrv.: „Ég er sannfærður um að þessum lögum verður breytt. Það er fullt af úreltum hlutum í kennarafrv." Hver flytur frv. um réttindi kennara og skólastjórnenda í grunnskólum? Hæstv. fjmrh. Hann er með öðrum orðum að flytja frv. sem hann segir sjálfur að verði að breyta út af öðru frv. sem hann er að flytja hér. Hann segir líka að það sé fullt af úreltum hlutum í þessu og þeim verði að breyta. Hann segir að vísu: Það eru sveitarfélögin sem munu gera þetta af því að þau munu fara með þessi mál. En það breytir ekki því að þegar ráðherrann flytur mál sitt með þessum hætti er hann að hjálpa þeim sem vilja snúast gegn þeim fyrirheitum sem kennurum hafa verið gefin í þessu máli. Ég held að það sé mjög alvarlegt umhugsunarefni hvernig komið hefur verið fram við þennan hóp ríkisstarfsmanna að undanförnu sem hafa starfað í góðri trú eins og menn þekkja. Ég tel að orð hæstv. fjmrh. séu afhjúpun á því sem hann og fleiri hafa verið að reyna að fela fyrir þjóðinni og þinginu. Þeir eru með hnífinn uppi í erminni og ætla að eyðileggja það á einhverju stigi sem þeir eru þó að flytja tillögu um í þessari stofnun.

Í sjöunda lagi varðandi einstök atriði sem hér hafa komið fram í kvöld kom fram hjá hæstv. ráðherra og reyndar líka hjá hv. seinasta ræðumanni að þetta snýst í raun og veru allt um eitt atriði. Það er að ríkisstjórnin þolir ekki þá tilhugsun að sitja uppi með óbreyttan ríkisrekstur. Það er kjarni málsins. Hér er um að ræða almenna pólitíska atlögu, hugsjónaatlögu af hálfu Sjálfstfl. gegn ríkisrekstri, gegn félagslegum rekstri, og í þeim efnum er þeim bersýnilega ekkert heilagt. Kórónan á sköpunarverki kvöldsins er svo ræða Péturs H. Blöndals. Hv. þm. viðurkennir fullum fetum að það verði að lækka kaup opinberra starfsmanna. Það sé höfuðatriði þessa leiðangurs sem hér stendur yfir af hálfu hæstv. fjmrh.

Ég tel þess vegna nauðsynlegt að undirstrika að lokum, hæstv. forseti, að það er nauðsynlegt, ekki aðeins fyrir stjórnarandstöðuna heldur fyrir þjóðina, að þessi ríkisstjórn átti sig á því áður en langur tími líður að hún kemst ekki upp með þau óhæfuverk sem hún er að leggja af stað með núna á þessum þingdögum.

[23:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem hafa fylgst með umræðum í dag að hæstv. fjmrh. hefur verið venju fremur órólegur og taugatrekktur, leyfi ég mér að segja. Það er alveg ljóst að sú staða sem uppi er í þessum málum og andrúmsloftið í kringum þessi mál, t.d. innan ríkisstjórnarinnar, er býsna viðsjárvert. Það hefur verið afar viðkvæmt mál þegar minnst hefur verið á það hér hvernig hæstv. forsrh. tók fram fyrir hendurnar á hæstv. fjmrh. En það skyldi nú ekki eiga eftir að fara svo að hæstv. forsrh. eigi eftir að leika fleiri leiki í þeirri skák? Það gæti átt eftir að koma til kasta hæstv. fjmrh. að kistuleggja þessi frumvörp til þess að reyna að bjarga því sem bjargað verður af andrúmslofti sæmilegra samskipta í þjóðfélaginu.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á það, herra forseti, sem ég komst ekki nema rétt til að nefna í fyrri ræðu minni í dag. Það er mikil einföldun held ég og væri mikill misskilningur að líta einangrað á þetta frv. Það er nokkur tilhneiging til þess, eða var a.m.k. þangað til í dag, að líta á það sem einangrað mál sem varðaði eingöngu samskipti opinberra starfsmanna og ríkisstjórnarinnar. Svo er ekki, það er mikill misskilningur. Það hefur líka komið á daginn og sannaðist m.a. mjög rækilega nú í dag og hér í kvöld þegar dreift var á borð þingmanna nýju þingmáli. Það hefur greinilega legið svo mikið við að það var ekki tími til að prenta þingskjalið í Gutenberg heldur er það ljósritað í A4-stærð.

Þetta er nefnilega frv., herra forseti, sem er hluti af miklu stærri pakka og meiri leiðangri en bara þeim sem snýr að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Og er það þó út af fyrir sig alveg nóg. Hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að breyta öllum leikreglum á vinnumarkaði gagnvart öllum aðilum, líka almennu verkalýðshreyfingunni og samskiptum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Það er að koma á daginn í gegnum þessi frumvörp sem hér eru að birtast. Ég hef að vísu þann grun að hernaðaráætlunin hafi gengið út á það að reyna að kljúfa verkalýðshreyfinguna, etja mönnum þar saman, enda mikið gert af því að tala um forréttindi opinberra starfsmanna, setja hluti þar upp með þeim hætti að þar séu á ferðinni alveg sérstakur forréttindaklúbbur, t.d. hvað lífeyrisréttindi snertir, það yrði að taka á því og gera út á það að slíkt hljómi vel í eyrum ýmissa, t.d í almennu verkalýðshreyfingunni. Hugsanlega hefði þetta að einhverju leyti tekist hjá hæstv. ríkisstjórn ef hæstv. félmrh. hefði ekki hent þeirri sprengju inn í umræðurnar sem hann hefur gert. Þá kemur að því, herra forseti, að það væri átæða til þess að hæstv. félmrh. sýndi sig áður en umræðu lýkur. Eins var fyrr í dag beðið um að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. væru viðstaddir. Er ekki ætlunin að virða þær óskir, herra forseti? Sá forseti sem þá sat á forsetastóli, hv. 2. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, brást afar vel við og ítrekaði að hann hefði komið þessum tilmælum á framfæri við hæstv. ráðherra og reyndar héldu þeir sig þá í húsinu.

Málið er í því samhengi að það er eiginlega alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. sé til að mynda við. Það þýðir ekki að líta einangrað á þetta mál hér þegar fram eru komin á þinginu frumvörp sem eru náskyld þessu, flutt jafnvel af öðrum ráðherrum úr hinum stjórnarflokknum. Þá er eðlilegt að höfuðið á öllu saman, hæstv. forsrh., með alla sína prúðu lokka komi og geti svarað fyrir ríkisstjórnina og stefnu hennar í þessum málum almennt.

Auðvitað er það líka þannig, herra forseti, að það á ekki að sleppa Framsfl. alveg frá því að bera pólitíska ábyrgð á þessum málum. Þetta er stjfrv. og hæstv. félmrh. er kominn í klúbbinn sem er að reyta réttindin af verkalýðshreyfingunni og verkafólki með frumvarpssmíð af þessu tagi.

Það væri líka fróðlegt að fara yfir það til að mynda hvaða stefnu Framsfl. hafði í málefnum vinnumarkaðarins fyrir kosningar. Það er einhvern veginn þannig að ég man bara ekkert eftir því að þeir hafi, snillingarnir, rætt mikið um það fyrir kosningar hvað þeir ætluðu sér að gera í málefnum vinnumarkaðarins. Mig rekur ekki minni til þess að það hafi staðið í fallega bæklingnum þeirra, Fólk í fyrirrúmi, að það ætti að stórskerða réttindi verkafólks og leysa upp verkalýðshreyfinguna, búta hana alla niður. En það er nákvæmlega það sem felst t.d. í frv. hæstv. félmrh. sem er komið á borð þingmanna. Að sjálfsögðu, herra forseti, ætla ég ekki að ræða það mál efnislega undir þessari umræðu, það á ekki heima þar. En það er ekki hægt annað en skoða samhengi þessara hluta og hvernig unnið hefur verið að þessum málum. Haldi menn að hæstv. fjmrh. sé einn um að hunsa öll eðlileg samskipti og ætlast síðan til að verkalýðshreyfingin skrifi upp á hlutina og samþykki þá eftir á, samanber samráð eftir á sem hæstv. fjmrh. hefur nú innleitt, eru kannski vinnubrögð hæstv. félmrh. og þau samskipti enn athyglisverðari ef eitthvað er. Ég aflaði mér upplýsinga um hvernig það mál hefði gengið fyrir sig, herra forseti. Halda menn að það sé líklegt að það verði

friðsamlegt í kringum þessi frumvörp á næstu vikum eins og að þeim er staðið? Vita menn til að mynda hvernig slitnaði upp úr samskiptum almennu verkalýðshreyfingarinnar og reyndar Vinnuveitendasambandsins annars vegar og hæstv. félmrh. hins vegar? Það segir lítið um það í frv. Þó er komið inn á að í framhaldi af því að áfangaskýrslu var skilað í nóvember, hafi fulltrúar aðila vinnumarkaðarins í nefndinni ekki náð samstöðu um tillögur til breytinga á ákvæðum gildandi laga til að hrinda í framkvæmd framangreindum tillögum vinnuhópsins. Ég vek athygli á orðinu „hugmyndum" því að í áfangaskýrslunni voru settar fram hugmyndir sem forustumenn verkalýðsfélaganna upplýstu ríkisstjórnina um að væru ekki útræddar, þær væru fyrst og fremst settar fram til þess að fá fram umræður um þessi mál. Hvað gerir svo hæstv. félmrh. með þessa áfangaskýrslu? Hún er tekin og í kjölfar þess smíðað frv. sem gengur reyndar í veigamiklum atriðum í aðrar áttir. Samt er vísað til áfangaskýrslunnar sem þó var á engan hátt útrædd og félögin settu fram með miklum fyrirvara um að það væri ekkert samkomulag um það sem þar stæði, heldur væri það sett fram sem hugmyndasafn til umræðu.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kom þeirri afstöðu á framfæri til ríkisstjórnarinnar að þessa hluti væri óhjákvæmilegt að taka til frekari skoðunar og semja um. Það var afstaða Alþýðusambandsins að hugmyndirnar væru þess eðlis að um þessa hluti þyrfti og yrði að semja með sama hætti og opinberir starfsmenn hafa sett hlutina í þetta samhengi. Menn stóðu í þeirri trú að þeir væru að hefja ferli slíkra samskipta á síðustu vikum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að þetta komi fram hér. Þetta varðar vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum.

Verkalýðshreyfingin og reyndar vinnuveitendur stóðu í þeirri trú á síðustu vikum að þeir væru að hefja ferli slíkra samskipta þar sem sjónarmið væru leidd fram og í kjölfarið yrði reynt að semja um hlutina. Ég get t.d. upplýst að menn beittu sér fyrir því að fá fundi þar sem sáttasemjari var kallaður á vettvang vegna aðildar hans að málinu, hugmynda um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Það áttu sér stað slíkir fundir þar sem sáttasemjari, fulltrúi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda hittust til að skoða ólíkar hugmyndir og ræða málin í framhaldi af áfangaskýrslunni og því hugmyndasafni sem þar er sett fram. Einnig áttu sér stað fundir með aðild ráðuneytisins eða fulltrúa ráðherra í málinu.

Í síðustu viku er settur einn slíkur fundur. Menn eru í góðri trú um að þessi samskipti séu í eðlilegum farvegi og það sé ætlunin að semja um hlutina.

Í upphafi þess fundar er það upplýst að hæstv. félmrh. hafi þá þegar kynnt öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni og þingmönnum úr stjórnarliðinu frv. um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Sá fundur varð ekki mikið lengri, herra forseti. Hann stóð í fimm mínútur. Þá auðvitað stóðu bæði fulltrúar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins upp og töldu sig ekki hafa neitt frekar að gera á þessum vettvangi. Þannig lauk því samráði. Þetta er þetta samráð eftir á, nákvæmlega sama formúlan og notuð var við BSRB og samtök opinberra starfsmanna. Menn eru kallaðir til og þeim kynnt fullbúin frumvarpsdrög og mönnum gefinn kostur á að gera við þau athugasemdir kannski fram að helgi. Sem betur fer brugðust menn við á þann eina hátt sem hægt er að bregðast við við slíkar aðstæður, þ.e. að menn stóðu upp og gengu út af fundinum. Mér er reyndar nær að halda að það hafi ekki síður verið fyrir forustu Vinnuveitendasambandsins en gagnaðilans sem sú lína var tekin.

Ég spyr, herra forseti: Er nú líklegt að menn sem vinna svona að hlutunum nái miklum árangri? Auðvitað er ekkert hér á ferðinni annað en stríðshanski og nú hefur honum verið kastað gagnvart almennu verkalýðshreyfingunni jafnframt þannig að ríkisstjórnin er búin að skora öll verkalýðssamtökin í landinu á hólm, fyrst opinbera starfsmenn með þeim aðferðum og vinnubrögðum og framkomu sem hér hefur verið farið rækilega yfir í dag. Og nú almennu verkalýðshreyfinguna með því sem ég hef upplýst og komið hefur fram reyndar í fjölmiðlum að hluta til í dag og mun ábyggilega heyrast enn betur af á morgun.

Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn almennt að vinna að þessum málum? Hefur hún hugsað sér að keyra þetta yfir í krafti þess að hafa nógu marga stjórnarþingmenn handjárnaða til að greiða atkvæði með hverju sem er og hvernig sem að málunum hefur verið staðið? Er virkilega ætlunin að pína þetta allt í gegn í vor? Hver er ástæðan fyrir því að þetta er drifið svona inn ef það er ekki hugsunin? Hver er ástæðan fyrir því að jafnvel hæglætismaður eins og hæstv. félmrh. lætur hafa sig út í vinnubrögð af þessu tagi? Það er von að spurt sé.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að þessi mál öll og í því samhengi sem þau eru hljóta að setja allt í bál og brand í þjóðfélaginu á næstu vikum, því að það er ekki eins og það sé bara þetta. Fylgifiskar þessara mála eru auðvitað líka einkavæðingaráformin öll. Það eru t.d. hlutir eins og samskiptin við sveitarfélögin, flutningurinn á grunnskólanum og annað því um líkt. Niðurstaðan getur einfaldlega ekki orðið önnur, herra forseti, en að þessi mál öll hljóti að komast í uppnám. Það liggur í hlutarins eðli.

Mér sýnist líka, herra forseti, að hv. Alþingi og einstakar nefndir þingsins fái talsverð verkefni þegar menn koma úr hinu ríflega páskaleyfi og þá er væntanlega ekki ætlunin að eftir verði nema fáeinar starfsvikur á þinginu. Það er ekki eins og þetta sé eitthvert smáræði sem hér er. Sjá menn pappírana upp á tugi og hundruð blaðsíðna? Og hvernig er ætlunin að vinna að þessu, herra forseti? Ég held að hv. forsætisnefnd ætti aðeins aðeins að kíkja á það. Nú er þetta þannig að þessi mál eru að dreifast á fjölmargar nefndir í þinginu. Hvar á samræmingin að fara fram? Á að hafa þetta þannig að í menntmn. sé verið að baksa með frv. til laga um réttindamál kennara og skólastjórnenda eða hvað það nú heitir? Í efh.- og viðskn. verður frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í félmn. verða væntanlega þessi snilldarsmíð frá hæstv. félmrh.. þegar þau komast til nefndar o.s.frv. Ég átta mig ekki alveg á því, herra forseti, hvernig menn hugsa framgang þessara mála almennt í þinginu og af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og þeirra sem ábyrgð bera á málum. Ég held að það sé ástæða til þess fyrir hv. forsætisnefnd að fara að eiga viðræður við ríkisstjórnina um það hvernig í ósköpunum á að standa að þessum hlutum.

Herra forseti. Ég hefði talið langskynsamlegast af forseta og stjórnarliðinu og ekki síst hæstv. fjmrh. sem er orðinn dasaður — það stórsér á honum eftir daginn — að fresta nú umræðunni og skoða hvort það sé hyggilegt að vera að keyra hlutina svona áfram. Þetta er orðið ágætis dagsverk og okkur væri alveg fullur sómi af því að láta staðar numið, herra forseti. Ég segi þetta m.a. með vísan til þess að það hefur ekki verið virt að hér væru til svara hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eins og beðið var um. Og ég segi það líka

með vísan til þess að aðstæður eru að breytast jafnharðan í þessum málum. Auðvitað eru það nýjar fréttir og stórtíðindi, það frv. sem hæstv. félmrh. hefur látið dreifa í algerri andstöðu við vilja verkalýðshreyfingarinnar. En auðvitað verður ríkisstjórnin og hæstv. forseti fyrir sitt leyti að ráða því hvaða framgangsmáta þeir vilja hafa á þessum hlutum hér. Ég er alveg sannfærður um að þessi mál eru að versna og þau eru að lenda í harðari hnút með, mér liggur við að segja hverjum klukkutímanum sem líður á meðan svona er að þessu staðið. Það teiknar til þess að hér hljóti að verða mjög hörð átök, bæði innan þings og utan, ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að keyra þessi mál yfir hér með þessum aðferðum sem ég kann nú eiginlega ekki við að nefna því nafni sem mér kemur helst í hug, herra forseti, en læt þó vera að gera. Það er alveg ljóst að það væri ekki fallegt ef ég léti það út úr mér að gefa þessum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar þá einkunn sem vert væri og skylt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:37.

---

111. FUNDUR

miðvikudaginn 20. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Stofnun sérskóla á vegum ríkisins, fsp. HjÁ, 351. mál, þskj. 609.

Til dómsmálaráðherra:

2. Skoðun ökutækja, fsp. HjÁ, 395. mál, þskj. 695.

Til félagsmálaráðherra:

3. Embætti umboðsmanns jafnréttismála, fsp. KÁ, 279. mál, þskj. 515.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 413. mál, frv. MF, þskj. 736.

Framleiðsla rafmagns með olíu, 414. mál, fsp. PHB, þskj. 738.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, 410. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 728.

Köfun, 148. mál, þskj. 732.

Landflutningasjóður, 317. mál, þskj. 733.

Risnukostnaður ráðuneyta, 392. mál, svar forsrh., þskj. 735.

Stofnun sérskóla á vegum ríkisins.

Fsp. HjÁ, 351. mál. — Þskj. 609.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um opnun ýmissa sérskóla á vegum ríkisins. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hefur ráðherra í hyggju að opna ýmsa sérskóla á vegum ríkisins þannig að þeir verði felldir inn í almennan framhaldsskóla og menntun á vegum hins opinbera þar með sett undir eitt fagráðuneyti í stað margra?"

Á vegum ríkisins eða hins opinbera eru starfandi nokkrir sérskólar, starfræktir af viðkomandi ríkisstofnunum. Má þarf nefna skóla fyrir lögreglumenn, skóla fyrir slökkviliðsmenn, starfsfólk Pósts og síma, tollverði, jafnvel skóla fyrir bankastörf o.fl. Skólar þessir eru í raun nokkuð lokaðir ungu fólki er hug hefði á að leggja störf þessi fyrir sig. Um leið og starfsmenntun verður efld með nýjum lögum um framhaldsskóla hlýtur að vera rökrétt að færa sérskóla þá er hér um ræðir inn í hið almenna skólakerfi með sérstökum ákvæðum og skilyrðum fyrir hvern þátt þannig að ungt fólk geti menntað sig til þeirra starfa og aflað sér starfsréttinda á umræddum sviðum. Því er þeirri spurningu beint til hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir breytingum á þessu sviði.

Jafnframt er hæstv. menntmrh. spurður hvort hann telji ekki eðlilegra að menntamál almennt heyri undir eitt ráðuneyti í stað þess að dreifast á mörg. Ég bendi á að t.d. fræðsla í landbúnaði heyrir undir landbrn., fiskvinnsla að hluta til undir sjútvrn. en að hluta til undir menntmrn., starfsmennt að hluta undir félmrn. en að hluta undir menntmrn., ferðamál undir samgrn., lögreglu- og tollamál undir dómsmrn. og þannig má áfram telja. Þessi skipan er um margt vafasöm hvað menntun snertir þar sem enginn einn aðili hefur heildarsýnina. Ég tel rökrétt að eitt ráðuneyti hafi heildarsýn í menntamálum öllum með atvinnulífinu þannig að skipulag af hálfu hins opinbera verði skilvirkt og opið. Því er hæstv. menntmrh. jafnframt spurður hvort hann telji ekki eðlilegt að þessi málaflokkur heyri undir eitt ráðuneyti, menntmrn.

[13:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu efni á hinu háa Alþingi. Þá skóla sem hér er um að ræða má flokka með ýmsum hætti en þess má geta að undir landbrn. heyrir Bændaskólinn á Hvanneyri, Bændaskólinn á Hólum og Garðyrkjuskóli ríkisins. Undir samgrn. Póst- og símaskólinn, Leiðsöguskólinn og Skóli flugmálastjórnar, undir dómsmrn. Lögregluskóli ríkisins og auki eru reknir skólar af undirstofnunum ráðuneyta eins og Bankamannaskólinn, Tollskólinn og Tryggingaskólinn. Ég held að það sé rétt sem kemur fram í fyrirspurn hv. þm. að það er full ástæða til að velta því fyrir sér hvernig að slíku starfsnámi er staðið og hvort það sé ekki frekar til þess að nýta skólakerfið sem best að þetta falli í einn farveg með einum eða öðrum hætti og tengist framhaldsskólakerfinu og því skólakerfi sem rekið er og snýst í kringum framhaldsskóla og háskóla og aðra starfsmenntaskóla sem heyra undir menntmrn. Ég get tekið undir með hv. þm. að það væri áreiðanlega árangursríkara þegar til lengri tíma er litið að samhæfa þetta undir einni yfirstjórn af hálfu ríkisins þar sem þetta félli í einn farveg.

Hins vegar er e.t.v. hægara um þetta að tala en í að komast því að þegar farið er að hrófla við gamalgrónum stofnunum sem hafa áunnið sér sess á sínum forsendum kann það oft að reynast mjög erfitt. Ég get þess t.d. varðandi bændaskólana að þeir taka þátt í samstarfi skóla á háskólastigi og tengjast þannig inn í hið almenna skólakerfi en hið sama á ekki við

um aðra skóla. Þó læt ég þess getið um Leiðsöguskólann að nú hefur verið sett námskrá um leiðsögunám og Leiðsöguskólinn er starfandi innan Menntaskólans í Kópavogi og tengist honum því á sinn hátt. Ferðamálaskóli er starfræktur þar sem einnig mætti skipuleggja betur og árétta betur hvaða stöðu hefur í framhaldsskólakerfinu. Þannig gætum við farið yfir ýmsar starfsmenntabrautir sem þarf að huga að og skipuleggja þannig að falli betur að framhaldsskólakerfinu. Ég tek því undir þau almennu sjónarmið sem komu fram hjá hv. fyrirspyrjanda og vil sjálfur stuðla að því að þessi farvegur verði sem breiðastur, engar blindgötur myndist og unnt verði að nota hið almenna skólakerfi og framhaldsskólakerfi til starfsmenntunar á sem flestum sviðum.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör og tel að í svari hans hafi komið fram mikilsverðir punktar. Ég túlka svör ráðherra svo að stefna hans og ætlan sé að stuðla að samræmingu og einföldun menntamála, ekki síst starfsmennta þannig að menntamál þjóðarinnar verði skoðuð í einni samfellu og sem ein heild.

Auðvitað munu margir hagsmunaaðilar verjast því að breyta því fyrirkomulagi en ég minni á að með því að dreifa yfirstjórn menntamála á marga staði svo sem nú tíðkast skapast ávallt sú hætta að grá svæði myndist og mikilsverð mál kunni að falla milli stafs og hurðar. Heildarsýnin er mikilsverð.

Þá er ekki síður mikilvægt að ungt fólk sem sækir í framhaldsskóla geti séð fyrir sér við upphaf framhaldsskólanáms atvinnulífið allt og valið sér námsbrautir í samræmi við áhuga sinn og getu. Það markmið næst ekki með lokuðum sérskólum eða með því að dreifa þætti menntunar í marga staði og vænti ég þess að áður en langt um líður megum við sjá einfaldara og opnara skipulag í starfsmenntun og endurmenntun á öllum sviðum.

Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör.

Embætti umboðsmanns jafnréttismála.

Fsp. KÁ, 279. mál. — Þskj. 515.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Um nokkurra ára skeið hafa verið starfrækt embætti umboðsmanns jafnréttismála í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Í Danmörku er nú verið að endurskoða jafnréttislögin og þar hefur komið til tals að endurskipuleggja kerfið og koma á slíku embætti umboðsmanns. Hér á landi er starfandi Jafnréttisráð ásamt kærunefnd og skrifstofu jafnréttismála en ekki verður fram hjá því horft að jafnréttislögin eru ekki virt sem skyldi og hér skortir mjög á framkvæmdarvald til þess að fylgja þeim eftir. Munurinn á því kerfi sem hér er við lýði og því sem ríkir á Norðurlöndum er einmitt að umboðsmenn jafnréttismála hafa vald til þess að grípa inn í, til þess að eiga frumkvæði, til þess að halda stofnunum við efnið og benda á þegar brot eru framin eða sýnt að brot séu jafnvel fram undan. Þannig er t.d. heimilt í Noregi að grípa inn í stöðuveitingar og umboðsmaður getur óskað eftir upplýsingum um stöðuveitingar áður en þær hafa átt sér stað.

Í Svíþjóð virkar umboðsmaður jafnréttismála nánast eins og saksóknari og beitir sér í þágu einstaklinga og t.d. er nýlega fallinn þar merkur dómur í launamálum sem umboðsmaður vann fyrir dómstólum.

Eins og ég nefndi áðan er framkvæmdarvald Jafnréttisráðs á skrifstofu jafnréttismála afar lítið og þyrfti að mínum dómi að styrkja verulega. Við höfum dæmi hér á landi um stofnun og ráð sem eru samkeppnislögin með sitt samkeppnisráð sem hefur verulegt vald til þess að grípa inn í gang mála. Hér eru því vissulega fordæmi fyrir því að stofnunum er gert að sjá til þess að lögum sé framfylgt.

Nú hefur umræða um umboðsmann jafnréttismála verið afar lítil hér á landi og þar sem jafnréttislögin verða 20 ára á þessu ári er vissulega tímabært að huga að því hvort ekki ber að endurskoða það kerfi. Því spyr ég hæstv. félmrh.:

„Hver er afstaða ráðherra til stofnunar embættis umboðsmanns jafnréttismála hér á landi?“

[13:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. lýsir eftir skoðun minni eða afstöðu til stofnunar embættis umboðsmanns jafnréttismála. Ég geng út frá því að hún eigi við stofnun sem væri hliðstæð slíkum embættum á Norðurlöndum sem tæki við kærum og kvörtunum frá einstaklingum og sem telja að á sér hafi verið brotin ákvæði jafnréttislaga.

Frá árinu 1976 hafa Jafnréttisráð og skrifstofa jafnréttismála annast mál af þessu tagi. Með nýjum jafnréttislögum árið 1991 var sett á laggirnar sérstök kærunefnd jafnréttismála. Verkefni hennar var að taka við ábendingum um brot á ákvæðum jafnréttislaga. Þar af leiðandi virðist mér að þörfin fyrir stofnun sérstaks embættis umboðsmanns jafnréttismála ekki vera við nýverandi aðstæður sérlega brýn. Ég er hins vegar alveg tilbúinn að hlusta á rök sem mæla með stofnun slíks embættis og ég hef ákveðið að ráða í starf jafnréttisráðgjafa á næstunni í samræmi við ákvæði framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum.

Í niðurstöðum nefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd samningsins um afnám alls misréttis gagnvart konum voru ýmsar tillögur og tilmæli til að tryggja að markmið samningsins næðust fram. Þar var höfuðáherslan lögð á vinnumarkaðinn, að tryggja konum sömu möguleika og körlum og sérstakar aðgerðir í því sambandi og atriði eins og starfsmat. Það komu hins vegar ekki tillögur um umboðsmann jafnréttismála. Ég tel að í ljósi þess hve margt er ógert í jafnréttismálum sem krefst beinna aðgerða af hálfu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sé mikilvægara að styðja skrifstofu jafnréttismála og starfsemi að jafnréttismálum á landsbyggðinni í formi jafnréttisráðgjafa og láta embætti umboðsmanns jafnréttismála bíða um sinn.

Ég vil láta þess getið að ég mun setja í gang vinnu alveg á næstunni við að endurskoða jafnréttislögin. Þá tel ég að það komi vel til skoðunar hvort kærunefndin dugi, hvort kærunefnd væri betur fyrir komið með öðrum hætti svo sem eins og umboðsmanni. Í stuttu máli er svar mitt það að ég hef ekki uppi áform um að setja á stofn embætti alveg á næstunni. Ég vil byrja á öðru og láta það a.m.k. bíða niðurstöðu úr endurskoðun jafnréttislaga.

[13:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil af tilefni þessarar fyrirspurnar nefna að ég átti sæti í þeirri nefnd sem síðast endurskoðaði lög um jafnréttismál karla og kvenna í aðdraganda þeirrar lagasetningar sem varð 1991. Í þessari nefnd lagði ég til að það yrði stofnað embætti umboðsmanns jafnréttismála. Það

hlaut hins vegar ekki stuðning forustu í nefndinni eða þáv. ráðherra að það yrði tekið inn. Ég vil ekki segja með hvaða hætti það reyndi á gagnvart ráðherranum, a.m.k. var ekki undir það tekið af meiri hluta þá. Ég heimsótti umboðsmann jafnréttismála í Ósló í tengslum við skoðun þessara mála og ég er sannfærður um að það ætti að vera búið að koma þessu embætti á laggirnar hliðstætt því sem er á öðrum Norðurlöndum. Ég hef kynnt í þingflokki mínum þá hugmynd að flytja brtt. á jafnréttislögunum um þetta efni, um að sett verði á fót og lögfest embætti umboðsmanns jafnréttismála og fagna því sem hæstv. ráðherra sagði áðan um jafnréttisráðgjafana. Ég gerði tillögu um að í hverju kjördæmi yrði stefnt að því að þar yrði jafnréttisráðgjafi, a.m.k. þrír, en úr þessu var dregið við lagasetninguna, því miður að mínu mati. Ég held að það væri rétt að skoða að flytja brtt. á jafnréttislögunum um þetta efni, þótt málið komi síðan til heildarendurskoðunar, til að forma nánar hugmyndir um þetta. Ég held að það sé mikilvægt, virðulegur forseti, að við höfum hliðstætt kerfi og er á hinum Norðurlöndunum, að þar skapist skilmerkilegt samstarf á milli málafylgju um jafnréttismál.

[13:49]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að þessi fyrirspurn er hér fram komin. Ég þakka hv. þingkonu Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir að bera hana fram og ég vil líka fagna svari sem hæstv. félmrh. og jafnréttisráðherra. Reyndar taldi hann ekki brýnt að hér yrði stofnað strax embætti jafnréttisfulltrúa, en mér fannst samt á svari hans að það væri ekki útilokað, það yrði hugsanlega fyrst tekið ákveðið skref og það væri þá að ráða jafnréttisráðgjafa.

Ég tel sjálf að það sé mjög tímabært að skoða það alvarlega hvort ekki eigi einmitt að stofna hér sérstakt embætti jafnréttisráðgjafa. Ég teldi það mjög gott. Við sjáum öll að jafnréttismálin eru hér í mjög hægum farvegi því miður og þar þarf að bæta verulega úr. Við þurfum bara að kíkja í kringum okkur í þessum sal og þá sjáum við þær staðreyndir blasa við að jafnréttismálin eru allt of skammt á veg komin. Ég hef mikla trú á hæstv. jafnréttisráðherra okkar og vil hvetja hann til að taka til alvarlegrar skoðunar að hér verði stofnað embætti umboðsmanns jafnréttismála.

[13:50]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn og þakka svör ráðherra. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið um mikilvægi þess að setja á stofn embætti umboðsmanns jafnréttismála. Það þarf að styrkja framkvæmdahlið þessa málaflokks og ég er sannfærð um, miðað við það sem ég kynnti mér af störfum umboðsmanna á Norðurlöndum, að þetta er mjög mikilvægt embætti. Ég vil skora á hæstv. félmrh. og ráðherra jafnréttismála að íhuga þetta mál gaumgæfilega m.a. til að reyna að komast upp úr þeim hjólförum sem jafnréttismálin eru í hér á landi.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið undir þetta mál og hæstv. félmrh. fyrir svörin. Mér fannst hann opna á það að aðgerðir gætu hafist í þessu máli. Það er auðvitað spurning hvort við eigum fyrst að fara í að endurskoða lögin og skoða þar með í heild það kerfi sem við höfum byggt upp hjá ríkisvaldinu varðandi jafnréttismálin, en mín skoðun er sú að það sé mjög mikilvægt að styrkja framkvæmdarvaldið og það eftirlitshlutverk sem þarf að vera til staðar til að sjá til þess að lögunum sé framfylgt.

Ég vísa þar aftur til þess fyrirkomulags sem við höfum komið á varðandi samkeppnislögin þar sem um býsna sterkt vald er að ræða og vald sem er virkt. Menn verða að gæta sín á því að rugla ekki saman eða blanda saman embætti umboðsmanns jafnréttismála annars vegar og svo kærunefnd hins vegar. Á þessu er munur. Kærunefnd tekur á málum eftir á, umboðsmaður getur gripið inn í strax í byrjun og jafnvel átt frumkvæði að skoðun. Slíkt vald hefur kærunefndin ekki. Hún tekur eingöngu við málum. Ég fagna því svo sannarlega ef embætti eða embættum jafnréttisráðgjafa verður komið á. Það er að sjálfsögðu mjög þarft og brýnt og ákveðin reynsla komin á það, t.d. norður á Akureyri.

En hlutverk ráðgjafans er líka annað. Það sem hér um ræðir er fyrst og fremst það að tryggja að lögunum sé framfylgt. Það er það sem skiptir mjög miklu máli og það er sá þáttur sem þarf að styrkja.

[13:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Jafnréttislögin verða endurskoðuð og ég tel að við eigum að reyna að læra af nágrönnum okkar og fara vandlega og með opnum huga yfir annarra reynslu. Ég tel að við eigum að meta starfsemi kærunefndar, mér er ljós munurinn á starfssviði hennar og umboðsmanns. Ég tel að það þurfi að skýra mörkin þar á milli, hvort umboðsmaðurinn getur komið að einhverju leyti í staðinn fyrir kærunefnd eða hvernig sem því yrði háttað. En ég tel að endurskoðun laganna eigi að miða að því að reyna að gera starf að jafnréttismálum markvissara þannig að leiði til betri árangurs.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 13:55.

---

112. FUNDUR

miðvikudaginn 20. mars,
að loknum 111. fundi.

Dagskrá:

1. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 117. mál, þskj. 679, brtt. 698 og 737. — 3. umr.

3. Köfun, stjfrv., 148. mál, þskj. 732. — 3. umr.

4. Landflutningasjóður, stjfrv., 317. mál, þskj. 733. — 3. umr.

5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599. — 1. umr.

6. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 394. mál, þskj. 692. — 1. umr.

7. Iðnaðarlög, stjfrv., 405. mál, þskj. 711. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framgangur stjórnarfrumvarpa.

[13:56]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að ræða um störf þingsins og óska eftir því að beina nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. um framgang stjórnarfrumvarpa.

Á föstudag er seinasti þingdagur samkvæmt áætlun fyrir hlé og seinustu forvöð til að leggja fram stjórnarfrumvörp 1. apríl ef ég skil rétt. Það er nauðsynlegt þegar hér er komið sögu að þingheimur geri sér glögga grein fyrir því hver eru áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar framlagningu þessara mála og eins hvort ríkisstjórnin hyggst leita fast eftir því að fá þessi mál afgreidd fyrir lok þings.

Í gær urðu fagnaðarfundir með þingheimi og hæstv. fjmrh. Fyrsta mál á dagskrá er spurningin um frv. um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Þar liggja fyrir misvísandi yfirlýsingar. Hæstv. fjmrh. hefur sagt að enginn ágreiningur sé um það mál milli hæstv. forsrh. og hans. Sjálfur hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að málið verði lagt fram eins fljótt og unnt er. Þótt hann væri oft þýfgaður um það hvað það þýddi fengust ekki svör við því og nú spyr ég hæstv. forsrh.: Er niðurstaðan að þetta frv. eigi að leggja fram á yfirstandandi þingi eins fljótt og unnt er og þá hvenær, eða gildir sú yfirlýsing hæstv. forsrh. að það verði tekið af dagskrá og sett í annan farveg?

Að því er varðar önnur mál, sem varða vinnumarkaðinn, höfum við þegar rætt réttindi og skyldur en mér skilst að *nú hafi verið lagt fram frv. hæstv. félmrh. um starfsreglur á* vinnumarkaði og spurningin er sú: Er það áform hæstv. ríkisstjórnar að taka þetta viðamikla mál á dagskrá hér og nú og afgreiða það? Er það hugsun ríkisstjórnarinnar að það verði afmælisgjöf ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambands Íslands á 80 ára afmælinu?

Hæstv. iðnrh. og viðskrh. hefur boðað tvö mikilvæg frumvörp, annars vegar um hlutafélagsvæðingu banka og einnig um eignarhald á orkulindum sem er nátengt þeim málum sem fyrir liggja um réttinn til erlendrar fjárfestingar á Íslandi. Hvenær er þess að vænta að þessi frumvörp komi fram? Er ætlan ríkisstjórnarinnar að leggja þau ekki aðeins fram heldur að fá þau afgreidd á yfirstandandi þingi?

Loks er að geta mikils máls sem varðar fjármagnstekjuskatt. Mér skilst á hæstv. fjmrh. að það mál sé væntanlegt hér og nú og ég spyr: Er það meining ríkisstjórnarinnar að taka það mál á dagskrá? Að lokum, virðulegi forseti: Hvaða mál eru það sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir að verði tekin til umræðu fyrir þinghlé? Er meiningin að það verði bæði þessi stórmál, afmæliskveðjan til ASÍ, þ.e. um stéttarfélög og vinnudeilur, og fjármagnstekjuskattinn?

Það er nauðsynlegt að þingheimur fái skýr svör við þessu, virðulegi forseti.

[13:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í upphafi vil ég geta þess að það er ekki venja að menn leggi fram lagafrumvörp *í tilefni af afmælishaldi* hvorki eins né annars og það er ekki gert af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Afmælishald hefur ekkert með slíkan málatilbúnað að gera eins og menn þekkja væntanlega og vita.

Síðan hv. þm. gerði mér viðvart um að hann vildi gera þetta mál að umtalsefni hafa frumvörp verið að koma fram og verið kynnt. Af þeim sjö frumvörpum sem hann nefndi er nú orðið ljóst varðandi framlagningu og reyndar umræður um fjármagnstekjuskatt og um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eins og hann gat um og reyndar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Bæði ég og hæstv. fjmrh. höfum við sagt opinberlega að ekki standi til að lífeyrisréttarmálið verði afgreitt í þinginu í andstöðu við samtök kennara og ég býst við því að það sé víðtæk sátt um þá niðurstöðu í þingsalnum. Það var ekkert um það sagt að það mál kynni ekki að verða lagt fram enda er ekki út af fyrir sig samið um það við aðra aðila hvort mál eru lögð fram eða ekki. Þegar málið vinnst áfram verður vonandi víðtækari sátt um það en þegar er orðin og ég vænti þess að málið megi leggjast fram.

Varðandi frv. um eignarrétt á orkulindum þá er það mál í góðum farvegi. Ég vona að það náist að leggja það fram fyrir þinglok í vor. Sama er um atvinnuleysistryggingar og bankamálefni. Ég geri ráð fyrir því að öll þessi mál verði lögð fram. Ríkisstjórnin stefnir að því að mál sem eru ekki lögð fram til kynningar séu afgreidd eins og hv. þm. þekkir *af víðtækri reynslu sinni sem ráðherra en reynslan kennir* okkur líka að svo kann að fara í miklum önnum að slík mál nái ekki fram að ganga.

Á þessu stigi máls er ekki ástæða til né eðlilegt að ríkisstjórnin komi fram með forgangslista sinn eins og stundum er lagður fram fyrir jól eða fyrir vor. Það er ekki orðið tímabært.

[14:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að Alþingi stendur núna frammi fyrir kaflaskilum á þessu þingi. Til þessa hefur þingið fjallað um ýmis mikilvæg mál, oft mjög tæknileg en yfirleitt ekki stóralvarleg pólitísk átakamál.

Nú hefur það hins vegar gerst að lögð hafa verið fram frumvörp um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem hafa vakið mikla umræðu og einnig hefur verið lagt fram frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem eru kaflaskil í samskiptum ríkisstjórnar við verkalýðshreyfinguna á Íslandi. Það hefur aldrei áður gerst að nokkur ríkisstjórn nokkurn tíma legði fram frv. um að gerbreyta vinnuumhverfi stéttarfélaga með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Með þessu móti óttast menn auðvitað að ríkisstjórnin hafi sagt í sundur friðinn í landinu. En það er einnig ljóst, hæstv. forseti, og verður auðvitað að koma fram í tilefni af umræðunni að þetta frv. segir í sundur friðinn í þessari stofnun eins og sakir standa. Það er alveg óhjákvæmilegt að mínu mati, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin geri sér ljóst að ekki er hægt að meðhöndla þetta frv. eins og hvert annað frv. Hér er um að ræða mál þar sem ætlunin er að skipa innri málum félaga með lögum og stríðir þannig í raun og veru gegn anda stjórnarskrárinnar í veigamiklum atriðum. Þess vegna er auðvitað mjög brýnt að núna komi fram að frv. og efni þess er mótmælt mjög harkalega en líka því að hæstv. iðnrh. og viðskrh. talar um Alþingi úti í frá eins og það sé ómerkileg stimpilstofnun á öllum sviðum, eins og það skipti hann engu máli hvaða skoðun Alþingi

hefur á því að selja ríkisbankana, eins og það skipti hann engu máli hvaða skoðun Alþingi hefur á því að einkavæða Orkustofnun. Það er talað um Alþingi eins og það skipti engu máli og það er nauðsynlegt að forsætisnefnd Alþingis kenni ráðherrunum nokkur grundvallaratriði þingræðis áður en mikið lengra er haldið.

[14:04]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég fylgdist mjög nákvæmlega með því sem hæstv. forsrh. sagði áðan og ég skrifaði orðrétt eftir honum þessa yfirlýsingu um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Hann sagði: „Þau mál verða ekki á þinginu afgreidd í andstöðu við kennara."

Hingað til hefur forsrh. aðeins fullyrt að á þessu þingi verði málin ekki afgreidd með þeim hætti en ég tek yfirlýsingu hans þannig að hér á þingi, á Alþingi Íslendinga, verði þetta mál ekki afgreitt í andstöðu við opinbera starfsmenn. Ef það er ekki réttur skilningur óska ég eftir því að hæstv. forsrh. leiðrétti það. Með þessu er hann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að heita opinberum starfsmönnum því að afgreiða þessi mál ekki í andstöðu við þá. Það tel ég vissulega fagnaðarefni ef ég hef skilið orð hans rétt.

Í öðru lagi er mjög eðlilegt að spurst sé fyrir um það núna hvaða stórmál ríkisstjórnin ætlar að leggja fram því að þetta er næstsíðasti dagur þingsins áður en rennur upp sá dagur, 1. apríl, þegar mál verða ekki tekin til umræðu ef þau eru lögð fram síðar nema með afbrigðum. Ég hvet mjög eindregið til þess að frv. um eignarhald þjóðarinnar á orku og námum utan þess svæðis sem einstaklingar geta gert tilkall til verði lagt fram á þessu þingi og afgreitt því að ella tel ég að ekki sé hægt að afgreiða frv. hæstv. iðnrh. um erlenda fjárfestingu.

Í öðru lagi tek ég mjög undir með hv. þm. Svavari Gestssyni að ég skil það ekki að einmitt við þessi tímamót þegar Alþýðusamband Íslands fagnar 80 ára afmæli sínu skuli hæstv. ríkisstjórn velja sér þann stað í tilverunni að efna til átaka, ekki bara við eitt heldur við öll stéttarfélög í landinu, hvaða nafni sem þau nefnast. Hæstv. ríkisstjórn er að stofna þarna til styrjaldarástands og átaka við aðila vinnumarkaðarins. Það er aðeins eitt sem er víst í þeim efnum og liggur ljóst fyrir, þ.e. ríkisstjórnir sem efna til slíkra átaka, munu falla í þeim.

[14:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir á þinginu fyrir nokkrum dögum að frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins yrði ekki þröngvað í gegnum þingið, samið yrði um þessi efni við samtök opinberra starfsmanna og hann bætti því við að áunnin réttindi yrðu ekki skert. Nú segir hæstv. forseti og hefur dregið nokkuð í land að þetta verði ekki gert í andstöðu við kennara. Nú er hörfað og hvikað frá þeirri megingrundvallaryfirlýsingu sem var gefin sem vekur upp spurningar í framhaldi af sjónvarpsviðtali við hæstv. fjmrh. í gær sem sagði að hæstv. forsrh. hefði komið inn í þetta mál á réttri stundu með réttu orðin. Til hvers? spyr maður þá. Til að auðvelda flutninginn á grunnskólanum frá ríki til sveitarfélaga? Er þetta gert í hagræðingarskyni eða erum við að fjalla um prinsippmál, að það eigi að semja um þessa hluti og það eigi ekki að skerða áunnin réttindi? Það er ljóst að þau drög sem þegar liggja fyrir, fela í sér umtalsverðar skerðingar fyrir þá sem eiga aðild að sjóðnum o r einnig fyrir fólk sem er komið á lífeyri.

Ég vakti athygli á því í þingræðu í gær og hef ekki fengið svör frá hæstv. forsrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að frv. um réttindi og skyldur fengi sams konar meðferð þar sem rök hafa verið færð fyrir því að einnig þar er um að ræða skerðingu á áunnum réttindum. Þar erum við komin að afmæliskveðjunni til verkalýðssamtakanna á Íslandi, afmæliskveðjunni til Alþýðusambands Íslands, að reyna að setja fjötra á verkalýðshreyfingu. Maður hlýtur að spyrja sig að því: Hvað er það sem vakir fyrir ríkisstjórninni að hún þori ekki annað en reyna að takmarka réttindabaráttu launafólks á Íslandi? Við höfum að vísu séð mörg dæmi. Kjör öryrkja og lífeyrisþega hafa verið skert, þess fólks sem getur ekki samkvæmt opinberum yfirlýsingum og stöðlum framfleytt sér. Hvert er förinni heitið? Hvert er för ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar heitið?

[14:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi umræða snýst um störf þingsins og það er ekki óeðlilegt þegar einungis fimm vikur eru eftir af störfum þingsins samkvæmt starfsáætlun, sex vikur reyndar ef við tökum inn í næstu viku sem mér skilst að sé farið að skipuleggja meira og minna í nefndarfundi. Hér hefur birst hver stríðsyfirlýsingin á fætur annarri undanfarna daga frá hæstv. ríkisstjórn og við hljótum að spyrja: Er von á fleirum?

Eitt er það stórmál sem hefur ekki verið nefnt í umræðunni. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um fæðingarorlof. En samkvæmt því sem heyrst hefur af því starfi er þar von mikilla og alvarlegra tíðinda og ég spyr: Hvar er það mál statt? Er von á því hingað inn til að meðhöndlast á þeim fimm til sex vikum sem eftir eru?

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni vil ég rifja upp spurningu til hæstv. fjmrh. um skýrslu sem ég bað um fyrir 19 vikum um áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka- og tímaritaútgáfu í landinu. Samkvæmt þingsköpum hefur ráðherra 10 vikna frest til þess að svara skýrslubeiðni af þessu tagi og það er algerlega óviðunandi að ekki skuli fást svör. Hvað er svona erfitt í þessu? Á hvaða upplýsingum stendur eða er eitthvað þarna á ferð sem ráðherrann vill ekki að komi fram? Þetta er algerlega óviðunandi og ég krefst þess að ráðuneytið svari skýrslubeiðninni og það nú þegar.

[14:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka til efnislegrar umræðu frv. um stéttarfélög og vinnudeilur þó að einstakir þingmenn hafi verið að hleypa út einhverjum dampi. Það kemur á dagskrá áður en mjög langt um líður og þá gefst tækifæri til þess að ræða það efnislega.

Hér er ekki um pólitískt átakamál að ræða í eðli sínu þó að einhverjir vilji kannski reyna að gera það að pólitísku átakamáli og vinnuumhverfi stéttarfélaga er ekki umturnað. Það er lagfærður aðdragandi kjarasamninga, það eru skýrðar heimildir og auknar skyldur lagðar á ríkissáttasemjara og það er aukið lýðræði í verkalýðsfélögunum og það ætti að styrkja verkalýðshreyfinguna. Það er hugmyndin með þessu að reyna að draga úr eða stuðla að því að dregið verði úr launamun í landinu. Það er alrangt að verkfallsréttur sé skertur. Það er alrangt að verið sé að setja verkalýðshreyfinguna í einhverja fjötra með þessu frv. og sömu lýðræðiskvaðir eru lagðar á atvinnurekendur og launþega. (**JBH:** Hefur ráðherrann lesið frv.?) Það hef ég gert.

[14:13]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort hv. þm. Ögmundi Jónassyni urðu á freudísk mismæli eins og það er kallað þegar hann eignaði forseta Íslands tiltekin ummæli hæstv. forsrh. en ég vil alla vega nota tækifærið til þess að þakka hæstv. forsrh. svörin.

Fjögur meginmál sem varða samskipti stjórnvalda og vinnumarkaðar eru á dagskrá, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna, um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og frv. hæstv. félmrh. um samskipti aðila á vinnumarkaðinum.

Að því er varðar það mál sem mest hefur verið spurt um eru svör forsrh. öll önnur en hæstv. fjmrh. ef vel er hlustað eftir. Hæstv. forsrh. hefur áður lýst því yfir að hann muni ekki beita sér fyrir framlagningu frv. sem tekur af áunnin réttindi starfsmanna. Það á reyndar við bæði frumvörpin eins og fram kom í umræðunum í gær. Nú heyrðist mér alveg eins og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að því væri við bætt að það mundi ekki gert í andstöðu við kennara.

Hæstv. fjmrh. hefur sagt að þeir vinirnir, hæstv. ráðherrar, hafi fallist í faðma um þetta mál og séu innilega sammála um efni þess og það verði lagt fram á næstunni en þetta „á næstunni" virðist vera óskilgreinanlegt. Hvað það þýðir að vera sammála um efni þess er ekki hægt að skilja ummæli hæstv. forsrh. á annan veg en þann að frv. eigi að fara í endurvinnslu og hann gerir sér vonir um meira samkomulag um endurunnið frv.

Að því er varðar vinnubrögð á þingi, herra forseti, og viðbrögð stjórnarandstöðu, vildi ég einfaldlega segja þetta: Það er stuttur tími til þinghlés og þetta eru stór og viðamikil mál. Við hljótum að gera kröfu til þess að fá góðan tíma til undirbúnings almennum stefnumótandi umræðum um þessi stórmál. Þar á ég t.d. við mál eins og samskipti á vinnumarkaðinum og fjármagnstekjuskatt. Því næst er þess að geta að þess er ekki að vænta að stjórnarandstaðan verði ásátt við innihald þessara mála. Þess er að vænta að hún vilji jafnvel flytja sín eigin mál. Og þá spyr ég að lokum hæstv. forsrh.: Megum við vænta þess að því verði vel tekið af meiri hluta stjórnarliða ef við þurfum hugsanlega að leita afbrigða við einhver mál tengd þessum málum, þ.e. flutning lagafrumvarpa jafnvel eftir 1. apríl?

[14:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er viðtekin venja í þinginu að menn láta eitt og jafnt yfir stjórn og stjórnarandstöðu ganga varðandi afbrigði. Enda þurfa stjórnarliðar, hverjir sem þeir eru á hverjum tíma, iðulega mjög á stjórnarandstöðu að halda til þess að afbrigði nái fram að ganga og væri fáránlegt ef stjórn á hverjum tíma eða stjórnarflokkar mundu ekki gæta þess að stjórnarandstaðan fengi sambærilega þjónustu, ef ég má nota það orð í því sambandi eins og stjórnarliðar.

Aðeins varðandi freud-heitin, ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi ruglað mér saman við hæstv. forseta og ég held að það hafi ekkert með freud-heitin að gera. Eða a.m.k. tók ég það ekki þannig.

Varðandi þau ummæli sem höfð voru eftir mér um lífeyrissjóðsréttindin skulu menn ekki rýna of mikið í þau orð sem ég sagði hér. Ekkert af því sem ég sagði var tekið til baka og stóð ekki til af minni hálfu. Hafi ég talað eitthvað ógætilega, stendur sú yfirlýsing sem ég gaf. Menn verða að fara varlega í að rýna í það hvernig menn haga fínustu orðum sínum. En ég ítreka að það var ekkert tekið til baka í þeim efnum.

Ég vil líka vara menn svolítið við því að nota þessi stóru orð sem við notum hér eins og styrjaldarástand og stríðsyfirlýsing. Það voru notuð allstór orð í umræðunum í gær allt þar til menn fóru að ræða þessi mál nokkuð málefnalega. Þá kom upp úr kafinu að þau frumvörp sem menn höfðu talað hvað ógætilegast um hafa margt gott í sér fólgið. Svo mun einnig reynast með breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, frv. sem á að breyta „þrælalögunum ógurlegu" eins og þau voru kölluð, lögin frá 1938. Það skyldi nú varla vera að „þrælalögin ógurlegu" væru orðin heilagur bókstafur í hugum sumra? (**Gripið fram í:** Þrælalög Framsóknarflokksins.) Nei, þrælalögin ógurlegu heyrði ég þau nefnd. Það er margt í þessum lögum sem er mjög til bóta fyrir alla, ekki síst launþegana í landinu. Við skulum fara vandlega yfir frv., líka með aðilum vinnumarkaðarins og sjá hvort menn geta ekki sameinast um það að fá þau frumvörp fram sem eru til bóta.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, BG, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

11 þm. (BH, GE, HG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RG, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, IP, KHG, RA, SighB, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Erfðabreyttar lífverur, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 679, brtt. 698 og 737.

[14:19]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum umhvn. á þskj. 737. Umhvn. leggur til smávægilega breytingu á frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Þannig leggur nefndin til að Hollustuvernd ríkisins skuli gefa út leyfi til sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá eru einnig lagðar til orðalagsbreytingar við 4. mgr. 13. gr. Áður hafði nefndin lagt til þá breytingu við frv. að leita skyldi umsagnar Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana sem sérfróðar væru á viðkomandi sviði.

Við nánari skoðun er það niðurstaða nefndarinnar að nauðsynlegt sé að binda í lög að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli taka afstöðu til leyfa um sleppingu og dreifingu

erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og það skuli gert áður en þau eru veitt af Hollustuvernd. Byggir niðurstaða þessi á því að hjá Hollustuvernd ríkisins starfa ekki grasa-, dýra- eða vistfræðingar. Því hefur stofnunin ekki yfir að ráða nægilega yfirgripsmikilli þekkingu á náttúru þess svæðis sem sleppa á lífveru á, skilning á líffræði viðkomandi lífvera né samspili lífveranna og vistfræði þeirra. Slík þekking er aftur á móti fyrir hendi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Því leggur umhvn. til þessa breytingu. Jafnfram er dregin til baka brtt. nefndarinnar á þskj. 698.

[14:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til 2. umr. spunnust miklar umræður sem stöppuðu nærri deilum á milli þingmanna um tiltekin atriði þessa frv. Á þeirri stundu var ekki léð máls á því af hálfu meiri hlutans eins og vilji hans birtist hjá formanni að breyta frv. Nú sé ég mér til nokkurrar undrunar að hér hafa fyrst komið fram breytingartillögur og síðan breytingartillögur við breytingartillögur. Ég verð hins vegar að játa, herra forseti, að ég fagna þeim. Þær eru nákvæmlega í þeim anda sem ég ræddi við 2. umr. Það er alveg ljóst að það var nauðsynlegt að gera á frv. talsverðar efnislegar breytingar.

Það spunnust deilur um það í umræðunni af hverju ég væri að finna að þessu frv. og sumir gerðu mér upp ýmsar hvatir í þeim efnum. Staðreyndin er sú að þau ákvæði frv. sem ég var að deila á urðu til á meðan ég var umhvrh. Það má því líta svo á að ég hafi þarna með vissum hætti verið að halda uppi sjálfsgagnrýni í anda Maós. Ég held hins vegar að fyrst menn fóru í þetta hafi verið nauðsynlegt að gera frekari breytingar. Ég er hissa á því miðað við þær undirtektir sem hluti af gagnrýni minni fékk hjá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni við 2. umr. að svo skyldi ekki verða.

Ég fagna því að það er búið að taka inn í seinni gerð brtt. ákvæði um að það skuli leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það er mikilvægt vegna þess að frá því að menn lögðu í að breyta lögum úti í Evrópu og síðan að semja þessi lög hér heima líður það langur tími að aðstæður eru breyttar. Áður fyrr voru menn fyrst og fremst að velta fyrir sér erfðabreyttum örverum, þ.e. bakteríum og veirum. En málin hafa þróast það hratt að það eru ekki síður plöntur og æðri dýr sem falla undir þetta.

Þá er það alveg ljóst, herra forseti, að þær stofnanir sem þarf að leita ráða hjá eru aðrar en upphaflega var um rætt. Það er ekki bara Hollustuvernd sem menn þyrftu að ganga í smiðju til heldur einnig aðrar stofnanir og þá fyrst og fremst Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég fagna því breytingunni.

Ég velti hins vegar fyrir mér, herra forseti, hvernig á því stendur að hv. umhvn. virðist ekki taka mið af fyrirhuguðum breytingum sem eru í aðsigi á verksviði stofnana sem tengjast málinu. Þar er ég að tala um Náttúruverndarráð. Hér er í brtt. frá umhvn. gert ráð fyrir því að 4. mgr. 13. gr. frv. breytist þannig að Hollustuvernd ríkisins eigi að leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Nú er það svo að ég ber brigður á að Náttúruverndarráð í núverandi formi hafi efnisleg tök á að gefa umsagnir af þessu tagi. Enn síður tel ég, herra forseti, að hægt sé að leggja þetta verk á herðar Náttúruverndarráðs þegar stundir líða og búið er að breyta inntaki Náttúruverndarráðs eins og gert er ráð fyrir í frv. sem að því er ég best veit nýtur yfirgnæfandi stuðnings. Hér liggur fyrir til umræðu í þessum sölum, herra forseti, frv. hæstv. umhvrh. sem gerir ráð fyrir því að hlutverki Náttúruverndarráðs verði gerbreytt. Það verður eins konar ráðgjafahópur umhvrn. um umhverfismál og náttúruvernd. Eins og ég skil frv. verða þar ekki menn með mikla innbyggða sérfræðiþekkingu. Því spyr ég hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson: Hvers vegna eru menn að búa til nýtt hlutverk fyrir stofnun sem á innan nokkurra vikna að gerbreyta? Eigum við þá aftur að taka upp þessi lög sem við erum e.t.v. að samþykkja endanlega í dag? Mér finnst þetta ekki vera gott verklag, forseti góður, og tel að hér séu mistök í aðsigi hjá hv. umhvn. Ég drap á þetta og gagnrýndi í fyrri umræðu. Þótt ég sé þakklátur fyrir að það hafi verið léð máls að nokkru leyti á því að taka inn þau atriði sem gagnrýnd voru þá, skil ég ekki af hverju er verið að hafa þennan fingurbrjót hér inni. Af hverju í ósköpunum eru menn að byggja inn í lög ákvæði sem er þess eðlis að það kann að vera að við verðum að taka nýsamþykkt lög upp þegar á þessu þingi? Þetta eru ekki vinnubrögð sem jafnvelvirtri nefnd er sæmandi, herra forseti.

Ég tel líka að fyrst menn gripu til þess ráðs að fara að breyta frv. frá því sem umhvn. hafði áður lagt til, hefðu þeir átt að velta fyrir sér ýmsum öðrum hlutum sem mætti taka til athugunar. Mér er nokkur ami að því að sjá í breytingartillögunum sem lágu fyrir frá hv. nefnd nýja skilgreiningu á því hvað er lífvera. Ég á erfitt með að sætta mig við það. Lífvera er eitt af grundvallarhugtökum náttúrufræðinnar. Veirur og lífrænar sameindir eru ekki sjálfstæðar lífverur. Hins vegar er lagt til með þessu að hugtakið nái til kjarnsýrusameinda, til veira. Og ég spyr: Er nauðsynlegt að breyta merkingu þessa algenga orðs? Ég á erfitt með að fella mig við það. Það kann auðvitað vel að vera, herra forseti, að það sé vegna þess að ég er að verða eins og hæstv. sjútvrh., gamall og íhaldssamur. Ég veit það ekki.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Fyrst menn uppgötvuðu að það voru gallar á breytingartillögum hv. umhvn. og fóru í að breyta þeim, af hverju var þá ekki fleira tekið sem þarf að breyta? Og hvers vegna í ósköpunum er verið að byggja inn í breytingartillögur ákvæði sem kann að vera nauðsynlegt að menn ráðist í að breyta eftir nokkrar vikur? Þetta eru alveg furðuleg vinnubrögð.

[14:29]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. Össur Skarphéðinsson fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. og telur þær til bóta. Ég er sannfærður um að það er rétt, það er til bóta að Náttúrufræðistofnun Íslands fjalli um þau atriði er varða sleppingu og dreifingu út í vistkerfi landsins. Um það erum við sammála.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist á Náttúruverndarráð og hugsanlega breytt hlutverk þess. Það er rétt að fyrir þinginu liggur frv. sem gerir ráð fyrir breyttu hlutverki þess ráðs í átt til ráðgjafarhlutverks en ekki þess hlutverks sem það hefur nú. Ég tel óeðlilegt að þingið fari að samþykkja frumvörp miðað við eitthvert hugsanlegt ferli sem kunni að verða á þinginu eða annars staðar. Ég held að það hefði verið enn óeðlilegra að þetta frv. og brtt. sem þingmaðurinn lagði til hefðu gengið á þann veg að fela þeirri stofnun sem ætlað er að taka við meginhlutverki Náttúruverndarráðs, en sú stofnun er ekki til, eitthvert hlutverk í þessum lögum sem hér er verið að samþykkja. Það tel ég ekki vera í anda þinglegra starfa eins og ég hef skilið þau.

Ég skal ekki deila við fróða menn og sérfræðinga um skilgreiningu á lífverum. Sú skilgreining sem við lögðum til

var gerð að vandlega yfirlögðu ráði og íhuguðu samkvæmt tillögum sem við fengum frá færustu sérfræðingum og ég tek fullt mark á.

[14:31]

Útbýting þingskjals:

Skaðabótalög, 399. mál, nál. allshn., þskj. 741.

[14:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér fer fram 3. umr. um frv. um erfðabreyttar lífverur og frsm. umhvn. hefur kynnt breytingartillögur við frv. í tveimur tölusettum liðum sem full samstaða er um í nefndinni. Það er ekki óalgengt að það komi fram minni háttar breytingar á stóru frv. við 3. umr. Það er gert eins og fram hefur komið að athuguðu máli. Ég stend að þessum breytingartillögum að sjálfsögðu einnig og væntanlega eiga þær greiðan gang í gegnum þingið eins og þær breytingartillögur aðrar sem nefndin flutti við 2. umr. málsins og þá voru ræddar.

Ég tel að það sé mikilvægt að þetta stóra mál sem er í rauninni miklu meira mál en kannski margir gerðu sér ljóst þegar það fyrst var sýnt í þinginu, nái fram að ganga og ekki síst að gerðum þeim breytingum sem umhvn. þingsins hefur lagt til á efnistriðum frv. Þar er um að ræða eina mjög veigamikla breytingu sem við ræddum við 2. umr. málsins. Hún er að ný mælistika verði tekin með í athugun þessara mála sem ekki var í upphaflegri gerð eða eins og frv. var lagt fyrir á 119. þingi, þ.e. að siðferðileg álitaefni verði til athugunar á öllum stigum málsmeðferðar varðandi erfðabreyttar lífverur, jafnt varðandi rannsóknir sem og skref sem lengra yrðu stigin í sambandi við sleppingu, hvort sem er í tilraunaskyni eða til framleiðslu. Þetta er meginefnisbreyting sem gengur í gegnum breytingartillögur nefndarinnar og á vonandi eftir að leiða til þess að á þessi mál verði litið, ekki fyrst og fremst út frá tæknilegu sjónarmiði eða hugsanlegri hagnaðarvon heldur ekki síður og kannski enn frekar út frá því hvort það sé réttmætt að heimila rannsóknir og síðan sleppingu á viðkomandi lífverum. Þetta vildi ég ítreka við 3. umr. málsins.

Þá vildi ég aðeins koma að fáeinum atriðum sem fram komu við umræðuna. Hv. 15. þm. Reykv. kom og bætti nokkru við frá því sem fram hafði komið við 2. umr. málsins. Það eru kannski viss atriði sem væri rétt að gera nokkrar ábendingar við, ég skal ekki segja athugasemdir, en nokkrar ábendingar. Ég ætla þó ekki að fara mikið í getsakir um fortíðina að því er varðar hugrenningatengsl á milli mikilla hugsuða, hvorki Maós formanns né hv. 15. þm. Reykv. eins og tilefni gat þó verið til (**ÖS:** Hvor er meiri hugsuður?) og það mikla álitaefni hvor þessara mætu manna hafi kafað dýpra og kynnt frumlegri hugmyndir, hv. 5. þm. Reykv. eða Maó formaður. Hér verður ekkert skorið úr um það, enda meira rannsóknarefni en svo að fært sé í stuttri þingræðu að gera því rökstudd skil.

Hv. þm. var ráðherra umhverfismála þegar frv. var mótað. Það kom fram við 2. umr. málsins hjá hæstv. núv. umhvrh. að frv. þetta hefði verið lagt óbreytt fyrir á síðasta þingi og nú aftur í haust frá þeirri gerð sem það lá fyrir í ráðuneytinu þegar hv. 15. þm. Reykv. afhenti eftirmanni sínum lyklavöldin. Spurningin er um það hvort aðstæður hafi breyst svo mjög frá því að þetta gerðist á síðasta ári, hvort það væri komið eitthvað alveg nýtt fram frá því að farið var yfir þessi efni af ráðuneytisins hálfu, eins og t.d. það að áður fyrr hafi eingöngu verið um að ræða örverur sem hefðu verið til skoðunar í þessum málum og ekki verið farið að fjalla um lífverur sem til fjölfrumunga teljast og sumir kalla æðri lífverur en það er mælistika sem ég vil helst forðast. Það er erfitt að gefa einkunnir í þeim efnum um hvað sé hátt og hvað lágt. En ég tel að það sé á misskilningi byggt hjá hv. þm. að þarna hafi orðið þessi breyting á allra síðustu árum. Það hefur legið fyrir í a.m.k. áratug hvert stefndi í þessum efnum. Ég held að það hafi verið um miðjan síðasta áratug eða þar um bil, hvort það var 1984 eða 1987, á þessu árabili, voru vestur í Bandaríkjunum veittar fyrstu heimildirnar til sleppingar, fyrst á plöntum og síðan á dýrum, þ.e. tvíkímblöðungum eða alla vega blómplöntum og dýrum þannig að þetta var komið á fullt skrið áður en tilskipanir voru samþykktar í Evrópusambandinu sem upphaflegt frv. þó hvílir á. Síðan er það tekið til athugunar hér og þá lágu þessi efni að sjálfsögðu fyrir þannig að við athugun og undirbúning íslenska stjórnkerfisins eða umhvrn. á þessum málum, lá þessi þróun fyrir þannig að hún hlaut að vera til skoðunar og ein af undirstöðum þessa máls.

Það breytir ekki því að frv. sem fram var lagt tók fyrst og fremst mið af tilskipunum Evrópusambandsins en fylgdi ekki þeirri þróun í mótun laga sem orðið hafði á Norðurlöndum núna síðustu árin. En við höfum m.a. stuðst við það við gerð breytingartillagna um þetta efni. Það var aldrei í huga, má ég fullyrða, neins í umhvn. að halda frá sérfræðistofnunum þó að fylgt væri upphaflegri tillögu frv. um það að leyfisveitingar skyldu vera á snærum Hollustuverndar ríkisins og sú stofnun yrði undir það búin og gert kleift að sinna þessum málum. Það má að sjálfsögðu ekki blanda saman núverandi stofnun og aðstöðu hennar sem er hörmulega léleg í mörgum greinum. Það er langt frá því að þessari stofnun hafi verið gert kleift að sinna ört vaxandi verkefnum. Það hlýtur að vera og ég veit að það er áhugaefni núv. hæstv. umhvrh. og mikið áhyggjuefni um leið hvernig aðstæður eru á þessari stofnun og það höfum við rætt í þinginu. Ég hef flutt brtt. til að freista þess að ráða nokkra bót á. Það má ekki gerast að um leið og þingið samþykkir að Hollustuvernd taki að sér yfirumsjón með leyfisveitingum varðandi rannsóknir og sleppingu erfðabreyttra lífvera að viðkomandi ríkisstofnun verði ekki gert kleift að standa sómasamlega að því. Það er undirstöðuatriði.

Auðvitað verður sama stofnun að afla fanga annars staðar frá, frá sérfræðistofnunum sem búa yfir þekkingu á þessu sviði eða sviðum sem tengjast þessu máli og það á ekki síst við um Náttúrufræðistofnun Íslands. Um það varð nefndin sammála og ræddi í sínum hóp um leið og farið var yfir athugasemdir og ábendingar sem komu frá þeirri stofnun eins og fleiri umsagnaraðilum. Það sem hér hefur gerst með framlagningu þessarar brtt. á fyrirliggjandi þskj. við þessa umræðu um breytingu á 14. gr. frv., er til frekari áréttingar á þessu sjónarmiði til að taka af tvímæli um að Náttúrufræðistofnun Íslands taki afstöðu til fyrirætlana um leyfisveitingar og skili þannig tillögum þar að lútandi til Hollustuverndar ríkisins. Þetta er til bóta á frv. og það styð ég heils hugar.

Ég held þá að lokum svo að ég nefni eitt efnisatriði til viðbótar að gefnu tilefni, að það sé ekki réttmætt að vera að finna að því að tilgreina Náttúruverndarráð sem umsagnaraðila ásamt öðrum. Orðalagið er eitthvað á þá leið að Náttúruverndarráð og aðrir skuli veita umsögn um mál sem er í undirbúningi vegna leyfisveitinga. Það er sammæli í nefndinni að tiltaka Náttúruverndarráð. Hvort menn hafa verið með Náttúruverndarráð í huga í núverandi formi eða

samkvæmt þeim hugmyndum sem liggja fyrir í stjfrv. um málið tel ég að breyti engu að þessu leyti. Það breytir í rauninni engu. Það er á misskilningi byggt að vera að gagnrýna það atriði og verði Náttúruverndarráð á annað borð við lýði er mjög eðlilegt að það komi að málinu sem umsagnaraðili. Hinir verða hins vegar margir sem bætast þar við. Náttúrufræðistofnun Íslands er þar á meðal auk þess að vera ætlað veigamikið hlutverk í sambandi við það að taka afstöðu til hugmynda um leyfisveitingar að því er varðar sleppingar á erfðabreyttum lífverum.

Þetta taldi ég rétt, virðulegur forseti, að segja við umræðuna en ætla ekki að fara út í neinar sálgreiningar enda eru þau vísindi á nokkuð hálum ís sem kunnugt er og best að láta það vera að sinni a.m.k.

[14:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil ræða lítillega það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson réttilega fann að við orðanotkun mína áðan þegar ég leyfði mér þann hroka homo sapiens að tala um æðri lífverur. Það er rétt sem hv. þm. segir að menn eiga að fara varlega með orðanotkun af þessu tagi. Það sem ég hafði í huga var að fyrir áratug, þegar menn voru að hefja umræðu um þessi mál, voru menn fyrst og fremst að tala um lífverur sem höfðu talsvert einfaldari byggingu erfðaefnis en t.d. spendýr. Nú eru spendýr komin undir þann flokk lífvera sem verið er að erfðabreyta. Ég held ekki að svo hafi verið á þeim tíma. Fyrir um það bil einum og hálfum áratug starfaði ég sjálfur við það að erfðabreyta lífverum bæði hér á landi og reyndar erlendis líka þar sem ég stóð í löngu námi sem laut að slíkum hlutum. Það er líka merkilegt að velta fyrir sér þróuninni síðan þá. Á þeim tíma voru menn ekkert að velta fyrir sér ýmsum siðferðilegum álitaefnum sem tengjast erfðabreytingum. Nú eru þau komin miklu ofar á dagskrá og það er hárrétt sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hv. umhvn. á hrós og þakkir skilið fyrir að hafa komið með þá eðlisbreytingu, að ég segi ekki erfðabreytingu á frv., að ein af stoðunum sem frv. stendur nú á er einmitt þessi siðferðilegi þáttur. Hin siðferðilegu álitaefni eru tekin inn í frv. og það er vel.

Hins vegar er það líka svo að það er gerð önnur meginbreyting á frv. með þessari brtt. frá umhvn. sem kemur nú fram á milli 2. og 3. umr. Ég tel það eðlisbreytingu á frv. þegar búið er að taka inn ákvæði um að það eigi að leita álits Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ég tel að þá sé verið að taka tillit til þeirrar gagnrýni sem kom fram við 2. umr. og mér finnst það gott. Það þykir mér líka undirstrika að menn innan hv. umhvn. eru farnir að skilja þetta öðrum skilningi en áður. Ég var auðvitað sama marki brenndur og margir virðast vera innan hv. umhvn. Ég leit á þetta frá of þröngu sjónarhorni á meðan þetta mál var á mínu verksviði og til samningar í umhvrn. En eins og ég sagði hreinskilnislega í umræðunni um daginn hefur mér síðar af sérstökum ástæðum gefist tóm til þess að kanna þetta mál frekar og velta því fyrir mér. Þá skildist mér auðvitað að frá því að menn fóru að setja þessi lög úti í Evrópu hefur orðið veruleg breyting á. Menn hafa verið að taka inn allt aðra hópa og flokka lífvera en áður voru undir í þessum efnum. Fyrir 10–15 árum voru menn fyrst og fremst að erfðabreyta bakteríum og flytja erfðaefni á milli slíkra vera. Nú er þetta gerbreytt. Spendýr, fiskar og plöntur eru komnar til sögu. En hinn upphaflegi hugsunarháttur hefur hins vegar flust hingað til lands með þeim tilskipunum Evrópusambandsins sem urðu í rauninni aflvaki þessarar frumvarpssmíðar. Þegar sett var niður nefnd til að véla um þessi mál, nefnd sem reyndar var til staðar í umhvrn. þegar ég kom þangað, var hún fyrst og fremst skipuð sérfræðingum á sviði örvera. Það er því ekki fyrr en á allra síðustu stigum í þessari umræðu sem menn taka verulega undir með þeim sem halda því fram að það sé nauðsynlegt að taka miklu ríkara tillit til ráðgjafar frá þeim sem hafa sérþekkingu á sviði t.d. spendýra og plantna. Mér þykir gott að það er gert hérna og því segi ég að þetta er meginbreyting að mínu viti. Menn geta svo deilt um hvort það er réttur skilningur hjá mér eða ekki.

Ég fer hins vegar ekki ofan af því að mér finnst það fingurbrjótur að menn skuli setja ákveðið verk í hendur Náttúruverndarráði, sérstaklega þegar það liggur fyrir að það er þingmeirihluti fyrir því að gerbreyta formi ráðsins. Jafnvel þótt við gerðum ráð fyrir því að það yrði engin formbreyting á Náttúruverndarráði held ég að það sé hvorki æskilegt né eðlilegt miðað við þá sérfræðiþekkingu sem Náttúruverndarráð hefur yfir að búa í dag að ætla ráðinu að geta komið með ígrundað álit á sleppingum erfðabreyttra lífvera í lífríki náttúrunnar á Íslandi. Eftir því sem ég skil það frv. sem hv. þm. og formaður umvhn., Ólafur Örn Haraldsson, styður, er verið að breyta Náttúruverndarráði mjög verulega. Það er verið að gera það að ráðgjafahópi ráðherrans og það er út af fyrir sig ágæt hugmynd. En ég sé ekki að innan Náttúruverndaráðs sé sérfræðiþekking þess eðlis að það réttlæti að leitað sé til ráðsins um sleppingar af þessu tagi.

Ég velti því fyrir mér hvort það hafi ekki verið miklu viturlegra að setja inn í frv. að það þyrfti að leita til einhverra frjálsra ráðgjafahópa vegna þess að þetta er ráðgjafahópur sem er kostaður af hálfu hins opinbera. Þess vegna verður aldrei hægt að líta á hann sem óháðan. Inn í allan þennan strúktur vantar einhvers staðar aðkomu fyrir frjálsa hópa, þ.e. frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar. Ég held að þarna greini menn verulega á við hv. þm. Hjörleif Guttormsson. Mér þykja það ekki góð vinnubrögð að leggja þetta til núna þegar þingið veit að á næstunni verður lögunum um Náttúruverndarráð breytt.

Ég fagna því sem sagt, herra forseti, að það er búið að setja inn klárt ákvæði um að það verður leitað álits hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég velti þá fyrir mér hvers vegna menn hafi ekki gengið lengra í þessa átt. Ég hygg að í brtt. sem við samþykktum við 2. umr. hafi 6. gr. frv. verið breytt, en hún fjallar um ráðgjafarnefnd ráðherra. Þar er gert ráð fyrir að í stað fimm manna, eins og ráðherrann lagði upphaflega til, verði ráðgjafarnefndin níu manns alls og þar er talað um að í henni eigi að verða sérfróðir menn á sviði erfðatækni og siðfræði. Ég lít hins vegar svo á að með því að taka Náttúrufræðistofnun Íslands inn í 14. gr. séu menn að undirstrika að það þurfi að leita eftir þekkingu svipaðri þeirri sem þar er innan veggja. Hvers vegna þá ekki, herra forseti, að binda orðalag 6. gr. þannig að það verði alveg skýrt að í ráðgjafarnefnd ráðherrans eigi að sitja menn sem hafa t.d. sérþekkingu á vistfræði, dýrafræði, grasafræði eða annarri sérgrein sem lýtur að plöntum og dýrum eða búsvæðum þeirra. Ég held að erfðafræðingar og siðfræðingar geti alls ekki metið þá hættu sem fylgir erfðabreyttri lífveru fyrir náttúru landsins og það sama gildir auðvitað um Hollustuvernd ríkisins. Að nokkru leyti skjóta menn byttu undir þennan leka með breytingunni sem gert er ráð fyrir að verði við 1. málsl. 14. gr., en mér finnst að það hefði átt að gera þetta með afdráttarlausari og skýlausari hætti.

Herra forseti. Ég er líka þeirrar skoðunar að þessi lög hefðu átt að taka mið af samningum sem við höfum gengið frá eftir að frv. var smíðað. Þar er mjög mikilvægur alþjóðlegur samningur sem Íslendingar hafa orðið fullgildir aðilar að síðan menn fóru að velta þessum málum fyrir sér og fyrstu frumvarpsdrögin sáu dagsins ljós. Það er samningurinn um líffræðilegu fjölbreytnina. Hann tók gildi undir árslok 1994 og samkvæmt ákvæði 19. gr. samningsins ber okkur að setja almennar reglur innan lands um útflutning erfðabreyttra lífvera.

Ég spurði hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson og hæstv. umhvrh. að því við 2. umr. hvort 2. gr. frv. tæki sérstaklega til útflutnings á erfðabreyttum lífverum. Það kemur ekki, þykir mér, skýrlega fram í textanum. Svarið var að svo væri. Fyrst menn fóru í það að breyta frv. milli 2. og 3. umr. hefðu þeir auðvitað átt að hnýta þetta traustari hnútum og koma með sérstakt ákvæði þarna inn í frumvarpsdrögin. Nú geta auðvitað hinir ágætu nefndarmenn hv. umhvn. komið og sagt: Já, en af hverju gerðir þú það bara ekki sjálfur á meðan þú varst ráðherra? Það er rökrétt spurning. Ég hef hins vegar sagt alveg hreinskilnislega að það megi líta á það sem mistök af minni hálfu. En á hitt ber líka að líta að frv. var ekki lagt fram í tíð fyrri ríkisstjórnar. Tvisvar sinnum var lagt til að ráðherrann legði það fram en í bæði skiptin var það sent til baka, fyrst og fremst út af málfari. Þarna var um að ræða afskaplega flókið og tæknilegt orðfæri sem mér þótti á þeim tíma ekki bjóðandi þinginu og er þeirrar skoðunar að ráðuneyti eigi að vanda sitt málfar og eigi ekki að koma fram með frv. eins og við höfum séð hér síðustu daga frá hæstv. heilbrrh. í frv. um réttindi sjúklinga.

Þetta, herra forseti, finnst mér nauðsynlegt að segja. Ég er þakklátur fyrir það að menn tóku mið af nokkurri af þeirri hörðu gagnrýni sem hér kom fram á sínum tíma milli 2. og 3. umr. En hvers vegna breyttu þeir þá ekki fleiri ákvæðum eins og t.d. 2. gr.?

Það er ýmislegt fleira sem ég vil ekki eyða tímanum í að fjalla um, herra forseti, en ég þakka fyrir þessa umræðu sem mér finnst hafa verið málefnaleg. Ég velti því fyrir mér og spyr hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson hvort hann treysti sér ekki sem formaður hv. umhvn. til þess að taka þetta enn og aftur til skoðunar því hér er um svo mikilvægt mál að ræða eins og við vitum. Það má heita að þróun nýs geira íslensks atvinnulífs byggist á þessu. Það er að vísu geiri sem ekki er enn fæddur, það vitum við. En við erum menn framtíðarinnar eins og Framsfl. er, eða hvað?

[14:57]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er tvennt úr máli hv. 15. þm. Reykv. sem ég vil gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi það sem snertir 6. gr. frv. sem hefur að geyma ákvæði um ráðgjafarnefnd sem hv. þm. kallaði ráðgjafarnefnd ráðherra. Það er misskilningur að mínu viti. Þetta er ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra en henni er ætlað mjög víðtækt hlutverk.

Það er einnig misskilningur hjá hv. þm. að þar sé talað sértsaklega um sérfróða aðila um erfðabreytingar. Þvert á móti segir þar að við skipan í nefndina skuli m.a. höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði. Hér er því hugsað vítt í þessum efnum og svigrúmið er rúmt eins og vera ber. Svið náttúrufræða er stórt og því er til haga haldið.

Hitt er aftur það sem snýr að Náttúruverndarráði og hv. þm. er enn að gera að umtalsefni. Mér finnst sérstakt rannsóknarefni hvers vegna hv. þm. agnúast út í það við þessa umræðu eins og 2. umr. að Náttúruverndaráði skuli ætlaður umsagnarréttur samkvæmt frv. Ef hlutverki þess verður breytt frá núgildandi lögum eins og tillögur hafa komið fram um er heldur engin ástæða til þess að hafa áhyggjur af þessu efni, ekki nokkur ástæða. Ef ráðið á að vera umsagnaraðili, frjáls hugmyndabanki eins og sumir hafa talað fyrir, er einmitt ástæða til að ætla því hlutverk í svo þýðingarmiklu máli. Auðvitað eiga síðan aðrir að koma til, jafnvel sérfræðingar í geldingu laxfiska. Þeir eiga að geta komið að þessu máli. Það er því fyrir flestu hugsað í frv. og engin ástæða til að hafa áhyggjur af því.

[14:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeim stundum fjölgar sem ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson náum því að vera sammála um náttúruvernd á seinni tímum. Ég er alveg sammála honum um það að ef Náttúruverndaráð væri frjáls hugmyndabanki frjálsra félagasamtaka væri ekkert óeðlilegt við að leita álits hjá slíku ráði. Það er einmitt mergur málsins í minni gagnrýni. Ég tel nefnilega að á einhverju stigi ætti að leita álits hjá því sem við getum kallað rödd hinna frjálsu félagasamtaka á þessu sviði. Það hefði verið hægt að nota Náttúruverndarráð til þess ef hægt væri að líta á það sem vettvang slíkra félaga. Það er ekki hægt að gera það eins og ráðið á að verða samkvæmt nýlegu frv. Þá er með engu móti er hægt að kalla það óháðan vettvang slíkra félagasamtaka og verður aldrei á meðan það er kostað af ríkinu og er á fjárlagalið umhvrn. Samkvæmt frv. sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að það verði ráðgjafahópur hæstv. umhvrn. um náttúruverndarmál og meðan ráðið er lögbundið sem slíkur ráðgjafaraðili fyrir ráðherrann held ég að með engu móti verði hægt að líta svo á að það sé vettvangur frjálsra félagasamtaka. Það er skoðun mín að frv. sem felur í sér slíka formbreytingu Náttúruverndarráðs muni leiða til þess að það verði hvorki fugl né fiskur og hefði verið farsælla að fylgja þeim sem vildu fremur gera það að vettvangi hinna frjálsu félagasamtaka. Ég tel þess vegna að það hefði verið miklu vitlegra að taka einhver önnur samtök eins og Líf og land eða Landvernd og gera að umsagnaraðila.

Að því er varðar 6. gr. var ég einfaldlega að gera því skóna að það væri eðlilegt að tekið væri fram að þarna skyldu vera menn sem hefðu sérfræðiþekkingu á vistfræði, á dýrafræði, á grasafræði fyrst verið er að tala um einhverjar sérstakar fræðigreinar. Að öðru leyti vil ég líka segja að ég skildi greinina þannig að þetta ætti að vera ráðgjafarnefnd ráðherra. Það hafa fleiri en ég í umhverfisgeiranum skilið það svo en það kann vel að vera rangur skilningur og ég fagna því þá að búið er að leiðrétta hann.

[15:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er spurningin um Náttúruverndarráð, eðli þess og stöðu. Núverandi ráð er með sex fulltrúa, kosið af náttúruverndarþingi þar sem ýmis frjáls félagasamtök, m.a. sérstök áhugafélög um náttúruvernd eiga seturétt og kjósa. Það er rétt að það mætti hafa rýmra um ef horfið verður að því ráði að gera það óbundnara og að einskorða það sem kallað var hugmyndabanki og kannski samviska í náttúruverndarmálum að ætla náttúruverndarþingi eða frjálsum félagasamtökum meiri hlut í að ráða kosningu til ráðsins en fyrirliggjandi stjórnarfrumvörp gera ráð fyrir. Ég fagna því ef hv. þm. er stuðningsmaður slíkra breytinga. Hver veit nema það eigi eftir að leggjast enn frekar í sammæli

með okkur um þessi mál en það samkomulag hefur aldrei verið átakanlega slæmt, ekki af minni hálfu en auðvitað ekki sammæli í öllum greinum.

Ég hafði satt að segja reiknað með því að hæstv. fyrrv. ráðherra, hv. 15. þm. Reykv., hefði nánara samband við sinn ágæta fulltrúa í umhvn. en mér finnst hafa komið fram bæði við 2. og 3. umr. málsins.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki að orðlengja mjög andsvar mitt. Ég lít svo á að það mál sem við erum að ræða sé algerlega óbundið flokkapólitík. Þess vegna er með engu móti hægt að leiða getum að því að það sé ágreiningur á milli mín og fulltrúa Alþfl. í umhvn. þó að við höfum ekki nákvæmlega sömu skoðun á því hvernig beri að fara með erfðabreyttar lífverur. Ég tel að það sé í flestum greinum góð pólitísk samstaða með mér og hv. þm. Gísla Einarssyni og líka með mér og afganginum af Alþfl. þó að það kunni að vera að ég hafi sérskoðanir á þeim efnum sem lúta að erfðabreytingum og erfðabreyttum lífverum. Það vildi ég að kæmi fram en að öðru leyti verður tíminn að leiða í ljós hverju vindur fram með sammæli okkar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þegar kemur að náttúruverndarmálum.

[15:05]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vildi gera athugasemd við. Í fyrsta lagi held ég að það Náttúruverndarráð sem yrði til eftir hugsanlega breytingu á náttúruverndarlögunum yrði betur til þess fallið að vera umsagnaraðili en það Náttúruverndarráð sem til er í dag. Það yrði að mínu mati óháðara hinu opinbera og líkara samvisku þjóðarinnar í umhverfismálum eins og nefnt var fyrr í umræðunni af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Einnig væri tryggara að þar innan borðs væru sérfræðingar í hinum ýmsu málum náttúruverndar vegna þess að þar er gert ráð fyrir fimm tilnefningum af hálfu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Um samsetningu ráðsins má hins vegar deila af öðrum orsökum.

Í öðru lagi hvað varðar útflutninginn verður varla neitt flutt út frá Íslandi sem var ekki annaðhvort flutt inn eða framleitt. Lögin sem við ræðum fjalla nákvæmlega um innflutning og það sem fram fer hér á landi og annað verður ekki flutt út. Þar af leiðandi tekur ákvæðið til þess sem yrði hugsanlega flutt út líka.

Í þriðja lagi hvað varðar samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika fæ ég ekki séð að frv. stangist á nokkurn hátt við þann samning. Það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að ýja að var að sá samningur væri eitthvað nýtt sem hefði orðið til eftir að frv. var samið í tíð hans sem hæstv. umhvrh. Því er til að svara að samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika var undirritaður í Ríó 1992 af forvera hans í starfi sem umhvrh. (**Gripið fram í:** Flokksbróður.) Og flokksbróður og vorum við þar viðstaddir ásamt öðrum, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Að lokum þetta. Þau orð sem féllu milli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um Mao Tse Tung, þær samlíkingar og það hvernig þeir voru að hrósa honum, finnst mér alls ekki við hæfi að ræða þannig um manninn sem stóð fyrir menningarbyltingunni í Kína.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi að orðstírs Mao Tse Tung væri víða að leita en ég gerði mér ekki grein fyrir því að jafnvel innst í búri Sjálfstfl. væri að finna einn hv. kopp sem er aðdáandi Mao Tse Tung.

Þótt hv. þm. sé óðfús til að rifja upp ferðasögur sínar og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar frá Ríó tók samningurinn samt ekki gildi hér á landi fyrr en í desember 1994.

Það er líka alveg rétt hjá honum að auðvitað má eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur gert túlka 2. gr. léttilega þannig að hún taki líka yfir útflutning á þessari framleiðslu. Ég hjó hins vegar eftir því að þeir ágætu félagar, hæstv. umhvrh. og hv. formaður umhvn., þurftu að ráðgast áður en þeir gáfu svar við spurningu minni við 2. umr. vegna þess að svarið er ekkert sjálfgefið. En það liggur fyrir í úrskurði ráðherra og nefndarinnar frá þeirri umræðu en hefði verið hreinna og tærara að taka þetta sérstaklega fram í greininni sjálfri.

Að því er varðar Náttúruverndarráð eftir breytinguna, sem gerð er ráð fyrir í frv. sem liggur fyrir þinginu, þá greinir mig einfaldlega á við hv. þm. Árna Mathiesen um það hversu vel það ráð verður fallið til þess að fjalla um erfðabreyttar lífverur. Ég dreg mjög í efa að það sé eitthvað sjálfgefið að ráðið eigi að koma að slíkum málum fremur en ýmsar aðrar stofnanir sem hægt væri að benda á. Ég ítreka að ég tel að það vanti inn í lögin eitthvert ákvæði sem gefur frjálsum félagasamtökum möguleika á því að láta í ljós álit sitt í þessum efnum.

[15:09]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvað þeir voru að skrafa um, hæstv. umhvrh. og hv. formaður umhvn., Ólafur Örn Haraldsson, en hitt veit ég að um útflutninginn var rætt í nefndinni. Vegna þess sem ég tiltók var ekki nauðsynlegt að setja sérstakar lagareglur um það.

Hvað varðar Náttúruverndarráð og umsagnir frá sérfræðingum vildi ég nefna tvennt. Í þeim breytingartillögum sem hafa verið lagðar fram, held ég að það styrkist mjög við það að Náttúrufræðistofnun komi skilmerkilega að þeim þætti og það eigi að geta komið í veg fyrir að Hollustuvernd þurfi að koma upp einhverju sérstöku apparati þar sem Náttúrufræðistofnun gæti hlaupið í skarðið á fullkomlega gildan hátt og eins hitt að gert er ráð fyrir því í þessum lögum að haldnir verði upplýsingafundir þar sem almenningur á að geta komið fram sjónarmiðum sínum en sérstaklega sérfræðingar eiga að geta komið þar með sjónarmið sín til þess að stjórnvöld geti tekið þau til greina.

[15:11]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn eru farnir að þynna þessa umræðu nokkuð og endurtekning orðin veruleg frá 2. umr. og jafnvel þeirri sem hér stendur nú yfir. Þó vil árétta það sem fram hefur komið að í 2. gr. er átt við útflutning. Þetta tók ég fram í fyrri ræðu og skal það áréttað hér.

Einnig er rétt að þessi atriði komu til umræðu í hv. umhvn. og þar var sérstaklega um það rætt að útflutningur félli undir þá almennu skilgreiningu sem fram kemur í greininni.

Ég vil einnig láta koma fram að nýju að veruleg umræða fór fram um 6. gr. og þá í fyrsta lagi hvort taka skyldi fram hvaða stofnanir kæmu að þessu máli og eins líka hvaða sérsvið innan náttúrufræði og náttúruverndar ætti að hafa

umsagnarrétt. Okkur í nefndinni þótti það vera eðlilegt miðað við það svið sem um er að ræða og í hraðri breytingu að það ætti ekki að binda þetta og reyra umfram það sem gert er í frv. Með þeim hætti er fjarri því verið að útiloka nokkurn aðila frá þessu máli en um leið að gefa skynsömum og vel *meinandi mönnum* fullt frelsi til þess að taka ábyrga aðila til umsagnar í málinu.

Ég ætla ekki að fara út í neinar umræður um viðræður hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar við sjálfan sig hvað hann gerði og hvað hann gerði ekki í ráðherratíð sinni en að lokum bendi ég á að auðvitað er það andvaraleysi hjá hv. þm. að koma þessum ábendingum sínum ekki til nefndarinnar annaðhvort gegnum samflokksmann sinn eða annarra á milli umræðna.

[15:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur ekkert efni á því að koma hér upp og vera með skæting í minn garð fyrir það eitt að ég á í málefnalegri umræðu. Hann veit ekkert um það nema ég hafi komið þessum ábendingum á framfæri við þann ágæta þingmann Alþfl. sem er í umhvn. Hann veit heldur ekkert um það nema það kunni að vera ágreiningur milli mín og hans. Eins og ég hef sagt áður í umræðunni þá lít ég ekki á þetta sem flokkspólitískt mál heldur lít ég á þetta sem málefnalega umræðu en það kann vel að vera að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson eigi erfitt með að taka þátt í slíkri umræðu. Ég veit það ekki.

Það er ágætt að hann upplýsir það að nefndin hefur haldið *fjöldamarga fundi um þetta. En ég bendi hv. þm. á að* það þurfti harða málefnalega ádeilu til þess að loksins rynni upp fyrir honum að frv. var meingallað. Nú hefur hv. þm. komið hingað og kynnt brtt. sem er meginbreyting á frv. Það er meginbreyting, hv. þm., þegar inn í það er tekið skýlaust að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar á að hafa umsagnarrétt um sleppingar á erfðabreyttum lífverum. Það er meginbreyting og það er nákvæmlega sú breyting sem ég ræddi tvisvar eða þrisvar sinnum við hv. þm. áður í þessum sal. Ég bið hann afsökunar ef þetta hefur orðið til að raska starfsró hans og friði í nefndinni. En ég frábið mér skæting af þessu tagi þegar menn eiga í málefnalegri umræðu og engu öðru. Og hv. formaður umhvn. á ekki að draga umræðuna niður á þetta plan.

[15:16]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég flutti þau efnislegu atriði sem ég hafði áðan og ætla ekki að endurtaka þau. En það kemur mér á óvart að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallar þau orð skæting sem ég beindi til hans, þar sem ég sagði að ég teldi það vera andvaraleysi — ég notaði það orð og það orð er ekki fullt af skætingi — ég sagði að ég teldi það andvaraleysi að hann kæmi ekki athugasemdum sínum þannig fram við *hvern sem hann vildi í nefndinni sem hefði* getað komið þessum breytingartillögum hans á framfæri. Ég kalla þetta ekki skæting en tek undir það að þessi umræða hefur verið málefnaleg af allra hálfu og þessi orð mín hafa að engu leyti breytt þeirri málefnalegu umræðu eða gert hana óábyrgari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Köfun, 3. umr.

Stjfrv., 148. mál (heildarlög). — Þskj. 732.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landflutningasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 317. mál (hlutverk). — Þskj. 733.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (nauðasamningar). — Þskj. 599.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta er 344. mál þingsins á þskj. 599.

Tilgangur þessa frv. er að gera nauðasamninga að raunhæfu úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum. Samhliða frv. hafa tvö frv. verið lögð fram á hinu háa Alþingi, annars vegar frv. dómsmrh., en það er frv. til laga um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga, og hins vegar frv. félmrh., en það er frv. til laga um breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Öll þessi frv. miða að því að uppfylla stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995, en í henni segir, með leyfi forseta:

„Stuðla verður að því að einstaklingar, sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum."

Þetta frv. eins og hin tvö miðar að því að ráða bót á þessum vanda. Frv. er ekki mjög flókið að gerð en ég skal viðurkenna að það kann að vera nokkuð erfitt að fylgja því eftir. Frv. er ein grein auk gildistökugreinar og breytingin sem verið er að gera kemur fram í síðari hluta greinarinnar, 1. gr. þessa frv., en þar er fjmrh. heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar enda sé ákveðnum skilyrðum fullnægt. Þessi skilyrði eru síðan tekin fram í 1. gr. frv. en þau eru:

1. Að gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt.

2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.

3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.

Ástæða fyrsta skilyrðisins er augljós en löggjafinn hefur veitt heimildir til þess að loka atvinnurekstri þegar atvinnurekandi stendur ekki skil á ákveðum tegundum gjalda. Þar er um að ræða í fyrsta lagi virðisaukaskattur og í öðru lagi staðgreiðsla opinberra gjalda sem hvort tveggja eru svokallaðir

vörsluskattar, þ.e. það eru skattar sem viðkomandi atvinnurekandi heimtar inn annars vegar hjá starfsmönnum sínum og hins vegar frá viðskiptamönnum sínum. Í þriðja lagi er um að ræða tryggingagjald sem stendur undir lögboðinni starfsemi eins og kunnugt er og vörugjald og slíka skattar sem eru skattar á atvinnureksturinn.

Í öðru lagi er augljóst að ekki verður þessari heimild beitt ef um er að ræða skatta sem eru tilkomnir vegna álaga eða viðurlaga af völdum skattsvika.

Loks er sett það skilyrði sem gjarnan er í lögum að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi. Skýringin á þessu er sú að í vissum tilvikum gerist það og því miður kannski allt of oft að einstaklingar eru gerðir gjaldþrota af því að þeir standa ekki skil á sköttum en gætu greitt eitthvað ef þeir hefðu tök á því að semja um skuldir sínar á grundvelli nauðasamnings. En nauðasamningur er réttarúrræði sem er viðurkennt í íslenskum rétti og er oft notaður þegar um er að ræða fyrirtæki en hefur ekkert verið notað þegar um einstakling er að ræða enda er nokkur kostnaður því samfara að efna til nauðasamnings. Ég ætla ekki að ræða um þann kostnað sérstaklega. Ég býst við að það hafi verið gert þegar hæstv. dómsmrh. flutti framsöguræðu fyrir lagafrv. um réttaraðstoð við einstaklinga en í því frv. eru heimildir gefnar fyrir dómsmrh. að veita fjármuni til þeirra einstaklinga sem hyggjast reyna að ná nauðasamningum.

Öllum er ljóst að gjaldþrotum hér á landi hefur fjölgað verulega á undanförnum árum og eru að sjálfsögðu ýmsar ástæður fyrir því sem ástæðulaust er að tíunda hér, en mikið hafa verið til umræðu á undanförnum nokkrum árum. Á sama tíma hefur það gerst að ríkisvaldið hefur hert innheimtu opinberra gjalda. Það eru líka fjölmargar ástæður fyrir því, m.a. sú að löggjafinn hefur í auknum mæli fallið frá að gera skattskuldir að forgangskröfum í bú. Fyrir vikið þarf ríkissjóður og innheimtumenn ríkissjóðs að vera vel á varðbergi þannig að menn og fyrirtæki greiði skatta sína eins og eðlilegt getur talist.

Heilmikil umræða hefur einnig orðið vegna afskrifta á sköttum. Þar hefur eins og alþingismenn vita borið mjög á þeim misskilningi að allar afskriftir eigi rætur að rekja til eiginlegra skattskulda, en auðvitað er þar um að ræða afskriftir á upphæðum sem ríkissjóði eru eignfærðar en eru raunverulega ekki til heldur áætlaðar af skattstjórum þegar engin framtöl finnast þannig að um er að ræða ofáætlaðar eignir sem þarf að afskrifa þegar í ljós kemur að engin innstæða er fyrir þeim eða jafnvel ekki nein ástæða til álagningar af hálfu skattstjóranna þegar framtal loks kemur fram.

Það er ávallt mjög erfitt fyrir innheimtumenn ríkissjóðs að segja til um það án sérstakra lagareglna, hvort það borgar sig fyrir ríkissjóð að taka þátt í nauðasamningum. Ríkið hefur verið mjög íhaldssamt í þeim efnum, ekki síst til þess að gæta að því að svokallaðri jafnræðisreglu sé fylgt og hún virt við skattheimtuna og það sé haft að leiðarljósi á hverjum tíma að skattheimtan geri ekki mun á Jóni og séra Jóni. Verði frv. þetta að lögum mun fjmrn. hafa heimild til að mæla með nauðasamningum að fullnægðum þeim skilyrðum sem ég hef vakið athygli á. Sérstaklega þarf að vekja athygli á því að heimildin er ekki bundin við einstaklinga utan rekstrar heldur á hún jafnt við um einstaklinga og lögaðila. En þess ber að geta að það eru fyrst og fremst lögaðilar sem bera gjöld þau sem um ræðir í 1. tölul. 1. gr. þessa frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara ítarlega í athugasemdir með frv. Frv. er einfalt og ljóst er að það getur að verulegu leyti orðið til hjálpar ýmsum þeim sem hafa lent í kröggum og komið í veg fyrir ótímabær gjaldþrot. Það er von ríkisstjórnarinnar að frv. leiði til þess að fleiri úrræði séu til staðar en áður, þegar fólk hefur ratað í ógöngur vegna féleysis.

Þá er gert ráð fyrir því að umsögn innheimtumanns og Ríkisendurskoðunar liggi ávallt fyrir eins og reyndar er skylda að gerist í 111. gr. skattalaganna. Sú grein var sett í lög í janúar 1989 ef ég man rétt, að undangengnum mjög hörðum deilum á Alþingi í kjölfar þess að páv. fjmrh. gaf eftir skattskuldir nokkurra fyrirtækja. Miklar umræður urðu um það mál í desember 1988 sem frægt er orðið og þarf ekki að rifja upp margt í því sambandi svo mjög sem það er í minni manna. Hins vegar er alltaf hætta á því þegar Alþingi grípur í taumana að of langt sé gengið og satt að segja hefur ástandið verið þannig á undanförnum árum að fjmrh. hefur nánast engar heimildir haft til að semja við skuldara nema fullar tryggingar kæmu fyrir. Til þess að meta það hefur innheimtumaður ríkissjóðs þurft að leggja til að samið verði við viðkomandi einstakling. Samningurinn um greiðslufrest hefur einungis náð til vissra skattskulda og loks hefur Ríkisendurskoðun þurft að gefa samþykki sitt.

Það er hugmyndin með þessu frv. að sami háttur verði hafður á og Ríkisendurskoðun taki árlega saman fyrir Alþingi skýrslu um nauðasamninga eins og sú stofnun gerir um skuldbreytingar á skattskuldum eins og ég hef áður nefnt.

Það er ekki hægt að gera sér grein fyrir því á þessari stundu hvað frv. mun kosta ríkissjóð eða kannski öllu heldur skila ríkissjóði í fjármunum. Það er hugsanlegt að skil munu að einhverju leyti batna því að þess gætu orðið dæmi að skyldmenni og vinir yrðu tilbúnir til að veita einstaklingum sem lent hafa í fjárhagskröggum stuðning ef um er að ræða nauðasamning sem gæti komið í veg fyrir gjaldþrot. Þess vegna er nánast útilokað að meta kostnaðaráhrif þessa frv. sem hér er á ferðinni.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að lokinni 1. umr. málsins að óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. fjmrh. að því þar sem við erum að fjalla um úrræði til að leysa vanda skuldugra heimila hvort ekki hafi komið til greina að breyta fyrirkomulagi dráttarvaxta á opinberum gjöldum sem reiknast frá og með gjalddaga skulda. Það eru kannski 16% vextir í stað þess að um væri að ræða einhverja samningsvexti með einhverju álagi. Hefur ekki komið til greina að skoða t.d. vaxtalögin og breyta fyrirkomulagi dráttarvaxta?

Ég minni á að þegar við vorum að ræða um Innheimtustofnun sveitarfélaga fyrir nokkrum dögum var hæstv. félmrh. mjög jákvæður gagnvart því að breyta fyrirkomulagi á dráttarvöxtum. Þar vorum við að ræða um meðlagsgreiðslur þar sem meðlagsskuldir voru um 5,3 milljarðar kr. og dráttarvextir þar af um 11 millj. kr. Ef við skoðum opinberu gjöldin eru álagðir dráttarvextir vegna álagningar opinberra gjalda fyrir árið 1993, 1994 og 1995 um 810 millj. kr. eingöngu á þessum þremur árum og ógreitt af þessum 810 millj. kr. var um síðustu áramót um 300 millj. kr. Þetta er óheyrileg dráttarvaxtataka og óeðlilegt að það séu greiddir dráttarvextir strax þegar skuld fellur í gjalddaga enda erum við að ræða um mjög háa vexti. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki komið til greina að breyta

dráttarvaxtafyrirkomulaginu eða að draga eitthvað úr þeirri gjaldtöku sem ríkissjóður hefur af stimpilgjöldum sem eru yfir 2 milljarðar kr. á ári.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hv. þingmenn um að ræða ekki um stimpilgjöldin eins og það séu eitthvað verulega slæm gjöld. Þetta eru skattstofn ríkisins og hefur verið þannig áratugum saman og ef hann hverfur verður auðvitað eitthvað annað að koma í staðinn. Kannski er það erfiðast við stimpilgjöldin að á allra síðustu dögum og mánuðum hefur nokkuð borið á því að fyrirtæki, sem eiga í samkeppni við erlend fyrirtæki, hafa verið að tapa viðskiptum vegna stimpilgjalda. Þar þarf auðvitað að gera breytingar á stimpilgjaldalöggjöfinni en ég ætla ekki að fara frekar út í það hér, það frv. hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu.

Þannig hefur verið litið á að dráttarvextir af skattskuldum yrðu hluti skuldarinnar. Það er mjög erfitt ef menn ætla að breyta vaxtafyrirkomulaginu að breyta því öðruvísi en að það gildi þá í öllum tilvikum. Það yrði þá að setja nýjar reglur þannig að í öllum tilvikum yrði ekki um dráttarvexti að ræða heldur um einhvers konar álag á vexti. Ég sé ekki í fljótu bragði hvað gæti komið í staðinn en það hefur verið talið óheimilt af hálfu fjmrn. að gefa sumum eftir dráttarvexti einfaldlega vegna þess að þá er verið að gera mun á einstaklingum sem ekki er heimilt samkvæmt jafnræðisreglunni. Ég minni hins vegar á að lögum hefur verið breytt varðandi oftekna vexti og nú eru greiddir sams konar vextir af vöxtum sem eru ofteknir þegar þeir eru greiddir til baka en þessu var breytt fyrir skömmu og horfir til mikilla bóta.

Virðulegi forseti. Mér finnst hins vegar vel koma til greina að nefndin ræði þetta mál og fái allar upplýsingar um það hvort hægt sé að finna eitthvert annað fyrirkomulag.

[15:35]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svörin. Ég skil hans svör svo að hann sé jákvæður fyrir því að skoða það að breyta fyrirkomulagi dráttarvaxta. Ég geri mér grein fyrir því að ef ráðist verður í að breyta fyrirkomulaginu verður það að ganga yfir allt sviðið og verður að breyta vaxtalögunum. Það er alveg ljóst að vaxtalögin hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem hefur orðið í frelsi vaxta. Fyrirkomulag dráttarvaxta er rígbundið niður í vaxtalögunum. Ég tel það mjög óeðlilegt og hefur það leitt til mjög óðeðlilegrar dráttarvaxtatöku.

Ég fagna því að ráðherra taki undir málið með þessum hætti og felur nefndinni sem fær þetta mál til umfjöllunar að skoða hvort ekki eigi að breyta fyrirkomulagi dráttarvaxta. Ég legg áherslu á að nefndin sem fær málið til meðferðar skoði þá hvort ekki verður lagður grunnur að því með þessu máli að breyta fyrirkomulagi dráttarvaxta vegna þess að það er mjög óeðlilegt hvernig staðið er að dráttarvaxtatöku hér á landi.

[15:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið til umræðu þriðja frv. sem tengist þeim aðgerðum ríkisstjórnarinnar að létta skuldum af mjög illa stöddu fólki. Það vill svo illa til að mínum dómi að öll þessi mál sem eru innbyrðis tengd fara til þriggja nefnda á hinu háa Alþingi.

Við getum að vísu aðeins bætt úr með því að senda þessi mál á milli nefnda til umsagnar en mér finnst alveg augljóst að ákveðið óhagræði er að því að ekki skuli vera hægt að fjalla um þessi mál í heild á einum stað. Þetta vekur einmitt þær spurningar sem ég hef reyndar komið að oft á undanförnum vikum hvort við þurfum ekki að gera breytingar á þingsköpum hvað þetta varðar, að heimilt sé að vísa málum til annarra nefnda, sérstaklega þegar svona stendur á. Það er verið að fjalla um nátengd mál. Einhvers staðar verður yfirsýnin að vera.

Fyrsta málið sem þessu tengist var frv. um réttaraðstoð og síðan frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, þ.e. meðlagsgreiðslurnar, og svo loks er það sem snýr að tekjuskatti og eignarskatti. Vissulega eru ýmsar spurningar sem vakna þegar þessi mál öll eru skoðuð í heild.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. og kom reyndar fram í umræðunni um réttaraðstoðina að fjárlagaskrifstofu fjmrn. þykir afar erfitt að áætla hversu margir einstaklingar geti notfært sér þá aðstoð sem hér um ræðir. Það er nefnt sem dæmi í umsögninni um frv. um réttaraðstoð að það gæti t.d. verið á bilinu 20–40 og þá yrði kostnaðaraukinn 4–10 millj. kr. Þetta held ég að hljóti að vera ákaflega mikil vanáætlun og í rauninni finnst mér sérkennilegt ef fjárlagaskrifstofan vill gefa frá sér vandaða umsögn að ekki sé hægt að fara betur í saumana á þessum málum og greina betur þá einstaklinga sem eiga miklar skuldir við ríkið, ógreidda skatta og meðlög til þess að átta sig betur á því hvað erum við að tala um mikinn vanda.

Það hafa komið fram skýrslur um skuldir heimilanna og er óþarft að vera að tíunda þær enn einu sinni en meginniðurstaða þeirra upplýsinga sem þar komu fram voru einmitt þær að skuldir heimilanna eru af margvíslegum toga. Mönnum hættir til að tala um skuldir heimilanna sem fyrst og fremst húsnæðisskuldir en það er margt fleira sem þar kemur inn, bæði námsskuldir og lausaskuldir, og svo það sem kemur í frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, hversu gífurlegar skuldir margir eru með á bakinu vegna meðlagsgreiðslna. Þetta eru himinhrópandi tölur en ég rifja upp að í athugasemdum við það frv. kemur fram að 10.660 meðlagsgreiðendur skulda hvorki meira né minna en 5,5 milljarða kr. Þetta eru gífurlegar upphæðir. Ef við tökum þennan hóp skuldara þykir mér afskaplega ólíklegt að sá kostnaðarauki sem fjárlagaskrifstofan var að reyna að meta sé ekki meiri en þar greinir. En það segir okkur ákaflega lítið um þann fjölda sem mundi hugsanlega nýta sér einhvers konar nauðasamninga vegna tekjuskatts og eignarskatts.

Þá kem ég að því sem mér finnst vera meginmál umræðunnar og þeirri stóru spurningu sem við vorum að velta upp í sambandi við Innheimtustofnun sveitarfélaga. Það er hvort rétt sé af ríkisvaldinu og þeim sem fara með fé almennings að fella niður höfuðstól skulda. Það er alveg ljóst að í frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga segir hreint og klárt að það megi afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Hvað felst í þessum nauðasamningum sem hér er verið að bjóða upp á? Þýðir það í flestum eða jafnvel öllum tilfellum að höfuðstóll skattaskulda verði felldur niður? Er það hugsunin? Auðvitað er hægt að gera nauðasamninga án þess að skuldir séu endilega afskrifaðar þó að það sé reyndar höfuðeinkenni slíkra samninga þegar fyrirtæki eiga í hlut að fyrirtækinu er gefinn eftir hluti skuldanna. Mér finnst þetta skipta verulegu máli. Eru menn að tala um það að bæði þeir sem skulda skatta

fái niðurfelldan höfuðstól skulda og jafnframt meðlagsgreiðendur eða eru það bara meðlagsgreiðendur sem eiga að njóta þessarar fyrirgreiðslu? Hvaða skilaboð er þá verið að senda til annarra þeirra sem skulda? Mér finnst þetta vera mikið og stórt atriði. Er siðferðilega rétt að afskrifa skuldir? Er ekki réttara að skuldbreyta og lengja sem allra mest í skuldunum? Er réttlætanlegt að fella niður höfuðstól þegar um er að ræða annars vegar það sem menn eiga að greiða fyrir framfærslu barna sinna og hins vegar greiðslur í sameiginlega sjóði allra landsmanna? Mér finnst þetta vera grundvallarspurning en það breytir málinu svolítið hvort það er stefnan í þessum frumvörpum að slíkt eigi sér stað eða hvort við vorum bara að tala um meðlagsgreiðendur. Þetta er ekki orðað neitt svipað í þessum frumvörpum. Þarna er auðvitað um býsna stórt mál að ræða.

Fram kom í svari við fyrirspurn sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fram snemma hausts að býsna há opinber gjöld eru afskrifuð nú þegar, annars vegar hjá einstaklingum og hins vegar hjá lögaðilum. Það vakti mjög mikla athygli hvílíkar feiknaupphæðir voru á ferð. Mikið af þessu eru áætlaðir skattar á þá sem standa ekki í skilum en mér finnst að það þurfi að koma fram í umræðunni hversu háar upphæðir eru nú afskrifaðar. Hver er t.d. talan fyrir árið 1995 hvað varðar afskriftir á skattskuldum? Hvað erum við að tala um mikinn vanda? Það er það sem ég er að reyna að átta mig á.

Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að gera lítið úr vanda heimilanna eða vanda einstaklinga, hvort sem það eru meðlagsgreiðendur eða aðrir. Það eru auðvitað margar ástæður fyrir því að fólk lendir í miklum skuldum og ræður ekki við sín fjármál. Þar á ríkisstjórnin sinn hlut að máli, bæði sú sem nú starfar og sú sem á undan henni fór, m.a. með aukinni skattheimtu og þjónustugjöldum. Fleira kemur og til sem ekki er hægt að skrifa á reikning þessarar ríkisstjórnar, t.d. samdrátturinn í efnahagslífinu og atvinnuleysið sem yfir okkur hefur dunið á undanförnum árum og hefur sett fjárhagsáætlanir fjölda heimila algerlega úr skorðum. Ég ítreka að ég er ekki að gera lítið úr þessum vanda en mér finnst við vera að ræða ákveðið grundvallaratriði sem er afskriftir skulda og hvaða skilaboð við erum þar með að senda út í þjóðfélagið. Er sem sagt í lagi að safna skuldum og þegar þær eru komnar yfir visst mark fer maður til ríkisins, leitar eftir réttaraðstoð og fær afskrifaðar skuldir? Við verðum að vera mjög vel meðvituð um hvað við erum að gera þarna. Erum við að opna ákveðnar glufur eða erum við fyrst og fremst að tala um tímabundnar aðgerðir til að aðstoða þá sem nú eiga í miklum erfiðleikum, m.a. í kjölfar þess samdráttar sem samfélag okkar hefur gengið í gegnum?

Ég held að ég sé búin að nefna flest það sem mér finnst skipta máli í þessu samhengi. Ég skil það svo að hér er auðvitað fyrst og fremst um aðstoð við einstaklinga að ræða. Svo ég hafi það alveg á hreinu ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. um 1. lið 1. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi ...“ Þarna er átt við þá sem eru í atvinnurekstri. Með staðgreiðslu opinberra gjalda, er þá ekki átt við að hann hafi staðið í skilum fyrir starfsmenn sína? Hæstv. fjmrh. kinkar kolli. Ég vildi bara vera viss um að ég skildi þetta rétt.

Hæstv. forseti. Ég fæ tækifæri til að fylgja þessum málum eftir og vinna frekar í þeim, en það eru ákveðnar grundvallarspurningar sem felast í þessum málum.

[15:48]

Útbýting þingskjals:

Umferðarlög, 271. mál, nál. allshn., þskj. 744.

[15:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Í greinargerð með því frv. sem hér er til umræðu segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stuðla verður að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum. Þetta frv. miðar að því að ráða bót á þessum vanda“.

Þarna er annars vegar verið að vitna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og hins vegar tilgang þessa frv. sem er að ráða bót á vanda. Í því ljósi skulum við líta á frv. og forsögu þess.

Það liggur nefnilega fyrir, virðulegi forseti, að á þessum meinta vanda sem hér er rætt um var ráðin bót með lögum nr. 62/1989, þ.e. hér er komið með gamalt mál, löngu samþykkt lög í nýjum búningi og með því á að telja fólki trú um að það sé verið að gera skuldurum einhvern greiða, það sé verið að hjálpa því fólki í landinu sem á erfitt.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um veita lögin um tekjuskatt og eignarskatt nú þegar og hafa gert það um nokkurra ára bil fjmrh. heimild til að gera nákvæmlega það sem verið er að biðja um með því frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins, virðulegi forseti, fá að vitna í greinargerðina sem fylgdi því frv. en það var flutt á 111. löggjafarþingi árið 1988 af hv. þáv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Ég vil byrja á upphafi greinargerðarinnar vegna orða hæstv. fjmrh. áðan þar sem hann gat þess af hvaða tilefni lögunum hefði verið breytt á þá lund sem þau eru enn þann dag í dag og hann ætlar að láta endurstaðfesta í þinginu. Hann taldi að það mundi hafa verið vegna aðgerða þáv. fjmrh. Í greinargerðinni stendur hins vegar, með leyfi forseta:

„Fyrir Alþingi liggur vitneskja um að fjármálaráðherrar hafa tekið sér vald sem þeir ekki hafa að lögum til að leyfa einstökum aðilum að greiða háar fjárhæðir opinberra gjalda með skuldabréfum til lengri eða skemmri tíma“ o.s.frv.

Á árinu 1988, virðulegi forseti, mun hv. þáv. þm. Kjartan Jóhannsson hafa komist að því að um langt árabil höfðu verið gerðir samningar í fjmrn. af hálfu þáv. fjmrh. bæði við einstaklinga og fyrirtæki. Hæstv. fjmrh. ætti að líta til þess hvernig þessum málum var háttað þegar hann var iðnrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, ef mig misminnir ekki. A.m.k. var hans flokkur í ríkisstjórn á tímabilinu 1983 og áfram. Hann kynni að finna ýmsar rósir ef ekki fjólur í gögnum ráðuneytisins varðandi samninga sem gerðir voru á þeim tíma. Áður en ráðherrann fullyrðir of mikið, ætti hann að skoða örlítið gögnin í ráðuneyti sínu. A.m.k. liggur fyrir að hér var samþykkt þessi tillaga til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt sem hv. þáv. þm. lagði til og hefur síðan staðið í lögum um tekju- og eignarskatt, en það er einmitt 2. mgr. 111. gr. laganna, sú málsgrein sem ráðherrann ætlar nú að láta endurstaðfesta.

Við skulum bera þetta aðeins saman, virðulegi forseti, svo öllum sé ljóst að hér er einungis um að ræða gamalt vín á nýjum belgjum. Beri menn saman núverandi lagatexta annars vegar og hins vegar texta frv., er það svo að 1., 2. og 4. mgr. 1. gr. eru nákvæmlega eins og texti laganna. Einungis 3. mgr. er ný og um hvað skyldi hún vera? Við skulum fara nánar yfir það og við skulum líka velta því fyrir okkur til hvers hún er.

(**Forseti** (StB): Forseti verður aðeins að trufla hv. þm. í ræðunni því nú er klukkan að verða fjögur og gert var ráð fyrir að fundur stæði ekki lengur en að þingflokksfundatíma. Það þarf að ná nokkrum atkvæðagreiðslum og því vildi forseti spyrja hv. þm. hvort mikið sé eftir af ræðunni. Ef svo er, óskaði forseti eftir því að hv. þm. gerði hlé á ræðu sinni þannig að áfram yrði haldið síðar.)

Ég er rétt að byrja á ræðunni, virðulegi forseti. Ef forseti ætlar að koma atkvæðagreiðslum að sýnist mér að ég verði að *fá að fresta ræðu minni og flytja hana þá síðar.* (**JóhS:** Hvenær?) Spurningin er hvenær.

(**Forseti** (StB): Á næsta fundi, þegar þetta mál verður á dagskrá.)

Mætti ég semja við forseta um að ræðan yrði þá flutt á morgun?

(**Forseti** (StB): Það er ekki hægt að ganga frá slíkum samningum á þessari stundu, en forseti vill...)

Sú ósk liggur fyrir.

(**Forseti** (StB): Það verður tekið til skoðunar við gerð dagskrár fyrir morgundaginn. En forseti verður því miður að óska eftir því að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni úr því að mikið er eftir af henni.)

(**Fjmrh.:** Þingmaðurinn hefur engan áhuga á því að koma til móts við fátæka fólkið í landinu.)

Ég vil gjarnan koma til móts við forseta og gera hlé á ræðu minni, enda rétt komin af stað með inngang hennar. Hvað ummæli hæstv. ráðherra varðar þá er það einmitt vegna hagsmuna þeirra sem verr eru settir í þjóðfélaginu sem ég tel bráðnauðsynlegt að fara mjög nákvæmlega ofan í þetta mál svo öllum megi vera ljóst það sem þegar hefur komið fram í máli mínu, þ.e. að hér er einungis um að ræða gamalt vín á nýjum belgjum og engin nýmæli.

(**Forseti** (StB): Forseti vill þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að gera hlé á ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Erfðabreyttar lífverur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 679, brtt. 698 og 737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Brtt. 698 kölluð aftur.
Brtt. 737 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BG, DO, EOK, FrS, GHH, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JBH, KHG, ÓÖH, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 746).

Köfun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 148. mál (heildarlög). — Þskj. 732.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BG, DO, EOK, FrS, GHH, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JBH, KHG, ÓÖH, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 747).

Landflutningasjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 317. mál (hlutverk). — Þskj. 733.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BG, DO, EOK, FrS, GHH, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JBH, KHG, ÓÖH, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 748).

Út af dagskrá voru tekin 6. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 16:02.

---

113. FUNDUR

fimmtudaginn 21. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[10:32]

Útbýting þingskjala:
Málefni einhverfra, 419. mál, fsp. SvG, þskj. 745.
Þungaflutningar á þjóðvegum, 417. mál, fsp. HG, þskj. 742.
Öryggi við þungaflutninga á þjóðvegum, 418. mál, fsp. HG, þskj. 743.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti kynna eftirfarandi bréf:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska þess fyrir hönd þingflokks Alþfl. að umræðutími við 1. umræðu um frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins.

Rannveig Guðmundsdóttir."

Þessi er réttur þingflokksins og ræðutími verður því tvöfaldur.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræður um frv. um stéttarfélög og vinnudeilur o.fl.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Nokkrir þingmenn hafa kvatt sér hljóðs áður en gengið er til dagskrár um störf þingsins. Forseti minnir á að slík umræða getur lengst staðið í 20 mínútur og hver ræðumaður má tala tvisvar, tvær mínútur í senn.

[10:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegur forseti. Ég mótmæli því að frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sé komið á dagskrá þessa fundar. Þetta er allt annað en vikuáætlun þingsins gaf til kynna. Ég minni á að við þingflokksformenn áttum fund á mánudag með forseta þar sem reynt var að sjá fram eftir vikunni og tekið var fyrir hvað hér yrði rætt og þá var ekki orðað að þetta frv. væri svo mikið sem á leið inn í þingið.

Mér eru vonbrigði og undrun efst í huga þegar þetta mál er komið á dagskrá. Án samráðs við verkalýðshreyfinguna er frv. sem ekki hefur náðst sátt um á milli aðila komið inn á þing. Án samráðs við stjórnarandstöðu og fullkomlega í bága við óskir hennar er frv. sem dreift var í fyrrakvöld komið á dagskrá þessa fundar. Það er hægt að draga stöðu máls saman, virðulegi forseti, í eina setningu: Afmælisgjöfin til verkafólks á 80 ára baráttuafmæli er á dagskrá í dag og vekur furðu allra hugsandi manna. Ég mótmæli því að í einni og sömu vikunni séu flutt tvö frumvörp þar sem með valdi á að setja lög á réttindi launþega og sem samanlagt beinast gegn öllum launþegum þessa lands.

Ég fer þess alvarlega á leit, virðulegi forseti, að forseti geri hlé á þessum fundi og í samráði við þingflokksformenn verði þess freistað að fresta þessu máli. Þingmenn sem hefðu t.d. viljað vera viðstaddir og taka þátt í þessari umræðu höfðu bundið sig við skyldustörf á verksviði sínu og þessi skammi fyrirvari til að taka svo stórt mál, umdeilt mál og mál sem fullkomin ósátt er um í þjóðfélaginu á dagskrá er algerlega óviðunandi.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég tek undir mjög eindregin mótmæli við því að þetta mál sé tekið á dagskrá. Það eru óeðlileg vinnubrögð í hæsta máta. Hér er á ferðinni stórmál og mikið ágreiningsmál og hér er í þriðja lagi á ferðinni viðamikið þingmál sem dreift var fyrst í ljósriti á borð þingmanna í fyrrakvöld, seint í fyrrakvöld og náðist ekki að prenta fyrr en í gær.

Ég spyr, herra forseti: Er hér í uppsiglingu fordæmi um samskipti manna almennt, samskipti meiri hlutans við stjórnarandstöðuna og samskipti aðila í þessu þjóðfélagi? Hvað er að gerast? Hæstv. félmrh. kemur með þetta frv. eins og þruma úr heiðskíru lofti. Um það er bullandi ágreiningur við stærstu samtök launamanna í þessu landi, en það liggur svo mikið á að það er rutt út af dagskrá Alþingis þeim málum sem búið var að setja á dagskrá og áttu að ræðast í dag, til að mynda frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Svo er þessu troðið inn með þessum hætti.

Það er ekki eins og hér sé á ferðinni eitthvert smámál. Eða hafa menn ekki séð ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands? Ég held að það sé langt síðan jafndjúpt hefur verið tekið í árinni í ályktun af því tagi um sambærileg mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um þetta mál ríkir engin sátt nú vegna þess að ríkisstjórnin hefur rofið grið í málinu. Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi um þróun vinnulöggjafarinnar. ... Fyrirliggjandi frumvarp er árás á verkalýðshreyfinguna."

Er þetta ekki nóg, herra forseti, til þess að menn hugsi aðeins sinn gang? Er líklegt að menn nái árangri með þessum hætti? Ég skora á hæstv. forseta sem hefur oft sýnt sig að því að vilja vera sanngjarn í stjórn þingsins að endurskoða þá ákvörðun að taka þetta mál á dagskrá. Ég hvet hann til að gera hlé á þessum fundi nú þegar og ræða við forustumenn þingflokka og stjórnmálaflokka um stöðuna sem upp er komin í þessum málum. Það er verið að efna til stríðsátaka í þjóðfélaginu, bæði innan þings og utan. Það er afar óskynsamlegt að taka ákvarðanir af því tagi í miklu fljótræði og sé ég nú að sígur neðri kjálkinn á sumum mönnum.

[10:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:
Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla þeim gerræðislegu vinnubrögðum sem hér eiga sér stað, þ.e. að knýja í gegn umræðu um þetta mál. Ég tel að þetta gangi þvert á þau vönduðu vinnubrögð sem forseti þingsins vill viðhafa í þinginu. Þingmenn fá ekki einu sinni tækifæri til að kynna sér þetta þýðingarmikla og veigamikla mál sem hér er flutt. Það er rúmlega sólarhringur síðan það var lagt fyrir þingið, þingmál upp á 55 síður. Þetta eru gerræðisleg vinnubrögð, virðulegi forseti.

Hér er um að ræða mál þar sem verið er að rjúfa áratugalanga sátt sem ríkt hefur um vinnulöggjöfina. Þetta er mál sem felur í sér brot á alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að og við hljótum að þurfa tíma til að kynna okkur

það. Ég held að það sé nauðsynlegt miðað við aðdraganda þessa máls að þingmenn beiti sér fyrir því að áður en Alþingi afgreiðir þetta mál verði það borið undir atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í launþegahreyfingunni og hjá vinnuveitendum. Þingmenn Þjóðvaka munu beita sér fyrir því að þetta þingmál sem svo miklu skiptir fyrir launafólk í landinu verði borið undir atkvæði allra í launþegahreyfingunni áður en Alþingi afgreiðir það.

[10:39]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Reykn. vitnaði áðan til fundar sem haldinn var á mánudag með formönnum þingflokka af hálfu forseta. Það er rétt að þá var ekki talað um að þetta mál kæmi á dagskrá í þessari viku. Hins vegar stóð á blaði sem forseti dreifði að það yrðu tekin fyrir stjórnarfrumvörp og ég lét það koma fram að það væru stór mál í farvatninu.

Eins vil ég minna hv. þm. á það að þegar við mættum að loknu jólahléi í beina útsendingu í morgunútvarpi og vorum að fjalla um þingstörfin í vetur, var fyrsta mál sem ég nefndi að fyrir yrði tekið þetta frv. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að þetta mál er komið á dagskrá. Það er ekki rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það hafi ríkt áratuga sátt um þetta mál. Þetta er mál sem margar ríkisstjórnir hafa ætlað sér að taka á en ekki hefur orðið af því fyrr en nú og að mér læðist sá grunur að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar gremjist það svolítið að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa haft kjark í sér til þess að taka á þessu vandasama og viðkvæma máli.

[10:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það á að fara að taka til umræðu stóralvarlegt og mjög umdeilt mál, mál sem snertir sjálfan grundvöll verkalýðshreyfingarinnar í landinu og mál sem hefur, eins og reyndar fleiri frumvörp í leiftursókn ríkisstjórnarinnar að verkalýðshreyfingunni, valdið miklum ófriði og miklum deilum úti í þjóðfélaginu. Það er háalvarlegt að hv. þingmönnum er ekki gefinn kostur á því að kynna sér svona viðamikið mál áður en það er tekið til umræðu í þinginu. Kannski bera orð hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur einna helst vott um þá veruleikafirringu sem á sér stað hjá ríkisstjórninni að halda að stjórnarandstaðan öfundi ríkisstjórnina af þeim tillögum sem hér eru til umræðu. Það á eftir að koma fram í umræðunum og kannski fær þá hv. þm. að komast að öðrum sannleik í því máli.

Þetta mál er viðkvæmt og flókið og það er hrein og klár móðgun við hv. Alþingi að því sé ekki gefinn kostur á því að kynna sér málið til hlítar áður en vaðið er út í umræðu. Ég get sagt fyrir mig að ég er þokkalega vel að mér í vinnulöggjöfinni og þekki ágætlega forsögu þessa máls, en mér entist varla nóttin til að undirbúa mig undir þessa umræðu. Ég get því ímyndað mér hvernig það er fyrir marga aðra sem þekkja kannski ekki vinnulöggjöfina svo vel fyrir. Til hvers er yfirleitt verið að ræða þessi mál á þingi? Er ekki bara eðlilegra að hætta þessu? Vill ekki ríkisstjórnin ákveða þetta út af fyrir sig. Hún virðist a.m.k. gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir lýðræðislega og pólitíska umræðu inni í þingsölum. Það er ýmislegt sem er gert til þess. Þetta eru óþverravinnubrögð og þau fela í sér aðför að lýðræðinu. Ég vil því taka undir með þeim sem hér hafa talað áður. Ég hvet virðulegan forseta til að endurskoða þá ákvörðun að taka þetta mál til umræðu með svo litlum fyrirvara.

[10:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt 36. gr. þingskapa skulu líða tvær nætur frá því að lagafrv. er útbýtt þar til það er tekið til umræðu og það eru vissulega liðnar tvær nætur frá því að þessu frv. var útbýtt. En þetta mál er svo stórt og viðamikið að það er ekki hægt að bjóða þingmönnum upp á að eiga að ræða þetta stóra mál af einhverri alvöru eftir svo skamman tíma. Ég verð að viðurkenna að mér finnst ég alls ekki undir það búin að taka þátt í þeirri umræðu sem hér fer væntanlega fram í dag, nema forseti verði við sanngjörnum tilmælum stjórnarandstöðunnar um að setjast nú niður og ræða saman um það hvort ekki sé rétt að fresta þessu máli. Ég hvet forseta til þess að halda fund með þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar og hlusta á þau rök sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa fram að færa, þau eru vissulega veigamikil. Við erum að tala um mjög alvarlegt deilumál sem flutt er í blóra við vilja verkalýðshreyfingarinnar eins og hún leggur sig. Vinnuveitendur lýsa reyndar yfir ánægju með þetta sem sýnir kannski best hversu hlutdrægt málið er af hálfu ríkisstjórnarinnar. Svona vinnubrögð einfaldlega ganga ekki. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. forseta að menn setjist nú niður og ræði málin því ella ríkir hér einfaldlega styrjaldarástand.

[10:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Undarlegir þykja mér hlutirnir orðnir á hinu háa Alþingi ef við þurfum að hlusta á morgunútvarpið til þess að vita hvað hér verður á dagskrá vikunnar. Er Framsfl. virkilega orðinn svo valdamikill í þessari stofnun að við þurfum að opna fyrir hinar og þessar frjálsar útvarpsstöðvar til þess að hlusta á tilkynningar hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um það hvað henni þóknast að leyfa okkur að ræða?

Herra forseti. Flokkurinn sem gekk til kosninga undir kjörorðinu Fólk í fyrirrúmi er fyrir tilstilli hæstv. félmrh. orðinn að eins konar stökkbreyttri lífveru á einni nóttu og ætti eiginlega helst að takast til umræðu undir liðnum erfðabreyttar lífverur sem við höfum verið að ræða síðustu daga. Herra forseti. Mér finnst að hér þurfi að koma til kasta virðulegs forseta. Það er hann sem er verkstjóri okkar í þessari stofnun og það er hann sem leggur línur fyrir dagskrá vikunnar. Það er svo að menn hafa tekið mark á þessum forseta vegna þess að honum hefur tekist með góðri samvinnu við þingmenn að reisa virðingu þessarar stofnunar. En hann verður líka að leggja sitt af mörkum til þess að hún sökkvi ekki aftur. Það var hæstv. forseti sem kynnti störf vikunnar og það var á grundvelli þess sem þingflokkarnir lögðu sínar línur. Þingflokkur Alþfl. hefur tapað mönnum bæði til fundahalda úti á landi og erlendis vegna þess að menn vissu ekki að svo mikilvægt mál væri til umræðu hér.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé sanngjörn krafa að forustumenn þingflokkanna fái tóm til að ræða þessa óvæntu þróun mála við forsetadæmið vegna þess að ég fæ ekki betur séð en menn hafi í besta falli verið dregnir á asnaeyrunum og í versta falli verið blekktir. Það er ekki hægt að láta bjóða sér það þegar svona mikilvægt mál er annars vegar. Hér er um mál að ræða sem snertir einn viðkvæmasta lagabálkinn í lagasafni okkar og það er sanngjörn krafa okkar sem eigum að fjalla um þetta mál hér að okkur gefist tóm tilþess að fara yfir það og getum kallað til okkar ráðgjafa til að kynna okkur það. Við fengum þetta mál dreift í fjölriti síðla kvölds

í fyrradag og það er ekki bjóðandi, herra forseti, hinu háa Alþingi að þurfa að fara í gagngera umræðu um svo viðkvæmt mál án þess að forseti geri sitt til þess að þingheimur fái tóm til að kynna sér málið.

[10:47]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram varðandi þetta frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég vil hins vegar gera annað mál að umtalsefni og það er mál um viðskiptabanka og sparisjóði. Um það er ágreiningur í þinginu. Það var á dagskrá á mánudaginn fullbúið en tekið út af dagskrá með klukkutíma fyrirvara að ósk formanns efh.- og viðskn. Þetta var ekki gert með samþykki forseta. Þá var sagt og ég man ekki betur en forseti gerði það úr ræðustól, að þetta mál yrði á dagskrá á fimmtudag, þ.e. í dag. Ég vek athygli á því. Þetta er mikilvægt mál. Hugtakið víkjandi lán lýsir þessu nokkuð og um bankamál ber að tala en ekki fresta þeirri umræðu.

Nú er það svo að við höfum stutt hæstv. forseta í því að halda uppi góðri venju og þingsköpum á þessu þingi. Við höfum stutt forseta í þeirri viðleitni hans að hér fari fram þingleg og vönduð umræða um mál. Hér eru fullbúin mál tekin út af dagskrá sem búið er að lofa að komi til eðlilegrar afgreiðslu vegna þrýstings framkvæmdarvaldsins. Ég óska eftir því, herra forseti, að það verði skýrt af hverju frv. um viðskiptabaka og sparisjóði er ekki á dagskránni eins og hér var lofað fyrr í vikunni. Ég tek að öðru leyti undir alla þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á málsmeðferð varðandi frv. um stéttarfélög og vinnudeilur.

[10:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að bréfið sem var lesið upp í upphafi fundar frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, formanni þingflokks Alþfl., var ekki aðeins sent fyrir hönd þingflokks Alþfl. heldur líka annarra þingflokka stjórnarandstöðunnar. Þetta segi ég til að undirstrika alvöru þessa máls. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir getur ekki leyst úr þessum samskiptavanda í þinginu sem hún hefur stofnað til með því að ráðleggja fólki að hlusta á útvarpið þó að það sé einlægt merkilegt sem hún hefur að segja við þjóðina á öldum ljósvakans.

Ég vil líka segja það, hæstv. forseti, að ég tel að þessi vinnubrögð hæstv. félmrh. og forseta spilli fyrir góðum samskiptum innan þingsins og geta því miður haft mjög víðtæk áhrif. Ég held að það sé nauðsynlegt að það mál verði rætt. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. forseti svari spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar: Eru þessi vinnubrögð fordæmi? Er við því að búast að menn hagi sér svona framvegis? Er við því að búast að ríkisstjórnin muni henda inn málum af þessu tagi á næstu dögum og vikum og ætlast til þess að þau verði rædd svo að segja samdægurs í þessari stofnun án þess að fólk hafi eðlilegar aðstæður til að kynna sér þau? Er við því að búast að þannig verði haldið áfram í nefndum þingsins eins og mun hafa gerst í morgun, að það hafi verið neitað óskum um að mál fengju eðlilegan umsagnarfrest? Er við því að búast að því verði haldið áfram að ráðherrar sem ætla að knýja fram mál til umræðu í þessari virðulegu stofnun eins og hæstv. félmrh. hefji dagana á því að kenna Alþingi mannasiði í útvarpsumræðum í þættinum Hér og nú eins og var núna í morgun? Og finnst mér að það sitji síst á hæstv. núv. félmrh. sem er ekki orðvarasti alþingismaðurinn að reyna að kenna mönnum mannasiði. Er með öðrum orðum við því að búast að staðan sé þannig að stjórnarliðið hafi sagt stjórnarandstöðunni stríð á hendur í einu og öllu? Er Nýja-Sjálandsaðferðin komin til framkvæmda á öllum sviðum? Á að iðka þessi vinnubrögð ekki aðeins gagnvart stórum málum heldur líka í þingnefndum og líka gagnvart stjórnarandstöðunni utan þessara sala? Ef svo er, hæstv. forseti, þá óska ég eftir því að það verði tilkynnt af forseta úr ræðustól þannig að stjórnarandstaðan eigi kost á því að haga sér í samræmi við það.

[10:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér kemur það ekki svo afskaplega mikið á óvart hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn gengur fram gagnvart forustu þingsins og stjórnarandstöðu. Við höfum verið að sjá fram á það nú undanfarið síðustu vikurnar hvað það er sem þetta stjórnarsamstarf öðru fremur snýst um. Hver er bakfiskurinn í þessari ríkisstjórn, hinn málefnalegi bakfiskur? Hann hefur verið að koma fram undanfarnar vikur og nú birtist hann okkur þannig að hvern daginn á eftir öðrum koma fram frv. sem renna að einum ósi hvað snertir vilja ríkisstjórnar. Hitt finnst mér aftur óskynsamlegt af forustu þingsins að beita sér fyrir þessum vagni sem ríkisstjórnin ýtir þarna fram. Ég tel það mjög óskynsamlegt út frá því ef menn ætla hér að sinna alvöruþingstörfum og reyna að ná fram t.d. lagafrumvörpum á komandi vikum sem sæmileg sátt er um og ekki fela í sér stríðsyfirlýsingar eins og þau frv. sem hafa verið að birtast okkur að undanförnu.

Ég veit að hæstv. forseti liggur undir miklum þrýstingi frá þeim meiri hluta sem telur sig ráða öllu í þinginu. En ég vænti þess að hæstv. forseti hlusti á þær aðvörunarraddir sem hér hafa komið fram í umræðunni, þá kröfu um að þingheimur fái a.m.k. sæmilegan tíma til að fjalla um mál og setja sig inn í mál áður en þau eru tekin til umræðu. Hins vegar er okkur ekkert að vanbúnaði að ræða um þessa almennu stefnu sem hér er farið að draga að húni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það kemur ekkert á óvart, virðulegur forseti, að einmitt í þessu stjórnarsamstarfi skuli vera ýtt úr vör með mál sem ríkisstjórnir fyrri tíðar hafa ekki náð saman um eða lagt út í að flytja inn í þingið. Og ég veit ekki hvort ég á að óska Framsfl. til sérstakrar hamingju með það að ganga þarna í vatnið fyrir ákveðin öfl atvinnurekendamegin.

[10:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Menn hafa verið að tala um morgunþætti Ríkisútvarpsins. Það var einn slíkur í morgun. Þar voru hæstv. félmrh. og forseti Alþýðusambands Íslands, Benedikt Davíðsson. Hæstv. félmrh. spurði forseta Alþýðusambandsins hvort menn væru hræddir við lög, að sett yrðu lög í landinu. Mig langar til að svara fyrir mitt leyti. Já. Menn eru hræddir við lagasetningu þessarar ríkisstjórnar. Og ég er að rifja það upp hvenær áheyrendapallar þingsins hafa verið þéttsetnir og hverjir hafa setið þá. Hafa þar verið fulltrúar frá Verslunarráði? Hafa þar verið fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands? Hafa þar verið eigendur Kauphings eða Fjárfestingarfélagsins? (**Gripið fram í:** Þeir eiga menn í salnum.) Nei. Það hafa verið fulltrúar frá Öryrkjabandalaginu. Það hafa verið fulltrúar frá Sjálfsbjörg. Það hafa verið fulltrúar frá verkalýðshreyfingu, fólk skelfingu lostið þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gerist athafnasöm við lagasetningu. Menn óttast lagasetningu þessarar ríkisstjórnar

og menn mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð.

[10:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Tíminn fyrir þessa umræðu er nú liðinn, en forseti mun gefa frummælanda kost á að tala aftur. En vegna orða sem hér hafa fallið vill forseti taka það fram að honum þykir nokkuð fast kveðið að þegar sagt er að hér sé verið að beita gerræðislegum vinnubrögðum, menn dregnir á asnaeyrum, ef ekki blekktir. (**ÖS:** Spurning um sjálfstæði þingsins.) Já. Forseti vill nú í góðri samvinnu við hv. þingmenn gæta sjálfstæðis þingsins og telur sig gera það eftir því sem hann hefur getu til.

Í þessu tilviki bregst forseti við óskum ríkisstjórnar. Þetta er eitt af áherslumálum ríkisstjórnarinnar og forseti verður að meta það hvernig líklegast er að hægt sé að standa við starfsáætlun þingsins. Þetta er eitt af stærri málunum sem koma fyrir þingið og forseti metur það svo að það sé mikilvægt að koma því til nefndar fyrir þinghlé sem verður eftir fund á morgun þannig að þingnefnd gefist formlega kostur á að koma málinu til umsagnar.

Forseti biður hv. þingmenn að hafa skilning á því að hann kemur ekki í veg fyrir að mál komi til umræðu, hvorki mál ríkisstjórnarinnar né einstakra þingmanna. Það gerir forseti ekki. Hann beitir ekki valdi sínu þannig. (**Gripið fram í:** En er ekki forseti líka forseti okkar?) Jú, forseti er forseti allra þingmanna og telur sig rækja sitt starf þannig og biðst undan ásökunum um að hann geri það ekki.

Það er kvartað undan því hér að þingmönnum hafi ekki gefist kostur á að kynna sér málið. Forseti bendir á að þetta er þó allt innan marka þingskapa. Frv. var dreift á þingfundi síðasta þriðjudag, að vísu seint á þriðjudag, það er rétt, en það er samt innan þess ramma sem þingsköp setja. Forseti minnir líka á að við 1. umr. er ætlast til að frv. séu rædd í heild sinni en ekki ræddar einstakar greinar frumvarpanna.

Forseti vill svo taka það skýrt fram þannig að það valdi engum misskilningi að hann lætur engan segja sér fyrir verkum, hvorki einstaka ráðherra, ríkisstjórn, einstaka þingmenn eða hópa þeirra. En hann reynir í starfi sínu að gæta réttsýni og taka tillit til réttmætra tilmæla hvort heldur er frá ríkisstjórn eða einstökum þingmönnum. Forseti óskar eindregið eftir samstarfi við hv. þingmenn um þinghaldið nú sem endranær.

Það er ætlun forseta að umræða um þetta mál fari fram í dag og 1. umr. ljúki áður en við gerum hlé á þingstörfum á morgun. Forseti er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að ræða um þinghaldið í dag við formenn þingflokka og vill hafa samráð við þá um hvenær við ræðum málið, hvort við gerum það að lokinni framsöguræðu hæstv. félmrh., í hádegisverðarhléi eða síðar í dag.

[11:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Formaður þingflokks Framsfl. vísaði til viðræðna okkar tveggja í morgunútvarpi í byrjun janúar og sagði að þar hefði það komið fram að von væri á stórum frumvörpum inn á þing og m.a. því sem hér er á dagskrá.

Virðulegi forseti. Ég minni á að það hefur verið til umræðu að inn á borð þingmanna bærust frumvörp t.d. um að breyta bönkum í hlutafélög eða annað slíkt. Það hefur hins vegar ekkert með það að gera hvort okkur hefði átt að bjóða í grun á mánudegi að á fimmtudegi væri komið á dagskrá frv. um t.d. einkavæðingu bankanna, sem heldur ekki hefur gerst. Ég dreg þetta fram vegna þess að eitt er að vita að ríkisstjórn sé með eitthvað í farvatninu og annað að lenda í því sé dengt á borð þingmanna.

Virðulegi forseti. Mér finnst vinnubrögð ríkisstjórnarinnar einkennast af þeirri valdastöðu sem hinn mikli meiri hluti veitir henni. Ég verð að segja að þótt þetta frv. sem hér á að taka til umræðu standist tímafrest sem þingsköp setja þá höfum við þingmenn fengið í hendur gögn víða að sem snerta þetta viðamikla og viðkvæma mál og okkur hefur ekki unnst tími til að fara yfir þau. Ég hvet forseta þess vegna til þess að fara að þeim óskum sem þingmenn hafa borið fram.

Virðulegi forseti. Á 18 ára ferli mínum sem stjórnmálamaður hef ég verið í meiri hluta. Meiri hluti hefur birst mér með ýmsu tagi, virðulegi forseti. Í fyrsta sinn á þessum vetri miðað við þau vinnubrögð sem ég hef upplifað, hef ég hræðst ógnvekjandi meirihlutavald.

[11:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta láðist áðan að svara beinni fyrirspurn frá hv. þm. Ágúst Einarssyni um ástæðu þess að frv. um viðskiptabanka hefði verið tekið út af dagskrá. Það var gert fyrr í vikunni að beiðni formanns efh.- og viðskn. Það kemur ekki á dagskrá nú frekar en önnur mál sem ætlunin var að ræða í dag og á morgun. Það að taka þetta mál, frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, á dagskrá þýðir auðvitað að önnur mál komast ekki til umræðu eða afgreiðslu í þinginu fyrir þinghlé. Það er alveg ljóst og það er ástæðan.

Forseti óskar enn eftir samstarfi við hv. þingmenn um að umræða þessi geti hafist og lýsir sig reiðubúinn til þess að halda fund með formönnum þingflokka eftir nánara samkomulagi við þá.

[11:03]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hæstv. forseta áðan vil ég koma því á framfæri að fyrir félmn. liggja ekki mörg mál. Þau eru fá og frekar lítil þannig að það mun ekki verða til baga þótt málið komist ekki til nefndar fyrr en eftir páska. Málið verður að sjálfsögðu unnið eins og önnur þingmál, en það sem hér skiptir mestu máli er auðvitað það að sú umræða sem hér á að fara fram sé vel skipulögð og fólk hafi haft tíma til þess að kynna sér þetta mál. Ég vil enn ítreka að það er svo stuttur tími síðan frv. kom fram að hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur lýst því yfir að þeim hafi ekki gefist tími til að kynna sér málið til hlítar. Það gildir líka um mig. Þess vegna vil ég ítreka að mér finnst það algerlega óviðunandi og nánast óþolandi að eiga að fara að ræða svona stórt mál án þess að maður hafi varla náð að lesa frv. og athugasemdir við greinar þess.

Þess vegna vil ég ítreka að það mun ekki standa á félmn. að vinna í þessu máli með eðlilegum hætti, en ég ítreka þá skoðun mína að það beri að fresta þessari umræðu.

[Fundarhlé. — 11:05]

Tilhögun þingfundar.

[11:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um fundahaldið að ætlunin er að hæstv. félmrh. tali fyrir dagskrármálinu, stéttarfélög og

vinnudeilur. Að ræðu hans lokinni verður gert hlé á fundinum til kl. 3. Þá verður umræðunni haldið áfram.

[11:45]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan stendur frammi fyrir því að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir telja að frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sé algert forgangsmál og að öll önnur mál skipti litlu og blikni við hliðina á þessu máli. Það er einkum Framsfl. sem beitir sér í því máli eins og kunnugt er.

Við erum ósátt við þessa forgangsröð og mótmælum henni. Ákvörðunin um að taka málið á dagskrá núna er gerð þrátt fyrir mótmæli stjórnarandstöðunnar og í fullri andstöðu og ósátt í þinginu.

Þetta þýðir líka það, hæstv. forseti, að hugmyndir sem höfðu verið uppi um t.d. nefndafundi eftir helgi verður að endurskoða að okkar mati. Við beinum því til formanna nefnda sem höfðu boðað fundi eftir helgi að þeir endurskoði áætlanir sínar um störf nefnda eftir helgina. Þetta þýðir jafnframt að það er sett spurningarmerki við samkomulag um þinghaldið yfirleitt, bæði hér í salnum og sömuleiðis í þingnefndum. En stjórnarflokkarnir verða auðvitað að ráða hvernig þessir hlutir þróast því að þeir hafa meiri hluta og geta enn beitt honum í þessari stofnun, þótt mín spá sé sú að það muni þrengjast um áður en langt um líður.

Við lýsum því yfir að þessi ákvörðun að hefja málið er gerð í ósætti við okkur. Við leggjum jafnframt á það áherslu að við fáum ráðrúm til að meta málin betur í þinghléi á þingflokksfundum núna á eftir og sömuleiðis leggjum við á það áherslu að það verði ekki fundir um málið í kvöld heldur verði þeim frekar haldið áfram á morgun ef þörf krefur og ef það er ætlun stjórnarflokkanna að knýja málið fram með þessum hætti. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur stjórnarflokkunum fyrir að stofna góðu samkomulagi um þinghaldið í vetur í þá hættu sem nú blasir við.

[11:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir allar yfirlýsingar sem hafa verið settar fram um að það sé vilji stjórnvalda að ná sátt um það stóra mál sem er á dagskrá þessa fundar í dag, yfirlýsingar ráðherrans um að honum sé ekki fast í hendi að einhver atriði frv. breytist, stöndum við frammi fyrir því að það næst ekki sátt um að fresta þessu máli þótt við höfum sett fram um það harðar kröfur. Það er erfitt að horfast í augu við hversu þunglega ríkisstjórnin vigtar þetta mál sem hér er og keyrir það hart að ná því fram í gegnum 1. umr. fyrir páska.

Forseti hefur brugðist við harðri gagnrýni okkar á þann stutta fyrirvara sem við höfum haft til að undirbúa okkur undir þetta mál og hann gefur svigrúm fyrir þingflokksfundi eða þingflokkana til að skoða málið nánar. Það eru góð viðbrögð hans í erfiðri stöðu og vonandi gefst okkur tækifæri til að nýta þetta hlé sem gert verður til að fara betur og faglegar í það mál sem hér er á dagskrá en ella. En ég harma það að svo hart sé keyrt að taka þetta mál á dagskrá í dag.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðafélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 739.

[11:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Þetta mál er á þskj. 739, 415. mál þingsins.

Árið 1978 var þriðji kafli laganna um stéttarfélög og vinnudeilur felldur brott og gerður að sérstökum lögum um sáttastörf í vinnudeildum. Að undanskilinni þessari breytingu hafa lögin að mestu verið óbreytt sl. 58 ár. Frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur olli á sínum tíma harðvítugum deilum hér á Alþingi. Þeir sem töldu sig sérstaka talsmenn launafólks lýstu yfir andstöðu sinni við frv. og fundu því flest til foráttu. Einn þingmaður lýsti stöðunni þannig að það hættulegasta væri að láta koma á vinnulöggjöf í fyrsta skipti í hvað saklausu formi sem hún væri. Það væri auðvelt fyrir atvinnurekendur þegar einu sinni væri búið að koma á vinnulöggjöf að gera hana mjög svo bölvaða smátt og smátt eða að hreinum þrælalögum með breytingum á hverju þingi. Þá væri hægt að rýra þau smáu réttindi sem eru veitt en gera þau ákvæði sem til tjóns væru enn verri. Þess vegna væri aðalatriðið fyrir verkalýðshreyfinguna að henni tækist að hindra að vinnulöggjöf kæmist á. Þetta sögðu menn árið 1938. En nú er öldin önnur. Þær raddir eru háværar sem telja að gömlu þrælalögin hafi gagnast vel og engin ástæða sé til að breyta þeim.

Á þeim nærri 60 árum sem liðin eru frá setningu laga um stéttarfélög og vinnudeilur hefur þjóðfélagið tekið miklum stakkaskiptum. Fjöldi atvinnugreina hefur margfaldast og störf hafa orðið sérhæfðari. Í sama fyrirtækinu eru starfsmenn sem eru félagar í mörgum ólíkum stéttarfélögum sem semja um kaup þeirra og kjör. Gott gengi í milliríkjaverslun og samkeppnishæfni iðnaðarframleiðslu á alþjóðamarkaði er lykillinn að velmegun komandi ára. Samt sem áður er stöðugleiki í atvinnu- og efnahagsmálum grundvöllur fyrir þróunarstarfi innan fyrirtækjanna og frekari markaðssókn þeirra. Þeir eru nokkuð margir sem hafa um nokkurt skeið haldið því fram að brýna nauðsyn bæri til að endurskoða lögin um stéttarfélög og vinnudeilur. Í því sambandi hefur margt verið tínt til. Bent hefur verið á fjölda verkfallsdaga. Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar hefur heildarfjöldi tapaðra vinnudaga á árunum 1970–1995 þrisvar sinnum farið yfir 300 þús. á ári. Fjöldi vinnustöðvana á ári hefur verið frá einni og upp í 292 árið 1977. Þessi mikli fjöldi vinnustöðvana hefur valdið miklu beinu og óbeinu tjóni. Nefna má að mál hafa þróast með þeim hætti að oftar en ekki valda vinnustöðvanir tjóni hjá aðilum sem ekki eru þátttakendur í kjaradeilu. Reglur verða að vera þannig að verkföll varði fyrst og fremst raunverulega aðila kjaradeilunnar og afleiðingar þeirra bitni ekki á þriðja aðila.

Afskipti stjórnvalda af kjaradeilum og breytingar á kjarasamningum er annað atriði sem hefur verið teflt fram sem röksemd fyrir því að nauðsynlegt væri að breyta vinnulöggjöfinni. Í þessu sambandi hefur verið bent á að löggjafinn hefur haft afskipti af vinnudeilum og kjarasamningum tólf sinnum sl. tólf ár. Þessi afskipti hafa vakið athygli alþjóðlegra stofnana sem fjalla um félags- og vinnumál, t.d. Evrópuráðsins og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sérfræðinganefnd þeirrar stofnunar hefur orðað það þannig að þetta bendi til

þess að vandkvæði ríki í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ég held að flestir geti tekið undir það álit. Sérhvert þjóðfélag á mikið undir því að reglur um skiptingu á afrakstri fyrirtækja og þar með vinnuframlagi launamanna séu þannig að hægt sé að ná samkomulagi um niðurstöðuna án átaka. Verkföll og verkbönn valda launafólki og fyrirtækjum tekjutapi og draga úr viðskiptatrausti. Það skiptir gífurlega miklu máli fyrir þjóð sem á jafnmikið undir utanríkisverslun og Íslendingar að viðskiptavinir okkar í öðrum löndum geti treyst því að fá vöru og þjónustu á tilsettum tíma.

Niðurstaða síðustu samningalotu var mikið til umfjöllunar í haust. Talsmenn stærstu heildarsamtaka launafólks töldu að láglaunafólkið hefði þegar upp var staðið borið skarðan hlut frá borði en smærri hópum í lykilstöðum tekist að ná meiru í sinn hlut. Ég skal ekki dæma um hvort þetta er rétt en það bendir margt til að svo sé. Við þetta má bæta gagnrýni á það sem hefur verið kallað ólýðræðislegir starfshættir, bæði samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga launafólks.

Í ljósi alls þessa var því býsna vel tekið þegar fyrrv. félmrh., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, skipaði 4. okt. 1994 vinnuhóp sem falið var að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðu mála hérlendis. Fyrir hópinn var lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna. Rétt er að leggja á það áherslu að ef í ljós kæmi að breyta þyrfti íslenskri löggjöf var hópnum falið að setja fram tillögur um það efni. Í vinnuhópnum áttu sæti fulltrúar ASÍ, BSRB, félmrh., fjmrh., Vinnumálasambandsins og VSÍ. Vinnuhópurinn sendi mér áfangaskýrslu sem kynnt var í ríkisstjórn 24. nóv. sl. Með skýrslunni gerði hópurinn grein fyrir nýjum hugmyndum í tengslum við undirbúning, gerð og afgreiðslu kjarasamninga. Lögð var áhersla á umfjöllun um leiðir til að gera kjaraviðræður markvissari og styttri. Í framhaldi af áfangaskýrslunni var ákveðið að fela starfsmönnum vinnuhópsins að semja drög að lagafrv. og var fyrsta tillaga lögð fyrir hópinn á 38. fundi sem haldinn var 4. jan. sl. Í framhaldi af umræðum í hópnum voru settar fram aðrar tillögur, sú síðasta 15. jan. sl. Þessi tillaga var kynnt á vettvangi hlutaðeigandi samtaka. Vinnumálasambandið og VSÍ töldu hana ásættanlega en henni var hafnað af ASÍ og BSRB sem jafnframt óskuðu eftir því að samtökum á vinnumarkaði yrði veitt svigrúm til að semja sín á milli um helstu efnisatriði áfangaskýrslunnar með samningi. Fallist var á að veita þetta svigrúm til febrúarloka en aðilum var jafnframt gerð grein fyrir því að áfram yrði unnið að samningu lagafrv. á vegum mínum. Samkomulag á milli helstu samtaka á vinnumarkaði liggur ekki fyrir og virðist sem litlar líkur séu á að það takist í bráð. Því er þetta frv. fram komið og er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þess skal getið að vinnuhópur félmrn. um samskiptareglur á vinnumarkaði hefur haldið samtals 48 fundi.

Nái frv. fram að ganga verða öll helstu efnisatriði laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum, tekin upp í sérstakan III. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Sáttastörf í vinnudeilum tengjast beint og óbeint ákvæðum þeirra laga og því er rökrétt að ákvæði á þessu sviði sé að finna í sömu lögum en ekki í tveimur lagabálkum. Við gildistöku nýrra laga falla úr gildi lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum, og lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru færð í fyrra horf.

Drög að frv. voru eins og áður sagði fyrst kynnt í byrjun janúar og til þess ætlast að aðilar vinnuhópsins kynntu þau innan sinna samtaka og héldu því næst nefndarstarfinu áfram til að ljúka við tillögugerð um málið. Þvert á allar væntingar fór það svo að formenn landssambanda ASÍ höfnuðu með ályktun öllum hugmyndum um endurskoðun lagaákvæða um samskipti á vinnumarkaði. Þeir buðu þess í stað viðsemjendum sínum til viðræðna um ýmsa þá efnisþætti sem mest höfðu verið til umræðu í nefndarstarfinu og BSRB hafnaði einnig breytingum á löggjöf. Samtök atvinnurekenda hafa lýst þeim viðhorfum að gagnslítið sé að gera samkomulag um grundvallarreglur um samskipti á vinnumarkaði ef ekki sé tryggt að sömu reglur gildi a.m.k. á öllum hinum almenna vinnumarkaði. Til lítils sé að semja ef það sé síðan undir einstökum félögum komið hvort þau vilja samþykkja reglurnar og lúta þeim.

Þessi grundvallarágreiningur um það hvort lög eigi að gilda um þessi samskipti eða ekki hefur komið í veg fyrir formlegar viðræður um aðra þætti málsins. Afstaða ríkisstjórnarinnar til þessa álitaefnis kemur fram í starfsáætlun hennar eins og áður var vitnað til. Um þessi samskipti gilda nú lög og ekki eru hugmyndir uppi um annað en færa þau lagaákvæði til nútímalegra horfs svo betur gagnist launþegum og atvinnurekendum og raunar þjóðarheildinni allri. Því hef ég látið semja frv. til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er í höfuðatriðum byggt á tillögum sem samkomulag var um í áðurnefndri nefnd eða starfshópi, svo og þeim hugmyndum öðrum sem umfjöllun nefndarinnar gaf tilefni til þótt ekki hafi þær allar verið útræddar eða orðnar að samkomulagi þegar nefndarstarfið rann út í sandinn.

Þótt starf nefndarinnar hafi að mestu lagst af í kjölfar samþykkta ASÍ og BSRB, þá kom fram af hálfu verkalýðsfélaganna rökstudd gagnrýni og ábendingar á ýmsa þætti í frumvarpsdrögunum um sáttastörf í vinnudeilum frá því í janúar. Hefur í undirbúningi að samningu þessa frv. verið leitast við að taka tillit til þessara athugasemda og tryggja með því að starfsemi stéttarfélaganna bíði engan hnekki af samþykkt frv. Verður raunar aldrei of oft tekið fram að markmiðið er ekki að takmarka svigrúm stéttarfélaganna til samninga heldur eingöngu að tryggja að samningaleiðir séu jafnan fullreyndar áður en til átaka kemur. Jafnframt að tryggja að félagsmennirnir hafi í raun full áhrif á framgang mála.

Nú mun ég víkja að einstökum þáttum frv. og fyrst þeim sem fjallað var um í margnefndu nefndarstarfi fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á margvíslegum breytingum sem gerðar hafa verið frá frumdrögum þeim sem kynnt voru í byrjun janúar til þess að koma til móts við rökstudda gagnrýni verkalýðsfélaganna á einstaka efnisþætti.

Í 2. gr. frv. er skýrt að samninganefndir aðila fari með óskorað samningsumboð, geti framselt það til sameiginlegrar samninganefndar, ákveðið sameiginlega atkvæðagreiðslu um samninga með fleiri félögum, allt eftir því sem samninganefndin kann að kjósa hverju sinni. Breytingin skýrir því og styrkir heimildir samninganefnda stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda en skerðir hvergi sjálfsforræði eða rétt þeirra til ákvörunar um það hvernig þessum heimildum verður beitt. Og ég veit ekki til þess að ágreiningur sé um þessi atriði.

Í 2. mgr. 2. gr. er því slegið föstu að kjarasamningur gildi frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið enda hafi honum ekki verið hafnað af félagsmönnum samkvæmt nán-

ari reglum þar um innan tiltekins tíma. Ekki er heldur vitað til þess að ágreiningur sé um þessa meginreglu enda er hún í samræmi við það sem aðilar á hinum almenna vinnumarkaði hafa miðað við í undangengnum samningum.

Í frumvarpsdrögum sem sýnd voru í janúarmánuði sl. var miðað við að til að fella undirritaðan samning þyrfti þriðjung atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Þetta ákvæði hefur mjög verið gagnrýnt af hálfu forustumanna verkalýðsfélaga og bent á að það geti verið mjög íþyngjandi fyrir starfsemi þeirra, einkum þeirra stærri. Þá sé einnig óeðlilegt að krefjast allsherjaratkvæðagreiðslu allra félagsmanna um samninga sem efni sínu samkvæmt er eingöngu ætla að taka til hluta félagsmanna. Þessar ábendingar eru réttmætar og hefur því verið tekið tillit til þeirra í endanlegri gerð frv. Almennt er þess nú krafist að a.m.k. 20% félagsmanna synji um samþykki á kjarasamningi í stað 33% áður svo löglega gerður samningur teljist felldur. Vilji stéttarfélög tryggja að ekki komi til þess að samningur sé staðfestur sökum þátttökuleysis í atkvæðagreiðslu er jafnframt gefinn kostur á því að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráði niðurstöðu. Það gildir ef félag ákveður að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu með póstkosningafyrirkomulagi. Þá gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Þannig er tryggt að stéttarfélögin geti sjálf að eigin vali ákveðið form atkvæðagreiðslu um kjarasamninga og engar lágmarkskröfur eru gerðar um þátttöku ef tryggt er að allir félagsmenn geti með sæmilega auðveldum hætti neytt atkvæðisréttar. Til þessa er póstkosningafyrirkomulagið það öruggasta og það hefur farið í vöxt að stéttarfélög hafi notað þessa aðferð svo að hún er ekki alger nýlunda á íslenskum vinnumarkaði.

Loks er að geta nýs ákvæðis sem segir að sé samningi eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna stéttarfélags, þá sé heimilt að ákveða við samningagerðina að samningur fari eingöngu undir atkvæði þeirra sem eftir honum starfa. Við þessar aðstæður er raunar gerð heldur meiri krafa um þátttöku og það finnst mér eðlilegt þar sem auðvelt á að vera fyrir stéttarfélög að ná til félagsmanna við þessar aðstæður. Meginmarkmið allra þessara breytinga er að tryggja festu við frágang og afgreiðslu kjarasamninga og það að stéttarfélög og samtök atvinnurekenda sem gera slíka samninga beri ábyrgð á þeim og þeim sé ekki varpað fyrir róða nema að vel athuguðu máli. Því er eðlilegt að krefjast þess að a.m.k. lágmarkshluti félagsmanna lýsi því í atkvæðagreiðslu að þeir vilji ekki sætta sig við samninginn. Athugasemdir sem komið hafa af hálfu talsmanna stéttarfélaga hafa í öllum meginatriðum verið teknar til greina og þess gætt að ekki sé þrengt að eðlilegum starfsháttum og heimildum félaganna. Breytingin er þannig til þess fallin að auka lýðræði og virkni félagsmanna í stéttarfélögunum.

Í gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur segir að vinnustöðvun megi gera til þess að knýja á um kröfur í kjaradeilum. Engin skilyrði eru um form kröfugerðar eða undanfarandi viðræður og sáttatilraunir áður en verkfall er boðað. Dæmi munu vera um að verkfall hafi verið boðað án þess að formleg kröfugerð hafi verið lögð fram. Raunar hefur félagsdómur staðfest að nægjanlegt sé að kröfur liggi fyrir áður en verkfall skellur á þannig að þær þurfi ekki að hafa legið fyrir við ákvörðun verkfalls. Þaðan af síður hefur það verið skilyrði að reynt hafi verið að ná sáttum áður en vinnustöðvun er boðuð.

Samkvæmt frv. verður það eftirleiðis formlegt skilyrði fyrir lögmætri ákvörðun um verkfall eða verkbann að kröfur séu formlega komnar fram og reynt hafi verið til þrautar að ná samkomulagi. Til þess að tryggja það þarf milligöngu ríkissáttasemjara að hafa verið leitað og honum gefist nægilegt tóm til þess að reyna sættir. Allt eru þetta tiltölulega sjálfsagðar formkröfur fyrir því að grípa megi til löglegrar vinnustöðvunar.

Í viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins hefur það verið viðurkennt að vinnustöðvun eigi að skoðast sem þrautalending þegar önnur ráð hafa ekki dugað til þess að ná fram ásættanlegri niðurstöðu. Framangreindum formkröfum er ætlað að tryggja að svo verði í raun. Það skal sérstaklega áréttað í þessu sambandi að matið á því hvort sáttatilraunir hafi verið reyndar til þrautar liggur hjá þeim sem til vinnustöðvunar boðar eftir að formkröfum hefur verið fullnægt. Ekki er annað vitað en að þokkaleg sátt sé um framangreinda skipan.

Vert er í þessu sambandi að vekja athygli á því að samkvæmt frv. er miðað við að ákvörðun um vinnustöðvun megi fyrst taka þegar þrautreynt hefur verið að ná sáttum. Þá fyrst hafa þeir sem ákvörðun eiga að taka í reynd möguleika á að meta það hvort rétt sé að hefja átök til að knýja á um meira en það sem viðræður hafa fram til þessa leitt til. Þetta er breyting frá því sem nú er, þar sem heimild til vinnustöðvunar er gjarnan veitt löngu áður en raunverulegar viðræður hafa hafist.

Samkvæmt gildandi löggjöf er unnt að taka ákvörðun um löglega vinnustöðvun í fyrsta lagi með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu sem staðið hefur í a.m.k. 24 klukkustundir, í öðru lagi af samninganefnd eða félagsstjórn samkvæmt heimild samþykktri í atkvæðagreiðslu samkvæmt 1. tölulið og í þriðja lagi af trúnaðarmannaráði ef félagslög færa því slíkt vald. Þetta gildir um félög á almennum vinnumarkaði og má fullyrða að þau hafa öll ákvæði í félagslögum sem heimila fámennum trúnaðarmannaráðum að boða til vinnustöðvunar án undanfarandi atkvæðagreiðslu félagsmanna. Má raunar fullyrða að ákvörðun um verkföll og verkbönn á almennum vinnumarkaði séu jafnan teknar á grundvelli þessarar heimildar. Í mörgum tilvikum er undanfari slíkrar ákvörðunar almennur félagsfundur sem ályktar um heimild til stjórnar og trúnaðarráðs til boðunar vinnustöðvunar. Slíkir fundir hafa samkvæmt gildandi lögum ekkert formlegt vald. Atkvæðagreiðsla er sjaldnast leynileg og fundir gjarnan haldnir löngu áður en sýnt er hverra kosta raunverulega er völ í viðræðum. Þessi háttur á ákvarðanatöku er því ekki gallalaus og veitir samningsaðilum ekki það aðhald til að leita friðsamlegra lausna sem æskilegt er. Þá eru áhrif einstakra félagsmanna á hagsmunamat og ákvarðanatöku ekki með þeim hætti sem eðlilegt má telja.

Samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, er það skilyrði löglegrar verkfallsboðunar að tillaga um verkfall sem hefjist á tilteknum tíma njóti meirihlutastuðnings í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna og a.m.k. helmingur þeirra taki þátt í henni. Með öðrum orðum er það skilyrði að 25% félagsmanna greiði tillögu um verkfall atkvæði sitt. Rétt þykir að samræma kröfur um þessi efni þannig að skilyrði til vinnustöðvunar verði í meginatriðum þau sömu á öllum vinnumarkaðinum. Því er lagt til í 4. gr. frv. að vinnustöðvun verði því aðeins boðuð að tillaga þar um hafi hlotið stuðning meiri hluta þátttakenda í allsherjaratkvæðagreiðslu sem minnst 20% félagsmanna taka þátt í, þ.e. 10,1% félagsmanna hið minnsta þarf að lýsa yfir vilja sínum til vinnustöðvunar.

Í tengslum við umræðu um frumvarpsdrög þau sem sýnd voru í janúar sl. var rætt um að krefjast skyldi samþykkis þriðjungs félagsmanna samkvæmt félaga- eða atkvæðaskrá.

Atvinnurekendur hafa raunar lýst þeirri skoðun að krefjast eigi samþykkis meiri hluta félagsmanna. Af hálfu stéttarfélaganna hefur hins vegar komið upp gagnrýni á það að kröfur um of hátt hlutfall skerði möguleika félaganna til að sækja á um kjarabætur og það langt umfram það sem gerist meðal opinberra starfsmanna. Þeir vinna fleiri saman á færri vinnustöðum og því er auðveldara fyrir félög opinberra starfsmanna að nálgast félagsmennina en gerist á hinum almenna vinnumarkaði.

Það hefur einnig verið á það bent að óeðlilegt sé að svipta félögin möguleikum á að boða til staðbundinna aðgerða sem ná einungis til hluta félagsmanna öðruvísi en að fá samþykki stórs hluta félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu. Allt sé þetta sérlega íþyngjandi gagnvart stærri félögunum og geti raunar kallað á klofning þeirra og þar með fjölgun félaga sem vart er þó brýn þörf á. Rétt þótti að taka mið af þessum athugasemdum. Því er lagt til að áskilnaður um þátttöku í allsherjaratkvæðagreiðslu um vinnustöðvun verði einungis 40% af því sem krafist er samkvæmt lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Jafnframt er ákveðið að stéttarfélög geti efnt til almennrar póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu að vinnustöðvun. Ef sú leið er farin þykir ekki efni til þess að gera sérstakan áskilnað um hlutfall þátttakenda enda félagsmönnum gefið besta mögulega færið á að gaumgæfa tillögu á heimili sínu, meta áhrif og aðstæður og greiða atkvæði á öruggan og einfaldan hátt. Eru þetta sömu rök og eiga við um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga. Auk þessa er heimilt að bera tillögu um vinnustöðvun sem eingöngu er ætlað að ná til takmarkaðs hóps félagsmanna, t.d. á einum vinnustað, undir atkvæði hlutaðeigandi félagsmanna einna. Þá eru aðstæður hins vegar svo líkar því sem gerist á vinnustöðum opinberra starfsmanna að rétt þykir að gera sömu kröfur um þátttöku og samþykki, þ.e. meirihlutasamþykki og 50% þátttöku.

Sá eðlismunur er á heimildum til ákvörðunar um vinnustöðvun meðal opinberra starfsmanna annars vegar og á einkamarkaði hins vegar að hinir fyrrnefndu taka afstöðu til tillögu um raunverulegt verkfall sem hefjist á tilteknum tíma. Í þeim tilvikum að félagsmenn á einkamarkaði fá tækifæri til að greiða atkvæði um vinnustöðvun er það jafnan um heimild til handa valdastofnunum félagsins að boða verkfall þegar þeim þykir tímabært. Rétt þykir að láta sömu reglu gilda í þessu efni á öllum vinnumarkaðnum og eðlilegt að félagsmenn taki afstöðu til tillögu um raunverulega vinnustöðvun. Er það í samræmi við þá áherslubreytingu að vinnustöðvun komist þá fyrst á dagskrá þegar samningaviðræður hafa siglt í strand.

Það hefur verið gagnrýnt að enginn möguleiki sé samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að fresta framkvæmd boðaðrar vinnustöðvunar. Raunar þótti vafi á því hvort stjórn eða samninganefnd hefði heimild til að afboða vinnustöðvun án þess að samningur liggi fyrir. Þessi háttur er umdeilanlegur og mun viðurkennt af báðum samningsaðilum á hinum almenna vinnumarkaði að ekki væri æskilegt að innleiða svo ósveigjanlegar reglur á þeirra vettvangi. A.m.k. þurfi að vera ótvírætt að stjórn eða samninganefnd félags hafi heimild til að aflýsa boðaðri vinnustöðvun og að fresta framkvæmd hennar um tiltekinn tíma.

Í frv. er tekið fullt tillit til þessara sjónarmiða og ákveðið að samninganefndum sé heimilt að fresta framkvæmd vinnustöðvunar án samþykkis gagnaðila um allt að 14 sólarhringa. Skilyrði fyrir frestun sé kynnt viðsemjanda með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

Í viðræðum atvinnurekenda og fulltrúa stéttarfélaga hefur ekki verið ágreiningur um það að rétt sé að gera allsherjaratkvæðagreiðslu að skilyrði vinnustöðvunar. Hins vegar hafa talsmenn stéttarfélaganna lagt áherslu á að í stað tillögu um ákvörðun um vinnustöðvun eigi að vera unnt að fá samþykki til handa trúnaðarráði eða annarri valdastofnun félaganna til að boða til vinnustöðvunar þegar henta þykir. Á því er hins vegar sá galli að félagsmenn fá þá aldrei tækifæri til þess að meta sjálfstætt hvort þeir vilji hefja vinnustöðvun eða ljúka samningum á þeim grunni sem fyrir liggur eftir undangengnar viðræður. Þá sýnir reynslan að ekki sé eðlilegt að heimild sem veitt er á einum tíma í ljósi þáverandi aðstæðna sé síðan nýtt mörgum mánuðum síðar. Því væri í öllu falli nauðsynlegt að binda slíka heimild til boðunar vinnustöðvunar þeim skilmálum að hana mætti einungis nýta á nánar tilteknu tímabili. Að því virtu er ekki allur munur á ákvörðun sem samninganefnd má fresta eða heimild sem nýta mætti innan einhverra nánar tiltekinna tímamarka.

Aðildarsamtök á vinnumarkaði hafa almennt lýst stuðningi við það að vanda þurfi betur til undirbúnings og skipulags kjaraviðræðna en venja er til hér á landi. Þá hefur einnig verið samstaða um að æskilegt sé að stytta þann tíma sem kjaraviðræður taka eftir að kjarasamningar eru lausir. Síðast en ekki síst hefur komið fram víðtækur skilningur á því að æskilegt sé að kjaraviðræður félaga fari fram sem mest samtímis því alkunna er að í samningaviðræðum geta kjarabreytingar eins hóps haft mikil áhrif á væntingar og stöðu annarra.

Nefndin horfði í starfi sínu töluvert til samskiptareglna á dönskum vinnumarkaði. Er það að vonum þar sem samanburðar við kjör hefur einmitt verið mjög leitað í Danmörku og því er þess að vænta að samskiptareglur kunni að eiga þátt í mikilli verðmætasköpun og góðum kjörum. Þar hefur lengi tíðkast að gerð sé formleg áætlun um viðræður og samningagerð með tímasettum markmiðum fyrir einstökum þáttum í samningaferlinu. Sáttastörf hafa síðar byggst á samkomulagi sem heildarsamtökin hafa náð sín á milli um þetta efni.

Í upphaflegri gerð frv. var miðað við að heildarsamtökum á íslenskum vinnumarkaði væri ætlað að hafa frumkvæði að mótun formlegrar áætlunar um endurnýjun kjarasamninga. Veruleg andstaða kom hins vegar fram við það að tilteknum samtökum væri ætlaður stærri hlutur en öðrum við samningu viðræðuáætlunar. Því hefur verið fallið frá upphaflegri hugmynd um það að sáttasemjari gæfi út eina áætlun fyrir endurnýjun allra samninga á grundvelli samkomulags heildarsamtaka. Þess í stað er samtökum atvinnurekenda annars vegar og stéttarfélögum og samtökum þeirra að eigin vali ætlað að ganga frá gerð áætlunar um viðræður og endurnýjun samninga. Þessar áætlanir skulu liggja fyrir eigi síðar en 10 vikum áður en samningar verða lausir og geta eðli málsins samkvæmt verið mismunandi milli einstakra samningsaðila.

Efni framangreindra lagaákvæða er að leggja ríkari skyldur á félög sem taka að sér að fara með samningsforræði fyrir starfsfólk og fyrirtæki að undirbúa eins vel og kostur er kjaraviðræður. Markmiðið er að þær gangi vel fyrir sig og tímabil óvissu og óstöðugleika í tengslum við endurnýjun samninga verði sem styst. Vandaður undirbúningur geti dregið úr hættu

á átökum á vinnumarkaðinum. Augljóslega verður forræði samningaviðræðna að vera á hendi samningaaðila sjálfra og því eðlilegt að þeir annist sjálfir gerð viðræðuáætlunar og annan undirbúning samningaviðræðnanna. Hins vegar er talið rétt að sáttasemjari aðstoði við skipulag viðræðna með því að gefa út viðræðuáætlun fyrir þá aðila sem ekki ná af einhverjum ástæðum að ljúka því verkefni sjálfir. Er þá gert ráð fyrir að sáttasemjari taki mið af þeirri stefnumörkun um form og framgang viðræðna sem ráða má af þegar gerðum viðræðuáætlunum. Að því leyti fá þeir sem sjálfir ljúka gerð viðræðuáætlunar miklu ráðið um það hvernig háttað verður viðræðum annarra sem ekki hafa sinnt undirbúningi sem skyldi.

Rétt er að árétta að í þessu frv. er ekki um miðstýringu að ræða með þeim hætti sem var í frumvarpsdrögunum frá janúar.

Samkvæmt gildandi lögum hefur sáttasemjari mjög ríkulegar heimildir til þess að setja fram miðlunartillögur í kjaradeilum og næsta frjálst mat á því hvort hann lætur sömu tillögu taka til fleiri félaga sem samtímis eiga í kjaradeilum. Þessar reglur eru skýrðar og sett skarpari skilyrði fyrir því hvenær sáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar á kjaradeilum. Jafnframt eru sett mun ítarlegri ákvæði um það hvern veg skuli standa að kynningu á efni miðlunartillagna og atkvæðagreiðslu um þær. Samkvæmt gildandi lögum telst miðlunartillaga samþykkt án tillits til þess hvernig atkvæði falla ef þátttaka í atkvæðagreiðslu er undir 20%. Aukins meiri hluta er krafist til að fella miðlunartillögu sáttasemjara ef þátttaka er undir 35%. Frv. miðar við hliðstæða reglu og lengi hefur verið við lýði í Danmörku þannig að minnst þriðjung atkvæða þurfi til að fella tillögu. Þetta er heldur lægra hlutfall en samkvæmt dönskum lögum þar sem miðað er við 35% atkvæða.

Undanfarin missiri hefur orðið vaxandi umræða um nauðsyn þess að starfsmenn á stórum vinnustöðum geti skipulagt sig í eitt félag sem fari með samninga um kaup þeirra og kjör óháð starfsgreinamörkum almennra verkalýðsfélaga. Ekki varð samstaða um að heimila stofnun vinnustaðarfélaga í margnefndum starfshóp um samskiptareglur á vinnumarkaði. Þrátt fyrir það þykir æskilegt að heimila stofnun slíkra félaga. Er þess að vænta að það geti heldur dregið úr launamun innan fyrirtækja og aukið skilning á samstöðu milli mismunandi faghópa starfsmanna og þeirra og fyrirtækisins. Í þessu felst mikil nýlunda og því þykir rétt að binda þessa heimild fyrst í stað við allra stærstu fyrirtækin, enda tæpast við því að búast að starfsmenn annarra fyrirtækja geti haldið uppi sterku og árangursríku stéttarfélagsstarfi einu sér.

Af framansögðu má vera ljóst að allir meginþættir þeirra tillagna um breytingu á vinnulöggjöfinni sem koma fram í frv. því sem hér er lagt fyrir Alþingi höfðu verið ræddir í nefnd um samskiptareglur á vinnumarkaði. Nokkrar af tillögum byggja á beinum tillögum nefndarinnar, annað á hugmyndum og viðhorfum sem fram komu í nefndinni og eins eru nokkrir efnisþættir sem ekki reyndist unnt að ræða í nefndinni sökum þess að ASÍ og BSRB höfnuðu því að vinna málið til enda. Það var bagaleg niðurstaða en eigi að síður hefur við samningu frv. verið lögð mikil áhersla á að koma til móts við gagnrýni sem kom fram við fyrstu hugmyndir um löggjöf.

Fyrir liggur að bæði samtök launþega og atvinnurekenda hafa sett fram kröfur um atriði sem ekki hefur verið unnt að verða við. Raunar er tæpast við því að búast að unnt verði að setja lög um afar mikilvæg samskipti þessara aðila svo að öllum líki. Það hlutskipti verður löggjafinn þá að axla því að grundvallarreglur um réttindi og skyldur hlýtur að verða að festa í lög, svo sömu grundvallarreglur gildi fyrir alla, bæði launamenn og atvinnurekendur.

Herra forseti. Helstu nýmæli sem koma fram í frv. þessu eru eftirfarandi:

Vinnustaðarfélag starfsmanna í fyrirtækjum með a.m.k. 250 starfsmenn að jafnaði öðlast réttarstöðu stéttarfélags, enda eigi a.m.k. $^3/_4$ starfsmanna aðild að því. Fer vinnustaðarfélag þá eitt með samningsumboð fyrir starfsmenn þar. — Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra er hér um að ræða 60 lögaðila og 33 opinberar stofnanir að undanskildum lífeyrissjóðum eða þess háttar aðilum.

Settar eru skýrar reglur um samningsumboð atvinnurekenda og stéttarfélaga. Tekin eru af öll tvímæli um að heimilt er að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri samningsaðila samningsumboð. Er það í sumum tilvikum nauðsynlegt vegna samstarfsins á Evrópska efnahagssvæðinu. Samninganefnd verður heimilt að ákveða sameiginlega atkvæðagreiðslu. Undirritaðir kjarasamningar öðlast gildi frá undirskriftardegi, nema þeir séu felldir með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða alls. Fari póstatkvæðagreiðsla fram ræður einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða. Um kjarasamninga, sem taka einungis til tiltekins hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis, gildir önnur regla. Þar er áskilið að hlutfall mótatkvæða sé jafnan þriðjungur atkvæða alls.

Skylda er lögð á samningsaðila að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða samninga. Kveðið er á um ábyrgð ófélagsbundinna og einstakra félagsmanna þegar ekki er sýnt fram á aðild samningsaðila að ólögmætum aðgerðum.

Settar eru skýrari reglur um hvað þurfi að koma fram í tillögu um vinnustöðvun. Jafnframt skulu kröfur liggja fyrir, viðræðna þarf að hafa verið leitað og sáttasemjari þarf að hafa leitað sátta milli aðila.

Ákvörðun um vinnustöðvun skal tekin af félagsmönnum við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. 20% atkvæðisbærra félagsmanna. Samkvæmt þessu er í raun nauðsynlegt að 10% atkvæða séu greidd með tillögu um vinnustöðvun enda ræður meiri hlutinn. Þetta skilyrði gildir þó ekki ef póstatkvæðagreiðsla fer fram. Ef um er að ræða vinnustöðvun af hálfu tiltekins hluta félagsmanna eða í tilteknu fyrirtæki þarf þó jafnan þátttöku helmings atkvæðisbærra þannig að fjórðungur atkvæðisbærra þarf að greiða tillögu atkvæði. Félagsmenn taka ákvörðun um vinnustöðvun í beinni atkvæðagreiðslu. Heimildir samninganefndar og félagsstjórnar eða trúnaðarmannaráðs samtaka atvinnurekenda eða stéttarfélaga eiga því ekki lengur við. Þá er tekin upp í lögin skilgreining á hugtakinu vinnustöðvun.

Heimiluð er póstatkvæðagreiðsla um gerða kjarasamninga og um ákvörðun um vinnustöðvun. Ef sú heimild er nýtt þarf að jafnaði ekki að ná tilteknu hlutfalli mótatkvæða gegn samningsniðurstöðu eða tiltekinni þátttöku við almenna ákvörðun um vinnustöðvun. Ríkissáttasemjara er veitt heimild til að ákveða í samráði við aðila að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með pósti.

Samkvæmt gildandi reglum er ekki tryggður réttur aðila til viðræðna við gagnaðilann. Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu gera viðræðuáætlun um skipulag viðræðna og gerð kjarasamnings. Er það gert að danskri fyrirmynd, þar sem samið hefur verið um slíkt fyrirkomulag.

Lagaskilyrði fyrir heimild sáttasemjara til að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu eru gerð mun skýrari. Réttarstaða þeirra aðila sem sameiginleg miðlunartillaga getur náð til er bætt, sérstaklega miðað við gildandi lagaheimildir. Réttaráhrif sameiginlegrar miðlunartillögu eru óbreytt.

Ríkissáttasemjara eru fengnar heimildir til að ákveða póstatkvæðagreiðslu og utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Ávallt skal haft samráð við aðila vinnudeilu áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

Miðlunartillaga er felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða og jafnframt að minnsta kosti þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá er mótatkvæði. Er sú breyting gerð með vísan til heimilda ríkissáttasemjara til að ákveða póstatkvæðagreiðslu eða utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en ef þær heimildir verða nýttar mun þátttaka aukast. Skilyrðið um lágmarkshlutfall mótatkvæða á við óháð tilhögun atkvæðagreiðslu.

Eins og áður er komið fram falla úr gildi lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum ef þetta frv. nær fram að ganga. Í því sambandi vil ég sérstaklega taka fram að sú breyting hefur sem slík engin áhrif á stöðu og valdsvið ríkissáttasemjara eða starfsmanna hans.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til félmn. Frv. er nú í höndum löggjafarþingsins. Ég vænti þess að það verði að lögum fyrir þinglok. Mér er það ljóst að víða er um álitamál að ræða, t.d. hvað varðar þröskulda í atkvæðagreiðslum. Ég legg hins vegar þunga áherslu á að viðræður fari fram í tíma, kröfur liggi fyrir áður en samningar eru lausir, valdsvið sáttasemjara og skyldur hans séu rækilega skilgreindar og lýðræðislegur réttur félagsmanna til að hafa úrslitaáhrif á kaup og launagreiðslur sé virtur. Ég bið hv. alþingismenn og málsaðila alla að kynna sér frv. nákvæmlega og án fordóma og þá munu menn komast að því að hér er um sanngjarna og skynsamlega vinnulöggjöf að ræða sem á að verða launþegum og atvinnulífi og þar með þjóðinni allri til farsældar.

[12:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt í upphafi þessarar umræðu að það komi skýrt fram vegna orða í framsöguræðu hæstv. ráðherra um tilurð þess hóps sem þetta frv. byggir að verulegu leyti vinnu á að þann 4. okt. 1994, í tíð minni sem félmrh., kallaði ég þá tilgreindu aðila sem hér um ræðir að sama borði til þess að ræða samskiptareglur á vinnumarkaðinum, eins og segir í greinargerð með frv. Það var hins vegar algerlega skýrt af minni hálfu í viðræðum við alla þessa aðila að ekki undir nokkrum kringumstæðum væri um það að ræða að afrakstur þessa nefndarstarfs yrði með þeim hætti að tíndar yrðu út, eins og ráðherra orðaði það áðan, einstakar tillögur eða hugmyndir einstakra nefndarmanna eða hópa heldur væri um það að ræða að freista þess að reyna að ná samkomulagi og frekari sátt um þessar samskiptareglur og þarna væri skynsamlegur vettvangur til þess.

Ég get líka upplýst það að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar voru margir hverjir dálítið uggandi um að setjast að þessu borði og þess vegna undirstrika ég það enn rækilegar en ella hver var tilgangur þessa nefndarstarfs, nefnilega að ná víðtækri sátt og samvinnu um bættar samskiptareglur. Hér hefur því hæstv. félmrh., fulltrúi Framsfl. í félmrn. núna, algjörlega haft endaskipti á upphaflegum tilgangi þessa nefndarstarfs. Að fara fram með því offorsi sem hann gerir núna gegn vilja fjölmargra aðila í þessari sömu nefnd, fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, m.a. um innri mál verkalýðshreyfingarinnar og að taka þar upp hugmyndir og sjónarmið vinnuveitenda er fullkomlega óeðlilegt og stangast algjörlega á við upphafleg markmið nefndarstarfsins. Þetta er nauðsynlegt að komi skýrt fram, virðulegi forseti, vegna orða hæstv. ráðherra áðan og vegna framhalds þessarar umræðu.

[12:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt með öðru góðu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gerði í ráðherratíð sinni var að koma þessari nefnd á laggirnar og ég tel að hann ætti alveg blygðunarlaust að gangast við faðerninu að því. Nefndin hefur unnið ákaflega gott starf þó að því miður leiddi það ekki til endanlegrar niðurstöðu sem samþykkt væri samhljóða, enda var það kannski til of mikils ætlast. Hún er búin að sitja 48 fundi og ræða málin. Ég hef ekki farið fram með neinu offorsi og alls ekki verið að ganga neitt erinda annars aðilans fremur en hins. (**Gripið fram í:** Víst.) Það viðurkenni ég ekki. Það eru líka lagðar skyldur á vinnuveitendur um lýðræðislega afgreiðsluhætti ekkert síður heldur en á verkalýðsfélögin.

[12:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi fátæklegu orð hæstv. ráðherra breyta í engu því sem ég sagði áðan. Upphafleg markmið þessa samráðs voru að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði. Eru það með öðrum orðum viðhorf hæstv. ráðherra að framganga hans hér, þessar tillögur hans sem birtast okkur í frumvarpsformi með þeim hætti sem hér um ræðir, séu til þess fallnar að bæta þessar samskiptareglur á vinnumarkaði?

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að tilgangurinn var sá að koma á samráðsvettvangi þar sem frjálsir aðilar vinnumarkaðarins sætu yfir og færu yfir þá möguleika sem í stöðunni væru til bættra samskipta og að fulltrúi félmrn. væri eins konar verkstjóri þeirra viðræðna en ekki það að hann tíndi í umboði ráðherra út eitt og annað, hugmyndir og viðhorf, eins og hæstv. ráðherra orðaði það og flytti hér í frumvarpsformi gegn háværum mótmælum fjölmargra þeirra sem í nefndinni sátu. Því segi ég enn og aftur: Þetta er að hafa endaskipti á hlutunum, virðulegi forseti.

[12:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginmarkmið þessa frv. er að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði og það á ekki að koma neinum á óvart að frv. komi fram. Það var beinlínis ákvarðað í stjórnarsáttmála og ég tel að sú vinna sem unnin hefur verið í nefndinni um samskiptareglur á vinnumarkaði hafi nýst vel við samningu þessa frv. og það hefur verið reynt að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram frá báðum aðilum. (**SJS:** Að bæta samskiptin með illu sem sagt.)

[12:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í skipunarbréfi félmrh. 4. okt. 1994 þar sem settur var af stað starshópur sem skyldi fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði segir að starfshópurinn skuli taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni leiði hún í ljós nauðsyn breytinga á íslenskri löggjöf. Í þessu sambandi skal hópurinn setja fram tillögur um það efni. Það gerði hópurinn ekki. Þvert á móti kom fram hjá fulltrúum samtaka launafólks að um þau efni sem menn á annað borð

væru sammála skyldu menn semja. Menn skyldu ná samkomulagi um þau atriði. Menn skyldu semja um það. Menn skyldu ekki keyra í gegn löggjöf.

Ég mun koma nánar í efnislegri umræðu um frv. síðar að ýmsu sem hæstv. félmrh. vék að, en tvennt vil ég nefna: Áfangaskýrsla starfshópsins var sett til umræðu í verkalýðshreyfingunni í lok nóvember. Þær umræður fóru fram í nóvember og janúar. (Forseti hringir.) Þar var því hafnað að þetta yrði grundvöllur lagasetningar.

Í annan stað verður að taka það fram að í áfangaskýrslunni eru settir ákveðnir fyrirvarar og ég les upp úr henni, með leyfi forseta:

(**Forseti** (ÓE)**:** Tíminn er búinn.)

„Þar má nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara á vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag." (Forseti hringir.)

Þessir fyrirvarar eru grundvöllur þeirrar lagasetningar sem hæstv. félmrh. er að keyra í gegn.

[12:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Skýrslan kom fram í nóvember og hún leiddi glöggt í ljós að óhjákvæmilegt væri að lögfesta ákveðnar reglur. Það er gott og blessað að semja en samningarnir taka bara til þeirra sem eru aðilar að þeim, ekki til þeirra sem standa utan við samningana (Gripið fram í.) þannig að þeir geta leikið lausum hala. Því tel ég að eðlilegt sé að festa í lög þær vinnureglur sem nefndin hafði komið sér saman um.

Jafnframt vil ég taka það fram af því að ég er ekki alveg viss um að hv. 17. þm. Reykv. sé með það ljóst í huga að það er náttúrlega Alþingis en hvorki Vinnuveitendasambandsins, Vinnumálasambandsins né verkalýðsfélaganna eða BSRB að setja lög í landinu. Það er Alþingis að gera það.

[12:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil að fram komi að af hálfu samtaka launafólks hefur aldrei verið hafnað að vinna þetta mál til enda. Því hefur hins vegar verið hafnað að þetta mál yrði unnið til enda á forsendum Vinnuveitendasambandsins og það er það sem hefur verið gert. Eins og ég hef bent á hér er það lagafrv. sem nú er verið að reyna að keyra í gegn byggt á þeim fyrirvörum sem fulltrúar samtaka launafólks settu inn í þá áfangaskýrslu sem hæstv. félmrh. segir að sé í meginatriðum grundvöllur þessa lagafrv. Á þetta vil ég leggja áherslu.

[12:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er þetta með að vinna til enda. Það var búið að halda 48 fundi. Það finnst mér vera orðin töluverð seta og þessir fundir hafa margir hverjir verið mjög langir. Hugsanlega hefði verið hægt að halda þessari nefnd að störfum og halda 100 fundi. En við hefðum ekki verið neinu nær. (**ÖJ:** Er fundafjöldinn röksemd?) Ég tel að þetta frv. sé ekkert byggt á forsendum Vinnuveitendasambandsins. Ég veit að hv. þm. er kunnugt um kröfur Vinnuveitendasambandsins, a.m.k. margar hverjar. Þær eru allt aðrar heldur en birtast í þessu frv. Það er ekki gengið að þeim, það er gengið til móts við þær í mörgum greinum, en þær eru ekki uppfylltar eins og Vinnuveitendasambandið hefur sett það. (**GÁS:** Þeir eru hæstánægðir.) Þeir sætta sig við þessi vinnubrögð. (**ÖJ:** Þeir eru ánægðir með vinnubrögðin.)

[12:43]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram, sama hversu mikið hæstv. ráðherra þrætir fyrir það, að það var ekkert samkomulag í nefndinni um framgöngu þessara mála og allra síst um það að setja lög um efnið, herra forseti, eins og hér hefur verið ákveðið að gera. Þetta er grundvallaratriði varðandi þau mál sem við erum að tala um og það er beinlínis rangt að segja að frv. sé í samræmi við það sem rætt var í nefndinni. Það er beinlínis rangt.

Ég vil líka draga það fram hér að hæstv. ráðherra hefur oft talað um að frv. komi jafnt niður á atvinnurekendum og launafólki. Væntanlega er hann þá að vísa til atkvæðagreiðslureglna sem eiga að vera gagnkvæmar. Telur hæstv. ráðherra virkilega að það sé líku saman að jafna varðandi einstaka launamenn og atvinnurekendur? Af hverju í ósköpunum heldur hæstv. ráðherra þá að stéttarfélög hafi orðið til? Af hverju í ósköpunum heldur hæstv. ráðherra að stéttarfélög hafi þau réttindi og þær skyldur sem þau hafa í núgildandi lögum og fjölda alþjóðasamninga?

[12:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ekkert samkomulag væri. Það getur verið þreytandi að bíða eftir samkomulagi endalaust og það vil ég ekki gera. (Gripið fram í.) Hún er undarleg þessi hræðsla við lagasetningu. Það er eins og sumir hv. þm. eða a.m.k. þessi hv. þm. vilji hafa eitthvert villta vestur í samskiptum aðila á vinnumarkaði. Ég sé ekki betur en það fari vel á því að einhverjar reglur séu ákveðnar í lögum. Menn geta samið og samið, en lagarammi þarf að vera og lagarammi þarf að vera sanngjarn og taka tillit til sjónarmiða og þjóðarheillar.

[12:45]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta voru stórmerk orð sem hér voru sögð. Norrænt módel í vinnurétti um samskiptaaðila vinnuréttarins sem er virt um allan heim og er alls staðar litið til á vinnumarkaði heitir hjá hæstv. ríkisstjórn Íslands „villta vestrið". Þetta lýsir að mínu mati því fullkomna skilningsleysi sem ríkisstjórnin hefur sýnt gagnvart samskiptum aðila á vinnumarkaði og gagnvart því hvernig þau samskipti eigi að fara fram. Mér finnst hreinlega ámátlegt að horfa upp á Framsfl. og einkum og sér í lagi hæstv. félmrh. draga þennan vagn frjálshyggjunnar og vinna skítverkin fyrir Sjálfstfl. Ég held það sé kominn tími til að hann fari að hugsa sig um.

[12:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel mig ekki vera að draga neinn frjálshyggjuvagn. Ég tel mig vera að vinna skynsamlegt og nauðsynlegt starf fyrir þjóðfélagið, fyrir launþega og fyrir vinnuveitendur.

[12:46]

Ágúst Einarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef margar athugasemdir, bæði efnislegar og varðandi málsmeðferð og mun ræða þær síðar. Hins vegar gat hæstv. félmrh. um að eitt af markmiðum þessa máls væri að auka lýðræði varðandi samningsferilinn, m.a. um atkvæðagreiðslu o.fl. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Þjóðvaka, lagði fyrr í dag til að frv. yrði borið undir launþega og aðra sem málið varðar í almennri atkvæðagreiðslu áður en málið yrði afgreitt endanlega á

Alþingi, t.d. milli 2. og 3. umr. Niðurstaðan yrði þá höfð til hliðsjónar við endanlega afgreiðslu másins. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort honum finnist að slík málsmeðferð komi til greina. Þetta er vitaskuld mjög óvanaleg aðferð og hugmynd sem hér er lögð til en það ber að hafa í huga að málið er sérstaklega viðkvæmt. Spurningin er hvort þessi málsmeðferð gæti orðið að samkomulagi eða hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að knýja fram löggjöf í fullri andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

[12:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mikill vinur lýðræðisins og ég tel að við eigum að reyna að hafa það í heiðri. En sú hugmynd sem hv. 13. þm. Reykv. varpaði hér fram var mér nokkuð framandi, þ.e. ég hafði ekki heyrt hana áður eða hugleitt hana. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig sú atkvæðagreiðsla gæti farið fram, hvernig það yrði skilgreint hverjir það væru sem málið varðar. Ég tel að þetta mál varði þjóðina alla og þar með sé verið að stinga upp á því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um þessa breytingu á vinnulöggjöfinni. Ég er ekki tilbúinn að leggja það til. Ef Alþingi kemst að því eða meiri hluti Alþingis að rétt sé að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál þá mun ég ekki leggjast gegn því.

[12:49]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú hugmynd sem hér var borin fram af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er vissulega eitt afbrigði af þjóðaratkvæðagreiðslu. Það sem hér er gerð tillaga um er að af því að málið er það mikilvægt og varðar tugþúsundir manna hér í landinu þá fái það eðlilega lýðræðislega meðferð ekki hvað síst með tilliti til þess hvernig málið er komið fram hér á Alþingi. Ég tel athugandi að menn velti þessu mjög vel fyrir sér, hæstv. félmrh., að finna þessari málsmeðferð lýðræðislegra ferli heldur en hér hefur komið fram í upphafi þessarar umræðu og hvernig málið hefur borið fram á Alþingi. Það er nauðsynlegt að fundinn sé annar farvegur fyrir þetta mál en sá sem ríkisstjórnin hefur sett það í. Þá gæti þessi hugmynd að mínu mati vel komið til greina.

[12:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið flm. að tillögum um þjóðaratkvæðagreiðslu, a.m.k. einni á undanförnum árum sem því miður náði ekki fram að ganga. Ég legg áherslu á að málið fái vandaða meðferð hér í þinginu og það vil ég í einlægni biðja hv. alþingismenn um að veita, m.a. til þess að málsmeðferðin gæti verið vönduð. Og til þess að umsagnaraðilum, sem eðlilegt er að leita til gefist kostur á að vinna að umsögnum sínum, tel ég mjög nauðsynlegt að málið fari til nefndar og komist til umsagnar þannig að það hlé sem verður á þingstörfum um páskana, þ.e. frá því að fundi lýkur annað kvöld og fram til 10. apríl, nýtist til þess að vinna í málinu, bæði fyrir alþingismenn og jafnframt fyrir þá umsagnaraðila sem hv. félmn. kann að óska eftir umsögnum frá.

[12:51]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 416. mál, frv. SJS og KHG, þskj. 740.

[Fundarhlé. — 12:52]

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Innflutningur dýra, 367. mál, nál. landbn., þskj. 754.

Kosningar til Alþingis, 420. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 749.

Réttarstaða fólks við gildistöku EES-samningsins, 426. mál, fsp. MF, þskj. 756.

Réttarstaða fólks við gildistöku EES-samningsins, 427. mál, fsp. MF, þskj. 757.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 422. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 751.

Tekjuskattur og eignarskattur, 421. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 750.

Útlánatöp banka, sparisjóða og sjóða 1990–1995, 425. mál, fsp. ÖJ, þskj. 755.

Þjónustusamningar og hagræðing í ríkisrekstri, 423. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 752.

[15:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Enn og aftur hefur Alþingi fengið það hlutskipti að taka til umfjöllunar hreint ótrúleg vinnubrögð og einstaklega gerræðislega aðför ríkisstjórnarinnar að launafólki og samtökum þess. Enn og aftur er aðförin færð í þann búning að hún byggist á samráði aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Og enn og aftur verðum við vitni að því að ríkisstjórnin bregst fullkomlega því trausti sem henni hefur verið sýnt með því að leggja fram tillögur til breytinga á lögum, tillögur sem fela í sér lögþvingun í stað þess að velja leið samninga og samráðs.

Nú horfir svo við að sú sem hér stendur er ein af þeim sem tóku þátt í þessu svokallaða samráði við ríkisstjórnina og það er hreint með ólíkindum að verða vitni að þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð af hv. félmrn. í þessu viðkvæma máli. Samráðsviljinn sem vissulega var fyrir hendi í upphafi nefndarstarfsins af fullri einlægni þeirra fulltrúa samtaka vinnumarkaðarins sem tóku þátt í starfi nefndarinnar hefur verið eyðilagður með yfirgangi ráðuneytisins í málinu svo framgangan minnir helst á fíl í postulínsbúð.

Til þess að skýra nánar hvernig staðið hefur verið að málinu er nauðsynlegt að rifja upp forsögu málsins og nefndarstarfsins.

Þann 4. okt. 1994 skipaði þáv. félmrh., núv. hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, vinnuhóp um samskiptareglur á vinnumarkaði. Samtök launafólks voru beðin um að tilnefna fólk í hópinn og eðli málsins samkvæmt voru menn ekki á eitt sáttir um það hvort rétt væri að taka þátt í slíku samstarfi. Fólk óttaðist einmitt það sem nú hefur gerst að nefndarstarfið væri notað til að gefa ríkisstjórninni færi á að traðka á því grundvallarkerfi sem samningsaðilar á íslenskum vinnumarkaði hafa byggt allt sitt starf á sem byggist á sjálfstæði aðila vinnumarkaðarins til að semja um málefni launafólks og atvinnurekenda. Meðal annars er rétturinn til að semja sameiginlega undirstaða slíks starfs og íhlutun stjórnvalda í þau málefni er óæskileg eigi sá réttur að vera tryggður, en ég mun koma nánar að þessu síðar.

Þegar leitað var til samtaka launafólks um tilnefningar í vinnuhópinn var fallist á það með því skýra og klára skilyrði að nefndinni var ekki ætlað að fjalla um breytingar á vinnulöggjöfinni nema að því leyti sem samtök launafólks töldu æskilegt og innan þeirra marka sem íslenskur vinnuréttur og alþjóðlegir samningar setja okkur. Samtök launafólks settu sig þannig ekki í prinsippinu á móti öllum breytingum á

vinnulöggjöfinni, ef slíkar breytingar gætu orðið til bóta og teldust nauðsynlegar. En sá fyrirvari fylgdi reyndar alla tíð að samtök launafólks teldu lögin um stéttarfélög og vinnudeilur í meginatriðum hafa staðist tímans tönn og reynst ágætlega. Hins vegar væri e.t.v. ýmislegt í samskiptum aðila vinnumarkarins sem vert væri að skoða svo greiða mætti fyrir samningsgerð, enda kemur það fram í athugasemdum með frv. sem nú liggur fyrir að tilgangur breytinganna væri sá að auðvelda og einfalda gerð kjarasamninga og stuðla að friðsamlegum samningum er gætu dregið úr átökum á vinnumarkaði. Um þetta eru líklega flestir sammála sem hafa með málefni vinnumarkaðar að gera á einn eða annan hátt.

Framan af fór starfið í nefndinni ágætlega af stað og þar náðist upp þokkalegur umræðugrundvöllur um samskipti aðila vinnumarkaðarins, kosti og galla þess kerfis sem við búum við. Við ríkisstjórnarskiptin mátti greina aukinn vilja ráðuneytisins til að drífa málið áfram. Mikil keyrsla var sett á málið og fundahöld þétt. Þegar undirrituð hætti störfum hjá Alþýðusambandinu vék hún fljótlega sæti úr nefndinni, en á því stigi var nýhafin vinna að gerð áfangaskýrslu þeirrar sem birt er sem fskj. með frv. Þá lá það í mínum huga ljóst fyrir að aðeins örfáar línur á blaði höfðu verið samþykktar sem tillaga að breytingum á lagatexta og fól sá texti í sér breytingu á 5. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur og laut að umboði samninganefnda. Sá texti var að öllu leyti byggður upp á því grundvallarsjónarmiði að stéttarfélögin væru lögformlegir samningsaðilar um kaup og kjör launafólks og hann fól ekki í sér skertan rétt stéttarfélaganna á einn eða neinn hátt. Hann byggðist á því að umboð samninganefnda væri sótt til viðkomandi stéttarfélags og í raun er það svo í mínum huga að á meðan stéttarfélögin eru lögformlegir samningsaðilar, þá sé ekki hægt að lögbinda víðtækara umboð til samninganefnda en stéttarfélögin samþykkja.

Þessi texti hefur nú að hluta til verið tekinn upp í breytingar á 5. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, en hann hefur verið skrumskældur og við hann aukið á þann hátt að fátt er líkt með því sem upphaflega var farið af stað með. Þetta er aðeins lítið dæmi um það sem hæstv. ríkisstjórn kallar samráð, lítil dæmisaga um þá misbeitingu sem hún hefur sýnt á svo viðkvæmu réttarsviði sem vinnurétturinn er.

En nefndin hélt áfram störfum sínum, gaf út áfangaskýrsluna og ræddi málin. Þegar hæstv. félmrh. fannst nóg komið af fóðri voru sett fram drög að lagafrv. sem í engu voru lögð fram í sátt, eins og hér hefur komið fram, enda sagði hæstv. ráðherra í fréttum nýlega að það væri aldrei hægt að komast að samkomulagi með svona mál, einhvers staðar þyrfti að höggva á hnútinn. Það er einmitt þetta viðhorf sem einkennir allt starf ríkisstjórnarinnar í þeim málum sem við höfum verið að takast á um hér á liðnum vikum. Virðingarleysi fyrir samráðinu, virðingarleysi fyrir friðsamlegum lausnum og afraksturinn er fullkomin andstaða gervallrar verkalýðshreyfingarinnar í landinu sem þó gekk í upphafi af fullri einlægni til þess verks að skoða hvort ástæða væri til að lagfæra eitthvað í umhverfi aðila vinnumarkaðarins rétt eins og opinberir starfsmenn, kennarar og aðrir gengu til samráðs við ríkisstjórnina í fullkominni einlægni og vilja til að finna lausn á þeim málum sem betur mættu hugsanlega fara.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar kvað á um framfarasókn þjóðarinnar er nú að birtast landslýð í sinni skelfilegu mynd. Í forustu þessarar ríkisstjórnar er sá hinn sami hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, sem þakkaði launafólki og verkalýðshreyfingunni ítrekað í kosningabaráttunni fyrir gott samstarf og ábyrgðina sem sýnd hefði verið af þessum aðilum í nafni stöðugleika og þjóðarsáttar, lýsti yfir vilja sínum til að svo mætti verða áfram. En það var ekki langt liðið eftir kosningar þegar hið réttara andlit ríkisstjórnarinnar fór að koma í ljós. Það er ekki hægt að sjá á verkum hennar á síðustu mánuðum að henni sé það efst í huga að bæta launafólki upp það sem það lét af hendi í nafni stöðugleikans og þjóðarsáttarinnar. Þvert á móti á nú að ráðast að rótum þess sem launafólki er helgast, sjálfri tilvist verkalýðshreyfingarinnar. Boðskapurinn felst í því að auka áhrif einstaklinga í stéttarfélögum, að leysa þessa einstaklinga úr viðjum þeirra samtaka sem þeir hafa verið að byggja upp á áratuga löngu tímabili.

Það er reyndar alveg sama hversu oft hæstv. félmrh. klifar á því að það sé ekki verið að vega að verkalýðshreyfingunni með þeim tillögum sem hér liggja frammi. Hann getur klifað á því eins oft og hann vill. Aðförin að verkalýðshreyfingunni felst í því fyrst og fremst að ríkisstjórnin ætlar með lögþvingunum að koma á reglu um innri málefni stéttarfélaga. En það eitt að setja lög um innri málefni stéttarfélaga er brot á þeim grundvallarreglum sem við höfum byggt á um áratuga skeið og á þeim grundvallarreglum sem hinn norræni vinnuréttur byggir á.

Verkalýðshreyfingin á Norðurlöndunum byggir á nokkrum hornsteinum og sá mikilvægasti er að öðrum ólöstuðum rétturinn til að semja sameiginlega. Hann er verndaður sérstaklega í íslenskri löggjöf með því að stéttarfélögunum er falið að vera lögformlegir samningsaðilar um kaup og kjör. Alþjóðavinnumálastofnunin sem Ísland á aðild að hefur gert fjölda samþykkta um málefni vinnumarkaðar og hefur Ísland fullgilt nokkrar þeirra. Ein af grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fjallar um félagafrelsi og verndun þess og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að setja sér lög og reglur, að vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Opinber stjórnvöld skulu forðast alla íhlutun er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.“ Síðar segir, með leyfi forseta, í þessari samþykkt: „Landslögum má ekki vera á þann veg háttað að þau skerði ákvæði samþykktar þessarar né heldur má framkvæma þau á þann hátt.“

Þessi samþykkt byggir á því að mikilvægasti þáttur í starfsemi stéttarfélaga og mikilvægasti þátturinn til að tryggja að þau geti sinnt hlutverki sínu, því hlutverki sem við höfum ætlað þeim, er að þau séu óháð íhlutun stjórnvalda, óháð íhlutun opinberra aðila. Lagaboð er sú íhlutun sem varasömust er í þessum efnum og því er lögþvingunin ein og sér brot á þessari samþykkt og reyndar ýmsum fleiri reglum sem Ísland hefur skuldbundið sig til þess að framfylgja.

Rétturinn til að stofna stéttarfélög og ganga í þau er tryggður í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og tekið er fram að þessi réttindi skulu ekki háð öðrum takmörkunum en þeim sem nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings og í öðrum mjög afmörkuðum tilvikum.

Í félagsmálasáttmála Evrópuráðs er lögð megináhersla á rétt frjálsra samningaumleitana vegna aðila vinnumarkaðarins og að stuðla að samkomulagi aðila. Með samningi um efnahagsleg, félagsleg og borgaraleg réttindi er lögð áhersla á rétt stéttarfélaga til að starfa óhindrað og takmarkanir óheimilar á þeim rétti nema í brýnum undantekningartilvikum. Samkvæmt orðalagi allra þessara ákvæða eru réttindin bundin við einstök stéttarfélög. Ég gæti nefnt fleiri samþykkt-

ir eða samninga sem íslenska ríkið er skuldbundið af sem benda í sömu átt. Þá hefur sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem er skipuð 12 færustu sérfræðingum á sviði vinnuréttar að mati Alþjóðavinnumálastofnunarinnar alla vega, hefur komist að þeirri niðurstöðu að afskipti ríkisvaldsins af málefnum aðila vinnumarkaðarins sé brot á grundvallarreglum stofnunarinnar sem Ísland hefur staðfest og var þetta mál reyndar til sérstakrar umræðu á þingi stofnunarinnar árið 1994 þar sem rædd var skýrsla er sérfræðinganefndin gaf út um þessi mál.

Ég veit líka að formaður nefndarinnar sem fjallaði um samskiptareglur á vinnumarkaði sat það þing og var viðstaddur þær umræður sem þar fóru fram. En það er alveg greinilegt að hann hefur ekki haft taumhald á hæstv. ríkisstjórn í þessu máli, því að ég þykist vita að hann viti það jafn vel og ég að svona gerir maður ekki, svo höfð séu í frammi fleyg orð.

Það er grundvallaratriði að hafa þessar alþjóðlegu samþykktir í huga þegar fjallað er um breytingar á ákvæðum er snerta tilvistargrundvöll stéttarfélaga og umhverfið í samningum á vinnumarkaði. Með hliðsjón af þeim er það grundvallaratriði að samið sé um breytingar í frjálsum samningum félaga launafólks og atvinnurekenda og að samkomulag sé í höfn og sátt ríki áður en lög eru sett.

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að sú sátt er ekki til staðar um þetta lagafrv. ekki frekar en um frumvörpin sem snerta opinbera starfsmenn sem hafa verið til umræðu *hér á undanförnum vikum og hafa sett allt á annan endann* í þjóðfélaginu. Það er líka mikilvægt að hafa það í huga þegar við leitum fyrirmyndar til annarra landa, einkum til Norðurlandanna eins og verið er að gera hér, að þar hefur þessi grundvallarregla verið í heiðri höfð í flestum tilvikum, grundvallarreglan um það að samskipti aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda byggi á sátt og samningum. Við getum tekið sem dæmi danska kerfið sem verið er að vísa til í frv. Í Danmörku hefur allt annað samskiptamunstur viðgengist en hér. Síðan á þriðja áratugnum hafa samningar verið fastir í tíma, til allt að tveggja ára og renna út á ójöfnum árum þann 1. mars. Viðræðuáætlunin hefur verið byggð á samkomulagi á milli aðila, en engar formlegar reglur hafa verið til um það hvenær samningaferlið hefst. Menn hafa bara hist að hausti og gert samkomulag um vinnuferlið og þeir semja sjálfir um það hvaða frest þeir eiga að gefa sér til að klára málið. Tengingarreglan sem hér á að lögfesta hefur verið lengi við lýði þar. Reyndar hefur lengi framan af verið sátt um hana, en á síðustu árum hefur það ekki verið og þess vegna eru Danir einmitt núna að endurskoða þessa tengingarreglu. Þeir eru að endurskoða hvort það geti verið að hún stangist að einhverju leyti á við alþjóðlegar reglur sem danska ríkið er skuldbundið af og hvort hún á einhvern hátt geti talist brot á mannréttindum. Þetta var reyndar rætt á sínum tíma í nefndinni um samskiptareglur á vinnumarkaði. Á þetta var bent. Í nefndinni var dreift blaðaúrklippum úr dönskum blöðum þar sem einmitt kom fram að akkúrat þá dagana sem nefndin var að skoða þessa tillögu var mikill ágreiningur um þetta mál og á það var bent af fulltrúa samtaka launafólks að ekki væri æskilegt og a.m.k. mjög varhugavert að taka þessar reglur upp svo til óbreyttar hér því þær hefðu valdið miklum deilum í seinni tíð í Danmörku, og miklum ágreiningi. En það er greinilegt að á þessi rök hefur ekki verið fallist af hálfu ríkisstjórnarinnar og tengingarreglan er allt að einu lögð til í frv. án þess að tekið sé tillit til þessarar varúðar sem verkalýðshreyfingin hefur bent á og án þess að tekið sé tillit til fram kominnar gagnrýni á dönsku framkvæmdina.

Ríkisstjórninni er tíðrætt um aukin réttindi einstaklinga. Það er sá kafli úr stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar sem gjarnan er vitnað í og sem gjarnan réttlætir það að þetta frv. og þessar breytingar á vinnulöggjöfinni eru teknar fyrir á þinginu með offorsi og á þann hátt að þingmönnum gefst varla kostur á að kynna sér málið áður en því er dengt hér í umræðu. Það er vísað til þess að ríkisstjórnin hafi það á dagskrá í stefnuyfirlýsingunni að auka áhrif einstaklinga í stéttarfélögunum. En hvað er það í þessu frv. sem hér liggur fyrir sem eykur rétt einstaklinga í stéttarfélögunum? Hvernig er það gert? Jú, jú, þeir fá að ráða meiru en áður um það hvort stéttarfélögin fara í verkfall, sem sagt um það hvort beitt sé því vopni sem launafólk hefur til þess að fá framgengt kröfum sínum ef ekki semst. En hvað gerist ef ekki semst og málið fer inn á borð sáttasemjara og fer inn í tengingarregluna? Þá er ekki verið að auka réttindi einstaklinganna því þá er allt í einu lögð áhersla á aukna miðstýringu. Hvort eru menn að mæla með aukinni miðstýringu eða aukinni valdreifingu í þessu frv.? Það fer svona eftir því hvar er litið á hlutina og í hvaða samhengi.

Sem dæmi um virðingu ríkisstjórnarinnar fyrir samráðinu og gildi þess sem norrænn vinnuréttur byggir allt sitt á og það kerfi sem við höfum búið við lengi í sátt er hægt að benda á að í frv. eru ákvæði um vinnustaðarfélög sem getur falið í sér skerðingu á samningsbundnum félagssvæðum stéttarfélaganna sem fyrir eru, en ég man ekki betur en það hafi ekki einn einasti nefndarmanna mælt sérstaklega með þessari framsetningu í nefndinni. Það var bæði vegna þess að heimildin til þess að gera vinnustaðarsamninga er til staðar í íslenskum vinnurétti. Það er hægt að gera vinnustaðarsamninga og það er gert í mörgum tilvikum og ekki síður vegna þess að almennt litu menn ekki á þetta sem þýðingarmikinn þátt í því að greiða fyrir samningum og reyndar hef ég ekki enn þá heyrt rök fyrir því að þetta sé þýðingarmikið atriði til að ná því markmiði sem ríkisstjórnin segist vera að setja sér *með framlagningu þessa frv. að greiða fyrir samningum.*

Samráðið lýsir sér kannski best í því hvernig ríkisstjórnin hefur fengið verkalýðshreyfinguna öndverða á móti sér í öllu málinu, enda eru þess ekki dæmi í sögunni, eða frá því að verkalýðshreyfingunni var komið á þokkalegan kjöl hér á landi, að slík aðför hafi verið gerð að henni af hálfu ríkisstjórnar og þó hefur ýmislegt gerst á síðustu áratugum og ýmiss konar ríkisstjórnir setið við stjórnvölinn. Það hefur engin þeirra vogað sér að ganga svona á skítugum skónum yfir þann grundvöll sem hreyfingin byggir allt sitt á, réttinn til að sjá um innri málefni sín án íhlutunar stjórnvalda. Það er meginatriði málsins.

Alþýðusamband Íslands hefur samþykkt ályktun um frv. sem hér liggur frammi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ fordæmir að stjórnvöld skuli einhliða hafa lagt fram frv. til breytinga á vinnulöggjöfinni. Frv. er lagt fram á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins voru í samningaviðræðum um samskiptamál sín á milli. Í þeim viðræðum lágu hugmyndir og tillögur ASÍ að nauðsynlegum breytingum fyrir. Með kynningu á væntanlegu lagafrv. sleit félmrh. þeim viðræðum.

Áratugum saman hafa aðilar reynt að vinna að málefnum vinnulöggjafar í sátt og samlyndi. ASÍ hefur stöðugt haldið því fram að nauðsynlegt sé að víðtæk sátt ríki um breytingar á svo viðkvæmum lagabálki og vinnulöggjöfin er. Um þetta

mál ríkir engin sátt nú vegna þess að ríkisstjórnin hefur rofið grið í málinu. Með framlagningu frv. hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi um þróun vinnulöggjafarinnar. Ríkisstjórnin hefur tekið undir málflutning atvinnurekenda um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði í stað þess að hlusta á sjónarmið beggja aðila.

Fyrirliggjandi frv. er árás á verkalýðshreyfinguna. Flestar hugmyndir í frv. eru til þess fallnar að rýra sjálfstæði stéttarfélaga. Tillögurnar minnka völd einstaklinganna í verkalýðsfélögum, algjörlega þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að.

Ekkert í frv. er til þess fallið að auka á nokkurn hátt réttindi launafólks eða bæta réttarstöðu þess, fyrir þá hliðina er einungis um hertar reglur og skerðingar að ræða. Að sama skapi er ekkert í frv. sem hefur í för með sér þrengingar á heimildum atvinnurekenda þrátt fyrir að því sé haldið fram að breytingarnar eigi að gilda jafnt fyrir alla. Í frv. er heldur ekkert sem líklegt er til þess að liðka til eða flýta fyrir vinnu við gerð kjarasamninga."

Telur hæstv. ríkisstjórn svona vinnubrögð bera vott um að samráð hafi verið haft við samtök launafólks? Telur hún svona viðbrögð af hálfu verkalýðshreyfingarinnar bera vott um það að samráð hafi verið haft? Kannast einhver við ámóta yfirlýsingar frá samtökum opinberra starfsmanna vegna frumvarpa sem hér hafa verið rædd á undanförnum vikum? Erum við enn einu sinni vitni að því að allir misskilja ríkisstjórnina eða getur ekki verið að ríkisstjórnin misskilji alla sem hún er í samskiptum við þessa dagana? Ég tek undir það sem haft hefur verið eftir hæstv. forsrh. að svona gerir maður ekki.

Það er ekki verið að tala um það hér að verkalýðshreyfingin eigi ekki að aðlaga sig nútímanum og skipuleggja sig á jákvæðan hátt, enda hefur verið unnið að því á undanförnum árum innan hreyfingarinnar, m.a. með sameiningu félaga, en slík skipulagning verður að koma innan frá. Hún á ekki að koma frá stjórnvöldum sem opinber íhlutun með lagaboði og það er líka þannig að samtökin á almenna markaðnum hafa setið við samningaborðið að undanförnu þar sem meiningin var að semja um bætt samskipti aðila vinnumarkaðarins, að fara samningaleiðina, og eftir því sem skilja má af samþykkt miðstjórnar Alþýðusambandsins sem ég las upp úr áðan, þá voru samningar í góðu gengi á milli aðila, samningaviðræður. Þeir snerust um samskiptareglur en ekki löggjöf. Þeir snerust um samráð en ekki lögþvingun. Formenn landssambanda Alþýðusambandsins ályktuðu þann 7. mars sl. líka um samskiptareglur á vinnumarkaði og þar segir, með leyfi forseta:

„Það er grundvallarafstaða ASÍ að samskipti aðila vinnumarkaðarins eigi að fara sem mest eftir frjálsum samningum á milli aðila í stað þess að stjórnast af lögum. Í stað þess að herða meira að reglum um þessi samskipti með endurskoðun á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur og lögunum um sáttastörf í vinnudeilum telur ASÍ eðlilegra að samtökin geri með sér rammasamning um þessi samskipti."

Í þessari ályktun formanna landssambanda Alþýðusambandsins eru tiltekin nokkur efnisatriði um það hvernig þeir gætu hugsað sér að hafa slíkar viðræður og um hvað þær ættu að snúast. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. hafi séð þessa ályktun og kynnt sér hana. Þar eru að hluta til eru öll þessi atriði tekin upp sem koma fram í frv. Hvers vegna í ósköpunum mátti ekki bíða eftir því að samkomulag næðist um þessi mál? Af hverju þurfti að dengja málinu í gegnum þingið á síðustu dögum fyrir páskahlé eins og gert hefur verið í stað þess að bíða örlítið lengur, jafnvel þó að það mundi e.t.v. gera það að verkum að málið tefðist fram á haustið? Það mætti halda að hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að fara frá fljótlega, eða hæstv. ráðherra, og það liggi þess vegna á að klára þetta mál með lögþvingun.

Í staðinn er valin sú leið í miðjum viðræðum sem efnislega eru ekki að öllu leyti ólíkar því sem hæstv. félmrh. hefur nú geyst fram með, að það á að keyra í gegnum þingið löggjöf. Hvað gengur hæstv. ráðherranum til? Ef það er vilji hans og hæstv. ríkisstjórnar að fá bættar samskiptareglur á milli aðila vinnumarkaðarins, hví í ósköpunum mátti það ekki gerast í frjálsum samningum sem þó voru kannski fyrirsjánlegir? Er hæstv. ríkisstjórn á móti frjálsum samningum á milli aðila vinnumarkaðarins um málefni sín? Það mætti einna helst halda það miðað við hvernig framgangurinn hefur verið með þetta frv.

Það er reyndar vegna lögþvingunarinnar, herra forseti, sem stóru orðin eru viðhöfð hjá verkalýðshreyfingunni og líka hjá stjórnarandstöðunni. Ég heyrði hæstv. félmrh. fara mikinn í útvarpi í morgun þar sem hann varaði okkur stjórnarandstæðinga og verkalýðshreyfinguna við því að hafa í frammi stóryrði því að þá mundi enginn hlusta á okkur. Ég heyrði hann reyndar líka segja að stjórnarandstaðan væri með hávaða eingöngu til þess að pumpa lífi í verkalýðshreyfinguna, eða eitthvað í þá áttina. Mátti reyndar skilja á hæstv. ráðherra að það væri gert í þeim vafasama tilgangi að afla sér vinsælda og að ná sér í atkvæði. Þessi afstaða félmrh. lýsir því kannski betur en nokkuð annað hve mikill skilningsskortur ríkir í hæstv. ráðuneyti félagsmála fyrir málstað verkalýðshreyfingarinnar og fyrir þeim grundvallarverðmætum sem verkalýðshreyfingin byggir allt sitt starf á, starf, sem hún hefur verið að byggja upp í áratugi. Og það ætti hæstv. félmrh. að vita að það starf var ekki byggt upp í sátt og samlyndi, hvorki við atvinnurekendur né stjórnvöld. Það tók sinn tíma að byggja það upp og voru ekki allir sáttir um þá málsmeðferð.

Þótt hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa nýtt sér reynslu sögunnar í starfi sínu og aðför sinni að verkalýðshreyfingunni þá virðist sem þeir hafi einhvers staðar komist í sagnfræði og áttað sig á því að lögin frá 1938 sem nú er verið að breyta voru af einhverjum kölluð þrælalögin ógurlegu á sínum tíma. Þessu hafa hæstv. forsrh. og félmrh. klifað á máli sínu til stuðnings á undanförnum dögum. En það skyldi þó aldrei vera að hrakspárnar frá 1938 séu einmitt núna að koma í ljós. Að nú árið 1996 sé það fyrst að gerast sem menn óttuðust á fjórða áratugnum. Að ríkisstjórnin mundi ganga yfir verkalýðshreyfinguna á þann hátt sem nú er verið að gera. Það var aldrei ætlunin með vinnulöggjöfinni en menn greindu kannski ákveðna hættu í því á sínum tíma og það má vel vera að menn hafi einmitt óttast það sem nú er að gerast. Það má líka benda á að frá því að þrælalögin ógurlegu, eins og hæstv. félmrh. hefur kosið að kalla þau, voru sett á sínum tíma hefur ýmislegt gerst. Umhverfið á íslenskum vinnumarkaði og íslenskum vinnurétti hefur breyst verulega og sem betur fer hafa réttindi launafólks batnað á þeim tíma. En það hefur verið sátt um það að þessi grundvöllur, lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, væri að mestu leyti sá grundvöllur sem fólk vildi vinna eftir burt séð frá einstaka hnökrum á einstaka ákvæðum, að grundvöllurinn ætti að vera þessi og við honum er verið að hreyfa núna.

Það eru nokkur efnisatriði í frv. sem að mínu mati ganga hreinlega ekki upp út frá ýmsum sjónarmiðum, vinnuréttarlegum og pólitískum sjónarmiðum. Þar vil ég fyrst nefna uppsagnir notaðar í kjarabaráttu sem er ný 19. gr. í frv. Í frv. er lagt til að í lögin bætist ný 19. gr. þar sem lögfestur verði skilningur sem er þvert á viðurkennda réttarframkvæmd um aðgerðir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að ná sameiginlegu markmiði og fela í sér niðurlagningu starfa. Á slíkar aðgerðir á nú að líta sem verkföll. Að því leyti að ekki hafi verið sannað að fjöldauppsagnir hafi verið að undirlagi félaga hafa slíkar uppsagnir ekki verið taldar verkföll fram að þessu. En með niðurlagi greinarinnar virðast vera uppi áform um að breyta þessum skilningi. Ég tel að þetta standist ekki vegna þess að uppsögn sem er einstaklingsbundinn réttur verður ekki á nokkurn hátt líkt við vinnustöðvun jafnvel þótt það séu margir einstaklingar sem standi að uppsögnum á sama tíma. Það er ekki hægt að líkja þessu saman. Vinnustöðvun er félagslegt úrræði og byggir á allt öðrum sjónarmiðum en einstaklingsbundni rétturinn sem fólk á með uppsögnum. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé eitt af þeim atriðum sem á að auka rétt einstaklinganna í stéttarfélaginu. Er þetta eitt af þeim atriðum? Flóknar reglur sem gilda um verkföll, um boðun verkfalla, um ákvörðun verkfalla eru m.a. til umræðu í þessu frv. Það eru alþjóðasamningar sem ríkið er bundið af sem skapa þessu úrræði ákveðið regluumhverfi og það verður ekki gert í einni hendingu að setja inn setningu sem segir að um hópuppsagnir skuli gilda það sama og um vinnustöðvanir. Ég tel því þetta efnisatriði vera eitthvað sem standist hreinlega ekki.

Kröfurnar um þátttöku og afgreiðslu miðlunartillögu eru í reynd þannig að það er nánast útilokað að fella miðlunartillögu eftir því sem mér sýnist enda þótt ég viðurkenni að eins og þetta er sett upp í frv. sé ekki einfalt að átta sig á hvað þetta þýðir í reynd. En til að glöggva sig á reglunni er kannski best að taka dæmi. Þessar reglur mundu fela í sér ef að lögum yrðu að ef 1.000 eru atkvæðisbærir og 332 greiða atkvæði gegn tillögu en 331 með tillögunni er tillagan samþykkt. Með öðrum orðum ef 66,3% taka þátt og meiri hlutinn fellir tillöguna er hún eigi að síður samþykkt þar sem ákvæðið um lágmark nei-atkvæða er ekki uppfyllt. Annað dæmi getur verið að í 15.000 manna félagi þar sem 4.999 segja nei en 1.000 segja já er tillaga samþykkt í atkvæðagreiðslu þar sem 40% greiða atkvæði og 83% þeirra sem atkvæði greiða segja nei. Ég fæ ekki betur séð en að þarna sé í raun og veru verið að gera það nánast ómögulegt að fella miðlunartillögu. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í Danmörku, þar sem er einmitt verið að taka til endurskoðunar þær reglur sem þar hafa verið og ég kom inn á áðan fyrr í ræðu minni, fara nú fram miklar umræður um atkvæðagreiðslur í tengslum við tengingarregluna og miðlunartillögur. Þar eru menn komnir á þá skoðun að reglur af þessu tagi séu ólýðræðislegar og þeim þurfi að breyta í einhverja veru. Svo má eflaust ræða lengi hvernig þær eigi nákvæmlega að vera en þær hafa hlotið mikla gagnrýni í Danmörku á síðari árum.

Rétt er að gera athugasemdir við fleiri efnisatriði. Í greinargerð með frv. á bls. 13., um skyldur og ábyrgð samningsaðila, koma hugmyndir frumvarpshöfunda glögglega fram. Þar er fjallað sérstaklega um sakarábyrgð stéttarfélaga vegna athafnaleysis af sinni hálfu í tengslum við samningsrof félagsmanna. Þar er sagt að í frv. séu tekin af tvímæli um að samningsaðilum sé skylt að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði samninga sem gerðir hafi verið við gagnaðilann. Þetta er svo sem gott og gilt. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar að menn hafi almennt talið þetta skyldu sína en það horfir kannski svolítið öðruvísi við að setja svona ákvæði inn í lög. Sé verið að gera kröfu um að þessu sé fylgt eftir til hins ýtrasta er ljóst að forsvarsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur munu þurfa í ríkara mæli en áður að tryggja að verslunum á höfuðborgarsvæðinu sé lokað á réttum tíma. En nú fá þeir væntanlega liðveislu framkvæmdastjórnar VSÍ sem verður að tryggja að Hagkaup, 10–11 11–11 og hvað verslanirnar heita verða að virða samningana við gagnaðilann. Það verður spennandi að sjá þá Magnús L. Sveinsson og Þórarinn V. Þórarinsson saman í því að loka verslunum Hagkaupa þegar kemur að lokunartíma miðað við það hver vinnutíminn á að vera samkvæmt samningum.

Að lokum um vinnustöðvanir. Í frv. er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á núgildandi 15. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeildur en sú grein fjallar um hvernig staðið skuli að ákvörðunum um að hefja vinnustöðvun. Ákvörðun skal samkvæmt frv. taka af meiri hluta atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem minnst fimmtungur félagsmanna taka þátt. Þarna er reyndar um að ræða enn eitt afbrigðið af atkvæðagreiðslum í frv. en þau eru að því er mér sýnist vera sex talsins. Það er reyndar svo að félagastarfsemi hefur almennt átt mikið undir högg að sækja á síðustu árum. Það eru hlutir sem þeir þekkja mjög vel sem hafa tekið þátt í alls kyns félagastarfsemi, hvort sem um er að ræða stjórnmálafélög, Kiwanisklúbba eða verkalýðsfélög. Svo hertar kröfur um þátttöku í afgreiðslum verkalýðsfélaga eru því í andstöðu við þá þjóðfélagslegu þróun sem hefur verið að eiga sér stað. Það er verið að gera félögunum erfiðara fyrir við að boða verkföll með þessum móti og það er nánast gengið út frá því að félögin hafi notað sér verkfallsvopnið til að misbeita því. Það er kannski það sem mér líkar síst við tillöguna þó að í sjálfu sér sé eðlilegt að setja einhverjar skorður við þessum hlutum. En ég tel mjög mikilvægt að það sé gert í sátt til að það stangist ekki á við það sem ég hef margoft klifað á í ræðu minni að ákvarðanir um innri málefni sín taki stéttarfélögin sjálf. Ég tel að ef hæstv. félmrh. hefði sýnt örlitla biðlund hefði hann getað náð ýmsu fram í þessum efnum sem og öðrum og í sátt og í samlyndi við þá sem eiga að vinna eftir þessum reglum sem verið er að setja.

Það má líka velta öðru fyrir sér sem ég hef verið að leita að í þessu frv. Ég hef verið að leita að því hvar er tekið á þeirri miklu miðstýringu og því mikla miðstýringarvaldi sem er við lýði í samtökum atvinnurekenda þar sem einn og sami maðurinn kemur fram fyrir atvinnurekendur. Hann kemur fram gagnvart sérhópunum, stéttarfélögunum og landssamböndunum þegar þau vilja fá umræður um sérkröfur sínar. Þá kemur Þórarinn V. Þórarinsson og segir nei og málið endar inn á heildarborði þar sem hann kemur væntanlega líka og segir nei eftir að þessar tillögur eru komnar fram og málið endar inni hjá sáttasemjara. Það er grundvallaratriði til þess að tengingarreglan geti virkað eins og hún hefur virkað lengi framan af í Danmörku að sköpuð séu skilyrði til að hægt sé að hafa eiginlegar sérkjaraviðræður. Það er ekki hægt að dengja öllu launafólki saman í einn pott og segja: Nú skulið þið semja og við skulum semja svona. Eins og framkvæmdin hefur verið hér hefur ekki verið pláss fyrir sérkjaraviðræðurnar og það hefur einfaldlega komið til vegna miðstýringar atvinnurekendasamtakanna. Þau hafa ekki þurft að taka til athugunar af nokkurri alvöru t.d. kröfur Verkamannasambandsins um aukin réttindi fiskvinnslufólks

sem rafiðnaðarmenn sjá sér kannski ekki neinn sérstakan hag í að vinna að. Þess vegna er þessi skipting við lýði sem við búum við í dag. Það verður að tryggja að minni hóparnir fái á einhvern hátt komið sínum sérkröfum að. Ég sé ekki í frv. hvernig það hefur verið gert. Það má vel vera að mér hafi yfirsést það en ég hef verið að leita og ég hef ekki séð að það sé á nokkurn hátt tryggt að eiginlegar sérkjaraviðræður eigi sér stað eða að á einhvern hátt sé miðað að því að dreifa valdi innan samtaka atvinnurekenda. Það er þetta sem verkalýðshreyfingin hefur gert athugasemdir við og hefur m.a. litið á að sé um einhliða óskir atvinnurekenda að ræða í þessu frv.

Herra forseti. Grundvallaratriði málsins er lögþvingunin sem hér á að framkvæma í fullkominni andstöðu við samtök launafólks. Það gengur einfaldlega ekki upp að jafnstór atvinnurekandi og ríkið hafi afskipti af innri málefnum stéttarfélaga með lagaboði á þann hátt sem hér er stefnt að að gera og það er reyndar með ólíkindum að sjá klaufalegar aðfarir hæstv. ríkisstjórnar. Það er vart til það stéttarfélag í landinu í dag sem hefur ekki ályktað gegn áformum hennar eða þegar unnum afrekum á sviði vinnuréttarins. Enn koma hæstv. ráðherrar aftur og aftur fram og segja að þetta sé gott fyrir launafólk og gott fyrir verkalýðshreyfinguna. Það er ekki nema von að maður spyrji sig stundum að því í hvaða heimi þessi ríkisstjórn hrærist. Það hefur verið talað um veruleikafirringu af minna tilefni.

[15:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það gerist nú skammt stórra högga í milli hjá ríkisstjórninni og ég fæ ekki betur séð en að hún sé að lenda í svipaðri aðstöðu og fyrrv. ríkisstjórn sem eftir nokkurra mánaða setu á ríkisstjórnarstólum hafði komið öllu samfélaginu upp á móti sér. Fer nú að verða hægt að segja um þessa ríkisstjórn eins og Jón Grindvíkingur sagði um Arnas Arnæus: „Minn herra á öngvan vin." Það kann þó að vera að ríkisstjórnin eigi enn þá vini í Garðastrætinu. Í það minnsta er ekki hægt að draga aðrar ályktanir af fréttum í blöðum þessa dagana en að vinnuveitendur séu harla ánægðir með frammistöðu hæstv. félmrh. en Alþýðusambandið og önnur stéttasamtök í landinu eru að rísa upp til varnar.

Hér erum við að ræða um enn eitt málið sem þessi ríkisstjórn hefur komið af stað en þau snúast öll um það að gjörbreyta aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði. Það er ekki annað hægt en að horfa á þessi mál í samhengi og reyna að átta sig á því hvað er verið að gera hér. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þau vinnubrögð sem okkur þingmönnum er boðið upp á. Ég veifaði í morgun þessum bunka sem er þetta frv. upp á 50 síður. Það er algjörlega óviðunandi að leggja svona stórt mál fyrir með þessum hætti og ætlast til þess að hér fari fram málefnaleg og alvarleg umræða þegar gengið er svona fram. Þetta er algjörlega óviðunandi. En frammi fyrir þessu stöndum við og við verðum að reyna hvað við getum til að fara ofan í þetta mál. En ég mótmæli vinnubrögðum af þessu tagi.

Þegar við skoðum þetta mál þá vakna spurningar um vinnubrögð sem tíðkast í samskiptum á vinnumarkaði hér á landi á milli þeirra sem venjulega eru kallaðir aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambandsins annars vegar og Vinnuveitendasambandsins hins vegar og svo er ríkisvaldið með alla sína viðsemjendur. Og það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að það er afar sérkennilegt og óvenjulegt að ríkisvaldið skuli grípa inn í samskipti á vinnumarkaði eins og hér er verið að gera. Þetta er afar óvenjulegt. Það minnir á að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur tekið Ísland sérstaklega fyrir og bent á að afskipti ríkisvaldsins af kjaramálum hér á landi eru ekki í samræmi við samþykktir sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert og það hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir við þessi afskipti. Ég hygg að sá óróleiki sem óneitanlega hefur verið að finna hér á vinnumarkaði um áratuga skeið eigi að miklu leyti rætur að rekja til þess hvernig ríkisvaldið hefur hagað sér. Við höfum horft upp á það áratugum saman að hvað eftir annað hefur verið gripið inn í samninga með lögum, bráðabirgðalögum eða efnahagsaðgerðum af ýmsu tagi þar sem hrifsað er með annarri hendinni það sem degi áður var gefið með hinni. Og ef einhver ber þunga sök að mínum dómi á því ástandi sem við horfum upp á á íslenskum vinnumarkaði þá er það ríkisvaldið. En það er heldur ekki hægt að horfa fram hjá því að samtök íslenskra vinnuveitenda bera líka þunga ábyrgð. Þá vísa ég til þess að það er engu lagi líkt hvernig Vinnuveitendasambandið liggur á öllum umbótum sem til gagns mega verða á íslenskum vinnumarkaði. Þá er ég m.a. að hugsa um tilskipanir Evrópusambandsins um vinnutíma, um uppsagnarskilyrði og fleira slíkt svo og um samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þessu öllu liggur VSÍ. Það liggja m.a. fyrir Alþingi tillögur um að við staðfestum samþykktir en þar er VSÍ mjög fast fyrir. Þeir vilja innleiða hér allt sem lýtur að frjálsri samkeppni og menn tíunda það daga og nætur hvað samkeppnin sé nú góð og að nauðsynlegt sé að búa vel að markaðskerfinu. En þegar kemur að hinni hliðinni, launanum og aðstæðum vinnandi fólks, þá má ekkert gera. Þetta undarlega hugarfar ríkir bæði hjá ríkisvaldinu og er þá nokkuð sama hvaða ríkisstjórn á í hlut og hjá Vinnuveitendasambandinu. Í þessu hugarfari er að leita ástæðnanna fyrir því sérkennilega ástandi sem hér er og hefur m.a. birst í því að verkföll og vinnutap hefur verið hér meira en annars staðar þekkist innan OECD. Framkvæmdastjóri ASÍ benti okkur á það á fundi fyrr í dag að í rauninni væri þetta ekki sambærilegt vegna þess að hér verður hvert einasta verkalýðsfélag að boða verkfall og þess vegna verður tíðni verkfalla miklu hærri hér en erlendis. En þegar litið er á vinnudagatap þá er talan hér miklu hærri en við sjáum annars staðar og ég vil ekki síst rekja það til ríkisins því síðasta stóra verkfall, allsherjarverkfall sem hér var háð, var árið 1987 en síðan þá hafa allar stærri vinnudeilur átt sér stað hjá ríkinu. Ef undan er skilið sjómannaverkfallið síðasta þá hafa allar stærri og lengri vinnudeilur átt sér stað hjá ríkinu. Þetta vekur upp miklar og alvarlegar spurningar um þetta hugarfar og hvaðan það er ættað. Það er einfaldlega ættað frá nítjándu öldinni. Menn eru fastir í furðulegu hugarfari sem maður finnur ekki einu sinni hjá allra hörðustu frjálshyggjumönnum í Bandaríkjunum vegna þess að þar er einfaldlega allt önnur umræða í gangi um nauðsyn þess að búa fólki góðar vinnuaðstæður. Þar er ákveðin nýsköpun og ný hugsun að ryðja sér til rúms.

Sú hugsun sem liggur að baki þessa frv. og sú stefna sem þar er verið að boða er það sem á erlendum málum er kallað „corporatismi" eða stóru samflotin, það að reyna að steypa öllu í sama farveginn. Það er rætt um launastefnu, það á að móta launastefnu eins og kemur fram í greinargerð eða athugasemdum með frv., en samningsfrelsið, réttur einstakra félaga, eða einstakra stétta til að semja um kaup og kjör er takmarkaður. Þetta er einfaldlega sú stefna sem hér er. Að mínum dómi er þarna verið að reyna að festa niður

það launakerfi sem við búum nú við og það er algjörlega óásættanlegt. Bæði horfum við upp á það að launamunur er mikill þegar horft er á launakerfið í heild. Launamunur kynjanna er algjörlega óviðunandi og lægstu laun eru allt of lág þannig að hér þarf uppstokkun að eiga sér stað. Það þarf að eiga sér stað uppstokkun á launakerfinu og samskiptum á vinnumarkaði en með þeirri lögbindingu og því valdi ríkissáttasemjara sem hér er verið að boða gerist auðvitað ekkert slíkt. Samkvæmt öllu því sem ég hef lesið og kynnt mér um vinnumarkaðsmál að undanförnu þá gengur þessi stefna í frv. — það er náttúrlega ekki nóg með að hún gangi gegn samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu og vinnumálasáttmála Evrópu o.s.frv., heldur gengur hún þvert á það sem menn eru að þróa í Evrópu. Þar er verið að hverfa frá þessu samfloti enda eru aðstæður einfaldlega orðnar allt aðrar en þær voru þegar það var upp á sitt besta á níunda áratugnum út í Skandinavíu og Evrópu þegar efnahagslífið var í blóma. Þetta gekk afskaplega vel í Svíþjóð þegar allt var þar í blóma og verkalýðshreyfingin var sterk. En nú eru mjög breyttar aðstæður og menn tala mikið um nauðsyn á sveigjanleika á vinnumarkaði og sveigjanleika í launakerfinu. Það er miklu meiri hreyfing á vinnuaflinu o.s.frv. o.s.frv. Allt þetta þarf að skoða. Mín skoðun er sú að hér sé verið að festa í sessi kerfi sem byggist á úreltum hugmyndum og felur það í sér að sú nauðsynlega uppstokkun sem þarf að eiga sér stað kemst ekki á.

Hæstv. félmrh. vitnar til þess að verið sé að sækja fyrirmyndir til Danmerkur. Það kemur fram í greinargerð og í gögnum sem ég hef undir höndum að þær vinnureglur sem menn búa við í Danmörku hafa þróast á mjög löngum tíma. Þær hafa þróast í samskiptum danskrar verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda og það get ég sagt af reynslu minni af því að búa í Danmörku og reyndar hef ég búið í Svíþjóð líka, að afstaða gagnvart verkalýðshreyfingunni er einfaldlega allt önnur. Menn hefðu aldrei nokkurn tímann komist upp með þær aðgerðir út í Skandinavíu sem stjórnvöld hafa gripið til hér á undanförnum áratugum, aldrei nokkurn tímann. Bæði vegna þess að styrkur verkalýðshreyfingarinnar er þar meiri, vegna þess að flokkur verkalýðshreyfingarinnar hefur verið þar við völd og einfaldlega vegna þess að menn hafa komið sér saman um vinnureglur. Hér hefur hins vegar allt verið í hers höndum svo áratugum skiptir. Þessar fyrirmyndir og samanburður við Danmörku á því einfaldlega ekki við rök að styðjast.

Það væri ástæða til að fara rækilega ofan í þróun vinnumarkaðsmála hér á undanförnum áratugum. Ég ætla að sleppa því í bili en vil geta þess að maður hefði haldið að menn væru nokkuð sammála um að verkalýðshreyfingin gegndi ákveðnu og mikilvægu hlutverki í samfélaginu, ekki einungis því að gæta réttinda vinnandi fólks og að semja um kaup og kjör heldur er hún einn af þeim aðilum sem koma að mjög mörgum málum í samfélaginu. Stundum má gagnrýna að hún og Vinnuveitendasambandið eru kölluð til heldur oft, en verkalýðshreyfingin er þó umbjóðandi mjög margra í okkar samfélagi og hefur að baki sér mjög breiðan hóp þannig að hún á að endurspegla ákveðnar hugmyndir þótt reyndar megi oft efast um að hún geri það. En það er viðurkennt í ýmsum alþjóðasáttmálum sem menn hafa verið að koma sér saman um og í sáttmálum Evrópuríkjanna að verkalýðshreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki og staða verkalýðsfélaga er tryggð í stjórnarskránni. Það er gengið út frá því í stjórnarskránni að verkalýðshreyfingunni beri hlutverk í samfélaginu. Og jafnframt ef menn rifja upp þær umræður sem fóru fram þegar verið var að breyta stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á síðasta ári þá var einmitt vísað til þessa mikilvæga hlutverks. Það sama má segja um Vinnuveitendasambandið að það gegnir líka ákveðnu hlutverki. En það verður ekki annað ráðið af þeim hugmyndum sem menn hafa verið að reifa og leggja fram hér á Alþingi undanfarna daga og vikur en að verið sé að breyta þessu hlutverki. Það er verið að reyna að draga úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar. Það er verið að draga úr möguleikum fólks til að hafa áhrif á umhverfi sitt, kaup og kjör, í hverjum lagabálkinum á fætur öðrum. Þarna er ákveðin hugmyndfræði að baki. Þó hæstv. félmrh. sé alltaf að vísa til Danmerkur þá er það að hluta til Nýja-Sjálandshugmyndafræðin sem býr hér að baki, þ.e. einhverjar hugmyndir um að verkalýðshreyfingin hafi of sterk ítök. Það eru slíkar hugmyndir sem hér búa að baki. Það er ekki einleikið og að sjálfsögðu ætti það að vera mjög umhugsunarvert fyrir hæstv. félmrh. að verkalýðshreyfingin skuli öll mótmæla en Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaga lýsa yfir ánægju sinni. Það er ekki allt með felldu þegar þannig er í pottinn búið.

Ég get tekið undir það sem fram kom í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að á meðan verið er að breyta því hvernig verkalýðsfélögin koma að vinnudeilum þá er ekki hreyft við Vinnuveitendasambandinu. Það er einfaldlega ekki hreyft við því. Þar er ríkjandi alveg ótrúleg miðstýring sem m.a. felst í því að einstökum vinnuveitendum er harðbannað að semja um betri kjör við sitt fólk. Ég man eftir slíkum dæmum þar sem Vinnuveitendasambandið hefur gripið inn í og hreinlega skipað mönnum að rifta samningum og breyta þeim þegar búið var að semja um eitthvað betra. Þetta er algjörlega óviðunandi og er eitt af því sem hefur leitt til þess tvöfalda launakerfis sem við búum við. Ég vil í því sambandi vísa í grein sem kom í Vísbendingu í maí 1995 þar sem verið er að lýsa þessu launakerfi sem hér er og m.a. birt annars vegar launavísitala eins og hún var reiknuð og hins vegar hvernig greitt tímakaup er í raun og veru. Það sem gerðist með þeirri uppsveiflu sem varð 1987 var það að alls konar yfirborganir ruku upp úr öllu valdi vegna þess að menn eru alltaf að semja um lágmarkstaxta. Og þessi miðstýring og ófrelsi sem Vinnuveitendasambandið stendur fyrir leiðir til þess að einstök fyrirtæki, einstakir geirar atvinnulífsins geta hreinlega ekki samið um betri kjör. Þeir geta það ekki vegna þessarar hörðu miðstýringar. Þetta er kerfi sem kann ekki góðri lukku að stýra.

Ég ætla þá aðeins að víkja að lögunum frá 1938 og þeirri umræðu sem þá átti sér stað, því það er alveg ótrúlega skemmtilegt að lesa þá umræðu. Ég er nú reyndar ekki nærri því búin að því, en það er ótrúlegt hvað viðhorfin voru þá lík og nú enda eru réttindi vinnandi fólks og þeirra sem lægst hafa launin afar viðkvæmt atriði. Ég get ekki stillt mig um að vitna í eina af mörgum ræðum Héðins Valdimarssonar og bið ég hæstv. félmrh. að hlusta vel. Hann sagði á sínum tíma — því miður er ekki dagsetning hér en þetta er 1938. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það er mikil áherzla lögð á það af þeirri n., sem unnið hefir að þessu frv., sérstaklega framsóknarmönnum, og eins hv. þm. Snæf., hvernig þessum málum er hagað í okkar nágrannalöndum, og sjálfsagt er það líka rétt að hafa hliðsjón af því, hvernig þeim málum er skipað þar. En mönnum hættir mjög við að vilja apa allt eftir okkar nágrannaþjóðum, án

þess að skilja þann mun, sem er á öllum landshögum hér frá því, sem er í öðrum löndum, sérstaklega á Norðurlöndum, sérstaklega ef maður tekur vinnuskilyrðin þar og á hinum Norðurlöndunum, því að þar er kominn upp mikill iðnaður, svo að vinnulöggjöfin þar snertir mikið iðnaðarfólk og verksmiðjufólk."

Þetta er kjarni málsins, hæstv. forseti. Það eru ekki alltaf sambærilegar ástæður og það sem byggir á langri reynslu í samskiptum vinnuveitenda og vinnandi fólks í Danmörku, hvort sem það var 1938 eða núna, er ekki sambærilegt. Þetta er ekki sambærilegt þó að margt gott megi læra af því sem menn hafa verið að gera þar.

Ég ætla líka að leyfa mér að vitna í ræðu Einars Olgeirssonar sem var kannski meðal allra hörðustu andstæðinga frv. á sínum tíma. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá ætla ég að fara inn á einstaka kafla frv. Fyrsti kaflinn á að vera til hagnaðar fyrir verkalýðinn, og það er sá kafli sem hv. þm. Ísaf. leggur sérstaklega mikið upp úr." Ég ætla að skjóta því hér inn í að það sama gerðist í þessari umræðu 1938 og við urðum vitni að hér á þriðjudagskvöldið, að þingmenn Alþfl. voru ekki alveg sammála en það gerðist nú með þingmenn Alþb. í þeirri umræðu. Svo segir hér áfram: „Hann er líka það agn, sem alþýðusambandsstjórnin ætlar að fá menn til að ganga inn á þetta frv. með, og er honum sérstaklega veifað framan í verkalýðinn í sambandi við væntanlega samþykkt þessa frv. Í þessum kafla eru engin réttindi, sem verkalýðurinn hefir ekki þegar gert að veruleika, þar sem hann er nógu sterkur. Það er langt frá því, að þarna séu öll þau réttindi, sem hann hefir gert að veruleika, þar sem hann er nógu sterkur. Það er hinsvegar vitanlegt, að þau ákvæði í þessum kafla, sem veita verkamönnum réttindi, verða hrein og bein pappírsákvæði, þar sem verkalýðurinn er ekki nógu sterkur til að framkvæma þau."

Hér kemur að því sem skiptir höfuðmáli. Það er það hvort verkalýðshreyfingin hefur þann styrk að geta staðið vörð um réttindi sín eða hvort ríkisvaldið í þessu tilviki ætlar að beita valdi sínu og þvinga í gegn breytingar þvert á vilja þeirra sem eiga að búa við viðkomandi lög.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum þessa máls. Þar kem ég fyrst að því sem mér þykir vera eitt af stórmálum þessa frv. en hefur ekki verið mikið fjallað um. Það er það sem þegar kemur fram í 1. gr. um heimild fólks á vinnustöðum til að stofna vinnustaðarfélög. Þetta kerfi er við lýði í ýmsum löndum en þá er það líka það kerfi sem gildir. Mér vitanlega er ekki mikið um að það sé blandað kerfi. Hugsum okkur hvað þetta þýðir. Ég ætla að taka dæmi. Það er svo greinilegt að það er m.a. verið að hugsa um álverið þegar þetta er skoðað. Það er eitt af þessum fyrirtækjum. Hvað þýðir það fyrir verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði ef starfsmenn álversins stofna vinnustaðarfélag ásamt öllum hinum? Hvað verður þá um verkamannafélagið Hlíf? Ef starfsmenn Eimskips sem nú eru í verkamannafélaginu Dagsbrún ákveða að stofna vinnustaðarfélag og jafnframt hjá öðrum fyrirtækjum. Hæstv. félmrh. upplýsti mig um það fyrr í dag að það ku vera 60 fyrirtæki og 33 ríkisstofnanir sem falla undir þessa viðmiðun sem hér er, þ.e. hafi 250 manns eða fleiri í vinnu. Hvað verður um stóru verkalýðsfélögin ef þetta gerist, ef menn sjá sér hag í því að mynda frekar vinnustaðarfélög? Að mínum dómi verður vald þeirra, áhrif og möguleikar til að standa vörð um hag sinna félagsmanna einfaldlega úr sögunni. Menn verða að gera sér grein fyrir því fyrir utan það líka hvaða áhrif þetta hefur á félagssvæði verkalýðsfélaganna. Þetta boðar einfaldlega gjörbreytingu á því kerfi sem við búum við og menn verða þá að átta sig á því. Er það það sem við viljum? Er það það sem verkalýðshreyfingin vill? Er hún tilbúin til þess að breyta sínu skipulagi í þessa veru? Það er hennar að ákveða það. Það er verkalýðshreyfingin sem á sjálf að ákveða það við hvaða félagskerfi hún býr, ekki Framsfl. eða meiri hlutinn hér á Alþingi. Það er algert grundvallaratriði sem þarna er á ferð.

Í 2. gr. er kveðið á um aukið vald samninganefnda. Þarna er samflotshugsunin á ferð og þarna er líka komið að atriði númer tvö í þessu máli öllu sem eru þessar atkvæðagreiðslur og skilyrði til að hægt sé að boða vinnustöðvanir eða fella sáttatillögur sem kemur hérna seinna. Það þarf náttúrlega að uppfylla eins og við er að búast býsna mikil og hörð skilyrði til að hægt sé að boða verkfall en það þarf nú ekki mikið til þess að aflýsa því. Það eru ekki sömu kröfurnar. Þá fá ekki félagarnir að koma til og hafa sín áhrif. Þarna er ekkert samræmi og jafnframt eru kerfi eins og póstatkvæðagreiðsla eða það að það þurfi ákveðinn fjölda til að hægt sé að samþykkja verkfall ákaflega þung í vöfum. Það þekki ég sjálf frá samtökum opinberra starfsmanna þar sem ég hef sjálf farið tvisvar í verkfall. Þetta er þungt í vöfum og það er svo greinilegt hver hugsunin er á bak við þetta. Hún er einfaldlega sú að gera stéttarfélögum sem allra erfiðast fyrir að fara í verkfall.

Þetta þýðir m.a. það, hæstv. félmrh., að skyndiaðgerðir af því tagi að fara t.d. í eins dags vinnustöðvun eða vinnustöðvun vegna einhverrar ríkrar ástæðu, t.d. vegna aðgerða ríkisvaldsins eða einhvers sem gerist í þjóðfélaginu, eru nánast ómögulegar því það tekur óratíma að koma því í gegn. Þetta finnst mér vera mjög alvarlegt inngrip í frelsi stéttarfélaganna. Ég get skilið þá hugsun og ég get verið sammála hæstv. félmrh. að það er oft mjög bagalegt þegar lítill hópur boðar verkfall, jafnvel í trássi við meiri hluta félagsmanna. Það er mjög bagalegt og það er mál sem verkalýðshreyfingin á að taka á. En félögin eiga sjálf að ráða því hvernig þau haga sínum málum. Það er þeirra að ákveða það og það er fyrst og fremst þeim til skammar ef þátttakan er lítil. En eins og menn hafa verið að benda á það dugar ekki til þess að ná fram réttmætri verkfallsboðun þó að Dagsbrún fylli það sem áður hét Austurbæjarbíó með 500–700 manna fundi.

Hér vil ég líka benda á eitt sérstaklega í sambandi við Dagsbrún og það gildir eflaust um fleiri stéttarfélög, að samkvæmt félagaskrá Dagsbrúnar, þá eru þar allir félagar, allir þeir sem eru á lífi. Þar er stór hópur af gömlum mönnum sem komnir eru yfir sjötugt með full réttindi. Þeir hafa full réttindi. Þeir hafa kosningarrétt. Er eðlilegt að krefjast þess að félagið skili á kosningafund þessum tilskilda fjölda félaga? Væri ekki rétt að athuga það út frá því að þetta séu t.d. félagar sem eru 70 ára og yngri? Menn hljóta að sjá að þetta gengur einfaldlega ekki upp. Ég hygg að þetta eigi við um öll verkalýðsfélögin, að minnst kosti þessi gömlu rótgrónu verkalýðsfélög, Verkakvennafélagið Framsókn og fleiri félög, að fólk heldur áfram að vera félagar í þeim. Það er í alls konar starfi fyrir aldraða og það heldur sínum réttindum en það er ekki réttmætt að krefjast þess af félaginu að svo og svo margir mæti til þess að greiða atkvæði um vinnustöðvun þegar — ja, hvað getur maður ímyndað sér, kannski 10%–15% félaganna eru yfir sjötugt? Ég er bara að slá þessari tölu fram. Ég veit auðvitað ekki hversu margir þeir eru. En þetta er atriði sem mér finnst að þurfi að skoða mjög alvarlega.

Það sem líka kemur fram um sameiginlegar atkvæðagreiðslur er allt tengt þessari hugsun að það sé verið að gera heildarkjarasamninga fyrir vinnumarkaðinn sem ég vil segja að ég er ákaflega lítið hrifinn af m.a. vegna þeirra umbóta sem hér þurfa að eiga sér stað og vegna þess að ég er einfaldlega fylgjandi samningsfrelsi. Ég er fylgjandi því að félög hafi samningsfrelsi og ég tel líka að hugsunin um þessa ákveðnu launastefnu og að líta á launin sem nánast bölvald í samfélaginu, hagstærð sem alltaf þurfi að halda í böndum, er náttúrlega bara rugl. Einhver hefði sagt að þetta væri bull. En það er þarna einhver hugsun ríkjandi. Það er alltaf verið að reyna að koma böndum á launin. En menn verða að fara að gera sér grein fyrir því að við erum orðin hluti af stórum vinnumarkaði. Ég get vitnað til þess að við hæstv. félmrh. vorum einu sinni samherjar í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið. En það er auðvitað orðin staðreynd og ég hygg að við eigum eftir að sjá mjög aukin áhrif af því á komandi árum að fólk leiti meira eftir vinnu í öðrum löndum. Það verður fyrst og fremst að fólk fer héðan til annarra landa vegna þess að samanburðurinn verður okkur sífellt óhagstæðari og það að binda launamarkaðinn og launakjörin eins og menn hafa verið að gera hér er algerlega ótækt. Ég segi það enn og aftur. Ég veit ekki hvaða hagfræðikenningar liggja þar að baki. Ekki er það frjálshyggja, svo mikið er víst. (**Gripið fram í:** Framsóknarmennska.) Já, þetta er kannski einhver framsóknarmennska.

Tími minn er mjög að styttast en ég ætla að víkja að valdi sáttasemjara. Það er greinilegt að það er verið að styrkja stöðu sáttasemjara eða auka vald hans mjög verulega. Þar er sérstaklega eitt atriði sem við hljótum að gera mjög sterkar athugasemdir við og er í raun og veru alveg furðulegt. Það væri nú fróðlegt að fá að vita hvaðan það er ættað. Þetta er það sem þeir hjá Alþýðusambandinu kalla tengingu og þýðir að sáttasemjari fær vald til þess að láta félög með lausa samninga greiða atkvæði um kjarasamning sem eitthvert félag er búið að gera. Þetta er náttúrlega þvílík svipting á samningsrétti að þetta hlýtur að vera brot á ótal samningum og ákvæðum um mannréttindi. Þetta nær ekki nokkurri átt. Við tökum dæmi eins og hér var tekið fyrr í dag um að Verslunarmannafélag Reykjavíkur væri að gera samning fyrir sitt fólk og síðan eru meinatæknar með lausa samninga. Þá gæti sáttasemjari látið meinatækna greiða atkvæði um samning VR. Þetta er auðvitað einhver della sem nær ekki nokkurri einustu átt. (**Félmrh.:** Meinatæknar eru ríkisstarfsmenn.) Þeir eru ríkisstarfsmenn já. Jæja, tökum annan aðila af frjálsum markaði, hvaða félag sem er, mjólkurfræðinga eða hvað sem er. Það er reyndar rétt hjá hæstv. félmrh. að það er skilið á milli opinberra starfsmanna og hins almenna ... (**Gripið fram í:** Mjólkurfræðinga og trésmiði.) Já, einhverjir hópar sem geta haft mjög ríkulegar ástæður til að þurfa að gera sérsamninga eða vilja koma einhverjum ákveðnum málum í gegn, en eru þvingaðir til að greiða atkvæði um í raun einhvern annan samning sem er þá væntanlega almenns eðlis. Þetta er hluti af þessari svokölluðu launastefnu.

Eitt gott atriði er að finna hér, a.m.k. eitt sem var gott. Það er ákvæðið um viðræðuáætlun. Þurfi einhver á því að halda er það einmitt ríkið. Enginn hefur iðkað það í jafnríkum mæli þeirra sem eru að semja um kaup og kjör að draga viðræður fram á síðasta dag, helst að verkfall sé hafið þegar samninganefnd ríkisins sest við samningaborðið. Þess vegna vildi ég sjá þetta í aðeins breyttri mynd og veitti ekki af sem svipu á ríkisvaldið og aðra líka vegna þess að eflaust gæti slíkt oft og tíðum komið í veg fyrir verkföll og alvarlegar vinnudeilur. En þeir fullyrða hjá Alþýðusambandinu, og ég hef ekki tíma til að fara betur ofan í það, að þetta komi ekki að gagni í þeirri útfærslu sem hér er.

Hæstv. forseti. Ef allt hefði verið með felldu, hefðu Alþýðusambandið, BSRB, BHMR, Samband bankamanna, VSÍ og VMSÍ átt að koma allir að þessu máli og ná samstöðu um þær breytingar sem ég held að við getum verið sammála um að þurfi að gera á samskiptum á vinnumarkaði. Það er margt sem þarf að breyta í samskiptum á íslenskum vinnumarkaði og það er ekki hægt að horfa fram hjá því að þau eru óeðlileg, hvort sem við lítum á ríkið eða Vinnuveitendasambandið og framkomu þess. En ríkisstjórnin hefur ákveðið að standa þannig að málum að hér er allt komið í háaloft. Það þarf ekki annað en líta á Morgunblaðið í dag með fyrirsögninni: „Málið er allt komið í uppnám. Það verður bitið á móti," segir formaður VMSÍ. Þegar slíkur andi ríkir og í hlut eiga einhver stærstu hagsmunasamtök og áhrifamestu hagsmunasamtök samfélagsins, er auðvitað ekki von á góðu. Ég vil hvetja hæstv. félmrh. til að leita sátta í þessu máli, draga þetta frv. til baka og gefa aðilum vinnumarkaðarins tóm til að semja sín á milli. Auðvitað þarf að sjá til þess að þar komi allir að. Þegar maður les þessa pappíra og skoðar þá nefnd sem hér var sett á laggir, er alveg hrópandi að sjá það hvernig alltaf er gengið fram hjá BHMR og bankamönnum sem auðvitað eiga að koma að löggjöf sem þessari. Við erum að ræða um löggjöf sem snertir hvern einasta vinnandi mann í landinu og þessi vinnubrögð, sem að mínum dómi eiga rætur að rekja til þeirra deilna sem löngum hafa einkennt samskipti BHMR og ríkisins, ná ekki nokkurri átt. Öll stéttarfélög eiga að eiga fulltrúa við borðið þegar verið er að semja um mál af þessu tagi.

Hæstv. forseti. Eins og í pottinn er búið með þetta frv. og mál allt, lýsi ég yfir fullri andstöðu við það. Það er nánast ekkert bitastætt í þessu frv. Það gengur þvert á hugmyndir um samningsfrelsi og réttindi vinnandi fólks. Það mun gera stéttarfélögunum mun erfiðara fyrir í kjarabaráttu sinni. Þarna er ákveðin miðstýringarhugsun að baki sem mér finnst afar ógeðfelld og ég held að þetta samrýmist engan veginn þeirri þróun sem átt hefur sér stað á vinnumarkaði í öðrum löndum og þeirri þörf sem vissulega er á sveigjanleika, bæði á vinnumarkaði og í kjarasamningum, jafnframt því að alltaf er þörf á mikilli samstöðu og ekki síst samstöðu til þess að standa vörð um réttindi vinnandi fólks.

[16:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum tekið til umræðu afar stórt og mikilvægt mál, mikilvægt fyrir launþega þessa lands og mikilvægt fyrir fjölskyldurnar í landinu. En formsins vegna, því miður, mun umfjöllun málsins snúa mjög að neikvæðum þáttum. Sú valdbeiting sem er í málinu eyðileggur hugsanlegar lagfæringar sem sátt kann að vera um í þessu frv. Einmitt þannig komust þeir aðilar að orði sem við ráðfærðum okkur við í eftirmiðdag þegar hlé var gert á þessum fundi þannig að við gætum skoðað með opnum huga hvernig þetta mál væri vaxið og á hvern hátt við mundum taka á því.

Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið af hálfu þeirra ræðumanna sem hafa talað á undan mér. Menn voru í viðræðum, menn voru langt komnir, menn töldu að hægt væri að ná sátt um nægilega stór skref svo áfangi næðist til að breyta vinnulöggjöf okkar. Það virðist sem það hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar félmrh. valdi að taka

málið úr höndum þeirra sem voru í viðræðum, búa það í frumvarpsbúning og senda inn á þingið. Hér er því lagt fram frv. einhliða í bága við verkalýðshreyfinguna og það sem athyglisverðara er, e.t.v. í bága við vinnuveitendur líka. Ég reikna þó með því að vinnuveitendur séu mun sáttari við það frv. sem hér er til umræðu en launþegar.

Það er afar mikilvægt að hafa traustar og viðurkenndar samskiptareglur á vinnumarkaði og ég hefði óskað þess, virðulegi forseti, að hér værum við að ræða slíkar samskiptareglur sem settar hefðu verið á blað í sátt og samlyndi þeirra aðila sem við eiga að búa. En þannig er það ekki og því miður höfum við ekki haft mikið svigrúm fyrir faglega skoðun á þessu frv. til þess að geta farið í mjög efnislega umræðu um það. Það er hins vegar alveg ljóst, eftir þær viðræður sem við höfum átt við launþegasamtök, að menn vildu ná ásættanlegri niðurstöðu. Menn vildu fara í viðræður og ná samstöðu um góðar samskiptareglur. Í yfirliti sem formenn landssambanda ASÍ sendu frá sér í byrjun mars er einmitt fjallað um samskiptareglur á vinnumarkaði í sjö liðum. Virðulegi forseti, efnisins vegna ætla ég að renna yfir hverjar þær reglur eru sem þar eru settar fram af því að mér finnst að það skipti talsverðu máli.

Þar er sett fram sem grundvallarafstaða ASÍ að samskipti aðila vinnumarkaðarins eigi að fara sem mest eftir frjálsum samningum á milli aðila í stað þess að stjórnast af lögum. Í stað þess að herða á reglum um þessi samskipti með endurskoðun á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur og lögunum um sáttastörf í vinnudeilum telur ASÍ eðlilegra að samtökin geri með sér rammasamning um þessi samskipti. Hvað á svo að vera í þessum rammasamningi að mati þeirra? Jú, þar eiga að vera samskiptareglur á milli ASÍ, VSÍ og VMS og er kveðið á um hvernig samskipti þessara samtaka skuli vera í tengslum við gerð kjarasamninga. Í slíkum samningi verði áréttað að bæði samningsréttur og réttur til vinnustöðvunar liggi hjá einstökum stéttarfélögum og einstökum fyrirtækjum eða samtökum þeirra svo sem verið hefur. Einnig er kveðið á um möguleika einstakra aðila til að ákvarða nánar hvernig samningssviði er skipt upp í einstaka hópa sem fara með samninga hverju sinni, heildarsamtök, landssambönd, svæðasambönd, einstök verkalýðsfélög, einstakir starfsmannahópar innan verkalýðsfélags og starfsfólk einstaks fyrirtækis. Í samningnum komi fram hvernig umboðum samningsnefndar skuli hagað, þ.e. að enginn vafi sé á því hvað felist í umboði einstakra samningsnefnda beggja aðila eftir að það hefur verið gefið. Í rammasamningi verði því slegið föstu að aðilar geti afmarkað fyrirvara um einstaka þætti kröfugerðar vegna hugsanlegra breytinga á aðstæðum sem tengjast umhverfi kjarasamninga. Eftir því sem mér er tjáð, hefur orðið nokkur sátt um þessa sex þætti sem viðræðugrundvöll og til að vinna úr, en eitt atriði er enn óupptalið. Það er að í rammasamning verði settar reglur um að heildarsamningar taki gildi strax eftir að eldri samningur rennur út, óháð því hvenær nýr samningur er gerður. Um þetta atriði mun ekki hafa verið sátt.

Ég nefni þessa þætti, virðulegi forseti, vegna þess að það er ljóst að menn töldu nú í marsmánuði að það væri sátt um að reyna að komast að samkomulagi um hvað menn væru tilbúnir til að setja í lagabúning. En þegar frv. sem þetta kemur fram, eru stjórnvöld að gefa yfirlýsingu um að nú telji þau að því þríhliða samstarfi sem sett hafði verið í gang til að þróa vinnulöggjöfina og setja samskiptareglur á vinnumarkaði sé lokið og að sú sáttaleið sem unnin hefur verið til að þróa þessa löggjöf hafi verið gengin á enda. Verkalýðshreyfingunni finnst að þessir atburðir kalli á breytt vinnubrögð hreyfingarinnar varðandi viðbrögð við hugmyndum stjórnvalda og breytt vinnubrögð við að ná fram þeim umbótum í löggjöf sem hreyfingin vill að verði að lögum. Þetta er mjög athyglisvert og þetta getur reynst afdrifaríkt fyrir ríkisstjórn sem vill ná árangri í jafnveigamiklum málum og stöðunni á vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Það er áhugavert að staldra við það í dag hve sá Framsfl. sem boðaði stefnu sína fyrir kosningar er ólíkur þeim flokki sem er nú við stjórnvölinn fram í hverju málinu á fætur öðru þvert á öll fyrirheit og munar ekki um það. Og að þessum orðum sögðum hlýt ég að spyrja: Boðaði Framsfl. þetta fagnaðarerindi einhvern tíma á síðasta kjörtímabili, fyrir kosningar eða í viðræðum á vinnustaðafundum á ferð sinni um kjördæmin? Ég held ekki. Hvergi í nokkrum gögnum eða blaðaúrklippum hef ég séð nein dæmi um það. Hins vegar leita ég að því hvort Framsfl. hafi einhvers staðar fjallað um málefni verkalýðshreyfingar, aðila vinnumarkaðar eða hvert þeir vildu ganga veginn fram í málefnum vinnumarkaðarins. Á 23. flokksþingi Framsfl. voru reyndar samþykktar tillögur sem miðuðu að endurreisn heimilanna í landinu. Þar voru eins og við þekkjum og höfum rætt í þessum sal beint og óbeint gefin loforð í húsnæðismálum. Þar voru líka tillögur um þríhliða samning milli verkalýðshreyfingar, vinnuveitenda og ríkisins um lífskjarajöfnun og hvernig Framsfl. mundi með álagningu fjármagnstekjuskatts, hátekjuskatts, minni skattsvikum, lækkun jaðarskatta og einföldun skattkerfisins ná fram fjármunum til lífskjarajöfnunar. Hvorki meira né minna en þremur milljörðum kr. skyldi varið til lífskjarajöfnunar í samráði við aðila vinnumarkaðarins og launþegahreyfingarinnar í landinu til að vinna sig fram um veg.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, þótt það tengist þessu frv. ekki beint að minna á þau sjö atriði sem flokksþing Framsfl. á vetrinum fyrir kosningar benti á til kjarajöfnunar vegna þess að hér erum við að tala um frv. sem hefur mjög mikil áhrif á það hvernig menn taka á málum í samningum og hvernig menn ætla að vinna sig fram til kjarajöfnunar. Þau sjö atriði sem flokksþingið benti á voru:

Að hækka skattleysismörk, að persónuafsláttur hjóna og sambýlisfólks yrði millifæranlegur að fullu, að persónuafsláttur 16–20 ára ungmenna í námi verði millifæranlegur séu fjölskyldutekjur undir tilteknu lágmarki, að vaxtabætur verði hækkaðar og komi fyrr til greiðslu, að barnabætur verði hækkaðar og lánskjaravísitala afnumin. Þetta eru samtals sjö atriði sem öll áttu að miða að lífskjarajöfnun að ég nú ekki tali um að í einhver skipti og e.t.v. oftar en ekki á framboðsfundum talaði formaður Framsfl. um nauðsyn stærstu skuldbreytingar Íslandssögunnar þó ekki fylgdu skýringar á því hvernig að henni skyldi staðið.

En hvers vegna er ég að rifja þetta upp hér? Höfum við ekki fengið að sjá tillögur varðandi þessi sjö atriði til lífskjarajöfnunar, við sem höfum starfað hér á þessum vetri, núna á þeim tíma þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., nálgast eins árs afmælið? Svarið er nei. Við höfum ekki enn þá séð þessar tillögur. Við höfum ekki séð neinar sérstakar aðgerðir varðandi starfssemi launafólks. Við höfum ekki séð neinar sérstakar aðgerðir til að stofna til 12 þús. nýrra starfa annað en að bent er á að sá 3% hagvöxtur sem náðist fram með svita og blóði liggur mér við að segja síðustu ríkisstjórnar á raunverulegum samdráttar- og krepputímum

skuli skaffa störfin. En það sem við sjáum hér í þessum sal, það sem við sjáum flutt inn í þennan sal í málefnum launafólks, er þrenging á réttindum. Það er ekki mál sem hefur verið samið um á vinnumarkaði og borið hingað inn eins og venjulega hefði gerst í málefnum launþega sem hafa leyst sín mál í ákveðnu frelsi með samningum sín á milli. Nei, nú skal brjóta blað, hér erum við komin með valdið, við sem valdið höfum og meiri hlutann mikla og við gerum þetta eins og okkur sýnist. Þess vegna, virðulegi forseti, virðist svo sem við höfum að þessu sinni fengið hrokafulla ríkisstjórn sem segir: Við viljum, við ætlum, við getum og við gerum. Það er hér yfirburðarstjórnarmeirihluti og hann getur það sem hann vill. Nú skil ég hve brýnt það þótti að geta boðið efasemdaröddum úr eigin röðum birginn og láta afstöðu einstaklinga, faglega eða verklagslega, lönd og leið. Þarna er hún komin sú óskastaða að þurfa ekki að hlusta á þá einstaklinga í stjórnarflokkunum sem velja að fara öðruvísi fram og benda mundu á að nú væri mál að staldra við og fara ekki fram á þennan hátt. Þetta er ægivald hins mikla meiri hluta, virðulegi forseti. Það er ekki undarlegt þótt þeir aðilar sem við höfum samráð við og leitum eftir beinum faglegum sjónarmiðum hjá varðandi það frv. sem hér liggur frammi spyrji okkur hvað ríkisstjórnin sé að hugsa því hún fer fram með valdboði gegn opinberum starfsmönnum og gegn verkalýðshreyfingunni í einni og sömu vikunni. Um allt samfélagið eru viðbrögðin þau sömu, ef svo fer fram sem horfir verða þessi mál tilefni allsherjarverkfalls, verði þeim haldið til streitu. En enn er von vegna þess að þeir eru fjölmargir sem telja að framlagning þessara mála í þessari viku sé sjónarspil og á ákveðnum tímapunkti eigi forsrh. eftir að koma og kippa þeim til baka eða gera á þessum málum þær ásættanlegu breytingar sem þarf til að sátt verði á vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Ég tel skynsamlegra í máli sem þessu að ná samkomulagi. Vinna breytingum fylgi skref fyrir skref því allir vita að ýmsu má breyta til betri vegar jafnvel þótt hægar sé farið. En þetta eru ólýðræðisleg og óskynsamleg vinnubrögð.

Mig langar að rifja upp hið stærsta samkomulag sem gert hefur verið á vinnumarkaði hérlendis sem hafði gífurlega mikla þýðingu og átti eftir að verða þess valdandi að hér breyttist allt umhverfi fjölskyldnanna í landinu, sumt á jákvæðan hátt en því miður fylgdu því eftirköst sem við eigum enn eftir að kljást við. Þetta er þjóðarsáttin. Stærsta samkomulag sem við höfum gert við aðila vinnumarkaðarins. Það er óumdeilt að með því að gera þjóðarsátt náðum við samkomulagi sem náði niður vöxtum, náði stöðugleika, réði við verðbólguna og við frystum líka afkomumöguleika fólks, við frystum launin, þetta gerðum við allt í sátt og með opnum augum vegna þess að við vorum sannfærð um að aukinn hagvöxtur og raunverulega bætt kjör væri betra en fleiri krónur í umslagið sem væru teknar jafnóðum í burtu eins og gerðist á tímum óðaverðbólgu og óstöðugleika. En nú er að okkur komið að skoða hvernig á að vinna úr þessari stöðu vegna þess að nú eru allir sammála um að eftirköstin voru þau að launin í landinu eru of lág. Og allir eru sammála um að það þarf að rétta af stóra hópa hvað þetta varðar.

Félmrh. hefur kynnt mál sem ég varð hrifin af og var staðráðin í að styðja að því marki sem mér væri unnt. Það var tillaga hans við kynningu á skýrslu um starfsmat um það hvernig skyldi farið fram með tilraunafyrirtæki þar sem starfsmat yrði reynt. Til viðbótar þeirri stöðu að hér á landi eru lág laun staðreynd, stórir hópar með allt of lág laun til að geta ráðið við þær skuldbindingar sem þeir hafa á herðum sér, blasir önnur staðreynd við sem við þekkjum öll og sem við konur látum meira til okkar taka, en það eru launamál kvenna. Við erum margar hverjar sannfærðar um að kynbundið starfsmat geti þarna breytt miklu um. En hver trúir góðum vilja í skýrslu sem kynnt er á þennan hátt þegar það frv. sem lagt er fram er valdboð af því tagi sem við erum hér að fjalla um, við sem teljum að grundvallarreglan í samskiptum sé á frjálsum grunni. Ég segi fyrir mig að ég er tilbúin til að skoða margt í breytingum varðandi verkalýðshreyfinguna, það hvarflar ekki að mér að segja að öll mál séu í góðu lagi hvað varðar kerfi launþegasamtakanna. Það væri fráleitt. Ég er tilbúin til að skoða með opnum huga hvað gera þarf til að leiða okkur á betri veg. En ég vil ekki taka þátt í því að slá verkalýðshreyfinguna af í einu höggi. Hér er nefnilega ekki verið að laga til, hér er verið að kippa undirstöðum burt að mínu mati. Hér er verið að kippa undirstöðum gjörsamlega burt.

Virðulegi forseti. Ég vík þá að frv. sjálfu svo sem mér er ætlað hér í þessum ræðustól eftir þennan inngang sem mér finnst reyndar eiga mikið erindi inn í umræðuna, mun meira erindi en bein umfjöllun um lagagreinarnar sem við höfum haft svo takmarkaðan tíma til að fara yfir en munum svo sannarlega fara mjög vel yfir þegar málið kemur til nefndar, og renni hér yfir nokkur atriði.

Það fyrsta sem kemur í huga minn er spurningin: Hvar á samningsumboðið að liggja? Það liggur hjá félögunum í dag. Það liggur ekki hjá vinnustöðunum. Í 1. gr. þessa frv. er ákveðið að breyta þessu. Mér finnst sú breyting sem kemur fram í 1. gr. svona gömul Mussolini-aðferð sem brýtur verkalýðshreyfinguna niður af því það á að gera þessar breytingar í frjálsum samningum. Það er vilji til þess eins og ég greindi frá áðan. Við skulum skoða hvað í þessari grein felst. Hún hljóðar svo, virðulegur forseti:

„Stéttarfélag skal opið öllum sem uppfylla almenn skilyrði lögmætra samþykkta þess.

Félagssvæði stéttarfélags má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag."

Allir eru sammála þessu og um þetta verður ekki ágreiningur. Síðan kemur:

„Starfsmönnum fyrirtækis, þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, er þó heimilt að stofna þar stéttarfélag, enda séu að lágmarki 3/4 þeirra félagsmenn. Fer það þá eitt stéttarfélaga með samningsumboð fyrir starfsmenn".

Þarna er opnað á að sett verði á laggirnar lítil stéttarfélög sem verða ekki með mjög mikið vægi en með því eru stóru félögin brotin upp. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kom inn á hvað þetta mundi þýða fyrir verkamannafélagið Hlíf. Það eru sumir sem segja að yrði þetta ákvæði virkt, mundi t.d. félag eins og Dagsbrún leggjast af. Ég er ekki tilbúin til að leggja dóm á það en það hafa verið færð fyrir þessu rök og virðist óumdeilt að þessi grein óbreytt brýtur algjörlega upp hin stærri félög. Það er erfitt að átta sig á hvar ákvörðunarvaldið verði á milli stóru félaganna og litlu vinnustaðarfélaganna. Það er ekki síst þarna, þegar menn sjá grein sem er ávísun á að grundvelli launþegahreyfingarinnar sé kippt í burtu, að menn fara að tala um allsherjarverkfall. Þeir sem ég hef leitað ráða hjá varðandi þýðingu þessa telja m.a. að félögum muni stórfjölga, ofurvald vinnuveitenda muni aukast og að við vinnustaðarsamninga hafi menn stéttarfélögin ekki á bak við sig. Ég vil sérstaklega taka fram, virðulegi forseti, vegna

þess að minn flokkur hefur oft ályktað um og viljað skoða möguleika á vinnustaðarsamningum, að það er mikill munur á því að opna möguleikann á vinnustaðarsamningum og því að setja lög um stéttarfélag á vinnustað. Ég minni á að á þingi Alþýðusambands Íslands sem á sínum tíma var haldið í Kópavogi, ætli það séu ekki ein fjögur ár síðan, var einmitt ályktað um það og það tekið fyrir að skoða í ríkari mæli möguleikana á vinnustaðarsamningum. Ég veit ekki betur en slíkir vinnustaðarsamningar séu einmitt gerðir hjá Ísal, svo eitthvað sé nefnt.

Ég tel að eitt af því sem félmn. Alþingis þarf að skoða gaumgæfilega sé einmitt það hvernig hægt sé að koma á fyrirtækjasamningum með stuðningi stéttarfélaga án þess að fara þessa að mínu mati óheppilegu leið. Það er líka erfitt að átta sig á hvernig slíkt stéttarfélag mundi virka í þeim tilfellum þar sem er eitt fyrirtæki, hluti þess í Reykjavík og hluti þess norður í landi, eða hjá þeim fyrirtækjum sem eru dreifð um ákveðna landshluta. Þetta er líka mál sem við þurfum að skoða og reyna að átta okkur á afleiðingunum.

Virðulegi forseti. Við lítum gjarnan til Norðurlandanna í verkalýðsmálum. Ég hef oft sagt og er ófeimin að segja það enn aftur hér úr þessum ræðustól að mér finnst það heillandi, þegar ég hef sótt fundi fyrir minn flokk með forustumönnum jafnaðarmannahreyfinga á Norðurlöndum og forustumönnum verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum, að kynnast því mikla samráði sem er á milli þessara pólitísku afla og þessara mikilvægu afla í umhverfi launamannsins og í umhverfi fjölskyldunnar. Það er ekki lengra síðan en í janúar að ég sat einn slíkan fund þar sem menn ræddu mikilvæg mál, m.a. varðandi Evrópu, þriðja heiminn og austantjaldslönd. Einnig var ákveðið að beita sér fyrir því að réttindamál launþega yrðu sett inn í viðskiptasamninga sem jafnaðarmenn á Norðurlöndum, nú í ríkisstjórn á allflestum stöðum, væru að taka þátt í að gera. Hvaða réttindamál áttu það að vera? Jú, það áttu að vera réttindamál byggð á svokölluðum ILO-samþykktum sem eru samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það var undarlegt að sitja þarna, jafnaðarmaður frá Íslandi, og verða að horfast í augu við það að það sem þótti svo sjálfsagt að beita sér fyrir að yrði komið á í löndum þriðja heims þar sem barnaþrælkunin er, í löndum austantjaldslanda þar sem engin réttindi launþega eru, þær sömu ILO-samþykktir hafa aldrei verið staðfestar á Íslandi. Vísa ég þar m.a. til þeirra samþykkta sem hafa verið fluttar sem þingmannafrumvörp eða ályktanir hingað inn á Alþingi og varða réttindi launafólks.

Þá erum við komin að því sem hæstv. félmrh. hefur lagt mikla áherslu á og það er að fólk sem hefur það erfitt hér vill fara til Danmerkur og vinna þar. Þar er gott fjölskylduumhverfi.

Virðulegi forseti. Þar sem ég er að tala til hæstv. félmrh. finnst mér fremur óviðkunnanlegt að hann skuli ekki una í sæti sínu á þessum stutta tíma sem við höfum tekið undir umræðu í dag og sýna okkur þá virðingu að hlýða á það sem við höfum að segja og varðar bæði flokk hans og ekki síst það þingmál sem hér er til umræðu. Við byrjuðum klukkan 3 og þetta verða eflaust ekki mjög margir klukkutímar í dag svo að ég óska eftir því að hæstv. félmrh. verði sóttur í salinn.

(**Forseti** (GÁ): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess, og hér kemur hæstv. félmrh.)

Ég vek athygli þingmanna í þessum sal á því að ég gleðst yfir að sjá félmrh.

Í máli mínu er ég komin þar að tala um stöðu mála í Danmörku og það að félmrh. hefur vísað til þess hvernig þessum málum er skipað í Danmörku að fjölskyldur frá Íslandi sem hafa átt erfitt hér, lág laun, erfitt vinnuumhverfi og fjölskylduumhverfi hafa sótt til Danmerkur þannig að þar hljóti að vera gott að taka ákvæði frá Danmörku hingað til okkar og setja ákvæði frá Danmörku inn í lög af þessu tagi. Ég var að fjalla um það hversu það þykir sjálfsagt að vera með svokallaðar ILO-samþykktir til grundvallar í samvinnu stjórnvalda og verkalýðshreyfingar á Norðurlöndunum. Þar eru þær ýmist settar í lög eftir samráð við verkalýðshreyfingu að undangengnu samráði þar sem aðilar eru sammála um að ákveðin atriði séu sett í lög eða eins og í Danmörku þar sem öllum málum er skipað með frjálsum samningum milli aðila. Þess vegna er Danmörk eina Norðurlandið fyrir utan okkur sem hefur ekki staðfest þessar launamanna ILO-samþykktir sem ég hef svo oft vísað til vegna þess að í hinum frjálsu samningum aðila á vinnumarkaði hafa þeir tekið inn öll þau réttindamál sem er að finna í viðkomandi samþykktum þannig að þar skortir ekkert á og vegna þeirrar hefðar að aðilar koma sér saman í samningum bera þeir þetta ekki inn í þingið. Þetta er grunnurinn að því að Danmörk hefur ekki staðfest þær en Danmörk vinnur fullkomlega eftir þessum ILO-samþykktum og leggur þær til grundvallar.

Mér finnst mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að árétta þetta vegna þess að við verðum að skilja hvað felst í einhverri danskri leið og það er ekki hægt að heimfæra frjálsa leið sem þróast hefur til margra ára eða áratuga og vinnubrögð hafa þróast þannig að sátt er þar um og taka slík ákvæði og setja þau í frv. sem sett eru í ósátt inn í þingið. Þetta er meginatriðið sem við fjöllum um í dag. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að nefna ILO-samþykkt nr. 87 sem varðar félagafrelsið og leyfa mér að lesa þrjár greinar. Það er að verkamenn og vinnuveitendur skuli án undantekningar hafa rétt til þess að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án undangengis leyfis og séu þeir aðeins háðir reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það. Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að setja sér lög og reglur, að vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Opinber stjórnvöld skulu forðast alla íhlutun. — Forseti, ég ætla að endurtaka þessa setningu: Opinber stjórnvöld skulu forðast alla íhlutun er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans. Handhafar framkvæmdarvalds skulu ekki geta leyst upp félög vinnuveitenda eða verkamanna fyrir fullt og allt eða um stundarsakir.

Virðulegi forseti. Það er andi þessara greina úr ILO-samþykkt nr. 87 sem ég tel mikilvægt að menn finni þegar ég les þessar greinar upp.

Virðulegi forseti. Ég ætla að staldra ögn lengur við Danmörku og þær reglur sem þar gilda. Ég hef þegar látið þess getið að það eru samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem liggja algerlega til grundvallar því sem gert er í Danmörku og þannig vilja stjórnvöld hafa málin og krafa stjórnvalda á aðila sem eru að semja er sú að þeir verða að taka á sig mikla ábyrgð til að fá að ráða málunum sjálfir. Meginkrafan sem ég hef verið að benda á að spila sig eftir reglum ILO er sú að dönsk stjórnvöld líta svo á að ILO-reglurnar séu alger forsenda fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins hafi svo frítt spil sem raunin er. Það er mikilvægt, virðulegi forseti, að þingmenn geri sér grein fyrir þessu. Við, þessi litla þjóð, höfum verið svo föst í því að láta þríhliða samvinnu aðila vinnumarkaðarins, þ.e. launþegahreyfinguna, vinnuveitend-

ur og fulltrúa félmrn., sitja yfir því um hvað menn séu tilbúnir að setja lög og hvað ekki. Þegar við höfum verið tilbúin til þess höfum við mátt una því að vinnuveitendur hafa haft í raun og veru neitunarvald á að ILO-samþykktir séu staðfestar hér og þau stjórnvöld sem hefðu getað tekið málin úr höndum þríhliða nefndar og myndað sína eigin stefnu hafa ekki gert það. Nú getum við ekki á sama tíma komið hér og vísað í ákvæði og samvinnu í Danmörku þar sem meginkrafan er að spila eftir þessum reglum. Landið þar sem réttindi launþega eru svo bág að starfsmannastjóri á stórum vinnustað getur kallað til sín starfsmann og sagt: Þér er hér með sagt upp. Og þegar starfsmaðurinn segir: Vegna hvers? Vegna hvers? Af því bara. Hjá okkur er ekki meiri virðing fyrir réttindum launþega en það að það er nægilegt að segja „af því bara" þar sem við höfum ekki staðfest sjálfsagðar reglur eins og önnur Norðurlönd og ég vísa til þeirra vegna þess hvað við höfum alltaf verið stolt í utanlandssamstarfi okkar yfir því lýðræðisafli sem þjóðfélög Norðurlandanna eru. En þarna erum við eftirbátar. Þetta er mjög mikilvægt, virðulegi forseti.

Annað sem ég vil nefna varðandi það sem viðgengst í Danmörku er að það eru fá lög um sáttasemjara sem gefa sáttasemjurum meira vald en dönsku lögin. Hann getur kallað aðila til sín og frestað vinnudeilum tvisvar um hálfan mánuð í hverjum ferli fyrir sig. Hann getur í fyrsta lagi frestað vinnudeilum til að skapa sér vinnufrið í 14 daga á meðan samningar standa enn yfir og hann getur líka frestað vinnudeilum í 14 daga eftir að menn hafa hætt samningaviðræðum. Sáttasemjararnir beita þessu mikla valdi sínu á diplómatískan hátt. Þeir koma aldrei fram með miðlunartillögu nema aðilar séu samþykkir því. Takið eftir þessu, hv. þingmenn. Þeir koma ekki fram með miðlunartillögu nema aðilar séu samþykkir því. Þetta er ekki það sem stendur í frv. okkar. Danskir sáttasemjarar vilja ekki láta fella fyrir sér miðlunartillögur. Þess vegna er unnið þannig að þegar hún liggur fyrir verði hún ekki felld.

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt þegar við fjöllum um þetta frv. að við hugum að því hver við viljum sé réttarstaða launafólks og samskipti á vinnumarkaði. Það er alveg ljóst að formenn landssambanda innan ASÍ telja nauðsynlegt að réttarstaða launafólks verði bætt til muna hér á landi. Þeir benda á að ef litið er til nálægra landa er greinilegt að ýmsir þættir, svo sem ráðningaröryggi sem ég hef hér gert að umtalsefni og staða trúnaðarmanna, eru miklu lakari hér en almennt gerist. Þess vegna nota ég þetta tækifæri meðan ég hef félmrh. til að hlýða á mál mitt að brýna hann með að þar sem hann vill sýna svo mikinn dug í málefnum vinnumarkaðarins, að hann tekur frv. út úr viðræðum sem menn trúa að þeir geti náð sátt um til að bera það í fullkomnu ósætti inn á þing, að hann noti slíkan dug til að taka ILO-samþykktirnar sem vinnuveitendur hafa leyft sér að vera með neitunarvald í að færu inn til staðfestingar og berjast fyrir því við sinn samstarfsflokk að þær samþykktir verði staðfestar hér. Reyndar liggja tvær þær mikilvægustu þegar fyrir, önnur á borðum þingmanna og hin í félmn.

Það er álit virtustu fræðimanna í vinnurétti að það frv. sem hér liggur sé veruleg takmörkun á réttindum launafólks. Menn halda því fram að sú skoðun sem birtist í framsetningu þessa frv. að vandamál varðandi vinnulöggjöf og samskiptareglur á vinnumarkaði séu einkum tengd verkalýðshreyfingunni sé röng. Skipulagsmál og vinnuaðferðir innan samtaka atvinnurekenda hafa á undanförnum árum torveldað mjög farsælar lausnir í kjaradeilum á vinnumarkaði, segja þessir aðilar. Bent er á að miðstýringarvald heildarsamtaka atvinnurekenda sé tímaskekkja í samskiptum á vinnumarkaði nútímans og ef einhvers staðar sé þörf á úrbótum sé það á þessu sviði. Ég vek þess vegna athygli á því að ekki er verið að taka á þeim þætti í þessu frv. en bendi á að heildarsamtök atvinnurekenda hafa t.d. ekki samningsumboð fyrir allan vinnumarkaðinn.

Virðulegi forseti. Það frv. sem liggur fyrir er mjög mikilvægt vegna þess að það er ekki aðeins komið inn við þessar aðstæður heldur er þetta frv. að vekja athygli okkar þingmanna á vanköntum og þeim annmörkum sem eru á vinnumarkaði okkar. Þar með enda ég mál mitt á nákvæmlega þeim sömu skoðunum og ég hóf það á. Ég kem ekki í þennan ræðustól og gagnrýni þetta frv. með því að segja að allt sé gott eins og það er. Ég veit að það eru margir sem starfa innan launþegasamtakanna sem telja að þau lög sem við búum við séu fullnægjandi og þeim þurfi ekki að breyta. Hvernig sem það er er alveg ljóst að það þarf að gera úrbætur á samskiptum á vinnumarkaði. Þess vegna er alveg ljóst að við munum fá tækifæri til að fara ofan í þau mál sem er mikilvægt og ég er ófeimin við að segja það líka úr þessum ræðustól að hefði ég haft tækifæri til að vinna í lengri tíma en fimm mánuði í félmrn. þá hef ég sagt það á mörgum fundum í flokki mínum að það er eitt verksvið á því ráðuneyti sem ég hefði fyrst og fremst beitt mér í og gefið verulega forgang í vinnu og það eru mál vinnumarkaðarins. Þess vegna mun ég fara vel í þetta mál, virðulegi forseti, með opnum huga, skoða það, en ég ætla að leyfa mér að láta í ljós þær áhyggjur mínar að ég er því miður ekki bjartsýn um að niðurstaða sem ég kæmist að mundi skila sér inn í þau lög sem hér verða sett.

[17:02]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að fjörutíu mínútna löng ræða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, formanns þingflokks Alþfl., kemur mér verulega á óvart. Og þó ekki. Eftir fjörutíu mínútur er ég engu nær um skoðanir Alþfl. eða hv. þm. á frv. til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Eftir fjörutíu mínútur er ég engu nær um skoðanir Alþfl. eða skoðanir hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur á málinu.

Ég sagði „og þó". Ég hef einmitt rekið mig á þetta að undanförnu að í hverju málinu á fætur öðru hefur Alþfl. enga skoðun. Hann hafði enga skoðun á því hvernig ætti að fara með málefni Pósts og síma á dögunum. Hann hafði enga skoðun á því hvernig ætti að fara með málefni um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Og um lög um stéttarfélög og vinnudeilur hefur Alþfl. enn einu sinni enga skoðun. Eða þorir hann ekki að segja sína skoðun? Þorir hann ekki að segja að hann sé meðmæltur frv. eða þorir hann ekki að segja að hann sé á móti því? Ég vildi gjarnan biðja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að svara þessu: Hefur flokkurinn enga skoðun eða þorir hann ekki að segja skoðunina?

[17:03]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér á óvart að hv. þm. Árni M. Mathiesen komi upp með þessa athugasemd og hún snertir mig ekkert vegna þess að ef einhver flokkur hefur skoðun á hlutunum og hefur þorað að hafa skoðun á hlutunum í áranna rás þá er það Alþfl. Það hefur ekki hvarflað að mér, hv. þm.,

að skila í fyrstu ræðu minni til þingheims afstöðu Alþfl. um hinar ýmsu greinar frv. sem við mundum að sjálfsögðu gera ef því væri ekki bryðjað inn í þingið með þeim hætti sem það er gert.

Hins vegar get ég sagt það hér og nú að eins og frv. liggur fyrir er ég gjörsamlega andvíg því þannig að ég get róað þingmanninn með því. Hins vegar hvarflar ekki að mér annað en að í þessu frv. finnist ýmis atriði sem sjálfsagt er að skoða og ef til vill að styðja. Þannig er það alltaf, hv. þm., hjá fólki sem gengur ekki um með augnlappa að jafnvel í málum sem maður er ósáttur við finnast ákvæði sem maður gæti eflaust stutt.

Þetta frv. eins og það liggur fyrir er ekki stutt af Alþfl., það er yfirlýsing mín hér. Ég er alveg sannfærð um að þegar við, þingmenn Alþfl., höfum lokið ræðum okkar um þetta mál og hafi þingmaðurinn úthald til að sitja undir þeirri umræðu sem á eftir að fara fram um þetta mál mun honum ekki blandast hugur um afstöðu Alþfl.

[17:05]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því innilega að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir tók af skarið um afstöðu Alþfl. til þessa máls. Það skiptir auðvitað miklu máli fyrir alla umræðu, bæði á hv. Alþingi og í þjóðfélaginu, að skoðun flokks eins og Alþfl. liggi fyrir. Þá liggur það líka klárt fyrir að Alþfl. siglir ekki undir því flaggi sem hann hefur viljað sigla að vera frjálslyndur og framfarasinnaður flokkur heldur siglir hann undir flaggi afturhalds og vinstri stefnu eins og Alþb. Alþfl. er að sigla upp að Alþb. Hann er að sigla frá frjálslyndinu sem hann hefur verið að flagga, hann er að sigla beina leið til vinstri.

[17:07]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fyrirgef þessum unga þingmanni Sjálfstfl. þessa yfirlýsingu og þessi viðbrögð. Ég skil vel hvernig stjórnarliða líður sem er meira að segja í samstarfsflokknum og er ábyggilega ekkert um of hrifinn af því frv. sem hér er borið inn vegna þess að þetta frv. er ekki frjálslynt og þetta frv. er ekki framfarasinnað. Alþfl. hefur í engu breytt því að hann er og hefur verið og mun halda áfram að vera framfarasinnaður umbótaflokkur og um það mun þingmaðurinn í engu velkjast á komandi kjörtímabili. Ég bendi honum á það og auðvitað tók ég eftir því að hann átti spjall sitt hérna á horninu við félaga sína. Það hefur e.t.v. farið fram hjá honum að ég kom inn á ýmsa þætti í frv. Eitt af því sem ég gerði að umtalsefni var 1. gr. frv. þar sem verið er að tala um vinnustaðarfélög sem ég óttast og mér finnst að sé ekki góð framtíð. Mér finnst það vera afturför. Hins vegar benti ég á það í leiðinni að flokkur minn hefur aftur og aftur tekið þau mál fyrir alveg frá tíma Vilmundar Gylfasonar, háværast þá. Við höfum bent á möguleikann á vinnustaðarsamningum sem góðan hlut. Þeir sem hafa skoðað það hafa verið að skoða það út frá því að hafa stéttarfélögin að bakhjarli en ekki að brjóta þau upp eða jafnvel rústa eins og einhver mundi segja.

[17:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna orða Árna Mathiesens áðan vildi ég að stjórnarliðar, sem hafa áhyggjur af því að skoðanir einstaka stjórnarandstæðinga eða flokka þeirra komi ekki nógu greinilega fram hér og nú, litu til þess hvernig mál ber að inni í þinginu. Því miður er það svo að mál ber að með þeim hætti að það sem menn þurfa fyrst að bregðast við er málsmeðferðin og það á ekki hvað síst við í þessu máli. Jafnvel þó að í einstaka frumvörpum séu ákvæði sem geta verið mjög nýtileg og ættu heima í nýrri löggjöf að mati allra hér inni er það svo að þegar mál ber að með þeim hætti sem þetta mál eru það vinnubrögðin sem verða oftast fyrst fyrir þegar farið verður að fjalla um málin vegna þess að þau eru það sem menn þurfa e.t.v. fyrst að tala sig í gegnum. Fyrir utan það sem hefur margoft komið fram í dag að sá tími sem stjórnarandstaðan, einstaklingar þar og flokkar hafa haft til að kynna sér þetta mál og fara ofan í það er ekki langur. Menn gera sér e.t.v. ekki alltaf grein fyrir þeim mun sem er á stjórnarþingmönnum og flokkum þeirra annars vegar þegar um er að ræða stór og veigamikil stjórnarfrumvörp og svo hinum sem eru í stjórnarandstöðu hvað það varðar að hafa ráðrúm og tíma til að fara ofan í mál áður en þau koma til 1. umr.

Það hefur komið fram í dag og allt í lagi að endurtaka það ef það er nauðsynlegt að það stóra mál sem við erum að ræða nú var fyrst dreift á borð þingmanna í fyrrakvöld. Á því hafði ekki farið fram nokkur kynning gagnvart stjórnarandstæðingum, þeir höfðu ekki hugmynd um hvað kynni að felast í þessu frv. Sumt af því höfðu þeir lesið um í fréttum eða heyrt félmrh. tjá sig um á öldum ljósvakans. Annað kom fullkomlega á óvart. Málið hafði hins vegar verið rætt í stjórnarflokkunum með góðum fyrirvara þannig að þar á bæ höfðu menn haft og hafa haft í rauninni allt annan tíma til þess að kynna sér þessi mál og eru væntanlega tiltölulega sáttir við það sem hér liggur fyrir eða það skyldi maður ætla. A.m.k. hefur það ekki komið fram í umræðunni að nokkurrar gagnrýni eða efasemda gætti um það að þau ákvæði sem hér eru borin fram séu ekki öll hin ágætustu.

En ég verð að segja, virðulegi forseti, að það kemur á óvart að þetta mál skuli nú vera komið inn í þingið. Það kemur ekki á óvart að málið skuli yfir höfuð koma á dagskrá Alþingis vegna þess að það hafði verið boðað en að það skuli koma inn í þingið með þeim hætti sem það gerir og í ljósi þeirra vinnubragða sem viðhöfð hafa verið verð ég að segja að það kemur á óvart. Þau upphaflegu markmið sem menn höfðu, þegar sest var niður til þess að skoða samskipti á vinnumarkaði, eru komin lönd og leið en menn hafa notfært sér þá jákvæðni sem var upphaflega gagnvart því að setjast niður og fara yfir málið til þess að fara fram með frv. til breytinga á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 eins og kemur fram í þessu 415. máli þingsins. Miðað við þessi vinnubrögð og miðað við hvernig umfjöllunin hefur verið þann stutta tíma sem menn hafa haft málið til skoðunar hljótum við að velta því örlítið fyrir okkur hverjir eru ánægðir. Miðað við það sem fram hefur komið í þinginu sýnist manni að stjórnarliðar séu ánægðir og þeir hjá VSÍ eru ánægðir miðað við fréttir. En aðrir virðast vera óánægðir og er þá ekki nokkuð ljóst fyrir hverja málið er unnið? Er þá ekki nokkuð ljóst af hverju málið er komið fram núna með þessu offorsi og er orðið forgangsmál ríkisstjórnarinnar? Slíkt forgangsmál að öllu öðru var rutt út sem stóð til að hafa á dagskrá þessa tvo daga, í dag og á morgun, forgangsmál fram yfir t.d. fjármagnstekjuskatt enda getum við rifjað upp í leiðinni hverjir það eru sem eru óánægðir með það ef það á að leggja á fjármagnstekjuskatt en það eru einmitt ýmsir þeirra sem eru ánægðir með það frv. sem hér er rætt í dag.

Mönnum þykir í lagi að ryðja út og setja þar með í hættu það markmið að lagður verði á fjármagnstekjuskattur. Það

er allt í lagi að það víki ef menn einungis koma þessu mikla forgangsmáli ríkisstjórnarinnar til nefndar. Menn hafa heldur ekki ýkjamiklar áhyggjur af lagfæringu skaðabótalaga lengur. Það er mjög merkilegt og í rauninni lærdómsríkt að horfa á og fylgjast með því hversu mikið menn eru tilbúnir að leggja í sölurnar til þess að fá þetta frv. inn í þingið til umræðu strax í dag. Það er alveg augljóst af þeim hraða sem er á málinu að það er ekki ætlast til efnislegrar umfjöllunar. Mönnum hefur einfaldlega ekki verið gefinn tími til að setja sig inn í málið þannig að hægt sé að reikna með mikilli efnislegri umfjöllun. Ef það hefði verið, hefði hæstv. félmrh. fallist á að málið yrði geymt fram yfir páskana eins og eðlilegt hefði verið, bæði miðað við það hversu seint það kom inn í þingið nú fyrir páskahlé og eins vegna mikilvægis málsins og þess hversu mikið að vöxtum það er. Þegar þessi vinnubrögð eru öll höfð í huga, læðist að manni að ríkisstjórnin sé orðin ofdekruð af sínum mikla meiri hluta hér inni. Það þarf ekki að semja, það þarf ekki að gera samkomulag, það þarf ekki að taka tillit til eins eða neins. Málin eru bara keyrð áfram og síðan getum við séð hvernig forgangsröðin er. Ekkert er látið trufla hana.

Menn hafa nefnt það hér og hæstv. ráðherra gerði það í ræðu sinni svona eins og til að benda á að það sem móast í mönnum í dag væri kannski sambærilegt við það sem var þegar lögin voru upphaflega sett, en þá voru þau kölluð þrælalögin. Síðar hafi menn komist að þeirri niðurstöðu að gömlu þrælalögin hafi gagnast vel. Það er a.m.k. ljóst að menn hafa lært að vinna með gömlu þrælalögin. Það er búið að túlka þau, það er kominn sameiginlegur skilningur á öll þau ákvæði laganna sem skipta máli og þau eru orðin þjál í meðferð. Þess vegna var ósköp eðlilegt að það sem upp á kynni að vanta varðandi samskipti aðila á vinnumarkaði yrði til í frjálsum samningum þeirra í millum þannig að viðbótin við þær leikreglur sem menn telja að þurfi að setja um samskipti aðila á vinnumarkaði yrði gerð í samkomulagi á milli þeirra aðila sem um málið fjalla. Þannig væri báðum aðilum ljóst hvað fælist í einstökum atriðum en ekki farin sú leið að setja lög í blóra við verkalýðshreyfinguna, lög sem á síðan algerlega eftir að reyna á hvernig munu verða túlkuð, lög sem munu valda óróa á vinnumarkaði næstu árin.

Menn hafa haft ýmis rök fyrir því, þ.e. þeir sem hafa talað fyrir hönd ríkisvaldsins, af hverju þyrfti að breyta þessum lögum. Menn hafa verið að reyna að finna rök fyrir hinni brýnu nauðsyn. Þar á meðal hafa menn bent á fjölda vinnustöðvana. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lýsti því ágætlega áðan hvernig fjöldi vinnustöðvana er fundinn út. Það væri þeim aðilum líka hollt, sem vilja helst tala um fjölda vinnustöðvana og telja að þess vegna þurfi að breyta þeim lögum sem við fjöllum nú um, að velta því fyrir sér hvort vinnustöðvanir hafi verið umfangsmeiri á hinum opinbera en á hinum almenna markaði undanfarin ár og hjá hvorum aðilanum þær hafi staðið lengur yfir. Ég er nokkuð viss um að ef menn hefðu skoðað þessa hluti vandlega, hefðu þeir komist að þeirri niðurstöðu að menn eru að breyta vitlausum lögum, þ.e. það er ekkert sem bendir til þess að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur séu einhver áhrifavaldur í tíðni eða lengd verkfalla á Íslandi. Það er hins vegar nokkuð ljóst að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru með þeim hætti að til þeirra má rekja vinnustöðvanir sem hafa farið af stað vegna þeirra fresta sem þar eru inni og staðið hafa mun lengur en e.t.v. hefði verið þörf á vegna þess hvernig menn verða að bera sig til við að ljúka þeim verkföllum. Þar hefði verið nær að taka til hendi. En það er svo skrýtið að í allri þeirri frumvarpaflóru sem hér hefur verið kynnt og er borin inn í þingið, bólar hvergi á hugmyndum um breytingar á lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég kem nánar að þessu atriði síðar, virðulegi forseti.

Mér fannst skondið hér áðan þegar hæstv. ráðherra var að færa rök fyrir því að það þyrfti að breyta lögunum að eitt af því væri að menn þyrftu að passa það varðandi verkföll að afleiðingar bitnuðu ekki á þriðja aðila. Ég vil af því tilefni óska eftir því að ráðherrann lýsi því fyrir okkur á eftir hvernig slíkt verkfall getur farið fram. Hvernig á slíkt verkfall að vera, hver er uppskriftin? Hún er ekki í þessu frv. en e.t.v. er hægt að lesa það með þeim hætti og þá væri mjög æskilegt að það yrði gert á eftir. Það skiptir verulegu máli ef hægt er að fara í verkföll án þess að þau bitni á þriðja aðila. Það væri æskilegt, ekki bara fyrir okkur heldur fyrir gervalla heimsbyggðina, að fá að vita hvernig slík verkföll fara fram.

Það hefur líka verið bent á að við þyrftum að breyta vinnulöggjöfinni vegna þess að það skipti svo gífurlega miklu máli að við getum staðið við samninga við viðskiptavini okkar í útlöndum. Ég efa ekki að það skiptir máli. Það skiptir alveg geysilegu máli að við getum staðið við alla okkar samninga og þess vegna skiptir verulegu máli hvernig búið er að bæði fólki og fyrirtækjum hér á Íslandi. Þótt ég leiti í því frv. sem hér liggur fyrir og átti væntanlega að svara þessu, ef ég á að taka orð hæstv. ráðherra alvarlega, get ég ekki heldur séð að svo sé gert. Enda held ég að menn svari þessu ekki með lagabókstaf. Ég held að það séu allt aðrir þættir sem ráða því hvort við getum staðið við samninga við okkar viðskiptavini í útlöndum en það hvort þær breytingar sem hér eru lagðar til á vinnulöggjöfinni nái fram að ganga eða ekki. Ég held meira að segja að það megi leiða að því rök að þær breytingar sem hér eru boðaðar gætu orðið til þess að við gætum síður staðið við samninga við viðskiptavini í útlöndum. Þar ætla ég bara að nefna að það eru bæði settar inn í frv. ákveðnar stífur og frestir varðandi boðun verkfalls og einnig varðandi þann frest sem hægt er að gera á verkfalli, þ.e. það er verið að taka ákveðinn sveigjanleika út úr lögunum ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég er nokkuð viss um, ekki síst miðað við þá reynslu sem við höfum af lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að því minni sveigjanleiki sem er í lögum sem fjalla um samskipti á vinnumarkaði, þeim mun meiri líkur eru á því að menn lokist inni í verkfalli og geti ekki staðið við samninga við viðskiptavini í útlöndum. Ég held að þeim tilgangi, svo göfugur og mikilvægur sem hann kann að vera, sé ekki náð með frv.

Mér fannst satt að segja líka dálítið merkilegt þegar hæstv. ráðherra flutti mál sitt að skynja strax í framsögunni ákveðið undanhald. Hæstv. ráðherra, sem eins og oft er nefnt hér er tiltölulega vaskur maður, hafði þegar hopað. Strax í framsögunni reyndi hann að koma af sér Svarta-Pétri, þ.e. hann fann auðvitað að það er vont að vera með Svarta-Pétur, það þekkja allir, og reyndi að koma honum yfir á hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem hafði það eitt til saka unnið að laða aðila vinnumarkaðarins að sama borði til að ræða samskipti á vinnumarkaði. Hæstv. félmrh. hafði síðan eins og við þekkjum notfært sér það sem fram kom í þeim viðræðum til að setja inn í frv. til breytinga á lögum, þvert á það sem þessir aðilar og sá sem upphaflega boðaði til viðræðnanna ætluðust nokkurn tíma til.

Virðulegi forseti. Það er grundvallarágreiningur um það hvort lög þurfi um samskiptareglur. Það kom hins vegar fram

hjá hæstv. ráðherra að VSÍ hefði ekki trú á frjálsum samningum um samskiptareglurnar og hann styddi það. Þetta styður í rauninni það sem ég sagði áðan varðandi það fyrir hverja verið er að flytja þetta frv. inn í þingið. Það á að lögþvinga samskipti á vinnumarkaði af því að VSÍ trúir því ekki að menn geti komið sér saman. Það á líka að lögfesta ákvæði sem komin er hefð á og menn hafa þegar náð samkomulagi um hvernig eigi að standa að. Þetta verður að gerast þó svo fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar telji að það hefði verið hægt að ná þessu samkomulagi við vinnuveitendur vegna þess að ráðherrann var orðinn þreyttur á að bíða.

Við skulum líta aðeins nánar á rökin fyrir því að lagt er fram það frv. sem hér um ræðir. Það er vísað til þess í inngangi að athugasemdum við lagafrv. að það hafi um langt skeið farið fram viðræður um nauðsyn þess að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði. Þótt þessar umræður hafi farið fram og menn hafi talið á ýmsum tímum nauðsyn að bæta samskiptareglur er sú sem hér stendur nokkuð viss um það að þar hafi menn ekki alltaf verið að tala einu máli og allra síst einlægt verið að tala um sama hlutinn. Það hefði því verið býsna fróðlegt ef þeir sem unnu þetta frv. hefðu gefið okkur lista yfir það hvað það er sem menn hafa aðallega sett hornin í undanfarin ár þegar þeir hafa verið að óska eftir bættum samskiptareglum fyrir vinnumarkaðinn. Ég þykist viss um að það gæti orðið bæði langur og skrautlegur listi. En sá listi liggur ekki fyrir hér. Hins vegar er reynt enn frekar að rökstyðja málatilbúnaðinn. Þetta eru, virðulegi forseti, viðbótarrök við þau sem komu fram í máli hæstv. félmrh. fyrr í dag.

Það er þá í fyrsta lagi að talið er að þessi breyting á lögunum gæti stuðlað að friðsamlegum samningum og dregið úr átökum á vinnumarkaði og oft langvinnum vinnustöðvunum. Ég velti því fyrir mér af því að við erum fyrst og fremst að tala um almenna markaðinn hvar í frv. ég gæti fundið eitthvað sem róar mig ef ég hef áhyggjur af þessum hlut.

Ég gat þess áðan ef menn litu til laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna væri nokkuð ljóst að í þeim lögum eru ákvæði sem eru þess eðlis að þau hafa beinlínis stuðlað að því að opinberir starfsmenn hafa farið í verkföll jafnvel þó að þegar að verkfallinu kom eftir þann 15 daga frest sem gefinn var hafi hugsanlega verið komið samningahljóð í menn einfaldlega vegna þess að þeir gátu ekki annað vegna þess hvað lögin voru stíf. Einnig hitt að vegna þess hvernig þau ákvæði eru hafa menn farið í fjögurra til sex vikna verkföll ef þau hafa á annað borð skollið á vegna þess að það eru engin ákvæði um að hægt sé að fresta. Það eru engir möguleikar á því að nýta verkfallshótun ef það má orða það svo með skapandi hætti. Engin tök eru á því að nýta möguleikann á verkfalli sem tæki í kjarabaráttu vegna þess að tækið var upphaflega gert svo klunnalega úr garði að enginn veldur því. Þegar menn tala fjálglega um að það eigi að bræða saman lögin sem gilda um almenna markaðinn og opinbera markaðinn er verk að vinna í kjarasamningum opinberra starfsmanna. Þar þarf að breyta lögum en ekki að færa lögin af almenna markaðnum í átt til þeirra sem gilda fyrir opinbera starfsmenn. Það er að mínu mati glapræði og ef menn átta sig ekki á því hvert hér er verið að feta þegar þeir horfa til sögu liðinna ára allt frá því að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru sett árið 1986 hafa menn einfaldlega ekki skoðað þær forsendur nógu vel sem þeir eru að vinna með.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gat þess áðan að BHMR hefði löngum átt í deilu við ríkið og það er alveg rétt. Allt frá því að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru sett og fram til 1992–1993 og svo þessi nýju átök auðvitað núna sem eru reyndar sprottin af öðru en lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa geisað erjur, verkföll og það hafa verið ákveðnir erfiðleikar í samskiptum aðila. Það er af tveimur ástæðum og báðar ástæðurnar ættu að vera okkur og hæstv. félmrh. víti til varnaðar. Það er í fyrsta lagi sú ástæða sem ég nefndi að lagatextinn um framkvæmd verkfalla, vopnið, er smíðað með þeim hætti að það er nánast ónothæft. Í öðru lagi þarf að athuga þegar sett eru ný lög um það hvert svigrúm menn hafa á vinnumarkaði og í samskiptum, og nákvæmlega það vill hæstv. félmrh. gera núna með þessu frv. til að stuðla að friði á vinnumarkaði, hvernig aðilar bregðast þá við. Vilja menn ekki læra svolítið af sögunni? Menn bregðast þannig við að þeir láta reyna á skilning og þanþol þeirra laga sem sett eru. Fyrst ekki er hægt að ná samkomulagi um skilninginn fyrir fram eins og reyndin er því miður nú, fyrst aðilunum er ekki treyst og þá sérstaklega ekki verkalýðshreyfingunni miðað við þann málflutning sem hér hefur verið, til þess að ná samkomulagi um samskiptin og það eru sett um þau lög er ég því miður í ljósi reynslunnar nokkuð viss um að verkalýðshreyfingin, einstök verkalýðsfélög, landssambönd, heildarsamtök munu láta á það reyna og það er óhjákvæmilegt að það gerist því að menn verða að átta sig á því hver staða þeirra er miðað við nýtt lagaumhverfi, bæði viljandi og óviljandi og Félagsdómur mun fá nokkuð að starfa á næstu árum. Þetta er friðsemdin sem verið er að biðja um með breyttum lögum. Menn hefðu þurft að líta betur til forsögunnar og menn hefðu aðeins þurft að átta sig á því hvar hafa erfiðleikarnir verið og af hverju.

Það er slæmt að hv. þm. Árni Mathiesen skuli ekki vera í salnum en hann hlýðir e.t.v. einhvers staðar annars staðar á mál mitt. Það er hætt við því að það framfaraspor sem einhverjir stjórnarliðar telja að nú sé verið að stíga verði ekki til mikilla framfara þegar lögin eru sett í því ósætti sem ríkir um bæði málatilbúnað og það hvernig einstök atriði þar eru útfærð. Nei, virðulegi forseti. Ég álít að heilladrýgra hefði verið fyrir hæstv. ráðherrann að hemja nokkuð óþolinmæði sína og gefa aðilum vinnumarkaðarins færi á því, jafnvel þó það tæki einhverja mánuði að ná samkomulagi um samskiptin. Það hefði verið farsælla fyrir okkur öll og það hefði verið farsælla í ljósi þeirra markmiða sem hæstv. ráðherra setti fram í upphafi máls síns í dag.

Það er ástæða til þess að ræða hér og tiltaka þriðja atriðið ef þau tvö sem ég hef þegar nefnt duga ekki til þess að menn ranki við sér gagnvart þeirri röngu braut sem þeir eru á með málið.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að starfsmenn fyrirtækis geti stofnað stéttarfélag og fari það stéttarfélag þá eitt með samningsumboð fyrir starfsmenn. Ég tek undir það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan um vinnustaðarsamninga. Þeir hafa víða gengið vel en því miður er hætta á því að verði þetta frv. að lögum verði það starf unnið fyrir gýg sem þá hefur átt sér stað. Hins vegar held ég að friðelskandi ráðherrar og aðrir sem koma að samningu frv. hafi kannski ekki gert sér grein fyrir þeim ófriði sem verið að efna til með ákvæði 1. gr. Eða hafi þeir gert sér grein fyrir ófriðnum ætli þeir bara að taka slaginn en það er alveg ljóst að sá slagur mun ekki stuðla sérstaklega að því að við getum staðið við samninga okkar gagnvart viðskiptavinum okkar í útlöndum. Þarna eru menn auðvitað komnir

að forgangsréttarákvæðum einstakra stéttarfélaga og þar er um auðugan garð að gresja varðandi deilur og hugsanleg dómsmál ef ráðherrann vill endilega halda mönnum uppteknum við slíka hluti næstu árin meðfram öðru því sem getur valdið slíku og fram kemur í þessu frv. Ég vísa enn til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá árinu 1986. Þar er einmitt sambærilegt ákvæði. Þar var ákvæði þess eðlis að hægt væri að stofna félög á vinnustað og það hefði verið snjallt fyrir þá sem sömdu frv. að fara vandlega ofan í þá sögu sem á eftir fylgdi hvað varðaði átök innan raða opinberra starfsmanna. Það hefði verið gott að menn hefðu þá búið sig undir ófriðinn frekar en að fara fram í máli friðarins. Ég ætla að leyfa mér að setja fram þá skoðun varðandi forgangsréttarákvæði ef menn langar í deilur um forgangsréttarákvæði stéttarfélaganna að setja þá fram þá tillögu handa mönnum sem hafa áhuga á því að horfa á slegist um slíka hluti að forgangsréttarákvæði stéttarfélaga eftir að Póstur og sími er orðið hlutafélag, sem ég geri ráð fyrir að verði eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar, eru að mínu mati eiginlega nóg í bili af umfjöllun bæði Félagsdóms og annarra um forgangsréttarákvæðin vegna þess að þar mun áreiðanlega reyna á forgangsréttarákvæði stéttarfélaga. Það er óhjákvæmilegt. Þegar búið er að hliðsetja stofnunina eða gera hana að fyrirtæki og hliðsetja hana af fyrirtækjum á markaðnum, hvað halda menn þá að muni gerast í málefnum stéttarfélaganna? Þeir sem þekkja til vita að undanfarin ár hafa átt sér stað átök varðandi forgangsréttarákvæði vegna þeirra starfa sem eru innan stofnunarinnar Pósts og síma. Halda menn þá að slíku muni linna eftir að búið er að hliðsetja stofnunina eða gera hana að fyrirtæki, hf., á markaðnum? Það er hreinn barnaskapur ef menn ímynda sér það.

Ef við höldum síðan áfram með þau rök sem menn hafa fyrir því að fara inn í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, þá hafa menn líka tiltekið í inngangnum að afskipti íslenskra stjórnvalda af einstökum kjaradeilum hafi vakið athygli alþjóðastofnana. Allt í einu eru menn orðnir svona uppteknir af því hvað alþjóðastofnunum finnst. Menn eru ekki svona uppteknir af því hvað alþjóðastofnunum finnst þegar verið er að fjalla um ýmsa samninga sem Ísland ætti og þyrfti og hefði fyrir löngu átt að gerast aðili að og varða vinnumarkaðinn. En þegar kemur að þessu máli eru alþjóðasamningarnir og það hvað öðrum kann að finnast allt í einu orðið þess virði að hér þarf að breyta lögum. Við skulum aðeins skoða hver þessi afskipti íslenskra stjórnvalda hafa verið eða kannski öllu heldur af hverju íslensk stjórnvöld hafa gripið inn, ekki bara í kjaradeilur heldur líka í gerða samninga.

Ég held að menn verði að horfa til þess að mörg undanfarin ár og áratugi geisaði hér óðaverðbólga. Sveiflur í efnahagslífi okkar voru miklar og atvinnulífið oft á tíðum illa rekið þannig að ef aðilar vinnumarkaðarins gerðu kjarasamninga sem á einhvern hátt þóttu síðan halla á vinnuveitendur var gjarnan gripið inn í við fyrstu dýfu sem þjóðarskútan tók. Með öðrum orðum, það hefur ekki þótt heppileg aðferð á Íslandi að láta gerða kjarasamninga veita fyrirtækjum það aðhald sem þau hafa þurft til að auka sína framleiðni enda hefur þróunin verið þannig að framleiðni í íslenskum fyrirtækjum hefur ekki batnað. Í sumum atvinnugreinum hefur henni farið aftur, í öðrum hefur hún reyndar batnað en að meðaltali hefur hún ekki gert það, því miður. Og það virðist vera samkomulag einhverra um það, væntanlega þeirra sem eru sammála um það frv. sem hér liggur fyrir, að svo skuli ekki vera. Þetta vil ég segja, virðulegi forseti, vegna þess að miðstýrðir samningar Vinnuveitendasambandsins taka ekki tillit til mismunandi aðstæðna. Þeir eru þess vegna að engu leyti hvetjandi til að fyrirtækin geri betur heldur þvert á móti. (Forseti hringir.) — Ég skil það svo, forseti, að tími minn sé búinn.

(**Forseti** (GÁ): Hárrétt skilið.)

Tími minn er búinn og ég verð þá að koma aftur til þess að ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

[17:50]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum í dag er bæði gott mál og þarft og hæstv. félmrh. á heiður skilið fyrir sinn hlut í því. Það gengur reyndar ekki eins langt og ég hefði óskað en er þó mikil bót í mörgum málum.

Upphlaupið sem þetta frv. hefur valdið í þjóðfélaginu minnir um margt á baráttu forréttindastétta gegn breytingum á stöðu sinni. Talsmenn verkalýðsfélaga, sjálfskipaðir fulltrúar almennings, tala um aðför að þessum sama almenningi. En það er regindjúp á milli verkalýðsrekanda og þess fólks sem skyldað er til að borga félagsgjald til þeirra.

Herra forseti. Íslenska þjóðin hefur á undanförnum áratugum þurft að horfa upp á verkföll og aftur verkföll og hún hefur þurft að líða fyrir skaðsemi þessara sömu verkfalla. Atvinnulífið hefur þurft að búa við það ár eftir ár að geta ekki staðið við samninga við útlendinga sem þeir hafa gert og menn hafa séð margra ára markaðsstarf hrynja trekk í trekk vegna verkfallsgleði. Verkfall sjómanna t.d. á síðasta ári kom fram í reikningum margra útgerðarfélaga sem tap. Menn töluðu um tugi milljóna. 60 millj. kr. tap var talað um í einni ársskýrslunni vegna verkfalls sjómanna. Atvinnulífið í heild sinni líður fyrir þetta og þjóðin í heild sinni líður fyrir þetta líka. Ég minni á það að þetta sama verkfall sjómanna olli því að síldveiðiflotinn var dreginn út úr síldarsmugunni og minnkar væntanlega möguleika okkar á að fá kvóta þar til allrar framtíðar. Við erum að missa réttindin. Við erum að tapa stórfé, Íslendingar, á þessum lögum eins og þau eru í dag og stöðunni eins og hún er í dag.

Herra forseti. Tengsl verkalýðsfélaga og félagsmanna þeirra eru umræðuverð. Meðan verkalýðsfélögin innheimtu félagsgjaldið hjá hverjum og einum félagsmanni voru tengslin persónuleg og náin en eftir að þetta fór í gegnum tölvur og er innheimt af félagsmönnum sem 1% af launum varð það ópersónulegt og án nokkurra tengsla. Fjöldi fólks sem skyldað er til að borga félagsgjald til verkalýðsfélaganna sér þetta bara sem skatt, lítur á þetta sem skatt nákvæmlega eins og tekjuskattinn og iðgjaldið í lífeyrissjóðinn. Þetta er bara eitthvað sem tekið er frá manni, maður fær ekkert fyrir það og það er bara svona. Og fólkið er gjörsamlega varnarlaust. Svo er tekinn orlofsheimilasjóður, félagsheimilasjóður og sjúkrasjóður og allt rennur þetta til þessarar verkalýðshreyfingar, til verkalýðsrekendanna og fjármagnar verkalýðsiðnaðinn. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Það er nefnilega reginmunur á verkalýðnum sjálfum eða almenningi og verkalýðsfélögunum sem hafa notað verkalýðinn sem eins konar verkalýðsiðnað og lifa góðu lífi. Það hefur komið fram að þeir eru með miklu hærri laun en umbjóðendur þeirra sem þeir eru að berjast fyrir með kjarasamningum.

Herra forseti. Við ræðum ekki um stéttarfélög og vinnudeilur án þess að koma inn á það ægivald sem þessir aðilar hafa í gegnum lífeyrissjóðina. Ólýðræði eða lýðræðisleysi í verkalýðshreyfingunni kallar fram sambærilegt lýðræðis-

leysi hjá atvinnurekendum og saman fara þessi ólýðræðislega skipuðu samtök með fjöregg þjóðarinnar, lífeyrissjóðina, með 260 milljarða. Það eru 2 millj. á hvern vinnandi mann sem þessir menn fara með. Ég hef ekki kosið þá og flestir Íslendingar hafa ekki kosið þá til þeirra starfa. Það vantar lýðræði í verkalýðshreyfinguna.

Herra forseti. Það má líka horfa á það hvernig við stöndum í jafnréttisbaráttunni og þá á ég við jafnrétti fólks almennt, ekki bara kynjanna. Sú verkalýðsbarátta sem hér hefur verið háð í fjölda ára með verkföllum og kostnaði fyrir þjóðina hefur ekki fleygt þjóðinni framar en það að hæsti taxti VR fyrir skrifstofustjóra eftir 10 ára starf er undir 70 þús. kr. Auðvitað ræður enginn skrifstofustjóra á þessum launum. Þetta er allur árangurinn af baráttunni. Auðvitað verður nánast hver einasti Íslendingur að semja sjálfur um sín laun vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur klikkað á því. Hún er að búa til einhver gervilág laun og hverjir lenda á þeim? Fólk sem ekki er nógu duglegt og nógu frekt í baráttunni og fólk sem er óframfærið. Og því miður sjáum við að mjög margar konur lenda á þessum lægstu töxtum öllum til skammar.

Svo sjáum við aftur ferlið í þessum samningum. Menn eru alltaf að mala um láglaunabætur til lægst launaða fólksins. Það er heilagt orð í munni þessara manna. Það er talað aftur og aftur um að nú skulum við bæta kjör þeirra lægst launuðu og það er byrjað að koma með einhverja krónutöluhækkun. Svo er öllum stóra massanum, Verkamannasambandinu og Dagsbrún, att út á foraðið og þeir ná fram samningum og ríkisvaldið er kallað til. Og það á að fara að bæta kjör lægst launaða fólksins. Hvað kemur svo? Það er varla þornað blekið hjá þessum stóru samtökum. Þá koma iðnaðarmannasamtökin. Ég minni á Rafiðnaðarsambandið sem samdi þá um prósentuhækkun, láglaunahækkun eða prósentuhækkun að vali. Og svo þegar þeir eru búnir, þá koma hátekjustéttirnar og semja. Niðurstaðan þegar upp er staðið verður að láglaunafólkið fær minnst, líka í prósentum, ekki bara í krónum.

Við búum hérna á Íslandi við fáránlega lága taxta sem afleiðingu af öllu þessu basli og öllum þessum verkföllum. Það sem þetta frv. gerir er að klóra í forréttindi verkalýðsfélaganna og verkalýðsrekendanna og það klórar hugsanlega í skylduaðildina því að allt þetta byggir á því að menn eru skyldaðir með einhverjum furðulegum hætti til að vera í verkalýðsfélögum. Menn fá ekki vinnu ella. Þannig er nú staðan og auðvitað ganga menn í verkalýðsfélag heldur en að ganga um atvinnulausir. Lengi vel var það jafnvel þannig að menn fengu ekki einu sinni atvinnuleysisbætur nema vera í stéttarfélagi.

Verkfallsrétturinn er mjög verðmætt vopn og það er heilagur réttur launþega. Hér fyrr á árum, fyrir áratugum var þetta mikilvægasta vopn manna til að leiðrétta kjör sín. Það hefur snúist upp í andhverfu sína þannig að þeir menn sem valda mestu tjóni með verkfalli sínu, án eigin framlags, hagnast best. Þeir fá hæstu launin. Ég nefni flugmenn, flugumferðarstjóra og fleiri. Þeir menn sem geta valdið milljónatjóni með verkfalli sínu fá hæstu launin. En þeir menn sem valda litlu tjóni fá lægstu launin, ég nefni kennara. Verkfallsvopnið hefur snúist upp í andhverfu sína.

Herra forseti. Ég hef lent í þeirri stöðu að ráða fólk til vinnu. Ég hef aldrei getað notað kjarasamninga, ekki launin. Ég hef þurft að semja við hvern einasta mann um launin og yfirleitt er það svona 50% hærra eða tvöfalt hærra en taxtinn segir til um. Það var engin stoð í því fyrir mig sem atvinnurekanda að nota allt þetta dýra batterí sem við erum með, fleiri hundruð manns á launum við að ráða kjörum þjóðarinnar. Það var engin stoð í því. Ég þurfti að semja við hvern einasta mann. Sumir komu oft. Sumir komu einu sinni í mánuði að heimta hærri laun. Aðrir komu aldrei eða sjaldan. Hógvært fólk og samt duglegt. (**Gripið fram í:** Hverjum gekk best?) Ég reyndi að passa það, hv. þm., ég reyndi að passa það að allir fengju jafnt svo að ég missti ekki góða fólkið frá mér eða það yrði óánægt. En það var virkilega erfitt. Og þeir frekustu fengu auðvitað mest og þeir fá mest. Þeir sitja eftir sem eru duglegir og samviskusamir en ekki eru alltaf að ota sínum tota og það er oft og tíðum betra fólkið og oft og tíðum konur. Ég leyfi mér að fullyrða það.

Nú erum við í reynd með sérsamninga við hvern einasta Íslending. Við erum með 160 þúsund samninga í gangi, alla daga. Með því að taka upp vinnustaðarsamninga er hreinlega að vera að viðurkenna staðreynd og það mundi hugsanlega stórbæta stöðuna.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum um er til mikilla bóta. Þó gengur það ekki nógu langt að mínu mati. Við skulum t.d. líta á þær kosningar sem gert er ráð fyrir í frv. og menn hafa verið að setja út á hérna. Það er furðulegt mál. Kjarasamningur getur verið felldur ef einn fimmti félagsmanna kýs og helmingur þeirra sem kjósa ákveður að fella hann, þ.e. 10,1% geta fellt kjarasamning fyrir hinum 90% eða 89,9%. Þannig er þetta frv. og gengur ekki langt að mínu mati. Það mætti ganga miklu lengra í því að menn hafi áhrif á kjör sín og örlög. Sama gildir um verkfall. 10,1% geta sent restina af liðinu í verkfall eða 89,9%. Þetta er auðvitað betra en í dag vegna þess að í dag geta 50–60 manns sent 9 þúsund manns í verkfall eins og hefur gerst eða fellt kjarasamning. Þetta er mikið til bóta, en eins og hv. þingmenn sjá er þetta ekki nógu gott.

Metnaðurinn er nokkuð meiri þegar kemur að miðlunartillögu sáttasemjara. Þar skal helmingur atkvæða vera á móti henni til að fella hana og þó meira en þriðjungur allra atkvæðisbærra. Það nægir sem sagt að þriðjungurinn felli sáttatillöguna fyrir hinum tveim þriðju. Allt þetta kerfi, t.d. kosningar sem eru í frv., gengur út frá þeirri staðreynd að við búum við mikla félagslega deyfð í verkalýðshreyfingunni. Við búum við þann vanda að fólkið er ekki virkjað, það fer félagslega dautt í verkalýðshreyfingunni. Af hverju skyldi það nú vera? Það er út af skylduaðildinni. Það er af því að menn eru skyldaðir til að vera þarna og þeir eru þarna inni hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þeir hafa jafnvel ekki hugmynd um að þeir séu í stéttarfélagi. (**Gripið fram í:** Það þarf að vinna fyrir vaxtaokrinu.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég bið hv. þingmenn að gefa ræðumanni frið.)

Herra forseti. Vinnustaðarsamningur fyrir 250 starfsmenn eða fleiri er til mikilla bóta, sérstaklega í fiskvinnslunni. Þá er loksins í fyrsta skipti farið að taka tillit til fiskverkafólks og það mundi væntanlega leiða til þess að launin þar mundu jafnast og hækka, sérstaklega til þeirra sem gengur vel. Þetta hefur líka þann kost að þar fara hagsmunir fyrirtækis og starfsmanna saman. Þegar vel gengur í fyrirtækinu vegna góðs reksturs, geta menn vænst þess að fá hærri laun í samningum við viss fyrirtæki. Nú er það þannig að það er alltaf litið á einhverja meðaltalsstöðu þjóðarbúsins. Starfsmenn sem vinna hjá glimrandi góðu fyrirtæki og leggja hart að sér

til að ná góðum árangri og góðum rekstri er ekki umbunað, ekki í samningum. Þeir verða að slást hver og einn fyrir sínum kjarasamningum eins og ég nefndi áðan.

Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu, herra forseti, að þetta er gagnkvæmt. Fyrirtækin verða líka að kjósa um kjarasamning. Ég man reyndar ekki til þess að hafi gerst að fyrirtæki úti á mörkinni hafi þurft að kjósa um það hvort þau vilja samþykkja kjarasamning eða fella hann. Eða hvort þau vilja fara í verkbann eða ekki. Það er mikil breyting og rýrir væntanlega það ógnarvald VSÍ sem menn hafa verið að tala um hér.

Herra forseti. Það eru nokkur atriði þar sem ég vildi ganga lengra og vildi gjarnan láta skoða í hv. félmn. Ég vildi hafa þá reglu að helmingur þeirra sem á að senda í verkfall samþykkti það, að það verði aldrei gert þannig að hinn óvirki félagsmaður sé sendur í verkfall bara af því að hann er óvirkur. Sama ætti að gilda þegar kjarasamningur er felldur. Helmingur þeirra sem eiga að njóta kjarasamningsins verða að fella hann.

Ég mundi líka vilja skoða hvort ekki mætti lækka þetta mark, 250 manns í fyrirtæki eða á fyrirtækjasamningum, niður í svona 50 manns. Í dag semur hver og einn fyrir sig. Ef verkalýðshreyfingin heldur virkilega að hún sé að semja fyrir launþega í landinu, er það rangt. Hver og einn semur fyrir sig og í staðinn fyrir að fyrirtækið semji við kannski 50 starfsmenn ætti að gera einn allsherjarsamningur. Það mundi auka launajafnréttið, það fullyrði ég. Það yrði ekki liðið að sumir séu með 200–300 þús. kr. á mánuði á meðan einhver annar, bara af því að viðkomandi er kona eða óframfærinn, er með 50 þús. kr. á mánuði. Það yrði ekki liðið þannig að vinnustaðarsamningar munu auka jafnréttið.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi er þetta gott mál og þarft og mikið til bóta þótt margt mætti betur fara. Einkum er mikilvægt að launamenn þessa lands hafi meira um kjör sín og örlög að segja.

[18:06]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð ræða. Hér blasti við okkur stefna ríkisstjórnarinnar í reynd, óheft markaðshyggja. Hér var sú sýn birt að það er vald fjármagnsins sem ráða skal í öllum samskiptum, þar á meðal í samskiptum um kaup og kjör. Verkföll ættu að fara fjandans til, skipulag launþega ætti að fara fjandans til. Það er ægivald fjármagnseigenda sem á að ráða og það kom skýrt fram. Ég vil ekki, herra forseti, þessa framtíð hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það sem hér kom fram er grímulaust. Það er búið að svipta umbúðunum af þessu frv. Það eru miðstýrð vinnuveitendasamtök, miðstýrð samtök fjármagnseigenda sem eiga að mæta launþegum landsins, launþegum með báðar hendur bundnar. Hvor ætli ynni þá orrustu? Ég held að það sé augljóst. Hugmyndafræði hv. þm. er skýr og hún er í reynd stefna Sjálfstfl. og Framsfl. Hafi einhver efast um að Sjálfstfl. er hreinræktaður flokkur vinnuveitenda í landinu ætti hann að lesa ræður hv. þm. Péturs H. Blöndals aftur og aftur. Fulltrúar Sjálfstfl. við þessa umræðu ættu að lesa hana aftur og aftur. Þá sjá menn hverra hagsmuna er verið að gæta í þessu landi.

[18:08]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi koma að nokkrum athugasemdum við ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Jafnframt gefur það kannski glögga mynd af því að sá sem síðastur talaði fór með rangt mál. Það eru skiptar skoðanir í Sjálfstfl. um þetta mál. En varðandi ummæli Péturs H. Blöndals vildi ég aðeins geta þess að það eru mismunandi leiðir í sambandi við boðun vinnustöðvunar eða til þess að ná fram kjarasamningum og þær eru með allt öðrum hætti en hann kom að hér áðan.

Ég vildi sérstaklega geta þess af því að hann kom að sjómannastéttinni áðan að sú stétt þarf að hafa þær leikreglur þegar boðað er til verkfalls að það sé gert með þriggja vikna fyrirvara.

Hann talaði um að verkfall hefði snúist upp í andhverfu sína. Ég spyr því: Verkfall hverra? Sjómenn voru síðast með sína kröfugerðir liggjandi á borðinu í tíu mánuði. Þær fengust ekki ræddar fyrr búið var að boða verkfall. Hver er þá andstæðan? Því miður hefur það oft gerst að ekki hefur verið hægt að hefja viðræður fyrr en skollið er á verkfall vegna þess að vinnuveitendur hafa ekki verið tilbúnir til þess að ræða málin. Síðan er talað hér eins og þetta sé eingöngu verkalýðshreyfingunni að kenna. Það er rangt. Málin standa þannig í dag að oft er aðdragandi og boðun verkfalls ekki eingöngu verkalýðshreyfingunni að kenna.

[18:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði að sjómannaverkfallið væri boðað með löngum fyrirvara o.s.frv. Það má vel vera. En hugsum okkur að vinnustaðarsamningur væri í gildi á milli sjómanna og útgerðar. Þá hefði þetta verkfall ekki komið á með þessum þunga. Það getur vel verið að hv. þm. sé að kvarta undan skorti á lýðræði hjá atvinnurekendum. Það er hin hliðin á peningnum.

[18:11]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var enn eitt athyglisvert sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi. Hann talaði um að verkfall skyldi boðað með þeim hætti að svo og svo margir tækju þátt í atkvæðagreiðslunni. Hann talaði líka um það að svo og svo margir ættu að taka þátt í atkvæðagreiðslunni ef samningurinn yrði felldur. En hann gleymdi einu sem vinnuveitendur minnast heldur aldrei á. Ef samningur er samþykktur með örfáum atkvæðum, heyrist ekki múkk úr Garðastrætinu. Þeim þykir það eðlilegt og sjálfsagt þannig að lýðræðið nær ekki langt.

Varðandi vinnubrögð innan sjómannasamtakanna má líkja þeim við vinnustaðarsamninga. Hver og ein stétt fiskimanna greiðir atkvæði um boðun vinnustöðvunar eða samninga. Sama á við um farmannastéttina og þá sem starfa á hafrannsóknarskipum, í Landhelgisgæslunni eða á sanddæluskipum. Þegar boðað er til verkfalls fer atkvæðagreiðsla fram á meðal allra sjómanna, þ.e. atkvæðagreiðsla meðal þeirra sem starfa í viðkomandi starfsgrein. Menn vaða villu og reyk í sambandi við þetta frv. Það er gengið mun lengra en efni standa til. Og þá spyr maður: Hver gefur mönnum misvísandi og villandi upplýsingar um leikreglurnar í dag? Hvers vegna er haldið svona á þessu máli?

Það er ósk mín að náðst hefði samkomulag með vinnuveitendum og verkalýðshreyfingunni um leikreglur. Takist það ekki, þýðir ekkert fyrir okkur, hið háa Alþingi, að setja einhverjar leikreglur og binda þær í lög, það yrði ekki farið eftir þeim. Auðvitað er það fyrst og fremst aðila vinnumarkaðarins að koma sér saman um starfshætti og leikreglur.

[18:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að heyra að það ríkir lýðræði hjá sjómannastéttinni. Þá ættu þessi lög nánast ekkert að snerta hana. Það sem gæti hugsanlega snert sjómenn og þeirra viðsemjendur er einmitt hin hliðin, þ.e. lýðræði hjá atvinnurekendum, því að þeir þurfa núna að samþykkja verkbann og annað því um líkt. Þetta er náttúrlega orðið gagnkvæmt.

[18:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef einsett mér að vera kurteis í máli við hv. þm. Pétur H. Blöndal, enda hlýtur að vera erfitt fyrir hann í dag að hafa verkalýðshreyfinguna á pöllunum sem hlær að honum og fá síðan snoppunga frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, flokksbróður sínum, ekki bara á aðra heldur á báðar kinnar.

Herra forseti. Ég held að sú lexía sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson veitti flokksbróður sínum áðan segi honum allt sem þarf að segja honum um eðli verkfalla. Í rauninni eru allir á móti verkföllum vegna þess að þau eru neyðarúrræði. En við vissar aðstæður er ekki hægt annað en að grípa til þeirra. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði frá sinni eigin reynslu. Hún var þannig, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að sjómenn höfðu í tíu mánuði verið með sína kröfugerð á borði vinnuveitendanna en þeir fengu hana ekki rædda fyrr en þeir höfðu boðað til verkfalla. Það er með öðrum orðum nauðsynlegt að hafa þetta neyðarleið. En ég held að við getum verið sammála um að þetta er neyðarleið sem menn grípa ekki til fyrr en í nauðir rekur.

Herra forseti. Þrátt fyrir það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan þykir mér gott að hafa hv. þm. Pétur Blöndal í þessum sal og heyra hann tala vegna þess að hann hefur kjark umfram marga aðra. Hann segir oft það sem félagar hans þora ekki að segja upphátt en hugsa þó. En hann talar um lýðræðisást og það er tvennt sem mig langar að nefna. Í fyrsta lagi er hann á móti því að hinir óvirku hafi áhrif. Því auðvitað hafa þeir áhrif þó að þeir taki ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Er það ekki svo, herra forseti, að það er gjarnan þannig að menn leyfa þeim að taka ákvörðunina sem þeir telja að hafi besta þekkingu á málinu? Þeir sem taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu um verkfall vita eigi að síður að það kann að koma til þess að þeir verði þátttakendur í verkfalli en þeir láta þá sem hafa borið hitann og þungann taka ákvörðunina. Ég vísa til umhverfis hv. þm. Péturs Blöndals. Er það ekki oft svo að hér koma inn mál sem menn vita að stjórnarliðið er algerlega á móti en lætur leiða sig vegna þess að það telur að sín eigin forusta hafi meira vit á þessu?

[18:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um neyðarúrræði og talar um sjómannasamningana og þeir bíða auðvitað svo og svo lengi. Er ekki einmitt tekið á því í þessu frv. með því að gera skal áætlun um hvernig samningaferlið eigi að vera? Þá verður ekki um það að ræða að menn séu í fjölda ára með lausa samninga. Ég minni hv. þm. á að flokkur hans eða a.m.k. hluti af honum, Vilmundur Gylfason og fleiri, stóðu einmitt að svipuðum áætlunum fyrir löngu um að koma meira lýðræði í verkalýðshreyfinguna.

[18:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Það er að vísu svo, herra forseti, að þær tillögur sem Vilmundur Gylfason heitinn lagði fram um þetta náðu ekki fram að ganga innan Alþfl. hvort sem það var gott eða slæmt.

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. segir. Það er ýmislegt sem er til bóta í þessu frv. Til að mynda sá þáttur sem hann nefndi um gerð samningsáætlana, en eigi að síður er það svo að viðbótin við frv. frá drögunum síðan í janúar er þess eðlis að hún meira og minna slátrar þeirri góðu fyrirætlan sem er að finna í hugmyndinni um samningsáætlanir. En ég er viss um að þó að hv. þm. Pétur Blöndal sé þeirrar skoðunar að e.t.v. sé lýðræði fjármagnsins best er hann í hjarta sínu lýðræðissinni. Hann er ekki einræðissinni, ég er sannfærður um það. Og hvað segir hann um lýðræði sem tengist miðlunartillögunni sem hann ræddi áðan? Til þess að fella miðlunartillögu þurfa 33,3% atkvæðisbærra að greiða atkvæði gegn henni og að sjálfsögu meiri hluti þeirra sem taka þátt. Það er hægt að setja upp dæmi sem er þannig ef það eru 2.000 atkvæðisbærir menn, 644 greiða atkvæði gegn en 642 með er hún samt sem áður samþykkt. Með öðrum orðum, yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hlutinn er á móti en hún er samt samþykkt. Ég spyr þig, hv. þm.: Er þetta lýðræði?

[18:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á það að frv. hefði versnað frá því í janúar og af hverju skyldi það vera? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur tekið inn fullt af breytingum sem verkalýðshreyfingin hefur viljað koma inn þannig að frv. er að versna.

Varðandi það að menn tala stöðugt um lýðræði fjármagnsins. Það sem ég er að tala um er lýðræði fólksins, þ.e. fólksins sem er gert að borga af sínum lágu launum inn í verkalýðshreyfinguna 1%, jafnvel 1,25% af launum eftir skatta. Við erum að tala um 1,5% af tekjum allrar þjóðarinnar fyrir skatta sem fer til verkalýðshreyfingarinnar. Ég hef sérstaklega mikinn áhuga á kjörum þessa fólks og það er lýðræði þess sem ég vil bæta. Ég vil að fólk hafi áhrif á kjör sín og örlög. (**Gripið fram í:** Þetta frv. gerir það ekki.)

[18:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er auðvitað stórkostlegt að heyra væntumþykjuna fyrir öreigalýðnum vella fram þegar stjórnarsinnar tala fyrir málum, hvort sem það eru hæstv. félmrh. sem er að þessu öllu saman fyrir fátæka fólkið og fyrir verkalýðshreyfinguna, hún bara veit ekki betur. Svo kemur hv. þm. Pétur Blöndal og bætir um betur og harmar það mest að ekki sé gengið nógu langt. Ofstækið hafi verið dempað og eitthvað síað út af því sem nauðsynlegt sé að gera. Það verður að segja hv. þm. mjög til hróss að það er gott að hafa þó a.m.k. einn mann úr stjórnarliðinu sem kemur langleiðina til dyra eins og hann er klæddur og er okkur til marks um og vitnisburðar um þann hugarheim sem að baki býr en hæstv. félmrh. var náttúrlega fáorður um. Ég held að ekki sé síður mark takandi á því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í hinni eiginlegu og réttu framsöguræðu fyrir málinu og lýsti inn í þann hugarheim að eini gallinn á málinu væri að ekki væri gengið nógu langt í að rústa niður verkalýðshreyfinguna. Það er hægt að klæða þetta í hvaða búning sem er, ást fyrir

lýðræðinu o.s.frv. en við getum farið yfir það í hverju hin mikla lýðræðisást birtist í frv. Það er á sínum stað.

Herra forseti. Í fyrsta lagi er alveg óhjákvæmilegt að endurtaka mótmæli sem hér voru flutt í morgun við því að þetta mál skuli yfirleitt vera rætt með þessum hætti, yfirleitt tekið á dagskrá nánast með afbrigðum, teygt á þingsköpum til að troða þessu forgangsmáli ríkisstjórnarinnar áfram. Öllum öðrum þingmálum sópað út af borðinu, málinu rutt út úr þingnefndum til þess að þessi sérstöku forgangsmál Framsfl., árásirnar á verkalýðshreyfinguna, komist áfram í gegnum þingið. Til hamingju, framsóknarmenn, til hamingju, hjartanlega til hamingju með þetta nýja hlutverk sem þið hafið tekið að ykkur í þessu stjórnarsamstarfi að bera hinn rétta anda þess inn á löggjafarsamkomuna.

Herra forseti. Í öðru lagi eru vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar. Það er alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því að ekki er um einangraðan atburð að ræða. Hafa menn farið yfir það hversu nákvæm spegilmynd af vinnubrögðum hæstv. fjmrh. gagnvart opinberum starfsmönnum, vinnubrögð hæstv. félmrh. eru gagnvart almennu verkalýðshreyfingunni? Það er nákvæm spegilmynd. Frumvörp eru samin á laun og síðan er hóað í verkalýðshreyfinguna og henni í besta falli gert að kíkja á þau nokkrum sólarhringum áður en þau eru lögð fram. Það er samráð eftir á. Það vill svo til að ég fékk upplýsingar um það frá báðum aðilum í gær og í fyrradag hvernig þetta hefði gengi fyrir sig. Það er nákvæm spegilmynd þannig að hér eru á ferðinni samræmd vinnubrögð. Það er fylgt línu af hálfu einstakra ráðherra í hæstv. ríkisstjórn um það hvernig þessi mál skulu keyrð fram og þetta birtist okkur núna í hverju málinu á fætur öðru. Það eru tæplega sólarhringar síðan verkalýðshreyfingin frétti fyrst af því að hæstv. félmrh. væri með fullbúið frv. sem hann hygðist leggja fram og það lá svo mikið á að það var ekki tími til að bíða eftir því að frv. væri prentað heldur var haldið uppi fundi í fyrrakvöld á meðan verið var að ljósrita frv. þannig að hægt væri að nafninu til að uppfylla það ákvæði þingskapanna að tvær nætur hefðu liðið frá því að málinu var útbýtt og þangað til það væri keyrt af stað í umræðu. Hvers konar vinnubrögð eru það? Hvaða virðing er það fyrir viðfangsefninu, hæstv. félmrh., að standa svona að málum? Eða lítur hæstv. félmrh. svo á að það skipti engu máli? Í fyrsta lagi að menn geti gengið til umræðunnar uppplýstir um innihald málsins eða er þetta sú virðing sem hæstv. félmrh. sýnir sínum málaflokki almennt, þessi Höllustaðavinnubrögð?

Herra forseti. Nokkur orð um hina óbeinu og hina ómerkari framsöguræðu sem flutt hefur verið fyrir þessu máli í dag, þ.e. framsöguræðu hæstv. félmrh. því ég mun hér eftir í máli mínu vísa til ræðu hv. þm. Péturs Blöndals sem hinnar eiginlegu aðalframsöguræðu fyrir málinu fyrir hönd stjórnarstefnunnar. Hæstv. félmrh. færði það fram sem sérstaka röksemd og hefur gert áður í fjölmiðlum og víðar að lögin séu gömul. Það er meiri röksemdin að löggjöf sé gömul. Er ekki landleigubálkur Jónsbókar orðinn nokkuð gamall? Er ekki bandaríska stjórnarskráin orðin nokkuð roskin? Ég hef ekki heyrt nokkurn mann sem tekur sjálfan sig alvarlega færa það fram sem efnisleg rök að eitthvað sé 30 ára, 40 ára eða 50 ára. Eða er ekki hæstv. félmrh. að verða sextugur? Hann er ívið eldri en löggjöfin sem hann telur alveg sérstaklega *ónýta* vegna þess að hún sé að nálgast sextugsaldurinn. Og í öðru lagi segir hæstv. ráðherra að löggjöfin hafi verið umdeild þegar hún var sett. Ég veit ekki betur en hæstv. félmrh. hafi einnig löngum verið mjög umdeildur. Það hefur enginn maður samt sagt að það væru alveg sérstök rök fyrir því að það ætti með einhverjum hætti að breyta honum og þaðan af síður hafa menn ætlast til þess að honum yrði breytt með valdi og með ofbeldi (**Gripið fram í:** Þetta er rangt hjá þér. Það eru margir sem vilja það.) í andstöðu við hann sjálfan. Auðvitað getur vel verið að einhverjir eigi sér þær hugrenningar en við berum almennt þá *virðingu fyrir persónum* og skoðunum þeirra, a.m.k. í stjórnarandstöðunni að við ætlum ekki að þvinga upp á þá menn breytingum sem þeir eru á móti sjálfir.

Í öðru lagi sagði hæstv. félmrh. stöðugleikann sem sérstök rök fyrir þesmálinu. Það er svo mikilvægt að varðveita stöðugleikann og frið á vinnumarkaðinum. Heyr á endemi. Eru vinnubrögð af þessu tagi líkleg og til þess fallin að skapa stöðugleika eða frið? Hvað er það sem hefur skapað stöðugleika undanfarin ár, hæstv. félmrh.? Hvað er það? Er það ofbeldi ríkisvaldsins eða löggjafans í garð aðila vinnumarkaðarins? Nei, það er þveröfugt. Það er akkúrat hið gagnstæða. Það voru góð gagnkvæm þríhliða samskipti aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins sem skópu stöðugleikann. Hann var undirbyggður í tíð ríkisstjórnar sem við bárum báðir ábyrgð á, ég og hv. þm., núv. hæstv. félmrh. Það er dapurlegt að sjá félaga úr því samstarfi ganga nú fram með þeim hætti sem þeir gera hér. Það var einmitt vegna þess að það tókst mjög gott samstarf og skapaðist traust um tiltekin efnahagsleg markmið, um stöðugleika, sem gerði það að verkum að á árinu 1990 sáu menn í fyrsta skipti í meira en áratug eins stafs verðbólgutölur á Íslandi. Það viðurkenna allir. Það er rómað að það samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins hafi verið til fyrirmyndar og það hefur skilað þessu. Svo geta menn deilt um það hvort allt sem síðan hefur gerst hafi verið fullkomið en auðvitað er ekki svo. En að koma svo og segja: Það er sérstaklega til þess að varðveita stöðugleika sem ríkisstjórnin segir verkalýðshreyfingunni stríð á hendur. Ég hef aldrei áður heyrt slíkar röksemdir bornar fram. Var mikill stöðugleiki í Evrópu á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar eða í 30 ára stríðinu? Er það yfirleitt þannig að átök séu ávísun á stöðugleika, að harðvítugar deilur um grundvallarleikreglur í samfélaginu séu líklega til þess að skapa stöðugleika? Auðvitað eru þetta einhver mestu öfugmæli sem hér hafa lengi fallið.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að ríkisstjórnin er með þessu að tefla stöðugleikanum í stórkostlega hættu því að hvert getur svar verkalýðshreyfingarinnar ef svona er komið fram við hana verið annað en það að taka upp harðvítuga pólitíska baráttu gegn þessu ríkisvaldi? Hún á ekkert annað svar til. Og það skal þá a.m.k. vera algerlega á hreinu hver það var sem kastaði stríðshanskanum. Það er ekki verkalýðshreyfingin sem er að hafna samráði og segja í sundur friðinn. Það er hæstv. ríkisstjórn með því að vinna að málunum eins og raun ber vitni, kannski fyrst og fremst með því en einnig með innihaldi þessara frumvarpa. En ég verð að segja alveg eins og er að ég held að framkoman, vinnubrögðin séu af tvennu illu jafnvel verri en það sem hér er á ferðinni efnislega. Að láta sér detta það í hug að ætla með einhliða ofbeldi af þessu tagi að breyta grundvallarleikreglum og starfsumhverfi verkalýðshreyfingarinnar í fullkominni andstöðu við hana og bera það fram í nafni stöðugleika og ætlast þá væntanlega til þess að verkalýðshreyfingin verði óvenjulega hógvær í komandi kjarasamningum, eða hvað, í anda stöðugleikans eru sérkennileg vinnubrögð, herra forseti. Það verð ég að segja.

Það er auðvitað alveg ljóst í mínum huga að hér er ekkert annað á ferðinni en ávísun á átök og óróleika í samfélaginu sem geta haft stórfelldar afleiðingar í för með sér. Það getur í raun og veru ekkert annað gerst. Það er auðvitað líka þannig, herra forseti, að það er ekki sama hvaða málefni á í hlut. Hæstv. félmrh. virðist því miður ekki skilja mikilvægi hlutanna. Að það sé sama hvort verið er að útkljá einhver minni háttar mál eða hvort í hlut eiga grundvallarleikreglur í samfélaginu. Ég lít svo á að löggjöf fyrir vinnumarkaðinn, grundvallarleikreglur á vinnumarkaði séu helst sambærilegar við t.d. kosningalög eða jafnvel stjórnskipunarlög, vegna þess að þetta er mikilvæg grundvallarlöggjöf um samskipti mikilvægustu aðila þjóðfélagsins. Það er þannig. Það þorir væntanlega ekki nokkur maður að bera á móti því að vinnumarkaðurinn, verkalýðshreyfingin, vinnuveitendur og þá ríkisvaldið og löggjafinn á hina hliðina, séu þrátt fyrir allt mikilvægustu aðilar þjóðfélagsins í skilningnum samtök eða stjórnvöld. Það er þannig. Er það þá ekkert mál að segja sundur friðinn um leikreglurnar? Það er langt síðan Þorgeir Ljósvetningagoði skreið undir feld. Eða var það Snorri og hinn sem henti súlunum? Nei, herra forseti. Þetta er auðvitað þannig að það er dapurlegt að sjá menn standa klæðlitla frammi fyrir þjóð og þingi eins og hæstv. félmrh. gerir í yfirfærðri merkingu í þessu máli með jafnherfilega vondan málstað, með jafnömurlegan málstað. Og hrynur þá af stalli það goð sem hæstv. félmrh. var að verða í sumra augum vegna þess að hann hefur haft svo hagstæðan samanburð í ríkisstjórninni þrátt fyrir allt. Og þrátt fyrir ekkert sérstaklega beisna frammistöðu var hæstv. félmrh. að margra dómi að verða með merkari ráðherrum af því að hinir hafa staðið sig svo illa. En það er nú að hrynja mjög af stallinum þetta goðið, það verð ég að segja alveg eins og er. Seint hefði ég trúað því upp á þennan hæstv. ráðherra að hann léti hafa sig til þessara verka. Ég ætla að segja það hiklaust — það eru ekki málsbætur fyrir hæstv. ráðherra og gera kannski hlut hans verri — en ég ætla að segja það alveg hiklaust að ég trúi ekki öðru en hann hafi verið tregur til og honum hafi verið þröngvað til að gera það sem hann er hér að gera, að bera þetta mál með þessum hætti hér fram, eða þá gjörsamlega plataður upp úr skónum. Það getur ekki verið nema tvennt til. Hitt var auðvitað alveg skiljanlegt og eðlilegt að frjálshyggjumaðurinn, hæstv. fjmrh., reyndi að láta eitthvað af fornum draumum sínum rætast um að mola niður verkalýðshreyfinguna. Það var eðlilegt. Það er í anda þeirrar hugmyndafræði sem hæstv. fjmrh., hv. þm. Pétur H. Blöndal o.fl. slíkir snillingar hafa verið að boða um árabil, þ.e. að það bæri að draga úr valdi og styrk verkalýðshreyfingarinnar, hún þyrfti að vera auðsveipari og leiðitamari og það væri hægt að gera með ýmsum aðferðum. Ein væri sú að hafa hæfilegt atvinnuleysi þannig að verkalýðshreyfingin þyrfti að vera á hnjánum í samningum vegna atvinnuleysisins. Önnur væri sú hreinlega að kippa undan henni fótunum með því að gera einhliða breytingar á löggjöf um vinnumarkaðinn og það er sú aðferð sem hér er valin. Sennilega hefur atvinnuleysið ekki verið nóg til að gera verkalýðshreyfingunni erfitt um vik í sinni kröfugerð og hagsmunagæslu og neitar því þó enginn maður að það er erfiðara fyrir verkalýðshreyfinguna að semja við þær aðstæður sem hún hefur upplifað nú síðustu árin í þeim efnum. Verkalýðshreyfingin hefur teygt sig langt í formi þess jafnvel að afsala sér kaupkröfum til að draga ríkisvaldið til að gera eitthvað í atvinnumálum. Það þekkja allir. Það er erfitt fyrir verkalýðshreyfinguna að þurfa þá að standa frammi fyrir sínum félagsmönnum og segja: Því miður náðum við ekki meiri árangri. Við urðum að sætta okkur við mjög óverulegar kauphækkanir en í staðinn er þó verið að reyna að gera eitthvað í baráttunni við atvinnuleysið. Var það ekki nóg og er það ekki nóg að verkalýðshreyfingin á Íslandi er að semja í 5% atvinnuleysi. Það væri gaman að heyra hæstv. félmrh. fjalla aðeins um þessa hlið málsins. Ef hæstv. ráðherra reyndi að líta augnablik upp úr hjólförum Vinnuveitendasambandsins og ríkisstjórnarinnar og ímynda sér að hann væri nú bara óbreyttur verkamaður á Blönduósi. Hvernig litist honum á ástandið? Hann hefði meira og minna verið atvinnulaus sl. tvö ár og hefði haft þær kauphækkanir eða þann kaupmátt sem raun ber vitni. Þá er ég nú ekki viss um að hæstv. ráðherra mundi fjalla um hlutina eins og hann gerir hér.

Það væri svo, herra forseti, gaman að hafa aukalega 15 mín. eða svo til að ræða aðeins um Framsfl., ekki síst þegar þessi hæstv. forseti er í stólnum, um það hvernig þessi flokkur er að birtast hér í hverju málinu á fætur öðru langt til hægri við allt sem hann hefur áður þóst vera og er auðvitað að sýna sitt rétta andlit og innræti eins og það er nú orðið. Undir forustu núv. formanns, hæstv. utanrrh., er Framsfl. bersýnilega kominn langt til hægri, þingmannaleiðir til hægri, frá því sem hann hefur áður þóst vera. Löngu er nú liðin sú tíð þegar fyrrv. formaður og fyrrv. hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, stóð hér í ræðustóli og talaði máli Framsfl. Það hefur birst hér í hverju málinu á fætur öðru að Framsfl. hefur tekið heljarstökk og flikkflakk og hvað sem þau heita nú öll og þau hafa öll legið til hægri. Jafnvel menn eins og hæstv. félmrh. eru farnir að láta hafa sig í verk af þessu tagi. Það segir sitt um stöðuna á þeim bæ.

Hæstv. félmrh. sagði í fjórða lagi í framsöguræðu sinni að ASÍ og BSRB hefðu hafnað lagasetningu en buðu þess í stað, ég held ég hafi náð því orðrétt eftir hæstv. ráðherra, til samningaviðræðna. Þau höfnuðu lagasetningu um þessi mál en buðu þess í stað til samningaviðræðna um breytingar á leikreglum á vinnumarkaði. Svo sagði hæstv. ráðherra: En VSÍ neitaði því og taldi það tilgangslaust, þessa hluti yrði að lögfesta. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin tekur algerlega og einhliða málstað annars aðilans. Hæstv. félmrh. sagði það í framsöguræðu sinni. Það var þó kannski eitt nytsamlegt atriði sem þar kom fram að hæstv. ráðherra viðurkenndi að staðan sem uppi hefði verið í málinu var sú að verkalýðshreyfingin hafnaði lagasetningarleið, bauð til viðræðna og vildi semja um þessa hluti en VSÍ neitaði. Nei, VSí vildi frekar lög. Svo sagði hæstv. ráðerra, með leyfi forseta: „Því hef ég látið semja frv." Því hef ég látið semja frv. því VSÍ neitaði og vildi lagaleiðina. Þetta sagði hæstv. ráðherra. Svona var það. Það er alveg kristaltært hvað hér hefur gerst, alveg kristaltært. Ríkisvaldið í höndum þessara manna sem með það fara núna, við eigum eftir að sjá hvort svo er með þingræðið líka, tekur einhliða afstöðu með Vinnuveitendasambandinu á móti verkalýðshreyfingunni. Í framsöguræðu sinni hefur hæstv. félmrh. lýst því yfir. Það eru tíðindi, herra forseti. Það eru tíðindi að ráðherra málefna vinnumarkaðarins skuli með þessum hætti merkja sig gjörsamlega öðrum megin. Ég ætlaði að fara að segja eyrnamerkja sig en það er víst óþarfi.

Síðan, herra forseti, í fimmta lagi lagi þá er það þannig að hæstv. ráðherra byggir málflutning sinn hér á því að túlka sitt eigið frv. Hæstv. ráðherra er að baksa við það hér að túlka sitt eigið frv. mjög langt í burtu frá því sem allir aðrir sem það hafa lesið, nema þá e.t.v. hv. þm. Pétur H. Blöndal,

fá út úr því. Mjög langt í burtu frá því sem til að mynda *forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, sérfræðingar verkalýðshreyfingarinnar*, lögfræðilegir ráðgjafar verkalýðshreyfingarinnar túlka textann. Það er komin upp mjög sérkennileg staða þegar hæstv. ráðherra er að reyna að telja mönnum trú um að í frv. standi eitthvað tiltekið, en það stangast algerlega á við það sem allir helstu sérfræðingar í vinnurétti í landinu lesa út úr því. Hvorum á að trúa, hæstv. félmrh. og fyrrverandi bónda á Höllustöðum eða öllum helstu sérfræðingum í vinnurétti í landinu? Það er ekki hægt að afgreiða málin með því að þau séu óskýr. Þarna eru á ferðinni mjög mörg og stór álitamál, jafnvel flókin lögfræðileg álitamál, að sumu leyti álitamál sem lúta að stjórnskipunarréttinum og í öðru lagi álitamál sem lúta að alþjóðlegum samningum sem vernda félagafrelsi og vinnurétt og sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæða stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Er nú ekki rétt að ganga hægt um gleðinnar dyr og a.m.k. að reyna þó að tryggja að hér verði ekki slys af því tagi að menn troði í gegnum þingið í ágreiningi, löggjöf sem stríðir svo við alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum undirgengist? Telur hæstv. ráðherra sig hafa þau rök með sér í þessu máli og þá sérfræðiþekkingu á bak við sig að hann geti bara afgreitt frá túlkun og álit allra helstu sérfræðinga í vinnurétti sem eru í tengslum við verkalýðshreyfinguna í landinu? Hver þekkir þau mál betur en sérfræðingar verkalýðshreyfingarinnar? Ég spyr. Að mínu mati er það þannig, herra forseti, að það er langt í frá að málið sé í þeim búningi að það sé trúverðugt gagnvart m.a. svona álitamálum.

Það er eitt enn sem gerir það að verkum að það er beinlínis ósanngjarnt að ætlast til þess að við hér, þingmenn stjórnarandstöðunnar, séum settir í þær aðstæður sem við erum settir í, að mæta hér hæstv. ráðherra með heimasmíðaða ræðu sem búið er að liggja yfir í ráðuneytinu í marga daga og hafa til þess réttan sólarhring að undirbúa okkur til umræðunnar. Það er ekki sanngjarnt. Við höfum ekki herdeildir úr ráðuneytum okkur til aðstoðar við að fara yfir mál og semja ræður og undirbúa hlutina. Við erum hér í önnum í öðrum störfum. Það hafa verið linnulausir nefndarfundir hér á morgnana þrátt fyrir að þetta mál sé knúið hér inn á dagskrá, m.a. í þingnefndum sem varða þetta mál sérstaklega og eru með þetta eða sambærileg mál til umfjöllunar eins og félmn. og efh.- og viðskn.

Herra forseti. Í raun og veru er það þannig að það er tæpast tími til né heldur ef til vill ástæða að eyða allt of löngum tíma í að ræða einstök efnisatriði frv. vegna þess að hin pólitíska hlið á málinu skyggir á þau og er í mínum huga miklu stærri. *Þau tíðindi sem eru að gerast hér í landinu* í samskiptum ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar eru svo stór, ef marka má það sem enn þá hefur birst okkur, að þau yfirskyggja flest annað. Það er algjörlega verið að segja í sundur að hluta til næstum 60 ára sambúð aðila vinnumarkaðarins á grundvelli þessarar löggjafar, hvað svo sem hún var kölluð í upphafi, það skiptir ekki máli en það er líka verið að segja í sundur friðsamlegri sambúð þessara aðila núna síðustu sex ár. Það er verið að því. Og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að koma hér upp einan og berhentan og segja okkur eitthvað annað.

Ég byrja þá á því að vitna í nýja ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands. Ég les þau orð sem þar standa og ég tek fullt mark á þeim og það held ég að hæstv. félmrh. ætti að gera. Þar stendur m.a., með leyfi forseta: „Miðstjórn ASÍ fordæmir, ...", hún harmar það ekki eða átelur, hún fordæmir það, „að stjórnvöld skuli einhliða hafa lagt fram frv. til breytinga á vinnulöggjöfinni." Og með einhliða er vísað til þeirra vinnubragða sem að baki liggja.

Í öðru lagi segir, með leyfi forseta: „Áratugum saman hafa aðilar reynt að vinna að málefnum vinnulöggjafar í sátt og samlyndi." Áratugum saman, og það er rétt vegna þess að grundvallarleikreglunum hefur ekki verið breytt í ágreiningi áratugum saman. Það hefur verið litið svo á að rétt eins og um önnur mikilvægustu grundvallaratriðin í okkar réttarkerfi og stjórnskipun og samskiptareglum þyrfti að nást víðtæk samstaða um þessa hluti. Og það væri jafnfáránlegt að keyra fram í ágreiningi og með ofbeldi, breytingar á vinnulöggjöfinni eins og að gera það gagnvart kosningalögum eða öðrum slíkum sambærilegum undirstöðuatriðum.

„ASÍ hefur stöðugt haldið því fram" — segir áfram, með leyfi forseta — „að nauðsynlegt sé að víðtæk sátt ríki um breytingar á svo viðkvæmum lagabálki og vinnulöggjöfin er. Um þetta mál [þ.e. þetta frv.] ríkir engin sátt nú vegna þess að *ríkisstjórnin hefur rofið grið í málinu*. Með framlagningu frv. hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir heföbundnu þríhliða samstarfi um þróun vinnulöggjafarinnar."

Með öðrum orðum, verkalýðshreyfingin tekur þetta sem skilaboð um að slíku þríhliða samstarfi sé hér með hafnað, það sé afþakkað. Það er orðið tvíhliða. Það sem áður var þríhliða samstarf verkalýðshreyfingarinnar, vinnuveitenda og ríkisvalds er orðið að tvíhliða samstarfi vinnuveitenda og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þannig er það. Og enn segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur tekið undir málflutning atvinnurekenda um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði í stað þess að hlusta á sjónarmið beggja aðila."

Þannig að fleiri líta svo á en ég.

„Fyrirliggjandi frv. er árás á verkalýðshreyfinguna. Flestar hugmyndir í frv. eru til þess fallnar að rýra sjálfstæði stéttarfélaga. Tillögurnar minnka völd einstaklinga í verkalýðsfélögum þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að."

Er ekki eitthvað að? Þarf ekki að athuga málið aðeins betur þegar menn túlka sama hlutinn með svo gjörsamlega ólíkum hætti? Algjörlega í hundrað og átta tíu gráður. Hæstv. félmrh. kemur hér fullur af umhyggju fyrir hinum óbreytta félagsmanni í verkalýðshreyfingunni sem hæstv. ráðherra hefur tekið upp á arma sína og er að verja og vernda gegn ofríki verkalýðsforustunnar. Eða hvað? Hann túlkar þetta allt í þágu litla mannsins í verkalýðshreyfingunni. En *verkalýðshreyfingin sjálf* les alveg þveröfugt út úr þessu og færir fyrir því rök sem hafa komið fram hér í umræðunum. Staðreyndin er sú að það er ekkert í þessu frv. sem á nokkurn hátt er fallið til að bæta stöðu launamanna. Það er ekki hægt að benda á eitt einasta atriði í þeim efnum. Það er þrengt að sjálfstæði og frelsi verkalýðshreyfingarinnar til að haga sínum málum, t.d. í kjarabaráttu, með þeim hætti sem verkalýðshreyfingin sjálf telur sterkasta. Það er verið að ráðskast einhliða með það hvernig verkalýðshreyfingin má vinna að framgangi sinna baráttumála. En það er ekki hróflað við vinnuveitendum. Menn eru fullir af lýðræðisást þegar þeir segja að til þess að hægt sé að fella sáttatillögu eða kjarasamninga þurfi svo og svo mikla þátttöku í verkalýðshreyfingunni. Þó 90% segi nei, er það ekki nóg ef það er ekki svo og svo stór hluti sem mætir á kjörstað. Það má ekki taka ákvörðun um þessa hluti á fundum, það verður að gera

samkvæmt tilskildum reglum, þykjast ætla að hafa vit fyrir verkalýðshreyfingunni. En er þetta þá sambærilegt hinum megin? Verða haldnir hluthafafundir í almenningshlutafélögum til að bera upp kjarasamninga? Verður lýðræðið virt báðum megin? Ég hefði gaman af að sjá það.

Auðvitað stenst þetta ekki, því miður. Ég hef mun meiri tilhneigingu til þess að taka mark á því sem margir helstu sérfræðingar í vinnurétti hafa nú þegar lesið út úr þessu frv. heldur en þeim áróðursræðum sem hér eru fluttar fyrir þess hönd. Ég segi það alveg hiklaust, herra forseti, þannig er það. Það er deginum ljósara að hæstv. félmrh., sem veit upp á sig skömmina og er hér í vondum málum, flytur hér uppsoðnar áróðursræður fyrir þessu frv. og reynir að gera eins lítið og hann getur úr breytingum með svipuðum hætti og hæstv. fjmrh. talaði endalaust um minni háttar tæknilegar lagfæringar. Þetta voru allt saman minni háttar tæknilegar lagfæringar þegar hann var að reyna að selja mönnum sína árás á ópinbera starfsmenn. Þannig er það nú, herra forseti.

Ég ætla að nefna hér nokkur atriði frv. sérstaklega og byrja á 1. gr. Þar er t.d. einhliða ætlunin að breyta skilgreiningum á því hvernig aðild skuli háttað að stéttarfélagi. Í staðinn fyrir að áður hefur verið sagt að slík félög skyldu vera öllum opin innan sama svæðis o.s.frv. kemur nú ákvæði um að þau skuli vera það eftir því sem menn uppfylla almenn skilyrði lögmætra samþykkta. Af hverju ætti að breyta þessu, herra forseti? Hefur hitt gefist eitthvað illa? Af hverju má a.m.k. ekki verkalýðshreyfingin sjálf ráða einhverju um það? Er það ekki vegna þess að ákveðin öfl telja að það sé hægt að draga úr mætti verkalýðshreyfingarinnar til að ná sínum markmiðum fram með því að setja henni stólinn fyrir dyrnar í ýmsum svona málum? Það er ástæðan fyrir því að menn lenda út á þessa óheillabraut að fara að ráðskast með innri mál verkalýðshreyfingarinnar og innra skipulag. Hvers er að vænta næst? Verður farið að ráðskast með innri mál annarra félagasamtaka í landinu í kjölfarið, setja mönnum reglur af hinu og þessu tagi og jafnvel finna út sexfalt kosningakerfi eins og hér er búið að gera. Hefur það þó ekki háð Íslendingum að talið er að við ættum ekki nógu flókin kosningakerfi.

Í 2. gr., herra forseti, er ákvæði sem sömuleiðis er mjög mikið umhugsunarefni. Þar er breytt stöðu samninganefnda verkalýðsfélaganna. Hvers vegna ætti að gera það? Af hverju skyldi verkalýðshreyfingin sjálf ekki fá að ráða hvernig hún gengur frá sínu samningsvaldi? Af hverju að skipta sér af því eða mæla sérstaklega fyrir um það? Eða breyta þeirri tilhögun sem verið hefur? Maður hlýtur að spyrja svona spurninga, herra forseti. Það verður að færa fram einhver haldbær rök fyrir því að það fyrirkomulag sem verið hefur hafi gefist illa eða að menn séu alveg sannanlega og örugglega komnir með eitthvað mikið betra í hendurnar.

Ég ætla, herra forseti, að hlaupa yfir vinnustaðarfélögin eða fyrirtækjafélögin því aðrir hafa komið rækilega inn á þann þátt á undan mér og koma aðeins að 5. gr. laganna sem á að verða samkvæmt 2. gr. frv. Það er alveg ljóst að með þessu er verið að skerða vald félaganna. Með þeim hætti sem frv. ætlar að ganga frá stöðu samninganefndanna er það alveg ljóst. Félögin hafa hingað til haft það að verulegu leyti á sínu valdi hvernig þau ganga frá samningsumboði til samninganefnda sinna. Þau hafa ráðið því hvernig það væri kallað inn aftur en hér á að ganga frá því í löggjöfinni með nýjum tilteknum hætti sem er ekkert annað en íhlutun um þessi innri mál.

Í þriðja lagi, herra forseti, langar mig til að nefna aðeins 5. gr. frv. þar sem lögð er til 19. gr. í lögin. Þar er á ferðinni mjög sérkennilegt ákvæði sem er þannig úr garði gert í þessu frv. að það hlýtur að kalla á mjög miklar útskýringar áður en menn festa það í lög eins og það er hérna orðað. Ég trúi ekki öðru. Þar segir með leyfi, herra forseti:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir" — nú kemur rúsínan í pylsuendanum — „og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Aðrar sambærilegar aðgerðir sem jafna má til vinnustöðvunar. Hver á að vera háyfirdómari, judex optimus maximus, í því hvað séu aðrar sambærilegar aðgerðir sem jafna megi til vinnustöðvana? Á það að vera yfirmaður vinnumála, hæstv. félmrh.? Hvað eru aðrar sambærilegar aðgerðir? Hvernig verður þetta túlkað? Ætla vinnuveitendur og félmrn. í sameiningu að úrskurða um það í tvíhliða samstarfi sínu sem nú hefur verið tekið upp? Er það virkilega ætlun manna að hafa það í löggjöf þannig að menn geti bara að geðþótta túlkað hvað skuli teljast sambærilegt við verkföll? Ætla menn virkilega að láta einstaklingsbundinn rétt manna til að segja upp störfum og forða sér jafngilda því að þeir hafi farið í verkfall, bara með skilgreiningu í lögum? Ég óska eftir að það verði skýrt hvað þetta mikla nýmæli inn í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur á að fela í sér. Hver er hugsunin á bak við það? Hvernig skilur hæstv. félmrh. það? Eða hvernig skilur hv. þm. Pétur H. Blöndal það, ef hann yrði nú kannski einhvern tímann félmrh. vegna sögulegs slyss? Hvernig mundi slíkur maður skilja þetta ákvæði og beita því? Nei, það er ekki hægt að hafa þetta svona, herra forseti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. félmrh. að koma hér sakleysið uppmálað og segja að þetta sé ekki neitt, bara svona tæknilegar lagfæringar. Nei, herra forseti, þannig er þetta ekki.

Í þessari grein er andi þessa frv. ágætlega dreginn fram. Það er auðvitað svo að það gengur eins og rauður þráður í gegnum þetta frv. hvað sem hver segir að það er verið að reyna að hækka þröskulda, það er verið að reyna að reisa girðingar, það er verið að reyna að torvelda verkalýðshreyfingunni með öllum tiltækum ráðum að beita afli sínu. Það er alveg morgunljóst. Það er líka ljóst í anda hvaða hugmyndafræði það er. Það er frjálshyggjan sem gekk út á að veikja verkalýðshreyfinguna. Hinir miklu hugsuðir Margrétar Thatcher seldu mönnum það sem alveg sérstakt efnahagslegt vandamál í Bretlandi hvað verkalýðshreyfingin væri sterk. Kröfugerð hennar og harka hefði leitt það að verkum að breskt atvinnulíf væri ekki samkeppnisfært, það væru allt of mörg verkföll, menn væru ekki nógu auðsveipir inni á vinnustöðvunum til að hlýða sínum forstjórum o.s.frv. Þar af leiðandi var það ekki bara pólitískt hugsjónamál hjá frú Thatcher að hjóla í verkalýðshreyfinguna, það var líka talin efnahagsleg nauðsyn. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp. Hér er nákvæmlega sama hugsunin á ferðinni. Nú eru menn að vísu löngu búnir að átta sig á því í Bretlandi að þetta var ekki svona, því miður. Þótt tekist hafi að stórlaska bresku verkalýðshreyfinguna hefur breskt efnahagslíf ekki lagast við það. Atvinnuleysi hefur ekki minnkað þótt það tækist að ganga svo gott sem af sambandi kolanámumanna dauðu eftir rúmlega ársverkfall. Þá voru til nógir peningar í Bretlandi til að halda út í verkfalli á móti þeim. Hér er sama hugmynda-

fræðin á ferðinni. Það er sérkennileg söguleg staðreynd að þessi norðlenski bóndi, núv. hæstv. félmrh., skuli vera orðinn boðberi hennar í nútímanum uppi á Íslandi. Þessu hefðu menn ekki trúað í sveitum Suðurlands hér í eina tíð. Svona eru meinleg mannanna örlög.

Herra forseti. Ég lýsi enn eftir því hvað er verið að fela í þessari 5. gr. Ég held að margt sem kemur inn á verkalýðshreyfinguna félagslega með þessum breytingum sé líka mjög mikið umhugsunarefni. Til að mynda eins og það að nú verði ekki lengur heimilt að ákveða verkfallsboðun eða afla heimildar til verkfalls á félagsfundum. Það er mikið umhugsunarefni. Er það félagsleg eða lýðræðisleg breyting að gera slíkt? Þeir menn sem eru virkir þátttakendur í starfi síns stéttarfélags og mæta á fundi til að taka þar ákvarðanir skulu ekki fá það. Það verður nánast ógerlegt í stærstu verkalýðsfélögunum að ná fram slíkri ákvörðun þannig. Eigum við þá í framhaldinu að setja lög um að Framsfl. sé bannað að taka ákvarðanir um sín mál á félagsfundum, hann skuli gera það með skriflegri atkvæðagreiðslu. Þá væri ekki hægt að ganga frá framboðslista með atkvæðagreiðslu á kjördæmisþingi í Norðurl. e. heldur yrði að halda um það leynilegar kosningu og bréflega og minnst fjórði hver bóndi eða a.m.k. þriðji hver félagsmaður í Framsfl. yrði að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Hvað á þetta að þýða? Hefur verið eitthvað að því lýðræðislega að Dagsbrún afgreiddi sín mál á 800–900 manna félagsfundum hér? Hafa menn fram að tefla í þjóðfélaginu öllu skárri þátttöku í starfi félagsmálahreyfingarinnar en það hefur endurspeglað? Ég spyr, herra forseti? (**TIO:** Landsfundur Sjálfstæðisflokksins.) Nefndu nú ekki þá hörmungarsamkomu hér í þessu húsi né nokkurs staðar annars staðar helst.

Hér eru menn á miklum villigötum, herra forseti. Tími minn er þrotinn en ég gæti sagt margt fleira um þetta mál og á kannski eftir að gera það. Ég mundi þá væntanlega helga Framsfl. drjúgan hluta af ræðutíma mínum í seinni umferð.

[19:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér sýnist sem nokkuð sé dregið af hæstv. félmrh. og brosið sem var á honum fyrr í dag farið að leka niður eftir munnvikjunum. Þó er það svo, herra forseti, að ég tel að hæstv. félmrh. hafi ærna ástæðu til þess að vera glaður í dag vegna þess að honum hefur tekist eitt sem engum ráðherra þessarar ríkisstjórnar hefur tekist áður: Honum hefur tekist að blása nýjum eldmóði í verkalýðshreyfinguna á Íslandi og honum hefur tekist að sameina stjórnarandstöðuna. Má vel vera að þegar upp er staðið og við verðum búnir að búa til nýjan breiðan flokk jafnaðarmanna þá minnumst við hæstv. félmrh. sem eins af þeim sem kveiktu fyrstu eldana alveg eins og í dag minnumst við Jónasar frá Hriflu sem eins af brautryðjendunum. En, herra forseti, ég verð að segja að í dag skín stjarna Jónasar frá Hriflu ekki ýkja skært í Framsfl. Það er eins og allt sé öðruvísi en það var áður og með öðrum brag.

Herra forseti. Ég sakna þess tíma þegar hæstv. félmrh. var bara óbreyttur hv. þm. stjórnarandstöðunnar hér í þessum sölum, hélt uppi merki vinstra andófsins innan Framsfl. og orti ljóð um auðvaldið og vonsku Sjálfstfl. Hver var það þá sem kom aftur og aftur í þennan góða stól og sagði: „Allt er betra en íhaldið"? Hver var það sem sagði að þeir sem legðu lag sitt við Sjálfstfl. væru gengnir í björg? Herra forseti. Ég vil ekki halda því fram að hæstv. félmrh. sé genginn í björg en mér finnst þessi umskipti hans vera merkileg og ég vona að forseti fyrirgefi mér það þó ég segi að það minni á þjóðsöguna um umskiptinginn í álfheimum. (**Félmrh.:** Átján barna föður.) Já, má vel vera að hann verði þegar upp er staðið handhafi frumburðarréttarins að nýjum flokki jafnaðarmanna hér á Íslandi. A.m.k. hefur enginn hæstv. ráðherra gert neitt sem gerir það að verkum að núna er nauðsynlegt frekar en nokkru sinni fyrr að taka duglega til hendinni. Ástæðan er fyrst og fremst það virðingarleysi gagnvart launamönnum sem hæstv. félmrh. hefur sýnt í störfum sínum til þessa.

Það er reyndar furðulegt að horfa til þess, herra forseti, að hæstv. félmrh. reyndi í tíð fyrri ríkisstjórnar að gera það sem hann gat til að efla samstöðu með verkalýðshreyfingunni. Ég minnist þess að haldinn var landsfundur Framsfl. og þá gekk Framsfl. fram fyrir skjöldu og hann bauð fulltrúum úr verkalýðshreyfingunni, m.a. núv. hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að ávarpa Framsfl. En svo er sköpum skipt að nú er gervöll verkalýðshreyfingin komin í harða andstöðu við hæstv. félmrh. sem var þó áður merkisberi félagshyggjunnar innan Framsfl.

Herra forseti. Ég tel að ekkert mæli því í móti að gerðar verði breytingar á vinnulöggjöfinni og það er rétt sem fram hefur komið að það er kominn tími til þess að íhuga róttækar breytingar á vinnulöggjöfinni. En menn verða að íhuga hverjir það eru sem eiga að starfa eftir þeim leikreglum sem eru lagðar til grundvallar samskiptum á vinnumarkaði. Það eru auðvitað atvinnurekendur og það er verkalýðshreyfingin. Þær breytingar sem þarf að gera á samskiptum á vinnumarkaði verður því að gera í samráði við verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur. Nú er það hins vegar svo að það sem gerst hefur er að einungis er hlustað á annan aðilann. Það eru einungis atvinnurekendur sem er hlustað á og það er auðvitað klént að það skuli vera hæstv. félmrh. sem áður tók slaginn jafnan með verkalýðshreyfingunni og félagshyggjuöflunum í landinu sem stendur fyrir því.

Ýmislegt í frv. hæstv. félmrh. er þess eðlis að það er meira en einnar messu virði að skoða það. Annar staðar finnst mér skína gegn góður vilji til að bæta úr agnúum en mér þykir að margt af því hafi skrumskælst í meðförum hæstv. ráðherra vegna fljótfærni og bráðlætis. Það kann vel að vera að færa mætti það til betri vegar. Mörg atriði eru hins vegar þess eðlis að ekki er hægt að samþykkja þau. En mér þykir á þessari stundu, herra forseti, að ekki skipti meginmáli hvort ég sem þingmaður Alþfl. er með eða móti þessu. Það sem mér finnst á þessari stundu ráða úrslitum um stuðning við frv. er hvernig það er til orðið. Það er til orðið með valdbeitingu og offorsi sem er ekki hægt að þola.

Við í þingsölum höfum líka orðið fórnarlömb þessa offors og valdbeitingar. Í dag hefur það gerst að hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa komið og spurt stjórnarandstöðuna grannt út í afstöðu til einstakra hluta eða frv. í heild og verið undrandi á því að menn hafi ekki getað svarað fyrir endanlega afstöðu einstaklinga eða flokka til frv. Það er þannig, herra forseti, að forustumenn stjórnarandstöðunnar stóðu í þessum stóli í dag og fóru vinsamlegast fram á að fá meiri tíma til þess að ræða það frv. sem við erum með til umfjöllunar hið fyrsta sinni. Ástæðan var vitaskuld sú að frv. er í eðli sínu flókið, málið er viðkvæmt og snertir málefni sem verkalýðshreyfingin, sem allir flokkar stjórnarandstöðunnar tengjast með einum eða öðrum hætti, hefur talið vera sín helgustu vé. Þar á ég við verkfallsréttinn.

Mér finnst menn hafa rætt í dag tiltölulega gáleysislega t.d. um verkfallsréttinn, talað um hann eins og úrelt þing. En ég held að enginn hafi rekið það jafnkröftuglega ofan í þá sem þannig töluðu og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem er enn með saltstorku í hári og sólglit í auga, og sýndi auðvitað fram á að þó að mönnum sé meinilla við að ráðast til verkfalla, þá er það neyðarúrræði sem er ekki hægt að leggja af. Það er þing sem menn verða að nota þegar í nauðir rekur. Það sýnir saga Guðmundar Hallvarðssonar sem greindi frá því að í hans eigin verkalýðsfélagi hefðu menn verið með kröfugerð uppi á borðum atvinnurekenda í tíu mánuði og það hreyfði hvorki hár né taug hjá atvinnurekendum fyrr en boðað var til verkfalla. Það er algerlega ljóst að þarna er um helgan rétt að ræða sem er óhjákvæmilegt að standa vörð um. Ég held að margt í þessu frv. ráðist gegn verkfallsréttinum með hætti sem er ekki hægt að fallast á og ég kem að síðar í mínu máli.

Mál eins og vinnulöggjöfin og frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur er svo viðkvæmt að menn ryðjast ekki fram með frumvörp og löggjöf um það nema það sé algerlega útséð um að samkomulagið náist með frjálsum samskiptum. Þetta mál kallar á friðsamlega sambúð stórvelda en það eru þau sem komast að samningum um kaup og kjör á almennum vinnumarkaði. Ég tel að í þessum efnum hafi hæstv. ríkisstjórn brugðist. Ég velti því líka fyrir mér, herra forseti, hvort vera kunni að henni sé kappsmál að sýna afl sitt, að láta kné fylgja kviði í þessu máli, vegna þess að hún hefur auðvitað þurft að sæta því að vera rekin til baka með önnur umdeild frumvörp á allra síðustu dögum. Ég rifja upp að það var gert með þeim hætti að einn af fyrrv. þingmönnum Sjálfstfl. kallaði hæstv. fjmrh. ónýtt fúasprek sem hæstv. forsrh. hefði sett á hné sér og brotið. Það kann því vel að vera að menn þurfi nú að sýna aflið gagnvart verkalýðshreyfingunni.

Ég held að einnig sé nauðsynlegt að rifja það upp að við Íslendingar erum aðilar að margvíslegum alþjóðlegum sáttmálum og þessa sáttmála verðum við að halda. Það hefur auðvitað komið í ljós að hæstv. félmrh. er illa við útlönd og vill að Íslendingar hafi sem minnst samskipti við þau. En það breytir því ekki að við erum t.d. aðilar að félagsmálasáttmála Evrópu. Við höfum verið virkir þátttakendur í Alþjóðavinnumálastofnuninni og ég held að það séu fleiri samningar sem vinnumarkaðinn varða sem Íslendingar hafa staðfest með undirskrift sinni. Rauður þráður í gegnum alla þessa sáttmála og samninga er að ríkisvaldinu er óheimilt að beita verkalýðshreyfinguna ofbeldi. Það helgast af því að alveg sama í hvaða flokki menn eru, til hvaða stjórnmálahreyfingar menn heyra, flestir viðurkenna að velferðarþjóðfélög Norðurlandanna og Vestur-Evrópru eru að verulegu leyti til komin fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Oft er það svo að mönnum finnst að þar sé um staðnaða risaaeðlu að ræða og mönnum finnst oft að verkalýðshreyfingin gæti verið miklu lipurri og nútímalegri og er margt til í því. Menn skulu samt sem áður ekki taka það frá henni að sagan geymir sigra sem hafa náðst öllum til heilla og fyrir baráttu hennar. Ég ítreka að Alþfl. er ekki á móti því að gerðar verði breytingar á vinnulöggjöfinni en hann er á móti þeirri aðferð sem hér virðist vera beitt.

Við viljum ekki þá aðferðafræði sem beitt var á Ítalíu fyrir 1930 og kennd er við Mussolini. Hún fólst í því að brjóta verkalýðsfélögin í spað. En margt af því sem er í þessu frv. er þess eðlis. Það má vel vera að það sé hægt að sannfæra mig um eitthvað annað en ég tel að þessi vinnubrögð séu ofbeldi og þetta er óþarfi. Það er langt í það að komið sé að því að reyni á það hvort það hefði náðst samstaða millum aðila vinnumarkaðarins. Það var einhver hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem nefndi í dag að það mætti líkja hæstv. félmrh. við óðan fíl í postulínsbúð. Ég tek ekki undir það. (**SJS:** Það var Sighvatur sem var það.) Ég tek ekki undir það, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Í samanburði við þennan þungstíga hæstv. ráðherra þá er fyrrv. heilbrrh. eins og léttstígur ljónsungi þegar kemur að samskiptum við fólk og þá skilja menn kannski tilfinninguna sem ég hef fyrir hæstv. ráðherra.

Ég vildi segja það, herra forseti, að ég tel að alls ekkert hafi reynt á það hvort það næðist sátt. Ég tel að fyrst við erum að tala um fíla þá hefði hæstv. ráðherra verið í lófa lagið að leyfa að reyna á þetta sem næmi meðgöngu fílsins. Eru það ekki 23 mánuðir? Ég tók reyndar eftir því að hæstv. ráðherra sagði fyrir örskömmu að hann væri orðinn leiður á því að bíða og nú virði ég það við hæstv. félmrh. að hann er kappsamur maður og vinnusamur og illu heilli gengur undan honum. Ég segi illu heilli vegna þess að mér er í vaxandi mæli farið að vera illa við verkin hans. Ég kann ekki við það þegar bernskuráðherra á mælikvarða ráðherradóms kemur hér eftir að vera búinn að vera ráðherra í fimm eða sex mánuði og segir: „Þetta gekk ekki lengur. Ég varð að sjá til þess að eitthvert frv. kæmi fram." Þegar það gerðist, herra forseti, hvernig var staðan þá? Hún var nákvæmlega þannig að menn voru í tiltölulega góðum samræðum um hvernig ætti að breyta samskiptareglum á vinnumarkaðinum. En hæstv. ráðherra var það ekki nóg. Það er eins og hann hafi tekið í sig einhvers konar pólitíska salmonellu vegna þess að frv. gekk niður af honum með þvílíkum hraði að það er allt fullt af agnúum sem ættu auðvitað ekki að sjást og ég veit að í hjarta sínu er hæstv. ráðherra á móti. Ég skil satt að segja ekki hvað honum gengur til. Fyrst við erum komin út í bókmenntafræðilegar útleggingar minnist ég þess að bókmenntafræðin hefur skilgreint þá merku hetju dr. Jeckyll and Mr. Hyde. Það er alveg ljóst hver það er sem er núna sestur í stól félmrh. (**Gripið fram í:** Hvaða maður er það?) Það er dr. Jeckyll en það er Mr. Hyde sem ég kunni vel við í stóli hins óbreytta stjórnarandstæðings. En þetta skýrist vel, herra forseti, þegar maður les greinargerðina með frv. hæstv. ráðherra. Þá kemur auðvitað fram að í skipunarbréfi vinnuhópsins sem var að véla um þetta er honum falið að kynna sér þróun samskiptareglna í nálægum löndum og bera saman hvernig samtök atvinnurekenda og launafólks koma saman til þess að ræða þau mál sem þeim eru sameiginleg. Og það var lagt fyrir þennan hóp að taka saman skýrslu um niðurstöðurnar og ef það kæmi í ljós að það þyrfti að breyta löggjöfinni var hópnum falið að setja saman tillögur um það efni.

Herra forseti. Þótt hæstv. ráðherra tali drjúgt um að það hafi verið búið að halda 48 fundi var það samt sem áður þannig að ekki var búið að ræða þau efni sem eru að stórum hluta uppistaðan í frv. Þegar ég segi þetta, herra forseti, þá byggi ég ekki á frásögnum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur eða einhvers annars sem var í nefndinni. Ég byggi á greinargerðinni sem var með frv. hæstv. ráðherra vegna þess að þar kemur þetta skýrt fram.

Áfangaskýrslunni frá nóvember má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru þar hugmyndir sem hópurinn hafði rætt ítarlega og þar má nefna viðræðuáætlun, miðlunartillögu, tengingarregluna og meðferð samningsumboðs. Í öðru lagi

kemur líka fram að hópurinn telur, og ég vitna í greinargerðina, með leyfi forseta, að „það þurfi að huga að reglum um vinnudeilur, inntak þeirra og hvort efni séu til að setja nánari formreglur um ákvarðanir, vinnustöðvanir og framkvæmd þeirra". Herra forseti. Ég legg áherslu á orðalagið „það ber að huga að". Þetta er niðurstaðan í nóvember 1995.

Í þriðja lagi eru síðan reifuð atriði og tekið fram, að því er hæstv. ráðherra segir sjálfur í greinargerðinni, að hafi ekki verið rædd til hlítar. Þá erum við komin að hlutverki sáttasemjara og hinu umdeilda fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu, hvernig á að boða til vinnustöðvana og vinnustaðafyrirkomulagið.

Herra forseti. Með öðrum orðum kemur fram í áfangaskýrslunni að þessi mikilvægu atriði eru órædd í nefndinni. Þar kemur einungis fram að það þurfi að taka þau til ítarlegri umræðu. Það er ekki gert og það má vera að þetta hafi leitt til þess að sumt í þessu frv. er þess eðlis að það er alls ekki hægt að samþykkja það jafnvel þó að það væri lagt fram með miklu meiri friði en núna er.

Herra forseti. Ég hegg eftir því í máli talsmanna stjórnarliðsins og hæstv. *félmrh. að þegar verið er að réttlæta það* að þetta frv. er lagt upp er talað um að verið sé að auka áhrif einstaklingsins, verið sé að draga úr vægi verkalýðsforustunnar. Verið sé að auka vægi einstaklingsins og réttindi hans. Það er látið líta svo út sem hér sé um afskaplega lýðræðislegt frv. að ræða enda kann það að vera svo að sínum augum líti hver á silfrið og það kann vel að vera að hér séu menn eins og kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals áðan sem telja að hér sé um verulega lýðræðisbót að ræða. Jafnvel þó að eitthvað kunni að vera til í því frá sjónarhóli hans, ef menn reyna að líta á þetta frv. hlutlaust og skoða hvernig réttur einstaklingsins er bættur eða aukinn, þá er a.m.k. hægt að komast að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að það orki tvímælis að réttur einstaklingsins sé verulega aukinn.

Mér finnst að það beri á hroka hins máttuga gagnvart þeim sem má sín minna og ég skil ekki af hverju Framsfl. af öllum flokkum, Framsfl. sem fór í kosningar undir kjörorðinu „Fólkið í fyrirrúmi" er einhver sálfræðileg nauðsyn á því að sýna fram á afl sitt. Af hverju telur hæstv. félmrh. eftirsóknarvert að reyna að neyta aflsmunar gagnvart fólki eins og kemur fram í framlagningu frv. og eins og kemur líka fram í einstökum atriðum þessa frv.? Þetta birtist á ólíklegum stöðum, herra forseti, en mér finnst t.d. að sú grein sem fjallar um skilgreiningu á vinnustöðunum sé ærið skrýtin og mér finnst talsvert *mikill hroki og ekki nein bót fyrir rétt* einstaklingsins að skilgreina t.d. fjöldauppsagnir sem vinnustöðvun. Í þessari grein telur hæstv. félmrh. að það sé mikil nauðsyn að leggja fjöldauppsagnir að jöfnu við vinnustöðvun. Þetta mætti skilja. Ég gæti skilið þetta ef ákvæðið væri takmarkað t.d. við stofnanir sem ynnu að öryggismálum sem tengdust að einhverju leyti almannahagsmunum. En það er auðvitað ekki svo. Hverjum einasta hóp starfsfólks er bannað að segja upp sem heild. Ég velti því fyrir hvort ekki sé verið að draga úr rétti fólks með þessum hætti. Ef t.d. starfsfólk einhvers fyrirtækis er orðið dauðþreytt á yfirgangi erfiðs atvinnurekanda, vill að leiðir skilji til fulls, geta menn einfaldlega ekki samkvæmt þessu látið hann róa og vistað sig á nýjum stað. Mér datt í hug þegar ég las þetta var að hér væri hæstv. félmrh. að hnýta gamla vistarbandið á nýjan leik með nútímalegu sniði. Hann er beinlínis að banna fólki að sýna óferjandi atvinnurekanda hvar Davíð kaupir öl *réttlætisins* með því að segja upp störfum sem heild. Ég tel þetta ekki rétt. Ég tel þetta fráleitt og ég tel að með þessu sé sneitt að þeim réttindum launamanna að fá að ráða því hverjum og hvar það selur vinnuafl sitt. Þarna er um ósamræmi að ræða. Hæstv. félmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar segir í einu orði að hann vilji efla rétt og áhrif einstaklinganna innan verkalýðshreyfingarinnar en með þessu ákvæði tel ég að beinlínis sé ráðist að rétti einstaklingsins. Ég lít svo á að uppsögn sé einstaklingsbundinn réttur starfsmanns. Hann er ekki hluti af sameiginlegum rétti samtakanna. Ég tel að það sé grundvallarmunur á uppsögnum og vinnustöðvun, líka á fjöldauppsögnum. Uppsögn er ákvörðun einstaklings og hún þarf ekki að spegla neitt annað en hreinlega uppgjör viðkomandi starfsmanns gagnvart þeim kringumstæðum sem viðkomandi atvinnurekandi hefur skapað honum og kannski viðurkenningu viðkomandi starfsmanna á vanmætti þeirra til þess að breyta þessum aðstæðum til bærilegs horfs. Vinnustöðvun er hins vegar félagslegt úrræði heildar, það er sameiginlegt neyðarúrræði einstaklinga sem hafa afsalað sér hluta af einstaklingsrétti sínum yfir til hinna formlegu samtaka og það er allt annað. Það er reginmunur á þessu tvennu, herra forseti.

Ég tel að *ýmislegt fleira dragi fremur* úr því að verið sé að auka rétt einstaklingsins með þessu frv., herra forseti. Ég bendi t.d. á að við ákveðnar aðstæður finnst mér að dregið sé úr rétti einstaklingsins miðað við heildarrétt stéttarfélags sem er vitaskuld í algerri andstöðu við yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar. Ég bendi á að þegar hópur félagsmanna vill leggja niður störf og fara í verkfall þarf miklu hærra hlutfall manna til að taka þátt í atkvæðagreiðslu en þegar félagið allt *ákveður það. Það finnst mér vísa burt frá því að verið sé* að auka réttindi hinna smærri eininga og einstaklingsins.

Herra forseti. Þegar sáttasemjari er kominn inn í ferli vinnudeilu er bersýnilega um verulega aukningu á miðstýringu að ræða. Þar með tel ég að réttur einstaklingsins sé fyrir vikið minni og tvímælalaust minni en í dag. Það má auðvitað deila um það hvort þetta sé rétt eða rangt. Það getur vel verið að við vissar kringumstæður sé nauðsynlegt að auka miðstýr*ingu til þess að kalla fram lyktir á kjaradeilum. Hins vegar* er ekki hægt að segja að það leiði til þess að réttur einstaklingsins sé aukinn. Ég tel því að ýmis atriði sé að finna sem eru þess eðlis að ekki er hægt að halda því fram að verið sé að auka rétt einstaklingsins innan verkalýðshreyfingarinnar, og á kostnað hvers?

Mér finnst enn eitt tengjast þessu líka. Ég hjó eftir því að í dag sagði hæstv. félmrh. í yfirgripsmikilli framsögu *sinni eða ég skildi hann svo að hann væri þess fýsandi að* vinnustaðarsamningar yrðu efldir. Ég er sömu skoðunar. Ég held að það sé vel þess virði að íhuga það. En ég fæ ekki betur séð, a.m.k. við fljóta yfirferð en að hæstv. ráðherra sé með frv. að draga úr því að vinnustaðarsamningar séu fýsilegri kostur. Samkvæmt þessu frv. verður erfiðara fyrir hóp innan stéttarfélagsins að knýja fram vinnustöðvun ef í nauðir rekur en stéttarfélagsins alls. Einhver nefndi í dag Rafiðnaðarsambandið. Hvað gerist ef Rafiðnaðarsambandið ætlar að boða vinnustöðvun til að leggja áherslu á kröfur sínar? Þá þarf að fara fram leynileg atkvæðagreiðsla, ein af sex tegundum atkvæðagreiðslna sem er að finna í frv., en í þeirri leynilegu atkvæðagreiðslu þarf a.m.k. fimmtungur félagsmanna að taka þátt. Ef það er aðeins hópur úr félaginu á tilteknum vinnustað sem er í samningum og hyggst neyta verkfallsréttarins þá er lögákveðin þátttaka ekki fimmtungur, *heldur 50%. Þetta túlka ég, hæstv. félmrh., þannig að ekki sé* verið að ýta undir kosti vinnustaðarsamnings heldur þvert á

móti. Má vera að þarna hafi hæstv. ráðherra verið fullfljótur á sér og ekki skoðað málið nægilega vel.

Herra forseti. Mig langar að ræða 1. gr. Þar er talað um að starfsmönnum fyrirtækis, sem eru yfir tilteknum fjölda eða að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, sé heimilt að stofna þar stéttarfélag enda séu að lágmarki þrír fjórðungar þeirra félagsmenn. Það hefur verið sagt í dag að þetta sé partur af arfleifð Alþfl. Það er með vissum hætti rétt vegna þess að einn af þekktustu forustumönnum Alþfl., Vilmundur heitinn Gylfason, var baráttumaður fyrir þessu. Hins vegar er rétt að það komi líka fram að hann ræddi þetta innan Alþfl. á sínum tíma. Mig minnir að það hafi verið 1978 sem tillaga frá honum um þetta var felld á flokksþingi Alþfl. Þetta finnst mér nauðsynlegt að segja við umræðuna út af atriðum sem hafa komið fram fyrr í dag.

Herra forseti. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort eitthvað banni mönnum í dag að stofna vinnustaðarfélag. Ég spyr hæstv. félmrh.: Er eitthvað í gildandi lögum sem kemur í veg fyrir að menn geti stofnað vinnustaðarfélög? Ég held að í lögum sé ekki neitt, hins vegar held ég að í samningum séu ákveðin forgangsréttarákvæði annarra félaga sem kynnu þarna að koma gegn þessu en að öðru leyti held ég að það sé aðeins áhugaleysi starfsmanna. Hæstv. félmrh. gat þess í dag, svo að ég reki eftir minni, að 60 fyrirtæki og 33 ríkisstofnanir féllu undir undir 250 manna takmörkunina. Ég velti því fyrir mér af hverju, ef mönnum þykir það betra, fer ekki fólkið á þessum vinnustöðum og stofnar sitt eigið félag? Ég held að ekkert komi í veg fyrir það.

Ég tel hins vegar að nú þegar séu við lýði ákveðið afbrigði af þessu fyrirkomulagi sem þarna er lagt til vegna þess að í álverinu eins og hér hefur komið fram í dag, í sementsverksmiðjunni og á Grundartanga er fyrirkomulagið þannig að samningsumboð viðkomandi stéttarfélaga er framselt til trúnaðarmannanna og a.m.k. á einum staðnum hafa stéttarfélögin sérstaka fulltrúa í samninganefndum og ekkert held ég sem bannar mönnum að taka þetta upp víðar.

Það var göfugt af hæstv. félmrh. að segja að hann vilji beita sér fyrir því að draga úr launamun innan viðkomandi fyrirtækja. Það er í sjálfu sér göfugt markmið og mig langar þess vegna að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi einhverjar innlendar eða erlendar kannanir sem benda til þess að slíkir vinnustaðarsamningar leiði til minni launamuns innan fyrirtækjanna. Ef svo er þá er það auðvitað stór kostur og mælir með þessu fyrirkomulagi. En ég ítreka það, herra forseti, að ég held að ekkert mæli gegn vinnustaðarsamningum í dag og er út af fyrir sig alveg til umræðu um fyrirkomulag af þessu tagi.

Hins vegar hnýt ég aðeins um síðasta málsl. 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Fer það þá eitt stéttarfélaga með samningsumboð fyrir starfsmenn.“ Þá velti ég því fyrir mér hvort hæstv. félmrh. sé að íhuga að nema úr gildi með lögum ákvæði í samningum verkalýðshreyfingar núna sem gilda um forgang stéttarfélaga á tilteknum svæðum. Ég fæ nefnilega ekki séð að þessi síðasti málsliður 1. gr. geti nokkru sinni komist til fullnustu nema það sé með einhvers konar lagalegum gerningi gripið til þess að skerða samningana um forgangsréttinn. Þá komum við aftur að öðru, herra forseti. Mjög fáir stjórnmálamenn dirfast að leggja til nema í ýtrustu nauðum að löggjafinn beiti valdi sínu til þess að spretta upp samningum. En ég fæ ekki annað sé en það verði nauðsynlegt ef þessi málsliður verður að lögum gerður.

Þá komum við að enn öðrum hlutum sem eru félagsmálasáttmáli Evrópuráðsins. Ég held að ef það ætti með þessum hætti að fara með lagavaldi inn í gildandi samninga verkalýðshreyfingar, mundi það óhjákvæmilega leiða til þess að hæstv. félmrh. yrði kaghýddur úti í Genf fyrir að hafa brotið félagsmálasáttmála Evrópu. Það viljum við auðvitað ekki að hendi hæstv. félmrh. því að hann er allt of góður drengur til þess að það verði tekið í hann í útlöndum. Þarna er hlutur sem hefur ekki verið ræddur nægilega vel.

Ég sagði, herra forseti, í ræðu minni áðan að ég og minn flokkur erum algerlega á móti því hvernig þetta frv. er til orðið og lagt fram og munum væntanlega ekki styðja það. Eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði: Alþfl. er á móti frv. við þessar kringumstæður. Þó vil ég segja að ég tel nauðsynlegt að fara með einhverjum hætti í að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki réttlætanlegt í nútímaþjóðfélagi að örfámennir hópar sem hafa í krafti sérstakrar stöðu sinnar miklu hvassara verkfallsvopn en hin stærri heild, geti notfært sér þennan aukna kraft sinn til þess að koma, eftir að samningum heildarfélaga er lokið, og knýja fram hærri laun. Ég tel það ekki réttmætt og ég segi fyrir mína parta að mér finnst að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að örfámennir hópar geti á þennan hátt lamað atvinnulíf heilla svæða, heilla atvinnugreina og jafnvel í sumum tilvikum vegið að því sem kalla má almannahagsmuni. Þá komum við hins vegar að því hvernig við eigum að reyna að koma í veg fyrir þetta.

Ég viðurkenni fúslega, herra forseti, að sökum þess hversu brátt þessa umræðu bar að hef ég ekki hugsað mig um til hlítar í því máli. En ég ímynda mér að svipaðar samskiptareglur og tíðkast í Danmörku og við höfum kallað tengingarregluna í frv. geti skotið byttu undir þennan leka í samskiptum á vinnumarkaðinum. Ég tel sem sagt að tengingarreglan sem er hérna inni, sé regla sem verði beitt í framtíðinni og ég er hlynntur því að hún verði þróuð þannig að það sé hægt að koma í veg fyrir þennan agnúa sem ég var að ræða áðan. Ég leyfi mér hins vegar að efast um það, herra forseti, að sá háttur sem notaður er í frv., geri það nægilega vel. Ég held líka að tengslin á milli valda ríkissáttasemjara og tengingarreglunnar séu slæm. Ég held að í þeim efnum sé hlutverk og valdsvið ríkissáttasemjarans allt of mikið. Hann getur tekið sjálfur ákvörðun um að beita tengingarreglunni ef hann telur að viðræður félaga séu komnar í hnút. Það er ansi mikið vald sem ríkissáttasemjari fær þarna. Og það er ýmislegt fleira sem því tengist sem er vert að ræða.

Ég nefni það t.d. að inni í þessu frv. er líka annað gott nýmæli sem Alþfl. við aðrar kringumstæður mundi taka fagnandi. Það eru ákvæði sem lúta að áætlun vinnumarkaðarins um viðræður. Ég held að það sé góður hlutur sem gæti leitt til miklu skilvirkari vinnubragða. Ég tel að það hafi verið brestur á því stundum í fortíðinni og ef menn hefðu haft ákvæði af þessu tagi hefði það sett mönnum beggja vegna borðsins, atvinnurekendum og verkalýðsforustunni, hnitmiðaðri verkefni. Það hefði knúið báða aðila vinnumarkaðarins til að skilgreina kröfur sínar og markmið. Þar af leiðandi hefði mátt ætla að samningagangurinn yrði miklu skilvirkari fyrir bragðið.

Nú er það hins vegar svo, herra forseti, að ég held að botninum undan þessari ágætu hugmynd hafi verið kippt með þeirri viðbót sem er að finna í frv. frá janúardrögunum sem þá voru kynnt. Þessi viðbót gerir ráð fyrir því að aðilar geti samið um það sín á milli hvort viðkomandi starfssvið verði undanþegið tengingarreglunni. Ég set sjálfan mig í spor

verkalýðsforustu sem kæmi að slíkum samningum. Á hvað mundi ég leggja verulega mikla áherslu? Ég mundi leggja áherslu á að semja starfssvið mitt undan tengingarreglunni. Þar með er hætta á að stór hluti af viðræðum aðilanna sem miðuðu að því að búa til viðræðuáætlun fyrir gang samninganna mundi snúast um þetta og fyrir vikið yrði engin viðræðuáætlun til í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og langmestur hluti þeirra yrði saminn af ríkissáttasemjara. Og það er allt annað heldur en upphaflega var stefnt að.

Herra forseti. Ef ég kem aftur að lýðræðinu, þá er það svo að ég tel að lýðræðinu sé ekki haldið nægilega til haga í ýmsum greinum frv. Ég tel t.d. að það sé allsendis ókleift að samþykkja lög sem fela í sér þau ákvæði sem hér er að finna í l-lið 6. gr., sem verður 31. gr., um miðlunartillögu. Mér finnst bókstaflega ekki hægt að bjóða fólki upp á kerfi sem gerir það að verkum að þó að yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði sé á móti miðlunartillögu, þá er hún samt samþykkt. Það er skrumskæling á lýðræði, herra forseti. Það er alger skrumskæling á lýðræðinu. En það er eins og ég hef rakið fyrr í dag að það er hægt að taka dæmi af félagi þar sem atkvæðisbærir menn eru 2.000 talsins. 644 greiða atkvæði gegn tillögu en 662 með tillögu. Með öðrum orðum, 66,3% af atkvæðisbærum mönnum taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Meiri hlutinn fellir tillöguna en hún er eigi að síður samþykkt. Það er ekki hægt, herra forseti, að fallast á slíkt.

Ég verð líka að segja, herra forseti, að mér finnst heldur ankannalegt að finna í frv., þó flókið sé og þó málið sé mikilvægt, ákvæði um hvorki meira né minna en sex tegundir atkvæðagreiðslna. Ef ég hefði tíma, herra forseti, mundi ég fara aðeins yfir það. En mig minnir að í 2. gr., sem er breyting á 5. gr. laganna, sé gert ráð fyrir þrenns konar tegundum af atkvæðagreiðslu. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að lögfest verði að samningur gildi frá undirritun nema hann sé felldur innan fjögurra vikna með meiri hluta atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem minnst fimmtungur félagsmanna segir nei. Þetta er fyrsta formgerð atkvæðagreiðslunnar sem mælt er fyrir í 5. gr. En það er líka talað um að það sé hægt að viðhafa póstkosningu. Þá mundi aðeins gilda einfaldur meiri hluti. En þetta er sem sagt annað form atkvæðagreiðslu. Og síðan er nokkrum línum neðar gert ráð fyrir þriðja afbrigði atkvæðagreiðslu. Þar segir að í 5. gr. verði lögfest heimild til þess að hluti félagsmanna sem samningur tekur til greiði einir atkvæði um samninga að því tilskildu að það sé samið um það í kjarasamningum. En þá þarf hins vegar a.m.k. þriðjung félagsmanna til þess að segja nei, til þess að samningurinn falli og að sjálfsögðu meiri hluta.

Með öðrum orðum, herra forseti, í þessari einu grein er um að ræða þrjú mismunandi form atkvæðagreiðslu og í öllu frv. er að finna sex mismunandi afbrigði af atkvæðagreiðslu. Hefði ekki verið nær, hæstv. félmrh., að hafa minna offors en skoða málið betur. Það hefur verið talað um það, herra forseti, að það mætti líkja hæstv. félmrh. við ákveðna stórvaxna dýrategund í frumskógum Afríku. Ég vil ekki taka svo stórt upp í mig, herra forseti, en stundum finnst mér eins og hæstv. félmrh. hafi tekið sér skóflu í hönd, slegið í hausinn á manni og sagt síðan: Æ, ég hélt að þig klæjaði.

[19:41]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja það að á 40 mínútum virtist hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafa meiri skoðanir á þessu máli en samflokksmaður hans, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Þó finnst mér hann ekki vera sérlega eindreginn í afstöðu sinni til einstakra greina frv. Það er frekar eins og hann sé að velta þeim fyrir sér og skoða frá ýmsum hliðum sem út af fyrir sig er ágætt af hálfu hv. þm. Það var hins vegar í upphafi máls hv. þm. sem hann var hvað eindregnastur í andstöðu sinni, þar sem hann talaði um það að hæstv. félmrh. væri að takast það sem engum hefði áður tekist, að sameina vinstri menn hér á landi. Mér finnst það staðfesta nákvæmlega það sem ég sagði í andsvari við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrr í dag, að Alþfl. væri að sigla upp að Alþb., Alþfl. væri að færa sig til vinstri og hann væri að kasta þeirri ímynd frjálslyndis sem hann hefur verið að reyna að flagga að undanförnu.

Hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni var tíðrætt um samráð og hversu nauðsynlegt væri að hafa samráð í máli eins og þessu. Ég skal út af fyrir sig taka undir það með honum. En hvernig hefur Alþfl. staðið að svona málatilbúnaði? Hvernig hefur flokkur hv. þm. staðið að þessu?

Fyrir 60 árum var atvinnumálaráðherra sem hét Haraldur Guðmundsson. Hann skipaði nefnd til þess að semja lög um sama efni og hér liggur fyrir. Hann skipaði fjóra menn í nefnd. Þar var einungis einn fulltrúi stéttarfélags og enginn fulltrúi atvinnurekenda.

[19:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrr í dag flutti hv. þm. Árni M. Mathiesen skoplitla ræðu í tvennum skilingi þess orðs. Nú flytur hann hana aftur. Ég gleðst þó yfir því að hann náði betri skilningi á afstöðu minni, a.m.k. út úr þessari ræðu en hann náði fyrr í dag. Ég náði síðan ekki hvaða sögulega fyrirlestur hann ætlaði að fara að flytja fyrir mig. Hann getur kannski haldið honum áfram á eftir. En ég vil segja eitt. Ég legg mikla áherslu á samráð. Málið sjálft er þess eðlis að þeir sem eiga að njóta þess eru aðilar vinnumarkaðarins og þeir þurfa að búa að sæmilegri sátt um það.

Hv. þm. sér hvernig verkalýðshreyfingin hefur tekið þessu. Hún logar stafna á milli af illindum út af þessu máli, illindum í garð hæstv. ríkisstjórnar. Það eru ýmsir tindar í þessu frv. Ég viðurkenni að ég hef ekki getað náð því til hlítar að fara í gegnum eins og ég mun e.t.v. vera búinn að gera fyrir 2. umr. En það er t.d. þessi heimild til þess að stofna stéttarfélög á vinnustöðum. Ég tel að þessi heimild sé fyrir hendi en mér finnst allt í lagi að skoða þetta ákvæði. Ég er þó ekki viss um að það nái tilgangi hæstv. félmrh. Ég segi það strax að ég er á móti þeim ákvæðum sem hér eru um vinnustöðvun og skýrði það. Ég er hlynntur tengingarreglunni sem hér kemur fram vegna þess að ég tel að það sé hægt að beita henni skynsamlega eins og í Danmörku til þess að koma í veg fyrir að fámennir hópar lami atvinnulíf heilla svæða, heilla atvinnugreina og vegi gegn almannahagsmunum. Mig greinir á um þetta við marga innan stjórnarandstöðunnar. Þetta er eigi að síður mín skoðun.

Varðandi miðlunartillöguna tel ég aldrei hægt að samþykkja þann umbúnað sem um hana er fyrir ýmissa hluta sakir. Það sem upp úr stendur er að það er hægt að láta rösklega 66% félagsmanna taka þátt í atkvæðagreiðslu, meiri hlutinn getur verið á móti henni en samt er hún samþykkt. Það er skrumskæling á lýðræðinu og nú getur hv. þm. Árni M. Mathiesen haldið áfram sínum fræðandi sögufyrirlestrum um Harald Guðmundsson og Alþfl.

[19:46]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrirgefst þó hann þekki ekki sögu Alþfl. vel. Hann hefur ekki verið svo lengi í flokknum. En í þá tíð lögðu atvinnurekendur fram 40 brtt. við frv. ráðherrans en aðeins ein var tekin til greina og ekkert samráð var haft við þá um samningu frv. Alþfl. virðist ekki hafa lært neitt geysilega mikið á þessum 60 árum því þegar þáverandi félmrh., flokksbróðir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, skipaði nefnd til að kanna þessi mál og undirbúa frv. fékk BHMR ekki að eiga fulltrúa í þessari nefnd og ekki bankamenn. En það fengu BSRB, ASÍ og ýmsir fleiri. Hvers eiga þessir hópar að gjalda ef ekki á að hafa samráð við þá?

Ég heyri að hv. þm. hefur, eins og ég sagði áðan, ákveðnari skoðanir en hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Hún kom hins vegar upp í andsvari og þar var hún mjög skorinorð um afstöðu sína til frv. Hún sagði: „Eins og þetta frv. liggur fyrir, er ég gjörsamlega andvíg því." Er hv. þm. Össur Skarphéðinsson þar sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur? Vill hann taka undir þessi orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur?

[19:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil stundum ekki hvað gengur að þessum hv. ágæta þingmanni, Árna M. Mathiesen. Það er eins og hann skilji ekki þó maður tyggi aftur og aftur ofan í hann hlutina. Ég reyndi í eins ítarlegu máli og ég gat að greina frá afstöðu minni til einstakra þátta frv. Ég held að enginn þeirra sem tóku þátt í umræðunni af stjórnarandstöðunni og stjórnarliðunum í dag hafi greint jafnítarlega frá afstöðu til einstakra mikilvægra þátta.

Ég sagði líka að þetta frv. væri keyrt fram með ofbeldi og Alþfl. tekur ekki þátt í ofbeldisgerningi. Þess vegna tekur Alþfl. ekki þátt í því að gera þetta að lögum.

[19:49]

Útbýting þingskjala:

Gæludýrahald, 424. mál, frv. HG, þskj. 753.

Staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum, 429. mál, frv. JBH o.fl., þskj. 759.

Stjórn fiskveiða, 437. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 769.

Tekjuskattur og eignarskattur, 428. mál, frv. JBH o.fl., þskj. 758.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 436. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 768.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 19:50.

114. FUNDUR

föstudaginn 22. mars,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[10:03]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, 434. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 766.

Aðstoð við gjaldþrota einstaklinga, 432. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 762.

Dreifikerfi útvarps og sjónvarps, 430. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 760.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 254. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 764; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 765.

Flutningur sjónvarpsins í útvarpshúsið, 431. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 761.

Gjaldþrot sl. tíu ár, 433. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 763.

Kostnaður ríkissjóðs af gjaldþrotum einstaklinga, 438. mál, fsp. EKG, þskj. 770.

Samráðsnefnd um hagsmuni aldraða og öryrkja, 435. mál, þáltill. MF, þskj. 767.

Skálar á miðhálendi Íslands, 440. mál, fsp. KH, þskj. 772.

Tollalög, 441. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 773.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 739.

[10:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hygg að á síðari árum sé það einsdæmi hvernig þessi ríkisstjórn fer aftur og aftur með offorsi gegn launafólki og hvernig hún ítrekað beitir gerræðislegum vinnubrögðum til að knýja í gegn umdeildar breytingar í fullkominni andstöðu við launþegahreyfinguna. Ekki síst á þetta við þegar við erum að fjalla um umfangsmiklar breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði eins og þetta frv. fjallar um og reyndar einnig frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem hér var fjallað um fyrir skömmu. Hér er um að ræða vinnubrögð sem maður að óreyndu hefði ekki trúað að Framsfl. stæði fyrir þó að sjálfstæðismönnum sé vissulega trúandi til að beita slíkum vinnubrögðum þegar launþegar og verkalýðshreyfingin á í hlut. Ég held að hæstv. félmrh. og ríkisstjórn hafi ekki sést fyrir í þeim ásetningi

sínum að knýja þetta mál í gegn með góðu eða illu, jafnvel í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

Ég tel að ríkisstjórnin sé hér að ganga gegn ýmsum grundvallaratriðum í alþjóðasamþykktum sem snúa að launafólki og koma í því sambandi til álita mannréttindasáttmáli Evrópu, félagsmálasáttmáli Evrópu og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, en þar segir að félög verkamanna og atvinnurekendur skuli eiga rétt á því að setja sér lög og reglur og vera algjörlega óháð í vali á fyrirsvarsmönnum sínum og við að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Þar er kveðið á um það að opinber stjórnvöld skuli forðast alla íhlutun er skerða mundi þann rétt eða hindra löglega beiðingu hans. Í þessari samþykkt ILO er einnig sagt að landslögum megi ekki vera þannig háttað að þau skerði ákvæði samþykktarinnar en þetta er einmitt það sem ríkisstjórnin er hér að gera, hún er að beita óeðlilegri íhlutun í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú ganga þvert á þessar samþykktir sem Ísland hefur undirgengist og ég trúi ekki öðru en að ASÍ íhugi að kæra þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar því hér er gengið þvert á grundvallaratriði í samþykktum ILO um mjög óeðlilega íhlutun af hálfu ríkisvaldsins í samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins þar sem verið er að rýra sjálfstæði stéttarfélaga þvert gegn afstöðu annars aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingarinnar, en greinilega í þökk vinnuveitenda.

Það liggur fyrir og kemur fram í greinargerð sem tveir hæstaréttarlögmenn, þeir Atli Gíslason og Arnmundur Backman hafa gert um málið að sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem skipuð er 12 fræðimönnum á sviði vinnuréttar víðs vegar að úr heiminum, hefur komist að þeirri niðurstöðu að afskipti ríkisvaldisins af málefnum og starfsemi aðila vinnumarkaðarins sé brot á grundvallarreglum ILO, einkum samþykktum 87 og 98 sem Ísland hefur staðfest. Þannig er það grundvallaratriði að samið sé um breytingar í frjálsum samningum félaga launafólks og atvinnurekenda og að samkomulag sé gert um málið áður en til lagasetningar er gengið. Að samkomulag sé gert um málið áður en til lagasetningar er gengið. Þetta er grundvallaratriði í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í greinargerð þessara tveggja hæstaréttarlögmanna kemur að þessa meginreglu hafi Norðurlandaþjóðirnar virt og flestar Evrópuþjóðir. Og þeir bæta við að heimildir til einhliða lagasetningar um réttindi og skyldur stéttarfélaga verði að túlka einkar þröngt og allan vafa félögum í hag. Jafnframt kemur fram að það sé andstætt nefndum ákvæðum að jafnstór atvinnurekandi og ríkið takmarki félaga-, samnings- og verkfallsrétt stéttarfélaga með lagaboði og hafi frumkvæði að slíkum breytingum. Það er sem sagt andstætt ákvæðum hjá ILO að ríkið takmarki með lagaboði eða hafi frumkvæði að þeim breytingum sem snerta verkfallsrétt stéttarfélaga. Í því felst afskipti af samningsrétti. Það stríðir jafnframt gegn nefndum ákvæðum um að flytja vald frá stéttarfélögum, grunneiningum, án samþykkis þeirra til stéttarfélagasambanda.

Það má líka spyrja hvort þessi málsmeðferð ríkisstjórnarinnar gangi ekki þvert gegn 3. gr. sjálfrar vinnulöggjafarinnar og geri hana í raun marklausa þar sem kveðið er á um forræði stéttarfélaga á málefnum sínum og að einstakir meðlimir félaganna séu bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambanda þess.

Virðulegi forseti. Miðað við aðdraganda þessa máls og þau gögn sem fyrir liggja má draga þá ályktun að ASÍ hafi sýnt fullan vilja til að gera breytingar á samskiptareglum aðila vinnumarkaðarins. Formið yrði með þeim hætti að aðilar vinnumarkaðarins næðu samkomulagi um málið án afskipta ríkisvaldsins og aðilar vinnumarkaðarins voru komnir vel á veg með það að ná því samkomulagi þegar hæstv. félmrh. með flumbrugangi tók málið úr þeirra höndum. Þetta gengur þvert á þau vinnubrögð og samskipti sem hæstv. félmrh. vill t.d. hafa við sveitarfélögin í landinu. Frjálsa samninga en enga lögþvingun, segir hæstv. félmrh. um sveitarfélögin og sameiningu sveitarfélaga. Á ekki það sama að gilda varðandi verkalýðshreyfinguna eða telur ráðherrann allt í himnalagi að breyta einhliða grundvallarréttindum launafólks sem er þeirra nauðvörn og haldreipi til að berjast fyrir bættum kjörum og réttindum?

Það fer ekki fram hjá neinum að það er að verða grundvallarstefnubreyting í Stjórnarráðinu gagnvart launafólki nú þegar Framsfl. og Sjálfstfl. hafa tekið við stjórnartaumunum. Úrræði ríkisstjórnarinnar er að þjóna atvinnurekendavaldinu í Garðastræti á kostnað launafólks í landinu. Tillaga eftir tillögu er flutt af ríkisstjórninni sem gengur undir einhverju sem kallast hreyfanleiki á vinnumarkaði, sveigjanleiki í launakerfi, bótakerfi atvinnulausra, sem er ekkert annað en skerðing á kjörum og réttindum launafólks. Og nú er verið að skerða athafnafrelsi verkalýðshreyfingarinnar og ráðast með offorsi að sjálfum rótum og grundvelli verkalýðshreyfingarinnar sem allt miðar að því að takmarka svigrúm hennar til að berjast fyrir bættum kjörum launafólks.

Virðulegi forseti. Af hverju liggur hæstv. ríkisstjórn og félmrh. svona lífið á að lögfesta í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna breyttar samskiptareglur á vinnumarkaði? Þetta óðagot vekur því meiri furðu að viðræður voru í góðum gangi milli þeirra sem eiga að ná samkomulagi í þessu máli, aðila vinnumarkaðarins. Það hafði ekki slitnað upp úr þeim viðræðum. Það var hæstv. félmrh. sem kastaði sprengju inn í þær viðræður og sleit þeim með valdboði og tekur upp á Alþingi málstað atvinnurekenda. Samt er ljóst að umræðugrundvöllur milli aðila vinnumarkaðarins lá fyrir og kannski tímaspursmál, dagar eða örfáar vikur, að vinnuveitendur og verkalýðshreyfingin næðu saman í þessu máli. Þetta eru vinnubrögðin.

Það er von að menn tali um umskiptinga þegar framsóknarmenn eiga í hlut vegna þess að það má rekja söguna langt aftur, langt aftur þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Þá er boðorð þeirra í öllum málum sem á einhvern hátt snerta launafólk eða verkalýðshreyfinguna að það gangi ekki að lögfesta mál í andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

En það skyldi nú ekki vera, virðulegi forseti, að þetta óðagot ríkisstjórnarinnar megi rekja til þess að kjarasamningar eru fram undan og ríkisstjórnin ætli að beita öllum þeim brögðum sem hún hefur til að koma í veg fyrir að t.d. hópar sem dregist hafa aftur úr og ætla að ná sínum rétti í næstu kjarasamningum geti það. Málið er að reisa þær girðingar sem hreinlega koma í veg fyrir að t.d. fólk í verkalýðshreyfingunni í röðum ófaglærðra nái fram sínum rétti í næstu kjarasamningum. En það er ljóst að ákvæði þessa frv. miða öll að því að styrkja stöðu stórra samflota og veikja stöðu sérkjarasamninga. Svona vinnubrögð hljóta að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti á vinnumarkaðnum og hljóta að leiða til mikils trúnaðarbrests milli ríkisstjórnarinnar og launþegahreyfingar sem getur haft alvarlegar afleiðingar við

gerð næstu kjarasamninga þannig að markmið þessa frv. snúist upp í andhverfu sína.

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. telur sig með þessu frv. vera að færa valdið til fólksins. En er það svo? Er það svo, virðulegi forseti? Nei, ég held að þegar grannt er skoðað sé verið að þrengja að rétti fólksins og reyndar verið að taka samningsréttinn af mörgum verkalýðsfélögum í landinu. Að auki geta þessar breytingar snúist upp í andhverfur sínar ef hugmyndin er sú með ákvæðum frv. að draga úr verkföllum. Framkvæmd verkfallsboðunar er á þá lund að ákvæðið t.d. um frestun vinnustöðvunar getur hæglega leitt til tíðari verkfalla eða a.m.k. lengri verkfalla en gerir samkvæmt núgildandi ákvæðum vinnulöggjafarinnar.

Hugmyndin, sem verkalýðshreyfingin hefur tekið undir og sem er eitt af því jákvæða sem út úr þessum umræðum milli aðila vinnumarkaðarins hefur komið, sem er að gera viðræðuáætlun þar sem skipulega og markvisst verði unnið að kjarasamningagerðinni, sem hefur verið mjög ábótavant, er í reynd gerð marklaus í frv. hæstv. ráðherra. Ákvæði frv. um þetta efni eyðileggja í raun þessi góðu áform. Þar er gert ráð fyrir að skyldan til að gera viðræðuáætlun sé lögð á einstök stéttarfélög sem þó geta falið heildarsamtökum gerð slíkra áætlana fyrir sína hönd. Öll framkvæmdin varðandi þessa viðræðuáætlun felur í sér þá augljósu og ólýðræðislegu leið að viðræðuáætlanirnar verða að stærstum hluta gefnar út af sáttasemjara.

Ferillinn sem viðræðuáætlunin á að ganga í gegnum felur líka í sér ákveðna hættu. Ég nefni dæmi. Ef hún á að liggja fyrir tíu vikum áður en samningar eru lausir þá spyr ég hæstv. félmrh.: Þýðir þetta, miðað við breyttar aðstæður eftir að viðræðuáætlunin hefur verið samþykkt og kröfur liggja þá fyrir fullmótaðar, að ekki sé hægt að koma að nýjum tillögum, kannski miðað við breyttar forsendur og áætlanir eftir að þessi viðræðuáætlun liggur fyrir? Við höfum búið við sveiflur í okkar efnahagslífi sem geta haft veruleg áhrif á forsendur kjarasamninga eftir að kröfur eru fullmótaðar nokkrum vikum áður en kjarasamningar renna út en það eiga þær að gera samkvæmt þessum ákvæðum. Við getum t.d. hugsað okkur að kjarasamningar séu lausir um áramót og viðræðuáætlun þarf þá að gefa út tíu vikum áður eða um miðjan október. Við þekkjum að á þeim tíma liggja yfirleitt ekki fyrir fullmótaðar tillögur ríkisstjórnarinnar um tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarps og gera það yfirleitt ekki fyrr en í desembermánuði. Hér er þó oft um að ræða tillögur sem reynslan kennir okkur að hafa veruleg áhrif á kjarasamningagerðina. Spurningin er til hæstv. ráðherra: Komast nýjar kröfur að eftir að frestur samkvæmt viðræðuáætlun ríkissáttasemjara er liðinn? Verkalýðshreyfingin hefur einmitt oft knúið fram í tengslum við kjarasamninga réttarbætur fyrir launafólk og hnekkt fjandsamlegum tillögum í garð launafólks sem koma frá ríkisstjórn í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaga. Það skyldi þó ekki vera, virðulegi forseti, að þessi ferill sé mótaður með tilliti til þess að ekki sé hægt að koma við viðspyrnu af hálfu verkalýðshreyfingarinnar þegar sú staða er uppi.

Virðulegi forseti. Ræðumenn stjórnarandstöðunnar í umræðum í gær fóru yfir þá gjörbreytingu sem frv. hefur í för með sér varðandi atkvæðagreiðslur sem lúta t.d. að boðun verkfalls, hvernig gengið er frá samningum, atkvæðagreiðslum um miðlunartillögu og hvernig samningar eru afgreiddir. Það rugl, virðulegi forseti, sem í þessum fimm eða sex útgáfum af atkvæðagreiðslum felst er í raun og sanni yfirgengilegt. En svo virðist vera að minni hluti geti ráðið ferðinni og borið meiri hlutann ofurliði. Þetta er, virðulegi forseti, aðför bæði að verkalýðshreyfingunni og lýðræðinu í landinu og maður veltir fyrir sér hvar í fortíðinni hæstv. félmrh. og ríkisstjórn í raun eru.

Virðulegi forseti. Aukin völd sáttasemjara hafa verið til umræðu og er það að vonum. Ég tel að þessi leið sé mjög varhugaverð. Og ég get ekki betur séð en það sé verið að færa sáttasemjara nánast alræðisvald um grundvallarrétt og lýðræðislegan rétt verkalýðshreyfinganna og einstakra launþegasamtaka. Það er í raun verið að taka samningsréttinn af fjölda verkalýðsfélaga í landinu og færa hann til sáttasemjara. Ég skil hreinlega ekki, virðulegi forseti, á hvaða leið menn eru. Þannig getur sáttasemjari að vild ákveðið að miðlunartillaga taki til þeirra sem eru með lausa samninga og það án tillits til þess hvort viðkomandi hópar eiga í vinnudeilu eða ekki.

Ég vil benda á í þessu sambandi að Danir hafa einmitt lent í kæru frá Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna svona fyrirkomulags. Samt á að taka það upp hér á landi. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann óttist ekki kæru frá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Hvort hann verði kallaður þar á sakamannabekkinn vegna þess að Ísland er að ganga þvert gegn ýmsum mikilvægum grundvallarákvæðum samþykktar ILO. En ríkisstjórninni er greinilega alveg sama um það. Með góðu eða illu skal svo þrengja að réttindum fólks og verkalýðshreyfingarinnar að sáttasemjari fær alræðisvald og virðist geta ráðið því til hverra miðlunartillagan á að ná. Og hvað er þarna verið að gera annað en að rýra sjálfstæði stéttarfélaganna og þrengja að verkalýðshreyfingunni og stéttarfélögunum til þess að berjast fyrir rétti sínum?

Hér er vissulega, virðulegi forseti, vegið harkalega að rótum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Framsfl. er greinilega alveg sama. Hann ætlar að ráða ferðinni hvernig samskiptareglum aðila vinnumarkaðarins er háttað og taka upp málstað atvinnurekenda en ekki verkalýðshreyfingarinnar. Það er af sem áður var þegar hæstv. félmrh. hér áður fyrr í stjórnarandstöðu kom aftur og aftur í pontu til þess að taka upp málstað verkalýðshreyfingarinnar og tala fyrir því þegar hér voru ákvæði, sem hann taldi ganga gegn rétti launafólks og verkalýðshreyfingarinnar, að ekki væri hægt að knýja það fram á Alþingi í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. En nú er það allt í lagi þegar hæstv. ráðherra hefur fengið völdin til þess að hafa eðlileg og jákvæð samskipti við verkalýðshreyfinguna. Þá á fyrsta árinu ræðst hann að grundvallarlöggjöf verkalýðshreyfingarinnar með þvílíkum hætti að það er raunverulega einsdæmi á síðari árum. Auðvitað er með slíkum aðferðum, þvert á það sem ráðherra segir, líka verið að draga úr lýðræðislegum rétti einstaklinga í verkalýðsfélögum.

Virðulegi forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um efni 1. gr. þar sem segir að starfsmönnum fyrirtækis, þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, sé þó heimilt að stofna þar stéttarfélag, enda séu að lágmarki $^3/_4$ þeirra félagsmenn. Fer þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn.

Um þetta mál má ýmislegt segja. Ég vil í þessu sambandi minna á að á þingum ASÍ 1956–1962 var samþykkt grundvallarbreyting á skipulagsmálum verkalýðshreyfingarinnar. Inntak þeirrar stefnuyfirlýsingar var að undirstaðan í uppbyggingu verkalýðssamtakanna skuli vera vinnustaðurinn. Samkvæmt þessu áttu verkalýðssamtökin eftir því sem framkvæmanlegt var að reyna að koma á því skipulagskerfi að í hverri starfsgrein sé aðeins eitt félag í hverjum bæ eða

á sama stað og skuli allir á sama vinnustað vera í sama starfsgreinafélagi. Þannig mundi eitt félag semja fyrir alla á sama vinnustaðnum hvort sem um væri að ræða verkafólk, skrifstofufólk eða sérstaklega fagmenntað starfsfólk.

Miðstjórn ASÍ var falið á þeim tíma, þ.e. fyrir 40 árum síðan, að vinna að framgangi þessarar stefnu en að tilhlutan ASÍ var á árinu 1960 gefin út ítarleg greinargerð og tillögur um skipulagsmálin. Það má kannski segja að eitthvað hafi þokast í þá átt sem lagt var upp með fyrir 40 árum síðan. En því miður verður að segja að ASÍ hefur ekki fylgt þessu máli eftir sem skyldi því margt er athyglisvert í þessari hugmynd.

Á stærri vinnustöðum er fólk í mörgum stéttarfélögum sem bæði leiðir til óhagkvæmni fyrir fyrirtæki og getur ýtt undir tvöfalt launakerfi en ætla má að ef allir þeir sem vinna í sömu starfsgrein eða á sama vinnustað væru í einu og sama starfsgreinafélagi, sem yrði lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör starfsmanna, þá gæti það hugsanlega stuðlað að auknu jafnrétti í tekjuskiptingunni. Þetta er alla vega kostur sem menn hljóta að skoða. Og það hlýtur að hafa vakað fyrir Alþýðusambandinu fyrir 40 árum síðan að þessi breyting á skipulagi verkalýðshreyfingarinnar gæti stuðlað að því að *jafna kjörin*.

Þessi hugmynd hefur ekki einasta verið sett fram af ASÍ heldur einnig á Alþingi af Vilmundi Gylfasyni árið 1980 en þá hlaut málið litla umfjöllun. Það má líka vissulega skoða það hvað réttlætir það að opinberir starfsmenn og starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum séu í mismunandi stéttarfélögum. Það ætti því af hálfu verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar að skoða kosti þess og galla hvort ekki sé tímabært að afnema þann mismun sem er á opinberum og almennum vinnumarkaði. Störf, menntun og ábyrgð eru svipuð hvort sem launamaðurinn starfar í opinberri þjónustu eða á almennum vinnumarkaði. Þessi tvískipting hefur skekkt launakerfið, það vitum við, og leitt til mismununar bæði í launum og réttindamálum. Þannig hefur ríkisvaldið í samkeppni um vinnuaflið við almenna vinnumarkaðinn tekið þátt í þessu tvöfalda launakerfi með alls konar duldum greiðslum sem m.a. hefur aukið launamismun kynjanna verulega. Einnig er ljóst að til að mynda lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna umfram réttindi á almenna vinnumarkaðnum hafa leitt til þess að launum hjá hinu opinbera hefur verið haldið niðri.

Virðulegi forseti. Mér finnst það vel koma til skoðunar að kanna ítarlega kosti þess og galla að fara þessa leið og hvort *slík sameining stéttarfélaga á opinberum markaði* og almenna markaðnum gæti ekki styrkt verulega verkalýðshreyfinguna í landinu í heild sinni þannig að hún hefði meiri og öflugri viðspyrnu gagnvart sterku atvinnurekendavaldi í landinu. Hugsanlega væri einnig hægt að ná fram verulegri uppstokkun og einföldun á launakerfinu með því að sama stéttar- og verkalýðsfélag mundi ná til starfsmanna í opinberri þjónustu og á almenna vinnumarkaðnum.

Þessi leið ásamt því að ASÍ skoðaði af fullri alvöru þá stefnu sem mörkuð var á ASÍ-þingi fyrir nokkrum áratugum er miklu vænlegri og að það verði að tilhlutan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar sem er mjög mikilvægt og miklu árangursríkari leið en sú sem ríkisstjórnin ætlar nú að knýja fram í andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

Þannig mætti hugsa sér að allir þeir sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda séu í sama starfsgreinafélagi hvort sem er á almenna vinnumarkaðnum eða hjá hinu opinbera og starfsgreinafélögin verði lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Þetta hygg ég að hafi verið hugmyndin sem hafi verið inni í myndinni þegar ASÍ fjallaði um þetta mál fyrir nokkrum áratugum síðan.

Verkalýðshreyfingin verður auðvitað að átta sig á því sjálf líka að það sem var styrkleiki hennar í gær getur verið veikleiki hennar í dag. Verkalýðshreyfingin verður að hafa styrk og kjark til þess að ganga í gegnum endurskipulagningu sjálf á sínu innra starfi sem geri hana öflugri til að mæta sterku atvinnurekendavaldi og til að styrkja innviði sína þannig að hún verði öflugri, skipulagðari og kraftmeiri til að vinna að því markmiði að bæta kjör fólksins í landinu.

En sú leið, sem hæstv. félmrh. hefur valið og fram kemur í 1. gr. frv., er ekki til þess fallin og virðist líka ganga gegn samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem kveður á um bann við því að tiltekinn fjöldi, eins og hér er gert ráð fyrir, geti starfað saman í stéttarfélagi. Ég vil, virðulegi forseti, í allri vinsemd spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið farið í gegnum það í félmrn. hversu margar alþjóðasamþykktir verið er að brjóta með þessu frv. Eða skipta kannski engu máli þessar alþjóðasamþykktir sem við erum að samþykkja hér á þinginu? Ég veit að sá sem unnið hefur *mikið að samningu þessa frv. er mikill áhugamaður* um það að Ísland standi sig í því að standa við alþjóðasamþykktir en sé ekki að ganga gegn þeim. Því hygg ég að það hljóti að hafa verið farið ítarlega í gegnum það í ráðuneytinu hvort verið sé að ganga gegn alþjóðasamþykktum. Ég nefni bæði samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, mannréttindasáttmálann og félagsmálasáttmála Evrópu. Þetta þarf að skoða ítarlega.

Það liggja fyrir álit sem Alþýðusambandið hefur látið gera hjá hæstaréttarlögmönnum, fróðum lögmönnum um þetta mál, að í ýmsum atriðum í frv. sé verið að ganga gegn alþjóðasamþykktum. Ég hygg að við ættum að fara varlega og skoða hvort hætta sé á að Ísland fái kæru á sig ef svo illa fer að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Því vil ég biðja hæstv. ráðherra að gera þinginu ítarlega grein fyrir því og fara lið fyrir lið yfir þau ákvæði í alþjóðasamningum sem á hefur verið bent að verið sé að ganga gegn og segi okkur hvort ráðuneytið hafi skoðað það mál. Hafi hæstv. ráðherra ekki haft fyrir því að skoða hvort við séum að ganga gegn alþjóðasamþykktum, hlýtur nefndin sem fær málið til umfjöllunar — og ég treysti formanni nefndarinnar, hv. 14. þm. Reykv., til þess að fara rækilega í gegnum þennan *þátt málsins. Kannski er líka verið að ganga gegn og brjóta* ákvæði 3. gr. vinnulöggjafarinnar eins og ég benti á, þar sem segir að verkalýðshreyfingin eigi að ráða málefnum sínum sjálf.

Virðulegi forseti. Ég fer brátt að ljúka máli mínu. Ég vil þó aftur hreyfa þeirri hugmynd sem ég setti fram í gær um það að fram fari allsherjaratkvæðagreiðsla hjá hlutaðeigandi aðilum, félögum í ASÍ, BSRB og hjá vinnuveitendum um þetta mál sem svo hart er deilt um. Ég tel nauðsynlegt að það verði gert ef ríkisstjórnin ætlar hvergi að hvika í þessu máli eða koma til móts við sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar.

Við þingmenn Þjóðvaka hljótum að íhuga að flytja slíkt þingmál, og stjórnarandstaðan þá í heild að skoða það, sem feli í sér að nái þetta frv. fram að ganga öðlist það ekki gildi fyrr en fram hefur farið allsherjaratkvæðagreiðsla hjá aðilum vinnumarkaðarins. Það má vissulega hugsa sér ýmis form á slíkri atkvæðagreiðslu, t.d. að á meðan málið er í meðferð þingsins fari fram slík atkvæðagreiðsla sem yrði ráðgefandi fyrir Alþingi eða fram kæmi í ákvæði til bráðabirgða með

frv., ef að lögum verður, að þau taki ekki gildi nema þau yrðu samþykkt með slíkri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin og hæstv. ráðherrar segja að með frv. sé verið að auka lýðræðislegan rétt fólksins en við mörg hér inni og í verkalýðshreyfingunni drögum það í efa. En sé ríkisstjórninni svo umhugað um lýðræðislegan rétt fólksins, eins og hún lætur í veðri vaka, þá er sjálfsagt ekki til lýðræðislegri leið en sú að þeir sem þurfa að búa við þessa löggjöf fái að segja sitt álit í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu um málið.

Virðulegi forseti. Ég tel að ríkisstjórnin fari með offorsi í þessu máli. Máli sem er svo mikilvægt að ríki sátt um í þjóðfélaginu. En eins og ég sagði er með frv., ef að lögum verður, verið að brjóta ýmsar alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að og það gengur auðvitað ekki. Ef ríkisstjórnin vill í raun og sanni halda friðinn á vinnumarkaðnum þá ætti hún að leggja þetta mál til hliðar og lofa aðilum vinnumarkaðarins að ljúka því áður en beitt er lögþvingun í blóra við annan aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfinguna, en í þökk hins aðilans, atvinnurekenda.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina til þess að lægja öldurnar í þessu máli og til þess að reyna að ná sátt um niðurstöðuna innan þings og utan að hæstv. ráðherra gefi aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til að ljúka þeirri vinnu sem var vel á veg komin. Það er enn svigrúm til þess, virðulegi forseti, að málið verði lagt til hliðar hér í þingsölunum en að aðilar vinnumarkaðarins fái eins og tvær til fjórar vikur til þess að sjá hvort ekki náist sátt um það og sameiginleg niðurstaða þessara aðila. Ég hygg að það sé best fyrir alla aðila, ríkisstjórnina, aðila vinnumarkaðarins, Alþingi og þjóðina í heild að þeir sem eiga að búa við þessa löggjöf nái sameiginlegri niðurstöðu í málinu en að málið sé ekki keyrt hér í gegnum þingið með því offorsi sem virðist eiga að gera. Það er einsdæmi líka að komið sé með mál inn í þingsali, sem í felst svona mikil breyting — við erum að fjalla hér um vinnulöggjöfina — og það nokkrum vikum áður en þingi á að ljúka, og þinginu ætlað að ljúka því fyrir vorið og þá kannski í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Það gengur ekki.

Virðulegi forseti. Það skulu verða mín lokaorð að þetta eru forkastanleg vinnubrögð sem eru í hróplegu ósamræmi við það lýðræði sem við viljum búa við í landinu.

[10:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns rekja nokkuð aðdraganda þess að þetta frv. er hér komið til umræðu á Alþingi. Eins og ég reyndar gerði grein fyrir í andsvari við umræðuna í gær var skipuð nefnd hinn 4. okt. árið 1994 af hálfu þáv. félmrh., núv. hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, sem átti að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði. Þessum vinnuhópi var falið að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í nágrannalöndunum. Og eins og segir orðrétt í skipunarbréfinu, með leyfi forseta: „Hann skal taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Leiði hún í ljós nauðsyn breytinga á íslenskri löggjöf í þessu sambandi skal hópurinn setja fram tillögur um það efni."

Innan þessa vinnuhóps náðist ekki samstaða þar að lútandi. Atvinnurekendur hafa hins vegar í ályktunum sínum að undanförnu hvatt stjórnvöld til að setja slíka löggjöf og eins og ég mun færa rök fyrir hér á eftir hefur ríkisstjórnin í mjög ríkum mæli hlustað á þeirra sjónarmið.

Nú hefur það verið fært fram sem röksemd í þessu máli hve oft þessi hópur hefur fundað. Ekki spurt um innihald heldur fundirnir taldir. Í tíð fyrrv. ríksstjórnar voru haldnir sjö fundir í þessum hópi. Síðan gerðust menn fundaglaðari eftir að þessi ríkisstjórn kom til valda og munu hafa verið haldnir hátt í 50 fundir í þessum hópi. Undir lok nóvember sendi hópurinn frá sér áfangaskýrslu. Sendi hana til ráðherra og um það varð samstaða í vinnuhópnum að enda þótt mikill ágreiningur væri þar um ýmis efni þá væri rétt að fá umræðu um þessi mál í hlutaðeigandi samtökum. Það á bæði við um samtök atvinnurekenda og einnig samtök launafólks á vinnumarkaði.

Innan Alþýðusambandsins var hafist handa um að kynna málið og hið sama gildir um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Skýrslan var send til allra aðildarfélaganna. Haldnar voru ráðstefnur um málið og kom fljótlega í ljós að ekki var vilji til þess, hvorki innan Alþýðusambandsins né innan BSRB, að ekki sé minnst á önnur samtök sem ekki komu að málinu og voru því andvíg, að smíðuð yrðu lög á þessum grunni. Það gerist síðan í byrjun febrúar þessa árs að samtökin ályktа í þessa veru. Mig langar til að lesa upp úr ályktun BSRB frá 2. febrúar. Þar segir, með leyfi forseta:

„BSRB telur brýnt að vinnubrögð við gerð kjarasamninga verði bætt en leggst alfarið gegn því að það verði gert með lögþvingunum þvert á vilja samtaka launafólks. Eins og samningalotur undanfarinna ára hafa sýnt hefjast viðræður samningsaðila iðulega allt of seint, yfirleitt ekki fyrr en kjarasamningar eru útrunnir. Stórir hópar launafólks koma ekki að samningsborðinu fyrr en kjarastefnan hefur verið mótuð.

Að undanförnu hefur vinnuhópur á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem BSRB hefur átt aðild að, fjallað um samskiptareglur á vinnumarkaði. Vinnuhópurinn hefur sent frá sér áfangaskýrslu sem verið hefur til umfjöllunar innan samtaka launafólks, en engin niðurstaða hefur enn náðst um að lagt verði fram frumvarp byggt á henni.

Margt jákvætt er að finna í skýrslunni, einkum það sem varðar markvissari vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Þannig er æskilegt að hefja viðræður um kjarasamninga áður en gildandi samningar renna út, og stuðla að skipulagðari vinnubrögðum. BSRB er þannig meðmælt því að tekin verði upp viðræðuáætlun við gerð kjarasamninga og hvetur til þess að strax 1. semtember í ár, fjórum mánuðum áður en kjarasamningar renna út, verði gengið til viðræðna um hana.

Í frumvarpsdrögum sem unnin hafa verið upp úr skýrslunni að hluta til koma hins vegar fram alvarlegir gallar. Þannig er ljóst að þrengt yrði að verkfallsréttinum og þvinguð fram svo mikil miðstýring kjarasamninga með lögum að óviðunandi væri og hætt við að leitað verði annarra leiða.

Enda þótt BSRB sé tilbúið til áframhaldandi viðræðna um bætt vinnubrögð og leikreglur við gerð kjarasamninga leggst bandalagið alfarið gegn því að áfangaskýrsla þessi verði gerð að uppistöðu í lagafrumvarpi. Standi hugur manna til víðtæks samflots til samninga verður það að gerast af fúsum og frjálsum vilja. BSRB mun aldrei sætta sig við að verkalýðshreyfingin verði handjárnuð. Lögþvingun, þvert gegn vilja verkalýðshreyfingarinnar, eins og félmrh. hefur lýst yfir í fjölmiðlum, kyndir hins vegar undir ófriði á vinnumarkaðinum."

Þetta var úr ályktun BSRB frá 2. febr. 1996. Þann 9. febrúar ályktaði formenn landssambanda innan ASÍ um réttarstöðu launafólks og samskipti á vinnumarkaði, um þetta frv. og um þessi vinnubrögð. Í ályktun formanna landssambanda innan ASÍ segir m.a., með leyfi forseta:

„Formenn landssambanda innan ASÍ telja nauðsynlegt að réttarstaða launafólks hér á landi verði bætt til muna. Sé litið til nálægra landa er greinilegt að ýmsir þættir, svo sem ráðningaröryggi launafólks og staða trúnaðarmanna, eru mun lakari hér á landi en almennt gerist. Mikilvægt skref í þessa átt er að nú þegar verði staðfestar af íslenskum stjórnvöldum mikilvægar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þetta efni.

Formenn landssambanda innan ASÍ hafna alfarið þeim drögum að breytingum á vinnulöggjöf sem nú er í vinnslu í félmrn. Samkvæmt áliti virtustu fræðumanna í vinnurétti fela þessi drög í sér verulega takmörkun á sjálfsögðum réttindum launafólks og stangast á við stjórnarskrána, íslensk lög og ýmsar alþjóðasamþykktir sem Íslendingar eiga aðild að."

Síðar í þessari ályktun frá formönnum landssambanda innan ASÍ, frá 9. febrúar segir, með leyfi forseta:

„Formenn landssambanda innan ASÍ leggja eftirfarandi til:

Að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér rammasamning um gerð áætlunar þar sem kveðið verði á um hvernig standa skuli að viðræðum um gerð kjarasamninga. Landssambönd innan ASÍ færu með málið að fengnu umboði aðildarfélaga sinna. Eðlilegt er að starfsgreinasamtök atvinnurekenda komi fram fyrir þeirra hönd með fullt samningsumboð.

Í slíkum rammasamningi verði settar reglur um verkföll þar sem kveðið yrði á um að þau megi ekki boða fyrr en viðræðuáætlun hafi verið gerð og kjarakröfur lagðar fyrir viðsemjendur og kynntar ríkissáttasemjara.

Formenn landssambanda innan ASÍ munu enn fremur beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur innan samtakanna um boðun verkfalla og afgreiðslu kjarasamninga. Jafnframt er eðlilegt að samtök atvinnurekenda endurskoði reglur um hliðstæðar ákvarðanir innan sinna raða og geri þær skýrari og gegnsærri."

Það sem kemur greinilega í ljós í þessum ályktunum bæði frá BSRB og frá ASÍ er að um þau efni sem vakið er máls á í áfangaskýrslunni eru menn reiðubúnir að semja og skoða. Margt af því sem þar kemur fram telja menn vera til bóta. Það hefði hins vegar verið nauðsynlegt fyrir þingið eða þá sem um frv. eiga að fjalla að fá birtar með áfangaskýrslunni þessar greinargerðir frá BSRB, frá Alþýðusambandinu og frá öðrum samtökum sem hafa ályktað um þessi efni. Áfangaskýrslan var send til umræðu úti í samtökunum. Það urðu ákveðnar niðurstöður eftir þá umræðu og það hefði verið eðlilegt, þar sem ákvörðun var tekin um að birta áfangaskýrsluna með frv., að þessar niðurstöður hefðu einnig fylgt þar með.

Í sjálfri áfangaskýrslunni kemur hins vegar fram undir lok hennar að um ýmis veigamikil atriði var ekki sátt. Um þau átti eftir að ræða betur eða menn voru ekki á eitt sáttir í grundvallaratriðum. Hér segir undir lok skýrslunnar, með leyfi forseta, þar sem verið er ræða þau efni sem menn voru ekki á einu máli um, „... má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag." Um þessi atriði hafði ekki náðst sátt. En það má færa að því rök að frv. byggir einkum og sér í lagi á þeim atriðum sem voru óútrædd eða menn voru ekki á eitt sáttir um. Á þessu vil ég vekja athygli.

En megininntakið í því sem ég hef verið að segja er þetta. Deilan snýst ekki um það hvort gera eigi viðræðuáætlun. Deilan snýst ekki um það hvort efla eigi virkni og lýðræðislega þátttöku innan verkalýðshreyfingarinnar. Hún snýst ekki um það. Hún stendur um það eitt með hvaða móti þessir hlutir skuli gerðir, hvort farið skuli fram með lögþvingunum eða hvort hlutirnir séu gerðir af fúsum og frjálsum vilja. Og eins og fram hefur komið í þeim ályktunum sem ég hef vísað í, þá hafa menn eindregið verið á þeim buxunum innan verkalýðshreyfingingarinnar að þessa hluti eigi að framkvæma af fúsum og frjálsum vilja eftir lýðræðislega umfjöllun en hafna lögþvingun af því tagi sem hér er uppi á borði.

Nú hins vegar, síðustu dagana eftir að frv. kemur fram, rignir yfir nýjum ályktunum. Þannig hefur borist ályktun frá stjórn Bandalags háskólamanna, BHMR, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Bandalags háskólamanna mótmælir nýframkomnu frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingar á samningsrétti launamanna. Frv. felur í sér aukna miðstýringu og verulega skerðingu á samningsrétti einstakra stéttarfélaga.

Bandalagið skorar á ríkisstjórnina að draga frv. þetta til baka og heitir á samtök launafólks að fylkja sér saman til varnar samningsréttinum."

Þessi ályktun er frá í gær. En í fyrradag ályktaði miðstjórn ASÍ um þetta frv. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ fordæmir að stjórnvöld skuli einhliða hafa lagt fram frv. til breytinga á vinnulöggjöfinni. Frv. er lagt fram á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins voru í samningaviðræðum um samskiptamál sín á milli. Í þeim viðræðum lágu hugmyndir og tillögur ASÍ að nauðsynlegum breytingum fyrir. Með kynningu á væntanlegu lagafrv. sleit félmrh. þeim viðræðum.

Áratugum saman hafa aðilar reynt að vinna að málefnum vinnulöggjafar í sátt og samlyndi. ASÍ hefur stöðugt haldið því fram að nauðsynlegt sé að víðtæk sátt ríki um breytingar á svo viðkvæmum lagabálki og vinnulöggjöfin er. Um þetta mál ríkir engin sátt nú vegna þess að ríkisstjórnin hefur rofið grið í málinu. Með framlagningu frv. hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi um þróun vinnulöggjafarinnar. Ríkisstjórnin hefur tekið undir málflutning atvinnurekenda um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði í stað þess að hlusta á sjónarmið beggja aðila.

Fyrirliggjandi frv. er árás á verkalýðshreyfinguna. Flestar hugmyndir í frv. eru til þess fallnar að rýra sjálfstæði stéttarfélaga. Tillögurnar minnka völd einstaklinganna í verkalýðsfélögunum, algerlega þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að."

Enn segir í ályktun miðstjórnar ASÍ, með leyfi forseta:

„Ekkert í frv. er til þess fallið að auka á nokkurn hátt réttindi launafólks eða bæta réttarstöðu þess, fyrir þá hliðina er einungis um hertar reglur og skerðingar að ræða. Að sama skapi er ekkert í frv. sem hefur í för með sér þrengingar á heimildum atvinnurekenda, þrátt fyrir að því sé haldið fram að breytingarnar eigi að gilda jafnt fyrir alla. Í frv. er heldur ekkert sem líklegt er til þess að liðka til eða flýta fyrir vinnu við gerð kjarasamninga."

Þetta segir m.a. í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 20. mars um það frv. til laga sem hér er til umræðu.

Svo enn sé vitnað í ályktanir frá samtökum launafólks þá samþykkti stjórn BSRB ályktun í gær þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að leggja fram frv. um breytingar á vinnulöggjöfinni í andstöðu við verkalýðshreyfinguna í landinu og knýja þannig fram með lögþvingunum nýjar reglur um samskipti á vinnumarkaðinum.

BSRB ítrekar fyrri afstöðu sína að brýnt sé að vinnubrögð við gerð kjarasamninga verði bætt en skipan þeirra mála verður að vera í fullu samráði. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli eru ekki til þess fallin að liðka fyrir kjarasamningum, heldur munu þau kynda undir ófriði á vinnumarkaðinum.

Fingraför atvinnurekenda eru áberandi á frv. Þannig er þrengt að verkfallsréttinum og þvinguð fram svo mikil miðstýring kjarasamninga að óviðunandi er.

Stjórn BSRB skorar á ríkisstjórnina að draga frv. þegar til baka og setjast að alvöruviðræðum við alla aðila vinnumarkaðarins til að ná fram sátt um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga."

Hér eru sögð nokkuð stór orð, að á frv. ríkisstjórnarinnar séu fingraför atvinnurekenda áberandi. Ég vil biðja hæstv. forseta um að kalla hæstv. félmrh. hingað í þingsalinn vegna þess að ég ætlast til þess að hann hlýði á mál mitt.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. félmrh. verði í salnum.)

Mun ég gera hlé á máli mínu þangað til hann er aftur kominn í salinn.

Þar sem hæstv. félmrh. er kominn í þingsalinn að nýju þá mun ég halda áfram mínu máli. En það sem ég vil að hæstv. félmrh. heyri er að ég er nýbúinn að vitna hér í ályktanir sem borist hafa frá öllum stærstu samtökum launafólks í landinu. (**Félmrh.:** Ég fylgdist með.) Það er gott að heyra að hæstv. félmrh. hafi fylgst með því annars staðar í húsinu. En það segir meðal annars í einni slíkri ályktun að fingraför atvinnurekenda séu áberandi á frv. Ég vil nú færa nokkur rök fyrir þessari fullyrðingu. Ég er henni innilega sammála.

Í ályktun sem framkvæmdastjórn VSÍ gerði um þetta mál 13. febrúar í ár er fjallað um ýmsa þætti frv. Í ályktun Vinnuveitendasambandsins verður mönnum nokkuð tíðrætt um stöðugleika og nauðsyn þess að koma á stöðugleika í efnahagslífinu. Það er nokkuð sem ég held að við hljótum öll að taka undir. Okkur er hins vegar ekki sama um það á hverju slíkur stöðugleiki grundvallast, hvort hann grundvallast á víðtækri þjóðfélagslegri sátt og hvort hann grundvallast á réttlæti eða ranglæti.

Nú er búið að sýna fram á í margvíslegri skýrslugerð sem hefur verið birt á vegum verkalýðshreyfingar og stjórnmálaflokka að launamunur er mjög mikill á milli landa og kemur Ísland t.d. mjög illa út úr samanburðarkönnunum sem gerðar hafa verið við Norðurlöndin. Ég held að við hljótum flest að vera sammála um að það þurfi að ráða bót á því, það þarf að reyna að bæta kaupmátt lágra launa á Íslandi. Ég hef oft heyrt hæstv. félmrh. ræða þau mál og segja hve nauðsynlegt honum þyki að gera þar bragarbót á. Stöðugleiki sem bindur launafólkið eða bindur þessar stéttir getur varla verið til góðs. Í sinni ályktun leiðir Vinnuveitendasambandið hugann ekki mikið að þessu, en þeim mun meira að því hvernig hægt er að koma böndum og fjötrum á þetta fólk með löggjöf. Hér segir m.a. í ályktun framkvæmdastjórnar VSÍ frá 13. febrúar, með leyfi forseta:

„Vinnulöggjöfin er mikilvægur þáttur í starfsumhverfi fyrirtækjanna og hefur áhrif á það hversu áhugavert er að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Erlenda fjárfesta þarf að laða til Íslands og til þess þarf að skapa hliðstætt rekstraröryggi og annars staðar býðst, m.a. með sanngjörnum reglum um samskipti á vinnumarkaði. Sömu þörf fyrir stöðugleika hafa öll innlend fyrirtæki sem búa við vaxandi alþjóðlega samkeppni og því hefur VSÍ lagt höfuðáherslu á samstarf við verkalýðshreyfingu um úrbætur. En úr því að verkalýðshreyfingin hafnar samkomulagi um nauðsynlegustu breytingar á þeim lögum sem gilda um samskipti launþega og vinnuveitenda hljóta stjórnvöld ein að axla ábyrgð á því að skapa eðlilegan ramma um þessi mikilvægu samskipti."

Þar sem verkalýðshreyfingunni hefur þótt gengið of langt, að vinnuveitendur hafi gengið of langt í að setja fram tillögur um að skerða réttindi hennar, er ríkisstjórnin hvött til að ganga fram fyrir skjöldu og setja lög þar að lútandi.

En það eru fleiri sem hafa ályktað. Þannig ályktaði stjórn Vinnumálasambandsins 22. febrúar í sömu veru. Hér segir m.a. í ályktun stjórnar Vinnumálasambandsins, með leyfi forseta:

„Þótt rétt og sjálfsagt hafi verið að gefa heildarsamtökum á vinnumarkaðinum kost á því að hafa áhrif á breytingar á samskiptareglunum, er það Alþingi sem ber að setja samfélaginu samskiptareglur og ríkisstjórninni ber að hafa frumkvæði samkvæmt stjórnarsáttmála." Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið gera kröfu til ríkisstjórnarinnar um að lög verði sett sem verkalýðshreyfingin er ekki tilbúin til að sætta sig við.

Reyndar segir meira í þessari ályktun stjórnar Vinnumálasambandsins. Þar segir m.a.: „Stjórn Vinnumálasambandsins fagnar fram komnum drögum að breytingum á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er löngu tímabært að afnema sérréttindi þeirra." Síðan eru þau talin upp, t.d. orlofsrétturinn, sérréttindi varðandi sumarfrí. Og hér segir að lokum:

„Stjórnin væntir þess að ríkisstjórnin og Alþingi standi fast á að ná þessum breytingum fram." Það er um að stytta sumarfríið hjá opinberum starfsmönnum. Er verið að tala fyrir hönd kaupfélaganna í landinu? Er verið að ályktа fyrir hönd kaupfélaganna í landinu? Reyndar er meira sem þarna er sagt, með leyfi forseta:

„Hækkun launa opinberra starfsmanna umfram aðra og umfram bættan árangur í starfi bitnar á öðrum landsmönnum í meiri skattheimtu og er því öllum viðkomandi."

Póstmenn munu hafa náð nokkrum árangri í síðustu kjarasamningum. Er verið að vísa sérstaklega til þeirra? Okkur er spurn. Er þarna verið að ályktа fyrir hönd kaupfélaganna í landinu? Þetta eru mjög undarlegar aðfarir og mjög undarlegur málflutningur af hálfu Vinnumálasambandsins að þessu leyti.

En það er margt í þessum frumvörpum sem gefur tilefni til að ætla að það sé annað og meira sem vakir fyrir Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasamandinu og ríkisstjórninni þótt ég hafi alltaf haft miklar efasemdir um að það hafi sérstaklega vakað fyrir hæstv. félmrh. Ég er hins vegar hræddur um að hann sé að setja fram tillögur að lagabreytingum sem þjóni þeim sem vilja ganga lengra og í aðrar áttir en hann hefur löngum viljað gera. Í ályktun framkvæmdastjórnar VSÍ um vinnulöggjöfina frá 13. febrúar segir m.a., með leyfi forseta:

„Loks kann að vera tímabært að kveða skýrt á um rétt starfsmanna einstakra fyrirtækja og stjórnenda þeirra til að semja sjálfir um kaup og kjör án milligöngu samtaka atvinnurekenda og launþega. Einkaréttur stéttarfélaga til gerðar kjarasamninga verði þannig takmarkaður."

Nú er það ekki svo að Vinnuveitendasambandið hafi beinlínis verið að hvetja til þessa í gerð áfangaskýrslunnar eða svona almennt í sínum málflutningi í tengslum við þetta mál, þótt þetta hafi alltaf kraumað undir. Við höfum heyrt menn halda þessum sjónarmiðum fram, m.a. hv. þm. Pétur Blöndal í umræðunni í gær um rétt hins sjálfstæða manns til að semja einn og óstuddur utan stéttarfélaga. En þarna getur að líta sjónarmið sem ganga í þá átt að það eigi að láta verkalýðshreyfinguna víkja, félagslega samninga víkja, fyrir einstaklingsbundnum samningum.

Í frv. eru ákvæði sem eru svolítið sérstök og gefa tilefni til að tengja við þessar hugrenningar. Hér segir t.d. í 3. gr. frv. um að við 8. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

„Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarfélaga bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim."

Hér er rætt sérstaklega um ófélagsbundið fólk, hvernig staðið skuli að málum gagnvart því. Þá erum við komin inn í allar þessar tengingar. Við höfum haldið því fram, mörg okkar sem höfum fjallað um frumvörp ríkisstjórnarinnar, að það sem er að gerast núna sé tilraun af hálfu stjórnvalda til að veikja verkalýðshreyfinguna, til að flytja völdin til í þjóðfélaginu, til að draga úr mikilvægi félagslegra samninga og auðvelda fólki að standa utan félaga. Það á að njóta afraksturs og árangurs af starfi verkalýðshreyfingarinnar, en standa fyrir utan félögin. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson spyr: Eiga þeir ekki að geta staðið utan verkalýðsfélaganna sem vilja? Þannig hefur málið iðulega verið lagt upp, þ.e. að þetta sé spurning um mannréttindi, að menn eigi að geta valið um það hvort þeir standa innan félags eða utan. Þannig leggja margir upp í för með þessa hugsun sem mannréttindakröfu. En gera þeir sér grein fyrir því að það sem lagt er upp með sem mannréttindi getur auðveldlega snúist í andhverfu sína? Það hefur gerst víða um heim, í Bretlandi og í Bandaríkjunum, sérstaklega í miklu atvinnuleysi. Atvinnurekandinn sem stendur gagnvart einstaklingnum segir þegar leitað er til hans um vinnu: Ég skal ráða þig í vinnu með einu skilyrði þó. Að þú standir utan verkalýðsfélaga. Það sem lagt er upp með sem mannréttindakröfu getur með öðrum orðum hæglega snúist upp í fjötra gagnvart launamönnunum. Þetta er það kerfi sem frjálshyggjumenn hafa reynt að koma á. Þetta er Nýja-Sjálandsleiðin, þetta er breska Thatcher-leiðin, en ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að þetta sé Páls Pétursson-leiðin, hæstv. ráðherra

Í þessum lagafrumvörpum eru ákvæði sem því miður gefa tilefni til að ætla að það sé verið að fara út á þessa braut.

Menn hafa í þessari umræðu farið út í einstaka efnisþætti frv. og mun ég að sjálfsögðu gera það þegar þessi mál koma til umræðu í haust eftir ítarlegar viðræður innan verkalýðshreyfingar og á milli viðkomandi aðila. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra muni taka þetta mál út úr þeim farvegi sem það er nú og freista þess að ná betri og víðtækari sátt um þessi efni. Það eru og hafa verið í gangi viðræður milli aðila á vinnumarkaði. Vilji er fyrir hendi, það kemur fram í þeim ályktunum sem ég hef lesið upp, vilji af hálfu Alþýðusambandsins og vilji af hálfu annarra samtaka til að ganga til slíkra viðræðna og ræða jafnframt ýmsa þætti sem ég held að við mörg gætum fallist á að séu til bóta. Eigi að reyna að finna leiðir til að gera kjarasamningaviðræður markvissari en nú er á að gera það á öðrum grunni og af fúsum og frjálsum vilja.

Það er tvennt í þessu engu að síður af efnisþáttum sem mig langar til að víkja lítillega að. Það er annars vegar spurningin um atkvæðagreiðslur og hins vegar spurningin um miðstýringu og völd sáttasemjara. Nú er það svo að sáttasemjari hefur samkvæmt gildandi lögum umtalsverð völd. Hann getur t.d. látið fara fram atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og hann getur látið telja upp úr einum potti þannig að sumt af þessu í frv. er ekki nýtt. En það sem er nýtt er að sáttasemjari getur núna með lögþvingaðri viðræðuáætlun kallað alla að samningaborðinu. Hann getur kallað allan vinnumarkaðinn að samningaborðinu í einu, líka þá sem ekki hyggjast ganga til samninga eða vilja ekki ganga til samninga eða eru að ráða sínum ráðum. Eftir að búið er að lögbinda viðræðuáætlun, það eiga allir að gera viðræðuáætlun áður en samningar renna út, getur hann kallað allan vinnumarkaðinn að borði sínu og þar með er hann kominn með völd í hendur til að láta eina og sömu tillöguna ganga yfir allan markaðinn. Þótt það geti verið kostur í sumum tilvikum að menn semji allir saman í stórum samflotum, t.d. ef menn ætla að ná fram tilteknum markmiðum og um þau er sátt, þá gengur ekki að það sé lögþvingað með þessum hætti. Þetta verður að gerast af fúsum og frjálsum vilja. Stóra breytingin núna er að það er hægt að kalla alla launamenn jafnvel gegn vilja þeirra að samningaborðinu og láta þá síðan greiða atkvæði um eina og sömu tillöguna. Nú eru það tveir pottar sem talið er upp úr, ekki eins og var í fyrri hugmyndum að telja upp úr einum potti, en engu að síður er hægt að láta allan vinnumarkaðinn greiða atkvæði um eina tillögu og það gæti verið mjög erfitt að fella slíka tillögu. Þetta er of mikil lögþvingun, of mikil miðstýring og það kemur fram í öllum ályktununum sem ég var að vitna í áðan að menn telja þetta óaðgengilegt.

Víkjum þá lítillega að atkvæðagreiðslum. Nú er ég því að sjálfsögðu fylgjandi að lýðræðið sé eflt og virkni sé sem mest í öllum félagsskap. Mér finnst það skipta mjög miklu máli að svo sé. Það finnst verkalýðsfélögunum að sjálfsögðu líka. Ég vitnaði áðan í ályktanir frá Alþýðusambandinu sem ganga í þá veru að menn vilji setja sérreglur um þessi efni. En þarna á löggjafinn ekki að koma inn í, ekki fremur en að löggjafinn eigi að hlutast til um það nákvæmlega hvernig t.d. Framsfl. skipar sínum málum á flokksþingi sínu. Það á ekki að þvinga þessa hluti fram með einhverri miðstýrðri skipun eins og hér er verið að gera.

Síðan er annað. Við skulum hugleiða að þessir hlutir byggja líka á hefðum. Við skulum taka dæmi um það þegar Verkamannafélagið Dagsbrún aflar verkfallsheimildar sem verður núna samkvæmt þessum lögum mjög takmörkuð. Ekki yrði um verkfallsheimild að ræða. Það yrði greitt atkvæði um verkfall, ekki verkfallsheimild, sem unnt yrði að fresta að tæki gildi í 14 daga eða 14 sólarhringa samfleytt. Sá máti sem Verkamannafélagið Dagsbrún hefur haft á að kalla saman fjölmenna fundi í Bíóborginni, eins og við þekkjum öll, yrði úr sögunni. Það er verið að taka úr þessu allt blóð og tilfinningar og setja þetta inn í dauðari farveg en verið hefur. Þá spyr maður sjálfan sig: Hvað er það sem vakir fyrir ríkisstjórninni og hvað er það sem vakir fyrir atvinnurekend-

um sem vilja breyta þessum hlutum? Er það umhyggja fyrir verkalýðshreyfingunni? Er það umhyggja fyrir launafólki? Er það umhyggja fyrir Dagsbrúnarmanninum? Að sjálfsögðu vitum við öll að það er ekki það. Það er verið að setja lög og reglur sem takmarka möguleika fólks og þetta er mjög svipað því sem gerðist á sínum tíma þegar Margrét Thatcher komst til valda í Bretlandi undir lok 8. áratugarins, þá voru þetta hennar fyrstu verk, ríkisstjórnar hennar. Og fyrsta verk Ný-sjálensku frjálshyggjumannanna þegar þeir tóku til hendinni á sínum tíma var að leita leiða til að veikja lýðræðislega réttindabaráttu.

Hæstv. forseti. Ég verð að ljúka máli mínu. Ég get sem betur fer komið aftur í ræðustól síðar í dag og mun að sjálfsögðu nýta mér það. Þessi mál eru engan veginn útrædd af minni hálfu.

[11:20]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nota mér þetta form til þess að beina spurningum til hv. síðasta ræðumanns. Mér fannst hann fjalla mjög málefnalega um það frv. sem liggur fyrir og er til umræðu. Þar sem mér er kunnugt um að þingmaðurinn sat í nefnd sem fjallaði um málið finnst mér fyllsta ástæða til að spyrja hvort hv. þm. hafi reynt að gera sér grein fyrir því hversu langt var í land með að svo ásættanleg niðurstaða næðist að málið gæti farið í þinglega umfjöllun.

Ég las úr máli hv. þm. að ýmislegt af því sem hér er á ferðinni sé til bóta. En mér heyrist að það sé hörð gagnrýni á málsmeðferð hæstv. félmrh., að hrifsa málið svona úr umfjöllun. Þess vegna langar mig að biðja um örlitla skýringu á því sem ég hef verið að velta fyrir mér undir þessari ræðu.

[11:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. þessa fyrirspurn sem er grundvallarspurning vegna þess að þetta mál snýst fyrst og fremst um aðferðir og leiðir til að ná markmiðunum. Það er munurinn á milli þeirra annars vegar sem vilja vinna hlutina í anda þess að framkvæmt sé af fúsum og frjálsum vilja og hinna sem vilja hafa lögþvingun og hlekki á fólki. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan, eru þessi vinnubrögð og það sem hér er að gerast, gert samkvæmt kröfu atvinnurekenda. Þetta er gert samkvæmt kröfu Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins eins og kemur berlega fram í þeim ályktunum sem ég vitnaði í.

Ég held hins vegar að ýmsum þeim bestu markmiðum sem menn hafa verið að ræða um sé hægt að ná af fúsum og frjálsum vilja. Ef menn hafa viljann til að ganga til samninga, er hægt að ná þeim fram. Ef menn skoða þessar ályktanir sem fram hafa komið frá samtökum launafólks, er viljinn þar fyrir hendi til þess að efla og bæta vinnubrögðin, hann skortir ekki. Þann vilja hefur því miður skort frá atvinnurekendum og hjá þeirri ríkisstjórn sem vill fara að þeirra ráðum en ekki hinna.

[11:23]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Því frv. sem hér er til umræðu má skipta í tvennt. Það er í fyrsta lagi málsmeðferðin eða aðferðafræðin sem þetta mál hefur fengið.

Eins og fram hefur komið var starfandi nefnd aðila vinnumarkaðarins sem fjallaði um tiltekna efnisþætti sem lutu að þeim ramma sem er um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt öllum þeim upplýsingum sem hafa borist af starfi þeirrar nefndar var ljóst að málin voru þar í góðum farvegi og menn áttu von á því að niðurstaða fengist. Það er auðvitað tvennt sem var þar til skoðunar, annars vegar efnisatriðin í nýjum samskiptareglum og hins vegar formið á þeim samskiptum.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. félmrh. hefur brugðið sér frá. Ég óska eftir því að gerðar verði ráðstafanir til að fá hann hingað í salinn.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera það.)

Ég mun þá gera hlé á máli mínu þar til hæstv. ráðherra er kominn í þingsalinn.

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þingmenn að sýna biðlund, en mundi kannski trufla hv. þm. og ræðumann með því að lesa útbýtingu á meðan beðið er eftir hæstv. félmrh.)

Það er í góðu lagi.

[11:26]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1995, 443. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 775.

Fjáröflun til vegagerðar, 442. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 774.

Gjaldþrot einstaklinga, 439. mál, fsp. EKG, þskj. 771.

Virðisaukaskattur, 444. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 776.

[11:26]

Ágúst Einarsson (frh.):

Ég fagna því að hæstv. ráðherra er kominn í salinn. Við reyndum að nýta aðeins tímann á meðan. Ég nefndi áðan að málin voru í skoðun í þessari nefnd en þar var um tvíþætt ágreiningsatriði að ræða. Í fyrsta lagi var ekki fengin niðurstaða um efnisatriðin og í öðru lagi var það álitamál hvort lögfesta ætti samskiptreglur á vinnumarkaði. Aðalatriðið í þessari umræðu er að við erum að taka til endurskoðunar 60 ára gömul lög og þessi lög hafa verið varin breytingum nær allan þann tíma. Er það vegna þess að lagasetningin upprunalega var svo góð? Ég efast um að svo sé. Ástæðan er miklu fremur sú að menn eru mjög hræddir við breytingar á þessari löggjöf vegna þess hve viðkvæm hún er í öllum samskiptum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Sagan kennir okkur að á þessari öld hafa verið mjög harðvítug átök milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga og löggjöfin var á sínum tíma mikið ágreiningsefni eins og ég mun koma að síðar. En breytingar á henni eru það viðkvæmar, sérstaklega innan verkalýðshreyfingarinnar, að þar verður að fara af gætni. Þetta frv., hæstv. félmrh., er mjög vont vegna þess að það stofnar í hættu nauðsynlegum endurbótum á leikreglum okkar á vinnumarkaði. Málið var sett að ástæðulausu í uppnám. Það var engin ástæða af hálfu ríkisstjórnarinnar, herra forseti. Það lá fyrir að vinna var í gangi og henni miðaði vel áfram. Auðvitað geta menn alltaf kvartað yfir því að hún hefði mátt ganga betur, en menn höfðu sest niður og voru að ræða mjög marga af þeim þáttum sem síðan kemur fram sem niðurstaða í þessu frv.

Þess vegna ber að taka þetta frv. út af borðinu. Ríkisstjórnin gerði best í því að draga frv. til baka og leyfa aðilum vinnumarkaðarins að fjalla nánar um þau efnisatriði sem þar eru til umræðu. Það má segja að það versta varðandi þetta frv. sé með hvaða hætti það kemur fram og að það skuli vera með lagasetningu settar leikreglur án nauðsynlegs samráðs við viðkomandi aðila. Það hefur verið farið ágætlega yfir þennan þátt í umræðunni og ég vitna þar til ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur í gær. Það hafa einnig verið

færð fyrir því rök að hugsanlega stangist frv. á við alþjóðasamninga og íslensk lög. Það segir sig náttúrlega sjálft að það gengur ekki að setja fram frv. sem felur í sér hugsanleg lögbrot á alþjóðlegum samningum varðandi leikreglur á almennum vinnumarkaði.

Hitt sem þarf að skoða varðandi þennan málaflokk, fyrir utan þessa formlegu aðkomu og yfirleitt hvort setja eigi lög, eru efnisatriði frv. Að hve miklu leyti þau geta horft til bóta eða verið til tjóns varðandi samskipti á vinnumarkaði. Það er í sjálfu sér önnur umræða sem ég mun fara í hér þó svo að farvegurinn hefði átt að vera annar.

Ég vil í upphafi geta þess varðandi 1. gr. frv., þar sem kveðið er á um vinnustaðarfélög, að ég styð þessa grein, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Starfsmönnum fyrirtækis, þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, er þó heimilt að stofna þar stéttarfélag, enda séu að lágmarki $^3/_4$ þeirra félagsmenn. Fer það þá eitt stéttarfélaga með samningsumboð fyrir starfsmenn."

Auðvitað þarf að skoða orðalagið betur, bæði fjöldann og með hvaða hætti aðlögun ætti að vera að þessu ákvæði, en ég vek fyrst athygli á því að hér er um heimildarákvæði að ræða. Það er þá frjálst val í nokkrum fyrirtækjum hérlendis hvort menn kjósi að haga samningsmálum sínum með þessum hætti. Ég mun koma betur að vinnustaðarmálinu síðar.

Önnur ákvæði í frv. lúta að því að setja upp girðingar við boðun verkfalls eða vinnustöðvunar, þ.e. fjalla um að setja upp girðingar og ferli við afgreiðslu kjarasamninga og í þriðja lagi fjalla þau um tiltekna málsmeðferð varðandi miðlunartillögur sem sáttasemjari hefur heimild til að leggja til. Þessar girðingar, sem eru settar upp varðandi afgreiðslu bæði samninga og boðun verkfalls, fela í sér verulegar breytingar frá núgildandi lögum og þeirri venju sem hefur ríkt *á þessum vettvangi. Þá er auðvitað fyrsta spurningin:* Er yfirleitt rétt að kveða skýrar á um boðun vinnustöðvunar og afgreiðslu samninga í almennri atkvæðagreiðslu? Horfir slíkt fyrirkomulag til bóta miðað við núverandi fyrirkomulag sem felst í því að félagsfundur samþykkir yfirleitt heimild til stjórnar og trúnaðarmannaráðs varðandi vinnustöðvanir, samningar samþykktir á félagsfundum en ekki tilgreind lágmarksþátttaka? *Mín skoðun er sú að það gæti horft til bóta* að setja ferli sem tryggir betri aðkomu einstakra launþega og þá vinnuveitenda eða atvinnurekenda, þ.e. einstakra fyrirtækja, varðandi þennan þátt, þ.e. boðun vinnustöðvunar og afgreiðslu samninga. Ég held að slík umræða um þann þátt sé nauðsynleg. Hún hefur einnig farið fram í því nefndarstarfi sem vikið var að þó að ekki væri komin sú formfesting á þá útfærslu sem er í frv. *Ég bendi einnig á að varðandi kjara*samninga opinberra starfsmanna eru að nokkru leyti slíkar girðingar, sem ég kýs að kalla svo. Við getum lýst þessu líka með því að gert er ráð fyrir ákveðnu þátttökuferli einstakra launþega varðandi afgreiðslu mála.

Hér er hins vegar lagt upp með að það þurfi að vera lágmarksþátttaka varðandi samninga, 20% þátttaka. Ef um hlutastarfsmenn er að ræða þá er það þriðjungur og ef póstafgreiðsla er viðhöfð þá er ekki gert ráð fyrir neinni lágmarksþátttöku. Vinnustöðvun, þá er gert ráð fyrir 20% þátttöku þannig að 10% geta kveðið upp úr um það. Hér eru settar ákveðnar tölur inn í frv. og mér finnst að það þurfi að skoða mun betur hvort þær girðingar séu of háar sem þar eru settar. Ég bendi hins vegar á að varðandi vinnustöðvunina eru þarna sett lægri mörk heldur en eru á opinberum vinnumarkaði. Þær girðingar hafa hins vegar verið taldar býsna háar. Þetta er hins vegar allt spurning um það hvaða sátt menn gætu fundið í þessari útfærslu ef menn vilja á annað borð hafa ferlið með þeim hætti að kveðið sé á um þetta í slíkum atkvæðagreiðslum.

Varðandi miðlunartillögu, þá eru ákvæði í frv. um störf sáttasemjara og gert er ráð fyrir viðræðuáætlun svo og miðlunartillögu. Afgreiðsla miðlunartillögu þarf líka að hljóta tiltekinn atkvæðafjölda og þar eru sett upp ansi ströng skilyrði þannig að í praxís verður varla hægt að búa við það í þessu formi ef menn huga að lögfestingu málsins með þeim hætti sem ég tel ekki vera æskilega.

Þess er hins vegar að geta að í grg. frv. er töluvert vitnað til fyrirkomulags í Danmörku. Þar er fyrirkomulagið þannig að aðilar vinnumarkaðarins hafa að langmestu leyti möguleika á því að ráða málum sínum sjálfir án þess að löggjöfin sé að koma að þeim þætti eins og hér er gert ráð fyrir. Vitaskuld eru aðrar hefðir í öðrum löndum um þennan þátt en það ber hins vegar að fara varlega í breytingar á þessum málaflokki.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. félmrh. hefur ekki stoppað lengi við í salnum. (**Félmrh.:** Hann er hér.) Hann er þarna, fyrirgefið, ég sá hann ekki. Ég veit að hann hlustar með athygli héðan úr hliðarsal en ég tel nauðsynlegt að hann gefi gaum að þessari umræðu bæði hjá mér og öðrum þingmönnum eins og hann hefur reyndar gert í þessari umræðu.

Það er eitt sem er grundvallaratriði varðandi þessa umfjöllun, og kemur m.a. fram í því nál. sem vinnuhópurinn vann að, að það eru til tveir skólar uppi um skipulag á vinnumarkaði, þ.e. að gefa einstaklingum meira ráðrúm í kjarasamningsgerðinni, og þá á þann hátt að almenna reglan sé að um einstaklingsbundna launasamninga sé að ræða. Svo er það hin aðferðafræðin sem miðar að því að samningar séu í höndum skipulagðra samtaka launafólks. Fyrri leiðin hefur oft verið kennd við Nýja-Sjáland sem er að hluta til rétt en þetta fyrirkomulag, um einstaklingsbundna launasamninga sem meginkerfi, þekkist víðar. Hins vegar er okkar hefð öll á þann hátt að skipulögð samtök launafólks mæti skipulögðum samtökum vinnuveitenda og það er hin evrópska þróun á þessum vettvangi.

Þetta er afdráttarlaust í frv. í samræmi við okkar hefð og *í sjálfu sér er enginn ágreiningur held ég um það meðal* stjórnmálaflokka hér að það eigi að fara síðari leiðina, þ.e. að launþegar eigi að hafa þann rétt að skipuleggja sig og fara með samningsrétt og það séu skipulögð samtök sem koma að samningum um kaup og kjör. Nú er það hins vegar svo að heyrst hefur andstæð skoðun varðandi þennan þátt sem hefur komið sterklega fram hjá talsmönnum Vinnuveitendasambandsins *sem vilja brjóta niður þennan samningamátt* eða samtakamátt launafólks og fara yfir í kerfi einstaklingsbundinna launasamninga og gefa þeim meira vægi bæði hvað varðar löggjöf og praxís. Það er ekki beint kveðið á um nálgun að þeirri leið í frv. og að mínu mati kemur ekki til greina að viðhafa slíkan ramma um kjarasamninga hér á landi.

Hins vegar liggur andi frv. nokkuð ljós fyrir. Andinn stefnir í þá átt sem ég var að lýsa. Vinnuveitendur hafa kveðið upp úr um sína stefnumörkun varðandi þennan þátt. Þeir vilja helst mæta miðstýrðir sundurlausum hópi launþega á vinnumarkaði. Þetta kom einnig skýrt fram í umræðunni í gær þegar hv. þm. Pétur Blöndal lýsti framtíðarsýn sinni um vinnumarkaðsmál. Það er þessi andi frv., tilurð frv., *framlagning og öll sú umræða sem hefur verið undanfarnar* viku, sem ekki einungis endurspeglast í frv. heldur einnig

í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, það er þessi pólitíska stefna sem endurspeglast í starfi ríkisstjórnarinnar sem ég er að mæla gegn. Það er hin pólitíska stefna ríkisstjórnarinnar, sem ég er andvígur, sem kemur fram hér í átökum ríkisvaldsins núna við nær alla launþega landsins. Það er ekki nóg með að öllu sé hleypt í uppnám sem viðvíkur opinberum starfsmönnum heldur er einnig lagt til atlögu við stéttarfélögin á almenna vinnumarkaðnum og þá fyrst og fremst í ljósi þess að kjarasamningar verða lausir um næstu áramót og menn vilja tryggja betri vopn fyrir vinnuveitendur í því ferli. Það er þessi hugsunarháttur sem mér finnst vera ámælisverður við framlagningu frv. Hugsunarhátturinn kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart, þetta endurspeglar hins vegar ágætlega stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem er borin hér fram af hæstv. félmrh. Hefur hann vafalítið einhvern tímann verið í betri vist heldur en nú um stundir.

Varðandi þann þátt í frv. sem viðvíkur sáttasemjara þá er gert ráð fyrir viðræðuáætlun, og ég vil geta þess að það var mál sem var rætt ítarlega í starfshópnum, og þar lagt til samhljóða að sett yrði upp eitthvert slíkt ferli. Hins vegar eru í frv. sjálfu hlutir sem eru ekki góðir og kippa að hluta til baka hugmyndinni á bak við viðræðuáætlunina og það eru einkum tvö atriði. Í fyrsta lagi er hægt að semja sig undan tengitillögu og í öðru lagi er hægt að tengja saman mjög óskylda kjarasamninga til að loka dæmi á heildarvettvangi. Þetta finnst mér orka mjög tvímælis því að ef við ættum að reyna að ná fram endurbótum á því ferli sem varðar samninga hér á landi, þá á það að vera að reyna að draga úr miðstýringu, auka ákvörðunarrétt einstakra launþega og fyrirtækja í því ferli og gefa mönnum betri kost á því að koma að svo veigamiklu máli sem samningar um kaup og kjör eru.

Einnig er í frv. gert ráð fyrir mjög miklu valdi sáttasemjara. Ég held að það verði menn að skoða ívið betur en gert er í frv., hvort þarna sé ekki farið um of. Ég nefndi erfiðleikana við það að nálgast breytingar á þessari löggjöf og við verðum líka að ræða það aðeins. Maður getur spurt sig: Er löggjöf „einkaeign", þeirra aðila sem hún fjallar um? Þessum lögum hefur ekki verið breytt í 60 ár af þeim ástæðum sem ég rakti áðan. Þetta eru viðkvæm mál og þess vegna er svo mikið atriði, ef menn vilja breyta samskiptareglum, að það sé gert þannig í fyrsta lagi að þeir aðilar sem málið varðar komi að því og í öðru lagi að ef um það næst samkomulag að láta samskiptareglur gilda án þess að um lagasetningu verði að ræða. Ef menn kjósa svo að settur sé rammi um eitthvert tiltekið ferli, þá á löggjafinn vitaskuld að skoða það gaumgæfilega.

Vinnulöggjöf er ekki einkamál vinnuveitanda eða verkalýðs- og stéttarfélags. Þetta er mál sem kemur öllum landsmönnum við og mál sem endurspeglar líka mismunandi sjónarmið sem koma fram í stefnu stjórnmálaflokka. Það er með þessa löggjöf eins og margt annað að menn geta haft og eiga að hafa á henni mismunandi skoðanir og takast þá á um hana. En það er engin löggjöf heilög, hvorki þessi löggjöf né önnur. Við eigum alltaf að vera reiðubúin til að endurmeta hlutina ef við teljum að þannig sé hægt að betrumbæta.

Nú er ég ekki með þessu að segja að það sé endilega gert í þessu frumvarpi. Öll málsmeðferðin og aðkoman að því er fyrir neðan allar hellur enda hef ég lagt til að frumvarpið verði dregið til baka. Það á hins vegar ekki að hindra okkur í því að taka til umræðu skipulag á vinnumarkaði. Hverju er þar ábótavant? Hvernig getum við gert hluti betur? Ég vil nefna staðreyndir sem eiga að vekja okkur til umhugsunar. Laun hér á landi eru miklu lægri en er í nágrannalöndunum. Við erum með lengri vinnudag en er í nágrannalöndunum. Fólk hérlendis nær sæmilegum lífskjörum með löngum vinnudegi. Það liggur fyrir að við höfum misst fólk til útlanda vegna lágra launa og við erum hér með eina minnstu framleiðni íslenskra fyrirtækja í Evrópu. Við erum mjög léleg í þessum fyrirtækjarekstri sem er hinn aðilinn að þessu samningsferli.

Landsframleiðsla á hverja unna klukkustund hér á landi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Það er sömuleiðis staðreynd að vöxtur þjóðarframleiðslu, vöxtur verðmætasköpunar hér á landi hefur meira og minna staðið í stað undanfarin ár. Á flestum alþjóðlegum mælikvörðum innan OECD, og það eru yfirleitt tekin 21–24 ríki, og erum við yfirleitt í 16., 17. og 18. sæti. Við erum mjög neðarlega hvað varðar kjör launafólks miðað við önnur lönd. Það er fjölmargt að í okkar þjóðfélagi sem við höfum tekist á um við ríkisstjórnina á öðrum vettvangi, hvort sem það viðvíkur stjórnarstefnu í ríkisfjármálum eða á öðrum sviðum.

Án þess að ég sé í sjálfu sér að úttala mig nákvæmlega um það, þá er sú skoðun þekkt að það séu einir fjórir þættir sem þurfa endurbóta við. Þetta eru fjórir þættir sem Þorvaldur Gylfason prófessor hefur stundum dregið fram. Hann segir að ein af ástæðunum fyrir því hvað við erum orðin aftarlega á merinni sé skipulag okkar varðandi nýtingu sjávarfangs, þ.e. skipulag veiðanna. Það tengist umræðu um veiðileyfagjald o.fl. Það er í öðru lagi hvað ríkisvaldið er mikill þátttakandi á fjármagnsmarkaði þar sem viðgengst óhæf stjórnun að hluta til og óhagkvæmni. Það þriðja sem hann hefur nefnt er skipulag á vinnumarkaði, en hann gerir reyndar minna úr því en hinum þáttunum. Í fjórða lagi er það skipulag landbúnaðarmála.

Vitaskuld eru þetta þættir sem við eigum að hugleiða. Við eigum að hugleiða af hverju laun eru hér lág. Af hverju erum við að dragast aftur úr? Ég ætla ekki að fara í almenna efnahagsumræðu um þetta mál en við eigum að spyrja okkur: Er eitthvað í skipulagi vinnumarkaðarins sem gerir það að verkum að við drögumst hratt aftur úr öðrum þjóðum? Ég er ekki frá því að svo sé. Það er ýmislegt þar sem betur má fara. Það má einmitt vísa í vinnuhópinn sem var að vinna að þessum málum. Þar er m.a. sagt að viðræðuáætlun skuli koma til og sett upp ferli varðandi samninga. Við höfum oft búið við erfiðleika í samskiptum á vinnumarkaði og það hefur ekki skilað okkur mjög miklu. Þessi hugmyndafræði finnur sér svo aftur stað í frv. Það er sömuleiðis gert skýrara varðandi samningsumboð og þess háttar hluti. Það var rætt um það í vinnuhópnum. Vinnuhópurinn fjallaði aðeins lítillega um rétt launafólks til að skipuleggja sig í stéttarfélög á vinnustað en gerir enga tillögu um það efni. Það hefur komið fram opinberlega að það er lagst gegn þeim þætti, a.m.k. vilja menn sjá betri útfærslu á þeim þáttum.

Einn af stóru þáttunum í frv. viðkemur eins og ég nefndi boðun verkfalls og afgreiðslu samninga. Vinnuhópurinn var ekki kominn með neinar mótaðar tillögur á því sviði. Ég geri hins vegar ráð fyrir að menn hafi verið að fjalla um þann þátt þegar frumhlaup hæstv. félmrh. var það að leggja frv. fram eins og hann gerði. Það versta við allt þetta mál er e.t.v. að það kemur hugsanlega í veg fyrir að menn nái saman um skynsamlegar breytingar, skapar úlfúð þegar kemur að næstu kjarasamningum, úlfúð milli ríkisvalds og launþega, bullandi ágreining í þjóðfélaginu um þátt löggjafans í þessu

og gerir það að verkum að kjarasamningar verða vafalítið mjög erfiðir í næstu samningum.

Það vantar hins vegar mjög margt í þetta frv. Það vantar meiri hugsun í frv. Það vantar t.d. betri ákvæði um það að taka á miðstýringu vinnuveitendamegin. Þróun undanfarinna ára, við skulum segja síðustu fimm til tíu ára, á vinnuveitendahliðinni hefur verið öll í þá átt að auka miðstýringu stórkostlega. Þessi miðstýring kemur m.a. fram í því að það er orðið útilokað að gera samninga þó svo það séu líka til landssambönd. Það er starfað eftir starfsgreinum innan Vinnuveitendasambandsins. Samningsumboðið er hins vegar alltaf falið miðstýrðri hreyfingu, þ.e. Vinnuveitendasambandinu, skrifstofu Vinnuveitendasambandsins. Og meira að segja þegar kemur að sérkjaraviðræðum einstakra stéttarfélaga, þá mæta vinnuveitendur alltaf með það að fela starfsmönnum sínum í Garðastræti samningsgerð. Þetta tel ég vera slæma þróun og það hefði þurft að bregðast við henni í nýjum leikreglum á vinnumarkaði vegna þess að það er einnig áhyggjuefni að við erum ekki einungis að tala um miðstýringu vinnuveitendamegin hvað varðar samninga um kaup og kjör heldur á fjölmörgum öðrum þáttum. Það er miðstýring í fjármagni. Þetta eru ekki mörg fyrirtæki eða aðilar vinnuveitendamegin. Ætli það séu ekki svona 30–40 manns ef maður telur upp einstaklingana sem fara með allt vald vinnuveitendamegin, bæði hvað viðvíkur samningum um kaup og kjör og einnig ýmsum fjárhagslegum áhrifum í gegnum þau fyrirtæki sem starfa á markaði. Þessi stefna í átt til miðstýringar af hálfu vinnuveitenda er vitaskuld launþegum ekki hagkvæm. Og þó svo menn segi að verkalýðshreyfingin sé miðstýrð, sem hún er að nokkru leyti, sérstaklega í hinum stóru samflotum þar sem menn þó gera það af fúsum og frjálsum vilja, þá er miðstýringin launþegamegin miklu minni en nokkurn tíma vinnuveitendamegin. Það sem ég tel ámælisvert í frv. er að þar er engin hugsun um að reyna að brjóta þessa miðstýringu vinnuveitendamegin á bak aftur eða reyna að draga úr henni. Það er auðséð hverra hagsmuna er verið að gæta með frv., með þeim rökstuðningi sem hefur komið fram í þessu máli og með því að taka ekki inn í þetta betri leikreglur varðandi vinnuveitendahliðina. Ég nefni t.d. atkvæðagreiðsluferlið sem á að gilda fyrir báða aðila. Það hefði þurft að skoða vandlega hvort menn hefðu getað dreift því ákvörðunarferli meira en gert er í frv. Má þá t.d. nefna hvort það hefði komið til álita að það væru ekki framkvæmdastjórarnir sem greiddu atkvæði fyrir hönd sinna fyrirtækja heldur ef til vill hluthafarnir. Þá væri verið að færa valdið enn utar í hringinn. Ég teldi það koma mjög til greina. En það er engin umræða um þennan þátt. Umræðan er öll á því að það eigi að hafa vit fyrir verkalýðshreyfingunni og hvernig hún hagar sínum málum. Það er ekki verið að setja neinar skorður á vinnuveitendahliðina.

Það er einn þáttur sem ég hefði kosið að hefði verið tekinn upp í þessari umræðu, þ.e. hvort ekki væri ástæða til ef menn eru að gera breytingar að efla atvinnulýðræði t.d. í því formi sem þekkist víða erlendis að starfsmenn fyrirtækja eigi mann í stjórn þeirra. Þetta þekkist mjög víða. Þetta er m.a. í stefnuskrá Þjóðvaka en látum það vera. Hugmyndin er ekki ný. Ég teldi vel koma til greina, sérstaklega í tengslum við hugmyndafræðina um að fara vinnustaðarsamningaleiðina sem ég styð heils hugar, að skoða þann þátt að starfsmenn komi að stjórnun þessara fyrirtækja í meira mæli en gert er.

Varðandi vinnustaðarákvæðið sem er í 1. gr. frv. og ég hef lýst yfir stuðningi við, þá á það mál sér forsögu. Fyrir 16 árum flutti þáv. þingmaður, Vilmundur heitinn Gylfason, þetta mál inn í þingsali. Hann gerði það síðast á 105. löggjafarþingi 1982. Þá talaði hann um að það ætti að opna þessa löggjöf á þann hátt að heimila starfsemi vinnustaðarfélaga á vinnustöðum. Hann talaði reyndar um að ef það störfuðu fleiri en 25 launþegar vinnustað þá þyrftu tveir þriðju hlutar þátttakenda að lýsa sig samþykka þessu fyrirkomulagi. Í frv. ríkisstjórnarinnar endurspeglast þessi sama hugsun. Ekki veit ég hvort hæstv. félmrh. hefði óráð fyrir þessu fyrir 16 eða 18 árum þegar þessi mál voru fyrst til umræðu. Og það má vera að það hafi ekki heldur hvarflað að Vilmundi Gylfasyni að þessi hugmyndafræði ætti eftir að koma fram í stjfrv. 16 árum síðar, borin fram af hæstv. félmrh. Páli Péturssyni. Ég efast um að nokkurt okkar sem tókum þátt í þessari umræðu á þeim tíma hafi séð fyrir að það mundi gerast svona. En þessu ber að fagna.

Ég vil nota tækifærið þegar þetta mál kemur upp að vekja athygli á þeim brautryðjendum sem oft og tíðum tala fyrir daufum eyrum og síðan tekur langan tíma að finna fótfestu fyrir þessum sjónarmiðum og næst kannski ekki fyrr en hálfum öðrum áratug seinna.

Ég minni á hina pólitísku baráttu Vilmundar Gylfasonar fyrir verðtryggingu sem fékk síðan rúm í löggjöf rétt fyrir 1980.

Ég nefndi hugtakið frjálst fiskverð sem var umdeilt og hann kom með á sínum tíma. Menn lögðust þar margir mjög á móti. Það finnst öllum í dag sjálfsagður hlutur og skilja reyndar ekkert annað hugtak og skilja ekki af hverju það eru deilur um frjálst fiskverð.

Ég nefni vinnustaðarsamningana sem er þriðji þátturinn sem fær nú forgöngu eða mjög alvarlega umræðu á þessum vettvangi. Eitt af stóru málunum Vilmundar, bein kosning framkvæmdarvaldsins, er ókomið enn og e.t.v. verðum við að bíða nokkurn tíma þar til það kemur fram í löggjöf eða frv. af hálfu stjórnvalda. En ég er sannfærður um að sú hugmyndafræði mun síðar ná fram að ganga.

Ég ætlaði að gera dálítið betur að umtalsefni vinnustaðarfélögin. Ég vil hvetja menn til að kynna sér upphaflegu greinargerðina með frv. Hún var mjög athyglisverð og lýsir miklu betur en í sjálfu sér hefur komið fram í umræðunni hinni sögulegu þróun varðandi breytingar á þessari vinnulöggjöf. Ég hef því miður ekki tíma til að fara ofan í það, en ég vil geta þess varðandi vinnustaðarfyrirkomulagið að auðvitað er þetta breyting á kjarabaráttu. Það er hins vegar ekki verið að rústa neinu. Hér er verið að breyta kjarabaráttu á þann hátt að kjarasamningarnir fara með tilteknum skilyrðum inn í einstök fyrirtæki. Þetta þýðir að launþegar geta nýtt sér góða stöðu einstakra fyrirtækja. Þetta þýðir að ólíkar starfsgreinar koma saman að sinni kjarabaráttu, verkamaður og skrifstofumaður. Og þetta er fyrst og fremst jafnlaunastefna. Þetta er láglaunavernd vegna þess að allir sem hafa komið að atvinnurekstri vita að það er fullt af fyrirtækjasamningum í gangi. En þeir eru allir gagnvart þeim sem betur mega sín í fyrirtækjunum. Stjórarnir eða jafnvel verkstjórar fá að gera fyrirtækjasamning en ekki fólkið á gólfinu, ekki konurnar í láglaunastörfunum eða verkafólkið á lægstu töxtunum. Ég þekki þetta ósköp vel, ég hef starfað um 15 ára skeið í atvinnulífinu og þekki þessa kjarasamninga út og inn, bæði opinbera samninga og neðanjarðarsamninga fyrirtækja. Þetta fyrirkomulag sem hér er varlega verið að opna á, það væru ekki nema 5–6 félög sem þetta ætti við, mun leiða til betri kjara launafólks. Þá vil ég hins vegar

sjá fyrirtækin sjálf koma að samningaborðinu, ekki miðstýrt Garðastrætisvald heldur fyrirtækin sjálf sem brjóta þá upp miðstýringuna þeim megin frá.

Ég vil benda á að þetta vinnustaðarfyrirkomulag er í stefnu Alþýðusambandsins frá 1958 þótt ekki hafi gengið vel að koma því í framkvæmd. Það var m.a. það sem ég ætlaði að vitna betur til en til þess gefst ekki tækifæri núna. Ég held að menn eigi að taka þessa hugmynd mjög alvarlega og gefa sér betra ráðrúm til að fara ofan í þetta. Það er mikil skynsemi í þeirri útfærslu sem hér er lögð er til og menn eiga að skoða hana mjög alvarlega.

Vitaskuld hefðu þessir efnisþættir frv. þurft að koma til nánari skoðunar innan nefndarinnar. Ég hefði kosið að frv. yrði dregið til baka svo mönnum gæfist betra ráðrúm til að tala um þetta á yfirvegaðan hátt og finna út úr því með hvaða hætti menn breyta samskiptareglum þannig að vel fari á. Þessi flumbrugangur varðandi frv. stofnar öllu málinu í hættu. Við eigum að skoða uppstokkun á vinnumarkaði með opnum huga, en það verður vitaskuld aldrei gert nema um það ríki sátt í hvers konar farvegi sú umræða fer fram. Aðgangur ríkisstjórnarinnar að launþegum landsins og öll hennar framkoma endurspeglar miðstýringarstefnu vinnuveitendavaldsins í landinu. Hún skapar ekki raunhæfa möguleika fyrir skipulögð samtök launafólks til að koma að málinu með eðlilegum hætti. Þess vegna, herra forseti, ber að taka þetta frv. út af borðinu.

[12:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á ummælum þingmannsins varðandi þau ákvæði sem er að finna í frv. um vinnustaðarfélög. Eitt er það að hafa áhuga á þeirri hugmynd að skipuleggja vinnumarkaðinn í slík félög en annað sú útfærsla sem hér er. Að mínu viti gengur hún þvert á núverandi skipulag verkalýðshreyfingarinnar og mundi raska því verulega. Hér er verið að tala um stofnun nýrra verkalýðsfélaga í fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða fleiri og eins og fram kom í gær getur verið þar um að ræða 60 fyrirtæki og 33 ríkisstofnanir. Það er augljóst að ef þessu ákvæði væri fylgt eftir með mörgum vinnustaðarfélögum, skapaði það algerlega nýtt ástand á vinnumarkaðinum.

En meginatriðið er það að samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands ríkir félagafrelsi hér á landi. Það er ekkert sem bannar fólki á vinnustöðum að stofna slík félög, en verkalýðshreyfingin hefur kosið að skipuleggja sig með þeim hætti sem raun ber vitni og mætti hún reyndar svo sannarlega taka sitt skipulag til endurskoðunar. En það er hennar að ákveða hvernig skipulagið er og ég spyr hv. þm.: Finnst honum rétt að ríkisvaldið, eða í þessu tilviki núverandi ríkisstjórn, taki af þeim þann rétt með þeim hætti sem hér er verið að gera?

[12:07]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að vitaskuld er hér um breytingu að ræða. Hér er verið að opna heimild fyrir að skipuleggja launabaráttu á annan hátt. Menn geta svo sem talið hana slæma, en allar breytingar leiða auðvitað til þess að ríkjandi kerfi gildir ekki.

Varðandi umræðuna um félagafrelsi bendi ég á að hér er lagt til að heimilt sé í atkvæðagreiðslu þeirra starfsmanna sem viðkoma málinu hvort þeir vilji gera það. Það kemur alveg skýrt fram í frv. Þeim er síðan heimilt að skipuleggja allt sitt mál eins og þeir kjósa.

Ég vil hins vegar benda þingmanninum á að þetta tengist umræðunni um forgangsrétt stéttarfélaga sem er í núverandi lögum. Ég vil líka benda þingmanninum á að lesa samþykkt Alþýðusambandsins frá 1958, ef ég man rétt, þar sem þessar línur eru dregnar. Skipulag á vinnustöðum hefur verið rætt mikið innan verkalýðshreyfingarinnar. Það eru skiptar skoðanir um það. Ég er að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að þetta form kjarasamninga og skipulags á vinnumarkaði hafi fjölmarga kosti í för með sér fyrir launþega. Það er sannfæring mín, þótt ég hafi ekki getað farið mjög nákvæmlega tímans vegna yfir það mál. Ég tel að sú útfærsla sem hér er lögð til sé til bóta og í rauninni eina útfærslan sem hægt er að gera varðandi þennan þátt og ég hvet menn til að taka umræðunni með mjög opnum huga. Ef menn sannfærast um að formið geti skilað árangri, eiga menn líka að ganga skrefið alveg til enda. En það er sú umræða sem er í gangi og á að vera í gangi varðandi þessi mál. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það eru fjölmargir með andstæða skoðun á þessum málaflokki, en það eru líka hins vegar fjölmargir sem styðja þessa hugmyndafræði.

[12:10]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég er að velta upp í þessari umræðu er hvort það skipulag sem nú ríkir fari saman við það að komið verði á fót vinnustaðarsamningum og vinnustaðarfélögum. Reyndar eru vinnustaðarsamningar og vinnustaðarfélög tvennt ólíkt. Fer þetta saman? Hvað verður um það kerfi sem fyrir er ef slík félög koma upp?

Ég kannast ekki við að þar sem vinnustaðarfélög eru ríkjandi form, eins og ég held að ég fari örugglega rétt með að sé t.d. í Þýskalandi, sé eitthvað meiri jafnlaunastefna eða að verkalýðshreyfingin hafi náð þar meiri árangri. Ég veit ekki betur en að verkalýðshreyfingin, sem hefur byggt á fagskipulagi, fagfélögum eins og þau eru kölluð, sé langsamlega sterkust á Norðurlöndum. Við getum auðvitað fílósóferað um það hvaða form er best á verkalýðsbaráttu og skipulagi verkalýðshreyfingarinnar, en við þurfum líka að taka tillit til þeirra breytinga sem verið er að gera á okkar þjóðfélagi, þ.e. grundvallarbreytinga í nafni aukinnar samkeppni, markaðslögmála og Nýja-Sjálandshagfræðinnar. Þess vegna held ég að við þurfum að standa vörð um verkalýðshreyfinguna og þá sem verst standa að vígi í okkar samfélagi. Þess vegna á að fara varlega í breytingar af þessu tagi. En enn og aftur, það er fyrst og fremst verkalýðshreyfingarinnar, hvort sem þar er um að ræða BHMR eða Alþýðusambandið, að taka ákvörðun um það hvernig þeir haga sínu skipulagi. Það er ekkert í lögum sem bannar fólki að stofna vinnustaðarfélög, það er heimilt. Menn hafa einfaldlega ekki kosið að fara þá leið hér á landi.

[12:12]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyni að draga aðeins fram að það á mjög vel við að reyna að fara með kjarasamninga meira út í félögin. Við erum ekki að finna upp hjólið hér á landi. Þetta er þróun sem er að gerast víða erlendis. Það sem ég legg áherslu á er að það gerist með skipulegum hætti. Ég veit að hið miðstýrða fyrirkomulag heldur niðri launum láglaunafólksins.

Ég vil benda á að hér er verið að ræða um að menn skipuleggi sig í einu stéttarfélagi á vinnustað sem fer með samningsréttinn gagnvart vinnuveitandanum, ef menn kjósa að gera það. Hér er ekki um neina lögþvingun að ræða. Ég

stend aldrei vörð um eitthvert óbreytt kerfi. Ég tek þátt í því að breyta kerfi, alveg sama hvaða kerfi það er, ef ég tel það vera til bóta. Ég tel að með þessari hugmyndafræði sem hér er verið að leggja upp með, og reynsla er fyrir mjög víða annars staðar, sé fyrst og fremst verið að gæta hagsmuna launþega.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að ef dregið er úr miðstýringu, hvort sem er á sviði vinnuveitenda eins og ég tala fyrir eða á sviði verkalýðshreyfingarinnar, er vitaskuld verið að minnka völd einhverra. Það að draga úr miðstýringu felst í því. Einhverjir, ég er ekkert að segja að hv. þm. geri það, einhverjir leggjast gegn breytingum í þessa átt vegna þess. Það er mannlegt að gera það. Ég tel hins vegar að í þessu frv. séu dregnar upp röksemdir fyrir þeim, þótt þær hefðu mátt vera ítarlegri. Við þurfum að leita nýrra leiða til að hækka laun fólks og skapa skilyrði til að hægt sé að gera það. Við þurfum að brjótast út úr þessum vítahring. Það er mín bjargfasta skoðun að þetta sé ein leiðin til þess.

[12:14]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umræður sem hér hafa farið fram síðustu mínúturnar að öðru leyti en því að benda á að það hefur verið veruleg tregða hjá Vinnuveitendasambandinu oft og tíðum við að koma á svokölluðum vinnustaðarsamningum vegna þess að þar með hefðu yfirborganirnar orðið að koma upp á borðið og þeir eru á móti því. Það hefur verið aðalástæðan. Þar er því ekki fyrst og fremst við tregðu verkalýðsfélaganna að sakast, heldur engu að síður tregðu Vinnuveitendasambandsins.

Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir ýmislegt sem hann benti á í ræðu sinni sem mér finnst umhugsunarvert, aðallega það sem lýtur að því að setja sambærilegar reglur og gilt hafa hér á vinnumarkaði um stéttarfélögin um atvinnurekendahliðina. Ég held að það sé afar mikilvægt að menn velti því alvarlega fyrir sér, t.d. þessu atkvæðagreiðslufyrirkomulagi sem er í Vinnuveitendasambandinu. Er hugsanlegt að setja reglur um að þar séu að einhverju leyti sambærilegar reglur við það sem gerist hjá verkalýðsfélögunum, t.d. þannig að einstakir hluthafar séu kallaðir til en ekki bara forstjórar fyrirtækjanna eins og þetta er í dag? Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm. Ágúst Einarsson að því í þessu andsvari hvort hann þekki til slíks fyrirkomulags þar sem um er að ræða meira dreifræði á valdi í atvinnurekendasamtökum en menn virðast hafa hugarflug til að velta upp hér. Vandinn í þessu máli er auðvitað sá að kapítalið hefur tilhneigingu til að þjappa sér alltaf saman í einn punkt til að geta beitt sem mestu valdi gegn samtökum launafólks. En látum það vera, ég spyr hann að þessu. Mér fannst líka merkilegt það sem hann nefndi varðandi það í þessu samhengi að það yrði sett í lög að starfsmenn ættu aðild að stjórn fyrirtækja, líka hlutafélaga. Spurningin er hvort það sé ekki mál sem þurfi líka að skoða í tengslum við almennar breytingar á vinnulöggjöfinni, sérstaklega ef menn væru nú að gera það í eðlilegri sátt og samningum við verkalýðshreyfinguna í landinu.

[12:16]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir andsvar hans eða athugasemdir. Varðandi vinnustaðarfyrirkomulagið er það í reynd Vinnuveitendasambandið sem er á móti því og er strax búið að taka afstöðu gegn því. Ástæðan er mjög skýr. Þetta dregur úr miðstýringu þeirra megin. Þeir vilja það ekki. Það er m.a. þess vegna sem ég tel þetta vera skynsamlegt. Ég tel miðstýringuna á vinnuveitendahliðinni vera orðna hættulega í okkar litla þjóðfélagi. Það kemur m.a. inn á spurningu hv. þm. um að reyna að fara með valdið út fyrir framkvæmdastjórana til hluthafanna. Að mínu viti eru ekki til fordæmi varðandi þennan þátt því venjan er sú að hluthafar framselja vald til stjórnar. Það er þá stjórnin sem tæki ákvörðun, en við erum að tala um að fara með þetta lengra. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til við þennan málaflokk, út frá smæð landsins og hættunni af samþjöppun fjármagns, að ganga þá leið sem ég lýsti, þ.e. að reyna að fara með þetta út til hins almenna hluthafa og leyfa fólkinu að koma að ákvarðanatökunni alveg eins og menn eru að tala um að eigi að reyna að gera hinum megin frá.

Ég þakka undirtektir varðandi starfsmenn í stjórn. Ég held að það sé nokkuð sem við í stjórnarandstöðunni ættum að skoða mjög alvarlega í tengslum við þetta mál, sérstaklega ef ríkisstjórnin ætlar að reyna að knýja það fram með þessum hætti. Hér er einn þáttur sem við þurfum að skoða og gætum þar hugsanlega sameinast um tillögugerð, hvort sem það er í tengslum við þetta frv. eða ekki. Allt þetta miðar að því að reyna að skapa hér lýðræðislegra og betra fyrirkomulag og að bæta rétt launþega á vinnumarkaði.

[12:18]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna að að lokinni næstu ræðu verður þessum fundi frestað til kl. hálfþrjú.

[12:18]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald, 445. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 777.

[12:18]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég mun reyna að laga ræðu mína að þeim tímamörkum sem menn ætluðu að vinna eftir og ég mun virða þau svo framarlega sem ég get.

Það sem er kannski málið er að samningar voru í góðum gangi á milli aðila þegar frv. var tekið og sett inn. Samningarnir sem voru í gangi snerust um samskiptareglur en ekki löggjöf. VSÍ og VMS kröfðust þess að það yrði gefið að niðurstaðan yrði að lögum. En ASÍ var ekki sammála og neitaði því í rauninni fyrir fram að niðurstaðan yrði að lögum. Það er kannski rétt að hafa þetta í huga. Af hálfu ASÍ var talið að innihaldið í samningi skipti mestu máli en að auðvitað gætu samtökin ekki komið í veg fyrir að löggjafinn tæki niðurstöðu sem ASÍ væri í sátt við og gæfi henni víðtækara gildi. Þess vegna langar mig, herra forseti, að ræða málið frá þeim sjónarhóli sem mér finnst vera formbrot. Í umfjöllun um þetta mál og aðkomu þess að Alþingi var rík ástæða til að velta fyrir sér siðferðilegum háttum við það atferli sem notað er við að keyra þetta mál inn í vinnuferli eða þinglega meðferð Alþingis. Það sem ástæða er til að staldra við áður en fjallað er beinlínis um frv. og einstakar greinar þess eru vinnubrögð. Í fyrsta lagi, herra forseti, er það að notaður var skemmsti mögulegur tími sem unnt var til að koma þessu máli fyrir sem dagskráratriði. Í öðru lagi er fyrir fram ákveðið að með góðu eða illu skuli málið til nefndar sem verður að hefja vinnu, þótt samkvæmt starfsáætlun sé reiknað með að tekið verði þinghlé frá og með deginum í dag að telja til 10. apríl. Í þriðja lagi er allt gert sem unnt

er til að skapa stríðsástand milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga bæði hvað varðar málatilbúnað og vinnuferli. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvaða hugtak á að nota um svona háttalag. Það er ekki hægt að flokka þetta háttalag undir daður. Það er varla hægt að flokka þetta háttalag undir áleitni. Það er ekki einu sinni hægt að flokka þetta háttalag undir áreitni. Hér er á ferðinni valdbeiting sem undir öðrum kringumstæðum væri kölluð öðru nafni sem ég nefni ekki hér. En það er það eina sem kviknar sem hugtaksheiti í tengslum við þessi vinnubrögð. Ætli það sé ekki nærtækt nú fyrir þessa virðulegu stofnun, hið háa Alþingi, að velta fyrir sér því sem efst hefur verið á baugi í íslensku þjóðfélagi undanfarnar vikur, þ.e. siðferði. Já, herra forseti, ég er að tala um siðferði í íslenskum stjórnmálum, þótt það sé e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn og fólki finnist það kannski hlægilegt að gera tilraun til þess að ræða um siðferði eða siðgæði í stjórnmálum okkar. Það má líka velta því fyrir sér hvað stjórnmál eru. Eru þau bara vinna eða eitthvað sem fólk lætur kjósa sig til til að hafa eitthvert starf? Ég lít svo á að hér vinnum við á starfssviði þar sem er verulegur áherslumunur á milli manna hvað varðar vinnulag og jafnvel áhugaatriði. Stjórnmál snúast um völd og baráttu. Um að halda völdum eða ná völdum. Þetta er auðvitað ekkert annað en sannleikur sem flestir hafa gert sér grein fyrir og í því ljósi má sjá að þetta frv. er keyrt fram með afli meiri hlutans þar sem hæstv. félmrh. er tæki stjórnarinnar í flóknu tafli valdaátaka milli aðila vinnumarkaðarins.

Af þessu tilefni má ég til með að vitna, með leyfi forseta, í Pælingar prófessors Páls Skúlasonar sem orðaður hefur verið við forsetaframboð. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Satt að segja held ég að engin störf reyni eins á heilsteypta skapgerð manna og stjórnmálin vegna þess um hvað menn telja þau snúast, að ná völdum, klekkja á andstæðingi og alls þess sem valdabaráttunni fylgir. Dylja staðreyndir (ekki síst fyrir fréttamönnum), segja hálfan sannleikann, kunna að sitja á sér undir dylgjum eða móðgandi ummælum. Ég þarf ekki að lýsa fyrir neinum sem fylgist örlítið með íslenskri pólitík hvað um er að ræða. Samkvæmt ríkjandi viðhorfi lýtur pólitíkin ekki neins konar siðgæðislögum."

Ég tek það fram, herra forseti, að þetta er tilvitnun í rit prófessors Páls Skúlasonar.

„Almenningur gerir ekki ráð fyrir því að menn sem standa í harðri baráttu um völd og eru settir í þá aðstöðu að þurfa hvenær sem er að verja sig, flokk sinn eða skoðanir fyrir alls kyns ásökunum eða árásum bæði pólitískra andstæðinga og fréttamanna séu fyrst og síðast að hugsa um siðferðisgildi á borð við sannleika, réttlæti, kærleika. Þegar best lætur gerir almenningur ráð fyrir að þeir séu að hugsa um þjóðarhag og almannaheill sem þeir eru kjörnir til að sinna og ætla má að þeir séu sannfærðir um að hvergi sé betur borgið en í þeirra höndum eða flokksins sem þeir tilheyra."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Ég er ekki sammála því sem hér stendur en það er ástæða til að velta því fyrir sér hvort það er svona sem fólk lítur á stjórnmálamenn.

Ég sagði að hæstv. félmrh. væri tæki stjórnarinnar í flóknu tafli valdaátaka. Um leið finnst mér hann gerast riddarinn brynjulausi og taka á sig svipuskelli og spjótlög sem hann gat sloppið við að mínu mati ef hann hefi ekki lagt slíkt ofurkapp á að efna til stríðsátaka í kringum þetta einstæða mál. Það getur ekki verið að hæstv. ráðerra ætli sér að fá stimpil upp á þekkingu eða hugvitssemi út á þetta mál. Hann getur fengið stimpil fyrir einhvers konar hörku, jafnvel að fara offari og fær það sjálfsagt fyrir ónauðsynlega framgöngu í aðgerðum sem lúta að þessu máli. Þær mun ég fara nánar yfir síðar í umfjöllun minni. Ég segi bara að ef siðferðið á bak við þessi vinnubrögð á að vera til að klekkja á einhverjum, virðist það takast bærilega. Ef siðferðið á bak við þessar aðgerðir er tengt einhverjum blekkingum, má vel vera að það hafi tekist.

Í umræðum sl. miðvikudag hélt hæstv. félmrh. því fastlega fram að hér væri alls ekki verið að veitast að verkalýðshreyfingunni á neinn hátt heldur væri þvert á móti verið að gera verkalýðshreyfingunni og aðilum vinnumarkaðarins hærra undir höfði. Það má vel vera að þetta sé satt. En mér virðist á þeim viðbrögðum sem eru í þjóðfélaginu að það standist ekki.

Hvers vegna, herra forseti, gerast þessir hlutir sem við stöndum frammi fyrir og erum að gagnrýna? Hvers vegna fordæmir miðstjórn ASÍ einhliða framlagningu frumvarpsins? Það má vel vera að það þyrfti að spyrja fleiri spurninga og er kannski rétt að gera það nú. Hvers vegna var rokið til þegar góð samstaða virtist vera um málatilbúnað og málinu kastað inn á þing í þeim búningi sem það er? Hvers vegna þurfti að slíta viðræðum með þessum hætti? Hvers vegna er verið að rifta áralangri hefð um samskipti aðila að vinnulöggjöf á þessari ögurstundu? Ég met það svo af þeim viðtölum sem ég hef átt við aðila sem að þessu hafa staðið að það hafi verið sátt í sjónmáli. Hvers vegna er svo einhliða tekið undir með atvinnurekendum eins og mér finnst vera gert í þessu frv.? Hvers vegna er verið að kasta stríðshanska að verkalýðshreyfingunni? Ég læt þessar spurningar nægja og vona að það gefist einhvern tímann, þótt ekki verði fyrr en í lok umræðu, tími til að svara. Ég ætlast ekki til að þessum spurningum verði svarað á þessari stundu en í lok umræðunnar tel ég ástæðu til að biðja um svör við þessum spurningum, herra forseti.

Um sjálft frv. er mjög margt að segja og hægt að fara í hverja grein og þarf í rauninni að fara í hverja grein fyrir sig til að gera samanburð á því sem var og því sem er áætlað að verði. Ef stiklað er á stóru má segja að það sem kannski er alvarlegast og varasamast sé sá fjöldi afbrigða í atkvæðagreiðslum sem þetta frv. felur í sér. Ég held að það hljóti að þurfa að taka vel á því máli í þeirri umfjöllun sem verður væntanlega í nefnd því að ég veit að málið kemst í gegn og það fer einhvern tíma í nefnd. Ég tel að þetta verði að laga.

Ég get tekið undir með hv. 11. þm. Reykn., Ágústi Einarssyni, sem ræddi áðan um vinnustaðarsamninga. Ég tel að það sé nokkuð sem við eigum að stefna í átt að. Sem fyrrv. trúnaðarmaður fyrir 25 árum tók ég þátt í vinnustaðarsamningum. Þá stóðu að þeim samningum átta stéttarfélög. Það reyndi gífurlega á innviði stéttarfélaganna en reynslan af þeim samningum, sem voru nánar tiltekið gerðir hjá Sementsverksmiðju ríkisins, er sú að betri vinnufriður hefur haldist til reksturs fyrirtækinu og staðreyndin er sú að laun þar eru betri en almennt gengur og gerist. Þess vegna hef ég alltaf verið svolítið hrifinn af hugmyndinni um vinnustaðarsamninga en ég set fyrirvara við það að gera vinnustaðarstéttarfélag því að það getur við ákveðnar aðstæður orðið til þess að taka máttinn úr stéttarfélögum í minni sveitarfélögum. Það er það sem ég óttast.

Herra forseti. Ég hef fyrst og fremst talað gegn vinnuaðferðinni sem er beitt og ég gagnrýni að ríkisstjórninni skuli vera svo brátt í brók að þurfa að þeyta frv. svona í þinglega meðferð. Ég held því fram að við höfum nægan tíma og við eigum að nýta hann betur. Ég met það svo að mörg af þeim

atriðum sem er þó sátt um í frv. séu til bóta þó ég tíni það ekki nákvæmlega út. En til þess að hafa meiri tíma væri rétt að fresta málinu um stund, taka það út af dagskrá og fara með það í meiri umfjöllun við aðila vinnumarkaðarins og koma síðan með það inn því að ég reikna með að það sé einlægur vilji til að koma þessu máli í lagafrv.

Með framlagningu frv. hefur það gerst sem margir þóttust sjá fyrir þegar frumvarpsdrögin komu fram í janúar að ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta gera breytingar á vinnulöggjöfinni sjálfri, þ.e. lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Ég get tekið undir að það er ástæða til að skoða ýmsa hluti en ég held að það hefði verið nauðsynlegt að það gerðist í samkomulagi og sátt.

Þetta gerist með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að gert er ráð fyrir að lögin um sáttastörf í vinnudeilum hætti að vera til sem sérstök löggjöf og verði aftur eins og var fyrr á öldinni og að hverfa aftur til gamla tímans, til hluta af lögum nr. 80/1938. Í öðru lagi með því að í þessu frv. eru margar tillögur um breytingar á því sem er að finna í lögum nr. 80/1938. Frá tæknilegu sjónarmiði hafa þessar tillögur tekið gagngerum breytingum frá því sem var í drögum í janúar en það eru tæknilegir hnökrar sem hefði þurft að leiðrétta. Sem betur fer eru þeir þó minni háttar hjá því sem var í upphafi. Ef maður skoðar frv. efnislega frá sjónarhóli þess sem vill koma fram breytingum þá eru nokkur alvarleg atriði sem vinna gegn yfirlýstum tilgangi frv. Þá má vísa sérstaklega til ákvæðanna varðandi framkvæmd verkfalla sem mun fjölga og jafnvel lengjast ef frv. verður að lögum. Þá má líka nefna framsetningu heimildar um að semja sig undan sameiginlegri miðlunartillögu. Þetta er flókið mál og snúið og ég held að þarna þurfi að taka betur á og skoða.

Um einstök atriði er kannski rétt að nefna að stærstu tíðindin sem birtast okkur í þessu frv. eru að stjórnvöld eru að gefa yfirlýsingu um að því hefðbundna þríhliða samstarfi um þróun vinnulöggjafarinnar sem verið hefur í gangi sé lokið. Þetta eru alvarleg tíðindi og ég er ekki viss um að menn hafi gert sér grein fyrir þessu. Eins og ég nefndi áðan tel ég varasamast að gert er ráð fyrir í þessu frv. sex mismunandi tegundum af atkvæðagreiðslum sem hlýtur að teljast mjög merkilegt. Mér virðist að það muni flækja meðferð mála sé þetta gert viljandi.

Herra forseti. Ég er að hugsa um að ljúka mínu máli á þennan hátt. Ég harma það að hæstv. félmrh., sem ég hef mikið álit á, skuli hafa lent í því að taka svona á málinu, að hrifsa það úr höndum þessarar nefndar sem ég tel að hefði getað klárað málið fyrir páska. Það má ekki gerast að aðilum vinnumarkaðarins sé mismunað. Það gerir það að verkum að það mun aldrei ríkja sátt um frv. ef mat mitt er rétt að það sé um mismunun að ræða.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu með þessum orðum. Ég mun að sjálfsögðu nýta mér rétt til að fjalla um frv. en ég tek fullt tillit til starfsáætlunar þingsins um að það átti að fresta fundi kl. hálfeitt.

[14:30]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 447. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 779.
Kosningar til Alþingis, 446. mál, frv. SvG, þskj. 778.

[14:31]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er vitað að stefnt er að því að Alþingi hefji páskaleyfi. Svo átti reyndar að vera frá deginum í dag en það er a.m.k. fundur í dag. Einnig hefur legið ljóst fyrir að ekki er samkomulag um málsmeðferð og hefur það nokkuð verið rætt hér. Það sem ég vil gera að umræðuefni og spyrja hæstv. forseta um er sú staðreynd að nú er verið að boða alls kyns nefndafundi í næstu viku. Samkvæmt starfsáætlun þingsins var ekki gert fyrir ráð fyrir slíkum ráðstöfunum. Hér er verið að knýja mál í gegn, eitt mál tekið fram yfir öll önnur mál sem hafa verið tilbúin til afgreiðslu í þinginu. Ég spyr hæstv. forseta að því hvort það sé hugmyndin að nefndarfundir verði einnig í næstu viku þannig að menn haldi áfram eins og ekkert hafi í skorist. Ég tel það óeðlileg vinnubrögð miðað við það hvernig að hefur verið staðið varðandi ýmsa aðra þætti. Ég spyr hæstv. forseta hvort þetta sé samkvæmt öllum þeim reglum og venjum og þeirri starfsáætlun sem hann gaf út en áður hefur komið fram í ræðustól að ekki hefur verið haft samráð við stjórnarandstöðuna, hvorki um þessi fyrirhuguðu þinglok áður en páskaleyfi hæfist né um nefndarstörf þar til að þing kemur aftur saman. Ég tel nauðsynlegt að þetta mál verði skýrt af hæstv. forseta.

[14:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna þessara orða vill forseti taka fram að starfsáætlun þingsins segir ekki frá öðru en þingfundunum sjálfum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir reglulegum nefndarfundum utan hins reglulega fundartíma Alþingis. Formenn nefnda geta að sjálfsögðu boðað til fundar en það er ekki gert sérstaklega að undirlagi forseta þingsins. Þessu get ég ekki svarað á annan hátt.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það er fremur erfitt að beina því til forseta að það er óánægja í okkar röðum með að það eru að koma upp fleiri og fleiri fundir eftir helgina í því svokallaða fundarhléi eða páskahléi þingmanna sem svo er orðað vegna þess að forseti hefur lagt áherslu á það að áætlun hans nái til þingfunda og e.t.v. til reglulegra nefndarfunda. Nú hefur það gerst sem hér hefur verið reifað að það er mikil óánægja og kominn þungi í þingmenn yfir því að hér er verið að boða til funda í næstu viku. Við sem hér erum vitum að þetta er ekki páskahlé eða páskafrí þar sem þingmenn fara heim eða leggjast í einhverja leti. Þetta er sá tími sem þingmenn nota til annarra starfa tengt þingstarfinu. Margir eru búnir að undirbúa fundi í kjördæmi sínu og vinnustaðafundi og ýmsa fundi sem þeir komast ekki til að halda fyrr en þetta hlé kemur og það er mjög óviðunandi að verið sé að setja á fundi fram eftir vikunni. Það er t.d. ekki búið að boða neinn fund í félmn. en það er búist við því að óskað verði eftir því ef umræðu lýkur í dag að sú nefnd komi eitthvað saman.

Virðulegi forseti. Þetta er óviðunandi staða fyrir þingmenn í lok síðustu viku fyrir páskahlé vegna þess að eins og bent hefur verið á er búið að skapa mjög mikla ósátt meðal þingmanna með því að setja á dagskrá það frv. sem er til umræðu í dag. Ég spyr eins og sá sem hér hóf þetta mál: Getur forseti haft einhver áhrif eða er þetta eingöngu eitthvað sem þarf að eiga við gagnvart formönnum nefndanna? Mér finnst það mjög mikilvægt að fá úr því skorið.

[14:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti getur haft áhrif á þessi mál og telur sjálfsagt að ræða þetta sérstaka mál við þingflokksformenn og mun

freista þess að gera það síðar í dag og áður en við skiljum.

[14:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum var dembt yfir okkur þingmenn með lágmarksfyrirvara án þess að hafa verið boðað á dagskrá í upphafi vikunnar eins og venja er til. Ég er ekki sú fyrsta sem gerir athugasemdir við þetta í þessari umræðu. Samt sem áður byrja ég á því að mótmæla þessum vinnubrögðum, ekki síst þar sem um mjög umfangsmikið, flókið, viðkvæmt og mikilvægt mál er að ræða. Ríkisstjórninni er greinilega svo annt um að skerða enn frekar möguleika launafólks til að verja kjör sín að öll önnur mikilvæg mál eru látin hrannast upp og víkja fyrir þessu, einu af frumvörpunum svokölluðu, frumvörpunum sem eru á hvers manns vörum vegna dæmalausrar aðfarar að launafólki og réttindum þess. Það er ekki eingöngu offorsið gagnvart okkur þingmönnum sem vekur athygli við framlagningu þessa frv. Það er ekki síður athyglisvert að ríkisstjórnin leggur frv. fram í óþökk verkalýðshreyfingarinnar og rýfur þar með þríhliða samningaviðræður sem voru í gangi um þessi mál. Þar með er áralangri hefð um sátt aðila um vinnulöggjöfina rofin. Hvaða tíðindi skyldi það boða? Hvað þýðir það að hægri stjórn með óhóflegan meiri hluta ákveður að flytja svona frv. í óþökk verkalýðshreyfingarinnar án þess að hreyfa við atvinnurekendum enda heyrist lítið kvartað úr þeirra horni? Eru þetta leiðir ríkisstjórnarinnar? Eru þetta þær leiðir sem hún ætlar að fara til að fækka töpuðum vinnustundum í landinu vegna vinnudeilna sem réttilega eru hlutfallslega óeðlilega margar og því eðlilegt að eitthvað sé gert? Hefði ekki verið eðlilegra að leyfa verkalýðshreyfingunni að semja um þetta mál við viðsemjendur sína, þ.e. ríkið og atvinnurekendur, fremur en að hefta starfsemi verkalýðshreyfingarinnar með lögum og stýra því í ótrúlegum smáatriðum hvernig t.d. einstök félög geta eða geta ekki samþykkt kjarasamninga eða boðað til vinnustöðvana?

Það er í raun athyglisvert að bera saman það lævi blendna andrúmsloft sem ríkir nú í kringum framlagningu þessa frv. og andrúmsloftið þegar vinnulöggjöfin var sett árið 1938. Eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir til að koma í gegn frv. um vinnulöggjöf árið 1936 og 1937 tókst loks að fá núgildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur samþykkt árið 1938. Um það segir svo í afmælisriti Vinnuveitendasambands Íslands frá árinu 1975, með leyfi forseta, og þetta er á bls. 21 í viðkomandi riti:

„Fáeinum dögum áður en þetta er ritað höfðu sjónarmið vinnuveitenda unnið mikinn sigur. Einar Ásmundsson hrl. segir um þetta í Þjóðin, 1. árg. 2. tbl. 1938: „En það merkilega skeður að einmitt um svipaðar mundir sem áróðurinn gegn vinnulöggjöfinni er mestur gerir Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík þann 24. júlí samning við vinnuveitendur þar sem slegið er föstu því grundvallaratriði vinnulöggjafar að skylt sé að fresta verkföllum takmarkaðan tíma meðan á sáttaumleitunum stendur. Nánar tiltekið fól samningurinn við Dagsbrún í sér eftirfarandi atriði:

a) Að allan ágreining sem rís út af samningum skuli leggja fyrir sáttanefnd.

b) Í sáttanefnd skuli rannsaka ágreiningsatriðin og þrautreyna hvort ekki sé unnt að leysa viðkomandi deilu friðsamlega.

c) Að óheimil sé vinnustöðvun út af ágreiningi fyrr en vika er liðin frá því sáttaumleitanir hófust.

Þrátt fyrir allar æsingar í blöðum og á mannfundum færðist þó verkalýðurinn árið 1937 nær vinnulöggjöfinni sem kemur fram í því að stærsta verkalýðsfélagið viðurkennir þau atriði sem að framan eru talin og eru grundvallaratriði allrar löggjafar um vinnudeilur og eru nákvæmlega það sama að stefnu til og þær leiðir sem gert er ráð fyrir í vinnulöggjöf sjálfstæðismanna. Samningurinn við Dagsbrún í júlí 1937 mun verða þannig þýðingarmikill áfangi á leiðinni til vinnulöggjafar og er hann glöggt dæmi þess hvernig knýjandi þjóðfélagsástæður ryðja málum braut, hvað sem líður öllu þrasi og æsingum stjórnmálaflokka gegn málinu.““

Tilvitnun í Einar er lokið en áfram ætla ég að vitna í nefnt rit Vinnuveitendasambandsins frá árinu 1975 en þar segir á bls. 21:

„Thor Thors og Garðar Þorsteinsson endurfluttu frumvarp sitt á haustþingi 1937 og þinginu 1938 án málaloka. En í febrúar 1938 birti milliþinganefnd Alþýðuflokksins og Framsóknarflokks, sem á sínum tíma klofnaði, tillögur um vinnulöggjöf. Þær voru sendar Vinnuveitendafélagi Íslands til umsagnar. Félagið gerði 40 athugasemdir við frumvarpið en aðeins ein var tekin til greina. Alþingi samþykkti síðan lög um stéttarfélög og vinnudeilur 10. maí 1938 og lögin tóku gildi 11. júní sama ár.

Þótt vinnuveitendur teldu og telji enn að löggjöf þessi sé meingölluð og sumpart málamiðlun þar sem fullt eins mikið tillit var tekið til flokkspólitískra sjónarmiða og hagsmuna vinnumarkaðarins, þá var löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur samt mikill sigur fyrir þá. Öðru hvoru hafa á Alþingi komið fram tillögur til breytinga á þessum lögum, einkum frá róttækasta armi verkalýðshreyfingarinnar sem ef þær hefðu orðið að lögum, hefðu gert ýmis þýðingarmestu ákvæði laganna lítils virði. Slíkar tillögur hafa nánast engan hljómgrunn fengið.“

Það er því alveg ljóst að þegar þessi lög voru sett þá voru þau sett þannig að vinnuveitendur sjálfir túlka þau sem þau hafi verið þeim sjálfum í hag. Enn einu sinni á að þvinga í gegn löggjöf sem vinnuveitendur styðja en er í óþökk verkalýðshreyfingarinnar. Það er ekki nú að ósk róttækasta arms verkalýðshreyfingarinnar sem á að fara að breyta þessum lögum heldur ef eitthvað þá er það ríkisstjórnin og vinnuveitendur sem vilja breyta þeim. Núna er hægri stjórn við völd því að félagshyggjuarmur Framsfl. virðist fyrir löngu vera búinn að gleyma öllum kosningaloforðum og virðist genginn í björg með Sjálfstfl. og vinnuveitendum. Nú á að þrengja að verkfallsréttinum og þvinga fram enn frekari og óviðunandi miðstýringu kjarasamninga. Þessi vinnubrögð munu að mínu mati alls ekki liðka fyrir gerð kjarasamninga, þvert á móti munu þau ýta undir ófrið á vinnumarkaði, ekki síst vegna þeirra gerræðislegu vinnubragða sem hafa verið viðhöfð.

Þó að nokkrir fleiri hafi farið í einstök atriði frv. langar mig að nefna nokkur nýmæli frv. Í fyrsta lagi vekur athygli mína að á nokkrum stöðum er fjallað um ófélagsbundna einstaklinga. Hvers vegna skyldi það vera gert? Er verið að undirbúa einhvers konar neðanjarðaratvinnukerfi eins og tíðkast víða í nágrannalöndum okkar og maður heyrir að sé orðinn vísir að til hér? Er verið að styrkja slíkt kerfi í sessi? Við hvað er átt með þessu, hæstv. félmrh., sem ég sé að situr hér í hliðarsal? Eða er verið að höfða til þess frelsis sem er í stjórnarskránni um rétt manna til þess að standa utan félaga?

Í öðru lagi finnst mér mjög athyglisvert það ákvæði sem hér hefur nokkuð verið til umræðu um að heimila fyrirtækjum að stofna stéttarfélög ef þau hafa 250 starfsmenn eða fleiri. Auðvitað er augljóst mál að þetta getur komið höggi á núverandi skipulag verkalýðshreyfingarinnar eins og hér hefur verið vakin athygli á en aðalatriðið hlýtur að vera hvort þetta hentar viðkomandi fyrirtæki eða viðkomandi starfsmönnum. Aðaláhyggjuefni mitt er kannski hvað gerist ef viðkomandi fyrirtæki minnkar allt í einu, t.d. vegna fjöldauppsagna, og fer undir 250 manna vinnustað. Hvað gerist þá og hvað með réttindaflutning gagnvart slíkum félögum?

Þá vil ég vekja athygli á breytingunni á núverandi 15. gr. laganna frá 1938 um það hvernig skuli staðið að því að hefja vinnustöðvun. Það er greinilegt að þar er gert ráð fyrir aukinni kröfu um þátttöku þegar ákveðið er hvort af vinnustöðvun getur orðið. Í raun og veru er verið að breyta verkfallsréttinum í átt að verkfallsrétti opinberra starfsmanna. Það er mitt mat að þarna sé í raun fyrirhuguð mjög alvarleg þrenging að verkfallsréttinum og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar halda því fram að þetta muni leiða til þess að verkföll verði bæði tíðari og langvinnari en þau eru samkvæmt núgildandi lögum sem væntanlega er þó alls ekki markmið hæstv. félmrh.

Í 23. gr. er gert ráð fyrir viðræðuáætlunum og það tel ég eina af mjög jákvæðum hliðum á þessu máli. Þar er einstökum félögum, sem geta þó falið það landssamtökum eða heildarsamtökum, gert að skila viðræðuáætlun 10 vikum áður en samningar verða lausir. Þetta tel ég mjög gott mál og æskilegt ákvæði og ég er ekki sannfærð um réttmæti þeirrar gagnrýni að þetta sé bundið við félög. Mér finnst þetta í fljótu bragði alls ekki vitlaust fyrirkomulag.

En eitt umdeilt atriði er í 28. gr. sem er svokölluð tengingarregla eða útvíkkun á henni og þýðir um leið aukin völd sáttasemjara. Þetta ákvæði tel ég mjög hættulegt og ólýðræðislegt þar sem það getur valdið því að félagsmenn geti t.d. alls ekki ákveðið sjálfir hvort þeir hafna miðlunartillögu, heldur yrðu það félagsmenn í öðrum félögum sem tækju þá ákvörðun.

Að síðustu má nefna 31. gr. þar sem kröfur um að fella miðlunartillögu eru auknar. Þetta tel ég stóra aðför að völdum verkalýðshreyfingarinnar. Svona reglur hafa tíðkast t.d. í Danmörku en nú er rætt um að breyta þeim þar sem *þær þykja mjög ólýðræðislegar.* Því skýtur mjög skökku við þegar hæstv. félmrh., sem segist vilja auka lýðræðið í verkalýðshreyfingunni, stendur að svona tillögu.

Ég vil taka það skýrt fram að ég lít alls ekki á mig sem talsmann verkalýðshreyfingarinnar, hvorki í þessu máli né nokkru öðru. Enda hef ég oft gagnrýnt verkalýðshreyfinguna, ekki síst fyrir slælega frammistöðu hennar við að setja fram ýtrustu kröfur til að ná fram launajafnrétti kynjanna og reyna svo að fylgja þeim vel eftir. Því var ein fyrsta spurningin sem ég hafði í huga við yfirferð málsins: Hvernig koma þessar breytingar við konur? Eru þær líklegar til þess að minnka launamun kynjanna og styrkja stöðu kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar?

Ég vil vekja athygli á því að framsögumenn allra stjórnarandstöðuflokkanna í þessu máli í gær voru konur. Margar voru reyndar úr hv. félmn. Þessar konur ræddu málefnalega um þetta flókna mál án þess að nota of mikil gífuryrði. Þetta var mjög sérstakur viðburður og athyglisverður. En þótt konum vaxi ásmegin innan þingsins, er ljóst að það vantar gífurlega á að launamisrétti kynjanna sé að leysast úti í þjóðfélaginu. Því hlýt ég að spyrja þegar ég sé þetta frv.: Hvernig kemur það við konur? Mun þetta auðvelda að ráðast á launamismun kynjanna?

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði áðan, að verkalýðshreyfingin hafi brugðist konum að þessu leyti og ekki síst kemur þar skipulagið til, þ.e. þau stóru samflot sem hafa verið reynd í kjarasamningum að undanförnu. Ef *topparnir* í verkalýðshreyfingunni setja þessi mál ekki á oddinn verða þau undir. Þetta frv. á að efla stóru samflotin og gera einstökum félögum erfiðara en áður að ráða ráðum sínum í kjarabaráttu sinni.

Mín niðurstaða er því sú að þetta frv. muni ekki stuðla að því að útrýma hinu alræmda launamisrétti kynjanna. Það verður erfiðara fyrir sérfélög að fella miðlunartillögu ef hún er tengd við stærri samflot og engin teikn eru á lofti um það að valdahlutföll kynjanna á píramítatoppi verkalýðshreyfingarinnar séu að breytast.

Því vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort hann finni ekki fyrir mótsögn í eigin athöfnum. Annars vegar vinnur hann að ókynbundnu starfsmati sem jafnréttisráðherra, vonandi í þeim tilgangi að minnka þennan mun. Hins vegar er hann að múlbinda verkalýðshreyfinguna og hefta möguleika einstakra hópa og félaga sem eru vanmetin til launa til að fella óviðunandi samninga. Það gerir hann sem félmrh. Finnur hæstv. félmrh. ekki fyrir mótsögn í þessum athöfnum sínum? Það er mitt mat að þetta frv. sé ekki líklegt til að ná því markmiði að skapa meiri frið á vinnumarkaði eða draga úr launamun kynjanna. Því er ég mótfallin því og mun ekki greiða götu þess hér í þinginu.

Ég fór vandlega yfir ræðu hæstv. félmrh. og vildi gefa því sérstaklegan gaum hvað það væri sem ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. telur svo brýnt og svo mikilvægt í þessu frv. að það réttlæti að lýsa yfir stríði við verkalýðshreyfinguna í landinu og rjúfa þá þríhliða samvinnu sem hér hefur tíðkast í kjaraviðræðum.

Ef litið er til framsöguræðu hæstv. félmrh. í málinu þá benti hann þar á nokkrar staðreyndir um íslenska vinnumarkaðinn. Hann benti á að fjöldi tapaðra verkfallsdaga er hlutfallslega mjög mikill miðað við nágrannalönd okkar og þar með heildarfjöldi tapaðra vinnudaga. Fjöldi vinnustöðvana er einnig mjög mikill eða 1 til 292 á ári frá árinu 1977. Einnig hefur vakið alþjóðlega athygli hversu oft stjórnvöld, *því miður oft í gegnum* bráðabirgðarlög, hafa haft afskipti af vinnudeilum og kjarasamningum eða 12 sinnum sl. 12 ár. Ég get því vel tekið undir það sjónarmið sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að þessar staðreyndir bendi til þess að vandkvæði ríki í samskiptum aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Ef þetta sjónarmið er viðurkennt, svo og það að laun almennra launþega hér eru með því lægsta sem þekkist miðað við lönd með sambærilegar þjóðartekjur og jafnframt að hér tíðkast meiri kynjamunur í launum en nokkurs staðar sem ég þekki til þrátt fyrir 20 ára gömul jafnréttislög, verður að ályktа sem svo að ekki sé allt eins og það á að vera hér á landi. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að í janúar sl. gerði nefnd Sameinuðu þjóðanna athugasemdir við framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á fundi í Genf. Athugasemdirnar voru í níu liðum en einn liðurinn var athugasemd um að það verði að gera viðeigandi ráðstafanir til að vinna gegn launamisrétti milli karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum sem einstæðar mæður veita forstöðu.

Mín niðurstaða er að það verði að horfast í augu við staðreyndir. Hér eru óeðlileg samskipti á milli aðila vinnumarkaðarins miðað við nágrannalönd okkar. Hér tíðkast lægri laun en hjá launþegum annarra landa sem við berum okkur saman við. Hér er meiri kynjamunur í launum en tíðkast annars staðar og hér eru fleiri einstæðar mæður en þekkist í nágrannalöndunum. Hér er framleiðni í fyrirtækjum mjög lítil og vinnutími óheyrilega langur. Þessar staðreyndir sýna að það þarf að endurskoða þessa stöðu í heild. Vinnulöggjöfin hlýtur að vera hluti af þeirri endurskoðun svo og verkalýðshreyfingin, starfshættir hennar og skipulag, ásamt launakerfi, starfsmati, vinnutíma og inngripi ríkisins í kjarasamninga. Það má því vel vera að einhver efnisatriði í þessu frv. séu spor í rétta átt, t.d. ákvæðið um viðræðuáætlun. En ég er sannfærð um að framlagning þessa frv. í trássi við verkalýðshreyfinguna er skref í öfuga átt. Það þarf að styrkja kjör verkalýðsins í landinu samkvæmt framangreindu. Þótt ég segi að verkalýðshreyfingin þurfi að vinna mun betur í þágu launþega og til að jafna launamun kynjanna, hlýtur það samt að fara saman að styrkja verkalýðshreyfinguna og að bæta kjör launafólks. Verkalýðshreyfingin verður sjálf að meta stöðu sína og starfshætti og hvernig hún getur breytt þeim staðreyndum sem við blasa og ég gat um hér að framan. Mat mitt er að verkalýðshreyfingin geti ekki verið fullkomin og nú sé ástæða til endurskoðunar í ljósi stöðu hennar og staðreyndanna að framan. En það er verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar að hefja slíka endurskoðun. Frv. veikir möguleika einstakra hópa sem eru illa settir, t.d. ýmissa kvennastétta, til að fella samninga og frv. styrkir stór samflot og um leið líkurnar á því að sá gífurlegi launamunur sem nú tíðkast í þjóðfélaginu, m.a. launamunur kynjanna, verði festur í sessi. Frv. krefst mikillar umræðu en er fyrst og fremst aðför að vinnandi fólki í landinu. Því ber að fella það en nota umræðurnar til að þróa réttlátari hugmyndir um samskipti á íslenskum vinnumarkaði.

Ég vil að lokum taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni hér fyrr í umræðunni að það er ýmislegt fleira en vinnulöggjöfin í okkar hagkerfi sem skýrir hvað launin hér á landi eru lág miðað við þjóðarframleiðslu. Eitt af því sem þarf að breyta að mínu mati eru samskipti aðila vinnumarkaðarins og því er tímabært að taka þau mál upp með ferskum hætti án þess að fara í vörn fyrir ríkjandi ástand. Það þarf að gera bæði verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda lýðræðislegri að mínu mati. Nú er staðan þannig að vart er hægt að koma á eðlilegri samvirkni á milli framleiðni fyrirtækja og launagreiðslna til starfsfólks. Það má ekki gerast enn einu sinni að það verði hróflað við þessum lögum atvinnurekendum í hag á kostnað launafólks.

Ég fagna því að umræða um þessi mál er komin af stað en fordæmi enn og aftur það offors sem ríkisstjórnin sýnir með því að leggja frv. fram núna og slíta þar með viðræðum sem voru í góðu gengi við verkalýðshreyfinguna um þessi mál. Þessi mál þarf að skoða opnum huga í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna og því er frv. frumhlaup. Vonandi verður því vísað frá en notað til þess að opna uppbyggilegri umræðu um málin. Það verður að gera allt til að breyta þeim öflum sem halda launum launþega óeðlilega lágum. Löggjafinn er einn aðili sem þarf að koma að því máli, m.a. með því að hefta stjórnvöld við að setja bráðabirgðalög og grípa inn í kjarasamninga svo og til að endurskoða vinnulöggjöfina. En verkalýðshreyfingin sjálf verður að sjá um þá endurskoðun sem hún telur æskilega á eigin skipulagi og starfsháttum til að ná betur því markmiði sínu að styrkja stöðu launafólks, þar á meðal kvenna sem því miður hafa dregist aftur úr í launum sl. tíu ár þrátt fyrir jafnréttislög. Gott væri að atvinnurekendur tækju þennan boðskap einnig til greina því ekki virðist vanþörf á skilningi á þessu sjónarmiði og jafnréttissjónarmiðum innan þeirrar hreyfingar. Þetta ástand launamála og kjaramála í landinu er óviðunandi og allir viðeigandi aðilar verða að gera sitt til að breyta því.

[15:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er engu líkara þessa dagana og reyndar núna síðustu vikur en að ríkisstjórnin hafi sagt þjóðinni stríð á hendur. Það er að segja ákveðnum hluta þjóðarinnar, launþegum. Það kemur fram í hverju frv. á fætur öðru sem hún hefur flutt á þessu þingi nánast frá því að þingið kom saman í haust. Fyrst voru það árásir á fatlaða og aldraða við ákvörðun fjárlaga fyrir árið 1996 og ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1996. Það var upphafið að því sem við sáum hvernig ríkisstjórnin ætlaði að haga sér gagnvart launþegum í landinu. — Það er afar slæmt, virðulegur forseti, ef hæstv. félmrh. er ekki við. Ef hæstv. forseti mundi nú bara stoppa klukkuna á meðan.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti mun verða við þeirri ósk hv. þm.) Ætlar hæstv. félmrh. að standa í dyragættinni og fylgjast með? (**Félmrh.:** Ég fylgist með.)

Það sem við sáum við gerð fjárlaga var byrjunin á því sem kom á eftir. Það var dálítið dæmigert fyrir vinnubrögð þessarar hæstv. ríkisstjórnar vegna þess að þar var um að ræða aðför að öldruðum og öryrkjum, að kjörum þeirra. En munurinn var sá þar að það þurfti ekki neina lagabreytingu til að afnema eða koma í veg fyrir þann samráðsrétt sem til staðar var því hann var enginn. Mér er kunnugt um að samtök aldraðra og öryrkja hafa farið fram á það við ríkisstjórnina að fá fram nefndarskipun þar sem um verði að ræða lögbundið samráð milli þessara aðila í öllum þeim málum sem varða hagsmuni aldraðra og öryrkja. En við þessari beiðni hafa því miður ekki fengist svör. Þessir aðilar hafa vissulega skipulögð hagsmunasamtök en þó ekki samtök sem eiga sér samningsrétt til að berjast fyrir kjörum sínum enda hefur það veist hæstv. ríkisstjórn allt of auðvelt á undanförnum mánuðum að skerða kjör þessara þjóðfélagshópa.

Þar á eftir komu árásir á opinbera starfsmenn, kennara og aðra. Þessar árásir urðu til þess að umræða um yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga tafðist og var um tíma stefnt í verulega hættu. Kennararnir brugðust hart við og gátu beitt samtakamætti sínum til að verjast þessum árásum.

Önnur atlaga var gerð að samningsbundnum réttindum opinberra starfsmanna og kom hér fyrir þingið. Þeir brugðust við með miklum fundarhöldum og hafa kynnt félagsmönnum sínum tillögur ríkisstjórnarinnar um árásir á áunnin réttindi. Þetta eru mjög undarleg vinnubrögð af hálfu ríkisins. Þar er ætlunin að grípa einhliða inn í gerða samninga, samninga sem ríkið sjálft hefur átt þátt í að gera við starfsmenn sína á undanförnum árum. Það hafa verið lögð fram frv. sem skerða verulega umsamin réttindi opinberra starfsmanna, réttindi sem hafa verið keypt í samningum á undanförnum árum. Þau hafa líka verið metin til tekna þegar borin hafa verið saman kjör þeirra og annarra. Opinberir starfsmenn hafa aldrei hafnað því að þessi réttindi yrðu skoðuð. Þeir hafa hins vegar bent á að það væri óeðlilegt ef tveir aðilar gera samning sín á milli að annar þeirra geti breytt honum einhliða með lagasetningu án þess að samningurinn sé

tekinn upp í heild sinni og samið um breytingarnar. Það er því eðlileg krafa sem fram hefur komið að þessi frumvörp verði dregin til baka svo hægt verði að taka upp eðlilegar samningaviðræður um málin.

Nú fyrir tveim dögum var svo lagt fram frv. sem skerðir verulega möguleika launafólks á almennum vinnumarkaði til að semja um kaup og kjör í framtíðinni. Þetta frv. verður að líta á sem enn eina árásina á launamenn í landinu.

Þetta frv. hefur líka kallað á hörð viðbrögð launafólks eins og við höfum orðið vör við allt frá því að það var lagt fram. Á þessum tveimur dögum hafa verið birtar ályktanir og fjölmargar blaðagreinar og viðtöl í blöðum þar sem koma fram mjög harkaleg viðbrögð forustu verkalýðshreyfingarinnar og ekki bara forustumanna verkalýðshreyfingarinnar heldur hins almenna launamanns við þessu frv. Þrátt fyrir það kom það fram í ræðu hæstv. ráðherra í gær að fullt samráð hefði verið haft við verkalýðshreyfinguna um þetta mál eins og fullyrt hefur verið um þau mál sem áður hafa verið lögð fram. Það er með ólíkindum hvernig hæstv. ráðherra og reyndar aðstoðarmaður hæstv. ráðherra hafa fullyrt æ ofan í æ að samráð hafi farið fram og þar hafi verið tekið tillit til vilja verkalýðshreyfingarinnar. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og það kemur fram í blaðagrein sem aðstoðarmaður ráðherra, Árni Gunnarsson, skrifar og birtist í blöðum nú í morgun. (**Gripið fram í:** Þeir voru orðnir svo þreyttir að bíða.) Þeir voru orðnir svo þreyttir að bíða. Það er alveg rétt vegna þess að tíminn sem verkalýðshreyfingin fékk til að gera athugasemdir við frv. og þau frv. sem hafa birst hér á síðustu vikum, var frá því um miðjan janúar og fram í febrúarlok, einn og hálfur mánuður. Á einum og hálfum mánuði átti verkalýðshreyfingin hvort sem um er að ræða ASÍ eða BSRB að fara yfir þessar breytingar og kynna fyrir sínum félagsmönnum. Ætli það séu ekki um 70 þús. félagar í ASÍ-félögunum og um 17 þús. BSRB-félagar. Tíminn sem var ætlaður til að kynna þessar breytingar var einn og hálfur mánuður. En það er alveg ljóst að þó svo að við höfum fengið mjög harkaleg viðbrögð á undanförnum dögum þá eigum við eftir að sjá meira af því, því að verkalýðshreyfingin hefur boðað að hún muni fara út til sinna félaga og kynna innihald frv.

Ríkisstjórnin ætlar ekki að láta staðar numið hér. Fyrir u.þ.b. viku síðan bárust okkur fréttir af væntanlegu frv. frá ríkisstjórninni. Það er búið að ráðast að kjörum aldraðra og öryrkja. Það er búið að taka opinbera starfsmenn. Hér er ráðist að kjörum fólks innan ASÍ sérstaklega og hverjir eru þá næstir? Það eru atvinnulausir. Það var einn hópur sem var eftir. Þar megum við eiga von á frv. og eftir þeim fréttum sem við höfum fengið er þar um að ræða verulega skertan rétt atvinnulausra, verulega skertan rétt. Er það ekki alveg í takt við það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði hér í ræðu í gær þegar hann talaði um réttinn til atvinnuleysisbóta sem átti að vera sjálfsagður fyrir alla hvort sem þeir væru í félögum eða ekki. Það er ekki að undra þó maður láti þau orð falla að ríkisstjórnin sé komin í heilagt stríð við launafólk í landinu. Þessar árásir eru þær grófustu sem almenningur hér á landi hefur mátt þola af einni ríkisstjórn. En maður þarf svo sem ekki að vera mjög hissa því að ríkisstjórnir Sjálfstfl. og Framsóknar hafa ætíð reynst illa í þessum efnum. Þær hafa virt réttindi fólks að vettugi þó nú sé harðar gengið fram í að brjóta niður sjálfsögð lýðréttindi en nokkru sinni áður. Það er líklega vegna þess að ríkisstjórnin hefur fengið sér fyrirmynd. Menn horfa nú til þess sem er að gerast á Nýja-Sjálandi. Þetta er bara fyrsta skrefið sem stigið er í áttina að þjóðfélagi þeirrar gerðar sem þar er rekið þessa dagana og er alls ekki til fyrirmyndar a.m.k. ekki hvað lýtur að framkomu við launafólk.

Það er líka annað svar við því hvers vegna ríkisstjórnin gengur fram með þessu offorsi að ráðast á sjálfan samningsréttinn sem er grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi. Svarið getur einnig legið í því að fulltrúar þessara flokka eru slitnir úr tengslum við almenning í landinu. Ráðgjafar þeirra koma allir úr röðum atvinnurekenda, þeir sitja í Garðastrætinu og þeir stjórna Vinnumálasambandinu. Þessir aðilar, sem eru sameinað atvinnurekendavald landsins, siga ráðherrum sínum á launafólk og ráðherrarnir hlýða eins og við er að búast þegar húsbændur láta í sér heyra. Þetta sést vel þegar ályktun stjórnar Vinnumálasambandsins frá 22. febr. sl. er skoðuð. En þar segir orðrétt undir fyrirsögninni Samskipti á vinnumarkaði, með leyfi forseta:

„Það hefur lengi verið almenn skoðun að lögbundnar samskiptareglur á vinnumarkaði og þær samskiptareglur sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett í tímans rás séu orðnar úreltar og hindri að eðlilegur árangur náist og jafnræðis sé gætt. Nú hafa heildarsamtök á vinnumarkaði fengið tækifæri sem staðið hefur á annað ár til þess að ná samkomulagi um nauðsynlegar breytingar á samskiptareglum. Þó að nú hafi komi bakslag í þessar viðræður treystir stjórn Vinnumálasambandsins því að þessu starfi verði haldið áfram og þess freistað á næstu dögum og vikum að ná sáttum um þau atriði sem ekki hafa verið að fullu rædd. Jafnframt bendir stjórnin á að þó rétt og sjálfsagt hafi verið að gefa heildarsamtökum á vinnumarkaðnum kost á að hafa áhrif á breytingar á samskiptareglum er það Alþingi sem ber að setja samfélaginu samskiptareglur. Ríkisstjórninni ber að hafa frumkvæði samkvæmt stjórnarsáttmála. Þess vegna og vegna þess hve tvísýnt er að samkomulag um samskiptareglur náist í tæka tíð milli aðila vinnumarkaðarins leggur stjórn Vinnumálasambandsins áherslu á að jafnhliða viðræðum aðila vinnumarkaðarins verði á vegum ríkisstjórnarinnar haldið áfram undirbúningi að lagafrumvarpi um þetta efni."

Þarna leggur stjórn Vinnumálasambandsins áherslu á að jafnhliða viðræðum aðila vinnumarkaðarins verði á vegum ríkisstjórnarinnar haldið áfram undirbúningi að lagafrumvarpi um þetta efni. Hvað gerðist? Það er svo sem ekkert að undra að hæstv. félmrh. hefur farið að þessum óskum og nú þegar ekki bara unnið að gerð frv. heldur lagt það fram og krafist þess í andstöðu við stjórnarandstöðuna að málið sé tekið fyrir og öllum öðrum málum ýtt til hliðar. Þar með talið mál sem lögð hefur verið ofuráhersla á á undanförnum vikum að afgreiða hér, leiðréttingar á skaðabótalögum þar sem nefnd hafði náð samkomulagi um niðurstöðu. Þessu mátti ýta til hliðar sem og öðrum mikilvægum málefnum sem bíða afgreiðslu. En Vinnumálasambandið er búið að segja hæstv. félmrh. að halda áfram, keyra frv. í gegn. Í þessari ályktun stjórnar Vinnumálasambandsins kemur fram ótrúleg lítilsvirðing við launafólk í landinu.

Einu sinni var talað um systrahreyfingarnar, samvinnuhreyfinguna og verkalýðshrefinguna. Það var gert á hátíðarstundum hér áður fyrr. Á þessu má sjá hve langt Vinnumálasamandið hefur fjarlægst upprunaleg stefnumið samvinnuhreyfingarinnar á sama hátt og Framsfl. hefur fjarlægst tengsl sín við fólkið í landinu eins og hann lagði sig þó fram um að ná þessum tengslum í kosningabaráttunni sl. vor. Þeir eru fljótir að gleyma, þessir háu herrar. Þess vegna þarf kannski

engan að undra að ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. stofni til ófriðar á vinnumarkaði, hún er ekki í tengslum við fólkið í landinu, hún lætur stjórnast af samtökum atvinnurekenda. En það hefur líka sýnt sig sem betur fer að launafólk á málsvara á Alþingi, það hefur komið fram. (**Félmrh.:** Gott.) Já, það veitir ekki af, hæstv. félmrh. Það hlægir þig e.t.v. í krafti þess meiri hluta sem hæstv. ráðherra hefur á þinginu. En við höfum talfæri og tíma. Við munum nota það í þessari umræðu sem og því sem á eftir kemur. Við erum reiðubúin til þess að halda uppi vörnum fyrir almenning í landinu.

Það hefur komið fram hjá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði svo mikið um í gær, reyndar eini stjórnarþingmaðurinn sem hefur farið í ræðustól fyrir utan eitt stutt andsvar, hinir hafa ekki aðeins kosið að hafa heldur hljótt um sig heldur líka að láta ekki sjá sig.

Samráðið við verkalýðshreyfinguna er ekkert. Samráðið við Samtök aldraðra, við Öryrkjabandalagið þegar kjör þeirra voru skert var ekkert þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðherra hér í gær. Í blaði sem ég fékk í hendur áðan og gefið er út af Alþýðusambandi Íslands og kallað er Griðrof er saga málsins rakin í nokkurs konar forustugrein. Vegna þess hve oft hæstv. ráðherra hefur talað um það samráð sem hafi verið haft við verkalýðshreyfinguna, ASÍ og BSRB, við launafólkið í landinu er rétt að fara yfir þessa forustugrein, ekki síður vegna þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal situr í sæti sínu í þingsölum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf víðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess ekki verið rædd til hlítar og má nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag.“ — Þarna er vitnað til áfangaskýrslu sem skilað var til hæstv. ráðherra í haust og hann hefur vitnað til í ræðu sinni sem og aðstoðarmaður hans í greininni í blöðum í morgun.

„Vinnuhópur félmrh. var skipaður í október 1994 til að kynna sér þróun samskiptareglna á vinnumarkaði í öðrum löndum og kanna hvort breyta þyrfti reglum hér á landi. Ofangreind áfangaskýrsla var lögð fram í lok nóvember 1995. Örfáum vikum síðar lá fyrir lagafrv. embættismanna í félmrn. um breytingar á lögum um sáttastörf í vinnudeilum þar sem einkum er verið að breyta þeim atriðum sem fram kom að ekki hefðu verið rædd til hlítar!

Alþýðusambandið samþykkti á sínum tíma að taka þátt í vinnu hópsins á þeirri grundvallarforsendu að ASÍ teldi mikilvægt að fulltrúar verkafólks kæmu að mótun samskiptareglna á vinnumarkaði og að um þær ríkti sem víðtækust sátt. Annars næðu þær ekki markmiði sínu. Enda mótmælti ASÍ þessum vinnubrögðum og sagði eðlilegra að aðilar vinnumarkaðarins semdu um bættar samskiptareglur í frjálsum samningum sín á milli. Í þeirri vinnu lagði ASÍ megináherslu á að efnisinnihald samningsins yrði ásættanlegt og neitaði að samþykkja fyrir fram að ógerður samningur yrði sjálfkrafa að lögum nema um það væri sátt og að öðrum þeim sem málið snerti væri gefinn kostur á að kynna sér það. Þessi samningsgerð var í gangi þegar félmrh. ákvað að rjúfa grið í málinu með því að leggja einhliða fram frv. til laga um breytingar á lögunum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í því er enn farið fram með flest þau atriði sem sögð voru óræð í áfangaskýrslu vinnuhópsins og þau atriði sem verkalýðshreyfingin hafði gert hvað alvarlegastar athugasemdir við. Með þessu griðrofi og broti á áratugalangri hefð fyrir þríhliða samstarfi og sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði á verkalýðshreyfingin engan annan kost en að taka á málinu með allt öðrum hætti en hingað til.

Haldi stjórnvöld þessu máli til streitu er verið að slíta friðinn.“

Samráðið á kannski að fara þannig fram að þegar 1. umr. er lokið eigi málið samkvæmt venju að fara til umsagnar til verkalýðshreyfingarinnar og henni gefinn kostur á að mæta á fund félmn. til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Hins vegar er mjög slæmt ef meiri hluti félmn. og þeir sem eiga að reka málið fyrir hæstv. ráðherra sjá ekki ástæðu til að sitja og vera viðstaddir þá umræðu sem hér fer fram.

Hæstv. ráðherra hefur lagt ofuráherslu á að hér sé ótölulegur fjöldi verkfallsdaga. Verkföll séu of tíð og það sé tap fyrir þjóðfélagið. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni í gær að heildarfjöldi tapaðra vinnudaga á árinu 1970–1995 hefði þrisvar farið yfir 300 þús. á ári. Fjöldi vinnustöðvana á ári hefðu verið frá einni upp í 292 árið 1977 og þessi mikli fjöldi vinnustöðvana hefði valdið miklu beinu og óbeinu tjóni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal tók í sama streng. Hann sagði að íslenska þjóðin hefði á undanförnum áratugum þurft að horfa upp á verkföll og aftur verkföll og hún hefði þurft að líða fyrir skaðsemi þessara sömu verkfalla. Atvinnulífið hefur þurft að búa við það ár eftir ár að geta ekki staðið við samninga við útlendinga sem þeir hafa gert og menn hafa séð margra ára markaðsstarf hrynja trekk í trekk vegna verkfallsgleði. Tilfinning mín fyrir því að hlusta á hæstv. ráðherra og hv. þm. í gær var sú að verkafólk færi í verföll bara rétt sér til skemmtunar eins og það væri að fara í göngutúr á góðviðrisdegi og tæki sér frí til þess. Verkföll hafa orðið vegna þess að kjör fólks hér á landi hafa verið lág. Þau hafa verið léleg. Í samanburði við kjör fólks annars staðar og þau lönd sem hafa hér verið talin upp til samanburðar þá eru kjör verkafólks hér á landi mun lélegri. Er það vegna þess að verkalýðshreyfingin fór í verkföll til að ná fram leiðréttingu á sínum kjörum. Nei, þetta er nefnilega ekki einhliða. Það þarf tvo til. Þetta sýnir kannski hvernig atvinnurekendur hafa horft til verkalýðshreyfingarinnar og þeirra kjara sem verkafólki hér á landi hefur verið búin á undanförnum árum. Þeir hafa nefnilega setið og setið og setið og setið og neitað að lagfæra kjörin. Þess vegna hafa orðið til verkföll. Hv. þm. Pétur H. Blöndal minntist sérstaklega á sjómannaverkfallið sem hefði verið rosalegt tap fyrir þjóðina. Gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Vissulega. En hvers vegna fóru sjómenn í verkfall? Þeir fóru í verkfall til þess að fá að koma að samningaborði til að ræða sín kjör. (**PHB:** Því er lýst í frv.) Þeir fóru til þess. Það er þetta frv. sem hæstv. ráðherra leggur fram, þetta frv. lagar þetta ekkert, það gerir það ekki. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði að ekkert hefði náðst fram vegna þess að forusta verkalýðshreyfingarinnar væri svo óskaplega léleg. En í hinu orðinu sagði hann: „Við höfum búið við það þjóðfélag að 160 þús. manns hafa samið hver fyrir sig við atvinnurekanda sinn.“ Þetta er bara bull. Þetta er bara bull vegna þess að það vita allir sem hafa verið á hinum almenna vinnumarkaði — þeir eru kannski ekki nógu margir hér inni — að svona bara gengur þetta ekki fyrir sig. Þetta er bara bull.

Það er ansi margt sem hægt væri að fara yfir í þessu frv. Hæstv. félmrh. hefur sagt að tilgangurinn með framlagningu

þess væri sá helstur að færa vald frá stéttarfélögunum til fólksins sjálfs. Það væri tilgangurinn með samþykkt frv. (**Félmrh.:** Forustu stéttarfélaganna.) Nú ákvað ég að lesa frv. eins og hæstv. ráðherra bað mig um. Hann beindi því til okkar að við læsum frv. og færum yfir það á málefnalegan hátt og án alls ofstopa. Hafi hæstv. ráðherra komist að þeirri niðurstöðu að þau sex afbrigði atkvæðagreiðslu sem boðuð eru í frv. séu til að einfalda og auðvelda málin og færa völdin út til hins almenna félaga í stéttarfélögunum, les hann það með allt öðru hugarfari en hann fór fram á að við hinir hv. þm. gerðum. Það er kannski svolítið fróðlegt að fara yfir þessi afbrigði og velta fyrir sér þeirri spurningu hvort þetta atkvæðagreiðslufyrirkomulag hafi svo margt fram yfir það fulltrúalýðræðiskerfi sem er innan verkalýðsfélaganna í dag. Um leið bið ég hæstv. ráðherra að svara eftirfarandi spurningu: Hefur hæstv. ráðherra verið virkur félagi í stéttarfélagi eins og t.d. ASÍ eða BSRB? Hefur hann tekið þátt í störfum þessara félaga?

Ef hæstv. ráðherra vill standa við hlið mér í pontunni, er það velkomið. (**Félmrh.:** Ég hef nú ekki hugsað mér það en ég held þeir standi bara sitt hvorum megin við þig.) Þurfa hæstv. ráðherrar að víkja úr salnum?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur orðið við þeirri ósk að hæstv. ráðherra víki hér úr salnum til þess að taka við tilteknum hlutum úr hendi forustumanna verkalýðshreyfingarinnar.)

Er þá ekki rétt að við gerum hlé á fundi á meðan?

(**Forseti** (StB)**:** Ef hv. þm. sættir sig við það. Þetta tekur örstutta stund.)

Ég sætti mig fullkomlega við að hæstv. ráðherrar fari og taki við ályktunum eða öðru frá verkalýðshreyfingunni. Það finnst mér gott. En ég sætti mig hins vegar ekki við að þurfa að tala hér á meðan. Ég óska því eftir því að fá að gera hlé á ræðu minni þar til þeir koma aftur í salinn.

[15:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti telur rétt að gera stutt hlé. Það verður gert 10 mín. hlé á fundinum. Fundinum er frestað til kl. 15 mín. fyrir fjögur.

[Fundarhlé. — 15:33]

[15:44]

Margrét Frímannsdóttir (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég sé að það hlé sem hér var gert og sú ályktun sem hæstv. ráðherra fékk í hendur og ég hef hér er enn ein staðfestingin á því hversu mikið hyldýpi er á milli þess skilnings sem hæstv. ráðherra leggur í samráð og hins vegar verkalýðshreyfingin og aðrir þeir sem um þetta mál hafa fjallað. En hér er ályktun formannafundar ASÍ um það frv. sem við höfum hér til umræðu og ég tel sjálfsagt, virðulegi forseti, að lesa hana upp. Þar segir, með leyfi forseta:

„Formannafundur ASÍ haldinn á Hótel Sögu, föstudaginn 22. mars 1996, fordæmir harðlega þann yfirgang ríkisstjórnarinnar sem birtist í tilraun til að þröngva fram breytingum á vinnulöggjöfinni án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi og hafa þar með rofið áratuga sátt um þróun samskiptareglna á vinnumarkaði. Um slík vinnubrögð verður engin þjóðarsátt. Formannafundur ASÍ telur að fyrirliggjandi frumvarp sé árás á verkalýðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann. Flestar hugmyndir í frumvarpinu rýra sjálfstæði stéttarfélaga og minnka völd einstaklinganna í verkalýðsfélögunum þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að. Frumvarpið byggir á vanþekkingu á málefnum íslensks vinnumarkaðar eins og marka má m.a. af hugmyndum um vinnustaðarfélög sem forsvarsmenn bæði samtaka launafólks og atvinnurekenda hafa varað við.

Formannafundur ASÍ krefst þess að frumvarpið verði nú þegar dregið til baka og aðilum vinnumarkaðar verði gefinn möguleiki á að semja um samskiptareglur sín á milli án hótunar um lagasetningu eins og stefnt var að áður en félagsmálaráðherra lagði frumvarpið fram. Sama gildir um önnur frumvörp sem eru í meðferð Alþingis eða væntanleg þangað og fela í sér skerðingu á rétti stéttarfélaga og félagsmanna þeirra.

Formannafundur ASÍ felur miðstjórn að fylgja málinu nánar eftir og leita samstarfs við öll önnur samtök launafólks um allsherjaraðgerðir til þess að hrinda þessari árás. Þá telur fundurinn nauðsynlegt að á næstu dögum verði haldnir fundir á vegum ASÍ sem víðast um landið um þetta mál og aðrar árásir stjórnvalda á hendur launafólki og verkalýðshreyfingunni."

Hæstv. ráðherra. Ætlar ráðherrann enn að halda því fram að fullt samráð hafi verið haft við verkalýðshreyfinguna um þetta mál? Ályktanir frá því í gær frá BHMR um sama mál, í sömu veru, ályktun BSRB frá því í gær um sama mál, í sömu veru. Allar þessar ályktanir sem komið hafa á undanförnum vikum um öll þessi mál ásamt þeim blaðagreinum sem ég vitnaði til hér áðan, allar, mínus viðtöl við hæstv. ráðherra og aðstoðarmann hans, á sama veg. Ekkert samráð, ekkert samráð. Búið að kasta stríðshanskanum inn á vinnumarkaðinn. Og hver gerir það? Hæstv. ráðherra. Ég ítreka spurningu mína vegna þeirra fullyrðinga sem koma fram um vinnubrögð verkalýðsforustunnar í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hafa þeir tveir verið virkir félagar í verkalýðsfélagi, annað hvort innan ASÍ eða BSRB, þannig að þeir dæmi um vinnubrögð þessara félaga af eigin reynslu? Ég vil gjarnan fá svar við því.

Virðulegi forseti. Það er þó eitt sem aldrei má gleymast þegar við fjöllum um málefni verkalýðshreyfingarinnar og samskipti aðila vinnumarkaðarins. Mér finnst það hafa gleymst í þessari umræðu og algjörlega í málflutningi hæstv. ráðherra og hv. þm. Það er að skoða sögu verkalýðshreyfingarinnar. Á hverju byggjast réttindin? Hvernig náðust fram þau réttindi sem hér er verið að leggja til að verði afnumin? Það vill nefnilega oft verða þannig að við gleymum því hvernig réttindi sem við búum við eru tilkomin. Og við gerum ekki ráð fyrir því að þau verði af okkur tekin í einu vetfangi. Launafólk hefur öðlast það réttindaumhverfi sem það býr við í dag fyrir áratuga langa baráttu. En sú barátta fór ekki að skila árangri fyrr en launafólk tók að skipuleggja sig í stéttarfélögum og sækja kröfur sínar í nafni samtakamáttar. Áður en launafólk öðlaðist þennan rétt, ég ítreka að ég tala um rétt, var draumaland hv. þm. Péturs H. Blöndals og fleiri postula frjálshyggjunnar til staðar. Þá sömdu allir á einstaklingsgrunni. Þá gat atvinnurekandinn ráðskast með launafólk eins og það væri hans eign, lækkað laun þess ef honum sýndist svo eða gert vel við þá sem honum líkaði vel við. Og þá var það líka þannig að þeir sem vildu fara fram á réttarbætur fyrir sig og sitt fólk voru einfaldlega reknir. Þeir áttu engan rétt á að halda vinnunni ef atvinnurekandinn ákvað að nú skyldu þeir fara og það strax. Við þurfum ekki

að fara langt aftur í tímann til að rifja upp svona sögur. Það er ekki svo ýkja langt síðan.

Við þurfum heldur ekki að fara langt aftur í tímann til að rifja upp baráttu launafólks fyrir því að fá atvinnuleysistryggingar. Það væri kannski hollt fyrir hv. þm. Pétur Blöndal og aðra frjálshyggjumenn í ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. að rifja upp hvernig standi á því að lengi vel var það svo að launafólk í stéttarfélögum átti eitt rétt á að fá atvinnuleysisbæturnar. Það var einmitt vegna þess að launafólk í stéttarfélögum stillti saman strengi sína á sjötta áratugnum og krafðist þess að slíkt kerfi kæmist á. Til þess þurfti langt verkfall sem lauk með yfirlýsingu um það að settur yrði á stofn atvinnuleysistryggingasjóður. Og það var líka þannig að þetta sama launafólk keypti þennan rétt fyrir 1% af launum sínum. Það keypti réttinn, hv. þm. Pétur Blöndal, fyrir 1% af launum sínum. Það er þess vegna einkennilegt að hlusta á hv. þm. titrandi af hneykslan út í yfirgang stéttarfélaganna, gefandi í skyn að verkalýðshreyfingin hafi ekkert gert fyrir sitt fólk í gegnum tíðina. Atvinnuleysisbæturnar voru einmitt teknar hér í gær sem dæmi um þennan yfirgang. En við höfum fleiri bjargvætti litla mannsins, almenna félagsmannsins í stéttarfélögunum sem eru svona kúgaðir af ofurvaldi samtaka sinna. Hæstv. ráðherra atvinnumála, framsóknarmaðurinn Páll Pétursson, telur sig líka að vera að gera gott fyrir einstaklingana í stéttarfélögunum, fyrir hinn almenna launamann í landinu. Hvernig stendur þá á því að ályktun eins og sú sem hér er og var verið að afhenda hæstv. ráðherra verður til? Hvers lags vitleysa er þetta? Og hvernig dettur hæstv. ráðherra í hug að halda fram slíkum málflutningi þegar gervöll verkalýðshreyfingin í landinu hefur risið upp vegna aðfara hans? Hver einasti heilvita maður sér að forsvarsmenn atvinnurekenda eru hæstánægðir með þessi vinnubrögð. Þeir hafa ekki fjölmennt hér hvorki á palla eða fyrir utan húsdyr Alþingis. Þeir eru annars staðar að ráða ráðum sínum og koma með sínar ábendingar.

Í þessari umræðu og reyndar í umræðunum um ríkisfjármálin og kjaramálin á undanförnum vikum hefur verið minnst á Nýja-Sjáland og það hvernig verkalýðshreyfingin þar hefur verið drepin niður með einföldum lagabreytingum. Þess vegna er ótti launafólks og þeirra sem eru í forustu stéttarfélaganna alls ekki ástæðulaus. Nýja-Sjáland er e.t.v. draumaland fjárfestanna í dag en launafólk þar hefur það skítt eftir þær breytingar sem gerðar voru á löggjöfinni. Og formaður Vinnuveitendasambands Íslands hefur lýst því yfir að hann vilji helst koma henni á hér. Laun fólks lækkuðu um 40% á fyrsta árinu eftir breytingarnar og ýmis réttindi hafa verið skert. Sem betur fer hefur hæstv. ríkisstjórn ekki ákveðið að stíga jafnstórt skref og gert var í Nýja-Sjálandi en við skulum ekki gleyma að það þarf ekki mikið til. Þrátt fyrir ítrekuð mótmæli á undanförnum vikum hefur ríkisstjórnin haldið áfram á sömu braut allt frá því að þing kom saman í október og fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Við eigum að forðast mistök eins og þau sem gerð voru á Nýja-Sjálandi gagnvart verkafólkinu. Við eigum ekki að leyfa neins konar íhlutun stjórnvalda í innri málefni stéttarfélaga. Við eigum ekki að stíga þau skref sem ætlunin er að stíga með þessum frv. sem hér hafa verið lögð fram. Vera má að okkur takist í nefndarstarfi eða hér á þingi að stöðva framgang þessara mála ef hæstv. ríkisstjórn verður ekki við þeirri beiðni frá samtökum launafólks að draga þau til baka. Vera má að það takist og það sé rétt sem fram kom í ræðu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í gær. Hann sagðist ekki trúa því að þarna væri innra eðli ráðherrans hæstv. á ferðinni heldur væri þetta fyrst og fremst gert að óskum einhverra annarra og væri hann nánast píndur til þess. Það getur farið svo að aðrir frjálshyggjupostular sem hér hafa líka stigið í ræðustól verði einhvern tíma ráðherrar atvinnumála og þess vegna eigum við að stoppa hér og nú. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson telur það af og frá og ég vildi að rétt væri. Alþfl. mun þá a.m.k. ekki ýta undir að það gerist á næstu árum.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, nefna þau grundvallarréttindi sem verkalýðshreyfingin byggir grundvöll sinn á. Það er sami grundvöllurinn og hefur fært launafólki í Norður-Evrópu besta umhverfið réttindalega séð, það besta sem þekkist. Þessi atriði eru ekki mörg en við getum aldrei látið þau af hendi. Það er rétturinn til að stofna stéttarfélög og ganga í þau, það er rétturinn til að semja sameiginlega til að nýta samtakamátt launafólks gegn ofurvaldi atvinnurekenda, það er bann við íhlutun stjórnvalda og atvinnurekenda í innri málefni stéttarfélaga og það er frjáls samningsréttur. Þessi atriði eru grundvöllur þess að launafólk hefur ekki verið svipt þeim réttindum sem það þó býr við hér á landi. Þessu megum við ekki gleyma, við verðum að hafa þetta í huga og ég tek heils hugar undir þá ályktun sem hæstv. ráðherra var afhent áðan.

[15:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir það af fullum krafti sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hér er verið að rjúfa þá sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði sem ríkt hefur í áratugi. Ég vil benda hv. þm. á atriði sem styður mjög málflutning þingmannsins, bréf sem ég ritaði sem félmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í október 1992 til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til áréttingar á afstöðu íslenskra stjórnvalda til gildis 5. gr. félagsmálasáttmálans. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Áhersla er á það lögð að í 5. gr. félagsmálasáttmálans felist sú höfuðskuldbinding að samningsaðilar skuli tryggja að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi eðlilegan starfsgrundvöll og að milli þeirra ríki ákveðið jafnvægi. Á því er vakin athygli að allgóður friður hefur ríkt um samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði sem ýmist byggjast á settum lögum eða ákvæðum í kjarasamningum. Þar af leiðandi hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár."

Ég skrifaði þetta bréf fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og maður spyr: Hvað hefur breyst? Er það virkilega svo að félmrh. hafi knúið þetta mál í gegn jafnvel í andstöðu við hæstv. forsrh.? Ég held að það hljóti að vera þegar þetta liggur fyrir. Við getum ekki verið slíkir ómerkingar í alþjóðasamskiptum. Við skrifuðum bréf til Evrópuráðsins í fyrri ríkisstjórn þar sem við segjumst ekki ætla að rjúfa þá samstöðu sem ríkt hefur í 50 ár milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglurnar. Því hljótum við í þessari umræðu að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hefur breyst frá því að þetta bréf var ritað 1992?

[16:00]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningunni var beint til hæstv. forsrh. en ég get a.m.k. sagt mitt álit á þessu. Það sem hefur breyst er að Framsókn með fólk í fyrirrúmi er í andstöðu við það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í gær. En e.t.v. hefur

eðli Framsfl. og þeirra sem í honum eru breyst á síðustu mánuðum.

[16:01]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. hefur farið nokkuð hörðum orðum um hæstv. félmrh. Ég vil leyfa mér að benda henni á að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, því nú tel ég að hæstv. félmrh. sé að vinna sitt stærsta afrek á sínum pólitíska ferli, sem sé það afrek að sameina gjörvalla verkalýðshreyfinguna á Íslandi á frjálsum vinnumarkaði og opinbera starfsmenn og félagshyggju- og verkalýðsflokkana saman í eina órofa fylkingu gegn hæstv. ríkisstjórn. — [Lófatak á þingpöllum.]

(**Forseti** (SB): Forseti vill biðja hv. þm. afsökunar en vill jafnframt biðja hv. gesti okkar á þingpöllum að klappa ekki). (**Gripið fram í:** Þingmönnum er sama um það.)

Þetta er hlutur sem ekki hefur tekist hjá merkum mönnum eins og hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og þeim sem hér stendur. En aldrei var því um Álftanes spáð að ættjörðin frelsaðist þar. Ég vil vísa því til hv. 4. þm. Suðurl. að það er sitthvað jákvætt við framgöngu hæstv. félmrh. Það er bara verst ef hann yrði nú undir þeirri skriðu sem hann er að ýta af stað.

[16:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir hið jákvæða sem flokksbróðir minn sem hér hefur talað sér í atferli félmrh. kem ég hér upp í andsvari varðandi þá ályktun formannafundar Alþýðusambandsins sem ræðumaður las hér úr ræðustól Alþingis. Virðulegi forseti. Samkvæmt þeirri ályktun og þeim viðbrögðum sem birtust ríkisstjórn og þingheimi öllum með formannafundinum sjálfum, í þeim hópi fólks sem hér mætti fyrir utan þinghúsið og afhenti forsrh. og félmrh. ályktun sína, sýnist mér að nú eigi ríkisstjórnin og félmrh. að breyta um atferli. Ég fer þess á leit við forseta að þeir eigi viðræður við forsrh. og félmrh. og hvetji til þess að hér verði stansað. Við ljúkum umræðum um þetta mál og frestum því þar til eftir páska. Menn eiga að mæta þeim góða vilja sem látinn var í ljós á tröppum þessa þinghúss fyrir stundu með því að fresta umræðum um þetta mál og freista samkomulags áður en málinu er vísað til nefndar. Með því að láta umræður fara hér fram alveg fram á rauða nótt og knýja fram atkvæðagreiðslu með eða án þátttöku stjórnarandstöðunnar á Alþingi, sýna menn atferli sem er óviðunandi fyrir þingræðið og lýðræðið Ég hvet félmrh. til að láta hér staðar numið.

[16:05]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ábendingu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Hafi eini tilgangurinn verið sá að flýta fyrir sameiningu félagshyggjuflokkanna og launþegahreyfingarinnar hefur það tekist. En auðvitað telst Framsfl. ekki lengur til félagshyggjuflokka. Hafi hæstv. ráðherra haft þetta eitt í huga er óhætt að draga öll frumvörpin til baka, hér og nú.

[16:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sem nefndarmaður í félmn. segja örfá orð í andsvari. Í þessari umræðu hefur mikið verið talað og fullyrt um skort á samráði við aðila vinnumarkaðarins. Maður veltir því fyrir sér hvenær samráð sé nægjanlegt og hvenær því ljúki. Nægir ekki að hafa 48 fundi, eða hvað? Hvað þurfa þeir yfirleitt að verða margir til að menn geti náð saman? Ég held að það sé óhætt að segja að verkalýðshreyfingin eigi einhverja sök á því að það skuli ekki hafa náðst það samráð sem þeir telja nauðsynlegt. Ég held að þeir hafi þumbast við að samþykkja eðlilegar breytingar. Ég er einn af þeim sem tel t.d. ekki eðlilegt að verkalýðsforusta geti kallað saman fáeina félaga sína og boðað svo verkfall í 2.000 manna verkalýðsfélagi. Ég er einn þeirra sem tel að slíkum vinnubrögðum verði að breyta. Þar með er ég ekki að segja að ég vilji samtök verkamanna feig. Fjarri því. Ég tel að samtök verkamanna séu einn af hornsteinum lýðræðisins og því nauðsynlegt að efla þau. Ég vil stuðla að því að lagasetningin verði til þess að auka lýðræði í verkalýðshreyfingunni og færi valdið til fólksins. Það tel ég geta gerst með vinnustaðarsamningum og ég tek sérstaklega fram að ég sé mikinn mun á vinnustaðarsamningum og vinnustaðarfélögum. Það er mikill munur á þessu tvennu og það tel ég að þurfi að skoða í hv. félmn. Einnig tel ég að þar þurfi að skoða þá þröskulda í atkvæðagreiðslum sem talað hefur verið um og verkalýðsforustan sér ýmsa meinbugi á að geti gengið upp. Ég tek einnig fram að hæstv. félmrh. hefur tekið vel undir þær athugasemdir.

[16:08]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. „Hvenær er samráð nægjanlegt? Eru 48 fundir nægjanlega margir fundir?" Það er af og frá að setja þetta svona upp. Nægjanlegt samráð aðila vinnumarkaðarins er það þegar þeir hafa komist að niðurstöðu. Það er ekki nægjanlegt samráð þótt fundirnir hefðu verið 148 þegar ljóst er að 48 fundum loknum er verulegur ágreiningur. Þá á að halda áfram. Það er óviðunandi að ætla þessum launþegahreyfingum, hvort sem það er BSRB eða ASÍ, að skoða frumvörp frá því 15. janúar og fram í febrúarlok um svo veigamikla þætti í starfemi þeirra og segja svo að ef þeir geti ekki klárað þetta á þeim tíma fái þeir bara ekkert um þetta að segja nema í umsögnum til félmn. Alþingis. Þetta er ekki samráð og ég hvet hv. þm. til að fara yfir allar þessar ályktanir. Lýðræðið eykst ekki með þessu frv., svo mikið er víst. Atkvæðagreiðslukerfið með sínum sex afbrigðum eykur hvorki lýðræðið né frelsi einstaklingsins til að hafa áhrif á sín mál innan félagsins. Það er miklu meira í dag og það vitum við sem höfum verið virkir félagar í þessum verkalýðsfélögum og tekið þátt í starfsemi þeirra.

[16:09]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við gengum til þessarar umræðu í gærmorgun undir gríðarlega hörðum mótmælum stjórnarandstöðunnar. Þá hafði þessu máli verið dreift einungis degi áður en þetta er eitt flóknasta og viðamesta málið sem við fáum til umfjöllunar á þessu þingi. Við sögðum strax þá, stjórnarandstaðan, að við værum vanbúin til þessarar umræðu. Við óskuðum eftir góðu samstarfi við forsetadæmið um að fá að fresta þessu máli fram yfir páska en ekki var orðið við því. Og hvað hefur gerst síðan, herra forseti? Hér hefur hæstv. félmrh. dottað í stólnum en hver stjórnarandstæðingurinn á fætur öðrum komið og tætt í sundur frv. Það hefur verið sýnt fram á tæknilega agnúa, það hefur verið sýnt fram á brot á ákvæðum þess gagnvart félagsmálasáttmála Evrópu og svo mætti lengi telja. Á meðan hefur hæstv. félmrh. dottað í stólnum og ekki einu sinni komið upp til andsvara vegna

þess að andsvörin eru engin til. Það er ljóst, herra forseti, að stjórnarandstaðan mun notfæra sér sinn lýðræðislega rétt til þess að ræða þetta mál vel og lengi. Við höfum til samkomulags, herra forseti, óskað eftir því að málinu væri frestað fram yfir páska og nú endurtek ég enn einu sinni: Er von til þess að það sé hægt að ná samkomulagi við forsetadæmið um það að málinu verði frestað fram yfir páska? Við gætum þá gengið til okkar frís eins og áður var um samið. Ég spyr forseta þess — og ég veit að hæstv. forseti Ólafur G. Einarsson er hér í hliðarsölum: Er ekki mál til komið að við gerum hlé á þessum fundi og reynum að finna fram úr því hvort ekki sé unnt að ná samkomulagi um að fresta þessu máli, sem er gallað, sem er umdeilt og sem hefur gervalla verkalýðshreyfinguna á móti sér?

[16:11]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í umræðunni áðan var vakin athygli á bréfi sem fyrrverandi félmrh. ritaði fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Þar sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar af leiðandi hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár."

Þetta var einnig ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og ég fer þess á leit við hæstv. forseta að forsrh. svari þessu. Hér hafa komið fram mjög sterkar ábendingar um að við séum að ræða frv. sem brýtur í bága við alþjóðasamninga. Það er ekki hægt að vera með umræðu á þeim grundvelli á hinu háa Alþingi. Ég geri kröfu til þess, herra forseti, að forsrh., sem er víst hér í húsinu, komi í salinn og svari fyrir þennan þátt málsins. Það á að taka þetta mál út af dagskrá vegna þeirra röksemda sem hér hafa komið fram. A.m.k. á að gera hlé á þessum fundi svo menn geti farið yfir þennan þátt málsins. Það gengur ekki, herra forseti, að hér sé verið að knýja fram lagasetningu sem er ekki einungis í andstöðu verkalýðshreyfinguna heldur líka í andstöðu við lög og alþjóðasamninga. Það gengur ekki. Alþingi Íslendinga er misboðið með þeim málflutningi sem kemur fram í þessu frv. og ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til að það verði ekki haldið lengur áfram á þeirri braut.

[16:13]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í umræðunni urðu þau tíðindi í gær að einn hv. þm. Sjálfstfl., Guðmundur Hallvarðsson, lýsti sig andvígan því frv. sem hér er flutt sem stjfrv. Og nú rétt áðan kom annar sjálfstæðisþingmaður, hv. þm. Kristján Pálsson, og í seinni hluta ræðu hans var ekki að skilja annað en að hann væri einnig andvígur málinu að verulegu leyti og vildi gera á því breytingar. Þá hefur það einnig gerst í dag að formannafundur Alþýðusambands Íslands eða fulltrúar formannafundar hafa gengið á fund forsrh. og gert honum grein fyrir því að nú standi til að boða til fjöldafunda um allt land til að hnekkja þeirri ákvörðun sem hér á að ganga fram. Það vekur athygli mína, hæstv. forseti, að forsrh. er ekki viðstaddur. Það hefur áður gerst að hæstv. forsrh. hafi gripið fram fyrir hendurnar á ráðherrum sínum þegar hann hefur talið of langt gengið og að sögn Sverris Hermannssonar ríkisbankastjóra snúið þá í sundur eins og fúaspýtur. Það er því full ástæða til þess, virðulegi forseti, að gera nú örstutt hlé. Ég óska eftir því að forsrh. gangi í salinn svo hægt sé að spyrja hann að því hver séu viðbrögð hans sem oddvita ríkisstjórnarinnar við þeim áskorunum sem honum hafa verið afhentar í dag af hálfu Alþýðusambands Íslands. Er það vilji hæstv. forsrh. að stefna þjóðinni í þau átök sem fram undan eru eða er hann tilbúinn til að beita handaflinu einu sinni enn á ráðherra sína og snúa fleiri í sundur en hæstv. fjmrh.?

[16:16]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill nú benda hv. þm. á það að hér hafa verið í gangi umræður um dagskrármálið. Þar gefst að sjálfsögðu tækifæri til að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Það gerist ekki í umræðum um fundarstjórn forseta. Þannig að ef við ætlum að halda þessari umræðu áfram og fá fram svör ráðherra þá er besti kosturinn að halda umræðunni um fundarefnið áfram.

[16:16]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að það sem hér hefur verið til umræðu snerti vissulega fundarstörfin, störf þingsins. Þetta mál kom hér inn á borð ríkisstjórnarinnar í slíku offorsi og hraða að þingmenn gátu vart gefið sér tíma til að kynna sér það. Það er það sem við erum að ræða hér. Það hefur ýmislegt verið gert til að koma hreinlega í veg fyrir að hér fari fram lýðræðisleg umfjöllun um þetta mál. Hæstv. stjórnarþingmenn hafa varla látið svo lítið að láta sjá sig hér í þingsölum nema einn og einn og þá einna helst til þess að koma nú að varfærnislegum athugasemdum og efasemdum sínum um frv. Það er svo sem ágætt út af fyrir sig. (Gripið fram í.) En lýðræðisleg umræða hefur ekki verið tryggð um þetta mál. Hvers vegna liggur svona gífurlega mikið á? Ég vil þess vegna taka undir það sem hér hefur komið fram og taka undir orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um það að hæstv. forsrh. svari því hvað hann ætlar að gera í þessu máli og hvort ekki sé kominn tími til að doka við.

[16:17]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra orða sem hér féllu af forsetastóli vil ég ítreka að það er verið að fara fram á að þessu máli verði frestað. Það er sú beiðni sem hér liggur fyrir. Það er m.a. vegna þess, hæstv. forseti, að hér áðan komu fram mjög merkilegar upplýsingar frá hv. fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur. Það tengist reyndar ýmsu því sem áður hefur verið bent á hér í umræðunni, þ.e. spurningunni hvort með því frv. sem hér er verið að ræða sé verið að brjóta félagsmálasáttmála Evrópu. Það er sú stóra spurning sem hér liggur fyrir. Það kemur m.a. fram í bréfi sem vitnað var til hér áðan að túlkun íslenskra stjórnvalda er sú að í 5. gr. félagsmálasáttmálans felist sú höfuðskuldbinding að samningsaðilar skuli tryggja að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi eðlilegan starfsgrundvöll og að á milli þeirra ríki ákveðið jafnvægi. Hæstv. forseti. Hér er verið að raska þessu jafnvægi. Það er verið að því. Það kemur einnig fram hér að þáv. ríkisstjórn hafi ekki fyrirhugað neinar breytingar. Hvers vegna er verið að gera þessar breytingar? Við verðum að fá svör við þessu. Það er eindregin ósk stjórnarandstöðunnar að þessu máli verði frestað, hæstv. forseti.

[16:19]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Það hefur komið fram ósk um að fundinum verði frestað. Forseti hyggst verða við þeirri ósk. Verður fundinum frestað í 15 mín.

[16:19]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þá fara þess á leit við hæstv. forseta, að þegar fundur hefst að nýju verði hæstv. forsrh. viðstaddur svo hægt sé að spyrja hann hvaða viðbrögð hann hyggist viðhafa vegna ályktunar fundar formanna Alþýðusambands Íslands sem honum hafa verði kynntar.

[16:19]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. formenn þingflokka að mæta á skrifstofu forseta þingsins. Fundinum er frestað í 15 mín. til kl. 16:35.

[Fundarhlé. — 16:20]

[17:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem til mín var beint hér úr þessum ræðustól fyrir skömmu vil ég geta þess að forseti Alþýðusambandsins og fulltrúar af formannafundi Alþýðusambandsins afhentu okkur hæstv. félmrh. ályktun formannafundar sambandsins sem var gerð í dag og forseti Alþýðusambandsins fylgdi henni úr hlaði hér fyrir framan Alþingishúsið. Þar gafst tækifæri til þess að svara jafnframt spurningum fréttamanna í viðurvist þessara ágætu fulltrúa um hvaða áhrif ályktunin hefði á gang mála. Við skýrðum frá því sem menn þekkja að ráðagerðir ríkisstjórnarinnar eru þær að málið fái eðlilega afgreiðslu hér við 1. umr. og gangi að henni lokinni til nefndar. Þar verði fjallað um málið og tíminn nýttur í því þinghléi sem fram undan er til þess að aðilum sem að málinu koma, þá ekki síst Alþýðusambandi Íslands, gefist tækifæri og tóm til þess að koma sínum sjónarmiðum og röksemdum og athugasemdum að í málinu. Jafnframt skýrði forseti Alþýðusambandsins frá því að fyrirhuguð væru allvíðtæk fundarhöld á vegum Alþýðusambandsins til að fylgja ályktun þessari eftir. Þetta var það sem gerðist hér í dag í tilefni formannafundar Alþýðusambandsins. Ég tel því eðlilegt að málið haldi áfram, umræður haldi hér áfram og frv. gangi til nefndar með eðlilegum hætti að lokinni 1. umr. Ég tel að þetta þinghlé gefi mjög gott tækifæri til þess að menn fari ítarlega yfir málið og hlusti eftir þeim athugasemdum sem Alþýðusambandið hefur fram að færa.

Varðandi annan þátt sem nefndur var sérstaklega af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þar sem hún vitnar til bréfs sem hún ritaði í nafni þáv. ríkisstjórnar í október 1992, þá er þar fjallað um það að ekki séu ráðagerðir á Íslandi um það að breyta því jafnvægi sem ríkt hafi í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár. Og það er spurt um það og gefið til kynna að með því frv. sem hér liggur fyrir séu menn að ganga gegn því sem þarna er sagt. Ég vek athygli á að svo er ekki vegna þess að í frv. eru menn ekki að færa vald frá Alþýðusambandinu eða verkalýðshreyfingunni til Vinnuveitendasambandsins. Það er ekki verið að færa vald frá þessum aðila til Vinnuveitendasambandsins. Hins vegar eru menn að breyta fyrirkomulagi innan raða beggja aðilanna, bæði hjá Alþýðusambandinu og verkalýðsfélögunum og eins hjá Vinnuveitendasambandinu. Þannig að í mínum huga er jafnvægið milli þessara aðila ekki að raskast. Það er ekki hægt að færa rök fyrir því. En að sjálfsögðu mun sú hv. nefnd sem málið fær til meðferðar skoða þetta alveg sérstaklega þar sem á því hefur verið vakin athygli hér í þessum ræðustól.

[17:04]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir skömmu stóð til af hálfu eins hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni að knýja í gegnum þingið skerðingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna í mikilli andstöðu við þá. Við það tækifæri hjó hæstv. forsrh. á hnútinn með því að lýsa því yfir að slíkt yrði ekki gert nú í andstöðu við viðkomandi launþega. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. og þakka honum fyrir þær upplýsingar sem hann gaf í ræðu sinni hér áðan: Er hann reiðubúinn til þess við þær aðstæður sem honum eru nú ljósar að gefa þau fyrirheit til Alþýðusambands Íslands að þetta mál verði ekki knúið í gegn í andstöðu við Alþýðusambandið? Ég bendi hæstv. forsrh. á að tveir þingmenn úr hans eigin flokki lýstu hér rétt áðan, annar andstöðu við frv. og hinn vilja til umtalsverðra breytinga á því. Þannig að það er ekki einhugur í hans eigin flokki um frv. Ég ítreka spurningu mína: Er hann reiðubúinn til að skýra frá því hér og nú að hann muni beita sér fyrir því að frv. verði ekki knúið í gegnum Alþingi í fullri andstöðu við Alþýðusambandið?

[17:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því dæmi sem hv. þm. nefndi varðandi lífeyrissjóðsmálin var staðan sú og því hafði verið lýst yfir af hálfu ríkisstjórnar og þar á meðal af minni hálfu, að það stæði ekki til að skerða áunnin réttindi manna með því frv. Hins vegar voru færð fram gild rök fyrir því að frv. í þeim búningi sem það var þá í gæti einmitt leitt til þess að áunnin réttindi yrðu skert. Við þær aðstæður taldi ég alveg útilokað að málið gengi lengra og menn yrðu að fjalla um það, ná um það sátt. Ég hygg að það sé reyndar svo að flestir þeir sem að málinu koma telji nauðsynlegt að lífeyrismál opinberra starfsmanna komi til sérstakrar athugunar. Mál eins og þau standa þar nú geta ekki gengið fram með óbreyttum hætti. En það þarf að skoða og gæta þess að ekki sé verið að taka af mönnum áunninn rétt þeirra, ég gat þess sérstaklega.

Varðandi hitt málið, athugasemdir Alþýðusambandsins og frv. sem hér er til meðferðar, þá er það alveg ljóst að í meðferð nefndarinnar hefur enginn útilokað breytingar á frv. Það hefur hæstv. félmrh. ekki gert. Það hefur enginn gert. Ég hef þegar sagt hér að menn muni skoða þau atriði sem bent hefur verið á sérstaklega og nefnt bréf sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vakti athygli á, sem ég tel ekki breyta málinu en verði að skoða sérstaklega. Auðvitað verða athugasemdir Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins skoðaðar rækilega í nefndinni. Þannig að við munum leita ákveðinna leiða til þess að sem mest sátt geti ríkt um málið. En það er ætlun ríkisstjórnarinnar að þetta mál nái fram að ganga nú í vor.

[17:08]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill munur á áunnum réttindum og lögbundnum réttindum, lögbundnu réttindunum í hag. Það sem hér stendur til er að skerða lögbundin réttindi í lögum frá 1938. Það er talsvert mikill munur á því við þessar aðstæður hvaða skilaboð verkalýðshreyfingin fær. Spurningin sem ég ítreka er þessi: Ætlar ríkisstjórnin að semja við alþýðusamtökin um afgreiðslu þessa máls þannig að þau verði ekki afgreidd í ófriði við ASÍ eða ekki? Ef ekki stendur til að semja við Alþýðusambandið og alþýðuhreyfinguna er það alveg ljóst að það stefnir í átök. Ef hins vegar hæstv. forsrh. er reiðubúinn að gefa hér þá yfirlýsingu að

þetta mál verði ekki afgreitt á þessu þingi í fullri andstöðu við Alþýðusambandið, vita menn að það er verið að rétta fram sáttarhönd. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh.: Getur hann ekki gefið Alþýðusambandinu fyrirheit um það að málið verði ekki knúið í gegn í fullri andstöðu við alþýðuhreyfinguna?

[17:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ég hafi talað afar skýrt í svari mínu hér áðan. Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að lagfæra þær verklagsreglur sem á vinnumarkaðnum gilda. Við teljum að með frv. séu menn einmitt að því. Á frv. eins og öðrum mannanna verkum kunna að vera hnökrar, kunna að vera gallar. Og auðvitað mun hv. nefnd hlusta á athugasemdir Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins eftir því sem þær kunna að berast og eftir því sem þær réttlæta, taka mið af því. Það hefur enginn útilokað að hlusta á þessar raddir og eiga samráð við þessa aðila nema síður sé.

[17:10]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kemur hæstv. forsrh. hér og segir það sama og hæstv. félmrh. hefur verið að reyna að segja okkur í tvo daga. Raunveruleikinn er ekki sá sem þið sjáið og sem þið heyrið, hann er allt annar. Það er ekki verið að gera neitt sem brýtur í bága við réttindi launafólks eða réttindi samtaka launafólks. Þetta er greinilega allt tómur misskilningur. Þrátt fyrir það að gjörvöll verklýðshreyfingin hafi nú risið upp í andstöðu gegn áformum ríkisstjórnarinnar.

Á það hefur verið bent hér af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ríkisstjórn Íslands, fyrri ríkisstjórn hæstv. ráðherra Davíðs Oddssonar hafi sérstaklega áréttað skilning sinn á félagsmálasáttmála Evrópu í bréfi. Á það hefur verið bent að bréfið hafi verið sent inn til Evrópuráðsins í tengslum við tiltekið mál. Ég vil árétta það sem reyndar kom að hluta til fram í máli hv. þm. að hér er um alvarlegt mál að ræða því hér er ekki aðeins um að ræða bréf sem félmrh. sendir heldur bréf sem er sent í tengslum við dómsmál sem var til meðferðar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu á sínum tíma og má því líta á þess vegna sem réttarfarslega skuldbindingu af Íslands hálfu í málinu. Þar segir að ríkisstjórnin hafi ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunni að raska því jafnvægi sem ríkt hafi í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár. Telur hæstv. ráðherra þetta virkilega ekki skipta neinu máli? Ber hann ekki meiri virðingu fyrir alþjóðlegum skuldbindingum og alþjóðlegum samningum en svo? Ég vil líka árétta það að í umræðunni hefur einnig verið á það bent að þessi frv. sem hér hafa legið frammi séu mjög líklega íhlutun í innri málefni stéttarfélaga og þar af leiðandi í andstöðu við alþjóðlega sáttmála sem íslenska ríkið er skuldbundið af. Ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh.: Ber hann ekki meiri virðingu fyrir alþjóðlegum skuldbindingum en þetta?

[17:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað ber ég, sem aðrir þingmenn og aðrir ráðherrar, virðingu fyrir skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir. Ég þykist kannast við þetta bréf, hv. þm. Ég hygg að það hafi verið sent í samráði við mig á sínum tíma og ég kannast við það. En ég sagði hér áðan að mér sýndist að frv. sem við erum hér að ræða raskaði ekki því jafnvægi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem félmrh., undirstrikaði að ekki stæði til að raska, í bréfi sínu. Þetta er mitt mat. En ég segi jafnframt að auðvitað mun nefndin skoða þessa þætti og aðrar ábendingar sem hv. þm nefndi hér áðan, þar sem hún telur að frv. í núverandi mynd brjóti í bága við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. Auðvitað þarf nefnd að skoða slík atriði. Slíkt verður aldrei útrætt hér í salnum. Það þarf að fara yfir það með sérfræðingum og ræða það sérstaklega í hv. nefnd. Það er hinn eðlilegi og rétti vettvangur. Alþingi getur ekki afsalað sér þeim rétti og þeirri skyldu að setja lagaramma um jafnmikilvægan málaflokk og þýðingarmikinn fyrir þjóðfélagið allt eins og þennan.

[17:14]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er enn og aftur haldið fram af hæstv. forsrh. að jafnvæginu á vinnumarkaði hafi ekki verið raskað, þ.e. að því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár hafi ekki verið raskað.

Ég vil biðja hæstv. ráðherrann um að líta hér upp á þingpalla. Svona hefur mönnunin verið hér á þingpöllum undanfarna daga út af þeim frv. sem hafa verið til umræðu og enn heldur hæstv. forsrh. því fram að ekki sé um neina röskun að ræða á því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Það er sjaldan sem sést hefur jafnmikil eining í verkalýðshreyfingunni og einmitt nú. En enn heldur hæstv. ráðherra því fram að hér sé ekki um röskun á samskiptum aðila vinnumarkaðarins að ræða. Það er undarlegur veruleiki þykir mér.

[17:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á þeirri staðreynd að það að við höfum svo fjölmarga góða gesti á þingpöllum staðfesti að í frv. sé raskað jafnvægi á vinnumarkaði á milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Mér er alveg fyrirmunað að koma því inn í minn ferkantaða lögfræðingshaus að svo sé. Mér er alveg fyrirmunað að átta mig á því.

Ég sé ekki að frv. ríkisstjórnarinnar sem hæstv. félmrh. fylgir hér úr hlaði, raski á nokkurn hátt jafnvægi þessara tveggja aðila sem getið er um í bréfinu. Það er hins vegar tilfærsla og breytingar hjá báðum aðilum. Nýjar verklagsreglur og vinnureglur settar. Það er allt önnur saga.

[17:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. forsrh. ekki lesa rétt í skuldbindingu ríkisstjórnarinnar frá 1992 sem ég lít svo á að núv. ríkisstjórn sé skuldbundin af. Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um, eins og bent hefur verið á, réttarfarslega skuldbindingu íslenska ríkisins á alþjóðlegum vettvangi. Við erum að tala um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gagnvart alþjóðlegum dómstólum. Þetta er vörn í dómsmáli sem íslenska ríkið hlýtur að vera skuldbundið af hvort sem það er fyrrv. ríkisstjórn eða núv. ríkisstjórn.

Hvað er hér verið að gera? Hér er einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar verið að grípa til aðgerða í fullkominni andstöðu við launþegahreyfinguna en í þökk hins aðilans, atvinnurekandans. Hér er verið að ganga erinda atvinnurekenda. Ég fullyrði, hæstv. forseti, að hæstv. félmrh. verður kallaður á sakabekkinn hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni nái þetta mál fram að ganga.

Ég tel því, virðulegi forseti, að þessi skuldbinding sé ekki eins léttvæg og hæstv. forsrh. lætur í veðri vaka. Hv. Alþingi verður að taka þessa skuldbindingu alvarlega eins og hún er sett fram. Annars verðum við marklaus á alþjóðavettvangi.

[17:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hvorki sagt að þessi yfirlýsing sé léttvæg né heldur hef ég sagt að það að þó ný ríkisstjórn sé í landinu, þá sé hún ekki bundin af því sem aðrar stjórnir hafa gert í ríkisins nafni. Það hef ég ekki sagt. Ég hef eingöngu sagt að ég fæ ekki séð að frv. sem fyrir þinginu liggur raski því jafnvægi á milli aðila á vinnumarkaði sem hér er nefnt sérstaklega. Ég geri ekkert lítið úr þessu máli, þýðingu þess efnislega. Það flögrar ekki að mér að segja að við ríkisstjórnarskipti í einu landi hverfi skuldbindingar, það sem ríkisstjórn sem áður sat hafi gert. Jafnvel þó enginn ráðherra sem sat þá væri í ríkisstjórn sem nú situr, þá erum við jafnbundnir engu að síður. Það breytir engu. Ég nefni það ekki. Ég segi eingöngu: Ég hef lesið þenna texta. Ég sé ekki að jafnvægið milli aðila vinnumarkaðarins hafi raskast með því frv. sem hæstv. félmrh. hefur flutt.

[17:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. forsrh. hefur ekki verið í þingsalnum hvorki í gær né dag til að hlýða á þær umræður sem hér hafa farið fram. Hér hafa margir þingmenn í stjórnarandstöðunni komið fram og sýnt fram á að það er verið að raska því jafnvægi sem ríkt hefur á vinnumarkaðinum. Og það gefst auðvitað ekki tími til þess í andsvari að fara yfir það lið fyrir lið. En ég held að við hljótum að óska eftir því og gera kröfu til þess að hæstv. forsrh. verði viðstaddur umræðuna þangað til henni lýkur til þess að fylgjast með því sem hér fer fram. Þá kannski sannfærist hann um að það er verið að raska jafnvægi milli aðila vinnumarkaðarins. Og þó við ekki nema bara töluðum um vinnubrögðin sem viðhöfð eru í þessu máli þá eru þau til skammar og hér fer ríkisstjórnin með offorsi gegn verkalýðshreyfingunni í landinu. — [Lófatak á þingpöllum.]

(**Forseti** (ÓE): Samkvæmt þingsköpum ber áheyrendum að vera hljóðir á þingpöllum.)

[17:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist á mynd í Morgunblaðinu í dag að það hafi ýmsir fleiri verið fjarstaddir umræður en ég, þó merkar séu. Það er ástæða til að ítreka það vegna slíkra myndbirtinga sem eru ekkert óeðlilegar, þá sýnir hún ekki að ráðherrar eða þingmenn fylgist ekki með því sem hér fer fram. Ég tel mig hafa fylgst með drýgstum hluta þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram þó ég hafi verið staddur kannski á öðrum vinnustað. Við erum núna sem betur fer þannig tæknivædd að við náum að fylgjast með umræðum hér í jafnmikilvægum málum. Mér dytti ekki í hug annað mín vegna en að leitast við að fylgjast með eins miklu af þessum umræðum og mögulegt er.

[17:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið vakin athygli á því að það eru þéttskipaðir þingpallarnir fulltrúum úr verkalýðshreyfingunni. Það er enginn frá VSÍ, enginn frá Vinnumálasambandinu, enginn frá Verslunarráðinu. Þar á bæ vita menn (**Gripið fram í:** Hvar er Villi?) að ríkisstjórnin er að gera rétta hluti. Ríkisstjórnin er að fara að fyrirmælum sem gefin hafa verið í Garðastræti. Ríkisstjórnin er að fara að fyrirmælum sem atvinnurekendur hafa gefið henni.

Hins vegar eru að gerast mjög merkileg og slæm tíðindi. Ríkisstjórnin ætlar að virða að vettugi óskir og kröfur gervallrar íslensku verkalýðshreyfingarinnar um að skerðingarfrumvörpin illræmdu verði tekin þegar í stað út af borðinu, ekki frestað heldur tekin þegar í stað út af borðinu. Það er krafan. Nýsjálenski sérfræðingurinn og ráðgjafinn í frjálshyggju sem ríkisstjórnin fékk hingað til lands í vetur sagði að þeir ættu að gera þrennt: Leiftursókn, ekkert samráð og hlustið ekki á mótmæli. Þeir virðast ætla að fara í einu og öllu eftir nýsjálenska frjálshyggjupostulanum.

(**Forseti** (ÓE): Forseti verður nú að láta þess getið að það var svona á mörkunum að þetta væri andsvar við ræðu hæstv. ráðherra.)

[17:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Til þess að jafnvægiskenning hæstv. forsrh. um að frv. væri jafnvont fyrir báða aðila gengi upp, þá ætti auðvitað að vera hér á pöllunum Þórarinn Viðar arfavitlaus við þrítugasta mann, en ég sé hann hvergi. Ég held að mönnunum lýsi því nefnilega ágætlega hvernig menn meta frv. úti í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh. misskilur málið algerlega. Krafan er ekki um það að Alþýðusamband Íslands eða verkalýðshreyfingin fái að senda inn umsögn um þingmálið. Það hefur engum dottið það í hug að þeir fengju það ekki, að það væri búið að svipta þá málfrelsi. Krafan er um það að frumvörpin verði kölluð til baka. Ef það er ekki gert lítur verkalýðshreyfingin svo á að það sé búið að hafna samráði við hana. Spurningin er þess vegna þessi, hæstv. forsrh.: Ætlar ríkisstjórnin að kalla frumvörpin til baka og taka á nýjan leik upp stjórnmálasamband við verkalýðshreyfinguna eða ekki? Já eða nei. Það þýðir ekkert að vera að fara í kringum þetta eins og köttur í kringum skál með heitum graut. Já eða nei. Ætlar ríkisstjórnin að kalla frumvörpin til baka og taka upp stjórnmálasamband á nýjan leik við verkalýðshreyfinguna eða ekki?

[17:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það minnti mig á að hv. þm. sagði að það væri eins og hann væri að fara sem grautur í kringum heitan kött í málflutningi sínum hér áðan. (**SJS:** Hefur forsrh. séð það gerast?) Þetta er afar fræg tilvitnun sem ég hugsa að hv. þm. þekki því að hann er margfróður vel eins og ég hef séð í spurningaþáttum, sem rifjuð var upp vegna ævisögu Hannesar Hafsteins á sínum tíma. Ég get bent hv. þm. á þetta og hann getur þá notað það í næsta spurningaþætti ef hann þekkir ekki þessa frægu tilvitnun. (**SJS:** Þakka.)

En vegna þess sem hv. þm. sagði, þá er ekki nein ástæða til þess að draga þá ályktun af því að ríkisstjórnin vilji ljúka máli á þinginu um verklag á vinnumarkaði, að ríkisvaldið vilji ekki á sama tíma hafa samráð og samvinnu við Alþýðusamband Íslands og einstök aðildarfélög þess og sambönd. Auðvitað vill ríkisstjórnin gera það og er sannfærð um að það leiði fremur til þess að frv. fari hér í gegn farsællega að enginn aðili hafni því að slíkt samstarf megi eiga sér stað. Við viljum slíkt samstarf og munum leita eftir slíku samstarfi. En jafnframt eins og ég hef sagt, þá er það vilji ríkisstjórnarinnar að hér verði afgreiddar verklagsreglur á vinnumarkaði í þeim búningi sem hæstv. félmrh. hefur kynnt. En við erum

auðvitað ekki búnir að hafna einu eða neinu samráði um meðferð málsins á vettvangi hins háa Alþingis.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar yfirlýsingar, þessi svör hæstv. forsrh. eru mjög alvarleg í ljósi þess hvernig málið liggur fyrir. Það segir í ályktun formannafundar Alþýðusambands Íslands í fyrsta lagi, að stjórnvöld hafi gefið yfirlýsingu með sínum vinnubrögðum um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi. Það liggur fyrir að verkalýðshreyfingin lítur svo á að ríkisstjórnin sé að hafna samstarfi við verkalýðshreyfinguna um þróun löggjafar fyrir vinnumarkaðinn. Í öðru lagi telur formannafundurinn frumvörpin vera árás á verkalýðshreyfinguna og í þriðja lagi er krafan sú að þau verði dregin til baka þannig að á nýjan leik geti hafist samskipti þessara aðila á eðlilegum jafnræðisgrundvelli. Það er krafan. Hún liggur algerlega klár fyrir. Og það er alveg sama hvernig hæstv. forsrh. reynir að koma sér undan því að svara þessu, hvort sem hann segir hér gamansögur eða talar óljóst, það dugar ekki. Þetta mun verða krafan og ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að axla þá ábyrgð annaðhvort að fara í þetta stríð við verkalýðshreyfinguna eða bakka og draga frumvörpin til baka. Ég hvet hæstv. forsrh. til að ana ekki lengra út í ófæruna, hugsa sinn gang og best væri auðvitað að hann sæi strax að sér og gæfi hér yfirlýsingu um að frumvörpin verði kölluð til baka.

[17:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alls ekki fallist á að ég hafi talað óskýrt úr þessum ræðustól. Ég hef margítrekað að vilji ríkisstjórnarinnar standi til þess að frv. verði að lögum á þessu þingi. En við höfnum ekki að skoða réttmætar og eðlilegar athugasemdir þeirra aðila sem best til þekkja. Við viljum ýta undir samráð af því tagi og ekki hafna því. Við erum sem sagt ósammála því sem kemur fram í ályktun formannafundar Alþýðusambandsins að með því að vilja lögfesta þessar leikreglur, þá hafi þessu samstarfi verið hafnað. Við erum ósammála því. Og ég vænti þess að Alþýðusambandið vilji, eins og því ber skylda til, félagsmanna sinn vegna, leita allra ráða og tækifæra til þess að hafa áhrif á þá löggjöf sem hér á að samþykkja. (**SJS:** Það breytir ekki afstöðu verkalýðshreyfingarinnar þó að þið séuð henni ósammála.)

[17:28]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um framhald þinghaldsins að hann mun meta stöðuna núna upp úr sex. Það er engin samstaða um framhald þessa. Það má kannski segja að það sé sátt um að halda áfram en þó í ósætti ef það má orða það svo. En forseti mun meta stöðuna núna upp úr kl. sex.

[17:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum með þá niðurstöðu hæstv. forseta að halda umræðum áfram við þessar aðstæður þó að ég sé raunar þeirrar skoðunar að frestun málsins sé ekki nægileg. Hæstv. félmrh. ætti heldur að sjá sóma sinn í að taka þetta mál út af borðinu og treysta aðilum vinnumarkaðarins til þess að fá niðurstöðu í það. En hér virðast menn ekki tilbúnir til að taka rökum í þessu efni enda virðist mikill meiri hluti hv. Alþingis þess fýsandi að keyra frv. í gegn í fullkominni andstöðu við samtök launafólks og það er miður.

Herra forseti. Eftir tveggja vikna fjarvist frá þinginu kom ég aftur til starfa í gærmorgun og það var nokkuð sérkennileg reynsla. Ég vissi eiginlega ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Það var svo makalaust létt yfir öllum sjálfstæðismönnum sem ég hitti en eins og menn vita er dálítið mikið um sjálfstæðismenn hér á Alþingi, óþarflega mikið finnst okkur nú sumum. En það var sem sagt alveg sérstaklega létt yfir þeim. Þeir voru satt að segja alveg himinlifandi og komu tæpast við gólfið í fögnuði sínum. Og það sem gerði þá svona svífandi glaða var ánægjan með hæstv. félmrh. sem stæði sig svo frábærlega vel í glímunni um vinnulöggjöfina. Fögnuður sjálfstæðismanna að viðbættri ánægju atvinnurekanda með frv. hæstv. félmrh. hefði svo sem nægt eitt og sér til þess að fylla mann tortryggni gagnvart málinu jafnvel þótt ekki hefðu komið fram hörð viðbrögð frá samtökum launafólks sem hafa ekki farið fram hjá neinum manni.

Reyndar eru ekki allir sjálfstæðismenn jafn yfir sig hrifnir og ég verð að segja að mér létti nokkuð við að heyra afstöðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Hann er andvígur þessu frv. og lýsti því yfir í útvarpsviðtali, sem ég heyrði, að það yrði ekki afgreitt á þessu þingi og þeir aðilar sem málið varðaði mundu að hans dómi koma sér saman um breytingar á þessum lögum ef þeir fengju þann tíma sem til þess þyrfti og við skulum vona að hv. þm. þekki til þessara mála. Ég veit fullvel að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ræður ekki einn í þessu máli í Sjálfstfl. en sá flokkur stærir sig af að vera flokkur allra stétta og þingmenn hans hljóta að verða að taka tillit til þess sem eini verkalýðssinninn í þingflokknum hefur um þetta mál að segja. Ég ætla því rétt að vona að álit hans sé rétt og að spá hans rætist. Ég vona að þetta mál verði ekki keyrt í gegn á Alþingi með afli og offorsi meiri hlutans í trássi við vilja að því er virðist flestra eða allra verkalýðsfélaga í landinu. Það væri einstaklega óviturlegt og ég tek undir það sem hefur áður komið fram að það væri auðvitað best að hæstv. forsrh. kæmi í þennan stól og segði af alkunnri röggsemi sinni: Svona gera menn ekki, hæstv. félmrh. Eða það sem væri ekki síðra að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., tæki þá hirtingu að sér.

Eins og hv. þingmönnum er væntanlega kunnugt og muna eftir talaði hæstv. utanrrh. á sl. hausti af miklum skilningi og sáttfýsi um óróann í samtökum launafólks vegna launahækkana þingmanna og ýmissa embættismanna ríkisins. Hann talaði þar um nauðsyn samráðs og varpaði fram þeirri hugmynd að fulltrúar ríkisvaldsins settust að viðræðuborði með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekenda og samtaka launafólks og ræddu möguleika á víðtæku samráði um bætt kjör. Tæplega verður þetta frv. sem við ræðum hér talið heppilegt innlegg í slíkt samráð.

Nú er alls ekki svo að skilja að ég telji ekki þörf á því að endurskoða lögin um stéttarfélög og vinnudeilur og gera einhverjar breytingar á þeim eða með öðru móti að stuðla að breyttum samskiptareglum á vinnumarkaði. Þvert á móti tel ég það mjög nauðsynlegt og var reyndar þeirrar skoðunar að það mál væri í ágætum farvegi þar til sigldi í einhverja kyrrstöðu málsins um miðjan þennan vetur. Það hefur hvarflað að mér að hæstv. félmrh. sé með samningu og framlagningu þessa frv. að ýta svona hressilega við málsaðilum til þess að laða fram eða réttara sagt að þvinga fram niðurstöðu og fá þá til að koma sér saman um lausn. En það kann að reynast torsótt úr því að honum hefur tekist að gleðja svo mjög vinnukaupendur þessa lands og fá samtök launafólk svo rækilega upp á móti sér í málinu.

Sú leið sem hér hefur verið valin, að leggja fram frv. um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er ekki endilega rétta leiðin til þess að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði. Mér finnst raunar öll viðbrögð og atburðir síðustu daga staðfesta að það er ekki rétta leiðin. Hér er um gífurlega mikilvægt mál að ræða sem varðar okkur öll afar miklu og það er aldeilis fáránlegt að ætla að neyta lagalegs aflsmunar í þessu máli. Það var starf í gangi, merkileg og að mínu mati vænleg tilraun til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um lausn. Það er ekki nægileg ástæða fyrir framlagningu þessa frv. að félmrh. væri orðinn þreyttur á að bíða eins og hann orðaði það í umræðum í gær. Maður getur orðið þreyttur, sagði hæstv. félmrh.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki valið rétta leið til þess að takast á við þreytu sína og þvinga fram lausn. Rétta leiðin er að gefa aðilum vinnumarkaðarins tíma og svigrúm til þess að ná saman um friðsamlega lausn. Það er ekki endilega nauðsynlegt að breyta lögunum. Skynsamlegast væri að draga þetta frv. til baka, hvetja og styrkja samtök launafólks og atvinnurekenda til viðræðna og samkomulags án lagasetningar, samkomulags sem nýttist þá við næstu samningagerð því allir eru sammála um að breytinga sé þörf.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um reynsluna af vinnudeilum og samningaferli sem kemur manni stundum fyrir sjónir eins og einhvers konar leikrit með nokkuð fastri hlutverkaskipan og efnistöku. Því miður er reynslan of oft sú að raunverulegar viðræður fara allt of seint af stað, oft löngu eftir að samningar eru lausir. Iðulega gerist ekki nokkur skapaður hlutur langtímum saman, jafnvel vikum saman og allt virðist í óleysanlegum rembihnút. Fjöldi fólks virðist hanga verklaus í karphúsinu dögum og nóttum saman og stundum er mannskapurinn sendur heim eins og til að kæla sig. Svo gerist allt í einu eitthvað sem fáir vita raunverulega hvað er og endirinn er eitthvað sem allir fagna en enginn telst sáttur við. Sjálfsagt verður afar erfitt að breyta þessu en flestir eru sammála um að það sé einmitt brýnasta viðfangsefnið. Að danskri fyrirmynd hafa menn orðið ásáttir um að freista þess að móta ramma um þetta ferli og koma sér saman um reglur sem leiði til þess að samningaferlið hefjist fyrr og vinnubrögð verði markvissari. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á gerð áætlunar um viðræður í upphafi ferlis þar sem aðilar vinnudeilu koma sér saman um skipulag viðræðna og tímasetningar fyrir einstaka efnisþætti, svo og jafnvel um lok viðræðnanna. Þetta er eitt af nýmælunum í frv. og um þetta hefði átt að geta orðið sátt þótt margir telji óþarft að lögfesta það, heldur ætti að nægja samkomulag á milli aðila á vinnumarkaði. Þannig mun þetta vera í Danmörku. Viðræðuáætlun er ekki lögbundinn heldur hefðbundinn þáttur í samningsgerð sem hefur þróast á löngum tíma.

Því miður virðast frumvarpshöfundar engan veginn treysta aðilum vinnumarkaðarins og tekst því miður að klúðra þessu atriði með því að fela sáttasemjara alræðisvald til mótunar viðræðuáætlunar ef deiluaðilar koma sér ekki saman um málið á hálfum mánuði. Þetta gengur auðvitað ekki og verður að hafa annan framgangsmáta með áherslu á samráð og gagnkvæmt tillit og ábyrgð allra aðila.

Það eykur ekki tiltrú á frv. og málið í heild sinni að þannig hafi tiltekist með það atriði sem allir voru í raun sammála um að leggja bæri áherslu á til þess að koma viðræðunum í fastara og árangursríkara form. Hér er um nýjung að ræða en auðvitað enga töfralausn og allra síst ef henni er beitt á þann veg sem frumvarpsgreinin sýnist leiða til.

Ýmislegt fleira í þessu frv. horfir til breytinga en ekki endilega til bóta og sumu er reyndar afar erfitt að átta sig á nema fyrir innvígða. Í aðalatriðum virðist þó vera reynt að draga tennurnar úr launafólki fyrst og fremst og færa aukin völd til sáttasemjara, t.d. í sambandi við miðlunartillögur. Þar er t.d. kveðið á um heimild til sáttasemjara að láta sameiginlega miðlunartillögu ná til allra hópa sem eru með lausa samninga, sumra eða allra og þá án tillits til þess hvort viðkomandi hópar eiga í vinnudeilu eða ekki. Þetta er hið undarlegasta mál og eins og fram hefur komið áður í umræðunum munu Danir hafa fengið á sig kærur frá Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna sambærilegs atriðis enda er um að ræða afskipti og ráðríki, inngrip sem manni virðist gersamlega fráleitt. Þetta er enn eitt atriðið um tilraun til þess að auka vald sáttasemjara á kostnað samningsréttar launafólks.

Það verður líka að teljast afar einkennilegt að í frv. er gert ráð fyrir sex mismunandi tegundum atkvæðagreiðslna og er hreint ekki auðvelt að skilja tilganginn með slíku nema hann sé kannski fyrst og fremst til þess að flækja málið og gera það óskiljanlegt öllu venjulegu fólki. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að í 5. gr. laganna komi ákvæði þess efnis að kjarasamningur gildi frá undirskriftardegi nema hann sé felldur innan fjögurra vikna með meiri hluta greiddra atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem minnst fimmtungur félagsmanna greiði atkvæði gegn samningnum. Reglan um fjögurra vikna frestinn er þó ekki fortakslaus samanber orðalagið „sé ekki á annan veg samið". En þetta er fyrsta tegund atkvæðagreiðslu sem gert er ráð fyrir í frv.

Í sömu grein er einnig gert ráð fyrir að unnt verði að viðhafa almenna leynilega póstkosningu og þá á höfnun fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna ekki við heldur aðeins einfaldur meiri hluti. Hér er sem sagt annað afbrigði af atkvæðagreiðslu í þessu frv. Ef fram fer póstkosning nægir einfaldur meiri hluti.

Enn er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir því að í 5. gr. laganna verði lögfest heimild til þess að hluti félagsmanna sem samningurinn tekur til séu einir atkvæðisbærir um hann að því tilskildu að það komi skýrt fram í samningnum hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu. Slíkur samningur teldist þá aðeins felldur að meiri hluti þátttakenda og minnst einn þriðji hluti atkvæðisbærra manna greiði atkvæði gegn samningnum. Hér er þá komið þriðja afbrigðið um atkvæðagreiðslu ef þetta frv. verður að lögum. Þetta þýðir í rauninni það að því nær sem málin eru félagsmönnum og því minni hópa sem um er að ræða, þeim mun meiri kröfur eru gerðar til atkvæðagreiðslunnar.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um breytingu á 15. gr. laganna, þ.e. um það hvernig staðið skuli að ákvörðun um vinnustöðvun. Þar kemur fram fjórða útgáfan af því hvernig menn eigi að greiða atkvæði því að þar er kveðið á um þátttöku fimmtungs félagsmanna í leynilegri atkvæðagreiðslu og meiri hlutinn ræður þar að sjálfsögðu. Ég legg engan dóm á réttmæti þessa ákvæðis, bendi aðeins á að hér er komin fjórða tegund atkvæðagreiðslu sem kveðið er á um í þessu frv.

Fimmta afbrigðið er svo ef fyrirhuguð vinnustöðvun tekur aðeins til hluta félagsmanna þá er heimilt að þeir einir ráði för sem er náttúrlega eðlilegt en þá er sett það skilyrði að a.m.k. helmingur atkvæðisbærra manna sem vinnustöðvunin taki til taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Aftur er ég ekki að dæma um réttmæti þessara þröskulda en bendi aðeins á að hér er komin fimmta tegund atkvæðagreiðslu í frv.

Loks er svo sjötta tegund atkvæðagreiðslu sem fram kemur í l-lið 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um atkvæðagreiðslu miðlunartillögu. Ákvæðið felur það í sér að miðlunartillaga telst felld ef meiri hluti greiddra atkvæða er mótatkvæði en jafnframt að þessi mótatkvæði séu minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Engin skilyrði eru fyrir þátttöku til stuðnings tillögunni.

Herra forseti. Hér hlýt ég, með góðfúslegu leyfi hæstv. forseta, að vitna til viðtals við Magnús L. Sveinsson, formann Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem birt er í dreifiriti Alþýðusambands Íslands sem fjallar einmitt um þetta atriði. Það hljóðar svo:

„Ráðherra hefur sagt að með þessu frv. eigi að auka vald hins almenna félaga í stéttarfélagi. Þessu er þveröfugt farið að mínu mati. Vald stjórna og samninganefnda er stóraukið. Ég nefni sem dæmi að samningur, gerður af samninganefnd sem í sitja kannski þrír einstaklingar, gæti öðlast gildi þótt ekki einn einasti félagi utan samninganefndarinnar greiddi honum atkvæði sitt ef mótatkvæðin ná því ekki að vera nógu mörg, segir Magnús og bætir við dæmi frá VR:

Þótt 4.000 félagsmenn í VR greiddu atkvæði á móti miðlunartillögu frá sáttasemjara og ekki einn einasti greiddi henni atkvæði sitt þá mundi hún samt sem áður skoðast samþykkt því mótatkvæðin ná því ekki að vera $^1/_3$ félagsmanna. Þeir sem ekki taka afstöðu og taka ekki þátt ráða þannig meiru en þeir sem taka virkan þátt og það finnst mér skrýtið lýðræði.

Þegar kemur að ákvæðum um vinnustaðarfélög bendir Magnús sérstaklega á að þar sé verið að mismuna stéttarfélögum eftir stærð því að í frv. sé gert ráð fyrir minni kosningaþátttöku í minni félögunum en þeim stærri: 250 manna félag stofnað á vinnustað má viðhafa póstkosningu um afgreiðslu kjarasamninga og þá gilda engar reglur um lágmarksþátttöku. En ef VR semur fyrir 250 manna hóp sinna félaga á vinnustað þá er skilyrt að þátttaka sé yfir 50%. Þetta er mismunun og hvati að því að hér verði til fleiri og smærri stéttarfélög sem gengur þvert á þróun undanfarinna ára þar sem félög hafa verið að sameinast til að auka hagræðingu og bæta þjónustuna.

Svo spyr maður sig: Hví eiga önnur lögmál að gilda um afgreiðslu mála hjá stéttarfélögum en almennt í þjóðfélaginu? Ef upp kemur eitthvað það stórmál í landinu sem ákveðið er að fara með í þjóðaratkvæðagreiðslu þá gildir þar einfaldur meiri hluti. Hvers vegna ekki hjá félögum í stéttarfélögum? Þótt auðvitað séu í þessu hlutir sem kannski gætu verið til bóta þá eru öll þessi atriði til þess fallin að gera hreyfingunni erfiðara fyrir við að vinna að bættum kjörum."

Herra forseti. Hér hef ég aðeins drepið á nokkur atriði í þessu frv. og játa það hreinskilninslega að mig vantar töluvert á að hafa gert mér grein fyrir öllum þáttum þess. Það er margt sem krefst nánari athugunar og íhugunar en ég ætla ekki að hafa fleiri orð um einstök efnisatriði. Aðalatriði þessa máls er hvernig staðið er að verki í sambandi við þetta frv. eins og ég rakti fyrr í máli mínu. Það eru mikil mistök. Sú leið að leggja fram frv. um stéttarfélög og vinnudeilur er ekki rétta leiðin að því markmiði að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði. Það er mergurinn málsins eins og landsþekktur heimspekingur segir vikulega.

Ég er sammála hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sem ræddi málið í gær, bæði í útvarpsviðtali og á hv. Alþingi og sagði þá m.a., með leyfi hæstv. forseta, og ég vitna í andsvar hv. þm.:

„Það er mín ósk og ég trúi því að það hefði náðst samkomulag með vinnuveitendum og verkalýðshreyfingunni, að þeir hefðu getað komið sér saman um leikreglur. Ef þeir gera það ekki, þá þýðir ekkert fyrir okkur, hið háa Alþingi, að setja einhverjar leikreglur sem ekki verður farið eftir og binda það í lögum. Það eru auðvitað aðilar vinnumarkaðarins númer eitt, tvö og þrjú sem eiga að koma sér saman um hvernig eigi að starfa, hvernig leikreglurnar eigi að vera."

Ég tek undir þessi orð, herra forseti, og vil ítreka það sem ég sagði fyrr í máli mínu að þetta frv. má ekki keyra í gegn með ofurvaldi meiri hluta Alþingis. Það eru allir sammála um að það er æskilegt og nauðsynlegt að endurskoða og bæta samskiptareglur á vinnumarkaði og til þess er mikill vilji allra aðila. Það var öllum ljóst nema e.t.v. hæstv. félmrh. að það er ekkert áhlaupaverk. Minni og einfaldari verk geta tekið miklu meiri tíma en þetta verk hefur fengið en það er aldeilis óskiljanlegt að hæstv. félmrh. skyldi með framkomu sinni splundra þeim viðræðum og þeirri vinnu sem var sannanlega í gangi. Hér hefði að sjálfsögðu hæstv. forsrh. átt að taka þeirri áskorun sem hann fékk áðan um að taka til sinna gamalkunnu ráða og segja við hæstv. félmrh. sem er vonandi einhvers staðar nálægt, að svona gera menn ekki.

Ég skora á hæstv. félmrh. að taka þetta frv. til baka og treysta aðilum vinnumarkarins til þess að ná samstöðu um þetta mál án lagasetningar. Það er eina vænlega leiðin til að fá farsæla lausn og niðurstöðu í málinu.

[17:53]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir talaði um kæti og fögnuð sjálfstæðismanna út af þessu máli og fann helst að því hvað við værum margir. Vinnulöggjöfina þarf að endurskoða, allir eða flestir eru sammála um það. Það eru breyttir tímar en hér er um að ræða frv. sem ekki er fullkomið og ekki er fullbúið eins og oft hefur komið fram í máli þeirra hæstv. ráðherra, félmrh. og forsrh. Frv. er komið fram í þinginu og þar með hefur þingið forræði á málinu. Nú þarf að gefa sér tóm til að fullvinna það þannig að það geti orðið að lögum sem almenn sátt verði um. Lýðræði getur verið seinlegt. Við þekkjum það hér, þessa dagana og marga daga, en lögmál þess þarf að sjálfsögðu að virða og þau eru virt.

Verkalýðshreyfingin hefur átt sinn góða þátt í svonefndri þjóðarsátt á undanförnum árum og ég legg upp úr því að við hlustum vel eftir röddum úr röðum hennar og athugasemdum. Ekkert hefur hins vegar getað rétt hlut þeirra sem hafa lægst laun í þjóðfélaginu sem eru allt of lág. Það vitum við öll. Væntanleg lög um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þurfa að auðvelda það að hagur þeirra sem minnst bera úr býtum batni. Þess þarf auðvitað að gæta að annar aðilinn hagnist ekki umfram hinn á miðlunartillögum sáttasemjara og það að lokum að ekki má neyta aflsmunar og knýja fram úrslit í háværri andstöðu við annan aðilann.

[17:55]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Hjálmar Jónsson skyldi koma upp og láta aðeins til sín taka. Ég hefði heldur kosið að hann nýtti ekki þann nauma tíma sem gefst til andsvara til þess að láta í ljósi afstöðu sína til þessa máls. Það hefði verið betra að fá frá honum fyllri ræðu, kannski er hann búinn að setja sig á mælendaskrá þannig að það kæmi betur í ljós hvað honum finnst um meginatriði þessa frv. Ég

skildi hann svo að hann teldi að það þyrfti ýmissa breytinga við og það er ágætt ef hann telur það en það væri miklu betra að heyra afstöðu hans til þeirra krafna sem hafa komið fram aftur og aftur frá stjórnarandstöðunni um það að þetta frv. verði dregið til baka svo að aðilum vinnumarkaðarins gefist tími og tækifæri til þess að ná samkomulagi um lausn þessa máls.

[17:56]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þannig að nú er málið komið í ákveðinn farveg og fer eftir þeim farvegi. Það verður hlustað grannt eftir skoðunum og áliti. Hæstv. ráðherrar hafa lýst því yfir og kallað til aðila vinnumarkaðarins og þá aðila sem við teljum ástæðu til að hafa samband við og hafa samband við okkur til þess að ljúka málinu með þokkalegri sátt. Að öðru leyti segi ég amen eftir efninu.

[17:57]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja þetta: Mikil er trú þín, karl.

[17:57]

Útbýting þingskjala:

Mannanöfn, 73. mál, brtt. allshn., þskj. 784.

Sveitarstjórnarlög, 448. mál, frv. HG, þskj. 780.

Tekjuskattur og eignarskattur, 449. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 781.

[17:57]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er rætt ætlar að skapa nokkur þáttaskil í þingstörfum og kannski að valda nokkrum straumhvörfum í þjóðfélaginu á næstu mánuðum. Það er ekki aðeins þetta frv. því að vissulega var búið að leggja steina í þá hleðslu sem ríkisstjórnin er að reyna að byggja upp í sambandi við samskiptareglur á vinnumarkaði, jafnt við opinbera starfsmenn sem við hin almennu samtök launafólks innan Alþýðusambands Íslands og víðar.

Ég tel að þær umræður sem hafa farið fram m.a. í dag séu mjög verðmætar til þess að almenningur í landinu og samtök launafólksins í landinu átti sig í raun á því hvaða möguleikar eru gefnir í gegnum löggjafarvaldið annars vegar og hins vegar varðandi samtök og samtakamátt vinnandi fólks til þess að hafa áhrif á gang mála og til þess að knýja fram niðurstöður. Ég vænti þess að umræður síðustu daga í þinginu hafi gert fólki í landinu ljóst að af hálfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi er reynt af fremsta megni að sporna gegn þeim ólögum sem ríkisstjórnin er að reyna að knýja fram í krafti mikils þingmeirihluta. Menn sjá hvernig gengið er fram af forsrh. landsins á þessum degi, í þessum sal til þess að flýta fyrir þeirri niðurstöðu sem ríkisstjórn hans ætlar að reyna að ná fram fyrir sumarið. Það er boðað að það eigi að freista þess, virðulegur forseti, að ljúka 1. umr. um frv. nú áður en Alþingi tekur sér hlé um páska. Síðan er það hugmynd ríkisstjórnarinnar að nota þetta hlé og bænadagana þar á meðal til þess að leita eftir athugasemdum og bæta stöðu sína til þess að ná málinu fram til lögfestingar fyrir þinglok í vor.

Það hlýtur að vera okkur sem í stjórnarandstöðu störfum alveg ljóst hver er hernaðaráætlun ríkisstjórnarinnar í þessu máli og við hljótum að spyrja okkur að því hvort við teljum það heyra til þingskyldum okkar að leggja nótt við dag í dymbilviku og páskaviku til að hjálpa ríkisstjórninni og þingmeirihluta hennar til að ná landi með þessi ólög. Mér finnst það satt að segja ekki sanngjarnt sem fram á er farið gagnvart Alþingi sem heild, að ætla að taka mál sem tekið er með afbrigðilegum hætti fyrir í þessari viku, knýja það í gegn á þessum klukkustundum til þess síðan að ætla þingnefnd að setjast yfir málið á þeim tveimur vikum eða svo sem gefið er þinghlé á Alþingi.

Þessi frumvörp ríkisstjórnarinnar, og þá á ég m.a. við frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og það sem tengist deilunni varðandi flutning grunnskólans og réttindi starfsmanna hans og síðan þetta frv. hér, eru sannarlega verðmæt kennslustund fyrir Alþingi en ekki síður fyrir fjöldasamtökin í landinu. Ég held að það þurfi að verða öllum ljóst að ef þeim meiri hluta ríkisstjórnar sem situr á Alþingi nú á ekki að takast að koma þessum ólögum fram fyrir vorið með þeirri formlegu afgreiðslu sem hér fer fram, verða allir kraftar í samfélaginu að taka á móti, allir kraftar sem eru andsnúnir þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð og því markmiði sem hér er sett fram.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar og hæstv. félmrh. vísa í starfsáætlun ríkisstjórnar og rétt er það að í því plaggi frá 23. apríl 1995 lesum við að eitt af verkefnunum er, með leyfi forseta: „Að endurskoða vinnulöggjöfina með það að markmiði að stuðla að stöðugleika, ábyrgð samningsaðila og auknum áhrifa einstakra félagsmanna í stéttarfélögum." Þannig er þetta ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar orðað og auðvitað er það svo að við sem höfum fylgst með þessum málum og væntanlega þjóðin öll, höfum gert okkur ljóst að samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. ætlar sér mikið í þessum efnum. Þetta er eitt aðalverkefnið. Þetta er krókurinn sem hæstv. forsrh. bæði fyrrv. og núv. ríkisstjórnar beit á þegar formaður Framsfl. gaf sig fram við hann rétt eftir kosningar í vor og bauð honum upp á samstarf, stjórnarsamstarf. Auðvitað sá hæstv. forsrh. að það væri hægt að nýta Framsfl. í þessu samhengi til þess að ná fram áhugaefnum valdaaðila að baki stjórnmálamannanna í Sjálfstfl. sem þó veigra sér við oft og tíðum að koma fram sem nakinn talsmaður þessara *afla atvinnurekendasamtakanna í landinu, en fagnar því ef* hann finnur einhverja til að etja á foraðið. Og hvar er líklegra að finna þá eins og nú háttar málum en í Framsfl.? Og hvar er nú hæstv. félmrh., virðulegur forseti? Hvar er hæstv. félmrh. og hvar er formaður þingflokks Framsfl. sem ég óska eftir að verði viðstaddur umræðuna?

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður við þeim óskum og lætur kalla á þá báða.)

Virðulegur forseti. Mér finnst það satt að segja hneykslí ef sá sem leggur málið fram formlega af hálfu ríkisstjórnar sér ekki sóma sinn í því að vera viðstaddur án þess að ítrekað þurfi að ganga á eftir. Ég held að það sé mikil nauðsyn á því að þjóðin, sem flestir, átti sig á eðli þessarar ríkisstjórnar, eðli þessa stjórnarsamstarfs.

Við höfum áður, virðulegur forseti, haft samstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. og þær hafa yfirleitt ekki verið fagnaðarefni fyrir hinn breiða fjölda í landinu, síst af öllu launafólkið. Þær hafa gjarnan verið kenndar við helmingaskipti allt frá sjötta áratugnum þegar samstjórn þessara flokka í tveimur ráðuneytum varð fræg fyrir það að deila með sér kjötkötlunum í hermangsstarfsemi í landinu þangað sem atvinnulausu fólki eða fólki að leita sér atvinnu var vísað og þar sem þess var gætt að skipta sem jafnast. Þessi andi helmingaskiptanna svífur enn yfir vötnum í samskiptum þessara flokka í núverandi ríkisstjórn.

Eitt af verkefnum ríkisstjórnarinnar, a.m.k. af hálfu þeirra sem taka undir kröfurnar sem koma frá atvinnurekendasamtökunum í landinu er að tryggja stöðu þeirra samtaka og tryggja stöðu stórfyrirtækjanna í landinu, þar á meðal kolkrabbans margumtalaða. Við sjáum kröfurnar. Við sjáum til hvers er ætlast af hálfu Vinnuveitendasambandsins og talsmanna þess og einnig af hálfu Vinnumálasambandsins sem enn þá er við lýði þó að veldi þess hafi minnkað til muna.

Vegna þeirrar umræðu, virðulegur forseti, sem fór fram áðan með þátttöku hæstv. forsrh. í tilefni af þeim bréfaskiptum sem fram hafa farið og tengjast alþjóðasamykktum og Alþjóðavinnumálastofnununni, þá er það býsna langsótt þegar hæstv. forsrh. segist ekki koma auga á að verið sé að raska jafnvægi milli aðila á vinnumarkaðinum á Íslandi. Menn þurfa ekki að leita lengi vitna í því máli. Í fyrsta lagi vitnar frv. sjálft og efnisþættir þess mjög skýrt um þetta. Í öðru lagi vitna ummæli fremstu forustumanna atvinnurekendasamtakanna á skýran hátt um mat þeirra á frv. Og ég get leyft mér, virðulegur forseti, að vitna til ummæla frá í gær og í dag í málgögnum þessara flokka eða í málgögnum sem hafa túlkað það. Reyndar er það aðeins Tíminn sem hefur að geyma þessar tilvitnanir í Árna Benediktsson, stjórnarformann Vinnumálasambandsins, í gær, þar sem hann kastar steinum í verkalýðshreyfinguna og segir viðbrögð hennar alveg stórfurðuleg og ekki í neinu samræmi við raunveruleikann og bætir við, með leyfi forseta:

„Þar fyrir utan er ekkert sem hindrar það að aðilar vinnumarkaðarins geti ekki rætt málið áfram og komið sér saman um tillögur til breytinga." Það á að setjast að viðræðuborði með þá svipu sem hér liggur á borðum alþingismanna í formi þessa frv. sem er boðað að eigi að lögfesta fyrir vorið. Við þær aðstæður vill formaður stjórnar Vinnumálasambandsins gjarnan setjast og ræða við launafólkið. Og stjórnarformaður Vinnuveitendasambandsins vitnar í Tímanum í dag og, með leyfi forseta, stendur þar í blaði:

„Hann segir að helsti ágreiningurinn um endurskoðun laga um stéttarfélög og vinnudeilur sé hvort aðilar vinnumarkaðarins eigi að reyna að semja um breytingar í formi kjarasamnings eða hvort setja eigi lög."

Taka menn eftir því að ágreiningurinn er um það hvort eigi að reyna að semja um breytingar í formi kjarasamnings eða hvort setja eigi lög og framhaldið er, með leyfi forseta: „Atvinnurekendur telja að lagasetning sé eðlileg vegna þess að þarna sé um að ræða breytingu á lögum fremur en að gera samning sem sumir samþykkja en aðrir hafna." Skilja menn fyrr en skellur í tönnum. Hér er ekki verið að raska jafnvægi milli aðila á vinnumarkaði, segir hæstv. forsrh. þegar forustumenn atvinnurekendasamtakanna í landinu ganga fram með þeim hætti sem ég hef vitnað hér til og raunar er staðfest af hæstv. félmrh. sem sagði í framsögu sinni að atvinnurekendasamtökin hefðu ekki gert miklar athugasemdir við þetta mál þó þau hefðu kosið að ganga lengra, á sama tíma og samtök launafólks vísa því með öllu á bug.

En við hljótum að spyrja: Hvað er það sem dregur Framsfl. út í þetta svað? Hvernig stendur á því að Framsfl. lætur hafa sig í þetta hlutverk? Við höfum að vísu áttað okkur á að innviðirnir eru breyttir. Það eru aðrir innviðir en þegar hæstv. núv. félmrh. kom fyrst inn á þing sem líklega hefur verið 1974 í kjölfar kosninga. (**Gripið fram í:** Miklu fyrr.) Miklu fyrr. Kann að vera rétt. (**Gripið fram í:** Nei.) Ég hef það ekki fyrir framan mig, en það breytir ekki öllu. (**Gripið fram í:** 74.) En ég fullyrði að innviðirnir eru aðrir en þá voru og þeir eru líka aðrir en þeir voru á síðasta áratug þegar Steingrímur Hermannsson, fyrrv. hæstv. forsrh. á þeim tíma, leiddi ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Hvar er, virðulegur forseti, formaður þingflokks Framsfl. sem ég óskaði eftir að væri hér við umræðuna vegna þess að ég er að ræða sérstaklega um Framsfl. þessa stundina?

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hafði gert ráðstafanir og skal gera það á nýjan leik.)

Ég sá hv. þm. bregða fyrir en ég vænti þess að þingmaðurinn verði viðstaddur umræðuna. Það eru frómar óskir af minni hálfu því að hv. þingflokksformaður Framsfl. orðaði það svo í aðdraganda umræðu um þetta frv. í gær að nú hefði ríkisstjórnin, þessi ríkisstjórn, tekið á sig rögg og flutt fram mál sem aðrar ríkisstjórnir hefðu ekki lagt út í. Og hann gerði því skóna að stjórnarandstæðingarnir öfunduðu ríkisstjórnina og lið hennar af framgöngunni. Það var satt að segja mjög einkennilega orðað af hv. formanni þingflokks Framsfl. að telja að það væri tilefni til öfundar af okkar hálfu að Framsfl. nú gengi í þau verk sem fyrri ríkisstjórnir hafa kinokað sér við að bera fram í formi lagafrv.

Auðvitað er það formaður Framsfl. sem ber þó meginábyrgð á því sem gengur fram í þessu stjórnarsamstarfi. Það var alveg ljóst hvað hékk á spýtunni þegar ríkisstjórnin var mynduð. Það er þessi nýja forusta sem birtist okkur eftir myndun síðustu ríkisstjórnar í kjölfar formannaskipta í flokknum og breyttrar valdaaðstöðu í flokknum sem hikar ekki við að ganga til verka eins og hér er gert og hælist um yfir því að ganga þannig fram. Mér er til efs, virðulegur forseti, að fyrrv. formaður Framsfl. hefði leitt hugann að því að haga verkum með þeim hætti sem hér er gert. Mér er það mjög til efs. A.m.k. lét hann ekki verða af því. Varla hefur staðið á Sjálfstfl. í ríkisstjórninni 1983–1987 að vinna þessi verk. Hafi Framsfl. einhvern tíma haft aðra stefnu en þá að vera í ríkisstjórn, hafi hann haft einhverja stefnu um eitthvað annað en að sitja í ríkisstjórn, er það gleymt og grafið. Nú virðist manni sem Framsfl. sé orðinn rekald án siglingaljósa, prinsipplaust rekald, svo notuð séu erlend hugtök. Það er leitt að þurfa að segja þetta. Það er mjög alvarleg staðreynd að málum er svo komið og það er mál til komið að sá fjöldi fólks sem hefur trúað Framsfl. fyrir umboði sínu á Alþingi Íslendinga átti sig á því hvert verið er að stefna, hvers konar rekald þessi flokkur er orðinn sem einu sinni kaus að standa við hlið alþýðu landsins þegar í nauðir rak.

Þetta er því miður ekki bara á þessu sviði. Þetta birtist okkur með margvíslegum hætti, ekki aðeins í þessum afdrifaríku og örlagaríku málum. Munum við ekki eftir því að fyrir kosningarnar 1991, í tengslum við stórmál sem þá lágu fyrir og mál sem ekki voru komin fram í dagsljósið á þeim tíma, sá Framsfl. ástæðu til að minna á að það væri hann sem stæði í ístaðinu öðrum flokkum fremur? Það var í sambandi við samskiptin við Evrópusambandið sem þá hét Evrópubandalag. Þá var það aðalauglýsingaefni í kosningaáróðri þessa flokks að x við B þýddi ekki EB. (**VS:** Akkúrat.) Akkúrat, segir þingflokksformaður Framsfl. úti í sal á sama tíma og það kemur fram æ ofan í æ í umræðum að sjálfur formaður flokksins er galopinn fyrir þeim möguleika að Ísland sæki innan tíðar um aðild að Evrópusambandinu. Og hvað lesum við í viðtali við blað eitt í gær? Hvað lesum við í Helgarpóstinum í gær frá formanni Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík? Hvar er sá ágæti fulltrúi staddur í þessu máli varðandi aðild að Evrópusambandinu? Hann vill sérstaklega taka fram eða hún réttara sagt, Ingibjörg Davíðsdóttir, að hún

telji að það eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu hið fyrsta og fer ekki að skilja mikið að suma flokka sem bera það mál fyrir brjósti. Ég nefni þá ekki hér endilega í þessari umræðu, það þekkja menn.

Hæstv. félmrh., sem ég veit að er annarrar skoðunar í þessu efni sem ég nefndi síðast varðandi Evrópusambandið, lætur hafa sig í það að bera fram þetta frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, frv. sem Vinnuveitendasambandið klappar fyrir og Vinnumálasambandið en stéttarfélög launafólks mótmæla harðlega. Hvert er Framsfl. að fara sem aðili að ríkisstjórn? Við gerðum einu sinni kröfur til hans á stundum, aðrar kröfur en við gerðum til þess flokks sem hefur verið aðalmerkisberi hagsmuna atvinnurekenda í landinu um langa tíð og hefur ekki farið dult með það, þótt hann hafi að vísu einnig innan sinna vébanda ágætt fólk sem sinnir málefnum launafólks.

Virðulegur forseti. Það frv. sem við ræðum hér er mikið alvörumál. Það snýst ekki síst um það hvort menn á Alþingi styðji og taki undir það að löggjafinn móti nýja vinnulöggjöf í fullri andstöðu við annan aðalaðila vinnumarkaðarins, samtök launafólksins í landinu. Þetta frv. felur í sér að það á að hlutast til í löggjöf um innri málefni stéttarfélaga með reglum um starfshætti og reglum sem eru í andstöðu við viðurkenndar alþjóðasamþykktir. Með þessu frv. ef samþykkt yrði og raunar með framlagningu þess einni saman er rofin áratuga löng hefð og sæmileg sátt sem ríkt hefur um samskiptareglur á vinnumarkaði. Með þessu frv. er að mati samtaka launafólks stefnt að grundvallarbreytingu á verkfallsheimildinni sjálfri, möguleikum til nýtingar hennar og einnig á skilgreiningu stéttarfélaga að íslenskum rétti. Ef þetta frv. yrði að lögum, færði það ríkissáttasemjara gífurlega aukin völd og lýtur það atriði einnig að verulegri miðstýringu. Með því væru innleiddar aðferðir í sambandi við atkvæðagreiðslur sem eru hér bornar fram af hæstv. félmrh. sem sérstakt lýðræðisafrek, sem sérstök kennslubók í lýðræði, en eru þegar betur er að gáð andlýðræðislegar eins og um þær er búið.

Í ljósi þeirra tillagna sem þarna liggja fyrir um hvernig haga skuli ákvörðunum í stéttarfélögum, jafnt um boðun vinnustöðvunar sem um afgreiðslu og afstöðu til kjarasamninga, mætti spyrja hvort það næsta sem við sjáum verði t.d. það að takmarkanir verði settar í sambandi við þátttöku í alþingiskosningum, að það verði búnar til kröfur um einhver ákveðin mörk til þess að slíkar kosningar teljist gildar, að sú almenna regla að meiri hluti í félagasamtökum fái að ráða sínum málum verði afnumin og það verði af hálfu löggjafans boðið hvaða mælistiku starfsemi þessara frjálsu félagasamtaka sem samtök launafólks eru eigi að standast. (**ÖJ:** Reglur um meiri háttar fólk og minni háttar fólk?) Já, reglur um meiri háttar og minni háttar fólk. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur lesið rétt í málið.

Við hljótum að spyrja: Af hverju á að setja sérstök lög um innri málefni stéttarfélaga í landinu að þessu leyti? Væri ekki þörf á, ef menn ætla að vera sjálfum sér samkvæmir, að taka upp slíkt lögboð varðandi hin frjálsu félagasamtök í landinu almennt? Er það kannski það næsta sem við megum eiga von á?

Virðulegur forseti. Tilgangurinn með þessari uppsetningu mála, með þessari lagasvipu sem hér er á lofti, er að svipta kjörna fulltrúa og trúnaðarmenn í samtökum launafólks því forustuhlutverki og því svigrúmi í kjarasamningum sem hvarvetna tíðkast og þeim möguleikum sem menn almennt hafa í félagasamtökum hér á landi. Það dylst engum til hvers refirnir eru skornir og í ljósi þess er það mat sem kom fram hjá hæstv. forsrh. fyrr í umræðunni afar sérkennilegt. Ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. eigi eftir að lesa öðruvísi í málið. Ég vona það a.m.k. og ég vona að það gerist án þess að til stórfelldra tíðinda og frekari átaka dragi í samfélaginu.

Virðulegur forseti. Það er vert að skoða í ljósi þessa máls og aðdraganda þess hver hin almenna staða verkalýðshreyfingarinnar er, bæði hér á landi, í nágrannalöndum okkar og reyndar víðar. Þessi staða hefur verið að breytast, og í hvaða átt? Vígstaða verkalýðshreyfingarinnar hér á landi og í Vestur-Evrópu hefur verið að veikjast mjög verulega vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað og sem stundum eru tengdar við alþjóðavæðingu eða hvað við kjósum að kalla það. Þar er það hið frjálsa streymi fjármagns sem haslar völlinn og sú meginbreyting sem því fylgir hefur ein og sér gerbreytt stöðu verkalýðshreyfingarinnar til hins verra. M.a. er reynt að bregðast við því með alþjóðlegum samtökum verkalýðsfélaga. Það eru mjög eðlileg viðbrögð en þau nægja ekki ein og sér. Menn verða að gá að eigin garði því sambandi og það kemur engin frelsun að utan í þessu máli gagnvart okkur Íslendingum frekar en á öðrum sviðum. Við verðum að gera málin upp hér og því fyrr sem menn átta sig á því, því betra.

Annar þáttur sem hefur breytt stöðu verkalýðshreyfingarinnar til hins verra hér og víða erlendis er atvinnuleysið. Atvinnuleysi sem ný staðreynd á vinnumarkaði hér á landi og enn stórfelldara atvinnuleysi víða í Vestur-Evrópu og víðar um heim. Þetta atvinnuleysi var hér áður fyrr á meðan verkalýðshreyfingin var að slíta barnsskónum og hafði ekki náð þeim styrk sem síðar varð og átti þátt í því að byggja upp það sem við köllum velferðarþjóðfélag. Þetta atvinnuleysi er nú á nýjan leik staðreynd og því miður er fátt sem bendir til þess að menn finni þar skjóta lækningu eins og alþjóðlegum samskiptum er háttað og eins og styrkleikur fjármagnsins er um víðan völl. Það eru víða grímulausar hugmyndir á kreiki, einnig hér á landi, um að brjóta niður samtök launafólksins sem reyna af fremsta megni að reisa skorður við ofbeldi fjármagnsins. Þetta er m.a. hugsað með því ráði að afnema eða opna fyrir að menn séu ekki í stéttarfélögum, að afnema það sem stundum er kallað skylduaðild að stéttarfélögum en er það í rauninni ekki með lögboði heldur af því að það er til þess ætlast að menn greiði til þeirra. Um það hefur verið samið á vinnumarkaði. Þessa sjást mjög skýr merki í frv. um opinbera starfsmenn sem liggur fyrir þinginu, réttindi opinberra starfsmanna. Það sama gildir um þetta frv. Þar er að vísu ekki gengið eins langt og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hefði kosið eða hv. 16. þm. Reykv., Pétur H. Blöndal. Í ræðu hans við umræðu um þetta frv. í gær kom það fram sem skýlaus ósk og óskastaða að skylduaðild að verkalýðshreyfingunni heyrði fortíðinni til, að bakfiskurinn yrði tekinn úr hreyfingunni og það yrði hver og einn að semja fyrir sig. Það eru þessar tillögur sem eru í raun komnar fram á borðið og sem við verðum að taka alvarlega. Það er minnt á þær hér í umræðunni sem hina nýsjálensku leið. Þar hafa menn séð það nakið. Þar hefur verið gengið fram á þann hátt að verkalýðshreyfingin var brotin á bak aftur og ekki aðeins af íhaldsflokki heldur öðrum sem hefði átt að sjá betur þar í landi, en með hörmulegum afleiðingum fyrir allt hið nýsjálenska þjóðfélag eins og þeir geta sannfærst um sem kynna sér aðstæður þar í landi öðruvísi en hlýða á kennimenn sem hingað hafa verið dregnir til að kenna stjórnvöldum og atvinnurekendasamtökum hvernig eigi að ganga fram.

Virðulegur forseti. Að lokum fáein orð um stöðuna á

Alþingi nú í aðdraganda páskahlés. Hvert stefnir um störf þingsins ef fram verður haldið eins og greinilegt er áform ríkisstjórnar í sambandi við þetta mál og önnur skyld á þinginu? Hvert stefnir í sambandi hin almennu þingstörf, störf að fjölda mála sem hér liggja fyrir til afgreiðslu frá ríkisstjórn en einnig frá þingmönnum sem ekki eru í ráðherrastólum? Og hvert stefnir, virðulegur forseti, um friðinn í þjóðfélaginu ef þessi ríkisstjórn reynir að þvinga fram hugmyndir sínar um leikreglur á vinnumarkaði? Það horfir sannarlega ekki vel.

Þær hugmyndir sem hér eru klæddar í búning lagafrv. og þar sem lagst er á sveif með þeim sem telja sig eiga fjármagnið er ekki til þess fallið að treysta sátt og tryggja að Íslendingar geti sinnt sínum verkum og lagst samtaka á árar eins og full þörf er á. Enginn boðar að æskilegt sé að grípa þurfi til vinnustöðvana eða efna til átaka í samfélaginu. En jafnframt undirstrikum við og undir það taka flestir í orði að réttindi samtaka launafólks, einnig verkfallsrétturinn, sé helgur réttur og auðvitað getur reynt á það ef í harðbakka slær. Það eru aðrir en við á Alþingi sem því ráða.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin íhugi sinn gang og þinglið hennar hér á Alþingi og þeir þingmenn í stjórnarflokkunum sem hafa efasemdir um ágæti frv. leggist þar á árar með okkur sem erum að vara við og geri kröfu um að frv. verði dregið til baka. Mér sýnist nú ekki horfur á að hæstv. félmrh., virðulegur forseti, fari í páskaleyfi með þetta frv. inn í þingnefnd eins og nú horfir. Ég vona að hæstv. ráðherra muni nota páskahléið til þess að íhuga þetta mál, átta sig á því og fara yfir þær mörgu viðvaranir sem fram hafa komið í umræðu, bæði í þinginu og utan þings og komist að þeirri niðurstöðu sem ég held að sé í margra huga hin eina ráðlega niðurstaða í þessu máli, þ.e. að draga þetta frv. til baka og að gefa aðilum vinnumarkaðarins gott svigrúm til að móta samskiptareglur sínar eins og þeir voru að vinna að áður en þetta frv. kom fram. Þeir hafa ítrekað, þar á meðal formenn starfsgreinasamtaka innan Alþýðusambandsins, lýst sig reiðubúna til að eiga viðræður um það við atvinnurekendur að móta slíkar reglur og eftir atvikum ef samstaða er þar um að óska eftir löggjöf til þess að festa í sessi leikreglur sem eiga sér stoð í sammæli aðila á vinnumarkaði, að þá verði það tekið til athugunar af ríkisstjórn og síðan af Alþingi. Það er þannig sem vænlegt er að vinna að máli sem þessu og aðeins þannig eru líkur til þess að ekki verði raskað því jafnvægi milli aðila með löggjöf sem hér var rætt fyrr í þessari umræðu og hæstv. forsrh. taldi að ekki væri gert með þessu frv.

Við lítum öðruvísi á málið og ég tel að hæstv. félmrh. yrði maður að meiri að taka af skarið í þessum efnum.

[18:36]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Lögin sem nú stendur til að breyta voru sett árið 1938. Þau hafa myndað grundvöllinn að starfsemi verkalýðshreyfingarinnar síðan. Sá sem bar höfuðábyrgð á setningu laganna sem forsrh. páv. árið 1938 var formaður Framsfl. Hann hét Hermann Jónasson.

Nú er það Framsfl. sem hefur frumkvæði að því að gerbylta þessu verki síns gamla formanns í andstöðu við verkalýðshreyfinguna sem hefur byggt upp starf sitt á verkum hans allar götur frá 1938. Og það er mjög eðlilegt að spurt sé hér: Hvað hefur komið fyrir Framsfl.? Hvílík umskipti hafa þar skyndilega orðið. Hver er ástæðan? En það er fátt um svör, herra forseti, enda hefur það verið áberandi að 18 barna faðir í álfheimum Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, formaður flokksins, hefur verið fjarverandi í þessari umræðu þannig að þess er ekki að vænta að það komi mikil svör við því hvaða umskiptingur þetta er orðinn svo að ég býst við að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fái ekki mjög ítarleg svör við þeirri spurningu sinni. En svo skemmtilega vill til að við erum að fjalla hér á sama tíma um annað frv. á Alþingi sem heitir frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Það er kannski ekki tilviljun, herra forseti, að við erum að fjalla um frv. með slíku heiti á þessum tíma. Og í tillögu sem liggur fyrir Alþingi frá hv. nefnd sem um málið fjallar er lagt til að leitað skuli umsagnar Náttúruverndarráðs um málið. Kannski er eina úrræðið sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur til að fá svar við spurningu sinni um umskiptin í Framsfl. að leita álits Náttúruverndarráðs nema þá e.t.v. að hv. þm. sem nú er að ganga úr salnum, formaður þingflokks Framsfl., veiti svör við spurningu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. En það hefur verið mjög áberandi í þessari umræðu að enginn fulltrúi Framsfl. hefur tekið til máls utan hæstv. félmrh. á sama tíma og hver þingmaður Sjálfstfl. á fætur öðrum hefur kvatt sér hljóðs, sumir til þess að lýsa áhuga sínum á breytingu á frv. en aðrir til að taka afstöðu gegn því o.s.frv.

Það hefur verið fjallað ítarlega um aðdragandann að frv. og ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma enda ástæðulaust að endurtaka það sem hér hefur verið áður sagt. Ég vil þó aðeins benda á að upphafið var það að páv. félmrh., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, óskaði eftir því við aðila vinnumarkaðarins að þeir skoðuðu þetta mál og skiluðu síðan skýrslu. Og ef skoðun þeirra væri á þá lund að þeim þætti ástæða til lagabreytinga, yrðu þeir beðnir um að gera tillögur um slíkar breytingar. Það stóð því aldrei til að knýja breytingar í gegn í andstöðu við annan hvorn eða báða þessara aðila. Það sem gerst hefur er að hæstv. félmrh. hefur tekið málið í miðjum klíðum, stöðvað allar viðræður, sett hnút aftan við verkefnið og flutt sínar eigin hugmyndir hér. Það er slæmt vegna þess að í áfangaskýrslunni sem vinnuhópur félmrh. skilaði af sér ekki alls fyrir löngu eru sett fram ýmis mjög athyglisverð sjónarmið um breytingar sem aðilar eru sammála um að þurfi að skoða. Ég er alveg sannfærður um að ef starfið hefði fengið að halda áfram, hefði náðst niðurstaða sem hefði gert það að verkum að hægt hefði verið að breyta þessum gömlu lögum til bóta í fullu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Ég vil því til staðfestu, virðulegi forseti, vitna í lokaorð umræddrar áfangaskýrslu en þar segir svo:

„Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf víðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess ekki enn verið rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag."

Þetta er ekki fyrirvari settur af fulltrúum Alþýðusambandsins eða launþegasamtakanna í þessari álitsgerð. Þetta er sameiginleg niðurstaða alls hópsins sem vann að álitsgerðinni, bæði launamannamegin og atvinnurekendamegin. Báðir aðilar eru sammála um að það þurfi að ræða betur þær hugmyndir sem þeir setja fram og gefa sér tíma til þess að ná samstöðu um þessar breytingar, m.a. með því að kynna þær

á vettvangi aðila vinnumarkarins, meðal verkalýðsfélaga og einstakra samtaka atvinnurekenda. Með því að taka málið þeim tökum sem hæstv. félmrh. hefur gert hefur hann stöðvað þetta samningaferli og misnotað þar með einstakt tækifæri til þess að fá fram jákvæðar breytingar á vinnulöggjöfinni í fullu samkomulagi við þá aðila sem um fjalla vegna þess að tækifærið gefst ekki aftur, a.m.k. ekki á meðan núv. hæstv. félmrh. situr í stól sínum. Ég efast um að þeir aðilar sem komu að skýrslugerðinni séu reiðubúnir að setjast niður aftur og taka málið upp á ný og halda áfram þar sem frá var horfið eftir þessi afskipti hæstv. félmrh.

Félmrh. sagði að hann hefði ekki haft tíma til að bíða lengur, og af hverju ekki? Hvernig stóð á því að hann hafði ekki tíma til þess að bíða eftir þeim viðræðum sem allir aðilar voru sammála um að þyrftu að eiga sér stað áður en hægt væri að hrinda í framkvæmd ýmsum athyglisverðum hugmyndum og nýmælum í áfangaskýrslunni? Hann hefur sjálfur svarað því og gert það oftar en einu sinni. Hann hefur sagt: Ég hafði ekki tíma til að bíða vegna þess að ég vil fá breytingarnar fram áður en samningar losna í haust og nýjar viðræður hefjast.

Nú vitum við það öll að það er mikil óánægja í þjóðfélaginu, ekki síst hjá láglaunafólkinu sem telur sig hafa borið skertan hlut frá borði og við vitum að þetta fólk ætlar að reyna að sækja sér kjarabætur í kjarasamningum í haust. Ég spyr: Er það til að greiða fyrir þeirri baráttu sem frv. er flutt? Hafði hæstv. félmrh. það í huga að létta samtökum láglaunafólksins kjarabaráttuna í haust með þessum breytingum á vinnulöggjöfinni eða hafði hann í huga að styrkja samningsaðstöðu viðsemjendanna, atvinnurekendavaldsins, og gera launafólkinu erfiðara um vik að ná að rétta sinn hlut í haust? Svari þeirri spurningu hver sem svara vill. Henni hefur m.a. verið svarað á þingpöllunum í dag því að hér hafa setið til að mótmæla þessari aðferð hæstv. ráðherra, ekki fulltrúar vinnuveitenda og þeirra sem eiga að semja við verkalýðshreyfinguna. Þeir hafa ekki látið sjá sig. Þeir telja ekki ástæðu til þess að hafa uppi ályktanir og hörð mótmæli. En þeir sem sýnt hafa hug sinn í verki eru verkalýðssamtökin sjálf sem meta þetta inngrip hæstv. félmrh. í það samningaferli sem hafið var sem afskipti af hans hálfu til að torvelda láglaunafólkinu að ná markmiði sínu í samningunum í haust og styrkja stöðu vinnuveitenda í þeim átökum. Afstaða þessara tveggja aðila vinnumarkaðarins lýsa áliti þeirra sjálfra á afskiptum hæstv. félmrh. Annars vegar þögn Vinnuveitendasambandsins, hins vegar hróp Alþýðusambandsins.

Hæstv. ráðherra segir að þessar reglur séu að hluta til settar að danskri fyrirmynd. Á bls. 9 í greinargerðinni er því lýst nánar. Þar er sagt: „Er þetta [viðræðuáætlun] gert að danskri fyrirmynd, þar sem samið hefur verið um slíkt fyrirkomulag.“ Danska fyrirmyndin er sú að aðilar vinnumarkaðarins hafa samið sín á milli um viðræðuáætlunina. Danska fyrirmyndin er ekki sú að um það hafi verið sett lög. Danska fyrirmyndin er sú að aðilar vinnumarkaðarins geta hvenær sem er í ljósi reynslunnar breytt þessu viðræðuferli í einhverjum meginatriðum eða í einhverjum minni háttar atriðum ef það þjónar hagsmunum þeirra. En íslenska eftiröpunin er sú að setja þetta í lög þannig að ekki sé hægt að breyta viðræðuáætlunarferlinu nema með lagabreytingum á Alþingi. Það er með öðrum orðum verið að banna aðilum vinnumarkaðarins að semja sín á milli um aðra framkvæmd viðræðuáætlunarinnar en lög mæla fyrir um. Þetta er ekki dönsk fyrirmynd, virðulegi forseti. Það er ekki dönsk fyrirmynd að segja við aðila vinnumarkaðarins: Við ætlum að setja áætlunarferli í lög um ykkur og ef þið teljið æskilegt að breyta út af þeim lagaramma gerist þið lögbrjótar nema þið fáið Alþingi til þess að samþykkja áform ykkar. Þannig er búið að taka úr höndum aðila vinnumarkaðarins þann rétt að semja sín á milli um samskipti sín.

Eitt umdeildasta atriðið í þessu frv. eru ákvæðin um vinnustaðarfélög. Gert er ráð fyrir að ef 250 manns hið minnsta vinna hjá einu og sama fyrirtæki sé hægt að stofna vinnustaðarfélag. Vinnan kann þó að vera framkvæmd á mörgum vinnustöðum, það þarf ekki að vera einn vinnustaður heldur getur þeim verið dreift út um landið. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvað gerist ef starfsemin dregst saman og félagsmenn eða starfsmenn hjá sama vinnuveitanda verða færri en 250. Heldur félagið þá áfram að vera til? Heldur það áfram að vera til þótt þeir verði bara 100? Heldur það áfram að vera til þótt þeir verði bara 50, 20 eða 10? Það er alþekkt úr atvinnulífinu hjá okkur að það koma tímabundnar stórframkvæmdir svo sem við byggingu orkuvera, við byggingu vatnsaflsvirkjana o.s.frv. Þar geta verið tímabundið í kannski 2–3 ár allstór hópur manna að störfum hjá einu og sama fyrirtæki, kannski 250. Setjum sem svo að það verði stofnað verkalýðsfélag samkvæmt þessari heimild. Tveimur, þremur árum síðar er verkefninu lokið og þá fer af launaskrá hjá fyrirtækinu blóminn úr starfsliðinu. Þá spyr ég: Hvað verður þá um félagið? Hvernig sér hæstv. ráðherra þá þróun fyrir sér?

Í öðru lagi: Hvaða áunnu réttindi á fólk sem hefur verið starfandi í öðrum stéttarfélögum, sumt í langan tíma, þegar það hverfur úr sínu gamla stéttarfélagi yfir í vinnustaðarfélag? Það hefur jafnvel verið stofnað gegn vilja þess vegna þess að það er hægt að stofna slíkt félag ef 3/4 starfsmanna vilja, jafnvel þótt 1/4 hluti starfsmanna vilji það ekki. Hvað þá um réttindi, virðulegi ráðherra? Hvað um lífeyrisréttindi viðkomandi fólks? Séu þetta t.d. félagsmenn í Framsókn eða Dagsbrún, falla þeir þar með út úr þeim lífeyrissjóðum? Í hvaða lífeyrissjóð á þetta fólk að leita? Hvernig halda menn að fari með lífeyrisréttindi félaga í vinnustaðarfélögum sem eru kannski eitt árið 250 og næsta ár ekki nema 25? Hvert er öryggið í því sambandi? Hvað t.d. um aðild þessa fólks að sjúkrasjóðum sem hafa verið byggðir upp á mörgum árum? Ekki getur það flutt þau réttindi með sér, eða hvað? Hvernig á það að stofna til slíkra réttinda? Eða að orlofssjóðum, orlofshúsum og öðru slíku? Það eru engin ákvæði í þessu frv. um það hvernig fara á með réttindi fólks ef ákvörðun er tekin um það með 3/4 atkvæða gegn 1/4 að fólkið hverfi úr þeim verkalýðsfélögum sem það hefur verið í kannski árum saman og gangi til nýs vinnustaðarfélags. Og hver er réttarverndin fyrir fólkið sem það gerir þegar vitað er að eitt árið geta verið þarna 250–300 manns, en það næsta ekki nema 25?

Þá langar mig líka til að benda á og spyrja út í það sem hér segir á bls. 19. Þar er talað um almennu regluna, sé vinnustaðarfélag stofnað eiga allir starfsmenn á viðkomandi vinnustað sjálfkrafa að verða aðilar að því félagi, jafnvel þótt þeir séu í öðrum félögum fyrir og geti haldið áfram í þeim félögum þó svo að vinnustaðarfélagið taki við öllum samningsskyldum og réttindum. Síðan eru ákveðnar undanþágur varðandi aðild. Á bls. 19 segir, með leyfi forseta: „Þannig eru undanskildir stjórnendur og ráðgjafar þeirra.“ Það er eðlilegt að framkvæmdastjóri eða forstjóri stórfyrirtækis sé ekki í stéttarfélagi með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Lát-

um það nú vera. En hvað þýðir orðið „og ráðgjafar þeirra"? Skyldu vera margir starfsmenn fyrirtækja á Íslandi sem ráðnir eru undir starfsheitinu ráðgjafar? Getur hæstv. félmrh. sýnt mér mörg dæmi um það úr kjarasamningum stéttarfélaganna að þar sé starfsheitinu ráðgjafar raðað í launataxta? Eða er þetta aðferð til þess að forstjórar fyrirtækja geti ákveðið hverjir eigi að ganga í félag launafólksins á vinnustaðnum og undirgangast þar þau réttindi og skyldur sem t.d. kjarasamningar veita og hverjir eigi að teljast ráðgjafar og geti þá búið við allt önnur og betri kjör en viðkomandi stéttarfélag getur samið um? Og ég spyr hæstv. ráðherra enn: Hvað er samkvæmt skilgreiningu félmrn. ráðgjafi í fyrirtæki? Er það skrifstofustjórinn? Deildarstjórarnir? Verkstjórarnir? Hverjir eru ráðgjafar í viðkomandi fyrirtæki? Er það framkvæmdastjórans eða forstjórans að ákveða það?

Vissulega er full ástæða til að endurskoða skipulag íslenskrar verkalýðshreyfingar. Alþýðusambandsþing samþykkti að mig minnir árið 1956 að það skyldi gert og Alþýðusambandið lagði þar ákveðna línu. Línan var sú að skipulagið skyldi beinast að starfsgreinasamböndum þar sem vinnustaðurinn væri grunneining, þ.e. þar sem allt fólk á sama vinnustað væri í sama stéttarfélagi og vinnustaðarfélögin mynduðu síðan með sér landssamtök í viðkomandi atvinnugrein. Til hvers var þetta gert? Þetta var gert til þess að fá verkalýðshreyfinguna sem heild til að móta sér sameiginlega og samræmda launastefnu. Menn sáu það fyrir að ef skipulagið yrði eins og það hefur því miður orðið, þ.e. að hver atvinnustétt fyrir sig er í sínu verkalýðsfélagi og lítið sem ekkert samband á milli verkalýðsfélaga atvinnustéttanna þannig að fólk á einum og sama vinnustað er í mörgum stéttarfélögum, væri hætt við því að verkalýðshreyfingin heyktist á að marka sér stefnu um það hver launamunurinn skyldi vera á milli hinna ólíku stétta á sama vinnustað. Hætt væri við því að launabilið færi gleikkandi vegna þess að þeir sem betur mega sín á viðkomandi vinnustað sækja fram úr hinum sem við lakari lífskjörin búa. Þetta var alveg rétt samþykkt og skiljanleg, en hún byggðist ekki á sjálfstæðum vinnustaðarfélögum. Hún byggðist á starfsgreinasamböndum, þ.e. samböndum vinnustaðarfélaga sem síðan færu með samningsumboðið. Þannig yrði t.d. samið í einu lagi fyrir allt fólk í fiskvinnslu, hvort sem það væru skrifstofumenn, verkakonur, bílstjórar o.s.frv. Það skyldi í einu lagi samið fyrir alla starfsmenn t.d. í orkufrekum iðnaði, en það átti ekki að gera það á hverjum vinnustað fyrir sig. Því miður tókst Alþýðusambandinu ekki að framkvæma þessa samþykkt sína þótt hún væri skynsamleg. Ástandið hjá Alþýðusambandinu er nú mjög flókið þar sem koma inn bæði fjórðungssamböndin, landssamtök einstakra starfsstétta og önnur heildarsamtök sem gera það m.a. að verkum að Alþýðusambandið á erfitt með að móta sér samræmda heildarlaunastefnu.

Herra forseti. Hvernig halda menn að ástandið verði ef vinnustaðarfélögunum eins og þau eru skilgreind inni í þessu frv. er kastað inn í þetta skipulagskaos sem þegar er orðið? Hvernig halda menn að ástandið verði þá? Hvernig halda menn að ástandið verði þegar mætast, eins og talað er um í greinargerðinni, kannski 50 vinnustaðarfélög sem eiga fátt eða ekkert sameiginlegt sín á milli? Síðan á að taka upp samningaviðræður þar sem þessi félög koma fram við hliðina á landssamtökunum, fjórðungssamtökunum, atvinnugreinasamtökunum o.s.frv. Og hvernig í ósköpunum geta menn haldið að það styrki verkalýðshreyfinguna sem viðsemjanda? Viðsemjanda við hvern? Viðsemjanda við vinnuveitendur sem eru áfram í einum og sömu heildarsamtökum og njóta stuðnings af því afli þegar á móti þeim mæta viðræðuaðilar með svo fjölþætt og ólíkt skipulag.

Það eru fleiri atriði, herra forseti, sem ég vildi gera hér að umtalsefni. Á bls. 17 er skemmtilegt dæmi um þann hugsunarhátt og þá takmörkuðu þekkingu sem virðist búa á bak við sumt af því sem þarna hefur verið sett niður. Í kafla um skýrari miðlunarheimildir á bls. 17, en áður er talað um tillögu sem borin er upp til samþykktar fyrir tilhlutan sáttasemjara, segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaða í atkvæðagreiðslu í hvorum hópnum fyrir sig" — annars vegar í hópi vinnuveitenda og hins vegar í hópi launafólks — „ræður úrslitum um samþykkt eða synjun tillögunnar. Af því leiðir að annar hópurinn getur samþykkt sameiginlega miðlunartillögu en hinn fellt hana." Og síðan kemur þessi stórkostlega setning: „Atkvæði hópanna eru með öðrum orðum ekki talin saman." Þetta var mikil speki. (**Félmrh.:** Byrjaðu að lesa hérna, það er samhengi í framhaldinu.) Þetta var mikil speki. Það er sem sagt ekki lagt til í frv. og það sérstaklega tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir því að saman séu talin atkvæði launafólks (**Félmrh.:** Opinberra starfsmanna.) og viðsemjenda þeirra og niðurstaðan úr þeirri sameiginlegu atkvæðagreiðslu verður látin ráða. (**Félmrh.:** Þetta eru útúrsnúningar. Lestu greinina ...) Ég er að lesa greinina, virðulegi ráðherra, og vitna beint í hana og hún er svona. Hins vegar getur vel verið, virðulegi forseti, að það hafi eitthvað annað vakað fyrir hæstv. ráðherra en svona stendur þetta þarna.

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég vil biðja hæstv. ráðherra að gefa ræðumanni frið.)

Þakka forseta fyrir en ég er ekkert viss um að ég gefi hæstv. ráðherra frið. En hvað um það.

Ef við flettum síðan upp á blaðsíðu 13 kemur þar líka atriði sem mig langar til þess að spyrja um í greinargerðinni. Þar stendur:

„Að meginstefnu til er áfram byggt á ábyrgð samningsaðila einna vegna aðgerða sem ætlað er að knýja fram kröfur í vinnudeilu enda er gert ráð fyrir að launafólk starfi í skipulögðum samtökum. Ef ekki er sýnt fram á aðild samningsaðila eða hún viðurkennd af hans hálfu ber félagsmaður sjálfur ábyrgð." Svo kemur, með leyfi forseta: „Ófélagsbundnir bera á hinn bóginn ábyrgð eftir almennum reglum en ófélagsbundnir launamenn geta ekki tekið þátt í sameiginlegum aðgerðum — verkfalli eða sambærilegum aðgerðum — enda bera stéttarfélögin ekki ábyrgð á þeim."

Þýðir þetta, virðulegi forseti, að ófélagsbundnum starfsmönnum sé heimilt að vinna í verkfallinu? Þýðir þetta það? Ef það þýðir það ekki, hvað þýðir þetta þá? Hér er sagt orðrétt: „Ófélagsbundnir bera á hinn bóginn ábyrgð eftir almennum reglum en ófélagsbundnir launamenn geta ekki tekið þátt í sameiginlegum aðgerðum, verkfalli eða sambærilegum aðgerðum, enda bera stéttarfélög ekki ábyrgð á þeim."

Þetta má skilja með ýmsu móti. Það má skilja þetta þannig að með þessum lögum sé verið að stofna hvítliðasveitir, sé verið að taka þá ákvörðun að verkalýðsfélög geti ekki lokað vinnustöðum í verkfalli ef þar eru starfandi ófélagsbundnir starfsmenn sem samkvæmt orðanna hljóðan í þessari skýringu geta ekki tekið þátt í sameiginlegum aðgerðum, verkfalli eða sambærilegum aðgerðum.

Nú ætla ég ekki að gera hæstv. ráðherra upp skoðanir og ég ætla ekki að gera honum upp þá skoðun að hann sé

með þessu að opna fyrir það að ófélagsbundnir starfsmenn á vinnustað geti haldið áfram störfum sínum þó að stéttarfélag sé búið að lýsa yfir verkföllum og vinnustöðvun á þeim stað. En hvað í veröldinni þýðir þetta ef það þýðir þá eitthvað?

Herra forseti. Ég er langt kominn með tíma minn og klukkan farin að halla í átta og hér verður haldið áfram í kvöld. Ég ætla því ekki að segja meira að sinni en ég vænti þess fastlega að hæstv. ráðherra skýri sérstaklega þessa síðustu setningu sem ég vitnaði til.

[19:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er klókur stjórnmálamaður með langa þingreynslu. Honum tókst í andsvari við ræðu hæstv. forsrh. fyrr í dag að snúa sig út úr orðum mínum sem ég lét falla í andsvari við hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að ég ásamt hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni væri á móti frv. hæstv. félmrh. Þetta gerði hann í andsvari svo að ég gat ekki svarað því þá og kýs því að gera það í andsvari við hv. þm. Sighvat Björgvinsson.

Það sem ég sagði um þetta mál var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er mikill munur á vinnustaðarfélögum og vinnustaðarsamningum. Þetta munum við skoða í hv. félmn. Eins munum við skoða þröskulda í atkvæðagreiðslum en eins og kunnugt er hefur hæstv. félmrn. tekið vel í að breyta þeim ákvæðum."

Þetta eru þau orð sem ég lét falla og er ekki yfirlýsing um það að ég sé á móti þessu frv. heldur að ég vil skoða þessa þætti í nefnd. Eins og ég sagði í dag tel ég að verkalýðshreyfingin sé einn af hornsteinum lýðræðisins og því munum við að sjálfsögðu skoða sjónarmið þeirra af fullri vinsemd.

[19:07]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil þessa afstöðu mætavel. Hv. þm. er ekki á móti þessum atriðum en hann vill breyta þeim.

[19:07]

Útbýting þingskjala:

Lögreglulög, 451. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 783.

Meðferð opinberra mála, 450. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 782.

[Fundarhlé. — 19:08]

[20:33]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að það frv. sem hér liggur fyrir hefur vakið mikla athygli í þjóðfélaginu og heilmikla úlfúð. Mér sýnist þær miklu deilur sem eru í uppsiglingu og eru þegar orðnar heyrum kunnar standa meira um form en efni. Það hljóta að vera vonbrigði fyrir alla að þeir aðilar vinnumarkaðarins sem hafa verið beðnir um að endurskoða þessi lög skuli ekki bera gæfu til þess að koma sér saman um þessa hluti. Það hefði verið betra fyrir aðila vinnumarkaðarins, það hefði verið betra fyrir stjórnvöld, Alþingi og alla þjóðina að svo hefði mátt ganga fram.

Á undanförnum dögum hef ég verið að reyna að átta mig á því hvaða efnisatriði það eru sem menn deila um. Hví tókst mönnum ekki að ná saman? Ég verð að viðurkenna að eftirtekja mín er heldur rýr og því segi ég að það er hörmulegt að ekki tókst að semja. Mér dettur helst í hug að það hafi verið einhver klaufaskapur að ekki tókst að koma með frv. að breytingum á vinnulöggjöfinni þar sem aðilar vinnumarkaðarins gætu staðið saman eins og von manna stóð til.

Það er mikil ógæfa ef svo stór og öflugur aðili eins og Alþýðusamband Íslands er mjög óánægður með stöðu mála. Það er mjög slæmt fyrir okkur öll. Alþýðusambandið og reyndar launþegahreyfingin í heild getur verið hvumpin og hún getur verið nokkuð stygg og kannski ekki að ástæðulausu vegna þess að í gegnum söguna eru ansi mörg klaufaspörkin sem stjórnvöld hafa gert varðandi vinnumarkaðinn. Ætla ég ekki að fara út í það hér, það er bara til þess að lengja umræðuna.

Við skulum minnast þess að í nærri tvo áratugi báru stjórnvöld þessa lands ekki gæfu til þess að haga efnahagsmálum Íslands að okkur bæri eins hratt og vel fram til velfarnaðar og efni stóðu til. Við skulum minnast þess núna á tíunda áratugnum þegar við höfum fengið að lifa við stöðugleika í þó nokkuð mörg ár og sáum ávexti þess starfs vera að koma fram að það var Alþýðusamband Íslands ásamt BSRB og Kennarasambandinu sem á sínum tíma axlaði þá ábyrgð og gekk fram fyrir skjöldu um það að við skyldum koma einhverju skikki á mál. Því er það alvarlegur hlutur ef launþegahreyfingin er mjög óánægð með sinn hlut og engin ástæða fyrir einn né neinn að fagna því sem einhverju skemmtimáli.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, hef ég reynt að átta mig á því í hverju þessi efnisatriði eru aðallega fólgin og það eru nokkur atriði sem ég hef rekið augun í og rætt við þessa aðila um og ég tel rétt að geta þeirra flestra hér. Ég veit að verkalýðsfélögunum er töluvert uppsigað við ákvæðið um vinnustaðarfélögin og hafa jafnvel sagt mér að þau telji og lögfræðingar þeirra að eins og þetta er orðað í lögunum, þ.e. lögverndun þeirra eins og þeir vilja meina hana, sé brot á 87. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ég hef spurt nokkra aðila um þetta og lögfræðingar eru ekki sammála hvort þetta sé rétt eða ekki. Sjálfur efa ég að þetta sé rétt. En ef það er á rökum byggt að þetta gangi gegn þeirri samþykkt sem ég held að Ísland hafi samþykkt kringum 1950 að ég held þá er það náttúrlega hlutur sem allir sjá að hefur ekki annað í för með sér en við verðum að taka þetta ákvæði út úr lögunum og fyrir mína parta, herra forseti, er það rétt að það komi fram að ég mundi ekki harma það.

Ég lít á þetta ákvæði í frv. sem hálfgerðan bastarð. Ég hef töluvert aðrar skoðanir á því hvernig við ættum að byggja upp og standa að þeirri lagasetningu sem best mundi horfa fyrir vinnumarkaðinn og það hefur aldrei farið milli mála að ég er ákaflega mikill miðstýringarmaður og geng þar þvert á yfirlýsingar fagrar og fallegar, bæði frá mönnum sem tengja sjálfan sig við sósíalisma, svo og frjálshyggju og allt þar á milli. Ég tel að reynslan hafi bara sýnt allt annað. Ég tel að reynslan hafi sýnt í svo ofurlitlu þjóðfélagi með þetta örlitla efnahagsumhverfi, sem við lifum í, að það er miðstýringin sem hefur fært okkur mestu róna og mesta og besta umhverfið til að starfa í enda skulum við líta til þjóða eins og Dana sem við miðum okkur oft við. Það hefur komið fram í umræðum á undanförnum árum hvað menn líta til þess hvað Dönum hefur gengið vel að ná sinni þjóð upp úr skuldafeninu, sem þeir voru í, gengið vel að semja á vinnumarkaðinum, gengið vel að efla atvinnulífið og hafa náð mjög háum kaupmætti. Það er mjög hár kaupmáttur í Danmörku og menn horfa til þess öfundaraugum hversu hátt kaup þar er greitt. Ég vil

minna á að í Danmörku er mjög sterk verkalýðshreyfing og hún er mikið miðstýrð, meira að segja miklu meira en hér er. Þar eru líka sterk vinnuveitendasamtök sem eru líka mikið miðstýrð rétt eins og á Íslandi þannig að menn ættu að taka þennan lið alvarlega og vonandi mun þingið gera það og athuga gaumgæfilega hvort þessi vinnustaðarfélög eru til nokkurra bóta, ég tala ekki um ef þau stangast á við þær alþjóðasamþykktir sem við höfum gert.

Í öðru lagi er mér er sagt að þessir þröskuldar fari nokkuð fyrir brjóstið á verkalýðshreyfingunni varðandi atkvæðagreiðsluna og þá sérstaklega um miðlunartillögur. Mönnum þykir þetta nokkuð hátt eins og gengur. Menn hafa líka gagnrýnt að það séu hærri þröskuldar ef menn ætla að fara í minni átök á vinnumarkaði en stærri þannig að þetta er hvetjandi til þess að fara frekar í stór verkföll en lítil.

Það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. að menn eru reiðubúnir til að ræða þetta og ég trúi að það sé ekkert heilagt í þessu og meina að það hljóti að vera hægt að ná um þetta þokkalegri sátt þannig að ekki skapist neinn glundroði eða vandræði þó einhverju verði breytt í þessu.

Ég hef líka orðið var við það í þriðja lagi að verkalýðshreyfingin lítur þessar tengireglur nokkru hornauga. Ég skal viðurkenna að sáttasemjara er gefið mikið vald. Sjálfur sé ég ekki ástæðu til þess að tortryggja það embætti og tel að það hafi verið mjög vel skipað þar sem ég þekki til og ég hefði haldið að tengireglan gæti verið af hinu góða. Hún gæti verndað láglaunahópana fyrir upphlaupum lítilla og kannski betur launaðra hópa eins og við þekkjum svo vel í gegnum þetta strit og eins og verkalýðsfélögin og Verkamannasambandið hafa réttilega gagnrýnt, ég tala nú ekki um í síðustu samningum, hvernig menn léku þessa leiki. Fyrst fór verkalýðshreyfingin fyrir, Verkamannasambandið, skrifaði undir skynsamlega, ábyrga kjarasamninga en síðan komu einstakir litlar hópar miklu betur launaðs fólks og tóku sér miklu hærri kauphækkanir sem ærir náttúrlega og særir þá sem fóru fyrir, báru ábyrgðina og vildu vera ábyrgir.

Í fjórða lagi hef ég tekið eftir því að sumir innan verkalýðshreyfingarinnar telja að ákvæðin í 2. gr. munu hafa þau áhrif að verkalýðsfélögunum geti fjölgað og þarna sé búið að opna smugur fyrir miklu fleiri verkalýðsfélög. Menn deila um þetta og ég vil ekki trúa því að þessi gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar eigi við rök að styðjast en ég tel að það þurfi að skoða þetta ákaflega grannt vegna þess að ef gagnrýni verkalýðsfélaganna á frv. er á einhverjum rökum reist þá er mikil villa í frv. Að mínu áliti megum við aldrei fara út úr þeim ramma sem hefur reynst okkur best og sá rammi er að við eigum að reyna af fremsta megni að styrkja Alþýðusambandið sjálft og stóru samböndin. Hlutunum er best komið í því horfi. Danir hafa það t.d. þannig. Það eru stóru landssamtökin sem hafa eiginlega samningsréttinn í Danmörku. Hann er ekki inni hjá litlu félögunum. Því öflugri sem þessi stóru samtök verða á Íslandi því sterkari verður verkalýðshreyfingin og fyrir efnahagslífið, fyrir atvinnurekendur, fyrir þjóðfélagið í heild liggur það fyrir. Það liggur fyrir að því sterkari verkalýðshreyfingu sem við höfum því betra.

Nú segi ég þetta sem hef ekki gengið með rauðar dulur eða sungið baráttusöngva fyrir verkalýðsfélög gegnum tíðina heldur haft annað fyrir stafni. En ég tel mig þekkja þetta af eigin raun. Það væri mjög slæmt fyrir vinnuveitendur og atvinnufyrirtækin á Íslandi ef verkalýðshreyfingin splundraðist og veiktist. Það væri það versta sem gæti komið fyrir okkur. Ef við, löggjafinn, gætum orðið að einhverju liði eigum við því að stuðla að því að styrkja verkalýðshreyfinguna og því miðstýrðari sem hún væri því öflugri er hún og betri. Það kemur hvað eftir annað að menn ræða um hið sterka Vinnuveitendasamband. Af hverju er það sterkt? Það er miðstýrt og það er gríðarlega mikil miðstýring. Það er svo mikil miðstýring að ég held að það séu ekki nema 21 atkvæði. (**Gripið fram í:** Er það ekki aðallega Þórarinn?) Fyrr má nú gagn gera. Að vísu skal ég segja frá því að ég lít þannig á þetta frv. að verði það að lögum þá verði Vinnuveitendasambandið að breyta lögum sínum og láta atkvæðagreiðslur fara fram meðal félagsmanna, sem eru 4.000 að mig minnir eða eitthvað svoleiðis. En Vinnuveitendasambandið verður sterkt eigi að síður þó að það geri þetta.

Ég held nefnilega að það sé staðreynd að verkalýðshreyfingin hefur verið ákaflega stirð í því núna um margra ára skeið þrátt fyrir góðan vilja og margar samþykktir einmitt að efla starf sitt og efla innri uppbyggingu. Mjög margir eru tregir í að breyta þessu og þeir hafa veikt sig verulega með því.

Ég held líka að það komi í ljós ef við styrkjum verkalýðshreyfinguna, ef við, löggjafinn, getum hjálpað henni og ef hún ber gæfu til þess að geta sjálf því að hún hefur það fyrst og fremst á eigin hendi þá muni það hjálpa okkur til þess að skapa meiri frið og meiri sátt en við höfum oft mátt lifa við. Ég tel að það sýni sig sérstaklega í vor af því að það var mjög átakanlegt að horfa upp á hvernig einstök lítil verkalýðsfélög nýttu sér stöðu sína til að taka til miklu stærri skref en hin ábyrgu láglaunafélög gerðu.

Eins og ég gat um í upphafi lít ég þannig á að það hafi verið ákaflega óheppilegt að ekki tókst að semja milli þessara aðila, gera sátt á milli þeirra, sátt sem hefði síðan verið lögfest á Alþingi. Ég ætla ekki að fara út í það hverjum það kann að vera að kenna en það er eins og hið fornkveðna segir að sjaldan veldur einn þá tveir deila og ég býst við að það geti ýmsir átt sök þar á en það skiptir ekki máli. Slysið er orðið. Það hefur þegar skapað vandræði. En ég tel að Alþingi og félmn. Alþingis geti og ég treysti því að hún hafi fullan vilja til þess og ég þykist skilja orð hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. þannig að það sé vilji fyrir því að menn leiti allra ráða til þess að þetta frv. verði í endanlegri gerð þannig að sem allra flestir á vinnumarkaði geti verið þokkalega sáttir við það.

[20:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir skynsamlega ræðu og ég tel að hann sé maður með slíka reynslu að vel sé hlustandi á hann. Ég er honum alveg sammála um að við þurfum sterka verkalýðshreyfingu og þá á ég við að hinn almenni félagi þarf að vera virkari í samtökum sínum og ASÍ þarf að vera meiri regnhlíf, meiri fulltrúi fyrir hinn breiða hóp, þessi 66 þúsund, en það er í dag. Ég tek fram að ég tel að þeir þröskuldar sem eru settir inn í frv. eins og ég tók fram í framsögu minni séu breytanlegir. Þetta er allt saman álitamál. Ég gæti jafnvel fallist á að þröskuldarnir væru allir eins. Það er ekkert mál fyrir mig. Mér finnst meginatriðið vera að lögfesta umferðarreglurnar, þ.e. koma viðræðuáætlun í bönd, þ.e. að menn setjist niður og tali saman áður en allt er komið í óefni. Þess vegna finnst mér viðræðuáætlunin vera meginatriðið í þessum frumvörpum.

Jafnframt tel ég að ef sáttasemjari fær engar auknar heimildir í þessu frv., hann hefur þær allar saman, en í gildandi

lögum er hann sáttastjóri í vinnudeilum. Sáttasemjara verða lagðar ákveðnar skyldur á herðar. Hann verður að vera búinn að uppfylla mörg fleiri skilyrði en áður, áður en hann getur farið að koma fram með miðlunartillögur.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég tel að þessir þröskuldar séu til umræðu. Ég vil sjá sterka verkalýðshreyfingu.

[20:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt mjög vel sagt í síðustu ræðu og ég get verið svo hjartanlega sammála hv. þm. að það er öllum til tjóns og skaða ef verkalýðshreyfingin veikist. Ein mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika og skynsamlegum ákvörðunum á vinnumarkaði er sterk og vel skipulögð verkalýðshreyfing sem getur valdað þær ákvarðanir sem hún tekur, stundum erfiðar eins og kunnugt er. Þetta þekkir hv. þm. mætavel. Það var einmitt á þeim grundvelli sem ég varaði alveg sérstaklega við þessu máli vegna þess að það stofnar stöðugleikanum í hættu. Hann er auðvitað kominn út í hafsauga núna eins og andrúmsloftið er í þjóðfélaginu í dag. Það eru því tæpast til meiri öfugmæli en þau að þetta frv. og vinnubrögðin sem á bak við það standa séu eitthvert framlag til stöðugleika í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi er ég sammála hv. þm. að það var meira en ákaflega óheppilegt að ekki skyldi takast að semja um þessi mál vegna þess að það er eina leiðin til þess að leysa þau og ganga skynsamlega frá þeim. Þegar tveir eða fleiri eigast við verða þeir fyrst að ganga frá leikreglunum og svo hefja leikinn. Það þýðir ekkert að byrja fótboltaleik ef það á eftir að semja um það, hverjar eru leikreglurnar né yfirleitt nokkurn annan leik hvort sem hann er í gamni eða alvöru.

Herra forseti. Í reynd vantaði ekkert nema botninn í ræðu hv. þm. Ég er alveg handviss um að hv. þm. með reynslu sinni veit að þetta gengur ekki svona. Það verður að kalla þessi frumvörp til baka og byrja á nýjan leik með hreint borð. Þetta gerist ekki öðruvísi. Það liggur alveg fyrir að verkalýðshreyfingin mun ekki koma til viðræðna og samninga um þessa hluti á nýjan leik fyrr en þessi frumvörp hafa verið kölluð til baka og henni hefur þannig verið rétt sáttarhönd. Ég spyr hv. þm. ef þetta reynist vera staðreynd, sem ég held að liggi reyndar algerlega á borðinu, er þá hv. þm. tilbúinn til þess í krafti orða sinna og sannfæringar að beita sér fyrir því að þetta verði gert?

[20:55]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig nota rétt orð þegar ég sagði „afar óheppilegt". Það var ekki neitt mismæli og ég meinti það, afar óheppilegt. Það er einu sinni verksvið löggjafans að setja lög alveg eins og við erum að setja lög um hlutafélög og hvað eftir annað um hitt og þetta, leikreglur á borðunum og þarf ekki að lýsa því í þessum ræðustól.

Gagnvart hinu viðkvæma máli, sem er vinnumarkaðurinn og samskiptin þar, er ég þeirrar skoðunar að það hefði átt að kosta allt sem menn gátu til þess að ná þessum samningum. Menn segja mér hér að það hafi verið gert og það hafi ekki verið hætt við fyrr en menn gáfust alveg upp.

Þegar ég met efnisatriðin hvar menn stoppuðu flýgur mér í hug, að þetta hafi verið einhver klaufaskapur. Ég get ekki staðfest það, ég get ekki sannað það en ég segi hug minn allan í þessari pontu. Mér finnst efnisatriðin svo fá og svo smá að ég lít á þetta eins og það vanti þarna einhvern herslumun eða kannski menn hefðu ekki þá músík sem þurfti til. Ég veit ekki hvað það var. Ég get ekki um það dæmt, ég var ekki á þessum vettvangi.

Það hefði verið mjög æskilegt og mjög til bóta hefði tekist að semja. En hitt liggur fyrir og það var mat ráðherrans sem með málaflokkinn fór að þetta væri fullkannað. Þetta þýddi ekki, það yrði að gera þetta svona. Hann fór með málið inn í þingið. Stjórnarflokkar ríkisstjórnarinnar hafa samþykkt og ég stóð að því að heimila honum framlagningu málsins. Það liggur því fyrir að málið mun fá sína þinglegu meðferð og ég stend að því með félögum mínum.

[20:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki að því gert að mér finnst hv. þm. tala af talsverðum sannfæringarkrafti gegn málinu en komast svo að þeirri niðurstöðu í lokin af því að hann sé stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og hafi samþykkt að frv., svo vitlaust sem það er og illa að því staðið, hafi verið lagt fram. Þar með séu hendur hans bundnar og hann verði þvert um hug sér að lýsa því yfir hér að hann standi að því að málið haldi áfram í þinginu. Auðvitað er það alveg hárrétt og við sem erum kosin á Alþingi höfum alltaf verið og hljótum alltaf að verða sammála um að það er verksvið löggjafans að setja lög. En lög eru mismunandi, lög eru af ýmsum toga og um ýmislegt. Þessi lög eru mjög sérstök. Þessi lög eru fyrst og fremst leikreglur fyrir tiltekna aðila í þjóðfélaginu, mjög mikilvæga aðila, einhverja mikilvægustu aðila þjóðfélagsins. Þeim mun mikilvægara er það að menn vandi sig þegar slík grundvallarlöggjöf er sett og menn nái sæmilegri samstöðu um hana. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að þarna hafi borið svo mikið á milli efnislega að ekki hefði með þolinmæði og frekari vinnu og sanngirni á báða bóga verið unnt að ná þessu saman í samkomulag. 48 fundir segja mér ekki neitt. Óþolinmæði í einum hæstv. ráðherra segir mér ekki neitt, skiptir bókstaflega engu máli í þessu efni. Það sem skiptir máli er að ná samstöðu í þjóðfélaginu um grundvallarleikreglur af þessu tagi þannig að þær geti staðið lengi, helst áratugum saman og ekki þurfi að vera að hringla með slíka hluti því að þá er þjóðfélagið upp á endann og þannig getum við ekki haft það. Um grundvallarleikreglur eins og löggjöf um vinnumarkaðinn, kosningalöggjöf, stjórnarskipunarlög og annað af því tagi, verður að takast þokkaleg sátt ef friður og stöðugleiki á að geta ríkt í þjóðfélaginu. Þannig er það þannig að menn eru á villigötum. Ég skora á hv. þm., í samræmi við sannfæringu hans sem hann lýsti svo ágætlega áðan að ganga í lið með okkur að reyna að forða slysi.

[21:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að frv. fjallar um leikreglur. Þegar ég fer yfir frv., þegar ég fer yfir þau efnisatriði sem menn eru að gagnrýna, kem ég ekki auga á að í frv. sjálfu sé nokkuð sem er meiðandi í sjálfu sér fyrir verkalýðshreyfinguna eða fyrir samtök atvinnurekenda. Ég kem ekki auga á þá fingurbrjóta sem ættu að særa svo og æra, heldur sé ég að það er formið en ekki efnið sem veldur hér vandræðum.

Hv. þm. tók vonandi eftir því að í lok ræðu minnar áðan lýsti ég þeirri skoðun minni að það ætti að vera hlutverk félmn. Alþingis, enda vissi ég að hún mundi njóta til þess fulltingis bæði hæstv. félmrh. svo og hæstv. forsrh., að reyna að leita leiða til breytinga á frv. svo að aðilar vinnumarkaðarins og verkalýðsfélögin gætu verið þokkalega sátt við það.

Ég trúi því að það sé hægt og ég vona að svo verði.

[21:02]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ber skynbragð mjög á vinnureglur eða starfsreglur á vinnumarkaði. Mér finnst athyglisvert að heyra hjá honum þessa gagnrýni á málsmeðferð ríkisstjórnarinnar. Að vísu ræddi hann ekki eingöngu um það að styrkja aðila á vinnumarkaði, verkalýðsfélög og vinnuveitendur, heldur talaði fyrir miðstýringu sem átti að leysa allt. Ég er algerlega ósammála hv. þm. um það efni en látum það vera. Það sem ég vil spyrja hann um er í framhaldi af því sem hann segir um málsmeðferð: Hvernig vill hv. þm. að staðið verði að því að koma aftur á trausti milli ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar? Hann veit sennilega betur en flestir aðrir þingmenn hvað hér er í húfi, hvaða frið er búið að segja í sundur. Það er ekki einungis gagnvart stéttarfélögum á almennum markaði. Það er líka gagnvart opinberum starfsmönnum. Ég vil fá skýringu hv. þm. á þessari atburðarás sem ríkisstjórn hans stendur fyrir og ég vil fá að vita hvernig hann ætlar að efla traustið aftur. Vill hann gera það sem við lögðum til? Hann vill ekki draga frv. til baka. En hefði hann viljað að 1. umr. hefði verið frestað og málið skoðað betur, þ.e. vísað aftur í vinnuhópinn? Hvernig vill hv. þm. að það verði gert þannig að það ríki friður um þessi mál því að ég held að þingmaðurinn viti mjög vel að svona vinnubrögð ganga ekki. Þau hafa sagt í sundur ekki einungis frið núna á vormánuðum heldur stefnt í stórhættu samskiptum við næstu kjarasamninga. Ég vil fá að vita frá hv. þm.: Hvernig ætlar hann að ráðleggja sinni ríkisstjórn að koma þessum málum í betri farveg?

[21:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef látið þess getið hér í kvöld að miðað við efnislega stöðu mála finnst mér sáralítið bera á milli aðila. Ég sagði ekkert um það hverju það væri að kenna að menn bæru ekki gæfu til þess að vera sammála. Ég hef enga stöðu til þess að dæma um það hverjum það var að kenna. Kannski var það öllum að kenna. Kannski áttu allir einhverja sök á því. Ég hef ekki hugmynd um það. Kannski var það verkalýðshreyfingin ein. Kannski voru það atvinnurekendur einir. Kannski voru það stjórnvöld ein sem báru ábyrgð á því. Ég veit það ekki, get ekkert um það dæmt og það getur enginn sagt um það núna.

Ég er ekki handhafi réttlætisins og ekki handhafi viskunnar um það hvernig samskipti manna geta batnað ef þau eru vond. Ég veit það bara að það sem eflir traust á milli manna er að menn séu hreinskilnir fyrst og fremst. Ég ætla nú þegar moldviðrinu lýkur og menn geta farið að skoða yfir sviðið, að þá sé það ekki neitt stórkostlegt sem á milli hefur borið. Og allar upphrópanirnar um stórkostlega aðför að fólki. Ég held að þegar við förum að skoða það í rólegheitum þá verði það minna úr en menn hafa rætt um í dag og í gær. Ég held því að leiðin til sátta milli manna og til að auka traust milli manna sé að skoða alla hluti yfirvegað, fara í gegnum það yfirvegað.

Ég sagði líka áðan að ég vissi að verkalýðshreyfingin væri viðkvæm og hvumpin af því að sagan sýnir það að gegnum tíðina eru stjórnvöld búin að gera óteljandi axarsköft í samskiptum sínum við launþega og það var nú ekki allt í dag eða í gær. Sumir hafa minni sem er lengra. Það væri hægt að nefna kannski einhver nöfn og einhver ártöl en af því að menn eru svo friðsamir hér í kvöld vil ég ekkert fara að lengja þetta. En stjórnarandstaðan hefur ekki á nokkurn hátt efni á að fagna því að verkalýðshreyfingin er óánægð.

[21:06]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð fyrir sárum vonbrigðum með svar hv. þm. Að hann skuli ekki geta í ræðustól kveðið skýrar að um hvernig eigi að rétta út sáttarhönd eins og við í stjórnarandstöðunni höfum verið að reyna að hvetja til þegar málin hafa verið komin í óefni.

Það á ekki að skýla sér á bak við orðaleppa eins og að segja: Ja, menn eiga að tala saman. Þetta er miklu alvarlegra mál en það. (Gripið fram í.) Mér finnst það sorglegt að innan ríkisstjórnarinnar skuli ekki vera sameinast um að lúta ráðum hv. þm. varðandi þetta mál vegna þess að hann ber sennilega eins og ég nefndi, framar öðrum skynbragð á það að taka forustu fyrir góðum mannlegum samskiptum milli samningsaðila. Hann hefur sýnt það í verki og ég held að þessi fræga setning skíni í gegnum ræðu hv. þm.: Svona gera menn ekki. Og ég les út úr ræðu hv. þm. að svona hefði hann aldrei lagt upp herfræði eða samskiptafræði við aðila vinnumarkaðarins. Það er þess vegna sem mér finnst það ekki vera gott að ríkisstjórnin skuli ekki viðurkenna frumhlaup sitt, mistök sín við aðferðafræðina, bæði gagnvart opinberum starfsmönnum og almenna vinnumarkaðinum og reyna að draga annaðhvort frumvörpin til baka eða finna þeim annan farveg þannig að menn komist út úr þessari hættulegu atburðarás sem nú siglir inn í. Ég fullyrði, herra forseti, að við munum öll tapa á því ef ekki fæst betra vit í þetta ferli eins og hér stefnir í. Þá held ég að ríkisstjórnin gerði gott í því að leita ráða hjá þeim mönnum innan sinna eigin raða sem þekkja vel til þess þáttar sem um ræðir.

[21:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er mín síðari ræða í þessari löngu og miklu umræðu sem hér hefur átt sér stað og það er ekki að ástæðulausu því að hér hefur ýmislegt það fram komið í umræðunni sem rétt er að taka betur fyrir.

Við höfum orðið vitni að því í dag að Alþýðusamband Íslands kallaði saman formenn allra aðildarfélaga sinna og niðurstaða þess fundar varð að sjálfsögðu hörð mótmæli gegn frv. sem hér er til umræðu. Það er alveg ljóst að það er mikið fram undan ef ríkisstjórnin hefur ekki vit á því að draga frv. til baka. Hæstv. félmrh., enn er tími til stefnu. Það er vissulega tími til stefnu að ræða þetta mál ítarlega við Alþýðusambandið, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og bankamanna og annarra þeirra sem þetta mál viðkemur því að þetta kemur öllum íslenska vinnumarkaðnum við. Við erum að tala um breytingar á löggjöf sem gildir um allan íslenska vinnumarkaðinn, sama hvert við lítum. Ég vil minna á það enn og aftur að það er ekki viðunandi þegar ráðherrar skipa nefndir, að það skuli aðeins hluti stéttarfélaganna fá aðild að þeim, það skuli ekki öllum hleypt að því starfi sem er svo mikilvægt fyrir stéttarfélögin öll. En það er auðvitað ekki verið að útiloka neina vinnuveitendur, það er nú ekki aldeilis.

Enn þá er tími til stefnu og mér segir svo hugur að það eigi býsna margt eftir að gerast í þessu máli. Ég trúi því ekki á hæstv. félmrh. að hann ætli að knýja málið óbreytt í gegn enda hefur verið bent í dag í umræðunni á býsna alvarlegar

brotalamir á frv., eins og reyndar í gær líka. Það var dregið upp fyrr í dag bréf sem þáv. hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir ritaði, bréf sem var innlegg í dómsmál og tengist þeirri stóru spurningu sem hefur verið velt upp í allri þessari umræðu hvernig frv. og breytingar sem verið er að gera á lögunum standast alþjóðlega samninga sem við erum aðilar að. Og það er nú svo, eins og ég reyndar kom inn á í ræðu minni í gær, að í Evrópu, hvað sem við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segjum nú um Evrópusambandið, gilda býsna strangar reglur um samskipti á vinnumarkaði hvað varðar réttindi starfsfólks og allt umhverfi. Það er svo merkilegt, hæstv. félmrh., að í greinargerð þessa frv. er einmmitt vikið að ýmsum tilskipunum Evrópusambandsins. Það er því ástæða til þess að spyrja hæstv. félmrh. hvað lögfestingu þeirra tilskipana sem ótvírætt boða réttarbót á íslenskum vinnumarkaði líður. Og það er líka ástæða til að spyrja um hvað líður því að staðfesta þær fjölmörgu samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem við Íslendingar höfum ekki staðfest og verka líka í þá átt að skilgreina samskiptareglur á vinnumarkaði og bæta réttindi vinnandi fólks. Við höfum ekki staðfest þessar samþykktir og ég vil halda því blákalt fram eins og ég gerði reyndar í gær, að VSÍ hafi þar staðið mjög þvert fyrir. Ég get einfaldlega vitnað til þeirra mála sem nú liggja fyrir félmn. Í greinargerðum mála sem þar eru um staðfestingar á nokkrum þessara samþykktum, kemur fram í umsögnum að VSÍ leggst alltaf þvert gegn þessu. Þarna er á ferð hugarfar sem er að mínum dómi löngu úrelt. En ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu aftur.

Meginástæðan fyrir því að ég kem aftur upp í pontu er ekki síst sú umræða sem varð hér fyrr í dag og snertir vinnustaðarfélög sem að mínum dómi eru ein af hinum stóru spurningum þessa frv. Ég veit það vel að hér á Alþingi eru margir spenntir fyrir því að breyta algerlega því fyrirkomulagi sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði. Eftir því sem ég best fæ séð þýðir það að taka upp vinnustaðarfélög alveg gjörbreytt skipulag. Menn verða að breyta félagssvæðunum. Menn verða að breyta reglunum vegna þess að það er gengið út frá því að hvert vinnustaðarfélag fari með samningsrétt fyrir alla sem þar starfa. Reyndar er hugsunin sem kemur fram í því sem ég hef verið að lesa um vinnustaðarfélög, að menn geti jafnframt verið félagar í eins konar fagfélagi. Við skulum segja að þeir sem vinna hjá Flugleiðum eða álfélaginu mynda eitt félag en síðan geta þeir líka verið félagar í sínu fagfélagi. En þrátt fyrir það fara vinnustaðarfélögin með samningsréttinn.

Eins og kom fram í gær — maður er því miður alltaf að endurtaka sig í þessari umræðu – þá eru á því fyrirkomulagi eins öllum öðrum, bæði kostir og gallar. Annars vegar getur myndast mikil og sterk samstaða þar sem vinnustaðurinn sem heild gerir kjarasamninga en það getur líka skapast innri togstreita á slíkum vinnustöðum en við hljótum líka að spyrja hvað verður um heildarhagsmuni. Hvað verður um faglega hagsmuni? Hvað verður um sérkröfur? Allt þetta eru ákaflega mikilvægar spurningar.

Nú er hv. þm. Ágúst Einarsson ekki í salnum og mætti hæstv. forseti gjarnan gera honum viðvart því að hann var svo almennilegur að gefa mér ljósrit af frv. Vilmundar Gylfasonar og Árna Gunnarssonar sem þeir fluttu fyrir allmörgum árum. Það kemur reyndar ekki fram hvenær það var sem þeir fluttu þetta frv. um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem þeir gera ráð fyrir því að tekið verði upp þetta vinnustaðafyrirkomulag. En mergurinn málsins er einmitt sá sem ég hef nefnt í þessari umræðu að þeir gera ráð fyrir kerfisbreytingu. Þeir gera ráð fyrir þeirri kerfisbreytingu að í stað þeirra fagfélaga sem einkenna íslenskan vinnumarkað verði tekið upp vinnustaðafyrirkomulag og þetta er ákveðin kerfisbreyting. Það sem mér þykir hvað merkilegast við að lesa greinargerð þeirra er einmitt þessi stóra spurning sem ég var að velta upp í gær: Hver er réttur löggjafans til að taka valdið af verkalýðshreyfingunni og setja starfsháttum hennar og skipulagi skorður? Það er sú meginspurning sem þeir koma að í greinargerðinni hvað eftir annað og komast reyndar að þeirri furðulegu niðurstöðu að það sé hefð á Íslandi að löggjafinn setji reglurnar. Þar vísa þeir til laganna frá 1938 þegar verið var að taka á ástandi sem var gífurlega erfitt. Þá ríkti kreppa á Íslandi. Þá var landið í djúpri efnahagslægð og gífurleg átök á vinnumarkaði og Vinnuveitendasambandið knúði á um lagasetningu hvað varðar vinnumarkaðinn. Stjórnvöld á þeim tíma ákváðu að beita sér fyrir því að það yrðu settar reglur. Enda þótt bæði verkalýðshreyfingin og Kommúnistaflokkurinn á þeim tíma, sem var þá um það bil að breytast í Sósíalistaflokkinn, hafi beitt sér nokkuð hart gegn þessum breytingum var auðvitað um ákveðna réttarbót fyrir verkalýðshreyfinguna að ræða.

Menn vísa líka til laganna sem voru sett um sáttastörf í vinnudeilum en ég get ekki viðurkennt það að þó að menn hafi gripið til lagasetningar á sínum tíma og skapað þarna ramma sé hægt að segja að það sé orðin einhver hefð hér á landi og hvað þá viðurkenna að það sé hefð að löggjafinn taki af skarið og setji vinnumarkaðnum reglur. Þetta sjónarmið get ég ekki fallist á og ég vísa þar til þeirra alþjóðasamþykkta sem við höfum skrifað undir hvað varðar félagafrelsi og ég vísa þar líka til stjórnarskrár íslenska lýðveldisins sem tryggir það að menn geti stofnað hvaða félög sem er í löglegum tilgangi, félög sem starfa í löglegum tilgangi. Þar af leiðandi er ég þeirrar skoðunar að kerfisbreyting af því tagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir sé einfaldlega ekki í verkahring ríkisvaldsins. Það er ekkert sem bannar það í núgildandi lögum að fólk fari þá leið að stofna slík félög á vinnustöðum sínum.

Hins vegar er líka ljóst og kemur mjög vel fram í fróðlegri greinargerð með frv. að verkalýðshreyfingin var að ræða það á tímabilinu 1958–1960 að breyta skipulagsformi sínu og taka upp vinnustaðafyrirkomulagið. Ég undirstrika að þeir hafa talað um að taka upp vinnustaðafyrirkomulag sem fól í sér að þá yrði öllu kerfinu breytt. Vinnumarkaðnum yrði skipt upp í vinnustaðarfélög. Það er svo allt, allt annað en það sem verið er að boða í þessu frv. sem í rauninni heimilar að fólk stofni slík félög. Þá kemur spurningin: Er einhver hvatning til þess að stofna slík félög? Er einhver ávinningur í því? Eins og ég hef minnst á áður get ég ekki séð að gangi upp að hafa tvöfalt kerfi með vinnustaðarfélög annars vegar og fagfélög hins vegar. Ég fæ ekki séð að það gangi upp við núverandi aðstæður og við núverandi skipulag en vilji verkalýðshreyfingin breyta því er það auðvitað hennar mál, það er hún sem á að stjórna því. Að mínum dómi er það ekki löggjafinn sem á að segja verkalýðsfélögunum, ungmennafélagshreyfingunni, íþróttahreyfingunni eða hvaða hreyfingu sem er fyrir verkum um skipulag sitt.

Ein spurning varðandi vinnustaðarfélögin. Nú hefur hæstv. félmrh. brugðið sér frá og tími minn styttist óðum. Ég hefði viljað beina til hans þeirri spurningu ef hann heyrir til mín hvort hann hafi hugleitt hvað gerist með starfsmenn þeirra fyrirtækja þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn. Gefum okkur að þeir stofni vinnustaðarfélag.

Hvað gerist svo ef starfsmönnunum fækkar vegna þrenginga eða samdráttar niður fyrir 150 starfsmenn? Hvað verður um réttindi þeirra? Í hvaða lífeyrissjóði eru þeir? Hvar er orlofsréttur þeirra? Hvar er veikindaréttur þeirra? (**Gripið fram í:** Má félagið áfram vera til?) Já, það er spurningin, má félagið vera áfram til? Hvernig stenst þetta?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara aftur í gegnum þær spurningar sem hér hefur verið velt upp varðandi það hvernig frv. stenst alþjóðasáttmála en mig langar rétt í lokin að draga saman þá helstu gagnrýni sem ég hef á frv. en það lýtur í fyrsta lagi að þessu vinnustaðarfélagafyrirkomulagi. Ég vil taka skýrt fram að í grundvallaratriðum er ég alls ekki andvíg því að taka upp slíkt fyrirkomulag. Það er langt í frá og ég get vissulega séð kosti þess en eins og ég segi enn og aftur, það er verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar að taka ákvörðun um skipulagsbreytingu eins og hún ræddi á sínum tíma en því miður hefur sú umræða algerlega dottið niður og kannski verður það hið jákvæða við þetta frv. að verkalýðshreyfingin fari aftur að huga að skipulagi sínu. Vonandi gerist það.

Í öðru lagi gagnrýni ég þá samflotshugsun sem einkennir þetta frv. og þar sem í rauninni er verið að vísa til ýmiss konar sameiginlegra heildarsamninga sem koma m.a. fram í því sem lýtur að auknu valdi sáttasemjara sem getur knúið fram atkvæðagreiðslu margra félaga sem eru með lausa samninga bara vegna þess að eitt félag hefur náð samningum. Þetta finnst mér stórkostlega gagnrýnivert og þýðir að það er einfaldlega verið að taka samningsréttinn af félögum. Ég gagnrýni líka það form á atkvæðagreiðslum sem verið er að taka upp og er í einum sex tilbrigðum. Þetta mun gera verkfallsboðun miklu erfiðari og kemur mér þá í hug það sem hæstv. forsrh. sagði í dag að ekki væri verið að raska jafnvægi á vinnumarkaðnum. Með þessum aðgerðum er í rauninni verið að raska því stórkostlega hvernig verkalýðshreyfingin fær vörnum við komið. Það er verið að setja miklar hömlur á það hvernig verkalýðsfélög geta gripið til aðgerða, hvort sem það eru einhverjar skyndiaðgerðir eða meiri háttar aðgerðir.

Síðan er sú spurning, sem ég velti upp áðan, sem varðar rétt löggjafans til að grípa inn í með þeim hætti sem hér er gert og hefur vakið upp gríðarleg mótmæli verkalýðshreyfingarinnar og ég dreg þann rétt stórlega í efa. Hér erum við einfaldlega að ræða um mál sem sátt þarf að ríkja um. Það verður að ríkja sátt um það hvernig leikreglur á vinnumarkaði skuli vera og við höfum séð að launastefna og margt það sem snýr að vinnumarkaðnum hefur verið ágreiningsefni, Alþýðusambandið annars vegar og opinberir starfsmenn hins vegar og innan raða opinberra starfsmanna hefur líka verið ágreiningur.

Síðan eru þau vinnubrögð ámælisverð sem hafa komið fram í þessu máli og ekki til þess fallin að skapa sátt um þetta mál.

Rétt áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á breytingum sem mér var bent á sem varðar þá borgaralegu skyldu að taka sér aðstoðarsáttasemjarastarf. Í þeim plöggum sem ég hef undir höndum er vakin athygli á því að í gildandi lögum eru ráðherrar og dómarar undanþegnir því að undirgangast þessa skyldu en hér er ekkert slíkt tekið fram. Ekki veit ég hvort þetta er einhver handvömm eða hvað og þetta munum við að sjálfsögðu athuga í nefndinni. En lokaniðurstaða mín er sú, hæstv. forseti, að hér er um inngrip í félagsleg réttindi að ræða sem verður alls ekki við unað og ekkert það sem hefur komið fram í umræðunni breytir þeirri skoðun minni að ríkisstjórnin á að draga þetta frv. til baka. Hún á að vísa málinu aftur til aðila vinnumarkaðarins og fara þess á leit að þeir finni lausnina að þessu máli og allir eiga að fá að koma að. Það er aðila vinnumarkaðarins að skapa þær reglur sem þeir vilja hafa og síðan er löggjafans að staðfesta þær ef þörf er á.

[21:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þar sem menn eru farnir að tala í annarri umferð finnst mér viðeigandi að koma í ræðustól og svara atriðum sem hafa komið fram og verið beint sérstaklega til mín. Ég ætla ekki að draga frv. til baka, ég kann annað miklu betra ráð. Ég vænti þess að einhvern tíma í nótt fari þetta frv. við atkvæðagreiðslu til hv. félmn. og formaður hennar var að ljúka máli sínu. Ég treysti henni afar vel til þess að athuga frv. gaumgæfilega og hafa samráð og leita álits aðila í þjóðfélaginu og lagfæra frv. ef þurfa þykir.

Ég þakka ítarlegar umræður sem hafa orðið og eiga sjálfsagt eftir að verða. Skárri væri stjórnarandstaðan ef hún reyndi ekki að taka svolítið upp í sig í svona máli. Það hlutverk stjórnarandstöðu er mjög mikilvægt að gagnrýna og veita ríkisstjórn og ráðherrum aðhald. Hún hefur sannarlega ekki dregið af sér en ég er fegin því að þegar ég lít yfir það sem sagt hefur verið, þá er þetta ekki gagnrýni sem bítur sérstaklega á mig, ekki sem ég tek nærri mér vegna þess að gagnrýnin er ekki á meginhugsunina í frv., ekki á einstakar frumvarpsgreinar í stórum stíl og það þykir mér verulega gott. Gagnrýnin er fyrst og fremst á mig persónulega og það þykir mér ágætt því að ég hef reynslu af því að ég verð ekki veginn með orðum. Ég kippi mér ekkert upp við það þó að ég sé lastaður öðru hverju. Í umræðunni hefur verið sagt að ég sé siðlaus og ofbeldismaður og griðrofi og þaðan af meira. Mér hefur ekki verið líkt við Mussolini fyrr en ég tek þetta ekkert nærri mér. Ég finn ekki til neins skyldleika við Mussolini og veit sjálfur að ég er hvorki siðlaus né ofbeldismaður eða griðrofi og það nægir mér.

Spurningin er þessi: Á að hafa lög eða lagareglur? Á að hafa einhverjar umferðarreglur til þess að fara eftir? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um það rétt áðan að það væri eins og að fara í fótboltaleik og koma sér ekki saman um reglurnar í upphafi leiksins. Ég tel einmitt að fótboltamenn gætu verið til fyrirmyndar. Þeir spila eftir ákveðnum reglum og það eru ákveðin lög sem gilda um fótbolta. Ef menn gerast brotlegir eru þeir reknir út af. Ég tel skynsamlegt og nauðsynlegt að hafa lög og lagareglur um málefni vinnumarkaðarins alveg eins og ég tel skynsamlegt að hafa lög og lagareglur um málefni BSRB o.s.frv. Lagareglur gilda og hafa gilt síðan 1938. Nú er verið að endurbæta þær lítillega, ekki í neinum stórum byltingarkenndum atriðum, það er aðeins verið að endurbæta þær lítillega. Ég hef á tilfinningunni að sumir sem hafa talað af mestum móði vildu helst afnema þessi lög frá 1938. Það væri í samræmi við þann málflutning sem þá var uppi hafður sem var miklu svæsnari en sá sem við höfum hlustað á, nema rétt stöku ræða. Ég tel sem sagt að við þurfum að hafa lagareglur og meining þessa frv. er að lagfæra þær nokkuð og færa til betra horfs.

Þá er það tímasetningin sem menn hafa gagnrýnt mjög. Þessar viðræður hafa staðið í 18 mánuði. Í janúarlok var óskað eftir fresti. Ég gaf frest í einn mánuð og gerði ekkert næsta hálfa mánuðinn. Þennan frest átti að nota til að reyna beina samninga á milli verkalýðshreyfingar og VSÍ. Ég vildi sannarlega ekki spilla þeim ef einhver von væri til þess

að menn kæmust að samkomulagi. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lagði mikla áherslu á að þetta væri leyst í sátt og þar er ég alveg sammála honum. Því miður tókst það ekki. Það þarf nefnilega tvo til að semja. Það verður enginn samningur þó annar aðilinn vilji samning. Ef hinn ekki vill samning, verður enginn samningur. Vinnuveitendur héldu kannski að sér höndum og ASÍ-hliðin stagaðist á því að hún vildi ekki lög, hún vildi samninga, hún vildi ekki lög. Ég er ekki sammála því. Jafnvel þótt samningur komist á, bindur sá samningur aðeins þá sem eru aðilar að samningnum ef engin eru lögin. Þar af leiðir að hópar standa utan við samninginn og geta átt frítt spil. Þess vegna er eðlilegt að reyna að beina þessu í farveg. Það tókst ekki.

Ég hef eins og ég sagði áðan verið lengi í pólitík og ég hef staðið í margháttuðum samningum. Ég held að ég sjái hvenær vonlaust er orðið að ná samningi. Ætti að koma endurbótum á sem gætu nýst við næstu kjarasamninga, varð það að gerast núna á vorþingi. Og ef menn ætluðu sér að afgreiða mál á vorþingi, voru síðustu forvöð að það kæmi fram. Auk þess er nauðsynlegt að nýta þann frest sem verður í þessu langa páskahléi til að vinna í málinu og hafa eitthvað fyrir sér til að vinna að. Ég tel mjög heppilegt að hafa tækifæri til að gefa umsagnaraðilum rúman frest og hv. félmn. tækifæri til þess að fara nákvæmlega ofan í málið.

Ég ætla að nefna nokkrar spurningar eða athugasemdir sem komið hafa fram í umræðunni. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði að stéttarfélög ættu að vera óháð íhlutun stjórnvalda. Þar er ég henni hjartanlega sammála. Auðvitað eigum við ekki að setja félagslög fyrir hin einstöku félög. Mér dettur ekki í hug að blanda mér í það að setja félagslög fyrir Dagsbrún eða segja Dagsbrún fyrir um hvernig hún eigi að vinna, hvort hún eigi t.d. að afskrifa gamla félaga eins og hér hefur komið til umræðu. Það finnst mér ekki vera hlutverk löggjafans, það er hlutverk Dagsbrúnar. En mér finnst það ekki ósæmileg íhlutun að gefa félögum í stéttarfélögum tækifæri til þess að neyta lýðræðislegs réttar síns. Það finnst mér ekki.

Hv. þm. taldi að frv. kynni að stangast á við alþjóðasamninga. Ég ætla að biðja hv. félmn. að athuga alveg sérstaklega hvort einhver fótur er fyrir því. Þeir sérfræðingar sem ég hef rætt við fullyrða að svo sé ekki. Ég hef sjálfur leitað að þessu eftir því sem ég hef haft þekkingu til. Ég er svo heppinn að hafa á mínum snærum þann mann sem er fróðastur um ILO-málefni á Íslandi. Þar á ég við Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félmrn., sem var formaður nefndarinnar um samskiptareglur á vinnumarkaði. Hann telur að þetta standist ILO-samþykktirnar ágætlega. Ég hef látið athuga þetta sérstaklega og þráspurt að þessu því ég er dálítið viðkvæmur fyrir þessu. Ég vil ekki að við séum að setja lög sem brjóta þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Hitt er svo annað mál að það kann að vera að menn reyni að hengja hatt sinn á oftúlkun á þeim alþjóðasamningum sem við erum aðilar að. Ég er t.d. hérna með Convention 1987 og hef verið að reyna að stauta mig fram úr henni. Ég sé ekki að það sé neitt í henni sem gefur tilefni til þess að halda að hér sé um einhver brot að ræða.

Eins og ég sagði áðan vil ég biðja hv. félmn. að fara sérstaklega yfir þetta og ég skal leggja til eitthvað af þeim sérfræðingum sem ég hef haft á mínum snærum.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gerði athugasemd við 5. gr. frv. Greinin hljóðar svo:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnuekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa það skilgreint í lögum og það hefur verið skilgreint í lögum hvað verkföll eða verkbönn eru og hvaða áhrif þau hafa. Ég vek athygli á því og það er rétt að undirstrika það áður en lengra er haldið að þetta frv. er ekki bara umferðarreglur fyrir verkalýðshreyfinguna. Þetta frv. breytir meiru fyrir vinnuveitendahliðina en það breytir fyrir verkalýðshreyfinguna. Ef menn fallast ekki á það má ætla að þeir hafi ekki lesið frv. eða kynnt sér reglur VSÍ. Eins og hér kom rækilega fram hjá fyrrv. formanni VSÍ, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, er VSÍ ákaflega miðstýrt, að mínu mati of miðstýrt. Hér er hvarvetna tekið fram að það er jafnræði á milli. Þar sem þarf að leita til félaga í verkalýðsfélögum, skal leita til félagsmanna VSÍ samkvæmt atkvæðaskrá. Þau atkvæði eru allt í einu orðin 400 í stað 21. Þessu kyngja þeir hjá VSÍ en þeir eru ekki kátir yfir því.

Fjöldauppsagnir eru ekki bara það ef verkafólk tekur sig saman um að segja upp hjá atvinnurekanda. Það getur líka verið atvinnurekandinn sem segir fólkinu upp og þar með kemur á eins konar verkbann. Ef um álitamál er að ræða, höfum við aðila í þjóðfélaginu sem á að geta skorið úr um þetta og það er Félagsdómur.

Hvað atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu varðar hafa menn gagnrýnt það hlutfall sem sett er í frv. og talað um sex afbrigði af atkvæðagreiðslum. Eins og ég hef margsagt við þessa umræðu má mín vegna einfalda það. Það er ekkert heilagt fyrir mér. Mér fyndist að mörgu leyti eðlilegast að taka upp eina reglu sem gengi yfir alla línuna svipað eins og er t.d. hjá BSRB. Nú er ég ekki viss um að menn verði tilbúnir að fara yfir svo háan þröskuld sem BSRB hefur. Ef ég man rétt, er það 50% þátttaka og meiri hluti ræður af þessum 50%. Ég efast um að verkalýðshreyfingin teldi að svo strangt hlutfall væri framkvæmanlegt. Þess vegna gæti vel verið skynsamlegt að hafa einhvern lægri þröskuld þarna. Að mörgu leyti er það þó eðlilegra en að láta ógreiddu atkvæðin virka eins og gerist í sumum tilvikum, þ.e. að það væru þeir sem á kjörstað kæmu sem réðu. Það yrði þá að vera eitthvert lágmark sem á kjörstað kæmi eða tæki þátt í póstkosningum, en póstkosning er undirstaða þess að hin almenna atkvæðagreiðsla sé framkvæmanleg í sumum tilfellum. Það er ekki hægt að efna til kjörstaðakosninga t.d. hjá sjómönnum. Og það er torvelt hjá landflutningabílstjórum og fleiri stéttum.

Ég tel að það að krefjast þátttöku hins almenna félagsmanns efli félagsstarf og ég hygg að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, sé mér sammála um það að hin almenna þátttaka félagsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hefur orðið því sambandi til styrktar, ekki til þess að veikja það. Og það styrkir formanninn sem slíkan í sinni verkalýðsbaráttu að hafa lifandi félagsstarf á bak við sig.

Mér finnst sorglegt að horfa upp á sum verkalýðsfélög sem maður hefur litið afar mikið upp til, hvað mikil félagsleg deyfð er þar sýnileg.

Ég vek athygli á því að áður en sáttasemjari má leggja fram miðlunartillögu, verður hann að hafa gefið aðilum tækifæri til þess að þrýsta á um sérkröfur sínar.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, þá hefur Alþjóðavinnumálastofnunin verið að gera athugasemdir við okkur og það er fyrst og fremst sam-

kvæmt mínum upplýsingum — nú hef ég ekki verið lengi ráðherra félagsmála — en samkvæmt mínum upplýsingum er það fyrst og fremst vegna þess hversu oft ríkisvaldið eða löggjafinn hefur gripið inn í að leysa kjaradeilur með lagasetningu. Það taka þeir sem sönnun þess eða ábendingu um að það sé eitthvað að í samskiptum verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda á Íslandi úr því að ríkið er að kássast í að leysa kjarasamninga. Þessu frv., þessum umferðarreglum sem hér er verið að reyna að koma á, á að beita til þess að ekki þurfi að koma til þess að farið sé að leysa kjaradeilu með lögum því að það er hinn versti kostur. Það getur verið óhjákvæmilegt. Á undanförnum árum hef ég, þó nokkuð oft líklega samtals því að ég er búinn að vera hérna lengi og lengst af stjórnarmegin, staðið að samþykki að leysa kjaradeilu með lögum. En það er ekki til fyrirmyndar.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði um tilskipun Evrópusambandsins. Það eru einkum tvær sem núna brenna á okkur. Það er í fyrsta lagi barnatilskipunin og hins vegar vinnutímatilskipunin. Okkur er alveg nauðugur einn kostur annaðhvort að leiða í lög eða festa í samningum þessar tilskipanir. Ríkisstjórn Íslands sendi í janúar í fyrra, 21. janúar, bréf til Brussel þar sem ríkisstjórnin taldi sig óbundna af þessum tilskipunum. Þær væru ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég fékk svar þrem vikum síðar. Jú, þetta væri víst Evrópska efnahagssvæði og við yrðum að undirgangast þessar tilskipanir. Fyrir þinglok í vor verðum við að lögfesta barnatilskipunina. Ég mun leggja fram frv. Ég kem því komandi frá mér fyrir mánaðamót þannig að ég þurfi ekki að biðja um afbrigði um barnatilskipunina. Varðandi vinnutímatilskipunina er allt eins hægt að taka hana upp í samningum á milli stéttarfélaga og vinnuveitenda. Hún þarf ekki að lögleiðast fyrr en rétt fyrir jól þannig að hún má bíða haustsins. Ég vona bara að aðilar vinnumarkaðarins taki þann kaleik frá mér að þurfa að bera það leiðindafrv. fram því að báðar þessar tilskipanir eru að minni hyggju óhentugar fyrir okkur og sérstaklega getur barnavinnutímatilskipunin skapað vandamál.

Varðandi starfsfólk með fjölskylduábyrgð sem hv. þm. spurði um, þá var spurt um þetta á síðasta vori. Mig minnir að það hafi verið hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sem spurði um það og ég er hérna með svar sem ég vildi fá að lesa úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Mismunandi sjónarmið hafa komið fram meðal aðila vinnumarkaðarins og ágreiningurinn er fyrst og fremst varðandi fullgildingu og framkvæmd á 8. gr. samþykktarinnar, en samkvæmt henni skal aðildarríki tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar. Miðað við aðstæður hér á landi telst fullgild trygging að mati Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, annaðhvort ákvæði í kjarasamningum eða setning laga. Ráða má af afstöðu samtaka atvinnurekenda að stjórnvöld verða að setja lög til að hrinda í framkvæmd ákvæðum 8. gr. samþykktarinnar og í því sambandi getur tvennt komið til álita. Ein leið er að endurskoða lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, með það að markmiði að taka upp í þau lögákvæði 8. gr. samþykkt nr. 156, um fjölskylduábyrgð, að hún geti ekki verið ástæða til uppsagnar starfs. Einnig er athugandi að sett verði lög sem almennt fjalli um uppsagnir starfsmanna."

Ég tók ekkert af um þetta mál í vor enda þ kkti ég ekki málið nægilega vel þegar ég gaf þetta svar. Mér finnst rétt að gefa aðildum vinnumarkaðarins tækifæri til þess að semja um þetta ef þeir geta því sannarlega vil ég losna við að setja lög ef hægt er að koma á samningum. En ef það ekki gengur, er ég tilbúinn að leggja vinnu í það að breyta lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests. Ég vil sem sagt ekki fara að setja dagsetningar á þetta en að þessu mun ég vinna. (**BH:** Fullgilda samþykkt 158 kannski líka?) Ég vil (**SvG:** Segðu já.) ekki svara neinu um það hér því ég man ekki nákvæmlega hvernig samþykkt 158 hljóðar og ég er hræddur um að ég þurfi að velta því aðeins fyrir mér áður en ég fer að segja já þó mér þyki ágætt að játa hv. þm. sem allra mest.

Varðandi launamun kynjanna sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir minntist á, þá er hann svartur blettur á þjóðfélaginu. Ég átti þess kost að mæta fyrir sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir hálfum öðrum mánuði eða eitthvað svoleiðis í New York þar sem verið var að taka út hvernig Ísland stæði varðandi mismunun gagnvart konum. Það var mjög fróðlegt og ánægjulegt og áhugavekjandi að fara í þessi réttarhöld. Við fengum nú ekki harðar ákúrur þar, Íslendingar. Sumt var spurt af ókunnugleika og um hluti sem okkur hafði ekki dottið í hug að við yrðum spurð að. En eftir þá ferð er tvennt sem mér finnst standa upp úr af þeirri gagnrýni sem að okkur var beint og vil vinna sérstaklega að. Það er kynbundinn launamunur sem hér er og réttleysi sveitakvenna. Í dag var haldin ráðstefna á mínum vegum á Akureyri sem lagt var töluvert í, um atvinnumál kvenna. Því miður komst ég ekki þangað vegna umræðunnar sem hér stendur. Og ég veit um fleiri þingmenn sem hefðu gjarnan viljað vera þar en voru bundin hér yfir umræðunni. Ég hef ekki frétt af þessari ráðstefnu en ég vona að hún geti verið upphaf að meiru. Það er að fara í gang starfsmat í tveimur ríkisfyrirtækjum vonandi, einu borgarfyrirtæki og einu einkafyrirtæki. Þar ætti að fást grundvöllur. Ég hef ákveðið að beita mér fyrir því að veita viðurkenningu til fyrirtækja sem geta státað sig af því að þar er ekki kynbundinn launamunur. Ég hef hugsað mér að það færi þannig fram að fyrirtækin sæktu um þetta og þætti það eftirsóknarvert. Ég hef hugsað mér að láta einhverja flinka auglýsingastofu búa til skilti eða merki. Hugmyndin er kannski að hluta til frá reyklausum vinnustað þó að ég hafi ekki sérstakt uppihald á því merki prívat og persónulega. En þetta gæti verið merki sem fest væri upp á vinnustaðnum og fyrirtækin sæktu um. Jafnréttisráð kannaði stöðu í fyrirtækinu eða aðilar á þess vegum og síðan yrði viðurkenning veitt. Mig dreymir um að þetta gæti verið eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki og ég vonast eftir því að einhver fyrirtæki sýni þessu áhuga. Ég hef líka ákveðið að setja í gang starfsemi jafnréttisfulltrúa.

Ef maður lítur á þetta frv. í samhengi við launamun kynjanna, þá finnst mér að það ætti að geta gert konur virkari í stéttarfélögunum og efla þær meira til áhrifa en þær eru nú. Þær eru ekki áhrifaríkar í æðimörgum stéttarfélögum. Þær ráða sumum en ég tel að áhrif kvenna þurfi að aukast, ekki bara hér á þingi eða í nefndum og ráðum heldur líka hjá verkalýðshreyfingunni. Ég veit að það hafa verið þar valkyrjur að störfum og staðið sig með mikilli prýði. En ég held að það að virkja almennan félagsmann til áhrifa sé af hinu góða og þá ekki síður konum en körlum.

Eins og ég sagði í andsvari við ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þá tel ég að verkalýðshreyfingin eigi að vera sterk og það sé mein að því hvað hún er sundruð hér. Ég vil sjá ASÍ miklu sterkara en raun ber vitni. Það vill svo til að

ég hef fylgt til grafar tveimur höfðingjum jafnaðarmanna í Svíþjóð, Erlander og Palme. Í báðum tilfellum voru formenn ILO í Svíþjóð ræðumenn ekki síður en presturinn og ég sé ekki fyrir mér að það ástand verði hér.

Því miður ku ég vera búinn með tímann minn eða tek það svo, herra forseti og þá verð ég að hætta, en ég er rétt að byrja að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Ég vil ítreka það sem ég hef verið að segja, sagði í gær og segi enn að ég tel að það megi breyta ýmsu í þessu frv. Ég treysti félmn. ágætlega til þess að fara ofan í þau atriði sem þarna kunna að vera vafamál. Ég nefni alþjóðasamningana. Ég nefni þröskuldana. Ég nefni vinnustaðarfélögin. Það er álitamál með þau. Ef þau verða til þess að veikja verkalýðshreyfinguna, ef þau verða til þess að veikja ASÍ, þá tel ég að það sé mikið umhugsunarefni. Það er ekki verið að innleiða *þetta sem reglu, heldur er einungis verið að opna möguleika* á þetta og hann verður ekki notaður nema starfsmennirnir vilji það. Það þurfa að vera a.m.k. $^3/_4$ samkvæmt frv. sem vilja það.

[22:00]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir ræðu hæstv. félmrh. fannst mér augljóst að málið er ekki fullþroskað. Hann svaraði gagnrýni *einungis* að litlu leyti. Hann hafði ekki nægilegan tíma til að fara betur yfir málið. Það sýnir okkur að þetta mál þyrfti miklu ítarlegri umræðu.

Þetta bráðlæti hæstv. félmrh. er búið að skemma mjög mikið fyrir frekari atburðarás. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann vilji ekki rétta út sáttarhönd og skoða þetta mál betur. Getur hann ekki fallist á að ljúka þessari umræðu núna? Menn gætu þá skoðað málið betur í vinnuhóp. Ég held að það væri affarasælast fyrir niðurstöðu málsins.

Ég vil í öðru lagi spyrja, þar sem hér hafa verið bornar brigður á lögmæti þessa frv., hvort hann muni beita sér fyrir því að ráðuneytið geri sjálfstæða skoðun á málinu, ítarlegri skoðun en þá sem þegar hefur farið fram. Ég geri mér fulla grein fyrir því að nefndin mun skoða þennan þátt sérstaklega, en ég tel mikilvægt að ráðherrann gefi um það yfirlýsingu að hann muni beita sér fyrir sérstakri skoðun á þeim alþjóðlegu samningum sem hér eiga í hlut.

Í þriðja lagi langar mig að heyra afstöðu hæstv. félmrh. til þeirrar hugmyndar sem kom fram í umræðunni um að starfsfólk fái fulltrúa í stjórn fyrirtækja, sérstaklega stærri fyrirtækja og þá hugsanlega í tengslum við stórfyrirtæki sem rætt er um í sambandi við vinnustaðarsamninga. Vildi hann skoða þá hugmynd frekar?

[22:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vík þá fyrst að starfsfólki í stjórnum fyrirtækja. Ég þekki mörg fyrirtæki þar sem starfsmennirnir eiga fulltrúa í stjórnum og það sem mér stendur næst er Kaupfélag Húnvetninga. Þar hefur starfsfólkið lengi átt fulltrúa í stjórn og er reynslan af því góð. Ég veit ekki hvort þetta er löggjafaratriði og þori ekki að fullyrða neitt um slíkt. Ég er líka feiminn við að blanda mér í innri mál fyrirtækja.

Varðandi lögmæti frv., eins og hv. þm. orðaði það, reikna *ég með að hann eigi við bréfið sem fyrrv. félmrh. Jóhanna* Sigurðardóttir sendi fyrir hönd fyrrv. ríkisstjórnar. Ég sé ekki að það geti skekkt þetta. Ég er alveg sömu skoðunar og hæstv. forsrh., það er ekki verið að raska jafnvægi, það er ekki verið að styrkja VSÍ og veikja ASÍ. Það er verið að leggja hliðstæðar skyldur eða samræma réttindi öllu heldur á báða bóga.

Varðandi það að málið sé ekki fullþroskað, er ekkert lagafrv. fullþroskað fyrr en það hefur gengið í gegnum þrjár umræður á Alþingi. Ég tel að það sé í réttum farvegi og líklegt að það verði unnið af dugnaði og samviskusemi að því að senda það til hv. félmn. til frekari vinnslu.

[22:04]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Atriðið varðandi stjórn félaga er löggjafaratriði. Það er hægt að ræða þetta síðar. Mér finnst hins vegar miður að hæstv. félmrh. skuli ekki reyna að nýta það tækifæri sem umræðan gefur. Hún hefur að mörgu leyti verið málefnaleg og snýst um form og innihald. Hæstv. ráðherra segir að það hafi ekki verið mikil gagnrýni á einstaka þætti frv. Það er að sumu leyti rétt hjá hæstv. félmrh. Hins vegar hafa menn gert mjög margar athugasemdir við formið, einkum að löggjöf skuli vera lögð fram með þessum hætti. Sú hreyfing sem farin er í gang í þjóðfélaginu gegn ríkisstjórninni getur stefnt næstu kjarasamningum í hættu. Því þykir mér mjög miður að hæstv. félmrh. skuli ekki grípa tækifærið núna í þessari umræðu og freista þess að koma málinu út úr þessum farvegi, sem hann að vísu telur eðlilegan en okkur í stjórnarandstöðunni finnst óeðlilegur. Látum vera þótt hann hlusti ekki á stjórnarandstöðuna en þetta er mál sem gervöll verkalýðshreyfingin er andsnúin. Menn hafa sagt: Komið með þetta mál aftur inn á þann vettvang þar sem það var. Það er það sem verkalýðshreyfingin í þessu landi vill. Það veldur mér miklum vonbrigðum ef hæstv. ráðherra ætlar að halda fast við þessa einstrengingslegu stefnu sem stefnir öllum vinnumarkaðinum í uppnám.

[22:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að ríkisstjórnin á vin í hv. þm. Ég tel að málið sé einmitt í réttum farvegi og á réttum stað hjá hv. félmn. Ég vek athygli á því að það er stjórnarandstæðingur sem leiðir þá nefnd og ég treysti hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur prýðilega til þess að vanda meðferð málsins.

Ég held að það sé þýðingarlaust að kalla frv. aftur og ganga til einhverra viðræðna á ný. Það ætla ég ekki að gera. Ég held að það gerist ekki neitt með því móti.

[22:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. félmrh. rétt áðan að hann lítur eiginlega á það sem hlutverk sitt að setja umferðarreglur fyrir vinnumarkaðinn. Hann lítur sem sagt á sig sem eins konar umferðarlöggu, en honum hefur ekki tekist betur til en svo að hann er að verða að lifandi umferðarslysi í þessu máli.

Það hefur komið í ljós í yfirlýsingum forráðamanna verkalýðshreyfingarinnar að þeir voru fullir vilja til þess að reyna að ná lendingu í málinu. Það hefur komið fram í umræðum að samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins voru á dágóðu skriði, en það sem gerist er það að hæstv. ráðherra rýfur friðinn, tekur málið hingað inn í frumvarpsformi þegar hægt hefði verið hægt að ná lendingu með því að halda viðræðunum áfram. En hæstv. ráðherra bregður sér í margra kvikinda líki. *Við höfum séð hann undir þessum umræðum bæði* geispa og dotta. Svo kemur hann líka hingað með guðræknislegum svip og segist vera dálítið viðkvæmur fyrir því að brjóta alþjóðasamninga, svo ég vísi orðrétt í hans ágætu orð. Þegar hann er búinn að brjóta friðinn, kemur hann og segist

vera dálítið viðkvæmur fyrir þessu. Hann er meira að segja svo kristilegur í hugsun sinni í dag og ber svo mikið traust til stjórnarandstöðunnar að hann ætlar að fela hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að athuga hvort það geti verið að hann hafi brotið þá. Hann er sem sagt ekki með hreinni samvisku en svo að hann telur að það geti vel verið að svo sé.

Ég varpaði spurningu til hæstv. ráðherra fyrr í dag sem mig langar til að ítreka hér af því að hann svaraði henni ekki. Hún varðar einmitt það sem mörgum finnst merkilegt, þ.e. stéttarfélög á vinnustað. En ég spyr hann: Er eitthvað því til fyrirstöðu í dag að starfsmenn í fyrirtækjum stofni vinnustaðarfélög sem hafa réttarstöðu stéttarfélags? Er eitthvað í lögum sem hamlar því?

[22:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég ekki alveg viss á þessu með vinnustaðarfélögin en ég held að þótt félag sé stofnað á vinnustað öðlist það ekki sjálfkrafa réttarstöðu stéttarfélags. Ég verð sjálfsagt leiðréttur ef þetta er misskilningur, en ég held að það sé þannig að þótt starfsfólk fyrirtækis stofnaði sitt eigið félag, öðlast það ekki sjálfkrafa rétt stéttarfélags.

Varðandi alþjóðasamningana, er ég ekki búinn að brjóta neitt því að frv. er ekki orðið að lögum. Þetta eru bara hugleiðingar á blaði eins og stendur og umræðugrundvöllur. En þegar málið er orðið að lögum og farið að starfa eftir því, þá kynni það að vera brot.

[22:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get þá haldið áfram að hlæja að þessu góða svari hæstv. ráðherra. Ég sé það að hæstv. ráðherra er í kolröngu hlutverki. Maður eins og hann hefur bæði eðli og hæfileika til þess að verða t.d. sáttasemjari í þeim deilum sem nú ríkja innan þjóðkirkjunnar. Það ætti að fá hann til þess að leysa það mál. Hæstv. ráðherra segir: Ég er ekki búinn að brjóta neitt enn þá. En hann gerir því skóna að þetta frv. hans kunni að vera svo illa úr garði gert að ef það slysast til að verða samþykkt í þessum sal, verði hann e.t.v. búinn að brjóta alþjóðasamninga. Og honum er svo sem sama. Norður í Skagafirði þar sem menn rölta á eftir beljurössum að vori til og hausti líka, er þeim alveg sama þó að þeir brjóti einhverja alþjóðasamninga.

Herra forseti. Þetta svar hæstv. ráðherra leiddi í ljós að hann veit svo sem ekkert hvað stendur í þessu. Ég spurði tiltölulega einfaldrar spurningar af einlægni um vinnustaðarfélög. Og það kemur í ljós að það þarf tvo stjórnarandstæðinga til þess að leiða hæstv. ráðherra í gegnum svarið. Hann er hreint ekki alveg viss. Þótt stéttarfélag sem stofnað er innan fyrirtækis eða vinnustaðarfélag sem stofnað er innan fyrirtækis njóti ekki við stofnunina réttarstöðu stéttarfélags, tel ég að þau séu búin að fá obbann af þeirri réttarstöðu sem þarf til þegar viðkomandi stéttarfélög á félagssvæðinu eru búin að framselja samningsumboðið til trúnaðarmanna innan fyrirtækisins. Ráðherrann telur þetta jákvætt nýmæli. Ég er ekki viss um að ég sé sammála honum. En það er með mig eins og hæstv. ráðherra, ég er ekki svo kunnugur þessu frv. En allt sýnir þetta að honum hefði kannski verið nær að geyma frv. í eins og 2–3 mánuði og kannski lesa það heima sjálfur.

[22:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að ég þekki þetta frv. fullt eins vel og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég ber ekki brigður á vitsmuni hans og skerpu, en ég hef haft það lengur undir höndum en hann. Hann lýsti því yfir í gær að hann vissi ekki hvað í því stæði. Eitthvað er hann búinn að lesa það síðan.

Að það þyrfti tvo stjórnarandstæðinga til að leiða mig, þá er það ekki nákvæmlega rétt. Þeir staðfestu það sem ég var að halda fram. Það þótti mér vænt um því að ég var ekkert alveg viss um réttarstöðuna. Það er nefnilega munurinn á okkur hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég er stundum í vafa, en hv. þm. heldur alltaf að hann viti allt.

[22:13]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagðist ekki sjá brotið á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessu frv. og nefndi þar einkum samþykkt nr. 87. Ég vil benda á atriði sem hafa reyndar margoft komið fram í umræðunum og hafa ekki verið hrakin enn. Í raun og veru snýst málið um það hver innri málefni stéttarfélaga eru. Samþykkt nr. 87 leggur bann við opinberri íhlutun í innri málefni stéttarfélaga. Þar vil ég nefna sérstaklega tvennt. Í fyrsta lagi atkvæðagreiðslurnar sem hafa hingað til talist vera innri málefni stéttarfélaga og í öðru lagi félagssvæðin. Og þá erum við komin að vinnustaðarfélögunum.

Það má vel vera að þetta sé allt saman gott og gilt ef að þessari niðurstöðu er komist í samningum. Þar liggur grundvallarmunurinn, hæstv. ráðherra. Ég hélt að það hefði reyndar komið nægilega oft fram í dag og í gær.

Enn og aftur vil ég nefna tengingarregluna. Hæstv. ráðherra sagði áðan að hann hefði með sér okkar færasta sérfræðing í málefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Vissulega er það rétt að Gylfi Kristinsson þekkir vel til málefna þeirrar stofnunar, en hvernig stendur á því að sá ágæti maður hefur ekki bent hæstv. ráðherra á það að Danir hafa verið undir smásjá stofnunarinnar vegna tengingarreglunnar? Þetta var bent á í nefndinni á sínum tíma.

Í lokin varðandi fjöldauppsagnirnir erum við líka skuldbundin samningi sem heitir samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Þar eru tilteknar reglur sem hafa verið settar um hópuppsagnir og hvernig með þær skuli fara. Það er engin tilviljun að þar er ekki sagt að það skuli fara með þær eins og um vinnustöðvanir eins og er sagt í þessu frv. Það er vegna þess að þetta eru tvö gerólík úrræði, annars vegar uppsögn og hins vegar vinnustöðvun. Ég trúi því ekki að nokkur lögfræðingur, sem þekkir eitthvað örlítið til í vinnurétti, hafi ráðlagt hæstv. ráðherra að setja slíkt ákvæði inn í frv.

[22:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Annaðhvort brjóta menn alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að eða ekki. Ef þetta er brot á alþjóðasamþykkt er engin málsbót þó að menn verði sammála um að brjóta hana.

Varðandi það að þetta sé ósæmileg íhlutun í innri málefni stéttarfélaga er það ekki mitt mat eða þeirra manna sem ég hef ráðfært mig við en þetta er atriði sem hv. félmn. kannar sjálfsagt vandlega eins og ég er búinn að margbiðja um.

Varðandi tengingarregluna hjá Dönum þá veit ég að þeir hafa fengið athugasemdir, þ.e. það hefur verið skoðað en mér er ekki kunnugt um að framvinda málsins hafi orðið sú að neitt hafi verið gert í því.

[22:17]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það einu sinni enn að ég er alveg steinhissa á því hversu langan tíma það tekur fyrir hæstv. ráðherra að skilja að það sem við erum að tala um og það sem gervöll stjórnarandstaðan hefur verið að tala um í tvo daga er að brotið felst í lögþvinguninni. Það er grundvallarmunur á því að setja sér leikreglur með samningum eða með lögþvingun. Þetta er ekkert flóknara en það.

Ég ítreka þetta enn og aftur og ég held að ég verði bara að flytja ræðuna mína frá því í gær aftur (**Félmrh.:** Í guðs lifandi bænum, gerðu það ekki.) því að það er alveg greinilegt að hæstv. ráðherra hefur ekki náð því um hvað grundvallaratriði þessa máls snúast.

[22:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni ekki að hér sé um lögþvingun að ræða og það er kannski ágreiningsefnið.

[22:18]

Útbýting þingskjala:

Álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum, 453. mál, fsp. GHall, þskj. 786.

Rekstur mötuneyta, 452. mál, fsp. GHall, þskj. 785.

[22:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hingað að Alþingishúsinu komu í dag forsetar Alþýðusambands Íslands, formenn nær allra aðildarfélaga sambandsins og kröfðust þess að það frv. sem hér er til umræðu verði dregið til baka. Sams konar kröfur hafa komið frá Bandalagi háskólamanna, BSRB og öðrum samtökum launafólks, ekki bara varðandi þetta eina frv. heldur skerðingarfrumvörpin sem svo eru nefnd og menn hafa haft uppi mjög stór orð um þetta, að ríkisstjórnin hafi sagt sundur friðinn.

Hér hafa verið fluttar nokkrar mjög athyglisverðar ræður í kvöld, þar á meðal af hálfu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem á sínum tíma fékk viðurnefnið bjargvætturin og ekki að ástæðulausu. Hv. þm. býr yfir miklum sannfæringarkrafti og nú ætlar hann að reyna að beita þeim krafti til þess að bjarga æru ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Mikill þarf sá sannfæringarkraftur að vera ef honum á að takast það án þess að ríkisstjórnin fari að þeim vilja gervallrar verkalýðshreyfingarinnar í landinu að þessi frumvörp verði dregin til baka.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagðist vera að reyna að átta sig á því hvar ágreiningurinn lægi og kvaðst hafa komist að þeirri niðurstöðu að hann snerti að verulegu leyti formið. Að hluta til er þetta rétt. Þá snýst þessi deila um með hvaða hætti hlutirnir eru gerðir, með hvaða hætti þeir eru framkvæmdir. En stundum getur formið orðið efnislegt. Þannig skiptir það máli þegar á að reyna að knýja fram breytingar með lögum, beita menn lögþvingun.

Í annan stað vék hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að efnisatriðum málsins einnig og hann sagði að um þau væri einnig deilt. Hann fór yfir þessi efnisatriði og benti á að það gæti varla verið að þar væru heilagar kýr á ferðinni, þar mætti ekki gera breytingar á. Mér heyrðist hæstv. félmrh. taka undir þetta sjónarmið að hluta til. Hann sagði að sú regla sem væri mikilvægust að sínu mati væri sú sem snerti verkstjórnarhlutverk sáttasemjara, að fá aðila til að setjast niður.

Nú efast ég ekkert um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sé að tala af heilindum og mér er nær lagi að halda að hæstv. ráðherra geri það einnig. Ég vil engu að síður spyrja og biðja menn um að velta því fyrir sér hvort þessi deila geti einvörðungu snúist um form í ljósi þeirra viðbragða sem þetta frv. hefur vakið. Ég held nefnilega ekki. Ég held að það snúist ekki bara um form og ég mun víkja nánar að því.

Hæstv. félmrh. sagði áðan að spurningin snerist um hvort lagareglur ættu að gilda, einhver lagarammi í þessu efni. Það er rétt. Við búum við lög nú þegar. Við búum við ákveðinn lagaramma nú þegar þannig að spurningin snýst ekki um hvort það eigi að gilda lög. Spurningin snýst um það að okkur takist að skapa lög sem sátt ríkir um, sem aðilar eru reiðubúnir að virða, lög sem mönnum finnst vera sanngörn, lög sem eru líkleg til þess að auðvelda framgang mála en ekki torvelda hann. Við höfum brennt okkur á því að búa til svo strangar lagareglur á vinnumarkaði að þær eru hreinlega ekki virtar og þetta á ekki einvörðungu við okkur Íslendinga heldur gerist þetta víðar. Þannig er t.d. um verkfallsboðanir opinberra starfsmanna. Þar er allt mjög þungt í vöfum. Mönnum eru settar mjög strangar reglur. Þetta hefur leitt til þess að menn hafa fundið sér annað baráttuform ef við tölum tæpitungulaust um það. Við höfum séð uppsagnir á stofnunum sem menn beita í stað verkfalla. Þess vegna geta lögin skipt verulegu máli að þessu leyti og að um þau ríki sátt.

En það er annað og meira sem hangir á þessari spýtu. Mig langar til að trúa mönnum fyrir því að ég er t.d. ekki sérstaklega sáttur við leiðaraskrif Morgunblaðsins eða Reykjavíkurbréfin en það er ekki þar sem sagt að ég vilji ekki að Morgunblaðið sé til og skrifi leiðara sína og sín Reykjavíkurbréf. En ég vil hafa mótvægi við Morgunblaðið og leiðaraskrif Morgunblaðsins. Ég er ekkert sáttur við Vinnuveitendasambandið og ályktanir þess eða afstöðu. En ég vil að Vinnueitendasambandið sé til. Ég vil bara að það sé til mótvægi við Vinnuveitendasambandið. Og ég er yfirleitt mjög ósáttur við Verslunarráðið. Ég er varla sammála einu einasta orði sem það kemur. Ég vil að Verslunarráðið sé til. (**GMS:** Til hvers?) Til hvers? spyr hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson. Vegna þess að ég vil búa í fjölþátta lýðræðisþjóðfélagi, ég vil blandað hagkerfi og ég vil að í fjölþátta lýðræðisþjóðfélagi séu öflug fyrirtæki í markaðshagkerfi. En ég vil einnig að þar sé til öflugt mótvægi þeirra sem standa gagnvart valdinu, eignarvaldinu og fjármagninu. Hvert skyldi þetta mótvægi vera? Það er verkalýðshreyfingin. Það eru samtök launafólksins. Við höfum gefið ákveðnar skuldbindingar um þessi efni og það kom fram í umræðu í dag í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrv. hæstv. félmrh., að ríkisstjórnin hefði gefið skuldbindingar varðandi þetta jafnvægi um að raska því ekki. Það var vitnað í bréf sem félmrh. sendi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til áréttingar á afstöðu íslenskra stjórnvalda í októbermánuði 1992 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á því er vakin athygli að allgóður friður hafi ríkt um samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði sem ýmist byggjast á settum lögum eða ákvæðum í kjarasamningum. Þar af leiðandi hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár."

Nú er settur niður vinnuhópur til þess að gera tillögur um breytingar á þessum leikreglum á vinnumarkaði. Þar ná

menn ekki saman. Að hluta til held ég að það sé rétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gat sér um að þarna kynni að valda einhver klaufaskapur, klaufaskapur að hrifsa þetta úr höndum viðræðuaðila eins og gert var í stað þess að láta málið þróast eðlilega.

En ég held að það sé líka annað sem hangir á þessari spýtu og það er sá ásetningur sterkra aðila innan atvinnurekenda um að koma á gerbreyttu skipulagi í þjóðfélaginu sem raskar því jafnvægi sem ríkt hefur á milli annars vegar fjármagns og fyrirtækja og hins vegar launafólksins. Eða hvers vegna skyldi Vinnuveitendasamband Íslands álykta 13. febr. 1996 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Loks kann að vera tímabært að kveða skýrt á um rétt starfsmanna einstakra fyrirtækja og stjórnenda þeirra til að semja sjálfir um kaup og kjör án milligöngu samtaka atvinnurekenda og launþega. Einkaréttur stéttarfélaga til gerðar kjarasamninga verði þannig takmarkaður."

(**GMS:** Sjálfsagt mál.) Sjálfsagt mál, segir hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson sem vill takmarka möguleika launafólks til að heyja réttindabaráttu.

Hvernig skyldi standa á því að í þeim lögum sem við erum að tala um núna er sérstaklega vikið að réttindum fólks til að standa utan stéttarfélaga? Það er talað um hina ófélagsbundnu launamenn. Skyldi það kannski ríma við 47. gr. í frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem einnig er talað um sama hlut? „Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjmrh. ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga."

Fólk geti því staðið í skjóli hæstv. fjmrh. og nýju duttlungastjóranna sem hann er að setja upp í stofnunum ríkisins. Í mínum huga er þetta farið að mynda allt eina heild og þegar maður skoðar ályktanir atvinnurekenda um þetta frv. sem við erum að tala um þá sagði Vinnumálasambandið m.a.í lok febrúar, með leyfi forseta, m.a.:

„Þótt rétt og sjálfsagt hafi verið að gefa heildarsamtökum á vinnumarkaði kost á að hafa áhrif á breytingar á samskiptareglum er það Alþingi sem ber að setja samfélaginu samskiptareglur og ríkisstjórninni ber að hafa frumkvæðið samkvæmt stjórnarsáttmála."

Þarna er verið að hvetja ríkisstjórnina til að ganga fram fyrir skjöldu og hið sama gerist í ályktun framkvæmdastjórnar VSÍ. Þar er ríkisstjórnin einnig hvött til dáða. Þar er talað sérstaklega um að nú þurfi að setja reglur sem skapa erlendum fjárfestum rekstraröryggi og þá væntanlega með því að takmarka möguleika launafólksins til að heyja réttindabaráttu og undir lok ályktunarinnar segir, með leyfi forseta:

„En úr því að verkalýðshreyfingin hafnar samkomulagi um nauðsynlegustu breytingar á þeim lögum sem gilda um samþykki launþega og vinnuveitenda hljóta stjórnvöld ein að axla ábyrgð á því að skapa eðlilegan ramma um þessi mikilvægu samskipti."

Hér þarf sem sagt að skapa erlendum fjárfestum rekstraröryggi miðað við það sem best gerist á erlendri grundu og það skal gert í þeim anda sem hefur vakið viðbrögð sem við þekkjum öll hjá verkalýðshreyfingunni. Nú þætti mér vænt um að hæstv. félmrh., sem ég sé að er í salnum, gerði okkur grein fyrir því hvað hann átti við með ummælum sínum fyrr í kvöld þegar hann sagði að samþykkja þyrfti lögin í vor til þess að nota mætti þau, það var ekki alveg hans orðalag, en þannig að þau gætu komið að gagni í kjarasamningum í haust. Þá spyr ég: Hvað er það nákvæmlega sem vakir þarna fyrir ríkisstjórninni? Ætlar hún að nota miðstýrða lögþvingun á launafólk á Íslandi í komandi kjarasamningum? Þetta er mjög mikilvæg spurning sem hæstv. félmrh. verður að gera þingheimi grein fyrir.

[22:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði áðan að umtalsefni orð mín. Ég ætla að það fari ekki á milli mála að ég taldi að ádeilan væri fyrst og fremst á form. Ég sagði þó frá þeim efnisatriðum sem ég hefði komist að í viðræðum mínum við ýmsa forustumenn Alþýðusambands Íslands og þarf ekki að fara yfir það frekar. En mér sýnist hv. þm. því miður vera að gera því skóna að öðrum aðilanum á vinnumarkaðinum, þ.e. atvinnurekendum, sé ekki treystandi í málinu. Mér finnst það mjög bágt vegna þess að ef menn trúa því að annar aðilinn sé einskis trausts verður er alls ekki von á góðu.

Ég minni hv. þm. á að yfirleitt er ekki skylduaðild að verkalýðsfélögum á Íslandi. Ég held að Verslunarmannafélag Reykjavíkur sé með það og kannski einhver örfá önnur en staðan í samningunum byggist á forkaupsréttarákvæðinu sem atvinnurekendur hafa gengist undir af fúsum og frjálsum vilja og ég þekki enga menn í forustu atvinnurekenda á Íslandi sem telja að það væri ráð að segja því upp. Ég þekki enga. (Gripið fram í.) Kannski hefur einn og einn maður úti í bæ verið að hrópa þetta en ég hef þó jafnharðan bent á að þetta væri ákaflega heimskulegt og hættulegt tal.

Ég er þess fullviss að það er fullur vilji báðum megin borðsins til þess að vinna heiðarlega.

[22:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni áðan var ég ekki að gera lítið úr orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, síður en svo. Ég var hins vegar að leiða rök að því að hinum aðilanum, atvinnurekendum, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu og þeim sem síðan ganga erinda þessara aðila, ríkisstjórn Íslands, sé ekki treystandi. Þetta hefur vakið þau viðbrögð í þjóðfélaginu að hér hafa komið forsetar Alþýðusambandsins og formenn nær allra aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands auk þess sem mótmæli hafa komið frá öðrum samtökum launafóks, BHMR, Kennarasambandinu, BSRB og fleiri aðilum þar sem þess er krafist að þessi frumvörp verði dregin til baka.

Það sem meira er, ég færði rök fyrir mínu máli. Ég vitnaði í lögin sem við erum að ræða á dagskrá í dag. Ég vitnaði einnig í lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem vikið er sérstaklega að rétti þeirra sem standa utan stéttarfélaga, að þeir skuli njóta góðs af starfi hinna félagslegu eininga, en geta á forsendum fjmrh. og duttlungastjóranna nýju staðið utan þessarar baráttu og utan félaganna. Ég vitnaði einnig í yfirlýsingu Vinnuveitendasambands Íslands þar sem sérstaklega segir og ég vitna orðrétt í eina setningu:

„Einkaréttur stéttarfélaga til gerðra kjarasamninga verði þannig takmarkaður." Sem sagt, það kunni að vera tímabært. Ég er að reyna að setja þetta allt saman inn í eina stóra heild og ég held að hvert barn sem vill skilja þessa hluti sjái þarna samhengi hlutanna.

[22:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki með nokkru móti séð að yfirlýsingar Vinnuveitendasambandsins um að nauðsynlegt sé að hafa hreinar og skýrar reglur séu nokkur vísbending um það að menn séu óheiðarlegir í samstarfi sínu við vinnumarkaðinn, síður en svo. Það er bara verið að undirstrika að það er mjög nauðsynlegt bæði fyrir innlenda svo og erlenda fjárfesta að við lifum í því umhverfi þar sem hlutirnir liggja klárir fyrir hvernig hafa skuli. Ekkert í þessu bendir til annars. Og það er engin ástæða til þess að tortryggja aðila vinnumarkaðarins.

Ég minnist þess, herra forseti, að þegar ég lét af herþjónustu fyrir vini mína og félaga í Vinnuveitendasambandinu hélt ég ræðu og bryndi fyrir þeim að ég teldi það liggja alveg fyrir og við mættum treysta því alltaf að viðsemjendur okkar, þ.e. fólkið sem vinnur hjá atvinnurekendum, væru þeir sem skyldi treysta því að hverjum ætti að treysta ef ekki fólkinu sem vinnur hjá þeim?

[22:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að væna menn um óheiðarleika. Ég er að tala um að menn fylgi tiltekinni stefnu og ég vitna í samþykktir þar að lútandi. Ég vitna í samþykktir þar sem sagt er að það sé eðlilegt og kunni að vera kominn tími til að takmarka réttindi stéttarfélaga við gerð kjarasamninga.

Við höfum einnig við þessa umræðu vakið máls á því að helstu ráðgjafar ríkisstjórnarinnar, sem hafa verið fluttir erlendis frá, alla leið frá Nýja-Sjálandi, hafa ráðlagt í þessa veru einnig um að launakerfið verði brotð upp og það verði komið á einstaklingsbundnum samningum þannig að menn eru ekkert að tala út í loftið. Menn eru að tala um pólitíska stefnu sem verið er að reyna að þröngva ofan í þessa þjóð. Ég er að færa rök fyrir máli mínu, ég er að vitna í ályktanir, ég er að vitna í lagagreinar sem styðja þetta.

[22:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég notaði ekki orðið „nota" eins og hv. þm. leiðrétti sig reyndar með. Ef ég man rétt talaði ég um að greiða fyrir kjarasamningum á næsta vetri og þar á ég í fyrsta lagi við viðræðuáætlunina sem ég held að sé mjög mikilvæg til að koma því svo fyrir að menn fari formlega að tala saman í tíma og leggi fram sínar kröfur áður en kjarasamningar eru lausir.

Í öðru lagi að gefa almennum félagsmönnum í verkalýðshreyfingunni, ekki bara þessum sem voru á pöllunum í dag heldur líka þeim sem að baki þeim standa, þessum 66 þúsundum eða þeim sem af þessum 66 þúsundum sem vilja blanda sér í málið, tækifæri til þess að hafa áhrif á meginákvarðanir og jafnframt almennum félagsmönnum í Vinnuveitendasambandinu til þess að hafa áhrif en láta ekki miðstýra sér úr Garðastrætinu.

Í þriðja lagi vil ég leggja auknar skyldur á sáttasemjara. Hann fær ekki auknar heimildir. Hann hefur þessar heimildir um sáttastörf í vinnudeilum sem eru í frv. en það er þrengt að honum með auknum skyldum áður en hann grípur til miðlunartillögu. Ég lít svo á að miðlunartillaga komi ekki til álita fyrr en algerlega er útséð um að samningar takist með öðrum hætti. En miðlunartillaga er þó langtum betri en lagasetning í kjaradeilum.

[22:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er hæstv. félmrh. að gefa í skyn að valið standi á milli bráðabirgðalaga á kjarasamninga eða miðlunartillögu og að sér finnist miðlunartillagan betri kostur, samtengingarreglan betri kostur? Valið standi á milli þessa tvenns. Hér er verið að gefa mjög mikilvægar yfirlýsingar og mjög alvarlegar yfirlýsingar.

Ég vil taka það fram, hæstv. félmrh. til upplýsingar, að stærstu samtök launafólks á vinnumarkaði hafa ályktað, það á bæði við um Alþýðusamband Íslands, BSRB og hugsanlega fleiri samtök, í þá veru að þau vilji stuðla að markvissari vinnubrögðum við kjarasamninga, þar á meðal að tekin verði upp viðræðuáætlun. Bæði Alþýðusambandið og BSRB hafa ályktað í þessa veru. Menn eru að mótmæla lögþvinguninni sem ríkisstjórnin vill setja á. Um það snýst deilan.

Varðandi atkvæðagreiðsluna er ég því að sjálfsögðu fylgjandi að lýðræðið sé sem mest og virknin sem mest. Ég held að það sé styrkur verkalýðshreyfingarinnar. En mér er spurn, er það lýðræðisástin ein sem knýr menn áfram? Er það ekki það þegar allt kemur til alls að menn telja minni líkur á því að félög boði til verkfalla eða efni til vinnustöðvana ef þeim eru settar strangari og þrengri skorður en þau búa við núna? Mig grunar að sú sé raunin.

[22:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum augum er það ekki takmarkið. Ég vil hins vegar að hinn almenni maður, bæði meðal atvinnurekenda og félagsmanna í stéttarfélögunum, fái tækifæri til þess að taka þátt í meginákvörðun um starfskjör sín eða launagreiðslur.

Mér finnst hv. þm. vera óþarflega tortrygginn, reyndar allt of tortrygginn. Hann sér ljóta karlinn í hverju horni. Auðvitað vonast ég til þess að samningar takist. Ég tel að miðlunartillaga komi þá fyrst til greina þegar vonlaust er um að samningar takist með frjálsum hætti. Það getur gerst að samningar strandi. Við höfum horft upp á það að samningar hafa strandað. Þá þarf að vera til eitthvert úrræði og ég tel að miðlunartillaga sé heppilegri leið en lagasetning.

Það er líka hugsanlegt að miðlunartillaga beri ekki árangur og þá er lagasetningarleiðin eftir, en hún er ákaflega slæm að mínu mati. Ég ætla rétt að vona að ég þurfi ekki að mæla fyrir slíkri leið á meðan ég er í því starfi sem ég gegni núna. En ég mun ekki hlífa mér við að gera það ef ég met stöðuna svo að þetta sé eina úrræðið. Ég vil leita allra leiða fyrst og þess vegna tel ég að viðræður og frjálsir samningar eigi að vera hin ríkjandi aðferð.

[22:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka að mér finnst verulegt áhyggjuefni að ríkisstjórnin skuli sjá sig knúna til að keyra þessi lög í gegn núna fyrir sumarið svo þau megi nýtast í komandi kjarasamningum. (**Félmrh.**: Greiða fyrir.) Greiða fyrir við komandi kjarasamninga. Og hvað er það sem á að greiða fyrir við komandi kjarasamninga? Það er lögþvinguð miðstýring og þrengri skorður sem launafólki eru búnar til að heyja réttindabaráttu. Þetta finnst mér mikið áhyggjuefni. Hér hafa verið gefnar mjög mikilvægrar yfirlýsingar hvað þetta snertir og því miður held ég að þær séu ekki til þess fallnar að draga úr tortryggni manna eða úr þeim mótmælum sem eru að magnast upp í landinu gegn skerðingarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar.

[22:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Umgjörð þessarar umræðu núna á ellefta tímanum er í raun mjög í stíl við það vonda frv. sem við fjöllum um. Hér er ríkisstjórnin að knýja í gegn þessa 1. umr. málsins í skjóli nætur við myrkvuð torg og hér situr hæstv. félmrh. einn og yfirgefinn. Samráðherrar hans hafa öðrum hnöppum að hneppa. Þeir hafa að sönnu haft lítið til þessara mála að leggja á þeim tveimur dögum sem umræðan hefur staðið yfir. Veit ég að sönnu að sumir þeirra eru að gegna opinberum skyldum úti á Bessastöðum og hef ég skilning á því, virðulegi forseti. En það breytir því þó ekki að það er enginn bragur á þessari umræðu og á þessu þinghaldi með þeim hætti að ráðherrar ríkisstjórnarinnar og þingmenn aðrir skuli þurfa að sinna skyldustörfum á sama tíma og þing er að störfum og er að fjalla um löggjöf sem gilt hefur í heil 50 ár. Það er auðvitað óásættanlegt. Ég hygg því að þingmenn og forsætisnefnd þurfi í kjölfarið á þessu að ræða það mjög til hlítar hvort við ætlum að venja okkur við vinnubrögð af þessum toga, hvort þetta eigi að vera lenska í þinginu til lengri tíma litið. Þetta eru vond vinnubrögð og ég ætla að vona að þau verði einstök í sinni röð, verði undantekning fremur en regla.

Það gefur auga leið að það er ekki eingöngu umgjörðin sem er slæm. Hæstv. ráðherra er líka farinn að missa fótanna. Hann er farinn að missa þráðinn og undrar svo sem engan. Hann hefur setið undir þessari umræðu á annan sólarhring og er svona að klóra sig í gegnum eigið frv. Hann lærir það hægt og bítandi hvað í því stendur. Nú er frv. orðið í augum hæstv. ráðherra eins og hann orðar það sjálfur lausar hugmyndir, orð á blaði. Eitthvað handfast handa hv. félmn. að sýsla með. (**Félmrh.:** Þetta er ekki orðið að lögum enn þá.) Nei, og á meðan eru þetta „orð á blaði", „lausar hugmyndir", frv. til laga um vinnulöggjöfina, 50 ára gamla löggjöf sem hefur staðist býsna vel tímans tönn. Hæstv. ráðherra kemur fram fyrir þingheim og þjóð með frv. upp á 55 blaðsíður og lýsir þessu núna sem lausum hugmyndum, orðum á blaði. Ég held að innihaldi þessa frv. verði ekki betur lýst, hæstv. ráðherra, en einmitt með þessum hætti, lausar hugmyndir, orð á blaði.

Þessar lausu hugmyndir og þessi orð á blaði átti auðvitað aldrei að prenta sem þingskjal. Þessar lausu hugmyndir og þessi orð á blaði átti auðvitað fyrst og síðast að fara með að samningaborðinu þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að hittast á umliðnu hálfu öðru ári undir fundarstjórn starfsmanns félmrn. Það átti að þrautreyna hvort einhver samningsgrundvöllur væri á þessum nótum eða öðrum. Í ljósi þess er algerlega nauðsynlegt, virðulegi forseti, að það komi skýrt fram að hæstv. félmrh. hefur haft hrein og klár endaskipti á þeim markmiðum sem að var stefnt með stofnun þeirrar nefndar sem hittist 48 sinnum, en til hennar var stofnað 4. október 1994 í tíð minni sem félmrh. Það var tekið skýrt fram við alla aðila máls að ekki undir nokkrum kringumstæðum yrði beitt lagaboði, valdboði að ofan eða tíndar út úr þessu nefndarstarfi lausar og fastar hugmyndir, orð á blaði frá hinum og þessum og það kafkeyrt inn í formi nýrrar vinnulöggjafar. Til þess var leikurinn aldrei gerður og ég lýsi yfir fullri ábyrgð á hendur hæstv. félmrh. að eyðileggja svona gersamlega þá tilraun sem verið var að gera með því að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði. Aðilar komu til þess leiks með opnum huga og vilja til að gaumgæfa það og þrautreyna hvort unnt væri með samkomulagi, samningaviðræðum að ná þar bættum árangri, einfalda þessar leikreglur, gera þær skilvirkari en ella. Að sönnu er það alveg hárrétt og enginn hefur um það deilt að vinnulöggjöfina eins og öll mannanna verk á að endurmeta og skoða í ljósi reynslunnar, í ljósi breyttra tíma. Einmitt á þessum vettvangi ber að stíga varlega til jarðar.

Virðulegi forseti. Þetta er einfaldlega ekkert annað en munurinn á því þegar Alþfl. gætir skrifstofu ráðherra í félmrn. og hins vegar þegar Framsfl. stígur þar inn fyrir dyr. Svo að ég tali ekki um sjálft íhaldið.

Það er ekkert launungarmál að þessi breyting á vinnulöggjöfinni, sem hægt er að kroppa í til og frá, hefur opinberlega lengi verið á dagskrá hjá íhaldinu. Vafalaust hefur hæstv. ráðherra fengið dyggan og góðan stuðning, þegar hann kom með þetta plagg upp á vasann á ríkisstjórnarfund. Hann hefur væntanlega fengið klapp á bakið hjá fjmrh. og forsrh. Alþfl. hefur aldrei undir nokkrum kringumstæðum í tíð sinni í félmrn. léð máls á því að fara fram með þessum hætti. Það sýnir muninn á því þegar Alþfl. hefur þar húsbóndavald og þegar Framsfl. er þar innan dyra.

Ég nefndi aðdraganda málsins og vil rifja upp að í skipunarbréfi þessarar nefndar frá 4. október 1994, sem ekki hefur verið breytt og var í fullu gildi allt til þess dags að hæstv. félmrh. rak hana heim, stendur, með leyfi forseta:

„Vinnuhópnum er falið að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðu mála hérlendis. Fyrir hópinn er lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna á athugun sinni. Ef í ljós kemur að breyta þurfi íslenskri löggjöf er hópnum falið að setja fram tillögur um það efni."

Hinn 22. nóvember skilar vinnuhópurinn áfangaskýrslu sem ber heitið „Samskiptareglur á vinnumarkaði" og hana er að finna sem fylgiskjal með þessu frv. Þar kemur mjög skýrt og afdráttarlaust fram að um áfangaskýrslu er að ræða og í niðurlagsorðum um hina sameiginlegu niðurstöðu segir hópurinn allur að það skuli áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þurfi að ræða frekar áður en þær séu útfærðar nánar, enda þurfi víðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. „Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum" segir þar enn fremur, með leyfi forseta, „hafa auk þess ekki enn verð rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag."

Allur hópurinn, þar á meðal væntanlega ágætur fulltrúi ráðuneytisins, Gylfi Kristinsson, er þeirrar skoðunar í nóvember fyrir fjórum mánuðum að þessar hugmyndir séu enn þá á umræðustigi, um áfangaskýrslu sé að ræða, lausar hugmyndir sem þarf að ræða til hlítar í samfélaginu. En hvað gerir blessaður hæstv. ráðherra? Hann hleypur til, prentar þetta upp sem þingskjal og ætlar að keyra það í gegn í Alþingi. Ég vek líka athygli á því að í skipunarbréfinu var sérstaklega kallað eftir því að hópurinn kæmi fram með tillögur. Hópnum gafst aldrei tækifæri til þess að koma fram með neinar tillögur fyrir írafárinu og fljótræðinu í hæstv. ráðherrum. Umboðið var tekið af þessum hópi í raun og sanni um síðustu áramót eða þar um bil vegna þess að hann fékk ekki vinnufrið fyrir hæstv. ráðherra, fékk ekki til þess tækifæri og tök að láta eðlilega umræðu fara fram bæði innan nefndar og úti í þjóðfélaginu um þessa áfangaskýrslu. Hann fékk ekki til þess tækifæri og frið fyrir hæstv. ráðherranum að koma fram með þær tillögur sem var beðið um í skipunarbréfi. Ég spyr ráðherra beint: Hvernig stóð á því að þessum

hópi um bættar samskiptareglur á vinnumarkaði var ekki gefinn vinnufriður og tækifæri til að koma fram með tillögur sínar? Þarna er ekki eingöngu um það að ræða, virðulegi forseti, og er rétt að undirstrika það og árétta, að það séu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og launafólks í nefndinni sem hafa þetta viðhorf. Það eru ekki síður viðhorf fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa félmrn., fundarstjórans, sem þarna lýsa sér. Fæðing málsins í ljósi þessarar meðgöngu er því alveg með fádæmum og í raun óskiljanlegt hvernig merkri og ágætri tilraun til þess að skoða þessi mál með víðsýni og hleypidómalaust er fullkomlega forklúðrað. Þetta vonda frv. hæstv. félmrh. Páls Pétursson gerir það eitt að verkum að við stöndum í stóra stoppi næstu fimm til sjö árin. Hann er búinn að kveikja slíka elda tortryggni milli ríkisvaldsins annars vegar og verkafólks hins vegar, milli atvinnurekenda annars og verkalýðshreyfingarinnar hins vegar að það tekur langan tíma að ná réttum kúrs á nýjan leik.

Hvað var í raun sem gerði það að verkum að svona mikið lá á? Er það eitthvað í andartakinu eða á morgun eða næsta mánuði eða á vordögum sem gerir það að verkum að það þarf að fara fram með þessum hætti og knýja í gegn nýja vinnulöggjöf gegn vilja verkalýðshreyfingarinnar í landinu, væntanlega gegn vilja 6.600 vinnandi manna? Hvers vegna þurfti að rjúfa þennan frið? Var eitthvað í andartakinu sem gerði það að verkum að það þurfti að fara fram með þessum hætti? Hvað er það sem stýrir eiginlega hæstv. ríkisstjórn og ráðherra í þessum efnum? Hvað hefur eiginlega gerst? Hvar misstu menn fótanna? Þessi blessaða hæstv. ríkisstjórn hefur verið til lítils megnug og lítið haft fram að færa á Alþingi í allan vetur. Svo bregður skyndilega svo við í þessum mánuði að það er eins og menn hafi hreinlega tapað glórunni. Hér hrynja kjaraskerðingarfrumvörpin inn eitt af öðru, lífeyrissjóðamálin, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, vinnulöggjöfin. Svo er boðað að enn einn glaðningurinn eigi eftir að birtast á allra næstu dögum og það er stórskerðing á rétti fólks til atvinnuleysisbóta og fæðingarorlofs. Hvað er eiginlega að gerast, virðulegi forseti? Hafa menn dottið á höfuðið? Er undra þó maður spyrji? Ég hlýt bara að varpa þeirri spurningu beint ráðherrans. Hefur einhver dottið á höfuðið eða hafa þeir allir dottið á höfuðið?

Virðulegi forseti. Kannski þarf þetta ekki að koma svo mjög á óvart þegar menn skoða reynsluna af helmingaskiptastjórnum, reynsluna af hjónabandi íhalds og framsóknar. Sannleikurinn er sá að í pólitík eins og mörgu öðru endurtekur sagan sig gjarnan. Það rifjast upp fyrir mér að í íhaldsstjórninni 1974–1978 datt mönnum þessi della líka í hug. Þá var hæstv. félmrh. Gunnar Thoroddsen að bauka við að búa til nýja vinnulöggjöf. Hann hafði þó vit á því að stinga henni ofan í skúffu þegar hann varð var við að engin sátt var um þær tillögur sem hann var að veifa og kynna. Hann hlustaði, lagði eyrun við jörðina. Betur hefði verið að hæstv. núverandi félmrh. hefði gert slíkt hið sama. Hann á enn þá tök á því. En von mín til þess að hann sjái ljósið minnkar með hverri mínútunni. Mikið skelfing væri samt sem áður gagnlegt fyrir hæstv. ráðherra að hann færi í skúffur ráðuneytisins og rifjaði upp hvernig málin gengu til, árið 1975 held ég hafi verið frekar en 1976, hvernig menn höfðu þá vit þrátt fyrir allt á því að draga þær hugmyndir til baka áður en stærri skaði hlytist af.

En hugmyndin var nákvæmlega sú sama og hér um ræðir. Hugmyndir helmingaskiptastjórnarinnar um það að ráðskast með rétt verkafólks og verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Það var einkenni stjórnanna 1974–1978 og 1983–1987 að þær lentu alltaf í stríði við fólkið í landinu og samtök þess. Og ég þarf heldur ekkert að rifja það upp, virðulegi forseti, að við munum auðvitað öll hverjar afleiðingar þetta hefur haft fyrir viðkomandi stjórnarflokka. Framsfl. hefur hrunið í þeim kosningum sem hafa farið í hönd. Ég þarf væntanlega ekki, virðulegi forseti, að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra hér hvernig útkoman var hjá Framsfl. á vordögum 1978. Ég hugsa að hann muni það allt of vel. Hins vegar skýt ég því að honum ef hann skyldi ekki muna það að hann ætti að fletta því upp og hugsa síðan um það hvað tekur við að þremur árum liðnum eða þar um bil, 1999. Það skyldi þó aldrei verða svo, virðulegi forseti, að vorið 1999 í apríl yrði eitthvað svipað fyrir Framsfl. og vordagarnir 1978. Að minnsta kosti eru ýmis einmitt kennileiti kunnugleg í því sambandi. Að vísu tók sú ríkisstjórn þennan slag við fólkið í landinu síðla á því kjörtímabili. Þessi ríkisstjórn ætlar að byrja strax. Hún telur væntanlega ekki eftir nokkru að bíða og ætlar að vera í slagsmálum þau þrjú ár sem eftir lifa af kjörtímabilinu.

Virðulegi forseti. Væntanlega verður svo með þessa ríkisstjórn eins og aðrar svipaðar sem geta ekki hætt og sitja meðan sætt er. Hún situr líklega út kjörtímabilið en þá fellur líka dómurinn og ég held að hæstv. ráðherra ætti nú þegar að fara að hugleiða þann stóradóm ef svo fer fram sem horfir og ef hann fer ekki að sjá til sólar og sjá ljósið í myrkrinu.

Hæstv. ráðherra hefur sagt sem svo: Hvað eru menn að kvarta yfir því þó aðeins sé kroppað í þessa vinnulöggjöf? Voru þetta ekki kölluð þrælalög á sínum tíma? Þetta er auðvitað algjör misskilningur, hæstv. ráðherra. Vinnulöggjöfin á sínum tíma var mestan part sameinuð af Alþfl. sem þá var Alþýðusamband Íslands. Þar komu tveir merkir framsóknarmenn líka nærri í milliþinganefnd sem samdi að stærstum hluta til þá vinnulöggjöf sem hæstv. félmrh., framsóknarmaðurinn Páll Pétursson, ætlar núna að rústa. Hún var náttúrlega gerbreyting á þeim hugmyndum sem íhaldið var þá með og voru hrein og klár þrælalög. En milliþinganefnd Alþfl., skipuð fulltrúum Alþfl. og Framsfl. meðan hann var, stóð undir því nafni að hugleiða kjör fólksins í landinu. Sú löggjöf var mjög til bóta og hún hefur einnig staðið tímans tönn og reynslu tímans. En það ætla að verða örlög framsóknarmanna núna að eyðileggja fyrri verk sín. Ég er hræddur um að sagan fari ekki fögrum orðum um þá gjörð ef af verður sem ég er nú ekkert viss um og kem nánar að hér á eftir.

Svo við stöldrum aðeins við deiluna 1938 líka þá snerist hún m.a. um hvort yfirleitt væri nokkur þörf á vinnulöggjöf og að sumu leyti er menn að ræða það enn þann dag í dag. Árið 1938 var hins vegar brýn þörf á því þar sem helblátt íhaldið eirði engu á þeim tíma og réttur verkafólks var með þeim hætti að það þurfti skjól og vörn til þess að tryggja þau réttindi. Sem betur fer hefur okkur miðað fram á veg í þeim efnum þannig að hefðin er rík og réttur verkalýðsfélaga og verkafólks, bæði lögvarinn og hefðbundinn, hefur tryggt ákveðin grundvallaratriði í þessum samskiptareglum og er það gott. Auðvitað er ekki þessi brýna þörf á því að kroppa í þetta og setja einhver orð eða lausar hugmyndir á blað og prenta upp sem þingskjal.

Virðulegi forseti. Ég vek sérstaka athygli á því og við skulum ekki gleyma því að ríkisvaldið er ekki síður í hlutverki atvinnurekandans þegar við fjöllum um þessi mál. Ég minni sérstaklega á í því sambandi að einn nefndarmanna í

þeirri margfrægu nefnd, sem hæstv. félmrh. eyðilagði, er fulltrúi fjmrn. og er í hópi atvinnurekenda í þessum efnum. Hin hlutlæga staða ríkisvaldsins, framkvæmdarvaldsins, í þessum efnum er því á vafasömum nótum og miklar efasemdir uppi um það hvort og með hvaða hætti framkvæmdarvaldið getur með viti bornum hætti komið að þessu máli án þess að draga um of taum þeirra atvinnurekendasjónarmiða sem eru uppi enda kemur það náttúrlega fram í þessum 55 blaðsíðum að andi atvinnurekenda; VSÍ, Vinnumálasambandsins og ríkisvaldsins, atvinnurekendanna í hópnum, vomir yfir vötnum og er hinn rauði þráður. Ég þarf auðvitað ekki að fara með þá þulu enn og aftur, virðulegi forseti, það er búið að gera það rækilega í umræðum í dag og kvöld. Vinnuveitendasambandið hefur engar áhyggjur af þessu, telur þetta allt í býsna góðum farvegi og hæstv. situr einn og dregur þennan vagn fyrir íhaldið í landinu, það sama íhald og hann hefur í gegnum tíðina haft stundum uppi stór orð og ekki viljað sjá né heyra en margt breytist á skömmum tíma.

Síðan standa menn í ræðustól á hinu háa Alþingi og hæstv. forsrh. annars vegar og hæstv. félmrh. taka undir þann samkór og telja að hér sé engu jafnvægi verið að raska. Hvers konar veruleikafirring er þetta, virðulegi forseti? Er bara allt í góðu lagi? Er jafnvægi, kyrrð og friður þegar öll verkalýðshreyfingin í heild sinni rekur upp ramakvein og mótmælir þessum aðförum? Er það merki þess að það sé jafnvægi, kyrrð og friður í landinu? Nei, öðru nær. Það er sko langur vegur frá því.

Virðulegi forseti. Ég staldraði aðeins við það áðan að það er eins og eitthvað hafi gerst hjá ríkisstjórninni á þessum síðustu vikum. Hún hefur hlaupið upp til handa og fóta og sennilega fengið högg á höfuðið. Ég hef líka haft af því áhyggjur hvernig þróun mála hefur verið í Framsfl. á umliðnum mánuðum, raunar frá síðustu kosningum. Menn hafa auðvitað farið mjög rækilega yfir það einatt og oft í umræðum hér í þinginu hvernig sá flokkur hefur gjörsamlega haft hamskipti frá því sem var fyrir síðustu kosningar og það sem gerst hefur síðan. Nægilegt að nefna nokkur stikkorð í því sambandi og staldra til að mynda við frammistöðuleysi hæstv. heilbrrh. í þeim efnum sem hefur hér lent í hverjum skandalnum á fætur öðrum og töltir fram og aftur blindgötuna án þess að vita nokkuð í hvaða átt hún er að fara, hefur gjörsamlega haft hamskipti frá því sem var á síðasta kjörtímabili þegar hún hélt uppi mjög öflugri stjórnarandstöðu og bar hag fólksins í landinu mjög fyrir brjósti og aftur núna þegar hún hefur gleymt þessu sama fólki. Það er ástæðulaust að rekja þau tilvik. Ég mundi ekki hafa tíma til þess.

Svo er það hæstv. iðn.- og viðskrh. sem gengur einnig erinda íhaldsins og ætlar að koma bönkunum í hendur kolkrabbans, einn, tveir og þrír, því fyrr því betra og eirir engu í því sambandi. Formaður flokksins er náttúrlega týndur og tröllum gefinn og hefur ekki sést hér í þinginu nema rétt í mýflugumynd annað slagið og hefur ekkert til málanna að leggja, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut til hinnar pólitísku umræðu. Hann varar sig náttúrlega mjög á því að lenda ekki í þeirri aðstöðu að reyna að verja þessa ráðherra sína sem í eldlínunni hafa staðið svo sem hæstv. heilbrrh. Það hefur auðvitað vakið sérstaka athygli þingmanna hvað hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., hefur gætt þess alveg sérstaklega að koma aldrei til varnar ráðherrum sínum, hæstv. heilbrrh. þegar hún lendir í þrengingum sínum né heldur hæstv. félmrh. þegar spjótin standa á honum. Hann vill reyna að þvo hendur sínar af þessu sem hann getur auðvitað ekki. Sama gerir hæstv. umhvrh., varaformaður Framsfl., hann lætur lítið til sín taka. Hann vill ekki blandast þessum málum allt of mikið og maður hefur eðlilegan skilning á því að hann vilji forðast að lenda í þessum vondu flækjum og skilur stundum hæstv. félmrh. og heilbrrh. aleina eftir með skömmina og erfiðleikana.

Þetta er náttúrlega bara svona en það sem veldur mér hins vegar dálitlum áhyggjum er það hvar almennir hv. þm. Framsfl., þekktir að því að styðja ýmiss konar félagslegar skoðanir og eru félagslega meðvitaðir menn eins og sitjandi hæstv. forseti, eru í þessari orrahríð. Það er hrópandi, æpandi þögn í þessari tveggja daga umræðu. Ekki einn einasti þingmaður Framsfl. vill setja fingrafar sitt á þetta feigðarflan hæstv. félmrh. Það er eftirtektarvert, virðulegi forseti, en það skyldi náttúrlega engan undra. Á hinn bóginn neita ég að trúa því að menn á borð við Guðna Ágústsson, menn á borð við Jón Kristjánsson og Stefán Guðmundsson sem hafa gjarnan lýst ýmsum félagslegum viðhorfum og stutt félagslegar úrlausnir þjóðfélagsmála séu líka gengnir í þessi íhaldsbjörg. Að það sé búið að stinga upp í þá einhverjum þeim gúrkum sem gerir það að verkum að þeir eru hættir að hafa sjálfstæða hugsun eða skoðun og láta þetta bara yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust. Ég neita að trúa því.

Vissulega er rétt að halda því til haga sem vel er gert í því sambandi og sá þingmaður, sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni, Guðni Ágústsson, hefur tekið mjög hressilega til varnar í þessu óráðshjali hæstv. viðsk.- og iðnrh. um að gefa ríkisbankana köllum með pípuhatta og hafi hann þökk fyrir það. En hvar er hann í þessu máli? Af hverju þegir hann? Af hverju þegja þeir hinir, framsóknarmennirnir, sem enn þá hafa einhvern snefil af samvinnuhugsjóninni í sér en hafa ekki selt hana fyrir ráðherrastól og faðmlagið við íhaldið. Ég kalla sérstaklega eftir hv. þm. Framsfl. og vil að þeir geri þingheimi og þjóð ljósa afstöðu sína til þeirra vondu verka sem hér er verið að vinna. Ég neita að trúa því fyrr en ég tek á því að þeir séu þessari málsmeðferð, þessu efnisinnihaldi sammála. Ég harðneita að trúa því fyrr en ég sé það og get tekið á því. Og hvað með nýliða Framsfl.? Hina vösku sveit þingmanna sem kom með blik í augum og ætlaði öllu að breyta og allt að laga. Hún er týnd og tröllum gefin við þessa umræðu, vitaskuld. Ekki aukatekið orð, ekki andvarp, bara æpandi þögn. Og enn situr hann aleinn, hæstv. félmrh. Enginn snýst honum til varnar, ekki nokkur maður. Íhaldið er hér aðeins að reyna enda rennur þeim blóðið til skyldunnar. Þetta er baráttumál íhaldsins til áratuga. Það á nú að kroppa dálítið í vinnulöggjöfina. Það á dálítið að stýra því hvernig verkalýðshreyfingin ætlar að haga sínum innri málum. Þetta var líka markmið íhaldsins á öndverðri öldinni og er það enn í dag þótt minna fari fyrir því og fínna sé farið í málin en fyrr á dögum. En Framsókn er gengin í björg, um það er engum blöðum að fletta.

Virðulegi forseti. Satt að segja tel ég ekki mikla ástæðu til þess að vera að fara yfir einstakar greinar frv. Þær breytingar sem er að finna í frv. og þær breytingar sem gerðar eru á gildandi vinnulöggjöf eru allar því sama marki brenndar að þar er verið að þrengja hag verkalýðshreyfingarinnar í landinu, grípa inn í innri mál verkalýðshreyfingarinnar í landinu, segja nákvæmlega fyrir um það hvernig hún á að haga innri málum sínum hvað varðar félagsaðild, samningamálin og hvernig eigi að standa að því að greiða atkvæði. Hvað kemur næst, virðulegi forseti? Skyldi þeim detta í hug í ríkisstjórninni að setja lög á stjórnmálaflokkana og hefja

um það nokkra umræðu hér og setja lög í þá veruna að tiltekinn fjöldi félagsmanna í stjórnmálaflokkunum þurfi að vera viðstaddur þegar stórar ákvarðanir eru teknar sem síðan hugsanlega ganga aftur í ríkisstjórninni, lög um miðstjórn Framsfl. Af hverju ekki? Eigum við ekki að hafa þetta allt í þessum anda? Er ekki rétt að hæstv. ráðherra gaumgæfi og gæti að því hvort að það sé ekki nauðsynlegt, þegar Framsfl. er í sínum stofnunum eða miðstjórn eða hvað það nú heitir að taka grundvallarákvarðanir og afstöðu til ákveðinna gjörða í ríkisstjórninni, að þar séu skýrir og klárir skilmálar, ákveðnar klárar leikreglur um það hvað þurfi margir að segja já og hversu margir nei til þess að málið sé samþykkt eða fellt og kannski hversu margir þurfi að mæta, einhver lágmarkstala í því? Hvers vegna ekki? Væri það ekki alveg í stíl við þetta? Af hverju á þessi löggjöf eingöngu að gilda um hina frjálsu verkalýðshreyfingu? Ég spyr og velti því fyrir mér.

Annar meginandi frv. er sá að það er ekki stafkrókur í því sem mun á nokkurn hátt auka réttindi launafólks. Það er ekkert ívilnandi atriði í þessu fyrir launafólk í landinu né samtök þess. Það er alveg sama hversu lengi þetta frv. er lesið. Það er ekki með nokkru móti hægt að finna það. Hér er þetta allt á hinn veginn.

Menn hafa rætt það eilítið að þetta inngrip í innri mál verkalýðshreyfingarinnar sé eingöngu á þeim vængnum og menn hafa með réttu bent á það hvers vegna sambærileg ákvæði er ekki að finna jafnítarleg um innviði Vinnuveitendasambandsins. Ég er ekki að mæla með því. Það er langt í frá. Ég tel hins vegar að þessi nákvæmu fyrirmæli um innra starf verkalýðshreyfingarinnar í landinu eigi ekki að binda í lög og alþingismenn og hæstv. ráðherrar eigi ekki að ganga fram á þann hátt að setja lög um frjáls félög fólks í þessu landi. Það var víða gert austan járntjalds á sinni tíð og er ekki til eftirbreytni.

Virðulegi forseti. Ég gæti haft um þetta langt mál. Ég ætla að fara að stytta ræðu mína enda tíminn senn liðinn. Ég segi hins vegar að lyktum að mér segir svo hugur að þessi ríkisstjórn hafi ekkert þrek og engan mátt eða döngun til þess að ljúka þessu máli. Þessi ríkisstjórn mun ekki hafa það af að keyra í gegn jafnumdeilda og vitlausa löggjöf og hér um ræðir gegn vilja allrar verkalýðshreyfingarinnar í landinu, gegn vilja sameinaðrar stjórnarandstöðu. Hún mun guggna og hún mun gefa eftir. Það er mín spásögn. Kannski ekki í kvöld, kannski ekki í nótt, kannski fyrir páska en í öllu falli mun hún guggna. Þetta frv. verður ekki að lögum á yfirstandandi þingi, það er mín spásögn. Ríkisstjórnin mun guggna í þessari baráttu. Hún er náttúrlega veik hið innra þegar allt kemur til alls, þrátt fyrir mjög mikinn þingmeirihluta. Ég trúi því og treysti að félagslega sinnaðir menn á borð við Guðna Ágústsson muni koma vitinu fyrir ráðherra sína hæstv. og koma þeim niður á jörðina og koma þeim í samband við fólk, gera þeim glögga grein fyrir því hvers konar veruleikafirring hér er á ferðinni. Ég trúi því enn að félagslega sinnaðir menn á borð við hann muni vinna sitt verk með hægðinni og gera það á næstu vikum.

Ég skal segja það, virðulegi forseti, að auðvitað er langafarasælast að ruslafatan geymi þann pappír sem hér er að finna, þessar lausu hugmyndir, þessi orð á blaði og hæstv. ráðherra átti sig á því að um frumhlaup, um gönuhlaup var að ræða og segi okkur hér á þessum næturfundi að hann hafi gert mistök og að hann sjái eftir öllu saman og vilji taka þessi mál upp með nýjum hætti. Að hann vilji fara í opnar og frjálsar viðræður við verkalýðshreyfinguna og við aðila vinnumarkaðarins og fari aftur til upphafsins, fari aftur til þeirra markmiða sem lagt var af stað með í október 1994. Dettur nokkrum manni í hug eitt andartak að markmið nefndarstarfsins, að bæta samskipti á vinnumarkaði, skili sér í þessu frv. hér? Nei, þetta frv. er alls ekki til að bæta samskipti á vinnumarkaði. Og enn og aftur segi ég og það verða mín lokaorð, virðulegi forseti: Hér hefur hæstv. ráðherra haft fullkomin endaskipti á hlutunum. Hann hefur sennilega fengið högg á höfuðið. Ég er þeirrar trúar enn þá.

[23:29]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins skerpa skilning minn á orðum hv. 9. þm. Reykn. sem hann hefur endurtekið hvað eftir annað í ræðu sinni og er að efnislega sé frv. sem hér er til umræðu allt sama marki brennt. Það gangi út á það að þrengja að verkalýðshreyfingunni. Hann hefur haft þau orð um þetta frv. að það sé kropp í löggjöfina sem endurspegli sérstakt markmið íhaldsins og taldi að Framsfl. væri genginn fyrir björg í faðm íhaldsins. Þetta er allt saman mjög litskrúðug lýsing og á kjarnyrtu máli þegar tekið er tillit til þess að í málgagni Alþfl. er tekið fram og vitnað þar beint í ummæli Össurar Skarphéðinssonar, ef ég má lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem veldur því að Alþfl. getur fyrir sitt leyti ekki samþykkt frv. er ekki efni þess, heldur hvernig það varð til."

Þetta verður trauðla skilið á annan hátt en þann að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé genginn til liðs við Framsfl. efnislega í afstöðu til frv. og þar með fyrir björgin í faðm íhaldsins. Eða getur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson staðfest að hann hafi ekki sömu skoðun á þessu máli og hv. þm. Össur Skarphéðinsson?

[23:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé fullfær um að svara fyrir sín eigin orð. En hafi hv. þm. Tómas Ingi Olrich lagt við eyrun í dag og gær og hlustað eftir viðhorfum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til þessa frv., þarf hann ekki að velkjast í vafa eitt aukatekið andartak um afstöðu hans til forms og innihalds. Meginmálið er auðvitað það og það er hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það sem sker fyrst í augun á fyrstu stigum þessa máls er auðvitað aðdragandinn og sú lítilsvirðing sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn sýnir fólkinu í landinu og verkalýðshreyfingunni. Hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin eyðileggur þá merku tilraun sem farið var af stað með. Í næstu lotu er það síðan efnisinnihaldið og þar held ég að enginn þurfi að velkjast í vafa um það að Alþfl. er heill og óskiptur í algerri andstöðu sinni við þetta kropp, þessi orð á blaði, þessar lausu hugmyndir, þessa árás á verkalýðshreyfinguna í landinu.

[23:32]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið sagt í þessari umræðu að frv. að tarna hafi náð því að sameina vinstri menn, félagshyggjumenn. Ég hygg hins vegar að efni þessa frv., tilurð þess og aðdragandi sé með þeim hætti að þótt alþýðuflokksmenn kjósi nú að sigla upp að Alþb. í þessu máli, líði þeim misjafnlega vel. Sú tilvitnun sem ég kom með áðan í ummæli Össurar Skarphéðinssonar staðfesti þær tilfinningar sem hrærast með alþýðuflokksmönnum.

[23:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki setið lengi á þingi og þekki því ekki vinnubrögðin hér svo vel. En vinnubrögð hæstv. félagsmálaráðherra hljóta að teljast hreint með ólíkindum. Á þriðjudagskvöldið er þessu frv. til breytingar á lögum nr. 80/1938 laumað inn í þingið í skjóli myrkurs. Á miðvikudegi er tilkynnt að taka skuli þetta frv. til meðferðar í þinginu, á fimmtudegi er það tekið til meðferðar og á verður að koma því til nefndar fyrir páskahlé. 58 ára gömlum lögum verður að koma til nefndar fyrir páskahlé, fyrr verður þingið ekki sent í leyfi. Ef þetta eru vinnubrögðin sem almennt tíðkast í þinginu, herra forseti, get ég ekki annað en dregið þau í efa.

Ekki veit ég hvort þessi vinnubrögð endurspegla frv. allt en við yfirlestur á því er ýmislegt sem kemur manni í opna skjöldu, svo vægt sé til orða tekið.

Í 1. gr. frv. er talað um að starfsmönnum fyrirtækis þar sem að jafnaði starfa a.m.k. 250 starfsmenn sé heimilt að stofna þar stéttarfélag. Þetta er á bls. 1. Á bls. 9 er síðan skilgreining á vinnustaðarfélögum og þar segir:

„Vinnustaðarfélag starfsmanna í fyrirtækjum með a.m.k. 250 starfsmenn að jafnaði öðlast réttarstöðu stéttarfélags ...“ Þetta verður eiginlega að lesa aftur. Heimilt er að stofna stéttarfélag, herra forseti, sem fær réttarstöðu stéttarfélags. Það er ekki nema von að menn átti sig ekki alveg á því hvað hæstv. félmrh. er að fara.

Ekki fækkar öfugmælunum við frekari lestur því að í raun og veru er lestur þessarar greinargerðar hreinasti brandari. Í markmiðslýsingu frv. er tekið fram að markmiðið með því sé að fækka viðsemjendum. Í frv. kemur síðan fram að skilyrði til að stofna stettarfélög séu ekki önnur en þau að það starfi a.m.k. 250 starfsmenn í fyrirtæki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru það 50–60 fyrirtæki sem uppfylla þessi skilyrði og 50–60 stéttarfélög í viðbót við þau 350 sem nú eru við lýði geta varla verið til þess fallin að fækka viðsemjendum. Það er a.m.k. mjög merkileg skilgreining.

Af hverju þessi tala 250 er valin frekar en einhver önnur er mér gersamlega fyrirmunað að skilja. Þrátt fyrir ítarlega leit í greinargerð með frv. er engar upplýsingar þar að finna um af hverju þau eru ekki 300, 600, eða þá 25. (**Gripið fram í:** Eins og Vilmundur vildi.) Eins og Vilmundur vildi, já. Vilmundur vildi 25. Með tilliti til þess sem ég sagði í upphafi um vinnubrögðin í þinginu held ég að samning þessa frv. hafi aldeilis staðið undir merkjum hvað það varðar.

Þá vantar enn fremur í þetta frv. skilgreiningu á því hvað er stéttarfélag. Ástæða þess að ég tel að það vanti í frv. er einkum sú að í frv. er sérstaklega kveðið á um mismunandi reglur um leynilegar atkvæðagreiðslur. Í 2. mgr. 2. gr. segir: „Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftadegi, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun, sé ekki á annan veg samið. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðasgreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð framangreindu. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.“

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en svo að ef stéttarfélag sem hefur 12 þúsund starfsmenn og samningar taki til um 11 þúsund starfsmanna af þessum 12 þúsund, hljóti það að vera hluti af stéttarfélagi og því hljóta að gilda þær reglur sem kveðið er á í seinni hluta málsgreinarinnar að þriðjungur atkvæðisbærra manna greiði atkvæði gegn honum. Hér vantar alveg að skilgreina hvað átt er við þegar verið er að tala um hver sé hluti félagsmanna og hvað teljist stéttarfélag. Það er fáránlegt að ef samningar ná til 90 eða 95% félagsmanna skuli farið eftir þessari reglu. Það er ekkert í þessu frv. að finna sem skýrir út fyrir mér hvað átt er við í þessu sambandi.

Hér segir enn fremur, herra forseti, í upphafi athugasemda um þetta:

„Hér á landi hafa um langt skeið farið fram umræður um nauðsyn þess að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði með það að markmiði að auðvelda og einfalda gerð kjarasamninga.“ Síðan er þessi stórkostlega setning einhvers staðar í frv. að ætlunin sé að fækka viðsemjendum. Ég fæ ekki betur séð en það geti varla verið til þess fallið að fækka viðsemjendum eða einfalda gerð kjarasamninga að fjölga stéttarfélögum um 50–60. Lái mér hver sem vill þótt ég skilji þetta ekki. Ég sé að hæstv. félmrh. er orðinn þreyttur og farinn að geispa.

Herra forseti. Í 4. gr. þessa frv. er að finna ákvæði sem ég tel nauðsynlegt að skoða mun ítarlegar en gert hefur verið og ég vænti þess að félmn. muni gera það. Það er ákvæði þess efnis að þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Síðan kemur þetta hefðbundna ákvæði um leynilega almenna póstatkvæðagreiðslu en síðan segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.“

Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að með þessu ákvæði sé verið að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þ.e. að einstaklingar sem falla undir fyrri hlutann, þ.e. að þegar stéttarfélag í heild sinni boðar verkfall nægi 10%, ef nægilega margir taka þátt í atkvæðagreiðslunni, til þess að greiða því atkvæði að farið verði í verkfall. En í seinni hlutanum eru það a.m.k. 25%. Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, að þarna sé verið að mismuna mönnum hvað varðar heimild til að boða til vinnustöðvunar. Ég held að þetta sé atriði sem hv. félmn. ætti virkilega að leggja vinnu í að skoða. (**PHB:** Hún gerir það.) Hún gerir það, segir hv. 16. þm. Reykv. og ég er ánægður með að heyra það.

Helsta markmið vinnulöggjafar er að tryggja vinnufrið í landinu. Lögin eiga að tryggja að af árekstrum á milli aðila vinnumarkaðarins hljótist sem minnst tjón fyrir atvinnulífið í landinu. Í ljósi þess að þetta frv., sem samkvæmt orðum hæstv. félmrh. er ekki annað hugleiðingar á blaði, kemur öllu á annan endann í samfélaginu er vart hægt að segja að þetta markmið vinnulöggjafarinnar náist með framlagningu þess.

Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur hafa verið mikið til umræðu seinustu missiri. Kröfur hafa komið fram hjá vinnuveitendum um endurskoðun þessara tæplega 60 ára gömlu

löggjafar, en verkalýðshreyfingin hefur ekki léð máls á þessum breytingum. Þegar vinnulöggjöfin var samþykkt á sínum tíma var það vilji löggjafans að lögin yrðu tekin til endurskoðunar. Í greinargerð með frv. vinnulöggjafarnefndar segir, með leyfi forseta:

„Engum mun þó ljósara en nefndinni að ekki má við það búast að hér sé um neina framtíðarlausn að ræða. Annars staðar hefur fyrsta löggjöf af þessu tagi yfirleitt þarfnast lagfæringar og viðbóta eftir skamman tíma.“ Ég vil taka undir að það er nauðsynlegt að endurskoða þessa löggjöf. Eins og öll önnur mananna verk þarfnast hún endurskoðunar. En það er alveg ljóst að þegar verið er að setja samskiptareglur tveggja hópa er nauðsynlegt að um það ríki einhver sátt, ellegar er verr af stað farið en heima setið.

Síðan þessi lög voru sett eru liðin 58 ár og litlar breytingar hafa átt sér stað. 15 frv. til breytinga á vinnulöggjöfinni hafa verið flutt á Alþingi frá árinu 1939 og hafa verið samþykktar þrjár breytingar á þeim lögum, tvær minni háttar árið 1948 og 1958 og ein stærri þegar lögum um sáttastörf í vinnudeilum var breytt 1978. Þrjár þingsályktunartillögur hafa verið fluttar á Alþingi um endurskoðun vinnulöggjafarinnar en þær urðu ekki útræddar. Nokkur þingmannafrumvörp hafa einnig verið flutt sama efnis en ekkert þeirra náði fram að ganga. Strax árið 1939 fluttu sjálfstæðismenn frv. um hlutfallskosningar í stéttarfélögum en sjálfstæðismenn innan verkalýðshreyfingarinnar á þeim tíma töldu hlut sinn heldur rýran og börðust fyrir auknum rétti til þátttöku innan verkalýðshreyfingarinnar. Einnig töldu sjálfstæðismenn skipulag og uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar til þess fallið að koma í veg fyrir að þeir gætu komist þar til áhrifa.

Árið 1969 flutti Jón Þorsteinsson frv. um aukið vald sáttasemjara til að hafa áhrif á vinnudeilur, þar á meðal frestunarvald á verkföllum svo deiluaðilum ynnist meiri tími til lausnar vinnudeilu. Vilmundur Gylfason flutti árið 1980 tillögur um starfsgreinafélög, þar sem hugmyndin var að gera vinnustaðinn að grunneiningu þegar samið var um kaup og kjör. Þannig mundu allir þeir sem vinna við sömu framleiðslu á vöru, inna af hendi sömu þjónustu eða selja vinnu sína til sama vinnukaupanda, vera í sama starfsgreinafélagi. Alvarlegasta tilraun til að breyta vinnulöggjöfinni var þó gerð árið 1975 í tíð Gunnars Thoroddsens félmrh., en þá var samið nýtt frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það frv. var reyndar aldrei flutt á Alþingi og þeim hugleiðingum hæstv. félmrh. á þeim tíma var því stungið ofan í skúffu og kannski væri hæstv. félmrh. það til eftirbreytni.

Í frv. Gunnars Thoroddsens voru margar breytingar fyrirhugaðar, t.d. að boðunartími vinnustöðvana yrði lengdur um þrjá sólarhringa úr sjö í tíu svo samningsaðilum og sáttasemjara veittist aukið svigrúm til að reyna að leysa vinnudeilu áður en hún kæmi til framkvæmda. Félmrh. yrði fengið frestunarvald á verkföllum og sáttasemjara yrði einnig veitt vald til að fresta vinnustöðvun um allt að fimm sólarhringa ætli hann að bera fram miðlunartillögu eða telja líkur á að deilan leysist.

Nú hefur það oft komið fram í umræðunni að menn eru yfirleitt nokkuð sammála um að það sé nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur taki til endurskoðunar vinnubrögð sín. Um það er ekki deilt í þessu máli. En það sem deilt er um er vitaskuld fyrst og fremst að það er verið að ganga inn í skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar. Það er það sem deilt er um í þessu máli enda er verkalýðshreyfingin mjög andvíg slíkum breytingum og hefur staðið einhuga um að verja sinn helgasta rétt sem er verkfallsréttурinn. Verkalýðshreyfingin hefur því miður ekki séð neina ástæðu til breytinga á vinnulöggjöfinni enda hefur hún frá hennar bæjardyrum séð, a.m.k. virðist svo vera, reynst vel; lögin þjóni tilgangi sínum, bindi höfuðþætti í starfsemi verkalýðssamtaka, rétt til félagsstofnunar og réttarstöðu gagnvart viðsemjendum ásamt verkfallsrétti. Þá hefur reynslan sýnt að tillögur um meiri háttar breytingar á vinnulöggjöfinni þar sem verkalýðshreyfingin er ekki höfð með í ráðum eru dæmdar til að mistakast. Það er því ekki óeðlilegt að ef breyta á vinnulöggjöfinni sæki verkalýðshreyfingin eitthvað í staðinn fyrir slíkar breytingar. Nefna mætti aukin áhrif starfsmanna eða fulltrúa starfsmanna í rekstri fyrirtækja er myndu ná til ákveðinnar stærðar fyrirtækja. Í nágrannalöndum okkar eru víða starfandi slík vinnuráð. Víða í Evrópu er slíkum vinnuráðum skylt að lögum að fjalla um einstök málefni, svo sem fjárhagsáætlun og uppbyggingu fyrirtækja, vinnutilhögun og nýja starfshætti, afkastahvetjandi launakerfi og starfsmannamál.

Í Þýskalandi og Hollandi hafa fulltrúar starfsmanna í vinnuráðum lagalegan rétt til að seinka ýmsum mikilvægum ákvörðunum stjórna fyrirtækja. Eins og raunin er með verkalýðshreyfinguna og verkfallsréttinn, þá er hætt við að vinnuveitendur yrðu lítt fúsir til að framselja réttinn til að stjórna fyrirtækjum.

Þá er komið að kjarna málsins, hvort nokkur þörf sé á að breyta vinnulöggjöfinni. Spurningin er hvort aðilar vinnumarkaðarins geti ekki tekið upp nýjar starfsaðferðir við gerð kjarasamninga líkar þeim sem Ísal-samningurinn sem gerður var sl. vor felur í sér. Nýleg rannsókn í Bretlandi sýnir að stjórnendur fyrirtækja sem hafa tekið upp vinnustaðarsamninga eru sammála um að slíkt fyrirkomulag við gerð kjarasamninga hafi dregið úr verkfallsátökum og komið í veg fyrir launaskrið. Með því að fara meira inn á brautir vinnustaðarsamninga þar sem mörg stéttarfélög eða fulltrúar starfsmanna koma saman að sama samningsborðinu og semja sameiginlega við atvinnurekenda mundi skapast grundvöllur fyrir betra fyrirkomulagi en nú ríkir. Þetta fyrirkomulag er annað en það sem mælt er fyrir um í þessu frv. Hér er verið að tala um að stofna stéttarfélög, að stéttarfélög komi til á vinnustöðum og hafi samningsumboðið. Fyrirkomulagið í Bretlandi er annars eðlis. Slíkt fyrirkomulag sem ég vísaði til hér áðan mundi spara tíma stjórnenda fyrirtækja sem fer í að semja við mörg og ólík verkaýðsfélög jafnframt því að vera vettvangur þar sem stjórnendur og fulltrúar starfsmanna geta skiptst á skoðunum um ýmis málefni er varða framtíð og rekstur fyrirtækis, stefnumótun og allar fyrirhugaðar breytingar á rekstri fyrirtækisins kynntar. Þannig fengju starfsmenn meiri innsýn í stöðu fyrirtækis og gerðu sér betri grein fyrir stöðu þess. Allir kjarasamningar eru gerðir á sama tíma og væru í gildi jafnt, til langs tíma. Þetta kæmi í veg fyrir launaskrið sem vill oft verða þegar ákveðnir hópar sækja kjarabætur eftir að stór heildarsamtök launþega hafa gert kjarasamning.

Herra forseti. Þessi umgjörð sem hér er er kannski alveg dæmigerð fyrir þau vinnubrögð sem uppi hafa verið höfð við samningu þessa frv. þar sem hæstv. félmrh. hefur setið einn undir öllum þeim skömmum sem yfir hann hefur rignt. En kjarni málsins í þessu er vitaskuld sá og því mega menn ekki gleyma, að launþegar og atvinnurekendur geta hvorugir án annars verið þegar öllu er á botninn hvolft og eru hagsmunir sameiginlegir en ekki andstæðir. Því er mikilvægt fyrir aðila

vinnumarkaðarins að taka upp nýjar leikaðferðir við gerð kjarasamninga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar enda klukkan að verða tólf.

[23:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í umræðum fyrr í dag og í gær líka hefur nokkrum sinnum verið minnst á Nýja-Sjáland og reynslu Nýsjálendinga á breytingum á vinnulöggjöfinni. Margir hafa heyrt forustumenn verkalýðshreyfingarinnar tala um nýsjálenska módelið og skelfilegar afleiðingar þess fyrir launafólk þar í landi. Við höfum heyrt talað um að Ruth Richardson sem er ein af höfundum breytinganna hafi verið fengin hingað til lands af ríkisstjórninni til að kenna Íslendingum hvernig þeir ættu að koma á þessu viðfræga módeli. Við vitum líka að Vinnuveitendasambandið fékk til liðs við sig Steve Marshall, framkvæmdastjóra samtaka atvinnurekenda á Nýja-Sjálandi í maí 1994 til að kenna íslenskum atvinnurekendum hvernig nýsjálenska módelinu yrði komið á. Þetta er raunveruleikinn sem við búum við og það er með ólíkindum að íslenskt launafólk skuli standa í sömu sporum og kollegar þeirra í þessu ríki vinnumarkaðsfrjálshyggjunnar, sérstaklega með tilliti til þess að nú eru afleiðingarnar lögnu orðnar ljósar þar í landi. Þar urðu ekki þau efnahagsundur sem spáð hafði verið og verkafólk hefur það skítt. Laun þess lækkuðu og það hefur verið fjötrað í ofurvald atvinnurekenda í kjölfar breytinganna.

Nýsjálenskt launafólk sem trúir því að hagsmunum sínum sé best borgið með því að nýta samtakamáttinn þorir varla að vera í stéttarfélögunum því að það er atvinnurekendunum í óhag. Og óvild atvinnurekandans ógnar starfsöryggi launamannsins. Atvinnurekendum hentar mun betur að einstaklingarnir séu dreifðir. Það sér hver sem vill sjá að það er mun auðveldara fyrir atvinnurekanda að beygja einn verkamann en glíma við þá sameinaða.

Það er kannski helst hæstv. ráðherra Páll Pétursson sem heldur að því sé öfugt farið og félagar hans í ríkisstjórninni. Þeir eru nefnilega að hjálpa einstaklingunum í stéttarfélögunum með þessum kauðslegu aðförum sem við höfum orðið vitni að á undanförnum vikum. Þeir eru vinir einstaklinganna.

Ég vil víkja aftur að Nýja-Sjálandi. Það má vera að mörgum finnist það vera klisjukennt að vitna stöðugt í þetta fræga dæmi en það er einfaldlega svo að þetta dæmi er einstakt í veröldinni. Það hefur verið til umfjöllunar hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni og stofnunin hefur veitt nýsjálenska ríkinu tiltal fyrir brot á grundvallarmannréttindum og helstu samþykktum stofnunarinnar.

Það er rétt að líta aðeins á undanfara þessara breytinga í Nýja-Sjálandi og ófara verkalýðshreyfingarinnar þar. Nýja-Sjáland er land sem í býr þjóð sem er um 3,4 millj. Aðalatvinnugreinar eru landbúnaður og önnur frumvinnsla, svo sem timburvinnsla og sjávarútvegur ásamt iðnaði tengdum þessum greinum, framleiðslugreinum tengdum þeim og þjónustu í kringum atvinnuvegina sem nefndir hafa verið.

Grundvöllur breytinga á vinnumarkaði í Nýja-Sjálandi var sagður vera hagræðing og sparnaður. Hugmyndin var sú að skapa aðlaðandi umhverfi fyrir atvinnurekstur. Hluti af nýsjálenska módelinu voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar áður en lögin tóku gildi. Skerðing á möguleikum til að fá styrki, svo sem atvinnuleysisbætur, hert ákvæði um það ef maður neitaði vinnu eða missti vinnu af eigin sökum, biðtímar á bætur voru lengdir verulega og bótafjárhæðir lækkaðar.

Með nýju vinnulöggjöfinni var launafólk svipt ýmiss konar réttindum og vernd sem hingað til hefur verið talið til grundvallarmannréttinda. Löggjöfin er byggð upp andverkalýðssinnuð í þeim skilningi að stéttarfélögum er gert verulega erfitt um starfsemi sína. Umgjörðin hljómar vel. Frelsi launafólks og atvinnurekenda til að velja um það hvort samið sé um kaup og kjör í einstaklingsbundnum samningum eða á vettvangi stéttarfélaga. Og ég ítreka það að forkólfum ríkisstjórnarinnar á Nýja-Sjálandi sem komu þessum breytingum á var tíðrætt um að það væri verið að jafna aðstöðumuninn, jafna aðstöðu atvinnurekenda og launafólks til þess að semja um kjörin. Og dæmið frá Nýja-Sjálandi er vissulega svæsnara en það sem lærlingarnir á Íslandi hafa ákveðið að reyna hér en hugmyndafræðin að baki er sú sama enda frá sama fólki komin.

Grundvöllurinn að löggjöfinni á Nýja-Sjálandi á að vera aukið frelsi einstaklinganna í stéttarfélögunum. En tökum raunverulegt dæmi frá Nýja-Sjálandi. Hafnarverkamenn í Auckland. Fyrirtæki við höfnina hafði unnið að hagræðingu og endurskipulagningu í nokkur ár. Fyrirtækið stillti upp samningi eða öllu heldur setti starfsmönnum sínum kosti. Þeir skyldu ganga að 40% tekjulækkun ella ættu þeir á hættu að missa vinnuna. Auk þess voru þeir beðnir um að afsala sér réttinum til að semja á kjarasamningsgrunni en þeir voru félagsmenn í stéttarfélagi hafnarverkamanna.

Í kjölfar „tilboðs" atvinnurekenda komu uppsagnir og svo einkennilega vildi til að þeir sem fengu uppsögn voru þeir sömu og höfðu neitað að semja hver fyrir sig og kröfðust þess að fá að njóta réttar síns til að semja sameiginlega sem félagsmenn í stéttarfélögum. Málið var lagt fyrir vinnuréttardómstól á Nýja-Sjálandi er neitaði að taka það til efnislegrar umfjöllunar á þeim grundvelli að það ætti ekki undir dómstólinn og verkamennirnir stóðu uppi réttlausir.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu að löggjöfin hafi haft þau áhrif að hið nýja „frelsi" hefur verið misnotað og verkafólk þvingað til að semja á einstaklingsgrunni sem aftur hefur haft í för með sér að verkafólk nýtur ekki verndar kjarasamningsákvæða lengur eða réttar til að gera slíka samninga þannig að frelsið í löggjöfinni er talið misnotað svo hrapallega að launafólk á ekki lengur nokkurt val.

Í þessa smiðju hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sótt sinn fróðleik á sviði vinnumarkaðarins. Einmitt vegna fordæmanna frá Nýja-Sjálandi er full ástæða til þess að óttast að íslensk stjórnvöld og íslenskir atvinnurekendur skuli leita í þessa smiðju til að koma á því sem þeir kalla nýskipan í ríkisrrekstri. Sem betur fer hefur ekki verið farið alla leið í þessari lotu en hver veit hvað kemur í kjölfarið? Hver veit hversu langt ríkisstjórnin er tilbúin að ganga þegar hún er búin að múlbinda verkalýðshreyfinguna í eitt skipti fyrir öll eins og nú stendur til að gera?

Af hverju skyldi það hafa verið bundið í alþjóðasamþykktir að íhlutun stjórnvalds í innri málefni stéttarfélaga sé óheimil? Af hverju hefur slík íhlutun verið talin brot á mannréttindum launafólks? Þessa sama launafólks og hæstv. ríkisstjórn telur sig vera að vernda með opinberri íhlutun, með lögþvingun. Það er einmitt vegna þess að með slíku lögboði getur ríkisvaldið numið á brott á einu andartaki það sem áunnist hefur í frjálsum samningum á milli stéttarfélaga og atvinnurekenda eða samtaka þeirra. Ætlum við að viðurkenna að slík íhlutun eigi rétt á sér? Ef við ætlum að gera það erum við að ógna hinum frjálsa samningsrétti. Ég vona að

nú hafi mér kannski tekist að koma örlitlum skilningsneista í höfuðið á hæstv. ráðherranum þannig að hann átti sig á því um hvað við erum að tala hér. Hinn frjálsi samningsréttur er nefnilega einn af hornsteinum lýðræðisins eins og fjölmargir hafa bent á í þessari umræðu.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir benti á í umræðunni fyrr í dag að sá dagur gæti runnið upp að við fengjum hér ríkisstjórn sem væri enn óvinveittari launafólki og frjálsum samningsrétti en sú sem nú situr. Hún dró einmitt upp myndina sem gæti hæglega orðið veruleiki einn góðan veðurdag og hvað ætlar verkalýðshreyfingin þá að gera ef hún fellst á þá meðferð sem hún hefur mátt þola af hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar? Verkalýðshreyfingin verður að standa keik í þeim slag sem nú er fram undan og hún má hvergi hvika frá þeim grundvallarrétti að semja sjálf um innri málefni sín. Hún getur samið sig frá öllum sköpuðum hlutum en hún má ekki láta löggjafann íhlutast í málefni sín nema í algerum undantekningar- og neyðartilvikum. Það er nú einu sinni svo að atlaga hæstv. ríkisstjórnar að grundvelli hreyfingarinnar hefur þjappað henni saman og vakið hana til vitundar um þau grundvallaratriði sem öllu máli skipta, samstöðuna um að fá að semja sameiginlega og eftir leikreglum sjálfstæðrar verkalýðshreyfingar. Hún hefur kynnst óvinveittri ríkisstjórn sem hefur misnotað samningsvilja hennar og hið margumtalaða samráð. Slíkri ríkisstjórn er ekki hægt að treysta til að bera virðingu fyrir málstað launafólks og samtaka þess. Enda hefur margoft komið í ljós í umræðunni hér á hinu háa Alþingi í dag og síðustu daga að skilningur þessarar frjálshyggjuríkisstjórnar á málstað og réttindum launafólks er lítill og nánast enginn. Við höfum orðið vör við andúð einstakra hv. þm. ríkisstjórnarinnar sem hafa talað um verkalýðshreyfinguna með fyrirlitningu. Verkalýðshreyfingin hefur svo sem skynjað slíka andúð frá frjálshyggjuspekúlöntum í gegnum tíðina og má þar sem dæmi nefna blaðaviðtöl við háskólaprófessor í vinnurétti sem viðhafði þau orð um þennan hornstein lýðræðisins að það þyrfti að koma böndum á ótemjuna. Ég held að það væri nær að koma böndum á ótemjuna sem nú hefur farið í nýsjálenska leiftursókn gegn launafólki og hagsmunum þess, sjálfa ríkisstjórnina.

Við Íslendingar erum nú að uppskera afrakstur þess að hér hefur Sjálfstfl. verið við stjórnvölinn allt of lengi, meira og minna á síðasta áratug. Með tilstyrk nýfrjálshyggjusinnaðs Framsfl. er ýmislegt hægt að gera til breytinga á þjóðfélaginu. Við stöndum frammi fyrir því núna. En það ótrúlegasta af öllu er að hertækni Sjálfstfl. virðist ganga fullkomlega upp því samkvæmt síðustu skoðanakönnun um fylgi stjórnmálaflokkanna heldur hann sínu fylgi en Framsfl. er á línulegri niðurleið. Kjósendum Framsfl. er loksins að verða ljóst að þar fór úlfur í sauðargæru fyrir síðustu kosningar. (**Félmrh.:** Sauður í sauðargæru.)

Sjálfstfl. hefur ekki hvikað mikið frá sinni frjálshyggju nema ef vera skyldi rétt fyrir kosningar þegar hæstv. forsrh. brá á það ráð að setja upp föðurlega umhyggjusvipinn og þakka verkalýðshreyfingunni og launafólki í landinu fyrir veittan stuðning á liðnum árum og gott samstarf. Hann var nokkuð trúverðugur þegar hann óskaði eftir því að svo mætti verða áfram. En það var nú reyndar bara rétt fram yfir kosningar því nú er samstarfsviljinn ekki meiri en svo að hæstv. ríkisstjórn hefur fengið alla verkalýðshreyfinguna á opinbera markaðnum og á almenna markaðnum upp á móti sér og hæstv. forsrh. hefur fengið til liðs við sig mikinn verkmann, hæstv. félmrh. Pál Pétursson, sem er tilbúinn í kolamoksturinn.

Herra forseti. Því miður bólar ekki mikið á auknum skilningi hæstv. félmrh. á alvöru þessa máls eða kjarna þess yfirleitt þrátt fyrir tveggja daga umræður um málið sem nú eru senn á enda. Hið sama skilningsleysi blasti við í dag hjá hæstv. forsrh., Davíð Oddssyni, þegar hann hélt því fram framan í fjölda forustumanna úr verkalýðshreyfingunni sem stóðu hér á þingpöllum að frv. væri til bóta fyrir launafólkið, til bóta fyrir verkalýðshreyfinguna og að sjálfsögðu til bóta fyrir lýðræðið. Það er stórmerkileg reynsla að verða vitni að slíkum skilningsskorti og þvergirðingshætti hjá æðstu ráðamönnum þjóðarinnar. En kannski er þetta bara taktík, hluti af leiftursóknarleikreglum þeirra Ruth Richardson og Steve Marshalls. Það á eftir að koma í ljós.

[00:06]

Útbýting þingskjals:

Innheimta opinberra gjalda, 454. mál, fsp. TIO, þskj. 787.

[00:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það hefur komið geysilega margt fram í þessari umræðu og ég tel ástæðu til að fara yfir nokkra þætti málsins. Ég vil í fyrsta lagi ítreka það sem ég sagði hér fyrr í dag, þ.e. um hvað málið raunverulega snýst. Það snýst um það hvort samskiptareglur á vinnumarkaði skuli vera settar í samráði við aðila vinnumarkaðarins og unnið eftir þeim með þeim hætti eða hvort það eigi að festa slíkar samskiptaregur í lög. Um það snýst þetta mál. Þetta var í þeim farvegi að menn voru að reyna að setja upp samskiptareglur sem hugsanlega hefðu tekið svipaða mynd og þetta frv. Í einhverjum atriðum hefði niðurstaða málsins orðið í áttina að því. Hins vegar er það inngrip ríkisstjórnarinnar í þetta mál — herra forseti, ég sé að hæstv. félmrh. er ekki hér í salnum. — (**Félmrh.:** Ég er hér.) Fyrirgefðu, hann er kominn upp á palla og eru þá komnir nýir menn á palla miðað við það sem var hér fyrr í dag. En það er gott að hann heyrir mál mitt.

Það að ríkisstjórnin skyldi fara þá leið að leggja fram frv. og taka málið úr höndum aðila vinnumarkaðarins er einmitt það sem stjórnarandstaðan er einhuga í að fordæma. Slík vinnubrögð ganga ekki varðandi þennan málaflokk og þau lög sem menn hafa búið hér við um áratuga skeið. Menn hafa oft talað um að það þyrfti að endurmeta vissa þætti í þessari löggjöf og það er ótrúleg skammsýni að sýna slíka óþolinmæði. Þetta er í fyrsta sinn í 15–20 ár sem hillti undir samkomulag um nýjar samskiptareglur á vinnumarkaði. Ég hef fylgst með samningum á almennum vinnumarkaði í 20 ár og það hefur oft verið rætt um það bæði meðal verkalýðsfélaga og vinnuveitenda að reyna að móta nýjar reglur, reyna að fikra sig í átt til breyttra aðstæðna. Auðvitað þurfa menn að gera það, menn geta ekki búið alltaf við ramma sem er 60 ára gamall. Það hefur aldrei tekist að leiða fólk af þeim vettvangi til alvarlegrar umræðu fyrr en hæstv. fyrrv. félmrh., Guðmundur Árni Stefánsson, skipaði á sínum tíma þessa nefnd. Það kom málinu í réttan farveg og þótt óvenjulegt sé var verkið farið að bera árangur. Óþolinmæði ríkisstjórnarinnar var hins vegar slík að hún mátti ekki vera að því að bíða einhverjar vikur á meðan málið var að taka á sig skýrari mynd í þessum vinnuhópi. Hefði samkomulag náðst, hefðu samskiptareglur gilt án þess að til lagasetningar kæmi. En ríkisstjórnin kaus að koma málinu upp í loft með framlagningu þessa frv. Það er það sem er verst í þessu máli. Hins vegar eru efnisatriði frv. vitaskuld atriði sem á að taka

til umræðu og voru til umræðu í þessum hópi sem ég vitnaði í áðan.

Þau gagnrýnisatriði sem Alþýðusambandið hefur dregið fram varða fyrst og fremst efnisþættina. Hvað hina formlegu afstöðu í málinu varðar eru menn einhuga. Þar er sérstaklega bent á að í frv. er hægt að semja sig frá sameiginlegri miðlunartillögu sem þýðir að í reynd er fótunum kippt undan viðræðuáætlun sem er einn af hornsteinunum bæði í þessu frv. og því uppleggi sem vinnuhópurinn lagði til. Þetta er vitaskuld ófær framsetning.

Sömuleiðis er gagnrýnt harðlega hið mikla vald sem sáttasemjara er falið við samningaviðræður og ástæða til að taka undir þá gagnrýni. Einnig er gagnrýnisvert að tengja inn í eina tillögu stéttarfélög sem eru með lausa samninga en eru ekki í neinni alvörukjaradeilu við sinn vinnuveitanda þannig að hægt sé að draga þau að borðinu gegn vilja þeirra til að fella þau inn í sameiginlega tillögu. Þetta orkar sömuleiðis tvímælis og hefur verið bent mjög ákveðið á það af hálfu Alþýðusambandsins.

Einnig hefur komið fram gagnrýni á vinnustaðafyrirkomulagið, reyndar ekki svo mikil í vinnuhópnum sem fjallaði lauslega um það heldur síðar eftir að frv. kom fram. Ég sé ástæðu til að gera það hér að nokkru umtalsefni eins og ég hef reyndar gert áður vegna þess að það er sú grein í frv. sem ég styð. Ég styð að það verði heimilað á stórum vinnustöðum ef um það næst samkomulag á milli launþega að stofna vinnustaðarfélag sem fari með samningsumboð.

Það er hægt að sjá fyrir sér vinnustaðarsamninga og þeir eru til hér á landi. Þeir eru hvað þekktastir í álverinu þar sem fjölmörg stéttarfélög koma að gerð sameiginlegs kjarasamnings. Þetta þekkist líka í ríkisverksmiðjunum og á nokkrum öðrum vinnustöðum. Hins vegar eru það hin hefðbundnu stéttarfélög sem koma að þeirri samningsgerð. Þar er ekki um að ræða vinnustaðarfélag í þeim skilningi að það fari með samningsréttinn, en það er einmitt það sem þessi grein frv. snýst um. Hún snýst sem sagt um það að heimila á stórum vinnustað að launþegar skipuleggi sig í eitt félag. Þetta þýðir að þeir sem áður voru t.d. í Dagsbrún, Verslunarmannafélaginu eða Rafiðnaðarsambandinu og ynnu hjá Eimskip væru í einu stéttarfélagi sem færi með samningsumboðið í þessum stóru félögum. Ég tel þetta fyrirkomulag vera til bóta og vil vekja sérstaklega athygli á því að þetta er ekki að rústa á neinn máta núverandi skipulagi. Þetta er viðbótarform við kjarasamningsgerð sem ætti einungis við tiltölulega lítinn hluta af vinnumarkaðnum, þ.e. hin stærri félög. Það má benda á að þetta er í hinni frægu stefnumörkun Alþýðusambandsins frá 1958. Þá var lögð til þessi leið. Síðan hefur sú leið ekki verið framkvæmd og það eru til margar tilvitnanir í forustumenn Alþýðusambandsins þar sem þeir kvarta einmitt yfir því að það hafi gengið hægt að þróa málin á þann hátt.

Kostirnir við þetta fyrirkomulag liggja í augum uppi. Þá munu ekki tíðkast hefðbundnar einstaklingsbundnar óskipulegar yfirborganir, yfirborganir sem við þekkjum að eru til í einstökum félögum sem koma fram í því að þeir sem eru hærra settir innan fyrirækja hafa tök á því að ná mun hærri launum en almennir launamenn í sama fyrirtæki. Þar er miðað við taxtalaun. Þá má sömuleiðis benda á að þetta fyrirkomulag opnar möguleika fyrir launþega í félögum sem hafa góðan rekstur og góðan afgang, að fá meira í sinn hlut. Það er að mínu mati kostur. Þetta þýðir hins vegar að vitaskuld gætum við haft hér í landinu mismunandi laun fyrir sömu vinnu. Og það er líka hlutur sem þarf að hugsa nokkuð um. Ég tel einmitt að það fyrirkomulag sem við búum við núna, að jafna launin alltaf niður á við án tillits til afkomu einstakra félaga, hafi ekki reynst launþegum happasæl leið. Ég tel því sjálfsagt að það verði tekið til alvarlegrar umræðu að fara þá leið sem lögð er til í frv. en legg áherslu á að þetta á einungis við mjög lítinn hluta, þetta eru nokkrir tugir fyrirtækja, stærstu fyrirtækin og að þetta gerist vitaskuld ekki nema launþegar sjálfir í viðkomandi fyrirtæki kjósa að hafa þennan háttinn á.

Vinnuveitendur hafa lagst gegn þessu fyrirkomulagi og ástæðan er einföld. Þetta dregur úr miðstýringarvaldi þeirra. Sömuleiðis hafa ýmsir forustumenn Alþýðusambandsins lagst gegn þessu fyrirkomulagi, e.t.v. vegna svipaðra hugleiðinga um miðstýringu. En þá vil ég geta þess að þetta er aðferðafræði sem í mjög mörgum stærri fyrirtækjum er rædd og menn kjósa að skoða vandlega.

Það ber líka að hafa í huga varðandi þennan þátt að við verðum að brjótast úr núverandi kerfi til að finna leiðir sem gætu bæði aukið framleiðni fyrirtækja og hækkað taxtalaun þannig að við þurfum ekki að búa hér við lengri vinnudag en önnur lönd. Ýmsu er ábótavant, herra forseti, í skipulagi á vinnumarkaði okkar og það er sjálfsagt að taka þau atriði til efnislegrar umfjöllunar þótt vitaskuld hefði verið betra að það hefði ekki borið að eins og ríkisstjórnin kaus að gera með framlagningu síns frv. Vitaskuld geta menn deilt um það hvort að talan varðandi vinnustaðarfélögin eigi að vera 250 eða einhver önnur. Það geta menn skoðað. Það hafa verið uppi hugmyndir um að lækka þessa tölu jafnvel niður í 100–150 eða jafnvel niður í 25. Ég ætla í sjálfu sér ekki að tjá mig um það. Ég tel rétt að fara af stað með þetta þannig að menn fái af þessu nokkra reynslu vegna þess og það er aðalatriðið í þessu máli að hér er ekki verið að lögbinda tiltekið form. Hér er verið að opna heimild fyrir launþega sjálfa til að skipuleggja sig á þennan hátt og það er aðalatriðið í þessu máli. Hér er ekki verið að hlutast til um að draga fram eitt form umfram önnur. Ég tel því rétt að sú hugsun sem kemur fram í frv. og hefur endurspeglast líka í máli hæstv. félmrh., að þessu ákvæði, ef að lögum verður, verði haldið inni.

Hins vegar breytir það því ekki að þó þessi efnisþáttur sé allrar skoðunar verður, er náttúrlega orðið erfitt að átta sig á hvað ríkisstjórnin vill í þessu máli ef maður hefur í huga orð hæstv. félmrh. áðan þar sem hann dró eitthvað í land varðandi ýmsa efnisþætti frv. en klikkti svo út með því að segja að þetta væru nú bara hugleiðingar á blaði eða orð á blaði. Ég man ekki hvernig hann orðaði það. Ég veit ekki hvort að þessi orð þýða að þau gefi þessu frv. ekki mikið vægi. Ég efast samt um að svo sé því hann hefur gefið sterklega til kynna að hann hyggist knýja fram lögfestingu frv. núna á vorþingi.

Mér finnst hins vegar vera vont í þessu máli að það skyldi ekki hafa verið beðið með frv. þannig að vinnuhópurinn hefði getað fengið ráðrúm til að skoða nánar þessa þætti. Og vitaskuld hefði Alþingi getað tekið þetta til eðlilegrar meðhöndlunar eftir páskaleyfi án þess að nokkur vandkvæði hefðu hlotist af því, því að sjálfsögðu verður meiri hluti á Alþingi að ráða ef menn vilja endilega knýja fram þessa löggjöf. En það að knýja hana svona fram í andstöðu við verkalýðshreyfinguna er ekki góð stefna eins og ég held að hér hafi verið ágætlega lýst af hálfu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem dró einmitt upp þær hættur sem þessi málsmeðferð hefur og getur haft í för með sér.

Það má einnig benda á það sem hefur komið fram í umræðunni að líklega stangast ákvæði frv. á við alþjóðlega samninga, hugsanlega aðra löggjöf hérlendis, en hér hafa verið færð mjög sterk rök fyrir því og vitnað til bréfs fráfarandi ríkisstjórnar. Ég vil ítreka það sem hefur komið fram í umræðunni að það bréf er dómsgagn. Það er lagt fram á alþjóðlegum vettvangi í dómsmáli þannig að það hefur réttarstöðu á alþjóðavettvangi. Og auðvitað verður að skoða það mjög vandlega hvort hér er verið að leggja upp með löggjöf sem hugsanlega kostar dóm á íslensk stjórnvöld í útlöndum. Það hafa verið gefnar yfirlýsingar um að þessi þáttur verði sérstaklega skoðaður þótt e.t.v. hefðu þær yfirlýsingar mátt vera ótvíræðari. Þær hefðu þó a.m.k. verið fullkomið tilefni til þess að draga frv. til baka og skoða það nánar í stað þess að fara þá leið sem hér er vörðuð.

En meginatriðið varðandi frv. er samt þó það að verið er einhliða að ganga erinda vinnuveitenda í lagasetningu á samskiptareglum. Það er ekki á neinn hátt dregið úr miðstýringu á vinnuveitendahlið, hins aðilans við samningsgerðina eins og hefði þurft að gera í þessu frv. Því hefur þessi ríkisstjórn engan gaum gefið. Það er augljóst hverra hagsmuni hún er að verja í þessum málaflokki og e.t.v. endurspeglast þarna mjög rækilega stefna ríkisstjórnarinnar sem stjórnarandstaðan stendur einhuga gegn. Að því leytinu er frv. æskilegt vegna þess að það skerpir pólitískar línur í landinu og eins og margoft hefur verið drepið á, hefur stjórnarandstaðan sameinast í þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á frv., bæði efnisþættina sem hafa verið gerðir nokkuð að umtalsefni og ekki hvað síst þá lögleysu, vil ég kalla, að ætla sér að fara inn í þessa löggjöf með þessum hætti og setja einhliða lög um samskiptareglur á vinnumarkaði eins og ríkisstjórnin hefur stefnt að.

Það hafa komið fram í umræðunni fjölmörg atriði en hæstv. félmrh. hefur ekki svarað miklu. Hann viðurkenndi reyndar í umræðu áðan að hann væri nú kannski e.t.v. ekki nógu vel lesinn í málinu og vitaskuld er það ámælisvert þegar verið er að leggja hér upp með stóran málaflokk að ekki sé hægt að fá skýrari svör við fjölmörgum af þeim athugasemdum og spurningum sem hafa komið fram í umræðunni. Ef ráðherra hefur ekki haft sjálfur nægan tíma til að svara fyrir málið, hefði vitaskuld verið sjálfgefið að hér væru þá fleiri fulltrúar bæði ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna sem hefðu komið til og útskýrt nánar hvað átt væri við með einstökum greinum frv. Það vantar svör við þeirri gagnrýni sem hér hefur verið borin fram bæði af hálfu stjórnarandstæðinga og ekki hvað síst af hálfu verkalýðshreyfingarinnar sem endurspeglast í ályktunum sem okkur hafa verið að berast síðustu daga. Auðvitað hangir þetta mál saman við atlögu ríkisstjórnarinnar að opinberum starfsmönnum. Þetta hangir allt saman. Starfsmannastefna ríkisstjórnarinnar gengur út á það eitt að þrengja möguleika verkalýðshreyfingarinnar til að mæta til kjarasamninga á jafnréttisgrundvelli. Það er það sem er vont í frv. Með framlagningu þessa frv. er einhliða tekin afstaða með öðrum aðilanum á vinnumarkaðnum á mjög ósvífinn hátt.

Áhyggjur mínar snúast einnig að því að ég óttast að þetta muni leiða til þess að við munum upplifa hér mikla sprengingu í næstu kjarasamningum og satt best að segja held ég að ríkisstjórnin hafi alls ekki áttað sig á því í hvers konar púðurtunnu hún var að kveikja þegar hún lagði fram þetta frv. og önnur sem hafa komið fram í tengslum við kjarasamninga.

[00:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru býsna margir fletir á þessu máli og það hefur verið allítarlega rætt á fundum í dag og í gær og í fyrradag. Þær umræður hafa annars vegar snúist um efni sem vonlegt en þær hafa ekki síður snúist um vinnubrögð, um samskipti og um framkomu, kurteisi og mannasiði í mannlegum samskiptum. Það vill svo til að kannski hefur það á vissan hátt yfirskyggt efnið að kringumstæður málsins eru nokkuð sérstakar og er þó ekki þannig að ekki sé af nógu að taka hvað varðar efni frv. og þess hefur auðvitað verið rækilega getið. Ég held að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. hafi einhvers staðar á leiðinni villst út af slóðinni og týnt leiðarljósunum. Það er í sjálfu sér ekki auðvelt að átta sig á því hvenær hæstv. félmrh., þessi grandvari maður og þrælvani gangnamaður lenti í þessari villu. En hann er a.m.k. orðinn nokkuð rækilega villtur, vegvilltur og kannski er það farið að henda hann eins og gerist víst um gangnamenn sem verða kolvilltir og lenda í þoku að þeir fara að ganga upp á móti vatninu. Þeim sýnist vatnið renna upp í móti. Að sögn hefur það komið fyrir. Svo gjörsamlega er hæstv. félmrh. farinn að ganga gegn því sem maður hefur tilfinningu fyrir að honum sé eðlislægt að mér verður það helst fyrir að taka líkingu af því tagi að hæstv. félmrh. sé farinn að sjá vatnið renna upp í móti (**SvG:** Á Stórasandi.) á Stórasandi lífs síns og eltir það nú inn í auðnina móti brattanum upp í móti. Það eru auðvitað merkileg örlög og ótrúleg og dapurleg fyrir þennan ágæta stjórnmálamann, hæstv. félmrh.

Það hefur ýmsu fleiru verið snúið á haus og á sambærilegan hátt, herra forseti, en því þó vatnið væri farið að renna upp í móti fyrir hæstv. félmrh. Ég staldraði aðeins við það í fyrri ræðu minni og ég sé ástæðu til að gera það enn frekar nú að hæstv. ráðherra var að fjalla um stöðugleikann. Hann var að fjalla um nauðsyn þess að samskipti aðila í þjóðfélaginu væru þannig að það gæti ríkt trúnaðartraust og eðlilegur samstarfsandi og það væri friður og stöðugleiki. Síðan komu upp fleiri andans menn svo sem eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Og hann talaði líka um stöðugleikann alveg sérstaklega enda er hv. þm. það mál mjög kært. Hann telur sig væntanlega eiga sinn þátt í því með fyrri störfum sínum og á fyrri vettvangi, að hafa lagt grunn ásamt með fleirum að þeim efnahagslega stöðugleika sem við höfum búið við nú um svo sem sex ára skeið. En ég hef sagt og ég endurtek það, herra forseti, að ég held að það hafi ekki fallið öllu meiri ófugmæli í umræðunni en þau að þetta frv. eins og það er fram borið og eins og það er að efni til, sé framlag í þágu stöðugleika í íslensku efnahagslífi og íslenskum þjóðarbúskap. Ég leyfi mér að segja að þeir menn sem halda slíku fram misskilji mjög hlutina. Í raun og veru var það svo að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hrakti og afsannaði mjög rækilega þá kenningu að þetta yrði farsælt með þessum hætti. Ég hygg að ég muni það rétt að hv. þm. hafi haft um þetta orðin: klaufaskapur, óheppni, ógæfa og slys. Ég held að öll þessi fjögur orð hafi komið fyrir í hans ræðu í beinu samhengi við frv. og hvernig staða mála er orðin uppi nú í samhengi við það. Ég held nefnilega að það hafi verið alveg hárrétt og kannski mergurinn málsins sem fram kom í hans ræðu að sterk, vel skipulögð, lýðræðisleg verkalýðshreyfing væri eitt það allra mikilvægasta sem menn hefðu í hverju þróuðu nútímalegu samfélagi. Vonandi er það svo að um það sé samstaða á Íslandi að þannig eigi það að vera. Við séum ekki á því molbúastigi að við trúum því að það eigi

á einn eða annan hátt að grafa undan því eða banna það að verkafólk megi skipuleggja sig, bindast samtökum og beita afli síns samtakamáttar. Nei, vonandi ekki vegna þess að reynslan hefur auðvitað sýnt að það er afar mikilvægt að slík samtök séu fyrir hendi, að þau hafi heilbrigðan og eðlilegan starfsgrundvöll, þau séu sjálfstæð og sjálfráða og þau geti axlað jafnvel félagslega erfið viðfangsefni. Málið snýst um það. Staðreyndin er nefnilega sú að það er kannski ekki síður þá sem reynir á innviði verkalýðshreyfingar og styrk þegar hún þarf að taka á félagslega vandasömum og flóknum verkefnum eins og þeim að taka á álitamálum varðandi lífskjarajöfnun, varðandi stöðu þeirra sem minna mega sín innan hreyfingarinnar og utan því reynslan sýnir nú að það hefur fyrst og fremst komið í hlut verkalýðshreyfingarinnar aftur og aftur og aftur að sjá um að hlutur þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu væri ekki fyrir borð borinn. En líka getur reynt á innviði verkalýðshreyfingarinnar við erfiðar þjóðfélagslegar aðstæður, t.d. efnahagskreppur sem ganga yfir. Þegar þarf að taka á þeim málum og þær koma fram í lífskjörum þjóða, skiptir kannski fátt ef nokkuð meira máli en einmitt það að til sé félagslega sterk og ábyrg verkalýðshreyfing til að takast á við slík verkefni. Og ef menn eru nú sammála um þetta, hvaða röksemdir standa þá eftir fyrir því að gera hluti af því tagi sem hér á að fara að gera í andstöðu við verkalýðshreyfinguna? Hver eru rökin? Hver eru rökin ef menn á annað borð viðurkenna gildi þess að það sé farsælt að verkafólk í einu landi fái að skipuleggja sig og eiga með sér samtök og vera sæmilega sjálfrátt um það hvernig þau eru uppbyggð? Þau eru engin, engin, nema menn séu að segja að það sé afstaða hæstv. ríkisstjórnar að núverandi verkalýðshreyfing á Íslandi sé ekki marktæk. Þannig að þó menn segi hér hver á fætur öðrum að það sé nauðsynlegt að eiga sterka verkalýðshreyfingu og skipulagða og hún fari með mjög veigamikið hlutverk í þjóðfélaginu, á samt ekki að taka mark á þeirri verkalýðshreyfingu sem við eigum á Íslandi í dag. Eða er það ekki svo, herra forseti, er það ekki það sem þetta snýst um? Menn vísa algjörlega frá þeirri afstöðu sem nú liggur fyrir, sameinaðri afstöðu allrar verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Það er ekki lengur svo að það sé bara Alþýðusamband Íslands. Ég er hér með glænýjar samþykktir í höndunum frá öðrum heildarsamtökum á vinnumarkað á Íslandi sem í eru samtals yfir 100 þús. félagsmenn þar sem sameiginlega afstaða er tekin í þessu máli. Menn hafna aðferðinni. Menn hafna þessari valdboðsaðferð. Menn neita að gangast undir það að í þríhliða samskiptum af þessu tagi þá taki tveir aðilarnir sig saman og útiloki þann þriðja, hendi honum út og geri ekkert með afstöðu hans.

Hæstv. forsrh. sagði í dag að ríkisstjórnin væri ósammála afstöðu Alþýðusambandsins. Það breytir bara engu. Afstaða Alþýðusambandsins er eftir sem áður sú hin sama. Það hefur engin áhrif á samþykktir miðstjórnar eða formannafunda Alþýðusambandsins hvort hæstv. forsrh. er hamingjusamur með þær eða ekki. Hlutirnir ráðast ekki þannig. Hér er um samskipti sjálfstæðra aðila að ræða. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég held að menn hafi bara alls ekki sett málið í rétt samhengi. Ég segi líka alveg eins og er að ég hef enga trú á því að það þýði neitt fyrir þingið og enn síður fyrir þessa fallvöltu ríkisstjórn, sem sem betur fer mun alveg örugglega ekki sitja um aldur og ævi þó hæstv. ríkisstjórn kannski haldi það nú, að setja lög af þessu tagi í andstöðu við meiri hluta fólksins í landinu því þá eru það ólög. Lög af því tagi sem er þvingað upp á þjóðina eru ólög vegna þess að þau hafa ekki þær lýðræðislegu forsendur og þann bakgrunn sem sanngjörn lagasetning og heilbrigðar leikreglur í þjóðfélagi okkar eiga að hafa. Satt best að segja veit ég ekkert hvaðan ríkisstjórninni hefur komið þetta mikla ofstæki allt í einu. Ég spyr mig t.d.: Hvað er það í samskiptum verkalýðshreyfingar, vinnuveitenda og ríkisvalds á sl. fimm, sex árum og jafnvel þótt lengra aftur væri farið sem gefur tilefni til samskipta af þessu tagi? Hvað er það? Er það þakklæti núv. ríkisstjórnar og ráðherra í ríkisstjórninni í garð verkalýðshreyfingarinnar fyrir framlag hennar á undanförnum árum í sambandi við þjóðarbúskap og efnahagsmál á Íslandi sem er að birtast í þessum frv.? Eru þetta verkalaunin fyrir þjóðarsáttina sem hér eru að koma fram? Það hefur ekki verið umdeilt, herra forseti, að verkalýðshreyfingin hefur á sinn hátt axlað kannski að sumu leyti þyngstu og erfiðustu byrðarnar af því að ná niður verðbólgunni, af því að innleiða stöðugleika og af því að varða leiðina inn í þá framtíð sem við Íslendingar erum að gera okkur vonir um nú að við séum að sjá fram undan þannig að við getum í krafti efnahagslegs stöðugleika og sóknar í atvinnumálum okkar farið að greiða niður erlendar skuldir, bæta lífskjör í landinu o.s.frv. Hverjir hafa lagt meira af mörkum en forusutmenn verkalýðshreyfingarinnar á þessu tímabili? Hverjir hafa gert það? Ég hélt satt best að segja að það væri ekki mikil deila um það að það væri verkalýðshreyfingin og verkalýðforustan með mjög ábyrgri og kjarkmikilli, vil ég segja, þátttöku í þessu ferli sem ætti þar einna stærstan hlut. Svo deila menn um það hvort hún hafi kannski gengið of langt, hvort hún hafi kannski gengið of nærri sjálfri sér, hvort félagslegir innviðir verkalýðshreyfingarinnar séu orðnir of veikir vegna þess að byrðarnar hafi reynst henni of erfiðar. Ég hef tekið þátt í slíkum umræðum og ég deili áhyggjum manna af því að heildarsamflot í kjarasamningum og framlenging þjóðarsáttar æ ofan í æ sé að mörgu leyti að verða verkalýðshreyfingunni mjög erfið. En hvað gerist þá? Þá gerist þetta. Þá kemur til valda ríkisstjórn sem telur rétt að bregðast þannig við og grípa þannig inn í málin að hún hafnar frekara samstarfi við verkalýðshreyfinguna, hendir henni út og ætlar að kippa undan henni fótunum að verulegu leyti með lagasetningu af þessu tagi. Þetta er satt best að segja ótrúleg uppákoma, herra forseti, þegar hún er sett í sögulegt samhengi, ótrúleg uppákoma. Maður hefði einhvern tímann ekki trúað því að í vændum yrði eitthvað af þessu tagi.

Það væri fróðlegt, herra forseti, af því að Framsfl., sem er fyrirbæri hér í landinu enn sem komið er, á í hlut að rifja upp m.a. ummæli fyrrv. formanns Framsfl., páv. hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar. Svo vel þykist ræðumaður muna að sá maður hafi gengið kannski einna lengst í því að hrósa og þakka verkalýðshreyfingunni á sínum tíma fyrir það sem hún lagði að mörkum. Ég þykist líka muna að sá fyrrv. formaður Framsfl. hafi tekið þátt í svardögum um það að verkafólkið í landinu og verkalýðshreyfingin skyldi svo sannarlega njóta afrakstursins af því að ná niður verðbólgunni og innleiða hér efnahagslegan stöðugleika. Þá yrði gengið sérstaklega í það að bæta kjör hinna lakast settu og taka höndum saman við verkalýðshreyfinguna að því leyti og öðru til að bæta ástandið í samfélaginu vegna þess að menn viðurkenndu þá og ég hélt að menn hefðu gert það í raun og veru óumdeilt hingað til, að það voru færðar fórnir, miklar fórnir. Eða eru menn búnir að gleyma því að það var samið ítrekað um mjög óverulegar og nánast engar kauphækkanir hér í landinu, prósentuhækkanir á launataxta sem lágu langt

undir verðbólgu til þess að ná þeirri hinni sömu verðbólgu niður. En nú er sem sagt komið sem komið er að flokkur þessa fyrrv. hæstv. forsrh. og fyrrv. formanns Framsfl. gengur út í foraðið fyrir íhaldsöflin í landinu til að láta langþráða drauma þeirra um að veikja undirstöður og starfsgrundvöll verkalýðshreyfingarinnar rætast. Þetta eru dapurleg örlög. Það er ömurleg sendiferð sem hæstv. félmrh. er hér í og furðulegt að hann skuli láta hafa sig til slíkra verka.

Hún er merkileg þessi hægri slagsíða, herra forseti, sem er orðin á Framsfl. Ég hafði eiginlega ekki áttað mig á því fyrr en ég fór að fara yfir það í huganum núna í kvöld á hve mörgum vígstöðvum þetta hefur birst núna á örstuttum tíma, hversu mikill halli þetta er orðin á skipinu. Ég hygg að þetta sé að minnsta kosti fimmtán gráðu halli á stjórnborð ef ekki tuttugu, þannig að skútan er alveg við það að fara bara á hvolf enda kjölfestan ekki orðin mikil.

Þetta birtist í hverju málinu á fætur öðru en kannski skýrast í þessum leiðangri félmrh. í þágu frjálshyggjuaflanna í landinu, að hann skuli með ofbeldi í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna ætla einhliða að knýja fram breytingar á vinnulöggjöfinni sem staðið hefur um þokkalegur friður í 50 ár, í hálfa öld. Hefur þetta þá verið svona ómögulegt allan þennan tíma eða hvað? Er Framsfl. fyrst nú að vitkast svona að hann átti sig á því að þetta sé ómöguleg löggjöf sem hann hefur líklega lengst allra flokka á lýðveldistímanum staðið vörð um með þátttöku sinni í ríkisstjórn? Þetta eru nokkuð merkileg söguleg tímamót að ýmsu leyti, herra forseti, sem við stöndum á. Býsna merkileg.

Nei, herra forseti. Ég held að málin liggi þannig ósköp einfaldlega að um þetta mál eigi ekki að vera að þexa út frá því hvort einhver þröskuldur sé 5 eða 10 mm hærri eða lægri. Það er ekki það sem skiptir máli hér, fyrir nú utan það að hæstv. félmrh. *er eins og fram hefur komið heldur illa* að sér í málinu og tæplega viðræðuhæfur um einstök efnisatriði og smáatriði málsins þannig að það er tímasóun í raun og veru að ræða það. Við skulum ræða hér hina stóru, pólitísku drætti í þessum málum, setja þá í rétt samhengi, m.a. í samhengi við það hvað Framsfl. er orðinn í dag og hvernig hann birtist okkur undir forustu hægri manna sem við vissum að væru eins og hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, og *einkavæðingarráðherrans*, hæstv. iðnrh., Finns Ingólfssonar. En líka, svo merkilegt sem það er, undir forustu hæstv. félmrh. sem í þessum leiðangri fyrir frjálshyggjuöflin í landinu er orðinn vonarpeningur og helsta haldreipi hægri manna á Íslandi, fer fyrir nú í leiðangrinum, þannig að sjálfur stuttbuxnadrengurinn, hæstv. fjmrh., er kominn í skuggann af hæstv. félmrh. Hæstv. félmrh. er nú brjóstvörn ríkisstjórnarinnar í þessum leiðangri, herra forseti. Til hamingju með það eða hitt þó heldur.

Að lokum þetta, herra forseti. Þetta mun ekki ganga eftir sem hér er ætlunin að knýja fram. Það mun ekki standast lengi sem svona er undirbyggt. Þetta er hús reist á sandi. Þett er vonlaus ferð frá upphafi vegna þess að nestið er svo lélegt. Það mun ekki endast mönnum. Jafnvel þó að hæstv. ríkisstjórn, sem ég hef enn ekki trú á að verði, nái með handjárnuðum meiri hluta sínum á Alþingi, þar á meðal lítilþægum framsóknarmönnum, að pína þetta í gegn í andstöðu við þing og þjóð, þá mun þessi löggjöf ekki standast vegna þess að ég trúi því að það sé enn sú döngun í íslenskri verkalýðshreyfingu að hún muni hrinda þessu af sér í næstu kjarasamningum.

[00:48]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Til máls tekur hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson. (**ÖS:** Um stjórn fundarins.) Of seint fram komið. (**ÖS:** Nei.) (**SJS:** Nei.) Til máls tekur hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson. (**ÖS:** Um stjórn fundarins, herra forseti.) Forseti hafði tilkynnt næsta ræðumann (**ÖS:** Nei, nei. Hann hafði ekki gert það.) og fer hér eftir þingsköpum. (**ÖS:** Nei, nei.) Til máls tekur hv. 8. þm. Reykv., (**SJS:** Er ekki nóg komið af ofbeldi, forseti?) Svavar Gestsson. (**SJS:** Þarf nú líka að beita ofbeldi við stjórn fundarins?)

[00:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hafa hér að baki sér þann mann sem var drýgri við það en flestir aðrir að kveðja sér hljóðs um lágnættið hér fyrrum meðan réttlætiskenndin blundaði í brjóstinu á honum, áður en hann breyttist í kerfisþræl þingskapanna eins og mér heyrist að sé uppi núna með allsérkennilegum hætti. Ég man satt að segja aldrei eftir því að mönnum hafi verið neitað að gera athugasemdir við stjórn fundarins. Það er nýlunda. Það þýðir að það verður að gera þeim mun alvarlegri athugasemdir þegar tækifæri gefst sem bersýnilega er hægt enn þá því að nóg er nóttin.

Ríkisstjórnin er núna að smala sínu liði. Það er byrjað að ræsa. Nú er verið að tína út úr veislunum. Nú eru þeir að tína af sér orðurnar hér og þar í bænum, setja þær í öskjurnar, flosöskjurnar, orðurnar sínar, pússa þær, koma þeim fyrir, leggja þær til svefns, litlu greyin, eftir kvöldið svo að þær geti hvílt sig þangað til það verður haldin næst veisla og brjóta saman gjarðirnar sem þeir eru með utan á sér, sumir, eins og feguðardrottningar hafa framan á sér. Á þeim stendur að *vísu ekki ungfrú Sauðárkrókur* eða Austur-Barðastrandarsýsla, heldur eru þetta svona litfagrar gjarðir sem virðingarmenn hafa utan um sig og þeim mun auðvitað lengri sem þeir eru meiri um sig og þeim mun meira verk er að brjóta þær saman og þeim mun tæpara að þeir nái til atkvæðagreiðslunnar hér einhvern tíma í nótt. Hæstv. ríkisstjórn hefur sem betur fer ekki uppgötvað í þingsköpunum það sem hæstv. félmrh. hefur uppgötvað í þessu frv., að láta taka upp *póstatkvæðagreiðslu*, þannig að menn geti sent atkvæðaseðlana sína í ábyrgðarpósti og þannig að hæstv. forseti sitji þá við og stimpli, gangi tryggilega frá því hvort þetta kemur innan rétts tíma og þá verða að sjálfsögðu ekki tekin gild póstatkvæði sem koma of seint, t.d. frá Grenivík, jafnvel þó að þau kunni að hafa verið póstlögð nokkuð snemma ef póstsamgöngur eru orðnar slæmar sem er auðvitað hætta á, sérstaklega eftir að þær verða frjálsar.

Svona er þessi nótt og við erum búnir að vera að ræða þessi mál í allmarga klukkutíma og flytja allmargar ræður sem er til marks um að mönnum er mikið niðri fyrir. Mér segir svo hugur að hæstv. ráðherrum sé í raun og veru nokkuð brugðið líka. Ég hef enga trú á því að hæstv. félmrh. sé svo genginn í björgin að hann átti sig ekki á því að hér er um býsna alvarleg tímamót að ræða í þessu máli. Þau tímamót birtust strax á miðvikudagskvöldið hér í vikunni þegar frv. var dreift. Þá áttuðu menn sig á því að það var verið að segja í sundur friðinn í þessari stofnun og það hefur ekki tekist að ná neinu samkomulagi um þinghaldið enn þá. Það er ósætti uppi um það en þó að ríkisstjórnin hljóti að sjálfsögðu að hafa sitt fram, hún hefur meiri hluta enn þá hvað sem kann að verða eftir næstu kosningar.

Stjórnarandstaðan hefur komið sínum skilaboðum á framfæri með mjög myndarlegum og samstilltum hætti og ég vek líka athygli á því sem er kannski ekki síður merkilegt og athyglisvert að verkalýðshreyfingin hefur sýnt sterkari samstöðu í þessu máli heldur en maður hefur mjög lengi séð. Það er athyglisvert og rétt að benda á það úr þessum ræðustól hvernig Bandalag starfsmanna ríkis og bæja t.d. hefur verið með mjög sterkar og eindregnar stuðningsyfirlýsingar með Alþýðusambandi Íslands út af þessu frv. Það er líka athyglisvert hvernig alþýðusambandsmenn hafa tjáð sig varðandi þá skerðingu á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna sem hafa verið uppi tillögur um. Og það verður að segja það alveg eins og er, því miður, hæstv. forseti, að verkalýðshreyfingunni hefur ekki alltaf auðnast að ná breiðri samstillingu. Menn geta svo sem alveg skemmt sér við það, eins og ég heyrði að einn þingmaður gerði í dag, að það sé fyndið nánast að þessi stóru alþýðusamtök skuli hafa náð saman. Mér finnst það gleðilegt og merkilegt og sýna að við erum kannski stödd á ákveðnum kaflaskilum sem eru miklu víðtækari en þau sem birtast í þessum sal þegar þeir koma hingað inn oft að greiða atkvæði svefndrukknir og búnir að leggja af sér orðurnar sínar. Ég held að þau kaflaskil sem hér er um að ræða eigi við um þjóðfélagið allt og muni birtast um þjóðfélagið allt á komandi vikum og mánuðum. Ég held að Framsfl. og Sjálfstfl. muni finna það á fylgi sínu á næstu mánuðum og missirum að flokkarnir eru að misstíga sig.

Nú kann það auðvitað að fara svo í þessu máli eins og svo oft áður með Sjálfstfl. í samvinnu við einhvern annan flokk eins og Framsfl. 1978 og Alþfl. núna síðast að íhaldinu takist að standa nokkuð keikt eftir og sjúgi orkuna úr þessum miðjuflokkum sem eru með íhaldinu í ríkisstjórn. Það er dálítið umhugsunarefni, er það ekki, fyrir þessa flokka eins og Framsfl. og Alþfl. sem hafa verið í þessum stjórnum með þessum flokki, hvernig Sjálfstfl. sleppur alltaf algjörlega. Ég sé ekki betur en að í skoðanakönnunum þessa dagana sé Sjálfstfl. enn þá geysilega hár og beri höfuð og herðar langt yfir alla aðra jafnvel þó þeir legðu sig saman einhverjir. Það er dálítið umhugsunarefni. Það hlýtur að vera umhugsunarefni einmitt núna kannski á þessari nóttu að velta því fyrir sér af hverju þetta er svona, sérstaklega með hliðsjón af því að það var hægt að mynda aðra stjórn eftir síðustu kosningar. Það var ekkert nauðsynlegt fyrir Framsfl. að fara í þessa íhaldsstjórn. Það er rangt sem Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., hefur sagt í þeim efnum. Ef menn hefðu viljað, þá var hægt að mynda vinstri stjórn. En þeir vildu það ekki. Og auðvitað var það eins með Alþfl. Ef hann hefði strax tekið af skarið að hann vildi vinstri stjórn, þá hefði hún verið mynduð eftir síðustu kosningar. En menn kusu heldur fjögurra ára vistina hjá íhaldinu, að láta íhaldið sjúga úr sér blóðið og næringuna í fjögur ár með þeim afleiðingum sem birtist í hruni fylgis þessara flokka sem ég veit að mun ekki gleðja menn á kosninganóttina næst ef að líkum lætur.

Svo er lagt af stað með þetta frv., hæstv. forseti, og þessa umræðu og þá einkennist röksemdafærsla stjórnarsinnanna, finnst mér, bæði hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh., af aulafyndni vegna þess að það eru engin rök að segja að lögin séu gömul eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sýndi fram á síðasta sólarhring. Það eru heldur engin rök að segja: Ja, það má líklega breyta lögum sem voru kölluð prælalög ha, ha, ha. Þetta eru engin rök í málinu. Málið liggur ekki svona. Og það eru heldur engin rök í málinu eins og hv. þm. Pétur Blöndal er með að verkalýðsfélögin séu að mergsjúga alþýðuna í landinu. Það er alveg óskaplegt að heyra þetta tal satt að segja og má þá þakka hv. þm. fyrir að hann skuli hafa hreinskilni til þess að koma til dyranna eins og hann er klæddur. En það eru engin rök í málinu, ekki nokkur einustu rök nema ein, sem komu fram hjá hæstv. félmrh. í kvöld. Hann viðurkenndi að það þyrfti að setja þessi lög til þess að það yrði hægt að ná kjarasamningum í haust með auðveldari hætti. Þetta tel ég að hafi komið fram í orðaskiptum hans og hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrr í kvöld eða í nótt. Þar með afhjúpar hann eðli þessa máls. Tilgangur þess er sá að nota hina nýju tengireglu sem sett er inn í frv. til þess að ná fram heildarniðurstöðu á vinnumarkaðnum í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er með öðrum orðum verið að segja: Allt þetta brölt er til þess að knýja fram heildarniðurstöðu á vinnumarkaði um næstu áramót af því að ríkisstjórnin sér að verkalýðshreyfingin er að lifna og gæti átt það til að brjótast fram að óbreyttum lögum. Þess vegna á að setja á hana fjötra núna. Þess vegna er þessi umræða ekki neinn leikaraskapur heldur bláköld alvara. Það er verið að fjalla um stéttabaráttuna í lok ársins 1996. Það er verið að koma í veg fyrir það að kjarasamningarnir verði nokkurn tíma lausir af því að hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin ætla þá að vera búin að koma í lög þessari endemis tengireglu sem gerir það að verkum að það er hægt að setja saman í kippu gjörsamlega ólík félög út og suður eingöngu vegna þess að þau hafa lausa samninga.

Ég spyr hæstv. félmrh.: Hlýtur þetta ekki að vera rétt ályktun af því að ef hún væri ekki rétt, þá mundi ráðherrann hafa beitt sér fyrir fleiri fundum og meiri vinnu til þess að ná samstöðu um þetta mál af því að ef hér er um að ræða umbótamál til lengri tíma eins og menn láta í veðri vaka, þá hefðu menn átt að gefa sér lengri tíma.

Þess vegna verð ég að segja það, hæstv. forseti, að ég get ómögulega dregið aðra ályktun en þá að menn séu með öllum þessum frumvörpum að undirbúa heildarátök í þjóðfélaginu. Og hver sá mikli hugsuður, ef hann er einhver, á bak við þessa heild er skal ég ekki um segja. En ég fullyrði að það er ekki hæstv. félmrh., ekki vegna þess að hann hafi ekki skýrar hugsanir. Það er fjarri mér að segja það um hann, heldur vegna þess að ég trúi honum ekki til þess að vera uppi með hugmyndir af þessu tagi — sem birtist í hverju? Birtist í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Birtist í þessu frv. sem hér er til umræðu. Birtist í hugmyndunum um skerðingu lífeyrissjóðsins. Birtist í hugmyndunum um skerðingu atvinnuleysistrygginganna. Kemur fram í skerðingu bóta almannatrygginga bæði elli- og örorkulífeyrisþega. Það er verið að pilla þetta alls staðar. Þetta er ekki raunverulega pólitík Framsfl. eins og hann hefur kynnt sig. Þetta er pólitík Sjálfstfl. Og það er svo skrýtið að menn, greindir og reyndir stjórnmálamenn eins og hæstv. félmrh. skuli ekki átta sig á því að þeir eru þarna að vinna verk sem Sjálfstfl. vill að verði unnið. Þeir eru að taka þetta að sér fyrir hann. Þess vegna segi ég við hæstv. forseta og hæstv. félmrh.: Þeir ættu auðvitað að neita þessu, þessari húsmennsku. Þeir eru allt of góðir félagshyggjumenn, hæfir stjórnmálamenn til að láta íhaldið teyma sig eins og hér er að gerast.

Hvernig var með vinnulöggjöfina þegar hún var sett í upphafi 1938? Prælalög, segja menn. Hvernig stóð það mál? Það stóð þannig að allt frá fyrstu verkföllunum á Íslandi voru deilur um það hvort það ættu að vera einhverjar reglur um boðun verkfalla eða ekki. Og það var meira. Það voru

deilur um hvort það ættu að vera til verkalýðsfélög eða ekki. Þess vegna var það sem Alþýðusamband Íslands gerði á kreppuárunum kröfu um að settar yrðu lágmarksreglur til að tryggja að verkalýðsfélögin gætu starfað. Forustumenn í þeim efnum voru t.d. menn eins og Sigurjón Ólafsson, svo ég nefni dæmi, og fleiri forustumenn Alþýðusambands Íslands á þeim tíma. Aðrir, menn eins og t.d. Hannibal Valdimarsson, menn eins og t.d. þeir sem voru þá hér á þingi, Héðinn Valdimarsson, og svo fulltrúar Kommúnistaflokksins, lögðust gegn þessum lögum eins og þau lágu þá fyrir, allir þessir menn og Hannibal Valdimarsson líka, fyrst og fremst vegna þess að þeir töldu að það væri gengið of langt í því að þrengja að verkalýðsfélögunum. Það var ágreiningur um þetta í alþýðuhreyfingunni. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það hafi verið skynsamleg niðurstaða sem þarna var valin. Ég er þeirrar skoðunar að hún hafi verið skynsamleg og það met ég bæði eftir að hafa lesið umræður um þetta mál í þingtíðindum núna síðustu daga og líka með hliðsjón af sögunni, þá tel ég að þarna hafi að mörgu leyti fundist skynsamleg niðurstaða, enda var málið stutt af mjög mörgum verkalýðsfélögum beinlínis með samþykktum.

Þá ætla ég að spyrja minn góða vin, hæstv. félmrh.: Hvaða verkalýðsfélög styðja þetta frv.? Eru þau til? Er til eitt einasta verkalýðsfélag á Íslandi sem styður þetta frv.? Það var fjöldinn allur af verkalýðsfélögum sem studdi frv. 1937–1938. Það voru að vísu skiptar skoðanir um það í Alþýðusambandinu en það voru mörg félög sem studdu þetta. Hvaða félög styðja þetta frv., þetta endemi sem hér liggur fyrir? Hvaða verkalýðsfélög eru það? Þau eru ekki til. Og sjá menn ekki hvað mismunurinn er hróplegur fyrir Framsfl. sérstaklega í þessu máli að láta íhaldið etja sér á þetta forað þrátt fyrir það að ekki eitt einasta verkalýðsfélag á Íslandi styðji þetta frv.? Ekki eitt einasta að ég best veit, ég hef ekki séð það.

Upp úr því að lögin voru sett 1938, og í tengslum við miklar sviptingar sem urðu á Íslandi á þeim tíma, þá náðist eftir mjög harðvítuga stéttarbaráttu á árunum 1938–1942 það sem kallað var jafnvægi stéttanna, þar sem annars vegar atvinnurekendur og hins vegar launamenn stóðu nokkurn veginn jafnsterkir andspænis hvor öðrum. Hvorugum tókst að kúga hinn fyrstu árin þarna á eftir. Það hallaði stundum á þennan kantinn og stundum á hinn, en í meginatriðum er hægt að segja að hvorugum tókst að kúga hinn. Það er dálítið merkilegt að hugsa um það að alþýðuhreyfingunni tókst að tryggja sínu fólki fulla hlutdeild í þeim gríðarlega hagvexti sem varð t.d. á árunum 1942–1982 eða hvað við viljum tala um. Í raun og veru sýnir þetta að með þeirri baráttu sem varð til í kringum 1942 og líka á grundvelli þessara stéttalaga sem hér er verið að tala um náðist ákveðið jafnvægi. Það hélst í meginatriðum. Það var ekki reynt að brjóta þetta jafnvægi niður fyrr en fyrir nokkrum árum. Og þá held ég að ég sé kominn að því að ég verð að viðurkenna að ég hef oft velt því fyrir mér hvort þjóðarsáttin hafi verið of dýru verði keypt. Ekki í þeim skilningi að stöðugleikinn hafi verið of mikill og ekki í þeim skilningi að þetta hafi ekki skilað einhverjum efnahagslegum árangri, heldur í þeim skilningi að þjóðarsáttin hafi undið kraftinn úr verkalýðshreyfingunni í landinu. Þess vegna m.a. er það sem það gerist ásamt öðrum aðstæðum að á síðasta kjörtímabili hefst atlaga að velferðarkerfinu, atlaga að þessari sátt. Það hafði verið sátt um heilbrigðiskerfið, hafði verið sátt um félagslega kerfi, hafði verið sátt um menntakerfið, en það hófst atlaga að þeirri sátt á síðasta kjörtímabili. Það var auðvitað athyglisvert að fylgjast með því hvernig ýmsir ágætir alþýðuflokksmenn reyndu oft og tíðum að verjast þeirri atlögu. Ég horfi t.d. ekki langt frá mér á hv. 15. þm. Reykv. sem lenti oft í stríði, t.d. út af skólagjöldum svo ég nefni dæmi, þannig að mér er það alveg fullljóst að það var ekki alltaf auðvelt fyrir þá alþýðuflokksmenn að standa að þeim atlögum sem þá áttu sér stað andspænis velferðarkerfinu.

Svo tekur íhaldið Framsókn með næst. Og hvað er þá? Í hvað er Framsókn sett? Í hvað eru þeir starfsmenn settir? Þetta er eins og á búi. Við þekkjum það af því að við erum sveitamenn, ég og hæstv. félmrh., að á búi á vorin er mörg verk að vinna, það getur þurft að bera á, aka skarna á hóla, fara í girðingavinnu. Þá er gott að fá röska menn í það og íhaldið fékk röska menn í þessa vinnu. Félmrh. fór í þetta með vinnulöggjöfina. Heilbrrh. fór að andskotast, með leyfi forseta, á almannatryggingalögunum o.s.frv.; þessir fjórir strákar og þessi stelpa sem mættu þarna á búinu hjá Davíð Oddssyni, hæstv. forsrh., sl. vor þegar kratarnir voru orðnir gengnir upp í nára því það voru ekki nema sjö eftir á þeim bænum plús Þjóðvaki, útibú sem menn þekkja.

Nú eru þeir að vinna í þessu og ég spyr mig líka þá að því, af hverju gera þeir þetta? Af hverju er það? Ég á dálítið erfitt með að átta mig á því. Þá held ég að ein skýringin sé sú að þeir telja sig svo sterka að þeir geti allt, með þennan mikla þingmeirihluta geti þeir í raun og veru allt, séu allir vegir færir.

Í öðru lagi telja þeir að stjórnarandstaðan sé svo veik að það sé hægt að bjóða henni hvað sem er. Það má auðvitað segja að stjórnarandstaðan hafi sjálf stundum spilað fimmtu fiðlu í þessari sinfóníu, í talinu um það að menn séu í mörgum og smáum flokkum og guð veit hvað hefur verið sagt í þeim efnum sem ég ætla ekki að endurtaka hér um hánótt.

Í þriðja lagi held ég að menn hafi talið verkalýðshreyfinguna veika. Ég held að ríkisstjórnin telji verkalýðshreyfinguna mjög veika. Ég held að menn telji að það sé hægt að bjóða henni eiginlega flesta hluti.

Í fjórða lagi held ég að þetta sé þannig, eins og ég vil leyfa mér að segja um þá hv. framsóknarmenn, vini mína, að mér finnst stundum eins og að þessu leytinu til séu þeir í sama vanda og mjög margir aðrir andspænis velferðarsamfélaginu. Menn líta á þetta sem sjálfsagða hluti að hafa hér félagslega þjónustu, hafa hér velferðarkerfi. Líta á þetta eins og þetta sé eitthvað sem hafi fylgt landinu frá öndverðu, hafi komið með öndvegissúlunum eða jafnvel fyrr eins og einn mjög gáfaður Húnvetningur nefndi á fundi með mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í gærkvöldi, að menn hefðu fundið velferðarkerfið, það hefði komið með Ingólfi og öndvegissúlunum, Hallgerði og því fólki. En þetta er orðið til fyrir vinnu og baráttu verkalýðshreyfingarinnar í landinu og mér finnst stundum eins og þeir hv. framsóknarmenn, vinir mínir, séu búnir að gleyma þessum forsendum og undirstöðuatriðum velferðarkerfisins.

Hvað er þá vinnulöggjöf þegar allt kemur til alls? Vinnan er undirstaða verðmætasköpunarinnar í þjóðfélaginu. Engin verðmæti verða til nema það sé unnið. Peningarnir hafa aldrei skilað arði út af fyrir sig nema einhver vinni eða hugsi. Peningar í kassa eða veski skila aldrei arði einir út af fyrir sig. Það þarf fólk og það þarf vinnu. Vinnulöggjöf á að vera líka og ekki síður verndarlöggjöf fyrir vinnuaflið eða þá sem eiga vinnuaflið. Þessi þáttur vinnulöggjafarinnar virðist

í raun og veru gleymdur. Það er ekkert um hann hugsað og það er slæmt. Það er ekkert um hann talað og það er slæmt.

Hv. þm. Ágúst Einarsson vék að umræðum um þessi mál á Alþingi 1978–1979 og mér fannst margt athyglisvert sem hann sagði. Ég ætla að fara þangað líka og segja: Þá var Framsfl. að koma út úr mjög erfiðum kosningum. Það voru 12 framsóknarmenn, það voru 14 uppi hjá okkur þá og 14 niðri í alþýðuflokksherbergi, guðfræðideildinni, 14 manns. Framsfl. beið skipbrot. Framsfl. var ótrúlega fljótur að læra af því skipbroti, tel ég vera og naut þar forustu Ólafs Jóhannessonar, sem var einstaklega hygginn stjórnmálamaður. Og að hvaða niðurstöðu komst hann? Það var mjög merkilegt. Hann komst að þeirri niðurstöðu að framkoma helmingaskiptastjórnarinnar 1974–1978 hefði brotið Framsfl. niður, Framsfl. mætti ekki halda áfram á sömu braut og þess vegna var tekið upp það sem kallað hefur verið samráðskerfi og það var lögfest í Ólafslögum, sem voru lög nr. 13/1979 og voru kennd við fyrrv. formann Framsfl. Í Ólafslögum var einmitt ákvæði um samráð og það var hugsun í því, það var pólitísk viðurkenning í því, sú viðurkenning að þjóðfélagið ætti að byggjast á samráði ríkisvaldsins við þessa aðila á jafnréttisgrundvelli.

Síðan gerist það núna, sennilega af þessum ástæðum með veika verkalýðshreyfingu að menn halda að sé og veika stjórnarandstöðu að menn halda að sé, að menn gera það upp við sig, finnst mér, að henda þessu samráðskerfi. Það tel ég að sé þannig vegna þess að það er ekki samráð að halda mönnum uppi á snakki á 47 fundum. Samráð er efnisleg samstilling hlutanna. Þetta gerir það að verkum, þetta sem ég hef nefnt, annars vegar það að samráðskerfið er brotið niður og hins vegar það að menn trúa því ekki að það sé nein döngun í verkalýðshreyfingunni og leggja fram svona mál og eru búnir að gleyma því að það var til jafnvægi stéttanna í þessu landi þegar þetta allt er komið — ja, hvert er þá svarið við þessu, hæstv. forseti? Svarið er að það verður að vera til aftur á Íslandi sterk, samstæð og baráttuglöð verkalýðshreyfing sem sýnir að menn láta ekki bjóða sér trakteringar af þessu tagi. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði að menn geri sér grein fyrir því að það er komið að þessum kaflaskilum, þ.e. ef ekki tekst hjá samtökum launafólks að hrinda þessari árás sem nú er uppi, þá leyfa þær sér hvað sem er eftir það. Og með hliðsjón af því, hæstv. forseti, tel ég að það sé rétt og það sé höfuðatriði sem fram kemur í ályktun Alþýðusambands Íslands um þessi mál og birtist í dag. Mér finnst það satt að segja dálítið sláandi að hæstv. ráðherrar skuli ekki beinlínis taka við sér strax og stoppa þetta. frv. og henda því í ruslafötuna um leið og þeir sáu þessa ályktun Alþýðusambandsins. Hún er svo alvarlegt merki. Ég er alveg sannfærður um að hún er alvarlegt merki í þessu tilliti.

Nú getur það auðvitað verið að ég sé enginn handhafi stórasannleiks í þessum efnum, en ég verð þó að segja það að ég held að ég þekki pínulítið til í verkalýðshreyfingunni og ég er alveg sannfærður um að menn ætla ekki að láta bjóða sér þessar trakteringar. Ég er alveg sannfærður um það. Þess vegna tel ég að það væri ráðlegast fyrir hæstv. ríkisstjórn að leggja þetta frv. til hliðar.

Varðandi málið að öðru leyti, hæstv. forseti, þá ætla ég fyrst og fremst að fjalla um hina almennu pólitík í þessu máli. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði. En ég ætla þó að nefna að ég tel að frv. eins og það liggur fyrir feli í sér verulega skerðingu á sjálfstæði fólksins í stéttarfélögunum og að með þessu móti rýri menn sjálfstæði stéttarfélaganna ef frv. verður að lögum. Ég ætla ekki að fara yfir mörg mál í þessum efnum en ég bið menn að leggja við eyrun og ekki síst hæstv. félmrh.

Ég vil í fyrsta lagi segja að sú breyting sem ætlunin er að gera á 28. gr. vinnulöggjafarinnar með verulegri útvíkkun svokallaðrar tengingarreglu og með gríðarlegum völdum sáttasemjara, er auðvitað takmörkun á frelsi og svigrúmi þess fólks sem er í stéttarfélögunum. Nú geta menn auðvitað komist að þeirri niðurstöðu að það ætti að takmarka þetta með einhverjum hætti. Ég skal út af fyrir sig hlusta á og taka þátt í rökræðum um það mál. En það er skynsamlegra hjá hæstv. ríkisstjórn að mínu mati að segja þetta fullum fetum að með breytingunum á 28. gr., tengingarreglunni og valdi sáttasemjara, er verið að gjörbreyta innihaldi vinnulöggjafarinnar og þess vegna tel ég að þetta sé kannski eitt alvarlegasta atriðið ásamt nokkrum öðrum sem ég ætla að fara lauslega yfir.

Annað atriði sem ég tel að sé mjög alvarlegt í þessu sambandi kemur reyndar fram í sömu grein, þar sem gert er ráð fyrir því, og er hluti af sama máli, að sáttasemjari geti að frjálsri vild ákveðið að miðlunartillaga taki til þeirra sem eru með lausa samninga sumra eða allra og þá án tillits til þess hvort viðkomandi hópar eiga í vinnudeilu eða ekki. Finnst mönnum þetta skynsamleg aðferð, að það sé hægt að hengja inn á miðlunartillögu verkalýðsfélög sem ekki eiga í neinni vinnudeilu? Hvaða nauður rekur ríkisstjórnina til þess að flytja frumvörp um það að öll samtök launamanna í landinu séu hengd á sömu snúruna eins og hér er gert ráð fyrir?

Ég ætla ekki að ræða, hæstv. forseti, um þessa undarlegu 4. mgr. 28. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að samningsaðilum sé þó heimilt að takmarka í viðræðuáætlun heimild sáttasemjara til að tengja miðlunartillögu á hlutaðeigandi samningi við önnur samningssvið. Ég ætla ekki að ræða um þetta, herra forseti, fyrst og fremst vegna þess að mér finnst að í þessu komi fram djúpstæður misskilningur á þeirri fyrirmynd, sem ríkisstjórnin segist í öðru orði hafa í þessu máli, en það er danska vinnulöggjöfin. Þar eru menn ekki bara með venjulega vinnulöggjöf á blaði. Samskipti aðila vinnumarkaðarins í Danmörku hafa þróast í 100 ár og eru sett saman úr ótal atriðum, stórum og smáum, skráðum og óskráðum. Mér liggur við að segja alls konar diplómatískum umgengnisreglum milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Það eru reglur sem hvergi eru skrifaðar niður en menn þekkja. Og að ætla sér að koma því inn í íslenska löggjöf bara einn, tveir þrír án undangenginnar þróunar er auðvitað algjörlega fráleitt.

Þriðja atriðið sem ég ætla að nefna í sambandi við alvarleg grundvallaratriði í þessu frv. eru breytingarnar á 31. gr. vinnulöggjafarinnar þar sem gert er ráð fyrir því að tilteknar reglur gildi varðandi það hversu marga þarf til þess að fella miðlunartillögu. Þetta ákvæði gengur ekki. Það er ólýðræðislegt og það gengur engan veginn.

Ég ætla líka að nefna lauslega hvernig frv. gerir ráð fyrir að breyta 2. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar eru ákvæði sem vekja margar spurningar eins og aftur og aftur hefur komið fram í dag, t.d. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Fer það þá eitt [þ.e. félagið] stéttarfélaga með samningsumboð fyrir starfsmenn.“ Þetta er í raun og veru ótrúlegt ákvæði vegna þess að alþýðusambandskerfið byggir á tilteknum reglum og spurningin er hvort meiningin með þessu

sé að höggva á umsaminn forgangsrétt þeirra félaga sem nú fara með viðkomandi samningssvið.

Fjórða atriðið sem ég ætla að nefna sérstaklega í frv. lýtur að því hvernig kveðið er á um umboð samninganefnda sem koma fram fyrir hönd samningsaðila. En þar er bæði með takmörkunum og atkvæðagreiðslum og fleiru verið að skerða mjög verulega sjálfstæði stéttarfélaganna frá því sem nú er.

Ég vil líka spyrja, hæstv. forseti í tilefni af þessu: Hvaða verkalýðsfélag hefur beðið um þessar breytingar á vinnulöggjöfinni? Hvaða verkalýðsfélag er það? Ég heyrði að hæstv. félmrh. vitnaði í kaupfélag fyrr í kvöld, Kaupfélag Austur-Húnvetninga. Hann hefur aldrei vitnað í verkalýðsfélag hér. Það er eina félagið sem hæstv. félmrh. hefur dregið til, það er Kaupfélag Austur-Húnvetninga og það er góðra gjalda vert. Það er örugglega mjög fínt kaupfélag en það er áreiðanlega ekki verkalýðsfélag.

Í fimmta lagi vil ég nefna þær breytingar sem menn eru að tala um að gera á núgildandi 15. gr. laga nr. 80/1938, sem lúta að því hvernig sáttasemjari hagar málum þegar kemur að vinnustöðvunum, en þar eru sett inn sjö ný skilyrði til að takmarka lögmæti vinnustöðvunar. Það hefur ekkert komið fram sem rökstyður þessa nauðsyn heldur.

Ég gæti einnig vikið að öðru atriði eins og því sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir að í lögin bætist ný grein, 19. gr., en um það má segja eftirfarandi: Sé það meininigin að setja inn þetta ákvæði, þá segja lögfræðingar að það sé ólögmætt, enda fæli slíkt í sér að heimild manns til að ráða því hvar hann starfar yrði af honum tekin. Slíkt stenst ekki að íslenskum lögum eða mannréttindaákvæðum þeirra alþjóðlegu sáttmála sem Íslendingar eru aðilar að. Þetta segja þeir lögfræðingar sem hafa skrifað um þetta mál fyrir mig.

Þegar þetta allt saman er lagt saman, þá hlýtur maður að lokum að velta því fyrir sér, hvaða nauður rekur hæstv. félmrh. til að knýja þetta til umræðu núna með þeim hætti sem hann hefur ákveðið að gera? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er hann ekki tilbúinn til að ýta þessu máli til hliðar og hefja um það viðræður við aðila vinnumarkaðarins utan þessara sala? Það er fullkominn barnaskapur að setja hlutina upp eins og hæstv. forsrh. gerði fyrr í dag að Alþýðusambandið geti bara sent umsögn um málið. Málið snýst ekkert um það. Þessi atriði, eins og leikreglur aðila vinnumarkaðarins, eiga að vera niðurstaða af samningum stéttanna. Það er ekkert vit í öðru. Og þó að menn vilji ganga rösklega til verks á þessu nýja túni hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, þá kann ég satt að segja ekki að meta það að menn vinni hlutina með þessum hætti, með þessari lítilsvirðingu gagnvart verkalýðshreyfingunni, þar sem forustumenn Alþýðusambandsins nota orð eins og griðrof og fleiri af því taginu í tilefni af þessu frv. Þess vegna skora ég á hæstv. félmrh. í nafni skilnings á hagsmunum vinnandi fólks í landinu, í nafni vinstri stefnu, í nafni samvinnustefnu, í nafni alls þess sem þessi ráðherra segist hafa borið fyrir brjósti, að henda þessu frv.

[01:27]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Væntanlega tekur forseti eftir því að að þessu sinni ávarpa ég hann herra forseti en ekki hæstv. forseti eins og jafnan er þó vani minn. Ástæðan er sú að sá tiltekni forseti sem nú er í forsetastóli getur ekki lengur á þeim virðingarstiga sem ég nota flokkast undir það að sitja hæst á honum. Ástæðan er einfaldlega sú að hann hefur sýnt ótrúlega þrælslund við Sjálfstfl. með því að meina stjórnarandstöðunni að gera athugasemdir við stjórn hans á fundinum. Ég get ekki fellt mig við það.

Hér hafa menn reynt af bestu getu að ræða málefnalega þetta mál sem er afskaplega viðkvæmt, sem er í eðli sínu flókið og sem er umdeildasta málið sem er uppi í þjóðfélaginu núna. Þá er það svo að þegar menn vilja koma með eðlilegar athugasemdir um það hvernig þessi tiltekni forseti stjórnar fundinum, þá skýtur hann sjálfum sér undan þeim athugasemdum með því að grípa til ofbeldis sem ég hef aldrei áður fundið í þessum sölum. Hér hefur það alltaf verið þannig, og sérstaklega eftir að hæstv. forseti Ólafur Garðar Einarsson var kjörinn af þingmönnum til þess að gegna þeirri virðingarstöðu, að forsetadæmið hefur gert það sem það getur til þess að draga úr viðsjám innan þingsins. Sá tiltekni forseti sem núna situr á stóli verður að gera sér grein fyrir að hann er hér ekki bara til þess að þjóna sinni lund, ekki lund síns flokks og enn síður lund Sjálfstfl. Hann er ekki bara forseti stjórnarliðsins. Hann er forseti alls þingsins.

Herra forseti. Ég kom upp og fylgdi þar fordæmi hv. þm. Guðna Ágústssonar sem ég virti á dögum fyrri m.a. vegna einurðar hans við grundvallaratriði sem hann taldi vera. Hann taldi að það væri ekki í samræmi við góðar vinnuvenjur og vinnuhefðir að menn væru að setja á langar ræður fram eftir nóttu. Stjórnarandstaðan hefur eigi að síður látið sér það vel líka.

Nú er það hins vegar svo, herra forseti, að staðan er þannig að hér eru á mælendaskrá fjórir, fimm eða sex þingmenn stjórnarandstöðunnar og hæstv. félmrh. á eftir að flytja skelegga svarræðu við þeirri útfærðu gagnrýni sem hér hefur komið á hans mál. Því spyr ég herra forseta hvort það sé ekki ráð að við látum nú sem nótt nemur og kveðjum þing í dag og tökum til við þetta mál síðar. En hvað sem herra forseti segir, hvort sem hann vill halda þessu máli áfram á morgun eða einhvern tíma síðar, ég ætla ekki að gera sérstakar athugasemdir við það núna, þá er staðan þannig að það er komin mið nótt og það er fjöldi manna á mælendaskrá. Telur ekki herra forseti að það séu í fyrsta lagi komin föng til þess að hann fresti fundi nú og í öðru lagi skuldar hann ekki stjórnarandstöðunni afsökunarbeiðni á hegðun sinni hérna áðan?

[01:30]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna ræðu hv. þm. vill forseti taka fram að hann telur sig ekki hafa níðst á einu né einu. Hann hafði gefið næsta hv. þm. Svavari Gestssyni orðið þegar hv. þm. vildi ræða um fundarstjórn forseta. Hitt var forseta svo og ljóst að auðvitað vilja menn ræða þann tíma sem umræðan fer nú fram á. Sá forseti sem hefur farið með samninga við þingmenn í kvöld er forseti þingsins, Ólafur G. Einarsson, og vita það hv. þm. að hann er hér í húsi og til viðræðu búinn. Forseti er þeirrar skoðunar enn sem fyrr að næturfundir séu leiðinlegir fundir. (**ÖS:** Það er a.m.k. gott að það er einhver forseti með viti í húsinu.)

[01:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að fylgjast með því og upplifa það hvernig framganga ríkisstjórnarinnar birtist á öllum sviðum, líka í fundarstjórn forseta. Ég fullyrði það að þetta var algjört nýmæli sem ég upplifði í minni 13 ára þingsögu áðan. Þegar ræðumaður lauk máli sínu og hæstv. forseti hugðist gefa næsta ræðumanni orðið, þá báðu ekki færri en

þrír menn um orðið um fundarstjórn forseta. Ég minnist þess aldrei fyrr að ekki hafi þá verið gert hlé á umræðunni og slíkum athugasemdum hleypt að. Það er að mínu mati algjört nýmæli. Og það er merkilegt að upplifa að það nægir ekki að láta ofbeldi birtast mönnum í vinnubrögðum og í því formi hvernig mál eru tekin á dagskrá í andstöðu og ágreiningi við alla aðila innan þings og utan, heldur skal það líka ganga yfir menn í fundarstjórn. Ég vona að þetta eigi aldrei aftur eftir að koma fyrir þennan ágæta forseta sem situr á bak við mig og hann verður reynslunni ríkari af því að svona standa menn ekki að málum. Menn leggja ekki inn hjá sjálfum sér með þessum hætti.

Ég hugðist biðja um orðið og væntanlega hefur það átt við um fleiri til þess að spyrja hæstv. forseta hvað hann hygðist fyrir um fundarhaldið, hvort honum þætti til að mynda ekki orðið tímabært að hugleiða það að fara að gefa mönnum hvíld eftir langan dag í ljósi þess að hér eru fjölmargir á mælendaskrá. Ég minni líka hæstv. forseta á það að beðið var um það í morgun að hæstv. ráðherrar yrðu viðstaddir umræðuna, til að mynda hæstv. forsrh. Hann hefur tæplega sést hér fyrir utan að hann kom í þinghúsið í smástund til að taka á móti mótmælum verkalýðshreyfingarinnar. Síðan fóru hæstv. ráðherrar heim til þess að tína á sig orðurnar og setja upp slifsin. Einhverjir þeirra eru að vísu komnir til baka. Ég verð því að segja alveg eins og er að mér finnst satt best að segja við ekki verðskulda trakteringar af þessu tagi hafandi liðið það að þessi umræða skyldi yfir höfuð fara fram við þessar aðstæður, að yfir stæði samtímis einhver mesta snobbveisla ársins og verða varla uppi öllu kaldhæðnislegri aðstæður en þær að á sama tíma og menn ræða inni á þinginu þessa aðför að verkalýðshreyfingunni, þá sitji topparnir orðum skrýddir þessa miklu veislu.

Nei, herra forseti. Það er mjög athyglisvert að jafnvel sjálfur herra forsetinn skuli nú ganga í lið með hæstv. fjmrh. og síðan hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn í vinnubrögðum af þessu tagi. Ég skora því á hæstv. forseta (Forseti hringir.) ef einhver döngun er eftir í honum að taka völdin sem hann hefur í sínar hendur og fresta þessari umræðu.

[01:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna ummæla hv. þm. vill forseti taka fram að hann hefur tamið sér það að stjórna fundi samkvæmt þeim þingsköpum, þeim lögum sem þingmenn hafa sjálfir sett sér í þessum störfum og talið sig gera það af réttlæti. (**Gripið fram í:** Það er enginn dómari í sjálfs sök.) Ég ætla ekki að vera dómari í því, hv. þm. En ég hef reynt að fara eftir þingsköpum og ég sagði það eingöngu áðan þegar hv. þm. bað um að ræða fundarstjórn forseta, þá hafði forseti gefið öðrum hv. þm. orðið þannig að forseti mat það svo að þessi beiðni væri of seint fram komin.

[01:35]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst orðið margt með ólíkindum í þessari umræðu. Eins og hér hefur komið fram báðu þingmenn um orðið um fundarstjórn forseta og það þekkist ekki að ekki sé orðið við þeirri ósk. Auðvitað getur hæstv. forseta orðið eitthvað á, missýnst í sinni fundarstjórn og ekkert við því að segja og þá biðjast menn velvirðingar á þeim atburði.

Ég sé ástæðu að gera þetta að umtalsefni vegna þess að umræðan hefur farið fram í ósamkomulagi við stjórnarandstöðuna. Það hefur verið brotið freklega á stjórnarandstöðunni í allri þessari umræðu á þann hátt að það hefur verið brotið á þinginu. Það var rutt út á annan tug mála til að ræða eitt hjartans mál hæstv. ríkisstjórnar sem við höfum nú á annan sólarhring rætt á mjög málefnalegan hátt. Stjórnarandstaðan sem hefur haldið uppi umræðunni hefur ekki verið í neinu málþófi. Það hafa verið efnislegar umræður en mjög lítið um svör. Virðingarleysið sem Alþingi er sýnt með þessu, að hér er einn til svara öðru hvoru, þó oftast hæstv. félmrh. Enginn annar úr stjórnarliði er til að taka til varnar og útskýringar á frv. og hæstv. félmrh. er nú ekki meira en svo klár á að hann geti einu sinni svarað spurningunum. Það er enginn af ráðherraliði Sjálfstfl., enginn forustumaður Sjálfstfl. er hér til andsvara varðandi þetta mál sem þvingað er upp á þingið með þessum hætti.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann telji þetta vera eðlileg vinnubrögð sem hér endurspeglast. Forseti er forseti okkar allra og við reynum að halda uppi eðlilegum stjórnháttum þingsins og virðingu þingsins við þessa umræðu. Telur hæstv. forseti að hér sé eðlilega farið með gagnvart virðingu þingsins, þ.e. það sem bíður okkar hér í umræðunni um þetta mikilvæga mál og sú umgjörð sem okkur er hér búin af hálfu ríkisstjórnarinnar? Herra forseti. Ég tel að svo sé ekki og ég tel að hæstv. forseti eigi að grípa í taumana eins og hans vald segir til um.

[01:38]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna ummæla hv. þm. vill forseti segja það að hann ætlar ekki hér og nú að fella neina dóma um hvað eru eðlileg vinnubrögð og ekki eðlileg. Það hefur ekki verið haldinn fundur í forsætisnefnd um þetta mál. Forseti þingsins hefur fjallað um það við formenn þingflokka og þar hefur sá sem nú stjórnar fundi ekki verið með í ráðum.

[01:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er talsvert dapurlegt að koma hingað og þurfa að taka til máls undir stjórn forseta sem ég hef enga trú á því að geti stjórnað þessum fundi með þeim hætti sem sæmir virðingu þingsins. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi það að hann hefði í 13 ára þingsögu sinni aldrei orðið vitni að því sem hérna gerðist áðan. Ég verð að segja, herra forseti, að ég hef verið hér einungis í nokkur ár, en ég hef aldrei orðið var við það áður að forseti hafnaði þeirri lögmætu beiðni þingmanna stjórnarandstöðunnar eða þingmanna yfirleitt að fá að ræða um fundarstjórn forseta. Ef sá forseti sem nú er á forsetastóli þolir ekki gagnrýni og beitir ofbeldi eins og hann gerði áðan til þess að skjóta sér undan henni, þá segi ég bara eitt: Þá þarf þingið og sérstaklega sá forseti sem situr núna á stóli að endurskoða hug sinn til þess hvort hann telji rétt að halda áfram þeirri virðingarstöðu eða hvort þingið vill yfir höfuð hafa hann. En það vill svo til eins og forseti sagði áðan, að í húsinu er annar forseti, Ólafur G. Einarsson. Eins og núv. forseti vísar til, þá er það hann sem virðist hafa öll völd og það er við hæfi.

(**Forseti** (GÁ): Vegna ummæla hv. þm. vill forseti segja að hann hefur rakið það hvers vegna hann hleypti hv. þm. ekki að til þess að ræða um fundarstjórn forseta. Það var vegna þess að hann hafði gefið öðrum hv. þm. orðið, en ég finn að þetta hefur sært hv. þm. og biður forseti hann velvirðingar á því og biður hann nú um að halda sína málefnalegu ræðu eins og hér hafa margar verið fluttar.)

Herra forseti. Eins og þingheimur veit, hefur núv. forseti hjarta úr gulli eins og fram hefur komið í ónefndum útvarpsþætti og auðvitað er það með þessum hætti sem forseti á

að bregðast við gagnrýni en nú skulum við ekki ræða það frekar.

Herra forseti. Við erum komin til þess að ræða a.m.k. fram undir morgun það frv. sem hér liggur frammi til laga um breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Eins og menn hafa séð er talsvert dregið af hæstv. félmrh. Hann hefur setið hérna á fimmtándu klukkustund og satt að segja þegar mér verður litið til þessa ágæta hæstv. félmrh., velti ég fyrir mér hvort við í liði stjórnarandstöðunnar séum ekki að gerast brotleg með einhverjum hætti við dýraverndunarlögin?

Menn hafa í umræðunni furðað sig á því að jafnágætur maður og hæstv. félmrh. skuli enda láta hafa sig í það að leggja fram frv. enda hefur komið fram í umræðunni að hann er ekki alveg klár á hvað það merkir þegar hann er skorinn *til hjartans og nýrnanna; sem er í algerri andstöðu við alla* verkalýðshreyfinguna í landinu og sem engin sérstök þörf er á að leggja fram.

Ég verð að segja, herra forseti, að það kemur mér mjög *á óvart að það skuli einmitt vera þessi hæstv. félmrh.*, þessi meðlimur Framsfl. sem gerir þetta. Það var einmitt hv. þm. Páll Pétursson sem á síðasta kjörtímabili var merkisberi félagshyggjunar í Framsfl. Og það var hann ásamt ýmsum öðrum *þingmönnum, eins og hv. þm. Guðna Ágústssyni*, sem tóku undir óskir og kröfur félagshyggjufólksins í landinu og sem oft og tíðum gagnrýndi fyrri ríkisstjórn með réttu fyrir það að hún því miður í sumum efnum fór of langt frá þeim markmiðum sem ýmsir aðilar sem voru af þeirri ríkisstjórn hefðu viljað fylgja. En nú er það sem sagt einn af arftökum Jónasar frá Hriflu sem leyfir sér að koma hingað og leggja fram frv. sem veldur því að öll verkalýðshreyfingin í landinu er að rísa upp til mótmæla og eins og fram hefur komið er það sennilega helsta afrek hæstv. félmrh. að honum hefur tekist að sameina þá sem elduðu grátt silfur innan verkalýðshreyfingarinnar og honum hefur tekist líka að gera stjórnarandstöðuna, sem var nú samhent fyrir, enn samhentari.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í kvöld bregður hæstv. félmrh. sér í ýmissa kvikinda líki. Ég hafði gaman af því þegar hann var að ræða sitt ágæta frv. að það kom í ljós að hann var ekki meira en svo viss á því hvað í því stóð. Þegar hann lenti í svolitlum ólgusjó fyrr í kvöld og var ásakaður um það að frv. kynni að brjóta í bága við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópuráðsins, þá sagði hann: „Það er ekki komið í ljós. Það er ekki búið að samþykkja frv. Þetta er laust í sniðum.“ Og bætti síðan við: „Þetta eru nú bara orð á blaði.“ Er það svo, herra forseti, að frv. sem hæstv. félmrh. leggur fram, er ekki meira virði í hans eigin augum og er svo laust að það eru bara orð á blaði?

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hefði talið að hæstv. félmrh. ætti að hafa meiri sóma fyrir sinni vinnu og ætti ekki að leggja fram frv. nema hann hefði fulla sannfæringu fyrir því að það sem hann væri að gera væri af hinu góða og væri rétt. En mér fannst vanta dálítið á það að þessi hæstv. ráðherra, sem er yfirleitt fullur af sannfæringu og vekur aðdáun margra fyrir að fylgja henni, var ekki sterkari á svellinu en svo að maður fann það að víða skorti nokkuð upp á að hann tryði því sjálfur að þetta frv. væri af hinu góða. Ég held nefnilega, herra forseti, að hæstv. félmrh. sé viljandi að bregða sér í gervi akneytisins sem dregur ækið. Hann er að sýna það og sanna fyrir Sjálfstfl. að Framsfl. sé víst þess virði að starfa með og hann sérstaklega sem átti eins og við munum eftir erfitt uppdráttar þegar kom að því að stofna þessa ríkisstjórn. Það stóðu deilur um það innan Framsfl. hvort hann eða vösk, ung þingkona af Suðurnesjum yrði tekin inn í ríkisstjórnina. Það fór samt sem áður svo að það var hæstv. félmrh. sem varð fyrir valinu og nú þarf hann að sýna herrunum á heimilinu að hann sé verðugur þessa embættis. Hann er verðugur þess að það er brugðið á hann fjötrunum og hann er látinn draga vagninn alveg eins og við getum bent á svo margt annað í fari ríkisstjórnarinnar sem sýnir það aftur og aftur að það er Framsfl. sem hleypur á foraðið í hvert einasta skipti sem herrann á heimilinu, Sjálfstfl., kallar. Og það er kannski hvergi sem það hefur birst jafnámátlega og í þessari umræðu.

Hvað er það sem stendur upp úr þessari umræðu innan stjórnarliðsins? Það sem stendur upp úr er að hér hefur nákvæmlega enginn framsóknarmaður talað utan hæstv. félmrh. Það hefur enginn í flokki félagshyggjunnar treyst sér til þess að koma hingað upp og halda ræðu til stuðnings hæstv. félmrh. Það segir auðvitað sína sögu, herra forseti. Sú saga er þó sögð háværari og skýrari röddu innan Sjálfstfl. vegna þess að það hafa fjórir sjálfstæðismenn tjáð sig um efni frv. og þrír af þessum sjálfstæðismönnum hafa farið gegn stefnu hæstv. félmrh. eins og hún birtist í frv. Einn sá sem þekkir *þessi mál best, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson*, kallaði frv. hæstv. félmrh. beinlínis óskapnað. Hann sagði að það væri ekki mark á því takandi. Hann sagði að það væri einskis nýtt og það er dómurinn sem sá stjórnarþingmanna sem gerst *þekkir til þessara mála fellir um frv. hæstv. félmrh.*

Ég verð að segja, herra forseti, að það kemur mér á óvart að jafnskynsamur og glöggur maður og hæstv. ráðherra er skuli a.m.k. ekki taka mark á sínu eigin liði. Það hafa einungis fjórir óbreyttir stjórnarliðar utan ríkisstjórnarinnar tjáð sig um málið og þrír þeirra hafa farið gegn því. Tekur hann ekki mark á því? Tekur hann ekki mark á gagnrýni þagnarinnar sem felst í því að enginn þingmaður hefur tjáð sig til fylgis við þetta frv. og sá hv. þm. sem nú gengur um salina, hv. þm. Guðni Ágústsson, var á dögum fyrri æstastur framsóknarmanna í andófi gegn öllum hugmyndum í þessa veru. Og fyrri ríkisstjórn, sem bæði hæstv. félmrh. og hv. þm. Guðni Ágústsson átöldu harðlega fyrir frjálshyggju og fyrir hægrimennsku, kom ekki einu sinni til hugar að leggja fram frv. af þessu tagi.

En, herra forseti, það er ekki efnið í sjálfu sér sem við þurfum að deila á hérna. Jafnvel þó að menn væru sammála um efni frv., þá er það samt sem áður skýlaus réttur verkalýðshreyfingarinnar að fá að véla um sín eigin mál. Um það snýst deilan. Það er frelsi verkalýðshreyfingarinnar til þess að fara með sín mál eftir samráð við atvinnurekendur. Það er líka dapurlegt að horfa upp á það hér, herra forseti, að þegar maður skoðar frv. og les greinargerðina, sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á, kemur eitt í ljós. Þá kemur það glöggleg fram að meginefni frv., þeir ásteytingssteinar sem hafa orðið þess valdandi að hér eru úfar með þingheimi í kvöld, voru aldrei ræddir til hlítar af þeim hópi sem var settur niður af félmrn. til að fara ofan í þessi mál.

Það kemur fram, herra forseti, á bls. 8 að helstu atriðin, þ.e. boðun vinnustöðvana, hlutverk ríkissáttasemjara, miðlunartillögur og fyrirkomulag um atkvæðagreiðslur voru hlutir sem voru aldrei ræddir af hópnum. Með öðrum orðum er ekki hægt fyrir hæstv. ráðherra að koma hingað og halda því fram að það hafi verið komið í ljós að ekki væri sátt um málið. Málið hafði einfaldlega ekki fengist rætt. Það voru örfáar vikur eða mánuðir sem fengust til að ræða þessi

mikilvægu mál. En samt kemur ráðherrann hér og hagar sér eins og hann sé búin að vera ráðherra allt sitt líf. Auðvitað kann það að vera, herra forseti, að svo mjög hafi þessi ágæti ráðherra þráð dóm ráðherrans, þráð ráðherrastólinn, að allt annað þurrkist út þegar hann loksins verður þessarar ánægju aðnjótandi að fá að setjast í hinn hæga sess valdsins. Þá gleymir hann því að hann var líka til áður en hann varð ráðherra og nú finnst honum skyndilega þegar hann er búinn að vera ráðherra í sex eða sjö mánuði, og það er ekki komin niðurstaða í málinu, að málið gangi einfaldlega ekki lengur og það verði að hrinda því til lykta eins og hann hefur gert. Þess vegna kippir hann því út úr samráði verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda og fær einhverja ágæta menn, að því er hann telur, til þess að skrifa frv. Það væri gott og blessað ef ekki hefði komið í ljós að í frv. er einungis tekin afstaða með öðrum aðilanna sem eiga aðild að vinnumarkaðnum. Það er tekin afstaða með atvinnurekendunum og það er ekkert í frv. sem veldur því að settar séu þyngri kvaðir á atvinnurekendur. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvar eru settar grimmúðugar reglur um atkvæðagareiðslur innan Vinnuveitendasambandsins? (**Félmrh.:** Hvarvetna.) Alls ekki, hæstv. ráðherra, alls ekki. (Gripið fram í.) Og hefði þá hæstv. ráðherra fyrir löngu verið búinn að sýna fram á það því að þetta er eitt af því sem þingheimur hefur verið að kalla eftir. Og óneitanlega er það dapurlegt að það skuli ekki bara vera Framsfl. heldur einmitt þessi merkisberi félagshyggjunnar innan Framsfl., maðurinn sem með vissum hætti tók upp og hnýtti þráðinn þar sem hann var slitinn fyrir nokkrum áratugum, af mönnum eins og Jónasi frá Hriflu, mönnum, sem töldu að verkafólk á Íslandi ætti samleið með íbúunum á landsbyggðinni, með bændafólki Íslands, maðurinn sem vildi búa til sérstaka stjórn verkafólks og bænda; stjórn hinna vinnandi handa. Það var hv. þm., Páll Pétursson, sem löngum var kyndilberi þessarar hyggju innan Framsfl. en nú er það allt í einu hann sem er orðinn 18 barna faðir í álfheimum, verður umskiptingur þegar hann sest í stól ráðherra og á þá ósk heitasta að fá að sanna það fyrir Sjálfstfl. að hann sé betri en allir aðrir til þess að koma þeim málum í höfn sem Sjálfstfl. leggur ekki í sjálfur.

Herra forseti. Það væri hægt að fara yfir þetta frv. lið fyrir lið og finna að því. Sumt í frv. er jákvætt. Sumu hef ég tiltölulega mikla samúð með. En ég er þeirrar skoðunar að mál af þessu tagi muni aldrei gagnast neinum ef ekki er fyllileg sátt um það á milli þeirra tveggja aðila sem eiga að notast við þetta gagn, þ.e. atvinnurekendanna og verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin logar stafna á milli út af þeim griðrofum sem hæstv. félmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur staðið fyrir. Hér innan þingsins hefðu menn verið reiðubúnir til þess að fara í þetta mál og rannsaka það og reyna að bæta það og hv. félmn. hefur bæði burði, gott fólk og tíma til þess að fara í málið og bæta alla þá agnúa sem er hægt að finna á vinnu hæstv. félmrh. Það er einfaldlega ekki málið. Málið er það að svona samskiptareglur verða aldrei til, herra forseti, nema sátt sé um vinnuna.

Það var hæstv. félmrh. sem sagði, herra forseti, að hann vildi stjórna umferðinni á vinnumarkaðnum. Það má vel vera að einhvers staðar blundi í honum lítil lögga, innst í sál hans, en ég endurtek, herra forseti, það sem ég sagði fyrr í dag: Þrátt fyrir upphaflegan ásetning, þrátt fyrir góðan vilja, hefur hann í rauninni orðið að lifandi umferðarslysi í þessu máli og hann hefur ónýtt þetta mál.

[Fundarhlé. — 01:55]

[02:17]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú hefur fundur staðið hér lengi dags, frá því kl. 10.30 í morgun og nú er klukkan orðin meira en stundarfjórðung yfir tvö að nóttu. Umræðum er lokið, stjórnarandstaðan hefur gert sitt til þess að greiða fyrir málefnalegri umræðu, en þá gerist það skyndilega að hér er búið að fresta fundi tvívegis vegna þess að það skortir lið stjórnarinnar til atkvæðagreiðslu. Ég spyr, herra forseti: Er það vegna þess að það er ekki nægilegt fylgi innan stjórnarliðsins við það frv. sem við erum að ræða hér? Er það skýringin? Kannski gætu hæstv. forseti eða hæstv. félmrh. svarað því.

[02:18]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja nokkuð sérkennileg staða uppi sem ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á.

Stjórnarliðið er búið að sækja það af mikilli hörku að þetta mál verði afgreitt til nefndar eftir 1. umr. Síðan þegar ljóst er að umræðu er lokið, þá kemur í ljós að stjórn stjórnarliðsins heldur ekki betur utan um sitt fólk en svo að það er ekki hægt að ganga til atkvæða. Það er satt að segja alveg ótrúlegur slappleiki hjá forustumönnum stjórnarþingflokkanna. Og það er rétt hjá hæstv. iðnrh., ég heyri að hann er að hvetja hv. þingflokksformann Sjálfstfl. til að láta þetta mál til sín taka og láta þessi orð ekki liggja óbætt hjá garði því að þetta er auðvitað alveg með ólíkindum. Þingið er búið að starfa í heilan sólarhring og svo þegar hægt er að ganga til atkvæða, þá taka menn sér hlé langtímum saman til þess væntanlega að menn geti lagt frá sér orðurnar eftir partíin og lagt þær í flosöskjurnar og brotið saman fegurðardrottningarborðana sem hafa verið utan um þá suma í kvöld í partíunum.

Ég vil spyrja, hæstv. forseti: Hvað á þetta gauf að halda lengi áfram? Hvað hyggst stjórn þingsins halda lengi áfram með þetta gauf? Ótrúleg vinnubrögð.

[02:20]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Menn hafa sýnt hver öðrum býsna mikla biðlund í þessu máli eins og kunnugt er. Það mun ekki standa á stjórnarliðinu að mæta til atkvæðagreiðslu. Ég varð ekki var við það að hv. 8. þm. Reykv. væri á þessu þingfundi fyrr í kvöld. Mér er kunnugt um að hann hafði öðrum störfum að gegna alveg eins og ýmsir aðrir þingmenn og ráðherrar. En ég vil frábiðja mér það sem mér heyrðist hv. þm. vera að gera í máli sínu að gera lítið úr því að hæstv. ráðherrar eða aðrir sæki veislu forseta Íslands. Það er fyrir neðan virðingu okkar allra að gera lítið úr því. (**ÖJ:** En felst biðlundin í að vilja ræða málið við þingið?) Ég hef ekki orðið var við annað en hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi fengið nægan tíma til að tjá sig um þetta mál og ég ætla ekki að deila við forseta. Ég held að ... (Gripið fram í.) Það er eitt sem hv. þm. þarf að temja sér og það er að eiga orðastað við þingmenn héðan úr ræðustól en ekki úr sæti sínu. Hann á sjálfsagt eftir að læra það. Hann er nýr í þinginu eins og við vitum. (**ÖJ:** Ég kann ekki hirðsiði.) Hann á eftir að læra ýmislegt í þinginu eins og menn vita. En ég sé enga ástæðu til þess að gera ágreining við forsetadæmið um þessa atkvæðagreiðslu. Hún fer fram þegar forseta hentar. Það er búið að hringja út þingmenn eins og allir vita og þeir sem ekki eru nýir í þinginu vita að það er ekkert einsdæmi að hér sé atkvæðagreiðsla að næturlagi.

Og ég skil ekki þennan leikaraskap í þingmönnum sem hér er hafður upp í sambandi við þessa atkvæðagreiðslu. Ég veit reyndar að þeim er ekkert sérstaklega mikil alvara með þessu.

[02:22]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv. að ég hljóp í skarðið til að sinna mikilvægum embættisverkum fyrr í kvöld fyrir hann og situr síst á honum að nudda mér upp úr því í ræðustól. Ég kom hins vegar aftur snemma kvölds og hef talað tvisvar síðan og gegnt mínum þingskyldum þannig að ég satt að segja kann ekki við að mér sé nuddað upp úr því að hafa ekki setið hér sæmilega vel. Ég efast um að margir aðrir hafi gert það mikið betur.

Hitt er ljóst að stjórnarliðið heldur illa utan um sitt lið og getur ekki gengið til atkvæða þegar umræðu er lokið og það er náttúrlega með endemum og eins og háðsmerki á allri þessari umræðu og stjórnarliðinu til skammar. Og fer vel á því að þessi umræða af hálfu stjórnarliðsins endi með þeim endemum sem nú liggja hér fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[02:31]

[02:26]

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara vekja athygli á því svo að það fari ekki fram hjá neinum að hér voru umræður fyrir stundu um mætingu í þingsal, hverjir væru hér og hverjir *væru hér ekki. Stjórnarandstaðan hefur nú sýnt í verki ást* sína á lýðræðislegum vinnubrögðum með því að ganga út úr þingsalnum. (**Gripið fram í:** Ekki Ögmundur.) Það segir meira heldur en mörg orð. Það er að vísu einn þingmaður inni og ég fagna því að hann skuli vera hér og ætli að taka þátt í því að greiða fyrir að þetta mál fái þinglega meðferð vegna þess að það að vísa máli á milli umræðna, frá 1. til 2. umr. og til þingnefndar er ekki annað en spurning um að mál fái þinglega afgreiðslu og meðferð í þinginu.

[02:27]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan hefur sýnt í verki áhuga sinn á þessu máli með því að vera hér í þingsölum í allan dag og taka þátt í umræðum um málið. *Stjórnarliðar hafa ekki* sýnt lýðræðislegan vilja í verki, eins og hv. þm. Geir Haarde sagði áðan, vegna þess að þeir hafa ekki verið í salnum og ekki tekið þátt í þessari umræðu, (**Gripið fram í:** Jú, jú.) með örfáum undantekningum. Hins vegar er núna verið að draga þá út úr veislusölunum og upp úr rúminu (Gripið fram í.) til þess að koma og afgreiða þetta mál núna.

Sú krafa hefur verið sett fram af hálfu gervallrar verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi að þetta mál verði tekið út af dagskrá því að með frv. er friðurinn rofinn í landinu og það er ósvífni, það er mikil ósvífni að halda því fram að stjórnarandstaðan hafi ekki viljað sýna þessu máli virðingu. Hún hefur verið að ræða þetta mál í allan dag, en það eru stjórnarliðar sem hafa sýnt málinu þá óvirðingu að hafa ekki tekið þátt í umræðunni, með örfáum undantekningum.

[02:29]

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þegar umræðum er lokið um þingmál við 1. umr. er það algild þingvenja að því sé vísað til nefndar og 2. umr. Þeir sem ekki vilja taka þátt í því og ganga út úr þingsalnum og út úr þinghúsinu, allir stjórnarandstæðingar að undanskildum síðasta ræðumanni, eru að lýsa fyrirlitningu á þessar þingvenjur. Þetta er mjög sjaldgæft, hefur að vísu einstaka sinnum komið fyrir á liðnum árum, sem betur fer ekki oft.

Ég fagna því að hv. þm. Ögmundur Jónasson skuli ekki taka þátt í þessu, en lýsi furðu minni, undrun og vanþóknun á afstöðu annarra þingmanna stjórnarandstöðunnar gagnvart þessari málsmeðferð.

Frv. vísað til 2. umr. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÖJ.

30 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, StG, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta mál hefur fengið mikla umfjöllun. Að vísu eru nokkur atriði sem ég tel að þurfi fullrar athugunar og umræðna við, en ég tek undir það sem hér var sagt áðan að málið þarf vissulega þinglega meðferð úr því sem komið er og því segi ég já.

Frv. vísað til félmn. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÖJ.

30 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, StG, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 02:32.

115. FUNDUR

miðvikudaginn 10. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Rannsókn kjörbréfs.
3. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722. — 1. umr.
4. Iðnaðarlög, stjfrv., 405. mál, þskj. 711. — 1. umr.
5. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 153. mál, þskj. 183. — 1. umr.
6. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 390. mál, þskj. 685. — 1. umr.
7. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktanir frá:
Félagi byggingarmanna í Eyjafirði,
Starfsmannafélaginu Sókn, Reykjavík,
stéttarfélögum á Akranesi,
Verkalýðsfélagi Húsavíkur,
Verkalýðsfélaginu Fram á Sauðárkróki,
verkalýðsfélögum innan ASÍ í Eyjafirði,
verkalýðsfélögum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ályktanir sem samþykktar hafa verið á fundum sem haldnir voru á vegum aðildarfélaga ASÍ og Alþýðusambandsins dagana 25.–28. mars sl.

Erindi frá héraðssambandinu Skarphéðni, Selfossi.

Erindi frá stjórnum og trúnaðarráðum útvegsmannafélaga Suðurnesja og Hafnarfjarðar.

Framhald á fundum Alþingis.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár býð ég þingmenn velkomna til starfa eftir nokkurt hlé í kringum páskana.

Þegar gengið var frá starfsáætlun þingsins sl. haust var byggt á þeirri hugmynd að gera mætti nokkurt hlé á þingfundum frá því seinni partinn í mars og fram yfir páska til þess að þingmönnum gæfist kostur á því að sinna öðrum þáttum þingmannsstarfsins en þeim sem fram fer í þessu húsi. Það er raunar skoðun mín að það gæti orðið til bóta í þingstörfunum að skipta þeim upp í fleiri lotur með hléum á milli þar sem þingmenn gætu annars vegar sinnt betur kjósendum og kjördæmi og hins vegar einbeitt sér að nefndastörfum. Þannig er þingstörfum háttað víða í nágrannalöndum okkar auk þess sem hið nýja fyrirkomulag þingsins, þ.e. að það situr að formi til allt árið, stuðlar að þess konar breytingum.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins er ráðgert að þingstörfum ljúki 15. maí. Þangað til eru 23 þingfundadagar. Forseti mun reyna að stýra störfum þannig að þetta megi takast. Frestur til framlagningar mála þannig að þau verði tekin á dagskrá er liðinn og því ætti nú að liggja ljóst fyrir hvaða verk eru fram undan. Ég heiti á þingmenn alla um góða samvinnu við þingstörfin í þeirri stuttu og væntanlega snörpu lotu sem er fram undan.

Ég hef sent formönnum þingflokka hugmyndir mínar um þingstörf næstu daga en þær byggjast á því að ljúka 1. umr. um mál þannig að þau komist sem fyrst til nefnda. Frekari afgreiðsla þeirra ræðst auðvitað af því hvernig vinna mun ganga í nefndunum. Ég vænti áframhaldandi góðrar samvinnu við formenn þingflokka um skipulag þingstarfanna næstu vikur.

Minning Friðjóns Skarphéðinssonar.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Friðjón Skarphéðinsson, fyrrv. yfirborgarfógeti og alþingismaður, andaðist sunnudaginn 31. mars. Hann var tæpra 87 ára að aldri.

Friðjón Skarphéðinsson var fæddur 15. apríl 1909 á Oddsstöðum í Miðdölum í Dalasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Skarphéðinn Jónsson bóndi og Kristín Pálmadóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1930 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1935. Veturinn 1937–1938 var hann við framhaldsnám í Kaupmannahöfn.

Friðjón Skarphéðinsson var fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði frá marsmánuði til ársloka 1935. Árið 1936–1937 var hann starfsmaður Olíuverslunar Íslands í Reykjavík. Hann var bæjarstjóri í Hafnarfirði 1938–1945. Sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri 1945–1967 og yfirborgarfógeti í Reykjavík 1967–1979. Frá 23. des. 1958 til 20. nóv. 1959 var hann dómsmála-, landbúnaðar- og félagsmálaráðherra í ríkisstjórn Emils Jónssonar og hafði þann tíma leyfi frá sýslumanns- og bæjarfógetastörfum. Hann var þingmaður Akureyringa frá 1956 til vors 1959. Haustið 1959 var hann í kjöri í Norðurl. e. og hlaut sæti landskjörins þingmanns, sat á þingi til 1963 og aftur 1965–1967. Auk þess tók hann varamannssæti á Alþingi um tíma síðla árs 1963. Hann sat á tíu þingum alls, var fyrsti varaforseti efri deildar 1956–1958 og forseti sameinaðs Alþingis 1959–1963.

Friðjón Skarphéðinsson var bæjarfulltrúi á Akureyri 1946–1950 og var þá í bæjarráði. Hann var kosinn í mannréttindanefnd Evrópuráðsins 1957 og sat í henni til 1962. Fulltrúi á þingi Evrópuráðsins var hann 1958–1960 og 1964–1967. Hann var í stjórn Dómarafélags Íslands 1957–1964 og í orðunefnd 1970–1986, formaður hennar 1980–1986.

Friðjón Skarphéðinsson gegndi á langri starfsævi viðamiklum embættisstörfum. Hann var reglumaður í embætti, starfssamur og réttlátur og hélt uppi góðum anda í fjölmennu starfsliði. Hann fylgdi alla tíð Alþýðuflokknum að málum og traust flokksbræðra á honum og vinsældir meðal samborgara urðu til þess að sótt var eftir að fá hann til setu í bæjarstjórn og á Alþingi. Á vettvangi stjórnmála naut hann mannkosta sinna, var vel metinn af samherjum sínum og fylgismönnum annarra stjórnmálaflokka. Í umræðum var hann hógvær og gerði málefnum góð skil án málalenginga. Á Alþingi var hann tíðum í forsetastól og honum lét vel að stjórna fundum. Hann var bókamaður, fékkst nokkuð við ritstörf, einkum um

lögfræðirit frá liðnum öldum. Gerði hann það skilmerkilega eins og annað sem hann hugaði að.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að minnast Friðjóns Skarphéðinssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

[13:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

„Í samræmi við ákvörðun mína um framboð til embættis forseta Íslands óska ég hér með eftir því að varamaður minn, Sigríður Jóhannesdóttir kennari, taki sæti á Alþingi og jafnframt verði mér ekki greidd laun frá Alþingi.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur Ragnar Grímsson."

Kjörbréf Sigríðar Jóhannesdóttur kennara hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:41]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá hafa borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 3. varaþingmaður Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi, Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjubóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar en 1. varaþingmaður og 2. varaþingmaður flokksins eru forfallaðir.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Svavar Gestsson,
formaður þingflokks Alþb. og óháðra."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Vestmannaeyjum, 8. apríl, 1996.

Ég undirritaður varaþingmaður Alþb. og óháðra í Suðurl. get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 5. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þess eru annir í starfi mínu.

Virðingarfyllst,

Ragnar Óskarsson."

Og þá er hér bréf, dagsett 9. apríl:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Margrétar Frímannsdóttur, 5. þm. Suðurl., á Alþingi sem 2. varaþingmaður Alþb. og óháðra í Suðurl.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Lárusson."

Kjörbréfanefnd kom saman áður en þingfundur hófst til þess að rannsaka kjörbréf Ingibjargar Sigmundsdóttur. Til máls tekur formaður og framsögmaður kjörbréfanefndar, hv. 5. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir.

[13:42]

Form. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 3. varaþingmanns Alþb. í Suðurl., Ingibjargar Sigmundsdóttur garðyrkjubónda, sem landskjörstjórn gaf út í dag, 10. apríl 1996. 1. varaþingmaður Alþb. í Suðurl., Ragnar Óskarsson kennari og 2. varaþingmaður, Guðmundur Lárusson bóndi, geta ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni. Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur því til að það verði samþykkt.

[13:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf Ingibjargar Sigmundsdóttur verði samþykkt og skoðast það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum. Ingibjörg Sigmundsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ingibjargar Sigmundsdóttur samþ. án atkvgr.

Ingibjörg Sigmundsdóttir, 5. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:43]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ingibjörg Sigmundsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[13:43]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 465. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 800.

Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, 467. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 802.

Aðskilnaður ríkis og kirkju, 472. mál, þáltill. ÁRJ og JóhS, þskj. 808.

Dráttarvextir, 473. mál, fsp. JóhS, þskj. 809.

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, 468. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 803.

Evrópusamningur um forsjá barna, 471. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 806.

Fjármál sveitarfélaga, 391. mál, svar félmrh., þskj. 792.

Flugskóli Íslands hf., 461. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 796.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 469. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 804.

Húsnæðismál Tryggingastofnunar ríkisins, 474. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 810.

Kennarar og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum, 379. mál, svar menntmrh., þskj. 795.

Könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna, 455. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 788.

Lágmarkslaun, hámarkslaun og atvinnuleysisbætur, 459. mál, frv. GE, þskj. 793.

Lögræðislög, 456. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 789.

Lögræðislög, 457. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 790.

Rannsóknir á beitukóngi, 458. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 791.

Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, 470. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 805.

Stjórn fiskveiða, 462. mál, frv. GHall og GuðjG, þskj. 797.

Stjórnarskipunarlög, 460. mál, frv. JBH o.fl., þskj. 794.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 464. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 799.

Umferðarlög, 463. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 798.

Þorskeldi, 396. mál, svar sjútvrh., þskj. 807.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722.

[13:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er nauðsynlegt fylgifrv. með frv. um Póst og síma hf. Samkvæmt gildandi fjarskiptalögum er byggt á því meginsjónarmiði að ríkið hafi einkarétt á því að veita talsímaþjónustu hér á landi, í íslenskri landhelgi og lofthelgi og að reka almennt fjarskiptanet. Með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að ríkið afsali sér þeim rétti. Á hinn bóginn gera núgildandi lög ráð fyrir að Póst- og símamálastofnun annist framkvæmd þessa einkaréttar.

Í frv. er miðað við að samgrh. geti falið sérstökum aðila að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á og sé hann þá rekstrarleyfishafi. Skal hann uppfylla þær almennu kröfur sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. 2. gr. laganna.

Í gildandi lögum um fjarskipti er gert ráð fyrir að opinberir aðilar annist framkvæmdir varðandi fjarskiptakerfið, viðhald þess og annað er því viðkemur. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafinn taki að sér framangreindar framkvæmdir og hafi sömu skyldur og réttindi til að rækja það hlutverk samviskusamlega.

Þetta frv. er einfalt í sniðum. Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þess frekar. Eins og ég sagði er þetta nauðsynlegt fylgifrv. með frv. um Póst og síma hf. sem áður hefur verið lagt fram og fékk hér rækilega umfjöllun. Þau efnisatriði sem eru í þessu frv. voru rædd í tengslum við það frv.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

[13:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Frv. þetta til breytinga á fjarskiptalögum er fylgifiskur með einkavæðingarfrv. hæstv. ráðherra varðandi Póst og síma. Það var þegar lýst eftir því við umræður um það frv. að raunar væri tæpast unnt að fjalla um þessi mál nema þau væru samferða. Það liggur í hlutarins eðli að það skiptir meginmáli með hvaða hætti er gengið frá réttindum og leyfisveitingum varðandi fjarskiptamál þegar rætt er um rekstrarfyrirkomulag stofnunar eins og Pósts og síma og hugsanlegar breytingar á rekstrarformi þar.

Við fljótlega athugun á þessu frv. vakna, herra forseti, fleiri spurningar en fæst svarað. Þar á ég alveg sérstaklega við meðferðina á einkarétti eða einkaleyfabundinni starfsemi á þessu sviði. Eins og hv. alþingismönnum er kunnugt er þannig um hnútana búið í dag að hin opinbera stofnun Póstur og sími hefur öll einkaréttindi ríkisins á þessu sviði og starfar samkvæmt þeim. Með öðrum orðum, þessi réttindi eru hjá ríkinu sjálfu í ríkisstofnun og getur ekki öllu einfaldara verið.

Það sem hér er lagt til í 1. gr. frv. er breyting á 2. gr. fjarskiptalaganna í þá veru að ríkið sem eftir sem áður geti haft tiltekna einkaleyfastarfsemi með höndum, framselji þann einkarétt, ekki endilega til Pósts og síma eða opinberrar stofnunar eða einstaks aðila á þessu sviði heldur óskilgreint til „aðila" eins og það er orðað. Þetta, herra forseti, þarfnast nokkuð nánari skoðunar og umræðu. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að taka þetta grundvallaratriði málsins til rækilegrar skoðunar áður en þessu frv. og frv. um breytingu á rekstrarformi Pósts og síma verður frekar hraðað hér í gegnum Alþingi.

Þegar litið er nánar á þetta, herra forseti, kemur í ljós að í raun og veru er um galopna framsalsheimild til handa ráðherranum að ræða eins og frá þessu er gengið í 1. gr. frv. Það er að vísu sagt, með leyfi forseta, í greininni:

„Samgönguráðherra er heimilt að veita aðila rekstrarleyfi til að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á skv. 1. málsl. Við útgáfu rekstrarleyfis skulu tilteknar þær skyldur og kvaðir sem rekstrarleyfinu fylgja, sbr. 3. mgr."

Þetta er gott svo langt sem það nær en síðan er ekki frekar fjallað um málið. Með öðrum orðum er vísað til þess og liggur nú í hlutarins eðli að unnt sé að binda slíkt framsal einhverjum kvöðum þegar einkaréttindin eru afhent en það er ekki útskýrt nánar hverjar þær kvaðir skuli vera. Ekki heldur hverjir þessir aðilar skuli vera eða hvaða skilyrði þeir skuli uppfylla. Það, eins og allt málið, er þá í sjálfsvaldi ráðherrans. Þetta, herra forseti, er að mínu mati algjörlega óforsvaranlegur frágangur á málinu. Það þykir almennt talað ekki til fyrirmyndar að vera með mjög opnar framsalsheimildir í löggjöf til handa framkvæmdarvaldinu. En þegar í hlut á ráðstöfun á jafnþýðingarmiklum þætti og einkaleyfi ríkisins, einkarétti ríkisins til tiltekinnar starfsemi, þá hljóta ærið margar spurningar að vakna ef á að sleppa svona billega frá málinu.

Það er athyglisvert að í athugasemdum við 1. gr. frv. er orðið „aðili" komið í fleirtölu: „Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir að ríkið annist framkvæmd fjarskiptamála sjálft heldur verði öðrum aðilum falið að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á." Er með þessari fleirtölumynd orðsins verið að gefa sérstaklega til kynna að það standi beinlínis til að ráðstafa þessum réttindum jafnvel strax í upphafi til fleiri aðila en Pósts og síma eða þá Pósts og síma hf.? Er það stefna núv. ríkisstjórnar að hleypa einkaaðilum beinlínis inn í þessa grundvallarþjónustu á sviði fjarskipta?

Einnig vil ég, herra forseti, staldra við það atriði sem fram kemur bæði í frv. sjálfu en þó frekar í umsögn um 1. gr. vegna þess að það felst í ákveðnu brottfalli úr lögunum, samanber a-lið í 1. gr. laganna, að orðin „eiga og" í 1. málsl. 1. mgr. falli brott. Þetta er efnisbreyting að því leyti til að fyrirmælin um að ríkið skuli eiga almenna fjarskiptanetið eru felld brott. Í dag er það beinlínis bundið í lögum að ríkið á umferðaræðarnar í fjarskiptakerfinu, það á fjarskiptanetið sjálft. Þetta

er fellt brott og það sem meira er, það er beinlínis látið að því liggja að það sé óæskilegt að ríkið yfir höfuð eigi slíkt. Hér þarf að gera alveg skýran greinarmun á tvennu. Annars vegar því að samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins, sem öllu stýra í þessum efnum eins og öðrum, er eða verður í framtíðinni væntanlega óheimilt að einkaleyfisbinda þennan þátt. En það er ekki þar með sagt að ríkið megi ekki eiga hann þó löggjöfin verði að ganga út frá því að aðrir geti jafnframt haft slíka starfsemi með höndum eða rekið fjarskipti. Það er annar hlutur að gerast svo kaþólskur að það er beinlínis ákveðið að ríkið skuli ekki vera með eða hafa með höndum starfsemi á þessu sviði. Hér held ég að hæstv. samgrh. verði að gera betur en hann gerði í örstuttri framsöguræðu og gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og hvað vakir á bak við þessi óljósu orð.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé farsælt skref, hvað sem líður rekstrarformi Pósts og síma og hvað sem líður þátttöku einkaaðila að einhverju leyti varðandi starfsemi á þessu sviði, að falla frá því fyrirkomulagi að hið opinbera eigi samgöngukerfið. Fjarskiptanetið er í þessu tilviki nákvæmlega sambærilegt við vegina eða flugvellina. Þetta er umferðarkerfið á þessu sviði. Þetta eru vegirnir í fjarskiptunum. Ég hefði talið mikið farsælla fyrirkomulag að ganga út frá því að ríkið starfrækti vegakerfið áfram en hefði það að sjálfsögðu eftir atvikum eins og stefna manna væri á hverjum tíma opið fyrir aðra til að reka sín viðskipti á. Rétt eins og öllum stendur til boða að keyra eftir vegunum gætu menn farið um þessar umferðaræðar og það mætti binda í lög að jafnræði skyldi þá ríkja með aðilum, þeir væru jafnsettir hvað varðaði aðgang að netinu, gjaldskrár og annað því um líkt, en ríkið eigi þessa undirstöðu fjarskiptanna. Til hvers? Jú, m.a. til þess að tryggja að það komi ekki upp sú staða, sem er alveg borðleggjandi þegar haldið er út á þessa einkavæðingarbraut ef engin skýr skilyrði eru fyrir hendi varðandi skyldur aðila, að til sögunnar komi einkaaðilar sem fari að fleyta rjómann ofan af, fari inn í þá þætti viðskiptanna sem ábatasamastir eru og á þeim svæðum í landinu þar sem ábatasamast er að reka einhverja þjónustu á þessu sviði en skilji hið opinbera eftir með afganginn. (**Gripið fram í:** Sumir vilja nú lepja undanrennuna.) Það getur vel verið, hv. þm., að framsóknarmenn vilji lepja undanrennuna. Það er þeirra mál en ekki mitt. En ég hef ekki áhuga á að notendur annars staðar í landinu eða notendur fyrir aðra þjónustu þurfi að taka á sig kostnaðinn sem af því leiðir að einhverjum tilteknum aðilum verði hleypt inn í þessa þjónustu til að fleyta þar rjómann ofan af og hirða hann án nokkurra skuldbindinga. Það getur vel verið að hv. framsíkallandi sem gerist órólegur hugsi sér að vera í hinum hópnum, þ.e. rjómaliðinu, og hann í krafti afstöðu sinnar og góðs aðgangs í stjórnkerfinu komist einhvers staðar í einhverjar rjómauppveitur sem hann geti drukkið fyrir lítið. Það er annað mál. Ég er ekki hrifinn af slíkum samyrkjubúskap að sumir fái allan rjómann en aðrir alla undanrennuna. Það er framskóknarbúskapur sem ég hef ekki mikinn áhuga á.

Herra forseti. Í þriðja lagi er með ólíkindum að hæstv. ráðherra, sem ætti að þekkja betur til þessara mála en ætla mætti af frv., skuli ætla sér að ganga frá þessu eins og gert er í 1. mgr. Þar er talað um að tiltaka skyldur og kvaðir sem rekstrarleyfinu fylgja en ekki sagt eitt einasta orð um það hverjar þær kvaðir og skyldur skuli vera. Auðvitað er ekki hægt að hafa þetta svona. Það þarf stundum að hjálpa hæstv. ráðherra að ná þessu niður á blaðið þannig að þetta geti orðið skilmerkileg umræða. Stundum er hæstv. ráðherra pínulítið óskipulegur í svona umræðum.

Önnur spurningin er þessi: Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að gera þessa málsgrein ítarlegri og ganga m.a. frá því að slíkar skyldur skuli vera að veita sömu þjónustu á sambærilegum kjörum um allt land? Þ.e. að ef einhver aðili fær annaðhvort einkaleyfabundna þjónustu í sínar hendur eða almennt rétt til fjarskiptareksturs, við skulum segja að setja upp annað GSM-farsímakerfi, þá skuli hann veita þá þjónustu um allt land á sama verði. Menn skuli vera jafnsettir gagnvart slíku. Það sé sú kvöð sem fylgi því sjálfkrafa að fá starfsleyfi þessu sviði. Þetta er úrslitaatriði því að eins og tæknin er orðin á fjölmörgum sviðum fjarskipta með gervihnattatækninni og öðru slíku, þá er í raun og veru mjög auðvelt að byggja upp þjónustu á tilteknum svæðum og starfrækja þar sem auðveldast og ódýrast getur verið að koma henni upp. Og ef menn bera engar skyldur gagnvart annarri þjónustu eða öðrum svæðum, þá liggur í hlutarins eðli að það getur verið mjög auðvelt að komast þannig að málinu og fleyta rjómann ofan af. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. samgrh. með sína þekkingu á málefnum t.d. landsbyggðarinnar, sé genginn svo gersamlega í frjálshyggjubjörgin að hann ætli að opna fyrir slíkt hér. Besta tryggingin að mínu mati væri sú að hið opinbera ætti fjarskiptanetið og opnaði síðan fyrir aðgang að því, einkaaðilum ef svo bæri undir með tilteknum skyldum. En þá þarf að ganga frá því í lögunum þannig að enginn misskilningur sé uppi í þeim efnum. Þessi texti gerir það að ekki.

Í fjórða lagi vil ég koma að afnámi einkaréttarins sem á að vera samkvæmt því sem ég man réttast 1. janúar 1998 og spyrja hæstv. ráðherra: Er það hugsun hæstv. ráðherra að opna fyrir einhverjar breytingar í þessum efnum fyrir þann dag eða er hæstv. ráðherra tilbúinn til að lýsa því yfir að heimildir 1. gr. til að framselja öðrum aðilum einkaleyfabundna starfsemi, komi að minnsta kosti ekki til skoðunar fyrr en eftir þennan tíma? Mér finnst það loðið sem um það er sagt í t.d. umsögn um 4. gr. hvað varðar Póst- og símamálastofnunina og réttindi hennar.

Ég endurtek áherslu mína á það að mér finnst óskynsamlegt að ganga frá málinu eins og þarna er gert ráð fyrir, þ.e. að ríkið geti alls ekki verið eigandi að neinum fjarskiptamannvirkjum. Ég tel alveg koma til greina að þó að Póstur og sími yrði „háeffaður", þá gæti ríkið skoðað það sjálfstætt eftir sem áður að vera eigandi að fjarskiptanetinu þó að Póstur og sími hf. annaðist starfrækslu þess og sæi um það. Ríkið gæti eftir sem áður haft eignarhaldið og þar með m.a. tryggt jafnræði og frelsi til viðskipta í þessum efnum. Við Íslendingar erum því miður afar aftarlega á merinni hvað varðar t.d. samkeppnisreglur að þessu leyti á ýmsum sviðum. Ég gæti nefnt sem dæmi bókunarkerfi í ferðaþjónustunni. Við erum eitt fárra landa sem ekki höfum mannað okkur upp í að setja reglur sem tryggja jafnræði í slíkum viðskiptum. Hér er einn aðili sem á og rekur eina umtalsverða bókunarkerfið sem til er í landinu en það eru engin ákvæði um að aðilar skuli vera þar jafnsettir og að öllum tryggður aðgangur að sanngjörnum kjörum þegar slíkt á í hlut. Þetta er molbúaháttur. Það er löngu tímabært að taka á mörgum málum af þessu tagi frá þessari hlið. Og það er óþolandi að búið verði til eitthvert kerfi í fjarskiptunum sem eru úrslitaþáttur í þróun hins nútímalega samfélags. Ekki á það síst við um landsbyggðina og hin afskekktari byggðarlög að þau geti verið fullgildir þátttakendur í fjarskiptabyltingunni. Það ræður gjörsamlega

úrslitum um líf eða dauða manna við slíkar aðstæður í framtíðinni að geta verið fullgildir þátttakendur í þróun hins nútímalega, tæknivædda samfélags. Það ræðst að langmestu leyti af því að menn séu fullgildir aðilar og þátttakendur og hafi allan aðgang að fjarskiptanetinu. Þá er ég að sjálfsögðu að tala um fjarskiptin í víðustu merkingu þess orðs.

Í fimmta lagi, herra forseti, um kostnað ríkissjóðs. Það er ein dásamleg umsögn um þann þátt málsins eins og venjulega frá fjárlagaskrifstofunni. Þar er talað um það að þó að Pósti og síma verði breytt í hlutafélag, sem tengist þessu máli og fjarskiptaþjónustan sem ríkið hefur einkarétt á verði framseld til annarra aðila, þá segir hin mæta stofnun: Ekki verður séð að samþykkt frv. hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Jahá. Aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Það getur vel verið að á þeirra máli verði ekki úr þessu aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð. En hvað með tekjurnar? Hvað með tekjurnar, hæstv. samgrh.? Þurfa menn ekki aðeins að staldra við? Hvaða stofnun er það sem hefur skilað langmestum arðgreiðslum til ríkissjóðs af öllum undanfarin ár þannig að það hefur munað verulega um það á alla mælikvarða í fjárlagafrv.? Það er Póstur og sími. Það er þessi illræmda, óforbetranlega opinbera stofnun sem nauðsynlegt er að breyta. Hún hefur þó ekki staðið sig verr en svo að hún hefur verið að skila einhvers staðar á bilinu 800–1.000 millj. kr. í ríkissjóð á hverju ári núna undanfarin ár í beinar greiðslur, hvort sem menn kalla það arð eða eitthvað annað. Þurfa þeir snillingarnir á fjárlagaskrifstofunni, item hæstv. ráðherra ekki aðeins að hugsa um tekjuhliðina þó að útgjaldahliðin verði kannski í lagi, að það verði ekki beinlínis þörf á að punga út peningum í þessa einkavæðingu? Það er gott og blessað. En hitt er öllu lakara að tekjur ríkissjóðs stórminnka af þessum sökum. Og sú hætta blasir auðvitað við í samhengi við það sem ég hef farið yfir og varðar þessa einkavæðingarsýki sem þarna kemur fram að Póstur og sími sem slíkur verði ekki í stakk búinn til þess að greiða jafnmyndalegan arð til ríkissjóðs plús það sem mestu máli hefur þó skipt, þ.e. að stofnunin hefur í krafti stærðar sinnar og afkomu getað verið á fullu við það undan farin ár að byggja upp eitthvert nútímalegasta og þróaðasta fjarskiptanet í heimi fyrir eitt land eins og Ísland. Fari menn bara hvert sem þeir vilja til þess að reyna að finna aðstæður sambærilegar við Ísland þar sem 260 þús. manns búa í 100 þús. ferkílómetra landi eins og við gerum og búa samt við eitthvert fullkomnasta og ódýrasta fjarskiptakerfi í heiminum. T.d. er það þannig og var rifjað upp þegar hf.-frumvarpið var rætt, að íslenska símkerfið var fyrsta símkerfið í heiminum svo vitað sé sem varð fullkomlega stafrænt. Hvað þýðir það að símkerfið sé fullkomlega stafrænt? Það þýðir að það getur tæknilega þjónað öllum nútímalegum rafeindakerfum sem byggja á stafrænum boðum og gamla hliðræna kerfið gat ekki. Þetta þýðir að allir Íslendingar í hvaða símstöð sem þeir eru geta verið með tónvalssíma og geta verið með stafræn tæki eða tól sem lesa slík boð. Það skiptir ekki litlu máli.

Þess vegna er það, herra forseti, dálítið skrýtið að um þennan þátt sé fjallað með jafnléttvægum hætti og hér er gert. Hvað með þessa tvo undirstöðuþætti, þ.e. peninga og getu til að halda áfram að byggja upp og þróa hér fjarskipti? Hver á að gera það ef fótunum verður kippt undan Pósti og síma? Og hvað með arðgreiðslurnar í ríkissjóð? Hvað með þær? Skipta þessir peningar þá allt í einu engu máli?

Herra forseti. Það er mín niðurstaða eftir að hafa skoðað frv. til laga um breytingu á fjarskiptalögum að það séu enn síður forsendur til þess að afgreiða breytingarnar á Pósti og síma en áður vegna þess að hér er gengið með gjörsamlega ófullnægjandi hætti frá mikilvægustu þáttum þessa máls að mínu mati. Það er ekkert annað að gera en taka bæði þessi frv. og senda þau til föðurhúsanna og gefa sér mikið betri tíma í að skoða þessi mál öll saman og taka þau þá hér til umfjöllunar á næsta þingi.

[14:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði í athyglisverðri ræðu sérstakt orð á því að ég væri óskipulagður í þessum málum (**SJS:** Stundum.) og er ég honum þakklátur fyrir það, vegna þessarar skoðunar hans, að hann skyldi hafa endurtekið helstu efnisatriði ræðunnar þrásinnis og vona ég að ég hafi nokkurn veginn gripið það þess vegna við endurtekninguna hvað hann var að fara.

Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta það hjá hv. þm. að eitthvað hafi komið fram í hans ræðu sem ekki hafi komið fram áður. Þessi atriði öll sem hann rakti voru þrautrædd við 1. umr. um frv. um Póst og síma hf., öll þrautrædd og er hægt að víkja að nokkrum efnisatriðum eftir því sem tími vinnst til.

Í fyrsta lagi er skýrt kveðið á um það í 1. gr. frv. um Póst og síma hf. að Póstur og sími hf. skuli taka við öllum réttindum og skyldum Póst- og símamálastofnunar. Og það var sérstaklega tekið fram þar að auki og tíundað af mér að Póstur og sími hf. mundi vera sá rekstraraðili sem færi með einkarétt Póst- og símamálastofnunar eða einkarétt ríkisins. Það er auðvitað út í hött hjá hv. þm. að halda því fram að ríkið muni ekki áfram eiga fjarskiptanetið. Þvert á móti er kveðið á um það í 1. gr. frv. um Póst og síma hf. að ríkið skuli eiga Póst og síma hf. 100%, það skuli gefið út eitt hlutabréf, það skuli vera í eigu ríkisins og þar af leiðandi óheimilt að selja það nema samþykki Alþingis komi til og er hið sama að segja um undirhlutafélög sem stofuð yrðu, dótturhlutafélög. Þau skulu líka vera í eigu ríkisins eins og kemur fram í 2. gr. þannig að þessi fullyrðing hv. þm. er út í hött.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar ef hæstv. ráðherra hefur tekið orð mín um óskipulegheitin illa upp. Það var alls ekki ætlunin. Ég var fyrst og fremst að vísa til þess að til að auðvelda hæstv. ráðherra störfin, þá tölusetti ég spurningarnar, líka í eigin þágu þannig að ég fengi frekar skilmerkileg svör í réttri röð. Það er hvort sem er í tísku og hefur lengi verið að tala um hlutina í fyrsta lagi, öðru lagi og þriðja lagi og þarf ekki að hafa frekari orð um það. Það hefur orðið ákveðið einkennistákn ónefndra stjórnmálamanna hér að tala um hlutina þannig.

Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að þeir undirstöðuþættir sem varða skipulag fjarskiptamálanna sérstaklega hafi verið til umræðu með þeim hætti sem ég gerði að umtalsefni hér þegar hf.-frumvarpið um Póst og síma kom á dagskrá á dögunum. Þá lágu þessir hlutir ekki þannig fyrir að hægt væri að ræða um þá eins og nauðsynlegt er. Og það eru engin svör að vísa til þess að í byrjun sé ætlunin að Póstur og sími hf. yfirtaki réttindi og skyldur þær sem nú eru hjá Pósti og síma vegna þess að ef menn samtímis breyta fjarskiptalögunum þannig að í kjölfarið verði hægt að framselja einstaka hluti til annarra aðila, þá verður a.m.k. að liggja fyrir í fyrsta lagi hvort menn vilja það og í öðru lagi hver sé þá stefna framkvæmdarvaldsins sem fer með þetta mál. Mun hæstv.

ráðherra í framhaldinu beita ákvæðum fjarskiptalaganna ef svo verður sem hér er lagt til, til að lima sundur Póst og síma hf., afhenda einstökum aðilum ákveðna þætti o.s.frv? Það er það sem er verið að spyrja um hér, ekki hinn lögformlega frágang málsins eins og hann liggur fyrir samkvæmt frv. því að reynslan hefur líka sýnt að það er afar lítið að marka slíkt og mætti taka t.d. svikin loforð ráðherra í núverandi ríkisstjórn varðandi einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins og fleiri slíka hluti til marks um það að orðin hafi ekki staðið lengi þegar þetta á í hlut.

[14:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna tímatakmarkana verður ræðan sundurlausari en ella. Í 13. gr. frv. sem hér er til umræðu er kveðið skýrt á um að þegar Póstur og sími hf. tekur til starfa veitir samgrh. félaginu rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. laganna eins og þau verða og skal það rekstrarleyfi gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga eða reka almennt fjarskiptanet. Hér er með öðrum orðum í bráðabirgðaákvæðum skýrt kveðið á um að Póstur og sími hf. skuli fara með einkaréttinn og það sem hv. þm. sagði um þau efni er því á misskilningi byggt.

Hin rótgróna andúð hans á því að Póst- og símamálastofnun skuli breytt í hlutafélag kom hins vegar mjög skýrt fram hjá hv. þm. og er ástæða til að tíunda það sérstaklega. Hann talar um einkavæðingarsýki sem felst í þeirri formbreytingu að stofnun er breytt í hlutafélag sem þó sé í eigu ríkisins 100%. Það kallar hann einkavæðingarsýki sem sýnir glögglega að hann telur rétt að fjarskiptaþjónusta hér á landi sé áfram rekin af opinberri stofnun og að við með þeim hætti förum ekki sömu leið og grannþjóðir okkar. Það er auðvitað skoðun út af fyrir sig. Ég hef hins vegar gert grein fyrir því að ég tel að sú leið sé ekki fær og hljóti að leiða til glötunar, draga úr rekstraröryggi starfsfólks Pósts og síma og valda því að stofnunin hljóti að dragast aftur úr í samkeppni við erlend fjölþjóðafyrirtæki sem eru þegar farin að ryðja sér til rúms hér og þreifa fyrir sér um það að fá íslenska aðila til samstarfs í samkeppni við Póst og síma hf. á öllum sviðum fjarskiptaþjónustu frá ársbyrjun 1998.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er beinlínis rangt hjá hæstv. ráðherra að ég stjórnist af einhverri taumlausri andúð á einkarekstri eða því að breyta í vissum tilvikum rekstrarformi opinberra stofnana. Ég tók það einmitt skýrt fram þegar Póstur og sími var til umræðu að það eitt og sér, ef ekkert annað héngi á spýtunni, gæti vel komið til sjálfstæðrar skoðunar. Ástæðan fyrir því að menn eru tortryggnir er reynslan af framgöngu fyrrv. ríkisstjórnar og þessarar ríkisstjórnar í þessum málum. Sporin hræða og það þýðir ekkert að koma hér og segja: Ríkið á að eiga þetta 100% og það á bara að vera eitt hlutabréf, eins og það sé gulltrygging fyrir því að ekki sé hægt að breyta neinu. Og hæstv. ráðherra tyggur þetta aftur og aftur með eina hlutabréfið. Menn hljóti að átta sig á því af því að þetta er eitt bréf, eitt blað en ekki mörg, þá sé þetta allt í lagi, eins og þetta blað sé óumbreytanlegt eða úr stáli. Auðvitað er þetta fjarstæða og það hefur gerst trekk í trekk að menn hafa reynt að læða hér í gegn lagabreytingum um einkavæðingu stofnana. Menn hafa fullyrt að það stæði ekki til að selja þær en rokið til um leið og þær heimildir voru komnar og afhent þær eða selt á hálfvirði. Þetta sýnir reynslan; endurtryggingin, lyfjaverslunin, síldarmjölið, allt þetta. Og er nema von að menn séu að verða dálítið tortryggnir á *það hvernig að þessum hlutum er staðið auk alls sem tengist* framgangsmátanum gagnvart starfsfólki o.s.frv. Það hefur líka legið fyrir að á bak við tjöldin eru þeir menn sem miklu ráða um framkvæmd málanna, ekki hæstv. ráðherra sem er kannski skár sinnaður í þessu heldur en ýmsir aðrir, sem viðurkenna það, segja það opinberlega að það þjóni engum *tilgangi að vera að „háeffa" bankana eða Póst og síma nema* það eigi að selja þá. Formaður einkavæðingarnefndarinnar eða reyndar tveir formenn úr einkavæðingarnefndum hafa misst þetta út úr sér. Þeir hafa talað frá hjartanu og þess vegna er von að maður taki það ekki gilt þó að einn hæstv. ráðherra, mikill sem hann er, komi hér og segi: Þetta er allt *í lagi af því að það er bara eitt hlutabréf og ríkið á að eiga* 100%. Það bara dugar ekki í ljósi reynslunnar hvernig með þessi mál hefur verið farið. Þess vegna þarf að skoða þetta mikið betur, herra forseti, og það er alveg ótækt að afgreiða þessi mál nú á vorþingi.

[14:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir er í raun eitt þriggja sem lúta að breytingum á breyttu umhverfi póst- og símamála og fjarskiptamála í landinu öllu. Í annars stuttri og snaggaralegri ræðu ráðherra sem að sönnu upplýsti ekki neitt sérstaklega mikið og heyrðist illa út í sal heyrði ég það þó að hér er sannarlega um að ræða fylgifisk og fylgifrumvarp með frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Það eitt heyrði ég. Raunar gildir það sama um frv. til laga um breytingar á póstlögum. Á hinn bóginn átti framsöguræða hæstv. ráðherra það sammerkt ræðu hans hér fyrir nokkrum vikum þegar hann mælti fyrir frv. um rekstur Pósts og síma og „háeffingu" þess fyrirtækis að það vantar algerlega alla framtíðarsýn, alla stefnumörkun og öll svör við þeim gildu spurningum um það hvers konar framtíðarsýn ráðherrann hefur í þessum efnum, bæði varðandi ytri umgjörð og efnisinnihald. Þetta frv. um fjarskipti svarar þessu í engu. Það eru tvær skýringar á því. Annaðhvort hefur ríkisstjórnin alls enga stefnu í þessum efnum ellegar, sem er þó sennilegra, að ríkisstjórnin forðast það að segja hlutina eins og hún hugsar þá. Með öðrum orðum, þau sjónarmið eru gild sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti áðan í þá veruna að þegar 1. gr. frv. sem hér er til umræðu er lesin saman með 2. gr. frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, þá gerir hún í raun ráð fyrir því að allt megi gerast, allt sé unnt ef ráðherranum dettur það í hug. Þá er ég, virðulegi forseti, að vísa til frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Pósts og síma þar sem kveðið er á um að hinu væntanlega hlutafélagi Pósts og síma sé heimilt að standa að stofnun og *gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum og engar* hömlur á það settar. Það er eingöngu eigandi þessa eina bréfs, samgrh., sem um það getur tekið ákvörðun. Í samgn. hafa menn einmitt verið að ræða afleiðingar af þessu, þ.e. menn hafa með réttu bent á það hver sé réttur starfsmanna í nýju hlutafélagi Pósts og síma. Menn hafa reynt að finna svör við *því. Á sama hátt hafa engin svör fengist við því hver sé réttur* starfsmanna í dótturfyrirtæki Pósts og síma hf. Og einnig, ef menn halda áfram þessari röksemdafærslu, er ákvæði í frv. til laga um Póst og síma hf. þar sem tekið er skýrt fram að sala þess skuli óheimil án atbeina Alþingis. Gildir það líka um þau dótturfyrirtæki sem hæstv. ráðherra er heimilt að stofna

ef honum sýnist svo? Lögfræðingar eru alls ekkert á eitt sáttir um það. Þess vegna er það hárrétt sem sagt hefur verið um 1. gr. þessa frv. um fjarskipti, að þar er þessi heimild opnuð. Tékkinn er algjörlega óútfylltur. Ráðherra getur eins og honum sýnist framselt þetta einkaleyfi til þeirra sem honum kemur til hugar. Þetta vekur grunsemdir um hvort verið sé að lauma einkavæðingunni inn bakdyramegin án þess að segja það. Sá sem hér stendur hefur alls engar fastmótaðar skoðanir á því að þessi rekstur skuli allur vera undir ríki um ókomna tíð, alls ekki. Þvert á móti er hann tilbúinn að ræða það á málefnalegum grunni hvers konar fyrirkomulag er heppilegt í því sambandi. Honum er líka ljóst eins og fram kemur í frv. að þessi víðtæki einkaréttur á fjarskiptum fellur niður 1. janúar 1998 að stórum hluta, þó ekki að öllu leyti. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra í því sambandi til að gera okkur hv. þm. grein fyrir því í hverju þessi breyting muni felast fyrst og síðast. Hvernig birtist þessi breyting okkur 1. janúar 1998 þegar reglur Evrópusambandsins taka gildi? Á hvaða sviðum mun einkarétturinn falla niður og á hvaða sviðum ekki? Það er deilt um það, þ.e. verður heimilt að ríkið eigi grunnnetið áfram og selji aðgang að því? Eða er það svo að ríkinu sé jafnvel óheimilt að eiga það og þurfa að selja það eða ráðstafa því til félaga í sinni eigu? Það væri fróðlegt ef ráðherrann gæti í ítarlegu máli, ekki andsvari, farið yfir það og lýst því fyrir okkur hv. þm. hvernig þessi mynd komi til með að birtast okkur.

Virðulegi forseti. Ég benti á það hér í upphafi að frv. til laga um fjarskipti og raunar frv. til laga um breytingar á póstlögum eru auðvitað nauðsynleg frv. til hliðar við frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Pósts- og símamálastofnunar. Ég spyr því enn og aftur hvers vegna í veröldinni fylgdu þau frv. ekki þessu frv. til breytinga á Pósti og síma hf.? Hvers vegna er verið að koma með þetta inn í þingið um það bil fimm vikum eftir að það frv. var kynnt og farið í ítarlega umræðu um það mál? Hvers konar handarbakavinnubrögð voru það? Var þessi vinna ekki innt af hendi þegar menn lögðu stóru línurnar í „háeffingu" Pósts og síma? Var þetta vinna sem menn voru að vinna nú á síðustu dögum og vikum til samræmingar við móðurfrv.? Þetta eru vinnubrögð, virðulegur forseti, sem maður hlýtur að gagnrýna mjög harðlega og gera það að verkum að hv. samgn. hlýtur að lenda aftur á byrjunarreit í sinni vinnu. Samgn. hefur verið að vinna sína heimavinnu í frv. til formbreytingar á Pósti og síma en þar hefur ákveðnum grundvallarspurningum verið ósvarað vegna þess að ekki hafa legið fyrir hugmyndir ríkisstjórnarinnar um breytingar á því sem breyta þarf, póstlögum og fjarskiptalögum. Ég dreg mjög í efa að samgn. takist á þeim örstutta tíma sem eftir lifir þings að ljúka þessari nauðsynlegu vinnu. Eða er það kannski ekki á stefnuskrá ráðherrans hæstv. að Alþingi afgreiði þessi frv. til laga um póstlög og fjarskiptalög? Er það jafnvel hugmynd hans að þau verði látin bíða eitthvað fram á haustið? Er það unnt? Ég minni enn og aftur á að samkvæmt frv. til laga um formbreytingu á Pósti og síma á sú nýja stofnun að fara af stað á haustdögum. Raunar eiga þau lög ef ég man rétt að taka gildi einhvern tímann í sumarbyrjun en í frv. er kveðið á um að hin nýja stofnun Pósts og síma hf. eigi ekki að taka til starfa fyrr en á haustdögum. Menn hafa því spurt hver eigi að sinna skyldum sem á félaginu hvíla frá því að lögin taka gildi og þar til Póstur og sími hf. á að verða að veruleika. Það eru fjórir mánuðir. Og fróðlegt verður að heyra svör hæstv. ráðherra um það hvernig hann hafi hugsað sér þetta tímabil og hvernig menn ætli að sinna þjónustu Pósts og síma á þessum mánuðum.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að árétta þessa grundvallarspurningu. Það er ljóst í öllum þessum frv. að heimildin til ráðherra er mjög rúm. Hann getur nánast gert það sem honum sýnist. Því hlýtur spurningin að vera þessi: Hvað hyggst ráðherra gera við þessar víðtæku heimildir sínar? Í engu er því svarað í frv. til fjarskiptalaga og því síður í frv. til formbreytingar á Pósti og síma. Þess vegna hlýt ég að árétta þessa grundvallarspurningu: Er það hugmynd ráðherrans og telur hann sig hafa þá heimild, það er líka fróðlegt að heyra álit hans á því, að hann geti með stofnun dótturfyrirtækja, með því að brjóta upp Póst og síma hf. með því að færa það í hinar ýmsu deildir, telur hann sig hafa þá heimild óskoraða? Hefur hann álit á því og hefur hann látið skoða í sínu háa ráðuneyti hvernig réttarstaða starfsmanna sé, til að mynda í dótturdótturfyrirtæki Pósts og síma hf.? Enn og aftur: Er ráðherrann sammála mér um það að ákvæði í frv. um Póst og síma um að atbeina Alþingis þurfi ef selja á, gildi líka um dóttur- eða dótturdótturfyrirtæki Pósts og síma hf.?

Gildir það líka ef Póstur og sími hf. tekur þá ákvörðun að kaupa þriðja fyrirtækið, hugsanlega erlent fyrirtæki? Þarf þá atbeina Alþingis ef Pósti og síma hf. dettur í hug að selja sinn hlut í því fyrirtæki? Þetta eru lögfræðileg álitaefni en alls ekki eingöngu tæknísk. Þau eru fyrst og fremst pólitísk og bráðnauðsynlegt, virðulegi forseti, að menn viti hug hæstv. ráðherra í þessum efnum þannig að menn séu ekki að ræða þetta frv. hér og þessi frv. á einhverjum lausun nótum heldur á grundvelli þeirrar stefnumörkunar sem ég hlýt að ætla að að baki liggi af hálfu ríkisstjórnar og hæstv. samgrh.

Að öllu samanlögðu er lítið annað um þetta frv. að segja en að það dregur dám af faðerni eða móðerni sínu. Það svarar í engu þeim grundvallarspurningum sem það á að gera. Þetta er stórgallað frv. til laga um breytingar á Pósti og síma og breytingu til þess að gera það fyrirtæki að hlutafélagi.

[14:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist þó mér hafi dottið í hug að sameining vinstri flokkanna sé komin lengra á veg en maður ætlaði ef marka má ummæli þeirra tveggja þingmanna hinna svokölluðu A-flokka. (**Gripið fram í:** Þú er ekki boðinn í það kaffiboð, er það?) Annars vegar sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að menn hefðu löngum lætt inn lagaákvæðum og síðan rokið til og selt fyrirtæki. Hinn talaði um að lauma einkavæðingunni inn bakdyramegin. Það er sami hugsunarhátturinn hjá báðum. Báðir þessir þingmenn, bæði þingmaður Alþfl. og þingmaður Alþb., lýstu því yfir að þeir væru á þessari stundu á móti því að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag.

Það er sérstaklega athyglisvert að sú stefna skuli koma fram frá fulltrúa Alþfl. og einnig að hann skuli tala um að undirbúningsvinnan við samningu frv. um Póst- og símamálastofnun skuli hafa verið — hvað á ég að segja — handahófskennd og ekki nægilega grunduð. Ég vissi ekki betur en að ráðuneytið hefði sérstaklega gert ráðstafanir til að bæði fulltrúar starfsmanna Pósts og síma og þeir þingmenn sem sæti eiga í samgn. fengju tækifæri til að kynna sér starfsemi sambærilegra fyrirtækja í Noregi og Danmörku, starfsmennirnir einnig í Svíþjóð, og þeir hefðu kynnt sér þar hvaða rök eru á bak við þá nauðsyn að breyta opinberri stofnun í hlutafélag svo hún geti staðist þá samkeppni sem

nú er á fjarskiptasviði. Sú samkeppni fer yfir öll landamæri. Nú er svo komið, eins og ég rakti í framsöguræðu minni fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Pósts- og símamálastofnunar, að Norðurlöndin eru farin að keppa innbyrðis á fyrrum markaðssvæði hvers annars. Danir í Svíþjóð og Svíar í Danmörku. Norðmenn í Svíþjóð og Svíar í Noregi. Þannig að við höfum ekki lengur hin gömlu landamæri. Það er ekki lengur sú gamla kratavernd til staðar þegar við erum að tala um opinberar stofnanir af þessu tagi.

Raunar er ekki nýtt að ýmsir af þingmönnum Alþfl. reyni að halda í gömlu einkavæðingarhugmyndirnar. Þótt aðrir þingmenn Alþfl. séu á öðrum nótum og vilji feta þar sömu götur og við sjálfstæðismenn þá eru eftir sem áður ýmsir innan Alþfl. á sínum gömlu slóðum og vilja ganga sínar gömlu junkaragötur svo töluð sé vestur-skaftfellska.

Hv. þm. spurði hvort ríkið mætti eiga grunnnetið og selja aðgang að grunnnetinu eftir 1. jan. 1998. Auðvitað hlýtur einhver að eiga grunnnetið. Með því að gert er ráð fyrir að grunnnetið falli til og verði eign Pósts og síma hf. og Póstur og sími hf. verði í eigu ríkisins þá mun ríkið eiga grunnnetið eftir 1. jan. 1998 nema Alþingi samþykki annað. En auðvitað getum við ekki, hvorki ég né hv. þm., skuldbundið Alþingi fram í tímann. En eins og þetta frv. liggur fyrir er gert ráð fyrir að ríkið eigi grunnnetið. Auðvitað mun Póstur og sími hf. og þar með ríkið taka peningagreiðslur fyrir afnot af grunnnetinu. Út á það ganga viðskipti. Þetta er eðlilegur viðskiptaháttur. Það er svo í dag og verður áfram þótt Póst- og símamálastofnun verði breytt í hlutafélag og einkarétturinn verði afnuminn.

Hv. þm. spurði hver væri réttur starfsmanna Pósts og síma hf. Það er nákvæmlega rakið hér í 8. gr. frv. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Hann spurði síðan hver væri réttur starfsmanna í dótturfyrirtæki Pósts og síma hf. og í dótturdótturfyrirtæki Pósts og síma hf. Menn geta náttúrlega farið lengra aftur í ættartölu ef þeim sýnist. En ég hygg að yfirleitt sé það þannig að réttarstaða starfsmanna hlutafélaga sé svipuð og raunar hin sama að öðru jöfnu hvert sem hlutafélagið er. Um þessi hlutafélög gildir þó sem er mikilsvert að fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar taka með sér þann rétt sem þeir höfðu áður unnið sér fyrir formbreytinguna til hins nýja félags.

Ég hygg að það sé líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að í 2. mgr. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að Pósti og síma hf. sé heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfsemi þess. Þetta felur auðvitað ekki í sér heimild til að selja síðan slík félög. Þetta felur það í sér að fyrirtækinu er t.d. heimilt að reka póstinn í sérstöku hlutafélagi og fjarskiptaþjónustuna í öðru og má kannski hugsa sér að Póstur og sími hf. verði eignarhaldsfyrirtæki þegar svo er komið. Um þetta eru á þessari stundu engar áætlanir. Það er mjög flókið verk að undirbúa breytinguna 1. jan. 1998 og alls ekki á borði samgrn. að ganga lengra fyrir þann tíma. Vangaveltur um það hvort um aldamótin eða á næstu öld verði gengið í að aðskilja rekstur pósts og fjarskipta í tvö hlutafélög eru auðvitað fróðlegar, en á þessari stundu hafa þær ekki efnislega þýðingu. Hitt er ljóst að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er Pósti og síma hf. heimilt að eignast hlut í öðrum fyrirtækjum um margvíslegan rekstur sem tengist starfsemi þeirra. Þar getur verið um að ræða þróunarstarf og þar getur t.d. verið um að ræða sameign um streng eins og lagður hefur verið frá Kanada um Ísland til Evrópu og þar fram eftir götunum.

Ég held að það þjóni ekki tilgangi að reyna að snúa út úr þessum frumvarpsákvæðum. Ef það er rétt sem hv. þm. segir, og ég dreg það auðvitað ekki í efa fyrst hann segir það hér, að lögfræðingar séu ekki á eitt sáttir um það hvernig skilja beri 2. gr. frv. hlýtur nefndin að taka slíkar lögfræðilegar greinargerðir og álitsgerðir sem henni berast til athugunar. Auðvitað hefur stjórnarandstaðan öll tök á því að sýna fram á ef svo er að lögfræðingar hafi ekki sama skilning á þessum ákvæðum. Ég hygg að einfalt sé að kveða nánar á um það í nál. við 2. umr. og enginn misskilningur eigi að þurfa að koma upp af þessum sökum. Skilningur minn liggur fyrir og er auðvelt að benda á hann. Ef ég man rétt er kveðið skýrt á um þetta í greinargerð með frv. Ég hygg að ástæðulaust sé að hafa um þetta fleiri orð.

Ég vona að það sé misskilningur að hv. þm. telji ástæðu til að gera þá vinnu sem þegar hefur farið fram bæði í nefndinni og raunar á fyrri stigum málsins að engu vegna þess að það frv. sem hér um ræðir er nokkru seinna á ferðinni en upphaflega stóð til. Ástæðan er sú að nú er verið að vinna að því í samgrn. að endurskoða lög um fjarskipti í heild, en ég lagði áherslu á að frv. yrði einskorðað við óhjákvæmilegar breytingar vegna formbreytingarinnar þannig að í þessu frv. á þskj. 722 væri ekkert það ákvæði sem ekki beint tengdist þeirri formbreytingu sem gerð verður á Póst- og símamálastofnun. Slík vinnubrögð hljóta að auðvelda samgn. athugun málsins og vinnu við frv. í nefndinni. Ég held þess vegna að það sé engin ástæða til að vinnan þurfi að dragast eða tefjast. Þessi atriði liggja ljós fyrir og ráðuneytið og þeir sem koma að samningu þessara mála eru reiðubúnir til að láta einstökum nefndarmönnum í té allar upplýsingar utan nefndarfunda ef óskað er. Auðvitað mun ráðuneytið, Póst- og símamálastofnun og aðrir sem að verkinu hafa komið vera reiðubúnir til að mæta á fundum nefndarinnar ef óskað er. Þannig að upplýsingar á ekki að skorta. Við erum allir af vilja gerðir til að greiða fyrir málinu eins og okkar þekking og geta stendur til.

[14:43]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gagnrýndi það með réttu í ræðu minni að heppilegast og skynsamlegast hefði verið að þau þrjú frv. sem snúa að þessum málum öllum hefðu komið fram samtímis í þinginu þannig að umræðan hefði getað farið fram með heildstæðum hætti. Það breytir því ekki að ég get vel áréttað, ef hæstv. ráðherra líður þá betur, að ég þakkaði sérstaklega fyrir að ráðuneytið og Póstur og sími skyldu hafa frumkvæði að því á sínum tíma að gefa þingmönnum í samgn. kost á að kynna sér fyrirkomulag þessara mála erlendis. Ég get ítrekað það hér og nú. Það breytir ekki því að frv. það sem frá hæstv. ráðherra og hans starfsmönnum kom var rýrt í roðinu. Þar vantaði svör við ýmsum grundvallarspurningum sem vakna. Og þær vöknuðu einmitt vegna þess að þingmenn margir hverjir sáu ýmislegt sem þörf er á að fá svör við og skoða mjög rækilega í ágætri ferð til Noregs og Danmerkur á hausti liðnu.

Hvað varðar vangaveltur hans um einkavæðingu eða ekki einkavæðingu lýsti ég því hér yfir í umræðum um Póst og síma og raunar aftur áðan að það eru ekki trúarbrögð af minni hálfu hvers konar rekstrarfyrirkomulag er á þjónustustofnunum á borð við Póst og síma. Við eigum að viðhafa þann rekstur sem heppilegastur er og ódýrastur fyrir þegnana og veitir besta þjónustu. Það er ekki flóknara en svo. Spurningin er hins vegar þessi: Hvað er átt við með þessum frv.? Er hér

verið að einkavæða eða er ekki verið að einkavæða? Seinni ræða hæstv. ráðherra gefur engin svör við því. Ég er engu nær. Eins og ég gat um, er um í 1. gr. þessa frv. um fjarskipti og 2. gr. frv. til laga um formbreytingu Pósts og síma opin heimild til ráðherra. Það var hins vegar merkileg yfirlýsing af hans hálfu, sem ég þakka fyrir, að hann lítur svo á að ef stofnuð verði dótturfyrirtæki Pósts og síma hf., sem ég tel allar líkur á, þá taki skilyrðið um að Alþingi komi við sögu ef um sölu verður að ræða einnig til þess. Ég hlýt þá einnig að álykta með hliðsjón af þessu að hæstv. ráðherra líti þannig til að réttarstaða starfsmanna breytist ekki á einn eða neinn hátt þótt þeir verði hugsanlega ráðnir af Pósti hf. sem er í eigu Pósts og síma. Er það réttur skilningur, hæstv. ráðherra?

[14:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er réttur skilningur að réttarstaða starfsfólks breytist ekki þó fyrirtækinu verði skipt í tvö fyrirtæki, annars vegar í póstsvið og hins vegar í fjarskiptasvið.

[14:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu svari hafi ég skilið það rétt. Er hæstv. ráðherra að segja með þessu að hann lesi það út úr frv. til laga um Póst og síma hf. að ef til þess kemur samkvæmt heimild í 2. gr. laganna að Póstur og sími hf. ákveði að skipta sér upp í tvo helminga, í Póst hf. og Síma hf., þá gildi 8. gr. laga um frv. til laga um Póst og síma hf. þar sem kveðið er á um að öllum fastráðnum starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar, þá hf., verði boðin staða hjá Pósti hf., þ.e. þessu nýja dótturfyrirtæki? Hvað viðvíkur ákvæðinu um að Alþingi komi nærri málinu er hugsanlegt í einhverri stöðu málsins að komi til sölu, sem enginn skal útiloka, er þá ekki skynsamlegt að skrifa þetta inn í texta frv. þannig að öllum sé það ljóst og við eyðum þeim vafa sem er sannanlega uppi og ekki aðeins af hálfu okkar stjórnarandstæðinga sumra hverra, heldur líka á vettvangi lögfræðinnar. Er ráðherra reiðubúinn til þess að ljá því lið sitt að stjórnarmeirihlutinn í samgn. og þá væntanlega með þátttöku stjórnarandstöðunnar skrifi þetta inn skýrt, klárt og kvitt þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um að réttarstaða starfsmanna breytist í engu komi til stofnunar dótturfyrirtækja. Bannið við sölu hluta í dótturdótturdótturfyrirtækjum sé til staðar nema Alþingi heimili annað. Með öðrum orðum, frv. gangi upp úr og niður úr, út og suður, það taki til þessarar framtíðarsýnar sem ég hef hér verið að lýsa. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til þess að ljá þessu lið sitt?

[14:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig satt að segja ekki á því hvað þessi spurningaþula á að þýða. Auðvitað hlýtur hv. þm. að vita það jafnvel og ég að Alþingi ákveður með lögum að tryggja starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar skilgreindan rétt í Pósti og síma hf., sem verður í eigu ríkissjóðs, þá hlýtur að verða að standa við það og þá er ekki hægt að breyta því með samþykkt á aðalfundi Pósts og síma hf. eða á stjórnarfundi hjá Pósti og síma hf. Auðvitað hljóta lögin að standa og þau ákvæði sem felast í þeim og eigandinn er ríkið sem verður að standa við þau.

[14:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir umhyggjuna fyrir okkur í A-flokkunum. Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra er nokkuð upptekinn af því hvernig gangi að sameina stjórnarandstöðuna. Til þess að gjalda líku líkt er kannski við hæfi að óska hæstv. ráðherra til hamingju með að hafa endurheimt formann sinn og forsrh. úr heljargreipum en eins og kunnugt er hefur hæstv. forsrh. uppgötvað að það eigi ekki við skapferli sitt að sitja á Bessastöðum og vissi ég það ekki fyrr að geðsveiflur gætu orðið svo miklar eftir því hvorum megin Skerjafjarðar menn sitja. (**Gripið fram í:** Klappa bara.) Það er spurning hvort það er leyfilegt að klappa hér þó að það sé gert annars staðar í húsinu.

(**Forseti** (ÓE): Er ekki rétt að halda sig við dagskrárefnið?)

Halda sig við dagskrárefnið? Ég er einmitt að fjalla um það dagskrárefni sem hæstv. samgrh. tók upp sem er sameining A-flokkanna. (**Samgrh.:** Fjarskipti.) Og fjarskipti í þeim efnum milli flokka eru ákveðin fjarskipti og sömuleiðis hafa þetta verið ákveðin fjarskipti varðandi hugsanlegt framboð hæstv. forsrh. til Bessastaða og er eins gott að síminn sé í lagi ef menn flytjast þangað.

Herra forseti. Að öðru leyti stendur það sem hér var sagt að það hefur gerst trekk í trekk að menn hafa laumað í gegn frumvörpum til þess að afla heimilda til að selja, afhenda eða gefa eignir ríkisins án þess að gefa upp hinn áformaða tilgang sinn. Síðan hafa menn brugðist þannig við að jafnskjótt og þeirra heimilda hefur verið aflað hefur verið rokið til og fyrirtækin seld með flausturslegum og ámælislegum vinnubrögðum sem sætt hafa harðri gagnrýni m.a. óháðra eftirlitsaðila eins og Ríkisendurskoðunar. Þetta liggur fyrir í skýrslum og í umræðum. Eða muna menn t.d. ekki eftir fjölmörgum gagnrýnisatriðum og ábendingum Ríkisendurskoðunar varðandi framgangsmátann við einkavæðingu SR? Muna menn ekki eftir hvernig gert var samkomulag á þingi um að ekki skyldi seldur nema helmingur hlutabréfa í Lyfjaverslun ríkisins að svo stöddu. Nokkrum mánuðum síðar hafði ríkisstjórnin, sem þá sat og er að miklu leyti sú sama enn, það samkomulag að engu og þvingaði í gegn heimild til þess að selja afganginn. Það pólitíska samkomulag hélt ekki nema í fáeina mánuði og svo mætti áfram telja. Það er því eðlilegt að menn séu á varðbergi gagnvart tilraun til þess að lauma einkavæðingu bakdyramegin inn í gegnum löggjöfina.

Það er einnig rétt að mínu mati að undirbúningi þessa máls er áfátt og það er líka galli að frumvörpin koma fram sitt í hvoru tagi. Ég vil að vísu endurtaka það að ég held að þar sé ekki við núverandi samgrh. að sakast, hann hefur ekki verið manna verstur í þessu. Hins vegar geldur hæstv. ráðherra ofstækismannanna í eigin flokki og að nokkru leyti nú orðið samstarfsmanna í ríkisstjórninni því að Framsfl. virðist vera að verða kaþólskari en páfinn, a.m.k. hluti af honum í þessum efnum. Hann er að skáka Sjálfstfl. að nokkru leyti í einkavæðingarofstækinu. En það er sama á meðan hvað er. Á meðan t.d. núv. hæstv. fjmrh. fer með það embætti sem á fundi úti í bæ talaði sig upp í slíkan hita í þessum efnum að hann vildi selja Búnaðarbankann á hálfvirði bara til þess að losna við hann, bara til þess að einkavæða hann. Það skipti ekki lengur máli hvort eitthvað fengist að ráði fyrir hann, það var slíkt sáluhjálparatriði að koma honum út. Meðan þessi hugsunarháttur er við lýði og ræður miklu í ríkisstjórn er náttúrlega ekki nema von að þingmenn séu tortryggnir.

Spurningarnar sem hér hafa verið bornar upp eru efnislegar og eðlilegar og þær eru nauðsynlegar og það þurfa að fást svör við þeim. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að tala um einhvern spurningaleik eða lista. Hæstv. ráðherra hefur gefið rýr svör, e.t.v. að einhverju leyti vegna þess að hann þorir ekki að svara til um hinn eiginlega tilgang og hina eiginlegu stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra er að reyna að læða einkavæðingu Pósts og síma í gegnum þingið með mildara yfirbragði en ýmis önnur einkavæðingarfrumvörp hafa fengið á sig. En þar sem svör hæstv. ráðherra eru rýrari hlýtur samgn. að þurfa að leggja meiri vinnu í málið og fá botn í það.

Ég endurtek nokkrar spurningar sem engin svör komu við. Sú mikilvægasta er þessi: Hvað verður um meðferð þessara mála frá og með 1. jan. 1998 ef við gefum okkur að það sem hér er verið að leggja til með bráðabirgðaákvæði og samanber svör ráðherra haldi? Hvað er áformað að gera í þessum efnum eftir 1. jan. 1998?

Hvað með kvaðir og skyldur á þá sem kynnu að fá einkaleyfabundinn rétt til starfa á sviði fjarskipta eftir 1998? Dettur hæstv. ráðherra í hug að Alþingi uni því að láta hlutina standa eins og þeir gera í 1. gr. frv.? Að vísu er sagt að ráðherra geti bundið það skilyrðum, lagt kvaðir eða skyldur á menn, en síðan ekki eitt einasta orð um það hverjar þær skyldur séu. Þetta gengur auðvitað ekki, hæstv. ráðherra. Hvað með kvaðir og skyldur eins og það að þjónusta á einhverju tilteknu sviði, taki einkaaðilar hana upp á annað borð, skuli þá veitt um allt land á sama verði? Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að festa slíkt í sessi? Það getur algerlega skipt sköpum um afstöðu þingmanna til að hafa slíka heimild fyrir hendi ef það er ljóst að hún er bundin slíkum mikilvægum skilyrðum.

Í öðru lagi um gjaldskrá. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að taka eina gjaldskrá fyrir slíka þjónustu inn í lögin þannig að það verði ekkert framkvæmdarvaldsmál?

Í þriðja lagi: Er hæstv. ráðherra tilbúinn til þess að stíga nú skrefið til fulls, sem er löngu tímabært og hefur dregist allt of lengi, að gera allt landið að einu gjaldsvæði í símamálum, að gera það nú strax og binda þá jafnframt í lög í framhaldinu að það sama skuli eiga við kynnu aðrir aðilar en Póstur og sími eða Póstur og sími hf. eða litli Póstur og sími hf., sonar- eða dótturfélag, hafa slíkar reglur? Ég held að það væri mjög mikilvægt atriði í þessum efnum ef menn drifu í því núna sem er löngu tímabært og hefði átt að verða orðið fyrir 2–3 árum í rökréttu framhaldi af þeim áföngum sem teknir voru í að jafna símkostnað að gera landið að einu gjaldsvæði í símamálum eins og það hefur lengi verið hjá póstinum. Ef það fyrirkomulag væri síðan við lýði á þessum tíma fram að 1998 mundi það að sjálfsögðu vera mikilvægt fordæmi í þessum efnum. Það yrði síður hætta á því að upp kæmi mismunandi gjaldtaka ef landið væri allt búið að vera eitt gjaldsvæði um nokkurn tíma.

Í fjórða lagi er spurning hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um það hver eigi að eiga grunnnetið lykilspurning. Ég fjallaði ítarlega um það mál og auðvitað komu engin svör frá hæstv. ráðherra nema útúrsnúningur. Svarið áðan í seinni ræðu hjá hæstv. ráðherra var: „Auðvitað verður einhver að eiga grunnnetið." Já, auðvitað verður einhver að eiga grunnnetið. Það getur ekki átt sig sjálft. En hver á að eiga það? Hver á að eiga grunnnetið ef Póstur og sími verður einkavæddur og seldur t.d. eftir 1998? Á grunnnetið þá að fara með Pósti og síma þannig að einhverjir einkaaðilar sem fengju Póst og síma, einhverjar vel valdar fjölskyldur eða vinir eða fyrirtæki, eignuðust sjálfa undirstöðu fjarskipta í landinu, grunnnetið? Það er spurningin. Eða er hæstv. ráðherra tilbúinn til að segja: Grunnnetið verður í eigu hins opinbera þannig að ef seinna meir kæmi t.d. til breytinga á eignarhaldi Pósts og síma fylgir grunnnetið ekki með vegna þess að ríkið ætlar að eiga grunnnetið til að tryggja jafnræði, til að tryggja þjónustu o.s.frv. Þetta er lykilspurning og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að reyna að snúa út úr og komast hjá því að svara. Það er augljóst að ekki er hægt að ganga frá þessum málum nema þannig að breytingin á Pósti og síma, sem er sjálfstætt mál út af fyrir sig og ég hef aldrei neitað að skoða ef réttar forsendur væru fyrir hendi, sé gerð í beinu samhengi við breytingar á fjarskiptalögum og póstlögum sem tryggja þessa hluti, sem tryggja að það komi ekki upp mismunun, sem tryggja að ekki verði margar gjaldskrár í gangi, sem tryggja að ekki komi einhverjir og fleyti rjómann ofan af, sem tryggja að réttindi starfsfólks verði ekki fyrir borð borin o.s.frv. Þetta verður allt að afgreiða samtímis og kosti það þann tíma sem það kosta vill.

[14:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. þm. varð tíðrætt um það sem hann kallar einkavinavæðingu og ég veit ekki hvort ég treysti mér almennilega í þá umræðu við hann því að hann er auðvitað kunnugur þeim málum frá ráðherratíð sinni. Ég held t.d. að það hafi tekist mjög vel til um söluna á hlutabréfunum í Þormóði ramma og ég held að sú ráðstöfun að ríkið skyldi selja þau þangað norður með þeim skilmálum og með því verði sem gert var hafi treyst byggð í Siglufirði og sé ekki eftir því þó að þar hafi nokkru verið til kostað af opinberri hálfu þó að ég minnist þess að Ríkisendurskoðun hafi gagnrýnt þá sölu á sínum tíma og talið að formaður Alþb. hafi kannski gert sig sekan um það sem nú um stundir er kallað einkavinavæðing. Það er kannski rétt að hafa það svart á hvítu hvort svo hafi verið.

Hv. þm. lagði enn fram spurningar sem búið er að svara margsinnis. Fyrsta spurningin laut að því hvað mundi gerast eftir 1. jan. 1998 og hvort tryggt yrði að þjónusta á afskekktum stöðum yrði veitt eins og nú er á sama verði og annars staðar. Um það er það eitt að segja að það er ákvæði um það í frv. um Póst og síma að heimilt sé að setja slík skilyrði og auðvitað veit hv. þm. að annað kemur ekki til greina. Það kostar mikla vinnu og mikinn undirbúning að skilgreina fyrir sér hvernig rétt sé að standa að útboði á því hverjum skuli veitt heimild til þess að annast fjarskiptaþjónustu hér á landi, GSM-þjónustu eða hvað annað sem við tölum um. Því miður er sú vinna ekki komin á lokastig enda er ekki gert ráð fyrir því að samkeppni komi til sögunnar fyrr en 1. jan. 1998 en til verksins hefur verið valið danskt verktakafyrirtæki sem er kunnugt slíkum málum frá öðrum Norðurlöndum í samvinnu við íslenska aðila. Það er guðvelkomið að frekari upplýsingar séu gefnar um þá vinnu í samgn. Mér er ekki kunnugt um hvernig sú vinna stendur á þessari stundu. Það er unnið eins hratt og hægt er en út frá því er gengið að skilgreina nákvæmlega hvaða þjónusta skuli veitt hér á landi, hversu víðtæk hún skuli vera og menn munu gera sér grein fyrir því hvort rétt sé að skylda öll fyrirtæki sem koma inn á þennan vettvang til að veita sambærilega þjónustu á landinu öllu. Þetta er óhjákvæmilegt að skilgreina og eins og ég hef áður sagt er sjálfsagt að þingmenn í samgn. fái að fylgjast með þeim málum og er ekkert að fela í þeim efnum.

Hv. þm. gerði það í öðru lagi að umræðuefni hvort rétt væri að landið allt væri gert að einu gjaldsvæði. Auðvitað er álitamál hvort slíkt eigi að setja inn í fjarskiptalögin. Eins og ég hef áður rakið í ræðu er ekki sá munur á kostnaði sem menn halda hjá heimilum úti á landi og á Reykjavíkursvæðinu og raunar er símkostnaður lægstur í Norðurl. e. Ástæðan er sú að á Reykjavíkursvæðinu eru aðeins 200 skref innifalin í fastagjaldinu en 400 skref úti á landi. Ef landið yrði allt gert að einu gjaldsvæði yrði skrefafjöldinn sá sami alls staðar eða félli niður með öðrum orðum.

Um grunnnetið vil ég svo að síðustu segja því að tíminn er að hlaupa frá mér að í frv. er gert ráð fyrir því að allar eigur renni til Pósts og síma hf. Póstur og sími hf. verður ekki seldur nema atbeini Alþingis komi til. Ef Alþingi kýs síðar meir að selja hluta af Pósti og síma hf. hlýtur Alþingi að taka afstöðu til þess hvaða eignir skuli selja og þá með hvaða hætti. Eins og þessi frumvörp liggja fyrir er gert ráð fyrir því að ríkið eigi grunnnetið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 711.

[15:05]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 frá 18. maí 1978, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 711 og er 405. mál þingsins.

Ástæðan fyrir því að frv. um þetta efni var nýlega samið í iðnrn. og síðan breytt eftir samráði við ýmis samtök í iðnaði er sú að ákvæði fimm gerða, sem voru hluti af EES-samningnum í upphaflegri mynd, hafa ekki enn verið tekin til fulls í landsrétt hér og barst ábending frá Eftirlitsstofnun EFTA þar að lútandi.

Að meginstefnu til veita gerðir þessar ríkisborgurum EES-ríkja rétt til starfa í iðnaði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfs og starfsþjálfunar nánar tiltekinn tíma, 6–8 ár. Með frv. er stefnt að nauðsynlegri breytingu á iðnaðarlögum til að tryggja þennan rétt. Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi iðnaðarmannafélagi hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt og lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðanna.

Iðnrn. getur kveðið nánar á um starfsréttindi í reglugerð með svipuðum hætti og aðrir ráðherrar hér á landi gerðu í lögum á þeirra sviði þegar breyting var gerð árið 1993 á grundvelli svipaðra EES-gerða.

Við þessa stuttu lýsingu á efni frv. bæti ég við að tvær iðnaðargerðanna fimm fjalla um flestar iðngreinar. Aðrar tvær um matvæla- og drykkjarvöruiðnað og ein um hárgreiðslu. Í öllum tilvikum gildir að starf og eftir atvikum þjálfun um 6–8 ára skeið í einu EES-ríki nægir til starfsréttinda í öðru EES-ríki. Í gerðunum felst ekki einungis að ríkisborgarar annarra EES-ríkja með starfsréttindi þar geta starfað hér á landi heldur einnig Íslendingar sem öðlast hafa sams konar starfsréttindi í öðrum EES-ríkjum. Jafnframt geta ákvæði gerðanna auðveldað íslenskum ríkisborgurum að starfa í iðnaði í öðrum EES-ríkjum á grundvelli starfsréttinda sem þeir hafa öðlast samkvæmt gerðum hér á landi eða í öðrum EES-ríkjum. Meginreglan með gerðunum er með öðrum orðum gagnkvæm viðurkenning á tilteknum starfsréttindum. Einstök ríki geta hins vegar gert strangari kröfur fyrir þá borgara sína sem öðlast starfsréttindi í iðnaði heima fyrir, t.d. krafist sveinsbréfs eða meistarabréfs. Halda ákvæði iðnaðarlaga um íslensk sveinsbréf og meistarabréf gildi sínu. Þær breytingar verða þó samkvæmt frv. að ríkisborgarar EES-ríkja geta öðlast rétt til starfa í iðngreinum á grundvelli starfsreynslu og starfsþjálfunar en þeir gætu ekki titlað sig sem íslenska sveina eða meistara og jafnvel ekki sveina eða meistara þar sem það gæti talist villandi.

Sérstök skilyrði eru sett í gerðunum um starfsréttindi. Þannig þarf ríkið þar sem starfsemi var stunduð að gefa út skilríki eða staðfesti að viðkomandi aðili hafi lagt stund á starfsemina. Ef ekki er skilyrði um starfsþjálfun í upphaflega ríkinu verður sá aðili sem vill fá starfstímann metinn í öðru EES-ríki að sýna fram á að ekki hafi meira en 10 ár liðið frá því að hann lagði stund á viðkomandi starfsemi. Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar staðfesti starfsréttindi en þeir gegna nú því hlutverki samkvæmt iðnaðarlögum, þ.e. láta af hendi iðnaðarleyfi og meistarabréf. Bætt er við að viðkomandi iðnaðarmannafélagi skuli gefinn kostur á að segja álit sitt. Fjárlagaskrifstofa fjmrn. fær ekki séð að samþykkt frv. hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

Þar sem dregist hefur að taka viðkomandi gerð upp í íslenskan rétt óska ég þess að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til iðnn. og það verði afgreitt á þessu þingi.

[15:09]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. en það er þó eitt atriði sem ég vildi fá nánari skýringar á hjá hæstv. ráðherra. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt að Alþingi afgreiði þetta mál fyrir vorþingið því að praktískt talað er þetta þýðingarmeira fyrir Íslendinga vegna umsókna um störf í öðrum löndum en fyrir aðra þá sem kunna að sækja íslenskan vinnumarkað heim. En það er þó eitt atriði í þessu máli sem ég vildi fá nokkuð gleggri skýringar á hjá hæstv. ráðherra.

Hér segir m.a. að hægt sé að öðlast réttindi eftir tiltekið starf eða nám í öðrum EES-ríkjum til starfsréttinda í viðkomandi iðngreinum sem munu vera flestar þeirra iðngreina sem löggiltar eru nú á Íslandi og eru ef ég man rétt milli 68 og 72 talsins. En þó er sagt hér, með leyfi forseta, í greinargerð:

„Ákvæði iðnaðarlaga um íslensk meistarabréf og sveinsbréf halda gildi sínu. Þær breytingar verða, ef frv. verður samþykkt, að ríkisborgarar EES-ríkja geta öðlast rétt til starfa í iðngreinum á grundvelli starfsreynslu og starfsþjálfunar. Viðkomandi geta þó ekki titlað sig sveina eða meistara.“ Með öðrum orðum geta viðkomandi ekki fengið útgefin sveinsbréf eða meistarabréf samkvæmt íslenskum lögum.

Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða starfsréttindi eru það þá sem til stendur að veita umræddum starfsmönnum? Ég veit ekki betur en það séu skilyrði fyrir starfsréttindum í löggiltum iðngreinum að sá sem þar starfar sé annaðhvort sveinn eða meistari. Það eru t.d. kröfur byggingarfulltrúa til þess að maður sem hefur iðnmenntun í húsbyggingum megi skrifa á teikningu hafi hann öðlast fullgilt meistarapróf. Það eru kröfur um það að til þess að einstaklingur geti unnið sjálfstætt að verki hafi hann lokið sveinsprófi. Það eru ekki til önnur starfsréttindi á Íslandi í löggiltum iðngreinum en annaðhvort starfsréttindi sveina eða starfsréttindi meistara því að aðrir hafa ekki réttindi til starfa í þeirri iðngrein á eigin ábyrgð. Þeir eru þá annaðhvort nemar sem veitir þeim

ekki starfsréttindi per se eða ófaglærðir starfsmenn í iðnaði, með öðrum orðum byggingarverkamenn. Hvaða réttindi eru það þá sem við bjóðum þeim upp á sem hafa fullgilt starfsréttindi í öðrum EES-löndum í viðkomandi iðngreinum ef þeir fá hvorki útgefin sveinsbréf né meistarabréf? Hvaða starfsréttindi hefur þetta fólk þá og hvað heita þau starfsréttindi?

Ber að skilja þetta svo að t.d. maður búsettur í Portúgal, sem hefur lokið þaðan starfsnámi sem veitir honum réttindi til þess að starfa sem iðnsveinn í húsasmíðum, fái þau réttindi ekki viðurkennt hér vegna þess að hann uppfylli ekki þá skilmála að geta talist iðnsveinn samkvæmt íslenskum lögum og t.d. annar maður í húsbyggingariðnaði í Grikklandi, sem hefur þar öðlast leyfi til þess að standa fyrir sjálfstæðum verkum sem slíkur, fái slík réttindi ekki á Íslandi af því að hann hefur ekki íslenskt meistarabréf? Hvaða starfsréttindi er þá hægt að veita þeim mönnum sem koma með slík starfsréttindi frá þeim löndum sem þeir búa í innan EES-svæðisins og geta hvorki fengið sveinsbréf né meistarabréf á Íslandi? Hvað heita þá, virðulegi forseti, þau starfsréttindi, sem gera þeim kleift að starfa í löggiltum iðngreinum á Íslandi? Eða erum við að búa þarna til tvöfalt kerfi, þ.e. aðilar frá öðru EES-landi fá réttindi til starfa og taka að sér verk í löggiltum iðngreinum á Íslandi sem Íslendingum er meinað að gera nema þeir ljúki meistaraprófi svo að dæmi sé tekið, prófi frá meistaraskóla og öðlist þar með réttindi sem iðnmeistarar. Þetta vildi ég gjarnan fá að vita hjá hæstv. ráðherra.

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spyr, þá er það svo, ég tek fyrst dæmið frá Portúgal. Trésmiður í Portúgal sem hefur réttindi til starfa í Portúgal á EES-svæðinu og hefur þar portúgalskt meistarabréf, hefur réttindi til þess að starfa á Íslandi og hefur sama rétt og Íslendingur sem hefur íslenskt meistarabréf en Portúgalinn fær ekki út gefið íslenskt meistarabréf. Með öðrum orðum, hv. þm., að þeir sem hafa rétt til starfa að ákveðinni atvinnugrein og geta sýnt fram á það með meistarabréfi frá viðkomandi landi hafa hér sama rétt og Íslendingar.

[15:15]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá verður að breyta skilyrðum byggingarfulltrúa í landinu vegna þess að skilmálar flestra byggingarfulltrúa eru þeir að þeir sem fá leyfi hjá þeim til þess að standa fyrir framkvæmdum verða að leggja með sér íslenskt meistarabréf. Ég vil aðeins benda á í þessu sambandi að það er talsvert öðruvísi fyrirkomulag í mörgum EES-landanna en í okkar landi. Hér öðlast menn ekki meistararéttindi nema fara í sérstakt meistaranám. Þar öðlast menn bæði sveins- og meistararéttindi með starfsnámi án þess að þurfa að fara í sérstaka skóla. Ég held að það sé nauðsynlegt að það liggi fyrir alveg ótvíræður skilningur á því og það tel ég mig skilja úr máli hæstv. iðnrh., að ef íslenskar kröfur um menntun stangast á við kröfur Evrópusambandsins eða þess lands í Evrópusambandinu sem viðkomandi hefur fengið sína menntun hjá, þá skuli það vera þau réttindi sem hann öðlaðist í sínu heimalandi sem ráða. Þó svo að þær kröfur kunni að vera minni og það miklu minni en gerðar eru til þeirra sem standa fyrir verkum á Íslandi, þá ræður sá réttur sem viðkomandi hefur öðlast í sínu heimalandi. Ég fæ ekki séð að hægt sé að túlka niðurstöðu af því sem ráðherra sagði áðan öðruvísi. Það er nauðsynlegt að þetta liggi fyrir frá upphafi, virðulegi forseti, svo að það komi ekki upp misskilningur um þessi efni síðar.

[15:17]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. iðnn. og á þar af leiðandi kost á því að fara aðeins yfir þau mál sem hér hefur borið á góma, m.a. þær spurningar sem fram komu hjá hv. 4. þm. Vestf. Þær tel ég að séu gildar og mikilvægar og hafi ekki verið svarað og þar af leiðandi sé óhjákvæmilegt að hv. þingnefnd fari rækilega yfir spurningarnar sem hv. þm. lagði fyrir hæstv. ráðherra en ráðherrann svaraði ekki.

Ég vil einnig vekja athygli á því, hæstv. forseti, að hér er um að ræða eitt mál af mjög mörgum á þessu þingi sem eiga ekki uppruna sinn í frumkvæði á Íslandi. Það væri satt að segja nokkuð fróðlegt að gera smá úttekt á því við tækifæri um það leyti sem þessu þingi lýkur, hversu stór hluti af frumvörpum sem hér er fluttur af ríkisstjórninni er Brusselpóstur. (**SighB:** Upphefð vor kemur að utan eins og þú veist.) Það er spurning, hv. þm., hversu mikil upphefð er fólgin í þessari speki sumri. En veruleikinn er að minnsta kosti sá að upphaf þessara mála kemur að utan, hvað sem upphefðinni líður. Það á einnig við um þetta mál og það er mjög merkilegt að hér er verið að löggilda á Íslandi ákvæði fimm gerða sem voru hluti af EES-samningnum í upphaflegri mynd en voru ekki að mati Eftirlitsstofnunar EFTA tekin upp í landsrétt hér á landi. Þegar við snerumst gegn aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, hver voru þá aðalrökin í okkar huga og í okkar málflutningi, m.a. mínum og hæstv. núv. félmrh.? Hver voru aðalrökin? Þau voru þau að frumkvæði til löggjafar yrði ekki lengur eingöngu í höndum Íslendinga heldur í höndum annarra, m.a. aðila sem við höfðum aldrei haft neitt með að gera. Íslendingar væru því í þeirri niðurlægjandi stöðu að þurfa að taka við niðurstöðum eins og þeim sem liggja fyrir í þessu frv. á færibandi frá Brussel og við yrðum að gera þær lögum á Íslandi hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Og ekki nóg með það að hér væri um að ræða gerðirnar frá Brussel, heldur er líka um það að ræða að ef Evrópudómstóllinn kemst að tiltekinni niðurstöðu, þá verður að gera þá niðurstöðu að lögum á Íslandi og Íslendingar eiga eins og kunnugt er enga aðild að Evrópudómstólnum. Ég hef orðað þetta stundum þannig að staða Íslendinga í þessu EES-kerfi er þar af leiðandi ótrúlega niðurlægjandi vegna þess að í fyrsta lagi verða menn að taka við pólitískum niðurstöðum og í öðru lagi verða menn að taka við dómstólaniðurstöðum og breyta þeim í lög á Íslandi hvort sem þeim líkar betur eða verr. Það er athyglisvert þegar kemur að málum eins og t.d. þessu frv. Hér er um að ræða fimm gerðir sem hefði átt að taka upp í landsrétt hér á landi við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Það var ekki gert en er verið að taka upp núna.

Hér er um að ræða fimm tilskipanir ráðsins eins og það heitir. Það er þannig kerfi sem komið er upp, það er úr rússnesku, sovét, ráð. (**Iðnrh.:** Kannast þingmaðurinn við það?) Þingmaðurinn kann það litla fyrir sér í rússnesku já. Þetta er ráð. Fimm tilskipanir sovétanna eru gerðar að lögum hér á einu bretti, hæstv. forseti, og þar með er staðan orðin sú að við erum dæmd til að taka þetta inn vegna þess að annars erum við að segja okkur frá samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er algerlega óþolandi staða fyrir Ísland og satt að segja er það óskandi að þær pólitísku umræður sem fram fara á Íslandi núna á næstu vikum og mánuðum, m.a. í

tengslum við forsetakosningar, snúist um það að hve miklu leyti Íslendingar eru sjálfstæð þjóð þegar menn verða að taka við trakteringum af þessu tagi án þess að gera hrært legg né lið. Það er fullkomlega niðurlægjandi, að mínu mati, hæstv. forseti.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra, en hann mun vera farinn að sinna störfum utanrrh.: Hvernig stendur á því að þessar gerðir ráðanna voru ekki teknar inn strax frá 1. janúar 1994? Gleymdist það í öllum pappírshaugunum sem komu frá utanríkisráðuneyti Alþfl. sem lagði fram 40–50 kg af pappír sem menn tóku og lögfestu eins og að drekka vatn með einföldum handaupprettingum á sínum tíma? Hvernig stóð á því að þetta var ekki tekið inn? Ég vil fá að vita það.

Í annan stað hafði ég hugsað mér að leggja spurningu fyrir hæstv. ráðherra og mun láta reyna á það í hv. nefnd varðandi það sem stendur hér, með leyfi forseta:

„Þá kann að reynast visst hald í jafnréttisákvæði EES-samningsins o.fl. sem hefur verið lögfest með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið."

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra að því hvert þetta vissa hald er sem þarna er nefnt að því er varðar réttindi og stöðu íslenskra iðnaðarmanna.

Loks kem ég að því atriði sem er alvarlegast í þessu máli fyrir íslenska iðnaðarmenn. Það snýr að skipasmíðum og skipaviðgerðum. Það er þannig að í þessu skjali er miðað við iðngreinaskiptingu samkvæmt alþjóðlegum staðli og hún er skyld skiptingu iðngreina hér á landi, þar sem flestar íslenskar iðngreinar falla undir þessa skiptingu samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 64/429. Undanþegnar þessu eru þó tvær mjög mikilvægar atvinnugreinar sem eru teknar út úr þessum lögum, þ.e. skipasmíðar og skipaviðgerðir annars vegar og lyfjaiðnaður hins vegar. Þá hef ég hugsað mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. ráðherra og þá sem í fyrirsvari verða í hv. iðnn.: Geta menn stundað skipasmíðar og skipaviðgerðir á Íslandi án þess að hafa iðnaðarréttindi, sveinsréttindi eða meistararéttindi frá löndum hins Evrópska efnahagssvæðis? Er það þannig að það er verið að afnema þessi réttindi að því er varðar skipasmíðar og skipaviðgerðir og framleiðslu lyfja?

Það er mjög merkilegt satt að segja, hæstv. forseti, ef stjfrv. er lagt fyrir um mál af þessu tagi sem gengur út á það að réttur heillar starfsgreinar, þ.e. skipasmiða á Íslandi, yrði þurrkaður út ef þetta yrði að lögum nákvæmlega eins og verið er að gera hér. Menn standa því frammi fyrir því að þurfa að gera athugasemd og fyrirvara við þetta ákvæði því annars er verið að þurrka út þá sérstöku stöðu sem sveinar og meistarar í skipasmíðum og skipaviðgerðum hafa hér á landi eins og í öðrum iðngreinum. Það er verið að taka þennan hóp út úr og gera hann og stöðu hans mikið veikari gagnvart öðrum samkeppnisaðilum erlendis frá en um er að ræða í öðrum iðngreinum.

Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, og segja að lokum: Þetta er enn eitt færibandið sem verið er að setja inn. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem báru ábyrgð á þessum ósköpum á sínum tíma séu ánægðir með þetta. En það er umhugsunarvert fyrir þjóðina hvar þinginu er komið þegar annað hvert frv. sem hér er til umræðu á uppruna sinn í Brussel en ekki á Íslandi.

[15:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson segir að það sé umhugsunarefni að annað hvert frv. sem hingað kemur eigi uppruna sinn í Brussel. Hvað á hv. þm. við með því? Mér fannst hann ekki hugsa sína hugsun til enda sem er þó ekki vandi hans. Þá hefði hann komist að því að staðreyndin er auðvitað að hæstv. ríkisstjórn er svo ónýt að hún kemur ekki fram þeim frv. sem hún vill að þingið fjalli um.

Að öðru leyti vil ég segja það, herra forseti, að hv. þm. Svavar Gestsson er einna málsnjallastur þingmanna og gaman að hlýða á hann. En stundum verður ákveðið afturhvarf til fortíðar hjá hv. þm. og mér fannst skyndilega að í þeirri gleði sem einkenndi fyrri part ræðu hans gætti nokkurrar fortíðarbeiskju þegar hann fór að tala um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Hann talaði um þá menn sem bæru ábyrgð á því og átti væntanlega við okkur félaga hans, jafnaðarmenn í Alþfl. En er það virkilega svo að hv. þm. Svavar Gestsson sem hefur skrifa heila bók til þess að staðsetja sjálfan sig upp á nýtt í hinu pólitíska íslenska landslagi sé enn við það heygarðshorn að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi verið rangur? Ég trúi því einfaldlega ekki, herra forseti, og vildi gjarnan fá afstöðu hans til þess.

Í annan stað vildi ég með tilliti til þess að sá sem hér stendur á eftir að gera upp hug sinn varðandi þá frambjóðendur sem nú eru í kjöri til forseta Íslands, fá frekari vitneskju um það hvað þetta fyrrum átrúnaðargoð mitt átti við þegar hann sagði að það væri nauðsynlegt á næstu dögum með tilliti til þess að forsetakosningar eru fram undan að það kæmi í ljós, væntanlega þá hjá frambjóðendunum, hvernig yrði tekið á tilskipununum sem koma frá Evrópusambandinu. Á hv. þm. við það að hann ætli að setja frambjóðendur til forsetakjörs í einhvers konar krossapróf um það hvernig þeir munu bregðast við gagnvart þeim lögum sem þetta þing samþykkir?

[15:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið við seinni spurningunni er já en um þá fyrri mun ég fjalla á öðrum vettvangi.

[15:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir sem nú sé kominn andbyr í segl hv. þm. Svavars Gestssonar. Ég hafði horft fram á þá tíð að við gætum starfað saman í anda þeirrar nútímalegu jafnaðarstefnu sem hann sjálfur í orði kveðnu segist vera að reyna að undirbúa. Nú er það ljóst að hv. þm. getur skrifað framhald af sinni ágætu bók, Sjónarrönd. En hún fjallar ekki um leiðina fram á við heldur leiðina til baka vegna þess að hv. þm. virðist boða það að hann sé að gera upp hug sinn aftur gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu. Ég skildi nefnilega málflutning hv. þm. á undanförnum missirum þannig að hann hefði í þessu efni séð að það var fengur að því fyrir íslenska þjóð að við urðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Mér sýnist að hann sé að hugsa það upp á nýtt og hann sé e.t.v. að boða það að niðurstaða hans sé að verða sú að það hafi verið rangt að gerast aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

En er ekki hv. þm., þegar hann skoðar þessi mál hlutlaust, sammála mér um að með aðild okkar að því hafi skapast nýir sóknarmöguleikar fyrir fjölda íslenskra fyrirtækja? Og er ekki hv. þm. það vel að sér að hann veit að út um allan sjávarútveginn eru menn í óðaönn að undirbúa aukna verðmætasköpun vegna þeirra sóknarfæra sem urðu til með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu? Nú veit ég að hv. þm. hefur stórt hjarta og hann á auðvitað að unna Alþfl. sem hann á. Alþfl. átti frumkvæði að þessum samningi og er stoltur að því.

Hv. þm. Svavar Gestsson á að gera eins og Framsfl. sem hefur séð sig um hönd, sem hefur séð það að afstaða þeirra á síðasta kjörtímabili var röng. Hv. þm. Svavar Gestsson á að vera maður til að segja það líka. Ég veit að hann hefur pólitískan kjark til þess. En það er spurning um þrekið.

[15:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er a.m.k. alveg á hreinu að hv. þm. kann ekki að skammast sín fyrir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það liggur nú fyrir og ég segi honum það til hróss. (**ÖS:** Né annað.) En auk þess er það svo með ýmislegt í fortíðinni að því verður ekki breytt eins og hv. þm. veit, þar á meðal hinum merka urriðastofni í Þingvallavatni sem við vildum báðir gjarnan getað kallað til lífsins á ný því þar var um að ræða merkilegar skepnur með gen sem nú eru horfin. Hv. þm. hefur frætt mig um að þetta hafi verið í raun og veru merkilegri skepnur og meira tjón þar af leiðandi orðið fyrir lífríkið, en jafnvel geirfuglinn og er þá langt til jafnað.

Það sem ég var að fjalla um áðan í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði og öll þessi frv. er auðvitað fyrst og fremst það að mér finnst það niðurlægjandi fyrir Íslendinga að taka við þessum frv. án þess að við getum neitt í málinu gert annað en að taka við þeim. Ef hv. þm. fylgdist með umræðum um Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma þá var þetta m.a. eitt aðalgagnrýnisefnið burt séð frá hinum efnahagslegu þáttum í málinu. Ég man að ég tók þannig til orða, það varð dálítið misskilið en ég ætla samt að endurtaka það og það er þetta: Að þessu leytinu til þá finnst mér staða ríkis í Evrópusambandinu skömminni skárri en í EES af því að í EES ráðum við engu en menn ráða þó einhverju að nafninu til á hinum stað. Það er þetta sem ég er að tala um. Ég tel að það sé slæmt fyrir Ísland og Íslendinga og aðrar þjóðir sem búa við þessar aðstæður og ég tel að það sé mjög mikilvægt að halda til haga. Mér finnst að við eigum að hafa það stolt, ekki aðeins fyrir því sem við höfum gert heldur líka fyrir Alþingi, að við segjum: Við metum hvert einasta mál sjálfstætt sem Íslendingar þegar þau koma hér á dagskrá og það skulum við líka ræða í forsetakosningabaráttunni hvort sem það verður krossapróf eða eitthvert annað próf hv. þm. (**ÖS:** Við ræðum það ekki sem geirfugla.) (**SvG:** Ekki urriða.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (félagslegar íbúðir, atvinnuleysistryggingar). — Þskj. 685.

[15:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um reynslusveitarfélög. Þetta er á þskj. 685. Breytingin er við lög nr. 82/1994. Þessi lög voru samþykkt vorið 1994. Skv. 1. gr. laganna er markmið þeirra að afla reynslu sem nýta má við undirbúning breytinga á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna sveitarfélaga, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt lögunum skal með tilraununum að því stefnt að því að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga, laga stjórnsýslu sveitarfélaga betur að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera.

Tilraunirnar mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá. Tilraunatímabilið á að vera til aldamóta.

Verkefnið um reynslusveitarfélög byggist á því að óskir um tilraunir komi frá sveitarfélögunum sjálfum þar sem fyrir hendi er þekking á viðfangsefnunum og staðbundnum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé samstarfsverkefni reynslusveitarfélaga og ráðuneyta en frumkvæðið komi frá sveitarfélögunum sjálfum.

Ekki var unnt að hefja markvisst undirbúningsstarf með sveitarfélögunum fyrr en val á þeim lá fyrir. Val á sveitarfélögum fór ekki fram fyrr en eftir að lögin tóku gildi. Sumarið 1994 valdi þáv. félmrh. á grundvelli umsókna 12 sveitarfélög til að vera reynslusveitarfélög.

Við gerð frumvarps til laganna um reynslusveitarfélög lágu því ekki fyrir mótaðar tillögur um tilraunir. Lögin endurspegla það og var sérstaklega tekið fram í athugasemdum við frv. að mjög líklega þyrfti að leggja fram frv. til breytinga á lögunum þegar hugmyndir sveitarfélaga um tilraunastarfsemi lægju fyrir. Þetta hefur og komið á daginn.

Með þessu frv. er sótt um heimildir til þess að víkja frá nánar tilteknum efnisákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt 10. og 12. gr. laga um reynslusveitarfélög er heimilt að víkja frá þessum lögum en óskir sveitarfélaga um undanþágur frá þessum ákvæðum eru ekki taldar rúmast innan heimilda 2. gr. laganna þar sem ákvæðin snerta efnahagsleg réttindi og skyldur einstaklinga.

Samkvæmt 1. gr. frv. er leitað eftir heimild til þess að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga á félagslegum íbúðum þegar ákveðin tilraunaverkefni eiga í hlut. Sveitarfélögin sem eiga hlut að þessu máli eru: Hornafjörður, Borgarbyggð, Reykjanesbær og Vestmannaeyjar. Það er hugsanlegt að fleiri bætist við. Þessi fjörur sveitarfélög sækja um að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag félagslegra eignaríbúða. Í því felst að fólki er veitt lán til að verða sér sjálft út um íbúð á almennum markaði í stað þess að húsnæðisnefnd úthluti félagslegri íbúð til fólks. Hugmyndirnar gera ráð fyrir að fólk velji sér íbúð á almennum markaði og sjái við endursölu sjálft um söluna á almennum markaði samkvæmt almennum reglum en áður hafi það gert upp endurlán við bæjarfélag sem aftur hefur gert upp lán við Byggingarsjóð verkamanna.

Nánar tiltekið er tilhögunin í grófum dráttum sú að Byggingarsjóður verkamanna lánar sveitarfélagi sem síðan endurlánar einstaklingi, eða þá að byggingarsjóðurinn lánar bæði sveitarfélagi og einstaklingi og sveitarfélag endurlánar einstaklingi sinn hluta. Í hvoru tveggja tilviki er einstaklingi veitt lán til að byggja eða kaupa íbúð á almennum markaði og þegar sá einstaklingur hyggst selja íbúðina sér hann um söluna með sama hætti og gengur og gerist á almennum markaði. Samhliða skal hann þó gera upp endurlánið við sveitarfélagið og lán við Byggingarsjóð verkamanna þar sem það á við og sveitarfélög greiða upp lán sitt hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Ég tel að það séu ýmsir kostir við að gera slíka tilraun við lánveitingar í stað úthlutunar á íbúðum. Þeir eru það miklir að það réttlætir að hvikað sé frá kaupskyldunni. Kostirnir beinast bæði að stjórnvöldum og viðkomandi einstaklingum. Þannig einfaldast mjög öll framkvæmd með

tilheyrandi sparnaði og dregið er úr umsvifum í kringum félagslega íbúðarkerfið. Einnig er líklegt að tilraunaleið þessi geti þegar fram í sækir að einhverju leyti greitt fyrir því að sveitarfélag geti selt íbúð sem illa gekk að selja í gamla kerfinu. Þannig geti sveitarfélag selt einstaklingi sem fengið hefur lán samkvæmt nýju leiðinni íbúð sem sveitarfélagið hefur áður keypt samkvæmt kaupskyldunni enda hafi lán við Húsnæðisstofnun verið gerð upp. Þar sem einstaklingurinn kaupir á markaðsverði getur svo farið í þeim sveitarfélögum þar sem markaðsverð er lægra en innkaupsverð samkvæmt kaupskylduákvæðum, að sveitarfélag hafi af þessu kostnað sem nemi mismuninum. Kostirnir fyrir einstaklinginn eru ótvíræðir. Hann getur valið sér íbúð sjálfur og e.t.v. endurbætt hana sjálfur smám saman og lækkað þá skuldabyrði sína.

Í 2. gr. frv. er leitað eftir heimildum til að víkja frá ákvæðum 1. mgr. 18. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, um að atvinnulausir geti stundað námskeið eða annað nám sem varir lengur en í átta vikur á bótum og 1. mgr. 20. gr. sömu laga um að umsækjandi skuli láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar. Nokkur reynslusveitarfélög hafa sett fram óskir um tilraunaverkefni sem fela í sér að ráðgjöf og úrræði vinnumiðlunar fyrir atvinnulausa verði efld. Hugmyndir fjögurra þeirra; Reykjanesbæjar, Reykjavíkur, Borgarbyggðar og Akureyrar, fela í sér óskir um frávik frá framangreindum lagaákvæðum. Reykjanesbær, Borgarbyggð og Akureyrarbær, hafa óskað eftir undanþágu frá ákvæðinu um átta vikna hámarkstíma atvinnulausra til að stunda nám á bótum. Sveitarfélögin telja að með því að hafa möguleika á að geta boðið atvinnulausum að stunda nám í lengri tíma en átta vikur skapist svigrúm til að skipuleggja námsúrræði fyrir atvinnulausa sem raunverulega auki starfsmöguleika þeirra, en ljóst er að átta vikna reglan takmarkar mjög gagnsemi námskeiða fyrir atvinnulausa. Beinast hugmyndir sveitarfélaganna auðvitað að því að bjóða þeim sem minnst nám eiga að baki og eru í mestri hættu að verða lagtímaatvinnulausir upp á slík námsúrræði. Að bjóða atvinnulausum upp á slíka námsmöguleika er nýmæli hér á landi og því heppilegt að afla fyrst reynslu af því í einstökum sveitarfélögum þar sem hægt er að fylgjast með framkvæmd og meta að tilraunatímabili loknu hver árangurinn hefur orðið, en markmið slíks náms er auðvitað að auka atvinnumöguleika hinna atvinnulausu. Hugmyndir eru uppi um að þessi sveitarfélög bjóði upp á slíkt nám í samvinnu við framhaldsskóla en ljóst er að gæta verður þess að slíkt nám skarist ekki við almennt lánshæft nám og það verður að skipuleggja með þarfir hvers og eins í huga þar sem oft eiga í hlut einstaklingar sem hafa flosnað upp úr hinu almenna skólakerfi.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sömu laga verður atvinnulaus maður að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar. Með því að veita undanþágu frá vikulegri skráningu er unnt að skapa svigrúm og hvata til að efla virkni bæði vinnumiðlana og hinna atvinnulausu. Tilgangur ákvæðisins um vikulega skráningu er að hafa eftirlit með því að maður sé atvinnulaus. Með öflugri þjónustu vinnumiðlunar skapast meiri tenging milli vinnumiðlunar og hins atvinnulausa. Af því leiðir að vinnumiðlun getur betur fylgst með því að bótaþegar fullnægi skilyrðum bótaréttar án þess að vikuleg skráning þurfi til að koma. Í sveitarfélögunum eru uppi hugmyndir um að atvinnulausum sem eiga á hættu að verða langtímaatvinnulausir verði boðið upp á sérstaka aðstoð sem feli m.a. í sér að hinn atvinnulausi og vinnumiðlun geri í sameiningu áætlun um hvernig eigi að vinna að því að hann fái vinnu. Í áætluninni verði kveðið á um hvað hinn atvinnulausi á að gera sjálfur til að fá vinnu og hvaða aðstoð hann á rétt á frá vinnumiðlun til að vinna að markmiði áætlunarinnar. Með áætluninni skuldbindur hinn atvinnulausi sig til að vera virkur í atvinnuleit. Í stað þess að þurfa að mæta til vikulegrar skráningar þarf hann að sýna fram á hvað hann hafi aðhafst til að fá sér vinnu, t.d. að hann hafi sótt um vinnu, sótt námskeið eða tekið þátt í sérstökum verkefnum.

Fyrirmynd þessara hugmynda er sótt til nágrannalanda okkar þar sem svokölluð „handlingsplön" fyrir atvinnulausa hafa unnið sér fastan sess. Það er mikils virði að fá reynslu af þessu fyrirkomulagi hér á landi. Þau sveitarfélög sem hafa áhuga á slíkum tilraunum eru Reykjanesbær, Borgarbyggð og Akureyri. Það skal tekið fram að þessar hugmyndir eru í samræmi við hugmyndir nefndar sem skipuð var til þess að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar.

Hugmyndir Reykjavíkurborgar eru nokkuð annars eðlis, en þær byggjast á að skráning fari fram á tveggja vikna fresti. Í stað vikulegrar skráningar verður lögð áhersla á að efla einstaklingsráðgjöf við atvinnulausa þannig að hægt sé að ná því markmiði að kalla reglubundið inn til ráðgjafar þá einstaklinga sem hafa verið tiltekinn tíma á skrá, svo sem þrjá mánuði.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að það sem liggur að baki frv. er að gera möguleg umbótaverkefni sem fela annars vegar í sér endurbætur á félagslega íbúðakerfinu. Með svona tilraunaverkefnum er farin varfærnislegri leið en tíðkast hefur, þ.e. að reyna nýtt fyrirkomulag í nokkrum sveitarfélögum og meta síðan árangur eftir ákveðinn tíma, í stað þess að kollvarpa kerfinu alveg. Hins vegar er með frv. sótt um heimildir til þess að gera tilraunir til að þróa ný úrræði fyrir atvinnulausa sem hafa það að markmiði að auka atvinnumöguleika þeirra.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hæstv. félmn.

[15:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það verður ekki annað sagt en það sé farið að draga til tíðinda hjá okkur í félmn. Það var rólegt hjá okkur eftir áramót en nú stöndum við frammi fyrir því eins og reyndar flestar nefndir þingsins að stórmálin streyma frá ríkisstjórninni og það er greinilegt að það verður mjög annasamt þær vikur sem eftir eru. Það gildir að vísu ekki um þetta frv. Þetta er ekki stórt að vöxtum en kannski að mörgu leyti því merkilegra.

Fyrsta spurningin sem vaknar hjá mér varðandi þetta frv. er sú: Hvað er að verða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga? Það er búið að færa mörg og stór verkefni yfir til sveitarfélaganna og fleiri eru á leiðinni. Hér er verið að leggja til að bæta við fleiri tilraunaverkefnum. Auðvitað á eftir að koma í ljós hvað út úr þessu kemur og hvernig þetta gengur en þetta hlýtur allt að vekja upp spurningar, eðlilegar spurningar um hver verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga á að vera. Ég held að það hljóti að koma inn í þessa umræðu og ég vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvort hann sjái fyrir sér hugsanlegan flutning á fleiri verkefnum yfir til sveitarfélaganna. Ég vil taka það skýrt fram að ég er alls ekki að mæla því í mót að verkefni séu flutt yfir til þeirra. Ég er þeirrar skoðunar að að mörgu

leyti sé það eðlilegast að þeim verkefnum sem snerta daglegt líf fólks sé sinnt af þeim sem til þekkja en þó eru ýmis mál þannig vaxin að það þarf að gera ákveðnar kröfur af hálfu samfélagsins. Þá á ég t.d. við menntamál. Ýmis mál eru það dýr og gera svo miklar tæknilegar kröfur að við þau fær enginn ráðið nema ríkisvaldið og þá er ég ekki síst að hugsa um rekstur sjúkrahúsa, meiri háttar vegalagnir og fleira slíkt. Spurningar um þessa verkaskiptingu hljóta því að vakna.

Við í hv. félmn. brugðum okkur til Akureyrar skömmu eftir áramótin einmitt til þess að kynna okkur hvernig gengi að undirbúa Akureyri sem reynslusveitarfélag. Það var eitt sem vakti sérstaka athygli mína við þá heimsókn sem er að þróunin, reyndar alls staðar á landinu, hefur verið í þá átt að samvinna sveitarfélaga hefur verið að aukast meira og meira. Þau hafa verið að sameinast um að vinna að verkefnum. Ég nefni þar sem dæmi málefni fatlaðra. En þegar kemur að því að verið er að skipuleggja reynslusveitarfélög, eins og Akureyri í því tilviki, þá rekst þetta á, Akureyri sem skilgreint reynslusveitarfélag, kaupstaðurinn Akureyri, og svo sú sameiginlega vinna sem Akureyri og sveitarfélögin þar í kring hafa átt í og þar var sérstaklega minnst á málefni fatlaðra. Þetta vekur upp spurningar um frekari sameiningu sveitarfélaga. Ég veit það reyndar að hæstv. félmrh. er enginn sérstakur áhugamaður um að sameina sveitarfélög, ekki í þeirri merkingu sem hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, var. Það var henni mikið áhugamál að sameina sveitarfélög en hæstv. núv. félmrh. hefur sagt að íbúarnir eigi fyrst og fremst að ráða og það er auðvitað eðlilegt sjónarmið. En þegar hafður er í huga þessi tilflutningur á verkefnum, og við getum haft grunnskólann í huga í því sambandi, þá hljótum við að spyrja hvort það sé ekki eðlilegt og nauðsynlegt að vinna að frekari sameiningu sveitarfélaga. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. um hans skoðun á því og hvort einhver slík vinna eða stefnumótun eigi sér stað í hans ráðuneyti varðandi frekari sameiningu sveitarfélaganna því að þessi mikla samvinna, sem hefur sem betur fer verið að þróast, kemur ekki heim og saman við það þegar menn fara svo að skilgreina þessi sveitarfélög sem tilraunasveitarfélög vegna þess að *náttúrlega eru býsna mörg stór sveitarfélög í þessu* dæmi. Það kemur einmitt fram á bls. 2 hver þau eru og þar eru stórir kaupstaðir eins og Hafnarfjörður, Garðabær, Akureyri, Vestmannaeyjar og Reykjavík sem náttúrlega er langsamlega fjölmennasta sveitarfélagið. Allt þetta þarf að hafa í huga.

Varðandi þær heimildir sem hér er verið að leita eftir þá finnst mér báðar þær hugmyndir sem hér koma fram mjög athyglisverðar. Ég verð þó að segja að ég átta mig ekki alveg á þessum hugmyndum um félagslega húsnæðiskerfið. Mér finnst þetta mjög athyglisvert en ég á eftir að átta mig betur á því hvernig þetta einfaldar kerfið og hvernig það gerir það ódýrara í rekstri. Er þá skilningurinn sá, hæstv. félmrh., að menn hætti því mati sem nú á sér stað í félagslega húsnæðiskerfinu? Nú hljóta menn að meta greiðslugetu en ég átta mig ekki alveg á því, ef svona kerfi eins og hér er verið að lýsa á að ganga þá hlýtur að þurfa vera nokkurt framboð á lánum og nokkurt frelsi. Menn eiga að geta valið sér íbúð og jafnframt þá staðið í því að selja hana. Við munum að sjálfsögðu kalla eftir frekari skýringum á þessu í hv. nefnd en ég sé það ekki alveg fyrir mér að þetta verði endilega til að einfalda kerfið. En mér finnst mjög gott að gera tilraun til þess og það tengir okkur einmitt því frv. sem verður til umræðu — það kemst nú varla á dagskrá úr þessu í dag en er frv. sem snertir félagslega húsnæðiskerfið og vekur spurningar um það hvort fram undan séu gagngerar breytingar á því kerfi. Þá vil ég í því sambandi vekja athygli á úttekt Neytendasamtakanna á húsnæðiskerfinu sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að búseturéttarkerfið reyndist vera langsamlega hagkvæmasta kerfið. Og þá vaknar sú spurning hvort sveitarfélögin eigi ekki að beina sjónum miklu meira að því kerfi.

Ég frétti það nýlega að Reykjavíkurborg hefur keypt búseturétt í líklega einum sex eða átta tilvikum og er að gera tilraun með það að færa sig inn í það kerfi. Það verður að segjast eins og er að kaupleiguíbúðirnar, sérstaklega almennu kaupleiguíbúðirnar, hafa ekki gefist vel. Þær hafa verið ákaflega dýrar. Ég veit að alla vega hefur húsnæðisnefnd Reykjavíkur *gengið erfiðlega að koma þeim íbúðum upp.* En þetta mál getum við rætt nánar þegar húsnæðisfrumvarpið kemst á dagskrá.

Ég vil fagna þessum tilraunum með atvinnulausa. Þarna held ég að sé einmitt dæmi um mál sem sveitarfélögin sjálf eru langsamlega best fær um að taka á. Þau þekkja þann vanda sem við þeim blasir í þeirra sveitarfélagi. En það er að sama skapi athyglisvert að lesa umsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. um tillögurnar þar sem vikið er að því að þessi tilraun muni væntanlega valda auknum kostnaði ríkisins, valda auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það getur vel verið að það verði eitthvað tímabundið. Ef hins vegar vel til tekst og það tekst að skapa fólki möguleika til vinnu, og þá sérstaklega ungu fólki, eins og vikið er að í greinargerðinni, þá eru miklu meiri líkur á því að það fólk einmitt detti út af atvinnuleysisskrá. Ég verð að segja það eins og er að ég kann ekki við þennan tón sem er í greinargerð fjárlagaskrifstofunnar og eins þar sem þeir eru að ýja að því að tíð skráning atvinnulausra dragi úr misnotkun á kerfinu. Ég hef litið þannig á að þessar ströngu kröfur til atvinnulauss fólks um að það mæti vikulega til skráningar sé vægast sagt mikil niðurlæging og geri fólki mjög erfitt fyrir og það er hvimleið hugsun í þessu kerfi öllu saman þar sem alltaf er verið að gera að því skóna að allir séu að misnota kerfið. Auðvitað er eitthvað um misnotkun en það eru aðrar leiðir til þess að fylgjast með heldur en það að kalla fólk sífellt til skráningar. Ég held að sú tillaga sem Reykjavíkurborg er með varðandi það að aðeins verði skráð hálfsmánaðarlega ætti að duga og mun það væntanlega draga töluvert úr skriffinnsku og kostnaði. En það er svolítið sérkennilegur tónn í þessum athugasemdum.

Það hafa nú orðið hér einhver mistök alla vega hjá fjárlagaskrifstofunni því hún er að gera athugsemdir við 3. gr. frv. en af einhverjum ástæðum hefur verið hætt við það atriði sem snertir umhvrh. Ég vildi bara vekja athygli á því að hér er einhver athugasemd við grein sem er ekki að finna í frv. hvernig sem á því stendur.

Varðandi frv. í heild vil ég ítreka að mér finnst þessar tilraunir sem viðkomandi sveitarfélög ætla að framkvæma mjög merkilegar og ég fagna því að þau skuli vera svona leitandi og í þeim farvegi að finna sínar lausnir á þeim vandamálum sem við þeim blasa, hvort sem það er innan félagslega húsnæðiskerfisins eða í atvinnumálum. Og ekki skal ég láta mitt eftir liggja til að afgreiða þetta mál á þessu vori þó að við okkur blasi mikil og stór verkefni að öðru leyti.

[15:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Varðandi vangaveltur fjárlagaskrifstofu um 3. gr. þá var í upphaflegu frv. ákvæði sem varðaði skipulags- og byggingarlög. Nú er frv. um skipulags- og byggingarlög til meðferðar í þinginu og í umhvn. og ef það yrði að lögum yrði þessi grein óþörf. Ég ætla að biðja formann félmn. að fylgjast með því og hafa samráð við umhvn. um það hvort að það mál er að sigla áfram. Ef það mál strandaði og yrði ekki afgreitt frá þinginu í ár þá þyrfti að taka þessa breytingu upp í þetta frv.

Varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru menn að prófa sig áfram. Sveitarfélögin sækja eftir auknum verkefnum og ég sé ákveðna kosti í því að sveitarfélögin fái aukin verkefni ef þau treysta sér til og við erum að prófa okkur áfram. Það er búið að gera mjög athyglisverðan samning við Hornafjörð um heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu. Það er búið að gera samning við Akureyrarbæ um málefni fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu og báðar þessar tilraunir eru mjög athyglisverðar og geta orðið okkur lærdómsríkar. Ég bind hina bestu von um að þarna séum við að feta inn á rétta braut. Það er hugsanlegt að einhverjir agnúar komi upp og þá verðum að hætta við þetta eða taka það til endurskoðunar um næstu aldamót. En ég held að sveitarfélögin eigi að hafa skilyrði til þess að geta veitt betri þjónustu þeim sem þjónustunnar eiga að njóta þegar vegna nálægðar og staðþekkingar.

Um félagslega húsnæðiskerfið vil ég segja að ég hef mjög haldið fram þeirri hugmynd sem þarna er verið að útfæra og vil ég láta skoða hana. Í fyrsta lagi yrði að flokka fólkið, þ.e. fólk sem á annað borð ætti rétt á því að komast inn í kerfið. Það fengi fjármuni eins og ég lýsti áðan til þess að velja sér íbúð sjálft við hæfi eða eftir því sem það teldi sig þurfa eða hafa getu til, gæti endurbætt hana. Hún þyrfti ekki að vera frágengin eftir þeim kröfum sem nú er gert við félagslegar íbúðir. Margt af þessu er ungt fólk og margt af því á lítið nema sinn eigin vinnukraft og það er eiginlega sorglegt að horfa upp á það að því sé meinað að leggja fram þennan vinnukraft til þess að laga í kringum sig eða lagfæra íbúðir eða jafnvel að byggja. Þeir sem á annað borð pössuðu inn í félagslega kerfið fengju að velja sér íbúðir og með því ynnist ýmislegt, það mundi væntanlega styrkja eignatilfinninguna sem hefur skort í félagslega kerfinu. Mörgum finnst þeir eignast hægt í félagslega kerfinu. Þetta mundi styrkja það og menn væru að sumu leyti frjálsari með þessu kerfi þannig að ég er mjög hrifinn af þessu.

Varðandi búseturéttarkerfið, sem kemur mjög vel út í þeirri athugun sem gerð var, er þess að geta að búseturéttarkerfið kemur vel út fyrst og fremst vegna þess að íbúar í búseturéttaríbúðum eiga rétt á húsaleigubótum. Ef þær væru teknar af þá væri búseturéttarkerfið ekki nálægt því eins gott og skaraði ekki fram úr öðrum. Nú verður lögum samkvæmt að endurskoða lögin um húsaleigubætur. Ég hef haft áhuga á því að koma þeim yfir á sveitarfélögin. Ég veit ekki hvort það gengur upp. Í öllu falli getum við ekki haft húsaleigubótakerfið eins og það er, þ.e. mér finnst það geti ekki verið valfrelsi sveitarfélaganna hvort þau taki það upp. Annaðhvort verður það að vera alls staðar eða ekki. Og í öðru lagi finnst mér að það ætti að ganga út yfir allt leiguhúsnæði og líka leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga.

Ég er ekki sammála athugasemd frá fjárlagaskrifstofunni um það að þetta muni þyngja á Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég held að meginatriðið, herra forseti, sé að atvinnuleitandi sé virkur í atvinnuleit og ég hef trú á því að þetta sé tilraunarinnar virði.

[Fundarhlé. — 16:03]

[18:03]

Útbýting þingskjals:

Fullgilding samnings gegn pyndingum, 475. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 811.

[18:03]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um breyting á lögum um reynslusveitarfélög. Ég hef verið sem sveitarstjórnarmaður nokkur áhugamaður um reynslusveitarfélög og finnst það mjög áhugaverð og góð nýbreytni í okkar stjórnsýslu að við gefum okkur tíma til þess að reyna tiltekin verkefni í mismunandi sveitarfélögum eftir atvikum þannig að við vitum betur út í hvað við erum að fara þegar við skiptum verkum með ríki og sveitarfélögum. Þetta er e.t.v. þeim mun mikilvægara hjá okkur en það er annars staðar þó að við leitum reyndar fyrirmynda annars staðar frá, að hjá okkur er það þó ólíkt þeim sem við leitum fyrirmynda hjá að okkar sveitarfélög eru hlutfallslega mörg og fámenn. Þess vegna getum við aldrei alveg munstrað eftir þær hugmyndir eða þær tilraunir eða þær niðurstöður sem menn fá á hinum Norðurlöndunum varðandi verkefni sveitarfélaga annars vegar og ríkis hins vegar þó við getum í mörgum tilfellum lært mikið af þeim og höfum í mörgum tilfellum nýtt okkur þeirra reynslu.

Hér er strax komið fram frv. til laga um breyting á lögum um reynslusveitarfélög enda þó ekki sé mikið farið á þau að reyna. Ráðherra gerði grein fyrir því áðan hvaða sveitarfélög voru valin sem reynslusveitarfélög og hvernig verkefni skiptast á milli þeirra. Það er búið að gera einhverja samninga og mig langar til þess á meðan ég er að reifa þetta almennt að víkja að því að þegar frv., sem síðar varð að lögum, kom til 2. umr. hinn 5. maí 1994, þá komst Ingibjörg Pálmadóttir, hæstv. núv. ráðherra, þáv. hv. þm., sem hafði skrifað undir meirihlutanefndarálit í félmn., þannig að orði, með leyfi forseta, að hún styddi þetta mál vegna þeirra breytinga sem hún vitnar í og hafi orðið á síðustu dögum og eins og hún segir orðrétt „að fagnefndir Alþingis fái að fjalla um hvern samning fyrir sig."

Ég hef skoðað það sem framsögumaður meiri hluta sagði við þessa umræðu og þar kemur ekki fram neitt um þessa breytingu og hana er ekki að finna í lögunum þannig að hún hlýtur að hafa verið í nefndaráliti. En ég vildi gjarnan vita, ef ráðherrann gæti upplýst um þetta ákvæði, hvort það er tiltækt eða kunnugt honum eða hans fólki í ráðuneytinu, hvort það hafi orðið eitthvert samkomulag um það að fagnefndir Alþingis fengju að fjalla um hvern samning fyrir sig, þá samninga sem gerðir eru um reynslusveitarfélög eða hvort hér er átt við einstök verkefni því að það mun hafa verið krafa stjórnarandstöðunnar á sínum tíma að jafnvel hver einstakur verkefnissamningur kæmi fyrir þingið og væri ræddur hér og samþykktur. — Nú gengur í salinn sá hv. þm. sem var einmitt framsögumaður meirihlutaálitsins á sínum tíma og vil ég því leyfa mér, herra forseti, að ítreka það sem ég sagði. Hv. þáv. þm. og núv. hæstv. ráðherra Ingibjörg Pálmadóttir skilyrti sinn stuðning við frv. á sínum tíma við 2. umr., en þar skrifaði hún upp á meirihlutaálit með fyrirvara, að fagnefndir Alþingis fengju að fjalla um hvern samning fyrir

sig. Það væri áhugavert ef ráðherrann ekki hefur vitneskju um hvernig þetta var hugsað, ef hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kynni að útskýra svolítið nánar um við hvað var átt því að það væri þá mikilvægt að menn færu að gera sér grein fyrir því vegna þess að nú er verið að gera þessa samninga bæði við sveitarfélögin og um einstök verkefni. Þetta var það sem ég vildi reifa í upphafi. En auk þess sem ég sagði áðan um mismun íslenskra sveitarfélaga og þeirra sveitarfélaga sem við þekkjum til á hinum Norðurlöndunum og hafa verið að reyna fyrir sér með nýja stjórnsýsluhætti, þá er sá munur einnig á hjá okkur og á hinum Norðurlöndunum að mun stærri hluti þeirra verkefna sem snúa að umönnun fólks, ýmis nærverkefni, er á vettvangi ríkisstjórnar og í rauninni verkefni ríkisins, heldur en er annars staðar. Það er mun minni hluti hér sem er verkefni sveitarfélaga og eins og ég gat um áðan, er líklegt að meginástæða þess sé sú að sveitarfélögin hjá okkur eru mörg og fámenn. Þó svo að þau hafi þróað ýmiss konar samkomulag sín í milli til þess að bæta úr þeim vanköntum sem fylgja því að taka að sér stór verkefni, lítil sveitarfélög og fámenn, þá hefur það ekki fyllilega nægt þannig að nú er í gangi, eins og menn hafa orðið varir við, mikil hrina sameiningar, þ.e. menn eru víða um land að kanna kosti sameiningar og er ekki ólíklegt að hér eins og hefur gerst annars staðar reki flutningur grunnskólans á eftir fulltrúum sveitarfélaganna í því að skoða þau mál af meiri alvöru en áður hefur verið. Því að það er alveg ljóst að svo viðamikið verkefni sem allur rekstur grunnskólans er með því mannahaldi sem því fylgir vex mönnum eðlilega í augum í minnstu sveitarfélögunum.

En það sem ég vil helst gera að umræðuefni um frv. sjálft er 1. gr. það sem snýr að húsnæðismálum. Það er vegna þess að mér er ekki fyllilega ljóst hvert sú tilraun, sem þar er verið að opna á að gerð verði, á að leiða, þ.e. mér finnast ýmsir endar þar vera illa eða ekki hnýttir og verð þess vegna að fá að spyrja nokkurra spurninga sem ég annaðhvort fæ þá svör við núna ef hæstv. ráðherra hefur þau eða mun leita frekar eftir í hv. nefnd.

Eins og ég skil þessa grein, og hef lesið greinargerðina með henni, þá sýnist mér að hér sé verið að fitja upp á því nýmæli að veita einstaklingum félagslegt lán, þ.e. að einstaklingar geti fengið 90% lán, væntanlega 90% kaupverðs þeirrar íbúðar eða þess húss sem viðkomandi einstaklingur kýs að kaupa á almennum markaði. En í stað þess að hér sé búinn til nýr lánaflokkur Húsnæðisstofnunar sem lánar þessum einstaklingum beint 90% eða á kjörum félagslegs húsnæðiskerfis, þá á að nota sveitarfélögin sem millilið í þessum viðskiptum. Mér er ekki alveg ljóst af hverju þarf að blanda sveitarfélögunum í málið.

Nú er það yfirlýst markmið þessa frv. að það eigi að einfalda alla framkvæmd með tilheyrandi sparnaði og vitnað í það að umsvifin í kringum félagslegu eignaríbúðirnar hafi verið talsverð hjá húsnæðisnefndunum. Það kemur ekkert fram um það í frv. að húsnæðisnefndirnar eigi að hafa nokkur afskipti af þessum lánveitingum. Það kemur ekki fram að sveitarfélagið geti haft yfir höfuð nokkur áhrif á þessar lánveitingar. Það sem maður les út úr frv. er að viðkomandi einstaklingur getur fengið 90% lán frá sveitarfélaginu, ef Húsnæðisstofnun lánar sveitarfélaginu og sveitarfélag lánar honum, eða að hluta til beint frá Húsnæðisstofnun og sveitarfélag lánar að hluta. Þess vegna hlýt ég að endurtaka spurningu mína: Er ekki í rauninni verið að búa til nýjan lánaflokk? Er ekki verið að búa til nýjan lánaflokk þar sem verið er að lána einstaklingum beint á kjörum félagslega íbúðakerfisins? Og þarf að blanda sveitarfélögunum hérna inn í? Mér sýnist reyndar að það eina hlutverk sem sveitarfélögunum er ætlað í þessu kerfi sé það að bera ábyrgð á þeim viðskiptum sem kunna að verða með húsnæði undir þessum formerkjum. Nú eiga þau viðskipti að fara fram á markaði, þ.e. þessi einstaklingur á að kaupa sér sitt hús á markaði og hann á að sjá um það sjálfur og hann á aftur að sjá um söluna á því á markaði. Þarna sýnist mér að sveitarfélagið geti ekki komið að, en eigi að síður á sveitarfélagið að bera ábyrgð á þessum viðskiptum á markaðnum. Mér sýnist að sveitarfélögin eigi að bera ábyrgð á markaðnum og ég vil þá spyrja í framhaldi af því: Hvaða áhrif reikna menn með að þetta hafi á þessi viðskipti? Hvaða áhrif hefur það á viðskiptin á markaðnum ef seljandi í öðru tilfellinu og kaupandi í hinu vita að það er einhver þriðji aðili sem ber í raun ábyrgð á þessum viðskiptum? Viðkomandi einstaklingur ber ekki ábyrgðina. Það er sveitarfélagið sem situr uppi með skellinn ef mismunur verður á kaupverði og söluverði. Mér finnst þetta skipta verulegu máli og þetta veldur mér svolitlum áhyggjum. Það sem undirstrikar að þetta sé hugsað nákvæmlega svona, þ.e. að viðskiptin fara fram af aðilum án atbeina sveitarfélags sem ber þó ábyrgð á þeim viðskiptum, er það sem segir í athugasemd við 1. gr., með leyfi forseta:

„Einnig skal hér bent á að líklegt er að tilraunaleið þessi geti, þegar fram í sækir, að einhverju leyti greitt fyrir því að sveitarfélag geti selt íbúð sem illa gekk að selja í gamla kerfinu. Þannig geti sveitarfélag selt einstaklingi, sem fengið hefur lán samkvæmt nýju leiðinni, íbúð sem sveitarfélag hefur áður keypt inn samkvæmt kaupskyldunni, enda hafi lán við Húsnæðisstofnun verið gert upp."

Hér segir sem sagt að ef sveitarfélag, sem fengið hefur lán hjá Húsnæðisstofnun, lánar síðan einstaklingi 90% af kaupverði íbúðar, verði auðveldara að selja hana en í dag þegar viðkomandi getur líka fengið 90% af kaupverði íbúðar. Af hverju er það auðveldara? Það er væntanlega vegna þess að sveitarfélagið á að taka á sig einhver tiltekin afföll af íbúðinni þar til hún kemst á svokallað markaðsverð. Viðkomandi einstaklingur sér þá frekar hag í að kaupa hana en íbúð á markaðnum. Þannig sýnist mér að menn ætli sér að selja íbúðir eða gefa möguleika á því að selja út úr kerfinu íbúðir sem eru inni í félagslega kerfinu. Ég velti því fyrir mér, bæði í þessu tilfelli og eins í því tilfelli þar sem einstaklingur kaupir íbúð á frjálsum markaði og selur hana aftur. Hugsanlega verður söluverðið lægra en kaupverðið og þarna myndast ákveðinn mismunur. En í báðum tilfellum er gert ráð fyrir að sveitarfélag beri ábyrgð á slíku og taki á sig tapið á þessum viðskiptum. Ég hlýt að spyrja og hlýt að velta því fyrir mér af hverju þessi fjögur sveitarfélög sækjast beinlínis eftir þessari stöðu. Ég átta mig ekki alveg á því hvað þau sjá við þessa stöðu sem er eftirsóknarvert.

Ég átta mig heldur ekki á því af hverju þessi breyting, þ.e. sú breyting að viðskiptin fara fram á markaðnum og húsnæðisnefndin kemur ekki að málinu með sama hætti og áður, á að þýða að sveitarfélagið hafi meira ákvörðunarvald. Í rauninni kemur ekki fram hvar ákvörðunarvaldi sveitarfélagsins á að sjást stað nema þegar það er gert ábyrgt fyrir vangoldnum greiðslum eða gagnvart íbúðaverði sem þarf að lækka eða þegar einstaklingur ekki getur staðið í skilum.

Það eru þessar spurningar, herra forseti, sem hafa leitað á mig eftir að ég hef skoðað 1. gr. Ég hef borið þessar vangaveltur mínar undir aðila sem hefur unnið mikið með þetta

kerfi og hann skilur þetta líka svona. Sé það rangt hlýtur að þurfa að umorða greinina þannig að hún skiljist. Eins og staðan er núna er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en svo að það eina sem þarna er verið að breyta sé það að sveitarfélögin eigi að bera ábyrgð á málum sem þau geta haft sáralítil áhrif á og tæpast ætlast til að þau hafi mikil á hrif á. Það á réttlæta að þau geti breytt sínum samþykktum eða aðkomu að húsnæðismálum. Ég þarf sem sagt aðeins betri útskýringar áður en ég fæ skilið af hverju atbeina sveitarfélags er þarna þörf. Af hverju er ekki stofnaður sérstakur lánaflokkur á vegum Húsnæðisstofnunar þannig að Húsnæðisstofnun lánaði í öllum tilfellum þessum einstaklingum beint en ekki í gegnum sveitarfélag eða að hluta til beint og í gegnum sveitarfélag? Ég skil sem sagt ekki af hverju Húsnæðisstofnun lánar ekki beint. Nema eini tilgangurinn sé sá að gera sveitarfélögin ábyrg þannig að Húsnæðisstofnun hafi allt sitt á þurru.

Þetta eru spurningar sem mig langar að fá svör við.

[18:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er kannski fullyfirgripsmikið til þess að gefa viðhlítandi svör í stuttu andsvari. Ég ætla þó að freista þess áður en lengra er haldið.

Varðandi tilvitnuð ummæli úr Alþingistíðindum frá umræðunum um reynslusveitarfélög, hef ég orðið mér úti um þingskjölin frá þeirri afgreiðslu á 117. löggjafarþingi. Meiri hluti félmn. kom þá með brtt. sem orðaðist svo:

„Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan verði lögð fram á Alþingi vorið 1995 og sú síðasta vorið 2001."

Ég ímynda mér án þess að ég hafi vissu fyrir því að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hafi átt við þessa skýrslugerð. Það er ekki hugmyndin að bera hvern einstakan samning undir Alþingi á hverjum tíma, enda væri það óvinnandi verk eða tímafrekt ef allt gengi upp sem á prjónunum er.

Varðandi þetta litla frv. og hin atriðin sem ræðumaður gerði að umræðuefni er rétt að taka fram að samningarnir eru ekki fullgerðir og enginn af þessum samningum undirskrifaður. Það er unnið að þeim en fyrir þeirri heimild að ráðherra sé í því sambandi heimilt að víkja frá ákvæðum um kaupskyldu og forkaupsrétt á félagslegum íbúðum í reynslusveitarfélögum þar sem einstaklingum er veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til að kaupa eða byggja íbúðir á almennum markaði þarf að vera lagastoð til þess að hægt sé að gera samninginn. Þess vegna er ég að flytja þetta frv. Sveitarfélögin hafa áhuga á að prófa þessa leið og það er þeirra val. Það er ekki það að ég hafi þröngvað þessu upp á þau. Ég hef að vísu verið fylgjandi þessari hugmynd og látið í ljósi von um að hún yrði skoðuð og könnuð. Þess vegna fagna ég því að þetta er komið á þennan rekspöl.

Varðandi það af hverju á annað borð er verið að blanda sveitarfélögunum inn í þetta er því til að svara að hér er um félagslega aðgerð að ræða. Veðsetning er miklu hærri, það eru veitt lán upp á 90% en ekki 70% eða 65% eins og Húsnæðisstofnun gerir. Ef Húsnæðisstofnun eða Byggingarsjóðurinn ættu að bera veðið, væri þar um mismun að ræða á veðmöguleikum.

[18:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin að svo miklu leyti sem hann gat komið þeim til skila á þessum stutta tíma. Ég tek það svo að það hafi þá verið misskilningur hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur að fagnefndirnar, eins og hún segir í sinni ræðu, ættu að fá að fara yfir hvern samning. Hér er þá einungis um að ræða þær skýrslur sem fram koma í lögunum og við munum væntanlega sjá á Alþingi.

Hæstv. ráðherra vék að því síðast að hér væri um félagslegt úrræði að ræða. Vissulega er það svo. Það ber allt merki þess. Við erum að tala um sömu lánaskilmála og eru á félagslega íbúðakerfinu. En spurningin er: Hvernig koma sveitarfélögin að þessu öðruvísi en að bera ábyrgð á viðskiptum aðila úti í bæ? Hvernig koma þau að því með öðrum hætti? Ef þetta er félagsleg aðgerð og sveitarfélögin eiga þess vegna að bera ábyrgðina finnst mér vanta ákvæði um atbeina þeirra að málinu að öðru leyti, þ.e. mér finnst að við séum þarna á þeim villigötum að heimila viðskipti aðila á markaðnum með ábyrgð þriðja aðila. Ég er 100% viss um, og ég veit að ég er ekki ein um þá skoðun, að slík viðskipti eru ekki æskileg og geta aldrei verið alveg eðlileg. Það væri því gott ef ráðherrann gæti útskýrt örlítið betur hvernig sveitarfélögin að öðru leyti eiga að koma að málinu. Það er ekki nógu skýrt í textanum.

[18:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann kannski ekki að skýra þetta nægilega ítarlega, enda hef ég ekki samningana í höndunum. Sveitarfélagið sem slíkt greiðir fyrir því að íbúar í tekjulægri hópum eða tekjulágir íbúar komist í húsnæði. Það ábyrgist hluta af kaupverðinu en sleppur aftur á móti við þá kvöð sem sveitarfélagið ber núna að hafa kaupskyldu. Nú getur sá sem er í félagslega kerfinu skilað sinni íbúð og sveitarfélagið verður að leysa hana til sín. Ég held að þetta sé ekki óálitleg skipti fyrir sveitarfélagið.

[18:27]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns kýs ég að koma inn á svar hæstv. félmrh. til hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Hún spurði um álit félmn. varðandi það að málið kæmi fyrir þingið. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að það var ekki gengið út frá því að samningar kæmu til samþykktar hjá Alþingi. Það þótti allt of þungt í vöfum. En þetta þótti svo þýðingarmikið og stórt mál. Það var talið mikilvægt að þingið fylgdist með framvindu þess og að samningar væru kynntir á þingi um leið og þeir lægju fyrir. Ég verð satt best að segja að skoða hvernig þetta var orðað. Ég gerði það ekki fyrir þessa umræðu en ég held að ég hafi orðað það svo í félmn. að þegar samningum lyki mundi málið koma til kynningar í félmn. Við höfum litið svo á að samningarnir yrðu kynntir þar alveg óháð þessari skýrslu. Hvort þetta er vegna þess að þannig hefur verið rætt um málið í félmn. eða ekki, er þetta hlutur sem ég hef gengið út frá. Við verðum þá að skoða það og eins verðum við að kanna, ef ekki er ljóst að þannig hafi mál verið sett fram í þinginu, hvort ráðuneytið er á móti því að samningarnir komi til kynningar. Það er sannarlega allra hagur, ráðherra, sveitarfélaganna, þingsins og félmn. að góð samvinna sé um framvindu þessa máls. Við ætlum að nýta reynsluna af því hvernig til tekst hjá sveitarfélögunum með þau verkefni sem reynslusveitarfélögin fá. Við ætlum að nýta hana til hugsanlegra lagabreytinga síðar meir og taka má mið af henni við stórar stjórnsýslubreytingar. Þess vegna er ákaflega mikils virði að félmn. og þingið hafi góða þekkingu á því sem verið er að gera.

Skýrslugerðin, sem gerð er tillaga um, er einmitt ætluð til þess að þingið fylgist betur með hvernig til tekst. Þetta finnt mér mikilvægt. Hafi þetta ekki verið ljóst, held ég að við í félmn. og ráðuneytið, og ég varpa þeirri ósk til ráðherra að við skoðum það að þannig verði farið með málið. Ég hef gengið út frá því að þannig komi mál til kynningar.

Varðandi það mál sem hér er á dagskrá vil ég segja, virðulegi forseti, að ég hef verið alveg staðráðin í því frá upphafi að vera jákvæð gagnvart öllum þeim verkefnum sem sveitarfélögin fá til sín og það verði mjög mikilvægt eins og ég var að lýsa hér að kynna sér reynsluna af því og að í stórum og e.t.v. umdeildum málum sé þetta leiðin til að átta sig á í hve ríkum mæli ríkið geti flutt verkefni til sveitarfélaga. Ég hef alltaf haldið því fram úr þessum ræðustól að sveitarfélögin séu almennt mjög bær til að gera betur en ríkið í flestum þeim verkefnum sem oft hafa — illa þýtt — verið kölluð nærverkefnin í stjórnsýslunni. Það er afar áhugavert að fá að fylgjast með því hvernig tekst til og það er mjög áhugavert hve mörg sveitarfélög óskuðu eftir verkefnum og það er líka mjög áhugavert hve fjölbreytt verkefnin eru og hvað var óskað eftir ólíkum viðfangsefnum. Þetta held ég að sé sú óskastaða sem við, sem unnum að því að þessi leið yrði farin með sveitarfélög, sáum að gæti komið upp. Þó að málin hafi gengið aðeins hægar en búist var við í upphafi eigum við ekki að hengja okkur í það en líta á einmitt alla þessa góðu kosti. Ég er alveg sannfærð um að takist það vel til þá verði þessi litla byrjun til þess að það verði stórfelldar breytingar í stjórnsýslunni frá ríki til sveitarfélaga.

En svo erum við með þetta frv. Vissulega ætla ég að halda mig við það að vera jákvæð gagnvart þeim verkefnum sem sveitarfélögin fá og alls ekki að hafna neinu fyrir fram enda svo heppin að vera í nefndinni sem fær verkefnin til umfjöllunar, þ.e. fylgist með framvindu þeirra. Þetta frv. kemur inn á tvö viðfangsefni, þ.e. lögin um atvinnuleysistryggingar og lögin um Húsnæðisstofnun hvað varðar félagslegar íbúðir. Ég ætla að víkja fyrst að Atvinnuleysistryggingasjóðnum og koma síðar að Húsnæðisstofnun en þar finnst mér að þurfi aðeins að staldra við og að minnsta kosti taka undir þær spurningar sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vék að vegna þess að þar er líka í raun og veru farið inn á miklar grundvallarbreytingar sem ég ætla að koma að síðar.

En fyrst að breytingunni á lögum um atvinnuleysistryggingar. Mér finnst afar jákvætt að sveitarfélögin telji með þessari breytingu að þau hafi möguleika á að bjóða atvinnulausum að stunda nám í lengri tíma en átta vikur og að það skapist tækifæri og svigrúm til að skipuleggja námsúrræði fyrir atvinnulausa sem auki raunverulega starfsmöguleika þeirra. Ég hef sagt að við sem lendum í fyrsta sinn í því að búa við langtímaatvinnuleysi eigum að hafa eitt að leiðarljósi og það á að vera: Enginn óvirkur á bótum. Í því á hins vegar ekki að felast valdbeiting. Í því á ekki að felast að sá sem verður atvinnulaus lendi í því að vera skikkaður í eitthvað eða sé orðinn sú annars flokks persóna að viðkomandi sé settur til einhvers konar starfa vegna þess að hann á að vinna fyrir þjóð sína heldur felst í því leiðarljósi að ef ekki er um atvinnu að ræða og ef ekki er unnt að skapa atvinnutækifæri með ýmsum úrræðum — og þá legg ég áherslu á að skapa þau þannig að ávallt sé reisn einstaklingsins í fyrirrúmi — þá á að skipuleggja fræðslu og aftur fræðslu. Þess vegna finnst mér að þetta sjónarmið sé gott og mun styðja það. Hins vegar er sagt í greinargerðinni að það séu uppi hugmyndir um að sveitarfélögin bjóði upp á slíkt nám í samvinnu við framhaldsskóla en að það sé ljóst að það verði að gæta þess að slíkt nám sé ekki í samkeppni við almennt lánshæft nám og því verði það skipulagt með þarfir hvers og eins í huga.

Vikið er að því að 80% atvinnulausra sé á aldrinum 16–25 ára. Stjórnarliðar hafa talið að það eigi bara að stýra málum þannig að unga fólkið fari inn í framhaldsskólana. En þá gleymist eitt stórt atriði en það er að mjög stór hópur flosnar upp úr skóla. Hann finnur sig ekki í framhaldsskólanum. Það er ekki vegna þess að þeir sem kenna í framhaldsskólunum séu endilega slakir. Þetta gerist í framhaldsskólum um allt land. Þetta er vegna þess að þetta unga fólk var ekki í stakk búið, það er eitthvað varðandi framhaldsskólann, eitthvað varðandi kerfið sem gerir það að verkum að þetta unga fólk sem flosnar upp, finnur sig ekki. Það er mjög alvarlegt mál þegar ungt fólk er komið út á vinnumarkað ótímabært og með mjög fáa möguleika fram undan. Það er staðreynd að margt þetta unga fólk hefur fundið tækifæri sín í gegnum starfstengt nám, í gegnum starfsmenntun í atvinnulífinu, sem er mjög gott mál og ráðherra þekkir vel til, og í gegnum þau úrræði sem hefur verið boðið upp á í gegnum verkalýðsfélög, í gegnum MFA, í gegnum þá fræðslu sem þar er. Það nám sem hefur verið boðið upp á fyrir ungt fólk í Tómstundaskólanum, sem verkefni frá MFA, hefur skapað ótrúlega möguleika og við í félmn. höfum farið og kynnt okkur þessa starfsemi að hluta. Við eigum eftir að gera það betur og ég vil þess vegna brýna ráðherrann með að ef sveitarfélögin vilja leita leiða fyrir atvinnulaust ungt fólk sé ekki verið að festa sig við að það verði að vera í gegnum samvinnu framhaldsskólanna, að það sé viðsýni í þeirri leið vegna þess að það á að nota þau úrræði sem búið er að ná árangri með og það er óumdeilt að þarna hefur verið náð árangri. Þetta tel ég að við í félmn. eigum að skoða mjög vel og mun leggja það sem ég get í það.

Ég ætla þá, virðulegi forseti, að víkja að hinum þættinum sem ég hef meiri áhyggjur af og það eru húsnæðismálin. Ég ætla að leyfa mér að vísa aðeins í setningu úr viðtali í sjónvarpinu fyrir skömmu þar sem talað var við formann húsnæðisnefndar í Reykjanesbæ, Skúla Þ. Skúlason, þar sem hann endar það viðtal á að segja eftirfarandi, með leyfi forseta: „Umræðan um félagslega íbúðakerfið hefur verið alveg skelfileg. Við skulum minnast þess að þetta kerfi er búið að þjóna landsmönnum síðan 1929. Það eru 10.000 fjölskyldur í landinu sem njóta öryggis í félagslega íbúðakerfinu en umræðan, óvönduð umræða um eignaupptöku og ég veit ekki hvað annað hefur náttúrlega hrætt þessar fjölskyldur og það er verið að skapa mjög óþarfa vandamálaumræðu því hún á sér ekki alls staðar stað.“ Ég nefni þetta vegna þess að ef upplýsingar mínar eru réttar þá er þetta samflokksmaður ráðherrans og ég held að það sé mjög mikilvægt að fara að orðum þessa ágæta manns vegna þess að við eigum að leysa vandann sem hefur komið upp í félagslega kerfinu. Við eigum líka að horfa á hvernig hann hefur orðið til og við eigum ekki að kenna kerfinu um það sem er vandi sem sveitarfélögin hafa skapað þó að ég taki undir að hann verði að leysa. Þegar við skoðum, virðulegi forseti, hvernig íbúðir skiptast og auðar íbúðir skiptast og hlutfall skiptist á milli svæða og kaupstaða, þá sjáum við alveg hversu mikill mismunur þetta er og að sum sveitarfélög hafa verið ansi frek til fjárins að gera kröfur um að fá úthlutað og að byggja upp og oft frekar með annarra þarfir en einstaklinganna í huga. Þessi sveitarfélög eru núna að lenda í vanda af því að þau hafa ekki farið stíft eftir þeirri kröfu sem er í lögunum að

það skuli gera könnun um þörfina fyrir félagslegar íbúðir, þ.e. hve margir þurfa, hvað áætlað er að þurfi að byggja mikið til þess að sinna þessari þörf því að við vitum um gegnumstreymið og stundum hefur e.t.v. ekki vantað íbúð nema fyrir einn til þess að það sé byggt. En nóg um það.

Í fyrra í febrúar var í mikilli samvinnu hér í þingsal breytt lögunum. Það mál fór hratt í gegnum þingið eins og gjarnan verður þegar þingmenn verða samhuga í því að gera góðar breytingar. Þá var varðandi félagslegar íbúðir aukin ábyrgð sveitarfélaga og sjálfsforræði og tekið á ýmsum málum sem talinn var vandi sveitarfélaganna eftir störf nefndar sem hafði fjallað þar um. Þá var einmitt opnað á það að heimilt væri að selja félagslegar eignaríbúðir á markaði ef þær stæðu auðar og ef þær hentuðu ekki sem félagslegar íbúðir. Meira að segja var ákveðið að veita sérstök lán til framkvæmdaraðila sem yrði greitt síðar þegar íbúð yrði seld. Þess vegna, virðulegi forseti, beini ég því til hæstv. ráðherra hvort þurft hafi að gera svo miklar breytingar eins og hér er lagt til til að heimila sölu út úr kerfinu.

Til viðbótar því sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi bendi ég á að einn vandi húsnæðisnefnda og sveitarfélaganna hefur verið sá að reynt hefur verið að hjálpa fólki til sjálfshjálpar með að úthluta því eignaríbúðum, ekki síst meðan það var kannski eini kosturinn. Síðan hefur þetta fólk e.t.v. fengið 100% lán, aðrir erfiðleikar hafa steðjað að eða eitthvað gert það að verkum að fólk hefur misst íbúðina. Það er vissulega vandi sem það sveitarfélag hefur axlað vegna þess að við þekkjum það að ef fólk verður húsnæðislaust þá hefur sveitarfélagið leyst þar úr málum. Þegar miklar skuldir hafa verið gerðar upp og fólk orðið gjaldþrota hefur tapið lent á Byggingarsjóði verkamanna. Hér er verið að leggja til mikla grundvallarbreytingu hvað það varðar að sveitarfélag geti selt einstaklingi íbúð og jafnvel selt sveitarfélagi íbúð sem það á, hefur áður byggt í kerfinu og á markaðsverði, þá muni sveitarfélagið bera kostnaðinn. Það stendur hér í greinargerðinni:

„Þannig geti sveitarfélag selt einstaklingi, sem fengið hefur lán samkvæmt nýju leiðinni, íbúð sem sveitarfélagið hefur áður keypt inn samkvæmt kaupskyldunni, enda hafi lán við Húsnæðisstofnun verið gerð upp. Þar sem einstaklingurinn kaupir á markaðsverði getur svo farið, í þeim sveitarfélögum þar sem markaðsverð er lægra en innkaupsverðið samkvæmt kaupskylduákvæðum, að sveitarfélag hafi af þessu kostnað sem nemi þessum mismun. Svo mun vera ástatt í a.m.k. þremur af þeim sveitarfélögum sem hyggjast fara þessa tilraunaleið. Auk þess eru kostirnir fyrir einstaklinginn þeir að geta valið sér íbúð og e.t.v. endurbætt íbúðina sjálfur smám saman og lækkað skuldabyrði sína því enn frekar."

Þar með erum við komin að hinu grundvallaratriðinu sem ég minntist á í upphafi. Það var grundvallaratriði með lögunum frá 1929 um félagslegar íbúðir eða verkamannabústöðum, sem það hét þá, að láglaunafólk kæmist í mannsæmandi íbúðir sem það réði við af launum sínum án þess að basla, án þess að þurfa að vera í einhverju óklárúðu eða lélegu af því vonin hefði verið til að geta gert betur og þess vegna hefur alla tíð verið lögð áhersla á að fólk sem fengi úthlutað íbúðum í félagslega kerfinu færi inn í fullstandsettar íbúðir. Þá er ég ekki að segja flottar eða fínar, fullstandsettar í góðu lagi og það er til fyrirmyndar hvernig mörg sveitarfélögin hafa staðið að þeim málum og þegar fólk fer út úr íbúðinni þá skipti það ekki máli hvernig viðkomandi skildi við hana. Íbúðin er í góðu ásigkomulagi þegar hún fer til næsta manns. Þess vegna hræðist ég það að hér sé opnað á það að með félagslegu láni geti kaupandi, sem telur að hann hafi ekki ráð á miklu, langar til að hafa meiri umráð yfir íbúðinni, vill taka lítið lán, fer kannski inn í lélega íbúð eða óklárða íbúð, ætlar að vinna sjálfur og minnka skuldabyrði sína, stendur kannski upp eftir að hafa farið út í einhverjar breytingar sem urðu dýrari þannig að hann ræður ekki við neitt og missir íbúðina. Og hvað þá? Jú, þá er vandinn orðinn sveitarfélagsins.

Virðulegi forseti. Ég minni ráðherrann á að það er svo slæmt að á Ísafirði eru til íbúðir, þriggja herbergja íbúðir í sambýlishúsi, sem svo mikill fjármagnskostnaður kom á við byggingu að kostnaður og kaupverð einstaklings eru 11 millj. Við sjáum hvað gerist ef lausnin fyrir sveitarfélögin á að vera sú að selja óhagkvæmar íbúðir út úr kerfinu á markaðsverði og bera þar með kostnaðinn. Sjáið þið ekki hvert við erum að fara? Ég veit að Ísafjörður er ekki eitt af þessum tilraunasveitarfélögum. En það hlýtur að felast í tilrauninni að fara nýjar leiðir, leiðir sem e.t.v. verður hægt að fara síðar hjá öðrum sveitarfélögum. Þess vegna læt ég í ljósi áhyggjur yfir þessu ákvæði, en ég ætla ekki að ganga lengra. Ég mun skoða þetta mál mjög vel í nefnd og kalla eftir viðbrögðum sveitarfélaga og annarra um þýðingu og afleiðingar þessa.

Í lokin, virðulegi forseti. Ég veit að innan ASÍ hefur verið umræða um það ástand sem oft hefur verið málað mjög svart og víða er vandamál en annars staðar alls ekkert vandamál. Það hefur verið talað um að kerfið sé þunglamalegt og á því sé ríkisstimpill. Í stað þess að menn fari út í að skoða hvað hægt er að gera í stjórnsýslunni í kerfinu er farin sú leið að fara bara út úr kerfinu og lána beint. Ég veit að hugmynd hefur verið uppi um félagsleg íbúðarlán sem verði nýr lánaflokkur, fari til einstaklings og verði ekki eins og kaupskyldan. Valið er einstaklingsins en ákveðin skilyrði sem húsnæðisnefndir setja og varða ástand íbúða og lánið flytjast e.t.v. áfram. Í sambandi við húsnæðismálin er nefndur sá möguleiki, og þetta hlýt ég að flétta saman, að selja íbúð til einstaklinga sem eru yfir tekjumörkum þegar íbúðir losna á staðnum. Ég veit að það er í frv. sem rætt verður á eftir, en þá á það ekki að varða vextina. Það hlýtur að vera að reynslusveitarfélag, og það er minn punktur, geti nýtt sér það ákvæði laganna sem gildir fyrir alla þannig að breytingar sem gerðar verða á lögunum um Húsnæðisstofnun og eru í frv. sem verður rætt á eftir komi til afnota fyrir sveitarfélögin sem líka eru reynslusveitarfélög. Hvað þýðir þetta frelsi með úthlutun, lán og vexti sem eiga ekki að breytast þótt tekjur segja annað? Ég hef áhyggjur af því hvað hægt er að lesa út úr þessum frumvörpum, virðulegi forseti, og mun leggja mikla áherslu á að það verði skoðað mjög vel í nefnd.

[18:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Mér finnst áhyggjur hv. síðasta ræðumanns óþarflega miklar. Þetta frv. er flutt til að mæta óskum viðkomandi sveitarfélaga sem eru að undirbúa ásamt stjórnvöldum samninga um yfirtöku verkefna. Þetta er einungis til þess að útbúa lagastoð til að ganga frá samningum á þann hátt sem sveitarfélögin geta sætt sig við.

Hvað varðar félagslegt kerfi í þessum sveitarfélögum, þ.e. það sem þegar er komið af félagslegu kerfi, þá heldur það auðvitað áfram og hefur sinn gang eins og ekkert hafi í

skorist. En þessi sveitarfélög eru að biðja um að fá að reyna nýja möguleika. Í þessu tilfelli varðandi félagslegar íbúðir.

Það er hárrétt hjá hv. þm. og hjá viðmælanda sjónvarpsins í Keflavík að félagslega kerfið hefur orðið fyrir ósanngjarnri umræðu að sumu leyti. Ég held að menn hafi miklað fyrir sér, sérstaklega sumir íbúar í félagslega kerfinu, annmarka sem þeir hafa séð á kerfinu, t.d. eins og þá að eignamyndunin sé mjög hæg. Vissulega er eignamyndun í félagslega kerfinu mjög hæg til að byrja með. En það er annað sem stingur mig. Félagslegu íbúðirnar hafa orðið of dýrar í sumum tilfellum. Kröfurnar um frágang hafa verið mjög stífar og eins og hv. þm. nefndi er náttúrlega engin glóra í því að vera búinn að koma litlum blokkaríbúðum upp í 11 millj. og það á svæði þar sem íbúðaverð er ekki tiltakanlega hátt.

Félagslega kerfið gengur upp sums staðar og sums staðar ekki. Sums staðar hafa menn sprengt sig á félagslega kerfinu. Þeir hafa verið að halda uppi atvinnu, byggingarstarfsemi í sveitarfélögum og byggt og byggt félagslegar íbúðir jafnvel fram yfir þörf og jafnvel þannig að verðfall hefur orðið á öðru húsnæði á viðkomandi stöðum. En sums staðar gengur þetta ágætlega upp og sums staðar er þetta bara í góðu lagi. Um tíundi hluti fjölskyldna í landinu býr í félagslegu húsnæði og sem betur fer er mest af því í góðu lagi. En sérstaklega nú í seinni tíð hafa hlutir farið úrskeiðis og það er sjálfsagt að reyna að laga það. Nefnd er að störfum sem er að líta á framhaldið á þessu, þ.e. hvernig við getum sneitt vankanta af félagslega kerfinu. Ég vona að hún komist að góðri og skynsamlegri niðurstöðu.

Ég átti ágætan fund í gær með fulltrúum Alþýðusambands Íslands um húsnæðismál og hygg gott til áframhaldandi samstarfs. Alþýðusambandið hefur látið sig húsnæðismál miklu varða og þar er saman komin mikil þekking á þeim, ekki síst á hinni félagslegu hlið húsnæðismálanna.

Mér finnst það góð regla og eðlileg að kynna samninga sem gerðir eru í hv. félmn., samninga sem gerðir eru í reynslusveitarfélagaverkefninu. Ég vænti þess að ég leggi fram skýrslu á Alþingi í haust um framvindu verkefnisins. Skýrsla sem ég legði fram í dag yrði ósköp rýr að vöxtum. Reyndar er hún hér að nokkru leyti í greinargerð frv. þar sem getið er um hvar verkefnið standi. Ég held að e.t.v. hafi verið valin of mörg reynslusveitarfélög því að það hefur heldur tafið fyrir verkefninu. Sveitarfélögin eru misjafnlega undir það búin að taka við verkefnum og sveitarstjórnarmenn á hinum ýmsu stöðum hafa misjafnan áhuga. Ég held að þetta væri komið lengra ef kröftunum hefði ekki verið dreift svona mikið. Þetta er þó á sæmilegu róli, en vissulega hefur framvindu málsins seinkað meira en ég ætlaði.

Það eru einungis tvö verkefni sem hafa verið slegin út af borðinu í þessu sveitarfélagaverkefni. Tvö ráðuneyti hafa neitað sveitarfélögum um viðræður um yfirtöku á verkefnum. Einu sveitarfélagi var neitað um að taka upp umræður um yfirtöku á framhaldsskóla sem það óskaði eftir. Rökin voru þau að það væri mikið verkefni að raska framhaldsskólanum á sama tíma eða fara að flytja framhaldsskólann á sama tíma. Einnig hefur komið neitun frá dómsmrn. um staðbundna löggæslu sem sveitarfélög hafa haft áhuga á.

Það er alveg rétt að við megum ekki gleyma þeim nemendum sem flosna upp úr skóla. Því miður er það svo, hv. þingmenn, að það eru hreinlega ekki efnahagslegar forsendur fyrir dálítinn hluta unglinga á Íslandi til að sækja nám í framhaldsskóla. Þar á ég við dreifbýlisunglinga sem þurfa að sækja nám um langa vegu, sérstaklega unglinga úr sveitum þar sem fjölskyldutekjur eru orðnar mjög lágar vegna samdráttar í sauðfjárrækt. Það er bókstaflega útilokað fyrir illa setta fjölskyldu sem hefur haft afkomu sína af sauðfé að senda t.d. frá sér tvö börn í framhaldsskóla eða halda þeim úti þegar árstekjur eru komnar langt niður fyrir milljón. Það kostar aldrei innan við 500–600 þús. að halda unglingi úti í námi fjarri heimili.

Ég held ég láti þetta gott heita. Ég vænti þess að hv. félmn. taki þetta mál til skoðunar og afgreiðslu. Eins og ég sagði áðan er sjálfsagður hlutur að leggja fram í nefndinni þá samninga sem við komum til með að gera og höfum gert. Hún getur fylgst með framvindu málsins og ég tel það mjög mikilvægt að Alþingi eða þingnefnd hafi aðstöðu til að fylgjast með framgangi málsins og læra af þeirri reynslu með okkur sem af þessu fæst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 18:58.

---

116. FUNDUR

fimmtudaginn 11. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Iðnaðarlög, stjfrv., 405. mál, þskj. 711. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 390. mál, þskj. 685. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599. — Frh. 1. umr.
5. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 394. mál, þskj. 692. — 1. umr.
6. Þjónustusamningar og hagræðing í ríkisrekstri, stjfrv., 423. mál, þskj. 752. — 1. umr.
7. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 774. — 1. umr.
8. Tollalög, stjfrv., 441. mál, þskj. 773. — 1. umr.
9. Vörugjöld, stjfrv., 445. mál, þskj. 777. — 1. umr.
10. Virðisaukaskattur, stjfrv., 444. mál, þskj. 776. — 1. umr.
11. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — 1. umr.
13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 449. mál, þskj. 781. — 1. umr.
14. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,

Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
[10:33]

Útbýting þingskjals:
Vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir, 276. mál, svar viðskrh., þskj. 812.

Athugasemdir um störf þingsins.
Samkomulag um þinghaldið.
[10:34]

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Þegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur var lagt fram á Alþingi kom fram að það væri skoðun okkar margra að ríkisstjórnin hefði ekki aðeins sagt í sundur friðinn við fólkið í verkalýðsfélögunum og þar með þjóðina alla heldur hefði hún líka sagt í sundur friðinn á Alþingi. Frá því að þær yfirlýsingar komu fram af okkar hálfu hefur ekkert gerst sem breytir afstöðu okkar. Þvert á móti. Þrátt fyrir víðtækustu mótmæli verkalýðshreyfingarinnar allrar í áratugi frá ASÍ, BSRB, BHM, Sambandi bankamanna og Kennarasambandi Íslands hefur ríkisstjórnin ákveðið að halda hinum umdeildu frv. til streitu. Á fundi með forustumönnum verkalýðssamtakanna í gær neitaði ríkisstjórnin að draga þessi mál til baka. Ráðherrarnir hafa sagt að mál þessi séu í höndum þingsins sem geti breytt þeim. Það er rétt en ekki nægilega skýrt að okkar mati. Það hættulega við þessi mál er málsmeðferðin sjálf og aðdragandi málsins. Þess vegna dugir ekkert minna að okkar mati en að ríkisstjórnin dragi þessi frv. til baka.

Af þessum ástæðum ítreka ég hér, herra forseti, fyrir hönd formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar, að ekkert samkomulag er um þinghaldið í einstökum atriðum. Ég mótmæli einnig að haldnir séu nefndarfundir á óeðlilegum tímum, sérstaklega nefndarfundir um hin umdeildu frv. utan venjulegs fundartíma nefnda. Þar á ég t.d. við boðaðan fund í efh.- og viðskn. sem átti að halda á laugardaginn kemur en nú hefur nú ákveðið að falla frá því vegna mótmæla stjórnarandstöðunnar. Ég lýsi því hér með yfir, herra forseti, að ekkert samkomulag er við stjórnarandstöðuna um þinghaldið. Þessa afstöðu kynntum við fyrir forseta Alþingis, Ólafi G. Einarssyni í gærkvöld á fundi með honum en kynnum nú þingheimi þessa afstöðu okkar með formlegum hætti, herra forseti.
[10:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):
Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykv. vill forseti segja að að sjálfsögðu er afar mikilvægt að samkomulag náist um þingstörfin. Forseti hefur átt ágæta fundi með formönnum þingflokka og þess er að vænta að á þeim fundarhöldum verði framhald. Eins og venja er verður allra leiða verði leitað til að ná samkomulagi. Að öðru leyti telur forseti ekki ástæðu til að gefa neinar yfirlýsingar á þessu stigi málsins.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Iðnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 711.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Reynslusveitarfélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (félagslegar íbúðir, atvinnuleysistryggingar). — Þskj. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (nauðasamningar). — Þskj. 599.
[10:40]

Svanfríður Jónasdóttir (frh.):
Herra forseti. Eins og forseti gat réttilega um var sú sem hér stendur í miðri ræðu þegar fundi var frestað. Ég ætla að leitast við að fara þannig yfir málið að það náist af því nokkuð heildstæð mynd í þeim ræðutíma sem ég hef í dag.

Það sem hér er til umræðu er frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og segir í greinargerð með frv. styðst sú lagabreyting sem hér er farið fram með við eftirfarandi stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Stuðla verður að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum."

Ríkisstjórnin vill greinilega meina að sú lagabreyting sem hér er farið fram með stuðli að þessu en ég er komin hér í ræðustól vegna efasemda minna um það mál. Ef við lítum á frv. annars vegar og hins vegar þá lagagrein sem hér er verið að breyta kemur strax í ljós að þær breytingar sem verið er að gera eru ekki efnislegar. 111. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt kveður á um það að telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu á kröfu sem ella mundi tapast með samningi um greiðslu þá gefi hann fjmrh. skýrslu um málavöxtu. Fjmrh. er þá heimilt að samþykkja slíkan samning. Ef við berum svo þessa lagagrein saman við 1. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir sjáum við strax að það sem verið er að gera hér er einvörðungu það að 111. gr. eða 2. mgr. hennar er klofin upp í þrjá hluta, þ.e. 1., 2. og 4. mgr. 1. gr. frv. og

inn í er síðan bætt 3. mgr. Það hlýtur þá að vera hún sem réttlætir þá lagabreytingu sem hér er farið fram með því tæpast er það verkefni löggjafans að endurtaka þá löggjöf sem þegar er til staðar. Ef við lítum á 3. mgr. þá sjáum við strax að efnisbreytingar eru engar. Í fyrsta lagi er endurtekið að innheimtumaður verði að telja hagsmunum ríkissjóðs betur borgið.

Í öðru lagi er talað um að gjaldandinn eigi að vera skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Sú árétting er studd í greinargerð með því að segja okkur frá því að nauðasamningaleiðin hafi verið torsótt fyrir einstaklinga utan rekstrar. Þess vegna þurfi sérstaklega að vísa til þess. Hins vegar kemur jafnframt fram í greinargerð að heimildin sé ekki bundin við einstaklinga utan rekstrar. Þannig að þarna virðist ekki vera um efnisbreytingu að ræða.

Í þriðja lagi mega menn ekki hafa verið skattsvikarar til að fá samning og skyldi nú engan undra það fyrst það á að gæta jafnræðis.

Í fjórða lagi er síðan endurtekið aftur ákvæðið um hagsmuni ríkissjóðs.

Herra forseti. Eins og ég hef sagt sé ég ekki þá efnisbreytingu hér sem réttlætir það að menn séu að leggja fram frv. til breytinga á lögunum. Í núverandi lagagrein eru ákvæði þess efnis að það má gera samning við skuldara telji innheimtumaður tök á að tryggja kröfu sem ella mundi tapast. Ég sé ekki að það breyti miklu þó það ákvæði sé tvítekið til viðbótar í greininni.

Ég hlýt líka að spyrja, fyrst það er nauðsynlegt að tvítaka ákvæðið til viðbótar, hvort menn hafi talið að ekki væri nægjanlegt að segja þetta einu sinni í lagatextanum. Í texta greinargerðarinnar kemur jafnframt fram að innheimtumenn hafi séð einhver vanhöld á því að mæla með nauðasamningum. Það hlýtur þá að vera þannig að setningin í núverandi lagagrein, „að með samningi", sé samningur einfaldlega túlkaður öðruvísi en að um nauðasamning geti verið að ræða. Ég hlýt því að spyrja hæstv. fjmrh.: Var ekki einfaldara að túlka þetta þannig að orðið „samningur" tæki jafnframt til nauðasamninga? Og fyrst það var erfiðara fyrir einstaklinga en þá sem voru í rekstri var orðið „samningur" þá túlkað sem nauðasamningur þegar það átti við lögaðila eða þá sem voru í rekstri en ekki við einstaklinga? Jafnframt væri fróðlegt að vita að ef menn ekki gátu túlkað orðið „samningur" þegar um væri að ræða nauðasamning, hvort hagsmunir ríkissjóðs hafi þá verið fyrir borð bornir í þeim tilvikum að einstaklingar hafi beðið um nauðasamning, hvort innheimtumenn hafi þá ekki getað litið til hagsmuna ríkissjóðs eða hvort af því að það stóð ekki nauðasamningur í greininni heldur bara samningur, þá hafi menn séð sig knúna til að vísa slíku á bug ef um einstaklinga væri að ræða. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þennan sérkennilega texta og þá greinargerð sem fylgir með. Það er sem sagt óskað eftir því að þingið verði upplýst um það hvaða vinnureglum hafi verið beitt. Og hafi innheimtuaðilar ekki talið að hagsmunum ríkissjóðs væri betur borgið með samningum, jafnvel þó það væru nauðasamningar eftir atvikum, þá veltir maður því fyrir sér hvort hér sé einvörðungu um orðaleik að ræða og það hlýtur að leita á, herra forseti.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, og það kom fram þegar ég byrjaði að ræða þetta mál á sínum tíma, að hér sé um að ræða frv. hliðstætt því sem hæstv. félmrh. kom með inn í þingið í haust til breytinga á lögunum um húsnæðismál. Þar áttu menn greinilega að skilja málið þannig að um væri að ræða einhverja bót fyrir fólkið í landinu, en um leið og farið var að skoða efnisinnihald málsins, þá kom í ljóst að ýmist var verið að staðfesta það sem áður var ellegar að um beinar þrengingar væri að ræða. Mér sýnist, herra forseti, að hér sé um að ræða frv. um ekki neitt, frv. sem er einungis borið fram til þess að einhverjir hæstv. ráðherrar geti sagt að það hafi verið farið fram með tiltekna breytingu. En ég vil aftur vekja athygli á því að í núverandi lagagrein er það númer eitt að hagsmunum ríkissjóðs sé borgið en í frv. er það tvítekið til viðbótar þannig að ef einhver hefur látið blekkjast af því að hér væri númer eitt verið að hugsa um einstaklinga, þá er það mikill misskilningur þegar litið er til þeirrar áherslu sem hér er lögð á hagsmuni ríkissjóðs.

Nú er ég ekki að endurtaka þetta vegna þess að ég telji ekki að það sé eðlilegt fyrsta markmið. Það má enginn skilja orð mín svo. Ég er eingöngu að gera kröfu um það að menn fari fram undir réttum formerkjum og flöggum, en setji ekki á sig einhverja merkimiða gæsku við þá sem hér eiga í erfiðleikum eða minna mega sín og beri fram frumvörp sem síðan reynast innihalda orðaleiki og ekkert fram yfir það þegar grannt er skoðað.

[10:52]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í athugasemdum með þessu frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um heimild til fjmrh. um nauðasamninga vegna greiðsluerfiðleika segir á þá leið að frv. sé tilkomið til þess að efna fyrirheit í stjórnarsáttmála. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Stuðla verður að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum."

Því næst segir að af hálfu ríkisstjórnar sé reynt að nálgast þetta mál annars vegar á grundvelli þessa frv. fjmrh., hins vegar með frv. hæstv. dómsmrh. um réttaraðstoð við einstaklinga og máli sem félmrh. hefur flutt um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Í athugasemdum með frv. koma fram ákaflega athyglisverðar upplýsingar um þann þátt greiðsluerfiðleika einstaklinga og heimila sem lýsir sér í sívaxandi fjölgun gjaldþrota einstaklinga. Jafnframt kemur fram skýring á því en hún er fyrst og fremst sú að í fjórum tilvikum af hverjum fimm koma beiðnir um gjaldþrotaskipti fram frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Með öðrum orðum er það fyrir atbeina ríkissjóðs og hæstv. fjmrh. sem gjaldþrotum einstaklinga hefur fjölgað mjög á undanförnum árum vegna vangoldinna skattaskulda. Því er lýst af hverju þetta er, þ.e. að innheimtumenn ríkissjóðs hafa ekki mælt með nauðasamningum og hafa talið þetta nauðsynlegar aðgerðir, bæði út frá jafnræðisreglu og eins út frá almennri hagsmunagæslu ríkissjóðs. Með öðrum orðum er það sá aðili, sem raunverulega er frumkvæðisaðili að fjölgun gjaldþrota einstaklinga, sem hér fer fram á það við hv. Alþingi að fá heimild til þess að taka upp nauðasamninga. En það er heldur betur bundið ákveðnum skilyrðum. Og hver eru skilyrðin? Skilyrðin eru þau helst að viðkomandi aðilar, og það reyndar ekki bara einstaklingar heldur einnig lögaðilar samkvæmt þessu frv., skuldi ekki skatta. Þeir mega mega með öðrum orðum ekki skulda virðisaukaskatt, ekki staðgreiðslu opinberra gjalda, ekki tryggingagjald og vörugjald. Þá spyr maður: Úr því að meginástæðan fyrir fjölgun gjaldþrota einstaklinga eru einmitt hertar innheimtuaðgerðir innheimtuaðila ríkissjóðs en meginskilyrðið fyrir heimild til

nauðasamninga er að viðkomandi aðilar skuldi ekki skatta, hver verður þá efndin á þessu í framkvæmd? Þeir sem skulda skatta eru þeir sem helst hafa verið lýstir gjaldþrota og synjað um nauðasamninga. Síðan eru skilyrðin fleiri, nefnilega að þeir aðilar sem hér um ræðir eigi ekki hlut að máli vegna endurákvörðunar skattyfirvalda vegna skattsvika og loks að það sé mat hagsmunaaðila ríkissjóðs að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningum heldur en þeirri niðurstöðu að enda í gjaldþrotum.

Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að málið sem hér er verið að fjalla um í þessum þremur frumvörpum ríkisstjórnarinnar er býsna stórt, greiðsluvandi heimilanna. En úrræðin sem er beitt til þess að leysa þau eru býsna smá í sniðum. Nú langar mig, virðulegi forseti, til þess að leiða fram vitni um það vegna þess að þau liggja fyrir á þingskjali. Það er nefnilega óhjákvæmilegt að rifja það upp að það er eins og fjallið hafi tekið jóðsótt en fæðst lítil mús þegar við rifjum upp málflutning frambjóðenda annars stjórnarflokksins fyrir kosningar um þetta mál, greiðsluerfiðleika heimilanna. Það hefur verið sagt áður í þingsal úr þessum ræðustóli að það sé leitun á því í stjórnmálasögunni á Íslandi að frambjóðendur nokkurs flokks hafi fyrir kosningar blekkt jafnmarga með jafninnstæðulitlum loforðum og frambjóðendur Framsfl. gerðu fyrir kosningar í nákvæmlega þessu máli. Og þeir gerðu það ekki bara með innihaldslausum yfirlýsingum fyrir kosningar, heldur gerðu þeir það með því að leggja fyrir Alþingi, fyrir kosningar frv. til laga um lausn á þessu vandamáli, þ.e. frv. til laga um greiðsluaðlögun. Og hverjir voru flutningsmenn þess? Það var t.d. hæstv. núv. iðnrh. og viðskrh., Finnur Ingólfsson. Það var hæstv. utanrrh. og leiðtogi Framsfl., kletturinn í hafinu samkvæmt auglýsingunum, hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson, það var hæstv. ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála, Ingibjörg Pálmadóttir, og fleiri málsmetandi andans menn úr þingflokki Framsfl., þeirra á meðal hv. þm. og formaður þingflokks, Valgerður Sverrisdóttir, og formaður bankaráðs Búnaðarbankans á Íslandi, ekki Litáen, hv. þm. Guðni Ágústsson, og fleiri.

Þeir lýstu þessu vandamáli sem stærsta vandamáli þjóðarinnar fyrir seinustu kosningar. Þeir sögðu: Hér er algjört neyðarástand ríkjandi í þjóðfélaginu vegna greiðsluerfiðleika heimilanna. Við lofum því að við munum leysa þetta mál. Og góðir hálsar: Ykkur er óhætt að trúa okkur vegna þess — og svo veifuðu þeir þessu skjali — að við höfum lagt fram á Alþingi frv. til laga sem leysir málið í eitt skipti fyrir öll, frv. til laga um greiðsluaðlögun. Og þá var ekki verið að bjóða upp á nauðasamninga fyrir þá sem væru í skuld við ríkið út af sköttum og þá var ekki verið að bjóða upp á einhverja lítilfjörlega réttaraðstoð þegar allt væri komið í óefni og ekki heldur verið að segja eitthvað um að það mætti kannski eitthvað lengja í hengingaról þeirra um skulda meðlög upp á nokkra milljarða. Nei, það var heildarlausn. Og, með leyfi forseta, langar mig til þess að rifja upp að gefnu tilefni úr þessum ræðustól hvað þessir leiðtogar Framsfl. sögðu við kjósendur og reyndar við hv. þingmenn fyrir seinustu kosningar. Þeir sögðu svo í greinargerð með þessu frv., með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa frv. er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum því að neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra.“ — Því má skjóta inn til skýringar úr athugasemdum hæstv. fjmrh. að þetta neyðarástand stafar í fjórum tilvikum af hverjum fimm af innheimtuaðgerðum ríkissjóðs og samkvæmt þessu frv. mega menn ekki skulda skatta ef nokkuð á að bjóða upp á nauðasamninga þannig að ekki er það nú lausnin. — Síðan segir hér:

„Það hefur skapað margvísleg félagsleg vandamál, lagt auknar byrðar á félagsmálastofnanir, aukið örvæntingu einstaklinga og fjölskyldna og skapað sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa.“

Virðulegi forseti. Það var ekki verið að tala um að setja plástur á þessi sár. Það var verið að tala um að græða þessi sár með heildarlausn í formi þessa frv. Svo áfram sé haldið lestrinum, með leyfi forseta:

„Tvær meginástæður eru fyrir greiðsluerfiðleikum heimilanna, í fyrsta lagi húsnæðismálin, í fyrsta lagi húsnæðismálin“, sem heyra undir hæstv. húsnæðismálaráðherra, Pál Pétursson og hefur enn ekki komið sér til þess verks að leysa vanda þúsunda heimila eða græða þau djúpu sár sem hann lýsti svo fjáglega fyrir kosningar. Vandinn var sem sé í fyrsta lagi húsnæðismálin „sem birtast í göllum húsbréfakerfisins, styttri lánstíma, hærri vöxtum og þar af leiðandi aukinni greiðslubyrði og í öðru lagi vaxandi atvinnuleysi, stórhækkaðir skattar, auknar álögur í formi þjónustugjalda, lækkun barna- og vaxtabóta og vaxandi kjaraskerðing.“

Virðulegi forseti. Í þessari tilvitnun kemur fram greining Framsfl. fyrir kosningar á því hversu hrikalegur þessi vandi er, hversu djúpstæður hann er og hversu sársaukafullur hann er. Það vantaði ekki skýringar á þessu vandamáli fyrir kosningar. Það var ekki bara að menn skulduðu skatta. Og síðan lausnin. Í þessu skjali segir, með leyfi forseta:

„Til að koma í veg fyrir þá holskeflu gjaldþrota,“ $^{4}/_{5}$ að undirlagi ríkisins, „sem nú blasir við og gera mun þúsundir fjölskyldna heimilislausar, þarf að grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna, vandamálum sem þegar eru orðin svo mikil að heimilin ráða ekki við þau. Margt þarf að koma til, svo sem greiðsluaðlögun, lenging lána, félagsleg aðstoð og veiting greiðsluerfiðleikalána.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um greiðsluaðlögun þar sem skuldurum verði hjálpað til að komast út úr mesta svartnættinu. Markmiðið með greiðsluaðlögun er að skuldari fái lánskjörum breytt þannig að greiðslubyrði verði léttari. Breyting á lánskjörum getur falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt eða skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausna á tímabundnum erfiðleikum t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda og fleira. Greiðsluaðlögun kemur aðeins til greina hafi hún í för með sér ávinning fyrir skuldara, lánardrottna og samfélagið í heild. Ávinningur fyrir skuldarana verði sá að þeir geti staðið í skilum með skuldina ...“

Það er ærin ástæða til þess að minna á það, virðulegi forseti, hvað þeir sem sitja nú í ríkisstjórn Íslands, annars vegar í embættum húsnæðis- og félagsmálaráðherra og hins vegar í embætti heilbr.- og trmrh., sögðu við kjósendur á Íslandi fyrir kosningar. Þeir sögðu: Þetta er helsti vandi, helsta þjóðfélagsmein á Íslandi. Hér duga engar skottulækningar. Hér duga engir plástrar á sárin. Hér þarf heildstæðar lausnir. Hér þarf víðtækar lagaheimildir, hér þarf lagareglur um allsherjarskuldaskil þeirra sem eru í greiðsluerfiðleikum, einstaklinganna og heimilanna í landinu.

Hverjar eru efndirnar? Efndirnar eru þær að þrátt fyrir að hafa nú setið marga mánuði á stól ráðherra félags- og

húsnæðismála sýndi hæstv. félmrh. eitt frv. sem hann var gerður því sem næst afturreka með að því er varðar breytingar á lánskjörum í húsbréfakerfinu vegna þess að tillögur hans reyndust illa hugsaðar, vangrundaðar og kom á daginn að þær mundu raunverulega ekki leysa nokkurn vanda. Síðan kemur smáfrv. um réttaraðstoð og loks núna frv. frá hæstv. fjmrh. sem kveður einfaldlega á um það að skilyrði fyrir því að taka yfirleitt á þessum málum með heimild til nauðasamninga sé að menn skuldi ekki skatta en jafnframt tekið fram að $^4/_5$ af gjaldþrotunum eru það einmitt vegna vangoldinna skattaskulda. Með öðrum orðum, hér er ég að lýsa dæmi um einhvern stórkostlegasta blekkingaleik sem efnt hefur verið til í íslenskri pólitík á undanförnum árum, blekkingaleik sem hafði þau áhrif að færa Framsfl. völdin sem leiddi til þess að mikill fjöldi kjósenda lagði trúnað á þetta blekkingaskjal, kaus Framsfl. í góðri trú en horfir nú upp á það að efndirnar eru allar í skötulíki. Og því næst er hæstv. ráðherra horfinn úr salnum, að sjálfsögðu, það er venju samkvæmt vegna þess að það er að sjálfsögðu ekki gott að sitja undir því að vera minntur á þessi loforð. En þetta er bara einn kapítuli af mörgum af loforðasúpu Framsfl. á þeirri tíð.

Það er ekki mikið um þetta frv. að segja. Það fer til sinnar nefndar og það er svo smátt í sniðum og mun breyta svo litlu í samanburði við þá myndrænu lýsingu sem gefin var fyrir kosningar á þessu sem stærstu og sársaukafyllstu þjóðfélagsmeinsemd sem við væri að fást. Spurningin er mjög einföld: Hvernig stendur á því að ráðherrar Framsfl., sem tókst að blekkja kjósendur til fylgis við sig, sitja nú að völdum, ráða þessum málum sem um er að ræða og koma ekki með frv. sitt sem þeir lögðu fram fyrir kosningar, heldur una því að samstarfsflokkurinn, hæstv. fjmrh., og hæstv. dómsmrh., setji plástra á sárin og geri þá in toto, Framsfl. frá leiðtoganum og niður úr, að staðfestum ómerkingum orða sinna frá því fyrir kosningar?

Þetta dæmi sem ég hef rakið ætti að vera skráð feitu letri í stjórnmálasögu Íslendinga sem dæmi um ómerkilega kosningabaráttu, dæmi um fullkomna sýndarmennsku, dæmi um blekkingaleik og dæmi um fullkomið alvöruleysi sem lýsir sér í vanefndum við fjölda fólks sem átti vissulega í erfiðleikum og var blekkt með loforðum af þessu tagi. Þau þrjú mál sem hér um ræðir leysa ekki þann vanda sem við er að fást og í raun og veru er aðeins eitt sem eftir er. Það er að spyrja: Hvernig stendur á því að ráðherrar Framsfl. viðurkenna með þögninni og aðgerðarleysinu að þeir meintu ekki eitt einasta orð með því sem þeir sögðu í þingsalnum á þessu þskj. og því sem þeir sögðu við kjósendur fyrir kosningar um þetta mikla mál?

[11:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er við hæfi að hæstv. fjmrh. situr einn og yfirgefinn í sínu sæti og ekki nokkur stjórnarliði treystir sér til að koma hingað og leggja honum lið. Nú er það út af fyrir sig við hæfi að það sé hæstv. fjmrh. sem sitji og taki við ágjöfinni sem stafar af þessu máli vegna þess að það er hann sem hefur í forsvari fyrir Sjálfstfl. tekið að sér að svínbeygja Framsfl. í þeim málum sem þeir lofuðu mestu í fyrir síðustu kosningar. Það er hæstv. fjmrh. sem ræður ferðinni í heilbrigðis- og tryggingamálum þar sem Framsfl. hafði uppi hástemmd loforð og það er hæstv. fjmrh. sem hefur mótað stefnuna þar Framsfl. til verðskuldaðrar minnkunar.

Það er líka hæstv. fjmrh. sem í tíð fyrri ríkisstjórnar eins og í tíð þessarar ríkisstjórnar lagðist gegn þeim sjálfsögðu réttlætismálum sem hv. síðasti ræðumaður, Jón Baldvin Hannibalsson, fjallaði um, að reynt yrði að koma á fót greiðsluaðlögun. Mér finnst það við hæfi, herra forseti, að Framsfl. og allir þingmenn hans flýi eins og hræddar mýs út úr þessum sal í hvert einasta skipti sem þingheimur ræðir húsnæðismál því að hvergi er minnkun Framsfl. jafnaumleg og einmitt þegar við ræðum Framsfl. og húsnæðismálin.

Herra forseti. Frv. sem liggur fyrir er í anda þeirrar friðarhátíðar sem er nýliðin. Í anda páskanna er við hæfi að lögð sé fram friðþæging fyrir syndir Framsfl. því þetta frv. er ekkert annað en lítilþæg friðþæging fyrir syndir þeirra. Þetta er annað frv. sem hér er lagt fram sem tengist svokallaðri uppfyllingu loforða þeirra í húsnæðismálum. Hitt frv. var um réttaraðstoð við einstaklinga til þess að leita nauðasamninga.

Herra forseti. Það er rétt að rifja það upp að það er Framsfl. sem hefur ekki pólitískan kjark til þess að hlýða á mál manna sem tala um húsnæðismál. Það var Framsfl. sem lagðist hvað harðast gegn síðustu ríkisstjórn og einkum Alþfl. þegar húsnæðismál voru annars vegar. Það er við hæfi, herra forseti, áður en við förum í efnislega umræðu um frv. að rifja upp að Framsfl. taldi að þeir erfiðleikar sem steðjuðu að íslenskum heimilum á síðasta kjörtímabili þegar kom að húsnæðismálum væru fyrst og fremst Alþfl. að kenna. Sú umræða spratt í kjölfar skýrslu Þjóðhagsstofnunar þar sem kom vitaskuld fram að skuldir heimilanna höfðu vaxið mjög hratt. Það voru talsmenn Framsfl., ekki síst hæstv. núv. félmrh., sem notaði þetta sem dæmi um það að Alþfl. hefði mistekist í húsnæðismálum og það væri honum að kenna að afkoma heimilanna hefði verið rýrð með þeim hætti að þúsundir heimila römbuðu á barmi gjaldþrots. Þetta var uppistaðan í málflutningi þess manns sem núna er hæstv. félmrh. Auðvitað var þessi túlkun víðs fjarri og Framsfl. hafði aldrei sanngirni til þess að nefna að í skýrslu Þjóðhagsstofnunar var bent á það að skýringanna væri fyrst og fremst að leita í því að í kjölfar verðtryggingarinnar hefði þurft að endurfjármagna nær allt húsnæði í landinu. Og stjórnarliðið, þ.e. sá hluti þess sem tilheyrir Framsfl., horfir fram hjá því að sá hraði vöxtur skulda í húsnæðiskerfinu sem varð á síðasta kjörtímabili varð vegna þess að þáv. ríkisstjórn, fyrst og fremst fyrir tilstilli Alþfl., hratt burt því helsi hafta sem hafði verið byggt upp í húsnæðiskerfinu af Framsfl. áratugum saman. Menn skulu ekki gleyma því að árið 1986 voru þúsundir ungs fólks á Íslandi, þúsundir ungra fjölskyldna sem gátu ekki fengið húsnæði yfir höfuð sér vegna þess að það var ekki hægt að ná fjármagni. Hvernig var aðgangurinn að fjármagni þá? Hann var þannig að það þurfti aðgöngumiða að veislunni og hann fólst í því að vera félagi í Framsfl. Og það var ekki Alþfl. sem hélt þessu fram, herra forseti. Þetta var hægt að lesa í kosningabæklingi sem gefinn var út á ábyrgð formanns Sjálfstfl. í aðfara síðustu kosninga. Það var með öðrum orðum Sjálfstfl., sá flokkur sem núna starfar með Framsfl. sem sagði það fyrir síðustu kosningar að til þess að ungt fólk gæti orðið sér út um lánsfjármagn til þess að reisa sér þak yfir höfuð, þyrfti það að hafa aðgöngumiða að veislunni eins og það var orðað og sá aðgöngumiði var flokksskírteini í Framsfl. Ég hef aldrei tekið undir þetta en það er þetta sem var í kosningabæklingi Sjálfstfl. í Reykjavík og er rétt að það komi hér fram.

Þegar Alþfl. og fyrri ríkisstjórnir fóru í að svipta burt þessu kerfi hafta og helsis, þá gerðist það að á örskömmum tíma gátu þúsundir nýrra aðila, þúsundir ungra fjölskyldna

keypt sér húsnæði og á örstuttum tíma tókst að útrýma arfi Framsfl. í húsnæðismálum, biðlistunum. Þetta er arfleifð en líka framtíðarsýn Framsfl. vegna þess að við sjáum það í öðrum málaflokkum sem þeim er trúað fyrir að þar eru það líka biðlistarnir sem eru að verða einkenni þeirra og aðall, t.d. í heilbrigðismálunum þar sem biðlistarnir, sem í tíð síðustu ríkisstjórnar var sérstakt átak gert til þess að útrýma, eru aftur farnir að lengjast. Alls staðar þar sem Framsfl. kemur að birtast biðlistar, þar koma höftin.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er húmoristi og hann getur hlegið. Það er greinilega ekki sárt fyrir hann að hugsa til þess, enda þarf hann ekkert að vera sár yfir því vegna þess að hann tók þátt í því með þáverandi samstarfsflokki, Alþfl., að rjúfa þetta kerfi, að ryðja burt þessum höftum. Auðvitað kostaði það tugi milljarða að eyða þessum biðlistum en það varð til þess að stórkostleg fjölgun varð í félagslega íbúðarhúsnæðiskerfinu. Það voru margir sem eignuðust sínar eigin íbúðir á tiltölulega skömmum tíma og auðvitað leiddi þetta til þess að húsnæðisskuldir þjóðarinnar uxu. Ég veit að hæstv. fjmrh., ef hann má vera að því á milli hlátraskalla sinna að hugsa um þetta mál, gæti af því að hann er snjall maður reiknað út að bara það að auka um 100 íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu þýðir að skuldirnar aukast um leið um 6 milljarða. Og nú kinkar hann kolli — ég sé það en heyri það ekki. — Ég veit að hann skilur það sem ég er að segja.

Nú er það svo að hæstv. fjmrh. er til mikillar forustu fallinn og aldrei að vita nema hann verði kallaður til enn mikilvægari verka á vettvangi þjóðarinnar heldur en honum hafa verið falin núna. Hæstv. fjmrh. er gamall skáti og má ekkert aumt sjá. Það sem aðallga ber fyrir augu hans við ríkisstjórnarborðið í dag er heldur aumir ráðherrar Framsfl. og þess vegna hefur hann gengið í fótspor kollega síns, hæstv. dómsmrh., og lagt fram lítinn frumvarpsbleðil alveg eins og hæstv. dómsmrh. gerði á sínum tíma. (**JBH:** Plástur.) Plástur. Hann er eins og konan sem hóf hjúkrunarþjónustu í Krímstríðinu, orðinn Florence Nightingale Framsfl. þótt hann tilheyri öðrum flokki. Má vel vera að þessi plástraaðferð hans eigi eftir að reynast þjóðinni betur við annars konar stjórnvöl, (**Gripið fram í:** Heldur en í Krímstríðinu.) heldur en í Krímstríðinu. Má vel vera að ef hæstv. fjmrh. hefði verið uppi á þeim dögum, þá hefðu úrslit þess orðið önnur en raunin varð. Það fer auðvitað eftir því hvorum megin hryggjar hann hefði legið. En það skiptir hins vegar ekki máli núna fyrir Framsfl. þó að hæstv. fjmrh. taki á með þeim í þessu máli.

Framsfl. gaf loforð sem allir muna eftir, sem þúsundir fátækra Íslendinga sem áttu í erfiðleikum muna eftir. Það var Framsfl. sem byggði væntingar hjá þessu fólki. Hann tók upp merkið. Það var hann sem lýsti því yfir á Alþingi að ef hann kæmist til valda, þá mundi hann leggja fram frv. um greiðsluaðlögun. Það var ekki nóg með að hann gæfi móralskt loforð um það í þingsölum. Út og suður í kosningabaráttunni hélt framsóknarforustan þessu fram. Það verður samt að segjast hæstv. félmrh. til hróss að hann gerði minnst af þessu, en það skiptir ekki máli. Hann var hluti af þeirri forustu sem gaf þessi loforð og honum voru falin þau völd og sú ábyrgð sem kallar beinlínis á það að hann hafi forustu um það að leggja fram frv. um greiðsluaðlögunina. En hann hefur brugðist þeirri ábyrgð, hann hefur brugðist þeim væntingum. Hann hefur ekki pólitískt þrek til þess að standa uppi í hárinu á Florence Nightingale Sjálfstfl. og knýja þetta mál í gegn. Hann hefur ekki pólitíska kjark til þess vegna þess að Framsfl. er alveg sama um þessi mál sem þeir lofuðu fyrir kosningar. Það er aftur og aftur að koma í ljós í þessum sölum að þeim er sama um draumana sem þeir sköpuðu hjá fólki, þeim er sama þó að þeir fölni. Það sem þá skiptir máli er að þeir eru sestir við stjórnvölinn. Og það er þess vegna sem það gerist að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, formaður þingflokks Framsfl., sýpur hveljur í sæti sínu og ég vænti þess þá að hún komi upp á eftir og hreki mál mitt. Er það ekki svo, hv. þm., að það var Framsfl. sem lofaði því að lagt yrði fram frv. um greiðsluaðlögun? Hvar er það frv. í dag? Það frv. sést ekki. Í staðinn er lagt fram frv. sem hæstv. fjmrh. setur fram um tekjuskatt og eignarskatt, sem skiptir engu máli eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir rakti áðan lið fyrir lið. Það er svo sem hægt líka, fyrst hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur brestur minnið þó að ekki sé liðið ár frá kosningum, að rifja það upp að hún var hluti af þeirri forustu sem lofaði gjörbreytingu á högum þessa fólks. Og hvað var það, hv. þm., sem Framsfl. og forusta hans og þar með hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir lofaði? Ég hef rifjað það áður upp úr þessum stóli, en það má vera að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi ekki verið hérna. Það er allt í lagi að fara yfir þá sögu aftur. Framsfl. lofaði ekki bara að setja fram frumvörp og beita sér fyrir lögum um greiðsluaðlögun. Hann lofaði líka að lækka tímabundið vexti af húsnæðisskuldum fólks í fjárþröng. Það gerði hæstv. núv. iðnrh. í því merka blaði sem hinn vaski hv. þm. Jón Kristjánsson ritstýrir. Hann lofaði því í Tímanum 30. mars og eins og þjóð veit, þá lýgur hvorki Tíminn né ritstjóri hans né hæstv. núv. iðnrh. Og þess vegna spyrja menn í forundran og hrista höfuðið eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er búin að gera síðasta korterið: Hvar eru efndir þessara loforða?

Framsfl. lofaði líka að frysta skuldir meðan leitað væri lausna fyrir fólk í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Hvar er þetta frost? Ég vildi óska að það væri hægt að kalla varanlega skuldafrystingu yfir þetta fólk, en það bólar ekkert á henni. Framsfl. lofaði meiru. Hann lofaði að draga kanínur upp úr hatti. Hann lofaði að bregða sér í gervi töframannsins vegna þess að í auglýsingu sem flokkurinn birti í DV 3. apríl lofaði hann beinlínis að lækka skuldir. Það væri svo sem hægt að telja upp ýmislegt fleira, en það verður hjóm eitt hjá þessu. Hins vegar liggur fyrir hversu erfitt sem það er fyrir einstaka þingmenn Framsfl. að þeir lofuðu að lækka skuldir, lækka vexti, frysta skuldir, koma á björgunaraðgerðum, koma á greiðsluaðlögun og ég spyr, herra forseti: Hvar eru þessi loforð? Þessi loforð eru gleymd öllum innan Framsfl. Efndir þessara loforða eru í þessum tveimur frumvarpsbleðlum, þessum friðþægingarfrumvörpum sem Sjálfstfl. hefur boðist til og framkvæmt, hefur lagt fram hér á þingi vegna þess að auðvitað er það svo að Sjálfstfl. hefur svínbeygt Framsfl. í þessu máli alveg eins og í heilbrigðismálunum. Þeir ná ekki að koma í gegn sinni stefnu í þessum málum og það getur vel verið að það gjalli kuldahlátur út sæti hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Ég mundi í hennar sporum líka hlæja kuldahlátri vegna þess að mér væri kalt í hjartastað ef ég væri í þessari stöðu.

[11:23]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það vekur óneitanlega furðu að skoða þetta frv. sem hér liggur fyrir, ekki síst með tilliti til gildandi lagareglna. Og eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti réttilega á áðan, þá er það frv. sem hér liggur fyrir í raun og veru algjörlega tilgangslaust. Það felur ekki í sér nokkra

einustu breytingu sem skiptir máli og allra síst það mikla breytingu að ástæða sé til þess að setja fram sérstakt lagafrv. vegna hennar.

Hv. þm. benti á að 1. og 2. mgr. í greininni sem fjallaði um þetta áður sé í raun og veru óbreytt og sömuleiðis sú síðasta. Það er bætt inn ákvæði sem segir að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu o.s.frv., og að ákveðnum skilyrðum þurfi að vera fullnægt til þess að heimilt sé að samþykkja nauðasamning. Þarna virðist vera meginástæðan fyrir því að frv. er lagt fram, að setja inn ákvæðið um nauðasamning, um það að heimilt sé að samþykkja nauðasamning.

Á það var líka bent réttilega áðan að eins og greinin er í dag hefur þetta verið heimilt. Það er ekkert því til fyrirstöðu að þetta sé gert. Ég vil því taka undir það sem hér hefur komið fram að þetta frv. ásamt þeim frumvörpum sem hér hafa komið fram áður og eiga að leysa greiðsluvanda heimilanna eru algjör friðþægingarfrumvörp og ekkert annað, lögð fram í þeim tilgangi að klúðra pínulítið yfir öll stóru kosningaloforðin sem Framsfl. fyrst og fremst gaf fyrir kosningar og áttu að leysa vanda heimilanna í landinu. Þau hafa síðan komið hér fram hvert á fætur öðru og eru beinlínis hlægileg þegar maður fer að skoða efnislegt innihald þeirra með tilliti til þeirra loforða sem voru gefin.

Í athugasemdum með frv. er vísað til greiðsluvanda heimilanna og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um það efni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Stuðla verður að því að einstaklúingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum.“ Þar segir síðan í framhaldi: „Þetta frumvarp miðar að því að ráða bót á þessum vanda, en samhliða er í sama skyni lagt fram af dómsmálaráðherra frumvarp til laga um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga og af félagsmálaráðherra frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.“

Það segir að þetta sé fyrst og fremst tilgangur þessara frumvarpa, að leysa greiðsluvanda heimilanna, það sé verið að uppfylla þau loforð. Þessi frumvörp eiga það sameiginlegt að vera eingöngu sýndarmennskufrumvörp, eins og hér hefur komið fram, til þess að uppfylla gefin loforð fyrir kosningar sem ekki virðast vera efni til að efna og ekki virðist hafa verið innstæða til fyrir.

Á það var bent í umræðunum fyrr í vetur, þegar hin málin tvö sem áttu að bjarga heimilunum í landinu voru rædd, hvers konar blekkingaleikur var þar á ferðinni. Loforðin um greiðsluaðlögun, um félagslega gjörgæslu þeirra sem hafa átt í fjárhagslegum erfiðleikum, m.a. vegna klúðurslegra aðferða stjórnvalda við sífelldar breytingar á lögum og reglum vegna húsnæðiskaupa, breyttust heldur betur í meðförum ríkisstjórnarinnar. Greiðsluaðlögunin á að vernda þessi fórnarlömb kerfisins fyrir því að lenda í hakkavél hins opinbera innheimtukerfis. Hún breytist í heimild einstaklinga til þess að leita nauðasamninga. Og hvað þýðir það? Það þýðir að einstaklingunum er heimilt að semja við sína lánardrottna um mögulega niðurfellingu og frestun á greiðslum. En ef hins vegar skuldarinn getur ekki staðið við þær skuldbindingar sem oft og tíðum gerist t.d. þegar fólk missir atvinnu, þá fer þessi skuldari eins og allir aðrir inn í hina almennu hakkavél innheimtukerfisins sem ég vil kalla svo og þar af leiðandi er ekki um eitt eða neitt félagslegt úrræði að ræða með nauðasamningunum eins og loforðin sem gáfu tilefni til með greiðsluaðlögun. Það er grundvallarmunur á þessu tvennu og það er beinlínis hlægilegt að ætla að efna loforð um greiðsluaðlögun með því að veita einstaklingum heimild til þess að leita nauðasamninga. Það er allt annar hlutur. Ef nauðasamningurinn fellur úr gildi þá raknar við réttur lánardrottna skuldarans til að krefja hann um efndir samningskrafna eins og samningurinn hefði aldrei verið gerður. Það er um grundvallarmun að ræða á þessum tveimur úrræðum og þar af leiðandi eru þau á engan hátt sambærileg.

Hver eru rökin fyrir því að ríkisstjórnin getur ekki uppfyllt loforð Framsfl. um greiðsluaðlögun? Jú, rökin eru þau að hér séu sérístenskar aðstæður, það séu sérstakar aðstæður hér á Íslandi. Úrræði af þessu tagi þyki ekki henta íslenskum aðstæðum. Þá er einnig bætt við að greiðsluaðlögun yrði kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð og legði miklar byrðar á þau stjórnvöld sem færu með þetta verkefni. Ég spyr framsóknarmenn að því hvort þeir hafi virkilega haldið það þegar þeir voru að lofa greiðsluaðlögun fyrir kosningar að hún mundi ekki kosta neitt? Stóð til að það ætti koma hér á kerfi greiðsluaðlögunar sem væri ókeypis? Hvernig í ósköpunum dettur mönnum slíkt í hug?

Í umræðunum á sínum tíma þegar fjallað var um greiðsluaðlögunina eða um nauðasamningaúrræðið var því aldrei svarað af hæstv. ráðherra hverjar þessar sérístensku aðstæður væru. Það er einfaldlega vegna þess að það eru engar sérístenskar aðstæður sem skipta mestu máli. Þetta er spurning um pólitískan vilja og það er alveg greinilegt að Framsfl. hefur verið beygður í þessu máli og fær ekki framgengt sínum kosningaloforðum. Það er svo einfalt mál.

Það er vissulega rétt sem hér hefur komið fram að önnur eins sýndarmennska hefur varla sést í pólitík á Íslandi eins og sú sem hér birtist og Framsfl. hefur orðið ber að í tengslum við loforðin um lausnir á greiðsluvanda heimilanna. Enda hafa hv. þingmenn flokksins varla látið sjá sig í þingsölum og ég verð að segja eins og er að ég mundi líka fela mig ef ég væri staðin að slíkri sýndarmennsku. Það er eins og kjósendur hafi líka loksins áttað sig á blekkingaleiknum. Það sýna fylgistölur Framsfl. í síðustu skoðanakönnunum þar sem um línulegt fylgistap er að ræða. Ég held að það sýni fyrst og fremst að það er ekki endalaust hægt að lofa og bjóða gull og græna skóga fyrir kosningar en þegar kemur að efndunum er komið með einhver sýndarmennskufrumvörp. Það er beinlínis fyrir neðan virðingu Alþingis að leggja fram frv. eins og þetta sem hefur nákvæmlega engan tilgang annan en þann að reyna að bjarga öðrum aðila stjórnarflokkanna fyrir horn vegna loforða sem hann gaf fyrir kosningar.

[11:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það hefur liðið nokkur tími á milli fyrri hluta þessarar 1. umr. og síðari hlutans sem fer hér fram í dag. Það gerir umræðuna kannski nokkuð erfiðari enda eru ekki allir viðstaddir sem þá tóku til máls. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurðist fyrir um það á sínum tíma hvað fælist í nauðasamningum einstaklinga. Því er til að svara að þeir eru auðvitað sams konar réttarúrræði og fyrirtæki hafa notað. Þetta gengur út á það að lagt er fram frv. sem bústjóri stendur að. Frv. gengur yfirleitt út á að lækka skuldirnar um ákveðna prósentu þar sem höfuðstóllinn er lækkaður. Til þess að frv. sé samþykkt eru sett tvö skilyrði, ef ég man rétt.

Það þekkja kannski aðrir lögfræðingar í salnum betur en ég. Annars vegar að ákveðinn fjöldi lánardrottna samþykki og hins vegar að sá hópur sem stendur að samþykktinni þurfi að eiga ákveðið hlutfall af skuldum eða lánum viðkomandi bús. Þetta eru meginreglurnar og ástæðan fyrir því að einstaklingar hafa lítið notað þetta réttarúrræði er að sjálfsögðu að þetta kostar ákveðna fjármuni. Þeir hafa yfirleitt talið að það svari ekki kostnaði að leita eftir slíku úrræði og þá hefur gjaldþrot víðast blasað við.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og reyndar fleiri hv. þingmenn í kjölfar ræðu hennar gerðu að umtalsefni að það frv. sem hér er til umræðu hefði í raun og veru enga þýðingu. Allt sem í frv. væri væri heimilt að gera í dag og í raun, eins og hv. þm. sagði, væri hér um þrengingu að ræða ef eitthvað er. Af þessu tilefni er ástæða til að rifja upp forsendur þess að 2. mgr. 111. gr. laganna var sett á sínum tíma. Vorið 1989 samþykkti Alþingi frv. Kjartans Jóhannssonar, þáv. þingmanns, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem bætt var við 111. gr. sem nú er 2. mgr. þessarar greinar. Greinargerðin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fyrir Alþingi liggur vitneskja um að fjármálaráðherrar hafa tekið sér vald sem þeir ekki hafa að lögum til að leyfa einstökum aðilum að greiða háar fjárhæðir opinberra gjalda með skuldabréfum til lengri eða skemmri tíma og með mismunandi kjörum að öðru leyti eftir geðþótta ráðherra.

Með þessu hefur verið brotið gegn sjálfri meginstefnu allrar skattalöggjafar að allir þegnar þjóðfélagsins, sem eins stendur á um, hljóti sömu meðferð og þá eingöngu samkvæmt lögum eins og kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins.

Með vitneskju þessa getur Alþingi ekki annað en tekið þetta mál til meðferðar með því að setja í lög skýr ákvæði um innheimtu á opinberum gjöldum og hvernig bregðast megi við þegar um vanskil er að ræða."

Öllum þeim sem þá sátu á þingi var ljóst af hverju frv. var samþykkt. Það hafði gerst í desembermánuði 1988 að þáv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, flutti skýrslu í þinginu, ef ég man rétt, þar sem fram kom að hann hefði gert slíka samninga og það var efast um að þeir stæðust lög. Frægasta umræðuefnið á þeim tíma var sjálfsagt samningurinn vegna Svarts á hvítu og vegna Nútímans. Þessi tvö mál urðu talsverð blaðamál og síðan endaði málið með því að þessi tillaga Kjartans var samþykkt en hún hafði verið flutt árið áður.

Það er rétt að það er ekki bannað berum orðum í skattalögum að taka þátt í nauðasamningum. Á hinn bóginn vek ég athygli á því að í 111. gr. eins og henni var breytt 1989 er kveðið á um að það skuli vera stefna við skattheimtu að allir gjaldendur sem eins er ástatt um hljóti sams konar meðferð. Þetta var forsendan í breytingunni. M.a. með vísan til þessarar stefnu hefur fjmrn. haft þá stefnu að synja þátttöku í nauðasamningum og þessi afstaða var einnig í tíð forvera míns í starfi eða a.m.k. frá því að lögin tóku gildi 1989. Nú vill svo til að forveri minn í starfi er fráfarandi formaður Alþb. úr sama flokki og hv. síðasti ræðumaður. Þáverandi aðstoðarmaður þess ráðherra var Svanfríður Jónasdóttir þannig að henni hlaut að vera þetta betur kunnugt en nokkrum öðrum hv. þm.

Þetta byggir á því að menn geti sagt með góðri samvisku að eins sé farið með alla. Hin leiðin væri sú að samþykkja alla nauðasamninga eða láta geðþótta ráðherra ráða því hvenær nauðasamningur er gerður. Eðli málsins samkvæmt gæti það aldrei gengið að samþykkja allar nauðasamningaumleitanir. Það fæli í sér að menn léku sér að því að greiða ekki skattinn í þeirri vissu að fá nauðasamning við ríkið af því að sú regla yrði þá algild. Hin leiðin, að láta geðþóttann ráða, er einfaldlega ekki boðleg nú á tímum opinnar stjórnsýslu og þeirrar sanngjörnu kröfu um að allir séu jafnir gagnvart stjórnvöldum, þar með talið gagnvart skattheimtumönnum. Með vísan til þessa er það mat mitt að nauðsynlegt sé að skýr lagaheimild verði sett um það hvernig standa eigi að afgreiðslu á nauðasamningsmálunum ef á annað borð á að breyta frá þeirri stefnu að taka ekki þátt í slíkum samningum sem fjmrn. hefur ekki talið sér fært og það frá tímum hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Frv. felur í sér sanngjarnar og eðlilegar reglur um hvernig staðið skuli að þessu. Ef menn vilja láta geðþótta fjmrh. hafa meira vægi en kveðið er á um í þessu frv. er það þeirra mál. Ég ítreka hversu mikilvægt það er fyrir hinn almenna skattgreiðanda að hann hafi þá tryggingu að allir séu jafnir fyrir lögunum. Í þessu frv. er reynt að veita þá tryggingu. Tryggingin felst í því að settar verði hlutlægar reglur um hvernig skuli staðið að afstöðu skattheimtumanna til nauðasamningaumleitana. Sérstaklega er kveðið á um atbeina Ríkisendurskoðunar sem auk þess að veita umsögn um nauðasamningaerindi mun árlega taka saman skýrslu fyrir þingið um afgreiðslu slíkra erinda.

Þetta er mergurinn málsins og skýrir vonandi fyrir hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls um þetta efnisatriði hvernig á þessari breytingu stendur.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði réttilega að í fjórum tilvikum af fimm kæmu gjaldþrotabeiðnir frá fulltrúum ríkissjóðs. Og það er alveg rétt hjá honum að skuldir heimilanna hafa aukist á undanförnum árum. Ég bendi honum á, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að meginástæðan fyrir þeirri skuldaaukningu er sú að ríkisstjórnir hafa á undanförnum árum breytt húsnæðislánakerfinu og fyrir vikið hefur skuldsetning innan þess kerfis orðið miklu meiri en áður. Nú er meira að segja svo komið að húsbréfaskuldir eru stærri stokkur en skuldir vegna spariskírteina ríkissjóðs hér á landi og ríkisverðbréfa. Það er til umhugsunar fyrir fólk sem ræðir um þetta kerfi hvernig þróunin hefur verið, en einhvern tíma kemur vonandi að því að þessi markaður mettast.

Ég ætla ekki að taka þátt í leikfimi hv. þingmanna um það hvað sagt var fyrir kosningar eða eftir kosningar. Ég bendi einungis á að ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson telur að ég hafi ráðherra Framsfl. í vasanum, eins og helst var á honum að skilja, þá gildir nákvæmlega það sama um ráðherra Alþfl. í fyrri ríkisstjórn. Þar gilda nákvæmlega sömu rökin vegna þess að á þeim tíma hafði Alþfl. það á sinni stefnuskrá að fara í svokallaða greiðsluaðlögun. En ávallt þegar málið var skoðað, bæði í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og eins í tíð núv. ríkisstjórnar, kom í ljós að þetta úrræði er ekki eins auðvelt og það sýnist. Ég skora á hv. þingmenn þegar kemur að nefndarstörfum í hv. nefnd að kanna mjög rækilega hvernig þetta er gert á Norðurlöndunum. Þá kemur í ljós hvaða vandamál eru uppi þegar greiðsluaðlögunin getur ekki náð til veðskulda sem eru kannski að stærstum hluta til skuldir sem fólk skuldar í sínum búskap.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti ræðu og sagði að þetta frv. væri tilgangslaust. Ég hef sýnt fram á að svo er alls ekki. Ég hef lýst því nákvæmlega af hverju það er og vona ég að menn hafi tekið eftir því. Til viðbótar skal þess getið að til þess að tryggja að menn hafi aðgang að nauðasamningsleiðinni er gert ráð fyrir því í frv. dómsmrh. að það

geti fengist styrkur frá ríkinu til þess að fara þá leið með svipuðum hætti og nú tíðkast þegar um gjafsókn er að ræða af hálfu ríkisins. Um það verður að sækja og það verður að meta hvort efni séu til þess. En það ætti að opna leið fyrir nauðasamninga einstaklinga.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, geta þess að það er mjög ósanngjarnt að ráðast á félmrh. og Framsfl. í þessu máli. Það hefur gleymst að geta þess af hálfu hv. stjórnarandstæðinga að félmrh. hefur, auk þess að beita sér fyrir flutningi þessarar þriggja frumvarpa sem nú hafa verið rædd á Alþingi, tekið að sér að efna til víðtæks samstarfs við banka, sparisjóði, húsnæðislánastofnanir og aðra þá sem eiga útistandandi lán hjá einstaklingum og reynt að samræma aðgerðir sem eiga sér stað á hverjum degi í þessum stofnunum til þess að létta á greiðslubyrði einstaklinganna. Þetta þarf að koma fram. Að þessu hefur verið unnið sem aldrei fyrr og það er þannig í þessum málum að það er ekki eingöngu verið að fást við þau í einhverjum lögum sem verið er að setja á Alþingi á hverjum tíma. Þetta eru hlutir sem eru að gerast á hverjum einasta degi í bankakerfinu og húsnæðislánakerfinu. Þeir sem hafa lent í slíkum erfiðleikum vita að það er affarasælast og auðveldast þegar um er að ræða bein samskipti og beina samninga á milli skuldarans og lánardrottinsins.

Ég vona, virðulegi forseti, að það sem ég hef sagt hafi a.m.k. skýrt hvers vegna nauðsynlegt er að flytja þetta frv. og breyta lögunum til þess að fjmrn. geti beitt þeim úrræðum sem hér er verið að benda á. Ég er ekkert að undrast að um þetta sé spurt en mér fannst að gefnu tilefni eðlilegast að lýsa því nákvæmlega eins og ég hef gert í ræðu minni.

[11:45]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir langa ræðu hæstv. fjmrh. tókst honum ekki að skýra til hvers þessi breyting á lögunum er borin hér fram. Hann svaraði ekki þeirri spurningu sem ég spurði hér: Á grundvelli hvers hafa innheimtumenn ríkissjóðs og fjmrn. þá í framhaldi af því talið sér fært að taka þátt í nauðasamningum þegar um fyrirtæki er að ræða? Er einhvers staðar annars staðar í lögunum um tekju- og eignarskatt að finna heimild til þess? Í 111. gr. laganna eins og þau eru núna er talað um alla gjaldendur. Og þar er talað um að það megi með samningi um greiðslu koma til móts til alla gjaldendur. Það er síðan túlkun ráðuneytisins á hverjum tíma hvernig það lítur á þetta.

En af því að ráðherrann rifjaði upp hvernig þessum málum var háttað meðan ég vann í fjmrn. held ég að það sé miklu betra að ég geri það sjálf. Ég minnist þess þegar þau mál voru til umræðu þar og það var knúið á um þátttöku í samningum voru svörin jafnan þau að samninga væri hægt að gera innan réttar enda væri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkum samningum. Ég kannast ekki við þá túlkun sem ráðherrann kemur með núna enda kemur fram í grg. þess frv. sem hann mælir fyrir að á undanförnum árum hafi verið um stórhertar aðgerðir ríkissjóðs að ræða og þar er játað að vegna þess hafi gjaldþrotum fjölgað.

[11:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég reyndi að skýra þetta í ræðu minni. Túlkunin og framkvæmd laganna er frá þeim tíma sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir var aðstoðarmaður fjmrh. í ráðuneytinu. Það er óumdeilanlegt. Reglurnar urðu til á valdaferli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það eru margoft gerðir samningar um greiðslur á skuldum og um það gilda nokkuð fastar reglur af hálfu ráðuneytisins. Meira að segja gæti það hafa gerst einhvern tíma að um nauðasamningaþátttöku hefði verið að ræða þótt einstaklingur ætti í hlut. En til þess hefur ekki komið einfaldlega vegna þess að einstaklingar hafa ekki notað þá aðferð. Þeir hafa ekki talið sig hafa efni á því.

Varðandi fyrirtækin hélt ég líka að hv. þm. vissi að fjmrn. útilokar og greiðir atkvæði gegn frumvörpum þegar um er að ræða nauðasamninga innan réttarins ef um er að ræða vörslu skatta ýmis konar eins og t.d. virðisaukaskatt eða staðgreiðslu tekjuskatts, en hefur látið það afskiptalaust með því að greiða ekki atkvæði ef aðrir lánadrottnar eru það margir og eiga það stóran hlut í búinu að þeir hafa viljað samþykkja frv. til lækkunar á slíkum skuldum. Þá hefur ríkið setið hjá, en stundum greitt atkvæði gegn því. Ríkið verður alveg eins og aðrir aðilar að slíku búi að sætta sig við niðurstöðuna. Þetta veit ég að hv. þm. þekkir frá þeim tíma sem hann starfaði í fjmrn. Ég minni á að það var ein undantekning sem mikið veður var gert út af og það var vegna frystihúss á Stokkseyri. En það voru síðustu leifar þess að menn voru í slíkum geðþóttaákvörðunum sem oft hafa verið gagnrýndar á grundvelli jafnræðisreglunnar.

[11:49]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er þetta loksins komið á hreint. Það er augljóst að það eru gerðir nauðasamningar við fyrirtæki á grundvelli 111. gr. laganna. Það kom fram í máli ráðherrans þannig að það er ekkert til vanbúnaðar ef um fyrirtæki er að ræða nema samkvæmt reglum sem þegar eru í gildi ef menn hafa ekki staðið við skil á vörslusköttum. Þær reglur eru í gildi. Það kom jafnframt fram hér að einstaklingar hafa ekki getað leitað nauðasamninga og hafa ekki leitað eftir því úrræði. Vegna hvers? Af því að þeir hafa ekki efni á því. Það þarf ekki að breyta þessum lögum þess vegna. Það er fullkominn óþarfi. Það þarf ekki að breyta þessum lögum vegna þess að samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir stendur ekki til að breyta þeim úrræðum sem þegar eru til staðar. Þau úrræði sem þegar eru til staðar eru endurtekin í þessu frv. og þess vegna stendur það sem menn hafa sagt hér aftur og aftur í dag: Hér er um hreina sýndarmennsku að ræða. Ráðherrann getur komið hér upp og endurtekið það aftur að ráðuneytið taki þátt í nauðasamningum við fyrirtæki nema þegar um er að ræða að þau hafi ekki staðið skil á vörslusköttum. Þetta liggur allt fyrir. Frv. breytir því ekki og jafnframt liggur fyrir að einstaklingar hafa ekki beðið um nauðasamninga af því að þeir hafa ekki haft tök á því. Ekki af því að það hafi ekki mátt samkvæmt lögum.

Herra forseti. Ég held að málið liggi ljóst fyrir.

[11:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. komist ekki út úr þeirri klemmu sem hún hefur komið sér í. Þær reglur sem voru mótaðar á þeim tíma sem hún var í fjmrn. gilda enn og þær eru þær að ríkið greiðir ekki atkvæði með nauðasamningum, ekki heldur nauðasamningum fyrirtækja ef um skuldir er að ræða hjá ríkinu. Hins vegar verður ríkið að sjálfsögðu (**SvanJ:** Þetta frv. breytir því ekki.) að sætta sig við niðurstöðuna ef hún verður eins og meiri hlutinn leggur til þegar um það er að ræða. Ástæðan fyrir því er að fjmrn. hefur á undanförnum árum, nánar tiltekið frá árinu 1989, ekki talið

sig geta tekið þátt í nauðasamningum einstaklinga. Þótt ekki hafi á það reynt stendur skýrum stöfum að allir einstaklingar eigi rétt á sams konar meðferð á grundvelli jafnræðisreglunnar. Þetta var regla sem var sett á sínum tíma áður en ég kom í ráðuneytið. Til þess að losa um þessa reglu þarf að breyta lögunum og þess vegna er verið að breyta þessum lögum. Það hef ég sagt áður og það liggur alveg skýrt fyrir. Ég vona að hv. þm. og reyndar aðrir hv. þingmenn átti sig á því að það er nauðsynlegt að breyta þessum lögum til þess að framkvæmdin geti orðið á grundvelli jafnræðisreglunnar sem við viljum hlíta.

[11:53]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að kjarni þessa máls sé að þetta frv. er hluti af ákveðnum pakka og þau frv. sem honum tilheyra eru ákaflega veigalítil. Það má segja að þetta sé tilraun Sjálfstfl. til að efna kosningaloforð Framsfl. Framsfl. hefur kosið að gerast vinnumaður á þessu búi Sjálfstfl. og það var mjög athyglisvert hvernig hæstv. fjmrh. og varaformaður Sjálfstfl. flutti áðan ræðu fyrir hönd Framsfl. (**SvanJ:** Hjartnæma og hugljúfa.) Hjartnæma ræðu. Það er mjög sjaldgæft að ráðherrar úr öðrum flokkum telji ástæðu til þess að taka þannig upp hanskann fyrir samstarfsflokkinn. Framsfl. er orðinn svo illa farinn og afvelta að hann getur ekki talað lengur fyrir sig sjálfur og varaformaður Sjálfstfl. verður að tala fyrir hann. Ég hygg að það sé leitun að öðru eins í sögu Alþingis.

Hitt var líka merkilegt, hæstv. forseti, þegar fram kom að það hafi verið borið á hæstv. fjmrh. að hann væri með Framsfl. í vasanum. Hann neitaði því ekki, ráðherrann, hann neitaði því ekki. Hann sagði hins vegar að Framsfl. væri alveg í sömu stöðu og Alþfl. var á síðasta kjörtímabili. Með öðrum orðum hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að hann hafi haft Alþfl. í vasanum á síðasta kjörtímabili og hafi nú Framsfl. í vasanum. Hér eftir hlýtur hann að bera titilinn: Maðurinn með vasann. Enginn ráðherra hefur nokkru sinni verið með annan eins fjölda þingmanna í vasanum og hæstv. fjmrh. telur sig hafa og enginn hefur talað um samstarfsflokk sinn með annarri eins lítilsvirðingu, bæði fyrrv. og núv., og fjmrh. gerir um leið og hann heldur þessa hjartnæmu varnarræðu fyrir hönd Framsfl. Ég óska Framsfl. til hamingju með hinn nýja leiðtoga sinn, Friðrik Sophusson. (**SvanJ:** Ég er mjög ánægð með þessa ræðu.)

[11:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki skrýtið að hv. þm. Svavar Gestsson skuli vera hissa á því að samstarfsmenn í ríkisstjórn tali vel hver um annan og verji hver annan. Hann á því greinilega ekki að venjast frá samstarfi sínu við aðra flokka í ríkisstjórn. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar að öðru leyti en því að mér finnst allt í lagi að það sé rætt um vasa fjmrh. Fjmrh. eru í lagi á meðan þeir stinga höndunum í eigin vasa en geta verið hættulegir þegar þeir stinga höndunum í annarra manna vasa.

[11:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta fróðlega, víðtæka og efnislega svar sem hann veitti við athugasemd minni. Ég vænti þess að þó hann hafi stóra vasa og kjósi að orða það þannig að hann hafi bæði kratana og Framsókn í vasanum þá hafi hann ekki tekið ákvörðun um að fara með þá báða yfir Skerjafjörðinn eins og ég hef heyrt að hæstv. fjmrh. sé einmitt að undirbúa þessa stundina.

[11:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sem sagt ekki sammála um það hvort svarið hafi verið gott eða slæmt. En að mínu áliti hæfði það fyrirspurninni. (**Gripið fram í:** Er ekki vasinn tómur, hvernig er það?)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 394. mál (leiga, sala embættisbústaða o.fl.). — Þskj. 692.

[11:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er á þskj. 692 og er 394. mál þingsins. Þetta er breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Gerðar eru nokkrar breytingar sem eru tiltölulegar einfaldar. Í 1. gr. er gerð sú breyting að húsaleigugjald er ákveðið með reglugerð eins og í núgildandi lögum en miðast við markaðsleigu en ekki mat og í lok 1. gr., sem er breyting á 5. gr. laganna, kemur nýtt ákvæði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Heimilt er að setja í reglugerð viðmiðunarreglur um lágmark og hámark leigu sem taki breytingum eftir vísitölu."

Í 2. gr. er sú eina breyting að við 9. gr. laganna bætist svohljóðandi texti, með leyfi forseta:

„Sala fasteigna skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara eftir ákvæðum laga nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim."

3. gr. er ný en þar er lagt til að skipuð sé sérstök nefnd sem skal vera ráðherra til aðstoðar við framkvæmd laganna.

4. gr. er nýtt bráðabirgðaákvæði þar sem heimilt er án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnæði sem þeir hafa nú á leigu og búa í, enda sé húseignin staðsett í sveitarfélagi með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim sérstöku kjörum felst að ríkissjóður láni allt að 30% kaupverðs á hagstæðum kjörum og innlausnarskylda hvíli á eignunum í allt að fimm ár. Síðan er ætlunin að setja reglugerð um frekari framkvæmd á þessu.

Þetta frv. er í raun liður í stefnu ríkisstjórnarinnar um nýskipan í ríkisrekstri en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stefnt verður að því að fækka þeim fasteignum í eigu ríkisins sem sýnt er að nýtast ekki ríkisrekstrinum eða eru óhagkvæmar í rekstri. Þá verður embættisbústöðum í eigu ríkisins fækkað."

Í janúar 1995 var skipuð nefnd til að gera tillögur um það til ríkisstjórnarinnar hvernig fækka megi embættisbústöðum með markvissum hætti. Í skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að verkefni hennar væri að þrengja eins og kostur er þau lög og reglur sem gilda um úthlutun embættisbústaða og gera tillögu um í hvaða áföngum dregið verði úr eign ríkisins á íbúðarhúsnæði þannig að viðkomandi starfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á högum þeirra. Frv. þetta byggist á niðurstöðum nefndarinnar.

Um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins gilda lög nr. 27/1968 og í 2. gr. þeirra laga segir að það skuli vera meginreglan að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum

sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Önnur helstu ákvæði laganna eru eftirfarandi:

1. Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við fjármálaráðherra hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði.

2. Starfsmönnum ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir íbúðarhúsnæði sem miðast skal við brunabótamat, staðsetningu húsnæðisins og notagildi þess fyrir viðkomandi starfsmann.

3. Ríkissjóður greiðir alla skatta, skyldur og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins.

4. Bygging og viðhald íbúðarhúsnæðis svo og endurbætur á því skulu vera undir yfirstjórn þess ráðherra sem hlutaðeigandi embætti heyrir undir.

Þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu skal húsnæði selt þegar leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Þó er heimilt að fresta sölu ef slíkt er bersýnilega hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Skýrar reglur eru um hvernig sala skal fara fram, en þeim embættismanni sem býr í húsnæðinu við sölumeðferð þess er heimilt að ganga inn í hæsta verðtilboð, enda eigi salan sér stað á grundvelli söluskyldu skv. 1. mgr. 9. gr. laganna, þ.e. viðkomandi húsnæði er innan svæðis þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Lög nr. 27/1968 komu í stað margvíslegra og brotakenndra lagaákvæða um embættisbústaði sem mörg hver áttu sér langa sögu og byggðust á hefð. Þau gerðu á engan hátt greinarmun á aðstöðu manna í þéttbýli eða í dreifbýli til að afla sér íbúðarhúsnæðis og var því brýn þörf á að marka skýra og samræmda stefnu í þessum málum. Meðal þeirra meginreglna sem leitast var við að fylgja við samningu lagafrumvarpsins voru:

1. Ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna.

2. Starfsmönnum ríkisins verði ekki séð fyrir húsnæði eða veitt aðstoð til að eignast húsnæði ef þeir búa á þéttbýlissvæðum þar sem venjulegur markaður er fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Þessi sjónarmið eru enn í fullu gildi og ýtir það frv. sem hér er til umræðu undir að fullt tillit sé tekið til þeirra. Í gegnum tíðina hafa verið í gildi reglugerðir sem kveða nánar á um framkvæmd laganna. Ákvæði hafa verið þrengd og þeim svæðum þar sem embættismönnum eru útveguð íbúðarhús hefur fækkað. Núgildandi reglugerð er frá árinu 1992. Þá var m.a. ákveðið að stækka enn þau svæði þar sem ekki á að leggja til embættisbústaði og að gera skuli skriflega húsaleigusamninga. Á því hafði verið misbrestur.

Í frv. segir: „Innheimtar húsaleigutekjur skulu renna til greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar og haldið aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri."

Ég legg áherslu á þetta því að eftir þessa breytingu hefur rekstri og viðhaldi íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins almennt verið betur sinnt en áður.

Í langflestum tilvikum er farið eftir reglugerðinni við útreikning húsaleigu. Leigutekjurnar renna í sjóði á vegum stofnana eða ráðuneyta og er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur og viðhald. Hins vegar hafa húsaleigutekjurnar ekki nægt til viðhalds húseignanna.

Ég mun nú víkja örlítið að efni frv.

Íbúðir í eigu ríkisins eru um 400. Er þá bæði átt við einbýlishús og íbúðir í fjölbýlishúsum. Þar eru þó ekki meðtaldir prestsbústaðir sem eru í umsjá Prestssetrasjóðs. Ekki er mælt með sölu alls íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins. Húseignirnar eru margar á litlum og afskekktum stöðum þar sem fasteignamarkaður er ýmist ekki fyrir hendi eða framboð á fasteignum mikið og því illmögulegt að selja fasteignir þar. Einnig eru fasteignir víða inni á lóðum stofnana, svo sem skóla eða sjúkrahúsa, og því óæskilegt að selja þær.

Ekkert mælir hins vegar með að ríkið leggi fámennum hópi embættismanna til íbúðarhúsnæði á stærri þéttbýlisstöðum.

Verði frumvarp þetta að lögum verður mögulegt að fækka umræddum íbúðum með markvissum hætti en þess þó gætt að viðkomandi ríkisstarfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á högum þeirra. Þær lagabreytingar sem í frumvarpinu felast gera eftirfarandi kleift:

1. Sala eigna á hagstæðum kjörum.

2. Hækkun húsaleigu. Með því að hækka húsaleigu í áföngum upp í það sem gengur og gerist á húsaleigumarkaði á hverjum stað muni það leiða til þess að ríkisstarfsmenn kaupi fremur en leigi.

Frv. gerir ráð fyrir að íbúðum í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúum verði markvisst fækkað. Þeir staðir sem hér um ræðir eru Reykjavík, allt Reykjaneskjördæmi, Akranes, Borgarnes, Stykkishólmur, Ólafsvík, Ísafjörður, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir, Neskaupstaður, Eskifjörður og Höfn í Hornafirði, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Vestmannaeyjar. Með þessu gæti íbúðum í eigu ríkisins fækkað um allt að 120–130 á nokkrum árum.

Í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúum er fasteignamarkaður nægilega þróaður til að hægt sé að selja íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins og eftirláta húsnæðismarkaði á þeim stöðum að leysa húsnæðismál starfsmanna þess. Rétt er þó að bjóða ríkisstarfsmönnum forkaupsrétt á hagstæðari kjörum en gengur og gerist á fasteignamarkaði. Með því móti verður róti á högum þeirra haldið í lágmarki.

Þeir ríkisstarfsmenn sem það kjósi geti haldið áfram að leigja íbúðir í eigu ríkisins á kjörum sem í gildi eru hverju sinni en íbúðirnar verði seldar þegar þeir flytja úr húsnæðinu. Lagt er til að leigutakar greiði markaðsleigu á þeim stöðum sem hafa fleiri en 1.000 íbúa. Það yrði til þess að hvetja ríkisstarfsmenn til að kaupa það húsnæði sem þeir leigja, auk þess sem ástæðulaust er að niðurgreiða húsaleigu þar sem húsnæðismarkaður getur séð fyrir húsnæði á eðlilegum kjörum. Á stöðum með færri en 1.000 íbúum verði húsnæði ekki selt að sinni. Bæði getur verið nauðsynlegt að geta boðið upp á húsnæði á minni stöðum og erfitt getur verið að selja þar sem mikið framboð er. Á þeim stöðum er nauðsynlegt að hækka húsaleigu til þess að hún standi undir kostnaði við rekstur og viðhald. Gert er ráð fyrir að í byrjun árs 1999 verði gildistala húsaleigu á þessum stöðum hækkuð.

Varðandi einstakar greinar frv. vil ég benda á það sem ég sagði í upphafi máls míns en þar rakti ég þær breytingar sem verið er að gera á núgildandi lögum.

Í kostnaðarumsögn sem fylgir frv. kemur fram að gera má ráð fyrir að til lengri tíma litið geti sparnaður í útgjöldum til þessara mála einkum komið fram með þrennum hætti. Ástæða er til að benda sérstaklega á það.

Í fyrsta lagi koma til tekjur af sölu húseigna. Ekki er unnt á þessu stigi að segja fyrir um fjölda seldra húseigna. Telja verður ólíklegt að hækkun húsaleigu leiði til þess að

núverandi leigutökum þyki hagkvæmara að kaupa húseignirnar í öðrum sveitarfélögum en þeim sem hafa yfir 1.000 íbúa. Áætlað er að söluandvirðið geti numið allt að 900 millj. kr. Er þá miðað við að meðalverð verði 80% af núverandi brunabótamati og að allar þær 120 húseignir verði seldar. Allt að 30% af söluandvirðinu mun þó ekki skila sér í ríkissjóð að fullu fyrr en að liðnum þeim lánstíma sem veittur verður á lánum úr ríkissjóði samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Í öðru lagi munu leigutekjur af húsnæðinu aukast og duga betur til að standa undir viðhaldi þeirra. Þar verður annars vegar um að ræða auknar tekjur af tæplega 300 húseignum í sveitarfélögum með undir 1.000 íbúum sem áður höfðu gildistölurnar 0,3 og 0,4 til útreiknings leigunnar en fá gildistölurnar 0,4 og 0,6 í ársbyrjun 1999 samkvæmt greinargerð með frumvarpinu.

Ég veit að hv. þm. botna ekkert í þessu en ég ætla ekki að fara frekar út í það en nefndin getur litið á þessar gildistölur sem eru margfeldistölur og hafa kannski lítið að gera í framsöguræðu ráðherra.

Áætlað er að þær viðbótartekjur geti numið um 80 millj. kr. á ári þegar nýjar reglur verða að fullu komnar til framkvæmda. Hins vegar verður hækkun á leigutekjum af húseignum í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúum sem nú fengju gildistöluna 1 en voru áður felldar undir leiguviðmiðun með lægri gildistölu. Tekjuaukinn mun ráðast af því hversu margar af þeim íbúðum munu seljast samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu. Hér er miðað við að helmingur íbúðanna verði seldur og að árlegar viðbótartekjur af húseignum í þessum flokki verði um 16 millj. kr.

Eins og margoft hefur komið fram er ætlunin að þeir fjármunir gangi til viðhalds þessara fasteigna.

Í þriðja lagi fellur niður eignarhaldskostnaðurinn af þeim húseignum sem tekst að selja á tímabilinu. Ef gert er ráð fyrir að helmingur húseigna í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúa seljist má áætla að árlegur viðhaldskostnaður sem fellur niður af þeim sökum nemi um 10 millj. kr. Sparnaður í fasteignagjöldum og tryggingum yrði á sama hátt um 4 millj. kr. á ári. Viðbótarsparnaður í reiknuðum fyrningum gæti numið um 7 millj. kr. á ári og lækkun reiknaðra vaxta af fjárbindingu gæti orðið um 22 millj. kr. miðað við 5% vexti. Alls gæti því árlegur sparnaður í þessum þáttum orðið um 45 millj. kr. að því gefnu að helmingur þessara húseigna verði seldur. Og að sjálfsögðu að því gefnu að ríkið hefði haldið fasteignunum við með fjármunum úr ríkissjóði að öðrum kosti.

Með samþykkt frv. verður gert mögulegt að losa um verulegt fjármagn sem bundið er í íbúðarhúsnæði um land allt. Aðstöðumunur verður jafnaður með því að starfsmönnum ríkisins er gert að afla sér sjálfir húsnæðis þar sem húsnæðismarkaður er í stakk búinn til að leysa húsnæðisþarfir þeirra og það mun styrkja húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni.

Ég vil að lokinni 1. umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með nokkrar spurningar til hæstv. fjmrh. um þetta mál. Í frv. er getið um að það eigi að selja íbúðir á hagstæðum kjörum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað er átt við með „hagstæðum kjörum“. Á að fara að niðurgreiða vexti eins og fram kemur í áliti fjmrn. um málið? Ég vil fá að vita hvaða rök eru fyrir því að fara að taka upp neikvæða vexti tæpum 15 árum eftir að það var aflagt.

Ég vil í öðru lagi spyrja út í þá svæðaskiptingu, viðmiðun við 1.000 íbúa, sem hér er. Af hverju að miða við 1.000? Hvers eiga minni sveitarfélög að gjalda þar sem það sama gæti gilt að markaður væri vel fyrir hendi? Ég spyr um rök hæstv. fjmrh. fyrir hækkun á húsaleigu um 35–50% sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég veit alveg hvað gildistala er, hæstv. fjmrh., þannig að það er ekki svo að þingmenn viti ekki neitt hvað það er. Hann vissi kannski ekki hvað hann var að tala um þegar hann talaði fyrir frv. en það er gert ráð fyrir að það verði hækkanir á húsaleigu með þessum hætti. Ég vil fá skýringar hæstv. fjmrh. á því.

Í fjórða lagi spyr ég hvort þetta er nýja stefna ríkisstjórnarinnar sem þarna kemur fram. Er búið að leysa greiðsluvanda heimilanna? Ætlar hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að greiðsluvandi heimilanna verði leystur með sama hætti og hann ætlar að gera hér gagnvart útvöldum einstaklingum við kaup á íbúðarhúsnæði, þ.e. að niðurgreiða lán þeirra? Mega heimilin í landinu vænta sömu niðurgreiðslu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eins og fram kemur í þessu frv.?

[12:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkrar spurningar komu frá hv. þm. Í fyrsta lagi við ég taka fram að hagstæðum kjörum verður lýst í reglugerð sem birt mun verða. Hugmyndin er sú að 30% af verði eignarinnar verði lánað og þá geta hagstæð kjör birst annars vegar í tímanum og hins vegar í vöxtunum. Það sem hér er átt við er fyrst og fremst það að samsetning skulda sem hvíldi þá á íbúðinni verði svipuð og um aðrar eignir á sömu stöðum. Það þýðir að hagstæðu kjörin munu taka mið af þeim hagstæðu kjörum sem gilda í dag hjá t.d. Húsnæðisstofnun ríkisins hvort sem um er að ræða húsbréf eða gömlu lánin og það fer eftir aldri eignarinnar. (**JBH:** Getur þetta þá verið mismunandi í umdæmum?) Því get ég ekki svarað en það þarf m.a. að taka tillit til aldurs hússins því hugmyndin er að líkja eftir því hvernig skuldasamsetningin hefði verið á viðkomandi húsi ef það væri á frjálsum markaði.

Í öðru lagi varðandi 1.000 íbúa markið er auðvitað hægt að selja íbúðir þar sem fámenni er meira og það er hægt að gera með þeim hætti að óska eftir heimildum á fjárlögum hverju sinni. Það varð einhvers staðar að segja einhverja viðmiðunarreglu þannig að það er ekki verið að útiloka neitt. Um hækkun húsaleigunnar sem hv. þm. talaði um þá er sú breyting gerð að það er miðað við markaðsleigu en ekki eins og er núna í lögum að það sé miðað við fasteignamat eða brunabótamat. Ég held að allir hljóti að skilja að það er eðlilegri viðmiðun. Ég vona, hv. þm., að þetta skýri hvers vegna frv. er í anda stefnu ríkisstjórnarinnar. Það hefur í sjálfu sér ekkert með að gera það sem hv. þm. blandaði saman við, þ.e. greiðsluerfiðleikum almennings.

[12:15]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur skýrt fram í afstöðu fjmrn. varðandi þetta frv. að þar er talað um 3% vexti. Það á að niðurgreiða vexti gagnvart tilteknum einstaklingum sem eiga viðskipti við ríkið. Ég vil fá að vita af hverju á að gera það gagnvart þessum eina hóp. Ég spyr enn og aftur: Af hverju þetta á þá ekki að gilda gagnvart heimilunum í landinu sem eiga við fjárhagserfiðleika að etja? Þeim var lofað úrlausn sinna mála eins og við höfum rætt fyrr í dag og áður. Mér finnst vera miklu meiri ástæða til að hæstv. fjmrh. upplýsi

betur og geri það við þessa umræðu hvernig er háttað þessum húsaleigugreiðslum. Hvaða upphæðir hér er um að ræða þegar talað er um að hægt sé að hækka leiguna um 30–50% til að færa hana nær markaðsverði. Ég vil þá fá upp á borðið hvers konar viðskiptahættir þarna eru á ferðinni. En það er fullkomlega óeðlilegt, herra forseti, að verið sé að setja í lög að það eigi hygla tilteknum hópi í viðskiptum við ríkið með lægri vöxtum en gengur og gerist á almennum markaði. Hér er talað um 3% vexti. Það gengur ekki. Það getur enginn fengið lán með þessum vöxtum í dag. Af hverju á það þá að gilda um þennan málaflokk? Við getum útfært þessa stefnu á miklu víðtækara sviði. Ef þetta er hin nýja efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er gott að vita það. En það er augljóst af þessu frv., það kemur skýrt fram enn og aftur, hverjir eru vinir ríkisstjórnarinnar í reynd.

[12:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru skýr lagaákvæði um þetta í dag og reglugerðarákvæði frá 1992 um leigu. Við höfum verið að færa okkur í þá átt að leigan sé í eðlilegu samræmi við það sem gerist á markaðnum en höfum ekki tekið skrefið til fulls. Það hefur löngum verið ljóst að leiga embættisbústaða hefur verið mjög lág og stundum verið talin til tekna þeirra sem í þeim hafa búið.

Varðandi það að verið sé að hygla embættismönnum með sérstökum kjörum þá verður að taka fram að þetta eru oftast húseignir sem ríkið hefur byggt og ekki fengið til þess lán úr húsnæðislánasjóðum ríkisins. Það er ekkert óeðlilegt við að ríkið — það var kannað með tilliti til þess — sjái til þess að skuldir á þessum eignum séu svipaðar þeim sem gengur og gerist með jafngamlar eignir á markaðnum. Það er það sem verið er að gera með þessum hætti en alls ekki að hygla einhverjum á kostnað annarra, þvert á móti. Það veit ég að jafn vel gefinn maður skilur og prófessor Ágúst Einarsson alþingismaður er. Það er auðvitað verið að fara í þá átt að gera embættismenn jafnsetta öðrum þjóðfélagsborgurum með því að þeir þurfa að afla sér húsnæðis eins og aðrir menn en geta ekki búið á kostnað ríkisins í vissum tilvikum á lágri leigu og hér er fyrst og fremst verið að gera þá jafnsetta öðrum. Það er auðvitað stefna ríkisstjórnarinnar og hún er eðlileg. Ég veit að þegar hv. þm. hugsar sig um þá styður hann slíka stefnu.

[12:18]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil koma að nokkrum spurningum um þetta mál því að það vakna ýmsar spurningar þegar frv. er lesið. Fyrst um þá stefnu ríkisstjórnarinnar sem ég hygg að sé ekki ný af nálinni heldur eigi töluvert langa sögu, þ.e. það að hætta að bjóða embættismönnum ríkisins upp á bústaði. Auðvitað vaknar fyrst sú spurning hvort það sé endilega rétt stefna. Þá datt mér í hug að Downingstræti 10 í London er frægur staður og er embættisbústaður forsætisráðherra. Því ræður nú á dögum m.a. öryggissjónarmið. Bústaður forsætisráðherra er á þannig stað og forsætisráðherra í þeirri stöðu að það þarf að gæta mikils öryggis og það gildir um fleiri háttsetta embættismenn. Þá vaknar auðvitað sú spurning hvort það sé rétt að stefna að því að leggja alfarið niður embættisbústaði. Ég varpa fram þeirri spurningu. Frá árinu 1907, að ég hygg, var ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu bústaður ráðherra og síðar forsætisráðherra Íslands og var það fram yfir heimsstyrjöldina síðari. Ég held ég muni það rétt að Hermann Jónasson hafi verið síðasti forsætisráðherrann sem bjó þar. Ekki kann ég þá sögu hvers vegna því varð hætt. Hvort það varð breyting þegar Reykvíkingar fóru að taka við þessum embættum að þá hafi ekki verið talin þörf á þessu. En það er einn háttsettur embættismaður sem ég man eftir sem er í Reykjavík og hefur embættisbústað og það er biskup Íslands. Ég held að ég fari rétt með það. Það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. að ekki sé meiningin að hrófla við embættisbústöðum presta. Er það ekki rétt hjá mér? Þá vaknar sú spurning hvers vegna það sé ekki gert. Er það vegna samkomulags við kirkjuna og vegna þeirra deilna og umræðna sem hafa átt sér stað um eignir kirkjunnar eða hvað er það sem veldur? Þetta eru fyrst spurningar um stefnuna.

Síðan vil ég taka annan pól í hæðina en hv. síðasti ræðumaður sem var hér í andsvörum, hv. þm. Ágúst Einarsson, velti því fyrir sér hvort meiningin væri að bjóða embættismönnum og ríkisstarfsmönnum einhver vildarkjör. Ég spyr þvert á móti: Hvaða áhrif munu þessar breytingar hafa á kjör þessa hóps ríkisstarfsmanna? Hefur þetta mál verið rætt við þeirra samtök eins og t.d. BHM? Ég beini þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Hvaða hópur er þetta sem við erum hér að tala um? Ég hygg að enn þá séu við lýði allnokkrir læknabústaðir, kennara- og skólastjórabústaðir, jafnvel bústaðir hjúkrunarfræðinga. Hvaða áhrif hefur það á þeirra kjör ef leiga verður stórhækkuð? Þetta er ekki lítið mál vegna þess að það að fá embættisbústað með tiltölulega lágri eða nánast engri leigu er hluti af launakjörum fólks. Ég spyr líka hvaða þýðingu það hefur fyrir landsbyggðina, við erum auðvitað fyrst og fremst að tala um landsbyggðina, ef þarna verður sú breyting á að leiga verður annaðhvort stórhækkuð eða bústaðirnir seldir. Hvað gæti það þýtt gagnvart landsbyggðinni varðandi það að fá fólk til starfa? Hvernig ætli það muni ganga að fá embættismenn út á land ef þeir missa þennan hluta kjara sinna? Það er staðreynd sem við getum ekki annað en horfst í augu við að það er mjög mikið um það að t.d. læknar, kennarar, jafnvel sýslumenn, fari tímabundið í störf út á land. Ég held að menn verði að velta því fyrir sér ef þessar breytingar verða samþykktar hvort þetta gæti ekki þýtt að það yrði mun erfiðara að fá embættismenn út á land. Þetta þarf hæstv. fjmrh. að skýra betur fyrir okkur.

Það kemur fram að um er að ræða um 400 íbúðir og þær eru áreiðanlega langsamlega flestar utan höfuðborgarsvæðisins þó að það kunni að vera hér eins og ég nefndi áðan einstaka húseignir. Það væri fróðlegt að fá það fram hjá hæstv. fjmrh. hversu margir embættisbústaðir eru í eigu ríkisins í Reykjavík og nágrenni. Það væri fróðlegt að fá það fram. Ég er hér fyrst og fremst að beina spurningum til hæstv. fjmrh. Hér í greinargerð eru nefnd dæmi um það hvernig menn gætu hugsanlega reiknað þessa leigu en það er ákaflega erfitt að átta sig á því hvað þetta þýðir. Hvað þýðir þetta fyrir launakjör þeirra starfsmanna ríkisins sem þarna eiga í hlut?

Ég held ég sé búin að koma á framfæri flestum þeim spurningum sem hafa vaknað hjá mér við lestur og yfirferð frv. Það er ljóst að ef af þessari hækkun leigu og sölu húseigna verður þýðir það allverulega tekjuaukningu fyrir ríkissjóð. Þ.e. annars vegar fengjust tekjur fyrir söluna og hins vegar mundi draga verulega úr þeim kostnaði sem ríkissjóður hefur af eignunum. Þá vaknar líka enn ein spurningin sem snýr að viðhaldi húseigna ríkisins. Mér hefur skilist og það hefur oft komið fram í fréttum og reyndar kemur það fram hér í frv. að viðhald á húseignum ríkisins hafi verið heldur slælegt. Því spyr ég um þær tölur sem menn eru að

gefa sér um sölu á ríkiseignum. Það segir hér: „Áætlað er að söluandvirði geti numið allt að 900 millj. kr.“ Ég spyr hvort þetta mat byggist á ástandi þessara húseigna og því í hversu mikinn kostnað þurfi að leggja til að gera mörg þessi hús sómasamleg. Ég vildi gjarnan fá svör hæstv. fjmrh. við öllum þessum spurningum.

Ég fæ tækifæri til að skoða þetta mál nánar. Það sem mér finnst skipta mjög miklu máli er að breytingar af þessu tagi sem snerta hag ákveðins hóps ríkisstarfsmanna séu kynntar og ræddar við viðkomandi stéttarfélög vegna þess að hér er um verulega breytingu að ræða. Ég set jafnframt ákveðið spurningarmerki við þá stefnu að ríkið hætti nánast alfarið rekstri embættisbústaða og þá ekki síst með það sjónarmið í huga hvort það muni ekki gera landsbyggðinni erfiðara fyrir en nú er að fá fólk til þessara ákveðnu starfa sem hér um ræðir.

[12:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. ræðumanni að auðvitað þarf að gæta öryggissjónarmiða þar sem það á við. Sem betur fer höfum við sloppið mjög vel hingað til en ég hygg að það eigi ekki við um embættisbústaði úti á landi í eigu ríkisins sem þetta frv. fjallar um.

Í öðru lagi er ég ekki í stakk búinn hér til að lýsa nákvæmlega af hverju ekki er fjallað um prestsbústaði og biskupsstofu hér, einfaldlega vegna þess að það er samningur sem ríkir milli ríkis og kirkju um það hvernig farið er með þau mál. Ég vonast til að hv. þm. virði mér það til vorkunnar en afli sér upplýsinga í nefndinni. Þar eru aðstæður nokkuð sérstakar því oft er um jarðir að ræða.

Í þriðja lagi var minnst á hvort við hefðum rætt við BHM um þessi mál. Það hefur ekki verið gert að því ég best veit. Það eru fyrst og fremst ráðuneytisstjórar sem hafa fjallað um þetta. Það hefur ekki verið talið að þessi húsnæðismál séu hluti af launakjörum. Þau hafa auðvitað áhrif á almenn kjör en þetta er ekki hluti af launakjörum. Hér er um að ræða bústaði, lækna, dýralækna, dómara, sýslumanna, skólastjóra, stundum hjúkrunarfræðinga og stundum ekki, eftir atvikum, sums staðar kennara og sums staðar ekki. Reglurnar eru því nokkuð óvissar. Við teljum að það þurfi að fara varlega í þessum efnum. Ég undirstrikaði það í ræðu minni. Það verður ekki hætt alls staðar. Það hefur gengið betur að fá fólk til starfa að undanförnu en oftast áður. Viðhald húsa hefur batnað vegna þess að nú fer húsaleiga til þess að viðhalda húseigninni. Meðalverðið er reiknað út með þeim hætti að það eru tekin 80% af brunabótamati á hverjum stað og margfaldað síðan með íbúafjöldanum og það gerir þessa tölu 900 millj. kr.

Ég vona að ég hafi komið flestu því fram sem var spurst fyrir um í ræðu hv. þm.

[12:30]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bað um orðið einmitt til þess að taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, en hæstv. fjmrh. mótmælti. Hún sagði að þessi fríðindi sem snúa að embættisbústöðum væru hluti af launakjörum fólks. Ég tel að svo sé einmitt og sérstaklega úti á landsbyggðinni. Ef við erum að tala um t.d. kennara og hjúkrunarfræðinga, það má vel vera að þeim tilvikum hafi fækkað þar sem þetta eigi við, en þau tilvik eru þó til staðar, þá eru að sjálfsögðu fríðindi sem felast í frírri eða ódýrri búsetu gífurlega stór hluti af launakjörum. Og þó að það hafi ekki verið talið beinlínis vera það út frá einhverjum stífum skilgreiningum, þá gefur það auga leið að þarna er um verulega stóran hluta af launakjörum fólks að ræða.

Þetta tengist líka því sem snýr að landsbyggðinni og í þessu hafa einmitt falist möguleikar landsbyggðarinnar til þess að fá til sín fólk. Það er vegna þess að það hefur verið boðið upp á betri kjör að þessu leyti heldur en bjóðast í bænum og það hefur oft og tíðum haft grundvallarþýðingu fyrir landsbyggðina þegar þangað hefur þurft að fá fólk í ákveðin störf.

Ég vildi beina fyrirspurn til hæstv. ráðherra í kjölfarið. Í 4. gr. er talað um það að fjmrh. sé heimilt án auglýsingar að selja ...

(**Forseti** (GÁ): Það er erfitt að gera það, hv. þm., undir þessum lið.)

Nú, já.

(**Forseti** (GÁ): Hv. þm. er í andsvari við hv. 14. þm. Reykv.)

Já. En ég vil þá vekja athygli á því sem þar kemur fram — ég hlýt að mega vekja athygli á því — að í 4. gr. er talað um að fjmrh. sé heimilt án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnæði sem þeir hafa nú á leigu og búa í, enda sé húseignin staðsett í sveitarfélagi með fleiri en 1.000 íbúum. Og síðan segir í greinargerð að starfsmönnum ríkisins verði ekki séð fyrir húsnæði eða veitt aðstoð til að eignast húsnæði ef þeir búa á þéttbýlissvæðum þar sem venjulegur markaður er fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu. Mér þótti forvitnilegt að sjá þetta ákvæði einkum með tilliti til þess að maður veltir því fyrir sér hvað er venjulegur markaður og hvað er í raun og veru lagt þarna til grundvallar. Hvaða mat er það sem þarna er lagt til grundvallar þegar er miðað við 1.000 íbúa?

[12:33]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þetta atriði með áhrif fríðinda af því tagi sem við erum að tala um hér, þá er það alveg ljóst að þau eru veruleg. Mér hefur sýnst það vera stefna ríkisvaldsins núna um allnokkurra ára skeið að reyna að jafna sem mest og draga sem mest úr ýmiss konar tilliti sem hefur verið tekið til starfsfólks ríkisins úti á landi. Þar má t.d. nefna ákveðna deilu sem kom upp varðandi hjúkrunarfræðinga á Akureyri á sínum tíma og það eru fleiri slík mál þar sem ýmist sveitarfélög og reyndar ríkið nýtti sér það að bjóða fólki upp á eins konar staðaruppbót eða sérstök kjör til þess að laða til sín starfsfólk. Og þó að hæstv. fjmrh. hafi sagt hér áðan að það gengi betur að ráða fólk til starfa, þá tengist það auðvitað því atvinnuástandi sem hér er. En ég hygg að þegar ástandið verður komið í nokkuð eðlilegt horf þá munum við standa aftur frammi fyrir því að straumurinn liggi allur hingað á suðvesturhornið, hvað sem tautar og raular og hvað sem mönnum finnst um það, og það kunni aftur að koma upp sú staða að það verði mjög erfitt að fá fólk til starfa úti á landi í hin ýmsu embætti og þá einmitt muni fyrst verulega um það að fríðindi af þessu tagi hafi verið felld niður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustusamningar og hagræðing í ríkisrekstri, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál. — Þskj. 752.

[12:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á þskj. 752.

Lagt er til að einstökum ráðherrum verði heimilt að fela einni ríkisstofnun að annast framkvæmd þjónustuverkefna annarrar ríkisstofnunar, og að semja við sveitarfélög og einkaaðila um að veita lögboðna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Um þetta skuli gerðir skriflegir samningar til ákveðins tíma milli hlutaðeigandi ráðherra og veitanda þjónustunnar.

Tilgangur frumvarpsins er að auka hagkvæmni og sveigjanleika í ríkisrekstri og tryggja gerð samninga um þá þjónustu sem ríkið kostar.

Með auknu aðhaldi í fjármálum ríkisins er gerð sú krafa til ráðuneyta og stofnana að verkefni þeirra séu leyst af hendi á eins hagkvæman og skilvirkan hátt og frekast er kostur. Ætlast er til að ráðuneyti og stofnanir geri betur grein fyrir því hverju rekstur þeirra skilar og hvað hann kostar. Verkefnavísar sem fjmrn. gaf út í fyrsta sinn á sl. hausti er liður í því starfi. Þeim er ætlað að beina athyglinni að þeirri þjónustu sem almenningi og fyrirtækjum er látin í té á kostnað ríkisins en ekki einungis umfangi mældu í fjármunum.

Þjónusta ríkisstofnana er í stöðugri þróun eftir því sem þarfir fyrir hana breytast og möguleikar á að veita hana verða fjölbreyttari. Þess vegna þarf að auka sveigjanleika og standa þannig að því að þjónustan sé ávallt veitt á sem hagkvæmastan hátt. Í því augnamiði þarf að vera unnt með einföldum hætti að færa til reynslu lögbundin verkefni milli ríkisstofnana. Á sama hátt þarf að vera unnt að fela aðilum utan ríkisins að annast tiltekna þjónustu.

Í frv. er lagt til að ráðherra geri skriflegan samning við veitanda þjónustu sem kveði á um magn og gæði þjónustunnar, greiðslur ríkisins, eftirlit með samningi og meðferð ágreiningsmála. Lagt er til að samningstími verði að hámarki 10 ár og fari hann að öðru leyti eftir því hve forsendur samningsins eru traustar og þeim kröfum sem gerðar eru til þjónustuaðilans. Frv. felur í sér að slík samningsgerð verði forsenda þess að þeim sem lögum samkvæmt ber að tryggja ákveðna þjónustu verði heimilt að fela öðrum að veita hana. Nauðsynlegt er að samningar sem gerðir eru við þá sem veita þjónustu á kostnað ríkisins uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði um efnisinnihald, m.a. til að takmarka fjárhagsábyrgð ríkisins.

Þjónustusamningar við aðila innan og utan ríkisins eiga margt sameiginlegt. Sá munur er þó á að ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á stofnunum ríkisins en ekki á starfsemi annarra aðila þó þeir veiti þjónustu sem kostuð er af ríkinu. Samningar þurfa að kveða á um ábyrgð hvors samningsaðila um sig, svo og samskipti þeirra að öðru leyti til þess að þau komist í fast form.

Ýmsir aðilar utan hins opinbera veita lögboðna þjónustu sem ríkissjóður greiðir fyrir án þess að fyrir liggi skriflegir samningar um magn og gæði þjónustunnar, ábyrgð hvors aðila eða aðra þætti sem máli skipta. Þetta getur ekki talist forsvaranlegt og í bráðabirgðaákvæði laganna er lagt til að samningum við þessa aðila verði lokið fyrir árslok 1996, enda veiti þeir aðilar þjónustuna áfram.

Þjónustusamningar eru liður í því að gera rekstrarumhverfi ríkisstofnana líkara því umhverfi sem ríkir á almennum markaði. Forsenda þess að stofnanir geti keppt um verkefni og fjárveitingar á jafnréttisgrundvelli er að þjónustan sé vel skilgreind og það útlistað til hvers er ætlast af þeim sem veitir hana. Í frv. er lagt til að samningar við einkaaðila séu að jafnaði gerðir að undangengnu útboði.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sæmileg samstaða náist um þetta efni á Alþingi. Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:39]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í athugasemdum með þessu frv. hæstv. fjmrh. um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri segir svo, með leyfi forseta, þar sem talin eru upp dæmi um slíka samninga sem gerðir hafa verið við ýmsa aðila: „Dæmi eru um slíka aðila sem hafa lent í rekstrarvanda sem ríkissjóður hefur þurft að leysa úr svo að lögboðin þjónusta væri tryggð. Í einstaka tilvikum hefur tilætluðum upplýsingum ekki verið skilað og eftirliti ríkisins verið áfátt."

Af þessu tilefni spyr ég: Getur hæstv. ráðherra nefnt dæmi um það að aðilar sem bundnir hafi verið slíkum þjónustusamningum hafi lent í slíkum rekstrarvanda og ríkissjóður hafi orðið að hlaupa undir bagga, taka á sig þær skuldbindingar? Hvaða dæmi eru það og eru þau umtalsverð?

Annað. Í athugasemdum með frv. segir: „Ábyrgð á starfsmannahaldi þessara aðila er í sumum tilvikum ekki nógu skýr og mismunandi reglur í gildi um launagreiðslur, aðild starfsmanna að lífeyrissjóðum og ábyrgð á skuldbindingum."

Af þessu tilefni spyr ég: Hvaða reglur gilda um það þegar gerðir eru slíkir þjónustusamningar? Eftir hvaða kjarasamningum er farið? Er litið á starfsmenn slíkra aðila, sem ríkið raunverulega kostar þjónustuna hjá, sem opinbera starfsmenn eða hvaða reglur gilda um kjarasamninga og þar af leiðandi þá lífeyrisréttindi? Eru þau innan opinbera geirans eða geta slíkir starfsmenn eins talist vera á almennum markaði?

[12:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki klókt af mér að reyna að svara þessum fyrirspurnum mjög nákvæmlega í 1. umr. Það kemur fram í athugasemdunum að stundum hafi verið áfátt vegna þessara þjónustusamninga. Þótt ég gæti nefnt eitt eða tvö dæmi ætla ég ekki að nefna þau einfaldlega vegna þess að mér finnst það ekki vera viðeigandi. Það væri þá frekar að hv. þm. beitti sér fyrir því í nefndinni sem fær málið til meðferðar að kalla fram alla þá aðila þannig að ég sé ekki látinn nefna eitt eða tvö tilvik ef um miklu fleiri tilvik er að ræða þannig að ég eiginlega biðst undan því að þurfa að svara þeirri spurningu.

Vegna síðan þjónustusamninga, og þá er náttúrlega átt við þjónustusamninga ríkisins og aðila sem fara með rekstur sem ríkið greiðir, þá hefur satt að segja ýmislegt verið á floti í þeim efnum og þeir gerðir með mjög misjöfnum hætti. Í sumum tilvikum eru engir beinir a.m.k. skriflegir samningar til. Þetta er algengt í heilbrigðisgeiranum. Ég man eftir að í tíð síðustu ríkisstjórnar var gerður samningur við Náttúrulækningafélag Íslands til að mynda. Það er gamall samningur við Landakot sem var í gildi og það er einhvers

konar samningur gerður við SÁÁ sem líka er tiltölulega nýlegur en hafði ekki verið gerður áður.

Það fer eftir eðli máls hvort kalla ber þessa starfsmenn opinbera starfsmenn. Það er sjálfsagt í fæstum tilvikum, en síðan er það sjálfstæð ákvörðun og hefur stundum verið samningsatriði hvort þessir starfsmenn eigi aðild að lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna þannig að þegar ég hef lítils háttar kannað þetta sýnist mér að flóran sé mjög margvísleg í þessum efnum og full ástæða sé a.m.k. til þess að setja um þetta reglur og það er ein meginástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt.

Öðruvísi get ég því miður ekki á þessari stundu svarað þessum fyrirspurnum en ég vísa til þess að hv. þm. á aðild að nefndinni sem fær málið til meðferðar.

[12:43]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á heiti þessa frv. Það er frv. til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri. Nú er það svo að úr vöndu er að ráða. Ef nefnd eru almennum orðum dæmi um það að slíkir samningar leiði til óhagræðis fyrir ríkið þannig að ríkið þurfi að taka á sig skuldbindingar sem ella hefðu átt að vera þjónustuaðilans, þá er það ekki beinlínis í anda fyrirsagnarinnar eða yfirlýsts tilgangs. Að sjálfsögðu mun ég ganga eftir því að fá þessar upplýsingar í nefnd og er ekki við hæstv. ráðherra að sakast út af fyrir sig þó að hann geti ekki svarað þessu.

Hitt dæmið sem nefnt var að því er varðar launamálin, kjarasamninga, aðild að lífeyrissjóðum og ábyrgð á skuldbindingum, þá kom fram í máli hæstv. ráðherra að þessi mál væru nokkuð á floti og þá er komin ástæða til þess þegar málið kemur í nefnd að spyrja: Hvað er þá að segja um hina miklu hagræðingu?

[12:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég vil byrja á því, hæstv. forseti, að þakka biðlundina sem er sýnd með því að bíða þar til málið kemur til nefndar og fá svar þar. En mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að þjónustusamningar eru tvenns konar: Þeir eru annars vegar samningar sem kenndir eru við samningsstjórnun og eru þá samningar á milli ráðuneyta og stofnana sem heyra undir ráðuneytið. Slíkir samningar hafa verið gerðir í tilraunaskyni á undanförnum árum og hafa að mínu mati reynst vel, hafa krafist þess af hálfu stjórnvalda að verkefnin séu skilgreind og það hefur vakið upp spurningar sem eru mjög hollar og hafa leitt til hagræðingar í rekstri.

Hinir samningarnir eru við aðila utan ríkiskerfisins og þar hefur sjálfsagt talsverðu verið áfátt á undanförnum árum og meira að segja varla verið hægt að tala um samninga í vissum tilvikum. Til að mynda hefur það oft gerist að aðilar utan ríkiskerfisins fái fjármuni úr ríkissjóði með ákvörðun Alþingis án þess að leggja fram bleðil um það hvernig þeir ætli að standa að því að verja viðkomandi fjármunum. Það er auðvitað lítt verjandi.

Varðandi hagræðinguna liggur það í augum uppi að innan ríkisrekstrarins má ná verulegri hagræðingu með sveigjanleika sem felst t.d. í því að vissar stofnanir, kannski vegna landfræðilegrar legu sinnar, taki að sér verkefni sem tilheyri öðrum stofnunum. Þá þarf að gera slíkt með samningi og það getur skilað sér í hagræðingu. Því ber að líta á heiti frv. með tilliti til þess að hér er verið að fjalla um nokkra þætti og sumir þeirra geta haft veruleg áhrif á hagræðingu í ríkisrekstri.

[12:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. og ríkisstjórninni fyrir að leggja þetta frv. fyrir til umræðu. Ég held að þetta sé gott mál sem hér er hreyft og full ástæða til þess að ræða það mjög rækilega. Reyndar hafa mál af þessu tagi mjög oft komið til umræðu með einum eða öðrum hætti á undanförnum árum. Þau hafa verið rædd í tengslum við skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninginn. Þau hafa verið rædd í tengsum við frv. til fjáraukalaga og skyld mál hafa mjög oft verið rædd í tengslum við skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, m.a. man ég eftir því að yfirskoðunarmenn ríkireiknings létu það koma fram í skýrslu um ríkisreikninginn árið 1992 að þeir teldu óhjákvæmilegt að gerðir yrðu skýrir þjónustusamningar við stofnanir. Þá vorum við sem skrifuðum það skjal sérstaklega að hugsa um stofnanir fatlaðra. Við töldum að það þyrfti að gera um þau mál skýran samning. Nú má segja að kannski hafi þær stofnanir að einhverju leyti horfið út úr þessari mynd eða séu að hverfa út úr þessari mynd vegna þess að það er verið að tala um að þær færist að hluta til yfir til sveitarfélaganna.

En eftir stendur það að hér er hreyft mjög stóru grundvallaratriði í ríkisrekstrinum og mér finnst ástæða til að fagna því að það mál sé rætt hér. Ég vil hins vegar segja það að mér finnst frv. ótrúlega veikt miðað við það hvað málið er stórt. Ég hefði getað hugsað mér að sjá hér nokkuð ítarlegt frv. þar sem væri tekið á miklu fleiri þáttum þessa máls og að þetta frv. væri að einhverju leyti tengt frv. sem liggur fyrir að öðru leyti um fjárreiður ríkisins og er til meðferðar í sérnefnd í þessari virðulegu stofnun.

Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að áður en langur tími líður, þá er ég kannski að tala um tíu ár eða svo, þá spái ég að það verði þannig að ríkið muni gera þjónustusamninga við stofnanir um svo að segja alla þá þjónustu sem ríkið veitir. Ég spái því að horfið verði frá þessu gamaldagskerfi sem við höfum núna, sem í raun er svo að segja algjörlega stýrt frá fjmrn. Ég er nokkuð viss um að það verði horfið frá því og að með einum eða öðrum hætti muni menn taka upp þjónustusamninga. Það verða gerðir þjónustusamningar við heilbrigðisstofnanir, þjónustusamningar við menntastofnanir, þjónustusamningar við menningarstofnanir. Það verða gerðir þjónustusamningar á milli t.d. stofnunar eins og Tryggingastofnunar ríkisins og viðkomandi sjúkrahúsa. Það verða gerðir þjónustusamningar jafnvel við aðrar stofnanir sem mönnum sýnist kannski í fljótu bragði í dag að séu ekki vel til þess fallnar, ég nefni í því sambandi lögregluembættin. Ég held með öðrum orðum að það eigi að leggja í það mjög verulega og vandaða vinnu í ríkiskerfinu að skilgreina þá þjónustu sem stofnunum er ætlað að veita á hverjum tíma. Það hefur hins vegar ekki verið gert nægilega vel og þess vegna hafa þessar ríkisstofnanir oft lent í heilmiklum erfiðleikum. Ég tel að hér sé hreyft stóru máli. En eigi að afgreiða það núna á þessu þingi, sem ég sé svo sem ekki neina þörf á, þá þyrfti þetta að vera ítarlegra og ná til miklu fleiri þátta í málinu.

Staðreyndin er sú að reksturinn á þessum stofnunum og greiðsluaðferðirnar frá ríkinu til sumra þessara stofnana hafa stundum jaðrað við hneyksli. Það verður að segja það alveg eins og er. Ég geri ráð fyrir að einhverjir hér inni sem hafa hrærst í þessum málum lengi eins og ég muni eftir daggjaldakerfi sjúkrahúsanna eins og það var um tíma eða daggjaldakerfi hjúkrunarheimilanna eins og það var

praktíserað um tíma. Ég tel að þar hafi runnið fjármunir frá ríkinu ótrúlega eftirlitslítið árum og áratugum saman. Þó að menn hafi kannski ekki leyst það með föstum fjárlögum, þá var það þó viðleitni til þess að taka á málinu, en vandinn var sá að það var aldrei gerður fyrir þessar stofnanir skýr þjónustusamningur nema um að það ætti að vera tiltekinn fjöldi af sjúklingum í tilteknum fjölda af rúmum. Það var enginn annar samningur gerður milli ríkisins, heilbrrn. og Tryggingastofnunar annars vegar og fjmrn. og viðkomandi stofnunar hins vegar. Þess vegna tek ég undir það að hér sé hreyft hinu þarfasta máli.

Ég vil hins vegar segja það líka að mér finnst það ljóður á málinu eins og það er lagt fyrir — fyrir utan hvað það er veikburða miðað við það hvað þetta fjallar um stórt svið, mér finnst frv. veikburða, — þá finnst mér það líka ljóður á málinu að ekki skuli hafa verið lögð dálítil vinna í að ræða það við viðkomandi stéttarsamtök. Ég heyrði það ekki í ræðu hæstv. fjmrh. hvort þetta hefur sérstaklega verið rætt við stéttarsamtökin. Það getur verið að það hafi verið gert, ég veit ekki um það, og spyr ráðherrann um það vegna þess að mér finnst að fjmrn. eigi að ræða svona rækilega við stéttarsamtökin og gera það í þaula og vanda sig við það. Það þýðir ekkert að vísa á einhverjar þingnefndir með svoleiðis hluti vegna þess að við vitum að samskipti fjmrn. við launamenn ríkisins ganga eftir tilteknum brautum og það er ekki hægt að skjóta einhverjum þingnefndum inn þar sem milliliðum. Það hlýtur að vera þannig að fjmrn. hafi þar með að gera bein og millilliðalaus samskipti.

Þetta eru þau tvö eða þrjú aðalatriði sem ég ætla að nefna, í fyrsta lagi það að ég tel þetta mikilvægt mál og ég tel gott að það er komið á dagskrá. Ég tel í öðru lagi að málið sé of veikburða eins og það er kynnt hér og þurfi að fara ítarlegar í það. Og ég tel í þriðja lagi að það þurfi að ræða svona mál við stéttarsamtök opinberra starfsmanna áður en því er ráðið til lykta.

Síðan ætla ég aðeins að víkja að nokkrum öðrum atriðum *sem eru kannski aðallega spurningar til hæstv. fjmrh.* og víkja þá fyrst að 2. gr. frv. Það stendur, með leyfi forseta, í síðasta málslið: „Samningstíminn skal að hámarki vera 10 ár." Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sér þetta ákvæði í tengslum við önnur lagaákvæði og þann veruleika að við erum að semja og samþykkja fjárlög til eins árs í senn. Ég veit að ríkið gerir samninga um greiðslur til langs tíma með fyrirvara um samþykki Alþingis eins og gengur. En hlýtur ekki þjónustusamningahugsunin að ýta undir það að *menn reki af sér slyðruorðið í þessari stofnun* og fari að gera fjárlög til lengri tíma? Ég held að það væri allt annar hlutur t.d. fyrir ríkisstofnanirnar ef þær vissu hvernig á þessum hlutum ætti að halda til lengri tíma. Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh. um þetta atriði. Við þekkjum það öll sem hér erum inni hvað það er erfitt fyrir ríkisstofnanir t.d. að fá framlög til framkvæmda sem eru kannski ákveðin segjum 20. des. árið áður og stofnunin á síðan að hella sér í framkvæmdirnar á næsta almanaksári. Þá hefur oft mjög margt farið úr böndunum, menn hafa ekki haldið nægilega vel á málum. Menn hafa viljað auðvitað nota peningana sem fjárveitingavaldið vildi láta þá hafa, en hafa ekki getað haft nægilega gott svigrúm til þess að gera áætlanir til lengri tíma.

Ég vil þess vegna spyrja alveg sérstaklega um þetta atriði. Ég vil líka spyrja af hverju þetta er að hámarki 10 ár en ekki eitthvað annað, m.a. með hliðsjón af því að í ýmsum öðrum frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn flytur eru menn að tala um aðrar tímasetningar, t.d. í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er, ef ég man rétt gert ráð fyrir því að menn verði að hámarki ráðnir til fimm ára í senn, tilteknir embættismenn sem þar er verið að tala um.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., ég heyrði ekki að hann nefndi það: Hvað eru margir svona þjónustusamningar í skilningi fjmrn. í gangi núna? Það eru taldir upp nokkrir í greinargerðinni, það er Hornafjörður, það er Náttúrulækningafélagið, það er Verslunarskólinn og fleiri. Ég held að þeir séu fleiri en þarna eru taldir upp. Ég spyr: Hefur ekki verið gerður svona samningur t.d. við Kvennaskólann um tiltekið skólahald á framhaldsskólastigi? Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort það er ekki rétt munað hjá mér að þeir séu fleiri þessir samningar heldur en þarna er talið upp.

Síðan vil ég nefna það við hæstv. ráðherra og spyrja hann að því hvort ekki séu fleiri með í undirbúningi þjónustusamninga heldur en hér eru nefndir eða hafa þegar verið gerðir. Með öðrum orðum: Hvaða þjónustusamningar eru í undirbúningi? Ég ætla að nefna hér sérstaklega menningarstofnanirnar af því að ég geri ekki ráð fyrir því að menn hafi hugsað allt of mikið um það. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það er ekki auðvelt að gera þjónustusamning við menningarstofnun, t.d. stofnun eins og Þjóðleikhúsið, en auðvitað er það hugsanlegt. Og það er t.d. hugsanlegt að gera einhvern samning við stofnun eins og t.d. Þjóðminjasafnið. Ég held satt að segja að menn eigi að velta þessu vandlega fyrir sér. Það væri skynsamlegt að draga þingnefndirnar inn í þetta mál þannig að þingmennirnir fengju þessa hugsun í fingurgómana svo að segja, af því að ég er sannfærður um að hér er verið að hreyfa máli sem mun setja mark sitt á ríkisreksturinn í vaxandi mæli á komandi árum. Þess vegna hreyfi ég þessu máli, hæstv. forseti.

Ég legg á það áherslu að lokum að ég tel að frv. eins og það er núna sé algjörlega ófullnægjandi og það verði að laga. Frv. verður að vera miklu ítarlegra ef það á að gera það gagn sem hæstv. ráðherra ætlast til og þess vegna skora ég á hv. þingnefnd, efh.- og viðskn. Alþingis, að leggja í það verulega vinnu að skoða rækilega alla þá samninga sem til eru, skoða þá samninga sem eru í burðarliðnum og velta því fyrir sér hvort ekki þurfi að skrifa þennan texta allan upp á nýtt vegna þess að frv. dugir ekki að mínu mati, hæstv. forseti, eins og það er, þó að ég meti það mikils að málið sé komið til umræðu eins og ég gat um áðan.

[Fundarhlé. — 12:58]

[14:31]

Útbýting þingskjals:

Jafnréttisfræðsla fyrir dómara, 466. mál, fsp. BH, þskj. 801.

[14:32]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu, um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri, er vitaskuld mjög mikilvægt frv. Ég vil í upphafi beina máli mínu til hæstv. forseta og vekja athygli á því að hér í þingsal eru einungis þingmenn stjórnarandstöðunnar svo og eðlilega flutningsmaður, hæstv. fjmrh., auk forseta sem er úr Sjálfstfl.

Mér finnst satt best að segja, herra forseti, að sú málsmeðferð sé fyrir neðan virðingu þingsins að þegar verið er að ræða mikilvægt stjfrv. sem hæstv. fjmrh. gerir mikið úr og leggur upp með sem sína stefnu, skuli ekki fleiri stjórnarliðar sýna því athygli. Ég sé að hæstv. fjmrh. hverfur strax

úr salnum, en hann er víst hér í hliðarherbergi. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, líka upp á framhald umræðna almennt í þinginu, að við verðum vitaskuld að búa umræðunni einhverja þá umgjörð sem hæfir málum hverju sinni. Það er eðlileg krafa stjórnarandstöðunnar að hér séu til svara talsmenn beggja stjórnarflokka og ráðherrar vitaskuld, sem menn hafa jú alltaf tækifæri til að óska eftir. En vitaskuld er eðlilegt að þingmenn í viðkomandi þingnefnd sem kemur til með að fjalla um málið fylgist með 1. umr. Það hefur tíðkast nokkuð lengi í vetur að stjórnarandstaðan hefur meira haldið uppi málefnalegri umræðu frekar en að stjórnarliðar hafi sýnt hinu háa Alþingi þá virðingu sem er nauðsynleg varðandi faglega umfjöllun um mál hér.

Það er sagt að markmið málsins sjálfs sem er hér til umræðu sé að auka sveigjanleika og bæta ríkisrekstur. Vitaskuld geta allir tekið undir þau almennu markmið sem þessi orð lýsa. Hins vegar er spurningin vitaskuld sú: Er þetta frv. gott tæki til að ná þessum markmiðum? Því er lýst nokkuð í grg. hvað á að vinnast með þessu. Þetta frv. gengur ekki út á þjónustusamninga. Frv. gengur út á það að fela einni ríkisstofnun að annast framkvæmd þjónustuverkefna annarra ríkisstofnana. Þ.e. þetta fjallar um heimild fagráðherra til að fara með verkefni úr einni stofnun yfir í aðra ríkisstofnun eða semja við sveitarfélög og einkaaðila um að veita tímabundið lögbundna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Í 2. gr. frv. er síðan sagt að þessi tilfærsla á verkefnum hvort sem hún er til einkaaðila, sveitarfélaga eða annarra ráðuneyta, skuli vera háð samþykki fjmrn.

Við verðum að rifja upp forsögu þessa máls því það er ekki að koma fram í þinginu í fyrsta skipti. Efnisatriði þessa frv. voru inni í bandorminum svokallaða fyrir jól. Þá var það tekið út úr honum að kröfu stjórnarandstöðunnar vegna þess að það þótti bæði illa unnið og fól í sér raunverulega allt valdaafsal löggjafarvaldsins og gildandi laga á framkvæmd opinberrar þjónustu. Og ef hv. þm. rifja aðeins upp þá umræðu sem var um það mál, þá muna menn nú vel eftir því að hér er þessi gamli kunningi kominn í öðrum aðeins ítarlegri búningi.

Herra forseti. Ég er afskaplega þolinmóður við hæstv. fjmrh. en ég sé að hann hefur verið drykklanga stund í símanum. Ég vil vitaskuld gefa honum tækifæri á að ljúka samtalinu sem ég geri ráð fyrir að sé mjög áríðandi og mun því gera hlé á máli mínu þar til að hæstv. ráðherra sér ástæðu til að koma í salinn.

(**Forseti** (ÓE): Hv. þm. gerir hlé á máli sínu þar til hæstv. fjmrh. kemur í salinn og heldur þá áfram ræðu sinni.)

Sú forsaga sem ég nefndi, ákvæðin sem voru tekin út úr bandorminum fjölluðu um sama efni. Þau voru flutt síðan sem sérstakt frv. strax fyrir þinghlé í desember en fengu ekki meiri umræðu. Hér er þetta komið í ívið betri umgjörð. En öll þau gagnrýnisatriði sem þá voru uppi eiga við enn þann dag í dag vegna þess að frv. opnar allt of víðtækar heimildir þannig að það er engin skynsemi í því fyrir hið háa Alþingi að lögfesta það. Hér er gert ráð fyrir að ráðherra, telji hann hagkvæmt, geti falið einni ríkisstofnun að annast framkvæmd þjónustuverkefna annarra ríkisstofnana. Hér er ráðherra falið mjög mikið geðþóttavald um stofnanir sem heyra undir ráðuneyti hans til að færa til verkefni, ekki innan síns ráðuneytis endilega, heldur þannig að það sé gert samkomulag milli ráðherra í ríkisstjórninni um að færa verkefni milli ráðuneyta. Með þessu væri, ég nefni dæmi, hægt að fela t.d. Tryggingastofnun ríkisins að sjá t.d. um heilbrigðiseftirlit. Það væri þá hlutur sem Alþingi kæmi ekkert að. Það væri líklega hægt að fela Landsbanka Íslands að sjá um Húsnæðisstofnun ríkisins, bara til að nefna dæmi. Það kæmi í sjálfu sér Alþingi ekkert við. Það gilda að vísu sérstök lög um það. Ég er að vekja athygli á þessum víðtæku heimildum um tilfærslu á verkefnum ríkisins. Þetta sem hér er ætlast til að verði samþykkt kallast óútfyllt ávísun eða „blankó" ávísun. Ég vil benda á að hér er ekki einungis um að ræða tilfærslur innan ríkisins. Við skulum nú láta það vera að menn finni hagkvæmara form á rekstri ýmissa þátta innan ríkisgeirans. Það á að vera hægt að semja við sveitarfélög og einkaaðila um að veita tímabundið lögbundna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Það er hins vegar opnað á eina allsherjareinkavæðingu ríkisumsvifa. Nú er það svo að ég hef ekkert á móti því að menn hagræði í ríkisrekstri og feli sveitarfélögum tiltekin verkefni eða einkaaðilum ef það sparar og þjónusta er veitt í þeim mæli sem lög kveða á um og menn eru sammála um að hið opinbera eigi að gera. Við eigum alls ekki að vera á móti slíku og hafna því að óathuguðu máli. Það á hins vegar að hafna því að fela framkvæmdarvaldinu allt þetta vald til útfærslu eins og gert er ráð fyrir í frv. Það er t.d. hægt í þessu að fela einkaaðilum tiltekna og margvíslega þætti innan heilbrigðiskerfisins eða innan menntakerfisins ef menn kjósa svo. Það er allt opið með samþykkt þessa frv.

Þetta er ekki góð aðferðafræði. Það má vel vera að menn vilji og geti orðið sammála um það að finna betri verkfæri til að hagræða í ríkisrekstri og vitaskuld eru þjónustusamningar eitt af þeim. En frv. fjallar ekki um þjónustusamninga. Það eru fjölmargir þjónustusamningar í gangi sem ráðuneyti gera við viðkomandi stofnanir og ég veit að hæstv. fjmrh. getur rakið dæmi um slíka þjónustusamninga sem hafa verið árangursríkir í stjórnsýslu ríkisins og eru til bóta. Ég tek undir þá aðferðafræði sem hv. þm. Svavar Gestsson lýsti ágætlega áðan, þ.e. að ríkið gerir samninga við hinar og þessar undirstofnanir sínar eða óskylda aðila og festi þannig umfang þjónustu sem veitt er og peningagreiðslur í skipulagt form. Þetta hefur rutt sér til rúms og fjölmargir komið að því og er skynsamleg aðferð við stjórnsýslu. Þetta frv. er hins vegar ekki um neinn af þeim þáttum. Þetta frv. er að opna heimild til ráðherra að færa á milli og færa þetta út fyrir ramma ríkisins án þess þó að það séu sett almenn skilyrði varðandi þann tilflutning.

Við eigum að skoða það að ef einkaaðilar eða sveitarfélög geta veitt góða þjónustu þá á það vitaskuld að koma til greina. Þá á það líka að vera almenn regla að bjóða þessa þætti út. Það er sagt í 3. gr. frv. að ef samningar eru gerðir við einkaaðila samkvæmt þessum lögum, þá skuli þeir að jafnaði gerðir að undangengnu útboði. Mér finnst að útboð eigi að vera regla í þessu tilviki en það er útfærsluatriði.

Mér finnst hins vegar miklu meira um vert að hæstv. ráðherra upplýsi hvaða breytingar eru fyrirhugaðar sem gera nauðsynlegt að leggja fram svona viðamikið heimildafrv. eins og þetta, þó það láti lítið yfir sér. Hvaða verkefni og stofnanir eru það sem hann vill núna færa á milli innan ríkiskerfisins? Hvaða verkefni eru það sem hann vill núna fela sveitarfélögum? Hvaða stór verkefni eru það nákvæmlega? Einhver hugsun hlýtur að vera á bak við það að afla sér þessara lagaheimilda. Það kemur ekkert fram í greinargerð og í framsögu hæstv. ráðherra um þetta. Það eina sem sagt er ef öðrum aðila er falið verk, að þá verði vitaskuld að gæta þess og það er nú bara sjálfsagt, að hann uppfylli lögbundið

þjónustuhlutverk. En að öðru leyti er ekkert sem kveður á um þetta.

Ég bendi á að það væri sjálfsagt hægt með þessu að fela VÍB, þ.e. Verðbréfamarkaði Íslandsbanka að sjá um þá starfsemi sem Tryggingastofnun ríksins sér um. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta frv. mundi heimila það ef þess væri gætt að lögbundið hlutverk Tryggingastofnunar væri uppfyllt hjá hinum nýja aðila og þá kannski að undangengnu útboði. Það getur vel verið að menn ættu að gera það. Ég ætla ekkert að segja um það. En ég er að vekja athygli á hvers konar ákvarðanir framkvæmdarvaldið getur tekið með samþykkt frv. án þess að það þurfi að ræða þær á hinu háa Alþingi. Það er aðalatriðið í þessu máli.

Ég vil benda á annað mál sem dálítið hefur verið og er til umræðu í þingsölum, hlutafjárvæðingu Pósts og síma. Ef Póstur og sími væri með verkefni, væri hægt samkvæmt frv. að fela það öðrum aðilum, öðrum ríkisstofnunum. Ráðherra er í sjálfsvald sett hvernig þetta er gert. Nú er ég ekkert að gera hæstv. fjmrh. í sjálfu sér upp neinar slæmar hvatir varðandi framlagningu þessa frv. Ég trúi því að hæstv. fjmrh. gangi gott eitt til í þessu máli. Ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson brosir en ég er svo trúaður á samborgara mína, meira að segja hæstv. fjmrh., að ég vil trúa því að að hann telji sig vera að leggja fram frv. sem stuðli að hagræðingu í ríkisrekstri og hann ætli sér ekki að nota þetta á nokkurn máta öðruvísi en að hér verði betur rekin ríkisfjármál. Og við, vinir ríkissjóðs, getum sjálfsagt tekið undir þá almennu stefnumiðun.

Það er bara ekki það sem málið snýst um. Frv. snýst ekki um innræti hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Öðrum þræði.) Öðrum þræði. Við ættum a.m.k. ekki að lögbinda hvernig það eigi að vera í praxís. Hér er eina ferðina enn, herra forseti, á ferðinni illa undirbúið frv., vanhugsað frv., ekki hugsað til enda. Það er ekki unnin sú heimavinna sem er nauðsynleg þegar menn tala fyrir miklum breytingum á flóknum rekstri. Eina ferðina enn er kastað fram einhverjum hugmyndum illa unnum. Kannski er einhver grunnhugmynd á bak við þetta sem menn gætu fallist á með almennum hætti, en þá er útfærslan í slíku skötulíki að hún er beinlínis hættuleg ef þetta frv. yrði samþykkt óbreytt. Hér væri um þvílíkt valdaafsal að ræða varðandi starfsemi löggjafarvaldsins, umsvif ríkisins og þá þætti sem vitaskuld á að fjalla um á hinu háa Alþingi. Ef uppi eru hugmyndir af hálfu ríkisstjórnarinnar um að breyta ýmsum rekstrarþáttum í umfangsmiklum mæli, er sjálfsagt að koma með stefnumótun um það, ræða það og athuga hvort þurfi löggjöf til þess. Kannski þarf þingsályktunartillögur og umræður í viðkomandi fagnefndum. Ég tek sem dæmi ef menn teldu að færa ætti rekstur heilbrigðiskerfisins frekar til sveitarfélaga og fela hann einkaaðila eða öðrum ríkisstofnunum. Ég er sannfærður um að formaður heilbr.- og trn. í þinginu, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, væri fús til að halda fund í þeirri nefnd til að fjalla um áætlanir ríkisstjórnarinnar um breytt fyrirkomulag á þessum þætti. En hér er ekki gefinn neinn kostur á því. Það eina sem gefinn er kostur á er að samþykkja frv. sem opnar allar heimildir fyrir framkvæmdarvaldið að ráðskast með þessa hluti.

Ég vil líka benda á að fjölmargar opinberar stofnanir starfa eftir tilteknum sérlögum. Það er ekki svo einfalt að samþykkja svona heimildir með almennum hætti eins og lýst er í greinargerð frv. Þetta er miklu flóknara og erfiðara mál, herra forseti, en hæstv. fjmrh. hefur gert sér grein fyrir, þótt hann leggi það hér fram.

Öll þessi mál hanga auðvitað saman. Ég vil að vísu virða viljann fyrir verkið. Hér er reynt að koma á nútímastjórnarháttum í ríkisrekstri en það er bara illa gert. Við höfum séð önnur frumvörp um þetta þar sem menn tileinka sér ekki nýjustu kenningar og aðferðafræði á þeim sviðum. Skýrasta dæmið um þetta er kannski það frv. sem er í umfjöllun núna í þingnefnd um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er gamaldags boðvaldsfrv. og lýtur ekki að neinum nútímabreytingum í rekstri, þar með töldum opinberum rekstri. Þetta er hugmyndafræði sem var kannski góð og gild fyrir 10 árum. Menn hafa ekki fylgst betur með en það.

Sama máli gegnir með þetta. Hugsunin er sú að auka hagræðingu og sveigjanleika. Vitaskuld getur það verið af hinu góða en þá eiga menn að búa því skynsamlega lagaumgjörð, ekki kasta því fram í þremur óljósum greinum eins og hér er gert.

Ég vil vitaskuld fá að vita það frá hæstv. ráðherra hvaða nýir samningar eru fyrirhugaðir. Hvaða breytingar ætla ráðherrarnir að nota varðandi þennan þátt? Ég vil benda á að samkvæmt frv. eru það einstakir ráðherrar sem fá þetta vald. Ég vil fá að vita hvað landbrh. ætlar að gera með þetta nýja vald sitt. Hvað ætlar heilbrrh. að gera? Hvað ætlar menntmrh. að gera? Hvað á að færa þar á milli? Hvar er stefnumörkun? Hvar eru breytingarnar? Það er ekki hægt, herra forseti, að afgreiða á hinu háa Alþingi slík heimildarlög til hæstv. ríkisstjórnar án þess að nokkuð fylgi með um það hvað eigi að gera. Vitaskuld tengist þetta mál öðrum málum sem hér eru til umræðu eins og hv. þm. Svavar Gestsson benti á, m.a. frv. um fjárreiður ríkisins. Það má nefna frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þessi mál hanga öll saman og þannig verður að ræða þau. Þetta frv. er illa gert eins og mörg önnur frumvörp ríkisstjórnarinnar. Ég hefði kosið að menn settust yfir þessi mál. Ég er fús til að vinna að því að reyna að finna betri umgjörð um ríkisrekstur. Ég teldi það rétt. Það verður hins vegar ekki gert með þessum frumvörpum. Þau eru bara innlegg inn í þessa umræðu. Við í stjórnarandstöðunni, herra forseti, hugsum um það að auðvitað kemur að því að við komumst til valda. Hæstv. ríkisstjórn situr ekki til eilífðarnóns. Okkur er umhugað um að ríkisreksturinn sé í góðu formi. Við erum fús til þess, stjórnarandstaðan, að koma að lagasetningu og gera hana skynsamlega. En þá verða menn að rétta fram sáttarhönd. Það minnsta sem menn geta gert er að bera fram frumvörp sem eru boðleg til umræðu og afgreiðslu.

[14:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu lítur ósköp sakleysislega út, enda er það ekki með öllu illt. Þar er kveðið á um að gerðir skuli þjónustusamningar á milli ríkisins og einstakra stofnana og fyrirtækja sem taka að sér verkefni fyrir ríkið. Það er margt gott um það að segja eins og fram hefur komið í ræðum manna í dag. Á hitt ber að líta að það er ekkert sem kemur í veg fyrir það núna að slíkir samningar séu gerðir.

Í sumum tilvikum þarf engu að síður að afla sérstakra lagaheimilda til þess, eins og segir í athugasemdum með þessu lagafrv. Sú spurning vaknar, eins og fram kom í ágætri ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan, að það sé fram hjá þeirri lagastoð sem menn eru að skjóta sér. Það alvarlega við þetta frv. er að hér er verið að leggja fram opinn víxil. Það er verið að veita einstökum ráðherrum heimild til að fara með þjónustuverkefni sem framkvæmd hafa verið á vegum

opinberra aðila út í einkavæðinguna. Þetta frv. er með öðrum orðum angi af einkavæðingunni.

Þetta leiðir einnig hugann að þeirri hugmyndafræði sem ríkisstjórnin fylgir. Þótt ræða hv. þm. Ágústs Einarssonar hafi verið góð og ég taki undir allflest sem hann sagði, held ég að það sé ekki alveg rétt hjá honum að að baki þessu frv. búi ekki mjög rækilega útfærð hugsun. (**ÁE:** Ég sagði: Ég vil trúa því.) Vil trúa því, sagði hann. Ég held að þar sé um óskhyggju að ræða. Hér er verið að koma á gerbreyttu skipulagi í opinberum búskap og hugsunin gengur út á þetta: Ríkið á að setja almenn markmið. Ríkið á að setja markmið um hvaða þjónustu beri að veita þegnunum. Þessi markmiðssetning á að vera miðstýrð. Þegar hins vegar kemur að framkvæmdinni, þá á hún að vera valddreifð. Og svo langt á að ganga í þessari valddreifingu að það á að fela einstökum forstjórum, forstöðumönnum stofnana, vald til þess að ráðstafa þeim fjármunum sem hið miðstýrða ríkisvald ákveður að veita viðkomandi stofnun. Þess vegna hafa menn sett fram frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem færir stjórnendum fyrirtækja eða stofnana á vegum ríkisins þetta vald í hendur. Þetta er hugsunin. Þessi hugsun hljómar mjög vel. Það hljómar mjög skynsamlega að það eigi að láta þá um framkvæmdina sem næst henni standa. Það væri vel ef það væri gert í raun vegna þess að það þýddi að hinn almenni starfsmaður sem veitir þjónustuna fengi aukin völd í hendur. Það er hins vegar ekki hugsunin. Það er verkstjórnandinn, það er forstjórinn í fyrirtækjunum sem á að fá völdin og á að fá peningana til ráðstöfunar.

Þótt þetta kunni að hljóma vel í fyrstu þarf líka að hyggja að framkvæmdinni. Það þarf að hyggja að þeirri reynslu sem er fengin á þessa hugsun alla. Þetta er í hnotskurn nýsjálenska hugsunin. Þannig hafa menn farið að í nýsjálenska skólakerfinu, í heilbrigðiskerfinu, í velferðarkerfinu almennt. Þar er einstökum stofnunum skammtaðir fjármunir, forstjórunum fengin völd til að ráðstafa peningunum og hvað hefur síðan gerst? Það sem hefur gerst er þetta: Þeir hafa hækkað launin við sjálfa sig og þá sem standa næst þeim. Hinum hefur verið haldið áfram niðri. Þetta hefur með öðrum orðum valdið auknum launamun innan stofnananna.

En það er annað sem hefur gerst. Þeir hafa sagt við sína starfsmenn: Við getum hækkað við ykkur launin ef við fækkum þeim sem taka á móti launanum. Þetta hefur með öðrum orðum leitt til þess að fólki hefur verið sagt upp störfum. Því hefur fækkað í opinberum stofnunum. Þetta er þess vegna atvinnuleysisstefna í þokkabót, aukinn launamunur og líklegra til þess að valda atvinnuleysi.

Þá er komið að þriðja atriðinu. Það er þetta með þjónustuna. Til þess var leikurinn gerður að bæta þjónustuna við notandann. En þegar hugsunin gengur öll út á að ná peningum til sín og þeirra sem standa forstjórunum næst vill brenna við að þjónustan rýrni. Þótt lagt hafi verið upp með hagkvæmnissjónarmið, líka fyrir notandann, hefur þetta iðulega leitt til þess að launamunur hefur aukist. Þetta hefur stuðlað að auknu atvinnuleysi og þjónustan við notandann hefur rýrnað. Þess vegna segi ég að við þurfum að gera greinarmun á hugmyndafræði sem kann í eyrum einhverra að hljóma vel og hins vegar reynslunni, hver framkvæmdin hefur raunverulega orðið.

Með þessu frv. er svo aftur, og ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar, verið að opna á mjög víðtækar heimildir fyrir einstaka ráðherra til að gera umfangsmiklar skipulagsbreytingar í opinberum rekstri. Maður hlýtur að spyrja hvers vegna ríkisstjórnin vill skjóta sér fram hjá þeim lagaheimildum sem samkvæmt greinargerð með þessu frv. hefur hingað til þurft að beita í ákveðnum tilvikum. Áður en við hlaupum til og samþykkjum þetta frv. þurfum við að fá mjög rækilega og skilmerkilega fram sett af hálfu hæstv. fjmrh. hvað það er sem í raun og sann fyrir honum vakir með þessu frv.

[15:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu lætur lítið yfir sér við fyrstu sýn og menn gætu haldið að hér væri eitthvert lítið og laglegt mál frá fjmrn. En það var rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að hér er draugur upp vakinn sem við töldum okkur hafa kveðið niður fyrir áramót þegar beiðni kom fram frá ríkisstjórninni um eina dularfulla grein í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem á þeim tíma var algerlega óskiljanleg og óljóst hvað ríkisstjórnin var að fara fram á. En það var einmitt algerlega galopin heimild til þess að gera þjónustusamninga af ýmsu tagi án þess að nokkuð væri ljóst hvað þar lægi að baki. Ríkisstjórnin sá að sér og dró þetta til baka, enda var málið þannig fram sett að það stóðst engan veginn þá lagahefð sem hér er við lýði.

Hér er þetta mál komið, lítillega útfært af hálfu ríkisstjórnarinnar þó að það verði reyndar að segjast eins og er að þetta er mjög opin heimild sem verið er að biðja um. Hér er að mínum dómi um mál að ræða sem þarf að athuga mjög rækilega. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að þetta frv. er angi af miklum krabba sem skríður um ríkiskerfið. Ég held að menn verði að fara að gera sér grein fyrir því hvílíkar gríðarlegar breytingar þessi ríkisstjórn og reyndar sú síðasta líka hefur verið að gera og er að gera á ríkiskerfinu án þess að tilgangurinn með þeim og hugmyndafræðin sem liggur að baki sé beinlínis rædd. Að mínum dómi er alveg ljóst hver hugmyndafræðin er. Hún hefur verið mjög vinsæl á Nýja-Sjálandi og leitt þar til mikilla þjóðfélagsbreytinga. Ég tel að mörg þau frv. sem við erum að ræða og eru til meðferðar á Alþingi núna muni leiða til mikilla þjóðfélagsbreytinga nái þau fram að ganga. Við höfum til meðferðar tvö stór frv. sem munu gjörbreyta öllum aðstæðum á vinnumarkaði ef þau ná fram að ganga í óbreyttri mynd. Þar er annars vegar um að ræða frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hins vegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Þetta er allt angi af þeirri stefnu að draga úr áhrifum vinnandi fólks. Og einmitt þetta sem hér er verið að tala um og heitir því fallega orðalagi að auka sveigjanleika í ríkisrekstri vekur auðvitað margar spurningar um hvað verður um kjör fólks, hvað verður um vinnu fólks og hverjir það verða sem hafa völdin.

Við erum líka með frv. sem var ákaflega vel tekið hér vegna þess að það felur í sér margar góðar grundvallarbreytingar. Það er frv. sem fjallar um fjárreiður ríkisins. En þar liggur að baki þessi sama hugsun, að það eigi að líta á ríkið eins og fyrirtæki, það eigi að reka ríkið eins og fyrirtæki. En þarna er ekki saman að jafna. Ríkið er ekki venjulegt fyrirtæki. Það hefur allt aðrar skyldur en gengur og gerist um fyrirtæki og þess vegna verður rekstur þess aldrei eins og hjá fyrirtæki, litlu eða stóru úti í bæ.

Við erum jafnframt að fjalla um miklar breytingar á enn einu ríkisfyrirtækinu, þ.e. einkavæðingu Pósts og síma. Við erum á undanförnum árum búin að ganga í gegnum allmikla einkavæðingu og þetta frv. er að mínum dómi enn einn angi

þessarar einkavæðingar. Og við eigum væntanlega von á því að fá frv. til laga um breytingar á lögum um Landsbankann og Búnaðarbankann þegar fram í sækir þó að það verði sennilega ekki á þessu vori.

Nú er það svo að þessar breytingar eru ekki allar af hinu illa, það er langt í frá. Ég get enn þá ítrekað þá skoðun mína að við eigum að skilgreina og skoða með jöfnu millibili hvert hlutverk ríkisins er og í hvaða rekstri ríkið á að vera. En við verðum að gera okkur grein fyrir því hvað það er sem við erum að gera, hverju er verið að breyta og hvaða tilgangi það þjónar. Þjóna breytingarnar almannahag eða eru þær fyrst og fremst í þágu einhvers afmarkaðs hluta samfélagsins? Koma þær einhverjum ákveðnum aðilum til góða? Auka þær völd þeirra sem völdin hafa fyrir? Gera þær hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari? Ég hef verið á undanförnum árum mjög gagnrýnin á einkavæðingarstefnu bæði fyrrv. ríkisstjórnar og þessarar vegna þess hvernig að málum hefur verið staðið þó að þar hafi vissulega verið um rekstur að ræða eins og t.d. Síldarverksmiðja ríkisins sem ég tel að engar forsendur hafi verið lengur fyrir ríkisrekstri og það hafi verið tími til kominn að breyta þeim rekstri. Málið snýst hins vegar um það hvernig að hlutunum er staðið og hverjum er verið að afhenda eignir. Hvernig verið er að afhenda eigur ríkisins er það sem er svo alvarlegt í þessu máli öllu. Síðan er hin hliðin sem snýr að starfsmönnum ríkisins sem þarf að hafa miklar áhyggjur af. Og það er hárrétt sem fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að einkavæðing hefur víða leitt til verri þjónustu og aukins atvinnuleysis. Hún hefur gert það. Bretland og Nýja-Sjáland eru dæmi um það þannig að menn verða að vita hvað þeir eru að gera.

Varðandi þetta frv. hér vil ég taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram að um mjög opnar heimildir er að ræða og mjög mikið valdaafsal frá löggjafarvaldinu, frá Alþingi yfir til framkvæmdarvaldsins. Maður hlýtur að spyrja: Hvað býr að baki? Hvaða þjónustu er verið að tala um? Hvaða þjónusta er það sem á að færa frá ríkinu til annarra aðila, hvort sem það eru einkafyrirtæki, félagasamtök eða sveitarfélög? Hver er stefnan í þessu? Það hlýtur að vera ákveðin ástæða fyrir því að ríkisstjórnin, í þessu tilviki hæstv. fjmrh., kemur fram með þetta frv. Og þessi ósk var komin fram áður. Það hlýtur eitthvað ákveðið að búa að baki. Ég veit reyndar að það hefur mikil vinna verið í gangi í fjmrn. varðandi ýmiss konar breytingar og umbætur á ríkisrekstrinum. Menn hljóta þar að vera með ákveðnar hugmyndir um það hvaða þjónustu á að færa frá ríkinu. Þar kemur einmitt að spurningunni sem ég var að velta upp í gær varðandi allt annað mál, frv. um reynslusveitarfélögin, auknar lagaheimildir vegna reynslusveitarfélaganna. Í þessu samhengi öllu hljótum við að þurfa að velta fyrir okkur eðlilegri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og jafnframt eðlilegri verkaskiptingu ríkisins og annarra aðila sem annast þjónustu, ekki bara einhverjum handahófskenndum tilfærslum bara af því að það er vilji hæstv. fjmrh. að einkavæða, einkavæða bara eitthvað. Það þarf að vera ákveðin stefna í þessum málum. Ég ítreka þær spurningar sem fram hafa komið: Um hvaða þjónustu er verið að tala? Mér finnst mjög mikilvægt að fá svar við því. Það er ekki hægt að sjá það af athugasemdum og greinargerð frv. Það eru nefnd ýmis dæmi um þjónustu sem ríkið greiðir og hefur verið færð til annarra og jafnvel nefnd dæmi um að viðkomandi aðilar hafi lent í vandræðum og það hafi ekki verið gerðir neinir samningar. Ég get vel skilið að það sé nauðsynlegt að tryggja að samningar séu til staðar, ef einhverjir taka að sér þjónustu, um hver beri ábyrgð og hvaða þjónustu eigi að veita. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það hans meining að þetta sé fyrst og fremst til þess að koma skikki á þá þjónustu sem þegar hefur verið samið um? Hér eru nefnd dæmi t.d. um SÁÁ og fleira slíkt. Hver er meiningin með þessu? Við stöndum enn þá frammi fyrir þeim dularfullu spurningum sem spruttu upp fyrir áramót og engin svör hafa fengist við. Ég vona að hæstv. fjmrh. skýri þetta mál þó að það verði sennilega ekki til þess að auka stuðning við málið. Það er ekki þar með sagt.

[15:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að það er erfitt að skilja hvað vakir fyrir hæstv. fjmrh. þegar hann leggur þetta fram núna. Ég hefði einmitt talið að þessa dagana væri mjög farsælt fyrir hæstv. ráðherra að hafa hljótt um sig og skapa ekki miklar öldur því enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Hins vegar tel ég rétt og ekki síst á þessum síðustu dögum að lofa hæstv. ráðherra fyrir það sem hann hefur vel gert. Eitt af því sem hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum eru ný viðhorf og ný hugsun í ríkisrekstrinum. Ég er að ýmsu leyti sammála mörgu því sem þar hefur komið fram.

Hæstv. ráðherra beitti sér t.d. fyrir rammafjárlögum sem var ný aðferð til að reka ríkissjóð og ráðuneytin. Og þó að ég hafi sem ráðherra í ríkisstjórn með honum kvartað talsvert undan þeim, því að mér fundust þau að vissu marki ekki uppfylla þær væntingar sem hann hafði í upphafi um aukið svigrúm ráðuneytanna, tel ég samt sem áður að þar hafi verið farið yfir á farsæla braut sem gæti, ef rammafjárlögunum væri beitt betur, leitt til aukins hagræðis og leyft frumkvæði starfsmanna og jafnvel einstakra ráðherra að blómstra örlítið betur. Þarna tel ég að hæstv. ráðherra hafi verið á réttri braut.

Hann hefur líka eins og sést í þessu frv. verið að styrkja útboðsstefnu ríkisins. Mér finnst að þar hafi ríkisstjórninni, síðustu og þessari, og þá sér í lagi fyrir frumkvæði hæstv. ráðherra tekist vel upp. Ég tel að útboðsstefnan sem hann hefur barist fyrir á síðustu árum og hrint í framkvæmd sé mjög jákvæð. Og ég hegg eftir því að þetta frumkvæði ríkisstjórnarinnar hefur smitað frá sér út í einkageirann. Kannski er það rangt hjá mér. Ég tek eftir því að stórfyrirtæki eru farin að beita útboðum í miklu ríkari mæli. Þetta hefur hjálpað neytendunum með tvennum hætti. Þetta hefur leitt til aukins sparnaðar í ríkisrekstrinum, en hefur líka orðið til þess að upp hafa komið nýir útsjónarsamir aðilar í einkageiranum, sem hefur leitt til þess að vöruverð hefur lækkað. Þetta er jákvætt.

Ég er þeirrar skoðunar að verkefnastjórnun og þjónustusamningar séu jákvæðir. Mig greinir á við ýmsa í stjórnarandstöðunni eins og t.d. hv. þm. Ögmund Jónasson og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um það hvernig eigi að hafa þessa þjónustusamninga og hverjar verði afleiðingar þeirra. Ég tel að ríkisgeirinn þurfi að geta keppt við einkageirann um góða starfsmenn. Og hvernig gera menn það? Þeir gera það með auknu svigrúmi í launamálum. Ég vil hins vegar hlusta á rökin. Ef það er svo sem hv. þm. Ögmundur Jónasson segir að þetta hafi leitt til aukins launamisréttis — það hefur komið fram áður í umræðum í þessum sal að það hafi leitt til aukins misræmis í launum milli kynjanna — þá eru það hlutir sem þarf að skoða mjög vel.

Það er annað mál hvort ég sé sammála þessum viðhorfum hæstv. ráðherra. Það sem ég er ósammála honum um er það

að menn fari einhverja „fjallabaksleið" til að ná fram markmiðum sínum og ég tel að með þeim opnu heimildum t.d.sem hæstv. ráðherrum þessarar stjórnar verða gefnar, verði þetta frv. að lögum þá kunni ýmsum mikilvægum hlutum að vera stefnt í voða. Ég tel, hæstv. ráðherra, að áður en menn geta samþykkt frv. af þessu tagi verði þeir að taka prinsippumræðu um einkavæðingu ýmissa mjög mikilvægra geira. Ég sé strax á frv. að sá geiri sem ég kem að í þinginu, sem eru heilbrigðismálin, er algjörlega opinn fyrir einkavæðingu og ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki rétt hjá mér að ef frv. yrði að lögum væri t.d. hægt fyrir heilbrrh. eða Tryggingastofnun að semja við einkareknar læknastöðvar um mjög mikilvæga málaflokka sem eru nú innan hins opinbera geira? Væri t.d. ekki hægt fyrir Tryggingastofnun ríksins að semja við einkareknar læknastöðvar um að sjá um allar röntgenskoðanir? Nú er ég ekki með þessu að taka afstöðu gegn því að með einhverju móti verði reynt að beita lögmálum einkamarkaðarins til að hagræða í ríkisrekstrinum en ég er algjörlega á móti því að við samþykkjum frv. sem getur leitt einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu og innan skólakerfisins áður en við höfum farið í gegnum prinsippumræðuna um það hvort við viljum það eða ekki. Þarna finnst mér að við séum að fara rangt að hlutunum. Ég hef reyndar í umræðu um hagræðingu í ríkisrekstrinum bent á að áður en við getum farið að velta fyrir okkur þeim tækjum sem frv. af þessu tagi veitir ríkisvaldinu verðum við að gera það upp við okkur hvað er það sem við viljum einkavæða.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði áðan að hún væri ekki á móti einkavæðingu að ákveðnum forsendum gefnum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur í umræðu um umdeilda einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum á síðustu árum lýst því yfir oftar en einu sinni að auðvitað þurfi að vera til aðferð til þess að einkavæða ríkisfyrirtæki þannig að samkvæmt þessu tel ég að sé samhljómur í þinginu og að það sé samstaða um að það sé nauðsynlegt að hafa tæki til þess að einkavæða. Áður en þau tæki eru búin til verðum við að gera það upp við okkur hvaða geira ríkisins viljum við einkavæða. Ég ítreka þá spurningu sem ég hef varpað fram til hæstv. ráðherra: Gerir þetta ekki kleift að einkavæða stóran hluta úr heilbrigðisgeiranum og gerir þetta ekki líka kleift fyrir okkur að einkavæða stóran hluta í skólakerfinu? Þetta eru mikilvægar spurningar og ef svarið við þeim er já finnst mér ekki með nokkru móti hægt að samþykkja frv. fyrr en þingið hefur gert upp við sig hvort það vilji t.d. selja í hendur einkaaðila hluta af skólakerfinu. Vill t.d. hinn brosmildi ritstjóri Tímans, hv. þm. Jón Kristjánsson, sem hérna situr keikur, beita sér fyrir því að Menntaskólinn á Egilsstöðum verði boðinn út? Nú veit ég að hv. þm. hefur sennilega ekki gert þessa spurningu upp við sig fremur en margt annað sem Framsfl. á eftir að gera upp við sig en ég hygg að hann vildi gjarnan vera búinn að ræða slík mál innan síns flokks áður en hann gefur hæstv. ráðherra auða, óútfyllta ávísun á að einkavæða t.d. Menntaskólann á Egilsstöðum. Mér sýnist að þetta frv. geri það mögulegt. Þessum spurningum, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að okkar ágæti hæstv. fjmrh. svari áður en umræðunni lýkur og endilega áður en hann yfirgefur okkur e.t.v. að fullu og öllu.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að þakka umræðuna og segja það í upphafi að það kemur mér ekkert á óvart að menn vilji skoða þetta mál með nokkurri gát. Ég skil það afar vel því er auðvitað verið að fjalla um veigamikla hluti. Ég ætla að snúa mér að nokkrum atriðum sem hafa komið fram í umræðunum og gera tilraun til að svara ýmsu af því sem hefur verið beint til mín en einnig að taka upp nokkur önnur atriði sem ég held að skipti máli í umræðunni. Ég þakka góð orð í minn garð af hálfu síðasta ræðumanns. (**ÖS:** Frómar óskir.) Já, frómar framtíðaróskir. Það er alltaf gott að fá góðan stuðning frá góðum vinum en í þessu tilviki þakka ég honum fyrst og fremst fyrir að hafa tekið eftir því að rammafjárlögin og útboðsstefnan hafi skilað einhverjum árangri jafnvel þótt hann bendi réttilega á að finna megi að a.m.k. í sambandi við rammafjárlögin að það hefur ekki gengið alveg upp í öllum tilvikum. Það er auðvitað rétt. Ég er einnig sammála honum um að ríkið þarf að geta keppt við einkamarkaðinn á jafnréttisgrunni, þar á meðal í launamálum. Þegar ég segi í launamálum á ég við að ríkið þurfi ekki að sætta sig við það að einkamarkaðurinn geti tekið betri starfskrafta en ríkið vegna þess að ríkið getur ekki boðið upp á sambærileg laun í víðtækum skilningi þess orðs, kjör og laun.

Þá vék hv. þm. að því að erfitt væri að samþykkja þetta frv. áður en að fram færi prinsippumræða um einkavæðingu. Út af fyrir sig finnst mér eðlilegt að í þingsölum fari fram prinsippumræða um einkavæðingu. Hann spurði síðan: Getur verið að með þessu frv. sé verið að opna leið fyrir t.d. heilbrrn. að bjóða út starfsemi eins og t.d. röntgenskoðanir? Gæti Tryggingastofnun ríkisins hugsanlega boðið út röntgenskoðanir á grundvelli þessarar löggjafar verði þetta frv. að lögum? Í því sambandi hygg ég að niðurstaðan sé sú að það þurfi ekki þessi lög til þess að Tryggingastofnun ríkisins geti gert það og ég hygg að flokksbróðir hv. þm., fyrrum heilbrrh., hafi í reynd kannað það ítarlega hvort hægt væri að bjóða út sambærilega hluti í heilbrigðisþjónustunni. Niðurstaðan varð sú og er athyglisvert að það er hægt ef það stenst samkeppnislög.

Þá skapast ákveðinn vandi sem menn þurfa að hafa í huga við rekstur ríkisins og hann er sá hvenær opinberar stofnanir geta tekið þátt í útboðum ríkisins. Þetta er vandamál sem hefur komið upp í nágrannalöndum okkar og verið leyst þar, bæði í Bretlandi og eins í Danmörku og víðar, það þarf ekki alltaf að nefna Nýja-Sjáland til, með því að skipta fyrirtækjum og stofnunum upp þannig að í bókhaldi sé gerður skýr greinarmunur á því hvaða þáttur starfseminnar er rekinn á samkeppnisgrunni og hver ekki. Þetta er til að mynda rauður þráður í löggjöf Evrópusambandsríkjanna og ég veit að hv. þm. er mjög áhugasamur um betra samband okkar við það samband þannig að honum má vera ljóst eins og fjmrh. og fyrrum utanrrh. sem stendur nú eða situr réttara sagt hv. þm. nær þessa stundina. Þetta mál er alkunnugt og einnig er verið að fást við það hér.

Ég get upplýst það því það kunna að vera fréttir að einmitt í dag hefur fjmrn. farið fram á það við viðskrn. að settur verði niður hópur til þess að kanna með hvaða hætti sé hægt að skilja í sundur opinberar stofnanir og fyrirtæki til þess að hægt sé að nýta þá miklu og góðu reynslu sem víða er að finna í opinberum fyrirtækjum og stofnunum og ástæðulaust er að kasta fyrir róða þegar útboðsleiðin er farin. Í þessu sambandi má kannski nefna Hafna- og vitamálastofnunina sem hefur yfir að ráða mjög hæfum starfskröftum og ástæðulaust ef hægt er að skipta starfseminni upp þannig nú, því að þjónustusamningur gildir við þá stofnun, að hluti starfseminnar sé á samkeppnisgrunni. Full ástæða er til þess að leyfa

starfsfólkinu þar og stofnunni að njóta þess að taka þátt í samkeppni aðrar sambærilegar einingar í þjóðfélaginu sem eru reknar á einkamarkaði. Þetta eru hlutir sem við erum að sjálfsögðu að skoða en ég vona að ég hafi svarað fyrirspurn hv. þm. sem mér þótti flytja ræðu í þá áttina að hann væri hlynntur meginstefnunni og meginhugmyndunum sem menn eru að fást við í þessum málum.

Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði réttilega frá því að það má segja að það hafi verið fósturvísir að þessari tillögu í bandorminum sem lá fyrir fyrir áramótin og það var samkomulagsatriði að taka þá grein sem þar var að finna út úr frv. til að greiða fyrir því að frv. yrði afgreitt fyrir jólin. Þá var jafnframt sagt og ég rifja það upp til þess að menn haldi nú öllu til haga að eðlilegast væri að nefndin flytti þetta sem sjálfstætt frv. og hægt væri að ræða það hér sem sjálfstætt frv. Við kusum hins vegar að gera þetta að sjálfstæðu stjfrv. og höfum lagað það til og er það í miklu fyllri búningi eins og kom réttilega fram en það var í bandorminum sem orðinn er að lögum.

Ég tek fram að það er alveg ljóst þegar gerður er þjónustusamningur, eins og gert er ráð fyrir að hægt sé að gera í frv., á milli stofnana ríkisins er ekki hægt að leggja niður stofnun sem lög eru um með þessum lögum. Lög um stofnanir verður auðvitað að virða og þrátt fyrir það framsal sem yrði hér og heimildir þá er ekki hægt að leggja niður stofnun. Sú stofnun sem er áfram til ber ábyrgð á því að hún fylgi þeim markmiðum og sinni þeim verkefnum sem henni er ætlað samkvæmt lögum. Ekkert í þessum lögum eða öðrum lögum getur komið í veg fyrir að stjórnarskrárbundin ábyrgð sé ætíð hjá ráðherrunum. Ráðherrar geta ekki skotið sér undan ábyrgð á því á þeim stofnunum og þeirri starfsemi sem undir þá heyra enda mælir stjórnarskráin fyrir um það.

Hvernig mundi mál af þessu tagi berast til Alþingis? Það gerðist að sjálfsögðu þannig að samningar og fyrirkomulag mundu vera hluti af fjárlagagerðinni. Það er alveg bráðnauðsynlegt að málið komi inn með þeim hætti því að stærsti efnislegi hluti samninganna hlýtur að vera það fjármagn sem rynni til viðkomandi stofnana til þess að standa undir tiltekinni þjónustu. Hér er í raun og veru verið að formsetja framkvæmd sem í mörgum tilvikum er hægt að vinna að í dag á grundvelli gildandi laga.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson talar gjarnan um Nýja-Sjáland í ræðum sínum. Hann hefur tekið ástfóstri við þetta eyland sem er hinum megin á hnettinum enda hafa (**ÖJ:** Þú hefur nú gert það sjálfur.) menn á hans vegum heimsótt þetta land og ég veit a.m.k. einn þingmaður úr sama flokki hefur dvalið þar um lengri tíma og þekkir þetta land öðrum þingmönnum fremur hér fyrr á árum, fyrrv. samgrh. Steingrímur J. Sigfússon, og hefur hælt þessu landi mikið og ég veit að þetta er fallegt og gott land. Án þess að ég sé að dæma nokkuð *um það sem þar hefur verið gert bendi ég á að Nýja-Sjáland* er oft tekið sem dæmi mjög um vel heppnaðar aðgerðir sem hafa skilað landinu betri lífskjörum, minna atvinnuleysi en var í landinu þannig að allar vísbendingar benda til þess að þarna hafi verið um að ræða aðgerðir sem hafa heppnast og skilað sér. En hv. þm. Ögmundur Jónasson var að ræða þetta vegna þess og hann sagði: Hættan í þessu frv. er sú að ríkið fækki starfsmönnum og borgi sömu starfsmönnum meira en þeir hafa í dag. Hættan er sú, og hvað þýðir þetta, bætti hv. þm. við. (**ÖJ:** Aukið launamuninn.) Ég kem að því. Hættan er sú að þetta sé atvinnuleysisstefna. Ég skal skjóta því inn að við höfum rætt launamuninn hér fyrr, ég hef svarað því til að þess sé gætt í starfsmannafrv. sem ekki er til umræðu hér að launamunur í stofnunum verður gagnsær og ég ætla ekki að ræða það hér. Það tilheyrir ekki umræðunni. (**ÖJ:** Enda er það svo langt.) Ef ég fæ frið fyrir hv. þm. ætla ég að ræða það sem hann sagði, að þetta væri atvinnuleysisstefna. Við skulum aðeins íhuga þetta betur og ég bið hv. þm. Ágúst Einarsson að leggja við hlustir því að ég veit að hann hefur verið kennari í hagfræði. Er það virkilega svo að framfarir og hagræðing þar sem hægt er að vinna tiltekið verkefni með minni tilkostnaði skili sér til lengri tíma í meira atvinnuleysi? Niðurstaða hagfræðinga er nei. Það getur um tímabundið skeið orðið meira atvinnuleysi en þegar til lengri tíma er litið eru frekar líkur til þess að atvinna aukist og lífskjör batni. Frægasta dæmið sem er notað sem dæmisaga *í hagfræðinni er breytingin á prentlistinni í Bretlandi þar* sem prentarar og blaðamenn neituðu að taka þátt í eðlilegri framþróun tímans, tímans með litlum staf. Niðurstaðan er auðvitað sú að með því að spara og hagræða á einum stað, gera hlutina betur fyrir minni fjármuni, eru menn að búa til tækifæri fyrir nýja starfsemi og búa til ný atvinnutækifæri. Ég bið nú hv. þm., prófessor í hagfræði, um að mótmæla þessu sem ég segi hér ef hann telur það rangt því þetta er mikilvægt framlag í þessa umræðu.

Hv. þm. *Kristín Ástgeirsdóttir sagði að hér værum við að* fjalla um einn angann af einkavæðingu. Það er út af fyrir sig rétt. Að hluta til erum við að tala um starfsemi sem hægt væri að bjóða út til einkaaðila. Það er hægt í stórum stíl nú án lagabreytinga. Ég hef stundum sagt að þær breytingar sem eru að eiga sér stað í rekstrinum séu eftirtaldar:

1. Einkavæðing, sem er róttækasta breytingin, þegar ríkið hreinlega selur fyrirtæki, stofnun eða leggur niður starfsemi af því að ríkið telur að aðrir geti gert hlutina betur.

2. *Að ríkið formbreyti fyrirtækjum til að þau séu betur* sett í samkeppninni líkt og á að gera með Póst og síma.

3. Að auka útboð, bæði með því að bjóða út kaup á vörum en einnig þjónustu sem ríkisstarfsmenn gætu hugsanlega framkvæmt en einkaaðilar g ræddi nú og þetta gætu kannski gert betur.

4. Hægt er að hugsa sér að gera þjónustusamninga við einkaaðila og það er gert nú í stórum stíl án sérstakrar lagaheimildar. Á hverju ári eru fjárveitingar til SÁÁ og slíkra aðila sem til skamms *tíma höfðu engan samning* við ríkið afgreiddar á fjárlögum. Það eina sem lá fyrir var samþykkt í fjárlögum. Það sem verið er að gera hér er að það er verið að koma böndum á slíka samninga og segja að skilyrði þess að ríkið leggi fram fjármuni sé að það liggi fyrir samningur við þessa aðila.

Loks er verið að fara þá leið sem hér hefur verið bent á og margir hafa tekið undir í umræðunum, þ.e. að að gerðir séu samningar innan ríkiskerfisins á milli ráðuneytisins sem fer *með stefnumótandi störfin og stofnananna sem framkvæma* þessa stefnu vegna þess að það er skortur á skýrum markmiðum og það er skortur á því hvernig fylgja eigi þessum markmiðum eftir. Þetta er með öðrum orðum aðferð til að ná meiri skilvirkni í rekstrinum og það er aðferð sem við getum lært af einkarekstrinum, m.a. í stjórnun. Þetta vildi ég að kæmi fram því að náttúrlega er megintilgangur þessa frv. að auka sveigjanleikann og ná fram meiri hagræðingu.

Ég skil það mjög vel að hv. þm. vilji líta varlega á málið og athuga hvort einhver hætta felist í þessu frv. Ég tel að hættan sé engin vegna þess að Alþingi fær málið aftur til skoðunar.

Loks vil ég, á þeim örfáu sekúndum sem ég á eftir, þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir mjög efnislega og góða umræðu og skilning á því um hvað þetta mál snýst. Þar talaði maður sem greinilega hafði hugsað málið út í hörgul og skildi að það er óhjákvæmilegt fyrir íslenska ríkið að gera þær breytingar sem hafa skilað árangri hjá nágrannaþjóðunum. Þar á meðal eins og hann réttilega benti á má búast við því að á næstu árum muni þjónustusamningum fjölga stórkostlega.

Til þess að svara að síðustu, hæstv. forseti, fyrirspurn hans um það hve margir tilraunaþjónustusamningar á vegum ríkisins eru til á grundvelli samningsstjórnunar, þá er það við Kvennaskólann, Hafna- og vitamálastofnun, Hólaskóla, Geislavarnir ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

[15:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra nokkurra spurninga og hann svaraði þeim nokkuð vel. Þó vil ég ítreka spurningu mína. Hann svaraði spurningu sem ég varpaði fram um röntgenskoðun nákvæmlega. En til þess að ég skýri mál mitt enn betur: Er það þannig að á grundvelli laga sem giltu ef frv. yrði samþykkt væri t.d. hægt að gera þjónustusamning við læknamiðstöð um bæklunarlækningar til að eyða biðlistum? Það væri í sjálfu sér ágætt. En samt sem áður, áður en hægt er að koma að því, verðum við að taka prinsippumræðu um það hvort við ætlum að einkavæða heilbrigðiskerfið, því slíkt mundi eðlilega ekki fela í sér annað en hreina einkavæðingu á því. Spurningin er því þessi: Gætum við að þessu frv. samþykktu gert samning við einkalæknastöð um að framkvæma bæklunaraðgerðir?

[15:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi satt að segja að ég gæti gefið skýr og greið svör við þessari spurningu. Frá mínum bæjardyrum séð er ekkert nú sem bannar það án þessa frv. að gera samninga, Tryggingastofnun getur gert það, ef lög banna það ekki. Ef það stendur hvergi í lögum að einum eða öðrum tilteknum aðila sé falið samkvæmt lögum að sjá um bæklingalækningar, t.d. Ríkisspítölum eða öðrum spítölum þá er ekkert nú sem bannar að slíkt sé boðið út eða þá að það sé afhent einhverjum og borgað fyrir það með skattfé. Fjárlög íslenska ríkisins eru í raun og veru kannski einu lögin sem til eru um þetta. Þar er náttúrlega verið að afhenda fjármuni til tiltekinna nota hjá opinberum stofnunum. Þessi lög mundu hins vegar hafa þá þýðingu að þessu yrðu sett skilyrði. Skilyrðin yrðu þau að það yrði að fara fram útboð. Skilyrðin yrðu þau að það mætti ekki gera samning nema til tíu ára. Og skilyrðin yrðu þau að það yrði að taka mjög skýrt fram hvaða fjármunir ættu að fara til verkefnisins og hvaða gæðakröfur ætti að gera til framkvæmdarinnar. Ég held að þetta sé aðalatriði málsins. Ég get ekki svarað þessari spurningu nákvæmlega og þori a.m.k. ekki að svara henni eins og hún var borin fram um „orthopedicuna" á læknamiðstöðvum.

[15:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svaraði í engu spurningum sem bornar voru fram um hvaða breytingar væru fyrirhugaðar ef þetta frv. yrði að lögum. Í öðru lagi svaraði hann engu um það hvort svona víðtækar heimildir væru yfirleitt nauðsynlegar til að koma fram stefnumálum. Ég hlýt að ítreka þessar spurningar.

Ég vil benda á að hann sagði að þjónustusamningarnir væru hluti af fjárlagagerðinni. Það er ekki svo í þessu frv. Það eru bara tölurnar. Ef samningarnir eiga að vera hluti af fjárlögum þá kveða menn á um það. Það sem ég vakti athygli á í ræðu minni er að þetta þarf að vinnast betur þannig að það nái árangri. Ég vil benda á að það er hægt. Auðvitað er ekki hægt að leggja niður stofnanir en það er hægt að flysja utan af þeim verkefni og það er hægt að skilja þær eftir sem tóma skel með þessu frv. og það án þess að Alþingi komi að málinu. Það tel ég vera ámælisvert.

Hins vegar er mér ljúft að staðfesta að hagræðing sem felur í sér framleiðniaukningu skilar vitanlega meiri atvinnu til lengri tíma litið. Hún getur haft í för með sér tímabundið atvinnuleysi en til lengri tíma skilar hún meiri atvinnu, það er ekki spurning. Hins vegar erum við að tala um hvort þetta frv. sé líklegt til að ná fram hagræðingu í ríkisrekstri eða ekki. Til þess er frv. of meingallað. Það þarf að skýra betur ýmsa þætti í sambandi við það en það verður að bíða betri tíma.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir að staðfesta það sem hann sagði um svokallaða atvinnuleysisstefnu sem hér var nokkuð á dagskrá.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég svaraði ekki spurningunni sem hann beindi til mín einfaldlega vegna þess að ég get það ekki á þessari stundu. Á þessari stundu hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um að nýta þessi lög í einhverju tilteknu skyni ef frv. verður samþykkt. Lögin eru almenn en ég benti hins vegar á það í ræðu minni áðan að þegar samningur er tilbúinn og gerður með þeim fyrirvara sem hann er gerður, þá verður að leggja hann fram á Alþingi sem hluta af fjárlagadæminu, það er alveg lágmarkið. Þá sést á hverju ári að hve miklu leyti svona framkvæmd á sér stað. Nú er það rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson benti á að líkast til verður í framtíðinni einnig breyting á fjárlagagerðinni. Kannski verðum við ekki með fjárlagaumræðu nema á tveggja ára fresti. Smám saman verður ríkisreksturinn að miðast við lengri tíma en nú er rétt eins og einkareksturinn. Það veit ég að hv. þm. skilur mjög vel því að í einkarekstri hafa menn á undanförnum árum, kannski vegna þess að verðbólgan er horfin í bili a.m.k., getað litið til lengri tíma í sínum rekstri. En það er rétt hjá hv. þm. að ég svaraði þessu ekki áðan og get ekki heldur svarað þessari spurningu nú.

[15:42]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra að það eru ekki fyrirhugaðar neinar tilteknar stórar breytingar varðandi þennan þátt. Þess vegna held ég að það sé þeim mun meiri ástæða til að menn gaumgæfi frv. dálítið betur og veiti ekki jafnvíðtækar heimildir og hér er heldur fái málið vandaða skoðun í nefnd og í víðara samhengi og finni því þá betri lagaumgjörð sem ég held að þyrfti að vera um þetta nauðsynlega mál. Ég held að þarna séu menn að fikra sig inn á svið sem menn gætu sameiginlega hugsanlega náð árangri á. En það er að minnsta kosti ljóst að það er kannski ekki rétta aðferðin í þessu að lögbinda mjög víðtækar heimildir sem menn eru ekki alveg vissir um hvernig þeir ætli að nýta á næstunni. Því er betra að gefa þessu aðeins meira ráðrúm.

[15:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. verður tíðrætt um Nýja-Sjáland og það er rétt sem fram kom í hans máli að margir aðrir beina nú sjónum sínum þangað einmitt vegna þess að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin öll hefur gert Nýja-Sjáland að sérstakri fyrirmynd sinni. Hún hefur flutt þaðan inn ráðgjafa til að ráðleggja sér um stjórnarstefnuna. Hins vegar er það umhugsunarefni að hæstv. fjmrh. finnist hafa tekist sérlega vel til þar í landi. Okkur hinum finnst ástæða til að skoða árangurinn í öðru ljósi. Nýsjálendingum hefur ekki tekist að lækka opinberar skuldir. Þeim hefur ekki tekist að ná niður atvinnuleysi en á sama tíma hafa þeir nánast eyðilagt stóran hluta velferðarþjónustunnar. Þannig hafa biðraðir í heilsugæslukerfinu aukist og þannig mætti áfram telja.

Annað atriði sem mig langaði til að víkja að er atvinnuleysisstefnan sem felst í einkavæðingar- og þjónustusamningshugsun ríkisstjórnarinnar. Það er rétt að ég lít svo á að þarna sé innbyggð ákveðin atvinnuleysisstefna. Ég tel það eitt mikilvægasta viðfangsefni samfélagsins að finna leiðir til að skipta vinnunni í stað þess að reyna að færa hana á færri hendur. En hæstv. fjmrh. ítrekar hér fylgispekt sína við svokallaða brauðmolahagfræði Reagans sem ríkisstjórn hans hefur fylgt undanfarin ár og byggir á því að gefa hinum stóru svigrúm til að baka sín stóru brauð í þeirri von að molarnir hrjóti niður til annarra. Smám saman muni fyrirtækjunum vaxa fiskur um hrygg, þau muni færa út kvíarnar og þannig muni skapast ný atvinnutækifæri. Þessi stefna er algjörlega gjaldþrota. Hún er gjaldþrota í Bandaríkjunum. Hún er gjaldþrota í Bretlandi og hvarvetna þar sem hún hefur verið reynd. Engu að síður skal hún tekin upp hér á landi.

Að lokum vil ég nefna það atriði sem hæstv. fjmrh. vék að í lok máls síns, þ.e. að hann væri að reyna að koma á launakerfi með frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem gerði launakerfið gagnsærra. Þetta er rangt. Það er ekki verið að gera launakerfið gagnsærra. Það er verið að fara með það niður í jörðina. Ég lýsi eftir þeim reglum og þeirri reglugerð sem hæstv. fjmrh. hefur boðað og segir að eigi að tryggja að launakerfið verði gagnsætt. Nú óska ég eftir umræðu um það efni fyrst hæstv. fjmrh. hefur vakið sérstaklega máls á þessu.

[15:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar um landafræði hv. þm. Það var hann sem hóf máls á því að ræða um Nýja-Sjáland. (**ÖJ:** Fjmrh. sagði að vel hefði tekist til þar í landi.) Ég sagði það vegna þess að hv. þm. nefndi Nýja-Sjáland sem dæmi um hið gangstæða í ræðu sinni. Í öðru lagi var það ekki heldur ég sem hóf máls á launamun í fyrirtækjum sem væri afleiðing stefnu sem kæmi fram í öðru frv. en hér er til umræðu. Þess vegna ætla ég ekki heldur að ræða það hér. Það getum við rætt þegar það frv. kemur til umræðu.

Ég ætla að ræða um atvinnuleysisstefnuna sem kallast svo. Ég vil benda á að hv. þm. er algerlega úr takt við samtíðina. Það verður að fara marga áratugi aftur í tímann til að finna menn með svipuð viðhorf og hann hefur hér. (**ÖJ:** Til atvinnuleysisins?) Til þeirra viðhorfa sem koma fram hjá honum að hagræðing muni leiða til varanlegs atvinnuleysis. Ef það væri rétt hagfræði hefðu menn ekki ekki átt að finna upp sláttuvélina. Þeir ættu bara að halda áfram að slá eins og í gamla daga með orfi og ljá. Menn hefðu ekki átt að finna upp steypuhrærivélina, þeir ættu að handhræra steypu. Það þarf miklu fleiri menn til þess. (**ÖJ:** Þetta er ómerkilegur útúrsnúningur.) Svona mætti lengi telja. Staðreyndin er sú að hagræðing og meiri samkeppni leiðir til þess að allir græða, ný störf verða til og lífskjörin batna. Þetta eru staðreyndirnar sem blasa við í öllum löndum í kringum okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 774.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum, nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum. Þetta frv. er að finna á þskj. 774, en það er 442. mál þingsins.

Með lögunum nr. 34/1995, um vörugjald á olíu, ákvað Alþingi á sinum tíma að frá og með 1. janúar 1996 yrði tekið upp vörugjald á gas- og dísilolíu. Fjmrh. skipaði síðan sérstaka samráðsnefnd sem átti að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna. Þannig fór að meiri hluti nefndarinnar lagði til að gildistöku þessara laga yrði frestað um tvö ár og tækju lögin ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998. Þetta var reyndar öll nefndin að undanskildum fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna. Ástæðan var sú að menn töldu að ný tækni í litun olíu gæti verið ódýrari kostur en lagt var til í lögum sem sett hafa verið en gildistökunni frestað.

Þess vegna gerðist það að með lögum nr. 120/1995, sem samþykkt voru sl. haust var gildistökunni frestað til 1. janúar 1998 og gildistími laganna frá 1987 framlengdur til sama tíma.

Um langan aldur hefur mikil gagnrýni komið fram á þungaskattskerfið og á það bent að væntanlega sé mikið um undanskot á skattinum. Undanskotin eru m.a. til komin vegna þess að auðvelt virðist að hægja á eða stöðva talningu á svokölluðum ökumælum. Eftirlit hefur ekki verið nægilegt og þá er erfitt að sanna ásetning eða gáleysi ökumanns ef í ljós kemur við eftirlit að mælabúnaður er í ólagi. Af þessum sökum hafa viðurlög við brotum ekki verið nægilega hörð og mjög mismunandi eftir umdæmum. Undanskot á þungaskatti hafa lækkað mjög eða dregið úr tekjum af þungaskatti og í raun einnig brenglað samkeppnisstöðu aðila í rekstri.

Það var af þessum ástæðum sem hafist var handa við endurskoðun á lögunum nr. 3/1987. Við þá endurskoðun varð fljótlega ljóst að gera þyrfti verulegar breytingar á lögunum til að tryggja viðunandi framkvæmd. Má þar í fyrsta lagi nefna að í lögunum er gert ráð fyrir að fjmrh. hafi víðtækt vald til ákvörðunar á fjárhæð þungaskatts, m.a. geti hann ákveðið lækkun og veitingu afsláttar af skattinum. Þetta samræmist ekki ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar að áliti lögfróðra manna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í lögunum að sami aðili, innheimtumaður ríkissjóðs, annist bæði álagningu og innheimtu skatta. Í þriðja lagi skortir með öllu ákvæði í núgildandi lög um skyldu ökumanna til skráningar á akstri og eftirlits með því að mælabúnaður sé í lagi. Í fjórða lagi er lítið fjallað um það í lögunum með hvaða hætti skuli haga eftirliti opinberra aðila með gjaldskyldum ökutækjum og hvaða viðurlögum skuli beitt ef ákvæði laganna eru brotin.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir breytingu á uppbyggingu þess kerfis sem þungaskatturinn er innheimtur eftir í dag og reynt að samræma það öðrum gjaldkerfum ríkisins. Gert er ráð fyrir því í frv. að innheimutmenn annist einungis innheimtu á þungaskatti. Álagning þungaskatts og ákvörðun viðurlaga verði hins vegar í höndum skattyfirvalda. Með þessari breytingu er reynt að tryggja að við ákvörðun þungaskatts verði gætt málsmeðferðarreglna skattaréttarins.

Þá er lagt til í frv. að álagning verði í höndum eins aðila, ríkisskattstjóra, í stað þess að skattstjórar hver í sínu umdæmi annast álagninguna. Ástæðan er einkum sú að það er gert ráð fyrir því að lögin muni einungis gilda um skamman tíma eða til loka næsta árs.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. þessu að löggjafinn kveði á um öll atriði er varðar álagningu þungaskatts, breytingar á skatti eða niðurfellingu hans. Er þá valdið tekið úr höndum fjmrh. og fært til Alþingis. Mun ríkari skyldur eru lagðar á ökumenn til skráningar á akstri í akstursbók. Lagt er til að ökumanni ökutækis sem þungaskattur er greiddur af eftir akstri verði skylt í lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, að lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá í akstursbók. Eftirlit ökumanns verður því enn öruggara og á jafnframt að veita tryggingu fyrir því að talning ökumælis hafi ekki verið stöðvuð tímabundið.

Önnur regla gildir um bíla sem ekki eru atvinnutæki. Þar er lagt til að kílómetrastaða ökumælis og hraðamælis verði í þessum tilvikum skráð mánaðarlega í akstursbók.

Í frv. er gert ráð fyrir að níu greinar bætist við lögin. Í þeim er fjallað um endurákvörðun þungaskatts ef ekki er mætt til álestrar, beitingu álags, heimildir til að kæra álagningu og refsingu vegna brota á lögunum. Í lögunum nr. 3/1987 er ekki að finna neinar heimildir til endurákvörðunar þungaskatts ef í ljós kemur að þungaskattur hefur verið réttilega á lagður. Þá er kveðið á með skýrum hætti um heimildir til endurákvörðunar kílómetragjalds ef talið verður að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af ökumæli gefur til kynna, t.d. vegna þess að mælir hafi verið óvirkur eða akstur ekki skráður í akstursbók. Þetta verður gert með hlutlægri endurákvörðun en ekki af huglægu mati. Jafnframt er kveðið á um heimild til endurákvörðunar ef gjaldþyngd ökutækis hefur verið skráð of lág miðað við notkun ökutækisins.

Þá er í öðru lagi lagt til að áætlaður verði þungaskattur ef ekki er mætt í álestur og skal áætlun að jafnaði svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði. Það er hin hlutlæga regla.

Varðandi álagið er gert ráð fyrir því að í stað dagsekta verði bætt við 1% álagi á fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutæki til álestrar, í allt að 20 daga. Varðandi kæru og málsmeðferð er gert ráð fyrir því að hægt sé að kæra álagningu þungaskatts til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá því er skatturinn var ákvarðaður. Þá er gert ráð fyrir að hægt verði að kæra úrskurð ríkisskattstjóra og endurákvörðun á þungaskatti til yfirskattanefndar innan 30 daga frá póstlagningu úrskurðar eða endurákvörðunar.

Kveðið er skýrar á um heimildir til að beita refsingu og skal hún að lágmarki nema tvöfaldri og að hámarki tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að dregin hafi verið undan. Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot varði ekki þyngri refsingu en sekt er kveðið á um að honum sé heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að ljúka málinu með greiðslu sektar sem greiðist innan tveggja mánaða. Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis brýtur gegn ákvæðum laganna án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn skal ríkisskattstjóri ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Slík sektarákvörðun ríkisskattstjóra yrði kæranleg til yfirskattanefndar.

Virðulegi forseti. Í raun er verið að fjalla um lög sem eiga að gilda í skamman tíma. Meginástæðan fyrir flutningi málsins er að herða eftirlitið þannig að samræmi sé á milli þeirra sem aka, einkum vegna atvinnureksturs. Hér er verið að taka tillit til nýrra sjónarmiða sem hafa rutt sér til rúms í íslenskum rétti þar sem gerður er greinarmunur á milli álagningarvalds og síðan hinna sem hafa með refsingar og viðurlög að gera.

Það er tillaga mín, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:59]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir getur í fljótu bragði virst snúast fyrst og fremst um tæknileg atriði og leiðréttingar sem eru nauðsynlegar á gildandi löggjöf sem ætlað var að taka við af lögum frá 1987. Nokkur atriði eru þó almenns eðlis sem ástæða er til að taka aðeins inn í þessa umræðu og mun ég koma að því á eftir.

Með frv. þessu er fyrst og fremst verið að fresta gildistöku ákvæða laga um fjáröflun til vegagerðar. (**Fjmrh.:** Það er búið.) Það var gert um áramót, en að útfæra nánar til ársloka 1997 hvernig með skuli farið. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ábendinguna en þannig er málið vaxið.

Gert er ráð fyrir því að búa við ákvæðin um þungaskatt nú um nokkurt skeið eða til loka árs 1997 og fresta um leið að taka upp það sem kallað er olíugjald í lögunum sem samþykkt voru 1995, lögum nr. 34, um vörugjald af olíu. Þar er um verulega kerfisbreytingu að ræða ef og þegar þau ákvæði taka gildi. Tekjuöflun til vegagerðar er mjög mikilvægt mál og þar hefur að verulegu leyti verið stuðst við markaða tekjustofna sem kunnugt er. Þegar vegáætlun var rædd fyrr á þinginu gagnrýndi ég þá málsmeðferð ásamt mörgum fleiri sem tóku þátt í þeirri umræðu að ríkisvaldið, ríkisstjórnin, hefur hlutast til um að verulega og í vaxandi mæli sé höggvið í markaða tekjustofna til vegagerðar og þeir færðir inn í ríkissjóð. Það mál ætla ég ekki að gera frekar að umræðuefni en minni þó á það að þar er um mjög veigamikla breytingu að ræða frá því sem almennt hefur verið á undanförnum árum og mjög neikvæð atriði að því er varðar fjármögnun til framkvæmda í vegamálum og afar slæmt ef haldið verður áfram á þeirri braut sem núv. hæstv. ríkisstjórn og raunar fyrrv. ríkisstjórn með sama hæstv. fjmrh. hefur markað fyrir sitt leyti. Það er afar brýnt að snúið verði frá því en jafnframt er auðvitað nauðsynlegt að þeir tekjustofnar sem gert er ráð fyrir að gangi til vegagerðar og markaðir hafa verið í því skyni skili sér til vegagerðarinnar til þess sem gert er ráð fyrir þegar þeir voru ákveðnir og á lagðir.

Með þessu frv. er leitast við eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í framsögu sinni að tryggja það með betri hætti en verið hefur að álagður þungaskattur eða þungaskattur sem lög gera ráð fyrir að greiddur sé skili sér raunverulega í ríkissjóð. Ég geri ráð fyrir því að það sé rétt mat sem fram kemur í athugasemdum með frv. að verulega hafi skort á það að þungaskattur hafi í reynd skilað sér eins og lög kveða á um og því sé brýnt að bæta löggjöfina frá því sem verið hefur miðað við að þetta form sé haft á álagningu þungaflutninga í landinu á meðan ekki er gripið til annarra ráða. Satt að segja hefur málsmeðferðin hvað þessi mál varðar verið afar

klúðursleg svo ekki sé fastar að orði kveðið. Um það ber raunar greinargerðin með frv. órækt vitni þar sem fram kemur hvernig að þessu hefur verið staðið og hvaða ástæður eru fyrir því að þetta frv. er flutt til þess að gera kleift í raun að koma í veg fyrir undanskot og tryggja samræmingu í málsmeðferð sem engan veginn hefur verið tryggð í gildandi lögum. Að því leyti sem þannig er að málum staðið er hægt að taka undir efni frv. og ég er ekki að mæla gegn því sem slíku vegna þess að það er auðvitað sjálfsagt að reyna að tryggja að fullrar sanngirni sé gætt og ekki sé raskað samkeppnisstöðu aðila sem þetta gjald er lagt á. Það verður auðvitað því aðeins gert að það skili sér með réttlátum og samræmdum hætti. Önnur atriði sýnast mér einnig horfa til bóta að því er varðar málsmeðferð, bæði að því er snertir aðgreiningu milli álagningaraðila og innheimtuaðila þannig að að því leyti stefnir þetta frv. í rétta átt.

Framsetningin í greinargerð og skýringar með frv. eru dálítið óskýrar að sumu leyti þar sem verið er að vísa fram og aftur milli gildandi löggjafar, löggjafar sem áður var í gildi og síðan þessa frv. sem hér er á ferðinni en ég vænti að það vefjist ekki fyrir hv. nefnd sem fær þetta mál til frekari vinnslu að lesa þar á milli en þetta gat boðið upp á ákveðinn misskilning við yfirlestur að ekki er alveg skýrt hvað verið er að tala hverju sinni. Dæmi um það er að finna efst á bls. 11 í í athugasemdum með frv. þar sem segir að gert sé ráð fyrir því að níu nýjar greinar bætist við frv. (**Fjmrh.:** Það er augljós prentvilla.) Það er aðeins dæmi en slíkar misvísanir er að finna að mér sýnist í greinargerðinni þó að ég hafi ekki merkt við það sérstaklega við yfirlestur.

Þá vil ég, virðulegur forseti, aðeins koma að almennum þætti sem snertir málið og það er spurningin í raun um framhald málsins. Eftir að ákvæði þessara laga ef frv. verður lögfest hætta að vera í gildi, frá ársbyrjun 1998, er gert ráð fyrir að ákvæði laga um vörugjald af olíu komi til framkvæmda, þ.e. að sú löggjöf verði virt. Ég tel að þungaskattskerfið, sem hér er verið að útfæra frekar, hafi auðvitað haft augljósa meinbugi í för með sér að því er varðar innheimtuna og meint undanskot frá kerfinu en hins vegar sé engan veginn hægt að taka undir það sem einhlít atriði að annað form sé betra eða sanngjarnara. Kannski varðar meginákyggjuefnið í sambandi við innheimtu í formi þungaskattskerfis það að það kann að leggjast ranglátlega á fólk á vissum svæðum á landinu, þ.e. landsbyggðin verði almennt meira fyrir barðinu á þessari gjaldheimtu vegna þess að flutningarnir beinast héðan frá höfuðborgarsvæðinu í allríkum mæli og út til annarra hluta á landinu þó að auðvitað sé einnig um að ræða dreifingu og flutninga frá öðrum höfnum innan einstakra svæða. Að þessu þarf vissulega að gæta þegar verið er að vega og meta þungaskattskerfið sem slíkt og e.t.v. að leita leiða til þess að draga úr þeirri mismunun að því er varðar byggðir í landinu. Ég vek athygli á því að á sama tíma og löggjöfin, sem hér er verið að fylla nánar út í sem gerir ráð fyrir olíugjaldi og breyttu kerfi, er sniðin að breytingum sem orðið hafa erlendis á undanförnum árum hef ég tekið eftir því við lestur heimilda fyrst og fremst á þessum vetri að það er komið annað hljóð í strokkinn á svæði heimsins sem menn bera sig allmikið við og við erum bundin við innan hins Evrópska efnahagssvæðis, í Evrópusambandinu sérstaklega, þ.e. að taka þessi mál öll til róttækrar og gagngerðrar endurskoðunar að því er varðar skattheimtu á vöruflutninga. Mér sýnist að hugmyndirnar sem þar eru uppi hnígi sérstaklega í þá átt að láta flutningana og þá sem standa fyrir þeim greiða í mun ríkari mæli reiknaðan kostnað vegna álags á vegakerfið hugsanlega vegna mengunar en verið hefur. Mér sýnist að það geti þurft að koma til a.m.k. að menn fari yfir þær breytingar sem þarna kunna að vera í uppsiglingu og það breytta mat sem þarna er á ferðinni. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því að hve miklu leyti ráðherrann og ráðuneyti fjármála hefur sett sig inn í þessi efni og hugsanlega tekið til athugunar þá stefnubreytingu sem virðist vera í uppsiglingu í Evrópusambandinu að því er snertir þessa skattlagningu. Ég held að mikil ástæða sé til þess að skoða það. Ég tel vissulega að það þurfi að líta á þessi mál einnig, ekki aðeins á kostnaðarhliðina að því er varðar vegakerfið, heldur þurfi líka að líta á þetta út frá umhverfisþættinum og þeirri megnun sem stafar af þungaflutningum. Ég vakti athygli á því þegar hér var verið að breyta um í sambandi við vöruflutninga frá sjóflutningum yfir í landflutninga í verulegum mæli á undanförnum árum, þar á meðal með því að leggja af Skipaútgerð ríkisins og beina flutningum af þeim sökum í auknum mæli inn á þjóðvegakerfið. Síðan hafa komið til mjög róttækar breytingar sem sumpart eru ekki komnar að fullu til framkvæmda en felast í vöruflutningum að og frá landinu og sem Eimskipafélag Íslands er m.a. gildur aðili að.

Þessi mál þarf að líta á mjög heildstætt að mínu mati og í almennu samhengi þegar verið er að fjalla um álagningu, skattlagningu á umferðina, sérstaklega á þungaflutningana.

Ég leyfði mér rétt fyrir páskahlé þingsins að beina fyrirspurnum til tveggja hæstv. ráðherra sem eru ekki viðstaddir hér og ég ætla ekki að draga þær fyrirspurnir inn í þessa umræðu að öðru leyti en því að vekja athygli á þeim vegna þess að þær tengjast því máli sem hér er til umræðu. Önnur fyrirspurnin, sem liggur fyrir á þskj. 742, er til sagmrh. um þungaflutninga á þjóðvegum þar sem verið er að leita eftir upplýsingum um þau efni að því er snýr að vegakerfinu og kostnað við vegakerfið. Öryggi vegfarenda er raunar einnig nefnt í því sambandi en um það efni hef ég beint sérstakri fyrirspurn til dómsmrh. á þskj. 743 til þess að draga fram fyrir Alþingi upplýsingar um slys sem má rekja sérstaklega til þungaflutninga og þar á meðal til þeirra ófullkomnu aðstæðna sem ríkja í vegamálum okkar til þess að taka við þeirri róttæku breytingu á flutningum um þjóðvegi landsins sem einnig eru mikið áhyggjuefni að mínu mati út frá því sjónarhorni.

Ég held í rauninni að ef við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram sem nú er í fullum gangi í þessum efnum verði ekki hjá því komist að ráðast í afar víðtækar og kostnaðarsamar framkvæmdir í þjóðvegakerfinu ef þetta gífurlega aukna álag þungaflutninganna, ekki aðeins með neytendavarning, heldur ekki síður í þágu atvinnurekstrar, sjávarútvegs með flutning á hráefni í fiskvinnslu landhlutanna á milli og í sambandi við flutning á daglegum afurðum landbúnaðarins til úrvinnslu eins og mjólk, fé til slátrunar og fleira af þeim toga þar sem farið er að taka upp allt aðra hætti en áður voru í nafni hagræðingar, með því að sameina t.d. sláturstöðvar, fækka sláturhúsum og keyra gripina landshorna á milli til aflífunar og síðan frekari úrvinnslu á því sem til fellur og þó í enn stórtækari mæli að sjálfsögðu þegar um er að ræða hráefni til fiskvinnslu. Þetta held ég að verði að líta á jafnhliða því sem menn eru að vega og meta kerfisbreytingar í þessum efnum á því hvað þarna er á ferðinni og hver framkvæmdaþörfin raunverulega er og þá líka spurninguna um það, hversu hátt þarf það gjald að vera sem eðlilegt er að ætla þessari tegund umferðar að bera í framtíðinni. Mér

þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. hefði afstöðu til þessara mála eða vildi segja sitt álit á þeim víðtæku breytingum sem þarna eru að verða og hvort ekki sé rétt að taka þær til athugunar í sambandi við álagningu gjalda og það kerfi gjaldheimtu sem varðar þungaflutninga á þjóðvegakerfi landsins og þar með fjáröflun til vegagerðar.

Þetta voru þau sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri við 1. umr. málsins, virðulegur forseti. Mér sýnist að efni þessa sérstaka frv. varði eðlilega viðleitni til þess að stoppa í augljós göt þó að þar þurfi auðvitað að gaumgæfa hvernig að því er staðið. Og það verður verkefni þingnefndar að gaumgæfa þau efni. Ég ætla ekki að færa inn í þessa umræðu frekar spurninguna um aðra gjaldheimtu, þ.e. bensíngjald af fólkflutningabifreiðum þó að auðvitað sé þörf á að skoða þau mál í samhengi þegar menn fjalla heildstætt um skattheimtu á umferðina og fjáröflun til vegagerðar í því sambandi.

[16:18]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Megintilgangurinn með álagningu skatta er að afla tekna til almannaþarfa í ríkissjóð. Til þess að skattlagning sé ásættanleg eða frambærileg þarf hún að fullnægja tilteknum skilyrðum að lágmarki. Sem dæmi um það má nefna að skattkerfi þarf að uppfylla ströng ákvæði um jafnræðisreglu, þ.e. að allir séu jafnir fyrir skattalögum sem við þau eiga að búa. Önnur nokkuð viðtekin regla er sú að skattlagning á að vera sanngjörn og ekki úr hófi fram og lögð á eftir efnum og ástæðum. Þriðja meginskilyrðið, ekki síst hjá fámennri þjóð með litla yfirbyggingu er að skattkerfi á að vera einfalt í framkvæmd og auðvelt til eftirlits og viðurlög við brotum skýr og afdráttarlaus.

Í ljósi þessa sem nú hefur verið sagt má nefna þetta dæmi sem hér er verið að fjalla um sem sígilt dæmi um gjörsamlega óhæfa skattlagningu vegna þess að það má heita að allar grundvallarreglur sem um þau mál eiga að gilda séu þverbrotnar. Fyrir þessu þarf ekki að hafa mín orð vegna þess að þetta er rækilega tíundað í greinargerð frv. Þar segir með leyfi forseta:

„Því hefur verið haldið fram að mikið sé um undaskot á skattinum." Það þýðir auðvitað að sumir velta því af sér og yfir á aðra. „Í því sambandi hefur verið bent á að álestrarskrá ökumæla sýni að algengt sé að stórum vöruflutningabifreiðum, sem notaðar eru í atvinnurekstri, sé ekki ekið meira en sem svarar til meðalnotkunar einkabifreiðar. Undanskot séu mikil, enda sé auðvelt að hægja á eða stöðva talningu ökumæla, jafnvel án þess að mælabúnaður beri þess nein merki. Jafnframt hafi eftirlit ekki verið nægilegt. Þá sé erfitt að sanna ásetning eða gáleysi ökumanns ef í ljós kemur við eftirlit að mælabúnaður er í ólagi. Af þeim sökum hafi viðurlög við brotum ekki verið nægilega hörð og mjög mismunandi eftir umdæmum. Auk þess sé flókið og seinvirkt að áætla akstur og beita viðurlögum gagnvart þeim sem gerst hafi brotlegir. Undanskot á þungaskatti hafi lækkað mjög tekjur af þungaskatti og að auki brenglað verulega samkeppnisstöðu aðila í rekstri, skilvísum aðilum í óhag."

Þetta er nokkurn veginn sá mesti reiðilestur sem ég minnist að hafa heyrt um eitt skattkerfi. Hér er allt í lamasessi. Hér er allt í ólagi frá upphafi til enda. Þetta er ærið tilefni til þess að hefjast handa um endurskoðun. Það er athyglisvert að Alþingi samþykkti lög um nýja gjaldtöku sem átti að koma í staðinn fyrir þungaskattinn, svokallað vörugjald á gas- og dísilolíu en áður en það kom til framkvæmda var ráðgjöf nefndar sem skipuð var til þess að fjalla um undirbúning og framkvæmd hlýtt. Hún komst að þeirri niðurstöðu að undirbúningi væri áfátt og lagði til frestun. Við það höfum við búið að þeirri lausn sem flestir hafa á annan áratug líklega litið á sem skynsamlegustu útfærsluna, verði frestað fram í ársbyrjun 1998.

Tilgangur hæstv. fjmrh. með því að flytja þetta mál er þess vegna að reyna að berja í brestina og koma einhverju lagi á þessa gersamlega misheppnuðu skattlagningu í þau tæp tvö ár sem við eigum eftir að búa við þessa skattlagningu, ef sett markmið nást.

Fyrir utan það sem upp var talið um ágallana á skattlagningunni í stóru og smáu er einnig rétt að nefna það að gagnrýnin fer í hinar hæstu hæðir í þeim atriðum sem tíunduð eru þessu til viðbótar vegna þess að því er beinlínis haldið fram að skattlagningin sé stjórnarskrárbrot. Það skýrist af því að hæstv. fjmrh. hefur samkvæmt gildandi lögum vald til ákvörðunar á fjárhæð þungaskatts og hann getur ákveðið lækkun og hann getur veitt undanþágur. Þetta er með öðrum orðum dæmi um það að Alþingi hefur framselt í hendur ráðherranum, eins og í gervallri landbúnaðarlöggjöfinni, skattlagningarvald Alþingis sem fullyrt er að er ótvírætt brot á 77. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt síðast með breytingum á stjórnarskrárlögum 1995. Eðlilegri stjórnsýsluframkvæmd er ekki sinnt vegna þess að sami aðili, innheimtumaður ríkissjóðs, annast bæði álagningu og innheimtu. Síðan skortir með öllu ákvæði um skyldu ökumanna til þess að tryggja framkvæmd skattsins með skráningu á akstri og viðurkennt er að eftirlitið er allt í brotum. Og niðurstaðan er þessi sem sagt er í greinargerð, virðulegi forseti:

„... undanskot leiða til þess að háar fjárhæðir skila sér ekki til ríkisins og raska jafnframt verulega samkeppnisstöðu þeirra sem standa heiðarlega að málum."

Þeim heiðarlegu er með öðrum orðum refsað en hinir njóta þessarar gjösamlega misheppnuðu skattlagningar.

Það er ekkert nema gott um það að segja að hæstv. fjmrh. reyni að berja í brestina og það er gert með þessu frv. með því m.a. að taka á framkvæmdinni, að því er varðar stjórnarskrárbrotið, um að það sé Alþingi en ekki fjmrh. sem ákveði upphæð skattlagningarinnar, um aðskilnað framkvæmdarvalds að því leyti að innheimtumenn annist eingöngu innheimtu og að álagningin verði í höndum eins aðila, ríkisskattstjóra, að hert verði á eftirlitinu að því er varðar skráningu á akstri í akstursbók sem er forsenda skattlagningarinnar og að ríkisskattstjóri einn hafi heimild til að endurákveða fast gjald ef í ljós kemur að gjaldið hefur ekki verið réttilega á lagt. Auk þess er ákvæðum um viðurlög og refsingar breytt ef út af ber. Út af fyrir sig í ljósi þessa alls er ekki nema gott eitt um það að segja að reynt er að berja í þessa bresti.

Það sem helst veldur áhyggjum í ljósi forsögu málsins er hvort unnt er að treysta því að undirbúningi verði ekki áfátt þegar á að innleiða framkvæmd litunar á gasi og olíu þeim til hagsbóta sem eiga að vera undanþegnir skattinum. Spurning mín til fjmrh. er þessi: Getur hann frætt þingheim um það hvernig sá undirbúningur er á veg kominn? Getum við haft orð hæstv. ráðherra fyrir því að því megi treysta að þetta millibilsástand sem við eigum að búa við fram að ársbyrjun 1998 verði ekki framlengt eins og svo oft hefur því miður borið við á undanförnum árum?

[16:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem hér hefur átt sér stað og víkja fyrst máli mínu til síðasta hv. ræðumanns, Jóns Baldvins Hannibalssonar. Fyrst held ég að þegar menn eru að lýsa skattkerfinu hér á landi, kemur í ljós — *ég er ekki að mæla gegn sjónarmiðum hans um að* skattar eigi að taka tillit til jafnræðisreglunnar, þeir eigi að vera sanngjarnir, einfaldir og auðveldir, ekki síst í landi eins og Íslandi — að auðvitað hefur jafnræðisreglan það í för með sér að stundum verða lögin flókin. Það þarf að setja ítarlegar reglur um það hvernig framkvæmdin skuli vera til þess að hún geti talist vera þannig að ekki sé brotið á jafnræðisreglunni.

Í öðru lagi vegna orða hv. þm. þá vil ég segja að ég er honum hjartanlega sammála og höfundi textans í greinargerð frv. um að í raun og veru er þungaskatturinn mjög vondur skattur og hefur reynst illa. *Hér er einungis verið að gera* breytingar á lögum sem sett voru 1987 og eiga aðeins að gilda í tvö ár. Þær breytingar sem verið er að gera eru fyrst og fremst breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að ná skattinum inn, en líka af öðrum ástæðum eins og þeim að það sé ekki sami aðilinn sem kom að álagningunni og síðan að úrskurðum á síðari stigum sem er brot á nútímalegum háttum í þessu sambandi. Ég vil því undirstrika að ég er sammála hv. þm. um það að því fyrr sem okkur tekst að breyta yfir í gjald af olíu, þeim mun betra.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. um undirbúninginn fyrir 1998, *vil ég láta það koma fram að nefndin sem vann að fram*kvæmd þeirra laga sem sett voru snemma á árinu 1995 vinnur áfram. Ég vil geta þess sérstaklega að það voru einkum fulltrúar olíufélaganna sem beittu sér fyrir þessari frestun á gildistöku þeirra laga. Þess vegna er siðferðileg ábyrgð þeirra nokkur í málinu því að þeir telja að nú sé komin tækni fram sem hægt er að nota við litun á olíu sem er mun ódýrari en hin sem höfð var í huga þegar lögin voru sett á sínum tíma fyrir um það bil ári síðan.

Ég get líka tekið undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að málsmeðferðin virðist a.m.k. klaufaleg. Það er slæmt að þurfa að hringla með lög *eins og hér hefur* verið gert en stundum er það skynsamlegra en ana út í foraðið þegar maður sér að betri hlutir geti gerst ef maður bíður um sinn. Það er stundum betra að bíða af sér flóðið og komast yfir heilu og höldnu.

Ég vil mótmæla því sem kom fram hjá hv. þm. að framkvæmdir í vegamálum sem hlutfall af tekjum af umferð hafi verið minni á undanförnum árum en áður. Það er enginn vandi að sýna fram á hið gagnstæða og hefur margoft verið gert. Hitt er svo annað mál að það má deila um hvort það háa hlutfall sem hefur ríkt á undanförnum árum sé flýting á *framkvæmdum sem síðan eigi að greiða til baka. Verði það* gert eins og efni stóðu til, sem ég get ekki fullyrt að verði, lækkar hlutfallið með tilliti til þess. En það er mjög auðvelt að sýna fram á að frá 1992 hafa framkvæmdir aukist einkum og sér í lagi vegna svokallaðra atvinnuátaka, ef nota má svo slæmt orð, sem orðið hafa til í tengslum við kjarasamninga þar sem nokkrir milljarðar króna hafa farið í ný verkefni í vegamálum. Fyrst var það greitt úr ríkissjóði eða með því að hækka hlutfallið af tekjum af bifreiðum en síðan með því að afla sérstakra tekna sem þó er aflað síðar en framkvæmdirnar eiga sér stað eins og hér á við í Reykjavík og til annarra framkvæmda sem þá var ákveðið að færu fram út um landið. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að frá því að sú ákvörðun var tekin hefur verið skorið aðeins í þær framkvæmdir. Það er hárrétt. En eftir sem áður er hlutfallið hærra en það var frá 1990 og fyrir þann tíma.

Ég rakst á það að það er slæm prentvilla á bls. 11. Ég tek undir með hv. þm. að það er ófyrirgefanlegt að skilja slíkt *eftir í texta eins og þessum sem á að vera skýr.*

Hv. þm. sagði síðan að landsbyggðin yrði ugglaust meira fyrir barðinu á þessum skatti en aðrir vegna þess að flutningarnir fara gjarnan frá Reykjavík, hugsanlega frá Akureyri eða þéttbýlisstöðunum en mest frá Reykjavík, út á land og þá bættist við vöruverð sá kostnaður sem atvinnutæki þurfa að bera sem flytja þessar birgðir til neytenda. Hv. þm. kann að þykja fróðlegt að kjósendur þess sem stendur hér kvarta undan hinu gagnstæða og segja að það sé ófyrirgefanlegt að þingmenn Reykvíkinga séu að beita sér fyrri því að leggja gjöld á dísilbifreiðar í Reykjavík sem aka nánast eingöngu *á vegum sem Reykvíkingar greiða einir og svo fari þessir* peningar til að byggja upp vegi sem séu nánast eingöngu notaðir fyrir þungaflutninga út á land. Þannig að málið er ekki eins einfalt og það virðist vera þegar þetta er sagt vegna þess að allt vegakerfi í þéttbýli er notað af bifreiðum sem leggja tekjur til vegasjóðs ef ég má nota hugtakið vegasjóður sem reyndar er ekki til nema í höfðinu á ... (**JBH:** Samgrh.) Að minnsta kosti samgrh. og kannski einhverjum fleirum. Vegasjóður er bara hluti af ríkissjóði eins og allir fyrrv. fjmrh. vita að sjálfsögðu.

Hv. þm. benti síðan á þróun sem á sér stað í nágrannalöndunum, *einkum og sér í lagi í Evrópusambandslöndunum.* Ég hygg að það sé rétt hjá honum að þar hefur farið fram nokkur umræða, bæði í Evrópusambandinu, innan OECD og á Norðurlöndum, um það hvort ekki eigi að taka tilliti til umhverfisins. Nýir stjórnmálaflokkar hafa haft talsverð áhrif í þessu sambandi með því að leggja skatta á efni sem hleypt er út í andrúmsloftið. Í því sambandi hefur verið minnst á níturoxíð sem notað er í atvinnurekstri. Það hefur ferið fjallað um brennisteinssambönd eða brennisteinstvíoxíðsambönd, sem ég veit að hv. þm. þekkir vel og mun betur en ég, í sambandi við útstreymi frá t.d. álverum og öðrum iðjuverum *og veldur það m.a. súru regni. Hvað umferðina varðar hefur* verið gerð tilraun til að leggja skatt á koltvísýring og það hefur oftast verið gert með þeim hætti að leggja skatt á eldsneyti bifreiða. Í dag er sænska ríkisstjórnin að segja frá því hvernig hún ætlar að ná inn tekjum með þessum svokölluðu umhverfissköttum. Reyndar hafa Svíar hælt sér mjög af því að hafa t.d. lagt skatt á sambönd köfnunarefnis og súrefnis og náð þeim árangri að draga verulega úr útstreymi í andrúmsloftið. Ég vil eingöngu af þessu tilefni staðfesta að það hafa farið fram viðræður milli fjmrn. og umhvrn. um þetta mál. Umhvrn. og fjmrn. undir forustu umhvrn. hafa tekið *þátt í norrænu samstarfsverkefni um þessi mál.* Þó hefur það samstarf kannski meira beinst að þeirri mengun sem hefur orðið til í fyrrum sovésku lýðveldunum einkum Eystrasaltslöndunum og á nærsvæðunum í Rússlandi. Jafnframt hefur samstarf orðið um það til hvaða ráða hægt væri að grípa til að koma í veg fyrir þetta útstreymi. Allir vita að talið er að koltvísýringurinn leiði til svokallaðra gróðurhúsáhrifa. Þessi umræða milli ráðuneytanna hefur enn ekki skilað sér í neinum beinhörðum tillögum. Við teljum þó eðlilegt að taka þátt í þessari umræðu ekki síst vegna þess að í framhaldi af Ríó-ráðstefnunni hafa þjóðir, og þá einkum þjóðirnar í OECD og Evrópusambandinu, látið þessi mál meira til sín

taka en áður og talið þetta vera lið í því að vera fyrirmynd annarra þjóða í þessum efnum. Á ráðstefnum sem haldnar hafa verið í framhaldi af Ríó-sáttmálanum eða Conference on Sustainable Development eins og það er kallað, er þessi umræða einmitt þessa dagana mjög áberandi. Síðar í mánuðinum verður fundur sem ræðir sérstaklega fjárhagsmálefni þess verkefnis sem Ríó-ráðstefnan lét til sín taka. Þá verður þetta mál á dagskrá og mér er kunnugt um að Svíar hafa flutt á þeim vettvangi ræður um þetta tiltekna atriði.

Hér á landi gilda nokkuð önnur sjónarmið en víða annars staðar vegna þess að hér eru ekki járnbrautir. Og þar sem járnbrautir hafa sums staðar verið knúnar orkugjöfum sem koma úr sjálfbærum orkuverum hefur verið tilhneiging til að skattleggja umferðina með þeim hætti að beina þungaflutningum á járnbrautir sem teljast valda minni skaða. Þær eru ekki hér á landi og það er sérstaða okkar víðáttumikla lands miðað við fólksfjölda. Ég sé líka fyrir mér í framtíðinni atriði sem getur verið liður í umræðunni um þetta að hér á landi eins og annars staðar verði meira af einkafjármagni notað til vegagerðar án þess að draga úr sköttum á umferðina. Það þýðir að þeir skattar munu einkennast meira af vilja þjóðanna til að leggja á umhverfisskatta fremur en umferðarskatta því að auki yrðu þá menn að greiða fyrir tiltekin not á vegaköflum eins og t.d. ætlunin er að gera ef verður af Hvalfjarðargöngum. Þetta er gert í öðrum löndum eins og t.d. í Noregi og í Bretlandi eru þegar hafnar umræður um að setja í bíla rafeindakubba þannig að menn þurfi ekki að stoppa á tilteknum stöðum til að greiða slíkt gjald heldur sé hægt að haga málum þannig að menn aka bara fram hjá móttökutæki og eru svo rukkaðir einu sinni í mánuði eða einu sinni á ári fyrir notkun á vegunum og tefjast þess vegna ekki af þeim sökum.

Þetta eru allt atriði sem eru uppi og ég fagna því að hv. þm. sem er alþekktur umhverfissinni, ég ætla nú ekki að segja alræmdur en alþekktur er hann, það mætti kannski segja hvort tveggja, skilur að þetta eru atriði sem þarf að taka tillit til í þessu máli. Ég tel sjálfur að það sé til mikils gagns fyrir málið að koma gjaldinu í olíuna sjálfa. Það er besta ráðið til að koma í veg fyrir undanskotin og einnig til að draga úr notkun á orkugjafanum. Ég minni á að dísilbílar geta í vissum tilvikum verið betri kostur umhverfisins vegna en bensínbílar vegna þess að dísilvélar eyða mun færri lítrum en bensínbílarnir.

Virðulegi forseti. Nú ætla ég ekki að hætta mér frekar út í þessa umræðu hér sem ég tel þó að hafi verið gagnleg og vel þess virði að eyða nokkrum mínútum á þinginu í umræður af þessu tagi. Ég þakka það sem ég kalla undirtektir við málið.

[16:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans hugleiðingar hér að því er snertir álag svokallaðra umhverfisgjalda eða umhverfisskatta til að takmarka mengun. Ég vil eindregið hvetja til þess að þau mál verði tekin ákveðnari tökum en gert hefur verið hingað til. Það hefur vafist fyrir mönnum innan Evrópusambandsins að ná þeim markmiðum sem menn hafa sett sér í þeim efnum. Við eigum ekki að bíða eftir að eitthvað gerist þar, við eigum að marka okkar stefnu í þessum málum. En ég var nú kannski ekki eingöngu að vísa til þessa þegar ég var að ræða um nýja umræðu innan Evrópusambandsins heldur umræðu sem er upp komin alveg nýverið í sambandi við það að endurskoða hugmyndirnar um olíugjaldið, endurskoða það frá grunni. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að láta kanna þau efni á vegum ráðuneytis síns þannig að þær upplýsingar liggi a.m.k. fyrir og séu teknar með. Þegar ég gagnrýndi skilin á mörkuðu tekjustofnunum var ég ekki að ræða um heildarfjármagn til vegagerðar sem slíkrar heldur þá staðreynd að í vaxandi mæli hafa markaðir tekjustofnar verið teknir til annarra nota inn í ríkissjóð í allt öðrum mæli en áður hefur þekkst. Það var að vísu gripið til þess ráðs illu heilli einu sinni líklega árið 1989 að smávegis var tekið af mörkuðum tekjustofnum í ríkissjóð. En þessi og fyrrv. ríkisstjórn hafa gerst býsna stórtækar í þeim efnum og það gagnrýnum við.

Varðandi þá stöðu okkar hér í sambandi við þungaflutninga að við höfum ekki járnbrautir eins og gerist í öðrum löndum erum auðvitað með sjóinn. Við erum með byggðina tengda við sjóinn og mér finnst menn hafa verið ansi fljótir að yfirgefa þungaflutninga á sjó á milli landshluta í stað þess að greiða fyrir þeim og ýta undir slíka flutninga sem eru ótvírætt að því er varðar umhverfisáhrif, orkunotkun og slíkt miklu hagkvæmari. Hitt er þó jafnljóst, virðulegur forseti, að auðvitað hafa landflutningarnir marga möguleika og eru miklu sveigjanlegri en sjóflutningarnir og það eru kannski þær aðstæður sem hafa ráðið ferðinni í þessum efnum.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki ástæða til að svara meira því sem fram hefur komið. Þetta eru frekar hugleiðingar og skoðanaskipti í þessu mikilvæga máli. Ég held að ástæðan fyrir því í Evrópusambandinu að menn hafa verið að finna aðrar leiðir en að blanda í olíuna sé stöðlunar- eða samræmingarárátta bandalagsins til þess að allir skattleggi hlutina eins. Ef eitthvað fer yfir landamæri þá eru það einmitt bifreiðar sem flytja þungan varning. Út af þungaflutningum á sjó tek ég undir það að það er vissulega þannig að það á að nýta þá sem mest. Ég tel að það sé gert í dag. Það sem meira er að það hefur ekki komið fram hugmynd enn þá a.m.k., ekki einu sinni úr fjmrn. þó ómaksins virði væri að kanna það, að leggja skatt á olíuna sem notuð er á sjó. Samkeppnin ætti því að vera skipunum í hag. Hitt er svo annað mál að þegar við höfum verið að setja verulegt fjármagn í uppbyggingu á vegum út á land þá höfum við gjarnan rökstutt það með því að segja að við spöruðum einhverja hluti eins og hafnargerð, við gætum nýtt þessa vegi til að keyra á þeim, þar á meðal þungan flutning eins og þann sem við höfum verið að ræða hér í dag. Ég held að í framtíðinni verði þetta sambland af hvoru tveggja.

Ég vil enn ítreka þakkir mínar fyrir þessa umræðu sem ég tel að hafi verið ómaksins virði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (yfirstjórn, málsmeðferð, tollskjöl). — Þskj. 773.

[16:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Frv. þetta

er liður í áformum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að kveða skýrar á um hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu milli æðri sem lægri stjórnsýslustiga innan tollakerfisins til að gera það skilvirkara. Jafnframt að tryggja borgurum betur en nú rétt til að fá efnislega umfjöllun sinna mála m.a. þegar ágreiningur rís um tollmeðferð vöru. Með frv. eru settar skýrar reglur um upplýsingaskyldu tollyfirvalda um hvaðeina sem snýr að tollafgreiðslu. Lagt er til að einfölduð verði tollafgreiðsla ýmiss smávarnings m.a. í pósti jafnframt því sem gert er ráð fyrir að tollmeðferð við inn- og útflutning á vörum í atvinnuskyni verði alfarið sniðin að nútímaupplýsingatækni og tölvuvæddum tollafgreiðsluháttum komið á í því skyni á árinu 2000.

Ég skal taka strax fram að frv. er eins og sjá má nokkuð flókið og í því eru mörg atriði sem þarf að kanna sérstaklega í nefnd. Ég mun ekki fara ofan í hvert einasta smáatriði enda tel ég það ekki við hæfi við 1. umr. málsins en ég legg áherslu á að ég tel að hv. nefnd verði og eigi að sjálfsögðu að kanna þetta mál til mikillar hlítar.

Við gildistöku tollalaga, nr. 55/1987, var ákveðið að stofna nýtt embætti, embætti ríkistollstjóra. Sérstakt heimildarákvæði var jafnframt sett í lögin þar sem gert var ráð fyrir að ákveða mætti að tollstjórinn í Reykjavík gegndi starfi ríkistollstjóra auk starfa sinna sem tollstjóri. Þetta fyrirkomulag var einungis hugsað sem liður í undirbúningi að stofnun sjálfstæðs embættis sem hefði með höndum yfirstjórn framkvæmdar tollheimtu og tolleftirlits og eftirlit og boðvald gagnvart einstökum tollstjórum. Ljóst var að ekki gengi til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála væri tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu. Nú að tæpum níu árum liðnum frá setningu tollalaga er fengin nokkur reynsla af þeirri skipan tollstjórnarinnar og ýmsum þeim lagafyrirmælum sem þá voru lögfest. Verður að telja í ljósi fenginnar reynslu að nauðsynlegt sé að gera á lögunum ýmsar breytingar bæði að því er varðar yfirstjórn tollamála og einstök ákvæði er mæla fyrir um tolleftirlit, álagningu, innheimtu og úrlausn ágreiningsmála.

Grundvallaratriði í allri stjórnsýslu er að réttarstaða þeirra sé skýr sem framfylgja eiga eða hlíta þeirri löggjöf gildir sem á hverjum tíma um tollamál. Gildir það jafnt um sambandið á milli æðra og lægra setts stjórnvalds og um samskipti borgaranna við þessi stjórnvöld. Eins og áður sagði var sá kostur valinn við setningu tollalaganna árið 1987 að heimila ráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík að hafa eftirlit með og boðvald yfir hliðsettu stjórnvaldi. Jafnframt var ákveðið að setja upp tollgæsluna í heild sinni undir yfirstjórn ríkistollstjóra og fela líkt og áður sérstökum tollgæslustjóra stjórn hennar. Reynslan hefur leitt í ljós að staða þessara aðila er stjórnunarlega og stjórnskipulega óæskileg svo og valdmörk milli þeirra óljós. Sé á annað borð talin ástæða til þess að færa yfirstjórn vissra þátta tollamála sem stjórnunarlega eiga undir fjmrn. frá ráðuneytinu og fela öðru stjórnvaldi ætti tvímælalaust að fela hana sjálfstæðu embætti og kveða nánar í lögum á um verkefni sem það bæri ábyrgð á svo og kveða skýrt á um stöðu lægra settra tollyfirvalda gagnvart slíku embætti.

Á þessu stigi er lagt til að einungis verði gerðar þær breytingar að embætti ríkistollstjóra verði gert að sjálfstæðu embætti sem fari með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits og hafi jafnframt eftirlit með störfum tollstjóra sem fari með stjórn þessara mála hver í sínu tollumdæmi, þar á meðal stjórn tollgæslu. Þegar stjórn þessara verkefna hefur verið færð heim í héruðin eins og er reyndar gert ráð fyrir í lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er ekki lengur grundvöllur fyrir því að gerður sé sérstakur greinarmunur á einstökum stöðum innan ríkistollstjóraembættisins eins og nú er.

Tollgæslumál eru aðeins einn þáttur tollamála sem tollstjórar sinna og eiga eins og önnur eftirlitsstörf að heyra undir ríkistollstjóra. Ber því að skipa tollgæslumálum þannig að þau verði eðlilegur hluti verkefna sem heyra undir embætti ríkistollstjóra. Því er lagt til að horfið verði frá því innan ríkistollstjóraembættisins að þar starfi sérstakur embættismaður sem beri starfsheitið tollgæslustjóri og starfið verði þess vegna lagt niður.

Fram hafa komið athugasemdir við þá tilhögun að tolleftirlit og rannsóknir tollamála sé á einni hendi. Í frv. er ekki gerð tillaga um breytingar á þeirri tilhögun en samkvæmt gildandi lögum er bæði eftirlit og rannsóknir falin ríkistollstjóraembættinu. Þó að rannsóknarþátturinn sé falinn sérstökum embættismanni, tollgæslustjóra, starfar hann undir stjórn ríkistollstjóra. Þær hugmyndir hafa verið ræddar og breyta núverandi skipan á þann hátt að taka rannsóknarþátt tollamála frá ríkistollstjóra líkt og gert var á árinu 1992 í skattamálum. Hefur m.a. verið skoðað hvort ekki sé æskilegt að færa rannsóknarþáttinn undir embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í frv. er ekki lagt til að sú leið verði farin að sinni en til skoðunar hefur verið sá möguleiki að sameina vissa þætti í tolla- og skattamálum. Slíka kerfisbreytingu þarf hins vegar að kanna mjög ítarlega og verður hún ekki gerð á einni nóttu.

Á árinu 1992 tók umboðsmaður Alþingis að eigin frumkvæði til athugunar skilyrði stjórnsýslukæru til ríkistollanefndar. Tilefnið var að umboðsmaður hafði orðið þess var við athuganir á kvörtunum og ábendingum sem honum höfðu borist hve þröng kæruheimild innflytjenda væri samkvæmt tollalögum. Í frv. eru lagðar til breytingar á lögunum í samræmi við tillögur umboðsmanns Alþingis. Mikilvægt er að framkvæmd tollalaga sé með þeim hætti að réttaröryggi borgaranna sé tryggt komi til ágreinings m.a. um tollmeðferð vöru. Einnig varðar miklu að skýrt sé kveðið á um réttaráhrif bindandi upplýsinga sem tollstjórar veita um tollflokkun vara. Þá er ekki síður mikilvægt að öllum sé ljós sú almenna upplýsingaskylda sem hvílir á tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vara og í öðru tilliti.

Það er mikilvægt fyrir aðila að geta átt málsskotsrétt að fengnu áliti tollstjóra um tollflokkun. Niðurstaða um tollflokkun getur haft úrslitaáhrif á viðskipti og því mikilvægt að unnt sé að leita úrlausnar óháðs úrskurðaraðila.

Þegar síðasta heildarendurskoðun laganna, sem snertu tollamál, fór fram árið 1987 og heildarlöggjöf var gefin út um þann málaflokk með tollalögunum, nr. 55/1987, var tekið upp heimildarákvæði í lögin til þess að hægt yrði að taka upp tölvuvædda afgreiðsluhætti eftir því sem tæknilegar aðstæður sköpuðust. Tölvuvædd álagning aðflutningsgjalda hófst í upphafi árs 1988 og hefur reynst vel. Þessi áfangi var hins vegar aðeins sá fyrsti af mörgum í átt til breyttra tollafgreiðsluhátta sem hefur síðan verið unnið að. Þótt mikil hagræðing hafi náðst fram með nýju tollafgreiðsluháttunum er ljóst að markmiðinu um fullkomið tölvuvætt tollafgreiðslukerfi verður ekki náð nema breyting verði á viðhorfum allra, jafnt yfirvalda sem fyrirsvarsmanna fyrirtækja, til mikilvæg-

is þess að hámarka nýtingu þess tölvubúnaðar sem fjárfest hefur verið í.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 er í fyrsta skipti á Íslandi tekin upp á vettvangi stjórnmálaumræðu ákveði er varða beinlínis beitingu upplýsinga og fjarskiptatækni til að bæta stjórnsýsluna en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Þjónusta ríkisins verði sniðin að nútímatækni t.d. með nettengingu þjónustustofnana og pappírslausum tollviðskiptum."

Í frv. þessu sem tekur mið af nefndri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og áliti ráðgjafarnefndar fjmrn. um upplýsingar og tölvumál er lagt til að horfið verði frá hefðbundnum skriflegum tollskýrslum sem afhenda beri hjá tollstjóra. Í þess stað verði stefnt að því á næstu árum að taka upp alsjálfvirka tölvuvædda tollafgreiðsluhætti og aðilum sem stunda milliríkjaviðskipti eða vöruflutninga í atvinnuskyni verði gert skylt að senda upplýsingar um vöruviðskipti og vöruflutninga með skjalasendingum milli tölva. Gert er ráð fyrir að slíkir tollafgreiðsluhættir hvort sem þeir snerta tollafgreiðslu vara eða flutningsvara verði komnir á um aldamótin 2000. Þótt mikil hagræðing hafi náðst fram með þessu nýju tollafgreiðsluháttum er ljóst að markmiðið um fullkomlega tölvuvætt tollafgreiðslukerfi verður ekki náð nema breyting verði á viðhorfum allra eins og ég hef sagt áður.

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust á þessu stigi að fjalla frekar um frv. en vænti þess að það fái ítarlega umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. og ég geri tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. og þeirrar hv. nefndar. Ég bendi hv. þm. á að ég hef ekki nefnt ýmis atriði í ræðu minni sem ég tel ástæðulaust að vera að fjalla sérstaklega um við 1. umr. en ég óska þess sérstaklega að nefndin lesi frv. vel og kalli til sín þá aðila, bæði í fjmrn., þá sem vinna við tollafgreiðslu, fulltrúa þeirra sem hafa atvinnu af því að flytja inn og út úr landinu og fulltrúa starfsmannahópa því að í vissum tilvikum kann frv. að hafa áhrif á þá þó ekki sé það í neinum verulegum mæli að mínu áliti.

[16:58]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli mína að hæstv. fjmrh. beinir þeim tilmælum til efh.- og viðskn. að hún fari vandlega ofan í það mál sem hann var að mæla fyrir og þar kunni að vera margt sem orki tvímælis eða kalli á frekari skoðun. Spurning mín til hæstv. fjmrh. í ljósi allra þeirra mála sem eru til umræðu í dag og eiga að fara til efh.- og viðskn. ofan á gríðarlegt stórmál, sem þar er til umræðu, er þessi: Hversu mikið liggur á því að afgreiða þau frv. sem við erum að ræða og til hvers ætlast hæstv. fjmrh. eiginlega? Það væri ágætt að fá það fram í umræðunni. Hér er hvert stórmálið á fætur öðru og þau eru að koma fram þegar örfáar vikur lifa þings og erfitt er að sjá það hvernig eigi að afgreiða þessi mál. Hver er forgangsröðin hjá hæstv. fjmrh.?

[17:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek fram að þegar ég bið hv. nefndarmenn að fara vandlega ofan í málið þýðir það ekki að ég telji að málið sé illa unnið eða það þurfi eitthvað að laga til heldur beini ég eingöngu þeim tilmælum til nefndarinnar vegna þess að það er auðvitað ekki hægt í 1. umr. að fara ofan í einstök jafnvel tæknileg atriði eins og t.d. tölvutæknileg atriði sem er verið að fjalla um í frv. því að umræðurnar eiga fyrst og fremst að vera stefnulegar.

Ég get ekki og vil ekki á þessari stundu gefa yfirlýsingar um það hvaða frumvörp eigi að fara fram og í hvaða röð og hver séu forgangsverkefnin. Frumvörp sem hafa verið lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og eru í lögsögu fjmrn. eru allt frumvörp sem við höfum lagt fram til að fá afgreidd á þessu þingi. Hitt er svo annað mál að það er kunn saga að þingið verður að lúta eigin lögmálum og það er kannski ekki fyrr en á síðari stigum sem úr greiðist. En ég veit að hv. efh.- og viðskn. er þannig skipuð fólki að henni mun reynast tiltölulega auðvelt að ráða við þessi verkefni sem a.m.k. fjmrh. hefur sent til nefndarinnar enda er hópurinn sem er í nefndinni reyndur og þekkir mjög vel til þeirra málaflokka sem heyra undir fjmrn.

[17:01]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gleðilegt að hæstv. fjmrh. skuli bera svo mikið traust til efh.- og viðskn. Ég tek fram að ég var ekki að ýja að því hér áðan að frv. væri illa unnið eða neitt slíkt. Hins vegar er alveg augljóst af ræðu hæstv. fjmrh. og því að lesa frv. að um býsna flókið mál er að ræða. Í slíkum málum þarf margt að skoða eins og hæstv. fjmrh. benti á. Einmitt í því samhengi að við erum núna að ræða þetta mál, á eftir verður væntanlega mælt fyrir frv. um vörugjald sem líka er mjög umdeilt mál, finnst mér eðlilegt að spyrja til hvers er eiginlega ætlast og hver er alvaran sem liggur að baki. Mér er alveg ljóst að þessi mál eru misjafnlega brýn. Vörugjaldsfrv. er t.d. komið til vegna kæru og eftir því sem ég best veit er mjög brýnt að ákveða það mál. Mér er ekki eins ljóst hversu brýnt þetta er. Ég tala í ljósi þeirrar reynslu sem ég hef af þingstörfum að það er lítill tími eftir nema menn lengi þingið og það jafnvel verulega. Hér er hvert stórmálið á fætur öðru og mjög umdeild mál sem eru til umræðu og meðferðar og þess vegna er mjög eðlilegt að reyna að átta sig á því hversu brýn þau mál eru. Sum mál eru til kynningar og til þess að koma þeim inn í umræðuna. Önnur eru hins vegar afar brýn af ýmsum ástæðum.

[17:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. sagði að það er brýnt vegna málaferla að afgreiða vörugjaldsmálin eða þau tvö frumvörp sem tilheyra því máli sem er annars vegar frv. til laga um breytingu á lögum um vörugjald og hins vegar frv. til laga til breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Það er bráðnauðsynlegt að afgreiða þau frumvörp hvernig sem það endanlega verður gert til þess að losa okkur úr viðjum dómsmálsins og standa við samninga við erlend ríki.

Auðvitað er brýnt að afgreiða tollamálið líka vegna þess að kvartað hefur verið undan framkvæmdinni og umboðsmaður Alþingis sem er fulltrúi þessarar stofnunar og hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart framkvæmdarvaldinu hefur bent á að ekki sé gætt í lögunum að því að hirða um rétt borgaranna. Þetta er stórmál frá mínum bæjardyrum séð.

Eins kemur í ljós að lögin frá 1987 eru úrelt og tefja fyrir tæknilegum framförum í málinu. Þess vegna get ég ekki annað en svarað þannig að það er brýnt að afgreiða þetta frv. þó að mér sé ljóst að heimurinn ferst ekki þótt því verði frestað. En ég vil ekki að svar mitt sé tekið svo að menn telji að ég sé að biðja um það, óska eftir því eða mælast til þess að málinu sé frestað. Ég held að þegar menn skoða málið þá sjái þeir að málið er brýnt.

[17:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég fagna sérstaklega lokaorðum hæstv. fjmrh. í framsöguræðu hans áðan þar sem hann hvatti til þess að þær nefndir sem fjölluðu um frv. í þinginu leituðu álits allra þeirra sem hlut ættu að máli. Hann tók þar sérstaklega fram starfsmenn og þeirra samtök þannig að menn gætu ígrundað þau sjónarmið sem þar kynnu að koma fram. Þar með finnst mér opnað á þá hugsun að því frv. sem við höfum hér fyrir okkur verði breytt í ýmsum atriðum. Ég fagna því að menn skuli ætla að hafa þennan háttinn á og væri óskandi að það ætti við um fleiri frumvörp sem eru nú á vinnsluborði ríkisstjórnarinnar.

Mig langar að víkja lítillega að þremur atriðum og ég ætla ég að halda mig við meginmál eins og hæstv. fjmrh. hvatti til áðan. Í fyrsta lagi langar mig til að fara örfáum orðum um þær skipulagsbreytingar almennt sem verið er að gera og á hvern hátt þær kunna að stangast á við lög.

Í annan stað langar mig til að fara nokkrum orðum um framsal tollgæsluvaldsins til óskilgreindra aðila, svokallaðra *umboðsmanna og einkaaðila, velta vöngum yfir því hvað* kunni að felast í þessu og til hvers þetta gæti leitt.

Í þriðja lagi vil ég víkja örfáum orðum að menntunarmálum tollvarða og þeirra sem starfa við þessa þjónustu og á hvern hátt breytingar, sem eru fyrirhugaðar samkvæmt frv., kunni að blandast inn í kjarasamninga.

Ég vík að fyrsta efnisatriðinu, skipulagsbreytingunum almennt. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að embætti tollgæslustjóra verði lagt niður og allt vald og umsvif á vegum þess embættis verði færð undir ríkistollstjóra. Það er einmitt þetta sem kann að stangast á við lög samkvæmt hæstaréttardómum sem hafa verið kveðnir upp. Í álitsgerð um þetta frv. sem lögfræðingur ríkistollstjóraembættisins, Hermann Guðmundsson, hefur sent þinginu og ýmsum aðilum segir m.a. um þetta efni, með leyfi forseta:

„Við úrlausn tiltekins máls 14. sept. 1992 benti Hæstiréttur Íslands á að ríkisskattstjóraembættið hefði bæði með höndum rannsókn máls og uppkvaðningu úrskurðar á grundvelli rannsóknar. Var þessi athugasemd túlkuð sem ábending eða aðvörun Hæstaréttar um að breyta yrði þessu fyrirkomulagi í skattamálum og var það gert með stofnun embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins sem færi m.a. með skattrannsóknir en ríkisskattstjóri og skattstjórar færu með almennt skatteftirlit. Samkvæmt 6. mgr. 102. gr. A laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með breytingum, annast ríkisskattstjóri endurákvörðun gjalda sem reynist nauðsynleg í framhaldi af rannsóknaraðgerðum skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Fyrrnefnd athugasemd Hæstaréttar virðist ekki síður eiga við í tollamálum en í skattamálum. Við embætti ríkistollstjóra starfar endurskoðunardeild sem hefur með höndum endurskoðun á tollafgreiðslum tollstjóraembættanna og rannsóknir deildarinnar geta leitt til þess að ríkistollstjóri endurákvarði aðflutningsgjöld. Endurákvarðanir ríkistollstjóra hafa til þessa ekki verið ómerktar af þeirri ástæðu að þær hafa farið fram á grundvelli rannsóknar embættisins, en mér er ekki kunnugt um að slík krafa hafi hingað til verið höfð uppi í málflutningi.

Í ljósi fyrrnefndrar athugasemdar Hæstaréttar og réttarþróunar síðustu ára ætti að endurskoða skipulag yfirstjórnar tollamála þannig að ríkistollstjóraembættið fari ekki bæði með rannsóknir og endurákvarðanir gjalda á grundvelli slíkra rannsókna."

Hæstv. fjmrh. vék að þessu í framsögu sinni og sagði, ef ég skildi hann rétt, að þetta kynni að orka tvímælis og það kynni að þurfa að taka þetta til endurskoðunar en engu að síður skyldu menn láta á þetta reyna um stund. Ég legg til að menn dragi örlítið dýpra andann og fari rækilega í saumana á þessu máli áður en farið er að samþykkja lög sem kunna að brjóta gegn lögum og kunna að vera dæmd ómerk þegar á reynir. Með öðrum orðum kunna lögin að stangast á við það sjónarmið að ekki skuli fara saman rannsóknarvald og úrskurðarvald. Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi vekja athygli á.

Annað atriðið sem ég vek athygli á lýtur að framsali tollgæsluvaldsins til óskilgreindra umboðsmanna og einkaaðila. Hér segir í 17. gr. b-lið, með leyfi forseta:

„Ríkistollstjóri skal auk annarra starfa sem honum eru falin lögum samkvæmt hafa eftirlit með störfum tollstjóra og umboðsmanna þeirra og gæta þess að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur og önnur fyrirmæli varðandi tollamálefni og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að." Síðan segir í c-lið, með leyfi forseta: „Ríkistollstjóri setur tollstjórum og umboðsmönnum þeirra starfsreglur og fyrirmæli varðandi tollframkvæmd. Hann skal veita þeim leiðbeiningar um tollframkvæmdina og kynna þeim dóma ..."

Þarna eru umboðsmenn hins vegar ekki skilgreindir og það er heldur ekki gert í greinargerð. Í 25. gr. frv. er aftur vikið að *umboðsmönnum*. Þar segir m.a., *með leyfi forseta:*

„Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu." Enn er þetta ekki skilgreint en ef við síðan förum aftar í frv., í 30. gr., fer að verða ljóst hvað hér er verið að opna á en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Tollstjóri getur heimilað aðilum, sem annast vörslu vara eða skipaðir eru sérstakir umboðsmenn tollstjóra, að annast með sama hætti og um ræðir í 1. mgr. tollheimtu og tollmeðferð vara eða veita greiðslu aðflutningsgjalda viðtöku og standa ríkissjóði skil á þeim. Binda má leyfi því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af tollmeðferð vöru hjá leyfishafa.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um tollheimtu og tolleftirlit samkvæmt þessari grein og má þar kveða svo á um að ákvæði laganna skuli, eftir því sem við getur átt, gilda um þá aðila sem grein þessi tekur til, svo og starfsmenn þeirra."

Í greinargerðinni með þessari lagaklásúlu er ekki fjallað um þennan hluta greinarinnar, ekki þann hluta greinarinnar sem hér er sérstaklega vikið að. Hins vegar kemur fram í álitsgerð Hermanns Guðmundssonar lögfræðings hjá ríkistollstjóraembættinu sem ég vitnaði í áðan eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það hefði verið æskilegt að fá skýringar í greinargerð með 2. og 3. mgr. [30. gr.] frv." — þar er átt við þá klásúlu sem ég vitnaði til áðan — „enda eru þar nýmæli sem geta leitt til verulegra breytinga á tollframkvæmdinni. Einkaaðilum hefur ekki til þessa verið falið að annast tollheimtu og tolleftirlit. Að frátöldum svonefndum „umboðsmönnum" tollstjóra, sem ekki liggur fyrir hverjir gætu orðið, virðast ákvæðin einkum geta tekið til skipa- og flugfélaga, svonefndra hraðflutningsfyrirtækja, fyrirtækja sem reka al-

mennar tollvörugeymslur og enn fremur fyrirtækja sem reka frísvæði, auk starfsmanna þessara fyrirtækja.

Fyrir setningu núgildandi tollalaga árið 1987 voru tollalög um áratuga skeið kennd við tollheimtu- og tolleftirlit; hið tvíþætta eðli starfa tollyfirvalda. Í tollheimtu felst m.a. framkvæmd tollafgreiðslna og innheimta gjalda en í tolleftirliti eða tollgæslu felst að meginstefnu til eftirlit með að tollheimtan og tollframkvæmdin sé í samræmi við settar reglur. Í eðli sínu er tollgæsluvald opinbert vald sem er hliðstætt lögregluvaldi og raunar hluti lögregluvalds í víðari merkingu. Tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins, sbr. 4. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972. Í tollgæsluvaldi felst, sem fyrr segir, eftirlit með því að tollareglur séu virtar og réttur og skylda til nauðsynlegra viðbragða, m.a. valdbeitingar, samkvæmt því sem lög heimila til að knýja fram að eftir reglum sé farið. Þetta fyrirkomulag hefur verið talið nauðsynlegt til að tryggja almannahagsmuni og það liggur í hlutarins eðli að þjóðfélagið hefur ríka hagsmuni af því hverjir fari með slíkt vald. Almennt hefur verið óumdeilt að þeir skuli vera starfsmenn stjórnsýslunnar, enda starfið í eðli sínu í almannaþágu. Tekið skal fram að auk tollvarða fara lögreglumenn með tollgæsluvald á þeim stöðum landsins þar sem hentugt hefur þótt að hafa það fyrirkomulag."

Enn segir í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Ég leyfi mér að halda því fram að það sé nauðsynlegt að gera faglegar kröfur til þeirra aðila sem fara með tollheimtu og tolleftirlit ef ætlunin er að starfsemin skili þeim árangri sem væntanlega er sóst eftir. Þá efast ég um að það sé vænlegt til árangurs ef umræddir aðilar hafi, vegna starfsemi sinnar, hagsmuna að gæta sem kunna að vera ósamrýmanlegir gæslu almannahagsmuna. Finnst mér því vafasamt að það verði réttarbót að þeim tillögum sem fram koma í frv. um að fela megi einkaaðilum að annast tollheimtu og tolleftirlit.

Að síðustu þetta varðandi tillögur um breytingar í 107. gr. tollalaga: Eins og kunnugt er eru tollyfirvöld og tollstarfsmenn bundnir þagnarskyldu um þau atriði sem þeir komast að í starfi sínu og varða einkahagi innflytjenda og annarra og leynt eiga að fara. Hvernig verður unnt að tryggja að sams konar þagnarskylda gildi um einkaaðila sem tillögugreinin mun, ef samþykkt verður, heimila að falið verði að annast tollheimtu og tolleftirlit."

Hér með lýkur tilvitnun í þessa greinargerð lögfræðings hjá ríkistollstjóraembættinu. Í þeim tilvitnunum sem ég las hér upp sagði m.a.: „Ég leyfi mér að halda því fram að það sé nauðsynlegt að gera faglegar kröfur til þeirra aðila sem fara með tollheimtu og tolleftirlit ef ætlunin er að starfsemin skili þeim árangri sem væntanlega er sóst eftir." Hver skyldi vera grundvöllurinn að þessum faglegu kröfum? Það er væntanlega sú menntun sem tollverðir öðlast og þar er ég kominn að síðasta atriðinu sem ég vildi víkja að hér í máli mínu að þessu sinni. Í 17. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Enn fremur skal hann" — og er þar vísað til ríkistollstjóra — „sjá tollstarfsmönnum fyrir nauðsynlegri fræðslu um tollamál. Ríkistollstjóri skal gefa út leiðbeiningar, úrskurði og önnur gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt verði fyrirtækjum og almenningi."

Í greinargerð með þessari lagagrein kemur fram að lagt er til að núgildandi ákvæði um sérstakan tollskóla verði fellt brott sé það í samræmi við þá almennu stefnumörkun að ekki skuli reknir sérstakir skólar innan embætta. Eftir sem áður verði haldið uppi fræðslu um tollamál innan embættis ríkistollstjóra og er kveðið á um það í 33. gr. Nú er það svo að eftir því sem ég hef fréttir af er verið t.d. að stórefla Lögregluskólann, efla menntun lögreglumanna. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir ef það er rétt að það sé sérstök stefna ríkisstjórnarinnar að daga úr starfsmenntun sem fram fer innan opinberra stofnana. Ég hélt að markmiðið væri að efla hana. Menn væru hins vegar ekki að binda sig í einhverja eina lausn. Menn væru að stuðla að sem fjölbreyttastri menntun starfsfólks innan stofnana og utan þannig að það kemur mér undarlega fyrir sjónir ef það er rétt að það sé eitthvert sérstakt keppikefli ríkisstjórnarinnar að draga úr fræðslu og starfsmenntun innan opinberra stofnana.

Einnig er á það að líta að í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands og fjmrh. er byggt á því að tollverðir stundi nám í Tollskólanum og tveir námsáfangar skólans veita tollvörðum rétt til launaflokkahækkana. Hér er þess vegna um að ræða hluta af kjaramálum tollvarða og spurningin er hvort hæstv. fjmrh. hefur hugleitt þetta eða hvort honum finnst ráðlegt að breyta lögum varðandi skólann nema áður hafi farið fram ítarlegar kjaraviðræður milli starfsmanna um þetta efni.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni. Þetta voru þau þrjú meginsjónarmið sem ég vildi ræða. Í fyrsta lagi um þessar skipulagsbreytingar og á hvern hátt þær kunni að stangast á við lög. Í öðru lagi þá opnun sem hér er greinilega að eiga sér stað varðandi einkavæðingu á tollgæslunni. Það er talað um umboðsaðila án þess að það sé skilgreint rækilega hvað þar er átt við og í þriðja lagi lokun Tollskólans. Ég vil leyfa mér að enda þetta á því að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. hvort viðræður hafi farið fram við tollverði um nákvæmlega þetta atriði. En að lokum vil ég enda á því sem ég hóf mál mitt á. Ég fagna því að fjmrh. lýsi eftir sjónarmiðum allra þeirra sem hlut eiga að máli og ég fagna því ef það stendur raunverulega til að taka tillit til ábendinga um það sem betur mætti fara.

[17:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka fram að það hafa farið fram viðræður á milli fulltrúa ráðuneytisins og fulltrúa Tollvarðafélags Íslands. Þær viðræður fóru fram eftir að frv. lá fyrir. Vegna skipulagsbreytingarinnar mun pappír Hermanns Guðmundssonar, sem hann hefur sent ýmsum aðilum og kemur þar fram hverjir það voru, að sjálfsögðu liggja á borði þeirra þingmanna sem í nefndinni starfa. Sé það rétt hjá honum, sem ég vék að ræðu minni, að breyta þurfi lögum vegna skipulagsins með samsvarandi hætti og gerðist í skattamálunum ýtir það enn frekar á nauðsyn þess að breyta lögunum í vor. Það gildir jafnt um gildandi lög og frv.

Varðandi framsal tollgæsluvaldsins finnst mér eðlilegt að á það mál verði litið. Um þetta hefur verið rætt á milli formanns Tollvarðafélagsins og fulltrúa ráðuneytisins og okkur er kunnugt um áhuga Tollvarðafélagsins á þessu máli. Ég get ekki hér og nú svarað því nákvæmlega, kæri mig heldur ekki um það vegna þess að ég var ekki á þessum fundi. Um þagnarskylduna gildir auðvitað að hana þarf að tryggja. Við höfum rætt fyrr á þessu þingi um þagnarskyldu tollvarða af öðru tilefni og ég er mikill áhugamaður um hana eins og hv. þm. veit.

Varðandi Tollskólann og menntunina vek ég athygli á því að það er sagt í frv. að menntunin eigi áfram að eiga sér stað. Þá kem ég að ákveðnu vandamáli, virðulegi forseti, og það er að störf tollvarðanna hafa verið að breytast og nú er í raun og veru lítill munur á störfum þeirra sem eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana og þeirra sem eru í

Tollvarðafélaginu og það veldur ákveðnum vandræðum í starfsemi á tollstjóraskrifstofunni. Þetta veit ég að formaður BSRB þekkir mjög rækilega og það er m.a. af þeim ástæðum og öðrum þeim sem ég hef rætt hér að ég benti hv. nefnd á að ræða við fulltrúa starfsmanna. Og þá vænti ég þess að þeir tali við báða aðila.

[17:27]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það athyglisverðasta við það frv. sem hér liggur fyrir sé sá sögulegi fróðleikur sem birtist efst á bls. 16 í greinargerðinni, nefnilega að upphaf þessa máls sé tilskipun handa Íslandi um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum sem sett var 1872 og reyndist vera fyrsti fasti tekjustofn ríkisins og upphaf tollheimtu á Íslandi. Og verður sennilega seinasti fasti tekjustofn ríkisins enda hafa fjármálaráðherrar sem síðan hafa orðið til lengi þann steininn klappað.

Það er freistandi að segja að þessi lagatexti og greinargerð með honum muni ekki hafa verið settur fram til að skýra málið heldur miklu fremur til að reyna að torvelda mönnum skilning á því hvað fyrir mönnum vakir.

Mér virðist í fljótu bragði að þetta mál sé þrískipt. Í fyrsta lagi er að finna ákvæði um skipulag og yfirstjórn tollamála. Þar er verið að leggja til tilteknar breytingar á gildandi lögum frá 1987 og það er gert með þeim vandræðalegu formerkjum að sagt er að reynslan sýni fram á nauðsyn breytinga. Það eru settir upp tveir kostir um leiðir og vitnað einkum til Dana sem fyrirmynd en guggnað á því að fara þá leið sem kannski mörg rök standa þó til. Niðurstaðan er málamiðlun sem vekur upp ýmsar spurningar um það hvort sú leið sem hæstv. fjmrh. er að fara standist lög.

Í annan stað er þarna að finna ákvæði um málsmeðferðarreglur í tollamálum. Þau eru hins vegar öllu skiljanlegri. Þau eiga sér stoð í ágreiningsmálum sem upp hafa komið og umboðsmaður Alþingis hefur ályktað um og varða réttaröryggi viðskiptavina tollgæslunnar og réttarúrræði borgara, t.d. til þess að fá úrskurði í ágreiningsmálum.

Þriðja atriðið er sennilega skást í þessu en þar er verið að lýsa áframhaldandi þróun tölvuvæðingar til pappírslausra viðskipta þessa embættiskerfis og viðskiptaaðila.

Að því er varðar fyrsta atriðið er vísað til setningu tollalaganna árið 1987 þegar framkvæmd var heilmikil tollbylting. Þá var farin sú leið að heimila ráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík að hafa eftirlit með og boðvald yfir hliðsettu stjórnvaldi en yfirstjórn falin ríkistollstjóra. Síðan segir eins og áður sagði að reynslan hafi leitt í ljós ýmsa galla á þessu, valdmörk milli yfirstjórnunaraðila óljós og stjórnskipulega óæskileg. Því er lýst að ef yfirstjórn þessara mála eigi á annað borð að færast úr ráðuneyti sé æskilegt að fela hana sjálfstæðu embætti og kveða nánar á í lögum um verkefni og ábyrgð þess embættis.

Í raun og veru væri skýrasta niðurstaðan sú að fara þá leið að sameina yfirstjórn tollamála sköttum og hafa það eitt kerfi, þ.e. framkvæmd og innheimtu á opinberum gjöldum og þá hvort heldur er sköttum og aðflutningsgjöldum. En vegna margvíslegrar flækju í stjórnsýslunni í þessu fámenna landi er ljóst að það vefst fyrir höfundum þessa frv. að komast að niðurstöðu um það. Þess vegna er hætt við því og virðist við fyrstu sýn að niðurstaðan sé óbreytt.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði til þess að fyrir lægi hæstaréttardómur þar sem það er gagnrýnt að saman fari rannsókn og hins vegar úrskurðarvald í höndum sama embættisins. Ekki verður betur séð en því haldi áfram og það muni þess vegna þarfnast sérstakrar skoðunar þegar þetta mál kemur til nefndar hvort hér sé raunverulega byggt á nægilega traustum grundvelli eða fitja upp á einhverri tilraunastarfsemi sem væri ólíkleg til að standa lengi og geti jafnvel steytt á skerjum vegna þess að hún standist ekki.

Annar þátturinn er hins vegar eins og ég sagði áðan þess eðlis að treysta réttaröryggi borgaranna í samskiptum við yfirvöld tollamála og tilefnið er gefið vegna ábendinga umboðsmanns Alþingis. Það hefur lengi legið það orð á að samskipti innflytjenda og annarra sem eiga mikið í atvinnurekstri sínum undir tollyfirvöldum hafi verið erfið, flókin og seinvirk. Hér t.d. að því vikið að það hafi reynst ókleift að fá úrskurð um tollflokkun sem getur haft úrslitaáhrif um viðskipti. Að fá bindandi úrskurð um slíkt staðfestan. Jafnframt eru mikil takmörk á rétti til málskots til að leita úrskurða og endurákvörðunar ríkistollstjóra vegna takmarkana í gildandi lögum og reglum um það hvenær slíkt er gerlegt. Þannig að úrræði viðskiptaaðila hafa löngum verið þau beinlínis að flytja vörur til lands og leita síðan eftir úrskurðum tollstjóra sem síðan megi skjóta til ríkistollanefndar. Með öðrum orðum, kerfið er seinvirkt og takmarkar mjög þau réttarúrræði sem viðskiptaaðilar geta beitt. Hér eru gerðar tillögur um það að leysa þetta mál þannig að skjóta megi ákvörðun tollstjóra til ríkistollanefndar án þessara sérstöku takmarkana.

Þriðju kafli málsins er síðan einfaldlega að lýsa og draga ályktanir af tæknilegri þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og á einnig upphaf sitt til þess sem gerðist með nýjum tollalögum frá 1987 þegar tekin voru upp heimildarákvæði um að taka upp tölvuvædda afgreiðsluhætti. Þróunin á þessu sviði hefur verið hraðfleyg og það er ekki nema rétt sem hér segir að það er ástæða til að endurskoða þau ákvæði og skapa forsendur fyrir því og lagaramma utan um það að um aldamótin 2000 geti nútímalegir tollafgreiðsluhættir verið teknir upp, þ.e. að horfið verði frá hefðbundnum skriflegum tollskýrslum sem afhenda beri hjá tollstjóra og þá verði komin upp raunveruleg nettenging þjónustustofnana og pappírslausum tollviðskiptum komið á. Það er allt hið besta mál.

Mér sýnist við fljótlega athugun á þessu máli að erfiðasti þátturinn sé sá sem lýtur að fyrsta kaflanum, þ.e. skipulagi og yfirstjórn tollgæslunnar og erfiðum lagalegum spurningum um það hvort hér sé raunverulega um nokkra viðvarandi lausn að ræða, þ.e. hvort ástandið er ekki þannig að eftir sem áður sé um að ræða bort á þeirri grundvallarreglu að skilja að úrskurðaraðila, rannsóknaraðila og framkvæmdaraðila. Ef það reynist á rökum reist, eins og fram kom t.d. hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, þá er hætt við því að þetta mál þurfi mjög ítarlega og tímafreka skoðun í nefnd og þá er nú heldur lítil von til þess að málið verði útkljáð á þessu vorþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjöld, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (magngjald o.fl.). — Þskj. 777.

og

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 776.

[17:37]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Ef enginn hreyfir andmælum hyggst forseti leyfa hæstv. fjmrh. að flytja sína framsöguræðu samtímis um 9. og 10. dagskrármál.

[17:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. þeim sem hæstv. forseti lýsti í kynningu sinni. Mun ég fyrst víkja sögunni að frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald og síðan um virðisaukaskattinn.

Fyrra frv., frv. um vörugjaldið, er flutt í tilefni af athugasemdum sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur gert við álagningu vörugjalds hér á landi. Stofnunin telur að lög nr. 97/1987, um vörugjald, samræmist ekki að öllu leyti ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Hefur stofnunin gert athugasemdir við tvö atriði í álagningu vörugjalds. Annars vegar sérstakt 25% álag á gjaldstofn innfluttrar vöru og hins vegar mismunandi greiðslufresti á vörugjaldi af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum. ESA hefur nú kært málið til EFTA-dómstólsins. Af hálfu Íslands hefur stofnuninni verið tilkynnt að gerðar verði breytingar á lögum um vörugjald til að mæta þessum athugasemdum. Reyndar hefur þeim nú þegar verið sent bréf og frumvarpi ríkisstjórnarinnar lýst í því bréfi.

Samkvæmt gildandi lögum ber að greiða vörugjald af tilteknum vörum sem eru fluttar til landsins eða eru framleiddar hér á landi. Gjaldið reiknast sem verðgjald þ.e. sem tiltekið hlutfall af verði vöru. Gjaldflokkar eru sjö og er hlutfall gjaldsins 6, 11, 16, 18, 20, 25 eða 30% af verði. Gjaldstofn innfluttra vara er tollverð þeirra samkvæmt tollalögum auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Gjaldstofn af innlendum framleiðsluvörum er hins vegar heildsöluverð vöru, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu á vöru til smásala.

Greiða ber vörugjald af innfluttum vörum við tollafgreiðslu þeirra. Gjalddagi vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum er hins vegar fimmti dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Þetta var lýsing á núgildandi fyrirkomulagi í lögum.

Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar á álagningu vörugjalds sem miða að því að tryggja að jafnræðis sé gætt við álagningu vörugjalds á innfluttar vörur annars vegar og innlendar framleiðsluvörur hins vegar. Þannig er í fyrsta lagi lagt til að vörugjald verði lagt á ýmsar vörur í formi magngjalds í stað verðgjalds. Það þýðir að gjaldið reiknast sem tiltekin fjárhæð vegna tiltekins magns vöru mælt í kílógrömmum eða lítrum. Gert er ráð fyrir að magngjald verði lagt á sælgæti, drykkjarvörur, sykur og fleiri matvæli og að gjaldið reiknist sem krónur á hvert kílógramm eða á hvern lítra vörunnar. Fjárhæð gjaldsins verður miðuð við að gjald á þessar vörur lækki að jafnaði. Þá er gert ráð fyrir að magngjald verði lagt á hjólbarða og einangrunarefni.

Með álagningu magngjalds er tryggt að jafnræðis sé gætt við álagningu óháð því hvort vara er framleidd hér á landi eða erlendis, en það er grundvöllur samstarfsins sem á sér stað á milli Íslands og annarra ríkja á EES-svæðinu, að þessa jafnræðis sé gætt. Reyndar má segja að það sama gildi um samninginn sem byggir á GATT-samkomulaginu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að vörugjald verði fellt niður af nokkrum vöruflokkum, t.d. málningu og litavörum, veggfóðri og af minni rafmagnsvörum til heimilisnota. Á þetta legg ég sérstaka áherslu vegna þess að þessar vörur, einkum málningarvörur, litavörur og veggfóður, eru vörur sem notaðar eru til byggingarframkvæmda.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að vörugjald verði áfram lagt á sem verðgjald á ýmsar vörur ef ekki er unnt að leggja á magngjald. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að samræmis verði gætt við álagningu vörugjalds á innfluttar vörur og innlendar framleiðsluvörur. Lagt er til að gjaldflokkum verði fækkað úr sjö í fjóra og að hlutfall gjaldsins verði 15, 20, 25 og 30%. Gjaldstofn innfluttrar vöru verður í þessum tilvikum tollverð að viðbættum tollum en án áætlaðrar heildsöluálagningar. Gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru verður verksmiðjuverð hennar í stað heildsöluverðs hennar eins og verið hefur.

Í fjórða lagi er lagt til að greiðslufrestur vegna vörugjalds af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum verði samræmdur með því að greiðslufrestur verði lengdur af innfluttum vörum en styttur af innlendum framleiðsluvörum.

Gert er ráð fyrir að uppgjörstímabil allra gjaldskyldra aðila verði tveir mánuðir og gjalddagi 15. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þá er gert ráð fyrir að uppgjörstímabil færist til frá því sem nú er þannig að t.d. desember og janúar myndi eitt uppgjörstímabil í stað janúar og febrúar áður.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja breytingar sem fólgnar eru í einstökum greinum frv. en vísa í því sambandi til greinargerðar með frv.

Á árinu 1995 námu tekjur af vörugjöldum um 2,9 milljörðum kr. Þar af námu tekjur af innflutningi rúmum 2 milljörðum kr. en tekjur af innlendri framleiðslu um 900 millj. kr. Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni lækka nokkuð við þær breytingar sem felast í frv. Áætlað er að tekjur af innflutningi lækki um nálægt 80 millj. kr. og nemi tæpum 2 milljörðum kr. en síðan er reiknað með að tekjur af innlendum framleiðsluvörum lækki meira, eða um 270 millj. kr. og verði því um 630 millj. kr. Í heild er því áætlað að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldinu einu út af fyrir sig lækki um 350 millj. en að auki má reikna með að virðisaukaskattur af þessum vörum lækki um rúmlega 100 millj. kr. þannig að tekjutapið í heild verður um 450 millj. kr.

Til að mæta þessu tekjutapi er gert ráð fyrir að dregið verði úr endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði þannig að í stað þess að skatturinn verði endurgreiddur að fullu eins og nú er verði einungis 60% hans endurgreidd. Frv. þessa efnis liggur fyrir og verður hér til umræðu ásamt þessu frv.

Þá skal tekið fram að ríkisstjórnin stefnir að frekari lækkun vörugjalda í tengslum við samræmingu á tryggingagjaldi á milli atvinnugreina. Ríkisstjórnin mun undirbúa slíka samræmingu og vörugjaldslækkun á næstunni og kemur hún væntanlega til framkvæmda á næstu árum. Í þeim áfanga er

reiknað með lækkun á magngjaldi, lækkun á hæstu flokkum verðgjalds og fækkun á vörugjaldsskyldum vörum.

Ég vil láta það koma fram, virðulegur forseti, í framsöguræðu minni að í raun er verið að breyta meiru í þessu frv. heldur en nauðsynlegt er vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA. Ástæðan er sú að nokkurrar óánægju hefur gætt í röðum iðnrekenda, fyrst og fremst vegna þess að ákveðnar matartegundir, sykurvörur alls konar, sælgæti og gosdrykkir, liggja eftir í efri virðisaukaskattsflokknum. Talsverður þrýsingur hefur verið á stjórnvöld að breyta virðisaukaskattinum og færa þessar vörur á milli flokka eða í neðri flokkinn og í upphafi var gerð tillaga um það til ráðuneytisins að fara þá leið. Ef eingöngu væri verið að breyta lögum til þess að þóknast ESA og koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunarinnar þá hefði verið nóg að taka einungis á áætluðu heildsöluálagningunni sem er 25% annars vegar og að samræma gjaldfrestinn hins vegar á milli innlendu og innfluttu vörunnar.

Ég geri ráð fyrir því að í framtíðinni muni þessi tvö kerfi, virðisaukaskattskerfið og vörugjaldskerfið, renna saman í eitt kerfi. Það er til einföldunar og bóta. Ástæðan fyrir því að ekki tekst að gera það nú eins og það sýnist auðvelt er að skattar hér á landi af neyslu, þjónustu og vörum eru mun hærri en í okkar nágranna- og samkeppnislöndum. Skattkerfið íslenska er enn talsvert öðruvísi en í nágrannalöndunum. Í fyrsta lagi er skatthlutfall hér á landi af vergri landsframleiðslu lægra en í nágranna- og viðskiptalöndunum og síðan er samsetning skattteknanna öðruvísi. Í því sambandi má benda á að tæplega helmingur skatttekna íslenska ríkisins eru skattar af vörum og þjónustu, tekjur af tollum, vörugjaldi og virðisaukaskatti. Hins vegar eru tekjuskattar hér tiltölulega lágir en áberandi er hversu lág tryggingagjöldin eru hér á landi, þ.e. gjöld sem falla á launakostnað fyrirtækjanna. Það er rétt sem á hefur verið bent að víðast annars staðar hafa menn verið að færa sig í þá átt að draga úr sköttum á launakostnað fyrirtækjanna og það hefur verið nefnt til sögunnar gegn þessu frv. að við séum að fara í þveröfuga átt. Ég minnist á þetta hér vegna þess að ef við berum saman tryggingagjaldið hér við tryggingagjaldshlutfallið annars staðar í Evrópu þá er það víðast hvar þrisvar til fjórum sinnum hærra í okkar nágrannalöndum ef Danmörk er undanskilin en þar er tryggingagjaldið mjög lágt en tekjuskatturinn hins vegar miklu hærri að hlutfalli til heldur en hér á landi. Þetta vil ég að komi fram vegna þess að ef menn ætla að steypa saman þessum tveimur kerfum þá er útilokað annað en að létta sköttum af neyslunni og færa yfir á aðra þætti í efnahagsstarfseminni. Hvernig það verður gert skal ég ósagt látið en ég tel að ekki sé hægt að víkjast undan slíkum breytingum því það er varla verjandi til frambúðar a.m.k. að virðisaukaskattshlutfallið sé miklu hærra hér á landi heldur en í viðskipta-, samkeppnis- og nágrannalöndum. Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi skýrt fram við þessa umræðu málsins.

Varðandi hitt frv. sem hér er til umræðu þá er lagt til að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis af vinnu manna á byggingarstað verði lækkuð í 60% af greiddum virðisaukaskatti eins og ég sagði áðan. Þessi breyting hefur í för með sér að byggjendur íbúðarhúsnæðis fá einungis 60% af greiddum virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað endurgreiddan í stað þess að fá hann endurgreiddan að fullu eins og nú er. Ég tek það fram að sá háttur sem hér er stundaður, að endurgreiða að fullu virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað, er séríslenskt fyrirbæri og þekkist ekki annars staðar. Þar sem menn hafa gripið til frádráttarreglna er það yfirleitt gert á vettvangi tekjuskattsins en ekki virðisaukaskattsins og samt eru þjóðir að reyna að hverfa frá frádráttarreglum tekjuskattsins.

Frv. er lagt fram í tengslum við vörugjaldsmálið og talið er að með breytingum á virðisaukaskattslöggjöfinni megi hækka tekjur um 450 millj. kr. og þær tekjur verða notaðar til að lækka vörugjöld frá því sem nú er. Það má gera ráð fyrir því að endurgreiðslur á virðisaukaskatti af vinnu manna við íbúðarhúsnæði muni lækka um 440 millj. kr. en áætlað var að heildarendurgreiðslur á árinu mundu nema um það bil 1.100 millj. kr. Þá er auðvitað gert ráð fyrir því að skil séu sambærileg.

Þrátt fyrir að frv. þetta muni hafa í för með sér töluverða lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði má gera ráð fyrir að niðurfelling og lækkun á vörugjöldum, þar á meðal af ýmsum byggingarvörum, t.d. málningu, einangrunarefni og lagnaefnum ýmiss konar, muni draga úr kostnaðaráhrifum.

Á þessari stundu sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessi frumvörp. Það er ljóst að nauðsynlegt er a.m.k. frá sjónarhóli ríkisstjórnarinnar að afgreiða þetta mál á þessu þingi því að ef málaferlum við íslenska ríkið heldur áfram þá er ekki víst að niðurstaða dómsins takmarkist við það mál sem lá til grundvallar heldur geta fleiri þættir verið teknir upp af dómstólnum. Ef niðurstaða dómstólsins yrði okkur í óhag þá gætu menn farið í skaðabótamál við ríkið á grundvelli dómsniðurstöðunnar ef þeir geta sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir fjárhagstjóni og aðrar þjóðir beitt Íslendinga refsingu sem hægt er að grípa til á grundvelli EES-samningsins, þar á meðal tollahækkunum eða gjaldhækkunum á útflutningi á okkar vörum, t.d. fiski. Þess vegna er mjög mikilvægt að komið sé til móts við þessar kröfur ESA og unnið að þeirri samræmingu sem er grundvallaratriðið í þessum frv.

Ég mæli með því, virðulegi forseti, að þessi frv. bæði fái venjulega meðferð, þeim sé vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[17:55]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þau tvö frv. sem eru hér til umræðu byggjast, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. á þeirri niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, að gera athugasemd við álagningu vörugjalds.

Ég vil taka fram tvö atriði sem ég er sammála hæstv. fjmrh. um. Í fyrsta lagi að við þurfum að leysa það mál þannig að ekki komi til málshöfðunar á hendur Íslandi varðandi þá útfærslu okkar sem er í gildandi lögum. Það þarf að leysa. Í öðru lagi vil ég taka undir að ekki hefði komið til greina að fjármagna tekjutap ríkissjóðs vegna þessa með hækkun virðisaukaskatts. Þetta eru þau tvö atriði sem ég er sammála hæstv. fjmrh. um en síðan skilur á milli varðandi efnisatriði að öðru leyti í þessum frv.

Ég bendi á að til undirbúnings þessa máls sem hefur verið nokkuð lengi í gangi var settur á laggirnar starfshópur til að finna lausn á málinu. Hæstv. fjmrh. er fullkunnugt um það. Hv. alþm. hefur borist frá Samtökum iðnaðarins lýsing á ferli þeirrar vinnu og þar kemur mjög skýrt fram að starfshópurinn vann að einföldun og samræmingu á þessari gjaldtöku og tók þar mið af alþjóðlegri þróun. Í stað vörugjalds komi virðisaukaskattur. Það varð niðurstaðan í þessum starfshópi. Hins vegar má benda á að burt séð frá virðisaukaskattinum

gerðu þeir ráð fyrir mun einfaldari útfærslu heldur en hér liggur fyrir.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. fjmrh.: Af hverju var ekki farið að tillögum starfshópsins og hverju svarar hann þeirri hörðu gagnrýni sem hefur komið fram frá Samtökum iðnaðarins? Ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, vitna beint:

„Samtök iðnaðarins lýsa fullri andstöðu við þessi áform og skora á Alþingi að hafna þessum hugmyndum en lögfesta þess í stað þær tillögur sem víðtækt samkomulag hafði náðst um."

Hér er verið að fjalla um hluti sem eru illa útfærðir. Eina ferðina enn kemur hæstv. fjmrh. með hugmyndafræði sem er ekki nógu góð og þá má benda á e.t.v. það veigamesta í þessu, því það er augljóst að við þurfum að ná inn 800 millj. kr. tekjum. Það er vandinn. Vandinn er 800 millj. kr. sem felst í því að við þurfum að mæta kröfum ESA. Þá er farin sú leið að breyta vörugjaldi úr verðgjaldi í magngjald. Þetta er mjög ámælisverð aðferðafræði vegna þess að eins og segir í greinargerð með frv. leggjast magngjöld af meiri þunga á ódýra vöru en dýra. Hér er verið að koma í veg fyrir að gerð séu hagkvæm innkaup og reynt að ná sem bestum kjörum fyrir Íslendinga með þessari aðferðafræði. Ég vil vitna til þess að Jóhannes kaupmaður í Bónus, sem hefur framar flestum öðrum lagt sig fram um að hafa ódýra vöru á boðstólum, telur þetta beinlínis spilla fyrir allri innkaupa- og verðlagningarstefnu og það er reyndar augljóst. Magngjöld eru þess eðlis. Þetta er ekki góð aðferðafræði.

Það segir líka í frv., og það víkur að hinu frv., að til að ná inn peningum til að mæta þessu þá er endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við húsnæði lækkuð. Þetta hefur hingað til að fullu verið endurgreitt en nú á að lækka endurgreiðsluna niður í 60% af virðisaukaskatti. Þessi útfærsla er enn meira ámælisverð, þ.e. tekjuöflunin, heldur en fyrra dæmið um að breyta magngjöldunum, breyta úr verðgjaldi í magngjöld en það er að hreyfa við endurgreiðslu á virðisaukaskatti á byggingarstað eins og þarna er gert ráð fyrir. Það er tvennt sem þar kemur til. Í álitsgerð frá Samtökunum iðnaðarins er bent á annað. Þar meta þeir það að þetta muni hækka byggingarvísitölu um 3–3,5% og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur það verið metið hvaða áhrif slík hækkun á byggingarvísitölu hefur?

Annað sem tengist þessu er sýnu alvarlegra en það er að þetta mun leiða til aukinnar svartrar atvinnustarfsemi í tengslum við þessa útfærslu og ekki er á það bætandi að opna fyrir fleiri holur í skattkerfi okkar til að draga undan réttmætri skattlagningu hins opinbera. Það segir sig sjálft að þegar hlutfallið er orðið 60% í endurgreiðslu er aukin freisting að hækka þar reikninga til að fá hærri endurgreiðslu. Ég spyr hæstv. fjmrh. almennt í sambandi við eftirlit með endurgreiðslum á virðisaukaskatti í sambandi við vinnu manna á byggingarstað. Við þekkjum nýlegt dæmi um virðisaukaskattssvik í tengslum við útflutningsfyrirtæki, Vatnsberamálið svokallaða, þar sem mjög refsiverð starfsemi kom í ljós en einnig að eftirliti var mjög illa háttað. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvernig er eftirlit með þeirri endurgreiðslu sem hér á sér stað? Við erum að tala um að endurgreiðslur á árinu 1996 voru áætlaðar 1.100 millj. króna þannig að hér er ekki um neinar smátölur að ræða. Hér er verið að breyta, rýra endurgreiðsluna niður í 60% sem kallar á aukna svarta atvinnustarfsemi eins og reyndar er líka bent á í álitsgerð frá Samtökum iðnaðarins en liggur í augum uppi þegar menn hugsa um það mál.

Ég vil fá betri rökstuðning frá hæstv. fjmrh. fyrir þeirri útfærslu sem hann leggur til í þessum frv. vegna þess að þetta minnir á það að þarna hafi menn verið að reyna að berja saman tekjuöflun upp á 800 millj. Frv. nær reyndar ekki nema 450 millj. en það er ætlað að gera þetta í tveimur áföngum og það á síðustu stundu og reynt að finna einhvern þann skatt sem þeim fannst vera líklegur til að geta gefið það af sér.

Þessi þáttur tengist einnig húsbyggjendum. Þeir fá sem sagt minni endurgreiðslu sem þýðir að þeir munu greiða meira en nú er fyrir þá vinnu sem þeir þurfa að láta vinna. Það er ástæða til þess að hæstv. fjmrh. svari því til hvort hér endurspeglist loksins stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart húsbyggjendum því að mikið hefur verið talað um það og ég minnist þess í kosningabaráttunni að bæði flokkur hæstv. fjmrh. og ekki hvað síst Framsfl. voru býsna drjúgir að lofa úrbótum fyrir húsbyggjendur. Hér sjáum við úrræðin. Það eru minnkaðar endurgreiðslur til þessa hóps. Það er aukin skattlagning á húsbyggjendur og launafólk í landinu með þeirri útfærslu sem hér er lögð til. Hér endurspeglast stefna ríkisstjórnarinnar e.t.v. skýrar en nokkurs staðar annars staðar þegar hún leitar að breiðu bökunum. Hún finnur þau í þessu dæmi mjög skýrt hjá launafólki og húsbyggjendum. Vitaskuld, herra forseti, hefði mátt hugsa sér að spara því það þarf að ná inn þessum 800 millj., í ríkisrekstri á einhvern hátt eða finna nýja tekjustofna. Ef hæstv. fjmrh. er í vandræðum bendi ég honum á það að samkvæmt fjárlögum verjum við 6 milljörðum í landbúnaðarmál. Þar er borð fyrir báru. Við verjum 6 milljörðum í vegamál. Ég tel þar persónulega borð fyrir báru. Sjálfsagt eru ekki allir sammála um það. Við gætum hugsanlega tekið upp veiðileyfagjald sem við höfum lagt tillögur um sem gæti gefið eitthvert smáræði. Kannski ættum við að drífa í því að lögbinda vel útfærðan fjármagnstekjuskatt sem gæti gefið tekjur í ríkissjóð í stað þess að koma með svona skítaskatt eins og skattar sem voru kallaðir sem ekki þrauthugsaðir. Það hefði þá verið nær í þessari útfærslu.

Annað sem tengist þessu máli þarf líka að skoða. Við erum að lækka vörugjöld, gerum það með tiltekinni útfærslu og það kemur ákveðnum einstaklingum til góða. Vörugjöld eru lækkuð á tilteknum flokkum. Ég ætla ekki að fara út í þá tæknilegu útfærslu sem þarna er. Síðan er fjármögnunin eins og ég hef rakið gerð með því að minnka endurgreiðslu til húsbyggjenda. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort þetta er sami hópurinn. Hvað getur hann sagt mér um það? Er það sama fólkið, sami hópurinn sem er að fá lækkunina og þarf líka að bera hækkun sem er í sjálfu sér ekkert ósanngjarnt ef menn finna þá leið í því að útfæra það mál þannig að það lækki og hækki á sama aðila. Ég er býsna hræddur um að í þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin leggur fram séu lagðar auknar byrðar einmitt á það fólk sem e.t.v. má síst við því og stendur margt í þeim erfiðleikum varðandi fjármál sín sem tengjast húsnæðismálum. Það er náttúrlega alvarlegt á brot á þeim þáttum sem menn lofuðu fyrir síðustu kosningar.

Ég vil einnig gera síðari áfangann að umtalsefni því að þetta frv. er bara 450 millj. kr. útfærsla eins og fjmrh. veit. Hann á eftir að ná í 350 millj. til að klára dæmið gagnvart ESA. Það er inni í þessu 350 millj. sem á að ná með endurskipulagningu á tryggingagjaldi. (**Fjmrh.:** Það hefur ekkert með ESA að gera.) Gott, hefur ekkert með ESA að gera. Ég trúi ráðherra fullkomlega varðandi þann þátt. Hins vegar kemur fram í frv. að ríkisstjórnin stefnir að frekari lækkun

vörugjalda um 350 milljónir króna í tengslum við samræmingu á tryggingagjaldi á milli atvinnugreina sem ríkisstjórnin mun undirbúa á næstunni og koma mun til framkvæmda á næstu árum. Þetta var bein tilvitnun í grg. frv. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. skýrði betur þetta skref vegna þess að Samtök iðnaðarins hafa m.a. mótmælt harðlega þessum síðari áfanga og gera það með því orðalagi að leggjast gegn hækkun á tryggingagjaldi og telja það vera í andstöðu við fyrri loforð. Ég ætla ekki að vitna nákvæmlega í það. Hæstv. fjmrh. þekkir þá gagnrýni og ég bið hæstv. ráðherra um að skýra betur út með hvaða hætti þessi áfangi kemur hér inn og hvernig þær breytingar á tryggingagjaldi verði gerðar og hvort að það séu þá uppi hugmyndir um að samræma gjaldið milli allra atvinnuvega hér eða með hvaða hætti sú úrfærsla á sér stað því að vitaskuld verður að ræða það í sambandi við þetta frv.

Herra forseti. Ég gat um í upphafi að það þyrfti að afgreiða þetta mál. Að vísu er hæstv. fjmrh. búinn að dengja það mörgum málum á hv. efh.- og viðskn., bæði í dag og reyndar áður, að sjálfsagt verður erfitt að verða við öllum óskum ráðherra en ég tek undir með honum að við getum ekki gengið frá þingi án þess að búið sé að leysa það mál. Hins vegar hefði ég kosið, herra forseti, að málið hefði fengið betri skoðun áður en það hefði verið lagt fram. Ég tel að mörgu í þessari útfærslu sem athugasemd ESA hefur í för með sér sé mjög ábótavant, magngjaldið, sem ég hef gert að umtalsefni, virðisaukaskattsbreytingin, sem kallar á meiri skattsvik og er íþyngjandi fyrir þá sem síst mega sín. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. yrði þá opinn fyrir því að menn reyndu að finna betri útfærslu sem yrði þá líka meiri sátt um við þá aðila sem eiga m.a. að starfa eftir þessum nýju reglum. Ég legg áherslu á það líka að ekki verði mælt með hækkun virðisaukaskatts vegna þess að það tel ég ekki góða aðferðafræði þótt svo að starfshópurinn hafi lagt það til. Eins og ég gat um áðan bý ég yfir fjölmörgum hugmyndum um sparnað í opinberri þjónustu og þá nýja skattstofna ef menn vilja skoða það út frá þeim en þeir eru væntanlega ekki í anda hæstv. fjmrh. En þetta er eitt málið í viðbót frá honum sem getur ekki orðið að lögum í þessu formi.

[18:11]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þetta frv. er ekki fram komið að frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar. Það er einfaldlega tilkomið vegna þess að Eftirlitsstofnun EFTA úrskurðaði að framkvæmd vörugjalda samræmdist ekki EES-samningnum, stæðist ekki. Ríkisstjórnin sá sig því knúna til að gera þar á breytingar og hefur síðan með einhverjum hætti náð samkomulagi um það sem hér birtist sem tekjuöflun í staðinn. Í frv. felst engin framtíðarstefna sem gæti t.d. verið í því fólgin að falla frá vörugjaldskerfinu og koma á samræmdu kerfi í neysluskattlagningu. Þvert á móti er gripið til þess ráðs að lækka endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við nýsmíði og viðhald íbúðarhúsnæðis um 40% án þess að grípa til hliðarráðstafana í tekjuskattskerfinu í staðinn eins og starfshópur á vegum ráðuneytisins hafði lagt til. Eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði mun þessi aðgerð að öllum líkindum hækka byggingarvísitölu um 3–3,5%. Það hefur keðjuverkandi áhrif um allt hagkerfið sem menn þurfa að gera sér grein fyrir. Það er vafalaust rétt sem fram hefur komið af hálfu Samtaka iðnaðarins að þetta muni auka enn svarta atvinnustarfsemi og þar með draga úr skattskilum til ríkissjóðs. Lausn hæstv. fjmrh. er satt að segja undir þeim formerkjum að það er tæpast sæmandi fjmrh., sem stendur þegar frammi fyrir mjög umfangsmiklum skattsvikum, eins og var rifjað upp áðan að leggja til tillögur sem slík áhrif hafa. Fyrir nú utan það að skattbyrðin hvílir þá á hópi sem ber ærnar byrðar fyrir þannig að það verður ekki sagt að þetta sé heppileg eða skynsamleg eða réttlát ráðstöfun.

Yfirlýst markmið með þessum tillöguflutningi eru þau að þetta eigi að vera kerfi til einföldunar. En það er þvert á móti. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að í stað sjö gjaldflokka í núverandi vörugjaldskerfi komi 17 gjaldflokkar. Fjórir flokkar verðgjalda og magngjöld í hvorki meira né minna en 13 flokkum. Það er unnt að tíunda þó að ég geri það ekki hér við 1. umr. málsins að þar kennir margra grasa og vandfundin rök fyrir því hvaða tölur þar eru fengnar í hverju einstöku tilviki. Eitt af markmiðunum sem starfshópurinn mælti með var að tækifærið væri notað til þess að móta stefnu sem væri í samræmi við það sem menn kalla alþjóðlega þróun, þ.e. að verið er að draga úr neyslustýringu og mismunun milli framleiðenda og vörutegunda víðast hvar í löndunum í kringum okkar. Einnig er verið að minnka vægi launaskatta og annarra skatta á framleiðslukostnað í ljósi þess vandamáls sem við er að fást við atvinnusköpun og atvinnuleysi. Frv. gengur ekki í þá átt, það gengur reyndar í öfuga átt gegn þeim markmiðum að efla atvinnulífið og draga úr atvinnuleysi.

Það þarfnast sérstakra skýringa hvers vegna ríkisstjórnin velur þessa leið. Á vegum fjmrh. starfaði sérstakur starfshópur honum til ráðuneytis um þetta mál og skilaði síðan tillögum og komst að einróma niðurstöðum. Á þær var að vísu ekki fallist og gert eitthvert samkomulag þar sem gengið var skemmra en þeir mæltu með upphaflega en engu að síður varð um það samkomulag. Síðan gerist það skyndilega með ríkisstjórnarákvörðun 19. mars sl. að þeim tillögum er öllum sópað undir teppið og það starf ómerkt. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að ráðherrar Framsfl. eigna sér heiðurinn, ef ég á að orða það svo, af því að hafa kollvarpað þeim tillögum. Af því tilefni er sérstök ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. með hvaða rökum það var og með hvaða aðdraganda það var að þessum tillögum var hafnað. Nú tek ég það fram og tek undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni sem hér talaði áðan að þeim þætti tillagnanna sem varðaði hækkun á virðisaukaskatti, sérstaklega í efra þrepi um 0,5% er ég ekki sammála af þeirri einföldu ástæðu að það væri heldur ekki í samræmi við alþjóðlega þróun sem ég tel að við eigum að taka tillit til. En engu að síður er ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hvaða skýringar eru á þessu.

Skýringin getur ekki verið sú að andmæli fulltrúa aðila vinnumarkaðarins gegn breytingum á virðisaukaskatti hafi ráðið þar úrslitum af þeirri einföldu ástæðu að hæstv. fjmrh. hefur í fjölmiðlum svarað því til að ríkisstjórnin hafi aldrei skuldbundið sig til þess að gera ekki breytingar á virðisaukaskatti og væri þess vegna ekki skuldbundin því. En meginatriðin eru þau að hér er um að ræða málamiðlun sem felur ekki í sér skýra stefnubreytingu sem leiðir til framtíðar. Það er gripið til skammtímaúrræða til að ná inn tekjum í staðinn fyrir vörugjöldin og það er leitað leiða til þess að gera það sennilega eftir lögmáli hinnar minnstu andstöðu. Afleiðingarnar bitna annars vegar á launþegum almennt með hækkun vísitölu og keðjuverkun að því leytinu og hins vegar á húsbyggjendum sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega samstarfsflokksins lýsa yfir að séu sérstök fórnarlömb þessa þjóðfélags og búi við harmkvæli.

Eins og fram hefur komið er frv. sem hér er sýnt ekki

nema hluti af heildarniðurstöðunni því að því næst er boðað að ríkisstjórnin hafi þau áform að bæta við um 350 millj. í tekjuöflun í formi hækkunar á tryggingagjaldi, samræmingar á tryggingagjaldi sem fæli þá í sér að þeir atvinnuvegir sem bera lægra gjaldið bæru þá hærra gjald. Það er gömul saga í kerfinu að menn hafa oft og tíðum gert tilraunir til þess, þar á meðal sá sem hér stendur, að leggja tillögur fyrir Alþingi Íslendinga um samræmingu á slíku gjaldi. Niðurstaðan er sú að það hefur oftar en ekki tekist vegna harðrar andstöðu þeirra sem verja sérhagsmuni þessara aðila þannig að það er sýnd veiði en ekki gefin.

Það kann vel að vera að þau rök hæstv. fjmrh. sem fram hafa komið í málinu að tillögur starfshópsins um hækkun á virðisaukaskatti, annars vegar á efra þrepi og svo hins vegar það í tveggja þrepa virðisaukaskatti að færa öll matvæli í lægra þrepið en hækka það jafnframt um eitt prósent einnig séu gagnrýni verð og þá sérstaklega með hliðsjón af alþjóðlegum samanburði. Ég fellst á að hærra þrepið í virðisaukaskatti er þegar í hámarki þess sem þekkt er í löndunum í kringum okkur og það er ekki rétt leið að hækka það. Það vekur þá auðvitað upp spurninguna um hvort ekki hefði átt að mæta þessu tekjutapi ríkissjóðs öðruvísi. Hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi einar fjórar hugmyndir um lækkun útgjalda í ríkisrekstri til að mæta þessu og nefndi einnig að flokkar okkar hafa á yfirstandandi þingi flutt tillögur um annars konar tekjuöflun. Hann nefndi þar til sögunnar bæði veiðileyfagjald og útfærslu á fjármagnstekjuskatti sem mundi skila þessum tekjum þannig að það er auðvelt að sýna fram á að ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. rak engin nauður til að fara þessa leið út. Þetta er pólitískt ákvörðunarefni ríkisstjórnarinnar og þarna virðist niðurstaðan hafa verið einhver málamiðlun. Og það er akkúrat þessi málamiðlun sem er sérstaklega gagnrýni verð vegna þess að hún bitnar á þeim sem ekki er ástæða til að beri þessar byrðar í framhaldi af úrskurði Eftirlitsstofnunar EFTA.

Að því er varðar alþjóðlegan samanburð um það að stór hluti af tekjuöflun ríkissjóðs kemur af neysluskattum og við erum neðarlega í samanburði við ýmsar aðrar þjóðir að því er varðar skattlagningu á vinnu og launakostnað, þá er þess að geta að engu að síður verðum við í ljósi atvinnuástandsins í landinu og með hliðsjón af því sem aðrar þjóðir fyrirsjáanlega eru að gera til þess að breyta því, að fara varlega í að velta skattlagningunni yfir á vinnuþáttinn, launaþáttinn af svona tilefnum. Það er reyndar atriði sem vert er að vekja athygli á að hæstv. fjmrh. hefur sagt að hlutur tryggingagjaldsins í heildarskatttekjum hins opinbera sé lágur og hefur nefnt töluna 8,1% í þessu sambandi. Á móti benda t.d. fulltrúar samtaka byggingariðnaðarins og iðnaðarins á það að þegar litið er á önnur launatengd gjöld eins og lífeyrissjóðsiðgjöld, greidd laun í veikindum og fleira, þá er þessi gjaldtaka mun hærri þannig að frekari hækkun á henni getur haft mjög neikvæð áhrif á ákvörðun um nýfjárfestingar, um fjölgun starfa og það að vinna bug á atvinnuleysi. Þetta er því að öllu leyti óskynsamleg niðurstaða.

Herra forseti. Við höfum í dag rætt fjöldamörg mál frá hæstv. fjmrh. og áður hefur einn hv. þm., Kristín Ástgeirsdóttir, reynt að toga út úr hæstv. fjmrh. einhvers konar forgangslista frá honum um það hvaða mál það eru sem fjmrh. leggi sérstaka áherslu á. Hv. þm. fékk engin svör við því. En það á við um þetta mál að það er beinlínis þess eðlis að um það getur auðheyrilega ekki náðst samkomulag. Það þarf mjög rækilega skoðun þegar það kemur til efh.- og viðskn. Það á reyndar við um fleiri mál sem hæstv. fjmrh. hefur flutt í dag. Það er einfaldlega vegna þess að í grundvallaratriðum er þessi niðurstaða gagnrýni verð og hefur mjög varhugaverðar afleiðingar. Og sérstaklega í ljósi þess að við erum að tala um samkeppnisstöðu innan lands, starfsemi eins og byggingariðnaðinn, atvinnusköpun á tímum atvinnuleysis og verðhækkunaráhrif þessara aðgerða, er lítil von til þess að á þetta mál verði fallist sem tæknilega breytingu. Hæstv. fjmrh. hefði átt að mæta afleiðingunum af niðurfellingu vörugjaldsins annaðhvort með sparnaði í ríkisútgjöldum eða þá einhvers konar blöndu af sparnaði og tekjuöflun. Ýmsar aðrar leiðir eru farsælli til tekjuöflunar en sú sem valin var.

[18:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni, erum við að ræða býsna stórt mál sem þarf að afgreiða í hvaða mynd sem það verður þegar hv. efh.- og viðskn. hefur farið í gegnum það því að það er ljóst að þegar hafa komið fram veruleg mótmæli gegn þessu frv. og þeirri leið sem hér er farin.

Mér finnst nauðsynlegt í þessu samhengi að rifja upp sögu þessa máls því að hún er býsna merkileg og vekur margar spurningar. Ég hef einmitt átt þess kost að fylgjast með þessari sögu allt síðasta kjörtímabil og það sem af er þessu. Það varð ljóst við vinnslu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að það yrði að gera allverulegar breytingar á þeim lögum og reglum sem hér giltu um tolla og vörugjöld. Sú leið var farin að breyta allmörgum tollflokkum yfir í vörugjöld á sínum tíma auk þess sem gerðar voru ýmiss konar tilfærslur milli flokka, hækkanir og lækkanir. Mjög miklar breytingar voru gerðar að því er ég hygg 1994 þegar þau lög gengu í gildi. Það kann að hafa verið 1993 reyndar. Tíminn líður hratt og það er erfitt að henda reiður á því hvað gerðist á hverju þingi.

Hv. efh.- og viðskn. lagði á sínum tíma mikla vinnu í þessar breytingar og mér er það afar minnisstætt að fulltrúar fjmrn. voru margoft inntir eftir því hvort þessar breytingar mundu standast EES-samninginn. Þeir fullyrtu að svo væri. Ekki veit ég hvort þetta er bókað í fundargerðir hv. nefndar en mér er þetta afar minnisstætt, ekki síst vegna þess sem síðar gerðist. Það var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem leiddi þessa vinnu á sínum tíma. En það var ekki fyrr búið að samþykkja þessi lög fyrr en hann fór á hinn vinnustaðinn, til Verslunarráðsins sem átti síðan frumkvæði að því að kæra þessi lög. Svona gerast kaupin á eyrinni á hinu háa Alþingi. Og það kom í ljós að samkvæmt áliti Eftirlitsstofnunar EFTA stóðust þessar breytingar ekki EES-samninginn.

Ég rifja þetta upp vegna þess að við höfum rekið okkur á nokkur dæmi þess að það sem fullyrt var að lagasetning stæðist samninginn um EES. Þar vitna ég t.d. til breytinga á áfengislögum og slíku. Það var fullyrt á sínum tíma að það þyrfti engar breytingar en annað kom í ljós og sú spurning vaknar hvort það kunni að vera fleira. Í sjálfu sér er það ekkert óeðlilegt. Þarna var um mjög miklar breytingar að ræða og alveg ljóst að það yrði að gera margvíslegar breytingar á markaðskerfi okkar og þar með tekjuöflun ríkisins vegna þess að við höfum að mörgu leyti búið við annað kerfi en er úti í Evrópu. Megininntak EES-samningsins er að ekki megi mismuna. En það er niðurstaða ESA eða Eftirlitsstofnunar EFTA að gildandi lög hér á landi valdi tvenns konar mismunun. Hún lýtur annars vegar að því hvernig þessi gjöld

eru innheimt en hins vegar því að greinarmunur er gerður á innflutningi og innlendri framleiðslu. Frammi fyrir þessu stöndum við einfaldlega og það verður að bregðast við. Þá kemur að því hvernig ríkisstjórnin bregst við.

Áður en ég kem að því vil ég aðeins víkja að réttmæti gjalda eins og vörugjalda og tolla. Ég held að það verði ekki fram hjá því horft að skattar af þessu tagi eru á undanhaldi. Það er vegna þess hvað þeir geta valdið mikilli mismunun og einnig þess að það er í hæsta máta óeðlilegt að einstök ríki séu að skattleggja framleiðslu annarra þjóða. Menn mæta því auðvitað með því að skattleggja á móti. Við erum alltaf að berjast fyrir því að koma okkar fiski tollfrjálst inn á markaði hvar sem er í heiminum en erum þar á móti að stunda mjög mikla skattlagningu á framleiðslu annarra þjóða.

Ég er ekki nógu vel að mér í þeirri miklu umræðu sem á sér stað núna í Bandaríkjunum um skattlagningu en ég hef fengið í hendur gögn. Þar er mikil hreyfing á ferð sem gengur út á það að reyna að afnema tekjuskatt vegna þess hvað hann er óréttlátur. Það er fyrst og fremst ákveðinn hópur launafólks sem greiðir þann skatt. Þeir sem eru inni á þessari stefnu vilja í staðinn taka upp neysluskatta. Ég hef skilið það svo að þar væri fyrst og fremst verið að tala um virðisaukaskatt eða jafngildi þess sem við köllum virðisaukaskatt. Það sé miklu réttlátara að skattleggja neysluna og þá borga þeir sem neyta. Í því getur líka falist ákveðið mismunun. Hvað um þá sem ekki hafa efni á að neyta? Er ekki þar með verið að draga úr þeirra möguleikum til að njóta lífsins? Ég nefni þetta hér vegna þess að það eru töluverðar umræður í gangi úti í heimi varðandi réttmæti skatta af ýmsu tagi og hvaða skattar séu þá réttlátastir. Við höfum verið með tekjuskatta og eignarskatta og jafnframt með allverulega tolla, vörugjald, jafnframt virðisaukaskatt. Sú þróun sem hefur átt sér stað hér á landi á undanförnum árum er í þá veru að sköttum hefur verið létt verulega af atvinnulífinu og jafnframt velt yfir á launafólk. Það má segja að að sumu leyti hafi orðið nokkurt afturhvarf vegna þess að ríkisstjórnin viðurkennir að lengra verði ekki gengið í skattheimtu á launafólk. Ég held að það sé almenn skoðun að þar sé ríkið komið út á ystu nöf hvað varðar almennt launafólk. En þess hefur orðið vart fyrir síðustu áramót og einnig í sambandi við þetta frv. að eina leiðin sem ríkisstjórnin sér til þess að mæta tekjutapi sínu er þessi skattur á atvinnulífið sem kallað er tryggingagjald. Í því samhengi get ég ekki látið hjá líða að rifja upp þau miklu mótmæli sem komu fram í nóvember/desember á síðasta ári þegar á hinu háa Alþingi var unnið að 0,5% hækkun á tryggingagjaldi sem þá átti að skila heilum milljarði í ríkissjóð. Það var svo merkilegt með þá hækkun að henni var mótmælt úr öllum áttum m.a. af Alþýðusambandinu sem sagði sem svo að það væri miklu nær að veita atvinnulífinu eða fyrirtækjunum svigrúm til þess að hækka laun í stað þess að vera að skattleggja þau með þessum hætti.

Ég kom að því í umræðunni þá að sjávarútvegurinn benti m.a. á það hve tryggingagjaldið hefði þá þegar verið hækkað mikið. Það kom fram að með þessari 0,5% hækkun hafði tryggingagjaldið gagnvart sjávarútveginum verið hækkað um 45% á fimm árum. Hér er sem sagt verið að tala um hækkun til viðbótar til þess að mæta þessu tekjutapi. Ein helsta röksemdin í mótmælum atvinnulífsins við lok síðasta árs var einmitt það að tryggingagjaldið væri skattur af því tagi sem ekki tæki neitt tillit til afkomu fyrirtækja. Þar verða allir að borga sína prósetnu hvernig sem staðan er. Það vakna því auðvitað spurningar varðandi réttmæti þessa gjalds og jafnframt það að atvinnugreinar skuli greiða mismunandi gjald en fyrir því hafa verið ákveðin rök. Það er því alveg ljóst að sú leið sem ríkisstjórnin hyggst fara til þess að mæta því 800 millj. kr. tekjutapi sem verður vegna breytinga á lögum um vörugjald á eftir að kosta allnokkur átök. Það hefur þegar komið fram í mótmælum ýmissa aðila, ekki síst iðnrekenda.

Þá kem ég að því hvernig unnið var að þeim breytingum sem þetta frv. boðar. Þar kemur fram að hæstv. fjmrh. skipaði nefnd til að leita leiða til að mæta gagnrýni Eftirlitsstofnunar EFTA og sú nefnd kom með ýmsar tillögur. Hún lagði til að það yrði tekið upp magngjald það sem hér er verið að leggja til en jafnframt var lögð til hækkun á virðisaukaskatti.

Í viðskiptablaði Morgunblaðsins sem birtist fimmtudaginn 4. apríl var farið í gegnum þetta mál og m.a. rætt við fjmrh. og fleiri. Þar kom fram að í ríkisstjórninni mætti sú tillaga að hækka virðisaukaskattinn mikilli andstöðu og var í rauninni hafnað. Ég er svo sem ekki hissa á því. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er virðisaukaskattur mjög hár hér. Samt sem áður verður að horfa á hann í tengslum við aðra skattlagningu hér á landi. Þeir lögðu jafnframt til að matvara sem enn væri í efra þrepi virðisaukaskattsins eins og sælgæti, gos og kex yrði lækkuð niður í neðra þrepið en þrepið jafnframt hækkað um 1%, úr 14 upp í 15%. Þetta er umdeilanlegt og á fundi sem efh.- og viðskn. var boðuð til af hálfu Samtaka iðnaðarins voru þeir m.a. að rökstyðja þessar tillögur sínar og fannst ekki öllum mjög sannfærandi þegar þeir voru að rekja samkeppnistöðu sælgætis og goss andspænis mjólk en nýjustu rannsóknir virðast leiða í ljós æ meiri hollustu mjólkur. Meðal annars er nýbúið að benda á að hugsanlega dragi neysla mjólkur úr brjóstakrabbameini. Þetta er afar athyglisvert og kemur inn á neyslupólitík ríkisins, manneldisstefnu og fleira slíkt. En iðnrekendur líta á það sem röskun á samkeppnisstöðu hvernig búið er að landbúnaðarvörum hér.

Niðurstaðan varð sem sagt sú að hér er farin þessi leið að innheimta magngjöld, þ.e. tiltekna fjárhæð fyrir hvert kg eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru og hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru. Í greinargerð frv. er farið yfir þær leiðir sem stóðu til boða og því lýst hvers vegna niðurstaðan varð að fara þessa leið.

Ég get tekið undir það með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að þetta er umdeilanlegt og hv. efh.- og viðskn. þarf að skoða mjög rækilega hvort aðrar leiðir séu færar eða hvað þetta þýðir, hvaða afleiðingar þessi leið hefur og hvernig muni ganga að framkvæma þessa gjaldtöku. Það er ekki gott að átta sig á því.

Það kemur fram í frv. að þessi leið mun valda því að nokkrar vörutegundir lækka í verði og það er góðra gjalda vert. Það má auðvitað spyrja sig að því hvort sú lækkun leiði til aukinnar neyslu og þar með til meiri tekna sem að einhverju leyti komi þá á móti þessu tekjutapi þannig að það verði ekki eins mikið og reiknað er með. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. hvort menn reikni inn í þessa tölu aukna neyslu. Það hefur oft verið bent á að það sé miklu nær að reyna að lækka tolla, lækka verðlag og ná inn auknum tekjum með aukinni sölu.

Að lokum vil ég koma að því atriði sem er til umræðu á eftir sem er endurgreiðslan á virðisaukaskatti af byggingarvinnu. Það kemur fram í mótmælum atvinnulífsins að þeir horfa á þetta mjög gagnrýnum augum og þetta er auðvitað mjög umdeilanlegt mál og umdeilanleg aðferð að... (**Gripið**

fram í: Þau eru, bæði málin, í umræðu núna.) Nú, var mælt fyrir báðum? Það fór algerlega fram hjá mér. Það er þá eins gott að ræða þetta, ég þakka þm. ábendinguna. Ég brá mér frá þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir málinu. (**Fjmrh.:** Það skýrir ýmislegt.) Það skýrir ekki mjög margt, ekki nema það að mér var ekki ljóst að málin væru bæði til umræðu. Það breytir engu en ég vil setja mjög stórt spurningarmerki við þessa aðferð. Við vitum öll að það er mikið um skattsvik í byggingariðnaði og ekki síst því sem snýr að viðgerðum á heimilum og ýmsu slíku. Ég hygg að sú leið sem hér er farin muni einmitt valda því að skattsvik og svört starfsemi aukist eins og bent hefur verið á. Ég held að þetta sé mjög umdeilanleg leið sem hæstv. fjmrh. er að leggja til og að hér sé verið að ýta undir svarta atvinnustarfsemi sem auðvitað er of mikil þótt erfitt sé að áætla hversu mikil hún er.

Það hefur verið bent á að þetta muni valda hækkun á byggingarvísitölu og í viðtali í Morgunblaðinu segir Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri að þetta muni líklega leiða til 3–3,5% hækkunar á byggingarvísitölu. Við vitum hvaða áhrif það hefur á allt okkar kerfi þannig að þetta er mál sem þarf að skoða mjög rækilega, þ.e. annars vegar tryggingagjaldið og hins vegar þessa breytingu á virðisaukaskattinum. Ég vil sem sagt gagnrýna það mjög að þessi leið sé farin en auðvitað er mér ljóst að á einhvern hátt verður ríkið að ná þessum tekjum inn þótt kannski megi benda á að ríkisstjórnin hefur hrósað sér mjög af efnahagsbata og allt sé á réttri leið þannig að þetta jafnar sig kannski upp að einhverju leyti. Aðalatriðið er að við aðgerðir og breytingar eins og þessar verða menn að átta sig á afleiðingunum, hvað þær hafa í för með sér og hvað þær þýða. Það er verr af stað farið en heima setið ef þær breytingar og þær leiðir sem ríkisstjórnin er að fara til tekjuöflunar valda því að skattsvik og svarti markaðurinn vex og að það sé verið að leggja álögur á atvinnulífið án þess að tekið sé tillit til stöðu þess. Það er skattlagning sem er ekki af hinu góða. Væri þá ekki nær að hækka aftur tekjuskattinn á atvinnulífið um eins og 1% eða hvað sem þyrfti til þess að ná þessari tölu? Ég væri frekar til í að fara þá leið, þar er þó tekið tillit til stöðu fyrirtækjanna.

[18:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun taka þátt í umræðum síðar, en ég tel ástæðu til þess að koma að tveimur atriðum sem hv. þm. nefndi. Í fyrsta lagi liggur það í augum uppi að lækkun vörunnar og meiri neysla af þeim sökum breytir engu um tekjur ríkissjóðs einfaldlega vegna þess að samtals breytist kaupmátturinn ekki, þ.e. kaupmáttur ráðstöfunartekna þegar allt er samanlagt. Það er jafnmikið tekið út og kemur inn í hagkerfið. Dæmið er gert upp á núlli þannig að það á ekki að breyta neinu.

Í öðru lagi man ég að sjálfsögðu vel eftir því þegar við vorum að ræða í aðdraganda EES-samningsins um tolla og vörugjöld. Og ég kannast vel við það að fjmrn. og þar á meðal sá sem hér stendur, sagði: Það stenst EES-samninginn að breyta tollum í vörugjöld. Um það snerist málið þá. Það voru stórkaupmenn sem sögðu: Það stenst ekki. Það er bannað að leggja á tolla eða ígildi tolla. En fjmrn. svaraði því til að tollar væru aflagðir, vörugjöld upp tekin og það er grundvallaratriði í vörugjöldum að ekki sé gerður munur á innflutningi og innlendri framleiðslu. Þetta var svarið. Þetta svar stendur enn. Það sem síðar hefur komið í ljós og er athugasemd ESA nú, er að það er ekki heimilt að nota áætlaða álagningu á innflutning eða heildsöluálagningu á innflutning og það er ekki heimilt að nota mismunandi reglur við greiðslufrest. Það er það sem þeir eru að kæra en ekki hitt sem var til umræðu í upphafi um það hvort mætti breyta tollum í vörugjöld.

Þetta vildi ég láta koma fram á þessu stigi málsins.

[18:47]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Annað það frv. sem er til umræðu, þ.e. þskj. 776, er lagt fram til að hægt sé að vinna upp tekjutap sem verður vegna breytinga á vörugjöldum sem til eru komnar vegna úrskurðar frá Eftirlitsstofnun EFTA eins og hér hefur komið fram. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram í umræðum hjá hæstv. fjmrh. og öðrum hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls að á þessu máli þarf að taka áður en það kemur til dóms því að það er aldrei að vita hvert sá dómur getur leitt okkur. En ég verð þó að lýsa efasemdum mínum varðandi þá tekjuöflunarleið sem hér er lýst. Ég tel að þetta verði til að hækka byggingarkostnað og nógu erfitt er að komast í eigin húsnæði eins og er.

Því hefur verið lýst af hagfræðiprófessorum m.a. að vísitalan muni hækka við þetta um 3,5% og við vitum öll hvaða afleiðingar það hefur fyrir afkomu almenns launafólks. Þar að auki kemur þessi breyting t.d. til að íþyngja ungu fólki sem vill gera upp gömul hús. Hún mun og íþyngja fólki sem þarf að kaupa viðhald á íbúðarhúsnæði og þannig taka út þann hvata sem þarf að vera á viðhaldi eldra íbúðarhúsnæðis. Og það sem kannski er verst er að ég tel miklar líkur á að þessi breyting leiði til aukningar á svartri atvinnustarfsemi sem er þó ærið vandamál fyrir.

Hæstv. forseti. Ég tel að til að mæta þeirri lækkun á vörugjaldi sem hér er um rætt, eigi frekar að t.d. hækka almenna skatta eða taka þetta fjármagn með öðrum ásættanlegum hætti, svo sem t.d. sparnaði í vegagerð eins og hv. þm. Ágúst Einarsson benti á. En ég er algerlega á móti því að gera það eins og hér er lýst sem býður að mínu mati heim hækkun byggingarkostnaðar og aukinni svartri atvinnustarfsemi.

[18:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki setið á mér af hreinni illkvittni að benda á að fyrr í umræðum í dag vorum við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að ræða saman um vörugjald á olíu. Þá fór sá hinn sami þingmaður sem er flokksbróðir hv. ræðumanns, hörðum orðum um þær ríkisstjórnir sem hafa dregið úr framkvæmdum til vegagerðar. Mér finnst það því hvorki hljóma sannfærandi né að það sé samhljómur í röddum þeirra hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur og Hjörleifs Guttormssonar á þessari dagstund sem við höfum rætt saman um ýmis mál.

[18:51]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. fjmrh. Þó að við Hjörleifur Guttormsson séum saman í Alþb., þá erum við ekki saman í sértrúarsöfnuði og höfum fullt leyfi til þess bæði að hafa mismunandi skoðun á því hvernig fjármagni er veitt til mála eins og vegagerðar. (**Fjmrh.:** Þetta er setning pretsins.) (**Samgrh.:** Æðstiprestur safnaðarins.)

[18:51]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að heyra skoðanaskipti þessara ungu samstúdenta núna fyrir nokkrum mínút-

um um framlög til vegamála. Ég ætla ekki að blanda mér í það og ekki að bæta miklu við þá umræðu sem hér hefur farið fram. En mér finnst að það sé búið að halda því til haga sem mestu máli skiptir og ekki miklu við það að bæta.

Ég ætla að reyna að draga saman í nokkrum atriðum sem mér finnst standa upp úr þessari umræðu eftir að hafa lesið þau skjöl í gegn sem eru á borðum okkar í tilefni af þessu máli. Í fyrsta lag spyr ég: Hvað liggur á? Það er ljóst að hér er um að ræða yfirvofandi kærumál eða kærumál í gangi. Það er gert ráð fyrir því að breytingarnar taki gildi 1. júlí nk. samkvæmt frumvörpunum báðum, held ég. Og það er í sjálfu sér mjög umhugsunarvert hvort það er nokkur glóra í því að reyna að breyta reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts á byggingarstað á miðju framkvæmdaári eins og mundi gerast með þessum hætti. Ég dreg það því mjög í efa að það sé glóra að reyna þetta af tæknilegum ástæðum. Burt séð frá öllu öðru varðandi það mál, tel ég að ef menn ætla að gera þetta á annað borð, þá eigi kerfisbreytingin frekar að verða á ládeyðutíma en á háframkvæmdatíma eins og yrði með þessum hætti. Langflestir mundu verða með tvenns konar uppgjör á virðisaukaskatti af byggingarframkvæmdum eða viðhaldi íbúðarhúsnæðis vegna þess að framkvæmdatíminn hjá fólki er yfirleitt að sumrinu. Þeir sem eru t.d. að gera við gömul hús nota oft sumarið í það.

Þess vegna segi ég, hæstv. forseti, að ég skil ekki alveg af hverju þessi kerfisbreyting að því er vörugjaldið varðar og að því er tekjuöflunina þar á móti varðar taki ósköp einfaldlega ekki gildi um áramót. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. af hverju menn hafi ekki hugleitt það að þetta taki gildi á öðrum tíma, t.d. um áramót. Ég segi líka af því tilefni af því að mér finnst að fjmrn. hefði, ef það vill endilega að þetta taki gildi 1. júlí, átt að koma hingað fyrr með þetta mál. Satt að segja er það alveg ótrúlegt verkleysi sem virðist vera ríkjandi í fjmrn. þegar kemur að því að koma málum fyrir þingið. Þannig er að það er aldrei komið með mál fyrr en allt er komið í hnút. Og t.d. mál eins og þetta. Það hefur legið fyrir í marga mánuði að það þyrfti að taka á þessu máli. Ég tel alveg ótrúlegt hvað menn hafa verið lengi að gera upp hug sinn í þessum efnum, enda má segja að vinnubrögðin sem fjmrn. viðhafði í málinu hafi ekki stofnað til fljótlegrar niðurstöðu að ekki sé meira sagt. Þá er ég að hugsa um skipun nefndarinnar og ég mun koma að því síðar.

Í öðru lagi liggur það fyrir og hafa verið færðar afgerandi sönnur á það í umræðunum að aðferðin sem hér á að nota að því er varðar tekjuöflun á móti, eykur skattsvik. Þar með er hæstv. núv. fjmrh. að gera að engu það átak sem hann hefur í orði kveðnu viljað efna til og efnt til m.a. með því að efla skatteftirlitið. Við sem höfum verið í stjórnarandstöðu á undanförnum árum höfum stutt fjmrh. í þeim efnum og hælt honum fyrir að hafa tekið aðeins á þessum skattsvikavandamálum. En hann er að gera lítið úr því verki með því að fara þessa leið sem þýðir aukin skattsvik eins og fram kemur m.a. í ályktun bæði frá Samtökum iðnaðarins og líka frá Vinnuveitendasambandi Íslands sem menn hafa vitnað til í umræðunum í dag.

Í þriðja lagi er það ljóst eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir benti á áðan að þessi leið hækkar verð á íbúðarhúsnæði, það verður dýrara. 10 millj. kr. íbúð mun kosta 350 þús. kr. meira en áður eftir þessa hækkun. Það er kannski rétt að í verðlaginu, í þjóðfélaginu að jafnaði, þá geta hlutirnir legið þannig að hvað vegi annað upp. En þegar kemur að íbúðarhúsnæðinu sem er vissulega frumþörf, þá er augljóst mál að hér er um að ræða hækkun á þeim kostnaði. Það má segja að Sjálfstfl. gerir það ekki endasleppt þegar kemur að því að brjóta niður svokallaða eiginhúsnæðisstefnu sem hann var montnastur af fyrir nokkrum áratugum en er að engu orðin vegna þess að ungt fólk með venjulegar launatekjur getur ekki eignast íbúðir og það er verið að bæta gráu ofan á svart með þessum aðförum sem hér eru uppi.

Í fjórða lagi er ljóst að þessi aðferð við virðisaukaskattsmálin mun draga úr viðhaldi á eldra húsnæði og það er mjög slæmt mál. Það er þjóðhagslega mjög slæmt. Á næstsíðasta þingi flutti þáv. hæstv. iðnrh. svar við fyrirspurn frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich þar sem bent var á að í viðhaldi húsnæðis lægju veruleg atvinnutækifæri hér á landi og staðan væri auk þess þannig að íbúðarhúsnæði á Íslandi og húsnæði á Íslandi yfirleitt liggur undir skemmdum vegna þess að menn vanrækja að sinna eðlilegum viðgerðum. Hér er enn ýtt undir þetta trassakerfi sem við Íslendingar höfum komið okkur upp að því er varðar gamalt húsnæði og ég tel að það sé ein veigamikil ástæða til þess að vera andvígur þeirri uppsetningu mála sem hér er á blaði.

Í fimmta lagi hefur verið bent á það í þessum umræðum sem er örugglega rétt og vitnað líka til ályktana frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Samtökum iðnaðarins að þessi aðferð mun draga úr atvinnu. Hún mun fækka fólki sem hefur vinnu og það er síst þörf á því um þessar mundir að fækka fólki sem hefur vinnu.

Í sjötta lagi hefur verið bent á það að með þeim aðferðum sem hér eru uppi og ríkisstjórnin boðar að haldi áfram um næstu áramót, er gert ráð fyrir því að hækka enn þá tryggingagjaldið. Ég held að menn séu á dálítið varasömum brautum með þetta tryggingagjald. Ég man ekki betur en ég hafi tekið þátt í að koma því á á sínum tíma í einhverri bestu ríkisstjórn sem sögur fara af í þessu landi og er þá langt til jafnað. En það er eins og við manninn mælt að þegar mönnum dettur eitthvað í hug í sambandi við einföldun á skattkerfi, eins og tryggingagjaldið í sjálfu sér var, þá ganga þeir eiginlega aldrei frá fjárlagafrv., sérstaklega undir forustu núv. hæstv. fjmrh., án þess að hækka tryggingagjaldið. Það er orðinn fastur kækur hjá þessum hæstv. fjmrh. að hann má ekki sjá fjárlagafrv. án þess að skella sér um leið í það að hækka tryggingagjaldið. Hann er svo ótrúlega hugmyndalaus þegar kemur að því að leggja á skatta að hann fær einhver alveg sérstök köst þegar kemur að þessu tryggingagjaldi. Og nú á að hækka það um næstu áramót og það þýðir að það er meiri skattur á atvinnureksturinn í landinu. Ég held að það sé mál sem menn eigi að horfa til alvarlega eins og bent hefur verið á af talsmönnum stjórnarandstöðunnar á undan mér.

Í sjöunda lagi verð ég að segja alveg eins og er að þar hittir hæstv. núv. fjmrh. sig fyrir í öfugmælavísunum þegar hann er alltaf að tala um að einfalda. Hann er að vísu ekki eins harður í því og einn viss forveri hans sem var alltaf að tala um að einfalda og skilvirkni og ég veit ekki hvað. Það voru einhver þrjú orð sem hann hafði alltaf um skattkerfið. En það mistókst yfirleitt hjá honum. Þetta varð yfirleitt flóknara þegar hann var að gera það upp og sá maður stendur hér í dyrum ekki fjarri.

Núv. hæstv. fjmrh. tekur forvera sínum fram í þessu efni. Þegar hann fer að einfalda, þá er með leyfi forseta, fjandinn laus. Þegar núv. hæstv. fjmrh. fer að einfalda, flækist allt. Og hver er niðurstaðan hér? Hún er alveg ótrúleg. Hún er þannig að í staðinn fyrir sjö gjaldflokka í vörugjaldi eru teknir upp fjórir flokkar verðgjalda, 13 flokkar magngjalda og

17 gjaldflokkar í vörugjaldi. Þetta er alveg ótrúlegur árangur í einföldun. Ég held að þó að hæstv. núv. fjmrh. sé meistari í því að flækja alla hluti, þá hafi honum aldrei tekist betur en í þetta skipti. Það hefur auk þess verið sýnt fram á þetta í þessum umræðum.

Í áttunda lagi, hæstv. forseti, er það þannig að sú skattlagningarleið sem hér er farin og breytingarleið á skattkerfinu, vörugjaldskerfinu, er mjög skrýtin og tilviljunarkennd því að maður horfir upp á það að vörur eins og t.d. pípur og kveikjarar lækka um 20%. Það eru að minnsta kosti engin heilbrigðisrök fyrir því. Ég skil ekki alveg af hverju í ósköpunum menn þurfa endilega að lenda í svona pyttum, af hverju menn reyna ekki að horfa á þessa hluti í heildarsamhengi og skynsamlegu samhengi við málin.

Í níunda og síðasta lagi, herra forseti, er svo það að aðdragandi þessa máls af hálfu hæstv. fjmrh. er alveg ótrúlegur. Hann skipar nefnd. Hverjir eru í nefndinni? Það eru embættismenn úr ráðuneytinu eins og vera ber og það eru menn frá samtökum atvinnulífsins, atvinnurekendur í þessu máli. Þeir eru í nefndinni. Þeir setja saman álit og skila því í febrúar. Auðvitað kemur það svo á daginn að þó að þeir búi til eitthvert álit, þá er ekki orð að marka það úti í þjóðfélaginu vegna þess að þeir ráða sem betur fer ekki öllu. Þetta álit sem kemur frá þessum aðilum, m.a. vinum mínum í Samtökum iðnaðarins og fleirum, mætir náttúrlega mótbyr mjög víða, ekki bara í stjórnarflokkunum þar sem mér skilst að það hafi mætt verulegum mótbyr, heldur mætir það líka mótbyr að mér skilst hjá alþýðusamtökunum, en það hefur með einhverjum hætti borið þar á góma. Niðurstaðan verður svo sú að öll nefndarvinnan er tímasóun af því að hæstv. fjmrh. kallaði ekki til þá aðila sem helst eiga að véla um mál af þessu tagi. Þetta er eins og venjulega með núv. hæstv. ríkisstjórn að þegar kemur að svona málum, þá gleymir hún þeim sem helst ætti að kalla til, þ.e. þeim sem búa við þjónustuna, verðlagið og vörurnar í landinu og þurfa að hafa atvinnu. Þess vegna má segja, að hæstv. fjmrh. hitti sjálfan sig fyrir þegar sá veruleiki blasir við að það er engan veginn víst að þetta mál geti orðið að lögum á þessu þingi. Það er engan veginn víst. Eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti á, eru svo margir hlutir í frv. sem þarf að skoða að það er útilokað að samþykkja þessi mál nákvæmlega eins og þau eru. Þau þarfnast ítarlegrar skoðunar. Fyrir hv. efh.- og viðskn. liggja milli 10 og 20 mál og ríkisstjórnin virðist leggja í dag jafnmikla áherslu á þau öll og það er bersýnilegt að það verður mjög erfitt fyrir hv. efh.- og viðskn. að koma þeim öllum áfram og jafnvel þessu máli þó að sérstaklega sé rekið á eftir því. Þess vegna tel ég ástæðu til að ítreka það að lokum hæstv. forseti, að mér finnst að fjmrh. hafi ekki unnið vinnuna sína við að undirbúa mál og við að leggja það fram hérna í tæka tíð. Hæstv. fjmrh. hefði betur reynt að koma þessu máli inn fyrr með því að beita starfsliði sínu í þá átt frekar en vera með þetta á allra síðustu stundu þegar allir hlutir eru að verða allt of seinir í þessari virðulegu stofnun.

[19:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þann skilning sem hv. þm. hafa sýnt á því að nauðsynlegt er að afgreiða þetta mál á yfirstandandi þingi ef nokkur kostur er. Eins heyri ég á hv. þm. að þeir skilja að það hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að finna þær tillögur sem mest samstaða er um í málinu.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurði: Af hverju var ekki farið eftir tillögu nefndarinnar? Ég held að það sé nauðsynlegt að menn hafi það á hreinu hvernig málið þróaðist. Hinn 10. júlí er skipuð nefnd. Þessi nefnd starfar og ég veit að hún safnaði upplýsingum. Það voru reyndar hinar og þessar mögulegar og ómögulegar tillögur hjá nefndarmönnum. Loksins 10. febrúar skilaði hún niðurstöðum. Þær niðurstöður snerust ekki um deilumálið við ESA, heldur var þar tekið á miklu fleiri og stærri þáttum. Þeir sem hafa kynnt sér niðurstöðuna sjá að þar var verið að tala um milljarða sveiflur í fjármagni.

Þegar þessi skýrsla lá fyrir, ræddi ég við fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Í þeim viðtölum kom í ljós að Alþýðusambandið sætti sig ekki við niðurstöðu nefndarinnar. Þeir báru fyrir sig að ef neðra þrepið í virðisaukaskattinum yrði hækkað úr 14 í 15%, teldu þeir það svik á samningum. Ég mótmælti því. Ég tel þetta ekki vera svik á samningum en taldi að það væri ekki þess virði að keyra málið í gegn, ekki síst vegna þess að hækkunin á neðra þrepinu var ekki nauðsynleg vegna ESA-málsins. Í framhaldi af því var málið rætt og menn höfðu skilning á því að það væri óæskilegt að fara gegn hugmyndum Alþýðusambandsins. Fulltrúar Vinnuveitendasambandsins, iðnrekenda ... (**Gripið fram í:** Það var í þessu máli, ekki í öðrum málum.) Í þessu máli sérstaklega. Nei, nei, þetta er ekki algild yfirlýsing. Það stóð þannig á því eins og ég var að segja að í raun og veru var verið að reyna að ná utan um fleiri þætti en þá sem ESA-málið snerist um. Þess vegna eru kannski ekki rök fyrir því á þessari stundu að gera svo veigamiklar breytingar á skattamálunum. Það yrði að bíða betri tíma.

Í framhaldi af þessu ræddu aðilar vinnumarkaðarins sem svo eru kallaðir og fulltrúar ráðuneytisins óformlega saman og eftir nokkurt þóf fæddist hugmynd sem menn töldu að þeir gætu látið yfir sig ganga, þ.e. að fara þá leið sem hér er farið að öðru leyti en því að fjármagna lækkunina á vörugjöldunum með því að hækka efra þrepið um hálft stig, en það gefur tæplega 800 millj. Á þeirri stundu var þessum aðilum ljóst að ekki var ljóst hvort ríkisstjórnin mundi samþykkja þessa niðurstöðu, enda heyri ég að ef svo hefði orðið, þá hefði það hlotið gífurlega gagnrýni hérna af hálfu hv. stjórnarandstæðinga eins og fram hefur komið í þeirra máli. Það var ekki neinn stuðningur við þetta af hálfu Alþýðusambandsins en skilningur á því að einhvern veginn þyrfti að leysa málið.

Niðurstaðan varð því sú að leita enn á ný eftir nýrri tillögu um fjármögnun. Þá var farið í það að taka á endurgreiðslu á virðisaukaskattinum. Nú ræða menn um það eins og það sé einhver ný tillaga sem ríkisstjórninni hafi dottið í hug og hafi ekki verið á borðunum áður. Ég vil taka það sérstaklega fram að í tillögum nefndarinnar sem iðnrekendur skrifuðu undir er gert ráð fyrir því að ekki einungis 40% endurgreiðslunnar falli niður heldur að öll endurgreiðslan falli niður. (**KÁ:** Hóta að koma með aðrar aðgerðir.) Nei, það er misskilningur sem þeir hafa verið að segja og geta ekki staðið við að það kemur lauslega fram í textanum að þeir vilji að það sé tekið á þessum vanda um frádrátt vegna byggingarframkvæmda, í tekjuskattinum. En það er hvergi gert ráð fyrir því að það eigi að bæta ríkissjóði það upp. Ég vek aðeins athygli á því að það var ekki verið að búa til nýjar tillögur, heldur var efniviðurinn sóttur í tillögu iðnrekenda og stórkaupmanna ásamt tillögum fulltrúa ráðuneytisins. (**SvG:** Hann er jafnvitlaus fyrir það.) Það má vel vera. En ég heyri að hv. þm. Svavar Gestsson, sem er sérstakur talsmaður Vinnuveitendasambandsins við þessa umræðu, hefur þó haldið þessum rökum fram.

Ég er að lýsa sögunni m.a. vegna þess að það sem Félag ísl. iðnrekenda kallar víðtækt samkomulag er ekki nefndarniðurstaðan, heldur þær viðræður sem fóru fram í framhaldi af 10. febrúar og þar til í byrjun marsmánaðar.

Hv. þm. Ágúst Einarsson gagnrýndi magngjöldin réttilega út frá því sjónarmiði að það er hætta á því að innkaup verslana t.d. verði óhagstæðari. Þá spyrja menn: Var ríkisstjórnin að gera tillögu um þetta? Þetta eru návæmlega sömu tillögurnar og lágu fyrir bæði í því sem iðnrekendur kalla víðtækt samkomulag og einnig í upphaflegu tillögunum. Þar er meira að segja enn þá meiri áhersla lögð á magngjöldin og hefði riðlað verðhlutföllunum meira en gert er ráð fyrir í þessum tillögum. Þetta er því ekki eitthvað sem ríkisstjórnin fann upp. Þetta kemur úr tillögum hópsins og var hluti af þessu víðtæka samkomulagi sem íslenskir iðnrekendur eru sífellt að benda á.

Þá talaði hv. þm. um tekjuöflunina, um virðisaukaskattinn á byggingarstað og benti á að iðnrekendur hefðu reiknað það út að þetta hefði 3–3,5% áhrif á vísitöluna. Ég hef ekki reiknað þetta út og hv. þm. hafði ekki reiknað þetta út — en það kom fram að einhver hafði misskilið þetta — heldur eru þetta útreikningar Félags iðnrekenda. Það er Sveinn Hannesson sem hefur haldið þessu fram. Ég ætla ekki að rengja þessa útreikninga. Ég hef ekki prófað þá.

Þá verða menn að hafa það í huga að ýmislegt lækkar á móti, ekki samsvarandi og ekki í fyrri áfanganum eins mikið og í þeim seinni. En ég minni á að málning, lagnaefni, einangrun og fleira lækkar (**SvG:** Kveikjarar.) upp í þennan byggingarkostnað Nei, við notum ekki kveikjara til þess að byggja. En af því að ég veit að hv. þm. er gamall niðurrifsmaður úr Neskaupstað, hann vann við að rífa hús þar, þá get ég vel fallst á að það er hugsanlegt að nota kveikjara við þá iðju (**SvG:** Þú segir það.) en ekki við uppbyggingarstarfsemina. Og þar að auki munu húsbyggjendur eins og aðrir njóta lækkunarinnar. En það er rétt sem fólst í spurningu hv. þm. að þetta eru ekki nákvæmlega sömu aðilarnir. Það jafnast enn meira þegar að síðari hlutanum kemur því að þá verður hann fjármagnaður með tryggingagjöldum sem ekki bitna á húseigendum að sama skapi því að samkeppnisiðnaðurinn er í neðra þrepinu en hinn iðnaðurinn ekki.

Loks ræddi hv. þm. um eftirlitið og minntist á Vatnsberamálið í því sambandi. Þetta mál snýr einmitt öfugt við Vatnsberamálið. Vandinn í Vatnsberamálinu er vandi virðisaukaskattsins, svona barnasjúkdómur virðisaukaskattsins að menn svindla með því að fá greiddan út innskattinn. Hér er ekkert um slíkt að ræða þannig að ef menn fara í svarta atvinnustarfsemi og gefa ekki upp virðisaukaskattinn, þá fá menn engar endurgreiðslur því að það sést enginn virðisaukaskattur. Málið horfir því akkúrat öfugt við. Hættan í þessu máli er sú sem hefur komið fram að menn ráða sig til vinnu og gefa ekki upp vinnuna og svindla síðan á tekjuskattinum. Það er stóra vandamálið í sambandi við skattsvikin. Og þá verða menn að meta hvort þessi 60% afsláttur dugi til þess að menn vilji gefa upp vinnuna vegna þess að þá eiga húsbyggjendur tækifæri á því að geta fengið þetta endurgreitt. Um það snýst þetta mál.

Þá spurði hv. þm. um síðari áfangann og tryggingagjaldið. Í því sambandi vil ég segja að ríkisstjórnin hefur samþykkt að undirbúa málið. Í því felst eins og ég skil þetta að við eigum að undirbúa það að samræma tryggingagjald allra atvinnugreina. Eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson minntist á hefur það verið reynt áður. Reyndar var það í upphaflega frv. en var strikað út af þinginu á sínum tíma í upphafi árs 1990 þegar þetta mál var til umræðu og öllum þessum gjöldum var steypt inn í tryggingagjaldið. Ég held að það hafi verið þá frekar en fjórum árum áður. Þetta þýðir miðað við ástandið eins og það er í dag að tryggingagjaldið yrði þegar breytingin hefur átt sér stað 5,5%, þ.e. efri flokkurinn myndi lækka og sá neðri myndi hækka. Við reiknum með að þetta taki talsverðan tíma og það þurfi aðlögunartíma. Þetta getur þurft nokkur ár. Ég geri mér ljósa grein fyrir því að þetta verður erfitt t.d. í sjávarútveginum og landbúnaðinum. Í landbúnaðinum myndi þetta koma út í vöruverðinu, sjávarútvegurinn yrði væntanlega að bera þetta sjálfur ef ekki kæmi til gengisbreytingar. En ég minni á að þetta er kannski leið sem a.m.k. þeir sem eru hrifnir af veiðileyfagjaldi gætu stutt því þarna mundu a.m.k. jafnast skatturinn á atvinnugreinar en það er úrelt að mínu viti og flestra þeirra sem hér hafa talað að gera mun á skatthlutföllum eftir atvinnugreinum. Þetta mál þarf auðvitað að skoða ofan í kjölinn en þetta er hugmyndin og ef við þurfum að sækja 350 millj. þegar sameiningin á sér stað þýðir það 0,2% hækkun þannig að virðisaukaskatturinn væri líklega 5,7. Þetta eru lauslegir útreikningar mínir á þessu.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ræddi nokkuð þessi sömu efni og reyndar gerðu flestir hv. þm. það aðrir en hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir að gerast talsmenn Félags iðnrekenda og Vinnuveitendasambandsins. (**Gripið fram í:** Er það eitthvað verra?) Nei, það er ekki verra nema síður sé og batnandi mönnum er best að lifa í þeim efnum. Þá er sagt að það sé verið að ýta undir skattsvikin með því að fara þessa leið. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði það líka. En ég minni á að ef við hefðum hækkað virðisaukaskattinn eins og niðurstöður bentu til áður þá er það líka til þess að auka skattsvikin. Það liggur fyrir í öllum niðurstöðum skattsvikanefnda að hærri hlutföll í skattinum leiða til meiri skattsvika. Menn verða því að sjá frammi fyrir hvaða vali ríkisstjórnin stóð.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ræddi síðan um alþjóðlega þróun í sköttun. Ég hafði svarað því í minni upphafsræðu mjög rækilega að íslenska skattkerfið lítur öðruvísi út en skattkerfi nágrannalandanna og það er þess vegna beinlínis rangt að halda því fram að við séum að fara einhverja öfuga leið. Ef hægt er að halda einhverju fram þá erum við að fara þá leið að samræma íslenska skattkerfið skattkerfi nágranna-, viðskipta- og samkeppnislandanna þegar við förum þá leið sem lögð er til í frv. og þá leið sem fyrirhuguð er í seinni áfanga málsins.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi síðan um gildistökuna. Ég hygg að það sé vísara að láta gildistökuna verða fyrr ekki síst vegna þeirrar gagnrýni sem kemur úr röðum ESA. Ég býst við því að í þessu efni sé eðlilegast að láta gildistökuna koma inn á miðju ári og ég held að það sé ekki vandamál vegna skattheimtunnar.

Ég minni á aftur sem ég hef reyndar sagt tvívegis í málflutningi mínum að hækkun tryggingagjaldsins er ekki neitt sem þarf að hafa áhyggjur af ef við berum saman íslenska skattkerfið og það erlenda. Loks vil ég mótmæla því sem kom fram hjá hv. þm. að það sé verið að gera þetta kerfi miklu flóknara en það er í dag. Það er hlægilegt að bera það á borð eins og iðnrekendur gera að magngjöldin sem eru krónur séu einhverjir gjaldflokkar. Vitanlega er mjög auðvelt þegar um sams konar vöru er að ræða að reikna það út að þegar sama krónutala er í hverjum gjaldflokki fyrir sig. Það er auðvitað út í bláinn að tala um 17 flokka. Það er verið að fækka flokk-

unum en það er rétt að það er mismunandi krónutala eftir ákveðnum vörutegundum og það á ekki að flækjast mjög mikið fyrir a.m.k. vönum „forretningsmönnum" eins og ég veit að iðnrekendur og fulltrúar í Vinnuveitendasambandinu eru.

Virðulegi forseti. Loks um pípur og kveikjara. Eina ástæðan fyrir því að það er verið að láta slíkt og filmur hverfa út úr þessu er að þessi varningur hefur átt undir högg að sækja hér og er mikið keyptur til að mynda fríhöfnum. Mönnum þótti eðlilegast að hverfa frá vörugjöldum á vörum sem kannski seljast minna hér á landi en annars staðar. (**KÁ:** Hætta að reykja pípu.) Já.

[19:21]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. reyndi að svara nokkrum af þeim spurningum sem var beint til hans en ég vil vekja athygli á þremur atriðum. Það liggur fyrir álit um að byggingarvísitala gæti hækkað um 3-3,5%. Ég vek athygli á því að sé þetta rétt, og er þá fyrsta verk nefndarinnar að gera á þessu ítarlega könnun, hefur það geysivíðtækar afleiðingar í okkar hagkerfi. Miklu meira en hér er hægt að lýsa í stuttu máli. Þetta er ein af meginröksemdunum fyrir vondri aðferðafræði við þetta frv.

Annað er að lækka endurgreiðsluna niður í 60%. Það er ekki bara að það muni hvetja menn til að taka upp nótulaus viðskipti. Það mun líka hvetja menn til að hækka upp reikninga til að fá meiri endurgreiðslu, öll „trikkin" eru til. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að á meðan talið er að 11–14 milljarðar tapist vegna skattsvika er alveg út í hött að búa til fleiri holur í það kerfi eins og hér er gert ráð fyrir.

Í þriðja lagi eru það magngjöldin. Hæstv. ráðherra tók undir það þegar ég benti á galla þess að hækka magngjöld. Það stuðlar einfaldlega að hækkuðu vöruverði í landinu. Allt þetta kemur niður á launafólki. Vöruverð hækkar, það er gengið að þessu fólki varðandi húsnæðismálin með lækkun á endurgreiðslu og því er íþyngt með því að hækka byggingarvísitölu sem hefur áhrif á lánskjör og lánveitingar. Þetta er fráleit aðferðafræði og það þýðir ekki, hæstv. fjmrh., að skjóta sér á bak við tillögu nefndarinnar. Þetta er stjfrv. sem hann ber fulla ábyrgð á. Mér er alveg sama hvaða starfshópur leggur til einhverja vitleysu. Það er ekkert réttara fyrir það, alveg sama hvort að því koma menn úr Vinnuveitendasambandinu, iðnaðinum eða launþegasamtökunum. Það verður ekkert réttara í mínum huga fyrir það. Hér er slæm aðferðafræði á ferðinni.

Ég vil að lokum benda á, eins og ég gerði fyrr í dag, herra forseti, að þessi umræða er satt best að segja til skammar. Við erum að ræða háflókið mál og það er enginn viðstaddur nema hæstv. fjmrh. Það er enginn úr efh.- og viðskn., aðeins þrír stjórnarandstæðingar sem eru vel inni í málinu. Formaður hv. nefndarinnar hefur ekki sést hér í þinginu í allan vetur. Þessi vinnubrögð ganga ekki. Ég er seinþreyttur til vandræða varðandi svona mál en nú er mér nóg boðið. Ég tók vel í það að reyna að afgreiða þetta mál því ég sé álitshnekki blasa við okkur en þegar virðingarleysið er með þessum hætti er ekki nokkur ástæða til að reyna að greiða götu þessa máls eða annarra fyrir hæstv. ríkisstjórn.

[19:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir að hafa greitt fyrir þessu máli í dag í umræðunum. Það hefur hjálpað til við að skýra það og ég er honum þakklátur fyrir að taka þátt í umræðunum með þeim hætti sem hann gerir og benda á ýmis atriði. Hann ræðir um hækkun á byggingarvísitölu og segir að hún hafi víðtækar afleiðingar. Má ég minna hann og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson á að í tíð okkar, þegar við vorum saman í ríkisstjórn, kom fram tillaga um að falla algjörlega frá þessum endurgreiðslum. En það var hætt við það eftir áramótin og horfið frá því ráði vegna þess að þá hafði þetta svo mikil áhrif á lánskjaravísitöluna. Nú hefur henni verið breytt þannig að áhrifin eru sáralítil. Það er sérískenskt fyrirbrigði að vera með slíkar endurgreiðslur á þessum stað og það er góð regla sem ég veit að bæði prófessorar og fyrrv. fjármálaráðherrar skilja og þekkja að breikka stofnana, fækka undanþágum og reyna að halda hlutföllunum lágum. Ég held því að það vel verjandi að afla fjár með þessum hætti.

[19:25]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að spyrja hver niðurstaða þessarar umræðu sé. Hæstv. fjmrh. segir um þessar tillögur: Þetta er ekki frá mér komið. Þetta voru ekki mínar tillögur, þetta eru tillögur frá ýmsum aðilum sem hafa sagt skoðun sína, að vísu ekki niðurstaða nefndarinnar. Sú niðurstaða að draga t.d. úr endurgreiðslu á virðisaukaskatti er þó að verulegu leyti tillaga nefndarinnar. Þetta er ekkert frá mér komið, þetta er allt annarra manna mál. Síðan segir hann: Stjórnarandstaðan sem er að gagnrýna niðurstöðuna er talsmaður vinnuveitenda sem, eftir því sem hann segir sjálfur, hæstv. fjmrh., sögðu honum að svona skyldi þetta vera. Svona er niðurstaðan í þessu. Það er ástæða til þess að spyrja: Hverjar eru tillögur hæstv. fjmrh.? Hefur hann engar tillögur í málinu? Hann segir og það er örvænting í röddinni: Eftir þessar umræður hljóta menn að skilja frammi fyrir hvaða vali ríkisstjórnin stóð. Stóð hún frammi fyrir nokkru vali? Átti hún nokkurra kosta völ nema hlýða einhverjum hagsmunaaðilum sem sögðu: Svona á að gera þetta. Eins og stundum er sagt við hæstv. fjmrh. að svona eigi ekki að gera hlutina eru menn líka farnir að segja: Svona á að gera hlutina. Stóð hún ekki frammi fyrir neinu vali? Hafði hæstv. fjmrh. ekkert um málið að segja? Hafði hann engar tillögur fram að færa? Hvarflaði ekki að honum að það hefði verið skynsamlegra að fara aðrar leiðir? Hefur hann engar tillögur fram að færa um sparnað í ríkisútgjöldum til þess að mæta 400–450 millj.? Það kom fram í máli hans að hann er ekki allt of bjartsýnn á að honum takist nokkurn tímann að koma fram samræmingu á tryggingagjaldinu. Hann er farinn að segja: Ja, ég geri ráð fyrir því að það taki nokkuð mörg ár. Hann sagði að við erfiða aðila væri að fást í sjávarútvegi og landbúnaði og hann sagði ekki alla söguna um það hvernig því verður tekið í þingflokkum framsóknarmanna og framsóknarmanna í Sjálfstfl. Og að því er varðar hina alþjóðlegu þróun erum við að breyta skattkerfinu í átt til hinnar alþjóðlegu þróunar. Má ég rifja upp að árið 1987 þegar við lögðum upp með skattkerfisbreytingu mikla vorum við vissulega að einfalda skattkerfið. Öfugt við það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði þá bar það árangur. Þá var tekjuskattur hér í einu þrepi 29,5% og útsvar í 6%, staðgreiðslan í 35% í staðinn fyrir nú 42% og 47%. Þá var tollkerfið tekið í allsherjarendurskoðun og engin vörugjöld inni í þeim neyslusköttum. Þá var komið fram með frv. um virðisaukaskatt í einu þrepi með breiðum stofni án undanþága og 22%. Við höfum því miður að mörgu leyti verið að bora göt á þetta einfalda og skilvirka kerfi og

gera það miklu lakara með allra handa plástrum og bótum sem hafa ekki bætt það.

[19:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvernig ég á að svara þessari ræðu. Það er ljóst og ætlun mín var að það kæmi mjög vel fram í ræðum áðan að tillögur ríkisstjórnarinnar, *mínar tillögur, tillögur fjmrh. eru fengnar úr smiðju undirbúningsaðilanna.* Þær eru ekki nákvæmlega eins og tillögurnar þar en efniviðurinn var allur til í þessar tillögur. Við förum styttra, við gerum það í tveimur áföngum og við förum ekki sömu leið og endanlega var í samkomulaginu sem lá fyrir í mars. Við notum aðra leið sem var líka sótt í smiðju þessara sömu aðila. Það er alveg rétt að stundum er hyggilegt að hinkra við og ég veit að hv. þm. þekkir það úr sínum fyrri störfum. Að láta mál þróast, ekki síst erfið mál eins og við erum að fást við hér og sjá síðan í lokin hvernig hægt er að draga saman einhverja niðurstöðu sem sem flestir vilja bera ábyrgð á þótt enginn sé kannski ánægður með hana. Það er held ég hygginna manna háttur og ég skal viðurkenna að ég beið nokkuð lengi með að lýsa yfir skoðun minni á þessu máli af því að mér var ljóst að ég yrði að styðja niðurstöðuna þegar hún kæmi fram.

Við höfum oft lent í þessu áður. Ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson tókum þátt í því, m.a. að lækka matarskattinn og börðumst fyrir því sama þótt við hefðum kannski nokkrum árum áður haldið hinu gagnstæða fram. Þannig er nú pólitíkin að menn verða stundum að gera meira en þeir fyrst vilja. (**Gripið fram í:** Fleira en gott þykir.) Já, fleira en gott þykir eins og hér er kallað fram í. Þetta var erfitt mál að fást við og ég vonast til að þessi niðurstaða fái afgreiðslu þótt mér sé ljóst að það eru ekki allir jafnánægðir með hana.

Varðandi skatta sem hv. þm. var að tala um í lok ræðu sinnar vil ég geta þess að skattar hafa heldur lækkað frá því að við áttum í samstarfi í fyrri ríkisstjórn. Það var að vísu vegna ákvarðana sem þá voru teknar því hann má ekki gleyma því þegar hann ræðir um tekjuskattinn að það var samþykkt að draga frá 4% framlög í lífeyrissjóð og það jafngildir hlutfallslækkun á tekjuskattinum. Því má ekki hv. þm. gleyma því hann tók þátt í þeirri ákvörðun sem er mikilvæg fyrir skattborgara þessa lands.

[19:31]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er loksins ljóst hver er niðurstaða þessarar umræðu. Hún minnir á eina af frægu þöglu myndunum hjá Chaplin. Sú mynd byrjaði þannig að fegurðardrottning myndarinnar kom fram á svolítið rifnu kjólgopafati og textinn sagði: „Everything in my life is second hand." Allt í mínu lífi er notað og nýtt. Það er eins í lífi hæstv. fjmrh. greinilega, hann staðfesti það: Ég á eiginlega ekkert í þessu. Þetta er allt saman „notað og nýtt", frá öðrum komið.

Að því er varðar spurninguna um frumkvæði hæstv. fjmrh. sjálfs fyrir utan að vera fórnarlamb einhverra annarra afla þá minni ég hann á að ef við hefðum nú komið hér að ónumdu landi, eins og er t.d. að gerast sums staðar í löndunum í kringum okkur og þá er ég með í huga land eins og Eistland, *mundum við alls ekki hafa skattkerfið á Íslandi eins og það er.* Eistar eru að búa sig undir að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Þeir hafa leitað víða fanga að góðu skatt- og tollakerfi og niðurstaða þeirra er þessi: Þeir hafa enga tolla. Þeir hafa engar niðurgreiðslur og enga ríkisstyrki. Þeir hafa einfalt 29% tekjuskattskerfi í einu þrepi og þeir hafa einfaldan virðisaukaskatt 14% undanþágulausan á breiðum stofni. Ég er alveg sannfærður um að ef hæstv. fjmrh. beitti sér af alefli innan ríkisstjórnarinnar og af því að hann hefur haft svo góðan tíma, fimm ár, til þess að móta þróun skattkerfisins, *væri hann í hjarta sínu alveg sannfærður* um að það kerfi sem við höfum er í allt of ríkum mæli orðið eins og gömul flík, notað og nýtt, með bótum héðan og þaðan og skemmdarverkum frá hinum og þessum sérhagsmunaaðilum. Ef við vildum raunverulega koma upp skilvirku og einföldu skattkerfi, mundum við ekki hafa það eins og það er.

[19:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að mótmæla hv. þm. Það er ugglaust margt til í því sem hann segir enda þekkir hann skattkerfið ágætlega. Hann hefur komið að því og stagað í flíkina, reyndar með öðrum. En ég held að það sé hægt að segja að niðurstaða okkar umræðna hér í dag sé nokkur. Í fyrsta lagi hefur skýrst hverju er nauðsynlegt að breyta vegna ESA. Það eru bara tvö atriði, 25% álagningin annars vegar og greiðslufresturinn hins vegar. Síðan hefur hitt komið mjög vel fram í þessari umræðu að ef menn ætla, sem ég held að sé skynsamlegt, að samræma neysluskattana, þ.e. virðisaukaskattinn, þá tolla sem eftir eru og vörugjaldið þá verður það ekki gert nema flytja skattbyrðina úr neysluköttum yfir á aðra þætti skattkerfisins. Frammi fyrir því stöndum við og til þess verður horft á næstu árum því það er mikilvægt í vaxandi samstarfi okkar við aðrar þjóðir að skattkerfi Íslendinga skeri sig ekki úr skattkerfi annarra þjóða. Þá skapast ákveðin hætta sem hér hefur verið lýst fyrr í umræðunum.

[19:35]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð sem komu fram áðan í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar varðandi það hvernig umræður fara fram hér á hinu háa Alþingi. Í dag erum við búin að ræða hvorki meira né minna en sjö frv. frá hæstv. fjmrh. og klukkustundum saman hafa verið hér nokkrir stjórnarandstæðingar ásamt hæstv. fjmrh. en hér sést ekki einn einasti stjórnarþingmaður. Hér erum við að ræða mjög stór og viðamikil mál. Er það virkilega orðin staðan, hæstv. forseti, að umræður hér á Alþingi séu orðnar einn allsherjar „dialóg" milli eins ráðherra annars vegar og nokkurra stjórnarandstæðinga hins vegar? Mér finnst þetta í hæsta máta óeðlilegt. Það hefur alveg keyrt um þverbak í vetur. Ég kannast ekki við þetta frá síðasta kjörtímabili, hvernig sem hlutirnir voru svo þar áður. Mér finnst þetta sannast að segja algjör hneisa að það skuli ekki einn einasti fulltrúi meiri hlutans í efh.- og viðskn. fylgjast með öllum þessum málum sem verið er að vísa til nefndarinnar og taka að einhverju leyti þátt í umræðunum. Mér finnst eiginlega vakna sú spurning hvort 1. umr. og það að mæla fyrir málum sé ekki orðið algjörlega óþarft. Á ekki bara að fara að senda mál beint til nefnda þegar þannig er komið að það verður engin verulega málefnaleg umræða? Það er bara ráðherrann og nokkrir stjórnarandstæðingar sem skiptast hér á skoðunum. Ég tel reyndar að það sé mjög gagnlegt, hér hefur margt komið fram í dag og ráðherrann hefur vísað því til nefndarinnar að athuga ýmsa hluti sem orka tvímælis. Málin hafa skýrst en það getur ekki talist eðlilegt að stjórnarþingmenn skuli ekki sjá sóma sinn í því að fylgjast með umræðum. Ekki síst þeir sem eiga að vinna að málunum í nefnd. Auðvitað ríkir hér

ákveðin verkaskipting. Það vitum við öll og við ástundum hana sjálf í stjórnarandstöðunni. En það er auðvitað eitthvað að í þingstörfunum þegar vinnubrögðin eru orðin svona.

[19:37]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið mjög sterklega undir þau orð sem hv. þm. Kristín Ásgeirsdóttir hefur látið hér falla. Það er auðvitað ekkert annað en rakið hneyksli þegar við stöndum í umræðum um þjóðþrifamál dag eftir dag án þess að það sjáist hér svo mikið sem hvítur hrafn úr liði stjórnarinnar. Sérstaklega vegna þess að það kemur fyrir aftur og aftur, m.a. í dag, að ráðherrar beina hinum og þessum óskum til nefndarmanna. Auðvitað er það svo að stjórnarandstæðingar geta flutt þessar óskir ráðherranna til nefndarinnar og nefndarmenn geta líka lesið umræðurnar sem hér fara fram. En þessi umræða, 1. umr., er til þess að menn geti komið sjónarmiðum á framfæri, menn geti skipst á skoðunum við ráðherra og aðrir en þeir sem eiga sæti í fagnefndunum sem fjalla um málið geti komið sínum athugasemdum að. En hér er ekki nokkur maður úr stjórnarliðinu. Þetta er ekki bara farsakennt, þetta er orðið til skammar fyrir þingið. Ég hygg, herra forseti, að það sé óhjákvæmilegt að á næstu dögum ræði forsetadæmið þessa þróun mála. Þetta er allt annað en var uppi á teningnum á síðasta kjörtímabili. Þótt ég sé ekki mjög gamall þingmaður þá er ég hér á fimmta ári mínu og ég hef aldrei séð það gerast fyrr að hér er ekki einn einasti maður úr stjórnarliðinu. Hér mæta stjórnarandstæðingar vel og koma undirbúnir til leiks en stjórnarliðunum virðist nægja að þiggja laun sín, sem oft á tíðum eru ansi há, en leggja enga vinnu á móti. Þess í stað eru það þingmenn stjórnarandstöðunnar sem vinna verkin. Svo kemur stjórnarliðið og óskar eftir góðri samvinnu og að töluðum orðum kvarta þeir undan því í fjölmiðlum að það sé ekki nægilega góð samvinna af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það er auðvitað ekki nokkrum manni bjóðandi að hlusta á svona. Það er engum manni og allra síst þjóðinni bjóðandi að hafa ríkisstjórn sem hagar sér svona.

[19:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tel afar eðlilegt að þessi umræða eigi sér stað hérna. Mér dettur ekki í hug að afsaka fjarveru stjórnarþingmanna nú. Ég bendi reyndar á að þetta er nokkuð óvenjulegur fundartími, komið fram á matartíma og fyrr í dag voru auðvitað hér ... (**Gripið fram í:** Þetta var svona í allan dag.) Nei, fyrr í dag voru stjórnarþingmenn hér í salnum og voru meira að segja skammaðir heilmikið þótt þeir hafi ekki sést í þeim mæli sem ég og fleiri hefðum kosið. Ég er ekki að afsaka fjarveru þeirra á nokkurn hátt en ég bendi á að flestir stjórnarþingmanna hafa auðvitað kynnst og komið að þeim málum sem hér hafa verið til umræðu áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Það kann að vera skýringin á því hvers vegna þeir taka ekki þátt í umræðunum. En ég tek undir það að eðlilegt er að forseti ræði þetta við samstarfsmenn sína og formenn þingflokka. Ég skal sjálfur koma því til skila að undan þessu hafi verið kvartað í umræðunum í kvöld.

[19:41]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það ber þá nýrra við ef það hefur orðið efnisleg umræða í þingflokki Sjálfstfl. um þingmál sem lögð eru fram hérna. Yfirleitt renna þau þar í gegn umræðulaust. En ég kem hér upp vegna þess að hæstv. fjmrh. heldur því fram að það séu svo fáir stjórnarliðar hér vegna þess að tíminn sé undarlegur fyrir fundinn. Það er alls ekki svo. Hér í dag voru menn t.d. að ræða afskaplega mikilvægt mál sem hæstv. fjmrh. leggur fram og tengist nauðasamningum einstaklinga sem hafa lent í fjárhagshrakningum vegna húsnæðiskaupa. Hvað voru margir stjórnarliðar í salnum, hæstv. fjmrh., þegar sú umræða hófst? Hvað voru margir stjórnarliðar í salnum obba umræðunnar? Nákvæmlega enginn. Þegar hv. þm. Árni M. Mathiesen kom í salinn lá við að það færi fagnaðarkliður um stjórnarandstöðuna þegar hún loksins sá einn úr hópi stjórnarliðsins. Það er því algjörlega fráleitt þegar hæstv. fjmrh. heldur því fram að þetta sé einhver undantekning. Í dag er þetta búið að vera reglan. Hér sjást ekki stjórnarliðar og því miður er þessi dagur ekkert öðruvísi en aðrir dagar upp á síðkastið.

[19:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að á svo löngum degi sem þessum gerist menn gleymnir. Ég vil minna hv. þm. sem var að ljúka máli sínu að við umfjöllun á málinu, þ.e. tekju- og eignarskatti, varði hann hluta af ræðutíma sínum til að tala við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. (**ÖS:** Hún var sótt að minni ósk.) Hún var hér í salnum og er formaður þingflokks Framsfl. (**ÖS:** Hún var sótt að minni ósk.) Það stenst a.m.k. ekki að enginn hafi verið hér við umræðuna. (**ÖS:** Í upphafi umræðunnar.) Það er kannski rétt að færa til bókar að hv. þm. kallar hér að hann hafi átt við upphaf umræðunnar. (**ÖS:** Ég sagði það.) (**Fjmrh.:** Jæja, fyrirgefðu.)

[19:43]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Varðandi þá umræðu sem hér hefur orðið um fundarstjórn forseta, sem raunar hefur alls ekki snúist um stjórn forseta á fundinum heldur um störf þingsins, hlýtur forseti að taka undir þær ábendingar og aðfinnslur sem hér hafa komið fram varðandi fjarvistir þingmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:44.

---

117. FUNDUR

föstudaginn 12. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 394. mál, þskj. 692. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Þjónustusamningar og hagræðing í ríkisrekstri, stjfrv., 423. mál, þskj. 752. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 774. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Tollalög, stjfrv., 441. mál, þskj. 773. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Vörugjald, stjfrv., 445. mál, þskj. 777. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Virðisaukaskattur, stjfrv., 444. mál, þskj. 776. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Lögreglulög, stjfrv., 451. mál, þskj. 783. — 1. umr.

9. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 450. mál, þskj. 782. — 1. umr.

10. Umferðarlög, stjfrv., 463. mál, þskj. 798. — 1. umr.

11. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 437. mál, þskj. 769. — 1. umr.

12. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 436. mál, þskj. 768. — 1. umr.

13. Stjórn fiskveiða, frv., 416. mál, þskj. 740. — 1. umr.

14. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 469. mál, þskj. 804. — 1. umr.

15. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775. — 1. umr.

16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — 1. umr.

17. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 449. mál, þskj. 781. — 1. umr.

18. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Íslandsdeild Amnesty International.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Brottfall nemenda úr skyldunámi, 401. mál, svar menntmrh., þskj. 816.

Náms- og starfsfræðsla, 402. mál, svar menntmrh., þskj. 817.

Námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 403. mál, svar menntmrh., þskj. 818.

Skálar á miðhálendi Íslands, 440. mál, svar umhvrh., þskj. 813.

Útlánatöp banka, sparisjóða og sjóða 1990–95, 425. mál, svar viðskrh., þskj. 815.

Varðveisla ósnortinna víðerna, 476. mál, þáltill. KH o.fl., þskj. 814.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundarsókn stjórnarþingmanna.

[10:33]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessa viku hefur farið fram að mestu leyti 1. umr. um stjórnarfrumvörp. Í gær voru rædd málefni fjmrn. frá kl. hálfellefu til tæplega átta í gærkvöldi, flókin mál og sum mjög brýn. Stjórnarþingmenn sinntu þessari umræðu nær ekkert. Þannig var, herra forseti, tímunum saman auk stjórnarandstæðinga aðeins hæstv. fjmrh. í salnum og í umræðunni. Þetta eru algjörlega óviðunandi vinnubrögð. Við 1. umr. eru dregnar fram útlínur mála, spurningum varpað fram og ábendingar gefnar fyrir nefndarstarf. Nær allan tímann í gær var enginn stjórnarsinni í salnum úr hv. efh.- og viðskn. sem fær málin til meðferðar. Það greiðir ekki fyrir störfum í nefndum þegar nefndarmenn stjórnarliðsins vita nær ekkert um 1. umr. málsins. Í gær voru nokkrir stjórnarþingmenn *við upphaf umræðunnar en síðan hurfu þeir allir þegar á leið* utan hæstv. fjmrh.

Ég veit að hæstv. fjmrh. getur staðfest að hér var um málefnalega umræðu að ræða og ekkert málþóf. Stjórnarandstaðan var vel undirbúin. Með þessum vinnubrögðum eru stjórnarþingflokkarnir að sýna stjórnarandstöðunni lítilsvirðingu svo og sinni eigin ríkisstjórn. En það sem verst er: Stjórnarliðar eru að sýna hinu háa Alþingi lítilsvirðingu.

Það er skylda þingmanna og þingflokka að taka þátt í störfum þingsins en vitaskuld er verkaskipting þannig að í það minnsta ættu einn til tveir úr hverjum þingflokki auk einhverra nefndarmanna úr viðkomandi fagnefnd að fylgjast með og taka þátt í umræðunni, einkum þar sem hér er um stjórnarfrumvörp að ræða. Mér reyndari þingmenn hafa sagt að þetta hafi aldrei verið eins slæmt og núna í vetur. Þingmenn ríkisstjórnarinnar eru einfaldlega ekki að stunda sína vinnu og lítilsvirða þing og þjóð. Þessi framkoma, herra forseti, er ekki til þess fallin að greiða fyrir vandaðri umfjöllun við lagasetningu á hinu háa Alþingi. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta að forsætisnefnd og formenn þingflokka verði kallaðir saman og ræði þessi mál.

[10:36]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum taka undir með hv. 11. þm. Reykn., Ágústi Einarssyni, út af þessu máli. Ég held að það sé eðlileg ósk sem hann ber fram um það að forsetar þings og formenn þingflokka ræði þetta mál. Þetta var óvenjulegur dagur að því leyti að hér var um mikinn fjölda mála að ræða, alls sjö mál og mörg þeirra hafa mikil og víðtæk áhrif í okkar atvinnu- og efnahagslífi og þjóðlífi. Við vorum að ræða um tekju- og eignarskatta, um nauðasamninga, greiðsluvanda heimila, um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri, um fjáröflun til vegagerðar, um tollalög, um vörugjöld, um virðisaukaskatt og í öllum slíkum málum svara þingmenn stjórnarliða með fjarveru sinni. Þeir sýna málinu nákvæmlega engan áhuga, ekki einu sinni að lágmarki, þeir sem eiga sæti í nefndum, þrátt fyrir þá staðreynd t.d. að umræðan sem slík var afar málefnaleg og að mörgu leyti stefnumarkandi og þrátt fyrir þá staðreynd að hæstv. fjmrh. beindi í sínum svörum ábendingum til þingnefnda um að taka mörg álitamál til athugunar, en af hálfu stjórnarliða var enginn einasti maður til þess að veita því viðtöku eða sýna umræðunum nokkurn áhuga eða taka nokkurn þátt í þeim. Það er einfaldlega spurning um það fyrir virðulegan forseta, hvort þetta samrýmist starfsreglum þingsins. Ef svo er ekki, þá ber að taka á málinu og gera hér á einhverja bragarbót.

[10:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið um vinnubrögð stjórnarflokkanna. Þau eru slæm. Í fjarveru þingmanna stjórnarflokka í allan gærdag birtist fyrst og fremst lítilsvirðing við Alþingi og þingmannsstarfið og það verk sem þessir hv. þm. eru kosnir til að gegna.

Í þeim umræðum sem fóru fram í gær var enginn þingmaður stjórnarflokkanna úr efh.- og viðskn. viðstaddur langleiðina allan daginn. Samt sem áður var það þannig, eins og fram kom hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að aftur og aftur beindi hæstv. fjmrh., sem tók myndarlega þátt í umræðunum, verkefnum og ábendingum til hv. þingnefndar. Það var enginn hér í salnum af hálfu stjórnarflokkanna til að taka mark á því sem fjmrh. beindi til þingnefndarinnar. Ég verð að segja alveg eins og er miðað við þá reynslu sem ég hef af þessum störfum, þá held ég að það hafi ekki gerst mjög lengi að þingmenn í starfsnefndum sýni verkefnunum eins mikið alvöruleysi og mér finnst koma fram af hálfu þingmanna stjórnarflokkanna í vetur. Og þetta alvöruleysi náði hápunkti í gær.

Ég held að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þetta mál verði rætt og þær ábendingar, sem hér koma fram af okkar hálfu, verði teknar af alvöru og í fullri vinsemd. Við beinum því til forustu þingsins að hún taki á þessum máli. Hér er um sanngjarna ósk að ræða af okkar hálfu, sem er borin fram vegna þess að við viljum að Alþingi Íslendinga vandi sig við þau mál sem hér eru til meðferðar, en menn kasti ekki einlægt höndunum til þessara mála sem hér eru á borðum eins og hverra annarra pappírssnepla sem menn venjulega henda í ruslakörfu.

[10:40]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson fór hörðum orðum um vinnubrögð okkar stjórnarþingmanna. Það gerði hann líka við upphaf umræðunnar í gær og þetta hafa stjórnarandstöðuþingmenn gert með reglulegu millibili í allan vetur, reynt að gera okkur tortryggilega fyrir það að við sætum ekki í þingsalnum undir ræðum þeirra og sinntum ekki okkar störfum. Vegna þess að ég veit að margir fylgjast með þessari útsendingu frá Alþingi í sjónvarpi finnst mér rétt að það komi fram að við upphaf þessa þings á síðasta hausti keypti Alþingi tugi sjónvarpstækja. Það voru sett sjónvörp á skrifstofur allra þingmanna til þess að þeir gætu fylgst þar með umræðum jafnframt því að sinna störfum á skrifstofum sínum. Þetta hefur gefist afskaplega vel, þingmenn hafa notað þetta mikið. Sjálfur hef ég gert það og mér finnst afskaplega þægilegt að fylgjast með umræðum jafnframt því að vera að vinna að ýmsum störfum sem þingmenn þurfa að sinna. Þingmenn hafa gert þetta ef þeir ætla ekki að taka þátt í umræðu um það mál sem er á dagskrá, þá eru menn gjarnan á skrifstofum sínum að vinna og fylgjast jafnframt með umræðum. Það er því alrangt að þingmenn séu eitthvað að vanrækja sín störf þó að þeir sitji ekki í þingsalnum undir löngum ræðum stjórnarandstæðinga. Þess vegna er það bara alls ekki rétt að þingmenn stjórnarflokkanna stundi ekki sína vinnu og alveg út í hött að segja eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði, að þingmenn stjórnarflokkanna sýni hinu háa Alþingi lítilsvirðingu.

Það er sem betur fer afar fátítt að mínu viti að þingmenn á Alþingi sýni hinu háa Alþingi lítilsvirðingu. Eina eftirminnilega dæmið um það í vetur er það sem gerðist á síðasta fundi Alþingis fyrir páska þegar allir þingmenn stjórnarandstöðunnar að einum undanskildum gengu út úr þingsalnum þegar átti að fara að greiða atkvæði í mikilvægu máli. Það er eina tilfellið í vetur þar sem þingmenn hafa sýnt hinu háa Alþingi lítilsvirðingu. (**SvG:** Hvar voru stjórnarþingmenn þá?)

[10:42]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða um fjarveru þingmanna á þingfundum og það er að sjálfsögðu ekki nýtt umræðuefni á hv. Alþingi. En ég get sagt það að mér finnst það í sjálfu sér sanngjörn ósk að mælast til þess að þingmenn sitji betur þingfundi og þá sérstaklega þeir hv. þm. sem sitja í viðkomandi fagnefnd. Og ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir þingstörfum, þá er ég tilbúin til að beita mér fyrir því að vinna að því í mínum þingflokki að svo verði.

Ég tek þó undir ýmislegt af því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl., Guðjóns Guðmundssonar, að þær aðstæður eru fyrir hendi hér á hv. Alþingi að það er hægt að fylgjast með umræðum héðan án þess að vera í þingsalnum og mér er kunnugt um að ýmsir gera það. Svo vil ég líka benda á það að auðvitað geta þingmenn lesið umræður síðar áður en umfjöllun hefst í viðkomandi nefnd.

Ég vil hins vegar mótmæla því sem fram kom í upphafi í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að þingmenn stundi ekki sína vinnu. Það finnst mér að við eigum ekki að tala um hér því að við vitum það öll, að við vinnum mikið og erum að stunda okkar vinnu þó að við sitjum ekki í þingsalnum.

[10:44]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í tilefni af orðum hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar. Í rauninni hefur hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir tekið af mér ómakið. Það sem ég var að leggja áherslu á var það að þeir þingmenn sem eiga að sinna viðkomandi máli séu í salnum. Ég er ekki að tala um að hér séu alltaf allir þingmenn og sitji undir þeim ræðum sem fluttar eru, hvort sem það er stjórn eða stjórnarandstaða sem er að flytja þær ræður. Ég er að tala um að það sé tryggt að hér séu þeir menn sem eiga um málin að véla í nefndunum, þannig að það tryggt sé að málsmeðferð sé vönduð. Ég er ekki að fara fram á neitt annað. Ég vísa því hins vegar algerlega á bug sem mér fannst koma fram í máli hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að sjónvarpstækin á skrifstofum þingmanna leystu menn undan því að sitja fundi. Eins og einn hv. þm. benti mér á undir þeirri ræðu, þá væri þetta ekki lengur Alþing heldur fjarþing sem hér kæmi saman og þannig getur þetta ekki gengið. Þess vegna er það misskilningur hjá þingmanninum ef hann heldur að sjónvarpstæki á skrifstofum leysi menn undan mætingarskyldu. Það er ekki þannig. Það er til þess að auðvelda mönnum að fylgjast með umræðum, en auðvitað verða menn að taka þátt í umræðum í þinginu um þau mál sem þeir eru kosnir til að fjalla um, m.a. í þingnefndum.

En ég vil endurtaka, hæstv. forseti, áskorun mína til forsætisnefndar að á þessu máli verði tekið og ég vísa því á bug og hafna þeirri uppstillingu mála af hálfu stjórnarliðsins, eins og kom aðeins fram áðan að hér sé bara um að ræða einhverja almenna, venjulega stjórnarandstöðugagnrýni. Þetta er verra og hefur verið verra í vetur en að undanförnu. Því þurfa þingmenn stjórnarliðsins að gera sér grein fyrir og því þarf forsætisnefndin að gera sér grein fyrir. Og m.a. að setja

nýja þingmenn inn í þær reglur varðandi mætingu í salnum, bæði samkvæmt lögum og samkvæmt venjum sem tíðkast hafa. Ég óttast að forusta þingsins hafi vanrækt það gagnvart hinum nýju þingmönnum að fara yfir þá hluti sem skyldi.

[10:46]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég stend við öll þau orð sem ég sagði áðan um vinnubrögð. Ég er ekki að gera kröfu til þess að allt stjórnarliðið sitji í þingsalnum. Ég gat sérstaklega um að mér fyndist eðlilegt að a.m.k. einn, tveir og síðan nefndarmenn einhverjir væru viðstaddir. Sjónvörp koma ekki í staðinn fyrir þetta, hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Hann veit það mætavel. Ég veit það hins vegar að hv. þm. er vandur að virðingu sinni og vill störfum þingsins vel og hann á að taka undir það eins og hv. formaður þingflokks Framsfl. gerði hér áðan sem ætlar að taka málið upp og betrumbæta sinn eigin þingflokk. Það er vel.

Hins vegar vil ég benda á það að þessi vinnubrögð ganga ekki. Þetta var málefnaleg umræða sem hér fór fram. Það var enginn viðstaddur til að hlusta á ábendingar og ég stend við það að menn sinni ekki vinnu sinni sem hér um ræðir.

Ég spyr þingheim: Hvar er hv. formaður efh.- og viðskn. sem var ekki neitt hér í gær nema í upphafi þingfundar? Hvar er hann núna? Og það er ekki í fyrsta skipti þegar verið er að fjalla um mál fjmrn., maðurinn sem á að leiða starfið í nefndinni, og getur vel verið að maðurinn sé fjarstaddur. Ekki ætla ég að ráðast á hann fyrir það. Þá eru það bara aðrir stjórnarliðar sem koma til aðstoðar við það, þar á meðal hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sem á sæti í þessari sömu nefnd og var einungis í upphafi fundarins, eða þingmenn Sjálfstfl. *í efh.- og viðskn. sem sáust ekki í gær.* Við erum að tala um virðingu Alþingis, herra forseti. Þetta er ekki stjórnarandstaða gegn stjórn. Ég vil virðingu Alþingis mikla og forseti Alþingis er minn foreti. Hann er ekki forseti ríkisstjórnarinnar. Ég vil að við tökum höndum saman um að auka virðingu Alþingis og það verður m.a. gert með því að breyta vinnubrögðum við umræðu eins og farið hefur fram síðustu daga. Ég heiti því að leggja mitt fram til þess að það megi verða og ég vonast til þess að aðrir þingmenn geri hið sama.

[10:48]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég fylgdist með umræðum í gær á skrifstofu minni fyrir milligöngu sjónvarpstækis. Ég get staðfest það og tekið undir það að umræðurnar voru málefnalegar og þær verða örugglega að miklu gagni í vinnu efh.- og viðskn. þegar hún tekur til við að fjalla um þessi mál.

Ég vil segja það vegna þess að hér var nefndur til sögunnar tiltekinn þingmaður, formaður efh.- og viðskn., ég held að við vitum það öll í salnum að það eru fáir þingmenn sem sinna störfum sínum jafn vel og af jafnmikilli samviskusemi og hann þó að hann hafi ekki verið hér í gær og þó að hann sé ekki staddur í salnum í dag.

Það eru engar reglur um það að tilteknum þingmönnum beri að sitja þingfundi á sérstökum tímum umfram aðra. Ég tek hins vegar undir að það getur verið æskilegt og það er æskilegt að menn hafi aðstöðu til þess að fylgjast með umræðum í málum sem munu koma til þingnefnda þar sem þeir sitja. Af ýmsum ástæðum er það þó ekki alltaf hægt. En menn geta kynnt sér mál eftir umræðurnar. Menn geta kynnt sér þær, menn geta fengið samantektir um það sem fram hefur komið.

Auðvitað er það þannig fyrir stjórnarflokka að það er ráðherra málsins sem er í forsvari fyrir viðkomandi frv. og stjórnarandstaðan á í sjálfu sér enga sérstaka kröfu á því að einhver tiltekinn þingmaður eða þingmenn séu viðstaddir umræðuna. Hins vegar er það rétt að það er æskilegt að *nefndarmenn séu viðstaddir og auðvitað er það almennt* æskilegt að sem flestir þingmenn séu viðstaddir sem oftast. Um það þurfum við kannski ekki að deila.

Þessi umræða kemur mér svolítið á óvart. Ég verð að segja alveg eins og er. Það er ekki hefðbundið að menn kvarti undan því að þingmenn úr öðrum flokkum heldur en sínum eigin sitji hér ekki þingfundi. Það á hver þingflokkur við sig að sjálfsögðu. Hv. málshefjandi sagði það hér áðan: Mönnum er skylt að sitja þingfundi og sinna störfum sínum. Það kemur mér svolítið á óvart að heyra það frá þessum hv. þm. og öðrum þeim sem höfðu forgöngu um það að ganga úr þingsalnum í atkvæðagreiðslu rétt fyrir páskana. Það var að sýna þinginu virðingarleysi. Og ég segi um ummæli hv. þm. að þessu leyti: Ja, svei.

[10:51]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er greinilegt að það var ekki að ástæðulausu að þessi umræða var tekin upp. Hv. þm. Geir Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl., og hv. 4. þm. Vesturl. höfðu uppi þessi rök: Það er sjónvarp á skrifstofum manna og menn geta fylgist með umræðum. Þingfundir eru óþarfir og það er enginn mælikvarði á störf þingmanna hvort menn sæki þingfundi.

Nú má vel vera að það tækniundur sé orðið að þingfundir séu óþarfir og við getum haldið okkur á skrifstofum og reyndar haldið fundi tæknilega séð sem bara sjónvarpsfundi og þar með sé Alþingi orðið að þessu fjarþingi sem minnst var á. En það er þá ástæða til að forseti þingsins taki eftir því og kannski ástæða til þess að fara þá að breyta vinnubrögðum með formlegum hætti ef menn ætla að taka þessa umræðu alvarlega.

Á það var minnst að formaður efh.- og viðskn. væri vel vinnandi þingmaður og ég tek undir það. Hitt er líka jafnrétt að hann hefur lítið sést í þingsölum í vetur þannig að það er kannski enginn mælikvarði á það. Kannski vinna þeir best sem eru fjarverandi. En þá er spurningin þessi: Ég nefndi að þetta voru sjö mál. Þau vörðuðu t.d. greiðsluvanda heimilanna á Íslandi. Gervallur Framsfl. gerði það að stærsta máli kosningabaráttunnar sl. vor. Það var enginn framsóknarmaður sem hlustaði á þá umræðu. (**VS:** Formaður þingflokksins var í þingsalnum.) Hann var það rétt í upphafi umræðunnar. *Það er verið að ræða um skattamál, t.d. virðisaukaskatt* eða breytingar á vörugjaldi sem almennt var talið að mundu leiða til vísitöluhækkana og verðlagshækkana. Er þetta mál sem varðar bara einstaka menn? Við erum að sjálfsögðu ekki að gera þá kröfu að það sé setið í hverju sæti og allir þingmenn ævinlega sitji í þingsal, fjarri fer mér að gera þá kröfu. En við erum að gera þá kröfu að þeir þingmenn sem eiga sæti í viðkomandi nefnd og jafnframt þeir þingmenn sem telja sig hafa sérstakan áhuga á tilteknum umræðuefnum og þau eru t.d., og vísa ég því nú til landbyggðarþingmanna, fjáröflun til vegagerðar. Enginn stjórnarliði til þess að ræða um þá hluti, skattapólitík, endurskipulagning tollkerfisins o.s.frv. Þetta er mál sem þingforsetar og formenn þingflokka verða að taka upp, sérstaklega að gefnu tilefni þessarar umræðu

um hvort eigi að breyta vinnubrögðum á Alþingi og hafa það framvegis sem fjarskiptaþing.

[10:53]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta er að mörgu leyti gagnleg umræða sem hér fer fram. Ég held að hún leiði til niðurstöðu um eitt atriði, sem allir geta verið sammála um, það er góð vinnuregla hér að viðkomandi nefndarmenn sitji í salnum á meðan þau mál eru rædd sem heyra undir þeirra nefndir. Ég held að allir geti verið sammála um þetta og ég tek undir að það ætti að vera vinnuregla.

Ég var á vettvangi í gær og var að bíða eftir að fjáraukalög kæmu fyrir. Þau komust að vísu ekki á dagskrá, en ég tek undir að það var ansi fámennt hérna. Ég vil eigi að síður vara við því að það komist út til þjóðarinnar að menn séu ekki að vinna þó þeir séu ekki í salnum. Það er ljóst að menn eru að ýmsum störfum. (**JBH:** Að skrifa leiðara í Tímann, ég tek undir það.) Jú, hv. þm. þekkir það sem gamall ritstjóri að menn nota ýmsar stundir til þess að skrifa langar greinar með smáu letri eins og áramótagrein hv. þm. var. Hann er mikill afkastamaður á því sviði. (**GÁ:** Það er misjafnt að gæðum.) Gæðin eru misjöfn auðvitað en hann er vel skrifandi.

Ég vil vara við því að það komist út til þjóðarinnar að menn séu ekki að vinna þó að þeir séu ekki hér inni, en ég vil taka undir eigi að síður að viðkomandi nefndarmenn fylgist með þeim málum sem undir þá heyra.

[10:56]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Sá tími sem ætlaður er til þessarar umræðu er liðinn og því verður ekki framhald á umræðu um störf þingsins. En vegna þessarar umræðu og þeirra ábendinga sem beint hefur verið til forseta vill forseti geta þess að ábendingar komu fram í gær frá hv. þingmönnum sem forseti tók auðvitað eftir og gat þess af forsetastóli að hann hefði að sjálfsögðu þá afstöðu að hann leggur áherslu á það að þingmenn séu til staðar, það sé vel unnið í þinginu. Og vegna þessara ábendinga og þeirra umræðna sem hér hafa farið fram mun forseti taka þetta mál upp á forsætisnefndarfundi næsta mánudag þannig að hægt sé að fjalla um athugasemdir þingmanna. Engu að síður vill forseti leggja áherslu á að það er hans skoðun að þingmenn vinna hér mjög vel og er nauðsynlegt að það komi fram þrátt fyrir þessa umræðu sem hér hefur orðið. En forseti mun að sjálfsögðu hugleiða þetta mál og skoða í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (nauðasamningar). — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 394. mál (leiga, sala embættisbústaða o.fl.). — Þskj. 692.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]
[10:59]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég styð það að málið haldi áfram og fái þinglega meðferð. Ekki síst er nauðsynlegt að það komi fram að ég standi að þessu ásamt fleiri stjórnarandstæðingum vegna þess að í húsinu eru núna aðeins 24 stjórnarsinnar.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þjónustusamningar og hagræðing í ríkisrekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 423. mál. — Þskj. 752.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (yfirstjórn, málsmeðferð, tollskjöl). — Þskj. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vörugjöld, frh. 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (magngjald o.fl.). — Þskj. 777.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 776.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lögreglulög, 1. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 783.

[11:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til lögreglulaga sem lagt hefur verið fram á þskj. 783. Frv. til lögreglulaga var lagt fram á hinu háa Alþingi árið 1994, á síðari hluta 117. löggjafarþings, en hefur nú verið tekið til rækilegrar endurskoðunar og er lagt fram öðru sinni. Mörg ákvæði frumvarpsins eru efnislega samhljóða eldri lagaákvæðum eða staðfesting á gildandi ólögfestri réttarframkvæmd.

Lögreglulögum er ætlað að koma í stað laga um Rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, og laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, en snerta auk þess fleiri lög á réttarvörslusviðinu. Í tengslum við frv. til lögreglulaga hefur einnig verið lagt fram frv. til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, á þskj. 782.

Á árinu 1992 komu til framkvæmda einhverjar umfangsmestu kerfisbreytingar á dómstólaskipulagi og réttarfari í landinu. Ég held að flestir séu sammála um að þær breytingar hafi tekist með miklum ágætum og er það ekki síst að þakka samstöðu þeirra aðila sem þar áttu hlut að máli, dómara, lögmanna og þeirra sem sitja hér á hinu háa Alþingi og eins hinna sem sjá um sókn sakamála. Fullyrða má að festa og jafnvægi sé komin á í hinu nýja dómstólakerfi. Þá hefur málatími í Hæstarétti styst verulega í kjölfar fjölgunar dómara. Með nokkrum sanni má segja að málefni lögreglunnar og e.t.v. ákæruvaldsins hafi setið nokkuð á hakanum á síðustu árum. Verkefni lögreglu og ákæruvalds aukast hins vegar stöðugt og auknar kröfur eru gerðar til að brot séu upplýst hratt og örugglega. Segja má að þessi tvö frumvörp séu framhald af breytingunum á dómstólakerfinu. Með þeim er ætlunin að ná fram eftirfarandi markmiðum í íslenska réttarvörslukerfinu:

Að breyta skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar í landinu með því að koma á fót embætti ríkislögreglustjóra.

Að gera rannsókn afbrota hraðari og skilvirkari með því að einfalda feril mála á rannsóknarstigi og fela lögreglustjórum ákæruvald í fleiri brotaflokkum þannig að allur þorri sakamála verði rannsakaður undir stjórn þess lögreglustjóra sem semur ákæru í máli og sækir það fyrir héraðsdómi.

Að festa í lög skýrari reglur um framkvæmd lögreglustarfa.

Að setja skýrari reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

Við samningu upphaflegs frv. og endurskoðun þess hefur víða verið leitað fanga svo sem í norrænni löggjöf um lögreglumálefni. Einnig var tekið mið af athugasemdum fjölmargra aðila sem send voru drög að frv. og hugmyndum sem fram hafa komið á fundum með lögreglustjórum og lögreglumönnum. Við samningu frumvarps þessa var enn fremur tekið mið af lögregluyfirlýsingu Evrópuráðsins frá 8. maí 1979. Þá var þess gætt að ákvæði frumvarpsins samræmdust ákvæðum þeirra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru þessi:

Sú grundvallarbreyting verði gerð á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra er fari með yfirstjórn lögreglu ríkisins í umboði dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóraembættinu er ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem fram til þessa hafa heyrt undir löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Rannsóknarlögreglu ríkisins og að litlu leyti lögreglustjórann í Reykjavík.

Við embætti ríkislögreglustjóra verði starfrækt rannsóknardeild í skatta- og efnahagsbrotamálum og stoðdeild sérhæfðra rannsóknarmanna til að aðstoða einstök lögregluembætti við rannsókir erfiðra brotamála.

Við embætti ríkislögreglustjóra verði starfrækt rannsóknarstofa til að sinna skjalarannsóknum, fingrafararannsóknum og slíkum tæknilegum rannsóknum. Tæknideild sem þjóni öllu landinu verði við embætti lögreglustjórans í Reykjavík til að sinna eða aðstoða við rannsóknir á vettvangi og aðrar slíkar rannsóknir.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði skipaður varalögreglustjóri.

Lögfest verði ákvæði um starfssvæði lögreglumanna, þar á meðal heimild dómsmálaráðherra til að ákveða að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Með þessu er ætlað að tryggja nauðsynlegan hreyfanleika lögreglunnar.

Rannsóknir meginþorra mála verði fluttar til lögreglustjóra í héraði.

Landinu verði skipt í tíu rannsóknarumdæmi og sérstakar rannsóknardeildir starfræktar við eitt lögregluembætti í hverju rannsóknarumdæmi. Lögreglumenn í rannsóknardeildum rannsaki eða aðstoði við rannsókn á stærri brotum í umdæmi rannsóknardeildarinnar undir stjórn lögreglustjóra á hlutaðeigandi embætti.

Lögfesting ákvæða um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga og samvinnu lögreglu við önnur stjórnvöld.

Lögfest ákvæði um skyldur lögreglumanna, valdbeitingarheimildir, handtökuheimildir, leit á mönnum og önnur afskipti af borgurunum.

Lögfesting reglna um meðferð kæra á hendur lögreglumönnum vegna ætlaðra refsiverðra brota við framkvæmd lögreglustarfa.

Breytingar á skipulagi Lögregluskóla ríkisins.

Þá eru í frv. nokkur nýmæli sem eru til þess fallin að bæta stöðu kvenna innan lögreglunnar. Má þarhelst nefna breytingar á ákvæðum um inntöku nema í lögregluskólann. Nýlega hefur verið komið á fót starfshópi til að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar og gera tillögur að úrbótum á þeim sviðum þar sem talin verður þörf á að bæta stöðu kvenna innan lögreglu ríkisins. Starfshópnum er einnig ætlað að gera tillögur um aðgerðir sem leitt geti til fjölgunar kvenna í lögreglu ríkisins. Þess má vænta að tillögur vinnuhópsins muni hafa áhrif á framkvæmd þessara laga og setningu reglugerða á grundvelli þeirra.

Frv. mun hafa víðtæk áhrif á skipulag löggæslu í landinu. Rannsóknarlögregla ríkisins verður lögð niður, embætti ríkislögreglustjóra tekur við hluta af starfsemi löggæsluskrifstofu

dómsmrn., lögregluranns6knir Rannsóknarlögreglu ríkisins færast til ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og annarra lögreglustjóra. Útlendingaeftirlitið verður fært undir stjórn ríkislögreglustjóra. Betri nýting starfsliðs og minni hætta á tvíverknaði vegna nánari samvinnu almennra lögreglumanna og rannsóknarmanna innan sama embættis og samvinnu við ákærendur sem haft geta áhrif á að rannsókn þróist með tilliti til ákærumöguleika. Gert er ráð fyrir að fjöldi stöðugilda haldist sem næst óbreyttur og kostnaður við löggæslu hækki óverulega, en að sú hagræðing sem vonir standa til að náist komi fram í betri og markvissari löggæslu og hraðari afgreiðslu brotamála og rannsóknar á ákærustigi.

Það er álit flestra sem starfa að löggæslumálum í landinu að tímabært sé orðið að koma á fót embætti ríkislögreglustjóra sem hafi m.a. með höndum samræmingu og eftirlit með framkvæmd löggæslu í landinu. Þó stofnun slíks embættis þurfi ekki sjálfkrafa að hafa það í för með sér að Rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður er það lagt til í frv. þar sem ekki var talið rétt að fjölga embættum á löggæslusviðinu. Óumdeilt er að stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins árið 1976 var mikið framfaraspor sem leitt hefur til aukinnar fagmennsku og vandaðri vinnubragða við rannsókn opinberra mála. Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur orðið til mikil og góð fagþekking og jafnframt sú sérhæfing sem nauðsynleg er til að upplýsa og rannsaka hinar fjölbreyttustu gerðir afbrota í sífellt flóknara samfélagi.

Á þeim 20 árum sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur starfað hefur menntun lögreglumanna tekið stórstígum framförum og byggist uppbygging lögreglunnar á því að allir lögreglumenn geti tekist á við flest algengustu rannsóknarverkefni. Á sama tíma hefur hin almenna lögregla eflst að þekkingu og tækjabúnaði.

Í frv. er sem fyrr segir lagt til að Rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar færð til ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranna. Erfiðustu rannsóknarverkefnin, sem að flestra mati eru skatta- og efnahagsbrotin, verða falin sérstakri deild við embætti ríkislögreglustjóra en við það embætti mun auk þess verða starfrækt stoðdeild sérhæfðra rannsóknarmanna til aðstoðar í einstökum lögregluliðum, einkum þeim fámennari, við erfiðustu rannsóknir.

Sú þekking og reynsla sem til staðar er hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins býr fyrst og fremst í starfsmönnunum sjálfum. Með frv. er ekki stefnt að fækkun lögreglumanna eða annarra starfsmanna heldur flutningi stöðugilda til ríkislögreglustjóra og rannsóknardeilda lögregluembættanna. Þeir starfsmenn sem flytja munu starfsvettvang sinn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins koma til með að flytja með sér alla þekkingu sína og miðla henni til starfsmanna á nýjum vinnustöðum. Röskun á daglegum störfum ætti því ekki að vera teljandi.

Með eflingu sérstakrar rannsóknardeildar við tíu lögregluembætti er ætlað að tryggja að til staðar séu í hverju kjördæmi sérhæfðir rannsóknarmenn sem færir séu um að fást við rannsóknir flestra tegunda brota, en ef með þarf er opin leið að óska eftir aðstoð frá stoðdeild ríkislögreglustjóra eða sérhæfðari rannsóknarmönnum frá öðrum lögregluembættum. Markmiðið með slíkum rannsóknardeildum er þó ekki að reisa múra milli rannsóknarlögreglumanna og almennra lögreglumanna. Þvert á móti er æskilegt að allir lögreglumenn í lögregluliði vinni að því sameiginlega markmiði að koma í veg fyrir brot, upplýsa brot og rannsaka þau af kostgæfni. Með starfrækslu slíkrar rannsóknardeildar við 10 embætti er einnig tekið mið af því að af 13 í 27 lögregluumdæmum starfa fimm lögreglumenn eða færri og eðli málsins samkvæmt eru þar ekki tök á þeirri sérhæfingu sem nauðsynleg er til að tryggja farsæla rannsókn flókinna brotamála. Rannsóknardeildunum er m.a. ætlað að bæta úr þessu. Frv. hefur því í för með sér eflingu rannsóknardeilda utan höfuðborgarsvæðisins.

Þar sem stærsti hluti rannsóknarverkefna Rannsóknarlögreglu ríkisins varða brot sem framin eru í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík mun meginþunginn af lögregluranns6knunum færast þangað. Ljóst er að endurskipuleggja þarf starfsemi embættisins að verulegu leyti og búa svo um hnútana að það verði í stakk búið að taka við nýjum verkefnum. Nýtt embætti varalögreglustjóra og heimild til skipunar saksóknara við embættið er liður í þeirri viðleitni.

Gengið hefur verið úr skugga um að húsakost lögregluembættanna þurfi ekki að auka vegna þeirra breytinga sem frv. hefur í för með sér. Sérstök áhersla er lögð á menntunarmál lögreglumanna í frv. Ætlunin er að inntaka nema í skólann verði með nýju sniði og skólinn verði opnari en nú er raunin. Þá er aukin áhersla lögð á framhaldsmenntun lögreglumanna.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum gert grein fyrir efni og markmiðum frv. en erfitt er að gera svo viðamiklu frv. tæmandi skil. Ég vísa til ítarlegra athugasemda með frv. Eins og ég nefndi í upphafi fylgir þessu frumvarpi frv. til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála sem á samleið með þeim skipulagsbreytingum sem hér er verið að leggja til í þeim tilgangi að efla yfirstjórn löggæslunnar í landinu og einfalda og hraða rannsókn opinberra mála.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. sem felur í sér verulegar breytingar á núverandi skipan lögreglumála og þar er sumt til bóta en annað ekki. Viðamesta breytingin ef horft er til skipulags lögreglumála er án efa stofnun embættis ríkislögreglustjóra og þær breytingar sem meiningin er að gera í kjölfar þess. Eins og ráðherra rakti að nokkru leyti í framsöguræðu sinni felur frv. í sér verulegar breytingar. Ég mun ekki fara yfir þær allar efnislega heldur einungis nefna þær sem mér þykja sérstaklega athugunar verðar. Eins og komið hefur fram er frv. nokkuð viðamikið og í raun er annað frv., sem hér verður rætt á eftir, að mörgu leyti skylt þessu.

Ef horft er á núverandi skipan lögreglumála þá er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu dómsmálaráðherra og undir hann heyra embætti lögreglustjóra, þ.e. lögreglustjórar í umdæmum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Lögreglustjórar í umdæmum fara með almenna lögreglustjórn á hverjum stað en rannsóknarlögreglustjóri fer með rannsókn opinberra mála með þeim takmörkunum sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum.

Í frv. er lagt til að stofnað verði nýtt embætti ríkislögreglustjóra. Rannsóknarlögregla ríkisins í núverandi mynd lögð niður en í staðinn verði rannsóknir meginþorra mála fluttar út í héruð til lögreglustjóra þar. Síðan er gert ráð fyrir því, eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh., að sérstakar deildir verði stofnaðar hjá ríkislögreglustjóra og sérstakar deildir stofnaðar úti í umdæmum lögreglustjóranna.

Um rannsóknardeildirnar er það að segja að fram hafa komið um það athugasemdir frá Landssambandi lögreglumanna að með hliðsjón af starfssvæði rannsóknardeilda sé aðfinnsluvert að þeir lögreglumenn sem starfa innan þessara deilda muni starfa undir stjórn ýmissa yfirmanna og það sé mikilvægt í starfsemi lögreglu að röð fyrirmæla sé skýr og að lögreglumaðurinn þekki það skipulag sem hann heyrir undir. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort hann telji að þetta sé nægilega tryggt með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til, að það sé nægilega skýrt hvert sé skipuritið og hver eigi að heyra undir hvern í því skipulagi sem hér er lagt til. Einhvers staðar í frv. sá ég að það eigi að gera nánari útfærslu á þessu í reglugerð og það væri athyglisvert að heyra hvaða hugmyndir eru um það í ráðuneytinu.

Í a- og b-lið 2. mgr. 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að starfrækt verði sérstök lögregluranns6knardeild hjá ríkislögreglustjóra sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot. Eftir lestur þessa frv., og reyndar fylgifrv. um meðferð opinberra mála, tel ég að ekki sé nægilega skýrt kveðið á um það að rannsókn og ákæra í efnahagsbrotum sé á hendi eins og sama aðilans í öllum tilvikum til þess að tryggja þá sérhæfingu sem rannsókn og jafnframt ákæra efnahagsbrota krefst, en það er mjög viðtækur brotaflokkur og í stöðugri mótun, má segja, tekur stöðugum breytingum. Svo virðist sem það sé meiningin en ég er svolítið undrandi yfir því að ekki skuli vera tekið skýrar af skarið með þetta í frv., að það sé hreinlega sagt að í slíkum brotum skuli ákæra og rannsókn vera á einni hendi.

Ég bendi á í þessu samhengi að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og sú sem hér stendur fluttu till. til þál. fyrr í vetur um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum og var tillagan í þá veru að dómsmrh. væri falið að undirbúa frv. til laga um embætti sérstaks ákæranda í efnahagsbrotum sem væri sérhæfður í meðferð slíkra brota. Verkefni hans yrði að rannsaka meint efnahagsbrot ásamt því að fara með ákæruvald í slíkum málum.

Í umræðum um þessa tillögu á sínum tíma kom fram sú gagnrýni að þarna væri verið að stofna enn eitt báknið, enn eitt embættið, en flm. bentu á að það væri alls ekki ætlunin og ég benti t.d. á að ég teldi vel koma til greina að svona embætti heyrði undir ríkislögreglustjóra. Það sem liggur að baki þessari hugmynd er náttúrlega fyrst og fremst sú sérstaða sem efnahagsbrotin hafa. Viðhorf almennings til þeirra eru önnur en til annarra brota og þau skapa oft og tíðum mjög erfið siðræn vandamál. Má nefna sem dæmi að fólk lítur ekki endilega á skatta-, bókhalds- og tollalagabrot sem alvarleg brot, en þjófnaðir eða eignaspjöll eru litin mjög alvarlegum augum. Brot sem eru framin í atvinnurekstri eru gjarnan réttlætt með því að lögin séu gölluð eða fullnægi ekki þeim þörfum sem viðskiptalífið krefst, en einnig með því að þau hafi verið tilraun til þess að bjarga atvinnurekstrinum.

Á það var bent að oft er mjög erfitt að rekja eða mæla tjónið af efnahagsbrotunum og að þau viðskipti sem brotin varða eru óvenjuflókin og aðeins á valdi örfárra sérfræðinga oft og tíðum að þekkja þau. Þá var einnig bent á það hér í tengslum við flutning þessarar tillögu að baráttan við efnahagsbrotin hefur verið alþjóðleg hin síðari ár enda hefur það verið reyndin í öðrum löndum að hinar hefðbundnu leiðir refsivörslukerfisins hafa ekki dugað í tengslum við þessi brot og hefur víða verið talin þörf á sérstökum aðgerðum til að takast á við þau, svo sem virkri og sérhæfðri löggæslu, sérþjálfuðum löggæslumönnum og ákærendum, sérstakri þjálfun dómara, greiðum upplýsingum í samskiptum yfirvalda sem við málin fást, hraðari málsmeðferð og hertum refsingum. Flutningsmenn bentu á að það væri ekkert öðruvísi hér á landi en annars staðar að refsivörslukerfið í þeirri mynd sem það hefur verið hefði ekki dugað.

Á það var líka bent í tengslum við þessa tillögu að í Danmörku t.d. hefur sérstakt embætti með höndum rannsókn og ákæru slíkra brota. Undir embættið heyra umfangsmeiri efnahagsbrot, þau sem líklegt er að hafi mikla þýðingu og eru liður í skipulagðri glæpastarfsemi. Þá hefur líka verið bent á það að svipað kerfi hefur verið tekið upp í Noregi og það sem sérstaklega hefur verið hugað að þar er að það sé öruggt að á einhverjum einum stað sé sú sérhæfða þekking sem safnast saman um þessi erfiðu brot. Það sé á einum stað og þar sé haldin ákveðin skrá yfir þau og þeim upplýsingum sé safnað saman og jafnframt að þeim upplýsingum sé dreift út í umdæmi þannig að tryggt sé að sú sérþekking nýtist úti í umdæmunum líka ef slík brot koma upp. Mér sýnist frv. vera skref í rétta átt að þessu leyti. Það er sérstaklega talað um þessa rannsóknardeild og það lítur út fyrir að meiningin sé að það eigi að færa þetta undir einn og sama hatt, rannsókn og ákæru í þessum málum, en ég tel að það mætti kveða mun skýrar á um það og teldi það æskilegra.

Frv. felur í sér nokkrar breytingar á stöðu lögreglumanna og réttarstöðu þeirra eins og fram hefur komið. Og þar sem þessi ríkisstjórn er nú orðin fræg að endemum fyrir aðför sína að launafólki þá tel ég fulla ástæðu til að skoða frv. sérstaklega með tilliti til þessara þátta. Ég vil byrja á því að koma inn á atriði sem hæstv. ráðherra minntist á í framsögu sinni. Á bls. 19 í frv. er sérstakur kafli sem hefur yfirskriftina „Bætt staða kvenna í lögreglu". Hæstv. ráðherra eyddi töluverðum tíma í að greina frá þessum kafla í ræðu sinni. Ég rak líka augun í þennan kafla og tel hann athyglisverðan fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi vegna þess að ég tel ánægjulegt að þessu sé gefinn gaumur í frv., að það sé hugað að stöðu kvenna í lögreglunni. Það er fyllilega orðið tímabært og fyrir löngu síðan. Hins vegar á ég erfiðara með að átta mig á þeim lausnum sem felast í frv. Þær kannski hjálpa eitthvað, það má vel vera, en ég tel hins vegar að þær taki á ekki því sem raunverulega skiptir máli fyrir konur í lögreglu.

Í frv. segir að um áramótin 1995/1996 hafi einungis 25 konur verið við störf sem lögreglumenn í lögreglu ríkisins eða rúm 4% af heildarfjölda lögreglumanna. Hlutfall kvenna í starfsliði lögreglustjóra var þó nokkru hærra. Nokkuð hefur verið gert til að bæta hér úr, segir í frv., en svo lágt hlutfall kvenna í lögreglu er óviðunandi og að sjálfsögðu geta margir tekið undir það. Þá segir einnig að lögreglustjórum hafi m.a. verið bent á að setja í auglýsingar um lausar stöður innan lögreglu sérstaka hvatningu til kvenna um að sækja um stöðurnar. Hlutastörf í lögreglu hafa verið fátíð og vinnutími oft á tíðum ósveigjanlegur. Þetta ásamt fleiru hefur ekki laðað konur að lögreglustörfum og eins hafa reglur um lágmarkshæð þrengt verulega þann hóp kvenna sem átt hefur þess kost að komast í Lögregluskóla ríkisins.

Það er sagt að í frv. séu nokkur nýmæli og það eru m.a. breytingar á ákvæðum um inntöku nema í Lögregluskólann og fyrirætlanir um að færa niður lágmarkshæð kvenna með nýrri reglugerð um skólann.

Ég held að líkamsbygging og hæð kvenfólks sé ekki það sem helst stendur í vegi fyrir því að þær komist áfram í lífinu. Þó að þær séu vel hávaxnar og fyllilega á við karlmenn að líkamsburðum, þá er ekki alltaf að gengur sem skyldi. Þegar

ég sá þennan kafla í frv. var mér minnisstæð umfjöllun sem var í tímaritinu 19. júní frá 1994 eða 1995 um stöðu kvenna í lögreglunni þar sem talað var við þessar konur. Þar sýndust mér vera ýmsir aðrir þættir sem spila inn í og snúa m.a. að því hvernig þeim gengur að feta sig áfram þegar þær eru komnar í störfin. Það er m.a. nokkuð sem gerir starfið ekki aðlaðandi fyrir konur að þær voru jafnvel færðar til í starfi. Þess voru dæmi að þær væru færðar til í starfi sem var fulllangt fyrir neðan þá hæfni og þá getu sem þessar konur höfðu þá sýnt. Því hef ég grun um að til að ná árangri þurfi að gera meira en að beina einhverjum tilmælum til yfirmanna í lögreglunni um að reyna að laða konur að. Að það sé líka ástæða til þess hreinlega að kveða sterkar á um það, að setja reglur um að þeim sé skylt að hafa ákveðið hlutfall starfsmanna í lögreglunni konur eftir því sem hægt er að koma því við, þannig að á einhvern hátt sé tekin skýrari stefna og að lögregluembættin taki síðan við skýrari starfsmannastefnu að þessu leyti. Þar getur dómsmrn. að sjálfsögðu haft einhverja stefnu þó að það sé ekki beinlínis tekið fram í lagafrv. sem þessu.

Ég vildi geta þessara þátta vegna þess að mér finnst þessi kafli nánast benda til þess að ástæðan fyrir því að konur komi ekki inn í lögregluna séu þær að þær séu annaðhvort of lágvaxnar eða þá að þær vilji ekki sækja um störfin. Ég held að það sé ýmislegt annað sem þarna liggur að baki sem sé ástæða til að skoða.

Ég vil í þessu sambandi benda á það sem ég gái oft að þegar ég er að skoða lagafrumvörp þar sem nefndir eru starfandi, að það var ekki ein einasta kona, ef ég man rétt, í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. Það var fengin kona til að starfa með nefndinni. En það er eitt sem stjórnvöld geta gert, ef þau hafa áhuga á því að bæta stöðu kvenna, að tilnefna í auknum mæli konur í slíkar nefndir þannig að það sé þá öruggara að þeirra sjónarmiða sé gætt. Þrátt fyrir góðan vilja karlanna þá er það þannig að kannski konunum er betur fallið að fjalla um sín eigin málefni heldur en þeim þegar allt kemur til alls.

Varðandi réttarstöðu lögreglumanna vil ég benda á það sem hefur komið fram að lögreglumenn hafa mótmælt ýmsum atriðum í frv. Þeir hafa sent umsögn um frv. og hafa komið á framfæri ýmsum athugasemdum þar sem þeir hafa tjáð sig um þau mál. Þá er kannski fyrst til að nefna að Landssambandi lögreglumanna var gefinn mjög skammur umsagnarfrestur. Hér er um að ræða mjög viðamikil frumvarpsdrög sem verður varla gerð tæmandi skil með skömmum fyrirvara. Þau þurfa ítarlegrar umfjöllunar við. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fengið frá Landssambandi lögreglumanna þá fengu þeir erindið 1. febrúar og þeim var gefin rúm vika til þess að skila umsögnum um frv. Frumvarpsdrögin eru þá að koma fyrir augu margra stjórnarmanna í fyrsta skipti þannig að þeim gafst mjög lítill tími til að fjalla um þessi mál sem eru mjög mikilvæg og snúa mjög að réttarstöðu lögreglumanna eins og mjög víða kemur fram í frv.

Lögreglumenn hafa líka bent á að þeir hafi verið með mjög alvarlegar athugasemdir við 28. gr. frv. og telja að þar sé ráðist gróflega að starfsréttindum lögreglumanna. Þeir benda á að það sé líklega einsdæmi að fagráðuneyti komi fram með tillögur þess efnis að afnema hæfisskilyrði til þess að einstaklingar fái að gegna lögreglustarfi þrátt fyrir að í öðrum hlutum frumvarpsdraganna séu kröfur til þeirra auknar og þyngri skyldur lagðar þeim á herðar. Ef við skoðum 28. gr. þá er þar það einkum 4. tölul. sem mér sýnist athugunarverður. Þar segir að dómsmálaráðherra geti heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins enda fullnægi hann tilteknum skilyrðum laganna. Þarna er kannski það sem lögreglumenn benda á að í þessu tilviki mætti hafa skýrari undantekningar frá því hvenær megi skipa þá sem ekki hafa farið gegnum Lögregluskóla ríkisins í störf hjá lögreglunni. Það er mjög mikilvægt að þess sé gætt, ekki síst með tilliti til mikilvægis þeirra starfa sem lögreglumenn sinna, að þar sé fólk sem í öllum tilvikum hafi fyllilega þekkingu og getu á þeim störfum sem því er ætlað að sinna.

Það er líka annað sem ég vil gera athugasemdir við og það er 25. gr. þar sem eru reglur um störf lögreglumanna utan vinnutíma. Lögreglumenn hafa bent á að þarna sé verið að setja þeim þrengri skorður en öðrum opinberum starfsmönnum utan vinnutíma. Það sé nánast verið að leggja bann við aukastörfum lögreglumanna og þarna sé verið að bjóða upp á tiltekna mismunun gagnvart lögreglumönnum. Ég get tekið undir að þetta ákvæði kemur svolítið einkennilega fyrir sjónir. Þó að það sé í sjálfu sér eðlilegt að á einhvern hátt séu settar skorður við því að opinberir starfsmenn sinni aukastörfum, þá vekur þetta spurningar hvort þarna sé ekki gengið einum of langt og að þessum hópi sé þá markaður sérbás sem sé ósanngjarn að mörgu leyti ef mið er tekið af öðrum opinberum starfsmönnum.

Tími minn fer nú að styttast þannig að ég hef ekki tíma til að koma að öllum þeim athugasemdum sem ég vildi koma að, en það er eitt sem ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra nánar út í og mér fannst svolítið undarlegt ákvæði. Það er ákvæði 15. gr. um aðgerðir í þágu almannafriðar, allsherjarreglu o.fl. Það er sett pósitíft lagaákvæði um að lögreglu sé heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Þá er kveðið á um það að lögreglu sé heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum o.s.frv. Síðan segir að óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu skv. 2. mgr. geti hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu. Lögreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar. Að lokum er kveðið á um það að lögreglu sé heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafriði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þýðingarlausar eða fyrirsjáanlegt er að þær muni hefjast of seint.

Í athugasemdum með þessu ákvæði segir að greinin sé í fyrsta lagi nýmæli og að tilgangur ákvæðisins sé að treysta lagalegan grundvöll þessa réttar lögreglu til að hafa afskipti af borgurunum við nánar tilgreindar aðstæður og með hvaða hætti það sé heimilt. Jafnframt er tekið fram að talið hafi verið að heimildir lögreglu í þeim tilfellum sem getið er í greininni rúmist innan þess sem kallað hefur verið allsherjarumboð lögreglu. Þannig hafi verið í gildi óskráð regla, ef ég skil þetta rétt, um að þetta hafi verið heimilt og þannig að lögreglan hafi haft þessa heimild. Ég vil þá spyrja: Af

hverju er sérstaklega ástæða til þess að vera að setja svona pósitíft ákvæði um þetta í lögin? Það truflar mig einhvern veginn. Mér finnst það líta frekar illa út. Ég hef litið svo á að það hafi verið efast um þessa heimild lögreglu og ég vil spyrja ráðherrann að því hvort þarna búi að baki einhver sérstök — það er reyndar vitnað í lögmætisregluna, þá reglu að hið opinbera, lögreglan sem aðrir, þurfi að hafa heimild í lögum til afskipta af borgurunum gegn vilja þeirra. Við vitum að það er að sjálfsögðu ekki hægt að koma öllu slíku fyrir í lögum, en spurningin er þessi: Er eitthvað sérstakt sem gefur tilefni til að ætla þetta? Ég minnist þess ekki að það hafi mjög oft komið upp tilvik af þessu tagi þannig að það sé ástæða til þess að vera að setja ákvæði þessa efnis sérstaklega í lög núna í stað þess að hafa heimildina áfram óskráða, sérstaklega með tilliti til þess að það hefur ekkert verið um hana efast eftir því sem ég veit best. Ég mundi gjarnan vilja heyra það frá hæstv. ráðherra hvort þess séu einhver nýleg dæmi, í dómsmálum eða eitthvað annað sem gefi sérstaklega tilefni til að festa þessa reglu í sessi núna.

[11:36]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að fjalla um mjög mikilvægt mál sem varðar skipulag æðstu stjórnar lögreglunnar. Þetta mál hefur verið nokkuð lengi til umfjöllunar, úti í þjóðfélaginu þá sérstaklega, og því er mikilvægt og nauðsynlegt að fá það inn í þingið þannig að hægt sé að senda það formlega út til umsagnar til þeirra aðila sem málið varðar og vinna það vel í nefnd. Það er hv. allshn. sem að öllum líkindum fær þetta mál til umfjöllunar.

Í greinargerð kemur fram að sú nefnd sem vann frv. hafði það sem aðalmarkmið að endurskoða skipulag æðstu stjórnar lögreglunnar og að endurskoða ákvæði um ákæruvaldið þannig að rannsóknir afbrota gætu orðið hraðari. Þetta er mjög mikilvægt og þolir ekki mikla bið að mínu mati. Ég vil hins vegar láta það koma fram, hæstv. forseti, að þetta mál var afgreitt frá þingflokki framsóknarmanna með nokkrum fyrirvara þar sem í frv. eru atriði sem við höfum ekki tekið endanlega afstöðu til, en viljum að málið verði unnið í nefnd.

Ég held að það sé alveg rétt að koma á fót embætti ríkislögreglustjóra sem fari með yfirstjórn lögreglu ríkisins í umboði dómsmrh. Þessi mál hafa ekki verið í nógu góðum farvegi eins og þau hafa verið. Hins vegar er deilt um það hvort það sé rétt að viðkomandi embætti fari bæði með stjórnsýsluhlutverk og sjálfstæða ákvarðanatöku í sambandi við lögregluvald og lögregluaðgerðir eins og frv. kveður á um. Þetta er eitt af því sem hv. allshn. þarf að fara yfir.

Rannsóknir munu samkvæmt frv. að meginhluta til fara fram hjá lögreglustjórum í héraði. Það er að mörgu leyti jákvætt og ég vil trúa því að það komi í veg fyrir tvíverknað sem hefur átt sér stað að undanförnu eins og þetta fyrirkomulag hefur verið.

Það eru ýmis atriði sem varða lögreglumenn og stöðu þeirra sem við teljum að þurfi að athuga betur verði frv. að lögum. Það varðar t.d. þagnarskyldu, aukastörf, menntun, aldurshámark o.fl. Þá má nefna Lögregluskóla ríkisins. Það þarf að velta því fyrir sér hvort það er framvæmanlegt og hvort það er æskilegt að kennsla fari meira fram í hinu almenna skólakerfi heldur en er nú. Þetta viljum við að verði skoðað.

Í síðasta lagi vil ég nefna að í frv. er ekki tekið á máli sem varðar það hver hefur með höndum yfirstjórn í samræmingu bjögunar- og leitaraðgerða. Ég geri mér ekki grein fyrir því á þessari stundu hvort þetta er atriði sem ætti að kveða á um í sérstökum lögum eða hvort möguleiki er að koma ákvæði um þetta mikilvæga efni inn í frv. í meðferð þess hér á hv. Alþingi en það held ég að hljóti að verða athugað í hv. allshn.

Ég vil segja það að lokum að ég held að það sé mjög mikilvægt að fá þetta mál fram á hv. Alþingi þannig að þingnefnd og þingið sjálft geti tekið á því og væri æskilegt að það gæti orðið að lögum á þessu vorþingi.

[11:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir framlagningu þessa frv. til lögreglulaga og reyndar einnig þess frv. sem líka er á dagskrá um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála.

Hér er á ferðinni mjög umfangsmikið mál sem felur í sér viðamiklar breytingar á skipulagi lögreglumála. Hér er um að ræða mjög róttækar breytingar og mjög mikilvægt að vel sé vandað til þessarar lagasetningar og að hv. Alþingi og þingmenn geri sér sem best grein fyrir áhrifum af þessari breytingu. Það er ljóst og kom reyndar fram í þessum ræðustól hjá síðasta hv. þm., stjórnarþingmanni, að ekki er alls kostar sátt um þetta mál milli stjórnarliða og greinilegt að enn greinir á um ýmis efnisatriði þessa frv. Og eftir því sem ég best veit er ekki sátt um þetta mál innan lögregluyfirvalda, en það er mikilvægt að málið fái ítarlega skoðun vegna þess að í frv. eru mjög mikilvæg ákvæði sem ég tel að horfi til bóta.

Frumvarpið er því allrar athygli vert og markmiðin sem að er stefnt eru skynsamleg. Ekki síst nefni ég það markmið að gera rannsóknir afbrota hraðari og skilvirkari og að ferill mála á rannsóknar- og ákærustigi verði einfaldaður. Þar nefni ég ekki síst til ýmis efnahags- og skattalagabrot, en í því skyni að gera rannsóknir á skattsvikamálum skilvirkari og hraðari og sektarmeðferð vegna slíkra brota áhrifaríkari hef ég á undanförnum árum flutt ýmis þingmál, m.a. um að komið yrði á fót sérstökum skattsvikadómstól er einbeitti sér að skatta- og bókhaldsbrotum og nú á þessu þingi hef ég flutt þáltill. ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum.

Í frv. um meðferð opinberra mála er vísað til þeirrar þáltill. sem við höfum flutt og þar segir að með breytingum sem lagðar eru til í frv., þ.e. frv. til laga um meðferð opinberra mála, sé lagður grundvöllur að þessari sérstöku saksóknarastöðu og því væntanlega ekki þörf á sérstöku embætti ákæranda í efnahagsbrotum. Það er vissulega rétt, að það er að nokkru leyti komið til móts við þau sjónarmið sem við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir höfum sett fram í þessu máli, en ég tel það alls ekki vera fullnægjandi og vil gera grein fyrir ástæðum þess í þeirri von að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði þetta sérstaka atriði sem ég ætla að gera grein fyrir.

Ástæður þess að við lögðum til þessa breytingu eru margar, m.a. að baráttan við efnahagsbrotin hefur verið alþjóðleg hin síðari ár og reyndin í öðrum löndum verið sú að hinar hefðbundnu leiðir refsivörslukerfisins hafa ekki dugað og hefur þurft að fara aðrar leiðir. Víða í löndunum í kringum okkur hefur verið talin sérstök þörf á aðgerðum til að takast á við efnahagsbrotin, svo sem með virkari og sérhæfðari löggæslu, sérþjálfuðum löggæslumönnum og ákærendum og sérstakri þjálfun dómara, greiðari upplýsingasamskiptum hjá

yfirvöldum sem við málin fást, hraðari málsmeðferð og hertum refsingum. Hér á landi er reyndin hin sama og annars staðar að refsivörslukerfið hefur ekki tekið á þessum brotum sem skyldi þrátt fyrir aukinn áhuga á þeim í seinni tíð. Það var vegna þessa að við settum fram tillöguna um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum.

Með tillögunni var markmiðið að skapa meiri og skýrari almenn varnaðaráhrif gegn skattsvikum og að ríka nauðsyn beri til til að málsmeðferð skattsvikamála verði sýnilegri en verið hefur og sæti í miklu ríkara mæli opinberri meðferð. Það er margt sem þykir mæla með að ákvörðun um saksókn verði tekin fyrr en verið hefur með því að hafa ákæruvald og rannsókn á sömu hendi í slíkum málum, enda krefst hvort tveggja mikillar sérþekkingar vegna flókins eðlis brotanna. Það finnst mér ekki koma nægilega skýrt fram í þessum frumvörpum tveimur að varðandi efnahagsbrotin sé ákæruvaldið og rannsókn á sömu hendi og hefði ég viljað fá það skýrar fram en mér sýnist að fram komi í frv. Ég tel þó að efnahagsbrotin og skattalagabrotin fái ákveðna vigt í frv. og komi vissulega til móts við þau sjónarmið sem sett voru fram í þáltill. okkar hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur með því að ríkislögreglustjóra verði falið ákæruvald með skatta- og efnahagsbrotum og dómsmrh. fái heimild til að skipa sérstakan saksóknara við embætti ríkislögreglustjóra til þess að annast rannsókn og málflutning slíkra mála.

Það er mín skoðun að heppilegra hefði verið að fela skattrannsóknarstjóra ákæruvaldið í þessu efni. Ég rökstuddi það nokkuð þegar við vorum að ræða þessa umræddu tillögu. Við bentum á það í okkar þáltill. að það væri ekki markmiðið í sjálfu sér að koma á sérstöku nýju embætti ákæranda í efnahagsbrotum. Markmiðið væri að gera alla rannsókn hraðari og skilvirkari og að rannsókn og ákæruvald væri á sömu hendi.

Við höfum sett á fót embætti skattrannsóknarstjóra sem á að hafa með hendi og hefur með hendi skattrannsóknir. Ég hygg að flestir séu um það sammála að starf þessa sérstaka embættis, sem einbeitir sér að skattsvikamálum, hefur gefist mjög vel og ég tel að eðlilegra hefði verið að fara þá leið að fela því embætti ákæruvaldið að því er varðar skattsvikamálin.

Ég vil nefna það og hef reyndar gert það áður að ég tel að reynslan sýni að á mörgum undanförnum árum hefur verið valin sú leið að senda flest mál til meðferðar yfirskattanefndar, en ekki til opinberrar meðferðar dómsmála. Það eru tiltölulega fá, og til um það tölur, skattsvikamál sem hafa verið send til opinberrar rannsóknar og til dómsmála, en yfirleitt er þeim lokið hjá yfirskattanefnd með venjulegri sektarmeðferð. Það er eðlilegra að kveða á um í lögum að meginreglan sé sú að skattsvikamál sæti opinberri rannsókn. Það má ætla að miklu fleiri mál en æskilegt hafi verið á umliðnum árum hafi verið send til einfaldrar sektarmeðferðar en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla. Ég sé ekki að á þessu verði nein breyting með þessu umfangsmikla frv. að því er þetta sérstaka atriði varðar, sem ég tel brotalöm, að ekki skuli fleiri skattsvikamál sæta opinberri rannsókn. Og ég spyr hæstv. dómsmrh. um hvort það sé rétt að þau ákvæði sem kveðið er á um í þessum tveimur frumvörpum sem hann mælir fyrir hafi nokkur áhrif á það að fleiri skattsvikamál verði send til opinberrar rannsóknar heldur en verið hefur.

Varðandi frv. til lögreglulaga í heild sinni, þá nefndi ég í upphafi máls míns að ég teldi mikilvægt að þingmenn gerðu sér grein fyrir hvaða áhrif frv. hefur. Það er verið að leggja niður Rannsóknarlögreglu ríkisins og eins og segir á bls. 13: „Þar sem stærsti hluti þeirra rannsókna sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur farið með tengist umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík er fyrirsjáanlegt að verkefni embættisins munu stóraukast.“ Síðan er talað um að leitast verði við að flytja til stöðugildi í samræmi við tilflutning verkefna.

Síðan segir að því er þennan þátt varðar, það er reyndar í frv. um meðferð opinberra mála en þetta tengist þannig að ég tel rétt að vitna í það, með leyfi forseta: „Embætti ríkislögreglustjóra eru ekki ætlaðar lögregluranssóknir í sama mæli og Rannsóknarlögreglu ríkisins.“ Því velti ég því fyrir mér hvort það hafi farið fram fagleg úttekt á því hvaða áhrif þessar breytingar hafi, þessi mikla tilfærsla á verkefnum, hvað snertir þörf á stöðugildum. Mér sýnist að miðað við þau stóraukna verkefni sem lögreglustjóranum í Reykjavík er ætlað með niðurlagningu á verkefnum Rannsóknarlögreglu ríkisins, þá séu þau nýju stöðugildi sem Rannsóknarlögreglan fær í engu samræmi við þau verkefni sem lögreglan í Reykjavík á að fá. Hér er um að ræða ef ég man rétt 21 stöðugildi sem kemur þarna til viðbótar og um 58 millj. sem koma í hlut lögreglunnar í Reykjavík með þessum tilfærslum sem fer að verulegu leyti líka í launakostnað. Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort hann óttist það ekki þar sem rannsóknirnar eiga að vera áfram hjá lögreglustjóranum en ekki ríkislögreglustjóranum í sama mæli og Rannsóknarlögreglan hefur haft, hvort hann óttist ekki að þetta muni rýra verulega rannsóknarþáttinn sem lögreglustjóraembættið hefur haft með höndum og mun aukast enn með því að Rannsóknarlögreglan er lögð niður.

Þess vegna spyr ég: Hefur verið gerð fagleg úttekt á þessu? Ef svo er: Hverjir gerðu það? Hverjir lögðu mat á þessa tilfærslu á stöðugildum? Mér sýnist t.d. að það sé vel í lagt varðandi þetta nýja embætti ríkislögreglustjóra sem á að fá samtals 126 millj. kr. í sinn hlut og þar er talinn upp fjöldi stöðugilda sem koma í hlut ríkislögreglustjóra og sýnist mér þar mjög vel í lagt t.d. miðað við hlut lögreglunnar í Reykjavík. Það er því ástæða til að spyrja hvort þessi faglega úttekt hafi farið fram og hverjir hafi þá lagt mat á það. Ég held að nefndin sem fær þetta til skoðunar þurfi að skoða þennan þátt sérstaklega, hvort vægið að því er varðar mannaflann í heild hjá lögreglunni sé rétt og eðlilega skipt á milli þessara embætta.

Síðan er rætt um það í umsögn fjmrn. að þessu nýja embætti sé ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem fram til þessa hafa heyrt undir löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Er hugmyndin þá að fækka eitthvað í dómsmrn.? Ég hef ekki fundið svar við því í þessari umsögn. Athugasemd mín lýtur að því, virðulegi forseti, að ég tel að ekki hafi verið gaumgæft eins og skyldi hvernig þeim mannafla sem við höfum yfir að ráða almennt til lögreglumála í landinu sé rétt og eðlilega skipt milli þessara embætta og tel ástæðu til að spyrja ráðherrann að því sérstaklega.

Í lokin vil ég spyrja um 11. gr. frv. sem ég tel mjög mikilvæga. Þar er talað um að lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skuli hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra. Þetta tel ég mjög mikilvægt, að skipulögð samvinna sé í gangi milli þessara aðila, ekki síst, svo ég nefni mikilvægt dæmi, að því er varðar

fíkniefnamálin. Ég spyr hæstv. dómsmrh. að því af því mér finnst það ekki koma fram í þessu frv. og hefði viljað sjá það skýrar í frv. sjálfu hvernig skipulagi á slíku samstarfi eigi að vera háttað, hvort það sé þá líkt og verið hefur eða hvort hér séu fyrirhugaðar einhverjar breytingar á þessari samvinnu og skipulagi hennar sem ég tel mjög mikilvæga.

Virðulegi forseti. Það er ekki tími til að ræða ítarlega um þetta umfangsmikla mál. Ég kaus að drepa á þeim helstu atriðum sem komu upp í huga minn eftir að hafa lesið þetta frv. yfir. Ég á sæti sem áheyrnarfultrúi í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og þar mun ég þá frekar koma mínum athugasemdum á framfæri. En ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. svari þeim spurningum sem ég hef fyrir hann lagt í þessari umræðu.

[11:58]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til lögreglulaga sem er um margt mjög athyglisvert að mínu mati en mjög umfangsmikið. Mér mun gefast tækifæri til þess að fylgjast með vinnu þess í hv. allshn. þannig að ég mun á þessari stundu ekki tjá mig um öll atriði frv. Ég tel mjög mikilvægt að frv. fái mjög vandaða vinnu í nefnd því að þarna er um að ræða mjög umfangsmiklar skipulagsbreytingar á lögreglumálum í landinu, ekki síst yfirstjórn lögreglunnar.

Helstu nýmæli frv. hafa verið talin upp bæði af hæstv. ráðherra og einnig koma þau skýrt fram á bls. 18 í greinargerð og því mun ég ekki fara mjög nákvæmlega út í þau í ræðu minni. Ég tel að langflest þessara nýmæla séu til bóta þó að það sé ekki alveg ljóst hvort þeim markmiðum verður náð sem hæstv. dómsmrh. útskýrði í ræðu sinni, nefnilega því að gera störf lögreglumanna skilvirkari og starfssvið þeirra skýrara.

Það atriði sem ég hjó eftir í ræðu ráðherra er að hann telur að frv. muni bæta stöðu kvenna innan lögreglunnar. Ég er ekki svo sannfærð um að svo sé og vil því sérstaklega gera það að umræðuefni því að ekkert í upptalningunni á bls. 18 um nýmæli kemur sérstaklega inn á það mál. Þó er í greinargerð í sérstökum kafla um bætta stöðu kvenna í lögreglunni bent á nokkrar sláandi staðreyndir eins og þá að um síðustu áramót voru eingöngu fimm konur starfandi hjá lögreglu ríkisins eða um 4% af heildarfjöldanum. Til samanburðar má benda á að t.d. í Svíþjóð eru um 15% lögreglumanna konur eftir þeim heimildum sem ég hef aflað mér. Þetta mun vera eitthvað minna annars staðar á Norðurlöndunum. Að mínu mati er mjög stórt verkefni fram undan og mjög mikilvægt. Markvisst er unnið að því að fjölga lögreglukonum í löndunum í kringum okkar og það er augljóst mál að við eigum mjög langt í land. En ég tek undir með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur áðan að það er ekki alveg ljóst í frv. eða í greinargerðinni hvernig á að fara að því að breyta þessu ástandi.

Á bls. 19 í greinargerðinni er bent á að ýmislegt í sambandi við starf lögreglunnar skýri að konur eru þar fáar. Þar er bent á að vinnutími sé ósveigjanlegur og hlutastörf séu fá og má í því sambandi benda á að algengt er að vaktir séu frá 7 á morgnana til 7 á kvöldin. Þetta er mjög óþægilegt fyrirkomulag fyrir fólk með börn þar sem skóli eða vinna hefst yfirleitt um kl. 8 eða kl. 9.

Í öðru lagi er bent á í greinargerðinni að reglur um lágmarkshæð hafi hindrað konur til þess að ganga í lögregluna og bent er á að í frv. sé hugmyndin að breyta reglum um inngöngu í Lögregluskólann þannig að lágmarkshæð kvenna verði færð niður. Í þessu sambandi má benda á að það mun vera staðreynd að það sé um 12 sm munur á meðalhæð kvenna og karla og að núgildandi reglur eru þannig að karlar geta farið í Lögregluskólann þó að þeir séu fyrir neðan meðalhæð en konur þurfi að vera töluvert fyrir ofan meðalhæð til þess að geta komist þar inn.

Í Svíþjóð hafa reglur um lágmarkshæð kvenna verið felldar niður og ég tel mikilvægt að það verði gert hér eða að reglur verði a.m.k. réttlátar miðað við þann mun sem er á meðalhæð kvenna og karla.

Ég tók eftir í sambandi við inntökuskilyrði í Lögregluskólann í 38. gr. frv. að áherslan í inntökuprófinu er á íslensku og þrek. Ákvæði um hæð og þrek lögreglumanna minna á rit Platóns um fyrirmyndarríkið í fornöld. Platón gekk fram fyrir skjöldu með það viðhorf að öll störf í fyrirmyndarríkinu ættu að henta bæði konum og körlum. Það var meginhugmynd hans og að allar stéttir í fyrirmyndarríkinu ættu að vera opnar fyrir bæði konur og karla og þar voru efstu stéttirnar verndarar ríkisins. Þeir skiptust í stjórnmálamenn og hermenn. Formlega áttu konur að geta orðið stjórnmálamenn og hermenn í fyrirmyndarríki Platóns. En þegar betur var að gáð hvernig hann skilgreindi þessi störf kom í ljós að t.d. kvenstjórnmálamaður gat ekki alið upp börnin sín, þau voru tekin frá honum ef hann eignaðist börn. Og hermaður varð að hafa mjög mikla líkamsburði þannig að það hefði eiginlega verið ómögulegt ef þetta hefði verið raunverulegt að vera kona og hermaður. Þetta var saga um fyrirmyndarríki. Það er vonandi ekki hugsunin hér að áfram verði kröfur um þrek og hæð þannig að það fæli frá. Með þessu er ég alls ekki að segja að konur þurfi ekki og geti ekki uppfyllt kröfur um þrek því að mér skilst að fáar konur sem hafi sótt um Lögregluskólann hafi fallið á því prófi.

Í greinargerðinni á bls. 19 segir að dómsmrh. hafi nýlega komið á fót starfshópi til að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar og þessi starfshópur eigi að koma með úrbætur sem muni væntanlega hafa áhrif á framkvæmd þessara laga og setningu reglugerða á grundvelli þeirra. Mér er kunnugt um það að þessi starfshópur hefur aldrei verið kallaður saman enda skipaður nýlega. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig standi á því og hvort ekki hefði verið æskilegra að þessi starfshópur hefði lokið störfum áður en frv. var lagt fram þannig að gera mætti lagalegar úrbætur með hliðsjón af störfum hópsins. Ég vil í þessu sambandi minna á þetta með vinnutímann frá 7 til 7 og atriði eins og möguleika á hlutastörfum. Það má vel vera að þetta séu reglugerðaratriði eða starfsregluatriði. Þó er spurning hvort ekki hefði þurft að koma eitthvað inn í lögin um að stefnt sé að því að auka hlutfall kvenna innan lögreglunnar. Það er þannig nú að það er komið undir vilja yfirmanna hvort eitthvað gerist í þeim efnum.

Að öðru leyti tel ég ástæðu til að skoða nánar í allshn. stöðu Lögregluskólans. Er eðlilegt að þessi skóli sé aðeins eitt ár? Er eðlilegt að þessi skóli sé ekki í neinum tengslum við skólakerfið í landinu? Nú er verið að vinna í menntmn. að framhaldsskólafrv. þar sem verið er að vinna að sem heildstæðustu skólakerfi og þar kemur þessi skóli ekkert inn í. Hann er alger eyja. Ég spyr einnig: Er eðlilegt að ríkislögreglustjóri stjórni því hve margir fari í gegnum skólann á hverju ári? Ég tel að það geti verið til bóta að hann sjái um inngöngu eða komi nálægt því hvort það eigi að koma skýr ákvæði í lögunum um það en ég er ekki sannfærð um það að þetta sé besta tryggingin fyrir eðlilega nýliðun í lögreglu-

starfinu og í Lögregluskólanum. Benda má á að nú er nýliðun lítil og yfirleitt er hlaðið yfirvinnu á þá lögreglumenn sem starfa fyrir. Það er auðvitað kærkomið að fá mikla yfirvinnu vegna þess að launin eru ekki of há en þessi yfirvinna getur einnig verið mjög bagaleg fyrir fjölskyldufólk ef um það er að ræða.

Það vekur athygli að lögreglumenn eiga að fá að starfa til 70 ára aldurs og ég tel það umhugsunarvert hvort það sé rétt stefna fyrir þetta starf, ekki síst nú á tímum vaxandi atvinnuleysis sem virðist vera allt að því viðvarandi.

Aðalvandinn í þessu máli um stöðu kvenna innan lögreglunnar er auðvitað sá að þær eru ekki í valdastöðum. Það er engin kona yfirlögregluþjónn og engar konur eru háttsettar deildarstjórar og þetta er auðvitað bara eins og eitt nýtt sviðið í viðbót. Ef konur eru ekki í stjórnunarstörfum er ekki hugað að breytingum á starfsfyrirkomulagi þannig að það henti konum. Mér er kunnugt um að það mun vera einn lögreglustjóri á landinu sem er kona sem hefur sýnt allt önnur viðhorf t.d. um það hvort möguleiki sé að breyta vaktafyrirkomulagi og öðru slíku innan lögreglunnar. Ég vil því hvetja hæstv. dómsmrh. til þess að koma áðurnefndum starfshópi í gang og helst að leyfa honum að koma með tillögur sínar áður en afgreiðslu frv. er lokið þannig að það verði hægt að gera eitthvað til að tryggja betur að störf kvenna og staða kvenna innan lögreglunar lagist og að konum innan lögreglunnar fjölgi.

[12:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil segja það fyrst að ég er fylgjandi frv. í meginatriðum. Ég tel að í heild sé það til bóta og full ástæða sé til þess að styðja frv. þótt kannski megi sníða af því ýmsa skafanka í meðferð nefndarinnar. Ég get ekki séð það séu mörg atriði sem ekki er tekið á, a.m.k. út frá þeirri takmörkuðu þekkingu sem ég hef á málinu. Þó eru ýmis atriði sem ég vildi aðeins spyrja hæstv. dómsmrh. út í eða vekja athygli nefndarinnar á.

Í b-lið 2. mgr. er fjallað um hvað gerist þegar kæra berst á hendur lögreglumönnum vegna þess að þeir hafa gerst brotlegir í starfi. Þá er sérstök lögregluranns óknardeild sett upp til þess að kanna það. Þótt ég viti að það sé tekið með svipuðum hætti á þessum málum víða erlendis er ég ekki alveg sannfærður um að þetta sé rétt aðferð. Er rétt að lögreglan rannsaki sín eigin brot með þessum hætti? Er ekki betra fyrir alla aðila, bæði þá sem lenda í því að fá slíka kæru á sig og fyrir lögregluliðið í heild að tekið verði með einhverjum hætti öðrum á þessu, t.d. að slík mál yrðu falin forsjá ríkissaksóknaraembættisins sem tæki þá ákvörðun um það hvernig ætti að vinda málunum fram og rannsaka þau til hlítar.

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur horfið úr salnum og það eru nokkrar spurningar sem ég vildi gjarnan víkja til hans en ég vænti þess þá að hans ágætu starfsmenn og fulltrúar komi þeim til hans. Ég sé að í 7. gr. frv. þar sem fjallað er um starfssvæði lögreglu er búin til heimild til þess að ríkislögreglustjóri geti vikið frá hefðbundnum starfssvæðum lögregluliðsins. Í 4. tölul. a segir, með leyfi forseta: „Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögregluliði í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess."

Ég velti því fyrir mér hvað hér er átt við, herra forseti, og hversu víðtæk heimildin er sem hér er verið að skapa. Er með þessum hætti verið að fara fjallabaksleið að því að sameina lögreglusvæði? Eru menn að gefast upp í þeirri jákvæðu viðleitni sem hefur borið á hjá hæstv. dómsmrh. á síðustu 6–7 árum að fækka sýslumannsumdæmum og stækka þar með umdæmi þeirra og lögregluumdæmin líka? Eru menn að fara þarna krókaleið að því marki eða hvað er það nákvæmlega sem átt er við með þessu. Ég vildi gjarnan að hæstv. dómsmrh. skýrði það út fyrir þeim fákunnandi þingmanni sem hér stendur hvers konar tilvik gætu leitt til þess að nauðsynlegt væri að virkja þessa heimild ríkislögreglustjóra.

Mér finnst líka merkilegt að sjá í 9. gr. fjarskylt mál til umræðu þar sem því eru gerðir skórnir að í undantekningartilvikum geti dómsmrh. falið öðrum starfsmönnum lögreglunnar lögregluvald tímabundið eða látið aðra aðila utan lögreglunnar fara með handhöfn lögregluvaldsins. Ég get ekki skilið 2. tölul. 9. gr. sem fjallar um handhafa lögregluvaldsins öðruvísi en þar segir, með leyfi forseta:

„Dómsmrh. er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvaldið tímabundið" og svo kemur: „eða til að sinna sérstökum verkefnum."

Mér finnst þetta loðið og vil gjarnan fá frekari útskýringu á þessu, herra forseti.

Í 11. gr. er fjallað um mál sem hefur verið mjög ofarlega á baugi á þessum vetri. Þar er verið að ræða með hvaða hætti lögregluliðið getur komið að forvörnum. Nú vitum við að þetta er málaflokkur sem lögregluliðið sjálft og fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu leggja mikla áherslu á. Það hefur verið lofsvert að sjá hvernig lögregluliðið hefur haft ákveðið frumkvæði til þess að efla forvarnir gegn fíkniefnum, hvernig hluti lögregluliðsins hefur t.d. tekið upp hjá sjálfum sér að fara í aðgerðir til þess að efla andúð unglinga og ungs fólks á fíkniefnum. Ég bendi t.d. á hið víðkunna Löggubband, hljómsveit lögreglumanna sem hefur gert garðinn frægan í mörgum félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er allt saman mjög jákvætt. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að taka fastar á þessu. Það segir í 11. gr. að lögreglan skuli sérstaklega vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefast. Ég held að það hefði verið ástæða til þess að færa sig neðar í kerfið og í staðinn fyrir að segja; menntamálayfirvöldum, að segja hreinlega; vinna með skólastjórnum, vinna með skólayfirvöldum. Sú skylda yrði þá nánast lögð á herðar lögregluliðinu að það ætti að vinna með þessum grunneiningum í menntakerfinu eftir því sem föng gefast til þess að efla forvarnir.

Tengt þessu er síðan það í 18. gr. sem varðar afskipti af börnum. Þar segir, með leyfi forseta: „Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hætta búin ..." Mér þykir vera veruleg brotalöm í þessari litlu grein. Þarna er um að ræða heimild til lögreglunnar til þess að hafa afskipti af börnum sem eru stödd þar sem heilsu þeirra eða velferð er hætta búin. Ég legg þann skilning í það öryggi sem borgurum á að vera tryggt með starfsemi lögregluliðsins að þarna eigi ekki að vera heimild heldur skylda. Ég tel að í 18. gr. eigi að standa: „lögreglu er skylt". Ég tel að við borgarar þessa lands eigum að geta treyst því að ef sú staða kemur upp að lögreglulið verður þess áskynja að börnin okkar eru stödd á einhverjum þeim stöðum eða í aðstöðu þar sem velferð þeirra er hætta búin þá á lögreglan ekki að hafa heimild til

þess að grípa í taumana heldur á henni að vera skylt að gera það. Ég er sannfærður um að þegar hæstv. ráðherra kannar þetta mál þá er hann mér sammála um það.

Í 20. gr. er reifuð skylda okkar borgaranna til þess að veita lögreglu aðstoð við sérstakar aðstæður. Ég kann þessu ákvæði vel. Ég tel að það eigi að vera skylda borgaranna að hlýða kvaðningu lögreglu ef það koma upp sérstakar aðstæður, þegar lögreglulið þarf á aðstoð borgaranna að halda til þess að leysa úr skyndilegum vanda. Þar segir hins vegar, með leyfi forseta: „Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.“ Í fljótu bragði virðast þetta vera fullkomlega eðlilegar forsendur en ég velti fyrir mér hver eigi að meta þetta. Er það mannsins sjálfs að meta það hvort hann stofnar lífi eða heilbrigði sínu í hættu? Gefum okkur síðan að við þessa kvaðningu lögreglunnar gerist það að viðkomandi borgari verður fyrir lemstrun, hlýtur áverka, kannski varanlega örorku. Þýðir þá þetta ákvæði að hann hefur ekki bótarétt vegna þess að það var hans að meta hvort hættan sem hann stofnaði sér í var slík að það kynni að leiða til þessarar lemstrunar? Ég held að þarna sé nauðsynlegt að *málið verði skoðað betur og byttur settar undir þennan leka* sem mér sýnist þarna vera vegna þess að ákvæðið verður að vera þannig að það fæli ekki fólk frá því að bregðast vel og jákvætt við slíkri kvaðningu lögregluyfirvalda.

Þetta er í 1. mgr. 20. gr. en ég held líka að 2. mgr. 20. gr. sé ekki nægilega skýr. Það er talað um að þeir sem eru kvaddir lögreglunni til aðstoðar og fara þá með lögregluvald meðan þeir gegna viðkomandi verki njóti sömu verndar og aðrir lögreglumenn. Þetta er að mínu viti ekki nægjanlega skýrt í greinargerðinni, að því er tekur til bótaskyldu og líka til bótaréttar þeirra. Það er eitt enn sem við þurfum líka að velta fyrir okkur. Lögreglumenn sem kveðja til almenna borgara til að fara með lögregluvald við tilteknar aðstæður hafa engar forsendur til að meta hvers konar menn þeir eru að kveðja sér til liðsinnis. Hvað ef aðili sem kvaddur er á þennan hátt til að inna af hendi lögregluskyldur er boli? Hvað ef hann veldur alvarlegum áverka? Hver er þá bótaskyldur? Er það viðkomandi borgari sem gegnir tímabundnu lögreglustarfi eða er það lögregluliðið og þar með ríkið? Það er *nauðsynlegt að þetta sé á hreinu til þess að lögin hafi* skilgreint að hverju við borgararnir erum að ganga þegar við bregðumst jákvætt við tilmælum lögreglu á þennan hátt.

Ég bendi á að í V. kafla, 30. gr. er einmitt gerð sú krafa til ríkissjóðs að hann bæti lögreglumönnum líkamstjón og munatjón eftir því sem þeir sæta því vegna starfsins. Þetta gildir væntanlega líka um okkur borgarana sem gegnum tímabundnum lögreglustörfum. En hvar, herra forseti, er í frv. að finna ákvæði um bótaskyldu ríkissjóðs eða viðkomandi einstaklings sem kann að verða valdur að áverka og skaða þegar svona aðstæður koma upp?

Ég held líka, herra forseti, að í 31. gr. þar sem fjallað er um bann við verkföllum sé nauðsynlegt að skoða orðalag málsgreinarinnar til hlítar. Nú er mér að vísu ljóst að lögreglumenn sjálfir gerðu samning um að afsala sér verkfallsrétti. Ég vænti þess að þeim hafi einhvern veginn verið bætt það upp en þeir eru auðvitað aðilar að heildarsamtökum. Hvað þýðir 31. gr.? Þýðir hún það að þeir verði að draga sína fulltrúa út úr stjórnum heildarsamtakanna þegar verið er að ræða þvingunarúrræði sem verkalýðshreyfingin hefur lögmætan rétt til að grípa til við sérstakar aðstæður?

Síðan, herra forseti, kem ég að 32. gr. sem er verulegur agnúi á lögunum að mínu viti. Af því að hæstv. dómsmrh. er kominn í salinn vildi ég gjarnan eiga við hann nokkurn orðastað um hana. Þar er lagt bann við því að lögreglumönnum sé heimilt að vinna hlutastörf eða önnur launuð störf í þágu opinberra stofnana, einkafyrirtækja eða innan þeirra eigin sjálfstæðra fyrirtækja. Þetta er kannski allt gott og blessað. En veltum því fyrir okkur af hverju sú staða kemur upp að menn taka sér slík störf fyrir hendur. Það er væntanlega vegna þess að kjörin sem við höfum tryggt þeim í gegnum samninga eru það óburðug að þeir verða með einhverjum öðrum hætti að afla fjár til að sjá sjálfum sér og sínum farðborða. Því miður hefur það verið lenska í þjóðfélagi okkar að menn hafa þurft að hafa með höndum önnur störf til þess að koma sér upp þaki yfir fjölskyldur sínar. Og hverjir eru það, herra forseti, sem lögreglunni er mestur akkur í að fá til starfa? Ég rakst á það í einhverjum af þessum plöggum sem frv. tengjast að yfirmenn liðsins vilja helst fá ungt fólk sem er komið með fjölskylduábyrgð. Það er þetta unga fólk sem þarf peninga til að koma sér fyrir í samfélaginu. Það er þess vegna sem þetta fólk tekur að sér önnur störf. Ég er á móti þessu ákvæði. Ég spyr hæstv. *dómsmrh.: Hvaða rök liggja að því að þetta er tekið upp?* Forsendurnar fyrir spurningu minni eru þessar: Mér þykir lögregluliðið standa sig bærilega og meira en það, inna vel af höndum sín störf. En ég veit líka að könnun hefur verið gerð á störfum þeirra utan lögreglunnar og það kemur í ljós að helmingurinn, a.m.k. í Reykjavík, hefur með höndum einhvers konar störf sem ekki tengjast lögregluliðinu. Og ég held að það sé hjá talsverðum hluta þar sem jafnvel meiri hluti teknanna kemur úr öðrum aukastörfum. Þannig að þetta þarf að skoða. Ég spyr líka hinn vísa lagaref í stóli hæstv. dómsmrh.: Er ekki með því að lögbinda þetta svona verið að svipta lögreglumenn sem nú eru í starfi þeim rétti sem þeir nú hafa til þessara aukastarfa og þar með verið að taka frá þeim réttindi sem er hægt að segja að séu fémæti? Verður ekki að bæta þeim það upp ef þetta verður gert að lögum? Má ekki segja kannski með grófri túlkun að þetta jaðri við það að vera upptaka á réttindum sem eru ígildi eignar? Þetta þurfum við að skoða.

Herra forseti. Ég er náttúrlega einn af þeim mönnum sem *telja að allir eigi að vera jafnir burt séð frá því hvernig þeir* eru vaxnir, þótt ég yfirleitt dragi taum þeirra digru. En ég tek eftir því að fyrir utan það að sú krafa sé gerð sem ég tel að yfirveguðu máli að sé skiljanleg, að lögreglumenn séu andlega heilbrigðir og líkamlega, að það á að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshæð lögreglumannsefna. Napóleon hefði aldrei orðið lögreglumaður á Íslandi en hann hafði líka frægan lögreglustjóra sem bækur voru skrifaðar um. Af hverju þarf að setja lágmarkshæð lögreglumannsefna í reglugerð? Af hverju þarf þess? Það vill svo til að þegar ég var undir handleiðslu Sjálfstfl. í líkamsrækt, m.a. hv. þm. Tómasar Inga Olrich, bar það oft við að við sáum afar smávaxna menn afrenda að afli sem hefðu getað jafnhattað jafnvel þann þingmann sem hér stendur og sennilega hæstv. dómsmrh. með annarri hendi. Eru þessir menn ekki hæfir til þess að vera í lögregluliðinu af því þeir eru svo smávaxnir? Hver á að vera lágmarkshæðin? Verður t.d. ekki að vera alveg tryggt að hæstv. dómsmrh. sé þeirrar hæðar að hann geti orðið lögreglumaður? Eigum við kannski að setja í lögin að lágmarkshæð lögregluefna skuli hverju sinni vera hin sama og hæð dómsmrh. hæstv. svo tryggt sé að hann uppfylli eigin hæðarkröfur?

Herra forseti. Að því er varðar einn af þessum síðustu köflum sem tengist Lögregluskóla ríkisins verð ég að segja að það kemur mér á óvart hvað gerðar eru strangar kröfur til þeirra sem eiga að vera teknir í þennan skóla. Ég sé að samkvæmt frv. þurfa lögreglumenn t.d. fyrir utan að hafa gott vald á íslensku að hafa gott vald á einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku. Ég tel að það útiloki nú þegar a.m.k. helming þingheims þegar kemur að því að verða lögreglumaður. Ég er ekki að lasta þetta. Mér þykir þetta hið ágætasta mál. Það sem ég vildi segja hins vegar varðandi Lögregluskólann að lögregluliðið hefur, þ.e. lögreglumennirnir sjálfir, jafnan haft nokkurt frumkvæði þar. Ég man ekki betur, þori þó ekki að fullyrða það, en að Lögregluskólanum hafi upprunalega verið komið á laggirnar m.a. vegna frumkvæðis og þrýstings úr röðum lögreglumannanna sjálfra. Þess vegna sakna ég þess, herra forseti, að samkvæmt þessu ákvæði sem fjallar um stjórn Lögregluskólans, það er 37. gr., er ekki gert ráð fyrir því að lögreglumenn eða lögreglumannafélagið hafi fulltrúa í stjórninni. Mér finnst það ekki alveg rétt. Ég tel að samtök lögreglumanna eigi að hafa fulltrúa í skólanefndinni vegna þess að þeir hafa verið sá corpus sem hefur sennilega fyrst og fremst ýtt á um framfarir í starfsmenntun lögreglumanna.

Það er sitthvað fleira sem ég vildi ræða um Lögregluskólann. Þó að ég lasti ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem eiga að fá inngöngu í skólann velti ég því fyrir mér hvort þetta sé rétt aðferð til þess að tryggja það að inntaka nýrra manna sé nægilega trygg. Þegar ég segi inntaka nýrra manna á ég við inntöku nýrra góðra manna. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en ég segi það að þetta frv. er að mínu viti ágætt frv. og ég tel að það eigi að vinda bug að því að breyta þeim örfáu atriðum sem ég nefndi hérna og síðan eigi þingið að reyna að samþykkja þetta á þessu vori.

[12:32]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur komið áður við sögu þessarar virðulegu stofnunar og þeim mun sérkennilegra er það, hæstv. forseti, að það skuli ekki koma hingað fyrr en svo að það er að líða að þinglokum. Það eru 4–6 vikur eftir atvikum eftir af þinginu. Það er gríðarlegur málaskafl sem við eigum eftir að troða á næstu vikum og mánuðum. Það er því í raun og veru mjög sérkennilegt að fá þetta mál inn núna vegna þess að þetta er viðamikið og flókið mál, þetta er róttæk kerfisbreyting að sumu leyti og málið er viðamikið. Þess vegna tel ég einboðið að þetta mál geti ekki orðið að lögum á þessu þingi nema á einhvern afbrigðilegan hátt vegna þess að það er eftir að vinna mjög mikið í því af hálfu þingsins og auk þess er mér kunnugt um að ýmsir aðilar utan þings telja að umsagnir þeirra og ábendingar hafi ekki komist eðlilega til skila.

Ég ætla að koma að því í fyrsta lagi, hæstv. forseti, að í greinargerð frv. kemur fram að það hafi verið sett niður þriggja manna nefnd, 31. maí 1995, sem fékk það hlutverk að yfirfara og endurskoða frv. til lögreglulaga eins og það hafði verið samið og lagt fram af fyrri nefnd sem var skipuð 29. jan. 1992. Þessi þriggja manna nefnd frá 31. maí 1995 fór yfir málin, setti sér tiltekin markmið og hún sendi málið til umsagnar. Hún sendi málið til umsagnar til fjölmargra aðila, m.a. náttúrlega til Landssambands lögreglumanna og annarra þeirra aðila sem um þetta mál eiga að véla. Landssamband lögreglumanna sendi inn sínar umsagnir um málið eins og það lá fyrir eftir yfirferð þessarar þriggja manna nefndar en þá hafði málinu verið nokkuð breytt. En það var gengið frá málinu til framlagningar í þessari stofnun án þess að þessi umsögn fengi eðlilega meðferð í viðkomandi nefnd. Ég spyr hæstv. dómsmrh. að því hverju það sætir að jafnmikilvægir umsagnaraðilar og Landssamband lögreglumanna fær ekki að koma athugasemdum sínum á framfæri eðlilega, þ.e. þannig að tekið sé tillit til þeirra að einhverju leyti og þess getið áður en málið kemur inn í þessa virðulegu stofnun.

Í frumvarpsgreinargerðinni kemur fram að landssambandið sendi athugasemdir við upphafleg frumvarpsdrög en það voru þau drög sem lágu fyrir þriggja manna nefndinni sem fékk það hlutverk að endurskoða þessi upphaflegu frumvarpsdrög þannig að nýtt umsagnarferli um þau frumvarpsdrög sem var verið að vinna í viðkomandi nefnd fór ekki af stað með þeim hætti sem eðlilegt verður að teljast. Ég gagnrýni það þess vegna mjög ákveðið, hæstv. forseti, og spyr hæstv. dómsmrh. hverju það sæti að þriggja manna nefndin lauk aldrei við verkið eins og venja er að nefndir vinni mál sín. Þær klára verkin, ganga frá þeim að fengnum umsögnum frá mikilvægum umsagnaraðilum.

Ég legg áherslu á þetta atriði og segi um leið að ég tel að þessi veruleiki, þessi aðdragandi málsins tefji málið í þessari stofnun þar sem það er augljóst mál að eftir því sem meira vantar á að samkomulag hafi náðst um mál af þessum toga, jafnviðamikið mál og þetta, þá hlýtur það að taka lengri tíma inni í þessari stofnun þegar þar að kemur. Ég legg áherslu á þetta sem almennt atriði af minni hálfu.

Síðan kem ég að einstökum atriðum, herra forseti, til viðbótar við þau sem hér hafa verið nefnd af hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Í fyrsta lagi að á sama tíma og frv. liggur frammi liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er náttúrlega alveg augljóst mál að þeir sem eiga starfssvið sitt undir þessu frv. hljóta að velta því fyrir sér hvort og hvernig málum þeirra verður komið fyrir með hliðsjón af því að á sama tíma er verið að undirbúa af hálfu framkvæmdarvaldsins verulegar breytingar á löggjöfinni um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég spyr hæstv. dómsmrh. á þessu stigi málsins, ég tel svo eðlilegt að nefnd fjalli um málið, hvernig hann sér samhengi þessara tveggja frumvarpa, annars vegar frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hins vegar frv. til lögreglulaga sem hér liggur fyrir. Það er fyrsta spurning mín til hæstv. ráðherra.

Í öðru lagi læt það koma fram sem almenna athugasemd af minni hálfu að mér finnst að eins og frv. lítur út vanti mjög mikilvægan þátt. Mér finnst að sumu leyti að þetta frv. og aðkoman að málinu sé gamaldags og menn gleymi því félagslega hlutverki sem lögreglan hefur sinnt í vaxandi mæli á undanförnum árum og áratugum. Það er alveg ljóst að lögreglan er að mörgu leyti eins konar félagsleg slysavarðstofa. Þangað koma alls konar mál af margvíslegu tagi og lögreglumenn hafa það hlutverk að koma skjólstæðingum sínum á framfæri við félagsmálastofnanir og heilbrigðisstofnanir af ýmsum toga. Ég hygg að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að staða lögreglunnar, staða lögreglumannsins í íslenska þjóðfélaginu er allt önnur núna en hún var t.d. fyrir 40–50 árum, ég tala ekki um þaðan af lengri tíma. Þess vegna snýst umræða um löggæslumál ekki eingöngu um menn með borðalagðar húfur eins og það hét

fyrr á öldinni. Hér er í rauninni um að ræða einn veigamesta þáttinn í okkar félagslega öryggiskerfi að um sé að ræða vandað, vel menntað og traust lögreglulið sem hinn almenni maður getur borið tiltrú til, sérstaklega þegar eitthvað mikið bjátar á. Mér finnst að þetta félagslega hlutverk lögreglunnar vanti í frv. og þá hugsun sem frv. byggist á. Mér finnst að það þurfi að skrifa þessa félagslegu áherslu þar inn miklu skarpar en gert er í frv. Þetta er athugasemd mín nr. tvö við efnisatriði frv.

Þriðja athugasemd mín við efnisatriði frv. lýtur að 5. gr. og mér sýnist að nauðsynlegt sé að skoða það mál miklu betur. Út af fyrir sig tel ég að verksvið ríkislögreglustjóra sé að flestu leyti mjög vel skilgreint, hins vegar er spurning hvort það er eðlilegt að gera ráð fyrir því að rannsóknardeild ríkislögreglustjóra rannsaki kærur á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi. Það er mikið álitamál hvort það er rétt og skynsamlegt að yfirmaður lögreglumannanna hafi jafnframt það hlutverk að rannsaka brot þeirra í starfi. Ég tel það mikið álitamál og kem þessari athugasemd á framfæri við hæstv. dómsmrh. og kirkjumrh. og vil inna hann eftir skoðun hans á því.

Í fjórða lagi vík ég að atriði sem mér finnst vanta í þessa umfjöllun alla og ég sé ekki en hefur verið hluti af lögreglumálunum mjög lengi, mér liggur við að segja alltaf, og það er samspil lögreglunnar við björgunarmál. Ég held að það sé þannig í lögum að gert er ráð fyrir því að lögreglan hafi vissa yfirstjórn björgunarmálanna á sinni hendi þó að fjöldamargir aðrir aðilar komi þarna við sögu. Það er nátt-úrlega nauðsynlegt að draga inn í björgunarmálin opinberan aðila sem hægt er að ræða við, m.a. í þessari stofnun, ég tala nú ekki um ef eitthvað fer úrskeiðis en einnig við aðrar aðstæður og ég bendi í því sambandi á almannavarnir sem eru hluti af öryggiskerfi þjóðarinnar og eru á boðsviði hæstv. dómsmrh. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig hann sér samspil lögreglunnar við björgunarmálin fyrir sér.

Í fimmta lagi, hæstv. forseti, vík ég að atriði sem ég hygg að hafi komið til umræðu áður og lýtur að 2. mgr. 9. gr. frv. Hvað þýðir það sem þar stendur. Með leyfi forseta er það orðað svo:

„Dómsmrh. er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til að sinna sérstökum verkefnum."

Hvað þýðir þetta? Er verið að opna fyrir einkavæðingu lögreglunnar með þessu eða hvað? Hvað er hér á ferðinni? Ég get svo sem ímyndað mér að í einhverjum tilvikum sé um það að ræða að þessir aðilar geti falið tilteknum aðilum að vinna ákveðin verk, t.d. ákveðnum lögreglumönnum sem ráðnir eru hjá ríkinu í tiltekin verkefni tímabundið. En hérna segir reyndar líka: „tímabundið eða til að sinna sérstökum verkefnum." Eru menn með það í huga að einhverjir aðrir aðilar utan lögreglunnar geti tekið að sér einhver verkefni af þessum toga, t.d., eftirlitsverkefni eða önnur slík verkefni eða hvað er átt er við? Ég spyr hæstv. ráðherra um það í fimmta lagi.

Í sjötta lagi ætlaði ég að víkja að 31. gr. frv., sem ég hygg að hafi komið nokkuð við sögu þegar, og láta koma fram þá spurningu mína hvort þar er verið að takmarka sérstaklega umfram það að menn geti ekki farið í verkfall. Er verið að takmarka það að lögreglumenn geti tekið þátt í almennri kjarabaráttu utan verkfallsboðunar, t.d. með öðrum opinberum starfsmönnum? Er ekki alveg skýrt að lögreglumenn geta þrátt fyrir þetta þó að það yrði samþykkt tekið þátt í kjarabaráttu með öðrum opinberum starfsmönnum þó svo verkfallsréttur þeirra sé takmarkaður? Þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um og þætti vænt um ef hann vildi svara.

Í sjöunda lagi ítreka ég þá spurningu sem fyrr hefur verið borin fram varðandi 1. mgr. 32. gr. en þar stendur, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti er lögreglumönnum óheimilt að hafa með hendi launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja eða reka sálfstæða atvinnustarfsemi."

Ég sé ekki betur en þetta gangi alls ekki. Hér er um að ræða svo mikla skerðingu á persónulegu frelsi þessara manna að það gengur ekki að hafa þetta svona. Hvernig er þetta hugsað? Ég ítreka spurningar um það mál sérstaklega til hæstv. dómsmrh.

Í áttunda lagi og síðasta af minni hálfu er það svo almennt atriði sem ég vildi koma á framfæri og taka undir það sem fram hefur komið fyrr og það er varðandi þátttöku kvenna í lögreglunni. Það gengur ekki að hafa þau mál eins og þau eru. Það er augljóst að ef lögreglan á að hafa sæmilega trausta stöðu gagnvart öllum aðilum í þjóðfélaginu, konum og körlum, þá verður verkaskipting að vera öðruvísi, t.d. á vettvangi Rannsóknarlögreglunnar. Það er alveg útilokað annað. Og það eru engar afsakanir til í þessum efnum, hvorki hæðarreglur né einhver önnur slík speki sem menn eru að finna hér upp. Það gengur ekki upp. Það verða að vera miklu fleiri konur í lögreglunni en nú er og það verður að ganga skipulega í það verk. Ég held að það sé mjög mikilvægt sem hér hefur komið fram hjá ýmsum hv. þingmönnum að á þessu máli á að taka. Það á að tryggja það með sérstöku ráðningarátaki t.d. í 2, 3, 4, 5 ár að það verði ráðnar fleiri konur til verka þarna en karlar. Þetta er einföld ákvörðun sem er hægt að taka og það skiptir mjög miklu máli í sambandi við ýmis afbrot og ýmis vandamál að það sé einmitt þannig að konur geti komið á vettvang þegar um er að ræða mál sem snerta konur sérstaklega og nauðsynlegt er að fjallað sé um af nærfærni.

Þetta voru þau almennu atriði sem ég vildi koma á framfæri, hæstv. forseti, um leið og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi. Mér finnst augljóst að jafnviðamikið mál og þetta hlýtur að þurfa meðferð á fleiri þingum en þessu. Það er of stuttur tími eftir til vorsins til þess að hægt sé að ljúka þessu máli með þeim vandaða hætti sem sæmir þessari stofnun.

[12:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og einkanlega fyrir það að mér sýnist að hér komi fram glöggur skilningur á nauðsyn þeirra kerfisbreytinga sem hér er verið að gera. Aðrar ályktanir verða ekki dregnar af umræðunni en að góð samstaða sé um meginmarkmið og stefnu frv.

Hitt kemur ekki á óvart þótt um einstök atriði vakni upp spurningar eða komi fram skiptar skoðanir. Um ýmis þeirra atriða hlýtur hv. allshn. að fjalla og skoða í ljósi þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram og ugglaust eiga eftir að koma fram í meðferð nefndarinnar á frv.

Hv. 12. þm. Reykv. bað um mat mitt á því hvort ég teldi að hér væri komið fram með nægjanlega skýrum hætti skipulag fyrir starfsemi lögreglunnar. Það er mitt mat að svo sé. Hv. þm. spurði einnig um það hvort með nægilga skýrum hætti væri ráð fyrir því gert í frv. að ríkislögreglustjóri hefði með höndum ákæruvald varðandi skatta- og efnahagsbrot og

svipuð fyrirspurn kom fram frá hv. 13. þm. Reykv. Ég lít svo á að skipulagsbreyting af þessu tagi sé skýrt afmörkuð í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir og bendi á í því sambandi athugasemdir við frv. sem kemur til umræðu síðar á dagskránni um meðferð opinberra mála, en í athugasemdum við 4. gr. þess frv. segir svo:

„Þar sem skatta- og efnahagsbrot eru að uppistöðu auðgunarbrot og sérrefsilagabrot, svo sem skattalagabrot, fellur þessi brotaflokkur að stærstum hluta undir ákæruvald lögreglustjóra. Lagt er til að ríkislögreglustjóra verði falið ákæruvald í skatta- og efnahagsmálum en samkvæmt 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er dómsmálaráðherra heimilt að skipa sérstakan saksóknara við embætti ríkislögreglustjóra til að annast saksókn og málflutning slíkra mála."

Þegar frumvörpin eru skoðuð í heild tel ég að þetta sé markað í þeim með alveg skýrum hætti.

Hér hafa nokkrir hv. þingmenn, hv. 12. þm. Reykv., hv. 19. þm. Reykv. og hv. 9. þm. Reykv. minnst á stöðu kvenna innan lögreglunnar og eins og fram kemur í athugasemdum með frv. tel ég að umfjöllun um þau efni sé mjög nauðsynleg. Þegar lögreglukonur komu á minn fund til að ræða um úrlausnir á þessu sviði varð það afráðið okkar í millum að koma á fót þeim starfshópi sem hér hefur verið gerður að umtalsefni og við munum reyna að kappkosta að hann geti hafið formleg störf sem fyrst og lokið störfum sem fyrst en niðurstöður þess starfshóps munu um margt móta þau viðbrögð sem nauðsynleg kunna að vera talin. Hugsanlega geta komið þar til einhver lagaákvæði en ég hygg þó að í frekari atriðum verði þar um að ræða reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli af ýmsu tagi þótt ég ætli ekki að útiloka að til einhverrar lagasetningar þurfi að koma í því efni.

Hér hafa einnig nokkrir þingmenn minnst á það ákvæði frv. sem fjallar um störf lögreglumanna utan vinnutíma. Eins og hv. þm. er kunnugt gilda almennar reglur um það hvernig opinberum starfsmönnum er skylt að rækja vinnuskyldur sínar og hvaða heimildir eru til að vinna aukastörf utan vinnutíma. Það þótti eðlilegt að setja skýrari ákvæði um þetta í lögreglulög. En vissulega er það svo að hér geta verið ýmis álitaefni og þjóðfélag okkar er sérstakt eins og hér hefur verið bent á. Það er ekki alveg gefið að fyrirmyndir í þessu efni annars staðar frá, jafnvel þó að við förum ekki lengra en til Norðurlandanna, eigi endilega við hér. Ég tel því ekki óeðlilegt að hv. þingnefnd skoði þetta mál frekar í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið.

Þá var að því spurt hvers vegna ákvæði 15. gr. væri sett inn í lögin ef almennar heimildir væru í raun fyrir hendi. Sjónarmiðið sem fram kemur í athugasemdum er fyrst og fremst það að styrkja lagagrundvöllinn fyrir aðgerðum af því tagi sem þar er vitnað til. Það eru ekki nein sérstök tilefni til þessa.

Hér hafa einnig nokkrir hv. þingmenn minnst á Lögregluskólann og sett fram þau sjónarmið að það geti verið eðlilegt að tengja hann almenna skólakerfinu. Það eru sjónarmið sem vert er að skoða. En ég tek undir það sjónarmið sem ég hygg að hafi komið fram hjá hv. 15. þm. Reykv. að það eru ekki síst lögreglumennirnir sjálfir sem hafa sýnt Lögregluskólanum mikla ræktarsemi og ýtt mjög á um það að menn stæðu vörð um menntun lögreglumanna og reyndu að efla hana. Ég tel fullkomlega eðlilegt að menn íhugi þessi álitamál sem hér hafa verið nefnd varðandi tengingu Lögregluskólans við almenna skólakerfið en ítreka að í því efni tel ég eðlilegt að haft sé samráð við lögreglumennina.

Um mat á stöðugildum er það grundvallaratriði varðandi þessa skipulagsbreytingu að það er ekki verið að leggja til að neinu marki fjölgun stöðugilda. Þvert á móti er verið að stefna að því að ná fram meiri skilvirkni með skipulagsbreytingum. Það verður svo að vera mat á hverjum tíma hver þörf er fyrir aukna löggæslu. Ég bendi á í þessu sambandi að víða er verið að huga að endurskipulagningu í lögreglumálum. Til að mynda í Danmörku þar sem menn eru að reyna að ná fram með skipulagsbreytingum og án fjölgunar starfsmanna meiri skilvirkni í löggæslustarfinu. Það er okkar von að með þessum breytingum verði það unnt. En ugglaust þarf að huga þar að ýmsum fleiri atriðum sem ekki lúta beint að lagasetningu, innra skipulagi einstakra lögregluembætta og þar fram eftir götunum.

Varðandi spurningu um það hvort ákveðið hefði verið skipulag á því samstarfi sem verið er að fjalla um í 11. gr. frv. hafa engar ákvarðanir verið teknar þar um. En það verður eitt af hlutverkum yfirstjórnar lögreglunnar samkvæmt þessu nýja frv. að móta samstarfsreglur á þessu sviði og ég tek undir það með hv. þm. að það er mjög æskilegt að slíkt samstarf sé í föstu formi þannig að líkur séu á að það skili árangri.

Hér hefur verið vikið að því að frv. komi seint fram og eins að einstakir hópar hafi ekki fengið nægjanlegt svigrúm til þess að gefa umsagnir um það áður en það kom hingað í þingið. Hér er um að ræða endurskoðun á frv. sem hefur áður verið lagt fram fyrir Alþingi og það hefur vitaskuld kostað allmikla vinnu því að hér hefur verið um vandasamt og mjög flókið verkefni að ræða. Í fyrri nefndinni sem skipuð var áttu lögreglumenn engan fulltrúa og ég taldi eftir á að það hefði verið misráðið. Þess vegna varð það að ráði þegar skipuð var þriggja manna nefnd til að yfirfara frv. og skila því í nýjum búningi að formaður Landssamtaka lögreglumanna átti sæti í þeim hópi og athugasemdir úr þeirra röðum áttu því greiðan aðgang á vinnutímanum meðan verið var að vinna að endurgerð frv.

Þá var að því spurt hvernig þetta frv. rímaði við það frv. sem ríkisstjórnin hefur flutt um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Því er auðvitað til að svara að þetta frv. er samið og lagt fram í ríkisstjórn á grundvelli gildandi laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og af tæknilegum ástæðum er ekki hægt að gera það með öðrum hætti. Það verður svo að ráðast eftir framvindu þessara mála í þinginu hvort þeirra verður afgreitt á undan og hvernig einstök ákvæði taka mið af þeim lögum kunna að breytast. Það verður eitt af verkefnum hv. allshn. að líta til þess.

Athugasemdir komu fram um það hvort ríkislögreglustjórar eigi að rannsaka brot lögreglumanna í starfi. Það getur verið álitamál og er eðlilegt að hv. þingnefnd skoði þau sjónarmið sem sett eru fram sem gagnrýni á tillöguna sem gerð er í þessu frv.

Varðandi spurningar sem fram hafa komið frá a.m.k. tveimur ef ekki þremur hv. þingmönnum um samspil lögreglu og björgunaraðila í landinu er rétt að það eru ekki ákvæði í frv. um það efni. Það er hins vegar viðfangsefni sem nauðsynlegt er að taka á og finna lausn á. Það er nokkur sérstaða hjá okkur hvað við byggjum í ríkum mæli á samtökum björgunaraðila, frjálsum samtökum slysavarnafélaganna, Landsbjargar og fleiri aðila í björgunarmálum. Það er satt best að segja svo að varðandi samspil lögreglu og þessara aðila eru ekki skýrar línur og það er eitt af þeim atriðum sem við þurfum að takast á við. En ég taldi ekki rétt að tefja

framgöngu þeirra miklu skipulagsbreytinga sem hér eru þótt verkefni af þessu tagi væru ekki að fullu leyst. Það hlýtur reyndar ávallt að vera svo að það eru alltaf einhver mál á þessu sviði sem ekki eru að fullu leyst og menn verða að koma að síðar.

Varðandi spurningu sem hér hefur komið fram um hvaða merkingu 2. mgr. 9. gr. hafi er þar einvörðungu verið að vísa til þess að í einstökum tilvikum getur verið nauðsynlegt að ráða sérfræðinga, til að mynda endurskoðendur, til rannsóknar mála. Það er verið að opna svigrúm til þess sem ég held að sé alveg nauðsynlegt til að gera þann þátt í rannsóknum mála skilvirkari en verið hefur, enda hefur komið fram í þessum umræðum og reyndar fyrr í vetur í umræðum í þinginu mikil áhersla af hálfu þingmanna á að bæta þann þátt í starfi lögreglunnar.

Loks var varpað fram spurningu um þýðingu 31. gr. frv. en sú grein lýtur einvörðungu að því að lögreglumenn mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun eins og þar segir. Í þessari grein felst ekki á neinn hátt önnur takmörkun á félagafrelsi lögreglumanna eða afskiptum þeirra af kjaramálum.

Ég vil að lokum ítreka, herra forseti, þakklæti mitt til þeirra hv. þm. sem lýst hafa yfir stuðningi við meginmarkmið frv. og líka þeirra sem gert hafa athugasemdir sem allar eru málefnalegar og flestar hljóta að koma til skoðunar hjá hv. allshn.

[13:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka stuðning minn við þær meginbreytingar sem er að finna í frv. Ég þakka líka hæstv. ráðherra fyrir afar greinargóð svör. Hann svaraði flestum þeim atriðum vel sem til hans var beint og það greiðir auðvitað fyrir framgangi þessa máls. Það er eitt atriði sem ég vil hnykkja sérstaklega á sem kom fram í máli hæstv. ráðherra. Það varðar 32. gr. sem fjallar um aukastörf lögreglumanna. Nú er það ljóst að stuðningur við frv. helgast m.a. af því að ekki verði gengið á rétt löggæslumannanna eins og hann er nú. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að hæstv. ráðherra tók undir að sérstakar aðstæður væru hér á landi og öðruvísi en í öðrum löndum. Þess vegna kæmi það mjög til greina að þingnefndin skoðaði málið sérstaklega. Ég tel að hæstv. ráðherra sé með þessu að lýsa því yfir að það komi vel til greina að fallast á það af hálfu meiri hlutans að þessu verði breytt. Ég vísa til þess, herra forseti, að það var gerð könnun hjá nokkrum deildum lögregluliðsins í Reykjavík. Þar kom í ljós að á síðustu tveimur árum hafði meiri hluti lögreglumannanna haft með höndum einhvers konar aukastörf og það voru nokkrir sem höfðu meiri hluta sinna tekna af slíkum störfum. Ég held að ef þessu yrði breytt eins og hér er lagt til og mér finnst afleitt, þá mundi það leiða til þess að margir mundu væntanlega hrökklast úr starfi, leita sér viðfangs annars staðar og að reikningur ríkisvaldsins af því yrði nokkuð hár vegna þess að það tekur tvö kostnaðarsöm ár að mennta nýja lögreglumenn.

Herra forseti. Er þetta sú grein frv. sem er hvað nauðsynlegast að við tökum upp og breytum? Ef það tekst bærilega er ég sannfærður um þetta frv. mun fara með fljúgandi byr hér í gegn.

[13:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er tvennt sem ég vil freista að fá skýrar fram hjá hæstv. dómsmrh. Það er ljóst að okkur greinir á um það hvar ákæruvaldið á að liggja varðandi skattalagabrot. Samkvæmt frv. ráðherrans er gert ráð fyrir því að ríkislögregluembættinu verði falið ákæruvaldið en ég teldi heppilegra og skilvirkara að það lægi hjá skattrannsóknarstjóra sem fer með skattrannsóknir. Ég beindi þeirri spurningu til hans, miðað við þá ákvæði og þá tillögu sem hann leggur fram í þessu efni, hvort það sé nokkuð í þessu frv. sem gerir það að verkum að málum sem yfirskattanefnd fer með fækki, sem einungis leiðir til einfaldrar sektarmeðferðar. Við höfum það fyrir okkur að frá 1985 til 1991 fóru aðeins 16 skattsvikamál til opinberrar rannsóknar. Á sama tíma, sex ára tímabili, voru það 134 mál sem fóru til yfirskattanefndar. Ég held að það hljóti að fela í sér mikil varnaðaráhrif að meginreglan í skattsvikamálum sé að þau sæti opinberri rannsókn. Því spyr ég aftur hvort að það sé nokkuð í frv. sem geri það að verkum að það ætti að draga úr því að mál sæti einfaldri sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd en í stað þess verði skattsvikamálum sem sæta opinberri rannsókn fjölgað.

Í annan stað spurði ég hæstv. ráðherra að því hvort mat og fagleg úttekt hefði farið fram á því hvernig stöðugildi skiptast milli hinna ýmsu embætta. Ég fékk ekki svar við því hvort að þessi faglega úttekt hafi farið fram og ég tel það nauðsynlegt. Ég tel að embætti lögreglustjórans í Reykjavík, eftir þessa breytingu, verði ekki í stakk búið til þess að standa undir öllum verkefnum sem því er falið, sem eru að stórum hluta verkefni sem RLR hefur haft. Það sem ég óttast, ekki síst við þessa breytingu, er að lögregluranns óknarþátturinn verði út undan miðað við það fjármagn sem ætlað er. RLR hefur ekki einu sinni getað sinnt þessu en þessi verkefni eiga núna að vera á könnu lögreglustjóraembættisins en ekki ríkislögreglustjórans. Því tel ég að það vanti að sýna fram á að þessi skiptingu á stöðugildum og fjármagni sé raunhæf og spyr um hvort að fagleg úttekt hafi farið fram á því.

[13:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo að e.t.v. hefur það verið einhverjum tilviljunum háð hvernig starfsmannafjöldi hefur ráðist hjá einstökum lögregluembættum og aðstæður hafa verið mismunandi frá einu umdæmi til annars þannig að til að mynda má finna nokkurn mismun í fjölda lögreglumanna miðað við íbúafjölda. En það getur skýrst af ýmsum öðrum ástæðum. Aðalatriðið er þó það að hér er verið að gera tillögur um skipulagsbreytingar. Þær eiga að leiða til aukinnar skilvirkni, ekki síst að því er varðar rannsóknir brotamála. Það er svo alltaf sjálfstætt mat, burt séð frá þessum skipulagsbreytingum, hvort það þarf að fjölga í lögregluliði ríkisins eða ekki. En þessar skipulagsbreytingar sem hér er verið að leggja til ganga út frá því að um verði að ræða mjög óverulegar breytingar á starfsmannafjölda.

Varðandi spurningu hv. þm. um það hvort að þeim málum muni fjölga sem muni sæta opinberri ákæru ef ég skil hv. þm. rétt, þá er ógerningur að segja fyrir um það á þessu stigi málsins.

[13:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli ráðherrans að þessi faglega úttekt sem ég hef spurst fyrir um hefur ekki farið fram. Ráðherrann hæstv. viðurkennir að það hafi kannski verið tilviljunum háð hvernig stöðugildunum hafi verið skipt. Við erum að fjalla um skipulagsbreytingu sem

felur í sér mikla tilfærslu á stöðugildum milli embætta. Við erum að leggja niður Rannsóknarlögreglu ríkisins, skipta þeim verkefnum sem þar eru t.d. milli lögreglustjóraembættanna, ekki síst lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og ríkislögreglustjóraembættisins. Það má ekki vera tilviljunum háð hvernig skiptingin á sér stað í stöðugildum milli þessara embætta. Meginmarkmiðið með frv. er að auka skilvirkni innan lögreglunnar og hraða meðferð mála og skilvirknin byggist auðvitað á því að stöðugildunum sé skynsamlega skipt milli embættanna eftir þeim verkefnum sem hin ýmsu embætti eiga að hafa. Það gengur því auðvitað ekki, virðulegi forseti, að þetta sé tilviljunum háð. Ég er ekki að tala um að fjölga stöðugildum, virðulegi forseti, heldur það hvernig stöðugildin skiptast eftir þessa miklu skipulagsbreytingu. Ég held að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, meðan málið er til meðferðar hjá hv. allshn. að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að þetta faglega mat verði gert á því, og þá í samráði við lögregluyfirvöld og þá sem best til þekkja, hvort þessi skipting á stöðugildum sé skynsamleg með tilliti til þess markmiðs sem sett er í frv., þ.e. að auka skilvirkni og hraða málsmeðferð. Og ég spyr: Væri ráðherrann tilbúinn að fallast á það að slík fagleg úttekt yrði gerð meðan málið er til meðferðar hjá hv. allshn.? Ég er sannfærð um að eftir því verður kallað í hv. nefnd.

[13:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef til vill hef ég ekki skilið hv. þm. rétt eða hann misskilið ummæli mín. Það sem ég var að taka fram var að það kann að vera nokkrum tilviljunum háð hvernig fjöldi lögreglumanna hefur ráðist í einstökum lögregluumdæmum landsins. En varðandi þær breytingar sem hér er verið að stefna að og tilflutning á lögreglumönnum á milli embætta, kemur það alveg skýrt fram í undirbúningi málsins og athugasemdum með frv. að þar er við það miðað að tilflutningur starfa verði í samræmi við þau verkefni sem verið er að flytja á milli embætta. Það og sú aukna skilvirkni sem á að hljótast af betra skipulagi á að tryggja okkur betri meðferð að óbreyttum fjölda lögreglumanna, sérstaklega á rannsóknum afbrotamála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:12]

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 450. mál (ákæruvald). — Þskj. 782.

[13:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Ég hef áður vikið að því að samhliða frv. til laga um lögreglumenn sem var á dagskrá fyrr á þessum fundi er nauðsyn breytinga á V. kafla laga um meðferð opinberra mála þar sem mælt er fyrir um fyrirkomulag ákæruvaldsins.

Með þessu frv. er leitast við að ná fram nauðsynlegum breytingum á lögum um meðferð opinberra mála og til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að með frv. til lögreglulaga, þ.e. að gera rannsóknir afbrota hraðari og skilvikari. Því markmiði má ná með því að einfalda feril mála á rannsóknar- og ákærustigi.

Með frumvarpinu er ætlunin að færa ákæruvald til lögreglustjóra, þar á meðal ríkislögreglustjóra, í ríkari mæli en áður. Rökin eru einkum þau að ákæruvald lögreglustjóra í smærri málum hafi reynst vel. Verði frumvarp til lögreglulaga lögfest færast rannsóknir flestra brotamála frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til lögreglustjóra. Með því að fela lögreglustjórum ákæruvald í ríkari mæli, hverjum í sínu umdæmi, verður rannsókn og saksókn fyrir flest algengustu brotin í höndum sama embættis sem spara mun vinnu lögreglumanna og lögfræðinga í réttarvörslukerfinu í heild. Sá ákærandi sem gefa mun út ákæru í máli og sækja það fyrir héraðsdómi getur fylgst með máli frá upphafi og eftir atvikum haft áhrif á gang rannsóknarinnar. Ákvarðanir um hvort rannsóknarniðurstöður séu líklegar til að meintur brotamaður verði sakfelldur ættu að liggja fyrr fyrir þannig að ekki sé eytt óþarfa vinnu í mál sem litlar líkur eru á að sekt sannist í.

Með breytingunum ætti að nást fram meiri hraði í meðferð mála. Mál þar sem ákærði gengst við sakargiftum og brot þykja upplýst að fullu ættu þannig í ríkari mæli að geta gengið fyrr til dóms en áður. Sparnaður ætti að nást fram þar sem boðunum sakborninga og vitna vegna skýrslutöku hjá lögreglu ætti að fækka verulega. Þá eru líkur á að framburður ákærðu og vitna fyrir dómi verði markvissari þar sem atburðir eru enn í fersku minni manna. Við það að einfalda og stytta rannsóknar- og ákæruferil þeirra mála sem játning liggur fyrir í ætti að gefast betri tími að sinna flóknari rannsóknarverkefnum.

Helstu nýmæli í frv. eru þessi:

1. Lagt er til að lögreglustjórum verði falið ákæruvald við hlið ríkissaksóknara í stað þess að lögreglustjórar fari með ákæruvald á grundvelli almennra fyrirmæla ríkissaksóknara. Um það vísast til athugasemda með 1. gr. frv.

2. Lagt er til að dómsmrh. verði veitt heimild til að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra, þar á meðal embætti ríkislögreglustjóra til að annast saksókn og málflutning í umboði lögreglustjóra.

3. Ákæruvald ríkissaksóknara er skilgreint með nýjum hætti. Samkvæmt 3. gr. frv. er ríkissaksóknara falið að höfða opinber mál vegna brota gegn flestum ákvæðum almennra hegningarlaga sem talin eru upp í 3. mgr. 27. gr., þar á meðal alvarlegustu brotunum svo sem landráðum, stórfelldum fíkniefnabrotum, manndrápi, stórfelldum líkamsmeiðingum, kynferðisafbrotum, ráni og fjárkúgun.

4. Lögreglustjórum er skv. 4. gr. frv. falið að höfða önnur opinber mál en ríkissaksóknari höfðar. Undan ákæruvaldi ríkissaksóknara eru þannig skilin brot gegn 17 ákvæðum almennra hegningarlaga en meðal þeirra eru algengustu brotin svo sem skjalafals, minni háttar líkamsmeiðingar, húsbrot, þjófnaður, fjárdráttur, fjársvik, eignaspjöll og nytjastuldur.

5. Loks verður lögreglustjórum skv. 4. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála heimilað að falla frá saksókn en slíka ákvörðun getur sá sem ekki vill við hana una kært til ríkissaksóknara skv. 2. mgr. 114. gr. Þá getur ríkissaksóknari að eigin frumkvæði tekið slíka ákvörðun til endurskoðunar og ákveðið að höfða mál eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það. Um þetta vísast til 3. mgr. 4. gr. frv. sem breytir 3. mgr. 28. gr. laganna. 8. gr. frv. breytir 4. mgr. 113. gr. og 9. gr. frv. bætir nýrri mgr. við 114. gr. sem verður þá 2. mgr.

Herra forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir efni og markmiðum frv. þessa. Eins og ég hef áður nefnt er

með frv. leitast við að ná fram nauðsynlegum breytingum á lögum um meðferð opinberra mála til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með frv. til lögreglulaga, þ.e. að gera rannsóknir lögbrota hraðari og skilvirkari. Því markmiði má ná með því að einfalda feril mála og rannsóknar á ákærustigi og fela lögreglustjórum ákæruvald í flestum brotaflokkum þannig að allur þorri sakamála verði rannsakaður undir stjórn þess lögreglustjóra sem ákærir í máli og sækir það fyrir héraðsdómi. Þessi tvö mál sem hér hafa verið á dagskrá, frv. að nýjum lögreglulögum og frv. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála eru þannig ein heild og hluti af þeim skipulagsbreytingum sem lagt er til að gera í þeim tilgangi sem ég hef hér lýst.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 798. [13:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þær breytingar sem hér er verið að leggja til á umferðarlögum lúta einkum að aðlögun að tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini og fleiri breytingar er tengjast gildistöku nýrra vegalaga.

Frv. gerir ráð fyrir því að af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins leiðir að breyta þarf skilgreiningu umferðarlaganna. Á léttu bifhjóli þarf að kveða á um gildi ökuskírteina útgefinna í EES-löndum. Þá er kveðið á um það í þessu frv. að breyta heitum þjóðvega eða skilgreiningu á þjóðvegum í samræmi við þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á vegalögum í þessu efni.

Þá eru í frv. breytingar sem lúta að réttindum til að stjórna bifreið og fela í sér að þeir sem hafa rétt til að stjórna bifreið hafi rétt til að stjórna léttu bifhjóli. Lagt er til að 4. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að enginn megi stjórna torfærutæki nema hafa gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Í þessu felst að lágmarksaldur til að stjórna torfærutæki verður 17 ár í stað 15. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar á 113. gr. þannig að dómsmrh. verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð nánari skipun Umferðarráðs en að Umferðarráði eiga aðild ýmis hagsmuna- og áhugasamtök um umferðarmál og þykir eðlilegt að hafa heimild til þess að taka nýja aðila inn í ráðið og eins að fella þá út sem hafa hætt störfum án þess að til sérstakra lagabreytinga þurfi að koma.

Loks er lagt til að lögfest verði heimild til þess að skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa og ráðherra verði fengið rýmra vald um fjölgun nefndarmanna og um skipun og skipulag nefndarinnar að öðru leyti.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir efni þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 769. [14:02]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða lýtur fyrst og fremst að því að gera breytingar á þeim ákvæðum sem í gildi eru um veiðistjórnun smábáta.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um veiðistjórnun smábáta hafa lengi staðið deilur bæði innan þings og utan og á tveimur síðustu þingum hafa verið gerðar breytingar á fyrirkomulagi þessarar veiðistjórnunar, fyrst og fremst með málamiðlunum innan þingsins en án þess að tekist hafi samstaða með þeim sem stunda þessa atvinnu. Ég gerði það að tillögu minni á landsfundi smábátaeigenda í október á síðasta ári að stjórnvöld og fulltrúar smábátaeigenda kæmu saman til þess að freista þess að ná einhverri sátt um veiðistjórnunarreglur þessa hluta íslenska flotans. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það ferli en þær viðræður hafa staðið yfir frá því í nóvember þangað til nú fyrir skömmu. Niðurstaðan er það frv. sem hér liggur fyrir. Það má segja að höfuðbreytingin sem þetta frv. felur í sér sé í því fólgin að það aflamark sem smábátum er ákvarðað samkvæmt gildandi lögum upp á 21.500 lestir er núna hlutfallstengt við heildaraflamark á hverjum tíma. Það felur í sér óbreytt hlutfall af heildaraflanum frá því sem aflamarkið er í dag, þ.e. 13,9%. Hins vegar er fyrirséð að þorskafli mun fara að aukast á næstu árum á nýjan leik og þessi hlutfallstenging felur þá í sér að smábátarnir munu halda því hlutfalli sem þeir hafa í dag í stað þess að það hefði farið að rýrna ef lögum yrði ekki breytt. Hlutfall annarra eða aflahlutdeild annarra helst óbreytt en vitaskuld hefur það nokkur áhrif á aflamarkið að smábátarnir fá sinn hlut tengdan við heildaraflamarkið.

Þá er gert ráð fyrir því að fastir banndagar þessara báta verði felldir úr gildi og einvörðungu verði stuðst við fjölda leyfðra sóknardaga á hverju ári. Þeir eru 84 fyrir handfærabáta en allnokkru færri fyrir þá báta sem róa með línu. Það er svo áfram gert ráð fyrir því að heildarveiði þeirra sem eru á sóknardagakerfinu verði stjórnað með leiðréttingu ári seinna þannig að fari veiði þeirra fram úr heildarhlutdeildinni sem kemur í hlut sóknardagabátanna þá fækkar róðrardögunum að sama skapi á næsta fiskveiðiári. Heimild verður veitt til þess að geyma 20% afla á milli ára með sama hætti og í aflamarkskerfinu. Veiðitímabil smábátanna eru afnumin og veiðitímabilið verður þannig eitt fiskveiðiár eins og í almenna fiskveiðiflotanum. Þá er gert ráð fyrir breytingum á skilgreiningu róðrardags sem í gildandi lögum er miðað við almanaksdag en verður nú miðað við 24 klst. að vali þeirra sem í róður fara.

Að minni hyggju er mjög mikilvægt að samstaða varð milli ráðuneytisins og smábátaeigenda að greina á milli handfærabáta og línubáta í þeim tillögum sem hér liggja fyrir og hver róðrardagur báts sem fiskar á línu reiknast þannig 1,35 miðað við vetrarveiði og 1,9 miðað við sumarveiði. Róðrardagar þessara báta, sem hafa miklu meiri sóknarmöguleika, verða þess vegna talsvert færri og aukin sókn þeirra kemur ekki til með að hafa áhrif á veiðimöguleika þeirra báta sem einvörðungu stunda handfæraveiðar og hefur ekki áhrif á fjölda veiðidaga þeirra.

Þá er gert ráð fyrir því að fram til 1. sept. verði veittur sérstakur úreldingarstyrkur upp að hámarki 80% og er flutt

sérstakt frv. sem kemur til umfjöllunar síðar á þessum fundi er lýtur að breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þá er gert ráð fyrir því að sá hluti krókabátaflotans, sem veiðir á þorskaflahámarki, geti framselt þorskaflahámarkið með ákveðnum skilyrðum þannig að það verði allt flutt af einum bát og veiðileyfi hans falli niður en þorskaflahámarkið má hins vegar flytja á fleiri báta. Þá er opnað fyrir það að þessir bátar geta leigt til sín aflamark innan fiskveiðiársins frá aflamarksflotanum.

Herra forseti. Ég hef gert í meginatriðum grein fyrir þeim breytingum á fiskveiðistjórnarlögunum sem lúta að veiðum smábáta og legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[14:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er tímabært að málefni sjávarútvegsins komi til umræðu og vill nú svo til að í dag er 12. apríl og innan fárra daga rennur út samkvæmt lögum sá frestur sem stjórnvöld hafa til að taka afstöðu til hugsanlegra breytinga á heildarafla þorsks á yfirstandandi fiskveiðiári lögum samkvæmt en þar er miðað við 15. apríl sem eindaga.

Það frv. sem hér er mælt fyrir varðar að vísu ekki það efni en það er ekki óeðlilegt að til þess sé hugsað ekki síst í ljósi þess sem hefur verið að koma fram þessa daga og á þessum degi að því er varðar ákvarðanir þar að lútandi og mat frá ráðgjafa stjórnvalda, Hafrannsóknarstofnun, sem hefur verið að berast til eyrna manna í framhaldi af þeim rannsóknum sem hafa farið fram og eru kenndar við togararall, sem er þáttur til þess að fylgjast með viðgangi eins aðalnytjastofns okkar, þorskstofnsins, og hæstv. sjútvrh. hefur þau mál nú til athugunar af sinni hálfu. Ég nefni í þessu sambandi að manni finnst það allsérstök aðstaða sem hæstv. sjútvrh. er kominn í í sambandi við þau efni þegar yfir rignir hugmyndum frá stjórnarþingmönnum, það mætti kannski vel kalla það ráðgjöf, um hver eigi að vera niðurstaða hæstv. sjútvrh. varðandi þennan þýðingarmikla þátt, þ.e. ákvörðun um hugsanlegar breytingar á veiðum á yfirstandandi ári og aflahámark þar að lútandi. Mér finnst hæstv. ráðherra ekki sérstaklega öfundsverður þegar fram koma frá einum stjórnarþingmanninum á fætur öðrum hugmyndir um breytingar og fréttir um að verið sé að flytja tillögur innan stjórnarflokkanna um að binda hendur hæstv. ráðherra. Síðan gerist það eftir að þær fréttir berast að sjálft höfuð ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., kemur fram á völlinn og greinir frá því sem sínu mati að það væri nú allt í lagi að rýmka til. Hæstv. forsrh. er því orðinn þátttakandi í þessu sérkennilega kapphlaupi sem hafið er á stjórnarheimilinu að tilefni dagsetningarinnar fram undan, 15. apríl, og ákvarðanir sem því tengjast.

Ég ætla ekki að gefa hæstv. sjútvrh. einhver ráð í þessum efnum. Ég hef ekki haft handa á milli þær tillögur sem fyrir liggja frá Hafrannsóknarstofnun varðandi þorskstofninn, stærð hans og mat stofnunarinnar að því leyti. Ég vil aðeins segja um þetta efni að ég tel það vera mjög mikils virði, mjög þýðingarmikið að stjórnvöld haldi á þessum gífurlega þýðingarmiklu málum af forsjálni og fyrirhyggju og að menn varist að hlaupa upp til handa og fóta þó að vísbendingar sé um betri tíð í þessum efnum og gera kröfur um það í kapphlaupi hér á Alþingi að nú eigi að bæta við 5.000 tonnum eða 10.000 tonnum eða þaðan af meira. Menn eru orðnir svo framsýnir að þeir eru farnir að gera kröfur á næsta fiskveiðiár og farnir að viðra hugmyndir þar að lútandi. Ég veit satt að segja ekki, virðulegur forseti, hvar svona vinnubrögð eiga að enda. Að vísu þykist ég vita að hæstv. sjútvrh. reyni að leggja hlutlægt mat á þessi mál í sambandi við hugsanlegar breytingar. Ég er engan veginn að hafna því með þessum orðum að það geti ekki verið rök fyrir breytingum en ég vil aðeins hvetja til þess að á þau efni verði litið bæði faglega miðað við nútíð og ekki síður varðandi framtíð.

Ég hef tilhneigingu til þess að setja nokkurt traust á þá stofnun sem gerst ætti að vita og hefur aðstöðu til þess og er ætlað lögum samkvæmt að leggja mat á þessa hluti með hlutlægan rannsóknum. Hitt er annað mál að sú dagsetning sem hér er um að ræða, 15. apríl, er ekki mjög vel valin með tilliti til hugsanlegra breytinga vegna þess að niðurstöður eða úrvinnsla athugana sem fram hafa farið að undanförnu liggur ekki endanlega fyrir þannig að menn geti gert málin yfirvegað upp. Meðal annars er gert ráð fyrir því að af hálfu Alþjóðahafrannsóknaráðsins fari fram sérstakt mat á niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar og íslenskra fiskifræðinga að þessu leyti. Það mat mun ekki liggja fyrir fyrr en innan tíðar. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að tveir hv. þm. Alþb., Steingrímur J. Sigfússon og Kristinn H. Gunnarsson, hafa lagt fram frv. sem er síðar á dagskrá þessa fundar, um að færa þessa dagsetningu til frá 15. apríl til 1. júní sem veitti skynsamlegt svigrúm til þess að fjalla um þessi mál og taka ákvarðanir.

Ég ætla að snúa mér, virðulegi forseti, að frv. sem við ræðum hér sem er breyting á lögum um stjórn fiskveiða og tillögur sem þar liggja fyrir varðandi veiðar smábáta. Hér er um að ræða afar þýðingarmikið mál. Ég orðaði það svo á almennum fundi á Austurlandi um þessi efni með hæstv. sjútvrh. þar sem var fjöldi manns, að mér þótti það góð tilbreytni af hálfu hæstv. sjútvrh. að bjóða talsmönnum Landssambands smábátaeigenda til viðræðna um þessi mál. Það frumkvæði hæstv. ráðherra kom ýmsum nokkuð á óvart en með því var ráðherrann í rauninni að viðurkenna þá miklu gagnrýni sem fram kom á síðasta þingi, þ.e. 119. þingi þegar þessi mál voru mjög til umræðu. Stjórnarandstæðingar á þeim tíma og raunar stjórnarliðar ef ég man rétt, einhverjir, áttu hlut að því að gagnrýna þá málafylgju sem þá var uppi höfð í sambandi við tilhögun þessara mála. Og það var rökstutt með mjög skýrum hætti að sú útfærsla sem hæstv. ráðherra lagði þá til mundi ekki ganga upp. Það væri mjög erfitt að framkvæma þær tillögur og þær gætu engan veginn talist sanngjarnar eða líklegar til þess að ganga upp. Það sem hér liggur fyrir í tillögum sem hæstv. ráðherra ber fram með þessu frv. er í rauninni viðurkenning á því. En auðvitað er margt fleira sem þar fylgir því þar er verið að leggja til sem meginatriði að aflahlutdeild smábáta verði ákvörðuð með föstu hlutfalli miðað við tiltekna stærð á veiðistofni eða miðað við ákveðið aflahámark, 155.000 tonn, 13,9%.

Um þetta efni eru að sjálfsögðu deildar meiningar og menn hefur greint mjög á um stjórnun fiskveiða varðandi smábátana en auðvitað líka fjölmörg önnur efni sem ég ætla ekki að fara út í tímans vegna. En ég vil leggja áherslu á að það er tímabært að reyna að ráða þessum málum til lykta þannig að menn geti snúið sér að öðrum mjög brýnum hagsmunamálum varðandi sjávarútveginn, m.a. löggjafaratriðinu til að umræðan snúist ekki um þessi efni í hvert sinn sem stjórnun fiskveiða ber á góma.

Hæstv. sjútvrh. leggur til með frv. að aflahlutdeildin verði ákvörðuð sem fast hlutfall. Það er auðvitað tala sem er álitamál eins og fleira sem hér liggur fyrir en þá er jafnframt gert ráð fyrir því að hún geti dugað eitthvað fram í tímann og að

veiðar báta sem velja fyrir mitt þetta ár að stunda frjálsar veiðar sem við köllum, þ.e. krókaveiðar, verði sniðnar að ákveðnum dagafjölda, þ.e. veiðidagar sem eru 84 samkvæmt frv. Þetta er breyting. Þetta er aukinn sveigjanleiki og allt annað en áður var uppi í sambandi við möguleika krókabáta til að sækja sinn afla. Ég tel út af fyrir sig að það sé margt jákvætt í þessum tillögum sem sjálfsagt sé fyrir þingið að taka á. Spurningin er hversu brýnt menn telja málið vera. Það kvarta margir undan því að ekki hafi nægt samráð farið fram varðandi athugun þessara mála. Gagnrýnin á tillögur hæstv. ráðherra kemur ekki síst fram af hálfu Landssambands íslenskra útvegsmanna og talsmanna þeirra og frá samtökum útvegsmanna í einstökum landshlutum sem hafa gagnrýnt hæstv. ráðherra mjög mikið fyrir m.a. skort á samráði. Nú skal ég ekki leggja mat á það efni. En ég tel að það sé jákvætt að fram eru komnar ákveðnar tillögur um tilhögun þessara mála sem þingið getur fjallað um í framhaldi af því að þessu máli verður vísað til hv. sjútvn. og að í framhaldi af því verði teknar ákvarðanir um það hvort menn kjósa að draga uppgjör þessara mála eitthvað lengur til þess að ítarlegri skoðun geti farið fram. Á það vil ég ekki leggja hér neinn endanlegan dóm né á þessar tillögur í einstökum atriðum. Ég vil þó segja að mér sýnast tillögurnar stefna í rétta átt og vera veruleg framför frá þeim tillögum sem mjög var deilt um á síðasta þingi.

Á það hefur verið bent í sambandi við þessi efni að fyrir utan þær þrengingar sem fyrirsjáanlegar voru hjá smábátum undir sex tonnum og stunduðu frjálsar veiðar, vegna skerðingar sem við blasti á aflahlutdeild þeirra, þá sé bátaflotinn sá hluti veiðiflotans sem verst hefur orðið úti í skerðingum á liðnum árum, þar á meðal smábátar sem völdu sér aflahámark og fengu því úthlutað á sínum tíma. Ég tel að það séu mjög mikil rök fyrir þessari gagnrýni og þó að það sé réttmæt ábending að sú skerðing á þeim sem hafa búið við ákveðið aflahámark, hvort sem um mikla eða litla hefur verið að ræða, það hefur gengið jafnt yfir alla, þá eru aðstæður hinna stærri skipa, togaraflotans, verulega aðrar og möguleikar hans til þess að bregðast við þessum samdrætti í þorskafla verulega aðrar en hjá þeim sem eru á smæstu fleytum, þ.e. smábátum sem völdu sér aflamark á sínum tíma og eru nú komnir í slíkar þrengingar að það getur ekki endað nema á einn hátt í rauninni enda hefur þeim fækkað sem hafa haldið áfram í þessu kerfi og þeir freistast til þess að selja aflahlutdeild sína.

Ég tel því að það sé réttmætt og nauðsynlegt að fara yfir stöðu þessa hluta flotans alveg sérstaklega og athuga hvort hægt sé að lagfæra stöðu þeirra sem þarna eiga hlut að máli. Í rauninni er það eiginlega mjög merkilegt að ekki skuli hafa verið gripið til róttækari aðgerða af hálfu samtaka smábátaeigenda til þess að knýja fram breytingar á kjörum þeirra sem þarna um ræðir, jafnvel með því að að láta reyna á það fyrir dómstólum hvort að þarna sé gengið á rétt manna. Um það vil ég út af fyrir sig ekkert fullyrða en dæmið er ljótt þegar á það er litið eins og m.a. var dregið fram á almennum fundi á Austurlandi fyrr í þessari viku þar sem menn sem lögðu upp með allt 100 tonnum í afla eru komnir niður í 16 tonn hvað snertir heimilaðar veiðar með aflamarki.

Ég vil vekja á því athygli, virðulegur forseti, að Alþb. hefur áður flutt tillögur á þinginu, reyndar þing eftir þing, um breytingar á vissum atriðum varðandi stjórnun fiskveiða, þar á meðal tillögur sem lúta að því að bæta hlut báta undir sex brúttórúmlestum sem stunduðu veiðar með aflamarki. Um það fluttu þeir hv. þm. Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon tillögur á 117. löggjafarþingi sem því miður náðu ekki fram að ganga en gerðu ráð fyrir leiðréttingu að þessu leyti.

Það hefur mikið á það skort að mínu mati að fram færi víðtækt mat á því hvað sé æskilegt í uppbyggingu og samsetningu flota okkar til lengri tíma litið. Hvers konar þróun menn vildu sjá í sambandi við nýtingu landhelginnar og hvaða bátastærðir, hvers konar fiskiskip og hvers konar veiðiaðferðir séu eðlilegar í sambandi við sjálfbæra nýtingu sem er auðvitað það sem við þurfum að stefna að. Ég held að það séu miklar hættur því samfara að ætla að setja allan flotann, einnig hinar smæstu fleytur, á framseljanlegt aflamark sem getur fyrr en varir leitt til þess að veiði þeirra dragist mikið saman eða verði aflögð með öllu vegna þess að veiðiheimildir þeirra verði keyptar upp. Það er því nauðsynlegt að mínu mati að yfir þessi efni sé farið með miklu meira ákvarðandi hætti en gert hefur verið og leitast við að meta hvað telst hagkvæmasta nýtingin, hvers konar bátastærðir það eru sem æskilegt er að þróa til að nýta okkar auðlindir sjávarins á sjálfbæran hátt. Og þetta ætti að vera eitt af þeim rannsóknar- og þróunarverkefnum sem eru ofarlega á baugi í sambandi við okkar sjávarútvegsmál.

Þetta eru nokkur atriði sem ég vildi að fram kæmu við 1. umr. þessa máls. Ég vil ítreka að ég tel það mjög sérkennilegt að þessa dagana eru að koma fram af hálfu stjórnarliða tillögur sem vísa verulega í aðrar áttir en það sem fram kemur hjá hæstv. sjútvrh. Auðvitað er hver þingmaður ábyrgur fyrir sínum hlut á Alþingi en við hljótum að taka eftir því þegar uppi er höfð mjög ákveðin gagnrýni og reyndar boðaðar tillögur sem vísa verulega í aðra átt heldur en hér um ræðir.

Það var frá því greint á almennum fundi á Austurlandi sem haldinn var á Reyðarfirði níunda þessa mánaðar að um þessi mál væri full eindrægni í þingflokki Sjálfstfl., í flokki hæstv. sjútvrh. En eftir að sá fundur var haldinn hefur nú annað komið í ljós því a.m.k. einn hv. þm. flokksins hefur boðað fyrirvara eða andstöðu, — fulla andstöðu við þetta frv. sem liggur fyrir nema að á frv. verði gerðar tilteknar breytingar sem þingmaðurinn hefur viðrað. Það blása því vindar um hæstv. sjútvrh. þessa dagana, bæði að því er varðar þetta mál og þá ákvörðun sem ráðherrann þarf að taka af eða á í sambandi við aflamark þorsks á yfirstandandi fiskveiðiári, raunar fyrir næstkomandi mánudag. Ég treysti fulltrúa okkar í sjútvn. þingsins, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, afar vel til að halda á þessu máli fyrir okkar hönd í nefndinni, en þingmaðurinn er með fjarvistarleyfi í dag vegna annarra skyldustarfa og því ekki þátttakandi hér í umræðunni.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er afskaplega ánægður yfir því frv. sem hér liggur frammi og ánægður með þessa umræðu. Enn meira gleðst ég þegar ég horfi yfir þennan sal og sé hann þéttskipaðan góðum þingmönnum sem allir hafa mikið vit á þessum málum. Sérstaklega gleðst ég yfir að sjá hér menn eins og hv. þm. Hjálmar Árnason og ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er staddur hér einhvers staðar nálægt þessum þingsal. Það vantar eiginlega engan nema hæstv. forsrh. til að kórinn sé kominn hér allur sem núna syngur fyrir dyrum hæstv. sjútvrh.: Aukum kvótann. Það er ekki hægt að ræða hér frv. um stjórn fiskveiða öðruvísi en að það knýjandi mál sé með einhverjum hætti tekið inn í þá

umræðu eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði með réttu.

Það hafa gengið gusurnar yfir hæstv. stjútvrh. sökum þess kjarks sem hann hefur sýnt með þessu frv. Þeir sem áður voru honum harðastir haukar í horni reyna nú að kroppa hann í hælana vegna þess að hann hefur tekið þetta frumkvæði. Það er hins vegar svo að við erum stödd á sérstökum tímum. Nú eru ekki nema örfáir dagar sem lifa þar til upp rennur 15. apríl, síðasti dagurinn samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða sem hæstv. stjútvrh. getur notað til að breyta kvótanum.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það eru merk pólitísk tíðindi þegar það gerist að fjórir hv. þm. stjórnarliðsins ganga fram fyrir skjöldu, ekki bara hér í þinginu heldur hasla þeir sér vettvang í fjölmiðlum, til að lýsa því yfir að þeir séu ósammála stefnu hæstv. sjútvrh. varðandi úthlutun aflaheimilda, þeir séu ósammála því að ekki verði farið í að auka heildarkvóta í þorski. Þó keyrir um þverbak þegar hæstv. forsrh. bókstaflega gefur hæstv. sjútvrh. fyrirmæli um það í Morgunblaðinu í dag að nú sé kominn tími til að auka kvótann. Það er óhjákvæmilegt sökum þeirrar hefðar sem skapast hefur innan ríkisstjórnarinnar að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hyggist ekki verða við skipunum hæstv. forsrh. Við höfum á allra síðustu tímum séð það rifjað upp í fjölmiðlum að hæstv. forsrh. hefur skapað vinnuhefð. Hann segir einfaldlega við sína ráðherra: Annaðhvort hlýðið þið því sem ég vil eða þið getið tekið pokann ykkar og hunskast. Það var efnislega það sem hann sagði við hæstv. fjmrh. eins og rakið var í einu dagblaðinu í gær. Það er óhjákvæmilegt annað en að þetta mál verði með einhverjum hætti til lykta leitt. Það er ekki hægt að búa við þá óvissu sem ríkir í þessu máli þegar stjórnarliðið er búið að skapa væntingar um að það sé samstaða í þeirra hópi um að auka kvótann. Þetta skiptir miklu máli fyrir atvinnugreinina. Þegar menn sem eiga sæti í sjútvn. fyrir stjórnarliðið og sjálfur hæstv. forsrh. talar með þessum hætti er það beinlínis skylda hæstv. sjútvrh. að taka af skarið.

Ég tel rétt í upphafi þessarar umræðu, herra forseti, að greina frá því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur farið fram á við hæstv. sjútvrh. að efnt verði til utandagskrárumræðu um það hvort hann hyggist auka þorskkvótann. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson óskaði eftir þeirri umræðu í dag. Hæstv. ráðherra færðist undan því sökum þess að hann átti eftir að hafa lögboðið samráð við hagsmunaaðila og á því er fullur skilningur innan þingflokks Alþfl. En þessi umræða fer fram á mánudaginn. Ég tel að rétt sé að það komi fram að hæstv. sjútvrh. hefur fallist á hana og hún mun verða um þetta mál. Á þeim degi eru síðustu forvöð fyrir hæstv. sjútvrh. að taka ákvörðunina sem ég tel þó að hæstv. forsrh. sé að mestu leyti búinn að taka fyrir hann. Hins vegar tel ég líka nauðsynlegt að þeir hv. þingmenn sem hafa kvatt sér hljóðs opinberlega um þessi mál geri grein fyrir sínum skoðunum í þessu efni. Þeir geri t.d. grein fyrir því hvort þeir muni styðja þá tillögu sem hluti stjórnarandstöðunnar, tveir hv. þm. Alþb., hafa lagt fram og verður mælt fyrir hér síðar í dag um að auka þennan frest þannig að hæstv. sjútvrh. geti þá e.t.v. yfirvegað málið lengur ef hann kýs. Enda eru mörg rök sem hníga að því að sá frestur verði lengdur eða afnuminn enda er þorskur eina tegundin sem um gilda sérstök tímaákvæði. Ég tel líka nauðsynlegt að hv. þm. Hjálmar Árnason komi og skýri mál sitt út fyrir okkur en við höfum fylgst með því af mikilli athygli í fjölmiðlum síðustu daga. Hann hefur t.d. lýst því yfir að það eigi að auka kvótann um 10 þús. tonn. Ég hygg að ég standi hv. þm. e.t.v. jafnfætis í þeim fræðum sem lúta að fiskum og ég er honum ekki ósammála um þetta. En það er auðvitað nauðsynlegt að hann leggi fyrir okkur hvernig stendur á því að hann kýs töluna 10 þús. tonn.

Þetta er annars orðið bögglauppboð hjá hæstv. ríkisstjórn því annar þingmaður, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem auðvitað tekur hv. þm. Hjálmari Árnasyni fram að öllu leyti eins og sést á því að hann hefur boðið 40–50 þús. tonn. Hins vegar hefur hv. þm. Hjálmar Árnason ákveðna framtíðarsýn vegna þess að hann er búinn að bjóða 40–50 þús. tonn á næsta ári ofan á 10 þús. tonnin. Þá á hv. þm. Hjálmar Árnason bara eftir að skýra af hverju hann telur að þessi 10 þús. tonn sem hann boðar núna séu nægileg tugga upp í bátaflotann sem hann kallar gleymdu skipin, gleymda flotann. Það voru nefnilega hv. þm. Hjálmar Árnason og félagar hans í Reykjanesi sem sögðu fyrir kosningarnar að togaraflotinn ætti bara að fá 15% en afganginn ætti bátaflotinn og ísfiskflotinn að fá. Þetta er óhjákvæmilegt finnst mér að komi fram við þessa umræðu.

Þessi umræða hefur spunnist að verulegu leyti vegna þessa frv. sem hefur komið fram úr samráði milli hæstv. sjútvrh. annars vegar og hins vegar Landssambands smábátaeigenda. Útgerðarmenn víða um land hafa sýnt og sannað síðustu daga að þeir eru sennilega best skipulagði smáþrýstihópurinn og sá öflugasti í landinu. Þeim hefur tekist að gera gríðarlegan usla með fundarhöldum og ályktunum. En þó er að sjá að hæstv. sjútvrh. hafi nú ekki undan látið gagnvart þeim hvað svo sem verður þegar hæstv. forsrh. fer að taka á honum með heildarkvótann. Staðreyndin er hins vegar sú að það frv. sem hér liggur fyrir þarf ekki að koma nokkrum manni á óvart.

Eins og hæstv. ráðherra gat réttilega um í máli sínu þá er meginefni þess fyrst og fremst að það er verið að setja tengingu á milli þess aflamagns sem smábátar, krókabátarnir, mega veiða annars vegar og hins vegar heildarþorskkvótans yfir fiskveiðiárið. Enginn þarf að undrast að hæstv. ráðherra setji þetta frv. fram og hann hefði ekki þurft að hafa sérstakt samráð við Landssamband smábátaeigenda um það. Ég rifja það upp, herra forseti, að það var hv. þm. Árni R. Árnason sem lýsti því yfir fyrir hönd meiri hlutans í sjútvn. hér á síðasta vori að stjórnarliðið mundi beita sér fyrir því að þetta yrði gert innan tíðar. Það var raunar forsenda þess að settar voru niður deilur innan stjórnarliðsins sem tengdust þáv. afstöðu hæstv. sjútvrh. En nú hefur sem sagt hæstv. ráðherra orðið fyrir því sama og Sál á leiðinni til Damaskus, eldingu skilningsins hefur lostið niður í höfuð honum og hann sér að það er ekki rétt stefna sem áður var fylgt og við mörg í þessum sölum töldum að beindist beinlínis að því að afleggja krókaflotann. Ég tel að þessi tenging sem nú liggur fyrir í frv. sé gífurlega mikilvæg. En ég þakka það ekki sérstaklega þó að stjórnarliðið haldi þau orð sem það gaf hér á síðasta vori. Ég held að sá sigur sem í þessu sannarlega felst fyrir krókabátana tryggi endanlega að það verði ekki hægt að ganga af þeim flota dauðum. Að þessu leyti er þetta afskaplega mikilvægt.

Með þessu frv. eru hinir föstu banndagar afnumdir. En auðvitað er sitthvað sem mætti breyta í frv. til hins betra. Vandinn er ekki alveg að fullu leystur. Ég sé að í þessu frv. eins og það hefur verið kynnt er inni reikniregla sem fækkar sóknardögum þó það verði að vísu ekki fyrr en fiskveiðiárið 1998 en þá fækkar sóknardögum hjá þeim sem fara

fram úr. Það er að vísu svo að þorskaflahámarkið hafa valið alls 403 bátar og þeir sem eru eftir í sóknardagakerfinu eru meiri hlutinn, 680 bátar. Það er hins vegar ekki mikið sem þeir hafa til ráðstöfunar. Ég held að þeir hafi til ráðstöfunar innan við 7 þús. tonn. Það er eitthvað u.þ.b. 10 tonn á bát að meðaltali. Þess vegna held ég að afkoma margra þeirra verði afskaplega erfið í framtíðinni. Það er því mikilvægt að það sé ekki þrengt of mikið að þessum flota. Ég geri mér grein fyrir að með þessu kerfi sem þingið samþykkti í fyrra sé óhjákvæmilegt að svigrúm þeirra verður miklu minna en áður var.

Menn geta að vísu valið aftur upp á nýtt ef þetta frv. verður að lögum og þá getur vel verið að þessi hlutföll sem ég lýsti áðan raskist eitthvað. En sóknardagakerfið samkvæmt þessu frv. skiptist nánast í tvö kerfi þar sem annars vegar er byggt á línu og handfærum en hins vegar á handfærum eingöngu. Það hefur sína kosti og galla. Handfærin veiða bara þorsk og þau takmarkast í ríkari mæli af veðri og vondum sjóum en með línu geta menn róið í verra veðri og geta líka veitt talsvert af öðrum tegundum eins og steinbít. Mér skilst líka að reiknireglan sé þannig að ef menn nota línu við veiðarnar þá reiknast hver sóknardagur upp með stuðli sem er 1,35 yfir veturinn og 1,90 yfir sumarið. Mér sýnist að með þessu sé verið að þrýsta mönnum yfir í handfæri. Ég hef engar sérstakar skoðanir á því. En það sem ég sé hins vegar er ákveðið misræmi á milli þeirra sem eru á þorskaflahámarkinu annars vegar og hins vegar þeirra sem verða á sóknardagakerfinu og það tengist tegundunum utan kvóta. Í dag er það svo að þeir sem eru á aflahámarkinu geta veitt eins mikið af tegundum sem eru utan kvóta eins og steinbít án þess að það með nokkrum móti skerði afkomumöguleika þeirra. Þannig á það að vera. Þess vegna finnst mér líka að það ætti að vera svo að þeir sem eru á sóknardagkerfinu ættu líka að fá að stunda veiðar á utankvótategundum án þess að þeir sóknardagar teljist með. Það er svo að við vissar aðstæður á vissum árstímum er hægt að veiða ákveðnar tegundir eins og steinbít hreinar án þess að þar sé þorskur sem meðafli. Þetta vita menn. Ég tel ekki sanngjarnt gagnvart þessum hluta krókaflotans, sem á nú nógu erfitt hvort sem er innan sóknardagakerfisins, að reikna þetta til frádráttar sóknardögunum. Það er hægt að taka dæmi úr raunveruleikanum um þetta. Til að mynda þekki ég dæmi úr kjördæmi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um trillu sem veiddi yfir árið 200 tonn og notaði eingöngu línu við veiðarnar. Aflinn skiptist í 120 tonn af þorski og 80 tonn af öðrum tegundum og það var mest steinbítur. Nú er þannig komið fyrir þessum manni að ef hann ætlar að stunda línuveiðarnar eingöngu eins og hann gerði þá hefur hann í krafti reiknireglunnar ekki heimild til að veiða nema 62 daga yfir veturinn. Þessi maður mun búa við verulega breytt skilyrði og miklu erfiðari afkomu þegar svo stór hluti af heildarveiðinni sem saman stóð af utankvótategundunum kemur til frádráttar. Þetta finnst mér óréttlæti, herra forseti. Og mér finnst að þetta sé það sem menn eigi að reyna að kanna vel þegar kemur að umfjöllun um málið í þingnefndinni.

En, herra forseti, ég tel nauðsynlegt þegar við ræðum mál eins og þetta að við tökum líka á því hvort ekki sé rétt, eins og lagt er til í frv. sem Alþb. leggur fram og rætt verður hér síðar í dag, að breyta þeim tímamörkum sem tengjast ákvörðun veiðikvóta fyrir þorsk. Í dag er það þannig að það verður að taka ákvörðun um breytingu á honum fyrir 15. apríl og 15. apríl er á mánudaginn. Það var eingöngu vegna áskorunar þingnefndarinnar, fagnefndarinnar, að Hafrannsóknarstofnun lagði fram fyrr en eða a.m.k. í fyrra gögn sín úr togararallinu og þau sýna og sanna alveg eins og í fyrra að þorskstofninn er á góðri uppleið. Ég held að það sé alveg klárt að það eru full föng til þess núna að taka ákvörðun um að hækka kvótann án þess að það sé með einhverju móti hægt að segja að það sé verið að svipta stoðum undan stofninum. Það er algjörlega klárt.

Ég minni líka á að þegar togararallið var í fyrra birtu menn í fréttatilkynningu frá stofnuninni gögn sem sýndu svart á hvítu að þorskstofninn væri þá að aukast um 30%. Það vildi svo til að eini praktíski mælikvarðinn á það, krókaveiðarnar, sýndu líka aukningu um 30% á þessum tíma og ég er alveg sannfærður um að þarna var verið að mæla raunverulega aukningu. Þegar búið var að fara í það mál af Hafró þá var þessi aukning reiknuð niður. Ég skildi það aldrei. Það var farið yfir það í sjútvn. þar sem ég sat sem varamaður en ég skildi aldrei hvernig sérfræðingar Hafró fóru að því og nú er aftur verið að gefa til kynna að þorskstofninn, veiðistofninn, sé á uppleið. Ég held hann sé kominn í rösk 700.000 tonn sem er u.þ.b. eins og menn voru að reikna fyrir nokkrum árum. En mér finnst er samt ótrúlega merkilegt þegar menn skoða tölurnar að það er svo margt sem fellur ekki saman. Ég minni t.d. á árgangana frá 1989 og 1990 sem voru slakir. Samt voru þetta árgangarnir sem stóðu undir drjúgri veiði á árunum frá 1993 og 1994 og ég minni á það að í einstaklingum talið árið 1993 held ég að það hafi verið 23% þeirra þorska sem voru veiddir sem voru samkvæmt skilgreiningu undirmálsfiskur sem voru ekki orðnir fullra þriggja ára gamlir. Hvaðan kom allt þetta ungviði? Ég dró bara eina ályktun af því þegar ég sá þetta í gögnunum. Það hlaut að vera að sá árgangur, sem stóð undir veiðinni á þessum ungþorski, hafi verið gróflega vanmetinn. En það var ekki fyrr en í fyrra sem Hafrannsóknastofnunin gaf það upp að árgangarnir frá 1989 og 1990 hefðu verið vanmetnir um 55 millj. þorska. Ég veit að hæstv. sjútvrh. er glöggur maður og hann gerir sér grein fyrir því að 55 millj. þorskar eru nokkuð margir fiskar og nokkuð mörg kíló. Miðað við meðalþyngd eins og hún hefur verið að koma hefur þetta legið einhvers staðar í tonnum talið á milli 100.000 og 150.000 tonn. Það er nákvæmlega sem vantaði upp á þegar þeir voru að reikna þetta niður í fyrra. Þá var það svo að þeir töldu að veiðistofninn væri ekki nema 510.000 tonn þegar upphaflegu gögnin höfðu gefið til kynna að hann væri yfir 700.000 tonn. Auðvitað er hægt að benda á meira en þetta. Tökum nýlegt dæmi sem er árgangurinn frá 1993. Hann var sagður slakur við mælingu 1994, 180 millj. þorska. Hann var þó ekki slakari en svo að hann óx jafnhratt á sex mánuðum og hæstv. forsrh. yngdist á síðustu þremur mánuðum því að hann var við næsta mat orðinn 220 millj. þorska. Það munaði 40 millj. Ég er ekki að álasa Hafrannsóknastofnun fyrir það að hafa ekki reiknað rétt. Þetta eru bara óviss fræði og það sem mér hefur alltaf fundist vanta inn í fræði hennar er hin náttúrulega afkoma, afkoman í hafinu, náttúruaðstæðurnar. Nú er alveg ljóst að mér sýnist af gögnum og því sem sjómenn segja, og menn eiga að hlusta á þá, að það sé talsvert meiri þorskur og hafi verið á grunnunum en Hafrannsóknastofnun hefur reiknað út. Og af hverju er það? Það er vegna þess að þeir hafa ekki tekið tillit til afkomu náttúrunnar og árferðis í sjónum. Það þýðir að ef það er gott í sjóinn verða minni afföll og fiskarnir vaxa betur og vegna þess að stærri þorskarnir eru færri þá er minna um kannibalisma, þeir éta minna undan

sér. Þetta skiptir alveg gríðarlega miklu máli og þetta er partur af því sem þeir hafa a.m.k. fram á þessa síðustu daga ekki tekið með í reikninginn. Það þurfi alþjóðlega ráðstefnu fiskifræðinga fyrir nokkrum árum til þess að þeir færu að hugsa í þessa veru.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. sjútvrh. skuldi þinginu það og hann skuldi þjóðinni að segja hvort hann ætlar að verða við kröfum eigin stjórnarliðs, sinna eigin manna um að auka þorskkvótann, hvort hann ætlar að ganga gegn hæstv. forsrh. sem hefur bókstaflega gefið honum opinbera skipun um að auka þorskkvótann í ár.

[14:50]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau tíðindi hafa gerst að það er komið fram frv. sem hefur kallað á mjög hörð viðbrögð innan LÍÚ. Ég tel frv. á vissan hátt mjög athyglisvert og tímabært því satt best að segja hefur mér virst fram til þessa að varla mætti greina á milli stefnu hæstv. sjútvrh. og stefnu LÍÚ. Eitthvað nýtt er á ferðinni og ég tel að ástæða sé til að fagna að sjútvrh. virðist með þessu frv. vera eilítið að ná áttum og taka sjálfstæðari afstöðu. Ég veit ekki hvort ég á að fara mikið út í viðbrögð LÍÚ en ég bendi á nýútkomið rit, Útveginn, þar sem Kristján Ragnarsson, grátkona Íslendinga, fer hörðum orðum um það frv. sem hér er til umræðu. Að mínu áliti er um mjög eðlilegt frv. að ræða sem er í meginatriðum samhljóma brtt. sem ég flutti á vorþinginu ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Össuri Skarphéðinssyni. Þar lögðum við m.a. til að sú aukning sem kæmi fram í kvóta að smábátar fengju hlutfallslega sama hlut og nú er af aukningu aflaheimilda en það er einmitt meginatriði þess frv. sem hér er til umræðu. Ég tek því undir það með hæstv. sjútvrh. sem hann sagði í fjölmiðlum á fundi nýlega þar sem hann var spurður út í viðbrögð LÍÚ en þá spurði hann á móti: Eru þessir menn í LÍÚ búnir að gleyma því hvað gerðist 1984? Ég er fyllilega sammála honum. Þá var kvótinn færður þeim mönnum sem stunduðu þá fiskveiðar á silfurfati. Síðan voru sett ný lög árið 1990 þar sem segir skýrt að nytjastofnanir á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar en enn þá eru kvótaeigendurnir frá 1984 hér við völd og fá kvótann gefins á silfurfati þó svo að lögunum frá 1990 hafi líka verið breytt þannig að fiskveiðiheimildir séu framseljanlegar. Nú gerist það að kvótakóngarnir frá 1984 leigja öðrum kvótann sinn, fara svo á úthafið fyrir andvirði leigunnar og nú ætla þeir að leggja undir sig úthafsveiðarnar líka með því að öðlast fiskveiðireynslu þar og láta svo fólk sem býr hér í kringum landið kaupa eða leigja kvótann og vera svo leiguliðar hjá þeim.

Við kvennalistakonur höfum yfirleitt stutt smábátaveiðar hér við land, fyrst og fremst af þeirri ástæðu að þeir stunda yfirleitt vistvænar veiðar og verið er að tryggja þann rétt sem íbúar við strendur landsins hafa átt til þess að sækja sjóinn. Þess vegna fagna ég þessu frv. en í tillögunum sem ég og Sighvatur Björgvinsson og Össur Skarphéðinsson lögðu til sl. vor var einnig lagt til að kvótaaukning kæmi til smábátasjómanna. Ég rökstuddi þetta ítarlega þá með tilvísun í stefnuskrá Kvennalistans og ég ætla láta vera að gera það núna en fyrst og fremst voru rökin þau að þetta eru vistvænar veiðar og það er fólk sem býr nálægt og stundar sjóinn á grunnsjávarmiðum sem þarna á í hlut.

Síðastliðið vor sagði ég einnig að ég væri sannfærð um að ekki mundi nást sátt um núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi nema að krókaveiðarnar yrðu frjálsari en nú er. Ég tel að með þessu frv. sé verið að stíga skref í rétta átt með því að lofa þeim sama hlutfalli á aukningu á kvóta og öðrum. Einnig sagði ég þá að það yrði að vera tryggt að þjóðin nyti afrakstursins af auðlindinni. Ég tel að það verði varla gert miðað við núverandi kerfi, þetta síðarnefnda, nema annaðhvort verði komið á veiðileyfagjaldi eða þá að það verði ekki heimilað að hafa aflaheimildir framseljanlegar. Í þessu frv. er líka lagt til að aflaheimildir smábátaeigenda verði framseljanlegar og ég vil setja spurningarmerki við það og velti fyrir mér hvort ekki væri rétt að bíða með þessa ákvörðun þangað til að kerfið er endurskoðað í heild sinni sem ég tel að þurfi að gera.

Ég tel að annaðhvort verði að endurskoða þetta framsal á veiðiheimildum eða þá að veiðileyfagjald komi til og eftir umræðurnar sem áttu sér stað í þinginu ekki alls fyrir löngu um samningsveð þar sem fiskveiðistjórnunarlögin komu talsvert til umræðu og eftir þær yfirlýsingar sem þá komu um að ekkert væri að marka sameignarákvæðið og ekki síst frá mönnum eins og hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og fleiri útgerðarmönnum. Ég tel að veruleg þörf sé á því að festa sameignarákvæðið í stjórnarskrána því að fátt virðist benda til þess enn þá að hæstv. sjútvrh. ætli sér að iðka fiskveiðistjórnun sem samræmist því ákvæði. Ég sit bæði í sjútvn. þingsins og í úthafsveiðinefnd og um þær hugmyndir, sem hafa þar verið til umræðu um stjórnun á úthöfunum hefur ekki náðst samkomulag en ég tel að það sé alveg ljóst að það er að fjara verulega undan því kerfi sem er nú við lýði um stjórnun fiskveiða. Þær hugmyndir sem eru til umræðu í úthafsveiðinefnd, sem ég vil ekki úttala mig um hér, eru á þann veg að það er veruleg ástæða til að endurskoða þessi mál í heild sinni að mínu mati.

Mig langar að lokum að spyrja hæstv. sjútvrh. tveggja spurninga. Í fyrsta lagi um helstu rök sem mæla með því að blanda saman krókaveiðum og línuveiðum eins og lagt er til í þessu frv. þrátt fyrir að það virðist vera mjög umdeilt. Í öðru lagi hvort hann hafi í hyggju eftir þær umræður sem átt hafa sér stað bæði í úthafsveiðinefndinni og þá umræðu sem nú á sér stað um fiskveiðistjórnunina almennt að reyna að breyta kerfinu þannig að sameignarákvæði frá 1990 komist í framkvæmd.

Varðandi þá miklu umræðu, sem hefur átt sér stað undanfarna daga og undanfarnar vikur um það hvort auka beri kvótann á núverandi fiskveiðiári, vil ég fagna þeirri niðurstöðu sem hefur orðið, nefnilega þeirri að bæði sjómenn og Hafrannsóknastofnun komast að sömu niðurstöðu um að stofninn sé á uppleið. Það hefur að mínu mati verið mjög umhugsunarvert hvernig þessir aðilar hafa ekki talað sömu tungum undanfarin ár og kannski hefur maður haft tilhneigingu til þess að afskrifa það bara sem þrýsting frá bátasjómönnum en ég held að þeirra rök séu það gild í þetta skiptið að ég hefði haft verulegar áhyggjur ef niðurstöður Hafrannsóknastofnunnar hefðu verið á annan veg. Mér er kunnugt um að þessi mál, þ.e. hvort það beri að auka kvótann á þessu fiskveiðiári, verða rædd í þinginu á mánudaginn kemur. En ég vil lýsa yfir stuðningi við það að kvótinn verði aukinn þó að vissulega þurfi að fara gætilega og flana ekki að neinu í þeim efnum.

[15:01]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Áður en ég vík efnislega að því frv. sem hér er til umræðu, vil ég í tilefni af orðum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., lét falla um upp-

lýsingar sem væntanlega má rekja til þingmanna Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi um afstöðu þingmanna til þessa máls í þingflokki Sjálfstfl., taka fram að það er augljóslega ranglega farið með þær upplýsingar. Á fundi í þingflokki Sjálfstfl. þegar þetta mál var tekið fyrir lýsti ég eindreginni andstöðu við málið og reikna ég með að hæstv. sjútvrh. geti staðfest það. Það er einfalt mál að fá það staðfest hjá þingflokksformanni Sjálfstfl. Hver ástæðan er fyrir því að þingmenn Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi hafa ekki tekið eftir þessu kann ég ekki að nefna. Ég hygg að þeir hafi báðir verið á þessum fundi. Annaðhvort hafa þeir dottað eða eitthvað sem verra er hefur gerst. Ég reikna með að ég kjósi að líta svo á sem þeir hafi eitthvað verið utan við sig á fundinum.

Það frv. til laga sem hér er um að ræða er ekki smámál þó mér heyrist á marga lund sem það muni ekki vekja mikla og hatramma umræðu í þinginu að þessu sinni. Ég heyri að ákveðnir þingmenn sem hafa verið andstæðingar aflamarkskerfisins eða aflahlutdeildarkerfisins telja þetta gott frv. Ég geri ráð fyrir því að þeir sjái ákveðna bresti í því kerfi sem við höfum notað á undanförnum árum og var staðfest með mjög eftirminnilegum hætti 1991 og svo aftur 1994–1995, en það er aflahlutdeildarkerfið.

Ég ætla ekki að dvelja við þá þætti frv. sem lúta að því að lagfæra stöðu krókabátanna sem var á marga lund erfið og kallaði á lagfæringu eftir þá löggjöf sem hér var sett á síðasta vori. Ég get að mörgu leyti fallist á þær lagfæringar, tel þær að mörgu leyti eðlilegar, en hlýt þó að skoða þær í ljósi meginatriðis málsins sem er að í raun og veru er verið að veita krókabátunum aflahlutdeild í heildaraflamarki. Það er meginmál frv., alvarlegasta atriðið í frv. og það atriði sem ég er mótfallinn og tel að muni skaða fiskeiðistjórnunarkerfið sem vissulega er ekki fullkomið en hefur þó verið það skásta sem við höfum getað fundið hér og hefur í raun og veru reynst betur en fiskveiðistjórnunarkerfi sem aðrar þjóðir hafa gripið til.

Ég vil geta þess sérstaklega að hingað til hefur ekki verið ágreiningur á milli mín og hæstv. sjútvrh. um að aflahlutdeildarkerfið sé besta kerfið sem við eigum kost á að notast við í fiskveiðistjórnun hér.

Ég vil aðeins ræða um aðdraganda þessa máls. Það var alveg ljóst við umræðu um stjórn fiskveiða síðastliðið vor að það yrði að breyta þeim málum talsvert. Það kom mér þó á óvart að við 3. umr. opnaði hæstv. sjútvrh. á þá hugmynd að aflahámarki krókabátanna yrði breytt í hlutdeild. Þetta gerðist við 3. umr. málsins og þó að það væri ekki útfært í smáatriðum, var þó ljóst að þarna var komið inn á atriði sem var veruleg breyting að því er ég tel frá þeim sjónarmiðum sem hæstv. sjútvrh. hafði jafnan lýst fram til þess tíma. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þennan kafla. Hæstv. sjútvrh. segir, með leyfi forseta:

„Hér hefur verið fjallað um hvort hækka ætti þetta aflamark. Þegar það var sett fyrir ári voru sjónarmiðin á bak við það þau að miða við aflareynslu bátanna á árunum 1992 og 1993 og menn komust að þeirri niðurstöðu að það væri sanngjarnt að miða við veiðireynslu þeirra ára, að skerða ekki veiðireynslu þessara báta. Á sama tíma höfðu stærri skipin þurft að sæta skerðingu og þess vegna var það að menn settu þetta aflamark fast, að menn sögðu sem svo: Fyrst þessi hópur þarf ekki að sæta skerðingu miðað við veiðireynslu á sama tíma og aðrir gera það er eðlilegt að það festist. Nú erum við vonandi að horfa fram á það, þó að það verði ekki á þessu ári eða næsta fiskveiðiári, að aflaheimildir í þorskveiðum geti aukist á nýjan leik og þá tek ég undir með hv. frsm. sjútvn. að þá er eðlilegt að endurskoða hvort þetta aflamark geti ekki orðið að aflahlutdeild og færst til upp á við í réttu hlutfalli við aukningu á heildarafla."

Þarna var sem sagt opnað á það sem er í raun og veru verið að gera í dag. Ég verð að viðurkenna að þetta kom mér nokkuð á óvart vegna þess hver þróun mála hefur verið á undanförnum árum. Ég mun koma nánar inn á það síðar meir, en þróunin hefur í stuttu máli verið sú að krókabátarnir hafa ekki verið að taka á sig skerðingu. Þeir hafa verið að auka afla sinn stórlega á meðan bátar og skip sem hafa verið í þessu aflahlutdeildarkerfi hafa borið hitann og þungann af skerðingunni.

Nú reikna ég með því að það hafi aldrei verið hugmyndin á bak við þetta kerfi að hlutdeildarkerfið ætti að vera hlutdeild í niðurskurði eingöngu heldur að menn hafi reiknað með því að þegar sá tími kæmi að afli ykist á miðunum á nýjan leik, þá yrði einmitt þeim skipum sem kusu hlutdeildarkerfið á sínum tíma bætt upp sú skerðing sem þau hafa orðið að þola. Það er sem sagt ekki bara í stríðu sem menn ætluðu að láta skipin með aflamarkið búa við hlutdeild í heildarafla heldur líka í blíðu og þess vegna er það nokkurt nýmæli þegar menn opna á þessa hugmynd. Ég held að ég fari ekki rangt með það að þetta er að minnsta kosti í fyrsta skipti sem ég heyrði hæstv. sjútvrh. tala á þeim nótum að krókabátarnir sem höfðu sífellt reynt að auka sinn afla á kostnað hinna ættu að fá fulla hlutdeild í aukningu aflans þegar betur áraði. Þó að þessi opnun færi fram af hálfu hæstv. sjútvrh. á vormánuðum, var ekki annað að sjá þegar aðalfundur Landssambands smábátaeigenda var haldinn 12.–13. okt., ég held að ég muni það rétt, að þetta sjónarmið hans hafi haldist því að í frásögnum blaða af þessum aðalfundi Landssambands smábátaeigenda lýsir hæstv. sjútvrh. í sjö atriðum hvað hann sé reiðubúinn til að skoða. En það kemur þó mjög skýrt fram að breytingarnar mættu ekki leiða til þess að 21.500 tonna aflapotturinn sem ætlaður er krókabátum stækkaði. Haft er eftir ráðherranum og ég leyfi mér að vitna í Fiskifréttir 20. október 1995, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherrann sagði að aflahámark krókabáta hefði aukist á undanförnum árum úr 3.000 tonnum í 21.500 tonn af þorski. Þessi 21.500 tonn væri föst tala sem ekki yrði breytt þótt leyfilegur heildarþorskafli breyttist í framtíðinni."

Þegar þetta er lesið, skil ég það svo að hæstv. sjútvrh. hafi litið á það sem grundvallaratriði í þessum viðræðum að við þessu yrði ekki hróflað. Nú skal ég samt viðurkenna að mér finnst að sjálfsögðu að það sé til umræðu eins og allt annað sem lýtur að stjórn fiskveiða, hvernig skynsamlegt sé að viðra hugmyndir um að veita þessum sérstaka útgerðarhópi krókabátanna hlutdeild í aflaaukningunni. Það er til umræðu eins og allt annað. En ég held þó að menn hljóti að taka tillit til þeirra tveggja ólíku sjónarmiða sem hér koma fram hjá hæstv. sjútvrh. og hljóta að undirstrika svipaðar áhyggjur og ég hef haft af þessu máli. Þær eru að ekki sé verjandi að sá útgerðarþátturinn sem hefur orðið að bera allan þungann þurfi að lifa við það að þegar aflinn glæðist, þá taki þeir til sín aukninguna á nákvæmlega sömu forsendum sem ekki hafa þolað neinn niðurskurð. Það þýðir að sjálfsögðu að það er verið að skerða þátt aflahlutdeildarbátanna í aukningunni því auðvitað er aflahlutdeild hlutfall af heildarafla. Ég vil því taka það fram að mér finnst að það hafi komið skýrt fram að í þessu máli hefur hæstv. sjútvrh. að minnsta kosti komið aftur inn á það sjónarmið sem hann varði í vor. Ég

vil ekki nota neinar myndlíkingar eins og hér var verið að nota í dag um að eldingu hafi lostið niður í höfuðið á honum. Þær eru þeirra sem slíkt nota. En mér finnst að þetta beri vott um að hér sé um að ræða stefnubreytingu sem hafi verið viðruð í vor og sé nú staðfest í þessu frv. Ég hygg að þessi stefnubreyting muni hafa býsna miklar afleiðingar því það er þannig að meginmarkmið kvótakerfisins var að setja sjávarútveginum reglur sem rekstraraðilarnir gætu litið á sem almennar reglur, leikreglur, og þá hagað rekstri fyrirtækjanna eftir þessum almennu reglum. Ég hygg að enginn talsmaður þessa málaflokks nema hæstv. sjútvrh. hafi lagt eins afgerandi og sannfærandi áherslu á að það yrði að vera þannig rekstrarumhverfi í sjávarútveginum að menn gætu gert áætlanir, gætu reiknað með því að það væri stöðugleiki í þessu stjórnunarkerfi og þar mættu menn ekki búa við neinar kúvendingar. Ég hygg að ég geti vitnað í ræður hæstv. sjútvrh. þessu til stuðnings en tel mig ekki þurfa þess því að það er alkunna hversu mikla áherslu hann hefur lagt á þessi mál.

Viðskipti með aflaheimildir og þær leikreglur sem um þessi viðskipti hafa gilt hafa að sjálfsögðu miðað að því að ná fram hagræðingu í sjávarútvegi við þær erfiðu aðstæður sem hér hafa gilt á undanförnum árum. Hingað til hefur þetta tekist jafnvel þótt alvarleg göt hafi verið á kerfinu. Aflahlutdeildarkerfið og kvótaviðskiptin hafa styrkt stöðu útgerðarinnar á mjög erfiðum tímum. Það er því mjög mikilvægt að grafa ekki undan þeirri tiltrú sem fyrirtækin í landinu hafa haft á þessu stjórnkerfi. Þessi varnarbarátta hefur umfram allt tekist vegna þess að rekstrarforsendur útgerðarinnar hafa verið að styrkjast. Aflastjórnunarkerfið, fiskveiðistjórnunarkerfið hefur átt sinn þátt í því. Menn hafa getað gert áætlanir á almennum forsendum fyrirtækjareksturs á sama tíma og raunverulega hefur dregið úr pólitískum afskiptum af rekstri fyrirtækjanna í sjávarútvegi og á öðrum sviðum þjóðlífsins. Þetta hefur jú kannski verið eitt aðalafrek þeirra ríkisstjórna sem Davíð Oddsson hefur leitt undanfarin rúm fimm ár, þ.e. að hafa náð þessum árangri. Að vísu hefur einn hópur útgerðar, krókabátar, staðið utan þessa kerfis og sótt í krafti pólitísks þrýstings síaukinn hlut heildarafla á kostnað þeirra sem leikið hafa eftir hinum almennu reglum aflahlutdeildarkerfisins. Þessi sérstaki hópur sem ekki hefur tekið þátt í niðurskurðinum og hagræðingunni fær nú hlutdeild á sömu forsendum og aflahlutdeildarskipin í aukningunni. Þessi flokkur útgerðar sem ekki hefur orðið að þola niðurskurðinn fær nú hlutdeild í aukningunni. Þess utan fær hann lögbundið fyrirheit um að ef til niðurskurðar komi á nýjan leik þá skuli hann aðeins taka þátt í þeirri skerðingu að vissu marki. Hér er því komin upp ný tegund af hlutdeildarskipum sem eiga að taka fullan þátt í aukningu kvótans en eiga ekki að bera byrðarnar af samdrættinum. Þessi ákvörðun breytir því að mínu mati undirstöðum aflahlutdeildarkerfisins í grundvallaratriðum því að auðvitað getur það varla hafa verið meiningin að aflahlutdeildarkerfið væri einungis brúklegt í niðurskurðinum. Þetta hlutdeildarkerfi, sem komið var á fót 1991 og staðfest 1994 og 1995, byggist á þeirri meginreglu að skip á aflamarki hafi hlutdeild í heildarafla. Sú hlutdeild er seljanleg. Hlutdeildarkerfið er ekki hugsað sem skipulag á niðurskurði. Þeir sem verða að þola niðurskurð á aflahlutdeild sinni vegna almenns niðurskurðar hafa alltaf reiknað með því að hlutur þeirra í heildarafla haldist þegar niðurskurði lýkur og ástand miðanna gefur tilefni til aukningar á heildarafla. Í raun hefur niðurskurður aflamarksskipa verið mun meiri en heildarsamdráttur í botnfiskafla því að frá heildarafla hafa heimildir verið færðar í stórum stíl til krókabáta á undanförnum árum. Aflamarksskip hafa því orðið að sæta mun meiri skerðingu en útgerðir þeirra gátu reiknað með þegar kerfinu var komið á. Þessum niðurskurði hafa menn tekið, möglandi að vísu en þeir hafa tekið honum í þeirri fullvissu að þegar ástand miðanna batnaði yrði hlutur þeirra bættur á grundvelli aflahlutdeildarkerfisins. Nú er hins vegar ljóst að ekki er ætlunin með þessu frv. að gera það. Nú á að veita þeim sem mest hafa aukið afla sinn á kostnað aflahlutdeildarskipanna fulla hlutdeild í aukningunni þó þeir hafi ekki borið neinn þunga af niðurskurðinum.

Ekki nóg með það. Það er kveðið svo á í frv. að ef til niðurskurðar kemur á nýjan leik skuli þessi skip sem mest hafa tekið til sín frá aflamarksskipunum ekki taka þátt í að bera þann niðurskurð á sömu forsendum og aflamarksskipin. Þetta tel ég mjög alvarlegan hlut sem muni að vissu leyti grafa undan aflamarkskerfinu og ég hygg að það muni hafa víðtæk áhrif í þjóðfélaginu.

Þeir sem gerðu ráð fyrir því að geta treyst í grundvallaratriðum aflahlutdeildarkerfinu bæði í blíðu og stríðu átta sig nú á því að þessum grundvelli er ekki treystandi. Rekstur fyrirtækja færist með þessari ákvörðun frá ábyrgð stjórnenda og starfsfólks fyrirtækjanna inn á borð stjórnmálanna. Handleiðsluaðferðir eru á ný farnar að hafa áhrif á stjórn fiskveiða meira en áður var. Fjárfestar, fyrirtæki, einstaklingar og lífeyrissjóðir geta ekki treyst því að aflahlutdeild sé aflahlutdeild. Þeir vita nú að fjárfesting þeirra í sjávarútvegsfyrirtækjum, og þar með í aflahlutdeild sjávarútvegsfyrirtækja, var í raun fjárfesting í niðurskurði en ekki að sama skapi í aukningu. Þeir vita að í framtíðinni verður þeim ætlað að bera þungann af niðurskurði en ekki þeim sem hafa aukið afla sinn stöðugt og hafa leikið lausum hala utan þessa fiskveiðistjórnunarkerfis.

Tími minn er að verða á þrotum. Ég mun síðar í þessari umræðu koma þeim áhrifum sem flutningur aflaheimildar frá aflamarksbátum til krókabáta hefur haft á atvinnumunstur sjávarútvegsins og líka á byggðaþróun og stöðu einstakra byggðarlaga, ég mun koma að því síðar þegar tækifæri gefst til að tala hér öðru sinni en vil aðeins taka það fram í framhaldi af því sem ég hef sagt hér hingað til að ég held að þetta muni hafa skaðleg áhrif á fiskveiðistjórnunarkerfið. Ég held að það muni grafa undan fjárfestingum í sjávarútvegi og ég held að það muni líka hafa skaðleg áhrif á hlutabréfamarkaðinn.

Þetta eru þau atriði sem mig langaði til að koma að í upphafi og áskil mér rétt til að koma inn á fleiri þætti málsins í síðara skiptið sem ég hef tíma til að ræða þetta mál við 1. umr.

[15:21]

Útbýting þingskjala:

Schengen-samstarfið, 477. mál, skýrsla dómsmrh. og utanrrh., þskj. 821.

Tæknifrjóvgun, 154. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 819; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 820.

[15:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annaðhvort er ég eða hv. þm. Tómas Ingi Olrich á alvarlegum villigötum í hugsun og röksemdafærslu um þetta frv. Ég skil frv. svo að í því sé gert ráð fyrir að það sé engin óvissa lengur um hvað smábátarnir veiða mikið

þannig að frv. styrki aflamarkskerfið. Lítum aðeins á þetta nánar:

Krókabátum er núna skipt í tvo hópa. Annars vegar þá sem eru á þorskaflahámarki. Þeir veiða ekki meira en sitt hámark vegna þess að þá eru þeir teknir úr umferð af hæstv. sjútvrh. Hins vegar eru það þeir sem eru á sóknardagakerfinu. Þeir eru 680 og mega veiða 6.800 tonn. Með öðrum orðum það er mikill minni hluti magnsins sem þessir veiða. Það eru bara þeir sem geta farið umfram sett mark. Ef þessi litli hluti flotans fer umfram þessi 6.800 tonn þá kemur til framkvæmdar regla sem fækkar sóknardögunum fiskveiðiárið 1997–1998. Með öðrum orðum hlýtur að vera hægt að fallast á það að hættan á umframveiði sé miklu minni heldur en áður og í öðru lagi að það séu tæki til þess að draga úr henni. Því hlýtur niðurstaðan að vera sú að núna eru veiðar smábátanna komnar inn í kerfið þannig að aflamarkskerfið er talsvert styrkara en áður. Hvernig getur þá hv. þm. komið hér og sagt að tengingin á milli heildaraflamarks smábátanna annars vegar og heildarkvótans í þorski yfir árið hins vegar leiði til þess að kerfið veikist? Það er rökfræðileg fjarstæða.

[15:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að reyna að leiða hv. þm. Össur Skarphéðinsson í sannleikann um þetta mál. Hann hefur verið mjög skorinorður talsmaður krókabátanna og hann fagnar þessu frv. vegna þess að það kemur í einu og öllu til móts við þeirra kröfur. Í einu og öllu. Og það gengur beinlínis á hagsmuni þeirra sem hafa leikið eftir reglum um aflahlutdeildarkerfið. Það er í raun og veru styrkt aflahlutdeildarkerfi en það er ekki gamla aflahlutdeildarkerfið það er nýtt hlutdeildarkerfi þar sem sumir fá beina aðild að aukningu aflans en öðrum er gert að bera niðurskurðinn þegar hann kemur, bæði liðinn niðurskurð og framtíðarniðurskurð. Þetta er bara ekki það aflahlutdeildarkerfi sem við höfum verið að tala hér um. Það er nýtt kerfi. Ég er ekki hissa á því þótt hv. þm. fagni þessu vegna þess að það kemur í einu og öllu heim og saman við hans sjónarmið sem hafa nú ekki beint verið stuðningssjónarmið við aflahlutdeildarkerfið eða aflamarkskerfið ef ég man rétt.

[15:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að hv. þm. Tómas Ingi Olrich féll á hinu rökfræðilega prófi. Hann getur ekki haldið því fram að þessi breyting styrki ekki aflamarkskerfið. Það er alveg klárt. Að því er varðar síðan stuðning minn eða vantraust á aflamarkskerfinu þá held ég að hann geti leitað logandi ljósi um allar mínar ræður og hann mun ekki sjá að ég fari hörðum orðum um aflamarkskerfið. Ég hafði ákveðnar efasemdir um það. Á síðasta vori sagði ég þegar fyrir lágu niðurstöður togararallsins að þetta benti til þess að aflamarkskerfið væri loksins farið að skila árangri og að það væru vísindalegar stoðir undir því. Ég hef hins vegar gagnrýnt aflaregluna mjög harkalega vegna þess að ég skil hana ekki. Ég hef lesið þær skýrslur fram og til baka og ég skil þær ekki og ég fullyrði að hæstv. ráðherra skilur þær ekki heldur. Enginn ósérfróður maður getur skilið þá reglu af þeim pappír sem hefur verið borinn fyrir okkur. Það get ég fullyrt. Hann er verri en nokkur efnafræðitexti sem menn bruddu hér á árum fyrr í háskólanum.

Svo komum við aftur að spurningunni um réttlætið. Það er viss sannleiksbroddur í því sem hv. þm. segir að því marki að þegar aukningin verður þá er búið að taka svolítið af henni til þess að ballansera kerfið. Það er rétt hjá honum, þannig að aflamarksskipin fá ekki allt það sem þau hefðu fengið að óbreyttu kerfi. En hvernig var óbreytta kerfið? Það var þannig að smábátarnir voru að veiða tugþúsundir tonna umfram það sem þeir máttu og það gat enginn mannlegur máttur stöðvað þá vegna þess að þeir voru svo margir sem voru fullvissir um gildi þessara veiða hér í þinginu. Það má heldur ekki horfa fram hjá því að stóru togurunum, sérstaklega frystitogurunum og ísfisktogurunum stóru, hafa verið sköpuð ný tækifæri á úthafinu fyrir tilstyrk síðustu ríkisstjórnar og ekki síst formanns Alþfl., Smugan. Það eru sífellt að opnast fleiri valkostir, síldarsmugan og Reykjaneshryggurinn. Nú er svo komið að það eru ekki lengur til skip til þess að fara í Smuguna að því er einn ágætur maður úr kjördæmi hv. þm. sagði í blöðunum hér um daginn. En niðurstaðan er sú að rökfræðilega stenst ekki greining hv. þm. Tómasar Inga á þessu frv. sem hæstv. sjútvrh. leggur fram.

[15:27]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseta. Rökfræðilega stendur mín skýring á þessu nákvæmlega. En ég heyri það í tveimur ræðum að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er ónæmur fyrir þessum rökum. Ég hef bent honum á að hér sé verið að búa til nýtt aflamarkskerfi þar sem eru inni tveir flokkar og annar verður að þola niðurskurðinn þegar þar að kemur og hefur þolað hann hingað til en hinir eru settir í verndað umhverfi gagnvart þessu. Þetta virðist hv. þm. ekki hafa skilið. Það kemur hins vegar í ljós skilningur hans á því að innan aflamarksskipanna eru vissulega einhver skip sem ekki geta nýtt sér þá möguleika að fara á fjarlæg mið og þá opnar þingmaðurinn á það væntanlega að það þurfi eitthvað að krukka í kerfið til að bjarga þeim. Það er alveg rétt að eftir því sem menn ganga nær þessum aflamarksskipum — og það er verið að ganga enn þá nær þeim vegna þess að það er verið að minnka hlutdeild þeirra í aukningu aflans — þá þarf að grípa til fleiri pólitískra aðgerða til að lagfæra stöðu eins útgerðarhóps í dag og annars á morgun og við erum þess vegna eins og ég sagði í ræðu minni áðan að fjarlægjast kerfi þar sem fyrirtækjunum er stjórnað á eigin forsendum, á rekstrarforsendum og við erum að nálgast pólitísk afskipti af rekstri sjávarútvegsins í heild og það er leið sem ég ætlaði ekki að við myndum fara undir stjórn hæstv. sjútvrh. og þeirrar ríkisstjórnar sem hér er nú.

[15:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér finnst á þeim orðaskiptum sem hér fóru fram síðast að við séum óðum að nálgast kjarna þessa máls. Það er vel. Ég held að það sé löngu tímabært að það fari fram um það raunveruleg umræða hér í þinginu hvernig menn líta til aflamarkskerfisins. Hvort menn horfa eingöngu á það sem stjórntæki til að ná tökum á veiðunum eða hvort menn horfa til þess sem stjórntækis sem við getum nýtt okkur við efnahagsstjórn.

Í upphafi máls míns vil ég rifja upp það sem hæstv. sjútvrh. sagði í viðtali í Ríkisútvarpinu 19. mars sl. þegar hann var að ræða mikilvægi þess að samkomulag hefði náðst á milli ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda. Þar greinir hæstv. ráðherra frá því að núgildandi lög hafi verið samþykkt í fyrra eftir mikil hrossakaup í þinginu. Orðrétt

segir ráðherrann: „Núgildandi lög voru samþykkt í fyrra eftir mikil hrossakaup í þinginu."

Það er mikilvægt, herra forseti, að upplýsa hver þessi hrossakaup voru og við hverja þau voru gerð. Það er ekki síst mikilvægt fyrir okkur í sjútvn. að við áttum okkur á því hvernig kaupin gerast hjá stjórnarflokkunum og jafnvel á milli þeirra þegar verið er að ráða jafnmikilvægum málum og stjórn fiskveiða. Var Seljavallasjóðurinn, það að gera hv. þm. Egil Jónsson, varaformann landbn. þingsins og formann stjórnar Byggðastofnunar, ábyrgan fyrir úthlutun 500 lesta af þorski, t.d. hluti af þeim hrossakaupum? Hvað kom þá á móti? Hvað fékk ráðherrann eða ríkisstjórnin í sinn hlut eða stuðning við hvað? Hvers virði voru þær 500 lestir? Af því að ég minnist á þennan ágæta sjóð þá væri fróðlegt að þinginu bærust upplýsingar um það hverjar hafa verið forsendur þeirra úthlutana sem gerðar hafa verið af hálfu stjórnar Byggðastofnunar á grundvelli þessa ákvæðis laganna. En ég geri mér grein fyrir því að svo merkilegt sem það er þá get ég ekki beint þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvrh., heldur verð ég að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., og gæti t.d. gert það í óundirbúnum fyrirspurnum hér á mánudaginn.

En áfram með hrossakaupin. Var sú einbeitta andstaða, sem kom fram gegn róðrardagakerfinu og var varin tæknilegum rökum á þeim tíma, var sú afstaða e.t.v. líka byggð á hrossakaupum við einhverja hagsmunaaðila, vini ráðherrans eða ríkisstjórnarinnar? Eða sú mikla miðstýringarárátta varðandi stærð þeirra skipa sem eru á aflamarki eða fá úthlutað ákveðnum veiðiheimildum og birtist í frv. frá í vor þar sem söknar- og flotastýringarmenn höfðu greinilega náð að gera kaup, líklega hrossakaup á máli ráðherrans, eða hvað?

Í því frv. sem hér liggur fyrir er í ýmsum atriðum komið til móts við þá gagnrýni sem stjórnarandstaðan hafði uppi sl. vor þegar hrossakaupafrv. ráðherrans var hér til umfjöllunar. Þar vil ég fyrst nefna 1. gr. sem lýtur að endurnýjun báta vegna sjótjóns. Mér finnst líka ástæða til að fagna því að nú skuli róðrardagakerfið eða söknardagakerfið komið á hiklaust og án tímabila og gott til þess að vita að tæknilegar hindranir skuli ekki lengur byrgja stjórnarliðum sýn þannig að menn geti þá sjálfir ráðið því hvenær þeir nýta róðrardagana sína. Mér finnst líka jákvætt að menn skuli aftur geta valið um kerfi, hvort þeir vilja vera á þorskaflahámarki með kostum þess og göllum, og kem ég nánar að því síðar, eða kjósa róðrardaga. Og þá ekki síður hitt sem er jákvætt og virkilegt framfararspor: að greint skuli á milli þess hvort menn hyggjast stunda veiðar bæði með línu og handfærum eða einungis með handfærum og þannig viðurkenndur sá munur sem er á veiðigetu þessara veiðarfæra og reynt að ná utan um þau afköst sem geta verið hjá hörðustu línuveiðurunum. Það hefði betur verið gert fyrr því sú mikla aflaaukning sem orðið hefur hjá smábátum á örfáum árum stafar fyrst og fremst af aukningu hraðskreiðra báta, nýrra báta inn í kerfið sem í raun var galopið, báta sem róa með línu og jafnvel á vöktum, báta sem stundum eru kallaðir hraðfiskibátar.

Ég vænti þess að þeir sem sitja á hinu háa Alþingi geri sér grein fyrir því að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, breytingar sem leiða til flutnings á veiðiheimildum eða hlutdeildar í afla, geta bæði haft áhrif á búsetuþróunina í landinu og samsetningu fiskveiðiflotans. Sú þróun sem orðið hefur varðandi fjölgun og síaukna hlutdeild smábáta í heildarþorskaflanum, krókabáta, er lýsandi dæmi um þetta. Ef litið er til þeirrar þróunar kemur í ljós að hlutdeild krókabáta í þorskaflanum samkvæmt upplýsingum Fiskistofu hefur aukist frá því að vera 5,6% almanaksárið 1991 í rúmlega 20% á síðasta almanaksári. Þetta gerist vegna þess stjórnkerfis sem smábátarnir búa við og er annað en stærri bátar og togarar eða aflamarksbátar sem líka eru smábátar hafa búið við og á sama tíma þurft að sæta miklum niðurskurði vegna fastrar hlutdeildar sinnar.

Krókabátarnir búa við sóknarmark þar sem hver veiðir sem betur getur þegar veiða má og því þarf að stjórna þeim veiðum bæði með því að setja hömlur við endurnýjun bátanna og hvenær menn mega róa. Stjórnkerfi veiðanna ræður fiskveiðiarðinum að stórum hluta og því er það svo mikilvægt fyrir okkur Íslendinga sem lítum á auðlindina hafið sem undirstöðu búsetu og velferðar í landinu að vandað sé til verka þegar ákvarðað er hvaða stjórnkerfi er notað þegar farið er fram með breytingar þannig að þær breytingar sem ráðist er í verði a.m.k. ekki til að rýra lífskjör þjóðarinnar.

Einhvern tímann verður væntanlega gerð úttekt á eignamyndun í kjölfar stjórnunar og veiða í sjávarútvegi og ekki er vafamál að þá mun ýmislegt fróðlegt koma fram. Eins og það hvernig breytingar á lögum og reglugerðum höfðu áhrif á það verðmætamat sem var í gangi á hverjum tíma.

Hagsmunaárekstrar í sjávarútvegi eru auðvitað vegna þess að tekist er á um gríðarleg verðmæti. Ef við skoðum verðmæti þeirrar aflahlutdeildar í þorski sem smábátar hafa verið að fá vegna laga og reglugerða á undanförnum árum auk þess að mega veiða aðrar tegundir frjálst þá sjáum við best hvílíkir hagsmunir eru hér á ferðinni. Ef við miðum við árið 1991 eins og ég gerði áðan þegar aflahlutdeild krókabáta var 5,6% í þorski þá mundi sú hlutdeild gefa þeim 8.600 tonn í dag, ef hún hefði verið föst eins og aðrir hafa þurft að búa við en ekki 21.500 tonn eins og nú er miðað við sem gólf í þeirri hlutdeild sem stendur til að lögleiða upp á 13,9%. Þá skulum við líta á verðmætin. Mismunur 8.600 tonna, sem hlutdeildin 1991 hefði gefið ef kerfi smábáta hefði ekki verið opið fyrir aukningu, og þeirra 21.500 tonna sem nú er verið að miða við sem gólf og er miðað við yfirstandandi fiskveiðiár 13,9%, er á milli 12.000 og 13.000 tonn. Ef við reiknum miðað við það gangverð sem er á varanlegum aflaheimildum, því hér er ríkisvaldið að úthluta varanlegum aflaheimildum, ef við reiknum miðað við það gangverð sem er á varanlegum aflaheimildum í þorski sem mér er sagt að sé nú rúmlega 500 kr., þá erum við að tala hér um u.þ.b. 6,5 milljarða. Þessi verðmæti hafa ekki orðið til af sjálfu sér og þau eru auðvitað tekin af öðrum, m.a. aflamarkssmábátum. Og svo eru menn hissa á því að allir skuli ekki vera elskusáttir, en ég verð að segja, herra forseti, það hefur verið fundað og ályktað af minna tilefni.

Það var líka athyglisvert að þegar fulltrúar þeirra sem eiga aflamarksbáta eða togara, sem hafa þurft að sæta miklum niðurskurði í þorski undanfarin ár eins og áður hefur komið fram, þegar þeir lýstu því yfir að þetta ákvæði samkomulags ráðherra og Landssambands smábátaeigenda gæti orðið til þess að þeir endurmætu stuðning sinn við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, hið lokaða kvótakerfi sem þeir búa við, þá svaraði ráðherrann því til einhvern veginn þannig að það væri ómögulegt eða út í hött því að hitt kerfið, söknarmarkið, þetta sem smábátarnir búa við, krókabátarnir, væri svo vont að það væri meginforsenda óánægju þeirra. Það voru sérkennileg rök. Því að ef sannfæring ráðherrans er sú að það sé stjórnkerfið sem smábátarnir búa við sem er meginforsenda óánægju þeirra af hverju kemur hann þá ekki með frv. til

breytinga þar á og er þannig samkvæmur sjálfum sér? Eða er enn verið í hrossakaupunum? Heldur hæstv. ráðherra að hann geti mikið oftar gripið til þess ráðs til að lina óánægju smábátaeigenda, sem hann telur stafa af óánægju með kerfið, með því að auka afla þeirra á kostnað hinna sem eru í hinu kerfinu? Það held ég ekki og vísa þar til viðbragða þeirra sem nú telja sig svikna.

En þá aftur að þeim breytingum sem frv. boðar. Ég nefndi áðan að samkvæmt frv. geta menn valið aftur. Í vor eftir að hrossakaupalögin voru sett völdu menn á milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga. Þá kom í ljós að mun fleiri völdu þorskaflahámarkið en búist hafði verið við. Ég get vel ímyndað mér að mun fleiri muni kjósa það nú við endurvalið. Jafnvel þótt skikkanleg mynd sé að komast á róðrardaga og handfæramenn geti eftir þessa lagabreytingu verið eitthvað öruggari með sína stöðu þá er það nú svo að þorskaflahámarkshópurinn kemur afar vel út úr því sem hér er lagt til. Hann fær líklega verðmætustu möguleikana í þessu frv. Ég minni á það, herra forseti, að þessi hópur, þorskaflahámarkshópurinn, sem nú telur u.þ.b. 400 báta sem taka í sinn hlut meira en $^2/_3$ þess potts sem krókabátar mega veiða úr, er eini hópurinn sem fær úthlutun úr Seljavallasjóðnum. Þetta er eini hópurinn sem situr að 500 tonnunum. Þannig er það. En nú kemur inn ákvæði um það að þeir megi selja frá sér hámarkið þó aðeins sé innan hópsins. Og það kemur líka inn að til þeirra má flytja aflamark í þorski úr hinu kerfinu, þ.e. aflamarkskerfinu. Þannig má, ef frv. verður að lögum, flytja aflamark frá aflamarksbátum og togurum til krókabáta innan árs en ekki í hina áttina, þ.e. frá smábátum á þorskaflahámarki til stærri báta og togara eða báta á aflamarki. Það má ekki í þá áttina. Þannig má segja að undirstrikuð sé sú áhersla sem fram kemur í samkomulagi ráðherrans við Landssamband smábátaeigenda að ýta enn undir það að æ stærri hluti þorskaflans verði tekinn með æ smærri bátum á sóknarmarki. Það virðist vera sú pólitík sem hér er verið að boða. Það er auðvitað ákveðin pólitík. Ég harma að ráðherrann — nú, hann er þarna, hann er væntanlega að hlusta á mál mitt, ég treysti því. — Það væri æskilegt að ráðherrann styddi þess vegna þessa niðurstöðu sína betri efnahagslegum rökum en þegar hafa komið fram. Sem sé: Telur ráðherrann að það sé efnahagslega farsælla fyrir okkur að æ stærri hluti þorskveiðinnar fari fram á smábátum á sóknarmarki? Ég held að það sé mjög mikilvægt að við fáum svör við þessari spurningu. Það er kannski ekki hægt að svara henni hér og nú en alla vega að hv. nefnd fái þá þessar upplýsingar til að fjalla um þær vegna þess að útgerð er ekki bara rómantík, útgerð er bláköld alvara vegna þess að við erum hér að tala um nýtingu okkar undirstöðuauðlindar. Það er ekki sama efnahagslega hvernig sú nýting fer fram. Þess vegna verða menn þegar farið er fram með stefnumarkandi breytingar af þessari stærð að styðja sitt mál efnahagslegum rökum.

Byggðapólitísku rökin þekki ég þannig að ráðherrann þarf ekki að tíunda þau. Ég geri ráð fyrir að þeir sem horfa til hinna byggðapólitísku raka fyrst og fremst átti sig á því að þessir bátar landa fremur öðrum á fiskmörkuðum þannig að það er engin trygging fyrir því að sá fiskur sem þeir veiða sé unninn í heimabyggð eins og það er kallað og einnig hitt að þessir bátar eru hreyfanlegir. Þeir fara á milli verstöðva eftir því hvar fiskurinn gefur sig. Þannig eiga hin byggðapólitísku rök við í sumu tilliti en þau eru ekki það sem gildir í þessu máli númer eitt, tvö og þrjú eins og mér heyrist á sumum.

En vegna þess að hér er um efnahagsmál að ræða þá verður líka fróðlegt að fylgjast með breytingum á virði þessara báta og smábátanna almennt ef frv. verður að lögum. Með hrossakaupalögunum í vor var klúbbnum lokað. Og nú á að lögfesta aflahlutdeild og opna fyrir framsal. Auðvitað veldur þetta breytingum á virði bátanna og frv. til breytinga á lögum um Þróunarsjóðinn bæði hjálpar þar til og undirstrikar í raun það sem hér er verið að tala um.

Herra forseti. Ég óska eftir hinum efnahagslegu rökum og ég vænti þess að hv. sjútvn. fái að meta málið einnig í því ljósi því ég tel að það sé afar mikilvægt að við horfum til þeirra þegar verið er að fjalla um tillögur af því tagi sem hér liggja fyrir.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig til að víkja að því sem menn hafa komið að enda þótt það sé ekki beint á dagskrá hér, þ.e. spurningunni um það hvort auka eigi þorskkvótann á yfirstandandi fiskveiðiári. Mér sýnist reyndar að ákveðnir aðilar séu búnir að sigla málinu í það far að hæstv. ráðherrann komist ekki undan því að auka þorskveiðikvótann. Ég verð hins vegar að segja að það uppboð sem farið hefur fram af hálfu stjórnarliða í þessu máli og það frumhlaup sem þeir hafa sýnt hefur komið mér afar sérkennilega fyrir sjónir. Ég hlustaði á það í fréttum Ríkisútvarps í gærkvöldi að hv. þm. Hjálmar Árnason bauð upp á 10 þús. tonn til sérvalinna báta og togara. Ég hlýt að spyrja: Má vænta þess að þingmaðurinn komi með brtt. á lögunum til að þessi hugmynd hans megi rúmast innan þeirra? Því þetta er hugmynd þeirrar gerðar að hún rúmast ekki innan laganna eins og þau eru í dag. Og þrátt fyrir allt og allt þá byggja þau jú á ákveðnu jafnræði hvað varðar aflamarksbáta og skip. En það eru þau sem hv. þm. var fyrst og fremst að tala um. Hann á tvo kosti sýnist mér. Það er annaðhvort að það verði sérgreint í lögunum hvernig þessu verður úthlutað með einhvers konar bráðabirgðaákvæði ellegar að fela Seljavallasjóðnum að sjá um úthlutun á þessu og væri það verðugt verkefni. En hér er sem sagt verið að efna til uppboðs með hugmyndir og búa til loforð sem að mínu mati eru fyllilega innstæðulaus og ómerkileg sem því nemur ef þeim er ekki fylgt eftir með þeim myndugleik sem mér sýnist að stjórnarþingmenn einir hafi hér nokkra stöðu til að gera þannig að við hljótum að bíða eftir því að þessi brtt. komi fram. Sömuleiðis sýnist mér að þessi hv. þm. ásamt fleirum séu að sameinast í því að ekki sé síðan óeðlilegt að bæta við 40–50 þús. tonnum. Ég er ekki að amast við því en eins og ég segi hef ég ekki enn heyrt hæstv. ráðherrann taka undir þetta en mér sýnist að verið sé að tefla honum í þá stöðu — ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar því hún hefur nú verið spök í þessu máli, nei, af hálfu stjórnarliða sjálfra, að hann eigi ekki margs annars úrkosti en að auka við. Það er í rauninni mjög merkileg staða hér inni.

[15:48]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir á sér langan aðdraganda. Hefur verið tekist töluvert á um þetta í þjóðfélaginu fyrr og þarf þarf því ekki að koma á óvart þó það valdi óróa. Ég held að það sé samt þörf á því að rekja dálítið aðdraganda þessa máls og reyna að átta sig á því í hvaða umhverfi við höfum verið að lifa og starfa. Vegna þess að ég lít þannig á að þær breytingar á lögunum um fiskveiðistjórn sem voru samþykktar á vorþinginu í fyrra hafi verið algjör lykill að því að nú tókst að ná samkomulagi við þennan bátaflokk um það hvernig að veiðunum skyldi staðið. Það er staðreynd sem allir vita að þrátt fyrir að við tækjum upp nú-

gildandi stjórnarkerfi á fiskveiðunum, aflahlutdeildarkerfið, þá var það látið viðgangast í meira en tíu ár að þessum flokki útgerðar var heimil stækkun. Það var lokað fyrir endurnýjunina að stærstum hluta gagnvart flotanum. Menn gátu ekki stækkað flotann nema þennan flokk, hann stóð opinn á annan áratug. Einhverjir hljóta að bera á byrgð á þessari þróun, það hlýtur þingið að gera og löggjafinn, það hljóta ráðherrarnir að gera sem fóru með þessa málaflokka og forusta þeirra ríkisstjórna sem hér voru þennan tíma meðan þetta var látið viðgangast.

Herra forseti. Ég minni á það að ég held að bæði í tíma og ótíma, sýknt og heilagt, bæði vakinn og sofinn hafi ég reynt í öllum tilvikum þegar við ræddum um stjórn fiskveiða að benda mönnum á þá þörf að við yrðum að stjórna flotastærðinni í öllu tilliti, alltaf. Það væri og er lykillinn að því að við getum náð einhverjum árangri í stjórn fiskveiðanna. Einhverjir bera á því ábyrgð að það gerðist að flotinn, afkastageta krókabátanna var að vaxa stöðugt ár frá ári og það á sama tíma og aflaheimildirnar, heildaraflaheimildirnar voru að minnka ár frá ári. Það er því augljóst að þarna varð mikill árekstur. Það varð mikill árekstur og stjórnvöld hljóta að bera ábyrgð á því. Það sem var gert hér á vorþinginu í fyrra var að þessi þróun var stöðvuð. Það var komið í veg fyrir að þessi floti gæti haldið áfram að vaxa stöðugt. Það voru settar mjög háar endurnýjunarreglur þannig að það hefur sýnt sig síðan að afkastageta flotans getur ekki haldið áfram að aukast. Jafnframt var þá gengið þannig frá hnútum að smábátaflotinn, þ.e. krókabátarnir fengu aðgang að Þróunarsjóðnum og það var endurbætt á haustþinginu, þannig að það var jafnframt tryggt og hefur verið tryggt af hálfu löggjafans að þessi floti getur nú farið minnkandi og hann fer minnkandi. Við getum vonast til að allt að 200 skip fari inn í Þróunarsjóðinn og þar með er hann núna, öfugt við það sem var fyrir ári síðan þegar hann var að stækka en nú sjáum við fram á að hann er heldur að dragast saman. Það sama gerist að við höfum mátt lifa við að þorskveiðiheimildirnar væru sífellt að minnka en nú horfum við fram á að þær fara að vaxa. Þannig að nú hefur þetta snúist við. Í stað þess að við værum að fara í öfuga átt þá sjáum við nú fram á að þetta er að nálgast hvort annað, afkastagetan og það sem við ættum að veiða. Þannig að nú hefur skapast hér það umhverfi sem gerði það kleift að það var hægt að setjast niður og semja á bærilegan hátt. Það hefur verið gert og sá samningur liggur hér fyrir í frv. sem þingið hefur til meðferðar. Sá rammi er grundvöllur þess að við gátum flutt þetta frv. og getum staðið hér og rætt það. (**ÖS:** Við hefðum getað það í fyrra.) Við gátum það ekki. Það var ekki möguleiki, herra forseti, og það var margreynt að á meðan flotinn var stöðugt að vaxa þá var slík tortryggni í garð hans og hún var eðlileg. Það var eðlilegt að það væri mikil tortryggni þegar menn sáu fram á að afköstin voru alltaf að aukast. Það að stoppa þennan vöxt var grundvöllur þess að menn gætu sest niður og séð fram á lausn sem gæti verið til frambúðar. Það er í þessu ljósi sem ég tel að við verðum að horfa á þetta frv. Þarna er verið að leita að lausn sem er í anda þess sem menn eiga að vinna að mínum dómi, herra forseti. Það hlýtur að vera löggjafans að setja þann ramma þannig að fiskveiðiflotinn geti sæmilega unað við og fundið sér lífsrými innan þeirra marka sem við höfum út að deila.

Ég get ekki með nokkru móti séð að sú gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. af hendi félaga minna í Landssambandi íslenskra útvegsmanna eigi við rök að styðjast. Ég get ekki séð að þetta frv. sé neitt að taka frá þeim. Alls ekki. Vegna þess að þeir máttu vita að sá vilji meiri hluta sjútvn. lá fyrir sem þáv. talsmaður nefnarinnar, hv. þm. Árni R. Árnason lýsti hér í þinginu í fyrravor að það var vilji og ætlun manna að binda þetta við þann þorskafla sem í framtíðinni yrði. Hér er því ekki um neitt nýtt að ræða, það var öllum kunnugt um þann vilja og hæstv. ráðherra tók mjög undir það eins og hér hefur verið getið um á sl. vori. Þetta sem þá var lofað hefur nú verið sett í frumvarpsdrög og við erum að ræða það.

Hins vegar var flutt hér í fyrra brtt. frá stjórnarandstöðunni um að færa mark krókabátanna úr 21 þús. tonni upp í 31 þús. tonn. Ég, herra forseti, greiddi atkvæði gegn því og mátti þola þó nokkur köpuryrði fyrir. En ég taldi ekki hægt að styðja slíka tillögu vegna þess að hún var á kostnað aflamarksskipanna. Það var á kostnað aflamarksskipanna og þess vegna greiddi ég atkvæði gegn henni. (**ÖS:** Ég var upphafsmaðurinn að því.) Ég greiddi atkvæði gegn því að fara í 31 þús. tonn. Það sem við erum að gera núna er að við erum í því umhverfi að við sjáum fram á það að við getum náð jafnvægi. Við vitum að vísu ekki með neinni nákvæmni hversu mikið flotinn muni minnka og hversu hratt krókaleyfisbátaflotinn minnkar en við vonum að hann minnki þó nokkuð og höfum rökstudda ályktun um það. Við vitum heldur ekki hversu miklar aflaheimildirnar verða auknar. Vonandi verður það verulega. Ég persónulega trúi því að það sé grundvöllur til að auka þær verulega upp í eðlilegt þorskveiðimagn sem við Íslendingar eigum að veiða hér, 300 þús. tonn, mjög fljótlega.

Að vísu getum við ekki sagt um það hvort þetta jafnvægi skapist t.d. á næstu tólf mánuðum. Við vitum það ekki en við getum ályktað sem svo að á næstu árum, einu, tveimur eða þremur, skapist þetta jafnvægi. Og hvað gerist þá núna í þessu tilfelli? Jú, við vitum að bátarnir raða sér í þrjá flokka. Við vitum ekki nákvæmlega hvernig þeir gera það en ástæða er til að ætla, eins og fram hefur komið áður, að þorskaflahámarkið verði yfirgnæfandi. Við erum búin að búa til lítinn flokk fyrir skakarana sem vilja vera á sumrin og þeir komast þar vel af. Það er trúlegt að flokkurinn sem er samsettur bæði af handfærum og línu kunni á næsta fiskveiðiári að fara eitthvað fram yfir. Þannig met ég það. Það er trúlegt. Og hvað gerist þá?

Herra forseti. Mín skoðun er sú að þó að þessi bátafloti fari eitthvað yfir 1.000, 2.000 eða 3.000 tonn þá er ég algjörlega sannfærður um að það getur ekki skipt nokkru máli, hvorki fyrir lífið í sjónum né afkomu þeirra manna sem stunda veiðar samkvæmt aflamarkskerfinu. Það skiptir engu máli. Þannig getur reiði þeirra sem nú hamast gegn þessu frv. ekki verið á rökum reist. Það er ekki verið að taka neitt frá þeim. Þeir hafa sitt aflamark og þeir munu njóta þess áfram þegar þorskveiðiheimildirnar stækka. Því að mér hefur þótt þessi umræða dálítið kynleg sérstaklega með tilliti til þess að ég þekki suma þá einstaklinga sem hæst hafa haft núna undanfarna daga og minnist þess ekki á umliðnum árum að þeir hafi hrópað og kallað þegar öðrum þótti á sig hallað. Nei, þeir voru nú bara ánægðir, bara þokkalega ánægðir.

Herra forseti. Ég vonast til þess að frv. fái jákvæða og efnislega umfjöllun hér. Auðvitað er það svo eins og komið hefur fram í máli margra að ýmislegt orkar tvímælis. Um það má deila hvernig á að koma hinum einstöku hlutum fyrir. Það hlýtur að vera til umhugsunar á hverjum tíma — og til breytingar ef mönnum þykir svo. En í heildina er það mikið

fagnaðarefni að hæstv. sjútvrh. hefur tekist að ná bærilegri sátt við allan þann mikla fjölda sem stundar þessa krókaleyfisleið. Ég minni á það — hvað sem menn vilja segja um það hverjir hafi tekið á sig skerðingar og hverjir ekki — að þessi floti, krókaleyfisflotinn, er löglega inn í þetta land kominn. Það var leyfilegt að stækka flotann.

Hverjir eru að róa þessum skipum? Halda menn að það sé einhver venjulegur Jón Jónsson sem kannski hefði áður stundað einhver minni háttar skrifstofustörf? Ó, nei. Auðvitað eru þetta afrekssjómenn þessa lands sem færa sig úr einu skiprúmi í annað. (**Gripið fram í:** Hverjir eru á hinum bátunum?) Ætli það séu ekki afrekssjómenn líka? En mega menn ekki flytja sig á milli? Var ekki eðlilegt að menn veldu þann kost úr því að hann var opinn samkvæmt lögum? Þeim var leyfilegt að kaupa skip og koma hér að veiða. Var nokkuð óeðlilegt við það þótt menn nýttu sér það sem lögin leyfðu? Þeir nýttu sér það. Og ég spyr bara aftur að því: Hvernig stóð á því að þessu gati var ekki lokað fyrir tíu árum? Það þjónar ekki tilgangi, herra forseti, að deila um það hverjum það sé að kenna. En það er rétt að minna á að því var þó lokað í fyrra og þar með er þetta gat úr sögunni. Það verður að byrja á byrjuninni. Ef menn ætla að fara áfram þá er náttúrlega upphafið að hætta að fara aftur á bak og það gerðum við í fyrra með löggjöf.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara út í það að ræða efnisatriði þessa frv. Þess gerist kannski ekki þörf. Þau skýra sig að flestu leyti sjálf. Ég tel þó rétt úr því að ég stend hér að fara nokkrum orðum um þorskveiðiheimildirnar af því að eins og réttilega hefur verið getið rennur út á mánudaginn sá frestur sem lögin gefa ráðherra til að ákvarða, ef hann vill ákvarða, hækkun á þorskaflahámarki.

Ég get ekki skilið, herra forseti, hvernig stendur á því að menn hafa á orði að efnt hafi verið til einhvers bögglauppboðs og menn séu í einhverri keppni um að sýna sig í því hvað þeir vilji varðandi þorskveiðar. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ekkert óeðlilegt að ég hafi á þessu skoðun og alls ekkert óeðlilegt að ég láti hana í ljós þegar ég er spurður. Ég hef lengi haldið því fram og sagt frá því í hreinskilni að sú fiskveiðistjórnun sem við búum við, þ.e. hvernig við förum að því að ákvarða þorskaflahámark, hefur valdið mér verulegum áhyggjum vegna þess að það hefur alls ekki fallið saman við reynsluheim þeirra fjölmörgu sjómanna sem ég þekki og hef þekkt alla ævi mína. Þetta hefur því ætíð valdið mér verulegum heilabrotum og ég verð að viðurkenna að ég hef alls ekki trúað því að svo illa væri komið fyrir þessum þorskstofni og sumir vísindamenn hafa viljað vera láta. Ég get nefnt sem dæmi um það sem sumir kalla vandkvæði út af smábátunum að afli á grunnslóð við vestanvert landið hefur verið mjög mikill og afli á sóknareiningu hefur sannarlega verið vaxandi þótt fiskifræðingar hafi ekki getað mælt það. Það er t.d. einn hluti.

Í öðru lagi veit ég að allt frá haustinu 1993 hefur verið mikil þorskveiði á djúpslóð Vestfjarða þótt fáir hafi komist til að fiska þannig að þetta hefur allt verið í hrópandi mótsögn við reynsluna. Þess vegna hef ég lengi verið þeirrar skoðunar og tel mig geta fært rök fyrir því að það er alls ekki og getur ekki verið nein líffræðileg hætta varðandi það að auka þorsveiðarnar nú þegar. Það getur alls ekki verið. Ríkisstjórnin setti sér reglu um 25%. Ég veit ekki hvernig hún var tilkomin. Við höfum mörg dæmi um það að við höfum veitt 30%, 45% og allt upp í 50% og ekki borið skaða af. Skekkjumörkin eru allt frá 170–200 þús. tonnum og því skil ég ekki hvað veldur því að menn eru hræddir við að auka þetta um einhver tug þúsunda tonna núna strax. Rök mín fyrir því að gera það eru efnahagsleg. Við höfum mjög mikla þörf fyrir það efnahagslega núna, íslenska þjóðarbúið, að auka þorskveiðarnar. Við vitum hver niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er um afkomu bolfiskveiðanna og vinnslunnar. Það er verulegt tap. Aukning á þorskveiðunum hefði veruleg áhrif til bóta. Við þurfum að hafa nóg framboð á þorski og við þurfum að hafa efni á að bjóða fram þorsk inn á markaðinn hvort sem það er seljanda- eða kaupendamarkaður. Það er kaupendamarkaður í dag. Verðið er á niðurleið og við verðum að hafa efni á því að bjóða fram og framleiða fisk líka þegar kaupendamarkaðurinn er og það er mikil þörf á því núna. Það mundi hjálpa bolfiskveiðum og vinnslunni verulega ef við mundum auka þorskveiðarnar nún þegar. En auðvitað er það hæstv. ráðherra að ákvarða það. Hann mun gera það og auðvitað munum við hlíta því, hann hefur sannarlega öll lög með sér í því. Það er honum sem er falið það vald.

[16:08]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér datt í hug meðan hv. þm. var að tala að nú væri sennilega hinn raunverulegi flm. frv. og hugmyndasmiður kominn í ræðustól. Reyndar missti hv. þm. það út úr sér. „Þess vegna gátum við flutt þetta frv.", sagði hv. þm. Það er fyrst og fremst ráðherra sem ber ábyrgð á þessu frv. að mínu áliti og flytur það. (**EOK:** Er það ekki flutt af þingflokkunum?) Það er stutt af þingflokkunum svona í meginatriðum eftir því sem ég best veit.

Það kom fram hjá hv. þm. að nú væri búið að koma í veg fyrir að flotinn gæti haldið áfram að aukast og smábátaflotinn mundi minnka. Mig langar að spyrja hvort hann telur ekki koma til greina í meðförum hv. sjútvn. á þessu máli að það verði sett einhvers konar þak á það sem komi til úthlutunar til smábátaflotans, að hún sé ekki algerlega fest við þessi 13,9% af aflaheimildum, heldur verði sett þak. Ég ætla ekki að nefna tölu í því sambandi. Mér dettur í hug 30–35 þús. vegna þess að smábátaflotinn kemur ekki til með að stækka frekar eins og kom fram í hans máli.

[16:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um, getum við ekki nákvæmlega séð það fyrir hvenær við náum jafnvæginu, hvort það næst innan eins árs, tveggja eða þriggja. Ég vona að við náum því mjög fljótlega.

Ég er alls ekki sammála hv. þm. um það að við ættum þess vegna að setja eitthvert þak á þetta. Ég sé einmitt í þessu allt aðra leið vegna þess að nú erum við búin að stoppa þennan flota og nú erum við búin að búa til lög sem gera okkur kleift að minnka hann. Ef svo fer að þorskveiðarnar verða svo miklar að það sé meira en þessi floti þarf á að halda, sé ég einmitt möguleikana á því að opna þennan flokk fyrir þá smábáta sem voru svo ógæfusamir að velja sér aflamark 1991. Mér finnst miklu nær að nýta sér möguleikana til þess að bjarga þeim úr þeim klóm sem þeir sitja í núna.

[16:10]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór vel yfir sögu málsins. Hann hefur komið að þessum málum fyrr og þekkir því vel til. Það var alveg hárrétt hjá hv. þm. að allir þessir bátar komu inn löglega. Stjórnvöld lokuðu

ekki á þetta kerfi, við getum orðað það sem aumingjadóm af þeirra hálfu. Því vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort honum þyki eðlilegt þegar á þessu á að taka að þeim skipum sem hafa fylgt aflamarkskerfinu og virt ákvarðanir stjórnvalda skuli nú fórnað vegna þess að stjórnvöld gátu ekki tekið á þessari fjölgun á sínum tíma.

[16:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu áliti hefur það alltaf gefið auga leið að án þess að stjórna þessum flota mundum við aldrei ná neinum árangri í stjórn fiskveiða. Þegar menn leyfðu að hingað kæmu ný skip með nýjar veiðiheimildir hefði alltaf átt að liggja ljóst fyrir að þau þrengdu lífsrými þeirra sem fyrir voru. Það átti öllum að vera ljóst. Hvað svo sem þeim er úthlutað, getur það ekki verið öðruvísi en á kostnað þeirra sem fyrir eru. Annað er útilokað.

[16:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. orðaði það svo að það hlyti að fara þannig að lífsrými annarra yrði þrengt. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Hann hélt því líka fram í ræðu sinni áðan að þetta væri ekki tekið frá neinum. Ég verð því að biðja hv. þm. að útskýra þetta fyrir mér, þetta skil ég ekki.

[16:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skýri þetta þannig að við umræðuna um frv. í fyrra vorum við með ákveðna prósentu og því var lýst yfir þá að það væri vilji meiri hluta sjútvn. að þessi prósenta mundi fylgja með hugsanlegri aflaaukningu. Ráðherra staðfesti það líka sem sína skoðun í júní í fyrra. Þetta er því ekki nýtt sjónarmið. Það sjónarmið var kynnt hér rækilega í fyrra að þessi aflahlutdeild mundi fylgja bæði upp og niður. (**Gripið fram í:** Þetta er nú loforð.) Þetta var loforð og það þarf ekki að koma vönum stjórnmálamönnum á óvart þótt loforð sé einstöku sinnum efnt. Í dag er því ekki verið að koma fram með lög, sýna fram á eitthvað nýtt sem á að skerða hlutdeild aflamarksskipanna. Alls ekki. Það er nákvæmlega eins og þeir máttu við búast að yrði vilji stjórnvalda og framkvæmd laganna. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt, þú veist það.)

Herra forseti. Ég veit að þetta er rétt. Ég get bara vitnað til þeirra umræðna sem áttu sér stað hér. Þær standa. Það má lesa um það í þingtíðindum.

[16:15]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem mig langar til að gera athugasemd við í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Í fyrsta lagi snertir það stækkun smábátaflotans. Auðvitað var það allt saman með vitund stjórnvalda og þau eru ábyrg fyrir því. Það er ekkert spursmál að það var nauðsynlegt að stoppa í þetta gat.

En það sem spurningin snýst um er ekki þetta, hv. þm., heldur hitt hvort það er eðlilegt að aflamarksskip bæru allan kostnaðinn af þessu. Var ekki eðlilegt að þeir sem hafa verið að auka afla sinn mjög á þeim tíma, þ.e. krókabátarnir sjálfir, bæru einhvern hluta af kostnaðinum? Það er einmitt það sem verið er að gera hér núna. Það er verið að gera upp dæmið án þess að þeir taki þátt í þessum kostnaði.

Hitt er ekki síður mikilvægt atriði hjá hæstv. sjútvrh. og ég heyri að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson styður það sjónarmið að ekkert hafi verið tekið af aflamarksbátunum. En röksemdin er mjög athyglisverð. Það var ekkert tekið af þeim, segir hann, af því að hæstv. sjútvrh. og formaður sjútvn. tilkynntu fyrir fram að það yrði tekið af þeim. Það er sem sagt nóg að tilkynna fyrir fram að það verði tekið af þeim og það þýðir þá að það hefur ekki verið tekið af þeim. Ég hef ekki kynnst slíkri röksemdafærslu áður. Það er alltaf fróðlegt að kynnast nýjum flötum á röksemdafærslum.

[16:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður sem stundaði krókaveiðar á smábát fyrir tíu árum, fyrir níu árum, átta árum, sjö árum o.s.frv. hefur sannarlega mátt þola gríðarlegan samdrátt í aflaheimildum sínum. Hann hefur mátt þola meiri samdrátt en nokkur annar útgerðarmaður. Enginn aðili hefur orðið fyrir eins mikilli skerðingu á sóknargetu sinni og þeir sem voru fyrir á smábátunum að veiða með krók. Menn koma hér fram og segja að krókamenn hafi ekki mátt þola neinn samdrátt. Það er fjarstæða. Þeir hafa mátt þola meiri samdrátt en nokkrir aðrir, það er staðreyndin. (**TIO:** Hvenær varð þessi flokkur bara til? Hann varð til núna á síðustu árum.) Það er rangt, hv. þm. Menn hafa stundað hér veiðar með króka á smábátum um alllangan tíma, líklega 1000 ár eða svo þannig að það er ekki rétt að þessi flokkur sé nýr.

[16:18]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Þetta er einmitt mergurinn málsins, virðulegi forseti, að hv. þm. horfir algerlega fram hjá því hve fjölgað hefur í þessari stétt á undanförnum árum. Þeir menn sem hafa komið nýir inn í bátaflotann eru ekki þessar liðnu kynslóðir af smábátaútgerðarmönnum sem hv. þm. var að verja í ræðu sinni af miklum fjálgleik og hita og miklum þunga. Ég er einmitt að tala um að þessir nýju aðilar í smábátaútgerðinni eru ekki látnir borga þetta. Þeir hirða allan ágóðann af þessum breytingum og það eru aflamarksbátarnir sem borga það.

[16:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða fer örugglega að tæmast bráðum. Það voru aðilar, smábátar, að stunda fiskveiðar með krók. Löggjafinn leyfði að inn í þennan hóp kæmi mjög mikill fjöldi og sannarlega hefur sá fjöldi þrengt lífsrými þeirra meira en annarra, það er staðreyndin, þannig að þetta sem löggjafinn ber ábyrgð á að við vorum að stækka flotann hefur sannarlega ekki komið síður þá en aðra. Það er mergurinn málsins.

[16:19]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágæt áminning sem hér kemur aftur og aftur fram í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að það sem menn gera á hv. Alþingi í lagasetningu og síðan þeir ráðherrar í ráðuneytum varðandi reglugerðir skiptir vissulega máli um þá þróun sem hér verður, bæði hvað varðar stærð flotans og byggðamunstur í landinu. Þess vegna eiga menn ekki að vaða í hlutina undirbúningslítið eins og mér sýnist að hér sé því miður verið að gera eina ferðina enn.

Hv. þm. virðist binda miklar vonir við að smábátaflotinn muni minnka svo á næstunni að þessir hlutir munu allir virka með öðrum hætti en verið hefur. En ég segi bara: Fyrst lögin um Þróunarsjóðinn eins og þau eru núna eru svo sáralítið farin að bíta, af hverju biðu menn þá ekki a.m.k. til þess að athuga hver áhrif þeirra yrðu áður en menn fóru í þessar

breytingar? Af hverju lá svona á? Gátu menn ekki beðið einu sinni og skoðað afleiðingar gerða sinna áður en farið var í að byggja nýjar breytingar á því sem áður hafði verið ákvarðað? Mér hefðu fundist það mun eðlilegri vinnubrögð.

Síðan aðeins vegna þess að hv. þm. virðist finnast það einkennilegt að það séu gerðar einhverjar aðrar kröfur til hans en annarra hér varðandi það að hann fái að hafa skoðun á hlutunum, þá er það nú einu sinni svo að við ætlumst til þess að þegar stjórnarþingmenn eru að veifa sínum skoðunum fylgi þeir þeim eftir. Á það hefur hugsanlega skort.

[16:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að rökstuddar ályktanir hafi legið fyrir um það hver áhrif Þróunarsjóðsins yrðu. Það var búið að kanna það mjög ítarlega og menn höfðu gert um það áætlanir hvað við gætum tekið mörg svona skip út úr. Ég veit það bara frá sjóðstjórninni að þeir ætluðu að þessir peningar gætu virkað til þess að úrelda um 130 skip eða svo og sjóðstjórnin taldi að það væri mjög líklegt að þær heimildir yrði nýttar þannig að hér var verið að fara um hluti sem allir gátu kynnt sér.

Ég minni hv. þm. á það að það er ekki óeðlilegt að ég hafi skoðanir, t.d. á því hvað mætti veiða úr hafinu, en ég veit það og viðurkenni að það er hér ráðherra, það er ríkisstjórn og vald hennar er óskorað og lögin segja til um það hver það er sem getur gefið slíkan úrskurð. Það er enginn nema ráðherrann.

[16:22]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta að mér finnst billegt að skáka í þessu skjólinu. Það er kannski skrýtið en mér finnst það og ég hygg að það finnist fleirum. Það er ráðherrann sem ræður þó að hann sé í sama flokki. Svona er þetta.

En aðeins aftur að Þróunarsjóðnum og því að menn hafi verið búnir að reikna út hver áhrifin yrðu og þess vegna væri óhætt að fara í frekari lagabreytingar. Ég spyr: Var búið að reikna út hver áhrifin yrðu þegar þetta kerfi hefði breyst með þeim hætti sem nú er verið að gera, þ.e. að föst hlutdeild væri komin til? Var búið að reikna það út miðað við það? Eða var búið að reikna út miðað við það að flytja mætti aflamark af aflamarksbátunum yfir á þorskaflamarksbátana? Var það líka búið? Voru menn búnir að sjá fyrir hvernig þessi lög mundu virka? Ég leyfi mér að efast um það. Þess vegna endurtek ég það sem ég sagði áðan. Þetta er fljótræði, þetta er ótímabært og það hefði verið nær að sjá það fyrir hvernig lögin um Þróunarsjóðinn, sem við settum fyrir jólin, koma til með að hafa áhrif á stærð flotans áður en menn rjúka til í það að búa til nýjar tálbeitur inn í kerfið sem gera í rauninni ekkert annað en hamla því að flotinn minnki eins og menn höfðu þó gert áætlanir um.

[16:24]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og þingheimi er vonandi kunnugt varð að gera breytingar á lögunum um Þróunarsjóðinn aftur í haust vegna þess að menn sáu að þær lagabreytingar sem við gerðum á vorþinginu voru ekki nægjanlegar til þess að þarna yrði á sú ásókn til þess að nýta sér Þróunarsjóðinn sem menn höfðu vænst. Þá gerðu menn bara breytingar á því og það gekk nokkuð þokkalega fyrir sig í þinginu. Það var samþykkt hér og þótti eðlilegt.

Ég veit ekki, herra forseti, af hverju það ætti að vera óeðlilegt sjái menn það að einhver breyting sem þeir hafa gert nær ekki ætlunarverki sínu að aðlaga sig þá því sem þeir vita að er betra. Það gerðum við í haust þegar við fluttum aftur brtt. um Þróunarsjóðinn.

Herra forseti. Ég get ekkert billegt séð við það þó að tveir sjálfstæðismenn hafi mismunandi skoðun á því hvernig meta eigi líffræði hafsins. Ég sé ekkert billegt við það.

[16:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi míns máls lýsi því yfir að ég er þessu frv. gersamlega andvígur. Ég held að í gegnum tíðina hafi aflamarkskerfið virkilega sannað að þetta er sennilega skásta kerfið sem við búum við og getum búið við. Helstu röksemdafærslur nú um stundir eru þær að m.a. vegna aflamarkskerfisins séu stofnarnir að taka við sér. Ég tel því að sá gerningur sem hér á að hafa frammi sé í raun ekkert annað en að það er verið að opna á það kerfi sem hingað til hefur reynst okkur nokkuð vel og hefur bæði hvað varðar friðun á þorski og eins hvað varðar hagkvæmni í útgerð gert það að verkum að það hefur sífellt verið að sanna sig.

Það er grundvallaratriði í rekstri fyrirtækja að menn viti hvert rekstrarumhverfi þeirra er þannig að þeir geti gert áætlanir a.m.k. viku fram í tímann. Hér er verið að opna kerfið, það er verið að taka inn í það fleiri aðila og eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson orðaði það ágætlega áðan. (Gripið fram í.) Það er ekki nema ár síðan hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að búið væri að loka kerfinu við 20 þús. tonn ríflega. Það er ekki lokaðra en svo að tæpu ári seinna er búið að opna það aftur þannig að ef menn ætla að gera út á þá atvinnugrein sem hefur haldið okkur uppi í gegnum aldirnar og vita aldrei nokkurn tíma hvernig rekstrarumhverfið muni verða frá ári til árs er alveg ljóst að slíkur rekstur getur ekki gengið.

Það hefur verið einkenni á aflamarkskerfinu að það hefur eiginlega verið sátt um ósættið vegna þess að það sama hefur gengið yfir alla og þrátt fyrir að aflamarkskerfið sé kannski skásta kerfið sem við höfum er það langt frá því að vera fullkomið. Það hefur verið sátt um ósættið sökum þess að það hefur falist í því ákveðið réttlæti. Það sama hefur gengið yfir alla. Þegar skorið hefur verið niður þá hefur sami niðurskurður átt sér stað hjá öllum. En í frv. er verið að ívilna stórkostlega á kostnað annarra aflamarksbáta og togara þeim aðilum sem hafa hingað til ekki virt neitt samkomulag og skilaboðin hljóta að vera sú að menn eigi að nýta sér hverja einustu glufu sem gefst í lögunum, nýta sér öll tækifæri til þess að fara fram hjá lögunum því að þeim mun á efsta degi umbunað verða. Það er ekki neitt annað sem hér á í hlut.

Við getum tekið dæmi. Ég er með töflu um hlutdeild 10 brúttólesta báta í heildarafla á þorski frá viðmiðunarárunum til og með 1995. Hlutdeildin 1980–1983 er um það bil 3,80%, en 1994–1995 er hún 19,94%. Á sama tíma hefur þróun Húnarastarinnar verið sú að á viðmiðunarárunum 1980–1983 var meðalafli hennar 626 tonn, fór niður í 409 árið 1984 eftir að kvótakerfinu var komið á og er í dag 134 tonn. Á sama tíma hefur hlutdeild þessara 10 brúttórúmlesta báta og minni aukist úr 3,80% í 21,94% og svo segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að þó að rými fyrir aðra hafi verið þrengt sé ekki frá neinum tekið. Það er kannski tekið úr hafinu því að það virðist ekki vera tekið frá neinum. Það er nákvæmlega á þessum forsendum sem ég er andvígur frv.

því að hér er ekki verið að gera neitt annað en að mismuna mönnum.

Það frv. sem hér liggur fyrir gerir ekkert annað en að kerfið er opnað. Fleiri aðilar eru teknir inn í kerfið og í raun og veru er það kerfi, sem menn treystu á að væri tryggt fyrir rekstrarumhverfið, opnað og því geta menn ekki treyst því lengur. Með þeim rökum að þar sem búið er að opna kerfið tel ég að þegar til aukningar á aflaheimildum komi að nýju beri að veita þeim heimildum til þeirra skipa sem hvað verst hafa farið út úr skerðingunni. Það er alveg ljóst að það er þegar búið að opna kerfið og menn geta ekki lengur treyst því að eitt gangi yfir alla. Því á sú aukning sem nú verður vonandi að fara á þau skip sem hvað verst hafa orðið úti í skerðingunni.

Þessi mismunun er næsta grímulaus og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa nokkrar línur upp úr athugasemdum við lagafrv. þetta. Hér segir, með leyfi forseta:

„Landssamband smábátaeigenda lagði í viðræðum við ráðuneytið áherslu á að auka þyrfti veiðiheimildir krókabáta bæði með því að hækka 21.500 lesta viðmiðunina og á að nauðsynlegt væri að hlutfallstengja aflann miðað við ákvarðaðan heildarafla í þorski. Ráðuneytið taldi ekki mögulegt að skerða aðra útgerðarhópa frekar til þess að auka veiðiheimildir krókabátahópsins miðað við óbreyttan heildarafla ...“

Hvort þetta þýðir að ef heildarafla verði breytt sé heimilt að skerða aðra útgerðarhópa frekar, um það skal ég ekki segja. En þessi mismunun er ekki duldari en svo að hún kemur skýrt fram í greinargerð með frv.

Það kom líka fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að það mætti vænta þess að krókabátum fækkaði á komandi árum. Þrátt fyrir það er kveðið á um í frv. að aflahlutdeild krókabáta skuli aldrei fara niður fyrir 21.500 tonn. Ég velti því fyrir mér ef það gengur eftir sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði og þeir yrðu kannski ekki nema 300–400 og þorskkvótinn ykist til mikilla muna væri ekki algalið að eiga einn slíkan bát því að á meðan bátunum fækkar eykst kvótinn. Sá kvóti sem er á hverjum báti verður þá það mikill að það er mjög vænlegt að verða útgerðarmaður á krókabáti.

Virðulegi forseti. Ég hef komið því að sem ég ætlaði að segja um þetta mál og orðlengi það ekki frekar.

[16:34]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Þegar fiskveiðiþjóð eins og við Íslendingar þarf að upplifa tímabil þar sem aflaheimildir á mikilvægum fisktegundum minnka úr 300 þús. lestum niður í 150 þús. lestir þarf engan að furða þó eitthvað láti undan, eitthvað bresti og ýmsir stynji. Það eru margir sem verða fyrir þessari skerðingu og það er fróðlegt að velta fyrir sér með hvaða hætti þjóðin hefur brugðist við þessum þrengingum. Það er ástæða til þess að líta á ýmsar jákvæðar hliðar þessa. Það má segja að þær þrengingar, neyðin hafi kennt naktri konu að spinna, þær þrengingar hafi neytt okkur til að skoða stöðu okkar í fiskveiðum og fiskvinnslu með öðrum hætti en við gerðum áður. Við höfum m.a. lagt út á úthöfin, við höfum að hluta til leyst það með því og aflað mikilla verðmæta inn í þjóðarbúið á þann hátt.

Þá er líka ástæða til þess að hugleiða með hvaða hætti fullvinnsla sjávarafla og aukin úrvinnsla á því sviði hefur aukið verðmætin. Þetta og ýmislegt annað er eitt af því sem ég hygg að þjóðin hafi lært af þeim þrengingum.

En það er líka annað sem hefur gerst. Samsetning fiskveiðiflota okkar hefur breyst. Menn hafa gripið til hagræðingar, menn hafa fært aflaheimildir, m.a. með þeim afleiðingum að ýmsir hefðbundnir verðtíðarbátar hafa horfið eða hanga nú nokkrir á horriminni. Segja má að gat hafi verið skilið eftir og það gat er hin mikla aukning sem varð í svokölluðum krókabátum. Sú aukning sem þar varð er ekki síst og líklega fyrst og síðast á ábyrgð stjórnvalda, á ábyrgð Alþingis og ríkisstjórnar, núverandi og fyrrverandi. Löggjafinn stendur því uppi með þessa ábyrgð. Ég bendi á að talsmenn Landssambands smábátaeigenda bentu stöðugt á þá ógnun sem gæti stafað af óheftri fjölgun smábáta en tillit til þeirra sjónarmiða var ekki tekið. Þess vegna lít ég svo á að það frv. sem nú er til meðferðar þingsins sé afleiðing þessa. Það er tilraun til þess að laga sig að raunveruleikanum og bregðast við þeirri ábyrgð. Ég vil því fagna frv. sérstaklega og ekki síst þeim efnislegu atriðum nokkrum sem þar má sjá inni. Fyrst og fremst vil ég fagna því að hið alræmda banndagakerfi er nú kvatt og hygg ég að söknuður sé ekki mikill. Í stað þess kemur það sem er hyggilegra og skynsamlegra að sjómenn sjálfir fái að velja hvenær gefur í stað þess að um það sé tekin miðstýrð ákvörðun ár fram í tímann.

Ég fagna því líka að smábátasjómenn skuli fá hlutdeild í þeirri aukningu sem virðist í augsýn í aflaheimildum á þorski. Ég fagna því líka að smábátasjómenn skuli í ljósi þessa eiga möguleika á að endurvelja hvort þeir vilja vera innan aflamarkskerfis eða annars staðar. Meginatriðið tel ég þó vera það að hér er fengin niðurstaða í sátt við krókakarla. Eins og kunnugt er hefur á síðustu árum ekki tekist að halda uppi stjórnun á fiskveiðum þar sem krókabátar hafa stöðugt farið fram úr og ekki skal ég mæla því bót að lög séu brotin. Hins vegar tel ég skiljanlegt hvað gerst hefur einmitt með þeim rökum sem ég nefndi að framan. Einnig það að þau lög sem áður voru sett og hafa verið gildandi voru sett þvert gegn vilja þeirra sem hagsmuna hafa af. Nú er þetta gert í sátt þannig að ég lít svo á að Landssamband smábátaeigenda muni axla þá ábyrgð sem því fylgir enda er þetta gert í fullri sátt við þá.

Þá víkur, herra forseti, sögunni að öðrum tegundum fiskiskipa í flota okkar. Hver er staða þeirra? Til allrar hamingju má segja að flestar tegundir þeirra séu vel settar. Rækjuflotinn hefur til allrar hamingju verið vel settur. Hjá nótaskipum er verulega bjart fram undan með síldar- og loðnuveiði. Hagur fullvinnsluskipa hefur vænkast. Þau hafa annars vegar keypt til sín aflaheimildir en þá er ekki síst mikilvægt fyrir þau það sem er að gerast á úthöfum og skal ekki fullyrt um frekar og nú bætast krókabátar í þennan skulum við segja tiltölulega ánægða hóp. En eftir stendur þá það sem ástæða er til að kalla hinn gleymda flota, þ.e. hinn hefðbundna vertíðarflota og ísfiskstogarana. Ég tel ástæðu og reyndar eitt það brýnasta verkefni sem bíður þessa þings að skoða stöðu þess flota sérstaklega og ég nefni aðeins tvö einföld dæmi. Annað er ísfisktogari með 300 lesta aflaheimildir. Það segir sig sjálft að sá togari getur ekki með nokkru móti staðið undir sér. Ég nefni líka hefðbundinn vertíðarbát og nokkra slíka sem verið hafa í eigu sömu fjölskyldna áratugum saman og sitja uppi með um 40 lesta aflaheimildir. Þessi floti hefur þar að auki átt sitt þátt í því að skapa grundvöll fyrir fullvinnsluskipin að sækja út á úthöfin og sækja þar á ný mið með því að leigja aflaheimildir af fullvinnsluskipunum. Þess vegna tel ég að þessi floti, hinn gleymdi floti, sé sá sem eigi núna að hafa forgang í fiskveiðistjórnun okkar og aflaúthlutun.

Þá kemur að því sem aðalmálið snýst e.t.v. um og stærsta málið. Það er um stærð fiskstofna. Hefðum við 300 þús. lesta aflaheimildir í dag eins og við höfðum fyrir ekki svo mörgum árum hygg ég að vandamálin væru lítil. En hver er stærð stofnsins og er hann að stækka? Því getur enginn svarað með fullri vissu, e.t.v. til allrar hamingju, en flestir munu þó sammála um að nú bendi margt og flest til þess að fiskstofnar, þorskstofninn fari stækkandi. Spurningin er þá: Hversu mikið og hvenær er eðlilegt að auka aflaheimildir?

Það ber að fagna því að Hafrannsóknastofnun hefur nú tekið upp netarall til þess að auka nákvæmni í mælingum sínum á fiskstofnum. Það ber líka að fagna því að niðurstöður af nýafstöðnu togararalli og netaralli Hafrannsóknastofnunar staðfesta það sem sjómenn hafa haldið fram um langt bil að fiskgengd sé að aukast. En ég tel vert að minna á það sem fram hefur komið hjá sjómönnum og öðrum vísindamönnum, þar á meðal nokkrum doktorum í stofnmælingum í náttúrunni. Þar hafa mennt bent á að ýmislegt er mjög svo ónákvæmt við stofnmælingar Hafrannsóknastofnunar. Ég bendi m.a. á það að sjómenn fullyrða að töluvert sé um það að afla sé landað fram hjá vigt. Ég bendi líka á að sjómenn fullyrða að úrkast sé verulegt, mun meira en Fiskistofa vill vera láta. Meðal annars vegna þessa má færa fyrir því rök að forsendur fyrir mælingum á stofnstærð séu rangar, stofninn sé í raun vanáætlaður.

Í öðru lagi bendi ég á það sem vísindamenn á sviði náttúrufræðanna hafa líka bent á að það séu e.t.v. ekki veiðar mannanna sem ráði sveiflum í fiskstofnum, það séu náttúrulegar sveiflur sem þar ráði fyrst og síðast og nægir að benda á aflatölur og mælingar frá 1953 í því sambandi. Þá hafa líka þeir sömu vísindamenn bent á að afránið sé að öllum líkindum ofmetið í mælingum Hafrannsóknastofnunar.

Í þriðja lagi bendi ég á og vitna enn til vísindamanna annarra en þeirra sem starfa hjá Hafrannsóknastofnun að sú forsenda sem Hafrannsóknastofnun byggir á að því stærri sem stofninn er, þeim mun meiri verði nýliðunin. Það hafa ýmsir vísindamenn dregið mjög í efa. Sé sú forsenda rétt sem þeir hinir sömu vísindamenn benda á, erum við árlega að sleppa milljónum verðmæta.

Ég bendi líka á þá gagnrýni sem fram hefur komið á mælingaaðferðir Hafrannsóknastofnunar þar sem vísindamenn aðrir en þeir sem eru hjá Hafró hafa m.a. bent á að mælingar Hafrannsóknastofnunar hverju sinni mæli stærð stofnsins eins og hann var fyrir 2–4 árum en ekki hvernig hann er. Þess vegna bregst Hafrannsóknastofnun fullseint við þegar stofninn er að stækka með sama hætti og hún bregst fullseint við þegar hann fer minnkandi aftur.

Ég tel afskaplega brýnt fyrir Hafrannsóknastofnun, hæstv. sjútvrh. og þingið að mælingaaðferðir stofnunarinnar verði hið bráðasta teknar til gagngerrar endurskoðunar ekki síst í ljósi þeirrar gagnrýni sem komið hefur frá sjómönnum og vísindamönnum og þeim fleiri en einum. Þá bendi ég líka á og ítreka þær jákvæðu niðurstöður sem koma þó úr nýlegu ralli og bendi á þær jákvæðu fréttir sem sjómenn af landshornum öllum benda á um verulega aukna fiskgengd, meiri en þeir hafa upplifað árum saman. Allt þetta finnst mér benda til að óhætt sé að auka aflaheimildir um allt að 10 þús. tonn nú þegar á yfirstandandi fiskveiðiári og innan þess tíma sem hæstv. sjútvrh. hefur. Ég vísa því á bug sem fram hefur komið að hér sé um eitthvert bögglauppboð að ræða þó þingmenn lýsi slíkri skoðun sinni. Ég minni á að þetta snýst um að málið er hér í meðförum Alþingis og Alþingi á að hafa sjálfstæða skoðun. Þess vegna hljóta þingmenn að lýsa þeim skoðunum sínum sem þeir og hafa gert.

Ég tel að 10 þús. tonna aukning í ljósi þess sem hér hefur verið sagt sé á engan hátt ógnun við veiðistofna okkar. Ég tel að það megi færa fyrir því enn frekari rök. Spurningin er hins vegar sú hvernig á svo að útdeila þessum 10 þús. tonna kvóta. Ég hef áður viðrað þá skoðun mína og í ljósi þess sem hér að framan hefur verið sagt um hinn gleymda flota, þá teldi ég vel koma til greina að þessum 10 þús. tonnum yrði á yfirstandandi fiskveiðiári útdeilt til hins gleymda flota. Með því móti væri búið að skapa jöfnuð á milli flestra tegunda í veiðiflota okkar Íslendinga. Ég vil færa nokkur rök fyrir því af hverju ég nefni gleymda flota. Ég hef áður farið yfir stöðu annarra veiðiskipa í flota okkar en ég nefni auk þeirra réttlætisraka sem hér hefur verið minnst á, atvinnuleg rök þar sem hinir hefðbundnu vertíðarbátar skapa atvinnu og þeir munu skapa atvinnu. Sum byggðarlög landsins eru verulega háð þessum hefðbundnu vertíðarbátum og minni ísfisktogurum. Ég nefni líka efnahagsleg rök þar sem 10 þús. tonna aukning færir aukin verðmæti inn í þjóðarbúið og veitir sannarlega ekki af. Að auki munu þau leiða til lækkunar á hinum umdeilda leigukvóta og síðast en ekki síst mun að öllum líkindum hráefnisverð til fiskvinnslustöðva þar með fara lækkandi og staða fiskvinnslustöðva styrkjast. Meginatriðið er þó að hinn gleymdi floti væri þar með styrktur og þá gæti skapast e.t.v. í fyrsta sinn í langan tíma jöfnuður með ólíkum gerðum fiskskipa í flota okkar. Síðan við upphaf næsta fiskveiðiárs bendir margt til þess eins og hér hefur verið nefnt að aukningin verði enn meiri og skal ég ekki nefna neinar sérstakar tölur í þeim efnum. En ég tel að hún geti orðið veruleg.

Herra forseti. Rétt að lokum af því að hér er sérstaklega til umræðu breyting á lögum um fiskveiðistjórnun er snerta krókakarla þá vil ég ítreka stuðning minn og lýsa sérlegri ánægju með framkomið frv. og vonast til að það megi renna ljúflega í gegnum þingið.

[16:49]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu hefur að vísu vakið mikla athygli þingmanna, eins og sjá má í þingsölum, jafnvel þeirra sem kvörtuðu í morgun um að stundum væri þunnt setinn bekkurinn en sjást ekki núna. Við verðum þó að halda að þeir sitji yfir sjónvarpi sínu eða séu annars staðar að þingstörfum með einhverjum hætti. (**Gripið fram í:** Eru það menn úr þessum fagnefndum sem við erum að tala um sem fjalla um þetta mál, sem saknað er?) Hv. þm. getur litið um salinn sjálfur og aðgætt hvort hér eru allir úr viðkomandi fagnefnd eða þeim fagnefndum sem hugsanlega vilja leggja orð í belg um þetta mál.

Við höfum öll í höndunum vel stíluð bréf og erindi frá þeim sem í þjóðfélaginu telja sig málið varða. Hér hafa verið fluttar úr ræðustól upplýsingar sem við öll höfum séð í þeim gögnum sem varða veiðar krókabátanna á undanförnum árum og á yfirstandandi fiskveiðiári. Vel að merkja, herra forseti, þá sýnist mér í því sem fram hefur komið í máli stjórnarandstæðinga birtast ólíkar skoðanir á frv., ólík sjónarmið til þess hver hlutur krókaveiðibáta skuli vera í sjávarútvegi. Sjálfsagt liggur þar að baki mismunandi mat á því hversu mikilvægir þeir séu í atvinnustarfsemi. Fyrir örstuttri stundu lýsti einn hv. þm. hversu mikil atvinnusköpun er fólgin í starfi landróðrabátanna sem veiða innan aflamarkskerfisins.

Það eru ekki margir mánuðir síðan hann flutti svipaða ræðu um atvinnusköpun krókabátanna.

Það er svolítið skondið, herra forseti, að heyra niðurstöðu umræðu sem varð um málefni krókabáta á síðasta vori lýst sem svo að með því hafi stjórnarliðið farið nokkra leið að því marki að hætta við að afleggja krókabáta og með þessum tillögum séu þeir endanlega að snúa við. Ég held að það hafi komið skýrt fram fyrir ári síðan eða svo, herra forseti, í umræðum sem þá urðu að þingmenn í sjútvn. og þingmenn yfirleitt voru sammála um að leiðin væri sú að gefa krókaveiðimönnum sambærileg kjör og öðrum sjómönnum á Íslandsmiðum. Þ.e. sambærileg réttindi til að haga veiðum sínum eftir sjónarmiðum hagkvæmni og öryggis og sambærilegar skyldur til að taka þátt í að vernda fiskstofna sem þess þurfa við og byggja upp arðinn af fiskimiðunum til frambúðar. En það verður að segjast eins og er, herra forseti, að þar hefur ekki gengið jafnt yfir alla vegna þess að lögin um stjórn fiskveiða gera mönnum ekki sama kostinn. Það hafa aldrei gert það. Allt frá upphafi og í meira en áratug hafa verið göt í kerfinu viljandi sett, eða a.m.k. með fullri vitund og vilja þingmanna, til þess að gefa mönnum færi á að koma sér upp krókabát. Ég er sannfærður um það, herra forseti, að menn hafa þar gengið um með glýju í augum yfir því hvað það væri fallegt að sjá litla, vélarlitla, afllitla, burðarlitla báta tosast með handfæri (**Gripið fram í:** Svona rómantík.) út á djúpi eða á grunnslóð. (**Gripið fram í:** Við sólarlag.) Já, sjálfsagt við gullroðið sólarlag. Ég geri mér ekki í hugarlund, herra forseti, að enginn hafi bent þingmönnum á þeim tíma eða útvegsmönnum sem tóku þá þátt í að móta kerfið og hafa alla tíð síðan lýst yfir stuðningi við það þar til nú, á þá sprengju sem í þessu lá. Það hefur a.m.k. komið oft og skýrlega fram í þeim umræðum sem ég hef tekið þátt í hér á fáum umliðnum árum um stjórnkerfi fiskveiða að í þeim heimildum sem lögin gefa þessum flota liggur sprengja sem er sífellt að stækka og þeim mun lengra sem líður verður sprengingin öflugri og gígurinn stærri. Við höfum séð þetta í tölum því að þrátt fyrir nokkrar breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum og varða veiðar krókabátanna, hafa þeir samt sem áður sífellt farið margfalt fram úr áætluðum afla, þrátt fyrir að þessi viðmiðunarmörk hafi sífellt verið aukin. Það verður þó að segjast, herra forseti, að þær breytingar sem voru gerðar á sl. vori eru í fyrsta sinn frá því að þessi lög voru mótuð að skila þó þeim árangri að þeir fara ekki margfalt fram úr þessum viðmiðunum.

Þessar tillögur sem liggja fyrir ganga svipaða leið, herra forseti. Meginefni þeirra eru þau atriði í breytingunum frá sl. vori sem mestar umræður urðu um og einmitt þau atriði hafa skilað þessu sem ég lýsti. Ég sé þess vegna í þessum tillögum, herra forseti, líkindi til þess að krókabátar og krókaveiðimenn muni starfa eftir lögunum um stjórn fiskveiðar líkt og aðrir sjómenn á Íslandsmiðum. Þeir hafa ekki gert það til þessa. Þeim var opnað gat sem þeir eðlilega nýttu sér. Fjölgun krókabátanna hafa þeir á stundum lýst sem nýsköpun í atvinnulífi á Íslandi. Ég held að við séum smám saman að sjá að svo er ekki. Það er ekki nýjung að fjölga litlum og aflvana bátum. Arðsemin af rekstri hinna stórvirkari atvinnutækja sem hafa tæknilega burði og fyrirtækjanna sem hafa fjárhagslega burði skilar fjármunum sem geta staðið undir nýjungum því þær kosta bæði fé og fyrirhöfn.

Stjórnendur stóru skipanna sem nú stunda veiðar á úthafinu og stjórnendur fyrirtækjanna hafa fært verulegar fórnir í fé og fyrirhöfn til að öðlast þekkingu og að ná árangri í þeim veiðum. Það er lítil fórn í því að feta í annarra fótspor en það hafa menn helst gert á heimamiðum. Það eru ekki smæstu bátarnir sem hafa þó farið á stað með nýjungar í veiðum á grunnslóð. Það eru hins vegar smáskip og aflvana og hafa starfað eftir ákvæðum aflamarkskerfisins sem hafa haslað sér völl til að veiða aðrar tegundir sem eru utan ákvæða laganna um stjórn fiskveiða. Ég tel að þeir menn hafi þar sýnt ekki aðeins okkur heldur öðrum hvaða möguleika menn hafa ef þeir feta ekki einungis í spor annarra.

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnast skiljanlegar raddir útvegsmanna sem alla tíð hafa unað við ákvæði laganna um stjórn fiskveiða og una við ákvörðun stjórnvalda og framkvæmdarvaldsins um aflamörk (**Gripið fram í:** Og niðurskurð.) já, um niðurskurð. Það sem þeir hafa gengið í gegnum, sumir hverjir án þess að hafa nánast nokkrar aðrar útgönguleiðir, er svo mikill samdráttur í aflaheimildum að ef við berum saman við viðmiðunarár þessara laga þegar þau voru fyrst sett, þá eru heimildir bátanna núna u.þ.b. $^1/_3$. Menn hafa síðan þróað sérveiðar og þær hafa aukist á þessum tíma og flestar byrjað með tilraunum skipstjóra og útgerðarmanna. Þar sem þeir hafa fundið sér nýja tekjumöguleika með sérveiðum þá eru helstir möguleikar stóru skipanna að fara út á dýpri mið. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér hefur sýnst að hafi þessir menn ekki haft tækifæri til að hasla sér nýjan völl, finna áður óþekkta stofna eða áður ónýtta stofna og fara á önnur og þá oftast fjarlægari mið, þá hafa allir aðrir en krókaveiðimenn unað lakari lífskjörum en áður. Krókaveiðimenn hafa meira að segja hrósað sér af því að á sama tíma hafi þeir aukið veiðarnar. Mér finnst það ekki skemmtileg röksemd þegar ég lít til þess að í fyrsta lagi eru ekki allir smábátamenn á Íslandsmiðum krókakarlar. Síður en svo. Það þarf ekki annað en líta til þeirra þó þeir séu ekki fjölmennastir sjómanna á Íslandsmiðum til að sjá hvaða mismunun hefur ríkt í kerfinu. Ég verð að segja við hv. þm. sem stóð hér áðan og ræddi um að nú væri verið að mismuna, að mér finnst að hann ætti að taka undir þessar tillögur vegna þess að þær eru þó alvarleg tilraun til að ljúka slíkri mismunun og fá fram reglur um veiðar krókaveiðimanna sem eru sambærilegar og veiðar annarra sjómanna á Íslandsmiðum. Þær eru ekki eins, en niðurstaðan ef okkur tekst sæmilega til, eru sambærileg réttindi og sambærilegar skyldur. Þá geta menn talað um hver hafi náð bestum árangri.

Herra forseti. Ég tel að við eigum að hlusta eftir þeim röddum sem gagnrýna hvernig tillögurnar urðu til. Má vera að þar komi líka fram ábendingar um það sem betur mætti fara í þessum tillögum. En ég tel miklu skipta og nokkru til þess fórnandi að krókaveiðimenn verði tilbúnir að una við leikreglur og ákvarðanir um veiðimörk hvort sem við köllum það þorskaflahámark, aflaheimildir, aflahlutfall eða annað, að þeir verði tilbúnir að una sambærilegum ákvörðunum og sömu leikreglum og gilda um aðra sjómenn. Þeir hafa ekki gert það til þessa en með því að eiga aðild að gerð þessara tillagna hafa þeir tekið á þeim ábyrgð. Auðvitað hljóta þeir að verða tilbúnir að taka ábyrgð á þeim í framkvæmd ef/og þegar þær verða að lögum.

Herra forseti. Ég tel að við eigum að taka þessu frv. vel og vinna hið besta úr niðurstöðum sem þar koma fram. Mér finnst skipta miklu máli að það stjórnkerfi sem þó hefur reynst okkur skást af öllum slæmum kostum verði fest í sessi og nái yfir allan fiskveiðiflotann innan lögsögunnar. Og ég endurtek að mér finnst nokkru til þess fórnandi.

Niðurstaðan er hins vegar sú að ef þessi ákvæði verða að

lögum, verða viðmiðunarmörk afla krókabátanna minni en þeir hafa verið að veiða. Þeir verða sem sé í raun fyrir skerðingum. Á síðasta fiskveiðiári var viðmiðun þeirra 21.500 lestir en aflinn var nærri 40 þús. lestir. Segið mér svo að þetta séu tillögur um að auka heimildir þeirra. (**StG:** Og á að miða við það?) Ég er ekki að segja það, hv. þm. (**StG:** Það sem við náum út úr því.)

Herra forseti. Ég er að taka undir að það verði settar sambærilegar leikreglur yfir veiðar krókabátanna og annarra. (**Gripið fram í:** Nei, þú ert að verðlauna þá fyrir það sem þeir fóru fram yfir.) Nei. (**Gripið fram í:** Það er það sem þú ert að segja.) Nei, hv. þm. Ég tel að það sé ekki verið að verðlauna þá með því. Ég segi hins vegar eins og ég sagði í fyrra. Þá lögðu ýmsir hv. þm., þar á meðal þingmenn í hv. sjútvn., til eftir mikla umræðu í þingsölum að veita þeim 10 þúsund tonna meiri afla um leið og aðrir voru skornir niður. Ég tók ekki undir þá tillögu, hv. þm. En þá lýstum við yfir í lok umræðunnar að við teldum rétt að þessi viðmiðun yrði bundin í lögum með sambærilegum hætti og aðrar viðmiðanir. Ég er tilbúinn að standa við það. Auðvitað er það álitaefni. En við þingmenn verðum líka að standa undir því verki sem ég tel að þingið hafi unnið, þ.e. að skilja eftir ákvæði í lögunum ár eftir ár þannig að öðruvísi gat ekki farið en krókaveiðimenn nýttu sér þær heimildir til að fjölga bátum, auka veiðar, auka sóknarþunga og ná þannig meiri afla. Ég get ekki sagt að það séu aðrir Íslendingar en þingmenn ábyrgir fyrir slíkum lögum eða öðrum. Við erum löggjafarvaldið.

Ég tel, herra forseti, að við eigum að fara þá leið sem hér er lögð til í meginatriðum og koma á sambærilegum reglum yfir veiðar allra fiskiskipa á Íslandsmiðum.

[17:03]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Setjum nú svo að útlendingur sem skildi þó íslenskt mál og hefði fylgst með umræðum um fiskveiðistjórnun Íslendinga á seinasta vorþingi eða á umliðnum árum álpaðist hingað upp á pallana til að hlusta á þær umræður sem fram færu núna, þá spyr ég sjálfan mig: Skyldi honum ekki fara líkt og mér þegar hann legði við hlustir að hann undraðist það nokkuð hvernig búið væri að skipa hlutverkum í þessari umræðu? Ég heyri ekki betur heldur en öllum hlutverkum sé öfugt skipað við það sem var.

Hér leggur hæstv. sjútvrh. fram frv. eftir að hafa verið kallaður til og réttað yfir honum á Austfjörðum og kannski víðar og er nú raunverulega hylltur sem hetja trillukarla og smábátamanna og réttir þeim frelsisskrá úr föðurhendi. Hæstv. sjútvrh. sem hefur marga fjöruna sopið af þeirra hálfu hlýtur að hafa verið hugsað til þess að þegar hann stóð hérna á tröppunum í vor og óvígur floti trillukarla sigldi inn á flóann og menn óðu að honum með steyttan hnefann, báru upp á hann og hans menn loforðin frá því fyrir kosningar og hermdu upp á þá vanefndirnar og svikin. Honum var náttúrlega tregt tungu að hræra sér til varnar. Þessi maður sem var skotspónn allra frjálsra trillukarla á sl. vori og hefur lengi verið er nú orðinn hetja þeirra sem höfðu hann að skotspæni fyrr.

Sá sem hefur af ýmsum mönnum í alvöru verið kallaður sjútvrh. Íslands í sl. 16 ár, Kristján Ragnarsson í LÍÚ, gefur út fréttabréf sem mætti nú kallast Neyðarópið. Formaður eða framkvæmdastjóri LÍÚ, hvort sem hann er, þessi hugmyndafræðingur aflamarkshlutdeildarkerfisins segir: „Það eru alger griðrof í þjóðfélaginu". Þessi hetja trillukarla sem hér situr á stóli hæstv. sjútvrh. hefur rofið grið á stórútgerðinni í landinu og öllum rekstrarlega þenkjandi aflamarkssinnum. Hann fer fram með yfirboð og ævintýramennsku og hann er raunverulega búinn að svíkja aflamarkskerfið sem er upphaf og endir trúarbragðanna hjá þessum aðilum. Hann er umskiptingur og það er ekki bara það að hér sé boðað til stríðs í þessu herópi heldur er þar sagt að ef þessu verður síðan fylgt eftir með þeim hætti við ákvörðun um auknar aflaheimildir að það verði ekki farið aftur á rétta braut aflahlutdeildarkerfisins, þá er sko ekki stríð, þá er kjarnorkustyrjöld frá LÍÚ á hendur þessum talsmanni trillukarla, Þorsteini Pálssyni, hæstv. sjútvrh.

Síðan koma þingmenn Sjálfstfl. og einkum og sér í lagi hugmyndafræðingurinn af Norðurl. e., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sem hafði tekið nokkurn tíma áður en hann tók trú á aflamarkshlutdeildarkerfið en var orðinn fullnuma í því í fyrra, og segir: Hér hafa gerst undur og stórtíðindi. Hæstv. ráðherra sem kenndi Tómasi Inga fúndamentalismann, þ.e. þessi trúarbrögð, á sínum tíma, hefur nú snúið við blaðinu, skilið hv. þm. einan eftir. Og hann kemst að þeirri niðurstöðu að hæstv. sjútvrh. hafi rift aflahlutdeildarkerfinu, hann sé kominn með nýtt kerfi. Og hann sér ekki betur en þetta byggi á geðþóttaákvörðunum, lýðskrumi og atkvæðaveiðum. Og hér með sé aflamarkshlutdeildarkerfið í fullkominni óvissu.

Reyndar er það svo að þeir sem tóku trúna á kerfið segja núna: Fremur en láta bjóða okkur svona framkomu leggjum við til að allur flotinn fari núna á sóknarmark sem hefur verið nákvæmlega eins og vísa mönnum lóðbeint í neðsta því að það hefur verið þvílík afneitun á grundvallaratriðum réttrar guðfræði í sjávarútvegsmálum að það er að líkja því við hið versta og lægsta. Inn í þennan kór umskiptinganna sem nú hafa allir hlaupið frá sínum hlutverkum blandast svo pínulítil frétt í Mogganum í dag. Hæstv. forsrh. er nú kominn með skoðun á þessum málum og sagði í gærkvöldi að sér virtist óhætt að auka þorskveiðikvóta á þessu fiskveiðiári. Það vill svo til að lög og reglur gera ráð fyrir því að fagráðherra í ríkisstjórn hans, hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson, taki um þetta ákvörðun eigi seinna en á mánudag. Það á bara við um þorsk og hann er sá eini aðili sem getur tekið ákvarðanir um aukningu á þessu ári. Neðar í þessari sömu Moggafrétt er rætt við fagráðherrann, Þorstein Pálsson sjútvrh., sem segir að niðurstöður rannsókna bendi til þess að kvótinn verði aukinn á næsta fiskveiðiári en hún gefi ekki tilefni til aukningar á þessu ári.

Hæstv. forsrh. hefur m.a. það hlutverk ef upp kemur ágreiningur milli svokallaðra fagráðherra að þá á hann að skera úr. Stundum gerir hann það, stundum ekki. En það er ekki vitað til þess að það sé nokkur ágreiningur milli fagráðherra í þessu máli. Það er alveg skýrt samkvæmt reglu um Stjórnarráðið og verkaskiptingu í Stjórnarráði að ákvörðunin er hæstv. sjútvrh. Það er hæstv. sjútvrh. sem fer með þetta ákvörðunarvald. Hann getur kosið að hafa samráð við ríkisstjórn ef hann svo óskar en það er hann sem hefur þetta vald. Og það eru engir aðrir fagráðherrar sem hafa einhverja faglega skoðun á því lögum og reglum samkvæmt

Þetta minnir okkur á að það er ekki langt síðan hæstv. fjmrh. lagði fram frv. um breytingar á lífeyrisréttindum. Hann hafði gert það í bróðurlegu samkomulagi við þingflokkinn sinn, þennan merka þingflokk sjálfstæðismanna og við samstarfsflokkinn. Það hafði farið í gegnum ríkisstjórn, það lá hér fyrir Alþingi og hæstv. fjmrh. taldi að hann væri

að tala í nafni ríkisstjórnarinnar. En af því að málið reyndist óvinsælt og það vakti andspyrnu og andstöðu kom þar að að hæstv. forsrh. sagði: Nei, þetta frv. verður dregið til baka. Og meira að segja á fundi með aðilum vinnumarkaðarins þar sem þeir voru að færa sín rök áréttar hæstv. forsrh. að þetta mál verði dregið til baka og það verði engin áunnin réttindi tekin af né heldur verði því breytt að menn geti ekki treyst því að þeir hafi þau réttindi sem þeir töldu sig mega vænta að óbreyttum reglum. Og að viðstöddum hæstv. fjmrh. segir hæstv. forsrh.: „Þeir sem ekki una þessari ákvörðun minni geta bara farið."

Þarna var ekki verið að úrskurða í neinu ágreiningsmáli milli fagráðherra vegna þess að það var ekkert ágreiningsmál uppi. Þetta hafði allt saman verið samþykkt. Nú er spurning út frá því leikriti sem leikið hefur verið á þessu síðdegi og allir í öfugum hlutverkum: Hvernig er það ef við hugsum fram til mánudagsins? Hér er hæstv. sjútvrh. Hann á að taka þýðinarmikila ákvörðun um veiðiheimildir á þessu ári. Hæstv. forsrh. er búnn að kveða upp salómonsdóminn um hvað honum beri að gera. Hæstv. sjútvrh. er búinn að segja að vísindaleg rök bendi ekki til þess og að ekki séu rök fyrir því að auka aflaheimildir á þessu ári. Nú spyr ég og nú spyr þingheimur: Hvað gerist á mánudag? Gildir lögmálið sem hæstv. forsrh. hefur verið að venja þessa ríkisstjórn á: Þegar ég hef talað geta aðrir þagað eða tekið pokann sinn? Verður hæstv. sjútvrh., sem ég sé að er horfinn úr salnum, horfinn alveg úr stólnum nk. mánudag? Það er spurningin. Það er alveg ljóst ef hér er rétt eftir haft að forsrh. er búinn að tilkynna hvaða ákvörðun hann eigi að taka. Hæstv. sjútvrh. er búinn að segja að það séu engin efni til slíkra ákvarðana og þá er lögmál hæstv. forsrh.: Þeir sem ekki hlýða mér geta bara farið. Ég er fullviss um að hann hefur ekki kynnt sér málið en það er sama. Og þá er svo komið fyrir hæstv. sjútvrh. sem stýrði hinum viðteknu trúarbrögðum í sjávarútvegsmálum, var a.m.k. yfirbiskup aflamarkshlutdeildarkerfisins og hafði fullt umboð stórútgerðarinnar í LÍÚ til þess að flytja þennan boðskap, að í fyrsta lagi er þingflokkur Sjálfstfl. eða áhrifamiklir menn í honum farnir að koma í bakið á honum gagnvart stjfrv. og forsrh. er búinn að gefa honum vísbendingu um að hann verði kannski ekki lengur í stólnum nk. mánudag. Það er helst að hann fái einhvern stuðning frá Alþfl. og sumum þingmönnum Framsfl.

Ég byrjaði þessa ræðu á því að segja: Hvernig mundi útlendingur sem hefði fylgst með sjávarútvegsumræðunni á undanförnum árum og í vor bregðast við þegar hann heyrir hvernig hlutverkum hefði verið skipt? Hér er öllu snúið öfugt sem gilt hefur um þessa umræðu hingað til. Og má meira að segja bæta því við að það bar við meira að segja hjá þeim eina flokki á Alþingi Íslendinga sem hefur ekki látið stjórnast af hagsmunum í þessu máli til eða frá að það vottaði fyrir því að boðskapurinn um frelsi trillukarla fengi ekki alveg ótvíræðan stuðning hjá einum ræðumanni áðan, svo öllu sé til skila haldið.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég geri hæstv. sjútvrh. ekki neinn grikk eða verði til þess að hann verði valtari í sessi þegar kemur fram á mánudaginn þótt ég lýsi því yfir að ég er tiltölulega ásáttur við þetta frv. hans. Ég tel satt að segja að þar sé nokkuð skynsamlega að verki staðið, bæði út frá bæjardyrum hæstv. sjútvrh. séð, þ.e. út frá sjónarmiðum þess sem vill festa í sessi aflamarkskerfið og sjónarmiðum okkar hinna sem höfum gagnrýnt það en gagnrýnt það fyrst og fremst á einum forsendum: Nefnilega þeim að aflamarkskerfi sem byggir á geðþóttaákvörðunum stjórnvalda um ókeypis úthlutun á nýtingu auðlindarinnar fái að sjálfsögðu ekki staðist til lengdar. Það er alveg þýðingarlaust að tala um kosti aflamarkskerfisins í samanburði við sóknarmark, tíunda það að harmkvælin hafa smám saman farið að skila árangri, afkoma þeirra fyrirtækja sem á annað borð hafa spjarað sig í samkeppninni hefur batnað og aflaheimildir hafa færst til í auknum mæli, meiri samruni stærri fyrirtækja, hagkvæmari rekstrareiningar, nokkur vottur af almenningshlutabréfahlutdeild í þessum stóru fyrirtækjum. Það hefur ekki mikla þýðingu að segja: Þetta er að festa sig í sessi, ef það ástand heldur áfram sem verið hefur um smábátaveiðarnar hingað til vegna þess hvað þær hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulífið í hinum smærri byggðarlögum, sjávarbyggðum um landið allt og þýðingu þeirra í atvinnusköpun í landinu.

Ég held að það sé rétt skilið hjá hæstv. sjútvrh. að honum bar skylda að efna loforð sem gefið var um að reyna að leysa þetta mál. Niðurstaðan sem varð á vorþinginu var klúður, hún var óframkvæmanleg, það vissu allir og ég lít svo á að hæstv. sjútvrh. sé að efna loforð sem gefið var um að reyna að leysa þetta mál með málamiðlun. Ég held að það sé skynsamlegt út frá hans bæjardyrum vegna þess að takist honum það er hann um leið að setja fram ákveðið agn fyrir þennan vaska hóp afreksmanna í sjómannastétt um það að þeir sætti sig við aflamarkskerfið og það tekur svolítinn tíma að það gerist. Út frá bæjardyrum og sjónarmiðum hæstv. sjútvrh., ef hann hugsar eitthvað fram í tímann, þá held ég að þetta sé skynsamlegt. Út frá mínum eigin bæjardyrum held ég að þetta sé skynsamlegt. Ég held að það sé skynsamlegt að reyna að skapa frið, að reyna að leysa þessar deilur og það er mín prívatsannfæring sem ég geri enga kröfu um að hæstv. sjútvrh. deili með mér. Ég er jafnsannfærður um að aflamarkskerfið mun aldrei festa sig í sessi á Íslandi fyrr en þar að kemur að menn greiða eðlilegt verð fyrir aflaheimildirnar. Sú orrusta mun líka vinnast þrátt fyrir tregðulögmálið þó það taki einhvern tíma í viðbót.

Það er hins vegar afspyrnuóskynsamlegt af yfirgenerálnum í LÍÚ að hóta kjarnorkustyrjöld, þ.e. sjálfum aðmírálnum í þessum óvíga flota, en það er stigmögnun, það er seinasta stig styrjaldarinnar sem er boðað á gulu síðunum út af þessu máli. Hver eru rök hans? Jú, hann segir: Menn okkar hafa lagt á sig harmkvæli og píslir, þ.e. miklar skerðingar þar sem trillubátakarlar hafa ekki orðið fyrir slíkum skerðingum. Ekki mjög mikilvæg rök. Rökin fyrir málinu eru þau að trillum hefur fjölgað mikið. Það er á ábyrgð stjórnvalda. Stjórnvöld geta ekki losað sig undan því að bera ábyrgð á því og bera ábyrgð á að leysa það mál. En hann hefur kannski efnislega rök fyrir sér í því að tilraunin til þess að fækka í þessum flota, þ.e. í gegnum Þróunarsjóðinn með hærri úreldingarstuðli, er óneitanlega á kostnað annarra. Að mínu mati er það hins vegar spurning um tæknilega útfærslu sem menn eiga að skoða í nefnd en það er ekki tilefni til kjarnorkustyrjaldar. Eftir að hafa velt fyrir mér þessum stórkostlegu hlutverkaskiptum sem hafa átt sér stað um leið og ég óska hæstv. sjútvrh. til hamingju með að vera orðin útnefnd hetja hafsins af Landssambandi smábátaeigenda óska ég honum líka til hamingju með það því að það mun auka mjög hróður hans að hafa komið sér í styrjöld við Kristján Ragnarsson því að hver sá sem fær styrjöld við Kristján Ragnarsson er á nokkuð réttu róli. Þetta er allt til bóta.

Spurningin er síðan bara um framtíð hæstv. sjútvrh. sem er hér á nokkuð réttu róli, hvort hann lifir af fram yfir mánu-

daginn. (**TIO:** Við gætum hugsað okkur það.) Við gætum nú hugsað okkur þegar hér er komið sögu að reyna að stuðla *að því að hann lifði fram á þriðjudag eða miðvikudag.*

Þó er eitt samningsatriði til í því: Það er þetta með týnda flotann sem nýframsóknarmennirnir á Reykjanesi voru að tala um áðan og dulmál þeirra, skildist varla hvaða þeir voru að meina. En meiningin var sú að það er búið að fara svo illa með vertíðarbátaflotann að nú þyrfti að bæta hag hans. Það er spurningin um úthlutunina sem á að verða, þ.e. auknar aflaheimildir á þessu ári sem eiga að ákveðast frá og með mánudeginum, hvort það á að vera innan aflamarkshlutdeildarkerfisins eða hvort það á enn að líta svo á að hópurinn hafi orðið fyrir miklum skerðingum og þarf að fá svolitla hjálparhönd vegna þess að stórútgerðin í LÍÚ er búin að kaupa *til sín fjórðunginn af öllum þorskaflaheimildum eða með* tilfærslum og vegna þess að það hefur orðið bylting í sjávarútvegi á Íslandi með úthafsveiðum, ekki bara Smuga, ekki bara síldarhaf, ekki bara Reykjaneshryggur, heldur Flæmski hatturinn og alþjóðavæðing sjávarútvegsins sem hefur sem betur fer gerst ótrúlega hratt á tiltölulega skömmum tíma. Ef aflamarkskerfið á að vera eitthvað á það að vera dínamískt. Það er ekki eitthvert fast niðurnjörvað mynstur. Við getum aldrei rekið sjávarútveg á þeim forsendum.

Annað. Þegar þeir segja: Við verðum að geta treyst því að úthlutun á aflaheimildum fram í tímann sé alltaf innan þessa kerfis. Þá eru þeir raunverulega að segja: Það er vegna þess að við eigum þetta. *En í lögum um stjórnun fiskveiða segir:* Þið eigið þetta ekki, herrar mínir. Í lögunum stendur líka: Jafnvel þótt Alþingi Íslendinga ákveði breytingar á stjórnun fiskveiða þá skal ríkið ekki verða skaðabótaskylt af því að þetta er ekki eign ykkar. Þetta er nýtingarréttur, þetta er ráðstöfunarréttur, þið fáið hann að vísu ókeypis. Það verður bráðum breyting á því. Þið þurfið að greiða fyrir hann vegna þess að markaðskraftarnir þurfa að koma þarna að verki. En þið getið ekki slegið því föstu að þetta sé ykkar eign.

Ef aflamarkskerfið og kostir þess eiga að vera eitthvað þá er það að það er dínamískt kerfi. Kostirnir eru þeir að þeim vegnar þar best sem spjara sig best. Það tekur langan tíma *að koma því á. Það fær aldrei staðist til lengdar nema það sé* friður um það. Þessi gjörningur er spor í þá átt. Það fær aldrei staðist til lengdar nema menn greiði fyrir aflaheimildirnar, það fer að koma. En það er aldrei hægt að slá því föstu og má aldrei slá því föstu að nýtingarrétturinn og umráðarétturinn sé eignarréttur. Þegar ég fer að heyra það eftir hlutverkaskiptin sem hér hafa átt sér stað að hæstv. sjútvrh. fer að taka undir með mér í því efni þá fer ég bara að verða nokkuð ánægður með framtíð sjávarútvegsstefnunnar.

En lokaorð mín eru þessi: Samkvæmt þeim nýja salómonsdómi Davíðs, hæstv. forsrh., að á mánudag eigi að auka aflaheimildir á þessu ári og samkvæmt þeirri yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. að það séu ekki *vísindaleg rök fyrir* því bið ég hv. þingheim að vera í viðbragðsstöðu á mánudag, hér hefur þokast nokkuð í rétta átt, hvort við þurfum ekki til þess að fullkomna leikritið úr því að griðrof hafa orðið með sjútvrn. og LÍÚ og griðrof með sumum þingmönnum Sjálfstfl. við hæstv. sjútvrh. en trillukarlar sem skömmuðu hann blóðugum skömmum í vor hafa nú tekið hann í sátt og gert hann að „hetju hafsins", er þá ekki rétt að við reynum að slá skildi fyrir hann á mánudag, þriðjudag?

[17:24]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það virðist þvælast eitthvað fyrir sumum hv. þm. að með þessu frv. er ekki verið að koma á einu aflahlutdeildarkerfi fyrir smábátana. Það er í raun verið að búa til „tvöfalt aflahlutdeildarkerfi" sem við mundum setja innan gæsalappa. Ef það er þetta sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson á við með því að búa til dínamískt aflamarkskefli, svo dínamískt að það getur farið til allra átta, þá hefur það tekist því að hvað mun gerast með þessu kerfi? Eigum við að bera saman hvers konar bátar verða þar hlið við hlið? Eigum við að sjá hvernig þetta dínamíska kerfi virkar og hversu vel þessu virðist ætla að verða stjórnað? Annars vegar verða aflamarksbátar af öllum stærðum, trillur og vertíðarbátar, ísfiskstogarar og aðrir slíkir. Þessir bátar verða háðir takmörkunum á þorskveiðum og öðrum þeim tegundum sem kvótabundnar eru. Við hliðina á þeim verða *aflahámarksbátar sem eru óháðir takmörkunum á öðrum teg*undum en þorski. Þannig verður þetta því að hér segir í frv.:

„Eitt veigamikið atriði til viðbótar sem fallist var á að kröfu Landssambands smábátaeigenda er að allir fastir banndagar, sem nú eru 136 á ári, eru felldir burt samkvæmt þessum tillögum."

Það þýðir að þeir sem stunda veiðar á þorskaflahámarki eru ekki háðir neinum sérstökum takmörkunum öðrum en þeim að halda sig innan aflahámarksins varðandi þorskveiðar. Þarna er sagt búið að búa til tvo flokka aflamarksskipa sem menn vilja halda fram að sé innan dínamísks kerfis þar *sem annar aðilinn verður að gæta takmarkana á kvótabundn*um tegundum en hinir eru óháðir þessu og geta fiskað eins og þeim sýnist uns þeir hafa náð þorskaflahámarki sínu. Ef þeir gæta þess að ná því ekki hafa þeir frjálst veiðileyfi á hinar tegundirnar. Annars vegar eru aflamarksbátar sem hafa orðið að þola miskunnarlausan niðurskurð á undanförnum árum, svo mikinn niðurskurð að það lætur nærri 70% hjá mörgum aflamarksbátum. Þeir hafa orðið að mæta niðurskurði, ekki bara vegna heildarniðurskurðar aflaheimildanna, heldur líka sérstaklega vegna þess að það hafa verið fluttar aflaheimildir til krókabáta og í línutvöföldun og til annarra hluta einnig. Við hliðina á þeim eru bátar sem fá tryggða þá hámarks*aflahlutdeild sem þeir hafa nú og þeir fá auk þess hlutdeild* í aukningunni. Komi til þess að heildarafli verði skorinn niður aftur verða þeir ekki skornir niður fyrir það aflahámark sem þeir njóta sem hlutfalls af þessum 21.500 tonnum. Með öðrum orðum, hv. þm., höfundur hins dínamíska nafns, hafa þeir gólf. Þeir verða ekki píndir niður fyrir þetta gólf þó svo sumir þeirra hafi aukið á sl. árum afla sinn svo mikið að þess eru dæmi að hann sé orðinn 300 tonn á trillu. Samkvæmt þessari reglu gildir 50% reglan í þeim efnum þannig að slíkur útgerðaraðili mun hafa tryggt sér 150 tonna afla á meðan trillur af sömu stærð sem fylgja aflamarkskerfinu hafi verið skornar niður við trog, 70%. Þessir bátar verða hlið við hlið og þetta kalla menn kerfi. Þetta er réttlætið, vafalaust dínamískt, hv. þm., mjög dínamískt ranglæti.

Þessi flokkur báta, aflamarksbátarnir, þ.e. gömlu kvótabátarnir verða skertir í framtíðinni. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að segja að þeir verði ekki skertir því að auðvitað er hlutdeildin skert. Ég ætla ekki að minnast á þá skemmtilegu skilgreiningu sem kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að þeir misstu ekki hlutdeild vegna þess að það væri búið að tilkynna þeim að þeir misstu hana. Það fannst mér mjög athyglisvert. Auðvitað missa þeir hlutdeild vegna þess að þeir aðilar sem voru ekki inni í aflamarkskerfinu en höfðu tekið til sín síaukinn afla fara inn í hlutdeildina

og minnka þar af leiðandi hlutdeild annarra þannig að þeir fá skerta aflahlutdeild í framtíðinni. Hins vegar fá þeir ávísun á að ef kemur til niðurskurðar aftur mun þeir þola allan niðurskurðinn en hinn hópurinn, þ.e. aflahámarksbátarnir, mun ekki þola þennan niðurskurð. Auðvitað er kerfi eins og þetta bastarður. Það getur vel verið, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að þessi bastarður sé dínamískur. Ég tel að það geti verið réttnefni en bastarður er hann og menn geta ekki lýst þessu kerfi sem svo að það sé einhver sátt um það eða það komi til móts við einhver réttlætissjónarmið, svo er ekki.

Hins vegar get ég viðurkennt að ef menn hefðu farið þá leið sem hefði verið sáttaleið að segja sem svo: Gott og vel. Við getum ekki staðið á því að krókabátarnir eigi enga hlutdeild um aldur og ævi í aukningu þorskkvótans. Þó svo að það sé réttlætismál að þeir sem hafa verið skornir niður á undanförnum árum fái fulla hlutdeild þegar hún kemur til úthlutunar hefði verið hægt að setja fram hugmyndir um það að þegar afli verður aukinn, og ég vona að það verði sem fyrst, fengju aflamarksbátarnir hlutfall sem væri meira en krókabátarnir fengju. Þá væri ekki verið að búa til neitt þak á þetta. Ég er í sjálfu sér ekki neitt hrifinn af að búa til slíkt þak en þá hefði verið hægt að búa til aðferð við að leyfa þeim að koma inn í þennan aukna kvóta sem væri þó aðferð sem tæki tillit til þess að aflamarksskipin hafa sífellt verið að missa hlutdeild á undanförnum árum. Ef menn hefðu einhvern snefil af réttlætiskennd þá hefðu þeir lagt þetta til en þetta er ekki lagt til hjá hæstv. sjútvrh., skrefið er stigið til fulls til móts við kröfur þeirra sem ekki hafa orðið að þola skerðingu á undanförnum árum heldur tekið til sín stóraukinn afla þannig að það er ekki hægt að lýsa því svo að hér sé verið að reyna að sætta menn. Þvert á móti. Ég vil hins vegar taka það fram að það eru ákveðnir hlutir í frv. sem ég er fyllilega sáttur við og það voru gerðar ráðstafanir í vor sem voru nauðsynlegar til þess að takmarka þennan bátaflota. Það er allt saman rétt og það breytir engu um það að ég tel að sú aðferð sem notuð er hér til þess að hleypa krókabátunum í hlutdeildina á sömu forsendum og aflamarksbátunum sé röng og óréttlát.

Síðan verð ég að taka fram að það er náttúrlega ekki hægt að halda því fram hér stöðugt eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerir rétt eina ferðina, að stórútgerðirnar hafi keypt kvótann. Hverjir eru þessir útgerðarmenn? Þeir eru ansi marglit hjörð. Það eru m.a. heilu sveitarfélögin sem eiga kvóta og hafa verið að styrkja fyrirtæki til þess að fjárfesta í aflahlutdeild. Þau eru ekki öll stór þessi sveitarfélög og þau eru ekki öll rík heldur. Þau eru sum sárafátæk en hafa verið að berjast í bökkum til að tryggja sinn hlut í þessu aflahlutdeildarkerfi með því að kaupa kvóta. Og hvaða tilgangi þjónar það að vera að setja einhvern stórútgerðarstimpil á svona fyrirtæki? Hvaða hlutverki þjónar það? Það er blekking. Það er blekking, hv. þm. og það er einmitt það sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur verið að leika sér að í þessu máli frá upphafi. Hvað á að segja þá um þá lífeyrissjóði sem hafa verið að fjárfesta í útgerðum og að sjálfsögðu í fullu trausti þess að aflahlutdeildarkerfi væri einhvers virði hér? Eru þeir stórútgerðir og sægreifar, lífeyrissjóðirnir? Ég veit ekki betur en lífeyrissjóðirnir eigi verulegan hlut í fjölmörgum útgerðarfyrirtækjum og víst er að menn geta staðfest það hér í þessum þingsal að svo er. Ég þekki að minnsta kosti útgerðarfyrirtæki sem hafa orðið fyrir þeirri ánægjulegu reynslu að lífeyrissjóðir hafa tekið þátt í atvinnulífinu með því að fjárfesta í þeim. Og þá verður að sjálfsögðu að fjárfesta í því fiskveiðistjórnunarkerfi sem þessi fyrirtæki búa við. Þannig að ég vil aðeins vara við því að menn tali um þessi mál á þessum nótum.

Ég hef í dag ekki komist að þeim kjarna málsins sem skiptir líka mjög miklu máli, þ.e. að með þessum tillögum er verið að flytja atvinnu landverkafólks og sjómanna frá einum landshluta til annars. Mér mun gefast tækifæri til að ræða það hér því það verða fleiri umræður um þetta mál og ég mun benda á það. Það hefur verið komið inn á það í ræðu að minnsta kosti tveggja þingmanna sem hafa bent réttilega á þetta. Ég er þeim þakklátur fyrir það en það ber að fjalla um það meira því þarna er um að ræða lykilinn að því hvers vegna samstaðan um þetta mál er nokkuð bundin landshlutum. Það er hreint og beint verið að flytja atvinnu landverkafólks og sjómanna og þeirra sem stunda þjónustu við fyrirtækin frá einum landshluta til annars. Og á þetta varpar ljósi skýrsla um þessi efni sem hefur verið gerð að tilhlutan Félags útgerðarmanna á Norðurlandi og er unnin af Háskólanum á Akureyri upp úr gögnum frá Fiskifélaginu.

[17:34]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég reyni nú að gera mig betur skiljanlegan er rétt að taka það fram að það er engin dínamík í aflamarkskerfinu, ekki nokkur. Aflamarkskerfið sem slíkt er bara hagfræðilegt, stærðfræðilegt líkan og segir að með úthlutun kvóta af þessu tagi er unnt að sækja heildaraflamagn með minnstum tilkostnaði og kerfið á að stuðla að fækkun skipa. Það gerist hins vegar ekkert í þessu kerfi nema með framsali á aflaheimildum. Það sem er umdeilanlegast við aflamarkshlutdeildarkerfið er framsalið og framsalið er það sem gerir það dínamískt eða sveigjanlegt. Ef framsalið væri ekki í þessu kerfi og það hefði átt að byggja á upphaflegri úthlutun um veiðireynslu einhverra þriggja ára að meðaltali frá því fyrir einhverju síðan, þá væri þetta kerfi fyrir löngu búið að leggja sjávarútveg á Íslandi í rúst vegna þess að það hefði ekki getað aðlagað sig neinum breytingum. Sjávarútvegurinn sjálfur er hins vegar atvinnuvegur af því tagi að það þarf stöðugt að laga hann að breytingum í útgerðarmynstrinu, líffræðinni og öllum ósköpunum, það er svo flókið að ég kann ekki að lýsa því. Þegar við erum þess vegna að gera mun á statísku og dínamísku kerfi þá er ég einfaldlega að segja: Aflamarkshlutdeildarkerfið getur lagað sig að og lagað búskaparhættina í sjávarútveginum að breytingum gegnum framsal. En um það verður aldrei nokkur sátt vegna þess að það er brot á grundvallarlöggjöfinni um sjávarútveg nema því aðeins að til komi greiðslur fyrir þessar aflaheimildir. Það er nú það fyrsta sem ég vildi segja.

Þess vegna ber ég afar litla virðingu fyrir þeim sem hafa tekið trúna á aflamarkshlutdeildarkerfið og telja að það sé síðasta orðið um fiskveiðistjórnun í samanburði við sóunarkerfi eins og sóknarmarkskerfið. Það er eingöngu að þeim skilyrðum fullnægðum að framsalið gildi og að veiðileyfagjaldið sé virkt. Og nota bene. Ástæðan fyrir því að hæstv. sjútvrh. getur verið ánægður með þessa breytingu frá hans eigin bæjardyrum séð og væntanlega út frá sjónarmiðum hv. þm. er einmitt það að hann er að koma framsalinu inn á trillukarlana. Það mun m.a. þýða að það er bæði verið að sætta þá við aflamarkshlutdeildarkerfið og framsalsrétt í fyrsta skrefi innan greinarinnar og það mun líka stuðla að

því þegar þar að kemur að taka upp veiðileyfagjaldið.

[17:37]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst athyglisvert að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kemur ekki einu orði að því hvernig þetta kerfi kemur til með að virka, þar sem skip fiska hlið við hlið en búa ekki við svipaðar reglur heldur gagnólíkar reglur og gagnólík kjör. Hann hefur sjálfur hælt þessu kerfi og sagt að þetta væri til styrkingar aflamarkskerfinu og ég hef beðið hann að bregðast við því hvort að þetta kerfi geti yfirleitt gengið upp eins og það er hugsað. Ég ber brigður á það. Ef menn líta á þann sveigjanleika sem er fólginn í því að aflaheimildirnar eru seljanlegar þá er ég honum innilega sammála um að seljanlegar aflaheimildir eru eitt af grundvallaratriðunum í sambandi við aflahlutdeildarkerfið. En það er ekki verið að innleiða sömu lögmál hjá aflahámarksbátunum og hjá aflamarksbátum í þessum efnum.

[17:38]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sennilega er sá munur á hugarfari í þessu máli að annars vegar er svart og hvítt, kerfi A og kerfi B. Og ef menn ekki fallast á að kerfi A sé hið fullkomna og það sem við eigum að styðja og við þurfum að sæta einhverri aðlögun, einhverri miðlungslausn, jafnvel að una einhverri bastarðslausn um skamman tíma, þá segi ég: Það er ekkert að því. Það er allt í lagi með það. Það er engin breyting frá því sem verið hefur. Við höfum verið með bastarðslausnir, við höfum verið með millilausnir, við höfum verið með sóknarkerfi og aflamarkskerfi. Það sem ég er að segja er einfaldlega þetta: Þetta er skref fram á við. Þetta mun draga úr þeim algjöra ófriði sem verið hefur á mjög þýðingarmiklu sviði um aflamarkshlutdeildarkerfið sem ykkur er svo annt um. Það mun koma með framsal aflaheimilda inn í trillubátageirann. Þegar þetta tvennt hefur gerst þá vantar næsta skref til þess að þetta kerfi geti raunverulega orðið að því sem það getur hagkvæmast orðið. Þá mun verða styttra í það að veiðileyfagjaldtakan verði tekin upp, sem er það sem þarf til þess að endanlega verði sátt um þetta kerfi og það þá náð árangri í heild sinni. Það þarf aðlögunartíma og það er bara allt í lagi.

[17:40]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skilyrði fyrir því að þarna sé um að ræða einhvers konar skref sem stigið er til sátta er þá það að verið sé að ganga leið réttlætisins í málinu en ekki verið að opna allar gáttir fyrir annan deiluaðilann og láta hinn borga brúsann. Það er því ekki hægt að lýsa þessu sem sáttatillögu og ég trúi því ekki að það muni verða sátt um þetta kerfi. Það er hins vegar hugsanlegur möguleiki að sá aðili sem hingað til hefur alltaf látið vaða yfir sína hagsmuni muni enn láta vaða yfir sína hagsmuni. Það er möguleiki en það er ekki sáttatillaga. Hún miðar heldur ekki að því að réttlætinu verði fullnægt.

[17:41]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er trúlega búið að segja flest af því sem þarf að segja um þetta mikilvæga mál og mun ég því ekki halda mjög langa ræðu um það en vil þó að mín sjónarmið komist á framfæri varðandi þær breytingar sem eru boðaðar með þessu frv. fyrir smábáta.

Ég tel að hér sé á ferðinni mjög þarft frv. sem er að leysa úr gríðarlega miklum og mörgum vandamálum sem þessi hluti fiskiskipaflotans hefur staðið frammi fyrir á síðustu mánuðum og jafnvel síðustu árum. Ef ég fer aðeins ofan í þær greinar sem eru í frv., vil ég nefna sérstaklega fjögur atriði sem ég tel einkar mikilvæg.

1. gr. fjallar um að þeim sem lenda í því óláni að missa báta sína í hafið verður ekki, eftir að þessu frv. hefur verið komið í gegnum þingið, refsað með því að skylda þá til þess að hlíta 50% rýrnun á sokknum báti. Þetta er eitt af því sem ég og margir fleiri þingmenn gerðu athugasemd við á sínum tíma og er hér komið inn sem nýtt atriði þannig að nú er mönnum heimilt að endurnýja með sömu stærð eftir að hafa lent í bátsskaða.

Í 2. gr. frv. eru nokkur atriði sem ég tel líka mjög athyglisverð og skipta sköpum fyrir báta sem heyra undir svokallað róðrardagakerfi. Það er í fyrsta lagi að þessum hópi er skipt í tvo hluta. Einn hlutinn er kallaður línuhluti en annar er færahópur eða færahluti. Það hefur verið ljóst lengi að línubátarnir í þessum hópi hafa sprengt upp þetta kerfi með gríðarlegri sóknargetu, sem hefur aukist með ári hverju vegna þeirrar tækni sem hægt er að nota við línuveiðarnar. Ég vil rifja það aðeins upp að þegar ég hóf störf sem sjómaður um 1959, var ég á línubát sem var um 100 tonn. Hann var gerður út með 40 bölum í róðri sem ellefu menn voru að vinna við. Það voru fimm að beita og sex á sjó. Við fórum með 40 bala, ellefu menn á 100 tonna báti. Nú getur 5,9 tonna bátur, og þeir gera það hiklaust, farið á sjó með 25 bala eða rúmlega helminginn af því sem þessir ellefu karlar gerðu hér áður fyrr og það er einn maður um borð. Sumir fá reyndar aðstoð en staðreyndin er sú að þessi tækni að beita úr rennu og hafa línuna í haug hefur opnað þennan möguleika sem hefur að sjálfsögðu aukið sóknargetu þessa flota alveg gríðarlega og orðið til þess að þeir hafa sprengt aflapottinn sem þeir voru settir í með bátum sem stunduðu einungis færaveiðar. Þannig að nú eiga línubátar að sæta því í þessum hópi að þeirra dagar eru taldir með álagi á meðan færabátarnir geta tekið sína 84 daga án nokkurrar skerðingar.

Þriðja atriðið sem ég tel vera mjög mikilvægt í þessu er að róðrardagakerfið er frjálst. Þá 84 daga sem róðrardagabátarnir mega nýta sér má taka hvenær sem er ársins. Menn geta nýtt þá að sumrinu eða þegar þeir treysta sér til þess að gera bátinn út vegna þess að þeir vilja nýta starfskrafta sína á öðrum sviðum þegar þessum dögum er lokið. Reyndin varð sú þegar menn gátu róið eins og þeim sýndist að róðrardagafjöldi slíkra báta var ekki nema um hundrað dagar á ári. Ég tel að fjöldi daga í frv. sé mjög ásættanlegur fyrir þessa báta.

Fjórða atriðið, sem er einnig mjög mikilvægt, er að með þessu frv. mun upphaf róðrardags hefjast þegar bátur fer á sjó en telst ekki frá miðnætti til miðnættis eins og gert var ráð fyrir í fyrri ákvæðum.

Kannski má segja að eitt atriði orki tvímælis í þessu frv. og það er þorskaflaviðmiðunin, 13,9%. Hvort það sé ástæða til þess að það verði útgangspunktur í þessu máli er að mínu viti mjög vafasamt og mætti frekar hugsa sér að þessi lög yrðu endurskoðuð ef afli yrði orðinn um 300 þús. tonn af þorski á ári sem er náttúrlega veruleg breyting frá því sem nú er. Ég held að á heildina litið eigi þetta að geta verið ásættanlegt fyrir flesta. Að þessu athuguðu get ég lýst því yfir að ég mun styðja þetta frv. með þessum athugasemdum.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu að staða vertíðarbáta, sem hafa verið í aflamarkskerfinu frá upphafi, er mjög slæm og

kannski ekki síst þeirra báta sem hafa farið úr svokölluðu krókakerfi, smábátakerfi, sem voru undir 10 tonnum en eru núna á bilinu 6–9,9 tonn. Það er einnig ljóst að þeir vertíðarbátar, sem hafa einungis stundað dagróðra, hafa þurft að sæta mjög verulegum skerðingum. Þess vegna var gerð sérstök ráðstöfun í fyrra og þessum bátum úthlutað um 5.000 tonnum aukalega. Ég álít að þessi 5.000 tonn sem þá var úthlutað ætti að festa á þennan hluta flotans þannig að þau njóti þess áfram sem varanlegrar aflahlutdeildar.

Ég tel svo að með þeim möguleikum sem eru að opnast í dag til að auka aflaheimildir á þessu ári eigum við að nýta okkur þá til að mæta þessum sérstaka vanda vertíðarbátanna. Ég lít svo á að miðað við þær niðurstöður sem hafa komið úr rannsóknum Hafrannsóknastofnunar á veiðigetu þorsks sé óhætt innan vísindalegra skekkjumarka að auka þorskveiðina á þessu ári um 20 þús. tonn. Ég tel að það sé innan skekkjumarka því ég lít svo á eftir þeim niðurstöðum sem komið hafa fram að skekkjumörkin séu á bilinu 170–200 þús. tonn. Það rökstyð ég með því að þessi 25% af veiðistofni eru í dag miðuð við meðaltal tveggja ára og meðaltalið segir okkur að það séu um 170 þús. tonn sem má veiða á næsta ári. Ef við mundum miða aðeins við eitt ár eða síðara árið þá mundi tillaga Hafrannsóknastofnunar hafa hljóðað upp á 200 þús. tonn þannig að ég rökstyð þetta skekkjumark með þeim hætti að þau séu annars vegar meðaltalið og hins vegar þau mörk sem hægt væri að fara í ef við miðuðum aðeins við næsta ár. Þannig að 20 þús. tonn, þ.e. að fara úr 155 þús. tonnum í 175 þús. tonn, er innan þeirra skekkjumarka sem vísindin hafa skapað okkur og því erum við ekki að setja þorskstofninn í þessu tilfelli í neina hættu.

Ég tel einnig að það sé mjög nauðsynlegt í þeirri þröngu stöðu sem flestar þessara litlu útgerða, sem stunda þorskveiðar hér við land, eru í í dag hafi þröngvað þeim eins og dæmin sanna til að henda miklu af fiski, því miður. Ég álít að með því að auka aflaheimildirnar strax komum við í veg fyrir úrkast í verulegum mæli og að því leytinu til séum við í raun að skapa meiri vernd að hluta til innan stofnsins en við gerum okkur kannski grein fyrir.

Ég álít að með þeirri aukningu sem ætti að vera möguleg núna upp á 20 þús. tonn þá ættum við — því þegar þessi lög verða samþykkt hér eftir 3. umr. er ljóst að þessum potti verður aldrei breytt og ekki verður farið að úthluta neinum sérstökum hópum nema að breyta þá lögunum. Ég á ekki von á að það verði gert og þess vegna álít ég að við aukningu sem gæti orðið þegar á þessu ári og áður en þessi lög öðlast gildi að við ættum að taka um 5 þús. tonn af þeirri aflaaukningu sem ég tel að ætti að vera 20 þús. og úthluta henni þá sérstaklega til þess hóps sem talinn er hafa orðið að lúta mjög mikilli skerðingu og fékk þá úthlutun á síðasta ári.

Ef við lítum á þá fiskveiðistjórnun sem hér hefur verið við lýði á undanförnum árum eða frá árinu 1984 og horfum á þá miklu grósku sem hefur þó myndast við stjórn fiskveiða undir því kerfi held ég að okkur sé óhætt að segja að allar þær hrakspár sem hafa verið varðandi aflamarkskerfið hafi ekki gengið eftir. Hvers vegna er það? Það er kannski að mínu viti vegna þess að kerfið hefur fengið að þróast. Það hefur ekki verið, sem mér finnst oft vera í íslensku þjóðfélagi, endalaust verið að breyta úr einu kerfinu í annað. Aflamarkskerfið, sem sett var á árið 1984, var að sjálfsögðu með miklum byrjunargöllum en hefur fengið þá þróun síðan að í dag er það að ég hygg sveigjanlegasta veiðikerfi sem til er og þá undanskil ég ekki þær hugmyndir sem ýmsir aðilar hafa um veiðileyfagjald eða aðrar aðferðir við að stýra veiðum í fiskstofna landsins. Að sjálfsögðu skiptir þar mestu það ákvæði í lögunum að heimila aflaframsal. Þetta aflaframsal hefur eins og fram hefur reyndar komið í umræðunum skapað þann möguleika fyrir stóran hluta togaraflotans að nýta sér sóknarfæri á fjarlægum miðum sem ekki voru nýtt áður. Þessi mið voru nýtt af öðrum þjóðum áður en þetta kerfi okkar varð til. Þau voru nýtt hér út af Reykjaneshrygg í áratugi áður en við komum nálægt þeim og ég minnist þess þegar ég var að gera út togara á árunum 1980–1986 að ég sendi togara sem ég gerði þá út, Má SH, á veiðar á Reykjaneshrygg. Þar var óvígur floti rússneskra skipa og fleiri sem veiddu mjög vel á þessum slóðum. Við fórum þangað með skipið, reyndar vanbúnir og gekk ekki sem skyldi. Sá karfi sem við fengum var talinn illnýtanlegur hér heima og dæmdur nánast ónýtur vegna þess að hann var með kýlapest eins og menn sögðu en hann var reyndar í hrygningarástandi þannig að hann leit ekki vel út. Í dag hafa menn komist upp á lagið með að veiða þennan fisk með mjög miklum afköstum og vinnslan hefur gengið mjög vel. Ég heyri á mönnum sem hafa náð að stunda þetta vel að þeir veiði allt upp undir 10 þús. tonn á ári af karfa á Reykjaneshrygg. Sú veiði er alveg ótrúleg miðað við það hvernig menn hafa nýtt önnur mið hér við land og einstakt að hægt sé að ná slíkum árangri. En þessum árangri náðu þessi skip sem ekki höfðu miklar aflaheimildir hér heima eða nýttu sér þann möguleika að selja aflaheimildir sínar og sækja á þau mið þar sem hægt var að bæta við afkomu fyrirtækisins. Þar var náttúrlega ekki bara Reykjaneshryggurinn eins og fram hefur komið, þar var einnig Flæmski hatturinn og Smugan. Maður getur spurt sig að því ef sú aðferð sem hefur verið notuð hefði komist á fyrr, hvort menn hefðu þá farið að huga að þessum úthafsveiðum á þessum miðum sem hafa verið vannýtt svo lengi, t.d. í kringum Svalbarða og á öðrum svæðum í hæfilegri fjarlægð frá Íslandi, hvort staða okkar í þeim málum væri önnur í dag en hún er.

Ég álít að aflamarkskerfið með aflaframsalinu hafi einnig skapað gríðarlega friðun á ákveðnum veiðisvæðum sem voru svo sannarlega ofnýtt af þeim mikla flota sem Íslendingar hafa yfir að ráða. Ég minni þar á Halamiðin þar sem skip voru nánast öll sumur hvert ofan í öðru og skröpuðu upp allan þann fisk sem þangað synti. Það var allt smærri fiskur og í dag er þetta kallaður þjóðgarður sem skip sjást varla á nema á siglingu. Þessi skip hafa flest hver notað einmitt þennan möguleika að geta selt aflahlutdeild sína til annarra skipa og það skemmtilega hefur nú komið út úr því að þau skip, sem hafa keypt, eru að veiða stærri fisk hér á suðurmiðunum sem hefur að sjálfsögðu skapað okkur betri nýtingu á þeim veiðistofni sem við höfum til umráða. Eini ókosturinn er að sjálfsögðu sá að þessar veiðiheimildir eru mjög dýrar en með auknum aflaheimildum geri ég ráð fyrir því að þessi leigukvóti verði ódýrari þegar þar að kemur.

Ég verð að taka undir með ýmsum vegna þeirrar miklu undrunar sem komið hefur frá formanni LÍÚ út af þeim hugmyndum sem eru í frv. Ég minni á að ég var með þeim ágæta manni sem hefur reynst Landssambandi íslenskra útvegsmanna mjög vel og ég virði hann fyrir mikinn dugnað fyrir þau samtök. Ég hef kynnst því persónulega. Ég var með honum í nefnd árið 1984, sem starfaði á vegum Fiskifélags Íslands, sem lagði það til í fyrsta sinn að leggja til kvóta á þorskveiðar. Þessi nefnd var skipuð mönnum sem voru mjög kunnugir og tillaga okkar var samþykkt án mótatkvæða þó ekki væru allir sammála henni á fiskiþinginu og varð hún

undanfari þess kvótakerfis sem við búum við í dag. Það kom svo aftur á móti mörgum manninum mjög í opna skjöldu eftir að farið var að vinna eftir þessum tillögum úr aðgerðarhópi, sem tók til starfa eftir þetta, þar sem Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, var formaður, að þar var dregin svokölluð norður/suðurlína frá Hornafirði í Breiðafjörð. Allt í einu uppgötvuðu menn það að þeir sem voru rétt fyrir sunnan línuna stórtöpuðu í þorskveiðiheimildum en sátu allt í einu uppi með karfa sem þeir höfðu aldrei veitt en þeir sem voru fyrir norðan hana voru sumir hverjir að fá meiri þorsk en þeir höfðu nokkurn tímann áður fengið. Þetta var að mínu viti gert að mönnum forspurðum. Það var einnig gert að mönnum forspurðum að veita heimild til sérstakra skipa að úthluta kvóta án aflareynslu. Ekki er ég að lasta það svo sem að þeir menn hafi fengið aflareynslu, sem ekki höfðu verið svo heppnir að vera á skipum eða vera nýbúnir að selja skip sem höfðu haft góða aflareynslu. Það hefur sýnt sig að þeir aðilar sem ég þekki reyndar best til í þessu hafa svo sannarlega nýtt þann möguleika sinn þjóðinni til heilla. En þetta voru samt atriði sem enginn var spurður um og formaður LÍÚ ætti að muna vel eftir að kom mönnum í opna skjöldu.

Það er nefnilega engin ástæða til annars en ætla að þessi stóri floti sem getur nýtt alla kosti úthafsins sjái nauðsyn þess að flotanum sem heldur uppi atvinnu í fjölda smærri byggða sé skapað það öryggi sem aðrir hafa getað aflað sér innan aflamarkskerfisins með framsali. Þess vegna held ég, herra forseti, að vinir okkar í útgerð stærri skipa ættu að skoða hug sinn og sjá þetta í því ljósi að það þurfa fleiri að lifa við skertar aflaheimildir en þeir.

[18:01]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Samkvæmt þeim reglum sem við erum nú að vinna eftir, er ákveðið lágmark sem við eigum að ætla okkur í þorskveiðarnar. Það eru 155 þúsund tonn. Við höfum reiknað með því og ríkisstjórnin hefur sett sér það mark að veiða aðeins 25% af áætlaðri stofnstærð þorsks, þó aldrei lægra eins og segir í þeirra samþykktum. Við erum því í dag að veiða botninn. Við erum að veiða lágmarkið sem er 155 þús. tonn og við erum einnig með í lögum 21 þús. tonn fyrir krókaleyfisbátana sem er líka lágmark, 13,9% af heildarafla. Það er því mjög rangt sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich heldur fram að með þessu frv. sem nú er lagt fram eigi krókabátar bara að hækka en geta ekki lækkað. Þetta er óskiljanlegt. (**Gripið fram í:** Ekki niður fyrir gólfið.) Við lækkum heldur ekki hitt gólfið, 155 þúsund, samkvæmt þeim reglum sem við höfum myndað okkur og ríkisstjórnin er að vinna eftir. Bæði gólfin eru því til staðar þannig að það liggur fyrir og hver maður getur skilið það sem vill að með þessu frv. er ætlast til þess að heimildir krókabáta hreyfist bæði upp og niður svo sem aðrar aflaheimildir þannig að hér er um algeran misskilng að ræða hjá hv. þm.

Ég hjó eftir því líka í ræðu hans sem mér fannst heldur bágt að hann vill meina að stuðningur við frv. hljóti að fara að einhverju leyti eða miklu eftir landshlutum. Þetta tel ég mjög hæpna ályktun hjá honum og vil minna á það eins og hefur komið fram í þessum umræðum að krókabátar eru skip sem eru færanleg. Þeir færa sig frá einu landshorni til annars, leita eftir bestun í sinn útgerð. Þeir gera það. Það er það dínamíska í kerfinu að þeir geta það. (**Gripið fram í:** Og selja á markaði.) Og selja á markaði eða selja hverjum sem er. Það er hin frjálsa verðmyndun á fiski. Það getur komið einum til góða og öðrum ekki. Það kemur þeim til góða sem hefur mest efni á að kaupa fisk.

Það getur færst til hvar afli er á Íslandi, það þekkjum við úr sögunni. Á umliðnum árum hefur hagað svo til að það hefur verið tiltölulega mjög góð veiði á grunnslóð fyrir vestanverðu landinu. Það hefur hagað þannig til. En svo hefur aldeilis ekki alltaf verið. Úr sögunni þekkjum við það að grunnslóðarafli hefur oft og tíðum verið mjög góður við norðaustanvert landið þannig að það er að nú að fara í hæpna hluti þegar menn fara að metast um það í dag hvaða landshluta það kemur best, hvort við erum að efla krókaleyfi eða ekki. Það er mjög hæpið vegna þess að ég hélt, herra forseti, að a.m.k. við allir sem værum þingmenn dreifbýlisins ættum að geta staðið saman að því og ættum að vera okkur vel meðvitandi um að það er sama fyrir hvaða kjördæmi við erum að vinna. Ekkert kjördæmi á sér neina lífsvon til framtíðar nema við höfum það sem markmið og sýn að fá að njóta landgæða sinna hverju sinni, alveg sama hvaða kjördæmi það eru, hvort sem það er fyrir norðan, sunnan, austan eða vestan. Slík ummæli held ég því að hljóti að vera ákaflega vafasöm og ekki til góðs fyrir okkur. Þó það fiskist vel í Grindavíkursjó í dag, þá getur það verið breytt á morgun. Besta dæmi sem ég veit um er Húnaflói. Í 40 ár var Húnaflói næstum því þorsklaus. Nú bregður svo við fyrir nokkrum árum að það er að aukast þorskgengd til mikilla muna, enda var Húnaflói mikið útgerðarsvæði áður fyrr á öldum. Nú er það að koma aftur þannig að við vitum aldrei til lengdar hverjum við erum að hygla og hverjum ekki. Við eigum því ekki að horfa svona á þetta, herra forseti, eins og hv. þm. gerir.

Ég vil líka minna á að þegar ákveðnir þingmenn eru að tala um að nú eigi að fullnægja réttlætinu, finnst mér það ekki viturlegt vegna þess að ef við ætlum að fara að rifja upp hvað hefur gerst síðustu 12 árin, þá gæti það orðið ansi löng umræða og það hefur ekki alltaf verið að menn hafi verið að gæta þessa réttlætis. Þeir stóðu ekki og hrópuðu og kölluðu sem núna hrópa hæst þegar t.d. Alþingi ákvað norður-suður línuna. Þeir stóðu ekki og hrópuðu þegar Alþingi ákvað hina kostulegu úthlutun á grálúðu. Nei, það heyrðist bara ekki múkk frá því fólki, ekki múkk, þannig að við getum lengi farið í þá sálma að deila um það. En ég hef ákveðið fyrir mína parta og segi það, herra forseti, og hef alltaf sagt það: Ég ætla ekki og ótilneyddur á Alþingi að fara að rifja upp og deila við menn um þessa sögu. En hún er hörmuleg. (**Gripið fram í:** Hún er liðin.) Hún er liðin og við skulum reyna að gleyma henni. Það er því mjög bágt þegar einstakir menn fara að telja sig sérstaka handhafa réttlætisins í því hvernig við úthlutum þessu.

Ég lít þannig á, herra forseti, að þetta stjfrv. sem hæstv. sjútvrh. er að flytja, sé ákveðin sátt. Það er ákveðin sátt. Hæstv. ráðherra er að gera það sem honum ber, að sjá svo til þess að flotinn við Ísland, hinn löglega tilkomni fiskveiðifloti geti nokkurn veginn unað við þessar aðstæður. Og ég spyr enn og aftur: Þegar kemur til aukningar á þorskveiðum, hver ætlar að standa fyrir því að einn sitji eftir en aðrir ekki? Hver ætlar hér á hv. þingi að standa fyrir því að nú skuli allir hækka nema einhver einn? Ég trúi því ekki að nokkur maður hafi í reynd hugsað þá hugsun. Ég trúi því ekki. Við eigum ekki annarra kosta völ þegar kemur til aukningarinnar en að aukningin gangi yfir alla, hlutfallslega og það er verið að gera það með þessu frv. og tryggja það með lögum.

[18:09]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að ég ætla mér ekki á þessum vettvangi að fara yfir í þessa umræðu um flutning á aflaheimildum, atvinnu og fjármunum frá einum landshluta til annars. Ég mun gera það í fyllingu tímans þegar ég hef tíma til þess að taka á því viðamikla máli og leggja þá fram gögn að því er það varðar.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að það þyddi ekkert að tala nafni réttlætisins hér, það ætti sem sagt ekki að reyna að finna neinar lausnir sem miða að réttlæti vegna þess að það hefur verið framið ranglæti áður fyrr. (**Gripið fram í:** Í nafni gamals ranglætis.) Já, í nafni gamals ranglætis. Eiga menn þá að láta réttlætið lönd og leið vegna þess að einhvern tíma var framið ranglæti í liðinni tíð? Hvað á þá að segja um þá vesalinga sem hafa orðið að þola ranglæti í bæði skiptin? Þeir eru vafalaust til líka. Þetta eru engin rök. Ég er ekki að biðja um að menn séu að rifja upp ranglæti liðinna ára. Ég er bara að segja það að við bætum það ekki með því að búa til nýtt ranglæti. Og auðvitað hlýtur fiskveiðistjórnunin að hafa það leiðarljós að reyna að leita leiða sem auka réttlæti í þessari fiskveiðistjórn. Það er ekkert spursmál.

Hv. þm. spurði hvers vegna einn aðili ætti að sitja eftir þegar allir hinir ykju við sitt. En sá aðilinn hefur einmitt ekki setið eftir, á meðan hinir hafa verið skornir niður þannig að það er engin goðgá þó að hans aukning yrði ekki eins hröð og hinna fyrst um sinn. Og það er ekki nóg með það að hann samkvæmt þessum hugmyndum eigi ekki að fá það sama og allir aðrir ef hugmyndir hv. þm. um að það verði fækkun í þessum lokaða potti verða að raunveruleika. Þá verður aukning þeirra í aflahlutdeildinni miklu hraðari en hinna. Það liggur í augum uppi. Hún verður hraðari því að það er lokaður pottur og þeir sem eftir sitja í pottinum fá að sjálfsögðu hraðari aukningu en hinir sem eru fyrir utan pottinn, heldur en trillukarlinn sem er fyrir utan pottinn. Ég veit ekki hvort ég á að þurfa að kalla upp til vitnis einhvern stærðfræðing eins og Pétur Blöndal til þess að kenna hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni þessa starfsemi.

[18:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil halda því fram að þeir sem hafa látið mikið óréttlæti yfir sig ganga ómótmælt séu ekki þeir sem hefðu mest efni á því að hrópa núna óréttlæti þegar ekkert óréttlæti á sér eins og er verið að gera með þessu frv., alls ekki.

Lögin um Þróunarsjóð taka til alls fiskveiðiflotans skal ég upplýsa hv. þm. Tómas Inga Olrich um. Ef skip á aflamarki fara inn í Þróunarsjóðinn og úreldast, rýmkast fyrir þeim sem eftir eru nákvæmlega eins og ef skip á krókaleyfi fer inn í Þróunarsjóðinn, þá rýmkast fyrir hina sem eftir eru. Það er enginn munur þar á. Það þarf ekki doktor í stærðfræði til að kenna hvorki mér né neinum öðrum það. Öll fiskveiðiskip eiga aðgang að Þróunarsjóðnum. Krókabátarnir höfðu ekki aðgang að Þróunarsjóðnum fyrr en með breyttum lögum. Þau náðu til alls annarra áður. Ég bið hv. þm. að athuga þetta vel.

[18:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta hefur verið mikil umræða og ágæt. Mörg rök hafa verið færð fram og þetta hefur verið upplýsandi og jákvæð umræða að mestu leyti. Þó verð ég að taka þátt í umræðum samflokksmanna minna, hv. þingmanna Einars Odds Kristjánssonar og Tómasar Inga Olrich. Þeir eru á öndverðum meiði að því er sýnist. En svo er ekki. Þeir eru nefnilega að líta hlutina hvor frá sínu sjónarhorni. Tómas Ingi Olrich segir að það sé brotalöm í kerfinu að hafa botn fyrir bátana. Nú er það þannig að þorskurinn er ekkert náttúrulögmál. Hann gæti allur horfið þannig að við veiðum engin 155 þús. tonn heldur kannski bara 50 þús. tonn. Það er ekkert sem bannar þorskinum það. Það getur orðið eldgos eða eitthvað slíkt. Og hvað ætla menn að gera þá með þetta þak sem smábátarnir hafa? Þeir hafa þessi 21.500 tonn. (**Gripið fram í:** Gólf.) Gólf, já. Þá fá þeir þessi 21.500 tonn, þ.e. nærri því helminginn af öllum aflanum ef heildaraflinn færi niður í 50 þús. tonn þannig að það er rétt að þetta er stílbrjótur.

Auk þess er það þannig að þeir fá alltaf 13,9% af öllum aflanum. Segjum t.d. að það takist að úrelda helminginn af hinum flotanum, bara helminginn. Þá fengju þeir 13,9% af þeim helmingi. Þeir mundu auka hlutdeild sína í heildina. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú, þannig að það eru tvenns konar atriði sem eru ívilnandi fyrir smábátaeigendur í þessu frv. og það eru sérstaklega þessi tvö atriði sem ég set spurningarmerki við.

Hins vegar hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fullkomlega rétt fyrir sér í sínum málflutningi vegna þess að hann lítur nefnilega á það að hingað til hafa krókabátar getað veitt eins og þeir vilja og það er mikil breyting frá því að setja þá undir aflamarkskerfið. (**Gripið fram í:** En það er vitlaust.) Að mestu leyti, maður sér hvað aukningin hefur verið mikil á undanförnum árum. Þeir hafa veitt mikið meira en allir aðrir þannig að þetta er breyting og jákvætt að því leyti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur því líka rétt fyrir sér.

Vandinn sem við glímum við er eftirfarandi: Við þykjumst vera með aflamarkskerfi. Við erum ekki með það. Við erum með blöndu. Við höfum alltaf haft blöndu af aflamarkskerfi og sóknarmarkskerfi. Og hvar skyldi sóknarmarkið vera núna? Það er fyrir utan landhelgina. Þar eru stór svæði, síldarsmugan, Smugan, Flæmski hatturinn o.s.frv. sem nefnd hafa verið. Þar er sóknarmark, meira að segja frjálsar veiðar. Það er stílbrjóturinn í öllu kerfinu, að það er ekki aflamark alls staðar heldur bara sums staðar. Þetta er sami stílbrjóturinn og var þegar smábátarnir höfðu ekki aflamark en allir aðrir höfðu aflamark. Þetta eyðileggur kerfið.

Svo finnst mér mjög áberandi, herra forseti, að menn rugla saman veiðistjórnunarkerfinu og eignarhaldinu á kvótanum. Það er tvennt ólíkt. Við getum haft ljómandi gott aflamarkskerfi þó við höfum annað eignarhald á því, t.d. það að dreifa því á alla þjóðina eins og ég hef lagt til. Það væri lausn á öllum þessum vanda því að af hverju er svona mikill vandi í þessu? Af hverju er þetta mál sem við erum að ræða í dag svona erfitt? Það er vegna þess að það er verið að úthluta gæðum, það er verið að gefa mönnum peninga. Og það er alltaf erfitt að gefa mönnum peninga af því að það er ekki hægt að gefa öllum eins mikið og þeir vilja. Þar kemur vandinn upp. Það er eignarhaldið á kvótanum sem er vandinn og þess vegna er þetta allt svona erfitt sem við erum að ræða um.

Menn tala um aflareynslu sem einhver hafi aflað sér á ákveðnu árabili. Hvernig var með sjómennina sem stunduðu þessar veiðar? Hvað fengu þeir í sinn pott? Hvar er þeirra aflareynsla? Veiddu þeir ekki fisk? (**Gripið fram í:** Sumir fengu ...) Sjómenn sem ekki voru útgerðarmenn fengu ekki

neitt (**Gripið fram í:** Jú.) nema þeir yrðu útgerðarmenn seinna. Það var ekki verið að tala um fólkið sem vinnur í frystihúsunum. Af hverju fékk það ekki neitt? Eða sveitarfélögin. Af hverju fengu þau ekki neitt? Eða Íslendingar. Af hverju fengu þeir ekki neitt?

En það er eitt gott við þetta kerfi sem við höfum í dag. Það er einn kostur sem ég sé við það að hafa þessa blöndu af aflamarkskerfi og sóknarmarkskerfi. Menn hafa nefnilega notað aflamarkskerfið til þess að fjármagna úthafsveiðarnar. *Menn hafa leigt kvótann í landhelginni og fyrir þá feiknapeninga* hafa þeir getað stundað veiðarnar út um allan heim og aflað þjóðinni þar með kvóta á miðum sem hún hefði ella ekki fengið. Þetta er því í sjálfu sér nokkuð sniðugt kerfi nema þegar upp er staðið. Þegar búið verður að setja sóknarmark á allar þessar smugur sem eru á hinum stöðunum eru það sömu mennirnir sem áttu og eiga kvótann innan landhelginnar. Þeir munu fá meiri kvóta utan landhelginnar fjármagnaðan með kvótanum sem þeir höfðu í landhelginni. Þá verður þetta misræmi enn hróplegra og þá mun þjóðin, þ.e. þeir sem ekki eru útgerðarmenn, sjá þetta enn betur og gera kröfur um að þessu eignarhaldi verði breytt.

Samkvæmt þessu frv. kemur aukningin jafnt yfir alla. Ef ekki verður mikið um úreldingar og aflinn vex verður þetta nokkuð jafnt. Ef aflinn minnkar munu smábátarnir halda sínum rétti en aðrir sem eru utan munu minnka, eins og fram kom áðan með botninn.

Eins og ég gat um áðan er þetta mál angi af miklu stærra máli sem er eignarhaldið á kvótanum, eignarhaldið á fiskunum sem synda um hafið. Þótt í 1. gr. laganna um stjórnun fiskveiða standi að aflinn sé sameign þjóðarinnar virðist vera að festast í sessi ákveðin séreign á þessum afla þar sem einstakir aðilar, útgerðarmenn sem af einhverri tilviljun veiddu á ákveðnu árabili eða einhverri tilviljun voru smábátaútgerðarmenn núna undanfarið, eignast þennan kvóta. Nú erum við með þessu frv. allt í einu að gefa einhverjum aðilum 13,9% af öllum þorski á Íslandsmiðum sem af einhverri tilviljun veiddu á ákveðnu árabili. Þeir menn sem eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafa veitt fisk við Íslandsstrendur í 1000 ár, þar á meðal mínir forfeður... (**Gripið fram í:** Einar er ekki svo gamall.) Nei, þeir sem eins og hann benti á, hafa stundað krókaleyfisveiðar á Íslandi í þúsund ár fá ekki neitt, þar á meðal forfeður allra Íslendinga. Þeir sem veiddu á ákveðnu árabili af einhverri tilviljun fá allt. Þetta finnst mér ekki alveg ganga upp í minni heimspeki sem réttlæti.

Þessi umræða hefur verið mjög góð og hún hefur verið gagnleg. Ég vil taka það fram að þó ég hafi ekki setið í *salnum hef ég setið inni á skrifstofu.* Maður þarf víst að réttlæta núna fyrir mönnum hvar maður situr. Ég hef setið inni á skrifstofu og hlustað á umræðuna til þess að svara þeirri gagnrýni sem kom fram í *henni í morgun. En ég vil taka* það fram að ég tók ekki þátt í umræðunni í gær vegna þess að af fenginni reynslu undanfarna daga taldi ég að það yrði málþóf hjá stjórnarandstöðunni. Það er ekkert eins tímafrekt og að hlusta á málþóf. Ég legg því til að fyrir næstu umræðu tilkynni stjórnarandstaðan hvort hún ætli að hafa málþóf eða ekki. Ef það er ekki málþóf og menn ætla að tala málefnalega og stutt, eins og var reyndar í gær, tek ég þátt í umræðunni.

[18:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. 155 þús. tonnin sem núna eru ákveðin er gólf samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. 21 þúsund tonnin eru gólf samkvæmt lögum. Það getur hver maður séð það í hendi sér að fari svo að þorskveiðar leggist af við Ísland eða verði kannski bara 50 þúsund tonn eða svo, og ríkisstjórnin þarf að taka þá ákvörðun, standast ekki lögin um 21 þúsund tonn. Þess vegna getur það alveg staðið áfram að við getum bara haft 13,9%, við þurfum ekkert að vera með 21 þúsund tonnin. Það er augljóst gagnvart þessari löggjöf að við ætlum að láta krókaleyfisbátana, löggjöfin gerir ráð fyrir því og frv. gerir ráð fyrir því, færast upp og niður alveg eins og aðra. Það er óþarfi að misskilja það.

Í öðru lagi, hv. þm., þegar kvótanum var úthlutað voru mér ekki gefin verðmæti. Ég var skertur og meira að segja *skertur mun meira en margir aðrir.* Ég var skertur um 2 þúsund tonn. Það var ekki gjöf, það var tekið af mér.

[18:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir mjög leitt fyrir hönd hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að kvótinn er svo skertur og fiskurinn var búinn á Íslandsmiðum. Það var mjög sorglegt. Ég hefði gjarnan viljað að hann hefði ekki verið skertur. En vegna meiri tækni og fleiri fiskiskipa kláraðist fiskurinn í sjónum. Þetta er bara eitthvað sem maður verður að horfast í augu við.

Hv. þm. bendir á að ríkisstjórnin hafi „ákveðið" 155 þús. tonn sem gólf í þorski. Af hverju í ósköpunum „ákveður" hún ekki 500 þús. tonn? Mér finnst það mun betri tala og miklu betri afkoma fyrir þjóðina. Hún ákveður að sjálfsögðu ekki hvað má veiða. Það eru fiskstofnarnir við landið og hvað þeir *gefa af sér sem ákveða hvað við getum veitt.* Annars vegar erum við að tala um lög og hins vegar einhverja ákvörðun ríkisstjórnar sem hún getur beitt við slíku.

Varðandi það að hv. þm. hafi verið *skertur um 2 þúsund* tonn þá er það vegna þess að fiskurinn var farinn. Og núna þegar hann hefur aukist fær hann sín 2 þúsund tonn aftur en ég fæ ekki neitt.

[18:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisstjórn Íslands tók þá ákvörðun að taka 25% af áætlaðri stofnstærð þorskstofnsins, en þó aldrei neðar en ákveðið mark. (**Gripið fram í:** Sem við njótum í ár.) Sem við njótum í ár. Þetta er því gólf sem við erum að veiða í dag. Ríkisstjórn Íslands getur sannarlega tekið slíka ákvörðun en það er góð ábending frá hv. þm. að við getum allt eins miðað við prósentur. Það er óþarfi að hafa þennan tonnafjölda. Að því leyti get ég verið honum sammála en ég vonast líka til þess að hann skilji það mætavel að það er misskilningur, mikill misskilningur að krókabátarnir samkvæmt þessu frv. séu ekki að færast upp og niður jafnt eins og önnur skip. Það er *mikill misskilningur.*

Herra forseti. Ég væri alveg tilbúinn til þess, af því að hv. þm. Pétur Blöndal er gæfusamur maður, að ræða í kyrrþey hver gæfi hverjum hvað.

[18:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá þeim hv. þingmönnum sem talað hafa undir lok þessarar umræðu að hún hefur verið um margt gagnleg og fjörleg á köflum og málefnaleg. Ég skal ekki lengja þessa umræðu umfram það sem beint tilefni hefur verið gefið til. Mér heyrist að það hafi verið beint til mín þremur beinum spurningum. Í fyrsta lagi var spurt hvaða rök væru fyrir því að blanda saman

króka- og línuveiðum. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að mönnum þótti ekki ástæða til að banna línuveiðibátunum að vera á handfærum, ef þeir kysu svo, sem eru ekki eins afkastamikil veiðarfæri. En það sjónarmið getur auðvitað komið upp í þessu efni að það getur verið erfiðleikum háð að hafa eftirlit með því hvort bátar eru með línu eða handfæri. En almennt þótti mönnum ekki ástæða til að meina þeim sem yfirleitt eru á línu að fara á handfæri.

Þá spurði hv. 15. þm. Reykv. að því hvort ég vildi breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og í grundvallaratriðum í samræmi við hugmyndir Kvennalistans. Ég get svarað því með einu orði: Nei. Ég tel ekki ástæðu til og mun ekki beita mér fyrir að breyta kerfinu í samræmi við þær hugmyndir.

Síðan spurði hv. 6. þm. Norðurl. e. hvort það væri efnahagslega æskilegt að æ stærri hluti þorskaflans færi til smábáta á sóknarmarki. Ef ég ætti að ráða þessum málum alfarið einn og sjálfur og þyrfti ekki að taka tillit til sjónarmiða annarra teldi ég eðlilegast að það væru öll skip, bæði stór og smá, undir sama kerfi, aflahlutdeildarkerfinu. Þá mundi markaðurinn leiða í ljós hvaða bátar eða skip hentuðu best á hverjum tíma því að það getur líka verið breytilegt eftir því hvernig fiskgengd er á ákveðnu árabili hvaða bátsstærðir eða skipsstærðir eru heppilegastar. Þess vegna er æskilegast að markaðurinn leysti þetta. Um þetta hefur ekki orðið samkomulag og þá verða menn að leita þeirra leiða sem skynsamlegastar eru. Ég hefði talið að það væri aðalmarkmið fiskveiðistjórnarinnar að kerfið lyti þeim lögmálum að menn næðu þeim markmiðum varðandi verndun og uppbyggingu stofnanna sem að er keppt og ég tel að það frv. sem hér liggur fyrir sé skref í þá átt að bæta fiskveiðistjórnunarkerfið að þessu leyti.

Þau sjónarmið sem hv. 5. þm. Norðurl. e. setti fram koma e.t.v. skýrast fram í þeirri setningu að menn geti ekki eftir þetta frv. treyst því að hlutdeild sé hlutdeild. Um þessa fullyrðingu vil ég aðeins segja að að sá hluti sem smábátunum er afmarkaður í dag í núgildandi fiskveiðistjórnunarlögum er 13,9% af heildaraflanum og kemur til frádráttar heildaraflanum áður en farið er að úthluta til annarra sem veiða samkvæmt aflahlutdeildarkerfinu. Það er verið að ákveða að þessi hlutdeild sé fest í sessi. Okkur getur auðvitað greint á um hvort þetta er sanngjörn niðurstaða eða ekki. Ég flyt þetta frv. vegna þess að ég tel að þetta sé sanngjörn niðurstaða í langvarandi deilum. Ég er auðvitað ekki að ætlast til þess að allir fallist á mína samkeppnismælikvarða. En ég held að hitt hljóti að liggja nokkuð í augum uppi að það er til styrktar aflahlutdeildarkerfinu þegar þessi hluti flotans er beint tengdur með hlutdeild við heildaraflamarkið en stendur ekki svona hálflausbeislaður fyrir utan kerfið eins og verið hefur með afmarkaðan hlut. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þetta styrki aflamarkskerfið og dragi úr líkum á því að menn komi fram með hugmyndir um að hræra í því fram og til baka. Ég er þess vegna ósammála hv. þm. um það að þetta veiki forsendur aflahlutdeildarkerfisins. Þvert á móti held ég að þetta styrki það en ég get ekki farið í ágreining við hv. þm. um það hvað er sanngjarnt og hvað er ósanngjarnt. Þar verður tilfinning manna auðvitað að ráða en mín tilfinning er á einn veg í þessu máli.

Ég vil svo að lokum þakka þeim hv. þm. sem lýst hafa yfir stuðningi við frv. og þau sjónarmið sem það er byggt á og vænti þess að hv. nefnd fari yfir þau sjónarmið sem hafa verið sett fram í umræðunni.

[18:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka og endurtaka fyrirspurn mína til hæstv. sjútvrh. þar sem hann virðist hafa misskilið mig. Ég var ekki að spyrja um það hvort hann hygðist breyta sinni fiskveiðistjórnun í átt að stefnu Kvennalistans sem reyndar er í takt við landslög heldur hvort hann hygðist breyta fiskveiðistjórnuninni eða eignarhaldinu á auðlindinni þannig að hún sé í samræmi við gildandi lög, nefnilega 1. gr. laganna um stjórnun fiskveiða. Það hefur komið fram að hæstv. sjútvrh. hefur sveiflast í fiskveiðistjórnun sinni frá því að hlusta fyrst og fremst á LÍÚ en í þessu tilviki hlustar hann fyrst og fremst á smábátaeigendur. Hvenær ætlar hann að fara að landslögum og láta þau ráða sinni fiskveiðistjórnun?

[18:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skringileg ræða. Menn getur greint á um það hvernig landslög eiga að vera en aflahlutdeildarkerfið byggir á landslögum, á lögum um stjórn fiskveiða þar sem skýrlega er ákveðið hvernig aflahlutdeild er úthlutað og hvernig hún breytist og hvernig framsal hennar á að vera. Síðan kemur hv. þm. og heldur því fram að sjútvrh. sé að úthluta veiðiheimildum og heimila framsal á aflaheimildum og þar fram eftir götunum í andstöðu við landslög. Með öðrum orðum að landslög heimili ekki aflahlutdeildarkerfið og heimili ekki framsal á aflahlutdeild, það sé bara einhver ráðherra sem sé að gera það í blóra við landslög. Ef hv. þm. er þessarar skoðunar á hann að gera athugasemdir við setu þessa ráðherra og trúa á þau lög sem hv. þm. trúir að séu í gildi. En því miður fyrir hv. þm. þá er veruleikinn ekki svona. Það eru í gildi lög sem mæla alveg skýrt á um aflahlutdeildarkerfið og hvernig það skuli framkvæmt. Ráðuneytið og ég sjálfur höfum í einu og öllu farið eftir þeim lögum. Ég tel það vera skynsamleg lög í grundvallaratriðum og mun beita mér fyrir því að þau muni gilda áfram þótt þau eins og önnur lög þurfi að þróa og laga að breyttum aðstæðum.

[18:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er minn skilningur á þessu fiskveiðistjórnunarkerfi að aflahlutdeildum var úthlutað til þeirra sem voru að veiða á ákveðnu tímabili kringum 1984. Síðan hefur lögunum verið breytt en kerfið hefur ekki breyst í samræmi við það. Og mér er stórlega til efs að núverandi framkvæmd standist landslög.

[18:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða hv. þm. verður mér enn óskiljanlegri. Ég get alveg skilið það að hv. þm. sé andvígur landslögum og hafi aðrar skoðanir um það hvernig lög eigi að vera. En ég hélt að það væri tiltölulega auðvelt að lesa þennan lagatexta og bera framkvæmdina saman við lagatextann og þá hljóta menn að komast að raun um að hún er í fullu samræmi við lögin. Ef svo væri ekki, ætti hv. þm. að reyna að koma fram ábyrgð á hendur þeim stjórnvöldum sem bera ábyrgð þar á. Ég hygg að flestir þeir sem lesa lögin á íslensku skilji í hverju þau eru fólgin og að framkvæmdin er á grundvelli þeirra. Hitt er svo annað mál að hv. þm. getur verið ósammála lögunum og hann getur reynt að berjast fyrir

því að þeim verði breytt en ég er ekki sammála þeirri skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768.

og

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 1. umr.

Stjfrv., 469. mál. — Þskj. 804.

[18:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er flutt í tengslum við fyrra dagskrármál og lýtur að því að breyta ákvæðum varðandi úreldingu smábáta og heimila að fram til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta á sóknardögum numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti en að hámarki 60% af húftryggingaverðmæti vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Ástæðan fyrir því að þetta sérstaka átak er áformað varðandi úreldingu smábátanna er sú að þeir bátar, sem eru á róðradagarkerfinu og reyndar einnig í þorskaflahámarkskerfinu, þó það komi með meiri þunga niður í róðrardagakerfinu, eru miklu fleiri en veiðiheimildirnar segja til um. Í róðrardagakerfinu eru veiðiheimildirnar um 10 lestir á bát eins og kom fram í umræðu um fyrra dagskrármál og þess vegna mikilvægt að gefa þeim kost á því að komast út úr þessu kerfi áfallalítið sem það kjósa. Þrátt fyrir þá rýmkun sem hér er vonandi að eiga sér stað með breytingu á fiskveiðistjórnunarlögunum er það ekki lífvænlegt fyrir alla sem eiga þennan rétt og þess vegna er lagt til að þetta sérstaka átak verði gert.

Varðandi það frv. sem liggur fyrir um breytingar á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, byggir það á skýrslu þingmannanefndar sem ég skipaði á sl. ári til að endurskoða þau lög í ljósi reynslunnar. Meginniðurstöður í skýrslu þess starfshóps og tillögum um breytingar eru þær að felld verði úr gildi ákvæði um að skylt skuli að hirða allan afla um borð í fullvinnsluskipum og ákvæði almennra laga um umgengni um auðlindirnar taki einnig til þessara skipa. Í öðru lagi að horfið verði frá því að eftirlitsmaður skuli ávallt vera um borð í fullvinnsluskipi fyrstu sex mánuðina eftir að skipið fær leyfi og þörf fyrir veru eftirlitsmanns um borð í fullvinnsluskipi verði metin hverju sinni. Í þriðja lagi að ráðherra verði heimilt að ákveða að tekin skuli upp sjálfvirk skráning og vigtun afla og afurða um borð í fullvinnsluskipum og jafnframt er gert ráð fyrir því að gömlu fullvinnsluskipin, sem samkvæmt gildandi lögum hefðu þurft að ráðast í mjög miklar og umfangsmiklar breytingar til þess að fullnægja kröfum laganna, fái að halda undanþágum sínum áfram.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessum tveimur frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[18:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér erum við með þrjú mál undir í einu og hvert um sig sæmilegt að vöxtum. En það gefst tækifæri til þess bæði í hv. nefnd og einnig við 2. umr. að fara nánar í saumana á þeim efnisatriðum en hér gefst nú. Ég ætla aðeins að fara yfir þessi frv. þó og í þeirri röð sem þau eru á dagskránni. Það er í fyrsta lagi frv. til breytingar á lögum um Þróunarsjóðinn. Það hefur aðeins komið til umræðu í dag og þá einmitt vegna þess að menn höfðu bundið vonir við að þær breytingar ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að grípa inn í ræðu hv. þm. vegna orða hans. Hér er fjallað um 12. og 14. dagskrármálið. 13. dagskrármálið kemur fyrir að þeim afloknum. Hafi hv. þingmenn eða aðrir misskilið forseta ...)

Ég þakka forseta fyrir þessa ábendingu. Ég hafði misskilið þetta þannig að öll þrjú málin væru undir í einu. En svo er sem sagt ekki. Það hefur komið fram í umræðum fyrr í dag um fyrra dagskrármál, þ.e. breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, að menn höfðu reiknað með því að sú lagabreyting sem gerð var á Þróunarsjóðnum fyrir jól mundi skila okkur tilteknum ávinningi. Síðan eru menn nú komnir fram með frv. til breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem eru í rauninni ívilnandi með ákveðnum hætti fyrir smábátana. Þar af leiðir að ég tel minni líkur á því að eigendur þessara báta sjái sér hag í því alveg á næstunni að úrelda þá. Þó svo að hér sé með þessu frv. gert ráð fyrir því að það verði aðeins víkkaður út sá tími sem menn geta sloppið undir og lögin geri ráð fyrir að þorskaflahámarksbátar geti selt sitt hámark auk þess að fara í úreldingu, sem þá verður að hámarki 60%, er ég ekki viss um að það séu svo spennandi tilboð miðað við það sem frv. til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða býður upp á að menn sjái í rauninni þá fækkun í þessum flota sem þeir ella hefðu mátt búast við. Ég vil þess vegna endurtaka að ég tel að menn hefðu átt að hafa þolinmæði til að sjá hverju sú lagabreyting sem farið var í á Þróunarsjóðnum í lok síðasta árs skilaði og jafnvel að setja sér einhver markmið í fækkun þessara báta þegar menn sáu fram á hversu stór þessi floti stefndi í að verða. Þá hefðu menn getað farið að taka aðrar ákvarðanir sem menn hafa síðan snarað sér í að taka nú án þess í rauninni að hafa nægar upplýsingar í höndunum.

Hvað varðar 14. dagskrármálið sem er hér líka á dagskrá þá er þar á ferðinni mjög mikilvægt mál. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að nauðsynlegt er að koma því til nefndar vegna þess að ég held að það væri afskaplega æskilegt að geta rætt þetta mál að hluta samhliða því frv. sem nú er verið að fjalla um í hv. nefnd, frv. sem varðar umgengni um auðlindina. Í þessu frv. gert ráð fyrir því að fullvinnsluskipin lúti sambærilegri löggjöf og önnur skip hvað varðar umgengni um auðlindina. Hvað efnisþætti þessa frv. varðar sýnist mér að menn séu fyrst og fremst að taka mið af þeim veruleika sem þeir hafa rekið sig á. Sú löggjöf sem hefur gilt um þetta efni, þ.e. um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, hefur ekki náð þeim tilgangi sem menn lögðu upp með. Menn eru hér einfaldlega að beygja sig fyrir því að hlutirnir ganga ekki einlægt eftir og eðlilegt að löggjafinn grípi þá inn í til þess að menn geti farið að lögum eða haft þann lagaramma sem möguleiki er að vinna eftir.

[18:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að tala um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Þetta frv. hefur verið kynnt í stjórnarflokkunum eins og lög gera ráð fyrir og í þeim umræðum sem þar fóru fram lagði ég eindregið til að þetta frv. yrði ekki lagt fram í þinginu vegna þess að í mínum huga er þetta svo mikil mórölsk spurning að fara að heimila, eins og kemur fram í þessum lögum, að henda öllum afla fyrir borð sem fullvinnsluskip vilja ekki nýta að það er ekki ásættanlegt fyrir fólk sem býr í þessu landi. Í athugasemdum við lagafrv. stendur í 1. lið „að felld verði úr gildi ákvæði um að skylt skuli að hirða allan afla um borð í fullvinnsluskipum og að ákvæði almennra laga um umgengni við auðlindina taki einnig til þessara skipa." Síðan segir í athugasemdum við 1. gr.: „Í 2. gr. laganna var kveðið á um það að óheimilt sé að fleygja fyrir borð fiski, fiskúrgangi eða fiskhlutum. Var þeim gert skylt að koma með að landi allan afla, þar á meðal það sem féll til við vinnsluna svo sem hryggi, afskurð, hausa, innyfli eða afurðir unnar úr þessum hlutum." Síðan kemur: „Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri skyldu að fullvinnsluskip nýti allan þann afla sem úr sjó fæst og gildi hið sama um veiðar þeirra og annarra skipa, sbr. 2. mgr. 1. gr."

Mér finnst þetta vera alveg sérstaklega mikil og alvarleg mórölsk spurning. Ég verð að segja það sem gamall sjómaður að ég hef oft lent í því að henda afla. Á bak við þá gjörð var alltaf slæm samviska. Menn höfðu alltaf á samviskunni að hafa ekki nýtt þá auðlind sem okkur er í blóð borið að sé sameign þjóðarinnar. Ég spyr: Hvað verður með aðra hluta flotans, vertíðarflotann, togara sem landa fiskinum óunnum í land og önnur fiskiskip sem veiða við Íslandsstrendur? Verður þeim ekki heimilt um leið að henda öllum þeim afla sem þeir telja sig ekki hafa hag af að koma með í land? Ég veit að mikill hluti af þeim afla sem nú er nýttur en var áður aukaafli er orðin verðmætur hluti í framleiðslu margra fiskverkunarhúsa og minni ég á að afurðir eins og skötuselur, tindabikkja, koli, hlýri og jafnvel blágóma eru hirtar í dag og gerðar úr þeim verðmætar tegundir. Þessar afurðir hefðu trúlega seint orðið til nema vegna þess að menn voru neyddir til að nýta sér þær. Frystihúsin keyptu þennan afla á ákveðnu verði og urðu að gera úr honum einhvern pening. Ég spyr: Hvað með frystihúsin sem þurfa að taka við aflanum sem þau geta ekki selt? Hafa þau þá rétt til þess að tilkynna viðkomandi skipum að þau taki ekki við þessum afla, honum verði hent í sjóinn, hann verði ekki keyptur? Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að þessir ágætu menn, sem eru í nefnd sem sjútvrh. skipaði til að kanna mál úthafsveiðitogaranna, skyldu komast að þeirri niðurstöðu að það væri eina leiðin til að hægt væri að gera út fiskvinnsluskip að þau hentu öllum þeim afla sem þau vildu ekki nota. Ég segi að þar er verið að leggja til að ganga þannig um þjóðareignina að annað eins hefur ekki sést að mínu viti. Að heimila mönnum að henda öllum fiski finnst mér vera viðkomandi útgerð til skammar.

Herra forseti. Við þessa umræðu get ég ekki annað en sagt að ef svo fer að sjútvn., sem ég reikna með að fái þetta mál, ætli sér að leggja til við 2. umr. að frv. verði lögfest, þá séu þeir að lögfesta glæpinn og það get ég aldrei samþykkt.

[18:50]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég ætla einnig að gera að umtalsefni það frv. sem hv. þm. Kristján Pálsson kom áðan inn á og gagnrýndi harðlega. Ég get í meginatriðum tekið undir ræðu hans. Mér finnst að verið sé að stíga skref aftur á bak vegna þess að ég hef staðið í þeirri trú að það væri ríkjandi skoðun og æ meir ríkjandi skoðun á síðari tímum að meðferð og nýting sjávarfangsins, þessarar sameignar þjóðarinnar, sé sem allra best. Þarna er verið að slaka á kröfunni um sem besta nýtingu auðlindarinnar sem ég get ekki séð annað en sé í andstöðu við þessa eðlilegu þróun, sem hefur komið til af ýmsum ástæðum, m.a. vegna umhverfissjónarmiða. Mér virðast rökin fyrir frv. vera mjög ósannfærandi. Í skýrslu sem fylgir frv. um fullvinnsluskip er bent á helstu ókostina við að hirða allan aflann. Þar er bent á að þeir eru þeir helstir að fullvinnsluskipin eru mörg illa undir það búin. Þau skip sem hafa til þess viðeigandi búnað hafa ekki náð að vinna nægilega verðmætar afurðir úr úrganginum til að geta staðið undir kostnaði vegna frystingar, pökkunar, geymslu, löndunar og flutnings. Bent er á að mörg skipanna hafi ekki búnað eins og frystitæki til að frysta hausa til viðbótar við annan afla, geymslurými sé takmarkað, auk þess sem meira umstang sé við að vinna frosna hausa sem skipin komi með að landi o.s.frv. Mér sýnist að hér sé fyrst og fremst verið að telja upp rök sem eru nánast efnahagsleg rök og þess eðlis að skipin séu ekki nægilega búin til að taka aflann. Ég sé ekki jafnsterk rök á hinn veginn að þetta þjóni á einhvern hátt öðrum hagsmunum.

Ég varð líka undrandi þegar ég las þetta frv. með umhverfissjónarmið í huga. Því er haldið fram í skýrslunni að öllum sem nefndin ræddi við hafi borið saman um að losun á hausum, hryggjum og slógi í hafið hefði að jafnaði enga mengun í för með sér. Ég hef ekki rekið mig á það í skýrslunni hverjir það eru sem nefndin talaði við. Burt séð frá því þá stóð ég í þeirri trú að þessu væri öfugt farið og þá rak mig minni til ráðstefnu sem ég var á fyrir nokkrum árum í Noregi um efnahagsbrot þar sem m.a. komu til umræðu brot á lögum um meðferð auðlindarinnar í sjónum. Þar voru að mér fannst leiddar að því sterkar líkur að þetta væri mengunarvaldur, þetta gæti eyðilagt lífríki sjávar þar sem þetta væri gert í miklum mæli. Nú má vera að það séu aðrar aðstæður við Noregsstrendur en hér sem valdi því að hættan sé ekki sú sama hér og þar. En mér þótti frv. öfugsnúið við það sem maður hefur álitið að væri almennt stefnan um meðferð auðlindarinnar. Af því að framsöguræða hæstv. ráðherra var í styttra lagi vildi ég gjarna að hann gerði nánar grein fyrir þeim rökum sem liggja að baki því að frv. er lagt fram og hvort það séu einhver önnur rök sem vega þyngra en þau sem snúa beinlínis að efnahagslegum aðstæðum og búnaði skipanna sem mér þykja fyrst og fremst vera fjárhagsleg rök þeirra sem gera þau út.

[18:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Svo virðist vera sem þetta litla mál, sem hér er tekið til umræðu mjög síðla dags, sé þess eðlis að ég leyfi mér að segja að hluti þess frv. stappar nærri hneyksli. Ég vek sérstaka eftirtekt á því, herra forseti, að samkvæmt athugasemdum við lagafrv. sem fjallar um fullvinnslu botnfiskafla í veiðiskipum kemur fram að frv. var samið af fimm þingmönnum. Þeir eru allir þingmenn stjórnarflokkanna og þrír af þeim hafa með einhverjum hætti tengst útgerð og eru

þar af leiðandi í hagsmunatengslum við þetta mál sem fjallað er um. Það þarf því engan að undra að niðurstaðan er sú að þessir ágætu starfsfélagar okkar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Stefán Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson og Árni R. Árnason leggja til gjörbreytingar sem allar miða að því að draga úr kostnaði stórútgerðarinnar og heimila henni að fleygja hluta af aflanum. Þetta er í algjörri andstöðu við öll þau viðhorf sem eru að ryðja sér til rúms í greininni í dag. Þetta er í andstöðu við ágætt frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram fyrr á þessu þingi og var samþykkt á síðasta ári og fjallaði um umgengni um auðlindir sjávar. Ég er því mjög undarandi á því að hæstv. sjútvrh. skuli flytja þetta mál inn í þingið. Ég er líka undrandi á því hvernig það er búið í hendur þingsins af nefnd fimm stjórnarþingmanna. Stjórnarandstaðan fær ekki að koma nálægt málinu og þrír þingmannanna hafa beinna hagsmuna að gæta með einum eða öðrum hætti í sjávarútvegi. Þetta eru ekki vinnubrögð sem eru bjóðandi þinginu, herra forseti.

Ég ætla ekki að segja mikið um þetta frv. að öðru leyti, herra forseti. Ég er algjörlega sammála þeirri ítarlegu gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Ég tel að það sé þinginu til vansa að samþykkja frv. sem þetta. Í orði kveðnu virðist sem hér sé verið að færa stöðu fullvinnsluskipa til sama stigs og sama umhverfis og annarra fiskiskipa en auðvitað hefði átt að fara hina leiðina. Það hefði átt að breyta yfir langan tíma kröfum sem gerðar eru til annarra skipa. Færa þær kröfur til jafns við kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögunum frá 1992 til fullvinnsluskipa.

Það er auðvitað alveg rétt að þetta hefur með vissum hætti sett fullvinnsluskipunum aðrar rekstrarforsendur og útgerðin hefur kvartað yfir því. Ég var í ríkisstjórninni sem lagði fram stjórnarfrumvarp sem varð að lögum sem nú á að breyta. En það var ekki liðinn mánuður frá því að það frv. var gert að lögum þegar vinir þessara ágætu nefndarmanna — og ég segi vinir vegna þess að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, einn nefndarmanna, talaði fyrr í dag um þessa menn sem vini sína, „vinir mínir í LÍÚ“ — ráku upp kvein sem að lokum urðu ramakvein út af þessum kröfum.

Ég tel að það væri út af fyrir sig allt í lagi að setja fullvinnsluskipunum skilyrði sem gerðu það að verkum að rekstrarforsendur þeirra væru svolítið öðruvísi að þessu leyti til en annarra skipa. Það má ekki gleyma því, herra forseti, að rekstrarforsendur þeirra eru nú þegar talsvert auðveldari eins og bent hefur verið á m.a. af Samtökum fiskvinnslustöðva en annarra skipa og fiskvinnslunnar í landi þannig að það er allt í lagi þó settar verði svolitlar kvaðir á þá þarna. Það má heldur ekki gleyma því að þetta er sá hluti útgerðarinnar sem hefur sogið til sín mestan kvóta og sem hefur góðu heilli skilað langmestum hagnaði. Ég tel það alveg sjálfsagt mál að útgerðin verði knúin til að hirða allan afla eins og gert var ráð fyrir í lögunum frá 1992. Ég harma þetta frv. Ég tel að auðvitað eigum við að stefna að því að nýta sem mest af aflanum og fá sem mest úr honum. Þetta er auðvitað ein röksemdin fyrir því að það eigi að reyna að styrkja smábátaútgerðina vegna þess að þar er allt saman hirt, þar búa menn jafnvel til milljónatugi á hverju ári úr sundmögum sem er hent eins og flestur annar afskurður og fiskpartar sem ekki eru beinlínis nýttir í maskínum stóru togaranna.

Herra forseti. Ég lýsi algerri andstöðu við þetta mál.

[18:59]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og réttilega hefur komið fram vorum við nokkrir stjórnarþingmenn í sjútvn. sem sömdum drög að þessu frv. fyrir sjútvrn. Það er líka rétt sem hér hefur komið fram að frá því á unga aldri hef ég verið útgerðarmaður og verið í Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þar á ég félaga og vini marga. Ég skil samt ekki, herra forseti, hvernig það má vera að menn sem hafa verið útgerðarmenn megi ekki fjalla um útgerð. Mega bændur þessa lands þá ekki fjalla um landbúnaðarmál eða fólk sem hefur unnið hjá verkalýðshreyfingunni alls ekki tala um verkalýðsmál og opinberir starfsmenn ekki um opinberan rekstur o.s.frv.? Ég held að það væri bara til bóta að fleiri útgerðarmenn væru á þessu háa þingi og kæmi ekki að sök þó að einhverjir sem hefðu nálægt útgerð komið væru að fjalla um málefni útgerðarinnar. Ég get ekki séð nokkurn ljóð á því ráði.

Í sambandi við frv. sem hér er til umræðu er þess fyrst að geta að nefndin fór yfir þetta mjög ítarlega með mjög mörgum aðilum og öllum þeim sem við töldum að þetta mál snerti og um þetta gætu gefið vitnisburð. Niðurstaða okkar var einhlít að því leyti að enginn gat bent á að líffræðilega væri eitthvað sem mælti því gegn að úrkasti væri hent í hafið, hvorki slógi né einhverjum þeim meðafla sem ekki er hægt að nýta, enginn. Allir voru sammála um að það hefði hvergi komið fram annað en þessi úrgangur mundi ganga í samband við náttúruna, að marflær hafsins og aðrar slíkar skepnur mundu sjá til þess að brjóta það niður, það gengi í samband við náttúruna og yrði hluti af henni aftur. Þetta var óumdeilt hjá öllum sem nefndin ræddi við.

Það lá líka fyrir nefndinni að við höfum nú þegar vinnsluskip hér við land sem eru búin fullkomnustu mjölvinnslutækjum. Það lá fyrir að það var hagkvæmara og er hagkvæmara fyrir þá útgerð þó hún hafi fjárfest í þessum búnaði, þó að búnaðurinn sé allur um borð, þá er hagkvæmara að dómi útgerðarmannanna að henda úrganginum og slóginu útbyrðis en henda því í mjölkvörnina. Og ég spyr þá: Eftir hverju eru menn að sækjast? Er það náttúrulögmál að við eigum að hirða þó að afraksturinn sé enginn, þó að tekjurnar séu engar? Er það glæpur að henda krossfisk? Þeim hefur alltaf verið hent, er það glæpur? Nei. Það er eðlilegt að henda því sem upp úr hafinu kemur ef ekki er hægt að gera úr því verðmæti. Og hver getur dæmt um það nema sá sem gerir út og fiskar fisk? Hver getur dæmt um það? Ef þú fiskar grjót eða ost, áttu þá að koma með það að landi? Það getur ekki verið, herra forseti, að við eigum að koma með grjót að landi. Ekki ost heldur frekar en krossfiska. Það hlýtur að vera hagkvæmnin ein sem rekur okkur til þess að stunda sjó. Það er engin önnur ástæða fyrir sjósókn en sú. (**Gripið fram í:** Mundir þú éta grjót?) Hún er eingöngu til þess að koma með verðmæti að landi, eingöngu til þess. Það er ekkert náttúrulögmál að við séum að róa. Nei. Við erum að gera það til að ná í verðmæti. Sé aflinn ekki verðmæti samanber krossfisk, þá komum við ekki með hann að landi. Þetta liggur alveg fyrir.

Þess vegna var það að nefndinni þótti það einsýnt að úr því að engin líffræðileg rök lágu fyrir því að hirða fisk sem ekki var hægt að nýta til vinnslu eða í ísfisk, þá væri engin ástæða til þess að gera útgerðina óhagkvæmari en hún er með því að krefjast þess að fjárfest yrði fyrir hundruð og aftur hundruð millj. ef það lægi fyrir að jafnvel þó að fjárfestingin væri gefins, mundi það ekki borga sig að framleiða mjölið úr þessum úrgangi. Enda töldu nefndarmenn að það lægi

alveg fyrir að ef það væri hagkvæmt að nýta slóg eða úrkast, mundi útgerðin sjálf, hin kapítalísku viðhorf útgerðarinnar að sjálfsögðu fara í að nýta það og fjárfesta til þess. Það getur engin opinber nefnd eða löggjafinn sagt til um það hvað er hagkvæmt í þessu. Það geta aðeins útgerðarmaðurinn og sjómennirnir sjálfir því að þeirra er hluturinn. Þess vegna var það sem okkur þótti það einsýnt að þessi lög þjónuðu engum tilgangi. Við verðum að miða við það að íslensk útgerð nái hámarksafkomu og það er viðleitni okkar með þessari lagasetningu að koma í veg fyrir það að við förum að óþörfu að fjárfesta fyrir stórkostlega fjármuni ef það skilar ekki neinum arði. Nógu mikil er fjárfestingin fyrir á Íslandi sem ekki skilar arði. Nógu illa stöndum við fyrir þó við bætum ekki við. Þess vegna var það að við vorum allir sammála um að breyta þessu, koma með þessa kúvendingu sem menn kalla og hætta við það að skylda skipin til að vera búin þessum dýru verksmiðjum vegna þess að það þjónaði engum tilgangi. Ef menn sjá það síðar að það er hægt að græða á þessu, þá gera menn það. Þeir gera það sjálfir. Við lifum í kapítalísku landi. Sovét-Ísland kom aldrei og kemur aldrei. Þetta er kapítalískt land. Það getur enginn dæmt um þetta nema útgerðarmennirnir. Þess vegna lögðum við til að svona yrði farið að, þ.e. að við féllum frá þessu ákvæði. Það var ekkert varðandi mengun hafsins, það var ekkert varðandi umgengnina sem rak á eftir því að gera þetta. Þetta var eingöngu til þess að forða útgerðinni og þar af leiðandi þjóðfélaginu frá stórkostlegum fjárfestingum þar sem það lá fyrir að þær mundu ekki skila okkur neinum arði. Það er ástæðan fyrir því að við komumst að þessari niðustöðu og frv. er flutt í þessari mynd.

[19:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að það hneykslar mig dálítið að heyra í hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni tala eins og það eina sem skipti máli í þessu sambandi sé það hvort einhver ákveðin fjárfesting um borð í skipinu geti skilað arði. Ég veit ekki betur en við höfum verið að reka frystihús um áratuga skeið og það hefur aldrei neinn spurt að því hvort fjárfesting til að vinna fisk sem frystihúsið bað ekki í rauninni um að fá og var ekki tilbúið til að vinna en þurfti að fjárfesta til að geta unnið, hafi skilað arði. Þeir urðu bara að setja upp vinnslu til að geta unnið þann fisk sem þeir þurftu að kaupa. (Gripið fram í.) Við höfum ekkert þurft að gera það, enda hefur þessum fiski verið komið í það verð sem hefur síðan að endingu skilað fiskvinnslunni arði og það er heila málið.

Mér finnst algert hneyskli að hv. þm. skuli líkja því við grjót sem má henda núna fyrir borð. Hann líkir því við grjót og vill að það megi bara henda heilu förmunum jafnvel af þorski vegna þess að hann passar ekki í vinnsluna. Það er ekkert sem segir að sá sem er á karfaveiðum og fær fullt troll af þorski sem hann ætlaði ekki að fá, megi þá ekki bara henda honum vegna þess að hann nýtist ekki í vinnslunni hjá honum, nýtist ekki í þann samning sem hann gerði. Hv. þm. er að heimila það og kallar þetta grjót.

Það var einn ágætur maður vestur á fjörðum sem sagðist beita grjóti þegar hann var spurður að því hvers vegna hann fiskaði svona vel og eftir það var hann alltaf kallaður Grjóti. Ég er hissa að það skuli vera svona umræða í landi eins og Íslandi. Nú virðist allt miðast við það hvort það sé nákvæmlega hægt að græða á þessari sömu stundu og verið er að veiða. Við erum líka umhverfisvænt land og ég held að við berum líka mikla virðingu fyrir þeirri auðlind sem við teljum okkur allir eiga. Þess vegna tel ég að þessi umræða eigi ekki að geta farið á þennan veg.

[19:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fiskvinnsluhúsum á Íslandi er skylt að koma úrgangi sínum fyrir vegna þess að úrgangurinn veldur mengun. Ef það væri engin mengun af úrganginum, þá væri heilbrigðiseftirlitið ekki að skipta sér af því. Ég tók það mjög skýrt fram að það hefði verið niðurstaða allra sem við sem vorum að undirbúa þetta frv. ræddum við, að það væru engin rök fyrir því að fiskúrgangi sem væri hent frá skipum, hvorki innyfli né annað, mundi valda neinni mengun í hafinu. Það var þetta sem ég sagði og vonaðist til að þingheimur hefði skilið. (**JBH:** Rædduð þið bara við hagsmunaaðilana?)

Þar sem ég þekkti til, var algengt að grjót kom í trollið, svo og ostur og öllu var hent fyrir borð. Það er grundvallaratriði og grundvallarhugsun að við ætlum að reyna að hirða allt sem verðmætt er og það er miðað við það, það sem verðmætt er, en annað ekki. Það er enginn að halda því fram að með frv. sé verið að hverfa frá þeirri grundvallarreglu að við ætlum að haga okkar fiskveiðum þannig að við fáum sem mestan arð af því sem við veiðum. Það er enginn að mæla með því að að óþörfu sé verið að henda því sem gæti verið verðmæti, enda er enginn að gera það að gamni sínu. Það liggur alveg fyrir að það kemur úrgangur úr fullvinnsluskipum, slóg, þunnildi, hryggir og annað slíkt. Hvað á að gera við það? Á að henda því í hafið eða á að henda því í mjölverksmiðju? Það er um tvo kosti að ræða. Eins og lögin eru nú, þá er þess krafist að mjölverksmiðja sé sett um borð í skipin og úrgangurinn settur í mjölverksmiðjuna. Ef það kemur svo í ljós að kostnaðurinn við mjölverksmiðjuna og framleiðsluna er miklu meiri en tekjurnar, hvers vegna eigum við þá að vera að því, hvers vegna í ósköpunum? Hvaða tilgangi þjónar það? Og hvern hneykslar það ef hent er í hafið því sem ekki mengar hafið, ef við komum þannig í veg fyrir kostnað? Hvern hneysklar það?

[19:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. og góður vinur minn, Einar Oddur Kristjánsson, er enn í grjótfarinu og talar um grjót eins og það sé einhver sérstakur kvóti á grjóti. Ég hef aldrei heyrt það. Þetta er auðlind sem kannski væri hægt að nýta einhvern tíma en hún er ekki til umræðu hér og ekki heldur ostur. Ég kannast vel við það að hafa fengið bæði ost og grjót og því hefur öllu verið hent í hafið án þess að menn hafi haft nokkurt samviskubit út af því. Ég fer að halda að það sé langt síðan hv. þingmaðurinn hefur farið á sjó.

Það hefur verið fullyrt í umræðunni og komið fram í skýrslunni sem liggur frammi með þessu frv. að mjölvinnslur sem hafa verið settar um borð í fullvinnslutogara hafi ekki verið nýttar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Það hefur verið fullyrt í þeirri skýrslu sem kemur fram með frv. að mjölvinnslur um borð í togurum hafa ekki verið nýttar þó þær væru þar vegna þess að menn teldu það ekki hagkvæmt. Og þar hefur verið tilgreint í mínu eyru (Forseti hringir.) eitt skip sem heitir Guðbjörgin. Ég hringdi í skipverja á því skipi og spurði hvort þetta væri rétt og mér var tjáð að það væri rangt. Þeir hefðu alltaf notað vinnsluna þegar á þurfti að halda, alltaf. Og (Forseti hringir.) fullyrðingar sem koma frá hagsmunaaðilum.

(**Forseti** (GÁS): Tíminn er liðinn.)

Ég mundi segja að þær fullyrðingar væru mjög vafasamar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti áréttar að tíminn er ein mínúta.)

[19:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók dæmin um ost og grjót sem hlut sem allir vissu að væru engin verðmæti og þess vegna væri honum hent. Það liggur fyrir eins og ég sagði áðan að auðvitað mun útgerð nýta sér allt sem hún fær úr hafinu ef hún hefur til þess möguleika. Verð á mjöli og lýsi er breytilegt fram og til baka. Það getur komið sá tími að það sé svo hátt verð á mjöli að það borgaði sig að hafa verksmiðjuna um borð. Þá munu menn líka setja verksmiðjuna um borð í þessi skip enda ekkert nýtt. Það var fyrst sett verksmiðja um borð í nýsköpunartogara 1950. Það var Gylfi BA sem kom þá með mjölverksmiðju. Því var hætt af því það borgaði sig ekki. Þess vegna erum við eindregnir á þeirri skoðun að það hljóti að vera og útgerðin sjálf sem dæmir um það hvort þetta er hagkvæmt eða ekki. Ekki stjórnvöld, ekki þeir sem setja lögin.

[19:16]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í síðustu orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar kom einmitt fram það sem er mergurinn málsins í þessu öllu saman í málinu. Það eru útgerðarmennirnir sem eiga að ráða þessu. Það hefur verið reynt að benda á það í ræðum að ýmis önnur rök skipta máli, hv. þm., en hagkvæmnisrökin. Peningar eru bara ekki allt í þessu máli og málið er ekki eins einfalt eins og hv. þm. stillir því upp. Hér var komið inn á það áðan að þetta snerist líka um umgengni við auðlindir sjávarins og hv. þm. hlýtur að skilja að án réttrar umgengni við auðlindirnar verður lítið af peningum sem koma upp úr sjónum. Ég velti því fyrir mér hvort nægilega hafi verið staðið að því að kanna hvort að þetta væri rétta umgengnin við auðlindir sjávarins. Ég fór yfir listann, sem mér var bent á að væri aftast um þá sem hefðu komið á fund nefndarinnar, og þar eru þessir allir sem eru einróma um að það saki ekki að henda þessu um borð og ég sakna þar ákveðins aðila. Þetta eru fyrst og fremst hagsmunasamtök í sjávarútvegi, einir fimm frá LÍÚ og tveir frá Sjómannasambandinu, það eru fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, SR-mjöli o.s.frv. og skipstjórar fullvinnsluskipa. Af hverju er t.d. ekki leitað eftir áliti Líffræðistofnunar Háskólans, Náttúrfræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, svo dæmi séu tekin, um þennan veigamikla þátt í málinu? Ef þessi þáttur skiptir máli, sem er þó viðurkennt í skýrslu nefndarinnar, af hverju í ósköpunum er þá nefndaskipanin eins og hún er? Af hverju eru þar ekki fulltrúar sem eiga að gæta þessara hagsmuna og tryggja að það sé nægilega vel gengið frá þessum málum? Þetta er stórmál. Mér heyrist á ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar frumvarpshöfundar kristallast þau sjónarmið sem við höfum verið að gagnrýna og vara við; að þetta sé einkamál útgerðarinnar, eingöngu byggt á hagkvæmnisrökum en ekki hafi nægilega verið staðið að því að kanna hvort með þessu væri ógnað lífríki hafsins.

[19:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það kemur í ljós að nefndin hefur ekki nægilega gætt að því hvort lífríki hafsins væri verndað með þessu, hvort verið væri gera eitthvað á hluta náttúrunnar, er sjálfsagt að benda hv. sjútvn. á það. Henni ber að fara í gegnum það. Það er enginn vandi og það er eðlilegt að það komi þá ef eitthvað vantaði upp á það að þeirra sjónarmiða, sem kunna að vera til staðar, hafi verið leitað þá er hægt að gera það í meðförum þingsins. Það er eðlilegt að þingið geri það. Ég ítreka það að við töldum okkur hafa um það vitnisburð allra að það væri engin vitneskja um að það mundi valda mengun það sem væri hent frá skipum. Sé það rangt hjá okkur þá kemur bara annað í ljós og þá skulum við skoða málið upp á nýtt því að þá eru náttúrlega þau rök sem ég færði fram áðan ekki gild en meðan þau koma ekki fram og á meðan ég veit engan halda því fram og enginn hefur bent á það að svo sé þá held ég mig fyrri röksemdarfærslu. Auðvitað verð ég að beygja mig fyrir því ef við höfum fengið rangar upplýsingar en þá verða þær að koma í ljós.

Herra forseti. Ég lít þannig á að þegar við erum að láta í hafið krossfisk frekar en einhvern annan fisk þá sé það ekki spurning um siðferði. Við erum að reyna að veiða til þess að hafa því tekjur, ekki til annars og ef við höfum engar tekjur af því þá hendum við því. Það er hin eðlilega, mannlega hegðun.

[19:20]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er hægt að laga ýmislegt í meðförum nefnda, að sjálfsögðu er það hægt, sem betur fer er það sú aðferð sem við höfum í þinginu til þess að laga svona galla á málsmeðferð eins og mér sýnist hafa komið fram hér. Mér fannst hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ekki mótmæla því harðlega. Kannski hefur ekki verið leitað nægilega vel eftir áliti þessara aðila. Að sjálfsögðu er það á ábyrgð stjórnarinnar, ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. sem leggur þetta frv. fram að tryggja ekki betur þennan veigamikla þátt í málinu. Það hefði m.a. mátt gera eins og ég benti á áðan með því að hafa meiri breidd í nefndinni sem vinnur skýrsluna, meiri breidd manna sem þekkja betur til þessara mála en þeir ágætu menn annars sem þarna eru. Hópurinn er ansi einlitur og ekki til þess fallinn að tryggja að sérstaklega sé gætt að þessu sjónarmiði.

[19:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meðan ekki koma fram rökstuddar niðurstöður um það að úrkast í hafið valdi spjöllum er ekki ástæða til þess að líta þannig á að svo sé. Þess vegna er rétt að bíða þess ef einhver kann að vera með þá vitneskju. Við reyndum það og við fengum þær upplýsingar að svo væri ekki enda er mér nær að halda að það geti ekki verið. Það liggur í augum uppi að það væri fyrir löngu, löngu komið í ljós ef svo væri. Við vitum að milljónir tonna af loðnu deyja við botninn á hverju einasta vori og veldur engri mengun. Ég trúi því ekki að nein hætta sé fólgin í þessu. En það er sjálfsagt að taka undir það og ég veit að formaður sjútvn. mun gera það þegar til hans kasta kemur að leita álits sem flestra líffræðinga á málinu.

[19:22]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé óþarfi að gera lítið úr því að fjárfesting þurfi að borga sig. Ég tel þvert á móti að við höfum alls ekki gætt nægilega að því hér á Íslandi að fjárfesting borgi sig. Hins vegar verða menn að gæta fleiri sjónarmiða og það kemur fram í frv. að það eigi að byggja á þeim lögum sem eru í gildi um umgengni um auðlindir sjávar. Þar er fyrsta boðorðið að allur fiskur skuli koma að landi. Það er ekki flóknara en svo. Hins vegar eru samkvæmt frv. sem sjútvn. er að vinna með gefnir ákveðnir afslættir

þar á. Þeir afslættir sem þar eru eru ekki hafnir yfir efa. Það kom til umræðu hér þegar það frv. var til 1. umr. Þá voru sett ákveðin spurningarmerki við þær undantekningar sem voru í því frv. varðandi það hvað þyrfti þá ekki að koma með ef allur fiskur á að koma að landi. Svo er það þetta: Hvað eru verðmæti? Það fer auðvitað dálítið eftir því um hvað menn eru að fjalla og hvort það er markaður fyrir. Við höfum oft farið yfir það og ég hef margoft nefnt til sögunnar ýmislegt af því sem einu sinni var ekki talið verðmæti en er nú verðmæti. Við getum tekið grálúðu sem dæmi. Þegar hún kom í rækjutroll áður fyrr var henni fleygt því að hún var ekki talin verðmæti. Nú er slegist um þennan fisk og hann er að verða uppurinn á Íslandsmiðum. Humar var ekki talinn verðmæti einu sinni, honum var hent. Ég tel að fiskmarkaðir hafi gjörbreytt þessari stöðu þannig að það sé mjög einfalt að skylda fiskiskipaflotann til að koma með allan fisk að landi vegna þess að við vitum í rauninni ekki hvað eru verðmæti fyrr en á það er látið reyna og við eigum þann möguleika núna í gegnum fiskmarkaðina.

Síðan vil ég endilega koma að sérstöku áhugamáli mínu. Það eru líklega 12 ár síðan ég varð mikill áhangandi þeirrar hugmyndar að ef útgerðin ekki treystir sér til að hirða að leyfa þá sjómönnunum að eiga. Það getur vel verið að þó að sjómennirnir hafi ekki hag af því að vinna tiltekna tegund um borð eða gera úr henni verðmæti ef þeir eiga að búa við hlutaskiptakerfið þá geti hún verið þeim verðmæti ef þeir fá að eiga hana einir. Ég hef mælt fyrir þáltill. á hinu háa Alþingi sem lýtur í þá átt að sjómennirnir fái að eiga aukaaflann og ég ætla bara að endurtaka það hér að mér finnst sjálfsagt að menn skoði þann möguleika til þess að tryggja það enn frekar að það komi þá allt að landi sem getur mögulega verið verðmæti.

[19:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um í hverju andmælin voru fólgin. (Gripið fram í.) Nú, voru þetta kannski ekki andmæli. Það var þá ekki verra, herra forseti, en ég vil benda á það að þetta tilheyrði sjómannasamningum sem hv. þm. var að ræða um áðan. Þetta eru samningar sjómanna við útvegsmenn. Ég get bent á að þess eru dæmi að það sé löng hefð fyrir því að sjómenn njóti einir ákveðins afla. Ég þekki það í langan aldur t.d. gagnvart hákarli og ýmsu fleiru. (Gripið fram í.) Já, já, þetta er alþekkt og er ekki nýtt að þessu leyti en þetta kemur náttúrlega til kasta samningsaðila um kaup og kjör sjómanna og þess vegna kannski rétt og ágæt ábending.

[19:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Aðdragandi þessa máls er skondinn og speglast í þeirri staðreynd að í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að í þessa nefnd sem við höfum rætt um hafi sjútvrh. skipað með bréfi 20. júlí 1990. Frv. er í stíl við þetta og hið efnislega innihald þess vegna þess er að öðrum þræði rugl alveg eins og þetta ártal í grg. sem er líka tómt rugl. Við vitum að þá var hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ekki einu sinni orðinn þingmaður þó að ljóst sé að hann eigi eftir að vera þingmaður afskaplega lengi. En ég verð samt sem áður að segja það að margar ræður hef ég hlýtt á frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Sumar hafa verið miðlungi góðar, sumar mjög góðar en sú sem hann flutti áðan var firnavond. Hann er hins vegar svo vel af guði gerður að hann kann að skammast sín og ég fann að það bólaði á djúpri iðrun einhvers staðar í sálarkimum hans vegna þess að hann veit að svona eiga menn ekki að starfa. Ef hæstv. ráðherra, Þorsteinn Pálsson, væri samgrh. og þyrfti að setja niður nefnd sem skipti verulega miklu máli fyrir flugmál og afkomu flugfélaga mundi þá nokkurn tímann þýða fyrir hann að reyna að setja niður fimm manna nefnd þar sem þrír fulltrúanna væri úr stjórn Flugleiða? Aldrei. Hann yrði kaghýddur og hrakinn úr embætti. En hérna er um að ræða nefnd sem er skyld slíkum hugarburði. Þar er fimm manna nefnd og þar eru þrír þingmenn í henni sem allir tengjast með einum eða öðrum hætti útgerð. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur lýst því hversu mikil vinátta ríkir með honum og stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna og sjálfur er hann útvegsmaður. Mér er ekki kunnugt um það hvort hann hefur beinna hagsmuna að gæta í tengslum við þetta en ef svo er segi ég hiklaust: Þá er hann fullkomlega óhæfur til þess að sitja í slíkri nefnd og gera tillögur um þetta mál. Ég held ég fari ekki með rangt mál þegar ég segi að tveir hv. þm., Vilhjálmur Egilsson og Stefán Guðmundsson, sitji í stjórnum stórra útgerðarfyrirtækja þar sem eru nokkuð mörg stór skip, sem fara á fjarlægð mið, og hefðu þurft að hirða allan afla samkvæmt lögunum frá 1992. Mér finnst ekki með nokkru móti hægt að bjóða fólki upp á, þingheim né þjóðinni, að verið sé að leggja fram frv. sem menn sem eru hreinir hagsmunaaðilar semja. Það bara gengur ekki. Slík vinnubrögð eru engum bjóðandi. Eitt er það þó að hæstv. ráðherra búi til nefnd sem er skipuð vinum hans úr stjórnarliðinu en auðvitað hefði niðurstaðan orðið öll önnur ef nefndin hefði ekki verið svona einlit. Það er engin spurning um að hún hefði verið talsvert frábrugðin þessari ef þarna hefði ekki verið meiri hluti hagsmunaaðila. Það gagnrýni ég harkalega og ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar var vond. Með svolítilli afbökun má draga hana saman í eftirfarandi fullyrðingu: Ég er kapítalisti, þess vegna fleygi ég fiski. Hv. þm. sagði auðvitað er ekki komið með neitt að landi nema sem við græðum almennilega á. Ef sú fullyrðing er rétt og sá andi hinn rétti sem birtist í ræðu þingmannsins. þá komum við fyrst og fremst með það að landi sem við græðum mest á. Hvað er það sem við viljum græða mest á í dag? Er það ekki stór þorskur? Eigum við þá ekki að henda smærri þorskinum? Hvernig er með þessi skip sem fullvinna aflann um borð fjarri ströndum landsins? Ja, vélarnar eru tiltölulega einhæfar, þær geta bara tekið ákveðið stærðarbil. Hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nokkru sinni heyrt sjómenn staðhæfa að það sé ekki bara hent litlum fiski heldur líka stórum fiski um borð í þessum togurum af því að vélarnar geta ekki tekið fisk nema á ákveðnu stærðarbili? Ég er alveg sannfærður um það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur oft heyrt það. Ég man ekki betur en einhvern tímann hafi verið haft eftir honum þegar hann var að gagnrýna núverandi fiskveiðistefnu og útreikninga Hafrannsóknastofnunar að tugum þúsunda af þorski væri fleygt í hafið einmitt út af þessu.

Herra forseti. Mér þykir sem þessum glæsilega eldhuga að vestan, sem alla jafna er hér með skemmtilega rökfræðilega leikfimi, sé nú brugðið. Það er ekkert vit í þessu. Ég ætla ekki að halda því fram sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði áðan að af þessu stafaði mengun en athugasemdir hennar voru alveg lögmætar. Það er eðlilegt að menn spyrji sig þessarar spurningar. Ég tek fram að ég tel að svo sé ekki. Hins vegar þegar þingmenn líta yfir listann sem segir hvaða aðilar hafi komið á fund nefndarinnar þá eru þar ekki

margir sem geta sagt eitthvað um það hvernig bakteríur éta upp fiskileifar. Benedikt Valsson hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hefur ekki hundsvit á bakteríum og ekki heldur Sveinn Jónsson. Mér þykir þetta því ekki góður málstaður og ítreka það aftur að það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á það að hér kemur fram frv. sem hefur þrjár aðaltillögur og tvær þeirra miða alveg klárlega að því að draga úr rekstrarkostnaði stórútgerðarinnar og það eru fulltrúar útgerðarinnar sem skipa meiri hluta nefndarinnar sem leggur málið fram. Svona vinna menn ekki á Alþingi Íslendinga í dag. Þetta gekk kannski fyrir 25 árum en ekki í dag.

[19:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi á ég engan frystitogara og ég er ekki beinn aðili að neinni slíkri útgerð. Í öðru lagi eru það ekki rök, herra forseti, þegar menn verða rökþrota að koma hér upp og segja að einhver góð ræða hafi verið vond. (**ÖS:** Var hún góð?) Ef að við förum í þetta fiskveiðistjórnunarkerfi hefði ég haldið því fram oftar en hv. þm. að galli kerfisins er sóun. Galli kerfisins er fyrst og fremst sóun. Fiski er hent, það veit ég mjög vel og ég hef oftar en flestir aðrir bent á það. Þá er spurningin: Stór fiskur, meðalstór eða lítill. Sé ekki ástæða eða efni eða einhver þau rök fyrir því að hann skuli ekki unninn stöndum við frammi fyrir því að henda honum fyrir borð eða henda honum í mjölkvörn. Báðir kostirnir eru mjög vondir. Það er mjög vont ef fiski er hent. En hverju eru menn bættari ef þeir taka fisk í staðinn fyrir að henda honum fyrir borð að henda honum í mjölkorn ef það er fyrirsjáanlegur taprekstur fyrir þjóðarbúið í heild og viðkomandi útgerð? Hverju eru menn bættari? Svarið mér því. Það er skelfilegt að henda fiski, ég er alveg sammála því. Erum við bættari með því að henda honum í mjölkvörn en að henda honum fyrir borð ef við töpum á mjölinu? Svarið mér því.

[19:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er með eindæmum merkilegur ræðumaður. Enda þótt ég hafi ekki mikið vit á fimleikum þá minnir mig að þar sé eitt stökk sem heitir að hoppa í gegnum sjálfan sig. Það bragð lék hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hérna áðan. Hann kemur hingað og segir: Ég hef haldið miklu fleiri ræður en Össur Skarphéðinsson um það hvað það er mikil sóun fólgin í fiskveiðikerfinu en svo kemur hann og leggur fram tillögur sem leiða til enn meiri sóunar. Hvers konar málflutningur er þetta? Þessi málflutningur er ekki bjóðandi Sjálfstfl., hann er allra síst bjóðandi hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og hann á ekki að kveðja sér hljóðs aftur vegna þess að hann talar ekki af viti hér í kvöld. Það skilur hann enginn nema hinir framliðnu. En svo vill til, herra forseti, að ég er núna að fara á fund hjá Sálarrannsóknafélaginu þar sem ég á að halda ræðu og ég býð hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að koma þar. Þá getur hann reynt að spjalla þar um þessar röksemdir sínar við draugana.

[19:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg til í að þiggja þetta boð enda hef ég hingað til haldið mig við mannheima en ekki eins og sumir að vera meira með hinum framliðnu. Það liggur algjörlega fyrir að ef fiski er hent þá er það mikið tjón. Það er mikið tjón. Hver ætlar að sýna mér fram á að fiskinum sé betur komið í mjölkvörn þar sem við töpum á honum en í hafinu? Reynið þið það. Segið þið svo að þið skiljið ekkert af því að þið eruð rökvana. Það er bara verið að koma í veg fyrir milljarða kostnað. Þið reynið að vera á móti þessu bara af því að ykkur finnst að þið eigið að vera á móti þessu. Þið kunnið engin rök fyrir því á nokkurn hátt. Þið ætlið kannski að sefa samviskuna af því með því að það væri í lagi að henda fiskinum af því honum væri hent í mjölkvörn. Er það kannski svarið?

[19:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg greinilegt að sá sem endanlega er lentur í mjölkvörninni er ekki hinn dauði vestfirski þorskur heldur er það hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég hef aldrei fyrr lent í því að hlusta á eldheita ræðu hjá manni sem segir: Ég er á móti sóuninni og þess vegna legg ég til meiri sóun. Ég viðurkenni það, forseti, (**EOK:** Minni.) að ég er bara þingmaður með slaka meðalgreind og ég játa mig sigraðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. SJS og KHG, 416. mál (heildarafli þorsks, úrelding nótaskipa o.fl.). — Þskj. 740.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–18. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

118. FUNDUR

mánudaginn 15. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Lögreglulög, stjfrv., 451. mál, þskj. 783. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 450. mál, þskj. 782. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umferðarlög, stjfrv., 463. mál, þskj. 798. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 437. mál, þskj. 769. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 436. mál, þskj. 768. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 469. mál, þskj. 804. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Stjórn fiskveiða, frv., 416. mál, þskj. 740. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Schengen-samstarfið, skýrsla, 477. mál, þskj. 821.
11. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720. — 1. umr.
12. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799. — 1. umr.
13. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 465. mál, þskj. 800. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Minning Björns Pálssonar.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Björn Pálsson, fyrrverandi alþingismaður og bóndi, andaðist á Héraðshælinu á Blönduósi fimmtudaginn 11. apríl. Hann var níutíu og eins árs að aldri. Björn Pálsson var fæddur 25. febrúar 1905 á Snæringsstöðum í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru hjónin Páll Hannesson bóndi og Guðrún Björnsdóttir húsmóðir. Hann fluttist á barnsaldri með foreldrum sínum að Guðlaugsstöðum í Svínavatnshreppi og ólst þar upp við sveitastörf fram á fullorðinsaldur. Hann lauk búfræðiprófi í Bændaskólanum á Hólum vorið 1923 eftir tveggja vetra nám, innritaðist í eldri deild Samvinnuskólans í Reykjavík 1924 og lauk þar burtfararprófi vorið 1925. Veturinn 1927–1928 var hann við nám í Voss í Noregi og ferðaðist um Noreg og Danmörku. Haustið 1928 fór hann á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga til Nýja-Sjálands til að kynna sér flokkun og meðferð á frystu lambakjöti. Á heimleið kom hann við í Ástralíu, ferðaðist þar um og kynnti sér meðal annars sauðfjárbúskap. Hann kom heim sumarið 1929 og ferðaðist um haustið milli frystihúsa. Næstu árin vann hann á haustin við kjötmat víða um land. Árið 1930 hóf hann búskap á Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi. Árið 1979 dró hann úr búrekstri og eftir það bjuggu synir hans með honum á jarðeigninni. Á árunum 1982–1985 dvaldist hann í Reykjavík, en fluttist aftur norður og hafði fjárbú þangað til hann átti skammt í nírætt. Jafnframt búskap var hann kaupfélagsstjóri á Skagaströnd 1955–1960. Um þær mundir hófst hann handa um útgerð, stofnaði útgerðarfélagið Húnvetning 1957 og Húna 1962. Útgerðina rak hann allmörg ár.

Björn Pálsson var oddviti Svínavatnshrepps 1934–1958 og sýslunefndarmaður 1946–1958. Hann var árum saman í stjórn Kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi og Sláturfélags Austur-Húnvetninga, en lét af þeim störfum þegar hann varð kaupfélagsstjóri á Skagaströnd. Vorið 1959 var hann í framboði fyrir Framsóknarflokkinn við alþingiskosningarnar í Austur-Húnavatnssýslu og náði kjöri. Frá hausti 1959 til vors 1974 var hann þingmaður Norðurlandskjördæmis vestra. Hann nálgaðist sjötugt og gaf ekki lengur kost á sér til þingmennsku, hafði setið á 16 þingum alls. Á árinu 1963 sat hann fund Þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsríkjanna í París.

Björn Pálsson var af dugmiklum húnvetnskum fjárbændum kominn í báðar ættir. Í frændgarði hans voru auk bænda þjóðkunnir lærdóms- og vísindamenn. Honum var létt um nám, en hann stefndi frá æskuárum að búskap í sveit, nám hans hér og dvöl hans erlendis beindist í þá átt. Hann var um áratugi umsvifamikill stórbóndi, fékkst þó við sitthvað annað jafnhliða. Honum var ekki eiginlegt að fara troðnar slóðir í búskap og þjóðmálum, myndaði sér sjálfur skoðanir. Í viðtali kvaðst hann snemma hafa orðið uppivöðslusamur og stríðinn, stundum hrekkjóttur, en alltaf glaðlyndur, eins og hann orðaði það. Í heimahéraði stóð hann oft í málaferlum og hafði stundum gaman af. Á Alþingi hafði hann ekki alltaf samstöðu með flokksbræðrum sínum í afstöðu til mála. Hann var mælskur maður, flutti ræður sínar blaðalaust, kryddaði þær gamanyrðum til að vekja athygli. Á gamalsaldri rifjaði hann upp ýmislegt úr æviferli sínum, sagði fyrir og Gylfi Gröndal skráði á bók. „Skapgerð mín er þannig að ég get haft ánægju af flestu, sem ég geri; gæfan í lífinu byggist að miklu leyti á þeim gullvæga eiginleika," sagði Björn. Hann sagði einnig: „Ég hef lifað mér til gamans." Það er heiti bókarinnar.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að minnast Björns Pálssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[15:07]

Útbýting þingskjals:

Málefni Neyðarlínunnar hf., 478. mál, beiðni LB o.fl. um skýrslu, þskj. 822.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[15:07]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna að utandagskrárumræða fer fram á

eftir þegar tekinn hefur verið fyrir 2. liður dagskrárinnar, fyrirspurnir til ráðherra, og atkvæðagreiðslum er lokið um 3. til og með 9. dagskrármál. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Málshefjandi er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hæstv. sjútvrh. verður til andsvara.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fæðingarorlof.

[15:08]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Eitt af óvissuatriðunum sem tengjast því frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem er til meðferðar í þinginu er hvernig ríkisstjórnin fyrirhugar að hafa skipan á fæðingarorlofi í landinu. Gefið er skýrt til kynna í athugasemdum við 12. gr. þess frv. að allir nýir ríkisstarfsmenn sem ekki eru embættismenn fari undir Tryggingastofnun samkvæmt lögum frá árinu 1993. Þetta yrði veruleg kjaraskerðing frá því sem nú er fyrir ríkisstarfsmenn. Þar sem ekki er að finna orð um þetta í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og heilbrrh. hefur skipað nefnd til að endurskoða lög um fæðingarorlof, vil ég spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Hvenær mun umrædd nefnd ljúka störfum?

2. Eru forsendur nefndarinnar í samræmi við þau áform sem birtast í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

3. Stendur kannski til að lengja fæðingarorlofið og að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs?

4. Er Ingibjörg Pálmadóttir, hæstv. heilbrrh., sátt við þessa stefnu sem kemur fram í áðurnefndu frv. og telur hún líklegt að sú stefna auki líkurnar á því að feður taki fæðingarorlof ef greiðslur í fæðingarorlofi verða töluvert undir launum?

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að það er verið að endurskoða löggjöfina um fæðingarorlof, en nefndin hefur ekki skilað áliti og mun ekki gera á næstu vikum. Það er mikil vinna enn þá óunnin þannig að það er of fljótt að svara þeim fyrirspurnum sem hér eru lagðar fram. Ég vil samt geta þess sérstaklega að í frv. er gert ráð fyrir því að feður fái orlof sem ekki er í dag og það er líka talað um að lengja fæðingarorlofið og þá í þá átt að mæður taki frí allt að einum mánuði fyrir fæðingu. Þetta eru grundvallaratriði í þeim breytingum sem verið er að vinna að.

[15:11]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vek athygli á því að við kvennalistakonur höfum lagt fram þingsályktun þar sem við mælum með að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði og að feður fái þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. En ég vil eindregið vara við þeirri stefnu sem kemur fram í áðurnefndu frv. Það má telja mjög líklegt að ef kjör fólks verða það slæm í fæðingarorlofi eins og þarna kemur fram, þá velji fólk þann kostinn að hætta að eiga börn og viðkoma þjóðarinnar verður álíka og gerist sums staðar í Evrópu, t.d. á Ítalíu og Frakklandi en þar eru næstum því hætt að fæðast börn. Í öðru lagi ef kjör fólks í fæðingarorlofi verða svona léleg, þá má búast við því að í fyrsta lagi verði frekar sá aðilinn sem hefur mjög lág laun, þ.e. mæðurnar, sem taki fæðingarorlofið og í öðru lagi að foreldrar hreinlega nýti ekki fæðingarorlofið og börnin fari strax í gæslu. Það eru ekki góðar uppeldisaðferðir og algjört grundvallaratriði fyrir þroska barna og tengsl að þau fái að vera með foreldrum sínum á fyrsta æviárinu.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það varðandi þessa endurskoðun sem nú fer fram á löggjöfinni um fæðingarorlof að það er verið að bæta kjör foreldra.

Fyrsti vaxtadagur húsbréfa.

[15:13]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. félmrh. með gagnrýni og fyrirspurn hvað varðar vinnureglu Húsnæðisstofnunar um upphafsvaxtadag húsbréfalána.

Þegar kaupandi gerir tilboð í húseign með húsbréfaláni sem byggir á greiðslumati hefur Húsnæðisstofnun ákveðið að upphafsvaxtadagur þess sé dagsetning tilboðs. Það hefur gerst að Húsnæðisstofnun hefur hafnað greiðslumati lánastofnunar og það hefur tekið mánuði, tvo og jafnvel þrjá að fá Húsnæðisstofnun til að viðurkenna greiðslumat. Þannig hefur stofnunin komið í veg fyrir viðskipti í umræddan tíma.

Telur hæstv. félmrh. eðlilegt að vextir í umræddu tilviki séu reiknaðir frá tilboðsdegi og kaupandi greiði þannig vexti af fjármunum sem hann hefur ekki haft afnot af? Í öðru lagi: Er hæstv. félmrh. tilbúinn að beita sér fyrir breytingu á þessari ómaklegu vinnureglu Húsnæðisstofnunar? Og í þriðja lagi: Er ekki eðlilegt að miðað sé við afgreiðsludag húsbréfaláns til kaupenda?

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að menn greiði vexti frá þeim tíma sem fjármunir koma þeim í hendur, ekki frá einhverjum degi í fortíðinni og ég er tilbúinn að beita mér fyrir því við Húsnæðisstofnun að þessum reglum verði breytt. Mér finnst þær vera óvenjulegar og ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli.

[15:15]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. kærlega fyrir svörin. Þau eru á þann veg sem ég mátti vita, að ósanngirni mundi hann leiðrétta.

Lyfið interferon beta við MS-sjúkdómi.

[15:16]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. vegna vals sjúklinga sem fá lyfið interferon beta gegn sjúkdómnum MS. Það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan þau gleðitíðindi bárust að uppgötvast hefði að þetta lyf gæti stöðvað í mjög mörgum tilfellum framþróun þessa hræðilega sjúkdóms. Enn meiri varð fögnuðurinn þegar fréttist að það ætti að verja 30 millj. kr. á þessu ári til að gefa íslenskum

sjúklingum þetta lyf. Mér skilst að það séu aðallega tveir taugalæknar á Íslandi sem hafa meðhöndlað þennan sjúkdóm og þeir gerðu lista yfir þá sjúklinga sem þeir ætluðu að mæla með að fengju lyfið, þ.e. þeir máttu ekki vera komnir í hjólastól og ekki vera spastískir. Þá var talið að lyfið kæmi jafnvel ekki að notum. Þar með var talað við þá sjúklinga sem höfðu verið valdir og vaktar miklar vonir hjá þeim, en svo var þessi endanlegi hópur sjúklinga valinn sem fengu lyfið og þá kemur í ljós að það er ekki nema hluti þess hóps sem læknarnir höfðu mælt með, m.a. voru allir skildir eftir sem voru orðnir fimmtugir. Þetta voru svolítið hörð örlög fyrir það fólk sem horfðist í augu við það að það átti að halda áfram að dofna upp.

Mig langar til að spyrja heilbrrh. um ástæðuna fyrir þessu vali og hvort væntanleg sé einhver endurskoðun á þessu á næstunni.

[15:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Lyfið interferon hefur verið hér á markaðnum í tæpa tvo mánuði. Lyfið hægir á sjúkdómi MS-sjúklinga, ekki þó öllum, því miður. Það er vísindanefnd sem tekur ákvörðun um það hvaða sjúklingar fá þetta lyf og það er viss misskilningur í gangi, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það sé valið eftir aldri. Það er ekki rétt. Það er valið eftir sjúkdómsmynd. Enn þá eru miklar vísindalegar rannsóknir í gangi og þar af leiðandi stöðugt í gangi endurskoðun á því hverjir fá lyfið og það munu allir fá þetta lyf sem talið er að komi þeim að gangi.

[15:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. heilbrrh. Ég vil leyfa mér að efast um það að nefnd, þó að það séu taugalæknar á vegum heilbrrn., sem aldrei hefur séð viðkomandi sjúklinga hafi meira vit á því hverjir þurfa á þessu lyfi að halda og hverjum mundi koma það að gagni heldur en þeir læknar sem hafa annast alla þessa sjúklinga og mælt með því að þeir fengju lyfið.

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Herra forseti. Þessi vinna er öll í samræmi við það sem þeir læknar telja rétt sem hafa með þessa sjúklinga að gera.

Minkalæður handa bændum í Skagafirði.

[15:20]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Mér leikur forvitni á að vita hvort það hafi verið gert í samráði við hæstv. forsrh., sem er yfirmaður Byggðastofnunar, að stjórn Byggðastofnunar hefur nú samþykkt að færa tilgreindum hópi bænda sem búsettir eru í Skagafirði, að gjöf að því er mér skilst, um það bil tíu minkalæður hverjum. Þá langar mig til að vita:

1. Í hvaða tilefni er þessi athyglisverða samþykkt gerð?
2. Hvaða skilyrði þurfa menn að uppfylla til að geta verið þessarar gjafar aðnjótandi önnur en þau að vera búsettir í Skagafirði?
3. Í hvaða tilgangi er verið að gefa mönnum tíu læður?

[15:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Byggðastofnun er ekki rétt eða skylt samkvæmt lögum að bera þess háttar ákvörðun sérstaklega undir mig. Ég er hins vegar sannfærður um það og hef það traust á forráðamönnum stjórnar Byggðastofnunar að þeir muni ekkert gera sem verður stofnuninni eða mér eða ráðuneytinu til minnkunar.

[15:21]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. skýr og ljós svör. Ég er honum líka alveg sammála um að það er honum alls ekki til minnkunar þó að stofnun undir hans stjórn sé að gefa mönnum tíu minkalæður.

Bætur frá Tryggingastofnun.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um reglur og reglugerðir frá heilbr.- og trmrn. Fyrirspurnin er tvíþætt.

Nú er liðið á annan mánuð frá því að bætur úr almannatryggingum voru lækkaðar til þeirra sem samkvæmt mati Tryggingastofnunar geta ekki framfært sig án þeirra, þ.e. frá því að hámarksuppbót var lækkuð til lífeyrisþega með mikinn umönnunar- og lyfjakostnað. Þeir hafa því tvívegis fengið greiddar bætur undir framfærslumörkum. Hæstv. ráðherra lofaði í utandagskrárumræðu að hún hygðist koma til móts við þetta fólk með bættum reglum um endurgreiðslur á læknis- og lyfjakostnaði. Ekkert hefur bólað á nýrri reglugerð um þessar endurbættu reglur þó svo að lífeyrisþegar hafi búið við skertar bætur í tvo mánuði. Því spyr ég: Hvað dvelur orminn langa í ráðuneytinu?

Í öðru lagi spyr ég um ekkjulífeyri eða lengdar dánarbætur. Um áramótin var felldur niður réttur til ekkjulífeyris frá Tryggingastofnun og í staðinn var opnað á heimild fyrir greiðslu dánarbóta í lengri tíma en sex mánuði. Nú eru liðnir rúmir fjórir mánuðir frá því að þessum lögum var breytt en ekki er enn unnt að gefa neinar upplýsingar um það í hvaða sérstöku tilvikum heimilt er að framlengja greiðslu dánarbóta vegna þess að það hafa ekki komið nein fyrirmæli úr heilbr.- og trmrn. um það hver þessi sérstöku tilvik skuli vera. Því spyr ég: Hverjar eru þær sérstöku aðstæður sem geta heimilað framlengdar dánarbætur? Og hversu lengi má búast við því að menn þurfi að bíða eftir þeim reglum sem hér um ræðir?

[15:24]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. kom inn á áðan að reglugerð átti að vera tilbúin um mánaðamót varðandi endurgreiðslu á háum lyfja- og lækniskostnaði. Við höfum verið í samvinnu við hagsmunaaðila, Félag eldri borgara, Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörgu og Þroskahjálp að endurskoða þessa reglugerð og það var að þeirra beiðni sem reglugerðin tók ekki gildi um mánaðamótin. Þeir vildu fá meiri tíma. Hún var tilbúin af hendi ráðuneytisins, en þar sem við erum í samvinnu um þetta verkefni, þá urðum við við þeirri beiðni.

Varðandi annað atriði sem hv. þm. spyr um og snertir ekkjulífeyri og dánarbætur, þá er ljóst að þeir sem eiga rétt á framlengingu dánarbóta eru þeir sem eru með lágar tekjur.

[15:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér finnst mjög athyglisvert það sem hæstv. ráðherra segir að það sé að beiðni Öryrkjabandalagsins og

hagsmunahópa lífeyrisþega að ekki skuli vera breytt þeim reglum sem hér um ræðir, þ.e. endurgreiðslureglum um læknis- og lyfjakostnað því að stór hópur lífeyrisþega hefur búið við skertar greiðslur í tvo mánuði og það er fólkið sem er með mikinn lyfja- og lækniskostnað. Því finnst mér þetta mjög sérkennilegt ef það eru hagsmunahópar sem koma í veg fyrir að þetta fólk fái uppbót á sinn skerta lífeyri.

Ég vil líka vekja athygli á því að þessi niðurskurður og skerðing hjá lífeyrisþegum sem eru undir framfærslumörkum er algjörlega í bága við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem nú situr, ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., þar sem segir að í stefnu ríkisstjórnarinnar sé að sett verði lög um almannatryggingar þar sem réttur þeirra sem raunverulega þurfa á bótum að halda verði tryggari en nú er. En það er nákvæmlega þveröfugt sem er að gerast í þessum málum, þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Lögreglulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 783.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 450. mál (ákæruvald). — Þskj. 782.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 769.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 469. mál. — Þskj. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. SJS og KHG, 416. mál (heildarafli þorsks, úrelding nótaskipa o.fl.). — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Stjórn fiskveiða.

[15:32]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eigi síðar en í dag, þann 15. apríl, skal hæstv. sjútvrh. lögum samkvæmt taka til ákvörðunar hvort til komi viðbótaraflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðaári eða breytingar á fyrri aflaheimildum. Mjög ákveðnar vísbendingar hafa komið fram um að veiðistofn þorsks sé umtalsvert stærri nú heldur en gert var ráð fyrir í síðustu spám Hafrannsóknastofnunar. Sjómenn hafa orðið varir við mikla fiskigengd á miðunum og mikið hefur aflast. Í bráðabirgðatölum frá Hafrannsóknastofnun er það staðfest að veiðistofninn sé í aukningu en endanlega mun niðurstaða ekki liggja fyrir fyrr en í maímánuði nk. Við þessar aðstæður hafa stöðugt orðið háværari raddir manna um að auka beri fiskveiðikvótann, sérstaklega þorskkvótann á yfirstandandi ári. Í þeim umræðum hafa stjórnarþingmenn verið mjög áberandi. Nú upp á síðkastið hafa tjáð sig um þetta hv. þingmenn Kristján Pálsson Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Jónsson, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson og Einar Kristinn Guðfinnsson. Allir hafa þeir látið í ljós hvatningu til hæstv. sjútvrh. um að auka kvótann á yfirstandandi fiskveiðiári.

Í síðasta eintaki af sjómannablaðinu Víkingi voru einnig sömu spurningar lagðar fyrir allflesta þingmenn og þar kom fram að mjög stór hluti þingmanna er þeirrar skoðunar að

þetta skuli gerast. Síðast kom það fram í Morgunblaðinu sl. föstudag að hæstv. forsrh. virðist vera svipaðrar skoðunar og þeir þingmenn sem hér voru nefndir, að það sé eðlilegt og óhætt að gera ráð fyrir nokkuð auknum aflaheimildum á þessu ári sem kæmu þá til móts við aflaheimildaaukningu sem menn vonuðust eftir á næsta ári.

Af þeim þingmönnum sem sérstaklega hafa tjáð sig í þessum málum upp á síðkastið eiga tveir sæti í hv. sjútvn. Þess vegna óskaði ég eftir því að fundur yrði haldinn í sjútvn. í morgun. Þar voru mættir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar til þess að gefa yfirlit yfir bráðabirgðaniðurstöður sínar. Þar kom ýmislegt athyglisvert fram sem ekki gefst tími til að ræða hér en á þessum fundi lagði ég fram tillögu um að hv. sjútvn. skoraði á sjútvrh. að auka aflaheimildir á yfirstandandi ári um allt að 20 þús. tonn og við þá aflaúthlutun yrði tekið sérstakt tillit til vertíðarbáta og ísfisktogara.

Ekki náðist samkomulag í hv. sjútvn. um afgreiðslu þessarar tillögu. Sumir nefndarmenn voru alfarið á móti aukningu aflaheimilda, aðrir töldu að ekki væri ástæða til þess að ályktа um málið þar sem það væri á forræði sjútvrh. En einn þeirra þingmanna sem áður hafði tjáð sig, hv. þm. Hjálmar Árnason, tók undir tillöguna og kvaðst geta stutt hana. Hinn sjávarútvegsnefndarmaðurinn sem einnig hefur tjáð sig, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, var ekki mættur til fundarins, mun ekki hafa fengið fundarboð, en formaður bar þau skilaboð frá honum að hann væri andvígur tillögunni.

Virðulegi forseti. Ég tel að full ástæða sé til að alþingismönnum gefist nú kostur á því að láta í ljós álit sitt héðan úr ræðustóli Alþingis áður en hæstv. sjútvrh. tekur sína ákvörðun. Það mun hann ekki gera fyrr en að þessari umræðu lokinni. Til þess að gera langt mál stutt vil ég skýra frá mínu áliti.

Ég tel að sjútvrh. eigi að auka aflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári í þorski um allt að 20 þús. tonn. Við þá aukningu verði skoðað með hvaða hætti megi koma til móts við vertíðarbáta og ísfiskflotann þannig að það gerist ekki að sú viðbótarúthlutun endi að verulegu leyti í kvótabraski með því að lenda hjá skipum sem ekki veiða kvóta sinn heldur leigja hann eða selja til annarra fiskiskipa.

Ég tel einnig koma mjög til skoðunar að draga nokkuð í land með fyrri ákvarðanir kvóta í grálúðu og ýsu og er það í samræmi við afstöðu sjómanna í þeim efnum.

Ég tel nauðsynlegt að þessi umræða fari fram á Alþingi áður en hæstv. sjútvrh. tekur ákvörðun sína svo að þingmönnum sem hafa verið að tjá sig í blöðum og annars staðar en hér á Alþingi gefist tækifæri til þess að leyfa honum að heyra sitt álit þannig að það liggi alveg ljóst fyrir hvaða stjórnarliðar það eru og hversu öflugir þeir eru sem hafa haft uppi þau rök að nú beri að auka við aflaheimildirnar og það sem kannski skiptir enn þá meira máli, að hve miklu leyti hæstv. sjútvrh. vill taka mark á orðum þeirra.

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Gildandi ákvörðun um hámarksafla í þorski er byggð á svonefndri veiðireglu sem ríkisstjórnin ákvað í fyrravor og er hin pólitíska stefnumörkun um það á hvaða hátt við ætlum að hafa sem mestan afrakstur af þorskstofninum til lengri tíma. Reglan felur það í sér að leyfa veiði sem nemur 25% af veiðistofninum á hverju ári. Þarna til grundvallar liggur mat Þjóðhagsstofnunar og Hafrannsóknastofnunar um það að með slíkri veiðireglu fáum við hámarksafrakstur af þorskveiðunum til lengri tíma litið.

Bráðabirgðaendurmat Hafrannsóknastofnunar á þorskstofninum sem birt hefur verið sýnir að stofninn er að styrkjast. Það er í samræmi við fyrri spár stofnunarinnar og í samræmi við reynslu sjómanna á þessum vetri. Þessi styrking stofnsins kemur fyrst og fremst fram í því að fiskarnir eru þyngri en áður, viðkoman hefur ekki batnað að sama skapi og það er að verulegu leyti einn árgangur sem sker sig úr, en aðrir eru því miður í langri röð enn lélegir.

Þessi niðurstaða sýnir líka að það gólf sem við settum í aflaregluna upp á 155 þús. lestir var réttlætanlegt. Þessi niðurstaða sýnir líka að það er óhætt að geyma fisk í sjónum. Aðstæður nærri sjónum eru þannig að fiskurinn vex, stofninn styrkist og við getum vænst þess að fá meiri verðmæti út úr veiðinni með þeim hætti. Sjórinn er að greiða um þessar mundir hærri vexti en bankarnir gera.

Það kemur líka í ljós við þessa athugun að þau sjónarmið bátasjómanna sem lengi hafa verið uppi, að það væri mikilvægt við fiskveiðistjórnunina að hafa hemil á veiðinni þar sem uppeldisstöðvarnar eru, að beina veiðinni frá smáfiskaveiði, eru að skila árangri. Veiði fyrir vestan og norðan hefur minnkað mjög mikið og samhliða almennum aflatakmörkunum eru þessar ráðstafanir að skila sér í stærri stofni, eldri fiski og þyngri fiski sem er uppfylling á þeim viðhorfum sem bátasjómenn hafa verið að berjast fyrir árum saman og þeir munu uppskera í samræmi við gildandi veiðistjórnunarreglur.

Það þarf vitaskuld mjög ríkar ástæður til þess að gera breytingar á miðju fiskveiðiári. Flestir hafa skipulagt veiðar sínar með tilliti til upphaflegrar ákvörðunar. Ég hef leitað eftir áliti helstu hagsmunasamtaka sjómanna og útvegsmanna. Niðurstaða þeirra er sú að Landssamband smábátaeigenda og Farmanna- og fiskimannasambandið leggja til að aflinn verði aukinn við þessar aðstæður. Reyndar lá slíkt álit fyrir af hálfu þessara samtaka áður en niðurstaða Hafrannsóknastofnunar kom um bráðabirgðaendurmatið. Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélagið og Landssamband íslenskra útvegsmanna vilja á hinn bóginn halda fast við gildandi aflareglu og vilja ekki breyta heildaraflamarkinu á miðju fiskveiðiári.

Ég hef hlustað á ólík rök og sjónarmið sem fram hafa komið í þessu efni og vissulega eru mörg þeirra umhugsunarverð og umræðuverð og engan veginn á þann veg að öll sjónarmið sem sett hafa verið fram, til að mynda varðandi hækkun, séu ógild. Þvert á móti er nauðsynlegt að ræða þessi málefni, ekki síst í ljósi þess að við erum augljóslega að ná árangri á grundvelli þeirrar fiskveiðistjórnunar sem við höfum fylgt. Á hinn bóginn sýnast mér þau rök þyngri af þeim sem fram hafa komið sem mæla með því að við fylgjum settum ákvörðunum og þeirri aflareglu sem við höfum tekið ákvörðun um að byggja veiðarnar á, enda bendir nú flest til þess að við séum að uppskera árangur af því starfi sem við höfum byggt á þeim sjónarmiðum.

[15:43]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa að 13 hv. þingmenn hafa kvatt sér hljóðs auk málshefjanda og hæstv. ráðherra sem gert er ráð fyrir að tali einnig í lokin. Ef allir nýta sér sinn fyllsta rétt að tala í tvær mínútur og aðeins eina ræðu, þá erum við komnir nokkuð fram yfir leyfilegan tíma og forseti biður því hv. þingmenn um að reyna að stytta mál sitt sem mest þeir mega þannig að allir geti komist að. Annars ganga einhverjir af.

[15:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Allar ákvarðanir sem varða hámark á veiði úr okkar mikilvægustu fiskstofnum eru þýðingarmiklar. Það er því ábyrgðarhlutur að ganga þar lengra heldur en rök standa til um. Og okkur ber varðandi okkar meginfjöregg, ekki síst varðandi þorskstofninn, að vera varúðarmegin þegar ákvarðanir eru teknar um hámarksafla.

Sú samþykkt sem ríkisstjórnin gerði eftir síðustu kosningar, og ekki var þá sérstaklega mótmælt af stjórnarþingmönnum að mig minnir, miðaði við að tekið yrði ákveðið hlutfall, 25% að jafnaði, úr veiðistofni. Mér finnst eftir atvikum að þar hafi verið skynsamlega að máli staðið þó alltaf megi deila um nákvæma prósentutölu í þessu sambandi. Á undan hafði farið fram veruleg vinna í þessum málum.

Nú hefur það hins vegar gerst að einn stjórnarþingmaður af öðrum hefur gengið fram og yfirboðið hver annan með áskorunum á hæstv. sjútvrh. að auka aflahlutdeild í þorski á þessu fiskveiðiári. Ég er þeirrar skoðunar að ekki liggi fyrir fullnægjandi rök til þess að auka veiðar úr þorskstofninum og engin áhætta sé tekin með því að bíða til næsta fiskveiðiárs með að taka nýjar ákvarðanir í þessum efnum. Auðvitað er það svo að rekstrarskilyrði fiskvinnslu í landinu eru víða nánast á heljarþröm. Í öllu falli stendur fiskvinnslan víða mjög illa og af þeim sökum væri auðvitað mjög æskilegt að taka ákvörðun. En við megum ekki láta slíkt ráða ferðinni í þessum efnum. Þess vegna er ég ánægður að heyra hæstv. sjútvrh. mæla fyrir því að kvika ekki frá áður tekinni ákvörðun um hámarksafla og vænti að sú ákvörðun hans standi.

[15:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ekki er liðið ár frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ákvað 25% aflaregluna, þó með gólf upp á 155 þús. tonn sem við njótum í ár vegna þess að aflareglan hefði í upphafi fiskveiðiársins ekki gefið okkur svo mikið miðað við niðurstöðu vísindamanna.

Sú niðurstaða sem vísindamenn kynna okkur nú segir að miðað við 25% aflaregluna, stefnu ríkisstjórnarinnar, þá sé í lagi að taka þessi sömu 155 þús. tonn og það liggur fyrir, m.a. vegna umframveiði smábáta og vegna geymslu aflaheimilda milli ára að veiðin muni nálgast 170 þús. tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Samt er verið að tala um, aðallega af hálfu stjórnarliða, að hætta að fara eftir reglunni áður en hún hefur verið í gildi í eitt ár, svo að segja áður en á hana hefur reynt.

Sama á við varðandi Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þar breyttum við lögum fyrir síðustu jól til að örva úreldingu smábáta, en ekki líða nema þrír mánuðir og þá er öllum forsendum kollvarpað með því lagafrv. um stjórn fiskveiða, smábátafrv., sem ráðherra mælti fyrir á föstudaginn. Eru þetta þau vinnubrögð við stjórnun fiskveiða sem stjórnarliðar ýmsir telja líklegust til að skapa festu í umgjörð greinarinnar?

Hvað varðar það mál sem hér er nú í brennidepli, þá byggjum við, og við tókum ákvörðun um það fyrir löngu síðan, ákvarðanir um aflamark á tilteknum vísindalegum niðurstöðum. Í þeim vísindum eru sannarlega ýmis vafaatriði og menn greinir á um og menn geta tekist á um. En niðurstaða okkar í þingflokki Þjóðvaka er sú að það eigi að láta framtíðina og náttúruna njóta þess vafa sem nú er.

Það eru stórkostleg tíðindi að þorskstofninn skuli vera að styrkjast, að bæði vísindamenn og sjómenn geti verið sammála um þá niðurstöðu. En það er langt liðið á þetta fiskveiðiár. Það eru einungis fjórir og hálfur mánuður þar til nýtt fiskveiðiár hefst. Þá skulum við taka nýja ákvörðun. Þá gæti ríkisstjórnin, ef stuðningsmenn hennar hvetja til þess, breytt þeirri aflareglu sem hún hefur komið sér upp.

[15:48]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Mér þykir tveir síðustu hv. þm. hafa talað af fullmiklu önuglyndi um þessi mál. Hér er ekki um yfirboð eða léleg vinnubrögð stjórnarliða að ræða. Hér eru menn að ræða málefnalega á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið. Það er ljóst að hæstv. sjútvrh. er í nokkrum vanda því nú liggja fyrir niðurstöður í athugunum Hafrannsóknastofnunar á hrygningarstofninum. Það er líka ljóst að óvissuþættir í þessu viðkvæma máli, sem er ekki bara fiskveiðimál heldur efnahagsmál líka, eru fjölmargir. Það er m.a. af þeim orsökum sem ég og ýmsir aðrir stjórnarsinnar höfum lýst þeirri skoðun okkar að vel kæmi til greina að auka aflaheimildir strax á þessu fiskveiðiári.

Á skömmum tíma í ræðustól núna gefst ekki ráðrúm til að telja upp allar þessar röksemdir, en ég leyfi mér þó að nefna að upplýsingar um úrkast á fiskveiðiflotanum í dag benda til þess að úrkastið sé mun meira en menn vilja vera láta. Talsmenn sjómannasamtaka hafa fullyrt upp í 20%. Sumir hafa nefnt, sjómenn sjálfir, upp í 50%. Það er alvarlegt að kasta fiski og verðmætum en það er líka alvarlegt vegna þess að úrkastið mælir ekki í forsendum Hafrannsóknastofnunar við mat á stærð hrygningarstofns. Hið sama gildir um löndun fram hjá vigt.

Ég nefni í öðru lagi að fulltrúar Hafrannsóknastofnunar hafa viðurkennt að skekkjumörk geti verið um 20%. Ég nefni líka að fram hefur komið að skilyrði í sjónum eru betri nú en þau hafa verið í 12 ár. Áfram má telja. Það er m.a. af þessum sökum sem ég tel þetta koma til greina og ég hvet hæstv. sjútvrh. til að auka aflaheimildir strax um 10 þús. tonn og beina þeim sérstaklega til hins gleymda bátaflota og ísfisktogara.

[15:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Einn helsti vandi fiskveiðistefnunnar er sá að erfitt er að gera tvennt í senn: Að sýna staðfestu og ábyrgð með langtímahagsmuni þjóðarinnar í huga og að bregðast skjótt við mikilvægum tíðindum um lífríki hafsins. Varasamt er að hlaupa eftir pólitískum þrýstingi. Innantóm fyrirgreiðslupólitík á ekki samleið með ábyrgri fiskveiðistefnu. En á hinn bóginn er mikilvægt að stjórn fiskveiða sé nægjanlega sveigjanleg til að mæta aðstæðum hverju sinni.

Nú virðist mönnum bera saman um að ástand þorskstofnsins sé mun betra en áður var talið. Sjómenn hafa lýst þeirri skoðun og rannsóknir Hafrannsóknastofnunar benda til hins sama. Miðað við gildandi aflareglu og áreiðanleika vísindarannsókna á þessu sviði get ég ekki séð að það séu skýr vísindaleg rök með eða á móti því að hækka aflaheimildir, því miður. Því er hér alfarið um pólítíska ákvörðun ráðherra eða framkvæmdarvaldsins að ræða.

Stærsti vandi fiskveiðistjórnunar um þessar mundir er ekki spurningin um það hvort rétt sé að auka aflaheimildir en ef svo væri, hvort miða skuli við 10 eða 20 þús. tonn. Hitt skiptir miklu meira máli frá sjónarmiði löggjafans að

fyrirkomulag rannsókna og ráðgjafar tryggi ábyrga stjórn og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Ég er þeirrar skoðunar að tímabært sé að endurskoða ríkjandi skipan í þessum málum.

Í fyrsta lagi eru of náin tengsl á milli fiskirannsókna og hins pólitíska valdakerfis. Ráðgjöf og skoðanaskipti rannsóknarfólks Hafrannsóknastofnunar markast til að mynda um of af því að stofnunin lýtur yfirstjórn sjútvrn. Leidd hafa verið sterk rök að því að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sé að sumu leyti reist á hæpnum forsendum og að óvissan í lífríkinu sé mun meiri en ráðgjöfin geri ráð fyrir. Ekki virðist hlustað nægilega vel á efasemdir og gagnrýnisraddir í hópi fræðimanna utan stofnunarinnar. (Forseti hringir.) Rannsóknir á þessu sviði sem öðrum verða best stundaðar þar sem svigrúm gefst fyrir gagnrýnin efnistök og frjáls og óheft skoðanaskipti. — Ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. – En í annan stað þarf að taka mun meiri mið af sjónarmiðum heimamanna og sjómanna. Á þetta hefur Kvennalistinn lagt áherslu í mörg ár með hugmyndum sínum um byggðakvóta, samstarfsnefndir og valddreifingu í sjávarútvegi.

[15:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð málshefjanda um aukningu þorskveiðiheimilda. Ég tel það vera skynsamlegt að auka lítillega kvótann og tel vera sanngirni í því að 10 þús. tonnum verði sérstaklega deilt milli kvótabáta og ísfisktogara sem eru í hvað mestum vanda. Fjölmörg skip og bátar eru í vanda vegna skorts á veiðiheimildum fyrir þorski sem meðafla. Það er ekki verið að kasta neinni rýrð á fiskiskipaflotann þó að hann verði að bíða um sinn. Hæfni þess flota til að stunda veiðar á fjarlægum miðum gerir það að verkum að þeirra staða er verulega önnur og betri en annarra veiðiskipa okkar.

Ég tel hæstv. sjútvrh. hafa leyst málefni krókabáta á viðunandi hátt og vil lýsa yfir sátt minni við þá vinnu hans þó mér sé ljóst að með þessu samkomulagi sé verið að festa krókabátaflotann varanlega í aflaheimildakerfinu. Aukning nú um 10 þúsund tonn léttir mjög þann verðlagsþrýsting sem hefur verið vegna skorts fjölmargra á veiðiheimildum fyrir þorsk. Þar að auki verður aflaaukningarstökkið tekið í fleiri skrefum og jafnar því út það álag sem verður óhjákvæmilega á erlendum mörkuðum við verulega aukningu þorskafla, bæði af Íslandsmiðum og úr Barentshafi sem er fyrirsjáanleg á næstu tveimur árum.

Ég tel eðlilegt að taka tillit til ráðgjafar og álits sérfræðinga okkar í þessum veiðistjórnarmálum en vek þó athygli á því að þeir miða við 20% skekkjumörk og tek því undir mat fjölmargra skipstjóra sem stunda veiðar við Ísland um verulega meira þorskmagn á miðunum en verið hefur í meira en áratug. Því er réttlætanlegt að auka heimildir lítillega með tilliti til þeirra raka sem ég áður setti fram í máli mínu.

[15:55]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Frá því á sl. vori höfum við alltaf af og til rætt ástand þorskstofnsins og hvernig eigi að haga ákvörðun um veiðiheimildir. Skömmu eftir þingkosningar var ákveðið af núv. ríkisstjórn að móta ákveðna reglu, svokallaða aflareglu, um það hvernig við nýtum stofninn. Ekki minnist ég þess að þeir sem af og til síðan hafa mælt með því að gengið yrði lengra hafi þá haft uppi aðra skoðun á því hvernig bæri að standa að þeirri nýtingu með langtímasjónarmið í huga. Ég tel þess vegna svolítið undarlegt í ljósi þess sem við vitum nú um veiðarnar í ár, um ástand stofnsins, hvers vegna menn ítreka að leggja til sífellt meiri heimildir. Ekki það að stofninn hafi vaxið samfellt í samræmi við þær skoðanir.

Á síðasta vori þegar við mótuðum ákvörðun um aflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári þá sagði aflareglan að við mundum ekki fara neðar en í 155 þús. tonn en mat á stærð stofnsins gaf efni til að fara í 140 þús. tonn. Nýlegar upplýsingar um raunafla, raunverulegar veiðar úr stofninum í ár, benda til að hann verði ekki minni en 170 þús. tonn. Þá vil ég spyrja þá sem hafa lagt til að við færum umfram 155 þús. tonn: Við hvað eru þeir þá að miða? Eru þeir að miða við 140 þús. tonn? Eru þeir að miða við 155 eða eru þeir að miða við 170 þús. tonn? Ég tel það skipta nokkru máli því að sumir þeirra leggja í dag til að gengið verði skemmra heldur en 170 þús. tonn, ef þeir hafa gengið út frá að talan 155 mundi standast.

Það er vafalaust afskaplega gott hlutskipti að geta sagt við fólk: Já, sjáið þið, þetta sagði ég. Þetta var svona gott í fyrra. Og svona reynist það gott í ár. En ég held því miður að við verðum að reyna að horfa til lengri tíma þegar við veltum fyrir okkur hvernig við viljum nýta okkar helstu auðlind og stunda þá nýtingu af búhyggindum en ekki skammsýni.

[15:58]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram miðast núverandi aflamark við 25% nýtingarregluna, þ.e. að veiða ekki meira en fjórðung úr veiðistofni eins og hann mælist á hverjum tíma. Mín skoðun er sú að við eigum að fylgja vísindalegum forsendum hvað veiðarnar varðar. Ég treysti fiskifræðingum okkar og tel þá hina hæfustu vísindamenn með mikla þekkingu á hafinu og lífríki þess. Það geta ekki talist ásættanleg rök þeirra er nú vilja auka aflaheimildir að þeir sem búnir eru með úthlutaðar þorskaflaheimildir skorti nú aukinn rétt vegna meðafla. Það eru óásættanleg rök.

Ég er andvígur því að auka aflann nú. Ég tel hins vegar mjög sterkar líkur á að aflaheimildir verði auknar á næsta fiskveiðiári en að auka aflann nú tel ég að engar forsendur standi til.

[15:59]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er mín skoðun að reynsla veiðimanna, reynsla skipstjórnarmanna og sjómanna hafi lengi verið vanmetin í okkar fiskveiðistjórnunarkerfi. Ég virði þekkingu vísindamanna okkar, en það eru einnig vísindi á bak við reynslu skipstjórnarmanna og til að mynda er í Suðurlandskjördæmi mikill fjöldi skipstjórnarmanna sem telur fulla ástæðu til þess að auka þorskkvóta nú þegar.

Það er ljóst að mikill fiskur er veiddur fram hjá kerfinu og ef sú aukning sem kemur fram í rannsóknum Hafrannsóknastofnunar fer saman við sannfæringu skipstjórnarmanna sem gerst þekkja á miðunum og hafa áratuga reynslu, þá eru rök fyrir því að létta nú þegar róðurinn inn í framtíðina og auka kvótann lítils háttar. Ég held að það sé augjóst að þá yrði minna hent af fiski, það færi minna fram hjá kerfinu án þess að ég fari nánar út í þá ljótu sálma. En þetta mundi létta stöðuna alla og jafnframt lækka hið háa verð sem gengur nú á kg á þorski, 95 kr., sem er mikill vandi fyrir rekstrareiningar og þróun alla í sjávarútvegi og eykur á svindlið í einu orði sagt.

Það er mitt mat að það væri varlega farið að auka nú þorskheimildir um 15–20 þús. tonn. Það mundi jafnframt létta það að hægt væri að fara rólega á næsta ári í aukningu eins og mál standa. Því vil ég hvetja hæstv. sjútvrh. til að sinna þessum þætti á þann veg.

Ég vil vekja athygli á einu atriði. Það er ekki bara pólitísk ákvörðun að taka af skarið. Það er ekki bara hversu miklu er hent af fiski heldur hefur einnig verið ágreiningur um það hvort þorskstofn sem veiðist í kantinum á Suðurlandsmiðum er inni í líkani Hafrannsóknastofnunar. Allt bendir til þess að sá stofn hafi farið fram hjá kerfinu. Sá stofn er væntanlega upp á tugi ef ekki hundruð þúsunda og það er þeim mun meiri ástæða til að taka af skarið í þessum efnum eins og ég hef bent á.

[16:01]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tel að það eigi ekki að bæta við þorskkvótann á þessu fiskveiðiári. Við höfum náð árangri með friðun undanfarin ár og það er fráleitt að snúa nú af braut varkárni og skynsemi. Þingmenn Þjóðvaka hafa allir sömu afstöðu til þessa máls. Það tók mörg ár að fá í gegn skynsamlega viðmiðun, þ.e. að veiða tiltekið hlutfall úr veiðistofni en við höfum þó farið 20% fram úr þeirri viðmiðun í ár. Fiskifræðingar eru vitaskuld ekki alvitrir en ég fullyrði að þeir viti best Íslendinga um ástand þorskstofnsins. Það að halda því fram að Jakob Jakobsson hlusti ekki á skoðanir annarra, t.d. sjómanna, er fjarstæða. Þá þekkja menn einfaldlega ekki vel til. Ég starfaði í tæp 15 ár við útgerð og fiskvinnslu og þekki þessa umræðu betur en flestir hv. þm. Ég horfði upp á misvitrar ákvarðanir stjórnmálamanna sem bættu við kvóta þvert gegn ráðleggingum og voru þá að þjóna stundarhagsmunum og einstökum kjördæmum. Þetta leiddi til mikillar ofveiði og nær útrýmdi mörgum fiskstofnum.

Ég er stundum leiður á því að búa í landi með 260 þús. fiskifræðingum og ég tala nú ekki um þegar ýmsir þingmenn þykjast vita betur en færustu vísindamenn og flestir starfandi aðilar. Þorskstofnum var útrýmt við Nýfundnaland og í Barentshafi m.a. vegna þess að ekki var farið að ráðleggingum. Þorskstofninn okkar er núna í sögulegu lágmarki og það er fráleitt og ábyrgðarlaust að bæta við afla við fyrstu góðu fréttirnar í mörg ár.

Það liggja, herra forseti, ekki fyrir meðmæli Hafrannsóknastofnunar um aukningu á kvóta núna. Það mæla engin hagfræðileg rök fyrir aukningu og ábyrgir forustumenn úr greininni leggjast gegn henni. Við þingmenn eigum að sýna þorskstofninum og vísindunum þá virðingu að tala af ábyrgð og yfirvegun en ekki falla í gryfju yfirboða og skammsýni.

[16:04]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er ágreiningur um það hvort á að auka þorskkvótann á þessu fiskveiðiári eða ekki. Mikill fjöldi sjómanna telur að auka beri kvótann, ástandið í sjónum sé gott, fiskgengd með allra besta móti. Undir þetta taka margir stjórnmálamenn, Landssamband smábátaeigenda, Samtök fiskvinnslustöðva og Farmanna- og fiskimannasambandið.

Á hinn bóginn eru svo forsvarsmenn annarra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, talsmenn Hafró og fleiri, stjórnmálamenn og ýmsir aðrir, sem telja að halda beri sig við ráðgjöf Hafró og að sú mikla fiskgengd sem nú er allt í kringum landið sé fyrst og fremst að þakka því að við höfum að mestu farið eftir þessari ráðgjöf að undanförnu. Þeir sem halda þessu fram eru að blekkja sjálfa sig og aðra. Það er ekki farið eftir þessari ráðgjöf nema á pappírnum. Það vita allir og viðurkenna flestir að það er veitt miklu meira af þorski heldur en kemur að landi. Honum er einfaldlega hent í stórum stíl, enda er það svo að sjómenn eru víðast á flótta undan þorski vegna skorts á aflaheimildum. Menn eru að reyna fyrir sér með ýmis veiðarfæri vegna kvótaskorts. Þeir leggja rauðmaganet og þeir leggja kolanet svo eitthvað sé nefnt, en það er alls staðar sama sagan: Þorskur og aftur þorskur. Og til að geta stundað sjó neyðast menn til að leigja þorskkvóta til að mæta meðaflanum og leigan á kvótanum er oft svipuð eða hærri en fæst svo fyrir þorskinn á markaðnum. Það er einmitt þetta tvennt sem er að gera út af við okkar fiskveiðistjórnunarkerfi. Hvatinn til að henda fiski og svo þetta óhefta framsal sem oft er kallað kvótabrask. Á síðasta fiskveiðiári voru hvorki meira né minna en 162.200 þorskígildi flutt á milli aðila.

Herra forseti. Það hefur náðst samkomulag um veiðar krókabáta. Stærstu skipin hafa bjargað sér á ýmsum utankvótaveiðum. Eftir standa aflamarksbátarnir sem hafa orðið fyrir gríðarlegri skerðingu á undanförnum árum. Eftir viðtöl við fjölda sjómanna að undanförnu er ég sannfærður um það, hvað sem hv. þm. Ágúst Einarsson segir um þekkingarleysi okkar þingmanna, að það er áhættulaust að auka þorskkvótann nokkuð, t.d. um 10%, þ.e. 15 þús. tonn, og ég hvet hæstv. sjútvrh. til að gera það, en þó þannig að þessi viðbót verði óframseljanleg og komi aðeins til þeirra sem sækja sjó í alvöru en verði ekki notuð sem verslunarvara.

[16:06]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þorkstofninn hefur vaxið hraðar en vísindamenn reiknuðu með og það segir okkur að sjómenn voru nær réttu lagi og fara með rétt mál. Það er eðlilegt að taka ákvarðanir á þessum grundvelli eins og við brugðumst við þegar staðreyndir lágu fyrir um hrynjandi stofn. Það er engin áhætta að taka hluta strax af væntanlegri hækkun næsta fiskveiðiárs. Verði kvótinn ekki hækkaður núna, þá kallar það nefnilega á aðra ákvörðun. Þeim sem eru búnir með þorskkvótann en eiga eftir kvóta í öðrum tegundum, þarf að banna að fara á sjó. Á öllum fiskimiðum er þorskur. Bátarnir eru flestir búnir með kvóta sinn í þorski og þurfa að ná meðaflanum. Hvernig eiga þeir að fara að því? Hvort vill hæstv. ráðherra frekar að komið verði með þorskinn að landi eða honum hent? Um það er spurningin. Mitt svar er að við eigum að hirða þorskinn en henda þrjóskunni í sjóinn.

[16:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði áðan. Því miður gefst ekki tími til að fara í miklar rökræður hér á Alþingi um aðferð Hafrannsóknastofnunar við mat á hrygningarstofni og veiðistofni, en ég vil taka mjög undir það sem hann sagði því að auðvitað skekkir það mjög það mat þegar svo er komið, eins og menn vita, að menn neyðast til að henda verulegu af þorski í sjóinn vegna þess að þeir eru búnir með kvótann þegar verið er að veiða aðrar tegundir.

Ég vil líka leiðrétta það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan að ekki hefði verið fylgt ráðleggingum fiskifræðinga við Kanadastrendur og í Barentshafi. Það er alveg þveröfugt. Ráðleggingum fiskifræðinganna við Kanada var fylgt, en stofninn hrundi þó svo að þeir stjórnuðu veiðunum

alfarið. Aldrei hefur verið fylgt jafnmikið út í ystu æsar ráðleggingum fiskifræðinga eins og við Kanadastrendur þar sem þorskstofninn hrundi.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og vil í lokin beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann ætli að taka mark á þeim hvatningum sem hann hefur fengið, m.a. frá eigin flokksmönnum, um að auka kvótann á yfirstandandi ári. Þeir hv. stjórnarþingmenn, sem þegar hafa tjáð sig á þann veg að hæstv. sjútvrh. eigi að auka kvótann á yfirstandandi ári, eru eftirtaldir:

Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, í Sjómannablaðinu Víkingi.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, í Sjómannablaðinu Víkingi.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson, hér á Alþingi.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson, hér á Alþingi.

Hv. þm. Kristján Pálsson, utan Alþingis í fréttum og fjölmiðlum.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, hér á Alþingi.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, í fjölmiðlum en ekki hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Jú, jú.)

Hv. þm. Árni Johnsen, hér á Alþingi.

Hæstv. forsrh., í Morgunblaðinu.

Ætlar hæstv. sjútvrh. að taka mark á tilmælum þessara níu stjórnarsinna um að hann beiti því valdi sem hann hefur til þess að auka aflakvóta á yfirstandandi ári? (Forseti hringir.) Ef ekki, virðulegi forseti, þá bendi ég á að endanleg niðurstaða Hafrannsóknastofnunar liggur ekki fyrir fyrr en í maímánuði nk. (Forseti hringir.) Það liggur fyrir hér í Alþingi tillaga frá einum stjórnarþingmanni um að breyta dagsetningunni 15. apríl (Forseti hringir.) þannig að hæstv. ráðherra geti tekið slíka ákvörðun þegar endanleg niðurstaða Hafrannsóknastofnunar liggur fyrir. (Forseti hringir.) Ég hvet eindregið til þess að sú tillaga verði samþykkt.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta voru þrjár mínútur en áttu að vera tvær.)

[16:10]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. málshefjanda og þakka þeim hv. þm. sem um þetta hafa fjallað á mjög málefnalegan hátt og sett fram sjónarmið og rökstutt þau. Mér telst að fyrir utan okkur hv. málshefjanda hafi ellefu hv. þm. talað, sex þeirra mælt með því að halda við óbreyttan kvóta en fimm lagt til að gerðar verði lítils háttar breytingar.

Eitt af þeim sjónarmiðum sem hér hefur komið inn í umræðu og vissulega þarfnast umfjöllunar á hverjum tíma og við höfum mikið verið að fjalla um er áhættan af úrkasti á fiski. Ég minni á í því sambandi að sú umræða var jafnmikil þegar kvótinn var 200 þús. lestir. Það er auðvitað viss hætta á því að við látum undan því sjónarmiði að auka við kvótann vegna þess að ella hendi menn fiski, þá verði menn stöðugt fyrir meiri og meiri þrýstingi af því tagi og þurfi að endurtaka í sífellu slíkar ákvarðanir og á endanum verða menn komnir langt frá hinni vísindalegu ráðgjöf sem allir vilja byggja á. Þó að fyrsta skrefið feli ekki í sér stórvægileg frávik og litla áhættu, þá getur það leitt menn inn á þær brautir sem þeir ráða ekki við.

Herra forseti. Ég ítreka þau sjónarmið sem ég hef áður sett fram í þessu efni og þakklæti fyrir þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram.

Schengen-samstarfið.

Skýrsla dómsmrh., 477. mál. — Þskj. 821.

[16:12]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að á fundi með formönnum þingflokka fyrr í dag gerði forseti tillögu um í samræmi við 48. gr. þingskapa að talsmenn þingflokka fengju ræðutíma allt að 25 mín. í fyrri umferð — ég endurtek, allt að 25 mín. Forseti lítur svo á að fyrsti ræðumaður hvers þingflokks sé talsmaður hans í skilningi þingskapa nema annað sé sérstaklega tilkynnt. Ræðutími verður þá þessi:

Ráðherra: Allt að 30 mín. í fyrra sinn en 15 mín. í síðara sinn. Talsmenn þingflokka: Allt að 25 mín. í fyrra sinn og allt að 15 mín. í síðara sinn. Aðrir þingmenn allt að 15 mín. í hvort sinn.

[16:13]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hinn 28. nóv. sl. gerði ég Alþingi munnlega grein fyrir stöðu mála í viðræðum um hugsanlega þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þar gerði ég grein fyrir norræna vegabréfasambandinu og því að á fundi sínum 27. febr. 1995 hafi norrænu forsætisráðherrarnir lýst því yfir að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Þegar Danmörk, Finnland og Svíþjóð sóttu um áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu með fulla þátttöku í huga gerðu þessi ríki þann fyrirvara að fullnægjandi lausn fyndist fyrir Ísland og Noreg sem tryggði áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi innan Norðurlanda.

Í ræðu minni 28. nóv. sl. gerði ég einnig grein fyrir meginsamningsforsendum Íslands fyrir þátttöku í Schengen-samstarfinu. Þær eru:

Í fyrsta lagi að með samstafssamningi við Schengen-ríkin verði tryggt áframhaldandi ferðafrelsi innan Norðurlandanna ásamt því að taka þátt í stærra svæði þar sem slíkt frelsi ríkir og nær til núverandi Schengen-ríkja.

Í öðru lagi að samstarfssamningur innihaldi fyrirkomulag sem tryggi okkur áhrif í samræmi við þær skyldur sem við tökumst á hendur, þ.e. að Íslandi og Noregi verði tryggður réttur til þátttöku í ákvörðunarferli á öllum stigum Schengen-samstarfsins og að fundin verði lausn sem felur í sér að til að formlegar ákvarðanir verði bindandi fyrir okkur verði þær teknar á vettvagi þar sem við tökum þátt með hliðstæðum hætti og Schengen-löndin þar sem allar ákvarðanir þarfnast einróma samþykkis.

Þriðja samningsforsendan felur í sér að byggja verði á regluverki Schengen-samstarfsins en þar þarf að taka tillit til þess að Ísland og Noregur standa utan tollasambands Evrópusambandsríkjanna og samstarf þeirra um skatta og önnur gjöld, svo og annarra ESB-reglna sem gilda um vöruflutirlit. Þarf að semja sérstaklega um hvernig þau vandamál verði leyst sem þessi staða hefur í för með sér.

Í fjórða lagi verður Ísland að vera reiðubúið að greiða hluta í sameiginlegum kostnaði og þeim innlenda kostnaði sem leiðir af þátttöku í Schengen-samstarfinu. Það er enn ósamið um hver kostnaðarhlutdeild Íslands verður í rekstri Schengen-skrifstofunnar í Brussel en samningsforsendur okkar eru að kostnaðarhlutdeildin verði sambærileg og í öðru alþjóðlegu samstarfi.

Síðastliðinn föstudag var dreift hér á Alþingi skýrslu dóms- og kirkjumrh. og utanrrh. um Schengen-samstarfið. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að í öllum megindráttum liggur fyrir viðunandi lausn fyrir Ísland á þeim samningsforsendum sem ég rakti hér áðan fyrir þátttöku í Schengen-samstarfinu. Þeim ráðherrum á Norðurlöndum sem fara með málefni Schengen hefur verið boðið til fundar með framkvæmdanefnd Schengen nk. fimmtudag þar sem fyrirhugað er að bjóða norrænu ríkjunum formlega þátttöku í Schengen-samstarfinu sem áheyrnaraðilum. Með áheyrnaraðild felst réttur til þátttöku í öllum fundum á vegum Schengen með málfrelsi og tillögurétti. Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 9. þessa mánaðar að fallast á boð um þátttöku í Schengen-samstarfinu með áheyrnaraðild. Í framhaldi af þessu er stefnt að því að ljúka gerð samstarfssamnings um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu og aðildarsamningi fyrir Danmörku og Finnland og Svíþjóð fyrir árslok. Í framhaldi af því verður samningur lagður fyrir Alþingi til umfjöllunar. Það verður í fyrsta lagi um mitt ár 1998 sem þátttaka Norðurlandanna getur orðið að raunveruleika gangi þau tímaplön eftir sem hér hefur verið lýst.

Í skýrslunni er auk þess fjallað um þau helstu áhrif sem þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hefur auk þess sem meginefnisatriði Schengen-samstarfsins eru rakin í fylgiskjali. Samhliða því sem viðræður hafa átt sér stað um fyrirkomulag á þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu hafa verið haldnir embættismannafundir um ýmis tæknileg atriði í Schengen-samstarfinu auk þess sem Schengen-ríkin sendu íslenskum stjórnvöldum spurningalista þar sem óskað var svara við atriðum varðandi lagalega stöðu og afstöðu til ýmissa atriða sem samningurinn fjallar um. Þessar spurningar vörðuðu niðurfellingu eftirlits á innri landamærum, eftirlit á ytri landamærum, flughafnir, tölvuvæðingu lögregluskráa og vernd gegn þeim, fíkniefni, vegabréfsáritanir, endurviðtöku og hæli flóttamanna, innflytjendur, gagnkvæma aðstoð í sakamálum og samstarf lögregluyfirvalda.

Í framhaldi af svörum Íslands við þessum spurningum bárust viðbótarspurningar sem flestar fjölluðu um gagnkvæma aðstoð í sakamálum og framsal sakamanna og þá sérstaklega spurningar er vörðuðu skýringar á þeim fyrirvörum og yfirlýsingum sem Ísland gerði er samningur Evrópuráðsins um þessi atriði var fullgiltur.

Schengen-ríkin leggja mikla áherslu á að samstarf vegna rannsóknar og meðferðar sakamála gangi snurðulaust fyrir sig, en fyrirvarar og yfirlýsingar við samninga á þessu sviði geta takmarkað gildissvið þeirra, en áhersla er lögð á að samræmdar reglur gildi. Í flestum tilvikum var hér um að ræða tæknileg atriði sem ég tel ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um nú nema sérstakt tilefni gefist til.

Norræna vegabréfasambandið hefur verið flaggskip norrænnar samvinnu. Eftir að Danmörk sótti um áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu árið 1994 með fulla þátttöku í huga var ljóst að samstarf innan norræna vegabréfasambandsins var í hættu. Það var því sem forsætisráðherrar Norðurlandanna lýstu því yfir á fundi sínum 27. febr. 1995 að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Á þessum forsendum hófu Norðurlöndin viðræður við Schengen-ríkin um hugsanlega þátttöku. Það varð fljótlega ljóst að Schengen-ríkin voru ekki tilbúin til að gera samstarfssamning við Norðurlöndin í heild þar sem þrjú þeirra voru aðilar að ESB og því leiddi það til þess að Finnland og Svíþjóð sóttu um áheyrnaraðild að Schengen í júní 1995 með fulla þátttöku í huga. Norrænu ESB-ríkin gerðu þann fyrirvara í umsóknum sínum að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu. Það er áratuga náin samvinna norrænu ríkjanna innan norræna vegabréfasambandsins sem er forsenda þess að Schengen-ríkin tóku ákvörðun um að gefa Íslandi og Noregi kost á samstarfssamningi. Schengen-ríkin hafa lagt áherslu á að samstarfssamningur við Ísland og Noreg að Schengen-samstarfinu verði ekki fordæmi fyrir önnur ríki utan ESB og að samstarfssamningurinn byggist einungis á áratuga nánu samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði. Þau hafa jafnframt lagt áherslu á að slíkur samningur verði ekki heldur fordæmi fyrir núverandi eða verðandi aðildarríki ESB um að þau geti gert samstarfssamning með svipuðum hætti um þátttöku í samstarfinu og vilja þannig tryggja að gangi Ísland eða Noregur í Evrópusambandið verði þessi ríki aðilar að Schengen-samningnum en starfi ekki áfram innan samstarfsins á grundvelli samstarfssamningsins. Ekkert Norðurlandanna hefur skuldbundið sig til þess að viðhalda norræna vegabréfasambandinu utan Schengen-samstarfsins óski einn aðili samstarfsins þess. Samstaða Norðurlandanna hefur gengið út á að finna viðunandi lausn fyrir þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu og að þannig yrði unnt að viðhalda norræna vegabréfasambandinu.

Við stöndum á þeim tímapunkti nú að pólitísk lausn á því er í sjónmáli. Ég tel alveg ljóst að norrænu ESB-ríkin telja hagsmunum sínum betur borgið innan Schengen-samstarfsins en utan og að þau muni gerast aðilar að því samstarfi án tillits til þess hvort Ísland gerir það eða ekki. Ákveði Ísland að ganga ekki til samstarfs við Schengen-ríkin nú erum við jafnframt að taka ákvörðun um að slíta samstarfi innan norræna vegabréfasambandsins. Allsendis er ólíklegt að Ísland geti vænst þess að verða aðili að Schengen-samstarfinu síðar líði norræna vegabréfasambandið undir lok. Að standa utan norræna vegabréfasambandsins getur haft víðtæk áhrif á stöðu okkar innan norræns samstarfs í framtíðinni bæði pólitískt og varðandi samstarf um málefni útlendinga og lögreglusamvinnu og reyndar á fleiri sviðum.

Rómarsáttmálinn, stofnskrá Evrópubandalagsins, kvað þegar í upphafi á um frjálsar ferðir fólks á landsvæði þess. Að því hefur verið unnið í áföngum. Atvinnu- og búseturéttindi hvar sem er á svæðinu hafa verið tryggð, flest próf njóta gagnkvæmrar viðurkenningar, landamæraeftirlit með ríkisborgurum aðildarríkjanna hefur alls staðar verið einfaldað, reglur um tollfrjálsan farangur ferðamanna samræmdar o.s.frv. Flest þessara atriða, nema varðandi tollskoðun og tollareglur, er einnig að finna í samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Eitt hefur vantað á til að frjálsar ferðir fólks væru sú staðreynd sem að var stefnt. Innan Evrópusambandsins hefur ekki náðst samkomulag um að tryggja frjálsar ferðir fólks um landsvæði sambandsins með því að leggja niður landamæraeftirlit og skoðun skilríkja þeirra sem ferðast frá einu landi til annars. Flest ríki sambandsins leggja þá túlkun í hugtakið frjálsar ferðir að allir þeir sem innan svæðisins ferðast skuli geta gert það án þess að sæta einhverju persónueftirliti vegna þess. Aftur á móti er það ágreiningslaust að hvert ríki getur leyft skoðun skilríkja hvenær sem er á landsvæði sínu. Þessi ágreiningur um skilning á hvað væru frjálsar ferðir er ástæða fyrir gerð Schengen-samningsins. Hefðu reglur Schengen-samningsins

gilt á öllu svæði Evrópusambandsins þegar samið var um Evrópska efnahagssvæðið er lítill vafi á því að þær hefðu komið þar á borðið líka. Í bókun við EES-samninginn lýsa ríkisstjórnir allra samningsaðila reyndar yfir því að til að efla frelsi fólks til flutninga skuli aðildarríki ESB og EFTA hafa samvinnu í samræmi við framkvæmdareglur sem kveðið verður á um á viðeigandi vettvangi um að auðvelda eftirlit á landamærum. Beiting ákvæða Schengen-samningsins skal vera samrýmanleg rétti Evrópusambandsins. Þetta þýðir að ákvæði samningsins víkja fyrir reglum ESB sem eru ósamrýmanleg ákvæðum samningsins.

Í Schengen-samningnum er kafli sem fjallar um vöruflutninga. Ákvæðum hans er ekki beitt í samskiptum Schengen-ríkjanna þar sem reglur ESB um frjálsa vöruflutninga svo og um tollasamband og samstarf um skatta og önnur gjöld hafa yfirtekið ákvæði kaflans með þeirri undantekningu að nokkur ákvæði um skotvopn og skotfæri eru enn í gildi. Í viðræðum um samstarfssamning milli Íslands og Noregs annars vegar og Schengen-ríkjanna hins vegar hefur komið fram að ákvæði EES-samningsins um vöruflutninga muni gilda áfram í samskiptum þessara ríkja við Schengen-ríkin. Það er ekki gerð krafa um að Ísland taki þátt í tollasambandi ESB og því verður áfram unnt að beita óbreyttri framkvæmd við tolleftirlit.

Á vegum ESB hefur verið gerður samningur um hæli flóttamanna, svokallaður Dyflinarsamningur og er hann nú til meðferðar hjá ESB-ríkjunum til fullgildingar. Þegar hann öðlast gildi falla ákvæði Schengen-samningsins um meðferð á beiðnum um hæli úr gildi. Gerð hafa verið drög að samhliða samningi við Dyflinarsamninginn sem fyrirhugað er að Ísland gerist aðili að.

Í tengslum við ríkjaráðstefnuna hafa nokkur ríki komið fram með hugmyndir um að ESB setji reglur um atriði sem eru í Schengen-samningnum. Á þessari stundu er ekkert hægt að segja til um hvaða hljómgrunn slíkar hugmyndir fá. Setji ESB reglur sem víkja ákvæðum Schengen-samningsins um viðkvæm atriði til hliðar verður það sjálfstætt samningsatriði milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar með hvaða hætti þessi ríki taka þátt í því samstarfi.

Það álitaefni sem til umfjöllunar eru þegar meta á hvort Ísland eigi að taka þátt í Schengen-samstarfi eru bæði hagnýt og pólitísk. Hagnýtu álitaefnin eru fyrst og fremst sá kostnaður sem þátttakan leiðir af sér. Bæði er þar um að ræða stofnkostnað og rekstrarkostnað. Það er auðveldara að meta þann beina kostnað sem samstarfið hefur í för með sér heldur en það fjárhagslega hagræði sem af samstarfinu getur leitt.

Um 95% af farþegaflutningum milli Íslands og annarra landa fara um Keflavíkurflugvöll og af því leiðir að þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu mun hafa áhrif á rekstur og starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Flugstöðin verður sú ytri landamærastöð Schengen sem langflestir farþegar til og frá landinu fara um. Flugstöðin var hönnuð með það fyrir augum að þjóna árlega um einni milljón farþega. Á þessu ári mun farþegafjöldinn í fyrsta sinn fara yfir eina milljón og áætlanir gera ráð fyrir að sá fjöldi muni aukast um a.m.k. 50 þús. farþega á ári. Flugstöðin er því orðin of lítil fyrir þá ört vaxandi umferð sem um Keflavíkurflugvöll fer. Nauðsynlegt er því að ráðast í byggingarframkvæmdir við flugstöðina hvort sem Ísland tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða ekki. Ljóst er hins vegar að kostnaður fylgir því að gerast þátttakandi í Schengen og felst hann fyrst og fremst í breytingum á flugstöðinni svo og auknum kostnaði við vegabréfaeftirlit.

Gerðar hafa verið athuganir á því hvaða breytingar þarf að gera á flugstöðinni til að uppfylla ákvæði Schengen-samningsins um nauðsynlegan aðskilnað farþega sem ferðast innan Schengen-svæðisins og þeirra sem eru á leið til og frá ríkjum utan þess. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur gert tillögu um að reist verði við enda núverandi landgangs ný bygging sem þjóni bæði þeim tilgangi að mæta stækkunarþörf vegna aukinnar umferðar og til að mæta kröfum um aðskilnað farþega vegna ákvæða Schengen-samkomulagsins. Kostnað við þessa byggingu hefur Framkvæmdasýslan áætlað um 400 millj. kr., þar af vegna aðildar að Schengen um 150 millj. kr. Skýrslu stofnunarinnar hefur verið dreift til þingmanna og frá því að hún var gerð hefur stofnunin farið nánar ofan í þær forsendur sem hún byggist á og er það mat stofnunarinnar að þær áætlanir sem þar koma fram séu fyllilega raunhæfar.

Frá árinu 1989 hafa Flugleiðir notað flugstöðina sem flugskiptistöð fyrir farþega milli Evrópu og Norður-Ameríku. Fyrir fyrirtækið skiptir það meginmáli að vegabréfaeftirlit í samræmi við Schengen-reglur verði ekki til að tefja áætlanir félagsins, en vélar félagsins hafa mjög stuttan viðverutíma á Keflavíkurflugvelli á ferðum sínum yfir Atlantshafið. Það er ljóst að skilvirkni vegabréfaeftirlits þarf að vera mjög mikil og munu stjórnvöld sjá til þess að það muni ekki leiða til þess að tafir verði á áætlunum félagsins vegna vegabréfaeftirlits.

Í þeirri byggingu sem gerð hefur verið tillaga um er gert ráð fyrir að farþegar komi beint inn í þjónusturými og getur það leitt af sér aukna verslun á Keflavíkurflugvelli. Farþegaflutningar um aðra flugvelli og um hafnir eru óverulegir. Schengen-reglur gera ekki ráð fyrir að þar þurfi að koma upp sérstakri aðstöðu vegna aðskilnaðar farþega. Vegabréfaeftirlit verður að framkvæma þar gagnvart þeim sem koma frá ríkjum utan Schengen-svæðisins í samræmi við Schengen-reglur en það eftirlit ætti ekki að þurfa að vera meira en nú gerist.

Með þátttöku í Schengen-samstarfinu er fellt niður persónueftirlit með þeim sem ferðast innan svæðisins. Skipir þar ekki máli hvort viðkomandi er ríkisborgari Schengen-ríkis eða ekki. Þess er þó að geta að heimilt er að taka upp persónueftirlit á innri landamærum til bráðabirgða ef það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Afnám persónueftirlitsins felur hins vegar hvorki í sér að fella skuli niður hefðbundið tolleftirlit svo sem áður greinir né heldur afnám eftirlits með innflutningi fíkniefna. Þeir sem koma frá löndum utan Schengen-svæðisins skulu hins vegar við komu til landsins og við brottför þaðan til landa utan Schengen sæta persónueftirliti. Þetta eftirlit á að fara fram eftir samræmdum reglum. Því á m.a. að haga þannig að það hafi ekki í för með sér óþarfa tafir. Þannig er gert ráð fyrir að sérstök hlið geti verið fyrir borgara EES-ríkja en þeir eiga almennt ekki að sæta öðru eftirliti en því að staðreynt sé hverjir þeir eru. Ríkisborgarar annarra ríkja munu hins vegar sæta nánara eftirliti og þá sérstaklega þeir sem koma frá ríkjum þaðan sem krafist er vegabéfsáritunar.

Schengen-ríkin hafa sammælst um lista yfir þau ríki þaðan sem ríkisborgarar sem koma vilja inn á svæðið skulu háðir vegabréfsáritun og jafnframt hafa þau samræmdar reglur um veitingu vegabréfsáritunar. Þessar reglur byggja m.a. á því að leitað sé upplýsinga um hlutaðeigandi í sameiginlegu upplýsingakerfi sem rekið er af Schengen. Efnislega eru reglur þessar í samræmi við það sem tíðkast hefur hér á landi. Vegabréfsáritun til eins Schengen-ríkis veitir almennt heimild til

að ferðast til þeirra allra. Það er meginregla í því sambandi að sækja skal um vegabréfsáritun hjá diplómatískum fulltrúum þess ríkis sem stefnt er að að heimsækja. Ef heimsækja á fleiri ríki ein eitt er við það miðað að það ríki sem fyrst er heimsótt veiti áritunina. Samningurinn gerir ráð fyrir að ríkin hafi samstarf sín á milli um veitingu vegabréfsáritana í þeim ríkjum þar sem þau hafa ekki öll útsenda fulltrúa. Ríki sem veitir áritunina ber ábyrgð á veitingu hennar.

Hér á landi hefur verið fylgt þeirri vinnureglu að vegabréfsáritun er ekki veitt nema umsókn hafi verið lögð fyrir útlendingaeftirlitið og það samþykkt að áritun skuli veitt. Þátttaka í Schengen-samstarfinu útilokar ekki slíkt verklag.

Schengen-reglur leiða hins vegar til þess að fella verður niður heimildir fyrir kjörræðismenn til að veita vegabréfsáritun. Hafa 18 kjörræðismenn nú slíka heimild. Í staðinn mun koma skipulag byggt á samkomulagi við önnur ríki sem hafa útsenda fulltrúa þar sem Ísland hefur ekki útsenda fulltrúa um að þau veiti áritun sem þá gildir fyrir allt svæðið. Jafnframt þarf sá sem fer til fleiri landa ekki að sækja nema um eina áritun fyrir svæðið í stað sérstakrar áritunar fyrir hvert land.

Schengen-samstarfið felur ekki í sér sameiginlega stefnu að því er varðar veitingu hælis eða afstöðu til flóttamanna. Aðildarríkin veita hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum í samræmi við eigin lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

Hins vegar eru í Schengen-samningnum reglur um málsmeðferð varðandi það hvaða ríki hefur skyldu til að fjalla um beiðni um hæli. Eru þannig reglur um það hvaða ríki skuli teljast fyrsta hælisríki þannig að umsækjanda um hæli verði ekki vísað milli margra ríkja sem ekki vilja bera ábyrgð á honum. Þá veitir samningurinn heimild en ekki skyldu til að vísa brott umsækjanda sem fengið hefur synjun um hæli í öðru aðildarríki.

Það hefur þegar komið fram að Schengen-samningurinn gengur út frá þeirri meginreglu að persónueftirlit skuli fellt niður við ferðir milli aðildarríkjanna. Þar sem afnám persónueftirlits getur haft í för með sér skert öryggi eru í samningnum svokölluð stuðningsákvæði til að efla samstarf ríkjanna varðandi öryggis- og afbrotamálefni. Aukin lögreglusamvinna er eitt mikilvægasta stuðningsákvæðið í því sambandi. Lögreglusamvinnan varðar m.a. þessi atriði:

gagnkvæma aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa afbrot,

miðlun upplýsinga í sérstökum tilvikum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir afbrot eða verknaði sem ógna almannaöryggi eða öryggi ríkisins,

miðlun upplýsinga í þeim tilgangi að gera eftirlit á ytri landamærum markvissara,

útsendingu lögreglumanna til að auðvelda samband lögreglu í tveimur ríkum,

uppsetningu á sameiginlegu upplýsingakerfi.

Í tengslum við hið sameiginlega upplýsingakerfi heldur hvert aðildarríki sérstaka skrifstofu sem miðlar upplýsingum milli lögregluyfirvalda, svarar fyrirspurnum um upplýsingakerfið og hefur umsjón með lögreglusamvinnu innan Schengen. Samningurinn fjallar einnig um nána samvinnu lögreglu við landamæri á landi við gæslu landamæra og vegna eftirfarar yfir landamæri. Vegna legu Íslands hafa þessi ákvæði tamarkað gildi hér.

Þá eru í samningnum sérstök ákvæði um samstarf í baráttu gegn fíkniefnum þar sem aðildarríkin skuldbinda sig til í samræmi við samninga Sameinuðu þjóðanna að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja og berjast gegn ólöglegum viðskiptum með ávana- og fíkniefni. Um þessi atriði var ítarlega fjallað í skýrslu minni til Alþingis í lok nóvember. Leyfi ég mér að vísa til þeirrar skýrslu sem og til framlagðrar skýrslu þar sem einnig er nánar fjallað um þessi atriði.

Þátttaka í Schengen-samstarfinu hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað. Þeim kostnaði má skipta í tvennt, þ.e. annars vegar stofnkostnað og hins vegar reksturskostnað. Í skýrslu þeirri sem hefur verið lögð fram á Alþingi er gerð grein fyrir helstu þáttum sem leiða til útgjalda. Varðandi stofnkostnað er kostnaður við uppsetningu Schengen-upplýsingakerfisins viðamestur fyrir utan breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Áætlanir gera ráð fyrir að uppsetning upplýsingakerfis muni kosta allt að 20 millj. kr. Ekki hefur verið hægt að meta alla þætti reksturskostnaðar nákvæmlega en gera má ráð fyrir að aukin útgjöld vegna reksturs verði á bilinu 40–60 millj. kr. á ári. Standi Ísland utan Schengen en hin Norðurlöndin gangi til samstarfsins leiðir það einnig til aukinna útgjalda en erfitt er að meta þau nákvæmlega. Nefna má aukinn kostnað við útlendingaeftirlit, lögreglusamvinnu, þar með talinn kostnað vegna fíkniefnavarna og ýmis fleiri atriði.

Að minni hyggju, herra forseti, er mikilvægt að halda áfram norræna vegabréfasamstarfinu. Það er nokkuð augljóst að það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að fylgja Norðurlöndunum eftir í þeim samningum sem standa fyrir dyrum um aðild að Schengen-samstarfinu. Kostnaður virðist ætla að verða innan eðlilegra marka.

Þó samningum sé ekki lokið markar það vissulega nokkur tímamót þegar þess má vænta að síðar í þessari viku verði Íslandi og Noregi, ásamt hinum Norðurlöndunum sem eru aðilar að Evrópusambandinu, boðin áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu. Því þótti rétt og eðlilegt að gefa þessa skýrslu til Alþingis um stöðu málsins þó að þessi áheyrnaraðild hafi engar skuldbindingar í för með sér. Við munum að öllum líkindum á þessum grundvelli halda samningum áfram og að því er stefnt eins og áður hefur komið fram að ljúka þeim fyrir árslok og þá mun málið væntanlega koma til afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

[16:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér um ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að gerast áheyrnaraðili að svonefndu Schengen-samstarfi. Það skref felur í sér samkvæmt því sem stendur í skýrslu dómsmrh. og utanrrh. að stefnt sé að fullri þátttöku í Schengen-samstarfinu. Ég vek á því sérstaka athygli, ekki síst í ljósi niðurlagsorða hæstv. dómsmrh. þar sem hann sagði að þessi áheyrnaraðild hefði engar skuldbindingar í för með sér. Yfirlýsing um að þiggja boðið um áheyrnaraðild felur þó samkvæmt skýrslu ráðherrans í sér eins og ég nefndi hér, að stefnt sé að fullri þátttöku í Schengen-samstarfinu. Hér er því ekki um neitt smámál að ræða heldur afdrifaríkt skref sem haft getur veruleg áhrif á þróun íslenskrar utanríkisstefnu á næstunni. Í ljósi þess, virðulegi forseti, hef ég óska eftir því að auk þess sem hæstv. dómsmrh. er hér eðlilega við umræðuna þá verði hæstv. forsrh. hér einnig og mun ég beina til hæstv. forsrh. sérstakri fyrirspurn um þetta mál.

Sú skýrsla sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt hér fyrir er í litlu samræmi við það sem fram kom af hans hálfu um hversu léttvægt þetta væri. Í skýrslunni er enga viðleitni að finna til að líta hlutlægt á þá kosti sem til staðar eru. Þess í stað

er einhliða fjallað um það sem í Schengen-samstarfinu felst og þá fyrst og fremst rakin formtæknileg atriði Schengen-samningsins. Ekki er minnst á þann möguleika að Íslendingar hafni aðild að Schengen-samstarfi í skýrslunni sjálfri hvað þá að lagt sé mat á þá stöðu sem það hefði í för með sér. Vandlega er þagað um yfirlýsingar annarra valdamanna á Norðurlöndum þess efnis að norrænu Evrópusambandsríkin, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, muni ekki ganga í Schengen, og setja þar með norræna vegabréfasambandið í uppnám, nema Ísland og Noregur finni ásættanlegan flöt á samstarfi við Schengen-ríkin. Með öðrum orðum ef Ísland eða Noregur kjósa að standa utan Schengen-samstarfs verði norræni vegabréfasáttmálinn áfram í gildi.

Á 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember sl. sagði Poul Nyrup Rasmussen m.a. að Danmörk gangi því aðeins inn í Schengen-samstarfið, orðrétt á dönsku: „Når der er garanti for en løsning som sikrer at den nordiske pas union kan bevares og som de fem nordiske lande kan acceptere." Þ.e., lauslega þýtt: „Þegar fullvissa er fyrir lausn sem tryggi að norræna vegabréfasambandið geti haldið áfram og sem Norðurlöndin fimm geti fallist á."

Þann 20. des. 1995 lagði sænskur þingmaður svofellda fyrirspurn fyrir sænska viðskiptaráðherrann, um leið Evrópuráðherra Svía: „Hyggst sænska ríkisstjórnin sækja um aðild að Schengen-samstarfinu þótt það sýni sig að norræna vegabréfasambandið um frjálsa för fólks geti ekki haldist áfram?" Hellström viðskiptaráðherra svaraði spurningunni í sænska þinginu þann 2. jan. sl. stutt og laggott: „Svaret på frågan er nej." Þ.e.: „Svarið við spurningunni er nei."

Á skýru máli þýðir þetta: Annaðhvort gerast öll Norðurlöndin saman þátttakendur í Schengen eða þau standa öll utan við. Í báðum tilvikum er áfram tryggt að ekki þarf að nota vegabréf innan Norðurlanda. Nú er það hins vegar þannig bæði hér og í Noregi notað sem meginröksemd, og jafnvel sú eina fyrir Schengen-þátttöku, að varðveita þurfi norræna vegabréfasamstarfið. Það er athyglisvert að heyra það af vörum dansks embættismanns á ráðstefnu sem Íslandsdeild Norðurlandaráðs stóð fyrir um Schengen og haldin var í Keflavík í febrúar sl., að nei við Schengen-þátttöku af Íslands og Noregs hálfu væri aðeins „hypotetisk mulighed", þ.e. fjarstæðuhugmynd. Og íslenski utanrrh. tók í rauninni í sama streng. Yfirlýsing danska forsætisráðherrans og sænska viðskiptaráðherrans fáum vikum fyrr skyldi gleymd og grafin og hún er heldur ekki nefnd af hæstv. dómsmrh. við þessa umræðu.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar ákveðið að velja síðari kostinn, þ.e. áheyrnaraðild svokallaða frá næstu mánaðamótum sem þýðir ákvörðun um fulla aðild að Schengen-samningnum þótt Ísland fái engu ráðið um ákvarðanir varðandi þann samning eða þróun hans en samningurinn telur ekki færri en 142 greinar. Schengen-samningurinn hefur að geyma ákvæði sem öll rúmast innan réttarkerfis Evrópusambandsins enda verða öll aðildarríki Schengen jafnframt að vera í Evrópusambandinu. Ákvæði Schengen-samningsins mega því að sjálfsögðu ekki ganga gegn forskriftum ESB. Miklu fremur eru Schengen-ríkin eins konar framvarðarsveit Evrópusambandsins að því er varðar afnám landamæraeftirlits og fylgja þar ákvæðum Maastricht-sáttmálans. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins knýr eðlilega á um að mikilvægir þættir Schengen-samningsins verði gerðir að hluta af reglum ESB og verkefni stofnana Evrópusambandsins og yfirgnæfandi meiri hluti á þingi Evrópusambandsins í Strassborg er sömu skoðunar. Það eru fyrst og fremst Bretar og Írar sem standa gegn því að afnema vegabréfaeftirlit á landamærum fyrir utan deilur sem enn eru uppi milli Schengen-landanna sjálfra og ég kem að síðar.

Með því að Ísland geri samstarfssamning við Schengen erum við að tengjast Evrópusambandinu enn nánari böndum en orðið er með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er því ekkert undarlegt þótt þeir stjórnmálamenn hér á landi og í Noregi, sem eru ginnkeyptir fyrir aðild Íslands eða Noregs að Evrópusambandinu, klappi fyrir Schengen-tengslum. Norska ríkisstjórnin, sem beið ósigur í þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-aðild Noregs í fyrravetur, leggur allt kapp á að binda trúss við Evrópusambandið á öllum sviðum. Hitt kann að sýnast torráðnara að íslensk stjórnvöld sem hafa aðild að ESB ekki á dagskrá skuli ætla að ganga þessa götu, samanber m.a. viðtal við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson í Morgunblaðinu í gær. Hér er þó ekki allt sem sýnist því m.a. utanrrh. sem á hlut í þessari skýrslu setur sig ekki úr færi að undirstrika að aðild að ESB sé langt frá því að vera útilokuð jafnvel í náinni framtíð. — Það vekur athygli, hæstv. forseti, að þeir eru ekki margir þingmenn Framsfl. sem sjá ástæðu til að vera hér við þessa umræðu og er þó hæstv. félmrh. hér og er það vel. Ég vona að hann sé ekki kominn í klappliðið.

Fyrir rúmlega hálfum mánuði hófst ráðstefna aðildarríkja Evrópusambandsins. Á henni er fjallað um breytingar á grunnsáttmála Evrópusambandsins sem og viðhorf til fjölgunar aðildarríkja. Á þessari ráðstefnu getur til þess komið að fleiri eða færri atriði sem nú eru skráð í Schengen-sáttmálann verði tekin upp af Evrópusambandinu í heild og verði hluti af reglum þess. Þetta er raunar viðurkennt í lokakafla þeirrar skýrslu sem hér er til umræðu. Þar segir:

„Geri aðildarríki Evrópusambandsins samninga í því skyni að koma á svæði án innri landamæra ákveða samningsaðilar með hvaða hætti ákvæði slíkra samninga koma í stað eða breyta ákvæðum Schengen-samningsins. Ákvæði sem eru í andstöðu við ákvæði sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa komið sér saman um skulu aðlöguð."

Með þessu væri komin upp ný staða í samskiptum Íslands og Noregs við Schengen. Ákvæði sem nú þarf samþykki allra ESB-ríkja til að breyta gæti orðið hluti að meirihlutaákvörðunum á vettvangi Evrópusambandsins. Þá gæti svo farið að t.d. Noregur yrði að skerast úr leik vegna andstöðu nógu margra þingmanna í Stórþinginu samkvæmt reglum í norsku stjórnarskránni gegn breyttum Schengen-samningi. Þá væri norræna vegabréfasambandið í uppnámi. Því hljótum við að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum doka Íslendingar ekki við með samninga við Schengen þar til fyrir liggur hver verður niðurstaða ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins?

Ég vil leyfa mér af þessu tilefni að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh.: Telur hæstv. forsrh. ekki skynsamlegt að fresta af Íslands hálfu ákvörðunum um bindandi afstöðu til Schengen-samstarfs þar til lokið er ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins?

Það væri ekki óeðlilegt að þeir sem fyrirvaralaust mæla með uppáskrift á Schengen-reglu nú hefðu fyrir því að rökstyðja hve miklu skal kosta til að losna undan því að sýna vegabréf á landamærum í ferðum til Vestur-Evrópu. Hafa ber þá jafnframt í huga að menn munu hvort sem er þurfa að bera á sér persónuskilríki. Þannig hafa sænsk stjórnvöld nýlega gefið í skyn að innleiða þurfi sérstök skírteini fyrir einstaklinga til að framvísa hafi þeir ekki vegabréf í fórum sínum. Vegabréfaeftirlit felur sem slíkt ekki í sér hömlur á

ferðafrelsi. Engum dettur í hug að innleidd verði skylda um vegabréfaáritun fyrir Íslendinga og Norðmenn sem ferðast inn á ESB- eða Schengen-svæðið. Bretar hafa hingað til staðið fast á að halda uppi vegabréfaeftirliti hjá sér og hið sama á við um Sviss, það mikla ferðamannaland. Allt of mikið er að mínu mati gert úr þýðingu þess að formlegt vegabréfaeftirlit sé aflagt. Í samskiptum Norðurlanda hefur það ekki síst haft táknræna þýðingu og hefur þetta verið mjög jákvætt en þegar bæta þarf afnám vegabréfaeftirlits innan Schengen upp með aðferðum sem um margt minna á lögregluríki ættu menn að spyrja sig hvort þau skipti séu í heild sinni til bóta.

Aðild að Schengen-samningnum felur m.a. eftirfarandi í sér fyrir Íslendinga:

Við gerumst landamæraverðir fyrir Evrsópusambandið þar eð landamæri okkar gagnvart ríkjum utan Schengen-samstarfsins verða um leið ytri landamæri Schengen-svæðisins og þá um leið Evrópusambandsins.

Við bindum okkur við sameiginlega stefnu með öðrum Schengen-ríkjum um landvistarleyfi og vegabréfaáritanir.

Ísland verður að skuldbinda sig til að fella ekki niður kröfu um vegabréfaáritanir gagnvart á annað hundrað ríkjum og við þurfum að segja upp samningum okkar um lausn frá vegabréfaáritunum, gagnkvæmt, við 19 ríki.

Við verðum að afnema heimildir fyrir kjörræðismenn Íslands til að veita vegabréfsáritanir og afturköllum um leið slíkar heimildir til 18 kjörræðismanna. Til að vega upp á móti afleiðingum af afnámi vegabréfaeftirlits á landamærum er gripið til víðtækrar samvinnu lögregluyfirvalda og margbrotinnar tölvuvæddrar upplýsingasöfnunar um einstaklinga.

Segja má að með Schengen-upplýsingakerfunum sé hinn alsjáandi stóri bróðir Orwells ljóslifandi kominn á vegginn. Víða í samningnum er rætt um ógn við almannaöryggi eða öryggi ríkisins. Skilyrði þess að veita útlendingi leyfi til að koma inn á Schengen-svæðið er m.a., auk þess að hann geti framfleytt sér á lögmætan hátt, og það er orðrétt tilvitnun í skýrsluna: „að hann hafi ekki verið lýstur óæskilegur í landinu og ekki megi ætla að hann muni spilla allsherjarreglu eða öryggi ríkisins í aðildarríki eða alþjóðlegum tengslum þeirra. Neita skal útlendingi, sem ekki uppfyllir öll skilyrði til aðgangs að svæðinu, um að koma inn á svæðið."

Þetta má m.a. lesa á bls. 12. Þar stendur jafnframt varðandi eftirlit á ytri landamærum aðildarríkja Schengen að eftirlit skuli framkvæmt þar samkvæmt samræmdum reglum að teknu tilliti til sameiginlegra hagsmuna aðildarríkjanna. Og orðrétt segir þar, með leyfi forseta: „Samræmdu reglurnar eru að eftirlit með einstaklingum tekur ekki einungis til þess að staðreyna ferðaskilríki og önnur skilyrði fyrir komu inn á svæðið, dvöl þar, vinnu og brottför af svæðinu, heldur einnig rannsókna á og varna gegn hótunum gegn öryggi ríkisins og allsherjarreglu á Schengen-svæðinu." — Það mátti ekki minna vera. Allsherjarreglu á Schengen-svæðinu.

Til að ná þessum markmiðum er sett upp þrefalt upplýsingakerfi sem í raun gerir mögulegar víðtækar og samræmdar persónunjósnir:

1. Kerfi í hverju einstöku aðildarríki.

2. Svokallað miðlægt stuðningskerfi. Það er stóra tölvan sem sendir vélrænt upplýsingar til kerfanna í aðildarríkjunum, þ.e. Schengen Information System.

3. Viðbótarupplýsingaskrifstofa í hverju landi sem kallast SIRENE sem er skammstöfun úr frönsku (Supplément d'information requis à l'entrée nationale). Og orðrétt er hlutverk þess „til að miðla milli lögregluyfirvalda upplýsingum sem falla utan þess sem skráð er í upplýsingakerfi Schengen" — þ.e. til viðbótar — „og til að svara fyrirspurnum varðandi upplýsingakerfið." Því auðvitað verður að svara fyrir það.

Þá er gert ráð fyrir að gera megi samkomulag um staðsetningu svonefndra sambandsmanna, m.a. í þeim tilgangi að auðvelda skipti á upplýsingum milli Schengen-ríkjanna og veita þeim aðstoð til að gæta ytri landamæra. Væntanlega fá yfirvöld hér svona aðstoðarmenn, svona sambandsmenn frá þessum 14–15 ríkjum, eða fleiri kunna þau að verða, til þess að gæta ytri landamæranna. Allt lýtur þetta að þeim tilgangi að þétta netið á ytri landamærum Schengen-svæðisins og komi í staðinn fyrir vegabréfaeftirlit á landamærum. Jafnframt fær lögregla heimild til að elta menn yfir landamæri annars ríkis án sérstaks leyfis viðkomandi ríkis en á það reynir að vísu ekki hér þar sem haf skilur lönd.

Allir sem hýsa erlenda gesti, einnig borgarar Schengen-ríkja, skulu sjá til þess að fylla persónulega út skráningarkort og sanni á sér deili með gildum skilríkjum. Þetta á einnig við um tjaldsvæði, hjólhýsasvæði og báta, stendur þar.

Víða hafa komið fram áhyggjur og gagnrýni vegna þessarar víðtæku skráningarskyldu og upplýsingasöfnunar í tölvukerfi Schengen Information System. Miðstýrður tölvuheili Schengen-tölvunnar gengur þegar að fullu í Strassborg og þar eru þegar á skrá um 2 milljónir manna. Þrátt fyrir reglur um notkun og fyrirmæli um persónuvernd er ljóst að þessi kerfi lúta ekki nema í takmörkuðum mæli lýðræðislegu eftirliti og fara fljótt að lifa eigin lífi.

Á bls. 20 og 21 í skýrslu ráðherranna er fjallað um þessi efni, m.a. um rétt einstaklinga til að fá aðgang að upplýsingum um sjálfa sig, en það fari eftir lögum viðkomandi ríkis. Orðrétt segir, með leyfi forseta: „Sé slíkur aðgangur heimill ákveður eftirlitsaðili viðkomandi ríkis hvort heimilt sé að veita upplýsingar." — Hvort heimilt sé að veita upplýsingar. — „Neita skal um aðgang að upplýsingum ef það getur skaðað framkvæmd þeirra ráðstafana sem um er beðið eða til að vernda réttindi annarra." Gert er ráð fyrir sérstökum eftirlitsaðilum til að vaka yfir gagnasöfnun upplýsingakerfanna og eru um það afar flókin fyrirmæli, samanber bls. 21 í skýrslunni, þar sem samningsaðilar m.a. skuldbinda sig til að tryggja, orðrétt, — það er löng setning, hæstv. forsrh., og byrja ég þó í henni miðri — „að þeir sem hafa heimild til að nota skráðar upplýsingar fái aðeins aðgang að þeim upplýsingum sem varða starfssvið þeirra, að unnt verði að kanna og staðfesta til hvaða yfirvalda persónuupplýsingar hafa verið gefnar með vélrænum hætti, að unnt verði að kanna og staðfesta hvaða persónuupplýsingar voru færðar í annað tölvukerfi, hvenær það var gert og hver gerði það og að ekki verði unnt að lesa, afrita, breyta eða afmá persónuupplýsingar við framsendingu þeirra af öðrum en þeim sem til þess hefur heimild. Hver samningsaðili skal aðeins tilnefna sérstaklega hæfan aðila sem sætt hefur öryggisskoðun til að fara með upplýsingar í upplýsingakerfinu í eigin landi."

Hverjum, hæstv. forseti, dettur í hug að kerfi sem þessi haldi á dögum þegar allt er falt fyrir peninga og innbrot í tölvukerfi eru álíka algeng og sjoppustuldur?

Margir hafa áhyggjur af afleiðingum Schengen-samningsins og þróun mála innan Evrópusambandsins í baráttu gegn útbreiðslu fíkniefna. Reglur innri markaðar Evrópusambandsins með afnámi tolleftirlits hafa nú þegar leitt til stóraukinnar umsetningar fíkniefna innan Evrópusambandsins. Reynsla Svía á fyrsta ári aðildar að ESB talar sínu máli en þar í landi var magn fíkniefna sem gert var

upptækt af yfirvöldum árið 1995 um 40% minna en árið 1994, þ.e. áður en reglur ESB gengu í gildi. Viðurkennt er þó af öllum að magn fíkniefna og ólöglegs innflutnings, einnig á áfengi, hafi í reynd stóraukist, að ekki sé sagt margfaldast. Aukin umsvif fíkniefnasala í Svíþjóð hafa aukið stórlega álagið á Noreg í þessu sambandi sem sýndi sig m.a. í því að á síðasta ári gerðu norsk tollyfirvöld um helmingi meira af fíkniefnum upptækt en á árinu 1994 bæði að því er varðar magn og fjölda tilvika. Þróunin í Noregi er þar að auki í þá átt að sífellt meira er í umferð af sterkum eða hörðum fíkniefnum. Norðmenn verja sem svarar 100 millj. ísl. kr. meira til landamæravörslu í ár en í fyrra, einkum til að verjast fíkniefnasmygli vegna þessara breyttu aðstæðna. Formaður norska lénslögreglumannasambandsins segir nýlega í blaðaviðtali að baráttan gegn ólöglegum innflutningi fíkniefna verði erfiðari með útvíkkun Schengen-svæðisins til Norðurlanda þótt norsk stjórnvöld haldi uppi tolleftirliti á landamærum. Það sé nánast óvinnandi vegur og gífurlega dýrt fyrir Noreg að taka að sér að gæta ytri landamæra Evrópusambandsins. Í stað lögreglusamvinnu samkvæmt Schengen-samningi vill hann efla alþjóðlegt samstarf lögregluyfirvalda gegnum Interpol og talar þar sama máli, ef ég man rétt, og Bogi Nilsson rannsóknarlögreglustjóri gerði á ráðstefnu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í febrúar sl.

Svipað mun verða upp á teningnum hér á landi og í Noregi. Þrýstingurinn af ólöglegum innflutningi fíkniefna mun aukast stórlega með afnámi landamæraeftirlits innan ESB og magnast enn frekar með Schengen-aðild Norðurlanda, beinni sem óbeinni. Hver skyldu vera áform íslenskra stjórnvalda um aukningu á tollgæslu og auknum fjárveitingum til að vinna gegn ólöglegum innflutningi fíkniefna hingað? Hafa ber í huga að þótt ekki sé gert ráð fyrir formbreytingu á tollgæslu gagnvart ferðamönnum hingað til lands, hvort sem um er að ræða farþega utan eða innan Schengen-svæðis verður erfiðara fyrir tollyfirvöld að hafa skipulegt eftirlit með ferðamönnum eftir afnám vegabréfaeftirlits, einnig vegna þess að heimildin til að gera stikkprufur varðandi vegabréf, sem nú er í norræna vegabréfasamningnum, verður ekki lengur til staðar. Rökstuddan grun þarf að hafa til að hafa afskipti af ferðamönnum sem ferðast innan Schengen-svæðisins.

Mér vitanlega liggur heldur ekki fyrir með hvaða hætti á að halda uppi tollskoðun gagnvart ferðamönnum sem hingað koma frá Schengen-svæði eða hvort vænta má sérstakra krafna frá Schengen þar að lútandi. Þeir sem telja að hér sé um ástæðulítinn ótta að ræða að því er fíkniefnin varðar ættu að kynna sér stöðuna sem uppi er innan núverandi Schengen-svæðis eftir að samningurinn gekk formlega í gildi fyrir rúmu ári. Á það bæði við um fíkniefni og einnig vegna afbrotamanna og framsals þeirra. Belgar og Spánverjar hafa verið í hári saman út af því síðarnefnda. Frönsk stjórnvöld notuðu árs afmæli framkvæmdar Schengen-samningsins, 26. mars sl., til að gefa út það álit sitt að Schengen-samningurinn væri of lélegur til að Frakkar leggi út í að afnema vegabréfaskoðun og eftirlit með fólki á landamærum. Vísað var til baráttunnar gegn fíkniefnum en einnig lögreglusamvinnu og samræmdra reglna um vegabréfsáritanir. Að vísu ætluðu frönsk stjórnvöld fljótlega að opna landamærin til Þýskalands og Spánar án vegabréfaskoðunar en áfram yrði eftirlit gagnvart Niðurlöndum. Frakkar hafa nú ítrekað notfært sér undanþáguákvæði í Schengen-samningnum með vísan til þjóðaröryggis. Áhyggjur þeirra varðandi fíkniefni beinast m.a. að stefnu hollenskra stjórnvalda í fíkniefnamálum. Frakkar krefjast þess að Hollendingar leggi af þá stefnu að leyfa sölu og notkun svokallaðra mildari eða veikari fíkniefna en hollensk stjórnvöld hafa vísað slíkum kröfum á bug. Frakkar gera kröfu um að áður en landamæri til Benelux-landa verði opnuð verði Evrópusambandið sjálft að samþykkja ítarlegar leiðbeinandi reglur, er haft eftir Michel Barnier, Evrópumálaráðherra Frakka, nýlega. Meðal þess sem Frakkar vilja ná fram er allsherjarbann innan Evrópusambandsins gegn dreifingu hvers konar fíkniefna á ESB-svæðinu. Fundi sem ráðgert var að halda milli franskra og hollenskra stjórnvalda um fíkniefnastefnu Hollendinga var nýlega aflýst samkvæmt ákvörðun Frakka.

Virðulegur forseti. Ég vænti að það sem ég hef sagt varðandi fíkniefnamálin, sem er aðeins hluti af afleiðingum þess að fella niður vegabréfaskoðun og eftirlit og auðvitað liggja aðrar grundvallarástæður að baki sem valda þar auknum þrýstingi, ætti að nægja til þess að íslensk stjórnvöld tækju sig til að athuga þennan þátt í alvöru en vísi því ekki bara frá og treysti á tölvukerfin sem eiga að gæta ytri landamæra.

Svo kem ég, virðulegi forseti, að lokum að kostnaðarþættinum sem virðist vera það helsta sem stendur í sumum stjórnarliðum. Það er þegar kemur að peningunum. Ég hef ekki gert þá að aðalatriði þessa máls. Það eru hinir pólitísku þættir sem eru meginmálið þó að auðvitað hljóti menn að spyrja sig, einnig þeir sem eru inni á því að innleiða að ganga inn í Schengen með samstarfssamningi, hvað eigi að kosta miklu til. En það vekur sannarlega athygli og vekur tortryggni þegar fram koma skýrslur eftir skýrslur um áætlaðan kostnað vegna stofnkostnaðar, breytinga á Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík sem byrjuðu í kringum 2 milljarða. Síðan komu upplýsingar á ráðstefnu í Keflavík í febrúar sl. um 1.000 milljónir sem það kostaði að stækka flugstöðina, að vísu ekki sundurgreint hvað væri Schengen og hvað væri almennar þarfir og þar var húsameistari á ferðinni. Síðan var annar aðili sem hafði verið látinn reikna og hann var með 600 millj. eða eitthvað þar um bil. En auðvitað varð að reikna betur því að hæstv. ráðherrum leist ekkert á blikuna að bera fram slíkar kostnaðartölur til að ganga inn í þessa sæld. Og þá er komin skýrsla sem metur þetta upp á 400 millj. samtals og reiknar með að Schengen-kostnaðarþátturinn sé 150 millj. Því eiga menn að kyngja til bráðabirgða meðan ekki kemur annað fram, hafa sér til huggunar á meðan verið er að koma þessu beisli á.

Virðulegur forseti. Að lokum ber ég fram til hæstv. dómsmrh. fáeinar fyrirspurnir. Hvenær er þess að vænta að mat á heildarkostnaði vegna Schengen-aðildar Íslands liggi fyrir? Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður því að þar eru margir þættir eins og vísað er til í skýrslunni.

2. Hefur farið fram sérstök greining á áhrifum Schengen-þátttöku Íslands á ólöglegan flutning eða smygl fíkniefna til Íslands?

3. Liggja fyrir hugmyndir um tilhögun á tollskoðun farþega sem hingað koma frá Schengen-svæðinu? Má treysta því að ekki komi til athugasemda frá Schengen þótt tolleftirlit verði hert ef talin er nauðsyn á, t.d. frá því sem nú er? Er hæstv. dómsmrh. reiðubúinn til að beita sér fyrir hertu eftirliti?

Virðulegur forseti. Ég hef tæpt á nokkrum atriðum varðandi þetta stóra mál sem ég tel að sé afar illa undirbúið af stjórnvalda hálfu og einhliða fram sett í þessari skýrslu. Ég vara við því að þetta skref sé stigið og þá sérstaklega nú meðan allt er á floti innan Evrópusambandsins um það hvað

verða muni, hvaða Schengen-reglur verði hluti af Evrópurétti innan tíðar, hugsanlega í kjölfar þeirrar ríkjaráðstefnu sem nú er hafin. Þess vegna hef ég séð ástæðu til að spyrja leiðtoga ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., sérstaklega um það atriði hvort hann telji ekki ráðlegt að hinkra við þangað til menn sjá hverju ríkjaráðstefnan skilar í þessu efni.

[17:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst víkja örstutt að því sem hv. þm. nefndi síðast, kostnaði. Það er rétt hjá hv. þm., enn liggja ekki fyrir enn áreiðanlegar upplýsingar um heildarkostnað sem af Schengen-aðild landsins muni leiða. Það er enn verið að vinna að þarfagreiningu vegna þess og því má segja að enn sé umtalsverð vinna fram undan áður en menn geta fullyrt hvað Schengen-aðild muni kosta íslensk flugmál. Þess vegna hefur ríkisstjórnin haft fyrirvara varðandi þessa þætti.

Varðandi hitt atriðið þar sem hv. þm. vék sérstaklega að mér, tel ég að það sé ekki út af fyrir sig nauðsynlegt að taka afstöðu á þessu augnabliki til spurningar hans þó ég geri ekki lítið úr henni. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til þess að ráðfæra mig við hæstv. utanrrh. og dómsmrh. um það mál. Ég vek þó athygli á því að endanlega ákvörðun varðandi fulla aðild að Schengen-svæðinu þarf ekki að taka fyrr en á næsta ári og þá væntanlega hefur ríkjaráðstefnan gengið nokkuð fram og menn séð í hvaða átt hún muni þróast og væntanlega vita á þeim tíma hvenær líklegt er að henni ljúki. En það allt saman er í mikilli óvissu enn þá. Mér finnst ástæða til þess að velta þessu máli fyrir mér en á þessu stigi tel ég ekki skynsamlegt að svara spurningunni beint.

[17:03]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir út af fyrir sig gott að heyra að hæstv. forsrh. telur ástæðu til að meta stöðu málsins í ljósi þeirrar þróunar sem verði á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsríkjanna. En um leið hlýt ég að benda á hversu afdrifaríkt í raun það skref sem nú er verið að taka um áheyrnaraðild er í þessu sambandi þar sem því fylgir stefnuyfirlýsing íslenskra stjórnvalda um að gerast fullur samstarfsaðili sem þýðir í raun uppáskrift á allar greinar þessa viðamikla samnings. Og mér finnst í raun alls ekki við hæfi að svona skref sé stigið án þess að Alþingi segi sitt orð um málið. En mér er ekki kunnugt um að utanrmn. þingsins hvað þá fleiri hafi kveðið upp dóma í því efni eða lagt á það neitt heildstætt mat sem væri þó eðlilegt vegna þess á hvaða krossgötum við stöndum í þessu máli og erfitt kann að vera að snúa við. Menn halda áfram að undirbúa þetta mál og jafnvel að ráðast í kostnað af þeim sökum og óhjákvæmilegt að leggja í kostnað, m.a. hönnunarvinnu, vegna þeirra breytinga sem þyrfti að gera til þess að við getum flokkað sundur hafrana og sauðina í Keflavík þegar þar að kemur.

[17:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt það sé rétt sem ég sagði áðan og hæstv. dómsmrh. hefur sagt að við ætlum ekki að taka neinar endanlegar ákvarðanir nú, er það líka rétt hjá hv. þm. að með þessari ákvörðun erum við að stíga ákveðið skref í átt að Schengen-svæðinu. Það er alveg einboðið að við viðurkennum að það sé verið að því. Menn þurfa þess vegna að fylgjast mjög nákvæmlega með þróun mála og hafa kostnaðarþættina alveg klára áður en næstu skref verða stigin. En með hverju skrefi sem við stígum er sjálfsagt erfiðara að snúa til baka.

[17:06]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa skýrslu. Síðan stenst ég ekki mátið að segja að um leið og ég hlýddi á mál hv. 4. þm. Austurl. rifjuðust upp fyrir mér gamlir góðir dagar. Það var eins og ég heyrði aftur endurvarp af ræðum hv. þm. þessi þrjú eða fjögur ár sem hann flutti svona dómsdagsræður yfir hausamótum okkar til þess að vara okkur við þeim þjóðarvoða sem fælist í aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu. Enn er sami ástríðuhitinn og enn eru sömu viðvörunarorðin, sama ástríðan alveg ókulnuð. En ég tek það fram að þá lagði ég ævinlega hlustir við því sem hv. þm. sagði og alveg eins er það nú vegna þess að það kom á daginn að hann var einn þeirra þingmanna sem setja sig vel inn í málin og vissi hvað var á dagskrá. Ég dreg ekkert úr því og efa ekki að svo sé enn.

Það þarf ekki að segja mikið að mínu mati um þetta mál á þessu stigi. Landakortið í Evrópu er að breytast. Það á eftir að breytast enn meir á næstu missirum og árum, eftir inngöngu Finnlands í Evrópusambandið og þau tíðindi að Evrópusambandið á nú orðið sameiginleg landamæri að Rússlandi. Innan mjög skamms tíma verður það svo að því er varðar fleiri ríki í Mið- og Austur-Evrópu eftir því sem þessi allsherjarsamtök evrópskra lýðræðisríkja taka á sig mynd.

Innan Norðurlandanna gerðist það með aðild hinna tveggja, Finnlands og Svíþjóðar til viðbótar við Danmörku, að Evrópusambandinu að þau sem utan standa, Noregur með sín löngu landamæri og við Íslendingar, stóðum frammi fyrir nýjum landamærum. Það er að sjálfsögðu meiri vandi fyrir Noreg en fyrir okkur einfaldlega vegna þess að haf skilur lönd og málið er auðveldara viðfangs fyrir okkur af þeim sökum. En það er rétt að ef eitthvað hefur áþreifanlega ásýnd af hinu rótgróna Norðurlandasamstarfi, er það frjáls för Norðurlandabúa um svæðið allt og norræna vegabréfasambandið eða hvað sem það er kallað er áþreifanlegur veruleiki í lífi okkar og skiptir mjög miklu máli að viðhalda því.

Ef við stæðum frammi fyrir því í framhaldi af inngöngu Finna, Svía og Dana í Evrópusambandið að við yrðum aðgreind með þeim hætti með nýjum landamærum frá öðrum íbúum Norðurlanda skynjuðum við betur en ella að inntak Norðurlandasamstarfsins er að breytast, í samstarfi stjórnvalda er inntak þess sífellt minnkandi því miður. En með því að viðhalda frjálsri för fólks og með því að allur almenningur geti farið hindrunarlaust um þetta svæði getum við þó í samskiptum fólks innan Norðurlanda reynt að viðhalda þessu. Það er staðreynd að þrjú þessara landa hafa sótt um aðild að Schengen og gert þann fyrirvara, sem eðlilegt er. Þau vilja viðhalda norræna vegabréfasambandinu og það kallar þá á sérstaka samninga við Ísland og Noreg í framhaldi af því. Það er búið að bjóða þá aðild og fá umboð til þess og samstarfssamningur er þar af leiðandi á dagskrá með áheyrnaraðild. Það er athyglisverður punktur hvort það breytir eitthvað stjórnskipulegri stöðu málsins ef niðurstaða ríkjaráðstefnunnar yrði sú að ákvörðunarvald innan þess breyttist frá nauðsyn allsherjarsamþykkis yfir í meirihlutaákvarðanir á þessu málasviði. En kjarni málsins er sem sé sá að í framhaldi af þessari áheyrnaraðild er stefnt að gerð samninga um þátttöku þeirra í samstarfinu og við það miðað að þeirri samningsgerð verði lokið fyrir næstu áramót. Í óformlegum viðræðum hefur komið fram að samningurinn gæti í fyrsta lagi komið til framkvæmda gagnvart Norðurlöndum árið 1998 en það er rétt að löngu áður en hann kemur

til framkvæmda þurfa allar upplýsingar að liggja fyrir ásamt pólitískri stefnumótun.

Að því er varðar mig og minn flokk get ég sagt að við höfum afar jákvæða afstöðu til þessa máls og því aðeins að einhverjir áþreifanlegir og mjög alvarlegir meinbugir fyndust á því teldum við það áhorfsmál að hafna slíku samstarfi. Þetta þarf engum að koma á óvart vegna þess að við erum einfaldlega þeirrar skoðunar í þingflokki jafnaðarmanna að við eigum heima í allsherjarsamtökum evrópskra lýðræðisríkja og þetta skref sem hér er stigið er tiltölulega lítið skref í þá átt en jákvætt svo langt sem það nær.

Ég tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þær upplýsingar sem hafa borist um kostnaðarþáttinn eru nokkuð undarlegar og bera svolítið með sér að þar séu menn að reyna að fegra kannski myndina eitthvað. Það kom fram í svari forsrh. áðan að endanlegar niðurstöður lægju ekki fyrir þannig að ég legg ekkert upp úr þeim tölum sem hér hafa verið nefndar um 400 millj., 150 millj. nettó beinlínis vegna Schengen. Hitt liggur fyrir að við stöndum frammi fyrir verulegum kostnaði af rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Við sitjum þar uppi með mikinn skuldahala frá liðinni tíð sem ekki hefur tekist að taka á. Ágreiningur var uppi um milli utanrrh. og samgrh. í fyrri ríkisstjórn og málinu vísað til hæstv. forsrh. sem er úrskurðaraðili í ágreiningi fagráðherra. Ég hef engar spurnir af því hvort sá úrskurður er nokkur orðinn. Þar að auki liggur fyrir að það þarf að gera breytingar og stækkun á flugstöðinni þannig að kostnaðarmálið er alla vega mjög verulegt í tengslum við þann rekstur.

Ég vil á þessu stigi málsins leyfa mér að beina nokkrum spurningum til hæstv. dómsmrh. í tilefni af þessari upplýsingagjöf, fyrst að því er varðar það sem hér segir á bls. 6 eftir að lýst er inntaki þeirra skuldbindinga sem hér var um að ræða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í viðræðum hefur komið fram að ákvæði EES-samningsins um vöruflutninga munu gilda áfram í samskiptum Íslands og Noregs við önnur Schengen-ríki. Þetta þýðir að þótt Íslandi taki þátt í Schengen-samstarfinu mun Ísland ekki taka þátt í tollasambandi ESB og áfram verður beitt óbreyttum ákvæðum um tolleftirlit."

Spurningin er þessi: Er verið að gefa í skyn eða er það svo að Íslendingar eigi þess kost að semja í þessu viðfangi um þátttöku í tollasamband ESB? Sé svo, hefur sá kostur verið skoðaður? Og ef þess er kostur, er þá ekki sjálfgefið að íslensk stjórnvöld og íslenska ríkisstjórnin kanni það mjög vandlega og óski eftir því að taka upp slíka samninga? Það væri þá að minnsta kosti eitt viðbótarskref í viðbót og væri afar jákvætt.

Önnur spurning um samstarfið að því er varðar vegabréfsáritanir. Hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar minntist á hinn sameiginlega lista yfir samninga ESB-ríkja um vegabréfaáritunarskuldbindingar væntanlega. Jafnframt segir hér að Íslendingar mundu trúlega verða að segja upp samningum um vegabréfaáritanir við 19 ríki. Það væri fróðlegt að fá að vita hvaða ríki þetta eru.

Að því er varðar málefni flóttamanna þar sem hlutur Íslendinga hefur verið smánarlegur á undanförnum árum en breyttist nokkuð með samstarfi okkar hæstv. dómsmrh. í tíð fyrri ríkisstjórnar og samkomulagi sem gert var þá um breytingar sem m.a. fól það í sér að við skyldum reyna að axla okkar skuldbindingar við að taka inn í landið þann lágmarksfjölda flóttamanna sem raunverulega voru samningar um, þá segir, með leyfi forseta: „Samningurinn hefur ákvæði um það hvaða ríki skuli teljast fyrsta hælisríki, þannig að umsækjanda um hæli verður ekki vísað á milli margra ríkja sem ekki vilja bera ábyrgð á honum."

Þessa reglu kannast ég við og stundum hefur hún verið notuð af okkar hálfu til að koma af okkur mönnum yfir á þau ríki, sérstakega innan Norðurlandasamstarfsins, sem voru fyrstu viðtökuaðilar. En spurning mín í þessum punkti er einfaldlega þessi: Sú nýskipan sem tekin var upp að því er varðar það að veita viðtöku flóttamönnum og tryggja þeim viðunandi aðbúnað hér á landi, það að taka við þeim fullnægði þessum skuldbindingum o.s.frv. Er það með öllu óbreytt? Breytir þetta engu um yfirlýsta stefnu stjórnvalda um viðtöku flóttamanna og framkvæmd þeirra mála frá því sem nú er?

Fjórða málið varðar lögreglusamvinnu. Eins og fram hefur komið gengur Schengen-samningurinn út frá þeirri meginreglu að persónueftirlit skuli fellt niður vegna ferðalaga á milli ríkjanna. Það er út af fyrir sig jákvætt. Afnám persónueftirlits getur haft í för með sér skert öryggi og því eru í samningnum fjölmörg svokölluð stuðningsákvæði til að efla samstarf aðildarríkja varðandi öryggis- og afbrotamál. Aukin lögreglusamvinna er nefnd til og síðan talið upp í fjórum liðum margvíslegt annað milliþjóðlegt samstarf. Mín spurning er þessi að því er þetta varðar: Er hæstv. dómsmrh. fyrir sitt leyti sáttur við þessi svokölluðu stuðningsákvæði og það samstarf sem hér er nánar lýst? Mun það fullnægja þeim kröfum sem við gerum þannig að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessu meinta skerta öryggi? Er eitthvað fleira sem hann getur sagt en það sem fram kemur í þessari knapporðu skýrslu um það efni? Og þá spyr ég hann sem hæstv. dómsmrh. hvort þetta hafi verið sérstaklega kannað og hvort ráðuneytið hafi fyrir sitt leyti komist að endanlegri niðurstöðu í efni.

Að því er varðar að lokum fimmta málið sem er fíkniefnin, þá er það auðvitað gríðarlega mikilvægt mál að íslensk stjórnvöld geti fullvissað allan almenning á Íslandi um að Ísland verði ekki fyrir vikið með þátttöku í þessu samkomulagi opið hús fyrir þá sem smygla fíkniefnum milli landa og að tök stjórnvalda á því máli séu ekki aðeins jafnörugg og verið hafa. Það er jafnframt spurning um það hvort samstarf sem á að vera milli lögregluyfirvalda á þessu sviði geti jafnvel þýtt að við ættum að vera betur í stakk búin til að ráðast að rótum þess vanda. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að sá vandi sem hlýst af samskiptum við Holland er alkunnur. En að því er varðar t.d. reynsluna í Skandinavíu, þá ber þar heimildum ekki að öllu leyti saman vegna þess að því hefur einnig verið haldið fram, og þá styðst ég við blaðafrásagnir, að samstarf lögregluyfirvalda í Evrópu almennt hafi m.a. leitt til þess að jafnvel meiri árangur hafi náðst en áður við að koma upp um fíkniefnasmygl og hafa hendur í hári glæpamanna af því tagi. En þetta er mjög þýðingarmikið mál og kemur til með að móta mjög afstöðu almennings til málsins. Þess vegna segi ég við hæstv. dómsmrh.: Getur hann hér og nú á þessu stigi málsins tekið af tvímæli í þessu efni eða gert betri og ítarlegri grein fyrir því hvernig dómsmálayfirvöld meta stöðu þess máls, að teknu auðvitað tilliti til sérstöðu Íslands sem eyríkis? Er einhver minnsta ástæða til að ætla að þátttaka okkar í þessu samstarfi slái vopnin úr höndum okkar, minnki getu okkar til þess að beita stjórnvaldsaðgerðum til að koma í veg fyrir innstreymi fíkniefna og skelfilegar afleiðingar af starfsemi slíkra glæpamanna?

Virðulegi forseti. Þetta eru þær spurningar sem ég vildi beina til hæstv. dómsmrh. af þessu tilefni. Ég heyrði í hinni innblásnu og ástríðuheitu ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að hann taldi það skelfilega tilhugsun að Ísland yrði með þessu samkomulagi eins konar landamæravörður lýðræðisríkjanna í Evrópubandalaginu, en hann tók það jafnframt fram að það væri auðvitað pólitíkin sem væri aðalatriði þessa máls en ekki kostnaðurinn sem er aukaatriði. Ég leyfði mér að skilja ræðu hans á þann veg að afstaða hans væri nokkuð mótuð af þeirri pólitísku afstöðu hans sem er kunn og ég virði út af fyrir sig, að hann er auðvitað eindreginn andstæðingur þess að við aukum samstarf okkar við Evrópusambandsþjóðirnar. Það er allt í lagi með þá skoðun út af fyrir sig. Ég er einfaldlega öndverðrar skoðunar.

Eitt er þó rétt að árétta að lokum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson dró annars vegar upp mynd af stjórnleysi að því er varðaði t.d. það að hafa tök á innstreymi fíkniefna og hafa hendur í hári glæpamanna á því sviði, en jafnframt dró hann upp mjög dramatíska mynd af þreföldu og miðstýrðu persónunjósnakerfi Schengen í stóru tölvunni og minni tölvunum og taldi einsýnt að þar væru á ferðinni meiri háttar persónunjósnir. Þetta tvennt getur varla farið saman að annars vegar séum við verr í stakk búin til þess að hafa eftirlit með glæpastarfsemi en hins vegar sé hún svo margefld og tröllaukin að jafnvel eðlilegum réttarsjónarmiðum einstaklinga eins og t.d. um skilyrðislausa virðingu fyrir einkalífi manna verði ekki fram haldið. Upplýsingamiðlun af þessu tagi er að sjálfsögðu snar þáttur í eftirliti og aðgerðum gegn glæpamönnum, en er hún að mati hæstv. dómsmrh. þess efnis að hún muni styrkja tök okkar við stjórnun slíkra mála. Eða er ástæða til þess að óttast að hún sé þvert á móti svo slök og laus í reipunum að það sé þveröfugt, að við séum verr í stakk búnir til þess að stjórna þessum málum en ella?

[17:23]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Til umræðu er mál er lýtur að því að fella niður eftirlit á sameiginlegum landamærum allmargra ríkja. Það virðist vera nokkur tilfinningahiti í þessu máli og af orðum þeirra sem mest hafa tjáð sig um þetta mál sýnist mér að það sé einkum tvennt sem þar stendur upp úr. Annars vegar eru það áhyggjur yfir því að ekki verði lengur um óhindraðan og frjálsan aðgang um landamæri milli Norðurlanda að ræða og svo eru aðrir sem hafa áhyggjur af því að ef menn fari í þetta samstarf, þá verði landamæraeftirlit almennt of lítið bæði hjá okkur og eins annars staðar í Evrópu.

Hvað sem þessum tilfinningahita líður, er staða málsins sú að bæði Íslandi og Noregi stendur nú til boða þátttaka á fundum í Schengen-samstarfinu þar sem við eigum að hafa málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Þar sem einungis er um áheyrnaraðild að ræða finnst mér sjálfsagt að menn taki þátt í því en ég gef mér það að með því að taka þátt í þessu, þá séu menn í rauninni að setja út fyrsta spilið og ætli sér, nema eitthvað óvænt komi upp, að halda þessu samstarfi áfram þannig að það leiði til frekari samvinnu í þessum málum.

Í mínum huga eru í máli þessu bæði jákvæðir og neikvæðir þættir sem þarf að vega og meta. Ég tel jákvætt að samningurinn heimilar Íslendingum frjálsa för um innri landamæri þessara aðildarríkja. Í mínum huga er það nokkuð mál að afnema það einkum og sér í lagi ef um Norðurlöndin er að ræða en einnig þykir mér það jákvætt að við getum farið frjálst um landamæri annarra Evrópuríkja.

Vegabréfsáritanir verða samræmdar og Schengen-ríkin hafa sammælst um lista yfir ríki þaðan sem ríkisborgarar sem koma vilja inn á Schengen-svæðið skulu hafa vegabréfsáritunum. En það er líka í gildi samningur eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom inn á milli íslenskra stjórnvalda við 19 ríki, sem við Íslendingar höfum nú þegar gert, um að ekki þurfi vegabréfsáritun þegar farið er milli landa. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að á árinu 1994 komu einungis 52 ríkisborgarar frá þessum 19 ríkjum til Íslands og á árinu 1995 voru þeir einungis 23 þannig að í mínum huga er þetta ekki stórt mál.

Ég tel jákvætt að það verður komið á stórauknu samstarfi lögregluyfirvalda. Í því felst að það verður aukið eftirlit með afbrotamönnum. Það er ljóst að fyrir lítið ríki eins og Ísland er það meiri háttar mál að ætla eitt og sér að fylgjast með því sem afbrotamönnum víða um heim dettur orðið í hug og þeirri kænsku sem þeir beita við afbrot sín. Ég tel það því jákvætt að við eigum núna möguleika á því að taka upp samstarf um þetta eftirlit. Það verður haft eftirlit með ferðum hryðjuverkamanna og annarra óæskilegra manna sem hingað mundu vilja koma þannig að við nytum þá góðs af samstarfi við þessar þjóðir um að stemma stigu við ferðum slíkra manna.

Fíkniefnaeftirlit verður stóraukið með þessu samstarfi ef við förum í það og ég tel það mjög til bóta að við tengjumst samstarfi hinna stóru þjóða sem reynslu hafa í því að reyna að stemma stigu við þessum óæskilega vágesti sem ríður húsum, bæði á Íslandi og í nálægum löndum. Það er jákvætt einnig að upplýsingabanka á að starfrækja til aðstoðar við landamæraeftirlit, víðtækt tölvukerfi sem við fáum aðild að. Ég hef ekki sömu áhyggjur af því og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að upplýsingar úr þessum gagnabanka verði falar eða til dreifingar almennt þó að það sé vissulega mikið rétt að víða komast þeir menn inn í tölvubanka sem það ætla sér.

Að lokum sé ég það mjög jákvætt í þessu máli að í samstarfinu felst möguleiki til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Möguleiki gefst á því að fylgjast með frá upphafi þeirri þróun sem er að eiga sér stað í landamæraeftirliti, á gæslu á ferðum afbrotamanna og það að vera með í þróuninni frá upphafi. Mér finnst e.t.v. einn veigamesti þátturinn í alþjóðlegu samstarfi að við ekki lokum okkur af heldur höfum tækifæri til þess að fylgjast með frá upphaf þeirri þróun sem ekki er orðin heldur er að verða á hverjum tíma.

Neikvæðu þættirnir sem ég sé í málinu lúta fyrst og fremst að kostnaði við þátttökuna og mér sýnist að hann verði allnokkur. Fyrst er til að taka þann kostnaðarauka sem verður bæði vegna rekstrar- og stofnkostnaðar, einkum þó breytinga sem þarf að gera á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en lágmarkskostnaður þar er okkur sagður að verði um 150 millj. kr. bara vegna Schengen-samstarfsins. Við munum þurfa að taka þátt í almennum og sameiginlegum kostnaði við rekstur kerfisins í Brussel og Strassborg. Ég hef hvorki séð tölur um stærðargráður á þessum kostnaði né um skiptireglur milli landa. Ég óttast að það sé svo að við getum lent í því að það sé jafn kostnaður, þ.e. sami kostnaður sem dreifist á hvert einasta land. Ef svo er, þá getur þetta orðið töluvert fyrir okkur. Ef þetta hins vegar skiptist eftir höfðatölu sem víða er praktíserað, þá er þetta væntanlega ekki stór biti fyrir Ísland og Íslendinga.

Mér finnst neikvætt og hef af því nokkrar áhyggjur hvað stjórnvöld telja sig þurfa að fjölga ríkisstarfsmönnum ef farið verður í Schengen-samstarfið. Þessi aukni mannafli á einkum að koma til vegna vegabréfaeftirlits vegna þessarar SIRENE-skrifstofu. Ég kann ekki að bera það fram og nota skammstöfunina. Þó að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi farið með heiti þessarar stofnunar hér áðan, þá ætla ég að leyfa mér að kalla þetta bara SIRENE-skrifstofurnar. Það þarf aukinn mannafla við útlendingaeftirlit og svo stendur til að ráða fulltrúa að sendiráði Íslands í Bonn. Ég hefði ætlað að það mætti spara nokkuð við svona samstarf, við svona sameiginlegt eftirlit og þess vegna kemur mér það spánskt fyrir sjónir að nú þurfi enn að fjölga ríkisstarfsmönnum. Allnokkur er fjölgunin sem orðið hefur, hæstv. dómsmrh., á ríkisstarfsmönnum frá því að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett ef ég man rétt. Þá voru þeir 8 þúsund en eru nú 25 þúsund þannig að ég held að hæstv. dómsmrh. hljóti að geta fundið einhverja ríkisstarfsmenn sem megi færa til yfir í þessi störf frekar en að fjölga nú enn.

Veigamesti þátturinn í ... (**Dómsmrh.:** Ábendingar eru vel þegnar.) Já, ég skal hafa það í huga og þigg það með þökkum að mega benda á það. Veigamesti þátturinn í mínum huga þegar þetta mál er skoðað og sem kannski ræður mestu þegar upp er staðið um þá afstöðu sem ég mun hafa í þessu máli er sá að ekki verði raskað starfsgrundvelli Flugleiða á Keflavíkurflugvelli. Flugleiðir hafa verið með mjög merkt starf í því að byggja upp millilendingarflugvöll á Keflavíkurflugvelli þar sem fram fara skipti á farþegum milli véla sem koma frá Bandaríkjunum eða Evrópu. Ég hef af því vissar áhyggjur að þessi breyting, ef við förum yfir í þetta Schengen-samstarf, þýði að flugáætlanir Flugleiða raskist. Ég sé í því plaggi sem til okkar hefur verið dreift frá Framkvæmdasýslu ríkisins að þar er sagt að á álagstímum Flugleiðavéla sé hæfilegt að gera ráð fyrir afgreiðslu á fjórum fullsetnum Boeing-757 200 flugvélum á sama tíma. Þetta þýðir að samtals 760 farþegar þurfa á þjónustu að halda í þjónusturými. Jafnframt er sagt að það sé mat Framkvæmdasýslunnar eða yfirmanns hennar að hæfilegt sé að miða stærð þjónusturýmis utan Schengen-svæðisins miða stærðina við það að 500 farþegar geti notið þar þjónustu með góðu móti samtímis. Ég vísa til þess að í heimsókn starfsmanna Flugleiða til utanrmn. var upplýst að þeim þætti sá tími sem þeim væri ætlaður til að skoða vegabréf farþega sem um völlinn færu fullknappur og mætti þar ekkert út af bera ef flugáætlanir og flugvélar félagsins ættu ekki að tefjast þar. Við hins vegar vitum að það þarf að stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Á þessu ári fer fjöldi farþega sem þar fer um, væntanlega yfir milljón farþega á ári og menn búast við mikilli farþegaaukningu þar á komandi árum samfara þeim aukna fjölda sem almennt mun ferðast með flugvélum á komandi áratug. Ég held þess vegna að það sé ekki frágangssök þó að það kosti nokkuð að breyta flugstöðinni fyrir Schengen-samkomulagið ef við getum gert það á sama tíma og við vindum okkur í að stækka og lagfæra þessa flugstöð.

Mér þykir samt að afstaða Flugleiða til málsins, þ.e. hvort þeir styðja þetta eða ekki hafi ekki komið nægilega skýrt fram og ég mundi vilja spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort fyrir liggi greinargóð afstaða Flugleiða og hvaða afstöðu þeir hafa til málsins, hvort þeir hafi af þessu áhyggjur eða hvort þeir séu sammála því mati sem kemur frá Framkvæmdasýslu ríkisins, að hægt sé að leysa þessi mál með þeim breytingum sem þar hafa verið lagðar til.

Niðurstaða mín í þessu máli er sú að ég tel að það hljóti að vera unnt að finna lausnir á vanda Flugleiða í þessu máli vegna hugsanlegra tafa á afgreiðslu flugvéla. Eftir að hafa vegið og metið bæði jákvæða og neikvæða þætti sem ég hef farið yfir þá vega jákvæðu þættirnir þyngra í mínum huga en þeir neikvæðu og því tel ég að það eigi að halda áfram viðræðum sem miða að því að við gerumst aðilar að Schengen-samstarfinu svo fremi að ekki koma fram nýjar upplýsingar sem gera aðild Íslands óhagstæðari en núverandi upplýsingar gefa til kynna.

[17:35]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var athyglisvert að hlýða á hvernig hv. þm. nálgast þetta mál til að komast að niðurstöðu. Það eru nokkrar athugasemdir og ábendingar sem ég vildi gera vegna ræðu hans. Í fyrsta lagi er þetta viðhorf að til þess að geta farið frjálst milli landa, þá sé skilyrðið að menn þurfi ekki að sýna vegabréf. Ég tel í raun að ferðafrelsi sé í heiðri haft þó að til þess þurfi að koma að menn dragi upp vegabréfið á meðan engar óeðlilegar hindranir með vegabréfaáritun eða aðrar hindranir eru reistar við slíku.

Í öðru lagi taldi þingmaðurinn að vegabréfasamningar eða möguleikar á því að fella niður kröfu um vegabréfsáritun væri ekki stórt mál af því að það væru svo fáir sem komu frá þessum 19 ríkjum sem um væri að ræða. Það skyldi ekki vera að það væru einmitt þróunarmöguleikar í samskiptum við þessi ríki ef menn ná að byggja m.a. á frelsi frá vegabréfaáritunum eins og gert hefur verið. Ég vek athygli hv. þm. á því að þetta eru á annað hundrað ríki sem við skuldbindum okkur til að viðhalda vegabréfaáritunarkröfu. Ég er með þennan lista, reyndar kominn frá Faremo, dómsmálaráðherra Noregs, sem hefur að geyma á annað hundrað ríki sem við skuldbindingum okkur til að aflétta ekki kröfunni um vegabréfáritun. Veikir þetta ekki þróunarmöguleika Íslands í samskiptum við umheiminn að binda sig með þessum hætti fyrir utan það sem við þurfum að rifta?

Síðan er það að fíkniefnaeftirlitið verði stóraukið. Það er rétt að menn eru að reyna að pétta ytri landamærin en menn eru jafnframt að opna í auknum mæli fyrir allt innan þeirra og það fer fram heilmikil úrvinnsla og framleiðsla fíkniefna innan Schengen-landanna og ekki síst það skapar vandann. Ég sé ekki hvernig sú niðurstaða er komin hjá hv. þm. að möguleikinn til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi aukist með þessum samningum. Þá er ég að horfa til heimsins alls.

[17:37]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar tek ég fram að ég tel það ekki stórmál í sjálfu sér að þurfa að draga upp vegabréf til að sýna á landamærum. Engu að síður held ég að það sé nokkurt mál fyrir þjóðarstolt Íslendinga að geta gengið um landamæri Evrópu án þess að standa þar í löngum biðröðum og bíða eftir að vera afgreiddir. Við erum eftir allt saman Evrópubúar og viljum vera meðhöndlaðir eins og frændur okkar í nálægum ríkjum og það held ég að skipti kannski mestu máli í þessu sambandi.

[17:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að verða dálítið dýrt þjóðarstolt sem er hér á ferðinni. Hv. þm. vék ekki einu orði að því að rökstyðja frekar niðurstöður sínar í sambandi við fíkniefnin,

(**Gripið fram í:** Það er dýrt að vera Íslendingur.) hvernig hann kæmist að þeirri niðurstöðu að þarna væri fundið þjóðráð í sambandi við að verjast fíkniefnum með því að gerast aðili, hvað þá að það væri eitthvað rýmra alþjóðlegt samstarf við Íslendinga við umheiminn. Við þrengjum möguleika okkar til alþjóðlegs samstarfs með því að rígbinda það í auknum mæli við Evrópusambandssvæðið. Það er það spor sem verið er að þræða hér. Það er ekki leiðin til þess að auka svigrúm Íslendinga til alþjóðasamskipta sem ég held að eigi að vera keppikefli okkar og horfa þar til heimsins alls.

[17:39]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að það kostar peninga að vera lítil þjóð og varðandi þetta með fíkniefnaeftirlitið er ég þeirrar skoðunar að það sé afar erfitt fyrir litla þjóð að ætla að halda utan um öll þau gögn sem nauðsynlegt er til þess að stemma stigu við þeim vágesti að hann berist hingað í auknum mæli. Þess vegna tel ég að þetta samstarf geti gefið okkur tækifæri til þess að ná lengra í þessari baráttu en við höfum náð til þessa, m.a. þessi margfræga tölvubanki, sem við höfum rætt um hér, muni aðstoða í því sambandi.

Almennt um alþjóðlegt samstarf, hvort heldur það heitir GATT eða NATO eða eitthvað annað, þá er alveg ljóst að það er samstarf þjóða um sameiginleg mál og lýtur þá að því að menn meðhöndla þá sem standa utan samstarfsins með öðrum hætti. Það er ekki neinn nýr sannleikur í því.

[17:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hér er til umræðu um Schengen-samkomulagið en þessi skýrsla er mjög gagnleg og tekur á mörgum þáttum málsins og auðveldar því þinginu að taka afstöðu til málsins. Hitt verð ég þó að segja að mér finnst líkt og hv. 4. þm. Austurl. skýrslan ekki vera nægjanlega gagnrýnin, þ.e. hún tekur og veltir ekki upp göllum þessa samkomulags sem eru vissulega nokkrir. Það er ástæða til þess að velta upp neikvæðum hliðum þessa máls og að skýrslan taki á þeim þáttum sem eru gagnrýniverðir þannig að í skýrslunni komi fram helstu kostir og gallar fyrir íslensku þjóðina að gerast aðilar að þessu samkomulagi. Ýmislegt sem kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar varðandi gagnrýnina á þetta samkomulag er vissulega allrar athygli vert og við hljótum að vega og meta það þangað til að því kemur að við þurfum að taka endanlega afstöðu til aðildar að þessu samkomulagi. En að öllu samanlögðu verður að líta svo á að eins og málið blasir nú við eru kostirnir það miklir að Ísland gerist aðili að samkomulaginu að ég tel rétt að vinna áfram að framgangi þess. Vissulega geta þau atriði komið upp í ferlinu að rétt sé að endurmeta þá stöðu en ég tel að ríkisstjórnin hafi að mörgu leyti haldið skynsamlega á þessu máli og eins og málið blasir nú við eigi að vinna áfram að aðild Íslands að Schengen-samkomulaginu.

Norræna vegabréfasambandið hefur reynst farsælt en forsenda þess að Íslandi og Noregi er boðin aðild að samstarfinu og kannski veigamesti þátturinn er einmitt norræna vegabréfasambandið en margir telja þó að ekki hafi fengist fyrir því óyggjandi rök og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom einmitt inn á það áðan að það hafi ekki fengist fyrir því óyggjandi rök að verðum við ekki aðilar að þessu samstarfi sé það endirinn á norræna vegabréfasambandinu og mun ég koma að því lítillega síðar í máli mínu.

Það kemur fram í skýrslunni að með áheyrnaraðild að Schengen sé því lýst yfir að stefnt sé að fullri þátttöku í Schengen-samstarfinu. Því er það skref sem nú er stigið með áheyrnaraðild afar þýðingarmikið og það er verið að taka veigamikið skref í átt til þess að við gerumst aðilar að þessu samkomulagi. Engu að síður er sá öryggisventill mikilvægur að áheyrnaraðild feli ekki í sér að ákvæði samningsins komi til framkvæmda að einu eða öðru leyti þannig að Ísland geti þrátt fyrir áheyrnaraðildina hvenær sem er hætt við þátttöku. Ég tel það mikilvægt þó að vissulega sé það erfiðara eftir því sem líður á þetta ferli því að það er ljóst eins og fram hefur komið í máli margra í dag að enn eru nokkrir mikilvægir endar lausir í þessu máli.

Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um kostnaðinn við þetta samstarf. Varðandi kostnað við framkvæmdir sem í þarf að ráðast verður að ætla að nokkuð vel hafi tekist til, þ.e. standist sú áætlun miðað við það sem áður var gert ráð fyrir. Eins og fram hefur komið er að áætlað að beinn byggingarkostnaður vegna Schengen-samstarfsins sé 150 millj. kr. og verður að telja að það sé nokkuð vel sloppið standist sú áætlun. Fram til þessa hefur minna verið rætt um ýmsan annan kostnað við þetta samstarf sem ég vil gera að umtalsefni og reyndar hafa nokkrir ræðumenn fyrr í dag gert það einnig. En meðan sá kostnaður liggur ekki fyrir höfum við ekki heildarmyndina af öllu málinu. Mikilvæg forsenda sem gengið hefur út frá, m.a. gagnvart samkeppnishæfni Flugleiða er að tengiflugið gangi upp og tímaáætlanir raskist ekki frá því sem nú er en í skýrslunni kemur fram að flugstöðin verði sú ytri landamærastöð Schengen sem langflestir farþega fara um til og frá landinu og aðildin hlýtur því að hafa áhrif á rekstur flugstöðvarinnar og þar með starfsemi Flugleiða.

Mér þætti mjög gott, herra forseti, ef ég vissi til þess að hæstv. dómsmrh. væri að hlýða á mál mitt vegna þess að ég hef áhuga á því að leggja fyrir hann nokkrar spurningar. Ég sé að hann er á öðrum fundi í hliðarsal þannig að ég geri mér ekki ljósa grein fyrir því hvort hann hlusti á mál mitt eða þær spurningar sem ég hef í hyggju að leggja fyrir hann.

(**Forseti** (GÁ): Hér gengur hæstv. dómsmrh. í salinn og hv. þm. óskar eftir því að ráðherrann hlýði á ræðumann.)

Já, ég taldi ástæðu til þess, virðulegi forseti, af því að ég hafði í huga að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Það snýr m.a. að starfsemi Flugleiða en eins og hæstv. ráðherra veit hefur verið gengið út frá þeirri forsendu, m.a. gagnvart samkeppnishæfni Flugleiða, að tengiflugið gangi upp og tímaáætlanir raskist ekki frá því sem nú er. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra, sem viðkemur kannski þessu tengiflugi hvort fyrir liggi á hverjum sá kostnaður lendir sem til fellur til að tengiflug Flugleiða gangi upp og þá hvort hægt sé að greina þann kostnað sem fellur sérstaklega til vegna þessa. Spurningin snýst um það hvort hann muni lenda á Flugleiðum, hvort afstaða hafi verið tekin til þess sem þýddi væntanlega hækkun á flugfargjöldum. Hv. síðasti ræðumaður spurði einmitt um afstöðu Flugleiða til þess máls og ég hygg að það hljóti að vera mikilvægur þáttur í því hvaða afstöðu Flugleiðir hafa til málsins, hvort um sé að ræða einhvern sérstakan kostnað sem mun falla á Flugleiðir og þar með flugfargjöldin. Ég geri mér grein fyrir því eftir þær umræður, sem fara fram í dag, að heildarkostnaður liggur ekki fyrir en spurning mín lýtur að því hvort ríkisstjórnin hafi tekið nokkrar ákvarðanir í því hvort sá kostnaður sem

til fellur vegna tengiflugsins muni með einum eða öðrum hætti þýða hækkun á fargjöldum og hvort hann muni lenda á Flugleiðum.

Vissulega hefði það verið mjög mikilvægt innlegg í þessa umræðu sem fram fer í dag ef hægt hefði verið að gefa einhverjar hugmyndir um þann heildarkostnað sem af þessu samkomulagi hlýst þegar við erum að stíga svo veigamikið skref sem áheyrnaraðild er og þá á hverjum hann mun lenda. Og það er vissulega mjög miður að svo sé ekki, ef ég skil orð forsrh. rétt í máli hans áðan, en ég geri ráð fyrir því að hæstv. dómsmrh. muni koma eitthvað nánar inn á það í sínum svörum vegna þess að það er ljóst af þeim ræðum sem hafa verið fluttar að þetta eru spurningar sem brenna mikið á vörum þeirra sem um þetta hafa fjallað í dag.

Ég vil líka nefna, virðulegi forseti, að kostnaðurinn þarf líka að skoðast í ljósi skuldahalans sem liggur fyrir núna vegna flugstöðvarinnar sem núna er, ef ég man rétt, um 4 milljarðar kr. Það liggur ekkert fyrir, að því er ég best veit, um hvernig mæta eigi þeim skuldahala og hefði verið ástæða til þess að spyrja hæstv. utanrrh., sem því miður er ekki við í dag, hvernig þau mál stæðu og hvaða áætlanir hefðu verið gerðar til þess að gera upp þann halla. En úr því að hæstv. utanrrh. er ekki hér í dag, þá vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. um það mál, hvort það hafi þá verið rætt í ríkisstjórninni hvernig mæta eigi þessum 4 milljarða kr. halla. Mér finnst þetta vera innlegg í umræðuna vegna þess að ef svo fer að það eigi að mæta kostnaði við Schengen-samstarfið t.d. með því að hækka flugfargjöld og ríkisstjórnin er kannski með það í pokahorninu að hækka einhver gjöld varðandi starfsemi Flugleiða eða flugstöðvarinnar vegna þessa mikla halla sem við búum við, eða um 4 milljarða, þá hefði verið brýnt að vita eitthvað um það hvernig það mál stæði og hvort ríkisstjórnin hafi fjallað um það með hvaða hætti eigi að taka á því máli. Því að við erum ekki einungis að ræða hér um kostnað vegna Schengen-samkomulagsins heldur liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna nauðsynlegrar stækkunar á flugstöðinni óháð Schengen upp á 250 millj. kr. þannig að þetta eru ekkert einangruð mál, það hangir allt saman hvernig eigi að standa að þessum kostnaði.

Eins vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvaða kröfur eru gerðar vegna Schengen-samstarfsins til annarra flugvalla hér á landi sem notaðir eru til millilandaflugs, t.d. á Akureyri og á Egilsstöðum og Reykjavíkurflugvöllur, og hvort þar þurfi að ráðast í aðgerðir eða aukinn kostnað vegna þessa samkomulags og ef ekki, hvort og þá hvaða Schengen-reglur nái til slíkra flugvalla vegna þess að jafnvel þó það fylgi kannski ekki kostnaður eða breytingar þá hljóta einhverjar af þeim reglum sem gilda varðandi Schengen að gilda um þá flugvelli sem ég nefndi.

Virðulegi forseti. Ég hefði talið æskilegt að betur hefði komið fram í þessari annars ágætu skýrslu hvernig Ísland er í stakk búið til að uppfylla hinar ýmsu reglur og skilyrði vegna aðildarinnar en sjónir manna hafa þangað til í dag með þessari skýrslu kannski fyrst og fremst beinst að kostnaði við framkvæmdirnar sjálfar en síður varðandi ýmsar reglur og rekstrarkostnað og annan stofnkostnað sem fylgir þessu samkomulagi. Vissulega er í skýrslunni í ítarlegu máli getið um þær kvaðir og skilyrði sem á okkur eru sett með þessu samkomulagi, en ég hefði viljað sjá samantekt í skýrslunni eða a.m.k. það kæmi fram í máli ráðherrans hvort við í dag uppfyllum þau skilyrði sem fram eru sett og hver séu erfiðustu úrlausnarefnin varðandi þetta samstarf að mati ráðherrans, hvort hann telji að það séu einhverjir þeir þröskuldir í vegi sem við eigum í erfiðleikum með varðandi reglur og skilyrði sem sett eru fram um aðild að þessu samkomulagi.

Ég nefni t.d. spurninguna um það hvernig við erum í stakk búin til að uppfylla það sem fram kemur í skýrslunni um lögreglusamvinnu, um sameiginlega upplýsingabanka, um óæskilega útlendinga, eftirlýsta einstaklinga og um gagnkvæma réttaraðstoð, svo eitthvað sé nefnt, en samkvæmt skýrslunni virðist vera um mjög umfangsmikil mál að ræða, svo ekki sé sterkar til orða tekið, og því hlýtur að fylgja töluvert mikill kostnaður sem og þær breytingar á reglum sem við verðum að uppfylla. Á bls. 9 í skýrslunni er t.d. vitnað til þess hvað þessi lögreglusamvinna felur í sér, t.d. varðandi öryggis- og afbrotamál en þar kemur fram, með leyfi forseta, að þessi lögreglusamvinna varðar m.a.:

gagnkvæma aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa afbrot,

miðlun upplýsinga í sérstökum tilvikum í þeim tilgangi að fyrirbyggja afbrot eða fyrirbyggja verknaði sem ógna almannaöryggi eða öryggi ríkisins,

miðlun upplýsinga í þeim tilgangi að gera eftirlit á ytri landamærum markvissara,

útsendingu lögreglumanna til að auðvelda samband lögreglu í tveimur ríkjum,

uppsetningu á sameiginlegu upplýsingakerfi.

Síðan er áskilið, virðulegi forseti, að hvert aðildarríki Schengen-samstarfsins setji upp skrifstofu til að miðla milli lögregluyfirvalda upplýsingum sem falla utan þess sem skráð er í upplýsingakerfi Schengen og til að svara fyrirspurnum varðandi upplýsingakerfið og til að hafa umsjón með annarri lögreglusamvinnu sem fellur innan Schengen-samstarfsins. Hér er lítið eitt upp talið. Þetta virðist vera mjög umfangsmikið og ég ítreka aftur að mér fannst margt sem fram kom í máli hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, mjög athyglisvert varðandi þessa þætti og hve umfangsmiklir þeir eru. Við erum ekki bara að tala um breytingar á flugstöðinni heldur erum við að tala um mjög miklar breytingar, reglugerðir, lögreglusamvinnu og ýmsa aðra þætti, setja upp skrifstofur og ýmsa þætti varðandi miðlun upplýsinga.

Því ítreka ég til hæstv. ráðherra hvernig hann metur að við séum í stakk búin til þess að taka á okkur þessar skuldbindingar og hvar helstu þröskuldarnir liggja.

Í skýrslunni kemur fram að auk þess þurfi Schengen-ríkin að reka sameiginlegt upplýsingakerfi sem samanstendur af kerfi í hverju einstöku aðildarríki og miðlægu tæknilegu stuðningskerfi sem skráir staðlaðar upplýsingar um einstaklinga og hluti vegna landamæraeftirlits, rannsókna lögreglu og tollyfirvalda og vegna meðferðar á beiðnum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og framkvæmdar á lögum um útlendinga. Þetta kerfi þarf hvert ríki að setja á stofn og reka á eigin ábyrgð í sínu landi.

Þetta sýnir náttúrlega betur en allt annað hve umfangsmikið það er að gerast aðilar að Schengen og hverju til þarf að kosta og þess vegna er svo mikilvægt, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þingmenn hafi fyrir sér bæði kostina og gallana af þessu samstarfi. Eins finnst mér vera mjög framandi þær ítarlegu upplýsingar sem nauðsynlegt er að skrá um einstaklinga sem af hinum ýmsu ástæðum eru taldir brotlegir eða varhugaverðir og því mikilvægt að aðgangur að skráðum upplýsingum og það ákvæði um vernd persónuupplýsinga sé með þeim hætti að fyrirbyggð sé misnotkun þeirra. Þar kom hv. þm. Hjörleifur Guttormsson inn á ýmis atriði. Það má raunverulega lesa í skýrslunni að sumpart

birtist þetta manni raunverulega eins og um væri að ræða ákvæði sem ættu við um lögregluríki og um persónunjósnir þannig að mér finnst að ýmsu að hyggja í þessu máli.

Ég vil í lokin fara nokkrum orðum, virðulegi forseti, um það ákvæði í Schengen-samningnum sem fjallar um samstarf í baráttunni gegn fíkniefnum sem ég viðurkenni að ég hef töluverðar áhyggjur af. Um það hafa verið skiptar skoðanir hvort aðildin að Schengen feli í sér hættu á að flæði fíkniefna muni aukast eða ekki. Um það eru mjög skiptar skoðanir og við höfum meira að segja í dag heyrt það á ræðumönnum að þeir leggja mjög mismunandi mat á það hvort aðildin að Schengen feli í sér aukna hættu gagnvart flæði fíkniefna. Það er vissulega brýnt að sú áhætta verði metin sérstaklega og væri mjög gott að fá álit dómsmrh. um það mikilvæga mál.

Í skýrslunni kemur fram að samkvæmt Schengen-samningnum eigi að setja á fót vinnuhóp þar sem m.a. eru fulltrúar frá lögreglu og tollyfirvöldum til að rannsaka sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og til að gera tillögur um að bæta hagnýt og tæknileg viðhorf vegna samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði. Ég spyr hæstv. dómsmrh., af því að mér finnst það ekki vera nægilega skýrt í skýrslunni, hvort um sé að ræða sérstakan sameiginlegan hóp með aðild allra Schengen-landanna eða hvort átt sé við sérstaka hópa í hverju landi fyrir sig. Mér finnst það ekki koma nægilega skýrt fram í skýrslunni. Ef um er að ræða sameiginlegan hóp allra landanna þá spyr ég hvort Ísland eigi fulltrúa í þeim starfshópi. Ég tel líka mjög mikilvægt, sérstaklega þar sem skiptar skoðanir eru um það mál og menn leggja á það mjög mismunandi mat, að fyrir liggi álit fíkniefnalögreglu og lögregluyfirvalda í þessu efni. Telja þeir að hætta sé á auknu flæði fíkniefna til Íslands með Schengen-samkomulaginu? Hvert er mat þeirra á því? Ég spyr hæstv. dómsmrh. — nú stend ég enn í þeim sporum að ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra er að hlýða á mál mitt eða ekki. Á hann er lagt að sitja undir þessari umræðu og vera líka staðgengill annars ráðherra þannig að hann verður að bera þann kross að sitja undir þessari umræðu. — En ég spyr hæstv. ráðherra: Liggur fyrir álit eða mat fíkniefnalögreglunnar og lögregluyfirvalda á því á hvaða áhrif aðild okkar að Schengen mun hafa á flæði fíkniefna til landsins og hvort við verðum í betri stöðu eða verri í baráttunni gegn fíkniefnavandanum? Ef ekki liggur fyrir mat fíkniefnalögreglunnar í því máli þá spyr ég hvort hæstv. dómsmrh. muni beita sér fyrir því að fyrir þingið verði lagt álit fíkniefnalögreglunnar og lögregluyfirvaldanna á því máli.

Í lokin, virðulegi forseti, óska ég eftir að fá nánari upplýsingar frá hæstv. dómsmrh. um þrennt:

Í fyrsta lagi ítreka ég það sem ég sagði áðan, þ.e. hvaða atriði það eru helst í Schengen-samkomulaginu sem enn eru uppi álitamál um gagnvart Íslandi af hálfu samstarfslandanna. Og hvort og hvernig þá við getum framkvæmt það ef þeir þættir eru á annað borð uppi.

Í öðru lagi. Ef teknar verða upp nýjar reglur varðandi Schengen eftir að samkomulag hefur verið gert, hvernig snýr ákvörðun þeirra reglna að Íslandi og þá Noregi einnig?

Í þriðja lagi spyr ég um misvísandi skoðanir sem hafa verið uppi sem ég vil skýra aðeins nánar. Fyrir liggur að Norðurlöndin hafa öll upplýst að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins, og þau hafa öll sameiginlega jákvæða afstöðu til Schengen-samstarfsins, að Norðurlöndin fari öll í það samstarf. Eftir því sem ég skil málið hafa Norðurlöndin komið fram sem allir fyrir einn og einn fyrir alla í þessu máli og eins og sumir segja að sett sé skilyrði að allar Norðurlandaþjóðirnar verði með í samkomulaginu. Ég spyr því hæstv. dómsmrh.: Hefur það verið rætt milli Norðurlandaþjóðanna hvaða áhrif það hefur ef eitt land skorast undan aðild? Og hvert er álit hæstv. ráðherra á því hvaða áhrif það hefur á norræna vegabréfasambandið? Og hver er afstaða hinna Norðurlandaþjóðanna til þess ef eitt land skorast undan vegna að þær hafa allar lagt mikla áherslu á að Norðurlöndin gerist öll aðilar að þessu samkomulagi? Ég minni á það sem fram kom hér fyrr í dag, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, að uppi hafa verið ýmsar skoðanir um það á þingum t.d. í Svíþjóð sem hann nefndi sem væri ástæða til að spyrja um hvort að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér eða viti af.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu eru nokkrir veigamiklar gallar á þessu samkomulagi og ýmislegt óljóst varðandi framkvæmdina. Ég nefni í því sambandi ekki síst það sem ég hef áhyggjur af, sem eru fíkniefnamálin. Þetta er nokkuð sem við þurfum að skoða vel í þessu ferli. Það hafa ýmis álitamál komið fram í dag sem raunverulega mega ekki bíða þar til við erum komin svo langt að ekki verði aftur snúið. Það eru ýmis atriði í þessu samkomulagi enn óljós sem ég treysti að ráðherrarnir reyni að fá svör við sem allra fyrst og gera þinginu grein fyrir. Ef við værum komin mjög langt í þessu ferli varðandi framkvæmdir og annað og síðan færi að liggja fyrir mat hinna fróðustu manna um fíkniefnavandamálin sem gerðu þinginu grein fyrir að með samkomulaginu værum við að opna fyrir flæði fíkniefna til landsins og við hefðum miklu minni tök á því en áður að berjast gegn fíkniefnum, þá hygg ég að það rynni nú gríma á marga hér inni að þurfa að standa að þessu samkomulagi og vera komnir í þau spor að það væri erfitt að snúa aftur. Þá er það einnig óviðunandi að mínu mati að ekki sé hægt að fá fram heildarmyndina, heildarkostnaðinn í þessu máli fyrr en kannski einhvers staðar á lokadögum eða vikum þegar nauðsynlegt er að þingið taki afstöðu til málsins.

En þrátt fyrir þetta er ég jákvæð fyrir þessu samstarfi með þeim fyrirvörum sem ég hef lýst og með þeim fyrirvara að ekki komi upp neitt óvænt í þessu samstarfi sem þýðir það að við verðum að endurskoða afstöðu okkar til þessa máls. Ég vil í lokin þakka fyrir þessa skýrslu sem hér er á dagskrá.

[18:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu í annað sinn á þessu þingi svokallað Schengen-samstarf. Frá því að málið var rætt á þessum vettvangi í nóvember sl. hefur það skýrst að verulegu leyti, alla vega fyrir mér sem hef fengið upplýsingar um það bæði í utanrmn. og allshn., svo og á þeirri ráðstefnu sem haldin var um málið í Keflavík. Í fyrstu virtist málið liggja þannig að margt mælti með því að gerast aðilar að samstarfinu, ekki síst það að viðhalda norræna vegabréfasambandinu. Pólitíska spurningin um tengslin við Evrópu kom lítið upp á yfirborðið í umræðunni í fyrstu og með því að tengja þetta fyrst og fremst norræna vegabréfasambandinu þá náðist að koma málinu inn í umræðuna án þess að tengja það um of stærri og viðkvæmari pólitískum spurningum. Ég tel að sú umræða hafi verið fræðandi og þakka þessa skýrslu þó að ljóst sé að umræðan í dag muni ekki breyta þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að þiggja áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu á fimmtudaginn kemur eða þann 18. apríl, frá og með 1. maí 1996.

Megininntak þessara tveggja skýrslna hefur verið lýsing á því hvað í samstarfssamningnum felst en lítið er á skýrslunum að græða varðandi hinar pólitísku spurningar málsins. Eins og málið var kynnt fyrst var það helst kostnaðurinn, ekki síst kostnaðurinn við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem fór fyrir brjóstið á þingmönnum. Nú hefur það mál tekið skrýtna stefnubreytingu að því leyti að ný áætlun hefur lækkað þann kostnað, en upphaflega var reiknað með að hann yrði yfir milljarð, og ég hjó eftir því í ræðu hæstv. dómsmrh. að forsendur eða áætlanir Framkvæmdasýslu ríkisins hafa verið staðfestar og þykja raunhæfar. Þetta þótti mér með ólíkindum að fá kostnaðaráætlanir frá tveimur aðilum þar sem munurinn var eins mikill og raun ber vitni. Kostnaðurinn við breytingarnar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar er nú sagður vera 400 millj. kr. og þar af eingöngu 150 millj. sem sérstaklega tengjast Schengen-samstarfinu. Ég veit ekki hversu raunhæfar þessar tölur eru en fagna því að þær teljast svo vera á þessari stundu en væntanlega verður það framtíðin ein sem sker úr um það mál.

En þar með tel ég tímabært að huga nánar að öðrum álitamálum. Ef litið er fyrst á kostnaðarhliðina þá finnst mér upplýsingar enn vera mjög óljósar og því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvenær nánari upplýsingar um kostnað muni liggja fyrir. Og þar með vona ég að það verði áður en þetta mál kemur til lokaákvörðunar á Alþingi. Einnig vil ég spyrja í þessu sambandi vegna þess að svo var ekki á síðasta fundi sem ég átti með Flugleiðum hvort Flugleiðir hafa lagt blessun sína yfir þær áætlanir sem nú eru fyrirhugaðar, framkvæmdir sem fyrirhugað er að fara í á Keflavíkurflugvelli.

Ef litið er frá kostnaði og að öðrum álitamálum vil ég fyrst taka fram að Kvennalistinn hefur ekki sem samtök tekið afstöðu til þessa máls enda er enn margt óljóst um það hvað hangir á spýtunni. Það eru einkum þrjú pólitísk álitamál sem mér finnst ástæða til að fá nánari upplýsingar um.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. um þau ummæli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í umræðunni áðan að norræna vegabréfasambandið muni halda óháð okkar þátttöku í Schengen. Það er þá væntanlega vegna þess að öll Norðurlöndin standi fyrir utan eða að Ísland og Noregur hafi vegabréfasamband við hin þrjú Norðurlöndin sem eru í ESB og væru inni í Schengen. Það var minn skilningur á ráðstefnunni í Keflavík að þessir valkostir væru ekki inni í myndinni og því vil ég spyrja hvort þessi skilningur telst enn réttur. Fyrir mér er mjög mikilvægt að viðhalda norræna vegabréfasambandinu. Það væri æskilegt að útvíkka slíkt samstarf til fleiri Evrópulanda en vissulega fer það eftir því hvað fleira hangir á spýtunni.

Í öðru lagi vil ég taka undir það sjónarmið að þetta samstarf orki tvímælis ef það veikir eftirlit vegna fíkniefnasmygls eða fíkniefnasölu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið í skýrslu ráðherra og umræðum á vettvangi utanrmn. og allshn. bendir að mínu mati fleira til að þetta verði ekki þannig, þ.e. mér virðist að þau gögn sem fyrir liggja megi frekar túlka þannig að þetta eftirlit styrkist við inngönguna í Schengen. Því vil ég spyrja hvort þetta mál verði kannað sérstaklega, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði áðan, og hvort það verði t.d. rætt á þeim fundi sem hæstv. dómsmrh. er að fara á núna á fimmtudaginn kemur.

Í þriðja lagi vil ég koma að e.t.v. viðkvæmasta pólitíska atriðinu, nefnilega hvaða áhrif þetta samstarf við Schengen muni hafa fyrir Ísland, og þá meina ég pólitískt séð gagnvart Evrópu. Það kom skýrt fram í máli hæstv. forsrh. að með þessum samningi sé verið að stíga ákveðin skref í áttina að Schengen-svæðinu, eins og hann orðaði það. Hæstv. utanrrh. sagði einnig í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum að stefnt væri að fullri aðild að Schengen. Nú er öllum ljóst að eingöngu ESB-lönd eiga möguleika á að fá fulla aðild að Schengen-samstarfinu og það var því mín túlkun að væntanlega hafi hæstv. utanrrh. meint fulla aðild að samstarfssamningnum en ekki að Schengen-samninngum sjálfum. Því vil ég spyrja, og fá það alveg skýrt, hvort þessi pólitíska velvild Schengen-ríkjanna gagnvart Íslandi og Noregi eigi sér forsendur innan EES-samningsins eða, eins og hér hefur verið látið að liggja og beinlínis haldið fram, að forsendurnar tengist fyrst og fremst norræna vegabréfasambandinu. Til dæmis langar mig að spyrja hvað önnur fyrrverandi EFTA-lönd ætla að gera. Fá þau svona samning? Er þetta gert vegna þess að veðjað er á það blint eða sjáandi að Ísland og Noregur muni breyta afstöðu sinni til aðildar að Evrópusambandinu? Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál sé rætt af pólitískri hreinskilni þannig að ákvörðun Íslands um framtíðarsamstarf við Evrópu verði tekin á réttum forsendum en ekki fölskum, að ekki verði búið að smygla þjóðinni inn í ESB bakdyramegin að henni forspurðri.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. nánar út í hvaða skilyrði Ísland verður að uppfylla til að þiggja áheyrnaraðild þann 18. apríl nk. Eru þau öll uppi á borðinu eða er þetta samkomulag sem ekki hefur í för með sér neinar kvaðir eða skilyrði? Ef allt er uppi á borðinu og engir duldir hagsmunir eru í húfi sem þjóðin fær ekki að vita um þá tel ég á þessari stundu að það sé skynsamlegt að þiggja þessa aðild nú vitandi að hægt er að hoppa af vagninum síðar. En vissulega væri æskilegra að lokaákvörðun þyrfti ekki að taka fyrr en eftir að ríkjaráðstefnu ESB er lokið. Því vil ég spyrja að lokum hvort ljóst sé að svo verði ekki. Var það rétt skilið hjá mér áðan eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. dómsmrh. að lokaákvörðun verði að liggja fyrir í árslok 1996, að málið komi þá til lokaákvörðunar Alþingis? Ef svo er að hvaða leyti geta pólitísku áhrifin verið ljós þá áður en ríkjaráðstefnu ESB lýkur?

[18:17]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja að því álitaefni sem hv. 4. þm. Austurl. og reyndar nokkrir aðrir hv. þm. hafa varpað fram í umræðunni. Það lýtur að því hvort afstaða Íslands muni ráða því hvaða afstöðu hinar Norðurlandaþjóðirnar taka gagnvart Schengen-samstarfinu. Það liggur fyrir að Norðurlandaþjóðirnar hafa allar sótt um aðild að Schengen, með þeim fyrirvara að viðunandi samningar náist fyrir Ísland og Noreg sem standa utan Evrópusambandsins, þannig að unnt verði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu. Ég lít svo á að ef kostur er á viðunandi samningum um aðild telji hin löndin sig hafa uppfyllt það skilyrði. Flest bendir til þess nú að slíkur kostur sé fyrir hendi. Því met ég þessa aðstöðu á þann veg að ef við skorumst undan og hættum við þá þýði það endalok norræna vegabréfasambandsins og þátttöku okkar í því og einangrun okkar frá hinum Norðurlöndunum að því er þessa samvinnu varðar sem lýtur auðvitað ekki bara að þeim þætti að þurfa ekki að sýna vegabréf á landamærum heldur snýst líka um mjög mikilvæga samvinnu varðandi útlendingamálefni og lögreglumálefni sem verður æ þýðingarmeiri á komandi árum. Þetta sýnist mér vera augljós staða þessa máls.

Hv. 4. þm. Austurl. spurði um mat á heildarkostnaði við breytingarnar og fram hefur komið hjá nokkrum öðrum hv. þm. hvort það muni ekki liggja fyrir endanlega áður en Alþingi tekur lokaafstöðu til málsins. Það mun að sjálfsögðu liggja fyrir þegar til lokaákvarðana kemur. Það liggja fyrir tölur um kostnaðarmat varðandi þær umbætur sem þarf að gera í flugstöðinni. Vitaskuld er það svo að þar er um að ræða breytingar sem við þurfum að ráðast í að stórum hluta til óháð aðild að Schengen-samkomulaginu. Það er gróft mat að rekstrarkostnaður muni nema 40–60 millj. kr. á ári. Þar er ekki um neinar lokaniðurstöður sem fyrir liggja að ræða en einhvers staðar á því bili þykir okkur líklegt að það verði, 40–60 millj. kr. Auðvitað verður að hafa ákveðinn fyrirvara á þessum tölum bæði stofnkostnaðartölunum og rekstrartölunum því að frekari vinna í þeim efnum getur skýrt þau mál betur. En þessir kostnaðarþættir blasa við eins og sakir standa. En að sjálfsögðu geta orðið þar á breytingar.

Hv. þm. vék svo að því hvort sérstök greining hefði farið fram á möguleika okkar á eftirliti með fíkniefnum. Sú aðstaða sem við erum í varðandi baráttu gegn fíkniefnum hlýtur að vera ein af áleitnustu spurningunum sem uppi eru í þessu efni. Reyndar hefur það komið fram í máli allra þeirra sem hér hafa talað að þar er um atriði að ræða sem við verðum að gefa mikinn gaum. Samstarfsþjóðir okkar á Norðurlöndum leggja enn fremur mjög ríka áherslu á að samvinnan innan Schengen-samkomulagsins fullnægi kröfum þeirra í baráttunni gegn fíkniefnum. Við erum vissulega að missa niður persónuskoðun á landamærunum hér ef þannig má taka til orða en við höldum óbreyttu tolleftirlit og fáum þar að auki aðild að miklu víðtækara upplýsingakerfi en okkur hefur gefist kostur á til þessa. Ég er sannfærður um að slík alþjóðleg upplýsingamiðlun er ein meginforsendan fyrir því að það takist að vinna af afli gegn fíkniefnunum. Afbrot af þessu tagi eru alþjóðleg og þau lúta fyrst og fremst því lögmáli hver eftirspurnin er í hverju landi og áhrifamestu aðgerðirnar sem við getum beitt eru auðvitað þær að draga úr eftirspurninni. En alþjóðlegt samstarf er okkur óhjákvæmilegt og upplýsingamiðlun sem við getum átt þarna kost á hygg ég að muni síður en svo draga úr möguleikum okkar til þessarar baráttu.

Vegna fyrirspurnar frá hv. 4. þm. Austurl. vil ég segja að gert er ráð fyrir að tilhögun á tollskoðun farþega frá Schengen-löndunum verði með sama hætti og verið hefur. Það verður engin tilslökun í því af þessu tilefni.

Hv. 9. þm. Reykv. vék að þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um vöruflutninga og tolleftirlit og spurði að því hvort Ísland ætti kost á að semja um tollasamband við ESB. Þeir samningar sem hér eru á ferðinni eru ekki við Evrópusambandið heldur Schengen-ríkin þannig að sú spurning hefur ekki komið upp í þessum samningum og er þeim alveg óháð. Varðandi vegabréfsáritanir þá spurði hv. þm. hvaða ríki það væru sem við þyrftum að segja upp samningum við. Þau eru þessi: Bahama, Barbados, Botsvana, Dóminíka, Fídji, Gambía, Grenada, Gvæjana, Kíribatí, Lesótó, Máritíus, Salómonseyjar, St. Lúsía, St. Vinsent og Grenadín, Seychelleseyjar, Svasíland, Tansanía, Trínidad og Tóbagó og Túvalú. Á árinu 1994 komu 52 ferðamenn frá þessum löndum til Íslands en á síðasta ári 23.

Þá var spurt að því hvort yfirlýstri stefnu um málefni flóttamanna yrði haldið. Þessir samningar gera ekki ráð fyrir neinni breytingu á yfirlýstri stefnu í þeim efnum. Þá spurði hv. þm. hvort ég væri sáttur við þann grunn að lögreglusamvinnu sem gert væri ráð fyrir í samningnum. Mér sýnist að sú lögreglusamvinna sem hér er verið að ræða um eigi að geta styrkt okkur mjög verulega og sé mikilvæg forsenda fyrir því að við getum tekist hér á við ýmis viðfangsefni, svo sem baráttuna gegn fíkniefnum, að við getum átt aðgang að þessari Evrópusamvinnu.

Það er sjálfsagt erfitt að kveða eitthvað upp úr um það hvort við verðum betur í stakk búin til að takast á við fíkniefnin, það eru svo mörg önnur atriði sem hljóta að hafa áhrif á það hver þróunin verður í þessum efnum. Mín skoðun er sú að við ættum síst að vera verr í stakk búin til að takast á við þau. Samstarfsþjóðir okkar á Norðurlöndum leggja einnig höfuðáherslu á að geta tekist á við þessi verkefni af fullri einurð og festu og að aðild að Schengen veiki ekki þá baráttu. Upplýsingamiðlunin sem um er að tefla mun ugglaust bæta stöðu okkar að þessu leyti og er mikilvæg forsenda í þessari baráttu.

Hv. 2. þm. Vestf. spurðist hér fyrir um sameiginlega kostnaðinn og eftir hvaða reglum sá kostnaður yrði greiddur. Það er okkar samningsforsenda að hann verði greiddur eftir hefðbundnum reglum. Það kunna svo sem að koma upp einhver önnur sjónarmið en það er mjög ákveðin stefna okkar að hann eigi að greiða eftir venjulegum reglum um kostnaðarskiptingu í alþjóðlegu samstarfi. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að útkljá í þeim samningaviðræðum sem fram undan eru og það hefur auðvitað áhrif á lokaniðurstöðu okkar.

Að því er varðar spurningar hv. þm. um Flugleiðir þá liggur alveg ljóst fyrir að þær breytingar sem gerðar verða og það eftirlit sem þarf að framkvæma á ekki að raska aðstöðu Flugleiða á nokkurn hátt. Það er mikilvæg forsenda af okkar hálfu að geta framkvæmt þetta með þeim hætti. Flugleiðir verða auðvitað að svara fyrir sig um afstöðu til álitaefnisins en ríkisvaldið gengur út frá þeirri forsendu að skiptifarþegar þeirra verði afgreiddir hér á þeim tíma sem er til stefnu og allar aðgerðir við það miðaðar og þær kannanir sem gerðar hafa verið af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins benda eindregið til þess að það verði unnt að gera.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði svo á hverjum kostnaðurinn vegna tengiflugsins mundi lenda. Auðvitað greiðir íslenska ríkið kostnað af vegabréfaeftirliti. Það er svo aftur spurning hvort lendingargjöld eða önnur gjöld sem leggjast á þau flugfélög sem hér lenda komi til með að breytast með einhvern veginn í takt við þær breytingar sem hér er verið að gera. Það er alveg sjálfstæð ákvörðun sem ekki hefur verið fjallað um. En ég bendi á í þessu sambandi að Flugleiðir eru fyrst og fremst að flytja farþega milli Evrópu og Ameríku og þeir þurfa að ganga í gegnum þetta eftirlit einhvers staðar í Evrópu, ef ekki hér þá annars staðar í Evrópu og það hefur kostnað í för með sér. Ég sé því ekki að það hafi nein teljandi áhrif á kostnað Flugleiða hvort það eftirlit fer fram hér eða annars staðar þar sem Flugleiðir hafa viðskipti.

Varðandi núverandi skuldir flugstöðvarinnar þá er það alveg sjálfstætt mál sem ekki kemur til afgreiðslu í tengslum við aðild okkar að Schengen.

Varðandi kröfur sem gerðar eru til annarra flugvalla hér á landi þá þurfum við ekki á þeim varaflugvöllum að gera ráðstafanir til þess að aðskilja farþegaflug en þurfum auðvitað að getað framkvæmt vegabréfaskoðun og hafa þar tölvur þar sem menn hafa aðgang að upplýsingakerfinu en það þarf ekki að koma til sérstakrar aðgreiningar á farþegum.

Hv. þm. spurði hvort við uppfylltum þau skilyrði sem eru fyrir hendi. Þær athuganir og könnunarviðræður sem hafa farið fram til þessa benda til þess að við gerum það.

Varðandi spurningu hv. þm. um það hvernig samstarfsnefndin um fíkniefni sé hugsuð þá er þetta samstarfsnefnd landanna og við munum eiga aðild að henni. Fíkniefnalögreglan hefur ekki lagt sérstakt mat á aðild okkar að Schengen en nú er starfandi sérstakur starfshópur á vegum dómsmrn. sem er að gera tillögur um það hvar bæta megi úr í baráttu okkar gegn fíkniefnum á starfssviði ráðuneytisins og enn fremur starfshópur á vegum þeirra ráðuneyta sem um þessi mál fjalla. Ég vænti þess að þessir hópar munu í starfi sínu taka tillit til þeirra nýju viðhorfa sem kunna að koma upp og koma með tillögur um áherslubreytingar eða aðgerðir sem mundi leiða af hugsanlegri Schengen-aðild.

Þá spurði hv. þm. hvort við stæðum frammi fyrir einhverjum sérstökum álitamálum í komandi samningum. Á þessu stigi sjáum við ekki fyrir neina sérstaka örðugleika sem upp kunna að koma en auðvitað er ekki hægt að sverja fyrir það. Tíminn einn getur leitt í ljós hvort einhverjir þeir ásteytingarsteinar koma upp í þessum viðræðum sem gera okkur ókleift að halda áfram og þá verðum við að meta það þegar þar að kemur.

Varðandi spurningu um það hvernig farið verði með nýjar reglur sem samþykktar verði á svæðinu þurfum við að samþykkja þær áður en þær taka gildi og taka þá afstöðu til áframhaldandi veru okkar hugsanlega í samstarfinu.

Ég hef í meginatriðum svarað spurningum hv. þm. um norræna vegabréfasambandið ef eitt land mundi skorast úr leik í þessum viðræðum. Hv. 19. þm. Reykv. varpaði þeirri spurningu einnig fram um norræna vegabréfasambandið og ég ætla ekki að endurtaka það hér.

Varðandi pólitísk áhrif á stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu er aðildin að Schengen alveg óháð þeim spurningum en við fáum hugsanlega einhverja reynslu í því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi sem gæti komið okkur að notum ef við viljum síðar taka upp það álitaefni hvort við viljum gerast aðilar að Evrópusambandinu. Varðandi þau skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir hugsanlegri áheyrnaraðild okkar, sem tekur gildi 1. maí, felur sú aðild ekki í sér neinar skuldbindingar en við lýsum því yfir um leið að við ætlum að halda áfram þessu samningaferli með það að markmiði að ná samningum fyrir árslok. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að þau ríki sem gera samninginn taki afstöðu til hans og næsta ár verði þá tími sem þjóðirnar hafa til þess að fullgilda samninginn.

[18:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra leitaðist við að svara fyrirspurnum sem ég bar fram við hann og þakka ég þá viðleitni. Spurningin var um norræna vegabréfasambandið og hina pólitísku stöðu að því er varðar þann möguleika að Ísland eða Noregur kysu að láta staðar numið að því er varðar Schengen. Það liggur ekki á þann veg sem mér finnst hæstv. ráðherra túlka. Ég met það með öðrum hætti vegna þess að ég tek ummæli fremstu forustumanna og málsvara ríkisstjórna á Norðurlöndum alvarlega eins og þau eru mælt nú fyrir fáum mánuðum af hálfu forsætisráðherra Danmerkur á þingi Norðurlandaráðs. Það var alveg skýrt að þarna yrðu Norðurlöndin að vera öll samferða í mati sínu, hvert og eitt, jákvætt gagnvart Schengen-aðild. Sama sagði sænski ráðherrann sem ég vitnaði til sömuleiðis. Ef eitthvert innihald er í þessum yfirlýsingum á matið á því hvort viðeigandi niðurstaða hafi náðst ekki að vera þeirra heldur okkar sjálfra sem þýðir að ef við kjósum að segja nei er það niðurstaða sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa lofað að virða og halda í gildi hinu norræna vegabréfasambandi. Þannig liggur málið. Það hefur ekkert komið fram annað um þetta efni frá því að þessar yfirlýsingar voru gefnar á Norðurlandaráðsþingi og þjóðþingi.

Í sambandi við fíkniefnamálið kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því að mér finnst að það sé afar lítil innstæða í þeim hughreystingum sem fram hafa komið hjá hæstv. ráðherra. Upplýsingakerfin eiga fyrst og fremst að taka til ytri landamæranna, að vera þéttriðið net á ytri landamærum til þess að koma í staðinn fyrir áhrifin af því að leggja síðan niður eftirlit á landamærum einstakra ríkja og það leysir ekkert málið að því er varðar dreifingu og umferð fíkniefna innan svæðisins sjálfs sem eiga upptök sín þar að vísa til þessara upplýsingakerfa og það er þar sem hundurinn liggur grafinn. Mér finnst það liggja ósköp skýrt fyrir í afstöðu Frakka eins og þeir hafa litið á málin. Þeir telja þetta algerlega óviðunandi en á sama tíma ætlum við að ana út í þetta.

[18:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé alveg ljóst að það mikilvæga og umfangsmikla samstarf á sviði lögreglumála og fíkniefnavarna, sem þarna er gert ráð fyrir, muni hjálpa okkur í þeirri baráttu en auðvitað eru ýmis álitaefni þar uppi en ég hygg að þessi aðstaða sé alveg augljós.

Varðandi spurninguna um norræna vegabréfasamstarfið lít ég svo á að ef Norðurlöndin eiga kost á aðild að Schengen með viðunandi kostum, og Ísland og Noregur eiga það einnig, þá sé það sú staðreynd sem gildir. Við slíkar aðstæður mundi ákvörðun okkar um það að vera ekki með engu breyta um áform hinna og við mundum ekki koma í veg fyrir aðild hinna landanna að Schengen-samstarfinu og við værum þar með að brjóta niður norræna vegabréfasamstarfið og einangra okkur. Ég hygg að þetta sé aðstaða sem hverjum manni ætti að vera ljós sem fer yfir þessi mál að ef þær forsendur eru fyrir hendi að við eigum kost á aðild með viðunandi hætti sé aðstaðan þessi sem ég hef lýst og við hljótum að taka afstöðu í málinu í ljósi þess.

[18:39]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. fer enn sem köttur í kringum heitan graut um þetta pólitíska álitaefni og segir að það séum ekki við Íslendingar sem eigum að meta það hvað séu viðunandi kostir, að yfirlýsingar hinna Norðurlandanna séu þær að þeir ætli að meta það fyrir okkur hvað sé viðunandi. Þannig getur ekki málið legið. Þannig liggja ekki yfirlýsingar forustumanna annarra Norðurlanda fyrir enda væri það nú skrýtið nema hæstv. ráðherra hafi fengið eitthvað allt annað að heyra frá hv. kollegum á Norðurlöndum um þessi mál sem þeir hafa ekki viljað hafa í hámæli.

Vegna þess sem kom fram hjá hæstv. ráðherra hvet ég mjög eindregið til þess að það verði sett upp sem sjálfstætt viðfangsefni hinna færustu aðila, sem fjalla um fíkniefnamál hérlendis, að fara yfir afleiðingar af hugsanlegri aðild að Schengen með tilliti til varna gegn fíkniefnum en ætla það ekki sem hliðarverkefni starfshópa sem þegar eru að störfum.

[18:40]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það sjálfstætt mat okkar hvort það er fýsilegur kostur að gerast aðilar að Schengen-samstarfinu á þeim grundvelli sem mun liggja fyrir þegar samningaviðræðum lýkur. Það meta það engir aðrir fyrir okkur en við þurfum að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því hvaða afleiðingar það kann að hafa í för með sér. Ef við ætlum einir að taka slíka afstöðu á Norðurlöndunum sýnist mér nokkuð einsýnt að niðurstaðan yrði sú að norræna vegabréfasambandið væri úr sögunni og við værum að einangra okkur í því samstarfi og því lögreglusamstarfi sem því hefur fylgt. Ég held að við hljótum að þurfa að taka það með í reikninginn þegar við tökum þessa sjálfstæðu ákvörðun að sú aðstaða væri mjög líklega uppi.

[18:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin við spurningum mínum sem mér fannst að mestu leyti vera mjög skýr. Þó er tvennt sem ég vil fylgja aðeins eftir. Annað atriðið snertir fíkniefnavarnirnar, hvort ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af því hvort að aðild okkar að Schengen muni veikja varnir okkar gegn fíkniefnum. Ég spurði sérstaklega um hvort það hefði farið fram mat fíkniefnalögreglunnar á því hvaða hætta væri þessu samfara varðandi fíkniefnavarnirnar. Það undrar mig nokkuð því að nú eru liðnir allmargir mánuðir síðan við fórum að vinna að málinu að ekki skuli hafa farið fram sjálfstætt mat hjá fíkniefnalögreglunni varðandi þennan mikilvæga þátt málsins sem allir hér inni, sem hafa talað, hafa verulegar áhyggjur af. Ég heyri að hæstv. dómsmrh. hefur það sem betur fer einnig. Ég spyr því um starfshópinn, sem á að fara ofan í málið, með hvaða hætti fíkniefnalögreglan eigi aðild að starfshópnum. Ég spyr líka hvenær megi vænta þess að niðurstaða liggi fyrir varðandi þá áhættu sem við tökum um fíkniefnavarnirnar. Hæstv. dómsmrh. minntist á áðan að við mundum missa niður persónuskoðun á þessum þætti málsins. Ég tel mikilvægt að Alþingi fái sem fyrst upplýsingar um málið. Því spyr ég sérstaklega um það hvenær megi vænta niðurstöðu varðandi þennan einangraða og mikilvæga þátt og hvort að fíkniefnalögreglan muni koma eðlilega að málinu.

Hitt atriðið snýr að rekstrarkostnaðinum sem hæstv. dómsmrh. nefndi að hann áætlar að séu 40–60 millj. kr. Hvað er inni í kostnaðinum? Er ráðherrann að tala hér um mat á heildarkostnaði fyrir utan framkvæmdirnar við Keflavík? Er þetta meira en aukning á stöðugildum? Er þetta allt varðandi lögreglusamvinnuna, upplýsingakerfið og heildarmyndina af kostnaðarþættinum sem ég geri mér ljóst að liggur ekki endanlega fyrir en greinilega hefur verið reynt að leggja eitthvert mat á?

[18:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er um að ræða lauslegt mat á þeim fyrirsjáanlega rekstrarkostnaði sem við stöndum frammi fyrir. Fyrir utan að þetta er stofnkostnaður við upplýsingakerfið sem gæti verið um 20 millj. kr. ef ég man rétt.

Ég minni aftur á varðandi fíkniefnamálin, sem ég tek undir með hv. þm. að er eitt mikilvægasta atriðið sem við þurfum að horfa á í þessu sambandi, að þó að persónuskoðunin falli niður heldur tollskoðunin áfram óbreytt eins og verið hefur. Það er því enginn tilslökun á henni í tengslum við þessa samninga. Þó að það geti verið um samspil að ræða milli persónuskoðunar í vegabréfaeftirliti og tollskoðunar heldur tollskoðunin áfram og það er auðvitað hún sem er kjarni málsins. Í þeim starfshópi sem er að vinna núna að tillögum og athugunum á úrræðum til þess að styrkja okkur í baráttunni gegn fíkniefnavörnum eru að sjálfsögðu fulltrúar frá fíkniefnalögreglunni því að slíkur hópur starfaði að sjálfsögðu ekki á vegum dómsmrn. án þess að sú mikilvæga deild í réttarvörslukerfi okkar kæmi þar að málum. Ég vona að skoðun okkar á þessu efni, og það er meira en von, hún verður að liggja fyrir áður en við tökum lokaákvarðanir í þessu efni. Ég tek undir það með hv. þm. að þetta er mikilvægur þáttur og minni líka á að samstarfsþjóðir okkar hafa lagt á þennan þátt mjög ríka áherslu og munu gera það þannig að ég held að það muni ekkert skorta á samstarf Norðurlandaþjóðanna í þessu efni í þeim samningum sem fram undan eru.

[18:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bjóst ekki við öðru en að mat á fíkniefnavörnum lægi fyrir áður en lokaákvörðun er tekin um aðild okkar að Schengen. Þó það nú væri. Ég kallaði eftir því hvort ráðherrann væri tilbúinn til að beita sér fyrir því að flýta þessari athugun þannig að við gætum a.m.k. fengið eitthvert mat þó það væri ekki nema bráðabirgðamat á því hvað þetta þýddi. Það er mikilvæg forsenda örugglega hjá mörgum hér í þinginu fyrir því að styðja aðild að Schengen, að við getum treyst því að við séum ekki að veikja fíkniefnavarnir okkar. Ég spyr því hæstv. ráðherra aftur hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að þessi mikilvægi þáttur verði skoðaður alveg sérstaklega og reynt að flýta honum meira en svo að hann liggi bara fyrir rétt áður en við þurfum að taka lokaákvörðun í þessu máli. Helst hefði ég viljað að við hefðum fengið lauslegt mat á því við þessa umræðu, en ég sé fram á að það er því miður er ekki hægt. Ég spyr ráðherrann að þessu. Mér finnst varla hægt að bíða lengur með að fá mat á þessu. Þar má ekki skipta örfáum vikum, hvað þá mörgum mánuðum.

[18:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum kappkostað að reyna að flýta öllum athugunum og ráðstöfunum sem gera þarf í þessu sambandi. Það mun ekki síst eiga við um þennan þátt málsins.

[18:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það dregur trúlega að lokum þessarar umræðu. Ég vil mæla nokkur orð áður en henni lýkur til viðbótar því sem fram hefur komið. Þótt ekki hafi verið undirtektir nema að takmörkuðu leyti við þær aðvaranir sem ég hef fram borið gildir það þó engan veginn um heildina. Margir þingmenn hafa raunar tekið undir marga þætti sem ég gerði að umtalsefni í minni ræðu um þessi mál, þar á meðal um hættuna sem stafar af aukinni dreifingu og auknu ólöglegu smygli fíkniefna til landsins. Fyrir þessar undirtektir að því er varðar minn málflutning vil ég þakka.

Ég vek athygli á því enn og aftur að það er ljóst að umferð fíkniefna mun vaxa verulega innan Schengen-svæðisins og þar með í nágrannalöndum okkar. Lærdómurinn frá Svíþjóð á síðasta ári, sem ég hef ekki heyrt að hafi gengið til baka það sem af er þessu ári, ætti að segja mönnum heilmikið í þeim efnum. Og reynsla Norðmanna sem grannríkis við Svíþjóð einmitt á síðasta ári ber vott um að þarna hefur

þrýstingurinn vaxið verulega og magn fíkniefna inn í landið aukist. Þótt menn reyni með tolleftirliti að stemma þar stigu við eins og Norðmenn hafa reynt og skilað þeim árangri að það er um tvöföldun á því magni að ræða og tilvikum þar sem menn hafa stöðvað þá sem hafa verið að reyna að smygla fíkniefnum inn í Noreg vita menn jafnframt að það er ekki nema hluti, sumir óttast kannski ekki nema toppurinn af ísjakanum sem hægt er að koma höndum yfir með þessum hætti. Ég met það að hæstv. dómsmrh. hefur lýst áhyggjum í þessu efni og mér finnst að menn þurfi að ganga með opin augun að þessu máli sem stórum þætti í tengslum við þær breytingar sem hér er verið að tala um.

Það kom fram á ráðstefnunni í Keflavík, sem Íslandsdeild Norðurlandaráðs beitti sér fyrir, frá Hannesi Hafstein sendiherra að það væri ekki búið að ganga frá á þeim tíma, ég held 23. apríl, hvernig farið yrði með farangur ferðamanna af Schengen-svæðinu í einstökum atriðum og þá væntanlega í tengslum við tollskoðun og ekki heldur farangur þeirra sem færu héðan inn á Schengen-svæði annars staðar. Þetta er auðvitað hluti af nánari skoðun þessa máls þar sem menn þurfa að vera vel á verði.

Í sambandi við stofnframkvæmdir í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli finnst mér að það hafi komið fram með kannski svolítið áburðarlitlum hætti þörfin á stækkun flugstöðvarinnar óháð Schengen. Ég hef ekki orðið var við að það hafi verið mjög mikill þrýstingur á að stækka flugstöðina í Keflavík fyrr en þetta mál kom til sögunnar. Mér finnst að menn hafi reynt að skýla sér á bak við kostnaðinn sem þarna kemur til með að verða með því að það blasi við að nú þurfi hvort eð er að stækka flugstöðina í Keflavík. Það má vera að ég hafi ekki fylgst nógu vel með í þessum efnum en ég hef a.m.k. ekki orðið var við alvarlegar tillögur í þessu efni. Ég hygg að sá fjárhagslegi vandi sem menn hafa átt við að glíma vegna rekstrar flugstöðvarinnar hafi ekki beinlínis ýtt á eftir hugmyndum um að ráðast nú í stækkun hennar. Þarna held ég að liggi svona áróðurslega séð í þessu máli fiskur undir steini sem menn hafa reynt að fleyta sér talsvert á í sambandi við tilkostnaðinn sem þarna er fram undan. Það er þó ekki nema einmitt um þessar mundir sem flugstöðin er að nálgast þau mörk sem menn gerðu ráð fyrir að hún væri sniðin að og það væri óvenjulegt ef menn væru svo stórhuga í framkvæmdum að bíða ekki aðeins og reyna að hagræða áður en þyrfti að ráðast í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir í flugstöðinni vegna þessa. En nú blasir við að menn komast ekki hjá því, ef farið verður í samning um Schengen-samstarf, að ráðast í slíkar framkvæmdir og kjósa þá að skrifa það á einhverjar framtíðarþarfir. Auðvitað er skynsamlegt að bregðast við þeim í leiðinni, eða getur verið skynsamlegt ef menn á annað borð ráðast í eða ákveða að tengja Ísland við Schengen með þeim hætti sem hér er rætt um.

Ég vildi svo að lokum aðeins minnast á þá pólitísku spurningu sem hefur komið mjög inn í þessa umræðu sem varðar tengsl þessa máls við Evrópusambandið sjálft og hugsanlegan þrýsting varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu. Mér sýnist að menn þurfi ekki að leita langt vitna í því máli. Hér talaði í umræðunni sá maður sem mér fannst a.m.k. af einstökum forustumönnum flokka hér á þingi hafa mestan brennandi áhuga á því að tengja Ísland við Evrópusambandið með aðild, þ.e. formaður Alþfl., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Hann fór ekki í grafgötur um það í hvaða átt væri verið að stefna að því er þetta varðar, að tengsl við Schengen væru liður í því að nálgast Evrópusambandið. Og þannig liggur málið einnig í mínum huga þó að ég líti það allt öðrum augum en hann. Mér fannst hv. talsmaður Kvennalistans við umræðuna, hv. 19. þm. Reykv., ganga svolítið fram hjá þessum þætti málsins, ætlaði svona að sleppa þessum alvarlega þætti málsins. Ég heyrði að hv. þm. hafði áhyggjur einmitt af þessum tengslum. En þau eru þarna og þau liggja m.a. í því sem er svo augljóst að Schengen er samstarf ríkja Evrópusambandsins sem er að reka á eftir því að ákvarðanir sem liggja í Maastricht-sáttmálanum, grunnsáttmála Evrópusambandsins, komi til framkvæmda. Og Evrópusambandið getur, hvenær sem ríki þess ákveða að taka inn í reglur Evrópusambandsins og hrinda í framkvæmd á vegum þess ákvæði eins og um lögreglusamstarf og fjölmörg atriði sem hafa verið innanríkismál landanna fram að þessu, þar sem þau hafa haft lögsögu í raun, gert það að hluta af Evrópusambandssamstarfinu, reglum þess og framkvæmd. Og það er einmitt það sem gæti gerst á ríkjaráðstefnunni að meira eða minna leyti. Þess vegna varpaði ég fram þeirri hugmynd sem ég tel að væri það skynsamlegasta sem menn gerðu í stöðunni, þ.e. að bíða með að taka einhverjar ákvarðanir í þessu máli þangað til ljóst væri hvað gerðist á þessari ráðstefnu. Það eru varla hundrað í hættunni þótt menn doki við. Væri ekki skynsamlegt allra hluta vegna að svo yrði?

Ég held að við Íslendingar þurfum jafnframt að líta á afleiðingar þess að festa okkur enn frekar inn í samstarfið sem tengist Evrópusambandinu og taka þar með þátt í þeirri höfnun gagnvart umheiminum sem í því felst. Lýsandi dæmi um þetta er spurningin um svigrúm ríkis eins og okkar, Íslands, til að gera samninga við önnur ríki um að greiða fyrir ferðum landa á milli. En hvað er að gerast í þeim efnum samkvæmt þessari ákvörðun? Það er mjög drjúgur hluti af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna þar sem við bindum það við sameiginlega Schengen-ákvörðun hvort aflétt verður kröfu um vegabréfaáritun til þessara ríkja. Það eru ekki bara 19 ríki sem við þurfum að segja upp samningi við sem þegar liggur fyrir sem er auðvitað velviljasamningur, goodwill á ensku, gagnvart þessum ríkjum og er gagnkvæmur að krefjast ekki vegabréfsáritunar. En þar fyrir utan er hinn langi listi, á annað hundrað ríkja, sem verið er að slá föstu að megi ekki af Íslands hálfu einhliða gera samning við þau um að fella niður vegabréfsáritun. Og þannig er það margt í þessu máli eins og auðvitað spurningin um þetta Evrópusamstarf almennt sem varðar spurninguna: Hvert er Ísland að halda í alþjóðlegum samskiptum? Það held ég að menn ættu að íhuga betur en gert hefur verið.

[18:58]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Þetta hefur verið ágætis umræða og við erum öll að ég hygg nær því að skynja afstöðu hvers annars til þessa máls. Mér þykir þó að við höfum farið frekar létt yfir þann kafla sem varðar þau áhrif sem þetta samstarf, ef við tökum þátt í því, getur haft á fyrirtækið Flugleiðir. Þótt það kunni e.t.v. að þykja óeðlilegt að ræða í þingsölum málefni einstaks félags, einstaks fyrirtækis, hefur starfsemi þess fyrirtækis svo mikil áhrif á allt þjóðlíf okkar Íslendinga, á fjölda starfa á þessu svæði, Reykjavík, Reykjanesi og víðar um land, að ég vil ekki láta hjá líða að fara betur ofan í þau mál sem snerta starfsemi þessa fyrirtækis ef til kemur að við gerumst aðilar að þessu samstarfi.

Á ráðstefnu á vegum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sem haldin var í Keflavík 23. febrúar sl. komu fram sjónarmið

Flugleiða til þessa máls og mig langar aðeins að færa þau sjónarmið inn í þingsalinn. Flugleiðir bentu á að á undanförnum árum hafi þeir þróað áætlunarkerfi sem noti Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem miðpunkt. Þetta kerfi byggist á því að snemma að morgni milli kl. 6 og 6.30 koma fjórar Boeing 757 þotur til Keflavíkur frá Norður-Ameríku. Eftir um það bil klukkustundar viðdvöl halda þessar sömu vélar áfram flugi sínu til áfangastaða í Evrópu sem oftast eru þá Lúxemborg, Ósló og Stokkhólmur. Á svipuðum tíma fara tvær til fjórar Boeing 737 400 þotur til ýmissa annarra áfangastaða Flugleiða í Evrópu. Hluti farþega þessara Boeing 757 þotna kemur til Íslands sem áfangastaðar og fer því hér í land, en hluti þeirra heldur áfram með sömu flugvél til áfangastaða í Evrópu. Aðrir farþegar dreifast yfir á aðrar vélar félagsins. Sama sagan endurtekur sig um eftirmiðdaginn eftir kl. þrjú og fjögur þegar sami floti kemur til baka til Íslands og hluti farþeganna notar Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem hagkvæma skiptistöð til að komast yfir á áfangastaði vítt og breitt um Bandaríkin eða Kanada.

Álit Flugleiða var að með þessu tengiflugi sem þeir hafa komið upp hafi þeir getað fjórfaldað markað sinn bæði í Bandaríkjunum og Evrópu og aukið og bætt ferðatíðni sína verulega. Lykilþátturinn í þessu kerfi Flugleiða er að viðdvalartíminn á Keflavíkurflugvelli fyrir flugvélar sem fljúga alla leiðina milli Evrópu og Norður-Ameríku sé ekki lengri en um það bil ein klukkustund, að vélarnar fái alla afgreiðslu á Keflavíkurflugvelli á skemmri tíma en einni klukkustund. Álit Flugleiða var enn fremur það, að þurfi að lengja þessa viðdvöl tvisvar á dag þó ekki sé nema um hálfa klukkustund í hvort skipti vegna lengri eða umfangsmeiri skoðana á vegabréfum farþega og farangri, þá segja þeir að kerfi þeirra hrynji og hefðbundið Norður-Atlantshafsflug Flugleiða með viðkomu á Íslandi mundi þá einfaldlega leggjast af. Mér þætti sárt ef stjórnvaldsaðgerðir mundu leiða til þess og ég reyndar trúi því ekki að til þess þurfi að koma. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu með það í huga að þegar stjórnvöld vinna að frekari framgangi þessa máls, þá taki þau mið af sjónarmiðum þeirra fyrirtækja, hvort sem það eru Flugleiðir eða aðrir flugrekstraraðilar, sem nota Keflavíkurflugvöll, ræði við þá og hafi þá með í ákvörðunum sem mestra hagsmuna eiga að gæta um að þetta starf á Keflavíkurflugvelli gangi vel og hvað þarna þurfi að gera svo að þetta gangi snurðulaust fyrir sig.

Það hefur aðeins verið rætt um kostnað á Keflavíkurflugvelli í sambandi við breytingar sem þar þarf að gera og spurning hver eigi að greiða þann kostnað. Þetta er auðvitað töluverður kostnaður sem flugrekstraraðilar eru að greiða í dag. Sem dæmi má nefna að ef ein Boeing 757 flugvél er hreyfð á hlaðinu þarna við flugstöðina, þá kostar það núna 383 þús. kr. Þar af eru 62% vegna flugvallargjalds, 17% fara í innritunargjald og 14% í lendingargjald, 4% vegna vopnaleitargjalds og 3% vegna eldsneytisgjalds. Þurfi flugrekstraraðilar að greiða meira fyrir þessa þjónustu en hér er upplýst þá er ekki nokkur vafi að það mun koma niður á hæfni þeirra sömu aðila til þess að takast á við samkeppni við erlend flugfélög um að þjóna farþegum sem vilja komast yfir Norður-Atlantshaf. Ég vona og hef reyndar enga ástæðu til annars en að treysta því að hæstv. ríkisstjórn hafi þessa aðila með í ráðum þegar ákveðið er hvernig menn skipa málum suður á Keflavíkurflugvelli ef svo fer að við gerumst aðilar að Schengen-samkomulaginu.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (félagslegar eignaríbúðir). — Þskj. 720. [19:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995. Þetta frv. er flutt til að leysa úr þeim vanda sem sum sveitarfélög eiga við að glíma vegna félagslegra íbúða sem þeim ekki tekst að nýta. Út af þessum vanda skipaði ég nefnd á síðasta hausti sem leita skyldi leiða til lausnar á þessum vanda. Í nefndina voru skipaðir Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, Magnús B. Jónsson sveitarstjóri, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh., og Magnús Stefánsson alþingismaður sem var formaður nefndarinnar. Nefndin kannaði stöðu þessara mála hjá sveitarfélögum í landinu og kom þar fram að ástand þessara mála er mjög mismunandi milli sveitarfélaga, þ.e. vandinn er staðbundinn eftir landsvæðum og sveitarfélögum. Segja má að þetta endurspegli að miklu leyti almennt ástand í atvinnu- og byggðamálum víða um land. Í sumum sveitarfélögum blasa við mikil og erfið vandamál þar sem viðkomandi sveitarfélög sitja uppi með fjöldann allan af félagslegum íbúðum og þar sem ástandið er verst hefur hvorki tekist að selja þær né leigja og íbúðirnar því staðið auðar og ónotaðar. Niðurstaða athugunar sem Húsnæðisstofnun gerði í 59 sveitarfélögum í nóvember sl. sýnir að 102 íbúðir höfðu staðið auðar lengur en tvo mánuði, 53 lengur en sex mánuði og 25 lengur en eitt ár.

Í frv. eru lagðar til þrjár leiðir til lausnar. Í fyrsta lagi að heimilt sé að breyta félagslegum eignaríbúðum í félagslegar kaupleiguíbúðir. Skilyrði er að fullreynt sé í sveitarfélaginu að íbúð verði ekki seld að svo stöddu. Við þær kringumstæður er lagt til að sveitarstjórn geti sótt um heimild til húsnæðismálastjórnar til að breyta eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð. Með því fær sveitarstjórn aukið svigrúm til að nýta íbúðina auk þess sem kjörin á íbúðinni í leigu eru hagstæðari en á eignaríbúðum, þ.e. 1% vextir og lánstími 50 ár. Í því sambandi skal lögð áhersla á, með hliðsjón af því að Byggingarsjóður verkamanna stendur illa um þessar mundir, að girt verði fyrir það í frv. að slík ráðstöfun hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir sjóðinn. Þannig verður þessu heimildarákvæði einungis beitt innan fjárhags- og útlánaáætlunar Byggingarsjóðs verkamanna. Eins og rakið er í frv. hefur verið reiknað út að sex slíkar tilfærslur milli lánaflokka samsvari einni meðalíbúð með 5,6 millj. kr. láni.

Jafnframt því sem heimilað verði að liðka til hjá sveitarfélögum með því að breyta eignaríbúðum í félagslegar kaupleiguíbúðir er lagt til að sveitarstjórn geti sótt um heimild til húsnæðismálastjórnar til að víkja frá gildandi tekjumörkum einstaklinga. Skilyrði fyrir fráviki frá því grundvallaratriði sem tekjumörkin eru er að sveitarstjórn sýni fram á að það sé eina færa leiðin til þess að íbúð verði úthlutað. Framkvæmdin verði sú að sveitarstjórn sæki um slíka heimild til húsnæðismálastjórnar. Verði heimildin veitt er mikilvægt að hún sé almenns eðlis en taki ekki til einstakra mála. Því skiptir miklu máli að sveitarstjórn kynni hin breyttu tekjumörk fyrir íbúum sveitarfélagsins og er því lögð á þau sú skylda í frv. Hversu mikil rýmkunin er er ákvörðunaratriði hjá húsnæðismálastjórn með hliðsjón af aðstæðum í hverju sveitarfélagi fyrir sig og sama gildir um hversu lengi rýmkunin varir. Úthlutun íbúða á þessum forsendum hefur ekki vaxtahækkun í för með

sér. Hins vegar hefur beiting þessa heimildarákvæðis áhrif á framkvæmdalán til þess sama sveitarfélags næstu ár á eftir. Þannig er gert ráð fyrir því að viðkomandi sveitarfélag sé útilokað frá því að sækja um framkvæmdalán í næstu sex ár frá því að síðast er úthlutað íbúð samkvæmt undanþágunni. Rökin fyrir þessu eru augljós. Óseldar félagslegar íbúðir gefa vart tilefni til að þörf sé á fleiri félagslegum íbúðum í sveitafélaginu, a.m.k. ekki í bráð.

Loks hefur frv. að geyma sérreglu um frestun á afborgunum lána Byggingarsjóðs verkamanna þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega íbúð sem ekki verður nýtt vegna snjóflóðahættu. Með stöðu sjóðsins í huga þótti rétt að einskorða frestun á afborgun lána við íbúðir á snjóflóðahættusvæði. Eins og rakið er í frv. voru í janúar 1996 124 félagslegar íbúðir á skilgreindum hættusvæðum.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi, þá er þetta frv. einungis þess eðlis að það á að leysa vanda þeirra sveitarfélaga sem í mestum kröggum eru vegna auðra félagslegra íbúða og þetta er samkvæmt áliti þeirrar nefndar sem sett var í málið. Ég vil þakka nefndinni vel unnin störf en hún heldur áfram að vinna og er að reyna að leggja línur fyrir frekari breytingar á félagslega kerfinu, hvaða braut við eigum að þræða þar í framtíðinni og eftir hvaða aðferðum við eigum að fara. Eins og fram kom í frv. um reynslusveitarfélög sem ég mælti fyrir fyrir nokkrum dögum og er til meðferðar hjá hv. félmn., þá eru nokkur reynslusveitarfélaganna að reyna að feta sig inn á nýjar brautir í félagslega kerfinu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

[19:10]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum í dag og fjallar um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins snýr fyrst og fremst að lausn fyrir sveitarfélög sem ekki hafa getað selt eða úthlutað ákveðnum tegundum íbúða. Hvað varðar a-lið 1. gr. frv., þá er þar um að ræða áréttingu á heimildarákvæði sem verið hefur. Það sem fram kemur í b-hlutanum vekur hins vegar meiri athygli og það er sá hluti frv. sem ég ætla fyrst og fremst að gera að umræðuefni.

Í greinargerð frv. fylgja býsna ítarlegar upplýsingar um stöðu einstakra sveitarfélaga hvað varðar eign félagslegs íbúðarhúsnæðis, hvernig þeim hefur tekist að ráðstafa því á undanförnum árum. Það er alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. ráðherrans að vissulega má greina ákveðna stöðu tiltekinna byggðarlaga. Við þykjumst geta lesið út úr þessu ákveðna þróun í byggðamálum hjá okkur, jafnvel atvinnumálum. Hins vegar getum við líka lesið út úr þessum tölum að úthlutun framkvæmdalána var ekki alltaf framkvæmd af mikilli fyrirhyggju. Þ.e. Húsnæðisstofnun ríkisins hafði ekki alltaf við hendina nyjustu og bestu upplýsingar frá Byggðastofnun t.d. um byggðaþróun í landinu. Það held ég að sé ámælisvert vegna þess að við súpum af því seyðið síðar. Ýmsir hafa talað um óábyrga framkomu sveitarfélaga í málinu og að framkvæmdalán hafi oft og tíðum verið notuð kannski fremur til að halda uppi verktakastarfsemi í viðkomandi sveitarfélagi, en nákvæmlega því að vöntun væri mikil á félagslegum íbúðum. Það eitt er víst að fólki úr þeim sveitarfélögum þar sem hörgull hefur verið á félagslegu íbúðarhúsnæði hefur þótt sérkennilegt að sjá félagslegar íbúðir beinlínis auglýstar í öðrum sveitarfélögum. Ég held sem sé að það sé ekki bara það að við getum eftir á lesið út einhverja tiltekna sögu. Ég held að við höfum ekki einu sinni gert það sem í okkar valdi stóð til þess að gera okkur grein fyrir því hvaða aðstæður voru uppi þegar framkvæmdalánum var úthlutað og jafnvel stundum úthlutað þeim beinlínis í blóra við það sem var að gerast í raun og veru.

En það sem fjallað er um í b-hluta 1. gr. frv. er m.a. það að ef sveitarfélag ekki getur úthlutað íbúð, annaðhvort félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð, þá megi miða við rýmri tekjumörk einstaklings en nú gilda. Þarf þá húsnæðisnefnd að sýna fram á að það sé eina færa leiðin til þess að íbúðinni sé úthlutað. Ég hygg að við séum öll sammála um það að rétt sé undir þeim kringumstæðum sem víða hafa skapast að beita öllum tiltækum ráðum til þess að nýta það íbúðarhúsnæði sem stendur autt. Ég tala nú ekki um ef það vantar að öðru leyti íbúðarhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi en einhverra hluta vegna nýtist ekki vegna þess að tekjumörk eru þröng. Í því sambandi vil ég benda á að það er ekki einungis í þá áttina sem frv. vísar til sem tekjumörk geta verið of þröng. Það er ekki bara það vandamál til staðar að tekjur einstaklinga eða fjölskyldna séu of háar til þess að þær komist inn í félagslegt íbúðarhúsnæði heldur háttar í einhverjum tilfellum líka þannig að fjölskyldur eru samanlagt of tekjulágar og of skuldugar til að komast inn í félagslegt íbúðarhúsnæði. Þessar fjölskyldur fá enga lausn í frv., enda eins og ég gat um í upphafi máls míns er það ekki fyrst og fremst hugsað fyrir fjölskyldur og einstaklinga heldur frekar sveitarfélögin. En þarna gæti þetta líka farið saman. Þessar fjölskyldur lenda nefnilega utan garðs í húsnæðiskerfinu þannig að oft og tíðum er það þeirra eini valkostur að leigja. Einatt er þá sú leiga sem þær þurfa að greiða fyrir sitt húsnæði jafnvel hærri en afborganir sem hefðu verið af félagslegu húsnæði. Þarna er því ákveðinn vítahringur sem ég held að væri rétt að menn skoðuðu hvort ekki mætti rjúfa í tengslum við þær breytingar sem hér er farið fram með á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ég vil líka nefna það sem kemur fram hér í 2. mgr. b-liðarins þar sem talað er um „í næstu sex ár frá því ...“ Mér finnst mjög eðlilegt ef sveitarfélagi verður veitt heimild til að rýmka um þau ákvæði sem framkvæmdalán var veitt út á á sínum tíma að þá séu settar ákveðnar skorður við því að veitt séu ný framkvæmdalán til viðkomandi sveitarfélags um einhvern tiltekinn tíma. Mér finnst sex ár hins vegar vera dálítið stíft. Ég bendi á að sveiflur í íslensku atvinnulífi eru nú oft og einatt skemmri en sex ár þannig að ég held að það yrði eða gæti orðið býsna fljótlega þrýsingur á að breyta þeirri tölu. Auk þess finnst mér sanngjarnt að það sé líka tekið tillit til þess í hina áttina, þ.e. hversu lengi íbúðir hafa staðið auðar. Hversu lengi hefur vandamálið verið viðloðandi? Hversu lengi hefur íbúð ekki verið nýtt? Að við horfum ekki bara til sex næstu ára heldur horfum líka til þeirrar þróunar sem var á undan. Ég ítreka að mér finnst að við þurfum að líta til þess og vonandi getur komið til þess að það verði uppsveifla á landsbyggðinni, að einhverjir staðir njóti þeirrar árgæsku að þar verði fjölgun á íbúum og menn þurfi virkilega á því að halda að geta byggt. Ég mælist því til að menn skoði ákvæðið um sex árin opnum huga og að jafnframt verði litið til þess að erfiðleikar hafi ekki byrjað um leið og þessi lög hafi verið sett heldur horfi menn aftur til þess hversu lengi viðkomandi íbúðir hafa ekki verið nýttar.

[19:18]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil koma á framfæri nokkrum atriðum

við 1. umr. þessa máls. Ég vil í upphafi segja að ég hef mikinn skilning á því að það þurfi að taka á vanda ýmissa sveitarfélaga varðandi félagslega húsnæðiskerfið en ég vil í því samabandi taka undir þau orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem hún lét hér falla í umræðum um reynslusveitarfélögin að við verðum að hafa það í huga að við megum ekki horfa um of á neikvæðu hliðarnar á félagslega húsnæðiskerfinu og þeim erfiðleikum sem einstaka sveitarfélög hafa ratað í heldur ber okkur einnig að minnast þess hve mikill fjöldi fólks hefur komist í gott húsnæði allt frá árinu 1929 eða rétt upp úr 1930 þegar fyrstu félagslegu íbúðirnar voru teknar í notkun og hversu mörgum þetta kerfi hefur veitt úrlausn og jafnframt að horfa á það hver er þörfin fyrir félagslegt húsnæði og hvar hún er. Ég hygg að sá vandi, sem ýmis sveitarfélög hafa lent í, stafi einmitt af því að menn hafi ekki fylgt lögunum sem skyldi, ekki gert nauðsynlegar kannanir og ekki gert sér nægilega vel grein fyrir þróuninni, að ekki sé minnst á það sem stundum hefur verið haldið fram að sveitarfélög hafi einfaldlega þrýst á fjármagn til framkvæmda til að halda uppi atvinnu í sveitarfélögum sínum. Ég hef áður komið að umræðu um þau mál og ætla ekki að endurtaka hana.

Það er mjög athyglisvert að skoða þá töflu sem er að finna yfir fjölda íbúða sem stóðu lausar á þeim tíma sem könnunin var gerð. Eins og menn sjá eru fyrst og fremst tvö svæði sem skera sig úr eða reyndar þrjú svæði og eitt þar sem eru langsamlega flestar auðar íbúðir og það eru Vestfirðirnir. Vegna þeirra orða sem hv. síðasti ræðumaður lét falla um að hugsanlega blasi nú við betri tíð með blóm í haga þá verður auðvitað að horfa á þá staðreynd að hvort sem okkur líkar betur eða verr hefur íbúum fækkað jafnt og þétt á þessu landsvæði sérstaklega. Það er mjög athyglisvert að sjá hér töluna frá Bolungarvík, frá heimabæ hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þó stærsta fyrirtækið þar hafi gengið í gegnum mikla erfiðleika vildi ég samt sem áður fá skýringu á þessari tölu sérstaklega því að ég hef ekki orðið vör við það í tölum um atvinnuleysi að það hafi verið sem nokkru nemur á Bolungarvík. En það kann auðvitað að vera að það hafi orðið mikill flutningur fólks frá Bolungarvík þótt ég hyggi að reyndar hafi aðrir staðir orðið harðar úti. Mér finnst þetta mjög athyglisverð tala og í rauninni nauðsynlegt að skoða hvað er á bak við hana. Kannski getur hv. þm. Magnús Stefánsson upplýst okkur um hvernig á þessu stendur. Við verðum auðvitað að horfa á þessa þróun í samhengi við byggðaþróun í landinu.

Hæstv. forseti. Þá kem ég að því sem er auðvitað merginn málsins. Verða þær úrlausnir, sem hér er verið að veita, til gagns? Ég get tekið undir þær tillögur sem hér er að finna. Við getum að sjálfsögðu velt fyrir okkur hvort ástæða væri til að stytta þennan tíma í fjögur ár eða opna einhverja heimild, það verði breyting á aðstæðum og þá sé hægt að endurskoða þetta eða eitthvað slíkt. En spurningin er sú að fyrst að í þessum bæjarfélögum er það ástand að félagslegar íbúðir ganga ekki út er þá einhver annar hópur þar sem getur nýtt sér íbúðirnar? Er einhver þörf eða eftirspurn eftir þessum íbúðum? Ég skil a-liðinn þannig að það er ætlunin að sveitarfélögin geti nýtt þessar íbúðir eins og leiguíbúðir. Við gætum kannað það í starfi nefndarinnar hvort þarna er þörf og hvort það sé séð fram á að íbúðirnar nýtist. Ég hlýt að álykta sem svo að fyrst nefndin, sem vann þetta mál, leggur þetta til hljóti hún að hafa vonir um að hægt verði að koma þessum íbúðum í leigu, þá væntanlega til kennara eða annarra sem eru hugsanlega tímabundið búsettir þar. Ef þetta á að takast þá lít ég svo á að það verði að miða við rýmri tekjumörk enda er nú alltaf hægt að setja mjög stórt spurningarmerki við þau mörk sem menn hafa sett sér á hverjum tíma. Ég man þegar ég var að vinna í þessu kerfi í stjórn verkamannabústaða í Reykjavík fannst mér tekjumörkin ótrúlega lág. En þá voru líka ótrúlega margir sem voru undir þeim. Það minnir mig að í umræðum um félagslega húsnæðiskerfið vill það stundum gleymast að þetta er kerfi sem þjónar þeim sem verst standa að vígi og á að gera það. Það kann að vera að undantekningar séu á því en hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem þörfin er langsamlega mest fullyrði ég að þetta kerfi þjónar fyrst og fremst þeim sem standa mjög höllum fæti og eru með lágar tekjur þó að menn beiti menn ýmsum ráðum til að komast yfir íbúðir og síðan breytast aðstæður að ýmsu leyti. En a.m.k. eins og ég þekki þetta eru aðstæður margra svo ótrúlega slæmar en við horfumst því miður ekki í augu við það.

Virðulegi forseti. Þá kem ég að kannski meginatriði máls míns. Það er það atriði sem kemur fram í skýringum við a-liðinn þar sem segir, með leyfi forseta: „Mikilvægt er að úrræðið, sem í ákvæðinu felst, má ekki leiða til aukinna útgjalda Byggingarsjóðs verkamanna umfram þær fjárveitingar sem um er að ræða á hverju ári. Það þýðir óhjákvæmilega að framkvæmdalánum úr sjóðnum mun fækka sem beitingu ákvæðisins nemur." Þarna vil ég koma því sjónarmiði að að það sem mér finnst skipta meginmáli er að aðgerðirnar, svo þarfar sem þær eru, komi ekki niður á þeim sem mesta hafi þörfina. Mér finnst mjög slæmt ef það að koma til móts við ákveðin sveitarfélög verður til þess að þau svæði, og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um höfuðborgarsvæðið, verði eins konar fórnarlömb aðgerðanna og að hér séu framkvæmdir og kaup á félagslegum íbúðum skorin niður á kostnað þeirra aðgerða. Þarna verður réttlátt jafnvægi að ríkja, hæstv. forseti.

Að lokum tvennt. Ég vil í þessu samhengi minna á að það eru fleiri félagsleg kerfi í gangi og þar eru m.a. íbúðir Búseta. Enda þótt það hafi komið fram í máli hæstv. félmrh. í öðru samhengi að sá forgangur eða þeir kostir sem fylgja búseturéttarkerfinu byggjast m.a. á því að það kerfi hefur aðgang bæði að vaxtabótum og húsaleigubótum er þar samt sem áður um kost að ræða sem hefur margar jákvæðar hliðar og ég held að sveitarfélögin í landinu eigi að skoða í öllu þessu samhengi.

Hæstv. forseti. Allra síðast vildi ég koma þeirri spurningu á framfæri annaðhvort til hæstv. félmrh. eða hv. þm. Magnúsar Stefánssonar sem ég hygg að hafi farið býsna djúpt ofan í málið: Hvað hafa menn ástæðu til að ætla að mörg sveitarfélög muni nýta sér þetta? Hefur verið gerð könnun á því hve mörg sveitarfélög muni nýta sér þessar lagabreytingar, þ.e. hve margar af þessum 102 íbúðum mundu hugsanlega ganga út vegna þessara breytinga? Þessar tölur eru frá því í nóvember 1995 og ég bæti þeirri spurningu við: Hefur ástandið eitthvað skánað eða hefur orðið einhver breyting á þessari tölu svo vitað sé? Það er kannski ekki víst að hæstv. félmrh. hafi þær tölur tiltækar og við getum að sjálfsögðu kallað eftir þeim en það væri fróðlegt að fá það fram hvort efnahagsbatinn er að einhverju leyti farinn að skila sér inn í félagslega húsnæðiskerfið.

[19:30]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir beindi beint

og óbeint til mín spurningum varðandi umrætt málefni. Fyrst um þróun mála í sveitarfélaginu Bolungavík sem tiltekið var. Það má lesa út úr töflunni sem er í greinargerð frv. að breytingin sem þar hefur orðið virðist hafa komið til á sl. ári því það kemur fram í úttektinni sem var gerð í nóvember sl. að þá hafi 27 íbúðir staðið auðar lengur en í tvo mánuði, 11 íbúðir lengur en sex mánuði en aðeins ein lengur en eitt ár. Það má því ætla að þessi þróun hafi orðið á síðasta ári. Það er hins vegar rétt að taka fram að ástandið þar hefur eitthvað lagast síðan sem betur fer og er það ánægjuefni. Ég hef því miður ekki nýjustu upplýsingar um stöðu mála í þessu tiltekna sveitarfélagi. En vissulega má lesa út úr þessum upplýsingum ákveðna sögu sem tengist íbúa- og byggðaþróun almennt á landsbyggðinni sérstaklega.

Í vinnu þeirrar nefndar sem ég hef setið í fyrir hönd félmrh. hæstv. hefur verið leitast við að skoða leiðir til að nýta íbúðir sem fyrir hendi eru í sveitarfélögum víðsvegar um landið. Frv. sem hér liggur fyrir er vísir að þeim niðurstöðum sem menn hafa nú þegar komist að. Ég tel að þeirri vinnu sé alls ekki lokið enda er nefndin enn að störfum.

Ég get ekki svarað því nákvæmlega hve mörg sveitarfélög muni nýta sér þau úrræði sem koma fram í frv. en ég hygg þó að það séu æðimörg sveitarfélög sem muni með einhverjum hætti nýta sér það og m.a. hvað varðar rýmkun á tekjumörkum o.s.frv. Ég er því nokkuð viss um að þau úrræði munu koma til lausna líklega víðast hvar.

Að öðru leyti get ég nú því miður ekki að svo stöddu veitt nýrri upplýsingar, en mun í starfi nefndarinnar undir forustu hv. þm. að sjálfsögðu taka þátt í þeirri vinnu og ég geri ráð fyrir að við munum kalla eftir upplýsingum í því starfi.

[19:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð um efni frv. sem hér er til umræðu. Það er nú ekki mjög viðamikið og gefur ekki tilefni til mikilla umræðna um stefnu í húsnæðismálum. Engu að síður er hér um að ræða breytingar sem rétt hefur þótt að flytja og sýnt í greinargerð með frv. að aðstæður eru fyrir hendi sums staðar þannig að nauðsynlegt er að bregðast við þeim með breytingum á lagaúrræðum.

Ég vil segja almennt um efnið í frv. að það er eðlilegt af hálfu félmrh. og þeirra sem fara með þennan málaflokk að leitast við að nýta húsnæði sem byggt hefur verið á grundvelli þessara laga. Ef aðstæður koma upp sem eru að sumu leyti nýjar og menn hafa kannski ekki séð áður í 60 ára sögu þessa málaflokks, félagslegra íbúða, þá verða menn auðvitað að bregðast við því aðalatriðið er að menn liggja með fjárfestinguna í íbúðahúsnæðinu og það verður að koma því í notkun ef einhver ráð eru til þess. Það þýðir að menn verða að vera tilbúnir að breyta eða rýmka lagarammann eins og hann er núna, til að ná þessum markmiðum því ég hygg að ekkert sé vitlausara en að byggja húsnæði og láta það standa autt af því að menn vilja ekki breyta lögum eða skilyrðum laga um það hverjir geta nýtt sér þessar íbúðir. Það hefur verið lagður gríðarlega mikill peningur í uppbyggingu í þessum málaflokki á undanförnum árum og menn hljóta fyrr eða síðar að þurfa að glíma við vandamál af þessu tagi þar sem svo miklar breytingar eru á búsetu hér á landi.

Ég hygg að það sé fátítt í Evrópu að það hafi verið jafnmiklar breytingar á íbúðarþróun í nokkru landi eins og hér. Í flestum þeim ríkjum sem ég hef reynt að kynna mér hvernig menn standa að málum á pólitíska sviðinu varðandi byggðamál þá eru menn uppi með viðamiklar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til að jafna eða dreifa jafnar íbúaþróun í viðkomandi löndum. En hér á landi er afar lítið um viðbrögð af því tagi. Það er miklu fremur að stjórnvöld líti á það sem sitt hlutverk að hjálpa til við að fá fólk til að flytja af landsbyggðinni hingað suður til höfuðborgarsvæðisins. Því sitjum við uppi með þá þróun að hér er ákaflega hröð breyting. Sem dæmi má nefna af því að hér var minnt á það ástand sem var á síðasta ári í mínum heimabæ, að þar hefur fólki fækkað á einum áratug eða tíu árum úr rúmlega 1.300 manns niður fyrir 1.100, þ.e. um 250 manna fækkun á ekki lengri tíma en þetta. Það kemur einfaldlega fram strax bara í því að það er ekki til nógu margt fólk sem uppfyllir ákvæði laganna til að fylla þær íbúðir sem byggðar hafa verið á undanförnum 30–40 árum að mestu leyti í því byggðarlagi. Reyndar eru elstu félagslegu íbúðirnar þar frá því fyrir 1950 en mest var byggt á áttunda áratugnum, íbúðir í svokölluðu leigu- og söluíbúðakerfi. Þetta er auðvitað vandamál sem menn munu þurfa að glíma við annars staðar líka því þessi þróun, þó hún sé ekki jafnmikil og þarna hefur verið, þá er hún víðar í þessu sama kjördæmi og reyndar víðar á landsbyggðinni þannig að ég spái því að innan ekki langs tíma þurfi menn að glíma við það vandamál að hafa húsnæði en ekki fólk. Hvað ætla menn að gera í því? Það er mjög stór spurning sem menn þurfa að skoða í víðu samhengi, miklu víðara en þetta frv. gefur tilefni til.

Síðan hefur líka annað gerst sem ýtir fólki dálítið út úr þessum félagslegu íbúðum. Það eru lagabreytingar sem hafa verið gerðar á síðustu svona 3–4 árum sem hafa virkað afar illa fyrir þá sem búa í íbúðunum á þann veg að íþyngja þeim mjög. Kostnaðurinn við að búa í íbúðunum hefur hækkað svo mikið. Það er vegna vaxtahækkana á lánum Byggingarsjóðs verkamanna og það er vegna breytinga á ákvæðum laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána, en ákvæði þeirra laga voru þannig að greiðendur voru varðir fyrir hækkunum á greiðslubyrði af völdum vaxtahækkana. Þetta var afnumið 1991 þannig að vaxtahækkunin kom að fullu fram í hækkaðri greiðslubyrði strax. Þessi atriði og síðan sífellt krukk í vaxtabótakerfið og skerðingar á því hafa gert það að verkum að það er orðið mikið dýrara en áður var á mánuði að borga af þessum íbúðum. Síðan gerist það líka, bæði á Vestfjörðum og víðar, að tekjur manna lækka því þær eru svo mjög tengdar afkomu í sjávarútvegi og því sem heimilt er að veiða í þroski þannig að breytingar á þessu hafa mjög sterk áhrif á greiðslugetu fólks, sérstaklega í þessum íbúðum. Þessi tvö atriði ásamt þriðja atriðinu sem kemur á móti og er verðlækkun íbúða á almennum markaði, spila öll saman þannig að það verður fýsilegra að ráðast í kaup á almennum markaði en að reyna að berjast í því að borga áfram af þeirri íbúð sem viðkomandi á í félagslega íbúðakerfinu. Ég veit um þó nokkuð mörg dæmi til þess í minni heimabyggð að fólk komst að þeirri niðurstöðu að það var ódýrara að fá íbúðina innleysta og kaupa sér jafnvel sambærilega íbúð á almennum markaði í húsbréfakerfinu. Það var einfaldlega „kalkúlasjón". Menn reiknuðu þetta bara út og komust að þeirri niðurstöðu að aðstæðurnar voru orðnar þannig að þetta var hagkvæmara. Þetta er byggt á mjög lágu gangverði íbúða á almennum markaði sem menn vona auðvitað að braggist þegar fram líða stundir og atvinnuástand batnar. Kannski verður það fyrr en síðar.

Almennt vil ég segja að ég styð þær breytingar sem menn eru að sækjast eftir að fá. Ég vil þó segja um þetta mál og

þá sérstaklega a-hluta 1. gr. að mér finnst núverandi löggjöf um þessi málefni vera allt of smásmuguleg. Það er allt of mikið sett í lagatexta af einföldum útfærsluatriðum. Það á að mínu viti að fela framkvæmdarvaldinu, ráðherra og húsnæðismálastjórn að framkvæma eftir einhverjum meginlínum sem dregnar eru upp í lagatexta. Þessi löggjöf sérstaklega er þvílíkur saumaskapur að það er ekki á færi nema allra iðnustu manna að lesa sig gegnum hana og viðhalda kunnáttu sinni því það er sífellt verið að breyta þessum lögum. Það er gert að jafnaði tvisvar á ári. Það er vegna þess hvað hún er samansaumuð í smáatriðum og það þarf oft að breyta, flytja lagafrv. til að gera tiltölulega einfaldar breytingar sem í öðrum lögum er á valdi ráðherra að hrinda í framkvæmd. Ég vil nú mælast til þess, því ég hygg að það sé verið að huga að heildarendurskoðun þessara laga, að ráðherra beiti sér fyrir því að þessu sjónarmiði verði gefinn gaumur þannig að löggjöfin verði meira stefnumótandi og dragi upp meginlínur og hverfi frá þessum smáatriðum sem dregin eru upp í núverandi löggjöf nánast í hverri grein.

Af því að það hefur þróast þannig í félagslega íbúðalánakerfinu að hafa mismunandi lánaflokka og mismunandi eignarform þá er mjög skynsamlegt að mínu viti að hafa almenna heimild fyrir framkvæmdarvaldið og stofnunina sem sér um framkvæmd laganna til að flytja íbúðir á milli einstakra flokka. Það á að ráðast eftir aðstæðum þeirra sem búa í íbúðunum hvaða form er valið undir þá íbúð hverju sinni, hvort hún er eignaríbúð, hvort hún er leiguíbúð, kaupleiguíbúð, almenn eða félagsleg kaupleiguíbúð. Þetta verður að vera sveigjanlegt eftir þörfum þess sem fær íbúðina og notar hana hverju sinni. Ég tel skynsamlegt að löggjafinn fari út á þá braut að hafa þetta ákvæði þannig að það sé almennt og síðan á valdi framkvæmdaaðila að velja besta formið fyrir viðkomandi einstakling.

Þessi brtt. a-liðar 1. gr. gengur miklu skemur en ég er að lýsa. En það breytir því ekki að hún gengur þó til réttrar áttar og mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að gera þá breytingu. Sama má segja um b-liðinn. Það er að vísu aðeins öðruvísi baksvið í þeim lagatexta. En út frá því sjónarmiði að það er betra að íbúð sé notuð en að hún sé ekki notuð, er skynsamlegt að gera þessa breytingu. Ég er hins vegar ekki sammála því að þeirri breytingu eigi að fylgja sex ára bann við úthlutun til viðkomandi sveitarfélags. Mér finnst óþarft að setja í lagatexta slík bannákvæði því húsnæðismálastjórn er vel treystandi til að úthluta hverju sinni til sveitarfélaga og annarra umsóknaraðila eftir þörfum, þ.e. þeim þörfum sem þeir sýna fram á að eru fyrir viðkomandi íbúðalánaflokk hverju sinni. Ef það er ekki hægt að selja tilteknar íbúðir vegna skorts á fólki þá er augljóslega ekki hægt að sýna fram á neina þörf þannig að það þarf í sjálfu sér enga lagatexta sem banna húsnæðismálastjórn að lána viðkomandi sveitarfélagi. Ég tel þetta því óþarft og reyndar held ég að það geri málið allt of þungt í vöfum að vera með svona langt bann út frá einhverjum aðstæðum sem geta breyst tiltölulega hratt. Og svo ég nefni enn það sveitarfélag sem var minnst á fyrr í umræðunni, þ.e. mína heimabyggð, þá hafa aðstöður breyst mjög mikið á hálfu ári. Atvinnuleysi er nánast ekki neitt. Það er farið að fjölga í plássinu og íbúðir farnar að ganga út á nýjan leik þannig að það er talandi dæmi um mjög hraða breytingu. Þar gæti hugsanlega orðið, þó ég viti ekkert um það, þörf fyrir íbúðir eftir eitt, tvö ár sem væru þá ekki lengur til því allar aðrar væru setnar. Þá þyrfti að fara að bæta við og þá stæðum við frammi fyrir sex ára banni. Mér finnst það ekki mjög skynsamlegt.

Varðandi 2. gr. frv. er ég sammála þeirri hugsun sem þarna er á bak við en ég vil þó gera þá athugsemd við efni greinarinnar að mér finnst eðlilegt að fresta allri greiðslunni. Ekki bara afborguninni heldur líka vöxtunum eins og hér er lagt til, þ.e. að einskorða heimildina til að fresta afborgun af *lánum við tilteknar aðstæður. Mér finnst að heimildin eigi* að ná til allrar greiðslunnar því sérstaklega á nýlegum íbúðum er nánast öll greiðslan vextir. Afborgunarþáttur greiðslunnar er tiltölulega lágur sem skýrist af því að hér er um að ræða svonefnt annuitets-lán sem þingmenn hafa eflaust heyrt talað um. Þannig að gagnið af því að fresta bara afborguninni er tiltölulega lítið ef um er að ræða íbúðir sem eru með tiltölulega nýlegt lán.

Þá finnst mér dálítið óljóst ákvæðið um það hve langan frest heimilt er að veita og hvaða aðili það er sem tekur þá ákvörðun. Lagatextinn er skýr, það er húsnæðismálastjórn sem samþykkir að veita frestunina, en hann er óskýr varðandi það hver eigi að ákvarða tímann sem frestunin nær yfir. Í þessari lagagrein segir bara, með leyfi forseta: „Frestun á afborgun lána samkvæmt ákvæði þessu getur einungis átt sér stað í ákveðinn tíma eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar á meðan unnið er að varanlegri lausn.“ Ákveður stjórnin bæði *að veita frest og tímalengd hans? Eða eru það svo emb*ættismennirnir sem ákveða eftir einstökum atvikum hversu langur sá frestur á að vera? Þetta er ekki alveg skýrt. Það þarf a.m.k. að skýra málið þannig að ekki verði hætta á árekstrum vegna túlkunar ákvæðisins. En það atriði geta menn athugað í nefnd eins og annað orðalag í lagagreinum.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst í aðalatriðum afstöðu minni til þessa máls og eins og sjá má af frv. er þetta ekki stórt frv., það tekur á tiltölulega afmörkuðum vandamálum. Ég tel tillögurnar sem í frv. eru til bóta frá því sem nú er en bendi á að rétt væri að ganga kannski lengra í að veita almenna lagaheimildir til þess að færa íbúðir eða laga lánin á viðkomandi íbúðum að greiðslugetu þeirra sem í íbúðunum eru.

[19:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur líklega lítinn tilgang að reyna *að velta því fyrir sér eða reyna að brjóta til mergjar hvernig* sá vandi er til orðinn sem við erum að kljást við hér nema þá til að læra af því og fyrirbyggja að slíkt gerist aftur. Ég get hins vegar ekki stillt mig um vegna orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að minnast þess að ég var formaður húsnæðismálastjórnar ríkisins þegar fyrst var úthlutað kaupleiguíbúðum. Þá átti að vanda mjög til verksins. Haft var samráð við Byggðastofnun um hvert stefndi í málefnum sveitarfélaga, reynt var að meta hver þróunin væri fram undan og þessi fyrsta úthlutun tók mið af því. En ég ætla ekki að reyna að lýsa því ramakveini sem upphófst frá þeim sveitarfélögum sem þótti sinn hlutur fyrir borð borinn þannig að allt kapp var lagt á að sanna að forsendur fyrir úthlutun hefðu verið rangar og allt kapp lagt á að tryggja úthlutun í næstu umferð. Að sumu leyti hefur mér staðið nokkur stuggur af því, þótt ég vilji allt gera til þess að þessi mál leysist í sveitarfélögum, hvernig menn hafa oft leyft sér að fara í umræðuna síðar þegar vandinn var til kominn jafnvel í þessu sömu sveitarfélögunum. En eins og ég segi, fyrst og fremst á auðvitað að læra af þessum vanda. Ég held reyndar að ein skýring þess að íbúðir standa auðar á ákveðnum svæðum sé sú að á þeim sömu svæðum hefur oft og tíðum orðið

mjög mikið verðfall fasteigna. Það er reyndar staðreynd að það er jafnvel hægt að komast yfir einbýlishús á sama verði og félagslega íbúð og þá horfir fólk á þá tölu en ekki þá mánaðargreiðslu sem húsnæðið kostar. Þetta er líka eitt af því sem hefur áhrif.

Ég ætla að fara fáum orðum um þetta mál, virðulegi forseti, vegna þess að klukkan er orðin margt. Ég er að komast í tímaþrot en hefði gjarnan viljað heyra svör ráðherra við því sem hefur verið sett fram. En ég ætla að spyrja hæstv. félmrh. að því hvers vegna hafi verið ákveðið í 1. gr. að breyta íbúðum í þeirri stöðu sem þar er kveðið á um í félagslegar kaupleiguíbúðir en t.d. ekki í einhverjum tilfellum í almennar kaupleiguíbúðir svo hægt sé að koma til móts við þann vanda sem vikið er að í b-liðnum, einmitt með tilliti til vaxtanna og ákvæðisins sem litið er til þar. Ef maður skoðar b-lið 1. gr. er það t.d. þannig að þegar búið er að breyta eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð með 1% vöxtum til 50 ára má miða við rýmri tekjumörk en lög kveða á um við endurúthlutun íbúðarinnar annaðhvort til leigu eða sölu. Undanþágan á ekki að hafa áhrif á vexti og þá vil ég geta þess sem kom fram þegar við vorum að breyta lögunum í fyrra og tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það er afar slæmt hversu oft við höfum verið að breyta þessum lögum vegna þess að það er svo hætt við að ein breyting rekist á við aðra. Þá var verið að breyta því varðandi úthlutun að húsnæðisnefndir ættu að hafa mjög frjálsa stöðu við úthlutun en áttu þar með að gæta skilyrða um eigna- og tekjumörk. Og þá var lögð mikil áhersla á að kæmi til þess að einstaklingur fengi úthlutað íbúð af hálfu húsnæðisnefndar í blóra við gildandi eigna- eða tekjumörk þá mundi hann sæta vaxtahækkun. Þetta var ákvæði sem var sett í lögin í fyrra. Nú erum við að opna á það að við ákveðnar aðstæður sem ákveðin húsnæðisnefnd metur geti hún í raun og veru úthlutað kaupleiguíbúð sem nýverið er búið að kaupa inn og breytt henni í félagslega kaupleiguíbúð með 1% vöxtum. Hvers vegna á að úthluta félagslegri kaupleigu við þær aðstæður að tekjumörk eru of há þegar það er líka búið að liðka til með tekjumörkin? Ef það á að leigja hana, hver á leigan að vera? Hvað erum við að gera þarna með þessar félagslegu íbúðir og þessa lágu vaxtaprósentu? Ef á að endurselja hana, hver á þá vaxtaprósentan og kjörin að vera? Það er mjög eðlilegt að þessar spurningar vakni núna vegna þess að ég vorkenni bæði húsnæðisnefnd og Húsnæðisstofnun þegar á að fara að bregðast við slíkum vanda. Á vaxtaprósentan í þessum tilfellum að koma sveitarstjórn eða leigjanda eða kaupanda til góða? Það kemur ekki fram hér en þessar andstæður geta skapast.

Ég vil líka nefna að það er í lögum að ef einstaklingur fer yfir ákveðin tekjuviðmið við endurskoðun, þótt þau viðmið hafi verið rýmkuð í fyrra, á að hækka vextina. Hvernig kemur þetta út gagnvart jafnræðisreglunni þegar á við ákveðnar aðstæður að heimila að einstaklingur langt yfir tekjumörkum fari inn í íbúð af þessu tagi af því að það er lögð áhersla á að breyta íbúðinni í félagslega kaupleiguíbúð sem hefur allt önnur tekjumörk? Þetta eru þær spurningar sem mér finnst mest brennandi.

Ég vil líka geta þess að það er nauðsynlegt að það sé ákveðinn sveigjanleiki í lögum varðandi tilflutning milli kerfa. Mér sýnist að sá vandi sem hér er tekið á kosti e.t.v. á bilinu 24 og upp undir 50 millj. kr. Þess er getið að kostnaðurinn við breytingar á hverri íbúð sé 908 þús. kr., ef gengið er út frá því að þurfa að breyta íbúðum sem standa auðar í sex mánuði eða lengur.

Ég vil taka það fram miðað við hvernig þetta lítur út að ef vandinn er upp á 24–50 millj. og framkvæmdalán upp á 5–6 millj. þá erum við að tala um fækkun framkvæmdalána fyrir e.t.v. tíu íbúðum ef ég skil grg. rétt. Það er alveg ásættanlegt út af fyrir sig til að lagfæra vanda, hæstv. félmrh., ef önnur stefnubreyting er ekki á döfinni sem dregur úr því að félagslega íbúðakerfið verði virkt. Og ég óttast að svo geti farið.

Mér finnst líka mjög mikilvægt að þeir sem fjalla um þessi mál skoði það sem birtist í töflunni á bls. 2–3 vegna þess að þar kemur fram að þéttbýlissvæði á suðvesturhorninu hafa algjöra sérstöðu. Þar standa engar íbúðir auðar og þar hefur það einmitt gerst að íbúðir hafa í miklu magni verið keyptar inn í kerfið en oft hefur skort á það annars staðar.

Við vorum að fjalla um reynslusveitarfélög fyrir stuttu síðan. Þar stendur í grg. á bls. 4 og leyfi mér að vísa til þess, virðulegi forseti: „Þannig geti sveitarfélag selt einstaklingi sem fengið hefur lán samkvæmt nýju leiðinni íbúð sem sveitarfélagið hefur áður keypt inn samkvæmt kaupskyldunni, enda hafi lán við Húsnæðisstofnun verið gerð upp.“ Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að ef sveitarfélag með þessari tilhliðrun sem verið er að heimila hér fær að breyta eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð selji hana aftur, sé það gert í þessu reynslusveitarfélagadæmi. Ég bendi á að það er mjög hætt við því í svona breytingum að við séum að gera breytingar sem setja lögin og lagaákvæði algjörlega í kross miðað við hugsun laganna og anda þeirra. Ég vil því benda á þetta og það er mjög mikilvægt að félmn. skoði einmitt þennan þátt.

Hvað varðar 2. gr. frv. er mjög mikilvægt að taka tillit til hættusvæða. Það hlýtur að gerast að félagslegar íbúðir eins og þarna kemur fram lendi á hættusvæði og það sé brugðist við því. Ríkisstjórnin hefur verið með mjög jákvæðar yfirlýsingar varðandi aðgerðir á snjóflóðasvæðum og ég tel mjög brýnt, virðulegi forseti, að ef fyrirgreiðsla samkv. 2. gr. reynist verða mjög þungur baggi á Byggingarsjóði verkamanna þá verði Byggingarsjóður verkamanna ekki látinn bera þær byrðar. Þar er ég einnig að vísa til þess að við verðum að vera með félagslegt íbúðakerfi sem er sveigjanlegt og stendur undir þeim væntingum sem íbúar í landinu hafa. Við megum ekki sverfa svo að því á mörgum sviðum vegna þess að fyrr á árum hefur það gerst að við fjárlagagerð er fækkað íbúðum og við erum að gera breytingar þarna, væntanlega bara sem nemur um tíu íbúðum út af 1. gr. og svo getur frestun afborgana til byggingarsjóðs orðið þungur baggi. Þetta eru ábendingar mínar og spurningin fyrst og fremst sú sem ég bar hér fram.

[20:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar umræður um þetta mál og jákvæðar viðtökur í stórum dráttum. Það eru örfá atriði sem beint hefur verið til mín og ég vil reyna að svara eða koma inn á.

Út af fyrir sig er sjálfsagt hægt að segja að úthlutun framkvæmdalána hafi ekki í öllum tilfellum verið af mikilli fyrirhyggju en eins og hér hefur komið fram eru ýmsar skýringar um breyttar aðstæður sem menn hafa sér til málsbóta.

Aðalatriðið er það að þetta er búið og gert. Vandinn er fyrir hendi og ég treysti því að húsnæðismálastjórn sýni varfærni í framtíðinni og menn læri af reynslunni. Því má bæta við að ásóknin í félagslega kerfið hefur hraðminnkað á

síðasta ári. Ég kynnti mér það sérstaklega í tilefni fjárlagagerðar fyrir þetta ár. Mig minnir að ekki hafi verið byrjað á nema um helmingi eða rúmum helmingi af þeim íbúðum sem úthlutað var á síðasta ári og ég hygg að það fé sem ætlað er í félagslega kerfið muni duga til þess að fullnægja þeirri þörf sem er fyrir hendi. Það brá svo við þegar hækkað var lánshlutfallið til fyrstu íbúðar að stórdró úr ásókninni í félagslega kerfið. Margir af þeim sem voru á leiðinni inn í félagslega kerfið lögðu í að kaupa á almennum markaði. Ég vona sannarlega að það verði uppsveifla á landsbyggðinni varðandi þetta með sex ára frestinn en það er þá hægt að bregðast við því í framtíðinni. Hitt er svo annað mál að mér finnst að það þurfi að vera einhver hemill svo að sveitarfélög hafi ekki neina sjálfsafgreiðslu með að fá tekjumörkin hækkuð. Ég hygg að það sé eðlilegt að það sé einhver bremsa en að sjálfsögðu er hægt að bregðast við því í framtíðinni ef þetta kemur mjög illa við.

Þegar tillaga nefndarinnar kom fram um að hafa sex ár velti ég því dálítið fyrir mér að stytta þennan tíma því að mér fannst þetta sjálfum nokkuð strangt en hvarf frá því en beini því til hv. félmn. ef nefndinni sýnist að athuguðu máli að þarna sé um að ræða of ströng skilyrði. Ég vitna til þess að það er verið að tala um frá síðustu úthlutun. Nú hafa t.d. ekki farið fram úthlutanir á Bolungarvík um einhvern tíma og það getur vel verið að menn megi ekki taka það svo að það séu sex ár inn í framtíðina sem verið er að tala um heldur sex ár frá því að síðast var úthlutað. En það er ekki í blóra við mig þó að þetta verði eitthvað mýkt upp.

Það hefur verið komið inn á það af hverju er verið að breyta þarna í félagslegar kaupleiguíbúðir en ekki að færa til öðruvísi. Eftir því sem mér hefur skilist var það sjónarmið nefndarinnar að leiguhúsnæði vantaði víða um land. Ég held að ekki sé neinn vafi á því og við sem þekkjum mjög vel til í dreifbýlinu þekkjum það nákvæmlega að leiguhúsnæði vantar þar víða. Fólk veigrar sér við að fjárfesta stórlega en vill gjarnan koma og prófa að búa þarna um einhvern tíma og það þarf að vera leiguhúsnæði og það meira að segja talsvert framboð af leiguhúsnæði til þess að fullnægja eftirspurninni. Sums staðar er um skólanemendur að ræða eða aðra tímabundna búsetu. Ég held einmitt að þó að séreignastefnan sé góð og blessuð eigum við að hafa auga á því að styrkja leigumarkaðina. Það er hentugt fyrir marga að geta fremur leigt en binda sér óbærilegar skuldbindingar til framtíðar, jafnvel þó að leigan sé e.t.v. upp undir það eins há og afborganirnar.

Ég hef ekki sjálfur á reiðum höndum skýringar vegna Bolungarvíkur en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er búinn að gefa þær a.m.k. að einhverju leyti.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna tel ég að fjárhagur hans þarfnist sérstakrar athugunar. Það þarf að hafa aðgát að klyfja ekki Byggingarsjóð verkamanna um of. Ég er að láta skoða það hvort það gæti ekki gengið upp að sameina Byggingarsjóð verkamanna, sem stendur ekki vel, Byggingarsjóði ríkisins, sem stendur mjög vel, eða a.m.k. að koma þar á nánara sambandi eða streymi á milli. Ég hef varpað þessari hugmynd fram og það er verið að skoða hana. Ég hef rætt þetta lauslega við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og mun gera það betur í framtíðinni. En þetta er a.m.k. ein leiðin til þess að tryggja Byggingarsjóð verkamanna. Verkalýðshreyfingin á faðernið en hún er hætt að borga meðlagið ef svo mætti segja.

Reynslusveitarfélögin eða félögin, sem taka þátt í reynslusveitarfélagaverkefninu, eru yfirleitt ekki í vandræðum með auðar íbúðir. Þau vilja prófa sig áfram með aðra útfærslu á félagslega kerfinu en í reynslusveitarfélögunum er ekki verulegt vandamál út af auðum íbúðum. Þetta er fyrst og fremst í öðrum sveitarfélögum.

Ég held að þetta verði að duga enda er orðið áliðið kvölds og ég ætla ekki að orðlengja þetta meira.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 20:08.

---

119. FUNDUR

þriðjudaginn 16. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Málefni Neyðarlínunnar hf., beiðni um skýrslu, 478. mál, þskj. 822. *Hvort leyfð skuli.*

2. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 421. mál, þskj. 750. — 1. umr.

4. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 422. mál, þskj. 751. — 1. umr.

5. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775. — 1. umr.

6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — 1. umr.

7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 449. mál, þskj. 781. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Framkvæmdir að Bessastöðum, 409. mál, svar forsrh., þskj. 823.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dagsett 15. apríl 1996.

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi í næstu tvær vikur af persónulegum ástæðum leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Þórunn Sveinbjarnardóttir stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv."

Kjörbréf Þórunnar Sveinbjarnardóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, 19. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Þórunn Sveinbjarnardóttir, 19. þm. Reykv., hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Málefni Neyðarlínunnar hf.

Beiðni LB o.fl. um skýrslu, 478. mál. — Þskj. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Beiðni leyfð með 34 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (félagslegar eignaríbúðir). — Þskj. 720.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð upplýsinga úr skattskrám.

[13:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna reglugerðar nr. 176/1996, um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattskrá. Tilefnið er það að í þessari reglugerð eru næsta einstæð ákvæði þar sem almenningi er bannað að reikna út upplýsingar úr skattskránni. Með öðrum orðum er bannað samkvæmt reglugerðinni að reikna og sérstaklega eftir vísitölu.

Upphaf þessa máls er það að eins og oftar þegar um núv. ríkisstjórn er að ræða að Verslunarráð Íslands klagaði. Það kvartaði vegna þess að ýmsir fjölmiðlar voru að birta upplýsingar úr skattskrám og reiknuðu þá út eða áætluðu hvað viðkomandi einstaklingar eða fyrirtæki hefðu e.t.v. haft í tekjur. Sagt var frá þessari beiðni Verslunarráðsins í hinu víðlesna málgagni okkar Alþýðubandalagsmanna, Vikublaðinu, 11. nóvember 1994, undir fyrirsögninni „Efnafólk vill fela tekjurnar með ritskoðun á fjölmiðla." Núna á dögunum birtir Vikublaðið niðurstöðu þessa máls: „Ritskoðun samkvæmt beiðni Verslunarráðsins." Verslunarráðið sneri sér til ýmissa aðila og bað um að settar yrðu reglur til að koma í veg fyrir að of mikið yrði reiknað á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma í skattskrám og álagningarskrám.

Verslunarráðið hafði samt snúið sér til tölvunefndar. Tölvunefnd hafði hafnað beiðni Verslunarráðsins. Verslunarráðið hafði snúið sér til umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður Alþingis hafði hafnað beiðni Verslunarráðsins að því er þessa hluti varðar og taldi ekki ástæðu til að grípa inn í málið að neinu leyti vegna þessara fyrirtækja og einstaklinga sem báru sig aumlega vegna blaðafrétta um tekjur og tekjubreytingar.

Niðurstaðan varð hins vegar sú í fjmrn. að setja þessa einstöku reglugerð og í henni eru nokkur mjög fróðleg efnisatriði. Í fyrsta lagi það að öll útgáfa upplýsinga úr álagningarskrá er óheimil. Samt á skráin að liggja frammi í hálfan mánuð. Í öðru lagi er upplýsingaútgáfa óheimil hvort heldur sem er í heild eða að hluta eins og stendur í reglugerðinni. Í þriðja lagi segir: „Þó er heimilt að birta fjölmiðlum upplýsingar úr álagningarskrá á þeim tímum sem hún liggur frammi." Með öðrum orðum mega fjölmiðlar eða almenningur lesa álagningarskrána. Í fjórða lagi stendur síðan: „Upplýsingar úr álagningar-, virðisauka- og skattskrá má aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir í skránum." Með öðrum orðum, það má birta upplýsingarnar nákvæmlega eins og þær eru skrifaðar niður í viðkomandi skrá en ekki á neinn hátt öðruvísi. Í fimmta lagi segir: „Öll úrvinnsla upplýsinga úr skránum er óheimil". Þetta er orðrétt úr reglugerðinni. Öll úrvinnsla upplýsinga úr skránum er óheimil. Í sjötta lagi: „svo sem umreikningur álagðra gjalda yfir í tekjur ..." Það er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að umreikna álögð gjöld yfir í tekjur. Í sjöunda lagi er líka bannað að umreikna skattana yfir í veltufjárhæð fyrirtækjanna. Það er orðrétt bannað í reglugerðinni. Í áttunda lagi er samanburður milli ára sérstaklega bannaður. Orðrétt: „samanburður milli ára" er tiltekinn sem vítavert athæfi. Það kemur að vísu ekki fram í reglugerðinni hversu langa fangavist menn þurfa að fara í fyrir að bera þetta saman milli ára en til að hnykkja á þessu segir að lokum: „framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi". Hann er sérstaklega bannaður. Sem sagt, fjmrn. er sérstaklega uppsigað við vísitölureikning.

Af þessu tilefni, hæstv. forseti, og vegna þess að Vikublaðið fletti ofan af þessu máli, ákvað ég að fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann geri grein fyrir málinu. Ég spyr hann ekki af hverju hann setti reglugerðina heldur spyr ég hann: Hefur fjmrh. fellt þessa reglugerð úr gildi? Ef ekki nú þegar, hvenær ætlar hann að fella reglugerðina úr gildi?

[13:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er kveðið á um tvenns konar skrár. Annars vegar er um að ræða álagningarskrá, hins vegar skattskrá. Skattstjórar leggja fram álagningaskrár þegar lokið er álagningu opinberra gjalda. Sú skrá liggur frammi hjá skattstjórum í tvær vikur og er aðgangur að henni öllum frjáls á þeim tíma sem hún liggur frammi. Í álagningarskrá skal tilgreina þá skatta sem hafa verið lagðir á hvern gjaldanda samkvæmt lögunum. Hafa fjölmiðlar ávallt nýtt sér þennan aðgang og birt úr þeim upplýsingar.

Þegar kærumeðferð er lokið birtir skattstjóri skattskrá og gefur hún réttari mynd af álögðum sköttum.

Skattskrá skal liggja frammi í tvær vikur. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem koma fram í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. Ekki er heimilt að gefa út álagningarskrá enda gefa upplýsingar úr álagningarskrá ekki til kynna endanlega álagningu opinberra gjalda þar sem kærumeðferð er ólokið þegar skráin er lögð fram.

Álagningar- og skattskrár eru persónulegar upplýsingar um fjárhagsmálefni manna sem falla innan gildissviðs laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. gr. þeirra laga. Þess vegna fjallar tölvunefnd lögum samkvæmt um slík mál. Af því að hv. þm. sagði að þetta væri ættað úr fjmrn. og ég reyndar heyrði á hans máli að hann hefur ekki kynnt sér þetta mál mjög náið vil ég taka það fram að reglugerðin byggist á bréfi tölvunefndar sem fer með þessi málefni, dags. 9. nóv. 1995 til ríkisskattstjóra. Þar er tekið fram að eftirfarandi skilmálar skulu gilda um birtingu upplýsinga úr umræddum skrár. Ég les hér, með leyfi forseta, úr bréfi tölvunefndarinnar. Þar segir:

„Upplýsingar úr álagningar- og skattskrám má aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir í skránum. Úrvinnsla upplýsinga, t.d. umreikningur álagðs gjalds yfir í tekjur eða veltufjárhæð, samanburður á milli ára, framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi o.s.frv. er óheimill."

Menn geta auðvitað hlegið að þessu bréfi tölvunefndar en hún hefur lögsögu í málinu. Síðan segir: „Óheimilt er að birta kennitölur í álagningarskrám og skattskrám sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar hvort heldur á pappír eða á tölvutæku formi." Síðan er fjallað sérstaklega um álagningarskrá sem ég tel ekki ástæðu til þess að fara yfir í stuttu máli en er auðvitað sjálfsagt að upplýsa. Það skal tekið fram að víðast erlendis tíðkast ekki að birta álagningarskrár eins og í Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi svo að ég nefni dæmi, heldur einungis skattskrá.

Í áliti umboðsmanns, af því að það var minnst á hann, umboðsmanns Alþingis frá 22. júní 1995 var fjallað um kvörtun fimm skattaðila vegna birtingar á skattupplýsingum í fjölmiðli. Eru þar m.a. raktar á ítarlegan hátt umræður á Alþingi um upplýsingar úr skránum. Þar kemur fram að umboðsmaður sé sammála þeirri afstöðu tölvunefndar að upplýsingar sem fram koma á álagningaskrá og skattskrá falli undir ákvæði laga nr. 121/1989 og staðfestir því í einu og öllu lögsögu tölvunefndar í málinu þannig að það er ljóst hver niðurstaða umboðsmanns Alþingis er.

Reglugerðin sem vitnað hefur verið til um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga er þess vegna afrakstur samstarfs ríkisskattstjóraembættisins og tölvunefndar og byggir á niðurstöðu umboðsmanns Alþingis. Það er ljóst að hún er í samræmi við sjónarmið tölvunefndar og álit umboðsmanns Alþingis. En ég tel eðlilegt í tilefni af fram kominni gagnrýni að litið sé á þetta mál aftur og það skoðað. Ég hef reyndar fyrir helgina beðið um að starfsmenn ráðuneytisins, skattstjóraembættisins og tölvunefndar líti á þetta mál. Þangað til er engin ástæða til þess að afnema reglugerðina enda hefur hún enga þýðingu fyrr en í fyrsta lagi í sumar, þ.e. í ágúst þegar álagningarskrá verður næst lögð fram.

Þess skal getið að ég finn hvergi dæmi um það að Verslunarráð Íslands hafi staðið að þessu. Það sá ég reyndar í þessu víðlesna Vikublaði þar sem segir: „Ritskoðun samkvæmt beiðni Verslunarráðs." Ég veit hvergi til þess að það hafi komið að málinu en síðan er gert mikið úr þessum umreikningi. Það sem vakti helst athygli mína þegar ég las þessa forsíðu var mynd af þremur þingmönnum. „Nýjar þingkonur" stendur undir myndinni og á myndinni eru Sigríður Jóhannesdóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, þannig að mér sýnist að sá umreikningur sem mesta athygli vekur í þessu víðlesna fjöldablaði hafi verið þessi umbreyting sem átti sér stað á þessum hv. þm.

[13:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það fer nú að verða spurning hvaða upplýsingar eru birtar og hvernig. Þetta mál sem hér er til umræðu er allsérkennilegt því að um árabil hefur það tíðkast, og ekki veit ég hversu löng saga er þar að baki, að skattskrár hafa verið lagðar fram og birtar almenningi. En um áratuga skeið hefur það tíðkast að blöð hafa farið ofan í þessar skrár og tekið saman lista yfir hæstu skattgreiðendur, skoðað ákveðna hópa o.s.frv. og reiknað auðvitað út frá þeim upplýsingum sem þar hafa birst.

Nú hefur það gerst að fjmrn. tekur af skarið og telur að það sé ekki lögum samkvæmt að birta og nýta sér þessar upplýsingar. Það verður að segjast eins og er að útfærslan er mjög sérkennileg af hálfu ráðuneytisins því að þegar einu sinni er búið að birta skrárnar, þá er náttúrlega afar erfitt að takmarka það að menn reikni út hvað býr að baki.

Ég vil vekja athygli á því að á hinu háa Alþingi er til umræðu frv. til laga um upplýsingalög. Þar er í 5. gr. gert ráð fyrir því eins og segir þar, með leyfi forseta: „Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á."

Nú er það spurningin að ef þessi lög ná fram að ganga í vor, verður þá í rauninni bannað lögum samkvæmt að birta upplýsingar af því tagi sem við erum að ræða um? Þarna kemur auðvitað að því að skilgreina hvað eru persónulegar upplýsingar. Samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga þá segir einmitt, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga ..." þannig að spurningin er náttúrlega: Hafa lög verið þverbrotin um árabil með birtingu skattskráa eða er þar um að ræða eðlilegar upplýsingar til almennings? Þetta er spurning sem við þurfum að svara á hinu háa Alþingi og það gefst tækifæri til þess við meðferð frv. til upplýsingalaga.

[13:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á allra síðustu árum hafa komið fram með vaxandi þunga kröfur frá launþegum þessa lands um að jafna byrðar. Allir launamenn sem ég þekki eru meira en fúsir til að axla sinn hlut í að viðhalda velferðarkerfi okkar og leggja sitt af mörkum. En þegar gerð er úttekt á skattskránni og þar með framlagi ólíkra aðila til samneyslu, sviður sanngjörnu fólki það sem þar er að sjá.

Sama er að segja um þá staðreynd að einstaklingar með verulegar eignir og veruleg umsvif eru að borga svokallað vinnukonuútsvar á meðan launamaðurinn í næsta húsi greiðir af öllu sínu sína tíund. Í mörgum tilfellum er um að ræða að þeir sem eru í rekstri hafa stofnað eignarhlutafélag. Á fullkomlega löglegan hátt geta t.d. einyrkjar hagað eignarformi,

launa- og arðgreiðslum á þann veg að þeir greiða sáralítil gjöld. Og sá þáttur, virðulegi forseti, á enn eftir að versna með því frv. sem rætt verður í dag, með þeim breytingum á skatti á arð sem í því felst. Í stað þess að unnið sé að því að gera skattskrána skýrari og opnari, gegnsærri hvað varðar að yfirlit fáist yfir framlag allra þjóðfélagsþegna til samneysl-unnar, þá er gripið til eins konar feluleiks, reglugerð er sett sem lokar á eða skerðir umfjöllun í stórum dráttum.

Ég óska eftir að hæstv. fjmrh. hlýði á lokaorð mín þar sem hann hefur ekki hlýtt á þessi örfáu orð sem ég hef haft fram að færa. Ég skora á hæstv. fjmrh. að setja nú þegar í gang vinnu í fjmrn. sem hafi það að markmiði að skýrara yfirlit fáist yfir álögur allra skattgreiðenda, að það verði haft að leiðarljósi og jafnframt hvernig þær álögur verða til. Það er óþolandi að sett sé reglugerð sem dregur úr þeirri upplýsingaskyldu sem viðgengist hefur hér. Mér finnst undarlegt að fjmrh. setur reglugerð sem hann skýlir sér á bak við tölvunefnd í og ótrúlegt ef hann verður að lúta lögsögu tölvunefndar í þessu máli.

[13:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það sætir furðu að á þessum tímum sífellt aukinnar kröfu um opnun þjóðfélagsins og upplýs-ingaskyldu, ekki síst frá stjórnvöldum, skulum við standa frammi fyrir því að fjmrn. gefi út reglugerð sem koma á í veg fyrir að hægt sé að fá eðlilegan aðgang að skattskránni og að mönnum sé bannað að reikna eins og formaður Blaðamanna-félagsins orðaði það. Þetta eru þvílík vinnubrögð að verði þessu ekki breytt, þá verður Alþingi að grípa í taumana. Við vitum að lífsstíll margra í þjóðfélaginu fer oft ekki saman við hvað viðkomandi greiðir í skatta til samfélagsins og við því hefur verið reynt að bregðast. M.a. hefur verið stofnuð eftirlitsnefnd í einu sveitarfélagi til að bera saman skatta og lífsstíl, einmitt í því skyni að veita aðhald og reyna að hafa áhrif til varnar skattsvikum í þjóðfélaginu. Eins hafa fjölmiðlar á margvíslegdan hátt reynt að veita aðhald gegn skattsvikum og m.a. nýtt skattskrána og álagningarskrána í því skyni sem ég tel tvímælalaust að hafi ákveðin varn-aðaráhrif gegn skattsvikum. Með reglugerð ráðherrans er komið í veg fyrir þetta aðhald sem ég hélt satt að segja að ráðherranum væri fengur að í baráttunni við skattsvikin.

Ég geri ekkert með það hver hefur lögsögu í málinu, hvort það sé tölvunefndarinnar að gefa út úrskurð eða fyrirmæli í þessu máli eða fjmrh. að setja reglugerð. Ef tölvunefndin eða hæstv. fjmrh. getur hengt sig á einhvern lagabókstaf í lögum um meðferð og skráningu persónuupplýsinga, þá ber þegar í stað að fella úr gildi þetta ákvæði og taka þennan kaleik frá hæstv. fjmrh. Aðalatriðið er að þetta mál verði leiðrétt nú þegar og eðlilegur aðgangur verði að álagningarskránni og skattskránni. Treysti ráðherrann sér ekki til þess þarf umsvifalaust að leggja fram lagafrumvarp í málinu og láta Alþingi taka af skarið. Annað verður ekki liðið í þessu máli.

[13:55]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki hvernig hjá því er komist að hæstv. fjmrh. endurskoði þessa reglugerð. Ég ætla að leyfa mér í því sambandi að vitna í 4. gr. reglugerðarinnar en þar er hvorki meira né minna en kveðið á um að öll úr-vinnsla upplýsinga úr skránum, þ.e. álagningar-, virðisauka- og skattskrá sé óheimil, svo sem umreikningur álagðra gjalda yfir í tekjur og veltufjárhæð, samanburður milli ára o.s.frv. Þarna er ekki talað um að upplýsingar sem byggjast á slíkum útreikningum séu óheimilar heldur að mönnum er bannað að framkvæma slíka útreikninga hvort sem það er gert í því skyni að upplýsa um þá eða ekki. Og hvaða refsiákvæði skyldu liggja við því ef menn færu út í það að stunda svona reikning án þess að ætla sér að birta hann opinberlega? Nú er þetta gert t.d. í fjmrn. Þar bera menn saman tölur á milli ára úr álagningar- og skattskrá þó að það sé eingöngu ætlað í vinnu hæstv. ráðuneytis. Nú á að banna það. Hvaða refsing liggur við því ef fjmrn. heldur engu að síður áfram að stunda slíkan samanburð?

Menn vita það líka að það er vani skattstjóra, þegar þeir leggja slíkar skrár fram, að láta þess getið hvað breyst hefur í niðurstöðum milli ára og gera samanburð á ýmsum upplýsingum úr þessum skrám frá fyrra ári og birta það í fréttatilkynningu. Nú er þetta bannað. Samkvæmt þessu er þetta bannað því að þetta er alveg afdráttarlaust. A.m.k. er þeim bannað að birta þessar upplýsingar sem þeir hafa þó getað birt hingað til því það stendur hér svart á hvítu að öll úrvinnsla sé bönnuð, svo sem umreikningur, samanburður milli ára og framreikningur. Og þetta er fortakslaust bannað.

Ég flutti fyrir nokkru ásamt þingmönnum tillögu um að upplýsingar yrðu heimilaðar úr álagningar- og skattskrá. Ég hef ekki breytt minni skoðun í því. Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ef í gildandi lögum eru ákvæði sem koma í veg fyrir það, þá ber að breyta þeim lögum.

[13:58]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hlutverk tölvunefndar er að sjá til þess að ný tækni raski ekki friðhelgi einkalífsins um of. Það hlutverk er góðra gjalda vert. Hins vegar er það ekki gott mál ef það hlutverk kemur í veg fyrir að það sé hægt að fylgjast með skattsvikum eða það vanti það aðhald sem birting upplýsinga úr skattskrá gefur. Það atriði þarf nánari skoðunar við. Ég tek undir það. Birting upplýsinga úr skattskrá hefur verið til aðhalds og það veitir ekki af því í þessum efnum.

Hins vegar er það allt annað mál sem er ekki til umræðu hér að fjölmiðlar hafa kannski gjarnan birt lista um þá sem greiða hæstu skattana í stað þess hverjir greiða hin svokölluðu vinnukonuútsvör og gera úttekt á því, en það er önnur saga. Hitt er annað mál að það verður að búa svo um hnútana að það sé eðlileg upplýsingagjöf í þessu efni.

Ég er sammála því sem hefur komið fram við þessa umræðu að þetta mál þarf að taka sérstaklega til meðferðar og umræðu í tengslum við upplýsingalög sem eru í meðferð hjá allshn. þingsins. Það er t.d. viðurkennt af blaðamannastétt-inni að sú löggjöf sé mikið framfaraspor. Þetta atriði, sem kemur beint inn á þá löggjöf, þarf að taka þar sérstaklega til umræðu. Ég vildi gjarnan leggja lóð mitt á vogarskálarnar til þess því að ég á sæti í þeirri nefnd og þetta mál er einmitt sérstaklega til umfjöllunar þar.

[14:01]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu, sem hér hefur farið fram, og þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Þó svo að hann reyndi að sjálfsögðu að skýra aðstæður og verja málið fannst mér örla á því í lokin að hann gæti hugsað sér að breyta reglugerðinni enda held ég nú að vilji þingmanna standi til þess að það verði svo og ég skora á hæstv. ráðherra að hlusta á það.

Mér fannst kannski að hann hefði mátt lesa pínulítið betur það sem liggur fyrir skrifað í málinu, m.a. þann ítarlega úrskurð sem umboðsmaður Alþingis hefur sent frá sér um þetta mál, þ.e. úrskurð nr. 1299/1995. Af því að hæstv. ráðherra bar tölvunefnd fyrir sig þá ætla ég líka að vitna í tölvunefnd því að hér segir í niðurstöðu umboðsmanns, með leyfi forseta:

„Taldi nefndin það ekki á valdi sínu að takmarka birtingu fjölmiðla á efni skránna þennan sama tíma", þ.e. þann tveggja vikna tíma sem álagningarskrárnar liggja frammi. Það er a.m.k. niðurstaða umboðsmanns að þetta sé afstaða tölvunefndar. Ég bið hæstv. fjmrh. að setja sig aðeins betur inn í það og síðan það sem segir í úrskurði umboðsmanns neðst á bls. 16, með leyfi forseta:

„Ég er sammála tölvunefnd um að á grundvelli þessa lagaákvæðis verði aðgangur fjölmiðla að álagningarskránni hvorki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni álagningarskrár meðan hún er á annað borð aðgengileg almenningi á grundvelli þessara lagaheimilda." Ég tel það alveg augljóst mál að lesa þetta dæmi þannig, líka eftir að ég hef lesið umræðurnar frá Alþingi á sínum tíma þar sem við áttumst m.a. við, ég og hæstv. núv. fjmrh., að það er útilokað að gefa út reglugerðina á þessum grundvelli. En ég vil síðan bæta því við af hverju nefndi ég Verslunarráðið, hæstv. forseti, og hæstv. fjmrh. mótmælti því. Það er vegna þess að það var lögmaður Verslunarráðsins sem sneri sér til þessara aðila, tölvunefndar og umboðsmanns, á sínum tíma og óskaði eftir íhlutun þeirra um málið. Varðandi túlkun Alþingis á málinu ætla ég bara að lokum, hæstv. forseti, af því að sá forseti situr nú þarna sem þar er akkúrat núna að leyfa mér að vísa til ummæla hv. þm. Ragnars Arnalds í efri deild á sínum tíma þegar þetta mál og nákvæmlega þetta ákvæði var til meðferðar. Ég er sammála því, hæstv. forseti, að Alþingi verður að grípa í taumana eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði og það er skynsamleg ábending hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að gera það á grundvelli upplýsinga lagafrv.

[14:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður að ég hef óskað eftir skoðun á málinu á grundvelli umræðna sem hafa orðið um þetta mál og þeir sem þurfa að koma að því eru auðvitað þeir sem hafa lögsögu í málinu. Þó að einhverjir þingmenn vilji blása á slíka lögsögu er ráðherrann ekki æðri í lögunum sem betur fer kannski. Þetta liggur fyrir og þingið verður að sjálfsögðu látið fylgjast með því.

Ég vil einnig láta koma fram að líkast til mundi það engu breyta þótt ég afnæmi reglugerðina því að tölvunefndin hefur vald í málinu og reglugerðin verður að byggjast á lögum og það er afstaða tölvunefndarinnar sem blífur í málinu. (**SvG:** Til hvers var þá reglugerðin sett?) Reglugerðin er sett vegna þess að það er góður siður í lögfræði, sem ég veit að allir þeir sem hafa einhvern tíma komið nálægt lögfræði þekkja, að safna á einn stað heimildum og úrræðum um tiltekin atriði. Það er það sem gekk ráðuneytinu til og ekkert annað enda breytir reglugerðin ekki lögum.

Vandinn er auðvitað sá sem hefur komið fram í umræðunum og ég skal alveg fúslega viðurkenna það að ég sé ekki hvernig á að fara að þessari reglugerð eða að niðurstöðutölu nefndarinnar. Þótt upplýsingarnar séu birtar og síðan sagt að það megi ekki reikna eftir þeim er ekki hægt að banna fólki að reikna og koma með alls konar fyrirvara þá auðvitað mun það verða gert og það er vandamálið. Við ráðum þessu ekki. En menn mega ekki gleyma því af hverju tölvunefndin setur þessar skorður. Það er vegna þess að tölvunefndin telur að ekki megi safna saman upplýsingum, breyta þeim í tekjur, gefa út sérstakar skrár vegna þess að þær mundu verða seldar þeim sem hefðu áhuga á því að senda svokallað „junk mail" til þessara aðila sem þarna eiga í hlut og þeir eigi rétt á því að fá að vera í friði fyrir slíku.

Virðulegi forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram. Málið er til skoðunar. Ég hef auðvitað lesið mjög vandlega niðurstöðu umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður fjallar ekki nákvæmlega um þetta mál sem við erum að tala hér um heldur fyrst og fremst um tímasetningar og um álagningarskrána en tölvunefndin sendi sérstakt bréf til ríkisskattstjóra út af þessum yfirlýsingum eins og fram hefur komið. Það er því að sjálfsögðu alrangt sem kom fram í hinu víðlesna blaði sem var vitnað til í upphafi en ég vonast til þess að það blað leiðrétti nú fyrri frétt sína.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 750.

og

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 751.

[14:07]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Með vísan til 3. mgr. 63. gr. þingskapa leggur hæstv. fjmrh. til að 3. og 4. dagskrármál verði rædd saman enda er 4. dagskrármálið fylgifrv. með hinu 3., þ.e. tekjuskattsfrv. Ef ekki eru gerðar athugasemdir við þessa ósk verða þessi mál nú tekin fyrir samtímis.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvörpum til laga, þ.e. annars vegar frv. um tekjuskatt og eignarskatt, 421. máli þingsins. Það frv. er að finna á þskj. 750. Einnig mæli ég fyrir frv. á þskj. 751, 422. mál.

Með frv. þeim sem hér eru til umræðu er lagt til að tekin verði upp samræmd skattlagning allra fjármagnstekna einstaklinga. Í þessu felst tvennt: Annars vegar verði vaxtatekjur skattlagðar en þær eru nú skattfrjálsar. Hins vegar verði aðrar fjármagnstekjur, þ.a. arður, söluhagnaður og leigutekjur, skattlagðar á sama hátt en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Ég mun skipta framsögu minni í þrennt. Í fyrsta lagi geri ég grein fyrir aðdraganda þessa máls en hann er orðinn nokkuð langur. Í öðru lagi rek ég megintillögur frv. og í þriðja lagi mun ég fjalla sérstaklega um áhrif tillagnanna. Ég mun einnig í þessu samhengi fara nokkrum orðum um sérstakt frv. formanna þriggja af fjórum stjórnarandstöðuflokkunum.

Aðdragandi skattlagningar fjármagnstekna er orðinn nokkuð langur. Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var á árunum 1988–1990 unnið að tillögugerð um skattlagningu vaxtatekna en sú stjórn náði þó engri niðurstöðu í málinu. Vorið 1992 skilaði nefnd, sem ég skipaði, tillögu

um að tekin yrði upp skattlagning raunvaxta. Þessi hugmynd þótti mörgum flókin í framkvæmd og málið kom aldrei til kasta Alþingis. Hins vegar var gefin út fróðleg skýrsla sem hefur orðið uppspretta margs konar upplýsinga um málið frá þeim tíma og síðar.

Þær tillögur sem liggja fyrir í þessu frv. má í reynd rekja til yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar í maí 1993 í tengslum við gerð kjarasamninga en af hálfu ASÍ og VSÍ var talið heppilegast að skattlagningin yrði í formi lágs skatthlutfalls á nafnvexti í staðgreiðslu. Í kjölfarið var skipuð nefnd til að útfæra þessar hugmyndir og lágu tillögur hennar fyrir haustið 1993. Ekki varð þó af afgreiðslu málsins, m.a. vegna aðgerða til að lækka vexti í landinu og var talið heppilegra að bíða með þessar hugmyndir um sinn.

Þá lá einnig fyrir skýrsla sem fór aldrei í frumvarpsform og var reyndar rædd lauslega í þáv. ríkisstjórn en aldrei lögð fyrir þingflokka eða Alþingi. Í desember 1994 gaf fyrrv. ríkisstjórn út yfirlýsingu sem m.a. átti að greiða fyrir gerð kjarasamninga sem þá stóðu fyrir dyrum. Þar var m.a. kveðið á um skipan nefndar til þess að gera tillögur um skattlagningu fjármagnstekna með þátttöku allra þingflokka og fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Þessi nefnd var síðan skipuð sl. vor og var henni falið að gera tillögur um hvernig heppilegast væri að standa að skattlagningu fjármagnstekna. Nefndin skilaði fyrir skömmu áliti sínu og tillögum og eru þær kynntar í frv. nær óbreyttar og ég vísa þá til fskj. með því frv. sem hérna liggur fyrir.

Eins og fram kemur í skilabréfi nefndarinnar hefur hún unnið út frá því grundvallarviðhorfi að ná víðtækri samstöðu um málið. Nefndarmenn komu að þessari umræðu með ólík sjónarmið jafnt um það hvort taka beri skattinn upp, hvaða leiðir skuli fara og hvort hann eigi að vera mikilvæg tekjulind fyrir ríkissjóð. Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin varð sammála um er málamiðlun og verður að skoða hana í því ljósi. Þessi sjónarmið og afstaða nefndarmanna voru höfð að leiðarljósi þegar tillögurnar voru kynntar í ríkisstjórn og í þingflokkum stjórnarinnar og lögð áhersla á að tillögur nefndarinnar yrðu lagðar óbreyttar fram á Alþingi þar sem ætla mætti að um þær gæti tekist víðtæk samstaða. Ég held, virðulegi forseti, að það þurfi að undirstrika þetta atriði alveg sérstaklega að fulltrúar þingflokkanna og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins komu að þessu starfi, ekki bundnir af þingflokkum sínum þó að ég viti til þess að sumir þeirra og sem betur fer flestir hafi gert þingflokkunum grein fyrir stöðu málsins, það var litið á niðurstöðuna sem málamiðlun. Í ljósi þess barðist ég til að mynda gegn því að menn væru að gera breytingar á slíku frv. og kaus heldur að það væri notað sem stjfrv. þó ég vissi að í nefndinni hafi komið fram sjónarmið sem gætu hafa leitt til þess að fluttar yrðu breytingartillögur á þinginu. Þetta vildi ég að kæmi fram því að það skýrir hvers vegna þau efnisatriði eru í frv. Það er auðvitað augljóst því að áhugi manna er mismikill á efninu auk þess sem menn vildu fara mismunandi leiðir en vegna þess að þetta var málamiðlun allra stjórnmálaflokkanna sem eiga sæti á Alþingi, þ.e. fulltrúa þingflokkanna, var frv. lagt fram með þessum hætti. Mér er þó fyllilega ljóst að sjálfsögðu að hér var ekki verið að binda þingflokkana með neinum slíkum hætti enda þótt menn væru tilnefndir hver af sínum þingflokki þá gátu þeir ekki bundið þingflokkana og tóku það auðvitað sérstaklega fram. Ég er hins vegar einungis að skýra hvernig stendur á því að ríkisstjórnin hreyfði ekki málið og taldi ekki ástæðu til.

Þegar fjallað er um markmið skattlagningarinnar er gjarnan vísað til þriggja atriða, þess að afla tekna, jafna tekjuskiptinguna og hafa áhrif á atferli fólks og/eða fyrirtækja. Þessi atriði hafa öll verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni um skattlagningu fjármagnstekna. Þannig hafa margir talið óréttlátt að vaxtatekjur einstaklinga skuli vera skattfrjálsar og bent á að Ísland skæri sig úr hvað þetta varðar í samanburði við aðrar þjóðir. Erfitt sé að finna rök fyrir því að vaxtatekjur einstaklinga njóti þessa skattalega forgangs umfram atvinnutekjur og einnig umfram aðrar fjármagnstekjur, svo sem arð, húsaleigutekjur og söluhagnað. Þannig hefur verið bent á að í atvinnurekstri séu vaxtatekjur skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur. Þá hefur verið nefnt að í þröngri fjárhagsstöðu ríkissjóðs sé óhjákvæmilegt að líta til skattlagningar á vöxtum. Enn fremur hefur verið vísað til þess að þeir einstaklingar sem hafa hærri tekjur og meiri eignir njóti yfirleitt meiri vaxtatekna og því muni skattalagning vaxta stuðla að tekjujöfnun. Síðast en ekki síst hefur verið bent á það misræmi í skattlagningu fjármagnstekna sem birtist í skattfrelsi vaxta og skattlagningu annarra fjármagnstekna hamli gegn áhættufjárfestingu í atvinnulífinu. Við ríkjandi aðstæður sé einfaldlega arðbærara og áhættuminna að fjárfesta í skattfrjálsum verðbréfum en öðrum eignum. Við þetta bætist að vaxtaberandi eignir séu að stærstum hluta undanþegnar eignarskatti öfugt við aðrar eignir. Þessi atriði eru talin ráða miklu um að eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja er almennt of lágt.

Ýmsir hafa hins vegar vakið athygli á því að hærri eignarskattar hér á landi en almennt tíðkast í nágrannalöndunm vegi á móti skattfrelsi vaxta að því marki sem vaxtaberandi eignir eru eignarskattsskyldar enda hafi háir eignarskattar í sumum tilvikum beinlínis verið réttlættir með því að vextir væru skattfrjálsir. Enn fremur hefur verið bent á að samanburður á vaxta- og atvinnutekjum sé ekki einhlítur þar sem stór hluti greiddra vaxta sé í reynd verðbótaþáttur en ekki tekjur auk þess sem fólk hafi yfirleitt einhver vaxtagjöld á móti vaxtatekjunum.

Þótt þannig hafi komið fram margvísleg sjónarmið í umræðunni er niðurstaðan ótvírætt sú að flest stjórnmálaöfl telja æskilegt að taka upp skattlagningu vaxtatekna. Árum saman hefur verið um það rætt hér á landi að skattleggja vexti og helst að samræma skattlagningu allra fjármagnstekna. Af þessu hefur þó ekki orðið og gildir einu hvaða flokkar hafa setið í ríkisstjórn. Þetta stafar ekki af einhlítri andstöðu einhvers stjórnmálaflokks gegn skattlagningu af þessu tagi. Meira máli skiptir sú óvissa sem hefur ríkt um áhrif skattsins á sparnað, vaxtastig, fjárstreymi til útlanda og stöðuna almennt á íslenskum fjármagnsmarkaði. Jafnframt vex mörgum í augum aukin upplýsingagjöf og ný flækja í framtölum manna. Einnig hafa ýmsir haft áhyggjur af áhrifum skattsins á afkomu einstakra hópa. Þrátt fyrir skattfrelsi vaxta er peningalegur sparnaður einstaklinga hér á landi minni en æskilegt er talið og ýmis rök hníga að því að skattlagning vaxta ein og sér kunni að gera hvort tveggja í senn, draga úr sparnaði og auka neyslu. Sú þróun gæti raskað jafnvægi á fjármagnsmarkaði, hækkað vexti og dregið úr fjárfestingum. Enda þótt flestar þjóðir skattleggi vexti og skatthlutfallið sé víða hátt er hægt að finna lönd þar sem komast má hjá að greiða skatt af vöxtum. Skattlagning vaxta kann því að leiða til þess að fé streymi úr landi. Því hefur verið samstaða um að ganga verði til verksins með gát.

Af framangreindum ástæðum er ljóst að samstaða mun

því aðeins nást um skatt á vexti að hann verði einfaldur í framkvæmd og skatthlutfallið sé lágt. Tillögur frv. endurspegla þetta og gera ráð fyrir því að lagður verði 10% skattur á nafnvexti, afföll og gengishagnað án heimildar til frádráttar vaxtagjalda og kostnaðar á móti fjármagnstekjum. Jafnframt verði heimilt að nýta persónuafslátt til frádráttar skattinum. Það kemur einungis hinum tekjulægstu til góða, þ.e. þeim sem hafa tekjur undir skattleysismörkum en lausleg áætlun bendir til þess að nálægt fjórði hver einstaklingur sem hefur einhverjar vaxtatekjur lendi í þessum hópi, þ.e. hópnum sem ekki ber skatt þar sem hann er undir skattleysismörkum. Það er auðvitað vegna þess að í hópnum er fjöldi fullorðins fólks sem á einhverjar innstæður en hefur lokið sínum starfsdegi. Þótt 10% vaxtaskattur yrði tekinn upp væri að öðru óbreyttu enn mikill munur á skattlagningu hlutafjár, leigu- og söluhagnaðar annars vegar og flestra vaxtaberandi eigna hins vegar. Skattkerfið hefði því áfram þau áhrif að beina fjármagni inn á lánamarkað fremur en í áhættufjárfestingu í atvinnulífinu. Mismunun í skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna hefur unnið gegn æskilegri og nauðsynlegri eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum og staðið þeim fyrir þrifum. Það getur skipt sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að fólk fjárfesti í hlutafé. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að þeir aðilar sem hafa mikið fé umleikis taki með hlutafjárkaupum þátt í því að auka eigið fé í atvinnurekstri. Af þessum ástæðum er mikilvægt að allar fjármagnstekjur einstaklinga séu skattlagðar með svipuðum hætti.

Eins og ég hef áður nefnt eru tillögurnar í reynd tvíþættar. Annars vegar að tekin verði upp skattlagning vaxtatekna, en þær eru nú skattfrjálsar, hins vegar og jafnframt að allar aðrar fjármagnstekjur verði skattlagðar á svipaðan hátt en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Meginatriði tillagnanna eru þessar:

1. 10% skattur verði lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga, þ.e. vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað og tekjur af hlutdeildarskírteinum, tekjur af arði, leigu íbúðarhúsnæðis og söluhagnað. Þar er ekki síst verið að tala um söluhagnað hlutabréfa þar sem kannski reynir mest á þetta en þess gætir að sjálfsögðu annars staðar líka.

2. Skatturinn verði innheimtur í staðgreiðslu af greiðanda fjármagnstekna þar sem því verður við komið en endanlegt uppgjör verði á framtali.

3. Einstaklingum verði heimilt að nýta persónuafslátt sinn til greiðslu fjármagnstekjuskatts en ekki er gert ráð fyrir sérstöku frítekjumarki vegna fjármagnstekna.

4. Skatturinn reiknast af öllum vaxta- og fjármagnstekjum án frádráttar vaxtagjalda eða annars kostnaðar.

5. Skattlagning fjármagnstekna verði almenn og án undantekinga. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða verði þó ekki skattlagðar.

6. Í kjölfar skattlagningar vaxtatekna verði tekjutenging ýmissa bótagreiðslna hins opinbera skoðuð sérstaklega.

Virðulegi forseti. Hér verður ekki sérstaklega fjallað um það hvað gera skuli við tekjur þegar þær koma af þessum skatti en ýmsum þykir álitlegt að þær yrðu notaðar til skattalækkunar og þá fyrst og fremst með það í huga annars vegar að lækka eignarskatt um leið og eignarskattsstofninn yrði breikkaður. Hins vegar hafa verið uppi hugmyndir um að nýta þurfi fjármagn til að koma til móts við eðlilegar óskir fjölmargra til að hægt sé að lækka svokölluð jaðaráhrif í tekjuskattskerfinu.

Að undanförnu hafa orðið nokkrar umræður um skattlagningu fjármagnstekna samkvæmt tillögum nefndarinnar. Þar hefur á köflum gætt nokkurs misskilnings og ónákvæmni sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þetta á ekki síst við um ýmislegt sem fram kemur í frv. sem þrír hv. þm. og flokksformenn flokka sem sæti eiga á Alþingi hafa lagt fram. Ég tek fram að nauðsynlegt er að geta þess að þessir flokkar eru Alþfl., Alþb. og Þjóðvaki. Kvennalistinn tekur ekki þátt í flutningi þessa frv. en allir þessir flokkar áttu aðild að nefndinni. Ég vek athygli á því að í skýrslu nefndarinnar er fjallað ítarlega um áhrif þessarar skattlagningar. Þar kemur fram sú eindregna skoðun að skattlagning vaxtatekna feli í sér aukið samræmi í skattlagningu tekna. Auk þess stuðli hún að tekjujöfnun þar sem tekjuhærri og efnameiri einstaklingar hafa alla jafna meiri vaxtatekjur en hinir tekjulægri. Ég tek fram að þetta eru sjónarmið allra nefndarmanna, ekki bara sumra. Skattlagning vaxtatekna hefur vitaskuld þau áhrif að skattbyrði einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur þyngist frá því sem nú er að því marki sem persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu vaxtaskatts. Skattbyrði þeirra sem nú hafa tekjur af arði, húsaleigu og söluhagnaði en ekki vaxtatekjur minnkar hins vegar þegar á heildina er litið. Tekjuháir einstaklingar munu þannig greiða mun hærri skatt en hinir tekjulægri og af því leiðir að skattlagning fjármagnstekna er tekjujafnandi þegar á allt er litið. Þessu til viðbótar má nefna að gert er ráð fyrir að heimilt verði að nýta persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Við það má ætla að verulegur hluti einstaklinga með lágar tekjur og litlar fjármagnstekjur greiði engan fjármagnstekjuskatt þegar upp er staðið. Lausleg áætlun bendir til þess að fjórðungur þeirra einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur lendi í þessum hópi eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar, og ég vek athygli á því að nefndin er sammála um þessa skoðun, er einfaldlega rangt að halda því fram að skattlagning fjármagnstekna lendi fyrst og fremst á þeim sem hafa minnstar fjármagnstekjur. Þessi skattlagning er tekjujafnandi þegar upp er staðið. Á þetta legg ég áherslu, þetta kemur fram í áliti nefndarinnar og um það er ekki ágreiningur í nefndinni.

Þá er einnig mikilvægt að halda því til haga að það gilda sömu frítekjumörk um fjármagnstekjur samkvæmt tillögum nefndarinnar og um aðrar tekjur og eins og ég nefndi áður munu fjölmargir einstaklingar geta nýtt sér persónuafslátt upp í greiðslu fjármagnstekjuskatts eða nálægt því fjórði hver einstaklingur.

Í þriðja lagi vil ég nefna að með þessari skattlagningu er ekki verið að búa til nýtt skattkerfi eins og sumir hafa haldið fram. Þvert á móti er skattlagning fjármagnstekna felld inn í lög um tekjuskatt og eignarskatt eins og sést á því frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Bæði frv. eru til breytinga á núgildandi lögum.

Í fjórða lagi vil ég vísa á bug þeim fullyrðingum að þessi útfærsla á skattlagningu fjármagnstekna stuðli að meiri skattsvikum. Nefndin komst að þveröfugri niðurstöðu, nefnilega að hætta á skattsvikum sé minni með þessari aðferð. Það er auðvitað gamalkunnugt og hefur tvívegis komið fram í skýrslum sérfræðinga um skattsvikamál að það sem gildir er að hafa sem fæstar undanþágur, draga úr frádráttarliðum og afsláttum ýmiss konar en halda hlutföllunum niðri þvert á það sem gert er í tillögu þremenninganna.

Í fimmta lagi vil ég vekja athygli á því að nefndin komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegt og æskilegt sé að skattleggja

allar fjármagnstekjur einstaklinga með sama hætti. Það sé óheppilegt að skattleggja sumar fjármagnstekjur með einum hætti og aðrar með öðrum hætti. Sú aðferð leiðir til mismununar og hefur óheppileg áhrif á viðskipti á fjármagnsmarkaði og sparifjármyndun í landinu. Auk þess telur nefndin afar æskilegt fyrir uppbyggingu atvinnulífs og atvinnusköpun í landinu að skattleggja arð og söluhagnað með sama hætti og vexti. Þetta er margítrekað í áliti nefndarinnar. Ekki bara einstaklinga í nefndinni heldur nefndarinnar allrar. Allra, líka fulltrúa Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka.

Ég er sammála þessu álit nefndarinnar og tel þess vegna rangt að halda því fram að skattlagning arðs og söluhagnaðar annars vegar og vaxtatekna hins vegar séu tvö óskyld mál. Þetta eru þvert á móti allt greinar á sama meiði og því fullkomlega eðlilegt að fella skattalega meðferð þeirra undir sama hatt.

Í sjötta lagi vil ég benda á að þær tillögur sem hér liggja fyrir og gera ráð fyrir tiltölulega lágu skatthlutfalli án sérstakra ívilnana umfram nýtingu persónuafsláttar eru ekki hugsaðar sem fyrsta skref í átt til aukningar skattlagningar síðar meir. Það er mesti misskilningur. Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar telur hún valið standa á milli þess að hafa skatthlutfall án sérstakra ívilnana annars vegar og hins vegar þess að hafa hærra skatthlutfall með ýmsum afsláttar- og frádráttarliðum. Nefndin valdi fyrri kostinn, ekki þann síðari. Og þetta val gengur eins og rauður þráður í gegnum nefndarálitið og um þetta er nefndin fullkomlega sammála, líka fulltrúi Alþfl. og fulltrúi Alþb. og fulltrúi Þjóðvaka.

Ástæðan fyrir því að nefndin mælir með þessari leið er ekki síst sú að hún er mun einfaldari í framkvæmd auk þess að vera skilvirkari og heppilegri frá sjónarmiði skatteftirlits og innheimtu. Önnur og ekki síður mikilvæg ástæða er að nefndin telur þessa leið líklegri til að valda minni röskun á fjármagnsmarkaði. Þetta atriði er afar mikilvægt og vil ég undirstrika það. Enda segir sig sjálft að hærra skatthlutfall hlýtur að hafa meiri áhrif á vexti og sparnað og stuðla frekar að fjárflótta en sú leið sem kynnt er í þessu frv. Reyndar var þetta margrætt í nefndinni.

Í þessu sambandi er líka rétt að benda á að í málflutningi sumra sem um þetta hafa fjallað hefur því verið haldið fram annars vegar að þessi skattlagningaraðferð dragi úr sparnaði og hvetji til fjárflótta og hins vegar að eðlilegra sé að hafa skatthlutfallið hærra. Það er auðvitað augljós þversögn í þessum málflutningi enda kemst nefndin að gagnstæðri niðurstöðu eins og ég hef margsinnis minnt á.

Um öll þessi atriði er fjallað afar skýrt og skilmerkilega í áliti nefndarinnar og ég vil hvetja hv. þm. til að kynna sér þá lesningu vel enda er það ágætur texti sem auðvelt er að skilja.

Ég vil þá víkja sérstaklega nokkrum orðum að þeim sjónarmiðum sem fram koma í frv. þriggja hv. þm., þ.e. formanna Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Með tilvísun til þess sem segir í áliti nefndarinnar og allir nefndarmenn voru sammála um, að þetta væri málamiðlun margvíslegra sjónarmiða verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með það frv. Ég tel þetta vera dæmi um undarleg og óskiljanleg vinnubrögð enda í algjörri andstöðu við afstöðu þeirra eigin fulltrúa í nefndinni. Ég vil í þessu sambandi geta þess að ég hef átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og þeir hafa ítrekað fyrri afstöðu og lýst yfir fullum stuðningi við álit nefndarinnar og þær tillögur sem ég hef mælt fyrir.

Þá vek ég athygli á því sem að ég veit auðvitað að Kvennalistinn er fullfær um að gera sjálfur, að fulltrúi Kvennalistans í nefndinni hefur lýst sömu sjónarmiðum í dagblaðsgrein nýlega enda stendur Kvennalistinn ekki að frv. þremenninganna. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um einstök efnisatriði frv. þremenninganna. Mér skilst að Þjóðvaki, Alþb. og Alþfl. hafi beðið um sérstaka útvarpsumræðu um málið annað kvöld og þá gefst auðvitað betra tækifæri til þess. Þó kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því að í frv. og greinargerð þess koma fram sjónarmið sem nefndin hafði áður fjallað mjög ítarlega um. Ekki einungis formaður nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna og aðilar vinnumarkaðarins heldur líka fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, þar á meðal fulltrúar Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Og hver var niðurstaðan? Niðurstaðan var mjög afdráttarlaus og eindregin, nefnilega sú að allir nefndarmenn höfnuðu þessum sjónarmiðum og völdu þá útfærslu sem fram kemur í nefndarálitinu og því frv. sem ég mæli hér fyrir. Annaðhvort hljóta þess vegna formennirnir þrír og höfundar frv. að vera ósammála sjónarmiðum sinna eigin fulltrúa í nefndinni eða þessum fulltrúum hefur snúist hugur. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það enda kemur það væntanlega fram í frekari umræðum á eftir.

Erfitt er að meta nákvæmlega áhrif tillagnanna á tekjur ríkissjóðs. Talið er að skattlagning vaxtatekna einstaklinga ein og sér geti skilað um 800 millj. kr. í ríkissjóð þegar áhrifin eru að fullu komin fram. Í þessum tölum hefur verið tekið tillit til lækkunar tekna ríkissjóðs vegna nýtingar persónuafsláttar á móti greiðslu vaxtaskattsins en þau áhrif má meta nálægt 100 millj. kr. Af aðilum sem nú eru skattfrjálsir en mundu greiða skatt samkvæmt tillögunum, þ.e. ýmis félagasamtök og opinberir aðilar, féllu til um 300 millj. til viðbótar. Loks er skattlagning annarra fjármagnstekna talin geta skilað um 250 millj. kr. tekjum miðað við skattstofninn eins og hann er áætlaður í dag samanborið við 450 millj. skatttekjur samkvæmt gildandi lögum, eða 200 millj. kr. minna en í dag að öðru óbreyttu. Á móti þessu tekjutapi vegur hins vegar að þessi breyting örvar væntanlega hlutabréfakaup og stuðlar auk þess að bættum skattskilum húsaleigutekna. Sá skattstofn mun því án efa stækka frá því sem nú er. Þess vegna er óvíst hve miklum skatttekjum ríkissjóður mun tapa af öðrum fjármagnstekjum þegar upp er staðið. Samanlagt má því gera ráð fyrir því að skattlagning fjármagnstekna geti skilað ríkissjóði nálægt einum milljarði kr. í tekjur þegar fram líða stundir. Tekjuáhrifin eru hins vegar minni framan af eða á bilinu 600–700 millj. kr. þar sem hluti vaxtateknanna kemur ekki til úborgunar fyrr en að nokkrum árum liðnum. Heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs ráðast síðan endanlega af því hvort og þá í hvaða mæli aðrir skattar lækka á móti, svo og því hvort og þá hvernig skattstofninn breytist við álagningu skattsins. Einnig þarf að kanna sérstaklega hvort ástæða sé til að létta undir með einhverjum þeim sem skatturinn fellur á og þarf að ræða það að sjálfsögðu sérstaklega, eins og t.d. þátt sveitarfélaganna í þessu máli.

Um áhrifin á sparnað, vaxtastig og fjárstreymi úr landi gilda um margt svipuð sjónarmið. Álagning vaxtaskatts mun ein og sér væntanlega fremur stuðla að hærri vöxtum en lægri. Jafnframt má ætla að skattlagning vaxta kunni að leiða til þess að fjármagn leiti fremur úr landi en inn. Á móti vegur að skatthlutfallið er lágt og framkvæmdin er einföld. Hvort tveggja dregur úr áhrifunum á vaxtastig og fjárstreymi úr landi. Enn fremur mun lækkun skatta á aðrar fjármagnstekjur hafa gagnstæð áhrif, þ.e. auka fjárfestingu í hlutabréfum og þannig minnka [illegible] fyrirtækja sem aftur stuðlar að

lægir vöxtum en ella. Að öllu samanlögðu er því ekki líklegt að tillögurnar, verði þær samþykktar, valdi teljandi röskun á fjármagnsmarkaði heldur munu þær þegar fram í sækir hafa jákvæð áhrif á vexti, sparnað og uppbyggingu atvinnulífs.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið aðdraganda frv. og helstu tillögur er lúta að samræmdri skattlagningu fjármagnstekna. Í lokin vil ég aðeins undirstrika það sem ég hef þegar sagt að hér er á ferðinni málamiðlun þar sem valinn er sá kostur sem talinn hefur verið líklegastur til að víðtækt samkomulag næðist um. Sú útfærsla sem hér er kynnt er sameiginleg niðurstaða eftir ítarlegar umræður fulltrúa allra þingflokka, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins eftir að hópurinn fjallaði um ýmsar leiðir og hafnaði þeim, m.a. þeirri leið sem formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka gera að sinni tillögu eins og ég hef áður lýst. Ég tel engan vafa leika á því að sú leið sem kynnt er í þessu frv. er besta, kannski ætti maður að segja skásta leiðin, til þess að tryggja allt í senn; tekjujöfnun, sem minnsta röskun á fjármagnsmarkaði, einfaldasta framkvæmd og sem best skattskil. Ég minni á að allra síðustu að þetta frv., sem er stjfrv. og ég mæli að sjálfsögðu með að verði samþykkt, er málamiðlun og rann í gegnum stjórnarflokkana sem slíkt þó að sumir aðstandendur hefðu síðan kosið að hlaupa undan merkjum.

Ég legg, virðulegi forseti, til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[14:38]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eftirtektarvert í framsöguræðu hæstv. ráðherra hversu sannfæringarkraftur hans var lítill. En þó að hér væri um að ræða stjfrv. eins og hann réttilega gat um, þá gat hann aldrei nægilega vel undirstrikað það að hér væri um að ræða málamiðlun sem stjórnarandstaðan þar á meðal þyrfti að koma að og hefði komið að. Það er rétt að leiðrétta hæstv. ráðherra í nokkrum atriðum og byrja á því að vekja athygli hans á því að nefndarálitinu, á öftustu tveimur blaðsíðunum, fylgir bókun fulltrúa fjögurra stjórnarandstöðuflokka við það frv. sem hann er hér að mæla fyrir. Þar segir að lyktum, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess sem að ofan greinir skrifa undirrituð undir nefndarálitið og telja það ásættanlegt með vísan til bókunar þessarar, en áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og almennrar þjóðfélagsumræðu — sem og þeir stjórnmálaflokkar Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Þjóðvaki og Kvennalisti sem þau eru fulltrúar fyrir í nefnd um fjármagnstekjuskatt, þar með að styðja breytingartillögur sem til bóta geta talist, en sættast á og styðja niðurstöður nefndarálitsins að þeim frágengnum."

Með öðrum orðum, hér er um það að ræða að þau viðhorf sem ég og fleiri í þessari nefnd reifuðu og héldu mjög á lofti í nefndarstarfinu sjálfu munu eðlilega ganga aftur í umræðum á hinu háa Alþingi. Og ég mun kappkosta fyrir mína parta og margir eru mér sammála um það, að ná fram þeim nauðsynlegu breytingum á þessu frv., sem ég mun raunar gera nánari grein fyrir á eftir í almennum umræðum, sem til bóta horfa. Það er líka rétt á þessum vettvangi, strax og í upphafi umræðunar, að minna á að málamiðlunin var nú ekki meiri en svo að í fjárlagafrv. hæstv. ráðherra á fyrstu dögum októbermánaðar, lýsti hann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar því yfir hver yrði niðurstaða þessarar nefndar. Þá átti nefndin eftir að vinna í heila fjóra mánuði. Og sjálfur skrifstofustjóri hæstv. ráðherra kom þar m.a. örfáum vikum síðar með tillögur sem gengu í allt aðra átt. Fulltrúi þingflokks Sjálfstfl. í nefndinni kom með hugmyndir í aðra veru. Nefndarstarfinu var því alls ekki lokið þannig að hér er auðvitað fyrst og síðast um að ræða þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin er ábyrg fyrir og hæstv. ráðherra getur ekki skotið sér undan því.

[14:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki undarlegt að hv. þm. kveinki sér undan ræðu minni áðan. Það er hárrétt sem hann sagði að nefndarmenn og þar á meðal hann áskildu sér þann rétt að styðja brtt. eins og hann sagði réttilega. En það kemur hvergi fram, hvorki í hans máli né annarra þeirra sem nú hafa sameinast um að flytja hér önnur frv., að þeir ætluðu að flytja nýtt frv. Það skiptir auðvitað öllu máli í þessu.

Varðandi frv. til fjárlaga þá lá það fyrir í haust. Það byggðist á sjónarmiðum sem komu fram vegna yfirlýsingar ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. á þeim tíma sem gengið var til kjarasamninga. En þá var bókað alveg sérstaklega af hálfu manna — og viðstaddir þar voru þeir félagar sem sitja hér í salnum og ræðast nú við, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Jón Baldvin Hannibalsson. — Þeir skrifuðu undir þá yfirlýsingu að skatturinn skyldi vera með lágu hlutfalli og í þeim anda sem lýst var í fjárlagafrv. þannig að það ætti ekki að koma neinum á óvart.

Aðalatriði málsins er þetta, virðulegi forseti, að það segir í nál. sem þessir hv. þm. skrifuðu undir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndarmenn komu að þessari umræðu með ólík sjónarmið, jafnt um það hvort taka beri skattinn upp, hvaða leiðir skuli fara og hvort hann eigi að vera mikilvæg tekjulind fyrir ríkissjóð. Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um er málamiðlun sem skoða verður í því ljósi."

Bókunin vísar til flutnings brtt. og þess vegna eru það undarleg vinnubrögð þegar maður sér að menn koma með sérstök ný frv. en bíða ekki eftir því að stjfrv., málamiðlunarfrv. sé lagt fram. Það er í ljósi þessa sem nauðsynlegt er að íslenska þjóðin fái að kynnast þessum vinnubrögðum á morgun þegar útvarpsumræður verða í þessum sal.

[14:42]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er alveg brýn nauðsyn á því að íslenska þjóðin fái að kynnast mismunandi sjónarmiðum til þessa grundvallaratriðis sem hér um ræðir, nefnilega þeirra að það er vilji okkar jafnaðarmanna að nýta sérstakan vaxtaskatt, fjármagnstekjuskatt, til þess að jafna kjörin í landinu og til þess að afla tekna fyrir ríkissjóð til samfélagsþjónustu. Þar kannski fyrst og síðast skilja leiðir. Þar eru hin efnislegu ólíku sjónarmið sem annars vegar má finna hjá hæstv. ríkisstjórn dagsins í dag og hins vegar í þeim viðhorfum sem stjórnarandstaðan stendur fyrir.

En enn og aftur til að það sé nú alveg á hreinu, þá hvet hæstv. ráðherra til þess að lesa sitt eigið fjárlagafrv. og rifja upp hvað í því stendur upp á punkt og prik því þar er nefnilega vitnað til þeirrar nefndar sem þá var að fjalla um þessi mál og sagt efnislega í þá veru að allt benti til þess að niðurstaðan yrði á þennan eða hinn veginn, þegar það lá alls ekkert fyrir á þeim tímapunkti hver yrði meginniðurstaða þessarar nefndar. Það var raunar ekki fyrr en á síðustu vikum þess nefndarstarfs að meiri hluti nefndarinnar ákvað að fara þessa leið en ekki aðra. Ævinlega lá fyrir viðhorf mitt a.m.k. í þessum efnum sem hér er drepið á í þessari séstöku bókun

sem ég sé að ráðherra hefur nú fundið eftir að ég benti honum á hana.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér kemur hv. þm. sem sat í þessari nefnd sem ég hef gert að umtalsefni. Hann kveinar nú undan því að í fjárlagafrv. sem lagt var fram 1. október hafi sá spádómur verið birtur að allt benti til ákveðinnar niðurstöðu. Síðan líða fjórir eða fimm mánuðir og hv. þm. skrifar undir málamiðlun sem sýnir að spádómurinn reyndist réttur. Nokkrum vikum seinna ætlar hann að nota þann atburð að út kom fjárlagafrv. síðasta haust í upphafi október til að segja: Þetta voru vinnubrögðin og þess vegna hljótum við núna að hverfa frá okkar fyrri afstöðu um að leggja fram málamiðlunina og leggja fram sérstakt frv. Þetta er ekki traustvekjandi málflutningur. Hv. þm. kom hér fram og sagði: Við alþýðuflokksmenn viljum jafna kjörin, við viljum afla tekna fyrir ríkissjóð. Og þar skilur á milli. Í nefndarálitinu sem hv. þm. skrifar undir í málamiðluninni eru þetta röksemdir með því frv. sem hér til umræðu að það jafni kjörin og afli ríkissjóði tekna. Sú niðurstaða varð til eftir að aðrir kostir voru skoðaðir, þar á meðal kostir sem boðið er upp á í frv. Alþfl., Þjóðvaka og Alþb. Auðvitað mega menn kveinka sér undan þessu nú. En þetta eru staðreyndir málsins og þær þurfa nauðsynlega að koma fram. Þetta eru staðreyndir um vinnubrögð fyrst og fremst sem ég held að fæstir vildu líkja eftir.

[14:46]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem kristölluðust í orðaskiptum hér áðan. En ég sé mig knúna til að gera athugasemd við orðaval hæstv. ráðherra þar sem hann tók mjög sterkt til orða og margítrekaði að nefndarmenn hefðu hafnað öðrum leiðum en þeirri sem fram kemur í stjórnarfrv. Ég lít ekki svo á að allir nefndarmenn hafi hafnað öðrum leiðum. Mér finnst það of sterkt til orða tekið. Þetta var málamiðlun, þetta var sú leið sem menn urðu ásáttir um að hægt væri að ná samstöðu um. En það er ekki þar með sagt að öllum öðrum leiðum hafi verið hafnað.

[14:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í mínu máli hélt ég mjög skýrlega að í bókun kemur fram, og undir hana ritar fulltrúi Kvennalistans, að menn áskilja sér rétt til að breyta frv. samkvæmt sínum sjónarmiðum, flytja brtt. Það er tekið sérstaklega fram svo þetta er alveg hárrétt. En ég hef líka lesið grein fulltrúa Kvennalistans í Morgunblaðinu þar sem kemur mjög skýrt fram að hún styður þessa leið sem málamiðlun. Það er það sem allt þetta mál snýst um. Það snýst um það að farið er af stað með málamiðlun. Og ég bið hv. þm. að taka eftir því að það var ekkert augljóst að ríkisstjórnin ætti að flytja þetta frv. Það gat vel verið að það væri eðlilegra að t.d. þingnefnd flytti frv. til að koma öllum að. Niðurstaðan varð hins vegar sú, af því að málið barst til ráðherrans, að við hlytum að leggja fram þessa málamiðlun jafnvel þótt einstakir þingmenn stjórnarflokkanna vildu kannski fara einhverjar aðrar leiðir af því að siðferðilega hlytu allir að vera bundnir af því að málamiðlunarfrv. yrði lagt fram á þingi, hvað sem menn síðar gerðu í þinginu. Ég skil mjög vel að það er engin bundinn af því að flytja brtt. Þess vegna kom mér mjög á óvart að rétt um það leyti, eða skömmu eftir að ég lagði fram frv.. kom nýtt frv. sem þrír formenn fluttu. En ég er þakklátur Kvennalistanum fyrir að taka ekki þátt í þeim leik en virði að sjálfsögðu að Kvennalistinn er ekkert bundinn af efnisatriðum þessa frv. og getur flutt brtt.

[14:49]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að ítreka það sem fram kom hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og sem skýrlega kemur fram í bókun fjórmenninganna sem mönnum hefur orðið tíðrætt um. Fjórmenningarnir og þeir flokkar sem þeir standa fyrir hafa ekki hafnað öðrum leiðum. Þetta kemur skýrlega fram í bókun fjórmenninganna og ég mun gera nánari grein fyrir því hér á eftir.

Eins og fram kemur í skilabréfi nefndarinnar sem vann að undirbúningi frumvarpanna átti ég sæti í nefndinni og tók því þátt í að undirbúa þær tillögur sem hér liggja frammi.

Það kom fljótlega í ljós í starfi nefndarinnar að þeir sem þar sátu þar voru ekki á eitt sáttir um það hvernig staðið skyldi að tillögunum. Þau sjónarmið heyrðust í nefndinni að ekki væri æskilegt að leggja skatt á fjármagnstekjur, sumir höfðu þá skoðun. En á meðal þeirra sem studdu slíka skattlagningu var einnig ágreiningur um leiðirnar sem fara skyldi.

Niðurstaðan varð eins og kunnugt er samhljóða nefndarálit með fyrirvara fjögurra nefndarmanna sem skiluðu sérstakri bókun þar sem dregin eru fram ýmis atriði er öðruvísi mættu fara að mati þeirra sem undir bókunina skrifuðu.

Nefndarmennirnir fjórir, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna á þingi, gerðu nokkrar efnislegar athugasemdir við tillögur nefndarinnar. Að auki er þar bent á atriði sem rekja má til ýmissa aðgerða ríkisstjórnarinnar á meðan á nefndarstarfinu stóð sem ógnuðu þeirri samstöðu sem þó hafði náðst inni í nefndinni um að ná fram meginmarkmiði nefndarstarfsins sem var að koma með raunhæfar tillögur um fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts.

Bent er á í bókun fjórmenninganna að nefndin hafi víkkað út starfsvið sitt og þar er tekið fram að hún hafi m.a. fjallað um breytingar á skattlagningu arðs sem og leigu íbúðarhúsnæðis og söluhagnaði en ekki eingöngu um skatta á vaxtatekjur eins og fyrri nefndir af svipuðum toga gerðu. Þá er tekið fram í bókuninni að það hafi truflað verulega samstarfsviljann í nefndinni að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 hafi fjmrh. tekið af skarið í miðju nefndarstarfi og fullyrt þar hverjar yrðu meginniðurstöður nefndarinnar. Hæstv. ráðherrann talar nú um þetta sem spádóm sinn og að slíkur spádómur hefði ekki átt að trufla neinn sem inn í nefndinni starfaði. En ég get staðfest að þessi spádómur hæstv. fjmrh. hafði veruleg áhrif á starfið í nefndinni og ógnaði þar starfsfriði. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, eins og fram kom hér hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að þegar verið er að vinna að efnislegum tillögum í nefnd truflar það nefndarstarfið þegar fram kemur í frv. til fjárlaga sem lagt er fyrir þingið að svona muni verða gert. Það er fullkomin ósvífni.

Sú aðgerð ríkisstjórnarinnar að leggja sérstakan fjármagnstekjuskatt á ellilífeyrisþega og bótaþega almannatryggingakerfisins var ekki til að stuðla að vinnufriði í nefndinni. Eins og kunnugt er var þeirri aðgerð harðlega mótmælt af stjórnarandstöðunni enda fullkomlega óviðunandi að taka þann hóp sérstaklega út úr og leggja á hann

fjármagnstekjuskatt fyrstan allra, hóp sem síst skyldi sorfið að.

Ofan á allt fer ríkisstjórnin þá leið að setja á laggirnar nefnd. A.m.k. bárust þau tíðindi á meðan við störfuðum í nefndinni um skatt á fjármagnstekjur að búið væri að skipa aðra nefnd er ætti að vinna að endurskipulagningu tekjuskattskerfisins að því er mér skildist. Ég hef reyndar ekki séð skipunarbréf þeirrar nefndar eða nákvæmlega hvað henni var ætlað að gera en hún átti a.m.k. að skoða skattareglur og þar var stjórnarandstöðuflokkunum ekki boðið að eiga sæti. Sú nefnd átti að vera skipuð fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna og aðilum vinnumarkaðarins. Það kom fram í áliti margra í nefndinni um fjármagnstekjuskatt að starf hinnar nefndarinnar, svo framarlega sem hún hefur hafist handa — og það væri fróðlegt að heyra það frá hæstv. ráðherranum hvort sú nefnd sé starfandi, mundi að verulegu leyti skarast við það starf sem verið væri að vinna í nefndinni um fjármagnstekjur. Það kom oft upp í nefndinni að það væri á margan hátt óeðlilegt að fjalla sérsteklega um þennan þátt skattkerfisins. Ég veit að hæstv. fjmrh. þekkir þá umræðu og ég get sagt það fyrir mína parta að ég hefði talið eðlilegra að fjalla um þetta heildstætt. Það kemur reyndar fram í bókun fjórmenninganna að þeir voru frekar á því að þetta fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts væri hluti af hinu almenna tekjuskattskerfi og skyldi skoðað í heild við skattlagningu annarra tekna.

Eins og fram kemur í bókun fjórmenninganna höfðu þau atriði sem hér voru nefnd mikil áhrif á nefndarstarfið þótt þau hafi ekki leitt til þess að starfið hafi flosnað upp, sem þó hefði getað orðið niðurstaðan. Það sem réði því að starfið hélt áfram þrátt fyrir ólíkar áherslur um leiðir var sá einlægi vilji flestra nefndarmanna, reyndar ekki allra, að koma á skattlagningu fjármagnstekna eins og tíðkast alls staðar í löndunum í kringum okkur. Skattlagning fjármagnstekna er réttlætismál auk þess sem hún samræmist því sem almennt gerist í skattkerfi okkar. Það hefur hins vegar ekki náðst pólitísk sátt um málið þrátt fyrir að fleiri nefndir hafi áður starfað með svipuð markmið í huga. Það má segja að til þess að ná því grundvallarmarkmiði hafi nefndarmenn verið tilbúnir til að teygja sig nokkuð langt.

Í bókuninni er bent á ýmsar aðrar leiðir sem koma til greina við álagningu fjármagnstekjuskatts. Bent er á að 10% flatur nafnvaxtaskattur kalli á tvískipt tekjuskattskerfi, annars vegar skatta á launatekjur og hins vegar á fjármagnstekjur, en slík aðferð leiðir til ákveðinnar mismununar og óréttlætis. Meginatriðið er þó, segir í bókuninni, að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp eins og í öllum nágrannalöndum okkar. Sú leið sem hér er lagt til að farin verði er að mörgu leyti gölluð en þó ásættanleg að öðrum tilgreindum valkostum frágengnum. Síðan segir í bókuninni:

„Því vilja undirritaðir nefndarmenn árétta að verði hún að veruleika sé hún aðeins til bráðabirgða, gildi einungis um skamma hríð og verði þannig áfangi á leið til heildstæðrar skattlagningar fjármagnstekna sem taki mið af öðrum megineinkennum íslensks skattkerfis þar sem reynt verði að verja kjör þeirra sem minna mega sín og stuðla að auknum tekjujöfnuði í þjóðfélaginu."

Með þessum orðum í bókun fjórmenninganna er verið að draga fram þær megináherslur sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu við álagningu skattsins í nefndinni. En þar sem hinn pólitíski vilji ríkisstjórnarflokkanna var ljós í upphafi og kemur fram í þeirri leið sem nefndin á endanum fór, er valið að draga þessar séráherslur fram í sérstakri bókun. Eins og kom hér fram fyrr í dag er jafnframt tekið fram að þeir sem undir bókunina skrifa áskilji sé allan rétt í málinu þegar það kemur til almennrar þjóðfélagsumræðu og Alþingis, sem og þeir stjórnmálaflokkar sem þeir eru fulltrúar fyrir, þar með rétt til að styðja breytingartillögur sem til bóta geta talist.

Það hafa nú verið lögð fram frumvörp af hálfu formanna Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka og í þeim birtast hugmyndir áþekkar þeim sem voru nokkuð mikið til umræðu í nefndinni. Það kom þó skýrt fram í nefndarstarfinu af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna að svo stór skref yrðu ekki tekin af hálfu ríkisstjórnarinnar. Fyrir mína parta var það ljóst að með slíkum tillögum næðist ekki samstaða hér á þinginu. En á það mun væntanlega reyna annað kvöld þegar frv. stjórnarandstöðuformannanna þriggja verða rædd.

Ég tel reyndar fráleitt að halda því fram að þótt fjórmenningarnir hafi skrifað undir nál. með þeim efnislegu fyrirvörum sem fram komu í bókuninni áskilji þeir sér ekki rétt til að geta rætt hér efnislega um aðrar tillögur, hvort sem þær eru í formi frumvarpa sem eru lögð fram eða ekki. Ég tel það fráleita túlkun.

Það er rétt að benda líka á það líka að þótt hæstv. fjmrh. hafi áðan verið að reyna að snúa út úr því, þá eru þær tillögur sem þar koma fram að mestu leyti í þeim anda sem talað er um í bókun fjórmenninganna, þ.e. heildstæð skattlagning fjármagnstekna sem tekur mið af öðrum megineinkennum íslensks skattkerfis þar sem reynt er að verja kjör þeirra sem minna mega sín og stuðla að auknum tekjujöfnuði í þjóðfélaginu.

Ég vil árétta og tel mjög brýnt að fjármagnstekjuskatti verði komið á. Það er sú afstaða sem ég gekk út frá þegar ég skrifaði undir nál. Þótt sú leið sem hér er farin í áliti nefndarinnar sé ekki sú besta sem ég hefði viljað sjá, tel ég hana þó betri en enga. Eins og fram kemur í bókun nefndarinnar og engum hefði átt að koma á óvart, telja þeir sem undir bókunina skrifa þessa leið að mörgu leyti gallaða. Þar er sérstaklega bent á nokkur atriði sem fjórmenningarnir telja að betur mætti fara. Þeir tala um að það hefði verið æskilegra að hafa sérstakt frítekjumark þannig að þeir sem hafa litlar fjármagnstekjur sleppi við skattinn. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir neinum slíkum undanþágum í nefndinni en vegna fram kominnar gagnrýni var komið til móts við kröfuna um frítekjumark með því að gera ráð fyrir að þeir sem það á við geti nýtt persónuafslátt sinn til frádráttar. Þetta er skref í rétta átt en eigi að síður getur skatturinn komið illa niður á fjölda fólks með lítinn sparnað sem ég tel eðlilegra að nytu skattleysis. Slíkar hugmyndir koma fram í frumvörpunum sem formennirnir þrír lögðu hér fram og verða rædd annað kvöld og mun ég fara efnislega nánar ofan í þau mál þegar þar að kemur. Þar er gert ráð fyrir ákveðnu frítekjumarki.

Sú leið sem farin er í tillögu nefndarinnar og birtist í stjfrv., þ.e. að hafa ekki sérstakt frítekjumark, er í raun rökstudd með því að skatthlutfallið sé það lágt að það sé of viðurhlutamikið að hafa miklar undanþágur frá greiðslunum. Það að heimila nýtingu persónuafsláttar er hins vegar skref í rétta átt til hins betra en eins og ég hef nefnt áður að með því að hafa fjármagnstekjuskattinn sem hluta af almenna tekjuskattskerfinu hefði verið tryggilegast fyrirkomið að tillit væri tekið til annarra þátta í efnahagslegu umhverfi fólks eins og tekna annars staðar frá.

Annað atriði sem ég vildi gjalda varhug við er lækkun skatthlutfalls á arðgreiðslum, einkum með tilliti til þess að í öðrum löndum eru þær víðast hvar skattlagðar að fullu. Ég

tel hins vegar rétt að minna á að meginrökin fyrir lækkuninni eins og þau eru rakin í áliti nefndarinnar eru þau að eðlilegt sé að allar fjármagnstekjur séu skattlagðar með sömu skattprósentu, auk þess sem lækkunin sé líkleg til að glæða fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Síðastnefndu rökin tel ég eiga nokkurn rétt á sér og vera vel frambærileg en þau fyrri hljómuðu ekki að mínu mati sannfærandi. Það mætti allt eins halda því fram eins og tekið er fram í bókun fjórmenninganna að eðlilegra væri að samræmingin ætti að felast í því að allar tekjur, almennar launatekjur og fjármagnstekjur, eigi að lúta sömu lögmálum eins og víða tíðkast. Þetta er einmitt áréttað í bókun fjórmenninganna.

Kjörorðin í skilabréfi nefndarinnar eru lágt skatthlutfall og einföld framkvæmd, nokkuð sem er vissulega pólitískt umdeilt atriði. Það eru til fleiri leiðir um fyrirkomulag skattsins sem færar eru og það eru til leiðir sem eru meira í takt við aðrar meginreglur íslensks tekjuskattskerfis. Ég tel að þær tillögur, sem hér hafa verið lagðar fram af formönnum flokkanna þriggja, séu meira í tengslum við það sem íslenskt tekjuskattskerfi gerir almennt ráð fyrir. Ég vil hins vegar ítreka það sjónarmið að ég tel það vera mjög mikið réttlætismál að skatt á fjármagnstekjur verði komið á þannig að fjármagnstekjur **verði** skattlagðar eins og aðrar tekjur. Ég tel að annað verði **algjörlega** óviðunandi og hróplega óréttlátt. Þess vegna verður að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur að slíkar tekjur séu skattfrjálsar meðan launatekjur fólks eru skattlagðar að fullu. Eins og fram hefur komið fyrr í umræðunum hafa fleiri nefndir unnið að tillögum um fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts og það hefur ekki verið nægilega pólitískur vilji til að koma málinu í gegn sem ég tel vera slæmt. Það er hins vegar ekki svo að hvaða tillögu sem er séu betri en engar og vissulega eru ýmis atriði í tillögum nefndarinnar umdeilanleg en auk breytinga á arðgreiðslunum, sem ég nefndi áðan, má nefna það hvort og að hvaða marki eigi að veita undanþágu frá skattgreiðslum. Nefndin leggur til að skattlagningin sé almenn en þó verði fjármagnstekjur lífeyrissjóða og söluhagnaður íbúðarhúsnæðis ekki skattlagt auk þess sem lögð er áhersla á að tekið verði sérstaklega á skattlagningu ávöxtunar skaðabóta vegna líkamstjóns. Við útreikning þessara bóta hefur verið gengið út frá ákveðnum forsendum um skattfrjálsa ávöxtun og nefndin leggur til að gefinn sé ákveðinn aðlögunartími að því að slíkar tekjur, þ.e. tekjur af skaðabótagreiðslum verði skattlagðar, og lagði nefndin til að sá aðlögunartími yrði fimm ár. Um þetta var nokkuð skeggrætt í nefndinni og komu ýmis sjónarmið fram, m.a. þau að þessar tekjur ætti að skattleggja að fullu en aðrir töldu að þær ættu að vera algjörlega undanþegnar. Nefndin fer hins vegar þá leið að gefa ákveðinn aðlögunartíma en gerir jafnframt þá tillögu að fjmrh. beini þeim tilmælum til allshn., sem fjallar um skaðabótamálin, að hún skoði hvernig farið skuli með skaðabótauppgjör vegna eldra kerfis.

Að lokum, herra forseti, vegna orða hæstv. fjmrh. í upphafi um að hann hafi kynnt málið í herbúðum sínum, ef ég skildi mál hans rétt, á þeim nótum að hér væri um samkomulagsmál að ræða, þá vil ég taka það fram að bókun fjórmenninganna segir svo ekki verður um það efast að þeir sem skrifa undir hana áskilja sér allan rétt í málinu svo og þeir flokkar sem þeir eru fulltrúar fyrir, þar með talið að leggja fram aðrar tillögur. Þessi fyrirvari er tilkominn í ljósi þess sem áður hafði komið fram hjá okkur að við teldum aðrar leiðir vænlegri. Hæstv. ríkisstjórn kaus að flytja tillögur nefndarinnar óbreyttar þrátt fyrir að hún hafi vitað um þennan áskilnað fjórmenninganna og því er ekki sanngjarnt að gera að því skóna í þinginu að ríkisstjórnin hafi ekki vitað betur, eins og mér þótti hæstv. fjmrh. vera að gefa í skyn í upphafi, en fullt samkomulag hafi verið um málið því það var ekki einhugur um þessa tilteknu leið. Þetta vissi hæstv. ráðherra þótt fjórmenningarnir hafi farið þá leið að skrifa undir álitið með fyrirvara og bókun í stað þess að vera með sérálit. Það hefði alveg eins verið hægt að fara þá leið. Þetta er matsatriði þegar ágreiningur er um leiðir á hvern hátt ágreiningi eru gerð skil. Við kusum að gera það á þennan hátt og ég tel það beinlínis rangt að hæstv. fjmrh. hafi ekki vitað betur en að hér væri um fullt samkomulagsmál að ræða þegar hann kemur málinu síðan í gegnum þingflokk sinn eins og það kemur út úr nefndinni vegna þess að bókunin, með þeim fyrirvörum sem í henni felast, er lögð fram um leið og gengið er frá áliti nefndarinnar. Svona málflutningur er út í hött og sæmir ekki hæstv. fjmrh. í þingsölum.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði áðan var að menn hefðu orðið sammála um tillögurnar eins og þær lágu fyrir sem nú er að finna í þessu stjfrv., þær væru málamiðlunartillögur. Ég ætla að lesa það upp undir hvað hv. þm. ritaði. (**BH:** Hv. þm. veit það vel.) Það er fyrir aðra líka. Hann er ekki einn í salnum. Orðrétt, með leyfi forseta: „Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um er málamiðlun sem skoðað verður í því ljósi." Sem nefndin er sammála um. (**Gripið fram í:** Málamiðlun.) „Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um," — þetta skilst alveg, — „er málamiðlun sem skoðað verður í því ljósi." Með öðrum orðum, nefndin gerir tillögu, er sammála um að gera tillögu. Hins vegar undirstrikar nefndin það að þetta sé málamiðlun og hluti nefndarmanna skrifar undir bókun og segir: Við höfum fyrirvara hvað snertir að flytja breytingartillögur. Þetta liggur allt saman fyrir og í bókuninni segir m.a.: „Undirrituð telja mikilvægt að hið fyrsta verði skatti á fjármagnstekjur komið á og höfum við unnið í nefndinni að því markmiði að ná viðtækri niðurstöðu." Það er alveg ljóst hvað nefndarmennirnir voru að fara og það er í ljósi þessa sem ríkisstjórnin ákvað að taka álit nefndarinnar inn sem stjfrv., breyta því ekki, fór í gegnum þingflokka stjórnarinnar vegna þess að við töldum þetta vera málamiðlun. Við gerðum okkur allan tímann ljóst að það gæti komið fram brtt. við frv. Það er allt annað mál. Niðurstaðan varð hins vegar sú að þrír flokkar kusu að koma með sérstakt frv. og um það snýst þetta mál og þess vegna kemur gagnrýnin fram.

[15:08]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að gera mér grein fyrir því undir hvað ég skrifaði en ég tek það fram að mér var fyllilega ljóst undir hvað ég var að skrifa. Mér hefur greinilega verið það betur ljóst en hæstv. fjmrh. Í fyrsta lagi tek ég fram að menn voru í nefndinni að gera tillögur til fjmrh. Menn voru ekki að búa til einhverja endanlega niðurstöðu sem þeir teldu vera rétta og það hefur þegar verið rakið og kemur fram í nál. Hins vegar ítreka ég að það stendur í bókun nefndarinnar að þeir sem undir nál. rita áskilja sér allan rétt í málinu þar með að styðja brtt., ekki bara að styðja brtt., þannig að þetta er einungis túlkun hæstv. fjmrh. á bókuninni. Aðrir, sem rita undir hana og sem

sömdu hana og ættu væntanlega að vera meðvitaðir um það hvað þeir voru að gera, hafa kosið að túlka hana öðruvísi. Það er vandamál sem verður ekki leyst hér en það er ekkert sem útilokar það í bókun nefndarinnar að lagðar séu fram sérstakar tillögur þar sem fram komi þau efnisatriði sem fulltrúar þessara flokka lögðu áherslu á í nefndinni.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. getur ekki fremur en hver annar, sem skrifar undir álitið, viðurkennt að það er skrifað undir það með þessum orðum, með leyfi forseta: „Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um er málamiðlun sem skoða verður í því ljósi.“ Hvers vegna er ég að gera þessar athugasemdir? Það er vegna þess að þegar málið kemur til ríkisstjórnarinnar og til stjórnarflokkanna þá koma fram ótal raddir í þingflokkum þessum sem segja: Er ekki rétt að breyta þessu eða laga þetta að okkar sjónarmiðum? Fjmrh. segir: Nei, mér finnst það vera óskynsamlegt og í raun og veru ósiðlegt vegna þess að við áttum fulltrúa í þessari nefnd og þetta er málamiðlunarniðurstaða. Hins vegar geta menn tekið frv. og breytt því í meðförum þingsins enda hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar skrifað undir það að þeir geti hugsað sér að styðja brtt. Allir hv. þm. vita að þegar þeir skrifa undir nál., sem margoft er gert í þinginu, skrifa menn oft undir með þessu orðalagi að þeir áskilji sér rétt til þess að styðja brtt. Í því felst að þeir styðji brtt. en ekki að þeir ætli sér að flytja nýtt frv. heldur er akkúrat hið gagnstæða sem átt er við. Sá sem segist ætla að styðja brtt. ætlar hugsanlega að styðja þær brtt. sem koma fram við viðkomandi frv. en ekki að stuðla að því að nýtt frv. komi fram. Þetta hélt ég að hv. þm. eins og aðrir þingmenn vissu. Þetta liggur fyrir og þótt ýmsir verði nú ókyrrir í sætum sínum, þar á meðal formaður þingflokks Alþb., verða staðreyndir að fá að koma fram í þessu máli.

[15:12]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt og hefur komið margsinnis fram í máli hæstv. fjmrh. að hann hefur misskilið efni þessarar bókunar. Þegar undir nál. er ritað með vísan til bókunar þá þarf væntanlega að túlka skilning þess sem undir bókunina skrifar með vísan til þess sem stendur í bókuninni. Þar eru ákveðnir fyrirvarar sem hæstv. ráðherra hefur kosið að túlka á einn veg. Það er hans mál, aðrir kjósa að túlka það á annan veg og þannig horfir málið við í dag. Niðurstaðan er sú að þær tillögur verða efnislega ræddar í þinginu sem fram komu hugmyndir um í nefndarstarfinu og voru þær ræddar mjög ítarlega. Þeir fulltrúar, sem rituðu undir bókunina a.m.k. fulltrúar þeirra flokka sem standa að hinum frv. tveimur, lýstu yfir að þeir vildu gjarnan gera að sínum tillögum þó að þeir gætu fallist á þessa leið að öðrum tillögum frágengnum eins og ég lít sjálf á minn fyrirvara. En það að hæstv. ráðherra hafi skilið þetta á þennan veg er alfarið hans mál.

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er eftirtektarvert við upphaf umræðunnar hversu mikill ótti virðist hafa gripið um sig í hjarta hæstv. fjmrh. um að ítarleg efnisleg umræða skuli fara fram um kosti og galla við þær ýmsu leiðir, þá ýmsu valkosti sem til greina koma við upptöku skatts af þessum toga. Öðruvísi mér áður brá. Einhvern tímann tel ég mig hafa heyrt það af vörum hæstv. ráðherra og ráðherrum þessarar ríkisstjórnar að þeir hefðu það styrkan þingmeirihluta fyrir 20 þingmenn af 63, að þeir þyrftu ekki að skríða undir sængina hjá hv. stjórnarandstöðu og njóta atbeina hennar við að koma málum fram í þinginu. Væntanlega er þessi nýi tónn í hæstv. ráðherra tilvísun á það að við megum eiga von á breyttum vinnubrögðum í þinginu í samstarfi og samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu. Út af fyrir sig er ég tilbúinn til þess að taka í þá útréttu sáttarhönd og koma t.d. að því verkefni með hæstv. ráðherra að kasta út af borðinu frv. til breytinga á vinnulöggjöf og fleiri bastörðum sem hér hafa gengið aftur í þinginu á síðustu vikum. Ég vil taka undir það með ráðherra. Ég tel hins vegar alveg nauðsynlegt að allrar sanngirni sé gætt um það mál sem hér um ræðir. Ég fagna því mjög einlæglega að frv. um upptöku fjármagnstekjuskatt skulu nú loks vera komin á vettvang hins háa Alþingis því það er að sönnu alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra í framsöguræðu hans að menn hafa alloft og um alllangt skeið gert tilraunir til þess að undirbúa frv. til laga sem miðar að þessu en gengið hægar en ella. Hann rifjaði upp tilraunir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar í þeim efnum og síðan ítrekaðar tilraunir fráfarandi ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, samstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl, í þessa sömu veru. Og það eitt út af fyrir sig, sem er auðvitað ekki svo veigalítið, að þessi mál skulu nú komin hér á borð þingmanna og það horfir til þess vonandi að menn sjái fyrir endann a.m.k. tímabundið á því að við bætum hér úr og skattleggjum vaxtatekjur en undanþiggjum þær ekki eins og verið hefur um alllangt skeið, er stórt skref í rétta átt. Það vil ég undirstrika mjög rækilega og mun koma nánar að því á eftir, sem sýnir kannski þau heillegu og sanngjörnu vinnubrögð sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar sýndu í þessari margnefndu nefnd um fjármagnstekjuskatt.

Þannig er að almennu launafólki finnst skattarnir of háir, almennu launafólki finnst skattsvikin of mikil. Almennt launafólk hefur ekki áttað sig á réttmæti þess að ein tegund tekna, vaxtatekjur, er einhverra hluta vegna undanþegin skattskyldu og að þeir sem njóta þar í sumum tilfellum verulegra tekna þurfa allt í einu ekki að standa skil á þeim tekjum sínum í eðlilegu afgjaldi til samfélagsþjónustu. Þetta er ósköp skiljanlegt. Almennur launamaður á erfitt með að láta enda ná saman og finnur því verulega fyrir því þegar verulegur og stór hluti launa hans er af honum tekinn og notaður til samneyslunnar, til að reka spítalana, til þess að reka velferðarþjónustuna í heild og breidd. Þess vegna er þrátt fyrir allt mjög viðtæk sátt í samfélaginu um þennan svokallaða fjármagnstekjuskatt. Það er með öðrum orðum beinlínis krafa á okkur stjórnmálamenn að við látum hendur standa fram úr ermum og gerum nú eitthvað í því loksins að koma böndum á þessar tekjur og að þeir sem hafa umtalsverðar tekjur af vöxtum verði látnir eins og aðrir greiða sinn sanngjarna skerf til samfélagsþjónustunnar. Það er lykilatriði þessa máls, virðulegi forseti, sem við verðum að halda mjög rækilega til haga.

Þess vegna er það beinlínis röng framsetning af hálfu hæstv. ráðherra að tala sýknt og heilagt um að niðurstöður nefndarinnar margumræddu hafi verið málamiðlun, málamiðlun sem m.a. tók mið af því að svo og svo margir, hugsanlega í nefndinni eða a.m.k. í þingflokki hæstv. ráðherra, væru í andanum á móti því að leggja þennan skatt á. Þessi nefnd átti ekki að taka afstöðu til þess heldur þvert á móti var það í skipunarbréfi nefndarinnar að hún ætti að

koma með tillögur um fyrirkomulag á þessum skatti. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin, hæstv. ráðherra hafði tekið um það pólitíska ákvörðun að það ætti að leggja þennan skatt á. Þannig að þessi nefnd átti ekki að þurfa að standa í neinum málamiðlunum innbyrðis, ég skildi það a.m.k. aldrei þannig, gagnvart einstökum nefndarmönnum eða einstökum þingmönnum hugsanlega Sjálfstfl. hvort þessi skattur ætti yfirleitt að vera á lagður eða ekki. Það er því beinlínis röng framsetning af hálfu hæstv. ráðherra að menn hafi í þessari nefnd verið að kaupa friðinn hjá hugsanleg einhverjum andstæðingum þess að leggja á vaxtaskatt.

Að sönnu hef ég eyru eins og hæstv. ráðherra og hef auðvitað lagt við hlustir þegar einstakir þingmenn Sjálfstfl. eru að lýsa hinum fjölmörgu vankönturn sem þeir sjá á því að leggja þennan skatt á og vilja sannarlega innst inni ekkert frekar en að þetta frv., og þá ekki síður frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna, dagi uppi í skúffum og verði aldrei eitt né neitt. Það er auðvitað sú hótun, virðulegi forseti, sem hér vomir yfir. Það er ekkert flókið að lesa úr orðum hæstv. ráðherra þegar hann kemur hér aftur og aftur í upphafi þessarar umræðu og segir: Gott fólk, hér er um málamiðlun að ræða og ef það er þannig að einhverjir þingmenn ætli að hlaupast undan merkjum og fara að styðja einhverjar aðrar útfærslur en nefndin segir til um þá veit ég ekkert hvað verður. Þá er ekkert hægt að fullyrða um það hver niðurstaða mála verður. Þannig að ég hlýt að spyrja beint að því, virðulegi forseti. Er það einlægur ásetningur hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar, þingmeirihlutans, 40 af 63, að ljúka lagasetningu um vaxtaskatt á yfirstandandi þingi? Eða ber að taka þá hótun hæstv. ráðherra alvarlega, að ef stjórnarandstaðan leyfir sér að leggja fram tillögur til breytinga um hvernig þessi skattur skuli á lagður, þá sé hættan mjög verulega sú að hinir hörðu andstæðingar skattsins í flokki þingflokks sjálfstæðismanna — hugsanlega framsóknarmanna, þeir eru náttúrlega ekki við þessa umræðu frekar en fyrri daginn — þá bara verði ekki neitt úr neinu. (**GMS:** Hvar flokkarðu mig?) Ég bið hv. þm. margfaldrar afsökunar. Gunnlaugur Sigmundsson situr hér og ætlar að leggja ... (**Gripið fram í:** Einn fyrir alla.) einn fyrir alla, og ætlar að leggja gott orð til þessarar umræðu á eftir ef ég veit best.

Það er auðvitað nauðsynlegt, virðulegi forseti, að við glöggvum okkur á pólitískri stöðu málsins, þessum ytri merkjum í málinu. Í nefndarstarfinu spurði ég sérstakan fulltrúa ráðherra í nefndinni, þ.e. formann nefndarinnar, þrátfaldlega hvort að hann vissi hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlaði að höndla þann afrakstur sem nefndin skilaði frá sér. Formaður nefndarinnar fór margfaldlega til hæstv. ráðherra að beiðni nefndarmanna og spurði að því hvort menn ætluðu að gera eitthvað með þetta eða hvort að hér yrði um að ræða enn eina skýrsluna, enn eina samantektina um þá valkosti sem til greina kæmu þegar upptaka fjármagnstekjuskatts væri annars vegar. Þeir eru dágóðir, pappírarnir, sem þegar hafa verið teknir saman um þetta mál. Í maí 1992 varð til heilmikill doðrantur þar sem menn lögðu til ákveðna útfærslu. Sú útfærsla var að sumu leyti ekki ólík því sem gengur nú aftur í frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að gert yrði ráð fyrir því að samræma skattlagningu allra tekna. Meðal þessara tillagna var að vaxtatekjur yrðu skattlagðar eftir að raunvaxtaþáttur hafi verið einangraður og hann látinn mynda skattstofn. Og til þess að draga úr áhrifum þessarar skattlagningar á smærri sparendur var gert ráð fyrir sérstökum skattafrádrætti vegna vaxtagreiðslna. Þannig hefði um fjórðungur tekjuhæstu skattborgaranna greitt í reynd þessa skattahækkun sem þar var gerð tillaga um. Það er ekkert launungarmál að um þessar útfærslur, um þessa skýrslu náðist ekki samkomulag í þáverandi ríkisstjórn og í raun og sanni heldur ekki um þá nefndarniðurstöðu sem birtist okkur þann 14. október 1993 og var raunar útskrifuð í frv. til laga og var eins og ráðherra gerði réttilega grein fyrir framhald af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í maí það sama ár gagnvart aðilum vinnumarkaðarins þar sem kveðið var á um það að þessi skattlagning skyldi upp tekin. Það var ekki síst vegna þess að menn sáu ákveðna mjög alvarlega vankanta á þessari útfærslu sem hér gengur eftir í frv. hæstv. ráðherra. Að sumu leyti er raunar gengið þar miklu lengra sem gerir það að verkum að þessi meginmarkmið skattlagningar vaxtatekna, þ.e. réttlætissjónarmiðin, jafnræðissjónarmiðin, aukinn möguleiki til tekjujöfnunar í samfélaginu, þeim möguleika er tapað. Þá er ég að vísa til þess, virðulegi forseti, fyrst og síðast að menn fóru að kroppa í arðinn. Menn fóru að kroppa í leigutekjurnar og söluhagnaðinn en það var út af fyrir sig ekki í upphaflegu skipunarbréfi þessarar nefndar. Nefndinni var ekki gert, eins og segir raunar núna á titilblaði þessa nefndarstarfs, að samræma skattlagningu fjármagnstekna. Það segir ekki neitt um það í skipunarbréfi hæstv. ráðherra, þannig að það var seinni tíma mál.

Eðlilega hafa menn í upphafi þessarar umræðu staldrað eilítið við það hvernig menn stóðu að nefndarstarfinu. Ég skal segja það bara eins og það kom fyrir af skepnunni. Það kom auðvitað mjög til álita strax á fyrstu vikum og mánuðum þessa nefndarstarfs hvort það væri nokkur grundvöllur til sameiginlegrar niðurstöðu og menn tókust mjög hart á um þær grundvallarleiðir sem til álita komu. Það var hins vegar mitt mat og ég tel og trúi því að það hafi verið rétt mat, að ef einhverjir einstakir fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu á þeim tímapunkti sagt sem svo að þær meginhugmyndir sem uppi væru og meiri hluti nefndarinnar, þar á meðal fulltrúar stjórnarflokkanna og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, ætluðu að knýja í gegn væru óaðgengilegar þá hefði nefndarstarfinu verið skellt ofan í skúffu. Með öðrum orðum, ég er sannfærður um það og raunir vofir sú hætta yfir enn þá eins og ég gat um í upphafi, virðulegi forseti, að áhugi stjórnarflokkanna á því þegar til kastanna kemur að koma þessum nýja skatti á, burt séð frá aðferðum og leiðum, er ekki meiri en svo að þeir taka sumir hverjir mjög fagnandi ef þeir geta sagt og það munu þeir reyna hér í þessum umræðum: Sjáiði stjórnarandstöðuna. Nú ætlar hún að bregða fæti fyrir það og rjúfa þá sátt og samstöðu um þá málamiðlun sem um þessi mál náðist í umræddri nefnd. Ég hlýt hins vegar að gagnálykta og spyrja ráðherrann beint á sama hátt: Ef þetta frv. ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra er málamiðlun, hvaða valkostir eru það þá aðrir í þessu frv. sem hann mælir fyrir sem hann vill sjá? Hvar hefur hann dregið í land? Hvaða viðhorf hefur hann þurft að bakka með til þess að ná þessari svokölluðu málamiðlun? Hvernig hefði hann viljað sjá þetta frv. öðruvísi en hér birtist okkur í hans eigin frv.? Ég hef ekki heyrt eitt aukatekið orðu um það og ég bið hæstv. ráðherra að leggja við hlustir og svara mér ef hann getur. Hvar hefur hann þurft að slaka til? Hvaða sjónarmið hans er ekki að finna í frv. hans? Og hvaða sjónarmið eru það önnur í hópi þingmanna hans sem menn hafa hér selt?

Ég skal hins vegar, virðulegi forseti, upplýsa að það eru einstök atriði sem inn í þetta komu vegna þess að fulltrúar

stjórnarandstöðunnar sumir hverjir marghömruðu á nauðsyn þess að reyna að lagfæra verstu brestina í frv. M.a. nefni ég það að sérstaklega kom þar inn fyrir tilverknað þeirra að sveitarfélögum þyrfti að bæta þann skaða sem þetta frv. mun valda. Og einnig hitt sem er ekki svo lítilvægt því að það var eitt grundvallaratriðið af hálfu okkar stjórnarandstæðinga í þessu nefndarstarfi, að til þess að verja fermingarpeningana, til að verja þessa smápeninga sem framkalla einhverjar krónur eða hundraðkalla í vaxtatekjur hjá hinum smáu, þá yrði í fyrsta lagi og sem æskilegast væri að hafa þar frítekjumark eins og við getum um okkar greinargerð. En niðurstaðan var sú að formaður nefndarinnar lagði til, sem er skref í rétta átt þó aðeins sé um hænufet að ræða, að nýta mætti ónýttan hluta persónuafsláttarins til þess að greiða þessar smáu upphæðir. Það er auðvitað dæmi um það sem ekki hefði gerst hefðu fulltrúar stjórnarandstæðinga farið út úr nefndinni strax þegar skarst í odda um hin stóru grundvallaratriði.

Ég vil líka árétta það sem ég gat um í stuttu andsvari, virðulegi forseti, að í byrjun október var það sem spásögn fjmrh. birtist okkur hv. þm. í formi þess að hann sagði fyrir um að niðurstaða þessa álits yrði eins og raun hefur orðið á. Nú heitir það orðið spásögn. Á sama tíma engu að síður var í nefndinni og raunar mörgum vikum síðar, m.a. skrifstofustjóri hæstv. ráðherra sjálfs, skrifstofustjóri fjárlaga- og tekjuskrifstofu, ef ég man rétt heiti þess kontórs, með hugmyndir sem gengu í allt aðra átt. Og hv. þm. muna hver varð niðurstaða þeirra mála. Þeim ágæta embættismanni var hreinlega sparkað út úr nefndinni af hæstv. ráðherra. Þau viðhorf voru ekki talin æskileg í þessu nefndarstarfi þó auðvitað hafi hinir kjörnu fulltrúar haldið þeim mjög á lofti allt frá byrjun og gerðu þá enn, hvað sem leið spásögn hæstv. ráðherra í fjárlagafrv. hans sjálfs.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað fjöldamargt kúnstugt við þetta mál. Ég hef því miður ekki haft til þess tíma í þessari stuttu ræðu, sem auðvitað væri æskilegt, að fara mjög rækilega ofan í efnisatriði frv. nákvæmlega þ.e. hvernig að þau birtast skattgreiðendum, hvernig þau koma misjafnlega við þá eins og útfærslan er. Ég verð að árétta það, virðulegi forseti, því það virðist vera svo að hæstv. ráðherra skilji það ekki eða geti ekki lesið að fulltrúar stjórnarandstæðinga skrifa undir þetta nál. með vísan til bókunar, samanber bókun. Þessa bókun er að finna sem fylgiskjal með frv. ráðherrans sjálfs og ég verð að fara þess á leit við hæstv. ráðherra að hann lúslesi hana og reyni að skilja hvað þar stendur. Þar stendur eitt fyrst og síðast að við teljum mikilvægt að þessi skattur verði á lagður og við höfum líka í okkar nefndarstarfi og okkar vinnubrögðum freistað þess að ná um það víðtæku samkomulagi og sátt um niðurstöður. Það hefðu hins vegar ákveðin tilgreind atvik sem hér eru rakin komið í veg fyrir að svo gat orðið. Og að lyktum í ljósi þessa var það niðurstaða okkar, þar sem þessi útfærsla sem meiri hluti nefndarinnar kemst að nær ekki þeim meginsjónarmiðum sem við stóðum fyrir og stöndum fyrir, þá hlutum við að áskilja okkur allan rétt í þessu máli sem og þeir flokkar sem við vorum fulltrúar fyrir, til að styðja breytingar sem til bóta gætu horft varðandi þau mál. Hvort það er í formi brtt. við þetta frv. ráðherra sérstaklega eða í formi sjálfstæðra frv. er algjört aukaatriði þessa máls. Miklu hreinlegra er á þessu stigi málsins að það séu tiltölulega skýrar línur. Ég vil segja það, virðulegi forseti, strax hér og nú af því að hæstv. ráðherra kvartar yfir því að fá ekki þessar brtt. sem hann kallar eftir. Þær munu væntanlega, ef svo fer sem ég sannarlega vona að þetta mál fái frekari framgang í þinginu, birtast við 2. umr. þannig að brtt. fær hæstv. ráðherra væntanlega af því að hann hefur kallað eftir þeim sérstaklega. (**KHG:** Styður þingmaðurinn málið?) Styður þingmaðurinn málið? Þetta gengur út yfir gröf og dauða. Það er ekki aðeins að hæstv. ráðherra sem kann ekki að lesa heldur einnig hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Ég bið Kristin H. Gunnarsson að lesa sér til í þessari bók. Ef hann á hana ekki getur hann fundið hana. Ég styð þær breytingar sem stjórnarandstaðan og formenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram um þessi mál og er að finna í frv. sem verður til umræðu í þinginu annað kvöld. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson verður náttúrlega viðstaddur sem og hæstv. ráðherra. Þá ætti mönnum að vera það algerlega ljóst skilji þeir það ekki núna.

[15:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði sjálfur að það hefðu verið mikil átök í þessari nefnd í byrjun. Menn hefðu tekist mikið á. Það voru sem sagt átök og það var samið. Ég var í upphafi og er mjög efins og set spurningarmerki við það hvort eðlilegt sé að leggja skatta á vexti þegar sparnaðurinn er ekki meiri en við sjáum í dag. Það voru sem sagt átök og ég sem fulltrúi míns þingflokks í nefndinni féllst á að leggja skatta á vexti sem málamiðlun og þetta er eins og þegar maður sest niður. Ef ég ætla að selja hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni bíl semjum við um verðið. Okkur kemur saman um að verðið eigi að verða 500 þús. kall fyrir þennan bíl. Þegar við erum búnir að semja um verðið og gera samning kemur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og segir: Nei, heyrðu, við skulum byrja að semja aftur. Ég legg til að ég borgi 250 þús. kr. Og þá segir hann: Út frá 500 kallinum. Þetta gerir maður ekki, alls ekki. Og ég get sagt að ég hef aldrei upplifað aðra eins stöðu. Menn eru búnir að takast á í tíu mánuði um mál. Það er komin málamiðlun sem allir eru sammála. Það var beðið um fyrirvara. Þeir koma ekki. Það var beðið um fyrirvara ef vera skyldi. Þeir komu ekki. Svo þegar menn eru búnir að skrifa undir málamiðlunina, málin eru tilbúin, þá kemur bókun. Og nú kannast þessi hv. þm. ekki við neitt.

Mér hefur verið sagt að þetta sé pólitík. Ef svo er, langar mig ekki til að læra pólitík. Ég kalla þetta óheilindi.

[15:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði. Það er augljóst mál að málamiðlun í huga hv. þm. Péturs H. Blöndals er fólgin í því að hann ætlar að láta það yfir sig ganga að skattleggja vaxtatekjur. Hann er með öðrum orðum í hjarta sínu andvígur því að leggja skatt af þessum toga á og hans málamiðlun er fólgin í því að sansast á það. Þetta er ekki það sem þessi nefnd var að fjalla um. Í skipunarbréfi nefndarinnar hafði verið gengið út frá þeirri forsendu að það skyldi skattleggja vaxtatekjur. Það var hins vegar fyrirkomulag þeirrar skattlagningar sem nefndin átti að fást við þannig að ég var aldrei á neinu stigi í þessu nefndarstarfi að kaupa stuðning Péturs H. Blöndals til þess yfirleitt að leggja á fjármagnstekjuskatt, aldrei. Ég kaupi hann ekki fyrir eina einustu krónu. En það er eftirtektarvert að hæstv. fjmrh. skuli skipa þennan fulltrúa sinn sérstaklega til þess að leggja fram tillögu um útfærslu á skatti sem hann er í hjarta sínu andvígur. Það segir kannski meira um þann tvískinnung sem er að finna í Sjálfstfl. þegar allt kemur til alls og hvort menn

vilja yfirleitt taka þátt og undirgangast þá pólitísku ábyrgð að leggja slíkan skatt á. Ég hef haft miklar efasemdir um það og þær fara ekki minnkandi.

[15:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að ég sé í hjarta mínu andvígur þessum skatti. Svo er ekki. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að henni sé ætlað að gera tillögur um fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts og það getur t.d. verið 0% skattur. Það er ekkert sem bannar það. Það er fyrirkomulag á fjármagnstekjuskatti. Það getur falist í því að það verði ekki skattlagning á fjármagnstekjur nákvæmlega eins og er með sjómannaafslátt og annað slíkt.

Það sem náðist fram fyrir minn tilverknað var að skatturinn var lagður á allar fjármagnstekjur enda er í skipunarbréfi nefndarinnar verið að fjalla um allar fjármagnstekjur, ekki bara vexti. Eftir að það náðist fram varð ég sáttur við þessar tillögur. Ég held að þær séu mjög mikilvægar og ég kem að því í máli mínu á eftir. Þær eru mjög mikilvægar til þess að beina sparifé landsmanna til atvinnulífsins, sem við lifum öll á, en ekki bara til ríkisins.

[15:39]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Ég átti ekki sæti í þessari frægu nefnd þannig að ég get ekki tekið þátt í því að láta bóka hvað standi í bókunum. En ég hef reynt að lesa frv. og hef minn skilning á því, þótt aðrir hafi e.t.v. einhvern annan skilning á því. Ég ætla að leyfa mér að fjalla um efnisatriði þessa frv. en sleppi umfjöllun um bókanir einstakra manna.

Ísland hefur um nokkurt skeið haft þá sérstöðu ásamt örfáum löndum öðrum í Evrópu að skattleggja ekki vaxtatekjur sem verða til af innstæðum í innlendum bönkum. Þetta hefur að mínu mati verið af hinu góða, ekki síst á tímum óðaverðbólgu eins og við bjuggum við til skamms tíma. Með árunum hefur þó sú krafa ýmissa afla í þjóðfélaginu um að komið sé á fjármagnstekjuskatti orðið háværari þó oftar en ekki sé ekki byggt á öðrum rökum en þeim að um sé ræða ákveðið jafnrétti milli þegnanna sem felst víst í því að þeir greiði sem græði eins og það er oft kallað.

Þeir sem hugsað hafa dýpra um þessi mál hafa þó haft af því áhyggjur að með tilkomu slíkrar skattlagningar samhliða því að nú eru fjármagnsflutningar milli landa frjálsir og óhindraðir gæti slíkur skattur leitt til fjárflótta úr landi og hækkandi vaxtastigs en hækkað vaxtastig hefur óumdeilanlega í för með sér samdrátt í nýjum fjárfestingum. Almenningur og margir stjórnmálamenn sem setja fram kröfur um vaxtaskatt gera sér litla grein fyrir því samhengi sem er á milli sparnaðar og vaxtastigs og vaxtafjárfestingar og atvinnustigs. Það er þannig engan veginn nægjanlegt ef við viljum viðhalda fullri atvinnu að fjárfestingin í þjóðfélaginu sé jöfn frá ári til árs heldur verður hún að aukast jafnt og þétt. Það má e.t.v. best orða þetta með því að vitna í ágætt bókmenntaverk þar sem segir að hagkerfið verði að hlaupa hraðar og hraðar til þess eins að ná að standa kyrrt.

Í þessu ljósi hafði ég af því nokkrar áhyggjur þegar ákveðið var að leggja nú á enn einn skattinn, fjármagnstekjuskatt, en við nánari skoðun á því frv. sem hér liggur fyrir held ég að ég geti sagt að ég sé sæmilega sáttur við þær breytingar sem verið er að gera og tel að ef litið er heildstætt á málið séu breytingarnar mjög til bóta. Því miður er það svo að það er nánast regla að skortur á víðsýni ríður ekki við einteyming þegar samin eru frumvörp um skatta og nýjar álögur. Og þegar skattar eru einu sinni komnir á hefur reynslan sýnt að þeir eru fáir, fjármálaráðherrarnir, sem hafa kjark til þess að afnema skatta. Löngu er vitað að mismunun í skattlagningu ólíkra sparnaðarleiða hér á landi hefur dregið úr vilja almennings til að leggja fé í atvinnulífið að ekki sé minnst á fjármagn til nýsköpunar og áhættusamari verkefna. Einstaklingar jafnt og fyrirtæki velja sér mismunandi sparnaðarleiðir. Meðan einn vill hafa sparifé sitt á bankareikningi kýs annar að kaupa hlutabréf og sá þriðji að kaupa húsnæði til útleigu. Í sjálfu sér er ekki eðlismunur hér á. Einungis er um að ræða mismunandi leiðir að sama marki, þ.e. að varðveita sparifé og helst að sjá það vaxa og dafna.

Í dag er æðimikill munur á skattalegri meðferð á hinum ýmsu sparnaðarleiðum og fráleitt að taka upp skatt á sparifé án þess að samræma skattlagningu hinna ýmsu sparnaðarforma í leiðinni eins og hér er reyndar lagt til. Slík samræming er réttlætismál auk þess sem mismunandi skattaleg meðferð vaxta og arðs býður misnotkun heim og hamlar gegn eðlilegri eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum.

Í þeim tillögum sem fulltrúar allra þingflokka og ASÍ hafa lagt fyrir ríkisstjórnina er lagt til að hin ýmsu og um margt mismunandi sparnaðarformi fái sömu skattalegu meðferð, þ.e. að 10% flatur skattur komi á allar fjármagnstekjur hvaða nafni sem þær nefnast jafnhliða því sem felld verði niður sérstök frítekjumörk á arðgreiðslur. Þetta eru að mínu mati óvenjuróttækar hugmyndir af skattfrv. að vera og bera jafnvel með sér vott af víðsýni. Mér er að vísu ljóst að þeir fáu einstaklingar sem fá miklar arðgreiðslur greiða á eftir 10% skatt af öllum arðtekjum í stað þess að greiða almennan tekjuskatt af arði sem er umfram frítekjumark. Skattgreiðslur þessa hóps munu lækka meðan skattgreiðslur aukast lítillega hjá þeim sem áður voru innan frítekjumarks. En þetta er í mínum huga einfaldlega það verð sem við greiðum fyrir að fá einfaldara og skilvirkara og betra skattkerfi sem þjónar heildarhagsmunum landsmanna betur en það skattkerfi sem við höfum haft til þessa. Á hitt ber þó einnig að líta að í frv. ríkisstjórnarinnar um fjármagnstekjuskatt er ákvæði sem heimilar einstaklingum að nýta persónufrádrátt sinn til greiðslu á fjármagnstekjuskatti sem ég tel mjög mikilvægt með tilliti til þess að stór hluti sparifjáreigenda er fólk með ellilífeyri og ekki aðrar tekjur.

Þá er og afar mikilvægt það ákvæði í frv. sem heimilar þeim sem fjárfesta í hlutabréfum að jafna í allt að fimm ár tap sem verða kann á kaupum á hlutabréfum í einu félagi á móti arði sem verður á öðrum hlutabréfum. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða þar sem hlutabréfaviðskipti eru í eðli sínu áhættuviðskipti og ef löggjöfin verður ekki lagfærð með þessu móti búum við enn um ókomin ár við að mismunun í skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna vinnur gegn nauðsynlegri eiginfjármyndum í fyrirtækjum. Þessi breyting er einkar áhugaverð fyrir þá sem lagt hafa sig eftir nýsköpun íslensks atvinnulífs og glímt við það að afla hlutafjár fyrir áhættusöm verkefni á sviði nýsköpunar þar sem vitað er fyrirfram að allt eins miklar líkur eru á því að fjárfesting sú sem fé er lagt í tapist. Það er ekki nokkur vafi á því að auðveldara verður að afla áhættufjár til slíkra verkefna ef fjárfestar geta dregið töp sem verða kunna á fjárfestingum frá öðrum fjármagnstekjum næstu fimm árin. E.t.v. má taka svo djúpt í árinni að segja að verði slíkt ákvæði að lögum sé það stærri áfangi að örvun íslenskrar nýsköpunar og atvinnulífs en það fjármagn sem stjórnvöld hafa til þessa veitt til slíkra verkefna og er ég þá að líta til baka til allmargra ára.

Undanfarinn áratug hafa flest ný störf bæði hér á landi og í nágrannalöndum orðið til í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og er almennt viðurkennt að hagvöxtur komandi ára verði fyrst og fremst til fyrir það frumkvæði og þá nýsköpun sem á sér stað í slíkum fyrirtækjum. Engu að síður er ljóst að áhætta fjárfesta við að leggja fé í rekstur slíkra fyrirtækja er býsna mikill. Það er gamall og nýr sannleikur að tiltölulega *lítill hluti nýrra fyrirtækja nær því að lifa í fimm ár.* Stofnanafjárfestar eins og lífeyrissjóðir og aðrir slíkir eru í eðli sínu áhættufælnir og forðast að leggja fé í slík fyrirtæki *meðan þau hafa ekki enn sannað tilveru sína.* Í flestum tilvikum kemur stofnfé því frá fjölskyldu og vinum stofnenda auk einstaklinga sem eiga fé aflögu og eru tilbúnir til að taka vissa áhættu til að ná þeirri ánægju sem því fylgir að vera með í verkefni sem e.t.v. nær að vaxa og dafna. Heldur hefur farið lítið fyrir slíkum einstaklingum hér á landi þó vissulega séu þeir til en þeim mun örugglega fjölga til muna ef frv. verður lögleitt.

Annað grundvallaratriði fyrir örvun nýsköpunar sem er að finna í þessu frv. ríkisstjórnarinnar er það ákvæði að gengishagnaður skuli skattleggjast eins og aðrar fjármagnstekjur með 10% flötum skatti. Því aðeins mun það takast að fá óviðkomandi eða utanaðkomandi fjárfesta til að leggja fram áhættufé til nýsköpunar að menn eigi von á gengishagnaði á hlutafé. Að óbreyttum lögum er hvati fjárfestis til að taka áhættu næsta lítill. Honum er þá boðið upp á að leggja fram fé í rekstur þar sem vitað er með tilvísun til tölfærðilegra staðreynda að næsta litlar líkur eru á að fyrirtækið nái að lifa í fimm ár og ef svo vel tekst til að reksturinn gangi og fjárfesti takist að selja hlutabréf með hagnaði er það þannig í dag að gengishagnaðurinn er skattlagður með allt að 47% skatti. Við þessar aðstæður er ekki að furða þó að menn kjósi heldur að leggja fé sitt á bankareikninga.

Verði frv. hins vegar að lögum horfir dæmið allt öðruvísi við. Fjárfestir greiðir þá einungis 10% skatt verði hagnaður af fjárfestingu en tap má draga frá arði annarra fjárfestinga næstu fimm ár. Þau tvö grundvallaratriði, sem ég hef farið yfir, hafa að mínu mati svo mikla þýðingu fyrir framþróun íslensks atvinnulífs að þó ég sé ekki hrifinn af nýjum sköttum tel ég að þessi atriði réttlæti ein og sér þetta frv. um fjármagnstekjuskatt, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram, og ég vona að það verði afgreitt sem fyrst sem lög frá Alþingi.

[15:48]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í reynd erum við að fjalla um tvö þingmál þó að umræðan snúist formlega aðeins um annað þeirra en það er stjfrv. um fjármagnstekjuskatt og frv. hinna þriggja flokksformanna, hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, Margrétar Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Herra forseti. Það eru viss tímamót að það skulu vera rædd frumvörp um fjármagnstekjuskatt á hinu háa Alþingi. Stjfrv., sem hér er til umræðu, er þarft mál. Það er í samræmi við ríkisstjórnaryfirlýsingu frá því í fyrra en vitaskuld er hægt að betrumbæta það og það frv. sem flokksformennirnir þrír leggja fram og verður rætt á morgun er enn betra hvað varðar útfærslu á fjármagnstekjuskatti.

Fyrsta niðurstaða málsins er vitaskuld sú að það er þingmeirihluti fyrir því að taka upp fjármagnstekjuskatt hér á landi. *Það eru góð tíðindi og sjálfsögð því að Ísland er eina* landið í næsta umhverfi og þó víðar væri leitað sem hefur ekki lagt skatt á fjármagnstekjur. Grunnhugsunin í þessu er alþekkt. Við höfum þannig skattkerfi að fólk greiðir skatta *af launatekjum sínum en hins vegar hafa mjög margir tekjur* af fjármagni sínu. Þá er eðlilegt að skattleggja það svipað og vinnutekjur. Þetta er sú grundvallarafstaða sem menn *eru almennt sammála um þó svo menn geti tekist á um út*færslu málsins. Þetta er sú niðurstaða sem hefur orðið víðast erlendis.

Þetta stjfrv. er reyndar ekki fyrsta atlaga stjórnvalda að þessu máli. Það hafa verið starfandi einar þrjár, fjórar nefndir varðandi þetta efni. Þær hafa skilað áfangaskýrslum og sumar þeirra hafa skilað frumvarpsdrögum. En málið er komið lengra í þetta sinn þar sem það frv. sem hér liggur fyrir sem stjfrv. er byggt á niðurstöðum nefndar og er flutt nær óbreytt frá því nefndaráliti. — Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. hefur sjálfsagt rétt brugðið sér frá en það væri æskilegt ef hann væri viðstaddur 1. umr. síns eigin máls.

Ég ætla að fara yfir nokkur atriði varðandi frv. ríkisstjórnarinnar á gagnrýninn hátt. Frv. er miðað við að lagður verði á 10% fjármagnstekjuskattur og hér er vitaskuld verið að tala um einstaklinga utan atvinnurekstrar. Einn meginókostur þessa frv. er sá að nýtt kerfi er hannað í kringum fjármagnstekjur í stað þess að fella það inn í núverandi skattkerfi eins og frv. flokksformannanna, sem ég greindi frá, gerir ráð fyrir. Það er eiginlega synd og ber að harma þá afstöðu hæstv. fjmrh. að hafa ekki léð máls á því að þessi frumvörp væru rædd sameiginlega og þá í umgjörð eins og stjórnarandstaðan vildi, þ.e. það yrði rætt um það í útvarpi og sjónvarpi eins og réttur er til og hefði hæft þessu mikilvæga máli. Það gerir það að verkum að aðalumræðan um málið fer fram í sjónvarps- og útvarpsumræðu annað kvöld þó svo nokkuð forskot verði tekið á sæluna í dag en það hefði vitaskuld verið heppilegra, herra forseti, að málin hefðu verið rædd öll saman.

Það má benda á að fyrri nefndir reyndu að útbúa tillögur um skattlagningu á raunvexti. Það þekkist hins vegar hvergi í heiminum og sú aðferðafræði hefur verið lögð á hilluna enda vandséð að það hafi nokkurn tilgang eftir að okkur tókst að ná tökum á verðbólgunni. Sömuleiðis er til bóta að fella fjármagnstekjuskatt inn í staðgreiðslukerfið sem er gott kerfi og hefur reynst vel í skattaumhverfinu og eftirlit innan þess kerfis er tiltölulega auðvelt.

Hins vegar er ástæða til þess að vekja sérstaklega athygli á því að það eru ekki einungis vextir sem hingað til hafa verið skattlausir, sem verða skattlagðir með 10% skatti, heldur eru felldar undir þá skattlagningu ýmsar tekjur aðrar sem hingað til hafa verið skattlagðar innan tekjuskattskerfisins. Hér er t.d. um arð að ræða, söluhagnað eða leigutekjur. Þessi útfærsla ríkisstjórnarinnar, herra forseti, þýðir verulega skattalækkun fyrir fjármagnseigendur í landinu. Rökin sem færð eru fyrir þessu eru m.a. að gera þetta sérstaklega til að örva fjárfestingar í hlutabréfum finnst. Þetta finnst mér ekki gilda eða ekki vera mjög veigamikið því að það væri þá betra að reyna sérhæfar aðgerðir til að örva fjárfestingar í hlutabréfum. *Má benda á að slíkt fyrirkomulag er nú þegar* við lýði þegar keypt eru hlutabréf af hálfu einstaklinga vegna þess að þau eru frádráttarbær frá skatti eftir vissum reglum.

Annað sem fylgir sérstakri gjöf ríkisstjórnarinnar til handa fjármagnseigendum er að breytt er möguleikum varðandi jöfnunarbréfaútgáfu. Það verður heimilt að greiða út arð sem *nemur ónýttri jöfnunarbréfaútgáfu.* Það vill segja okkur að félag, sem hefur ekki fullnýtt heimild sína, segjum t.d. að menn ættu 25% heimild ónýtta, þá geta þeir hækkað arð-

greiðslur um 25%, dregið þessar viðbótargreiðslur frá tekjum félagsins og þar með lækkað tekjuskatt þess en þessum 25% aukaarði er komið til hluthafanna sem þyrftu einungis að greiða af því 10% skatt í stað þess að greiða hin hefðbundnu 43%. Hér er náttúrlega um að ræða verulega mismunum og ívilnun til handa fjármagnseigendum í stjfrv. frá því sem áður var í lögum.

Einnig má benda á að það sem er jafnvel enn alvarlegra varðandi stjfrv. að vera með mismunandi kerfi, sem kemur skýrt fram í stjfrv., er að einstaklingar sem reka núna fyrirtæki persónulega taka náttúrlega hagnað sinn sjálfir og greiða þá af því tekjuskatt á hefðbundinn hátt um 41–46%. Allir þessir aðilar munu breyta í rekstri sínum í einkahlutafélög, ehf., og taka hagnaðinn út úr rekstri fyrirtækisins í formi arðs og greiða af þeim hagnaði 10% skatt. En það má benda á að hagnaður félaga er nú skattlagður með 33%. Þannig er hægt að sýna fram á að einstaklingur sem hefur haft eina milljón í hagnað af fyrirtækjarekstri getur lækkað skatta sína auðveldlega úr 450 þús. niður í 100 þús. Þetta er mjög alvarleg útfærsla á stjfrv. sem hér er lögð fram. Það er sem sagt ívilnað á mjög áberandi hátt á þrenns konar vettvangi, þ.e. að fella arð og söluhagnað á leigutekjur undir 10% skatt í stað þess að hafa það hefðbundið í skattkerfinu. Það er í öðru lagi að nýta jöfnunarbréfaútgáfu á þann hátt sem ég lýsti áðan til ívilnunar við arðsútgreiðslu og það að þessi möguleiki sem opnast fyrir menn að taka út hagnað í félögum með 10% skattlagningu í stað hefðbundinnar álagningar sem einstaklingur. Hér er náttúrlega um að ræða verulegar ívilnanir sem koma fram í þessu frv. Það er hægt að finna að því, hæstv. fjmrh., að það skuli ekki hafa verið skýrt betur í þessu stjfrv. því öll ábyrgð á því er náttúrlega á herðum ráðherra þó nefnd hafi unnið útlínur eða unnið málið.

Ég held að þær smugur sem ég hef verið að lýsa til hagsbóta fyrir fjármagnseigendur og fyrirtækjarekstur séu með þeim hætti að menn hafi hreinlega ekki alveg áttað sig á því þegar frv. var samið. Það er t.d. sérkennilegt að hugsa sér að sjá fyrir því að í stjfrv. eða nefndarálitinu skuli fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar standa óskiptir af því áliti en það voru einmitt fulltrúar stjórnarandstöðunnar, hinir pólitísku fulltrúar, sem bentu á ýmsa veikleika í stjfrv. og m.a. er vikið að þessum þáttum sem ég gat um. Ef um einhvers konar málamiðlun væri að ræða hefði það hefði það vitaskuld þurft að koma fram með skýrari hætti bæði í nefndarálitinu og frv. en gert er.

Annað sem er mjög ámælisvert varðandi stjfrv. er sú atlaga sem gerð er að sveitarfélögunum því að þeim er haldið utan við skattkerfið. Það er þannig að sveitarfélögin verða af um það bil 300 millj. kr. frá því sem nú er. Þetta er náttúrlega ófær útfærsla sem ber að leiðrétta og er tekist á um í frv. flokksformannanna þriggja sem ég gat um. Það að setja upp kerfi sem rýrir beinlínis möguleika sveitarfélaganna frá því sem nú er, því að þau greiða náttúrlega vitaskuld þennan skatt, nær ekki nokkurri átt. Ég geri fastlega ráð fyrir að hér hafi hreinlega verið um handvömm að ræða en ef skipulagt kerfi er á ferðinni hefði verið rétt að það hefði verið dregið skýrar fram af hæstv. fjmrh.

Því hefur verið haldið fram að skattlagning fjármagnstekna þýði fjárflótta og það er aðeins komið inn á það í nefndarálitinu og fyrri nefndarálitum. Ég tel hins vegar að það séu óþarfaáhyggjur. Ég hef bent á að fjármagstekjur eru alls staðar skattlagðar í kringum okkur þannig að menn væru þá bara að flýja úr einum skattinum í annan og það er ekkert óeðlilegra að skattleggja fjármagnstekjur frekar en að skattleggja launatekjur. Ég tel því ekki vera hættu á því og það er ekki hægt að benda á nein rök fyrir því að stjórnarfrumvarpsleiðin eða frv. flokksformannanna leiði til fjárflótta enda er hér um að ræða tiltölulega mjög litlar upphæðir. Stjórnarfrumvörpin gera ráð fyrir að leggja þennan skatt á alla aðila hvort sem þeir hafa verið undanþegnir skatti eða ekki. Síðan er sett upp kerfi til að pikka þá út úr álagningunni sem eiga ekki að bera hana. Þar ber einna hæst lífeyrissjóðina en þess er getið sérstaklega í stjfrv. að þeir skuli undanþegnir fjármagnstekjuskatti.

Þetta er hins vegar ekki svo einfalt mál þegar litið er á lífeyrissjóðina. Við höfum verið að gera breytingar á lífeyrissjóðskerfinu undanfarin ár. Lífeyrisgreiðslur eru skattskyldar hér eins og annars staðar. Lífeyrisiðgjöld eru núna undanþegin skatti og það var verið að gera síðustu breytingar í þá átt núna á þessu ári. Í stjfrv. er gerð tillaga um að undanþiggja vaxtatekjur lífeyrissjóðanna þeim 10% skatti sem hér er gerð tillaga um. Það er gert með þeirri röksemd að hér eigi ekki að vera tvísköttun en röksemdin sem er notuð í frv. er fyrst og fremst sá mismunur sem er milli opinbers kerfis og almenna kerfisins. Opinbera kerfið getur staðið við skuldbindingar sínar með fjárframlagi frá þriðja aðila, þ.e. ríkinu. Það er lagaskylda ríkisins á meðan almennu sjóðirnir geta ekki fjármagnað þennan vaxtaskatt nema með því að skerða réttindi. Þessi rök eru ekki mjög vel útfærð í nefndarálitinu og hefði þurft betri skýringar við þó svo að meginhugsunin sé ljós.

Þá má benda á að spariskírteini, sem hafa verið skattfrjáls og þess vegna borið lága vexti, eru ekki eins spennandi kostur fyrir lífeyrissjóðina sem hafa þá skattfrelsi. Það mun ekki vera sérstakur ávinningur fyrir lífeyrissjóðina þrátt fyrir að vextir af spariskírteinum verði skattlagðir eins og annar sparnaður. Það þarf því að gæta vandlega að áhrifum þess á fjármagnsmarkaðinn þar sem lífeyrissjóðirnir skipta verulegu máli en eru líka í samkeppni við aðra aðila.

Matsatriðin varðandi lífeyrissjóðina hefur m.a. verið bent á í einu nefndarálitinu af hálfu Sveins Jónssonar, aðstoðarbankastjóra Búnaðarbankans, sem er einn færasti sérfræðingur á þessu sviði. Það kemur fram í greinargerð hans frá því í október 1993 að menn eiga að hafa skattgreiðslur á vaxtatekjur sem líkasta meðferð annars sparnaðar. Það er ósamræmi í því í frv. sem við erum að ræða hér.

Það þarf líka að líta á skattlagningu á vaxtatekjur lífeyrissjóðanna. Það eru ekki skattlagningar á sjóðina heldur á vaxtatekjur þeirra einstaklinga sem aðild eiga að sjóðunum. Það verður að hafa í huga hlutverk lífeyrissjóðanna á fjármagnsmarkaði okkar og þeir gera mjög margt annað en að greiða lífeyri, m.a. greiðslu annarra trygginga auk þess sem hið opinbera ellilífeyriskerfi stendur við hlið hins almenna lífeyrissjóðskerfis. Þannig þarf auðvitað að skoða þessi mál í heild. Ég hefði kosið að menn hefðu skoðað lífeyrissjóðskerfið í samhengi við áhrif þess á íslenskum fjármagnsmarkaði og litið til þess með hvaða hætti skattaleg meðferð á að vera og uppstokkun á lífeyriskerfinu væri þá hluti af því. Mér hefði fundist ástæða til að leysa lífeyrissjóðsmálið, skattlagningu á lífeyrissjóði og hlutverk þeirra á fjármagnsmarkaði samhliða. Ég veit að ýmsir hv. þm. eru sammála mér í því að það er brýnt að taka á þeim málum.

Annað atriði sem varðar þessa umfjöllun eru eignarskattarnir en það er ekki snert á þeim í frv. Það er beinlínis tekið fram í áliti nefndarinnar með stjórnarfrv. að það hafi ekki

verið á sviði nefndarinnar sem mér finnst dálítið vafasöm þrenging á starfssviði hennar. Mér finnst hún að öðru leyti hafa farið aðeins út fyrir það svið þegar henni hentaði en látum það vera. Hér eru eignarskattar nokkuð háir miðað við önnur lönd en þeir eru líka settir upp á annan hátt. Hér erum við með stóra eignarpósta, eignarskattsfrjálsa, svo sem spariskírteini og bankainnstæður. Það er einsdæmi í heiminum og það hefði mátt skoða hvort ekki hefði átt að lækka eignarskattsprósentuna og breikka eignarskattsstofninn. Mér finnst fyllilega koma til álita að fella niður almennan eignarskatt samhliða því að tekinn væri upp fjármagnstekjuskattur og leggja þá eignarskatt einungis á verulegar eignir svona eins og hátekjuskattur er notaður í okkar kerfi en láta að öðru leyti fjármagnstekjuskattinn koma að nokkru leyti í staðinn. Breikkun eignarskattsstofnsins og að taka þá inn til mats á skattskyldum eignum þá þætti sem þar eru fyrir utan finnst mér að hefði mátt skoða.

Þess má geta að lagt er til í stjórnarfrv. að skatthlutfallið verði 10%. En það má geta þess svo menn átti sig á því að þar er verið að tala um á mjög sambærilegan hátt í frv. flokksformannanna, meðalskattlagning er um 11% og fer í liðlega 18%. Þetta mun væntanlega skila svipuðum tölum þó fyrir utan þau göt sem ég hef nefnt á stjfrv. sem gera það sennilega að verkum að þar er um að ræða verulegt ofmat á þeim tekjum sem reiknað var með inn í ríkissjóð. Það eru þessi atriði sem ég nefndi hér áðan, hvernig hægt er að breyta atvinnurekstri í hlutafélagsform og taka hagnað út með arði, það er útfærsla um arðgreiðslu miðað við uppfærslu hlutabréfa og það er þessi breytta skilgreining á tekjum sem falla þá núna undir 10% skatt. Mér finnst að þetta hefði mátt skoða betur. Það er ýmislegt sem bendir til þess að fjármagnstekjufrv. ríkisstjórnarinnar muni ekki skila mjög miklu í ríkissjóð og það sé frekar létt byrði af þeim sem fjármagnssterkir eru í þessu þjóðfélagi og íþyngja frekar þeim sem minna mega sín. Það átti ekki að vera tilgangur manna þegar þessi Lilja var kveðin.

Frv. stjórnarinnar er því miður með þeim ágalla að hér séum við komin með Hróa hött með öfugum formerkjum. Útfærslan er þannig að það eru lagðir skattar á þá sem minna mega sín varðandi þessar fjármagnstekjur en þeim ívilnað sem meira mega sín. Ég tel hins vegar að í stjórnarfrv. í heild séu ýmsir veikleikar á tæknilegri útfærslu og ástæða til að draga það skýrt fram hér miklu frekar en að hafna með öllu þeirri útfærslu sem þar er. Ég tel að hægt sé að betrumbæta þá hugsun sem þarna er á ferðinni og leggja þar til grundvallar m.a. frv. flokksformannanna eða skoða þetta betur í þingnefnd vegna þess að það er mjög mikilvægt að þetta frv. verði lögfest í vor.

Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að ríkisstjórnin sem leggur fram stjfrv. ætli að afgreiða málið í vor. Það er gert ráð fyrir því og hæstv. fjmrh. hefur verið spurður að því hvort það sé ekki einlægur vilji hans að stefna að afgreiðslu málsins. Ég geng út frá því að svo sé en það væri vissulega gott ef hann gæfi um það skýra yfirlýsingu.

Það kom mjög skýrt fram í nefndarstarfi, sem menn hafa gert hér nokkuð að umtalsefni, að auðvitað var áskilinn þar réttur að flytja brtt. eða vera með önnur sjónarmið um þetta efni alveg eins og stjórnmálaflokkarnir hafa vitaskuld efni til. Það má einnig benda á það sem kemur fram í bókun stjórnarandstæðinga í nefndinni að það er starfandi nefnd með fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna og aðilum atvinnumarkaðarins að vinna heildstæðar tillögur að íslensku tekjuskattskerfi. Það eru auðvitað ekki góð vinnubrögð að ætla sér að endurskoða íslenskt tekjuskattskerfi án þess að kalla stjórnarandstöðuna til ráðagerða sem getur bæði lagt til þekkingu á málaflokkum og e.t.v. annað pólitískt mat sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur þó vitaskuld rétt á að hafna.

Ég tel hins vegar að séu þessi mál skoðuð í heild þá sé áríðandi að lögfesta málið á vorþingi. Útfærslan í stjfrv. er ekki nógu fullkomin og það má alveg hugsa sér og stjórnarandstaðan er fús til að liðsinna við breytingar sem þarf að gera á því frv. þannig að það falli betur að þeim upprunalegu markmiðum. Ég sé ekki ástæðu til annars en að lýsa því yfir að það eigi að greiða leið þessa máls, þ.e. stjfrv. að teknu tilliti til flokksformannafrv. og lögfesta þetta mál fyrir vorið. Ég hafna því að ríkisstjórnin vilji láta brjóta á því að stjórnarandstaðan vilji koma í veg fyrir þetta mál með vinnubrögðum, það er rangt. Ýmsir stjórnarþingmenn hafa dregið dálítið lappirnar varðandi lögfestingu á fjármagnstekjuskatti yfirleitt. Ég tel hins vegar að alvara málsins hafi komið alveg skýrt fram í því að það er lagt fram stjfrv. á hinu háa Alþingi og það er vitaskuld þingmeirihluti fyrir því. Ég tek undir þær spurningar sem hafa verið bornar fram af ýmsum stjórnarandstæðingum varðandi það efni hvort hér sé ekki um að ræða verkefni sem menn ætla að einhenda sér í sameiginlega til að hægt verði að lögfesta vorþingi skynsamlega útfærslu á fjármagnstekjuskatti.

[16:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir orð hans um eignarskattinn. Ég geri ráð fyrir að við munum ræða það í efh.- og viðskn. þegar þar að kemur að ástæða sé til að lækka hann. En það var eitt atriði sem ég vildi gjarnan koma inn á og það var það sem hann nefndi að menn gætu nú tekið út tekjur sínar sem arð frá fyrirtækjum í stað þess að taka þær út sem laun. Þarna er ákveðinn misskilningur í gangi. Þetta var rætt í nefndinni. Það er þannig að ef maður eða fyrirtæki hans hefur 1.000.000 kr. í tekjur er það hagnaður. Af því er borgað 330 þús. kr. í skatt, fyrirtækið borgar það sem skatt af hagnaði sínum til ríkisins. Þá eru eftir 660 þús. kr. Af því borgar maðurinn þá 10% í fjármagnstekjuskatt eða 66 þús., samtals 396 þús., þ.e. tæp 40%. Ef hann greiðir sér það sem tekjur þá aftur á móti getur hann dregið frá 10% í lífeyrissjóð sem er vissulega eign hans eftir sem áður. Þá eru eftir 900 þús. kr. sem verða skattaðar með 42% skatti og það gefur 378 þús. í skatt. Hann borgar því minni skatt með því að borga sér þetta sem laun en að borga fyrst tekjuskatt af hagnaði og svo aftur fjármagnstekjuskatt af arðinum. Þetta er mjög svipað. Þetta var rætt mikið í nefndinni og talið vera mjög eðlilegt að þetta kæmi jafnt út.

[16:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna því að umræður um fjármagnstekjuskatt skuli loksins komnar inn á Alþingi. Það hefur verið stefna okkar kvennalistakvenna um margra ára skeið að það ætti að taka upp fjármagnstekjuskatt. Í stefnuskrá Kvennalistans segir að það beri að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. Þar með er ekki sagt að útfærslan sé sú að það eigi að vera 42% skattur heldur má auðvitað hugsa sér ýmsar leiðir í því. Þegar hæstv. fjmrh. fór þess á leit við stjórnarandstöðuna sl. vor að hún skipaði fulltrúa í nefnd um fjármagnstekjuskatt var það nokkuð rætt í röðum þáv. stjórnarandstæðinga hvort ætti að taka þátt í því starfi. Við kvennalistakonur komumst að þeirri niður-

stöðu það væri rétt að taka þátt í umræðum og tillögugerð um fjármagnstekjuskatt og að það væri ekki rétt að hafna því og m.a. yrði líklegra að það tækist að koma á slíkum skatti ef allir stjórnmálaflokkar stæðu að því. Fulltrúi okkar í þeirri nefnd sem skipuð var, Kristín Einarsdóttir, hv. fyrrv. þm., hafði verulegt samráð við okkur þingkonur og við fylgdumst nokkuð grannt með störfum nefndarinnar þó það væri alltaf ljóst af hennar hálfu að hún ætlaði ekki að binda þingflokkinn nákvæmlega við þær tillögur sem yrðu lagðar fram. Hins vegar endaði málið á þá leið og ég vil geta þess að þegar það varð ljóst að stefndi í þá tillögugerð sem nú liggur fyrir þá kom til umræðu hvort við tækjum þátt í því eða hættum þessu starfi. Niðurstaðan varð sú að taka áfram þátt í vinnunni og að það réði meiru að koma á þessum skatti fremur en hvort útfærslan yrði einu skrefinu nær eða fjær þeim hugmyndum sem við höfðum. Það má segja að þær hugmyndir hafi verið nokkuð í átt við þær tillögur sem formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka hafa lagt fram. Hins vegar er alveg ljóst að á þeirri leið eru margir gallar og hún er erfið í framkvæmd o.s.frv., en ég ætla ekki að fara að ræða hana hér. Hún verður til umræðu á morgun. Mergurinn málsins er sá að nefndin, sem skipuð var og í áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka ásamt fulltrúum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, komst að niðurstöðu sem er málamiðlun eins og margoft hefur verið komið hér að. Þó að fjórir nefndarfulltrúar hafi með bókun lýst ákveðnum fyrirvörum gagnvart þessari tillögu var samt niðurstaðan sú að standa að tillögunum. Eins og segir í bókun og margoft hefur verið vitnað til telja þessir fjórir nefndarmenn nefndarálitið ásættanlegt með vísan til bókunar þessarar en áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og þar með að styðja brtt. sem geta talist til bóta.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það sem skoðun mína að ég undrast mjög þá umræðu sem hér hefur átt sér stað og meðferðina á málinu. Þetta er málamiðlun. Hér eru allir að teygja sig í ýmsar áttir þar með talið við kvennalistakonur og aðrir. Vissulega eru ákveðnir gallar á þessu frv. og þættir sem þyrfti að skýra nánar en niðurstaðan hlýtur að vera sú að reyna að koma á fjármagnstekjuskatti. Það að gefa sér rétt til að styðja brtt. þýðir ekki að menn hafi rétt til að leggja fram tillögur sem ganga í allt aðra átt, voru ræddar ítarlega í nefndinni og ljóst var að ekki náðist samkomulag um. Það náðist ekki samkomulag um þá leið. Þess vegna er ég mjög ósátt við þessi vinnubrögð. Mér finnst heldur leitt þegar stjórnarandstöðunni er loksins hleypt að verkum, sem er ekki of oft, hvorki hjá þessari ríkisstjórn né annarri, að þá skuli menn ekki standa við þá niðurstöðu sem fæst. Ég minnist þess sannast að segja ekki frá pólitískum ferli mínum, sem er svo sem ekki ýkjalangur, að hafa nokkurn tímann orðið vitni að svona vinnubrögðum. Mér finnst þetta leitt þó ég ítreki það að það eru ákveðnir gallar á þessari útfærslu. Ég mun koma að þeim síðar í mínu máli.

Inntak frv. er í þá veru að hér er verið að leggja 10% flatan skatt á allar fjármagnstekjur sem hefur það í för með sér að vaxtatekjur verða nú skattlagðar eftir nokkurra ára hlé. Fyrir allnokkrum árum var skattur á vaxtatekjur en þá voru vextir reyndar neikvæðir þannig að það var ákveðið að fella þann skatt niður sem betur hefði aldrei verið gert. En á móti þessu kemur að skattprósenta á aðrar fjármagnstekjur er samræmd þannig að það verður lækkun á ýmsum tegundum fjármagnstekna, t.d. arði, söluhagnaði og leigutekjum.

Í frv. og nál. eru auðvitað miklar vangaveltur um það hvaða áhrif skatturinn muni hafa á þessar breytingar. Það er margítrekað að erfitt er að gera grein fyrir þeim áhrifum. En almennt er niðurstaðan sú að þessi prósenta sé svo lág að það sé ólíklegt að hún hafi veruleg áhrif á fjármagnsmarkaðinn og að þessi lækkun á öðrum sköttum vegi þar upp á móti þannig að áhrifin verði einhvers staðar nálægt núllinu þó að erfitt sé um það að spá.

Í greinum sem hafa verið skrifaðar vegna þessa máls og reyndar í gögnum sem hafa borist þingmönnum spá ýmsir því að þessi skattur muni hafa veruleg áhrif og hafa í för með sér fjármagnsflótta. Það er talið upp í tugum liða þvílík gífurleg áhrif þetta mundi hafa og það er kannski eðlilegt að þeir sem hafa vaxtatekjur snúist til varnar. Ég man eftir að hafa setið á fundi með aðallega fullorðnu fólki sem óttaðist mjög þennan skatt. Það gætir oft misskilnings. Það er eins og fólk haldi að það eigi að skattleggja beint inneignir í bönkum en ekki bara vextina.

Sú megingagnrýni sem komið hefur fram á frv. snýr fyrst og fremst að lækkun skatta. Hún snýr fyrst og fremst að þeirri lækkun skatta sem hér um ræðir og þar með sé verið að færa peninga til hinna ríkari í stað þess að taka af þeim peninga. Þá verða menn að skoða það. Ég verð að segja að ýmsir þeir sem hér hafa talað í dag og þeir sem ég hef talað við um þetta mál hafa greinilega ekki kynnt sér nægilega vel hvorki greinargerð frv. né nál. þar sem koma fram ítarlegar upplýsingar. Menn verða að átta sig á því hverjir það eru sem hafa vaxtatekjur. Hverjir eru það? Hverjir eru það sem fá arð og hversu mikill er hann? Hvaða reglur gilda núna um skattlagningu á arði? Það kemur mjög greinilega fram að meðal þeirra sem hafa vaxtatekjur er langsamlega stærsti hópurinn fólk yfir sjötugt. Það er langsamlega stærsti hópurinn. Í töflum í álitinu er tengt saman aldur og tekjur fólks. Hér kemur greinilega fram að því meiri tekjur sem fólk hefur því meiri fjármagnstekjur. Þannig að þessi rök um að það sé verið að leggja byrðar á þá sem verst standa að vígi eru algjörlega út í hött. Þetta er algjörlega út í hött og mér finnst þetta í rauninni spilla mjög fyrir þessu máli og umræðum að tala svona því við erum að tala um að fólk sem á milljón í banka og fær 7,5% vexti á þá upphæð, borgi 7.500 kr. í vaxtaskatt, fjármagnstekjuskatt, 7.500 kr. ef fólk á eina milljón í banka. Eru þetta þeir sem verst standa að vígi? Er þetta þvílík upphæð að það beri að gera eitthvert veður út af henni? Ég spyr aftur: Hverjir eru það sem hafa vaxtatekjur? Það er gerð mjög ítarleg grein fyrir því í frv., í þessum töflum sem hér eru.

Mér finnst meiri spurning með þessa lækkun á arði. Það finnst mér vera miklu stærri spurning. Þá er að skoða hvað það þýðir. Eins og fram kemur í nál. eru núna greiddar um 800 millj. í arð samkvæmt skattframtölum sem fyrir liggja og af þeirri fjárhæð voru greiddar 160 millj. kr. í tekjuskatt og útsvar. Með þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til, mundi þessi upphæð lækka niður í 80 millj. Við erum að tala um skattalækkun upp á 80 millj. kr. Það kemur líka hér vel fram hverjir það eru sem fá greiddan arð. Hverjir eru það? Langsamlega stærsti hópurinn sem fær greiddan arð eru hjón með yfir 4 millj. kr. í tekjur. Það er langsamlega stærsti hópurinn. Maður hlýtur að spyrja: Hvað er líklegt að fólk geri við þennan arð? Hvað gerir það við þennan arð? Ef hann er lagður í banka þá þarf að greiða af honum vaxtaskatt þar. Er ekki líklegast að það náist fram sem er einn megintilgangurinn með þessari lækkun fyrir utan það að samræma skattprósentu, að þessir peningar fari í frekari fjárfestingar

í atvinnulífinu? Er það ekki mjög líklegt? Vegna þess að við erum að tala um fólk sem hefur verulegar tekjur fyrir. Menn binda þá von við þessar breytingar að þær verði til þess að það fólk sem fær greiddan verulegan arð verji þeim peningum til annarra fjárfestinga hvort sem það eru hlutabréf eða hvað sem það er. Ef það kemur í ljós að þessir peningar hverfa út í bláinn, þá verður að taka á því. En eins og málum er nú háttað er 10% frítekjumark hvað varðar arðgreiðslur. Eftir því sem fram kemur hér og fram kom hjá fulltrúa okkar í nefndinni, þá miða menn arðgreiðslur við þetta frítekjumark. Menn miða við það að halda sig innan ákveðins ramma. Það hefur verið bent á að fyrirtæki muni fara þá leið að breyta sér í hlutafélög og fara ýmsar krókaleiðir til að lækka sína skatta og það þarf að kanna alveg sérstaklega. Það þarf að kanna það alveg sérstaklega í hv. efh.- og viðskn. hvort hér er verið að opna glufur fyrir fyrirtæki. En ég fæ ekki séð að það sé verið að því. Þeir sem hafa haldið því fram þurfa að rökstyðja það í þessari umræðu.

Tíminn líður hratt, hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil beina til hæstv. fjmrh. Eina breytingin sem gerð var frá tillögum nefndarinnar er sú að taka forseta Íslands út úr hópi þeirra sem eru skattskyldir. Það er vísað til þess í greinargerðinni að á Alþingi sé til meðferðar frv. um skatta forseta Íslands. Ég á nú ekki von á að það frv. verði afgreitt og í sjálfu sér er það ekki stórmál. Þó er það auðvitað grundvallarspurning hvort einhver þegn þessa samfélags eigi að vera undanþeginn skatti. En þetta er eina breytingin sem var gerð á tillögum nefndarinnar.

En það sem mig langar að spyrja nánar út í er í fyrsta lagi áhrif sem talað er um varðandi sveitarfélögin. Það er alveg ljóst að sveitarfélögin munu verða fyrir tekjutapi af völdum þessarar skattbreytingar og það er vakin athygli á því. Það er vakin athygli á því í nál. að þessi áhrif munu koma fram. Því er beint til hæstv. ráðherra að það þurfi að taka upp sérstaklega og hann kom að því í sínu máli. Ég vil spyrja hann hvernig hann hyggist bregðast við tekjutapi sveitarfélaganna.

Í öðru lagi gerist það með þessum breytingum að ýmis félög sem hingað til hafa verið skattfrjáls, við getum tekið sem dæmi Rauða krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar og fleiri slíka aðila sem geta legið inni með miklar bankainnstæður þó það sé hugsanlega tímabundið, lenda í þessum skatti. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um afstöðu hans til þess hvort það væri rétt að hafa heimild í lögunum fyrir hæstv. fjmrh. til að veita undanþágu frá slíkum skatti. Það hefur verið bent á að það er mjög erfitt í framkvæmd að vera með undanþágur og eina leiðin í því væri svona eftiráundanþága af hálfu hæstv. fjmrh. En þá kemur spurningin um hverjir eiga að fá slíkar undanþágur. Það eru sérstaklega stofnanir og félög sem sinna hjálparstarfi af ýmsu tagi. Það má segja að það sé mjög óréttlátt þegar verið er að safna fé meðal almennings að það skuli svo vera skattlagt þannig að þetta er atriði sem ég vil að verði athugað alveg sérstaklega.

Það er tvennt í viðbót og hið fyrra eru eignarskattarnir. Það hefur verið bent á það og kemur vel fram í greinargerð nefndarinnar að eignarskattar hér á landi eru með þeim hæstu sem fyrirfinnast, að minnsta kosti í Evrópu. Nefndin leit svo á að það væri ekki hennar hlutverk að taka á þeim. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað fyrirhugað er varðandi eignarskattana. Þeir skila verulegum tekjum í ríkissjóð. Við erum að tala um væntanlega milljarð í tekjur af fjármagnstekjuskatti. Ætla menn að þurka þann ávinning út með því að lækka eignarskatta? Hvaða vangaveltur eiga sér stað varðandi þetta atriði í fjmrn.?

Þá er það enn eitt atriði sem ég vil draga í efa eða mér finnst vera spurning varðandi þá framsetningu sem hér er. Það snýr að húsaleigutekjum. Menn fullyrða bæði í frv. sjálfu og í nál. að með því að leggja 10% skatt á húsaleigutekjur í stað þeirra reglna sem nú gilda og eru þannig að það má hafa 25 þús. kr. í leigutekjur áður en byrjað er að leggja á skatt, muni verða til þess að leigutekjur verði frekar taldar fram. Ég átta mig hreinlega ekki á því hvernig menn komast að þeirri niðurstöðu. Það er auðvitað hægt að reikna dæmi. En er það ekki staðreyndin að á meðan leigjendur hafa engan hag af því að telja fram leigu af því þeir fá engan frádrátt eða neitt út á það, hvers vegna skyldu menn þá fara að gefa það upp að þeir hafi leigutekjur frekar en ... (**PHB:** Hvað með þetta heiðarlega?) Já, þá kemur það að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur mikla trú á heiðarleika fólks og við skulum vona að það reynist satt vera. En miðað við þau skattsvik og undandrætti sem við búum við núna í okkar skattkerfi, leyfi ég mér að efast um að þetta rætist. En það eru ýmsar leiðir til að komast að því og hafa eftirlit með því.

Herra forseti. Tíma mínum er að ljúka og niðurstaða mín er sú að ég set ákveðið spurningarmerki við ákveðna þætti í frv. Hér er um að ræða mjög lága skattprósentu og einfalda framkvæmd. Við stöndum frammi fyrir því að um þessa leið náðist sátt í nefndinni þó það hafi komið ákveðið bakslag í þá sátt og ég fæ tækifæri til þess, hæstv. forseti, að skoða það nánar í nefnd. En að sjálfsögðu stöndum við við það samkomulag sem við kvennalistakonur höfum gert.

[16:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af orðum hv. 14. þm. Reykv. um nefndarstarfið og fyrirvara þingflokkanna vil ég segja alveg eins og er að ég tel að sá fyrirvari sem þarna er og var borinn undir þingflokk minn opni fyrir að unnt sé fyrir flokkana að standa að flutningi þingmála á þessu sviði. Ég segi það alveg eins og er og vil láta það koma skýrt fram að ef ég hefði áttað mig á því að einhver maður einhvers staðar bæri brigður á að við hefðum þennan rétt í þingflokki mínum þá er ég þess fullviss að við hefðum ekki staðið að bókun af þessu tagi. Við töldum með öðrum orðum að bókunin opnaði málið algjörlega. Þetta segi ég, hv. þm., vegna þessarar ræðu því að mér er auðvitað mikið í mun þegar fólk okkar á í hlut og er í nefndum á vegum ríkisstjórnarinnar eða annarra að menn umgangist hlutina með heiðarlegum og eindregnum hætti. Það stóð aldrei annað til af okkar hálfu. Þess vegna segi ég það þegar hæstv. fjmrh. bregður okkur um óheilindi í þingflokki mínum að ég vísa því á bug. Það var ekkert slíkt uppi af okkar hálfu. Ég tel að orðalag bókunarinnar sé algjörlega opið að því er varðar flutnings frv. Að setja málin upp með öðrum hætti er hreinn útúrsnúningur að mínu mati. Þá er ég ekki endilega að svara hv. þm. heldur líka því sem komið hefur fram áður en einnig því sem kom fram í ræðu hv. þm. og segi það líka að túlkun fjmrh. á afstöðu okkar í nefnd af þessu tagi hvetur okkur til þess að fara framvegis varlega í nefndum sem eru á sviði þess ráðherra sem hér um ræðir.

[16:33]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en verið ósammála þessari túlkun og þetta hefur náttúrlega verið töluvert til um-

ræðu. Það segir í bókuninni í lokin, með leyfi forseta, „þar með að styðja breytingartillögur ...“ Það sem mér finnst vera mergurinn málsins er að menn ræddu í nefndinni ýmsar leiðir og fóru í gegnum þær leiðir sem komu til greina, þar með talda þá leið sem formenn þriggja stjórnmálaflokka leggja til í frv. sínu. Ég get ekki litið svo á að þar sé um brtt. að ræða vegna þess að það er allt önnur leið. Það er allt önnur aðferð til nálgunar málsins. Ef við hefðum gefið okkur betri tíma á sínum tíma til að skoða niðurstöður nefndarinnar hefði verið miklu hreinlega að mínum dómi að kljúfa nefndina og lýsa því yfir að þessi leið sem verið er að leggja til væri ekki ásættanleg. En niðurstaðan varð þessi. Hér er talað hvað eftir annað um nefndina, nefndin telur, nefndin er sammála um og menn segja í bókun að þeir telji það ásættanlegt. Þess vegna finnst það ekki góð vinnubrögð að leggja svo til að farin sé allt önnur leið.

[16:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki mál hv. 14. þm. Reykv. að túlka mál fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra. Ég var að því. Ég túlka málin nákvæmlega eins og ég gerði hér áðan að menn hefðu í góðri trú staðið að bókun af þessu tagi og þar með opnað málið í heild. Ég tel að það sé orðhengilsháttur af hálfu fjmrh. að líta þannig á að með bókuninni hafi menn lokað öðrum pólitískum leiðum. Ég vil ekki sitja undir því á meðan ég er formaður þingflokks míns að vera brugðið um óheilindi af því tagi sem komu m.a. fram í máli hans. Ég segi það líka að ég tel að sú túlkun á málinu sem kom fram hjá hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, fyrr í dag hafi verið 100% rétt. Ég er sammála henni en ósammála flokkssystur hennar.

[16:36]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem fram kom fyrr í dag hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur var að fullyrðingar hæstv. fjmrh. varðandi það að öðrum leiðum hefði verið hafnað væri ekki rétt. Við kvennalistakonur höfum ekki hafnað öðrum leiðum og erum ekki einu sinni sannfærðar um að sú leið, sem hér er farin, sé betri en sú sem hv. formenn þingflokka leggja til. Hins vegar er mergurinn málsins sá að við, eins og fulltrúar annarra flokka, tókum þátt í starfi nefndar, nefndin komst að niðurstöðu, menn skrifa undir álit, gefa sér rétt sem eðlilegt er til að leggja fram brtt. og fylgja brtt. Ég lýsi þeirri skoðun minni að mér finnst ekki rétt eftir allt þetta nefndarstarf, eftir það að hafa komist að niðurstöðu að leggja þá til að farin sé önnur leið. Það finnst mér vera mergurinn málsins. (**SvG:** Þingmaðurinn hefur fengið útskýringar.) Já, ég hef heyrt útskýringarnar og ég er ekki sammála hv. þm.

[16:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að tala við annan þingmann í andsvari en þann sem flutti hér ræðuna, hitt verður að bíða til betri tíma. En í ræðu hv. þm. komu fram sjónarmið um skattlagningu á t.d. innstæðum félagasamtaka. Staðreyndin er sú að þetta var kannað í nefndinni. Menn komust að því að það væri svo auðvelt að færa á nöfn félagasamtaka að það væri best að hafa þetta allt undir einum hatti, undir einum skatti, ef hann væri bara nægilega lágur. Það er ekki reiknað með að slík samtök séu með miklar upphæðir í einu í langan tíma inni á reikningi hjá sér þótt það geti komið toppur.

Varðandi sveitarfélögin tek fram að það er misskilningur sem hefur sést að skattskyldar tekjur af framtöldum söluhagnaði af húsaleigu sé 2,6 milljarðar kr., þetta voru 1,2 milljarðar á síðasta ári. Tekjur sveitarfélaganna eru að áliti fjmrn. rúmlega 100 millj., sveitarfélögin vilja sjálf segja að þetta séu 133 millj. en ekki 230 millj. eins og kemur fram í frv. formannanna þriggja. Þar að auki má gera ráð fyrir að sveitarfélögin þurfi að bera skatt eins og ríkið reyndar líka ef skatturinn er lagður á og það gæti verið kannski 70 millj. kr. eða eitthvað þar um bil. Það er líka mjög erfitt að koma í veg fyrir að sá skattur sé álagður. Mér finnst hins vegar mjög vel koma til greina að í staðinn sé litið til einhverra annarra þátta er varða samstarf ríkis og sveitarfélaga þannig að ríkið sé bara ekki að taka þetta án þess að nokkuð komi í staðinn. Það finnst mér að þurfi að skoða sérstaklega.

Um eignarskattinn vil ég einungis segja að ekki liggja fyrir neinar tillögur en skoðun mín er sú að þegar fjármagnstekjuskattur sé lagður á þá þurfi í framtíðinni að lækka eignarskattinn og breikka stofninn. Það sé eðlileg afleiðing af því starfi sem hér hefur átt sér stað.

[16:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum í dag er niðurstaða úr nefnd fulltrúa allra flokka og ASÍ og VSÍ. Þessi nefnd starfaði í tíu mánuði og eins og hér hefur komið fram voru mikil átök í byrjun en hún komst að sameiginlegri niðurstöðu um að leggja 10% skatt á allar fjármagnstekjur.

Herra forseti. Staðan núna í skattlagningu fjármagns er eftirfarandi: Við erum með fimm tegundir tekjuskatts á fjármagnstekjur. Við erum með þrjár tegundir af eignarsköttum. Ég ætla að fara í gegnum þetta.

Í fyrsta lagi eru vextir, afföll og verðbætur skattfrjáls í dag. Það er fyrsta tegund skattlagningar. Sömuleiðis söluhagnaður af íbúðarhúsnæði.

Í öðru lagi er húsaleiga skattskyld með 42 og 47% skatti. En þó eru 80% af húsaleigunni til frádráttar tekjum, allt að 25 þús. kr. á mánuði. Það þýðir að af 31 þús. kr. leigutekjum er greiddur skattur af 20%. Menn borga í reynd 8,4–9,4% skatt eftir því hvort þeir eru í 42% eða 47% skattþrepi, hvort þeir borga hátekjuskatt eða ekki.

Í þriðja lagi er arður skattskyldur hjá einstaklingi umfram 131 þús. og þá með 42% og 47%.

Í fjórða lagi er söluhagnaður hlutabréfa og lausafjármuna skattskyldur að fullu en sölutap er eingöngu frádráttarbært ef menn eru svo heppnir að lenda í því sama árið og þeir græddu. Annars kemur sölutapið ekki til frádráttar.

Í fimmta lagi eru reglur um söluhagnað íbúðarhúsnæðis sem líka eru fjármagnstekjur. Þær eru skattfrjálsar ef þær eru innan stærðarmarka en annars eru þær skattskyldar og ef menn hafa átt eignina í fimm ár en annars eru þær skattskyldar með 42% eða 47%.

Við erum með þrjár tegundir af eignarskatti, þ.e. venjulegur eignarskattur sem er 1,2% og 1,45% af eigninni. Það eru bankainnstæður, þær eru skattfrjálsar umfram skuldir. Svo kemur rúsínan í pylsuendanum sem er skattfrelsi spariskírteina sem eru skattfrjáls óháð skuldum. Það hefur leitt til þess að þeir sem nenna ekki að borga eignarskatt gera það ekki vegna þess að þeir kaupa spariskírteini rétt fyrir áramót og taka til þess lán og af því að þetta eru eignamenn, þeir borga eignarskatta, fá þeir að sjálfsögðu hagstæð lán með veði í viðkomandi spariskírteinum og þeir fá lága vexti, svipaða vexti og eru á spariskírteinunum sjálfum, og eignastofninn

dettur niður sem nemur láninu og spariskírteinunum. Þetta er einföld aðferð til að komast hjá eignarskatti fyrir þá sem nenna ekki að greiða hann með núverandi skattfrelsi spariskírteina sem er algjörlega út í hött og ég hef margoft lýst yfir.

Svo er skattlagning fyrirtækja 33% og eignarskattur 1,45%. Þetta eru þessar mismunandi skattlagningar fjármagns sem eru átta talsins og stjórnarandstaðan, þ.e. formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka leggja til eina leiðina enn sem er 42% og 47% skatt á 60% af fjármagnstekjum, takið eftir 60% af fjármagnstekjum, þó ekki af fyrstu 40 þús. kr. Þetta kemur út sem 25% skattur á nafnvexti mínus 10 þús. endurgreiðslu úr ríkissjóði. Það verður misnotað, þetta var rætt mikið í nefndinni.

Herra forseti. Allt það sem ég hef rætt um er mismunandi form fjármagns. Menn spara á ýmsan máta. Sumir leggja í banka, aðrir kaupa spariskírteini, sumir kaupa íbúðir og það var vinsælt á meðan allt hitt var með neikvæðum vöxtum, þá fjárfestu Íslendingar í steinsteypu eins og frægt er. Þeir eru skynsamir menn, Íslendingar. Sumir kaupa skuldabréf, sumir vilja taka áhættu í áhættufé og aðrir tryggja í spariskírteinum. Þetta er allt saman fjármagn sem menn leggja á ýmsan máta til hliðar. Arður af þessu eru vextir, það er arður af hlutabréfum, það er söluhagnaður hlutabréfa. Ég sé engan mun á því hvort menn kaupa hlutabréf og selja þau eftir árið með 10% hagnaði eða hvort þeir kaupa hlutabréf og fá arð eftir árið 10%. Ég sé heldur engan mun á því hvort menn kaupa spariskírteini og selja eftir árið með 10% hagnaði. Það er enginn munur þar á.

Herra forseti. Ef við lítum á þennan frumskóg í ekki stærra landi, skatt á fjármagnstekjur, þá segir það mér eftirfarandi: Það virðist vera vilji löggjafans að beina fjármagni frá atvinnulífinu til íbúðarhúsnæðis sem er skattfrjálst og til bankanna þar sem er eignarskattsfrelsi og vextirnir skattfrjálsir, til ríkisins þar sem spariskírteinin eru bæði með eignarskattsfrelsi og vaxtafrelsi, frá atvinnulífinu. Sparifjáreigandum er gefið merki um það: Ekki fjárfesta í atvinnulífinu, ekki setja þína peninga í atvinnulífið sem þó þarf fé til fjárfestinga sem aftur á móti stuðlar að aukinni atvinnu. Þetta allt saman hefur leitt til þess að íslenskur atvinnurekstur er ákaflega veikur. Hann er með mjög veikt eigið fé og þolir ekki minnsta andbyr. Ef eitthvað bjátar á hefur hingað til þurft að fella gengið til þess að bjarga atvinnulífinu vegna þess að það á ekkert eigið fé. Það byggir mjög mikið á lánsfé, enda hefur allt skattkerfið miðað að því að beina fjármagni yfir í lánsfé frá áhættufé, þ.e. hlutafé. Þetta hefur leitt til fjármagnsskorts og lítilla fjárfestinga og við sjáum nú afleiðinguna sem atvinnuleysi.

Herra forseti. Þegar leggja á skatt á fjármagnstekjur er að ýmsu að gæta, sérstaklega þegar á að fara að skattleggja vexti. Það er í fyrsta lagi eðli fjármagns. Hvernig myndast fjármagn? Það er með því að einhver neitar sér um eitthvað. Hann hættir við að kaupa sér snjósleða og leggur heldur peningana í banka. Hann hættir við að fara í utanlandsferð og leggur heldur peningana í banka eða kaupir fyrir þá hlutabréf. Menn verða að fresta eyðslu og það gera þeir sjálfviljugir. Það er enginn sem þvingar þá til þess nema í gegnum lífeyrissjóðina þar sem er þvingaður sparnaður. Sparnaður er frjáls og þess vegna er hættulegt að leggja háa skatta á sparnaðinn vegna þess að menn geta hreinlega hætt að spara.

Hluti af vöxtum eru raunvextir og verðbætur, vextirnir sundurliðast í raunvexti og verðbætur og verðbæturnar eru að sjálfsögðu ekki tekjur. Verðbæturnar eru bara til að viðhalda fjármagninu eins og hér hefur komið fram.

Það sem menn óttast líka eftir að frelsi fjármagnsflutninga er komið á er að það bresti á fjármagnsflótti. Skattlagningin má því ekki vera mikil.

Það þarf að huga að bankaleyndinni sem er mjög mikilvægt atriði. Það er dálítið merkilegt að bankaleyndin er að mínu mati ekki til þess að forðast skattstjóra. Bankaleyndin er til þess að forðast börnin sín og ættingja svo þau viti ekki að gamla fólkið eigi peninga í banka eða annars staðar. Margir gamlir menn og gamlar konur hafa talað við mig og þau óttast eiginlega ekkert frekar en það að börnin þeirra og ættingjar komist að því að þau eigi peninga í banka og láti þau ekki í friði.

Í nefndinni var rætt mikið um skattlagningu lífeyrissjóða. Niðurstaðan varð sú af tveimur ástæðum að skattleggja ekki lífeyrissjóði. Það er í fyrsta lagi að inngreiðslur í lífeyrissjóði eru frádráttarbærar frá skatti, þ.e. inngreiðslur eru skattfrjálsar. Svo hlaða inngreiðslur á sig vöxtum en þegar kemur að greiðslu lífeyris er hann skattlagður að fullu, þar með talin inngreiðslan og vextirnir. Vextirnir eru því skattlagðir þegar greiddur er lífeyrir. Þetta er rökstuðningur fyrir því að skattleggja ekki vaxtatekjur lífeyrissjóða. Það er allt annað en t.d. kaupa spariskírteini, þá geta þeir ekki dregið kaupin frá skatti. En þegar kemur að því að menn fá greitt út sinn lífeyrissparnað, ef við köllum það svo, dettur engum manni í hug að skattleggja stofninn, inngreiðsluna, sem tekjur eins og gert er hjá lífeyrissjóðunum.

Herra forseti. Á að skattleggja vexti? Við höfum hér á landi mjög lítinn sparnað, mjög lítinn á alþjóðlegan mælikvarða, allt of lítinn. Við höfum gert ráðstafanir í vissum atriðum til þess að hvetja menn til vissrar hegðunar eins og sjómannaafslátturinn, hlutabréfakaupin og frádráttur þeirra er dæmi um. Ég lít þannig á að menn geti haft vextina skattfrjálsa til þess að hvetja menn til sparnaðar. En ég skynja þann pólitíska vilja að koma á fjármagnstekjuskatti og ástæðan fyrir því er sú að við erum búnir að hafa háa raunvexti mjög lengi. Tekjur almennings hafa verið lækkandi og skattheimtan kemur þyngra niður á fólki og því finnst hart að vera að borga háa skatta af tekjum á meðan aðrar tekjur, fjármagnstekjurnar, eru skattfrjálsar. Þetta er sá pólitíski vilji sem við stöndum frammi fyrir. Auk þess er svo langt síðan sparifjáreigendur voru hlunnfarnir á verðbólguárunum þar sem milljarðar voru teknir af þeim, hundruð milljarða, að menn eru búnir að gleyma því auk þess sem sparifjáreigendur í dag er annað fólk. Þetta er ástæðan fyrir því að menn vilja skattleggja vaxtatekjur og í nefndinni beygði ég mig fyrir þessum rökum. En ég benti jafnframt á að vextir eru ekki einu fjármagnstekjurnar.

Herra forseti. Tillaga nefndarinnar er málamiðlun eins og hér hefur komið fram. Hún er að það skuli leggja 10% skatt á allar fjármagnstekjur. Það skal leggja skatt á vexti, verðbætur og afföll án verðbreytingarfærslu, án vaxtagjalda. Það á að leggja skatt á gengishagnað án taps af gengistapi. Það á að leggja skatt á arð án þess að taka tillit til þess að menn geta tapað hlutafé og sölutaps sem hlutafé. Það á að leggja skatt á leigu án þess að taka tillit til kostnaðar. Þetta er sem sagt skattur á inngreiðslur. Það á að leggja 10% skatt á söluhagnað hlutabréfa en vegna sérstaks eðlis hlutabréfa á að taka tillit til sölutaps á fimm árum. Undanþágur eru eingöngu veittar vegna lífeyrissjóða og íbúðarhúsnæðis.

Þá er gert ráð fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér ónýttan persónuafslátt til greiðslu á fjármagnstekjuskatti og það er gert ráð fyrir því að fjórðungur þeirra sem lægstar hafa tekjurnar, fjórðungur þeirra sem hafa vaxtatekjur muni geta nýtt sér þetta og það er umtalsvert.

Svo er eitt sem var frumskilyrði í nefndarstarfinu og það er að skatturinn greiðist þá fyrst þegar vextirnir myndast eða þegar fjármagnstekjurnar myndast. Það er ekki greiddur skattur af reiknuðum tekjum.

Hér hefur nokkuð verið rætt um Hjálparstofnun kirkjunnar. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kom inn á það og fleiri. Þetta var rætt líka í nefndinni hvort það væri ekki ástæða til þess að undanskilja þessa aðila. Í fyrsta lagi veldur sérhver undanþága brotum á skattinum og gerir eftirlitið miklu erfiðara auk þess sem ég benti á að það getur vel verið að gömul kona eða gamall maður sem er búinn að spara alla ævina og hefur einhverja innstæðu til þess að lifa á í ellinni, það eru ekki allir í lífeyrissjóðum, ætti kannski bágar með að borga skatta af vöxtum sínum en Hjálparstofnun kirkjunnar auk þess sem þessar stofnanir, hjálparstofnanir og aðrar góðgerðarstofnanir, hafa að sjálfsögðu ekki að markmiði að vera með stórar fúlgur á vöxtum.

Herra forseti. Tökum dæmi um greiðslur af þessum skatti. Ef maður á 3 milljónir í banka og fær 5% nafnvexti sem er nokkuð algengt, þá er hann með 150 þús. kr. í vaxtatekjur. Af því borgar hann 15 þús. kr. skatt samkvæmt þessum tillögum. Áður greiddi hann ekki neitt.

Nú er hugsanlegt að þessi skattur hækki vexti. Það komu að þessu þrír aðilar. Í fyrsta lagi sparifjáreigandinn sem fær vextina, í öðru lagi bankinn sem tekur vaxtamun og í þriðja lagi skuldarinn sem borgar vextina. Einhver af þessum þremur mun borga skattinn og mér segir svo hugur að það munu verða allir þrír. Bankarnir neyðast til þess að minnka sinn vaxtamun, skuldarinn neyðist til að borga eilítið hærri vexti og sparifjáreigandinn fái eilítið lægri vexti. Það er því ekki víst að maðurinn tapi eða borgi 15 þús. kr. Kannski verða það ekki nema 7 þús. eða þaðan af minna, kannski 3 þús. kr. sem hann borgar.

Ég vil taka það fram vegna misskilnings sem komið hefur fram að lögin taka gildi 1996–1997 og skattur reiknast eingöngu á vexti af fjármagnstekjum frá þeim tíma, þ.e. vextir af langtímaspariskírteinum eru skattfrjálsir til næstu áramóta þótt menn séu búnir að afla heilmikilla tekna og vextirnir greiðist seinna.

Hér hefur líka verið rætt um hlut sveitarfélaganna. Ég verð bara að segja með sömu rökum og áður að ég vorkenni þeim ekki frekar að borga þennan skatt en gömlu fólki sem er búið að spara alla ævi. Þetta kemur að sjálfsögðu hart niður á öllum þeim sem eiga fjármagn og fá vaxtatekjur. Það er að sjálfsögðu ekki hlutverk sveitarfélaga að sitja uppi með digra sjóði og fá miklar vaxtatekjur.

Herra forseti. Afleiðing af þessu frv. er sú að mínu mati að velta á hlutabréfamarkaði mun stóraukast. Fólk sem ekki hefur selt hlutabréf sín með hagnaði vegna þess að það leggst á þau 42% og oftast 47% skattur, mun selja núna. Öll sala á slíkum eignum leiðir til góðs vegna þess að sá sem kaupir hefur yfirleitt meiri áhuga og elju til að sinna sinni eign.

Hugvitsmenn, sjávarútvegur og nýsköpun mun fá fjármagn. Þetta er allt saman áhætturekstur þar sem eru kannski 90% líkur á því að hlutafé sem lagt er fram tapist. Í dag er gersamlega útilokað samkvæmt skattalögum að leggja peninga í svona atvinnurekstur vegna þess að þegar það tapast kemur ríkinu það ekki við en þegar verður hagnaður, sem þá væntanlega er myndarlegur, leggur ríkið fyrst 33% skatt á söluhagnað af hlutabréfum og skattleggur svo í alla enda og kanta. Það er því mjög óskynsamlegt að fjárfesta núna í hugbúnaði og öðrum áhættusömum rekstri. Það breytist við þessi nýju skattalög. Auk þess mun vilji manna til að fjárfesta í atvinnulífinu að öðru leyti aukast. Ég geri því ráð fyrir því að atvinnulífið fái meira áhættufé en hingað til hefur verið. Og eins og komið hefur fram munu skattskil af leigu væntanlega aukast.

Það sem þetta frv. hefur í för með sér er að það er hætt að stýra fjármagni. Menn ætla ekki að stuðla að því að fólk fjárfesti í atvinnulífinu en það er hætt að banna því það.

Herra forseti. Við getum ekki rætt um fjármagnstekjuskatt eða skattlagningu fjármagnstekna án þess að tala um fjármagnið og skatt af því, sem eru eignarskattarnir. Það er aðeins eitt land í Evrópu sem er með hærri eignarskatta en Ísland og það er Noregur. Þar eru þeir mjög svipaðir, 1,3% og 1,2%. Öll önnur lönd OECD eru með miklu lægri skatta á eignir. Ég tel mjög brýnt og legg til að efh.- og viðskn. ræði það að þegar þessi skattur verði lagður á verði eignarskattar lækkaðir niður í 1% og jafnvel að eignarskattsstofninn verði breikkaður þannig að spariskírteinin verði eignarskattsskyld, a.m.k. þau sem á eftir að gefa út. Það verður til að breikka eignarskattsstofninn enn frekar og lækka skattinn niður í kannski 0,7% eða 0,5% eins og hann er víðast hvar í kringum okkur þar sem á annað borð er eignarskattur.

Herra forseti. Margir óttast að þessi prósenta, 10% fjármagnstekjuskattur, verði hækkuð og það er raunsætt að óttast það. Ég minni á söluskattinn. Ég minni á virðisaukaskattinn. Ég minni á staðgreiðsluskattinn sem byrjaði með rúm 35% og er kominn upp í 42% eða jafnvel 47%. Þetta er vissulega til staðar. En ég bendi þeim sem óttast þetta á að ef það verður vilji fyrir því á hv. Alþingi að leggja háa skatta á vexti, geta menn alveg eins lagt fram frv. til þess og sett hann á eins og að hækka prósentuna. Það er jafnalvarlegt og hefur sömu afleiðingar varðandi fjármagnsflótta og annað slíkt eins og rætt var um í nefndinni.

Herra forseti. Það er ekki hægt að ræða um skattlagningu á vexti án þess að taka með verðbólgu og verðbætur. Ef verðbólgan verður hér á landi 10–20%, sem vonandi gerist ekki en gæti gerst að fenginni reynslu, þá verður þessi skattlagning óbærileg. Hún verður óbærileg vegna þess að hún verður mjög há skattlagning á raunvexti og það eru tekjurnar sem menn hafa af þessum skatti. Ég mun því leggja til við hv. þingnefnd, efh.- og viðskn., að skoða hvort hægt sé að setja varnarákvæði inn í lögin þannig að ef verðbólgan fer yfir ákveðið mark, verði þessi skattlagning lækkuð. Ég tel að það sé mjög brýnt. Þetta verður að sjálfsögðu rætt innan efh.- og viðskn. Einig mætti taka upp verðbreytingafærslu sem gerir þessa skattlagningu töluvert flókna.

[17:00]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt Morgunblaðinu 10. mars var hv. þm. Pétur Blöndal, einn af höfundum þess frv. sem hér er á dagskrá, á fundi með ungum sjálfstæðismönnum. Hann var spurður hvaða rökfræði lægi að baki þessum skatti frv. Svar hans var samkvæmt Morgunblaðinu að rökfræðin væru engin. Það væri hins vegar einhver sálfræði og orðrétt: „Það væru engin rök fyrir því að byggja upp heilt skattkerfi fyrir 600 millj. kr. tekjur." Það vill svo til að ég er alveg sammála hv. þm. en ég bendi á að þaðan af síður eru rök

fyrir því að byggja upp heilt skattkerfi, sem hér er verið að gera, sem um leið veldur ríki og sveitarfélögum umtalsverðu tekjutapi, sem öllum sérfræðingum sem málið hafa skoðað ber saman um, til þess fyrst og fremst að lækka skatta á þau 10% framteljenda sem eiga yfir 60% af fjármagnstekjunum á Íslandi. Rökin í málflutningi hv. þm. eru þau að þetta sé nauðsynlegt til þess að hvetja þessi 10% til að fjárfesta meira í fyrirtækjum. Svarið við því er að hann hefur enga tryggingu fyrir því að þetta sé skynsamlegasta leiðin til þess að örva menn til arðbærrar fjárfestingar í fyrirtækjum. Það sem verið er að gera er að hvetja fyrirtækin með uppfærslu á nafnverði hlutabréfa til þess að greiða út hærra hlutfall í skattfrjálsum arði. Hver er kominn til með að fullyrða að þeim arðgreiðslum til hinna ríkustu verði varið til nýsköpunar í atvinnulífi fremur en til neyslu? Jafnvel þótt ég sé sammála því sem hv. þm. er að segja að skattkerfið okkar er tóm þvæla og flækja og eins og hann benti ágætlega á að þegar menn eru með mismunandi skattlagningu bregðast auðvitað fjármagnseigendur við og færa tekjur sínar úr hásköttuðum formum í lágskattasmugur. Það er það sem er hættulegast við það sem hv. þm. er að leggja til í frv.

[17:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom inn á það í andsvari áðan og vil nú ekki auka ræðutíma minn með því að koma inn á það að þessi smuga lokast. Það er nefnilega smuga í dag og ég get bent hv. þm. á einar þrjár þvottavélar, ein til að þvo eignarskattinn, sem ég nefndi áðan, önnur til að þvo arð með því að breyta arði í vexti og þriðja til að þvo leigu, með því að breyta leigu í vexti. Þetta er hægt í dag en þetta verður ekki hægt eftir að frv. er orðið að lögum vegna þess að þetta er allt skattlagt eins. Auk þess geta menn ekki breytt tekjum í vexti eins og hægt er í dag vegna þess, eins og ég gat um áðan, að fyrst borga fyrirtækið 33% skatt af hagnaði og svo þarf að borga 10% skatt af arðinum, sem er greiddur út, þannig að þessi smuga lokast. Auðvitað eiga menn að vinna að því að hafa skattkerfin einföld og rökrétt og það er akkúrat það sem ég taldi mig hafa náð fram í nefndinni og taldi vera ávinning *minn að nú á að skattleggja allar fjármagnstekjur eins.* Ég ætla að vona að hv. þm. geti tekið undir að það sé æskilegt að hafa kerfin einföld og þannig að þau taki á öllum þáttum eins og það, sem er sérstaklega mikilvægt, að vera ekki að beina fjármagni eitt eða annað, vera ekki að breyta hegðun manna með skattlagningu.

[17:04]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt sem hv. þm. heldur fram að hér sé verið að einfalda skattkerfið. Það er verið flækja það. Það er verið að búa til tvö skattkerfi. Annars vegar fyrir launþega og lífeyrisþega, hins vegar fyrir fjármagnseigendur. Skattar laun- og lífeyrisþega eru í hárri álagningarprósentu, hinir skattarnir eru í lágri prósentu og það er rangt að það sé verið að setja allar fjármagnstekjur í einn flokk. Ég get nefnt skattstofn upp á 22 milljarða kr., þ.e. reiknað endurgjald sjálfstæðra atvinnurekenda og hlut manna í sameignarfélögum sem er undanskilinn og þeir munu bregðast við með því að færa til tekjur sínar í lágskattasmuguna. Þetta mun valda ríkissjóði þvílíku tekjutapi að það er vonlaust mál fyrir hv. þm. að gera sér vonir um að tekjurnar af þessum skatti verði til þess að lækka eignarskatt á Íslandi vegna þess að það verða engar tekjur, það verður tap.

[17:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki trú á því að þessi spá rætist vegna þess að þeir möguleikar, sem eru nefndir, eru ekki til staðar. Það að við séum að búa til tvö skattkerfi, er hárrétt. Það á að skattleggja fjármagnstekjur með einum hætti, 10% skatti og það á að skattleggja tekjur launþega með öðrum hætti, með 42–47% umfram frítekjumark. Ég vil benda hv. þm. á að ekki nema þriðjungur framteljenda greiðir tekjuskatt þannig að það er ekki þannig að menn borgi háa skatta af tekjum og síst af öllu lífeyrisþegar sem eru flestir undir tekjuskattsmörkum og borga engan tekjuskatt. Það er því ekki verið að flækja eins og ég gat um áðan. Það voru fimm tegundir skattkerfa fyrir fjármagnstekjur og tvær fyrir tekjuskatt og nú á að fækka þeim niður í eina tegund fyrir fjármagnstekjur.

[17:06]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að koma að kurteislegri ábendingu til hv. þm. Péturs H. Blöndals, 16. þm. Reykjav., um atriði sem kom fram í ræðu hans þegar hann sagði að eingöngu lífeyrissjóðirnir væru undanþegnir þessum skatti. Mér finnst að orðið „eingöngu" sé kannski nokkuð hæpið í þessu sambandi þar sem lífeyrissjóðirnir eru sennilega stærsti sparifjáreigandinn í landinu. Með þeim hugmyndum sem settar eru fram er verið að búa til tvenns konar hugsanlega fjárfesta, tvenns konar hugsanlega aðila sem hafa áhuga á vaxtagreiðslum. Annars vegar verða aðilar sem njóta skattfrelsis. Þeir eru fyrirferðarmestir á sparifjármarkaðnum. Þeir munu geta orðið ráðandi um vaxtakröfur og kröfur til hagnaðar af hlutabréfum. Við hliðina á þessum verða aðilar sem borga 10% af hagnaði sínum af þessum fjárfestingum. *Það er því ljóst að ráðandi aðilinn mun halda niðri vaxtastigi* og arðsemiskröfum til hlutabréfa. Þetta getur ekki skilist á annan hátt en þann að það auki verulega hættuna á útstreymi fjár frá landinu. Ég er því þeirrar skoðunar að menn hafi í þessu máli nokkuð vanmetið hættuna á þessu útstreymi. Menn settu 10% skattinn í lægri mörk þess sem talið var vera hættumörk en ég held að m.a. sú staðreynd að þarna er verið að búa til tvo hópa fjárfesta þar sem annar greiðir skatt en hinn ekki, geti þar með haft áhrif í þá átt að þarna verði enn meiri hætta á útstreymi fjár en menn hafa metið það í þessu frv.

[17:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt að lífeyrissjóðirnir eru fyrirferðarmestir á fjármagnsmarkaðnum og fjármagn þeirra ræður vöxtunum. Ef fjármagnið verður mjög fyrirferðarmikið, sérstaklega ef tekst að lækka halla ríkissjóðs, munu vextirnir lækka á fjármagnsmarkaðnum til óhagræðis fyrir aðra sparifjáreigendur en að sjálfsögðu er það vilji margra að vextir lækki. Sumir munu ekki líta það neitt döprum augum að vextirnir lækki og sérstaklega ekki atvinnulífið. En það er ljóst að lífeyrissjóðirnir munu ákvarða vextina og þess vegna mun skattlagningin ekki valda þeirri vaxtahækkun sem hún ætti að gera eðli málsins samkvæmt og þar er ég alveg sammála.

Varðandi það að fjármagnið flýi til útlanda er þetta mjög fínn línudans til þess að hafa prósentuna ekki of háa þannig *að fjármagnið streymi ekki út. Þetta eru akkúrat rökin fyrir* því að hafa þetta 10%. Ég lagði reyndar til í nefndinni að þetta yrði 8% en menn vildu hafa það 10, það er sennilega

fallegri tala, en það er ljóst að sérhver hækkun á prósentunni getur valdið fjármagnsflótta til nágrannalanda sem leggja ekki skatt á fjármagnstekjur.

[17:10]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afskaplega glögg og góð ræða hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Hann gerði góða grein fyrir störfum nefndarinnar sem undirbjó frv. Það kom skýrt fram í máli hans og hefur reyndar komið fram í fleiri ræðum í dag að menn lögðu á það höfuðáherslu í nefndarstarfinu að ná samstöðu allra fulltrúa í nefndinni. Sú samstaða náðist, eða það héldu menn a.m.k., alla vega skrifuðu allir nefndarmenn undir niðurstöðuna þó þeir hafi hlaupið frá henni núna eftir að málið kom inn í þing. Á bls. 5 í athugasemdum kemur fram, með leyfi forseta: „Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um er málamiðlun sem skoða verður í því ljósi."

Mér finnst niðurstaðan af þessari málamiðlun ekki nógu góð og 10% flatur skattur á alla vexti er slæm niðurstaða. Hún er slæm vegna þess að það má ekki gleymast að verulegur hluti sparifjár landsmanna er geymdur á venjulegum bankabókum sem bera um 1% vexti eða með öðrum orðum lægri vexti en verðbólgan er hjá okkur og er hún þó með því lægsta sem gerist í nokkru landi í dag. Þessar bankabækur, sem margir aldraðir og börn eiga, eru því miður með neikvæða vexti og því neikvæðari sem verðbólgan er meiri og mér finnst alveg fráleitt að skattleggja slíka vexti.

Á bls. 7 í athugasemdum stendur, með leyfi forseta: „Skattbyrði þeirra sem nú hafa tekjur af arði, húsaleigu og söluhagnaði, en ekki vaxtatekjur, minnkar hins vegar þegar á heildina er litið." Þetta segir mér með öðrum orðum að hagsmunum sparifjáreigenda er fórnað fyrir hlutafjáreigendur. Með tilliti til þess að sú samstaða sem varð í nefndinni og leiddi til þessa frv., sem er málamiðlun, er rokin út í veður og vind þá vænti ég þess að frv. taki verulegum breytingum í meðförum hv. efh.- og viðskn. en sú aðferð sem hér er lögð til dregur úr sparnaði og eykur eyðslu. Ég tel að það verði að vera gólf á fjármagnstekjuskatti þannig að fólk geti átt eðlilegt sparifé í friði því að það þarf að hvetja fólk til sparnaðar en sú aðferð sem hér er lögð til gerir það ekki.

[17:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði að þessi niðurstaða væri ekki nógu góð og ég get tekið undir margt af því sem hann kom með á móti þessu, t.d. að það skuli yfirleitt vera til að borga 1% vexti á almennar sparisjóðsbækur og það af lægra í 2% verðbólgu, þ.e. meðan menn eru að tapa skuli bankarnir ekki sjá sóma sinn í því að borga þá a.m.k. þá vexti sem gefa 0% raunvexti. Þetta er vandamálið. Það eru stórar fúlgur inni á þessum reikningum og ég hygg að skattlagning þessara vaxta muni þá a.m.k. hrista upp í þeim mönnum sem ráða vöxtunum að þeir hækki þá upp í verðbólguna og kannski 10% umfram þannig að menn séu þá sléttir. Það getur verið afleiðing af svona skattlagningu að kröfurnar um arðsemi aukast, líka hjá þeim sem eru með fé í hlutafé.

Hv. þm. sagði að hagsmunum sparifjáreigenda væri fórnað fyrir hlutabréfaeigendur. Ég nefndi þetta þannig að hægt sé að stýra sparifé inn í bankana, það er hægt að stýra fólki, sparifjáreigendum, þetta er allt saman fjármagnseigendur, það er hægt að stýra þeim frá hlutabréfum og inn í bankana. Það er hægt og ef mönnum sýnist að hlutabréfamarkaðurinn gefi meiri og betri vexti er þeim að sjálfsögðu frjálst að setja sitt sparifé þar. Reyndar er það þannig með eldra fólk að það getur að sjálfsögðu ekki tekið ríka áhættu en ég get alveg séð fyrir mér að börn mundu geta keypt hlutabréf og tekið áhættu því þau eiga allan vinnuferilinn eftir.

[17:14]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það virðist vera orðið einkenni, jafnvel kækur hjá hæstv. fjmrh. að firra sig ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum. Fyrr í dag þegar athygli var vakin á því að hann hefði sett reglugerð sem ritskoðaði heimildir til þess að birta upplýsingar úr skattskrám, sagði hæstv. ráðherra: Ekki ég, tölvunefnd. Nú leggur hæstv. ráðherra fram mikilvægt frv. í skattamálum og flytur framsögu þar sem hann segir: Ekki ég. Það er nefnd sem flytur þetta.

Herra forseti. Ég get ekki að því gert að ég segi það eins og er. Mér finnst það ámælisvert að hvorki í framsöguræðu hæstv. fjmrh. né í greinargerð og athugasemdum með frv. er vikið einu einasta orði að þeim skattalegu áhrifum og afleiðingum frv. sem öllum sérfróðum mönnum sem ég hef rætt við um málið ber saman um að skipti sköpum og séu þýðingarmest. Og hver eru þau? Þau eru að áhrif frv. verða til þess að lækka skatta svo nemur hundruðum millj. kr., sumir segja milljörðum. Á hverja? Á þann hluta fjármagnseigenda sem er 10%, í tveimur efstu tekjubilunum, og á samkvæmt áætlun um 60% af fjármagnstekjum í landinu. Ríkissjóður og sveitarfélög verða því fyrir tekjutapi af þessu og maður spyr: Er þetta það sem lagt var upp með þegar ákveðið var að freista samkomulags milli stjórnmálaflokka um réttlætismálið að skattleggja vaxtatekjur eins og aðrar tekjur? Svarið við því er nei. Þetta var ekki í erindisbréfi nefndarinnar. Nefndinni var falið að ræða hvernig ætti að koma skattinum fram, þ.e. að velja milli þeirra tveggja meginleiða sem hafa verið í umræðunni á undanförnum árum, en þær eru flatur lágur skattur eða það að vera innan tekjuskattskerfisins með öllum þeim kostum sem það býður upp á til þess að stilla greiðslugetuna eftir efnum og ástæðum. Það var verkefni nefndarinnar. Og þegar ég segi: Aðalskattaáhrif þessa frv. verða stórfellt tekjutap og þar að auki stóraukinn tekjuójöfnuður, þá er ljóst að það er gert þveröfugt á við það sem lagt var upp með, sem var að afla tekna og jafna tekjuskiptinguna.

Hverjar eru ástæðurnar? Skýringarnar eru tvær. Ég tók eftir því sérstaklega í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals að hann hældi sér af því að það væri hans afrek. Í fyrsta lagi vegna þess að skattlagning á arð, söluhagnað, leigutekjur og aðrar slíkar fjármagnstekjur er lækkuð úr hámarkinu 47% innan tekjuskattskerfins í 10%. Í annan stað vegna þess að heimildir hlutafélaga til þess að uppfæra nafnverð hlutabréfa eru rýmkaðar mjög verulega. Og hvaða afleiðingar hefur það? Það þýðir að 10% skattfrjáls arður til hlutabréfaeigenda verður aukinn mjög verulega. En á móti kemur að tekjuskattsgreiðslur lögaðila eða fyrirtækja munu minnka og eiga hlut í því að tekjur ríkisins minnka.

Eitt í viðbót. Það er grundvallaratriði í þessu máli og rangfærsla sem hér hefur verið haldið fram, að þetta hafi verið nauðsynlegt til þess að samræma skatt á allar fjármagnstekjur, vegna þess að það er ekki gert. Staðreyndin er sú að stórir flokkar raunverulegra fjármagnstekna sem eru reiknað endurgjald sjálfstæðra atvinnurekenda og hlutur í sameignarfélögum, skattstofn sem skilaði 1994 22 milljörðum kr., eru utan við þetta kerfi og eiga áfram að vera

í óbreyttu tekjuskattskerfi. Nú vitna ég í formann efh.- og viðskn. sem gjarnan segir í skattamálum: Löggjafinn getur gert það sem hann vill. En svo er komið að fólkinu að bregðast við. Og það vill svo til að fjármagnseigendur á Íslandi *eru ekki asnar. Þeir skilja þessi skilaboð og nákvæmlega* eins og hv. þm. var að lýsa því hér áðan hvernig menn nýta sér skattahagræði, færa til fjármagn úr einum flokki í annan til þess að spara sér skattlagningu, þá munu þeir bregðast við. Hvað munu þeir gera? Ef þó ekki væri nema helmingur þeirra fjölmörgu þúsunda sjálfstæðra atvinnurekenda á Íslandi breyttu sér í ehf. eða hf. og færðu til skattlagninguna á þessar tekjur sínar, færðu hana yfir í arð sem er stórlega rýmkað og skattfrjálst upp að 10%, þá má meta það svo að þeir spari sér skattlagningu frá því sem nú er upp á svona um það bil 1,5 milljarða. Ég er að tala um helmingstilfærslu því að sumir munu kannski ekki hirða um þetta.

Hafa menn áttað sig á því hvílíkur fjöldi þessir sjálfstæðu atvinnurekendur eru sem munu auðvitað grípa til þessa skattahagræðis? Það má segja um þetta: Ríkisstjórnin er að gera tilboð sem þeir hafa ekki efni á að hafna eins og það er kallað á réttu máli. (**Gripið fram í:** Það byrjaði í síðustu ríkisstjórn.) Þetta er kjarni þessa máls og hann hefur nánast ekkert verið til umræðu í dag. Það er kjarni þessa máls vegna þess að þeir sem eru að verja þetta mál segja: Ja, við féllumst á þennan skatt. Hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson. Jú, þeir féllust á niðurstöðuna eftir að þeir voru búnir að tryggja þessa skattalækkun fyrir hina ríkustu í landinu, ella hefði það ekki hvarflað að þeim.

Nú veit enginn það betur en hv. þm. Pétur Blöndal, enda kom það fram í hans máli, að ef menn eru að búa til tvö skattkerfi sem hér er verið að gera, þá munu menn færa til tekjur, ávinna sér skattahagræði og hver einasti sérfræðingur sem ég hef talað við, endurskoðendur og sérfræðingar í skattakerfinu, staðfesta það við mig að þetta séu hin ófyrirséðu en meginárif þessa frv. Hæstv. fjmrh. víkur ekki að því orði, segir reyndar: Ekki mitt mál, það er einhver nefnd að vinna í málinu. Málið er bara ekki á dagskrá.

Í raun og veru er þetta afleiðing af þeirri sérsköttunarleið sem ríkisstjórnin hefur valið. Hún hefur valið að fara í lágan, flatan skatt. Það er álitamál og það er hægt að færa mörg rök með og á móti því. En hún hefur valið að fara *út úr tekjuskattskerfinu. Og hver eru rökin fyrir því?* Hvers vegna er allt í einu orðinn ágreiningur um tekjuskattsstofninn og tekjuskattshugtakið í skattalögum? Grundvallaratriðið er þetta: Því aðeins að heildartekjur einstaklings séu lagðar til grundvallar sem skattstofn er hægt að leggja greiðslubyrðina eftir efnum og ástæðum. Til þess þurfum við að hagnýta okkur það kerfi sem við höfum, með persónuafslætti og skattfrelsismörkum, til þess að tryggja aukinn tekjujöfnuð ef við viljum það. En það er kjarni málsins að það er ekkert hugsað um það.

Staðreyndin um dreifingu á fjármagnstekjum á Íslandi er sú að 60% af þeim eru í höndunum á 10% af framteljendum. Tillögur formanna stjórnarandstöðuflokkanna eru um það að dreifing skattbyrðarinnar endurspegli það að allur þorri sparifjáreigenda á landinu, þessir sem Guðjón Guðmundsson var að ræða um að þeirra hagsmunum væri verið að fórna fyrir hagsmuni hinna fáu fjármagnseigenda til þess nákvæmlega að tryggja þeirra hag, að allur þorri almennra sparifjáreigenda yrði skattfrjáls utan þessa kerfis en skattbyrðin yrði í samræmi við dreifingu hinna peningalegu eigna, þ.e. 10% í efstu tekjubilunum mundu borga um það bil 50% en eign þeirra er um 60% af tekjunum.

Hvað hafa hv. stjórnarsinnar sér til málsbóta í þessu efni? Þeir segja í fyrsta lagi: Þetta er nauðsynlegt samræmingarinnar vegna. Það er rangt. Það er ekki verið að *samræma.* Það *er verið* að búa til tvö tekjuskattskerfi. Almennir launþegar og lífeyrisþegar eiga áfram að búa við hina fræðilegu hámarksskattlagningu 42–47%, en hinum raunverulegu fjármagnseigendum, hlutafjáreigendunum, eru gefnar gjafir. Þeir eru færðir niður og aðrir munu síðan færa sitt fjármagn til til þess að komast í þessar skattasmugur. Þeir segja að það sé nauðsynlegt að gera þetta til þess að nýta skatttekjurnar til þess að lækka eignarskattinn. Nú vil ég, að dr. Pétur Blöndal, hv. þm. og stærðfræðingur, reikni það út fyrir mig hvernig nota eigi tekjurnar af skattstofni sem mun svipta ríkissjóð og sveitarfélög hundruð millj. kr., til þess að lækka eignarskatta. Það eru engar tekjur til þess og það eru engin rök fyrir því vegna þess að þetta er sami hópurinn. Á þá virkilega að leggja flatan nafnvaxtaskatt á sparifjáreigendur á Íslandi og nota þá litlu peninga sem koma inn af því til þess að niðurgreiða skatta hinna ríku og líka til þess að lækka eignarskattana á þá? Ég er þeirrar skoðunar að ef um væri að ræða raunverulegan fjármagnstekjuskatt sem lyti þeim lögmálum að hann væri til tekjujöfnunar, þá kæmi til álita að lækka eignarskatta því að það er staðreynd og ég neita aldrei staðreyndum, að þeir eru hærri hér en í flestum löndum. Ef tekjurnar eru raunverulega skattlagðar, þá ætti ekki að skattleggja stofninn. En þessi skattlagningaraðferð er bara einfaldlega ekki til þess. Einu rökin sem mark væri á takandi sem ég hef heyrt í allri þessari umræðu í dag og ég held að ég hafi jafnvel hlustað á þetta allt saman, eru þessi: Þetta er nauðsynlegt til þess að hvetja hlutafjáreigendur, hina raunverulegu fjármagnseigendur á Íslandi, þessi 10%, til þess að leggja aukinn hlut í fyrirtæki. Ég spyr: Halda menn að almennir launþegar sem til viðbótar við sín lágu laun og háu jaðarskatta sem ekkert á að lagfæra, hafi mikið fé aflögu til þess að leggja *í fyrirtæki? Heldur þingmaður Kvennalistans* það virkilega þegar hún er að mæla með þessari vitleysu? (**KÁ:** Enda sagði ég það ekki.) Nei. (**KÁ:** Þeir sem eiga arð fá ...) Það er einmitt þannig. Þetta er mesta tekjujöfnunaðarfrv., skattafrv., sem komið hefur fram á Alþingi í háa herrans tíð. Það er verið að gefa hinum ríkustu í landinu verulegar gjafir og það er verið að skattleggja eyri ekkjunnar til þess að auðvelda það. Þetta er blekkingaleikur. En ef rökin eiga að vera að þetta sé samt sem áður nauðsynlegt eins og nýfrjálshyggjumennirnir hérna tveir hafa verið að segja, til þess að örva til þátttöku áhættufjármagns í atvinnulífinu, örva nýsköpunina et cetera, skulum við fara örfáum orðum um það.

Minn flokkur hefur sýnt í verki að það skortir ekki á skilning af okkar hálfu á nauðsyn þess að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Það höfum við sýnt í verki á undanförnum árum. Það gerðum við t.d. með því að lækka tekjuskatta á fyrirtæki niður í eitthvert það lægsta sem er núna á sambærilegum breiddargráðum. Það gerðum við með því að afnema aðstöðugjaldið sem var mikil barátta.

Þegar Ísal kemur núna að fjárfesta á Íslandi þá segja þeir: Við förum ekki fram á neinar undanþágur frá gildandi lögum á Íslandi um skattlagningu fyrirtækja. Þetta er ókei, fínt. Þetta er alveg sambærilegt við það sem er í útlöndum. Fyrirtækin eru núna umvörpum að birta upp úr ársreikningum sínum afleiðingarnar sem eru batnandi hagur, aukinn hagnaður og auknar arðgreiðslur. En nú fá þeir nýjan glaðning vegna

þess að fyrir utan þær arðgreiðslur sem þeir eru að fá, á með því að uppfæra til nafnverðs, að auka þessar skattfrjálsu arðgreiðslur enn í stórum stíl. Og þá segja menn: En fer þetta ekki allt í fjárfestingu og nýsköpun? Hver ætlar að segja að það sé svo? Hver er trygging manna fyrir því? Hafa menn ekki heyrt eitthvað um það hvernig hópar sem þannig ráðstafa fjármagni — það eru einhver lögmál sem ráða því hverju er varið til neyslu og hverju er varið til fjárfestingar. Það er engin trygging fyrir því að þetta sem meginmarkmið muni ganga eftir.

Ég tek það fram til þess að ég verði ekki misskilinn: Það er ástæða til þess að einfalda skattkerfið á Íslandi. Það er margt rétt af því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í því efni. Þetta er hinn mesti bastarður og það er fullkomin ástæða til þess að huga að því að örva allan almenning á Íslandi, ekki bara hinar fáu ríku, til aukinnar þátttöku í atvinnulífinu. Þá er spurningin: Hvernig á að gera það? Á að gera það með sérstökum lágum sköttum fyrir hina ríku eða á að gera það með eðlilegum hætti og almennum leikreglum innan tekjuskattskerfisins? Og ég spyr enn: Hvar er pólitíska forgangsröðunin? Á að gera það núna? Eða á að gera það t.d. á eftir ykkur, herrar mínir, þegar búið er að gera eitthvað í því að leiðrétta mesta ranglætið í íslenska skattkerfinu sem eru tekjutengingarnar og refsijaðarskattarnir á ungar barnafjölskyldur sem eru hættar að geta unnið sig út úr skuldum vegna þess að þetta eru vinnuletjandi skattar? Það er spurt um forgangsröðina sem er pólitíska málið í þessu. Menn spyrja fulltrúa Kvennalistans, stjórnarandstöðuflokkana og framsóknarmennina sem lofuðu gulli og grænum skógum fyrir kosningar og ætla að leysa greiðsluvanda heimilanna. Hvað segir formaður Framsfl. í viðtali við Morgunblaðið 10. mars? Hann segir: Aðalgallinn við þessar tillögur er að þetta lækkar skattana á þá sem hæstar hafa tekjurnar. Hann veit það, endurskoðandinn, hann veit hvað er að gerast. Hann segir að það sé aðalgallinn.

En ég spyr: Lofuðuð þið kjósendum fyrir kosningar að þið ætluðuð að lækka skatta á hinum tekjuhæstu? (**Gripið fram í:** Við lofuðum að hækka ekki skatta.) Þið lofuðuð að hækka ekki skatta. En þið lofuðuð áreiðanlega öllu öðru en því að lækka skatta á þá sem mest sérréttindi hafa fyrir í íslenska skattkerfinu.

Ég verð að viðurkenna að mér er nokkuð heitt í hamsi eftir að hafa hlustað á það hér að umræðan hefur snúist klukkustundum saman um einhvern orðhengilshátt með einhverja nefnd. Málið sjálft, sem er eitthvert stærsta skattamál sem lagt hefur verið fyrir þing, virðist ætla að hverfa í skuggann af slíkum orðhengilshætti. Hér höfum við hæstv. fjmrh. sem mælir fyrir málinu, hann er að vísu fjarverandi núna og það skiptir mig engu máli, án þess að víkja einu einasta orði að því sem skiptir sköpum um þetta frv. Hverjum er það í hag?

Ég hlustaði vel eftir því sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., sagði áðan. Ég held að hann hafi lög að mæla. Það er verið að fórna hagsmunum sparifjáreigenda á Íslandi fyrir hagsmuni tiltölulega fámenns hóps hlutafjáreigenda. Ef menn meina eitthvað með því sem þeir sögðu þegar lagt var upp í þessa ferð, þ.e. að afla ætti tekna fyrir ríkissjóð sem síðan mætti verja til frekari tekjujöfnunar með því að létta jaðarsköttunum af barnafjölskyldunum, þá halda menn sig innan skattkerfisins. Það eru okkar tillögur að halda okkur innan skattkerfisins þannig að heildarskattstofninn séu heildartekjur einstaklingsins. Við skilgreinum skattstofn vaxtatekna sem 60%. Af hverjum gerum við það? Það er af því að við viljum ekki, eins og hv. þm. Guðjón var að vara við, skattleggja verðbætur sem er nú verið að gera, skattleggja neikvæða vexti sem nú er verið að gera og stórar fúlgur inni á þeim reikningum, hv. þm. Pétur Blöndal. Samkvæmt okkar tillögum er þá engin nauðsyn á því að hafa sérstakan frádrátt vegna vaxtaútgjalda á móti.

Við höfum frítekjumark, 80 þús. kr. fyrir hjón. Og þegar allt þetta kemur saman, skilgreining á skattstofni, frítekjumark og persónuafsláttur, verður skattprósentan samkvæmt okkar tillögum 11% í byrjun, en verður 18% þegar skatturinn er að fullu kominn til framkvæmda. Það er samt sem áður þriðji lægsti vaxtatekjuskattur í OECD. Og ég tek undir að við eigum að gæta hófs, við eigum ekki að fara of langt og allra síst í byrjun. En hver er þá munurinn á þessum tillögum? Munurinn á tillögum okkar og þeirra er þessi: Okkar tillögur eru tekjuöflun fyrir ríkið, einn milljarður á fyrsta ári, 1,7 milljarðar þegar tillögurnar eru að fullu fram komnar og hlutur sveitarfélaganna tryggður. Tillögur þeirra eru tekjutap fyrir ríkið og greiðslubyrðin af skattinum er sú að allur almenningur greiðir þennan flata skatt en sérréttindaliðið fær sérstaka meðferð í sérstaklega lágum skatti, arðgreiðslum upp á 10% og söluhagnaði. Okkar tillögur mæta betur lykilmælikvörðunum um það að úr því að allur þorri almennra sparifjáreigenda lendir ekki í skattinum, eru minni líkur á því að þær stuðli að vaxtahækkun. Úr því að hér er ekki verið að leggja skatt á neikvæða vexti eða verðbótaþáttinn hefur það svipuð áhrif. Og að því er varðar fjárflóttann, þá spyr ég: Hvert ætla þeir að flýja? Þetta er þriðji lægsti skattur eða svo í OECD. Þeir geta að vísu farið til Tyrklands eða Grikklands. Ætla þeir að taka gengisáhættuna af því? Vitið þið hverjir þessir skattar eru í Bretlandi og í Bandaríkjunum, bæði grunnskattarnir og jaðarskattarnir? Þeir eru miklu, miklu hærri en það sem við erum að leggja til. Síðan hitt, það verða engar tekjur til ráðstöfunar til þess að fullnusta markmiðið um frekari tekjujöfnun í þessu kerfi.

Þetta er í raun og veru kjarni þessa máls. Ég spyr og það skulu vera mín lokaorð: Hafið þið, hv. þingmenn, látið mata ykkur á þessu illa unna nefndaráliti? Takið þið það á nafnvirði? Viljið þið fara á bak við línurnar? Viljið þið leita til sérfræðinganna í skattkerfinu og biðja um dæmin þegar þið farið að spyrja: Er þetta sem ég er að segja satt eða ósatt? Er raunverulega verið að færa á silfurfati verulegar skattalækkanir undir því yfirskyni að hér sé verið að koma á einhverjum réttlætismálum um aukinn jöfnuð í þjóðfélaginu? Þetta eru viðvörunarorð. Ég bið alla þingmenn hvar í flokki sem þeir standa að skoða þetta mál rækilega áður en þeir gera upp hug sinn um það að bera ábyrgð á því á fölskum forsendum að samþykkja eitthvert lagafrv. sem er einhver mesti gjafapakki sem Alþingi Íslendinga hefur með skattalögum samþykkt að afhenda þeim sem mest hafa efnin í þessu þjóðfélagi.

[17:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf enn að leiðrétta þann misskilning sem gætt hefur í máli manna hér og nú síðast í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það er það að menn breyti einkarekstri í ehf. Geri menn það, þurfa þeir að leggja fram hlutafé í einhverju formi sem skattstjóri viðurkennir. Annað er að gera það með því formi að leggja fram a.m.k. 400 þús. kr. og þá geta menn fengið 40 þús. kr. á ári skattfrjálst frá fyrirtækinu. Hitt er að skattar bæði á fyrirtæki og einstaklingi,

eins og ég kom inn á áðan, eru hærri en ef menn borguðu bara sjálfum sér. Ég skil því ekki þetta dæmi hv. þm.

Ef menn leggja fram hærri upphæð, t.d. íbúðina sína, þá eru ákvæði um að það megi reikna mönnum leigu og það er gert. Og þá þarf að borga skatta af þeirri leigu. Þessar 400 þús. kr. sem þeir leggja í þetta ehf. sem hlutafé geta þeir alveg eins lagt í banka eða keypt fyrir þær spariskírteini og fengið arðinn skattfrjálsan. Í dag er þessi möguleiki fyrir hendi og hann er miklu vænlegri í dag en hann verður eftir að búið er að samþykkja 10% skatt á vexti. Í dag er enginn skattur á vexti og að sjálfsögðu geta menn breytt öllum þessum einkarekstri í svona fyrirbæri, ehf., ef menn kæra sig um og ef skattstjóri samþykkir það.

Varðandi það að lækka skatta á hátekjumenn er rétt hjá hv. þm. að skattur á arð lækkar, sérstaklega háan arð. En þessir menn geta alveg eins keypt spariskírteini í dag. Af hverju eiga þeir sem eiga stórar fúlgur í spariskírteinum ekki að borga skatta en bara þeir sem fá arð? Og ef menn eru með háar tekjur af arði geta þeir komið því yfir í vexti og borga þá engan skatt í dag. Þetta minnkar því möguleika á skattsvikum.

[17:37]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði hef ég leitað mjög í smiðju til endurskoðenda og skattsérfræðinga út af þessu máli og til svars því sem hv. þm. sagði ætla ég að gefa honum eitt dæmi.

Rekstrarhagnaður einstaklinga og sameignarfyrirtækja var 7 milljarðar kr. árið 1994. Þeir eru nú skattlagðir með liðlega 40% skatti og að viðbættu tryggingagjaldi gaf þetta skattyfirvöldum 3,1 milljarð í tekjuskatt plús tryggingagjald. Nú gaf ég þessum endurskoðanda það dæmi að þessir aðilar breyttu um rekstrarform og yrðu ýmist ehf. eða hf. Endurskoðandinn benti á að til þess að finna út breytingarnar yrði nauðsynlegt að reikna út a.m.k. tvö tilvik.

Það sem hagstæðast var ríkissjóði var það að við gáfum okkur að helmingurinn yrði innan en helmingurinn utan þessara skattfrjálsu 10% marka arðs og þá væri niðurstaðan sú að tekjurnar yrðu 1,7 milljarðar og skattalækkunin sem þessir aðilar tryggðu sér væri upp á 1,4 milljarða kr. Ég tek það fram að þetta er hagstæðasta dæmið af þremur sem ég fékk frá þessum endurskoðanda um áhrif þessarar formbreytingar, þ.e. hvernig þessir aðilar mundu nýta sér tilboð ríkisstjórnarinnar um að færa til fjármagn sitt af skatthagræði, breyta um rekstrarform og njóta lækkunarinnar sem í þessum tillögum felst.

[17:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru mjög athyglisverðar upplýsingar. Það eru sem sagt 7 milljarðar í tekjur sem þessir menn hafa og helmingurinn á að koma sem arður. Það þýðir 35 milljarða í hlutafé. Hvar í ósköpunum tekur fólk þetta fé? Geti það lagt fram 35 milljarða í hlutafé til að geta fengið 10% af því skattfrjálst, getur það alveg eins átt það í spariskírteinum eða í bankainnstæðum og fengið vexti. Þetta er einhver meinloka og ég vil benda á að nefndin hafði mjög færa skattsérfræðinga ráðuneytisins sér til leiðsagnar og þeir mátu að þessi skattur mundi valda tekjutapi hjá þeim sem hafa hæstar arðgreiðslurnar upp á um 200 millj. til lækkunar en ekki neina milljarða.

[17:40]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að það hafi skort mjög á við undirbúning þessa máls að menn hafi leitað eftir að fá umsögn starfandi sérfræðinga í skattkerfinu um skattaleg áhrif þessara tillagna og hvernig hægt verður að tryggja eftirlit með skattframkvæmdinni og tryggja tekjur. Ég sagði, hv. þm., að ég hefði tekið það dæmi sem einna hagstæðast var að mati endurskoðanda fyrir ríkissjóð. Ef við tökum eitt tilvik á sömu forsendum og ég gaf upp áðan og gefum okkur að ekkert af þessum 7 milljörðum falli innan 10% reglunnar, sem þýðir að hlutafélögin hafa ekkert hlutafé, ekki neitt, þá yrðu skatttekjurnar samt 2,8 milljarðar, þ.e. skatthagræðið væri þá ekki nema 300 millj. kr. Ég er með tugi dæma frá mönnum sem eru starfandi í skattkerfinu eða frá sjálfstæðum atvinnurekendum. Þeir munu að vísu njóta nafnleyndar en þeir segja þetta: Þetta er hraksmánarlega illa unnið. Það verður gríðarlega erfitt að framfylgja þessu í framkvæmd eða hafa nokkurt eftirlit með þessu. En ég endurtek: Meginskattalagaáhrifin verða þau að það verða umtalsverðir tilflutningar og þeir gætu ekki orðið, hv. þm., ef það væri rétt sem hér hefur verið haldið fram að það væri búið að samræma með þessum tillögum skattlagningu á allar fjármagnstekjur. Það er bara ekki svo og þeir sem vinna í kerfinu vita að það er ekki svo.

[17:42]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var auðheyrt að hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni var heitt í hamsi og það er kannski ekki nema von ef hann trúir því að það sé rétt sem hann heldur fram að hér sé verið að færa fjármagn stórkostlega til í samfélaginu. Ég vil ítreka það sem ég sagði í ræðu minni áðan að þennan þátt þarf að kanna alveg sérstaklega, þennan þátt sem snýr að arðgreiðslum fyrirtækja. Og að því leytinu vil ég taka undir þau sjónarmið hans. En hins vegar get ég ekki annað en gert athugasemd við þann þátt málflutnings hv. þm. þegar hann er að tala um jaðarskatta og það sé fyrst og fremst verið að skattleggja þá sem næst standa. Ég veit ekki betur en hv. þm. eigi manna mest þátt í því að auka jaðarskatta hér á landinu með þátttöku í sinni síðustu ríkisstjórn. Það er því ekki mjög sannfærandi þegar hann er að básúna það. En batnandi manni er best að lifa.

Við hljótum líka að hugsa til þess hverjir það eru sem hafa vaxtatekjur. Ég vil minna aftur á að það kemur fram í greinargerðinni að að meðaltali fá einstaklingar 75 þús. kr. á ári í vaxtatekjur og hjón helmingi hærri fjárhæð. Þetta gerir 7.500 kr. skatt með 10% skatti, 15 þús. fyrir hjón. Og það kemur jafnframt fram að það eru þeir tekjuhærri sem hafa mestar vaxtatekjur. Öryrkjar og gamalt fólk sem er undir skattleysismörkum er varið í þessum tillögum og að því leytinu er hægt að taka undir þennan 10% skatt. En hinn þáttinn sem snýr að arðgreiðslunum þarf auðvitað að kanna sérstaklega. Ef það er rétt sem fram kemur í máli hv. þm. að hér sé verið að opna glufur til þess að fyrirtæki breyti rekstri sínum, þá skulum við bara líka sameinast um að stoppa þetta, hv. þm. Og ég vil bæta því við að hér hafa stjórnarþingmenn verið með athugasemdir við frv. og ég spyr bara: Er fylgi við þetta frv. í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað í dag? Er meiri hluti fyrir þessu frv.?

[17:44]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir: Það þarf að athuga þetta

miklu betur með hin skattalegu áhrif tillagnanna, hvort t.d. þau dæmi sem ég hef nefnt eru rétt. Ég vek athygli á því að hér er komið frv. af hálfu hv. stjórnarflokka, hæstv. ríkisstjórnar. Ég hefði talið að áður en frv. kæmi fram ættu menn að hafa spurt ekki hvað síst út í þetta atriði. Ég segi það, hv. þm., vegna þess að þetta var ekki í erindisbréfi nefndarinnar. Nefndinni var falið að ræða hvernig ætti að útfæra vaxtatekjuskatt. Ég spyr: Hvar kom smyglgóssið inn? Hvenær gerðist það að Sjálfstfl. gerði að skilyrði fyrir stuðningi við vaxtatekjuskattinn að þessar skattalækkanir upp á hundruð milljóna kr. til hinna efnamestu næðu fram að ganga? Hvenær nákvæmlega í þessu undirbúningsstarfi, sem áreiðanlega fór ekki fram í nefndinni, féllst Framsfl. á þá málamiðlun? Það er hin pólitíska málamiðlun sem er á bak við þetta.

Að lokum, hv. þm. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði. Ég ber mína ábyrgð á því að annars vegar, vegna tekjutengingar bóta bæði launþega og lífeyrisþega, erum við komnir út í hreinar öfgar með jaðarskatta. Það er rétt. Það er gagnrýni sem er réttilega að mér beint og þeim sem með mér störfuðu í ríkisstjórn. Ég ætla ekki að bera fram neinar málsbætur í því aðrar en þær að á þeim þrengingartímum var þetta úrræði sem menn ofbeittu sem sparnaðarráðstöfun og sáu ekki nægilega fyrir hversu alvarlegar afleiðingarnar væru. Við höfum hins vegar sagt og ég minni á að allir flokkar sögðu fyrir síðustu kosningar: Þetta er komið í óefni, þessu verður að breyta. Sá flokkur sem lengst gekk í að lofa breytingum var Framsfl. Samt sem áður er hér verið að leggja fram skattafrv. hvað eftir annað en það er ekkert tekið á þessum málum. Það er ekki hægt að tala um aukinn jöfnuð í íslenska skattkerfinu fyrr en á þessu hefur verið tekið.

[17:47]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að í erindisbréfi nefndarinnar hafi verið talað um fjármagnstekjuskatt. Nefndarmenn hafa rökstutt verk sitt með þannig að þeir hafi þar verið að líta á allar hliðar þess máls. Ég ætla ekki að fara að gera hér enn einu sinni að umtalsefni þessa ágætu bókun en það sem mér finnst skipta mjög miklu máli er það atriði sem hv. þm. gerði að sínu meginmáli sem er þessi möguleiki fyrirtækja til að breyta rekstrarformi sínu og greiða út arð og koma sér þar með undan skatti. Þetta er auðvitað meginspurning og að því er ekki vikið í þessu áliti. Í ljósi þess hljótum við að spyrja, og ég mun ganga í að kanna það mál betur, hvernig þetta er allt vaxið. Við munum að sjálfsögðu gera það í hv. efh.- og viðskn. Mér finnst þetta mjög stórt mál, ég ítreka það. En ég endurtek spurningu mína sem hv. þm. getur ekki svarað. Er meiri hluti hér á þingi í þessu máli? Er verið að leiða í ljós þætti sem nefndin hafði ekki skoðað nægilega vel? Reyndar hefur það verið tekið fram af nefndarmönnum að auðvitað kynnu að vera þar ágallar á sem væri hlutverk Alþingis að bæta úr. En eins og málið stendur núna, er ég farin að efast um að hér sé nokkur meiri hluti. Og hvert erum við þá að halda í þessu máli öllu saman?

[17:49]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er meiri hluti fyrir þessu máli? Það er massífur meiri hluti á Alþingi Íslendinga á bak við hæstv. ríkisstjórn. Þetta er stjfrv., það er búið að fara í gegnum þingflokka beggja stjórnarflokkanna. Við hljótum því að gera ráð fyrir að það sé meiri hluti í stjórnarflokkunum á bak við þessa niðurstöðu, það er stjórnin sem flytur málið.

Spurningin er síðan sú: Er hún búin að binda það pólitísku samkomulagi að skilyrði fyrir framgangi raunverulegs vaxtatekjuskatts sé smyglgóssið sem ég kalla? Þ.e. þessi lækkun á skattlagningu arðs, söluhagnaðar, eignartekna o.s.frv. Eða er málið þannig vaxið að þegar það kemur í nefnd þá geti menn aftur vikið að upphaflegu erindisbréfi og spurt: Eru svo miklir meinbugir á þessu og ófyrirséðar skattalegar afleiðingar slíkar að það stefni í aukin ójöfnuð og tekjutap? Og þá er spurningin þessi: Eru hv. stjórnarliðar þá, ekki síst Framsfl., tilbúnir til að ræða málið efnislega og jafnvel skoða hina leiðina sem við formenn stjórnarandstöðuflokkanna leggjum til? Ég fullyrði að hún skilar tekjum, hún skilar auknum tekjujöfnuði og hún býður ekki upp á þessar skattundandráttarleiðir.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 254. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 830; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 831.

Fjárveitingar til stjórnmálaflokka, 481. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 829.

Háskóli Íslands, 217. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 825.

Háskólinn á Akureyri, 218. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 825.

Skyldunámsefni í vímuvörnum, 479. mál, fsp. RG, þskj. 827.

Tæknifrjóvgun, 154. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 824; brtt. 1. minni hluta allshn., þskj. 826.

[17:52]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því að því sem næst allir þingmenn stjórnarflokkanna eru nú horfnir úr þessum sal. Sá ráðherra sem ber málið fram er ekki lengur viðstaddur. Hæstv. forseti tilheyrir vissulega stjórnarflokkunum og er mikils virtur þar á bæ. Aðeins einn ráðherra er hér mættur, hæstv. félmrh. og er það vel. Ég sé ekki betur en að af nefndarmönnum stjórnarliðsins í þeirri nefnd sem á að fá málið til meðferðar sé hv. þm. Pétur H. Blöndal einn til að hlusta á þann málflutning sem hér fer fram. Hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann nefndarinnar sem væntanlega á að taka þessi mál til umfjöllunar, hef ég ekki séð hér alllengi. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er ekki hér. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir er ekki hér. Hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson var hér áðan (**GMS:** Og er hér.) og er hér enn, þó hann sé ekki í þingsal. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur ekki sést. Ég spyr, virðulegi forseti, án þess að ég ætli mér nú að tefja þetta mál nokkuð: Finnst forseta Alþingis viðunandi að mál af þessum toga séu rædd hér við þær aðstæður að ráðherrann sem ábyrgðina ber er fjarverandi? Og flestallir þeir stjórnarliðar sem um málið eiga að fjalla að tveimur undanteknum, hv. þm. Pétri H. Blöndal og hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni sem hér gengur í salinn, eru fjarstaddir. Hver er tilgangurinn með efnislegum umræðum eins og hér hafa farið fram við slíkar aðstæður?

[17:54]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna ummæla hv. þm. vill forseti taka fram að þingmanninum var kunnugt um að hæstv. fjmrh. mundi fara frá um stundarsakir. Hann kemur hingað innan skamms, a.m.k. innan hálftíma. Hvað hitt atriðið varðar þá tekur forseti undir

með hv. þm. Hann saknar margra þeirra manna sem sitja í þeirri nefnd sem á að fá málið til meðferðar þó hér séu einstakir menn eigi að síður. Þessi staða var rætt í forsn. á mánudaginn var eftir að hv. þm. Ágúst Einarsson tók hana hér upp. Það er skoðun forsn. að menn í viðkomandi nefndum eigi að sinna umræðunni og vera í þingsalnum.

[17:55]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ummæli forseta og að málið hafi komið til umfjölunar í forsn. Ég vænti þess þá að hæstv. forseti láti stjórnarliða í efh.- og viðskn., a.m.k. formanninn sem á að stýra málum í vinnslu á vegum Alþingis, vita af því að þetta mál er hér til umræðu. Það er ekki bara eðlilegt heldur óhjákvæmilegt að formaður þeirrar nefndar, sem á að taka við hverju málinu á fætur öðru sem verið er að ræða hér á löngum þingfundum efnislega dag eftir dag, sjái sóma sinn í að vera viðstaddur þær umræður. Að formaður nefndar skuli gera sig sekan um að vera fjarverandi hvern daginn á fætur öðrum sem slík mál eru rædd er vanvirða, ekki síst eftir að forsn. hefur fjallað um málið og beint þeim tilmælum til þingmanna sem um mál eiga að fjalla að þeir fylgist með efnislegum umræðum sem eiga sér stað áður en það vinnsluferli hefst á vegum Alþingis. Ég man satt að segja ekki eftir því, og er ég nú búinn að sitja hér nokkuð lengi, að formenn þingnefnda hafi komið sér hjá því að vera viðstaddir þegar mál eru tekin til 1. umr. sem eru jafnumdeild og viðamikil og þau mál sem hér er verið að fjalla um.

[17:57]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna þessara ummæla hv. þm. getur forseti einnig sagt að hann hefur ekki séð hér hv. þm. Vilhjálm Egilsson um nokkra hríð en mun gera honum viðvart að þessi umræða sé í gangi og hv. þingmenn óski nærveru hans.

[17:57]

Árni M. Mathiesen *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en komið hér upp og sagt að mér þykja þessi ummæli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hvað varðar hv. þm. Vilhjálm Egilsson afar ódrengileg. Það hefur síst staðið á því að Vilhjálmur Egilsson hafi sinnt góðum störfum hér á Alþingi. Þótt það sé vafalaust svo í dag að nauðsyn banni að hann geti verið hér á fundi með okkur, finnst mér fullkomlega ástæðulaust að standa hér upp til að gera það sérstaklega að umræðuefni. Ég man ekki til þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi staðið hér upp til að kvarta yfir því þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur ekki getað komið til fundar þegar nauðsyn hefur bannað honum það. Ég verð að segja að mér þykja þessi ummæli ódrengileg.

[17:58]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir ábendingar hv. 4. þm. Vestf. og segja það einnig við hæstv. forseta að það er sérkennilegt og umhugsunarefni að þetta er líklega í þriðja eða fjórða sinn á tiltölulega mjög stuttum tíma sem talin er ástæða til að gera athugasemdir við það að hér vanti ýmsa hv. þingmenn í salinn þegar verið er að ræða mikilvæg mál.

Hæstv. forseti hefur jafnan tekið þessum ábendingum vel. Ég tel ástæðu til að þakka það. Hins vegar virðist vandinn vera sá að þessum skilaboðum hafi ekki verið komið með strengilegum hætti á framfæri við forustu þingflokka ríkisstjórnarinnar og kann það að vera skýringin á því að árangurinn virðist enn ekki vera mikill. Skýringin kann að einhverju leyti líka að vera sú, hæstv. forseti, að mér sýnist á fjarveruskrá að forusta þingflokka stjórnarflokkanna sé öll með fjarvistarleyfi og hafi verið núna um skeið vegna annarra erinda á alþjóðlegum vettvangi. Það gerir það að verkum að það er erfitt að ræða um málið hér. En ég verð þó að segja að ég fer fram á það af fullri alvöru við hæstv. forseta að ef það er ætlunin að stuðla almennt að sæmilegum svip á þinghaldinu er nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið umfram fögur orð í þessum ræðustól sem við metum engu að síður mikils.

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hv. 4. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

[18:00]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég neita því alfarið að ég sé að bera hv. þm. Vilhjálm Egilsson einhverjum persónulegum sökum. Það hefur hins vegar alltaf verið siðvenja á Alþingi að formenn þeirra fagnefnda sem eiga að fjalla um mál, hverjir svo sem það hafa verið, hafa lagt sig fram um að vera viðstaddir umræðu um þá málaflokka sem undir þá heyra nema þeir hafi formleg fjarvistarleyfi.

Hvernig halda menn að umræða um fjárlög væri á Alþingi Íslendinga ef formaður fjárln. væri ekki viðstaddur umræðuna? Ég er ekki að veitast persónulega að hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, ég er að vekja athygli á því að hvað eftir annað hefur það gerst að sá þingmaður sem gegnir formennskustörfum í efh.- og viðskn. þingsins er fjarverandi þegar langar efnislegar umræður eiga sér stað um mál sem mikill ágreiningur er um og það gengur ekki.

[18:01]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti ítrekar að hann mun ræða þetta efni áfram í forsn.

[18:01]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh., Davíð Oddsson tók við stjórnarforustu fyrir fimm árum í sinni fyrri ríkisstjórn var eitt af fyrirheitum þeirrar ríkisstjórnar að komið yrði á fjármagnstekjuskatti eins og tíðkast í öllum nálægum löndum og ætti að sjálfsögðu að vera löngu komið á hér á landi. En árin liðu og ekkert bólaði á fjármagnstekjuskattinum. Árið 1993 flutti ég tillögu, eina af mörgum tillögum sem ég hef flutt hér í þinginu um fjármagnstekjuskatt, ásamt öðrum þingmönnum Alþb. Við umræðu um þá tillögu vakti ég á því athygli að hæstv. fjmrh. hefði ekið sér undan því í tvö ár að hafa forustu um að koma á fjármagnstekjuskatti. Ég spáði því þá að hæstv. fjmrh., sem var sá sami þá og er nú, mundi finna leiðir til að ýta þessu á undan sér með ýmiss konar athugunum, nefndarskipunum og rannsóknum þannig að hann þyrfti örugglega ekki að leggja á neinn fjármagnstekjuskatt áður en kæmi til næstu kosninga.

Ég minnist þess að þetta þótti sumum nokkuð fráleit fullyrðing. En hún átti eftir að rætast. Allt síðasta kjörtímabil leið án þess að þessum skatti yrði komið á eins og kveðið hafði verið á um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hér hóf störf sín vorið 1991.

Við alþýðubandalagsmenn höfum ekki aðeins barist fyrir þessu máli frá árinu 1993. Það eru tíu ár liðin síðan við fluttum okkar fyrstu tillögur um fjármagnstekjuskatt. Í

ríkisstjórn sem Steingrímur Hermannsson veitti forstöðu á árunum 1988–1991 flutti þáv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, margar tillögur um fjármagnstekjuskatt en þær náðu ekki fram að ganga.

Nú þegar þetta frv. ríkisstjórnarinnar kemur loksins fram er það að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að málið skuli vera komið á þennan rekspöl. Vissulega dregur það nokkuð úr ánægju okkar að þá er valin álagningaraðferð sem er óneitanlega afar gölluð og mjög óréttlát. Það er að sjálfsögðu hægt að leggja þennan skatt á með ýmsum hætti. Þar koma fyrst og fremst til greina tvær meginleiðir. Annars vegar er hugsanlegt að um sé að ræða bráttóskatt, eins og hér er gerð tillaga um, og hins vegar kemur til álita að um sé að ræða nettóskatt. Það kemur til greina að leggja skattinn á utan núverandi tekjuskattkerfis eða þá alfarið innan kerfisins. Það kemur til greina að um sé að ræða flatan skatt eins og hér er gerð tillaga um eða að skatturinn sé hafður stighækkandi með þeim hætti að leyft er ákveðið frítekjumark eða persónuafsláttur, sérstaklega í þessu skyni, og við það verður skatturinn stighækkandi.

Það er einmitt hér sem leiðir skilja. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa valið sína leið, þeir hafa valið flatan bráttóskatt en Alþb., Alþfl. og Þjóðvaki hafa orðið ásáttir um að flytja frv. sem kemur til umræðu á morgun og felur í sér nettóskatt sem lagður er á innan núverandi tekjuskattskerfis og er með persónuafslætti sem gerir skattinn stighækkandi.

Ríkisstjórnarflokkarnir bera það fram sem rök fyrir máli sínu að flatur bráttóskattur af því tagi sem hér er gerð tillaga um sé einfaldari og verði fljótvirkari. Ég held að út fyrir sig sé nokkur sannleikskjarni í þessu en þetta eru líka einu kostirnir. Gallarnir eru fjöldamargir. Það er verulegur galli á slíkum skatti að ekki skuli vera neitt frítekjumark sérstaklega vegna fjármagnstekna vegna þess að þannig er verið að flytja skattbyrðina yfir á hinn breiða fjölda sem er kannski að kaupa eitt og eitt spariskírteini og á tiltölulega litlar inneignir og hefur þar af leiðandi litlar fjármagnstekjur og verður nú að fara að borga slíkan skatt. Aftur á móti þeir sem eiga miklar eignir og hafa miklar tekjur sleppa tiltölulega vel vegna þess að skattprósentan er þetta lág, einungis 10%. Svo bætist hitt við sem hér hefur orðið nokkuð að umtalsefni að til samræmingar að því er þeir segja skjóta þeir inn ákvæðum sem fela það í sér að skattur er verulega lækkaður á arði af hlutafé. Eins og kunnugt er er þetta núna þannig að arður af hlutafé er skattlagður að fullu í tekjuskattskerfinu með sömu prósentu og launatekjur eftir að ákveðnu frítekjumarki er náð sem þýðir að allir geta átt þess kost að undanskilja vissar arðgreiðslur tekjuskatti en þegar því marki er náð hefst skattlagning og þá skattlagning að fullu. Þetta er það kerfi sem hefur ýtt undir það að líklega tugir þúsunda manna hafa keypt hlutabréf í atvinnulífinu á liðnum árum og nýtt sér þessa heimild skattalaga til að vera undanþegnir skatti af arðgreiðslum auk þess sem kaupin á hlutabréfunum hafa veitt mönnum ákveðin skattafslátt þar að auki.

Nú er þessu breytt nákvæmlega eins og með fjármagnstekjurnar að það á ekki lengur að hlífa þeim sem eiga tiltölulega lítið hlutafé. Það á ekki að hlífa þeim lengur eða hvetja þá til þess að taka þátt í fjármögnun atvinnulífsins, hins vegar á að gera þeim lífið léttara sem eiga gríðarlega miklar hlutafjáreignir með því að lækka skattinn af arði á hlutafé úr þeirri prósentu sem nú gildir almennt, rúmlega 40%, og niður í 10%. Það hefur verið fullyrt í þessum umræðum að í mörgum tilvikum geti þetta þýtt hreina skattalækkun fyrir þá sem eiga mikið hlutafé. Ég efast ekki um að það er töluverður sannleikur í því. Auðvitað er það einstaklingsbundið og fer eftir því hver hlutföllin eru, hvort hlutaféð er verulegt miðað við þá verðbréfaeign sem menn eiga. Þetta getur verið mjög einstaklingsbundið og misjafnt hjá mönnum en stóra breytingin er samt sú að þarna er verið að lækka skatta fyrir þá sem eiga mestar eignir og þá sérstaklega mest hlutafé sem í mörgum tilfellum getur þýtt verulega miklar arðgreiðslur.

Annar megingalli á þessu kerfi er sá að það er verið að skattleggja ýmsa óverðuga. Ég kalla að það sé verið að skattleggja óverðuga þegar einstaklingur sem á minni inneignir en hann skuldar er látinn borga fjármagnstekjuskatt en þess munum við sjá þúsundir dæma á komandi árum ef þetta frv. verður að veruleika. Það er auðvitað mjög algengt að fólk skuldar þau lán sem það hefur tekið til að eignast íbúðir, þar getur verið um verulegar fjárhæðir að ræða sem fólk þarf að borga í vexti á ári hverju en svo er það samhliða því að kaupa spariskírteini eða einhver verðbréf til að eiga einhvern sparnað. Nettóútkoman af þessu tvennu, þ.e. vöxtum af skuldum og svo aftur vöxtum af inneignum, kann í mjög mörgum tilvikum að vera neikvæð fyrir fólk þannig að fólk borgar raunverulega meiri vexti en það fær. Eftir sem áður ætlar ríkisstjórnin að skattleggja þetta fólk og láta það borga skatt af vöxtunum sem það fær án nokkurs tillits til vaxtanna sem það borgar.

Þá má nefna fjöldamarga aðila í þjóðfélaginu sem eru skattfrjálsir í dag. Það eru líknarfélögin, það eru ýmsir styrktarsjóðir, sem eru skattfrjálsir í dag, og sjálfseignarstofnanir sem reknar eru í almannaþágu sem eiga oft á tíðum töluverða sjóði, lifa á þessum sjóðum og eiga nú í fyrsta skipti í sögunni að fara að borga skatta. Þetta mundi ekki verða ef nettóskattsleiðin væri valin. Þetta gerist vegna aðferðarinnar sem ríkisstjórnin velur að taka upp bráttóskatt. Nákvæmlega sama gildir að sjálfsögðu um sveitarfélögin sem oft og tíðum eiga verulegar inneignir. Þau geyma rekstrarfé sitt í innlánsstofnunum, hafa af þeim tekjur og mér skilst að bara þessi þáttur muni kosta sveitarfélögin hátt á annað hundrað millj. kr. á ári í aukin útgjöld vegna þess að þau lenda með rekstrarfé sitt í þessum bráttóskatti. Þetta er enn einn ókosturinn við þá leið sem ríkisstjórnin er að velja. Þar að auki má svo benda á það að ef bráttóskattleiðin er valin, fá sveitarfélögin ekkert í sinn hlut af þessari skattlagningu en ef nettóskattleiðin er valin eins og við höfum lagt til, fá sveitarfélögin sinn réttmæta hlut í þessari skattlagningu vegna þess að þá gengur þetta inn í tekjuskattskerfið og kemur þeim til góða í gegnum það. Og bara með þessum hætti mun það kerfi sem við leggjum til, þ.e. nettóskattkerfið, gefa sveitarfélögunum milli 300–400 millj. árlega, miðað við að tillögur ríkisstjórnarinnar myndu ekki veita sveitarfélögunum neinar tekjur.

Þá er það mjög eftirtektarvert eins og fram hefur komið í þessum umræðum að bráttóskattkerfið á ekki að gefa nema rétt um einn milljarð en nettóskattkerfið mundi gefa 1.700 millj. kr. Þetta gerist þó að greiðendurnir séu verulega miklu færri í nettóskattkerfinu vegna þess að svo mörgum smáum sparendum er hlíft. Það sýnir þá um leið hvað er verið að gera hátekjumönnunum og þeim sem miklar fjármagnstekjur hafa mjög til góða með því að velja þessa aðferð, að tekjurnar af nettóskattkerfinu skuli vera 70% meiri en þær sem ríkisstjórnin gerir hér ráð fyrir með sínu kerfi þó að gjaldendurnir séu verulega miklu færri samkvæmt nettóskattkerfinu.

Margt annað mætti tína til sem tíminn leyfir ekki. Það hefur verið reynt að gera það að aðalatriði í þessum umræðum að nefnd hafi verið að störfum til undirbúnings málinu. Í henni hafi átt sæti nokkrir stjórnarandstæðingar og þeir hafi tekið þátt í nefndarstörfunum og tekið þátt í því að nefndin skilaði áliti. Þar af leiðandi séu þeir bundnir og eigi bara að halda sér saman. Auðvitað er þetta hin mesta fjarstæða. Það hefur margsinnis komið fram í umræðunum og þarf ekki að endurtaka það að stjórnarandstæðingar sem tilnefndir voru í nefndina a.m.k. frá Alþfl., Alþbl. og Þjóðvaka, höfðu fyrirvara um afstöðu sína og bentu á það að aðrar leiðir væru skynsamlegri. Þess vegna er auðvitað alger tímaeyðsla að vera að velta sér upp úr þessari hlið málsins frekar. Við verðum einfaldlega að skoða kosti og galla þessara tveggja kerfa, bera kostina og gallana saman og velja skynsamlegustu leiðina. Það er það eina sem er vit í. Því miður er það svo að ríkisstjórnin valdi röngu leiðina með því að flytja þetta frv. En vegna þess að hér kom fram hjá talsmanni Kvennalista áðan, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, að það hefði kannski komið til greina að flytja breytingartillögur en ekki sjálfstætt frv., þá vil ég vekja athygli hennar og allra annarra á því að það er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að þeir sem vilja velja skynsamlegu leiðina í þessu máli, flytji tillögur stjórnarandstæðinga sem brtt. við stjfrv. þegar þar að kemur og málið kemur úr nefnd. Það að þetta er hins vegar flutt sem sérstakt frv. eða sérstök frv. er til þess að málin liggi sem skýrust fyrir þegar umræður hefjast í þinginu um málið og almenningur í landinu geti átt betur með að átta sig á aðalatriðum málsins. Ég tel þess vegna að það hafi verið mjög skynsamlegt og rétt að flytja þetta svona í tvennu lagi. En eins og ég segi þá er ekkert því til fyrirstöðu að tillögur stjórnarandstöðunnar yrðu síðan á síðara stigi fluttar sem brtt. við stjfrv. ef mönnum sýnist svo.

[18:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa sett fram nokkra gagnrýni á það að ekki hafi nægjanlegt samráð verið haft við sveitarfélögin í nefndarstarfinu og sett fram fullyrðingar um það að sveitarfélögin verði af umtalsverðum fjármunum verði þetta að lögum. Ég mun beita mér fyrir því við sveitarfélögin og fjmrn. að reyna að komast til botns í því um hvaða upphæðir er að ræða og hvernig úr því skuli bæta.

Um þetta mál vil ég segja að þegar ég sá þetta frv. þá sá ég vissulega á því ákveðna galla en einn meginkost. Hann var sá að það væri pólitísk samstaða um þetta mál. Ég sá undirskriftir nefndarmanna og vissi ekki betur en um pólitíska samstöðu þeirra væri að ræða og það taldi ég ekki vera lítils virði. Síðan las ég bókun sem prentuð er sem fskj. og vitna til hennar, herra forseti:

„Í ljósi þess sem að ofan greinir skrifa undirrituð undir nefndarálitið og telja það ásættanlegt með vísan til bókunar þessarar, en áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og almennrar þjóðfélagsumræðu — sem og þeir stjórnmálaflokkar, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Þjóðvaki og Kvennalisti sem þau eru fulltrúar fyrir í nefnd um fjármagnstekjuskatt, þar með að styðja breytingartillögur sem til bóta geta talist, en sættast á og styðja niðurstöður nefndarinnar að þeim frágengnum."

[18:23]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. staðfesti það sem fram hefur komið áður í umræðunum að hæstv. ríkisstjórn hafði ekki nægilegt samráð við Samtök sveitarfélaga þegar frv. þetta var á undirbúningsstigi. Hann staðfesti einnig að Samtök sveitarfélaga hefðu kvartað yfir því mikla tekjutapi sem sveitarfélögin yrðu fyrir og hét því að hann mundi láta kanna þessa hlið málsins nánar og þá um leið hversu mikið tekjutapið væri. Ég þakka honum fyrir þessa yfirlýsingu sem ég tel að hafi verið mjög gott og gagnlegt að fá og treysti honum vel til þess að láta rannsaka þessa hlið málsins ofan í kjölinn.

En varðandi yfirlýsinguna sem hann vitnaði í þá hefði ég nú óskað eftir því að hann læsi hana alla en sliti hana ekki úr samhengi eins og hann gerði áðan. Auðvitað er alveg ljóst að þeir sem gengu frá þessari bókun þegar nefndaráliti var skilað, voru að koma því sjónarmiði á framfæri að önnur leið væri skynsamlegri, þó þeir vissulega láti um leið koma fram að betri sé einhver fjármagnstekjuskattur en enginn og að þessi leið hafi orðið sú sem víðtækust samstaða í nefndinni varð um. Sem sagt þeir kusu aðra leið og komu sínum fyrirvara og sínum athugasemdum alveg skýrt og greinilega á framfæri með bókunum sínum.

[18:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál gengur til nefndar. Málið er ekki orðið að lögum og það er hægt að bæta úr ágöllum sem á því kunna að finnast. Mér kom það hins vegar mjög á óvart að stjórnarandstaðan skyldi bregðast við eins og hún hefur gert í ljósi þess undir hvað búið var að skrifa hér. Að vísu áskilja þessir tilteknu nefndarmenn sér rétt til þess að flytja eða styðja brtt. sem til bóta geta talist en niðurstaðan er sú að sættast á að styðja niðurstöður nefndarinnar að þeim frágengnum. Þetta tel ég nú ekki vera það að boða byltingarkennd frv. eða ólíka heildarlöggjöf um efnið. Og það er ekki eins og þetta sé eitthvert smáfólk sem þarna er að skrifa upp á. Það er sjálfur varaformaður Alþfl., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, og skærasta stjarna Alþb., hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, (**ÖS:** Ekki skærari en Svavar.) og þess vegna kom mér þetta bara mjög á óvart.

[18:26]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil biðja hæstv. félmrh. sem er nú fornkunningi minn og vinur af Norðurl.v. því ég hef aldrei vitað annað en að hann væri all vel læs, að lesa alla bókunina en ekki bara einstök orð eða setningar og sérstaklega að festa sér í minni þau orð þar sem að nefndarmenn, með leyfi forseta: „... áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og almennrar þjóðfélagsumræðu ..." Og ég bið hann einnig að festa sér í minni, með leyfi forseta, lokaorð nál. þar sem segir að þeir áskilji sér rétt til þess: „... að styðja breytingartillögur sem til bóta geta talist, en sættast á og styðja niðurstöður nefndarálitsins að þeim frágengnum." Það kemur sem sagt alveg ljóst fram að þeir (**Félmrh.:** Eru prýðilega ánægðir með þetta.) hefðu kosið annað frekar en það sem felst í frv., en eru reiðubúnir að styðja frv. ef þær tillögur ná ekki fram að ganga. Það er alveg ástæðulaust að snúa neitt frekar út úr þessu.

[18:28]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Þau frumvörp sem hér eru til umræðu fjalla í aðalatriðum um tvö efnisatriði. Annars vegar er um að ræða nýjan skatt á vaxtatekjur og hins vegar er um að ræða lækkun á sköttum og samræmingu annarra fjármagnstekjuskatta. Samkvæmt frumvörpunum er gert ráð fyrir því að hinn nýi

vaxtatekjuskattur muni skapa ríkinu tekjur upp á 800 millj. kr. og til viðbótar því munu koma 300 millj. kr. vegna breytinga á skattlagningu félagssamtaka, en að lækkun á sköttum á aðrar fjármagnstekjur vegna samræmingarinnar muni leiða til 200 millj. kr. minni tekna hjá ríkissjóði. Í allt eru þetta því tæpur milljarður kr. sem ríkið ætlar sér í nýjar og auknar tekjur af völdum þessarar skattheimtu.

Ég er fylgjandi því að annað efnisatriðið sem ég nefndi nái fram að ganga, að við lækkum skatta á fjármagnstekjur og efast reyndar um að það verði um 200 millj. kr. tekjulækkun að ræða hjá ríkinu vegna þess að ég geri ráð fyrir því að lækkun á þessum sköttum muni örva viðskipti á verðbréfamarkaðnum og ýta undir frekari vöxt í okkar efnahagslífi og það muni verða um meiri arð að ræða sem verði skattlagður og að skil muni verða betri á öðrum fjármagnstekjum, svo sem húsaleigutekjum, en raun ber vitni í dag. Þess vegna tel ég að það ætti að vera hægt að lækka aðrar fjármagnstekjur en vaxtatekjurnar um þá upphæð sem hér er að ræða án þess að til lækkunar kæmi á tekjum ríkissjóðs. Ef svo yrði, væri ásættanlegt að mínu mati að til að bæta upp það tekjutap yrðu skattendurgreiðslur vegna kaupa á hlutabréfum lækkaðar þar á móti því að þær endurgreiðslur eiga að þjóna sama tilgangi og ég tel að lækkunin á sköttunum muni þjóna, þ.e. að örva viðskipti með hlutabréf, örva verðbréfamarkaðina og verðmætasköpun í fyrirtækjum þjóðarinnar. Ég er hins vegar, herra forseti, ósammála því að við leggjum skatt á vaxtatekjur.

Áður en lengra er haldið er ekki hægt að sleppa því að fjalla aðeins um tilurð þessa máls og málsmeðferðina. Af þeim málum sem ég hef komið að og fjallað um á Alþingi á undanförnum árum eru þau ekki mörg þar sem leitað hefur verið eins víðtæks samstarfs á milli flokkanna, stjórnar og stjórnarandstöðu, til að fá niðurstöðu sem hefði víðtækt og breitt fylgi. Þetta starf hófst á síðasta kjörtímabili þegar Sjálfstfl. og Alþfl. sátu við stjórn og fengu stjórnarandstöðuna að borðinu og það hélt áfram eftir að Sjálfstfl. og Framsfl. voru komnir í stjórn og Alþfl. hélt starfinu áfram ásamt Alþb. og Kvennalistanum og Þjóðvaka sem þá var nýr flokkur á Alþingi. Um þetta náðist samstaða sem kom fram í skýrslu sem er grundvöllur frumvarpsins. Það var því á grundvelli þessa víðtæka samkomulags sem ég lagðist ekki gegn því innan þingflokksins að frv. yrði lagt fram þótt ég sé andsnúinn því að það sé lagður skattur á vaxtatekjur.

Kannski kom það ekki mjög á óvart að stjórnarandstaðan skyldi leggja fram nýtt frv. í kjölfarið á framlagningu frv. ríkisstjórnarinnar. Menn gátu kannski sagt sér það af bókuninni, þótt það kæmi ekki fram þar, að menn gætu átt von á einhverju frá stjórnarandstöðunni. Menn áttu kannski ekki von á því strax. Maður átti frekar von á því að þeir gripu til þess ráðs strax og þeir hefðu til þess tækifæri, stjórnarandstöðuflokkarnir, Alþfl., Alþb., Þjóðvaki og Kvennalistinn, að hækka fjármagnstekjuskattana, eins og þeir reyndar boða í bókuninni, en að þeir legðu fram nýtt frv. í kjölfarið á frv. ríkisstjórnarinnar sem þeir höfðu þó allir samþykkt. Ég sé því enga ástæðu til þess af minni hálfu að sýna þessu frv. nokkurt umburðarlyndi eða þeim þáttum þess sem ég er andsnúinn og mun ég aðeins í örfáum orðum ræða hverjar eru ástæður þess að ég er á móti því að lagður verði á vaxtatekjuskattur.
(**GÁS:** Ertu hættur að styðja ríkisstjórnina?) Nei, hv. þm. Ég er ekki hættur að styðja ríkisstjórnina.

Þessi vaxtatekjuskattur hefur verið réttlættur með því að það þurfi að vera réttlæti í skattlagningu og vaxtatekjuskattur sé sérstakur réttlætisskattur. Í því sambandi er ekki spurt um hvað varð um sparifé þeirra landsmanna sem brann upp á dögum verðbólgunnar. Hvar var réttlætið þá? Og ef við ætlum að leggja sérstakt réttlæti til grundvallar vaxtatekjuskatti, þurfum við þá ekki að fara í gegnum allt skattkerfið hjá okkur og leggja réttlætið til grundvallar við hvern einasta skatt sem við höfum lagt á? Ég er viss um að það yrði erfið endurskoðun á skattalögunum ef við ættum alltaf að leggja fullkomið réttlæti til grundvallar.

Því hefur líka verið haldið fram að það sé nauðsynlegt að leggja á þennan skatt til þess að afla aukinna tekna til að lækka aðra skatta. En hið raunverulega verkefni sem við stöndum frammi fyrir er að lækka útgjöld ríkissjóðs til þess að geta lækkað heildarskattana. Það er það sem skiptir mestu máli, ekki endilega innbyrðis skipting á þeim sköttum sem við greiðum.

Hvers vegna er ég á móti þessum vaxtatekjuskatti? Það er ekki grundvallaratriði af minni hálfu að vera á móti vaxtatekjuskatti. Það er ekkert prinsipp sem segir að ekki megi leggja á vaxtatekjuskatt. Ég tel einfaldlega að aðstæður í þjóðfélagi okkar, okkar efnahagslífi og peningakerfi sé þess eðlis að það sé ekki skynsamlegt að leggja á vaxtatekjuskatt. Ástæðurnar eru eftirfarandi: Sparnaður á Íslandi er lítill. Hann er mun minni en í nágrannalöndum okkar eða þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við og sá sparnaður sem á sér stað er kerfisbundinn sparnaður í lífeyrissjóðunum að langstærstum hluta. Hinn peningalegi sparnaður, þ.e. í bönkum og sparisjóðum er þaðan af minni miðað við það sem gengur og gerist hjá öðrum þjóðum. Og það er í þennan peningalega sparnað hjá bönkum og sparisjóðum sem hinn almenni borgari leitar þegar hann þarf á láni að halda, þegar hann þarf að taka svokölluð neyslulán eða slá víxil. Hann fer ekki til lífeyrissjóða til þess að slá víxla. Hann fer í bankann eða sparisjóðinn til þess að gera það. Ég tel því mjög líklegt og jafnvel nokkuð öruggt að sparnaður muni minnka, alveg örugglega hinn peningalegi sparnaður hjá bönkum og sparisjóðum, og því muni samkeppnin um það fjármagn sem þar er að finna aukast og vextirnir þar með hækka.

Önnur ástæða fyrir því að ég tel varhugavert að leggja á vaxtatekjuskatt er að við búum í dag við opið fjármagnskerfi. Þeir aðilar sem hafa yfir verulegum fjármunum að ráða eiga mjög hægt um vik með að fara með sína fjármuni úr landi. Það munu að vísu væntanlega aðeins vera þeir sem hafa yfir verulegum fjármunum að ráða sem það gera því að fyrirhöfnin er of mikil fyrir þá sem eiga lítinn sparnað og þar með mun þessi skattur hugsanlega frekar leggjast á þá sem hafa litla fjármuni umleikis.

Það er jafnframt líklegt að kostnaðurinn af skattinum muni skiptast á einhvern hátt á milli þeirra sem eiga innlánin og lánþegana. Að öllu þessu samandregnu er því mjög líklegt og nánast öruggt að vextir munu hækka. Ef það gerist af völdum þessa vaxtatekjuskatts hvar er þá réttlætið sem lagt er til grundvallar skattheimtunni? Reyndar má sjá þess merki í skýrslu nefndarinnar að höfundarnir gera sér að einhverju leyti grein fyrir þessu vandamáli. Það kemur m.a. fram í inngangi á bls. 6 í skýrslu nefndarinnar þar sem segir að álagning vaxtaskatts ein og sér muni væntanlega fremur stuðla að hærri vöxtum en lægri. Skattlagning vaxta kunni að leiða til þess að fjármagn leiti fremur úr landi en inn.

Það er sennilega þess vegna sem nefndin brá á það ráð að leggja fremur lágan, flatan skatt á allar fjármagnstekjur. En það er hins vegar ekki allt sem sýnist í þessu sambandi

og nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hver hin raunverulega skattprósenta er, hversu stóran hlut af raunávöxtuninni á vöxtum á innstæðum í bönkum væri verið að greiða sem vaxtatekjuskatt. Miðað við nokkur algeng innlánsform og 2,7% verðbólgu mun skattur á raunvexti, hinar raunverulegu tekjur, verða á bilinu 15–30%. 2,7% verðbólgu er einmitt spáð á yfirstandandi ári. Það eru innlánsformin með lægstu vextina sem greiða hæstu skattana vegna þess að í flötu skattheimtunni er verðbótaþátturinn mun stærri en þegar vextirnir eru háir og þeir bera því lægri vextina. Þetta gerir það einnig að verkum að þessi skattheimta verður mjög viðkvæm fyrir hærri verðbólgu. Ef verðbólgan færi í 5%, sem við einu sinni töldum mjög lága verðbólgu hér á landi, væri skattheimtan á bilinu 20–46%. Ef hún færi í 10%, sem þótti góður árangur í verðbólgumálum fyrir 10 árum, þá væri skattheimtan 30–80%. Ef við hins vegar færum í 15% verðbólgu, sem var svona nokkuð stöðugt ástand á köflum fyrir ekki mjög löngu síðan, þá er skattheimta komin í 35–110%. En þetta er auðvelt að laga ef vilji stendur til þess með því að lækka prósentuna ef við einhvern tíma verðum svo óheppin að hafa ríkisstjórn sem missir tökin á verðbólguþróuninni.

Þetta eru í aðalatriðum þær ástæður sem ég vil nefna fyrir andstöðu minni við þennan vaxtatekjuskatt. Hann mun leiða til fjármagnsflótta, hann mun leiða til minni sparnaðar og hann mun leiða til hærri vaxta. Í því sé ég ekkert réttlæti. Ég tel hins vegar að við getum samþykkt það jákvæða sem er í frv. sem er lækkun skatta án þess að þar þurfi að koma til minni tekjur ríkissjóðs. Við eigum að geta fjármagnað það með því að lækka endurgreiðslu vegna hlutafjárkaupa sem þjónar sama tilgangi. Ég tel því að við eigum að sleppa þjóðinni við þennan vaxtatekjuskatt. Ef við viljum fá tekjur til að lækka aðra skatta eigum við fyrst og fremst að lækka ríkisútgjöldin til að geta lækkað heildarskattheimtuna.

[18:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór á þann veg sem ég spáði í ræðu minni fyrr í dag að einn af öðrum kæmu þeir út úr skápnum, hv. þingmenn Sjálfstfl. og lýstu andstöðu sinni við skattlagningu vaxtatekna. Það er að gerast hér og nú og hún er býsna fróðleg og eftirtektarverð röksemdafærslan hjá þeim hv. þingmönnum sem nú birtast og lýsa yfir andstöðu sinni í grundvallaratriðum við það að skattleggja vexti. Hún er þessi: Vegna þess að stjórnarandstaðan hefur uppi aðrar hugmyndir um það með hvaða hætti eigi að skattleggja vaxtatekjur og fjármagnstekjur, er ég laus allra mála. Þá er þessi málamiðlun sem ég sættist á í mínum þingflokki, nota bene þingflokki Sjálfstfl., langstærsta flokks þjóðarinnar, úr sögunni. Vegna þess að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ætlar að styðja brtt. við fyrirliggjandi frv. ríkisstjórnarinnar styðja þeir það ekki heldur. Hvað er hér á seyði, virðulegi forseti? Er nú svo komið að það er hlaupinn flótti í stjórnarliðið, ekki aðeins í þessu máli heldur fleirum? Er vigt stjórnarandstöðunnar á hinu háa Alþingi með þeim hætti að við getum átt þess von að stjórnarþingmenn hlaupi undan merkjum í hverju málinu á fætur öðru vegna þess að stjórnarandstaðan hv. hefur einhverjar þær skoðanir á málum? Þetta er mjög eftirtektarvert og lærdómsríkt.

Á hinn bóginn segi ég það efnislega um röksemdir hv. þm. og spyr einfaldlega: Ef öll þau sjónarmið sem hann lýsti í ræðu sinni til vansa fyrir upptöku vaxtaskatts eiga við á Íslandi, hvers vegna í veröldinni hafa þessi sömu vandamál ekki verið uppi í öðrum vestrænum ríkjum sem öll hafa gripið til þess ráðs að skattleggja þessar tekjur eins og aðrar?

[18:46]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart ef hv. 9. þm. Reykn. telur að ég sé að koma út úr skápnum. Það hefur lengi verið vitað að ég væri mótfallinn vaxtatekjuskatti og hann þarf ekki annað en lesa blöðin til þess sjá greinar eftir mig um það efni.

Hvað varðar það hvernig öðrum þjóðum hefur vegnað í þessu efni, þá var einmitt grundvallarforsendan í mínum málflutningi sú að sparnaður er minni hjá okkur en hjá þessum þjóðum. Þær þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að sparnaður til fjárfestingar sé að minnka í sínu atvinnulífi. Það er þess vegna sem ég er á móti þessari skattheimtu. Það er ekki á neinum grundvallarforsendum eins og ég sagði í minni ræðu. Það er vegna þess að ég tel þetta óskynsamlegt vegna þess hvaða áhrif það hefur á peningakerfið, bankakerfið og vextina sem hinn almenni borgari þarf að greiða í landinu.

En varðandi málamiðlanir, þá hef ég ekki gert neina málamiðlun í þessu máli, hvorki í mínum þingflokki né annars staðar en hins vegar sýnt ákveðið umburðarlyndi vegna þess að það var verið að reyna að ná víðtækri samstöðu um lausn í þessu máli. Sú samstaða hefur greinilega brostið og því er engin forsenda fyrir því að ég sýni málinu umburðarlyndi.

En það er reyndar ánægjulegt að hv. 9. þm. Reykn. er aftur kominn í salinn og ég held að það hefði að minnsta kosti verið fræðandi fyrir hann að vera í salnum þegar hv. formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv., hélt ræðu sína áðan og hreinlega tugtaði hv. varaformann sinn til vegna þess hvernig hann stóð sig í nefndarstarfinu og hvaða verki hann hefði skilað þar. Það hefði hins vegar verið gaman að sjá hann fara upp í andsvar við hv. formann Alþfl. til þess að verja þar gerðir sínar í nefndinni. (**RG:** Þetta er ósæmilegt. Þetta voru almennar umræður formanns.)

[18:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fengið það staðfest hér og nú að ástæðan fyrir því að hv. þm. hefur kosið að hverfa frá svonefndri málamiðlun og því að hann ætli að styðja þetta stjfrv. er sú að hv. stjórnarandstaða er með aðrar hugmyndir um leiðir í málinu. Hv. þm. sem hér stendur gerði ekki meira en það í því nefndaráliti sem hér hefur verið margrætt, að hafa fyrirvara um leiðir að þessum markmiðum. Nú hins vegar kemur það í ljós að hv. stjórnarþingmaður Árni Mathiesen samþykkti það með semingi í sínum þingflokki, en þó með fyrirvara um það að stjórnarandstaðan ætti líka að samþykkja þetta frv. óbreytt til þess að hann gæti stutt það. Þetta er orðið ákaflega kúnstugt fyrirkomulag, virðulegi forseti. Og ég spyr: Eru þetta einhver ný vinnubrögð sem við í stjórnarandstöðunni megum vænta að gildi um önnur hin stóru mál? Eru einhver þau mál eða stjfrv. sem hv. þm. eða aðrir stjórnarþingmenn hafa samþykkt í sínum þingflokki, háð þessum saman fyrirvara, nefnilega þeim að ef stjórnarandstaðan leggst gegn þeim, þá séu þeir lausir allra mála? Þetta eru algerlega glæný vinnubrögð á hinu háa Alþingi og segir kannski meira en minna um þann innri styrk sem þessa ríkisstjórn vantar þrátt fyrir hinn öfluga og stóra þingmeirihluta í þingmönnum talið, 40:23. Þetta er auðvitað spásögn um það sem koma skal þegar þetta kjörtímabil mun

líða. Upp úr þessari ríkisstjórn mun brotna innan frá og hv. ágæt stjórnarandstaða þarf auðvitað lítið að öðru leyti að hjálpa til við það þegar hún fer að molna að innan og týna tölunni og hinn stóri þingmeirihluti þeirra að verða æ minni og minni þar til öxin og sverðið falla í komandi kosningum.

[18:50]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla um það sem hv. 9. þm. Reykn. sagði um hvernig hann á von á því að ríkisstjórnin molni innan frá. Við verðum bara að sjá hvernig hans spádómar rætast. Ég deili þeim ekki með honum. En hann hefur hins vegar miklu meiri reynslu en ég af því að horfa upp á flokka molna innan frá eins og rifjað var mjög skilmerkilega upp þegar flokkur hans átti afmæli nú á dögunum. En hann hefur eitthvað misskilið mig ef hann hefur haldið að ég ætlaði að styðja upptöku vaxtatekjuskatts. (Gripið fram í.) Það hef ég aldrei sagt og mun ekki styðja vaxtatekjuskattinn. Og hvað varðar þau vinnubrögð að ekki séu allir þingmenn sammála innan stjórnarmeirihlutans og ef einn og einn þingmaður hefur aðra skoðun en meiri hlutinn, þá ætla ég að vísa til atviks á síðasta kjörtímabili þegar þáv. þingflokksformaður Alþfl. og það er held ég í eina skiptið að því er ég veit í Vestur-Evrópu að þingflokksformaður, sem í Bretlandi er kallaður „chief whip", greiði atkvæði gegn ríkisstjórn sinni.

[18:52]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nokkuð furðuleg yfirlýsing hjá hv. þm. Árna Mathiesen og ég óska eftir frekari upplýsingum um málavexti ef þingmaðurinn má vera að því að hlusta á mig.

Hér hefur hæstv. fjmrh. borið fram stjfrv. og gat ekki um neinn fyrirvara varðandi það mál. Hér kemur þingmaður í ræðustól og segist ekki styðja þetta mál, ekki efnislega og ekki formlega. Ég tel reyndar að þingmaðurinn sé ekki vel upplýstur um efnisatriði málsins og vil geta um hraðslu hans um áhrif á sparnað og fjármagnstekjuskatt. Það er vikið að því í nefndarálitinu. Það er hægt að flytja lært mál um það. Það er ekki talið beint samhengi þar á milli, en látum það vera. Þetta er að minnsta kosti ástæðulaus ótti. Það sem ég vil fá að vita, því ég tek mark á því þegar stjfrv. er borið fram, er að þingmaðurinn upplýsi mig: Ætlar hann að standa að lögfestingu þessa stjfrv. eða þeirri útfærslu sem verður eftir nefndarstörf í vor? Ef ekki, eru fleiri sama sinnis í Sjálfstfl. og hann varðandi þetta efni?

Það er nauðsynlegt að fá að vita, herra forseti, vegna málsmeðferðar og frekari umræðu, hvort hæstv. fjmrh. er að sýnast og blíðka þar með Framsfl. með framlagningu frv., en hafi aldrei ætlað sér að lögfesta skatt á fjármagnstekjur eins og maður veit að sterkar raddir eru um í Sjálfstfl. Við verðum að vita nákvæmlega hvort hér er á ferðinni blekkingarleikur eina ferðina enn, sem snýr ekki einungis að stjórnarandstöðunni sem hefur komið heiðarlega fram í málefnalegri umræðu, heldur líka að þessum ræfils Framsfl. sem er þarna með í þessu ríkisstjórnarsamstarfi, þannig að það eigi að henda þessu frv. út af borðinu með þessum vinnubrögðum í þinginu. Ég óska eftir því að hv. þm. upplýsi um stjórnarandstöðu í Sjálfstfl. varðandi þetta tiltekna frv. þannig að við getum áttað okkur á vinnubrögðum á næstu vikum.

[18:54]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala fyrir aðra en sjálfan mig. Ég hef aldrei sagt það neins staðar að ég ætli að styðja upptöku á vaxtatekjuskatti. Ég mun hins vegar styðja það í frv. sem ég tel vera til bóta og ég mun taka þátt í vinnslu þessa máls þannig að ef það stefnir í það að vaxtatekjuskattur verði samþykktur, þá mun ég reyna að koma í veg fyrir að um verði að ræða stærra slys en ella, með því t.d. að fella hugsanlegar brtt. frá stjórnarandstöðunni sem boðaðar voru í bókuninni svokölluðu sem fylgdi með nefndarálitinu. Ég held því að eftir þetta svar ætti hv. þm. Ágúst Einarsson ekki að velkjast í neinum vafa um það hver mín afstaða er í málinu.

[18:55]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svör hv. þm. voru skýr. Hann er andvígur þessu máli eins og ég gat um, bæði formlega og efnislega. Hann svaraði bara fyrir sjálfan sig. Ég bað hann hins vegar að upplýsa um afstöðu annarra þingmanna. Hann sagði réttilega að hann gæti það ekki. Hann er ekki þingflokksformaður Sjálfstfl. Ég óska hins vegar eftir því að hæstv. fjmrh. geri betur grein fyrir þessum þætti sem ég spurði hv. þm. um. Hvað mikil alvara fylgir þessu máli af hálfu hv. þm. Sjálfstfl.? Og með tilliti til framhaldsvinnubragða, þá er eðlilegt — þetta er andsvar þannig að hæstv. fjmrh. verður að koma upp við annað tækifæri, nema til að bera af sér sakir sem hann getur vafalaust gert. Það má eiginlega segja að það sé verið að bera á hann sakir. — Ég veit vel að hv. þm. Árni M. Mathiesen fellst alveg á það að þetta eru alveg réttmætar spurningar sem ég er að bera fram. Ég vil gjarnan fá að vita af hvaða alvöru þessi umræða er haldin af hálfu ríkisstjórnarinnar.

[18:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Reykn. hafði orð á því í sinni ræðu og fór reyndar nokkuð langt aftur í umræðunni um skatta og skattlagningu, að það væri eiginlega óbærilegt að leggja réttlæti til grundvallar í skattlagningu. Ég er honum gersamlega ósammála í þessu efni. Ég tel að það sem á að leggja til grundvallar í skattlagningu er einmitt réttlæti.

Álagning fjármagnstekjuskatts hefur verið lengi í undirbúningi og enn lengur í pólitískri umræðu í landinu. Almenningi er satt að segja alveg óskiljalegt að þeir sem eiga fjármagn og hafa af því fjármagni ríflegar tekjur skuli sleppa við að greiða af þeim skatt eins og verið hefur á meðan allir aðrir greiða skatta af sínum launatekjum. Við jafnaðarmenn höfum barist fyrir því árum saman að koma þessu réttlætismáli í höfn og höfum talið það eitt mesta óréttlæti þessa þjóðfélags að fjármagnstekjur skulu ekki hafa verið skattlagðar eins og aðrar tekjur.

Fátæk einstæð móðir sem vinnur baki brotnu við að framfleyta sér og börnum sínum þarf að greiða yfir 40% skatt af tekjum sínum jafnvel þó hún berjist í bökkum hvað afkomu fjölskyldu hennar varðar. Þá má alveg rifja upp að það eru ófá dæmi um það að fólk er að vinna allan daginn og tekur svo til við að skúra eða slíkt þegar kvöldar. Þá er allt tínt til og af öllu er borgaður skattur svo fremi að tekjur séu yfir skattleysismörkum. Alveg eins er með stórskuldugar barnafjölskyldur. Þær borga tekjuskatt af launatekjum sínum á meðan fjármagnseigandinn borgar engan skatt af sínum vaxtatekjum. Ég tel að þessi mismunun sé ein stærsta

efnahagslega meinsemd í íslensku efnahagslífi og að þessi meinsemd skipti þjóðinni í ólíka hópa og sundri henni.

Það voru miklar vonir bundnar við störf nefndar um fjármagnstekjuskatt sem samþykkt var í desember 1994 með samkomulagi í fyrrv. ríkisstjórn. Nú var takmarkinu loksins náð. Nú átti að gera. Það var snjallt hjá hæstv. fjmrh. að fara í herbúðir pólitískra andstæðinga og leita þar eftir foringja til að leiða nefndarstarfið. Það er óumdeilt að sá sem leiddi starfið er hæfileikamaður, en ég tel að hann hafi valið að fara þá leið að semja til þess að ná samkomulagi um frv. og semja arð inn í þetta frv. sem hefur gert það að verkum að það er óásættanlegt.

Þegar líða tók á störf nefndarinnar fóru einmitt að berast fregnir af því að ýmislegt annað góss yrði í nefndarálitinu en skattur á vexti. Þegar þetta mál lá fyrir og menn fóru að kljúfa innihaldið til mergjar, þá liggur við að manni hafi sortnað fyrir augum. Hér var ekki á ferðinni tillaga um fjármagnstekjuskatt heldur öfugt. Hér var komin fram tillaga um að aflétta skatti af fjármagnstekjum úr yfir 40% skatti niður í 10% og þetta er þungamiðja umræðunnar. Þetta hefur verið þungamiðja umræðunnar í dag og það á að staldra við þetta og stjórnarliðar eiga að horfast í augu við hvað þetta gerir. Tillagan er um að létta verulega skattgreiðslum af fjármagnstekjum, þ.e. arðtekjum, en taka á móti upp vaxtaskatt sem skili 600–800 millj. kr. upp í það gat sem lækkun skatts af arðgreiðslum býr til. Það er þarna sem réttlætinu sem ég var að tala um í upphafi máls míns er fullkomlega misboðið.

Við erum stundum að velta því fyrir okkur í þessum sal hvað skipi okkur í ólíkar fylkingar. Ég hef oft sagt að jafnaðarmannahugsunin sé lífsskoðun. Í þeirri lífsskoðun felst að þjóðfélagið sé skipulagt þannig að það verði enginn undir og að með réttlátri skattlagningu sé stefnt að því að jafna kjör. Þetta er grundvöllurinn í þeirri hugsun. Í því felst að sá sem lítið hefur borgar enga eða litla skatta, að sá sem meira hefur borgi meiri skatta og sá sem mikið hefur borgi mikið. Það er að skattlagning taki mið af greiðslugetu. Að með sköttum og tilfærslum sé búið til það stýrikerfi sem gerir unnt að skapa réttlátt þjóðfélag.

Það er mikilvægt að hafa að leiðarljósi við þessi verk að allir einstaklingar lifi með reisn og að leitast sé við að umhverfi einstaklings sé hvetjandi. Það er mjög mikilvægt að umhverfi einstaklings sé hvetandi þannig að í engu sé dregið úr drifkrafti hans til frumkvæðis, starfa og framkvæmda fyrir sitt samfélag. Þetta er mikið grundvallaratriði vegna þess að í þessu felst krafan um sanngirni og réttláta skiptingu, en það er líka krafa um að skattlagningu sé þannig háttað að hún sé ekki letjandi og að frumkvæði einstaklingsins og hæfileikar njóti sín ávallt í samfélaginu til framþróunar þess. Það er hins vegar í blóra við alla réttsýni að aflétta sköttum af þeim sem mest hafa, en það er gert með frv. ríkisstjórnarinnar.

Það eru reyndar og hafa verið mjög deildar meiningar um 10% vaxtaskatt vegna þess hve slíkur flatur skattur kemur ójafnt niður og sökum þess að ekkert frítekjumark er á þeim skatti. En það sem er versti þáttur þessa frv. er að skattur af arði er lækkaður. Þegar einstaklingur á í hlut er hann lækkaður úr yfir 40% skatti og niður í 10%. Það er sá þáttur þessa máls, ágætu þingmenn, sem er svo yfirgengilega órétt-látur og það er sá þáttur þessa máls að inn í frv. var tekin breyting á skattlagningu á arði sem hefur eiginlega sundrað þeim möguleika að ná sátt um 10% flatan vaxtaskatt sem ýmsir vildu skoða til að byrja skattlagningu þess fjármagns sem fram að þessu hefur verið óskattlagt. Þetta er mergurinn málsins. Í umræðunni í dag hefur mjög verið snúið út úr þessari staðreynd.

Ef við skoðum hver eru einkenni frv. ríkisstjórnarinnar má segja að það séu fjögur atriði. Það eru búin til tvenns konar skattkerfi, nýir aðilar munu verða skattlagðir sem hafa ekki lent í skatti áður, sveitarfélög verða skattlögð og nýting persónuafsláttar er tekin upp utan tekjuskattskerfisins. Ég ætla aðeins að staldra við þessa þætti. Fyrst það að búin eru til tvenns konar skattkerfi. Annars vegar er skattkerfi fyrir launatekjur og hins vegar fyrir fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur eru teknar út úr tekjuskattskerfinu og það er búið til um þær sérstakt skattkerfi. Þetta gerir ekki bara að flækja skattkerfið í heild heldur opnar þetta fyrirkomulag undankomuleiðir til skattsvika eins og ávallt þegar sú leið er opnuð að verið sé að flytja fjármagn á milli kerfa. Þessar tillögur gera heldur ekki ráð fyrir að allar fjármagnstekjur séu meðhöndlaðar á þennan hátt, hagnaður af einkarekstri mun áfram verða skattlagður sem laun. Þetta ákvæði er stórvarasamt og mun örugglega leiða af sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð, jafnvel svo milljörðum króna skiptir. Það er því ekki verið að tala eingöngu um mismun milli einstaklinga eftir því hvaða nafn tekjur þeirra bera heldur einnig eftir því formi atvinnurekstrar sem þeir velja sér. Þetta eru einfaldar staðreyndir en það sem skiptir máli. Það er hætt við að láta borga skatta eftir greiðslugetu því það verður marklaust ef ekki er miðað við heildartekjur.

Annað atriði sem ég nefndi sem einkenni á þessum frv. er að nýir aðilar verða skattlagðir og það er ástæða til að nefna það þannig að það sé með í umræðunni. Þessir aðilar eru t.d. líknarfélög, félagasamtök, stjórnmálaflokkar og styrktarsjóðir. Sveitarfélög verða skattlögð, sá skattur er upp á u.þ.b. 75 millj. kr. sýnist okkur og þau verða jafnframt af u.þ.b. 230 millj. kr. skatttekjum vegna sameiginlegs skattstofns með ríkinu sem nú er en verður klofinn upp. Með því að færa skatttekjurnar af arði og vaxtatekjum út úr hinum sameiginlega potti ríkis og sveitarfélaga og gera þær að sérskattstofni fyrir ríkissjóð er verið að rýra tekjur sveitarfélaganna alls um um u.þ.b. 300 millj. kr.

Hjá félmrh. kom fram í umræðunni fyrr í dag að hann upplýsti að eftir viðræður við Samtök sveitarfélaga hefði hann ákveðið að beita sér í þessu máli þó við vitum reyndar ekki hvað út úr því kemur.

Í fjórða lagi nefndi ég nýtingu persónuafsláttarins en með því að hafa vaxtatekjur inni í skattkerfinu nýtist persónufrádráttur á eðlilegan hátt, þ.e. hann nýtist á móti sköttum. Nýting persónuafsláttar á móti vaxtaskatti, sem ákveðinn er utan kerfisins, hefur því óeðlileg áhrif auk þess að vera mjög flókinn og erfiður í framkvæmd, einkum með tilliti til þess að þarna er möguleiki á millifærslu á persónuafslætti milli maka, þ.e. persónuafsláttur verður millifærður bæði milli maka og milli kerfa. Það er ástæða til að skoða þann þátt nokkuð vel.

Alvarlegustu gallarnir á frv. ríkisstjórnarinnar eru þó fyrirsjáanlegt tekjutap sem það hefur í för með sér. Það virðist einkum vera tvennt sem þar kemur til. Annars vegar breyting rekstrarforms margvíslegs einkarekstrar í einkahlutafélagaformið eins og komið hefur fram í umræðunum í dag til að losna undan hærri skattgreiðslum. Það hefur verið upplýst að það megi reikna með að þetta séu tekjur sem á árinu 1994 námu um 22 milljörðum kr. og skiluðu u.þ.b. 7 milljörðum kr. í skatttekjur það ár. Með því að lækka skattlagningu á þessar tekjur úr yfir 40% niður í 10% verða skatttekjurnar

lækkaðar samsvarandi. Hér lítur því út fyrir að það verði um milljarða gjöf að ræða frá ríkissjóði til einstaklinga í rekstri og fjármagnseigenda.

Það er hins vegar svo að heimildarákvæðið, sem felst í 6. gr. ríkisstjórnarfrv., heimilar að greiða skattfrjálsan arð út úr fyrirtækjum miðað við nafnverð að viðbættum ónýttum rétti til útgáfu jöfnunarhlutabréfa og með heimild til að hækka þessa heimild árlega miðað við breytingu á verðbreytingarstuðli. Hér er um að ræða miklar fjárhæðir sem framvegis verða ekki skattlagðar og munu upphæðir skipta hundruðum milljarða kr. Þá má ekki gleyma því að með samþykkt þessa lagafrv. er verið að létta skattlagningu af söluhagnaði. Hlutabréf sem seld eru, svo dæmi séu tekin, og eru seld á margföldu nafnverði hafa verið skattlögð sem nemur mismuninum að teknu tilliti til ónýttra heimilda skattstjóra. Hér getur verið um verulegar fjárhæðir að ræða jafnvel svo milljörðum skipti.

Virðulegi forseti. Mig langar af þessu tilefni að taka eitt dæmi sem varðar þær breytingar sem verða ef frv. það sem nú hefur verið lagt fram sem stjórnarfrv. verður lögfest. Við skulum hugsa okkur stórt hlutafélag og auðvitað eru þau nöfn sem ég nota tilbúningur. Stórt hlutafélag ABC hf., hélt nýlega aðalfund og birti ársreikninga. Hluthöfum var greint frá ónýttri heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa en hún er í tilfelli þessa fyrirtækis 50% á nafnverð en heildarnafnverð hlutabréfa er 370 millj. kr. Við skulum taka dæmi eins eiganda og kalla hann Jóhann. Jóhann á 12% í félaginu en það er að nafnvirði 44 millj. kr. Samkvæmt gildandi lögum getur ABC hf. borgað út 10% skattfrjálsan arð sem væru þá 37 millj. kr. samtals af hlutabréfaeign fyrirtækisins. En með hækkunarheimild sem verður samkvæmt frv., sem við erum að ræða, hækkar grunnurinn úr 370 millj. kr. í 550 millj. kr. og skattfrelsi útborgaðs arðs hækkar um 18 millj. kr. úr 37 millj. í 55 millj. kr. Við þetta lækka skattgreiðslur ABC hf. um 6 millj. kr. af því að ABC fyrirtækið hefði greitt 33% af 18 milljónunum sem nú fara beint út í arð. Þar eru 6 millj. sem koma ekki lengur til ríkisins. En Jóhann sem á 44 millj. kr. fengi 4,4 millj. kr. í arð samkvæmt gildandi lögum. En hann fengi 6,6 millj. kr. eftir að við værum búin að breyta lögunum og lögfesta það frv. sem hér er. Samkvæmt gildandi lögum mundi Jóhann greiða 2,4 millj. í skatt af 4,4 millj. sínum en eftir breytingu samkvæmt þessu frv. mundi Jóhann aðeins greiða 360 þús. kr. Þannig mundu skattgreiðslur Jóhanns til ríkisins lækka um liðlega 2 millj. kr. Þetta er afskaplega gott fyrir Jóhann en það var ekki þetta sem stefnt var að með hrópum okkar í þessum þingsal á liðnum árum um að setja lög um skatt á fjármagnstekjur. Aldeilis ekki.

Þetta dæmi er einfalt og skýrt. Ég tek fram, virðulegi forseti, að ég hef ekki reiknað þetta sjálf en góður reiknimeistari hefur gert það og ég fullyrði að þetta dæmi er rétt. Ég er hneyksluð á þessu. Þarna fara miklar upphæðir, 4,8 millj. sem er aflétt með breytingu á meðferð arðs, beint í vasann. Ég hlýt að spyrja þingmenn og ég hlýt að spyrja þjóð mína: Hvað er verið að gera í krafti samræmingar? Ég veit að hæstv. fjmrh. er einhvers staðar að hlusta á ræður okkar þó hann sé ekki í salnum. Ég er svo sem ekki með neinar spurningar til hans í ræðu minni annað en að það væri áhugavert að heyra viðhorf hans til þess að þetta sé eitthvað sem hægt sé að réttlæta.

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan rifja það upp að þegar samkomulag var gert um kjaramál að kröfu verkalýðshreyfingarinnar á sínum tíma gerði hún kröfu um að það yrði unnið frv. um 10% vaxtaskatt. Undirrituð settist í þá nefnd og sú nefnd hafði verkefnið að útfæra á skýran hátt frv. um 10% vaxtaskatt. Ég lærði ýmislegt þá. Meðal annars að þessi skattur — það er rétt hjá hv. þm. Árna Mathiesen að þessi skattur leggst mjög fljótt á og það er einfalt að leggja hann á í bönkum og sparisjóðum sem flatan skatt sem leggst á allt vegna þess að það á ekki að aflétta bankaleynd. Við vitum að samkvæmt könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum reyndust almennir launamenn, börn og aldraðir eiga stærstan hluta bankainnstæðna. Skatturinn sá hefði skilað 100–150 millj. fyrsta árið en síðar, þegar skattur á vexti verðbréfa hefði farið að skila sér, mátti búast við að hann skilaði 600–700 millj. í ríkissjóðs sem ég get ímyndað mér að sé hlutfallslega sú sama upphæð og verið er að tala um í sambandi við þetta frv. Innheimtuaðilar skattsins hefðu orðið allmargir, bankar, sparisjóðir, verðbréfasalar, allir á landinu og skattur á vexti langtímabréfa hefði ekki skilað sér fyrr en að loknum líftíma þeirra, t.d. af húsbréfum en nú er lánstími þeirra reyndar mun lengri en 25 ár. Eftir þá yfirferð var ég ófeimin að lýsa því yfir við minn þingflokk að ef þetta frv. kæmi inn á Alþingi ætti ég afar erfitt með að styðja það. Þó var það eingöngu um þennan flata vaxtaskatt. Okkur hafði verið fengið það verkefni að útfæra skatt sem verkalýðshreyfingin gerði kröfu um og hin ólíku sjónarmið okkar í nefndinni komu vissulega fram þegar nefndarálit var skilað. Mig undraði ekki að frv. skyldi aldrei koma fram á Alþingi vegna þess að þegar búið var að lýsa hvað í því fælist var ég sannfærð um að verkalýðshreyfingin hefði fallið frá að keyra það fram. Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, að hér hafi verið endurvakin upp einhvers konar draugur með því nefndarstarfi sem átt hefur sér stað og með þessu ofurkappi sem lagt hefur verið á 10% vaxtaskatt. Ég vil halda því fram að það hefði eflaust verið reynt af ýmsum að ná sátt um það af því að fólk vildi byrja að taka skref í fjármagnstekjuskatti til að ná máli hingað inn og til að ná lögfestingu á einhverju skrefi. En það að draga inn í þetta frv. lækkun á arði er svo alvarlegt mál að allir sem skoða það af einhverri einlægni hljóta að hugsa sig um áður en þeir vilja keyra þetta mál fram. En fjármagnstekjuskatt viljum við fá, við viljum setja hann í lög, virðulegi forseti. Enginn skal því skilja orð okkar og gagnrýni þannig að við viljum tefja það mál. Að öðru leyti vísa ég til frv. okkar sem mun fá umfjöllun annað kvöld.

[19:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem ég vildi koma inn á. Hún gat um það að meginmarkmiðið sé að umhverfi skattalaga sé hvetjandi fyrir einstaklinga, það megi ekki draga úr frumkvæði. Þetta er yndislegt vegna þess að hv. þm. gerir ekki ráð fyrir því að breyta skattlagningu á hlutafé og söluhagnaði af hlutafé sem er virkilega þess eðlis að það letur menn til fjárfestingar, það letur menn til að taka áhættu og hreinlega bannar mönnum að taka þátt í áhætturekstri. Þannig er það í dag. Tökum dæmi um mann sem kaupir hlutabréf í tveim fyrirtækjum, segjum í nýsköpun, fyrir 100.000 kr. í hvoru fyrir sig og annað tapast. Þá er ríkið ekki með. Segjum að hitt fyrirtækið gangi vel og hann geti selt hlutabréfið með tvöföldum hagnaði eftir tvö til þrjú ár. Þá er það skattlagt að fullu. Og þessu ætlar hv. þm. að halda áfram. Þegar maðurinn stendur eftir með 200.000 kr. eftir tvö til þrjú ár er það eina sem hefur breyst það að hann er með sömu upphæðina í tekjur, sömu eignina. En hann á að borga skatt af 100.000

kr. tekjum, þ.e. 42.000 kr. Hann tapar á þessu og auðvitað gera menn þetta ekki. Það gerir þetta ekki nokkur maður. Þannig að núverandi kerfi er mjög letjandi til þátttöku í atvinnurekstri og þessu á ekki að breyta samkvæmt vilja hv. þm.

Enn einu sinni verð ég var við þann misskilning að sjálfstæðir atvinnurekendur geti farið út í það að misnota kerfið. Ég útskýrði rétt áðan að þeir geta það ekki. Ef þeir vilja fá þann arð skattfrjálsan sem þeir borga sjálfum sér út, þurfa þeir að hafa tífalt meira hlutafé bundið í fyrirtækinu. Þeir þurfa að hafa 10 millj. bundnar til að geta fengið milljón kr. arð skattfrjálsan, annars borga menn fyrst 33% skatt af fyrirtækinu sem er skattlagning hagnaðar fyrirtækisins og síðan 10% vegna launþegans eða þess sem á þetta. Það er verra fyrir manninn að fara þá leiðina heldur en að hafa þetta bara sem sjálfstæðan atvinnurekstur og geta dregið frá skatti 4% iðgjald í lífeyrssjóð o.s.frv. Skattlagning er lægri með þeim hætti að borga sér út sín laun heldur en fara í gegnum fyrirtæki. Ég skil ekki af hverju maður þarf að heyra aftur og aftur um það að menn munu misnota þetta svona.

[19:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hve hv. þm. Pétri H. Blöndal hefur verið í mun að svara næstum hverjum einasta ræðumanni stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Vörn hans varðandi fjármagnstekjur og hvernig með þær er farið er með svo miklum ástríðuþunga að það er næstum því óviðfelldið að einmitt þessi ágæti þingmaður, sem mér líkar ágætlega við, skuli vera svo ákafur talsmaður þessa máls. Hann er ergilegur yfir því að við vekjum athygli á að það er hægt að flytja fjármuni á milli kerfa. Mig langar að benda á mjög mikilvægan hlut, ef tími minn leyfir. Það hafa orðið gífurlegar breytingar hjá rekstraraðilum, t.d. einyrkjum, sem hafa farið í eignarhlutafélög. Þegar menn voru að velta fyrir sér í vetur skattgreiðslum í götunni sinni og upp úr kafinu kom að launamenn ríkisins voru milljónamennirnir en þeir með neysluna og eignirnar borguðu ekkert kom einmitt í ljós að þeir nýttu sér eignarhlutafélagaformið. Þeir greiddu sér lág laun og skráðu jafnvel hús og bíla á fyrirtækin. Að vísu þurfti að borga einhvern hlunnindaskatt en þeir gátu tekið greiðslu út af höfuðstól og farið það frjálslega með fjármagnið að þegar upp var staðið voru skattgreiðslur til ríkisins mjög lágar. Það er erfitt að fjalla um slíka hluti í ræðustól Alþingis en ég skal með glöðu geði setjast niður á morgun með hv. þm. Pétri H. Blöndal og fara yfir þau dæmi sem ég settist yfir með fagaðila frá skattinum til að kanna hvernig svona skattgreiðslur verða til. Þegar ég brýndi fyrir hæstv. fjmrh. í dag að breyta skattskránni þannig að hún yrði gagnsæ og sýndi tilurð tekna og þar með tilurð skattgreiðslna sem eru sumar fáheyrðar, fáheyrðar á þann veg að þær eru svo lágar miðað við neyslu fólks, var ég einmitt að vísa til þess sem ég lærði við þessa skoðun á þessum vetri. Hins vegar er okkar frv. þess eðlis að það sýnir miklu breiðari skattstofn og við munum að sjálfsögðu ræða það annað kvöld og hv. þm. gefst tækifæri til að ræða það frv. við okkur í framhaldsumræðum á fimmtudag.

[19:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er orðið erfitt að gera stjórnarandstöðunni til hæfis. Hún kvartar undan því að stjórnarþingmenn séu ekki mættir, taki ekki þátt í umræðunni og nú er kvartað undan því að ég taki of mikinn þátt í umræðunni. Þetta er orðið dálítið erfitt. Málið er það að ég átti þátt í þessari nefnd sem fulltrúi míns flokks og þar tók ég marga rimmuna og rispuna um það hvernig þessari skattlagningu skuli hagað. Ég er ekkert hlynntur þessari skattlagningu eins og hún liggur fyrir, alls ekki. Ég get tekið undir margt af því sem hér hefur komið fram af gagnrýni. En þessi niðurstaða er málamiðlun og mesta deilan var einmitt við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni um það hvort það ætti að leggja skatta á raunvexti eða nafnvexti, hvort ætti að hafa vaxtagjöldin frádræg eða ekki. En það er einu sinni þannig að þegar ég er búinn að taka þátt í svona málamiðlun þá stend ég við hana, öfugt við aðra sem voru í nefndinni. Það finnst mér dapurlegt, en það lýsir betur þeim en mér.

Varðandi það að menn misnoti kerfið til skattsvika vildi ég gjarnan ræða við hv. þm. um það í góðu tómi að þessi dæmi sem eru nefnd verða ekki lengur raunhæf þegar nýi skatturinn er kominn á. Þau eru til staðar í dag. Í dag er mögulegt, eins og ég gat um, bæði að hreinsa arð af skatti, hreinsa leigutekjur af skatti og hreinsa eignir af sköttum. Og þetta nefndi ég í nefndinni. En eftir að þessi skattlagning er komin á er það eina sem stendur eftir skattfrelsi spariskírteina. (**Gripið fram í:** Þú verður að reikna betur.) Það held ég ekki, ég er bara að fara í gegnum þetta og við fengum sérfræðinga til að reikna þetta. Það er alltaf er verið að tala um að einstaklingar í sjálfstæðum atvinnurekstri muni misnota þetta. Að mínu mati er það er rangt.

[19:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal er einn af þeim fulltrúum stjórnarflokkanna sem er mjög duglegur að taka þátt í umræðum. Hann tekur mjög mikinn þátt í þingstörfum þó ég hafi sjálf aldrei haldið því fram að þingstörf í sal séu mælikvarði á þingstörf þingmanna. En miðað við það hefur hann staðið sig mjög vel fyrir hönd síns flokks. Ég lasta það ekki og ég lasta það heldur ekki að hann er í umræðunni í dag. Ég vek bara athygli á þeim ástríðuhita sem hann hefur lagt í málið og það vekur sum okkar kannski dálítið til umhugsunar.

Varðandi það þegar hann vísar til nefndarstarfsins vil ég bara árétta að fulltrúar bæði Alþfl. og Alþb. gerðu mjög vel grein fyrir afstöðu sinni í dag varðandi afgreiðslu mála úr nefndinni. Það kom m.a. fram hjá Bryndísi Hlöðversdóttur, og ég var undrandi að heyra það, að þeim hefði borist til eyrna að verið væri að endurskoða tekjuskattskerfið í annarri nefnd og þar var auðvitað stjórnarandstaðan ekkert með. Þessi ofuráhersla á að stjórnarandstaðan hefði komið að nákvæmlega þessu frv. hefur gert það að verkum að það er eins og það sé smáleikrit í gangi með framlagningu þess og það hvernig tekið hefur verið á þessu máli. Fulltrúar okkar, Alþfl. og Alþb. hafa mjög vel og skilmerkilega gert grein fyrir afstöðu sinni og ég hef sjálf komið inn á það að að margra áliti hefði verið ásættanlegt að skoða 10% vaxtaskatt, þótt flatur sé. Væntanlega er það af því að menn þurftu að semja um einhverja niðurstöðu, ekki við okkur í stjórnarandstöðu heldur við aðra, sem þeir tóku inn arðinn. Þetta er mál sem verður að horfast í augu við. Hins vegar tek ég eftir því að hv. þm. áréttar það að hann var ekkert hlynntur þessari skattlagningu. Ég er ekkert hissa á því. Hann er að ergja sig yfir því að við séum að tala um einhvern undandrátt. Við skulum ekki gleyma því að venjulegi launamaðurinn sér umsvifin, eignirnar, neysluna og reksturinn hjá nágranna

sínum og þegar hann skoðar skattamálin eru greiðslur hans allar löglegar. Það er því ekki einu sinni hægt að tala um skattsvik heldur eru það tækifærin sem sumum gefst til að hagræða tekjum sínum eins og best hentar sem gilda. Og það er verið að gefa slík tækifæri eins og ég sýndi fram á með dæmi sem ég fór skýrt og skilmerkilega í gegnum.

[19:28]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Í upphafi málsins vék hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að því að ég hefði ekki viljað gæta réttlætis í skattlagningu. Það er algjör mistúlkun á mínum orðum. Það sem ég hins vegar sagði var að það væri afar erfitt að gæta réttlætis í skattlagningu, þar orkar svo margt tvímælis. Það hefur margsinnis í fortíðinni ekki verið gert og að réttlæta einn tiltekinn skatt með því að hann sé sérstakur réttlætisskattur er þar af leiðandi ekki skynsamlegt samanborið við annað sem við höfum gert. Við verðum að láta það sama gilda um allt og því er afar erfitt fyrir okkur að endurskoða alla skattalöggjöfina í ljósi þessa réttlætis sem verið er að tala um varðandi vaxtatekjuskattinn. Í máli mínu lýsti ég því jafnframt hvernig þetta réttlæti kæmi fram í væntanlegum vaxtahækkunum á bankalánum til hins almenna borgara. Þar er réttlæti í málinu ekki að finna að mínu mati.

[19:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að eiga nein frekari orðaskipti við hv. þm. Árna Mathiesen. Ég hlustaði mjög vel á ræðu hans og e.t.v. hefur hann ekki gert sér grein fyrir því hvernig orð hans virkuðu á okkur hin. Hann dró fram hvernig óréttlæti hefði einkennt skattlagningu alveg frá því að verðbólgan geisaði og lét þau orð falla að það væri nú kannski erfitt að finna réttlæti og þyddi ekkert að vera að vísa til þess. Það gaf mér tilefni til að punkta niður orð hans og nota þau í inngangi ræðu minnar. Þau orð skipta reyndar ekki svo miklu máli vegna þess að það er bjargföst afstaða mín að réttlæti skuli liggja að baki skattlagningu.

[19:30]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað fer það eftir hugarástandi hvers og eins hvernig hann vill skilja þau orð sem falla hér. Ég get ekkert að því gert þótt hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skilji orð mín öðruvísi en ég hafði ætlað áheyrendum að skilja þau. Hins vegar finnst mér verra ef eitthvað af því sem hún hefur sagt í ræðu sinni skiptir ekki máli. Við reynum yfirleitt á hv. Alþingi að segja það sem skiptir máli. Ég held að við gerum öll þær kröfur til sjálfra okkar. Ef það er bjargföst trú hennar að það eigi að byggja þetta mál sem önnur á réttlæti, sem ég vona að sé rétt skilið hjá mér í afstöðu hennar, þá er ég sannfærður um að hún er á villigötum með það frv. sem hún ætlar að styðja og formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa kynnt því að þar mun óréttlætið verða enn þá meira en hægt er að segja að það sé í því frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

[19:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alrangt hjá þingmanninum að það sem ég hafði að segja í ræðu minni skipti ekki máli. Fyrir mig skipti hvert einasta orð máli í afstöðu minni. Það sem ég sagði var að orð þingmannsins og afstaða hans og útskýringar á afstöðu hans til réttlætis í skattamálum skiptu mig ekki máli vegna þess að það er bjargföst afstaða mín að réttlæti eigi að liggja til grundvallar. Við skulum hafa þetta skýrt.

[19:32]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Allir skattar orka tvímælis og erfitt er að kortleggja áhrif þeirra. Oft og tíðum hefur annað komið í ljós en menn ætluðu. Hér hefur í dag talað mikill frelsari í skattamálum, hv. 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson. Ég hef séð hann boða nýja skattatrú á Alþingi og koma í gegn heilum lagabálkum um breytingar. Ég hygg eftir á að fróðlegt væri að rifja þann boðskap upp og hvernig hann gekk eftir. Ég minnist þess að þessi hv. þm. barði staðgreiðslukerfið áfram sem ráðherra. (**Gripið fram í:** Það gengur vel, það hefur reynst vel.) Gengur vel en launþegarnir eru snauðari á eftir. Sem ráðherra barðist hv. þm. fyrir virðisaukaskatti og ég man eftir að hann taldi á fingrum sér og sagði áhrif af þessum tveimur gjörðum yrðu þær að skattsvik heyrðu sögunni til á Íslandi. Skattsvik hafa að sögn fróðra manna aldrei verið meiri en í dag.

Eins og hér hefur komið fram hefur þessi hv. þm. staðið að jaðarsköttum og síðasta ríkisstjórn ber þar mikla ábyrgð. Ég vil segja um þennan skatt eins og marga aðra að hann orkar tvímælis. Ég vil þó strax lýsa því yfir að ég tel það mjög eðlilegt og hef talað fyrir því í flokki mínum að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp. Það væri mjög eðlilegt að fjármagnið ekki síður en vinnan eða eignirnar, sem væru að skila einstaklingunum tekjum, sætu við sem líkast borð. En skattar hafa því miður líka það lögmál að þeir vilja hækka og vondir skattar, sem settir eru á til skamms tíma, búa við það lögmál að þeir vilja haldast og jafnvel hækka líka og vara að eilífu. Amen. Þannig hefur nú því miður verið.

Við getum séð hvernig tekjuskatturinn í staðgreiðslunni hefur þróast, kominn upp í 42%. Við getum séð hvernig virðisaukinn hefur þróast, orðinn 24,5%. Framsfl. stöðvaði á dögunum að hann færi í 25%. Það er alltaf auðvelt að hækka skatta en það skilar ríkissjóði ekki alltaf miklu. Ég minnist þess að á síðasta kjörtímabili var tekjuskattur á fyrirtækjum lækkaður. Hvað þýddi það? Það þýddi að ríkissjóður fékk meira inn á eftir. Auðvitað geta skattar orðið of háir og þá leitar fólkið sinna leiða.

Ég vil segja eins og hæstv. félmrh. af því að ég sá það nál. sem hér hefur verið rætt um að ég var sama sinnis og hann að hér væri merkileg pólitísk staðreynd á ferðinni þar sem stjórn og stjórnarandstaða hefðu náð saman um mál. En því miður verður að segjast eins og er að stjórnarandstaðan hefur í dag með mjög ómerkilegum hætti gert menn sína að ómerkingum. Ég vil lesa til áréttingar lesa, með leyfi forseta, hluta af þeirri bókun sem hér er og hljóðar svo:

„Í ljósi þess sem að ofan greinir skrifa undirrituð undir nefndarálitið og telja það ásættanlegt með vísan til bókunar þessarar en áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og almennrar þjóðfélagsumræðu — sem og þeir stjórnmálaflokkar Alþfl., Alþb., Þjóðvaki og Kvennalisti sem þau eru fulltrúar fyrir í nefnd um fjármagnstekjuskatt, þar með að styðja brtt. sem til bóta geta talist en sættast á og styðja niðurstöður nefndarálitsins að þeim frágengnum."

Skýrari getur gjörðin ekki verið og það sem meira er að þessi bókun og þessi gjörð gekk til allra þingflokkanna. Þingflokkar stjórnarandstöðunnar fjölluðu um þetta mál, blessuðu gjörðir manna sinna og sögðust fylgja því. En þeir voru eins

og Njáll forðum því að þeir tóku sér leyfi til að verða vitrari ef betri tillögur kæmu fram. (**Gripið fram í:** Hann var Sunnlendingur.) Hárrétt, hv. þm., og Njáll á Bergþórshvoli var til fyrirmyndar í löggjafastörfum. (**Gripið fram í:** Það endaði nú ekki vel hjá honum.) En þarna flýja stjórnarandstöðuflokkarnir frá og gera menn sína að ómerkingum og eru á flótta.

Hæstv. forseti. Ég hafði efasemdir í þingflokki mínum um að málið væri fullkomið. Ég dró fram ýmsar efasemdir þegar þingflokkurinn var að fjalla um málið. Mér fannst einfaldleikinn að vísu tiltölulega góður í málinu en það var tvennt sem hræddi mig. Það var að lífeyrissjóðirnir skyldu ekki sitja við sama borð og kem ég nánar að því og það var að hlutabréfaeigendur væru að hagnast á málinu. Enn fremur hræddi það mig alveg geysilega þegar ég sá hverjir sátu í nefndinni. Ég fann að varnarmaður litla mannsins, sem á sitt saklausa fé í banka, var vart til staðar. Formaður nefndarinnar var Ásmundur Stefánsson. Það er langt síðan hann var í ASÍ. Hann hefur fyrir löngu gengið Mammoni á hönd. Hann er einn af æðstu bankastjórum Íslandsbanka og hugsar sjálfsagt öðruvísi. (**Gripið fram í:** Ert þú líka hjá Mammoni?) Ég er aðeins óbreyttur bankaráðsmaður. Ég er að tala um einn af þeim sem stjórna fjármálum einkaframtaksins, Íslandsbanka. (**Gripið fram:** Þeir heyra nú yfir bankastjórana.) Hygg ég nú að skoðanir hans hafi þarna ráðið nokkru fyrir utan hitt að ég sá að nefndarmenn voru skipaðir í þeim anda að þeir mundu gæta mjög hagsmuna lífeyrissjóðanna og hlutabréfaeigenda. Þar er Ásmundur Stefánsson, þar vil ég nefna Björn Grétar Sveinsson, þar vil ég nefna hv. þm. Pétur H. Blöndal, þar vil ég nefna Þórarin V. Þórarinsson. Hygg ég að það hafi komið í ljós að þeir hafi ráðið nokkuð ferð um hvernig málið þróaðist. Ég er því ekki fullkomlega sáttur við frv. eins og það lítur úr og hefði vel getað hugsað mér eins og stjórnarandstaðan að leita að betri tillögum en standa að málinu, fjalla um það hér með þinglegum hætti bæði í þinginu og í þeirri nefnd sem það fer í og reyna að fullkomna málið í störfum Alþingis. En mér finnst lítilmótlegt af stjórnarandstöðunni að flýja frá málinu, gera menn sína að ómerkingum. Þeir hafa lagt fram allt önnur frv. Þeir boðuðu eins og ég las hér áðan að þeir gætu fylgt brtt. og komið með brtt. en þeir eru komnir með heilu frv. og að mínu viti hafa þeir sundrað að töluverðu leyti þeim möguleika að menn nái utan um þetta mál því þetta er mjög viðkvæmt mál.

Ég vil enn fremur fara yfir nokkur atriði. Það er engin vafi í mínum huga að sparnaður í þjóðfélaginu er mjög mikilvægur og hinn almenni sparnaður þarf að eiga sér stað og það þarf að venja fólk á að spara peninga frá unga aldri. Eins og hér hefur komið fram í umræðunni í dag var sparnaður hér orðinn nánast enginn fyrir verðtryggingu en hefur vaxið mjög síðan. Hygg ég að þetta þjóðfélag væri illa statt eða verr statt ef menn hefðu ekki náð því fram að stöðva brunann á sparifé landsmanna. En ég minntist á að þarna væri það sem ég óttaðist að lífeyrissjóðirnir eiga ekki að sitja við sama borð. Lífeyrissjóðirnir með allt sitt fé ... (**Gripið fram í:** Litla mannsins.) Litla mannsins, en eigi að síður gífurlegt fé, fé sem í dag er í vaxandi samkeppni við peninga sem bankakerfið ræður yfir. Segja má að á síðustu árum hafi orðið mjög merkileg þróun. Við skulum hugsa til þess að árið 1987 réði hinn kerfisbundni sparnaður eða lífeyrissjóðirnir yfir 90 milljörðum. Þá réði bankakerfið eða hinn frjálsi sparnaður einnig yfir 90 milljörðum. Árið 1991 réðu lífeyrissjóðirnir yfir 217 milljörðum en bankakerfið yfir 201 milljarði. Árið 1995 var þróunin orðin sú að lífeyrissjóðirnir réðu yfir 314 milljörðum en bankakerfið yfir 250 milljörðum. Þessi mismunur á eftir að aukast á næstu árum. Lífeyrissjóðirnir eru komnir út á hinn almenna markað og í vaxandi mæli taka þeir stærstu og bestu viðskiptavinina af bankakerfinu. Það sem ég óttast mest í þessu máli ef frv. fer svona fram og verður að lögum er að þarna muni myndast hyldýpisgjá. Og að það muni einnig gerast að almenningur muni fremur vilja verja peningum sínum með öðrum hætti en að spara þá inni í bankakerfinu. Það gæti þýtt að vextir mundu hækka á Íslandi. Þá væri verr farið en heima setið ef það yrði afleiðing af málinu en vissulega gæti leitt af sér.

Þá tek ég undir með þeim manni sem ég minntist í upphafi ræðu minnar, hv. 9. þm. Reykv. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að þá væri verr farið ef skuldug fyrirtæki og skuldugir húsbyggjendur sætu eftir með hærri vexti en áður.

Við skulum líka velta fyrir okkur hverjir eiga peningana í bankakerfinu. Hverjir eru það í meginatriðum? Yfir 60% af sparifénu í bankakerfinu eiga þeir sem eru 60 ára og eldri og hafa lagt þá þar fyrir sjálfum sér og sínum til hjálpar. Ég finn það núna þrátt fyrir tiltölulega háa vexti á bestu bókum bankanna, sem eru kannski þó ekki nema 5–6% raunvextir, að margur kvartar undan að þeim þyki vaxtagreiðslur lágar. Þannig að ég gæti óttast það að þegar ríkið færi að taka 10% þá mundi þessi flótti með einhverjum hætti eiga sér stað og þetta fólk vildi verja peningum sínum í annað sem er kannski einmitt óskyggja þeirra nefndarmanna sem mér finnst að hafi látið hjarta sitt slá hér fremur með hlutabréfamarkaðnum en hinum frjálsa sparnaði í bankakerfinu. Og þetta leiðir af sér að við hækkum jaðarskatta á eldra fólki.

Hitt er líka vert að íhuga við þetta mál að menn mega ekki ana í það þannig að allir tapi á því. Tíminn í dag segir t.d. frá því að vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækkuðu um 16% í fyrra og voru 12,4 milljarðar. Og segir frá enn fremur að 1,4 millj. kr. fari í vexti á hverri klukkustund hjá ríkinu. Nú er þarna um að ræða að hluta til erlendar skuldir en að hluta til innlendar. Og hér er talað um að þessi skattur muni skila ríkissjóði kannski 600–700 milljónum til að byrja með og kannski meira síðar. En það gæti farið svo að ríkið stæði eftir og hefði tapað á tiltækinu. Þess vegna vil ég nú trúa því að miðað við þann vilja sem kom fram í starfi nefndarinnar að þingnefndin muni fara mjög vel yfir þetta og þingflokkarnir og menn reyni að ná saman um skynsamlegar tilfærslur eða lagfæringar á frv. Það er enginn vafi í mínum huga að útfærslan er ekki eins og hún á að vera. Mér finnst, því miður, eins og ég gat um í mínum þingflokki og hef hér nefnt, að þeir sterku sem aðallega eiga peninga í bréfum græði stórlega ef þessar tillögur ná fram en hinir gætnu sparendur sem eru að leggja lítið fyrir í hverjum mánuði og eiga sitt í bankakerfinu muni gjalda og verði að gjalda skattmanni allt sitt og gott betur, jafnvel eins og komið hefur fram í dag, ekki bara 10% af vöxtunum heldur froðuna líka. Er þar vert að sjá ef maður skoðar ákveðna bók að 12% verðbólga hirðir alla vextina af ákveðnu formi. Þannig að ég tel að þingið standi frammi fyrir því að málið hefur dálítið sundrast. Það hefur ekki fallið alveg nógu heppilegan farveg. Stjórnarandstaðan hefur með ómerkilegum hætti hlaupið frá því ... (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Það segir hér allt hv. þm. í bókunum — og stjórnarliðar margir ekki sannfærðir.

Ég vil ljúka máli mínu með að trúa því að Alþingi hafi enn tíma til þess að færa þetta mál í betri búning og geti náð fram skynsamlegum fjármagnstekjuskatti þar sem allir fjármagnseigendur sitja við sama borð og það slys gerist

ekki að við séum að hygla milljarðaeigendum stórlega. Ég vil ekki að hagsmunum sparifjáreigenda og bankanna verði fórnað því ég geri mér grein fyrir því að ef þetta fer illa, verða vextir að hækka í bankakerfinu og þá fer illa fyrir mörgum.

Ég lýk ræðu minni, forseti, með þeim orðum að þingflokkarnir og nefndin fari á ný yfir þetta mál og þingið reyni sem heild að ná saman um svona viðkvæmt en viðamikið og mikilvægt málefni.

[19:51]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála lokaorðum seinasta hv. þm. og formanns bankaráðs Búnaðarbankans ... (**Gripið fram í:** Nei, ekki bankaráðs.) Nei, fyrrverandi — um að það væri æskilegt að þingið reyndi að ná niðurstöðu um málið. En hv. þm. vék að mér í upphafi málsins og nefndi sem dæmi þau verk mín sem fjmrh. að koma á staðgreiðslukerfi skatta með 29,5% álagningarprósentu, 6% útsvarsprósentu og mjög háum persónuafslætti og skattfrelsismörkum. Ég fullyrði að þar með var komið í framkvæmd einhverri þeirri réttarbót fyrir launþega á Íslandi sem verkalýðshreyfingin hafði barist fyrir hvað lengst. Síðan eru nú nokkrir fjmrh. og því miður er myndin önnur, komin í 42,94% auk þess sem persónuafslátturinn hefur ekki haldið í við verðlagsþróun. Frv. mitt var um 22% virðisaukaskatt á breiðum stofni, undanþágulaust. Skattsvik á Íslandi hafa ekki aukist af þeim völdum. Formaður Framsfl. harmaði það alla daga þegar tekinn var upp tveggja þrepa virðisaukaskattur með undanþágum. Og það má benda á að tekjutap ríkissjóðs af því var á núvirði rúmir 4 milljarðar. Það er hallinn á ríkissjóði og kannski hefði hann einhver áhrif til lækkunar skatta. Hv. þm. lagði síðan að lokum til að það ætti að tvískattleggja lífeyrissjóði. Það er nú það varasamasta sem frá honum kom. En hann mætti hugsa til þess sem fyrrverandi bankaráðsformaður að við höfum skattfrelsi á vexti og háa vexti. Samt sem áður er sparnaðurinn hér minni en í flestum öðrum löndum.

[19:53]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. taldi gjörðir sínar í staðgreiðslu og virðisaukaskatti réttarbót. Ég er svo sem ekkert að sakast við hv. þm. Ég studdi þá ríkisstjórn sem hann var í en ég minnti á þetta mál. Ég er sannfærður um að því miður hafa launþegar á Íslandi verið fátækari síðan. En ég minnti hér á í upphafi hvernig hv. þm. hafði talið á fingrum sér að skattsvik tileyrðu sögunni. Nú ætla ég ekki að kenna hv. þm. um það því ég tel að það þurfi að fylgja virðisaukaskattslögunum vandlega eftir.

Hvað lífeyrissjóðina varðar og að tvískattleggja þá. Auðvitað er ég ekki talsmaður þess að tvískattleggja þá en mér finnst þar sem þeir eru orðnir svona nýtt bankakerfi og eru úti á markaðnum og eru að eignast Ísland má segja — hv. þm. kannast við þau orð. Þeir eru að ná til sín stærri og stærri sneið af þjóðarauðnum — að það verði að fara mjög vandlega yfir það að lífeyrissjóðirnir sem eiga þessa 314 milljarða og stefna í að eiga hvað líður 400 milljarða, sitji við sama borð og annað peningakerfi í landinu.

[19:55]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagðist hafa lýst efasemdum sínum um stjfrv. í umræðum í þingflokki sínum. Það er sjálfsagt að meta umhyggju hans fyrir hag sparifjáreigenda því ég hygg að það sé rétt sem komið hefur fram í þessum umræðum, að hér er verið að fórna hagsmunum sparifjáreigenda fyrir skattívilnanir til tiltölulega fámenns hóps stórra fjármagnseigenda sem eiga umtalsvert hlutafé. Þá er á það að benda af því hv. þm. nefndi hina íþyngjandi jaðarskatta, að það frv. sem hann þrátt fyrir allt ber ábyrgð á sem stjórnarþingmaður mun valda tekjutapi fyrir ríkissjóð en ekki skapa honum tekjur. Þar með brestur bogi þeirra stjórnarliða. Ef forgangsmálið ætti að vera það að létta skattbyrði þeirra sem verst eru leiknir í núverandi skattkerfi, þeirra sem bera hina hæstu jaðarskatta, er ekki hægt að nota tekjurnar af þessum svokallaða vaxtatekjuskatti því þær verða engar og minni en engar til þess að ráða bót á því. Ég átti kannski von á því að hv. þm. hefði minnst þess, þegar hann lýsti efasemdum sínum, að hann hefði rifjað upp kosningaloforð þeirra framsóknarmanna í seinustu kosningum. Það er alveg víst að þeir lofuðu þá aldrei neinum manni að það yrði þeirra forgangsmál að lækka skatta á þeim sem eru efnamestir í þessu þjóðfélagi.

[19:56]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Framsfl. lofaði því ekki að lækka skatta á hátekjumönnum og honum ber að gera það ekki. En ég vil segja við hv. þm.: Þetta frv. er ekki orðið að lögum. Við getum enn varið hag sparifjáreigenda. Við getum enn náð saman um þetta frv. Hv. þm. hefur hlaupið frá því sem varaformaður hans gerði í þessu máli. Þeir stjórnarandstæðingar sem tóku þátt í þessu fóru með þetta mál fyrir sína þingflokka og þar var það blessað. En öðruvísi hefur farið, því miður, þannig að mér finnst að stjórnarandstaðan hafi brugðist. En ég vil trúa því að við deilum ekki um þetta mál eins og hér hefur verið gert í dag heldur reynum að ná saman um það á nýjan leik og þá með öllu skynsamlegri hætti en frv. ber með sér.

[19:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það skipti mestu máli í þeirri umræðu sem hefur farið fram að hv. þm. Guðni Ágústsson, einn af þingmönnum Framsfl. hefur lýst því yfir að hún hafi m.a. haft þau áhrif á hann að hann að telur rétt að málið verði skoðað að nýju. Með öðrum orðum, þær ábendingar og þær brtt. sem fram hafa komið við þessa umræðu hafa gert það að verkum að þessi hv. þm., eini þingmaður Framsfl. sem hér hefur tekið til máls, hefur komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi að skoða málið betur. Og það er vel. Að sömu niðurstöðu höfum við stjórnarandstæðingar komist og það er boðað í bókun fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Menn hafa sagt: Af hverju er það ekki flutt sem breytingartillögur við frv. ríkisstjórnarinnar? Það er einfaldlega vegna þess að aðkoma stjórnarandstöðuflokkanna að málinu er svo gerólík að það verður að flytja breytingartillögur stjórnarandstöðuflokkanna sem sérstakt þingmál en ekki sem breytingartillögur við mál ríkisstjórnarinnar. Það sem er gert er því nákvæmlega það sem boðað var í bókun fulltrúa stjórnarandstæðinga í nefndinni þó svo að breytingartillögur stjórnarandstæðinga verði að flytja eðli málsins samkvæmt á sérstöku þingskjali.

[19:59]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega er það rétt hjá hv. þm. að umræðan í dag hefur haft áhrif á skoðanir þess er hér stendur. Hann gat þess enn fremur að ég hefði haft athugasemdir.

Í fyrsta lagi óttaðist ég hvernig nefndin var skipuð og að hún mundi bera meira fyrir brjósti hagsmuni hlutabréfanna og lífeyrissjóðanna en hins litla sparanda í bankakerfinu. Þessi rök hafa komið fram þannig að mér er ljúft að lýsa því yfir að þetta mál er ekki orðið að lögum og ég vil ná í *þessu máli sem skynsamlegastri niðurstöðu sem raskar sem* minnst peningamarkaði á Íslandi og má aldrei verða til þess að vextirnir hækki.

[20:00]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta stutta svar hans við andsvari sem hann flutti áðan. Af því tilefni get ég ekki látið hjá líða að benda á að þessi hv. þm. hefur setið í allan dag og hlustað á þann málflutning sem hér hefur farið fram og myndað sér skoðanir, m.a. á grundvelli hans og þeirrar afstöðu sem hann tilkynnti að hann hefði áður haft í sínum flokki. Hvernig má það svo vera, virðulegi forseti, að þeir sem um málið eiga að fjalla í efh.- og viðskn. að tveimur mönnum undanskildum skuli láta sig hafa það að vera fjarverandi alla umræðuna í dag því að þessi hv. þm., Guðni Ágústsson, á því miður ekki sæti í þeirri þingnefnd sem á að fjalla um málið. Hins vegar hefur hann vegna þess að hann hefur setið hér í allan dag og fylgst með málefnalegum umræðum komist að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að skoða málið að nýju sem hann lýsti áðan. Það hefði betur farið ef formaður þeirrar nefndar sem á að fjalla um málið og þingflokksformaður hv. þm. Guðna Ágústssonar sem á einnig sæti í nefndinni hefðu eins og hann setið hér í allan dag og hlustað á málflutning manna því að sjálfsagt hefði *mátt gera ráð fyrir að þeir hefðu komist að sömu niðurstöðu* og hv. þm. Guðni Ágústsson, enda ekkert síður greindur vel en aðrir framsóknarmenn, að þessi málflutningur gæfi tilefni til þess að ætla að það þyrfti að skoða málið að nýju.

[20:02]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega hef ég setið hér í allan dag en eins og ég gat um fór ég vandlega yfir þetta frv. bæði meðan það var í þingflokknum og síðan og hef skoðað það faglega með hinum færustu mönnum á sviði peningamála þannig að ég óttast að hag hins almenna sparenda í bankakerfinu sé ógnað eins og frv. lítur út um þessar mundir. Hitt er annað mál að það hafa fleiri en ég setið hér og fylgst með þessari umræðu og hér er nefndarmaður Framsfl. í efh.- og viðskn., hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, en ég vil segja að mér finnst stjórnarandstöðunni til vansa hvernig hún hefur hlaupið frá málinu. Hún hefur skipt um skoðun og hlaupið frá málinu og er nú því miður á flótta og hún torveldar það að þingið geti náð saman á þeim stutta tíma sem það á eftir um svo stórt mál.

[20:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að taka til máls vegna ummæla síðasta hv. þm., Guðna Ágústssonar, þrátt fyrir að ég hafi verið átalinn fyrir að taka of mikinn þátt í umræðu um. Það er vegna þess að hann gat þess að varnarmaður litla mannsins hefði ekki verið til staðar í nefndinni sem um málið fjallaði. Þetta er dálítið ómaklegt gagnvart þeim aðilum sem *þarna tóku þátt og ég verð að segja að nefndin fór mjög mikið* í gegnum það hvernig skatturinn kæmi við þá sem eiga lítið sparifé, sérstaklega í bönkum. Niðurstaðan varð sú að nýta persónuafsláttinn til þess að lækka skattbyrðina en vandinn sem við stóðum frammi fyrir var sá að til þess að hægt væri að hafa frítekjumörk yrði að aflétta bankaleyndinni og það vildu menn ekki. Menn tóku það því í kaupbæti að hinn litli sparifjáreigandi yrði látinn borga þennan skatt. Svo er það að sjálfsögðu á valdi bankaráða að hækka vextina þannig að þeir sem hafa a.m.k. lægstu vextina á reikningana sína haldi eigninni.

Við skulum gefa okkur eftirfarandi dæmi og biðja hv. þm. að svara því. Gefum okkur að maður eigi 10 millj. Hann er nýbúinn að selja íbúð eða eitthvað slíkt og hann ætlar að leggja það í banka. Þá fær hann 5% vexti, þá eru vextirnir núna 500 þús. kr., skattfrjálsar. Ef hann kaupir fyrir það hlutabréf og fær arð borgar hann 155 þús. kr. í skatt og heldur eftir 345 þús. Ef hann kaupir fyrir það hlutabréf og selur það með 5% hagnaði eftir árið borgar hann 210 þús. kr. í skatt og heldur eingöngu eftir 290 þús. Það er því verulegur munur á því hvernig menn fjárfesta í dag og það er akkúrat niðurstaða nefndarinnar að hætta að mismuna mönnum eftir því hvernig þeir spara. Spurningunni er beint til annarra líka sem hafa verið að tala um að það sé verið að hygla þeim sem eru með mikinn arð að í dag er þeim hyglað sem hafa mikla vexti.

[20:05]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt sinn var hv. þm. Pétur Blöndal ungur og róttækur maður sem talaði fyrir því að 2% vextir, líklega útlánsvextir, væru það hámark sem atvinnulífið gæti borið. Nú segir hann að bankaráðin geti hækkað vexti en því miður, vextir á Íslandi eru of háir og valda vandræðum í atvinnulífi þannig að sitthvað stangast á.

Hafi ég sagt að maður litla mannsins hefði ekki verið til staðar í nefndinni viðurkenni ég að þeir menn sem eiga að bera hagsmuni launþega fyrir höndum voru í nefndinni. En ég hef því miður fyrir löngu fundið að þegar kemur að *því að velja á milli fólksins og lífeyrissjóðanna slær hjarta* verkalýðsleiðtoganna ávallt lífeyrissjóðamegin og ég held að það hafi gerst í þessu máli. Þess vegna hafi kannski þeir sem ég gat um að eru lífeyrissjóða- og hlutabréfamenn leitt fram þá niðurstöðu sem varð að veruleika.

Ég ætla ekki að fara út í útreikninga við hv. þm. enda ekki jafnreiknilöggur og hann.

[20:07]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi tekið á málinu af yfirvegun og á þinglegan hátt. Hann sagði að það yrði að skoða málið betur og hefur áhyggjur af útfærslu stjfrv. og ég er sammála honum í mörgum af þeim atriðum.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að þetta frv. gengur á hagsmuni sparifjáreigenda og hagsmunir stórra hluthafa eru látnir víkja og það er sömuleiðis alveg rétt að í nefndarálitinu endurspeglast hagsmunir þessara stóru hluthafa og lífeyrissjóða framar öðrum hagsmunum.

Hins vegar er kannski annað alvarlegra í þessu máli. Við höfum heyrt í umræðunni að ýmsir sjálfstæðismenn vilja drepa þetta frv. Sumir hafa lýst í umræðunni beinlínis andstöðu við það og nú er hin pólitíska spurning, sem hv. þm. Guðni Ágústsson stendur frammi fyrir, þ.e. hvort *framsóknarmenn ætla að reka af sér slyðruorðið í* þessu ríkisstjórnarsamstarfi og hvort þeir ætli að standa að því að lögfesta fjármagnstekjuskatt á þessu vori í þeirri útfærslu sem þingnefnd og þingið kemst þá að. Menn geta þá greitt

atkvæði um útfærslu þegar að því kemur ef menn finna ekki samstöðu. En hér er brýnt og hér liggur fyrir hin pólitíska áskorun: Ætlar Framsfl., hv. þm., að lyppast niður í þessu máli eins og fjölmörgum öðrum málum í vetur og ekkert sé að marka orð þessara manna, hvorki hér í þingi né fyrir síðustu kosningar, eða ætla menn að reyna, sem ég veit að hv. þm. hefur burði til, að þoka málinu áleiðis gegn hagsmunum ýmissa í þjóðfélaginu sem endurspeglast í stjfrv.?

[20:09]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að Framsfl. lyppist niður í hverju málinu á fætur öðru. Þetta eru ýkjur og það er rangt. En það er alveg skýrt að ríkisstjórnin hefur það á stefnuskrá sinni að hér verði tekinn upp fjármagnstekjuskattur og hún hefur það á stefnuskrá sinni að það skuli gert fyrir næsta fjárlagaár. Sem þingmaður í flokki mínum geri ég auðvitað kröfur til þess að Framsfl. og Sjálfstfl. nái saman um þetta mál og ég kysi eins og efni stóðu til að þingið næði saman um svona viðkvæmt mál. Ég held að það skipti miklu máli.

Auðvitað gerum við of mikið af því í mikilvægum málum að skipta þinginu upp í stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn. Í svona stórum málum eigum við að vinna saman. Ég er því þeirrar skoðunar að málið sé því miður í nokkurri hættu um þessar mundir, bæði hvernig það er komið fram, hvernig það hljóðar og hvernig það hefur farið í umræðunni í dag. En ég vona að betri tímar komi og að við náum saman um að það verði tekinn upp fjármagnstekjuskattur sem raskar sem minnstu í þessu þjóðfélagi.

[20:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsfl. hefur mjög þurft að láta undan í stjórnarsamstarfinu. Það er hægt að minna á heilbrigðismál, húsnæðismál og mörg fleiri mál. Ég ætla ekki að hirða um það. Ég bendi hins vegar á að nú reynir á hvort menn ætli að framfylgja þessu kosningaloforði og stefnumáli ríkisstjórnarinnar um að löggilda fjármagnstekjuskattinn.

Ég bendi hv. þm. á að fram hefur komið formleg og efnisleg andstaða þingmanna Sjálfstfl. Það er augljóst hvað margir sjálfstæðismenn vilja gera. Þeir vilja draga þetta mál niður. Við sjáum virðingu Sjálfstfl. gagnvart þessari umræðu. Fjmrh. er ekki viðstaddur umræðuna nema endrum og eins. Að vísu er öllum orðið sama um það hvort hæstv. fjmrh. er viðstaddur umræðuna eða ekki en það lýsir ákveðnu viðhorfi gagnvart málinu. Ég tel þetta vera mjög brýnt mál. Ég tel að Framsfl. gæti haft vissa samstöðu með hinum stjórnarandstöðuflokkunum með tilliti til forsögu sinnar og finni þessu máli eðlilegan og góðan farveg. Ég heiti á hv. þm. að taka málið til þannig umræðu í þingflokki Framsfl.

[20:12]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þau frumvörp sem eru hér til umræðu eru illa unnin, bæði að formi og efni, og ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að forminu sjálfu sem frumvörp þessi byggja á.

Í 1. mgr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er svofellt upphafsákvæði sem skýrir tillgang þeirra laga, með leyfi forseta:

„Staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanna á tekjuári."

Í því frv. sem hér er lagt fram um skattlagningu vaxtatekna er hins vegar blandað saman annars vegar endanlegu greiðsluuppgjöri lögaðila og hins vegar bráðabirgðagreiðslum einstaklinga í staðgreiðslukerfi. Ég þekki ekkert dæmi um slíkt og ég vildi gjarnan að hv. þm. Pétur Blöndal væri viðstaddur því að hann er sá eini í þinginu sem hefur gengist við þessu frv. og faðerni þess því að hæstv. fjmrh. hefur verið víðs fjarri og látið eins og þetta sé a.m.k. ekki miklu meira en stjúpbarn hjá sér í þinginu en hv. þm. Pétur Blöndal hefur hagað sér eins og sá sem valdið, frumkvæðið og ábyrgðina ber.

Eitt af undirstöðuatriðum í skattalögum á að vera og er hvarvetna ákvæði um eftirlitshlutverk skattyfirvalda, aðgang þeirra að upplýsingum og viðurlög við brotum. Í því frv. um vaxtatekjuskatt, sem hér hefur verið lagt fyrir, er hvergi gert ráð fyrir því að skattstjórar geti sannreynt skattskil. Ég finn þar hvergi ákvæði sem heimilar skattstjórum að kalla eftir upplýsingum og engin ákvæði um viðurlög. Ég sé ekki hvernig hægt er að framfylgja refsingu eða koma henni fram fyrir brot á ákvæðum laganna.

Svo að við tökum mjög ákveðið dæmi um það hvað ég er að ræða þá eru í 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ákvæði sem heimila t.d. skattstjórum að krefjast upplýsinga um arðgreiðslur og húsaleigutekjur til þess að þeir geti fylgst með því að rétt skattskil séu þar á gerð. Eftir að skattmeðferð arðgreiðslna og húsaleigubóta hefur verið breytt, ef frv. þetta verður samþykkt, eru engin ákvæði sem tryggja skattyfirvöldum lengur að geta fengið upplýsingar eða krafist upplýsinga um arðgreiðslur og húsaleigutekjur, og hvernig skyldi þá ganga um skil til ríkisins á skatti af þeim greiðslum? Ef ég hefði tíma mundi ég líka gjarnan vilja fara í gegnum frv. grein fyrir grein því að annað eins klúður í lagasamsetningu hef ég sjaldan séð. Til þess að taka eitt dæmi vil ég beina athygli hv. þm. að 2. mgr. 7. gr. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sú fjárhæð sem reiknast skv. 3. mgr. skal vera endanleg álagning á fjármagnstekjur. Skulu engin önnur opinber gjöld, sem reiknuð eru á tekjuskattsstofn, leggjast á þessar tekjur. Sömuleiðis skulu tekjurnar ekki taldar til tekjuskattsstofns við útreikning tekjuviðmiðunar barnabótaauka samkvæmt lögum þessum eða til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsaleigubætur eða öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum. Um afdrátt skatts af vaxtatekjum og arði samkvæmt þessari málsgrein skulu á tekjuárinu gilda lög um staðgreiðslu skatts af slíkum tekjum samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í þeim lögum."

Nú spyr ég: Hver hefur samið þetta? Hvað þýðir þetta? Þetta var eins og í gamla daga þegar menn voru að reyna að brjótast í gegnum Hegel og töldu sig vera búna að skilja þegar kom niður blaðsíðuna en þá kom neitunun efst á blaðsíðunni ef maður fletti við. Hver hefur samið þessi ósköp?

Ég hef því miður ekki tíma til að fara mjög nákvæmlega í saumana á formsatriðum frv., þ.e. hvernig frá þeim er gengið, en það er illa unnið. Það setur framkvæmdaaðila í stórvanda. Eftirliti með skattskilum verður ekki við komið og það er eins og þetta hafi verið unnið í sem mestri fjarlægð við alla þá sem fjallað hafa um skattamál í íslensku stjórnkerfi og eiga að tryggja að frumvörp, sem eru lögð fram um skatta-

mál séu framkvæmanleg, það sé hægt að hafa eftirlit með þeim og þau séu á mannamáli sem tjái skilning á því sem þar er hugsað. Ég geri þá kröfu til þeirrar nefndar sem fær þetta mál til sín að hún kalli eftir umsögnum þeirra aðila í skattkerfinu sem eiga að framkvæma þessi ósköp eins og frá frv. er gengið af hálfu Péturs Blöndals og félaga. Ég geri þá kröfu, herra forseti, að leitað verði til þeirra sem eiga að sjá um framkvæmdina á málinu og fengin umsögn þeirra og ég leyfi mér að fullyrða að þeir sömdu þetta ekki. Það er dálítið merkilegt til þess að vita eftir allar þær langlokur sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur haft uppi um skattamál áður en hann var kjörinn til þings að fyrsta þingmál sem hann ber ábyrgð á um skattamál, sem lagt er fram á Alþingi Íslendinga, skuli vera vitlausasta skattafrv. sem ég hef séð í þau rúmlega 20 ár sem ég hef setið hér. Ekki vegna þess endilega að efnið sé svo vitlaust, heldur vegna þess að málið er svo illa unnið, lýsir slíkri handarbakavinnu og er svo óskýrt að í hnúkana tekur.

Frumvörp þau sem hér eru rædd eru ekki frumvörp um skattlagningu fjármagnstekna heldur um lækkun skatta á arðgreiðslum til stóreignamanna og ef þau verða samþykkt er það stærsta gjöf sem Alþingi Íslendinga hefur nokkurn tíma fært stóreignamönnum í landinu og mig langar til þess að taka nokkur dæmi. Dæmin sanna að vísu ekki en dæmi skýra.

Í fyrsta lagi eru um 18 þúsund einstaklingar í landinu sem eiga hlutabréf. Allflestir þeirra eða um 16 þúsund af þessum 18 eru smáhluthafar og eru með hlutafjáreign svo lága að þeir þurfa ekki að borga skatt af arði af hlutabréfum sínum. Nokkur hundruð einstaklinga af þeim 18 þúsund, sem hér eru taldir, eiga hins vegar miklar eignir. Þeir hafa af arði af þessum eignum sínum hingað til þurft að borga 44%. Nú á að breyta þessu, og hvernig? Það á að lækka skattgreiðslur þessara nokkur hundruð stórefnamanna af tekjum af hlutabréfum sínum úr 44% niður í 10%. En það á að taka alla litlu mennina sem eiga smávegis af hlutabréfum í eigu sinni undir skattleysismörkum og skattleggja þá um 10%. Hverjum er verið að hjálpa? Það er verið að hjálpa nokkur hundruð stóreignamönnum á kostnað mörg þúsund manns sem á óverulegar eignir í hlutabréfum.

Tökum annað dæmi. Það hefur komið fram að samanlagðar reiknaðar tekjur og hreinar uppgefnar tekjur þeirra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur mynda álagningarstofn upp á um 21 milljarð kr. Samkvæmt gildandi lögum er greiddur tekjuskattur á milli 7 og 8 milljarða kr. af þessari eign. Verði umrætt frv. að lögum er möguleiki á því að hægt sé að breyta þessu fyrirkomulagi og greiða aðeins um einn fjórða af því í skatta sem menn hafa hingað til þurft að greiða af þessum tekjum. Hv. þm. Pétur Blöndal skilur ekki að það sé hægt. Það er mjög einfalt.

Setjum sem svo að hv. þm. sé einn af þessum aðilum og reki t.d. tannlækningastofu. Hann getur hæglega lagt þær eignir fram ásamt jeppanum sínum og tækjum til stofnunar einkahlutafélags og síðan leigt þær eignir út til annars einkahlutafélags sem sér um rekstur tannlæknastofunnar, greiðir viðkomandi fyrra einkahlutafélagi leigu fyrir þá verðmætu muni sem viðkomandi hefur aðgang að. Sá sem leigutekjurnar fær getur hvort sem hann vill lagt þær inn í banka eða enn frekar keypt verðbréf vegna þess að verðbréfavextir gjaldfalla ekki fyrr en á innlausnardegi mörgum árum síðar og losnar þannig við að greiða verulegan hluta af þeim skattgreiðslum sem hann gerir í dag. Ef hv. þm. skilur þetta ekki, þá get ég bent honum á nokkra endurskoðendur sem eru að undirbúa nákvæmlega þetta fyrir fólk. Ég trúi því ekki að maður sem er jafn vel að sér í því hvernig eigi að reka fyrirtæki með árangri og hagnast á því og hv. þm. Pétur Blöndal skuli ekki vita hvernig þetta er gert.

Við skulum taka þriðja dæmið. Það er sagt að verið sé að reyna að jafna aðstæður manna. Gera menn sér grein fyrir því að hjón sem hafa allar tekjur sínar af arði, vöxtum eða leigutekjum hafa samkvæmt þessum frumvörpum skattlausar tekjur 5,7 millj. kr. á ári. Skattleysismörk fjölskyldna eða hjóna, sem hafa tekjur af hlutafjáreign og arði, söluhagnaði og leigu, eru 5,7 millj. á ári. Það er ekki fyrr heldur en tekjurnar ná yfir 5,7 millj. á ári sem sú fjölskylda eða þau hjón fara að greiða skatt. Finnst mönnum ekki nokkur munur á því, virðulegi forseti, og skattleysismörkum venjulegs fólks sem hefur aðeins tekjur af vinnu sinni?

Við skulum taka dæmi úr raunveruleikanum og vita hvort hv. þm. kannast við það. Fyrirtæki nokkurt, sem er hlutafélag og ég ætla ekki að nefna, og er að hálfu leyti eign 10 einstaklinga hefur samkvæmt opinberri skráningu uppgefið í gengi hlutabréfa í fyrirtækinu á sex- til sjöföldu nafnverði. Ef þessir 10 einstaklingar ætluðu að „realísera" eign sína í dag og selja þessi bréf sín mundi söluhagnaður þeirra nema 850 millj. kr. Miðað við gildandi skattalög þyrftu þeir að greiða 300 millj. þar af í tekjuskatt. Ef frumvörp ríkisstjórnarinnar verða samþykkt breytist þetta á einni nóttu. Hvernig? Eignin minnkar ekki, verðið á hlutabréfunum lækkar ekki, en það er skatturinn sem lækkar úr 300 millj. kr. í 80 millj. þannig að á einni nóttu er verið að færa þessum 10 einstaklingum 220 millj. kr. að gjöf í skattlausri eign verði þessi frumvörp samþykkt auk þess hagræðis sem þeir munu njóta í einkaskattlagningu vegna arðgreiðslna. 220 millj. til 10 einstaklinga á einni nóttu með þessari breytingu í hreina gjöf. Hverjum er verið að hjálpa? Er það litla manninum?

Við skulum taka enn annað dæmi úr raunveruleikanum. Nafnvirði hlutabréfa takmarkar nú þann arð sem greiða má skattfrjálst. Samkvæmt frv. verður gerð breyting á því og ekki miðað við nafnverð heldur svonefnt jöfnunarverð. Til er starfandi fyrirtæki á Íslandi, hlutafélag, sem er með nafnverð hlutabréfa sinna upp á einn milljarð kr. og getur nú greitt að hámarki 100 millj. í skattfrjálsan arð. Með þessari breytingu hækkar skattfrjáls arðgreiðsluheimild í 200–300 millj. kr. á ári, með öðrum orðum hún tvö- til þrefaldast. Það hefur þau áhrif að fyrirtæki sem við núgildandi skattalög greiðir 50 millj. kr. í tekjuskatt lækkar tekjuskattsgreiðslu niður sínar í 6 milljónir. Og þeir eigendur sem fá greiddan arð eftir breytinguna hagnast líka á því um mikla fjárhæð hver og einn. Fyrir hvern er verið að gera þessa breytingu?

Hv. þm. og þeir sem mæla fyrir þessu frv. segja líka að hér sé verið að taka upp staðgreiðslu á vexti. Það er ekki rétt því að eins og ég sagði áðan eru nær öll verðbréf, skuldabréf ríkissjóðs, skuldabréf sveitarfélaga og bankabréf ekki seld með vaxtaákvörðunum heldur með afföllum. Af þeim verðbréfum er enginn staðgreiðsluskattur vaxta greiddur því að hann gjaldfellur ekki fyrr en á innlausnardegi sem getur verið mörgum árum síðar þannig að á hvað virkar staðgreiðslan? Hún virkar fyrst og fremst á banka- og sparisjóðsinnstæður einstaklinga og hverjir eru það sem eiga banka- og sparisjóðsinnstæður? Það er að miklum meiri hluta almennt launafólk með launareikninga sína, börn sem eru að safna, gamalmenni og lífeyrisþegar. Það eru þeir sem eiga að borga staðgreiðsluna en ekki þeir sem eru með verðbréfaeign.

Við skulum taka enn eitt dæmi úr raunveruleikanum. Það er talsvert um að eignir ýmiss konar félaga og félagasamtaka, t.d. sóknarnefnda eða kirkjusókna og ýmissa félaga séu geymdar í bönkum eða sparisjóði á nafni sjóðshaldara. Nú verður framkvæmdin þannig að það er tekinn skattur, vaxtaskattur að sjálfsögðu, af vöxtum af þessum inneignum. Ef sjóðshaldarinn er hins vegar með ónýttan persónuafslátt, gjaldkeri sóknarnefndarinnar eða sjóðshaldari félagsins, fær hann prívat og persónulega sendar endurgreiðslur í tékka frá skattyfirvöldum á þeim vaxtaskatti sem félagið sem hann veitir forstöðu eða hefur fjársýslu fyrir hefur greitt. Þannig er þetta. Menn segja nei. Hæstv. fjmrh. segir nei. Ég fullyrði hið gagnstæða og ég bið hæstv. fjmrh. sem ekki vill gangast við faðerninu að þessu frv. að afla sér upplýsinga hjá starfsmönnum skattkerfisins um það hvort rangt sé með farið.

Þetta þýðir líka að t.d. foreldrar sem eiga börn eldri en 16 ára sem ekki hafa atvinnutekjur, eru t.d. í skóla og hafa því ónýttan persónuafslátt, geta losnað undan vaxtaskatti sem ónýttum persónuafslætti nemur með því einfaldlega að flytja bankainnstæður sínar yfir á nafn barna sinna í bönkum og sparisjóðum og nýtt sér þannig ónýttan persónuafslátt barna sinna ef þau svo kjósa. Ég er því hræddur um að það verði skrýtið upplitið á þeim sem eiga að framkvæma umrædd frumvörp verði þau að lögum.

Herra forseti. Tíma mínum er að verða lokið. Ég ítreka að frumvörpin sem hér eru lögð fram eru ekki bara stórgölluð að inntaki. Inntak þeirra er það eitt að létta stórkostlega byrðum af þeim sem eiga umtalsverðar eignir í formi hlutabréfa eða hafa umtalsverðar tekjur vegna eignaumsýslu eða útleigu húsnæðis. Form frumvarpanna eins og þau eru kynnt á Alþingi er þess eðlis að það er ekki gert ráð fyrir eftirlitshlutverki skattyfirvalda, aðstöðu skattyfirvalda til að krefjast upplýsinga eða aðstöðu skattyfirvalda til að koma fram viðurlögum. Þetta þarf að athuga í þeirri nefnd sem málið fær til umfjöllunar.

[20:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þess eftir að hafa hlýtt á umræður í dag að gera með örfáum orðum grein fyrir afstöðu minni til málsins og jafnframt draga fram nokkur atriði sem mér finnst hafa fallið í skuggann, atriði sem eru samhljóða niðurstaða nefndar þeirrar sem vann að undirbúningi málsins. Mér finnst að það hafi nokkuð gleymst að halda þeim atriðum til haga sem nefndin varð sammála um þannig að það væri þá gott jafnvægi í umræðunni og menn væru ekki að rökræða út frá öðrum forsendum en þeim sem aðilar eru ósammála um og það lægi ljóst fyrir um hvað menn eru sammála.

Ég vil segja í fyrsta lagi almennt um það mál að koma á fjármagnstekjuskatti, að það hefur lengi verið baráttumál flokks míns. M.a. síðast þegar sá flokkur átti aðild að ríkisstjórn var reynt að knýja á um það mál en tókst ekki vegna andstöðu í öðrum flokkum. Þegar svo er komið að náðst hefur niðurstaða sem felur það í sér að fulltrúar allra þingflokka skrifa undir það að þeir muni fylgja þeirri niðurstöðu sem varð, þá tel ég alveg einboðið af minni hálfu að standa við þá niðurstöðu og stuðla að því að frv. þetta verði að lögum. Ég tel að öðrum kosti væru menn að gera lítið úr sinni skoðun fram til þessa ef menn vildu grípa það tækifæri sem nú hefur gefist til að koma á fjármagnstekjuskatti. Það þyrftu að vera afbrigðilegar ástæður fyrir því að leggjast gegn málinu nú. Það þyrftu að vera einhverjar þær ástæður að málið væri þannig búið að það væri svo slæmt að það væri ekki með nokkru móti hægt að una því. Að mati fulltrúa allra flokka er málið ekki það slæmt, þó það sé að mati fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna gallað og þeir vilji sjá á því breytingar, þeir leggjast ekki gegn því að málið verði afgreitt og verði að lögum. Þetta er rétt að árétta m.a. vegna margra sérkennilegra ræðna sem ég hef heyrt í dag frá þingmönnum Alþfl. sem mér finnst satt að segja alveg með endemum í þessari umræðu, að þingflokkarnir eru sammála um þessa niðurstöðu.

Hér hefur verið mikið rætt um það og ýmsir ræðumenn tekið það fyrir að skilgreina og gera grein fyrir þeim atriðum sem menn eru ósammála um. Ég ætla ekki að bæta neitt betur um það. Það talar hver fyrir sig í þeim efnum. En ég vil draga fram nokkur atriði sem allir fulltrúar í þessari nefnd voru sammála um og mér finnst vera til bóta, þó að ég taki líka undir það með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í þessari nefnd og þar með talið fulltrúum Alþb., að á málinu eru auðvitað gallar. Ég dreg enga dul á að mér þykir eitt og annað í málinu eins og það er búið vera öðruvísi en ef ég réði einn um frágang málsins. En það er bara ekki þannig að skoðanir mínar eða flokksbræðra minna og systra séu einar uppi. Við ráðum ekki málinu einir og við verðum því að leita samkomulags til að ná málinu fram. Samkomulag þýðir að menn verða að víkja frá ýmsu sem þeir vilja og sætta sig við eitthvað af því sem aðrir vilja.

Ég vil fyrst nefna það atriði sem fram kemur á bls. 42, atriði sem öll nefndin stendur að. Ég bið menn að taka eftir því. Það fellur ekki undir bókun stjórnarandstöðufulltrúanna. Ég ætla að byrja á bls. 42 en þar segir, með leyfi forseta:

„Skattlagning vaxtatekna felur í sér aukið samræmi í skattlagningu tekna. Auk þess stuðlar hún að tekjujöfnun þar sem tekjuhærri og efnameiri einstaklingar hafa alla jafnan meiri vaxtatekjur en hinir tekjulægri.“

Með öðrum orðum er það álit nefndarinnar að það að taka upp þennan vaxtatekjuskatt stuðli að jöfnun. Og það þykir mér jákvætt markmið sem ég hygg að a.m.k. stjórnarandstæðingar séu tilbúnir að standa á bak við.

Þetta sjónarmið kemur líka fram á bls. 25, þar sem rætt er um hvort hafa eigi sérstakt frítekjumark fyrir vaxtatekjur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef allir njóta sérstaks frítekjumarks vegna vaxtatekna fá þeir sem hafa mestar vaxtatekjur hæsta frádráttinn.“

Þarna er sama skoðun sett fram, þ.e. að það að taka upp skattinn sé tekjujafnandi aðgerð sem með öfugum formerkjum þýðir að ef menn ætla að hafa afslátt, þá njóta þeir mest af afslættinum sem þegar hafa mest af þessum tekjum.

Annað atriði er á bls. 42. Það fjallar um áhrif skattsins á einstaklinga með lágar tekjur og litlar fjármagnstekjur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig leggur nefndin til að heimilt verði að nýta persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Við það má ætla að verulegur hluti einstaklinga með lágar tekjur og litlar fjármagnstekjur greiði engan fjármagnstekjuskatt þegar upp er staðið.“

Þetta er álit nefndarinnar allrar.

Þá vil ég benda mönnum á annað atriði sem mér finnst líka athyglisvert í niðurstöðum nefndarinnar. Á bls. 5 segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að mismunun í skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna hafi unnið gegn æskilegri og nauð-

synlegri eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum og staðið þeim fyrir þrifum. Það getur skipt sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að fólk fjárfesti í hlutafé."

Þetta er álit nefndarinnar allrar. Enn fremur segir í framhaldi af þessu, með leyfi forseta: „Af þessum ástæðum er mikilvægt að allar fjármagnstekjur einstaklinga séu skattlagðar með svipuðum hætti."

Með öðrum orðum kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að það sé nauðsynlegt að hafa skattlagninguna með svipuðum hætti á fjármagnstekjur og þetta hafi mikil áhrif á uppbyggingu í atvinnulífi. Þetta er áréttað líka á öðrum stað í þessu áliti, á bls. 43, en þar segir einmitt um samræminguna á skattlagningunni eftirfarandi, með leyfi forseti:

„Nefndin telur að sú samræming sé ófrávíkjanleg forsenda fyrir traustri eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og öflugri uppbyggingu atvinnulífsins, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum."

Þetta er líka samhljóða álit allrar nefndarinnar. Ég ætla ekki að fara að gera lítið úr þessum sjónarmiðum og tel mig ekki hafa fengið fram nein þau rök í umræðunni í dag sem bera þessi atriði til baka. Þessi atriði ættu að styðja menn og styrkja í því að standa á bak við þá málamiðlun sem hefur náðst án þess þó að menn afsali sér þeim rétti að reyna að ná fram breytingum á henni eins og tekið er fram skilmerkilga í bókun fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna.

Ég vil líka benda á eitt atriði enn sem mér finnst athyglisvert vegna þess að það hefur verið í umræðunni töluvert ágreiningsefni. Það er álit nefndarinnar á því hvort það eigi að vera sameiginlegt frítekjumark eða hvort það eigi að vera hvert frítekjumarkið fyrir sína tegund af fjármagnstekjum. Það segir á bls. 8 í þessu áliti, með leyfi forseta:

„Í núgildandi skattkerfi er sérstakt frítekjumark fyrir arð og annað fyrir húsaleigu." Síðan eru tillögur uppi um að taka það þriðja fyrir fjármagnstekjur. „Nefndin er sammála um að sérstakt frítekjumark fyrir hverja tegund fjármagnstekna eða fyrir fjármagnstekjur í heild flæki skattlagninguna og kalli á hærra skatthlutfall en ella."

Þetta er álit nefndarinnar og það er áréttað líka á bls. 25, með leyfi forseta: „Ef rétt er talið að vera með sérstakan frádrátt vegna fjármagnstekna, standa frekar rök til þess að hafa eitt sameiginlegt frítekjumark vegna allra fjármagnstekna en sérstakan frádrátt vegna hvers þáttar fyrir sig."

Þetta atriði er líka samhljóða niðurstaða nefndarinnar allrar. Menn geta auðvitað haft mismunandi pólitískar skoðanir á því hvort málin eigi að vera svona eða ekki, hvort menn eigi að hafa öðruvísi skattlagningu á tekjur af eignum og fjármagni en tekjum af launum. Ég hef sjálfur þá skoðun að það eigi að fara með laun peninganna eins og laun vinnunnar, þ.e. skattleggja þetta nákvæmlega eins. Þar með sagt að ég geti ekki sætt mig við einhverja aðra niðurstöðu og mér finnst sú niðurstaða, sem hefur verið dregin fram í meginatriðum í skýrslu nefndarinnar, vera ásættanleg og ég er tilbúinn til að standa á bak við hana og hef dregið fram atriði, veigamikil atriði í sameiginlegu áliti nefndarinnar allrar sem styðja þá niðurstöðu mína.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 20:46.

---

120. FUNDUR

miðvikudaginn 17. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Erlendar skuldir þjóðarinnar, fsp. PHB, 412. mál, þskj. 731.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Greiðsla kostnaðar við lækningaferðir psoriasissjúklinga, fsp. SJS, 328. mál, þskj. 576.

3. Niðurskurður á fé til heilsugæslu og forvarnastarfs, fsp. SvanJ, 383. mál, þskj. 673.

4. Þróunarverkefni í heilsugæsluforvörnum, fsp. SvanJ, 384. mál, þskj. 674.

5. Húsnæðismál Tryggingastofnunar ríkisins, fsp. ÁRJ, 474. mál, þskj. 810.

Til félagsmálaráðherra:

6. Lögfræðideild Húsnæðisstofnunar, fsp. GHall, 341. mál, þskj. 596.

7. Neyðarhjálp vegna fátæktar, fsp. GE, 370. mál, þskj. 648.

8. Málefni einhverfra, fsp. SvG, 419. mál, þskj. 745.

9. Aðstoð við gjaldþrota einstaklinga, fsp. ÁRJ, 432. mál, þskj. 762.

Til iðnaðarráðherra:

10. Framleiðsla rafmagns með olíu, fsp. PHB, 414. mál, þskj. 738.

Til viðskiptaráðherra:

11. Dráttarvextir, fsp. JóhS, 473. mál, þskj. 809.

Til menntamálaráðherra:

12. Dreifikerfi útvarps og sjónvarps, fsp. HjálmJ, 430. mál, þskj. 760.

13. Flutningur sjónvarpsins í útvarpshúsið, fsp. HjálmJ, 431. mál, þskj. 761.

Til fjármálaráðherra:

14. Innheimta opinberra gjalda, fsp. TIO, 454. mál, þskj. 787.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 16. apríl 1996.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum óska ég eftir því að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Drífa Hjartardóttir, taki sæti mitt á Alþingi næstu tvær vikur.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl."

Kjörbréf Drífu Hjartardóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Erlendar skuldir þjóðarinnar.

Fsp. PHB, 412. mál. — Þskj. 731.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Erlendar skuldir allra þjóða í heiminum eru að meðaltali núll. Það liggur í hlutarins eðli því að þær skulda jú hver annarri. Við Íslendingar lifum á eyju úti í hafi og erum með mjög áhættusaman atvinnurekstur sem er sjávarútvegur, sennilega með þeim áhættusamari sem til er. Ég þarf ekki að fara langt aftur í sögunni til þess að rekast á fiskveiðileysisár og við þekkjum dæmi um eldgos, breytingu á hafstraumum og annað slíkt sem getur valdið miklum búsifjum.

Í byrjun þessarar aldar þurftu Íslendingar að taka stökk inn í 20. öldina á fáum árum og áratugum og við það hafa þeir myndað erlendar skuldir. Nú er uppbyggingunni lokið en við erum áfram með erlendu skuldirnar. Þær eru af ýmsum toga. Í fyrsta lagi skuldir sem við höfum tekið til eyðslu og hins vegar skuldir sem við höfum tekið í fjárfestingar. Þær skuldir sem við höfum myndað til að byggja orkuver og annað slíkt gefa væntanlega af sér þann arð að þær geti borgað vexti af erlendu lánunum. Ef þær gera það ekki, þá er illa farið.

Nú hefur það gerst í sl. þrjú ár að erlendar skuldir hafa lækkað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þær voru 54,4% í lok ársins 1993, og voru þá í hámarki, eru núna 52,9 og í lok síðasta árs voru þær 50% af vergri landsframleiðslu. Vextir og arðgreiðslur eru nettó 14,5 milljarðar, þ.e. við Íslendingar borgum í vexti og arðgreiðslur 40 millj. á dag.

Núna þegar uppbyggingunni er lokið, sérstaklega með hliðsjón af því að allar þjóðir í heiminum skulda að meðaltali núll í erlendum skuldum, þá er mjög brýnt að við förum að skipa okkur í flokk þeirra þjóða sem eiga inneignir í útlöndum og njóta vaxtagreiðslna en eru ekki að borga vexti eins og við gerum í dag. Þess vegna vil ég beina eftirfarandi fyrirspurn til forsrh. um erlendar skuldir þjóðarinnar:

„Hefur ríkisstjórnin markað stefnu um það hvenær íslenska þjóðin lýkur við að greiða niður erlendar skuldir sínar og hvernig því marki verður náð?"

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessarar fsp. hv. þm. Péturs Blöndals vil ég svara með eftirfarandi hætti. Hagstæður viðskiptajöfnuður er forsenda fyrir lækkun erlendra skulda þjóðarbúsins. Eins og hv. þm. sagði hefur viðskiptajöfnuður verið hagstæður undanfarin þrjú ár og fyrir vikið hafa erlendar skuldir þjóðarbúsins farið lækkandi. Á árinu 1993 námu skuldirnar nettó 54,1% af landsframleiðslu en í lok árs 1995 var þetta hlutfall 50%. Þetta er í fyrsta skipti í hálfa öld sem afgangur hefur verið af viðskiptajöfnuði í þrjú ár í röð.

Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár og miðað við þær horfur sem blasa við í þjóðarbúskapnum verður viðskiptajöfnuðurinn að jafnaði hagstæður á árunum 1996–2000. Gert er ráð fyrir lítils háttar halla á árunum 1996 og 1997 vegna innflutnings í tengslum við stækkun álversins, en á móti vegur afgangur á árunum þar á eftir. Í þessu felst að erlendar skuldir þjóðarbúsins munu fara lækkandi á næstu árum og áætlað er að þær verði 34% af landsframleiðslu í árslok 2000. Gangi þessar áætlanir eftir, og ekki er ástæða til að ætla annað en að þær muni ganga eftir, þá munu skuldirnar lækka um 20 prósentustig af landsframleiðslu á árabilnu 1993–2000. Þessa áætlun verður þó að skoða í ljósi efnahagshorfa eins og þær eru nú metnar. Ef horfur breytast er ekki sjálfgefið að æskilegt sé að stefna að svona mikilli skuldalækkun. Þannig er t.d. augljóst að ef ráðist verður í miklar framkvæmdir á sviði stóriðju getur verið skynsamlegt að setja önnur skuldamarkmið. Þróun erlendra skulda og viðskiptajafnaðar verður því ekki bundin í eina óbreytanlega áætlun.

Aðalatriðið er að tryggja stiglækkandi skuldir við núverandi horfur. Það verður best gert með því að stefna áfram að hagstæðum viðskiptajöfnuði að teknu tilliti til innflutnings vegna álversframkvæmda. Til þess að svo megi verða þarf þjóðhagslegur sparnaður að jafnaði að vera meiri en fjárfesting. Ríkisstjórnin mun stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði með því að bæta afkomu hins opinbera í samræmi við áætlun hennar í ríkisfjármálum.

Hér er ekki gefið endanlegt svar um það hvenær erlendar skuldir verði komnar niður í núll og eignir að myndast eins og hv. þm. nefndi að æskilegt gæti verið. Ég hygg að það sé ekki raunhæft að gera sér þá áætlun upp á þessu stigi málsins, það sé raunhæfara að meta þetta með þeim hætti sem ég hef gert, enda er árangurinn verulegur, ég hygg meiri árangur heldur en menn hefðu getað ímyndað sér fyrir fjórum eða fimm árum síðan þegar það bar hæst í umræðunni að menn óttuðust að við værum að ganga götu Færeyinga í skuldasöfnun þjóðarinnar. Menn sjá í hendi sér þá hlutfallslegu lækkun á vaxtabyrði sem verður við það að skuldir þjóðarinnar lækki um 20 prósentustig af landsframleiðslu á árabilinu fram til aldamóta eins og við gerum ráð fyrir að muni gerast og allar líkur eru til að gangi eftir.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans. Það sýnir okkur að við erum á réttri leið í því að lækka erlendar skuldir. Betra hefði verið að fyrir lægi einhver áætlun um að ná þessum erlendu skuldum niður, t.d. fyrir árið 2015 og að sjálfsögðu mundu menn þá breyta þeirri áætlun ef Íslendingar réðust út í stórfelldar framkvæmdir og í ljósi þeirra lengja þetta bil. En ég vil benda á það að samkvæmt þessari þróun verða Íslendingar búnir að koma erlendu skuldunum niður í núll árið 2015 og þá munum við ekki lengur sligast undan háum vöxtum af erlendum skuldum. Í dag skuldar hver Íslendingur um 870 þús. kr. en fyrir þrem árum skuldaði hann milljón þannig að þetta er allt á betri leið.

Greiðsla kostnaðar við lækningaferðir psoriasissjúklinga.

Fsp. SJS, 328. mál. — Þskj. 576.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi þá ákvörðun tryggingaráðs að hætta þátttöku í kostnaði vegna svonefndra loftslagsmeðferðarferða psoriasissjúklinga. Eins og kunnugt er var gerð sú breyting á lögum um almannatryggingar 1979 að inn í þágildandi 39. gr. laganna, nú 33. gr. að efni til, kom afdráttarlaust ákvæði um að eitt af hlutverkum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar skyldi vera að annast m.a. greiðslu á þessum kostnaði samkvæmt tilteknum reglum. Upphaf 33. gr. er svo, með leyfi forseta:

„Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:“ — Síðan er þetta talið upp í stafliðum og stafliður f er svohljóðandi:

„Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.“

Þessi lagagrein, herra forseti, er í gildi og óbreytt og stendur svona í lögunum. Þess vegna kemur það mjög á óvart að tryggingaráð tekur á fundi í desember að því er virðist þá ákvörðun að hætta þátttöku í greiðslu kostnaðar af þessu tagi með þeim rökum að um fleiri og betri meðferðarúrræði sé orðið að ræða innan lands án þess að það sé í sjálfu sér rökstutt nánar.

Ég held að það sé enginn vafi á því að þessar ferðir hafa skilað gífurlegum árangri og verið þessum sjúklingum mjög mikilvægar, bæði í heilsufarslegu tilliti en líka félagslega og á ýmsan hátt. Það er mat þeirra sem vel þekkja til meðferðar þessara mála að það sé mikil afturför ef þær leggjast af með öllu. Við höfum notið mjög hagstæðs samstarfs við hinar Norðurlandaþjóðirnar og allar Norðurlandaþjóðirnar nema Danir nota stöð á Kanaríeyjum sem Norðmenn standa fyrir rekstri á en Danir reka sambærilega stöð við Dauðahafið. Mér er ekki kunnugt um að nein áform séu uppi á hinum Norðurlöndunum um að leggja meðferðarferðir af þessu tagi af þar. Við hljótum þess vegna að biðja um betri og faglegri rök fyrir því að taka slíka ákvörðun.

Síðast en ekki síst, og um það snýst líka efni fyrirspurnarinnar, vil ég óska eftir að hæstv. heilbrrh. svari þessari spurningu:

Telur ráðherra að Tryggingastofnun sé heimilt að fella með öllu niður greiðslur vegna lækningaferða psoriasissjúklinga til útlanda, svonefndrar loftslagsmeðferðar, sbr. f-lið 33. gr. laga nr. 117/1993?

Er tryggingaráði stætt á því eins og lögin hljóða að taka slíka ákvörðun að mati hæstv. ráðherra?

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Svar við fyrirspurn hv. þm. er eftirfarandi: Með lögum nr. 87/1989, um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, 11. gr., var ákvæði almannatryggingalaga um ferðir psoriasissjúklinga breytt þannig að ekki var lengur gert að skilyrði að meðferð færi fram erlendis. Eftir að þessi breyting varð að lögum verður að telja að tryggingaráði sé heimilt að fella niður greiðslur fyrir skipulagðar læknisferðir til útlanda svo sem gert var með rökstuddri ákvörðun tryggingaráðs þann 1. des. 1995, enda sé fyrir hendi raunhæfur meðferðarmöguleiki hérlendis sem styrktur er af sjúkratryggingum, samanber samning Tryggingastofnunar ríkisins um meðferð á Sjúkrastöð Bláa lónsins.

Ég vil hins vegar nefna það að nú eru nýkomnir frá Kanaríeyjum 15 sjúklingar sem er síðasti hópurinn sem fær meðferð samkvæmt reglum þeim er giltu fyrir 1. des. sl. Ég vil í þessu sambandi benda á að við höfum nú yfir að ráða miklu meiri og betri meðferð fyrir psoriasissjúklinga en áður var. Má þar nefna skipulega meðferð á Sjúkrastöð Bláa lónsins hf., tilkomu nýrra húðlyfja og öflugrar göngudeildarþjónustu fyrir húðsjúkdómameðferð, m.a. á vegum Ríkisspítala, Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga og ýmissa heilsugæslustöðva. Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við allar þessar meðferðir hérlendis. Í sérstaklega erfiðum sjúkdómstilvikum er einnig unnt að sækja um greiðslur kostnaðar vegna meðferðar erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga.

Virkni meðferðarinnar við Bláa lónið hefur verið könnuð vandlega og hafa rannsóknir sýnt að hún ber góðan árangur og umsagnir sjúklinga um meðferð þar eru góðar. Ég tel að fjármunum til meðferðar psoriasissjúklinga sé vel varið í meðferð hér á Íslandi hjá heilsufélaginu við Bláa lónið sem er alíslenskt framtak. Þar er fyrir sömu fjárhæð hægt að meðhöndla fleiri sjúklinga í lengri tíma heldur en á Kanaríeyjum.

Talað hefur verið um að það sé til mikillar andlegrar upplyftingar fyrir fólk með erfiðan sjúkdóm eins og psoriasis að komast til Kanaríeyja. Ég dreg það ekki í efa, enda hafa sjúklingarnir fengið verulegan bata í meðferðinni þar. En heitt loftslag dregur úr einkennum margra annarra langvinnra sjúkdóma. Má þar sérstaklega nefna alvarlega langvinna gigtarsjúkdóma.

Virðulegi forseti. Tryggingastofnun hlýtur að bregðast við vanda þeirra sjúklinga sem ekki geta nýtt sér þjónustu Bláa lónsins og tryggja að sjúklingar af landsbyggðinni eigi möguleika á því að fá þjónustu þar og einnig verður að skoða greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar í ferðakostnaði sjúklinga.

[13:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda að þessar ferðir psoriasissjúklinga til Kanaríeyja hafa verið á margan hátt árangursríkar, en það er einnig rétt hjá hæstv. heilbrrh. að það hafa komið ýmis úrræði fyrir þessa sjúklinga hér á landi sem full ástæða er til að nýta sér. Tryggingastofnun greiðir einnig fyrir ferðir þó svo að þessar ferðir psoriasissjúklinga séu lagðar af. Það hefur verið kannað hvaða árangur Bláa lónið gefur og það hefur komið vel út þó svo það sé kannski ekki alveg fyrir alla og því e.t.v. þörf fyrir þennan möguleika. En mig langar til að benda á eitt: Það er að fara af stað rannsókn á því hver árangurinn hefur verið hjá þeim sjúklingum sem hafa farið til Kanaríeyja og hversu mikill kostnaður hefur verið fyrir hvern sjúkling. Til samanburðar verða athugaðir þeir sjúklingar sem fengu synjun á ferðum, því það hefur verið um það bil helmingur þeirra sem sóttu sem hafa fengið synjun, hversu mikill árangur eða bati hefur verið fyrir þá og hversu mikill kostnaður. Ég tel rétt að þegar niðurstaða er komin af þeirri rannsókn sem er að fara af stað nú undir yfirumsjón Jóns Hjaltalíns Ólafssonar húðsjúkdómalæknis og fleiri, þá verði í ljósi niðurstöðunnar metið hvaða leið skuli farin og hvort þessar ferðir skuli greiddar. Þegar menn standa frammi fyrir því að þurfa að forgangsraða í heilbrigðisþjónustunni, þá verða menn að skoða hlutina og kanna hver er hagkvæmasti kosturinn, hvað gefur mestan árangur og síðan að vega og meta hvaða leiðir eru farnar í lækningaskyni.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég hlýt jafnframt um leið, því miður, að lýsa yfir nokkrum vonbrigðum með þau. Ég er ósammála því áliti að tryggingaráði sé stætt á því að taka þessa ákvörðun eins og lögin

standa og tel að það ætti þá að endurskoða þau ef það verður efnisleg niðurstaða að hætta með öllu þátttöku í kostnaði við þessar ferðir.

Ég tel í öðru lagi að það sé langt frá því að þessi ákvörðun sé faglega nógu vel rökstudd og enn síður er það sannfærandi ef í ljós kemur að viðamikil könnun eða samanburðarrannsókn á árangrinum af mismunandi meðferðum er að fara af stað, þá er tímasetning þessarar ákvörðunar enn fráleitari.

Það er enginn vafi á því að meðferðarúrræðin innan lands hafa batnað og Bláa lónið er þar auðvitað efst á blaði. Við fögnum því að sjálfsögðu. Þetta snýst ekki um það að menn vilji ekki leysa vanda þessa fólks innan lands eins og kostur er, en það er aldeilis ósýnt og sannað að þar með sé allt í einu hægt að hætta með öllu að senda fólk til meðferðar á þessa stofnun erlendis. Það gæti komið út úr könnun á málinu að nú væri unnt að leysa fleiri tilvik og hjálpa fólki í ríkari mæli en áður var innan lands og kannski kæmust menn þá af með talsvert færri ferðir. En það væri þá líka fagleg niðurstaða og mat í ljósi slíkrar vinnu en ekki bara þumalputtaákvörðun af þessu tagi sem mér finnst alls ekki nógu trúverðug eða traustlega ákvörðuð.

Ég vek líka athygli á því að eins og lagagreinin er þá gerist þetta ekki nema á grundvelli mats sérfræðinga um þörf fyrir slíka meðferð. Það fær enginn neitt nema sérfræðingur sé búinn að meta það að þetta sé það úrræði sem helst geti orðið honum að liði þannig að það er ekki eins og þetta sé eitthvað sem menn geta bara fengið út í bláinn, það er ekki svo.

Að lokum, herra forseti, hvet ég hæstv. ráðherra til að fara þess formlega á leit við tryggingaráð að það endurmeti afstöðu sína til þessa máls, ekki kannski með það í huga endilega að horfið verði að óbreyttu fyrirkomulagi eins og það var á fyrri tíð, heldur verði farið faglega ofan í saumana á þessu máli og tekin efnislega rökstudd og vel ígrunduð ákvörðun en þetta ekki gert með þessum hætti. Hæstv. ráðherra yrði maður að meiri ef hann beitti sér fyrir því að þannig væri unnið í málinu.

[13:52]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í fyrri ræðu minni hefur komið í ljós að meðferðin í Bláa lóninu hefur komið mjög vel út og svo vel að margir útlendingar hafa komið hingað undanfarnar vikur og mánuði og fengið meðferð í Bláa lóninu sem sýnir og sannar að þetta er meðferðarmöguleiki sem er góður kostur. Ég vil líka ítreka það sem ég sagði áðan að það ekki verið að skrúfa algerlega fyrir ferðir Íslendinga til Kanaríeyja því í 35. gr. almannatryggingalöggjafarinnar er gert ráð fyrir að það sé heimilt í sérstökum tilvikum að senda þessa sjúklinga út til meðferðar.

Niðurskurður á fé til heilsugæslu og forvarnastarfs.

Fsp. SvanJ, 383. mál. — Þskj. 673.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 er megináhersla lögð á heilsuvernd og forvarnir. Um þær áherslur hefur heldur ekki verið ágreiningur fyrr en kemur að fjárlagagerð. Forvarnir eru langtímasparnaður en okkar fjárlagagerð hefur því miður byggst meira á reddingum og skyndilausnum en áætlunum um skynsamlega röðun verkefna eða forgangsröðun. En þrátt fyrir að við séum orðin alvön slíkum vinnubrögðum, þá hrökkvum við illa við þegar okkur er gert það ljóst að nú sé svo komið í niðurskurði til heilsuverndar að heilsugæslustöðvar þurfi að leggja af tiltekna forvarnaþætti. Það gerðist þegar það varð ljóst að heilsugæslustöðin á Akureyri treysti sér ekki til að halda áfram samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands um krabbameinsleit. Þátttaka heilsugæslustöðvarinnar upp á rúma milljón er stöðinni óviðráðanleg miðað við að reynt sé að halda uppi sem næst eðlilegri þjónustu á öðrum sviðum. Þetta gerist þrátt fyrir það að talið sé sannað að leit að leghálskrabbameini sé arðbær heilsuvernd og forvarnastarf. Laun í heilsugæslunni hafa verið skorin flatt niður undanfarin ár og nú kom auk 2% hagræðingarkröfu 10% niðurskurður á almennt framlag til þessarar stöðvar. Þannig er það víðar að flatur niðurskurður með kröfu um að stjórnendur stöðvanna hagræði hefur verið í gangi og þvert á fyrirætlan stjórnvalda hefur fé til heilsugæslu dregist saman hlutfallslega undanfarin ár á kostnað spítala- og sérfræðiþjónustu.

Einn góðan veðurdag kemur að því að ekki verður lengra gengið í hagræðingunni og eina leiðin er að skera af tiltekna þjónustu. Sú tiltekna þjónusta gæti allt eins orðið heilsugæsla í skólum sem eins og annað hefur verið dregin saman. Forstöðumenn stöðvanna hljóta að vega það og meta hvað er sársaukaminnst. Í tilfelli heilsugæslunnar á Akureyri hefur valið að þessu sinni e.t.v. mótast af því að fagleg ábyrgð á krabbameinsskoðuninni er hjá Krabbameinsfélaginu, heilsugæslustöðin fær engu ráðið um fyrirkomulagið og svigrúm til hagræðingar á því sviði er því takmarkað.

Kannanir erlendis leiða það í ljós að öflug heilsuvernd getur lækkað kostnað við ýmsa aðra þætti heilbrigðiskerfisins. Með það í huga ásamt því að forvarnir og heilsuvernd eru á pappírnum a.m.k. megináhersla í okkar kerfi, þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. heilbrrh. hver áform séu varðandi þá stöðu sem upp er komin þegar heilsugæslustöðvar geta ekki lengur hagrætt eða skorið niður almennan rekstur, þar með taldar forvarnir, til að mæta niðurskurði ríkisins og neyðast til að leggja alveg niður suma þætti forvarnastarfs, samanber fréttir frá Akureyri þar sem verið er að leggja niður reglubundna krabbameinsleit.

Eins og ljóst má vera er ég ekki aðeins að leita eftir áformum ráðherra varðandi krabbameinsleitina á Akureyri þó að svör við því séu að sjálfsögðu kærkomin heldur ekki síður að leita almennt eftir viðbrögðum gagnvart því þegar niðurskurður bitnar svo beint á því sem ekki er ágreiningur um, þ.e. heilsuvernd og forvörnum.

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Svar við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur er eftirfarandi: Ekki er rétt að svo langt hafi verið gengið í niðurskurði ríkisins á rekstrarfé til heilsugæslustöðvarinnar að heilsugæslustöðvar hafi þurft að leggja af ákveðna þætti í starfseminni. Fréttir um að heilsugæslustöðin á Akureyri hyggist hæta krabbameinsleit á stöðinni er einangrað tilvik. Rekstrarframlög á íbúa til heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri er hærra en á sambærilegum heilsugæslustöðvum sem einnig sinna krabbameinsleit og má þar nefna Suðurnes.

Í sambandi við fréttir frá Akureyri þar sem fram kemur

að verið sé að leggja niður krabbameinsleit þar, þá get ég upplýst að svo er ekki. Krabbameinsleit verður ekki lögð niður á Akureyri þar sem í gildi er verksamningur milli Krabbameinsfélags Íslands og heilbrrn. sem gerir ráð fyrir að Krabbameinsfélagið sjái um krabbameinsleit um land allt og eru nánari ákvæði um framkvæmd leitarinnar í samningnum. Til þessa verkefnis er veitt 104 millj. kr. á fjárlögum þessa árs. Leitarstarfið fer fram í samvinnu við heilsugæsluna á hverjum stað að höfðu samráði við héraðslækna. Heislugæslan hefur lagt til afnot af húsnæði og þjónustu hjúkrunarfræðinga meðan á leit stendur.

Heilsugæslan á Akureyri hefur nú tilkynnt að hún ætli að hætta þessari samvinnu vegna fjárskorts. Þetta gerir stöðin án samráðs við ráðuneytið og ráðuneytið hefur nú þegar tekið þetta upp við forsvarsmenn heilsugæslustöðvarinnar. Ráðuneytið telur að hugsanlega þurfi að endurskoða fyrirkomulag leitarinnar og hefur nú þegar óskað eftir og fengið tillögur þar að lútandi frá Krabbameinsfélaginu. Starfsmenn ráðuneytisins hafa einnig haldið fundi með fulltrúum heilsugæslustöðvarinnar, héraðslækni og fulltrúa Krabbameinsfélagsins, þar sem farið var yfir hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi, en ljóst er að krabbameinsleit á Akureyri verður að sjálfsögðu ekki hætt eins og ég kom inn á áðan, en hugsanlega verður fyrirkomulaginu breytt.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það gleður mig að hún upplýsir það hér að sú ákvörðun að hætta krabbameinsleit á Akureyri vegna fjárskorts sé enn þá einangrað tilvik. Égýjaði heldur ekki að því í minni fyrirspurn að það væru fleiri slík tilvik. Hins vegar getum við búist við þeim vegna þess að að hlýtur að hátta svipað á fleiri stöðum og á Akureyri, þ.e. það hefur býsna langt verið gengið með niðurskurð. Tölulegar staðreyndir sýna að heilsugæslan hefur farið halloka hvað varðar fjárveitingar gagnvart öðrum þáttum heilbrigðisþjónustunnar og þrátt fyrir síauknar kröfur okkar til heilsugæslu og forvarna og þrátt fyrir að það sé samkomulag um þessa hluti, þá hefur okkur ekki tekist að útvega heilsugæslunni um land allt það fé sem hún raunverulega þarf til sinna nauðsynlegu starfa.

Vegna þeirra orða sem hæstv. heilbrrh. lét falla varðandi einingaverð á stöðinni á Akureyri miðað við Suðurnes vil ég benda á það að samkvæmt þeim útreikningum sem fulltrúar stöðvarinnar á Akureyri hafa gert þá er stöðin á Akureyri að líkindum komin niður fyrir hinar stóru stöðvarnar. Það er alla vega ljóst að hún er í hópi þess fjórðungs heilsugæslustöðva á landinu sem eru hvað ódýrastar og það er mjög merkilegt vegna þess hve starfsemi stöðvarinnar er víðtæk, yfir hve mikið svæði hún nær. Hennar svæði nær m.a. til Grímseyjar og það hlýtur öllum að vera ljóst að ekki hvað síst þess vegna er kostnaður stöðvarinnar mun meiri á hvern íbúa heldur en gerist annars staðar þar sem samgöngur er aðrar og betri.

Þróunarverkefni í heilsugæsluforvörnum.

Fsp. SvanJ, 384. mál. — Þskj. 674.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Þær koma í röð fyrirspurnir mínar til hæstv. ráðherra og eru orðnar býsna gamlar, ég hygg að þær séu orðnar tveggja til tveggja og hálfs mánaða gamlar, en atvikin hafa hagað því þannig að þær hafa ekki komist á dagskrá fyrr en nú. En eigi að síður er efni þeirra í fullu gildi og sú fyrirspurn sem ég beini nú til hæstv. ráðherra fjallar um þróunarverkefni í heilsugæsluforvörnum.

Flestir sem fjalla um málefni fjölskyldunnar á Íslandi í dag eru sammála um að til að styrkja stöðu hennar sé ráðgjöf afar brýn og það ekki bara í fjárhagslegum málefnum heldur alhliða ráðgjöf. Slíkar hugmyndir er m.a. að finna í fylgiriti við heilbrigðisskýrslu nr. 2 frá 1990, sem ber heitið „Fjölskylduáætlun í íslensku heilbrigðiskerfi", en þar eru tillögur að sérstakri þjónustu heilbrigðiskerfisins við fjölskyldur og áhersla lögð á að þjónusta við fjölskyldur verði fléttuð inn í starfsemi heilsugæslustöðva. Þessar áherslur er einnig að finna í tillögu hæstv. ríkisstjórnar til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Herra forseti. Í lok síðasta áratugar í kjölfar þess að Heilsugæslustöðin á Akureyri hafði um skeið boðið upp á námskeið fyrir verðandi foreldra, sem haldin voru í samvinnu ljósmóður í mæðravernd, hjúkrunarfræðings í ungbarnaeftirliti og fjölskylduráðgjafa, tóku að þróast hugmyndir að því verkefni sem hefur fengið heitið „Nýja barnið, aukin fjölskylduvernd og bætt samskipti". Þessar hugmyndir áttu ekki hvað síst rætur í hugmyndum og stefnumótun innan heilbrigðisþjónustunnar sem byggja á vaxandi heildarsýn og aukinni vitund og þekkingu á mikilvægi heilbrigðra fjölskyldutengsla fyrir heilbrigði og þroskamöguleika einstaklingsins, enda hefur verkefnið notið stuðnings og góðvilja stjórnvalda þar til við síðustu fjárlagagerð. Markmið verkefnisins hefur verið að þróa starfsaðferðir í heilsuverndarstarfi í þá átt að hugað sé að sálrænum og félagslegum áhættuþáttum ekki síður en líkamlegum. Hafa reglubundin samskipti í mæðravernd og ungbarnaeftirliti verið notuð til að greina og skilja félagslega og tilfinningalega áhættuþætti og síðan reynt að ná samvinnu við fjölskylduna um úrræði. Faglegar rannsóknir sýna að áföll og óuppgerð tilfinningakreppa hinnar verðandi móður eða erfið uppeldisleg kjör, svo sem vanræksla eða ofbeldi, eru allt miklir áhættuþættir sem hindra eðlileg tengsl móður og barns og valda varanlega tilfinningalegu og líkamlegu heilsutjóni fyrir barnið sé ekkert að gert. Stefnt hefur verið að lokauppgjöri þessa verkefnis á næsta ári, 1997, þannig að ekki var langur ferill eftir þegar stuðningi fjárveitingavalds Alþingis lauk sviplega við gerð fjárlaga fyrir árið 1996.

Niðurstaða könnunar á reynslu og viðhorfi þátttakenda í þróunarverkefninu, þ.e. lækna, ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sem gerð var í maí 1994 er á þann veg að verkefnið hafi þá þegar skilað ótvíræðum árangri en von aðstandenda verkefnisins var að geta sýnt fram á hversu gríðarlega mikilvægu hlutverki heilsugæslustöðvarnar geta gegnt í að stuðla að alhliða fjölskylduvernd og að sú reynsla gæti þá nýst öðrum heilsugæslustöðvum en þau ár sem verkefnið hefur verið í gangi hefur það verið kynnt reglulega. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Í fyrsta lagi: Hverjar eru ástæður þess að ákveðið var við fjárlagagerð fyrir árið 1996 að hætta stuðningi við þróunarverkefnið „nýja barnið"? Og í öðru lagi: Hve miklar hafa fjárveitingar til verkefnisins verið undanfarin tvö ár?

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Frá því að stjórn Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri ákvað að hefja verkefnið „nýja barnið" hefur stjórnin sótt fjármagn til þess beint til fjárln. eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Byrjun verkefnisins varð til að tilstuðlan starfsfólks og stjórnar heilsugæslustöðvarinnar og hefur það verið sjónarmið ráðuneytisins að þar sem fjárln. ákvað að veita fé til þess sé það í valdi nefndarinnar að taka ákvörðun um hvort verkefnið haldi áfram.

Það hefur verið ákvörðun fjárln. árlega að veita fé til verkefnisins og það var einnig ákvörðun fjárln. að veita ekki fé til verkefnisins árið 1996. Heilbrrn. telur verkefni þetta að mörgu leyti áhugavert. Ráðuneytið hefur lagt áherslu á að jafna fjárveitingar til heilsugæslustöðva eftir því sem kostur er og lagt viðbótarfjármagn til þess að stöðvar sem lægstar fjárveitingar hafa miðað við íbúafjölda verði betur í stakk búnar til að sinna sínum lögboðnu verkefnum. Miðað við íbúafjölda hefur heilsugæslustöðin á Akureyri rýmri fjárveitingar en flestar aðrar stöðvar á landinu og hefur hún talið sig hafa bolmagn til að sinna ýmsum þörfum verkefnum sem aðrar stöðvar hafa ekki getað sinnt.

Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda að æskilegt er að verkefninu verði lokið. Þó að niðurstöður liggi ekki fyrir þá telja aðstandendur þess að kannanir sem fyrir liggja lofi góðu með gildi þess sem forvarna.

Heilbrrn. hefur styrkt verkefnið í litlum mæli á undanförnum tveimur árum. Fyrir nokkru fékk Heilsugæslustöðin á Akureyri 400 þús. kr. styrk til að halda áfram með verkefnið á þessu ári. Undanfarin tvö ár hefur fjárln. veitt 1 millj. kr. til verkefnisins hvort ár fyrir sig og heilbrrn. hefur styrkt verkefnið um 100 þús. kr. í tvígang. En í ár hefur Heilsugæslustöðin á Akureyri fengið frá heilbrrn. 400 þús. kr. til að verkefnið haldi áfram.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Fyrirspurnin var reyndar af hverju hefði verið ákveðið við fjárlagagerðina 1996 að hætta þessum stuðningi. Við því komu ekki svör önnur en þau að það hefði verið í valdi nefndarinnar. Mér er ekki alveg ljóst hvert ég hefði þá átt að beina fyrirspurninni, en gerði það til hæstv. ráðherra þar sem ég taldi að heilbrrn. og ráðherrann hefðu eitthvað um það að segja hvernig þær fjárveitingar skiptast sem hv. nefnd ákvarðar í hvern málaflokk. Í máli ráðherrans kom fram að ráðuneytið sjálft hafi í gegnum tíðina pírt í verkefnið örlitlum fjármunum og ber að þakka það. Mér sýnist hins vegar að hér sé í rauninni á ferðinni það sem við höfum stundum viljað kalla handahófskenndar fjárveitingar. Eins og kom í máli hæstv. ráðherra er hún full velvilja gagnvart verkefninu, en eigi að síður gerist það með einhverjum slysalegum hætti að stuðningur er skorinn af.

Ég óttast, herra forseti, að þetta eigi kannski við um fleira í okkar heilbrigðisþjónustu að menn sjáist ekki alltaf fyrir þegar þeir eru að redda með skyndilausnum við gerð fjárlaga en ég vænti að sú fjárveiting sem ráðuneytið hefur nú komið með til verkefnisins verði til þess að menn geti horft fram til loka þess og geti þá kynnt niðurstöður á næsta ári eins og fyrirhugað var þannig að aðrar heilsugæslustöðvar geti nýtt sér þær niðurstöður.

Húsnæðismál Tryggingastofnunar ríkisins.

Fsp. ÁRJ, 474. mál. — Þskj. 810.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn um húsnæðismál Tryggingastofnunar ríkisins á þskj. 810, 474. mál.

Eins og mönnum er kunnugt hélt Tryggingastofnun ríkisins upp á 60 ára afmæli á dögunum og þá komu húsnæðismál stofnunarinnar til umræðu, en hún býr við áfkaflega þröngan og óhentugan húsakost. Hæstv. heilbrrh. sagði afmælisfundi stofnunarinnar að hún vissi að helsta ósk Tryggingastofnunar á afmælinu væri að fá nýtt hús eða betra húsnæði, en afmælisbörn gætu ekki alltaf fengið það sem þau óskuðu sér í afmælisgjöf. Þar sem ég hafði lagt þessa fyrirspurn fram fyrir afmælisfundinn, þá ákvað ég að halda málinu til streitu á þingi því að það er full ástæða til að vekja athygli á hvernig ástandið er í húsnæðismálum Tryggingastofnunar, en stofnunin býr við mjög slæman aðbúnað og á erfitt með að sinna öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem henni hafa verið fengin frá þeim tíma er hún tók til starfa.

Tryggingastofnun flutti í húsið sem hún býr í nú í upphafi árs 1954, þ.e. á Laugavegi 114, sem þá hentaði mjög vel fyrir þá starfsemi sem hún sinnti, en síðan hefur verkefnum fjölgað mjög mikið og nú er svo komið að Tryggingastofnun ríkisins er til húsa á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Aðalskrifstofan á Laugavegi 114, síðan teygir hún sig út í húsið nr. 116 við Laugaveg, hún er á Tryggvagötu 28, þar sem er hluti sjúkratryggingana, hún er á Bókhlöðustíg 6 a, þar sem er tryggingatannlæknir, og hún er á Smiðjuvegi 28, þar sem hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar er til húsa. Oft þarf að senda fólk, aldraða, fatlaða og aðra viðskiptavini í alls konar veðri og alls konar ásigkomulagi á milli þessara staða. Mig langar til að nefna dæmi um ástandið.

Fyrir framan aðalskrifstofurnar eru þrjú stæði fyrir fatlaða og þau eru yfirleitt upptekin fyrir fatlaða starfsmenn stofnunarinnar og því ekki fyrir viðskiptavini. Þar er mjög erfið aðkoma, það er mikil umferð og mjög þröngt að komast að stofnuninni. Í Tryggvagötunni eru tvö stæði fyrir fatlaða og þar er líka mjög mikil umferð og erfitt að komast að.

Ég veit að hæstv. heilbrrh. þekkir mjög vel hversu þröngt starfsmenn sitja í Tryggingastofnun ríkisins því að hún kom þangað í heimsókn þegar hún tók við starfi og kynntist því hvernig þeir sitja þar nánast hver ofan á öðrum, oft í mjög þungu lofti. Mig langar til að nefna sem dæmi að til að komast inn á sjúkratryggingadeildina, hluta hennar þar sem t.d. lögfræðingur o.fl. starfa, þarf að smeygja sér inn um 40 sm þrönga smugu, inn um dyr og maður þarf að vera sérstaklega nettur og laghentur til að ná t.d. bara í hurðarhúninn því að hann er bak við skjalaskáp. Ég minnist þess að þegar fyrrv. hæstv. heilbrrh., Guðmundur Árni Stefánsson, kom í heimsókn með fríðu föruneyti, þá var það bara hluti af sendinefndinni sem komst inn í þennan hluta stofnunarinnar því að vaxtarlag sumra leyfði það ekki að þeir kæmust þangað inn og voru þeir þó allir ófatlaðir. Menn geta ímyndað sér hvernig það er fyrir fatlaða einstaklinga að komast þarna að og hvað þá menn í hjólastól, enda þurfa þeir að fá þjónustu þessarar deildar og lögfræðingsins frammi á gangi þar sem almenningur situr og bíður eða er í afgreiðslu. Þetta er ekki boðlegt og þetta þekkir hæstv. ráðherra mjög vel. (Forseti

hringir.) Ég er að ljúka máli mín, virðulegi forseti. Sama gildir þegar menn ætla að sækja um endurgreiðslu mikils læknis- og lyfjakostnaðar. Menn þurfa að fara inn í húsið nr. 114, upp um ójöfnur og stiga, í lyftu upp á 3. hæð, út þar mjög langan gang yfir í hús nr. 116 og niður þar í annarri lyftu — þetta er alveg með ólíkindum — og sú lyfta er lyfta heilbrrn. sem hæstv. ráðherra þekkir áreiðanlega mjög vel og mjög erfitt fyrir t.d. mann í hjólastól að opna þá lyftu. Það er nánast ómögulegt nema fá aðstoð við það. (Forseti hringir.)

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra í lok máls míns af því að ég veit að hann hefur skilning á ástandinu í stofnuninni sem á að þjóna þessum hópi: Hvað hyggst hæstv. ráðherra fyrir í húsnæðismálum Tryggingastofnunar ríkisins? Þó það sé ekki nú eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra á afmælisfundinum, þá á næstunni því það verður ekki búið við þetta ástand mikið lengur.

[14:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það má segja að að sumu leyti hafi hv. fyrirspyrjandi svarað sér sjálf því ég hef þegar svarað þeirri fyrirspurn á öðrum vettvangi en hér á Alþingi hvenær Tryggingastofnun fái nýtt húsnæði. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að húsakostur er mjög þröngur á Laugavegi 114 og 116 þar sem höfuðstöðvar Tryggingastofnunar eru. Og það sem verra er, þjónustunni er dreift víða út um bæ sem er mjög óhentugt bæði fyrir þá sem þurfa að nýta sér þjónustuna og einnig fyrir þá sem þar starfa.

En eins og öllum er kunnugt eru ekki í bígerð á þessu ári neinar nýframkvæmdir á vegum heilbrrn. og það mundi kannski mörgum líka finnast vel í lagt að leggja einhver hundruð milljóna til þess að bæta húsakostinn á sama tíma sem við höfum ekki nægilegt fjármagn til þess að þjóna viðskiptavinum stofnunarinnar eins og við best viljum.

[14:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að vekja máls á þessu þarfa máli. Staðreyndin er sú að það er sennilega engin ríkisstofnun sem býr við jafnlélegan húsakost og einmitt Tryggingastofnun ríkisins. Um árabil hefur hinn ágæti forstjóri stofnunarinnar, Karl Steinar Guðnason, barist fyrir því að ráðist verði í það að fá nýtt húsnæði undir stofnunina. Það er fyrir löngu orðið of lítið, aðgengi er erfitt fyrir fatlaða, það er skortur á bílastæðum eins og hv. þm. rakti.

Nú er það svo, herra forseti, að ég veit ekki betur heldur en það hafi einmitt komið fram í þessum sölum að stofnunin á yfir verulegum fjármunum að ráða í húsakaupasjóði. Ég held að þeir nái hátt á annað hundrað millj. kr. þannig að það er ljóst að nú þegar er til fjármagn þannig að það ætti að vera hægt að taka ákvarðanir um að hefja þetta starf. Ég tek undir þær áskoranir sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir flytur á hæstv. heilbrrh. Ég veit að heilbrrh. skortir ekki viljann en ég held að ekki síst með tilliti til hagsmuna þeirra sem neyta þjónustu stofnunarinnar sé þetta afskaplega brýnt mál.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. kærlega fyrir svörin og hv. formanni heilbr.- og trn. fyrir innlegg hans í þessa umræðu. Það er rétt að það hefur komið fram að ekki eru áform um að bæta úr húsnæðisvanda Tryggingastofnunar ríkisins á þessu ári, en ég vona svo sannarlega að fyrir dyrum standi á næstu árum að leysa úr þessum mikla vanda, en eins og ég lýsti er ástandið afleitt. Þá er einnig erfitt að koma við vinnuhagræði sem leiðir í reynd til sparnaðar þegar búið er eins þröngt og Tryggingastofnun býr nú. Því má segja að verði eitthvað bætt úr húsakosti Tryggingastofnunar, þá leiði það af sér ákveðinn sparnað með vinnuhagræði.

Ég vil einnig minna á að tryggingaráð ályktaði um húsnæðismál Tryggingastofnunar ríkisins á síðasta fundi fyrir afmælishald Tryggingastofnunar á dögunum þar sem vakin er athygli á því ófremdarástandi sem þar ríkir og þá ekki aðeins gagnvart viðskiptavinunum. En forsenda þess að hægt sé að veita almennilega þjónustu og standa undir nafni sem miðstöð velferðarkerfisins er að hafa greiðan aðgang viðskiptavina að stofnuninni. Einnig er það mikið hagsmunamál að starfsmenn geti sinnt störfum sínum svo vel sé. En svo er því miður ekki eins og ástandið er í Tryggingastofnun ríkisins og gæti ég vissulega rakið ýmis önnur dæmi um það hversu fráleit aðstaða er víða hjá stofnuninni. Því miður hef ég ekki tíma til þess að sinni en ég vona svo sannarlega að leyst verði úr þessum húsnæðisvanda fyrr en síðar.

Lögfræðideild Húsnæðisstofnunar.

Fsp. GHall, 341. mál. — Þskj. 596.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn á þskj. 596 til félmrh. um lögfræðideild Húsnæðisstofnunar.

Í fyrsta lið er spurt um hvað líði athugun Ríkisendurskoðunar á starfsemi lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar sem fram fór síðari hluta árs 1995 að ósk forstjóra Húsnæðisstofnunar.

Tilefni þessarar fyrirspurnar er það að ég hef undir höndum fjölmörg bréf sem send hafa verið bæði Rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara vegna einstaklings sem hefur lent í allsérkennilegu máli vegna starfa lögfræðings við Húsnæðisstofnun. Í bréfi sem berst Sigurði E. Guðmundssyni forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og birtist í Morgunblaðinu 25. janúar sl. kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Forstjóri Húsnæðisstofnunar fór þess á leit við Ríkisendurskoðun 13. desember sl. að hún lýsti á skýrari hátt en gert var í bréfi stofnunarinnar til félagsmálaráðherra 30. nóvember sl. og í skýrslu KPMG Endurskoðun hf. frá 22. nóvember að ekki hafi verið um að ræða misferli hjá öðrum starfsmönnum lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar en þeim tveimur sem þar er rætt um.

Í svari ríkisendurskoðanda segir: „Af þessu tilefni skal tekið fram að í umræddri athugun kom ekkert fram sem benti til misferlis annarra starfsmanna lögfræðideildarinnar en þeirra tveggja sem um er rætt í nefndri skýrslu og ekki eru uppi neinar grunsemdir um misferli annarra starfsmanna deildarinnar af hálfu Ríkisendurskoðunar eða KPMG Endurskoðunar hf.““

Það sem vekur athygli mína, herra forseti, er að það er virt endurskoðun hér í bæ sem er sett í það að endurskoða nánast sinn eigin starfsferil innan Húsnæðisstofnunar vegna

þess að endurskoðunarskrifstofan KPMG er endurskoðunarskrifstofa Húsnæðismálastofnunar einnig. Með þessu er ég ekki að deila á þessa endurskoðunarskrifstofu en ég geri hins vegar athugasemd við þessa málsmeðferð, að endurskoðunarskrifstofa skuli vera að endurskoða sjálfa sig.

Herra forseti. Síðari fyrirspurnin á þskj. 596 er svohljóðandi: „Munu alþingismenn fá niðurstöður þessarar athugunar þegar þær liggja fyrir?“

[14:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Félmrn. barst ábending um meinta óheimila veðflutninga lögfræðings hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og fleiri atriði tengd því. Við höfðum strax samband við ríkisendurskoðanda og ég skrifaði bréf í kjölfarið þann 11. ágúst 1995 þar sem þess var óskað að Ríkisendurskoðun athugaði hvort ráðstafanir lögfræðingsins samrýmdust með eðlilegum hætti starfi hans hjá stofnuninni.

Í byrjun september 1995 var mér tjáð af ríkisendurskoðanda að grunur léki á að fyrrv. starfsmaður lögfræðideildar hefði gerst sekur um fjárhagslegt misferli og að umræddur starfsmaður hafi látið af störfum er grunur hafi vaknað um misferlið. Þannig hafði ráðuneytið fengið vísbendingar um meint misferli tveggja lögfræðinga hjá Húsnæðisstofnun. Ég ritaði bréf, dags. 7. sept. 1995, til Húsnæðisstofnunar þar sem óskað var eftir ítarlegri greinargerð frá stofnuninni um málefni lögfræðinganna. Þann 13. sept. 1995 sendi Húsnæðisstofnun kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur fyrrv. starfsmanni stofnunarinnar. Kæran var byggð á 11 atriðum. Í október 1995 bættust við þrjú atriði þannig að samtals eru kæruatriðin 14. Heildarkrafa stofnunarinnar á hendur viðkomandi starfsmanni er 7,4 millj. auk dráttarvaxta. Ríkisendurskoðandi sendi mér bréf 30. nóv. sl. ásamt greinargerð um erindi ráðuneytisins varðandi athugun á veðflutningum í þágu tiltekins starfsmanns stofnunarinnar. Í bréfinu kom fram að ríkisendurskoðandi hefði átt fund með framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra stofnunarinnar um málið og ákveðið hafði verið að fela Endurskoðun hf. eftirfarandi verkefni:

1. Athugun á starfsemi lögfræðideildar í heild sinni.

2. Sérstök athugun á innheimtu- og veðflutningamálum starfsmanns lögfræðideildar.

3. Frekari rannsókn á máli fyrrv. starfsmanns lögfræðideildar sem sent var Rannsóknarlögreglu ríkisins 13. sept. 1995.

4. Athugun á fyrirkomulagi á innheimtu skyldusparnaðar.

Niðurstöður Endurskoðunar hf. voru birtar í skýrslu, dags. 22. nóv. 1995. Þar kemur fram að starfsmaður lögfræðideildar hafi heimilað veðflutninga hjá fimm aðilum sem tengdust honum og nam fjárhæð veðflutninganna 16 millj. kr. Starfsmaðurinn sagði upp störfum þann 22. sept. 1995 og Ríkisendurskoðun lagði til að máli hans yrði vísað til Rannsóknarlögreglunnar. Fram kemur í skýrslunni að engar reglur hafi verið til hjá stofnuninni um hvernig staðið skuli að veðflutningi og hverjir hafi heimild til að samþykkja slíka flutninga. Í lögum um Húsnæðisstofnun er ekkert fjallað um veðflutninga. Almennt hefur veðflutningur ekki verið heimilaður en þó eru nokkur dæmi um slíkt og þá aðallega vegna greiðsluerfiðleikalána.

Á fundi sínum 9. nóv. 1995 samþykkti húsnæðismálastjórn að veðflutningar væru ekki heimilir nema samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar. Þá er í skýrslunni gerð athugasemd við starfsskipulag lögfræðideildar varðandi vanskilainnheimtu þegar um er að ræða kaup og sölu uppboðseigna. Lagt er til að komið verði á skilvirku innra eftirliti í lögfræðideildinni. Loks er gerð athugasemd við fyrirkomulag á innheimtu skyldusparnaðar unglinga og lagt til að komið verði á meiri festu við úrvinnslu þeirra mála.

Í kjölfar úttektar Endurskoðunar hf. ritaði ég Húsnæðisstofnun bréf þann 6. des. þar sem ráðuneytið leggur áherslu á að málið verði hið fyrsta meðhöndlað í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Tilgreint er sérstaklega það mat Ríkisendurskoðunar að vísa beri athugun á veðflutningamálunum til Rannsóknarlögreglu og brýna nauðsyn beri til að efla innra eftirlit lögfræðideildar. Í lok bréfsins er vísað til fundar míns og yfirstjórnar ráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar þar sem ákveðið var að Ríkisendurskoðun mundi í upphafi ársins 1996 framkvæmda stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi Húsnæðisstofnunar. Sama dag sendi ég Ríkisendurskoðun formlega beiðni þar að lútandi.

Húsnæðisstofnun ríkisins vísaði með bréfi, dags. 10. jan. sl., innheimtu- og veðflutningamálum fyrrv. starfsmanns lögfræðideildar til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í bréfi ríkisendurskoðanda til Húsnæðisstofnunar þann 23. jan. segir m.a. eftirfarandi:

„Af þessu tilefni skal tekið fram að í umræddri athugun kom ekkert fram sem bent gæti til misferlis annarra starfsmanna lögfræðideildar en þeirra tveggja sem um er rætt í nefndri skýrslu og ekki eru uppi neinar grunsemdir um misferli annarra starfsmanna deildarinnar af hálfu Ríkisendurskoðunar.“

Ríkisendurskoðun vinnur sem sagt að stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi Húsnæðisstofnunar og að sjálfsögðu munu alþingismenn fá aðgang að niðurstöðum Ríkisendurskoðunar þegar þær liggja fyrir.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir hans yfirgripsmikla svar sem hér kom fram. Það vekur hins vegar athygli að nokkuð virðist þetta hafa verið laust í böndunum hér áður. Og það vaknar líka upp sú spurning hvort það geti hafa gerst að áður en þessi ákvörðun var tekin 9. nóv., um breytt fyrirkomulag á tilfærslu veðheimilda, að veðflutningar hafi átt sér stað án þess að æðstu menn stofnunarinnar kæmu þar nokkuð nálægt. Það er með ólíkindum ef svo er ekki. Ekki það að ég sé með neinum hætti að draga aðra inn í þetta mál heldur en hér hefur komið fram og ekki með neitt vantraust á þá menn almennt.

Það sem hins vegar hlýtur að vera alvarlegast í stöðunni er að einstaklingar verða fyrir barðinu á opinberum embættismönnum þannig að nú er verið að ganga að eignum þeirra vegna vanskila og ýmiss konar misferlis þessara fyrrnefndu starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins. En ég vona að það fari að verða svo á þeim bæ að þessi stofnun megi aftur njóta trausts og að ungt fólk sem er að hefja búskap geti leitað þangað inn og fengið þá þjónustu og fundið fyrir því trausti sem slík stofnun á að bera öðrum fremur.

[14:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er ekki meiningin að hafa starfsemi Húsnæðisstofnunar lausa í böndum. Það vil ég að komi alveg skýrt fram. Héðan af verða veðflutningar, ef leyfðir verða, háðir samþykki stjórnar stofnunarinnar. Aðrir veðflutningar eru héðan af óheimilir. Stjórnsýsluendurskoðun stendur yfir á stofnuninni og ég ætla að bíða og sjá hvað út

úr henni kemur áður en fleiri ráðstafanir verða gerðar.

Neyðarhjálp vegna fátæktar.

Fsp. GE, 370. mál. — Þskj. 648.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég byggi fyrirspurn mína að hluta til á upplýsingum félagsmálafulltrúa ýmissa sveitarfélaga og einnig á viðtalsþætti í Ríkisútvarpinu á Rás 2 þann 27. des. sl. Þar kom fram í fréttaviðtali Þorvaldar Friðrikssonar við Sigrúnu Halldórsdóttur að matargjafir ýmissa líknarstofnana til Íslendinga skiptu þúsundum.

Ég hef haldið því fram að fátækt sé að hreiðra um sig hér á landi sem lýsir sér í því að hjálparstofnanir hafi í vaxandi mæli orðið að beina starfi sínu að því að veita Íslendingum neyðaraðstoð og félagsleg aðstoð sveitarfélaga til einstaklinga sé sífellt vaxandi. Ástæður fátæktar tel ég vera lág laun, atvinnuleysi og samdrátt yfirvinnu, svo að nokkuð sé nefnt. Ástæða sem einnig er skylt að nefna er auðvelt aðgengi að lánsfé í fjölmörgum myndum og einnig að ef lánastofnanir hafa fengið trausta ábyrgðarmenn virðist sem þær hafi látið sér það duga án þess að kanna möguleika lántakanda til að standa við endurgreiðslu umræddra láns. Þetta ásamt síðferðisskorti virðist vera orsök þess að fátækt er í einhverjum mæli á Íslandi. Ef rétt er þá er það þjóðarskömm.

Ég spyr hæstv. félmrh. eftirfarandi spurninga og svar hans mun væntanlega gefa til kynna hvort mín fátæktarumræða sé skrum eða staðreynd. Spurningar mínar eru eftirfarandi:

1. Hversu margir Íslendingar fengu neyðarhjálp vegna fátæktar árin 1994 og 1995?
2. Í hvaða formi var sú aðstoð og hverjir veittu hana?

[14:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er nokkuð erfitt að svara þessari spurningu svo tæmandi sé vegna þess að ýmsir af þessum einstaklingum eða þeim sem hafa notið aðstoðar hafa notið aðstoðar á fleiri en einum stað þannig að talan er ekki auðfundin og ég hef hana ekki til reiðu. Þegar einstaklingar og fjölskyldur verða fyrir fjárhagslegum áföllum er líklegt að stórfjölskyldan komi oftast til hjálpar, en í þessu svari er ekki hægt að greina frá þeirri hjálp. Fátækt er líka afstætt hugtak og menn eiga erfitt með að verða á eitt sáttir um merkingu þess. Þá er ekki síður erfitt að skilgreina orðið „neyðarhjálp." Í þessu svari er miðað við einstaklinga og fjölskyldur sem að mati sveitarfélaganna hafa þurft á aðstoð að halda við að hafa í sig og á og einnig er gerð tilraun til þess að greina frá aðstoð líknarfélaga.

Almenna reglan um aðstoð frá sveitarfélögunum er sú að þeim sem eru undir ákveðnum tekjumörkum er veitt fjárhagsaðstoð. Tekið er tillit til fjölskyldustærðar og miðað er við fjölskylduna í heild þegar þörfin fyrir aðstoðina er metin, samanber lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélögunum ber að setja reglur um fjárhagsaðstoð og hafa um 70 sveitarfélög sett sér slíkar reglur. Flest þeirra miða við ákveðna lágmarksfjárhæð sem hækkar eftir því sem fjölskyldan stækkar.

Hér verður ekki greint frá annarri aðstoð sem sveitarfélögin veita þeim sem eru í fjárhagskröggum, þ.e. úrlausn í húsnæðismálum og fjármálaráðgjöf er ekki talin með. Rétt er að vekja athygli á því að fyrir skömmu tók til starfa ráðgjafarstöð um fjármál heimilanna og þegar ég vissi síðast, í morgun, voru um 500 manns sem höfðu leitað þar ásjár. Einnig var könnuð neyðaraðstoð hjá nokkrum samtökum og Hjálparstofnun kirkjunnar.

Fyrst varðandi fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Á árinu 1994 fengu alls 5.397 heimili fjárhagsaðstoð og heildarútgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar voru 775,6 millj. Á árinu 1993 voru viðtakendur fjárhagsaðstoðar 4.767 og heildarútgjöldin námu 616 millj. Það vekur athygli hve margir einstæðir karlar án barna hafa þurft að leita sér fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum, en tæplega 4%, þ.e. 3,8% af kjarnafjölskyldum og einstaklingum í landinu fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum á árinu 1992. Hér er miðað við mannfjöldatölur úr Landshögum frá árinu 1993 og þá voru kjarnafjölskyldur alls 65.163 en einstaklingar utan kjarnafjölskyldna voru alls 74.460. Til kjarnafjölskyldu teljast hjón og fólk í óvígðri sambúð með börn 15 ára og yngri, einhleypir karlar eða einhleypar konur sem búa með börnum 15 ára eða yngri. En börn 16 ára og eldri teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum eldri en 16 ára.

Hjálparstofnun kirkjunnar afgreiddi á árinu 1995 1.234 umsóknir um neyðaraðstoð, á árinu 1994 voru um 1.100 umsóknir afgreiddar. Verðmæti aðstoðar það ár hjá Hjálparstofnun kirkjunnar var um 12 millj. en um 10 millj. á árinu 1995. Rauði krossinn veitti aðstoð 1994 tæpar 8 millj. en 1995 tæpar 10 millj. Samhjálp hvítasunnumanna veitti aðstoð fyrst og fremst með matargjöfum og þá leituðu til mæðrastyrksnefndar 1992 um 1.000 manns en um 750 á sl. ári.

[14:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Tvennt vekur eftirtekt í ræðu hæstv. félmrh. Í fyrsta lagi það að hann lýsir því yfir að það sé skoðun sín að fátækt sé afstæð. Í öðru lagi hitt að hann telur síðan upp að þúsundir manna hafi þurft á neyðarhjálp að halda.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem er afstætt í huga hæstv. félmrh. en fátæktin ein. Þegar hæstv. félmrh. var óbreyttur stjórnarandstöðuþingmaður hafði hann hátt um það að þúsundir fjölskyldna væru að komast á vonarvöl og það væri einungis eitt sem gæti bjargað þeim og það væri að Framsfl. kæmist í ríkisstjórn. Það var fyrst og fremst eitt mál sem hann og hans flokkur lagði undir og það voru húsnæðismálin.

Herra forseti. Forlögin hlutuðu því þannig til að Framsfl. komst til ríkisstjórnar. Og hvað hefur hann síðan gert í þessu máli sem hann lofaði þessu fátæka fólki sem er orðið afstætt í hugum hæstv. félmrh.? Hann hefur nákvæmlega ekkert gert. Fólkið sem þessi hæstv. félmrh. bjó til væntingar hjá, skapaði drauma hjá vegna þess að hann og hæstv. viðskrh. lofuðu því að þeir mundu reyna að leysa fjárhagsvanda þeirra sem höfðu lent í fjárhagslegum hrakningum vegna húsakaupa með því að leggja fram frv. um greiðsluaðlögun. Þetta loforð hafa þeir svikið. Fátæktin er afstæð, herra forseti. Menn sjá hana kannski með allt öðrum augum þegar þeir eru í stjórnarandstöðunni en þegar þeir eru sestir í hæga stóla ríkisvaldsins og komnir í ríkisstjórnina.

[14:45]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að fátæktin sé afstæð. Alla vega er það svo í mínum huga að ég sé hana alltaf eins og geri kröfur til þess að minn flokkur og ríkisstjórnin taki á málefnum þeirra sem erfitt eiga. Þó ekki verði öllum bjargað þá er það mikið verk að hreinsa flórinn eftir Alþfl.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að leiða þessa umræðu frekar út í það sem tveir hv. síðustu ræðumenn fóru inn á, pólitískt karp. Hér er um allt of mikið alvörumál að ræða til þess að nálgast þetta á þeim nótum.

Ég vil byrja á því að þakka svar hæstv. félmrh. Mér var ljóst að það mundi verða mjög örðugt að finna út nákvæmlega hver þörfin hefði verið fyrir aðstoð. Ég vissi sjálfur að það voru fleiri þúsund manns sem þurftu einhverja hjálp. Ég er þess fullviss að í framhaldi af þessu svari er mörgum ljóst að fátæktin er að hreiðra um sig á Íslandi. Það er alveg ljóst. Og það er alveg ljóst að þessar á annað þúsund milljónir, sem ég legg saman í snatri sem hafa farið í svona aðstoð, væru betur komnar á annan veg en svona. Það væri eðlilegra að það væri í launaumslögum þeirra sem hafa jafnvel þurft að sækja sér hjálp þó þeir hafi haft einhverja vinnu.

Ég met mikils hvað hefur verið lögð vinna í þetta svar við fyrirspurn minni. Mér er kunnugt um að það var leitað eftir svörum víða um land og það fengust nokkrar upplýsingar. Ég veit að það er töluvert um trúnaðarupplýsingar að ræða sem komu fram í svarinu og það er ekki hægt að ræða það sérstaklega. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra í lokin hvort hann sé ekki sammála mér um það að ástandið sé mjög alvarlegt. Síðan spyr ég að auki: Hefur ráðherra hugsað sér að grípa til sértækra aðgerða vegna þessa ástands?

Ég vil aftur í lokin ítreka þakkir fyrir að það hefur verið lögð töluverð vinna í að fá fram svar við því sem ég óttaðist að væri að gerast, þ.e. að fátækt hefur hreiðrað um sig á Íslandi.

[14:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn sem vekur athygli á mjög brýnum vanda. Nú er það þannig að fátækt er vissulega afstæð. Það sem kallað er ríkidæmi í Indónesíu er fátækt á Íslandi. Það sem kallað var ríkidæmi fyrir 100 árum á Íslandi er fátækt í dag þannig að fátækt er afstæð í tíma og rúmi.

Ég er sammála því að laun ættu að vera miklu hærri á Íslandi og til þess þurfum við að örva atvinnulífið. Við þurfum að keyra atvinnulífið áfram með því að auka fjárfestingu í atvinnulífinu. Það er brýnasta verkefnið. Við þurfum að auka atvinnuna því mikið af þessari fátækt sem við upplifum í dag er vegna atvinnuleysis og vegna þess að fólkið fær ekki peningana í launaumslaginu.

[14:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er þetta með fátæktina, hvort hún sé afstæð eða ekki. Menn eiga erfitt með að koma sér saman um hvernig eigi að skilgreina hvað það er nákvæmlega sem er fátækt. Það er hvergi skilgreint í lögum. Í orðabók Menningarsjóðs er sá maður talinn fátækur sem er snauður eða allslaus, það er sú skilgreining sem orðabók Menningarsjóðs gefur. Það er sjálfsagt alltaf matsatriði en meginatriðið er það að fólk hafi í sig og á og geti búið við sæmilega framfærslu.

Ég ansa nú ekki þessu geipi í hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég tel að ég hafi unnið, og ríkisstjórnin, vel og með talsverðum árangri að húsnæðismálum og ég tel að ég hafi náð verulegum árangri til þess að lagfæra skuldamál heimilanna þannig að þó að hv. þm. flytji hundrað sinnum sömu ræðuna, hann er búinn að flytja hana 99 sinnum, þá kikna ég ekkert undan því.

Hitt er svo annað mál að það eru allt of margir í þjóðfélaginu sem hafa hvorki í sig né á og það er meginatriðið að reyna að hjálpa þeim, ekki kannski með neyðarhjálp. Sumum þarf að hjálpa með félagslegri aðstoð en sumum þarf að reyna að hjálpa til að fá vinnu þannig að þeir geti notið starfskrafta sinna. Sem betur fer er atvinnuleysi að minnka í þjóðfélaginu. Atvinnuástandið er miklu betra heldur en það var í fyrra. Samkvæmt síðustu heimildum sem ég hef var atvinnuleysi í síðasta mánuði um það bil 1,5% minna en það var í sama mánuði í fyrra. Það var nærri 2% minna í febrúar heldur en í sama mánuði í fyrra. Þjóðhagsstofnun spáði 4,4% atvinnuleysi á árinu 1996, en nú eru allar horfur á því að við komumst niður fyrir 4% og það tel ég vera marktækan árangur.

Auðvitað þurfa stjórnvöld á hverjum tíma að vera vakandi yfir því að fólk líði ekki skort og að sjá þeim sem ekki geta bjargast öðruvísi fyrir félagslegri aðstoð eða öryggisneti. En meginatriði er náttúrlega að hjálpa fólki til sjálfshjálpar.

Málefni einhverfra.

Fsp. SvG, 419. mál. — Þskj. 745.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla satt að segja ekki að blanda mér í, og það er ekki hæfilegt að ég blandi mér í þá umræðu sem fór fram áðan, en mér finnst það dálítið lýsandi um stöðuna þegar menn þurfa að fara í orðabók til að leita að skýringa á fátækt. Satt að segja er það nokkuð fróðlegt.

Ég hef leyft mér á þskj. 745 að bera fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um málefni einhverfra og eintsaklinga með asperger-einkenni. Fyrirspurnin er á þessa leið:

1. Hver er niðurstaða nefndar sem falið var að fjalla um greiningu og meðferð einhverfra og einstaklinga með asperger-einkenni?

2. Hvenær hyggst ráðherra taka ákvörðun um næstu skref sem stigin verða á grundvelli tillagna nefndarinnar?

3. Eru einhver þeirra úrræða, sem nefndin gerði tillögur um, á forræði annarra ráðuneyta? Ef svo er, hverra?

4. Mun ráðuneytið birta skýrslu nefndarinnar opinberlega?

Mér er ekki kunnugt um að áður hafi í þessari stofnun verið fjallað um þann hóp einstaklinga sem kallaðir eru einstaklingar með asperger-einkenni en þar er um að ræða vandamál sem kennt er við austurríska geðlækninn Hans Asperger og hefur verið fjallað sérstaklega um. Er yfirleitt litið á þessi einkenni sem hluta af málefnum eða vandamálum og einkennum einhverfra. Samkvæmt skilgreiningu er þetta orðað þannig í þýðingu sem ég hef undir höndum á grein um þetta vandamál að barn með aspergar-heilkenni virðist vanta hæfni til að gera sér í hugarlund hugsanir og tilfinningar

fólks. Ástandið líkist einhverfu á margan hátt en fullorðið fólk með þetta heilkenni sem hefur góða greind getur þó náð langt í atvinnulífinu. Þrátt fyrir ytri aðlögun er þó oft til staðar ákveðin vanhæfni til að lifa sig inn í aðstæður annarra, og það er kannski megineinkennið á þessum hópi. Um það bil helmingur af öllum börnum með asperger-heilkenni þjást af geðrænum vandamálum á unglingsárum.

Ég hef undir höndum allmikið magn af textum um þetta vandamál sem ég hafði hugsað mér að senda félmrn. til skoðunar ef svo undarlega vildi til að eitthvað af þessum gögnum hefði ekki þegar borist ráðuneytinu, en málin hafa verið þar til meðferðar á vegum ákveðinnar nefndar. Mér þætti vænt um ef hæstv. félmrh. gæti skýrt okkur frá því hvar málin standa, en það er einn af aðstandendum einstaklinga með þessi einkenni sem bað mig satt að segja um það að kanna hvar þetta mál stæði og mér fannst eðlilegt að koma því á dagskrá þessarar virðulegu stofnunar með þeim hætti sem hér reynt að gera.

[14:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er ekki lengra síðan en í morgun að til viðtals við mig komu foreldrar þriggja barna sem eiga við þessa erfiðleika að stríða og gerðu mér grein fyrir aðstæðum sínum og barna sinna. Ég vil láta það koma fram að þetta fólk hefur alla mína samúð.

Fyrrv. félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, skipaði í febrúar 1995 sjö manna nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipulag þjónustu við einhverfa. Nefndin skilaði tillögum og greinargerð til félmrn. í janúar 1996, þar sem meðal annars eftirfarandi niðurstöður koma fram:

Það varð niðurstaða nefndarinnar að hún hefði ekki aðstæður til að gera nákvæmar tillögur um framkvæmd einstakra þátta í uppbyggingu þjónustu við einhverfa né um umfang hennar. Þess í stað er lögð áhersla á að tryggt sé að stöðugt sé fylgst með þörfum einhverfra og uppbygging þjónustunnar haldist í hendur við þarfir einhverfra á hverjum tíma. Þetta sé gert með því að fella uppbyggingu þjónustunnar og rekstur núverandi stofnana að þjónustukerfi fatlaðra jafnframt því sem tryggt sé að þjónustan sé í boði sem miðast við sértækar þarfir þeirra. Auk þess er lagt til að stofnað sé fagteymi með sérþekkingu á greiningu og meðferð einhverfu sem fylgist náið með þjónustu við einhverfa einstaklinga og tryggði jafnframt að stöðugt sé aflað og dreift nýrri þekkingu á þessu sviði. Einnig var lögð áhersla á samráð við aðstandendur einhverfra og félagsskap þeirra, svo og við fræðsluyfirvöld. Með stofnun slíks fagteymis og með því að byggja þjónustu við einhverfa innan þjónustukerfis fatlaðra telur nefndin að málum þeirra verði best komið fyrir til framtíðar.

Í öðru lagi er í tillögum nefndarinnar lagt til að fagteymi verði starfandi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða barna- og unglingageðdeild og að félmrn. efni til viðræðna við heilbr.- og trmrn. um það hvernig þessu verður fyrir komið og nauðsynlegt starfslið verði tryggt til viðbótar því starfsliði sem nú sinnir þessu verkefni. Félmrn. mun á næstunni efna til viðræðna við heilbr.- og trmrn. um ákvörðun í þessu máli og verður það fyrsta skrefið sem stigið verður á grundvelli tillagna nefndarinnar.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að félmrn. efni til viðræðna við menntmrn. og fræðsluyfirvöld um skipulagningu á framkvæmd þjónustu skólakerfis við einhverfa og um hlutverk fagteymis einhverfra gagnvart fræðslukerfinu.

Varðandi fjórðu spurninguna hefur ráðuneytið ákveðið að skýrslan verði til afhendingar í ráðuneytinu fyrir þá sem hafa áhuga á því að kynna sér efni hennar og hefur hún þegar verið afhent nokkrum aðilum. Að vísu urðu nokkur mistök þar sem gölluð eintök eða eintak sem ekki var lokaskýrsla voru afhent í tveimur tilfellum fyrir mistök og ber að harma það, en þeir eru búnir að fá í hendur rétt eintök núna eða eru að fá þau.

Ég vil láta þess getið að fyrir dyrum stendur endurskoðun á lögunum um málefni fatlaðra og nefnd er komin til starfa að því verki og það er eðlilegt að hún taki á og kynni sér skýrslu nefndarinnar og hafi hana til hliðsjónar þegar fjallað verður um einstaka fötlunarhópa.

[14:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu málefni einhverfra og einstaklinga með asperger-einkenni. Ég heyri á svörum hæstv. félmrh. að hann hefur skilning á aðstæðum þessa hóps og fagna því að komin er hreyfing á málefni þeirra eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þar sem hann hyggst hafa samráð við heilbrrn. um málefnið. Það er mjög brýnt að þau börn sem greinst hafa með asperger-einkenni fái þjónustu því að það er engin raunveruleg skipulögð þjónusta fyrir þau núna. Mjög mörg þeirra bíða eftir greiningu á barna- og unglingageðdeild og það er mikilvægt fyrir þennan hóp að fá greiningu snemma því að ef svo er ekki, þá er voðinn vís um framhaldið.

Það er líka mikilvægt eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að haft verði samráð við foreldrafélag eða umsjónarfélag einhverfra varðandi þjónustuna og að sett verði á laggirnar fagteymi eða sérfræðileg ráðgjöf verði stofnuð eins og óskað er eftir í þessari skýrslu sem hér er spurt um. Það er algjör undirstaða allrar vinnu með einhverfa. Það er hægt að ná árangri með þeirri þekkingu sem til er en það vantar sárlega að hún nái til þeirra sem annast meðferðina. Núna er það barna- og unglingageðdeildin sem sér um að sinna þessum hópi og hún er gjörsamlega að drukkna í verkefnum og hún getur ekki veitt þá þjónustu sem þarf nema fá fleiri stöðugildi. Ég hef upplýsingar um það að nú nýlega hafi barna- og unglingageðdeildin tilkynnt að hún muni ekki geta sinnt frekari þjónustu við þennan hóp og þá er ekkert annað úrræði en Greiningarstöð ríkisins sem þarf þá að fá aukna fjárveitingu. Ég er sannfærð um að hæstv. félmrh. hefur skilning á því að þarna þarf að taka á málum. Eins og ástandið er nú á barna- og unglingageðdeildinni þá bíða á tíunda tug barna eftir greiningu og það er mjög alvarlegt ástand.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hversu vel hann hefur tekið í þessi mál.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin sem mér fannst vera góð og skynsamleg og ég þakka einnig hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir góðar undirtektir við málið.

Ég hef ekkert að athuga við það sem fram kom í ræðu ráðherrans nema kannski tvennt. Í fyrsta lagi heyrist mér á öllu að skýrsla nefndarinnar sé þannig að það sé hægt að fara í að vinna eftir henni núna og það þurfi kannski ekki endilega að senda hana til meðferðar nefndarinnar sem er að endurskoða lögin um málefni fatlaðra. Ég vil gjarnan að það sé tekið heildstætt á málum af þessu tagi en ég óttast að

ef þessi skýrsla færi í hendurnar á þeirri nefnd, þá yrði ekki tekið á vandamálinu með þeim hætti sem ég held að þurfi að gera. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir benti á að hér er um að ræða einstaklingsbundin vandamál sem í fyrsta lagi liggja fyrir en í öðru lagi er ljóst að þarf að fara í að greina hvort eru til þannig að hér er kannski ekki um það að ræða að menn þurfi að taka á þessum verkefnum þannig að hér sé um að ræða hóp sem er allur eins. Vandinn við þessa fötlun er fyrst og fremst sá að einstaklingarir eru svo mismunandi og vandinn svo mismunandi að það gengur engin ein reglustika á þá alla eins og þeir þekkja sem hafa kynnst þessari fötlun. Þess vegna mundi ég vilja leggja á það áherslu við hæstv. ráðherra að farið yrði í verkið á grundvelli tillagna nefndarinnar, en ekki beðið með að fjalla um málið í tenglsum við endurskoðun laganna um málefni fatlaðra þó að það sé auðvitað sjálfsagt að hafa veður af þeirri endurskoðun líka.

[15:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef haft tækifæri til þess að kynna mér persónulega starfsemi Greiningarstöðvarinnar og ég hygg að þar sé unnið býsna merkilegt starf. Það liggur ljóst fyrir að málefnum þessa hóps verður að sinna. Það er ekki hægt að skjóta skollaeyrum við því. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Varðandi það að fara að vinna eftir skýrslunni strax, þá er auðvitað sjálfsagt að hafa hana til hliðsjónar en eins og annars staðar þarf venjulega einhverja fjármuni sem ekki voru tilgreindir á síðustu fjárlögum þannig að fjármuni verðum við þá að útvega. En ég legg áherslu á það að ég tel að við endurskoðun laganna um málefni fatlaðra sé óhjákvæmilegt að taka líka á málefnum þessa hóps þannig að hann sé á einhvert hátt varinn í löggjöf landsins.

Aðstoð við gjaldþrota einstaklinga.

Fsp. ÁRJ, 432. mál. — Þskj. 762.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn á þskj. 762 til hæstv. félmrh. um aðstoð við gjaldþrota einstaklinga, það er 432. mál þingsins.

Á síðustu árum hefur fjöldi einstaklinga orðið gjaldþrota hér á landi. Við það verður fólk ekki aðeins eignalaust heldur tekur það langan tíma að ná aftur þeim réttindum sem nútímafólk þarfnast í samfélaginu svo sem varðandi bankaviðskipti. Með gjaldþroti lýkur ekki innheimtuaðgerðum á hendur einstaklingum þannig að fólk neyðist oft út í svarta atvinnu til að brauðfæða sig sem er bæði slæmt fyrir einstaklinga og fyrir samfélagið í heild. Það eru þúsundir sem lenda í þessari aðstöðu því að það eru ekki aðeins gjaldþrota einstaklingar sem verða fyrir þessu heldur einnig fjöldi heimila sem verða gjaldþrota og kom það að hluta til fram í svari við fyrirspurn hv. þm. Gísla Einarssonar áðan mjög sláandi upplýsingar um það vandamál.

Mjög mörg þessara gjaldþrota verða vegna sérstakra aðstæðna. Nýsköpun eða frumkvæði í atvinnulífinu hefur það í för með sér að einstaklingar þurfa að taka áhættu. Bankakerfið tekur ekki þátt í að koma til móts við þá sem vilja fara út í nýsköpun eins og víða erlendis. Til þess að fá fyrirgreiðslu hjá bönkunum þurfa einstaklingar sjálfir og oft foreldrar, afar, ömmur, tengdafólk og ættingjar að gangast í ábyrgðir fyrir þessa atvinnustarfsemi. Fjöldi fólks stendur því upp eignalaust þegar slíkur rekstur fer úrskeiðis. Þokkalega stæðir aldraðir, eftir ævistarfið, standa vegna þessa oft uppi eignalausir. Þetta ástand splundrar fjölskyldum, foreldrar tala ekki við börnin sín, fjölskyldutengsl bresta. Þetta hefur í för með sér mikinn félagslegan vanda, heilbrigðisvanda þegar fólk missir heilsuna og það missir jafnvel lífslöngunina. Margir þeirra sem gangast í ábyrgðir lenda í þessu og það kemur þeim í opna skjöldu. Alls konar fólk lendir í þessu sem kannski hefur alls ekki komið nálægt þessum rekstri. Hér er það stjórnkerfið og bankakerfið sem á stóra sök. Í tengslum við gjaldþrotin er landflótti stórt og alvarlegt vandamál. Fólk sem lendir í þeim á oft ekki annarra kosta völ en fara úr landi til að geta séð sér farborða.

Nú veit ég að hæstv. félmrh. hefur skilning á þessum málum. Hann hefur sýnt það í starfi sínu sem félmrh. og ég veit að hann er mér sammála í því að við verðum að gefa þessu fólki tækifæri til að byrja upp á nýtt þannig að íslenskt samfélag missi ekki af þessu fólki úr landi. Því hef ég lagt fyrir fjórar spurningar, (Forseti hringir.) og ég ætla að fá að lesa þær, herra forseti:

1. Liggur fyrir félagsleg rannsókn á því hversu margar fjölskyldur hafa lent í þrengingum vegna gjaldþrota einstaklinga og fyrirtækja sl. tíu ár?

2. Er vitað hversu margar fjölskyldur hafa flutt úr landi í kjölfar gjaldþrots þar sem þær treysta sér ekki til að búa á Íslandi?

3. Hvaða ráðstafanir gerir ríkisvaldið til að aðstoða einstaklinga við að byrja nýtt líf eftir gjaldþrot?

4. Telur ráðherra koma til greina, með hliðsjón af því hve margir hafa orðið gjaldþrota á síðustu árum, að auðvelda fólki sérstaklega að komast inn á atvinnumarkaðinn?

[15:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að það hafi farið fram nein sérstök félagsfræðileg rannsókn á fjölskyldum eða einstaklingum sem hafa orðið gjaldþrota sl. tíu ár en slíkar upplýsingar mun vera að finna, a.m.k. um fjölda þessa fólks, hjá dómsmrn. Á vegum félmrn. er unnið að aðgerðum til að fyrirbyggja og leysa greiðsluvanda fólks. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna um tilraunaverkefni á vegum félmrn. sem ásamt því að veita ókeypis aðstoð og aðstoða fólk við að leysa sín vandamál vinnur að greiningu á þessum vandamálum. Í þeirri vinnu sem unnin er á vegum ráðuneytisins, í ráðgjafarstofu og í Húsnæðisstofnun ríkisins, er lögð áhersla á að þekkja vandann og tel ég því nauðsynlegt að fá fram heildarfjölda þeirra sem orðið hafa gjaldþrota og hver staða þeirra er eftir gjaldþrotið.

Við höfum hins vegar tölur um það hve margir gjaldþrotaúrskurðir hafa verið kveðnir upp og hverjir það eru sem biðja um gjaldþrotin. Það er fyrst og fremst tollurinn og gjaldheimtan.

Spurt er um hve margir hafa flutt úr landi undanfarin ár vegna gjaldþrots. Um það veit ég ekki. Það eru ekki til neinar tölur um það. Ástæður til brottflutnings geta verið margvíslegar og ein orsökin er fjárhagsvandræði.

Það er spurt hvaða ráðstafanir ríkisvaldið geri til að aðstoða einstaklinga við að byrja nýtt líf. Það eru engin sérstök úrræði sérmerkt þeim sem hafa gengið í gegnum gjaldþrot en þeim eiga að gagnast þau úrræði sem við erum með á

prjónunum og erum að hrinda í framkvæmd, þ.e. þjónusta ráðgjafarstofunnar. Hún á að sjálfsögðu að aðstoða það fólk sem hefur verið úrskurðað gjaldþrota eða gjaldþrot blasir við. Ég tel að ráðgjafarstofan sé mikið framfaraspor og muni liðsinna þessu fólki eins og frekast er unnt.

Þá vil ég nefna frv. sem er til meðferðar í þinginu um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hjálpa fólki fremur til að leita nauðasamninga heldur en gera það gjaldþrota. Þá er líka á ferðinni frv. sem ég mælti fyrir fyrir nokkrum vikum síðan um Innheimtustofnun sveitarfélaga þar sem heimilað er að semja ekki bara um vexti og dráttarvexti heldur einnig um höfuðstóla að hluta til eða öllu leyti. Hæstv. fjmrh. mælti úr þessum pakka fyrir frv. um tekjuskatt og eignarskatt og það er líka mjög stefnumarkandi, sérstaklega með tilliti til þess hverjir hafa haft forgöngu um að gera fólk gjaldþrota eða krefjast gjaldþrota, og þegar það frv. er orðið að lögum, þá eru persónuskattar umsemjanlegir eða aðrir skattar heldur en vörsluskattar. Vörsluskattar eru eins og menn vita skattar sem innheimtir eru fyrir ríkið af öðrum og á að standa skil á.

Ég vil einbeita mér að því að reyna að forða fólki frá því að verða gjaldþrota. Það er sjálfsagt að reyna að aðstoða hina eftir föngum sem hafa gengið í gegnum þessar hremmingar og þeir njóta að sjálfsögðu góðs af því sem gert er. En meginatriðið er að reyna að finna leiðir til þess að sem allra fæstir einstaklingar þurfi að ganga í gegnum gjaldþrot.

Varðandi fjórðu spurninguna vil ég segja það að ríkisstjórnin vinnur að því að aðstoða fólk við að komast inn á atvinnumarkaðinn, bæði fólk sem hefur misst vinnuna eða orðið gjaldþrota sem og aðra. Það er hins vegar erfitt að tengja aðstoðina við einn afmarkaðan þátt. Vandamálin geta verið svo ótrúlega fjölbreytt og því er erfitt að útbúa einhverja allsherjarforskrift fyrir þá sem hafa orðið gjaldþrota. Það eru svo margar ástæður fyrir því af hverju svona hefur farið fyrir fólki.

[15:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn og að vekja máls á þessu, en gjaldþrot eru eins og hæstv. félmrh. gat um af ýmsum toga. Þau hastarlegustu að mínu mati eru þau þar sem fólk hefur gengist í ábyrgðir, þ.e. hefur ekki einu sinni eytt þeim peningum sem því er svo gert að greiða og hefur ekki borið ábyrgð á því. Þegar ég sat í bankaráði Íslandsbanka lagði ég til að fólkið ætti ekki að skrifa upp á nema því yrði gerð grein fyrir stöðu skuldarans áður en það gerði það. Þarna vantaði miklar upplýsingar og kynningu.

En varðandi það að uppfinningamenn fái oft lán frá fjölskyldum og öðrum slíkum, þá vil ég benda á að í fjármagnstekjuskattsfrv. sem var rætt mikið í gær er möguleiki fyrir því að menn geta lagt fram peninga í slíkt án þess að fara illa út úr því eins og er með núverandi reglum þar sem ríkið er með þegar vel gengur en ekki þegar illa gengur sem gerir það að verkum að það er mjög óskynsamlegt og mjög vitlaust að setja peninga til aðstoðar uppfinningamönnum. Ég reikna með því að ef þetta frv. um fjármagnstekjuskatt verður samþykkt, þá eigi uppfinningamenn miklu greiðari aðgang að fjármagninu og þurfi ekki að leita til ættingja og vina.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Eins og ég vissi er hann með ýmsa vinnu í gangi varðandi þá einstaklinga sem hafa lent í fjárhagsvanda. Það kom fram að ekki hefur verið gerð sérstök rannsókn á þessum málaflokki, en ýmsar aðgerðir eru í farvatninu hjá hæstv. ráðherra til að leysa úr vanda þeirra sem hafa lent í fjárhagserfiðleikum. Hins vegar sakna ég þess að ekki skuli hafa komið fram í máli hæstv. ráðherra, og það er kannski ekki endilega á hans málasviði, að taka á t.d. í bankakerfinu sem á þarna stóra sök eins og kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals þar sem hann kom inn á ábyrgðirnar og það kom einnig fram í mínu máli.

Ég kom aðeins inn á það áðan að við missum margt afbragðsfólk úr landi vegna þess ástands sem hér ríkir í þessum málum og það er mjög alvarlegt því að þetta er yfirleitt fólkið sem hefur þor og dug til að fara út í nýjungar. Ég þori að fullyrða að væri Thor Jensen í íslensku atvinnulífi í dag þá hafi hann orðið að flýja land, og væri sjálfsagt kominn á félagslega kerfið í Svíþjóð eða Danmörku, því að hann varð þrisvar sinnum gjaldþrota. En ég vil leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf að halda fólki í landinu og ég heyri að hæstv. ráðherra hefur mikinn skilning á þessum þætti.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er verið að vinna ýmis mál í þessa veru í þinginu. Það hafa verið að safnast miklar upplýsingar á borð okkar þingmanna vegna fyrirspurna um þessa málaflokka, um nauðungaruppboð, um gjaldþrot, um vanskil o.s.frv. Þess vegna vildi ég gjarnan varpa þeirri spurningu fram til hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi að taka heildstætt á vanda fólks sem er gjaldþrota og þeirra sem kannski stefnir í gjaldþrot hjá, hvort ekki þurfi að fara út í einhverja nefndarvinnu og ég er tilbúin og reiðubúin til að leggja hæstv. ráðherra lið í þeim efnum fari hann út í slíkt því nauðsynlegt er að taka heildstætt á vanda þessa fólks.

[15:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Varðandi sértækar aðgerðir, þá sé ég það fyrir mér að þær eru töluvert vandasamar. Ég er svolítið feiminn við allan dilkadrátt. Ég vil alls ekki fara að sérmerkja þennan hóp með nokkrum hætti, því þetta eru mjög viðkvæm mál. Þau koma inn á sjálfsmat og hamingju viðkomandi einstaklinga í stórum stíl þannig að ég tel að þetta sé allt saman vandmeðfarið. Þessu fólki er ekkert ljúft að rifja upp eða skilgreina eftir á hvernig stóð á því að svona fór fyrir því. Ég held að þetta sé mjög vandasamt. Meginatriðið er eins og ég sagði að forða fólki frá því að lenda í þessum hörmungum og reyna að hafa þjóðfélagið þannig að þeir sem hafa lent í basli komist á fæturna sem allra fyrst aftur.

Mér er kunnugt um að hæstv. viðskrh. er með vinnu í gangi til þess að reyna að lagfæra í bankakerfinu augljósa agnúa sem snúa að þessu efni líka.

Framleiðsla rafmagns með olíu.

Fsp. PHB, 414. mál. — Þskj. 738.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Í dag höfum við þá stöðu í raforkumálum að Blanda er nánast ónotuð, hún gengur í lausagangi, Krafla

er notuð rúmlega hálft árið og á sama tíma eru keyrðar dísilstöðvar um allt land sem brenna innfluttri olíu og maður spyr sig hverju þetta sætir. Svo heyrir maður að garðyrkjubændur og aðrir kvarta undan háu raforkuverði og telja sig jafnvel ekki geta farið út í atvinnurekstur vegna þess arna.

Skipulag raforkukerfisins, bæði dreifing og verðlagning, virðist vera gamaldags og ekki ráða við það að koma vörunni til skila á hæfilegu verði.

Þegar við bætist ný virkjun í kerfið þá ætti, ef það væri einhver skynsemi og ef það væru markaðslögmál sem giltu, sérstaklega ef t.d. Blanda væri Blanda hf., þá ætti stjórn Blöndu hf. að sjálfsögðu lækka verðið til þess að koma sinni raforku í verð. Það mundi valda því að verðlag almennt á raforku mundi lækka og ýmsar iðngreinar sem ekki fá staðist vegna hás orkuverðs mundu fara í gang og nýta þessa orku sem núna er ónotuð. En svo er ekki og því búum við við þessa furðulegu mótsögn að við erum að eyða dísilolíu og jafnvel að kaupa rafstöðvar á sama tíma og orkuverin eru ekki fullnýtt. Erlendis er í gangi mikil þróun um einkavæðingu og sérstaklega að hluta niður orkufyrirtæki þannig að þau keppi hvert við annað sem leiðréttir þessa agnúa sem ég gat um.

En það er fleira. Við erum t.d. með fyrirbæri sem er Rarik sem er milliliður, að því er sýnist jafnvel óþarfur milliliður, í þessu kerfi og kostar náttúrlega sitt með því að leggja á milliliðagjald.

Það getur oft og tíðum vel verið skynsamlegt að keyra dísilrafstöðvar, sérstaklega ef orkufyrirtæki nota orku mjög stutt þannig að það borgar sig ekki að búa til heilt dreifikerfi fyrir kannski 10–15 mínútur á dag eða jafnvel á mánuði. Það getur líka verið skynsamlegt undir sumum kringumstæðum þar sem er mjög dýrt er að leggja dreifileiðslu, en þetta leiðir til þess að ég spyr hæstv. iðnrh.:

„Hverju sætir það að rafmagn er framleitt með innfluttri olíu á meðan Blönduvirkjun er vannýtt?“

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur borið fram til mín fyrirspurn á þskj. 738 um framleiðslu rafmagns með olíu. Spurningin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hverju sætir það að rafmagn er framleitt með innfluttri olíu á meðan Blönduvirkjun er vannýtt?“

Ég ætla að halda mig einvörðungu við efni fyrirspurnarinnar, en hv. þm. gerði skipulag orkumálanna að umtalsefni sem ég væri þá líka tilbúinn síðar að svara fyrir en í þeim efnum er að fara af stað vinna á vegum iðnrn.

Á sl. ári voru framleiddar um 8.433 mwst. af raforku í olíustöðvum eða um 0,17% af raforkunni sem unnin var hér á landi það ár. Yfirgnæfandi hluti þeirrar raforku sem unninn var með olíu á sl. ári var vegna bilana í flutningskerfinu, einkum í óveðrum í janúar og október á því ári. Fáeinir bæir og eyjar eru ekki tengdar raforkukerfinu og þar er olía yfirleitt notuð til að framleiða rafmagn. Í Grímsey og Flatey á Breiðafirði voru t.d. framleiddar af þessum 8.433 877 mwst. á sl. ári í olíustöðvum. Auk þess nýttu sex rafveitur olíustöðvar til þess að lækka kostnað við aflkaup sín. Ekki var þó um mikla notkun í þeim efnum að ræða.

Tvær af þeim sex rafveitum sem eru í beinum viðskiptum við Landsvirkjun framleiddu rafmagn á sl. ári til að lækka afltopp sinn og var sú framleiðsla einungis um 24 mwst. Þessar rafveitur greiða Landsvirkjun nú 8,80 kr. fyrir hverja kwst. þegar aflnotkun þeirra er umfram svokallað áskriftarafl eða að viðbættu því yfirafli sem Landsvirkjun heimilar. Landsvirkjun miðar við að þetta sé svipað og framleiðslukostnaður rafveitna á rafmagni í olíustöðvum. Samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar var þetta gjald rúmlega 100 kr. á kwst. en stjórn fyrirtækisins ákvað að lækka það á árinu 1992 úr 100 kr. niður í 8,80 kr. Það var gert til þess að koma í veg fyrir raforkuvinnslu með olíu þegar afl er tiltækt þannig að þetta var beinlínis gert í þeim tilgangi. Lækkunin hefur leitt til þess að um óverulega vinnslu í olíustöðvum til að lækka afltoppa í rafveitum er nú að ræða.

Akranesveita sem kaupir rafmagn frá Andakílsárvirkjun framleiddi um 18 mwst. á sl. ári til að lækka afltopp sinn. Sex rafveitur eiga ekki kost á beinum viðskiptum við Landsvirkjun og kaupa rafmagn í heildsölu af Rafmagnsveitum ríkisins og greiða 10% álag á framangreint verð til að mæta tapskostnaði við flutning orkunnar eða 9,68 kr. fyrir hverja kwst. sem er nokkru hærra en kostnaður við raforkuvinnslu í olíustöðvum, einkum þeim nýjustu. Þrjár þessara rafveitna framleiddu á síðasta ári alls um 78 mwst. af raforku í olíustöðvum til þess að lækka afltopp sinn. Auk þess voru framleiddar um 160 mwst. vegna toppkeyrslu í olíustöðvum í eigu viðskiptavina einnar rafveitunnar til þess að lækka afltopp viðkomandi veitu samkvæmt samningum þeirra í milli. Á síðasta ári framleiddu rafveiturnar og viðskiptavinir þeirra því samtals um 280 mwst. til þess að lækka afltopp sinna veitna eða sem svarar notkun u.þ.b. 70 heimila á raforku til almennra heimilisnota eða til um 8 heimila sem nota rafmagn til hitunar. Hér er því ekki um mjög mikla framleiðslu að ræða sem betur fer.

Uppbygging gjaldskrár Landsvirkjunar var breytt 1. jan. 1991 í framhaldi af vinnu svokallaðs vorhóps sem skipaður var fulltrúum Landsvirkjunar. Megininntakið í þeirri vinnu var að lækka gjaldskrána til þess að draga úr olíunotkunarkeyrslunni. Í gjaldskrá Landsvirkjunar er því tekið tillit til varaaflsveitnanna þegar yfirafl er ákveðið jafnframt því sem Landsvirkjun greiðir rafveitum árlegt gjald fyrir að hafa varaafl til reiðu sem hægt er að grípa til í orkuskorti.

Ætla má að þegar afl raforkukerfisins verður betur nýtt muni gjald fyrir afl umfram áskrift hækka og raforkuvinnsla í olíustöðvum aukast. Þetta er hættan. Í þessu sambandi er rétt að benda á að rafveitur sveitarfélaga hafa komið sér upp varaafli til þess að grípa til þegar bilanir verða í raforkukerfinu, en varastöðvar eru oft í tengslum við hita- eða vatnsveitur. Það er dýrt að auka afl í vatnsorku- og jarðvarmavirkjunum eins og hv. þm. kom inn á til þess að mæta hæstu afltoppum og því hagkvæmt oft og tíðum að þessar stöðvar séu nýttar þegar afltakmarkanir eru í raforkukerfinu. Það er jafnframt eðlilegt að Landsvirkjun reyni að koma í veg fyrir að stöðvarnar séu nýttar þegar nægt afl er í kerfinu og það var einmitt megintilgangurinn með þeirri breytingu sem gerð var á gjaldskránni árið 1992.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. upplýsingarnar sem varpa ljósi á það að þessi notkun á olíu er nokkuð lítil, en engu að síður er hún þannig að mér er tjáð að það sé nokkuð ódýrara að framleiða rafmagn með olíu, þ.e. með hagkvæmustu olíustöðvunum, heldur en verðið sem gefið er upp núna 8,8 kr. á kwst. Svo maður tali ekki um þegar það er búið að fara í gegnum Rarik og er komið upp í 9,6 þannig að það virðist enn mega gera betur í þessum efnum.

Hins vegar verður að benda á að um leið og fer að kreppa að, þegar við förum að fullnýta Blönduvirkjun og förum að stefna að nýrri virkjun, þá þurfum við að sjálfsögðu að vera tilbúnir til þess að framleiða meira með olíu.

En ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar.

[15:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að bera fram þessa fyrirspurn og hæstv. iðnrh. fyrir að svara henni. Mér fannst það mjög merkilegt sem fram kom í svari hæstv. ráðherra að aðeins er um að ræða um 0,17% af raforkunni í landinu sem framleidd er með olíu. Það er ótrúlega lítið, verð ég að segja. Ég held að áður en menn hrapa að róttækum breytingum á skipulagi raforkukerfisins í landinu, þá þurfi menn að hafa þessa staðreynd í huga því að inni í þessari raforkuframleiðslu, þessum 0,17%, er t.d. Grímsey og reyndar fleiri slíkir staðir þar sem sérstaklega háttar til.

Ég er hins vegar alveg sannfærður um það að ef Landsvirkjun liti ekki þannig á að hún væri fyrirtæki allra landsmanna og ef hún sinnti sínum notendahópi eingöngu út frá þrengstu rekstrarhagsmunum, þá væri kostnaðurinn við viðbótaraflið hærri en hann er núna en ekki lægri. Þetta gæti ég sýnt hv. þm. fram á í gögnum sem ég hef undir höndum ef hann óskaði eftir því við annað tækifæri, en ég tel ástæðu til að ræða þessi mál í heildarsamhengi og þakka honum fyrir að fitja upp á málinu.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég held að það sé hárrétt, og það kom mér á óvart þegar ég fékk þessar upplýsingar, hversu lítill hluti það er í raun og veru af raforkuframleiðslunni í landinu sem er til kominn vegna þess að olíustöðvar eru keyrðar. Það er aðeins 0,17%. Það er alveg ljóst að breytingin á gjaldskrá Landsvirkjunar árið 1992, þegar verðið var lækkað úr 101 kr. rúmri niður í 8,80 kr., gerir útslagið á það að menn fara frekar að nota yfiraflið og umframaflið heldur en að nýta olíuna í þessu sambandi. Það hefur orðið á þessu veruleg breyting.

Skipulag orkumálanna tengist þessu máli ekki nema að mjög takmörkuðu leyti eins og hv. þm. kom inn á áðan. Það var af allt öðrum toga til komið sem sú ákvörðun hefur verið tekin.

Hv. þm. Pétur Blöndal spurði, eða sagði öllu heldur, að það væri hægt að fara með þetta verð enn neðar en í 8,80 kr. vegna þess að kostnaður við framleiðsluna væri minni hjá mörgum rafveitunum. Það kann að vera rétt. Þó held ég, og þær upplýsingar hef ég, að í nýjustu og bestu veitunum er verðið á bilinu 5–6 kr. en það verð stendur aðeins undir breytilegum kostnaði og það er auðvitað alveg eðlilegt að nýta þá umframorku sem er til í kerfinu ef hún stendur undir breytilegum kostnaði. En þetta verð gildir bara fyrir nýjustu veiturnar. Í þeim eldri er þetta miklu dýrara. Ég held að það sé í raun og veru það nálægt þessu verði sem Landsvirkjun selur á að ekki sé ástæða til eins og hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á að hlaupa til og gera miklar breytingar á þessu einmitt núna.

Dreifikerfi útvarps og sjónvarps.

Fsp. HjálmJ, 430. mál. — Þskj. 760.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um málefni Ríkisútvarpsins og þá einkum um dreifikerfi þess og sérstaklega um rétt landsmanna til að nýta sér þá þjónustu ríkisfjölmiðilsins. Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mörg heimili á landinu ná ekki sendingum útvarps og sjónvarps Ríkisútvarpsins?

2. Eru uppi áætlanir um að ljúka uppbyggingu dreifikerfis þannig að það þjóni öllu landinu?

3. Hvað er reiknað með að slík uppbygging kosti?

4. Hvað líður endurskoðun Póst- og símamálastofnunar á gjaldskrá sinni fyrir flutning útvarps- og sjónvarpsmerkis eftir ljósleiðara?

Nú er það vitað þó að ekki séu það mörg heimili í prósentum talið, að samt eru þau allmörg sem búa við skert skilyrði til móttöku útvarps- og sjónvarpssendinga eða hafa enga möguleika til að nýta sér dagskrá sjónvarps og Rásar 2 en Rás 1 mun eftir því sem ég best veit alls staðar heyrast, þokkalega a.m.k. Á Norðurlandi, þar sem ég þekki best til, hef ég fylgst með því hvernig vonir eru vaktar um úrbætur sem síðan er frestað vegna þess að önnur verkefni koma til sem talin eru brýnni. Því er mikilvægt að mínum dómi að fá fram hvort ekki sé meiningin að ljúka uppbyggingunni þannig að landsmenn allir njóti þessara miðla. Það væri miklu betra að fá það fram svo fólk gæti við það miðað, ef ekki á að ljúka dreifikerfinu til þess hluta þjóðarinnar sem eftir er að koma sjónvarpsmerkinu til.

Að mínum dómi hlýtur það að vera forgangsverkefni Ríkisútvarpsins umfram flest önnur verkefni að landsmenn allir njóti þessara grundvallarréttinda sem við teljum sjálfsögð, að hafa útvarp og sjónvarp. Ég vonast til að hæstv. menntmrh. svari þessum spurningum og einnig hinni sem er þessum tengd um gjaldskrá Pósts og síma fyrir notkun á ljósleiðaranum til að senda útvarps- og sjónvarpsmerki en gjaldskráin er svo há að Ríkisútvarpið telur hagsmunum sínum betur borgið með því að eiga og reka eigið dreifikerfi en það hlýtur að vera þjóðhagslega óhagkvæmt að byggja upp og reka dýrt dreifikerfi þegar ljósleiðarinn sem er fyrir hendi gæti tekið við því hlutverki að verulegu leyti.

[15:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: „Hve mörg heimili á landinu ná ekki sendingum útvarps og sjónvarps Ríkisútvarpsins?“

Að því er útvarp varðar þá ná öll heimili sendingum Rásar 1 frá FM, lang- eða miðbylgjusendum. Um það bil 99,4% landsmanna ná útsendingum Rásar 2 og er þá miðað við fasta búsetu og eru því um 1.500 manns utan dreifisvæðis Rásar 2. Að því er sjónvarp varðar eru um 50 sveitabæir sem ekki ná útsendingum sjónvarpsins og um 30 bæir búa við léleg móttökuskilyrði eða alls um 80 bæir.

Spurt er: „Eru uppi áætlanir um að ljúka uppbyggingu dreifikerfis þannig að það þjóni öllu landinu?“ Og einnig: „Hvað er reiknað með að slík uppbygging kosti?“

Til þess að Rás 2 nái til allra heimila í landinu er talið að fjölga þurfi sendum rásarinnar um 160. Þeir eru nú 68. Kostnaður við þá fjárfestingu er áætlaður um 220 millj. kr. Er þá miðað við þá stærð senda sem er algengust í dreifikerfinu.

Gert er ráð fyrir að það kosti um 240 millj. kr. að koma sjónvarpi til um 80 sveitabæja sem eru utan dreifikerfisins eða búa við léleg skilyrði eins og að framan segir. Það munu ekki vera uppi áætlanir um það hjá Ríkisútvarpinu að fullgera dreifikerfið.

Fjórða spurningin lýtur að endurskoðun á gjaldskrá Póst- og símamálastofnunar. Ég get ekki litið á það sem hlutverk mitt að svara um það efni. Það heyrir undir annan ráðherra, hæstv. samgrh. Á hinn bóginn tel ég að það sé mjög æskilegt að íhuga það að Póst- og símamálastofnunin taki alfarið að sér dreifikerfi útvarpsins og sjónvarpsins þannig að Ríkisútvarpið verði þar frekar sem viðskiptavinur heldur en eigandi að dreifikerfinu.

[15:40]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis taka undir þau orð hæstv. menntmrh. að það sé mjög æskilegt að Póstur og sími taki að sér dreifingu útvarpsefnis og minni á að í sambandi við störf útvarpslaganefndar fyrir nokkrum árum var lögð vinna í það með aðstoð Háskóla Íslands að varpa ljósi á þá kosti sem væru fólgnir í því annars vegar að byggja upp dreifikerfi Ríkisútvarpsins sérstakega, ellegar þá að nýta það ljósleiðarakerfi sem fyrir er í landinu. Sú skýrsla varpaði ljósi á það að stofnkostnaður væri svipaður en rekstrarkostnaður mun minni ef ljósleiðarakerfið væri notað almennt fyrir dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis. Sá sparnaður sem menn komust að niðurstöðu um í þessari skýrslu nam um 400 millj. þannig að það styður mjög þá yfirlýsingu sem hæstv. menntmrh. kom með í ræðu sinni að þetta væri æskileg lausn.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það er ástæða til að sú umræða falli ekki niður að meðan ekki hefur tekist að koma sjónvarps- og útvarpsmerki til allra landsmanna, þá þurfi að vinna betur og ljúka því verki.

Það er ástæða til að spara svo sem framast er kostur og það er líka ástæða til að dreifa sjónvarpsefninu eftir þeim hagkvæmustu leiðum sem fyrir hendi eru og því tengdi ég síðustu spurninguna við hinar vegna þess að mér er svo sem sama hvernig farið er að þessu. Auðvitað á að taka ódýrasta kostinn til þess að dreifa sjónvarpsefninu, en málið er að það komist til allra landsmanna. Það vildi ég meina að væri aðalatriðið.

Flutningur sjónvarpsins í útvarpshúsið.

Fsp. HjálmJ, 431. mál. — Þskj. 761.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Frá því að þessi fyrirspurn var lögð fram í þinginu hefur nefnd á vegum hæstv. menntmrh. skilað áliti, nefnd undir forsæti formanns útvarpsráðs, um hagkvæmni þess að flytja sjónvarpið í útvarpshúsið við Efstaleiti 1. Samkvæmt fréttum fjölmiðla telur nefndin þann kost bestan að flytja sjónvarpið í Efstaleiti.

En fyrirspurnin stendur einnig og ekki síður um hagkvæmni þess að flytja og væri gott að fá svör hjá hæstv. menntmrh. um það og þá í leiðinni hvenær hafist verði handa um flutninginn og hvenær megi búast við að þessum flutningi ljúki, hversu mikill rekstrarsparnaður á ári verði af flutningnum og hvort ekki sé eðlilegt að nota þann sparnað til þess að koma sjónvarpsmerkinu til allra landsmanna.

[15:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurningin snerist um það hvað liði störfum þeirrar nefndar sem ég setti á laggirnar til þess að fjalla um húsnæðismál Ríkisútvarpsins. Raunar var þeirri spurningu svarað áður en til þessarar umræðu kom því að hinn 3. apríl sl. fékk ég bréf frá starfshópi sem ég setti til þessara starfa 19. júlí sl. og í áttu sæti Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, Heimir Steinsson útvarpsstjóri, Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri sjónvarps, Markús Örn Antonsson, framkvæmdastjóri hljóðvarps, og Ásdís Halla Bragadóttir, aðstoðarmaður minn.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að það væri hagkvæmt að flytja starfsemi Ríkisútvarpsins undir eitt þak og í áliti hennar kemur fram að hún telur að fjárfestingin við flutninginn á starfsemi sjónvarpsins í Efstaleiti muni kosta um 515 millj. kr. Þar af sé frágangur húsnæðis og lóðar um 370 millj., frágangur aðalmyndvers 80 millj. og flutningur búnaðar og endurnýjun 65 millj.

Þá kemur einnig fram í þessu bréfi að það sé mat fjármáladeildar Ríkisútvarpsins að árlegur sparnaður við rekstur Ríkisútvarpsins undir einu þaki í Efstaleiti sé um 46,6 millj. kr. og síðan er vakið máls á því í bréfinu að fram hafi komið óskir um það frá Stöð 2 að kaupa húsnæði sjónvarpsins við Laugaveg. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að þetta bréf var ritað hinn 3. apríl sl. hafa þeir atburðir gerst að forráðamenn Stöðvar 2 hafa keypt annað húsnæði undir starfsemi sína þannig að það má segja að hafi verið þörf á skjótum aðgerðum í þessu máli vegna hugsanlegrar sölu húsnæðisins á Laugavegi þar sem sjónvarpið er þá sé sá tími nú liðinni og það megi þess vegna að gefa sér tóm til þess að skoða betur þau gögn sem fram hafa verið lögð og eru forsendur fyrir þessari niðurstöðu nefndarinnar. Ég hef í hyggju að nýta mér það og athuga þetta mál nánar og skoða í stærra samhengi við framtíð Ríkisútvarpsins því að þessi hús hlaupa í sjálfu sér ekki frá okkur. Hinu vil ég vara við að menn fari strax að velta því fyrir sér hvort sá rekstrarsparnaður sem þarna er nefndur eigi að renna til þess að byggja upp dreifikerfið. Það væri miklu nær að nýta hann ef í þessar framkvæmdir yrði ráðist til þess að standa straum af kostnaði við þessar framkvæmdir. Menn verða einnig að gera það upp við sig og velta því fyrir sér hvort þeir vilja á þessum tímum verja rúmlega hálfum milljarði í þessar framkvæmdir eða ekki. Þetta er mál sem eðlilegt er að menn gefi sér færi til þess að skoða í samhengi við framtíð Ríkisútvarpsins og ýmsa stöðu í fjármálum ríkisins.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og tek undir það með honum að húsin hlaupa ekki frá okkur, og má kannski segja því miður að einhverjum hluta a.m.k. Ef útvarpshlutinn einn væri til í Efstaleiti 1, þá er mér til efs að menn færu nú að byggja upp sjónvarpshlutann og þannig mætti koma með nokkur „ef" í þessu máli. En staðreyndirnar liggja fyrir og ég þakka honum þau svör að ástæða sé til að fara að flytja sjónvarpið í Efstaleiti 1. Ég vona að allt þetta komi til með að leiða til betri dagskrár og betri rekstrar Ríkisútvarpsins og ég endurtek, og mun endurtaka það aftur

og aftur, að það er ekki ásættanlegt að fólk á byggðu bóli á Íslandi verði að vera áratugum saman án þess að ná sendingunum. Vonandi verður tæknin til þess fljótlega að það verði mun ódýrara að ljúka uppbyggingu dreifikerfisins. Vonandi verða þær lausnir fljótlega til að við getum þokkalega ánægð sagt að Ríkisútvarpið sé allra landsmanna jafnt.

[15:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það sem kom fram í máli hv. þm. að við stöndum frammi fyrir þessari spurningu sem hann varpaði fram vegna þess hvernig staðið var að byggingu útvarpshússins í upphafi. Ég held að það sé alveg rétt sem hann sagði að mönnum hefði ekki dottið í hug að vera að velta þessu jafnmikið fyrir sér og raun ber vitni, að flytja sjónvarpið á annan stað, nema vegna þess að þarna var byggt svo risastórt hús og stór hluti þess stendur enn ónýttur og menn eru alltaf að velta fyrir sér hvernig hagkvæmast er að nýta þetta mikla hús.

Innheimta opinberra gjalda.

Fsp. TIO, 454. mál. — Þskj. 787.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að við innheimtu skipulagsgjalds hefur þeirri verklagsreglu verið beitt að gera einum eiganda að sameign að greiða heildarskipulagsgjald fyrir sameignina í stað þess að eigendum væri gert að greiða í samræmi við þeirra eignarhlut. Þessari innheimtuaðferð hefur nú verið breytt. Í skriflegu svari við fyrirspurn minni um þátt fjmrn. í þessu máli segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er því ekki á forræði fjármálaráðuneytis að kveða á um skýringu skipulagslaga, þar með taldar forsendur álagningar skipulagsgjalds, og hefur ráðuneytið enga verklagsreglu sett um innheimtu gjaldsins."

Jafnframt því sem ráðuneytið vísar frá sér ábyrgð á umræddri verklagsreglu er í svarinu viðurkennt, og vitnað þá í upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins og ríkisbókhaldi, að við umrædda verklagsreglu hafi verið stuðst við innheimtu skipulagsgjaldsins. Þar sem hér er um innheimtuaðferð að ræða og umræddar stofnanir, Fasteignamat ríkisins og Ríkisbókhald, heyra *stjórnskipulega undir fjmrn. er rétt að fá* skýringu á því hver ber í raun ábyrgð á því að með þessum hætti hefur verið staðið að innheimtu gjaldsins.

Í fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. var einnig spurst fyrir um hvort innheimtuaðferð sú sem hér um ræðir styddist við lagaheimildir. Í svari hæstv. ráðherra kemur ekki fram að innheimtuaðferðin styðjist við sérstakar lagaheimildir, en því er hins vegar lýst yfir að það brjóti ekki í bága við lög að *innheimta hjá einum eiganda gjöld fyrir eign sem fleiri eiga* í sameign.

Þótt slík innheimta flokkist ekki undir lögbrot verður hún að teljast afar sérkennileg sem venjulegt innheimtuúrræði. Ekki verður hér borið við neins konar neyðarrétti þar sem ekki er um að ræða ítrekaðar innheimtuaðgerðir sem ekki hafa borið árangur. Verður innheimtu opinbers gjalds að þessu leyti alls ekki jafnað til þeirra úrræða sem t.d. framkvæmdaaðilar gætu gripið til til þess að ná inn útistandandi skuldum vegna framkvæmda við sameign með því að ganga að þeim eiganda sameignarinnar sem líklegastur væru til þess að vera borgunarmaður fyrir skuldinni sem ekki hefur tekist að innheimta með öðrum hætti. Þótt innheimta af því tagi sem hér um ræðir teljist ekki lögbrot verður hún þó að *teljast óframkvæmanleg út frá jafnræðisreglu og lágmarkssanngirniskröfu*. Hér er því eðlilegt að spurt verði hvort ekki sé rétt að banna með lögum innheimtuaðferðir af þessu tagi og því hef ég lagt fyrir hæstv. fjmrh. eftirfarandi þrjár spurningar:

1. Hver er að mati ráðherra ábyrgur fyrir þeirri innheimtuaðgerð að gera einum eiganda af mörgum að standa skil á heildarskipulagsgjaldi fyrir sameign án þess að sérstakar *lagaheimildir standi til slíkrar innheimtu opinbers gjalds*?

2. Telur ráðherra eðlilegt og sanngjarnt að einn aðili sé gerður ábyrgur fyrir greiðslu opinberra gjalda af sameign? Ef svo er, í samræmi við hvaða sanngirnis- eða jafnræðisreglu telur hann rétt að velja slíkan aðila?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að bannað verði með lögum að krefja einn eiganda um heildargreiðslu opinbers gjalda af sameign?

[15:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrstu fyrirspurninni af þremur vil ég láta það koma fram að á þskj. 555, sem er skriflegt svar við fyrirspurn hv. þm. og hann reyndar vísaði til í fyrirspurn sinni áðan, er fjallað um þetta tiltekna atriði. Þar kemur fram að umhvrn. ber ábyrgð á álagningu og innheimtu skipulagsgjalds, enda er álagningin á því gjaldi samkvæmt 35. gr. *skipulagslaga, en þau lög heyra undir* umhvrn. og því hefur umhvrh. forræði þess máls. Þess vegna hefði kannski verið eðlilegt að beina fyrirspurninni til viðkomandi ráðherra. Ég vek þó athygli á því, og ég held að það skipti máli í þessu tilliti, að það kom einnig fram í svari mínu að ákveðið hefur verið að gera á tekjubókhaldskerfinu þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að skrá fleiri en einn eiganda að hverjum matshluta og þannig verður *hægt að innheimta skipulagsgjald hjá hverjum eiganda fyrir* sig. Eins og þá kom fram í umræðunni er það undantekning að innheimtunni var beint að einum eiganda en samkvæmt skrám Fasteignamats ríkisins voru 502 þeirra einstaklinga sem krafðir voru um skipulagsgjöld á sl. ári ekki skráðir einu eigendur eignanna.

Sem svar við annarri fyrirspurninni vil ég segja að það eru ekki nein ný sannindi að sameigendur beri óskipta ábyrgð *á skuldbindingu sem rís af sameign, hvort heldur um er að* ræða greiðslu á sköttum eða öðrum fjárkröfum sem sameign tengjast. Mér er ekki kunnugt um það að nokkrir þeir skattar er lúta að forræði fjmrh. séu innheimtir með þessum hætti. Þó ætla ég ekki að útiloka að einhver jurt sé í þeim frumskógi sem ég þekki ekki. Hvort ábyrgð af þessu tagi sé eðlileg eða sanngjörn vil ég fremur láta öðrum eftir að meta en frá mínum bæjardyrum séð er eðlilegt að sérhver gjaldandi sé *krafinn um greiðslu gjalds* sem honum ber að greiða. Ég held að þá meginreglu eigi að virða þótt annað þurfi ekki að vera ólöglegt.

Sem svar við þriðju fyrirspurninni þá kom það fram í svari mínu, sem ég hef margoft vísað til, að gerðar hafa verið ráðstafanir sem gera það mögulegt að skipulagsgjald af sameign verði innheimt hjá hverjum sameiganda fyrir sig og það auðvitað skiptir máli í þessu tiltekna dæmi sem tekið hefur verið og hv. þm. hefur unnið að og hefur nú náð fram því markmiði sem hann stefndi að eins og allir vita.

Ég vil taka það fram að það eru ekki fyrirliggjandi neinar hugmyndir af minni hálfu að flytja sérstakt lagafrv. um þetta efni. Kannski er ekki alveg ljóst heldur hvar ætti að koma slíku lagaákvæði fyrir. En það er að sjálfsögðu eðlilegt að skoða þetta mál þegar verið er að fjalla um viðkomandi lög, t.d. í viðkomandi hv. nefnd sem fengi slíka löggjöf til meðferðar af einhverju tilefni á þinginu.

Mér er ljóst að þetta eru kannski ekki mikil eða merkileg svör en ég vil þó að síðustu láta það koma fram að mér sýnist að í þessu máli hafi það gerst að starfsháttum hefur verið breytt á þann veg að nú er öllum gjaldendum send greiðslutilkynning og þeir látnir greiða, en eftir sem áður gildir sú regla í þessum sköttum eins og svo mörgum öðrum að ábyrgðin er allra húseigenda og hægt að ganga að sumum þeirra ef aðrir greiða ekki, oftast er það þannig að húseignin sjálf stendur þá undir viðkomandi skuldbindingum sem veð.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég er ekki alveg sáttur við þau þó að ég sé að sjálfsögðu mjög sáttur við það að þessari innheimtuaðferð hafi verið breytt í fjmrn. Ég er ekki fyllilega sáttur við þau að því leyti til að ég tel að það sé hæpið að vísa þessu máli til umhvrn. þar sem hér er einungis um að ræða ákveðna innheimtuaðferð sem ég tel að engar sérstakar lagaheimildir séu fyrir í skipulagslögum og hafi raunar verið tekin ákvörðun um í stofnunum sem heyra stjórnskipulega undir hæstv. fjmrh.

Ég vil einnig minna hæstv. fjmrh. á það í tilefni af svari hans við annarri fyrirspurn minni, að hægt er að gera hvaða eiganda að sameign sem er ábyrgan fyrir sameigninni, þá ber að gera greinarmun á því hvort um er að ræða neyðarúrræði, eins og ég minntist á, sem menn geta gripið til þegar venjulegar innheimtuaðferðir hafa ekki dugað og menn ganga þá að þeim eiganda sameignarinnar sem er líklegastur borgunarmaður fyrir skuldunum. Þetta er algengt að þeir geri sem eru verktakar og sjá enga aðra leið færa, en mér finnst ekki hægt með nokkru móti að jafna þessu saman við venjulegar innheimtuaðferðir. Ég hygg að hæstv. ráðherra sé mér sammála í því atriði.

Ég held að það sé mjög mikilsvert að hæstv. fjmrh. stjórni sínum frumskógi með ákveðin sanngirnissjónarmið í huga og mér sýnist að viðbrögð fjmrn. við þessum fyrirspurnum mínum séu í þeim anda að það hafi verið litið svo á að rétt væri að gera breytingu á þessum málum og ég fagna því í sjálfu sér.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er kannski óþarfi að orðlengja meira um þetta mál. Ég tók það skýrt fram áðan að ég teldi að aðalreglan ætti að vera sú að eðlilegt sé að sérhver gjaldandi sé krafinn um greiðslu gjalds sem honum ber að greiða þannig að við erum sammála um það.

Ég vil endurtaka að hvort sem mér líkar betur eða verr eða hvort sem öðrum líkar betur eða verr, þá er forræði þessa skatts, þ.e. skipulagsgjaldsins, hjá umhvrh. og svo er reyndar um nokkra aðra skatta að þeir heyra ekki undir fjmrn. Hefur það stundum leitt til erfiðleika í framkvæmd. Ég nefni t.d. erfðafjárskatt í því sambandi. Það kemur oft fyrir að menn leita til fjmrn. en ég verð að vísa þeim til félmrn. af því að sá skattur er á forræði félmrn. og reglugerð um hann gefin út af félmrn. og þar er forræðið.

Hitt er svo annað mál, og það er rétt hjá hv. þm., að framkvæmdin var hjá stofnun, Fasteignamati ríkisins, sem heyrir undir fjmrn. og af því tilefni var gripið til aðgerða hjá þeirri stofnun til þess að koma í veg fyrir að það væri látið viðgangast að senda þeim sem fyrstur er í stafrófinu greiðslutilkynningu fyrir alla eigendur viðkomandi fjölbýlishúsa. Ég tel því að fjmrn. hafi brugðist eðlilega við og þetta tiltekna mál sé úr sögunni. Svo verða menn að skoða það í framhaldinu hvort ástæða er til að breyta lögum og þá hvaða lögum á að breyta.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

121. FUNDUR

miðvikudaginn 17. apríl,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 428. mál, þskj. 758. — 1. umr. (útvarpsumræður).
2. Staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum, frv., 429. mál, þskj. 759. — 1. umr. (útvarpsumræður).

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vestf.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr. (útvarpsumræður).

Frv. JBH o.fl., 428. mál (vaxtatekjur). — Þskj. 758.

og

Staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum, 1. umr. (útvarpsumræður).

Frv. JBH o.fl., 429. mál. — Þskj. 759.

[20:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Samkomulag er um, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa, að ræða 1. og 2. dagskrármál saman. Umræðunni verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu. Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur hver þingflokkur til umráða

20 mínútur en í síðari umferð 10 mínútur. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Alþfl., Sjálfstfl., Alþb. og óháðir, Þjóðvaki, Framsfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn Alþfl. verða: Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn., í þeirri síðari. Ræðumenn fyrir Sjálfstfl. verða Friðrik Sophusson fjmrh. og Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv., í fyrri umferð og Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn., í þeirri síðari. Fyrir Alþb. og óháða tala í fyrri umferð Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., og Ingibjörg Sigmundsdóttir, 5. þm. Suðurl., en í þeirri síðari Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv., og Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn. Fyrir Þjóðvaka tala Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. tala Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf., og Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð, en Halldór Ásgrímsson utanrrh. í þeirri síðari. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., og Þórunn Sveinbjarnardóttir, 19. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í þeirri síðari.

[20:34]

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fjölmiðlar hafa að undanförnu nær daglega flutt okkur gleðitíðindi upp úr ársreikningum fyrirtækja um batnandi hag og auknar arðgreiðslur til eigenda. En eigendur fyrirtækjanna eiga í vændum óvæntan viðbótarglaðning ef frv. ríkisstjórnarinnar um fjármagnstekjuskatt nær óbreytt fram að ganga. Það er eins konar tilboð sem ekki verður unnt að hafna svo vísað sé til frægra orða. Ég vil því í upphafi máls míns, herra forseti, nota tækifærið áður en það verður um seinan og flytja varnaðarorð í áheyrn alþjóðar.

Ef hv. alþingismenn samþykkja frv. ríkisstjórnarinnar um svokallaðan fjármagnstekjuskatt óbreytt, þá eru þeir í reynd að færa hinum fjársterku í þessu þjóðfélagi gjöf á kostnað almennra sparifjáreigenda eins og reyndar einn þingmanna Sjálfstfl., hv. 4. þm. Vesturl., viðurkenndi í umræðunum í gær. Hver er skýringin á þessu? Hún er sú að í frv. ríkisstjórnarinnar um 10% flatan skatt á sparnað almennings hefur verið lætt inn smyglgóssi. Það var ekki að finna í erindisbréfi nefndarinnar sem samdi frv. en það skiptir hins vegar sköpum um skattaleg áhrif frv. Skýringarnar eru þessar: Sjálfstfl. hefur samið um það við fulltrúa fjármagnseigenda og gert það sennilega að skilyrði fyrir stuðningi sínum við fjármagnstekjuskatt að skattur á arð, sölu- og gengishagnað, leigutekjur o.fl. verði lækkaður úr 42–47% eins og er að gildandi lögum niður í 10%. Hin ástæðan er sú að skattfrádráttur vegna útborgaðs arðs til eigenda fyrirtækja er stóraukinn með nýjum heimildum til að uppfæra nafnverð hlutabréfa.

Afleiðingarnar verða fyrirsjáanlega þessar: Skattgreiðslur fyrirtækja, hluthafa og einstaklinga í atvinnurekstri munu lækka sem nemur mörg hundruð millj. kr. Ríkið mun tapa tekjum sem því svarar og tekjustofnar sveitarfélaganna munu rýrna um u.þ.b. 300 millj. frá því sem ella væri, enda mótmælir nú Samband sveitarstjórna hástöfum. Það var ekki einu sinni haft fyrir því að láta þá vita af þessu; kannski frumvarpshöfundarnir hafi ekki vitað það sjálfir.

Skýringarnar á þessu öllu saman eru eftirfarandi: Sérsköttun sumra tekna með lægri álagningu býður úrræðagóðum fjármagnseigendum upp á ótal leiðir til að færa til fjármagn og skapa sér það sem kallast skattahagræði. Það verður ómótstæðileg freisting fyrir fjársterka aðila að færa til tekjur úr því formi sem ber háa skatta yfir í ívilnandi skattasmugur. Sérstaklega verður þetta freistandi þar sem sérsköttunarleið ríkisstjórnarinnar nær alls ekki til allra fjármagnstegunda, t.d. ekki til rekstrarhagnaðar einstaklinga og sameignarfélaga. Hvort tveggja er þó fjármagnstekjur. Í tillögunum felst því ekki aðeins mismunun milli einstaklinga eftir því hvaða nafn tekjur bera, heldur einnig eftir því formi atvinnurekstrar sem menn velja sér. Sérsköttunarleiðin leiðir til sérréttinda eins og er margsannað mál. Skýrum þetta með dæmum, herra forseti.

Reiknað endurgjald sjálfstæðra atvinnurekenda nam um 15 milljörðum kr. árið 1994. Samkvæmt gildandi skattalögum eru þessar tekjur nú skattlagðar eins og aðrar tekjur í hlutfallinu 41,9%. Ef við nú gefum okkur að þeir einstaklingar sem áttu bara helming af reiknuðu endurgjaldi taki tilboði ríkisstjórnarinnar og breyti rekstrarformi í ehf. þá gerist eftirfarandi: Þeir sem áður greiddu 2,6 milljarða í tekjuskatt með tryggingagjaldi greiða nú rekstrarafganginn út sem arð sem ber einungis 10% skatt. Þessi skattahagræðing gæti tryggt þessum aðilum skattalækkun sem nemur um það bil 1,5 milljörðum kr. Það er helmingi hærri upphæð en fjármagnstekjuskattur ríkisstjórnarinnar á að skila að nafninu til.

Annað dæmi: Rekstrarhagnaður einstaklinga og sameignarfyrirtækja var um 7 milljarðar kr. árið 1994. Þessir aðilar greiddu í óbreyttu kerfi í tekjuskatt og tryggingagjald 3,1 milljarð. Þetta eru skynsamir menn. Þess vegna skulum við gefa okkur að þessir aðilar breyti um rekstrarform, færi til tekjur sínar í hagstæðari skatthlutfall og verði framvegis hlutafélag. Gefum okkur, vegna þess að það er raunsætt, að aðeins helmingur útborgaðs arðs verði innan en hinn helmingurinn utan 10% skattfrjálsu reglunnar. Þá verður niðurstaðan sú að skatttekjurnar verða 1,7 milljarðar. Það þýðir skattalækkun upp á 1,4 milljarða.

Ég hef ekki tíma til að nefna nema þessi tvö dæmi, en um þetta má segja að gjafir eru yður gefnar sumum hverjum.

Herra forseti. Í Morgunblaðsviðtali þann 10. mars segir hv. þm. Pétur Blöndal, sem hefur gengist við þessu frv., orðrétt, með leyfi forseta:

„Þeim sem eiga stórar fjárhæðir í hlutabréfum hefur hingað til reynst auðvelt að komast hjá því að greiða fulla skatta af arðgreiðslum."

Ekki treysti ég mér til þess að rengja hv. þm., enda má hann gerst vita. En ég spyr: Hvaða nauður rekur til þess að lækka skatta hinna fáu en ríku um hundruð milljóna á sama tíma og arðgreiðslur til þeirra fara ört vaxandi? Eru einhver sérstök rök fyrir því að leggja 10% flatan skatt á almennan sparnað en nýta þær tekjur hins vegar til þess að niðurgreiða skatta þeirra 10% skattgreiðenda sem fá í sinn hlut meira en helming af öllum fjármagnstekjum? Hafi hin fleygu orð hæstv. forsrh. við hæstv. fjmrh. einhvern tíma verið viðeigandi, þá eiga þau við af þessu tilefni: Svona gera menn ekki, hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Þetta er meginástæðan fyrir því að við jafnaðarmenn með atbeina þriggja stjórnarandstöðuflokka, Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka, höfum lagt fram annað frv. um tekjuöflun og tekjujöfnun, þ.e. frv. sem á að tryggja að upphafleg markmið sem lagt var upp með nái fram að ganga.

Aðalatriði frv. okkar eru þessi:

1. Vaxtatekjur verði skattlagðar innan núverandi tekjuskattskerfis. Álagningarhlutfall verður að meðaltali samkvæmt okkar tillögum 11%, þ.e. 1% hærra en í tillögum

ríkisstjórnarinnar. Vaxtatekjur eiga að mynda sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum vegna þess að það er aðeins með því að miða við heildartekjur hvers einstaklings án tillits til þess hvernig tekna er aflað sem hægt er að miða álagningu við raunverulega greiðslugetu skattgreiðenda. Rökin fyrir þessu vega þungt. Allt okkar álagningarkerfi skatta, bætur og ívilnanir, miðast við þetta kerfi. Það eru þess vegna engin rök fyrir því að búa nú til sérstakt skattkerfi utan um sumar tegundir fjármagnstekna og sér í lagi ekki þegar þetta skilar ríkissjóði engum tekjum en ívilnar hinum fáu á kostnað hinna mörgu.

2. Samkvæmt okkar frv. er skattstofninn skilgreindur sem 60% vaxtatekna. Rökin fyrir þessu eru veigamikil. Þá er hvorki verið að skattleggja verðbótaþátt vaxta sem eru ekki tekjur né heldur neikvæða vexti, en hvort tveggja er gert í tillögum ríkisstjórnarinnar. Með þessu móti er heldur engin þörf á sérstökum frádrætti á móti vegna vaxtagjalda en það gæti orðið flókið í framkvæmd.

3. Frv. okkar gerir ráð fyrir sérstöku frítekjumarki fyrir almenna sparifjáreigendur. Frádráttur frá vaxtatekjum verður 80 þús. kr. fyrir hjón. Þar með komum við í veg fyrir skattlagningu vaxta af lágvaxtareikningum launþega og veltureikningum sem raunverulega bera uppi skattkerfið og bankakerfið á Íslandi og komum þar með í leiðinni í veg fyrir líkur á hækkun vaxta.

4. Sumir hafa haft áhyggjur af því að álagningarprósentan, af því að hún er innan tekjuskattskerfisins, verði of há. Svarið við því er alveg afdráttarlaust: Nei, menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því. Með því að skilgreina skattstofninn sem 60% vaxtatekna og með því að hafa sérstakt frítekjumark fyrir einstaklinga og hjón, þá verður meðalskattprósentan eins og ég sagði 11%, þegar skatturinn verður fyrst lagður á, en fer hæst í 18% þegar hann verður að fullu kominn til framkvæmda. Þetta verður best skýrt með dæmi: Hjón sem eiga 2,4 millj. kr. í sparifé miðað við 5,5% ársávöxtun, munu samkvæmt okkar tillögum ekki greiða neinn vaxtaskatt af sínum tekjum.

5. Meðalskattprósentan samkvæmt okkar tillögum verður með því lægsta sem fyrirfinnst á samanburðartöflum OECD-ríkjanna. Munurinn á tillögunum er hins vegar sá að greiðslubyrðin í heild, þeirra sem bera skattinn, verður öll önnur og réttlátari samkvæmt okkar tillögum.

6. Um áhrif skattsins á sparnað, vexti og hugsanlegt fjárstreymi úr landi er eftirfarandi að segja: Þar sem meiri hluti sparenda, bæði litlir sparifjáreigendur og lífeyrissjóðir, verða ekki skattlagðir og þar sem um er að ræða lágan skatt í alþjóðlegum samanburði, þá er ekki ástæða til að ætla að hann dragi úr sparnaðarvilja almennings né heldur að hann valdi hækkun vaxta eða ýti undir fjárflótta úr landi. Öfugt við tillögur stjórnarflokkanna, sem fela í sér tekjutap ríkisins og sveitarfélaganna sem nemur mörg hundruð millj. kr., þá má gera ráð fyrir því að þetta frv. okkar skili í reynd um 1 milljarði kr. í tekjur á næsta ári, þar af 800 millj. til ríkisins og 200 millj. til sveitarfélaga, en á næstu árum mun þessi tekjustofn hækka í 1,7 milljarða.

Herra forseti. Tekjum samkvæmt frv. stjórnarandstöðunnar má síðan verja til að stuðla að frekari tekjujöfnun með því að verja þessu fé til þess að draga úr tekjutengingu bóta, bæði launþega og lífeyrisþega, og lækka þannig þá jaðarskatta, sem eru helsta böl okkar núverandi skattkerfis, þeir eru orðnir vinnuletjandi, þeir koma í veg fyrir að skuldugar barnafjölskyldur geti unnið sig út úr skuldum og það er rétt forgangsröð að byrja á því. Við þurfum því ekki frekar vitnanna við um það hvor leiðin, leið okkar eða leið ríkisstjórnarinnar, er réttlátari og skynsamlegri.

Herra forseti. Hvað hefur hæstv. fjmrh. og aðrir stjórnarliðar fram að færa sér til málsbóta í þessu máli? Þeir nefna klisjuna um nauðsyn samræmingar fjármagnstekna en hún dugar ekki því að þeir eru ekki að samræma skattlagningu á allar fjármagnstekjur. Þeir eru að smíða tvenns konar skattkerfi: Eitt fyrir launafólk og lífeyrisþega með háum sköttum en annað fyrir fjármagnseigendur með lágum sköttum og smugum fyrir skattundandrátt í kaupbæti.

Það er sýnd veiði en ekki gefin að nýta eigi ráðstöfunartekjur ríkisins af 10% flötum vaxtaskatti til þess að lækka eignarskatta, en það er helsti boðskapur hæstv. fjmrh. Það er einfaldlega ekki hægt vegna þess að skatturinn hans skilar engum tekjum.

Þegar önnur rök þrýtur, þá fullyrða stjórnarliðar: Já, en þetta er samt nauðsynlegt til þess að beina fjármagni almennings í áhættufjárfestingu í fyrirtækjum. Við erum öll sammála um að það hljóti að vera gott því að það örvar fjárfestingu og skapar störf. Svar mitt við þessu er eftirfarandi: Fjárstreymi út úr fyrirtækjum í formi aukinna skattfrjálsra arðgreiðslna til eigenda veikir eiginfjárstöðu fyrirtækjanna en styrkir hana ekki. Ef stjórnarliðar meina það sem þeir segja, þá færu þeir að eins og frægur maður, Erhardt, í þýska efnahagsundrinu á sínum tíma eða Japanar. Þeir fóru nefnilega þveröfugt að. Þeir lögðu lágan skatt á hagnað fyrirtækja eins og við reyndum í fyrrv. ríkisstjórn og lækkuðum þá skatta, en þeir skattlögðu útborgaðan arð til eigendanna upp í topp eins og aðrar tekjur og litu nánast á það sem refsivert athæfi að taka peninga út úr fyrirtækjunum. En íslenska uppa- og jeppalýðið sem lítur á fyrirtæki sín sem skattaskjól og uppsprettu einkaneyslu mun að sjálfsögðu fagna frv. ríkisstjórnarinnar. En ég spyr: Ætlar forusta verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi að fara með í það partí?

Herra forseti. Alþfl. hefur sýnt það í verki að hann hefur fullan skilning á nauðsyn þess að atvinnulífið búi við samkeppnishæf skilyrði. Það er einmitt þess vegna sem við beittum okkur fyrir því á seinasta kjörtímabili að lækka skatta á fyrirtæki. Við afnámum aðstöðugjald, við lækkuðum tekjuskatt á fyrirtækjum og við komum á í samstarfi við hæstv. fjmrh. sérstökum skattfrádrætti til þess að örva hlutabréfakaup almennings. Þetta hefur gengið eftir. En við vörum við því að hvetja til þess með sérstökum skattívilnunum að borga út stóraukinn arð til eigenda í stað þess að reyna að bæta eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja með því að halda fjármagninu virku og innan þeirra.

Herra forseti. Í viðtali við Morgunblaðið 10. mars sagði hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., löggiltur endurskoðandi, eftirfarandi um frv. ríkisstjórnarinnar, orðrétt, með leyfi forseta:

„Gallinn er sá að þeir sem eru með háar tekjur lækka í sköttum." En hann bætti svo við: „En á móti kemur aukinn hvati til að leggja áhættufé í atvinnulíf."

Hér viðurkennir formaður Framsfl. berum orðum að þeir framsóknarmenn eru að lækka skatta á háar tekjur eins og ég hef sýnt fram á í ræðu minni með órækum dæmum. Hitt er misskilningur að almenningur verði betur aflögufær til að fjárfesta í fyrirtækjum við það að ríkið hirði tíund af hans litla sparnaði og verji síðan tekjunum til þess að niðurgreiða skatta hinna efnameiri.

Þess er skemmst að minnast, herra forseti, að fyrir seinustu kosningar sló Framsfl. öll met í innihaldslausum kosningaloforðum, en í öllum þeim loforðaflaumi um gull og græna skóga minnast kjósendur þess áreiðanlega ekki að endurskoðandinn, formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., hafi lofað að lækka skatta á háar tekjur.

Herra forseti. Með því að skattleggja heildartekjur einstaklinga innan tekjuskattskerfisins eins og við stjórnarandstæðingar leggjum til, þá náum við settum markmiðum með þessari skattlagningu, tekjuöflun og tekjujöfnun. Með því að skilgreina skattstofninn sem 60% af tekjum, þá komum við í veg fyrir rangláta skattlagningu á verðbætur og neikvæða vexti. Með sérstöku frítekjumarki hlífum við hinum almenna *sparifjáreiganda og viðhöldum sparnaðarvilja almennings* sem er nauðsynlegt. Þeir sem fá hins vegar 50% vaxtatekna í sinn hlut greiða samsvarandi hlutfall af skattinum samkvæmt okkar tillögum. Samt verður meðalskatturinn með því lægsta sem þekkist meðal viðmiðunarþjóða.

Herra forseti. Þannig náum við fram settum markmiðum um hvort tveggja í senn, tekjuöflun og tekjujöfnuð í þjóðfélaginu. Þess vegna trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því að meiri hluti hv. alþingismanna muni ekki við nánari skoðun málsins fallast á rök skynsemi og réttlætis í þessu máli þegar því verður að lokum áfrýjað til æðsta dóms löggjafarvaldsins, þ.e., herra forseti, til samvisku okkar þingmanna allra, hvers og eins. — Ég þakka áheyrnina.

[20:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti og ágætu áheyrendur. Árum saman hafa ríkisstjórnir reynt að koma á fjármagnstekjuskatti. Sú saga verður ekki rakin hér. Síðasta ríkisstjórn gaf sérstaka yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga þar sem sérstaklega var fjallað um fjármagnstekjuskatt. Þar segir orðrétt:

„Miðað verður við 10% skatt á nafnvexti sem verður innheimtur í staðgreiðslu.“

Hvers vegna er ég að rifja þetta upp hér og nú? Jú, vegna þess að Jón Baldvin Hannibalsson sat í þeirri ríkisstjórn sem stóð að þessari yfirlýsingu, en nú gerir hann hins vegar tillögu um 25–30% skatt, maður sem áður hafði lýst því yfir að það ætti að stefna að 10% skatti.

Skattlagning fjármagnstekna komst aftur á dagskrá þegar sama ríkisstjórn gaf út yfirlýsingu 10. des. 1994, en þar segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Ríkisstjórnin telur því nauðsynlegt að sem víðtækust samstaða geti tekist um lagasetningu skattlagningar fjármagnstekna og hefur í því skyni ákveðið að bjóða þingflokkum og aðilum vinnumarkaðarins að tilnefna fulltrúa í nefnd til að semja frumvarp um fjármagnstekjuskatt.“

Hvers vegna er ég að minna á þessa yfirlýsingu? Jú, vegna þess að Jón Baldvin Hannibalsson, sem sat í þessari ríkisstjórn, stóð að því að ná sem víðtækastri samstöðu þegar hann var í ríkisstjórn, en nú er hann fyrstur til að slíta í sundur friðinn þegar hann er utan stjórnar. Sá maður sem vildi ná víðtækri samstöðu um 10% skatt hleypur frá niðurstöðunni með tillögu um tvö- til þrefalt hærri skatt og það er von að spurt sé: Er þetta sami maðurinn? Er þetta kannski einhver allt annar Jón? Er þetta kannski einhver umskiptingur?

Í beinu framhaldi af yfirlýsingu okkar Jóns þegar við sátum saman í ríkisstjórninni var skipuð nefnd allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Ég vek sérstaka athygli á því að í nefndarstarfinu var farið ítarlega yfir fjölmargar leiðir hvað varðar skattlagningu fjármagnstekna, þar á meðal þá leið sem liggur til grundvallar í frv. formannanna þriggja. Að lokinni þessari yfirferð komst nefndin að sameiginlegri niðurstöðu nú í febrúar og skilaði nefndaráliti ásamt frumvarpsdrögum. Allir nefndarmenn stóðu að frv. og tillögum nefndarinnar, jafnt fulltrúar stjórnar sem stjórnarandstöðu auk fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins — og ég minni á að Alþfl., Alþb. og Þjóðvaki áttu fulltrúa í þessari nefnd.

Ég kynnti þessa sameiginlegu niðurstöðu í ríkisstjórn og lagði áherslu á að hér væri um málamiðlun og sameiginlega tillögugerð allra nefndarmanna að ræða og því væri eðlilegt að málið færi óbreytt fyrir Alþingi. Ríkisstjórnin samþykkti þessa málsmeðferð og hið sama gerðu þingflokkar stjórnarflokkanna *allt á þeim forsendum að hér væri* um sameiginlega niðurstöðu að ræða og mikilvægt að ekki yrði raskað þeirri samstöðu sem nefndin hafði náð. Í því felst ekki að þingið geti ekki gert þær breytingartillögur sem það kýs. *Sem kunnugt er fór* 1. umr. um þetta frv. fram í gær hér á Alþingi.

Í ljósi þessa aðdraganda hlýtur að vakna sú spurning: Hvað býr hér að baki? Hvers vegna flytja formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka, Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka, sem allir áttu fulltrúa í nefndinni sem samdi stjfrv., nú sérstakt frv. um sama mál þar sem gert er ráð fyrir allt annars konar skattlagningu fjármagnstekna? Hvers vegna hafna formennirnir þrír sameiginlegum niðurstöðum, málamiðlun, sem þeirra eigin fulltrúar unnu að? Hvers vegna var þeim ekki treyst? Svarið hlýtur að vera það að formennirnir telji sameiginlegu tillögurnar stórkostlega gallaðar.

Ekki er tími til þess hér, herra forseti, að hrekja rangfærslur allar og leiðrétta misskilning þann sem kom fram í ræðu málshefjanda, en Jón Baldvin Hannibalsson hefur m.a. haldið því fram að þær tillögur sem fram koma í frv. ríkisstjórnarinnar hygli hinum ríkari á kostnað þeirra sem minna mega sín. Eins hefur hann haldið því fram að tillögurnar leiði til stórfelldra skattsvika og alls kyns óáranar almennt. Ég held að það sé fyllsta ástæða til að skoða þessar fullyrðingar Jóns Baldvins aðeins nánar.

Lítum fyrst á fullyrðinguna um það að hér sé verið að hygla hinum betur stæðu. Hvað segir í nefndarálitinu? Á bls. 42 þar sem fjallað er um heildaráhrif skattlagningar fjármagnstekna segir orðrétt: „Tekjuháir einstaklingar greiða mun hærri skatta en hinir tekjulægri.“ Með öðrum orðum telur nefndin að sú leið sem hún mælir með og ég hef flutt óbreytta á Alþingi, stuðli að tekjujöfnun, ekki ójöfnuði eins og Jón Baldvin hefur haldið fram. Þetta eru óbreytt orð úr skýrslu sem samin var af fulltrúum allra flokka, líka Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka.

Næst skulum við skoða hvað nefndin segir um það hvort æskilegt sé að skattleggja allar fjármagnstekjur með sama hætti. Á bls. 5 í nefndarálitinu segir orðrétt: „Nefndin er sammála um mikilvægi þess að allar fjármagnstekjur einstaklinga séu skattlagðar með svipuðum hætti.“ Ekki er nóg með það, heldur er enn frekar hnykkt á þessu á bls. 43, þar sem segir orðrétt: „Nefndin telur að sú samræming sé ófrávíkjanleg forsenda fyrir traustri eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og öflugri uppbyggingu atvinnulífsins, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.“ Þetta er mikilvægt álit *sem öll nefndin stóð að, líka fulltrúi Alþfl.*

Um það hvort heppilegt sé að hafa sérstakt frítekjumark eins og segir í frv. formannanna segir svo í nefndarálitinu á

bls. 8, orðrétt: „Nefndin er sammála um að sérstakt frítekjumark flæki skattlagninguna og kalli á hærra skatthlutfall en ella. Jafnframt mun það ekki aðeins nýtast hinum tekjulægstu heldur öllum með eignartekjur og gefa einstaklingum með miklar eignatekjur færi á tilfærslu eigna til annarra sem hafa minni eignatekjur í því skyni að nýta frítekjumark þeirra og lækka þannig skattbyrði sína." Þetta er dómur nefndarinnar yfir frítekjumarksleið Jóns Baldvins Hannibalssonar og félaga. Hverjir stóðu að þessu? M.a. fulltrúi Alþfl., fulltrúi Alþb. og fulltrúi Þjóðvaka.

Í öllum þessum málum hafði nefndin orðið sammála um að sú leið sem hún valdi og ég flutti óbreytta í frumvarpsformi á Alþingi í gær að sé betri og heppilegri en tillögur þremenninganna en þær voru einnig vandlega skoðaðar í nefndinni. Þetta var ekki aðeins skoðun fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa Kvennalistans, heldur voru fulltrúar Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka sammála, þrátt fyrir bókun þeirra — eða eins og fulltrúi Kvennalistans í nefndinni sagði orðrétt í Morgunblaðinu hinn 28. febrúar sl.: „Þrátt fyrir bókunina stóðum við að nefndarálitinu án fyrirvara." — Ég endurtek: Einn þeirra sem stóð að bókuninni segist í Morgunblaðinu hafa gert það „án fyrirvara". Það var enginn fyrirvari við skýrsluna eða frv. Með öðrum orðum, nefndin varð öll sammála um að þær hugmyndir sem kynntar eru í frv. þremenninganna væru meingallaðar, enda var þeim hafnað í nefndinni. Ég er þess vegna sammála því sem Kristín Ástgeirsdóttir sagði í umræðum á Alþingi í gær að tillöguflutningur þremenninganna ber ekki vott um vönduð vinnubrögð og gæti spillt fyrir því að efnt verði til samráðs við stjórnarandstöðuna í framtíðinni.

Gallar formannafrv. eru mjög alvarlegir. Í fyrsta lagi leiða tillögur þeirra til aukinna skattsvika. Það er ótvíræð niðurstaða nefnda sem hafa fjallað um skattsvik að því hærri sem skatthlutföll eru og undanþágurnar fleiri, þeim mun ríkari er tilhneiging til skattsvika.

Í öðru lagi geta tillögur formannanna leitt til verulegra vaxtahækkana og fjármagnsflótta.

Í þriðja lagi eru áhrifin á tekjujöfnun engan veginn eins ótvíræð og Jón Baldvin heldur fram, þvert á móti. Eins og ég hef áður nefnt kemur fram í nefndarálitinu að sérstakt frítekjumark leiði ekki endilega til tekjujöfnunar því að það muni verða stórlega misnotað með því að vaxtatekjur verði einfaldlega færðar yfir á fjölskyldumeðlimi t.d. eða vini til að nýta frítekjumark sem flestra.

Virðulegi forseti. Ágætu áheyrendur. Eins og ég sagði áðan lauk í gær 1. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar sem samið var af nefnd skipaðri fulltrúum allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Margoft hefur komið fram að nefndin telur ótvíræða og óumdeilanlega kosti felast í þeim tillögum sem hún varð sammála um og birtast í frv. ríkisstjórnarinnar. Þær stuðla að tekjujöfnun í þjóðfélaginu, lágt skatthlutfall og einföld framkvæmd stuðla að betri skattskilum og einnig varð nefndin sammála um að samræmd skattlagning allra fjármagnstekna hafi ótvírætt jákvæð áhrif á atvinnulífið og atvinnuuppbyggingu í landinu. Um öll þessi atriði varð nefndin sammála og færði fyrir því gild rök. Í nefndinni sem vann sleitulaust að því að ná víðtækri samstöðu, varði til þess mörgum mánuðum, sátu ekki aðeins fulltrúar stjórnarflokkanna, fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., ekki einungis fulltrúi Kvennalistans til viðbótar, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, en bæði samtökin styðja stjfrv., heldur sátu þar einnig fulltrúar Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Þetta bið ég ykkur, áheyrendur góðir, að hafa í huga þegar þið hlustið í kvöld á fulltrúa þessara flokka sem eiga eftir að tala í málinu. — Góðar stundir.

[21:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ágætu áheyrendur. Það frv. sem við ræðum í kvöld, frv. stjórnarandstöðuflokkanna, er í reynd þannig að það á að taka 42% af 60% vaxtatekna sem er um 25% á nafnvexti. Þessi prósenta er óháð verðbólgu og leggst þyngra á hærri vexti en lægri. Síðan er frítekjumark 40 þús. kr. fyrir einstakling, 80 þús. kr. fyrir hjón sem þýðir það að skatturinn endurgreiðir einstaklingi 10 þús. kr. og hjónum 20 þús. kr. fyrir þá sem eru umfram mörkin.

Þessi staðgreiðsla, 25%, var í nefndinni sem hér hefur margoft verið fjallað um talin allt of há til þess að hindra fjármagnsflótta úr landinu. Síðan geta menn í staðgreiðslunni, sem á að vera 25%, fengið heimild til lækkunar gegn því að afnema bankaleyndina, gegn því að falla frá bankaleyndinni. En það var akkúrat það sem nefndin komst að niðurstöðu um, að það væri ekki hægt að hafa frítekjumark án þess að fella niður bankaleyndina. Bankaleyndin var talin svo mikilvæg fyrir sparifjáreigendur að nefndin vogaði sér ekki að leggja til að hún yrði felld niður.

Áhrif verðbólgu og vaxta á þetta frv. sem við fjöllum hér í 2,75% verðbólgu, sem er nokkurn veginn það sem við búum við í dag, þá þýða 4% nafnvextir 100% skatt á raunvexti, raunvextirnir hreinlega hverfa. Þessi skattlagning tekur alla raunvextina fyrir þá sem eru með 4% nafnvexti í 2,75% verðbólgu. Með 7% nafnvöxtum kemur 42% skattur á raunvextina. Sem sagt: Þeir sem eru séðir og hafa ráðgjafa, og hafa háar vaxtatekjur væntanlega, þeir ná í hærri vextina og borga lægri skattprósentu. Það er allur jöfnuðurinn.

Í dag búum við við órafjölda skattkerfa. Það er alveg með ólíkindum, ekki stærri þjóð. Við erum með sérstaka skatta á vexti, þ.e. 0%. Við erum með sérstaka skatta á arð, þ.e. 42 eða 47% umfram 131 þús. Við erum með sérstaka skattlagningu á leigu, þ.e. 20% af leigunni telst til skatts, allt að 31 þús. eftir það 42 og 47%. Og við erum með sérstaka skattlagningu á söluhagnað hlutabréfa, 42–47% á frá fyrstu krónu og ekki hægt að draga tapið frá. Við erum sem sagt með fimm tegundir skattlagningar á fjármagnstekjur, allt eru þetta fjármagnstekjur. Og nú ætla ég að biðja hv. áheyrendur að átta sig á því hvernig þessi skattlagning er. Ég geri ráð fyrir því að mjög fáir skilji þetta. Þetta er nefnilega óheyrilega flókið kerfi og þetta frv. leggur til að flækja það enn frekar. 60% af vaxtatekjum umfram 40 þús. skulu verða skattlagðar eins og laun. Þetta er ekki einföldun, þetta er flæking.

Þegar talað er um að frv. nefndarinnar sé flæking og annað skattkerfi heldur en tekjur, þá getum við bara sett 24% af vöxtunum skuli vera skattskylt með 42% skatti. Það gefur akkúrat 10% skatt og engan persónufrádrátt. Það kemur nákvæmlega eins út þannig að við erum að tala um jafnmikla einföldun og þetta frv. sem hér liggur fyrir.

Fyrir utan þessar fimm tegundir skattlagningar á fjármagnstekjur, þá höfum við þrjár tegundir skattlagningar á eignarskatt, á eignir. Við erum með spariskírteini sem eru eignarskattsfrjáls án tillits til skulda og gefur heilmikla möguleika fyrir þá sem ekki nenna að borga eignarskatt að komast hjá því. Og við erum með bankainnstæður, eignarskattsfrjálsar umfram skuldir. Svo erum við með allar aðrar eignir eins og fólk þekkir sem ber eignarskatta í botn, íbúðir

og annað slíkt, sem fólk á skuldlaust. Þar er verið að leggja skatt á eignir án þess að það gefi arð, án þess að það gefi tekjur á móti til þess að borga skattinn. Það er hastarlegt og kemur sérstaklega niður á gömlu fólki sem ekki hefur mikið ráðstöfunarfé en á skuldlausar eignir og þorir ekki að taka lán út á þær til þess að minnka eignarskattinn.

Svo erum við að sjálfsögðu með tvær tegundir tekjuskatts til viðbótar, 42 og 47% skatt á einstaklinga og 33% á fyrirtæki, en það er ekki til umræðu hér. Þessi skattkerfi öll saman, sem við Íslendingar búum við, vinna að því að stýra fjármagni frá atvinnulífinu, þar sem allt er skattað í botn, bæði arðurinn, eignin og allt saman, yfir til bankanna, þar sem vextirnir eru skattfrjálsir og innstæðan stundum eignarskattsfrjáls, yfir til spariskírteina, til ríkisins. Þetta vinnur að því að færa fjármagn og sparifé frá atvinnulífinu til ríkisins og það er ekki furða þó íslensk fyrirtæki séu með svo veika eiginfjárstöðu að ef eitthvað smávegis á móti blæs, þá bila þau og þá þarf að fara í gengisfellingar og alls konar óáran sem dynur yfir launafólk í landinu í staðinn fyrir að fyrirtækin hafi myndarlega eiginfjárstöðu og geti brúað smáföll þannig að launafólk þurfi ekki að sæta uppsögnum og því um líku eins og það hefur upplifað.

Önnur áhrif af núverandi skattlagningu eru þau að uppfinningamenn, nýsköpun, hugbúnaðargerð — það er gjörsamlega vonlaust að fjárfesta í slíku. Það er gjörsamlega vonlaust vegna þess að hagnaðurinn, þá sjaldan hann kemur, er skattlagður að fullu, fyrst hjá fyrirtækinu 33% og síðan er söluhagnaður hlutabréfa eða arðs skattað með 42 eða 47%. Þannig að við búum við það að uppfinningamenn okkar þurfa að leita til útlanda og þeir sem eru í áhættusömum rekstri fá ekki fjármagn. Þá upplifum við það að ættingjar og vinir eru að skrifa upp á eins og við þekkjum og tapa heilmiklu fé þegar illa fer. Það vantar nefnilega áhættufé inn til þessara aðila og í þessum hugmyndum stendur ekki til að breyta þarna stafkrók. Það á ekki að breyta neinu í þessari óáran, þessari ofsköttun á fjármagnstekjur af því fjármagni sem bundið er í atvinnulífinu. Lýk ég hér með að tala um þessa tillögu sem hér er til umræðu, enda er ég alfarið á móti henni.

Starfið í nefndinni. Það var mikill ágreiningur í byrjun. Ég starfaði í þessari nefnd. Ég lagði t.d. til að tekin yrði upp skattlagning á raunvexti og að draga mætti vaxtagjöld frá. Því var hafnað, þótti of flókið. Ég lagði líka til að fjármagnstekjuskatturinn yrði 0%. Því var líka hafnað. Síðan komumst við að málamiðlun sem er það frv. sem ríkisstjórnin lagði fram í gær, frv. nefndarinnar. Ríkisstjórnin kom ekkert nálægt því starfi, ekki til í dæminu. Það var nefndin sjálf, fulltrúar Vinnuveitendasambandsins, fulltrúar Alþýðusambandsins, fulltrúar stjórnarandstöðunnar og fulltrúar stjórnarflokkanna sem unnu að því frv. alfarið. Og það var ekki breytt stafkrók í því þegar það var lagt fram á Alþingi. Að þessu frv. stóð ég og eins og um alla aðra málamiðlun og alla aðra gerninga sem ég lofa og skrifa undir, þá stend ég við það hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Svo er ekki um þá sem voru með mér í nefndinni. En ég tala ekki meira um það.

Er málamiðlun nefndarinnar ranglát? Er verið að flytja fúlgur frá stóraðilum? Svo er ekki. Það er hætt að stýra fjármagni í vissa kanala. Það er hætt að færa fjármagnið frá atvinnulífinu til ríkisins. Ég stend við minn stuðning við frv. nefndarinnar og er eindregið á móti þessu frv. vegna þess að það drepur niður sparnað og gerir ekkert fyrir atvinnulífið. Drungi mun færast yfir atvinnulífið í stað þeirrar bjartsýni sem nú ríkir.

[21:11]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrr á árum þótti lítt gróðavænlegt að leggja fé á bankareikning. Þá voru vextir neikvæðir og höfðu ekki undan við verðbólguna en flestir festu fé sitt í steinsteypu. Þá var ekki þörf á að skattleggja vexti. En eftir að verðtrygging var tekin upp og þó einkum eftir að raunvextir hækkuðu sem mest um miðjan seinasta áratug, var það hrópandi nauðsyn að leggja skatta á þessar tekjur sem aðrar.

Fyrir um það bil tíu árum flutti ég í fyrsta sinn tillögu þessa efnis á Alþingi og benti þá á það ranglæti sem í því fælist að launamenn þyrftu að greiða fjórar af hverjum tíu krónum í skatt en þeir sem hefðu milljónir í vaxtatekjur af verðbréfum þyrftu ekki að greiða af þeim eina einustu krónu. Fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, lagði einnig fram tillögur um fjármagnstekjuskatt í páverandi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, en þær náðu ekki fram að ganga.

Á þeim árum tóku fáir undir með okkur alþýðubandalagsmönnum í þessu réttlætismáli og allt þar til fyrir nokkrum vikum að frumvörp stjórnar og stjórnarandstöðu komu fram var Alþb. eini flokkurinn sem flutt hafði tillögur í þinginu um fjármagnstekjuskatt. Það er sannarlega fagnaðarefni að nú skuli allir stjórnmálaflokkarnir viðurkenna nauðsyn þessarar skattlagningar. En ekki er sama hvernig að henni er staðið. Við alþýðubandalagsmenn höfum frá upphafi lagt áherslu á að reynt yrði að hlífa minni háttar inneignum til þess að slá ekki á sparnaðarviðleitni fjöldans, enda er þjóðinni nauðsyn á almennum sparnaði. Einnig höfum við talið sjálfsagt að vextir sem fólk greiðir af skuldum sínum kæmu til frádráttar vöxtum sem fólk fær greidda áður en skattur er á lagður.

Við viljum að farið sé með fjármagnstekjur eins og allar aðrar tekjur, þó þannig að einungis sé verið að skattleggja raunvexti en ekki verðtrygginguna, þ.e. einungis þá vexti sem umfram eru verðbætur. Jafnframt viljum við að allir framteljendur fái sérstakan persónuafslátt til að hlífa minni háttar sparnaði. Þannig þyngist skattbyrðin eftir því sem fjármagnstekjurnar eru meiri og skatturinn fellur með eðlilegum hætti inn í tekjuskattskerfið. Þetta er einmitt sú leið sem farin er í frumvörpum þriggja stjórnarandstöðuflokka. Þar er um að ræða nettóskatt. Áður en skatturinn væri á lagður yrðu vextir sem fólk þarf að greiða öðrum dregnir frá vöxtum sem það fær sjálft greidda. Aðeins yrði lagður skattur á 60% fjármagnsteknanna til að hlífa þeim hluta vaxtanna sem beint eða óbeint telst verðtrygging og það hlutfall yrði síðan endurskoðað árlega með hliðsjón af verðbólgu en síðan fengi hver einstaklingur þar að auki 40 þús. kr. sérstakan frádrátt og hjón 80 þús. kr. sem dregnar eru frá álögðum skatti, en það þýðir í reynd að minni háttar verðbréfaeign yrði áfram skattfrjáls.

Stjórnarflokkarnir hafa hins vegar valið allt aðra leið. Þeir gera tillögu um flatan 10% brúttóskatt þar sem allar vaxtagreiðslur, stórar og smáar, yrðu skattlagðar. Varla getur neinum dulist að slík skattheimta er stórgölluð og mjög óréttlát. 10% brúttóskattur fæli í sér nýjar álögur á þá sem litlar inneignir eiga en hinir, sem mæla fjármagnstekjur sínar í hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum króna árlega, slyppu afar vel. En ofan á allt annað fylgir það 10% brúttóskattinum að skattur á arðgreiðslur af hlutafé á að lækka úr rúmum 40% í 10%. Þessi höfðinglega gjöf til þeirra sem

eiga miklar eignir í hlutabréfum skyggir nánast á allt annað sem felst í frumvörpum stjórnarflokkanna því að þeir sem eiga mikið af hvoru tveggja, verðbréfum og hlutabréfum, vinna upp það sem þeir tapa á nýjum vaxtaskatti með lækkuðum skatti á arðgreiðslum og vel það því að margir munu stórhagnast á þessum skiptum.

Vegna þess að bráttóskatturinn lendir með fullum þunga á þeim sem litlar inneignir eiga er einmitt veruleg hætta á að skatturinn dragi nokkuð úr almennum sparnaði. Sverrir Hermannsson, bankastjóri Landsbankans, lýsti því yfir á dögunum að bankinn mundi greiða vaxtaskattinn fyrir viðskiptamenn bankans. Þessu gat bankastjórinn hótað í skjóli þess að stefnt er á flatan 10% bráttóskatt. Það er einmitt framkvæmanlegt fyrir bankann að borga skattinn fyrir þá sem eiga innstæður í bankanum vegna þess að um er að ræða einfaldan flatan bráttóskatt. Það gengi hins vegar ekki upp ef um væri að ræða nettóskatt með hæfilegum persónuafslætti. Hvar ætlar svo bankastjórinn að fá fjármagn til þess að borga þennan skatt fyrir viðskiptavini sína? Að sjálfsögðu hjá skuldurum bankans í formi hærri vaxta af útlánum.

Flatur bráttóskattur er og verður afar frumstæð og óréttlát skattheimta sem oft mun lenda á þeim sem síst skyldi. Langflestir sem eiga einhver verðbréf skulda jafnframt eitthvað, t.d. vegna íbúðakaupa. En þótt þetta fólk hafi í raun og veru engar tekjur af fjármagni vegna þess að það greiðir öðrum meiri vexti en það fær greidda, þá lendir það í þessum skatti af fullum þunga.

Bráttóskattur lendir einnig á fjöldamörgum aðilum sem hingað til hafa verið skattfrjálsir, t.d. á líknarstofnunum og styrktarsjóðum sem alltaf geyma nokkurt fé á vöxtum. Sama gildir um sveitarfélögin sem geyma rekstrarfé sitt í lánastofnunum. Þau lenda í þessum skatti. Þar að auki kemur lækkun arðstekna og tekna af söluhagnaði mjög þungt niður á þeim og rýrir tekjur þeirra um 300 millj. kr. en það á ekki við um frumvörp stjórnarandstæðinga sem beinlínis færa sveitarfélögunum 300–400 millj kr. í auknum tekjum.

Stór hluti verðbréfa, þar á meðal flest spariskírteini, eru þess eðlis að vextirnir eru lagðir við höfuðstólinn og koma ekki til útborgunar fyrr en bréfið fellur í gjalddaga. Af þessu leiðir að innheimta fjármagnsskatts gefur minni tekjur fyrstu árin. Það er þó engan veginn tapað fé heldur geymist sem inneign ríkis og sveitarfélaga og skilar sér með tíð og tíma. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar má gera ráð fyrir að heildartekjur samkvæmt frumvörpum stjórnarandstæðinga geti numið um 1.700 millj. kr. þegar innheimtan er komin í fullan gang. Frumvörp hæstv. ríkisstjórnar skila hins vegar aðeins um 1.000 millj. kr. miðað við sömu forsendur. Þessi mikli munur á tekjum samkvæmt þessum tveimur tillögum er einkar athyglisverður í ljósi þess að gjaldendurnir eru langtum færri samkvæmt okkar frumvörpum þar sem öllum minni háttar sparnaði er beinlínis sleppt með sérstökum persónuafslætti. Þrátt fyrir miklu færri gjaldendur skila frumvörp okkar 70% meiri tekjum sem einmitt sýnir í hnotskurn hvað frumvörp ríkisstjórnarinnar fara mildum höndum um þá sem telja verðbréfaeign sína í milljónum og tugum milljóna.

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að almenn lífskjör í landinu hafa versnað til muna og ójöfnuður aukist á seinustu fimm árum. Sótt hefur verið að fólki með lágar tekjur og miðlungstekjur úr tveimur áttum samtímis. Annars vegar hefur kaupmáttur launanna rýrnað mjög verulega en samtímis hefur skattbyrði á miðlungstekjur stóraukist með síminnkandi persónuafslætti og sílækkandi skattfrelsismörkum. Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt á það þunga áherslu undanfarin ár að flytja verði 5–7 milljarða kr. frá fjármagnseigendum, frá hátekjufólki og frá vel stæðum fyrirtækjum sem litla skatta greiða til lágtekjufólksins og til fólks með meðaltekjur með hækkun skattfrelsismarka, með millifærslu til foreldra á ónýttum persónuafslætti ungs fólks sem dvelst í heimahúsum og með sanngjarnri skattlagningu lífeyrisþega.

Frumvörp stjórnar og stjórnarandstöðu um fjármagnstekjur endurspegla gerólíkar stefnur í skattamálum á einkar skýran hátt og minna landsmenn um leið á nauðsyn þess að tekin sé hið fyrsta upp ný og réttlátari stjórnarstefna og skattalöggjöfin verði endurskoðuð í anda jafnaðar og sanngirni. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:21]

Ingibjörg Sigmundsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í upphafi vil ég fagna því að álagning fjármagnstekjuskatts skuli vera til umfjöllunar á Alþingi en það hefur verið baráttumál Alþb. til margra ára. Tvö frumvörp um álagningu skattsins liggja hér fyrir, annað frá stjórnarflokkunum og hitt frá Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Töluverður munur er á þessum frumvörpum, en ég ætla aðeins að taka á einum þætti þessara frumvarpa, þ.e. áhrif þeirra á tekjur sveitarfélaganna.

Samkvæmt frv. þriggja stjórnarandstöðuflokka er að sjálfsögðu reiknað með að fjármagnstekjuskattur verði hluti af hinu almenna skattkerfi og því fái sveitarfélögin sinn hluta skattsins samkvæmt útsvarsprósentu. Þannig er tryggt að tekjutapi sveitarfélaganna vegna breytingar á skatti á arðgreiðslu verði mætt með hækkun útsvars og gott betur.

Lengi hefur gætt nokkurrar tortryggni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og ekki verður frv. hæstv. ríkisstjórnar um fjármagnstekjuskatt til að draga þar úr. Við samningu frv. var ekkert samráð haft við Samband ísl. sveitarfélaga og eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. í gær eru komin hörð viðbrögð úr þeirra herbúðum. Í stjfrv. er ekki gert ráð fyrir að hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaganna. Samt er gert ráð fyrir töluverðu tekjutapi þeirra vegna arðgreiðslna en samkvæmt frv. á að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af þeim en ekki venjulega staðgreiðsluprósentu eins og áður. Að auki skulu sveitarfélögin greiða 10% fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum sínum án tillits til vaxtagjalda sem í nær öllum sveitarfélögum eru hærri heldur en vaxtatekjurnar. Sem dæmi um vaxtatekjur sveitarfélaga má nefna vexti af skuldabréfum vegna gatnagerðarframkvæmda. Þetta eru lán sem í nær öllum tilfellum eru endurlán. Það er líka rétt að geta þess að í helmingi OECD-ríkja er heimilt að draga vaxtagjöld frá vaxtatekjum. Þessi valdníðsla stjórnarliða er ólíðanleg. Um leið og sveitarstjórnum er gert skylt að skila félmrn. þriggja ára áætlun í upphafi hvers kjörtímabils gerir ríkisvaldið þeim ókleift að fara eftir þessum áætlunum því það er stöðugt verið að breyta tekjustofnum sveitarfélaga eða leggja auknar álögur á þau. En nú er bæði klippt og skorið.

Nýjasta dæmið um skerðingu á tekjum sveitarfélaga var þegar þingið ákvað á síðasta ári að breyta skattlagningu lífeyrisgreiðslna og bæta tekjutapið með hækkun tryggingagjalds sem þýddi tekjuskerðingu fyrir sveitarfélögin upp á 700 millj. Loks þegar samkomulag er í höfn um hlutdeild sveitarfélaga í staðgreiðslu skatta í kjölfar færslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, ætlar ríkisstjórnin með frv. sínu um fjármagnstekjuskatt að leggja nýjar álögur á sveitarfé-

lögin. Ég legg til að stjórnarliðar kynni sér fjárhagsstöðu sveitarfélaga áður en fleiri slík frumvörp verða lögð fram.

Ef þetta frv. verður að lögum þýðir það skerðingu á tekjum sveitarfélaga um 200–300 millj. kr. Það er breyting á skatti á arðgreiðslur um 130 millj. og fjármagnstekjuskattur á sveitarfélög gerir um 70 millj. auk annarra minni breytinga.

Í frv. þriggja stjórnarandstöðuflokka fara hins vegar hagsmunir ríkis og sveitarfélaga saman og sameiginlegur tekjustofn sveitarfélaga og ríkissjóðs styrktur því þar eru allar fjármagnstekjur hluti af skattstofni tekjuskatts og útvars.

Herra forseti. Ég ætla að trúa því og treysta að við 2. umr. liggi fyrir umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þessi frumvörp, mér skilst að þessi umsögn sé reyndar komin í hús, og trú mín á þessari löggjafarsamkundu er enn það mikil að ég treysti því meira að segja að tekið verði tillit til þeirrar umsagnar við endanlega afgreiðslu málsins.

[21:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Meginmarkmiðið með því að taka upp fjármagnstekjuskatt og helstu áherslur Þjóðvaka í því máli eru eftirfarandi:

Skattheimtan verður með þeim hætti að hinir raunverulegu fjármagnseigendur beri meginhluta hans.

Ákveðið frítekjumark tryggi að almennum sparnaði verði hlíft við skattlagningu.

Skatturinn dragi ekki úr sparnaði og hafi ekki óæskileg áhrif á vaxtastigið í landinu.

Tekjur af fjármagnstekjuskatti verði nýttar til að lækka skatta hjá fólki með lágar og meðaltekjur.

Fæst af þessum markmiðum nást fram í frv. stjórnarflokkanna. Það er ástæða þess að formenn Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka flytja þetta frv. sem hér er til umræðu. Engu að síður er það jákvætt að stjórnarflokkarnir hafa lagt fram frv. um fjármagnstekjuskatt og munum við í þingflokki Þjóðvaka leggja áherslu á og greiða fyrir því að lög um fjármagnstekjuskatt verði lögfest fyrir þinglok en jafnframt freista þess að ná fram nauðsynlegum breytingum í samræmi við þær áherslur sem ég hef lýst.

Það er rangt sem hæstv. fjmrh. hélt fram áðan að 10% vaxtaskattur hefði verið stefnumörkun síðustu ríkisstjórnar. 10% vaxtaskattur var krafa verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við kjarasamninga og gerði ég og reyndar fleiri strax mikinn fyrirvara og athugasemdir við þá útfærslu.

Herra forseti. Gallar stjfrv. eru því miður mjög margir og raunar með ólíkindum að verkalýðshreyfingin styðji það. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að komið verði á sértækum 10% skatti jafnframt því sem skattur af söluhagnaði og arði, sem fram til þessa hefur verið skattlagður líkt og aðrar tekjur, lækki úr um 40% í 10%. Hvað þýðir þetta? Jú, nú þegar loksins á að fara að taka upp fjármagnstekjuskatt, þá er tækifærið notað og skattar stóreignafólks lækkaðir á kostnað aukinnar skattbyrði launafólks. Þetta er enn eitt dæmið um það að þessi ríkisstjórn stendur fyrst og fremst vörð um hagsmuni fjármagnseigenda í landinu. Þessi breyting að lækka skattgreiðslur á arð og söluhagnað býður líka upp á lögleg en siðlaus undanskot frá skatti. Í reynd getur þessi breyting þýtt að ríkissjóður hafi engar tekjur af fjármagnsskattinum. Tekjur af fjármagnsskattinum, sem að verulegu leyti koma frá hinum almenna sparifjáreiganda samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar, eru þannig fluttar yfir í vasa fyrirtækjaeigenda og stóreignafólks. Þetta er ótækt og þetta er siðlaust því að í hugum flestra hefði ég talið að upptaka fjármagnstekjuskatts væri að jafna skattbyrðina og lífskjörin en ekki að gera með því stöðu stóreignafólks og raunverulegra fjármagnseigenda jafnvel enn betri en hún er í dag. Þetta gerist með þeim hætti að sjálfstæðir atvinnurekendur geta nú sett rekstur sinn yfir í form einkahlutafélags en á einu ári, frá því að lög um einkahlutafélög tóku gildi 1. janúar 1995, hafa verið skráð 628 einkahlutafélög. Þessir aðilar geta tekið verulegan hluta þess fjár sem nú er skattlagður hjá þeim sem reiknað endurgjald eða launatekjur, svo og rekstrarhagnað og fært yfir í arð og greitt af því 10% skatt samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar í stað þess að greiða af tekjum sínum eða hagnaði um 40% skatt eins og nú er. Ef þessi leið er nýtt í miklum mæli, sem ég tel ekki vera neitt annað en undanskot frá skatti, þá hverfa ekki einungis þær tekjur sem ríkissjóður hefur af fjármagnstekjuskattinum heldur getur orðið til viðbótar um verulegt tekjutap að ræða sem áætlað hefur verið að geti skipt hundruðum milljóna, bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Auk þess er verið að mismuna einstaklingum í þjóðfélaginu eftir því í hvaða formi þeir fá tekjur til framfærslu. Þannig greiðir hinn venjulegi launamaður yfir 40% skatt af sínum tekjum meðan opnuð er leið fyrir fjármagnseigendur til að greiða einungis 10% skatt af stórum hluta þeirra tekna sem þeir hafa sér til framfærslu. Þetta er leið óréttlætis, leið sem við jafnaðarmenn viljum ekki fara.

Síðan er hin hliðin sem snýr að því að skattfrjáls arður verði miðaður við uppfært verð hlutabréfa en það þýðir í reynd að verulega er hægt að auka skattfrjálsan arð sem einungis er greiddur 10% skattur af en ekki yfir 40% eins og nú er sem aftur þýðir umtalsvert tekjutap fyrir ríkissjóð. Hér er um svo stóran galla að ræða á stjfrv. að maður veltir fyrir sér hvort t.d. verkalýðshreyfingin, sem hefur stutt þessa leið um 10% vaxtaskatt, geri sér grein fyrir þessari hlið á útfærslu fjármagnstekjuskattsins.

Góðir áheyrendur. Það hlýtur að vera grundvallaratriði varðandi álagningu fjármagnstekjuskatts að þeir sem mestar fjármagnstekjurnar hafa greiði hlutfallslega mest og að skatturinn jafnist sem mest út miðað við greiðslugetu þeirra sem fjármagnstekjur hafa. En þessu er þveröfugt farið í frv. ríkisstjórnarinnar þó hæstv. fjmrh. reyndi að halda öðru fram í umræðunni áðan.

Staðeyndin er sú að samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar verið er að skattleggja fólk minna eftir því sem greiðslugetan er meiri. Þetta kemur glöggleg fram í yfirliti sem unnið var upp úr gögnum nefndar fjmrh. um fjármagnstekjuskattinn. Af því yfirliti má áætla að hjón, sem eru með hæstu tekjurnar eða allt að 700 þús. kr. á mánuði og hafa einnig mestu vaxtatekjurnar, muni samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar greiða samanlagt um 435 millj. í fjármagnstekjuskatt en samkvæmt frv. okkar formannanna greiðir þessi sami hópur, eða hinir raunverulegu fjármagnseigendur, nálægt þrisvar sinum meira eða um 1.160 millj. kr. Ef síðan er tekið dæmi af hjónum í lægri tekjuhópi eða á bilinu 100–300 þús. kr. mánaðartekjur, þá snýst dæmið alveg við og skattbyrðin leggst með fullum þunga á þá sem minna hafa. Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar greiða þessi hjón samanlagt 234 millj. í fjármagnstekjuskatt en samkvæmt frv. okkar formannanna næstum helmingi minna eða 132 millj. kr. Því er ljóst að sú leið sem við viljum fara felur í sér að þeir sem hafa mestar fjármagnstekjurnar bera meginhluta fjármagnstekjuskattsins. Þetta er því ekki skattur á almennan sparnað hins venjulega launamanns eins og í frv. ríkisstjórnarinnar heldur raunverulegur skattur á fjármagnseigendur.

Fyrir því eru færð rök í frv. okkar að 50% af skattinum myndist á tveimur efstu tekjubilum framteljenda eða þeim sem mestar fjármagnstekjur hafa. Við sýnum jafnframt fram á í okkar tillögum að frv. ríkisstjórnarinnar felur í sér að sköttum yrði létt af þeim sem mesta greiðslugetu hafa. Það staðfestir líka hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. í blaði nýverið, en hann sagði að gallinn við tillögur ríkisstjórnarinnar væri að þeir sem væru með háar tekjur lækkuðu í sköttum.

Frv. ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir 10% flötum skatti á vaxtatekjur og engu frítekjumarki utan þess að heimilt verði að nýta ónýttan persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts sem ég tel að eitt og sér muni litlu breyta til að hlífa almennum sparnaði við fjármagnstekjuskatti. Frv. okkar þremenninga felur í sér að frá vaxtatekjum dragist 40 þús. kr. hjá einstaklingi og 80 þús. kr. hjá hjónum. Af því sem þá stendur eftir leggjast 60% af vaxtatekjum við aðrar tekjur og mynda skattstofn ásamt þeim. Þannig hlífum við sparnaði hins almenna launamanns. Auk þess er með því að hafa skattlagningu vaxta inni í skattkerfinu áfram hægt að nýta hinn almenna persónufrádrátt.

Samkvæmt okkar tillögum mega hjón fá um 137 þús. kr. í vaxtatekjur á ári án þess að greiða af þeim neinn skatt og einstaklingur um 70 þús. kr. í vexti án þess að greiða af þeim skatt. Þetta jafngildir því að hjón eigi 2,4 millj. kr. innstæðu án þess að greiða af þeim tekjum vaxtaskatt. Í frv. ríkisstjórnarinnar mundu hjón sem nýtt hafa að fullu persónuafslátt sinn og eru með sömu vaxtatekjur, eða 137 þús. kr., greiða af þeim tæpar 14 þús. kr. en í okkar tillögum ekki eina einustu krónu. Það er hvergi í frv. stjórnarflokkanna gert ráð fyrir að hlífa almennum sparifjáreigendum í landinu. Hver króna í vaxtatekjur er skattlögð.

Á það er nauðsynlegt að benda að það er rangt sem andstæðingar þessarar leiðar halda fram að með tillögum okkar sé verið að leggja á yfir 40% skatt í stað 10% skatts eins og er í tillögum ríkisstjórnarinnar. Staðreyndin er sú, eins og fram kemur í frv., að leið sú sem við viljum fara felur í sér að meðalskattur á vexti verður í upphafi í kringum 11% en fer í liðlega 18% þegar hann er að fullu kominn til framkvæmda. Það er í fullu samræmi við það sem almennt gerist í löndunum sem hafa tekið upp fjármagnstekjuskatt. En Ísland er eina landið innan OECD sem ekki hefur tekið upp þennan skatt.

Af þessu er ljóst, virðulegi forseti, að frv. okkar felur í sér að hlífa almennum sparifjáreigendum en ekki frv. ríkisstjórnarinnar. Það er grundvallaratriði að ekki sé verið að skattleggja lítinn sparnað venjulegs launafólks. Það er ekki bara sanngirnis- og réttlætiskrafa heldur spornar það gegn því að draga úr sparnaði og að skattlagningin ýti ekki undir aukna neyslu í landinu.

Góðir Íslendingar. Ég hef hér sýnt fram á hvað fjármagnstekjuskatturinn kemur óréttlátlega niður og hvernig hinir raunverulegu fjármagnseigendur sleppa vel samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Auk þess sem frv. okkar, Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka, er miklu réttlátara og sanngjarnara gagnvart hinum almenna sparifjáreiganda, þá liggur fyrir að útfærsla okkar mun skila meira fjármagni inn í ríkissjóð og þá frá hinum raunverulegu fjármagnseigendum. Þegar fjármagnstekjuskatturinn er að fullu kominn til framkvæmda mun hann skila um 1.700 millj. kr. en frv. ríkisstjórnarinnar einungis um 800 millj. kr. eða helmingi minni tekjum. Ég tel að við eigum að nýta þennan fjármagnstekjuskatt til að jafna tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu með því að lækka skattbyrðina hjá hinum venjulega launamanni. Ég tel að með því sé tilgangi með fjármagnstekjuskatti náð, þ.e. að flytja fjármagn frá þeim sem betur mega sín til þeirra sem minna hafa.

Virðulegi forseti. Það er líka nokkuð athyglisvert að í útfærslu ríkisstjórnarinnar eru hafðar tekjur af sveitarfélögunum án nokkurs samráðs við þau, tekjum sem nema um 300 millj. kr. gagnstætt því sem er í frv. Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Er það nokkuð sérstakt að Framsfl. taki þátt í þessari aðför að sveitarfélögunum í landinu sem þau hafa nú harðlega mótmælt. Að auki leiða tillögur ríkisstjórnarinnar til þess að félagasamtök ýmiss konar verða skattlögð. Það sama gildir um líknarstofnanir og styrktarsjóði og maður spyr t.d. hvort þetta leiði einnig til skattlagningar sjúkrasjóða verkalýðsfélaganna sem væri fróðlegt fyrir verkalýðshreyfinguna að athuga sérstaklega.

Ég nefni líka í lokin, virðulegi forseti, að ég tel að ástæða sé til að óttast það að nú á að fara að skattleggja allar leigutekjur án nokkurs frítekjumarks samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar. Nú eru 250 þús. kr. leigutekjur undanþegnar skatti en áhrif þessara breytinga gætu hugsanlega orðið þau að það dragi úr framboði á leiguhúsnæði í landinu.

Það er líka ástæða til að nefna það að um síðustu áramót tóku gildi lög um að helmingur þeirra tekna sem lífeyrisþegar hafa í vaxtatekjur skerði bætur þeirra en þau eiga að koma til framkvæmda 1. sept. nk. Ég spyr: Jafnframt því að vaxtatekjur skerði bætur lífeyrisþega, eiga þeir líka að greiða af vöxtunum 10% skatt? Við því hafa ekki fengist nein svör.

Herra forseti. Okkur ber á hv. Alþingi að lögfesta fjármagnstekjuskatt á yfirstandandi þingi og útfæra hann þannig að meginþungi hans lendi á hinum raunverulegu fjármagnseigendum í landinu og að tekjurnar verði nýttar til að lækka skattbyrði hjá hinum almenna launamanni. Ég er sannfærð um það, virðulegi forseti, að það er í samræmi við vilja þjóðarinnar.

[21:42]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Því er oft haldið fram að stjórnmálamönnum sé gjarnt að yfirbjóða hver annan með loforðum við kjósendur. Telst slíkt vart til tíðinda. Það hlýtur þó að teljast til tíðinda þegar yfirboðið felst í að auka álögur eins og hér er lagt til með tillögu að stóraukinni skattheimtu á sparifé alls þorra landsmanna. Flutningsmenn þessarar tillögu um skattlagningu á sparifé landsmanna, þar með talið eldra fólks og ellilífeyrisþega, eru hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, Margrét Frímannsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir.

Í sjálfu sér kemur skattheimtugleði síðasttalinna tveggja hv. þm. ekki á óvart, en það veldur hins vegar vonbrigðum að jafnmikilhæfur og víðlesinn stjórnmálaforingi og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson skuli láta lokka sig til þátttöku í að ráðast með þessum hætti að þeim sem sýnt hafa ráðdeild og fyrirhyggju og lagt fyrir fé af launum sínum.

Spyrja má hvort skattheimtufrv. það sem hér er til umræðu gefi forsmekkinn að því sem að sé stefnt með hugsanlegu samstarfi A-flokkanna og Þjóðvaka. Sú stefna sem frv. boðar í skattheimtu á sparifé almennings í landinu er svo á skjön við þá þróun og umræðu sem á sér stað í nálægum löndum að um þetta samstarf þessara þriggja hv. þm. í þessu máli detta mér helst í hug ljóðlínur úr þjóðkvæðinu um Ólaf liljurós, þegar álfkonur fóru að seiða til sín Ólaf og sögðu:

Velkominn, Ólafur liljurós
gakk í björg og bú með oss.

Ólafur liljurós hafði að vísu vit á að ganga ekki í björg.

Sú var tíðin að einn flm. skattafrv. þessa boðaði trúna á fjórfrelsið og þar með frjálsa fjármagnsflutninga milli landa. Getur það verið að sú trú sé öll gleymd og sá boðskapur sem þá var fluttur þjóðinni af miklum sannfæringarkrafti sé ekki lengur gjaldgengur? Þeim sem nú boða stórauknar skattálögur á almenning þarf að gera ljóst að Ísland er ekki lengur eyland í skattalegum eða efnahagslegum skilningi. Ég efa ekki að hv. flm. man enn að í hinu margfræga fjórfrelsi felast m.a. möguleikar fyrir einstaklinginn til að koma fjármunum sínum í vörslu í öðrum löndum sé honum íþyngt með óhóflegum skattakröfum. Fjármagnstekjuskattur upp á allt að 28% eins og hér er boðaður hlyti að leiða bæði til fjárflótta og þess að vaxtastig í landinu stórhækkaði. Það segir sig sjálft að ekki sitja þó allir við sama borð hvað það varðar að hafa aðstöðu til að verja sparnað sinn fyrir skattgleði stjórnvalda. Þeir sem búa yfir þekkingu geta alltaf komið fjármunum sínum fyrir þar sem skattaaðstæður eru hagstæðar. Þess vegna er skattheimtufrv. það sem hér er til umræðu fyrst og fremst frv. um gripdeild á sparnaði alþýðu landsins.

Almennt er viðurkennt að skattlagning á sparnað sé hæpin aðgerð frá þjóðhagslegu sjónarmiði og geti ef óvarlega er að staðið leitt til fjárflótta með þeim afleiðingum að verulega dragi úr fjárfestingu og vextir hækki. Flutningsmönnum virðist vera þetta ljóst því að í greinargerð með frv. er að finna eftirfarandi setningar. Þar segir:

„Ekki er ólíklegt að skattlagning vaxtatekna jafnt sem annarra tekna muni leiða til þess að reynt verði að sniðganga skattlagninguna í einhverjum mæli ... Því hærri skattur þeim mun meiri hætta á undankomu og undanskoti."

Flutningsmenn telja hins vegar 28% skatt á vexti lágan skatt og ekki tiltökumál hvort tekin sé sú áhætta að sparnaður landsmanna flytjist frá Íslandi til Lúxemborgar og Sviss.

En það er fleira sem vekur furðu þess sem kynnir sér frv. Innlánsstofnunum er ætlað að standa ríkissjóði skil á vaxtaskattinum og sérstaklega er tekið fram í því sambandi svo að ég vitni aftur í greinargerð með frv.: „Staðgreiðsluskil verði ekki sundurliðuð á einstaklinga og engin kvöð verði um sjálfvirka upplýsingagjöf fjármálastofnana um greidda vexti."

Bankarnir gefa þannig ekki upp hver greiðir hvað í fjármagnstekjuskatt heldur afhenda skattinn í einni summu rétt eins og verið væri að afhenda söfnunarbauk eftir guðsþjónustu. Samhliða þessu er ætlunin að hver einstaklingur hafi 40 þús. kr. frítekjumark. Mér er spurn hvernig flutningsmenn hyggjast haga eftirliti með því að frítekjumarkið verði ekki notað ótæpilega eins og stundum vill brenna við þegar aðgangur í tiltekin gæði er nánast frjáls. Frítekjumark samhliða nafnleynd frá bönkum mun leiða til endalauss skrípaleiks þeirra sem hafa aðstöðu og vilja til að standa í undanskoti og þeir eru víst ekki fáir því að það er sagt að einungis um þriðjungur af vaxtatekjum landsmanna skili sér inn á framtalseyðublöð. Með því kerfi frítekjumarks sem hér er lagt upp með geta t.d. hjón með þrjú börn skipt peningalegum innstæðum sínum niður á fimm nöfn og þannig tryggt sér ekki 40 þús. kr., ekki 80 heldur 200 þús. kr. í frítekjumark í stað þess 40 þús. kr. frítekjumarks sem einstaklingi stendur til boða. Í þessu felst óeðlileg mismunun eftir aðstöðu fólks.

Ekkert er því til fyrirstöðu að sparifjáreigendur dreifi sparifé sínu á marga banka og sparisjóði og verði sér úti um 40 þús. kr. frítekjumark á hverjum stað. Hjónin með börnin þrjú geta þannig opnað reikning í 20 innlánsstofnunum, ég held að það séu reyndar 29 á landinu, 20 innlánsstofnunum, haft 5 reikninga í hverri stofnun og þannig tryggt sér með þokkalegu öryggi að losna við skattgreiðslur af vaxtatekjum upp á 4 millj. kr. (**Gripið fram í:** Miðað við þrjú börn.) miðað við þrjú börn, meðan aðrir þurfa að borga 1.200 þús. kr. í skatt af sömu vaxtatekjum. Undanskotið væri að sjálfsögðu lögbrot en svo er einnig um margar þær smugur sem menn nota engu að síður.

Það er fleira sem stingur í stúf þegar frv. og greinargerð þess eru skoðuð. Skatturinn sem getur numið allt að 28% af vaxtatekjum er ætlað að skila skatttekjum upp á 1,7 milljarða þegar hann er kominn að fullu til framkvæmda. Nú er það svo að 1,7 milljarðar eru heilmiklir peningar sem munu án efa hafa áhrif til hækkunar vaxta vegna minna framboðs á lánsfé. Flutningsmenn virðast ekki hafa miklar áhyggjur af þessu því að í greinargerð frv. er sagt og vitna ég í greinargerðina, að auðvelt sé að benda á dæmi sem sýna að jafnhliða minni sparnaði heimilanna komi aukinn sparnaður hins opinbera. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég hélt að sá tími væri liðinn að í Alþfl. fyndust stjórnmálamenn sem teldu þjóðhagslegum sparnaði betur komið í höndum hins opinbera en í vörslu þess launamanns sem vann að því hörðum höndum að gera þennan sama sparnað mögulegan. En það er ljóst, svo skær getur verið hinn rauði logi álfkvennanna sem ég vitnaði til í upphafi, að bestu stjórnmálamenn láti glepjast. Það eru engir smápeningar sem frv. gerir ráð fyrir að sóttir verði til almennings. Helmingur af skattinum er sagður eiga að koma frá þeim sem hafa mesta greiðslugetuna, hinn helmingurinn eða 850 millj. kr. verða því teknar af sparnaði hins almenna launamanns því að frv. undanþiggur hvers konar félög frá greiðslu skattsins og gildir sú undanþága væntanlega jafnt hvort heldur um er að ræða tugmilljóna vaxtatekjur vinnudeilusjóðs Vinnuveitendasambandsins eða hinn víðfræga orgelsjóð Langholtskirkju svo að við tökum dæmi.

Mér er vel ljóst að sá vilji er nokkuð almennur meðal fólks hér á landi að taka upp einhvers konar skatt á fjármagnstekjur og því hefur ríkisstjórnin lagt fram frv. til laga um fjármagnstekjuskatt. Það frv. er byggt á tillögum nefndar sem fulltrúar allra þingflokka stóðu að ásamt fulltrúum frá ASÍ og VSÍ. Frv. ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir einfaldara og meðfærilegra kerfi en frv. þeirra þremenninga. Í stað 28% jaðarskatts, sem hv. þingmenn leggja til að komið verði á, byggist frv. ríkisstjórnarinnar á því að lagður verði á 10% skattur. Þó ekki sé ástæða til þess að fagna aukinni skattheimtu í sjálfu sér er æðimikill munur á því hvort fólki er gert að greiða 10% eða 28% skatt af vaxtatekjum sínum.

Ég hygg að flestir sparifjáreigendur muni láta skatt, sem er ekki hærri en 10%, yfir sig ganga án þess að hætta sé á fjárflótta úr landi eða kröfum um verulegar vaxtahækkanir. Hið sama er því miður ekki hægt að segja ef jaðarskattprósentan er 28%.

Það er ekki hægt að láta hjá líða í þessu sambandi að nefna þá landlægu áráttu að leggja í sífellu á þjóðina nýja skatta og álögur. Oft er skattheimtan réttlætt með því að verið sé að koma á jöfnuði milli þegnanna en fáum virðist detta í hug að einnig sé hægt að ná jöfnuði með því að bæta kjör þeirra sem minna hafa í stað þess að draga alla með skattheimtu niður

á sama lága kaupmáttarstigið. Hugmyndir að skattlagningu eru undantekningarlítið sóttar til skattkerfa í Danmörku og Svíþjóð og er engu líkara en margir þingmenn og þá ekki síður embættismenn hafi þá trú að guð almáttugur hafi búið til skattkerfi þessara landa og óþarfi sé að leita víðar fanga.

Við þurfum að athuga að peningar eru eins og vatn. Hvort tveggja finnur sér glufur og það er ekkert náttúrulögmál að fjármagn streymi frá Íslandi til ávöxtunar erlendis. Ef rétt er á málum haldið og dregið úr skattagleðinni gætum við auðveldlega laðað að erlent fjármagn til vörslu hér á landi og skapað landi og þjóð tekjur og hálaunuð störf af þeirri vörslu. Í ágætri bók um hagfræði er komist svo að orði að hagkerfið þurfi stöðugt að hlaupa hraðar til þess eins að geta staðið í stað. Þá er átt við að stöðugt þurfi að auka við fjárfestinguna til þess að hægt sé að halda uppi fullri atvinnu.

Skortur á víðsýni ríður oft við einteyming þegar samin eru frumvörp um skatta og álögur. Það er löngu vitað að mismunun í skattlagningu ólíkra sparnaðarleiða hér á landi hefur dregið úr vilja almennings til að leggja fé í atvinnulífið, að ekki sé minnst á fjármagn til nýsköpunar og áhættusamari verkefna. Á þessum málum er ekkert tekið í frv. ef undan er skilið að sagt er í greinargerð að ekki sé lögð til breyting á skattalegri meðferð arðs og söluhagnaðar. Þó ekki væri annað en þetta er það nóg að mínu mati til að hafna frv.

Að lokum, herra forseti, er við hæfi að minnast orða Benjamíns gamla Franklíns sem sagði fyrir rúmum 200 árum að í þessum heimi sé ekkert öruggt nema dauðinn og skattar. Sem betur fer breytum við ekki þessu með dauðann en ég spyr: Er ekki kominn tími til 200 árum síðar að við afsönnum þetta með skattana. Og því legg ég til að það skattafrv. sem hér er til umræðu verði fellt.

[21:54]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Er vilji fyrir því hér á landi að koma á fjármagnstekjuskatti? Það mætti ætla að svo væri ef mið er tekið af því að nefnd, sem unnið hefur að samningu frv. um þetta efni og skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka, komst að þeirri niðurstöðu að þetta skyldi gert og hvernig það skyldi gert.

Það var ástæða til þess að gleðjast yfir því að nefndinni tókst að ljúka störfum og skila drögum að frv. sem kalla má málamiðlun. Þetta málamiðlunarfrv. var síðan flutt sem stjfrv. af hæstv. fjmrh. og er til meðferðar á Alþingi ásamt því frv. sem hér er rætt. Fulltrúar Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka skiluðu bókun við afgreiðslu málsins sem fól í sér að þeir áskildu sér og flokksfélögum sínum rétt til þess að styðja brtt. sem gætu talist til bóta og fram kynnu að koma við meðferð málsins. En hvað gerist þá?

Formenn sömu flokka, sem samkvæmt skilgreiningu Jóns Baldvins Hannibalssonar áðan skulu kallast jafnaðarflokkar, leggja fram annað frv. sem gengur þvert á frv. nefndarinnar og mundi verka eins og sprengja inn á íslenskan fjármagnsmarkað ef að lögum yrði. Eitt er að áskilja sér rétt til þess að bera fram og styðja brtt. við mál. Það er hins vegar allt annar og alvarlegri hlutur að hlaupa gersamlega frá því sem menn hafa undirritað eins og er raunin í þessu máli. Það er ekki til þess að auka álit á störfum á Alþingi þegar alþingismenn og meira að segja formenn stjórnmálaflokka haga sér með þessum hætti. Þessi vinnubrögð vekja furðu og ekki síður það að flutningsmenn skynja ekki betur þjóðfélag sitt en frv. ber vitni um.

Ísland hefur haft þá sérstöðu ásamt örfáum öðrum Evrópuríkjum að skattleggja ekki vaxtatekjur sem verða til af innstæðum í bönkum. Það hefur verið stefnumál okkar framsóknarmanna í mörg ár að á þessu máli verði tekið og fjármagnstekjuskatti komið á. Hins vegar hefur alltaf legið fyrir að það væri vandasamt að setja reglur um hvernig þetta skyldi gert þannig að það ylli ekki óróa á fjármagnsmarkaði og fjármagnsflutningum úr landi. Bæði frumvörpin um fjármagnstekjuskatt snúast um að skattleggja nafnvexti en ekki raunvexti. Þetta þýðir að 10% nafnvaxtarskattur, sem stjfrv. leggur til, er í raun 14,9% skattur á raunvexti ef verðbólga er 2% og raunvextir 4%. Skattprósentan sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og félagar leggja til er 25% á nafnvexti og er því miðað við sömu forsendur 37,3%. Ég fullyrði að þær tillögur hefðu mikil áhrif á umfang sparnaðar en sparnaður er mikilvægur þáttur í stöðugleika í þjóðfélaginu. Stór hluti af minnkandi sparnaði mundi ekki fara til fjárfestinga innan lands heldur fara úr landi.

10% skatthlutfall var ákveðið með það í huga að hafa sem minnst áhrif á vaxtastig, umfang sparnaðar í landinu og koma í veg fyrir fjármagnsflótta. Í nágrannalöndum okkar er almennt talið að 10% skatthlutfall séu þau mörk sem miða eigi við hvað þetta varðar. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir frítekjumörkum eins og gert er í því frv. sem hér er til umræðu ræður skattprósentan miklu um það hvort fólk tekur þá ákvörðun að leggja fé til hliðar eða verja því á annan hátt.

Lítum aðeins á frítekjumarkið. Eins og komið hefur fram er ekkert frítekjumark í frv. fjmrh. en þeir sem eiga ónýttan persónuafslátt hafa heimild til að nýta hann. Ástæður þess að frítekjumarkið var ekki lagt til eru ýmsar. Frítekjumark kallar á hærra skatthlutfall, frítekjumark kallar á misnotkun og þeir sem hafa miklar fjármagnstekjur fullnýta frítekjumarkið en flestir gera það ekki. Það er óréttlæti gagnvart þeim sem hafa litlar fjármagnstekjur.

Það er áhyggjuefni í þjóðfélagi okkar hversu þátttaka almennings í atvinnuuppbyggingu er lítil. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að auka fjárfestingar í atvinnulífinu og það er gert áhugaverðara með tillögum þeim sem fram koma í frv. fjmrh. og varða arð og söluhagnað hlutabréfa. Það var eitt meginatriði í stefnuskrá okkar framsóknarmanna fyrir kosningar að fjölga störfum og eru þessar tillögur í fullu samræmi við það. Þetta taldi ég rétt að nefna vegna þess að Alþfl. hefur ekki einkarétt á því að rifja upp kosningastefnuskrá okkar framsóknarmanna. Það gerum við með ánægju.

Hæstv. forseti. Það er réttlætismál að koma á fjármagnstekjuskatti. Það er dapurlegt að hugsa til þess að vinnubrögð stjórnarandstöðuflokkanna þriggja í þessu máli á vordögum verða til þess að tefja það mál. Mér segir svo hugur að verði svo geti orðið löng bið á því að lög verði sett um fjármagnstekjuskatt á Íslandi. Þeir sem bera ábyrgð á því bera mikla ábyrgð. — Ég þakka áheyrnina.

[22:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Um árabil hefur verið til umræðu að koma á fjármagnstekjuskatti hér á landi sem fæli það í sér að vaxtatekjur yrðu skattlagðar. Á síðasta kjörtímabili voru í tvígang lagðar fram viðamiklar skýrslur með mismunandi tillögum um fjármagnstekjuskatt, en allt kom fyrir ekki. Alþfl. sem fer mikinn í umræðunni lét sér lynda að sitja í ríkisstjórn í fjögur ár án fjármagnstekjuskatts meðan þeir jaðarskattar sem nú valda formanninum svo

þungum áhyggjum voru auknir gífurlega með margs konar tekjutengingum, skattar hækkaðir og þjónustugjöld tekin upp.

Nú bregður hins vegar svo við að fyrir Alþingi liggja tvö frv. þar sem boðið er upp á tvær mismunandi leiðir til að koma á fjármagnstekjuskatti. Annars vegar er um að ræða stjfrv. sem byggir á tillögum nefndar sem í áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka auk ASÍ og VSÍ. Hins vegar frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna annarra en Kvennalistans.

Síðasta vor skipaði hæstv. fjmrh. nefnd sem falið var að gera tillögur um hvernig heppilegast væri að standa að skattlagningu fjármagnstekna. Þáv. stjórnarandstaða velti því fyrir sér hvort rétt væri að taka þátt í slíku starfi og komst að þeirri niðurstöðu að betra væri að reyna að hafa áhrif og ná samstöðu um fjármagnstekjuskatt en að sitja hjá í máli sem lengi hefur verið baráttumál okkar allra. Eftir margra mánaða starf og ítarlegar umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu að leggja til samræmdan 10% fjármagnstekjuskatt án undanþágna.

Það var ljóst allan tímann að allir teygðu sig til hins ýtrasta þannig að samstaða tækist og niðurstaðan varð málamiðlun sem allir töldu ásættanlega og skrifuðu undir. Stjórnarandstöðufulltrúarnir gerðu bókun þar sem þeir áskildu sér rétt til að styðja breytingartillögur og koma um leið á framfæri athugasemdum sínum við þá leið sem sátt hafði náðst um. Það kom okkur kvennalistakonum því mjög á óvart að formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka skyldu kjósa að leggja fram nýtt frv. þar sem lögð er til allt önnur leið, leið sem rædd var ítarlega í nefndinni en samstaða náðist ekki um, m.a. vegna þess hve erfið hún er í framkvæmd og vegna þeirra áhrifa sem hún kann að hafa á fjármagnsflótta úr landi. Hvað gengur formönnunum til? Hvaða leik er verið að leika? Ætla þeir að axla ábyrgðina á því að fjármagnstekjuskattur detti enn einu sinni upp fyrir? Ég fæ ekki betur séð en málið sé komið í háa loft og get ekki leynt ótta mínum um að þar með sé fjármagnstekjuskattur úr sögunni í bili. Fari svo munu líða mörg ár þar til aftur verði gerð tilraun til að sameinast um fjármagnstekjuskatt.

Sú leið sem nefndin leggur til og er að finna í stjfrv. felur í sér að fjármagnstekjuskattar verða samræmdir og lagður 10% flatur skattur á allar fjármagnstekjur. Það þýðir að skattar lækka á arðgreiðslum, söluhagnaði og leigutekjum. Í heild er áætlað að skatturinn skili um 1.100 millj. kr. í ríkissjóð þegar allt er fram komið og þessi leið hefur þann kost að vextir verða nú skattlagðir að nýju. Aðferðin er einföld og ódýr í framkvæmd og fjármagn er losað sem væntanlega mun nýtast til fjárfestinga í atvinnulífinu og styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja.

Gagnrýnin á þessa aðferð er af tvennum toga: Annars vegar að með þessu sé verið að skattleggja eyri ekkjunnar og rýra tekjur sveitarfélaganna um hundruð milljóna. Hins vegar að með lækkun skatta, sérstaklega á arðgreiðslum, sé verið að færa fé til hinna ríku og opna leiðir til breytinga á fyrirtækjum sem leiða munu til verulegs tekjutaps ríkissjóðs.

Því er til að svara að 10% skattur á vexti er svo lágur að það er erfitt að sjá að marga muni um hann. Ekkja sem á eina millj. kr. í banka og fær 7,5% í vexti borgar 7.500 kr. í fjármagnstekjuskatt, hvorki meira né minna af heilli milljón og hún á eftir 67.500 kr. af þessum vaxtatekjum. Þetta eru einmitt meðalvaxtatekjur. Þessi sama ekkja mundi greiða tæpar 9 þús. kr. í vaxtaskatt yrðu tillögur formannanna þriggja að veruleika. Er verið að skattleggja síðasta eyri ekkjunnar? Einhver hefði sagt að röksemdir af þessu tagi væru bull.

Það má auðvitað spyrja hvort réttlátt sé að skattleggja vexti af sparifé yfirleitt og hvaða áhrif slík skattlaging hafi á sparnað. En það er nú einu sinni það sem vaxtatekjuskattur gengur út á, að skattleggja vexti hvaðan sem þeir koma eins og aðrar tekjur. Þeir sem hafa litlar sem engar tekjur en eiga fé í banka geta notað ónýttan persónuafslátt samkvæmt tillögum nefndarinnar á móti skattinum. Og þó að í þeim hópi kunni að vera einhverjir sem hafa verulegar fjármagnstekjur, þá er langstærstur hluti hópsins gamalt fólk og öryrkjar sem þar með borga engan fjármagnstekjuskatt.

Kemur þá að hinu atriðinu, hvaða áhrif lækkun skatta á arðgreiðslur muni hafa. Því hefur verið haldið fram að menn muni í stórum stíl breyta einkafyrirtækjum í hlutafélög eða einkahlutafélög og greiða sér út arð til að komast hjá skattgreiðslum. Þetta atriði þarf auðvitað að kanna sérstaklega, en eftir því sem ég fæ best séð stenst fullyrðingin ekki. Í fyrsta lagi þurfa menn að leggja fram hlutafé og það verulegt til að dæmið borgi sig. Í öðru lagi verða hlutafélög eftir sem áður að greiða tekjuskatt og þar við bætist að lögum samkvæmt má einungis greiða út arð sem nemur 10% af nafnvirði hlutafjár. Það þarf því verulegt fjármagn að koma til þannig að hægt verði að græða á slíkum tilfæringum. Það er auðvitað hægt að búa til alls konar dæmi um allt milli himins og jarðar. En hver er raunveruleikinn, hæstv. forseti? Því eigum við að svara hér á Alþingi við meðferð þessa máls.

Þetta atriði sem ég hef fjallað hér um var rætt í starfi nefndarinnar, m.a. að frumkvæði fulltrúa Kvennalistans, Kristínar Einarsdóttur. Niðurstaðan varð sú að ekki þyrfti að hafa sérstakar áhyggjur af slíkum undanbrögðum. Hins vegar er alveg ljóst að stjfrv. mun skerða tekjur sveitarfélaganna um a.m.k. 300 millj. kr. verði það að lögum. Við því verður að bregðast og bæta þeim upp þann tekjumissi. Sveitarfélögin eru að taka við stórverkefnum af ríkinu. Staða þeirra margra er afar erfið og þau mega ekki við neinum tekjumissi.

Það er erfitt að meta heildaráhrif 10% vaxtaskatts og þeirra skattalækkana sem boðuð eru í stjfrv. á vexti, sparnað og fjármagnstilflutning. En það er mat þeirra sem skoðað hafa málið að þessir þættir vegi hver annan upp.

Víkur þá sögunni að frv. flokksformannanna þriggja sem nú segjast komnir í vörn fyrir fátækar ekkjur og í víking gegn forríkum fjármagnseigendum sem munu maka krókinn að þeirra mati. Í allan dag hafa Alþfl. og Þjóðvaki kallað ekkjurnar og fjöldann snauða til liðs við sig með auglýsingum í Ríkisútvarpinu, hvað sem það nú boðar um framtíðina. (**Gripið fram í:** En ekki bandalagið?) Af hverju fékk Alþb. ekki að vera með? Hvers á það að gjalda? Hvað gengur eiginlega á, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) eftir tæplega ársstarf í fjármagnstekjuskattsnefndinni? Vissu menn ekkert hvað þar var rætt? Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Hvers vegna styður Alþýðusambandið stjfrv.? Vissi það heldur ekki um hvað var verið að ræða í nefndinni? Er það orðið málsvari fjármagnstekjueigenda í landinu? Eða er Alþfl. bara á flótta undan fortíðinni og í leit að hlutverki sem einhvers konar jafnaðarmannaflokkur? Hefði ekki verið nær að hlífa alþýðunni við þessum umræðum og leyfa henni að horfa á Bráðavaktina meðan við reynum að bjarga fjármagnstekjuskattinum frá drukknun?

Því er þó ekki að leyna, hæstv. forseti, að tillögur formannanna eru miklu nær þeim hugmyndum sem við kvenna-

listakonur lögðum upp með í nefndarstarfinu (**Gripið fram í:** Nú!) en þeim hugmyndum sem er að finna í stjfrv., þ.e. skattur með nokkuð hárri skattprósentu en með frítekjumarki. En eins og aðrar slíkar hugmyndir, þá hafa þær bæði kost og galla og við komumst einfaldlega að annarri niðurstöðu. Meginkostur þeirra hugmynda sem er að finna í tillögum formannanna er sá að þeir sem eiga fremur lítið sparifé borga ekki neinn skatt. Gallarnir eru þeir að kerfið er flókið í framkvæmd og kallar á mikla yfirferð skattyfirvalda, t.d. ef mennirnir eru í viðskiptum á fleiri en einum stað. Hvar á að draga frítekjurnar frá og sjá til þess að þær verði ekki ofreiknaðar? Undanskot eru mjög auðveld, t.d. með því að skrá sparisjóðsbækur eða annað á fjölskyldumeðlimi og spurningin er hvort ekki verður að aflétta bankaleynd eigi að vera hægt að framkvæma eftirlit með skattinum, en höfundar frv. gera reyndar ekki ráð fyrir því. Valdi 10% vaxtaskattur fjármagnsflótta úr landi eins og sumir óttast, t.d. til Lúxemborgar eða Danmerkur þar sem ekki eru lagðir á fjármagnstekjuskattar, mun tillaga formannanna leiða til mun meiri flutnings fjármagns úr landi, enda um mun hærri skatt að ræða. Tillaga í sama anda var rædd ítarlega í nefndinni en niðurstaðan varð sú að ekki náðist samstaða um hana, enda þótti hún flókin í framkvæmd og áhrifin varhugaverð.

Mergurinn málsins er þessi, hæstv. forseti: Við kvennalistakonur viljum að komið verði á skatti á vaxtatekjur. Það er ekkert réttlæti í því að þær tekjur séu skattfrjálsar en aðrar ekki. Þó verður að huga að því hvaða áhrif nýr skattur hefur, einkum á sparnað fólks. Við teljum þá leið ásættanlega sem við töldum að málamiðlun hefði náðst um milli allra stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins og viljum styðja þá leið, að því tilskildu að áhrif skattalækkunar á arðgreiðslur verði kannaðar sérstaklega og jafnframt leiðir til undanskota og að komið verði til móts við tekjumissi sveitarfélaganna. Komi aðrir vankantar í ljós er það að sjálfsögðu hlutverk Alþingis að sníða þá af.

Öll gögn sem lögð hafa verið fram í málinu sýna að það eru hinir efnameiri í þjóðfélaginu sem hafa fjármagnstekjur, ekki síst vaxtatekjur. Því meiri tekjur og eignir því meiri fjármagnstekjur. Það verða því hinir ríkari sem greiða munu megnið af vaxtaskattinum, skatt sem þeir greiða ekki núna. Skattalækkun á arðgreiðslum mun eflaust skila sér í öðrum fjárfestingum sem aftur koma fram í betri stöðu fyrirtækja sem svo skila sér í ríkissjóð. Þegar á allt er litið verður útkoman væntanlega um milljarður í tekjuaukningu til ríkisins.

Hæstv. forseti. Við kvennalistakonur tókum þátt í næstum því heils árs vinnu við að smíða tillögur um fjármagnstekjuskatt. Þótt sú leið sem málamiðlun náðist um sé um margt gölluð finnst okkur mikilvægara að skatturinn komist á en að hann sé nákvæmlega eftir okkar forskrift. Fjármagnstekjuskattur kemst ekki á öðruvísi en að um hann ríki sæmileg pólitísk sátt. Það er betra að þróa skattinn áfram og betrumbæta hann síðar en að drepa í fæðingu þetta baráttumál sem nú loksins hefur litið dagsins ljós og tekist að koma á dagskrá hinnar pólitísku umræðu. Hugmyndir um fjármagnstekjuskatt eru þessa stundina í gjörgæslu okkar þingmanna og því miður fæ ég ekki betur séð en að líf þeirra hangi á bláþræði. Við kvennalistakonur viljum bjarga lífi þeirra og það er enn hægt, en til að það takist verða allir að leggjast á árarnar og róa djarflega því tíminn er naumur. — Góðar stundir.

[22:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Skattheimta þarf að uppfylla tvö grunnskilyrði eigi hún að gera eitthvert gagn. Hún skal vera réttlát og færa ríkissjóði tekjur. Auk þess þarf skattkerfi að vera gagnsætt og skilvirkt svo að hinn almenni borgari skilji það og styðji. Þyki tiltekin skattheimta bæði óréttlát og illa framkvæmd er hættara við að almenningur sjái ekki tilgang þess að fara að landslögum og skynji ekki sameiginlega ábyrgð sína á samneyslunni í þjóðarbúskapnum.

Nú hillir í fyrsta sinn undir það að gamalt baráttumál Kvennalistans nái fram að ganga og fjármagnstekjuskattur verður lögleiddur hér á landi. Miklu púðri hefur verið eytt í umræðu um vinnubrögð við framlagningu frv. sem til umræðu er í kvöld og frv. ríkisstjórnarinnar líka. Þingmenn hafa sakað hver annan um útúrsnúning og orðhengilshátt, þó sérstaklega þegar rætt hefur verið um bókun sem gerð var af fulltrúum stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu tillagna nefndarinnr títtnefndu. Í umræddri bókun sem fulltrúi Kvennalistans skrifaði undir kemur fram að nefndarfólk vildi ekki binda hendur þingmanna við afgreiðslu frv. Að auki kemur skýrt fram að margt megi að þeirra viti betur fara í tillögum nefndarinnar. Ástæða er til þess að ítreka að nefndarfólk hafnaði ekki öðrum leiðum til álagningar skatts á fjármagnstekjur.

Hins vegar má orða það svo að fundin hafi verið lægsti hugsanlegi samnefnari í málinu. Af sjálfu leiðir að ekki er um að ræða óskalausn neins sem að tillögunum vann.

Herra forseti. Nú ber það hins vegar til tíðinda að sú þverpólitíska lausn sem felst í tillögum nefndarinnar og þar með í stjfrv., er að engu gerð með formannafrv. sem mælt er fyrir í kvöld. Það þýðir aðeins eitt: Lögleiðingu fjármagnstekjuskatts er stefnt í hættu. Það er næsta ógerningur að ræða þessi frumvörp sitt í hvoru lagi. Málsmeðferð býður upp á að bornir séu saman kostir og gallar í þeim báðum. Hér vinnst þó ekki tími til tæmandi upptalningar í þeim efnum. En ég vil leyfa mér að staldra við örfá efnisatriði.

Fyrst er að nefna hugmyndir um að verðbætur verði skattlagðar sem vaxtatekjur. Ég nota þetta tækifæri og vara við þeim hugmyndum. Verðbætur eiga að viðhalda höfuðstóli og tryggja fé fyrir rýrnun vegna verðlagsbreytinga. Verðbætur teljast því ekki til tekna af höfuðstóli en það teljast hins vegar að sjálfsögðu vextirnir, hin eiginlega ávöxtun fjárins. Gangi þetta í gegn þýðir það einfaldlega að skattgrunnur fjármagnstekjuskatts yrði hærri en næmi hreinum tekjum af fjárhæðinni. Á verðbólgutímum þýddi það að almenningur þyrfti að greiða skatt af háum verðbótarupphæðum sem eru þó eins og fram hefur komið ekki vaxtatekjur heldur viðhald höfuðstólsins. Þetta skyldu þingmenn hafa hugfast við afgreiðslu þessara mála.

Um framkvæmd þeirra tillagna sem frumvörpin fela í sér er það eitt að segja að tillögur stjfrv. tryggja einfalda og örugga innheimtu skattsins með staðgreiðslu í gegnum bankakerfið. Kostnaður við innheimtu er hverfandi og lítið eftirlit þarf að hafa með framkvæmd hennar. Við skoðun á frv. formannanna verður ekki annað séð en að mýmörg tilefni gefist til undanskots og skattsvika við framkvæmd og innheimtu fjármagnstekjuskattsins. Fram hjá því verður ekki svo auðveldlega litið í samanburðinum.

Formennirnir þrír halda því fram að nái stjfrv. fram að ganga muni skattur af arði og vöxtum minnka tekjur

sveitarfélaga um a.m.k. 300 millj. kr. á ári. Samband ísl. sveitarfélaga telur hins vegar að um tvo þriðju hluta þeirrar upphæðar eða 208 millj. kr. sé að tefla. Sem kunnugt er hefur mjög verið gengið á tekjustofna sveitarfélaga, t.d. með niðurfellingu aðstöðugjalds fyrirtækja á undanförnum árum. Auðvitað hefur aldrei staðið til að rýra tekjur sveitarfélaga með álagningu fjármagnstekjuskatts. Það var alltaf skýrt í starfi nefndarinnar. Þvert á móti er brýn nauðsyn til þess að reikna dæmið til enda fyrir sveitarfélögin og gera tillögur að breyttu hlutfalli í staðgreiðslunni á milli ríkis og sveitarfélaga í framhaldi af álagningu skatts á fjármagnstekjur. Stærsta sveitarfélag á landinu, Reykjavíkurborg, á að sjálfsögðu mestra hagsmuna að gæta í þessu sambandi og einboðið að þingmenn kjördæmisins gangi fram fyrir skjöldu við að tryggja hagsmuni borgarinnar í því máli.

Herra forseti. Er það þegar allt kemur til alls ætlun formanna Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka að koma í veg fyrir að fjármagnstekjuskattur komist á á yfirstandandi kjörtímabili? (**JBH:** Nei.) Það pólitíska uppistand sem þingheimur og landsmenn allir hafa orðið vitni að á undanförnum dögum bendir ekki til annars en að Alþfl., Alþb. og Þjóðvaki séu í raun tilbúnir til þess að hætta á að fjármagnstekjuskattur verði ekki tekinn upp að þessu sinni og þá að öllum líkindum ekki um langa framtíð. Það er sú pólitíska áhætta sem er tekin með framlagningu formannafrv. sem hér um ræðir.

Að lokum hlýt ég að beina spurningu minni til hv. þingmanna Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka: Eru þeir tilbúnir til þess að fórna því tækifæri sem nú gefst til þess að lögleiða fjármagnstekjuskatt hér á landi? Ef svo er verður skammgóður vermir af því pólitíska uppistandi sem landsmenn hafa orðið vitni að á hinu háa Alþingi í kvöld. — Góðar stundir.

[22:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Skattamál eru alvörumál og skattamál snúast ekki aðallega um tæknileg útfærsluatriði sem eru eingöngu á færi sérfróðra aðila heldur eru í eðli sínu stórpólitísk og kalla á afstöðu alls almennings. Það er pólitísk ákvörðun hversu mikið skal borga í skatta og ekki síður hverjir eiga að borga þá og svo hitt hvernig á að verja þeim. Vitaskuld er það til vinsælda fallið í þjóðfélagsumræðunni að tala um að lækka skatta. Þó vilja fæstir sjá á bak nauðsynlegri velferðarþjónustu sem kostuð er af skattborgurum. En hart keyrðir launamenn finna fyrir því að stór hluti tekna þeirra er ekki til beinnar ráðstöfunar fyrir þá og fjölskyldur þeirra heldur rennur í samneysluna og skynja líka, sem er ekki veigaminna, að sumir borga ekki sem eiga að greiða skatta en njóta aðeins þjónustunnar. Af þessum sökum eru þær gagnrýnisraddir í þjóðfélaginu skiljanlegar sem tala um of háa skatta á almennar launatekjur, benda með réttu á hin umfangsmiklu skattsvik, svörtu atvinnustarfsemina og einnig hinn svokallaða löglega en siðlausa skattundandrátt, hin stóru göt í skattkerfi okkar, m.a. það gat að stóreignamenn, sem taka í vasa sinn umtalsverðar tekjur af vöxtum sem verða til vegna drjúgrar inneignar í bönkum og lánastofnunum, hafa ekki borgað. Í okkar litla samfélagi sér fólk einfaldlega í kringum sig of marga hátekjumenn sem borga lítið sem ekkert til velferðarkerfisins á sama tíma skuldsettar fjölskyldur launamanna greiða sinn eðlilega skerf. Þessu þarf að breyta.

En skattkerfið er ekki aðeins tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og sveitarfélaga til að afla fjár til velferðarþjónustu fyrir almenning, heilbrigðisþjónustu, löggæslu félagsmálanna o.s.frv. Skattkerfið er einnig tæki til jöfnunar þar sem unnt er að dreifa byrðum réttlátlega, stýra því þannig að þeir sem geta borgað og hafa fé á millum handa greiði hlutfallslega meira en hinir sem minna mega sín.

Það eru hins vegar pólitískar deilur um það í hversu miklum mæli skuli jafna kjörin og hvernig best sé að því staðið. Alþfl. er flokkur jöfnuðar og réttlætis og telur að beita eigi þessu stýritæki, skattkerfinu, rösklega til að jafna aðstöðu og tekjur manna í þjóðfélaginu, þó án þess að kafkeyra eðlilega atorku og frumkraft einstaklingsins.

Því miður horfum við framan í þá staðreynd að bilið milli ríkra og fátækra hefur aukist hér á landi. Æ minni hópur þjóðfélagsþegna tekur til sín æ stærri hluta þjóðartekna á sama tíma og hinn stóri minni hluti fær minna í sinn skerf. Nú er það erfiðleikatímabil sem þjóðin átti við að stríða í atvinnu- og efnahagsmálum á hinum síðustu árum, hinn almenni samdráttur, að baki. Launafólk tók á sig byrðar þegar harðnaði á dalnum og nú á það rétt á umbun vegna þeirra fórna þegar efnahagsástandið fer batnandi. Ég minni á að til að forða víðtæku atvinnuleysi voru skattar lækkaðir á atvinnurekstrinn á síðasta kjörtímabili. Nú getur atvinnulífið og nú á atvinnulífið að standa á eigin fótum. Fyrirtækin eru mörg hver sem betur fer farin að skila ríflegum hagnaði. Nú þarf að rétta almennu launafólki, skuldugum fjölskyldum í landinu hjálparhönd þegar efnahagslegt ráðrúm er orðið til þess. Það þarf að hækka launin og bæta kjörin hjá almenningi.

Þess er hins vegar tæpast að vænta hjá núverandi ráðamönnum. Fyrri ríkisstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. eru þekktar fyrir velflest annað en að jafna kjörin. Þvert á móti hafa þær gengið hart fram í því að treysta stöðu þeirra sem meira mega sín á kostnað hinna. Núv. ríkisstjórn fer í nákvæmlega þetta sama far og fyrri helmingaskipastjórnir Framsfl. og Sjálfstfl. Það er ekki von á góðu. Nýlegar árásir á verkalýðssamtökin og réttindi launafólks eru til marks um þetta.

Það er við þessar almennu þjóðfélagslegu kringumstæður sem við ræðum það mál sem hér er á dagskrá í kvöld, frv. um upptöku fjármagnstekjuskatts. Skattlagning fjármagnstekna er einfaldlega réttlætismál. Af þeim sökum hefur verið eðlileg krafa að tekjur fólks af vöxtum og öðrum fjármagnstekjum lúti sömu lögmálum og aðrar tekjur, þar á meðal launatekjur. Með öðrum orðum, að fjármagnseigendur eins og launamenn almennt greiði til samfélagsþjónustunnar sinn eðlilega skerf. Það hefur verið áberandi blettur á skattkerfi okkar að ákveðnir þjóðfélagshópar eru stikkfrí, eru skattlausir, þurfa ekki að greiða skatt af tilteknum tekjum, í þessu sambandi vaxtatekjum. Þessu vill fólk að sjálfsögðu ekki una og þess vegna er það fagnaðarefni út af fyrir sig að loksins, loksins skuli þessi mál vera komin til úrlausnar og væntanlega til afgreiðslu á hinu háa Alþingi og verða að lögum, að loksins verði fyllt í þessa smugu skattleysis. Rétt er að undirstrika það, herra forseti, vegna ummæla sem hafa fallið að í öllum hinum vestræna heimi með örfáum undantekningum er þessu þannig farið að vextir eru skattlagðir og því erum við að fara í kjölfar annarra þjóða en ekki að finna upp hjólið.

Auðvitað er það kjarni þessa máls að upptaka skatts á vaxtatekjur, fjármagnstekjuskattur, á að leiða til sköttunar á þeim tekjum sem einkanlega hátekjumenn hafa. Það gerist einfaldlega vegna þess að þeir sem hæstar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu, hirða hæstu nettótekjurnar af vöxtum, eru hátekjumenn. Samkvæmt framtöldum vaxtatekjum árið 1994

kemur í ljós að aðeins 3% þeirra hjóna sem einhverra vaxtatekna njóta, aðeins 453 hjón í landinu, taka til sín meira en helminginn af þeim vaxtatekjum sem til falla. Vaxtatekjur eru því augljóslega og óumdeilanlega fyrst og síðast í vösum þeirra sem hafa mikið fé handa í millum. Á hinn bóginn er ljóst að lágtekjufólk hefur stundum nokkrar krónur í vaxtatekjur þótt algengara sé að það greiði háa vexti til lánastofnana vegna þungrar skuldabyrði.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir að vaxtaskattur nái til smáupphæða sem almennir launamenn hafa lagt til hliðar í bönkum til að mæta framtíðarskuldbindingum. Með upptöku vaxtaskatts á ekki að sækja í hefðbundinn sparnað lágtekjufólks eða fermingarbarnanna sem eru lagðar inn í banka af unglingunum, heldur er verið að slægjast eftir hinum stóru.

Munurinn á þeim tillögum sem stjórnarandstaðan leggur fram á þinginu og þeim tillögum sem formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka hafa lagt fram og eru til umræðu í kvöld eru einfaldlega þær að Alþfl. vill að þeir borgi sem geta en hinum verði hlíft, en frv. ríkisstjórnarinnar tekur til fleiri greiðenda, skattleggur í raun almennt sparifé landsmanna auk þess sem ríkisstjórnarfrv. leggur til að lækkaðir verði skattar á þeim efnameiri sem hafa haft tekjur af arði og söluhagnaði. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin tekur til baka þann ávinning sem felst í því að skattleggja vaxtatekjur með því að leggja til lækkun á skatti á þá sem hafa tekjur af arði og fleiru þess háttar. Annars vegar er því frv. jafnaðarmanna sem leiðir til tekjujöfnunar fyrir ríkissjóð og þar með bætta þjónustu velferðarkerfisins en er um leið tekjujöfnunartæki og hins vegar frv. ríkisstjórnarinnar, helmingaskiptastjórnarinnar, sem nær ekki þessum markmiðum.

Ég sat í þeirri þverpólitísku nefnd sem skipuð var til að undirbúa frv. ríkisstjórnarinnar og lagði mitt af mörkum til þess að þau mál næðu inn í þing. Það hefur of lengi verið talað um upptöku fjármagnstekjuskatts í þjóðfélaginu án þess að úr hafi orðið. Á hinn bóginn gerði ég og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í þessari nefnd alvarlegar athugasemdir um einstök atriði þessa frv. og áskildi mér rétt til að styðja aðrar og betri leiðir sem horfa til jöfnunar og réttlætis. Þær tillögur eru fram komnar í formi þessara frumvarpa sem hér eru til umræðu eins og vænta mátti.

Hæstv. fjmrh. eyddi mestöllum ræðutíma sínum til að halda því ranglega fram að afrakstur þeirrar nefndarvinnu, sem hér er að finna og gengur aftur í frv. ríkisstjórnarinnar, hefði verið í sátt og samlyndi við alla þá aðila sem í nefndinni sátu. Þetta er rangt. Á lokasíðum þessa nefndarálits er að finna þá bókun sem ég nefndi til sögu og fjórir fulltrúar stjórnarandstöðunnar skrifuðu undir. Þar er m.a. bent á ágalla þeirra tillagna sem ríkisstjórnin heldur nú frammi og aðrar heppilegri leiðir nefndar. En orðrétt segir þar, herra forseti:

„Undirrituð áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og almennrar þjóðfélagsumræðu — sem og þeir stjórnmálaflokkar, Alþfl., Alþb., Þjóðvaki og Kvennalisti sem þau eru fulltrúar fyrir í nefnd um fjármagnstekjuskatt, þar með að styðja breytingartillögur sem til bóta geta talist."

Fleiri orð þarf ekki að hafa um þetta. Alþfl. hefur ekki breytt stefnu sinni í þessum efnum. Það er rangt sem hefur verið haldið fram að hann hafi í síðustu ríkisstjórn gengist inn á þá skattlagningaraðferð sem núv. ríkisstjórn heldur frammi. Út í það mál væri hægt að fara í smáatriðum og verður gert á réttum vettvangi þegar tími vinnst til.

Fullyrðingar hæstv. fjmrh. í umræðunni um hið gagnstæða eru því einfaldlega rangar. Hins vegar er það stærsta áhyggjuefnið í þessum efnum að nú birtast þeir fram á sjónarsviðið, hinir skefjalausu andstæðingar þessarar skattlagningar stóreignamanna. Þá hélt ég satt að segja að væri helst að finna í Sjálfstfl. með vísan til sögunnar. En mér heyrist á umræðunni í kvöld, herra forseti, að þá sé einnig að finna í samstarfsflokknum, Framsfl., og nú ætli þeir að hlaupast undan merkjum og ekki takast á við það verkefni sem þjóðin hefur óskað eftir að við þingmenn komum í höfn og þeir ætli að reyna að nýta sér það og bera því við að stjórnarandstaðan hafi aðrar hugmyndir um leiðir að þessum markmiðum og þess vegna sé þeim heimilt að hætta við allt saman, engan vaxtaskatt. En auðvitað er það ekki skýringin heldur einfaldlega sérhagsmunagæslan sem gengur aftur ljósum logum í samstarfi þessara tveggja hægri flokka, Sjálfstfl. og Framsfl., þegar þeir ganga í eina sæng.

Ég vil hins vegar treysta því og róa að því öllum árum að menn standi við hin stóru orð og fundnar verði leiðir á þeim vikum sem eftir lifa á þessu vorþingi til að koma böndum á þá sem skattlausir hafa verið allt of lengi í þessu þjóðfélagi, þá sem hafa hirt mikla peninga af vaxtatekjum. Þeir verði látnir borga. Sú pólitíska ábyrgð er auðvitað fyrst og síðast í höndum þeirrar ríkisstjórnar sem hér stýrir málum og hins stóra þingmeirihluta sem að henni stendur. Það mun hins vegar ekki standa á stjórnarandstöðunni að leiða þessi mál til lykta með vitrænum hætti þannig að upphaflegum markmiðum verði náð og hinir raunverulegu fjármagnseigendur verði skattlagðir. Hér er um stórmál að ræða. Ef raunverulegur pólitískur vilji er til staðar er unnt að ljúka meðferð þessa máls á viðunandi hátt á þessu vorþingi þannig að raunverulegur fjármagnstekjuskattur verði upp tekinn, skattur sem jafnar kjörin í landinu og veitir nýjum fjármunum inn í velferðarkerfið. Það mun ekki standa á Alþfl. í þeirri baráttu fyrir jöfnuði og réttlæti. — Góðar stundir.

[22:33]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ágætu áheyrendur. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir andstöðu við þau frv. sem hér eru til umræðu. Andstaða mín við frv. byggist á andstöðu minni við það að hér á landi verður lagður á nýr skattur, vaxtatekjuskattur. Ekki vegna þess að ég telji vaxtatekjur heilagri en aðrar tekjur heldur vegna þess að ég tel að það sé óskynsamlegt miðað við aðstæður á fjármagnsmarkaðnum og í efnahags- og peningakerfi þjóðarinnar að leggja slíkan skatt á. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

Sparnaður þjóðarinnar er of lítill og mun minni en gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Þessi sparnaður er að mestu kerfisbundinn sparnaður í lífeyrissjóðakerfinu og hinn eiginlegi peningalegi sparnaður í viðskiptabönkum og sparisjóðum þar af leiðandi enn minni. Nýr vaxtaskattur mun að öllum líkindum draga úr þessum sparnaði og þá sérstaklega peningalegum sparnaði í bönkum og sparisjóðum. Framboð á lánsfjármagni til hins almenna borgara mun því minnka af þessum sökum og eyðsla og þensla hugsanlega aukast. Þetta mun bitna á hinum almenna borgara, heimilunum og smærri fyrirtækjum vegna þess að þessir aðilar sækja ekki um skammtímalán eða slá víxla hjá lífeyrissjóðum eða verðbréfafyrirtækjum heldur í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Nú búum við Íslendingar við opið fjármagnskerfi. Því eru sparifjáreigendum opnar leiðir til þess að flytja sparifé sitt til þeirra landa sem ekki hafa lagt á vaxtatekjuskatt. Þetta á sérstaklega við um þá sem eiga verulegar upphæðir

þannig að fyrirhöfnin borgi sig. Það er því mjög líklegt að umtalsvert fjármagn flytjist úr landi og framboð á lánsfé til almennra borgara og heimila minnki. Þetta mun líka hafa áhrif á lánsfjármagn til rekstrar fyrirtækja, sérstaklega þeirra minni og það getur haft áhrif á atvinnustigið. Hér á landi þurfum við frekar að auka sparnað og fjárfestingar en að minnka þær.

Vegna þessa minnkaða framboðs á lánsfjármagni er mjög líklegt að vextir muni hækka og hinn almenni borgari og heimilin greiða þá vexti ásamt fyrirtækjunum, sérstaklega minni fyrirtækjum. Það er einnig líklegt að kostnaðurinn af skattinum muni skiptast í einhverjum hlutföllum sem við þekkjum ekki enn þá, á milli lánþega og sparifjáreigenda. Það mun einnig augljóslega leiða til vaxtahækkunar á lánum til almennra borgara og auka vaxtabyrði heimilanna og smærri fyrirtækja.

Herra forseti. Í þessum umræðum hefur verið minnst á frumvörp ríkisstjórnarinnar um álagningu vaxtatekjuskatts og samræmingu skatta á fjármagnstekjur. Þessi frv. eru samin af nefnd allra flokka sem skilaði af sér mikilli skýrslu um þetta efni. Ég hef áður lýst því yfir að ég styðji ekki álagningu vaxtatekjuskatts samkvæmt frumvörpum þessarar nefndar. Það verður hins vegar að viðurkennast að þessi nefnd allra flokka gerir sér grein fyrir þeim vandamálum sem ég hef hér gert grein fyrir og fylgja því að leggja á vaxtatekjuskatt. Sést það bæði í skýrslunni og á frumvörpunum. Á bls. 4 í skýrslunni stendur, með leyfi forseta: „... ýmis rök hníga að því að skattlagning vaxta ein og sér kunni að gera hvort tveggja í senn, draga úr sparnaði og auka neyslu." Á bls. 6, herra forseti, stendur: „Álagning vaxtaskatts mun ein og sér væntanlega fremur stuðla að hærri vöxtum en lægri." Og enn fremur segir „að skattlagning vaxta kunni að leiða til þess að fjármagn leiti fremur úr landi en inn."

Frumvörp nefndarinnar reyna að draga eins og kostur er úr vandanum, bæði með því að hafa flata, tiltölulega lága skattprósentu til þess að forðast fjármagnsflóttann og stilla heildarskattlagningunni í hóf, um um það bil 900 millj. kr. á ári. Frumvörp formannanna þriggja fela hins vegar í sér mun hærri skattprósentu og nær tvöfalt hærri heildarskattlagningu, þ.e. 1.700 millj. kr. á ári. Nefndin sem allir flokkar áttu sæti í reyndi líka að draga úr þeim áhrifum til minni heildarsparnaðar sem álagning vaxtatekjuskattsins hefur í för með sér og örva þess í stað annars konar sparnað í þjóðfélaginu með því að lækka skattlagningu annarra fjármagnstekna til samræmis við tillögur sínar um vaxtatekjuskatt og örva þannig tekjumyndun fyrirtækja og þannig stækka skattstofninn. Formennirnir þrír bera þetta ekki við og fara því fram af fullkomnu ábyrgðarleysi gagnvart öllum sparnaði, vaxtastigi og vaxtabyrði heimilanna. Auk þess ýtir þeirra leið beinlínis undir undanskot frá skatti.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna gera lítið úr fulltrúum sinna flokka sem sátu í nefndinni. Þeir vanvirða vinnu þeirra jafnframt því að þvinga þá til þess að ganga á bak orða sinna hvað varðar stuðning við frv. Sérstaklega kemur framganga hv. formanns Alþfl. á óvart í þessu máli. Reyndar virðist eins og Alþfl. færist nær Alþb. með hverjum deginum sem líður. Það er því ljóst að af tvennu illu er aðferð nefndarinnar við álagningu vaxtatekjuskatts mun skynsamlegri en ábyrgðarlaus frumvörp formanna stjórnarandstöðuflokkanna þriggja.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram að það sé réttlætismál að leggja vaxtatekjuskatt á sparifjáreigendur. Er þá eitthvert réttlæti í því að viðhalda hæsta eignarskatti í Evrópu? Og ég spyr: Hvar var réttlætið þegar sparifé brann á báli verðbólgunnar. Því að staðreyndin er sú að yfir 60% af sparifé í viðskiptabönkum og sparisjóðum er í eigu fólks sem er eldra en 60 ára og yfir 50% er í eigu fólks sem er eldra en 67 ára. Og ég spyr enn fremur: Er eitthvert réttlæti í því að hækka vexti hins almenna borgara og skattbyrði heimilanna og hinna smærri fyrirtækja? Mitt svar er nei. Það er hvorki skynsamlegt né réttlátt. (**Gripið fram í:** Hvað með hina?)

[22:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það hefur verið rakið mjög ítarlega í umræðunni í kvöld hver munurinn er á þeim tveimur tillögum sem liggja fyrir Alþingi um fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts. Hann felst einkum í því að með leið formannanna þriggja er það tryggt að þeim sem minni sparnað eiga er hlíft við skattinum en þeir sem meiri fjármagnstekjur hafa greiða meiri skatt. Það er grundvallarmunurinn á þessum tveimur leiðum og þess vegna er leið formannanna þriggja betri leið sem tryggir jöfnuð og réttlæti mun betur en leiðin sem farin er í stjfrv.

Í umræðum um stjfrv. sem fram fóru í gærdag gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þessa máls sem kemur jafnframt fram í bókun sem ég ásamt þremur nefndarmönnum, er áttu sæti í nefndinni er undirbjó tillögurnar sem ríkisstjórnin síðar byggir sitt frv. á, skrifaði undir. Það var rakið í umræðunni í gær hvernig aðkoma stjórnarandstöðunnar var að nefndarstarfinu, hvernig henni eru gerð skil í bókuninni þar sem fulltrúarnir fjórir áskildu sér allan rétt í málinu svo og þeir flokkar sem þeir eru fulltrúar fyrir, þar með talið að styðja aðrar tillögur eða leggja fram tillögur er til bóta gætu talist. Efnislegar athugasemdir fjórmenninganna koma fram í bókuninni en þar segir, með leyfi forseta:

„Undirrituð telja ýmsar aðrar leiðir koma til greina við álagningu fjármagnstekjuskatts en farnar eru í tillögum nefndarinnar. Flatur 10% nafnvaxtaskattur kallar á tvískipt tekjuskattskerfi, annars vegar skatta á launatekjur og hins vegar á fjármagnstekjur, en slík aðferð leiðir til ákveðinnar mismununar og óréttlætis. Meginatriðið er þó að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp eins og í öllum nágrannalöndum okkar. Sú leið sem hér er lagt til að farin verði er að mörgu leyti gölluð, en þó ásættanleg að öðrum tilgreindum valkostum frágengnum. Því vilja undirritaðir nefndarmenn árétta að verði hún að veruleika sé hún aðeins til bráðabirgða, gildi einungis um skamma hríð og verði þannig áfangi á leið til heildstæðrar skattlagningar fjármagnstekna sem taki mið af öðrum megineinkennum íslensks skattkerfis, þar sem reynt er að verja kjör þeirra sem minna mega sín og stuðla að auknum tekjujöfnuði í þjóðfélaginu."

Í framhaldi af þessu er það rakið í bókuninni að nokkur atriði í greinargerð nefndarinnar séu varhugaverð. Þar eru tínd til atriði eins og það að ákveðið sé að hafa ekki sérstakt frítekjumark og lýst er yfir efasemdum um að umdeildanlegt sé að lækka skatthlutfallið á arðgreiðslum. Það átti því hverjum manni að vera ljóst, þar á meðal hæstv. fjmrh., að það var ekki fullkomin sátt um þá leið sem farin er í tillögum nefndarinnar. Ástæðan fyrir því að ég skrifaði undir álit nefndarinnar í stað þess að ganga út úr nefndarstarfinu eða að semja sérálit þar sem mínum óskatillögum og Alþb. væri lýst, var einfaldlega sú að það er mikið nauðsynjamál sem alls ekki má lengur undan víkjast að koma því fyrirkomulagi

á að fjármagnstekjur séu skattlagðar eins og aðrar tekjur. Þess vegna tel ég þá leið sem farin er í frv. ríkisstjórnarinnar betri en enga og mun styðja hana að öðrum tillögum frágengnum. Þessi leið hefur ákveðna galla en það er mikilvægt að það gerist ekki enn eina ferðina að hugmyndum um fjármagnstekjuskatt verði hafnað vegna þess að stjórnmálamenn geta ekki komið sér saman um hina einu sönnu leið sem eftir allt er líklega ekki til.

Það er hins vegar deginum ljósara að þær tillögur sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu áherslu á í nefndinni um fjármagnstekjuskatt og birtast nú í frv. formannanna þriggja, nutu ekki velvildar og njóta ekki velvildar hjá ríkisstjórnarflokkunum og það er einnig alveg ljóst að þær hefðu aldrei fengið ítarlega efnislega umfjöllun í þinginu ef ekki hefði verið farin sú leið að leggja fram frumvörpin sem hér eru til umræðu. Ég vona jafnframt að þær tillögur og sú umfjöllun sem þær hafa fengið á hinu háa Alþingi sem og úti í þjóðfélaginu verði til þess frv. ríkisstjórnarinnar verði betrumbætt og af því verði sniðnir þeir agnúar sem hér hefur verið bent á og fram hafa komið í umræðunum í gær og í dag og að niðurstaðan verði réttlátur fjármagnstekjuskattur sem tryggi að þeir sem hafa mikil fjárráð greiði sinn skerf til samfélagsins, en þeim verði hlíft sem minni fjárráð hafa, fjármagnstekjuskattur sem er í tengslum við aðra þætti íslensks skattkerfis, fjármagnstekjuskattur sem leitast við að tryggja jöfnuð og réttlæti í þjóðfélaginu. — Góðar stundir.

[22:47]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ekki alls fyrir löngu sá ég sett upp í blaði eftirfarandi dæmi: Hjón eiga tvö börn. Eiginmaðurinn hefur í laun 125 þús. kr. á mánuði. Hjón þessi búa í leiguíbúð og njóta því húsaleigubóta. Börnin eru ekki á dagheimili þar eð móðirin er heima. Gerist nú það að móðirin á umræddu heimili fái sér vinnu úti í bæ og fái í laun 80 þús. kr. á mánuði, sem má telja nokkuð gott á þessum síðustu og verstu tímum, þá eru áhrif jaðarskatta þau að ráðstöfunartekjur heimilisins vaxa ekki um 80 þús. kr. Nei, þvert á móti. Ráðstöfunartekjur hjónanna skerðast um rúmlega 1.000 kr. á mánuði. Hvað segir þetta dæmi okkur?

Það segir okkur í fyrsta lagi að laun á Íslandi hafa með margítrekuðum þjóðarsáttum verið keyrð langt niður fyrir öll velsæmismörk. Sumir hafa af því tilefni sagt Ísland vera láglaunaland. En þetta dæmi um fjölskylduna og launin hennar segir okkur meira. Það segir okkur líka að skattkerfið í landinu er þannig spyrt saman við lág laun að það er beinlínis vinnuletjandi. Vegna lágra launa og hárra skatta flýr nú fólk land í stórum hópum. Ég hef samúð með þessu fólki. Það er ólíðandi að þúsundir Íslendinga snúi baki við ættjörð sinni vegna þess að þeir geti ekki lifað þar mannsæmandi lífi af vinnutekjum sínum.

Eitt sinn var talað um móðuharðindi af manna völdum. Hvernig er komið þeirri þjóð sem missir árlega þúsundir þegna sinna á flótta undan ranglátu launakerfi og siðlausri skattastefnu? Ég hafði gert mér vonir um að fjármagnstekjuskatturinn sem verið hefur til umræðu í allmörg ár gæti m.a. orðið til að hægt væri að taka til í skattaframskóginum, ekki síst til að lækka jaðarskattinn sem íþyngir mjög almennu launafólki.

Það hefur lengi verið stefna Alþb. að skattleggja beri fjármagnstekjur rétt eins og aðrar tekjur. Engin skynsamleg rök mæla með því að tekjur sem aflað er með leigu á fjármagni séu skattlagðar öðruvísi en aðrar tekjur. Ríkisstjórnin vill hins vegar fara þá undarlegu leið að leggja á fjármagnstekjuskatt algerlega án tillits til annarra tekna. Þetta þýðir með öðrum orðum að þeir sem greiða t.d. skatt af arði fá lækkaða skatta og greiða ekki lengur tekjuskatt af arðgreiðslu sinni heldur aðeins flatan 10% skatt, verði frv. ríkisstjórnarinnar að lögum óbreytt. Hér er því horfið frá þeirri grundvallarstefnu að skattleggja eftir greiðslugetu, heldur fer skattheimtan minnkandi eftir því sem greiðslugetan er meiri. Ef þessi breyting verður samþykkt stöndum við uppi með skattkerfi sem gerir launamanninum að greiða hærra skatthlutfall af launum sínum en fjármagnseigandanum af fjármagnstekjum sínum.

Þrír stjórnarandstöðuflokkar hafa sameinast um að leggja til að fjármagnstekjuskattur verði inni í núverandi skattkerfi og myndi sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum. Þannig nýtist persónuafsláttur eðlilega. Sömu reglur sem allir þekkja gilda um fjármagnstekjuskatt og tekjuskattinn. Stígandin í skattheimtunni miðast við greiðslugetu. Þessar tillögur gera ráð fyrir að einungis 60% vaxtatekna komi til skatts og að fólk fái eðlilegan frádrátt þannig að ávöxtun sparifjár verði ekki neikvæð. Gert er ráð fyrir ákveðnu frítekjumarki þannig að hjón gætu t.d. átt 2,5 millj. kr. innstæðu á 5,5% ársvöxtum án þess að greiða skatt af þeim vaxtatekjum. Engin veruleg hætta ætti að vera á því að skattur þessi leiði til vaxtahækkunar eða fjárflótta úr landi.

Eins og áður hefur verið nefnt í umræðunum, kom það í Morgunblaðinu í janúar sl. og haft eftir Sverri Hermannssyni bankastjóra að Landsbanki Íslands muni slá skjaldborg um viðskiptavini sína og greiða af sínu ráðstöfunarfé hvern eyri sem á innlánseigendur verður lagður með hinum nýja skatti. Auðvitað verður svo sá útgjaldaauki bankans fjármagnaður með hærri útlánsvöxtum. Það væri aldeilis ekki ónýtt fyrir launþega ef atvinnurekendur almennt tækju sér bankastjórann til fyrirmyndar og reiddu fram af ráðstöfunarfé sínu þá skatta sem starfsfólki er gert að greiða af launatekjum sínum. Kannski hefur bankastjóri alls landsins einmitt hitt á það þjóðráð sem eitt kann að duga til að bæta kjör almennings í landinu.

Í öllum helstu viðskiptalöndum okkar er skattur lagður á fjármagnstekjur. Það er réttlætismál að þeir greiði mest til sameiginlegra þarfa sem hafa aðstöðu til að skapa sér mestu tekjurnar í þjóðfélaginu. — Ég þakka áheyrnina.

[22:52]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að það er pólitísk samstaða um að leggja á fjármagnstekjuskatt í landinu. Það er reyndar orðið tímabært. Ísland er eitt fárra landa þar sem fjármagnstekjuskattur er ekki við lýði. Það hafa engin rök verið borin fram í þessari umræðu um að fjármagnstekjuskattur muni leiða til fjárflótta eða minnkandi sparnaðar. Það á við bæði frv., bæði flokksformannafrv. og frv. ríkisstjórnarinnar. Það er sanngjarnt að það sé lagður sambærilegur skattur á fjármagnstekjur og launatekjur. Þetta er réttlætismál og ég fagna því að þingheimur, langflestir hér, taka undir þetta sjónarmið.

En umræðan í kvöld hefur leitt annað í ljós. Hún hefur sýnt okkur það að annar stjórnarflokkurinn, þ.e. Sjálfstfl., dregur lappirnar í þessu máli. Það er alveg augljóst hvaða hagsmuna hann er að gæta. Hann vill helst engan fjármagnstekjuskatt. En ef það þarf að leggja á fjármagnstekjuskatt, þá á hann að vera þannig að stórhluthafar, fyrirtækin og lífeyrissjóðirnir

sleppi eins billega frá því og hægt er og það varð niðurstaðan í þeirri nefnd sem vann þetta mál. Það hefur nefnilega komið fram, óvanalegt, þó ekki. Hæstv. fjmrh. talaði fyrir stjfrv. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði fyrir nefndarstarfinu og varði það. Hv. þm. Árni Mathiesen var á móti öllu saman. Sjálfstfl. er eina ferðina enn með þrjár skoðanir í sama málinu. Það hefur gefist þeim flokki vel að koma þannig fram fyrir alþjóð.

Nú reynir á varadekkin. Það sprakk eitt í kvöld þegar Árni Mathiesen lýsti yfir andstöðu við stjfrv. og reyndar frv. okkar. Látum það svo sem vera. En varadekkin eru farin að springa. Ég vil nefna það af því að hér hefur verið talað um að nefnd hafi verið starfandi með þátttöku verkalýðshreyfingarinnar. Það er ekki rétt. Það voru einungis fulltrúar Alþýðusambandsins sem áttu aðild að þessari nefnd. Það var enginn fulltrúi BSRB og BHMR í þessari nefnd og þeir hafa ekkert fengið að koma að málinu. En það verður reyndar bætt úr því í störfum þingnefndarinnar sem fær þetta mál.

Þessi spurning sem er hér uppi er pólitísk. Hvað ætlar Framsfl. að gera við stjfrv. sem var lagt fram í gær? Ætlar hann að fylgja því eftir og taka þá tillit til þeirra ábendinga sem koma fram í frv. sem við erum að ræða núna, formannafrv.? Ég bendi á að það hafa komið fram veigamiklar athugasemdir við útfærslu stjfrv. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson áttaði sig á því, og þeir eru fleiri að átta sig á því, að stjfrv. gengur á hagsmuni almennra sparifjáreigenda og hyglar hinum stærri fjármagnseigendum. Það sama sjónarmið kom fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni í gær. Menn eru aðeins að átta sig á þessu máli. Þetta er flókið og erfitt mál og það er vel að það skýrist betur í hugum þingmanna.

Ef maður lítur á efnisatriði formannafrv., þá er það tiltölulega einfalt. Skattur á fjármagnstekjur er felldur inn í skattkerfið. Það er engin skattlagning á venjulegar eignatekjur. *Hún er lítil á millitekjufólk og nokkru meiri á þeim sem meira mega sín.* Það eru engar ívilnanir settar inn í það frv. til stóreignaaðila og atvinnurekstrar. Það er skýrt í þessu frv. sem við erum að ræða. Friðrik Sophusson talaði um 25–30% skatt. Þetta er rangt. Ég veit ekki hvort hann hefur lesið frv., líklega ekki, en það kemur skýrt fram að skattbyrðin er í kringum 11% fyrst en hækkar upp í 18%. Hann segir að frv. leiði til fjárflótta. Þetta er líka rangt. Það eru engin rök færð fyrir því. Og ég segi: Hvorugt frv. leiðir til fjárflótta úr landinu.

Við leggjum fram sérstakt frv. af því að við teljum að stjfrv. sé tæknilega illa útfært og við viljum gera þetta betur. Við viljum leggja á fjármagnstekjuskatt, nákvæmlega eins og ríkisstjórnin vill. Gott ef það var ekki eitt af loforðum Framsfl. ásamt fleirum hér áður fyrr að gera þetta. Við viljum gera þetta þannig að það sé heil brú í því. Við kærum okkur ekki um að vera með skattalöggjöf sem er götótt. Og um það snýst málið.

Það að vitna í þessa frægu nefnd — ég er nú orðinn þreyttur á að heyra talað um nefndina en vil lesa upp úr bókun eina setningu. Þar tala nefndarmenn, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, með leyfi forseta um „... nauðsyn þess að samræmingar sé gætt milli skattlagningar launatekna ... með öðrum orðum að allar tekjur, þar á meðal fjármagnstekjur lúti sömu lögmálum og almennar launatekjur eins og víða tíðkast í nágrannalöndum okkar.“ Þetta er beint úr bókun stjórnarandstæðinga í nefndinni. Það er einmitt þetta sem frv. formannanna snýst um þannig að það er bara vitleysa að tala um að hér hafi verið rofin einhver málamiðlun og sátt. Menn verða þá að lesa betur nefndarálitið sem hér liggur til grundvallar.

Stjfrv., sem er hinn valkosturinn, felur í sér að það eru teknar inn aukasporslur í frv. án þess að það sé gert mikið úr því og við höfum bent á það. Skattur á arð er lækkaður í 10% úr 43%. Greiðslur sem hingað til hafa verið skattlagðar með almennum hætti eru breikkaðar og færðar undir lægri skattamörk. Það eru gefnar aukaívilnanir sem lækka skatta hjá fyrirtækjum og hjá fólki sem á mikið af hlutabréfum. Þetta hefur verið rakið í umræðunni. En þetta kemur mjög skýrt út úr stjfrv. og því bendum við m.a. á að ríkisstjórnin hefði átt að ganga hreint til verks og segja: Við ætlum að leggja fram skattafrv. sem ívilnar vissum hópum vegna þess að við teljum það örva atvinnulíf. Það er svo matsatriði, og það verður útfært á þennan og þennan hátt og svo ætlum við líka að leggja skatta á almennar vaxtatekjur. Þá eru menn að segja nákvæmlega það sem þeir meina í stað þess að rökstyðja mál sitt eins og hér sé bara verið að fara með fjármagnstekjuskatt í frv. Það er ekki verið að gera það. Það er verið að veita tilteknum hópi í þjóðfélaginu ívilnanir með því frv. sem stjórnin lagði til.

Það er ekki einungis þetta sem frv. stjórnarinnar gerði og formennirnir þurftu að leiðrétta í sínu frv. Það er ráðist á sveitarfélögin og á þriðja hundrað millj. eru hafðar af þeim. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp úr áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga, bréf sem er undirritað af Þórði Skúlasyni. Þar segir orðrétt:

„Þessi niðurstaða [þ.e. stjfrv.] kemur sambandinu algerlega í opna skjöldu og er henni hér með harðlega mótmælt og þess krafist að sveitarfélögin í landinu verði ekki fyrir fjárhagstjóni vegna setningar laga um fjármagnstekjuskatt.“

Átti að hlunnfara sveitarfélögin líka í stjfrv.? Það kemur skýrt fram í áliti þeirra sem standa í viðræðum við ríkið um að yfirtaka grunnskóla að aldrei hefði verið nefnt að það ætti að hlunnfara sveitarfélögin á þriðja hundrað millj. Þetta eru vinnubrögðin. Þar sem að um mjög flókið mál er að ræða höfum við þingmenn átt í vissum erfiðleikum með að setja okkur inn í það og það er mjög eðlilegt. Skattamál eru flókin en það er verið að reyna að blekkja. Málflutningur ríkisstjórnarinnar í málinu hefur byggst á blekkingum og það er ámælisvert, herra forseti.

Vitaskuld hefði átt að skoða þessi mál í víðara samhengi. Það eru sérstakar ívilnanir gerðar til handa lífeyrissjóðum. Það er hægt að færa rök fyrir því en það hefði átt að taka lífeyrissjóðsmálin inn í stærri endurskoðun heldur en gefa þeim þarna viss réttindi á fjármagnstekjumarkaði þó svo það megi rökstyðja það. Það er sömuleiðis aðferð varðandi fjármagnstekjuskatt, sem er ekki gefinn nógur gaumur. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að þetta væri frv. nefndarinnar. Það þarf að kenna mönnum hvað Alþingi snýst um. Frv. ríkisstjórnarinnar er stjfrv. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, borið fram af tveimur þingflokkum. Við tökum ekki til umræðu frv. manna úti í bæ. Það getur byggst á nefndarstarfi ef svo vill en þetta er frv. ríkisstjórnarinnar þó svo fjmrh. kjósi að fylgja því eftir með hálfum huga og vilji helst ekkert vita af þessu.

Hins vegar er mikilvægt að þetta frv. sé afgreitt núna á vorþingi og ég bendi á að ríkisstjórnin hefur barið í gegn fjármagnstekjuskatt á einn hóp. Hún gerði það í haust. Hún setti á fjármagnstekjuskatt á ellilífeyrisþega í sambandi við bótakerfi almannatrygginga. Þá var ekki erfitt að framkvæma það. Það rann í gegnum stjórnarmeirihlutann þegar átti að

koma fjármagnstekjuskatti á þennan hóp. Forgangsröðunin er alveg ljós hjá ríkisstjórninni og höfum við stjórnarandstæðingar verið að gagnrýna þegar útfærsla er tekin á þessum fjármagnstekjuskatti.

Nú skulu menn ekki halda að við séum að tala um einhverjar rosatölur varðandi skattlagningu. Frv. okkar gerir ráð fyrir tekjum upp á 1,7 milljarða þegar best lætur, þegar það er komið í fullan gang, stjfrv. kannski upp á milljarð. Þetta eru ekki stórar tölur þegar maður horfir til fjárlaga upp á 100 milljarða. Það er blekkingaleikur að halda því fram að með þessu frv. sé verið að rústa einhverju í hagkerfi okkar. Það er fráleitt. Upphæðirnar eru ekki slíkar og það er hvorki gert með stjfrv. né með flokksformannafrv.

Það frv. sem flokksformennirnir leggja til er einfaldlega miklu betra í útfærslu og það er þess vegna sem það á að taka mjög alvarlega til umræðu og samþykkja málið með þeirri útfærslu. Það er mjög skýrt og ég nefndi það. Meðalskatturinn er í kringum 11%. Það er innan við það sem gerist í nágrannalöndunum. Jaðarskatturinn eða skatturinn á síðustu krónuna er lægri í frv. okkar en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Það er allt annað sem menn hafa verið að segja í umræðunni, þá er það byggt á þekkingarleysi. Frv. okkar flokksformanna er með lægri vaxtaskatt en langflest ríki OECD þannig að þetta fellur mjög vel að því kerfi sem notað er hvað víðast annars staðar.

Það sem ég óttast í málinu er að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að skjóta sér á bak við ágreining við stjórnarandstöðuna í nefnd og salta málið þess vegna. Þá segi ég: Fyrst stjórnarandstaðan er farin að ráða málum með þeim hætti að ekki sé hægt að koma málum í gegn og lögfesta þau vegna þess að stjórnarandstaðan er andvíg þeim þá minni ég á að við erum með nokkur frumvörp í þinginu, vinnumarkaðsfrumvörp um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur sem stjórnarandstaðan hefur lýst andstöðu við reyndar ásamt öðrum hópum í þjóðfélaginu. Er þá ekki ráð, hæstv. fjmrh., að þá sé beitt sömu aðferðafræði? Þarf þá ekki að salta þau mál líka vegna þess að stjórnarandstöðunni líkar ekki alveg sú útfærsla sem ríkisstjórnin leggur þar til? Nei. Ætli þeir hugsi þá nokkuð um það. Ég bið þá hæstv. ríkisstjórn um að nota þingmeirihluta sinn og láta reyna á varadekkin og knýja þá sitt stjfrv. í gegn. Ég er þó þannig gerður að ég hlíti meiri hlutanum. Ef frv. flokksformannanna okkar nær ekki fram að ganga verður það bara að gerast og þeir samþykkja sína slæmu útfærslu með meiri hluta sínum á þingi. En þá skulu þeir sækja það mál með jafnmiklu offorsi og þeir sækja mál sem snúa að réttindamálum launafólks. Það verður hin pólitíska spurning næstu vikna hvort ríkisstjórnin ætlar að fara þessa leið og þá sér maður hvort hugur fylgir máli þegar menn tala um fjármagnstekjuskatt. Það verður sú pólitíska spurning sem almenningur í landinu mun fylgjast með á næstu vikum vegna þess að það sýnir hvað þessi ríkisstjórn meinar, hvort hún muni afgreiða þetta mál á næstu vikum eða ekki. Ef hún gerir það ekki sjá menn skýrt hvaða hagsmuni hún er að verja í þjóðfélaginu og það eru ekki hagsmunir almenns launafólks.

[23:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef reynt að hlusta á þessa umræðu í kvöld af athygli og ég vona að áheyrendur séu nokkru nær um það um hvað þetta mál snýst. Þá rifjaðist upp fyrir mér að fyrir svona um það bil einum aldarfjórðungi lærði ég allmikið í skattamálum og tók líka þátt í framkvæmd skattamála hér á landi með aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki. Þá lærði ég þau sannindi, sem ég hef alltaf haft í huga síðan, að flókið skattkerfi kann að sýnast réttlátt í fyrstu en hins vegar geta hliðarverkanirnar verið svo miklar að þær skapi slíkt óréttlæti að ekki verði við það unað. Þess vegna eru það einföld sannindi að einfalt skattkerfi er skilvirkt og miklu réttlátara en hið flókna þegar flókna skattkerfið er komið í framkvæmd. Þetta hélt ég að við værum búin að læra af langri reynslu og ég ætla að nefna sem dæmi að við höfum verið að breyta ýmsu í okkar tekjuskattskerfi á undanförnum árum. Barnabætur hafa verið tekjutengdar í nafni réttlætis. Húsnæðisbætur hafa verið eignatengdar og tekjutengdar í nafni réttlætis en þegar upp er staðið eru jaðaráhrifin svo mikil að þetta sem menn töldu vera réttlæti er orðið að óréttlæti.

Ég tel að sú nefnd sem hefur unnið að þessu máli og ég hélt að það hefði verið gert í allmikilli sátt hafi haft allar þessar einföldu reglur að leiðarljósi í vinnu sinni. En það frv. sem formenn nokkurra stjórnarandstöðuflokka hafa flutt hafa ekki haft þessa einföldu reglu að leiðarljósi því að þeir hafa leitast við að búa til svo flókið kerfi í kringum væntanlega skattlagningu fjármagnstekna að hliðaráhrifin munu gera það mjög óréttlátt. Enda þótt þeir tali í nafni réttlætis og tali um að með þessu verði réttlætinu náð er það því miður rangt. Allt er þetta gert í nafni meðaltalsins. Því er haldið fram að vegna þess að meðaltalsskatturinn sé 11% sé þetta fínn skattur. Það er svona eins og að leggja út af því að í einni ákveðinni á sé meðalrennslið tiltekið magn vatns og alltaf sé hægt að fara yfir hana með þeim hætti og aðeins meðaltalið skuli haft í huga. Þetta er hin nýja stefna Alþfl. að allt skuli miðað við meðaltal og meðalmennsku í stað jafnaðarmennsku og er flokkurinn þá væntanlega orðinn meðalflokkur.

Ég spyr hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson: Er það líklegt að ef einstaklingur ætlar að taka ákvörðun um það hvort hann eigi að geyma sparifé sitt á Íslandi eða hugsanlega flytja það til útlanda að hann muni taka þá ákvörðun með meðaltalið að leiðarljósi? Ætli það sé ekki líklegt að hann taki þá ákvörðun miðað við það hvað hann borgar í skatt á Íslandi og taki þá ákvörðun út frá tæplega 30% skatti? Mér þykir það líklegt. Er það líklægt að aðilinn sem er að hugsa um að flytja fjármagn á milli einstaklinga í fjölskyldunni muni gera það í nafni meðaltalsins? Er líklegt að bankinn, sem ætlar hugsanlega að sjá til þess að enginn tapi á þessu og hækka vexti vegna þessarar ákvörðunar sem ákveðinn bankastjóri hefur í reynd hótað, muni gera það allt í nafni meðaltalsins? Þetta eru náttúrlega röksemdafærslur sem er ekki hægt að bera á borð fyrir almenning að mínu mati.

Því hefur verið haldið fram að ég hafi sagt það, og hefur verið vitnað í það sem einhver heilög sannindi, að þetta frv. leiði til þess að skattur muni lækka á ákveðnum aðilum sem hafa hærri tekjur og þetta er alveg rétt. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir sem hafa tekjur af arði umfram tiltekin mörk greiða í dag 42–47% skatt, en munu greiða 10% skatt. Það þarf ekkert sérstaklega að vitna í mig þessu til sönnunar. En hvað segir svo nefndin sem vann þetta mál um þetta tiltekna efni? Hún segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að sú samræming sé ófrávíkjanleg forsenda fyrir traustri eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og öflugri uppbyggingu atvinnulífsins, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum."

Nefndin kemst sem sagt að þeirri niðurstöðu að ef það eigi að taka upp fjármagnstekjuskatt, sem allir eru sammála um, þá sé nauðsynlegt að samræma skattlagningu á tekjum af arði. Þetta er niðurstaða nefndarinnar. Það stendur ekki „meiri hluta nefndarinnar". Það stendur „nefndarinnar". Og þeir sem skrifa undir ákveðinn fyrirvara, skrifa „undirrituð undir nefndarálitið" og telja það ásættanlegt og svo kemur „með vísun til bókunar þessarar". Verður ekki að skilja það svo að allir nefndarmenn telji þetta ásættanlegt og verður ekki að skilja það svo að þessi samræming sé ófrávíkjanleg? Í þessu eru mikil sannindi. Það verður stundum að kaupa ákveðna hluti tilteknu verði. Það er enginn vafi á því að ef tekjur af arði verða skattlagðar með þessum hætti mun staða atvinnurekstrarins styrkjast og atvinna aukast í landinu. Ef menn vilja hafa það markmið í fyrirrúmi að atvinna aukist og atvinnuleysið minnki þá styðja menn slíka stefnu. En ef menn telja að áfram eigi að búa við það mikla atvinnuleysi sem hér er þá eigi ekki að gera það. Það er ástæðan fyrir því að við í Framsfl. höfum ákveðið að styðja tillögu nefndarinnar vegna þess að við teljum að þau markmið séu mikilvægari en önnur markmið.

Herra forseti. Ég verð aðeins að víkja að sögu þessa máls því að 10. des. 1994 lýsti þáv. ríkisstjórn því yfir að hún vildi mynda samstöðu og samstarf með stjórnarandstöðunni og aðilum vinnumarkaðarins til þess að vinna að málinu. Ég var ekki mjög ánægður með það. Það var alveg ljóst að ég taldi að það lægi ljóst fyrir að þáv. ríkisstjórn gat ekki komið sér saman um málið og hún vildi leita til stjórnarandstöðunnar og aðila vinnumarkaðarins til þess að taka þátt í lausn málsins. Ég taldi að það yrði verkefni nýrrar ríkisstjórnar. Hins vegar féllust aðilar vinnumarkaðarins á þessa niðurstöðu og hinir stjórnarandstöðuflokkarnir á undan Framsfl. og 22. febr. 1995 rekur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson þetta í almennum stjórnmálaumræðum. Hann talar um að nú hafi þeir boðið til samstarfs um útfærslu á framkvæmd fjármagnstekjuskatts sem kæmi til framkvæmda um næstu áramót. „Nú vill svo til að aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa lýst sig reiðubúna til slíks samstarfs, en mér skilst að enn standi á Framsfl. Ef hægt er að nefna nokkurt eitt mál, réttlætismál sem mun skipta sköpum um það að stuðla frekar að kjarajöfnun, þá væri það þetta. Ég skora á formann Framsfl. að láta ekki bíða lengur eftir sér."

Þetta sagði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson (**JBH:** Og segir það enn.) Og segir það enn, já. Það vill nú svo til að við féllumst á þetta. En hvað gerir Alþfl. núna, flokkurinn, sem hvatti til samstöðu? Hann kemur með algerlega nýtt frv. og segir að hér sé aðeins um brtt. að ræða. Þetta er svona álíka og taka þátt í því í nefnd að koma á virðisaukaskatti á Íslandi og segja að það sé ásættanlegt, en koma daginn eftir með frv. til laga um endurnýjaðan söluskatt. Þessu frv. sem hér er verið að flytja er á engan hátt hægt að líkja við það sem nefndin lagði til. Það er allt annað kerfi og ég vil halda því fram að það sé gersamlega óframkvæmanlegt.

Formaður þeirrar nefndar sem undirbjó málið, Ásmundur Stefánsson, fullvissaði okkur um það á sínum tíma að gott samstarf væri í þessari nefnd og það væri góð samstaða í nefndinni. Með því hugarfari tókum við málið upp í Framsfl. og féllumst á það, eins og m.a. kom fram í þingræðu formanns Alþfl. á sínum tíma, að standa að málinu. Hér er ekki verið að leggja til af formönnum stjórnarandstöðunnar að breyta neinu í frv., t.d. að koma með tillögu um að greiða eigi einhvern annan skatt af arði umfram tiltekin mörk. Það gæti verið tillaga og menn gætu samt haldið því fram að það yrði gert í nafni réttlætis. Hins vegar hefur hún aðra galla. Nei, ekkert slíkt er lagt til heldur er komið með óframkvæmanlega samsuðu sem mun leiða til vaxtahækkunar. Það er enginn vafi. Þar með mun byrði atvinnulífsins og einstaklinga í landinu stóraukast. Þetta frv. mun leiða til vaxandi atvinnuleysis, það mun leiða til einhvers fjármagnsflótta úr landinu. Formaður Alþfl. ætti að vita það betur en allir aðrir að við verðum að taka upp sambærilegt kerfi í þessum efnum og gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Ef hann heldur allt í einu að Ísland sé orðið eitthvert einangrað fyrirbæri þar sem hann getur komið með einhverja hundalógík og einangrað þessa hundalógík við Ísland, fer hann villur vegar. Við erum háð fjármagnsmörkuðum annarra landa og við getum ekki tekið upp eitthvert allt annað skattkerfi en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Og ég fullyrði að það hefur engum dottið í hug í löndunum í kringum okkur að taka upp svona skattkerfi eins og formaður Alþfl er að mæla hér fyrir. (**JBH:** Verði gengið fellt ...) Það er rangt og ég bið hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að koma með staðreyndir um það. Ég get a.m.k. fullyrt að ef það er einhvers staðar sem má vel vera, á Ítalíu eða einhverjum öðrum slíkum ríkjum, þá eru menn að vinna að því að breyta því og taka upp einfaldara og skilvirkara kerfi. En að einhverjum hafi látið sér detta í hug að viðhalda svona kerfi eins og hér er lagt til, það held ég að geti alls ekki verið rétt.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég vænti þess að það geti náðst einhver bærileg samstaða um þessi mál. Það hefur verið hvatt til slíkrar samtöðu, það hefur verið unnið að málinu með þá samstöðu í huga. Hér hafa ákveðnir aðilar rofið þá samstöðu og ég tel að það sé þeirra skylda að endurskoða afstöðu sína og koma að málinu með eðlilegum hætti á nýjan leik. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[23:20]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Spurning dagsins snýst um tvær leiðir til þess að skattleggja fjármagnstekjur landsmanna. Við höfum heyrt talsmenn beggja leiða tíunda sín rök. Þau hafa verið studd prósentutölum af ýmsum stærðum sem reka sig hver á aðra og því spurning hvort áheyrendur eru nokkru nær sannleikanum eftir en áður.

Það fer hins vegar ekki á milli mála að mörgum er heitt í hamsi og finnst vegið að réttlætinu, ekki síst 1. flm. þess frv. sem hér er til umræðu. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sparar ekki fullyrðingar um kosti sinna tillagna og um þær skelfilegu afleiðingar sem lögfesting frv. ríkisstjórnarinnar hefði. Hann er orðfimur baráttumaður og ég get ekki varist þeirri hugsun að mikið hefði ég viljað hafa hann með allan sinn skaphita og sannfæringarkraft í liði með okkur sem harðast börðust gegn matarskattinum á Alþingi veturinn 1987–1988. En því miður, þá var Jón Baldvin Hannbalsson fjmrh. og barðist fyrir matarskatti í nafni einföldunar, skilvirkni og réttlætis.

Herra forseti. Það er sanngirnismál að fólki sé ekki mismunað í skattlagningu eftir því hvort það hefur tekjur sínar af launaðri vinnu, lífeyri, fjármagni eða öðrum eignum. Fjármagnseigendum ber ekki síður en launafólki að standa undir kostnaði vegna þjónustu samfélagsins. Skattlagning fjármagnstekna er því réttlætismál. Þetta eru meginröksemdir flestra fyrir því að komið verði á fjármagnstekjuskatti.

Það hefur komið á daginn sem búast mátti við að skattlagning fjármagnstekna gengi ekki þrautalaust fyrir sig og reyndar er svo komið að vonir manna hafa nokkuð dofnað um að af því verði í þessari lotu. Sú lota hefur verið löng og ströng en leiddi þó til sameiginlegrar niðurstöðu fulltrúa allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins, sameiginlegrar niðurstöðu um leið að markinu. Nákvæmlega það atriði var afar merkileg niðurstaða. Hún markaði í raun tímamót í þessu máli. Þessi niðurstaða var að vísu ekki óskaleið allra, m.a. ekki þeirrar sem hér stendur. Ég hefði fremur kosið aðlögun fjármagnstekjuskatts að núgildandi tekjuskattskerfi í líkingu við það sem lagt er til í því frv. sem hér er til umræðu. Og ég hefði viljað nýta þær tekjur sem ríkið fengi af slíkum skatti til þess annaðhvort að hækka skattleysismörkin eða lækka skattprósentuna til að létta byrðar almennings. En það er hins vegar ekki lagt til í frv. formanna Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Sjálfsagt hugsar einhver að þar með væri unnið gegn einu af markmiðum skattlagningar á fjármagnstekjur sem er vitaskuld að afla tekna í ríkissjóð. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég er sannfærð um að lækkun tekna af tekjuskatti einstaklinga mundi skila sér til baka að langmestu leyti í formi óbeinna skatta. Staðreynd málsins er hins vegar sú að um þessa leið, þ.e. skattlagningu fjármagnstekna á sama veg og annarra tekna, náðist ekki sátt. Ekki bara vegna þess að hvorki Sjálfstfl. né Vinnuveitendasambandið vildi fara þá leið, heldur var það beinlínis krafa Alþýðusambands Íslands sem það setti fram í tengslum við gerð kjarasamninga fyrir þremur árum að lagður yrði á einfaldur, lágur fjármagnstekjuskattur, ekki bara fjármagnstekjuskattur heldur einfaldur, lágur fjármagnstekjuskattur. Og þegar aðilar vinnumarkaðarins, sem eru kannski valdamestir allra í þjóðfélaginu, leggja saman og fá til liðs við sig forustumenn Sjálfstfl., þarf varla að spyrja að leikslokum. Það hefði í rauninni mátt gefa sér niðurstöðuna fyrir fram.

Það er líka staðreynd að báðar þær leiðir sem settar hafa verið fram á Alþingi, önnur í frv. ríkisstjórnarinnar, hin í frv. þriggja flokksformanna, hafa sína kosti og galla. Samkvæmt núgildandi skattkerfi eru vextir skattfrjálsir, arður er skattlagður með ákveðnu frítekjumarki, húsaleigutekjur með öðru frítekjumarki og söluhagnaður á enn annan hátt. Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar verða allar fjármagnstekjur skattlagðar á svipaðan hátt og það eitt út af fyrir sig er kostur burt séð frá skattprósentunni. Að öðru leyti eru helstu kostir þeirrar leiðar sem ríkisstjórnin valdi að ráði nefndarinnar þeir að skattlagningin er tiltölulega einföld og auðskilin, leiðir til undanskots eru fáar og skatthlutfallið er ekki hærra en svo að skatturinn mun ekki hafa veruleg áhrif á fjármagnsmarkaðinn.

Í öðru lagi má nefna að breytingar á skattlagningu arðs munu að vísu leiða til lægri tekna ríkissjóðs af þeim sköttum en á móti er vonast til þess að það muni leiða til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu. Um það eins og svo margt annað verður auðvitað ekki spáð með neinni vissu, það getur tíminn einn leitt í ljós. Helstu ókostirnir við þá leið sem ríkisstjórnin valdi eru hins vegar þeir að með skattlagningu nafnvaxta án frítekjumarks er ekki aðeins verið að skattleggja vexti heldur einnig verðbætur. Í öðru lagi tekur 10% flatur nafnvaxtaskattur ekki tillit til greiðslugetu nema að því leyti að þeir allra tekjulægstu munu geta nýtt sér vannýttan persónuafslátt.

Í þriðja lagi mun þessi leið við innheimtu fjármagnstekjuskatts hafa veruleg áhrif á tekjur sveitarfélaganna sem alls ekki mega við tekjutapi um leið og þau eru að taka við auknum verkefnum af ríkinu.

Í fjórða lagi er um að ræða nýtt skattkerfi sem hefur aukakostnað í för með sér. Að vísu er áætlað að sá kostnaður nemi aðeins nokkrum tugum milljóna, en það er engu að síður ókostur með tilliti til þess að skatturinn gefur ríkissjóði hlutfallslega litlar tekjur.

Helstu kostirnir við þá leið sem formannaþrennan valdi eru þeir að samkvæmt henni verða vaxtatekjur skattlagðar innan núverandi skattkerfis, þ.e. að þeim verður einfaldlega bætt við þær tekjur sem nú mynda skattstofn og því má segja að greiðslubyrðin verði fremur eftir efnum og ástæðum en samkvæmt þeirri leið sem lögð er til í frv. ríkisstjórnarinnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir frítekjumarki vaxtatekna sem ætti að tryggja að verðbætur séu ekki skattlagðar og allnokkur sparnaður ber engan skatt.

Í þriðja lagi má gera ráð fyrir að þessi leið skili ríkissjóði meiri tekjum en hin leiðin auk þess sem hagur sveitarfélaganna er tryggður.

Helstu ókostirnir eru hins vegar þeir að svo virðist sem þessi leið verði talsvert flókin í framkvæmd og bjóði upp á nokkra möguleika til undanskota, t.d. með því að viðskiptum verði dreift á margar innlánsstofnair þótt ekki reikni ég með mörgum dæmum af þeirri stærðargráðu sem þingmaður Framsóknar, Gunnlaugur M. Sigmundsson, lýsti í ræðu sinni áðan.

Í öðru lagi er um tiltölulega stórt stökk að ræða sem hætt er við að valdi röskun á fjármagnsmarkaði, dragi úr innlendum sparnaði og stuðli að hækkun vaxta. Þetta mun einmitt vera meginástæðan fyrir því að ekki náðist sátt um þessa leið í nefndinni sem fyrr er til vitnað. Báðar þessar leiðir hafa verið settar fram á Alþingi að undangenginni mikilli vinnu og í samráði við sérfræðinga úr ýmsum áttum. Samt eru niðurstöðurnar jafnólíkar sem raun ber vitni og ólíkt mat á árangri og afleiðingum hvorrar leiðar fyrir sig. Alla þessa þætti, kosti og ókosti hvorrar leiðar fyrir sig, verður nú að meta enn einu sinni og freista þess að ná sátt um málið á Alþingi. Kvennalistakonur hafa unnið af heilindum að þessu máli og vilja mikið til vinna að koma því í höfn á þessu þingi.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Mér skilst að við þingmenn höfum unnið okkur það til óhelgi á þessu kvöldi að koma í veg fyrir sýningu eins vinsælasta þáttar ríkissjónvarpsins sem ber það ágæta nafn Bráðavaktin. Málsbætur okkar kunna hins vegar að vera fólgnar í því að hér á Alþingi er nú vandræðabarnið fjármagnstekjuskattur komið á eins konar bráðavakt. Við skulum vona að það deyi ekki í höndunum á okkur vegna skorts á sanngirni og samkomulagsvilja. — Ég þakka áheyrnina og býð góða nótt.

Umræðu frestað.

[23:31]

Útbýting þingskjala:

Íþróttaaðstaða Menntaskólans við Hamrahlíð, 482. mál, fsp. KÁ, þskj. 833.

Störf tannsmiða, 480. mál, fsp. ÖS, þskj. 828.

Fundi slitið kl. 23:31.

122. FUNDUR

fimmtudaginn 18. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 421. mál, þskj. 750. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 422. mál, þskj. 751. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 428. mál, þskj. 758. — Frh. 1. umr.
4. Staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum, frv., 429. mál, þskj. 759. — Frh. 1. umr.
5. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775. — 1. umr.
6. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88, nál. 584. — 2. umr.
7. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89, nál. 585. — 2. umr.
8. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153, nál. 586. — 2. umr.
9. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799. — 1. umr.
10. Flugskóli Íslands hf., stjfrv., 461. mál, þskj. 796. — 1. umr.
11. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 313, nál. 704 og 721, brtt. 705. — 2. umr.
12. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — 2. umr.
13. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296, nál. 718 og 825. — 2. umr.
14. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297, nál. 718 og 825. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, 345. mál, svar félmrh., þskj. 832.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um klukkan hálftvö í dag fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Gísli Einarsson og umhvrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er skaðleg íblöndunarefni í bensín.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 750.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 751.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JBH o.fl., 428. mál (vaxtatekjur). — Þskj. 758.

og

Staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum, frh. 1. umr.

Frv. JBH o.fl., 429. mál. — Þskj. 759.

[10:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hafa farið fram fjörlegar umræður um þessi tvö frv. sem hér eru undir í umræðunni. Við háðum málefnalegar og mér þótti góðar sjónvarpsumræður um þessi mál í gær. Það er við hæfi að umræður séu uppi um þetta mál núna þegar ljóst er að fjármagnstekjur eru að aukast í þjóðfélaginu, arðgreiðslur eru á uppleið og svo virðist sem íslenski fjármagnsmarkaðurinn sé kominn í jafnvægi og farinn að starfa á sínum forsendum, starfa á eðlilegum forsendum. Að þessu leyti má segja að hið efnahagslega umhverfi, umhverfi fjármagnsmarkaðarins, er á Íslandi að færast til sama horfs og gerist erlendis. Svo er að í Vestur-Evrópu er vaxtaskattur frekar regla en hitt þannig að það þarf býsna sterk rök til þess að leggjast gegn því að sambærilegu skattafyrirkomulagi sé fylgt hér á landi og víðast hvar í Evrópu.

Það er raunar svo, herra forseti, að í hópi stjórnarliða hafa jafnvel þeir sem hæst tala um það að tengja íslenska fjármagnsmarkaðinn og gera hann sambærilegan þeim markaði sem ríkir erlendis, eigi að síður lagst gegn því að þessi skattur verði tekinn upp. Það kom fram í máli hv. þm. Árna M. Mathiesens, í útvarpsumræðunum í gær þó að hann hafi yfirleitt verið í hópi hinna framsæknustu þegar málefni fjármagns- og peningamarkaðar eru annars vegar.

Herra forseti. Við höfum fyrst og fremst rætt um þær tvær tillögur sem liggja fyrir um fjármagnstekjuskatt. Annars vegar er það tillaga ríkisstjórnarinnar. Hv. stjórnarliðar ýmsir í umræðunum í gær báru kinnroða fyrir henni og vildu skjóta henni frá ríkisstjórninni og segja eins og hv. þm. Pétur Blöndal að þetta væri fyrst og fremst frv. sem kæmi frá nefnd

utan þingsins En auðvitað er frv. lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er það síðan frv. þriggja formanna stjórnarandstöðuflokkanna.

Ég verð að segja það, herra forseti, að bæði kerfin sem lögð eru til hafa sitthvað til síns máls. Ég sé kosti á þeim báðum og ég sé galla á þeim báðum. Þegar ég lít yfir málið verð ég þó að segja, herra forseti, að mér hugnast mun betur það kerfi sem gert er ráð fyrir í frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt eins og fram hefur komið í máli margra að kerfið sem við setjum upp verði að vera gagnsætt og eins einfalt og hægt er. Deilurnar standa einmitt um það hvort kerfið þjónar þessu betur, hvort er einfaldara, hvort er gagnsærra. Í fljótu bragði virðist það vera svo að kerfið sem hæstv. ríkisstjórn leggur til sé einfaldara. Það kom fram í máli ýmissa hv. þingmanna í gær að af þeim sökum væri e.t.v. rétt að reyna að setja það upp vegna þess að það gæfi minni möguleika til undanskots. Ég heyrði t.d. á máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur í gær að þó að hún fyndi ýmislegt gegn því, þá taldi hún að þetta væri jákvætt kerfi vegna þess að það gæfi minni möguleika til undanskots. Í fljótu bragði kann svo að virðast þegar menn horfa á það að hér er um að ræða 10% flatan nafnvaxtarskatt. En þegar við horfum á tvennt í viðbót, þá er ég ekki viss um að þessi niðurstaða hv. þm. sé rétt. Í fyrsta lagi er verið að flækja skattkerfið með því að setja á tvísköttunarkerfi þar sem vaxtatekjur, fjármagnstekjur, eru teknar út úr hinu almenna tekjuskattskerfi og búið til sérstakt kerfi fyrir þær. Það eitt og sér flækir málið. En í öðru og öllu verra lagi er þó, herra forseti, að tillögur ríkisstjórnarinnar eru ekki heildstæðar um fjármagnstekjuskattinn vegna þess að gert er ráð fyrir því að þessi sérsköttun nái ekki til rekstrarhagnaðar einstaklinga eða sameignarfélaga. Hvort tveggja eru fjármagnstekjur þannig að í tillögunum felst ekki bara mismunun milli einstaklinga heldur líka milli forms atvinnurekstrar. Og það er þetta sem við í þessum þremur stjórnarandstöðuflokkum sem stöndum að hinni tillögunni köllum skattasmugu. Við teljum að þetta hvetji menn til skattundanskots sem er hins vegar fullkomlega lögmætt samkvæmt tillögu hæstv. fjmrh. Þess vegna get ég ekki fallist á niðurstöðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur og reyndar ýmissa fleiri sem færðu þessi rök fram í gær en hún hvað skýrust.

Tillaga stjórnarandstöðunnar gerir hins vegar ráð fyrir því að vaxtatekjurnar verði skattlagðar innan núverandi skattkerfis og ég held að það skipti verulega miklu máli. Ég held að það þurfi mjög sterk rök til þess að setja upp tvenns konar kerfi. Þá hefðum við annars vegar skattkerfi fyrir tekjur launamannsins og erum að skattleggja þær yfir 40%, en hins vegar erum við með sérstakt skattkerfi fyrir fjármagnseigendur og skattleggjum þá miklu lægra.

Það kom hins vegar fram hjá ýmsum hv. þm. stjórnarliðsins í gær, m.a. hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni, að það væri í rauninni forsenda þessarar farar að það væri verið að lækka skatt af söluhagnaði og arði. Hv. þm. tók það sérstaklega fram að vegna þess að ekki væri gert ráð fyrir því í tillögum stjórnarandstöðunnar í gær gæti hann með engu móti fallist á þær og taldi raunar furðulegt að jafnágætur maður og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vildi leggja nafn sitt við slíka tillögu. Um það erum við auðvitað ósammála. Skoðun mín er því að sú aðferð að skattleggja vaxtatekjur innan núverandi skattkerfis sé einfaldari og betri. Það er fróðlegt ef menn gera samanburð á skattkerfunum annars vegar á Íslandi og hins vegar úti í Evrópu að í vel flestum OECD-ríkjunum eru vaxtatekjur felldar að venjulegum launatekjum og þær skattlagðar með sama hætti. Vegna þess að hæstv. utanrrh. opinberaði visku sína í gær og fór nokkrum orðum um þetta og taldi að þessu væri á annan veg farið vísa ég til þess að á bls. 9 í greinargerð með frv. formannanna þriggja er þetta rakið. Þar kemur fram að einungis tvö lönd munu e.t.v. vera með hagstæðara kerfi fyrir fjármagnseigendur en Ísland og það eru Tyrkland og Grikkland. Það eru löndin þar sem fjármagnsflóttinn mun væntanlega verða til samkvæmt því sem stjórnarandstaðan sagði í gær.

Herra forseti. Ég varð hissa á ræðu hæstv. fjmrh. hér í gær. Það má auðvitað vel vera að hann hafi ekki til að bera sömu heiðríkju hugans og endranær. Kannski er hann farinn að máta sig við margæsirnar á túninu suður á Álftanesi en ég varð satt að segja mjög undrandi á því að hlýða á þann ágæta dreng fara í gær með það sem mér þóttu vera margvíslegar rangfærslur. Ég vil í stuttu máli, herra forseti, fara yfir þrenns konar rangfærslur sem ég hnaut um í máli hæstv. fjmrh. og tvær þeirra alvarlegar.

Í fyrsta lagi gerði hann því skóna að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Alþfl. væru að slíta sundur friðinn. Það hefði náðst víðtækt samkomulag. Hæstv. fjmrh. sagði að í tíð fyrri ríkisstjórnar hefði verið sett niður nefnd sem hefði haft það veganesti að leggja til 10% nafnvaxtaskatt. Þetta er alls ekki svo. Árið 1993 var að sönnu sett á laggirnar nefnd, að undirlagi hæstv. fjmrh., og í henni áttu sæti t.d. formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Sú nefnd lognaðist út af. Sú nefnd hafði það ekki í veganesti að það ætti að setja 10% flatan skatt á vaxtatekjur, síður en svo. Það var hins vegar stefna Alþýðusambands Íslands en nefndin lognaðist út af vegna þess að það var Alþfl. sem lagðist gegn þeirri útfærslu. Alþfl. hefur þess vegna verið fullkomlega samkvæmur sjálfum sér um þetta efni. Hæstv. fjmrh. veit líka að í tíð síðustu ríkisstjórnar var gerð tillaga um það í tengslum við kjarasamningana í desember 1994 að setja á laggirnar aðra nefnd sem átti að véla um þetta. Þar kom aldrei fram að sú nefnd ætti að vinna að því að koma á fót 10% flötum vaxtatekjuskatti og það kom aldrei fram að forusta Alþfl. styddi það mál. Hún hefur aldrei gert það, herra forseti.

Hvað hefur breyst? Hæstv. fjmrh. notaði stór orð. Kallaði formann Alþfl. umskipting. En hver er umskiptingurinn í málinu? Hæstv.fjmrh. sagði: Er þetta sami Jón? Ég get svarað hæstv. fjmrh. Þetta er sami Jón Baldvin Hannibalsson og flutti nákvæmlega sömu mál í tíð síðustu ríkisstjórnar. En hvað hefur breyst? Tillagan um 10% flatan skatt er í sjálfu sér allt í lagi. Við könnumst við þá tillögu. Það var hugmynd sem kom upp í tíð síðustu ríkisstjórnar, að vísu í andstöðu við hæstv. fjmrh., en það sem hefur breyst er að þá var ekki lagt til að lækka skatta á stærstu fjármagnseigendur, þá sem hafa tekjur af söluhagnaði, af gengishagnaði, af afföllum eða arði. Hæstv. fjmrh. lagði það aldrei til í tíð síðustu ríkisstjórnar og hann hefur aldrei gert það fyrr en með þessu frv. Það er þetta sem hefur breyst, herra forseti, og það sem á ferli í gervi umskiptingsins er ekki hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson heldur hæstv. fjmrh. Ef einhver er umskiptingur þá er það hann vegna þess að hann leggur til lækkun á skatti þeirra sem hafa mestar fjármagnstekjur og hann gerði það aldrei áður. Það var aldrei til umræðu þegar við áttum saman tiltölulega góða samvistardaga á ríkisstjórnarbekknum. Þetta

kom aldrei upp eins og ég veit að hæstv. fjmrh. er drengur nógur til að staðfesta hér á eftir.

Ýmsir stjórnarliðar töluðu um óheiðarleg vinnubrögð af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem sátu í frægri fjármagnstekjuskattsnefnd. Það var hv. þm. Árni M. Mathiesen sem orðaði þetta „óheiðarleg vinnubrögð", að vísu ekki gagnvart þeim fulltrúa Alþfl. sem sat í nefndinni heldur af hálfu formanns Alþfl., sem væri að beita þennan fulltrúa sinn ofríki. Staðreyndin er hins vegar sú að það var ekki um það að ræða að þessi fullkomni friður ríkti sem hæstv. fjmrh. sagði í umræðunni í gær þegar hann sagði að nefnd allra þingflokka stæði að frv. Aftur og aftur kom þessi staðhæfing upp. Líka í máli formanns þingflokks Framsfl., Valgerðar Sverrisdóttur. Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, að fara rækilega yfir nál. Hin kórrétta afstaða kemur fram í bókun sem fulltrúar fjögurra stjórnarandstöðuflokka skrifuðu undir. Þegar í byrjun bókunarinnar kemur fram að það voru uppi mörg álitamál. Þar kemur líka fram einlægur vilji þessara fjögurra fulltrúa að komið yrði á fjármagnstekjuskatti og það kemur fram að menn höfðu reynt að ná viðtækri samstöðu. Hins vegar segir orðrétt þar á eftir í bókuninni, með leyfi forseta: „Það er hins vegar sýnt að svo verður ekki." Það stendur þarna svart á hvítu. Samstaðan sem hæstv. fjmrh. segir að sé fyrir hendi er ekki til. Þetta er hrein og einber rangfærsla hjá hæstv. fjmrh. Það sést enn betur þegar menn halda áfram að lesa þessa bókun. Þar kemur fram að það var hæstv. fjmrh. sem lagði sitt lóð á vogarskál ósamkomulagsins með því að lýsa yfir í miðju nefndarstarfsins hver niðurstaðan ætti að verða. Er það einhver hemja, herra forseti, að setja menn í einlægni til verka og lýsa því síðan yfir löngu áður en vinnan er búin hver niðurstaðan á að verða? Auðvitað setti þetta strik í reikninginn, herra forseti. Það setti líka strik í reikninginn að hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. *tóku upp sinn eigin* fjármagnstekjuskatt fyrir síðustu jól þegar ríkisstjórnin lagði á sérstakan fjármagnstekjuskatt á ellilífeyrisþega og bótaþega almannatryggingakerfisins. Það tók gildi um síðustu áramót og að sjálfsögðu mætti þetta andstöðu m.a. þeirra fulltrúa sem sátu í nefndinni og er tekið hér sérstaklega fram í bókuninni. Það kemur líka fram, herra forseti, í bókun fjórmenninganna að þau benda á ýmsar aðrar leiðir sem kæmu til greina við álagningu fjármagnstekjuskatts en þær sem ríkisstjórnin leggur fram núna.

Nefndin segir orðrétt um þá leið tvískipts tekjuskattskerfis sem farin er með frv., með leyfi forseta: „Slík aðgerð leiðir til ákveðinnar mismununar og óréttlætis." Síðan segir enn, með leyfi forseta: „Sú leið sem hér er lagt til að farin verði er að mörgu leyti gölluð." Til að hnykkja á þessu þá segja fjórmenningarnir líka „verði hún að veruleika þá sé hún til bráðabirgða", aðeins til bráðabirgða og gildi einungis um skamma hríð. Það er því alveg ljóst að hér eru fjölmargir fyrirvarar. Þá hlýtur það að vera rétt sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir lagði sérstaka áherslu á í máli sínu hér í gær að þingmenn þessara flokka voru óbundnir af áliti nefndarinnar. Það er líka rétt að það komi fram að eitt af því sem er umdeilanlegt og hefur verið deilt um í þessum umræðum er frítekjumarkið. Við í stjórnarandstöðunni höfum bent á að það skortir frítekjumark hjá stjórnarliðinu. Það leiðir til þess að jafnvel þeir sem lægstar tekjur hafa, jafnvel þeir sem hafa neikvæðar vaxtatekjur, eru að greiða tekjuskatt af vöxtunum. Það kemur auðvitað ekki til greina. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir benti að vísu á að það væri undinn svolítill bugur að þessu ákvæði með því að ónýttur persónuafsláttur væri notaður sem frítekjumark. Eigi að síður segja nefndarmennirnir það skýrt og skorinort í bókun sinni að þeir séu ekki ánægðir með það hversu stutt skref er tekið varðandi frítekjumarkið þó þau fallist á að nýting frítekjumarksins sé skref í rétta átt. Þau segja líka að það sé umdeilanlegt að lækka skatthlutfallið á arðgreiðslum sem er eitt af því sem stjórnarandstaðan hefur sett hornin hvað gerst í. Það er því náttúrlega alveg ljóst, herra forseti, að það er engin spurning um það að þeir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna sem sátu í þessari nefnd höfðu uppi fulla fyrirvara. Allar ásakanir um óheiðarleg vinnubrögð, herra forseti, ganga því ekki.

Svo ég haldi aðeins áfram að finna að við hæstv. fjmrh. þá sæmir honum ekki að vera með útúrsnúninga eins og hann var með í gær þegar hann var að reyna að koma höggi á þá sem töluðu hér af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði að það væri verið að hygla hinum betur stæðu. Hæstv. fjmrh. kom hins vegar og barði sér á brjóst eins og krossfari og sagði að þetta væri röng staðhæfing af hálfu formanns Alþfl. Hann væri ekki þannig maður að hann ætlaði sér að hygla hinum betur stæðu. Hann vísaði til skýrslu nefndarinnar á bls. 42, þar sagði hann að þetta kæmi auðvitað fram vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar þeir hefðu tekið undir eftirfarandi: „... munu tekjuháir einstaklingar greiða mun hærri skatt en hinir tekjulægri." Þetta stendur í skýrslunni. Þetta segir hins vegar alls ekki að það sé ekki verið að hygla hinum betur stæðu. Þrátt fyrir þetta er alveg ljóst að það er verið að lækka skattgreiðslur þeirra sem hafa haft háar tekjur vegna arðgreiðslna, vegna söluhagnaðar, gengishagnaðar o.s.frv. Ef hæstv. fjmrh. hefði lesið lengra yfir á næstu blaðsíðu hefði blasað við augum hans eftirfarandi setning sem segir allt sem segja þarf, með leyfi forseta: „Enn fremur dregur breytt skattlagning arðs- og *söluhagnaðar úr skattbyrði hinna tekjuhærri*."

Þarf frekari vitnanna við? Þetta sannar að það sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl., sagði hér í gær var auðvitað rétt. Það er verið að hygla hinum efnameiri á kostnað hinna.

Herra forseti. Það er auðvitað margt fleira sem má nota til að benda á að stjórnarandstaðan hafði fullan rétt til að koma með alvarlegar brtt. við þetta frv. Eitt af því sem er t.d. ekki minnst á í nál. og í greinargerð ríkisstjórnarinnar eru sveitarfélögin. Það er þannig, herra forseti, að ég vil alltaf taka rökum og ég hef margoft skipt um skoðun vegna sannfæringarkrafts hæstv. fjmrh. en mig langar til að spyrja hann: Hvar segir það í greinargerð ríkisstjórnarinnar að verið sé að stórdraga úr tekjum sveitarfélaga og auka álögur á þær? Hvar kemur fram í þessu að það sé verið að svipta sveitarfélögin verulegum tekjum?

Herra forseti. Það vill svo til að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur farið hörðum orðum um þessar tillögur. Það hefur bent á að sveitarfélögin munu sennilega tapa vel yfir 200 millj. kr. ef frv. verður samþykkt óbreytt. Þarna er annars vegar um að ræða árlegt tekjutap vegna lækkunar á útsvarsstofni ef skattskyldar arðgreiðslur, söluhagnaður og *húsaleigutekjur eru fluttar úr þeim stofni og þetta nemur að* þeirra mati alls 133 millj. kr. Hins vegar munu þau auðvitað þurfa að borga skatt, flatan skatt 10% af þeim 750 millj. sem þau hafa í vaxtatekjur, það eru 75 millj. kr. Þarna erum við komin á þriðja hundrað millj. kr. sem sveitarfélögin þurfa að greiða. Nú er það svo, herra forseti, að vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda, vegna hækkunar tryggingagjalds er þegar búið að valda þeim 700 millj. kr. árlegu fjárhagstjóni að

þeirra eigin mati. Þetta kemur til viðbótar. Hvað segir hæstv. félmrh., Páll Pétursson, við þessu?

Ég held reyndar að tekjutap sveitarfélaganna verði miklu meira, jafnvel um hundruð milljóna, vegna þess að sveitarfélögin hafa líka haft tekjur af einstaklingum sem eru í atvinnurekstri. Ef þeir hins vegar breyta sínu rekstrarformi, verða lögaðilar, verða ehf. eða hf., þá tapa sveitarfélögin tekjum þarna sem gætu numið hundruðum millj. Ég hef ekki haft tóm til að reikna það út en mér fróðari menn leiðrétta mig ef ég fer hér með rangt mál.

Herra forseti. Það er margt fleira sem ég gæti sagt um þetta. En ég vil að lokum aðeins segja að af öllum þeim ræðum sem hér voru fluttar í gær fannst mér bara ein setja hnífinn í tillögur stjórnarandstæðinga og það var ræða hv. þingmanns Árna M. Mathiesens. Hann flutti greinargott yfirlit og færði rök að því að frv. gæti leitt til þess að vextir á Íslandi mundu hækka, því að það kynni að verða einhver fjármagnsflótti og það gæti farið svo að þetta mundi með einhverjum hætti skerða svigrúm atvinnulífsins. Hann benti á að það væri líklegt að vaxtaskattur mundi draga úr sparnaði, það mundi auka þar með eyðslu og þenslu og koma niður á hinum almenna borgara. Hann taldi líka að ef við ætluðum að hækka verðið á vörunni fjármagn, þ.e. að þeir sem selja vöruna þyrftu að fá meira fyrir hana, mundi sá kostnaður skiptast á milli lántakenda og lánveitenda og það mundi að einhverju leyti auka skatta. Ég hygg að þetta sé alveg rétt hjá hv. þm. og þetta eru mál sem þarf að skoða. En það sem var punctum saliens í ræðu hv. þm. og ég geri að mínum lokaorðum er þetta: Hann sagði að hið sama gilti um frv. ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað mál sem þarf að skoða verulega vegna þess að ég gat ekki skilið hv. þm. betur en svo að hann væri líka á móti því.

[11:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði farið í fjórum atriðum með rangt mál í ræðu minni í gærkveldi og ég ætla að fara í gegnum þau. Í fyrsta lagi að það sé rangt þegar ég mótmæli þeirri staðhæfingu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að það sé verið að hygla þeim betur stæðu á kostnað hinna. Það þarf ekki annað en að vitna til ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur í gær og þess að vaxtaskatturinn gefur 1.000 millj. en það sem dregst saman varðandi arðinn eru 200 millj. Munurinn er því 800 millj. og þá sjá menn stærðirnar svart á hvítu. Þetta kemur fyrir í skýrslunni.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að Alþfl. hefði ekki stutt 10% vaxtaskatt. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var ásamt öðrum í Alþfl. í ríkisstjórn þegar ríkisstjórnin gaf yfirlýsingu um að stefnt yrði að 10% vaxtaskatti. Þetta liggur fyrir skjalfest og er frá því í maí 1993.

Þá sagði hv. þm. að það væru fyrirvarar í bókuninni. Það kemur alveg skýrt fram hjá einum þeirra sem skrifaði undir bókunina, Kristínu Einarsdóttur, þar sem hún segir: „Þrátt fyrir bókunina stóðum við að nefndarálitinu án fyrirvara." Það liggur því fyrir. Það breytir hins vegar ekki því að auðvitað geta menn flutt brtt. og það kom fram í bókuninni.

Loks sagði hv. þm. að ég hefði haldið því fram að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson formaður Alþfl. væri umskiptingur. Ég spurði bara. Og nú hefur hv. þm. svarað að svo sé ekki, þetta sé sami Jón. Þótt fæstir trúi að svo sé veit ég að hv. þm. þekkir þennan Jón betur en flestir aðrir hér í þingsalnum þannig að ég verð að sjálfsögðu að fallast á það.

Að allra síðustu vil ég láta það koma fram að það verður auðvitað rætt við sveitarfélögin um þessi mál þegar og ef þetta frv. verður að lögum.

[11:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi hæstv. fjmrh. er ótrúlegur. Hér kemur hann upp og segir: Ef þetta frv. verður að lögum verður auðvitað rætt við sveitarfélögin. Má ég benda hæstv. fjmrh. á að síðan 1994 er samstarfssamningur í gildi milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Ég sat sjálfur fundi með þeim og hæstv. ráðherra á síðasta kjörtímabili þar sem farið var yfir það hvað var leyfilegt og hvað ekki. Eitt af því sem var óleyfilegt var að þrengja hið fjárhagslega svigrúm þeirra án þess að talað væri við þau. Hér kemur fram hjá hæstv. fjmrh. að ríkisvaldið hefur ekki einu sinni haft fyrir því að ræða við sveitarfélögin. Hæstv. fjmrh. staðfestir það og það er auðvitað sannkallað hneyksli og ekkert annað. Að öðru leyti fagna ég því að við erum sammála um það, ég og hæstv. fjmrh., að formaður Alþfl. er óbreyttur maður. Ég fagna því að hann tekur orð mín trúanleg í þeim efnum.

En hann svaraði ekki lykilspurningu. Er hæstv. fjmrh. samur og áður? Er þetta ekki allt annar fjmrh.? A.m.k. flytur hann aðra stefnu en hann flutti um fjármagnstekjuskatt þegar ég var með honum í ríkisstjórn. Og varðandi friðinn í nefndinni. Hvað þurfti að gera til að skapa frið í nefndinni? Þurfti ekki að reka úr nefndinni fulltrúa hæstv. fjmrh., fulltrúann sem túlkaði stefnu hæstv. fjmrh.? Hann var rekinn úr nefndinni vegna þess að hann túlkaði sjónarmið þessa manns sem þarna situr og þá fyrst var kominn grundvöllur fyrir friði. Eina stoðin sem hæstv. fjmrh. hefur varðandi deilur okkar hér um bókunina er að vísa í Kvennalistann. Nú er það svo að Kvennalistinn hlýtur að tala fyrir sjálfan sig í þessu máli, ekki fyrir mig og væntanlega ekki heldur fyrir hæstv. fjmrh. Að öðru leyti vísa ég til þess sem segir á bls. 43 í greinargerð hæstv. fjmrh. varðandi það hvort verið sé að hygla einhverjum og hverjum sé verið að hygla. Þar segir: „Enn fremur dregur breytt skattlagning arðs og söluhagnaðar úr skattbyrði hinna tekjuhærri." Skilur hæstv. ráðherra ekki mælt mál? Þetta stendur svona í hans eigin greinargerð.

[11:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Síðustu orð hv. þm. voru þessi: Í hans eigin greinargerð. Í hvað var hv. þm. að vitna? Í greinargerð nefndar þar sem varaformaður Alþfl. átti sæti en ekki varaformaður Sjálfstfl.

Í fyrsta lagi vil ég taka fram að viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga standa yfir ekki bara einn dag á ári heldur er um sífelldar viðræður að ræða, síðast núna vegna yfirfærslu grunnskólans. Það er því ekkert óeðlilegt við það að teknar séu upp viðræður eftir að frumvörp koma fram. Það hefur ætíð tíðkast, líka í þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. átti sæti í.

Í öðru lagi vil ég taka fram að ég hef varið og flutt frv. sem var málamiðlunarniðurstaða nefndar sem fulltúar allra þingflokkanna áttu sæti í. Ég hef talið það vera skyldu mína en ég hef jafnframt bent á að það væri ekki óeðlilegt að það frv. tæki síðan breytingum í þinginu. En það að flytja nýtt frv. af hálfu þriggja stjórnmálaflokka hljóta að vera undarleg vinnubrögð.

Loks vil ég segja, vegna þess sem hv. þm. sagði, að það var enginn maður rekinn úr nefndinni. Það er alrangt. Ég veit að hv. þm. sem er námfús og fljótur að læra hefur áreiðanlega

heyrt einhverja aðra þingmenn halda þessu fram, sjálfsagt formann sinn, en þetta er rangt. Það var enginn maður rekinn úr nefndinni eða beðinn um að fara úr henni. Þetta vildi ég að kæmist alveg skýrt til skila.

[11:08]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. sagði í ræðu hér á undan að ég hefði sagt að Alþfl. eða fulltrúi Alþfl. hefði haft uppi óheiðarleg vinnubrögð í nefndinni. Ég komst reyndar ekki þannig að orði í ræðu minni í gærkvöldi heldur orðaði ég það svo að formennirnir hefðu þvingað fulltrúa sína í nefndinni til að ganga á bak orða sinna varðandi stuðning við frv. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. að það að ganga á bak orða sinna eru óheiðarleg vinnubrögð. Það vill nefnilega þannig til að í þessari bókun, sem svo títt hefur verið vitnað í, lýsa þeir sem undir hana skrifa, og þar á meðal hv. varaformaður Alþfl., því yfir að þeir muni styðja frv. að frágengnum brtt. Það kemur ekkert fram um að þeir ætli sér að styðja annað frv. En hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lýsti því einmitt yfir í fyrradag að hann mundi styðja frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlýtur að vita, ég veit að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson veit það, þá styður maður ekki bæði liðin í íþróttaleik. Maður styður annað hvort liðið. (**Gripið fram í:** Ekki í forsetaframboði.) Það er sama hvar það er, ef tveir aðilar keppa styður maður ekki báða aðila, maður styður annan hvorn ef maður á annað borð tekur einhverja afstöðu. En það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lýsti yfir hér í fyrradag var að hann styddi frv. þingflokks formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Það þýðir einfaldlega að hann styður ekki það frv. sem hann sjálfur tók þátt í að semja og lýsti yfir stuðningi við.

[11:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja hv. þm. Árna M. Mathiesen orð í munn. Hafi hann ekki tekið svo til orða að þarna hafi verið um óheiðarleg vinnubrögð að ræða bið ég hann velvirðingar á því. Mér fannst hann hafa sagt þetta í hita umræðunnar en kannski var það ég sem lagði merkinguna í það sem hann sagði. Herra forseti, a.m.k. hefur það komið fram af hálfu tveggja ef ekki þriggja talsmanna stjórnarandstöðunnar að starfið í þessari nefnd gerði það alls ekki að verkum að flokkarnir væru bundnir. Það kemur líka fram, svo ég lesi upp aftur fyrir hv. þm. Árna M. Mathiesen, að þeir sem sátu í nefndinni töldu að þetta væri verulega gölluð vinna. Það kemur hér fram að aðferðin í frv. stjórnarliða, þ.e. hið tvískipta tekjuskattskerfi, leiði til mismununar og óréttlætis. Það er talað um að leiðin sem farin sé sé að mörgu leyti gölluð og menn tala um að ef svo færi að hún yrði að veruleika þá verði það aðeins til bráðabirgða og gildi einungis skamma hríð. Síðan er lagst gegn þeirri aðferð sem beitt er varðandi frítekjur og hins vegar lagst gegn því að lækka skatthlutfall á arðgreiðslur. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Kvennalistans, skammaðist yfir því í gær að fá ekki að horfa á Bráðavaktina í sjónvarpinu en þegar þeim geðsveiflum öllum var lokið sagði hún að í hjarta sínu væri frv. stjórnarandstöðunnar nær skoðunum Kvennalistans en það sem hér liggur fyrir. Ég held því að það sé alveg ljóst þegar upp er staðið og þetta er allt saman skoðað að stjórnarandstaðan er algjörlega ósammála meginþunganum í þessu. En látum það nú vera. Hér eru komnar fram verulegar breytingar, þ.e. þær eru komnar fram í öðru frumvarpsformi. Erum við þá ekki bara að deila um keisarans skegg? Það kemur hér fram að nefndarmenn ætluðu sér að flytja róttækar brtt. Það hefur gerst.

[11:13]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eða þessara þriggja stjórnarandstöðuflokka geta auðvitað haldið áfram að verja það að þeir hafa dregið stuðning sinn við frv. til baka. Það er ekkert við því að segja. Ég hafði hins vegar ekki tíma í fyrra andsvari mínu til að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þetta hrós sem ég fékk fyrir ræðu mína hér í gærkvöldi. Þar fór hann rétt með í öllum efnisatriðum nema hvað hann sleppti því efnisatriði ræðu minnar þar sem ég sagði að frv. ríkisstjórnarinnar reyndi að mæta þeim göllum sem eru á upptöku vaxtatekjuskatts. En það gerir frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna ekki. Frv. ríkisstjórnarinnar eða frv. nefndarinnar reynir að mæta þessu með því að hafa skattprósentuna lága og með því að örva annan sparnað í landinu en hinn peningalega sparnað, þ.e. sparnað í verðbréfum eða hlutabréfum, og styrkja þannig atvinnulífið. Ef hv. Alþingi ætlar sér á annað borð að samþykkja upptöku vaxtatekjuskatts er frv. nefndarinnar, frv. það sem lagt er fram af ríkisstjórninni, miklu skárri kostur en frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Það mun óumdeilanlega leiða til meiri hækkunar á vöxtum fyrir hinn almenna borgara, heimilin og hin smærri fyrirtæki.

[11:15]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu annað af tveimur frv. sem lögð hafa verið fram um skattlagningu á fjármagnstekjur. Ég ætla í upphafi að víkja nokkuð að grundvallaratriðum sem snúa að þessari skattlagningu. Í sjálfu sér er ég ekki mótfallinn skattlagningu á fjármagnstekjur. Það sem skiptir mestu máli er það á hvaða tímapunkti slík skattlagning fer fram og hvernig hún er gerð. Það er ekkert nýtt mál að hér sé verið að tala um skattlagningu á fjármagnstekjur. Í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds í gær kom fram að allt frá árinu 1979 hafa menn verið að hugleiða þetta. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar vann í þessu máli á árunum 1988–1991 og birti um það skýrslur. Ég hygg að sú ríkisstjórn hafi haft áhuga á því að setja á fjármagnstekjuskatt en flokkarnir sem mynduðu þá ríkisstjórn voru misviljugir til þess og að þeirra eigin sögn strandaði það mál á afstöðu Alþfl. til fjármagnstekjuskatts og þá kannski ekki síst á afstöðu eins ráðherra þeirrar ríkisstjórnar. Ástæðan fyrir því að menn hafa glímt lengi við þetta vandamál er fyrst og fremst sú að fjármagnstekjuskattur í þjóðfélagi þar sem sparnaður er mjög takmarkaður er afar flókið og erfitt viðfangsefni að glíma við. Það er mjög erfitt að sjá fyrir afleiðingar fjármagnstekjuskattsins og ef við lítum til þeirra frv. sem nú hafa verið lögð fyrir Alþingi, þá á það við um bæði frv. að það er mjög erfitt að sjá fyrir afleiðingar þeirra á sparnaðinn, á stöðu einstaklinganna og á stöðu atvinnulífsins. Frv. formannanna sem svo hefur verið kallað er að allri uppbyggingu miklu flóknara frv. en stjfrv. Áhrif formannafrv. á atvinnulífið, þ.e. í gegnum áhrif á sparnaðinn í landinu eru þó fyrirsjáanlegri en áhrif stjfrv. Neikvæð áhrif frv. formannanna á sparnaðinn eru augljós og það er hægt að leiða mjög sterk rök að því eins og ég mun gera á eftir.

Hitt er svo annað mál að menn hafa ekki veitt því mikla athygli í þessari umræðu að sparnaðurinn á Íslandi einkennist

af því að og meiri hluti sparnaðarins er í höndum lífeyrissjóðanna. Það stendur ekki til að leggja fjármagnstekjuskatt á lífeyrissjóðina. Það þýðir með öðrum orðum að meiri hluti fjármagnsins, sparnaðarins í landinu, verður undanþeginn þessum skatti. Sá sparnaður verður enn þá virkur á fjármagnsmarkaðnum en hann mun ekki þola áhrif skattlagningarinnar. Áhrif þessa munu koma með ýmsum hætti fram á fjármagnsmarkaðnum. Ég mun víkja að því á eftir og benda á að einmitt þetta atriði getur dregið úr vilja stjórnvalda að láta þennan 10% skatt verka til stuðnings við atvinnulífið.

Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem snerta frv. tvö því þótt annað þeirra sé eingöngu hér til umræðu þá tengjast þau það náið að það er óhjákvæmilegt. Fyrir það fyrsta þá eru bæði frv. þannig uppbyggð að þau eru byggð á nafnvaxtaskatti. Þetta er að sjálfsögðu dulargervi vegna þess að skattlagning á nafnvexti setur mál í þann farveg að raunverulega skattbyrði er ómögulegt að sjá fyrir. Hún er afar háð verðbólgu. Verðbólga getur haft megináhrif á það hvort skatthlutfallið er hátt eða lágt. Ég skal nefna dæmi um þetta. Ef við lítum á áhrif verðbólgunnar á frv. ríkisstjórnarinnar um 10% skatt á fjármagnstekjur og miðum við það vaxtaform sem algengast er nú, þ.e. annars vegar 3% raunvexti í bankakerfinu og hins vegar svona tæplega 6% raunvexti eins og eru t.d. í húsbréfakerfinu núna, þá þýðir skattlagning sparnaðarforms sem ber 3% raunvexti í 0%–5% verðbólgu, að skatthlutfallið er í raun 10% til 25,7%. Ef verðbólgan fer upp í 10% þá er skatthlutfall ríkisstjórnarfrv. 40%, hvorki meira né minna.

Ef við lítum hins vegar á raunvexti sem eru, við skulum segja bara 5%, þá verður skatthlutfallið og byrðin í verðbólgu sem er frá 0%–10%, frá 10% upp í 28%. Þetta er það sem máli skiptir ef menn vilja meta áhrifin sem frv. ríkisstjórnarinnar kemur til með að hafa á sparnaðinn í landinu.

Ef við lítum hins vegar á áhrifin sem verðbólgan kemur til með að hafa á frv. formannanna þá eru afleiðingar þess frv. miklu alvarlegri. Það hafa komið fram mjög sterk rök fyrir því að í raun þýði frv. formannanna 25% skatt á nafnvexti. Spurningin er þá: Hver verða áhrifin á raunvextina miðað við mismunandi verðbólgustig? Þá er það svo að eftir verðbólgu er um að ræða í frv. þremenninganna raunverulegan skatt, þ.e. skatt á raunvexti sem eru á bilinu 36%–100%. Skatthlutfallið nær 100%. Það fer að sjálfsögðu eftir verðbólgustiginu. En sé miðað við 2,75% verðbólgu og raunvexti sem eru um 1% þá nálgast skatthlutfallið 100%. Ef við tölum hins vegar um þessi tvö vaxtastig sem ég nefndi áðan, 3% raunvexti og 6% raunvexti, þá er skatthlutfallið í 2,75% verðbólgu annars vegar á 3% raunvextina 47,68% hlutfall og í hinu tilfellinu þegar um 6% raunvexti er að ræða þá er það 36,44% skatthlutfall. Þetta þýðir það í raun og veru að byrðin sem fjármagnseigendur koma til með að bera af þessum skatti er afar þung. Byrðin er svo þung að það er alveg augljóst mál að þetta skattaform, hvort sem við förum þá leið sem í stjfrv. er farin eða í frv. formannanna, hefur afgerandi áhrif á sparnaðinn í landinu. Og frv. þremenninganna hefur miklu alvarlegri áhrif á sparnaðinn heldur en frv. stjórnarinnar.

Við getum sagt sem svo að það orki mjög tvímælis hvort frv. ríkisstjórnarinnar um 10% skatt á fjármagnstekjur leiði til þess. Ég tel að það sé mikil hætta á því að frv. ríkisstjórnarinnar leiði til fjármagnsflótta úr landinu. En ég tel hins vegar að það sé gefið mál að frv. formannanna leiði til fjármagnsflótta úr landinu vegna þess að skattlagningin á raunvextina er of há.

Það sem skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli í þessu sambandi er að menn átti sig á því að sparnaðurinn í landinu hefur mjög mikil áhrif á stöðu fyrirtækjanna. Það er einmitt þess vegna sem ríkisstjórnarfrv. gerir ráð fyrir því að lækka skatt á arðgreiðslur á sama tíma. Það er til þess að tryggja það að atvinnulífið eigi aðgang þessum sparnaði um leið og sú áhætta er tekin að sparnaðurinn dragist saman í þjóðfélaginu og atvinnulífið eigi ekki aðgang að þessum sparnaði með sama hætti og áður. Þetta er sú tenging sem þar er um að ræða. Hv. 11. þm. Reykn., Ágúst Einarsson, benti á að það ætti að tala skýrt og skorinort og tala um það í hvaða tilgangi þetta frv. ríkisstjórnarinnar væri lagt fram, því það væri beinlínis lagt fram í þeim tilgangi að lækka skattlagningu á arðgreiðslur. Það er ekki rétt. Þetta er hliðarráðstöfun sem skýrist á þann hátt að menn taka áhættu fyrir sparnaðinn í landinu með því að leggja á þennan fjármagnsskatt og það er verið að reyna að mæta þeirri áhættu með því að reyna að koma til móts við þarfir atvinnulífsins fyrir fjármagn.

Hins vegar ber að geta þess að í frv. formannanna er skattlagning á fjármagnstekjur tengd beint tekjuskattskerfinu. Það eru engar sérstakar ráðstafanir gerðar fyrir atvinnulífið. Og hvað þýðir þetta? Það þýðir að við ætlum hér að leggja einn þyngsta skatt á fjármagnstekjur sem um getur og þekkist í Evrópu. Það er hvergi í Evrópu annars staðar lagður svo hár skattur á arðgreiðslur. Stefnan hjá OECD-ríkjunum í þessum efnum er að vísu mjög misjöfn en það er hvergi annars staðar en á Íslandi lagt til að fjármagnstekjur beri 42%–47% skatt. Þannig að menn geta nú ímyndað sér þegar talað er um það hjá öðrum þjóðum að fjármagnstekjuskattur sem er á bilinu kannski 20%–22% leiði til fjármagnsflótta, hvaða áhrif hafi þá fjármagnstekjuskattur sem er á bilinu 42%–47% án þess að nokkrar hliðarráðstafanir séu gerðar fyrir atvinnulífið. Þetta er svo augljóst mál að það er ekki hægt annað en að horfa til þess.

Hér hefur verið sagt að það sé almenn regla að fjármagnstekjur séu skattlagðar. Það er ekki svo að það sé nein almenn regla. Það helst mjög í hendur við sparnaðinn sem næst í hverju þjóðfélagi. Tökum t.d. Bandaríkin sem eru þekkt fyrir það að þar er sparnaður mjög lítill öfugt við t.d. Þýskaland þar sem sparnaðurinn er mjög hár. Bandaríkin hafa ekki skatt á fjármagnstekjur. Þeir hafa á núll-skatt á vaxtatekjur og arðgreiðslur en það helst að sjálfsögðu í hendur við að það er verulegt vandamál í Bandaríkjunum hversu sparnaður er þar lítill. Skuldastaða Bandaríkjanna, svo hún sé tekin inn í dæmið, er einkum og sér í lagi hættuleg. Þó hún sé í raun og veru mun minni en annarra þjóðfélaga í OECD-ríkjunum, þá er hún mjög hættuleg vegna þess hve sparnaðurinn er þar lítill. Það eru allmörg ríki sem ekki taka inn vexti á fjármagnstekjur.

Það sem má því segja að hægt sé að finna þessum tveimur frv. til foráttu er að þau vega bæði að sparnaðinum í landinu. Ég tel að ríkisstjórnarfrv. vegi alveg sérstaklega að sparnaði smærri sparifjáreigenda. Ég tel að frv. flokksformannanna þriggja vegi að sparnaðinum í landinu í heild. Það mun rýra þennan sparnað og sú þróun hefur augljóslega aðeins tvennt í för með sér. Annars vegar þrengir hún að atvinnulífinu og hins vegar hækkar hún vexti. Og hvað þýðir það ef þessi ráðstöfun hefur í för með sér vaxtahækkun? Hún þýðir að staða skuldara í þjóðfélaginu stórversnar. En það er ekki tilgangur þessa frv. að gera það. Ég held að það sé augljóst að þessi frv. bæði munu hafa áhrif í þjóðfélaginu langt umfram það

sem tilgangurinn er og ég er sannfærður um að við sjáum mjög illa til botns í þessu máli. Það er mjög erfitt að átta sig fyllilega á afleiðingum þessara tveggja frv. en þó eru fyrirsjáanlegustu afleiðingarnar þær að þau munu draga úr sparnaði og þau munu hækka vexti.

Aðeins til þess að undirstrika hversu veikar forsendur frv. eru þá langar mig til þess að fara örlítið inn á þá meginröksemd í frv. ríkisstjórnarinnar að það muni bæta úr stöðu atvinnulífsins. Mig langar aðeins til þess að víkja ögn að því.

Auðvitað er það höfuðgalli á frv. formannanna þriggja að það leggur þungar álögur á sparnaðinn en tekur ekkert tillit til þess að það þarf að gera hliðarráðstafanir gagnvart atvinnulífinu um leið. En lítum nú á frv. ríkisstjórnarinnar og sjáum á hvern hátt það er ekki gefið að það laði fram fjárfestingu fjármagnseigenda í atvinnulífinu. Þar kemur til þess, sem ég minntist lítillega á áðan, að menn horfa fram hjá þeirri meginstaðreynd að þeir aðilar sem eiga mest sparifé hér á landi eru lífeyrissjóðirnir og lífeyrissjóðirnir verða skattfrjálsir eftir þessa álagningu skattsins eins og öllum er kunnugt. Og það gildir um bæði frv. Stærsti fjármagnseigandinn sleppur með öðrum orðum við skattinn. Skattafrumvörpin bæði eru því algjörlega hlutlaus gagnvart stærsta fjármagnseigandanum og breyta ekki í nokkru skattalegri stöðu hans. Ef skattur ríkisstjórnarfrv. virkar í raun og veru sem hvati á fjármagnseigendur sem bera skattinn, þ.e. ekki lífeyrissjóðirnir heldur fjármagnseigendurnir sem bera skattinn, minni hluti þeirra sem hafa fjármagn með höndum, til kaupa á hlutabréfum leiðir það að sjálfsögðu til þess að kaup á hlutabréfum aukast. Það þýðir að sjálfsögðu samkvæmt lögmálum markaðarins að arðsemiskrafan til hlutafélaganna, fyrirtækjanna, lækkar. Hvaða áhrif hefur það á viðhorf lífeyrissjóðanna til þessara fyrirtækja? Lífeyrissjóðirnir hafa lítinn þátt tekið í atvinnuuppbyggingunni. Haldið þið að það hvetji lífeyrissjóðina til að fjárfesta í atvinnulífinu ef arðsemiskrafan lækkar? Að sjálfsögðu ekki. Það beinir athygli lífeyrissjóðanna að öðrum möguleikum hvort sem þeir eru innan lands eða ekki. Þetta er því ekki einu sinni gefið. Menn verða að skoða að það er ekki gefið að frv. ríkisstjórnarflokkanna leiði til þess að helstu fjármagnseigendurnir auki fjárfestingu sína í atvinnulífinu. Það getur beinlínis leitt til þess að ef venjulegir fjárfestar, almenningur, beinir athygli sinni að atvinnulífinu af skattalegum ástæðum þá hafi lífeyrissjóðirnir sömu ástæðu til að beina athygli sinni frá þeim. Allt leitar þetta jafnvægis og sú staðreynd að lífeyrissjóðirnir eru skattfrjálsir í þessum efnum og eru stærsti hluti sparnaðarins hefur áhrif á þetta. Þetta er ekki hægt að sjá fyrir. Það er ekkert hægt að gefa sér í þessum efnum. Ég vildi því aðeins leyfa mér að benda á þetta. Ég er ekki að segja að þetta gerist með þessum hætti. Ég er að segja að það sé möguleiki á því að þróunin verði þessi.

Ef við lítum svo á það atriði frv. formannanna þriggja sem lýtur að því að hlífa smásparifjáreigendum þá hlýtur það að byggjast á því og byggist að sjálfsögðu á því að leggjast einkum og sér í lagi á þá sem hafa meiri tekjur. Þeir eru væntanlega sá markhópur sem frv. þremenninganna ætlar sér að ná til. Þessi markhópur mun að sjálfsögðu leita leiða til að verjast þessum aðgerðum og hvaða leiðir eru færar til þess? Helstu leiðirnar til þess eru að flytja fjármagnið úr landi. Það þýðir að skattstofninn sjálfur er engin óbreytanleg stærð. Skattstofninn skreppur saman eins og alltaf gerist þegar um ofsköttun er að ræða. En það er líka til önnur aðferð til þess að bregðast við svona þungri skattlagningu. Hún er ekki sú að flytja peningana sína úr landi, hún er einfaldlega sú að eyða þeim. Þannig mun þessi þungi skattur, sem mun aðeins leggjast á minni hluta fjármagnsmarkaðarins, leiða til þess í fyrsta lagi að fjármagn mun leita úr landi. Það leiðir aftur á móti til þess að vextirnir hafa tilhneigingu til að hækka og í þriðja lagi mun það leiða til eyðslu.

Þetta er hluti af þeim vandamálum sem mig langaði til að færa inn í umræðuna. Ég hef sjálfur í mínum þingflokki ekki samþykkt að styðja þetta ríkisstjórnarfrv. Ég tel á því mjög alvarlega meinbugi, þó ekki eins alvarlega meinbugi og eru á frv. þremenninganna sem er til umræðu í dag. Það hefur komið skýrt fram í þingflokki Sjálfstfl. að ég hef frá upphafi haft þessa afstöðu og hún hefur ekki breyst við þessa umfjöllun um málið.

[11:36]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem var að ljúka máli sínu færði rök sem að hans áliti eru mjög sterk gegn frv. ríkisstjórnarinnar. Af því tilefni langar mig til að spyrja hann og biðja hann um að ítreka þá afstöðu sína: Er hann með þessu að segja að hann muni greiða atkvæði gegn frv. ríkisstjórnarinnar ef það kemur úr nefnd? Og mér er forvitni á að vita hvort fleiri af flokksbræðrum hans ætla sér að leggjast gegn frv. ríkisstjórnarinnar og greiða atkvæði gegn því. Ég vil gjarnan fá að vita frá hv. þm. hvort að honum sé kunnugt um það.

[11:36]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni lýsti ég andstöðu við frv. ríkisstjórnarinnar þegar það var til umfjöllunar í þingflokki Sjálfstfl. Ég geri ráð fyrir því að þetta frv. taki einhverjum breytingum. Það er ljóst að vegna aðdraganda málsins og vegna þess hvað það er flókið var leitað viðtækrar samstöðu um að finna flöt á fjármagnstekjuskatti. Niðurstaða þess var mér ekki að skapi. Nú hefur hins vegar dregið mjög úr líkum þess að þetta mál náist í gegn hvort sem það fær mitt atkvæði eða ekki, það hefur dregið úr líkum þess vegna þess að samstaðan er rofin. En ef þetta frv. sem nú gengur til nefndar verður óbreytt og ekki verða gerðar á því verulegar breytingar þá mun ég ekki greiða því atkvæði. Það er ljóst. Þetta frv. sem við erum að ræða nú, þ.e. ríkisstjórnarfrv., er þó sýnu skárra og mun ekki hafa eins skaðleg áhrif á þjóðfélagið og frv. formannanna þriggja.

[11:38]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. afdráttarlaus svör en hann svaraði ekki seinni spurningu minni sem laut að því hvort honum sé kunnugt um að fleiri þingmenn úr hans flokki hafi þá afstöðu að leggjast gegn stjfrv. Því miður er formaður þingflokks Sjálfstfl. ekki hér staddur en það er vani þegar stjfrv. eru til umfjöllunar í stjórnarflokkum að þá liggi fyrir efnisleg afstaða þingflokka stjórnarinnar til málsins, þar á meðal hvort stuðningur þingflokks viðkomandi stjórnarflokks sé við málið og ef ekki hversu margir þingmenn stjórnarflokksins muni ekki styðja málið þegar það kemur til kasta Alþingis. En þar sem enginn forustumaður þingflokks Sjálfstlfl. er hér viðstaddur þýðir lítið að bera fram þá spurningu sem ég ella hefði borið fram: Var samstjórnarflokknum, Framsfl., greint frá því að í þingflokki Sjálfstfl. væru einhverjir þingmenn, og þá hversu margir, sem væru

andvígir frv. sem kynnt er og flutt er á Alþingi sem stjfrv.?

[11:39]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég svaraði ekki seinni spurningu hans. Ég tel mér skylt og rétt að segja þingmönnum til um afstöðu mína til þessa máls. Ég samþykkti fyrir mína hönd að frv. yrði lagt fram, en lýsti andstöðu við það. Ég er ekki talsmaður þingflokksins né þingmanna Sjálfstfl. í heild þannig að það er ekki mitt hlutverk að svara þessari spurningu sem hv. þm. lagði fyrir mig og ég geri það þar af leiðandi ekki.

[11:40]

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur komið fram sem nokkur efasemdar-Tómas í þessu máli en beitir afar hæpnum rökum. Í fyrsta lagi ber hann saman þessi frv. tvö og segir: Kostur stjfrv. er einfaldleikinn og samræmingin. Gallinn við það er hins vegar sá að það er verið að skattleggja neikvæða vexti og það er verið að skattleggja verðbótaþátt vaxta. Það hlýtur að teljast alvarlegur galli. Það eitt út af fyrir sig hefur meiri áhrif á hættuna á vaxtahækkun en flest annað. Í annan stað leggst þessi flati skattur á alla. Hv. þm. sniðgengur algjörlega að formannatillagan er í tekjuskattskerfi sem við erum með og þekkjum og það eitt út af fyrir sig er partur af því að hafa einfalda framkvæmd og þekkta. Ef menn vilja nota samræmingarrökin er náttúrlega einni spurningu ósvarað: Hvernig stendur á því, ef það á að samræma skattlagningu á allar fjármagnstekjur, að það er ekki gert í frv. stjórnarflokkanna? Það er verulegur skattstofn sem er utan við þeirra tillögur. Svo er hinn alþjóðlegi samanburður, hættan á fjárflótta vegna þess að þessi skattur sé svo ofurhár og þar fór hv. þm. villur vega í sínum tölum. Hvert ætla fjármagnseigendur að flýja? Til Bandaríkjanna kannski? Með 0-skatt? Nei. Almennt skattþrep á bankavexti í Bandaríkjunum er 22,5% prósent en hæsta skattþrep er 45,9%. Ætla þeir að fara til Danmerkur? 52,2%, 78,2%. Til Frakklands þar sem hv. þm. er staðháttum kunnugur, 27,1%, jaðarskatturinn 68,1%? Ætla þeir að fara til Kanada? Almennt skattþrep 41,5%, jaðarskatturinn 49,8%. Þetta er staðreyndin í þessum alþjóðlega samanburði og meira að segja hv. formaður Framsfl., endurskoðandinn, virtist greinilega ekki hafa um það minnstu hugmynd. Almenna reglan er sú að skattlagning fjármagnstekna er innan tekjuskattskerfis viðkomandi landa og frávikin frá því eru undantekningar. Sá skattur sem við erum að leggja til er sennilega sá fjórði eða fimmti lægsti af 24 ríkjum í OECD. Hvert ætla þeir að flýja? Til Grikklands eða Tyrklands og taka þá gengisáhættu sem því fylgir?

[11:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir það fyrsta gengur sú aðferð í frv. þremenninganna til þess að reyna að komast hjá því að skattleggja neikvæða vexti ekki upp. Það sem skiptir máli er skatturinn, þ.e. skatthlutfallið og byrðin og áhrif verðbólgunnar. Ég benti á í máli mínu áðan að þetta skatthlutfall er frá 36% og upp í 100%. Það bil sem frv. formannanna setur inn til þess að reyna að koma á móti þeim mikla meinbugi sem er á frv. báðum, þ.e. skattlagningu á nafnvexti, gengur ekki upp. Það er blekkingarvefur. Hitt er svo rétt að það er einfalt að setja þetta inn í tekjuskattskerfið. Það er rétt hjá hv. þm. Það er einfalt en það er engin hliðarráðstöfun gerð þar. Tekjuskattshlutfallið er mjög hátt og það þýðir þá að við munum leggja á fjármagnstekjur eitthvert hæsta skattþrep sem um getur.

[11:44]

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi samanburðarfræði eru afar villandi. Kjarni málsins í hinni einföldu framkvæmd innan tekjuskattskerfisins samkvæmt tillögu formannanna er þessi: Númer eitt, við erum ekki að leggja skatt á allar vaxtatekjur fólks heldur einungis 60% af þeim. Við höfum þar reynar fordæmi frá ríkisstjórninni sem notaði sömu aðferð þegar kom að skattlagningu á vaxtatekjur lífeyrisþega. Í annan stað höfum því til viðbótar frítekjumark sem þýðir að allur þorri almennra sparifjáreigenda verður ekki inni í þessu skattkerfi. Dæmi: Hjón með 2,4 millj. í sparifjárinneign greiða ekki skatt af vöxtunum samkvæmt okkar kerfi. Þar af leiðir að þetta er ekki skattlagning á neikvæða vexti og ekki á verðbætur og það þarf ekki þess vegna sérstakt ákvæði sem ætti að vera í tillögu stjórnarflokkanna um frádráttarbærni vaxtagjalda. Þetta þýðir að hin virka álagningarprósenta er 11% og allt tal um að það sé annað er bara rangt. Ef menn vilja meta verðbólguáhrif á þessum tillögum, þá er sá kostur við tillögu formannanna, að vegna þess að við getum stillt af hvort heldur er prósentuhlutfallið í skattinum, þar sem tekið er á skattinum, þessi 60%, og frítekjumörkin, þá getum við hæglega innan þessa kerfis lagað þessar breytur að verðbólguþróun.

Stjórnarliðar segja að það vanti hliðarráðstafanir hjá okkur til þess að hvetja til fjárfestingar í atvinnulífinu. Það er rétt. Það var lagt upp með það að leggja skatt á fjármagnstekjur, annaðhvort flatan skatt eða þá aðferð sem við notum. En því næst er hitt það sem ég kalla smyglgóssið allt annað mál, þ.e. að nota það tilefni til þess að lækka skattlagningu á arði. Það er mjög tvíbent vegna þess að þar er verið að hvetja til þess að borga í stórauknum mæli fé út úr fyrirtækjunum í arðgreiðslu til eigendanna sem enginn getur fullyrt að sé til þess að styrkja eiginfjárstöðu heldur þvert á móti.

[11:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem skiptir meginmáli er hver raunveruleg skattprósenta er í þessu máli. Hún er ekki 11% heldur 25%. Þessi skattheimta er það þung. Hún mun leggjast það þungt á þá sparifjáreigendur sem hafa úr einhverju að spila að verulega mun draga úr sparnaðinum. (Gripið fram í.) Þessar hugmyndir eru þannig að þær eru settar fram að mínu mati í þeirri trú og þeirri sannfæringu að þær verða aldrei samþykktar. Þær eru settar fram sem blekking vegna þess að menn vita að þær verða aldrei samþykktar. Meginmálið var náttúrlega það að menn höfðu náð samkomulagi um 10% flata skattinn en síðan er það herbragð að setja fram þennan skatt sem er hægt að sjá fyrir að mun hafa mjög neikvæð áhrif á þjóðfélagið. Afstaða mín til frv. þremenninganna er því augljós. Ég mun greiða atkvæði gegn því frv. En afstaða mín til frv. ríkisstjórnarinnar er eins og ég lýsti hér áðan að ég tel að það frv., þótt illskárra sé, sé á þessum tímapunkti ekki líklegt til þess að ná þeim árangri að hlífa sparnaðinum í landinu, heldur mun það skaða hann og þar af leiðandi muni það hafa öfug áhrif við það sem ríkisstjórnin telur sig vera að vinna að.

[11:49]

Útbýting þingskjals:

Iðnaðarmálagjald, 483. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 835.

[11:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt best að segja finnst mér að þessi umræða hafi til þessa aðallega leitt eitt í ljós. Það er að Sjálfstfl. virðist ætla að eyðileggja fjármagnstekjuskattsmálið. Hér hafa talað nokkrir þingmenn Sjálfstfl., síðast hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Þar áður talaði t.d. hv. þm. Árni Mathiesen og þar áður við umræðu um þessi mál hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Allir hafa þess menn í raun og veru lýst andstöðu við málið. Þegar maður skoðar líka vinnubrögðin í nefndinni sem rakin eru rækilega í bókun stjórnarandstæðinganna, þá er ekki hægt að líta öðruvísi á en þannig að Sjálfstfl. hafi ákveðið nauðugur að leggja af stað í þessa för. Hann hafi áttað sig á því að hann varð að koma einhvern veginn með málið inn í þingið en hann hafi reynt allt sem hægt hefur verið til að eyðileggja málið frá upphafi. Eitt af því er t.d. það að setja inn í nefndina hv. þm. Pétur Blöndal sem bersýnilega sat þar með handsprengjur í öllum vösum allan tímann sem nefndin var að störfum, gerði henni mjög erfitt fyrir og gerði allt sem mögulegt var til að tefja störf hennar. Og af því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er komin í salinn, þá vil ég spyrja hana spurningar: Gerði Sjálfstfl. henni grein fyrir því að a.m.k. þrír eða fjórir þingmenn Sjálfstfl. væru ekki hlutlausir heldur líklega á móti stjfrv.? Gerði Framsfl. sér það ljóst að hann yrði í þessu máli, ef það ætti að verða að lögum, að treysta á stjórnarandstöðuna eða lætur Framsfl. sér það í léttu rúmi liggja hvort þetta mál verður að lögum eða ekki? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá svörin frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur: Var Framsfl. blekktur af íhaldinu í þessu máli eða ekki? Ég óska eftir því að hv. þm. svari skýrt í þessu efni hér á eftir vegna þess að það bendir margt til þess að af hálfu Sjálfstfl. sé um að ræða vísvitandi skemmdarverk í þessu máli eins og það hefur þróast til þessa. Það hefur afhjúpast með hverri ræðunni á fætur annarri af hálfu þingmanna Sjálfstfl. sem hafa í raun og veru talað á móti stjfrv.

Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, að rekja aðeins þann vanda sem stjórnarandstaðan í nefndinni stóð frammi fyrir. Það kemur mjög vel fram í bókuninni.

Í fyrsta lagi kemur þar fram að einstakir þingmenn stjórnarflokkanna *lýstu því yfir á undirbúningsstigi málsins* að þeir mundu verða á móti málinu. Það kom fram frá þeim nokkrum. Þeir gerðu sem sagt það sem þeir gátu til að trufla málið á undirbúningsstigi.

Í öðru lagi kom fram andstaða Sjálfstfl. og blekkingaleikur í þessu máli með því að hæstv. fjmrh. fullyrti í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 hverjar yrðu meginniðurstöður þeirrar nefndar sem þá var þó enn að störfum.

Í þriðja lagi kom blekkingariðja Sjálfstfl. og vinnubrögð hans skýrt fram þegar ákveðið var að leggja fjármagnstekjuskatt á ellilífeyrisþega og bótaþega almannatryggingakerfisins og að trufla þannig andrúmsloftið í kringum þetta mál í þeirri fjölflokkanefnd sem að því vann.

Í fjórða lagi verður að nefna það í þessu samhengi að í miðjum klíðum ákveður Sjálfstfl. að skipa aðra nefnd til að fjalla um málið, til að fjalla um tekjuskattskerfið í heild, þannig að það er bersýnilegt á þessum tíma að Sjálfstfl. gerði allt sem hann gat til þess að þreyta stjórnarandstöðuna, til að gera stjórnarandstöðunni erfitt fyrir við það verk að reyna að ljúka þessu máli. Þrátt fyrir það ákváðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni að skrifa undir nefndarálitið með allsherjarfyrirvara. Til hvers? Til þess að tryggja það að málið kæmist inn í þessa nefnd. Þess vegna skiptir það mjög miklu máli að draga það fram að fyrirvari stjórnarandstöðuflokkanna sem er dagsettur 19. febrúar 1996 er allsherjarfyrirvari og þannig var hann samþykktur í þingflokki Alþb. og óháðra. Þetta er algerlega opinn fyrirvari um það að þingflokkurinn geti gert það sem honum sýnist við meðferð málsins á Alþingi og það hygg ég að eigi einnig við um Alþfl. og Þjóðvaka sem standa að þeim frv. sem hér eru til meðferðar líka.

Þetta vildi ég láta koma fram í fyrsta lagi um leið og ég mótmæli því hvernig Sjálfstfl. hefur hagað sér í þessu máli, reynt allt sem hann getur til þess að eyðileggja það og varpa rýrð á það starf sem unnið hefur verið að þessum málum.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á því að þetta frv. hv. þm. Péturs Blöndals og félaga er í raun og veru ekki um fjármagnstekjuskatt eingöngu. Frv. stjórnarflokkanna er ekki um fjármagnstekjuskatt. Þeir hafa reynt að blekkja í kringum þetta mál og segja: Þið hljótið að fylgja því að það verði lagður á fjármagnstekjuskattur. Þið getið ekki haft fyrirvara við frumvörp ríkisstjórnarinnar vegna þess að þið viljið leggja á fjármagnstekjuskatt. Og ég hef tekið eftir því að sumir stjórnarandstæðingar hafa látið undan í þessu máli og sagt sem svo: Jú, jú, jú, jú. Við viljum endilega leggja á fjármagnstekjuskatt. En veruleikinn í frumvörpunum er hver? Hann er sá að það er verið að leggja á fjármagnstekjuskatt að hluta til, en að hinu leytinu er verið að lækka stórkostlega skatta á fyrirtækjum og aðilum sem eru með tekjur af söluhagnaði, af arðgreiðslum og fleiri slíkum þáttum. Það er verið að smygla inn í frv. stjórnarinnar þáttum sem eru *algerlega óviðkomandi vaxtatekjuskattsmálinu sem* slíku. Ég vil segja það fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, að ég væri tilbúinn til þess að skoða það mjög alvarlega að standa að því sem bráðabirgðaskrefi í þessu máli að leggja á vaxtatekjuskattinn sem slíkan, enda fylgi smyglgóssið ekki með, eins og það hefur verið kallað af einum hv. þm. hér, og verði tekið út úr málinu. Það er meginatriði, spurning sem ég hlýt að bera fram til fulltrúa stjórnarflokkanna hér eða annars staðar. Eru þeir tilbúnir til þess að taka fjármagnstekjuskattsmálið út úr stjfrv. og standa að því að gera það að lögum burt séð frá hinum sérstöku ívilnunum til fyrirtækjanna? Ég held að það sé nauðsynlegt að láta það koma mjög skýrt fram. Og ég vil láta það koma fram af hálfu míns þingflokks að við viljum standa að ákvörðun um fjármagnstekjuskatt en við kærum okkur ekki um að nota tækifærið í leiðinni til þess að afhenda fyrirtækjum og fjársterkum aðilum í þjóðfélaginu stórkostlega fjármuni frá því sem nú er þannig að það nemur mörg hundruð millj. kr.

Það er sem sagt erindi mitt númer tvö að undirstrika það að ég tel að menn eigi að ræða þetta í fullri alvöru: Eru menn tilbúnir til þess að breyta stjfrv. þannig að það fjalli bara um vaxtatekjuskatt? Er hv. þm. Pétur Blöndal, sem er aðalmaðurinn í þessu máli, leiðtogi málsins, faðir og móðir og allt í senn, er hann tilbúinn til þess að standa að því að taka út úr þessu máli eingöngu vaxtatekjuskattinn sem slíkan en láta aðra hluti eiga sig? Það er spurningin um það hvort menn vilja leggja á fjármagnstekjuskatt eða ekki.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á því sem hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Ingibjargar Sigmundsdóttur í gær. Það er meðferðin á sveitarfélögunum. Staðreyndin er sú að þegar maður skoðar talnalega uppsetningu þessa máls, þá lítur hún einhvern veginn þannig út að það er gert ráð fyrir 900 millj. kr. í tekjur af vaxtaskatti ein-

staklinga. Síðan eru dregnar frá 100 millj. kr. vegna þess að persónuafsláttur er notaður til þess að vega upp þennan skatt hjá tilteknum hópi einstaklinga sem eiga ónýttan persónuafslátt. Síðan er gert ráð fyrir því að ríkið sjálft, sveitarfélög og líknarfélög og alls konar áhugafélög borgi 300 millj. kr. eins og stendur í nefndarálitinu sjálfu. Í þessari stöðu eru tekjurnar þá af fjármagnstekjuskattinum orðnar 1.100 millj. kr. Síðan er það þannig að breyting á skattlagningu söluhagnaðar og fleiri þátta lækkar tekjur ríkisins að mati nefndarálitsins um 200 millj. kr. þannig að nettóáhrifin af þessum tilfærslum eru talin vera í kringum 900 millj. kr. Af þessum 900 millj. er gert ráð fyrir því af ríkisstjórninni sjálfri, að ríkið og sveitarfélögin og félagasamtök borgi 300 millj. kr.

Hér kom fram í umræðunum í gær að Samband sveitarfélaga hefur mótmælt því sem að sveitarfélögunum snýr. Þar er talað um að hérna sé verið að auka skatta á sveitarfélögunum um 200–300 millj. kr. Það stendur hér reyndar: Á hinn bóginn mundu sveitarfélögin tapa árlega um 208 millj. kr. verði frv. samþykkt óbreytt. Annars vegar er um að ræða 133 millj. kr. í árlegt tekjutap vegna lækkunar útsvarsstofns ef skattskyldar arðgreiðslur söluhagnaðar og húsaleigutekjur verða fluttar úr þeim stofni og hins vegar árlegan útgjaldaauka í 75 millj. kr. ef vaxtatekjur sveitarfélaganna verða skattskyldar eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég hef aðeins haft aðstöðu til þess að kynna mér það hvaða áhrif þessar breytingar hafa á sveitarfélögin og ég fullyrði: Þær eru miklu meiri. Það virðist vera mjög sterk tilhneiging til þess á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga af eðlilegum ástæðum að taka mjög almenn meðaltöl í málum af þessu tagi. Ég er sannfærður um að ef Reykjavík yrði skoðuð sérstaklega þá er verið að veikja stöðu Reykjavíkur einnar um verulegan hluta af þessari fjárhæð, ég skal ekki segja hver talan er en hún er einhvers staðar í kringum 100 millj. kr. Það er stóralvarlegur hlutur ef það er þannig að menn ætli sér á sama tíma og verið er að velta grunnskólanum yfir á sveitarfélögin — og það mál kemur reyndar til umræðu hér seinna í dag — að þá ætli menn að skerða stöðu sveitarfélaganna um mörg hundruð millj. kr. Spurningin er sú: Ætla menn að standa við það? Eða ætla menn að endurgreiða sveitarfélögunum þennan þátt? Segja má að það beri vel í veiði þar sem varaformaður fjárln. er reyndur sveitarstjórnarmaður. Ætla stjórnarflokkarnir sér í raun að leggja þennan skatt á sveitarfélögin upp á 200–400 millj. kr? Hæstv. fjmrh. hefur sagt að það verði athugað. Hæstv. félmrh. hefur sagt að sennilega verði reynt að endurgreiða þessar upphæðir. Er það svo? Ef þessi upphæð verður að einhverju leyti endurgreidd eða að öllu leyti endurgreidd er niðurstaðan sú að eftir stæðu af þessum leiðangri, tvöföldu skattkerfi og öðru því, sennilega 500–600 millj. kr. Ég held að það sé nauðsynlegt að farið verði í mjög rækilega úttekt á þessu. Það sýnir hvað ríkisstjórnin hefur unnið þetta mál illa að hún skuli ekki hafa haft samband við skrifstofu Sambands íslenska sveitarfélaga áður en komið var að því að leggja fram frv. um þetta mál. Í þessum efnum væri ósanngjarnt að gagnrýna nefndina sem slíka því það er ekki hlutverk hennar að sjá um mál af þessu tagi heldur er það hlutverk fjmrn.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst býsna hart af fjmrn. að slengja þessu framan í sveitarfélögin á sama tíma og verið er að ræða við sveitarfélögin um flutning grunnskólans og m.a. er þar gert ráð fyrir því að ríkið borgi 265 millj. kr. með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna umfram reglulega tekjustofna en með þeim frv. sem ríkisstjórnin leggur fram um fjármagnstekjuskatt er verið að taka alla þessa fjármuni af sveitarfélögunum aftur. Það gengur ekki að koma fram við sveitarfélögin með þeim hætti sem ríkisstjórnin gerir nú og hefur reyndar gert aftur og aftur. Þetta var atriði númer þrjú sem ég vildi ræða aðeins í minni ræðu.

Hæstv. forseti. Í fjórða lagi ítreka ég það sem kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds þegar hann talaði í þessu máli í gær. Það voru nokkur grundvallaratriði sem hann dró fram í ræðunni sem skipta mjög miklu máli fyrir þingflokk okkar að sé haldið mjög skýrt til haga. Fyrra atriðið er þetta þar sem segir í ræðu hv. þm. á þessa leið: „Þessi höfðinglega gjöf til þeirra sem eiga miklar eignir í hlutabréfum skyggir nánast á allt annað sem felst í frumvörpum stjórnarflokkanna því að þeir sem eiga mikið af hvoru tveggja, verðbréfum og hlutabréfum, vinna upp það sem þeir tapa á nýjum vaxtaskatti með lækkuðum skatti á arðgreiðslum og vel það því að margir munu stórhagnast á þessum skiptum."

Þetta er grundvallaratriði og þetta er meginatriði í afstöðu flokks okkar og þingflokks til stjfrv. og er ein meginástæðan til þess að við ákváðum síðan að standa að því ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum að flytja sérstakt frv. undir forustu flokksformannanna sem er til umræðu núna.

Í öðru lagi undirstrika ég það atriði sem fram kom í lok ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds og er á þessa leið:

„Frumvörp stjórnar og stjórnarandstöðu um fjármagnstekjur endurspegla gerólíkar stefnur í skattamálum á einkar skýran hátt og minna landsmenn um leið á nauðsyn þess að tekin sé hið fyrsta upp ný og réttlátari stjórnarstefna og skattalöggjöfin verði endurskoðuð í anda jafnaðar og sanngirni."

Af hverju dreg ég þetta fram í lok ræðu minnar þar sem þetta kann að liggja í augum uppi? Ég geri það vegna þess að þegar t.d. flokkur eins og Framsfl., sem á sér að mörgu leyti félagslegar rætur, þegar aðilar úr verkalýðshreyfingunni hafa að einhverju leyti skrifað upp á þá aðferð sem hér er um að ræða finnst mér nauðsynlegt fyrir hönd þingflokks míns að hafa það alveg skýrt að við teljum að þær áherslur sem hér eru við að létta af skatta á fyrirtækjum séu ekki í samræmi við þau viðhorf sem við höfum í þessum efnum. Við teljum að þetta stangist í grundvallaratriðum á við þá jafnaðarstefnu sem við viljum framkvæma í skattamálum.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið nokkur meginatriði. Í fyrsta lagi þykist ég hafa sýnt fram á að Sjálfstfl. hafi reynt allt sem hann gat til að eyðileggja þessi mál. Meðal annars með því að senda hv. þm. Pétur Blöndal í nefndina. Í öðru lagi fór ég rækilega yfir sveitarfélagamálin sérstaklega og ræddi það hvernig veist er að sveitarfélögunum og í þriðja lagi undirstrikaði ég grundvallaratriðin í stefnu þingflokks Alþb. og óháðra í þessum málum. Í fjórða lagi, og það var það sem ég reyndar spurði fyrst um, spyr ég aftur hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur: Var það þannig að hún gerði sér grein fyrir því að Sjálfstfl. léki tveimur skjöldum í þessu máli, að frv. væri í raun og veru ekki stjfrv. af því að það hafði aldrei verið borið upp í þingflokki Sjálfstfl. heldur væri þar fjöldinn allur af þingmönnum sem ætlaði að snúast gegn stjfrv.? Er það þannig, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin sem nú situr ætli í hverju máli á fætur öðru að treysta á að stjórnarandstaðan bjargi henni?

Í síðustu viku sat í skjóli stjórnarandstöðunnar í sjútvrn. hæstv. ráðherra, Þorsteinn Pálsson, bæði í kvótamáli og eins

í trillumáli. Það virðist vera ætlunin núna að Sjálfstfl. ætli að leika áfram tveimur skjöldum í málinu, er bæði með málinu, móti því eða situr hjá eftir atvikum. Ég tel að það séu óheiðarleg vinnubrögð þegar Sjálfstfl. setur mál fram af þessu tagi og staðfesta auðvitað það að hann hefur verið með handsprengjur í öllum vösum allan tímann sem menn hafa reynt að nudda þessu máli áfram. En ég spyr hv. þm., formann þingflokks Framsfl., vissi hún af því að Sjálfstfl. iðkaði þennan blekkingaleik?

[12:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson gerir lítið úr fulltrúa sínum í fjármagnstekjunefndinni, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, sem starfaði vel og vendilega með nefndinni í tíu mánuði, með því að eigna mér þetta mál alfarið og eingöngu. Í nefndinni tóku þátt fulltrúar þingflokkanna allra og fulltrúar ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Þessir aðilar stóðu að þessari málamiðlun og það er út í hött að segja að þetta sé mitt mál því þetta er ekki frv. sem ég vildi hafa séð. Ég hef miklar efasemdir um að skattleggja nafnvexti. Ég hef yfirleitt miklar efasemdir um að skattleggja vexti.

Varðandi þann málskilning hv. þm. um að fjármagnstekjur séu bara vextir ætti hann að lesa Karl Marx um skilgreiningu á fjármagni og hefur eflaust gert það. Ég ætla að rifja það upp. Fjármagnið gefur af sér ýmar tekjur. Leigutekjur eru að sjálfsögðu fjármagnstekjur og arður er fjármagnstekjur. Hvað annað? Og söluhagnaður hlutabréfa, ígildi arðs.

Um að ríkisstjórnin hafi unnið illa í þessu máli, þá vil ég segja það að frv. er flutt af ríkisstjórninni en er alfarið mál nefndarinnar. Dálítið var rætt um skattlagningu á vexti sveitarfélaganna í nefndinni og ég lýsti þeirri skoðun minni að ég teldi að sveitarfélögin ættu ekkert bágar með að borga þessa vexti en gamalt fólk sem búið er að spara alla ævina og á núna að borga skatta af vöxtum. Ég vorkenni því meira en sveitarfélögunum.

[12:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Veruleikinn er auðvitað sá, hæstv. forseti, að uppspretta auðsins í samfélaginu er vinnan og á því lifir þjóðin og á því lifir fólkið að það sé til vinna til að skapa auð og verðmæti. Við teljum ekki að fjármagnið sem slíkt skapi nein verðmæti. Það er grundvallarmunur á afstöðu minni og þingmannsins í þessu efni. Hann er þeirrar skoðunar að það eigi skattleggja vinnuna meira en fjármagnið. Hann er þeirrar skoðunar að skattprósentan af vinnutekjum eigi að vera miklu meiri og hærri í þessu sambandi. Hann vill að fjármagnið njóti sérkjara, samfélagið tryggi að þeir sem eiga fjármagn hafi betri aðstöðu en þeir sem eiga ekkert til að selja og ekkert til að lifa af nema vinnuafl sitt. Það er þetta grundvallaratriði sem hv. þm. botnar ekkert í.

Varðandi það í öðru lagi að sveitarfélögunum sé engin vorkunn. Það er enginn að tala um vorkunnsemi til eða frá. Ég var bara að tala um mannasiði, þ.e. þá mannasiði að rætt sé við sveitarfélögin því á sama tíma og þessar viðræður eru í gangi við sveitarfélögin um að flytja grunnskólann til og senda með grunnskólanum 250 millj. kr. er verið að taka ákvörðun um það í öðru stjfrv. að skattleggja sveitarfélögin um 300–400 millj. kr. Þessi framkoma við sveitarfélögin er fyrir neðan allar hellur en ég skil vel af hverju þessi framkoma er eins og hún er þegar ég heyri tóninn í hv. þm. því að ég hef engan þingmann nokkru sinni heyrt tala um sveitarfélögin með jafnmikilli lítilsvirðingu og hv. þm. gerði áðan og áður í ræðum sínum.

[12:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hv. þm. Svavari Gestssyni að sú afstaða sem birtist hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal til sveitarfélaganna sé dæmigerð fyrir ríkisstjórnina. Ég held einfaldlega að það hafi komið fram í máli hæstv. fjmrh. að sveitarfélögin gleymdust og það er táknrænt fyrir vinnubrögðin í þessu máli. Hv. þm. reifaði mjög rækilega hvernig sveitarfélögin munu, ef frv. ríkisstjórnarinnar verður að lögum, tapa rösklega 200 millj. kr. Annars vegar vegna þess að ýmsir skattskyldir tekjuflokkar eins og arðgreiðslur, söluhagnaður og húsaleigutekjur verður flutt úr útsvarsstofninum og hins vegar vegna þess að vaxtatekjur sveitarfélaganna eru 750 millj. og verða þá skattskyldar um 75 millj. En ég held að þar fyrir utan séu aðrar skattasmugur í frv. ríkisstjórnarinnar sem munu leiða til verulegs taps sveitarfélaganna. Ég tel nauðsynlegt að halda því til haga í þessari upptalningu hv. þm. Svavars Gestssonar. Það er svo að samkvæmt skattasmugunum í frv. geta einstaklingar í atvinnurekstri breytt sér yfir í lögaðila, breytt sér yfir í ehf. og hf. og þá um leið veldur það því að sveitarfélögin tapa útsvarsstofni og ég held að þegar menn skoða þetta mál þá bætist við tap sveitarfélaganna vegna frv. ríkisstjórnarflokkanna sem nemur einhverjum hundruðum milljóna.

[12:14]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um að þarf að taka allt öðruvísi á málefnum sveitarfélaganna en gert er af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Spurningin er sú hvort ekki er óhjákvæmilegt að fjallað verði um þetta mál á jafnvel breiðari vettvangi en eingöngu á vettvangi hv. efh.- og viðskn. Það er spurning hvort sveitarfélaganefndin, þ.e. félmn., þarf ekki að fá þessa meðferð á sveitarfélögunum sem hér er uppi til sérstakrar meðferðar. Félmn. sendi í gegnum þingið fyrr í vetur frv. sem hafði í för með sér gífurlegt tekjutap fyrir Reykjavíkurborg og ég held að það sé ljóst að eftir þau mistök, liggur mér við að segja, þá sé vilji til þess í félmn. að taka á þessum málum með heildstæðari hætti en áður hefur verið gert. Þess vegna vil ég beina því til hv. þm. sem eru í efh.- og viðskn. að það verði kannað að sveitarfélaganefndin, þ.e. félmn., fái þessi mál sérstaklega til meðferðar.

Herra forseti. Að lokum vil ég vekja athygli á því þar sem ekki hafa fleiri beðið um orðið vegna andsvars við ræðu minni að hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., kýs að svara ekki þeim spurningum um framkomu Sjálfstfl. sem ég bar hér fram áðan. Mér finnst sú þögn býsna upplýsandi.

[12:16]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa um þinghaldið í dag til viðbótar því sem sagt var í upphafi fundarins. Það var gert ráð fyrir að þessari umræðu gæti lokið um klukkan eitt. Það sýnist nú mögulegt ef hv. þm. stytta mál sitt og ekki bætast fleiri á mælendaskrá. Að lokinni þessari umræðu verður gert hálfrar klukkustundar hlé. Þá verður utandagskrárumræða eins og áður var tilkynnt en að henni lokinni verður vikið aðeins frá röð dagskrármála þannig að 9. dagskrármálið, Tekjustofnar sveitarfélaga, verður tekið fyrir á undan 5. málinu. Síðan heldur röðin áfram en það er vafamál með 10. dagskrármálið þar sem hæstv. samgrh. hefur verið veðurtepptur úti á landi.

Forseti gerir ráð fyrir að 13. og 14. dagskrármál, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri, komi ekki til umræðu í dag en væntanlega á mánudag. Forseti stefnir að því að ljúka fundi nokkru fyrr en ætlað var á fundi með þingflokksformönnum í gær. Vonast er til að fundi gæti lokið um klukkan 16.30 eða jafnvel fyrr og er þingnefndum þannig gefinn tími til að starfa ef nauðsyn krefur.

[12:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég mun verða við beiðni forseta um að stytta mál mitt svo fundi megi ljúka tímanlega enda hafa hér verið fluttar margar efnismiklar, ítarlegar og málefnalegar ræður um það frv. sem hér er til umræðu. Þó eru eitt eða tvö efni sem ég vil víkja sérstaklega að og þá ekki síst að aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að þessu máli.

Ég vil byrja á að lýsa fullum stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu og flutt er af flokksformönnum, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur. Þær leiðir til skattlagningar sem þeirra frv. gerir ráð fyrir eru að mínu mati skynsamlegar, hugsunin er sú að í reynd beri einvörðungu raunávöxtun af fjármagni skatt og að skattlagningin fari fram innan núverandi skattkerfis, þ.e. myndi sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum.

Það er löngu tímabært að tekjur af fjármagni séu skattlagðar eins og aðrar tekjur og má undrun sæta hversu lengi fjármagnseigendur hafa fengið því áorkað að vera undanþegnir þeirri sjálfsögðu kvöð að greiða til samfélagsins eins og aðrir. Enn hlálegra er það fyrir þá sök að burðugustu fjármagnseigendurnir eru jafnframt í hópi auðugustu einstaklinga landsins. Það á hins vegar ekki við um alla sem hafa tekjur af fjármagni og af þeim sökum er mikilvægt að skattleysismörk hlífi lágtekjufólki og meðaltekjufólki. Það segir sig sjálft að hagur stóru fjármagnseigendanna er hins vegar sá að skattprósentan sé sem lægst, skattleysismörkin skipta þá aðila hins vegar afar litlu máli, þ.e. almennu skattleysismörkin, nema hvað í frv. ríkisstjórnarinnar verða skattleysismörk hátekjumanna gagnvart fjármagnstekjum færð í u.þ.b. 2,8 millj. á einstakling og yfir 5,5 millj. kr. á hjón, þ.e. fólk sem hefur einvörðungu tekjur af fjármagni upp að þessum upphæðum þarf ekki að greiða eina einustu krónu í skatta.

Í frv. ríkisstjórnarinnar er gert annað og meira. Eins og fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar fjallar frv. ríkisstjórnarinnar aðeins að hluta til um skattlagningu á vaxtatekjur af fjármagni. Það frv. fjallar fyrst og fremst um stórfellda niðurfellingu á sköttum á arðgreiðslum og að ívilna hinum efnameiri í þjóðfélaginu. Niðurstaðan gæti því hugsanlega orðið sú samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar að um skattalækkanir yrði að ræða, þ.e. minni tekjur fyrir ríkissjóð.

En hvers vegna og til hvers er leikurinn gerður? Menn hafa löngum spurt sig hvernig á því standi að miklar fjármagnstekjur skuli ekki vera skattlagðar. Eftir því sem tíminn hefur liðið hefur þeim að sönnu fækkað sem hafa spurt sig þeirrar spurningar því svarið hefur verið augljóst. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur verið sérstaklega annt um að vernda þennan hluta samfélagsins, þ.e. þá sem hafa efnin, þá sem eiga fjármagnið. En andstaðan í þjóðfélaginu hefur engu að síður farið vaxandi. Ranglætið hefur verið hverju barni svo augljóst að um þessi efni hefur verið talað mjög varfærnislega í Stjórnarráðinu.

Fyrir tæpum fjórum árum var síðan kveðið upp úr með það af hálfu forsrh. að nauðsynlegt væri að setja á fjármagnsskatt af sálfræðilegum ástæðum. Af sálfræðilegum ástæðum, sagði hæstv. forsrh. Það þyrfti að setja á fjármagnstekjuskatt til að friða fólk, friða verkalýðshreyfinguna og til að þjóðin héldi ró sinni. Ekki að undra að þessi sama þjóð hefur í hálfan annan áratug búið við einhverja hæstu vexti sem finnast á byggðu bóli en jafnframt verið nær eina þjóðin innan OECD sem ekki hefur skattlagt þann gróða sem hátt vaxtastig hefur fært eigendum fjármagnsins. Það var t.d. rangt sem fram kom í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich hér áðan að Bandaríkjamenn greiddu ekki skatt af vöxtum eða skatt af arði. Þvert á móti eru vextir og arður skattlagðir í Bandaríkjunum eftir á samkvæmt sömu reglum og gilda um aðrar skattskyldar tekjur.

Til upprifjunar nefndi ég að fyrir tæpum fjórum árum sagði hæstv. forsrh. að það þyrfti af sálfræðilegum ástæðum að setja hér á vaxtatekjuskatt til að friða menn. Frv. þess efnis hefur nú verið sett fram. Frv. ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að skattlagning af arði, útgreiddum gróða, lækki úr 42–47% niður í 10% en til að vega þar upp á móti kemur síðan 10% flatur fjármagnstekjuskattur með þeim undantekningum sem ég vék að áðan, skattleysismörkum fyrir hátekjumenn í fjármagnsgróðanum upp á 2,8 millj. kr. fyrir einstaklinga og yfir 5,5 millj. kr. fyrir hjón.

Í umræðum um þessi frv. tvö hefur verið sýnt fram á hvernig frv. ríkisstjórnarinnar lækkar skatta hjá stórefnafólki en hinn almenni sparifjáreigandi er látinn borga brúsann. Einhverju þarf að kosta til, sagði hæstv. utanrrh. hér í umræðu í gær. Það þarf stundum að kaupa hlutina einhverju verði, sagði hann. Og tók síðan til við að hafa yfir hugmyndafræði reaganismans um það hvernig skattalækkanir á fyrirtæki gögnuðust öllum þegar fram líða stundir.

Stórfenglegastar af öllu eru hins vegar yfirlýsingar um að þetta séu einhverjar sérstakar kröfur verkalýðshreyfingarinnar. Innan ASÍ munu vissulega hafa verið orðaðar hugmyndir um 10% fjármagnstekjuskatt en aldrei hef ég heyrt þau samtök leggja sérstaklega til stórfelldar skattalækkanir á arðgreiðslur. Það hefur aldrei komið fram hjá þeim samtökum. Öðrum heildarsamtökum á vinnumarkaði hefur verið haldið fyrir utan þessa vinnu, beinlínis verið haldið frá þessari vinnu. Má nefna sem dæmi að þegar þessi vinna var að fara í gang óskaði BSRB skriflega formlega eftir því við ríkisstjórnina að fá að koma að þessu máli. Þær kröfur voru hins vegar hunsaðar. Allt tal um að stjfrv. sé eitthvert sérstakt plagg verkalýðshreyfingarinnar er því rangt, þetta eru rangar fullyrðingar og reyndar ótrúlega ósvífnar. Það er ósvífni að halda því fram að þetta frv. sem ríkisstjórnin reiðir nú fram um stórfelldar skattívilnanir fyrir hátekjumenn landsins, skattívilnanir til þeirra sem njóta arðgreiðslna eða mikilla tekna af fjármagni, séu á forsendum verkalýðshreyfingarinnar. Það er rangt, beinlínis rangt.

Er þá komið að síðasta kafla þessa máls. Ef menn ekki samþykkja skattalækkunarfrv. ríkisstjórnarinnar með öllum ívilnunum til stóreignafólksins hafa menn komið í veg fyrir að hér verði settur á fjármagnstekjuskattur. Þetta bunaði upp úr mörgum talsmönnum ríkisstjórnarinnar í gær. Ég vissi ekki betur en ríkisstjórnin hefði það á stefnuskrá sinni að koma hér á fjármagnstekjuskatti. Ég vissi ekki betur en að hún hefði lofað kjósendum því að koma hér á fjármagnstekjuskatti. Það mun ég fyrir mitt leyti styðja en ég á erfitt með að kyngja síkum skatti sem eins konar eftirrétti á eftir

aðalréttinum á veisluborði fjmrh., skattalækkun til stórefnamanna upp á hundruð milljóna kr. Það þarf meira en litla ósvífni til að reyna að stilla heilu þingi og heilli þjóð upp við vegg með þessum hætti.

[12:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta hefur um margt verið athyglisverð umræða og óvenjuleg enda nokkuð sérstök staða uppi í þessu máli. Eru þó ekki allir þeir undirstraumar að mínu mati sem bak við málið liggja uppi á yfirborðinu í umræðunni. Ég kem kannski aðeins að því síðar undir lok ræðu minnar, herra forseti, ef tíminn leyfir að fara aðeins ofan í djúpsálarfræðina á bak við þetta mál. Hún á sér reyndar orðið alllangan aðdraganda og allmikla sögu í íslenskum stjórnmálum þessi mikla umræða um fjármagnstekjuskatt. Þetta hefur verið baráttumál mitt og míns flokks lengi.

Lengi var það okkar hlutskipti að vera tiltölulega einir boðberar þess að það væri óþolandi mismunun að tekjur, sem fólk hefði jafnvel í stórum stíl vegna þess að peningar væru að ávaxtast eða pappírar og skjöl lægju einhvers staðar í skúffum og tækju á sig rentur, væru með öllu skattfrjálsar á sama tíma og skattpíning almennings sem vinnur hörðum höndum fyrir sínum launum er umtalsverð. Þar er ekki verið að tala um nettóskatta eða einhverjar lágar prósentur heldur eru nánast allar tekjur launamanna skattlagðar án tillits til þess kostnaðar sem þeir hafa af því að reyna að framfleyta sér.

Að mínu mati hefði samræmingin þess vegna fyrst og fremst átt að snúa að því að samræma skattalega meðferð tekna. Ég skrifa ekki upp á það sem ég heyri æ oftar í umræðunum um þetta mál að aðalsamræmingarverkefnið í þessu sambandi sé að samræma innbyrðis skattlagningu vaxta eða arðs en ekki að samræma skattlagningu tekna, hvernig sem þær verða til. Á þessu tvennu er grundvallarmunur. Ef menn nálgast þetta frá fyrra markmiðinu, því sem ég tala fyrir, þá er að sjálfsögðu eðlileg nálgun að sú samræming fari fram í hinu almenna tekjuskattskerfi en það sé ekki búið til annað skattkerfi fyrir tekjur sem verða til með öðrum hætti en þeim að menn vinni fyrir þeim með hug eða höndum.

Það er annað sem mikið er rætt um í þessu sambandi og oft kemur upp í umræðum um skattamál. Það er spurningin um einfaldleika versus réttlæti. Á köflum gerast ýmsir ákafir talsmenn hinna einföldu aðferða í skattamálum og telja að þær verði þegar upp er staðið alltaf bestar. Ég gat ekki betur heyrt en formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., væri mjög í þeim ham í gærkvöldi. Það hefur hann ekki alltaf verið. Við þekkjum þessi rök um einfaldleikann versus réttlætið líka úr hinni langvinnu umræðu um matarskatt sem hér var lítillega rifjuð upp í gærkvöldi og fór fram á Alþingi veturinn 1987–1988. Staðreyndin er sú að það hefur engin þjóð sem ég þekki til treyst sér til þess að velja annaðhvort eða í þessum efnum, einfaldleikann eða réttlætið að svo miklu leyti sem slíkt er ekki samrýmanlegt í skattkerfinu. Niðurstaðan er nánast án undantekninga blönduð leið þar sem menn reyna auðvitað að hafa leikreglurnar tiltölulega einfaldar og skýrar. En menn viðurkenna að til þess að ná öðrum markmiðum fram verður oft að velja að einhverju leyti flóknari leiðir. Og hver eru þessu önnur markmið? Það eru auðvitað fyrst og fremst markmið um að skattkerfið sé sanngjarnt og réttlátt og það hafi eftir atvikum í sér frekar tekjujafnandi áhrif í samfélaginu heldur en öfugt.

Ef við aðeins stöldum við þessar tvær mismunandi útfærslur sem eru á borðum þingmanna nú, þ.e. annars vegar stjfrv. og hins vegar frv. formanna þriggja stjórnarandstöðuflokka, þá eru meginrökin sem færð eru fram af stjórnarsinnum fyrir sinni útgáfu, 10% bráttóskatti á vaxtatekjur, einfaldleikinn, þ.e. að þetta sé svo einfalt, skýrt og gott kerfi sem gangi smurt og snurðulaust og þar með sé betra að taka það. Það verði þá að mæta afgangi að hve miklu leyti það sé sanngjarnt og réttlátt eða tekjujafnandi að leggja á skatt með þessum hætti. En er í reynd verið að einfalda íslenska skattkerfið með þessu? Er verið að því? Ég segi nei. Það sem er að gerast er að það er að verða til alveg nýr skattflokkur í landinu. Það er verið að taka út úr tekjuskattskerfinu skattlagningu fjölmargra tekjuþátta eins og arðs og söluhagnaðar og færa þetta ásamt með upptöku þá skatta á vaxtatekjur, yfir í alveg nýtt skattkerfi utan við hið almenna tekju- og eignarskattskerfi. Þar með er þetta ekki lengur að mínu mati einföldun í skattamálum heldur beinlínis flæking. Þetta býr til tvenns konar skattkerfi gagnvart skattlagningu tekna þar sem þær eru flokkaðar niður á þennan sérkennilega hátt. Síðan er valin miklu vægari skattlagning á þann tekjuflokkinn sem telst til vaxtatekna, arðs, söluhagnaðar o.s.frv. Með öðrum orðum, það á þá að fara að festa í sessi mjög skarpan greinarmun á tekjum eftir uppruna þeirra að þessu leyti, þar sem vinnutekjurnar, launatekjurnar eru skattlagðar mun þyngra en fjármagnstekjurnar. Þetta er um hina kerfislegu þætti málsins, herra forseti. Ég leyfi mér að halda því fram að einföldunarrökin falli þegar þessi staðreynd er höfð í huga. Smátt og smátt mundu þessi tvenns konar skattkerfi festast í sessi því að auðvitað verða gerðar á þessu einhverjar breytingar þegar frá líður, ef þetta verður þá varanlegt.

Sumir halda því fram að stjfrv. muni valda þvílíkri óánægju í þjóðfélaginu, verði skatturinn lagður á með þeim hætti, þegar almennir sparifjáreigendur með tiltölulega litlar innstæður og ekki ýkjamikinn sparnað en kannski tekjur sem duga til þess að þeir nýta þó persónufrádrátt sinn í skattkerfinu að fullu eða nokkurn veginn, fara að borga af sínum litlu innstæðum, að þetta verði slegið af. Þannig verði þessi aðferð ekki upphaf að lögfestingu fjármagnstekjuskatts til frambúðar á Íslandi heldur endalok tilrauna til að koma honum á. Og hver gæti þá orðið niðurstaðan af þessari útfærslu, herra forseti, ef svo færi — ég ítreka — ef svo færi að menn gæfust upp við þessa aðferð við álagningu fjármagnstekjuskatts? Jú, þá spáði ég að eftir stæði skattalækkunin gagnvart hinu. Og hvað hafa menn þá haft upp úr krafsinu? Það fer að verða kannski lítið, herra forseti.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að langstærsti gallinn á því sem stjfrv. felur í sér er þessi flata skattlagning á allan sparnað og smáupphæðirnar þar með taldar. Það er efnislegur eða tæknilegur eða pólitískur galli eða hvað menn vilja kalla það á þessari aðferð. En hann er þó alveg óskyldur hinu að til viðbótar fari menn í að lækka skattana á arði og öðrum slíkum hlutum. En það er hér gert og ég held að að sé að verða tímabært, herra forseti, og þó fyrr hefði verið, að staldra aðeins við það hvernig skattumhverfi fyrirtækja og fjármagnseigenda er að verða á Íslandi. Hvað er að gerast? Hvað hefur verið að gerast á síðustu fimm árum eða svo í þeim efnum? Ég held að það standi orðið algerlega undir þeirri einkunn að segja að það sé verið að búa til lágskattaparadís fyrir fyrirtæki og fjármagnseigendur. Það er það sem er að gerast.

Fyrir tveimur árum aflaði ég mér upplýsinga frá velflestum Evrópulöndum um það hver hin eiginlega skattbyrði

fyrirtækja og atvinnulífs væri og bar það saman við það sem þá var að gerast á Íslandi og hafði gerst missirin á undan, m.a. með niðurfellingu aðstöðugjalds og fleiri ívilnandi aðgerðum til fyrirtækja. Útkoma mín varð sú að Ísland var á góðri leið í neðsta sætið eða efsta eftir því hvoru megin við viljum hafa það, yfir lágskattalönd fyrir fyrirtæki svo að ekki væri minnst á fjármagnseigendurna sem þá voru og eru reyndar enn skattfrjálsir. Og það merkilega kom reyndar út úr þessum samanburði að þau lönd sem fylgdu fast í kjölfar Íslands og höfðu einmitt breytt sínum skattamálum með svipuðum hætti voru einmitt hin Norðurlöndin. Sú ótrúlega staðreynd var því og er þrátt fyrir allt orðin að Norðurlönd eru að verða lágskattaparadís fyrir fyrirtæki og fjármagnseigendur. En allir þekkja að skattbyrði á almenning og launatekjur eru þar einhverjar þær hæstu í heimi. Svona er skattkerfið okkar að verða.

Þegar svo litið er á ekki bara skatta sem fyrirtækin greiða beint til ríkissjóðs eða sveitarfélaga heldur launatengdur kostnaður fyrirtækjanna tekinn með, þá dregur enn í sundur því að hann er víða mun hærri en hér. Frægast er auðvitað dæmið frá Vestur-Þýskalandi þar sem þessi kostnaður fer mjög hátt.

Það er kannski ástæða til að rifja það aðeins upp, herra forseti, ef menn halda að hér sé verið að fara með einhverja staðlausa stafi hvaða helstu breytingar hafa orðið á skattalegu umhverfi fyrirtækjanna undanfarin ár.

Þar munar mestu um niðurfellingu aðstöðugjaldsins þó að þar kæmu síðan ákveðnar fjáröflunaraðgerðir á móti, en því miður fyrst og fremst í tekjuskatti einstaklinga. Skattbyrði sem nam 4–5 milljörðum kr. var því flutt frá fyrirtækjunum á þennan hátt yfir í launaskatta.

Í öðru lagi var á síðasta kjörtímabili tekjuskattur af hagnaði fyrirtækja lækkaður í tvemur þrepum úr 45% í 33% þannig að nú er hagnaður fyrirtækja skattlagður mun vægar en bruttóskattprósenta er á tekjur launamanna.

Í þriðja lagi var samþykkt sérstök flýtifyrning, viðbótarflýtifyrning á fjárfestingum í atvinnulífinu sem fyrirtæki geta nú á ákveðnu árabili nýtt sér til þess að lækka enn skattgreiðslur sínar.

Í fjórða lagi hefur verið í gangi allmyndarlegur skattfrádráttur til einstaklinga vegna hlutafjárkaupa í fyrirtækjum sem að sjálfsögðu má með nokkrum hætti heimfæra fyrirtækjunum til góða því að þar fá þau ódýrt fjármagn inn í sína uppbyggingu.

Í fimmta lagi á nú svo að færa mjög niður skattlagningu á arði fyrirtækja, ekki bara með því að færa hann úr almenna tekjuskattsþrepinu niður í þessi 10% heldur líka með því að breyta skilgreiningunni fyrir útreikning arðsgreiðsluheimilda fyrirtækjanna með því að hverfa frá því að taka nafnverð og yfir í það að taka jöfnunarverð á bréfunum. Með þessu er því verið að gera hvort tveggja í senn, að rýmka gagnvart skatti stöðu fyrirtækjanna til að greiða arð og lækka skattinn á þeim arði þegar hann er greiddur. Og ég segi nú bara: Fyrr má nú aldeilis fyrrvera. Ég tek undir það sjónarmið sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar í gærkvöldi að ég held að það þurfi að hyggja virkilega vel að því í hvora áttina straumurinn mundi verða ef þetta verður niðurstaðan. Er verið að auka möguleika fyrirtækjanna í reynd til þess að ná til sín fjármagni og halda því með þessum aðferðum? Ég efast um það. Það kann vel að vera, m.a. vegna þess að ríkissjóður mun þá með skattafrádrættinum fjármagna að miklu leyti hlutafjárkaup, að það komi talsvert fé inn í fyrirtækin, t.d. inn í einkahlutafélögin á næstu missirum eftir að þessar breytingar yrðu. En mundi það staðnæmast þar? Yrðu ekki gefin út jöfnunarbréf, greiðslugrundvöllurinn þar með aukinn í fyrirtækjunum og síðan þessi arður borgaður út í mjög háum prósentum á næstu árum. Hvað geta fáeinir stórir eigendur í einkahlutafélagi gert við þessar aðstæður sem þarna eru að koma upp eða jafnvel einyrki sem stofnar einkahlutafélag og er þar einn í stjórn, kannski með konu sinni? Eins og nýju einkahlutafélagalögin eru orðin er í raun og veru mjög mikið svigrúm og sjálfstæði hvers og eins til þess að búa um sinn rekstur í slíku einkahlutafélagi. Menn þurfa þar ekki að ræða við nokkurn nema sjálfan sig um það hvernig þeir haga málum í sínum fyrirtæki, hvaða arð þeir taka út úr því á hverjum tíma o.s.frv. Gæti það það þá ekki orðið niðurstaðan að menn veldu sér þá leið í stórum stíl, til þess að færa til sín arðinn eða tekjurnar eða hagnaðinn með öðrum hætti en þeim t.d. að borga sjálfum sér há laun hjá fyrirtækinu sem yrðu skattlögð upp á 47%, að borga sjálfum sér mikinn arð? Auðvitað. Það liggur í augum uppi að hér er verið að ganga svo langt í því að skattleggja tekjurnar á mismunandi hátt eftir því hver uppruni þeirra er að það þarf að staldra alvarlega við það atriði, herra forseti.

Ég óttast þess vegna að jafnvel sú röksemd að með þessu sé verið að styrkja stöðu atvinnulífsins til að ná til sín fé, og ekki ætla ég að tala gegn því, falli a.m.k. þegar frá líður vegna þess að það fé sem kynni að koma inn fari út aftur. Þetta verði fyrst og fremst farvegur fyrir arð og hagnað í gegnum fyrirtækin og aftur út til eigenda sinna. Og hverju erum við þá bættari í því tilliti að skapa ný störf eða styrkja stöðu atvinnulífsins að þessu leyti? Mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram í umræðunum að það standi til að hrófla við hlutafjárfrádrættinum. Og þegar þetta allt er skoðað í samhengi, þá held ég að það verði verulega að fara að huga að því umhverfi sem hér hefur verið að myndast á sama tíma og skattbyrðin á almennum launamönnum er meiri en nokkru sinni fyrr. Það eru hærri raunskattar núna á launatekjur en nokkurn tímann áður í Íslandssögunni. Skattbyrðin hefur verið færð til um miklar fjárhæðir á undanförnum árum yfir á hinar almennu launatekjur þannig að Ísland er komið þar í alveg stóralvarlega stöðu.

Hér er líka ástæða til að staldra við spurninguna um áhrif á tekjur ríkissjóðs vegna þess að ef þessi þróun gæti til viðbótar því að tekjuöflunargildi stjfrv. er óverulegt, miklu minna en menn höfðu bundið vonir við að fjármagnstekjuskattur gæti skilað, þá gætu bakreikningarnir á komandi árum, m.a. í gegnum auknar frádráttarheimildir fyrirtækjanna til arðgreiðslna og afsláttar á hlutafjárkaupum étið upp það litla sem að nafninu til á að hafast út úr þessu fyrir ríkissjóð. Það gæti nefnilega farið svo að þar kæmu verulegir bakreikningar sem drægju enn úr tekjuöflun gegnum þessi frumvörp.

Ég vísa svo til þess sem fleiri hafa sagt um aðkomu þessa máls á tekjum sveitarfélaganna en það er alveg dæmalaust hvernig með þau er alltaf farið og hvernig það er að verða að sú ríkisstjórn sem nú situr virðist gersamlega vera farin að hunsa að eiga með nokkrum venjulegum kurteisisvenjum samskipti við aðila í þjóðfélaginu og nægir þá að taka þá stöðu sem uppi er í samskiptum við verkalýðshreyfinguna og þetta lýsandi dæmi um lítilsvirðinguna gagnvart þessu sjálfstæða stjórnsýslustigi sem sveitarfélögin eru. Það á að hafa við þau samráð eftir á, sagði hæstv. fjmrh. áðan. Fyrst eru menn löðrungaðir og vaðið yfir þá en svo er í lagi að tala við þá þegar búið er að gera breytingarnar. Ef þetta verður að

lögum, sagði fjmrh., þá kannski tölum við við sveitarfélögin, ekki beinlínis með þeim orðum, herra forseti, en nálægt því. Þá mætti líta á það að ræða við sveitarfélögin þegar búið væri að rífa af þeim þessar tekjur einhliða. Þetta alveg með ólíkindum á sama tíma og menn telja sig standa í einhverjum samningaviðræðum við þetta sama stjórnvald, ríkisstjórnina, um tilfærslu verkefna og tekjustofna og annað því um líkt. Það er nýbúið að lögfesta á Íslandi sáttmálann um sjálfstæði sveitarfélaga og sveitarstjórnarstigsins, evrópskan sáttmála sem við erum skuldbundin af og svo er hann meðhöndlaður svona.

Herra forseti. Ég bind enn vonir við að það takist á Alþingi að ná skynsamlegri lendingu gagnvart skattlagningu fjármagnstekna, að það finnist tæknileg og pólitísk niðurstaða sem verði farsæl og slík skattlagning verði réttlát og sanngjörn og tekjujafnandi. Það sem ég bið fyrst og fremst um er að menn fari að reyna að fara út í umræður um þessi mál á efnislegum grundvelli, varðandi efnislegt inntak málsins, hætti þessu þrasi um söguna sem engu máli skiptir í sjálfu sér. Það er spurningin um hina efnislegu niðurstöðu sem verður að ráða ferðinni, að það finnist lending sem sæmileg sátt geti orðið um og hafi í sér fólgna þá niðurstöðu varðandi bæði jafnt skattatæknileg atriði, hún sé vönduð sem slík en líka réttlát, sanngjörn og tekjujafnandi þannig að allir geti sæmilega við unað. Það getur auðvitað ekki gengið til frambúðar að við Íslendingar nánast einir þjóða búum við þá mismunun hvað þessa skattlagningu tekna snertir sem hér hefur viðgengist og sem betur fer held ég að formælendur þess séu að verða fáir að Ísland verði áfram þessi sérstaka skattaparadís stóreignafólks og fjármagnseigenda sem við höfum verið og er auðvitað hneyksli, ekki síst í ljósi lífskjaranna eins og þau hafa þróast á undanförnum árum, erfiðleika í sambandi við rekstur velferðarkerfis og þá þætti aðra sem ég hef gert að umtalsefni.

[12:49]

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Í desember 1994 skuldbundu þáverandi stjórnarflokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., sig til þess að beita sér fyrir því að koma á fjármagnstekjuskatti. Það var gert með sérstökum ríkisstjórnaryfirlýsingum. Því var lýst yfir að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að koma á laggirnar nefnd með fulltrúum allra flokka og fulltrúum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Er það rétt sem hæstv. fjmrh. hélt fram að ríkisstjórnin hefði tekið bindandi afstöðu til útfærslu skattsins? Svarið við því er nei. Nefndinni var ætlað að útfæra skattinn og þá vissu allir að um tvær leiðir var að velja. Hugmyndir sem ASÍ hafði reifað árið 1993 um 10% flatan nafnvaxtarskatt og leið sem lengi hefur verið könnuð lá fyrir í mörgum skýrslum um það að þessi skattlagning skyldi vera innan tekjuskattskerfisins.

Fyrri ríkisstjórn hafði ekki bundið sig af niðurstöðum. Fjmrh. hafði 1993 skipað nefnd til þess að vinna í málinu en þar var ósamkomulag í nefndinni. T.d. hafði formaður þingflokks Alþfl., Rannveig Guðmundsdóttir lýst yfir eindreginni andstöðu við þá leið að fara í 10% flatan nafnvaxtarskatt.

Hver er þá afstaða Sjálfstfl.? Hún var þessi: Við skuldbundum okkur til þess að vinna að því að fjármagnstekjuskattur skyldi lögfestur um áramótin 1995/1996 og óskuðum eftir atbeina annarra stjórnmálaflokka til þess. Eftir stóð valið milli leiða. Það eina sem Sjálfstfl. hefur ævinlega hamrað á í þessu efni er það að tekjur, sem kæmu inn fyrir fjármagnstekjuskatt, ætti að nota til þess að lækka eignarskatta vegna þess að það væri óeðlilegt að þeim væri haldið jafnháum eftir að farið væri að skattleggja tekjur af peningalegum eignum. Hefur Alþýðusambandið og verkalýðshreyfingin skuldbundið sig til þess að fylgja annarri hvorri leiðinni? Svarið við því er já að því er varðar Alþýðusambandið. Það hafði lýst því yfir að það féllist á og styddi 10% flatan nafnvaxtarskatt. En spurningin er þessi eins og fram kom í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar: Hefur Alþýðusambandið jafnframt uppáskrifað þá stefnu að tilefni þess að setja á fjármagnstekjuskatt skyldi notað til þess að lækka í stórum stíl skattálagningarprósentur á sumar fjármagnstekjur eins og arð, söluhagnað, gengishagnað, leigutekjur o.s.frv.? Það er spurning sem forusta ASÍ verður að svara og væri þörf á því að fá það upplýst. Eru menn að halda því fram að Alþýðusambandið hafi gert samkomulag við Vinnuveitendasambandið um einhvers konar kaup kaups, þ.e. að Alþýðusambandið féllist á þessar stórfelldu skattlagningar á fjármagnstekjum gegn einhverju sem þeir fengju í staðinn? Enginn hefur treyst sér til þess að upplýsa það.

Það eina sem hefur breyst frá því að málið var sett í farveg er þess vegna sú tillaga sem komin er að frumkvæði sjálfstæðismanna um það að ekki skuli bara leggja á þennan flata skatt heldur það sem ég kalla smyglgóssið sem skiptir sköpum um skattaleg áhrif frv. Ef menn eru að spyrja um samkomulag er samt spurningin um þetta: Hefur einhver bundið sig af því að fylgja því? Hefur Alþfl. gert það? Hafa stjórnarflokkarnir gert það? Hefur verkalýðshreyfingin gert það? Þeirri spurningu þarf að svara af hálfu verkalýðshreyfingarinnar.

Í öllum samanburðarfræðum á þessum tveimur leiðum segja menn: Flati skatturinn hefur þann kost að vera einfaldur í framkvæmd. Það má út af fyrir sig taka undir það um þá tillögu eina og sér. Hitt er svo annað mál að það að búa til sérstaka skattlagningu á arð, söluhagnað, leigutekjur o.s.frv. er ekki til þess að einfalda þetta kerfi og skattaleg áhrif þess sem engir úr röðum stjórnarliða vilja ræða eru stærstu skattalegu áhrif frv. Það er af þessu nýmæli. Að því er varðar þessi samanburðarfræði um einfaldleikann er svarið þetta: Með því að halda sig innan tekjuskattskerfisins sem allt skattkerfi okkar varðandi tekjur og reyndar bótakerfi snýst um erum við að viðhalda bæði skattkerfi og framkvæmd sem fyrir er með einföldum og fyrirhafnarlausum hætti þannig að hann verður ekki gagnrýndur út frá því að hann sé flókinn eða neitt þess háttar. Þeir sem mæla með 10% flötum skatti eru þá jafnframt að mæla með afleiðingunum sem eru þær að allur þorri launafólks á Íslandi er með sitt litla sparifé á reikningum í bankakerfinu sem bera neikvæða vexti. Allur þorri þess fólks mun þess vegna fá skatt á neikvæða vexti og verðbótaþátt jafnvel þótt þeir borgi vaxtagjöld á skuldum sínum sem eru miklu hærri. Ég verð að segja það eins og er að mig undrar stórlega að pólitísk samtök eins og Kvennalistinn skuli segja: Já, við skulum fallast á þessa leið. Ég hefði haldið að þau samtök teldu að megintilgangurinn með þessari skattlagningu ætti að vera tekjujöfnun í þjóðfélaginu en ekki aukinn ójöfnuður.

Þegar menn eru að bera saman þessi kerfi verða menn að athuga að aðalatriðið í tillögum okkar eru í fyrsta lagi að við erum innan hins þekkta og kunna tekjuskattskerfis. Í annan stað: Við förum sömu leið og ríkisstjórnin hefur gert gagnvart lífeyrisþegum. Við skilgreinum að það komi ekki allar fjármagnstekjur til skatts heldur einungis 60%. Í þriðja

lagi höfum við frítekjumark og þetta þýðir einfaldlega að allur þorri venjulegra sparifjáreigenda verður undanþeginn þessum skatti. Sá hópur sem raunverulega ber skattinn er tiltölulega mjög fámennur.

Það er verið að afnema bankaleynd, segja menn. Það er rangt. Það verður valkvætt og það þýðir einfaldlega að sá launþegi sem veit að vaxtatekjur hans eru innan frítekjumarka getur einfaldlega fallist á að bankakerfið gefi þær upplýsingar til skattkerfisins þá verður hann ekki í staðgreiðslu heldur bætast hans litlu vaxtatekjur við tekjur hans í eftiráuppgjöri til tekjuskatts. Þetta þýðir einfaldlega að hinir tekjulágu bæði gagnvart launum og litlum vaxtatekjum verða áfram skattlausir ef þeir eru innan skattfrelsismarka eða mjög lágt skattaðir. Síðan er verið að reyna að halda því fram að frítekjumörk innan tekjuskattskerfisins séu svo flókin að þau megi misnota t.d. með því að sá sem á umtalsverðar upphæðir í peningalegum eignum, kannski milljónir eða tugi milljóna, verði hvattur til að fallist í þá freistni að deila þessum eignum sínum á börn eða fjölskyldumeðlimi. Það er athyglisvert að helsti talsmaður þessa skatts, þ.e. stjfrv., hv. þm. Pétur Blöndal, lýsti því yfir að bankaleyndin væri alveg sérstaklega nauðsynleg til þess að verja raunverulega fjáreigendur fyrir börnum þeirra og er tekið undir af hv. þm. Kvennalistans sem töluðu um terrorisma gagnvart gömlu fólki.

Lykilspurningin um áhrif skattlagningar á þætti eins og sparnað, vaxtahækkun eða fjárflótta úr landi. Fyrsta atriðið sem maður ætti að staldra við er þetta: Á Íslandi er núllskattur á vaxtatekjur. Vextir í bankakerfinu eru hærri en í flestum öðrum löndum. Samt er sparnaður minni. Hvað ætla menn að álykta út frá þessu?

Í annan stað: Ætla menn að halda því fram ef allur þorri venjulegra sparifjáreigenda ber ekki skattinn að það hafi þau áhrif að vextir hækki eða bankarnir fari að auka sinn vaxtamun? Það er afar ósennilegt að þeir sem verða ekki varir við skatt bregðist við honum á einhvern þann veg. Allt þetta tal um alþjóðlegan samanburð er í hæsta lagi undarlegt. Hér hefur verið farið með tómt fleipur um það efni vegna þess að staðreyndirnar eru þessar: Af 24 ríkjum í OECD eru öll nema sex sem fara þá leið sem við formenn stjórnarandstöðuflokkanna leggjum til, þ.e. skattlagning á vexti og fjármagnstekjur er innan tekjuskattskerfisins og útfærslan að öðru leyti að því er varðar frítekjumörk mismunandi. En allir fara þá leið að búa ekki til sérstakt skattkerfi um sumar fjármagnstekjur þannig að við erum að fara nákvæmlega sömu leið og allur þorri ríkja í OECD.

Í annan stað: Að því er varðar upphæð skattsins er staðreynd að það er leitun að þeim löndum sem eru með lægri skattlagningu en við leggjum til vegna þess að það er staðreynd og þýðir ekki að vera með neitt meðaltalstal um það að eins og við leggjum upp skattstofninn, skilgreinum hann sem 60% af framtöldum tekjum og höfum frítekjumörk, þá er hin raunverulega skattprósenta 11% í upphafi. Ekkert land er reyndar með svo lágan skatt í þessum töflum og af þessum 24 ríkjum, meira segja ef við tölum um 25% í staðgreiðslukerfi á nafnvexti, sem mundi lenda á tiltölulega fáum fjármagnseigendum, erum við samt meðal sex neðstu ríkja. Með öðrum orðum, skattlagning á vexti og fjármagnstekjur í þessum löndum er í sama kerfi og við leggjum til en hún er víðast hvar til mikilla muna hærri en við leggjum til. Síðan tala menn um fjárflótta. Hvert ætla menn að flýja ef þeir ætla að flýja til þessara landa? Það er þá helst spurning um Grikkland og Tyrkland og eru það trúverðug rök í almennri umræðu að íslenskir fjármagnseigendur mundu helst leita þangað? Mundu þeir taka þá gengisáhættu? (**Gripið fram í:** Af hverju leggurðu þá ekki til ...?) Ég er margbúinn að færa rökin fyrir því hvers vegna það er gert. Það eru veigamikil rök fyrir því að skattlagning á fjármagnstekjur verði ekki í þessari sömu prósentu eins og sum önnur lönd hafa valið. Það er bara ekki hægt af hálfu þeirra sem segjast styðja eða geta sætt sig við tillögu ríkisstjórnarflokkanna að segja: Já, við getum sætt okkur við hana en við getum ekki fallist á tillögur formannanna af því að álagningarprósentan er of há. Þau rök standast ekki. Síðan eru ein rök sem þeir nota og þau eru þessi: Þrátt fyrir alla galla hins flata 10% skatts og þrátt fyrir að greiðslubyrðin er óréttlát er þetta samt til vinnandi vegna þess að það mun stuðla að eflingu atvinnulífs, hvetja almenning til að fjárfesta í fyrirtækjum.

Þegar verið er að ræða um útflutningsleið Alþb. og efnahagsvillidýrin í Asíu, voru menn stundum að líta á hlutverk ríkisins og skattkerfið í þróun þessara landa, hvað stjórnvöld gerðu til þess að örva atvinnulífið. Og hvað er það sem þau hafa gert? Í Japan? Í borgríki eins og Singapore? Og reyndar í þýska efnahagsundrinu á sínum tíma? Þeir fóru þveröfuga leið á við það sem hér er verið að boða. Þeir skattlögðu útgreiddan arð til eigenda fyrirtækja upp í topp innan síns tekjuskattskerfis, m.a. í Þýskalandi, en þeir lækkuðu mjög skattlagningu á hagnað fyrirtækja til þess að hvetja fjármagnseigendur til að halda fjármagninu virku innan fyrirtækjanna sem auðvitað styrkir stórlega eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Eitt meginatriðið í tillögum stjórnarflokkanna er nýjar heimildir til uppfærslu á nafnverði hlutabréfa sem mun þýða stórauknar arðgreiðslur út úr fyrirtækjum til eigenda. Það hefur enginn maður fært sönnur á það í þessum umræðum að þessi leið, sem er gamalkunn úr hagfræði og mjög umdeild, sé líklega leiðin til að örva fjárfestingu eða skapa atvinnu á Íslandi. Lítum á okkar hagkerfi. Hverjir eru stóru fjárfestarnir í íslensku atvinnulífi? Það eru lífeyrissjóðirnir. Staða þeirra er alveg óbreytt, þeir eru utan skattkerfisins í báðum tillögum. Og hverjir aðrir? Það eru tiltölulega fáir stórir fjárfestar sem eru eigendur í fyrirtækjum. Hvað um almenning og fjárfestingu hans í hlutabréfum? Það eru í gildi ákveðin skattfrádráttarákvæði sem eiga að hvetja einstaklinga til þess að leggja fé í fyrirtæki. Það er takmarkað við ákveðnar upphæðir og ákveðin tímabil en það er engu að síður ákveðin hvatning. Að því er varðar samanburð á skattlagningu fyrirtækja á Íslandi og í öðrum löndum höfum við stigið hvert skrefið á fætur öðru til þess að samræma þá skattlagningu þannig að skattlagning á fyrirtæki er ekki óhagstæðari hér þegar hér er komið sögu en víðast hvar annars staðar.

Í ljósi alls þessa verð ég að segja eins og er að mig undrar það einna mest í þessari umræðu að einn stjórnarandstöðuflokkanna, þ.e. Kvennalistinn, skuli annars vegar lýsa því yfir að þær tillögur sem liggja fyrir af hálfu formanna stjórnarandstöðuflokkanna séu miklu nær grundvallarsjónarmiðum Kvennalistans. Það þarf út af fyrir sig ekki að færa mörg rök fyrir því. Ég trúi því að þær vilji að þessi skattur hafi tekjujöfnunaráhrif í þjóðfélaginu eins og okkar tillögur gera en stuðli ekki að auknum ójöfnuði eins og tillögur ríkisstjórnarinnar gera. Hver eru þá rökin fyrir því að þær segja hins vegar að með því að flytja skynsamlegar tillögur sé verið að stofna fjármagnstekjuskattinum í hættu? Hver er að því? Hver er að stofna honum í hættu? Er þetta ný kenning um

þingræði? Ef stjórnarandstaðan flytur brtt. við stjfrv. þá er verið að stofna samkomulagi í hættu. Þá mun meiri hlutinn draga sínar tillögur til baka en þá ætlar stjórnarandstaðan að bregðast við með því að kalla eftir þeim aftur og fallast á þær þótt hún sé sannfærð um galla þeirra. Þetta minnir á fræga sögu af ungum Heimdellingum sem á sínum tíma gengu á fund Gunnars Thoroddsens eftir kosningar 1978. Sjálfstfl. hafði þá beðið allverulegan kosningaósigur. Í hópi þessara Heimdellinga var m.a. núverandi hæstv. forsrh. og hefur sagt frá því að þeir hafi farið á fund varaformannsins og lagt eindregið að honum að hann ætti að segja af sér. Þáverandi varaformaður Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, svaraði: Já, einmitt, viljið þið ekki bara leggja það til að í flokkslögum Sjálfstfl. standi: Nú bíður flokkurinn afhroð í kosningum og ber þá varaformanni að segja af sér. Þetta er merkileg kenning og hún minnir mig á nýju þingræðiskenninguna. Nú flytur stjórnarandstaðan brtt. við stjfrv. og ber þá meiri hlutanum að draga frv. til baka. Og kenna síðan minni hlutanum um að hafa eyðilagt málið. Ef við ættum að álykta rökrétt af þessu þýðir það að við höfum þinghaldið og ríkisstjórnina algjörlega í hendi okkar. Við munum halda áfram að flytja brtt. við stjfrv. og þá væntum við þess samkvæmt þessari kenningu að ríkisstjórnin dragi sín mál til baka.

Að lokum, herra forseti. Þessi kenning um það að verið sé að rifta einhverju samkomulagi um útfærsluna er bara falskenning. Það er verið að takast á um tvær útfærslur, ólíkar að eðli. Þær hafa ólík skattaleg áhrif og spurningin er þessi: Geta þeir sem vilja framgang fjármagnstekjuskatts komist að samkomulagi? Og þá er spurningin þessi: Það er hægt að rökræða endalaust um kosti og galla hins flata skatts, sérstaka skatts og hins að hafa þetta innan tekjuskattskerfisins. Hitt er svo annað mál að það er búið að koma á framfæri nýjum tillögum um allt annað mál, skattalækkanir sem hafa stórkostleg tilfærsluáhrif og munu valda því að ríki og sveitarfélög verði fyrir tekjutapi. Þá spyr ég: Eru stjórnarliðar reiðubúnir til þess að draga þessar tillögur sínar til baka en ræða hins vegar fyrst og fremst um það hvort menn geti komist að málamiðlun eða niðurstöðu um útfærslu á eiginlegum fjármagnstekjuskatti? Um það snýst málið. Þeir sem hafa raunverulega hent tímasprengju inn í þetta mál eru þeir sem koma með algjörlega nýjar og óskyldar tillögur. Þetta gæti hugsanlega verið útlátalítið fyrir hæstv. fjmrh. vegna þess að það vill svo til að hann hefur að störfum sérstaka nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða meginþætti íslenska skattkerfisins, ef ég er rétt upplýstur. Og hvers vegna þá ekki að vísa til slíkrar heildarendurskoðunar spurningunni um það hvað við getum frekar gert til að hvetja almenning í landinu til fjárfestingar í fyrirtækjum? Ég er sannfærður um að rétta leiðin í því efni er ekki sérsköttunarleið því hún leiðir ævinlega til sérréttinda. Það á að gera það með heildstæðum lausnum innan núverandi skattkerfis.

Virðulegi forseti. Það er augljóst af þessum umræðum að stjórnarliðar hafa meira en lítið slæman málstað að verja vegna þess að þeir verja mestum parti ræðutíma síns í að ræða aukaatriði málsins eins og t.d. nefndarálit þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar þó áskildu sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. Eða þeir segja ósatt til um forsögu málsins og tala um stefnubreytingu þegar það styðst við engin rök. En eitt forðast þeir eins og heitan eldinn og það er að ræða kjarna þess frv. sem þeir eru komnir með. Þeir vilja ekki með nokkru móti ræða að þeir eru komnir með nýjar tillögur sem gerbreyta skattalegum áhrifum þessa frv. Þeir fást ekki til þess að ræða það, þeir vitna í álit nefndarinnar og segja að í álitinu standi að þetta eigi að stuðla að tekjujöfnun. Forsenda fyrir því er sú að það verði engin viðbrögð við þessu frv. En það fólk, efnafólk í landinu, sem nú sér fram á að það er t.d. verið að skattleggja í fyrsta sinn vexti af spariskírteinum ríkissjóðs mun bregðast við. Meðal annars með því að skipta um atvinnurekstrarform til þess að komast í skattaskjól hinna snarlækkuðu skatta á arðgreiðslur, söluhagnað og leigutekjur. Afleiðingarnar af því, eins og mun koma í ljós í starfi nefndarinnar þegar sérfræðingar eru kallaðir til, munu verða þær að allar áætlanir á óbreyttum forsendum um einhverjar 600 millj. kr. tekjuöflun á þessu frv. eru staðlausir stafir og munu aldrei skila sér. Og þá verður mönnum hvorki að þeirri von sinni að unnt sé að lækka eignarskatta né heldur þeirri, sem við höfum látið í ljósi, að þetta fé megi nota til að sinna forgangsverkefni í íslenskum skattamálum, þ.e. að draga úr óhóflegri tekjutengingu bóta bæði fyrir launþega og lífeyrisþega og lækka jaðarskattana sem eru að sliga alþýðuheimilin í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:11]

Umræður utan dagskrár.

Skaðleg íblöndunarefni í bensín.

[13:48]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og tilkynnt hafði verið hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Gísli S. Einarsson. Umhvrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða. Efni umræðunnar er skaðleg íblöndunarefni í bensín.

[13:48]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. umhvrh. um þetta málefni. Mér er ljóst að ég ætti e.t.v. einnig að beina spurningum til hæstv. heilbrrh. og hæstv. viðskrh. en þeir ráðherrar hafa að sjálfsögðu tækifæri til að svara því sem heyrir til þeirra undir þessu umræðuformi.

Það var nýlega tekin ákvörðun um að hætta sölu blýbensíns hér á Íslandi og selja þess í stað íblöndunarefni í bensín þeim bifreiðaeigendum sem eiga bifreiðar með vélar sem ekki ganga á blýlausu bensíni. Þessi efni sem menn verða að blanda í bensín við hverja áfyllingu í réttum hlutföllum eru síðan geymd í farangursrými bifreiða. Þau eru að líkindum skaðleg efni, ekki einungis hvað það varðar að þau skemmi þéttingar í bensínkerfum bifreiða og valdi sprengi- og eldhættu heldur geta þau einnig verið skaðleg og hættuleg heilsu manna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að rifja upp umræðu þegar tekin var ákvörðun um að setja hvarfakúta í allar bifreiðar, en t.d. á Bretlandi er slíkur búnaður enn gagnrýndur harkalega og í ljós hafa komið alvarlegir ágallar og vandamál þeim tengd. Má t.d. nefna kostnað fyrir ríki, bifreiðaverkstæði og eigendur bifreiða vegna mælitækja og endurnýjunar búnaðarins. Það er raunar skammt síðan kostir og gallar hvarfakúta voru ræddir í íslensku heilsublaði nýlega og í Morgunblaðinu fyrir nokkrum árum. Það sem er mjög alvarlegt við ákvörðun um að hætta að selja blýbensín er aukning krabbameinsvaldandi efna, t.d. bensens, í andrúmslofti og einnig hugsanleg

tengsl milli þessara efna og lungnasjúkdóma. Ég vil nefna það sem dæmi að á Íslandi var bensínotkun árið 1994 136 þús. tonn. Spá fyrir árið 2000 gerir ráð fyrir notkun um 150.500 tonna. Með því að hætta notkun blýbensíns erum við að auka krabbameinsvaldandi efni í andrúmslofti um 40%. Eina ráðið sem ég veit gegn þessari aukningu er að taka í notkun svonefndan brennsluhvata sem getur minnkað þessi skaðlegu efni og að auki losað okkur við hvarfakút ef menn vilja það. Það er unnt að minnka arómatísk efni í bensíni úr 623 milligrömmum á rúmmetra niður í 85 milligrömm á rúmmetra ef notaður er brennsluhvati.

Eftir að hætt var sölu blýbensíns á Nýja-Sjálandi um síðustu áramót hefur um ein milljón bifreiðaeigenda þar neyðst til að nota 96 oktana bensín og orðið að nota umrædd íblöndunarefni. Á milli 1.700 og 1.800 kvartanir hafa borist vegna skemmda og leka í eldsneytiskerfum bifreiða. Um 1.000 aðilar hafa þegar fengið bætur frá olíufélögum að meðaltali um 250 dollara vegna viðgerðarkostnaðar. Það er talið að rekja megi um 56 tilvik eldsvoða í bifreiðum á Nýja-Sjálandi til þessara umræddu bætiefna og ákvörðun sem tekin hefur verið í framhaldi af því þar er að minnka þessi efni í íblöndun. Ég má til, með leyfi forseta, að vitna hér í nýsjálenskt blað þar sem vitnað er til orða forsætisráðherra Nýja-Sjálands, herra Bolgers, sem segir að ökumenn ættu að hætta notkun 96 oktana bensíns eftir að olíufélögum þar í landi tókst ekki að koma með viðhlítandi tryggingu fyrir notkun þess bensíns með íblöndunarefnum.

Enn er nokkuð eftir af því sem ég þarf að leggja fram sem rök fyrir þessu máli en ég mun geyma það og halda þá áfram í síðari hluta þess sem ég hef sem ræðutíma. En ég vil leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. umhvrh.

Þáltill. minni um notkun brennsluhvata var vísað frá umhvn. til afgreiðslu ríkisstjórnar 1995.

1. Hvað hefur verið gert varðandi þessa tillögu og hverjar eru niðurstöður umhvrn.?

2. Hafa verið gerðar ráðstafanir vegna vandamála sem munu vaxa vegna aukningar krabbameinsvaldandi efna í andrúmslofti út af því að hætt er notkun 92 oktana bensíns?

3. Hvaða athugun og rannsókn var gerð áður en leyfi var veitt til að hætta sölu á 92 oktana bensíni?

4. Hversu mikil verður aukning skaðlegra efna í andrúmslofti vegna þessarar ákvörðunar og hve mikið er reiknað með að þurfa að nota af bætiefnum vegna þessarar ákvörðunar? Hvað kostar þessi ákvörðun bifreiðaeigendur á Íslandi?

5. Er ríkisstjórnin í ábyrgð vegna þessa eða eru það olíufélögin sem verða ábyrg við skaða?

6. Ætlar umhvrn. að viðurkenna brennsluhvatann eins og umhverfisverndarstofnun í Bandaríkjunum hefur gert?

[13:54]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur lagt fyrir mig sex spurningar sem allar eru nokkuð viðamiklar og gæti tekið töluverðan tíma að svara en ég ætla að reyna að stikla á stóru. Um fyrstu spurninguna, sem fjallar um þingsályktunartillögur sem hafa verið bornar fram af hálfu málshefjanda á undanförnum þingum, er það að segja að umræddar tillögur voru lagðar fram tvisvar sinnum í tíð fyrri ríkisstjórnar og í bæði skiptin sendar ráðuneytinu með bréfi frá umhvn. þingsins þar sem óskað var eftir umsögn ráðuneytisins. Umsögn ráðuneytisins er að finna í bréfum til umhvn. Alþingis og eru svörin dagsett 15. apríl 1994 og 11. nóv. 1994. Afstaða ráðuneytisins til þess máls liggur þar fyrir. En tímans vegna er ekki hægt að lesa þau bréf upp hér eða efni þeirra enda hygg ég að hv. þm. sé það kunnugt. En ég kannast ekki við það eða ráðuneytið að það hafi að öðru leyti fengið málið til umfjöllunar eða afgreiðslu.

Önnur spurningin var um hvort gerðar hafi verið ráðstafanir vegna vandamála sem munu aukast vegna krabbameinsvaldandi efna í andrúmslofti vegna þess að ákveðið var að hætta notkun 92 oktana bensíns. Um það er það að segja að Hollustuvernd ríkisins telur engin rök fyrir því að sú ákvörðun olíufélaganna að hætta sölu 92 oktana bensíns og aukin notkun 95 oktana bensíns sem því nemur muni auka magn krabbameinsvaldandi efna í andrúmslofti hér. Þau efni eru ýmis arómatísk efni, t.d. bensen eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi. En magn bensens í bensíni er ekki háð oktantölu eldsneytisins. Þannig eru mörg dæmi um það að bensín með oktantölu 92 innihaldi meira bensen en bensín með oktantölu 98 vegna þess að hækka má oktantöluna með ýmsum öðrum efnum.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að það er ljóst að benseninnihald eldsneytisins í heild í blýsnauðu bensíni er hærra en í blýbensíni. Það er þó engan veginn víst að þetta þýði að meira bensen sleppi út í andrúmsloftið. Þvert á móti eru líkur á að magnið sé minna. Ástæðan er sú að allar nýjar bifreiðar eru búnar hvarfakútum sem m.a. virka á bensen og eyða því úr útblæstrinum áður en hann blandast viðtakanda. Bílar sem nota blýbensín eru hins vegar ekki búnir hvarfakútum en blýbensín inniheldur einnig bensen þótt í minna mæli sé. Reikna má með að bensen í blýbensíni sé 1,5–2% en í blýsnauðu bensíni 1–5%. Í þessu sambandi má geta þess að í gildi hefur verið hér á landi reglugerð frá 1987 sem kveður á um að ekki megi vera meira bensen og hexan í bensíni en 6%.

Það er óljóst hvaðan þær upplýsingar koma að með því að hætta sölu blýbensíns muni magn krabbameinsvaldandi efna í andrúmslofti vaxa um 40%. Líklega er þar stuðst við niðurstöður frá Ástralíu en ljóst að það er ekki hægt að fullyrða neitt í þessum efnum, m.a. vegna þess að þar benda niðurstöður eindregið til að ekki séu notaðir hvarfakútar á bifreiðar sem þar er miðað við og að engar upplýsingar eru um benseninnihald þess eldsneytis.

Þriðja spurning hv. þm. var: Hvaða athugun var gerð áður en leyfi var veitt til að hætta sölu 92 oktana bensíns? Því verður að svara að á vegum ráðuneytisins voru engar athuganir gerðar enda er það ekki umhvrn. að veita slíkt leyfi svo framarlega sem þær kröfur sem gerðar eru til innihaldsefna og styrks þeirra standist landslög svo sem um eiturefni og hættuleg efni. Ekkert hefur komið fram um að svo sé ekki.

Fjórða spurningin var: Hversu mikil verður aukning skaðlegra efna í andrúmsloftinu? Því er til að svara að ekki er gert ráð fyrir að um aukningu á skaðlegum efnum í andrúmslofti verði að ræða vegna þeirrar ákvörðunar að hætta sölu 92 oktana og blýlauss bensíns. Hafa skal í huga að allar nýrri bifreiðar sem ekki nota blýbensín skulu vera búnar hvarfakútum svo sem áður hefur verið nefnt. Stöðugt stærri hluti bílaflotans er þannig búinn hvarfakútum sem dregur úr magni óbrunninna eldsneytisleifa.

Engin ný bætiefni þarf að nota vegna ákvörðunar um að hætta sölu 92 oktana bensíns. Hins vegar eru notaðir bílar hér á landi sem þurfa blýbensín. Þessir bílar sem eru óverulegur og minnkandi hluti flotans þurfa bætiefni ef þeir nota blýlausa bensínið. Þau bætiefni sem um er að ræða eiga ekki að

vera skaðeg umhverfinu. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hversu mikið magn er um að ræða, en álítur það vera óverulegt þar sem bætiefnið er eingöngu notað á bíla sem að öðrum kosti þyrftu að nota blýbensín.

Síðan út af kostnaðarspurningunni þá verður að segja að ráðuneytinu er ekki kunnugt um kostnaðaráhrif þessarar ákvörðunar.

Það eru enn eftir tvær spurningar, hæstv. forseti. Önnur var um ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Ég hlýt að svara að ríkisstjórnin ber alls ekki ábyrgð á því hvaða vörur olíufélögin selja. Ef einhver ábyrgð er í því efni þá verður sá sem verður fyrir skaða að beina kröfu sinni annað.

Síðasta spurningin, hæstv. forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Spurningin var: Ætlar ráðuneytið að viðurkenna brennsluhvatann á sama hátt og gert hefur verið af hálfu Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna? Það er ekki hlutverk ráðuneytisins eða stofnana þess að fjalla um gæði og/eða virkni einstakra framleiðsluvara sem bjóðast á almennum markaði eða veita umræddum vörum viðurkenningu, heldur að gera kröfur um tiltekin lágmörk eða hámörk eftir því sem við á samkvæmt lögum og reglugerðum. Reyndar er það svo að í bréfi frá ráðuneytinu dags. 21. des. sl. hefur ráðuneytið í raun staðfest niðurstöður á viðurkenningu Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna. Því má segja að búnaðurinn hafi hlotið hliðstæða viðurkenningu hér eins og þar og að ráðuneytið hafi á þann hátt gengið eins langt í málinu og því er frekast unnt.

[14:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er um mál að ræða sem getur virst svolítið flókið en mér finnst kjarni þess vera sá hvort menn hafi verið á því að það hafi verið stigið rétt skref með því að hætta sölu á blýbensíni hérlendis sem var forsenda fyrir því að taka upp hvarfakúta sem draga úr mengandi efnum í útblæstri og þýða auk þess betri nýtingu. Ég get ekki tekið undir með hv. þm. fyrirspyrjanda að því leyti að mér finnst að í máli hans gæti gagnrýni á þessar ákvarðanir. Oft fylgja ýmsar afleiðingar slíkum ákvörðunum, m.a. tæknilegs eðlis, að framleiðendur hafi ekki búið sig undir sem skyldi að taka við slíkum ákvörðunum og það eru í rauninni þær afleiðingar sem menn eru að ræða hér og er tilefni fyrirspurnarinnar, þ.e. hvort þau íblöndunarefni sem þarf að nota á vissar gerðir bifreiða séu það mengandi að ekki sé réttlætanlegt að nota þau efni. Hæstv. umhvrh. hefur í svari sínu vísað því frá mjög eindregið að svo sé og það þarf að sjálfsögðu að standa þar á vaktinni að ekki sé um að ræða aukningu og helst auðvitað engin skaðleg efni, hvað þá krabbameinsvaldandi efni, sem fara út í andrúmsloftið og valdi heilsutjóni en útblástur bifreiða veldur mengun og skaða fyrir umhverfið. Hæstv. ráðherra nefndi reglugerð frá 1987 og ég vil leyfa mér, áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. ráðherra um 8. gr. þessarar reglugerðar þar sem segir: „Óheimilt er að auka efnum í bensín hér á landi eða selja aukaefni í bensín til eldsneytis nema samkvæmt leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að fenginni umsögn eiturefnanefndar.“ Þetta stendur í 8. gr. reglugerðarinnar og nú er þetta komið undir umhvrn. Það hlýtur að vera ráðuneytisins að fylgja reglugerðinni eftir og ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa verið teknar upp leyfisveitingar eins og reglugerðin gerir ráð fyrir í sambandi við þetta? Að öðru leyti finnst mér að málið hafi að nokkru leyti upplýst með svari hæstv. ráðherra.

[14:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Gísla Einarssyni fyrir að bera þetta mál inn á okkar borð. Hann hefur verið iðinn við að flytja mál og vekja eftirtekt á því sem gæti leitt til þess að mengun af völdum umferðar yrði minni en ella. Það má minna á að hann flutti þingmál á síðasta þingi sem varðaði notkun steypu til þess að klæða með vegi í stað asfalts og draga þannig úr mengandi efnum. Ég tek undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að hæstv. ráðherra hefur að ýmsu leyti skýrt vel afstöðu sína og ráðuneytisins og svarað þeim spurningum sem hv. þm. kom með að ýmsu leyti. Auðvitað hljóta menn að fagna því að dregið sé úr notkun blýs í bensíni og ég veit að hv. þm. fagnar því líka. Óyggjandi niðurstöður liggja fyrir sem benda til þess að blý sem einmitt kemur úr bensíni á þéttbýlissvæðum gæti t.d. hamlað greindarþroska barna. Meira að segja á Íslandi hefur stundum mælst staðbundin blýmengun sem er yfir þeim mörkum sem menn hafa talið háskaleg ungum börnum og því vel að þessi þróun sé núna að ná fram að ganga hér á Íslandi.

Hins vegar kemur fram hjá hv. þm. að ýmsar gerðir bifreiða þurfa að nota íblöndunarefni til mótvægis við brotthvarf þessara efna úr bensíninu. Það kemur á móti fram hjá hæstv. ráðherra að þetta er minnkandi hluti bílaflotans sem mun, ef ég skil hann rétt, hverfa á næstu árum þannig að hættan er e.t.v. ekki eins mikil og menn töldu. En samt sem áður hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki þurfi með einhverjum hætti að grafast fyrir um það hvor hefur rétt fyrir sér, hæstv. ráðherrann eða hv. þm. þegar þeir ræða um meinta skaðsemi þessara efna. Hv. þm. heldur því fram að þetta leiði til 40% aukningar á krabbameinsvaldandi efnum. Hins vegar segir hæstv. ráðherra og vísar til sérstakra aðstæðna þar sem þessar mælingar fóru fram í Ástralíu að svo sé sennilega ekki.

Að lokum tek ég undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem vekur eftirtekt á því að það er í gildi reglugerð sem mér virðist beinlínis mæla fyrir um að gefin séu út sérstök leyfi fyrir efnum af þessu tagi. Væntanlega þá til þess að girða fyrir að skaðsemi þeirra komi niður á borgurunum.

[14:06]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það má með sanni segja að allt er í heiminum hverfult því fyrir fáeinum árum var rekinn mjög sterkur áróður fyrir minnkandi notkun blýbensíns og ég verð að segja fyrir mig að ég varð fljót að sveifla mér yfir í notkun blýlauss bensíns. Ég trúði því og trúi því enn að það sé umhverfinu og okkur öllum til góða að draga sem allra mest úr blýi í andrúmsloftinu. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi mjög haldgóð rök fyrir því að vinna gegn því á einhvern hátt án þess að ég sé nú beinlínis að saka hv. málshefjanda um það. Staðreyndin er auðvitað sú sem menn hafa alltaf vitað að efnið bensen í bensíni er ekkert hollustuefni og að því er mér skilst er meira af því í því bensíni sem nú er á boðstólum. Hins vegar er ekkert endilega svo að meira af því efni þurfi að fara út í andrúmsloftið eftir en áður því það eru leiðir til þess að draga úr því eða hindra það, t.d. með notkun hvarfakúta. Ég tel því að hv. málshefjandi hafi tekið fullsterkt til orða þegar hann fullyrti að krabbameinsvaldandi efni muni aukast í andrúmslofti vegna þess að ákveðið var að hætta notkun 92 oktana bensíns. Ég vil hins vegar þakka honum fyrir það að vekja athygli á þessu máli og styð það að

sjálfsögðu heils hugar að það verði kannað ítarlega frá öllum hliðum og vil ég nú hvetja hæstv. ráðherra í tilefni af þessu að gera það. Það væri t.d. fróðlegt að vita hversu margir bílar það eru hérlendis sem eru með vélar sem ganga ekki fyrir blýlausu bensíni. Mér skilst að þeim fari sífellt fækkandi. Hins vegar verður vonandi ekki allt of langt að bíða þess að unnt verði að draga verulega úr notkun bensíns yfirleitt þar sem á boðstólum verði umhverfishæfara eldsneyti, t.d. vetni, eða þá að fundin verði nothæf lausn á vandkvæðunum við það að nýta rafmagn til þess að knýja farartæki.

[14:08]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunni. Ég veit að hún er tæknileg og flókin og það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvað er verið að fara en í gögnum sem ég sendi út til hv. umhvn. og hæstv. ráðherra eru meðfylgjandi gögn sem sýna fram á hvað er að gerast í nágrannalöndum okkar. Þar eru töflur sem sýna fram á innihald bensínsins sem við erum með. Það eru reiknaðar niðurstöður um útkomu sem ég vitna til og í langri grg., sem einnig fylgir með, er gerð lýsing á því hvað er að gerast. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég verð að segja að ég er ekki mjög sáttur við það að hann skuli fallast á haldlítil rök Hollustuverndar því ég tel að Hollustuvernd hafi ekki gert neina rannsókn. Mér finnst með ólíkindum að menn skuli taka þá ákvörðun að setja íblöndunarefni í bensín og hætta innflutningi á einhverjum efnum og breyta þannig til sem leiðir til þess að einstaklingar geta orðið fyrir skaða. Olíufélögin hafa ekki þurft að sækja sérstaklega um það.

Ég held því fram að það séu fjölmargar rannsóknir, sem hafa verið gerðar erlendis, sem hafa sýnt að með notkun blýminna bensíns eykst krabbameinsvaldandi efni í andrúmslofti verulega. Vísindamenn á Vesturlöndum, Ástralíu og Nýja-Sjálandi hafa mjög miklar áhyggjur af þessari þróun. Það er greint frá því í tímaritinu Nexus að aukning þessara efna leiði til fleiri krabbameinstilvika, t.d. hvítblæðis í Svíþjóð, og það sé mjög mikil ástæða til að fylgjast með heilsu þeirra aðila sem hafa með bensín að gera. Ég vek athygli á þessu máli og tel að við eigum að gá mjög vel að okkur. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra þingmanna sem tóku þátt í umræðunni og vöktu máls á atriðum sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir. Málið þarf meiri skoðun, hæstv. umhvrh.

[14:11]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það kann að vera rétt sem kom fram í lokaorðum hv. málshefjanda að það þurfi að skoða þetta mál betur og sjálfsagt að beita sér fyrir því. Ég þakka honum fyrir að vekja athygli á því, eins athugasemdum frá öðrum hv. þm. sem hafa tekið til máls. Eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. verður ekki bæði haldið og sleppt. Reyndar gera menn það yfirleitt ekki. Menn geta ekki bæði haldið og sleppt heldur verða menn að vega og meta hvað er nauðsynlegt að gera og hvað er rétt að gera og eins og fram kom hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur var mjög sterkur áróður fyrir því að það bæri að draga úr notkun blýbensínsins. Jafnframt er ljóst af mælingum að verulega hefur dregið úr blýi í andrúmslofti. Það höfum við auðvitað séð og skoðað þannig að sá árangur hefur a.m.k. náðst en e.t.v. höfum við orðið að kaupa það með öðrum ókostum sem því geta fylgt um sinn, að nýta bætiefni fyrir þá bíla sem þurfa blýbensínið. Það verður auðvitað að skoða. Ég mun láta athuga hvort Hollustuverndin, sem ég byggði svar mitt fyrst og fremst á upplýsingum frá, hefur ekki farið að fyrirmælum sem reglugerðin kveður á um sem hv. 4. þm. Austurl. minnti á. Ég leyfi mér að ætla að svo sé þegar það er sérstaklega tekið fram í svari frá þeim og vitnað til reglugerðarinnar sem kveður á um það magn sem megi vera af þessum efnum í bensíni en undirstrika aftur sem ég sagði áðan að það er óljóst hvaðan þær upplýsingar koma. Með því að hætta sölu blýbensíns muni magn krabbameinsvaldandi efna í andrúmslofti vaxa um svo og svo mikið eftir því sem fram kom í máli hv. málshefjanda. Þær upplýsingar sem við höfðum til að styðjast við í svarinu virðast ekki vera nægjanlega ljósar eða skýrar. Auðvitað þarf að reyna að komast til botns í því að það sé ekki misræmi í þessum upplýsingum og við þurfum þá að meta sjálfstætt með aðstoð sérfræðinga hver er raunveruleikinn eða staðreyndin eins og fram kom hjá hv. 15. þm. Reykv.

[14:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég bið aftur um orðið er að mér finnst ekki alveg nógu ljóst hvort farið er að ákvæðum reglugerðar nr. 137 frá 1987 sem kveður á um það beinlínis að óheimilt sé að auka efnum í bensín eða selja aukaefni í bensín til eldsneytis nema samkvæmt heimild ráðuneytis. Það er auðvitað afar nauðsynlegt að fylgt sé ákvæðum af þessu tagi og ótvírætt að það ber að gera það. Það ber líka að vera á verði gagnvart svona efnum og ekki bara einu sinni heldur fylgjast reglubundið ef til greina kemur að þarna sé um verulega hættuleg og heilsuspillandi efni að ræða. Ég tengi þetta því um leið að sú stofnun, Hollustuvernd ríkisins, sem á að vinna þessi mál fyrir ráðuneytið samkvæmt óskum þess, býr við slíkar aðstæður fjárhagslega að það er mjög erfitt fyrir þessa stofnun að framfylgja lögboðnum skyldum og höfum við oft rætt um það á þessu þingi, ég og hæstv. umhvrh. og þetta gengur ekki. Það gengur ekki að ætla sér að reka aðalvörsluaðila hollustumála í landinu með þeim hætti sem núverandi stjórnvöld og meiri hluti á Alþingi lætur gerast. Margt er þar í undandrætti af því sem lögboðnar skyldur eru, hvað þá að standa fyrir flóknari málum og fylgja eftir rannsóknum af þeim toga sem hér er um að ræða. Þörfin á því er mikil líka vegna þess að sumt af því sem er í umræðunni, kannski eitthvað af því sem er í ágætu efni sem hv. málshefjandi kom fram með, getur átt rót sína að rekja vegna samkeppni aðila sem hafa hagsmuna að gæta að viðhalda t.d. sölu blýbensíns. Menn þurfa að gæta þess að það er ekki allt heilagur sannleikur sem þannig er borinn á borð þó að í erlendum ritum sé.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JBH o.fl., 428. mál (vaxtatekjur). — Þskj. 758.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum, frh. 1. umr.

Frv. JBH o.fl., 429. mál. — Þskj. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 464. mál (flutningur grunnskólans). — Þskj. 799. [14:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Frv. þetta felur í sér nauðsynlegar breytingar á tekjustofnalögum vegna kostnaðar á tekjutilfærslu frá ríki til sveitarfélaga í tengslum við þá ákvörðun að allur kostnaður grunnskóla skuli greiddur af sveitarfélögum.

Lögin um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, sem tóku gildi 1. jan. 1990, fólu í sér að kostnaður af skólaakstri, rekstri mötuneyta og fleiri rekstrarþáttum grunnskóla færðist yfir á sveitarfélögin ásamt öllum stofnkostnaði vegna grunnskólahúsnæðis. Jafnframt var reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga breytt þannig að fámennari sveitarfélög fengu grunnskólaframlög til skólaaksturs barna úr dreifbýli og stofnkostnaðarframlög til grunnskólabygginga. Ríkið greiddi áfram að mestu laun vegna kennslu í grunnskólum.

Með lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, var lögfest að allur kostnaður grunnskóla skuli greiddur af sveitarfélögum. Í lögum er gert ráð fyrir að allur launakostnaður vegna kennslu í grunnskólum flytjist frá ríki til sveitarfélaga ásamt rekstrarkostnaði ýmissa tengdra stofnana, eins og sérskóla ríkisins, sérdeilda og fræðsluskrifstofa. Lögin koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sveitarfélögin taka að sér samkvæmt grunnskólalögunum eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 57. gr. laganna. Frv. þetta er m.a. flutt til að uppfylla þessa lagaskyldu.

Hinn 4. mars sl. gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

Í 1. tölul. samkomulagsins segir m.a. svo:

„Til að mæta kostnaði sveitarfélaga við framkvæmd grunnskólalaga verði gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem heimili 11,9% hámarksútsvar þann 1. jan. 1997 og 11,95% þann 1. jan. 1998."

Í 2. tölul. samkomulagsins segir jafnframt:

„Til að tryggja framgang lagaáforma um einsetningu grunnskólans verji ríkissjóður allt að 265 millj. kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997–2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar sem ríkissjóður mun fjármagna án þess að auka halla ríkissjóðs. Féð skal renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til viðbótar framlagi ríkisins til stofnframkvæmda í grunnskólum renni árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997–2002, 135 millj. kr. á ári.

Fé þessu verði varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa á árunum 2007–2002 í samræmi við norm og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Sá hluti fjárhæðarinnar sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári verði færanlegur milli ára innan tímabilsins. Þannig verði framlag ríkisins að hámarki 1.325 millj. kr. á tímabilinu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga setji nánari reglur um norm á úthlutun fjárins að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og skulu þær taka mið af gildandi reglum um hliðstæð framlög til sveitarfélaga með innan við 2.000 íbúa."

Að lokum segir svo í 12. og 13. tölul. samkomulagsins: „Árið 2000, fyrir 1. ágúst, verði kostnaður og tekjuþörf við framkvæmd grunnskólalaganna endurmetin í ljósi reynslunnar.

Verði veruleg röskun á þeim forsendum sem samkomulag þetta byggir á skulu teknar upp viðræður milli samningsaðila með það að markmiði að lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið."

Herra forseti. Þetta frv. er samið á vegum félmrn. í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og í samræmi við framangreint samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans. Efnisatriði frv. skiptast einkum í þrennt:

1. Um hækkun útsvars í samræmi við 1. lið samkomulags ríkis og sveitarfélaga um kostnað og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

2. Ákvæði um framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til grunnskólabygginga til að tryggja lagaáform um einsetningu grunnskólans skv. 2. lið samkomulagsins.

3. Ákvæði um jöfnunaraðgerðir sem eru forsenda fyrir því að hægt sé að flytja grunnskólakostnaðinn til sveitarfélaga.

Útreikningar í tengslum við yfirfærslu á grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga hafa leitt í ljós að grípa þarf til jöfnunaraðgerða enda er um mikinn viðbótarkostnað sveitarfélaga að ræða. Slíkar jöfnunaraðerðir sveitarfélaga verða best framkvæmdar í gegnum jöfnunarsjóð.

Kennslukostnaður í grunnskólum landsins er misjafn sem aðallega ræðst af hagkvæmni skólaeininga. Þeim mun fjölmennari sem skólinn er þeim mun ódýrari er hann á hvern nemanda. Það sem endurspeglar kennslukostnað grunnskóla er fjöldi kennslustunda en ljóst er að fylgni er á milli kennslutímafjölda og kennslukostnaðar. Með aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður leitast við að jafna sem mest mismunandi kostnað einstakra sveitarfélaga á þessu sviði. Stærstur hluti jöfnunarfjárins fer í almennar jöfnunaraðgerðir en einnig mun jöfnunarsjóðurinn m.a. greiða framlög vegna sérkennslu fatlaðra nemenda.

Herra forseti. Ég kem þá að því að ræða einstakar greinar frv. Vegna lækkunar á skatttekjum ríkissjóðs við hækkun á hlut sveitarfélaga í staðgreiðslunni og til þess að tryggja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sömu tekjur og áður er lagt til í a-lið 1. gr. að beint fjárframlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt b-lið 8. gr. gildandi laga hækki úr 0,227% í 0,264% vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Þessi hækkun gefur 94 millj. 457 þús. kr. en það eru þær tekjur sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga yrði af vegna lækkaðra skatttekna ríkissjóðs.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að inn komi nýr liður, er verði c-liður, en núverandi c-liður verður þá óbreyttur að

d-lið greinarinnar. Í nýja liðnum er byggt á því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 0,74% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Er nauðsynlegt að auka tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með þessum hætti svo hann geti staðið undir þeim auknu skyldum sem á hann verða lagðar.

Í 2. gr. eru ákvæði um svokölluð bundin framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þ.e. framlög til Sambands ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Vegna aukinna verkefna Sambands ísl. sveitarfélaga og aðstoðar við sveitarfélögin í landinu vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga er nauðsynlegt að auka tekjur Sambands ísl. sveitarfélaga. Eðlilegt er að sambandið fái því hlutdeild í öllum helstu tekjustofnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þ.e. í a- og b-lið 8. gr., eins og nú er, svo og í c-lið sömu greinar, sem sérstaklega er stofnað til vegna yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólanum. Áætlaðar tekjur sjóðsins árið 1997 eru 3 milljarðar 988 millj. 688 þús. og 235 kr. á núverandi verðlagi og miðast tekjur Sambands ísl. sveitarfélaga við 1,58% af þeirri fjárhæð en það er 26 millj. kr. hækkun frá því sem nú er.

Gert er ráð fyrir að framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga miðist áfram við tekjur samkvæmt a- og b-lið 8. gr. og verði þannig óbreytt.

Í 3. gr. er lagt til að framlög til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum og til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög við að standa undir tilteknum rekstrarþáttum verði óbreytt frá því sem verið hefur en hækki ekki sjálfkrafa vegna aukinna tekna sjóðsins.

Í 4. gr. eru lagðar til verulegar breytingar. Í b-lið 1. mgr. er lagt til að þjónustuframlögum skuli, auk þess sem áður er talið upp í liðnum, varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, svo og til að jafna annan kostnað sem af flutningnum hlýst. Á grundvelli þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að meginjöfnunin fari fram vegna mismunandi kennslukostnaðar sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að taka sérstaklega fram að þjónustuframlögin fari einnig í að jafna annan kostnað sem af verkefnaflutningum hlýst.

Í 2. mgr. kemur fram hvaða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru til ráðstöfunar til jöfnunarframlaga. Annars vegar er lagt til það nýmæli að öllum tekjum sjóðsins samkvæmt c-lið 8. gr., að frádregnu framlagi Sambands ísl. sveitarfélaga samkvæmt a-lið 10. gr., skuli varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum, svo og annan kostnað vegna flutnings grunnskólans, sbr. b-lið 1. mgr., að teknu tilliti til útreiknaðs kennslutímafjölda og álagningarstofns útsvars. Hins vegar er gert ráð fyrir að til jöfnunarframlaga skuli með sama hætti og í gildandi lögum jafnframt varið þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun samkvæmt 10. og 11. gr. laganna.

Þar sem fyrirhugað er að kennarar og skólastjórar verði áfram aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er í 3. mgr. gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki á sig bakábyrgð á lífeyrissjóðsiðgjöldum skólastjóra og kennara (vanskilum sveitarfélaga) til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Til greiðslu af hálfu sjóðsins vegna vanskila sveitarfélaga af þessum sökum skal þó fyrst koma þegar vanskil hafa varað í sex mánuði eða lengur. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að tryggja að reynt verði fyrst með tiltækum ráðum að innheimta vanskilin hjá viðkomandi sveitarfélagi en ekki gengið fyrst að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þá er sú skylda lögð á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að halda eftir af framlögum einstakra sveitarfélaga því fjármagni sem sjóðurinn hefur innt af hendi vegna greiðsluábyrgðar sem til hefur orðið af þessum sökum auk dráttarvaxta og kostnaðar, eða innheimta skuldina með öðrum hætti.

Bætt er inn í 4. mgr. að í reglugerð skuli m.a. setja ákvæði um útreikning framlaga miðað við útgjaldaþörf sveitarfélaga með tilliti til launakostnaðar af kennslu í grunnskólum og annarra útgjalda sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans frá ríki til þeirra.

Í 5. gr. er lagt til að við 14. gr. laganna bætist ný lokamálsgrein sem gerir skólamálaskrifstofum sveitarfélaga og öðrum opinberum aðilum skylt að láta í té allar þær upplýsingar sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru nauðsynlegar til þess að geta tekið ákvörðun um úthlutun framlaga til stofnkostnaðar og reksturs grunnskóla. Með skólamálaskrifstofu er átt við þær stofnanir á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem sinna málefnum grunnskólans. Það er nauðsynlegt til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti gegnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

Í 6. gr. er lagt til að efri og neðri viðmiðunarmörk útsvars í 23. gr. laganna breytist vegna verkefnatilflutningsins. Lagt er til að efri mörkin hækki úr 9,2% í 11,95% og neðri mörkin úr 8,4% í 11,15%. Er þetta í samræmi við 1. tölulið í samkomulagi ríkis og sveitarfelaga frá 4. mars 1996.

Í 7. gr. er lagt til að við lögin bætist þrjú ný bráðabirgðaákvæði.

Í ákvæði til bráðabirgða I kemur fram í 1. mgr. að ríkissjóður skuli greiða fasta upphæð, 2 milljarða 734 millj. kr., með jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 1996 til og með desember 1996 til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Greiðslan rennur til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að standa straum af rekstri grunnskóla. Fram kemur að ákveðið hlutfall, 27%, af heildarframlagi og þar með hverri greiðslu skuli renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að breytingar á útsvarsprósentu taka ekki gildi fyrr en 1997.

Í ákvæði til bráðabirgða II er tekið fram með skýrum hætti í a-lið 1. mgr. að ríkissjóður skuli í janúar 1997 greiða til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fjárhæð sem nemur 2,65% af staðgreiðslustofni í desember 1996, samanber lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Í b-lið sömu málsgreinar er jafnframt tekið fram að ríkissjóður skuli einnig greiða mánuðina ágúst til og með desember 1997 til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, 2,65%, af þeim útsvarsstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af. Í 2. mgr. er með sama hætti og í ákvæði til bráðabirgða I ákveðið að tiltekinn hundraðshluti, 27%, af framlagi hvers mánaðar skuli greiddur sem framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem fram koma nánari ákvæði um greiðslufyrirkomulag ríkissjóðs, skiptingu ríkisframlags til einstakra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ásamt ákvæðum um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á framlagi sínu. Í 4. mgr. er tekið fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skuli hámarksútsvar árið 1997 nema 11,9% og lágmarksútsvar 11,1% og er það í samræmi við 1. tölul. áðurgreinds samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996. Ákvæðið kemur því til framkvæmda við álagningu útsvars á árinu 1998 vegna tekna á árinu 1997. Loks segir í 5. mgr. að þrátt

fyrir ákvæði c-liðar 8. gr. laganna skuli hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitafélaga nema 0,73% af álagningarstofni útsvars árið 1997.

Í ákvæði til bráðabirgða III koma fram öll helstu efnisatriði 2. tölul. í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans frá 4. mars 1996, þ.e. ákvæðin um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í skólabyggingum til að tryggja einsetningu grunnskólans.

Gildistökuákvæðin í 8. gr. þarfnast ekki, herra forseti, sérstakra skýringa.

Að endingu þetta: Hér er um viðamikið samkomulag að ræða. Gott samkomulag tókst á milli sveitarfélaganna og ríkisins og fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti þetta samkomulag fyrir sitt leyti. Hér er um að ræða grundvallaratriði til þess að grunnskólinn megi færast yfir til sveitarfélaganna 1. ágúst.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[14:41]

Ingibjörg Sigmundsdóttir:

Herra forseti. Ég lít svo á að á meðan óljóst er hvort stjfrv. það sem var til umræðu í gær og í fyrradag um fjármagnstekjuskatt verður afgreitt óbreytt, geti ekki verið um neina sátt um þetta frv. að ræða. Í bréfi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga stendur, með leyfi forseta:

„Þann 4. mars sl. var undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu frá ríki til sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans. Ef frv. um fjármagnstekjuskatt verður lögfest án breytinga bresta þær forsendur sem gengið var út frá við gerð samkomulagsins sem byggist á áætluðum álagningarstofni útsvars án þeirra skerðinga sem gert er ráð fyrir í frv. Í samkomulaginu er m.a. ákvæði um að ríkissjóður greiði sveitarfélögunum næstu fimm árin 265 millj. kr. á ári vegna grunnskólaframkvæmda til að greiða fyrir því að þau geti fullnægt ákvæðum grunnskólalaga um einsetningu skóla. Öll sú fjárhæð er hirt til baka verði frv. um fjármagnstekjuskatt samþykkt."

Þann stutta tíma sem ég hef setið á Alþingi hafa mér blöskrað sum ummæli þingmanna um sveitarfélögin, ummæli sem mér finnst sýna hve lítt þeir þingmenn hafa kynnt sér fjárhagsstöðu og verkefni sveitarfélaga. Ég skil líka betur hræðslu sveitarstjórnarmanna við að taka við nýjum verkefnum frá ríkinu, manna sem yfirleitt hefur verið talað um sem útlumenn en eru kannski þegar öllu er á botninn hvolft raunsæismenn.

[14:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að staldra aðeins við þetta frv. hæstv. félmrh. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, m.a. í ljósi nýjustu atburða í tekjulegum samskiptum ríkisvaldsins og núv. hæstv. ríkisstjórnar og sveitarfélaganna.

Þessi tekjulegu samskipti, eins og reyndar samskipti milli þessara stjórnsýslustiga almennt, eru býsna vandmeðfarin og það liggur í eðli málsins þar sem sveitarstjórnarstigið er sjálfstætt stjórnsýslustig og til þess er kjörið sérstaklega á grundvelli laga og á lýðræðislegan hátt, að við skulum vona yfirleitt, að því staðið að velja menn til forustustarfa á grundvelli laga um þetta sérstaka stjórnsýslustig. En aðalsamskiptaaðilinn er hins vegar hitt meginstjórnsýslustigið í landinu, þ.e. löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið í umboði þess. Þess vegna liggur það í hlutarins eðli að til þess að sjálfstæði sveitarstjórnarstigsins sé virkt þurfa menn að vanda sig mjög í samskiptum milli þessara aðila þannig að sá sem hefur lagasetningarvaldið og framkvæmdarvaldið neyti ekki stöðugt aflsmunar gagnvart þessum samskiptaaðila sínum, sveitarstjórnarstiginu, sem þó á að heita stjórnsýslulega sjálfstætt og er varið sem slíkt, m.a. af alþjóðlegum sáttmálum. Evrópskur sáttmáli er til um sjálfstæði sveitarstjórnarstigsins sem ég man ekki betur en Íslendingar hafi fullgilt árið 1990. Þar eru tiltölulega afdráttarlaus ákvæði um það að þessum aðilum beri að virða sjálfstæði hvors annars. Um sé að ræða tvö sjálfstæð stjórnsýslustig sem kjörið er til með sínum hættinum hvort og það liggi í hlutarins eðli að þau eigi að eigast við á jafnræðisgrundvelli eftir því sem kostur er að breyttu breytanda og virða þá stöðu. Þetta er náttúrlega sérstaklega vandmeðfarið af hálfu ríkisins vegna þess hvernig málin liggja. Hin tekjulegu samskipti eru þar alveg sérstaklega umhugsunarverð vegna þess að þau eru á vissan hátt árleg og jafnan uppi, þ.e. löggjafarvaldið og skattlagningarvaldið og tekjuöflunin sem fer í gegnum fjárlög og fjáröflunarlöggjöf eru auðvitað í höndum löggjafarvaldsins á hverjum tíma.

Sums staðar er þetta samskiptamál stjórnsýslustiga einfaldlega leyst með því að hvor aðili um sig hefur sjálfstætt skattlagningarvald. Og þar sem er um að ræða fleiri þrepa stjórnsýslustig, er *nánast regla* að t.d. *millistjórnsýslustig*, ef um er að ræða sjálfstætt fylki eða lýðveldi innan ríkjasambands, hefur einhvers konar sjálfstætt skattlagningarvald. Það einfaldar að sjálfsögðu mjög þessi samskipti og dregur úr hættunni á því að menn séu að troða hverjir öðrum um tær. En hér hefur sú leið ekki verið valin. Þvert á móti er skattlagningarvald og álagningarvald sveitarstjórnarstigsins mjög takmarkað. Það er mjög afmarkað og því er settur tiltölulega þröngur rammi í löggjöf hverju sinni. Sveitarstjórnarmenn hafa t.d. ekki sömu möguleika til þess að haga skattlagningu með mismunandi hætti til þess að ná fram pólitískum markmiðum eða einhverjum öðrum markmiðum sem menn kynnu að vilja setja sér við þá stjórnsýslu. Það er ekki heimilt að tekjutengja álagningu eða annað því um líkt. Þess vegna er óhjákvæmilegt, herra forseti, þegar verið er að ræða hér þessa lögfestingu á samkomulagi milli hæstv. félmrh. og sveitarfélaganna vegna kostnaðar á yfirfærslu grunnskólans, að staldra aðeins við þessi samskipti almennt og rifja upp hvernig til hefur tekist í sambærilegum undangengnum tilvikum þegar tiltekinn verkefnapakki hefur verið reiknaður út, færður yfir til sveitarfélaga og síðan tekjustofnar eða fjárveitingar komið á móti. Reynslan sýnir að í fyrsta lagi hefur svona mat ávallt reynst mjög vandasamt og gjarnan hafa ekki öll kurl komið til grafar. Ég hygg að allir séu sammála um að verkatilfærslan, sú næsta á undan þessari og á áttunda áratugnum, hafi verið þessu marki brennd. Þar kom ýmislegt upp úr pokunum sem menn jafnvel hreinlega gleymdu og hafði útgjöld í för með sér. Eins er alltaf erfitt að áætla tekjur á grundvelli álagningar af því tagi sem hér er lagt til og sett niður fram í tímann.

Svo kemur í öðru lagi það, herra forseti, sem verra er að blekið hefur sjaldnast verið þornað á svona samkomulagi þegar byrjað er að svíkja það af hálfu ríkisvaldsins, því miður. Samskipti til að mynda sveitarstjórnarstigsins og ríkisstjórnarinnar á síðasta kjörtímabili, þó að það heyri ekki sérstaklega undir núverandi hæstv. félmrh., voru náttúrlega

með miklum endemum. Og því miður ber þegar á því sama í tíð núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Það var t.d. einmitt þannig ástatt snemma á kjörtímabilinu 1991 – 1995 að sveitarfélögin voru búin að taka við nýjum verkefnum. En hvað gerðu menn? Við fjárlagaafgreiðslu á Alþingi í fyrsta sinn haustið 1991 og síðan aftur 1992, komu menn með algjörlega einhliða skerðingu eða íþyngjandi aðgerðir gagnvart sveitarfélögunum upp á hundruð milljóna og er þar náttúrlega frægastur lögguskatturinn mikli. Nefskattur á sveitarfélögin sem slengt var á án nokkurs samkomulags við þau ofan í nýlega gert samkomulag um verkaskiptingu og tekjustofna í því sambandi.

Efndir á skuldbindingum og loforðum ríkisvaldsins hafa líka að sama skapi reynst haldlitlar. Ég dró fram á þingi fyrir skemmstu upplýsingar um eitt lítið dæmi sem menn hafa kannski ekki miklar áhyggjur af og stór hluti þjóðarinnar sefur sjálfsagt alveg rólegur yfir því. En það er nú staðreynd samt að ríkið hefur algjörlega svikið að standa við fjárveitingar til sýsluvega sem eru hluti af vegakerfi landsins og áður voru að hluta til kostaðir af sveitarfélögunum, en ríkið yfirtók í verkatilfærslunni — nær það nú var. Nú man ég ekki nákvæmlega ártalið hvenær sýsluvegirnir fóru yfir, hvort það var 1989 eða 1990 — og í framhaldinu átti ríkið að taka yfir kostnaðinn af þessum útgjöldum og að sjálfsögðu að tryggja að framlög yrðu svipuð og verið hefði vegna þess að það var reiknað inn í verkaskiptapakkann alveg eins og sveitarfélögin tóku til sín verkefni. Það var reiknað með að þau þyrftu þá að bera útgjöld til að standa undir þeim framkvæmdum. Gekk pakkinn og reikningarnir út á það að ríkið sæi um það sem það tæki að sér. En það er ekki. Það er strax á fyrsta ári eftir verkatilfærsluna byrjað að svíkja þetta. Og framlög til þessa málaflokks eru skorin niður og hafa allan tímann síðan verið minni en samkomulagið gerði ráð fyrir, samanber skriflegt svar hæstv. samgrh. við fyrirspurn frá mér á þessu þingi. Þetta eru nú tvö dæmi um þessi samskipti.

Þá gerist það, herra forseti, núna að það næst samkomulag, meira að segja dagsett 4. mars á þeim merka degi, milli sveitarfélaganna og hæstv. félmrh. um tiltölulega nákvæma útreikninga á því — það er nú ekki með mörgum aukastöfum en samt er það tiltölulega nákvæmt, tölurnar bera það með sér, upp á 35 kr. Það eru býsna nákvæmir útreikningar satt best að segja, þegar tölur af þessari stærðargráðu eiga í hlut. — Það er sem sagt reiknað út í hólf og gólf hversu mikill kostnaður færist yfir til sveitarfélaganna og hann bættur að sagt er og gefið upp samkvæmt mati á því hvað útsvar muni skila á þessu ári eða hinu næsta o.s.frv. Þetta er fínt og menn reikna þetta alveg upp á 35 kr. þannig nú skal aldeilis ekki halla á annan hvorn aðilann. Ég veit að vísu ekki hvorum megin hryggjar 35 kr. kunna að liggja ef það hallar á annaðhvort ríkið eða sveitarfélögin, en við látum það nú mæta afgangi.

Svo gott sem daginn sem hæstv. félmrh. kemur svo hér og mælir fyrir þessu samkomulagi — hvað liggur þá á borðinu? Þá liggur hins vegar á borðinu einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skerða tekjur sveitarfélaganna um hundruð millj. kr. og fer þá lítið fyrir fínu útreikningunum upp á marga aukastafi. Og verða nú 35 kr. léttvægar í því sambandi. Svona er þetta, herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að verandi í þeirri stöðu að hafa aldrei tekið neina sérstaka trú á þetta mál, að þessi algera tilfærsla grunnskólans yfir til sveitarfélaganna væri endilega eitthvert lausnarorð, þá hef ég að sjálfsögðu ekki lagst gegn því heldur úr því að ríkur vilji stendur til þess hjá sveitarfélögunum og forsvarsmönnum þeirra víða, og er tilbúinn að skoða útfærslur á því sem ég tel þá ásættanlegar. En ég hef frá fyrstu tíð og hef enn þann dag í dag haft alveg skýra fyrirvara gagnvart því að styðja að lokum hina endanlegu niðurstöðu í þessu. Það lýtur m.a. að því að reynslan hefur kennt mér að það hefur reynst svo erfitt og vandasamt að ganga þannig frá þessum málum að báðir aðilar geti treyst að við það sé staðið. Ég hef enga sérstaka sannfæringu fyrir því heldur, jafnvel þó þetta gangi eftir, að kerfisbreytingin sem slík sé einhlítt af hinu góða. Ég hef það ekki þegar í hlut á grundvallarmenntun, undirstöðuþáttur í okkar þjóðfélagi af því tagi sem grunnskólarekstur og fræðsla auðvitað eru. Ég hef vissar efasemdir um að það sé yfir höfuð skynsamlegt og æskilegt að ríkið dragi sig með öllu út úr framkvæmd í slíkum málaflokki. Ríkið verður að sjálfsögðu alltaf ábyrgt fyrir því að móta hina almennu skólastefnu. Væntanlega ætla menn ekki að láta hana verða handahófskennt viðfangsefni í hverri sveitarstjórn fyrir sig. Eitthvert samræmi ætla menn væntanlega að tryggja í þessum efnum þannig að í grófum dráttum verði kennt sama tungumálið í landinu og námskráin sé samræmd og allt þetta. Með öðrum orðum, ríkið verður þar af leiðandi alltaf áhrifaaðili um skólahaldið. Er þá skynsamlegt, þegar til kastanna kemur, að það geti á hinn bóginn algjörlega dregið sig út úr ábyrgð á því að borga fyrir þennan sama undirstöðuþátt í samfélaginu? Ef svo vel verður að málum staðið á komandi árum að tryggt verður með fullnægjandi jöfnunaraðgerðum að engin hætta komi upp á mismunandi gæðum skólahalds í landinu þrátt fyrir mismunandi aðstöðu sveitarfélaganna og mjög ólíkar landfræðilegar og efnahagslegar aðstæður, þá kann þetta allt að blessast svo lengi sem ríkisvaldið fer fram af hófsemi og skynsemi og neytir ekki aflsmunar gagnvart sveitarfélögunum, t.d. í hinum tekjulegu samskiptum.

En er reynslan trúverðug í þeim efnum? Er mjög sennilegt að nú brjóti menn svona algjörlega í blað og komi fram af drengskap og göfuglyndi hér eftir í hverju tilviki og jafnan? Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti, hvort sagan gefi tilefni til að draga slíkar ályktanir. Og við a.m.k. verðum að mínu mati að vera mjög vel á verði gagnvart því að hér haldi ekki innreið sína sambærileg þróun og hefur, því miður, orðið reynslan í öðrum löndum þar sem menn hafa farið út í þennan fína aðskilnað og þessa hreinu verkaskiptingu í nafni alls þessa sem hljómar svo fallega: lýðræðis og valddreifingar og nærstjórnunar og hvað það nú heitir, og fært undirstöðuþætti á sviði heilbrigðismála eða menntamála yfir til fylkja eða sveitarfélaga. Reynslan hefur orðið sú og það hjá þjóðum sem við teljum ekkert aftarlega á merinni í lýðræðislegum efnum eða hvað varðar stjórnsýslu og uppbyggingu og skipulag, þjóðum eins og Finnum, Svíum og Bandaríkjamönnum, að þetta hefur alls staðar haft í för með sér þessar hættur. Skólamenn og uppeldisstéttir í þessum löndum hafa orðið gífurlegar efasemdir um að þessar breytingar hafi orðið til góðs og margir taka þar mikið dýpra í árinni reyndar.

Það er eitt, herra forseti, sem ég vil aðeins ræða nánar við hæstv. félmrh. Það er orðalag hér í athugasemdum á bls. fimm. Satt best að segja undrar mig nokkuð að lesa þetta hér, að vísu í frv. til laga um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga, flutt af félmrh. en ekki menntmrh. En ég staldra við þá skólaspeki sem þarna er og spyr hæstv. félmrh., höfund frv. sem ábyrgð ber á textanum hver svo sem hefur samið þetta, ekki ætla ég að fara að krossprófa hæstv. ráðherra

um hvort þetta hefur komið úr hans penna eða einhverra annarra: Hvað er verið að fara með þessu orðalagi? Ég vísa til málsgreinarinnar, með leyfi forseta:

„Kennslukostnaður í grunnskólum landsins er misjafn sem aðallega ræðst af hagkvæmni skólaeininga." Þetta er ekki einu sinni innan gæsalappa, herra forseti. „Þeim mun fjölmennari sem skólinn er þeim mun ódýrari er hann á hvern nemanda. Það sem endurspeglar kennslukostnað grunnskóla er fjöldi kennslustunda, en ljóst er að fylgni er á milli kennslutímafjölda og kennslukostnaðar." Hvaða skólastefnu er hér verið að boða? Á að skilja þetta þannig að fyrirvaralaust sé skrifað upp á það að þeim mun stærri sem skólinn er og þeim mun fjölmennari sem bekkjardeildirnar eru og þeim mun tvísetnari eða þrísetnari sem skólinn er, þeim mun betra? Það er það sem liggur á bak við þessar tölur sem eru reyndar réttar. Auðvitað er þetta tölfræðilega rétt, það liggur fyrir að kostnaðurinn á hvern nemanda þar sem eru 30 í bekk í tvísetnum skóla er lægri en þar 15 eru í bekk. Þó það nú væri. En hér er ekki minnst einu orði á gæði skólastarfsins, ekki einu orði. Það er enginn fyrirvari settur og það sem merkilegra er, hér talar ráðherra sveitarstjórnarmála og það meira að segja þingmaður kjörinn á Norðurl. v.

Er hæstv. félmrh. með þessum orðum að boða að þeim mun færri og stærri skólar, líka á Norðurl. v., þeim mun betra? Það sem skipti máli sé hagkvæmni stærðarinnar? Miðað við fólksfjölda í strjálbýlum sveitum í Húnaþingi yrðu skólarnir ekki margir ef það þyrfti að búa til einn Seljaskóla á hverju svæði. Ætli þeir yrðu þá ekki tveir á Norðurl. v. eða eitthvað svoleiðis. Ég held að hæstv. félmrh. skuldi okkur skýringu á því hvert er verið að fara með þessu orðalagi, hvaða skólaspeki er þetta eða hagspeki? Er þetta angi af Höllustaðahagfræðinni sem hefur af og til verið boðuð hér í vetur? Og þá svona í skólamálakafla Höllustaðakenninganna. Mér finnst þetta satt að segja heldur kaldranaleg svo ég segi ekki ógeðfelld framsetning og hefði talið lágmark að þarna væru a.m.k. annaðhvort settar gæsalappir utan um hrá hugtök eins og „hagkvæmni skólaeininga" eða minnst eitthvað á og hafðir einhverjir fyrirvarar á um að það þyrfti þá að horfa eitthvað til gæða skólastarfsins. Ég hélt að það væri markmiðið að reyna að fækka í bekkjardeildum, einsetja skólann og koma því til framkvæmda að hægt væri að þróa skólastarf sem stæðist einhvern samjöfnuð við það sem gerist í öðrum löndum sem við viljum bera okkur saman við. En sú dapurlega staðreynd liggur fyrir að Íslendingar verja einu lægsta hlutfalli þjóðartekna til skólamála af nokkurri þróaðri þjóð. En hér er verið að boða eitthvað allt annað, sýnist mér, ef maður les þessi orð og tekur þau eins og þau eru töluð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að hæstv. ráðherra gefi okkur einhverjar skýringar á því hvert þarna er verið að fara. Auðvitað finnst mér líka að hæstv. ráðherra eigi að fjalla efnislegar og betur um þessi tekjulegu samskipti ríkis og sveitarfélaga í almennu samhengi, ekki síst við aðstæður eins og þær sem uppi eru núna. Er hæstv. ráðherra stoltur af því að mæla fyrir þessu frv. í ljósi uppákomu í samskiptum Sambands sveitarfélaga og ríkisvaldsins eins og þeirri sem nú liggur á borðinu? Finnst hæstv. ráðherra þá ekkert neyðarlegt að koma í ræðustólinn og mæla fyrir þessu frv.?

[15:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég tók fram í umræðum í gær mun ég beita mér fyrir viðræðum á milli fulltrúa sveitarfélaganna annars vegar og félmrn. og fjmrn. hins vegar til að fjalla um áhrif fjármagnstekjuskattsins, sérstaklega á fjárhag sveitarfélaganna. Það liggur ljóst fyrir og hefur einnig komið þráfaldlega fram í þeim umræðum sem hafa staðið undanfarna daga hjá fjmrh. að þetta er ætlunin. Það að blanda fjármagnstekjuskattinum með þessum hætti inn í þessa umræðu finnst mér miðlungi sanngjarnt.

Við munum fara nákvæmlega yfir áhrif fjármagnstekjuskattsins. Það ber nokkuð á milli um hvaða tölur er verið að ræða og við munum að sjálfsögðu reyna að koma okkur saman um það og með hverjum hætti það verði bætt ef hallar af ósanngirni á sveitarfélögin. Það liggur í augum uppi.

Sá samningur sem þetta frv. byggir á milli sveitarfélaga og ríkisvalds er tvímælalaust hagstæður fyrir sveitarfélögin. Ég bið menn að gá að því að þessi samningur var samþykktur samhljóða á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga. Enda held ég að ef menn skoða samninginn, þá muni þeir sannfærast um að ríkið hefur síður en svo sýnt svíðingshátt í samskiptum við sveitarfélögin að þessu leyti. Samskipti sveitarfélaganna og ríkisins hafa þá tíð sem ég hef verið í félmrn. verið góð og ég mun kappkosta að svo verði áfram. Það hefur ekkert samkomulag mér vitanlega verið svikið í minni tíð.

Þess má enn fremur geta í framhjáhlaupi að það er ætlunin að ríkið afhendi sveitarfélögunum skólamannvirki eða eignarhlut sinn í skólamannvirkjum á nokkurra ára tímabil á næstu árum og verður það væntanlega þingmál á næstu dögum. Hér er um verulega fjármuni að ræða sem færast frá ríki til sveitarfélaga og mjög eðlilegt að svo sé og kemur ekki endurgjald fyrir. Það verður ekki farið að selja sveitarfélögunum eignarhlut ríkisins í grunnskólunum.

Varðandi frelsi sveitarfélaga til tekjuöflunar vil ég meina að það sé nokkurt. Það er t.d. svigrúm í útsvarsprósentunni. Nokkur sveitarfélög hagnýta sér ekki hámarksútsvar og þau sveitarfélög eru sannarlega ekki á hjarni. Ég er íbúi í einu slíku. Hins vegar finnst mér það ekki skynsamlegt. Ég teldi eðlilegt að sama útsvar væri um land allt.

Yfirfærsla grunnskólans sem slík er annað mál. Ég verð að viðurkenna, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. áðan í ræðustól, að þegar byrjað var að tala um yfirfærsluna fannst mér sveitarfélögin ráðast í allmikið. Ég efaði að þau réðu við þetta verkefni. Ég tek fram að það var ekki ríkið sem var að ota grunnskólanum að sveitarfélögunum. Það voru sveitarfélögin sem sóttu á um að fá grunnskólann og það er algerlega að þeirra frumkvæði sem þessi yfirfærsla á sér stað. Ríkið tók hins vegar undir við sveitarfélögin og Alþingi ákvað með lögum í fyrravetur, mig minnir að þau séu nr. 66, að grunnskólinn skyldi færður til sveitarfélaganna 1. ágúst að uppfylltum tveimur skilyrðum. Þetta frv. fjallar um annað skilyrðið, þ.e. tekjuyfirfærsluna.

Ég mun í þann tíma sem ég gegni starfi sem ráðherra sveitarstjórnarmála kappkosta að sanngirni ríki í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Auðvitað hefur ríkið ekki efni á því að vera með einhverjar stórgjafir til sveitarfélaganna. En ég tel hins vegar að ríkið verði að standa við sínar skuldbindingar og sýna sanngirni í þessum samskiptum. Ég mun í mínu starfi leitast við að sjá til þess að svo verði.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. var með hálfgerða hótfyndni í lok ræðu sinnar þar sem hann vitnaði til orðalags í athugasemdum. Þetta frv. fjallar um afmarkaðan þátt. Það fjallar um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga en alls ekki um

gæði skólastarfs. Það er gert á öðrum vettvangi. Hins vegar kemur þetta náttúrlega inn á gæði skólastarfs að nokkru leyti. Einsetningin er ákveðin í lögum og hún er ákaflega dýrt verkefni. Mig minnir að ég hafi heyrt að hún kosti 6 milljarða bara í Reykjavík. Sum sveitarfélög eru svo vel sett að þau eru búin að einsetja fyrir löngu og reyndar eru þau sem betur fer ærið mörg. En allmörg eiga verulega fjárfrekar framkvæmdir eftir til þess að geta komið einsetningunni á.

Í þessu frv., í þessu samkomulagi er einmitt skilningur á því að það þurfi þjóðarátak til. Sveitarfélögunum er ekki ætlað að ráðast í einsetninguna hjálparlaust. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kemur til með að leggja 20% á móti sveitarfélögunum til þess að geta einsett og þetta er enginn smáræðis skilningur á gæðum skólastarfs. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kemur til með að láta af hendi rakna eins og ég sagði áðan stórfé til þess að gæði skólastarfs megi aukast með einsetningunni. Ég tel það ákaflega gott og þarft mál og þar fyrir utan er það mjög fjölskylduvænt málefni.

Orðalagið sem hv. þm. vitnaði til, þ.e. að kennslukostnaður í grunnskólum væri misjafn og réðist aðallega af hagkvæmni skólaeininga, er engin forskrift. Og fjarri sé það mér að slá því föstu að heppilegra sé að hafa, þegar allt kemur til alls, stóra skóla en litla. Þetta er sett fram þarna sem rökstuðningur fyrir því að svo hárri fjárhæð þurfi að verja til jöfnunar á milli sveitarfélaganna. Það er verið að verja þarna feiknamiklu fé til jöfnunar. Það er ekki bara látin ákveðin prósenta á haust.

Herra forseti. Ég held að ég sé búinn að koma frá mér þeim athugasemdum sem ég vildi gera.

[15:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma þeirri spurningu á framfæri við hæstv. félmrh. hvort það er virkilega svo sem mér skilst á þessari umræðu hér og orðaskiptum að áhrif frv. á fjárhag sveitarfélaganna hafi ekki verið skoðuð á einn eða neinn hátt í félmrn. áður en málið var lagt fyrir. Er það virkilega þannig að félmrn. hafi ekki haft aðstöðu til að athuga afleiðingarnar af samþykkt þessa frv. um fjármagnstekjuskattinn áður en það var lagt fyrir þingið? En samkvæmt frv. og fskj. þess er í raun verið að taka til baka alla þá peninga sem eiga að borgast með flutningi grunnskólans aukalega. Er það virkilega þannig? Er ekki allt í lagi að leyfa hæstv. félmrh. að svara eins og einni spurningu? Hann hefur alltaf verið að leiðbeina frænda sínum í Húnavatnssýslu um alla hluti. Væri hugsanlegt, hæstv. forseti, að ég fengi smábónus á ræðutíma minn vegna þess að það var verið að trufla hæstv. félmrh. og mátti hann nú síst við því í þessu máli. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti skal verða við því að gefa smábónus.)

Ég þakka hæstv. forseta, hér talar forsetinn með gullhjartað eins og kunnugt er og ég vænti þess að þetta verði fordæmi framvegis í þingsköpum og þingstörfum, einkum þegar hæstv. fjmrh. á í hlut og horfir til vandræða hér á bekkjunum sem kemur stundum fyrir. En ég endurtek spurninguna: Hafði félmrn. virkilega ekki tök á að taka á þessu fjármagnstekjuskattsmáli í þágu sveitarfélaganna áður en það kom inn í þingið? Það frv. gerir í raun og veru þetta frv. að engu, eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm.

(**Forseti** (GÁ): Forseti tekur fram að hv. þm. fór ekki fram úr tíma sínum.)

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað algjör fjarstæða hjá hv. þm. að frv. um fjármagnstekjuskatt taki til baka þá fjármuni sem felast í þessu samkomulagi. Ég skil ekkert í hv. þm. að láta þetta út úr sér. Hér getur verið um einhverja tugi millj. eða jafnvel 100 millj. að ræða sem ber á milli varðandi fjármgnstekjuskattinn, en þetta frv. fjallar um marga milljarða.

Áhrif frv. um fjármagnstekjuskatt á fjárhag sveitarfélaga eru til athugunar í félmrn. Við getum ekki slegið því föstu að frv. um fjármagnstekjuskatt verði afgreitt nákvæmlega eins og það liggur fyrir á þskj. í stjfrv. Áhrifin verða metin og reynt verður að komast að sanngjörnu samkomulagi milli ríkisvaldsins og sveitafélaganna um hvernig það verði bætt eða hvað eigi að bæta.

[15:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. svaraði ekki þeirri spurningu minni hvort hann hefði áður en frv. um fjármagnstekjuskatt var lagt fram haft kost á því að meta áhrif þess á fjárhag sveitarfélaganna og þar með þá fjármunatilfærslu sem hér er uppi. Mér fannst atyglisvert að hæstv. ráðherra skyldi ekki svara því. Ég skildi hann þannig að í raun og veru hefði hann ekki metið þessa hluti fyrr en málið var komið inn í þingið. Það eru ákaflega sérkennileg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstjórn verð ég að segja ef þannig er að hlutum staðið, hæstv. forseti.

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sveitarfélögin höfðu fylgst með gerð þessa frv. og þau vissu hvað í því stóð. Það lá hins vegar ekki fyrir upp á krónu hver þessi áhrif yrðu og það kemur ekki til með að liggja fyrir fyrr en lög hafa verið samþykkt í endanlegri mynd. Og þá er rétti tíminn til að ganga frá samkomulagi við sveitarfélögin um þetta.

[15:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá árinu 1990 hefur háttað þannig til að sveitarfélögin hafa séð um byggingu, rekstur og viðhald grunnskólanna. Það hefur hins vegar verið þannig að hafi sveitarfélögin einhverra hluta vegna viljað flytja skóla úr eldra grunnskólahúsnæði og yfir í nýtt, hefur þurft að gera um það samkomulag við ríkið hvort og þá til hvaða nota mætti taka hið eldra húsnæði vegna þess að ríkið hefur alla jafna átt þar nokkurn hlut. Ég hygg að í öllum tilfellum hafi sveitarfélögin getað tekið þetta eldra húsnæði til nota sem þau hafa talið eðlilegust á hverjum tíma. Þau hafa hins vegar sótt það mjög að fá þennan eignarhlut ríkisins afhentan, fá þetta húsnæði afhent til þeirra nota sem þau telja eðlilegust og best og í samræmi við bæði þær breytingar sem eru og hafa verið að eiga sér stað í sveitarfélögunum og það hlutverk sem þeim er ætlað í rekstri grunnskólans.

Þess vegna er sú yfirlýsing mjög mikilvæg sem kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan, þ.e. að við mættum vænta þingmáls sem lyti að því að ríkið ætlaði sér að afhenda sveitarfélögunum skólana til eignar, eða þann hlut sem ríkið á í þeim. Ég vil undirstrika hversu mikilvægt þetta er með því að koma hér upp og ítreka það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, vegna þess að ég er ekki viss um að þetta hafi komið fram áður. Að minnsta kosti hefur það ekki gert það á þessum vettvangi, en sveitarstjórnarmenn hafa hins

vegar leitað mjög eftir því að fá þessa yfirlýsingu. Ég vil því nota þetta tækifæri til að fagna því að hún er fram komin.

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get staðfest það sem hv. þm. var að segja. Til meðferðar hefur verið í ríkisstjórn frv. þar að lútandi að afhenda skólahúsnæðið og það er nú statt hjá þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég vænti þess að það komi fram innan fárra daga. Það þarf að sjálfsögðu að taka það fyrir með afbrigðum af því að það er svo seint fram komið ef það ætti að afgreiða sem lög fyrir vorið. En það er stefna ríkisstjórnarinnar að afhenda þessar eignir á nokkurra ára bili, sem eru í sjálfu sér stóreignir þótt ég hafi ekki um það nákvæmar tölur eða sundurliðað mat á því hve eignarhlutur ríkisins er stór í þessum mannvirkjum. En ég veit að þarna er um margra milljarða verðmæti að ræða.

[15:21]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þær breytingar sem hér eru til umfjöllunar tengjast eins og hv. þingmenn vita yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna, þ.e. yfirtöku sveitarfélaganna á þeim kostnaði sem varðar laun kennara. Um þetta mál hefur verið mikil umræða og fagna ég því að niðurstaða hefur náðst, sem m.a. birtist í þessu frv.

Það er mitt mat að með yfirfærslunni og með því frv. sem hér er til umfjöllunar sé gengið mjög vel og langt til móts við sveitarfélögin í landinu og hagsmunir þeirra eigi að vera mjög vel tryggðir með þeim breytingum á tekjustofnum sveitarfélaganna sem hér eru til umræðu. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að svo sé. Þarna er um að ræða geysilega mikilvægan þátt í okkar menntakerfi þar sem er grunnskólinn og þess vegna afar brýnt að sveitarfélögunum séu tryggðar vel tekjur til þess að standa undir þeim kostnaði sem því fylgir að taka yfir launakostnað kennara.

Það er eitt atriði, hæstv. forseti, sem ég vildi aðeins gera að umtalsefni í þessari umræðu. Það er það sem kemur fram í ákvæði III til bráðabirgða, en þar segir í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Til að tryggja einsetningu grunnskólans skal ríkissjóður verja allt að 265 millj. kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997–2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar. Féð skal renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til viðbótar framlagi ríkisins til stofnframkvæmda í grunnskólum renni árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1997–2002, 135 millj kr. á ári."

Síðan segir síðar í þessu bráðabirgðaákvæði: „Framlag ríkisins samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki vera 1 milljarður 325 millj. kr. á tímabilinu."

Ég vil, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli á þessu. Þarna er auðvitað einnig komið mjög til móts við sveitarfélögin með því að ríkissjóður gengur að því að greiða hluta af stofnkostnaði við skólabyggingar sem fallið var frá með verkaskiptalögunum sem tóku gildi í ársbyrjun 1990, en þá hætti ríkissjóður þátttöku í skólabyggingum nema í gegnum Jöfnunarsjóð fyrir hin smæstu sveitarfélög. Með þessu ákvæði kemur ríkissjóður þannig inn aftur. Nú hefur orðið um þetta samkomulag og hef ég fallist á það og mun að sjálfsögðu styðja þetta. En ég vil vekja athygli á þessu atriði og benda hæstv. félmrh. sérstaklega á það, þótt ég viti að hann geri sér fyllilega grein fyrir því. Það liggur fyrir að frá árinu 1990, þegar verkaskiptalögin tóku gildi, hafa sveitarfélög verið að byggja skóla. Þau hafa náttúrlega búið við gildandi lög og þau eru væntanlega ekki afturvirk. Það er því alveg ljóst að frá og með gildistöku þessara laga mæta sveitarfélögin annars konar meðferð en verið hefur. Það er nauðsynlegt að taka þetta fram og vekja athygli á því. Ég er sannfærður um að þetta er ekki síst mikilvægt fyrir sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem mjög langt er í land við uppbyggingu einsetins skóla og kemur mjög til móts við efnahag þeirra stóru sveitarfélaga sem þar um ræðir.

Virðulegi forseti. Ég endurtek að þetta er atriði sem við gerðum okkur ljósa grein fyrir en það er nauðsynlegt að vekja athygli á þessu við umræðu um frv.

Þrátt fyrir þetta vil ég lýsa yfir stuðningi við frv. Ég vænti þess og er reyndar sannfærður um það að í höndum sveitarfélaganna verður rekstur grunnskólanna mjög vel tryggður í framtíðinni.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og tek að sjálfsögðu fullt mark á hans góðu orðum um það að hann hafi ekki áhuga á að þjösnast neitt á sveitarfélögunum eða svíkja gagnvart þeim samkomulag. Þess þá heldur hlýtur hæstv. ráðherra að vera nokkurt áhyggjuefni að hafa fyrir framan sig nýlega dagsett bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem ekki er sagt minna en það að þær forsendur séu brostnar sem gengið var út frá við gerð samkomulagsins, þ.e. samkomulagsins um tekjumálin í tengslum við færslu grunnskólans, með frv. ríkisstjórnarinnar um fjármagnstekjuskatt. Það þarf líklega að lesa þetta aftur fyrir hæstv. ráðherra, herra forseti, svo þetta komist alveg á hreint. Eftir að hafa rakið aðdraganda málsins og farið yfir það hvaða tekjur eru í húfi, yfir 200 millj. kr. á ári í beint tekjutap fyrir sveitarfélögin, er sagt, með leyfi forseta:

„Sambandið stóð í þeirri trú að báðir aðilar ynnu af fullum heilindum að samningagerðinni. Á sama tíma var af hálfu fjmrn. unnið að frv. um fjármagnstekjuskattinn og fulltrúar sveitarfélaganna voru ekki upplýstir um að það leiddi til stórfellds fjárhagstjóns fyrir sveitarfélögin. Sambandið ítelur slík vinnubrögð mjög harðlega."

Þann 4. mars sl. var undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu frá ríki til sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans. Ef frv. um fjármagnstekjuskattinn verður lögfest án breytinga bresta þær forsendur sem gengið var út frá við gerð samkomulagsins sem byggjast á áætluðum álagningarstofni útsvars án þeirrar skerðingar sem gert er ráð fyrir í frv. Síðan er það krafa Sambands sveitarfélaga að hið allra fyrsta verði hafnar viðræður fulltrúa ríkisstjórnarinnar og sambandsins um margnefnt frv. um fjármagnstekjuskatt með það að markmiði að sveitarfélögin verði ekki fyrir neinum fjárhagslegum áföllum í tengslum við setningu laga um skattlagningu fjármagnstekna.

Mér sýnist, herra forseti, í ljósi þess að þetta samkomulag er í uppnámi hefði verið eðlilegast að fresta umræðu um þetta mál. Hæstv. félmrh. hefði þá átt að beita sér tafarlaust fyrir því að umræður færu fram, þríhliða viðræður milli félmrn., fjmrn. og sveitarfélaganna, um að reikna dæmið upp á nýtt, annaðhvort breyta þessum áformum um fjármagnstekjuskattinn eða breyta álagningartölunum þannig að tekjuútreikningurinn stæðist eftir sem áður. Enda mótmæla

fulltrúar Sambands sveitarfélaga því einmitt að standa í langvinnum viðræðum og leggja í tæknilega vinnu og nákvæmnisútreikninga á máli af þessu tagi þegar forsendunum er svo breytt einhliða og það áður en samkomulagið kemst til framkvæmda. Um þessi samskipti almennt reyndi hæstv. félmrh. fyrst og fremst að segja að þetta mundi verða í lagi hjá sér, að hann, hæstv. ráðherrann, hefði ekki í hyggju að standa illa að þessum málum á nokkurn hátt. En það er nú því miður þannig að hæstv. ráðherra er ráðherra í þessari ríkisstjórn sem leggur fram frv. um fjármagnstekjuskattinn og ber á því ábyrgð ásamt flokki sínum og samstarfsaðilum í ríkisstjórn að þetta er gert svona.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna aðeins aftur í þennan Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga sem fullgiltur var af Íslendingum á árinu 1990. Það virðist svo að það sé nauðsynlegt að rifja aðeins upp það plagg og þar á meðal fyrir hæstv. félmrh. Í inngangi segir hvorki meira né minna en að samningsaðilar, aðildarríki Evrópuráðsins, telji að sveitarstjórnir séu einn af helstu hornsteinum hvers lýðræðislegs stjórnarfars. Og í sama inngangi er talað um að tryggja að víðtækt sjálfsforræði að því er varðar verkefni þeirra, þ.e. sveitarfélaganna.

2. gr. sáttmálans er um stjórnskipulegan og lagalegan grundvöll sjálfstjórnar sveitarfélaga. Þar segir, með leyfi forseta: „Meginreglan um sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd í landslögum og í stjórnarskránni ef unnt er.“ Með öðrum orðum, það á að ganga mjög rækilega frá því að lagalegur og stjórnskipulegur grundvöllur sjálfstjórnar sveitarfélaganna sé tryggður. Og það má a.m.k. líta á staðfestingu þessa sáttmála af okkar hálfu sem skref í þá átt. Síðan er í kaflanum fjallað um sjálfstjórnarsvið sveitarfélaganna og segir m.a. í 4. tölulið að það vald sem sveitarstjórn er veitt skuli að öllu jöfnu vera fullt og óskorað. Það má annað stjórnvald ekki skerða eða takmarka, hvort sem um er að ræða ríkis- eða héraðsstjórnvald nema samkvæmt heimild í lögum.

Í 6. tölulið sama kafla er sagt: „Leita skal álits sveitarstjórna í tæka tíð og á viðeigandi hátt ef unnt er varðandi skipulagningu og ákvarðanir í öllum málum sem þær varða.“ Þetta ákvæði er nú komið inn í sveitarstjórnarlög og hefur verið tekið upp þar. Það er ótvíræð samráðsskylda á ríkisvaldinu gagnvart sveitarstjórnum um öll sameiginleg mál, öll mál sem varða sveitarfélögin. Hvar var hún, samráðsskyldan, þegar tekjugrundvelli sveitarfélaganna á fyrirvaralaust að raska, samanber frv. um fjármagnstekjuskatt? Gildir þá svar hæstv. félmrh. hér áðan um samráð eftir á? Sama svar hefur komið frá hæstv. fjmrh., þ.e. að það megi athuga þetta ef eða þegar frv. verður að lögum. Dettur hæstv. ráðherra í hug að halda því fram að það sé þá fullnægjandi efnd á þessu ákvæði?

Um tekjuleg samskipti þessara aðila og um tekjustofna sveitarfélaganna er fjallað ítarlega í sáttmálanum og þar segir m.a.: „Sveitarstjórnum skulu tryggðir fullnægjandi tekjustofnar innan ramma hinnar opinberu fjármálastefnu og skal þeim frjálst að ráðstafa þeim að eigin vild innan valdsviðs síns.“ Og í 4. tölulið: „Fjármálakerfið sem tiltækar tekjur sveitarstjórna grundvallast á skal vera nægjanlega fjölþætt og sveigjanlegt í eðli sínu til þess að geta haldið í við raunverulega hækkun kostnaðar við framkvæmd verkefnanna svo sem framast er unnt.“ Þarna er að sjálfsögðu boðuð í verulegum mæli önnur stefna en sú sem hér er áfram byggt á, þ.e. að ríkisvaldið eða löggjafinn skammti sveitarfélögunum mjög þröngan ramma um tekjur en endurskoði svo kannski málin ef allt fer í óefni eins og hér er boðað, samanber endurskoðunarákvæðið um útgjöld vegna færslu grunnskólans sem á að líta á að einhverjum tíma liðnum ef forsendur hafa brugðist.

Herra forseti. Það væri ástæða til að fara betur yfir þetta, ekki síst vegna þess að satt best að segja fundust mér svör hæstv. ráðherra frekar rýr í roði. Það kostar lítið að standa hér og lýsa yfir fögrum ásetningi þegar verkin og efndirnar tala svo allt öðru máli. Það er ástæða til þess að mínu mati að fara í grundvallaratriðum yfir stöðu sveitarstjórnastigsins í þessum efnum gagnvart ríkisvaldinu.

Ég ætla ekki að fara í frekari orðræðu við hæstv. ráðherra um orðalag í grg. á bls. fimm nema hvað mér finnst heldur snautlegt þegar texti af þessu tagi er á annað borð settur á blað og í grg. með frv. að koma svo og segja að þetta sé í lagi vegna þess að viðkomandi frv. fjalli ekki um skólapólitík eða gæði skólastarfs. Auðvitað gerir það það, hæstv. ráðherra, í þeim mæli sem tilfærsla málaflokksins yfir til sveitarfélaganna hlýtur að hafa áhrif. Að minnsta kosti getur hún haft það ef ekki tekst lýtalaust að ganga frá öllum endum og köntum þess máls. Það þarf enginn að segja mér að það sé búið að róa fyrir hverja vík í því máli.

Hér kom upp athyglisvert sjónarmið áðan varðandi þá mismunun sem vissulega getur orðið á útkomu sveitarfélaga vegna samskipta þeirra við ríkisvaldið og kostnaðarþátttöku ríkisins miðað við það sem gilti fram til 1990 og síðan það sem gildir á aðlögunartímabilinu eftir þessa yfirfærslu þegar sveitarfélög geta þá aftur fengið allt að 20% kostnaðar vegna fjárfestinga til að komast hjá tvísetningu í skólunum greiddan. En sveitarfélög sem byggt hafa upp á þessu sex ára tímabili eða svo hafa hins vegar ein borið þann kostnað. Það getur verið tilviljanakennt og mjög mismunandi hvaða sveitarfélög hafa einmitt á þessu árabili staðið í framkvæmdum og hver ekki. Sveitarfélög sem voru búin að því áður nutu ákveðinnar þátttöku ríkisins og þetta er hlutur sem ástæða gæti verið til að athuga vel og ég tek undir það sjónarmið sem hér var sett fram.

Herra forseti. Það mætti margt um þetta mál segja og það er síður en svo að hér sé á ferð eitthvert smámál sem eðlilegt sé að hraða í gegnum þingið. Ég ítreka að það er að mínu mati langeðlilegast í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp í málinu að þetta frv. verði lagt til hliðar, sett á ís, á meðan málin komast aftur á hreint í samskiptum ríkis og Sambands sveitarfélaga vegna þeirrar uppákomu sem þar er orðin.

[15:37]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þegar til umræðu er svo veigamikið mál sem er skipan grunnskólamenntunar í landinu að fara örfáum orðum um málið og reyna að líta á það með almennum hætti. Ég hef áður látið koma fram þá skoðun mína að ég tel að menntun eigi að vera á höndum ríkisins, hvort heldur um er að ræða menntun á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Ég rökstyð þessa skoðun mína með því að það þurfi að vera fjárhagslega öflugur aðili sem standi á bak við menntakerfið og sé sæmilega varinn fyrir sveiflum sem geta alltaf orðið í efnahagslífi, einkum og sér í lagi þegar menn eru að tala um miklu minni heildir en eitt ríki, þ.e. sveitarfélög. Flest sveitarfélög á Íslandi eru afar fámenn. Þau eru örfá sem ná íbúafjölda yfir nokkur þúsund manns. Í þessum sveitarfélög-

um yrði hlutur grunnskólamenntunarinnar afar stór hluti af tekjumöguleikum og útgjöldum viðkomandi sveitarfélags. Því yrði þessi kostnaðarliður mjög viðkvæmur fyrir sveiflum í viðkomandi sveitarfélagi, sveiflum sem geta orsakast af staðbundnum ástæðum eins og í atvinnumálum eða af almennum forsendum í tiltekinni atvinnugrein sem er mjög ríkjandi á viðkomandi svæði. Ég tel því að einingin sé of lítil efnahagslega til þess að menn geti verið sæmilega öruggir um að menntunin sé þannig varin sem við viljum fyrir sveiflum af þessu tagi.

Þetta er almennt sjónarmið sem ég hef í málinu og í sjálfu sér tengist ekkert sérstaklega þessu frv. En mér þótti rétt að ítreka það og benda jafnframt á að þar sem aðrar þjóðir hafa farið inn á þá braut að taka þennan þátt menntunarinnar og færa hann til sveitarfélaga er um að ræða sveitarfélög sem eru að jafnaði miklu, miklu fjölmennari en sveitarfélög hér á landi. Í Noregi og Svíþjóð eru sveitarfélög að meðaltali miklu fjölmennari en hér tíðkast. Þau eru að jafnaði helmingi fjölmennari eða meira en hefðbundið landsbyggðarkjördæmi hér á landi. Jafnvel þótt við flyttum grunnskólann yfir á kjördæmi með einhverjum formerkjum þá væru það einingar sem hér á landi eru flestar fámennari og miklu veikburðari en sveitarfélög eru á Norðurlöndum. Að mínu viti má ekki bera saman skipan mála milli landa nema menn geri sér grein fyrir þessum mikla mun. Þótt málum sé þannig skipað erlendis að grunnskólinn sé í umsjá sveitarfélaga er ekki röksemd fyrir því að þannig eigi það að vera hér á landi nema menn hafi einingarnar nokkurn veginn jafnsterkar og jafnfjölmennar, en það eru þær ekki. Það í raun virkar sem frekari röksemd fyrir mínu sjónarmiði að í svo litlu þjóðfélagi sem við búum í sé rétt og eðlilegast að menntunin sé í höndum ríkisvaldsins. Ég er tilbúinn til að fallast á að það gæti verið áhugavert að skoða hvort grunnskólamenntun ætti að færast eða vera sinnt á öðrum vettvangi en hjá ríkinu sjálfu. En ég sé ekki fyrir mér smærri einingar en sem svarar núverandi kjördæmum í því skyni.

Í öðru lagi langar mig að reifa þá spurningu sem allt snýst um: Til hvers eru sveitarfélögin? Hvert er hlutverk sveitarfélaganna eða hvert viljum við að sé hlutverk sveitarfélaganna? Hvernig hafa menn markað þessa skipan mála milli ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar hér á landi? Hvaða sjónarmið hafa orðið ofan á á undanförnum áratug eða svo af þeim sem voru mest áberandi í kringum lögfestingu nýrra sveitarstjórnarlaga fyrir áratug? Hvaða sjónarmið leggja menn til grundvallar hlutverki sveitarfélaganna? Það var einkum tvennt sem varð ofan á og ríkjandi sjónarmið í þessu efni. Það fyrra var að verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga ætti að vera skýr, annaðhvort ætti verkefnið allt að vera í höndum sveitarfélaga eða í höndum ríkisins. Skilin þarna á milli mótuðust af því hvort sveitarfélagið réði við verkefnið af eigin rammleik eða ekki. Þau verkefni sem sveitarfélög almennt á Íslandi geta ráðið við af eigin rammleik töldu menn að ættu að vera verkefni sveitarfélaga. Hin ættu að vera verkefni ríkisins. Þau sjónarmið komu reyndar líka fram að sumt af þeim verkefnum sem menn sögðu að ættu að vera verkefni ríkisins gætu verið verkefni þriðja stjórnsýslustigsins en fyrir því hefur hins vegar ekki verið sá stuðningur hingað til að það hafi komið til alvarlegra álita.

Annað sjónarmið sem menn hafa lagt til grundvallar hingað til er að sveitarfélögin hafi sjálfstæða tekjustofna, hafi fjáröflun sem byggist á íbúum sveitarfélagsins en ekki íbúum annarra sveitarfélaga. Þegar við skoðum þetta tvennt saman þá hafa menn lagt til grundvallar að sveitarfélög ættu að sinna verkefnum sem þau gætu sinnt bærilega að mati þeirra sem um dæma og af tekjum sem þau geta aflað sér með sköttum á íbúa sína, með sjálfstæðum tekjustofni. Út frá þessum grundvallarforsendum hefur löggjöfin um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga verið mótuð. Hins vegar hefur á þessum áratug orðið þróun í aðra átt en menn lögðu upp með sem gerir málið auðvitað dálítið flókið. Mér finnst að menn hafi ekki ígrundað þau skref nægilega vel sem menn hafa stigið, þeir munu fyrr eða síðar lenda í nokkrum vandræðum með að leysa úr vandamálum sem munu koma upp af þeim sökum. Fyrsta skrefið í átt frá þessum skýru línum sem menn settu sér var þegar tekin var upp staðgreiðsla skatta. Sveitarstjórnarmenn völdu þann kostinn að fela ríkisvaldinu að innheimta megnið af sínum tekjum og búa við það öryggi að ríkið tók á sig vanskilin, stóð ævinlega og stendur skil á innheimtum sköttum til sveitarfélaga, þeim hluta sem sveitarfélaginu ber, jafnvel þótt launagreiðendur hafi ekki skilað inn viðkomandi gjöldum. Ríkið tekur á sig að ná því inn en sveitarfélagið er á þurru með sína innheimtu að þessu leyti. Þetta fannst mönnum álitlegt og völdu þessa leið en fórnuðu í staðinn öðru sem er líka grundvallaratriði, menn fórnuðu því að hafa beint samband á milli íbúanna sem skattgreiðenda og sveitarfélagsins sjálfs.

Á síðustu árum hefur þróunin orðið æ meira í þá átt að líta á ríkissjóð sem uppsprettu fjármagns fyrir sveitarfélögin. Það er einmitt í ljósi þessarar þróunar sem þetta verður niðurstaðan núna með fjármögnun til að taka við þessu verkefni sem sveitarfélögin hafa ákveðið að sækjast eftir, a.m.k. sum hver. Menn hafa valið þá leið að reyna að reikna út hversu mikla peninga þetta kostar eins og menn séu að bjóða í verk og svo á ríkið að skaffa þá peninga. Þetta finnst mér ekki góð þróun. Auðvitað á að gilda um þetta verkefni eins og annað að sveitarfélagið á að taka við því og afla tekna til þess af tekjustofnum sínum, þ.e. með því að skattleggja íbúana sem búa í sveitarfélaginu en ekki með því að leggja skatt á íbúa sem búa í öðrum sveitarfélögum eða vera með „kollektíva" skattheimtu eins og reyndin er í þessari tillögu. Þessi þróun er út af fyrir sig mjög athyglisverð en hún bregður frá því sem menn hafa komið sér niður á í upphafi. Og hún mun auðvitað leiða til breytinga á næstu árum ef fram fer sem horfir. Mér sýnist að þróunin stefni í það að byggja upp tiltölulega miðstýrt kerfi innan sveitarstjórnarvaldsins, einhvers konar yfirsveitarfélagakerfi, sem endurspeglast í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þeirri stjórnsýslu sem hlaðin hefur verið upp í kringum það. Mér sýnist að þessi miðstýrða tilhneiging fari mjög vaxandi og ég er ekki viss um að það sé mjög skynsamleg þróun því hún færir ábyrgðina á því að vinna verkið frá sveitarfélögunum yfir á þetta tiltölulega óskilgreinda miðstýrða kerfi.

Þá er frv. vitnisburður um að hér er um að ræða verkefni sem sveitarfélögunum er ætlað að taka við en þau geta ekki tekið við. Þau geta ekki sinnt þessu verkefni hjálparlaust. Fram til þessa hefur því verið haldið fram að það væru fámennu sveitarfélögin sem gætu ekki hjálparlaust tekið við grunnskólanum, þess vegna þyrftu stóru sveitarfélögin að láta hlut af sínum tekjum í sameiginlegan pott til að styrkja hin veikburðari sveitarfélög. Þetta hefur verið viðtekin röksemd sem menn hafa samþykkt og ekki gert athugasemdir við enda augljós sannindi á bak við hana. En nú hefur bæst við og kemur fram í þessu frv. að fjölmennu sveitarfélögin ráða heldur ekki við að taka þetta verkefni að sér án þess að

fá sérstakan stuðning frá ríkisvaldinu. Það kemur fram í því að nú birtist allt í einu ákvæði um að það þurfi að styrkja sérstaklega sveitarfélög sem eru fjölmennari en 2.000 manns til að sinna því verkefni að byggja upp skólahúsnæði af því að þeim hefur gengið það verr af sínum miklu tekjum en fámennu sveitarfélögunum af sínum mögru tekjustofnum. Þetta er dálítið athyglisverð staðreynd sem þarna kemur í ljós og er auðvitað dregin fram og kemur inn í frumvarpsform af þörf af því fulltrúar stóru sveitarfélaganna hafa komist að þeirri niðurstöðu að svona er reyndin. Þetta er mjög athyglisvert því hún kollvarpar aðalfullyrðingunni sem málið hvílir á, að stóru sveitarfélögin geti ein og hjálparlaust sinnt þessu verkefni en það þurfi þetta jöfnunarsystem vegna litlu sveitarfélaganna. En það er eiginlega afsannað að það séu einvörðungu litlu sveitarfélögin sem ráða ekki við þetta með þessari tillögu. Þannig að nú er lagt til að ríkissjóður skattleggi alla landsmenn með sérstökum skatti, ákveðnum hluta af tekjuskattinum, til handa þeim sveitarfélögum sem telja yfir 2.000 manns. Það er gert ráð fyrir því í frv. að koma sérstökum skatti á alla landsmenn til að styrkja örfá sveitarfélög, þau sveitarfélög sem að eigin mati og annarra hefðu átt að vera öflugri en hin. Ekki ætla ég að leggjast gegn því þegar ljóst er að sveitarfélög sem hafa fullnýtt sína tekjustofna hafa einfaldlega haft fangið fullt af verkefnum og hafa ekki getað sinnt þessari uppbyggingu sem skyldi. Það verður auðvitað að mæta þeim sjónarmiðum með sanngirni en mér finnst þessi niðurstaða ósanngjörn að sumu leyti. Hún er ósanngjörn gagnvart íbúum þeirra sveitarfélaga sem hafa fullnýtt sína tekjustofna, skattlagt íbúa sína til fullnustu og notað þá peninga til að byggja upp grunnskóla þegar aðrar sveitarstjórnir hafa valið þá pólitísku leið að leggja ekki á fulla skatta heldur gert út á að hafa lægri skatta. Þess vegna hafa þær eðlilega ekki getað komist eins langt í að byggja upp grunnskólana og þær hefðu gert ef þær hefðu fullnýtt tekjustofnana sína. Þarna er með öðrum orðum verið að niðurgreiða skattana. Íbúar í sveitarfélögum sem á undanförnum árum hafa borgað fulla skatta til síns sveitarfélags eru nú skattlagðir sérstaklega til þess að styrkja sveitarstjórnir þar sem íbúar eru fleiri en 2.000 manns. Þetta á að gera með því að merkja sérstakan hlut úr tekjuskattinum í þessu skyni. Þetta finnst mér ósanngjarnt. Þeir sem hafa búið í sveitarfélögunum og borgað fulla skatta eiga auðvitað ekki að þurfa að borga viðbótarskatt til hinna af þeim ástæðum að sveitarfélögin hafa ekki haft nógar tekjur vegna þess að þau veittu skattafslátt. Menn geta ekki valið, eins og sjálfstæðismenn í Reykjavík, að hafa lægra útsvar og þar af leiðandi minni framkvæmdir og svo líka það að skattleggja alla landsmenn til að mæta því sem vantar vegna þess að ekki voru sóttar fullar tekjur. Þetta finnst mér ósanngjarnt. Ég nefni þetta líka vegna þess að það eru fleiri verkefni þar sem menn nota hluta af sköttum ríkisins til þess að styrkja einstök sveitarfélög. Þannig er t.d. háttað um uppbyggingu íþróttamannvirkja og sundlauga sem er mikil þörf á um allt land, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Íbúum í fámennum sveitarfélögum hefur gengið verr en íbúum í fjölmennum sveitarfélögum að koma upp þessari aðstöðu, m.a. vegna þess að þar hafa menn lagt meiri áherslu á grunnskólann en íþróttahúsið. Er þá ekki eðlilegt að láta málið virka í báðar áttir? Ég beini því til hæstv. félmrh. að íbúar í sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa fái sérstakan ríkisstyrk næstu árin til að koma upp íþróttamannvirkjum og sundlaugum. Það verður að mínu viti að horfa á verkefni sveitarfélaga í heild og þátttöku ríkissjóðs í þeim til þess að meta hlutinn af sanngirni en ekki taka einn þáttinn út úr og horfa á hann einan og sér. Sveitarfélög sem sinna einum þættinum vel verða oft að gjalda fyrir það að hafa ekki peninga til að byggja upp annan.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er senn lokið og því ekki ráðrúm til að fara frekar yfir málið. Ég hef að mínu viti komið á framfæri almennum viðhorfum mínum til málsins og vil enda mál mitt með því að draga það fram því til stuðnings að hér eru menn að færa verkefni til sveitarfélaga sem þau ráða ekki við, hluti eins og fræðsluskrifstofur ráða sveitarfélög ekki við. Hluti eins og sérskóla ráða sveitarfélög ekki við. Það þarf því aðra aðila til að leysa úr þessum málum en sveitarfélagið sjálft. Við erum þá búin að raska þeirri upphaflegu forsendu að sveitarfélag eigi að sinna verkefnum sem það getur sinnt fyrir sína íbúa. Það á ekki að sinna verkefnum fyrir íbúa annarra sveitarfélaga. Það er verkefni þeirra sveitarfélaga. Ég er á móti því að einstök sveitarfélög sækist eftir því að taka verkefni til sín úr höndum annarra sveitarfélaga, eins og borið hefur á síðustu eitt til tvö árin.

[15:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég brást þannig við bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga að ég boðaði til viðræðna um fjármagnstekjuskattinn og áhrif hans, þríhliða viðræðna félmrn. og fjmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vonast til að geta komið þeim á á næstu dögum, áður en þessi lög og lögin um fjármagnstekjuskatt verða afgreidd frá Alþingi. Sveitarstjórnir eru auðvitað mjög mikilvægar stjórnsýslueiningar, um það er enginn ágreiningur. Hv. síðasti ræðumaður nefndi að verkaskipting þyrfti að vera skýr á milli ríkis og sveitarfélaga. Hún hefur ekki verið skýr hvað grunnskólann varðar. Reksturinn er kominn til sveitarfélaganna að öðru leyti en því að laun kennaranna hafa verið á könnu ríkisins fram að þessu. Ég tel að nefndin skýrist við það að grunnskólinn fari alfarið til sveitarfélaganna.

Nú er það út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að sum sveitarfélögin eru það lítil og vanbúin að þau geta ekki rekið grunnskólann ein. En það er ekkert sem hindrar þau í því og það er ráð fyrir því gert og af því góð reynsla, að mörg lítil sveitarfélög séu saman um skóla og svo verður auðvitað í framtíðinni.

Sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa hafa fengið framlag úr jöfnunarsjóði til byggingar grunnskóla. Eftir að frv. verður að lögum sitja öll sveitarfélög, líka þau sem eru með yfir 2.000 íbúa, við sama borð varðandi byggingar grunnskólans. Það má líta á þetta einsetningarmál sem þjóðarátak til að koma á einsettum grunnskóla í landinu og mér finnst ekki ástæða til að blanda því saman við annað. Ríkið kemur þarna afar myndarlega inn í málið til þess að tryggja að einsetningin geti orðið með eðlilegum hætti.

Ég vil að endingu, herra forseti, mótmæla þeirri fullyrðingu sem hér kom fram hjá hv. þm. að sveitarfélögin geti ekki tekið við grunnskólanum. Ég efaðist um það fyrst þegar þessi umræða fór í gang og undraðist það að sveitarfélögin skyldu sækjast eftir því að yfirtaka grunnskólann af jafnmiklum krafti og þau gerðu. En ég hef sannfærst um það eftir því sem málið hefur þróast og eftir því sem tekjustofnarnir verða ljósari að þau hafa alla burði til að gera það.

[16:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja vegna ræðu hæstv.

félmrh. að það er alveg rétt að verkaskiptingin hefur ekki verið skýr varðandi grunnskólann. Það hefur verið samstarfsverkefni að reka grunnskólann og það er einmitt ástæðan fyrir því að menn eru að knýja á um breytingar, af því að samstarfsverkefni um rekstur milli ríkis og sveitarfélaga hafa gefist illa. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að menn eigi að velja ríkið þegar um menntun er að ræða rétt eins og þegar er um að ræða heilbrigðismál og annað slíkt. Aðrir eru annarrar skoðunar og ekkert við því að gera. Menn eru bara ósammála.

Ég nefni sem dæmi um skýra verkaskiptingu sem menn komu sér saman um að 1989 var ákveðið að fara með heilsugæslustöðvarnar yfir til ríkisins til þess að heilbrigðismálin væru öll hjá sama aðila.

Ráðherrann nefndi að sveitarfélög sem réðu ekki við sín verkefni leystu úr þeim vanmætti með samstarfi. Það er auðvitað oft gert. En samstarfsverkefni milli sveitarfélaga, sérstaklega þegar mörg sveitarfélög standa að samstarfinu, hefur gengið illa. Það er vond reynsla af því og almennt tel ég það vera viðhorf sveitarstjórnarmanna að losa sig út úr slíku samkrulli, hvort sem það er á Suðurnesjum eða annars staðar. Menn vilja frekar að einn aðili sé ábyrgur fyrir málinu en að búa við þetta fjarlæga kerfi, samstarfsoddvitakerfi eða hvað það heitir.

Hvað varðar þá ábendingu ráðherrans að sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa hafi fengið framlag úr jöfnunarsjóði til þess að styrkja hluta af byggingum grunnskóla, þá er það rétt. En það var gert til þess að jafna stöðu þeirra gagnvart stærri sveitarfélögunum þannig að þau stæðu þeim nokkurn veginn jafnfætis í getu og því má má ekki nota þá staðreynd til þess að rökstyðja að það eigi að ójafna á nýjan leik eins og hæstv. ráðherra er að leggja til.

[16:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi reynsluna af því að mörg sveitarfélög reki sama grunnskólann eða reki grunnskóla saman, þá kemur þetta alveg þvert ofan í fullyrðingar hv. síðasta ræðumanns. Það kom alveg þvert ofan í þá reynslu sem ég hef og þá þekkingu sem ég hef úr mínu kjördæmi. Það kann að vera að í Norðurl. v. séu menn samvinnufúsari og liprari hverjir við aðra en í öðrum kjördæmum. Þar eru margir skólar sem eru samvinnuverkefni lítilla sveitarfélaga. Ég minnist þess varla að árekstrar hafa orðið á milli sveitarfélaga sem á annað borð hafa komið sér saman um að hefja skólabyggingar saman og reka skóla. Ég þekki t.d. til á Húnavöllum í minni heimabyggð þar sem eru sjö sveitarfélög sem standa að rekstri Húnavallaskóla. Ég minnist þess ekki að það hafi nokkurn tíman orðið ágreiningur út af rekstri skólans og hann hefur verið fjárhagslega rekinn með myndarskap.

Varðandi litlu sveitarfélögin og einsetninguna sem hv. ræðumaður endaði á, þá er það nú svo að litlu sveitarfélögin eru öll eða flestöll nú þegar búin að einsetja. Vandinn liggur fyrst og fremst hjá stóru sveitarfélögunum sem eru í örum vexti. Þar vantar talsvert á að einsetning sé komin á og þess vegna er þetta þjóðarátak gert. Ríkisvaldið gengur í þetta mál með þessum stóru sveitarfélögum vegna þess að við trúum því að einsetning sé af hinu góða.

[16:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg laukrétt hjá hæstv. ráðherra að það eru fyrst og fremst litlu sveitarfélögin sem hafa staðið vel að uppbyggingu sinna skóla og vandamálið um einsetningu er fyrst og fremst í fjölmennu sveitarfélögunum. En það er komið til af tvennu. Þetta eru áhersluatriði. Það eru pólitískar áherslur sem engurspegla það að í litlu sveitarfélögunum hafa menn tekið þetta verkefni fram yfir önnur og staðið vel að sínum málum. Í öðru lagi hafa þau fullnýtt sína tekjustofna til að afla tekna til að standa undir því. Á móti hafa önnur verkefni verið látin sitja á hakanum. En í stóru sveitarfélögunum sumum hverjum hafa menn ekki einu sinni lagt á þá skatta sem þeir hafa getað. Sú pólitíska stefna hefur verið rekin að skilja peningana eftir hjá gjaldendunum. Það er út af fyrir sig allt í lagi með það. Menn geta haft þá stefnu. En menn verða þá að fórna því á móti að hafa ekki peninga til að vinna verkefnin. Það sem ég er að gagnrýna er að ríkisstjórnin er að verðlauna þær sveitarstjórnir sem hafa lagt á lægri skatta með því að hafa sérstakan tekjuskatt á alla landsmenn til að færa yfir í þau sveitarfélög. Mér finnst það ósanngjarnt fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem hafa lagt á fulla skatta til að standa undir sínum verkefnum.

Hvað varðar samstarfsverkefni sveitarfélaga, þá var ég ekki að tala sérstaklega um reynsluna af því að reka saman grunnskóla. Ég get tekið undir það að almennt þar sem ég veit um hefur verið nokkuð góð sátt um þann samrekstur, þó að vissulega séu dæmi um hið gagnstæða. En það sem ég átti við var almennt og þá fyrst og fremst á öðrum sviðum í samstarfi sveitarfélaga, þar sem sveitarstjórnarmenn sjálfir eru orðnir yfir sig þreyttir á því hversu þunglamalegt það er að taka ákvarðanir í byggðasamlögum og öðrum slíkum verkefnum sem menn koma upp stofnunum til þess að sinna. En það er hins vegar að nokkru leyti annað mál en hér er til umræðu.

[16:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. síðasta ræðumanni um það að mér finnst það koma mjög til athugunar að hafa ekki sveigju í útsvari og hafa sama útsvar um land allt. Það er ekki eðlilegt fyrirkomulag að vera að endurgreiða útsvar eða hluta af útsvari í sumum sveitarfélögum en ekki öðrum. Ég bý í sveitarfélagi þar sem útsvarsprósentan er ekki fullnýtt en þrátt fyrir það er þetta mín skoðun.

Ég vil taka það fram að ég þekki til í sveitarfélögum sem hafa lagt á fullt útsvar um langt árabil eða um árabil a.m.k. og eru þó ekki búin að einsetja þannig að það er ekkert einhlítt að einsetningin sé eftir vegna þess að menn hafi ekki fullnýtt tekjustofna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1995, 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 775.

[16:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til síðari fjáraukalaga ársins 1995. Frv. hefur verið lagt fram á þskj. 775 og er 443. mál þingsins.

Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur fyrir árið 1995, annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir í fjárlögum ársins 1995 og í fyrri fjáraukalögum ársins 1995 sem eru lög nr. 163/1995.

Í greinargerð með frv. að fyrri fjáraukalögum ársins 1995 sem lagt var fram á Alþingi 6. okt. sl. er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1995 og skýrð helstu frávik gjalda og tekna frá fjárlögum. Þar er einnig gerð grein fyrir nýjum fjárveitingum sem leitað var eftir í frv. til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá var í lok febrúar sl. lögð fyrir Alþingi skýrsla um ríkisfjármál fyrir árið 1995 þar sem afkoma ríkissjóðs er borin saman við áform samkvæmt fjárlögum. Ég tel því ekki þörf á að fjalla um einstök atriði frv. heldur vísa til þessara upplýsinga en til viðbótar þeim hefur Ríkisendurskoðun nýlega gefið út skýrslu sína um ríkisfjármál og framkvæmd fjárlaga 1994.

Greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1995 varð 8,9 milljarðar kr. eða 1,5 milljörðum kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Það svarar til um 1,4% af tekjuáætlun fjárlaga. Þessi niðurstaða er í samræmi við áætlun fjmrn. frá því í haust, en hún kom fram í frv. að fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Frávikið frá þeirri áætlun nemur einungis 16 millj. kr. á tekjuhlið og 27 millj. á gjaldahlið. Frávik útgjalda frá fjárlögum nam hins vegar samtals 3,8 milljörðum kr. Það má að stærstum hluta rekja til áhrifa kjarasamninga sem gerðir voru á liðnu ári en einnig til sparnaðaráforma í heilbrigðismálum sem gengu ekki eftir. Á móti komu auknar tekjur að fjárhæð 2,3 milljörðum kr. þar sem efnahagsbatinn var meiri en miðað var við í forsendum fjárlaga.

Ég vil benda á að skýringar á helstu frávikum hvers ráðuneytis frá fjárheimildum koma fram í greinargerð frv. við 3. gr. frv. Þar er leitað staðfestingar á greiðslum einstakra fjárlagaliða umfram heimildir ársins 1995. Þar á móti koma óhafnar fjárveitingar ráðuneyta sem lagðar eru saman í eina tölu fyrir hvert ráðuneyti. Þessari heimildastöðu fjárlagaliða í árslok er ráðstafað eins og kunnugt er með svonefndum yfirfærslum heimilda milli ára. Er það gert þannig að framlög í gildandi fjárlögum eru hækkuð eða lækkuð í fyrri fjáraukalögum hvers árs með tilliti til stöðunnar í lok liðins árs.

Í greinargerð þessa frv. kemur fram hvernig gert er ráð fyrir að þessum breytingum á framlögum ársins 1996 verði hagað, í samræmi við vinnureglur sem stuðst hefur verið við undanfarin ár og birtar hafa verið í fyrri frv. til fjáraukalaga. Slíkt fjáraukalagafrv. kemur að sjálfsögðu ekki fram fyrr en næsta haust.

Virðulegi forseti. Til skýringar er rétt að fara nokkrum orðum um yfirlit sem birt er á bls. 10 í frv. undir fyrirsögninni „Breytingar framlaga 1996 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1995". Fyrstu tveir talnadálkarnir í töflunni sýna umframgjöld og óhafin framlög hvers ráðuneytis árið 1995. Þar er því um að ræða þá stöðu heimilda í árslok sem lögð er fyrir í 1.–3. gr. frv. Mismunur þessara tveggja talnadálka, nettóstaðan, nemur 2 milljörðum og 94 millj. kr. en það er sú viðbótarheimild sem leitað er staðfestingar á með frv. eins og sjá má í útgjaldasamtölum 1. og 2. gr. Í næstu fjórum talnadálkum yfirlitsins á bls. 10, þ.e. í dálkum 3–6, er einnig sýnt fyrir hvert ráðuneyti hvernig fyrirhugað er að ráðstafa stöðu heimildanna til ársins 1996. Í 3. og 4. talnadálkinum er sýnt sérstaklega hvaða umframgjöld og afgangsgjöld í rekstri ráðuneyta munu koma til breytinga á framlögum yfirstandandi árs, en í 5. og 6. dálkinum er sýnd nettóstaða tilfærslna, viðhalds og stofnkostnaðar sem þannig færist milli ára. Ef niðurstöðutölur þessara dálka eru lagðar saman kemur í ljós að gert er ráð fyrir að um 1.600 millj. kr. komi til viðbótar fjárveitingum í fjárlögum þessa árs. Þar af verði um tveir þriðju hlutar vegna viðhalds og stofnkostnaðar en afgangurinn vegna tilfærslna. Flutt umframgjöld og afgangsheimildir í rekstri eru svona um það bil jafnháar.

Mismunurinn á stöðu heimilda í árslok 1995 samkvæmt dálkum 1–2 í töflunni annars vegar og fyrirhuguðum yfirfærslum til ársins 1996 samkvæmt dálkum 3–6 hins vegar eru umframgjöldin og afgangsheimildirnar sem gert er ráð fyrir að falli niður vegna uppgjörs ársins 1995. Sú fjárhæð nemur samtals 470 millj. kr. Þetta þýðir að ef lagðir eru saman dálkar nr. 3, 4, 5 og 6 og samtalan dregin frá nettótölu dálka nr. 1 og 2, að út kemur talan 470 millj. Með öðrum orðum er þar um að ræða stöðuheimildir sem af ýmsum ástæðum verður ekki ráðstafað til ársins 1996, t.d. afgangur á vaxtalið ríkissjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að af óhöfnum fjárveitingum samkvæmt talnadálki 2 í töflunni falli 800 millj. kr. niður en 2,6 milljarðar kr. komi til viðbótar fjárveitingum ársins 1996. Á sama hátt falli tæplega 400 millj. kr. niður af umframgjöldum í dálki 1, en um einn milljarður kr. komi til skerðingar á framlögum í gildandi fjárlögum. Greint er frá einstökum atriðum í þessum ráðstöfunum í skýringum við 3. gr. frv. Þá er í fskj. 1 með frv. frekari sundurgreining eftir fjárlagaliðum á þessum fyrirhuguðu breytingum framlaga ársins 1996.

Ég vil árétta að þótt þessar fyrirhuguðu breytingar framlaga séu kynntar í grg. með frv. eru þær ekki lagðar fram til ákvörðunar með talnaefninu í einstökum greinum frv. Þær tillögur munu taka til framlaga þessa árs og verða lagðar fram í frv. til fyrri fjáraukalaga ársins 1996. Mun ég því ekki fjalla nánar um þessi atriði að sinni, en þau eru að sjálfsögðu lögð fram með þessu frv. þannig að hv. þingmenn geti glöggvað sig á því sem koma skal síðar á þessu ári þegar frv. er endanlega gert upp.

Það skal tekið fram og hefur margoft verið rætt úr þessum ræðustól hve mikilvægt það er að geta fært á milli ára heimildir af þessu tagi. Það hefur að mínu áliti og flestra annarra stórbætt ríkisreksturinn og kemur mörgum vel. Meðal annars kemur það í veg fyrir að menn séu að eyða öllum heimildum sem þeir hafa í lok ársins af ótta við að þeim verði hegnt á næsta ári. Það eru því ýmis sterk rök fyrir því að fara svona að eins og margoft hefur verið rætt.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að við 1. umr. þessa máls fari fram ítarleg umræða um einstakar greinar. Ég legg hins vegar til að málinu verði vísað til hv. fjárln. að aflokinni 1. umr. og hún mun væntanlega sem endranær fara mjög vandlega ofan í einstaka þætti málsins. Síðan vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að málinu verði vísað til 2. umr.

[16:19]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er komið að síðari fjáraukalögum ársins 1995. Hin fyrri voru afgreidd frá Alþingi í desember sl. Það er nú orðið ljóst að afkoma ríkissjóðs varð umtalsvert verri en fjárlög kváðu á um og munar þar hálfum öðrum milljarði. Þar með er ekki sagan öll sögð og athyglisvert er að við afgreiðslu fjáraukalaga í desember sl. voru samþykktar útgjaldaheimildir sem ekki verður annað séð en hafi verið langt umfram þörf. Það er satt að segja ofvaxið mínum skilningi hvers vegna það gerist ár eftir ár að samþykktar eru fjárheimildir í síðasta mánuði ársins sem ekki reynist þörf fyrir en er síðan í mörgum tilvikum leyft að nýta næsta ár. Nú er ég ekki að gagnrýna það út af fyrir sig að heimildir séu fluttar til en það hlýtur að vekja þá spurningu hvort þá sé

ekki í sumum tilvikum verið að bæta við þær heimildir sem við í fjárln. töldum okkur vera að veita til þess að mæta þörf sem okkur var þá gerð grein fyrir.

Þetta veldur satt að segja óttalegum ruglingi og læðir óneitanlega nokkurri tortryggni að hjá okkur sem erum að leitast við af fremsta megni að meta þörf fyrir fjárveitingar til hinna ýmsu stofnana og verkefna. Hér er ég sem sagt að tala um gjöldin, útgjaldaheimildir, en tekjuáætlunin sem samþykkt var í desember sl. stóðst nokkurn veginn og munar þar aðeins örfáum milljónum. Með fjáraukalögunum voru tekjur ríkissjóðs hækkaðar um 2,3 milljarða og má rekja þá hækkun fyrst og fremst til betri afkomu þjóðarbúsins en reiknað var með þegar fjárlög voru samþykkt. Hins vegar mun samsetning einstakra liða í heildartekjunum hafa reynst talsvert á aðra leið en ráð var fyrir gert. Þar munar mestu um tekjuskatt einstaklinga sem skilaði um milljarði meira en reiknað var með, en óbeinir skattar urðu hins vegar 1,5 milljörðum lægri en reiknað var með. T.d. skilar virðisaukaskattur 792 millj. kr. minna en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir. Í fjáraukalögum var hann hækkaður um 915 millj. kr. en sú aukning skilaði sér sem sagt ekki þrátt fyrir aukna einkaneyslu. Líkleg skýring á þessum mun er sú helst að batnandi afkoma fyrirtækja í landinu ásamt tímabundinni heimild til flýtifyrninga á árunum 1994 og 1995 hafi leitt til aukinna fjárfestinga og útskattur á þá væntanlega eftir að skila sér síðar.

Innheimtar tekjur ársins 1995 námu því samtals 114,4 milljörðum kr. og er það 4,8 milljörðum kr. meira en árið 1994 og aukningin er 4,4%. Innheimta beinna skatta hefur aukist um 1,9 milljarða kr., óbeinna skatta um 2,4 milljarða kr. og fjármunatekna um hálfan milljarð. Að raungildi hafa, samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar, innheimtar tekjur ríkissjóðs aukist um tæplega 1,2 milljarða kr. á milli áranna 1994 og 1995.

Ég ætla ekki að fara frekar út í tekjuhliðina, enda er búið að fjalla mikið um þá hlið málsins á fyrri stigum og litlar breytingar sem máli skipta ef bara er verið að horfa á tölulegar staðreyndir.

Um gjaldahliðina gegnir talsvert öðru máli. Þar hefur áætlanagerðin ekki reynst nægilega nákvæm frekar en venjulega. Það er svo sem ekki undrunar- og gagnrýnivert þó ekki takist að áætla upp á krónu við gerð fjárlaga. En eins og ég sagði í upphafi máls voru samþykktar fjárheimildir í des. sl. sem reyndust síðan langt umfram þörf.

Þegar fjárlög fyrir árið 1995 voru samþykkt var við það miðað að útgjöld ríkisins næmu um 119,5 milljörðum kr. Síðan voru útgjaldaheimildir hækkaðar á árinu um 5,9 milljarða eða um tæp 5% og því gert ráð fyrir útgjöldum upp á 125,4 milljarða eða rúmlega það. Niðurstaðan varð hins vegar sú að útgjöld á árinu 1995 námu samtas kr. 123,3 milljörðum kr. og frávikið er því rúmir tveir milljarðar sem heimildir voru meiri en þörf reyndist fyrir. Þetta er mjög athyglisvert. Einhvern veginn finnst manni að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að gera sér grein fyrir endanlegri útkomu þegar komið er fram í síðasta mánuð ársins. En svo hefur ekki reynst og það hlýtur að vera spurning hvort fjárbeiðnir eru nægilega vel rökstuddar eða hvort eftirliti eða ráðgjöf er eitthvað stórlega ábótavant.

Nú er endanlega niðurstaðan algerlega í samræmi við það sem Ríkisendurskoðun áætlaði í umsögn sinni og áliti til fjárln. sem dags. er 1. nóv. 1995. Ég leyfi mér að vitna í þá umsögn þar sem segir m.a. að gera megi, með leyfi forseta, „ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu verði um 123,3 milljarðar kr. sem er 3,8 milljarða hækkun frá fjárlögum. Þetta er heldur meira en Ríkisendurskoðun áætlaði í júlí en þar var gert ráð fyrir að gjöldin hækkuðu um 3–3,5 milljarða frá fjárlögum. Í megindráttum er raunveruleg útkoma þá í samræmi við það sem talið var um mitt ár."

Ríkisendurskoðun reyndist þarna sannspá svo að tæpast skakkaði krónu og benti í áliti sínu á nokkur atriði sem minni hluti fjárln. tók reyndar upp og vitnaði til í sínu áliti. Þar var t.d. lögð áhersla á eftirfarandi punkt sem fram kom í áliti Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Þegar sótt er um aukafjárveitingar í fjáraukalögum verður að gera kröfu til þess að beiðnir séu vel rökstuddar. Sérstaklega er ástæða til að fram komi hvers vegna útgjaldatilefni varð ekki séð fyrir þegar gildandi fjárlög voru sett þannig að afgreiða hefði mátt fjárheimildir í tengslum við setningu þeirra."

Ekki er annað hægt en að minna á þetta enn og aftur vegna þess að þarna virðist pottur brotinn. Það sýna þessar niðurstöður þar sem endanlegar heimildir urðu miklum mun meiri en nauðsyn bar til. Sumar heimildirnar verða eins og hér hefur komið fram fluttar á milli ára, þ.e. sótt verður um þær við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir þetta ár og vissulega á margt af þessu sínar eðlilegu skýringar en alls ekki allt.

Þetta er svona það atriði sem ég vildi leggja áherslu á við þetta tækifæri. Hvað varðar einstaka liði er út af fyrir sig þýðingarlítið að fjalla ítarlega um þá, þeim verður ekki breytt. Þetta er allt búið og gert og í raun og veru aðeins verið að biðja um staðfestingu Alþingis á orðnum hlut. Í því sambandi mætti minna enn einu sinni á orð Ríkisendurskoðunar í áliti sínu til fjárln. sem minni hlutinn vitnaði til í sínu áliti og þá er ég að vísa til þess álits sem lagt var fram við afgreiðslu fyrri fjáraukalaga ársins 1995. Með leyfi forseta sögðum við og vitnuðum þar í álit Ríkisendurskoðunar í áliti minni hluta nefndarinnar:

„Eins og málum er háttað í dag er í ýmsum tilfellum sótt um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til. Af þessu leiðir að staðfestingu Alþingis á fjárlögum svipar meira til formsatriðis en að þinginu sé gefinn raunverulegur kostur á að samþykkja eða hafna útgjöldum. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti fjmrh. að sækja um fjárheimildir til Alþingis strax og tilefni gefst og Alþingi að afgreiða slík frumvörp með skjótum hætti."

Þetta eru gömul og ný sannindi en gengur illa að fá breytt.

Í þessu frv. sem við ræðum er farið fram á staðfestingu Alþingis á fjárveitingum vegna umframgjalda ýmissa stofnana á vegum ríkisins og sumar þeirra hafa raunar þurft á aukafjárveitingum að halda árum saman. Það hlýtur að mínu viti að benda til þess að ekki sé allt með felldu. Annaðhvort standa stjórnendur þessara stofnana ekki í stykkinu eða þá að fjárveitingavaldið hefur ekki tekið á málinu sem skyldi, ekki horfst í augu við hvert umfang og verksvið viðkomandi stofnunar er og hvaða fjárveitingar eru nauðsynlegar til þess að hún geti gegnt sínu hlutverki. Alls eru þetta 44 stofnanir og fjárlagaliðir sem fóru 5 millj. kr. eða meira fram úr fjárheimildum á árinu 1995. Af þeim var helmingurinn eða 22 stofnanir einnig yfir mörkunum árið 1994 og árið 1993 voru 9 þessara stofnana með umframgjöld yfir 5 millj. kr. Ein þessara stofnana mun raunar brátt hverfa af sjónarsviðinu ef áform ganga eftir, þ.e. embætti Húsameistara ríkisins sem ákveðið hefur verið að leggja niður nú á þessu ári. Þetta embætti hefur ítrekað farið verulega fram úr fjárheimildum,

tæpar 11 millj. kr. árið 1993, 14,8 millj. árið 1994 og 28,6 millj. á sl. ári, eða samtals rúmlega 54 millj. kr. þessi þrjú sl. ár. Nú í ár er þessari stofnun ætlað að afla sértekna upp á tæpar 45 millj. kr. sem eiga að standa að fullu undir rekstri embættisins og eigum við nú eftir að sjá hvort það verður raunin.

Annað vandræðabarn er Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn sem hefur árum saman farið langt fram úr fjárheimildum. En þess ber að geta að reynt var að taka á þeim vanda við afgreiðslu fjárlaga þessa árs og verður að vona að það hafi tekist án þess að þrengja um of að þeirri starfsemi sem ber að styrkja og styðja eftir föngum.

Hins vegar veit ég ekki til þess að tekið hafi verið á vanda Menntaskólans við Hamrahlíð sem a.m.k. þrjú síðustu ár hefur farið verulega fram úr fjárheimildum, nú síðast um rúmar 16 millj. kr. Sama er að segja um embætti sýslumanns á Akranesi, sem hefur árlega síðustu þrjú árin farið 16–17 millj. kr. fram úr fjárheimildum. Það er eitthvað meira en lítið bogið við slíkt.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort og þá hvernig verið er að taka á málefnum þeirra stofnana og fjárlagaliða sem augljóslega annaðhvort fá ekki nægar fjárheimildir miðað við starfsemi og umfang eða að stjórnendur þeirra hafa ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana. Það er deginum ljósara að með einhverju móti þarf að bregðast við þegar stikað er stórum skrefum fram úr fjárheimildum árum saman. Í þessu samhengi væri tilefni til að taka enn eina rispuna um fjárveitingar til heilbrigðis- og tryggingakerfisins en ég held að ég láti það nú að mestu kyrrt liggja.

Ég veit að margvísleg vinna er í gangi, athuganir, skýrslubeiðnir, nefndarvinna og tillögugerð og ég veit líka að þessar athuganir hafa sýnt að framleiðni, ef svo má að orði komast, innan þessa geira hefur aukist geysilega mikið. Þá er ég að tala fyrst og fremst um stóru sjúkrahúsin þar sem nú orðið fara í gegn miklu fleiri sjúklingar en áður miðað við fjölda starfsfólks og legurúma, auk þess sem tæknin eykst og batnar ár frá ári og þar með möguleikar til læknisverka en því miður ekki að sama skapi ódýrra læknisverka. Þó er það nú ekki einhlítt þar sem í sumum tilvikum er verið að taka upp aðgerðir hér heima sem sjúklingar hafa orðið að sækja til útlanda og kostnaður verið greiddur af Tryggingastofnun. Við að taka slíkar aðgerðir upp hér heima er yfirleitt um sparnað að ræða þótt kostnaður spítalans hafi aukist út af fyrir sig. En eins og ég og fleiri höfum margsinnis haldið fram þá verður ekki lengra gengið í þeim sparnaðarráðstöfunum á sjúkrahúsunum sem felast í meira vinnuálagi á starfsfólk. Það einfaldlega gengur ekki, enda mun það vera niðurstaðan sem við blasir að eina leiðin til frekari sparnaðar á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík er að fækka sjúklingum um nokkur þúsund, sumir segja fjögur þúsund, og jafnvel líka starfsfólki um nokkur hundruð. Vandinn er bara sá að sjúklingunum batnar ekki við slíkar aðgerðir og kostnaðurinn vegna veikinda þeirra kemur einfaldlega fram annars staðar.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. á þessu stigi. Ég vildi hins vegar ekki láta hjá líða að vekja athygli á þessum þáttum fyrst og fremst. Í fyrsta lagi á þeirri undarlegu ónákvæmni sem kemur fram í þeirri áætlun sem samþykkt var í fjáraukalögum í desember sl. og endanlegri útkomu ársins, þeirri mismunun sem þar kemur fram. Í öðru lagi að vekja athygli á þeim liðum sem árum saman tekst ekki að halda innan ramma fjárlaga og vil inna hæstv. ráðherra eftir aðgerðum vegna þess arna.

[16:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. bar fram fyrirspurn til mín varðandi stofnanir sem æ ofan í æ fara fram úr áætlunum. Þetta er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. og hún nefndi reyndar dæmi þess efnis. Þegar svona hlutir koma upp þá hringja auðvitað aðvörunarbjöllur, ekki bara í fjmrn. heldur líka í þeim ráðuneytum sem bera ábyrgð á því að farið sé að fjárlögum. Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, sem reyndar er stofnun sem nú hefur verið lögð niður, hafa gert sínar athugasemdir þannig að upplýsingar berast til fjmrn. eftir ýmsum leiðum. Það er haft samband við viðkomandi ráðuneyti og reynt að taka á málinu og í sumum tilvikum er gefinn nokkur frestur til þess, t.d. með því að leggja fram áætlun til nokkurra ára þannig að stofnunin geti lagað sig að fjárlögum eða þá að taka tillit óska stofnunarinnar ef talið er að um sé að ræða eðlileg útgjöld. Og stundum getur það komið fyrir að t.d. séu tekjur ýmissa embætta eða stofnana vanáætlaðar. Þannig að þetta er misjafnt. Eins og kom fram í fyrirspurninni er reynt að taka á þessu og okkur ber að gera það en nokkur vandræðabörn hafa legið eftir í kerfinu og við höfum þurft að fást við frá ári til árs. Þetta vildi ég að kæmi hérna fram.

Hitt atriðið sem hv. þm. minntist á og ástæða til þess að svara er það hvers vegna fjárheimildir reynast svona rúmar eins og bent var á. Ástæðan fyrir því er sú að í nokkrum tilvikum er ekki verið að lækka fjárheimildir þótt augljóslega sjáist á þeim tíma að þær gætu verið rúmar eins og t.d. um vexti því það er ekki nokkur leið að átta sig nákvæmlega á hve mikil lækkunin á að vera. Á hún að vera 200 millj., 300 millj. eða 400 millj.? Því er betra að gera það í einni breytingu þegar síðara frv. kemur fram.

Virðulegi forseti. Ég tók ekki eftir að tímanum er lokið þannig að ég get ekki farið lengra út í þessar athugasemdir að sinni.

[16:39]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég geri mér ekki grein fyrir því hversu ákveðnar og markvissar þær aðgerðir eru sem hann var að lýsa. Ég held að það sé alls ekki nóg, þ.e. gagnvart þeim stofnunum eða verkefnum sem fara ítrekað fram úr fjárheimildum. Ég held að það sé deginum ljósara að það er eitthvað meira en lítið að þegar þetta gerist árum saman eins og í þeim dæmum sem ég nefndi áðan. Ég nefni sérstaklega Menntaskólann við Hamrahlíð og sýslumanninn á Akranesi. Ég held að það sé augljóst að þar hefur ekki verið tekið á vandanum, þegar þetta gerist ár eftir ár eins og raun er á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. og 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16:41.

123. FUNDUR

föstudaginn 19. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Flugskóli Íslands hf., stjfrv., 461. mál, þskj. 796. — 1. umr.
4. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88, nál. 584. — 2. umr.
5. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89, nál. 585. — 2. umr.
6. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153, nál. 586. — 2. umr.
7. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 313, nál. 704 og 721, brtt. 705. — 2. umr.
8. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — 2. umr.
9. Brú yfir Grunnafjörð, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
10. Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, þáltill., 309. mál, þskj. 550. — Fyrri umr.
11. Fiskréttaverksmiðjur, þáltill., 310. mál, þskj. 551. — Fyrri umr.
12. Rekstrarform Landsvirkjunar, þáltill., 352. mál, þskj. 611. — Fyrri umr.
13. Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 373. mál, þskj. 653. — Fyrri umr.
14. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 377. mál, þskj. 665. — 1. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — 1. umr.
16. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, frv., 410. mál, þskj. 728. — 1. umr.
17. Kosningar til Alþingis, frv., 420. mál, þskj. 749. — 1. umr.
18. Gæludýrahald, frv., 424. mál, þskj. 753. — 1. umr.
19. Sveitarstjórnarlög, frv., 448. mál, þskj. 780. — 1. umr.
20. Rannsóknir á beitukóngi, þáltill., 458. mál, þskj. 791. — Fyrri umr.
21. Lágmarkslaun, hámarkslaun og atvinnuleysisbætur, frv., 459. mál, þskj. 793. — 1. umr.
22. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 467. mál, þskj. 802. — Fyrri umr.
23. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 468. mál, þskj. 803. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:31]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu sem fram fer kl. þrjú í dag. Málshefjandi er Lúðvík Bergvinsson. Dómsmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Efni umræðunnar er málefni Landhelgisgæslunnar.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 464. mál (flutningur grunnskólans). — Þskj. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tilkynning um dagskrá.

[10:36]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna dagskrárinnar vill forseti taka fram að 7. og 8. dagskrármálið, Viðskiptabankar og sparisjóðir og Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, verða ekki tekin til umræðu á þessum fundi.

Brú yfir Grunnafjörð, fyrri umr.

Þáltill. GE, 56. mál. — Þskj. 56.

[10:37]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Þegar þingmenn Vesturl. á sínum tíma fluttu þáltill. um vegtengingu yfir eða undir Hvalfjörð fylgdi þar með hugmynd um hvernig haldið skyldi áfram með vegtengingu um Grunnafjörð. Þeim hluta þáltill. hefur ekki verið sinnt. Þess vegna set ég fram svohljóðandi þáltill. um brú yfir Grunnafjörð:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera hagkvæmnisrannsókn á gerð brúar yfir Grunnafjörð á milli Súlueyrar í Melahreppi og Hvítaness í Skilmannahreppi. Stefnt verði að brúargerð þegar sú athugun hefur farið fram reynist hún hagkvæm. Veglína þessi verði hluti næstu vegáætlunar fyrir Vesturland."

Í þessari stuttu tillögu er ekki gert annað en að huga að framtíðinni og í ljósi þess hversu umfangsmiklar umhverfisrannsóknir og umhverfismat er við slíkar framkvæmdir, tel ég ástæðu til að setja þetta mál fram nú með þeim áhersluatriðum að sé um hagkvæma vegframkvæmd að ræða, verði gripið til hennar í fyllingu tímans. Í greinargerð segir að verði af gerð jarðganga undir Hvalfjörð eins og allar líkur benda til og þjóðvegur liggi vestan Akrafjalls, er augljóst að sú tillaga sem hér er verið að leggja fram hlýtur að teljast mjög fýsilegur kostur. Þessir kostir eru þeir helstir að um er að ræða styttingu vegar um 7–10 km frá höfuðborgarsvæði vestur og norður í land og í öðru lagi styttingu vegar milli Borgarness og Akraness. Þannig myndast góðir möguleikar á auknum samskiptum sveitarfélaganna í fjölmörgum málaflokkum. Betri veglína yrði að brú frá þjóðvegi 1 á Hafnarmelum og á brú frá Akranesvegi. Ótraust raflína, sem hefur verið á möstrum yfir ósinn, færi í jarðstreng í brúnni. Í fimmta lagi skapaðist möguleiki í Grunnafirði fyrir fiskirækt í framhaldi af brúargerð.

Eins og ég gat um í upphafi felur tillagan í sér að gerð verði úttekt á möguleikum brúargerðar og færslu veglínu sem yrði hagkvæm með langtímamarkmið í huga. Það er reiknað með að veglína og brúargerð þessi falli á eðlilegan máta inn í áætlanir Vegagerðarinnar. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að fjölyrða mjög um möguleika til atvinnusköpunar og tengingar atvinnufyrirtækja í framhaldi af þessari tillögu. Það staðfesta margar greinargerðir og skýrslur frá Byggðastofnun og fleiri aðilum. Það er mjög mikilsvert að það verði gerð góð úttekt á þessu máli. Samgöngubætur milli Akraness og Borgarness leiða til styrktar atvinnusvæðis og meiri hagkvæmni atvinnufyrirtækja í sveitarfélögum norðan og sunnan Skarðsheiðar. Meginrökin fyrir flutningi þessarar þáltill. eru að það er nauðsynlegt að fyrir liggi gott skipulag, það liggi fyrir athugun í formi hagkvæmnisrannsókna á því hvort þessi vegagerð eða vegtenging sé möguleg. Ég ræði ekki frekar um það hversu mikill styrkur það yrði fyrir svæðin Akranes, Borgarnes og nærsveitir að stytta vegalengdina þarna á milli. Auk þess er það klárt mál að um mikið öryggisframfaraspor yrði að ræða þar sem allar aðstæður virðast vera fyrir betri veg á þessum slóðum.

Að lokinni umræðu legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til samgn., herra forseti. Ég tel ekki þörf á að gera frekari grein fyrir þessu máli nema ítreka að þegar þingmenn Vesturlands fluttu sameiginlega þáltill. um jarðgöng eða brúargerð yfir Hvalfjörð, fylgdi þetta með. Þess vegna endurvek ég þetta mál.

[10:43]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu tillaga sem tengist samgöngubótum á Vesturlandi. Ég þakka hv. frsm. fyrir að mæla fyrir þessari tillögu. Hér er ekki alveg nýtt mál á ferðinni eins og reyndar kom fram í framsögu hv. þm. Þetta mál hefur verið til umræðu árum saman í Vesturlandskjördæmi í tengslum við samgöngumálin.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að farið verði eftir tillögu flm. og þetta mál skoðað og metið. Það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir niðurstaða um það hvort þessi framkvæmd er möguleg og með hvaða hætti. Síðan þarf að sjálfsögðu að meta kostnað. Það er ýmislegt sem tengist þessu máli og vil ég þar m.a. nefna umhverfismál. Heyrst hafa raddir um að það sé vafamál að mögulegt sé og gerlegt að fara í þessa framkvæmd vegna náttúrulífs í Leirárvogum við botn Grunnafjarðar. En það mun koma í ljós við þá úttekt sem fer fram ef þessi tillaga verður samþykkt.

Ég vil taka undir með hv. flm. að þarna er um að ræða mjög mikilvægt mál fyrir byggðir á þessu svæði. Með tilkomu slíkrar brúar færast saman byggðirnar á Akranesi og Borgarnesi og það styrkir það þjónustusvæði og atvinnusvæði sem þar hefur þegar myndast. Og það er að sjálfsögðu til bóta.

Varðandi það að taka þessa framkvæmd síðar inn á vegáætlun vil ég benda á að víða bíða fjölmargar stórar framkvæmdir í kjördæminu, ef við getum orðað það svo, sem hafa beðið í mörg ár og íbúar víða í kjördæminu bíða eftir með óþreyju. Mér er ekki ljóst hvort þessi framkvæmd muni koma á allra næstu árum til framkvæmda eða á vegáætlun. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að unnið verði eftir þeim áætlunum sem þegar liggja fyrir og íbúarnir hafa beðið eftir og eru mjög mikilvægar fyrir vöxt og viðgang byggðar og búsetu í kjördæminu. Þar nefni ég m.a. Snæfellsnes, Dali og uppsveitir Borgarfjarðar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta. Ég ítreka það sem ég sagði. Ég þakka hv. flm. fyrir þessa tillögu og tel mjög eðlilegt og sjálfsagt að farið verði að tillögu hans og þetta mál verði tekið til skoðunar og úttektar.

[10:46]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir athugasemdir hans og ábendingar. Ég gerði mér algerlega ljóst að það eru margar og mikilsverðar framkvæmdir sem liggja fyrir á Vesturlandi. Spurningin er um forgangsröð og hvað við látum ráða forgangsröð, hvort hagkvæmnisrannsókn og efling atvinnustigs í byggðarlagi ræður. Ég veit að honum er mætavel ljóst sem varaformanni samgn. hvernig þessum málum er háttað hjá okkur þingmönnum Vesturl., en ég ítreka það aftur sem ég sagði í upphafi að um er að ræða hagkvæmnisrannsókn og umhverfismat og hvort yfir höfuð er mögulegt að fara í þessa framkvæmd. Ég tel að kannski væri ástæða til þess í miklu fleiri málum að menn tækju til við að skoða hvað er mögulegt og hvað er réttætanlegt að fara í. Þess vegna er málinu hreyft og svo enn fremur til að vekja máls á því að í upphaflegu tillögunni frá þingmönnum öllum á Vesturlandi um vegtengingu um Hvalfjörð átti þetta að fylgja með en hefur dottið upp fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, fyrri umr.

Þáltill. GMS, 309. mál. — Þskj. 550.

[10:48]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég flyt þáltill. þess efnis að Alþingi álykti að fela félmrh. að skipa nefnd er hafi það hlutverk að gera hlutlæga skoðun á lífskjörum á Íslandi og bera saman við lífskjör í nálægum löndum auk þess að benda á hugsanlegar ástæður fyrir þeim mismun sem fram kann að koma. Ástæður þess að þáltill. þessa efnis er flutt er sú að mikil umræða hefur að undanförnu farið fram um samanburð á kjörum

launþega hér á landi og í nálægum löndum. Staðhæfingar eru um að Íslendingar flýi land á vit betri lífskjara og hefur sérstaklega verið rætt um Hanstholm í Danmörku í þessu sambandi, a.m.k. hvað varðar fiskvinnslufólk.

Upp á síðkastið hefur heyrst sú fullyrðing að trésmiðir, sem starfa í Danmörku, vinni á þremur vikum fyrir launum sem taki starfsbræður þeirra á Íslandi fjórar vikur að vinna sér inn. Umræðan mótast nokkuð af því að rætt er við brottflutta Íslendinga sem gefa upplýsingar um að laun sín séu mun hærri en þau laun sem greidd eru fyrir sambærileg störf hér á landi.

Vitað er að samanburður á launum einum saman gefur engan veginn rétta mynd af afkomu launþega og fjölskyldna þeirra. Til að fá réttan samanburð verða að liggja fyrir upplýsingar um fjölmarga aðra þætti, svo sem verð á algengum lífsnauðsynjum, samgöngum, skattkerfi, félagslegri þjónustu, heilbrigðiskerfi, skólakerfi auk lögskipaðra og áunninna frídaga sem og þeirra vinnustunda sem eru að baki launanum. Það er mikilvægt að mínu mati fyrir umræðu um lífskjör og lág laun á Íslandi að fá hlutlægt mat á lífskjörum hér í samanburði við lífskjör í nágrannalöndunum. Ef rétt er sem haldið hefur verið fram að afkoma almennings sé lakari hér á landi en í nálægum löndum er jafnframt mikilvægt að vita í hverju sá munur liggur svo að unnt sé að bregðast við og leiðrétta það sem aflaga fer.

Það er í reynd óþolandi bæði fyrir launþega og atvinnurekendur að raunhæfur samanburður liggi ekki ljós fyrir. Við núverandi aðstæður liggur atvinnulíf á Íslandi undir ámæli fyrir að fyrirtæki hér séu verr rekin en í nálægum löndum úr því að þau geti ekki boðið starfsfólki sínu sambærileg laun við það sem gerist og gengur í löndunum í kringum okkur. Ég tel að þjóðin eigi rétt á að fá að vita sannleikann í þessu máli.

Þeir sem búið hafa erlendis vita það að upphæð launa segir ekki alla söguna þegar kemur að samanburði á lífskjörum milli landa. Þar koma til fjölmargir aðrir þættir eins og ég vék að í upphafi. Verð vöru og þjónustu getur verið afar mismunandi milli landa og væri skoðun á kostnaðaruppbyggingu hér á landi verðugt athugunarefni eitt og sér. Byggt á reynslu minni af því að búa og starfa í Bandaríkjunum er mér t.d. óskiljanlegt hvað ýmis þjónusta hér á landi er dýr. Í samanburði við Bandaríkin má þó ekki gleyma því að virðisaukaskattur er hér margfaldur á við það sem hér gerist en í því landi söluskattur yfirleitt á bilinu 4–7%. En þetta skýrir samt ekki allan muninn né að hér sé um að ræða hagkvæmni stærðarinnar sem oft kemur þó inn. Það væri allt of auðveldlega sloppið að ætla sér að skýra allan mun á kostnaði vöru og þjónustu hér og annars staðar einungis út frá stærðarhagkvæmni. Ef skoðuð eru einföld dæmi úr daglegu lífi er t.d. erfitt að skilja eða réttlæta að þvottahús á Íslandi þurfi 50% hærra verð fyrir að þvo karlmannsskyrtu en sambærileg þjónusta kostar í Bandaríkjunum og það eftir að tekin hafa verið burt mismunandi áhrif sölu- og virðisaukaskatts. Í slíkum smárekstri ræðst verðmunurinn augljóslega ekki af hagkvæmni stærðarinnar, miklu fremur af því hversu markaðurinn er meðvitaður um hvað geti talist eðlileg verðlagning.

Til að taka annað afmarkað dæmi hef ég reynslu fyrir því að á Íslandi virðist kosta jafnmikið að framkvæma smávægilega viðgerð á garðsláttuvél og það kostar að kaupa nýja vél sömu gerðar út úr búð í Bandaríkjunum. Laun eru að vísu lág hjá almennu launafólki í Bandaríkjunum og vinnutími margra stétta þar er óheyrilega langur en það skýrir samt ekki þennan mun.

Mörg fleiri dæmi væri unnt að rekja þó ekki sé ástæða til hér en þetta sýnir klárlega að það er eitthvað að í verðmyndun vöru og þjónustu á Íslandi þó fúslega skuli viðurkennt að vöruverð hefur farið lækkandi samfara aukinni samkeppni innan lands. Kjarasamanburður milli landa mun væntanlega leiða okkur í allan sannleika um slíkan verðmun.

Til að víkja aftur að launaumræðu og spurningunni um hvort og þá hvers vegna laun séu lægri hér en í nálægum löndum vildi ég vitna í fréttasnepilinn Af vettvangi sem Vinnuveitendasamband Íslands sendi frá sér í desember 1994. Í blaðinu er grein um laun og launakostnað á Íslandi og öðrum löndum og þar segir, með leyfi forseta:

„Vandinn felst ekki í lágum launatöxtum því það bil sem er milli lægstu launa og meðallauna er ekki sérlega stórt. Lágmarkslaun eru um helmingur af dagvinnulaunum starfsfólks á samningssviði ASÍ og það hlutfall er ekki lágt í alþjóðlegum samanburði. Vandinn er miklu fremur sá að meðallaunin eru lág og þar með laun allflestra vinnandi manna á Íslandi."

Ég segi bara, herra forseti, bragð er að þá barnið finnur. Ef skoðaðar eru tölur um laun í ýmsum löndum ásamt heildarlaunakostnaði á klukkustund kemur í ljós að Danmörk er langefst á lista yfir þau lönd sem greiða hæstu laun á klukkustund en er hins vegar í þriðja sæti þegar lögð hafa verið saman laun og launatengd gjöld. Þýskaland er þá í efsta sæti en í því landi bætast um 80% við launin sem óbeinn launakostnaður. Næst í röðinni kemur Noregur með tæpar 1.600 íslenskar kr. í launakostnað á vinnustund en hlutfall óbeins launakostnaðar er þar svipað og hér á landi eða um 40%. Ísland er í 9. sæti með launakostnað á klukkustund sem er um það bil helmingur af því sem kostnaður á unna vinnstund er í Noregi. Tölur þessar eru reyndar frá árin 1993 og eru fengnar upp úr skýslu sænska vinnuveitendasambandsins.

Nú hefur það að sjálfsögðu áhrif á útkomuna hvert er raungengi krónunnar á þeim tímapunkti þegar samanburður er gerður. Þannig var launakostnaður á Íslandi svipaður og í Finnlandi á árunum 1987 og 1988 þegar raungengi íslensku krónunnar var hvað hæst. Á árinu 1993 var Ísland hins vegar fjórðungi lægra í heildarlaunakostnaði en í Finnlandi svo að það verður að taka slíkum samanburði með nokkrum fyrirvara.

Okkur hættir vissulega til að setja spurningarmerki við rekstur íslenskra fyrirtækja þegar við heyrum samanburð á þeim launum sem greidd eru hér samanborið við sum önnur lönd en það má ekki gleyma því að það eru fleiri sem eiga sinn þátt í því hvernig til tekst með sköpun verðmæta en stjórnendur fyrirtækja einir. Mismunandi laun milli landa skýrast að töluverðu leyti af mismikilli framleiðni. Há laun og hár launakostnaður á hverja vinnustund í einu landi þarf engan veginn að þýða að launakostnaður á hverja framleidda einingu sé hærri en í landi þar sem launþegar bera minna úr býtum fyrir hverja vinnustund. Mikil framleiðni skýrir að miklu leyti mismunandi getu fyrirtækja til að greiða laun.

Ég ætla mér ekki þá dul að geta sagt fyrir um hvort íslenskir starfsmenn vinni almennt betur eða verr en gengur og gerist í nálægum löndum þó oft þyki mér miður að sjá að vandvirkni í vinnu er ekki sem skyldi. Skýringar á minni framleiðni íslensks vinnuafls er sennilega fyrst og fremst að leita í samsetningu atvinnulífs okkar, þ.e. hvers konar vörur við erum að framleiða og við hvaða tæknistig. Það segir sig

sjálft að verksmiðja sem framleiðir húsgögn og innréttingar með 24%–30% framlegð hefur engan veginn sömu möguleika til að launa sínu fólk vel og hátæknifyrirtæki í vél- eða hugbúnaði með 60–65% framlegð. Þetta er staðreynd sem alþingismenn jafnt og launþegar virðast eiga erfitt með að skilja, a.m.k. ef marka má umræðu um atvinnuuppbyggingu sem yfirleitt snýst um það hversu mörg störf sé unnt að skapa frekar en það hvort unnt sé að skapa verðmæti með sem minnstum tilkostnaði.

Á árinu 1991 var Ísland í 5. sæti meðal OECD-landa hvað varðar landsframleiðslu á mann. Þetta er hátt sæti en það hlýtur að vera öllum hugsandi mönnum áhyggjuefni að sjá að miðist samanburðurinn við landsframleiðslu á vinnustund fellur Ísland niður í 18. sæti af þeim 24 löndum sem aðild eiga að OECD.

Herra forseti. Það er áhyggjuefni hve laun eru lág á Ísland borið saman við nálæg lönd, en staðreynd málsins er engu að síður að launakjör ráðast fyrst og fremst af verðmætasköpun á hverja vinnustund og þar stöndum við frammi fyrir þeirri sorglegu staðreynd að verðmætasköpunin er minni en í nálægum löndum og það jafnt þó við eigum einn afkastamesta sjávarútveg í heimi. Þannig felst engin þversögn í því að þjóðartekjur á mann á Íslandi séu háar en launin lág og slíkt þarf ekki að vera merki um að fámennar stéttir séu að hrifsa til sín stóran hluta þess sem til skiptanna er líkt og stundum er haldið fram. Þjóðartekjum á Íslandi er einfaldlega skipt á fleiri starfandi menn og konur en annars staðar gerist og þetta fólk vinnur jafnframt lengri vinnudag en í nálægum löndum. Skoðun og samanburður á lífskjörum hér og erlendis mun opna augu fólks fyrir því að raunverulegur kjarabati á Íslandi verður að byggjast á aukinni framleiðni en sú þróun gengur allt of hægt hér á landi, því miður, og á því verður að ráða bót og vonast ég til þess að sú könnun sem hér er lagt til að fram fari muni opna augu fólks fyrir þessari nauðsyn.

[10:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni fyrir þessa þáltill. Það er mjög nauðsynlegt að við könnum af hverju íslensk fyrirtæki geti ekki greitt hærri laun. Ég hygg að það sé nokkuð fleira en hv. þm. kom inn á sem kemur þar að.

Það er í fyrsta lagi arðsemiskrafa. Við höfum búið við það í fjölda ára, í áratugi að ekki hefur tíðkast að gera arðsemiskröfu í íslenskum fyrirtækjum. Það hefur meira að segja þótt ljótt að græða og þessi afstaða hefur leitt til þess að ekki er gerð krafa um arðsemi í fyrirtækjum sem leiðir til þess að stjórnunin verður slæleg. Það er meira litið á önnur sjónarmið en að vinnan skili arði og það hefur leitt til minni framleiðni. Þetta er einn þátturinn.

Annar þátturinn er eins og hv. þm. kom réttilega inn á skortur á samkeppni. Samkeppni á milli iðnaðarmanna, sem selja þjónustu, og samkeppni á milli fyrirtækja, sem selja vöru, skortir illilega. Það er mjög lítið um samkeppni í íslensku atvinnulífi.

Síðast en ekki síst er alla vega eins og stendur allt of lítil fjárfesting í atvinnulífinu og það er vegna þess eins og komið hefur fram í umræðum um fjármagnstekjuskatt að mönnum er hreinlega bannað að veita atvinnulífinu áhættufé eins og skattalögum er háttað í dag. Það verður væntanlega breyting á.

Það er annað sem líka kemur til. Það er ekki bara lítil fjárfesting á Íslandi, heldur hefur hún verið afspyrnuléleg. Fjárfestingin hefur verið mjög léleg. Rétt áðan vorum við að tala yfir brú yfir Grunnafjörð. Það er ekki rætt um arðsemi þeirrar fjárfestingar. Auðvitað þurfum við að gera kröfu um arðsemi fjárfestinga, jafnt opinberra sem annarra. Það sem við líðum fyrir í dag er léleg, opinber fjárfesting, líka fjárfesting einstaklinga og fyrirtækja.

Einstaklingar hafa fjárfest mikið í íbúðarhúsnæði, allt of stóru. Fyrirtækin hafa fjárfest í húsnæði og í röngum atvinnurekstri. Ríkið hefur fjárfest í óskaplega röngum fjárfestingum, t.d. Kröflu, Blöndu og sitthvað fleira. Svo hefur sjávarútvegurinn fjárfest í allt of stórum flota. Þetta er það sem lífskjörin líða fyrir. Það verður að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Ég styð eindregið að það verði kannað á milli landa hver ástæðan er fyrir því að íslensk fyrirtæki borga jafnskammarlega lág laun og þau gera í dag.

[11:01]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni fyrir þessa athyglisverðu þáltill. Það er alveg nauðsynlegt að gera raunhæfan samanburð á lífskjörum okkar hér á landi og erlendis. Oft og tíðum er umfjöllunin ekki sanngjörn eða raunhæf. Menn bera í raun og veru ekki saman sömu dæmin, þeir taka ekki tillit til allra hluta. Við verðum að vita hvar við stöndum með tilliti til lífskjara hjá öðrum þjóðum.

Það var líka mjög athyglisvert að hlýða á hv. þm. þegar hann nefndi verðmyndun og hvað í raun og veru væri eðlilegt verðlag á þjónustu. Verðmyndun hér á landi er stundum gersamlega óskiljanleg og það á reyndar einnig við umfjöllun um ákveðnar afurðir, iðnað og þess háttar í fjölmiðlum. Þegar rætt er um verðmyndun vörunnar er það oft gert á mjög ósanngjarnan hátt.

Það kom einnig fram að það er mikið áhyggjuefni mjög margra hér á landi hve laun eru lág og við verðum að leita leiða til þess að hækka launin. Lág laun valda því að allt of margir eru ekki beinir þátttakendur í neyslunni í þessu þjóðfélagi, fólk hefur einfaldlega ekki efni á að kaupa ýmiss konar þjónustu sem hér er boðið upp á.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. og ég hlakka til að sjá þær niðurstöður sem verða í þessari könnun.

[11:03]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Mér þykir verra að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson — nei, hann er kominn aftur. Ég ætlaði aðeins að fá að beina orðum mínum að hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um arðsemiskröfu og arðsemi sem ekki er nægjanleg í íslenskum fyrirtækjum. Ég er sammála honum um það. Hún er langt frá því nægjanleg og íslenskir hluthafar hafa lítt verið meðvitaðir um þann rétt sinn að gera kröfu um aukinn arð.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson nefndi um daginn að hingað væru komnir það sem hann kallaði nýfrjálshyggjumenn og átti þar við mig og hv. þm. Pétur Blöndal. Ég get vel gengist við þessu orði, nýfrjálshyggjumaður. Vegna þessara ummæla hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og orða hv. þm. Péturs Blöndals um arðinn langar mig að skilgreina í örfáum orðum í hverju þessi nýfrjálshyggja felst. Hún felst í því að skilgreina arðinn út úr rekstrinum með nokkuð öðrum hætti en hingað til hefur tíðkast. Hingað til hefur arður yfir-

leitt verið skilgreindur sem það sem stendur eftir þegar búið er að draga frá allan rekstrarkostnað.

Ef ég má skilgreina nýfrjálshyggjuna með einföldum hætti, þá er hún í mínum huga þannig að hana aðhyllist fólk sem telur að reksturinn í þjóðfélaginu sé best kominn í höndum einkaaðila. Og við viljum skilgreina arðinn með nokkuð öðrum hætti. Við viljum skilgreina arðinn sem það sem kemur út úr viðkomandi rekstri í arð og launagreiðslur til starfsfólks þannig að þegar þetta tvennt er lagt saman skili það fyrirtæki bestum arði sem mest hefur lagt fram í þetta tvennt. Þessarar *nýju skilgreiningar er oft getið í erlendum* blöðum núna. Henni fylgir að þeir sem aðhyllast þetta taka upp nýja forgangsröðun. Reyndar segja menn: Númer eitt er hagur fyrirtækisins vegna þess að það er sá aðili sem á að standa undir þeim lífskjörum sem starfsmönnum er boðið upp á. Númer eitt er hagur fyrirtækisins en númer tvö er hagur starfsfólks og fyrst í þriðja sæti kemur hagur eigandans. Nútímaeigendur skilja að fyrirtæki sem ekki hefur á að skipa góðu starfsfólki sem menn gera vel við, mun ekki ganga í framtíðinni. Þessi skilgreining á því hvernig menn mæla arðinn, þessi forgangsröðun og það að hafa frelsi til athafna er það sem gildir en jafnframt verður þjóðfélagið að bjóða upp á öryggisnet sem grípur þann þegn sem einhverra hluta vegna verður fyrir sjúkdómi, slysi eða lendir af þeirri braut að hann geti tekið þátt í eðlilegu kapphlaupi. Við viljum að þjóðfélagið sjái um þetta öryggisnet og fyrir það erum við tilbúnir til að borga okkar hlut, hvort sem það eru 45% eða 47% af okkar skatttekjum. Það er allt í lagi, það er ekki gerð athugasemd við það. Þar er kannski stóri munurinn á því sem hingað til hefur verið kallað frjálshyggjumenn og svo þessara nýju frjálshyggjumanna. Nú ætla ég að vísu ekki að tala fyrir munn hv. þm. Péturs Blöndals, en við viljum að þjóðfélagið veiti þetta öryggisnet og erum tilbúinn til að borga fyrir það. En við viljum engu að síður sjá hag einkarekstrar og fyrirtækisins sem best borgið.

[11:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna þessarar skilgreinar á minni persónu má ég eiginlega til með að taka til máls. Nýfrjálshyggjumenn, ég er eiginlega ekki sáttur við það orð. Ég *vil heldur* skilgreina þetta sem fólk sem beitir almennum hyggindum og skynsemi.

Í mínum huga er sá arður sem keppa á að, arður sem er ekki tekinn frá neinum. Það er arður í fyrirtækjum sem geta borgað í fyrsta lagi há laun, geta framleitt vöru með lágum framleiðslukostnaði, selt hana á lágu verði og geta borgað háan arð. Þessu ná fyrirtækin fram með betra skipulagi, hagræðingu, frumkvæði og beitingu hyggjuvits. Framkvæmdastjóri fyrirtækis er að mínu mati höfuðpersónan í fyrirtækinu og ég er þá ekki að gera lítið úr öðrum starfsmönnum. Hann mótar skipulag fyrirtækisins og það getur skipt sköpum. Ég fullyrði að þar sem hagnaður fyrirtækisins er mismunur á tekjum og gjöldum, þá getur skipt sköpum um hagnaðinn hvernig reksturinn er. Hagnaðurinn getur verið fimmfalt meiri hjá góðum framkvæmdastjóra en hjá miðlungsframkvæmdastjóra. Og hjá lélegum framkvæmdastjóra er hann að sjálfsögðu enginn.

[11:09]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er fremur fátítt að stjórnarþingmenn flytji þáltill. og skori á vini sína í ríkisstjórninni að skipa nefnd til að skoða eitthvað sem varðar kjarna efnahagsstefnunnar eða stefnu stjórnvalda, svo sem lykilatriði eins og þau að kanna ástæður fyrir hnignun efnahags- og atvinnulífs, lakari samkeppnishæfni og lakari lífskjörum. Hv. þm. á einfaldlega greiðari leið að þessu. Hann getur bara hnippt í viðskrh. og sagt: Heyrðu, kæri vinur, gerðu þetta. Það er því svolítil sýndarmennskubragur á svona tillöguflutningi. En látum það nú vera. Oft er það svo að þingsályktunartillögur hafa þann tilgang að vekja athygli á þingmanninum frekar en málefninu og allt í lagi með það.

Umræður um samanburð á samkeppnishæfni, arðsemi og *tengslin við lífskjör. Um þetta er náttúrlega mjög margt* að segja. Ég ætlaði í þessu andsvari aðeins að vekja athygli á einu. Ísland er dvergsmár heimamarkaður. Upphafið að því að Íslendingar komust í ógöngur í efnahagsmálum um miðja öldina var sú ríkjandi hugmyndafræði sem einkum átti uppruna sinn í tveimur stjórnmálaflokkum, þ.e. Framsfl. og Sjálfstfl., en hún var að loka þetta dvergsmáa hagkerfi af á bak við tollmúra með verndarstefnu. Af því er sprottin gríðarleg einokun og fákeppni í okkar þjóðfélagi sem hefur byggt upp vald sérhagsmuna en þetta vald sérhagsmunanna er aðalvaldið á bak við þessa tvo stjórnmálaflokka. Þetta leiðir til þess að það er ginnungagap á milli hugmyndafræði t.d. sjálfstæðismanna um einkaframtak og samkeppni og hins vegar veruleikans sem oft og tíðum er allur annar.

Ég geri að sjálfsögðu engan ágreining um það, það er deila sem löngu er liðin og öllum má vera ljós nema einhverjum sérvitringum að efnahagsskipanin þarf að vera samkeppni á markaði. Og þá þarf að fylgja því eftir með afnámi á verndarstefnu, einkum og sér í lagi vegna þessa dvergsmáa markaðar þurfum við mjög á tollfrjálsum aðgangi að erlendum stórmörkuðum að halda. Það sem kemur í veg fyrir þetta allt saman er árátta, ekki síst framsóknarmanna sem hv. þm. er fulltrúi fyrir. Flokkurinn sem slíkur hefur ekki skilið þetta enn þá og er helsta hindrunin í vegi fyrir framgangi samkeppni á markaði opinnar stefnu, fríverslunarstefnu, og er raunverulega sérhagsmunaaðili til verndar verndarstefnu og einokunar. Saga flokksins í landbúnaðarmálum sem hefur kostað þessa þjóð tugmilljónafórnir er sagan um það. Þetta er því ekki bara spurning um tvískinnung tillögumanns, sem er *saklaust efni, heldur fyrst og fremst sögulegan tvískinnung* flokksins sem tillögumaður tilheyrir. Spurningin er raunverulega sú: Hvað er hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson að gera í Framsfl. sem er augljóslega í andstöðu við öll þau nútímalegu sjónarmið sem hv. þm. fylgir? Í raun og veru má beina sömu spurningu til hv. þm. Péturs Blöndals: Á hvaða villigötum er hann? En ég tek það fram að auðvitað er það ljós í myrkrinu og til bóta ef menn með nútímaleg sjónarmið leita þrátt fyrir allt inngöngu í þessa flokka. Það mun að vísu taka einhverja áratugi að þeir hafi áhrif, en einhvers staðar verður að byrja.

[11:13]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sérhver langferð hefst með einu skrefi.

[11:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég er ekki allsendis sammála hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni eða Pétri Blöndal um það að fyrirtæki þurfi endilega að vera betur rekin ef þau eru einkafyrirtæki. Gamalt máltæki segir: Veldur hver á heldur. Ég er hlynntur blönduðu hagkerfi og það eru til mýmörg fyrirtæki í landinu sem eru býsna vel rekin, t.d. á samvinnugrundvelli. Má þar

t.d. nefna Sláturfélag Suðurlands og mörg fleiri fyrirtæki sem rekin eru á samvinnugrundvelli. Þess vegna getum við ekki alhæft þannig að fyrirtæki séu endilega best komin í höndum einstaklinga. Það eru líka til fjölmörg dæmi þess að einkarekin fyrirtæki eru beinlínis illa rekin og alls ekki rekin á þeim forsendum sem verið er að nefna hér. (**Gripið fram í:** Það eru öll fyrirtæki í höndum einstaklinga.) Hárrétt. Öll fyrirtæki eru í höndum einstaklinga og þetta er bara spurning um stefnu atvinnurekenda hverju sinni. En vonandi komumst við að því, eins og málshefjandi kom inn á í framsögu sinni, hvar skórinn kreppir þegar við berum saman lífskjör erlendis og hér heima. Og þá er að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig á að breyta samfélaginu þannig að það verði betra að búa hér og hægt verði að greiða hinum almenna launþega betri laun en gert er í dag.

[11:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að fagna fram kominni tillögu hv. þm. Gunnlaugs M. Sigmundssonar. Í mínum huga skiptir það ekki meginmáli að hv. þm. er í Framsfl. Ég vona að rannsókn þessi fari fram og að niðurstöður hennar sýni hvert verðmætamat er hér á landi. Auðvitað segja lífskjörin okkur eða uppbygging þeirra eitthvað um það verðmætamat sem gildir á Íslandi. Við vitum öll að íslenska þjóðin er ein sú ríkasta hér á jörð, með þeim tíu ríkustu skyldi ég ætla. Þess vegna vonar maður að fram komi ástæður þess hvers vegna við búum í ríku láglaunalandi. Ég hygg að það hafi eitthvað með forgangsröð verkefna og verðmætamat ráðamanna að gera. Auk þess leyfi ég mér að vona að fram komi ástæður þess atgervisflótta sem ég hygg að sé hafinn héðan til ríkjanna í kringum okkur. Þar á ég við að vel menntað ungt fólk á Íslandi á mjög erfitt með að finna störf við hæfi. Það er hluti af þessari lífskjaraumræðu og kannski hluti af þeirri framtíð sem bíður ungs fólks á Íslandi. Vonandi getum við með niðurstöðum þessarar rannsóknar gripið til ráða sem snúa þeim atgervisflótta við.

[11:18]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég var fyrir ekki mjög löngu síðan staddur í landi sem er nú þessi árin að rísa úr rústum. Ég er að vitna til Eistlands. Eistland er dæmi um land sem á hálfri öld var lagt í rúst, bæði efnahagslega, atvinnulega og andlega. Upp úr 1990 fékk þjóðin nýtt tækifæri. Ég kom þar áður og svo eftir fjögurra ára breytingaskeið. Þetta er ein af þeim þjóðum sem gaman er að koma til af því að maður merkir svo sterklega breytinguna.

Forráðamenn í Eistlandi sendu unga menn vítt og breitt til þess að kynna sér það hvernig væri nú skynsamlegast að haga endurreisninni. Ég hafði ákaflega gaman af því þegar seðlabankastjóri þar var að lýsa fyrir mér einfaldleika kerfisins í landinu. Hann sagði: „Við höfum 29% einfalt tekjuskattskerfi.“ — Það er nákvæmlega það tekuskattskerfi sem við komum á 1987 og síðan er búið að eyðileggja.

„Annað: Við höfum 12% flatan virðisaukaskatt á alla neyslu nánast undantekningarlaust. Tvær undantekningar eru óhjákvæmilegar.

Þriðja: Við höfum enga tolla. Það er frjáls innflutningur inn í landið. Við höfum dvergsmátt hagkerfi og við bjóum almenningi í lífskjarahremmingunni upp á það að verðlag er hér lágt, ríkið íþyngir því ekki og það bjargar lífskjörum þjóðarinnar á umþóttunarskeiðinu.“ — Þetta er nú eitthvað sem framsóknarmenn mættu gjarnan læra af.

„Fjórða: Við erum að sjálfsögðu þannig staddir að við höfum enga ríkisstyrki og engar niðurgreiðslur af neinu tagi, þar á meðal ekki fyrir okkar landbúnað. Hann er nú bara fyrir heimamarkað en hann verður hvort eð er að vera það vegna þess að landbúnaðarstefna ríku þjóðanna í kringum okkur lokar okkur frá mörkuðunum.“

Ég nefni þetta sem dæmi vegna þess að þegar maður byrjar upp á nýtt og þarf ekki að taka tillit til þess að sögulega séð hafa verið byggðir upp varnarmúrar í kringum einhverja sérhagsmuni getur maður sagt: Mikil lifandis ósköp er gaman þegar heilbrigð skynsemi og vit fær að ráða. Þarna er með öðrum orðum sú grundvallarhugsun að gera ekkert til þess að hindra að dugnaður, framtak og sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar nái að bjarga þeim eftir að landið var lagt í rúst. Þetta minnir mig á að þegar ég var mun yngri maður og áhugi minn á þjóðfélagsmálum vaknaði, snerist öll umræða í heiminum um það hvernig Þjóðverjar höfðu náð að byggja sig upp úr rústum, þ.e. þýska efnahagsundrið. Síðar meir snerist sú umræða um Japan og hún er núna um grundvallaratriðin í því hvað veldur því að efnahagstígrarnir í Asíu hafa náð jafnmiklum árangri og raun ber vitni.

Í öllum þessum þremur dæmum sem ég nefni má finna sameiginleg einkenni. Hver eru þau? Þau eru undir öllum kringumstæðum að menn gera það sem þeir geta til þess að virkja dugnað og framtak og það heitir: Samkeppni á markaði. Annað: Menn forðast eins og heitan eldinn verndarstefnu, verndartolla, innilokun og einangrun. Þriðja: Menn reyna að því er varðar hlutverk ríkisins að halda því í skefjum og hafa það undir einföldum almennum reglum. Að því er varðar fyrirtækin er eitt einkennandi fyrir öll þessi lönd og það varðar umræðuna við hv. þingmenn Gunnlaug Sigmundsson og Pétur Blöndal um arðsemina og meðhöndlun arðs. Ég hef vísað til þess áður og það er þetta: Þýska efnahagsundrið byggðist á því að skattalög sögðu við eigendur fyrirtækja: Svo lengi sem þið haldið fjármagninu inni í fyrirtækjunum þá munum við skattleggja það mjög lágt með mjög lágum tekjuskatti á hagnað fyrirtækjanna. Ef þið takið arðinn út úr fyrirtækjunum með arðgreiðslum til eigenda, lítum við það sem nánast refsivert athæfi og við skattleggjum það eins og launatekjur alveg upp í topp.

Þetta er lykilatriði, bæði að því er varðaði Þýskaland, þýska efnahagsundrið, Japan og fyrirmyndarríkið mikla, Singapore, því að svona eru fyrirtæki byggð upp. Þetta hét í marxismanum í gamla daga kapítalísk akkúmúlasjón. Marx hafði ýmislegt skynsamlegt fram að færa á sínum tíma. Það er eins og þessir nýfrjálshyggjumenn skilji þetta ekki og einn megingallinn á íslenskum fyrirtækjarekstri, fyrir utan þá bernskusjúkdóma að það var oft mikið af sjúskuðum og lélegum rekstri, liggur í því viðhorfi eigendanna að líta á þessi fyrirtæki, sem oft eru hvorki fugl né fiskur heldur svona smárassvasaheildsölur nánast, sem einhvers konar skattaskjól. Þeir halda að tilgangurinn sé að mergsjúga út úr fyrirtækjunum sem mestan arð og að skattlagningin eigi fyrst og fremst að hygla úborguðum arði sem síðan hverfur í einkaneyslu. Enda segja hinir landflótta Íslendingar sem bera saman hegðun og framgöngu atvinnurekenda í smáfyrirtækjum úti í Danmörku og víðar: Annars staðar er vinnuveitandinn í gallanum að vinna við hliðina á okkur. Á Íslandi er hann í súperjeppanum að leita fyrirgreiðslu hjá opinberum stofnunum.

Auðvitað er þetta ýkt mynd, ég viðurkenni það. Ég er ekki með þessu að segja að ég hafi lokað augunum fyrir því

jákvæða sem er að gerast í íslenskum fyrirtækjum, það er margt. Einkum og sér í lagi gerist eitthvað þegar dregið er úr einokun, þegar dregið er úr forréttindaaðstöðu ríkisins, þegar létt er reglugerðaráþján og þegar ýtt er undir samkeppni.

Umræðan um þetta mál er ekkert á byrjunastigi. Fyrir skömmu síðan gerðist það að ungur prófessor, dr. Þorvaldur Gylfason, sendi frá sér fjórða ritgerðasafnið í röð á nokkrum árum sem heitir „Seinustu forvöð". Þar segir: Ísland er að dragast aftur úr og framtíðarsýnin er ekki mjög björt. Rökin eru öll gamalkunn, fyrirtækjastrúktúrinn, lítil arðsemi fyrirtækja, takmarkað eigið fé fyrirtækja, einokun, leifar af einokun og verndarstefnu í utanríkisviðskiptapólitíkinni. Hvar værum við stödd ef við hefðum ekki náð fram EES-samningnum? Ég má ekki til þess hugsa. Hugsið ykkur hvernig núv. ríkisstjórn klúðraði útfærslunni á GATT-samningunum. Því miður. Það bar ekki vott um nokkurn einasta skilning á því sem hv. þm. er að lýsa.

Síðan er það skipulagsvandinn í íslensku atvinnulífi. Hvað er iðnaðurinn núna að tala um? Hvers vegna hefur okkur ekki tekist að byggja upp sómasamlegan, lífvænlegan iðnað til útflutnings? Við getum aldrei byggt upp iðnað fyrir heimamarkað vegna þess að hann er svo dvergsmár. Það getur ekkert fyrirtæki í iðnaði náð niður framleiðslukostnaði vegna þess að markaðurinn er svo lítill að við verðum að sérhæfa okkur til útflutnings. Þess vegna er heimamarkaður okkar Evrópa númer eitt og þess vegna jafnvel heimurinn allur. En það er meira að segja ekki skilningur á þessu. Hvað er iðnaðurinn að tala um núna? Hann talar um það að við erum nú þar stödd í hagsveiflunni að það er að byrja ný uppsveifla í sjávarútveginum. Við höfum svo ótal oft farið í gegnum þetta áður. Ef þetta byrjar núna, verður hér ný kollsteypa nema því aðeins að menn taki á skipulagsvandanum. Hugmyndir okkar um veiðileyfagjaldið eru prófsteinn á það hvort menn skilja þetta eða skilja þetta ekki. Ef ekki er hægt að taka á einokuninni í landbúnaðinum, taka upp veiðileyfagjald í sjávarútveginum, hrista upp í opinbera kerfinu og einkavæða bankana, heldur stöðunin áfram.

[11:26]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka Gunnlaugi Sigmundssyni fyrir að hafa flutt þessa þáltill. hér og vona að þetta komist til framkvæmda. Ég veit, eins og minnst hefur verið á hér að hann hefur góð sambönd meðal ráðamanna sem gætu framkvæmt þessa könnun. Það er ekki ólíklegt að hún verði gerð. Vonandi verður það til góðs og vonandi verður það til þess að menn noti þá niðurstöðurnar til þess að reyna að bæta lífskjörin á Íslandi í samræmi við það sem þarna kemur í ljós.

En það er annað sem mig langaði að minnast á. Hv. þm. talaði um að ef það væri nógur arður í fyrirtækjum, ef þau gengju nógu vel, gætu þau greitt hærri laun.

Nú er það svo að fyrirtæki ganga afskaplega misjafnlega vel. Á sama tíma og eitt ágætt fyrirtæki á Suðurnesjum var t.d. í fréttum vegna velgengni á Japansmarkaði og heilmikils gróða var sömuleiðis í fréttum á Suðurnesjum að þeim gengi afskaplega illa að ráða fólk til vinnu. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Það er vegna þess að þeir borga bara þau laun sem eru umsamin af stéttarfélögunum, rétt rúmar 300 kr. á tímann og lítið umfram það. Það er mjög erfitt að fá fólk út af atvinnuleysisskrá, til að koma börnum sínum fyrir í gæslu með ærnum til kostnaði og fara að vinna á launum sem fyrir fulla dagvinnu gefa lítið meira en atvinnuleysisbætur.

Þetta er ekki svo einfalt mál. Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram frv. um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem gert er ráð fyrir vinnustaðarfélögum. Sjálfsagt sjá ýmsir það í hillingum að menn sitji þar í huggulegheitum og semji við framkvæmdarstjórann sinn um launin sín. En það verður ekki þannig. Það má að vísu búa til vinnustaðarfélag en það verður veskú að semja við Þórarin Viðar um launin. Það er nefnilega þannig að samkvæmt öllum lögum og venjum verða fyrirtæki að borga laun eða eiga að borga laun samkvæmt launatöxtum og þeir skulu gerðir við Garðastrætið.

Varðandi samanburð á lífskjörum fór ég á vegum kennarasamtakanna fyrir tveimur árum á norræna ráðstefnu þar sem við áttum að ræða launakjör kennara. Það var sameiginlegt með öllum sem þarna voru saman komnir að þeir voru heldur óhressir með laun kennara. En það horfðu þó allir á mig stórum augum þegar ég dró upp nestið, sem átti að vera nákvæm útlistun á launum kennara á Íslandi reiknað yfir í sænskar krónur, og í ljós kom að íslenskir kennarar voru á helmingi lægri launun en nokkrir aðrir. Þarna var reyndar miðað við fólk sem er í hæsta launaflokki sem hægt er að komast í sem almennur kennari. Mér fannst svona allt að því jaðra við að menn lýstu mig ósannindamann þegar ég kom með þessar tölur. Þetta gæti ekki verið. Skýringin hlyti að vera sú að það væru engir skattar á Íslandi, rafmagnið væri frítt o.s.frv. Það virðast alls konar svona hugmyndir vera í gangi um Ísland, en ég gat heldur betur leiðrétt það. Ég vona að það verði t.d. rannsakað í þessari ágætu könnun sem væntanlega verður gerð hvernig launakjörum kennara er háttað á Norðurlöndum.

[11:31]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað fyrir jákvæðar undirtektir í þessu máli. Vegna orða síðasta ræðumanns rétt áðan um fyrirtæki á Suðurnesjum sem hefur góða afkomu en greiðir allt of lág laun vil ég segja að miðað við þá skilgreiningu sem ég var með áðan um það hvernig nútímafyrirtæki beri að mæla arðinn, þá skynja eigendur þessa vafalaust ágæta fyrirtækis samt ekki nútímarekstur. Ef þeir halda að þeir geti komist upp með að deila ekki arðinum með starfsfólki þegar vel gengur og halda að þeir geti skilið hann allan eftir í vösum eigenda þá skilja þeir einfaldlega ekki út á hvað nútímarekstur gengur. Þeim mun ekki haldast á góðu fólki og reksturinn mun ekki ganga svona vel til langs tíma. Á þessu byggist þessi nýja hugsun sem ég er að reyna að lýsa í atvinnurekstri. Fyrirtækið verður að ganga, númer tvö er að starfsmenn og eigendurnir verða síðan að fá eðlilegan arð. Ég sé ekki að þetta sé neitt öðruvísi en það kerfi sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti áðan að hefði verið notað í þessu svokallaða þýska efnahagsundri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:33]

Útbýting þingskjala:

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 308. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 836.

Úttekt á afskrifuðum skattskuldum, 187. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 840.

Ríkisreikningur 1991, 2. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 88, nál. 584.

[11:33]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 en nefndin hefur haft frv. til athugunar. Þetta mál hefur nokkuð langan aðdraganda en í endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 er lagt til að ríkisreikningur verði samþykktur með eftirtöldum breytingum:

Að framlag að fjárhæð 1.633.431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, fjárlagaliður 01-173, verði ekki samþykkt sem útgjöld ársins 1991 en færist sem framlag í ríkisreikningi ársins 1992.

Að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð.

Niðurstöðutölur reikningsins breytist til samræmis við þetta.

Í áritun Ríkisendurskoðunar í ríkisreikningi fyrir árið 1991 segir m.a.:

„Í ríkisreikningi 1991 er framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands fært til gjalda hjá forsætisráðuneytinu. Þetta er byggt á 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem staðfest voru 24. janúar 1992 og heimila fjármálaráðherra að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr. á því ári. Fjármálaráðherra hefur þegar nýtt þessa heimild samkvæmt samkomulagi við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Það er álit Ríkisendurskoðunar að færa beri nefnt framlag til gjalda í ríkisreikningi 1992 í stað 1991 og því sýnir rekstrarreikningur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 verri afkomu sem þessu nemur."

Í bréfi fjármálaráðherra og ríkisbókara til forseta Alþingis segir m.a. um fyrrgreint efni:

„Gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Skuldbindingar, sem falla til á fjárhagsárinu, eru færðar til bókunar samkvæmt stöðu verkefna. Þetta á t.d. við vegagerð, hafnagerð og byggingarframkvæmdir, svo og ábyrgðir ríkissjóðs sem augljóslega eru tapaðar. Hvenær bókun á sér stað ræðst þannig af mati á því hvenær til skuldbindinganna er stofnað, en ekki af hinni formlegu afgreiðslu Alþingis. Með þessu telur ráðuneytið að ríkisreikningurinn gefi sem réttasta mynd af efnahag ríkissjóðs á hverjum tíma."

Fyrrverandi fjármálaráðherra ákvað á árinu 1990 að beita sér fyrir heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Samkvæmt lögum er ríkisreikningsnefnd ætlað það hlutverk að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi er lögum er ætlað að tryggja. Í nefndinni eiga sæti ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi, hagstofustjóri og fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands.

Að undanförnu hefur mikil vinna verið lögð í að endurskoða lög er varða fjárreiður ríkisins. Árangur hennar hefur nú birst í frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Nú liggur fyrir álit ríkisreikningsnefndar og hefur fjárlaganefnd kynnt sér rækilega þær tillögur hennar sem eiga að tryggja samræmi í gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Fjárlaganefnd telur að skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna gefi fullnægjandi skýringar á þeim athugasemdum sem settar eru fram við reikninginn. Hins vegar telur fjárlaganefnd ekki ástæðu til að breyta reikningnum.

Í áritun löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 1991 segir m.a.:

„Í rekstrarreikningi 1991 er fært til tekna framlag frá ríkissjóði að upphæð 1.633 millj. kr. Byggist þetta á heimildarákvæði til fjármálaráðherra samkvæmt lánsfjárlögum sem samþykkt voru 23. janúar 1992 og fjármálaráðherra hefur þegar nýtt sér, sbr. samkomulag við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Þar sem ákvörðun um þetta framlag ríkissjóðs lá ekki fyrir á árinu 1991 sýnir rekstrarreikningur Framkvæmdasjóðs betri afkomu sem þessu nemur svo og eigið fé hans í árslok 1991."

Í ljósi athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, Ríkisendurskoðunar og löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands við ríkisreikning ársins 1991 og reikninga Framkvæmdasjóðs telur fjárlaganefnd eðlilegt að sama athugasemd fylgi ríkisreikningi 1991. Er með því samræmi milli reiknings Framkvæmdasjóðs og ríkisreiknings, en hvorugum reikningnum breytt. Þá skal tekið fram að ekki er deilt um ábyrgð ríkissjóðs á fjárhag Framkvæmdasjóðs Íslands.

Með vísun til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiesen og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara, Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir með fyrirvara og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Ég hef lokið við að gera grein fyrir nál. fjárln. en vil geta þess í lokin að eins og tekið er fram í nál. hefur verið mikil vinna lögð í það að undanförnu að endurskoða lög er varða fjárreiður ríkisins og er frv. þess efnis til meðferðar í sérnefnd þingsins. Þessi vinna er á góðu skriði og ég held að það sé bærileg samstaða um það á Alþingi að samþykkja nýja löggjöf sem kemur m.a. í veg fyrir álitamál af því tagi sem komu upp varðandi ríkisreikning 1991.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti fjárln.

[11:41]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 og hefði nú fyrr mátt vera. Maður hefði haldið að það heyrði til liðinni tíð að afgreiða margra ára gamla ríkisreikninga og það er vitanlega hálfankannalegt að ríkisreikningur fyrir árið 1991 sé nú loksins tekinn til afgreiðslu. En vonandi tekst okkur að afgreiða þetta frv. endanlega fyrir þinglok, svo og aðra ríkisreikninga sem bíða enn í biðröðinni.

Eins og fram kom í máli hv. formanns fjárln. skrifa ég undir nál. með fyrirvara og vil nú skýra þann fyrirvara í örfáum orðum. Hann er best skýrður með vísan til nál. þar sem vitnað er til áritunar Ríkisendurskoðunar varðandi gjaldfærslu framlags ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands. Um það efni hefur Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og raunar einnig löggilta endurskoðendur Fram-

kvæmdasjóðs Íslands greint á við fjmrn. og það er einmitt ástæðan fyrir þeirri töf sem orðið hefur á afgreiðslu Alþingis. Og ástæðan fyrir mínum fyrirvara er einmitt sú að ég er sammála niðurstöðu og áliti Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna um þetta efni. Til þessara útgjalda var formlega stofnað með samþykkt lánsfjárlaga í janúar 1992 og því hefði verið eðlilegt og rétt að færa þau til gjalda á því ári en ekki í ríkisreikningi árið 1991. Um þetta hefur nú þjarkið staðið árum saman og hindrað afgreiðslu málsins og tafið þar með afgreiðslu ríkisreikninga næstu árin á eftir. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og líklega hefur þetta þjark átt sinn þátt í því að ýta á eftir endurskoðun á uppgjöri og framsetningu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Við höfum nú fengið frv. til laga um fjárreiður ríkisins með ýmsum tillögum um breytingar í þessum efnum sem ég held að horfi til bóta. Mér er reyndar ekki kunnugt um hvernig umfjöllun málsins stendur í sérnefnd sem sett var á stofn um það frv. en ég vonast til þess að það verði samþykkt á þessu þingi. Eins og kemur fram í nál. fjárln. leggur nefndin til að frv. um samþykkt ríkisreiknings fyrir árið 1991 verði samþykkt óbreytt og ég stend að því áliti með þeim fyrirvara sem ég hef nú lýst. Ég tel þetta mál til lykta leitt og tel mikilvægt að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir þinglok í vor.

[11:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég stend upp til þess að þakka hv. fjárln. og formanni hennar fyrir það hvernig að málum er staðið núna varðandi frv. til laga um samþykki á ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem er að verða sögulegur reikningur. Eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir benti á áðan, þá hefur þessi reikningur ekið á undan sér býsna þungu hlassi því að ég tel að ágreiningurinn um hann hafi að nokkru leyti orðið til þess að reka á eftir því að ríkisreikningsnefnd skilaði áliti og hefur líka orðið til þess að reka á eftir því að það næðist samkomulag í þinginu við fjmrn. og Ríkisendurskoðun um uppsetningu ríkisreikninga og um það frv. sem nú liggur fyrir um fjárreiður ríkisins. En það frv. er að stofni til álíka gamalt og þessi reikningur sem hér er verið að fjalla um. Þetta frv. er reyndar aðeins eldra.

Ég man ekki betur en það hafi verið í tíð fjárveitinganefndarforustu hv. þm. Pálma Jónssonar og Sighvats Björgvinssonar sem það mál kom fyrst til meðferðar. Það vakti þá litla hrifningu, aðallega þeirra sem stóðu þá fyrir ráðuneytum og átti við fjmrh. þáv. og fleiri þáv. ráðherra. Síðan hefur verið unnið mikið starf í því að reyna að ljúka þessu máli og reyna að ná sátt um hlutina. Það hefur sem sagt tekist með því áliti ríkisreikningsnefndar sem birt var og ríkisendurskoðandi stóð að og síðan með því frv. til laga um fjárreiður ríkissjóðs sem nú er til meðferðar í sérnefnd. Hv. þm. Jón Kristjánsson upplýsir okkur um að það sé ágætt samkomulag um það mál. Ég vona að svo sé og vil spyrja hann í framhaldi af orðum hans áðan hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að það sé ágætt samomulag um þær aðferðir sem samkomulag varð um í ríkisreikningsnefnd og þær aðferðir sem mælt er fyrir um og gerð er tillaga um af hálfu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings þegar þeir skrifuðu á ríkisreikninginn fyrir árið 1991. Þar lögðum við megináherslu á það atriði að bókun skuldbindinga ætti að ráðast af því hvenær Alþingi afgreiðir málið formlega. Þar eru vatnaskilin í málinu. Að okkar mati sem gegndum störfum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings í nokkur ár eru vatnaskilin þar sem Alþingi afgreiddi málið. Mér þætti vænt um ef hv. frsm. og formaður fjárln. gæti farið um þetta nokkrum orðum.

Ég tel mig vita að ég geti gengið út frá því að svarið við þessari spurningu sé jákvætt og vil af því tilefni geta þess í fyrsta lagi að ég lít þannig á að ríkisreikningurinn sé mikilvægt mál og það skipti miklu máli að hann sé gagnsær og nothæfur sem stjórntæki. Ríkisreikningurinn hefur ekki verið nothæft stjórntæki á undanförnum árum svo vel væri. Þannig hefur ekki verið hægt að bera saman annars vegar fjárlög og hins vegar ríkisreikning með augljósum gagnsæjum og aðgengilegum hætti. Þannig hafa fjárlögin ekki verið neitt stjórntæki vegna þess að þegar menn hafa verið að leita að uppruna talna í ríkisreikningi, reynast útgjöldin oft eiga uppruna sinn jafnvel í mörgum tugum fjárlagaliða. Ég man eftir dæmum um það að við röktum okkur í gegnum nokkrar svona tölur og komumst að raun um að tiltekin ein tala í ríkisreikningi átti sér kannski uppruna í einum 10–15 heimildum í fjárlögunum. Því varð vonlaust að bera saman talnadálka fjárlaganna annars vegar og ríkisreikningsins hins vegar.

Nú er þetta að breytast. Að vísu verður að segja að það kostaði miklar fórnir því að steininn tók úr í þessu efni á síðasta kjörtímabili. Þá gerðist það í fjárlögum ársins 1992 ef ég man rétt, að tekin var um það ákvörðun af ríkisstjórninni við 3. umr. fjárlaga að skera ríkissjóð niður flatt um tiltekna prósentu og fela síðan ráðherrunum hverjum fyrir sig að dreifa upphæðunum í sín ráðuneyti. Það varð til þess að Alþingi sagði um leið og það afgreiddi fjárlögin: Ja, fjárlögin eru að vísu svona, en í lokagrein fjárlaganna er tiltekin grein sem afnemur þau að talsverðu leyti og afhendir ráðherrunum fjárveitingavaldið. Þetta vakti mikla umræðu og mikla athygli og varð til þess að menn hafa sett sér það að vinna betur að þessum málum. Ég hygg að frv. um fjárreiður ríkissjóðs, sem ég leyfi mér að nefna hér, hæstv. forseti, enn á ný, taki á þessu máli þannig að þá verði mikið betra og auðveldara að sjá þessa hluti í gegn en hægt er núna og var, sérstaklega ekki síst á árinu 1992, að ég tali ekki um verðbólguárin sem voru þannig að þetta var alveg vonlaust verk. Staðreyndin var sú að á verðbólguárunum voru fjárlögin óbrúkleg sem stjórntæki vegna þess að menn þurftu að vera að færa til tölur svo að segja upp á hvern einasta dag. En eftir að tókst í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á árunum 1988–1991 að ná verðbólgunni verulega niður, hefur þetta auðvitað smátt og smátt þróast í þá átt að vera nothæft sem stjórntæki og ég tel að það skipti miklu máli í þessu samhengi.

Frá sjónarmiði vinstri manna skiptir það sérstaklega miklu máli að ríkisreikningur og fjárlög, að mínu mati, séu góð stjórntæki. Það er vegna þess að við tölum gjarnan fyrir félagslegri neyslu og fyrir samneyslu. Til þess að samneyslan sé trúverðug, þá verður að vera hægt að rekja fjármunina sem þjóðin veitir til samneyslunnar. Þess vegna er meðferð reikninga og meðferð fjármuna ríkisins úrslitaatriði, mér liggur við að segja, í hugmyndafræði vinstri stefnu og jafnaðarstefnu vegna þess að það eru auðvitað ekki fjármunir einstaklinga heldur fjármunir þjóðarinnar sem menn eru að fara með, fjármunir einstaklinganna í landinu en ekki einstakra ráðherra eða þingmanna. Það er mikilvægt að Alþingi og ríkisstjórn vandi sig í meðferð þeirra fjármuna sem þjóðin treystir þeim fyrir. Það hefur oft skort á það og skortir reyndar á það enn þá. En þar þokast hlutirnir tæknilega í rétta átt þó að pólitískt sé oft ágreiningur um málin.

Varðandi málið að öðru leyti tel ég fulla ástæðu til þess að nefna það að hv. þm. Pálmi Jónsson, lengi þingmaður fyrir Sjálfstfl. og einn af forustumönnum fjárveitinganefndar um árabil, yfirskoðunarmaður ríkisreiknings sömuleiðis, eigi mikið í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, bæði nú og fyrr um ríkisreikning og uppsetningu fjárlaga. Ég tel ástæðu til þess þó að hann sé fjarri þessum sölum nú um stundir hvað sem verður í næstu kosningum, að þakka honum fyrir þá elju og þrautseigju sem hann sýndi í þessum málum. Staðreyndin var sú að það var oft mjög flókið fyrir hann, m.a. vegna þess að hann átti þar oft í höggi við flokksbræður sína og systur í þessum málum. Það var þannig að með stjórnarmynduninni 1991 skipti Sjálfstfl. um skoðun í ríkisreikningsmálum. Hann hafði allt aðra skoðun eftir að hann var kominn í ráðuneytið en hann hafði haft í þinginu á tímum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á árunum 1988–1991. Þrátt fyrir það hélt hv. þm. Pálmi Jónsson sig við þessa línu sína og það verður auðvitað að játa það að minnsta kosti að ekki er hægt að halda því fram að hans afstaða og málflutningur hafi greitt fyrir því að ríkisreikningurinn fyrir árið 1991 yrði afgreiddur. Þvert á móti held ég að það hafi verið þannig að menn hafi borið nokkurn kvíðboga fyrir því að taka hann til umræðu miðað við það ósætti sem ríkti á þeim tíma um afgreiðslu reikningsins. Nú virðist það ósætti vera að leysast og ég tel að það sé fagnaðarefni.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega að lokum vísa til þess að þeim sjónarmiðum sem Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga höfðu í þessu máli hafa oft verið gerð mjög góð skil í þessum ræðustól. Í því sambandi þakka ég fyrir þær tilvitnanir sem koma fram í nefndaráliti fjárln. Samhengisins vegna vil ég sérstaklega vísa til ræðu sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti úr þessum ræðustól á Alþingi 14. apríl 1993, þar sem hann ræddi um þessi mál og gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem við sem vorum þá yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, höfðum í þessu máli. Ég tel sem sagt að þau sjónarmið sem hv. þm. Pálmi Jónsson barðist þá fyrir og við mörg tókum undir og beittum okkur líka fyrir, hafi fengið mjög farsæla lendingu.

Að lokum, hæstv. forseti. Þegar ríkisreikningurinn 1991 og 1992 og 1993 er afgreiddur hér, er kannski rétt að minnast á það að við tókum um það ákvörðun og ég hygg að ég hafi átt dálítið í þeirri ákvörðun, að Alþingi ákvað á síðasta ári, trúi ég það hafi verið, að leggja niður stjórnarskrárkjörna yfirskoðunarmenn ríkisreikninga. Það var þannig eins og menn þekkja alveg frá því í stjórnarskránni 1874 að það var gert ráð fyrir því að Alþingi kysi til eins árs í senn þrjá yfirskoðunarmenn ríkisreikninga. Þetta hentaði ágætlega til að byrja með en varð að sumu leyti þeim mun meiri fjarstæða sem lengra leið. Nú fengum við fyrir almörgum árum óháðari Ríkisendurskoðun sem heyrir undir Alþingi og þess vegna er eðlilegt að þessi stjórnarskrárskylda sé felld niður. Hins vegar verð ég að segja það hér að mér finnst að okkur gangi dálítið seint að taka um það ákvörðun hvað á að koma í staðinn því að það verður eitthvað að koma í staðinn. Með fullri virðingu fyrir fjárln., þá tel ég að hún sé ekki nægilega skýr valkostur í þessu efni því að hún kemur ekki í staðinn fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikninga. Það ættu að vera til einhver ríkisreikningsnefnd sem færi yfir ríkisreikninginn, færi yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar og beindi þeim í farveg hér í stofnuninni. Segjum t.d. að skýrsla fjalli um eitthvert mál á sviði félmrn. Þá yrði fjallað um hana og hún afgreidd á einhvern hátt í félmn., eins á vegum menntmrn. o.s.frv. Ég tel sem sagt að það sé slæmt ef þessu þingi lýkur, hæstv. forseti, án þess að það sé til nein ákvörðun og neitt lagalegt ákeðið ferli um það hvernig á að fara með ríkisreikning. Og ég vil beina því til hæstv. forseta í mikilli alvöru að það verði reynt að halda þétt utan um það mál í forsætisnefndinni, að það verði mynduð samstaða um úrræði sem á að koma í staðinn fyrir yfirskoðunarmannakerfið því að það gengur ekki að láta þetta hanga í lausu lofti. Ég segi alveg eins og er að ef við afgreiðum þetta ekki núna á þessu þingi, óttast ég að þetta geti legið í láginni í mörg, mörg ár. Í þessum efnum eiga menn að vanda sig. Og í þessum efnum höfum við líka ágætt fordæmi eins og t.d. í breska þinginu þar sem er afar góð hefð fyrir því hvernig farið er með ríkisreikninga. Ég tel að í danska þinginu hafi verið tekið upp mjög gott og skynsamlegt kerfi sem geti hentað okkur líka. Í norska þinginu hefur verið tekið upp nýtt kerfi líka en það er lakara að mínu mati þar sem yfirskoðunarmaður eða yfirmaður ríkisendurskoðunar er pólitískur. (**Gripið fram í:** Hvernig er danska kerfið?) Ja, danska kerfið er þannig að þar er um að ræða sérstaka ríkisreikningsnefnd í þinginu og hún hefur með ríkisreikninginn að gera. Hún fjallar um hann í einstökum atriðum. Síðan tekur hún ákvörðun um það hvort hún telur að eitthvað sé þar athugavert. Ef svo er, þá beinir hún tilmælum til viðkomandi fagnefndar í þinginu eða til viðkomandi ríkisstofnunar og biður um skýringar. Stundum gerist það að nefndin, þessi ríkisreikningsnefnd í danska þinginu, fer fram á það við þingið sjálft að hún fjalli um málið en stundum afgreiðir hún málin endanlega sjálf. Þetta er algerlega óháð kerfi í þeim skilningi að það er þingið sem ræður.

Í breska þinginu hefur sú hefð verið mótuð og skýrist t.d. í því að núna undanfarin ár hefur Verkamannaflokkurinn verið með formann ríkisreikningsnefndarinnar til að undirstrika óháði hennar andspænis stjórn Íhaldsflokksins. Við höfum í þessari virðulegu stofnun verið að taka upp vandaðri vinnubrögð bæði faglega og pólitískt. Þótt stutt sé eftir af þinginu ætti að vera hægt að ljúka málinu í vor. Ég held að það skipti mjög miklu máli að það verði gert.

[12:00]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir það hvað hann hefur verið iðinn við það í gegnum árin að halda uppi sjónarmiðum endurskoðenda ríkisreiknings og ég fæ ekki betur séð en þeirra gagnrýni hafi farið með sigur af hólmi sem m.a. má sjá í því frv. um fjárreiður ríkisins sem nú er til umfjöllunar í sérnefnd á hinu háa Alþingi. En ég vil líka taka undir að það þarf að finna nýjan farveg fyrir þessa endurskoðun þannig að þingið skoði hina endanlega útkomu ríkisreiknings. Það er ekki við hæfi að fjárln. geri það þar sem hún hefur komið að verkefninu, skipt upp fjárlagaliðum og tekið ýmsar ákvarðanir sem síðan eru auðvitað í niðurstöðum ríkisreikninga. Ég hef skilið það svo að í forsætisnefnd og hjá þingflokksformönnum væru menn að ræða þetta mál í tengslum við breytingu á þingsköpum. Ég held að það væri mjög brýnt að reyna að fá niðurstöðu í það mál bæði hvað varðar ríkisreikning og einnig aðrar skýrslur Ríkisendurskoðunar þannig að þær fari ekki í gegn án þess að vera skoðaðar og ræddar eins og því miður vill brenna við núna. Ég vil nota tækifærið til að taka undir það sem fram kom í máli þingmannsins.

[12:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir þær undirtektir við mál mitt sem fram kom í andsvari hennar áðan og vildi kannski bæta því við að einhvern tíma þyrftum við hér í þessum sal að geta rætt um hluti af þessu tagi meira en við gerum. Við ræðum mikið um mál af þessu tagi í forsætisnefnd Alþingis og eins á vettvangi formanna þingflokkanna og við ræðum þetta líka okkar í milli með óformlegum hætti, en það er allt of lítið um það að Alþingi ræði um sig sjálft í þessum sal þannig að fleiri sjónarmið geti komist að.

Eitt af því sem mér finnst að þyrfti t.d. að ræða er náskylt þessu máli. Og af því að ég veit að formaður fjárln. er næstur á mælendaskrá nefni ég það, en það eru vinnubrögðin við fjárlögin, bæði í fjárln. og í fagnefndunum. Við sem höfum verið í fagnefndunum en ekki fjárln. erum ósátt við hvernig hefur verið farið með okkar vinnu. Þar er ég ekkert að kenna fjárln. um heldur er ég bara að undirstrika að ég held að það kerfi sem nú er sé ekki virkt, það er ekki nógu gott. Ég held að fjárln. beri enn of mikinn svip af fyrra nafni, fjárveitinganefnd, menn líta þannig á að þeir eigi þar áfram hauka í horni og vilja að þar sé stunduð veitingastarfsemi eins og fólst í nafni hinnar gömlu nefndar sem ég held að eigi að vera orðin liðin tíð, fjárln. á að fjalla um rammann fyrir ríkisfjármálin.

[12:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru bara skoðanaskipti sem hér eiga sér stað og ég vil líka taka undir það síðasta sem fram kom í máli hv. þm. Ég hef vakið athygli á því nokkrum sinnum á undanförnum vikum að ég tel að það sé komin einhver mikil skekkja í verkaskiptingu hér á Alþingi. Við vitum að það eru ýmis mál sem liggja óbætt hjá garði eins og hér hafa verið nefnd og einnig að vinnuálag í nefndum er alveg geysilega misjafnt. Það er ekki bara dugnaður ráðuneytanna sem veldur því heldur eðli málaflokkanna. Ég held einmitt að við eigum að nota tækifærið og skoða þessa verkaskiptingu og þá nefndaskipan sem við búum við og kanna hvort við eigum ekki að breyta henni á einhvern veg og hvort hún eigi að fylgja ráðuneytunum svona nákvæmlega eins og hún gerir. Það má velta upp þeirri spurningu og jafnframt hvort það megi skipta nefndum upp o.s.frv. Eins og ég segi, það er eitthvað sérkennilegt við þessa verkaskiptingu. Ég veit ekki hvort þetta er einhver breyting en ég hef haft á tilfinningunni að síðasta kjörtímabil og það sem af er þessu hafi einhver þróun átt sér stað í þá veru. Það tengist EES-samningnum að viðskiptamál, bankamál og það sem snýr að skipulagi á vinnumarkaði hafa orðið miklu viðameiri mál en áður. Það væri gott að heyra hvað eldri þingmenn hafa um þetta að segja. Er þetta einhver tilfinning sem ég hef eða hefur þetta bara verið svona í vetur og jafnvel undanfarin ár? Eða er þetta einhver nauðsynleg eðlisbreyting? Þá þarf Alþingi auðvitað að bregðast við því á einhvern hátt.

[12:06]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka athyglisverða og málefnalega umræðu um þetta mál. Hv. 8. þm. Reykv. spurði um það hvort það væri samkomulag í sérnefndinni um þær aðferðir sem samkomulag varð um í ríkisreikningsnefnd. Um það er það að segja að auðvitað er vinnan í sérnefnd í miðjum klíðum en hún hefur gengið mjög vel. Það hafa engar tillögur komið fram um að gera grundvallarbreytingar á því frv. sem fyrir liggur. Ég hlýt að svara því játandi að samkomulag sé um þessar aðferðir þótt vinnu sé að sjálfsögðu ekki lokið.

Ég vil einnig staðfesta það sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv. þar sem hann rakti forsögu þessa máls og forustu þingmanna eins og Pálma Jónssonar í þessu máli. Mér er kunnugt um að hann ásamt öðrum fyrrv. formönnum fjárln. létu sig þessi mál varða og unnu gott starf í þessu ferli sem nú hefur endað í því frv. sem liggur fyrir þinginu og ber að þakka það.

Ég vil einnig geta þess svo öllu sé til skila haldið að í ríkisreikningsnefnd, sem Ríkisendurskoðun og fjmrn. á m.a. aðild að, er á mikill áhugi fyrir því að leiða þetta mál til lykta. Í rauninni hafa þegar verið hafin störf hjá ríkisbókhaldinu sem koma fram í uppsetningu ríkisreiknings fyrir árið 1994. Þar er henni breytt og þar eru mjög góðar og gegnsæjar sundurliðanir sem eru afar mikils virði fyrir þá sem þurfa að fylgjast með þessum málum. Það þurfa auðvitað sem allra flestir. Ég tek einnig undir að það er mjög áríðandi að ríkisreikningurinn sé gegnsær og samanburðarhæfur við fjárlög eftir því sem hægt er að koma því við og ég tel að þar hafi verið stigin stór skref til þess.

Hér hefur einnig verið rætt um vinnubrögð í þinginu og þann farveg sem ríkisreikningur og skýrslur Ríkisendurskoðunar hafa í meðförum. Við í fjárln. höfum töluvert hugleitt þessi mál þótt ekki hafi verið gerðar neinar stórvægilegar breytingar. Ég tek undir að þörf er á því að ræða um þetta skipulag og það er á vettvangi forsætisnefndar þingsins auðvitað sem sú umræða fer fram. Það er satt að segja ekki í nógu ákveðnum farvegi hvaða meðferð skýrslur Ríkisendurskoðunar og ríkisreikningur fá. Það er fjallað um það í fjárln. Ríkisendurskoðun hefur gert grein fyrir skýrslum sínum í fjárln. en síðan er óljóst um þann farveg sem Alþingi hefur til að fylgja þeim athugasemdum eftir sem þar koma fram og það er nauðsynlegt að skýra þann farveg.

Einnig hefur komið til umræðu verkaskiptingin milli fagnefnda og fjárln. varðandi fjárlagagerðina. Þar eru ýmis sjónarmið uppi. Sumir segja að fjárln. þurfi að hafa sem flesta þræði í sínum höndum. Aðrir vilja ganga lengra í skiptingu verka og láta fagnefndir hafa stærra hlutverk. Ég ætla ekki að stinga upp á neinum lausnum á því. Ég vil ræða þau mál og gangast fyrir því að um þau fari fram umræða. Þær hljóta óhjákvæmilega að fara fram á vettvangi forsætisnefndarinnar. Við höfum haft þann hátt á í fjárln. að senda þá kafla fjárlaga sem heyra undir fagnefndir til umsagnar þeirra og formenn nefndanna gera grein fyrir þeim umsögnum á fundi með fjárln. Við höfum með því viljað gefa þeim umsögnum heldur meira vægi. Hins vegar eru það ekki endanlegar lyktir þessa máls heldur þarf að skipa þessu í ákveðinn farveg að því tilskildu að það sé ljóst og fari ekki á milli mála hvar ákvörðunarvaldið er varðandi fjárveitingar. Það þarf að vera ljóst og skýrt hver ábyrgðina ber í þeim efnum.

Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Einnig hafa komið fram hugmyndir um svokallaða kontrólnefnd eða sérstaka nefnd sem hefði til umfjöllunar ríkisreikning og skýrslur Ríkisendurskoðunar. Þetta er hugmynd sem þarfnast umræðu og ég vil alls ekki útiloka þessa lausn á málinu sem þátt í breytingu á þingsköpum. En auðvitað þarf að ræða þessi mál á vettvangi forustu þingsins og undirbúa þær breytingar mjög vel. Hér er um afar stórt mál að ræða

og þáttur í því er að gera vinnubrögð þingsins og aðhald Alþingis virkara og skilvirkara varðandi það stórmál sem fjármál ríkisins og meðferð opinberra fjármuna eru.

Það væri hægt að halda áfram lengi dags að ræða þessi mál. Auðvitað þarfnast þau umræðu. En nú ætla ég að ljúka máli mínu og þakka aftur fyrir málefnalegar umræður um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1992, 2. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 89, nál. 585.

[12:15]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um samþykki á ríkisreikningi fyrir árið 1992. Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiesen og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1993, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 153, nál. 586.

[12:16]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um samþykki á ríkisreikningi fyrir árið 1993. Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiesen og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:17]

Útbýting þingskjala:

Afturvirk veiðileyfi, 486. mál, fsp. ÖS, þskj. 839.
Ferðakostnaður ráðuneyta, 484. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 837.
Úthlutun veiðiheimilda, 485. mál, fsp. SvanJ, þskj. 838.

Fiskréttaverksmiðjur, fyrri umr.

Þáltill. GMS, 310. mál. — Þskj. 551.

[12:17]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. þess efnis að Alþingi álykti að fela iðnaðarráðherra að taka upp viðræður við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir hf. um að fiskréttaverksmiðjur í eigu dótturfélaga þessara fyrirtækja sem starfræktar eru erlendis verði fluttar til Íslands gegn því að verksmiðjunum verði veitt sambærilegt rekstrarumhverfi og erlendum stóriðjufyrirtækjum stendur til boða á Íslandi, auk tekjuskattsfrelsis í 25 ár.

Sem kunnugt er hafa stjórnvöld um árabil lagt áherslu á að fá erlend fyrirtæki á sviði orkufreks iðnaðar til að reisa verksmiðjur hér á landi. Haft hefur verið samband við fjölmörg fyrirtæki um allan heim og þeim boðið rekstrarumhverfi sem ekki stendur rekstri almennt til boða hér á landi. Slík boð eiga fyllilega rétt á sér í ljósi þess að fyrirtæki leita þangað sem rekstraraðstæður eru bestar enda skiptir fjarlægð milli verksmiðju og kaupenda vöru minna máli nú en áður. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld telji sig vera að bjóða góð starfsskilyrði hefur árangur af leit að fjárfestum til að reisa verksmiðjur hér á landi verið harla lítill síðustu árin. Nýverið rættist þó úr er samningar náðust um stækkun álversins í Straumsvík. Miklar væntingar eru bundnar við þá lyftistöng sem stækkun álversins í Straumsvík verður fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf en engu síður er ljóst að fyrst og fremst er um fjármagnsfrekan rekstur að ræða sem ekki skapar nema takmarkaðan fjölda starfa þegar framkvæmdum við byggingu verksmiðjunnar lýkur. Að vísu ber að varast að meta fjárfestingarkosti út frá því hvað mörg störf skapast því það sem mest gildi hefur er auðvitað hvaða framlagi viðkomandi rekstur skilar fyrir þjóðarbúið. En hvað sem slíkum mælikvörðum líður er ljóst að jákvæðra áhrifa stækkunar álversins á vinnumarkaðinn mun aðallega gæta á suðvesturhorni landsins en aðrir landshlutar njóta góðs af með óbeinum hætti. Stjórnvöldum ber því skylda til að huga að því að til landsins flytjist einnig fyrirtæki sem ekki byggja tilveru sína hér einungis á orkunotkun. Íslenskur atvinnumarkaður þarf einnig á að halda rekstri sem hagkvæmt getur talist að staðsetja á öðrum svæðum en á suðvesturhorni landsins.

Íslenskt atvinnulíf hefur í áraraðir byggst öðru fremur á sjósókn og vinnslu sjávarafla enda eru Íslendingar taldir í fremstu röð þeirra þjóða sem vinna og selja fisk. Vinnsla þess afla sem á land berst hefur þó til skamms tíma einkum miðast við að vinna fiskinn sem hráefni til frekari vinnslu í útlöndum og þjóðinni orðið tiltölulega lítið ágengt í að vinna og markaðssetja þessa vöru fyrir markaði í Evrópu. Markaði fyrir fullunna matvöru er hins vegar ekki auðnáð og í mínum huga er það ljóst að smáfyrirtæki eiga nákvæmlega enga möguleika á að ná slíku marki og jafnvel ekki að framleiða merkjavöru fyrir erlenda aðila sakir þess hve hinir stóru erlendu aðilar vilja mikið magn. Kostnaður við markaðssetningu merkjavöru í matvælum er talinn tíu sinnum hærri en markaðssetning á sérgreindum vörum eins og vélum og tækjum fyrir sjávarútveg. Með öðrum orðum ef ná á smáfótfestu á sérgreindum markaði fyrir vélar til sjávarútvegs fyrir 20 millj. þarf 200 millj. kr. til að ná sama árangri sé um matvæli að ræða. Það er því borin von að lítil og dreifð íslensk framleiðslufyrirtæki nái nokkurn tímann

fótfestu með merkjavöru erlendis nema til komi aðstoð og þekking stærri aðila eins og þessara tveggja sölusamtaka sem hér eru nefnd, þ.e. SH og ÍS.

Á matvælamarkaði erlendis hefur orðið gífurleg samþjöppun undanfarin ár. Þau fyrirtæki sem hafa náð því að verða alþjóðleg og með heimsþekkt vörumerki standa þar ekki einungis best að vígi heldur má nánast segja að þau skipti markaðnum á milli sín. Milli þessara fyrirtækja geisar grimmileg samkeppni þar sem þeir stóru reyna stöðugt að kaupa upp smærri fyrirtæki og jafnvel hvert annað. Frægasta dæmið af slíkri yfirtöku eru kaupin á bandarísku samsteypunni Nabisco sem keypt var fyrir 25 milljarða dollara eða sem svarar 1.600 milljörðum ísl. kr.

Í Evrópu eru svissneska fyrirtækið Nestlé og breskhollenska Unilever yfirgnæfandi á matvælamarkaðnum og stöðugt að styrkja stöðu sína á kostnað minni fyrirtækja og minni fyrirtækjasamsteypna. Þessi tvö fyrirtæki munu í dag eiga í sérstökum yfirtöku- eða hernaðarsjóðum upphæðir sem nema hundruðum milljarða ísl. kr. Unilever, svo dæmi sé tekið, keypti t.d. á fjórum árum upp fyrirtæki fyrir 15 milljarða dollara eða sem svarar 1.000 milljörðum ísl. kr. Á sama tíma er smásöluverslun í Evrópu og Ameríku einnig að þjappast saman á hendur færri fyrirtækja sem mörg hver eru farin að selja framleiðendum pláss fyrir vörur í hillum verslana þannig að erfitt er orðið fyrir nýja aðila með ný merki að komast inn í verslanir með vöru sína nema að hafa aðgang að miklu fjármagni.

Matvælamarkaðnum í Evrópu má í reynd skipta í fernt. Í fyrsta þrepinu eru framleiðendur, þ.e. landbúnaður og sjávarútvegur sem fyrst og fremst eru í frumvinnslu matvæla, eru með dreifða eignaraðild og sölukerfi sem í vaxandi mæli er að fjarlægjast hinn endanlega neytenda. Í öðru þrepi eru úrvinnslufyrirtæki sem búa vöruna í þann búning sem neytandinn þekkir. Mikillar samþjöppunar gætir orðið á þessu framleiðslustigi eins og ég gat um áðan. Þriðja og síðasta stig markaðarins skiptist svo upp í tvær aðgreindar greinar, þ.e. smásöluverslun annars vegar og stofnanamarkað og veitingahús hins vegar. Þegar þessi þróun er skoðuð er ljóst að við Íslendingar verðum að hugsa okkar gang upp á nýtt ef við ætlum að gera okkur vonir um að hér á landi verði unnt að byggja upp framleiðslufyrirtæki sem fullvinni matvæli. Einn kostur er auðvitað að reyna að ná samstarfi við Nestlé eða Unilever um uppbyggingu slíkrar vinnslu. Sú þáltill. sem ég flyt hér miðar hins vegar að því að gera fyrirtækjum sem þegar eru í íslenskri eigu og hafa nauðsynlega þekkingu til að bera tilboð um að setja hér upp vísi að fullvinnslu sjávarafla sem með árunum ætti einhverja möguleika á því að lifa af og skapa hér þann kúltúr, ef svo má segja, sem til þarf til að ná árangri í harðnandi samkeppni.

Íslensku sölusamtökin, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild Sambandsins, nú Íslenskar sjávarafurðir hf., byggðu á sínum tíma upp fiskréttaverksmiðjur í Bandaríkjunum og Bretlandi sem í áranna rás hafa vaxið og dafnað og eru nú orðin stöndug og góð fyrirtæki. Forsendur þær sem á sínum tíma lágu að baki þeirri ákvörðun að byggja verksmiðjur til fullvinnslu sjávarfangs á erlendri grund eru breyttar að hluta og mætti nú allt eins vinna hluta af því sem unnið er í þessum verksmiðjum á Íslandi. Sölukerfið yrði engu að síður staðsett innan viðkomandi markaðssvæðis, þrátt fyrir hinar breyttu aðstæður geta Íslendingar að mínu mati ekki vænst þess að gróin fyrirtæki stokki upp starfsemi sína og flytji milli landa nema verulegur ávinningur sé að flutningnum, þ.e. að fyrirtækjunum sé boðinn sá ávinningur að þau telji sig hafa eitthvert gagn af.

Í veröld þar sem fleiri og fleiri þjóðir bjóða upp á fært og vel þjálfað vinnuafl verða stjórnvöld á Íslandi að bjóða rekstrar- og skattaumhverfi sem er betra en það rekstrarumhverfi sem viðkomandi fyrirtæki búa við í dag ef vænta má þess að flutningur komi til greina.

Eitt af því sem fyrirtæki sem hyggja á erlenda fjárfestingu skoða sérstaklega er það umhverfi sem þeir starfsmenn sem flytjast með rekstrinum þurfa að búa við. Þó Ísland sé gott land í okkar huga má ekki gleyma því að ekki er víst að útlendingar sjái hlutina með sömu augum. Þannig vinnur það gegn okkur að hér eru takmarkaðir möguleikar á skólahaldi þar sem börnum er kennt á alþjóðlegu máli og möguleikar útlendinga til að taka þátt í íslensku menningarlífi eru takmarkaðir vegna tungumálsins. Menningarheimur okkar er með öðrum orðum ekki síðri hindrun á að samningar náist við erlenda fjárfesta en aðrir þættir. Með þetta í huga hefur mér á stundum þótt menn fara yfir lækinn í leit að erlendum fjárfestum því í Reykjavík hafa tvö glæsileg alþjóðleg fyrirtæki höfuðstöðvar sínar en þar á ég við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir hf.

Fyrir íslenskan vinnumarkað er eftir miklu að slægjast að fá þessa aðila til þess að setja hér upp verksmiðjur sínar. Í fyrirtækjum þeirra í Bandaríkjunum og Bretlandi vinna samtals um 1.500 manns. Þótt sölukerfi og hugsanlega frystigeymslur yrðu áfram starfræktar erlendis skapar flutningur á verksmiðjunum sjálfum hingað fleiri ný störf en fjöldi nýrra stóriðjuvera auk þess sem slíkum verksmiðjum yrði vafalítið valinn staður sem næst hráefnisöflun, þ.e. úti í hinum dreifðu byggðum.

Tilkoma stórra vélvæddra matvælaverksmiðja stuðlar einnig að því að hér skapist ný atvinnugrein sem er fullvinnsla matvæla fyrir erlenda markaði. Íslendingar þurfa í upphafi nýrrar aldar að stefna að því að eignast vörumerki sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar á neysluvörumarkaði. Fyrir Ísland og Íslendinga skiptir gífurlegu máli að okkur takist að skapa þekkt vörumerki á neytendamarkaði fyrir íslenskan fisk. Kostnaðurinn sem fylgir því að ná slíkri markaðsstöðu er mjög mikill og reyndar vandséð að Íslendingar muni nokkurn tímann hafa bolmagn til að eignast einir og óstuddir alvöru alþjóðlegt vörumerki nema til komi ný nálgun og í anda þess sem hér er lagt til. Ég efa reyndar ekki að einhverjir munu spyrja hvort rétt sé að taka tvö íslensk fyrirtæki út úr og veita þeim önnur og hagstæðari rekstrarskilyrði en íslenskum fyrirtækjum stendur almennt til boða. Ég minni hins vegar á að ekki er verið að bjóða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskum sjávarafurðum hf. skattfrelsi heldur erlendum fyrirtækjum í þeirra eigu, auk þess sem ég tel mig hafa í máli mínu gert hér grein fyrir hve ólíklegt er að við náum árangri á þessu sviði með óbreyttum vinnuaðferðum.

Í ljósi jákvæðra áhrifa á atvinnulíf í landinu er þingsályktunartillagan flutt. Tillagan gerir ráð fyrir því að viðskiptaráðherra taki upp beina samninga við Sölumiðstöðina og Íslenskar sjávarafurðir sem eigendur hinna erlendu fyrirtækja um að þau ráðist í það stórvirki að flytja fiskréttaverksmiðjur sínar hingað til lands eða reisi hér nýjar verksmiðjur. Verði þingsályktunartillagan samþykkt getur ráðherra gengið til samninga við umrædd fyrirtæki um ívilnanir sem taldar eru nauðsynlegar til að fá fyrirtækin hingað, í trausti þess að Alþingi fylgi málinu eftir með setningu laga um skattíviln-

anir og afslátt frá gildandi orkuverði sem að mínu mati eru nauðsynlegar til að fyrirtækin standi í þeim umbyltingum og óvissu sem óneitanlega fylgja flutningi fyrirtækja.

Ég hef sett fram þá hugmynd að fyrirtækjunum verði boðið tekjuskattsfrelsi í 25 ár. Er sá árafjöldi áætlaður út frá auknum kostnaði samfara endurbyggingu hér og afskriftum á búnaði og húsum erlendis sem ekki verða flutt eða komið í verð. Að auki þurfa að koma til aðrir þættir tengdir hinum daglega reksri eins og lágt orkuverð, auk þess að leggja til eða kosta gerð aðstöðu með sama hætti og í boði er fyrir stóriðju hér á landi.

Herra forseti. Þessi þáltill. hefur legið frammi í nokkurn tíma. Nú nýverið kynnti Aflvaki hf., sem er í eigu Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og e.t.v. fleiri aðila, skýrslu sem þeir hafa látið vinna um fullvinnslu sjávarafurða þar sem mjög er mælt með því að reynt sé að fara að byggja upp fyrirtæki í fullvinnslu sjávarafurða hér á landi. Mér sýnist af því sem ég er búinn að blaða í gegnum þessa skýrslu að þeir séu mér sammála um að það þurfi nýja nálgun til og mikið fjármagn. Ekki er ég þó sammála öllu sem í þeirri skýrslu stendur og ég ætla að leyfa mér, með leyfi herra forseta, að vitna aðeins í þessa skýrslu eða ágrip úr henni þar sem segir:

„Höfuðborgarsvæðið er einn álitlegasti staðurinn fyrir sjávarréttaverksmiðju, en örfá önnur atvinnusvæði í þéttbýli koma einnig til greina."

Ég er langt í frá sammála þessu. Ég tel að svona verksmiðjur eigi að reisa sem næst þeim stað þar sem aflinn kemur á land og þar sem fyrir er hefð í vinnslu sjávarafla. Þar er líka fyrir er stabílt vinnuafl sem er tilbúið að meta fyrirtæki sem þessi að verðleikum. Reyndar segir einnig í þessu skýrsluágripi að á þeim stað þar sem verksmiðjan yrði reist þurfi að vera fullnægjandi framboð af fjölbreyttu og vel menntuðu vinnuafli. Það tel ég að sé til staðar úti á landi þar sem sú hefð ríkir að vinna úr sjávarafla og þar þyrfti einnig að vera umfangsmikil uppskipunarhöfn. Þeir segja líka að verksmiðjan yrði að vera nálægt fiskvinnslustöðvum og hafa nægan aðgang að hráefni til lengri tíma. Sjávarréttarverksmiðja af hagkvæmri stærð sem ynni úr 10–20 þúsund tonnum hráefnis sýnist geta skapað, segir í skýrslunni, um 150–400 störf allt eftir eðli framleiðslunnar. Mig minnir að það sem unnið er í Granda hf. í Reykjavík á ári sé um 15 þúsund tonn þannig að við sjáum að það þarf töluvert hráefni til að halda einni svona verksmiðju gangandi og vafalaust þurfum við að vera vakandi fyrir því að það þurfi líka að heimila innflutning á alls konar aflategundum erlendis frá ef við eigum að geta haldið svona verksmiðjum gangandi og séð þeim fyrir nægilegu hráefni.

[12:33]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm., Gunnlaugi M. Sigmundssyni, fyrir þá þáltill. sem hér er til umræðu. Eins og fram kom í máli hans hefur íslenskt atvinnulíf öðru fremur byggst á sjósókn og vinnslu sjávarafla. Eitt af því mikilvægasta í þjóðfélaginu er að hámarka þau verðmæti sem verða til í sjávarútvegi.

Á undanförnum árum hefur mikið verið um það rætt að mikið hafi verið flutt út af óunnum fiski frá Íslandi. Sem betur fer hefur orðið mikil framþróun í landinu og orðið töluverð breyting í úrvinnslu sjávarfangs og nýtingu þess. Það er hægt að margfalda verðgildi sjávarafla með fullvinnslu og það er athyglisvert að heyra í fréttum í vor á loðnuvertíðinni að hægt væri að þrefalda verðmæti loðnuaflans með því að þurrka og pakka loðnunni í neytendapakkningar. Mörg fyrirtæki eru reyndar byrjuð að vinna úr t.d. afskurði af fiski og veit ég um eitt fyrirtæki í Hafnarfirði sem kaupir allan afskurð frá frystiskipi og vinnur úr því vöru sem fer í neytendapakkningar.

Eitt atriði finnst mér þó umhugsunarefni, þ.e. tekjuskattsfrelsið í 25 ár sem flm. ræddi um. Er það ekki of fordæmisgefandi og mismunar það ekki of mikið fyrirtækjum? Er ekki hægt að fara einhverja aðra leið til að liðka til fyrir því að fyrirtæki komi hingað til lands? Ég tel að sveitarfélögin verði þá t.d. að ívilna í sínum álögum. Í sambandi við afslátt á gildandi orkuverði hefur það verið mikið til umræðu í iðnaði, ekki aðeins í fiskiðnaði heldur líka í landbúnaði, hvort ekki væri hægt að fá orkuna á lægra verði.

Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson minntist á íslenskt vörumerki. Það hefur oft verið rætt um að nýta íslenska fánann eins og Danir gera. Þeir merkja alla sína vöru með danska fánanum og eru afskaplega stoltir af því. Ég vildi gjarnan sjá fallegt íslenskt vörumerki með íslenska fánanum þannig að allir vissu hvaðan þessi góða vara er komin. Ég tel að það yrði mikill fengur ef hægt væri að fá þessar verksmiðjur hingað til Íslands og ég vil að lokum þakka hv. flm. fyrir þáltill.

[12:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins í örfáum orðum láta í ljós stuðning við þessa tillögu sem hér er flutt. Þetta er mjög athyglisverð tillaga og á fullt erindi hingað á Alþingi. Ég vænti þess að þótt skammur tími sé til stefnu þá verði þessi tillaga afgreidd.

Ég vil þó aðeins benda á eitt atriði sem mér finnst nauðsynlegt að komi fram þegar menn huga að því máli sem hér er til umræðu. Þá verður auðvitað að fylgja máli að ekki sé bannað að nýta erlenda fjárfestingu til slíkrar starfsemi eins og gera má ráð fyrir að sé vilji stjórnvalda samkvæmt frv. sem flutt hefur verið um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Það á eftir að gera grein fyrir tillögum meiri hluta efh.- og viðskn. um breytingu á því frv. og ég vænti þess fastlega og vona að þær breytingar verði gerðar og ekki verði sett bann á þessa atvinnugrein umfram allar aðrar sambærilegar atvinnugreinar að nýta sér erlent fjármagn til uppbyggingar því að með því móti væri bæði hægt að fá áhættufjármagn sem ekki er allt of mikið til af í landinu og einnig hægt að ná viðskipta- og tæknisamböndum sem væri vissulega þörf á við stofnsetningu slíkrar verksmiðju eða verksmiðja hér á landi.

Ég ítreka að þessi þáltill. er þörf tillaga og ég vona að hún verði samþykkt.

[12:38]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tjáð sig um þessa tillögu fyrir að vera svo jákvæðir í hennar garð.

Tekjuskattsfrelsi í 25 ár, ég nefndi sjálfur að það kynni að orka tvímælis. Þetta er sett fram til að opna á að það þurfi með einhverjum hætti að skapa þeim tveimur fyrirtækjum sem nefnd eru í þessari tillögu einhvern hvata til að þau komi til Íslands. Hvort það er gert með tekjuskattsfrelsi, orkuverði eða hvað það er sem helst hjálpar skal ég ekki segja til um, en mér finnst vissulega koma til greina að lækka orkuverðið fyrir svona vinnslu. Reyndar mætti þar huga að fleiru eins

og að nýta gróðurhús með lægra orkuverði til að skapa útflutningsgrein eins og ræktun túlípana og annað slíkt sem oft hefur verið lagt til en aldrei komist á.

Ég þakka hv. 4. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, fyrir þessa ábendingu með erlendu fjárfestinguna. Ég er honum samála um að það þarf að passa upp á þegar það mál kemur úr nefnd að ekki sé lokað á það, að menn girði ekki fyrir að hægt sé að koma á fót, og þá sérstaklega úti á landsbyggðinni, nýjum stóriðjufyrirtækjum eins og þessu, fullvinnslu sjávarafla, að við opnum ekki fyrir það með annarri hendinni en lokum fyrir með hinni með því að loka á erlenda fjárfestingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 377. mál (sala alifuglaafurða). — Þskj. 665.

[12:40]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 665 að flytja ásamt öðrum þingmönnum Alþfl. frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993. Sú leiða villa hefur orðið við frágang þingskjalsins að nafn eins þingmanna flokksins, Lúðvíks Bergvinssonar, hefur dottið út úr hópi flm. og vil ég nota þetta tækifæri til að leiðrétta það án þess að ég sé að óska eftir því að þingskjalið verði endurprentað. En ég vil taka fram að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er einn flm.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt eru ákvarðanir samkeppnisráðs um samkeppninshindranir Félags eggjaframleiðenda og viðskiptakjör við sölu eggja, en þessi ákvörðun er nr. 3/1996 og er birt sem fskj. I með frv. þessu. Þau mál hefur áður borið á góma Alþingis í utandagskrárumræðum sem ég efndi til og ég tel því ástæðulaust að rekja efnisatriði þessarar ákvörðunar, en leyfi mér að vísa til fskj. I þar sem ákvörðunin er birt í heild sinni. Einnig vísa ég til fskj. II, en það er greinargerð Vinnuveitendasambands Íslands um verðmyndun í eggja- og kjúklingaframleiðslu frá 26. febrúar 1996, þar sem Vinnuveitendasamandið beinir því til stjórnvalda að þau hlutist tafarlaust til um breytingu á löggjöf um framleiðslu og sölu alifuglaafurða.

Markmiðið með frv. þessu er að fella framleiðslu og sölu alifuglaafurða undan ákvæðum búvörulaga en samhliða því láti stjórnvöld af framleiðslustýringu í alifuglarækt, en þá þarf einnig að fella niður innheimtu kjarnfóðurgjaldsins. Verðlagning og framleiðslustýring á alifuglaafurðum hafa oft komið til umræðu við gerð kjarasamninga enda er verðlag á þessum afurðum með eindæmum hátt. Ný verðkönnun Samkeppnisstofnunar hefur sýnt fram á að á síðari árum hefur þessi mikli verðmunur milli eggja- og alifuglaafurða á Íslandi og Norðurlöndum staðið í stað, þ.e. þarna hafa engar framfarir orðið og þessar afurðir eru mun dýrari á Íslandi en í nálægum löndum. Orsökin fyrir því er án efa að þessar afurðir eru felldar undir búvörur í lögum um verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, og lúta því þeim samkeppnistakmörkunum sem þar eru gerðar.

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í lok nóvember sl. gaf ríkisstjórnin fyrirheit um endurskoðun á þeim reglum sem giltu um þessa framleiðslu en engar hafa efndirnar enn orðið. Það er alvarlegt mál þegar samtök á borð við Félag eggjabænda verða uppvís að lögbrotum og það ítrekað. Það eru því eðlileg viðbrögð að fella framleiðslu á afurðum þeirra sem þar að auki eru um margt líkari iðnaðarframleiðslu en hefðbundnum landbúnaði undan ákvæðum búvörulaga og fella hana að öllu leyti undir samkeppnislög þannig að eðlileg verðmyndun geti orðið á eggjum og alifuglaafurðum öðrum og samkeppni verði með sama hætti og aðrar iðnaðarvörur eiga í á okkar markaði. Frv. gengur sem sagt út á að fella alifuglaafurðir út úr lögum um verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, þannig að eðlileg samkeppni geti myndast og eðlileg verðmyndun orðið á markaði og jafnframt að stjórnvöld láti af framleiðslustýringu með innheimtu kjarnfóðurgjalds.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., herra forseti, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 373. mál. — Þskj. 653.

[12:45]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum sem er á þskj. 653 og er 373. mál þessa þings. Tillöguna flytja ásamt mér hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson og Össur Skarphéðinsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhvrh. að undirbúa lagasetningu um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár frá upptökum í Langjökli til Ölfusárósa og Jökulsár á Fjöllum frá upptökum í Vatnajökli til ósa í Öxarfirði."

Herra forseti. Það heyrist nú æ oftar að Íslendingar ættu að gerast forustuþjóð á sviði umhverfismála og m.a. kemur það glöggt fram í skýrslu umhvrh. um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi sem kom út í febrúar 1995, þ.e. fyrir rúmu ári. Þar segir í kafla um viðfangsefni og framtíðaráherslur á bls. 77, með leyfi forseta:

„Lögð er áhersla á að Ísland verði um næstu aldamót fyrirmynd annarra vestrænna ríkja í umhverfismálum eða með öðrum orðum að Ísland verði þá án nokkurs vafa hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu."

Á bls. 78 og 79 eru síðan talin upp nokkur áherslusatriði stjórnvalda og markmið sem þau setja sér og um leiðir að markinu. Ein þeirra leiða sem eru taldar upp í lokin er að unnið verði að því að fjölga þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og náttúruminjum. Of lítið hefur gerst að mínu mati í því efni á undanförnum árum. Þó ber að geta laga um vernd Breiðafjarðar sem sett voru í mars 1995, en samkvæmt þeim er nú unnið að verndaráætlun fyrir allt það svæði.

Þá er rétt að minna á samvinnunefnd héraðsnefnda vinnur um þessar mundir að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands og er fyrstu tillagna um landnotkun á hálendinu að vænta síðar á þessu ári. Vonandi verður þar að finna tillögur

um friðun og varðveislu lands sem er að sjálfsögðu ein leið landnýtingar.

Sú tillaga sem hér er flutt gerir ráð fyrir mikilvægu skrefi í þessu efni. Hún er sú að tvær ár fái að renna í friði um byggð og óbyggð frá upptökum til ósa.

Sú kynslóð, sem nú lifir í þessu landi, hefur verið virkjanaglöð. Hver stóráin á fætur annarri hefur verið fjötruð í viðjar steinsteypu og sérstök og einstök landsvæði eyðilögð eða stórskemmd. Um báðar þessar ár sem hér um ræðir má segja að þær hafi fengið sömu örlög á teiknibordum verkfræðinga en sem betur fer ekki enn í veruleikanum. Í kílóvattstundum talið býr að öllum líkindum í þeim um einn sjötti þeirrar vatnsorku sem sumir telja nú að hagkvæmt geti orðið að virkja. Þannig bíða fullmótaðar áætlanir um virkjun fjölmargra orkulinda landsins en minna fer fyrir áætlunum um verndun þeirra. Þó hefur verið gerð tilraun í þá átt og vil ég minna á að vorið 1989 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun að frumkvæði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun un verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Framkvæmd þessarar áætlunar hefur gengið hægar en til stóð. Ég kannaði stöðu málsins þegar þessi tillaga sem hér er flutt var í undirbúningi og fékk þær upplýsingar að Náttúruverndarráð skilaði skýrslu um málið til umhvrn. í nóvember 1994, en samkvæmt upplýsingum þaðan hefur ekkert gerst í málinu síðan.

Það er athyglisvert að á undanförnum árum hefur mjög litlu fé verið varið yfirleitt í heiminum til rannsókna á annars konar orkugjöfum en olíu og kjarnorku. En við hljótum að vona að á þessu verði breyting og hver veit nema það finnist leiðir til að virkja bæði föll sjávar og vinda himinsins. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að afkomendur okkar yrðu okkur örugglega ekki ýkja þakklátir fyrir virkjanagleðina ef á landinu yrði ekki eftir eitt einasta eintak af óraskaðri á þegar þeirra tími kemur til að njóta þeirra. Ég vil af þessu tilefni vitna í orð eins af brautryðjendum í náttúruvernd hér á landi sem opnaði augu margra fyrir dásemdum og mikilleik íslenskrar náttúru. Þar á ég við Sigurð heitinn Þórarinsson jarðfræðing sem sagði í fjölriti Náttúruverndarráðs 1978, Fossar á Íslandi, með leyfi forseta:

„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar er byggist á þeim verðmætum sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar að hún gleymi því ekki að í fossum landsins búa einnig verðmæti sem ekki verða metin til fjár en mælast í unaðsstundum."

Hvítá/Ölfusá og Jökulsá á Fjöllum eru án efa merkilegustu stórár sem enn fá að renna ótruflaðar um land okkar. Í báðum ánum eru miklir fossar sem laða að fjölda ferðamanna, Gullfoss í Hvítá og Dettifoss ásamt þremur öðrum fossum í Jökulsá á Fjöllum, en um þá fossa sagði Sigurður heitinn Þórarinsson í fossaskrá sinni, með leyfi forseta:

„Fossarnir 3–5 eru samstæða, sem ekki á víða sinn líka á jarðarkringlunni."

Umhverfi ánna er mjög fjölbreytt og sérstætt, bæði hvað varðar náttúrufar og þá sögu þjóðarinnar sem lesa má úr umhverfi þeirra. Hvítá/Ölfusá rennur að miklu leyti um blómlegar byggðir, sem löngum hafa hýst biskupa og höfðingja, og meðfram henni eru mikilvæg votlendissvæði. Jökulsá rennur um óbyggðir, þar sem hírðust útlagar fyrr á öldum en eru nú ýmist friðlýstar eða á náttúruminjaskrá, og á láglendi rennur áin um einhvern fegursta stað landsins, Jökulsárgljúfur, sem eru að hálfu leyti friðlýst sem þjóðgarður. Óbætanlegt tjón yrði á náttúru Íslands ef ár þessar fengju ekki að njóta friðar um ókomin ár, enda nóg til af annarri orku til að virkja, bæði vatnsföllum og jarðhitasvæðum.

Í friðlýsingum ánna þurfa að felast eftirtalin sjö atriði:

1. Vatnsmagni ánna verði ekki breytt af manna völdum, t.d. með því að veita vatni sem til þeirra fellur inn á vatnasvið annarra áa.

2. Vatnsyfirborði eða farvegum ánna verði ekki breytt af manna völdum með uppistöðulónum, stíflum eða öðrum framkvæmdum eða mannvirkjum.

3. Mannvirkjagerð og jarðraski meðfram ánum verði haldið í lágmarki og í óbyggðum verði ekki komið fyrir mannvirkjum sem áberandi eru frá árbökkunum.

4. Losun mengandi úrgangsefna í árnar eða í ár sem til þeirra falla verði ekki leyfð.

5. Náttúrulegt lífríki í og við árnar njóti verndar.

6. Umferðarréttur almennings meðfram ánum verði tryggður.

7. Aðstöðu til handa ferðamönnum verði komið upp meðfram ánum en þess jafnframt gætt við skipulag og stjórnun ferðamennsku að svæðunum sé ekki spillt.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 113. löggjafarþingi en dagaði þá uppi í nefnd. Þáverandi þingkonur Kvennalistans fluttu tillöguna undir forustu Sigrúnar Helgadóttur líf- og umhverfisfræðings.

Eins og ég hef komið að hér að framan, er margt til marks um aukinn skilning og áhuga á verndun umhverfis og sérstæðrar náttúru landsins og þess vegna vilja flutningsmenn þessarar tillögu trúa því að efni hennar eigi nú ríkari hljómgrunn.

Herra forseti. Ég hef lokið að mæla fyrir þessari tillögu og legg til að henni verði vísað að lokinni þessari umræðu til hv. umhvn.

[12:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Tillaga sú sem hér hefur verið mælt fyrir er góð að efni til og hef ég áður lýst stuðningi við hliðstætt markmið þegar flutt var á 113. löggjafarþingi tillaga svipaðs efnis. Ég vil ítreka við þessa umræðu að ég tel að það sé fyllsta ástæða til þess að velja úr okkar vatnsföllum gersemar á borð við þær sem hér er gert ráð fyrir að verði friðlýstar með sérstakri lagasetningu. Ég deili því áliti með hv. flm. að þær ár sem þarna eru tilnefndar séu vissulega meðal þeirra sem verðmætastar mega teljast eða í þeim flokki sem verða að teljast 1. flokkur í sambandi við verndargildi, sérstaklega vegna fossa sem í þeim eru en einnig raunar vegna votlendissvæða við upptök Hvítár, þ.e. í Hvítárnesi og grennd, og samspilsins við jökla við upptök þeirrar ár. Það á ekki við með sama hætti varðandi Jökulsá á Fjöllum en breytir engu um það að hún er í þessum 1. flokki með öllum þeim myndunum sem þar er um að ræða, þar á meðal Jökulsárgljúfrum neðan Dettifoss og farvegum sem skapast hafa í hamfarahlaupum á liðnum árþúsundum, gersemar eins og Ásbyrgi sem er nú innan þjóðgarðsins í Jökulsárglúfrum

og sem á myndun sína að þakka hamfarahlaupum Jökulsár á Fjöllum.

Þær ábendingar sem ég vildi gera varðandi málið og tengjast því kannski að ég kaus ekki sérstaklega að gerast flm. málsins varða í fyrsta lagi þá samþykkt sem Alþingi gerði að minni tillögu og fleiri 1989 um að láta undirbúa áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera og leggja þá áætlun fyrir Alþingi til staðfestingar. Sú hugsun sem þar var að baki var hliðstæð því sem unnið hefur verið í Noregi þar sem mikið er um nýtingu vatnsfalla til raforkuframleiðslu og þar sem seint og um síðir, eða nálægt 1970, var farið út í verndar- og friðunaraðgerðir varðandi vatnsföllin. Þetta hefur leitt til þess að þótt Norðmenn hafi tapað miklu eða raskað miklu af gersemum sínum hvað vatnsföll snertir þá hefur þó tekist að koma því fram með skipulegum hætti með því verndarátaki sem þar hefur verið unnið skref fyrir skref, því enn er verið við að bæta og enn er verið að vinna að þessum málum, að litið verði til vatnsfallanna í heild sinni. Í þessari ályktun Alþingis er auk vatnsfalla tekin til jarðhitasvæði og hverir sem eru í röskunarhættu og hefur verið raskað með enn stórfelldari hætti í raun en nokkurn tíma vatnsföllunum. Á það við a.m.k. um hluta af okkar goshverum sem eru horfnir vegna virkjana.

Ég tel brýnt að það verði ýtt fast á eftir samþykkt Alþingis frá 1989 og það hefur reyndar verið gert af minni hálfu ítrekað með fyrirspurnum um hvernig þau mál gangi. Nú liggur skýrsla í umhvrn. sem ég hef ekki fengið og ekki skoðað og veit ekki hversu vel er unnin eða hversu mikið tekur á málinu. En samþykkt Alþingis gerði ráð fyrir að þessar verndaráætlanir yrðu unnar í samráði við yfirvöld orkumála sem auðvitað er eðlilegt að geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri um þessi efni.

Ég vek athygli á því að um leið og valdar er úr ár eins og Jökulsá á Fjöllum og Hvítá sem eiga það sannarlega skilið að njóta friðunar, má búast við auknum þrýstingi á nýtingu annarra vatnsfalla. Svo verðmætir sem fossar og aðrar náttúrumyndanir sem tengjast Jökulsá á Fjöllum og Hvítá eru, þá eru mjög víða á landinu afar verðmæt vatnsföll út frá verndargildi og þess vegna þarf að þoka málinu heildstætt fram. Það er að mínu mati mjög brýnt. En ég mundi fagna því hins vegar ef Alþingi tæki nú þegar þessi vatnsföll út úr og verndaði þau því að það er mjög verðugt markmið að vernda tiltekin vatnsföll frá upptökum til ósa. Síðan getur verið ástæða til að skoða hluta vatnsfalla eftir atvikum og vernda þau fyrir hvers konar raski.

Formið á verndun þarf að gaumgæfa. Hér er lögð til lagasetning um friðlýsingu og það er ekkert á móti því, síður en svo. Hitt formið er að nota ákvæði laga um náttúruvernd til verndunar sem ekki gera ráð fyrir sérstakri lagasetningu heldur öðru formi á verndduninni. Ég vil nefna í þessu sambandi, ekki vegna þessara vatnsfalla heldur annarra, að Norðmenn hafa, fyrir utan varanlega vernd, tekið frá tímabundið vatnsföll í nokkra áratugi þannig að þau séu lögð til hliðar og ekkert sé verið að ráðstafa þeim eða undirbúa nýtingu þeirra með því að kosta til verkfræðiathugun o.s.frv. Það verður hins vegar að segja að það er búið að verja háum upphæðum til verkfræðilegra athugana á nýtingu þessara tveggja áa nú þegar og reyndar mjög langt síðan á því var byrjað. Ég held að það hafi verið 1975 sem lágu fyrir fullmótaðar áætlanir um virkjun Dettifoss svo að dæmi sé tekið og í framhaldi af því voru einnig virkjanaáform varðandi Gullfoss og leið sem ég kallaði framhjáhaldið með Gullfoss, þ.e. að taka Hvítá og leiða hana fram hjá fossinum austan megin og virkja niður hjá Haukholti. Þessum áformum öllum mótmælti ég mjög ákveðið á þessum tíma og skrifaði um það greinar og vakti einmitt athygli á því kringum 1970 að það væri verðugt að vernda þessi vatnsföll varanlega, frá upptökum til ósa. Það situr því síst á mér að draga úr því að þannig yrði á máli tekið.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þegar talað er um þessi vatnsföll, þá verður vatnakerfið allt að fylgja. Það er kannski eitt atriði sem er ástæða til að nefna sérstaklega í því sambandi og það er sá sterki hliðararmur Jökulsár á Fjöllum sem er Kreppa. Ég hefði talið ástæðu til að nefna sérstaklega í greinargerð þetta sjónarmið að vatnakerfið allt verður að fylgja. Það leiðir að vísu óbeint af því sem þarna kemur fram. En það hafa legið fyrir áform ekki aðeins um að leiða Jökulsá á Fjöllum austur í Fljótsdal, austur í Lagarfljót, í sambandi við nýtingu vatnsfallanna norðan Vatnajökuls, heldur bæði Jökulsá á Fjöllum og Kreppu, og einnig um Kreppu sérstaklega. Það þarf að taka sérstaklega afstöðu til þess í sambandi við málið. Ég vil líta svo á að það liggi í tillögunni að það séu vatnasvið þessara áa í heild sinni sem séu tekin frá nýtingu.

Ég styð eindregið framgang málsins en hvet til þess að ýtt verði á eftir þeirri ályktun sem Alþingi sameinaðist um 1989 um víðtæka athugun þessara mála og staðfestingu af hálfu þingsins.

[13:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir það frumkvæði sem hún hefur að því að þessi tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu þessara tveggja áa er flutt. Ég er að vísu einn af meðflutningsmönnum hennar en tillagan er að öllu leyti að frumkvæði hennar og Kvennalistans. Það er að vonum því að Kvennalistinn hefur markað spor í þingsögunni að því leyti til að hann var, eins og *ég hef áður vakið athygli á þessum sölum, sennilega* fyrsti stjórnmálaflokkurinn sem beinlínis gerði það eitt af tveimur aðalmálum sínum að berjast fyrir aukinni náttúruvernd og umhverfisvernd á Alþingi Íslendinga.

Þessi tillaga sem hér er lögð fram er afskaplega merkileg. Hún felur það í sér að tvær af stórbrotnustu ám landsins, þ.e. Hvítá/Ölfusá annars vegar og hins vegar Jökulsá á Fjöllum verði verndaðar frá upptökum til ósa. Það er tímabært að tillagan komi fram, ekki síst vegna þess að eins og kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, þá vex ásóknin í orkuna sem liggur óbeisluð í þessum miklu fallvötnum.

Ég held að þegar að kemur að umræðum um til hvers á að nota landið, þá getum við lagt ýmsa mælikvarða á það. Einn mælikvarði er að við þurfum að halda hluta landsins í sem upprunalegustu horfi fyrir hinar ókomnu kynslóðir vegna þess að það er hluti af arfi sem við megum ekki spilla. Síðan kemur líka efnahagslegur mælikvarði sem menn leggja jafnvel á fegurð landsins. Hin ósnortnu víðerni eru farin að mala gull vegna þess að í öllum heiminum eru svo fá landflæmi eftir sem hægt er að flokka og skilgreina sem ósnortin víðerni, að menn fara jafnvel í fjarlægar álfur til þess að berja þau augum. Ísland er góðu heilli eitt þeirra fáu landa sem eru eftir og getur státað af miklum landflæmum sem eru ósnortin. Ísland er eitt af fáum löndum þar sem menn geta staðið á háu fjalli og horft allt um kring án þess að sjá nokkur merki um verk sem mannshöndin hefur unnið.

Þess vegna er þessi tillaga líka merkileg og mikilvæg vegna þess að hún varðveitir þær undirstöður sem búið er að leggja að nýrri atvinnugrein, atvinnugrein sem er að sönnu í hraðfluga þróun en það er ferðaþjónustan. Að því leyti til er þessi tillaga líka afskaplega þörf.

Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að menn þurfi að kanna það vel hvernig að þessu er farið. Hv. þm. bendir á að ef tvö jafnmikilúðleg og mikilfengleg vatnakerfi eru tekin frá, beinlínis til friðlýsingar eins og þau tvö sem hérna eru undir samkvæmt tillögunni, þá kynni þrýstingur að aukast um að beisluð yrði orka annarra fallvatna sem engu síður eiga skilið að njóta verndar til framtíðar. Þarna vegast á tvenn ólík sjónarmið. En ég held eigi að síður að það sé nauðsynlegt að menn fari þessa leið sem hér er lögð til með því að sett verði sérstök verndarlög. Það hefur gefist vel. Ég bendi t.d. á þau lög sem eru um Laxá/Mývatn. Þau hafa gefist ágætlega. Og einmitt sú staðreynd að þau eru lög sem er ekki hægt að breyta nema fyrir atbeina Alþingis, þá hefur tekist að standa fast á hinu upphaflega verndarmarkmiði. Ef farin er hin leiðin sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á, þ.e. að nota lögin sem núna gilda um Náttúruverndarráð til þess að koma friðlýsingu á, þá held ég að það sé auðveldara að þrýsta á um breytingar t.d. á þeim reglugerðum sem tengdust slíkri friðlýsingu. Ég varð oft fyrir þeirri reynslu sjálfur sem umhvrh. á sinni tíð að það var fast sótt í það að breyta friðunarákvæðum sem voru í friðlýsingarsamningum um einstök landsvæði.

Þessi svæði sem hér eru undir eru afskaplega merkileg og ég tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þegar kemur að Jökulsá á Fjöllum, þá eiga menn að sjálfsögðu að horfa líka til Kreppu. Hún er partur af því vatnakerfi. Því miður er ekki hægt að horfa að því er verndun varðar til armsins sem tengist líka Hvítá/Ölfusárkerfinu, þ.e. Sogsins. Það er búið að spilla Soginu. Síðan 1937 hafa verið reistar þar þrjár virkjanir. Það er ekki hægt að álasa neinum fyrir það nú. Þeir sem stóðu fyrir þeim voru börn síns tíma. En þær hafa valdið gríðarlegum spjöllum og eins og ég hef vakið máls á áður í þessum sölum, hafa þær m.a. svipt Íslendinga svo að segja einum merkilegasta urriðastofni sem nokkru sinni hefur svamlað um norðurálfu. En það er önnur saga sem ekki verður rakin hér.

Ég hegg eftir því að í þessari ágætu greinargerð sem 1. flm. á allan heiður af er talað um að þessar ár renni um héruð, eins og t.d. Hvítá/Ölfusá, um blómlegar byggðir þar sem áður voru biskupar. Örlög þeirra voru mismunandi. En einn biskup sat þar, Gísli Oddsson, frá 1632 til 1638. Hann gerði Hvítá að ekki ómerkara fljóti fyrir það að hann segir í annálum sem hann skrifaði og lauk í aprílmánuði 1638, að þar hefði hann sjálfur orðið fyrir þeirri reynslu að ríða hesti sínum yfir hyl í Hvítá og þar hefði hestur hann skriplað á vatnaskrímsli. Það er því margt sem þessar ár geyma. Gísli benti líka á að í Hvítá væri að finna hinn merkilega lax sem kemur upp úr botnleysunum og heitir berglaxinn. En hann hefur ekki veiðst frá því að Gísli hvarf yfir móðuna miklu.

Enn aðrir biskupar töpuðu jafnvel sjálfu lífinu í kvíslum sem tengjast þessu vatnakerfi. Og af því að við höfum skáld í salnum, þá laumaði hann að mér þessari ágætu vísu um Jón Gerreksson:

Á bökkum Hvítár bændaslekt
og biskupar sátu í næði.
Þó var einum þeirra drekkt
á þessu vatnasvæði.

Ég vona, herra forseti, að það verði ekki til þess að menn skirrist við að samþykkja þessa tillögu.

[13:11]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef náttúrlega ekki miklu við að bæta. Ég vildi þakka hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir stuðning þeirra og ábendingar sem voru góðar og koma vonandi að gagni við umfjöllun málsins. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fjallaði um tillögu sína sem ég reyndar kynnti mér eins og kom fram í máli mínu áðan, kynnti mér áður en ég ákvað að leggja fram þessa tillögu, (**HG:** Samþykkt Alþingis.) samþykkt Alþingis sem var tillaga hv. þm. Því miður er framkvæmd ályktana Alþingis oft og tíðum ábótavant en ég vonast til þess að þetta tilefni geti kannski orðið til þess að við leggjumst á eitt um það að reyna að þrýsta á um að það dragist ekki úr hömlu að ljúka framkvæmd þessarar ályktunar því að það er mjög nauðsynlegt að fá heildaráætlun um nýtingu og verndun þessara auðlinda okkar.

Þó að ég taki vissulega undir að það þurfi að fá ályktunina framkvæmda og áætlun um verndun auðlindanna, þá taldi ég það ekki draga úr mikilvægi þess að Alþingi kvæði upp úr með afstöðu sína um þessar tvær ár. Það má kannski vonast til þess að Hvítá/Ölfusá sé ekki í mikilli hættu eins og stendur vegna sinnar forsögu, en okkur er auðvitað öllum fullkunnugt um þær hugmyndir sem hafa verið uppi um nýtingu þess mikla afls sem býr í Jökulsá á Fjöllum. Líklega megum við vera ævarandi þakklát fyrir hve hægt hefur gengið að finna tilefni til virkjana meðan ekki var jafnríkur skilningur og nú á þeim vermætum sem felast í ósnortinni náttúru.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom með ýmsar góðar athugasemdir og ábendingar. Hann talaði m.a. um ósnortin víðerni og kom þar raunar inn á efni annarrar tillögu sem ekki er vitað hvort ég fæ tækifæri til að mæla fyrir á þessu þingi. Hann tók svo til orða að við værum það vel í sveit sett á Íslandi að hafa enn þá möguleika á miklum flæmum ósnortinna víðerna. En það er spurning hversu stór svæði það eru í raun og veru. Þess vegna er nauðsynlegt að skilgreina þessi hugtök og gera sér grein fyrir hversu víðar lendur þetta eru í raun og veru sem talist geta ósnortin víðerni. En vitaskuld skiptir það mjög miklu máli fyrir okkur, fyrir landið og ímynd þess að við erum í hópi fárra þjóða sem eiga land af þessu tagi sem við getum státað okkur af.

Hann kom einnig inn á tengsl við sögu landsins sem skiptir okkur einmitt miklu máli. Og þá rifjast upp fyrir okkur væntanlega að samþykkt var tillaga Kvennalistans um tengsl ferðaþjónustu við sögu. Það var unnin og kom út skýrsla sem benti á margar leiðir til þess að tengja sögu landsins og náttúru þess við ferðaþjónustu.

Ég vil að lokum, herra forseti, minnast á að ég skrifaði grein sem birtist í Morgunblaðinu þar sem ég lýsti efni þessarar tillögu og það kom mér þægilega á óvart hversu góð viðbrögð ég fékk frá fólki úti í þjóðfélaginu. Það styrkti þá trú mína að það sé vaxandi skilningur og áhugi á því að vernda þær auðlindir sem felast í ósnortinni náttúru landsins því að það er ekki síður auðlind en það þegar þessi öfl hafa verið beisluð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:16]

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 393. mál (gildistökuákvæði). — Þskj. 688.

[13:47]

Frsm. efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hér eru á ferðinni lagfæringar sem fyrst og fremst lúta að dagsetningum sem ekki voru með þeim hætti sem ætlunin hafði verið að ganga frá og varða gildistöku tiltekinna ákvæða. Þannig er að þegar þessum sömu lögum var breytt hér á Alþingi í desember sl. kom í ljós að gildistökuákvæðið hafði ekki í öllum tilvikum þau áhrif sem ætlunin var og varðaði það fyrst og fremst breytingar á 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en þær fjalla um persónuafslátt og sjómannaafslátt. Þær breytingar eiga að koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1997 en ekki á árinu 1996, þ.e. ekki á yfirstandandi ári eins og gildistökuákvæðið að óbreyttu gerir ráð fyrir. Þá láðist jafnframt að geta þess hvenær 1. og 6. gr. sömu laga ættu að koma til framkvæmda. Frv. fjallar einfaldlega um lagfæringu á þessum ákvæðum, þ.e. til þess að gildistakan verði með þeim hætti og komi til framkvæmda á því skattlagningarári sem ætlunin stóð til.

Frumvarpið er flutt af efh.- og viðskn. í samráði við fjmrn. og við leggjum til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 410. mál. — Þskj. 728.

[13:50]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Hér er um endurflutning að ræða á frv. nánast óbreyttu frá því á 115. löggjafarþingi og þar áður reyndar á tveimur fyrri þingum. Flutningsmenn ásamt með mér eru sumir hinir sömu og fluttu frv. á 115. þingi svo sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir en auk þeirra flytja frv. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Margrét Frímannsdóttir, sem sagt þingmenn fjögurra þingflokka af sex sem hér eiga sæti á Alþingi. Síðast voru reyndar einnig meðflutningsmenn að frv. tveir hv. þm. Framsfl., þáv. formaður flokksins, hv. þm. Steingrímur Hermannsson og þáv. formaður þingflokksins, Páll Pétursson.

Það er rétt að fara fáeinum orðum um þær breytingar sem orðið hafa bæði á efni frv., þær litlu sem eru, en þó kannski einkum og sér í lagi þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum í alþjóðastjórnmálum og hvað friðarmál og afvopnunareða vígbúnaðarmál snertir. Ég hyggst verja nokkru af tíma mínum í það, enda get ég hvað innihald frv. og rökstuðning fyrir því að miklu leyti vísað til fyrri framsöguræðna.

Það er skoðun mín að aðstæður hafi síður en svo dregið úr gildi þess að við Íslendingar tökum af skarið og friðlýsum okkar land fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og setjum jafnframt í lög bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja á okkar yfirráðasvæði eftir því sem við getum að þjóðarétti. Þó að sem betur fer horfi að sumu leyti friðvænlegar í heiminum, í okkar heimshluta a.m.k., nú en var til að mynda á síðasta áratug þegar þetta frv. var fyrst unnið og flutt, þá dregur það ekkert úr gildi þess og mikilvægi að einstök lönd leggi sín lóð á vogarskálar þeirrar þróunar og reynt verði að tryggja að hún haldi áfram í átt til algerrar kjarnorkuafvopnunar því að það hlýtur að vera takmark og draumur allra réttsýnna manna í heiminum að þessi skelfilegu vopn, kjarnorkuvopn og eiturefnavopn, hverfi af jörðinni. Sem betur fer hefur að sumu leyti einnig hvað samningsbundin ákvæði og alþjóðasamninga snertir orðið framþróun á þessu sviði og ber þar auðvitað hæst niðurstöðu í viðræðum um framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna, NPT-samningsins sem svo er kallaður, skammstafað upp á ensku, en um það hefur náðst samkomulag að framlengja þann samning en í honum var frá fyrri tíð gert ráð fyrir endurskoðun og endurákvörðun um framhaldsgildi samningsins. Þar liggur nú fyrir niðurstaða og er það afar mikilvægt þó að auðvitað verði að viðurkenna að sá samningur hefur þau takmörk sem raun ber vitni að hann gengur út frá þeirri staðreynd að tiltekin kjarnorkuveldi séu eftir sem áður við lýði í heiminum.

Þá er einnig rétt að geta um framvindu Genfarviðræðna um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn sem er kannski sá hluti kjarnorkuvígbúnaðarins sem ekki hvað síst hefur farið fyrir brjóstið á almenningi og heimsbyggðinni á undanförnum missirum. Þar er því miður e.t.v. ekki jafnljóst um framvindu eða niðurstöðu málsins þó að mörg ríki, og þar á meðal Bandaríkin, beiti nú þrýstingi um að samningurinn verði undirritaður og frá honum gengið á þessu ári. Það er hins vegar ekki ljóst jafnvel þó að samstaða takist með helstu kjarnorkuveldum um að þrýsta á um tilraunabann, eins og Bandaríkjamönnum og Frökkum sem löngum hafa verið svartir sauðir í þessu efni, að það dugi til því að nýtilkomin eða talin kjarnorkuveldi af sumum hafa enn fyrirvara á um sína afstöðu og má þar nefna lönd eins og Pakistan og Indland. Kínverjar hafa einnig farið sér hægt og liggur kannski ekki alveg ljóst fyrir hver verður endanleg afstaða þeirra þó að þeir hafi í orði kveðnu sagst mundu standa að undirritun samningsins ef um það tækist algjör samstaða. En mestu skiptir kannski að Frakkar hafa látið undan þrýstingi heimsbyggðarinnar og lofað því að þeir muni standa að undirritun samningsins næsta haust.

Þessir tveir meginsamningar sem varða vígbúnaðarþætti sem tengjast beint efni þessa frv., þ.e. útbreiðslu kjarnorkuvopnanna sjálfra og framvindu Genfarviðræðna um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn, eru vissulega mjög mikilvægir. En þeir breyta ekki þeirri staðreynd að víða í heiminum er unnið að þróun kjarnorkufriðlýsingar einstakra ríkja eða svæða og ber þar hæst það svæði sem þetta frv. tekur sérstaklega mið af, þ.e. Nýja-Sjáland, en ég vann frv. á sínum tíma á sama tíma og fyrir nýsjálenska þinginu lá frumvarp til laga um friðlýsingu Nýja-Sjálands, flutt af þáverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, David Lange, og það tekur um mjög margt mið af því frv. Það var síðan samþykkt eins og kunnugt er og frægt og gildir enn þann dag í dag og kostaði það Nýsjálendinga þó nokkur átök við stórveldin, ekki síst Bandaríkin, að knýja fram viðurkenningu þeirra á eða öllu heldur að stórveldin virtu þeirra kjarnorkufriðlýsingu. En það hafa þau gert

og það sem meira er, nú er jafnframt að hilla undir meiri viðurkenningu á kjarnorkufriðlýsingu alls Suður-Kyrrahafsins sem lengi hefur verið baráttumál ríkjanna á þeim slóðum. Og þar munar aftur um að Frakkar kúventu í afstöðu sinni til þess samnings vegna þrýstings frá heimsbyggðinni á síðustu mánuðum og hafa nú lofað því jafnframt að taka til við að virða og viðurkenna Rarotonga-samninginn um kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafs. Tlatelolco-samningurinn um kjarnorkufriðlýsingu Suður-Ameríku hefur svipaða stöðu og hann hefur haft um nokkurt árabil. En það nýjasta af þessu tagi er svo viljayfirlýsing um að unnið verði að kjarnorkufriðlýsingu heillar heimsálfu, þ.e. Afríku, og það hljóta auðvitað að teljast allmikil tíðindi ef svo stór heimssvæði komast undir þessa skipan.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi því ekki að hafa um það fleiri orð að þróunin í alþjóðamálum, jákvæð sem hún er að sumu leyti en ekki öðru, mælir sterklega með því að einstök ríki og svæði vinni áfram að því fyrir sitt leyti að leggja lóð á vogarskálar afvopnunar og friðar með því að friðlýsa sín lönd og yfirráðasvæði.

Þá er rétt að nefna þann þátt sem snýr að öðru efni frv., þ.e. banni við eiturefnavopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja, banni við losun kjarnorkuúrgangs og geislavirkra efna, en þetta allt er að finna í frv., í mismunandi greinum þess og hefur reyndar tekið nokkrum breytingum frá fyrstu gerð því að þá var gildissvið frv. ekki jafnvítt og nú er orðið. Þar er svo sannarlega ástæða til þess að Íslendingar haldi vöku sinni og þó að ekkert kæmi annað til en sú umferð kjarnorkuknúinna farartækja sem við vitum af í okkar heimshluta og deilur við kjarnorkuiðnaðinn og ekki síst meðferð kjarnorkuúrgangs frá kjarnorkuiðnaði, orkuiðnaði, þá væri það ærið nóg til þess að Íslendingar reyndu að vera í fararbroddi þeirra þjóða sem krefjast aðgerða á því sviði.

Af og til koma í fjölmiðlum fréttir af skelfilegum kjarnorkuslysum og óhöppum sem orðið gætu í sjávarauðlindinni í Norður-Atlantshafinu ef svo illa færi að sokknir kjarnorkukafbátar leystust sundur og tækju að leka geislavirku eldsneyti af kjarnaofnum sínum þótt ekki tækist svo illa til að kjarnorkusprengjur sem sumir þeirra báru opnuðust einnig. Það hlýtur að vera okkur þörf áminning þegar slíkar fréttir berast um að við eigum að beita okkar ýtrustu þjóðaréttindum til þess að friðlýsa okkar lögsögu fyrir slíku og það er gert með þeirri framsetningu málsins sem hér er flutt að markmið frv. er beinlínis að banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja að því marki sem okkur er ýtrast mögulegt á grundvelli þjóðaréttar. Það á reyndar við um mörg ákvæði frv., sbr. 12. gr. þess, að auðvitað verður að hafa þann fyrirvara á algjörri friðlýsingu íslensku efnahagslögsögunnar og landgrunnsins og lofthelginnar, þ.e. alls íslensks yfirráðasvæðis samkvæmt ýtrasta þjóðarétti, að í vissum tilvikum eru sjálfsagt alþjóðlegar skuldbindingar þannig að okkur er ekki stætt á því að banna með öllu slíka umferð.

Í nýsjálensku lögunum er valin sú leið að heimiladar eru undanþágur fyrir því sem kallað er „friðsamleg gegnumferð án dvalar eða viðkomu". En þá ber að geta að alþjóðlegar siglingaleiðir liggja um nýsjálenska lögsögu svo sem eins og sundin milli Norður- og Suðureyjar og Stewart-eyjar og Suðureyjar og þess vegna var að þjóðarétti ekki talið að Nýsjálendingum væri stætt á því að alfriða sína 12 mílna lögsögu eða landhelgi. Það getum við hins vegar gert. Það getur engin þjóð haldið því fram að leið hennar verði að leggja um íslensku landhelgina þó í friðsamlegum tilgangi sé. Hitt er augljóst að við getum ekki lokað til að mynda Grænlandssundi fyrir friðsamlegri gegnumferð farartækja sem byggir á þjóðarétti. Því held ég að 12. gr., eins og hún er nú frágengin, og það er annað af tveimur efnisatriðum sem tekið hefur breytingum í frv., gangi þannig frá þessu máli sem skynsamlegast sé og tryggi okkur Íslendingum ýtrastan rétt í þessu efni.

Ég vil í þessu samhengi, herra forseti, líka nefna að ég hef nýlega fengið frá Bretlandi gögn um óhöpp eða atvik sem nánast voru orðin að stórkostlegum slysum í t.d. endurvinnslustöðinni í Sellafield. Það hafa komið fram í breskum blöðum nú á síðustu vikum hrollvekjandi upplýsingar, að vísu ekki staðfestar af yfirvöldum en hafðar eftir mjög áreiðanlegum heimildum, m.a. fyrrverandi yfirmönnum í breskum kjarnorkuiðnaði, að a.m.k. einu sinni ef ekki í tvígang á undanförnum árum hafi legið við stórkostlegum kjarnorkuóhöppum í endurvinnslustöðinni í Sellafield sem hugsanlega hefðu getað haft áhrif af stærðargráðu Tsjernóbíl-slyssins hér í okkar heimshluta.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar hafa á undanförnum árum reynt að mótmæla bæði endurvinnslustöðinni í Sellafield og Dounreay. Ég held að það hversu nærri okkur í heiminum jafnvel slíkir hlutir eru staðsettir og sú hrikalega staða sem uppi er í kjarnorkuiðnaðinum varðandi meðhöndlun kjarnorkuúrgangs almennt sem til fellur við orkuvinnslu, eigi að vera okkur áminning um að menn þurfa að halda vöku sinni í þessum efnum. Staðreyndin er sú að allur kjarnorkuiðnaðurinn í heiminum er meira og minna í upplausn og vandræðum út af meðferð kjarnorkuúrgangs. Þau mál eru meira og minna í ólestri og þarf ekki Sovétríkin sálugu eða Rússland til og er mönnum þó tamt að tala mest um hættuna sem þar er. Vissulega er þar hrikalegt ástand, á Kólaskaganum og víðar, en þarf ekki til vegna þess að jafnvel á Vesturlöndum og í þróuðum ríkjum eins og Svíþjóð, Bretlandi, Japan og víðar eru þessi mál í miklu uppnámi og víðast hvar er því haldið leyndu hvernig ástandið er. Hugmyndir hafa verið uppi um það að bæði fljúga og sigla með stórhættulegan kjarnorkuúrgang, jafnvel milli heimsálfa, og í því sambandi tel ég alveg hiklaust rétt að við Íslendingar látum það liggja fyrir að slík umferð yrði algjörlega óheimil um allt íslenkst yfirráðasvæði.

Hin efnisbreytingin, herra forseti, er svo sú að í 16. gr. er nú gert ráð fyrir því að framkvæmd laganna heyri undir og sé á ábyrgð utanrrh. Í eldri útgáfu frv. var að fordæmi Nýsjálendinga valin sú leið að láta þetta vera á forræði forsrh. og þá með þeim rökum að framkvæmdin gæti kallað á samráð margra ráðherra, ríkisstjórnar og þings um málin, en við nánari athugun höfum við flutningsmenn orðið þeirrar skoðunar að það falli betur að íslenskri stjórnskipun að láta málið heyra undir og vera á ábyrgð utanrrh., enda mun hann að sjálfsögðu hafa samband við Alþingi og utanrmn. um framkvæmd og meiri háttar ákvarðanir sem þessu tengjast. Hitt er ljóst að það gæti verið praktískt fyrirkomulag að utanrrh. mundi fela öðrum ráðherrum eftir atvikum vissa þætti framkvæmdar málsins og þar gætu fyrst og fremst komið til ráðherrar eins og samgrh. eða umhvrh. sem í krafti stofnana sem undir þau ráðuneyti heyra gætu verið heppilegir aðilar til þess að annast einstaka þætti framkvæmdar málsins, að hafa eftirlit með vissum þáttum og nægir þar að nefna umhverfismálin, losun efna og annað því um líkt, mengunarmálin, umferð skipa og annað sem undir samgrn. gæti fallið.

Þetta eru þá tvær meginefnisbreytingar frv. Ég fagna því

að hæstv. utanrrh. er viðstaddur umræðuna, m.a. af þessum sökum því að málið fellur að sjálfsögðu að verksviði hans þar sem eru utanríkismál, samningar við erlend ríki og annað því um líkt, en líka að því leyti að gert er ráð fyrir því að lögin heyri undir þann hæstv. ráðherra. Það liggur í hlutarins eðli að það kæmi í hlut utanrrh. hvers tíma að afla svæðinu viðurkenningar og stuðnings á alþjóðavettvangi. Hér eru að sjálfsögðu engar spár hafðar uppi um það hversu létt slíkt mundi reynast og hve langan tíma það tæki. Reynslan sýnir að ekki er við því að búast að neinar stökkbreytingar verði í þessum efnum og má þar taka bæði reynsluna af hinu kjarnorkufriðlýsta svæði á Suður-Kyrrahafi og Rarotonga-samningnum, reynslu Nýsjálendinga og fleira.

Mér er kunnugt um að í fleiri löndum eru menn að ræða og skoða þessi mál. Það hefur til að mynda farið fram nokkur umræða í Grænlandi af skiljanlegum ástæðum eftir þá hroðalegu reynslu sem Grænlendingar hafa orðið fyrir, að fá upplýsingar um það áratugum seinna hvernig þeirra land var misnotað af kjarnorkuveldi og kjarnorkuóhöppum sem þar urðu leynt, lífi saklausra borgara stofnað í hættu þannig að nú hefur skapast bótaskylda sem viðurkennd er. Slíkir atburðir og það sem er að koma í ljós úr sögunni í þessum efnum ættu einnig að vera okkur hvatning til að sofna ekki á verðinum í þessum efnum þó sem betur fer megi segja að um ýmislegt horfi friðsamlegar í þessum efnum heldur en gerði kannski á verstu tímum kalda stríðsins. Hinu er því miður ekki að leyna, og það fellur undir umræður um aðra þætti utanríkismála sem væntanlega verða á dagskrá innan skamms, að það eru viðsjár uppi af ýmsu tagi í heiminum og því miður ótímabært að slá því föstu að sú þróun, sem hófst með afvopnunarsamningum á ofanverðum 9. áratugnum og ekki síst fór af stað í kjölfar hins fræga Reykjavíkurfundar sem nú á 10 ára afmæli, verði bein braut og áframhaldandi í átt til aukinnar afvopnunar. Það gengur meira að segja býsna illa að tryggja framkvæmd þeirra samninga sem þegar er búið að gera, m.a. vegna efnahagsástands í sumum samningslöndunum. Bæði Rússar og Úkraínumenn, Hvít-Rússar og fleiri telja sig tæpast hafa efni á því að greiða kostnaðinn af förgun vopna sem slíkum samningum fylgja og er það eftir öðru í sambandi við þá sóun sem öllum vígbúnaði hefur fylgt í gegnum tíðin að þegar loksins kemur að því að reyna að losna við hann, þá strandi það á kostnaðinum.

Herra forseti. Ég held að ég hafi gert eins og þörf er grein fyrir þeim breyttu aðstæðum og þeim efnisbreytingum sem á frv. eru. Að öðru leyti vísa ég til fyrri framsöguræðna um það. Ég tel reyndar að þetta frv. tali fyrir sig sjálft. Ég er sannfærður um að fyrir því er yfirgnæfandi hljómgrunnur á Íslandi að friðlýsa Ísland fyrir þessum vígbúnaði, vopnum og umferð kjarnorkuknúinna tækja og það liggur nokkuð í hlutarins eðli að vopnlaus smáþjóð eins og við erum hljótum að vera talsmenn slíkra hluta. Ég held að aðstæður í alþjóðastjórnmálum séu að mörgu leyti hagstæðar til þess að reyna að koma slíkri breytingu fram. Hún á að mínu mati ekki að þurfa að rekast á við neina þá þætti í utanríkispólitískum samskiptum Íslendinga sem séð verður að eigi að koma í veg fyrir það, enda er það þá annarra að breyta því en okkar.

Ég trúi því ekki að menn reyni að færa fram þau rök gegn þessu frv. að Íslendingar eigi ekki rétt á því né hafi til þess fullt forræði að ákveða slíka friðlýsingu síns eigin lands, ef þeim býður svo við að horfa. Ég bind vissar vonir við það að slíkt gæti jafnvel orðið þróun að öðru meiru. Ég er sannfærður um það að í okkar næstu grannlöndum yrði litið til þess með miklum áhuga ef Íslendingar kæmu af stað þróun í þessa veru og vísa ég þar aftur til þess sem ég sagði um umræður sem ég hef lesið um og reyndar orðið að hluta til vitni að í Grænlandi í kjölfar þeirra atburða sem þar hafa orðið og tengjast kjarnorkuvígbúnaði og kjarnorkuóhöppum á fyrri árum en til umræðu hafa orðið nú upp á síðkastið í ljósi upplýsinga sem fram hafa komið. Sömuleiðis leyfi ég mér að hafa þá trú að frændur okkar Færeyingar gætu hugsað sér svipaða þróun og það hefur verið hreyfing í gangi á öllum Norðurlöndum reyndar á vegum til að mynda friðarhreyfinga, samtaka friðarhreyfinga á Norðurlöndum um að þróa áfram hugtak um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Ég er því ekki í neinum vafa um að slíkt framtak af okkar hálfu gæti orðið framlag til þróunar í þessum heimshluta sem yrði víðtækari.

Á undanförnum þingum hefur verið allvíðtækur stuðningur verið við efni þessa máls, ég minni á breiðan hóp flutningsmanna úr flestum þingflokkum sem yfirleitt hafa komið að framlagningu málsins. Hins vegar hefur málið því miður ekki náðst fram að ganga og reyndar er kannski að nokkru leyti við það að sakast að oft hefur verið langt liðið á þing þegar frv. hefur komist til umræðna og á dagskrá. (**Gripið fram í:** Og svo er einnig nú.) Og svo er reyndar einnig nú, en það dregur ekki úr mikilvægi málsins. Ég tel reyndar að mál af þessu tagi ætti án tillits til þess hverjir eru flutningsmenn eða hvenær árs það kemur fram að verðskulda þá virðingu að til að mynda hv. utanrmn. tæki það upp á arma sína og ynni í því á milli þinga ef svo bæri undir. Hér er að sjálfsögðu á ferðinni það stór ákvörðun og viðamikið mál að það getur kallað á vinnu yfir lengri tíma heldur en eitt þing eða á einu missiri.

Ég vil því að lokum, herra forseti, leyfa mér að lýsa þeirri von minni að á þessu kjörtímabili hefjist alvarleg tilraun til að þoka þessu máli áfram. Ég fyrir mitt leyti er mikill áhugamaður um að svo verði. Ég lagði á sínum tíma mikla vinnu í þetta mál og tel að það sé tvímælalaust þannig vaxið að það verðskuldi athygli og það verðskuldi vinnu af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar. Ég bind því vonir við að bæði þingið og einnig að sjálfsögðu hæstv. ríkisstjórn og hæstv. utanrrh. verði því velviljuð að þetta mál verði skoðað rækilega þó að ég sé að sjálfsögðu ekki að gera um það neinar kröfur að það fái hér einhverja flýtimeðferð eða skjóta afgreiðslu á þessu þingi. Mér er alveg ljóst að það er vandasamt verk að ganga frá lögum af þessu tagi og væri sjálfur því ekki einu sinni meðmæltur að menn köstuðu til höndunum í þeim efnum eða flýttu sér um of.

Að síðustu tel ég að eftir vandaða vinnu og setningu slíkra laga bæri að hafa gildistökuna þannig að nokkur tími gæfist til undirbúnings lögunum áður en þau kæmu til framkvæmda, fyrst og fremst vegna þeirrar nauðsynlegu vinnu sem þá yrði að leggja í að kynna málið erlendis og afla því viðurkenningar. Því er í frv. gert ráð fyrir að gildistaka laganna yrði 1. júní 1997 ef að lögum yrði á þessu þingi og hana bæri þá að sjálfsögðu að skoða í ljósi þess hvenær endanleg afgreiðsla málsins færi fram.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[14:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu taka undir það að við erum fylgjandi því að draga úr vígbúnaði og ekki síst að útrýma ógnarvopnum á borð við kjarna- og eiturvopn. Ég

vil líka taka undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði um stöðina í Sellafield sem tengist kannski ekki beint kjarnorkuvopnum en meðferð kjarnorku og kjarnorkuúrgangs. Þar er um mjög alvarlegt mál að ræða. Það sem hann vitnaði hér til byggir á bók um stöðina sem nýlega kom út í Bretlandi. Hún er mikil að vöxtum, um 300 blaðsíður, og er mjög upplýsandi lesning. Og ef það er allt rétt sem þar stendur og byggir á reynslu aðila sem starfaði við þessi mál, þá er ástandið þar alvarlegra en kannski margur hyggur.

Það er ljóst að þar varð slys 1957 ef ég man rétt og talið að það hafi leitt til þess að fjöldi manns hafi látist úr krabbameini. Það hafa því orðið þar alvarleg slys ef allt er rétt með farið. Einnig hafi þar orðið leki í haf út og í síðasta lagi hafi legið þar eitt sinn við mjög alvarlegu slysi, sem var að sjálfsögðu slys, en hefði getað leitt til mjög öflugrar kjarnasprengingar.

Þetta er að sjálfsögðu allt saman mjög alvarlegt þannig að að sjálfsögðu ber okkur að taka þessi mál af mikilli alvöru og sinna þeim í alþjóðlegu samstarfi.

Ég er þeirrar skoðunar að leiðir til að fást við afvopnun almennt og þá náttúrlega ekki síst í sambandi við þau vopn sem hér er verið að tala um, sé fyrst og fremst leið samninga en ekki einhliða yfirlýsinga eða lagasetninga í einstökum löndum. Þetta vil ég taka skýrt fram. Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi að gífurlegur árangur hefur náðst í afvopnunarviðræðum undanfarin ár þrátt fyrir allt og vonir standa til að frekari árangur náist á næstunni. Dæmi um hið fyrra eru stórveldasamningar um stórkostlegan niðurskurð kjarnavopna eins og við þekkjum, samningur um hefðbundin vopn í Evrópu, efnavopnasamningur sem Ísland hefur undirritað. Einnig má nefna samning gegn útbreiðslu kjarnavopna, svokallaðan NPT-samning sem á að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnavopna. Það standa vonir til að hægt verði að ná samningum um bann við tilraunasprengingum sem Ísland styður heils hugar, eða svokallaðan samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem hefur nokkuð hægt á vegna kjarnorkusprenginga Frakka. Þeir eru nú sem betur fer hættir því og jafnframt Kínverjar.

Hvað efnavopn varðar þá eru bundnar vonir við að efnavopnasamningurinn eða samningurinn um bann við framleiðslu, geymslu og notkun efnavopna taki gildi fyrir lok þessa árs. Það hafa 49 ríki staðfest þennan samning og vonandi getum við hér á Alþingi gert það sem fyrst og að því er stefnt.

Þótt þessi mikli niðurskurður hafi átt sér stað á kjarnorkuvopnum, þá verður að taka það fram og segja þá sögu eins og hún er að kjarnorkuvopn eru veigamikill þáttur í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Í skýrslu þeirri sem gerð var á síðasta ári varðandi skilyrði þau sem hugsanleg ný aðildarríki þurfa að uppfylla til að aðild þeirra komi til greina, og þessi skýrsla hefur verið gerð opinber, þá er með nokkrum orðum vikið að kjarnorkumálum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægasta trygging öryggis aðildarríkja bandalagsins felst í kjarnorkuviðbúnaði. Ný aðildarríki munu njóta og bera ábyrgð á þeim viðbúnaði eins og önnur aðildarríki í samræmi við varnaráætlanir. Til þess verður að ætlast af nýjum aðildarríkjum að þau styðji fælingarstefnu og það þýðingarmikla hlutverk sem kjarnavopn gegna í varnarstefnu bandalagsins eins og hún er sett í fram í varnaráætlun þess. Ísland hlýtur sem aðili að Atlantshafsbandalaginu að sýna ábyrga samstöðu með bandamönnum sínum, bæði núverandi og væntanlegum. Auk þess er það deginum ljósara að einhliða aðgerðir og yfirlýsingar einstakra þjóða og þá ekki síst vopnlausra þjóða skipta afar litlu hvað varðar raunhæfan árangur. Við Íslendingar eigum og munum nú eftir sem áður og í framtíðinni styðja alla viðleitni á alþjóðavettvangi til friðar og til afvopnunar."

Við Íslendingar höfum ítrekað oft að kjarnavopn skuli ekki staðsett í íslenskri löghelgi. Á þeirri stefnu er engin breyting. En að mínu mati er ekki hægt að samþykkja lagafrv. það sem hér er til umræðu eins og það er fram sett og fram komið, því að það hefði í för með sér sjálfkrafa að við yrðum ekki aðilar að sameiginlegri varnarstefnu og búnaði Atlantshafsbandalagsins ef til ófriðar kæmi. Það er því að mínu mati rökrétt framhald á þessu máli, ef lagafrv. þetta verður samþykkt sem við höfum að sjálfsögðu allan rétt til að gera og hlýtur að verða ákvörðunaratriði Alþingis Íslendinga, að það væri eðlilegt næsta skref að Íslendingar segðu sig úr Atlantshafsbandalaginu eða segðu sig úr NATO. Og það liggur alveg ljóst fyrir að ég er andvígur því og ég vænti þess að meiri hluti Íslendinga sé andvígur því. Af þeim ástæðum er ég andvígur þessu frv.

[14:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru nokkur tíðindi sem koma fram í máli hæstv. utanrrh. sem jafnframt er formaður Framsfl. Forveri hans sem formaður í Framsfl. studdi þetta mál með meðflutningi á sínum tíma. Nú kemur arftaki hans fram og kveður upp úr um það að hann líti svo á að það sé útilokað að samþykkja frv. sem þetta, það eigi ekki að gera það og að það jafngilti úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu. Hæstv. utanrrh. hefur að sjálfsögðu sínar hugmyndir í þessu sambandi og enginn sem kemur í veg fyrir það að sjálfsögðu. En það er ágætt að það er dregið fram af hæstv. ráðherra hver hinn raunverulegi kjarni í hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins er. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra dró fram í því efni.

Grundvöllur í hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins hvílir á hinni svokölluðu fælingu með ógnarvopnum og því að Atlantshafsbandalagið áskilur sér rétt til þess að beita þessum ógnarvopnum að fyrra bragði og hefur verið ófáanlegt til þess, m.a. þegar dró til loka kalda stríðsins, að draga í land í þessum efnum og draga þessa kjarnorkustefnu sína til baka. Það er þetta sem er hinn nakti veruleiki að því er snertir Atlantshafsbandalagið á sama tíma og það ætti að vera markmið a.m.k. Íslendinga að berjast fyrir því að kjarnorkuvopn verði aflögð með alþjóðasamþykktum og beiting þeirra útilokuð með skuldbindandi alþjóðasamþykktum. En hæstv. utanrrh. Íslands tekur ekki aldeilis undir það því að hann samsamar sig í öllu stefnu Atlantshafsbandalagsins að þessu leyti.

[14:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það liggi alveg ljóst fyrir að það er engin hætta á því að Atlantshafsbandalagið muni nokkurn tíma beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Ég hef enga trú á því. Hins vegar er það ljóst að Atlantshafsbandalagið gegnir langveigamesta hlutverkinu í friðarviðleitni í heiminum í dag.

Af hverju eru öll ríki Austur-Evrópu, öll baltnesku löndin, að sækja um aðild að þessu bandalagi? Það er vegna þess að þessar þjóðir eru að leita eftir friði. Þær eru að leita eftir öryggi sem þær höfðu því miður ekki áður og vilja komast inn í þessi samtök. Nánast hver einasti stjórnmálaflokkur

í Vestur-Evrópu styður þessi samtök nema Alþb. eins og kemur berlega hér fram. Það er svo undarlegt að Alþb. er eini stjórnmálaflokkurinn sem ekki vill vera með í Þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsins. Enginn flokkur í Austur-Evrópu er með slíka stefnu, hann er ekki til, fyrrv. bræðraflokkar þessara samtaka. (**Gripið fram í:** Og ekki rúmenski bændaflokkurinn heldur?) Það er því náttúrlega alveg ljóst að við Íslendingar hljótum að standa að því að Atlantshafsbandalagið verði áfram öflugt og sterkt vegna þess að það er besta tryggingin fyrir friði í okkar heimshluta.

[14:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. er í alvarlegri mótsögn við sjálfan sig í þessu máli og náttúrlega við stefnu Atlantshafsbandalagsins eins og hún birtist, því að hann segir að það sé engin hætta á því að NATO muni beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Hann kveður upp úr um það, utanrrh. Íslands, að á því sé engin hætta. En hvers vegna vinnur ekki Atlantshafsbandalagið að því að það verði gengið frá alþjóðasamþykktum sem banni notkun kjarnorkuvopna í stað þess að áskilja sér rétt til beitingar þeirra að fyrra bragði? Það er ítrekað skilyrði af bandalagsins hálfu að halda í þetta ákvæði. Er það þá algerlega að ástæðulausu að það er gert? Auðvitað eru þeir að segja öðrum að þeir séu ekki reiðubúnir til þess að gera alþjóðasamning sem bindi enda á slíkt ógnarjafnvægi og kjarnorkuvopnin sem fælingartæki. Ja, hvílíkt öryggi er það sem menn eru að kjósa sér undir þessum skildi Atlantshafsbandalagsins.

Hæstv. utanrrh. ætti að minnast þess sem gerst hefur á vegum Atlantshafsbandalagsins og forusturíkis þess, Bandaríkjanna, í sambandi við meðferð kjarnorkuvopna. Hvað gerðist gagnvart Grænlendingum, nágrönnum okkar í þessum efnum þar sem gengið var á skítugum skónum yfir svardaga, opinbera svardaga forustumanna um að það væri ekki farið með kjarnorkuvopn yfir grænlenska grund? Síðan rennur upp 1968 og það ferst flugvél með þessum ógnarvopnum þar og menn eru enn ekki búnir að bíta úr nálinni með afleiðingar af því slysi, þar sem þverbrotnar voru yfirlýsingar og skuldbindingar gagnvart Atlantshafsbandalagsríkinu Danmörku. Og það er ekki búið að fara neitt nákvæmlega í saumana á því hvort haldnir hafa verið eiðdagar að því er varðar Ísland í þessum efnum.

[14:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það liggi alveg ljóst fyrir að tilvist Atlantshafsbandalagsins hefur orðið til þess að kjarnorkuvopnum í heiminum hefur stórlega fækkað. Og það eru engin ein samtök í heiminum, jafnvel þótt þau búi yfir kjarnavopnum, það er rétt, sem hafa unnið eins ötullega að því að fækka kjarnavopnum. Og ég tók það fram að ég væri þeirrar skoðunar að það bæri að útrýma þeim.

Það er mitt mat að það sé ekki hætta á því að Atlantshafsbandalagið beiti kjarnavopnum að fyrra bragði. Það er mín skoðun. Hv. þm. kann að hafa aðra skoðun á því en ég lýsi hér mínum skoðunum og mínum viðhorfum sem eru væntanlega mjög skýr í þessu sambandi og ég tel það vera mjög nauðsynlegt að tala skýrt um þessi mál. Við erum í Atlantshafsbandalaginu. Ég tel að það hafi verið gæfuspor að við gengum í það og við eigum að halda áfram að vinna af heilindum innan þeirra samtaka.

[14:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er merkileg umræða sem hér fer fram og mér finnst ég allt í einu ég vera komin ein tíu ár aftur í tímann og rifjast þá upp sú mikla umræða sem þá átti sér stað um friðarmál og kjarnorku og afvopnun. Ég held einmitt að það sé full ástæða til þess að rifja aðeins upp þá sögu í tilefni af orðum hæstv. utanrrh. því að það vill nú svo til að það var fyrst og fremst almenningur í Evrópu og Bandaríkjunum sem knúði þarlend stjórnvöld til stefnubreytingar á sínum tíma. Þegar fólk vaknaði upp við það í Evrópu í kringum 1980 að það átti að fara að staðsetja á evrópskri grund nýjar tegundir kjarnorkueldflauga, þá var eins og fólk rankaði allt í einu við sér og spurði: Hvað er eiginlega á seyði? Þá upphófst mikil þróun og það varð mikil virkni beggja vegna Atlantshafsins, fyrst og fremst þar, sem leiddi til þess að stjórnvöld tóku þessi mál upp og samningaviðræður hófust af alvöru, samningaviðræður sem þó höfðu staðið áratugum saman án árangurs. Sem betur fer hefur margt gerst á þessu sviði og okkur kannski hættir til þess að halda að það sé allt í himnalagi og við þurfum ekki að halda vöku okkar hvað snertir kjarnorkuvopn, kjarnorkuknúin farartæki og meðferð á kjarnorku. En ég held að menn hafi hrokkið illilega við síðasta sumar þegar Kínverjar fóru að sprengja og síðan þegar Frakkar hófu sínar tilraunir með hverri sprengingunni á fætur annarri þvert gegn vilja íbúa Kyrrahafsins. Ég hygg að menn hefðu varla trúað sínum eigin augum og eyrum yfir þeirri hegðun NATO-ríkisins Frakklands. Það er nefnilega svo að það virðist vera í lagi í augum sumra að gera tilraunir með kjarnorkuvopn einhvers staðar annars staðar, fjarri heimahögunum og héldu þeir því þó fram að engin hætta stafaði af.

Það er staðreynd að stefna NATO byggist enn þá á þessum fáránlegu fælingarkenningum sem voru kveðnar í kútinn fyrir allmörgum árum. En við erum auðvitað að tala um vopn sem allir vita að má ekki nota. Að minnsta kosti vil ég standa í þeirri trú að flestir viti að þarna er um vopn að ræða sem má aldrei nota. Reynslan hefur kennt okkur hvílík ógnarvopn þarna eru á ferð. Og ég hygg að það sé ýmislegt annað sem veldur því að stefna NATO er enn þá með þessum hætti en þekkingarskortur þó að svo kunni að vera að það séu einhverjir sem trúa því að það sé nauðsynlegt að lýsa því yfir að þeir muni beita kjarnorkuvopnum, jafnvel að fyrra bragði ef á þarf að halda. Ég held nefnilega að það sem býr að baki því að þessi stefna er enn við lýði séu einfaldlega hagsmunir. Það eru hagsmunir framleiðenda. Það eru hagsmunir rannsóknastofnana. Það kom mér mjög á óvart þegar ég var á ferð um Bandaríkin haustið 1994 þegar mér var sagt að Clinton-stjórninni sem hafði gengið í það að loka herstöðvum og fækka herstöðvum út um allan heim, hafði orðið afar lítið ágengt hvað varðaði kjarnorkuiðnað Bandaríkjanna og þróun kjarnorkuvígbúnaðar vegna þess að þar eru svo gífurlegir hagsmunir á ferð. Menn skulu ekki halda það þrátt fyrir alla þá samninga sem gerðir hafa verið að menn séu ekki enn þá að þróa þessi vígtól. Það er því miður í fullum gangi.

Ég vil, hæstv. forseti, lýsa vonbrigðum mínum með ræðu hæstv. utanrrh. og þá stefnu sem hann lýsti. Að mínum dómi er sú stefna sem hann er að vitna í hjá Atlantshafsbandalaginu löngu úrelt. Ef NATO er þessi friðflytjandi sem hæstv. utanrrh. segir, þá á bandalagið að sjálfsögðu að breyta stefnu sinni í þá veru og leggja af þessa fælingarstefnu sem hefur

að mínum dómi enga merkingu. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að frv. af því tagi sem hér er til umræðu verði samþykkt. Í fyrsta lagi vegna þess að það er nauðsynlegt að halda vöku sinni í þessum málum, þ.e. að minna heiminn á hversu hættuleg kjarnorkan er, hversu hættuleg kjarnorkuvopnin eru, hvílíkar hættur geta falist í því að kjarnorkuknúin skip eða kafbátar fari um íslenska lögsögu og það sé alveg ljóst að við viljum ekkert slíkt í okkar umhverfi.

Í öðru lagi eru yfirlýsingar og lög af þessu tagi hvatning til annarra til þess að taka á slíkum málum. Eflaust mætti nefna rök af öðru tagi sem lúta að því hversu nauðsynlegt það er að samþykkja lög af þessu tagi, eins og ímynd Íslands og orðstír á erlendri grund o.fl. o.fl., en aðallega þó það að verja íslenskt umhverfi, að verja það umhverfi sem við þó höfum lögsögu yfir. Við eigum auðvitað erfiðara með að teygja okkur lengra. En það skiptir að mínum dómi mjög miklu máli að lýsa því yfir að við viljum friðlýsa land okkar og hafið í kringum Ísland og jafnframt lofthelgina. Því er ég afar hrygg yfir því að heyra viðbrögð hæstv. utanrrh. við þessu frv.

Eins og fram hefur komið eru ýmsar þjóðir að þróa kjarnorkuvopn og að gera tilraunir til þess að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Þar má nefna t.d. Ísrael sem fer ekki aldeilis friðsamlega þessa dagana. Það eru Indverjar, Írakar, Pakistanar og ýmsar fleiri þjóðir. Það þarf ekki annað en hlusta á málflutning Kínverja og reyndar Frakka líka til þess að sjá hvað stjórnir þessara landa umgangast kjarnorkuna af miklu kæruleysi og jafnvel dettur manni stundum í hug þekkingarleysi. Það er engu líkara en að menn telji að það muni einhvers staðar verða hægt að beita þessum vopnum. En samkvæmt fréttum undanfarna daga eru menn einmitt að þinga í Rússlandi þessa dagana um afleiðingar Tsjernóbílslyssins, en það er að koma æ betur í ljós að þær eru miklu miklu alvarlegri en menn hafa viljað gera sér grein fyrir. Á rússneskri grund og í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi eru kjarnorkuver sem geta skapað stórhættu. Þar erum við ekki að tala bara um nágrannaríki heldur geta þau áhrif náð miklu víðar. Við erum því að tala um raunveruleg vandamál sem er að glíma við.

Ég minnist þess einnig að fyrir örfáum dögum var sagt frá því að umhverfisverndarsamtök í Rússlandi og reyndar frá Noregi og víðar eru komin í mikla vörn vegna upplýsinga sem tókst að ná fram í Rússlandi. Þar er maður kominn í fangelsi sem á jafnvel yfir höfði sér dauðadóm vegna upplýsinga sem hann hefur gefið um ástand á kjarnorkuúrgangi og slíku sem liggur víða illa grafið eða jafnvel í höfnum í fyrrum Sovétríkjunum. Þetta eru því afskaplega alvarleg og vandmeðfarin mál. Ef það er eitthvað sem við Íslendingar getum gert, þá er það einmitt að lýsa yfir andúð okkar á þessum vopnum og stuðla að friðsamlegri þróun og stefnubreytingu, hvort sem það er hjá einstökum ríkisstjórnum eða hjá NATO, með því að halda uppi stefnu af þessu tagi, með því að friðlýsa land okkar og að banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja hér á landi.

Það hefur lítið verið rætt um eiturefnavopn í þessari umræðu en það er líka mál sem þarf að snúa sér að. Það hefur verið að koma fram að t.d. í Bosníu hafi eiturvopnum verið beitt, þó að slík vopn séu bönnuð. Notkun þeirra er bönnuð í styrjöldum en það er samt alltaf verið að gera tilraunir með slík vopn, vopn sem valda dauða og eru þannig að þau sjást ekki. Þau læðast að fólki. Það þarf ekki annað en rifja líka upp fjöldamorð á Kúrdum fyrir allnokkrum árum þar sem eiturefnavopnum var beitt. Því miður gerist það, af því að sem betur fer verður fleirum og fleirum ljóst að kjarnorkuvopn er ekki hægt að nota og verða vart notuð nema af einhverjum brjálæðingum, að þá auðvitað fara menn yfir í annars konar vopn. Svokölluð hefðbundin vopn eru að verða æ fullkomnari og nákvæmari. Má þar nefna einmitt þau tíðindi sem við urðum vitni að í Írak eða Persaflóastríðinu á sínum tíma og núna þessa dagana í Líbanon þar sem menn eru að reyna að skjóta á hús eða búðir með svona 300 metra nákvæmni eða jafnvel miklu meiri. Og því miður stefnir þróunin í þá átt að þessi hefðbundnu vopn verða æ nákvæmari.

Vegna þess sem ég sagði um kjarnorkuvopn og beitingu kjarnorkuvopna þá reyndar rifjaðist það upp fyrir mér allt í einu að það kom reyndar upp í Persaflóastríðinu umræða um það hvort ekki ætti að beita kjarnorkuvopnum þá þannig að það eru nú ýmsir sem gæla við þá hugmynd. Þess vegna, enn og aftur, er það svo mikilvægt að við komum þeirri skoðun okkar á framfæri að við viljum friðlýsa okkar land fyrir öllu slíku.

[14:44]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að mér finnst það hafi orðið í þessari umræðu nokkur kaflaskil í stjórnmálasögunni. Það er þannig að einn tiltekinn flokkur, sem heitir Framsfl., hefur haft það fyrir stefnu á undanförnum áratugum í utanríkismálum að reyna svona að finna meðalhófið má segja eða það sem hann hefur kallað meðalhófið. Það hefur verið lögð á það áhersla að reyna að byggja saman röksemdir báðum megin frá, annars vegar frá vinstri og hins vegar frá hægri eins og er títt með miðjuflokka. Ég er ekki að segja að það hafi alltaf tekist mjög vel hjá framsóknarmönnum vegna þess að það er erfitt að vera meðaltal, en eins og hæstv. utanrrh. benti á í útvarpsumræðunum um daginn, þá er hann á móti meðaltölum. En ég vissi ekki að það gengi svo langt að hann væri búinn að afnema Framsfl. sem miðjuflokk. En hann var að því hér áðan. Það er mjög merkilegt umhugsunarefni vegna þess að af því að hann var að vitna til þeirra flokka sem víðs vegar í heiminum hefðu þessa eða hina skoðun á utanríkis- og öryggismálum, þá hygg ég að miðjuflokkar, frjálslyndir flokkar víða í heiminum séu t.d. gjarnan tiltölulega hlynntir þeim almennu sjónarmiðum í utanríkismálum sem koma fram í þessu frv. og voru ágætlega rakin í framsöguræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og einnig í síðustu ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur.

Frá þeim tíma þegar Steingrímur Hermannsson gegndi forustu í Framsfl. og til dagsins í dag hafa orðið mikil kaflaskil. Það er ekki hægt að neita því. Steingrímur Hermannsson, fyrrv. formaður Framsfl., skrifaði t.d. upp á þetta mál á sínum tíma og var meðflutningsmaður að því og ég man ekki betur en hv. þm. Páll Pétursson hafi gert það líka, núv. hæstv. félmrh. Það er því bersýnilega búið að setja hann í bann líka í utanríkismálum nema hann hafi skipt um skoðun, hæstv. félmrh. Það skal ég ekkert um segja. En það eru ákveðin kaflaskil í þessu efni og mér verður hugsað til þess þegar Steingrímur Hermannsson gengdi embætti utanrrh. á árunum 1987–1988. Þá var ekki verið að skafa utan af hlutunum og þá var nú ekki alltaf verið að fylgja línunni frá Ameríkananum og NATO og húsbændum þar á bæ. Það er mér mjög í minni vegna þess að ég sat þá einmitt haustið 1987 í fyrstu nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðana, stjórnmálanefndinni, sem greiddi þá atkvæði

um fjöldamörg mál sem áður höfðu verið í algeru banni af hálfu hægri aflanna m.a. hér á Íslandi. Og aftur og aftur kom það fyrir að hæstv. þáv. utanrrh., Steingrímur Hermannsson, tók af skarið um það að það ætti að breyta afstöðu Íslands til þessara mikilvægu mála. Það voru ákveðin kaflaskipti í utanríkispólitíkinni þegar hann tók við utanrrn. á árinu 1987. Ég hygg að það hafi verið Sjálfstfl. sem hafði farið með utanrrn. næst á undan, þ.e. Geir Hallgrímsson og síðan Matthías Á. Mathiesen ef ég man rétt, á kjörtímabilinu 1983–1987. Það töldu því margir að hefði heldur birt til að því er varðaði afstöðu Íslands til utanríkismála á árunum 1987–1988 undir forustu formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar.

Nú er búið að bannfæra sjónarmið hans í Framsfl. Nú er búið að slá því föstu af formanni Framsfl. að það að styðja t.d. tillögu af þessu tagi jafngilti a.m.k. því að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu. Og þess vegna, segir hæstv. utanrrh., er ég á móti málinu. Þar með er hann á móti Steingrími Hermannssyni forvera sínum og kemur svo sem engum á óvart, en líka á móti hæstv. félmrh. Páli Péturssyni.

Þetta segi ég, hæstv. forseti, líka minnugur þess — ég var að hugleiða það áðan, einmitt þegar ég heyrði athyglisverða ræðu hæstv. ráðherra, þá sló það allt í einu fyrir í höfðinu á mér: Ja, hvað minnir þetta helst á? Ég verð að játa það að þetta minnti á þau viðhorf sem ríktu í utanrrn. á árunum 1983–1987. Satt að segja minnti það ákaflega mikið á þau viðhorf sem svona hörðustu talsmenn Sjálfstfl. höfðu uppi á þeim árum. Og það má segja að að því leytinu til hafi ræðan verið heimilisleg, að hún minnti mann á þau viðhorf sem tíðkuðust í þessum sal á árunum 1983–1986. En að öðru leyti var hún heldur slæm vegna þess að hún boðaði það að Framsfl. hefur ákveðið að skipta um herbúðir. Framsfl. ætlar ekki lengur að nálgast þessi mál með opnum hætti eins og Steingrímur Hermannsson mótaði stefnu um á sínum tíma, heldur ætlar Framsfl. bersýnilega að skipa sér í hægri herbúðirnar í utanríkismálum. Formaður Framsfl. minnir ekki á neitt annað en kalda stríðið og það eru satt að segja heldur dapurleg örlög verð ég að segja alveg eins og er, svo að ég vitni nú í fyrrv. formann Framsfl. að því er orðalag varðar. (**VS:** Hefur heimurinn nokkuð breyst á tíu árum?) Ég verð að segja það, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Ég verð að segja það.

Á sama tíma og þetta liggur fyrir þá er heimurinn að breytast nákvæmlega eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur allt í einu uppgötvað. Heimurinn er að breytast. Hann hefur breyst í grundvallaratriðum. Það er búið að leggja niður heilu hernaðarbandalögin. Það var sagt frá því í fréttum 1. apríl eitt árið að það væri búið að leggja niður Varsjárbandalagið. Það hélt enginn að þetta væri aprílgabb. Það vissu allir að þetta var veruleiki. En það var þriðja eða fjórða frétt í fréttum Ríkisútvarpsins á Íslandi. Atlantshafsbandalagið og þar á bæ hafa menn verið að ræða um breytingar. Við höfum séð það í skýrslum þingmannanefndar Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu eða þingmannanefndar NATO eða hvað þau nú heita þessi samtök, að menn eru óðum að leita að nýju hlutverki, eru auðvitað í vandræðum, eru í tilvistarkreppu, en þar eru menn að leita að nýju hlutverki fyrir Atlantshafsbandalagið. Og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem situr hér úti í sal mér til mikillar ánægju og gaman að hafa hann hérna fyrir augunum, hefur einmitt tekið þátt í þessari hlutverkaleit fyrir Atlantshafsbandalagið. Það er sérstaklega ánægjulegt að hann skuli gera það vegna þess að hann hefur svo góða reynslu af því að berjast á móti Atlantshafsbandalaginu frá því fyrr á öldinni þegar við vorum báðir yngri en við erum núna.

Af hverju nefni ég þetta, hæstv. forseti? Vegna þess að í ljósi þessa nýja veruleika hefði maður kannski haldið að það gæti orðið til heimur þar sem menn færu öðruvísi í hlutina, þar sem fyrirkomulag öryggis- og friðarmála væri öðruvísi en það er í dag eða var á kaldastríðsárunum, að það væri að opnast ný sýn til öruggara lífs fyrir jörðina en var um áratuga skeið. Og maður hefði kannski haldið að einmitt í þessari stofnun væru framsóknarmenn vísir til þess að reyna að leiða þingið að samnefnara fyrir þjóðina alla og þingið um utanríkismál. Vegna þess að einmitt á þessum tímum er staðan þannig að það væri ástæða til þess að gera sér grein fyrir þeim veruleika að það er örugglega hægt ef rétt er á þessum hlutum haldið af hálfu utanrrn., að finna samnefnara sem fleiri eru sammála um í utanríkismálum á Íslandi heldur en nokkru sinni hefur áður verið. Það bara vill svo hrapallega til að sá sem lenti í því að vera formaður Framsfl., og ég tala ekki um utanrrh., ákveður að stíga til hægri og er orðinn hægra megin a.m.k. við þá tvo alþýðuflokksmenn sem skrifa upp á þetta plagg, hv. varaformann Alþfl. og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (**MS:** Er þá mikið sagt.) Og er þá nokkuð sagt. Ég segi ekki mikið en talsvert sagt. (**Gripið fram í:** Hver kallaði?) Það var hv. þm. Magnús Stefánsson sem kallaði fram í og sagði: Er þá mikið sagt, og ég mótmælti því eins og hv. þm. hefur vonandi tekið eftir.

Ég hef oft talað fyrir því hér að það verði sett af stað ítarleg umræða um þróun utanríkismála í þessari stofnun. Ég er ekkert að segja að þetta plagg frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Össuri Skarphéðinssyni og fleirum ætti að vera eina plaggið sem lægi til grundvallar þeirri umræðu. En ég tel að þetta skjal sem hér liggur fyrir gæti mjög vel verið grundvöllur þessarar umræðu. Ég tel að það sé mikilvægt atriði sem fram kom í framsöguræðu hv. 1. flm. áðan. Hann telur að það eigi að taka tíma í málið, það eigi að skoða málið og það eigi að fara yfir málið á milli flokkanna, í utanrmn. og á öðrum vettvangi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eða flutningsmenn frv. eru ekki að biðja um að þetta verði afgreitt á morgun, heldur eru þeir að fara fram á að málið verði tekið til alvarlegrar umræðu og athugunar í utanrmn. og í utanrrn. og ekki síst af hæstv. utanrrh. Þess vegna hrekkur maður dálítið við þegar hlutirnir þróast allt í einu þannig að hæstv. utanrrh. setur bann á málið. Hann segir: Ég er á móti málinu. Og ef það væri greitt atkvæði um málið hér á eftir, þá mundi hæstv. utanrrh. greiða atkvæði á móti því vegna þess að hann telur þetta hið versta mál. Hann vill helst ganga frá því og helst ekki sjá það í þessari stofnun vegna þess að væntanlega hefur hann haft áhrif á það að þingmenn Framsfl., aðrir en Steingrímur Hermannsson og Páll Pétursson sem voru á þessu í den, skrifa ekki upp á það núna. Hv. formaður Framsfl. hefur væntanlega beitt sér á móti því að nokkur framsóknarmaður þyrði að skrifa upp á skjalið eða hvað? Ég spyr. Hvernig var það þegar málið var tekið fyrir í þingflokki Framsfl.? Hvað gerðist þar? Var málið kannski ekki tekið fyrir þar? Ég hef heyrt að það hafi verið rætt þar hvort að málið ætti að flytja, og að hv. formaður Framsfl. hafi bannað mönnum að vera á skjalinu vegna þess að það væri guðlast að skrifa upp á plagg af þessu tagi af því að það væri á móti hans heilagleika NATO-páfanum og því öllu saman.

Ég tel, hæstv. forseti, að þetta séu nokkuð alvarleg kaflaskil og ástæða til að vekja rækilega athygli á þeim. Ég held

að það sé sérstök ástæða til að vekja athygli á þeim gagnvart þeim þúsundum kjósenda Framsfl. sem hafa á undanförnum áratugum vanið sig við það að þar væri hátt til lofts og vítt til veggja í þessu máli, vanið sig við þá hefð, þá tradisjón sem þar var mótuð af Hermanni Jónassyni, Eysteini Jónssyni og Steingrími Hermannssyni. En það er bersýnilegt að sú hefð á ekki lengur upp á pallborðið. Það hafa orðið kaflaskil og ég votta Framsfl. samúð með þessa niðurstöðu og vona að menn hafi ástæðu til að ræða þessi mál ítarlegar síðar. Það eru vissulega tíðindi þegar formaður Framsfl. ákveður að hann hætti að vera miðjuflokkur í utanríkismálum og verður hægri flokkur. Það er merkilegur dagur í dag, hæstv. forseti.

[14:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þm. um að það er enn þá vítt til veggja í Framsfl. og þar fer fram lífleg umræða um utanríkismál og utanríkisstefna Framsfl. í gegnum áratugina hefur verið mjög mikils virði fyrir þjóðina.

Ég átti fyrir nokkru síðan athyglisverðar samræður við forseta Tékklands, Václav Havel. Ég á ekki von á því að hv. þm. muni kalla hann hægri mann. En það er alveg ljóst að það er gífurlegt atriði fyrir Tékkland að komast í Atlantshafsbandalagið og þeir eru tilbúnir til að gangast undir allar skuldbindingar þar. Það vill nú svo til að þessi merki maður, forseti Tékklands, kom því til leiðar fremstur manna að Varsjárbandalaginu var komið fyrir kattarnef. Hann sagði að sjálfsögðu: Ég vann ekki þann verknað til þess að einangra land mitt og ætlast til þess að við séum teknir inn í Atlantshafsbandalagið. Ætla menn að kalla alla þessa merku menn, merkisbera lýðræðis í Austur-Evrópu, hægri menn í dag? Það er vítt til veggja í umræðu þar í landi. En það er alveg með eindæmum að slíkur fornaldarhugsunarháttur skuli enn þá vera við lýði í Alþb. Það er Alþb. sem enn þann dag í dag er 20 árum á eftir tímanum í umræðum um utanríkismál, því miður, nema þá kannski helst fyrrv. formaður Alþb. sem nú hefur boðið sig fram til forseta. Það væri fróðlegt að vita hvort hann styður Alþb. í dag með þá kröfu að við segjum okkur úr NATO og styður þann fornaldarhugsunarhátt sem kemur fram í umræðum alþýðubandalagsmanna hér í dag. (**SJS:** Hann styður frv. því hann flutti það síðast.) (Gripið fram í.)

[14:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst það athyglisvert í umræðum um friðlýsingu að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. skyldi telja sérstaka ástæðu til þess að draga forsetakosningarnar inn í það mál. Spurningin er hvort yfirlýsing hæstv. ráðherra og andvar hér áðan var til marks um það að Framsfl. hefði ákveðið sem flokkur að taka afstöðu í þessum forsetakosningum. Ég heyri ekki betur og það eru visslega mikil tíðindi. En ég vil að gefnu tilefni, þó að það sé verið að ræða friðlýsingu segja að það er nokkuð fróðlegt að heyra þetta og væri athyglisvert að fá svar ráðherrans við þessari spurningu.

Þetta frv., hæstv. ráðherra, fjallar ekki um það að koma Tékklandi í NATO. Þetta frv. er ekki um það. Það vill svo sérkennilega til að þetta frv. er um friðlýsingu út frá forsendum Íslands og spurning mín er auðvitað fyrst og fremst þessi: Af hverju má ekki ræða málið? Af hverju þarf að bannfæra mál af þessu tagi? Eða má ræða það? Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að lýsa því yfir að hann vilji taka þátt í því að í utanrmn. eða annars staðar fari fram rækileg umræða einmitt um mál af þessu tagi þannig að menn geti borið saman bækur sínar, vegið saman rök og gagnrök og gert upp málin á málefnalegan hátt? Eða ætlar hann að láta kaldastríðsafstöðuna ráða úrslitum og banna umræðu um þetta mál? Það var ekki nokkur leið að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi áðan en að hann vildi hafna allri umræðu um mál af þessu tagi, að hann hefði stigið svo langt til hægri fyrir hönd þess Framsfl. sem átti mjög frjálslyndar hefðir í utanríkismálum undir forustu Hermanns Jónassonar, Eysteins Jónssonar og Steingríms Hermannssonar.

[15:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Svavar Gestsson um það að Framsfl. mun ekki taka afstöðu sem flokkur með einum né neinum í komandi forsetakosningum og það er merkilegt ef einhver hefur skilið orð mín svo. Hins vegar er ljóst að það er heimilt að ræða þau mál í Framsfl. eins og öll önnur mál. Hvenær hef ég verið að tala um að það bæri að banna umræður um þessi mál? Getur verið að hv. þm. sé jafnframt með þann fornaldarhugsunarhátt að einhvern tíma séu bannaðar umræður í einhverjum flokki? Ég hélt að það hefði aldrei tíðkast í Alþb. og hefur aldrei tíðkast í Framsfl. og mun aldrei tíðkast þar. Ég er að lýsa viðhorfum mínum til þessa máls og það var sérstaklega beðið um það af 1. flm. að ég gerði það og ég varð við því. Ég er eingöngu að rekja það að ég tel að þetta frv. sé ekki hjálplegt í þeim markmiðum sem við erum að berjast fyrir, þ.e. að útrýma kjarnorkuvopnum. Ég mun vinna að því, vil vinna að því. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að við stöndum við skuldbindingar okkar í Atlantshafsbandalaginu. Málið er svo einfalt. Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að það beri ekki að standa við þær, þá eru það skoðanir út af fyrir sig.

Ég hef farið rækilega í gegnum þetta mál og eytt tíma í það og ég tel að ég hafi sýnt málinu fulla virðingu með því. Ég tel að ég sýni málinu fulla virðingu með því að taka þátt í umræðum hér í dag og mér beri skylda til þess þannig að mér finnst það alveg óþarfi að vera með svona útúrsnúninga sem náttúrlega tilheyra þeim fornaldarhugsunarhætti sem kemur fram í málflutningi hv. þm.

[15:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að nálgun hæstv. utanrrh. í þessu máli sé óþarflega köntuð, óþarflega stíf. Mér finnst að ef eitthvað er til sem heitir fornaldarhugsunarháttur eða fornaldarnálgun í máli af þessu tagi, þá hafi hún komið fram í hans málflutningi vegna þess að þessir hlutir eru þannig að hér er verið að opna fyrir umræður. Hér eru menn ekki að segja að eitt þurfi endilega í öllum tilvikum að útiloka annað og það er meginatriði, sem hæstv. utanrrh. virðist ekki skilja að sé mögulegt, að ræða málin í samhengi og hlið við hlið. Mér finnst að fram komi hjá honum þetta gamla viðhorf að það sé óhugsandi að Ísland hafi stefnu í utanríkismálum, stefnu og áherslur í utanríkismálum númer eitt, stefnu sem er mótuð í þessari stofnun, Alþingi Íslendinga, stefnu sem utanrrh. landsins fer með á alþjóðlegan vettvang til umræðu og kynningar og reynir að vinna henni fylgi og stuðning í samvinnu við aðra eftir atvikum. Hæstv. utanrrh. virðist ekki gera sér grein fyrir þeim möguleika einu sinni að Alþingi Íslendinga hafi stefnu í utanríkismálum. Það kalla ég fornaldarhugsunarhátt, það kalla ég fornaldarvinnubrögð og kaldastríðsnálgun á utanríkismálum. Og ég harma það að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. skuli setja sig upp

í þessu máli þannig að jafnvel ég gæti átt það til að sakna Jóns Baldvins Hannibalssonar úr því embætti og er þá langt gengið, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Landhelgisgæslunnar.

[15:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er að ræða málefni Landhelgisgæslu Íslands og framgöngu hæstv. dómsmrh. sem mjög hefur verið til umræðu. Hér er annars vegar verið að vísa til ákvörðunar *hans um að láta rússneskan landhelgisbrjót sigla sinn sjó* þrátt fyrir að hann hafi verið staðinn að ólöglegum veiðum innan landhelginnar og hins vegar fullyrðingar Höskuldar Skarphéðinssonar, skipherra hjá Gæslunni, þess efnis að starfsmenn hennar hafi ítrekað komið að brotlegum skipum, jafnvel skipum sem ekki hafa haft gilt veiðileyfi en ráðherra hafi brugðist snarlega við og bjargað þeim með því að gefa út leyfi aftur í tímann.

Virðulegi forseti. Það var þriðjudaginn 2. apríl sl. að Fokkerflugvél Landhelgisgæslu Íslands stóð rússneskan togara að ólöglegum veiðum innan 200 mílna markanna á Reykjaneshrygg. Skipinu var veitt óslitin eftirför af landhelginni og út á úthafið, fyrst af flugvélum þar til varðskipið Ægir kom á vettvang. Því voru öll skilyrði þjóðréttarreglna varðandi töku skipa á alþjóðlegu hafsvæði uppfyllt, sbr. 111. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Allir helstu sérfræðingar Gæslunnar, þar á meðal áðurnefndur skipherra og forstjóri hennar, hafa lýst því yfir að það væri hægðarleikur að taka togarann. Því er hvorki um það að ræða í þessu tilviki að lagareglur stæðu því í vegi að skipið yrði tekið né ómöguleiki á að framkvæma slíka töku. Jafnframt verður að hafa í huga að lög um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992, leggja blátt bann við veiðum erlendra skipa í efnahagslögsögunni. Því hvílir sú lagaskylda á dómsmrh. að framfylgja því banni. Það vekur því furðu að þrátt fyrir að öll skilyrði hafi verið til staðar, allir helstu sérfræðingar Gæslunnar hafi lýst því yfir að það væri ekki neinum vandkvæðum bundið að taka togarann, ákváðu yfirvöld að aðhafast *lítið sem ekkert og láta hann sigla sinn sjó*. Það er hætta á því að það fordæmi sem yfirvöld hafa skapað með slíkri ákvörðun geti skaðað orðstír okkar á alþjóðavettvangi og gefið öðrum þjóðum tilefni til að álykta sem svo að Íslendingar hafi hvorki getu, styrk né kjark til að halda uppi eftirliti innan eigin landhelgi, hvað þá utan hennar eins og kröfur hafi verið gerðar um vegna framgangs rússneskra togara á Reykjaneshrygg.

Þau rök sem hæstv. dómsmrh. hefur helst borið fyrir sig eru afar fátækleg. Það hefur helst komið fram af hans hálfu að taka skipsins hefði orðið of kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð. Það hljómar hvorki trúverðugt né ber vott um mikinn manndóm þegar stjórnvöld lýsa því yfir að þjóðin hafi ekki lengur efni á því að verja fiskveiðilandhelgina. Það hlýtur eitthvað annað og veigameira að búa þar að baki. Ég tel því nauðsynlegt að minna hæstv. dómsmrh. á að þjóðin hefur marga hildi háð til þess að öðlast yfirráð yfir því hafsvæði sem ráðherra segir nú að við höfum ekki efni á að verja.

Virðulegi forseti. Það sem þjóðin hefur sannarlega ekki efni á er að lausung og dugleysi ríki um löggæslu á hafinu. Þeir sigrar sem unnist hafa í þorskastríðum unnust ekki á grundvelli þeirrar hertækni sem hæstv. dómsmrh. beitti í þessu máli. Það er því alvarlegt mál og ekki að ófyrirsynju að þjóðin leggi við eyru þegar einn virtasti og reyndsti skipherra Landhelgisgæslunnar undanfarna áratugi, Höskuldur Skarphéðinsson, skuli segja upp störfum sökum óánægju með þá niðurlægingu sem Gæslan hefur orðið fyrir í ráðherratíð núv. dómsmrh. Það kom m.a. fram í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 þann 16. apríl sl. að Höskuldur væri mjög ósáttur við framgöngu dómsmrh. sem hann sagði gæta fremur hagsmuna útgerðaraðila en laga og reglna um veiðar. Auk þess kom fram hjá honum að það hefði margsinnis komið fyrir að Landhelgisgæslan hafi komið að skipum sem ekki hafi verið með gild veiðileyfi og fært þau til hafnar, en ráðuneytið hafi gefið út afturvirk veiðileyfi. Það sé afar erfitt að vinna undir slíkum kringumstæðum og ákvörðun um afdrif rússneska landhelgisbrjótsins sé aðeins framhald á þeirri niðurlægingu Gæslunnar sem hún hefur orðið að búa við undanfarin ár.

Í fréttatíma Ríkisútvarpsins sama kvöld lýsir Höskuldur því yfir að dómsmrh. hafi um hánótt hlaupið niður í ráðuneyti á náttfötum einum fata í því skyni að gefa út veiðileyfi aftur í tímann. Hafi hæstv. sjútvrh. ætt niður í ráðuneyti sitt í náttserk til að bjarga veiðileyfalausum skipstjórnarmönnum úr klemmu má öllum ljóst vera að sjútvrh. hefur ekki haft fyrir því að vekja hæstv. dómsmrh., heldur farið á bak við hann. Það stendur því upp á dómsmrh. að gera Alþingi Íslendinga ítarlega grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að láta rússneska togarann óáreittan eftir að hann hafði verið staðinn að ólöglegum veiðum í íslensku landhelginni. Það er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur lýst því yfir að Gæslan hefði auðveldlega getað tekið *rússneska togarann* og öll lagaskilyrði fyrir töku hans hafi verið uppfyllt.

Einnig verður dómsmrh. að svara þeim ásökunum sem á hann hafa verið bornar að hann hafi stundað það í ráðherratíð sinni að veita skipum, sem Gæslan hefur staðið að ólöglegum veiðum, afturvirk veiðileyfi. Ég vil minna á að í lögum um stjórn fiskveiða segir að enginn megi stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hann hafi fengið til þess almennt veiðileyfi. Í sömu lögum segir, með leyfi forseta:

„Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum ...“

Með öðrum orðum, hæstv. dómsmrh. hefur ekki um það frjálst mat hverju sinni hverjum skuli refsað og hverjum ekki. Það lýtur landslögum. Hæstv. dómsmrh. verður því að upplýsa *um hvort einn reyndasti skipverji Gæslunnar*, sem nú hefur sagt upp störfum sökum óánægju, (Forseti hringir.) fari með staðlausa stafi þegar hann segir að dómsmrh. hafi stundað það að veita veiðileyfi *aftur í tímann hafi honum* boðið svo við að horfa. Með öðrum orðum, hvort skipherrann sé ósannindamaður. Geri dómsmrh. það ekki (Forseti hringir.) er hann að lýsa því yfir að hann hafi virt landslög að vettugi.

[15:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er athyglivert að raunverulegur málshefjandi Alþfl. í þessu máli, hv. 15. þm. Reykv., kýs það sóma síns vegna að skjalda sig í upphafi þessarar umræðu með hv. 6. þm. Suðurl.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um rússneska togarann sem staðinn var að veiðum innan íslensku lögsögunnar er þetta að segja: Það er rétt að flugvél Landhelgisgæslunnar stóð togarann að veiðum rúmlega tvær sjómílur innan við landhelgismörkin. Togarinn komst síðan út fyrir mörkin og honum var fylgt eftir. Það er ljóst að það var mjög umfangsmikil aðgerð að taka togarann. Það þurfti að senda tvö varðskip á staðinn og það þurfti að senda þyrlu með mannskap til þess að síga niður á skipið og við mat á þeirri aðgerð þurfti m.a. að gæta að öryggi þeirra sem í aðgerðinni mundu taka þátt.

Það voru tveir kostir fyrir hendi: Annar var sá að ganga til þessarar umfangsmiklu aðgerðar. Hinn var sá að mótmæla formlega við rússnesk stjórnvöld. Áður en ákvörðun var tekin var Landhelgisgæslan spurð um það hvort hún treysti sér í hinar umfangsmiklu aðgerðir sem hún hafði lýst að væru nauðsynlegar til þess að taka togarann og hún svaraði því mjög ákveðið að það væri unnt að taka togarann með þessum hætti og Langhelgisgæslan mundi ráða við það. Þá var Gæslan spurð að því ef hinn kosturinn yrði valinn hvort Gæslan hefði athugasemdir við það eða hvort hún áliti að það skaðaði gæslustörfin í framtíðinni og Gæslan svaraði því mjög ákveðið að svo væri ekki. Það mundi ekki skaða gæslustörfin og því yrði ekki andmælt af hálfu Gæslunnar.

Þegar þetta lá fyrir var haft samráð bæði við hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og niðurstaða málsins varð sú þegar öll atvik voru tekin til athugunar að þá þótti eðlilegt í þessu tilviki að mótmæla mjög harðlega gagnvart rússneskum stjórnvöldum. Ég tel að það verði ekki sýnt fram á það með rökum að hér sé um óeðlileg viðbrögð að ræða.

Alþfl. hefur teflt fram í þessari umræðu skipherra Landhelgisgæslunnar og haldið því fram að ákvörðun hans um að fara fyrr á eftirlaun en nauðsyn bar væri vottur um það að mikil óánægjan væri innan Landhelgisgæslunnar með þessa ákvörðun og að þessi ákvörðun skipherrans væri tekin vegna þess hvernig farið var með mál rússneska togarans. En það vill svo til að ég hef uppsagnarbréf skipherrans undir höndum. Mál togarans kom upp í aprílmánuði en uppsagnarbréf skipherrans er dagsett og móttekið í Landhelgisgæslunni 29. mars, fimm dögum áður en atvikin áttu sér stað með togarann. Og það þarf ekki frekari vitnanna við á hvaða grunni þessi málflutningur Alþfl. er reistur þegar þetta hefur verið upplýst.

Þá hefur Alþfl. farið stórum og haldið því fram að ég hafi veitt afturvirk veiðileyfi til þess að hygla flokksgæðingum. Í sjútvrn. finnast engin merki um að gefin hafi verið út afturvirk veiðileyfi og forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur vegna ummæla í blöðum gert um það sérstaka athugun í Landhelgisgæslunni hvort slík veiðileyfi hafi verið send frá sjútvrn. Í bréfi sem ég hef fengið frá forstjóra Landhelgisgæslunnar er það staðfest að engin slík afturvirk veiðileyfi hafa verið gefin út. Það segir sína sögu um málflutning Alþfl. í þessu efni.

Varðandi tilraunaveiðar mb. Æsu liggur það fyrir að Landhelgisgæslan kærði skipið, sýslumaðurinn á Ísafirði tók málið til venjulegrar meðferðar og málið gekk til saksóknara. Öll þessi málsmeðferð sýnir að það var engin tilraun gerð til þess að hindra það að komið yrði lögum yfir þetta skip. Allar þær fullyrðingar Alþfl. eru staðlausir stafir og fyrir þeim engin rök. Sjútvrn. hefur lagt öll skjöl þess máls á borðið, hvert og eitt og einasta og sýnir að allur málflutningur Alþfl. er tilhæfulaus.

Herra forseti. Það er eitt sem enn er á huldu í þessu máli og hefur ekki verið upplýst. Var það umræddur skipherra sem sagði hv. 15. þm. Reykv. ósatt um þessi málsatvik eða var það hv. 15. þm. Reykv. sem fór rangt með þær upplýsingar sem skipherrann veitti honum? Hvor þessara heiðursmanna er upphafsmaður að þeim ósannindum sem hér hafa verið færð fram? Þessari spurningu er enn ósvarað og það er þessi spurning sem væri mjög fróðlegt að fá svör við í umræðunni sem hér fer fram því ekkert annað er á huldu í þessu máli.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég get staðfest í einu og öllu það sem hæstv. dómsmrh. sagði um það samráð sem var út af töku rússneska togarans, eða að hann var ekki tekinn. Það er allt saman rétt. Ég kveð mér ekki hljóðs út af því. Ég hlýt að leggja orð í belg út af þeirri ódrengilegu árás sem hér hefur verið gerð að einum hv. þm., Einari Oddi Kristjánssyni. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að það verða stundum mistök. Ég var átta ár í sjútvrn. og það urðu stundum mistök. Og ef mistök verða þá ber að leiðrétta þau. Hver var þessi óskaplegi verknaður sem þarna var framinn af þessu skipi? Hann var á kúfiskveiðum. Það er hægt að veiða hundruð þúsundir tonna af kúfisk á ári. Það er ekki vandamálið. Vandamálið er að selja þennan kúfisk. Það er eitt einasta skip, því miður, í landinu sem er útbúið til að veiða þennan fisk. Svo er það tekið upp á Alþingi og í blöðum sem einhver sérstakur verknaður. Hvers konar framkoma er þetta eiginlega í garð eins hv. þm.? Ég vona að þessi aðför sé byggð á misskilningi og menn sjái að sér því hún er ekki þeim sem að henni standa til sóma og það hljóta menn að sjá.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að halda mig við það mál sem ég hafði skilið að ætti að aðallega að vera tilefni umræðunnar, þ.e. töku eða öllu heldur ekki töku rússneska landhelgisbrjótsins við lögsögumörkin á Reykjanesi. Það sem mér er efst í huga við það mál er útreiðin á Landhelgisgæslunni sem stofnun og ég vísa til þess sem kom fram í máli málshefjanda um að allar forsendur voru til staðar að lögum til að taka togarann. Um skýlaust landhelgisbrot var að ræða og sú málsmeðferð hafði verið valið að láta ekki áminningu duga strax þegar togarinn var staðinn að brotinu. Það er ljóst að stundum lætur Gæslan sér nægja að stugga við mönnum, eins og sagt er, áminna þá eða gera þeim ljóst að þeir séu á mörkum o.s.frv. En úr því að það var valið að hefja eftirför og út fyrir landhelgina og klukkutímum saman hafði verið látið að því liggja eða það leit út fyrir að ætlunin væri að taka togarann, þá er mjög slæmt og í raun og veru fyrir neðan allar hellur að gefast upp úr því að svo var komið.

Landhelgisgæsla má ekki og á aldrei að vera neitt annað en landhelgisgæsla. Henni má ekki blanda saman við viðskipti, sjávarútvegsmál eða deilumál annars staðar vegna þess að henni bera að fara að lögum. Og séu menn staðnir að brotum þá á það ekki að vera val manna hvort sökudólgurinn er tekinn og honum refsað. Það má ekki vera svo. Það má aldrei verða geðþóttaákvörðun hvort lögum sé framfylgt að þessu leyti. Það er enn verra, herra forseti, að því miður lendir svo þessi atburður ofan í framgöngu Rússa á Reykjaneshrygg sem hunsa þar siglingalög og eyðileggja veiðarfæri íslenskra skipa og þverbrjóta þar allra góðra manna siði. Það liggur líka það orð á að landhelgismörkin á Reykjaneshryggnum

séu ekki virt að fullu, því miður. Þess vegna er fordæmisgildi þessa máls mjög slæmt og að þessu leyti til er framganga hæstv. ráðherra hrakleg.

Þetta er í raun og veru rýtingur í bakið á Landhelgisgæslunni í tilraunum hennar til þess að halda uppi gæslu (*Forseti hringir.*) við afar erfiðar aðstæður og lítinn skipakost og þetta eru röng skilaboð. Þetta eru röng skilaboð um þær aðferðir sem við Íslendingar eigum að nota við að gæta okkar landhelgi.

[15:20]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Þessi umræða er mjög sérkennileg og sérkennilega að henni staðið. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði, og hafði það eftir forstjóra og skipherra Landhelgisgæslunnar, að hægðarleikur hefði verið að taka þennan umrædda togara sem þetta mál snýst um og fór hér inn fyrir landhelgi 2. apríl. Ég sat ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í utanrmn. þegar forstjórinn kom þar í heimsókn og sagði okkur af þessu máli. Ég heyrði hann aldrei tala um að það hefði verið hægðarleikur. Þvert á móti sagði hann að það hefði verið erfitt mál ef það hefði átt að taka togarann, mjög erfitt mál. En hann sagði líka að við hefðum æft töku svona togara, æft töku togara sem eru allt að fjórum sinnum stærri en það skip sem Landhelgisgæslan notar til slíkra starfa og hann sagði líka að það hefði verið gefið mál að það hefði orðið pústrar og að menn hefðu getað orðið fyrir slysum við þær aðgerðir. Ég hefði tekið alveg nákvæmlega sömu ákvörðun í þessu máli ef ég hefði staðið frammi fyrir henni eins og hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson. Ég hefði að vísu sleppt því að vera að bera það mál undir utanrrh. eða forsrh. Ég hefði tekið þá ákvörðun á stundinni. Það var ekki efni til þess við þessar aðstæður að fara að stefna lífi og limum þeirra sem vinna hjá Landhelgisgæslunni í hættu við það að taka þennan togara. Það var nóg að stugga við honum við þessar aðstæður. (Gripið fram í.)

Hitt málið sem hefur verið nefnt, um skelfiskskipið Æsu, og þá aðför sem hér var gerð að hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í kringum það mál. Mér finnst það til mikillar hneisu fyrir þá sem að þeirri aðför standa. Íslenskt atvinnulíf — og síst af öllu atvinnulíf í dreifbýli — fer ekki eftir reglustikureglugerðum sem bírókratar í Reykjavík setja íslensku atvinnulífi. Og ef ekki væru til menn eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson úti á landsbyggðinni þá væri þar allt með öðrum hætti. Það eru þó enn þá von meðan slíkir menn eru til.

[15:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur nú staðfest að Gæslan var þeirrar skoðunar að það væri hægt að taka skipið og það var hæstv. dómsmrh. sem tók þá ákvörðun að taka ekki skipið. Það er því hann sem er ábyrgur fyrir þeirri pólitísku linkind sem í þessu felst og mér er engin launung á því að ég tel að þetta hafi verið pólitískt dómgreindarleysi af ráðherranum. Ég spyr líka, herra forseti: Kann að vera að Íslendingar séu nú að súpa seyðið af þessum mistökum hæstv. ráðherra á Reykjaneshrygg þar sem rússneskir togarar ögra íslenskum skipum dag eftir dag? Ég spyr, herra forseti.

Hitt vil ég líka segja, herra forseti, að mér þykir það ódrengilegt af hæstv. dómsmrh. að reyna að snúa þessu upp í árás mína á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Um það er ekki að ræða. Málið snýst um þetta: Er það svo að það sé eitthvert skömmtunarkerfi hjá gæðingum og vinum hæstv. dómsmrh. þegar kemur að því að þeir hafa brotið reglur eins og hér var í þessu dæmi? Það er líka ódrengilegt af hæstv. dómsmrh. að halda því fram að Alþfl. eða ég hafi teflt fram Höskuldi Skarphéðinssyni skipherra. Mér er ekki kunnugt um það að ég hafi nokkru sinni á ævinni hitt þann mann. En það hlýtur að vera alvarlegt mál og viðurhlutamikið þegar skipherra Landhelgisgæslunnar kemur fram, gömul hetja úr þorskastríðum, og ásakar hæstv. dómsmrh. fyrir að vera að brjóta móralinn niður hjá Gæslunni.

Hæstv. dómsmrh. kemur hingað og segir: Aldrei, aldrei hafa verið gefin út afturvirk leyfi. Herra forseti, það var hæstv. dómsmrh. sem um var sagt af skipherranum að hann hefði komið á náttfötunum og verið að gaufa við að gefa út leyfi niðri í ráðuneyti. Herra forseti. Hér hef ég úrklippu úr Dagblaðinu frá 15. sept. 1994 og þar segir, með leyfi forseta:

„Snurvoðarbátur án veiðileyfis tekinn. Afturvirkt leyfi fékkst eftir að báturinn var tekinn. Skipherra Landhelgisgæslunnar undrast vinnubrögð Fiskistofu."

Herra forseti. Mér sýnist af þessu að hæstv. ráðherra sé ekki bara á náttfötunum heldur sé hann með allt niður um sig í þessu máli. (Forseti hringir.) Ég sé það hins vegar á honum að hann skammast sín og það er honum til hróss. Menn eiga að iðrast eftir svona afglöp.

[15:24]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvað málatilbúnað Alþfl. og dagblað flokksins hafa uppi til að koma höggi á hæstv. dómsmrh. þessa dagana. Einhverra hluta vegna, og eflaust ekki af tilviljun, er ég dreginn inn í þetta mál eins og sjá má í leiðara blaðsins, en þar segir: „Alþýðublaðið upplýsir í dag að Þorsteinn Pálsson notaði ráðherravald sitt til að hindra að Landhelgisgæslan kæmi lögum yfir skip sem var að ólöglegum veiðum. Skipið var í eigu vinar og flokksbróður Þorsteins, Einars Odds Kristjánssonar."

Þetta smávægilega atvik sem átti sér stað fyrir þremur árum hefur fyrir löngu verið upplýst. Öll gögn varðandi það liggja fyrir. Það er allt lygi í sambandi við málið sem fram hefur komið hjá þessu ágæta dagblaði. Það var aldrei gefið út afturvirkt leyfi. Það var aldrei gefið út. Leyfið var ekki afturvirkt. Það var gefið út daginn eftir, 14. janúar. Ég var ákærður fyrir málið, yfirheyrður, boðin dómsátt, hafnaði henni fyrir hönd skipstjórans vegna þess að ég taldi málið svo smávægilegt að það gæti ekki varðað sektum. Það var ákæruvaldið sem féll frá málinu vegna þess að þeir töldu að það væri augljóslega á misskilningi byggt.

Þetta er notað til þess að koma af stað moldviðri, koma af stað þeirri sögu að hæstv. ráðherra sé að hygla mér, flokksbróður sínum og vini, við séum holdi klædd spillingin á Íslandi. Þeir eiga bágt þessir menn sem svo þurfa að vinna. Þeir gátu leitað allra upplýsinga um málið. Það lá alltaf fyrir en þeir kusu að gera það ekki. Þeir vildu vísvitandi vera að segja ósatt. Þeir vildu vera ósannindamenn. Þeir sem breiða út ósannindi viljandi í blöðum og í útvarpsstöðvum gera það vísvitandi í pólitískum tilgangi, þeir eru ekki, herra forseti, á íslensku kallaðir annað en rógberar. Að því eru þeir sannir.

[15:26]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Varðandi þau mál sem hér eru til umræðu, landhelgisbrot rússneska togarans og um útgáfu veiðileyfa, vil ég víkja að hinu fyrrnefnda. Menn hafa barið sér mjög á

brjóst og talað um að það hefði verið vandalítið að taka togarann og það hefur komið fram að Landhelgisgæslan treysti sér til að gera það. Ég held hins vegar að það hafi verið valin skynsamleg leið í þessu máli, að fara diplómatísku leiðina að þessu sinni. Hins vegar er ljóst að það verður að halda uppi landhelgisgæslu og taka sjálfstætt á þeim málum sem varða landhelgina og gæslu hennar. Ég er sammála því. Þetta leiðir hugann að aðstöðu Landhelgisgæslunnar og útbúnaði hennar. Við höfum stóra landhelgi að verja og útbúnaður Gæslunnar, sérstaklega skipakostur hennar, er sá sami og verið hefur um árabil. Það hafa verið lagðir miklir peningar til þess á síðustu árum að endurnýja flugflota Gæslunnar, koma upp fullkominni björgunarþyrlu og sú þyrla sem fyrir var hefur ekki verið seld. Hins vegar er nú á þessum tímamótum ástæða til þess að huga að skipakostinum og huga að því hvernig hægt er að styrkja stöðu Gæslunnar. Og það er ástæðulítið eins og ég hef heyrt í blöðum, og m.a. nefndur skipherra sem hér hefur verið til umræðu, að gera lítið úr því að það sé skipuð nefnd til þess að fara ofan í þetta mál og fara yfir það. Ég tel það eðlilegt og sjálfsagt og ég tel rétt að gera það á þessum tímamótum.

Um aðförina að einum hv. þm., Einari Oddi Kristjánssyni, ætla ég ekki að hafa mörg orð. Sú aðför hefur dæmt sig sjálf hér í þessari umræðu og er náttúrlega alveg yfirgengileg.

[15:29]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvaða málflutning hv. þingmenn Alþfl. og Alþýðublaðið hafa haft uppi að undanförnu við árásir á hæstv. ráðherra Þorstein Pálsson og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Það er eins og hv. þingmenn og Alþýðublaðið hafi ekki leitað sér réttra upplýsinga á þeim grundvelli að réttar upplýsingar hafa oft drepið góða frétt. Það getur verið í lagi að vitna í þjóðsögur þegar Alþýðublaðið skrifar um Axlar-Björn en það eru forkastanleg vinnubrögð þegar ráðist er á pólitíska andstæðinga. Ég velti því fyrir mér hvað hv. 6. þm. Suðurl. og hv. 15. þm. Reykv. gengur til með þessum málflutningi. Helst dettur mér í hug að þetta sé innlegg þeirra í nýjasta leikinn hjá Alþýðublaðinu að keppa um það hver sé skemmtilegasti þingmaðurinn. En ef hv. þm. Alþfl. eru að leita að pólitískri spillingu þá vil ég benda þeim á að lesa skýrslu umboðsmanns Alþingis frá síðasta kjörtímabili.

[15:30]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil gera einn þátt þessa máls að umtalsefni, þ.e. sem tengist Æsu og máli Vestfirsks skelfisks og Einars Odds Kristjánssonar. Þetta er óvanaleg, skammarleg og ódrengileg árás á einstakling og atburðarás sem hefur átt sér stað hérna síðustu daga. Þessi blaðamennska sem kom fram í Alþýðublaðinu var óvönduð, það er ekkert við því að gera, blaðið verður að bera ábyrgð á því sjálft. Menn gátu verið með vandaðri blaðamennsku með því að hringja eitt eða tvö símtöl. Því að málið liggur alveg ljóst fyrir. Atburðarásinni lýsti hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Bragi Steinarsson saksóknari staðfesti alla þessa atburðarás í viðtali við dagblaðið Tímann, m.a. í gær. Þetta liggur ljóst fyrir.

Það er hins vegar óvanalegt að menn skuli samt halda áfram persónulegum árásum eins og gerðist hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og koma síðan með hávaða í ræðustól. Líklega hefur hann vonda samvisku af þessu máli. Ég get í sjálfu sér ekki dæmt um það. En mér finnst átakanlegt að horfa upp á þetta hafa gerst með þessum hætti.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er maður að meiri eftir þessa atlögu. Þetta er vindhögg alþýðuflokksmanna en ég kýs hins vegar að líta á þetta sem fljótræði eins eða tveggja alþýðuflokksmanna og blaðs þeirra. Þeir væru menn að meiri ef þeir stæðu hér upp, bæðust afsökunar á þessu, segðu að þeir hefðu dregið fljótfærnislegar ályktanir og hörmuðu að hafa vegið að mannorði manna á ósmekklegan hátt. Þeir verða að finna orðalag á sinni afsökunarbeiðni sjálfir en þeir eru í sjálfu sér skuldbundnir til að gera það þingmannsins vegna sem þeir hafa hér ásakað, þingheims vegna, kjósenda vegna og þjóðfélagsins vegna. Þetta eru vinnubrögð sem ganga ekki, herra forseti, að umgangast sannleikann með þeim hætti sem nokkrir hv. þm. hafa gert hér.

[15:33]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér kemur ekkert á óvart sem frá Alþýðublaðinu kemur. Það hefur sveiflast á milli himins og helvítis í málflutningi missirum saman. Og enn hefur það orðið sér til skammar. Enn situr foringi Alþfl., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hér og segir ekki orð. Honum væri nær að biðjast afsökunar fyrir málgagn sitt og væri hann maður að meiri.

Í Alþýðublaðinu hefur verið sótt að persónum tveggja manna. Það er ekki bara að það hafi átt að taka mannorðið af hv. þm. Einari Oddi heldur er leiðarinn um það að hæstv. ráðherra skuli segja af sér. Hvers lags framferði er þetta hjá Alþfl. að beita hertækni síðustu aldar til þess að sækja að pólitískum andstæðingum? Ég skora á Jón Baldvin Hannibalsson að taka þátt í þessari umræðu og láta þjóðina vita hvort hann stendur á bak við þetta sjálfur, hv. þm. Það er orðið fróðlegt að vita um það.

Um hitt vil ég segja, um hina málefnalegu hlið þessa máls að ég vil sjá Landhelgisgæsluna styrkta og það hafa þeir báðir, hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála og utanríkismála, sagt í fjölmiðlum. Ég vil að Landhelgisgæslan verði gerð sterkari en hún hefur verið. Ég vil að hún fari með löggæslueftirlit á hafinu og ég vil að veiðiþjófar hafi ekki þá tilfinningu að púðrið sé blautt og herforinginn deigur. Þess vegna vil ég að Alþingi sjái sóma sinn í því að styrkja Landhelgisgæsluna til nýrra átaka. En Alþfl. hefur orðið sér til skammar í dag. Alþfl. hefur orðið það fyrr í þessum þingsal þegar hann hefur reynt að sækja að mannorði manna. (Forseti hringir.) Nú skuldar Alþfl. þinginu og þjóðinni svar: Hver stendur á bak við þetta allt saman missirum saman að ráðast á nýjar og nýjar persónur manna? Þessu verður formaður Alþfl. að svara. Hann ætti að sjá sóma sinn í því að hætta að gefa þetta blað út á morgun. (**ÖS:** Hvaða herforingi var blauður?)

[15:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafði beðið um orðið en forseti gat ekki orðið við þeirri beiðni því að tíminn er liðinn (Gripið fram í.) sem ætlaður var fyrir þessa umræðu en forseti mun gefa málshefjanda og hæstv. ráðherra færi á að tjá sig.

[15:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegur forseti. Það er með ólíkindum hvernig sumir þingmenn hafa veist að Alþfl. í þessu máli fyrir að draga upp og vilja ræða það hvernig hæstv. ráðherrar brugðust við

landhelgisbroti hins rússneska togara í byrjun þessa mánaðar. Það að telja það árásir, og ég veit ekki hvaða nöfnum því hefur verið gefið, er hreint með ólíkindum.

Hvað varðar fullyrðingu hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar hér áðan þá segir Hafsteinn Hafsteinsson, forstjóri Gæslunnar í DV í gær, með leyfi forseta, að verið sé að kanna hvort afturvirk leyfi hafi verið gefin út oftar. Hafi verið gefin út oftar. Þannig að það er alveg klárt að það hefur einhvern tímann verið gert.

Ég vil aðeins svara fullyrðingum hæstv. sjútvrh. þess efnis að hv. 15. þm. Reykv. þurfi einhvern skjöld í þessu máli. Þetta mál er þess eðlis að hann þarf engan skjöld. En það er engum blöðum um það að fletta að brýnir þjóðarhagsmunir felast í því að Landhelgisgæslan sinni löggæslu af fullum þunga. Það er því með öllu óþolandi ef æðsti yfirmaður Gæslunnar dregur úr skilvirkni hennar vegna þess að hann áttar sig ekki á því að skyldur hans sem dómsmrh. eru ríkari heldur en hagsmunagæsla fyrir einstaka aðila í sjávarútvegi.

Í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram er ljóst að Alþingi verður að hugleiða hvort nauðsynlegt sé að koma á fót einhvers konar rannsóknarnefnd í því skyni að kanna hvort tilefni sem hér hefur verið gefið til þeirra ásakana eigi við rök að styðjast því ljóst er að það er enginn dómari í eigin sök og rannsóknir ráðuneytisins og stofnana sem undir það heyra verða aldrei hafnar yfir allan vafa. Því er nauðsynlegt að fram fari einhvers konar skoðun á því hvað raunverulega hefur átt sér stað og hvort fullyrðingar skipherra, einhverrar mestu sjóhetju Íslendinga til margra áratuga eigi við rök að styðjast.

[15:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Til máls tekur hæstv. dómsmrh. (**Dómsmrh.:** Ég er tilbúinn til að gefa formanni Alþfl. minn ræðutíma ef hann vill þiggja það.)

Forseti er ekki viss um hvort hæstv. dómsmrh. ræður einn yfir því. En ef hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ... (**JBH:** Virðulegur forseti. Ég held að ráðherranum veiti ekki af sínum tíma.) Þá tekur hæstv. dómsmrh. til máls hvort sem hann telur sig þurfa þess eða ekki.

[15:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Staðreyndir þessa máls eru þær að það hefur verið upplýst að engin afturvirk leyfi hafa verið gefin út. Í bréfi forstjóra Landhelgisgæslunnar frá því í dag segir svo um þetta:

„Með skírskotun til fullyrðinga um að afturvirk veiðileyfi hafi verið gefin út þá var það kannað nánar hjá Landhelgisgæslunni. Engin slík veiðileyfi hafa fundist hjá stofnuninni vegna þessa máls sem vitnað hefur verið í vegna mb. Æsu ÍS-87. Var það mál sent ríkissaksóknara til afgreiðslu."

Þetta vissu hv. þm. Alþfl., a.m.k. hv. 15. þm. Reykv., áður en hann flutti sína ræðu í dag. Samt er ásökununum haldið áfram. (Gripið fram í.) Frá þessu var greint í upphafi þessarar umræðu áður en hv. þm. hélt sína ræðu. Ég greindi einnig frá því að Landhelgisgæslan hefði verið spurð að því áður en ákvörðun var tekin hvort sú ákvörðun sem tekin var mundi skaða Gæsluna eða hún mundi sæta andmælum af hálfu Gæslunnar. Því var neitað af Landhelgisgæslunni. Og í bréfi frá forstjóra Landhelgisgæslunnar er þetta staðfest hér í dag. Það er því rangt að hér hafi verið rekinn einhver rýtingur í Landhelgisgæsluna eða störf hennar veikt á þessu hafsvæði.

Það eina sem er óupplýst í þessu máli er sú spurning sem ég vakti hér máls á í upphafi: Hvort var það umræddur skipherra sem er upphafsmaður að þessum ósannindum sem hér hafa verið færð á borð alþjóðar af talsmönnum Alþfl. eða hv. 15. þm. Reykv.? Ég gat ekki skilið hv. 15. þm. Reykv. hvort hann var að gera tilraunir til að svara þeirri spurningu eða hvort hann var að varpa allri sökinni á skipherrann. En þetta er það eina sem er óupplýst í málinu. Hvor þessara hv. heiðursmanna er upphafsmaður að ósannindunum? Það er vissulega þörf á því að upplýsa það. Og það má skipa eins margar rannsóknarnefndir til þess og mönnum dettur í hug. En það væri full ástæða til að fá úr því skorið.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 410. mál. — Þskj. 728.

[15:41]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál þó að sumt sem þar var sagt hafi kannski ekki vakið mér neina sérstaka kátínu. Ég get að sjálfsögðu ekki annað en lýst þó nokkrum vonbrigðum út af orðum hæstv. utanrrh. sem voru um leið nokkur tíðindi og þau voru vonbrigði. Hæstv. ráðherra hóf að vísu mál sitt með því að taka í orði kveðnu undir það að hann vildi draga úr vígbúnaði og ógnarvopnum, fækka ógnarvopnum. Hann tók sömuleiðis undir það sem ég sagði í framsöguræðu minni um kjarnorkustöðina í Sellafield. En síðan komu en-in hjá hæstv. ráðherra og þau voru mörg og vógu þungt að hans mati.

Í fyrsta lagi lýsti hæstv. ráðherra því yfir að hann teldi leiðina til að fást við afvopnun almennt vera alþjóðlega samninga en ekki einhliða aðgerðir. Þessu sjónarmiði er ég algjörlega ósammála. Ég held að sagan hafi trekk í trekk einmitt sýnt að kjarkur einstakra leiðtoga eða ríkja hefur á umliðnum árum iðulega verið það sem hrint hefur af stað þróun í jákvæða átt í þessum efnum.

Í öðru lagi rakti hæstv. ráðherra ýmsan árangur sem orðið hefði í samningaviðræðum á undanförnum árum og nefndi þar að hluta til það sama og ég tiltók í framsöguræðu minni, t.d. NPT-samninginn og samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Einnig niðurskurð stórveldanna á sínum kjarnorkuvopnum, samningana frá 8. og 9. áratugnum um þau mál; efnavopnasamninginn og fleira sem til mætti taka og er það að sjálfsögðu ekki þar um tæmandi upptalningu að ræða. Þar mætti til að mynda bæta við viðræðum sem reynt hefur verið að koma af stað um viðskipti, alþjóðaviðskipti eða milliríkjaviðskipti með vopn, takmörkun á notkun handsprengja of fleira mætti telja.

En þá var komið að þeim kaflanum í ræðu hæstv. ráðherra sem verður mér sennilega minnisstæðastur og fjallaði um kjarnorkuvígbúnaðarstefnu NATO og þá staðreynd sem hæstv. ráðherra taldi að menn yrðu að hafa í huga og heiðri að kjarnorkuvopn væru veigamikill hluti af vígbúnaði NATO og fælingarkenningin væri þar í fullu gildi. Ísland yrði sem aðili að NATO að sýna ábyrgð og samstöðu og ekki væri því um það að ræða að hægt væri að samþykkja þetta lagafrv. Hæstv. ráðherra hafði um það þau orð að við yrðum í kjölfar

þess ekki gjaldgengir aðilar að sameinuðum vígbúnaðaráætlunum NATO og í kjölfarið væri eðlilegt næsta skref að Ísland segði sig úr NATO. Því væri hæstv. ráðherra andvígur og þar með væri hann andvígur þessu frv.

Herra forseti. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að hæstv. ráðherra segir: NATO ræður. NATO hefur neitunarvald í því hvað Ísland getur gert og getur ekki gert á sínu landi. Það komu engar efasemdir fram í máli hæstv. ráðherra um það að á þetta mætti láta reyna. Það mætti til að mynda kanna hvort þetta væri endilega svo.

Sú spurning sem vaknar fyrst, herra foreti, er þessi: Hvers vegna mega Íslendingar ekki friðlýsa sitt land fyrir kjarnorkuvopnum ef hér eru í fyrsta lagi engin kjarnorkuvopn og það stendur í öðru lagi ekki til að þau verði hér? Fyrir liggur yfirlýst stefna Alþingis um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Í orði kveðnu er jafnan sagt að Atlantshafsbandalagið virði þessa stefnu og hafi ekki áform uppi um né í huga að brjóta hana. Hvað er það þá sem hæstv. utanrrh. er að vísa til sem gerir það útilokað að kjarnorkufriðlýsing Íslands gangi gagnvart vígbúnaðarstefnu NATO og samrýmist aðild okkar að NATO sem er svo sjálfstætt mál og pólitískt hvort menn styðja það eða ekki? Ég held að hæstv. ráðherra hefði þurft að svara þessu betur.

Nú vill svo vel til að hér verða innan skamms umræður um utanríkismál þar sem kostur gefst á að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra og þá er hægt að fara betur yfir þetta mál en aðstæður eru til nú þar sem hæstv. ráðherra hefur tjáð mér að hann sé upptekinn og horfinn til annarra skyldustarfa.

Það er einnig, herra forseti, óhjákvæmilegt að staldra hér aðeins við þau tímamót sem með þessu verða í afstöðu Framsfl. og hér var reyndar ágætlega farið yfir af hv. þm. Svavari Gestssyni. Það er afar sláandi og verður varla skýrara en það er í þessu máli, að fyrir fáeinum árum síðan voru meðflutningsmenn að nákvæmlega þessu sama frv. þáv. formaður Framsfl. og formaður þingflokksins. En nú bregður svo við að eftir margendurteknar umræður í þingflokki Framsfl. eru mér borin þau skilaboð að enginn, ekki einu sinni fyrrverandi meðflutningsmenn treysti sér til að skrifa upp á málið. Það var í sjálfu sér og er væntanlega ekki neitt leyndarmál að það var afstaða hæstv. utanrrh. og formanns flokksins sem hér kom fram, sem réði þar alveg úrslitum því að þannig var á síðasta kjörtímabili að ekki bara sumir hv. þm. Framsfl. flyttu málið, heldur kom fram að það naut víðtæks stuðnings þingflokksins eins og hann var saman settur á þeim tíma.

Niðurstaðan er sem sagt sú að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, hefur í veigamiklum atriðum kúvent hvað varðar stefnu Framsfl. í friðar- og afvopnunarmálum og það eru auðvitað heilmikil tíðindi. Manni verður hugsað til þess hvort það sé nokkuð kveikt á sjónvarpinu uppi í Seðlabanka og ónefndir menn að fylgjast með útsendingum frá Alþingi og hvernig þeim líði þá.

Öðruvísi mér áður brá, væri líka hægt að segja um hæstv. félmrh. sem tók oft ötullega þátt í umræðum um utanríkismál á umliðnum árum og blandaði sér þá jafnan í hóp þeirra sem voru mjög gagnrýnir á vígbúnaðarstefnu herveldanna og hernaðarbandalaganna og var í þeim hópi sem vildi reyna að tryggja frið í heiminum öðruvísi en með því að hlaða hann fullan af vopnum. (**Gripið fram í:** Átti hann að skrifa upp á?) — Hlaða hann fullan af vopnum. Hv. framm íkallandi. Nei, það var nú ekki ætlast til þess að ráðherrar yrðu í hópi meðflutningsmanna en auðvitað hefði það verið ánægjulegt þó ekki væri nema fá skilaboð um að hv. þm. hefði ekki skipt um skoðun og styddi áfram málið, þó hann gæti ekki af þessum ástæðum verið flutningsmaður.

Hæstv. ráðherra reyndi svo að afgreiða þetta mál með þeirri einföldu röksemdafærslu að menn yrðu að vera á móti málinu af því að það samrýmdist ekki veru okkar í NATO. Þetta er afar mikil einföldun í málflutningi svo ekki sé meira sagt. Ég tel að burt séð frá því hvort menn vilja eða vilja ekki vera í NATO, þá sé það aldeilis óútkljáð mál hvers vegna Íslendingar geti ekki friðlýst sitt eigið landsvæði og sína eigin lögsögu, hvað svo sem líði aftur aðild að NATO. Er það þá þannig þrátt fyrir allt, að í fyrsta lagi höfum við ekki sjálfræði í þeim efnum, höfum framselt það til NATO og verðum bara að lúta því ef þeir eru á móti því. Og er það þá í öðru lagi þannig að eitthvað það í vígbúnaðarstefnu NATO, skuldbindingum okkar gagnvart NATO, þýði að við getum ekki afdráttarlaust tekið af skarið um að hér verði ekki kjarnorkuvopn? Er það þá niðurstaðan? Ég spyr. Því þarf að svara. Eru þá samþykktir Alþingis um það út í loftið og marklausar? Til hvers er hæstv. utanrrh. að vísa þegar hann segir að þetta tvennt geti ekki farið saman, að íslenskt yfirráðasvæði sé kjarnorkufriðlýst og svo aftur að NATO haldi sinni óbreyttu stefnu sem sjálfsagt er ekkert á döfinni að breyta?

Það var líka rétt sem hér var bent á að þessi umræða er mjög upplýsandi fyrir ýmsa sem eru í umræðum dagsins í dag að tala með miklum fagurgala um hernaðarbandalagið NATO sem mestu friðarheyfingu heimsins. Og hæstv. utanrrh. gerist svo stórkostlega barnalegur að halda því fram að sá aðili sem mest hafi lagt af mörkum til afvopnunar í heiminum sé einmitt NATO, að það séu einmitt mestu herveldi sögunnar sem hafi verið langmikilvægust í því að afvopnast. Og úr því að NATO er svona gríðarlega mikilvægt á aðra hliðina, þá hefur væntanlega Varsjárbandalagið verið hin mikla friðarhreyfingin eða hvað? Hvers konar þvæla er þetta? Staðreyndin er auðvitað sú að sá árangur sem hefur orðið í þessum efnum hefur fyrst og fremst byggst á tvennu að mínu mati, þ.e. víðtækri andstöðu almennings og þá alveg sérstaklega þeim mikla þrýstingi sem hinar öflugu friðarhreyfingar níunda áratugarins í Evrópu sköpuðu. Við höfum líka fengið nýleg dæmi um hverju almenningsálitið getur áorkað í andstöðunni við kjarnorkutilraunar Frakka nú á síðustu missirum. Það er andstaða almennings sem hefur vit fyrir stjórnmálamönnum og setur á þá þrýsting sem aftur verður til þess að reynt er að halda eitthvað aftur af hernaðarhaukunum. Það eru hin örgustu öfugmæli auðvitað að þeir sem einmitt hafa á umliðnum árum í krafti vígbúnaðar- og fælingarkenninganna og í krafti þess að áskilja sér rétt til þess að varpa kjarnorkusprengjum á fólk, hafi verið afkastamestir við afvopnun. Ég held að argari öfugmæli verði varla flutt hér, herra forseti.

Hættan í málinu og það sem þeir sem eru að fjalla um afvopnunarmál og stöðuna núna hafa fyrst og fremst áhyggjur af, er eimitt að þrákelkni NATO og kjarnorkuveldanna, að Kína og Rússlandi meðtöldu, en ekki síst NATO og Frakka sem hafa verið langharðdrægastir í sinni kjarnorkuvígbúnaðarstefnu. Þessi þrákelkni að halda til streitu kjarnorkuvígbúnaðinum og áskilja sér réttinn til að nota hann, verði til þess að fjölmörg önnur ríki dragi lappirnar gagnvart því að fullgilda alþjóðlega sáttmála um takmörkun á kjarnorkuvígbúnaði og jafnvel noti þetta sem ástæðu til þess að réttlæta það að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Ísrael var nefnt og kannski ekki að ósekju og látið að því liggja að þar hefðu menn áhyggjur af því að menn væru með kjarnorkuvígbúnað. Staðreyndin er sú eins og ég þekki hana *besta og hef séð um það nánast alveg óhrekjandi alþjóðleg* gögn, að Ísraelsmenn munu eiga yfir 100 kjarnorkusprengjur. Það er mat helstu óháðra stofnana um vígbúnaðarmál í dag eins og SIPRI og fleiri að það sé ósköp einfaldlega orðin staðreynd sem þýði ekkert að horfa fram hjá að í Mið-Austurlöndum séu kjarnorkuvopn og a.m.k. þetta í höndum Ísraelsmanna. Þetta mega menn aðeins hugleiða eins og ástandið er í þeim heimshluta í augnablikinu. Pakistan og Indland, enginn veit fyrir víst hversu langt þau ríki eru komin í að koma sér upp kjarnorkuvopnum, en það er ljóst að þau eru á þröskuldinum. Menn þekkja deilurnar við Norður-Kóreu. Menn vita að bæði Íran og Írak hafa lagt á umliðnum árum heilmikið í það að koma sér upp kjarnorkuvígbúnaði og lönd eins og Brasilía og Indónesía eru tæknilega í stakk búin til þess að kjarnorkuvígbúast með stuttum fyrirvara ef þau eru það ekki að einhverju leyti nú þegar. Menn skulu því ekki láta eins og hér sé allt á beinni braut og það sé sjálfgefið að þróunin verði einhlítt jákvæð í þessum efnum.

Ég vona, herra forseti, að neikvæð viðbrögð hæstv. utanrrh. og ótrúleg hægri sveifla Framsfl. í utanríkismálum eins og hún birtist í orðum hans verði ekki til þess að þetta mál geti ekki eftir sem áður orðið hér til umræðu og skoðunar. Og það er alveg ljóst að ég sem fyrsti flutningsmaður þess mun ekki sætta mig við að það verði slegið af með þessum hætti. Fái það ekki frekari framgang á þessu þingi mun ég endurflytja það næsta haust og svo oft sem þurfa þykir þangað til það skilar viðhlítandi árangri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:55]

Útbýting þingskjals:

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 308. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 843.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 420. mál (atkvæðagreiðsla erlendis). — Þskj. 749.

[15:55]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum. Ásamt mér eru flutningsmenn aðrir hv. þm. Alþfl.

Um það þarf ekki að fara mörgum orðum að einn helgasti réttur einstaklinga í lýðræðisríki er kosningarrétturinn. Allir eru um það sammála að svo skuli búa um hnúta í kosningalögum að sem langflestir hafi til þess tök og möguleika að nýta sér þann helga rétt. Af þeim sökum er að finna ýmis ákvæði í kosningalögum sem eru til þess fallin að gefa fólki möguleika á því að nýta sér hann þótt veikindi steðji að eða tímabundin fjarvera frá venjubundnum kosningastað á kjördegi komi til. Það er á þessum grundvelli sem þetta litla frv. sem ég flyt er lagt fram, en þar er um það að ræða að rýmka nokkuð frá því sem nú er möguleika Íslendinga, kjósenda sem staddir eru eða búsettir eru til skemmri tíma í útlöndum.

Samkvæmt upplýsingum sem mér bárust og hv. þm. öðrum og fram komu í svari hæstv. dómsmrh. við fyrirspurn sem ég lagði fram og birtist í þingskjölum þann 13. mars sl., kemur fram að ekki færri en 6.224 hefðu sjálfkrafa kosningarrétt í síðustu venjubundnu alþingiskosningum og voru búsettir erlendis og aðrir 107 sem höfðu búið erlendis lengur en átta ár kærðu sig inn á kjörskrá og fengu þar með rétt til að taka þátt í þeim kosningum. Þetta segir með öðrum orðum, virðulegi forseti, án þess að fara of nákvæmlega ofan í saumana að þessi hópur Íslendinga erlendis sem hefur kosningarrétt hér í venjubundnum kosningum er nánast sá sami upp á tölu og kjósendur í öllu Vestfjarðakjördæmi þannig að hér er ekki um lítinn hóp að ræða sem ég er sérstaklega og einkum að fjalla um.

Það liggur hins vegar ekki fyrir, þótt ég hafi um það spurt og tölur virðast ekki liggja þar á lausu, um hversu mikla kosningaþátttöku er að ræða hjá þessum hópi Íslendinga erlendis. Það eru ýmsar ástæður sem koma í veg fyrir að þær upplýsingar liggi fyrir þótt það sé brýnt að hægt sé að glöggva sig á því. En ég held að flestir sem nærri hafa komið og til þekkja séu um það sammála að kosningaþátttaka þessara rúmlega 6.000 kjósenda sem búa erlendis til skemmri tíma vegna atvinnu sinnar eða náms er miklum mun minni en gengur og gerist meðal þeirra Íslendinga sem aðsetur hafa hér á landi þegar kjördagur rennur upp. Við eigum því að venjast í þessu lýðræðisríki að kosningaþátttaka sé á bilinu 80–90% og ég held að það sé ekki óvarlegt að fullyrða að kosningaþátttaka Íslendinga erlendis sé a.m.k. helmingi minni en þeirra sem hér búa.

Það er af þeim sökum sem ég spurði um það líka í áður tilvitnaðri fyrirspurn hvaða aðferðir utanrrn. þá einkanlega og aðrir aðilar sem að málinu koma, greip til til þess að gefa þessum kjósendum betri möguleika á því að nýta sér þennan rétt. Það er gert þannig að haldið er úti 45 kjörstöðum erlendis í íslenskum sendiráðum og hjá sendifulltrúum og ræðismönnum. En á hinn bóginn liggur það fyrir að Íslendingar, þessir 6.000 eða svo, dreifa sér á eigi færri en 74–75 ríki þannig að bara það eitt segir okkur, þótt séu þeir ekki fjölmennir í ýmsum þessara ríkja, að sumir þessara kjósenda eiga þess engan kost að nýta sér þennan rétt af þeim ástæðum einum saman.

Í þessari fyrirspurn sem ég hef hér staldrað við spurði ég líka að því sérstaklega hvort ráðuneytið hefði uppi einhver áform um það að auka og bæta aðgengi þessa kjósendahóps á kjördag eða í utankjörstaðaatkvæðagreiðslu. Það kemur hins vegar fram í svarinu að ekki er gert ráð fyrir því sérstaklega að fjölga kjörstöðum. Ég spurði hvort til greina kæmi af hálfu ráðuneytisins að fara þá leið sem er þekkt m.a. að hluta til í Noregi og Svíþjóð og raunar í Bandaríkjunum, að gefa kjósendum sem búsettir eru erlendis að kjósa utan kjörfundar þannig að þeir fá sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti samkvæmt beiðni þar um og endursenda síðan seðilinn í lokuðu umslagi til viðkomandi kjörstjórnar eftir að hafa kosið heima hjá sér eða hjá opinberri stofnun, á bæjarskrifstofum, hjá sýslumanni eða lögreglustöð á viðkomandi stað og fengið þar staðfestingu eða vottun. Í svari ráðuneytisins og dómsmrh. við þessari fyrirspurn segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef auðvelda á íslenskum kjósendum sem dvelja erlendis að greiða atkvæði utan kjörfundar án þess að fjölga fulltrúum íslenska ríkisins erlendis kemur til álita sú leið sem lýst er í 7. spurningu. Kjósandi færi þá til lögbókanda þar sem hann er búsettur og fengi vottun á fylgigögn kjörseðils. Slíkt ákvæði

kæmi sem ný málsgrein í 63. gr. kosningalaganna."

Hér er hæstv. ráðuneyti að svara því til að það komi til álita að fara þá leið sem ég er raunar að leggja til í því frv. sem hér er til umræðu.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta, virðulegur forseti, frv. sjálft og greinar þess skýra sig að öllu leyti sjálfar. Hér er einfaldlega um það að ræða að kjósandi sem búsettur er erlendis og vill greiða atkvæði utan kjörfundar skuli, ef beiðni þar að lútandi kemur fram, gefinn kostur á að fá sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti, kjósandi endursendi síðan kjörseðilinn til kjörstjórnar í sínu kjördæmi ásamt fylgigögnum sem lögbókandi þar sem kjósandi er búsettur hefur vottað. Með þessum hætti er þessum stóra hópi kjósenda opnaðir nýir möguleikar til að fá að nota kosningarrétt sinn en jafnframt er fyrirbyggt að nokkur hætta verði á misnotkun.

Hættan er auðvitað sú að einhver annar geti notað kjörseðilinn en sá sem fær hann sendan. En hér er það tryggt í þessu frv. að það skuli vottað af lögbókanda eða til þess bærum aðila eftir viðkomandi landi svo tryggt sé að það er kjósandinn sjálfur sem nýtir sér þennan rétt en ekki einhver annar.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, virðulegi forseti. Ég gerði mér vonir um þegar ég lagði þetta frv. fram að við gætum núna strax í þeim kosningum sem fram undan eru, þ.e. forsetakosningum, nýtt þessa víðtæku, opnu heimild til kjósenda og Alþingi tækist á þeim örfáu vikum sem eftir eru af vorþingi að ljúka málinu og afgreiða það. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að nokkur leggist gegn þessum auknu réttindum, þessu virkara lýðræði. Ljóst er hins vegar að kjörfundur hefst átta vikum fyrir 29. júní nk. og framboðsfrestur rennur út til forsetakosninga fimm vikum fyrir kosningar, þ.e. milli 20. og 30. maí. Það er því útséð um að þessi réttarbót geti fram gengið fyrir þessar kosningar. En það koma kosningar eftir þær. Sveitarstjórnarkosningar 1998 og þingkosningar 1999 þannig að ég vænti... (**Gripið fram í:** Ef ekki fyrr.) Já, ef ekki fyrr. Ég þakka hv. þm. ábendinguna. Vonandi fyrr, ekki bara af því að þá fengjum við tækifæri til að bjóða kjósendum erlendis upp á aukin réttindi heldur líka af öðrum sökum.

Að lyktum legg ég til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til umfjöllunar og meðhöndlunar í hv. allshn.

[16:05]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka sérstaklega undir þetta frv. sem hér var fylgt úr hlaði. Ég tel að þetta sé gott mál, þetta er skýrt mál, það er velunnið og velútfært. Sú hugmyndafræði sem hér kemur fram er að einfalda þeim sem búsettir eru erlendis að taka þátt í atkvæðagreiðslum til alþingiskosninga og reyndar forsetakosninga líka. Einn verðmætasti réttur í okkar þjóðskipulagi er að nýta atkvæðisréttinn og fjölmargir Íslendinga eru búsettir erlendis. Það kemur fram í greinargerðinni að þeir séu um 6–7 þúsund. Flestir eru til allrar hamingju tímabundnir og eiga óhægt með að fara á milli til að taka þátt í kosningu. Nú vill þannig til að ég þekki þetta sjálfur. Ég bjó erlendis um tíma og margir landar mínir áttu erfitt með að taka þátt í kosningum. Menn þurftu oft að fara um langan veg til að geta nýtt þennan sjálfsagða rétt. Þegar ég var erlendis var það oft og tíðum eins konar athöfn af hálfu okkar Íslendinga að taka þátt í kosningunum heima, eins og það var orðað. Þannig að einfalda þennan feril eins og lagt er til hér tel ég mjög af hinu góða. Í grg. er vitnað til þess að stuðst er við sambærileg ákvæði og gilda hjá öðrum þjóðum til að einfalda þennan feril. Það er vel frá því gengið varðandi þetta mál að ekkert misferli geti átt sér stað því rætt er sérstaklega um að lögbókandi staðfesti þessa kosningu. Þetta miðar fyrst og fremst að því að menn sem búa á fjarlægum slóðum geti á einfaldan hátt tekið þátt í kosningum.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að tryggja okkar kosningafyrirkomulag þannig að landar okkar sem eru búsettir erlendis geti á auðveldan hátt haft tengsl við þjóðlífið með þátttöku í kosningum, það styrkir lýðræðið.

Ég vil taka undir með hv. málshefjanda að best væri ef málið fengi hraða og góða afgreiðslu í allshn. þannig að það mætti verða sem fyrst að lögum. Þetta er tiltölulega einfalt mál, menn geta tekið afstöðu með eða á móti á tiltölulega einfaldan hátt. Þetta er ekki mál sem þarf að leita mikilla umsagna um. Þetta er eiginlega bara spurning um hvort menn telji ástæðu til að gera þennan lýðræðislega feril virkari og einfaldari en nú er. Ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að menn geti afgreitt þetta mál fljótt og vel í hv. allshn. og þetta gæti hugsanlega orðið að lögum fyrir forsetakosninguna 29. júní. Ég geri mér ekki grein fyrir hvort það sé tæknilega mögulegt en ég teldi mjög æskilegt að það yrði. Úr því að málið er líka komið fram hér í svo skýru formi, legg ég áherslu á að það fái greiða afgreiðslu hér í gegnum þingið og verði afgreitt. Það er sjaldan sem þingmál eru borin fram með þeim hætti hér í þingsölum að menn geti, ég tala þar a.m.k. fyrir minn munn, fallist á bæði efni tillögunnar, útfærslu hennar og rökstuðning.

[16:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins að fram komi hér við 1. umr. um þetta frv. að mér sýnist að hér sé gott mál á ferðinni. Hér er verið að reyna að leysa annmarka sem hafa verið á því að Íslendingar búsettir erlendis geti auðveldlega neytt kosningarréttar. Ég hef verið þátttakandi og unnið í mörgum kosningum svo mér er vel kunnugt um að það er oft á tíðum nánast ógerlegt fyrir íslenska ríkisborgara að nota kosningarrétt sinn ef þeir búa fjarri þeim stöðum, þeim tiltölulega fáu stöðum, þar sem hægt er að greiða atkvæði. Þetta getur orðið til þess að menn geti notað kosningarrétt sinn og komið í veg fyrir margs konar erfiðleika og tímasóun sem því fylgir fyrir þá sem sæknastir eru í þessum efnum, leggja kannski á sig fleiri daga ferðir til að komast á kjörstað. Auk þess þekki ég ýmis dæmi þess að menn hafa komið þar að luktum dyrum án þess að vita í rauninni um þau tímamörk sem sett hafa verið af þeim sem standa fyrir kosningum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á viðkomandi stað. Ef ekki eru einhverjir sérstakir meinbugir á þessu máli, sem ég fæ ekki séð hér við skjótan yfirlestur, finnst mér að það eigi að gera þessa breytingu sem hér er lögð til og auðvelda mönnum þannig að nota þennan dýrmæta rétt í kosningum sem allra fyrst.

[16:11]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Þetta verður nú engin ræða. Ég vil einungis þakka hv. þingmönnum fyrir jákvæð viðbrögð við þessu frv. Það er hins vegar rétt að undirstrika að hér er um að ræða viðbótarheimildir. Í engu er gert ráð fyrir því að fækka eða loka þeim utanfundarkjörstöðum sem hefur verið haldið opinum í þessu skyni, heldur er hér verið að rýmka og bæta við kostum fyrst og síðast.

Ég árétta, virðulegi forseti, þakkir mínar til þeirra hv. þingmanna sem hér hafa lagt orð í belg og lýst stuðningi við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gæludýrahald, 1. umr.

Frv. HG, 424. mál. — Þskj. 753.

[16:12]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til laga um gæludýrahald sem er að finna á þskj. 753. Ég vek athygli á því að þingskjalið var prentað upp vegna þess að fyrir vangá eða misskilning hafði fallið niður ein grein úr frv. sem er á uppprentuðu þingskjali, 4. gr., og nauðsynlegt er að taka tillit til þess við umfjöllun málsins.

Markmið laga þessara er að festa í lög reglur um gæludýrahald í þéttbýli, kveða á um réttarstöðu eigenda þeirra og annarra og veita sveitarfélögum heimildir til að setja nánari reglur í samþykktir um gæludýrahald.

Það má segja að frv. sé eðlileg viðbót við löggjöf sem sett hefur verið á undanförnum árum varðandi meðferð dýra, bæði dýraverndarlögin, nr. 15/1994, og aðra löggjöf, m.a. um friðun og veiðar viltra dýra sem einnig hafa verið sett nýlega og að hér sé verið að fylla í eyður sem hafa verið í okkar löggjöf að því er varar gæludýr. Með frv. er dreginn almennur lagarammi um gæludýrahald og sveitarstjórnum er ætlað að fylla út í rammann með samþykktum. Þar er kveðið á um hversu farið skuli með gæludýr sé settum reglum ekki fylgt. Það er ekki talið rétt að festa efni takmarkana á gæludýrahaldi í lög nema að litlu leyti heldur skal áhersla lögð á að sveitarfélögum verði í sjálfsvald sett að móta skilyrðin nánar. Þó er rétt að benda á það grundvallaratriði að slíkar takmarkanir við gæludýrahaldi verða að vera almennar og grundvallaðar á jafnræðissjónarmiðum. Gildissvið frv. varðar gæludýr eins og fram kemur í nafni þess, en það hugtak hefur ekki verið skilgreint í lögum og í raun er erfitt að takmarka það glögglega.

Enda þótt hér sé ekki lagt til að lögfest verði ítarleg skilgreining á hugtakinu þá er frv. fyrst og fremst ætlað að ná til dýra sem menn halda í híbýlum sínum en höfð eru þó að einhverju leyti utan dyra. Eðli málsins samkvæmt tekur frv. því í raun einkum til hunda og katta en takmarkast þó ekki við þær tegundir. Ákvæðin geta því t.d. tekið til kanína sem nokkuð er um að haldnar séu í þéttbýli hér á landi, jafnvel refa sem dæmi eru um að einstaklingar haldi sér til dægradvalar og hugsanlega annarra tegunda dýra sem fólk kýs að halda sem gæludýr og gætu fallið undir ákvæði frv. Frv. er hins vegar ekki ætlað að taka til gæludýra sem að staðaldri eru haldin í búrum innan húss nema sérstakar ástæður bjóði. Þar eru hafðar í huga heilsufarsástæður, smitsjúkdómar sem bregðast þarf við, ofnæmi og fleira af þeim toga.

Fyrir því er löng hefð að fólk í þéttbýli haldi dýr sér til afþreyingar og yndisauka. Hunda hafa sumir hjá sér, ekki síst í öryggisskyni. Í sveitum hér áður fyrr og enn í dag gegna hundar og sumpart kettir mikilvægu hlutverki og við búferlaflutninga á mölina fluttu menn þessi dýr oft með sér. Fyrir börn hafa ýmis gæludýr mikið aðdráttarafl og umgengni við þau getur haft jákvætt uppeldislegt gildi. Það er því engan veginn ástæða til þess að amast við haldi gæludýra í þéttbýli sé farið að settum reglum og ekki gengið á rétt nágranna.

Fram hjá því verður auðvitað ekki litið að ýmsir ókostir geta fylgt dýrahaldi í þéttbýli nema að fylgt sé settum reglum og þeim sé vel framfylgt. Það getur valdið óþægindum og jafnvel haft hættu í för með sér. Það er nefnt í greinargerð með frv. að á árinu 1994 voru skráð á Borgarspítalanum alls 375 slys af völdum dýra, þar á meðal bitsár.

Ekki liggja fyrir heildartölur um gæludýrahald hér á landi, enda er einungis hundahald háð opinberri skráningu. Þetta fer þó vaxandi að ég tel. Á árinu 1995 svo dæmi sé tekið, voru skráðir 1.135 hundar í Reykjavík og 200 á Akureyri.

Það er svo, virðulegur forseti, að í lögum hafa verið fátækleg ákvæði sem varða gæludýr og engan veginn samræmd ákvæði. Það helsta sem er að finna eru lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Þessu frv. er að nokkru leyti ætlað að koma í stað þeirra laga, þ.e. taka til ákvæða sem eru nú í 1.–3. gr. þeirra laga sem gert er ráð fyrir að falli niður, en áfram verði í gildi sá hluti þessarar löggjafar sem varðar varnir gegn sullaveiki sem er þá heilbrigðismál sem nauðsynlegt er að framfylgja á meðan ástæða er talin til. Þessum gamla vágesti hefur ekki verið útrýmt og verður kannski seint.

Ég vek á því athygli, virðulegur forseti, að í einstökum greinum frv. eru settar fram ákveðnar grundvallarreglur sem gert er ráð fyrir að gætt verði þegar sveitarstjórnir móta sínar samþykktir í þessum efnum. M.a. er þar að finna í 4. gr. ákvæði sem varða hlutlægan bótarétt. En fram að þessu hefur bótaréttur verið mjög takmarkaður að þessu leyti. Vísa ég í því sambandi til ritsins Skaðabótaréttur eftir Arnljót Björnsson frá 1986 þar sem talið er að að því er varðar dýr og tjón og bótaábyrgð vegna þeirra, verði að reisa á almennum skaðabótareglum. En hér er gert ráð fyrir að innleiða hlutlægan bótarétt að þessu leyti og er þar m.a. farið eftir danskri fyrirmynd réttarfarslega séð. Í dönskum lögum um hundahald er að finna slík ákvæði, í 6. gr. þeirra laga, og það geta þeir kynnt sér sem vilja kanna það efni nánar. Hér er um að ræða ákvæði sem þarf að að sjálfsögðu gaumgæfa en ég treysti þeirri þingnefnd sem ég legg til að fái málið til skoðunar til að skoða þau efni nánar eins og aðra þætti sem varða þetta mál.

Það kann að vera að mönnum finnist ekki rík ástæða til að setja löggjöf af þessu tagi en ég verð þó að telja, virðulegur forseti, að fyrir alla aðila sé æskilegt og skynsamlegt að um gæludýrahald gildi sem skýrust ákvæði, þ.e. hald þeirra gæludýra sem geta varðað nágrannaréttinn og þar sem helst mætti búast við árekstrum. Ég legg á það áherslu að það er ekki síður í þágu þeirra sem gæludýr halda að réttarstaðan sé sem ljósust og því ætti það að vera áhugaefni þeirra einnig að sett verði samræmd löggjöf um þetta efni.

Ég hef gefið því gaum á undanförnum mánuðum og raunar árum hver hefur verið þróunin í þessum efnum. Þess má geta að það hefur verið um lengra skeið að sveitarfélögin hafa gert samþykktir um hundahald sérstaklega. En um aðrar tegundir hafa samþykktir verið fáar fyrr en nú í seinni tíð að þeim sveitarfélögum fjölgar sem setja ákvæði í formi samþykkta um kattahald. Sumpart er þar um að ræða sömu samþykkt þar sem hvort tveggja er tekið saman. Ég held að það gildi um Reykjavíkurborg án þess að ég vilji fullyrða allt of mikið í þeim efnum. En það gildir að minnsta kosti svo dæmi sé tekið um Egilsstaðabæ sem ekki alls fyrir löngu hefur gert ítarlega samþykkt í þessum efnum. Reglugerðin

er staðfest af ráðuneyti 23. sept. 1994. Það má segja að það sé nýmæli að ráðuneytið sé farið að staðfesta samþykktir að þessu leyti sem þó eiga sér ekki skýr fyrirmæli í lögum að bakhjarli. En úr þeim skorti yrði bætt með þeirri löggjöf sem hér er gert ráð fyrir að sett verði.

Rannsóknir á afleiðingum gæludýrahalds, m.a. sjúkdómum, hafa farið fram og til þess er vísað í greinargerð með frv. Þar er margs að gæta. Það hefur m.a. verið gert að því er varðar leikvelli í Reykjavík þar sem nokkur hætta er á því að gæludýr geti valdið óþrifum sem leiði til sjúkdóma. Nauðsynlegt er að reyna að koma þeim málum í sem best horf.

Ég verð einnig var við að í þéttbýlisstöðum utan Reykjavíkur ber talsvert á umkvörtunum undan lausgangandi gæludýrum, þar á meðal hundum sem enginn hirðir um að gæta eða að farið sé að settum reglum. Ég get vísað til umræðu frá Höfn í Hornafirði. Ég hef dæmi um það hér fyrir framan mig úr blaðinu Eystrahorni frá 28. mars 1996 þar sem þessi mál hafa verið til umræðu vegna kvartana frá íbúum sem varða lausgangandi hunda sérstaklega. Ég tek eftir því í dagblaðinu Degi frá 22. febr. 1996 að gerð hefur verið sérstök samþykkt um kattahald í Akureyrarbæ sem umhvrn. hefur staðfest og er það af þeirri ástæðu sett af bæjarstjórninni þar að talsvert hafði verið um kvartanir vegna flækingskatta og ónæðis og óþrifa af þeim. Með skýrum reglum og sanngjörnum reglum, það legg ég áherslu á, er verið að girða fyrir að til árekstra komi svo fremi menn haldi þær samþykktir sem settar eru. Þetta getur einnig varðað dýraverndarviðhorfið sem er ekki viðfang þessa frv. Það er sérstök löggjöf þar að lútandi. En reiðuleysi á gæludýrum getur stangast á við dýraverndarsjónarmið og einnig af þeim sökum tel ég að æskilegt sé að það frv. verði lögfest sem hér er gerð tillaga um.

Ég legg til, virðulegur forseti, að að umræðu þessari lokinni verði málinu vísað til hv. umhvn. til umfjöllunar og vænti þess að af þessu megi spretta, fyrr en seinna, löggjöf til að fyllt verði í þá eyðu sem greinilega er til staðar. Ég undirstrika það meginviðhorf á grundvelli þessara almennu ákvæða sem hér er gerð tillaga um, að það verði viðfangsefni sveitarstjórnanna að móta á hverjum stað þau ákvæði sem ástæða er talin til að setja að þessu leyti. Ég tel að það sé eðlilegt að sveitarstjórnirnar hafi þar svigrúm og ekki sé verið að lögbjóða héðan frá Alþingi í hólf og gólf hvernig þessum málum verði skipað þó ramminn sé dreginn með löggjöf.

[16:27]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá málshefjanda þá er hér um að ræða rammalöggjöf um gæludýrahald. Ég vildi nota tækifærið til að spyrja aðeins út í málið þannig að þetta upplýsist betur. Það er gert skynsamlega ráð fyrir að fari menn þessa leið þá verði þetta fyrst og fremst á vettvangi sveitarfélaga. Það er talað um í 3. gr. að halda skrá yfir gæludýr, þ.e. sveitarstjórnum er það heimilt. Það geta verið leyfisveitingar sem fylgja því. Ég vildi spyrja hvort framsögumaður viti um kostnað sem hugsanlega gæti fylgt þessu máli og hvort það liggi eitthvað fyrir um fjölda gæludýra. Það má lesa út úr frv. að hér er kannski fyrst og fremst átt við hunda og ketti því það er ekki gert ráð fyrir því að þetta nái til dýra sem eru í búrum og heldur ekki þeirra dýra sem almennt tengjast landbúnaði, svo sem hesta og annarra dýra. Ég vildi forvitnast um hvað kostnaður í kringum þetta mál, t.d. varðandi leyfisveitingar gæti orðið. Hv. flutningsmaður gæti e.t.v. frætt okkur betur um það. Síðan ef hann gæti upplýst hvernig þetta er erlendis, hvort það sé slík rammalöggjöf, eða hvort það séu yfirleitt til tölur um fjölda gæludýra. Ég er að leita mér upplýsinga um þetta mál því ég held að hér sé hreyft dálítið óvanalegu máli og það sé gott að taka þetta hér til umræðu og kalla eftir spurningum og svörum um þetta mál. Ég held að engum manni hefði dottið í hug löggjöf um svona mál fyrir 10–15 árum en nú finnst manni að mörgu leyti sjálfsagt að sett sé rammalöggjöf eins og hér er lagt til. Ég fagna því að þetta sé komið fram til umræðu í þessu formi en mér finnst hins vegar vera mjög margt í þessu sem þurfi þá að svara betur. Ég held að það eigi að taka þetta mál fyrir af fullri alvöru og ég sé fyrir mér hin heilbrigðislegu rök og umhverfislegu rök fyrir því máli sem framsögumaður benti reyndar á. Ef hann gæti upplýst nánar um kostnað og fjölda og hvernig þetta er erlendis, þá væri ég honum þakklátur.

[16:30]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. við málinu. Ég vænti þess að það verði almennt litið jákvætt á þetta og af alvöru. Ég vil ekkert fullyrða um það að hér hafi flutningsmaður hitt naglann á höfuðið í öllum atriðum og er að sjálfsögðu reiðubúinn að hlusta á öll rök um það sem betur mætti fara.

Hér er spurt um fjölda. Það verður að segjast að um hann eru takmarkaðar upplýsingar eins og raunar kemur fram í greinargerð með frv. Þar er þó dreginn fram fjöldi skráðra hunda. Það er sú tegund þar sem skrá hefur verið haldin. Það kemur fram á bls. 3 efst í þingskjalinu að heildartölur um gæludýrahald liggja ekki fyrir, en hundahald er háð opinberri skráningu. Í Reykjavík eru skráðir hundar á árinu 1995 1.135 talsins og á Akureyri um 200 talsins. Það mætti kannski tvöfalda þessa tölu ef litið er til alls landsins. Þó efast ég um að það mundi ná því þegar litið er til þéttbýlis eingöngu.

Varðandi ketti þá liggja ekki fyrir neinar haldbærar upplýsingar um þá þannig að ég get ekki reitt þær fram. En það er gert ráð fyrir heimild til skráningar og það er sveitarfélaganna að ákveða hvort þá heimild skuli nota. Það er þá fyrst og fremst til að ná utan um málið til að hafa eftirlit sem ástæða gæti verið til slíkrar skráningar en ekki er sett nein lagakvöð um það heldur er það sveitarfélaganna að móta slíkt.

Varðandi kostnað er kannski hægt að fá vísbendingar úr því gjaldi sem fylgir skráningu ef gjaldtakan á að endurspegla tilkostnað við eftirlit og annað þess háttar. Mér sýnist að leyfisgjald fyrir hundahald sé víða á bilinu 5–7 þús. kr. á ári. Ákvæðið er að finna í samþykktum sem menn sjá gjarnan í B-hluta Stjórnartíðinda og er að heita má í hverju hefti gjaldskrár um hald hunda. Þetta er það sem ég get brugðist við í andsvari við fyrirspurn hv. þm.

[16:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Yfir flest þarf hið háa Alþingi að koma lögum varð mér hugsað þegar ég leit frv. augum. Ég sé í sjálfu sér gildi þess að skrásetja heimilisdýr og þá hvort tveggja í þéttbýli og dreifbýli. Annað er hvernig hafa skuli fullkominn hemil á Snældu og Snata þegar til framkvæmdar kemur. Vil ég í því sambandi vitna í 4. gr. frv., með leyfi forseta, þar sem stendur:

„Heimilt er að handsama gæludýr sem ganga laus utan lóðarmarka eiganda í þéttbýli.“

Aftur verður mér sérstaklega hugsað til katta og þess að háar girðingar halda þeim oft ekki og vil ég í því sambandi benda á að þessi grein frv. gæti orðið býsna erfið í framkvæmd.

Um gildi dýrahalds fyrir andlega velferð þeirra sem þau halda þarf ekki að hafa svo sem miklar efasemdir, ekki síst fyrir börn. Jákvætt uppeldislegt gildi þess að halda dýr er ótvírætt. Það á auðvitað jafnt við hvort sem fólk kýs að halda dýr í þéttbýli eða dreifbýli. Mér þykir í stuttu máli frv. einkennast af nokkurri forræðishyggju en vil þó taka fram að ég sé ekkert að því að skrásetja heimilisdýr þótt það geti reyndar líka verið nokkrum vandkvæðum bundið. Það á kannski sérstaklega við um smærri dýr og af því hlýtur að hljótast líka allnokkur kostnaður. En fyrst og fremst tek ég til máls til að vekja athygli á því sem stendur í 4. gr. frv. og leyfi mér að efast um að slíkt sé yfirleitt framkvæmanlegt, þ.e. að halda böndum á dýrunum.

[16:35]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Alveg burt séð frá því hvað okkur finnst almennt um gæludýrahald, og ég tek það fram að málið er tekið upp með skilningi og jákvæðum hætti að því hvað varðar möguleika fólks til að halda gæludýr, þá er það greinilega vaxandi vandamál í þéttbýli að hafa bönd á þessum málum þannig að sæmilegur friður geti ríkt um það. Þar reynir á löggjafann að setja leikreglur sem þeir sem eiga að útfæra þær nánar, þ.e. sveitarstjórnirnar eins og hér er lagt til, hafi einhvern ramma til að starfa innan og til þess að réttaróvissu sé eytt. Í útlöndum, um það var reyndar spurt fyrr í umræðunni, er einnig verið að taka á þessum málum í vaxandi mæli. Ég gat um dönsku ákvæðin þar sem gert er ráð fyrir hlutlægri bótaábyrgð þeirra sem halda gæludýr. Þegar litið er í samþykktir sem sveitarfélög hafa verið að setja og ég get veitt hv. þm. og öðrum aðgang að slíku eftir því sem ég hef dregið saman, þetta liggur að vísu fyrir í Stjórnartíðindum, þá er einmitt að finna viðleitni til þess að draga úr þessum neikvæðu áhrifum, þ.e. að styrkja grannaréttinn að því er þetta varðar. Menn hljóta t.d. í ljósi þess sem minnst er á í greinargerð með frv. að hafa vilja til að draga úr heilbrigðislegum vandamálum eða þrifnaðarvandamálum sem stafa af lausgangandi gæludýrum eins og hefur m.a. verið leitt í ljós með rannsóknum sem nýlega hafa farið fram í Reykjavík að því er varðar leikvelli barna. Það er ekki út af fyrir sig neitt gamanmál og það kunna að vera ýmis úrræði sem hægt er að grípa til og þá ber auðvitað að leitast við að gera það. Ég legg áherslu á að fyrir þá sem halda gæludýr er ekkert síður verðmætt að leikreglurnar séu skýrar og þetta geti farið fram með þeim hætti að grannaréttur sé virtur en þeir sem halda gæludýrin viti einnig sem skýrast um réttarstöðu sína.

[16:39]

Útbýting þingskjala:

Tæknifrjóvgun, 154. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 841; brtt. 2. minni hluta allshn., þskj. 842.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 8., 12. og 19.–23. mál.

Fundi slitið kl. 16:40.

124. FUNDUR

mánudaginn 22. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88, nál. 584. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89, nál. 585. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153, nál. 586. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Brú yfir Grunnafjörð, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, þáltill., 309. mál, þskj. 550. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Fiskréttaverksmiðjur, þáltill., 310. mál, þskj. 551. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 373. mál, þskj. 653. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 377. mál, þskj. 665. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, frv., 410. mál, þskj. 728. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Kosningar til Alþingis, frv., 420. mál, þskj. 749. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Gæludýrahald, frv., 424. mál, þskj. 753. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 313, nál. 704 og 721, brtt. 705. — 2. umr.
14. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — 2. umr.
15. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549, nál. 836 og 843. — 2. umr.
16. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296, nál. 718 og 825. — 2. umr.
17. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297, nál. 718 og 825. — 2. umr.
18. Flugskóli Íslands hf., stjfrv., 461. mál, þskj. 796. — 1. umr.
19. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 483. mál, þskj. 835. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.

[15:01]

Útbýting þingskjals:

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, 323. mál, nál. menntmn., þskj. 844.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um 12 fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Ágúst Einarsson. Hæstv. utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða. Efni umræðunnar er ástandið í Mið-Austurlöndum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurn.

[15:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er sú að á þskj. 812 hef ég fengið mjög ófullnægjandi svör frá hæstv. viðskrh. um vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir. Fyrirspurnin var í tveimur liðum. Mjög ófullnægjandi svar var við fyrri liðnum um vanskil hjá einstaklingum, en það sem helst er þó ámælisvert er að ekkert svar barst við hinum liðnum þar sem spurt var um hve háar þóknanir, álag, kostnað og dráttarvexti bankarnir höfðu haft vegna vanskila. Þó tók hæstv. viðskrh. sér rúma tvo mánuði til að svara fyrirspurninni sem hann samkvæmt þingsköpum hefur tíu daga til að svara. Loks þegar svarið kemur eftir þessa tvo mánuði, þá er svarið það að ekki sé hægt að svara spurningunni.

Þetta eru allt í senn ótæk og ámælisverð vinnubrögð og óvirðing við þingið. Auk þess vekur það furðu að bankarnir eigi engin svör við því hve háar hinar ýmsu þóknanir og kostnaðarliðir eru sem þeir taka af vanskilum, að ekki sé talað um að þeir hafa engar upplýsingar eða hugmynd um hve mikið þeir fá í dráttarvexti af vanskilum. Allt er þetta til þess fallið að vekja tortryggni. Ekki síst vekur það furðu að í ljósi slíkra þóknana og álaga á útlán byggja bankarnir ákvörðun um vaxtamun og hvernig þeir haga rekstri bankans, þegar bankarnir hafa engar upplýsingar um svo mikilvæga þætti í afkomu sinni. Ég trúi því varla að þessar upplýsingar séu ekki til. Ef ekki er betri sundurliðun í bókhaldi og yfirsýn yfir reksturinn í íslenskum bönkum en fram kemur í svarinu, þá er engin furða þótt mikil útlánatöp séu í bankakerfinu.

Ég vildi óska eftir atbeina hæstv. forseta til þess að fá fram fyllri svör frá hæstv. viðskrh. en nauðsynlegt er að ráðherrann skýri fyrir þinginu hvers vegna svo stór brotalöm er í starfsemi bankanna að þeir eigi ekki svör við svo mikilvægum spurningum um starfsemi sína og þá hvort hæstv. ráðherra ætli að beita sér fyrir úrbótum sem tryggi að þessar upplýsingar verði aðgengilegar.

Ég vænti svara við þessu og liðsinnis hæstv. forseta til þess að bæta upplýsingaskyldu framkvæmdarvaldsins við löggjafarþingið.

[15:04]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Varðandi þá fyrirspurn sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnar til, þá óskaði viðskrn. eftir aðstoð bankaeftirlits Seðlabankans við að afla þeirra upplýsinga sem til þurfti í svar hv. þm. Því miður er það svo að þrátt fyrir ítrekaða könnun bankaeftirlitsins á þeim upplýsingum sem þarna er um að ræða, þá var ekki hægt að fá svör við slíku hjá viðskiptabönkunum. Ég hef hins vegar átt viðræður við bankaeftirlit Seðlabankans um þetta og ráðgert er og

fyrirhugað að komið verði á samstarfi viðskrn. og bankaeftirlitsins til að leita leiða til að fá þær upplýsingar sem þarna er beðið um á staðlað form þannig að þær geti ávallt verið tiltækar hjá bankaeftirlitinu. Það er hins vegar ekki víst að hægt sé að afla allra þeirra upplýsinga sem hv. þm. spyr um í áðurnefndri fyrirspurn. Ástæðan er sú að nokkur hluti af því sem spurt er um, t.d. lögfræðikostnaðurinn, eru hlutir sem eru innheimtir hjá mörgum innheimtustofnunum og lögfræðistofum hingað og þangað og þær upplýsingar koma aldrei inn í bókhald viðkomandi lánastofnunar.

Hins vegar á ég von á því að nokkuð af þeim upplýsingum sem hv. þm. spyr um í viðkomandi fyrirspurn á þskj. 512 muni koma fram í skýrslu bankaeftirlits Seðlabankans innan tveggja mánaða. Dæmi um það hversu erfitt og flókið þetta mál er eða vinnst a.m.k. erfiðlega hjá þessum ágætu lánastofnunum er það að í janúar 1995 óskaði félmrh. eftir því að gerð yrði úttekt á skuldastöðu einstaklinga hjá lánastofnunum, Húsnæðisstofnun og lífeyrissjóðum. Allt síðan þá hefur bankaeftirlitið í samvinnu við þessar innlánsstofnanir verið að vinna að þessum upplýsingum. Gert er ráð fyrir því að þessar upplýsingar saman teknar um heildarkostnað sem einstaklingar verða fyrir komi út í þeirri skýrslu sem núna er í vinnslu á vegum Seðlabankans. Ég á því von á að þá geti hv. þm. og þingið fengið einhver svör við þeim fyrirspurnum sem spurt er um á þskj. 512.

[15:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka viðskrh. fyrir þessi svör sem ég tel þó ekki vera neina afsökun fyrir því að bankarnir geti ekki gefið svo mikilvægar upplýsingar. Í lögum um bankaeftirlitið geta þeir gengið eftir upplýsingum sem tengjast rekstri bankanna sem þeir greinilega hafa ekki gert í þessu tilviki. Ég tel að þetta hljóti að vera afar brýnt til þess að viðskrn., þingið og aðrir geti gert sér grein fyrir afkomu bankanna að þessar upplýsingar liggi fyrir.

En af því að hæstv. ráðherra lét það í ljós að hann muni koma á samstarfi viðskrn. og bankaftirlitsins til þess að auðvelda þessa upplýsingagjöf, þá vil ég spyrja um það hvort ég eigi þá von á því að fá þau svör sem um er spurt og ekki koma fram í þessu svari áður en þingi lýkur og þá hvort það sé rétt að bankarnir í sínu bókhaldi og í sinni starfsemi séu ekki með upplýsingar á stöðluðu eða samræmdu formi sem mér fannst raunverulega vaka í máli ráðherrans að væri ekki. Ef svo er ekki, þá er mjög erfitt að bera saman upplýsingar um hagi bankanna og einstaka kostnaðarliði sem um var spurt í þessari fyrirspurn.

En ég ítreka hvort ég eigi þá von á því að fá fyllri svör við þessari fyrirspurn áður en þingi lýkur.

[15:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt skilið hjá hv. þm. að bankarnir eiga ekki þessar upplýsingar til á stöðluðu formi og það var það sem bankaeftirlit Seðlabankans gekk eftir til þess að leita svara við fyrirspurn hv. þm. Af þeirri ástæðu treysti ég mér ekki til að gefa þau svör hér að hægt sé að svara fyrirspurn hv. þm. betur en gert hefur verið áður en þingstörfum lýkur. Dæmi um það er einmitt sá tími sem hefur farið í að vinna áðurnefnda skýrslu sem hæstv. páv. félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, óskaði eftir að gerð yrði á vegum Seðlabankans um skuldastöðu einstaklinga. Það hefur tekið Seðlabankann þennan tíma síðan í janúar 1995 við að afla þessara upplýsinga og vinna úr þeim.

En eins og ég sagði áðan vonast ég til að svör við mörgum þeim spurningum sem hv. þm. spyr um án þess að þau séu nákvæmlega sundurgreind í einstaka kostnaðarþætti verði í þeirri skýrslu sem Seðlabankinn er núna að vinna um skuldastöðu einstalinganna. En það er ekki gert ráð fyrir að þeirri skýrslugerð verði lokið fyrr en að tveimur mánuðum liðnum.

[15:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti mun athuga þetta mál frekar í samráði við hæstv. viðskrh.

Ríkisreikningur 1991, frh. 2. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 88, nál. 584.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 89, nál. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 153, nál. 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Brú yfir Grunnafjörð, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE, 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GMS, 309. mál. — Þskj. 550.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Fiskréttaverksmiðjur, frh. fyrri umr.

Þáltill. GMS, 310. mál. — Þskj. 551.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 373. mál. — Þskj. 653.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 377. mál (sala alifuglaafurða). — Þskj. 665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 393. mál (gildistökuákvæði). — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 410. mál. — Þskj. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 420. mál (atkvæðagreiðsla erlendis). — Þskj. 749.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Gæludýrahald, frh. 1. umr.

Frv. HG, 424. mál. — Þskj. 753.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Ástandið í Mið-Austurlöndum.

[15:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Árás Ísraelsmanna á varðstöð Sameinuðu þjóðanna í þorpinu Qana kostaði yfir 100 manns lífið. Þetta er hryllilegur atburður og ég er eins og aðrir felmtri sleginn. Ég fordæmi þessa árás Ísraelsmanna sem leiddi til dauða saklausra flóttamanna.

Samskipti gyðinga og þjóðanna á þessu svæði hafa löngum verið blóði drifin. Ofsóknir á hendur gyðingum hafa verið miklar öldum saman. Helför gyðinga með skipulagðri útrýmingu af hálfu nasista er einn versti glæpur mannkynssögunnar. Þessar ofsóknir á hendur gyðingum leiddu ásamt öðru til stofnunar Ísraelsríkis á landsvæði Araba 1947. Ofsóknir mega hins vegar aldrei kalla á réttlætingu fyrir ógnarstjórn sem beinist að saklausu fólki. Palestínumenn hafa verið kúgaðir af hálfu Ísraelsmanna mjög lengi og margir þeirra hafa þurft að lifa í flóttamannabúðum áratugum saman. Í þessum jarðvegi hafa ofbeldi og öfgar náð að festa rætur. Það lýsir ástandinu að æðstu menn eru ekki öruggir. Þar má minnast morðsins á Anwar Sadat Egyptalandsforseta árið 1981 og morðsins á Yitzhak Rabin nú fyrir skömmu. Báðir þessir menn féllu fyrir ofstækismönnum af eigin kynþætti.

Yasser Arafat, forseti Palestínumanna, er nú að berjast gegn öfgamönnum innan eigin raða. Árásir Hizbollah-samtakanna eru vitaskuld óafsakanlegar og ég fordæmi þær eins og önnur hryðjuverk. Það má aldrei svara ofbeldi með ofbeldi gagnvart almennum borgurum. Það er í andstöðu við viðhorf um umburðarlyndi og fyrirgefningu og skilar engum árangri til lausnar á deilumálum. Stefna hryðjuverkamanna er að láta árásir bitna á óbreyttum borgurum til að knýja stjórnvöld til breytinga á stefnu sinni. Stjórnvöld mega aldrei svara

í sömu mynt, en það er einmitt það sem Ísraelsmenn hafa svo oft gert og nú hefur keyrt um þverbak.

Við Íslendingar þekkjum ekki mikið til íslamsríkja, menningar þeirra og sögu. Ísrael nýtur frekar samúðar hérlendis og við höfum oft litið svo á að barátta Ísraels við nágranna sína sé barátta Davíðs við Golíat. Því fer víðs fjarri. Ísrael hefur ætíð verið öflugri aðilinn með stuðningi Bandaríkjanna en áhrif vina Ísraels í Bandaríkjunum eru mjög mikil. Sýrlendingar gegna lykilhlutverki í þessari þróun en Líbanon er í reynd hluti Sýrlands. Það er löngu kominn tími til þess að Ísraelsmenn skili aftur herteknum svæðum Sýrlendinga, svo sem Golanhæðum og tryggi þannig varanlegan frið. Það er óhugnanlegt að hugsa til þess að nálægð við kosningar í Ísrael knýi á um enn meiri hörku af hálfu stjórnvalda þar og óbreyttir borgarar falli vegna kosningatæknilegra atriða.

Við Íslendingar þekkjum ekki harmleik styrjalda nema af afspurn. Í kirkjugörðum okkar stendur hvergi: Féll í stríði, en slíkar áletranir eru algengar um allan heim. Við erum þó ekki óhult. Það hefði getað verið íslenskur ferðahópur sem lenti í árásinni í Kaíró í síðustu viku.

Hryðjuverk hverfa ekki nema efnahagslegar aðstæður batni. Ofstæki er að aukast í heiminum og öfgahyggja ryður sér æ meira til rúms. Tækniþróunin gerir þjóðfélög sífellt vanmáttugri gegn beitingu ofbeldis, en þá reynir á styrkleika þjóðfélagsins að falla ekki í þá gryfju að svara í sömu mynt.

Ég tek heils hugar undir fordæmingu íslensku ríkisstjórnarinnar á árás Ísraelsmanna í Qana. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann muni beita sér fyrir á alþjóðavettvangi, t.d. innan Norðurlandaráðs, að komið verði á vopnahléi og skilyrðislausri framkvæmd friðarsamninga. Hyggst ríkisstjórnin taka málið til umræðu á öðrum vettvangi, t.d. hjá Sameinuðu þjóðunum? Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir aukinni aðstoð við Palestínumenn? Og í fjórða lagi: Hyggst ríkisstjórnin endurmeta samskipti Íslendinga við stjórnvöld í Ísrael vegna árásarinnar í Qana?

Herra forseti. Hérlendis þarf mun meiri umræðu um utanríkismál. Við erum of upptekin við okkar litlu vandamál og hugsum ekki til þess að víða er fólk að deyja í heiminum vegna átaka, hungurs og ofbeldis í margs konar mynd. Það er skylda okkar að taka meiri þátt í örlögum samborgara okkar í öðrum löndum. E.t.v. opnast augu okkar fyrir þeim hryllingi sem er alls staðar í kringum okkur og við skynjum skyldu okkar að berjast alls staðar fyrir því að mannréttindi séu virt og að saklaust fólk sé ekki drepið.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sá friður sem þegar hefur skapast í Austurlöndum nær hangir nú á bláþræði. Það ofbeldi sem gripið hefur verið til að undanförnu og leitt til fjörtjóns tuga saklausra borgara mun aðeins verða til þess að styrkja þau öfl sem vilja friðarferlið feigt. Krafan hlýtur því að vera sú að þeir aðilar sem standa að þessum vopnaskiptum geri þegar í stað vopnahlé og mál þessi verði markvisst tekin fyrir í friðarviðræðunum, sérstaklega Ísraels og Sýrlands annars vegar og Ísraels og Líbanons hins vegar. Það er enginn að draga í efa tilverurétt Ísraelsríkis né rétt þess til sjálfsvarnar. Það hefur ávallt verið grundvallarstefna íslenskra stjórnvalda allt frá stofnun Ísraels og svo er enn. Hins vegar vekja mikinn ugg þau harkalegu viðbrögð sem stjórnvöld í Ísrael hafa gripið til. Sigur vinnst aldrei með tilgangslausu ofbeldi.

Hryðjuverk eru vissulega ógn sem lengi hefur staðið eðlilegri þróun mála í Austurlöndum nær fyrir þrifum. Þau eru alheimsvandamál og ein helsta ógn gegn öryggi í heiminum í dag. Það þarf því að takast á við þessa ógnun í alþjóðlegu samhengi á þeim vettvangi sem hefur styrk og afl til að sigrast á hryðjuverkaöflunum. Fordæma ber hryðjuverk hvar sem þau eru framin, hvort heldur er í Ísrael, London eða Oklahoma svo dæmi séu tekin. Erfiðast er þó fyrir þau ríki sem þola þessa ógn að bregðast við hryðjuverkum vegna eðlis þeirra. Hættan er ávallt sú að viðbrögðin verði vatn á myllu þeirra sem slík hroðaverk fremja.

Á sama hátt er óverjandi fyrir stjórnvöld að sitja aðgerðalaus þegar saklausir borgarar verða blóðug fórnarlömb slíkra aðgerða. Engu að síður verður alltaf að gera þá kröfu að viðbrögð verði í samræmi við hryðjuverkin og beinist gegn þeim sem þau fremja. Þetta er vissulega oft erfiðleikum háð því ákveðin ríki styðja ljóst og leynt við bakið á hryðjuverkaöflum. Baráttan á ekki síður að beinast gegn þeim ríkjum sem heimila öfgaöflum að gera árásir eða veita þeim skjól. Það verður best gert með samræmdum aðgerðum á alþjóðavettvangi, svo sem fyrir tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna eða svæðisbundinna samtaka.

Höfuðatriði í Austurlöndum nær er nú á þessari stundu að halda áttum, hvika ekki af friðarferlinu sem nýtur enn víðtæks stuðnings í þeim heimshluta og um heim allan. Öfgasamtökum má ekki líðast að vega að rótum þessarar friðarviðleitni. Afskipti Íslands eru ekki mikið að vöxtum á þessu svæði. Við höfum þó ávallt reynt að styðja þær pólitísku aðgerðir sem miðast hafa við að koma á varanlegum friði í þessum heimshluta. Einnig höfum við lagt okkar af mörkum til stuðnings efnahagslegri uppbyggingu á hernumdum svæðum Palestínumanna. Nú hefur verið ákveðið að beina athygli okkar skipulegar að þessu starfi, þ.e. í Austurlöndum nær, m.a. með því að skipa sérstakan sendiherra með aðsetur á Íslandi til að sinna þessum málum.

Þeim fjórum spurningum sem til mín var beint vil ég fyrst svara tveimur þeirra, þ.e. hvernig þetta mál verði rætt á alþjóðlegum vettvangi. Það hefur verið samráð um málið milli Norðurlandanna. Á morgun verður samráðsfundur Norðurlandanna hjá Sameinuðu þjóðunum út af þessu máli. Arabaríkin hafa þegar farið fram á það að atburðirnir í Suður-Líbanon verði ræddir á fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, en ekki hefur enn verið ákveðið hvenær sá fundur verður haldinn. Við munum að sjálfsögð eiga aðild að þeim fundi og auk þess verður þetta mál áreiðanlega rætt enn frekar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eins og verið hefur mörg undanfarin ár.

Að því er varðar aðstoð við Palestínumenn hefur þegar verið veitt um 90 millj. kr. til aðstoðar á þessu svæði, en engar frekari ákvarðanir hafa verið teknar um aðstoð að hálfu ríkisstjórnar enda kraftarnir nú beinst fyrst og fremst að Bosníu-Hersegóvínu sem er mjög hrjáð og þarf á aðstoð að halda um þessar mundir.

Að því er varðar fjórðu og síðustu spurninguna, hvort ríkisstjórnin hyggist endurmeta samskipti Íslendinga við stjórnvöld í Ísrael vegna árásarinnar fyrir nokkrum dögum þá er svarið nei. Við höfum stjórnmálasamband við Ísrael og því verður ekki breytt. Það er engum til hagsbóta að gera breytingar þar á. Hins vegar munum við nýta þetta stjórnmálasamband til þess að koma skoðunum okkar á framfæri og höfum gert það og fordæmt þessa árás.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér. Enn á ný er það ástandið í Mið-Austurlöndum sem skelfir umheiminn og að þessu sinni eru það loftárásir Ísraelsmanna á Suður-Líbanon. Þegar Ísraelsmenn gripu til þeirra ráða m.a. að setja útgöngubann á landsvæði Palestínumanna í kjölfar sprengjuherferðar öfgasamtaka, einkum Hamas, þá mættu þær aðgerðir skilningi heimsbyggðarinnar jafnvel þó svo að sumar þeirra brytu í bága við nýgert friðarsamkomulag milli Palestínumanna og Ísraelsmanna. En nú er málið allt öðruvísi vaxið. Nú eru fórnarlömbin saklausir borgararar og flóttamenn í öðru ríki og á það einkum við loftárás Ísraelsmanna á varðstöð Sameinuðu þjóðanna. Þessar loftárásair hafa kostað hundruð óbreyttra borgara lífið og hundruð þúsunda eru nú á flótta. Ekkert getur réttlætt slíkar aðgerðir, ekki einu sinni barátta við hryðjuverkasamtök. Og með því að taka upp slíkar aðferðir gera þeir sem þeim beita sig ekki hótinu skárri en hryðjuverkamennirnir eru. Þess vegna verður að fordæma árásir Ísraelshers á óbreytta borgara. Þær eru óverjandi og það verður að beita öllum tiltækum ráðum til þess að mynda þrýsting á ísraelsk stjórnvöld að láta af slíku en það verður jafnframt að reyna að styðja hófsemdaröfl sem vilja standa vörð um friðarferlið bæði pólitískt og efnislega. Þess vegna hvet ég hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra til þess að beita sér fyrir því að allt verði gert sem tiltækt er af Íslands hálfu að stuðla að því að friðarferlið fari ekki forgörðum og að Ísraelsmenn láti af þessum árásum þannig að aftur skapist forsendur fyrir því að samningsaðilar ræði málin.

[15:33]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Við erum vitni að ólýsanlegum harmleik en það sem okkur er kannski efst í huga er að það má aldrei gerast að ríki sem er ógnað af hryðjuverkasamtökum bregðist við með því að breytast sjálft í hryðjuverkaríki. Og það má aldrei gerast að hryðjuverkamönnum verði að þeim vilja sínum að ögra til svo hrikalegra gagnráðstafana að friðarferlið sjálft verði þar með sprengt í loft upp. Það er vitað að þrenns konar samtök að minnsta kosti, Hizbollah, Hamas og Jihad, hafa sjálf þann yfirlýsta tilgang að eyðileggja friðarferlið. Þau hafa lýst sig hryðjuverkasamtök og hafa þetta yfirlýsta markmið. Spurningin er sú hvort Ísraelsríki sé svo ógnað af völdum þeirra að nokkuð réttlæti þessar gagnráðstafanir. Um hálf milljón saklausra borgara í Líbanon er nú á flótta. Flóttamenn sem hafa leitað gæslu og verndar á vegum Sameinuðu þjóðanna eru fórnarlömb þessara átaka. Á annað þúsund loftárásir hafa verið gerðar án þess að spurt sé að hernaðarlegum skotmörkum og því er lýst yfir meira að segja af fyrrverandi yfirmönnum Ísraelshers að ekki sé um mannleg mistök að ræða.

Herra forseti. Ísraelsríki stendur nú ekki frammi fyrir útrýmingarhættu eins og stundum áður. Þeir sem leggja mat á hernaðarstöðuna viðurkenna að Ísraelsríki njóti hernaðarlegra yfirburða. Það sem er kannski dapurlegast við þetta allt saman er að þetta gerist í kjölfar pólitískra mistaka, sem voru þau að eftir morðið á Yitzhak Rabin forsætisráðherra fyrir hendi eigin landsmanns, skuli ekki hafa verið leitað endurnýjunar umboðs til þess að halda friðarferlinu áfram þá þegar. Vegna þess að það er opinskátt rætt að til þessara hrikalegu gagnráðstafana hafi verið gripið beinlínis af innanlandspólitískum ástæðum.

Herra forseti. Ég hvet ríkisstjórn Íslands og hæstv. utanrrh. í framhaldi af því sem þegar hefur verið gert, mótmælin vegna árásarinnar á þá sem leituðu verndar á vegum Sameinuðu þjóðanna, að skora Ísraelsstjórn að setjast þegar í stað að samningaborði og binda snarlega endi á þessar hernaðaraðgerðir.

[15:36]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er ekki ofmælt að atburðirnir sem orðið hafa að undanförnu í Mið-Austurlöndum, fyrir botni Miðjarðarhafs hafa sett alvarlegt strik í reikninginn að því er varðar friðarferlið langþráða sem komið var í gang á þessum slóðum. Atburðirnir þar suður frá eru ekki þess eðlis að hægt sé að afsaka það sem þar hefur gerst. Árásin á varðstöð Sameinuðu þjóðanna er óafsakanleg hvort sem hún var að yfirlögðu ráði eða fyrir mistök eins og margir telja.

En hverjir eru það sem standa á bak við hryðjuverkin sem Ísraelsmenn segja að séu undirrót aðgerða þeirra í Líbanon? Það eru auðvitað andstæðingar friðarferlisins. Þeir hafa verið nefndir í þessum umræðum, það gerði síðasti ræðumaður m.a., og þá er að finna bæði í röðum Palestínumanna, Araba og Ísraelsmanna, því miður. Því hverjir voru það sem drápu forsætisráðherra Ísraels? Það voru andstæðingar friðarferlisins í hans eigin landi. Nei, þetta mál er ekki einfalt og verður því miður ekki leyst hér í ræðustól á Alþingi Íslendinga. En það er rétt að Íslendingar eiga að beita kröftum sínum, takmarkaðir eins og þeir eru á þessu sviði, til að stuðla að því í þessum málum sem öðrum verði leitað allra friðsamlegra leiða til þess að binda enda á ófrið og ófarnað sem þarna hefur skapast. Okkar litla lóð á að leggjast á vogarskálarnar hvar sem er til þess að tryggja að svo megi verða.

Við skulum hins vegar varast að draga inn í þessar umræður vangaveltur stjórnmálaskríbenta í ýmsum löndum um að hér sé um að ræða innanlandspólitík í Ísrael, eða eins og hv. málshefjandi sagði: kosningatæknileg atriði í Ísrael. Það er of langt gengið að mínum dómi að ganga svo langt í ályktunum. En ríkisstjórn Íslands hefur fordæmt þennan atburð í Líbanon, hún hefur fordæmt árás Ísraelsmanna. Það var rétt ákvörðun. Það hafa fleiri þjóðir að sjálfsögðu gert og ég efast ekki um það að hvar sem ríkisstjórnin hefur aðstöðu til mun hún beita sér fyrir því að sest verði að samningaborði og friðsamlegra lausna leitað.

[15:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Heimsbyggðin öll hefur fordæmt loftárásir Ísraels á Líbanon og hefur ríkisstjórn Íslands lagt sitt lóð á vogarskálarnar í því efni. Að þessu sinni hefur Ísraelsstjórn með framferði sínu meira að segja tekist að ganga fram af nánasta bandamanni sínum, ríkisstjórn Bandaríkjanna, sem í áranna rás hefur látið óátalið þótt Ísraelsstjórn hafi beitt herliði sínu til þess að limlesta börn og unglinga og sprengja upp heimili andófsmanna, svo dæmi séu tekin. Kornið sem fyllti mælinn var sprengjuárás á bækistöð friðargæsluliða í Líbanon 18. apríl sl.

Nú er svo komið að allir helstu utanríkisráðherrar heims virðast ekki geta komið vitinu fyrir Ísraelsstjórn. Friðarumleitanir hafa lítinn árangur borið þótt e.t.v. hafi dregið úr loftárásum því eldflaugaárásum á Líbanon er haldið áfram af fullum krafti í dag. Það er álit þeirra sem best þekkja til í stjórnmálum Mið-Austurlanda að með ofsafengnum

viðbrögðum við árásum Hizbollah-skæruliða á Ísrael vilji Peres, forsætisráðherra og leiðtogi Verkamannaflokksins, treysta stöðu flokksins í kosningabaráttunni fyrir kosningarnar sem fram fara í Ísrael í lok maímánaðar. Og það er ekki aukaatriði í þessari umræðu að sá kosningasigur skuli keyptur með lífum saklausra flóttamanna í Suður-Líbanon, með ófriði sem aðeins getur leitt til frekari ófriðar fyrir botni Miðjarðarhafs og getur þar með stefnt friðarferlinu svokallaða á milli Ísraela og nágranna þeirra í voða.

Að lokum vil ég fagna því að utanrrh. boði ræktarlegri samskipti við ríkin fyrir botni Miðjarðarhafs um leið og ég minni á að aðstoð Íslendinga við Bosníu má alls ekki vera á kostnað aðstoðar við Palestínumenn á sjálfsstjórnarsvæðunum í Ísrael en þannig mátti skilja orð ráðherra.

[15:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Þeir atburðir sem nú eiga sér stað fyrir botni Miðjarðarhafs eru í senn hryggilegir, hörmulegir og fordæmanlegir og við hljótum að taka hér eindregið undir þau mótmæli sem ríkisstjórn Íslands hefur fram borið og gera kröfu til þess að þeim verði fylgt eftir af fullri alvöru, hvar sem unnt er að koma slíkum mótmælum á framfæri.

Sú var tíðin að hér á Alþingi Íslendinga var rætt mjög einhliða um málefni fyrir botni Miðjarðarhafs. Þar var samúðin fyrst og fremst með Ísraelsmönnum og það gleymdist til hvers framferði þeirra oft á tíðum hafði leitt fyrir nágrannana og hvernig þar var hellt olíu á eld og alþjóðalög brotin. En Alþingi rak af sér slyðruorðið með sérstakri samþykkt vorið 1989 og það mætti segja að hluti af þeirri samþykkt sé í fullu gildi einmitt nú þegar þessir atburðir gerast. Ég leyfi mér að vitna hér til kafla úr henni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk."

Þetta var samþykkt hér á Alþingi, ég held samhljóða, 18. maí 1989, um leið og Alþingi lagði áherslu á í sömu ályktun að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis og lýsti þeirri skoðun sinni að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO. Þetta var tímamótasamþykkt og breytti algerlega umræðunni hér á Alþingi um þessi mál.

Ég hvet hæstv. utanrrh. til þess að fylgja ályktunum ríkisstjórnarinnar eftir og ég minni á að það eru í rauninni engar afsakanir sem hægt er að bera fram Ísraelsstjórn til málsbóta þessa dagana eins og hún hagar sér gagnvart þeim sem greinilega eru hernaðarlega minni máttar í þessum leik í nágrannaríkinu.

[15:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans svo og undirtektir annarra þingmanna við þessum hryllilegu atburðum.

Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að það eru hundruð þúsunda manna á flótta og það verður ekki horft á það af okkar hálfu nema að reyna að grípa til þeirra aðferða sem við höfum á alþjóðavettvangi og eins og hér hefur verið lýst. Ég tek undir að það verði að berjast gegn þeim ríkjum sem styðja hryðjuverk. Það verður að uppræta hryðjuverk með þeim hætti að gera þau þannig ómöguleg og ég vil benda á það að almenningsálitið í heiminum skiptir vitaskuld verulegu máli í þeirri baráttu.

Það er sömuleiðis íhugunarefni fyrir okkur að við höfum varið 90 millj. eins og fram kom til aðstoðar Palestínumönnum. Við höfum gert átak núna gagnvart Bosníumönnum. Samt sem áður erum við Íslendingar með mun lægri framlög til stríðshrjáðra svæða og þróunaraðstoðar heldur en flest önnur ríki. Þessir atburðir eiga að vera okkur tilefni til að endurmeta þessa stöðu og vitaskuld verðum við líka að reyna að efla þrýsting á Ísrael að slík atburðarás endurtaki sig ekki.

Mér finnst eðlilegt að í kjölfar þessarar umræðu, af því að þingmenn hafa talað hér nokkuð einum rómi, að til að mynda hv. utanrmn. skoði þetta mál betur því það er alveg ljóst að þingheimi öllum er nóg boðið með þessa atburðarás og hefur miklar áhyggjur af því að þessu friðarferli sé stefnt í hættu. Við eigum að gera okkur gildandi á alþjóðavettvangi og við höfum tækifæri til þess. Við höfum sýnt það áður að rödd okkar hefur heyrst í utanríkismálum og má þar minna á frumkvæði okkar í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Þá vorum við ekki smá og þá höfðum við eitthvað að segja. Við getum vitaskuld sýnt frumkvæði á öðrum vígstöðvum og ég tel að þessi atburðarás sem er að gerast núna í Mið-Austurlöndum krefjist þess að við, þessi þjóð sem þekkir ekki stríð nema af afspurn, leggi allt sem hún getur af mörkum til að friður náist.

[15:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og öðrum þingmönnum fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Mér heyrist að það sé góð samstaða um þessi mál hér á Alþingi og að það sé fullur vilji á bak við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf út.

Ég vil aðeins geta þess að friðargæslu- og eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna eru afar mikilvægar. Þær starfa nú á 16 stöðum í heiminum. Í þessum sveitum eru 28 þúsund manns, hermenn, lögreglumenn, eftirlitsmenn og ýmsir aðrir. Og þessir aðilar eru frá 75 ríkjum. Heildarkostnaður við þessa friðargæslu er á fjórða milljarð Bandaríkjadollara. Við borgum okkar hlut í þessum kostnaði eða 0,03% sem er á fjórða tug millj. kr. og er það allmikið framlag miðað við okkar mælikvarða.

Þrátt fyrir allt og þrátt fyrir alla fyrirstöðu, þá hefur helstu deiluaðilum í Mið-Austurlöndum hingað til tekist að halda friðarumleitunum áfram með varanlega lausn að leiðarljósi. Þetta birtist mjög áþreifanlega í sjálfsstjórn Palestínumanna á Gaza-svæðinu og umhverfis Jeríkó, friðarsamningum Ísraels og Jórdaníu og efnislegum viðræðum stjórnvalda í Ísrael og Sýrlandi um yfirráð yfir Golan-hæðum og framtíðarsamskipti ríkjanna tveggja. Aðalatriði málsins þrátt fyrir allt er að þessum viðræðum verði haldið áfram og að friðarferlið haldi áfram en það er í mjög mikilli hættu í dag. Við skulum vona að það takist að tryggja það. Og að sjálfsögðu eiga íslensk stjórnvöld og Íslendingar að leggja sitt af mörkum til þess að svo geti orðið.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.). — Þskj. 313, nál. 704 og 721, brtt. 705.

[15:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Það er nokkuð síðan nefndin afgreiddi þetta mál. Frv. er býsna viðamikið og nefndin fjallaði talsvert um málið og gerir á því allmargar tillögur til breytinga.

Það sem nefndin leggur fyrst til er að gerðar verði breytingar á 1. gr. frv. Þar er lagt til að að bætt verði við að með umsókn um starfsleyfi skuli fylgja upplýsingar um náin tengsl, en það er skilgreintí breytingartillögunni hvað er átt við með því hugtaki. Hér er fyrst og fremst um að ræða áhrif frá svokallaðri Post-BCCI-tilskipun en hún hefur haft miklar afleiðingar í för með sér á þetta svið innan Evrópusambandsins og innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Í öðru lagi er lagt til að við frumvarpið verði bætt tveimur nýjum greinum til breytinga á 5. og 6. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að skýrt komi fram í lögunum að skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis viðskiptabanka og sparisjóða sé að þeir séu með höfuðstöðvar hér á landi. Hins vegar er lagt til að brott falli úr lögunum ákvæði um að allt hlutafé sé greitt áður en banki er skráður í hlutafélagaskrá. Það er skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að allt hlutafé sé að fullu greitt, það sem þarf til til þess að hægt sé að hefja starfsemi banka en það er ekki endilega nauðsynlegt að það sé ekki hægt að skrá hlutafélag sem gefur sig út fyrir að vera banki án þess að slíkt sé til staðar.

Í þriðja lagi er lagt til að 2. gr. frv. falli brott en samkvæmt henni var í frv. gert ráð fyrir því að ríkisviðskiptabankar hefðu frjálsar hendur frá Alþingi um töku víkjandi lána til þess að efla eiginfjárstöðu sína. Í lögunum eins og þau standa nú er gert ráð fyrir því að ríkisbanki þurfi að leita heimildar Alþingis til þess að gera eiginfjárráðstafanir. Meiri hluti nefndarinnar telur að það sé eðlilegt að Alþingi hafi um það að segja þegar ríkisbankar gera eiginfjárráðstafanir og því er lagt til að þessi grein frv. falli brott.

Í fjórða lagi er lagt til að heimilt verði að synja umsókn um starfsleyfi ef náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geti að mati bankaeftirlits hindrað eðlilegt eftirlit með þessum stofnunum.

Í fimmta lagi eru gerðar breytingartillögur við 8. gr. frv. Þar er um það að ræða að setja á einn stað og gera skýrari þau ákvæði sem falla um eiginfjármörk og eins er gert ráð fyrir sérstakri tilkynningarskyldu til bankaeftirlitsins ef eiginfjárhlutfall fer niður fyrir 10% með endurgreiðslu á víkjandi lánum.

Í sjötta lagi er brtt. við 10. gr. frv. og þar er fyrst og fremst um að ræða tæknileg atriði vegna samræmingar á ársreikningum.

Í sjöunda lagi er gerð brtt. við 11. gr. sem felur fyrst og fremst í sér kröfu um samráð við reikningsskilaráð við setningu reglna um uppsetningu ársreiknings.

Í áttunda lagi er brtt. við 13. gr. Þar er fyrst og fremst um að ræða auknar kröfur til endurskoðenda og þær auknu kröfur snúa fyrst og fremst að því að endurskoðendum verður gert skylt að upplýsa bankaeftirlit ef þeir fá ákveðna vitneskju um eitthvað sem er ekki í lagi hjá þeim aðilum sem þeir eru að endurskoða.

Í níunda lagi er lagt til að 15. gr. frv. verði breytt þannig að heimild laganna samkvæmt 67. gr. til að stytta frest sem hann hefur veitt viðskiptabanka eða sparisjóði til að auka eigið fé verði felld brott. Þarna er um að ræða samræmingu við frv. til laga um verðbréfaviðskipti sem þegar er orðið að lögum.

Í tíunda lagi eru breytingar á 16. gr. frv. Þar er um að ræða allviðamiklar tillögur til breytinga sem felast fyrst og fremst í því hvernig farið er með Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða. Í frv. var meiningin að steypa tryggingarsjóðunum saman í einn sjóð undir einni stjórn. Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um að Tryggingarsjóður viðskiptabanka verði aðskilinn áfram frá Tryggingarsjóði sparisjóða. Jafnframt verður Tryggingarsjóði viðskiptabanka breytt, það er reyndar miðað við að það komi til í bráðabirgðaákvæði, í þá veru að allar núverandi eignir og skuldir sjóðsins sem eru í svokallaðri lánadeild hans eiga að falla undir ríkissjóð. Innstæðudeildin starfar áfram en síðan verður heimilt að stofna upp úr núverandi innstæðudeild nýja lánadeild með ákveðnu hlutverki og eigið fé þessarar nýju lánadeildar verður þá það fé sem er til í innstæðudeildinni umfram þær lágmarkskröfur sem gerðar eru samkvæmt lögunum. Þetta er helsta breytingin sem lögð er til í þessum 10. lið brtt. um Tryggingarsjóð viðskiptabanka eða innlánsstofnana eins og það heitir í frv.

Í ellefta lagi er gerð tillaga um breytingu á 20. gr. varðandi afturköllun starfsleyfis.

Í tólfta lagi eru brtt. við 24. gr. um gildistökuákvæði.

Síðast en ekki síst eru lögð til tvö ákvæði til bráðabirgða, annað það sem ég gat um áðan varðandi yfirtöku eigna og skulda lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, en síðan er gert ráð fyrir því að ríkisviðskiptabanka sé fram til 31. des. 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar á víkjandi lánum sem bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. jan. 1994. Þetta þýðir í rauninni að Alþingi mundi ef að lögum verður veita ríkisbönkum heimild til þess að taka víkjandi lán eingöngu til endurfjármögnunar að hluta til vegna þeirra víkjandi lána sem á viðkomandi viðskiptabanka hvílir, en ég gat um það áður að samkvæmt frv. væri gert ráð fyrir því að ríkisbankar hefðu algjörlega frjálsar hendur hvað snertir Alþingi til þess að taka slík víkjandi lán. Samkvæmt lögunum mundi breytingin samkvæmt frv. hafa þýtt að viðskiptabanki hefði getað tekið víkjandi lán sem næmi um 50% af eigin fé öðru. Þetta hefði t.d. þýtt að ríkisviðskiptabanki hefði getað aukið sitt eigið fé um segjum milljarð með víkjandi láni og þar með aukið efnahagsreikninginn um 12,5 milljarða í framhaldi af því.

Með þeirri breytingu sem meiri hluti nefndarinnar leggur til er í rauninni ekki verið að taka neina nýja ákvörðun um eiginfjárráðstafanir í ríkisbönkum heldur er Alþingi fyrst og fremst að staðfesta þær ákvarðanir sem hafa áður verið teknar, en þó ekki að gefa viðkomandi ríkisviðskiptabanka heimild til þess að taka víkjandi lán eins og þau hafa hæst verið.

Ég tel að með því bráðabirgðaákvæði sem meiri hluti nefndarinnar leggur til sé verið að skapa ríkisviðskiptabönkunum eðlilegt starfsumhverfi á þeim tíma sem þeir verða enn þá undir því fyrirkomulagi. Eins og hv. þm. vita er

stefna ríkisstjórnarinnar að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum og í því formi munu ríkisviðskiptabankarnir falla almennt undir lögin og hafa þá heimildir til þess að taka þá víkjandi lán eins og kaupin gerast á eyrinni.

Ástæða þess að Alþingi er yfirleitt að takmarka möguleika ríkisviðskiptabankanna til þess að taka víkjandi lán er að sjálfsögðu sú að ríkið ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Þess vegna er ekki óeðlilegt að möguleikar þeirra til þess að blása út efnahagsreikning sinn og afgreiða sjálfa sig með ríkisábyrgð sé takmörkuð. Slík takmörkun má þó af hálfu Alþingis ekki vera svo mikil að hún hefti þá í starfsemi sinni og Alþingi verður líka að sjálfsögðu að búa svo um hnútana í sambandi við þetta mál að ekki sé verið að rýra þá eign sem er í þessum bönkum. Slíkar takmarkanir mundu ekki þjóna neinum hagsmunum, ekki hagsmunum ríkisins sem eiganda bankans og alls ekki hagsmunum viðskiptavina bankanna, ríkisviðskiptabankanna, sem eiga mikið undir því að starfsemi þeirra verði sem eðlilegust meðan núverandi fyrirkomulag ríkir.

Undir álit meiri hlutans skrifa allir hv. meirihlutaþingmenn nema Pétur H. Blöndal sem hefur fyrirvara og mun hann gera grein fyrir honum.

[16:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Þetta nál. er frá minni hluta efh.- og viðskn. en auk mín rita undir nál. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Þetta mál, sem nokkuð var gerð grein fyrir í framsögu hv. formanns efh.- og viðskn., Vilhjálms Egilssonar, snerist í upphafi þegar frv. var lagt fram að því að laga löggjöf okkar að skuldbindingum sem við höfðum gengist undir með EES-samningnum. Það kom skýrt fram í grg. með frv. þegar það var lagt fram á hinu háa Alþingi að það væri megintilgangurinn eða eins og segir í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Með setningu laga nr. 43/1993," — það eru þau lög sem gerð er tillaga um að breyta — „um viðskiptabanka og sparisjóði, var bankalöggjöfin samræmd ákvæðum ýmissa þágildandi tilskipana ESB á þessu sviði. Síðan hafa þær aðstæður skapast að nauðsynlegt er að endurskoða ýmis ákvæði þessara laga."

Herra forseti. Það var sérstaklega beðið um að viðskrh. yrði viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (ÓE): Forseti gerir ráðstafanir til að kalla á hann.)

(**SJS:** Hann er að ræða við formann bankaráðs Landsbankans.) Ég geri ráð fyrir að viðskrh. sé á næstu grösum og komi innan tíðar. Ég ætla samt að halda aðeins áfram þar sem hér er fyrst um ákveðinn inngang að ræða að málsmeðferðinni.

Það var greinilegt eins og ég nefndi að tilgangurinn var að færa ákvæði í EES-samningnum betur í lög og sem kallaði á breytingar á íslenskri löggjöf. Nú er það svo að hv. efh.- og viðskn. tók þetta mál mjög alvarlega eins og önnur mál sem hún hefur tekið til meðferðar. Menn settust yfir það að útbúa þetta frv. eins og best verður úr garði gert. Frv. er flókið tæknilegt efni eins og það kom frá ríkisstjórninni og það voru ýmsar tæknilegar breytingar sem nauðsynlegt var að gera á því eins og oft vill verða með löggjöf. Það má geta þess, herra forseti, að brtt., sem hv. formaður nefndarinnar, Vilhjálmur Egilsson, gerði áðan grein fyrir, eru brtt. upp á einar sex blaðsíður í nál. og í 13 liðum þannig að það er augljóst að umfjöllun nefndarinnar um málið var mjög ítarleg og vönduð. Ég ætla ekki að fara yfir þær brtt. sem lagðar eru til af hálfu meiri hlutans annað en ég vil geta þess að minni hlutinn tók fullan þátt í þessu starfi og margar af þeim brtt. sem þar eru byggjast m.a. á athugasemdum frá einstökum nefndarmönnum minni hlutans. Það er ekki, herra forseti, ágreiningur milli meiri hluta og minni hluta um 12 af þessum 13 brtt. eða breytingaliðum því þó liðirnir séu 13 eru nokkrar brtt. í einstökum liðum. Ég hef ekki talið saman hvað brtt. sjálfar eru margar en þær nema nokkrum tugum.

Það sem hins vegar skapaðist ágreiningur um var 13. brtt. meiri hlutans, þ.e. ákv. til brb. Nú er það annað sem ber að geta varðandi þetta frv. að meginefni þess eða tilgangur var aðlögun að EES-samningnum en það var líka getið um að við framkvæmd laganna hefðu komið í ljós nokkur atriði sem betur mættu fara. Það segir í grg. með frv. að rökstuðningur fylgi með athugasemdum við einstakar greinar. Þannig að það er tvíþættur tilgangur þessa frv. Annars vegar að laga löggjöfina að EES-samningnum, nýjum tilskipunum því löggjöfin er ung og svo að slípa aðeins til því að þarna var komin tveggja til þriggja ára reynsla á nýja heildarlöggjöf. Það er alvanalegt að sniðnir séu vankantar af löggjöf þegar hún er búin að reyna sig um nokkurn tíma og nokkrar af þeim brtt. sem minni hlutinn stendur einnig að lúta að þessum þætti.

Það ákvæði sem klauf nefndina var ákvæði til bráðabirgða II en það fjallar um víkjandi lán eða endurfjármögnun víkjandi lánum. Þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ræddi um þetta þá talaði hann um eins og segir réttilega í lagatextanum varðandi þetta ákvæði en ákvæði sem minni hlutinn leggst gegn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. des. 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar víkjandi lánum er bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík námu 1. jan. 1994."

Hér er talað um ríkisviðskiptabanka en eins og kom reyndar fram í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er hér um Landsbankann að ræða. Það eru einungis tveir ríkisviðskiptabankar eins og þingheimi er kunnugt, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, og í þessu tilfelli er einungis um Landsbankann að ræða enda er hann eini bankinn sem hefur fengið víkjandi lán. Ég mun því í umfjöllun minni á eftir ræða þessi mál út frá þeim banka sem málið raunverulega snýst um þó svo að það sé réttilega í lagatextanum rætt um ríkisviðskiptabanka.

Það sem gerist varðandi þetta mál og þetta er dálítið flókið tæknilegt efni er eiginlega vegna þess hvernig frv. var gert úr garði þegar það var lagt fyrir á hinu háa Alþingi. Þá var gerð tillaga um það í 2. gr. frv. að felld yrðu á brott ákvæði um það að ríkisviðskiptabanki skyldi leita eftir samþykki Alþingis til þess að taka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu sína. Tillagan var um að fella niður að það þyrfti samþykki Alþingis. Þessi tillaga var lítið skýrð í frv. og í framsögu hæstv. viðskrh. eins og ég man hana kom ekki fram nein sérstök skýring á þessu ákvæði. Hins vegar gilda sérstakar reglur fyrir bankastofnun um að taka víkjandi lán. Það eru hinar svokölluðu alþjóðlegu BIS-reglur sem þar eru lagðar til grundvallar og víkjandi lán telst til eiginfjár innlánsstofnana sem þýðir sem dæmi að innlánsstofnanir verða að sýna fram á að lágmarki 8% eiginfjárstöðu. Það er lágmarkseiginfjárstaða sem er reiknuð út eftir flóknum reglum, þessum alþjóðlegum BIS-reglum. Þetta vill segja okkur það að víkjandi lán upp á

1 milljarð felur í sér möguleika fyrir ríkisviðskiptabankann eða viðskiptabankann að stækka efnahagsreikning sinn um 12,5-falt eða í þessu dæmi um 12,5 milljarða í kjölfar hinnar bættu eiginfjárstöðu. Af því að lágmarksprósentan er 8% þá getur hann stækkað efnahagsreikning um 12,5 milljarða og þar með aukið skuldastöðu sína. Margföldunaráhrifin eru mjög mikil varðandi víkjandi lán því að víkjandi lán í þessu tilfelli má eiginlega líkja við ef um hlutafé væri að ræða, þ.e. sem nokkurs konar hlutafjárframlag sem það er reyndar ekki en hefur svona vissa líkingu með því vegna þess að það telst til eigin fjár fyrirtækisins.

Því er mjög mikilvægt að hafa í huga varðandi þetta mál að víkjandi lán skiptir verulegu máli í uppgjöri og bókhaldi banka og innlánsstofnana. Þegar sett var inn þetta ákvæði um að það ætti að bera það undir Alþingi ef menn tækju víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu þá var það gert að vel yfirlögðu ráði. Menn töldu eðlilegt að ef ríkisviðskiptabankar færu þessa hlutafjáraukningaleið væri það borið sérstaklega undir hið háa Alþingi. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það. Hér er um ríkisviðskiptabanka að ræða og þá er eðlilegt að Alþingi komi að meiri háttar ákvörðun sem varðar fjárhagslega stöðu þess þrátt fyrir að Alþingi komi reyndar að ríkisviðskiptabönkunum að öðru leyti, þ.e. með kosningu bankaráða. Gert var ráð fyrir að þessi eðlilegi varnagli, sem var settur inn, yrði felldur úr lögum. Færð voru rök fyrir því í þessu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar, þ.e. í athugasemdum við frv., að ríkisviðskiptabankar geta tekið lán án samþykkis Alþingis. Þeir eru með ríkisábyrgð. Af hverju á að gilda eitthvað sérstakt varðandi þessa ríkisábyrgð? Ekki var vikið einu orði að þeirri sérstöðu sem víkjandi lán hafa, þ.e. hvað þau geta nýst vel til stækkunar efnahagsreiknings eins og ég lýsti áðan. Þetta ákvæði, sem upprunalega var gert ráð fyrir að fella niður, var einföld og skynsöm útfærsla á löggjöf og okkur í nefndinni var sagt að forsaga þess máls þegar þetta kom inn í lög hefði byggst á athugasemdum hæstv. núverandi utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, en eins og þingheimur e.t.v. minnist er hæstv. ráðherra menntaður í bókhaldi og hefur kennt reikningshald eða gerði það hér áður en hann varð virkari í stjórnmálum.

Þingheimur veit að varkárni hæstv. utanrrh. varðandi þessa þætti er við brugðið og menn hafa oft og tíðum farið að hans ráðum varðandi þessi mál. Látum nú vera með önnur mál. En þetta er til að sýna að hér lá hugsun á bak við þegar þetta ákvæði var haft í lögum. Rökstuðningurinn fyrir að hafa þetta ákvæði yfirleitt í lögunum var að hér var komið ákvæði sem var algjörlega á skjön við meginstefnu frv. sem var að laga íslenska bankalöggjöf að nýjustu þáttum í EES-samningnum og sníða síðan einhverja smávægilega vankanta af. Hér var komið mjög þungt efnisatriði í frv. sem var mjög lítið gert úr í athugasemdum með frv. og í grg. og reyndar í framsögu hæstv. viðskrh. með málinu, ef ég minnist þess rétt. Þegar fyrir lá að nefndinni var orðið ljóst að hér væri á ferðinni ákvæði sem tengdist ekki öðrum ákvæðum frv. voru fyrstu viðbrögð nefndarinnar að hverfa aftur til uppruna síns með því að segja: Er ekki ósköp eðlilegt að þetta ákvæði verði óbreytt? Ef menn þurfa á víkjandi lánum ríkisviðskiptabanka að halda þá kemur það fyrir Alþingi. Það var eiginlega niðurstaða nefndarinnar. Hún lagði til að þetta ákvæði yrði einfaldlega fellt út úr frv. enda hafði ekki fylgt neinn sérstakur kraftur af hálfu stjórnvalda um að þetta yrði haft inni.

Það kemur fram í áliti minni hluta nefndarinnar að leitað var eftir afstöðu viðskrn. varðandi þessa fyrstu niðurstöðu nefndarinnar, sem var samhljóða minni hluta og meiri hluta, hvort ekki mætti fella þetta ákvæði úr gildi og engin mótmæli bárust við þeirri afstöðu. Þegar það lá fyrir fóru að koma mótmæli við þessu. Einn aðilinn sem við leituðum álits hjá var Landsbankinn. Þá töldu þeir og færðu að sínu mati rök fyrir því að þetta ákvæði ætti að fella út, þ.e. heimila honum að taka víkjandi lán án afskipta Alþingis, a.m.k. að honum yrði heimilt að taka víkjandi lán í sama umfangi og hann mátti áður. Þegar þessi andstaða Landsbankans kom fram kom í ljós að meiri hluti nefndarinnar og viðskrn. vildi gera þessa afstöðu bankans að sinni eða bankinn gerði afstöðu ráðuneytisins og meiri hluta nefndarinnar að sinni. Það skiptir ekki máli því fyrir lá að þarna kom fram meirihlutasjónarmið í nefndinni varðandi það að heimila Landsbankanum að skuldbreyta hluta af víkjandi láni sínu. Minni hluti nefndarinnar lagðist gegn því að sú viðbótarheimild sem kemur fram í ákv. til bráðabirgða II yrði veitt, en um það snýst málið. Ástæðan fyrir því að minni hlutinn lagðist gegn þessu *máli var sú að þarna var ekki verið að fara rétt að miðað* við upphaflegt upplegg frv. Þarna var verið að blanda saman ólíkum hlutum og þarna var verið að færa í lög ákvæði sem hefði þurft að skoða miklu betur og minni hlutinn dró fram í sínu nefndarstarfi.

Það er nauðsynlegt út af þessu að líta aðeins á forsögu víkjandi lána Landsbankans því allt á sér þetta sína sögu. Ég bið hv. þm. sem hlýða á mál mitt velvirðingar á því að hér er um að ræða býsna tæknilegt mál en þetta snýst um mjög mikla pólitík þegar grannt er skoðað. Það sem við erum að reyna að draga hér fram, fulltrúar minni hlutans, er að vorið 1993 ríkti hér ákveðin bankakreppa. Þá var staða Landsbanka Íslands mjög erfið. Á grundvelli ársuppgjörs fyrir árið 1992 kom í ljós að það þurfti að styrkja Landsbankann. Það þurfti að styrkja eigin fé Landsbankans. Þáverandi ríkisstjórn var samsteypustjórn Sjálfstfl. og Alþfl. og svo maður haldi öllu til haga og beri engar sakir á hæstv. núverandi viðskrh. varðandi þá forsögu má geta þess að hann var í stjórnarandstöðu á þeim tíma. Þau mál sem þá voru lögð fram voru á ábyrgð þáverandi ríkisstjórnar og þá fór með viðskrn. fulltrúi Alþfl. Þá voru gerðar tillögur um að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans upp á u.þ.b. 4,5 milljarða kr. Það var nauðsynlegt vegna þess að þá var eiginfjárstaða Landsbankans orðin mjög veik og hún uppfyllti ekki eða mjög tæplega þær alþjóðlegu kröfur sem voru gerðar til bankans. Sá banki sem uppfyllir ekki BIS-reglurnar má einfaldlega ekki starfa. Þannig að BIS-reglurnar sem við höfum undirgengist eru mjög alvarlegar, *öll ríki reyna að haga sínu bankakerfi* þannig að það þurfi ekki að koma til slíkrar kreppu og við höfum upplifað kreppu í nágrannalöndunum mun alvarlegri en við höfum kannski gengið í gegnum hér á landi. Hér var því um alvörumál að ræða sem var afgreitt á Alþingi vorið 1993. Þessi þríþætta aðgerð fólst í því að Seðlabankinn lánaði Landsbankanum 1.250 millj., Tryggingarsjóður viðskiptabanka veitti Landsbankanum 1 milljarð að láni og ríkissjóður lánaði Landsbankanum 2 milljarða og 250 millj. kr. Þetta var sú aðgerð sem gerð var á þeim tíma samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu fyrir í nefndinni þegar fjallað var um þetta mál. Þessar lánveitingar voru að hluta til í formi víkjandi lána og þær styrktu eiginfjárstöðu bankans verulega. Um þetta varð heilmikil pólitísk umræða á hinu háa Alþingi vegna þess að hér var um að ræða mjög verulegt fjármagn. Ýmsir þingmenn sem kynntu sér þetta mál og ríkisstjórnin

gáfu ákveðin fyrirheit um að Landsbankinn yrði að uppfylla ákveðin skilyrði. Það var kannski fyrst og fremst vegna þessa að sagt var: Hið opinbera, sem er eigandi bankans, leggur bankanum til verulegt fé en gerir það það myndarlega að ekki þurfi að koma til slíkrar björgunaraðgerðar aftur. Og það var eiginlega meginuppleggið hjá þáverandi ríkisstjórn og raunverulega meginósk allra sem komu að þessu máli að hér þyrfti að grípa til aðgerða, alvarlegra aðgerða. En þær áttu að vera það vel úr garði gerðar að ekki þyrfti að koma til endurmats á þeim. Landsbankanum voru sett nokkur skilyrði varðandi rekstur, m.a. átti að fækka starfsfólki, það átti að stokka upp í greiðslukortafyrirtækjum og eignaleigum, það voru vissir hagræðingarmöguleikar á þeim sviðum, útibúum átti að fækka, selja eignir og það átti að bæta reksturinn. Síðan átti að endurgreiða þessa fyrirgreiðslu. Lánasamningar voru gerðir og það átti að endurgreiða þau eftir tilteknum reglum í ljósi bættrar stöðu. Það kom skýrt fram að menn töldu að þessi aðstoð til Landsbankans á sínum tíma væri fullnægjandi og þetta þyrfti að gera á þennan hátt.

Einnig ber að geta þess, af því hér hefur stundum verið talað um ríkisviðskiptabanka, að Búnaðarbankinn hefur ekki fengið neina slíka aðstoð af hálfu eiganda síns, hvorki í formi víkjandi láns eða lánveitingar frá Seðlabanka eða ríkissjóði. Það var samt ákveðið við afgreiðslu málsins 1993 að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, sem veitti Landsbankanum 1 milljarð, fengi aukalega heimild upp á 2 milljarða til að lána viðskiptabönkum ef á þyrfti að halda. Það kom skýrt fram að ekki voru líkur á að Búnaðarbankinn þyrfti á því að halda þar sem eiginfjárstaða hans hefur alltaf verið vel yfir mörkum. Um þetta varð heilmikil pólitísk umræða á hinu háa Alþingi og hér eru nokkrir þingmenn sem muna víst eftir henni. Hún snerist um það til hvers þessi viðbótarheimild Tryggingarsjóðs væri, hvort þarna væri verið að lauma inn bakdyramegin einhverri heimild til handa Íslandsbanka. Það kom í ljós að þessi heimild var aldrei nýtt þannig að það skiptir ekki máli hvað menn höfðu hugsað sér með hana í upphafi. Nú er þetta hins vegar allt fellt niður. Eins og kom fram í máli hv. þm., Vilhjálms Egilssonar, er nú gerð uppstokkun á þeim þætti og þessar heimildir verða ekki fyrir hendi.

Miðað við þessa forsögu, sem ég hef aðeins verið að reyna að rifja upp, var árið 1993 staðið fyrir myndarlegri aðgerð til styrktar Landsbankanum að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þá var engin sérstök ástæða til að taka málið upp í frv. eins og nú er gert. Samt sem áður leggur meiri hlutinn til að Landsbankinn fái að endurfjármagna hluta af lánum sínum, sem hann er búinn að fá, 4,5 milljarða, að upphæð 1 milljarði. Það má eiginlega segja að hann fái nú möguleika sem gengið var frá í samningum 1993, hann fær, samkvæmt tillögum meiri hlutans, að endurfjármagna upp á 1 milljarð. Þá spyrjum við vitaskuld í efh.- og viðskn.: Var ekkert að marka loforðið frá 1993? Var þetta ekki fullnægjandi afgreiðsla til handa Landsbankanum? Eru einhver vandræði í bankakerfinu? Svo er ekki. Bankinn er búinn að kynna sína ársreikninga og allt með eðlilegum hætti, eiginfjárstaðan í lagi, fullnægir alveg lágmarki BIS-reglnanna, hún er eitthvað rúmlega 9%, eins og ég gat um, lágmarkið er 8%. Þá er von að við spyrjum: Af hverju þarf þá að gera þetta? Hver er ástæðan fyrir því að heimila Landsbankanum að endurfjármagna þetta upp á 1 milljarð? Hv. þingmenn þurfa alltaf að hafa í huga að 1 milljarðar skiptir verulegu máli vegna þess að hann er í þessu tilfelli hluti af eigin fé og vigtar, eins og ég gat um, 12 1/2-falt þegar kemur út í efnahagsreikning bankans. Vitaskuld hefðum við tekið meðábyrgð á því ef það þyrfti að styrkja ríkisviðskiptabanka, hvort eitthvað væri þannig að eigandinn þyrfti að koma vel að því máli. Ég fullyrði að minni hluti í efh.- og viðskn. hafi skoðað þau mál í fullri alvöru. Svo var hins vegar ekki. Þá kom rökstuðningurinn fyrir þessari skrýtnu beiðni sem þetta frv. gengur út á, þetta ákv. til brb. II. Þá komst upp um strákinn Tuma. Þá kom í fyrsta skipti alvöru röksemd sem hægt var að taka mark á. Þá sögðu nefndarmenn meiri hlutans í efh.- og viðskn.: Það er nauðsynlegt að heimila Landsbankanum að endurfjármagna upp á 1 milljarð vegna þess að til stendur að breyta Landsbanka Íslands í hlutafélag, gott ef það er ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Það er verið að vinna að því og í kjölfar þess þarf e.t.v. að endurmeta tiltekna eignarpósta og þá er gott að hafa borð fyrir báru varðandi það mat. Þetta var rökstuðningurinn sem við fengum og þetta eru fyllilega gild rök. Það er ekkert út á þau að setja, þau hefðu bara mátt koma fyrr. Þá segjum við að ef þetta, öll þessi grein og allt þetta ákvæði sem þetta mál snýst um, varðar hlutafjárvæðingu Landsbankans, þá skulum við skoða það í heild. Þá á þetta ákvæði vitaskuld ekki að vera í þessu frv. sem fjallar um EES-breytingu og smátæknilegar breytingar. Þá eiga menn að taka það út úr, flytja það þá sérstaklega, takast svo á um þetta sérstaka ákvæði ef menn kjósa svo. Eða þá, eins og við sögðum líka, að ef þetta er hluti af breytingum Landsbanka Íslands í hlutafélag þá á það náttúrlega að fylgja því frv. sem verið er að smíða varðandi þá hlutafjárvæðingu.

Við töldum eðlilegt að það yrði fundinn annar farvegur varðandi þessa þætti. Það er þess vegna sem minni hlutinn leggst gegn þessu ákvæði, því hér snýst málið um allt annað. Ef þetta ákvæði er lögfest með þessum hætti þá er verið að auðvelda hugsanlega hlutafjárvæðingu Landsbanka Íslands. Nú erum við í minni hlutanum ekki að taka afstöðu með eða á móti hlutafjárvæðingu Landsbanka Íslands. Það mál hefur ekki komið á borð okkar þingmanna. Það er ástæðan fyrir því, herra forseti, að við kjósum að spyrja hæstv. viðskrh. og óskuðum sérstaklega eftir því að hann yrði við 2. umr. því nú er málið farið að snúast um aðra hluti en lagt var upp með í upphafi. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hvað líður undirbúningi að hlutafjárvæðingu ríkisviðskiptabankanna? Okkur skilst og við höfum haft af því fregnir í blöðum að það hafi verið starfandi nefnd undir forustu hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar varðandi það efni. Fregnir hafa borist af því að samið hafi verið frv. Ég minnist þess ekki, herra forseti, að það frv. sé á borðum okkar þingmanna. Það væri athyglisvert líka að fá að vita, herra forseti, hvort hæstv. viðskrh. geti upplýst okkur um hvort þetta frv. og útfærsla hafi verið samþykkt innan stjórnarflokkanna því það er fyrsta skref í málsmeðferð. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að við í stjórnarandstöðunni erum ekki fyrstu mennirnir sem hann ber þessi mál undir. En það er fróðlegt að vita hvar þetta mál er statt því það var gert samkomulag, herra forseti, um það að mál yrðu ekki lögð fram hér nema með afbrigðum eftir 1. apríl, ef ég man rétt. Það er því athyglisvert að fá að vita hvort það stendur til að taka frv. um hlutafjárvæðingu bankanna á dagskrá með afbrigðum núna fyrir þinglok. Það er ekki hægt, herra forseti, að skilja þetta mál öðruvísi. Þeir leggja mikla áherslu á að fá þetta mál samþykkt, þ.e. milljarðs heimild fyrir Landsbankann, núna á þessu vorþingi vitandi að nefnd klofni um eitt ákvæði af þrettán, nefnd sem var búin að vinna

mjög faglega í þessu efni. Ég átta mig ekki á því hver er hugsunin á bak við það af hálfu ríkisstjórnarinnar og þess meiri hluta sem gengur erinda hennar í efh.- og viðskn.

Sömuleiðis er fullkomin ástæða, úr því að þessi mál eru komin upp með þessum hætti, og það hefur verið upplýst að málið snýst raunverulega um víkjandi lán Landsbankans frá 1993, að upplýsa hvernig Landsbankinn hafi uppfyllt þau skilyrði sem mér skildist — það eru nú aðrir í þingmannaliði sem kunna þau skilyrði vafalítið betur en ég, menn sem voru á þingi á þeim tíma og þar á meðal báðir meðflutningsmenn mínir að þessu nál. Annar var reyndar ráðherra og stóð að málinu þannig og hinn var í stjórnarandstöðu og þekkir málið gjörla. Menn sjá að þetta er dálítið óvanaleg samsetning miðað við forsögu málsins.

En ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hvernig gekk að uppfylla þessi skilyrði um bættan rekstur, fækkun starfsfólks, eignaraðild í greiðslukortafyrirtækjum og eignarleigum? Var þetta stokkað upp eins og gert var ráð fyrir? Var útibúum fækkað og voru eignir seldar? Ég geri ráð fyrir að Landsbankinn hafi að einhverju leyti staðið við þetta, ég veit það ekki. En tel eðlilegt, fyrst þessi mál ber svona að, að hæstv. viðskrh. upplýsi nákvæmlega hvernig staða Landsbankans er og hvort það sé eitthvað sem þurfi að gera betri grein fyrir, úr því að það er farið fram á þessa heimild. Ég endurtek og dreg sérstaklega fram að ég hef ekki nokkra ástæðu til að halda að svo sé vegna þess að ársreikningur Landsbankans fyrir síðasta ár hefur verið afgreiddur. Þar kemur fram að eiginfjárstaða sé í góðu lagi, án þess að ég geti nokkuð lagt mat á það. En allar uppáskriftir eru með eðlilegum hætti og það er ekki nokkur ástæða til að halda annað. Hins vegar er rétt að hæstv. viðskrh. láti fara nákvæmlega yfir þau skilyrði sem sett voru með þessum þætti.

Úr því að málefni Landsbankans eru komin hér til umræðu er ástæða að spyrja hæstv. viðskrh. um samræmi milli stefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. í vaxtamálum og stefnu Landsbanka Íslands. Ég sem áhugamaður um bankamál og rekstur hef tekið eftir því í fjölmiðlum að menn virðast tala þar dálítið út og suður eftir því hvort það er hæstv. viðskrh. sem tjáir sig um vaxtamál eða hvort það er fyrrv. alþingismaður, bankastjóri Landsbankans, Sverrir Hermannsson. Hæstv. viðskrh. ásamt öðrum þingmönnum stjórnarliðsins stendur að frv. um fjármagnstekjuskatt. Við ræddum tvö frv. í síðustu viku. Við í stjórnarandstöðunni lögðum fram dálítið öðruvísi útfært frv., en ráðherra stendur að frv. um fjármagnstekjuskatt. Þá minnist ég yfirlýsingar bankastjóra Landsbankans um það að verði þetta frv. um fjármagnstekjuskatt að lögum þá ætli landsbankastjórinn, (**Gripið fram í:** Nefndu hann. Nefndu hann.) Sverrir Hermannsson, að greiða þennan skatt fyrir sína sparifjáreigendur. Hér eru menn að gefa gjafir og er það nú ánægjulegt að heyra um örlæti bankastjóra ríkisviðskiptabanka. (**Gripið fram í:** Af annarra manna fé.) Af annarra manna fé. Það hefur nú stundum verið sagt um stjórnmálamenn að líklega væri ekkert eins auðvelt í stjórnmálum og að lofa gjöfum af annarra manna fé. En ég vil spyrja hæstv. viðskrh. út í þessa yfirlýsingu. Hvað er hér á ferðinni? Hvaða fjárheimild eða hvaða stefna kemur fram í orðum landsbankastjóra varðandi það að hann ætli að fara að greiða skatta sem Alþingi hugsanlega ákveður að leggja á tilteknar innstæður eða eignarhluta? Er þetta einhver stefna sem ríkisstjórnin ætlar að taka upp á öðrum vettvangi, að greiða e.t.v. skuldir segjum húsbyggjenda eða fólks sem á erfitt uppdráttar? Má búast við að einhver stór ríkisforstjóri komi og gefi slíkar yfirlýsingar? Og eru þær þá bindandi? Það er fullkomin ástæða til að fá svör við þessu vegna þess að þetta er ekkert gamanmál. Þetta er langstærsti banki landsins og hér er um að ræða yfirlýsingar bankastjórans. Nú hefur bankastjórinn alveg verið fullkomlega maður til að skýra sín mál og tala fyrir sínum málum. Hann hefur gert það með stakri prýði. Það hefur aldrei farið neitt á milli mála hvað bankastjórinn Sverrir Hermannsson hefur meint þegar hann hefur talað. Mættu margir taka sér hann til fyrirmyndar. (**JBH:** Nú er það stundum ekki skilið ...) Ég vil hins vegar fá að reyna að átta mig á þeirri stefnu sem þarna liggur á bak við og hvernig hún fellur inn í stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er eiginlega það samræmi sem ég á dálítið erfitt með að átta mig á. Ég sé að hæstv. viðskrh. er í salnum eins og um var beðið og allt gott er um það að segja. Ég vil líka rifja upp að bankastjórinn sem ég er að nefna talaði um hæstv. fjmrh. sem fúaspýtu. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh., því ég veit að hann ætlar að útskýra öll mál Landsbankans: Hvernig ber að skilja svona ummæli? Þannig er að við hér í stjórnarandstöðunni sem stöndum að þessu minnihlutaáliti um tiltekið tæknilegt frv., áttum okkur á þeirri samstöðu sem ríkir í bankamálum ríkisstjórnarinnar og tengdum fyrirtækjum. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að þetta sé skýrt mjög nákvæmlega fyrir okkur því eins og ég sagði áðan þá eru orð bankastjórans afskaplega skýr. Því ber að fagna. Það er hins vegar útlegging yfirmanns bankamála, þ.e. viðskrh., sem er nauðsynlegt að fá betur fram.

Herra forseti. Ég hef reynt að draga fram þá afstöðu okkar í minni hlutanum að það sé fráleitt og hafi verið fráleitt að taka þetta mál inn í frv. eins og meiri hluti nefndarinnar gerir með þessu ákvæði til bráðabirgða II, að veita 1 milljarð í heimild til endurfjármögnunar á víkjandi láni. Það er engin rökstuðningur fyrir því nema ef vera skyldi þessi breyting á bankanum í hlutafélag. Þá á það mál allt að koma upp á borðið og atburðarásin að liggja ljós fyrir þannig að menn taki afstöðu til þess ef menn kjósa að gera Landsbankann mjög vel úr garði ef og þegar honum verður breytt í hlutafélag.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að þessi mál séu rædd á hinu háa Alþingi út frá forsögu málsins, út frá því formi sem meiri hlutinn kýs að láta málið ganga fram í og að öll þau málefni sem tengjast Landsbanka Íslands, forsaga málsins og hvernig Landsbankinn kemur að frv. ef að lögum verður, komi líka skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. Það er nauðsynlegt að öll þau atriði sem ég hef nefnt hér verði skýrð ítarlega í þessari umræðu vegna þess að málið er bæði flókið og í reynd hápólitískt.

[16:42]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil færa hv. þm. þakkir fyrir ítarlega ræðu. Í stjfrv. var upphaflega gert ráð fyrir því að ríkisviðskiptabankar gætu tekið víkjandi lán án þess að einhverja sérstaka samþykkt Alþingis þyrfti í hvert sinn. Nú er það oft í meðförum þingsins og í frumvörpum að sum frv. eru til breytinga á ýmsum lögum og einum lögum er oft breytt af mjög mörgum ástæðum. Menn tína til tæknilegar breytingar eins og hv. þm. nefndi. Reynslan kennir mönnum að það þurfi að breyta einhverju frv. Síðan gerist eitthvað á vettvangi hins Evrópska efnahagssvæðis og síðan finna menn að kannski er ástæða til að kíkja á þessa grein varðandi eiginfjárkröfurnar og varðandi möguleika ríkisviðskiptabankanna

til að taka víkjandi lán. Það er sérstök ástæða til að breyta þessum lögum.

Nú er ég að velta því fyrir mér hvort hv. þm. líti svo á að það eigi að taka upp þá reglu hér á Alþingi, að fyrir hverja ástæðu sem menn ætla að breyta frv. eða breyta lögum, þurfi að flytja sérstakt frv.

[16:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson spurði mig hvort það ætti að flytja sérstakt frv. ef ástæður breyttust varðandi þetta mál sem ég nefndi, þ.e. þetta víkjandi lán. Þannig skildi ég hann. Það sem ég er að segja og er mjög skýrt og kom mjög vel fram í máli mínu, var að þegar frv. er lagt fram var ekki getið um áhrif þessara breytinga. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það má segja að það er eiginlega fyrst þegar umsagnir berast varðandi frv. að nefndarmenn átta sig á mikilvægi þessa ákvæðis í 2. gr. frv. sem snertir víkjandi lán, og menn fóru að skoða þann þátt betur. Alveg eins og ég lýsti áðan kaus nefndin í fyrsta umgangi að láta þetta ákvæði falla niður en síðan varð atburðarásin eins og ég lýsti.

Það sem ég færði hins vegar alveg fullkomin rök fyrir, herra forseti, var að þessi efnisatriði um víkjandi lán í Landsbankanum til endurfjármögnunar er allt annað mál en tæknileg breyting, EES-breyting eða smávægileg breyting. Það kalla ég ástæðu, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, fullkomlega eðlilega ástæðu að taka það mál sérstaklega til skoðunar, annaðhvort að flytja það sérstaklega eða sem hefði verið enn betra og var rætt í nefndinni, að fella það inn í það frv. sem stóð til að flytja um breytingu Landsbanka Íslands í hlutafélag. Það var hin fullkomlega rétta og eðlilega og formlega afstaða sem menn áttu að taka í þessari nefnd. Þetta er ekkert smámál sem hér er á ferðinni. Einhverjir sögðu að hér væri verið að lauma í gegn ýmsum hlutum. Ég ætla ekkert að viðhafa þau orð í sambandi við þetta mál en ég bendi á að þessi afgreiðsla meiri hluta nefndarinnar var fullkomlega óeðlileg eins og málið var vaxið.

[16:46]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega verið að breyta þessum lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og fyrir því hafa menn nokkrar ástæður. Ég var stundum að velta því fyrir mér undir ræðu hv. þm. og ekki síst þegar maður hugsar til mælskubragða hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem segir oft í fyrsta lagi, í öðru lagi og í þriðja lagi hvort það sé að verða hluti af þingsköpunum í framtíðinni að það þurfi að fara að flytja sérstakt frv. fyrir hvern putta sem menn ætla sér að nota sem ástæðu til þess að breyta einhverjum ákveðnum lögum.

[16:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum í dag fjallar um aðlögun og breytingu að tilskipun ESB um eigið fé, eftirlit með og áhættudreifingu innlánsstofnana. Þær eru sjálfsagðar og til bóta. Þó verð ég að gera athugasemd við tvö atriði í áliti meiri hluta efh.- og viðskn. sem ég skrifaði undir. Ég skrifaði þess vegna undir nefndarálitið með fyrirvara. Þessi atriði eru annars vegar skipting tryggingarsjóða í tvennt og hins vegar heimild til ríkisviðskiptabanka að endurfjármagna víkjandi lán sín.

Herra forseti. Í reglum ESB er gert ráð fyrir að stofnsettir séu og starfræktir tryggingarsjóðir við innlánsstofnanir sem tryggi innstæður undir 1,7 millj. kr., þ.e. 20 þús. ECU. Ekki kom fram í nefndarstarfinu hvað mundi gerast ef þessir sjóðir dygðu ekki fyrir töpum. Þó má óbeint lesa úr tilskipuninni að þá beri ríkissjóður ábyrgð. Með því að hafa tvo tryggingarsjóði getur annar lent í greiðsluvanda og tæmst og ekki staðið við skuldbindingu sína að borga tjón upp á 1,7 millj. og lendir tjónið þá á ríkissjóði þó að hinn tryggingarsjóðurinn sé fullur af fé. Þannig að þetta fyrirkomulag, að hafa tvo tryggingarsjóði í ekki stærra efnahagskerfi, getur valdið ríkissjóði tjóni.

Annað atriðið er breyting sem hefur ekkert með tilskipanir ESB að gera og varðar heimild ríkisviðskiptabanka til að taka víkjandi lán. Hér hefur nokkuð mikið verið rætt um víkjandi lán og kannski ekki nægilega vel skilgreint. En það er millistig á milli hlutafjár og lánsfjár í venjulegum hlutafélögum. Eingöngu er heimilt að greiða af víkjandi láni ef fyrirtæki hefur staðið við skuldbindingar sínar gagnvart öðrum lánveitendum og það kemur því næst á undan hlutafé til endurgreiðslu. Munurinn á því og hlutafé er sá að víkjandi lán ber fasta vexti en af hlutafé er greiddur arður eftir aðstæðum og hag félagsins hverju sinni. Víkjandi lán er því eðli sínu samkvæmt millistig á milli hlutafjár og lánsfjár.

En hvað þýðir víkjandi lán hjá ríkisviðskiptabanka sem hefur ríkisábyrgð? Þá gerist dálítið merkilegt. Þá er ríkisábyrgð á þessu víkjandi láni og það er þar af leiðandi ekki víkjandi. Það verður alltaf greitt. Það er ekki nándar nærri sama áhætta að veita ríkisviðskiptabanka með ríkisábyrgð víkjandi lán og að veita hlutafélagi víkjandi lán þar sem áhættan felst í því að fyrirtækin geti ekki borgað. Þvílíkur pappír er í rauninni ríkisskuldabréf. Hér hefur áður verið rætt um um áhrif víkjandi lána á efnahag, þ.e. efnahagurinn getur vaxið um 1:8% eða um 12,5-falt þannig að milljarður í víkjandi lán til ríkisviðskiptabanka eða til banka yfirleitt þýðir að BIS-reglurnar leyfa 12,5 milljarða í útlán.

Þetta ákvæði snýr eingöngu að Landsbanka Íslands þar sem ríkisviðskiptabankarnir hafa ekki fengið víkjandi lán, þ.e. Búnaðarbankinn hefur ekki fengið víkjandi lán.

Eins og lausnin fannst hjá meiri hluta efh.- og viðskn. var um það að ræða að Landsbankanum skyldi vera heimilt að endurfjármagna greiðslur af víkjandi lánum. Greiðslur sem hann átti að inna af hendi á árabilinu 1994–1997. Samtals tæplega milljarður kr. Í samræmi við núgildandi lög, þ.e. ákvæði sem verða ekki tekin út, á að standa áfram um að slíkar fjárveitingar eða slíka heimild til þess að taka víkjandi lán skuli bera undir Alþingi vil ég undirstrika að með samþykki brtt. meiri hlutans er í reynd verið að samþykkja slíka heimild. Þ.e. Alþingi er að veita slíka heimild og er það algerlega í samræmi við ákvæði laganna.

Þessi heimild styrkir eiginfjárstöðu Landsbankans á þessu árabili um nálægt milljarð og þess var eindregið óskað af bankastjórn Landsbankans og það aðeins þremur árum eftir að björgunaraðgerðunum miklu 1993 lauk sem áttu að vera endanlegar. Rökstuðningurinn var m.a. að það er hugsanlegt að BIS-reglurnar verði skertar þannig að vissar eignir sem teljast nú til eigin fjár teljist ekki til eigin fjár ef BIS-reglum verður breytt og til að mæta því í framtíðinni var ákveðið að fara fram á þessa heimild.

Meginvandinn á bak við þetta er of lítill hagnaður bankanna. Það er of lítill hagnaður íslenskra banka og þá sérstaklega Landsbankans sem hefur ekki hagnað til þess að geta

staðið við að greiða af þessu víkjandi láni þannig að eigið fé minnkar ár frá ári.

[16:53]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis vekja athygli á því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan. Hann skrifaði undir meirihlutaálit með fyrirvara og gerði grein fyrir þeim fyrirvara sem var tvíþætt, annars vegar varðandi tryggingarsjóð og hins vegar varðandi ákvæði til bráðabirgða II. Tryggingarsjóðsákvæðið í minni hlutanum, við stöndum að þeirri útfærslu eins og þar er, ég ætla ekki að fara út í þá umræðu. Hins vegar er alveg hægt að rökstyðja aðra útfærslu en ég dreg alveg sérstaklega fram að hv. þm. Pétur Blöndal er sammála okkur minnihlutamönnum, mér og hv. þingmönnum Jóni Baldvini Hannibalssyni og Steingrími J. Sigfússyni að leggjast gegn ákvæði til bráðabirgða II, þ.e. þessu víkjandi láni. Þess vegna geta þeir verið með okkur á minni hlutanum, það skiptir ekki öllu máli en hann gerði alveg skilmerkilega grein fyrir fyrirvara. Hann er sömu skoðunar og við varðandi þetta mál en kemst kannski öðruvísi að þessari niðurstöðu. Það breytir ekki öllu en ég dreg þetta sérstaklega fram því að hvað sem má segja um pólitískar skoðanir hv. þm. sem hann hefur lýst oft og tíðum verður ekkert af honum tekið að hann kann ágætlega að meta þá þætti sem snúa að fjármálamarkaðnum og kann vel að leggja þar rétt mat á hlutina. En mér finnst í bráðabirgðaákvæði II um víkjandi lán Landsbankans, sem fer algerlega saman við sjónarmið okkar minnihlutamanna, hafi hann tekið pólitískt hugrakka ákvörðun í því að ganga þarna gegn sínum eigin flokki að nokkru leyti og ég fagna því að þetta skuli koma fram með þessum hætti.

[16:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem síðasti ræðumaður sagði að ég gæti verið sammála minnihlutaálitinu en jafnrétt er það að þeir gætu hafa skrifað undir samkomulag eða álit meiri hlutans með fyrirvara nákvæmlega eins og ég. Ég taldi þessa breytingu ekki vera það mikla að það þyrfti að flytja um það sérstakt álit nefndarinnar og þar greinir okkur kannski á. En þeir þingmenn sem skrifuðu undir álit minni hlutans hefðu getað skrifað undir álit meiri hlutans með fyrirvara.

[16:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg einungis fram í umræðunni eins og ég hef reynt að gera að þetta ákvæði til bráðabirgða II er stórpólitískt mál og stórpólitískt mikilvægt efnahagslegt mál þannig að það ber að gera sérstaklega grein fyrir því í minnihlutaáliti eins og við kusum. Ég hins vegar skil mjög vel afstöðu hv. þm. Péturs Blöndals að hann kjósi að fara þá leið að skrifa undir með félögum sínum með fyrirvara og gera grein fyrir honum. Það er mjög algengt með stjórnarþingmenn en ég legg sérstaka áherslu á það að þetta mál er miklu stærra en svo, bæði pólitískt og efnahagslega, að menn hefðu getað afgreitt það á einhvern þann máta að standa að áliti með fyrirvara. Þetta mál þurfti akkúrat að leggja upp með þessum skýra hætti eins og við minnihlutamenn höfum gert í áliti okkar.

[16:57]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Ég er hluti af þeim meiri hluta sem stendur að þessu ákvæði II til bráðabirgða sem segir að ríkisviðskiptabanka sé fram til loka árs 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar víkjandi lánum sem bankinn hafi þegar tekið. Eins og þegar hefur komið fram í umræðunni er einungis um Landsbankann að ræða því að Búnaðarbankinn mun ekki hafa svona víkjandi lán.

Ég verð að viðurkenna að í upphafi þegar þetta kom til skoðunar í nefndinni hafði ég mikla samúð með þeim sjónarmiðum sem fram koma hjá minni hlutanum að ríkisábyrgðir séu ekki veittar nema um það sé fjallað sérstaklega á Alþingi. Sérstaklega í ljósi þess þegar það kom fram hjá bankastjórn Landsbankans að í sjálfu sér væri ekki knýjandi þörf á því að bankinn fengi þessa heimild.

Við nánari skoðun á málinu ákvað ég að það væri réttara að standa að málinu eins og gert er í áliti meiri hlutans og ég ætla aðeins að fara yfir þær ástæður sem ég hef fyrir því. Það hefur komið fram að þessi svokallaða BIS-regla gerir þá kröfu að eiginfjárhlutfall banka sé að lágmarki 8% og eigið fé Landsbankans var um síðustu áramót 6.195 millj. kr., hafði hækkað lítillega frá árinu áður. Þetta þýðir að eiginfjárhlutfall Landsbankans er 9,38% þannig að hann er vel yfir þessum 8% sem BIS-reglurnar ætlast til.

Landsbankinn var í árslok samkvæmt reikningunum með víkjandi lán upp á 1.564 millj. Annars vegar var þar vísitölutryggt lán frá Seðlabankanum sem ber 8% vexti og á að endurgreiðast á næstu tveimur árum og hins vegar lán frá Tryggingarsjóði viðskiptabanka sem var að hluta á 5% vöxtum og að hluta á breytilegum vöxtum. Þetta á að endurgreiða með jöfnum afborgunum á tímabilinu 1999–2033. Ef við skoðun síðan eigið fé Landsbankans, þessar tæpar 6.200 millj. og þetta víkjandi lán, þ.e. það sem kallað er eiginfjárþáttur A og eiginfjárþáttur B, þá kemur í ljós að eigið fé er 80% og 20% er eiginfjárþáttur B eða víkjandi lán sem er náttúrlega töluvert af eigin fé bankans.

Lausafjárstaða bankans er sögð góð og bönkunum ber að hafa að lágmarki 10% lausafé að grunni sem er að stærstum hluta skilgreindur þannig að hann sé innlán og verðbréfaútgáfa. Þetta þýðir að Landsbankinn þarf að hafa um 7 milljarða kr. í laust fé á hverjum tíma. Í ársbyrjun í fyrra eða 1995 var Landsbankinn með 11% lausafjárhlutfall, þ.e. prósent yfir því sem lögin kveða á um. Það lækkaði hins vegar þegar leið á árið og fór undir 10% að ég hygg undir árslok.

Nú taldi ég að það þyrfti að líta til þess að það mætti ekki hamla bankanum of mikið ef þetta sveiflaðist, bæði lausafjárhlutfallið og eins eigið fé af einhverjum ástæðum. Ef við kíkjum á eftirlaunaskuldbindingar bankans þá kemur þar fram að samkvæmt tryggingafræðilegu mati voru áunnin réttindi til eftirlauna 9,9 milljarðar í árslok 1995 og af þeirri fjárhæð hafa aðeins 5,8 milljarðar verið lagðir í sjóð. Landsbankinn skuldar þannig inn í sjóðinn 3.786 millj. Að vísu hefur bankinn gjaldfært 3.400 millj. til að mæta þessu, það vantar aðeins 347 millj. upp á gjaldfærslu, en þessum 3.439 millj. sem bankinn hefur gjaldfært, hefur ekki verið skilað inn í eftirlaunasjóðinn. Ef bankanum væri breytt í hlutafélag þá finnst mér ekkert ólíklegt að Alþingi geri kröfu um að bankinn standi skil á þessu inn í viðkomandi eftirlaunasjóð. Þá hefði það veruleg áhrif á lausafjárstöðu bankans ef það ætti að taka þetta þar út. Reyndar má skjóta því inn í að það

sama er að segja um Búnaðarbankann, hann hefur gjaldfært en á eftir að standa skil á um 1.400 millj. inn í viðkomandi sjóð.

Það hefur komið fram að sé einum milljarði bætt við í víkjandi lán er hægt að bæta afkomu bankans um 12,5 milljarða. Verði bankinn með sama hætti að greiða niður þau víkjandi lán sem hann hefur tekið þarf hann jafnframt að minnka umsvif sín ef eigandinn, ríkissjóður, er ekki tilbúinn að koma með eigið fjárframlag á móti sem ég hygg að menn séu ekki. A.m.k. hefur ekki verið rætt á Alþingi að menn séu tilbúnir að auka eigið fé bankans með því að taka það af skattfé almennings. Ef draga þarf saman efnahagsreikninginn samfara því sem bankinn greiði niður þessi víkjandi lán sem hann hefur nú þegar tel ég að það muni bitna harðast á þeim sem hafa erfiðasta stöðu í bankanum og þetta geti komið mjög illa við lántakendur bankans úti á landsbyggðinni. Í ljósi þessa sem ég hef rakið, þ.e. hversu viðkvæm lausafjárstaðan er og síðan þetta að bankinn getur þurft að minnka umsvifin ákvað ég að standa að þessu að heimila tímabundið að bankinn gæti haldið sér í þeirri heimild sem honum hefur verið veitt á Alþingi til töku víkjandi lána.

Hins vegar verð ég að viðurkenna að á síðari stigum fór ég að fá ákveðnar efasemdir og bakþanka um að þessi ákvörðun væri rétt. Þær efasemdir stöfuðu fyrst og fremst af því að ég fór að fá efasemdir um að bankastjórn Landsbankans, þ.e. einn bankastjórinn, Sverrir Hermannsson, miðað við þau ummæli sem hann hefur viðhaft í fjölmiðlum um ráðherra í ríkisstjórn Íslands, væri í jafnvægi til þess að fara með þetta lánsfé. Ég verð að segja alveg eins og er að mig undrar það að húskarl hjá ríkisstjórn Íslands skuli leyfa sér það að líkja fjmrh. við fúaspýtu.

Það undrar mig líka að sami karl skuli leyfa sér að væna hæstv. dómsmrh. og sjútvrh. um að hafa farið illa með fjármuni ríkisins, hafa nánast glutrað þeim út úr höndum sér eins og hann hefur verið að væna hæstv. sjútvrh. um í tengslum við söluna á SR-mjöli. Það undrar mig einnig að bankaráð Landsbankans skuli líða þessum starfsmanni sínum að tala þannig um hæstv. viðskrh. að hann hafi ekki vit á bankamálum eins og haft er eftir þessum tiltekna bankastjóra í einhverju blaði. Ég segi alveg eins og er að þegar ég fór að lesa þetta fékk ég hreinlega efasemdir um að rétt væri að láta þennan banka hafa svona stóran efnahag til forvöltunar, ef ég má orða það svo.

Ekki batnaði það þegar ég sá bréf bankastjórnar Landsbankans til efh.- og viðskn. Ég er því miður ekki með það bréf, en orðalagið í því var þess efnis að efasemdir mínar jukust. Sama segir eftir að ég fór að sjá reikninga bankans, rekstrarafkomu hans, sem ég sá reyndar ekki fyrr en búið var að ganga frá þessu nefndaráliti, en þar kemur fram að samhliða því að framlag í afskriftareikning útlána lækkar milli ára frá 1994–1995 um 721 millj. kr., þá batnar samt hagur bankans ekki nema um 155 millj. Með öðrum orðum, rekstur bankans versnar um nærri hálfan milljarð. Þrátt fyrir að menn gætu lækkað framlag í afskriftareikning versnaði rekstur hans um nærri hálfan milljarð kr. Sama átti sér stað í Búnaðarbankanum. Þar lækkuðu framlög í afskriftareikning um 142 millj. en hagnaður bankans jókst um 11 millj. Þessir bankar eru því ekkert að ná tökum á rekstrarstöðu sinni.

Í Landsbanka Íslands er ágætis fólk, flest af því ágætisfólk. Þar eru þrír bankastjórar og þar er bankastjóri m.a. Björgvin Vilmundarson, mikill ágætismaður með mikla reynslu í bankamálum, og ágætismaður formaður bankaráðs, Kjartan Gunnarsson. (**JBH:** Með reynslu af stjórnmálum?) Já, og reynsla af stjórnmálum kemur sér oft vel, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, líka í bankarekstri hvort sem það er í Seðlabanka eða viðskipabönkum enda er löng hefð fyrir því að menn flytjist þangað sem hafa skarað fram úr á þingi. Ég treysti því — þrátt fyrir það sem ég hef sagt um að ég hafi fengið bakþanka eftir þessi ummæli Sverris Hermannssonar — að bankinn sé hæfur til að fara með efnahag sem er yfir 100 milljarða. Samt sem áður treysti ég á þá ágætismenn sem eru þarna líka að þeir geti haldið utan um þetta fé og þess vegna varð það niðurstaða mín að standa að þessu meirihlutaáliti.

[17:08]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þangað til ég hlýddi á seinasta hv. ræðumann stóð ég í þeirri trú að hér væri til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. En eftir að hafa heyrt hina gagnmerku ræðu hv. þm. er ég farinn að halda að hér eigi að standa frumvarp til laga um málræktarsjóð fyrir þá bankastjóra Landsbankans sem fara offari og kunna ekki að gæta tungu sinnar. Hér er verið að vísa til bankastjóra í ríkisfyrirtæki sem á tiltölulega skömmum tíma hefur afrekað það að kalla hæstv. viðskrh. vaxtaflón, hæstv. fjmrh. fúaspýtu og maður getur yfirleitt ekki tekið sér í munn heiti hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. því það er ekki eftir hafandi úr þessum ræðustóli, þær nafngiftir sem þeim manni eru valdar.

Þrátt fyrir það að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, formaður nefndar um hlutafjárvæðingu ríkisbanka, hafi efasemdir um að jafnvægi hugans ríki í bankastjórn Landsbankans og að bankastjórninni sé þar af leiðandi nánast ekki treystandi fyrir svo viðamiklum rekstri er það einfaldlega svo að inn í þetta tæknilega frv., sem hefur þann tilgang einan að gera tæknilegar breytingar á gildandi löggjöf í framhaldi af nýjum tilskipunum Evrópusambandsins sem gilda einnig á Evrópska efnahagssvæðinu, þá hefur verið lætt inn smyglgóssi sem er þessi málræktarsjóður sem ég vitnaði til og hv. þm. gerði að umtalsefni.

Ég stend ekki upp til þess að bæta miklu efnislega við athugasemdir sem fram hafa komið í máli frsm. minni hlutans, hv. þm. Ágústs Einarssonar, heldur vil ég nota þetta tækifæri til þess að leggja á það áherslu að það er með öllu óviðeigandi að læða þessu smyglgóssi inn í frv. Það á ekkert erindi þar. Reyndar má vel vera að það leiði til ákveðinna efasemda og tortryggni á fjármálamarkaði en þess vegna er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt og skilmerkilega fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndarmenn fengu er Landsbanka Íslands engin nauðsyn á sérstökum nýjum björgunarleiðangri vegna þess að það liggur fyrir að eiginfjárstaða bankans um síðustu áramót er í lagi, hún er yfir alþjóðlegum mörkum þar sem lágmarkskröfur eru gerðar og þess vegna engin þörf á því að vekja upp slíka tortryggni eða efasemdir.

Þetta er þýðingarmikið mál og ég nefni það sérstaklega af þeirri einföldu ástæðu að ég átti á sínum tíma hlut að því sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands að bregðast við neyðarkalli og áheiti um björgunarleiðangur fyrir Landsbankann á árinu 1993. Sá björgunarleiðangur var gerður út og tillögur afgreiddar á Alþingi Íslendinga vorið 1993. Það er ástæða til að víkja að þessu vegna þess að því var yfirlýst þá af þeim sem veittu aðstoðina og sérstaklega voru ákveðnar yfirlýsingar af þeim sem þágu umbeðna aðstoð að þetta skyldi ekki

skapa fordæmi, að þetta væri einstök aðgerð til komin vegna breyttra krafna um eiginfjárstöðu bankakerfisins og sannanlega skyldi þannig haldið á málum að á þetta reyndi aldrei aftur. Mér er það mjög minnisstætt að digrar yfirlýsingar voru gefnar af því tilefni. Þessar aðgerðir voru þríþættar sem hér hefur verið rakið og þessi fyrirgreiðsla var veitt, bæði af hálfu Seðlabanka, Tryggingarsjóðs viðskiptabankanna og ríkissjóði og talið er að þessar aðgerðir hafi styrkt eiginfjárstöðu bankans samanlagt um 4,5 milljarða. En jafnframt var því lýst yfir að þetta væri gert með skilyrðum og skilyrðin voru þau að bankastjórnin gripi til aðgerða til þess að sýna í verki að engin minnsta hætta væri á því að þetta þyrfti að endurtaka. Það átti að gera með hagræðingaraðgerðum, með því að stokka upp eignaraðild í óskyldum rekstri, með því að fækka útibúum og selja eignir. Nú spyr ég þegar þessi tími er um liðinn og þetta kemur aftur fyrir hæstv. viðskrh.: Er ekki eðlilegt að hæstv. viðskrh. geri Alþingi Íslendinga nú grein fyrir því hvernig staðið hefur verið við þessi skilyrði? Var staðið við þau? Ef ekki, hefur það aðeins verið gert að hluta til? Hvaða árangur hafa þessar ráðstafanir borið?

Við stóðum í þeirri trú að ef til þessara aðgerða yrði gripið ætti ekki að vera nein hætta á því að þennan björgunarleiðangur þyrfti að gera út á ný. Þetta eru auðvitað mjög alvarleg mál vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að hér er um að ræða sjálfan þjóðbankann, aðalbanka landsmanna, í ríkiseigu. Hann þarf mjög á því að halda að njóta trausts viðskiptavina og almennings og það er þess vegna ekkert gamanmál fyrir þá sem bera ábyrgð á rekstri þessa banka ef umræða kemur upp á fárra ára fresti um nauðsyn sérstakra björgunarleiðangra af hálfu opinberra aðila. Ég vil þess vegna undirstrika að það er engin nauðsyn á því. Við höfum óyggjandi upplýsingar um það að svo sé ekki. Þess vegna er þetta með öllu óeðlilegt. Bæði af formsástæðum á þetta ekki heima í þessu frv. um alls óskyld mál, af viðskiptalegum ástæðum er þetta ónauðsynlegt og af pólitískum ástæðum er þetta varasamt. Hvers vegna þá að vera að þessu? Einu rökin, sem fram eru borin sem hald ætti þá að vera í eru þau að þetta kunni að vera nauðsynlegt síðar meir í ljósi áforma ríkisstjórnarinnar um að breyta rekstrarformi bankans í hlutafélag og þá með þeim rökum að einhver hluti af eignum bankans kunni að vera endurmetinn niður á við og það kynni þannig að hafa áhrif á eiginfjárstöðu bankans. Þá er spurningin þessi: Hvers vegna að læða þessum aðgerðum inn í frv.? Hvers vegna að gera það núna? Rekur nokkur nauður til þess? Staðreyndin er sú að þessi áform hæstv. ríkisstjórnar eru í meira lagi óljós. Því var lýst yfir að slíkt frv. yrði jafnvel lagt fyrir á þessu þingi. Nú hefur því verið lýst yfir af hálfu formanns nefndarinnar, sem vinnur að undirbúningnum, að svo verði ekki. Það komi þá í fyrsta lagi til kasta næsta þings og þess vegna er engin tímapröng til þess að grípa til slíkra hluta fyrir fram og reyndar varasamt.

Þar fyrir utan má segja að hér sé um að ræða ákveðið grundvallaratriði. Það er ekki tilviljun að meiri hluti Alþingis komst að þeirri niðurstöðu sem lýsir sér í því ákvæði sem upphaflega átti að nema á brott, með leyfi forseta, ákvæði sem hljóðar svo:

„Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 75. gr. laga þessara."

Í máli frsm. minni hlutans kom fram að þetta væri eðlilegt varúðarákvæði og það hefði verið ríkjandi skoðun innan nefndarinnar að þetta ætti ekki að nema á brott. Þetta væri eðlilegt skilyrði við slíkar kringumstæður. Það er svo stutt sérstökum tæknilegum rökum varðandi eðli víkjandi láns og áhrif þess sérstaklega að því er varðar margfeldisáhrif sem geta þýtt getu til þess að auka mjög við skuldastöðu. Í ljósi þess að hér er um að ræða ríkisbanka með fullri ríkisábyrgð er það grundvallaratriði, spurningin sem Alþingi verður að velta fyrir sér, hvort Alþingi vilji afsala sér þessu umsjónar- og aðhaldsvaldi sínu. Sannleikurinn er sá að með því að afnema þetta ákvæði er verið að veita bankastjórum ríkisbanka meira vald en æðsti yfirmaður ríkisfjármála, hæstv. fjmrh., hefur og út frá þingræðissjónarmiði og öðrum sjónarmiðum varðandi aðhald í opinberum rekstri er það ekki verjandi.

Þess vegna legg ég á það áherslu að það er rétt afstaða að mínu mati, og styðst við veigamikil rök, sú afstaða minni hlutans að vilja ekki verða við einhverjum tilmælum af þessu tagi, að vilja ekki afsala Alþingi þessu valdi og þar með undirstrika að Alþingi sé ekki afgreiðslustofnun sem bregst við pöntunum af þessu tagi, sér í lagi þar sem þau byggja ekki á neinni brýnni nauðsyn vegna þess að Landsbankinn er vissulega í lagi að því er varðar eiginfjárstöðu og þarf ekki á þessu að halda á þessari stundu. Hitt er svo annað mál að það er í alla staði eðlilegt að ætlast til þess að hæstv. viðskrh., úr því að þetta er gert í formi frv. á Alþingi, noti tækifærið nú og geri Alþingi grein fyrir tveimur meginmálum, annars vegar þeim árangri sem náðst hefur síðan árið 1993 til þess að bæta rekstur, hagkvæmni og eiginfjárstöðu Landsbankans, með hvaða hætti bankastjórnin hefur brugðist við og beitt aðgerðum til þess að fullnægjandi skilyrðum sem sett voru fyrir aðstoðinni og í annan stað er auðvitað sjálfsagt að hæstv. viðskrh. geri Alþingi grein fyrir því hver eru raunverulega áform hans og hæstv. ríkisstjórnar um breytingar á rekstrarformi bankanna. Það þarf að færa þá umræðu af hinu almenna áformastigi um það að þetta sé í skoðun og athugun og komi seinna. Sérstök ástæða er til þess að óska eftir því hvort það liggur alveg fyrir, herra forseti, hvar undirbúningsstarfið er statt, hvort hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, sem talaði áðan og er formaður viðkomandi nefndar, hafi skilað svokallaðri áfangaskýrslu af sér og hvort hæstv. ráðherra telji að undirbúningi sé vel á veg komið og hver áform hans séu þá uppi um að fylgja því eftir. Er ekki alveg ljóst, og það varðar afgreiðslu þessa máls, að slíkt frv. verður ekki lagt fram á þessu þingi? Og ef svo er þá hefur það auðvitað áhrif á afgreiðslu þessa máls.

[17:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég stend að nál. minni hluta efh.- og viðskn. og ber þar af leiðandi ábyrgð á þeirri afstöðu á þeim rökstuðningi sem þar kemur fram og get um flest það sem þar á við vísað til framsöguræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar. Eins og þar kom ágætlega fram er efni þessa máls í raun tvíþætt. Það er annars vegar það frv. sem lagt var fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og efh.- og viðskn. hóf að skoða og ræða og lýtur fyrst og fremst að því að aðlaga íslenska bankalöggjöf enn á ný að samningsákvæðum Evrópusambandsins eða evrópska réttarins og því sem tilheyrir aðild okkar að því í gegnum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og breytingum sem hafa orðið í þeim efnum frá því að lög um viðskiptabanka og sparisjóði voru hér síðast afgreidd, einkum og sér í lagi POST-BCCI-tilskipun. Um það var í sjálfu sér ágæt samstaða í efh.- og viðskn. að þessa hluti hlytum við þurfa að skoða og taka upp í löggjöf okkar eins og samningsskuldbindingum

okkar er háttað. Nokkur fleiri atriði svo sem eins og þau sem vörðuðu fyrirkomulag tryggingamála á innlánum voru til skoðunar í nefndinni og ekki leit út fyrir annað en orðið gæti þokkalegasta samkomulag um afgreiðslu málsins.

Þá gerðust þau tíðindi að viðbótarfarangur bættist í ferðalagið, það sem hv. síðasti ræðumaður hefði e.t.v. einhvern tímann haft tilhneigingu til að kalla smyglgóss. Í ljós kom að ætlunin var að breyta gildandi ákvæðum um meðferð víkjandi lána ef til þess kemur að slík eru tekin eða veitt til þess að styrkja eiginfjárstöðu bankanna. Þar er auðvitað á ferðinni gamall kunningi sem var mjög til umræðu á síðasta kjörtímabili, var stórmál. Eins og kunnugt er var gengið þannig frá þeim hlutum eftir miklar umræður á þingi og ítarlega skoðun þegar til afgreiðslu voru ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans að slíkar ráðstafanir skyldu jafnan bornar undir Alþingi og leitað sérstakrar heimildar fyrir því enda hlýtur það að verða teljast eðlilegt þar sem ljóst er að í reynd er um framlag eða jafngildi framlags úr ríkissjóði að ræða þar sem er veiting víkjandi láns með ríkisábyrgð til bankanna sem telst til eiginfjár þeirra eins og kunnugt er. Þess vegna var eðlilegt að menn yrðu nokkuð langleitir þegar í ljós kom að ætlunin var að lauma inn í ákvæði til bráðabirgða breytingu sem felldi niður þá reglu að jafnan yrði leitað eftir samþykkis Alþingis þegar um slíkt væri að ræða.

Á sínum tíma urðu nokkuð snarpar deilur um það hvort yfir höfuð væri réttlætanlegt að hafa til að mynda það tilhlaup í mögulegum víkjandi lánveitingum upp á að hlaupa sem þó var gert á sínum tíma og var hugsað þannig að til þess mætti grípa ef aðstoða þyrfti fleiri innlánsstofnanir í erfiðleikum þeirra og var þá manna á meðal oft og iðulega rætt fyrst og fremst um það ef til þess kæmi að hlaupa yrði undir bagga með Íslandsbanka. Það varð eftir sem áður niðurstaðan að því tilskildu að sú ábyrgð var takmörkuð og ef til frekari aðgerða þyrfti að koma yrði að leita samþykkis Alþingis. Hvers vegna var þetta nú gert með þessum hætti? Jú, það var m.a. vegna þess að á þeim tíma var hin svonefnda bankakreppa mjög til umræðu og hafði verið úrlausnarefni á annars staðar á Norðurlöndum árin á undan þessum umræðum hér á Alþingi um fyrirgreiðsluna til Landsbankans.

Herra forseti. Það er fullkomlega ástæða til að staldra aðeins við það sem síðan hefur gerst frá vordögum 1993 þegar heimildirnar voru afgreiddar til Landsbankans. Þá sáu menn í sjálfu sér ekki hvert framhaldið kynni að verða. Þá var bankakreppan í algleymingi annars staðar á Norðurlöndum og eðlilegt að menn væru kvíðnir gagnvart því sem kynni að gerast hjá okkur.

Nú segja menn gjarnan að Ísland hafi sloppið ótrúlega vel út úr bankakreppunni, a.m.k. borið saman við þau Norðurlandanna sem versta útreið fengu, Svíþjóð og Finnland. Það má til sanns vegar færa, sérstaklega þegar innlánsstofnanir einar og sér eru teknar, þá er staða Íslands í þessum efnum að því er virðist, fljótu bragði til muna hagstæðari eða til muna skárri en var annars staðar á Norðurlöndum og vantaði þó ekki að bankarnir þar væru einkavæddir og „há-effaðir".

Ef við tökum fjárfestingarlánasjóðina með, sem er eðlilegt, þá kemur í ljós að staðan er nú kannski ekki svo miklu betri — og þó. Ísland stendur eftir sem áður að meðtöldum útlánatöpum fjárfestingarlánasjóða betur en bæði Finnland og Svíþjóð á sambærilegu árabili, ef við tökum til að mynda árin 1989–1994 sem ég hef handbærar tölur um. Þetta er auðvitað áhugavert í samhengi við umræðuna um einkavæðingu bankakerfisins og af því að menn skammast mikið yfir því hvað íslenska bankakerfið sé óhagkvæmt. Formaður einkavæðinganefndarinnar var hér í ham áðan að kvarta undan því að bankarnir hefðu ekki tekið til hjá sér, svo ekki sé nú minnst á þennan voðalega mann í Landsbankanum sem hefur svona dónaleg orð um hæstv. ráðherra, sem er auðvitað mikil kórvilla, að tala ekki af fullnægjandi virðingu um hæstv. ráðherra og þekkingu þeirra á vaxtamálum og því um líkt. En það er samt sem áður staðreyndin á borði að íslenska bankakerfið er þó ekki verra en þetta að ef við horfum á töpin sem slík að við getum út af fyrir sig sagt að við höfum sloppið vel í gegnum bankakreppuna borið saman við hin Norðurlöndin og reyndar fleiri nálæg ríki því flest lönd í kringum okkur hafa með einum eða öðrum hætti orðið að glíma við bankakreppu.

Við getum farið til Bandaríkjanna og Japans. Þar hafa menn fengið sínar bankakreppur, að vísu af nokkuð mismunandi ástæðum, en almennur hægagangur í efnahagslífinu og endurmat á ýmsum verðmætum eins og húsnæði og útlánum til atvinnulífs leiddu víða um lönd til þess að bankar og útlánastofnanir lentu í miklum erfiðleikum. Það er líka nokkuð broslegt að sá bankanna hér, sem hefur orðið að afskrifa hlutfallslega mest, og til marks um það liggur hér fyrir svar á þskj. vegna fyrirspurnar hv. þm. Ögmundar Jónassonar, er einkabankinn. Það er þessi með „háeffið". Þannig er það nú. Þótt þar sé auðvitað um að ræða að nokkru leyti og sjálfsagt að miklu leyti afleiðingar útlána frá því fyrir tilurð Íslandsbanka sem slíks, þá er þar á hinn bóginn væntanlega arfleifð hans frá þeim einkabönkum sem hann er sprottinn upp af. Ríkulegur var nú heimanmundurinn með Útvegsbankanum sáluga og ekki þarf Íslandsbanki að kvarta undan því sem í þeim reikningum fólst. Þetta er allt nokkuð áhugavert, herra forseti, og óhjákvæmilegt að nefna það aðeins af því að samkvæmt upplýsingum sem fengust í efh.- og viðskn. er þetta mál nátengt áformum hæstv. ríkisstjórnar um að einkavæða bankana. Aðrar röksemdir liggja í raun ekki fyrir. Það liggur fyrir að Landsbankinn er í engri slíkri bráðri þörf fyrir að eiginfjárstaða hans verði styrkt sem réttlætir að rjúka til með þessum hætti og smygla ákvæði af þessu tagi með að öðru leyti alls óskyldum efnisatriðum inn í frv. Hvað er það þá? Jú, það var beinlínis upplýst að þetta gæti reynst nauðsynlegt í tengslum við áformaða breytingu á bönkunum. Þá er eðlilegt að staldrað sé við þá stöðu og stöðu okkar í bankamálum almennt.

Það er líka annað, herra forseti, sem ég held að sé að mörgu leyti fróðlegt að ræða í þessu samhengi og hefur ekki verið gert á Íslandi svo neinu marki nemur og það er mismunandi aðferðir sem þjóðirnar hafa farið til að olnboga sig í gegnum þá erfiðleika sem bankakerfin hafa lent í. Þar sker Ísland sig einnig alveg úr. Hér var ekki farin sú leið sem var farin í mjög verulegum mæli á hinum Norðurlöndunum, a.m.k. þremur þeirra, þ.e. Finnlandi, Svíþjóð og Noregi, að ríkið greip beint inn í bankakreppuna og dældi peningum inn í bankana eða tók af þeim óhagstæð útlán. Af hverju var þetta gert? Jú, þetta var gert vegna þess að á hinum Norðurlöndunum vildu menn ekki leysa bankakreppuna þannig að velta þeim byrðum öllum yfir á skuldsetta atvinnuvegi og heimili. Það vildu menn einmitt ekki. Þess vegna gripu menn til þess ráðs að reiða fram herkostnaðinn úr sameiginlegum sjóðum. Það er fróðlegt að fara yfir tölur í þessu sambandi, til að mynda um það hvaða stærðargráður það voru í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð sem dælt var inn í bankakerfið þar.

Ég hef þær tölur miðað við árslok 1993. Þá var svo komið að finnska ríkið hafði beint eða óbeint lagt til samtals 39 milljarða finnskra marka í formi ábyrgðar víkjandi lána og eiginfjárframlaga til finnska bankakerfisins en það er um 8% af þjóðarframleiðslu Finna. Það munar um minna. Í Svíþjóð var þetta þannig að á sama tíma í lok árs 1993 hafði sænska ríkið, þar sem svipuð leið var farin beint eða óbeint, lagt til samtals um 65 milljarða sænskra króna til þeirra banka sem þar höfðu lent í mestum erfiðleikum. Þar á meðal voru hinn frægi Sparbanki, Gautabankinn og fleiri slíkir. Það er um 4,5% af landsframleiðslu Svíþjóðar. Í Noregi var þetta líklega um 3,4% af landsframleiðslu. Þetta hafði afgerandi áhrif á stöðu bankakerfisins í viðkomandi löndum til þess að velta ekki vandanum út í vextina eða vaxtamuninn. Enda tókst þeim a.m.k. í sumum landanna að sigla þokkalega í gegnum þetta.

Hér á Íslandi var valin önnur leið. Að slepptri aðstoðinni við Landsbankann og þeirri fyrirgreiðslu frá vorinu 1993 upp á 4,5 milljarða hefur bæði bankakerfið íslenska og sjóðakerfið velt kreppunni beint yfir á viðskiptavini sína í formi gífurlega hárra vaxta og mikils vaxtamunar. Hvað er þá að gerast? Jú, bankakreppan er fjármögnuð á Íslandi með allt allt öðrum hætti en á hinum Norðurlöndunum. Hún er fjármögnuð með óheyrilegum vaxtabyrðum þeirra sem skulda fé í dag vegna hinna sem tóku lán einhvern tímann fyrr á tíð og gátu ekki staðið í skilum með þau. Til gamans má geta þess, ef við förum í þennan talnalega samanburð, að það lætur nærri að landsframleiðslan á Íslandi sé um 450 milljarðar. Óframreiknað að vísu, erum við að tala um 1% af landsframleiðslu á Íslandi í samanburði við 8% í Finnlandi, 4,5% í Svíþjóð og 3,4% í Noregi. Í grófum dráttum eru þessar tölur svona. Þegar kreppan er hins vegar skoðuð er útkoma Íslands að vísu heldur skárri í prósentum en útkoma Finnlands og Svíþjóðar en ívið lakari en Noregs og þá sérstaklega Danmerkur. Þannig að við höfum svo sannarlega fengið okkar kúf af þessu enda liggur fyrir að milljarðatugir hafa verið afskrifaðir og/eða lagðir á afskriftareikninga á undanförnum árum. Ég vitna aftur til svars við fyrirspurn á þskj. 815 og ef ég man rétt er búið að svara á þessu þingi tveimur fyrirspurnum um útlánatöp og annað því um líkt.

Við þetta, herra forseti, er ástæða til að staldra. Ég held að ef menn ætla að fara að taka þetta góss með þá kalli það á miklu ítarlegri umræður um stöðu þessara bankamála en upphaflega frv. gaf tilefni til. Það er alveg ljóst að það var engin andstaða við að renna því hér í gegn og gera þessar lagfæringar á reglunum til þess að uppfylla þessar seinni tíma samþykktir um málefni banka og sjóða.

Þetta, herra forseti, tel ég að þurfi líka að skoða í samhengi við einkavæðingaráformin og hvað við Íslendingar getum af þessu lært. Er ekki allt þetta tal og mér liggur við að segja kjaftæði, með leyfi forseta, um að það skipti öllu máli hvort það standi hf. aftan við einhverja bankastofnun eða ekki þegar til kastanna kemur meira og minna rugl? Er ekki niðurstaðan sú að ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna hafi reynst nauðbeygðar til að grípa til algjörlega sambærilegra ráðstafana gagnvart vanda einkabankanna eins og við þurftum að gera hér? Alveg nákvæmlega eins. Niðurstaðan er sú að menn láta ekki stóra banka með mikið fé frá almenningi fara á hausinn. Menn bara gera það ekki vegna þess að félagslegar og efnahagslegar afleiðingar þess eru svo djúpstæðar og sársaukafullar að það leggur engin þjóð í það. Þess vegna er það þannig að það er alveg sama hvort við skoðum bankakreppuna á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, í Japan, alls staðar grípa menn til ráða til að afstýra slíku hruni. Þannig er ábyrgð ríkisins til staðar á bak við bankastarfsemina í löndunum, hvort sem þeir eru hf. eða ríkisbankar. Þá er bara ein röksemd eftir og hún er sú hvort það breyti öllu um rekstur bankakerfisins að það sé sett hf. aftan við, að það sé sé töfralausnin. Verður það t.d. þannig að daginn sem hf. kemur aftan við Landsbankann gjörbreytist bankastjórarnir þar eins og það hafi gjörsamlega verið skipt um forrit í þeim? Fara þeir þá að hugsa eins og einkarekstrarmenn og með allt öðrum og ábyrgari hætti? Er það hugsunin? Hvað segir til að mynda mismunandi útkoma Búnaðarbankans og Landsbankans okkur? Hvernig stendur á því að þeim bönkum hefur reitt nokkuð mismunandi af í þessum efnum og eru þó báðir ríkisbankar og byggja á nákvæmlega sams konar lögum og sams konar starfsskipulagi? Nei, auðvitað er þetta algjör einföldun á umræðum, algjör fjarstæða. Bönkum getur verið vel eða illa stjórnað alveg gjörsamlega án tillits til þess hvort þeir eru ríkisbankar eða hlutafélagsbankar. Mörg verstu bankahneykslin og eiginlega öll verstu bankahneykslin í sögunni eru auðvitað í einkabönkum. Ævintýrabankarnir í London, á Ítalíu og víðar voru einmitt dæmigerðir einkabankar. Þetta voru gorkúlubankar sem spruttu upp af einkaframtaki og gengu mjög lausbeislaðir. Þeir voru langt frá armi ríkisins, langt frá eftirlitinu og stóðu ekki á fornum merg í nánum tengslum við seðlabanka og bankaeftirlit. Þannig að þetta er auðvitað enginn málflutningur. Ef það er verið að draslast með óhæfa menn í ríkisbönkum þá er það engin afsökun að það sé vegna þess að þetta séu ríkisbankar. Menn eiga ekkert að vera að fara eins og kettir í kringum heitan graut í þeim efnum. Þá á bara að reka mennina. Það eru til úrræði í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna til þess að áminna menn sem standa sig ekki í stykkinu og eru vanhæfir og svo er ákveðinn prósess sem gildir um það hvernig slíkt gengur fyrir sig. Þannig að ég tek slíkar röksemdir ekki gildar.

Ég sé heldur ekki að sagan hér á Íslandi á seinni missirum og árum sanni mönnum eitt eða neitt í þessum efnum. Auðvitað eiga menn líka að horfa af sanngirni á verkefnin sem bankastofnanirnar eru með. Aumingja Landsbankinn er alltaf tekinn og laminn og barinn vegna þess að hann hafi staðið sig svo illa, það spretta upp alls konar snillingar, hagfræðingar og viðskiptafræðingar sem hafa vit á hlutunum og hafa lært þetta allt í skólum og fordæma Landsbankann.

En hvað hefur Landsbankinn gert á undanförnum árum og áratugum í íslensku efnahagslífi? Hvaða hlutverk hefur hann haft? Hann er meginviðskiptabanki undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar, sjávarútvegsins og hefur orðið að deila kjörum með sjávarútveginum í mjög ríkum mæli. Það er ósanngjarnt að horfa ekki til þess að Landsbankinn hefur tekið á sig gríðarlega afskriftaþörf vegna undangenginna erfiðleika og taprekstrar í sjávarútvegi. Þegar allt kemur til alls eru það kannski mennirnir sem ráku kolvitlausa gengisstefnu á síðasta áratug sem bera aðallega ábyrgðina en ekki endilega bankastjórar Landsbankans í dag.

Mér finnst það satt best að segja ekki svo merkilegt þegar einhverjir skólaspekingar koma fram með hróp um óhæfa stjórnendur. Útlánatöp sem orðið hafa á undanförnum árum voru oft löngu fyrirséð og lágu í forsendum sem liggja langt aftur á síðasta áratug, áratug verðbólgu og vitleysu af ýmsu tagi. Langstærstu ábyrgðina á útlánatöpum bankanna og sumra fjárfestingarlánasjóðanna ber ríkisstjórn

Þorsteins Pálssonar og hin kolvitlausa gengisstefna á árunum 1987–1988. Það er enginn vafi á því að þau ósköp sem þá gerast í skuldsetningu atvinnulífsins eiga mjög stóran þátt í því sem síðar varð og ekki varð við ráðið. Þá var stofnað til erfiðleika í fjölmörgum fyrirtækjum og atvinnugreinum sem gátu aldrei endað öðruvísi en með heilmiklum afskriftum. Það lá alltaf ljóst fyrir, svo aðeins sé nú farið aftur í söguna í þeim efnum. Svo halda menn að einhver „háeffun" dagsins í dag breyti þessu. Það er mikill barnaskapur.

Það getur vel verið að einhvern tíma verði heppilegt og skynsamlegt að breyta um rekstrarform ríkisbankanna, ég hef engin sérstök trúarbrögð uppi í þeim efnum. Ég er ekkert sérstaklega á móti því en ég er enn síður fyrir fram með því bara út í loftið. Ég vil fá rök í þeim efnum eins og endranær áður en ég læt sannfærast. Ég vil sjá hvaða kraftverk gerast við það að þessir tveir litlu bókstafir bætist aftan við nöfn á skýrslum og bréfhausa bankanna. Ég held hins vegar að myndarleg úttekt á stöðu íslenska bankakerfisins, kortlagning á aðstæðum nútímans og hvað sé líklegt á komandi árum í þeim efnum, t.d. hvort við fáum hér inn erlenda bankastarfsemi og samkeppni af þeim toga, hún væri einhvers virði. Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt það til að farið verði mjög rækilega í saumana á því hvort það eigi að stefna þá frekar á sameiningu ríkisbankanna í einn öflugan þjóðbanka. Ég svara því hiklaust játandi þegar eða ef menn telja af innlendum samkeppnisforsendum að það gangi. Auðvitað er það della að ríkið sé að reka tvö útibú hlið við hlið í mörgum litlum byggðarlögum með sitt hvoru nafninu yfir dyrunum.

Það mætti líka hugsa sér að taka upp eldri hugmyndir sem ræddar voru áður en Íslandsbanki varð til, t.d. um mögulegt samstarf sparisjóðanna við einhverja af þessum aðilum. Hugmyndir eru um það að Búnaðarbankanum og sparisjóðunum yrði með einhverjum hætti kúplað saman og búin þar til sæmilega sterk eining. Það gæti líka komið til skoðunar o.s.frv. Það er eitthvað sem skiptir máli. Það er eitthvað sem hefur í för með sér efnislegar breytingar sem maður er tilbúinn til að skoða og leggja vinnu í. En ekki svona rugl, að allt leysist sisvona með einhverjum „háeffum". Og á svo að hafa þá alla þarna áfram, bankastjórana, sem menn keppast um að lýsa óhæfa? Hverju breytir þá „háeffun"? Ég hef ekki mikla trú á því. Getur þá ekki hv. þm. og formaður einkavæðingarnefndar, Gunnlaugur Sigmundsson, 2. þm. Vestf., haldið áfram að koma hér upp með svo ágætar ræður? Ég sé ekki annað en að allar sömu efnislegu forsendur standi eftir þótt þetta verði gert. Þar af leiðandi, herra forseti, tel ég langhyggilegast af meiri hlutanum hér að draga til baka þessa brtt. í ákv. til brb. II og láta málið fá afgreiðslu eins og til þess var stofnað í upphaflegu frv. Um það er ágæt samstaða, a.m.k. að mestu leyti. Það voru að vísu fyrirvarar um einstök tæknileg atriði svo sem eins og tilhögun tryggingarsjóðsins í nefndinni, en það er ekki stórvægilegt.

Hitt er alveg ljóst að ef hér er verið að smygla í dulbúningi inn og í gegn einhverjum undanfara einkavæðingarinnar með þessum hætti gagnvart Landsbanka Íslans, þá hlýtur það að kalla á miklar umræður eða ætti a.m.k. að gera það. Þar er á ferðinni stórmál sem ekki á að láta fara óathugað í gegnum þingið.

Vinnubrögðin, að lokum, herra forseti, í sambandi við þessi bankamál eru náttúrlega nokkuð dularfull að mínu mati. Þetta er mál sem alveg dæmigert ætti að kalla á þverpólitíska undirbúningsvinnu. Þetta er nú einu sinni þjóðbanki. Þetta eru bankar sem þjóðin á, öll þjóðin, ekki bara þeir sem kjósa Framsfl. Bankaráðin eru þannig skipuð að til þeirra er kosið hlutfallskosningu á Alþingi. Því finnst mér það liggja í allri hefð og meðferð þessara mála í stjórnkerfinu yfirleitt að ef menn vilja vinna þetta af einhverri alvöru og samviskusemi og vandvirkni þá hefðu menn í þessu þverpólitíska hóp eða nefnd eða einhverja undirbúningsvinnu. Aðferð Framsfl. sem maður sér í hverju málinu á fætur öðru er að það er skipuð nefnd og formaður hennar er ævinlega einn af hv. þm. Framsfl., yfirleitt nýliði. Það er í hverju málinu hér á fætur öðru. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson er með margar nefndir í gangi. Ég held að hann sé búinn að koma öllum nýliðum þingflokks Framsfl. nema einum í einhverja nefnd, þar sem þeir eru formenn. Einn er að skoða þetta og annar að skoða hitt. Hér hefur hæstv. viðskrh. einmitt sama verklag á. En þetta eru þröngar, lokaðar flokksnefndir undir forustu þingmanna úr þingliði flokks hæstv. ráðherra og öðrum er ekki hleypt að málinu. Er nema von að við stjórnarandstæðingar séum tortryggnir á þessi áform og þessi vinnubrögð þegar þau skjóta upp kollinum með þessum hætti eins og gerir hér í þessu máli? Þetta er ekki til fyrirmyndar, hæstv. viðskrh. Þetta er satt best að segja heldur slakt, svo ekki sé meira sagt. Ef við værum stödd tveimur árum aftar í tímanum og við værum að ræða hér við þær aðstæður að þessi vinnubrögð lægju hér á borðinu af hálfu fyrrv. viðskrh. og hæstv. núverandi viðskrh. væri í stjórnarandstöðu, veit ég alveg upp á mína tíu fingur að hann væri hér í hópi gagnrýnenda þessara vinnubragða því það voru framsóknarmenn iðulega á síðasta kjörtímabili. Og stóðu sig þokkalega þótt Framsókn hafi alltaf verið heldur lélegur stjórnarandstöðuflokkur enda í allt of lítilli æfingu í því hlutverki eins og kunnugt er. Það var oft lið í þeim hv. þáverandi þingmönnum, Finni Ingólfssyni og Páli Péturssyni, þegar þeir voru að gagnrýna svona vinnubrögð af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar, svo ekki sé minnst á það að stundum lagði Halldór Ásgrímsson, hv. þm. og núverandi hæstv. utanrrh., leið sína í ræðustólinn og tók þátt í því að halda mönnum við efnið. Þannig að þetta er nú heldur dapurlegt, herra forseti.

Þessi vinna öll að einkavæðingu bankanna virkar á mann eins og hálfgert laumuspil. Það eru af og til að koma af þessu einhverjar óstaðfestar fréttir. Formaður nefndarinnar hefur af og til fengið köst, farið í fjölmiðla og lýst yfir þessu og hinu. En að öðru leyti er þetta eitthvað afar dularfullt. Mér skilst þó að eitt sé að verða ljóst og það er að þau frv. verði ekki lögð fram hér á þessu þingi, herra forseti. Það er auðvitað til bóta því það væri að bæta gráu ofan á svart ef ætti að fara að sulla þeim hérna inn ofan á allt hitt sem komið er. Mér finnst líka, eins og hv. síðasti ræðumaður reyndar vakti athygli á, 9. þm. Reykv., að hæstv. viðskrh. skuldi okkur skýringar á stöðu þessara mála almennt. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þingið taki svona við þessu góssi, þessu ákvæði um Landsbankann, nema veittar séu einhverjar upplýsingar um stöðu málsins, hvar þau standi yfirleitt. Í hvaða tengslum er þetta ákvæði við einkavæðingaráformin? Er það rétt sem borið var inn í efh.- og viðskn. að þetta sé nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að halda áfram frekari vinnu við að undirbúa einkavæðingu bankanna? Í hverju liggur það þá o.s.frv.? Þetta finnst mér að hæstv. viðskrh. verði að skýra betur fyrir okkur.

[17:51]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér gefst vonandi tækifæri til þess á eftir að svara þeim spurningum sem hv. þingmenn hafa beint til mín.

Ég hef valið þá leið að allir hv. þm. stjórnarandstöðunnar tali ásamt minni hluta í efh.- og viðskn. áður en ég reyni að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Ég vil þó gera athugsemdir við það í ræðu hv. þm. sem fram kom áðan þar sem hv. þm. kvartaði undan því að stjórnarndstaðan væri ekki þátttakandi í undirbúningi að formbreytingu bankanna. Sú leið var valin í góðu samstarfi við bankastjórnir og bankaráð beggja ríkisviðskiptabankanna og í góðu samstarfi við starfsmannafélög beggja bankanna að þessi háttur yrði hafður á, þ.e. að þetta yrði þriggja manna framkvæmdanefnd sem í völdust formaður, skipaður af viðskrh., fulltrúi fjmrh. og fulltrúi Seðlabankans. Hv. þm. veit hverjir fulltrúar þessara aðila eru sem þarna eru að starfi. Það kemur skýrt fram í skipunarbréfi nefndarinnar að nefndin á að hafa gott samráð við starfsmannafélög bankanna, við bankaráð beggja banka og við bankastjóra bankanna um þessa framkvæmd. Það hefur nefndin gert. Bankaráð beggja bankanna riðu á vaðið strax og þessi nefnd hafði verið skipuð og hófu undirbúning að þessu starfi innan bankaráðanna. Nú liggja fyrir tillögur frá bankaráðum beggja banka. Í þeim á stjórnarandstaðan fulltrúa og hefur þar af leiðandi getað haft mjög mikil áhrif á það hverjar tillögur bankaráðanna væru til viðskrh. og nefndarinnar um það hvernig að þessu skyldi staðið. Ég fagna því sérstaklega að um þær tillögur sem komið hafa frá bankaráðunum og kynntar hafa verið fyrir starfsmönnum beggja banka hefur náðst nokkuð víðtæk samstaða. Eftir því sem ég veit best er ágætissamstaða um það sem þar er verið að leggja til. En ég mun hér á eftir skýra frekar frá áformum ríkisstjórnarinnar um það hvað fyrirhugað er að gera í þessum efnum.

[17:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég felst að sjálfsögðu á það og tel alveg hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að það er ekki hægt að svara efnislegum og viðamiklum spurningum í andsvörum. Það er gott að það er upplýst hér að hæstv. ráðherra mun taka til máls síðar í umræðunni og svara spurningum og væntanlega fjalla þá ítarlega um það sem við höfum óskað eftir að verði upplýst hér í umræðunni og tengist sérstaklega efni umdeildrar brtt. og ákv. til brb. II.

Ég var hins vegar að vísa til þess að þetta mál, eins og það snýr að stjórnarandstöðunni, t.d. nefndarmönnum í efh.- og viðskn., fulltrúum minni hlutans þar, hefur bara alls ekki komið á okkar borð. Við höfum eingöngu af því fréttir gegnum fjölmiðla eða utan úr bæ. Til að mynda þegar einn og einn nefndarformaður eða bankastjóri gýs pínulítið. Það kann vel að vera að þetta sé allt rétt hjá hæstv. ráðherra og auðvitað er ég ekkert að rengja að það hefur verið reynt að vanda samráð við starfsmannaráð og bankaráð. En það jafngildir ekki þverpólitísku samstarfi við stjórnarandstöðuna almennt um undirbúning þessa máls, um grundvallaratriðin og hin pólitísku ákvarðanatökuatriði. Ég lít svo á að hitt samstarfið hafi væntanlega tilhneigingu til þess að verða fremur tæknilegs eðlis og bankalegs eðlis. Það séu þeir hlutir sem þar séu á ferðinni. Ég efast um að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í bankaráðum sem slíkir telji sig vera í aðstöðu til þess að vera þar jafnframt pólitískir tengiliðir sinna flokka vegna þess að þeir eru auðvitað bundnir af ákveðnum trúnaðarskyldum við þann banka sem þeir þjóna o.s.frv. Ég er ekki viss um að það sé hvort sem er heppilegt að setja menn í þær stellingar. Ef menn vilja vinna að þessu af alvöru og með það í huga að ná árangri þá hefði eitthvert þverpólitískt samstarf verið mjög skynsamlegt í undirbúningi málsins. Að minnsta kosti hefði átt að upplýsa stjórnarandstöðuna jafnharðan um gang mála þannig að við værum ekki að frétta á skotspónum um hlutina og væri jafnvel ætlað að taka til afgreiðslu mál sem þessu tengjast o.s.frv.

[17:56]

Útbýting þingskjala:

Aðstoð til sjálfstjórnarsvæða Palestínumanna í Ísrael, 489. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 848.

Aðstoð við Bosníu, 488. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 847.

Iðnþróunarsjóður, 487. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 845.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, 491. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 850.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, 492. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 851.

[Fundarhlé. — 17:56]

[21:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. sé viðstaddur umræðuna. Ég veit að hann er hér í húsinu. Hæstv. forseti, mér varð hugsað til þess í dag þegar ég áttaði mig á því hvaða mál var komið á dagskrá að ég er búin að vera það lengi á hinu háa Alþingi, þótt það sé ekki lengra en á fimmta ár, að hér koma gamlir kunningjar fram aftur og aftur. Hér skjóta sömu málin eða svipuð mál upp kolli aftur og aftur og kannski sýnir það eðli þess starfs sem við gegnum hér að auðvitað þarf að skoða hina ýmsu lagabálka, endurskoða, breyta og bæta eftir því sem þörf kallar á. En þetta mál sem hér er til umræðu á sér nokkuð sérstakan aðdraganda.

Ég rifjaði það einmitt upp í dag þegar ég var að undirbúa mig undir þessa umræðu og skoða hvað við vorum að fást við vorið 1993 þegar það kom upp með mikilli skyndingu að það þurfti að hlaupa undir bagga með Landsbankanum. Það er svolítið sérkennilegt að þótt í því frv. sem hér er til umræðu sé gert ráð fyrir að veita nokkurs konar opna heimild til bankanna til að taka víkjandi lán, þá var það eiginlega ekki fyrr en undir lok vinnunnar og umræðunnar og með þeirri brtt. sem fram kom í efh.- og viðskn. að menn fóru að átta sig á því máli sem hér er til umræðu. Þá er ég fyrst og fremst að tala um ákvæði til bráðabirgða II sem mest umræða hefur orðið um hér í dag. Það bar þó ekki við með nándar eins sögulegum hætti og árið 1993 þegar ríkisstjórnin rauk upp til handa og fóta og frestaði fundum Alþingis, hélt aukafundi í ríkisstjórninni og boðaði svo til blaðamannafundar. Það má segja að varla finnist dæmi um það frá síðari árum að ríkisstjórn hafi vakið aðra eins athygli á slæmri stöðu ríkisbanka enda varð stjórn Landsbankans að senda skeyti út um allan heim til að róa þá banka sem þeir voru í viðskiptum við og höfðu tekið lán hjá því menn vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið í öllum þessum látum 1993. En þá varð niðurstaðan sú að ríkisstjórnin eða hæstv. fjmrh. fékk heimild til að taka lán sem síðan var veitt til Landsbankans. Síðan var Tryggingarsjóður viðskiptabankanna opnaður þannig að þangað mátti sækja heimild upp á 3 milljarða kr. Þetta var því mjög veruleg aðstoð sem á þeim tíma var veitt til að tryggja eiginfjárstöðu Landsbankans.

Nú stöndum við sem betur fer ekki frammi fyrir svipuðum vanda og reyndar er vandinn enginn. Við stöndum fyrst og fremst frammi fyrir meginspurningum sem snúa að Alþingi, fjárveitingavaldinu og ríkisábyrgðum. Ég verð að

segja, hæstv. forseti, að sú framsetning sem hér er komin upp vekur margar spurningar hjá mér. Ég er hreint ekki hissa á því að meiri hluti efh.- og viðskn. skyldi leggja til breytingu á því sem upphaflega var að finna í frv. því þar var galopin heimild til ríkisbanka til að taka víkjandi lán. Við vitum öll að ríkissjóður er í ábyrgð fyrir ríkisbankana og að mínum dómi kom sú heimild eins og hún var þá alls ekki heim og saman við þær reglur sem hér gilda um fjárveitingavaldið og þar með talið lántökur og ríkisábyrgðir. Meiri hluti efh.- og viðskn. fór þá leið að breyta þessu ákvæði nokkuð en ég er samt alls ekki sátt við það eins og það er og get tekið í öllu undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram í dag. Í rauninni finnst mér alveg nauðsynlegt að hv. efh.- og viðskn. taki þetta mál til sín á milli 2. og 3. umr. og skoði þetta aðeins betur. Ég vil biðja hæstv. viðskrh. að hlusta, þetta eru lagatæknileg atriði sem ég er að velta hér upp ásamt spurningunni um það hver fer með valdið frekar en að hér sé um pólitískt atriði að ræða. Hér er gert ráð fyrir því, hæstv. forseti, að ríkisviðskiptabönkum sé fram til 31. des. 1997 veitt heimild til að taka víkjandi lán. Mín fyrsta spurning snýr að því hvort það sé eðlilegt að Alþingi veiti svona opna heimild til meira en eins árs. Ég spyr: Hvernig kemur þetta heim og saman við frv. sem við erum að fást við í sérnefnd hér á hinu háa Alþingi um fjárreiður ríkisins þar sem að sjálfsögðu í takt við þær hefðir sem hér ríkja er gert ráð fyrir því að það verði lögð fram fjárlög fyrir eitt ár í senn og að í þeim fjárlögum verði samkvæmt 26. gr. frv., með leyfi forseta, leitað heimilda til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða? Þannig er málið sett upp í frv. um fjárreiður ríkisins. Ef við afgreiðum málið með þeim hætti sem hér er að finna í ákvæði til brb. II, erum við þá að gera það sama og menn hafa stundum gert í 6. gr. fjárlaga þar sem heimildirnar lifa í rauninni áfram? Þær lifa svona frá ári til árs, þær eru framlengdar frá ári til árs. Það er eitt af því sem verið er að tala um í frv. um fjárreiður ríkisins og í starfi þeirrar nefndar, að taka fastar á því að það verði að endurnýja heimildirnar árlega þannig að það sé algerlega ljóst hvaða heimildir eru veittar innan hvers árs. Nú er það bundið hér í þessu ákvæði að þetta er hámarksheimild sem miðast við þá fjárhæð sem þessi víkjandi lán sem bankarnir hafa tekið námu 1. jan. 1994. Upphæðin er því þekkt en mínar vangaveltur snúa að því hvort það sé eðlilegt að framlengja þetta vald með þeim hætti að heimildin nái út árin 1996 og 1997.

Ég hafði samband við ráðuneytisstjóra fjmrn. í dag vegna þessa atriðis og hann tjáði mér að þess væru dæmi frá fyrri árum að slíkar lánveitingaheimildir hefðu verið veittar. Hann nefndi þar til t.d. virkjanir frá fyrri árum. Ekki ætlast ég til að hæstv. viðskrh. þekki þá sögu, en hann benti hins vegar á að það væri eðlilegt að í þessari heimild væri kveðið á um að hún væri með samþykki hæstv. fjmrh. og viðskrh. Það væri eðlilegt að orða hana með þeim hætti og þá ekki síst með tilvísan til þeirra laga sem voru samþykkt vorið 1993 þar sem þær lánveitingar og hemildir sem þá voru veittar voru bundnar allmörgum skilyrðum. Eins og heimildin lítur út er hún býsna opin þótt upphæðin sé ljós. Að því leyti er hún bundin að upphæðin er ljós. En á því hvenær þessi heimild er notuð er þessi sveigjanleiki. Mér finnst þetta vera það sem maður kallar prinsippmál af hálfu Alþingis hvort það sé rétt að veita slíkar heimildir til lengri tíma. Mér finnst að þetta sé umræða sem þurfi að fara fram áður en menn fara að afgreiða svona heimild út í bláinn.

Annar flötur á þessu máli er ástæðan fyrir því að verið er að veita þessa heimild. Það er alveg ljóst, eins og kemur fram í nál. minni hlutans, að þessi beiðni um lánveitingarheimild með ábyrgð ríkisins tengist þeim hugmyndum sem menn eru með um að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Eins og fram hefur komið í umræðunum í dag þá eru þau mál stopp í bili, m.a. vegna biðlaunamálsins og fleiri þátta sem menn eru að athuga. En allt tengist þetta einkavæðingarhugmyndum sem nú vaða hér uppi. Ég hef orðað það svo að þær séu eins og krabbi sem skríður út um allt ríkiskerfið án þess að menn horfi á það í samhengi hvað verið er að gera. Hvað er eðlilegt að einkavæða og hvaða fyrirtækjum ríkisins er eðlilegt að breyta? Það má segja að sá biðlaunaréttur sem hér er í gildi meðal opinberra starfsmanna og bankamanna hafi orðið til að stöðva þau mál að miklu leyiti.

Ég vil taka undir það sem kom fram í dag að áður en menn fara að veita heimildir af þessu tagi á auðvitað að liggja fyrir hvað er áformað og hvernig. Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir hér í dag að hann ætlaði að upplýsa okkur eitthvað um þau mál hér á eftir. Meginspurningin sem vaknar í mínum huga varðandi þá breytingu er sú grundvallarspurning hvort svo lítið samfélag eins og okkar, með 260 þús. íbúa eða svo, komist af án ríkisbanka. Það hefur lengi verið litið þannig á að það væri nauðsyn á því að hér væri til ríkisbanki, ekki síst vegna lántaka erlendis og ekki síst vegna þess að ríkið hefur verið að baki og ábyrgst öll meiri háttar lán sem hafa verið tekin, t.d. vegna virkjana eða annarra framkvæmda ríkisins.

Við hljótum að spyrja og fara í gegnum þá grundvallarumræðu hvort ekki sé þörf á slíkum banka. Eru þær breytingar orðnar á okkar samfélagi og atvinnulíf það traust að hér sé ekki lengur þörf á banka sem hefur ríkið að bakhjarli? Eða hver verður bakhjarlinn og hvernig verður því skipulagi háttað? Hvað verður þá um ríkisábyrgðirnar? Ég reikna með að ríkið sé áfram ábyrgt fyrir öllu því sem hingað til hefur verið gert, en hver verður bakhjarlinn? Það er spurningin. Hafa bankarnir bolmagn til að styðja við bak atvinnulífsins, ekki síst sjávarútvegsins, ef ríkið er þar ekki að baki? Hvað verður þá um lánskjör erlendis o.s.frv.? Spurningarnar eru ótalmargar. Eftir stendur sú grundvallarspurning sem ég var að nefna, hvort við séum komin á það stig að geta breytt kerfi okkar þannig að hér sé enginn ríkisbanki. Þegar verið var að stofna bankana upphaflega kom ekki annað til greina en að hér væri ríkisbanki. Það var stefnan á þeim tíma og fjármálalífið var það umfangslítið að enginn gat veitt tryggingar nema ríkið. En nú eru breyttir tímar. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að hafna því að breyta bönkunum. En áður en að því kemur þarf að fara í gegnum mikla grundvallarumræðu og grundvallarskoðun á efnahagskerfi okkar.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég kom hér inn á varðandi það hvernig þessi tillaga er sett fram og hvort það sé ekki eðlilegt að bæta þarna inn í því að notkun á þessari heimild verði borin undir hæstv. fjmrh. og viðskrh. Jafnframt vil ég fara þess á leit við hv. efh.- og viðskn. að málið verði skoðað aftur milli 2. og 3. umr. með tilliti til frv. um fjárreiður ríkisins og þær hefðir sem þar hafa gilt. Það er þá a.m.k. ljóst hvort tillagan eins og hún liggur fyrir er eðlileg út frá lagatæknilegu sjónarmiði. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki breytum við einfaldlega tillögunni og gerum þá ráð fyrir að bankarnir verði að koma aftur til Alþingis til að leita eftir slíkri heimild. Því eftir stendur að það er ríkissjóður sem er í ábyrgð fyrir þessar lántökur ríkisbankanna.

[21:18]

Útbýting þingskjals:

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagsleg réttindi, 493. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 852.

[21:19]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti bæði meiri hluta og minni hluta með þessu frv. var mjög góð samstaða í nefndinni um að vinna að þessu máli enda samstaða um nærri allt sem þar var afgreitt og þær brtt. sem gerðar voru. Ágreiningsefnið sem er hér til umræðu núna er varðandi ákv. til brb. II, þ.e. heimildina fyrir Landsbanka Íslands að fá að hækka þá upphæð um 1 milljarð kr. sem þeir taka sem víkjandi lán. Eins og fram hefur komið í ræðum manna hér á undan var upphaflega í frv. gert ráð fyrir að þetta yrði alveg opið. Allir nefndarmenn voru sammála um að það væru mistök. Menn gætu ekki framvísað svo þessu valdi og um það var samstaða. Ég er stuðningsmaður meiri hlutans að því leyti að ég er sannfærður um að við séum að gera rétt í því að heimila Landsbankanum að auka þessi víkjandi lán um 1 milljarð kr. Eins og fram hefur komið hefur það veruleg áhrif á efnahagsumhverfi Landsbankans, þ.e. efnahagsreikning hans, það rúmlega tólffaldar hann, þannig að hér er um mikið hagsmunamál bankans að ræða. Það er rangt sem sumir vilja segja að hér sé verið að ávísa einhverju frá Alþingi. Það er alveg öfugt, við erum að gera þetta á mjög lokaðan hátt. Þetta er bundið við 1 milljarð sem bankinn hefur þá heimild til að auka sín víkjandi lán um. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það væri til bóta ef í frv. stæði að þetta yrði tekið í samráði við hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. En frá mínum sjónarhóli voru rökin fyrir þessu einfaldlega þau að með því að heimila Landsbankanum þetta værum við á praktískan hátt að koma til móts við efnahagslífið í landinu. Landsbanki Íslands er langsamlega stærsti banki landsins, það vita allir. Á stórum landsvæðum eru útlán hans 60, 70, 80% af bankastarfsemi heilu héraðanna og heilu landshlutanna. Auk þess er Landsbankinn langstærsti lánardrottinn sjávarútvegsins sem er okkar grundvallarútflutningsgrein og atvinnulíf landsbyggðarinnar á stórum svæðum byggir nær eingöngu á honum. Frá mínum bæjardyrum séð er því ekki fyrst og fremst verið að hygla bankanum, heldur er verið að tryggja að hann geti haldið uppi eðlilegri lánastarfsemi til viðskiptalífsins. Eins og reglurnar eru núna bar Landsbankanum að borga niður sín víkjand lán. Eins og reglan er mundi þetta hafa veruleg áhrif á útlánagetu hans, nema við heimilum það sem fram kemur í brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. Bankarnir og þá sérstaklega Landsbankinn hafa verið til þó nokkurrar umræðu hér í eftirmiðdag á dálítið óvenjulegan hátt verð ég að segja. Mér finnst, herra forseti, dálítið undarlegt þegar menn velja þennan ræðustól til að gefa einstökum bankastjórum einkunn. Ég held að einhver annar vettvangur hljóti að vera mun viðkunnanlegri til þess.

En það er ástæða til að tala aðeins um bankana. Ég lít þannig á að útlánatöp bankanna séu ekki meginvandamálið sem við erum að fjalla um í dag. Þau eru tiltölulega lítil miðað við það skelfilega efnahagsumhverfi sem bankar og sparisjóðir hafa mátt búa við á Íslandi þar til nú fyrir nokkrum árum. Miðað við það er ekki svo skrýtið þótt um veruleg töp hefði verið að ræða. Ég lít þannig á, herra forseti, að vandamál bankanna sé allt annað. Það er staðreynd að það er hefð, löggróinn vani á Íslandi að bankastofnanir kosta allt of miklu til síns rekstrar. Þeir eru miklu dýrari stofnanir hér en sambærilegar stofnanir erlendis. Þetta er vandamál sem kannski tilheyrir umræðunni sem átti sér stað hér í síðustu viku þegar við vorum að tala um samkeppnishæfni Íslands. Þessi dýra bankastarfsemi er að skaða samkeppnishæfni Íslands. Ég lít þannig á að þótt uppi séu góð áform um að breyta rekstrarformi bankanna þá erum við ekki þar með komin út úr þessum vandræðum. Þetta á við alla peningastarfsemi á Íslandi. Sparisjóðirnir eru sannarlega ódýrari í rekstri en bankarnir, það má sýna fram á það. En það má líka sýna fram á að íslenskir sparisjóðir eru þrátt fyrir allt dýrari í rekstri en sparisjóðir á Norðurlöndum. Það vandamál okkar að ná niður rekstrarkostnaði bankanna held ég að verði mjög erfitt viðureignar. En við verðum að keppast mjög við á næstu árum og reyna að vinda ofan af þeirri vitleysu sem einhvern veginn hefur þróast í gegnum áratugi. Það má ekki kosta svona mikið að versla með peninga og það er vandamálið.

Hins vegar held ég að þessi brtt. okkar í meiri hluta efh.- og viðskn. sé viðskiptalífinu til góðs. Hún er nauðsynleg og það er mikil þörf á því að þessi stærsti banki hafi þau umsvif sem viðbótin veitir honum. Þess vegna er ég flutningsmaður að þessari breytingu.

[21:26]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta. Ég var í síma og reiknaði með að hv. þm. mundi tala aðeins lengur. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að hann ræddi hér um Landsbanka Íslands og lánveitingar hans, þar á meðal í hinum dreifðu byggðum landsins, og hann þyrfti að vera sterkur til að rækja það hlutverk. Ekki ætla ég að hafa á móti því en um það snýst ekki málið. Nú er komin þriðja röksemdin inn í það að hafa veitt þetta víkjandi lán. Ég rakti skilmerkilega í ræðu minni áðan að eina röksemdin sem komin væri fram fyrir víkjandi láni væri nauðsyn vegna fyrirhugaðrar „háeff-væðingar". Ég dró sérstaklega fram að Landsbankinn þyrfti ekki á neinni sérstakri fjárhagsaðstoð að halda núna, síður en svo. Ég held að það sé mikilvægt að það sé alveg ljóst við þessa umræðu. Nú kemur hv. þm. og segir að þetta þurfi til að styrkja hinn byggðalega þátt Landsbanka Íslands og ég geri ekki lítið úr því. En um þetta hefur aldrei verið talað og þetta getur ekki verið röksemd fyrir þessu máli. Málið snýst einfaldlega um það sem ég hef rakið hér. Frv. var tæknilegt EES-frv., það blandast inn í það fyrirhuguð „háeff-væðing" og ekki neitt er á borðinu um það hvernig það verður útfært. Landsbankinn þurfti ekki á þessu að halda. Það eina sem gæti komið til væri vegna þess að einhverjar eignir yrðu metnar niður í fyrirhugaðri hlutafjárvæðingu. Það var hvergi á nokkrum tímapunkti talað um að það þyrfti að styrkja Landsbankann til að hann gæti rækt betur hlutverk sitt í atvinnulífinu víðs vegar um landið. Þetta er alveg ný röksemd sem kemur fram hjá hv. þm. og ekki ætla ég að hafa á móti því. En svona var málið ekki lagt upp, hvorki í nefndinni né af hálfu hæstv. viðskrh.

[21:28]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki alveg nákvæmlega hvernig umræðan átti sér stað í nefndinni. En ég man það mjög glögglega að á fund nefndarinnar kom Halldór Guðbjarnason, einn af aðalbankastjórum Landsbankans, og fór yfir þetta með nefndarmönnum. Hann gerði grein fyrir því að samkvæmt þeim samningum sem Landsbankinn væri með þá stefndi í það að hann þyrfti að greiða á þessu tímabili a.m.k.

tvisvar sinnum 250 millj. kr. niður af sínum víkjandi lánum. Eins og við höfum farið yfir gagnvart reglunum mundi það þrengja útlánagetu hans um rúma 6 milljarða núna á örskömmum tíma. Mér fannst því alveg ljóst að í þeim umræðum kæmi fram að þetta hefði veruleg áhrif fljótlega og það var með tilliti til þessarar þarfar bankans sem ég mótaði fyrst og fremst mína afstöðu. Ég taldi rétt og skynsamlegt að heimila bankanum a.m.k. að fara upp í sömu upphæð og hann hafði áður. Það er ekki verið að gera neitt meira en hann hafði áður vegna þess að við höfum líka skoðað reikningana. Bankinn er með sáralítinn hagnað og kostnaður hans er því miður, eins og annarra peningastofnana á Íslandi, allt of mikill.

[21:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umræður því að það hefur verið gerð ágætlega grein fyrir sjónarmiðum okkar alþýðubandalagsmanna að því er þessi mál varðar. En svo bar við um kvöldmatarleytið að ríkisfjölmiðlarnir að ég hygg sáu ástæðu til að hafa viðtal við margnefndan bankastjóra Landsbankans. Það var í tilefni af því að einn hv. þm. hafði í skjóli þinghelgi ráðist á þennan bankastjóra fjarstaddan og talið að það væri mjög hæpið að láta Landsbankann hafa þessa peninga af því að bankastjórinn væri ekki í jafnvægi eins og hv. þm. orðaði það. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt að stjórnarþingmaður og fulltrúi meiri hlutans lýsi því yfir að bankastjóri Landsbankans, sem á að fara að styðja við bakið á, sé alveg sérstakt vandræðabarn. Bankastjóri Landsbankans var þess vegna spurður hvað hann segði um það að hafa verið ávarpaður úr þessum virðulega ræðustól og bankastjóri Landsbankans taldi ekki ástæðu til að taka það óstinnt upp vegna þess hver átti í hlut, þ.e. hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, það væri ekki mikil ástæða til að taka mikið mark á honum. Þetta er satt að segja orðin afar sérkennileg staða og ég hlýt í framhaldi af henni að beina ákveðinni spurningu til hæstv. viðskrh.: Er hann sammála þingmanninum um að bankastjóri Landsbankans sé vandamál? Er hann sammála hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni um að það sé álitamál hvort rétt sé að láta Landsbankann hafa þennan stuðning vegna þess að bankastjórinn sé ekki í jafnvægi? Hvaða skoðun hefur hæstv. viðskrh. á þessu máli? Vill hann styðja við bakið á þingmanninum í þeirri deilu, sem er komin upp við bankastjórann, eða vill hann styðja við bakið á bankastjóranum og bankanum þrátt fyrir þau orð sem þessi bankastjóri hefur haft um hæstv. viðskrh. og eru satt að segja tæplega eftir hafandi? Ég held að þetta sé umhugsunarefni hvernig þessir hlutir eru að þróast. Ég held að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að við tökum eitthvert mark á þessum skoðanaskiptum, ekki síst vegna þess að hér á náttúrlega í hlut fremsti leiðtogi stjórnarflokkanna í málinu næstur hæstv. viðskrh. sem er hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson. Hann hefur skotið aftur fyrir sig öðrum sem áður hafa verið miklir forustumenn í viðskiptabankamálum af hálfu Framsfl. eins og hv. þm. Guðna Ágústssyni. Hvar er hann? Ég vek athygli á að Búnaðarbankinn hefur ekki beðið um orðið í allri þessari umræðu sem hefur farið fram í dag. Þykir mér bleik brugðið miðað við það sem maður hefur kynnst áður. Það hefur ekki mátt anda um bankakerfið í landinu yfir höfuð án þess að Búnaðarbankinn kveddi sér hljóðs í líkingu hv. þm. Guðna Ágústssonar. En hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson hefur nefnilega tekið að sér að einkavæða ríkisbankana. Hann hefur tekið að sér að hafa forustu fyrir því að hlutafélagavæða ríkisbankana. Hann leiðir stefnumótun stjórnarflokkanna í þessum mikilvægu málum. Svo kemur einmitt þessi maður sem talar af þessum mikla þunga, þessari miklu þekkingu og reynslu í málunum og mikla viti, þótt bankastjóri Landsbankans geri lítið úr þessu viti, þá talar maðurinn þannig og segir að það sé varasamt að láta Landsbankann hafa þessa peninga af því að bankastjórinn er ekki í jafnvægi. Ætlar Alþingi Íslendinga að láta sem þetta hafi ekki verið sagt? Ætla menn að halda þannig á hlutunum eins og þessi orð hafi aldrei fallið? Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gat þess áðan að þegar umræðan var hér um árið um stuðning við Landsbankann var fátið svo mikið og fumið á ríkisstjórninni að menn höfðu aldrei séð annað eins. Það endaði með því að Landsbankinn sendi skeyti út um allan heim og sagði: Góðan daginn, Landsbankinn er enn þá til hvað sem ríkisstjórnin segir. Það liggur við að það þurfi að taka upp skeytasendingar aftur í tilefni af vantraustsyfirlýsingum á bankastjóra Landsbankans. Eða hver er afstaða hæstv. ráðherra í málinu sem er auðvitað úrslitaatriði? Ef hæstv. ráðherra stendur með Landsbankanum í málinu getur Landsbankinn sent út um allan heim afrit af þeim orðum. Ef hæstv. ráðherra stendur hins vegar með þingmanni sínum, hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni, þá fer að vandast málið fyrir Landsbankann. Spurning er hvort hæstv. ráðherra lítur á þingmanninn sem ómaga eða hvað. Það er bersýnilegt að þingmaðurinn lítur ekki á sig sem ómaga. Það er alveg ljóst hvað sem öllu öðru líður. (**VS:** Enda engin ástæða til.) Nei, segir hv. þingflokksformaður Framsfl. og hefur þar með kveðið upp dóm sinn í þessu máli. Lýst því yfir að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson sé hinn merkasti samtíðarmaður sem ég hef úr af fyrir sig aldrei dregið í efa. En þessi maður, sem nýtur frammíkallsstuðnings formanns þingflokks Framsfl., hefur lýst því yfir að bankastjóri Landsbankans sé alveg sérstakt vandamál og sé ekki í jafnvægi. Það er spurning hvort þetta er þingflokkssamþykkt í Framsfl. um að Sverrir Hermannsson bankastjóri sé ekki í jafnvægi. Spurning er hvenær sú samþykkt hefur verið gerð. Myndi formaður þingflokksins vilja upplýsa það, jafnvel í frammíkalli, hvort það hafi verið gerð þingflokkssamþykkt í málinu um vandamálið Sverri Hermannsson sem á heima vestur á Melum ef ég man rétt.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara ummæla hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar um bankastjóra Landsbankans. Þessi orð sem hv. þm. lét falla um bankastjóra Landsbankans voru auðvitað svoleiðis með ólíkindum um að bankastjórinn væri sérstakt vandamál. — Ég fagna því að nú gengur í salinn, sem er ekkert voðalega algengt þó kemur það fyrir, hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, hann er mættur í salinn, hæstv. forseti, ég vek athygli á því fyrir þingtíðindin þannig að það sé þá bókað einu sinni að hann sé kominn.

Það er verið að ræða akkúrat það að hann lét þau orð falla um bankastjóra Landsbankans í dag að bankastjórinn væri ekki í jafnvægi og þess vegna væri vafamál að það ætti að láta Landsbankann hafa peningana. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Er hann sammála hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni? Það er úrslitaatriði að hæstv. viðskrh. upplýsi þetta í þessu sambandi.

En ég hef aðra spurningu að leggja fyrir hæstv. viðskrh. sem ég hef ekki heyrt að hann hafi svarað í dag. Það er þetta

atriði, sem hefur komið fram í umræðum frá ýmsum þingmönnum að þetta frv. sé fyrst og fremst undirbúningur að einkavæðingu ríkisbankanna. Það sé verið að skapa jarðveg fyrir einkavæðingu bankans. Þá spyr ég hæstv. viðskrh. hvort hann sé þessarar skoðunar. Telur hann að þessi stuðningur við Landsbankann sé forsenda þess að hægt sé að einkavæða Landsbankann og er það tilgangurinn að mati hæstv. viðskrh.? Það er óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. taki einnig af skarið í þessu efni um afstöðu sína í málinu vegna þess að það hlýtur að vera úrslitaatriði varðandi afstöðu einstakra þingmanna og manna almennt til þessa máls.

Þess vegna kvaddi ég mér hér hljóðs, herra forseti, til að spyrja hæstv. viðskrh. tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Tekur hann mark á hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni og er hann sammála því að Sverri Hermannssyni bankastjóra sé ekki treystandi? Í öðru lagi: Er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að þetta frv. sé undirbúningur að einkavæðingu Landsbankans? Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. svari þessum spurningum því að það er mjög mikilvægt að fá svar við þeim til að greiða fyrir að þetta mál fái meðferð. Ég vænti þess að hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., svari því svo síðar við umræðuna hvort gerð hafi verið þingflokkssamþykkt í Framsókn um það að Sverrir Hermannsson sé ekki í jafnvægi. Það væri athyglisvert.

[21:39]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er svo að þetta frv. er nú meira en bara þetta ákvæði til bráðabirgða II sem öll umræðan hefur reyndar snúist um. Það mátti svo sem alveg búast við því vegna þess að um frv. er að öðru leyti tiltölulega góð sátt. Mér finnst best að byrja á að svara þeim spurningum sem fyrir mig hafa verið lagðar er snúa að málinu.

Fyrst vil ég segja nokkur orð um þetta ákvæði til bráðabirgða varðandi endurfjármögnunina sem hér er verið að opna heimild fyrir upp á 1 milljarð kr. Þá verða menn að hafa í huga að þarna er ekki um nýja fjármuni að ræða, það er ekki um nýtt fjármagn inn í bankakerfið að ræða heldur endurfjármögnun á því sem áður hefur verið greitt.

Hv. þm. Svavar Gestsson og fleiri hv. þm. hafa spurt hvort þessi heimild til Landsbankans sé undirbúningur að formbreytingu bankanna? Það er ekki og er í engum tengslum við þá fyrirhuguðu formbreytingu. Hins vegar er búist við að breytingar geti orðið á alþjóðlegum reglum er snúa að eiginfjárhlutfalli bankans, svokölluðum BIS-reglum sem er í dag 8% með breytingum á því hvernig atvinnuhúsnæði er reiknað gæti það haft einhver áhrif almennt á bankakerfið séð. Hins vegar er BIS-hlutfall Landsbankans vel yfir þessum 8% eða rúmlega 9% þannig að það er ekki af þeirri ástæðu að bankinn þurfi á fyrirgreiðslu að halda hvað þetta snertir. Bankinn hefur hins vegar endurgreitt 750 millj. kr. af þeim 4.250 millj. kr. sem hann fékk vilyrði um sem fyrirgreiðslu og af því voru 1.000 millj. kr. frá Tryggingarsjóði viðskiptabanka og 1.250 millj. kr. frá Seðlabanka Íslands. Af seðlabankaláninu hefur Landsbankinn greitt 750 millj. kr. Þegar samningurinn var gerður eftir að þessi fyrirgreiðsla til Landsbankans hafði verið heimiluð var gerð rekstrarheimild fyrir bankann sem gerði ráð fyrir því að að meðaltali yrði fyrir skatta og aðra óreglulega starfsemi hagnaður af bankanum upp á 929 millj. kr. Þær áætlanir hafa hins vegar ekki gengið eftir og er hagnaðurinn að meðaltali á ári 475 millj. kr. minni en menn áætluðu að meðaltali á árunum 1993–1995. Þar sem bankinn hefur verið að endurgreiða 750 millj. kr. af þeirri fyrirgreiðslu sem hann fékk á sínum tíma og hagnaður sem átti að verða til að byggja upp eiginfjárstöðu bankans hefur verið 475 millj. kr. minni en menn bjuggust við og áætluðu að hagnaðurinn og þar af leiðandi betri eiginfjárstaða yrði. Það er af þeirri ástæðu sem bankinn þarf núna á endurfjármögnun að halda á því sem hann hefur verið að greiða til baka af þeim lánum sem hann fékk í upphafi. Þetta er meginástæðan fyrir því að það er komið með þessa ósk fram um að bankinn þurfi á þessari aðstoð að halda, sem er ekki aðstoð umfram það sem hann hefur áður fengið heldur endurfjármögnun á þeim fjármunum sem hann hefur greitt. Það er mergurinn málsins.

Fyrir utan það, og það kom fram hér hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, verður bankinn betur í stakk búinn til að veita atvinnulífinu betri þjónustu og einstaklingum betri þjónustu hafi hann sterkari eiginfjárstöðu. Menn geta ekki gert lítið úr því.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvort ekki væri rétt að ef þessi heimild yrði veitt frá þinginu að það yrði ekki gert nema með samþykki fjmrh. og viðskrh. Sá samningur var gerður um bankana á sínum tíma í kjölfar þessarar fyrirgreiðslu árið 1993. Hafa ráðuneytisstjórar viðskrn. og fjmrn. í samvinnu við Seðlabankann fylgst mjög nákvæmlega með hver framvindan hefur verið á undanförnum mánuðum og missirum. Það er því vitað hver staða þess er á hverjum tíma. Fyrir utan það að öllum líkindum mun Landsbankinn taka að láni þessa endurfjármögnun þennan milljarð til endurfjármögnunar hjá Tryggingarsjóði viðskiptabanka og í stjórn þess banka eru fulltrúar viðskrh. og fjmrh. Ég er því þeirrar skoðunar að það sé ekki ástæða til að setja enn þrengri skorður hvað þetta snertir.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurði hvað liði undirbúningi að formbreytingu ríkisviðskiptabankanna. Það er alveg ljóst og er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að það er áformað að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög. Ég gat um það í andsvari áðan hvernig þeim undirbúningi hefur verið háttað og ég ætla ekki að endurtaka það. Í því er sérstök þriggja manna framkvæmdanefnd sem hefur unnið í mjög nánu samstarfi og samráði við bankastjóra beggja ríkisviðskiptabankanna og bankaráð og starfsmannafélög beggja ríkisviðskiptabankanna. Það er vitað hvernig sú nefnd er skipuð. Hins vegar eru aðeins fáir dagar eftir af þinginu og það er ljóst að frv. um formbreytingu ríkisviðskiptabankanna munu ekki verða lögð fram á þinginu. Það þýðir ekki að fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um formbreytingu hafi verið lagðar til hliðar, síður en svo. Vegferðin var áætluð sú að á vorþinginu yrðu þessi frv. um formbreytinguna lögð fram og hlutafélagabankar í eigu ríkisins gætu tekið til starfa um áramótin 1996–1997. Áformin eru því þessi: Að leggja fram strax í upphafi haustþings frumvörp um formbreytingu ríkisviðskiptabankanna sem geti tekið gildi um næstu áramót þannig að þótt það tefjist að leggja fram frumvörp um formbreytinguna, munu hlutafélagabankar í eigu ríkisins geta tekið til starfa um næstu áramót. Ég vonast til að þetta svari spurningu hv. þm.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvernig hafi gengið að framfylgja samningnum um Landsbankann sem gerður var á sínum tíma. Ég ætla að rekja í örfáum orðum hvað í þessum samningi fólst. Samningurinn var gerður í kjölfar þess að ríkissjóður lagði Landsbankanum til 2.000 millj. kr. í eiginfjárframlag, Tryggingarsjóður viðskiptabanka veitir bankanum víkjandi lán að upphæð 1 milljarð króna. Seðlabankinn

veitti bankanum víkjandi lán að upphæð 1 milljarð 250 millj. kr. Samtals var þarna um að ræða fyrirgreiðslu til Landsbankans upp á 4.250 millj. kr. en ekki 4,5 milljarða eins og menn hafa haldið fram í þessari umræðu. Af þessum 4.250 millj. kr. hafa verið, eins og ég sagði hér áðan, endurgreiddar 750 millj. Það er af þeirri ástæðu m.a. sem bankinn þarf nú á endurfjármögnun upp á 1 milljarð kr. að halda af því að hagnaðurinn hefur ekki orðið eins og menn áætluðu í upphafi.

Í tengslum við fyrrgreindan samning unnu fulltrúar Seðlabankans og Landsbankans að greinargerð um aðgerðir til að bæta rekstrarafkomu bankans sem gerð var 4. maí 1992. Helstu efnisatriði þeirrar greinargerðar eru:

1. Hagræðing í útibúaneti bankanna. Útibúum verði fækkað a.m.k. um þrjú og afgreiðslutími styttur.

2. Gert verði sérstakt átak til að draga úr launakostnaði einkum með fækkum stöðugilda og samdrætti í yfirvinnu.

3. Unnið verði að lækkun annars rekstrarkostnaðar bankans.

4. Farið verði yfir lífeyrisskuldbindingar bankans.

5. Kannaðir verði möguleikar á að minnka efnahagsreikning bankans t.d. með því að færa hluta af erlendum endurlánum til annarra lánastofnana svo sem Fiskveiðasjóðs. Jafnframt er bent á sölu fasteigna sem bankinn hefur eignast svo og sölu á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.

Flest af þessu hefur komið fram við þessa umræðu. Þá er auðvitað rétt að líta á það hvernig til hefur tekist. Gerð var áætlun í kjölfar þessa um afkomu bankans fyrir árið 1993–1995 og var áætlað að hreinar fjármunatekjur bankans yrðu 4.030 millj. kr. Samkvæmt rekstursreikningi að meðaltali fyrir þessi ár, 1993, 1994 og 1995, urðu rekstrartekjurnar 4.120 millj. kr. eða 90 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í áætluninni.

Aðrar tekjur urðu minni eða sem nam 38 millj. kr. Laun og launatengd gjöld voru áætluð 2.267 millj. kr. en urðu samkvæmt rekstursreikningi — það er rétt að taka fram að þetta er á verðlagi ársins 1995 — 2.253 millj. eða 14 millj. kr. lægri en menn áætluðu. Annar rekstrarkostnaður, 1.664 millj. kr., varð 1.537 millj., 127 millj. kr. lægri. Þegar upp er staðið er það sem skiptir mestu máli að framlög í afskriftareikning útlána voru áætluð 1.060 millj. kr. á ári en urðu 1.875 millj. kr. Það er þetta sem hefur úrslitaþýðingu um það að afkoma bankans er verri en menn áætluðu samkvæmt þeim samningi sem gerður var á sínum tíma og munar þar 815 millj. kr. Því er það svo að hagnaður fyrir skatta sem áætlaður var 929 millj. kr. varð ekki nema 454 millj. Það er enn ein ástæðan fyrir því að bankinn þarf á þessari heimild til aðstoðar og endurfjármögnunar að halda.

Eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir að fylgst sé mjög reglulega með því hvernig við þennan samning er staðið. Það gerir Seðlabankinn og með samningnum fylgjast síðan ráðuneytisstjórar bæði í fjmrn. og viðskrn.

Nýjasta greinargerð bankaeftirlitsins um framkvæmd samningsins við Landsbankann er dagsett 31. okt. sl. Þar eru bornar saman áætlunartölur úr greinargerðinni frá 1993 og væntanleg afkoma bankans, eins og ég lýsti áðan. Meðal þess sem ekki hefur gengið eftir í hagræðingaraðgerðum bankans er sparnaður í útibúarekstri eins og áætlað var að gæti orðið. Útibúum hefur ekki fækkað eins og til stóð heldur hefur þeim því miður fjölgað um eitt. Það útibú er hér í Reykjavík. Einhver hagræðing hefur náðst með fækkun starfsfólks og breyttum afgreiðslutíma útibúanna. Annað sem ekki hefur náð fram að ganga er að draga saman efnahagsreikning bankans.

Nú liggur fyrir endurskoðaður reikningur bankans fyrir árið 1995. Afkoman er nokkuð betri en áætlanir gerðu ráð fyrir á því ári. En í heild má segja, þegar menn horfa á þessar tölur, að það sem aðallega hefur farið úrskeiðis er að rekstrartöpin, afskriftirnar, hafa verið mun meiri en menn áætluðu í fyrstu og koma þar kannski fyrst og fremst til þau vandamál sem að atvinnulífinu hafa steðjað á þessum tíma.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurði hvernig samræmi væri í vaxtastefnu Landsbankans og ríkisstjórnarinnar. Ég held að það sé tiltölulega gott samræmi í vaxtastefnu Landsbankans og ríkisstjórnarinnar. Ég vil segja um það örfá orð. Þegar þessi ríkisstjórn tók við hafði ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa verið haldið í 5% í nokkurn tíma þótt vitað væri að ávöxtunarkrafan væri orðin talsvert hærri. Um það leyti sem ríkisstjórnin var að taka við var á þessu slakað, eða strax í kjölfar kosninganna. Þess vegna fór ávöxtunarkrafan upp í tæp 5,8% og fór síðan smátt og smátt hækkandi þar til í júlí 1995 og stóð síðan í stað út sumarið. Af þessu mátti sjá að ef ríkisstjórninni tækist að takast á við þann halla sem verið hafði á ríkisbúskapnum væri hægt að ná fram vaxtalækkun. Þegar svo frv. til fjárlaga, það fyrsta sem þessi ríkisstjórn lagði fram í október sl., var lagt fram í þinginu brást markaðurinn sýnilega þannig við að vextir lækkuðu mjög á ríkisskuldabréfum eða úr tæpum 5,95% niður í 5,55%. Það voru skilaboð frá markaðnum um að markaðurinn hefði trú á fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Þessir lágu vextir héldust þar til um mánaðamótin nóvember–desember. Þá varð ákveðinn óróa á vinnumarkaði sem leiddi til þess að hér urðu ákveðnar launahækkanir, kjarabætur, sem er auðvitað af hinu góða. En um leið brást peningamarkaðurinn þannig við að vextir hækkuðu vegna þess að verðbólguspárnar fóru af stað og menn spáðu mun meiri verðbólgu en síðan hefur mælst. Þetta vaxtastig, eða í kringum 5,85%–5,9%, hélst síðan þar til um miðjan febrúar þegar ljóst var að allar efnahagslegar forsendur væru til þess að vextir færu lækkandi. Verðbólga var minni en menn höfðu spáð. Það var minni eftirspurn eftir lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs, það var stöðugleiki á vinnumarkaði og ljóst að sá stöðugleiki yrði út árið 1996. Öll efnahagsleg skilyrði voru því til þess að vextir gætu farið lækkandi. Ríkisstjórnin átti fund með Seðlabankanum og lýsti þessum skoðunum sínum. Í kjölfar þess lækkaði Seðlabankinn sína vexti og í reynd fylgdu síðan viðskiptabankarnir á eftir. Það er hins vegar rétt að þeir hikstuðu örlitla stund í Landsbankanum og ég held að það sé rétt að títtnefndur landsbankastjóri lét hafa það eftir sér í hinu víðlesna blaði alþýðunnar, Alþýðublaðinu, að það væri eins og að éta óðsmanns skít að elta vaxtalækkun Íslandsbanka sem þá hafði komið fram. Það liðu hins vegar ekki nema tveir dagar frá því að þessi merka yfirlýsing kom þar til Landsbankinn ákvað að lækka sína vexti og það nákvæmlega í það sama og Íslandsbanki hafði lækkað. Það er kannski ekki allt að marka sem þaðan kemur og menn eru oft dálítið fljótir til. Oft borgar sig að doka við örlitla stund og sjá hver framvindan verður. Þetta hefur síðan leitt til þess að vextir hafa sífellt farið lækkandi og stærsta skrefið var einmitt tekið af Seðlabankanum nú fyrir fáum dögum þegar vextir af ríkisvíxlum lækkuðu um 0,75%. Núna eru viðskiptabankarnir að fylgja þessari vaxtalækkun eftir og ríkisskuldabréfamarkaðurinn fylgir henni líka eftir. Sem svar við spurningu hv. þm. Ágústs Einarssonar tel ég að vaxtastefna Landsbankans

og vaxtastefna ríkisstjórnarinnar fari ágætlega saman hvað þetta snertir. Svo framarlega sem menn hiksta ekki aftur held ég að þetta geti gengið og þarna eigi menn ákveðna samleið.

Þá held ég að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem hv. þm. Ágúst Einarsson beindi til mín. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hins vegar hver væri afstaða mín til þess sem kom fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni fyrr við þessa umræðu. Því er til að svara að hefði ég ekki trúað Landsbankanum fyrir þeim fjármunum sem hér er lagt til í þessu frv. þá hefði ég ekki lagt frv. fram í þinginu. Nú veit ég ekki í hversu góðu jafnvægi einstakir bankastjórar Landsbankans eru á hverjum tíma. Það eru sjálfsagt aðrir í miklu betra sambandi við þá en ég og ekki hvað síst við þann sem hér hefur oftast verið nefndur, Sverri Hermannsson bankastjóra. Ég hef ekki lagt mig fram við að elta ólar við þær yfirlýsingar sem hér hafa komið fram varðandi mig sem viðskrh. eða aðra ráðherra í ríkisstjórninni. Ég held að við ættum að hlífa bæði þinginu og þjóðinni við því.

[21:58]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sátt við þá skoðun hæstv. viðskrh. að það þurfi ekki að breyta þessu ákvæði til bráðabirgða II eins og það er orðað hér. Í mínum huga erum við ekki að ræða hér spurningu um eftirlit með Landsbankanum og hvernig eða hvenær hann notar þessa heimild heldur fyrst og fremst um framsal valds. Við erum að ræða það að Alþingi er ekki að framselja vald eins og því ber til framkvæmdarvaldsins heldur beint til undirstofnunar í ríkiskerfinu eða hvað maður á nú að kalla það. Ég set stórt spurningarmerki við þessa framsetningu eins og hún er hér. Það er ekki verið að veita þessa heimild til fjmrh. eins og venja er að gera í lögum heldur er þetta bara beint til bankanna. Jafnframt er verið að veita þessa heimild til eins og hálfs árs. Ég áskil mér allan rétt til að skoða þessa framsetningu nánar. Mér finnst þetta ekki vera eðlileg, þingleg meðferð. Ég dreg hins vegar ekki í efa að menn viti hvað hér er á ferð. Fyrir mér er þetta fyrst og fremst lagatæknilegt atriði þannig að Alþingi sé ekki að framselja vald til ákveðinnar ríkisstofnunar með óeðlilegum hætti.

[22:00]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þingið sé ekki með þessari ákvörðun sinni að framselja ákveðið vald. Ég held að þingið sé hins vegar með þeirri ákvörðun að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir frá meiri hluta efh.- og viðskn. að ákveða nákvæmlega hver fyrirgreiðslan skuli vera til Landsbankans, með öðrum orðum að Landsbankinn skuli hafa heimild upp á 1 milljarð kr. til að endurfjármagna þá fyrirgreiðslu sem hann fékk á sínum tíma og þingið veitti einnig. Það er einmitt verið að gera það með mjög sambærilegum hætti núna eins og þá var gert.

[22:01]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki með lögin fyrir framan mig en ef ég man rétt var annars vegar um það að ræða að fjmrh. var veitt heimild til að taka lán. Það er í einni grein laganna og síðan er annað lagaákvæði um tryggingarsjóðinn sem er svo aftur annað mál. Hér er einfaldlega bein heimild um að ríkisviðskiptabanka er heimilt á ákveðnu tímabili að taka víkjandi lán og það er vitað hver upphæðin er. Það er ljóst og málið snýst ekki um það. Það er eins og í lánsfjárlögum. Þar eru nefndar upphæðir þótt upphæðin komi reyndar ekki beint fram í þessum texta. En í lánsfjárlögum eru heimildirnar í gegnum fjmrn. Þar er þetta skilgreint alveg nákvæmlega. Að mínum dómi er þetta ekki eðlileg framsetning á þessari heimild. Ég held að við þurfum að kanna það mál betur. Þótt þess kunni að vera dæmi að málin hafi verið sett fram með þessum hætti þá var ég að vísa í það að við erum hér með lagabálk í smíðum um fjárreiður ríkisins þar sem einmitt er verið að gera þetta allt með skýrari hætti. Það er afmarkað eitt ár í einu og inni í fjárlögunum verða lántökuheimildir. Ég held að við eigum við afgreiðslu þessa máls að taka mið af því.

[22:03]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú aðstoð sem Landsbankanum var veitt á sínum tíma var þrískipt. Í fyrsta lagi var 2.000 millj. kr. beint framlag frá ríkissjóði sem var eiginfjárframlag, í öðru lagi lán frá Tryggingarsjóði viðskiptabanka upp á 1.000 millj. kr. og í þriðja lagi lán sem bankinn gat tekið hjá Seðlabankanum upp á 1.250 millj. kr. Í þeim lögum sem voru samþykkt hér 25. mars 1993 var þetta gert með nákvæmlega sambærilegum hætti og gert er í þessu frv. um viðskiptabanka og sparisjóði að öðru leyti en því að þar er um ákv. til brb. að ræða. Hins vegar var viðkomandi stofnunum eins og Tryggingarsjóði viðskiptabanka heimilt að taka lán með samþykki fjmrh. til þess að geta veitt þessa fyrirgreiðslu. Nú er það svo að Tryggingarsjóður viðskiptabanka þyrfti ekki á slíkri aðstoð að halda ef hann ætlaði að lána Landsbankanum þessar 1.000 millj. kr. til endurfjármögnunar enda þarf Landsbankinn ekki endilega að fara til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka til þess að leita eftir þeim fyrirgreiðslum. Hann getur gert það með öðrum hætti. Það er því að mínu viti ekki ástæða til að leita eftir stuðningi ríkisins við heimildir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka til að geta lánað Landsbankanum ef til þess kæmi. Þingið væri með þessum hætti að heimila Landsbankanum að leita láns til þess að treysta eiginfjárstöðu til fjármögnunar á því sem hann fékk á sínum tíma.

[22:04]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svörin en málið er miklu alvarlegra en ég hélt. Það kemur í ljós í svörunum að tap bankans er á þremur árum u.þ.b. 1,5 milljörðum meira en reiknað var með þegar gengið var frá aðstoðinni 1993. Auk þess var ekki staðið við nokkur önnur ákvæði. Nú kemur rökstuðningurinn fyrst fram hjá hæst. ráðherra hér við lok 2. umr. Landsbankinn þarf á þessum peningum að halda. Það var aldrei röksemdin sem við vorum með í efh.- og viðskn. Þar var röksemdin að það þyrfti að endurfjármagna vegna fyrirhugaðrar „háeff-væðingar". Hér koma hins vegar fram alvarleg tíðindi um fjárhagsstöðu Landsbankans. Það er satt best að segja alveg til skammar að taka þá ekki málið upp undir réttum formerkjum og vera með það í sérstöku frv. eða þá að ræða það á þeim nótum eins og hæstv. ráðherra gerði. Ég vil benda á varðandi afskriftir að menn tala um að afskriftir séu eitthvað sem detta af himnum ofan, séu einhverjar ákvarðanir vondra manna. Það er rangt. Afskriftir á útlánum eru byggðar á mati endurskoðenda og bankaeftirlitsins og er kostnaður eins og hvað annað. Og það að þessi kostnaður hafi reynst meiri en áætlað var sýnir raunverulega enn betur alvarlega stöðu bankans. Hæstv. ráðherra svaraði öllu nema hvað hann gaf ekkert út á ummæli bankastjóra Landsbanka

um aðra einstaklinga, fúaspýtur og annað slíkt. Ég skil hæstv. viðskrh. vel að vera ekkert að gefa slíku einkunn. En alvarlegast í þessu máli er að samkvæmt þessum tölum, hafi ég tekið rétt eftir, er afkoman raunverulega verri um tæplega 1,5 milljarða en gert var ráð fyrir. Það er alvarlegt mál og ég undirstrika það sem ráðherra sagði sjálfur: „Bankinn þurfti á þessari endurfjármögnun að halda út af sinni stöðu." Það er alvarlegt og það getur vel verið að við hefðum stutt það og tekið þátt í því að gera það en þá áttu menn að koma hér fram og leggja öll spilin á borðið strax í upphafi.

[22:07]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki rétt, hv. þm. Ágúst Einarsson, að gera of mikið úr því sem hér hefur komið fram og fara að útbúa þá mynd að Landsbankinn sé í erfiðri stöðu. Ef hv. þm. lítur yfir, sem ég býst við að hann hafi gert, ársreikning Landsbankans þá uppfyllir Landsbankinn allar þær kröfur sem gerðar eru til hans. BIS-hlutfall bankans er vel yfir þeim mörkum sem sett eru í alþjóðlegum stöðlum. Það var hins vegar ætlunin þegar menn fóru af stað með þann samning sem hér hefur verið til umfjöllunar frá því í maí 1993 að byggja hraðar upp eiginfjárstöðu Landsbankans en mönnum hefur tekist. Og það er rétt hjá hv. þm. að hagnaðurinn af Landsbankanum hefur verið á þessu tímabili um 1,5 milljörðum kr. minni en menn ætluðust til. Menn fara ekki í grafgötur um það að bankinn þarf á þessari aðstoð að halda, m.a. vegna þess að hann er að greiða til baka 750 millj. kr. af þeirri fyrirgreiðslu sem hann fékk á sínum tíma. Hann hefur ekki náð að byggja upp eiginfjárstöðu sína jafnhratt og menn vonuðust til ef samningurinn hefði gengið eftir. Það skýrist fyrst og fremst af því, hvort sem mönnum hafa þar orðið á mistök í áætlunum í upphafi eða ekki, að útlánatöp bankans eru meiri en áætlað var þegar samningurinn var gerður eða a.m.k. í þeim rekstraráætlunum sem voru lagðar til grundvallar þeim samningi.

[22:09]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki of mikið úr þessu máli. Ég kann nokkuð á bankana og ég veit að það er alvarlegt að tala um stöðu ríkisviðskiptabanka. Ég veit hins vegar að staða bankans var ágæt um síðustu áramót og ég legg áherslu á það. Það sem ég dreg hins vegar hér fram er að hér er verið að blekkja menn. Mér finnst sjálfum að ég hafi verið blekktur. Ég fékk ekki að vita hvernig málið var vaxið þegar lagt var upp með það. Ég er alveg maður til að taka þátt í því að hjálpa Landsbankanum eða öðrum ríkisviðskiptabanka. Ég tók sjálfur persónulega þátt í því 1993 að hjálpa til við áætlun sem þá var lagt upp með. Það er því ekkert nýtt fyrir mig og ég legg mikið upp úr því að staðið sé almennilega að verki eins og gert var árið 1993 og að þær áætlanir sem lagt er upp með standist. Hér kemur í ljós að svo var ekki. Ástæðan er skýrð að hluta til og hægt að ræða lengi um það. En þá hefðu menn átt að koma hreint fram í þingnefnd og þinginu, ræða málið og hjálpa þá til, hvort sem menn tengdu það annars „háeff-væðingu" eða einhverju slíku. Þetta er miklu alvarlegra mál en svo að menn geti laumast með það undir vegg. Það er það sem mér finnst ámælisvert. Hæstv. ráðherra hefur svarað og gefið fullkomlega upplýsingar um málið en þær hefðu betur mátt liggja fyrir fyrr.

[22:10]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki og hefur aldrei verið meiningin að leyna einu eða neinu í þessu máli. Þær upplýsingar sem ég vitna í eru í skýrslu þeirri sem bankaeftirlit Seðlabankans í samvinnu við ráðuneytisstjórann í fjmrn. og viðskrn. hefur tekið saman um framkvæmd þessa samnings. Það hefur verið og var krafa í upphafi að fylgst yrði mjög nákvæmlega með því hvernig bankinn stæði sig og hvernig hann stæði við samninginn sem gerður var. Þess vegna hefur með reglulegu millibili verið farið yfir framkvæmd samningsins. Þær upplýsingar sem hér liggja fyrir og eru skýrðar sýna að meginástæðan fyrir þessari aðstoð á endurfjármögnun sem bankinn þarf á að halda er að hagnaðurinn er 1,5 milljörðum kr. minni en menn áætluðu að hann yrði í upphafi þegar fyrirgreiðslan var veitt. Og mér skilst að um það séum við hv. þm. sammála.

[22:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel satt að segja að sú umræða sem hefur farið fram undir andsvörum seint í kvöld afhjúpi þetta mál með býsna alvarlegum hætti. Í fyrsta lagi kemur fram að nefndarmaður í efh.- og viðskn., sem hefur starfað málinu á mörgum, löngum og ströngum fundum, telur að hann hafi verið blekktur. Hann telur að málið sé flutt á röngum forsendum. Hann segir að málið hafi ekki verið kynnt á hinum réttu forsendum heldur hafi verið lögð áhersla á að þetta væri EES-mál og tæknilegt mál. Í ljós kemur að hér er um að ræða miklu meiri vanda Landabankans en hv. þm. taldi vera. Það kemur líka í ljós í þeirri umræðu sem hér fer fram að þetta mál tengist auðvitað hugsanlegri hlutafélagsvæðingu. Til viðbótar þessu tvennu varðandi fjárhagslega stöðu bankans bætist svo við að forustumenn Framsfl. á hv. Alþingi setja spurningarmerki á bakið á Landsbankanum með þeim yfirlýsingum sem hér hafa komið frá hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni um jafnvægisleysi bankastjóra Landsbankans og með hinum loðnu ummælum og svörum hæstv. iðnrh. áðan. Það er nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. taki af skarið í þessu efni og svari því alveg skýrt: Treystir hann forustu Landsbankans eða ekki fyrir þeim fjármunum sem hér er um að ræða? Það er úrslitaatriði að fá þá niðurstöðu áður en þessari umræðu lýkur og málið gengur til atkvæða. Mér sýnist að umræðan sé að þróast þannig að ef hún stendur svona eins og hún stendur núna þá geti niðurstaðan orðið til að veikja en ekki styrkja Landsbankann. Niðurstaðan verður þá sú að það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann. Það sem menn ætluðu sér að gera gera menn ekki og staðreyndin verður sú að Landsbankinn stendur verr eftir en hann gerði í upphafi. Það er mjög alvarlegur hlutur og á því ber hæstv. viðskrh. alla ábyrgð ásamt aðstoðarmanni sínum, hv. 3. þm. Vestf.

[22:14]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það þjónar einhverjum tilgangi að endurtaka þau svör sem ég gaf hv. þm. Svavari Gestssyni áðan. Ég taldi þau alveg skýr. Í fyrsta lagi er það svo að þessi aðstoð, endurfjármögnunarheimild sem Landsbankinn er að fá, og nú bið ég hv. þm. um að taka vel eftir hafi hann ekki gert það þegar ég ítrekaði svar mitt við spurningu hans, tengist á engan hátt þeirri fyrirhuguðu formbreytingu sem ríkisstjórnin ætlar að gera á ríkisviðskiptabönkunum. (**ÁE:** Það var öðruvísi í efh.- og viðskn.) Í öðru lagi til

að svara seinni spurningu hv. þm. er um stjfrv. að ræða. Stjfrv. gerir ráð fyrir því að þessar heimildir séu veittar til til stjórnenda Landsbankans. Það er ekkert annað en skýr skilaboð um það að bankanum sé treystandi til þess að fara með þessa fjármuni. Nú veit ég ekki hvort að hv. þm. skilur þetta eða ekki en ég treysti mér því miður ekki til að skýra þetta betur.

[22:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað það þýðir að elta ólar við málflutning hæstv. ráðherra í málinu því að hann virðist ekki skilja það sem málið snýst um sem er auðvitað mjög alvarlegur hlutur þegar ráðherra á í hlut. En veruleikinn sem blasir við er í fyrsta lagi sá að efh.- og viðskiptanefndarmenn telja að fjárhagsleg staða bankans sé önnur en menn töldu. Í öðru lagi telja menn eftir upplýsingum úr nefndinni að þessar aðgerðir séu allar til þess að unnt verði að gera bankann að hlutafélagi. Það er samkvæmt upplýsingum stjórnarliða segir þingmaðurinn í nefndinni. Í þriðja lagi liggur það fyrir að aðaltalsmaður Framsfl. í bankamálum, fyrir utan hæstv. ráðherra, hefur lýst því yfir að hann hafi iðrast þess að hafa staðið að því að leggja fram það frv. sem hér er til meðferðar sem stjfrv. vegna þess að bankastjóri Landsbankans sé ekki í jafnvægi. Það þýðir, hæstv. forseti, að á baki Landsbankans er spurningarmerki.

[22:16]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að einstakir menn í efh.- og viðskn. sem hér hafa talað í dag haldi að staða Landsbankans sé önnur en kynnt var í hv. efh.- og viðskn. Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan úr þessum ræðustóli að staða Landsbankans um síðustu áramót hafi verið góð og það er rétt. Staða Landsbankans er mjög sterk. Það er hins vegar alvarlegt ef einstakir þingmenn koma í þennan ræðustól og ætla að vekja upp einhverja tortryggni um stöðu þessarar sterku fjármálastofnunar þjóðarinnar. Það er alvarlegur hlutur, hv. þm. Svavar Gestsson.

[22:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að þetta mál er að verða mjög alvarlegt en það er ekki málflutningur okkar stjórnarandstæðinga sem er að gera það alvarlegt heldur er það hvernig hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn hefur unnið að málinu. Ég ætla að endurtaka það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði að við höfum verið leynd upplýsingum í efh.- og viðskn. Það er alveg bersýnilegt. Það hafa komið fram mjög misvísandi skýringar á því hvers vegna þetta ákvæði sé flutt, fyrst í frv. og síðan í brtt. meiri hlutans. Þrenns konar skýringar hafa á mismunandi tímum hafa verið gefnar á því hvers vegna nauðsynlegt sé að taka undir þetta tæknilega frv. um EES-reglur, þetta ákvæði sem varðar eiginfjárstöðu Landsbankans.

Í fyrsta lagi var í efh.- og viðskn. sagt berum orðum, um það eru mörg vitni og það er vonandi ekki borið til baka hér, *að þetta væri hluti af undirbúningi undir „háeffun" bankanna.* Þetta var sagt í efh.- og viðskn. Ég veit það að nefndarmenn geta staðfest að það var okkar skoðun. Við töldum okkur hafa þær upplýsingar að þetta tengdist því.

Í öðru lagi var svo á öðrum tíma gefin sú skýring og hún var nefnd í dag í umræðum að þetta tengdist hugsanlegum eða væntanlegum breytingum á grunni BIS-reglna sem gæti haft áhrif á eiginfjárstöðu Landsbankans í framtíðinni. Þegar búið væri að endurmeta áhættu í sambandi við útlán vegna atvinnuhúsnæðis og fleiri þátta gæti það rýrt grunninn sem miðað er við þannig að af þeim sökum væri nauðsynlegt fyrir Landsbankann að geta leita endurfjármögnunar á þessum hluta víkjandi lánanna sem hann hefur greitt upp.

Seint og um síðir kemur svo þriðji þátturinn sem er ósköp einfaldlega mun lakari afkoma Landsbankans en plönin frá 1993 gerðu ráð fyrir sem nemur 400–500 millj. á ári á þessum þremur árum eða 1,5 milljörðum. Þá loksins skýtur það upp kollinum vegna þess að bankinn er áfram að greiða niður fyrirgreiðslu frá 1993 að hann þurfi nú á þessari endurfjármögnun að halda. Auðvitað er það nýtt fé, hæstv. viðskrh., miðað við þær áætlanir sem lagðar voru til grundvallar og kröfur um afkomu í bankanum í kjölfar þeirrar miklu innspýtingar á fé sem hann fékk á sínum tíma. Það er alveg ljóst að þetta er nýtt fé miðað við þær áætlanir sem þá voru lagðar til grundvallar þegar þessi myndarlega aðstoð, ef svo má að orði komast á árinu 1993, átti að gjörbreyta stöðu bankans til þess að bæta rekstur sinn og koma þeim hlutum í lag. Ég get ekki orðað þetta öðruvísi, herra forseti, en það hafi farið fram feluleikur um þetta mál, mjög sérkennilegur feluleikur. Þá eru það ekki við, sem erum loksins að draga fram upplýsingar um þetta mál, sem erum sökudólgar í því heldur þeir menn sem leggja málið ekki rétt og kinnroðalaust fyrir. Ég fullyrði að menn hafa almennt þá ábyrgðartilfinningu gagnvart viðkvæmum og vandasömum málum af þessu tagi að þeir gera þau ekki að umræðuefni að ástæðulausu og tilefnislausu. Það er væntanlega öllum ljóst að það er viðkvæmt mál að vera að ræða mikið um veika eiginfjárstöðu mikilvægasta viðskiptabanka þjóðarinnar. Það er a.m.k. öllum ljóst sem gengu í gegnum umræðuna 1993 og menn muna vel þá panik sem farin var að grípa um sig þá, m.a. vegna óróleika sem gerði vart við sig erlendis í kjölfar umræðunnar heima um fyrirgreiðsluna til Landsbankans þá. Hér var reyndar nefnt að send hefðu verið skeyti út um dali og hóla til að fullvissa menn um að þeir væru nú samt sem áður ekki komnir á hausinn og þetta væri allt í lagi og Landsbankinn héti áfram Landsbankinn o.s.frv.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á þetta með vissum hætti í sinni ræðu og hann sagði: Ég styð þetta svona vegna þess að ég er viss um að það er gott fyrir Landsbankann og íslenskt atvinnulíf. Ég held að þetta mál sé ekki að verða mjög gott fyrir Landsbankann. Satt best að segja er að verða allt of mikið klúður út af allt of litlu máli vegna þess að þetta er þrátt fyrir allt ekki mjög stór tala í samhenginu Landsbanki Íslands, eigið fé hans og útlánagrunnur eða BIS-reglna grunnur. Ég held að menn séu að baka sér allt of mikla erfiðleika út af ekki stærra máli en þessu vegna þess að það er ekki *rétt fram borið og ekki rétt fram lagt.*

Í þessu máli hefur átt sér stað mjög sérkennilegur feluleikur. Frv. eins og það var lagt fram var alveg dæmalaust. Hvað er lagt til í 2. gr. þess? Það er lagt til að skilyrðið um að leita samþykkis Alþingis fyrir víkjandi lántökum ríkisviðskiptabankanna almennt sé fellt út þannig að þeir geti eftir það tekið víkjandi lán eins og þeim sýnist. Þannig var frv. Það var svo dæmalaust. Með öðrum orðum, Landsbankinn hefði þá getað tekið einhverja 2 milljarða eða 5 milljarða eða 8 milljarða eða Búnaðarbankinn 20 milljarða þess vegna ef honum sýndist svo og stækka svo efnahagsreikning sinn sem því nam, 12 sinnum það eða hvað það nú er. Góðir menn í prósentureikningi geta fundið út úr því. Þetta er það sem málið snýst um. Með því að taka víkjandi lán innan þeirra

marka sem þau mega leggjast við eigið fé bankans, A, B og C, samkvæmt skilgreiningu, geta menn síðan aukið umfang viðskipta bankans og þetta er ríkisviðskiptabanki.

Rökstuðningurinn í grg. er einnig furðulegur. Þar er sagt að af því að ríkisbankarnir megi taka lán með margs konar hætti án heimildar Alþingis þá sé náttúrlega engin ástæða til að halda aftur af þeim í að taka víkjandi lán. Munurinn er bara sá að víkjandi lánin mega leggjast við eigið fé bankans og þar af leiðandi geta þau stækkað efnahagsreikning hans með þessum hætti. Þarna er auðvitað feluleikur á ferðinni. Landsbankinn er ekki nefndur á nafn, ekki í lagagreininni, ekki í umsögn um lagagreinina, ekki í grg. og það þurfti að draga það út með töngum að þarna væri í raun og veru Landsbankinn á ferðinni. Og hvernig er svo brtt. orðuð? Þar heldur feluleikurinn áfram á þann hjákátlega máta að það er ekki talað um Landsbankann. Í staflið b, tölulið 13 í breytingartillöguskjalinu segir: „Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. des. 1997 heimilt að taka víkjandi lán ...“ Ríkisviðskiptabanka, ekki Landsbankanum. Hvað eru þeir margir? Þeir eru tveir. Hinn er Búnaðarbankinn. Hann hefur aldrei tekið nein víkjandi lán á grundvelli fyrirgreiðslna frá 1992. Það er því bara átt við Landsbankann. Lagaákvæðið er þannig úr garði gert að það getur ekki tekið til neins nema Landsbankans en það er ekki sagt. Það er talað um ríkisviðskiptabanka og svo er klykkt út með því að segja: „Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. jan. 1994.“ Hvaða ríkisviðskiptabankar höfðu víkjandi lán á grundvelli fyrirgreiðslna frá 1993 1. jan. 1994? Svar: Bara Landsbankinn en það má ekki segja það að hér sé verið að tala um að endurfjármagna víkjandi lántökuheimildir Landsbankans á þessum tíma. Það er áfram verið í þessum feluleik. Í staðinn fyrir að leggja málið fyrir eins og átti að gera í sérstöku frv. í samræmi við hefðina frá 1993 þar sem farið var fram á tiltekna, afmarkaða uppfærslu á lántökuheimild Landsbankans er þessi skollaleikur valinn og haldið áfram í þessum feluleik til hinstu stundar. Fyrir liggur að það er engan veginn forsvaranlegt hvernig málið hefur t.d. verið lagt fyrir efh.- og viðskn. Af hverju er verið að vitna í skýrslur sem hafa ekki komið á borð nefndarinnar o.s.frv. nú loks seint á kvöldi þessarar umræðu? Ég held að þetta sé engum til framdráttar hvernig að þessu hefur verið staðið.

Ég ætla ekki að fara að elta ólar við það sem hér hefur blandast inn í umræðuna, sérkennileg orðaskipti einkaváðingarformannsins, hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar, og hins víðfræga bankastjóra Landsbankans, Sverris Hermannssonar, en ekki eykur það í mínum huga trúverðugleik umræðunnar og þessa máls að svoleiðis hlutir séu hér uppi á borðum og blandist inn í þetta og þau orðaskipti öll og þær einkunnagjafir á víxl, hvort sem það á við kunnáttu hæstv. ráðherra á vaxtamálum eða aðra slíka hluti. Mér finnst menn satt best að segja ekki taka þessi mál mjög alvarlega og ekki vanda sig þegar vinnubrögðin eru með þessum hætti.

Herra forseti. Ég tel að það séu komnar fram algjörlega fullnægjandi málsforsendur til að krefjast þess að brtt. sé kölluð aftur, 13. tölul., og efh.- og viðskn. taki a.m.k. þennan hluta málsins til sín á nýjan leik. Ég krefst þess að haldinn verði fundur í efh.- og viðskn. þar sem við getum kallað til okkar öll gögn um þetta mál úr því sem komið er. Það er ekki boðlegt að standa frammi fyrir því að feluleikur af þessu tagi hafi verið hafður í frammi. Menn áttu að koma til dyranna eins og þeir voru klæddir með þetta mál frá byrjun og segja: Þetta snýst um að við viljum fá uppfærslu á heimildum Landsbankans frá 1993. Þær hafa ekki dugað, afkoma bankans hefur hvergi nærri orðið í samræmi við áætlanirnar sem voru lagðar til grundvallar 1993 og þess vegna er ekki um annað að ræða en að fá þarna tiltekna viðbótarheimild. Málið lá skýrt og klárt fyrir og ég er sannfærður um að eftir vandlega skoðun í nefnd hefði það getað farið í gegnum þingið í samkomulagi, hef ég ástæðu til að ætla, án nokkurrar umtalsverðrar umræðu. Málið snýst ekki um það að einhver ágreiningur sé um það að nauðsynlegt sé að eiginfjárstaða Landsbankans þurfi að vera fullnægjandi í hvaða tilviki sem það er. Málið snýst ekki um það. Ríkið, eigandi bankans, hlýtur að sjálfsögðu að koma þar til skjalanna og mundi gera jafnvel þó það væri ekki eigandi hans vegna þess að það er alveg augljóst mál að þó að Landsbankinn væri einkabanki þá mundi íslenska ríkið ekki láta þann banka eins og staða hans er í íslensku efnahagslífi lenda í vandræðum af neinu tagi gagnvart BIS-reglum. Það liggur bara þannig. Ég get ekki ímyndað mér að um það mál hefði þurft að verða nokkur minnsti ágreiningur eða nokkurt vesen ef menn hefðu bara staðið heiðarlega að því að bera málið hér fram.

Herra forseti. Mér er eiginlega skapi næst að óska eftir að þessari umræðu verði frestað og 2. umr. ljúki ekki fyrr en efh.- og viðskn. hefur getað farið aftur yfir málið en til vara geri ég þá kröfu að meiri hlutinn kalli þá 13. tölul. eða ákvæði til bráðabirgða II til baka og við fáum kost á því að fara rækilega yfir það á nýjan leik í efh.- og viðskn. Ég tel að það sé ekki forsvaranlegt að afgreiða málið eins og nú er komið í ljósi þeirra upplýsinga sem hér eru komnar fram og ég spyr menn að því hvaða svipur sé á því. Hvaða svipur er á því að sulla afgreiðslu á þessu í gegn í ljósi þess sem hér hefur verið að dragast upp í umræðuna? Hann er ekki góður þannig að ég held að það væri öllum fyrir bestu að stöðva nú málið og fara yfir það með þessum hætti í hv. nefnd.

[22:29]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hafi ekki farið fram neinn blekkingarleikur í sambandi við umfjöllun efh.- og viðskn. um þetta mál og ekki heldur að málið hafi verið þannig lagt upp af hálfu ráðuneytisins. Ég tel að það hafi verið fjallað mjög eðlilega um þetta og tekin málefnaleg afstaða til málsins í umfjöllun nefndarinnar og tillögugerð hennar. Það liggur fyrir í þessu máli að það eigi í sjálfu sér ekki að taka nýja ákvörðun varðandi eiginfjármögnun Landsbankans. Landsbankinn hafði möguleika til að taka víkjandi lán sem var samþykkt á þingi 1993. Síðan erum við að fjalla núna um endurfjármögnun þessara víkjandi lána af ýmsum ástæðum sem komið hafa fram. Ég tel að það séu fyllilega forsendur til þess að klára málið á þeim nótum sem rætt hefur verið um. Ég sé ekki neina ástæða til að draga brtt. til baka eða fjalla frekar um málið. Ég sé ekki að það mundi breyta neinu um niðurstöðuna. Við í hv. efh.- og viðskn. kæmumst að nákvæmlega sömu niðurstöðu um þá þörf sem þarna er til staðar. Ég held að það væri langbest fyrir allt og alla að ljúka málinu sem fyrst, bæði fyrir Landsbankann og eigendur, skattgreiðendur í landinu, og ekki síst fyrir viðskiptavini bankans.

[22:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm., formaður efh.- og viðskn. reynir auðvitað að klóra í bakkann og bera blak af þeirri stöðu sem

er komin upp í málinu. En það dugar ekki að horfa fram hjá því að þetta mál var lagt upp með allt öðrum forsendum og allsendis ónógum, eða nánar tiltekið engum upplýsingum, um þann þátt sem nú er orðinn aðalviðfangsefni okkar í umræðunum. 2. gr. frv. og umsögnin um hana leggur þetta upp sem tæknilegt mál. Það er ekki minnst einu orði á Landsbankann. Það er engin einasta tala þar um það hvað falist geti í því að opna þessa heimild. Þeir hlutir eru allir síðan fram komnir. Það að við nefndarmenn í efh.- og viðskn. skulum vera að fá nýjar grundvallarupplýsingar um þessa hluti í umræðunni hér á elleftu stundu að kvöldi dags við 2. umr. er auðvitað ekki eins og þetta á að vera. Hv. þm. og formaður efh.- og viðskn, það er bara ekki þannig. Við verðum þá að horfast í augu við það að í besta falli getum við tekið á okkur sökina. Við höfum verið of andvaralaus í málinu og ekki unnið nógu vel í nefndinni. Mér finnst það þó tæplega sanngjarnt vegna þess að við höfum talið okkur vera að fá þær upplýsingar sem til reiðu væru um málið. Sé ekki tekið mark á því að nefndin fari yfir þetta áður en 2. umr. lýkur ræð ég að sjálfsögðu ekki við það. En ég tel að ég eigi kröfu á því að nefndin taki málið fyrir milli 2. og 3. umr. Það er venjan að verða við slíku. Ég mun óska eftir því að fá um þetta upplýsingar, fá bankaeftirlitið og fá Landsbankann aftur til fundar við okkur út af þessu. Það dugar ekkert annað. Úr því sem komið er, er umræðan hvort sem er orðin galopin, út um dal og hól. Ég sé ekki að það breyti svo sem neinu fyrir Landsbankann, eigendur hans og viðskiptalífið í landinu þótt menn taki svo sem tvo sólarhringa í viðbót. Ætli þetta versni mikið úr þessu eftir fréttirnar í kvöld og orðaskiptin í dag, ég á svo sem ekki von á því. Það mundi heldur skána ef menn hefðu það á tilfinningunni að að lokum hefði verið farið sómasamlega yfir málið og það afgreitt með efnislegar upplýsingar fyrirliggjandi.

Ég bendi á að það getur vel verið að að lokum komist menn að þeirri niðurstöðu að þessi endurfjármögnun eigi að vera meiri. Það hefur komið fram í kvöld að í raun skakki 1,5 milljörðum á að áætlanirnar hafi gengið eftir ef miðað er við afkomuna eins og hún var áætluð 1993. Ég held því að það sé rétt að fara yfir það hvað þetta á að vera.

[22:34]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það eðlilega ósk hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að nefndin kíki aftur á málið milli 2. og 3. umr. Ég er sannfærður um að þá mun hann með góðri samvisku geta staðið að þessu máli. Þá þarf það ekki að vefjast fyrir honum lengur frekar en öðrum hv. þingmönnum.

[22:35]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hélt því fram áðan að sá sem hér stendur hafi sagt og það hafi verið niðurstaða mín að Landsbanka Íslands væri ekki treystandi vegna efa um það hvort einn bankastjóranna væri í fullkomnu jafnvægi. Annaðhvort hefur hv. þm. Svavar Gestsson ekki hlustað mjög vel á umræðuna í dag eða þá ekki verið viðstaddur þegar ég lauk máli mínu. Niðurstaða mín varð sú að það væri mikið af ágætisfólki í Landsbanka Íslands. Ég nefndi sérstaklega til mjög hæfan bankamann, Björgvin Vilmundarson, sem er einn bankastjóranna. Hann er sérstaklega fær og með langa reynslu. Ég nefndi líka til formann bankaráðs, Kjartan Gunnarsson, sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á bankamálum. Þótt ég efist kannski um að einn bankastjóranna sé í fullkomnu jafnvægi er það engu að síður niðurstaða mín að það yfirleitt sé prýðisfólk í Landsbanka Íslands og bankanum sé vel treystandi til að fara með fjármál upp á rúmlega 100 milljarða kr.

Hvort sem Landsbanki Íslands er í vanda staddur eða ekki hvað varðar eiginfjárhlutfall er a.m.k. alveg ljóst að í árslok 1995 er eiginfjárhlutfall Landsbankans 9,38% sem er vel yfir BIS-reglum sem krefjast 8%. Ég held því að það þurfi ekki að eyða miklum tíma í meintan vanda Landsbankans. Hann uppfyllir BIS-reglur og er ágætlega staddur hvað eiginfjárhlutfall varðar.

[22:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni fyrir þær skýringar sem komu fram í máli hans áðan. Þær voru eitthvað á þá leið að þrátt fyrir Sverri Hermannsson væri bankinn allvel mannaður að öðru leyti. Ég vil taka fram að ég heyrði þessi ummæli hv. þm. af því að ég var hér í salnum á þeim tíma eins og fram kemur á myndbandi sem var sýnt á sjónvarpsstöð í kvöld. Ég gekk hér um sal tvisvar sinnum á meðan hv. þm. viðhafði þau ummæli um bankastjóra Landsbankans sem hér hafa orðið aðalumræðuefnið í kvöld. Ég hlýddi því á þetta og ég segi alveg eins og er að ég met hv. þm. mikils fyrir að reyna að setja hlutina svona upp. Samt sem áður finnst mér að staðan hafi ekki batnað. Hann undirstrikaði í seinni ræðu sinni að þessi bankastjóri Landsbankans er að hans mati alveg sérstakt vandamál og ekki í jafnvægi, en þrátt fyrir það mætti svo sem sletta í Landsbankann einhverjum stuðningi.

Það er meginniðurstaðan af þessu máli þannig að ég ætla ekki að fara frekar yfir það. Ég þekki dálítið til mála af þessu tagi, bæði frá fyrri árum mínum í efh.- og viðskn. og eins í viðskrn. Auðvitað er það alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að þessi mál eru vandmeðfarin, m.a. í orði í þessari virðulegu stofnun og úr þessum stól. Ég tel að þar þurfi ýmsir á siðapredikunum að halda. Til dæmis hv. þm. sem var næstur á undan mér ekki síður en sá sem hér stendur, án þess að ég sé að frábiðja mér vinsamlegar leiðbeiningar um orð mitt og æði að hverju sem það kann að lúta.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt hæstv. forseti, að vekja athygli á því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon viðhafði þau orð að í þessu máli hefði verið uppi sérkennilegur feluleikur og að efh.- og viðskn. hafi verið leynd mikilvægum upplýsingum. Ég tók eftir því að hv. þm. Ágúst Einarsson komst að orði með mjög svipuðum hætti. Út af fyrir sig getur formaður efh.- og viðskn. komið og sagt: Ja, þetta er ekki rétt, nefndin var ekki leynd neinu. Veruleikinn er eftir sem áður sá að tveir talsmenn stjórnarandstöðuflokka sem hafa unnið að málinu í nefnd lýsa því yfir að þeir telji að þeir hafi verið leyndir mikilsverðum upplýsingum. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. formann efh.- og viðskn., ef hann vill að þetta mál treysti stöðu Landsbankans, að hlusta á þær óskir sem liggja fyrir um að þessi tiltekna brtt., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan, fái meðferð á milli umræðna þannig að málið verði eins traust undirstaða fyrir Landsbankann í framtíðinni og mögulegt er. Miðað við þau óvarlegu orð sem hafa m.a. verið látin falla um þann banka af hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni er nauðsynlegt að hv. formaður efh.- og viðskn. vandi efnismeðferð málsins í nefndinni meira en hann hefur gert.

Það er bersýnilegt að þeir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna sem hér hafa talað í kvöld telja að þeir hafi verið leyndir upplýsingum. Það er talað um sérkennilegan feluleik og það er talað um, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon orðaði það, að það sé engan veginn forsvaranlegt hvernig málið hefur verið lagt fyrir nefndina. Þess vegna vil ég taka undir þá ósk hv. þm. að málið fái betri skoðun í nefndinni, brtt. verði kölluð aftur til 3. umr. og málið vandað svo sem best má vera. Það er alveg augljóst að eftir þær umræður sem farið hafa fram, og þá m.a. yfirlýsingar hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar um bankastjóra Landsbankans, er nauðsynlegt að vanda sérstaklega lendinguna í þessu máli af hálfu þessarar virðulegu stofnunar.

[22:42]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég held að menn hafi almennt gert sér grein fyrir því eftir umfjöllun þessa máls í nefnd að þessi umræða gæti orðið vandasöm. Þess vegna er það að menn hafa tekið það trúanlegt og hamrað á því í umræðunum, hver á fætur öðrum, að niðurstöður efnahagsreiknings Landsbankans um seinustu áramót og þar með talin eiginfjárstaða bankans væri viðunandi samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunarreglum og að Landsbankinn þyrfti því ekki á sérstökum björgunarleiðangri að halda. Við erum hér að ræða fyrir opnum tjöldum úr ræðustól á Alþingi fjárhagsgrundvöll helstu fjármálastofnunar þjóðarinnar og í raun og veru hefði verið afar varasamt að ræða þessi mál hér á hinu háa Alþingi nema vegna þess að fyrir lá að þessi niðurstaða var svona. Við höfum að sjálfsögðu gagnrýnt allan tímann hvers vegna verið er að læða þessu heimildarákvæði til ríkisbanka, eins og það er orðað, til þess að taka víkjandi lán inn í frv. sem er þessu alls óskylt. Við erum að fjalla um frv. sem er tæknilegt frv. vegna aðlögunar löggjafarinnar um viðskiptabanka og sparisjóði að Evrópusambandsreglum og þetta er alls óskylt mál og það er fullkomlega réttmæt gagnrýni. En meginatriðið er að sú forsenda var á hreinu að Landsbankinn þyrfti ekki á neinni sérstakri viðbótarfyrirgreiðslu að halda. Hæstv. viðskrh. vísar reyndar til þess að þetta sé ekki ný viðbótarfjármögnun. Því hefur þegar verið svarað. Með vísan til þess hvað víkjandi lán eru og áhrifa þeirra til stækkunar á efnahagsreikningi og aukinnar útlánagetu, er það í besta falli álitamál.

Þess vegna er það, herra forseti, að það kemur að sumu leyti á óvart á hvern veg þessi umræða hefur þróast. Það væri í alla staði eðlilegt að spyrja, með tilliti til forsögunnar og björgunaráðstafana árið 1993, hvernig tekist hefði í framkvæmd að standa við þau skilyrði sem þá voru sett og hvernig áætlanir hefðu gengið eftir til dagsins í dag. Hæstv. viðskrh. hefur svarað því og sannleikurinn er sá að reynslan af því er vægast sagt ekki góð. Hæstv. ráðherra dró enga dul á það. Hann sagði að bankinn hefði í raun og veru ekki fullnægt þeim skilyrðum sem þá voru sett og að áætlun sem gerð var á árunum 1993–1995 um rekstur og afkomu hefðu ekki gengið eftir í mjög veigamiklum atriðum.

Ég spurði sérstaklega eftir þessu í minni ræðu af þeirri einföldu ástæðu að mér er mjög minnisstætt hversu digrar yfirlýsingar voru gefnar á sínum tíma af hálfu bankans um það að þetta væri einstök aðgerð sem þá var beðið um og að ekki yrði leitað aftur sambærilegrar fyrirgreiðslu. Jafnframt var því tekið vel þegar sett voru þau skilyrði sem hæstv. viðskrh. tíundaði og gerði grein fyrir. Það er staðreynd að í ljósi þeirra upplýsinga að þetta hefur ekki gengið eftir er verið að leita eftir endurfjármögnun á aðstoðinni frá 1993, að sögn hæstv. viðskrh. Áætlunin var gerð og skilyrði voru sett um að bankinn brygðist við t.d. með fækkun útibúa. Það hefur ekki gengið eftir. Þvert á móti, útibúum hefur fjölgað.

Í annan stað voru sett skilyrði um að bankinn minnkaði efnahagsreikning sinn, m.a. með sölu eigna í öðrum rekstri. Það hefur heldur ekki gengið eftir. En hæstv. ráðherra lagði á það megináherslu að það sem síst hefði gengið eftir væri að upphæðir sem lagðar hafa verið inn á afskriftareikning vegna útlánatapa eru verulega hærri en ráð var fyrir gert. Heildarniðurstaðan er því sú að afkoma bankans, hagnaður bankans, er 1,5 milljörðum lakari en lagt var upp með.

Það er eðlilegt að menn setji stórt spurningarmerki við það hvort þetta sé raunverulega skýringin. Við höfum lagt upp með það sem grundvallarforsendu að hvað sem sem öðru liði gæfi afkoma bankans um seinustu áramót ekki tilefni til þess að ætla að hann þyrfti einhverja sérstaka fjárhagslega fyrirgreiðslu. Þvert á móti var sagt að brtt. væri í því fólgin að setja fremur þak á þá fyrirgreiðslu sem upphaflega var farið fram á. En það lá alltaf að baki umræðunnar að ef á það reyndi á næstunni að breytt yrði um rekstrarform þannig að bankinn yrði gerður að hlutafélagi, þá kynni að vera að tilteknar eignir hans yrðu lækkaðar í verði þannig að þetta væru nánast varúðarráðstafanir gagnvart ókominni tíð.

Nú tók ég sérstaklega eftir því að í máli viðskrh. kom fram að hann vísaði því algerlega á bug að skýringin á þessari beiðni og þessari tillögu væri í nokkrum tengslum við breytingar á rekstrarformi bankans. Hann vísaði til þess að þess væri að vænta að það yrðu breytingar á hinum alþjóðlegu BIS-reglum svokölluðu sem gætu haft þær afleiðingar í för með sér að mat á eignum í efnahagsreikningi bankans kynnu að lækka. Það er ástæða til þess að spyrja: Er eitthvað fast í hendi um það hvenær þessar alþjóðlegu viðmiðunarreglur taka gildi? Liggur eitthvað fyrir um það að þær hafi svo stórvægileg áhrif að af þeim ástæðum þurfi hugsanlega að endurfjármagna fyrirgreiðsluna við bankann frá árinu 1993? Eru það staðreyndir málsins eða er það einfaldlega skýring sem gefin er vegna þess að menn vilja ekki slá því föstu að þetta sé afleiðing af áformunum um breytingu á rekstrarformi? Hvað svo sem því líður beini ég því til hæstv. ráðherra og til hv. formanns efh.- og viðskn. að þeir leggi við hlustir og taki það alvarlega þegar talsmaður minni hlutans í þessu máli, hv. þm. Ágúst Einarsson, segir: „Mér finnst að ég hafi verið blekktur í þessu máli. Mér finnst að það hafi ekki verið komið beint framan að mönnum og það hafi ekki verið settar fram í nefndinni þær skýringar sem nú eru smám saman að koma á daginn.“ Þær eru að vegna þess að áætlunin frá 1993 gekk ekki eftir er raunveruleg þörf fyrir hendi. Og, nota bene, þetta er alltaf í því formi að þetta sé heimildarákvæði til ríkisbankanna en ekki bundið nafni annars þeirra.

Ég verð að segja fyrir mig, virðulegi forseti, að ég tel að það sé af öllum ástæðum skynsamlegt þegar hér er komið sögu að það verði bundinn endir á þessa umræðu. Ég held að hún þjóni ekki tilgangi lengur. Ég teldi að það væri afar óskynsamlegt að skiljast við málið eins og það er nú statt. Ég er einfaldlega að taka eindregið undir þær ábendingar og þær óskir sem fram komu hjá talsmanni minni hlutans, hv. þm. Ágústi Einarssyni, að nú verði gert hlé á þessari umræðu, þessu máli verði vísað aftur til efh.- og viðskn., það skoðað að nýju og þess freistað að ná niðurstöðu. Ég segi alveg það sama og hv. þm. Ágúst Einarsson. Ef þær upplýsingar sem nú liggja fyrir hefðu legið fyrir skýrt og klárt í umfjöllun nefndarinnar vil ég ekki útiloka að ég hefði

fremur kosið að málið yrði leyst með sameiginlegri niðurstöðu í nefndinni heldur en það yrði tekið út til almennrar umræðu í þingsal undir þeim formerkjum sem nú eru komin á daginn. Ég beini þessum tilmælum til þeirra sem ábyrgð bera á málinu í mikilli vinsemd og bendi þeim á að ég sé ekki fram á það að þessi umræða geti gagnast okkur mikið lengur. Ég held að það hljóti öllum að koma saman um að æskilegast væri að málið yrði leyst með niðurstöðu sem gæfi ekki tilefni til tortryggni eða vantrúar að því er varðar þessa mikilvægu fjármálastofnun. Ég tel þess vegna skynsamlegt að hæstv. ráðherra og þeir sameiginlega, ráðherra og hv. formaður efh.- og viðskn., fallist á að ljúka þessari umræðu ekki núna heldur fari málið aftur til nefndar þar sem það verður skoðað upp á nýtt og farið ofan í saumana á þeim upplýsingum öllum sem hér liggja fyrir. Svo má láta á það reyna hvort unnt er að ná sameiginlegri niðurstöðu. Ég held að það mundi þjóna best hagsmunum allra sem hér eiga hlut að máli.

[22:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan fór hann fram á það í svari við andsvari mínu að nefndin hittist milli 2. og 3. umr. til að fara yfir málið. Ég taldi það eðlilega ósk og í rauninni væri það sjálfsagt mál. Ég tel að málið liggi í sjálfu sér alveg fyrir. Það var kynnt með þeim hætti í nefndinni að ég taldi að henni væri ekkert að vanbúnaði að taka á þessu máli og samþykkja að Landsbankinn hefði möguleika á ákveðinni endurfjármögnun á þeim víkjandi lánum sem á honum hvíldu. Að minnsta kosti taldi ég að ég hefði fengið allar þær upplýsingar sem ég þurfti til að geta staðið að því. Það getur vel verið að það hafi komið fram frekari upplýsingar eftir að nefndin afgreiddi málið. Það hefur nokkur tími liðið á milli þess að afgreiðsla fór fram og þessarar umræðu. Það er alveg sjálfsagt að fara yfir þær upplýsingar. Ég tel hins vegar að þær upplýsingar eins og þær hafa verið kynntar í þessari umræðu og sú samantekt sem hefur farið fram á afkomu Landsbankans yfir lengra tímabil geri ekkert annað en staðfesta það enn frekar sem nefndin leggur til. Af öllum þessum ástæðum tel ég heppilegast að þessari umræðu ljúki sem fyrst þannig að bankinn fái starfsfrið. Menn geta þá einbeitt sér að því á þeim bæ að vinna eins og heppilegast er fyrir stofnunina sjálfa, eigendur bankans og viðskiptavini.

[22:55]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég lýsti í ræðu minni áðan held ég að efnisleg umræða um þetta mál þjóni ekki neinum jákvæðum tilgangi úr því sem hér er komið sögu. Ég sannfærist ekki af þeim tillögum sem fram komu hjá hv. formanni efh.- og viðskn. áðan. Ég held fast við þau tilmæli mín að við ljúkum þessari umræðu hér og nú og vísum málinu til nefndar. Ég held að það verði einfaldlega affarasælast. Ég árétta að ég vil ekki eiga hlut að því að lengja þessa umræðu. Hins vegar kann það að reynast óhjákvæmilegt ef ekki verður á þessar óskir fallist, sem ég held að styðjist við veigamikil rök.

[22:57]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alls ekki fallist á að það sé verið að leika hér einhvern blekkingaleik og þannig hafi verið staðið að málinu frá upphafi. Það var flutt hér stjfrv. og það var kynnt. Í stjfrv. var lagt til að ríkisviðskiptabankar fengju almenna heimild án afskipta Alþingis til þess að taka þau víkjandi lán sem þeim er heimilt samkvæmt reglum um viðskiptabanka og sparisjóði almennt. Ég vek athygli á því að Íslandsbanki tók á sínum tíma víkjandi lán og ekki kom Alþingi að því. Það er hins vegar ekki í stíl við starfshætti hér að veita ótakmarkaðar eða lítt takmarkaðar ábyrgðir á skuldbindingum ríkisstofnana eins og það hefði falið í sér. Allt starf nefndarinnar fólst í því að fara yfir þetta mál gagnvart Landsbankanum og kanna með hvaða hætti væri eðlilegt að takmarka þær heimildir sem lagðar voru til í frv. ríkisstjórnarinnar, það duldist engum sem um það mál fjallaði.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég fékk í nefndinni og allir hv. þingmenn sem í henni störfuðu fengu á sínum tíma sannfærðist ég um að það væri ástæða til að veita bankanum standandi heimild til að endurfjármagna víkjandi lán sem á honum hafa hvílt upp að vissu marki. Með því er ekki verið að taka neina nýja ákvörðun um eiginfjárstöðu bankans heldur einungis að gera honum kleift að gegna betur sínum hlutverki eða búa sig undir þá breytingu sem verður á BIS-reglunum frá næsta ári þar sem atvinnuhúsnæði verður endurmetið. Það getur haft ákveðnar afleiðingar fyrir eiginfjárstöðu bankans. Ég skil satt að segja ekki alveg þann áhuga sem sumir hv. þingmenn í þessari umræðu hafa á því að vera að hringla frekar með þetta mál.

[22:59]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur áður komið fram af hálfu okkar talsmanna minni hlutans í þessu máli að ef upplýsingar um málið hefðu legið fyrir eins og þær gera nú að lokinni ræðu hæstv. viðskrh. hefði vel mátt vera að við hefðum litið málið öðrum og alvarlegri augum og það kynni hugsanlega að hafa breytt afstöðu okkar. Ég árétta að það kom aldrei fram í umræðu í nefndinni að ástæðan fyrir þessari beiðni um aðstoð sé raunverulega sú að þar sem bankinn hefur ekki getað staðið við skilyrðin og áætlanir frá 1993 til viðbótar því að þurfa að greiða þessar 750 millj. til baka upp í fjárhagsfyrirgreiðsluna sem þá var veitt þurfi hann þess vegna á þessari fyrirgreiðslu að halda þrátt fyrir tölur sem hér hafa verið birtar og við höfum verið að hamra á. Það eru algjörlega nýjar upplýsingar og ég lít þær svo alvarlegum augum að ég segi einfaldlega fyrir mína parta, það þjónar ekki tilgangi að ræða málið hér frekar og það er sérstök ástæða til þess í ljósi þessara mikilvægu upplýsinga, sem eru bornar fram af hæstv. viðskrh. sjálfum, að vísa málinu aftur til nefndar og láta á það reyna hvort það kunni að breyta niðurstöðu nefndarmanna.

[23:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Varðandi þetta mál sem við erum að ræða núna finnst mér rétt þar sem nú er orðið áliðið og líka vegna efnis málsins að umræðunni sé frestað og ekkert óeðlilegt við það. Hér hafa komið fram fjölmargar upplýsingar síðustu klukkutíma sem kalla á meiri skoðanaskipti varðandi þetta mál því það liggur alveg ljóst fyrir að við sem störfum í hv. efh.- og viðskn. bæði ég, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og jafnvel fleiri þingmenn stjórnarliða og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir erum þeirrar skoðunar að málið hafi ekki legið fyrir þegar nefndin fjallaði

um það eins og það gerir núna. Nú vil ég virkilega fara varlegum orðum um þetta efni. Þetta mál er þannig og ég vil fara með gætni í allt umtal um bankamál. Það er m.a. þess vegna, því hér hafa verið veittar upplýsingar í þessa umræðu m.a. af hæstv. viðskrh., að við teljum að affærasælast sé fyrir málið að við bíðum aðeins með umræðu. Efh.- og viðskn. er hvort sem er búin að bóka fund á morgun, reyndar út af öðru máli, en yrði málið rætt í nefndinni þannig að þegar menn koma fram hér og halda umræðunni áfram þá væru menn komnir með allar upplýsingar og hugsanlega liggi fyrir sameiginleg niðurstaða um þetta mál. Ég held að það sé mjög mikilvægt út frá efni málsins því að það er alveg ljóst þó svo ég viti alveg að hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, telur að allt hafi verið með felldu í starfi nefndarinnar. Ég er ekki að bera á móti mati hv. þm. Vilhjálms Egilssonar á því. Það er hins vegar alveg ljóst að við, aðrir þingmenn í efh.- og viðskn., teljum að málið hafi verið óðruvísi vaxið. Nú veit hv. formaður efh.- og viðskn. ósköp vel að við þessir einstaklingar, sem erum í nefndinni, erum ekki að gera neinn leik í því að óska eftir að umræðan bíði og að nefndin komi aftur saman og þessi mál verði aðeins betur skýrð. Við erum ekki að því. Við kunnum allir nógu vel á bankamál. Félagar mínir í nefndinni, tveir fyrrverandi ráðherrar, þekkja þetta óskaplega vel út og inn. Ég held þess vegna, herra forseti, að þetta sé eðlileg málsmeðferð með tilliti til þess að nú er langt liðið á kvöld og það sé rétt að umræða fari aðeins fram í nefndinni og að við frestum umræðu með því fororði að okkur finnst eðlilegt að nefndin skoði betur þær upplýsingar og ræði það betur sem hefur komið fram þannig að lendingin í málinu verði affærasæl fyrir frv., fyrir ríkisstjórnina, fyrir Landsbankann og fyrir fjármálalífið. Ég tel það vera affærasælast.

[23:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá ósk að haldinn verði fundur í hv. efh.- og viðskn. til að skoða þetta mál og ekki eingöngu vegna þeirra nýju upplýsinga sem hafa komið fram í kvöld heldur einnig vegna þeirra formsatriða sem ég hef gert að umtalsefni í máli mínu. En mig langar til að benda á einn möguleika í þessari stöðu. Ég hef skilið það svo að þingflokksformenn hafi gert samkomulag um að ljúka umræðunni í kvöld. Það er einn möguleiki í stöðunni sem ég vil leita eftir hvort að hæstv. forseti og formaður hv. efh.- og viðskn. væru tilbúnir til að skoða og það er einfaldlega að kalla þessa ákveðnu tillögu aftur til 3. umr. þannig að nefndinni gefist kostur á að ræða hana sérstaklega. Þannig gætum við lokið 2. umr. um málið en tekið þessa einu tillögu til nánari skoðunar og hún kæmi þá til atkvæða, hugsanlega breytt, við 3. umr.

[23:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef á tilfinningunni að það sem sé að gerast hér sé að hv. þm. stjórnarandstöðunnar langi óskaplega til að styðja málið en séu að leita sér að ástæðu til þess að gera það ekki. Þegar málið byrjaði upphaflega í dag flutti talsmaður stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Ágúst Einarsson, ræðu þar sem hann var fyrst og fremst á móti því að fjalla um þetta mál, það ætti ekki að flytja hér og afgreiða mál vegna þess að það væru þrjár ástæður fyrir því að breyta lögum með þessu frv. og það þyrfti að flytja sérstakt frv. um hverja ástæðu. Síðan koma frekari upplýsingar fram í umræðuna, þær eru allar til þess fallnar að styrkja þá afgreiðslu sem verið er að leggja til, að Landsbankinn fái standandi heimild til þess að endurfjármagna þau víkjandi lán sem hann hefur tekið upp að því marki sem kveðið er á um í þessu ákvæði til bráðabirgða. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég er tilbúinn til þess að halda fund milli 2. og 3. umr. þar sem farið yrði nákvæmlega yfir þetta mál. Það getur þá tekið ákveðnum breytingum við 3. umr. ef mönnum sýnist svo en ég er alveg viss um það að þegar umfjöllunin í nefndinni hefur farið fram milli umræðna munu hv. þm. vera tilbúnir til þess að styðja málið endanlega. Ég er að hugsa um hvort hv. þm. muni líða eitthvað betur ef ég lýsti því yfir að tillagan yrði afturkölluð á meðan þeir væru að hugsa sig um. Ég veit ekki hvort það hefði eitthvað upp á sig eins og hv. þm. var að nefna áðan ef þá langar svo mikið til að styðja málið. En ég get líka lofað þeim að ég hyggst þá flytja þessa sömu tillögu við 3. umr. og mundi bara fagna því ef fleiri hv. þm. styddu tillöguna með okkur hv. stjórnarliðum vegna þess að hún er skynsamleg og hefur alltaf verið skynsamleg og ekki versnar tillagan ef hún fær fleiri stuðningsmenn.

[23:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að málið sé aðeins alvarlegra en fram kom í þessum allt að því galgopalegu orðaskiptum. Staðreyndin er sú að það lágu ekki réttar eða allar upplýsingar fyrir og forsendur málsins þegar það var afgreitt út úr efh.- og viðskn. miðað við það sem nú er komið í ljós. Og hvaða afleiðingar hefur það? Það hefur m.a. þær afleiðingar að rökstuðningur fyrir afstöðu minni hlutans í nál. er ekki sá sem hann hefði getað orðið ef við hefðum haft allar upplýsingar. Þess vegna væri að mínu mati af þinglegum ástæðum einum saman skýlaust réttmætt að verða við óskum um að umræðunni yrði frestað þannig að ef svo bæri undir væri unnt að kalla til baka þessi nál. og leggja fram ný með réttum rökstuðningi í ljósi þeirra upplýsinga sem við þá eða nú höfum til þess að taka afstöðu til málsins. Það er ástæðulaust fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson að vera með einhver gamanmál um það að nú sé það að sannast hversu góð og gáfuleg tillaga meiri hlutans hafi verið. Málið snýst ekki um það. Við kunnum ekki vel við að vera sett í þá aðstöðu sem raun ber vitni varðandi það að taka afstöðu til mála. Það er alvörumál að vinna mál í þingnefnd og taka síðan afstöðu til þess og leggja þá afstöðu fram í formi nál. og þingskjala. Ég hef a.m.k. fyrir mitt leyti engan áhuga á því og ekkert gaman af því að hlutir sem betur mega fara gangi þannig inn í þingtíðindin. Að því leyti til væri skemmtilegast að þessi nál. þyrftu ekki að verða þau endanlegu hér við 2. umr. málsins og ekki þyrfti að koma til afgreiðslu á brtt. sem gæti hugsanlega orðið öðruvísi úr garði gerð eftir yfirferð nefndarinnar. Ég held að heppilegra væri og vænlegra í alla staði og ég er ekki vafa um að það þarf ekki að hafa nein áhrif á framgang málsins umfram það sem nú er að leyfa 2. umr. að standa opinni á meðan efh.- og viðskn. endurmetur málið og fer yfir það. Menn hljóta að fagna því ef um það gæti tekist meiri samstaða að ljúka afgreiðslu þess en nú horfir til eða horfði til þegar það var afgreitt út úr nefnd vegna þess hvernig það var að okkur borið.

Herra forseti. Ég gæti vitnað í nál. á þskj. 721 en þar er einmitt sagt, með leyfi forseta:

„Eftir eftirgrennslan minni hluta nefndarinnar varðandi það að heimila endurfjármögnun eins og meiri hlutinn leggur til var upplýst af hálfu meiri hluta nefndarinnar að nauðsyn-

legt gæti verið að endurmeta ýmsar eignir bankans í sambandi við breytingu hans í hlutafélag.“ Þetta settum við á prent. Svo kemur hæstv. viðskrh. inn í umræðuna og upplýsir að þetta sé algjörlega óháð og ótengt „háeffun“ bankans. Í hvaða stöðu er verið að setja okkur með þessi orð í nál.? Ég held að menn hljóti að sjá það að þetta eru efnislegar og réttmætar óskir, herra forseti. Þetta er ekki af neinni þrákelkni gagnvart framgangi þessa máls. Ég tel að það sé betri kostur að fresta umræðunni og hafa hana opna þegar efh.- og viðskn. er búin að fara yfir málið. Það fari betur þingtæknilega að gera þetta þannig en ég gerði þá kröfu til vara að í öllu falli yrði brtt. kölluð til baka þannig að við værum ekki sett í þá aðstöðu að þurfa að greiða atkvæði um hana eins og málin standa nú.

[23:13]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil í upphafi nefna það sem hv. formaður efh.- og viðskn. ræddi um áðan og virtist bara gera grín að þessu máli. Ég er seinþreyttur til vandræða varðandi þetta mál en það hefur komið alveg skýrt fram að menn telja að þeir hafi verið blekktir í umræðunni. Ég hef stillt mig um að fara um þetta mjög alvarlegum og þungum orðum þó raunverulega sé tilefni til. Og að segja hér úr ræðustól að við séum að biðja um einhverja frestun vegna þess að við viljum endilega vera á tillögum með hv. formanni efh.- og viðskn., mér finnst slíkur málflutningur vera fyrir neðan allar hellur. Þetta mál er miklu alvarlegra en það. Við stjórnarandstæðingar höfum verið að bjóða upp á vegna hversu málið er alvarlegt að tekið verði aðeins hlé í þeirri umræðu að skoða betur og reynt að finna ákveðna samstöðu um það. Þetta mál er ekki til að gera á nokkurn hátt grín að. En með tilliti til málsmeðferðar sem hér er get ég fallist á þá tillögu sem forseti lagði til, þ.e. að 2. umr. ljúki. Sú umdeilda tillaga, sem við erum að tala um, ákvæði til bráðabirgða II verði dregin til baka til 3. umr. Nefndin komi saman milli 2. og 3. umr. og menn geta þá síðan gefið út frhnál. og tekið þá umfjöllun um þá efnisþætti sem hér eru til umræðu. Enda þótt ég hefði kosið að hin málsmeðferðin yrði viðhöfð, sem ég nefndi áðan, þá fellst ég eins og alltaf eða oftast á óskir forseta vors um málsmeðferð og tel eðlilegt að það sé gert. Ég legg áherslu á það að menn eru að tala um alvörumál og stjórnarandstaðan hefur átt málefnalega umræðu um þessa tilteknu efnisþætti og það er lágmarkskrafa til stjórnarliða að þeir taki þá málið af þeirri alvöru sem það á skilið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[23:16]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti þakkar þennan samstarfsvilja og lítur svo á að nefndin komi saman milli 2. og 3. umr. og að þessi tillaga sem hér hefur verið rædd verði kölluð aftur til 3. umr.

Forseti vill leita samstöðu um að tekin verði fyrir nefndarálit meiri og minni hluta efh.- og viðskn. í 14. dagskrármáli og nefndarálit meiri og minni hluta sjútvn. í 15. dagskrármálinu en síðan verði umræðu um bæði málin frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831.

[23:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efh.- og viðskn. og breytingartillögum vegna frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 frá 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Um þetta frv. varð allmikil umræða við 1. umr. málsins og sýndist sitt hverjum. Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki mjög viðamiklar tillögur til breytinga á frv. Þær eru í þremur liðum.

Í 1. lið er lagt til að upptalning á reykingu, súrsun, niðursuðu og niðurlagningu verði felld brott úr því ákvæði frumvarpsins þar sem talið er upp hvað teljist til vinnslu sjávarafurða. Nefndin telur eðlilegra að flokka þessa starfsemi undir iðnað.

Í 2. lið breytingartillagnanna er sérstök undanþágugrein þar sem kveðið er á um að búsetuskilyrði gildi ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki og að þessi undanþága geti verið látin gilda um sérlög um tilteknar fjárfestingar hér á landi, þ.e. lög er varða álverið í Straumsvík, járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn.

Í 3. lið brtt. er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að takmarkanir b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, eins og sú grein verður eftir þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir, eigi ekki við um eignarhluti erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum eins og þeir voru um síðustu áramót fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild ekki verið nema 49% og eignarhlutur lögaðilans í einstökum fyrirtækjum ekki farið yfir 10%.

Undir þetta álit skrifar auk þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Ég vil taka fram, hæstv. forseti, að ég er sjálfur mikill áhugamaður um aukið frjálsræði í fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi og tel að það sé heppilegt með ýmsum hætti. Ég stóð m.a. við 1. umr. málsins fyrir flutningi ásamt öðrum á sérstöku frv. þar sem gengið var út frá því að fjárfesta mætti með beinum hætti af hálfu erlendra aðila allt að 49%. Síðan, hæstv. forseti, kom í ljós við yfirferð þessa máls að ef menn nota sérstakar aðferðir við fjárfestingar sínar, geta erlendir aðilar eignast um 60% í sjávarútvegsfyrirtækjum með því að fara óbeinar leiðir. Ég hygg að í bili sé sú opnun nægileg. Enn fremur mun sú nefnd sem fjallaði um þetta mál og undirbjó frv. starfa áfram og það liggur fyrir að sú þróun sem hafin er með frv. og þessari breytingu muni eigi stöðvast, vonir standa til þess að áfram verði haldið með málið og fleiri breytingar í frjálsræðisátt gerðar innan tíðar. Þess vegna er ég tilbúinn til að standa að því máli sem hér liggur fyrir.

[23:21]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir minnihlutaáliti efh.- og viðskn., en auk mín stendur að álitinu hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Það frv. sem við erum að ræða hér er mjög merkilegt frv. sem fjallar um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Það er m.a. merkilegt fyrir það að það er ekki einungis stjfrv. sem hér var og er raunverulega til umræðu heldur tvö önnur þingmál. Það má nefna fyrsta þingmálið af þessum þremur þingmálum sem var borið fram af mér og hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Það var frv. um að heimila erlenda fjárfestingu allt að 20% hlut og þá skipti ekki máli hvort um veiðar eða vinnslu var að ræða. Síðan var stjfrv. lagt fram sem lagði áframhaldandi bann við beinni fjárfestingu í sjávarútvegi og tók á nokkrum öðrum þáttum en heimilaði óbeina fjárfestingu. Þriðja frv. sem síðar kom fram var frv. fjögurra sjálfstæðisþingmanna undir forustu hv. þm. Kristjáns Pálssonar og hv. þm. Péturs H. Blöndals, Vilhjálms Egilssonar og Guðjóns Guðmundssonar. Og það er einmitt hinn sami hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og gerði grein fyrir meirihlutaáliti áðan. Það frv. gerði ráð fyrir að heimila 49% fjárfestingu í bæði veiðum og vinnslu hér á landi.

Þetta mál sem var vísað til hv. efh.- og viðskn. fékk eins og önnur mál vandaða umfjöllun. Það koma engin mál til þeirrar ágætu nefndar öðruvísi en þau séu könnuð mjög ítarlega og það átti við þessi mál eins og önnur. Það má geta þess, herra forseti, að haldin var sérstök ráðstefna efh.- og viðskn. og sjútvn. um þessi þrjú þingmál ásamt þingmáli okkar þjóðvakaþingmanna um veiðileyfagjald þar sem var farið mjög vandlega yfir málin ásamt sérfræðingum og eru einmitt slík vinnubrögð til fyrirmyndar að mínu mati í nefndarstarfi og mætti vafalítið gera oftar.

Það sem málið snýst um er ákvörðunin eða ágreiningurinn um það hvort heimila á erlendum aðila að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Það eru ýmsir kostir við þá aðferðafræði, m.a. að með því er íslenskum fyrirtækjum gert kleift að sækja áhættufé sem eigið fé. Þeir eru þá síður upp á erlent lánsfé komnir en skuldir íslensks sjávarútvegs eru á annað hundrað milljarða eins og menn e.t.v. vita.

Það er líka talinn mjög mikill kostur varðandi beina fjárfestingu útlendinga að það getur leitt til samstarfs í markaðsmálum en einmitt slík eignatengsl eru mjög algeng og hafa rutt sér til rúms víða erlendis á undanförnum árum og áratugum. Þetta er líka hluti af alþjóðlegu frjálsræði í viðskiptum, frjálsræðisstefnu sem við þekkjum ósköp vel, Íslendingar, bæði með aðild okkar að EES-samningnum og GATT-samningnum, svo að nokkuð sé nefnt. Þar er verið að örva og létta hömlum af viðskiptum milli landa.

Einnig má geta þess að við höfum fjárfest mikið í sjávarútvegsfyrirtækjum erlendis og af hverju ekki láta það sama yfir útlendinga ganga hér? Við höfum fjölmörg dæmi um árangursríkar fjárfestingar útlendinga hér á landi.

Það er hægt að nefna nokkrar fleiri ástæður fyrir þessu. Takist að laða að útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi getur það leitt til þess að þeir fjárfesti líka í öðrum greinum og það er okkur einmitt kappsmál. Rökin gegn beinni fjárfestingu útlendinga eru fyrst og fremst þau að menn vilja ekki að útlendingar eigi hlutdeild í veiðum við Íslandsstrendur. Þetta eru söguleg rök, andstaða sem markast m.a. af landhelgisdeilum okkur. Þótt hér sé um að ræða íslensk fyrirtæki sem lúta íslenskum lögum er þessi andstaða býsna sterk í hugum margra og hún gerir það að verkum að það er dálítið erfitt að komast út úr þessari umræðu. Það má sömuleiðis benda á að fjárfestingar útlendinga í veiðum og vinnslu hafa ekkert með útflutning á ferskum fiski að gera eins og oft er haldið fram. Um það gilda sérstakar reglur. Reyndar er útlendingum heimilt að kaupa fisk á innlendum mörkuðum ef svo ber undir, en það hefur ekki orðið nein slík þróun. Samt hefur verið rætt ítarlega um það í kjölfar þessara þingsályktunartillagna eða frumvarpa hvort hægt sé að reyna að samræma þessi sjónarmið og þá í því formi hvort heimila ætti fjárfestingu í fiskiðnaði en heimila einungis óbeina fjárfestingu í útgerð.

Það má þó geta þess að á meðal þeirra frumvarpa sem lögð voru fyrir fjölmargra umsagnaraðila voru nokkur sem beinlínis studdu þá aðferðafræði sem kom fram í 20% frv. og 49% frv. Aðilar eins og Samtök iðnaðarins, Verslunarráð og Alþýðusambandið lögðust á sveif með flm. Andstaðan gagnvart þessari hugmyndafræði var einkum frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi þar sem Landssamband ísl. útvegsmanna var fremst í flokki auk Samtaka fiskvinnslustöðva og sjómannasamtaka. Það sem minni hlutinn reyndi að gera ítrekað í nefndinni, þegar meginafstaða umsagnaraðila lá fyrir og það var ljóst að það var vilji til að skoða beina fjárfestingu í sjávarútvegi með einhverju móti, var að skoða hvort ekki ætti að breyta umræðunni í það að heimila fjárfestingar einungis í fiskvinnslu. Það féllst meiri hlutinn ekki á, því miður, og hélt sig við upprunalega stjfrv. Nú má hins vegar geta þess og það er mikilvægt að þetta stjfrv. felur í sér að útlendingar geta eignast meiri hluta með óbeinum hætti í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þeir geta eignast allt að 62% á mjög einfaldan hátt með því að eiga í hlutafélagi sem á 25% í hlutafélagi sem á í sjávarútvegsfyrirtæki og lögaðilinn sem ætti 75% getur verið með erlenda eignaraðild upp á tæp 50%. Með mjög einfaldri keðju er því mögulegt fyrir útlenskt fyrirtæki að öðlast full yfirráð yfir íslensku sjávarútvegsfyrirtæki og er það óháð því hvort um veiðar eða vinnslu er að ræða. Þetta sýnir eiginlega betur en margt annað að þessi óbeina aðferðafræði eða þessi aðferðafræði um óbeina fjárfestingu er í reynd markleysa ein. Hún er hættulegri en bein fjárfesting vegna þess að hún leiðir til þess að aðilar fara krókaleiðir og búa sér til fyrirtækjakeðju til að ná yfirráðum yfir íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum ef þeir kjósa svo. Það hefði verið miklu eðlilegra að heimila beinar fjárfestingar, þá væru þessi viðskipti fyrir opnum tjöldum. Í nefndinni var varpað fram hugmyndum um að byrja að hafa þetta fyrst og fremst takmarkað við fyrirtæki sem eru á hlutabréfamarkaði svo menn hefðu enn betri yfirsýn. En það var alveg sama hvernig reynt var að kynna þetta fyrir meiri hluta nefndarinnar. Það var gjörsamlega ókleift að fá þá til að skoða einhverja aðra útfærslu en stjfrv. gerði ráð fyrir.

Reyndar er það svo að minni hluti efh.- og viðskn. telur ástæðulaust að hafa miklar á hyggjur af því þó heimilaðar séu takmarkað fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi, hvort sem um veiðar eða vinnslu er að ræða. Hins vegar telur hann rétt að fara með sérstakri varkárni í þessi mál og taka mið af þeim umsögnum sem bárust og umræðunni sem var í nefndinni og skoða þá í fyrstu umferð einungis fjárfestingu í fiskvinnslunni og láta þá fiskvinnsluna vera eins og hvern annan iðnað í landinu. Takmarkanir á fjárfestingum eru satt best að segja ekki mjög miklar í íslensku atvinnulífi og með stjfrv. var reyndar ýtt úr vegi nokkrum slíkum hindrunum varðandi viðskiptabanka, flugrekstur, orkuvinnslu og orkudreifingu. Að því leyti fól frv. í sér nútímalegar breytingar í átt til frjálsari viðskiptahátta sem minni hlutinn studdi. Þyrnirinn var einungis þetta atriði sem varðaði fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi.

Minni hluta nefndarinnar tókst ekki að sannfæra meiri hlutann um að skoða málin út frá því sjónarmiði að heimila fjárfestingar í fiskvinnslu með beinum hætti, þ.e. að setja ekki takmarkanir á þann þátt en halda þessari óbeinu útfærslu gagnvart útgerðinni. Röksemdirnar fyrir því að taka fiskvinnsluna svona sérstaklega eru t.d. þær að sæju útlendingar og íslensk fyrirtæki kost í því að stofna samstarfsfyrirtæki um vinnsluþáttinn einungis, þá mundu menn einfaldlega gera það með sérstöku fyrirtæki sem gæti þá örvað markaðssamstarf og það er einn af kostum erlendrar eignaraðildar. Þetta tókst ekki og meiri hlutinn gerir eingöngu smávægilegar breytingar sem tekur varla að tala mikið um. Hv. formaður efh.- og viðskn. gerði grein fyrir þeim áðan. Reyking og súrsun, niðursuða og niðurlagning skal teljast til almenns iðnaðar og er það reyndar gert í opinberri flokkun að nokkru leyti. Að öðru leyti var frv. stjórnarinnar ekki breytt um stafkrók.

Það er í sjálfu sér ekkert sérstakt um það að segja þótt nefnd hafi klofnað og menn hafi farið hver sína leiðina í ákveðnu pólitísku ágreiningsefni. En þetta mál er flóknara en svo. Eins og ég gat um áðan, fluttu fjórir þingmenn Sjálfstfl. frv. sem gekk lengra en frv. þjóðvakamannanna. Frv. sjálfstæðisþingmannanna gekk út á 49% eignaraðild, bæði í útgerð og fiskvinnslu. Þetta frv. var einfaldlega látið gufa upp. Það er satt best að segja með ólíkindum, herra forseti, því að flm. á þessu frv. voru tveir nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. auk Kristjáns Pálssonar, sem fylgdi málinu úr hlaði, að stjórnarþingmenn flytji slíkt frv. í kjölfar stjfrv., flytji frv. sem gengur þvert á stjfrv. Látum það nú vera, því að það er réttur hvaða þingmanns sem er að berjast fyrir sínu sjónarmiði, þó hann sé aðili að ríkisstjórn en að það skuli gerast með þeim hætti að þeir ná engum breytingum í áttina að sínu frv. í nefndarstarfinu. Þeir leggja fram frv. um 49%, ég veit ekki í hvaða tilgangi, hvort það var sýndarmennska ein sem bjó þar að baki, að minnsta kosti töluðu þeir hvorki fyrir því af neinum krafti þegar leið á í umræðunni um þetta mál og í nefndarstarfi né tókst þeim að fá meiri hluta nefndarinnar eða meiri hluta stjórnarþingmanna til að taka þátt í að breyta frv. í átt að því sem þeir voru að tala fyrir í sínu 49% frv. Þessir fjórir þingmenn skulda þingheimi og almenningi skýringar á þessari atburðarás því það er auðvitað alvarlegt mál þegar stjórnarþingmenn koma fram með þingmál með þessum hætti. Auðvitað áttu bæði stjórnarandstæðingar og aðrir í þjóðfélaginu von á því þegar þarna kom frv. í þessa átt sem gengur nálægt því sem við í minni hlutanum leggjum til eða það er skylt því, þá hefði mátt búast við því að það tækist að breyta stjfrv. í átt til meira frjálsræðis. Það tókst ekki og það sýndi sig betur en margt annað að þegar á reynir eru þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., ekki færir um að brjótast út úr þeirri hagsmunagæslu sem hin stóru valdasamtök í baklandi þeirra ráða yfir.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við annað atriði í þessu frv. Það er svokallað Olís-ákvæði en í stjfrv. er sagt að það sé óheimilt fyrir fyrirtæki sem er með meira erlenda eignaraðild en 33% að eiga í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki. Nú háttar svo til með eitt íslenskt fyrirtæki sem á í sjávarútvegsfyrirtækjum, Olís hf. eða Olíuverslun Íslands, að þar er erlendur eignaraðili með 35%. Það er Texaco-fyrirtækið og er ekki fyrirhuguð nein breyting þar á. Þarna hefði verið eðlilegt að hækka þessi viðmiðunarmörk þannig að menn væru nú ekki að gera einu fyrirtæki erfitt fyrir. Nei, það var ekki farin sú leið. Það var sett inn í ákvæði til bráðabirgða að heimila þetta en þó þannig að þeir verða að minnka eignaraðild á næstu árum. Þetta sýnir betur en margt annað að þarna var ekki verið að gæta hagsmuna þessa eina fyrirtækis og það má spyrja sig hvort að önnur olíufélög hafi verið meiri hlutanum nærtækari og nær hjartarótum en þetta félag sem hér á við. Þessi útfærsla á frv. er a.m.k. að mati minni hlutans ákveðin mismunun á fyrirtæki, einu fyrirtæki sem var alveg óþarfi að gera. Það var hægt að útfæra þetta á liðlegri hátt en frv. sýnir.

Að lokum, herra forseti. Stjfrv. gerir ekkert annað en að staðfesta óbreytt ástand. Það eru engin söknarfæri í frv. Það hefði verið sókn í frv. sem þjóðvakamenn lögðu fram. Það hefði e.t.v. verið of mikil sókn í fyrsta umgang í frv. sem hinir fjórir þingmenn Sjálfstfl. lögðu fram. Það hefði kallað á miklar breytingar en ég held að það frv. og sú tillaga sem minni hluti leggur fram, að heimila fjárfestingar útlendinga í fiskvinnslu en hafa einungis með óbeinum hætti, þ.e. ákvæði stjfrv. varðandi útgerð, hefði verið skynsamleg málamiðlun í fjárfestingarumræðunni. Það hefði horft til bóta, það hefði nýtt vissa kosti einmitt á þeim sviðum sem menn eru sammála um að þurfi virkilegrar uppstokkunar við, þ.e. á fiskvinnsluþættinum. Þarna hefði verið komið til móts við öll þau sjónarmið sem voru mjög víða sterk varðandi það að heimila ekki erlenda eignaraðild í útgerð sem er vitaskuld skoðun sem menn verða að virða þótt menn séu henni kannski ekki sammála. Tillaga minni hlutans var því hugsuð sem málamiðlun og það ber að harma að meiri hlutinn skuli ekki hafa séð sér fært að ræða málin og taka meiri tíma í að skoða það því það kom fram að hjá fjölmörgum hagsmunaaðilum að einmitt þessi útfærsla hugnaðist mönnum mjög vel og ýmsir nefndarmenn í meiri hlutanum og í hinu háa Alþingi töluðu einmitt fyrir þeirri útfærslu sem minni hlutinn leggur til í brtt. sinni. Það verður tækifæri til, herra forseti, í umræðu sem verður síðar að fara nánar ofan í málið og tala þá skýrar fyrir því að sú breyting, sem minni hlutinn leggur til, hefði horft mjög til bóta í íslenskum sjávarútvegi.

Umræðu frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 549, nál. 836 og 843.

[23:39]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta sjútvn. á þskj. 836. Þetta er við frv. til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 frá 30. mars 1992.

Þetta frv. er að segja má fylgifrumvarp með frv. því sem var til umræðu síðast á undan á fundinum, þ.e. frv. til laga um breyting á lögum um erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri. Þannig háttar til að inn í lögin um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands þurfa að koma samhljóða ákvæði þeim sem niðurstaðan verður að hafa varðandi takmarkanir á rétti útlendinga til fjárfestinga í frumveiðum og vinnslu í sjávarútvegi. Vegna þeirrar brtt., sem hefur orðið niðurstaðan í efh.- og viðskn. að flytja við áðurnefnt frv., er nauðsynlegt að sams konar breyting verði gerð á frv. þessu

til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Meiri hluti sjútvn. leggur þess vegna til að svohljóðandi breyting verði gerð á frv.

„Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. des. 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. jan. 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. des. 1995."

Undir þetta rita ásamt ræðumanni hv. þm. Árni R. Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson og Stefán Guðmundsson. Minni hluti sjútvn. skilar séráliti.

Um efni þessa ákvæðis þarf ekki að fara mörgum orðum. Ég get þar vísað til framsöguræðu formanns efh.- og viðskn. fyrir meirihlutaáliti en þar varð niðurstaðan að veita aðlögunartíma að ákvæðum laganna um takmarkanir á eignarhlut erlendra aðila í innlendum lögaðilum sem eiga í aðilum sem stunda veiðar og vinnslu sjávarafurða með þeim hætti sem hér er lagt til.

Herra forseti. Þar sem ég tel eðlilegt að hin eiginlega efnislega umræða um þessi mál fari fram um frv. um breytingu á fjárfestingu í atvinnurekstri fremur en hér, þar sem um afleitt frv. er að ræða í þessu tilviki, ætla ég ekki að hafa um það ýkja mörg orð. Ég er sammála afgreiðslu meiri hluta, bæði efh.- og viðskn. eins og liggur fyrir í nál. og brtt. þar og að sjálfsögðu því nál. sem ég hef mælt fyrir fyrir hönd meiri hluta sjútvn. en mun geyma að öðru leyti að rökstyðja afstöðu mína þangað til hinni fyrri umræðu um fjárfestingarfrumvarpið verður fram haldið.

[23:43]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta sjútvn. um frv. til laga, um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992. Þetta er 308. mál þingsins á þskj. 549. Eins og fram hefur komið tengist þetta frv. frv. ríkisstjórnarinnar um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Það frv. hefur nú verið afgreitt frá efh.- og viðskn. með brtt. og var mælt fyrir þeim hér á undan. Eins og þar kom fram hafði nefndin jafnframt til umfjöllunar tvö önnur þingmál, 242. og 307. mál, sem bæði fjölluðu um það að leyfa beina fjárfestingu í afmörkuðum mæli í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar varð eigi að síður sú að heimila einungis óbeina eignaraðild þó þannig að útlendingar geti átt allt að 62% í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Þar sem um viðurkenningu er að ræða á því að útlendingar séu eignaraðilar í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki þarf að breyta lögunum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands þannig að fyrirtæki, sem geta verið allt að 62% í eigu útlendinga, geti áfram stefnt skipum sínum til veiða í landhelginni. Því er það frv. um breytingu á nefndum lögum komið fram.

Meiri hluti sjútvn. hefur nú afgreitt frv. með hliðstæðri breytingu þeirri sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerði við frv. ríkisstjórnarinnar um óbeina eignaraðild.

Undirrituð standa ekki að þeirri afgreiðslu frekar en fulltrúar þeirra flokka sem þau eru fulltrúar fyrir í efh.- og viðskn., enda sannfærð um að óbein eignaraðild, að hluta staðfesting á því ástandi sem nú þrífst ólöglega, sé ekki sú breyting sem íslenskur sjávarútvegur þarfnast helst og gildi þá einu hvort prósentan hentar núverandi stöðu allra fyrirtækja. Allra síst hefur þessi breyting gildi fyrir fiskvinnsluna sem eins og hér hefur komið fram ætti að vera skilgreind sem iðnaður og fá sem slík að njóta þeirra kosta sem kunna að felast í beinni eignaraðild erlendra aðila eins og annar iðnaður í landinu.

Undir þetta álit skrifa Svanfríður Jónasdóttir og Sighvatur Björgvinsson.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16.–19. mál.

Fundi slitið kl. 23:47.

---

125. FUNDUR

þriðjudaginn 23. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 313, nál. 704 og 721. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
3. Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, stjtill., 470. mál, þskj. 805. — Fyrri umr.
4. Evrópusamningur um forsjá barna, stjtill., 471. mál, þskj. 806. — Fyrri umr.
5. Fullgilding samnings gegn pyndingum, stjtill., 475. mál, þskj. 811. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
6. Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, stjtill., 491. mál, þskj. 850. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
7. Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, stjfrv., 492. mál, þskj. 851. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagsleg réttindi, stjfrv., 493. mál, þskj. 852. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88. — 3. umr.
10. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89. — 3. umr.
11. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153. — 3. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — 2. umr.
13. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296, nál. 718 og 825. — 2. umr.
14. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297, nál. 718 og 825. — 2. umr.
15. Flugskóli Íslands hf., stjfrv., 461. mál, þskj. 796. — 1. umr.

16. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — Frh. 2. umr.

17. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549, nál. 836 og 843. — Frh. 2. umr.

18. Skaðabótalög, frv., 399. mál, þskj. 703, nál. 741, brtt. 729. — 2. umr.

19. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715 og 784, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.

20. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826 og 842. — 2. umr.

21. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 483. mál, þskj. 835. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

22. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 487. mál, þskj. 845. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.

[13:35]

Útbýting þingskjals:

Merkingar afurða erfðabreyttra lífvera, 494. mál, fsp. HG, þskj. 853.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þess er að geta að utandagsskrárumræða fer fram að loknum atkvæðagreiðslum á eftir. Málshefjandi er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Iðnrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða. Efni umræðunnar er iðnaður og uppsveifla í sjávarútvegi.

Tilhögun þingfundar.

[13:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um þinghaldið í dag vill forseti taka þetta fram: Fyrst fara fram atkvæðagreiðslur um 1. dagskrármálið. Að þeim loknum verður umræða utan dagskrár, sú sem áður hefur verið tilkynnt um og mun hún standa í hálftíma. Þá hefst utanríkismálaumræða, þ.e. 2. dagskrármálið, og að henni lokinni verða tekin fyrir önnur dagskrármál. Það eru því allar líkur á því að þingfundur standi fram eftir kvöldi. Forseti mun síðar í dag eiga viðræður við formenn þingflokka um nánara fyrirkomulag fundarins.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.). — Þskj. 313, nál. 704 og 721.

[13:37]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess áður en atkvæðagreiðsla hefst að hann hefur ráðfært sig við fulltrúa meiri hluta og minni hluta í nefndinni um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar en eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans styður hann 12 af 13 breytingartillögum meiri hlutans við frv. Jafnframt er brtt. meiri hlutans, 13.b á þskj. 705, kölluð aftur til 3. umr. eins og fram kom í umræðum í gærkvöldi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Brtt. 705,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 705,2 (tvær nýjar greinar, verða 2. og 3. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 705,3 (2. gr. falli brott) samþ. með 51 shlj. atkv.

[13:40]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hugðist næst láta fara fram atkvæðagreiðslu um brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 705, 4.–12. tölulið. Nú hefur forseta borist ósk um að 10. liður verði borinn upp sérstaklega. Forseti mun því fyrst bera upp 4.–9. tölulið, þá 10. lið og loks 11.–12. lið brtt. Að því loknu fer fram atkvæðagreiðsla um 4.–24. gr. frv., svo breyttar.

Brtt. 705,4–9 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 705,10 samþ. með 47:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, ÍGP, JóhS, JBH, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: PHB, SighB.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GHall, GÁS, HjÁ, IP, JónK, LMR, MS, ÓÖH, RA, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 705,11–12 samþ. með 51 shlj. atkv.

4.–24. gr. (verða 5.–26. gr.), svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

1 þm. (PP*) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GuðjG, GÁS, HjÁ, IP, LMR, MS, ÓÖH, RA, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 705,13.a (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 705,13.b kölluð aftur til 3. umr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

[13:45]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Svo háttar til um 5.–8. dagskrármálið og 21.–22. dagskrármálið að þau eru of seint fram komin á þinginu, þ.e. 6 mánaða fresturinn er liðinn, samanber 2. mgr. 36. gr. og 6. mgr. 44. gr. þingskapa. Þarf því að leita afbrigða frá þingsköpum svo að þau megi taka á dagskrá. Fer nú fram atkvæðagreiðslan um afbrigðin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

5.–8. og 21.–22. mál voru of seint fram komin. — Samþ. með 49 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

2 þm. (ÁE, ÁRJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, EOK, FrS, GÁS, HjÁ, IP, LMR, MS, ÓÖH, RA, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6.–8. og 22. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

2 þm. (ÁE, ÁRJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, FrS, GÁS, HjÁ, IP, LMR, MS, ÓÖH, RA, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Iðnaður og uppsveifla í sjávarútvegi.

[13:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir daga þess stöðugleika sem við nú höfum búið við um nokkurt skeið var það þannig að þegar vel viðraði í sjávarútvegi þurftu aðrar atvinnugreinar að búa við hækkandi raungengi þar til þær voru komnar af fótum fram. Þá var gengið gjarnan fellt með tilheyrandi afleiðingum og verðbólga geisaði á rústum atvinnulífsins. Í þeim efnahagssveiflum var mörgu fyrirtækinu fórnað og nýsköpun í atvinnulífinu fór einatt fyrir lítið. Þróun fjölbreytts iðnaðar og vaxtarsprota í atvinnulífinu var kæfð. Aðrar atvinnugreinar þoldu einfaldlega ekki sama gengi og sjávarútvegurinn þegar hann átti sína góðu daga.

Herra forseti. Nú hefur staðan verið þannig undanfarin ár að mjög hefur þrengt að útgerð vegna síminnkandi veiðikvóta og í framhaldi af því hefur botnfiskvinnslan átt undir högg að sækja þannig að þó svo ágætlega hafi gengið í sumum greinum hefur staða sjávarútvegsins verið í járnum og aðilar þar orðið að beita mikilli hugkvæmni til að lifa af. Gengisskráningin hefur m.a. þess vegna verið þannig að iðnaður ýmiss konar, ekki síst sá sem byggir á íslenskum aðstæðum, hugviti og þekkingu hefur náð sér á strik og í mörgum tilfellum blómstrað og við tölum um að þar séu loks komnir þeir vaxtarsprotar í atvinnulífinu sem geti tryggt fulla atvinnu, fjölbreytni í atvinnulífi og bætt lífskjör í framtíðinni.

Í febrúartímariti Samtaka iðnaðarins segir eftirfarandi í ritstjórnargrein, með leyfi forseta:

„Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að næsta uppsveifla í sjávarútvegi valdi kostnaðarhækkunum og þar með hækkun á raungengi sem enn einu sinni eyðileggur starfsskilyrði annarra atvinnugreina."

Þá er komið að kjarna málsins, herra forseti. Nú væntum við betra gengis í sjávarútveginum, einkum veiðunum, með auknum þorskkvóta á næstu árum. Alþingi hefur slegið tóninn og lesið þannig úr togararalli og viðtölum við sjómenn að í næstu framtíð verði kvótin aukinn og það talsvert. Er skemmst að minnast umræðu á hinu háa Alþingi fyrir rúmri viku þar sem ýmsir þingmenn hvöttu til aukningar þorskkvóta strax og flestir töldu nánast einboðið að um verulega aukningu yrði að ræða þegar í haust. Það er vissulega fagnaðarefni að afli skuli nú glæðast á Íslandsmiðum og að við getum horft fram á betri tíð í sjávarútveginum. En það er við þessar kringumstæður sem forsvarsmenn iðnaðarins óska eftir skilningi á stöðu greinarinnar og benda stjórnvöldum á leið til sveiflujöfnunar því verði ekkert að gert hækkar raungengi með gamla laginu með auknum afla. Það sem áunnist hefur í útflutningsiðnaði, samkeppnisiðnaði og ferðaþjónustu rennur þá fljótt út í sandinn, svo vitnað sé til orða Sveins Hannessonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins á ráðstefnu um framtíð iðnaðarins sem haldin var fyrir nokkrum dögum.

Herra forseti. Talsmenn iðnaðarins benda á að upptaka veiðileyfagjalds sé fær leið til sveiflujöfnunar og benda einnig á tiltekna aðferð sem fyrsta skref. Á það hefur verið bent í umræðu um veiðileyfagjald á hinu háa Alþingi að ekki einasta hnígi réttlætisrök að því að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi heldur sé hægt að beita því til nauðsynlegrar sveiflujöfnunar þannig að fjölbreytt atvinnulíf fái þrifist til langframa. Að þetta sýnishorn stöðugleika verði varanlegt, að starfsskilyrði atvinnugreinanna verði í jafnvægi.

Nauðsynlegt er að stefna ríkisstjórnarinnar sé klár í þessum efnum. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnrh. og viðskrh. hver séu viðbrögð hans við þessu ákalli forsvarsmanna iðnaðarins um sveiflujöfnun. Hverju svarar hann þessari ósk annarra atvinnugreina um viðbúnað vegna væntanlegrar uppsveiflu í sjávarútvegi?

Nú þekkjum við örlög og möguleika ýmissa sveiflujöfnunarsjóða úr fortíðinni. En er þá hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að upptaka veiðileyfagjalds verði skoðuð sem liður í sveiflujöfnun, ekki endilega með þeirri aðferð sem forsvarsmenn iðnaðarins benda á þó að hún sé allrar athygli verð heldur með opnum hug og með það að markmiði að fjölbreytt atvinnulíf geti dafnað hér? Það er nauðsynlegt að inna eftir svörum við því hvað hæstv. ríkisstjórn er að gera í þessum efnum nú þegar talsmenn iðnaðarins hafa minnt svo rækilega á mikilvægi þess að brugðist verði við í tíma þannig að við siglum ekki inn í gamla farið og að góðæri í sjávarútvegi geti jafnframt verið góðæri fyrir aðrar atvinnugreinar.

[13:52]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Kyrrstaðan í íslensku efnahags- og atvinnulífi hefur verið rofin. Þannig jókst landsframleiðsla á síðasta ári um 2% og því er spáð að hún muni aukast um 3% á þessu ári og viðvarandi hagvöxtur í kringum 3% geti orðið allt fram til aldamóta. Verðbólga er svipuð eða jafnvel heldur lægri en í samkeppnislöndunum. Afkoma fyrirtækja hefur batnað og kaupmáttur launa eykst. Atvinnuleysi fer nú minnkandi og nýjustu tölur sem birtast í morgun sýna það að atvinnuleysi er 1,5% minna í þessum mánuði samanborið við sama mánuð fyrir ári. Erlendar skuldir hafa lækkað og það er við þessar aðstæður sem er kjörið að skapa ný sóknarfæri enda hefur það verið svo að í iðnaðinum á síðasta ári urðu verulegar breytingar til batnaðar. Veruleg magnaukning varð í útflutningi á öðrum iðnaðarvörum eða 18,5% á sama tíma og samdráttur var í sjávarútvegi um 5,5% og í landbúnaði um 1% þannig að það er iðnaðurinn í raun sem hefur haldið uppi þeim hagvexti sem hér hefur verið að eiga sér stað. 26% aukning varð í verðmæti útflutnings iðnaðarvara á síðasta ári og það var ekki í hinum hefðbundnu gömlu iðngreinum heldur í iðngreinum sem eru nýjar, sem byggja að langstærstum hluta til á hugviti og þekkingu eins og í hugbúnaðariðnaði. Nýtt íslenskt fyrirtæki var að fá alþjóðleg verðlaun nú fyrir stuttu í lyfjaiðnaðinum og ýmiss konar tækjabúnaði sem byggir á verkþekkingu þannig að þarna er um verulega breytingu að ræða.

Vandamálið er hins vegar að íslenskt atvinnulíf býr við allt of litla erlenda áhættufjármögnun. Þar þarf að eiga sér stað breyting. Þrátt fyrir að það hafi gerst með samningnum um stækkun álversins sem er 16.500 millj. kr. erlend fjárfesting á árinu 1996 og 1997 er þar um tímabundna erlenda fjárfestingu að ræða og menn verða að horfa til þess að menn verða að ná til að auka erlenda fjárfestingu á árunum eftir 1997.

Erlend fjárfesting hefur verið í kringum 0,1% af landsframleiðslu á undanförnum árum en samningur um stækkun álversins gerir ráð fyrir því að erlenda fjárfestingin tífaldist á þessum árum. Besta atvinnustefna sem ríkisstjórnin getur gefið atvinnulífinu er að halda raungenginu óbreyttu og ná til þess að lækka vexti fyrir atvinnulífið. Samkeppnisstaða atvinnulífsins gagnvart erlendum keppinautum mælt á mælikvarða raungengis hefur ekki verið betri í áratugi. Við þessi skilyrði blómstrar atvinnulífið. Við aldamótin verðum við búnir að skjóta traustari stoðum undir íslenskt atvinnulíf, útflutningur verður fjölbreyttari og vægi hefðbundins sjávarútvegs verður minna en nú er. Við megum ekki láta þetta tækifæri úr greipum okkar ganga. Stöðugleikanum samhliða æskilegu raungengi verður að viðhalda með öllum tiltækum ráðum og undir það tek ég með hv. þm. sem hóf þessa umræðu.

Forsvarsmenn í iðnaði hafa áhyggjur af mögulegri aukningu þorskkvótans. Það er eðlilegt því að sporin hræða eins og kom fram frá hv. þm. áðan. Hins vegar er það skoðun mín að hófleg aukning þorskkvótans muni ekki valda slíkum straumhvörfum við núverandi aðstæður að ástæða sé til að ætla að aðrar atvinnugreinar bíði tjón af. Þó að góður gangur sé í efnahagslífinu um þessar mundir tel ég að hægt sé að færa fyrir því líkur að töluverður slaki sé í þjóðarbúskapnum almennt þó að hann sé á uppleið um þessar mundir. Hagræðing og framleiðniaukning í atvinnulífinu hefur skilað þjóðarbúinu miklu. Þannig hafa átt sér stað verulegar launahækkanir á undanförnum missirum án þess að verðbólga hafi farið úr böndum.

Sem svar við fyrirspurn hv. þm. er það svo að meiri festa og ögun, meira frjálsræði í viðskiptum og almenn virkari hagstjórn með almennum hagstjórnartækjum gerir það að verkum að hægt er að takast á við hóflega aukningu þorskkvótans án sértækrar sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Tillaga framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins um að selja kvótaukningu á markaði og nota tekjurnar til að lækka virðisaukaskatt er vel til þess fallin að vekja umræðu um þetta mál. Hún er hins vegar ekki gallalaus, sérstaklega ekki út frá sjónarhóli sveiflujöfnunar. Þessi aðgerð eins og hún er lögð til jafnar ekki sveiflur. Gjald er lagt á útgerð en gjaldinu er ráðstafað til almennings. Það er ekki sveiflujöfnun og heldur ekki jöfnun milli einstakra atvinnugreina.

Ég er ekki hlynntur því að tekið verði upp auðlindagjald á eina atvinnugrein umfram aðra. Auðlindagjald ætti þá að leggjast á allar atvinnugreinar sem nýta sér sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Auðlindagjald, ef til þess kemur, mun skapa ríkissjóði tekjur og þá er eðlilegt að lækka skatta á atvinnulífið á móti. Ýmsar leiðir eru færar við sveiflujöfnun. Að mörgu þar þarf að hyggja við þá skoðun. Ég bendi hins vegar á að þessar leiðir eru til skoðunar í nefnd sem nú er að störfum, svokallaðri hagvaxtarnefnd undir forustu forsrn. Nefndinni er ætlað að finna leiðir til að skapa sem best og stöðugust vaxtarskilyrði fyrir þjóðarbúið til lengri tíma litið.

[13:58]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á síðasta kjörtímabili voru gerðar gagngerar breytingar á umhverfi íslenskra efnahagsmála. Það tókst að tryggja lága verðbólgu, það tókst að tryggja stöðugt gengi, það tókst að tryggja hagstæðasta raungengi sem framleiðsluatvinnuvegirnir hafa búið við um áratuga skeið, gjaldeyrisviðskipti voru gefin frjáls, skattalegu umhverfi atvinnurekstrarins var gerbreytt, opnað var nýtt og áður óþekkt markaðsaðgengi fyrir íslenskar afurðir með EES-samningnum. Þetta var gert að hluta til í andstöðu við ýmis öfl á Alþingi þannig að þetta kostaði talsverða baráttu. En við erum enn að njóta ávaxtanna og það hefur ekkert bæst við á því ári sem liðið er frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum í framhaldi af þessum breytingum. Hún er enn að njóta ávaxtanna af því sem gert var á síðasta kjörtímabili.

Uppsveiflan í iðnaði hófst vegna þessara aðgerða þegar 1994 og eins og hæstv. iðnrh. gat um hefur hún haldið áfram á árinu 1995 þannig að við erum enn að njóta ávaxtanna af því sem gert var á síðasta kjörtímabili. En það er ástæða til að óttast um að þessir ávextir verði ekki alltaf á boðstólum nema eitthvað sé aðhafst til þess að tryggja það og við þekkjum það af reynslunni að við erum í hættu þegar það tekur að gerast sem við öll óskum eftir að gerast muni að sjávarafli fari aftur að glæðast, þá kosti það aðrar atvinnugreinar, þar á meðal iðnaðinn, alla þá ávexti sem á hans borð hafa hrotið af aðgerðum síðustu ríkisstjórnar. Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Menn verða að grípa til ráðstafana fyrr og menn verða, herra forseti, að miða við þá reynslu sem þeir þekkja. Ég tel að nú sé tímabært að grípa til þeirra úrræða sem íslenskur iðnaður hefur barist fyrir. Þetta er stærsta baráttumál íslensks iðnaðar að komið verði á veiðileyfagjaldi eða áþekkri úrlausn og ég trúi því ekki að hæstv. iðnrh. ætli að láta það verða sitt metnaðarmál að

standa í veginum fyrir stærsta baráttumáli þess atvinnuvegar sem hann á að vera opinberlega í forsvari fyrir.

[14:01]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er ánægjuleg tilbreyting að ræða hér um uppsveiflu í sjávarútvegi og reyndar iðnaði einnig því að á undanförnum árum hafa umræður á Alþingi um þessar atvinnugreinar einkum snúist um erfiðleika og vandamál. Eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. þá greip síðasta ríkisstjórn til margháttaðra aðgerða við mjög erfið ytri skilyrði til þess að rétta hag þessara greina. Þessar aðgerðir hafa heppnast mjög vel, reyndar framúrskarandi vel. Á fundi iðnn. með Samtökum iðnaðarins í vetur kom það fram að síðasta ár er eitthvert það besta sem menn muna á þeim bæ.

Heiti þessarar umræðu er iðnaður og uppsveifla í sjávarútvegi. Ég ætla ekki að ræða um veiðileyfagjald eins og hv. frummælandi, enda finnst mér hugmyndir um slíkt gjald fráleitar. Ég ætla hins vegar að fara nokkrum orðum um tengsl iðnaðar og sjávarútvegs. Þær tegundir hefðbundins iðnaðar sem mest tengjast sjávarútvegi eru skipa-, veiðarfæra-, umbúða- og matvælaiðnaður svo og framleiðsla á tækjum og búnaði til sjávarútvegs. Í öllum þessum greinum hefur verið mikill vöxtur að undanförnu eftir mörg mögur ár, en því miður ber nú á skorti á iðnaðarmönnum vegna þess að fyrirtækin treystu sér ekki til þess að taka iðnnema þegar verst gekk en hlutfall rekstrartekna í iðnaðargreinum féll úr 20% af tekjum sjávarútvegs árið 1987 í 15% árið 1991. En öll þessi ár streymdu verkefni úr landi fyrir marga milljarða á hverju ári vegna gylliboða og niðurgreiðslna í samkeppnislöndum okkar. Á þessu hefur sem betur fer orðið mikil breyting og nú er góð verkefnastaða hjá flestum fyrirtækjum í þessum greinum.

Útflutningur á iðnaðarvörum til sjávarútvegs hefur aukist mjög og verið ákveðinn vaxtarbroddur í íslenskum iðnaði. Þar eigum við marga möguleika og skörum reyndar fram úr á mörgum sviðum vegna þekkingar og skilnings á mikilvægi sjávarútvegs. Við eigum að sækja aukin verkefni og viðskipti til þess flota sem er á veiðum á hafinu í kringum Ísland. Við eigum að setja markið hátt og gera Ísland að sjávarútvegsmiðstöð Norður-Atlantshafsins. En til þess að það geti orðið þurfum við að breyta lögum sem takmarka þessum flota aðgang að íslenskum höfnum. En umfram allt þurfum við að tryggja rekstrarumhverfi sjávarútvegs og iðnaðar og það gerum við best með því að standa vörð um þann stöðugleika í efnahagsmálum sem við höfum búið við að undanförnu.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Því miður, herra forseti, held ég að fréttir af væntanlegu óviðráðanlegu góðæri í sjávarútvegi á kostnað iðnaðarins séu stórlega ýktar ekki síður en fréttir af andláti Mark Twains rithöfundar forðum. (**Gripið fram í:** Er hann dáinn?) Aðstaðan í dag er sú að ýmsar greinar útflutnings- og samkeppnisiðnaðar blómstra eins og ágætlega kom fram í máli hæstv. iðnrh. áðan, enda er raungengi mjög lágt. Í sjávarútvegi er hins vegar staðan þannig að það er mikið tap á hefðbundinni fiskvinnslu og hefðbundin landvinnsla á í bullandi erfiðleikum um þessar mundir. Skuldir sjávarútvegsins eru yfir 100 milljarðar kr. þrátt fyrir þokkalega afkomu í ýmsum greinum eins og rækjuiðnaði og veiðum uppsjávarfiska. Það bíður gríðarleg endurnýjunar- og fjárfestingarþörf í íslenska sjávarútveginum sem menn hafa ekki getað ráðist í vegna afkomunnar undanfarin ár og meðalaldur íslenska fiskiskipaflotans segir allt sem segja þarf um það mál.

Við skulum heldur ekki gleyma því að íslenskur sjávarútvegur er að keppa við ríkisstyrktar fiskvinnslur í nágrannalöndunum á sama tíma og iðnaðurinn að slepptum kannski skipaiðnaðinum, skipasmíðunum, býr við þokkalegar óbjagaðar samkeppnisforsendur. Svo er reyndar komið að rækjuverð er á niðurleið og birgðasöfnun í gangi og aukning í þorskkvóta eða veiðum er sýnd veiði en ekki gefin, a.m.k. í skilningi aukinna verðmæta inn í íslenska þjóðarbúið því margir óttast að verðfall og jafnvel sölutregða geti komið í kjölfarið.

Mín niðurstaða, herra forseti, er sú að þessi umræða sé algerlega ótímabær. Það er langt í land að þær aðstæður séu að skapast í íslenskum sjávarútvegi að þar bóli á einhverju óviðráðanlegu góðæri sem koma verði böndum yfir til þess að iðnaðurinn fari ekki á hausinn. Þetta snýr þveröfugt. Það eru þvert á móti vissar greinar íslensks sjávarútvegs sem eiga núna í hvað mestum erfiðleikum. Ég tel a.m.k. að þeim þyki þessi umræða sérkennileg og ótímabær, forstöðumönnum fiskvinnslustöðvanna og frystihúsanna hringinn í kringum landið sem eru akkúrat þessar vikurnar að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að loka húsunum vegna taprekstrar og segja fólkinu upp.

[14:06]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt að uppsveifla í atvinnulífinu er orðið vandamál sem þarf að ræða utan dagskrár á Alþingi en því miður er málið ekki svona einfalt. Það er eiginlega alveg dæmalaust að það skuli vera predikað úr ræðustól á Alþingi að það fyrsta sem þurfi að gera fyrir sjávarútveginn núna þegar svolítið rofar til eftir niðurskurð á aflaheimildum síðustu ára sé að leggja á hann aukin gjöld. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði að það er hlálegt þegar forsvarsmenn fiskvinnslunnar eru að huga að því hvort þeir eigi að hafa opið í sumar vegna taprekstrar þó að afkoma sjávarútvegsins í heild sé jákvæð um ein 3%, það er hlálegt að þá skuli fara fram umræða á Alþingi um það hvort það eigi að leggja skatta og gjöld á þessa grein. Ég vil undirstrika þetta.

Eins vil ég leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. þar sem hann var að fara með afrekalista síðustu ríkisstjórnar, að hún hefði drepið niður verðbólguna. Það var í þjóðarsáttinni svokölluðu sem verðbólgan var drepin niður og síðasta ríkisstjórn naut ávaxtanna af þeim samningum. Ég vildi koma þessu að svo að rétt sé með farið.

Hins vegar vil ég endurtaka það og reyndar taka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að þessi umræða um góðærið í sjávarútvegi er allsendis ótímabær því að auk þess að það er ekki vissa um hvað veiðiheimildir verða auknar á næsta hausti, þá er sýnt t.d. að það verður að skera niður veiðiheimildir í grálúðu á móti þannig að menn vita ekkert hvernig þessi mynd mun líta út á hausti komanda.

[14:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er mikilvægt að hugsa nokkuð til framtíðar þótt ýmsum þingmönnum reynist það býsna erfitt. Þorskaflaaukning um 50 þúsund tonn á næstu árum þýðir um 7 milljarða í viðbótarútflutningstekjur. Það eru tæp 10% af okkar útflutningi. Það er mjög mikilvægt að áhrif þessa búhnykks valdi því ekki að vaxtarbroddur t.d. iðnaðar sé kæfður

með hækkandi raungengi eins og margoft hefur gerst í íslenskri hagsögu. Við verðum að hafa í huga að við breyttum efnahagsstefnunni 1990 en við höfum ekki breytt langtímahugsun okkar í efnahagsmálum í kjölfar þess. Það kom skýrt fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni sem dró upp lausnir gærdagsins við vandamálum framtíðarinnar og nákvæmlega þetta sama sjónarmið kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég harma stöðnunarhyggju þessara hv. þm. sem kemur hér svo skýrt í ljós. Það er mjög mikilvægt að hugsa til framtíðar. Veiðileyfagjald er ein aðferðafræði við það að reyna að mæta nýjum aðstæðum í hagstjórn sem er afleiðing af *þjóðarsáttarsamningunum 1990. Við verðum að hafa það* í huga að málið snýst um það að bæta hag sjávarútvegs og iðnaðar.

Vitaskuld á hagur sjávarútvegsfyrirtækja að batna og það verður að vera. En hérna er verið að gera tilraun bæði í þessari umræðu og m.a. með ábendingum iðnaðarins, að reyna að rífa menn út úr efnahagsstefnu fortíðarinnar. En það virðist ganga býsna seint.

Það kemur líka skýrt fram í þessari umræðu að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarþingmennirnir búa ekki yfir sýn eða hugmyndum til lengri tíma og það er miður.

[14:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir þessa umræðu sem er mjög þörf og ég held að hv. Alþingi geti ekki komist hjá að hlusta á aðvörðun Samtaka iðnaðarins. Það er greinilegt ef litið er aftur í söguna að reglulega á 5–7 ára ferli rústar sjávarútvegurinn iðnaði sem er byggður upp þess á milli. Þetta er þjóðinni óheyrilega dýrt og við verðum að hugsa til nokkurra áratuga fram í tímann við lausn á þessum vanda. Þetta er ekki spurning um það hvað við gerum í haust eða fyrir áramót. Þetta er spurning um það hvað við gerum næsta áratug.

Spurningin er: Hvernig er best að geyma þessa sveiflujöfnun í sjávarútveginum sem kemur reglulega? Ég er ekki sammála því að það sé best að gera það með auðlindaskatti eða veiðileyfagjaldi, að minnsta kosti ekki ef hugmyndin er sú að það fari í gegnum ríkið. Reynsla okkar af ríkinu og því sjóðakerfi og sjóðasukki sem þar hefur viðgengist er sú að það er engin sveiflujöfnun þar, heldur öfugt. Það er eyðsla. Það er fljótasta leiðin til að eyða peningunum. Það sem þarf að gera er að úthugsa önnur kerfi, t.d. á eignarhaldi kvótans, t.d. *að þjóðin öll eigi þetta eins og stendur reyndar í lögunum* um fiskveiðar og líka það að ríkissjóður minnki hallann í alvöru þegar góðæri kemur, þ.e. að taka lán innan lands í staðinn fyrir erlendis til að eyða upp þeim fjármunum sem koma inn í landið og valda þenslu og drepa iðnaðinn. Þetta er mikilvægt og menn þurfa endilega að horfa mörg ár fram í tímann, áratugi.

[14:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sjávarútvegurinn hefur allt of oft og allt of lengi búið við óviðunandi rekstrarskilyrði. Skuldasöfnun í greininni er þess vegna fyrir löngu komin á hættulegt stig. Þess vegna er það mjög sérkennilegt að hlusta á umræður eins og þessar þegar menn loksins sjá út við sjónarrönd von um að það kunni að aukast aflaheimildir, að þá sé strax farið að reyna að skipta væntanlegu herfangi. Málið er einfaldlega þannig núna að það liggur ekki fyrir hverjar aflaheimildirnar verða á næsta ári. Samt sem áður eru menn farnir að tala um það hvernig eigi að skipta hugsanlegri tekjuaukningu í sjávarútvegi áður en það liggur fyrir hverjar aflaheimildirnar verða og löngu áður en farið er að reyna að veiða þennan fisk. Þetta er óskaplega sérkennileg umræða.

Það er þannig í sjávarútveginum í dag, að þrátt fyrir það að vonandi stefni í að aflaheimildirnar aukist, eru miklir erfiðleikar í stórum þáttum sjávarútvegsins svo sem í bolfiskvinnslunni. Menn þurfa ekki annað en hlusta á þær fréttir sem hafa verið að berast frá aðalfundum fyrirtækja sem hafa verið að vinna á þeim sviðum til þess að sjá það að þessir erfiðleikar eru því miður fráleitt að baki.

Menn hafa verið að vitna í mikla uppsveiflu í rækjuiðnaði *og sem betur fer hefur hún átt sér stað. En aðeins fyrir örfáum* árum bjó sú atvinnugrein við mikla erfiðleika og fram undan eru í þeirri atvinnugrein erfiðleikar vegna þess að verðlag hefur lækkað og birgðasöfnun er til staðar. Og birgðasöfnun og verðlækkun er líka að eiga sér stað á öðrum sviðum eins og t.d. í saltfiskverkun þar sem hefur þó verið um dálitla uppsveiflu að ræða. Sjávarútveginum veitir ekki af því að fá alla þá uppsveiflu og alla þá tekjuaukningu sem möguleg er til að geta greitt niður skuldir sem hafa safnast á greinina og taka þátt í því að auka fjárfestinguna sem allir hafa verið sammála um fram að þessu að þyrfti að aukast í þjóðfélaginu. Þess vegna er mjög undarlegt að hefja umræðu um það hvernig eigi að skipta hugsanlegri tekjuaukningu sjávarútvegsins án þess að hún komi til sjávarútvegsins sjálfs og tala um það sem sérstakt vandamál að tekjurnar geti hugsanlega aukist einhvern tíma í framtíðinni ofan í þá miklu erfiðleika sem hafa verið í sjávarútveginum. Ég mótmæli þess vegna hugmyndum um veiðileyfagjald og vek athygli á því að við erum núna að sigla vonandi út úr einhverri lengstu og verstu efnahagslægð sem við höfum farið inn í á þessari öld.

[14:14]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er einhver versta sögufölsun sem hægt er að koma með þegar það er í síbylju endurtekið að sjávarútvegur Íslands hafi rústað iðnaðinum. Þetta er náttúrlega algerlega úr lausu lofti gripið. Það er eyðsluvandamál Íslendinga sem hefur rústað framleiðslunni og útflutningsgreinunum hvað eftir annað.

Mesta iðnaðarframleiðsla Íslands byggist á sjávarútvegi, þ.e. frysting og söltun sjávarafurða. Það er aðaliðnaður Íslands, það er bara ekki kallaður iðnaður. Það er sök sér þó *maður verði að hlusta á ýmsa talsmenn iðnaðarins eða réttara* sagt menn sem eru þar ráðnir til starfa, halda þessari síbylju og þessum ranghugmyndum fram, bæði í ræðum og riti. En það tekur steininn úr þegar þessi sjónarmið eiga fulltrúa á Alþingi sem koma og segja að mesta hagsmunamál Íslands og iðnaðarins sé að skattleggja héruðin, skattleggja byggðirnar sem lifa eingöngu á sjávarútveginum. Það er mikil misskipting á afkomu í sjávarútvegi. Engin hefur farið verr út úr þessari efnahagslægð en þeir sem byggja líf sitt allt á afkomu veiða og vinnslu á bolfiski. Það er stórkostlegt tap á þessum greinum, 5–6% tap, þannig að það liggur við auðn í þessum rekstri og það ógnar tilveru byggðanna. Nú hillir undir það að magnið aukist. Þá kemur hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, og telur það mesta hagsmunamálið að fara nú að skattleggja þann landshluta sem er út af að deyja vegna þeirra aðstæðna sem hann lifir við. Það er ömurlegt og mætti halda að allt verði okkur að ógagni þegar við eigum slíka málsvara. (**Gripið fram í:** Þetta er bara útúrsnúningur.)

[14:17]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er fjarri því að hér hafi menn verið að tala um það sem vandamál þótt uppsveifla verði í sjávarútvegi. Það eru útúrsnúningar hjá þeim sem það gera. Það sem verið er að biðja um er annars konar efnahagsstjórnum en sú sem hér hefur verið lýst og því miður er staðreynd að hefur rústað iðnaðinn reglulega. Það er staðreynd sem ekki verður umflúin, það segir sagan okkur. Við erum að biðja um annars konar efnahagsstjórnun. Við erum að biðja um fyrirhyggju og það að hér verði málum háttað þannig að atvinnugreinarnar fái þrifist hlið við hlið. Við viljum standa vörð um stöðugleikann.

Það er talað um að hefðbundin fiskvinnsla eigi í erfiðleikum og af því að hún eigi í erfiðleikum þá megi ekki leggja á veiðileyfagjald. En það er einu sinni svo að hefðbundin fiskvinnsla er auðvitað iðnaður og á þar heima og um það munum við ræða hér síðar í dag þegar einmitt skerst í odda með þeirri sem hér stendur og þeim sem mest tala um að ekki megi skattleggja sjávarútveginn en vilja flokka sjávarútveg sem iðnað. Það kemur að því síðar í umræðunni á hinu háa Alþingi.

Það er svo að menn vilja standa vörð um stöðugleikann og menn vilja umbuna því launafólki sem tók þátt í þjóðarsáttinni fyrir sex árum með betra atvinnulífi, fjölbreyttara atvinnulífi og með nýjum kostum í atvinnulífinu. Við viljum líka bæta atvinnulíf okkar og bæta lífsskilyrðin til að halda í unga fólkið í landinu. Það gerum við ekki með gamaldags efnahagsstjórnun, þeirri efnahagsstjórn sem því miður er völd að því að lífskjör á Íslandi eru í dag ekki merkilegri en þau eru.

Mér finnst að hæstv. iðnrh. hafi ekki komið með þau skilaboð til iðnaðarins sem ég hefi vænst. Hann segir það skoðun sína að hófleg aukning sjávarafla sé þannig að hægt sé að takast á við hana án sveiflujöfnunar. Þetta er ekki skoðun þeirra talsmanna iðnaðarins sem hér hafa verið að biðja um nýja sýn og hafa verið að biðja um nýja hagstjórn. Ég vænti þess að þrátt fyrir allt hafi hæstv. ráðherrann betri skilning á þessu máli en áðan kom fram í umræðunni.

[14:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Málshefjandi, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, og fleiri hv. þm. hafa nálgast umræðuna út frá því að nauðsynlegt sé að jafna aðstæður milli þessara tveggja atvinnugreina, iðnaðarins og sjávarútvegsins. Þegar menn horfa á árin 1995 og 1996 og bera saman afkomuna í sjávarútveginum og afkomuna í iðnaðinum sjá menn að afkoman í iðnaðinum er betri en í sjávarútvegi. Þá spyr ég á móti hvort eigi að skattleggja iðnaðinn til að jafna þessa samkeppnisaðstöðu. Því miður stenst þessi umræða hjá hv. þm. ekki. Það er ekki endilega þar með sagt að hægt sé að jafna þessa samkeppnisaðstöðu bara með sveiflujöfnun einni saman. Það hljóta að vera hin almennu skilyrði sem þar ráða mestu. Forgangsverkefni fyrir sjávarútveginn eru núna að byggja upp fiskstofnana og greiða niður skuldir sínar. Með þeim hætti mun okkur takast að tryggja sjávarútveginum sambærileg skilyrði og iðnaðurinn í landinu býr við í dag. Það er ekki hætta á því, hv. þm., að þarna sé að hallast á við þær aðstæður sem núna eru. Forgangsverkefnið er að við getum látið fyrirtækin blómstra, að þau skili hagnaði, að það sé góð afkoma í fyrirtækjunum, þau nái að fjárfesta og nái þannig að fjölga störfum. Það gerum við ekki með því að leita bara leiða til að skattleggja fyrirtækin. Við þurfum aukna fjárfestingu inn í fyrirtækin til að þau stækki og skapi fleirum störf. Skilaboð til iðnaðarins eru þessi: Þessi ríkisstjórn ætlar að verja stöðugleikann. Hún ætlar að halda lágu verðbólgustigi. Hún ætlar að lækka vexti. Hún ætlar að tryggja góða afkomu fyrirtækjanna. Skilaboðin til launafólksins eru líka þau að kaupmátturinn mun aukast við þessi skilyrði eins og hefur verið að eiga sér stað á undanförnum mánuðum og missirum. Með þessu náum við að lækka erlendar skuldir.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[14:22]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti tilkynna að samkomulag er um það milli forseta og formanna þingflokka að ræðutími talsmanna þingflokka, þ.e. fyrstu ræðumanna hvers þingflokks annarra en þingflokks ráðherra verði 25 mín. í fyrri umferð í stað 15 mín. sbr. 48. gr. þingskapa. Umræðureglurnar eru þá þessar: Ráðherra hefur 30 mín. í fyrri umferð en 15. mín. í síðari umferð. Talsmenn þingflokka allt að 25 mín. í fyrri umferð en 15 mín. í síðari umferð. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa tvisvar 15 mín.

[14:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Einföld heimsmynd kalda stríðsins hefur vikið fyrir nýrri og mun flóknari. Við þessar gerbreyttu aðstæður verður utanríkisstefnan að vera altæk en í því felst að ekki verður skilið milli efnahagsmála, velferðarmála, umhverfismála og öryggismála, svo dæmi sé tekið. Utanríkismál verða því ekki aðskilin frá innanríkismálum og eru orðin einn mikilvægasti þáttur þess að ná fram heildarmarkmiðum okkar sem sjálfstæðrar þjóðar.

Velgengni Íslendinga er nú sem aldrei fyrr háð hræringum í alþjóðlegu umhverfi. Á flestum sviðum þjóðfélagsins eru alþjóðleg samskipti orðin veigamikill þáttur og því nauðsynlegt að ríkisvaldið gangi vasklega fram með góðu fordæmi. Það er ekki einungis nauðsynlegt heldur beinlínis æskilegt að reka öfluga og ábyrga utanríkisstefnu sem hefur hagsæld og öryggi íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi en jafnframt leggur sitt af mörkum til umbóta og uppbyggingar um víða veröld. Þannig má afla nýrra tækifæra, breikka sjóndeildarhringinn og auka hróður Íslands og Íslendinga um víða veröld.

Þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku eru bundnar nánum böndum og hagsmunir þeirra því nátengdir. Þessi nánu tengsl hafa þó ekki komið í veg fyrir deilur og jafnvel átök. Varanleg samskipti þessara vinaþjóða hafa þó ekki skaðast enda byggja þær allar á sameiginlegum menningararfi. Ríki í heimshluta okkar eiga með sér margvíslegt og náið samstarf bæði tvíhliða og innan fjölþjóðasamtaka. Þar eiga sér stað miklar breytingar og hræringar. Mikil þróun er á þessum vettvangi og tekur Ísland þar virkan þátt enda varða nýjar aðstæður og þróun hag okkar með beinum hætti.

Öllum sem þekkja til norræna samstarfsins má vera ljóst að ekki er ástæða til að vera uggandi um framtíð þess þrátt fyrir aðild þriggja Norðurlanda að Evrópusambandinu. Nýjar aðstæður hafa aftur á móti knúið okkur til að aðlaga það nýjum veruleika. Samstarf sem getur ekki tekið breytingum er ekki mikils virði. Þá er kominn tími til að endurmeta starfsemi ýmissa norrænna stofnana sem starfað hafa nær

óbreyttar frá upphafi. Norðurlandasamstarfið hefur áður verið endurskoðað eins og flestum er kunnugt um. Utanríkismál eru nú meira áberandi en áður var og eru viðbót við hefðbundið starf Norðurlandaráðs sem heldur áfram af fullum krafti. Norðurlandaráð hefur í meira mæli en áður látið samskipti við nágrannaríkin til sín taka. Þetta starf ber að virkja betur í þágu okkar. Það er eðlilegt að samskiptin við Evrópusambandið séu nú þungamiðja í utanríkismálasamvinnu Norðurlandanna.

Ýmis vandamál í næsta nágrenni okkar eru þess eðlis að þau verða ekki leyst nema með samvinnu margra þjóða. Samstarf Norðurlandanna á grannsvæðum er því orðið afar mikilvægt, einkum hvað varðar að stuðla að stöðugleika og framþróun nágrannaþjóða okkar, ekki síst Eystrasaltsríkjanna. Á vettvangi Eystrasaltsráðsins er unnið að umbótum á viðskiptaumhverfi í hinum nýfrjálsu ríkjum ráðsins og stuðningi við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og mannréttinda. Sérstakur mannréttindafulltrúi ráðsins, sem borgarar í þessum ríkjum geta leitað til, heimsótti Ísland fyrir skömmu og hafði tækifæri til að ræða við ýmsa aðila hér á landi. Í athugun er hvernig Íslendingar geta lagt sitt af mörkum til uppbyggingar réttarríkis og lýðræðis í þessum löndum.

Síðustu ár hafa augu manna í stórauknum mæli beinst að norðurslóðum. Á norðurhjara er að finna stærstu svæði jarðar sem enn eru lítt snortin af mannavöldum. Þar eru miklar auðlindir sem eru nýtanlegar samkvæmt lögmálum sjálfbærrar þróunar. Íslendingar hafa löngum verið stoltir af ómengaðri náttúru, fersku lofti og hreinum sjó umhverfis landið en nú er svo komið að ekki er á vísan að róa í þeim efnum. Lítt sjáanleg og langvarandi mengun getur stórskaðað fiskstofna í hafinu til frambúðar.

Þjóðríkið og hagsmunir þess hljóta að vera forsenda fyrir starfi Íslands í alþjóðlegu samhengi. Vandséð er hvernig hægt er að varðveita þjóðareinkenni og gæta hagsmuna landsins ef þjóðríkið er ekki grunneining í alþjóðastarfi. Yfirþjóðlegt vald getur verið óhjákvæmilegt á vissum sviðum en aðalreglan hlýtur að vera sú að alþjóðleg vandamál séu leyst í samstarfi þjóðríkja á vettvangi alþjóðlegra stofnana eða í viðræðum viðkomandi þjóða. Þróunin í Evrópu á undanförnum árum sýnir áþreifanlega að þjóðríkið heyrir ekki sögunni til þetta er og verður grundvallarsjónarmið íslensku þjóðarinnar.

Íslendingar hafa tryggt helstu viðskiptahagsmuni sína í Evrópu með því að þeir gerðust aðilar að innri markaði Evrópusambandsins með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fríverslunarsamningum á vegum EFTA við Mið- og Austur-Evrópu. Við þá bætast samningar við Ísrael og Tyrkland. Á vettvangi EFTA er einnig í undirbúningi að semja um fríverslun við Möltu og Kýpur. Eftir að Norðurlandaþjóðirnar tvær höfðu vistaskipti eru flestar mikilvægustu bandalags-, viðskipta- og frændþjóðir okkar nú innan sambandsins. Samskipti við það hafa því aldrei verið nánari. Okkur Íslendingum hefur tekist að bregðast við framvindunni í Evrópu með þeim hætti að hagsmunir okkar eru tryggðir. En þróunin heldur áfram og það kallar á að við skoðum stöðu okkar í Evrópu með opnum huga og af raunsæi í ljósi breytinga hverju sinni. Grundvallarstefnan er að tryggja langtímaöryggis- og viðskiptahagsmuni þjóðarinnar.

Við aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að ESB hefur EES-samningurinn ekki sama pólitíska aðdráttaraflið fyrir ESB-ríkin og áður. Því er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að halda samningnum stöðugt á lofti gagnvart ráðamönnum í höfuðborgum ESB-ríkjanna og við framkvæmdastjórn ESB í Brussel. Einkum er þetta mikilvægt gagnvart því ríki sem fer með formennskuna í ESB hverju sinni. Í þessu skyni hef ég átt fundi með utanríkisráðherra Ítalíu í nóvember sl., með helstu ráðamönnum framkvæmdastjórnar ESB í janúar og með utanríkisráðherra Írlands í síðasta mánuði.

Íslendingar hljóta að fylgjast vel með þróun mála innan ESB. Þetta á ekki síst við um sjávarútvegsstefnu sambandsins. Það kemur eflaust ekki á óvart að ég hef orðið var við nokkra vanþekkingu á sérstöðu Íslands í sjávarútvegsmálum hjá þeim ráðamönnum frá ESB-aðildarríkjum og framkvæmdastjórn sem ég hef rætt við. Aðild að ESB hefur ekki verið útilokuð af Íslands hálfu. En af henni getur aldrei orðið án þess að mikilvægustu hagsmunir okkar séu tryggðir, ekki síst á sviði sjávarútvegsmála. Engar vísbendingar hafa komið fram um að ásættanleg lausn sé hugsanleg og á meðan svo er eru aðildarviðræður tilgangslausar. Afstaða ríkisstjórnarinnar er því óbreytt. Haldið verður áfram að fylgjast með framvindu mála og afla sjónarmiðum Íslands skilnings. Umsókn um aðild er því ekki á dagskrá og áfram er unnið að því að tryggja betur samstarf við ESB á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Ljóst er að Evrópusambandið leitast nú við að styrkja innviði sína vegna hugsanlegrar stækkunar. Aðildarríki velta því nú fyrir sér hversu langt eigi að ganga í að deila fullveldi á öðrum sviðum en í efnahags- og viðskiptamálum. Á ríkjaráðstefnunni verður tekist á um mikilvægar spurningar eins og neitunarvald, atkvæðavægi, setu í framkvæmdastjórn, hlutverk þjóðþinga, stöðu Evrópuþingsins og fyrirkomulag formennsku en jafnframt leitast við að gera starf sambandsins skiljanlegra og opnara fyrir borgarana og taka á atvinnuleysi, félagsmálum og dóms- og lögreglumálum.

Myntsamruni Evrópusambandsins mun valda straumhvörfum í evrópskum efnahagsmálum. Að frumkvæði Íslands hefur nú verið ákveðið að efnahagsnefnd EFTA ræði ítarlega áhrif sameiginlegrar myntar á efnahags- og viðskiptaumhverfi EFTA-ríkjanna.

Ég hef lagt ríka áherslu á það sem formaður EFTA-ríkjanna í EES að efla pólitíska samráðið og að EFTA-ríkjunum verði gert kleift að fylgjast vel með þróun ríkjaráðstefnunnar og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum þar að. Þessar óskir hafa mætt skilningi og hefur framkvæmdastjórnin þegar haldið sérstakan upplýsingafund með fulltrúum EFTA-ríkjanna og verða þeir eftirleiðis haldnir mánaðarlega á meðan ríkjaráðstefnan stendur yfir. Einnig er á dagskrá hjá núverandi formennskuríki ESB, Ítalíu, að halda sérstakan upplýsingafund með EFTA-ríkjunum 11. júní nk. Ég mun jafnframt nota hvert tækifæri sem gefst til að ræða sjónarmið Íslands beint við starfsbræður mína í aðildarríkjunum.

Á sama tíma og unnið er að því að efla pólitísk tengsl við ESB tekur Ísland þátt í ýmsu öðru mikilvægu samstarfi Evrópuríkja, t.d. um lögreglu- og landamæraeftirlit. Stefnt er að þátttöku allra Norðurlandaríkjanna í Schengen-samstarfinu um landamæraeftirlit en það hefur þau meginmarkmið að afnema persónueftirlit á landamærum þeirra ríkja sem eru þátttakendur í samstarfinu og tryggja frjálsa för fólks innan þeirra. Á móti koma ákvæði í samningnum um hert eftirlit með komu fólks inn á ríkjasvæðið um svokölluð ytri landamæri.

Gera þarf töluverðar breytingar á aðstöðu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar til að tryggja eðlilega farþegaflutninga um Kefla-

víkurflugvöll og áframhaldandi heimsóknir ferðamanna. Þátttaka í Schengen-samkomulaginu mun hafa grundvallarþýðingu fyrir stöðu okkar á meðal grannþjóða í Evrópu. Stækkun Evrópusambandsins er í rökréttu samhengi við sögulega þróun þess og verður það ferli hvorki stöðvað né því snúið við. Evrópusambandið býr sig nú undir hugsanlega inngöngu nýrra aðildarríkja í Suður-, Mið- og Austur-Evrópu. Stækkun ESB hlýtur að stuðla enn frekar að friði, velmegun, öryggi og stöðugleika í álfunni. Við hljótum því að styðja þessa viðleitni eftir því sem okkur er unnt enda mun hún hafa áhrif á stöðu okkar í Evrópu framtíðarinnar. Mikilvægt er að Evrópusambandið gegni áfram leiðandi hlutverki í eflingu alþjóðlegrar fríverslunar. Hugmyndir eru uppi um fullan samruna Vestur-Evrópusambandsins við ESB og að fullt samstarf skapist innan ESB um öryggis- og varnarmál. Á ráðherrafundi Vestur-Evrópusambandsins í Madrid í desember lagði ég áherslu á þá stefnu okkar að sambandið verði áfram sjálfstæð stofnun þar sem við getum fylgst með og tekið þátt í mótun og þróun öryggismála í Evrópu.

Ekki er tímabært að hugleiða fulla aðild Íslands að sambandinu á meðan framtíðarstaða þess hefur ekki verið skilgreind. Framkvæmdageta VES byggist á því að samkomulag náist við NATO um aðgang að sameiginlegu herstjórnarkerfi og öðrum búnaði bandalagsins. Eftir að Frakkar boðuðu aukna þátttöku í varnar- og hermálastarfi Atlantshafsbandalagsins virðast auknar líkur á samkomulagi um þennan aðgang. Vonir standa til að unnt verði að ganga frá samkomulagi á vorfundi utanríkisráðherra NATO í Berlín í júní nk.

Sá þáttur utanríkismála sem breytist hvað örast er öryggis- og varnarmál. Ríki í heimshluta okkar hafa byggt upp stofnanir og samtök sem hafa þann tilgang að stuðla að varanlegum friði og stöðugleika um alla álfuna. Eitt meginverkefni hefur verið að veita hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu verðugan sess innan þessara stofnana og stuðla þannig að lýðræðis- og efnahagsþróun þeirra. Ekki er þörf fyrir nýjar stofnanir en nauðsyn ber til að styrkja og samhæfa starf þeirra sem fyrir eru enda veita þær í fjölbreytileika sínum öllum ríkjum Evrópu tækifæri til að taka þátt í öryggissamvinnu í álfunni. Með slíku starfi verður hægt að bægja frá hættunni á að ágreiningur leiði til nýrrar skiptingar Evrópu.

Atlantshafsbandalagið mun gegna lykilhlutverki í skipulagningu öryggismála í heimshluta okkar. Tengslin yfir Atlantshafið eru og verða óaðskiljanlegur hluti öryggis Evrópu eins og hefur hvað best sýnt sig í Bosníu. Einnig hefur NATO á undanförnum árum tekist að endurskipuleggja starfsemi sína með góðum árangri. Frumkvæði eins og Norður-Atlantshafssamvinnuráðið og friðarsamstarfið hafa sýnt og sannað mikilvægi sitt.

Mikilvægt er að friðarsamstarf Atlantshafsbandalagsins við ríki Mið- og Austur-Evrópu verði eflt á komandi árum. Eðlilegt er að Ísland taki virkan þátt í því starfi og leggi sitt af mörkum til öryggis í álfunni. Því hefur verið ákveðið að bjóða til æfingar hér á landi á næsta ári innan ramma friðarsamstarfsins. Áhersla verður lögð á viðbúnað við náttúruhamförum enda hafa Íslendingar reynslu á því sviði til að miðla öðrum þjóðum en eiga líka margt ólært.

Þrátt fyrir mikilvægi friðarsamstarfsins er ljóst að mörg ríki Mið- og Austur-Evrópu láta ekki þar við sitja og sækjast eftir fullri aðild að bandalaginu. Stækkun NATO verður að fara fram með markvissum en umfram allt vel ígrunduðum hætti. Hún má hvorki verða til þess að draga úr sameiginlegum varnarmætti bandalagsins né valda nýrri skiptingu Evrópu. Það verður að taka tillit til öryggishagsmuna margra ríkja, bæði þeirra sem geta gerst aðilar fljótlega og hinna sem þurfa lengri aðlögunartíma eða óska alls ekki eftir aðild. Markmið stækkunar ásamt starfi Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins, friðarsamstarfsins og sérstaks samstarfs og samráðs bandalagsins við Rússland er umfram allt að efla öryggi Evrópu en alls ekki að útiloka, ógna eða draga úr áhrifum einstakra ríkja. Evrópuráðið er einnig mikilvægur þáttur í eflingu öryggis innan Evrópu. Með aðild að ráðinu hafa nýfrjálsu ríkin undirgengist skyldur á sviði mannréttinda og lýðræðis. Evrópuráðinu ber skylda til að hafa eftirlit með framkvæmdinni og er því öflugt tæki lýðræðis og mannréttinda í Evrópu.

Vissulega eru skiptar skoðanir um aðild ríkja eins og Rússlands að Evrópuráðinu en í pólitískum veruleika Evrópu í dag gildir engin útilokunaraðferð. Nýta verður tækifæri sem gefast til að stuðla að breytingum í gömlu kommúnistaríkjunum. Það er ekki hægt að sitja aðgerðarlaus hjá. Skilvirk og uppbyggileg þátttaka Rússlands er nauðsynleg fyrir frekara samstarf á sviði öryggismála. Á þessari stundu er erfitt að meta með vissu hver stefna Rússa er með tilliti til öryggismála í Evrópu. Þeir standa nú í harðri kosningabaráttu og hefur hún áhrif á afstöðu þeirra. Utanríkisstefna Rússlands er enn nokkuð ósveigjanleg eins og best sést á andstöðu við stækkun NATO og stefnu gagnvart grannsvæðum. Það er erfitt að meta hvert stefnir en Rússum má vera fyllilega ljóst að og öðrum bandamönnum í vestri er full alvara með því að styðja uppbyggilega þátttöku þeirra á alþjóðavettvangi. Samstarf verður að byggja á gagnkvæmni og góðum vilja allra aðila.

Friðarstarfið í Bosníu er dæmi um hvernig þjóðir sem áður voru andstæðingar geta unnið saman. Þær leggjast á eitt við að reisa Bosníu úr rústum eftir ófriðinn og gera henni kleift að taka sæti sem eitt af sjálfstæðum ríkjum Evrópu. Svo umfangsmikil enduruppbygging hefur ekki átt sér stað síðan Evrópa var reist úr rústum síðari heimsstyrjaldar. Tekin hefur verið ákvörðun um það af Íslands hálfu að veita 110 millj. kr. til uppbyggingarinnar og er framlag Íslands fyllilega sambærilegt við framlög annarra þjóða. Á síðustu mánuðum hefur komið enn skýrar í ljós að afl Atlantshafsbandalagsins hefur framar öðru tryggt hið viðkvæma friðarsamkomulag sem tókst á milli deiluaðila í Bosníu. Í Bosníu hafa Íslendingar í fyrsta sinn tekið þátt í friðaraðgerðum herliðs á vegum Atlantshafsbandalagsins en íslenska hjúkrunarliðið þar telst nú til sveita þess. Þótt framlagið virðist ekki viðamikið hefur það vakið verðskuldaða athygli og vottað samstöðu þá sem á meðal bandalagsþjóða og annarra ríkja mynda eftirlitssveitirnar.

Nýtt fimm ára samkomulag íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framkvæmd bókunar við varnarsamninginn endurspeglar raunsætt mat beggja ríkjanna á aðstæðum og aðlögun varnarstöðvarinnar í samræmi við það. Ástæða er til að lýsa sérstakri ánægju með lengri gildistíma þessa samkomulags að þessu sinni sem tryggir stöðugleika og farsælt varnarsamstarf ríkjanna fram yfir aldamótin. Það er enn mikilvægara en ella á meðan breytingar á skipan öryggis- og varnarmála í Evrópu eru jafnörar og raun ber vitni.

Varnarviðbúnaður verður óbreyttur frá því sem ákveðið var í bókun þjóðanna frá 1994. Í því felst m.a. að aldrei verða færri en fjórar orrustuþotur staðsettar á Íslandi. Staðfest er að

rekstur þyrlubjörgunarsveitar verður óbreyttur og mun hún veita sömu þjónustu og áður. Samkomulagið felur jafnframt í sér aðlögun fyrirkomulags verktöku fyrir varnarliðið að breyttum aðstæðum. Einkaréttur Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka á framkvæmdum fyrir varnarliðið verður afnuminn árið 2004.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin og þátttaka Íslands í varnarsamstarfi vestrænna þjóða verður áfram grundvöllur öryggisstefnu landsins. Samstarfið við Bandaríkin veitir Íslandi að ýmsu leyti sérstöðu meðal Evrópuþjóða og undirstrikar mikilvægi öryggistengslanna yfir Atlantshafið. Þegar litið er til framtíðar er mikilvægt að hafa í huga reynslu af samskiptum okkar við Bandaríkin á sviði öryggis- og varnarmála í hálfa öld. Óhætt er að fullyrða að þetta hefur verið farsælt samstarf sem hefur þjónað vel hagsmunum beggja ríkja og bandamanna okkar í Atlantshafsbandalaginu. Nýsamþykkt bókun kveður á um náið pólitískt samráð við Bandaríkin. Æskilegt er að þessi möguleiki verði vel nýttur til reglubundinna skoðanaskipta við öflugasta bandamann okkar.

Í desember sl. hittust embættismenn og ráðherrar Bandaríkjanna og ESB í Madrid og settu af stað svokallað Atlantshafsfrumkvæði. Markmið þessa frumkvæðis er að glæða nýju lífi samskiptin yfir Atlantshafið og koma á víðtæku samstarfi Bandaríkjanna og Evrópusambandsríkjanna á sviði utanríkis- og efnahagsmála. Ef þetta samstarf heldur markvisst áfram er mjög nauðsynlegt fyrir Ísland að koma að því og mun ég leggja áherslu á bæði við Bandaríkin og Evrópusambandið að svo geti orðið.

Herra forseti. Hér að framan hef ég gert grein fyrir stöðu mála varðandi ýmis bein hagsmunamál Íslendinga í norður-álfu og Norður-Ameríku sem eru okkur áþreifanleg vegna nálægðar, frændsemi eða stofnanalegra tengsla. Okkur ber samt nauðsyn til að horfast í augu við þá staðreynd að heimsmynd okkar hefur breyst. Vandamál sem áður virtust fjarlæg og Íslandi lítt viðkomandi hafa nú vaxandi áhrif á líf okkar og afkomu. Í því felast bæði nýjar hættur og nýir möguleikar. Jafnframt ber okkur siðferðileg skylda til að sinna málum meðbræðra okkar í fjarlægum heimshlutum.

Í stefnuyfirýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að sameina verði krafta opinberra aðila og stofnana sem á einn eða annan hátt koma að útflutningsmálum. Skref í þessa átt lofa góðu. Samstarf utanrrn. og Útflutningsráðs Íslands hefur verið eflt og er markmið þess samstarfs að virkja þau áhrif og tengsl sem ráðuneytið hefur víða um heim og tengja við þá þekkingu og samband sem Útflutningsráð hefur í íslensku atvinnulífi. Aðlögun hins opinbera að breyttum áherslum í alþjóðaviðskiptum mun taka tíma þar sem þjálfa verður fólk og finna þau svið þar sem stjórnvöld og stofnanir geta orðið að sem mestu gagni.

Alþjóðavæðing fyrirtækja á Íslandi og aukin áhersla á sókn viðskiptalífsins í harða samkeppni harðnandi alþjóðaviðskipta hefur æ meiri þýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er aðdáunarvert hversu fljótt íslensk fyrirtæki hafa brugðist við breyttum aðstæðum sérstaklega í sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn hefur leitt þróunina í alþjóðavæðingu viðskiptalífsins og núverandi ríkisstjórn er staðráðin í að styðja þá þróun. Brýnt er að sameina sem mest dreifða krafta okkar á hinu alþjóðlega viðskiptasviði. Þetta kallar á víðtækt samráð allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í útflutningi. Okkur Íslendingum hlýtur að vera það keppikefli að hafa heildstæða yfirsýn yfir þennan vettvang á einum stað. Lögð verður á það áhersla að breytingar eigi sér stað innan utanríkisþjónustu Íslands sem tryggi þessa yfirsýn þannig að hún sé sem best í stakk búin til að koma íslensku viðskiptalífi að gagni á erlendum vettvangi.

Ef stjórnvöld og einkageirinn taka höndum saman má opna dyr sem annars væru lokaðar. Í utanrrn. er unnið að útflutningshvetjandi aðgerðum í samvinnu við íslenskt atvinnulíf. Sem dæmi má nefna ferð viðskiptasendinefndar til Múrmansk undir forustu utanrrn. og Útflutningsráðs. Hátt í 20 fyrirtæki áttu fulltrúa í þessari sendinefnd sem sýndi rússneskum stjórnvöldum og fyrirtækjum þá möguleika sem íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi búa yfir. Þess sjást nú greinilega merki að viðskipti íslenskra og rússneskra fyrirtækja hafa tekið fjörkipp. Í desember sl. fór viðskiptasendinefnd undir forustu sömu aðila til Suður-Afríku og Namibíu og stóð sú för fyllilega undir væntingum.

Í byrjun apríl fór sendinefnd undir forustu utanrrn. til Pakistans í kjölfar þess að kjörræðismaður Íslands þar óskaði eftir að kannaðir yrðu samstarfsmöguleikar í sjávarútvegi. Með í för voru fulltrúar Útflutningsráðs, Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar. Afrakstur þessarar ferðar verður kynntur íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum á komandi vikum.

Í ágúst nk. er fyrirhuguð opinber heimsókn til Suður-Kóreu. Áformað er að með í þeirri ferð verði fyrirtæki í útflutningi, aðilar úr ferðamálageiranum, sérfræðingar í fjárfestingarkynningu og einnig fyrirtæki sem stunda innflutning frá Kóreu. Þetta gæti orðið viðamesta viðskiptaferð á vegum utanrrn. til þessa.

Ekki er hægt að fjalla um útflutningshvetjandi aðgerðir án þess að geta fjárfestinga Íslendinga erlendis. Heyrst hafa gagnrýnisraddir þess efnis að það sé ábyrgðarhluti að hvetja til fjárfestinga erlendis þegar fjárfesting hér á landi er ekki meiri en raun ber vitni. Þær fjárfestingar sem íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa ráðist í erlendis hafa skilað þjóðarbúinu miklu. Íslenskt fyrirtæki starfrækt á erlendri grund með Íslendinga í helstu stjórnunarstöðum nýtir að sjálfsögðu íslenskt hugvit, tækni og þekkingu. Í lok síðasta árs var skipuð nefnd fulltrúa utanrrn., iðnrn. og viðskrn., sjútvrn. auk Iðnþróunarsjóðs og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til að kanna og gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stutt við bakið á fjárfestingum íslenskra fyrirtækja erlendis.

Annasamt hefur verið á sviði hafréttarmála á síðustu missirum og margvíslegur árangur náðst. Fyrst ber að nefna gildistöku hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna í kjölfar breytingar á kafla samningsins um nýtingu málma á hafsbotni sem ágreiningur hafði staðið um. Úthafsveiðiráðstefnunni lauk í ágúst sl. með samþykkt bindandi alþjóðasamnings sem er vísir að samstarfi ríkja um verndun og stjórnun veiða úr fiskstofnum sem ganga í og úr lögsögu. Á vettvangi matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, var sl. haust samþykktur bálkur um ábyrgar fiskveiðar. Starf Norður-Atlantshafssjávarspendýrastofnunarinnar, NAMMCO, hefur eflst og gæti það orðið Íslandi til framdráttar í hvalamálum.

Afstaða Íslands í hafréttarmálum grundvallast á þeirri staðreynd að Íslendingar eru mjög háðir fiskveiðum. Jafnframt er það eindregin skoðun íslenskra stjórnvalda að þeim ríkjum sem mestra hagsmuna hafa að gæta af nýtingu sjávarauðlinda sé best treystandi til að fara með verndun þeirra og stjórnun veiða.

Eins og kunnugt er hafa íslensk stjórnvöld á undanförnum missirum átt viðræður við nágrannaríkin um stjórnun veiða úr einstökum fiskstofnum. Samkomulag náðist á fundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar á dögunum um skiptingu veiðiheimilda á þessu ári og úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Heildarkvótinn verður 153 þús. tonn og koma þar af 45 þús. tonn í hlut Íslands sem má telja viðunandi. Árangur þessa fundar er mikilvægur og eykur tiltrú manna á úthafsveiðisamningum og vonir um að ákvæði hans geti stuðlað að lausn deilna um veiðar á úthafinu. Vissulega skyggir það á að Rússar skuli hafa boðað mótmæli gegn niðurstöðu fundarins en þess er vænst að þeir stundi ábyrgar veiðar á úthafskarfa á þessu ári.

Framangreind niðurstaða hefur orðið mörgum hvatning til að halda áfram viðræðum um þorskveiðar í Barentshafi og um nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins og finna lausnir á þessum deilumálum. Viðræður hafa átt sér stað milli strandríkjanna fjögurra, Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands auk Evrópusambandsins um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Allir aðilar gera sér grein fyrir nauðsyn þess að samkomulag náist og að heildaraflinn fari ekki mikið fram úr einni milljón tonna. Til þess að svo megi verða þurfa allir aðilar að slá af kröfum sínum. Íslensk stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til þess ef aðrir gera slíkt hið sama.

Þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra veitir Íslendingum tækifæri til að stuðla að friði og auknu réttlæti í heiminum og til að vinna að grundvallarhagsmunum Íslands eins og hafréttarmálum og umhverfisvernd. Mikilvægt er að rödd Íslands heyrist á þessum vettvangi. Nú er ljóst að svigrúm Norðurlandanna til sameiginlegs málflutnings er minna en áður vegna aðildar þriggja Norðurlanda að ESB. Það væri aftur á móti rangt að halda því fram að norrænt samstarf hjá Sameinuðu þjóðunum og á alþjóðavettvangi væri komið í óefni þótt fastafulltrúar ríkjanna haldi færri sameiginlegar ræður en áður. Norrænt samstarf er annað og meira en sameiginlegar ræður og heldur áfram á breiðum grunni. Í starfi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum skiptir mestu máli að íslensk stjórnvöld setji sér markmið í þeim málaflokkum þar sem Ísland hefur hagsmuna að gæta og fylgi þeim vel eftir. Þetta hefur verið gert í umhverfismálum með setu Íslands í umhverfisnefndinni og baráttu okkar gegn mengun í hafinu. Hér má líka nefna hafréttarmál og framboð Íslands til sætis í hafréttardómstólnum. Loks má nefna jarðhita og orkumál með starfsemi Jarðhitaskólans og síðast en ekki síst sjávarútvegsmál en margt bendir til að sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna geti hafið störf hér á landi á næsta ári. Í þessu sambandi er rétt að minnast á framboð Íslands í hið áhrifamikla efnahags- og félagsmálaráð samtakanna.

Nú er að hefjast undirbúningur fyrir starf Íslands á næsta allsherjarþingi. Með það í huga hefur verið komið á formlegu samstarfi utanrrn. við önnur ráðuneyti um þau mál sem þar verða rædd með stofnun sérstaks hóps tengiliða um málefni Sameinuðu þjóðanna innan stjórnkerfisins. Nauðsynlegt er að Ísland bregðist við breyttum aðstæðum á allsherjarþinginu með auknum málflutningi í eigin nafni. Ég vænti þess að íslenska stjórnkerfið láti þessi mál til sín taka af þunga og alvöru og leggist á eitt með utanrrn. að vinna að framgangi hagsmunamála okkar innan Sameinuðu þjóðanna.

Í undirbúningi er þátttaka okkar í annarri byggðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Istanbúl en í tengslum við hana verði gefin út skýrsla til ráðstefnunnar um stöðu byggðamála á Íslandi. Þá er einnig farið að undirbúa þátttöku í leiðtogafundi í Róm í nóvember á vegum matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um fæðuöryggi en þá þeim vettvangi verður að beina athygli að mikilvægi lífrænna auðlinda sjávar í fæðuöflun mannkyns í framtíðinni.

Mikið umbótastarf fer nú fram innan Sameinuðu þjóðanna til að gera samtökin hæfari til að takast á við þau umfangsmiklu verkefni sem þeim er ætlað að fást við. Í samstarfi með öðrum Norðurlöndum hefur Ísland sett fram hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi öryggisráðsins sem miða að því að gera það virkara. Nauðsyn ber einnig til að finna lausn á alvarlegum fjárhagsvanda samtakanna. Nokkur ríki á Vesturlöndum hafa hvatt til róttækra umbóta á vettvangi samtakanna og jafnvel haldið uppi harðri gagnrýni á störf þeirra. Enginn þarf að efast um stuðning Íslands við Sameinuðu þjóðirnar en Ísland hlýtur að styðja aðhald eftir megni enda markmið okkar að gera samtökin skilvirk og öflug. Jafnframt er nauðsynlegt að árétta að það er óásættanlegt að aðildarríki standi ekki í skilum á framlög sín.

Tengslin milli þróunar og friðar eru nú flestum ljós og er eitt af höfuðverkefnum Sameinuðu þjóðanna í sambandi við starfsáætlun þeirra um frið og þróun. Mörg mistök hafa verið gerð í sambandi við þróunaraðstoð. Óskilyrt aðstoð við sum ríki þriðja heimsins hafði oft lítil varanleg áhrif og var misnotuð auk þess sem kalda stríðið var háð á þessum vettvangi sem öðrum. Vesturlönd, þar með talið Ísland, verða að setja sér meginreglur í sambandi við þróunaraðstoð. Fyrst og fremst verður hún að stuðla að varanlegri uppbyggingu og hjálpa þeim sem hana hljóta til þess að standa á eigin fótum. Þróunarsamvinnustofnun Íslands stendur fyrir verkefnum í Namibíu, Mósambík, Malaví og Grænhöfðaeyjum. Hún einbeitir sér annars vegar að rannsóknum á fiskstofnum þróunarlandanna og lífríki hafsins og hins vegar að fræðslu- og menntunarmálum í sjávarútvegi.

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir í upphafsorðum:

„Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verða af honum tekin og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Mannréttindi eru því algild og mannréttindabrot ekki einkamál þeirra ríkja þar sem þau viðgangast. Okkur ber því skylda til að berjast fyrir mannréttindum og veita öðrum þjóðum aðhald í þeim efnum. Þau verða ekki aðskilin frá öðrum þáttum í samskiptum ríkja. Við verðum að taka tillit til mannréttindasjónarmiða í samskiptum okkar við önnur ríki.

Þátttaka vopnlausrar þjóðar í alþjóðlegu afvopnunarstarfi kann að hljóma ankannalega en staðreyndin er hins vegar sú að ekki er hægt að skorast undan þegar öryggi alls heimsins er til umræðu. Ísland fékk nú í ár áheyrnaraðild að afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf. Þar er nú unnið að gerð samnings um bann við tilraunakjarnorkusprengjum. Eftir að Frakkar hættu öllum tilraunasprengingum hafa líkur á árangri aukist. Vonandi munu aðrar þjóðir fylgja því fordæmi. Á sínum tíma undirritaði Ísland samning um bann við efnavopnum en hann var afrakstur starfs afvopnunarráðstefnunnar. Þáltill. um fullgildingu hans verður lögð fram áður en langt um líður.

Ísland hefur stutt Alþjóða Rauða krossinn og Sameinuðu þjóðirnar í baráttunni fyrir því að jarðsprengjur, einn mesti ógnvaldur í daglegu lífi í mörgum þróunarríkjum, verði bannaðar. Innan mannréttindaráðsins hefur verið reynt að styðja við bakið á þeim sem reyna með alþjóðasamningum

að koma í veg fyrir að börn inna 18 ára aldurs taki þátt í vopnuðum átökum. Stórvirki síðustu ára á sviði afvopnunarsamninga, svo sem samningurinn um hefðbundin vopn í Evrópu og stórveldasamningur um niðurskurð kjarnavopna, sýna að leið samninga er hið rétta. Einhliða aðgerðir og yfirlýsingar skipta þar litlu máli.

Utanríkisstefna Íslendinga mótast ekki aðeins af áþreifanlegum markmiðum á sviði stjórnmála, öryggismála og viðskipta. Það er engin tilviljun að í lögum um utanríkisþjónustu Íslands segir að utanríkisþjónustan skuli einnig gæta hagsmuna Íslands að því er varðar menningarmál. Sérhver diplómatískur fulltrúi Íslands erlendis hefur jafnframt verið menningarfulltrúi landsins þó starf þeirra hafi að mestu verið unnið í kyrrþey. Vinnuhópur sem skipaður var í samvinnu við menntmrn. til að gera úttekt á menningarkynningu erlendis hefur nú lokið störfum og lagt fram tillögur um eflingu þess starfs. Í kjölfar þess er í athugun að stofna sérstaka menningar- og upplýsingaskrifstofu í utanrrn. sem lúti stjórn reynds sendierindreka.

Herra forseti. Landfræðileg einangrun hindrar okkur ekki lengur frá öflugri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, hvort sem er á sviði viðskipta eða stjórnmála. Ákvarðanir á alþjóðavettvangi hafa bein áhrif á daglegt líf okkar í landinu og þess vegna ber okkur skylda til að taka af krafti og metnaði þátt í því alþjóðastarfi sem hefur áhrif á Ísland, stöðu þess og möguleika í framtíðarþróun samfélags þjóðanna. Alþjóðlegt samstarf er nauðsynlegt til að tryggja tilveru okkar sem sjálfstæðrar þjóðar og til þess að ná fram markmiðum okkar hvort sem er í okkar heimshluta eða um víða veröld. Utanríkisstefnan verður því ekki aðskilin frá annarri pólitískri umræðu í landinu þar sem áhrif hennar á stöðu einstaklinga og atvinnulífs eru nú meiri en nokkru sinni fyrr.

[14:58]

Útbýting þingskjals:

Áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu, 127. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 855.

[14:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá yfirlitsræðu sem hann hefur flutt við umræðuna. Þó að ég hafi ýmislegt við innihald hennar og efni að athuga þá tel ég þýðingarmikið að við höldum þeim sið að ræða utanríkismálin a.m.k. tvisvar á vetri eins og nú hefur verið tekið upp. En ég vil jafnframt gera athugasemd við að ekki skuli lengur vera lagðar fram skýrslur af hálfu utanrrn. um utanríkismál eins og var regla fyrir nokkrum árum eða fram til hausts 1993, þingsins 1993–1994, að hætt var þessari góðu venju. Ég hvet hæstv. utanrrh. til þess að taka það upp á nýjan leik að flytja þinginu slíka árlega skýrslu fyrir utan skýrslu sem varðar brýn málefni eða málefni sem koma upp ný á sviði utanríkismála. Ég held að hér hafi í rauninni orðið mistök af hálfu þings og framkvæmdarvalds að hætta þessari góðu venju. Það segir sig sjálft að hæstv. ráðherra getur ekki gert skil nema að takmörkuðu leyti því víðfeðma sviði sem honum er ætlað að fara yfir í ræðu og þýðingarmikið að þingið hafi aðgang að ítarlegri upplýsingum og gögnum þegar utanríkismálin eru til umræðu.

Ég vil nefna það að haustið 1991 þegar þessi mál voru rædd og þessi slæma breyting var gerð, þá var jafnframt um það rætt að fram yrðu lagðar skýrslur af hálfu utanrrn. um einstök efni og þær ræddar innan þingsins. En á því hafa ekki orðið efndir í reynd því að það eru aðeins tvær skýrslur frá þeim tíma sem síðan er liðinn, báðar lagðar fram í mars 1994, samkvæmt upplýsingum skrifstofu þingsins. Ég tel þetta vera þýðingarmikið mál og það er líka athugandi að taka það upp í þingsköpum að það verði fastur háttur á þessu að því er varðar skýrslugjöf um svo þýðingarmikinn þátt sem utanríkismálin eru.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að tengja þetta jafnframt ósk um að það verði athugað að hafa svipaðan hátt á að því er varðar umhverfismálin. Vissulega snerta umhverfismálin mjög náið utanríkisstefnu Íslendinga, þá á ég við umhverfismál í alþjóðlegu samhengi, og það er mjög nauðsynlegt að þau efni séu rædd skipulega á Alþingi og fylgst með því sem er að gerast. Ég vil jafnframt beina þessari ósk minni til hæstv. umhvrh. og bið þá virðulegan forseta að taka það til íhugunar í samvinnu við rétta aðila. Það er í þessu tilviki hæstv. umhvrh.

Í ræðu sinni stiklaði hæstv. utanrrh. á mörgum þáttum varðandi utanríkismál í 30 tölusettum liðum. Ég verð þó að segja að þrátt fyrir þessa yfirferð er stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að ýmsu leyti óljós. Ég mun takmarka mig við þrjá þætti aðallega á þeim tíma sem ég hef til umráða, þ.e. stefnuna gagnvart Evrópusambandinu og samskipti okkar við Evrópusambandið og tengd samtök, samvinnu okkar og samstarf á hernaðarsviði innan Atlantshafsbandalagsins og með hernaðarsamningnum við Bandaríkin sem nýlega hefur verið endurnýjaður og í síðasta lagi nokkur atriði um umhverfismálin sem ég nefndi hér áðan.

Það verður að segjast að í ræðu hæstv. utanrrh. er margt sem bendir til þess að hugur hans stefni að því að Ísland geti innan ekki langs tíma gerst aðili að Evrópusambandinu. Þetta segi ég þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni að það mál sé ekki á dagskrá. En það er ljóst af þessari ræðu hæstv. ráðherra og fjölmörgum öðrum ummælum að ráðherrann telur það æskilegt markmið ef hægt er að ryðja því sem kallað er hindrun úr vegi þess að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Í þessu sambandi er þá einkum minnst á sjávarútvegsmálin sem sérstaka hindrun. Ég er algerlega ósammála þessu viðhorfi. Ég tel að það skipti afar miklu máli að menn tali skýrt í þessum efnum og ég er ekki að finna að því að hæstv. utanrrh. hefur talað býsna skýrt ef marka má þær útleggingar sem ég hef haft uppi um afstöðu hans.

Ég vek jafnframt athygli á því að af hálfu forustu ríkisstjórnarinnar, af hálfu hæstv. forsrh., kveður við allt annan tón, bæði varðandi mat á Evrópusambandinu og samrunaþróun þess og spurningunni um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég vil vekja athygli á kafla í ræðu hæstv. utanrrh. í þessu sambandi þar sem hann fjallar um stækkun Evrópusambandsins og segir, með leyfi forseta:

„Stækkun Evrópusambandsins er í rökréttu samhengi við sögulega þróun þess og verður það ferli hvorki stöðvað né því snúið við. Evrópusambandið býr sig nú undir hugsanlega inngöngu nýrra aðildarríkja í Suður-, Mið- og Austur-Evrópu. Stækkun ESB hlýtur að stuðla enn frekar að friði, velmegun, öryggi og stöðugleika í álfunni. Við hljótum því að styðja þessa viðleitni eftir því sem okkur er unnt enda mun hún hafa áhrif á stöðu okkar í Evrópu framtíðarinnar. Mikilvægt er að Evrópusambandið gegni áfram leiðandi hlutverki í eflingu alþjóðlegrar fríverslunar."

Þetta er mat hæstv. utanrrh. Íslands á Evrópusambandinu og samrunaferli þess og eins og menn sjá er það söguleg og æskileg þróun sem er þarna á ferðinni og hæstv. ráðherra

hefur fullan hug á því að gerast þátttakandi í þessu fyrir Íslands hönd sé hægt að ýta hindrunum úr vegi sem hann telur að standi gegn því að við gerumst þar aðilar.

Ég vek athygli á því sem fram kemur hins vegar hjá hæstv. forsrh. í sunnudagsblaði Morgunblaðsins þann 14. apríl sl. þar sem hæstv. forsrh. ítrekar fyrri sjónarmið sín með mjög ákvarðandi hætti, mjög mikla gagnrýni á samrunaferli Evrópusambandsins eins og hann metur það og mjög ramma andstöðu gegn þeirri hugsun að Ísland gerist þar þátttakandi. Þarna er sem sagt uppi, virðulegur forseti, afar ólíkt mat á æskilegri þróun í þessu efni milli hæstv. utanrrh. annars vegar og hins vegar hæstv. forsrh. Ég gæti vitnað í þetta viðtal við hæstv. forsrh. en tel það raunar þarflaust þar sem það er nýlega fram komið og hefur verið rætt verulega. En hæstv. forsrh. talar þar einmitt um að ekki sé ástæða til að takmarka, eins og hann orðar það, okkar fullveldi enn frekar en orðið er með inngöngu í Evrópusambandið og missa yfirráð yfir okkar sjávarútvegi og margt fleira sem þar fylgir.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi aðildina að Schengen-samstarfinu þó að hún hafi verið rædd nýlega í þinginu. Það hefur komið fram og kemur fram í skýrslu ráðherra og hefur áður komið fram hjá hæstv. utanrrh. og er ítrekað hér, að hann er eindreginn stuðningsmaður þess enda hefur ríkisstjórnin og ákveðið svonefnda áheyrnaraðild. Það er hins vegar dregin fjöður yfir það hve náið þetta samstarf þó milliríkjasamstarf sé kallað, innviðum Evrópusambandsins og reglum þess. Þetta var dregið fram með mjög skýrum hætti m.a. af fréttaritara sjónvarpsins sem situr í Brussel, á þeim tíma sem ráðherrafundur Schengen stóð þar yfir. Þar var undirstrikað það mat fréttamannsins að með áheyrnaraðild að Schengen og samningi við Schengen, þá sé Ísland að gerast mun frekar en orðið var þátttakandi í samrunaferlinu í Evrópu, því eins og það var orðað í fréttaviðtali: Þótt sáttmálinn sé ekki hluti af Maastricht-sáttmála Evrópusambandsins um samruna aðildarríkjanna, þá einskorðast hann við þau og er í raun afar mikilvægur áfangi í samrunaferlinu og markmiðunum um landamæralausan innri markað. Þetta samstarf sem þarna er verið að leiða Íslendinga inn í til þess að viðhalda norræna vegabréfasambandinu eins og það er kallað, hefur fjölmarga annmarka í för með sér sem ég dró fram þegar rædd var skýrsla hæstv. dómsmrh. og utanrrh. hér nýlega á Alþingi. Þó að hæstv. utanrrh. telji að vel sé gengið frá stöðu Íslands í þessu samstarfi, þá sjá menn hver staðan er ef Schengen-ríkjunum hentar — og Ísland er ekki eitt af þeim — ef Schengen-ríkjunum hentar að taka ákvarðanir sem eru mótdrægar okkur Íslendingum, þá eigum við aðeins um tvo kosti að velja: Að samþykkja nauðugir eða segja okkur frá. Og þá er allt fyrir gýg unnið að því er varðar vegabréfafrelsið rómaða. En hin atriðin sem tengjast þessu máli, þar á meðal hin mikla persónuupplýsingasöfnun sem á að koma í staðinn fyrir innri landamæri og landamæraeftirlit með persónum á landamærum Schengen-samstarfsríkjanna, eru kafli út af fyrir sig sem ég ætla ekki að gera frekar hér að umræðuefni.

Einn þáttur þessa máls er kostnaðarþátturinn og þar blasir það við að um afar losaralegt mat er að ræða enn sem komið er á kostnaði Íslendinga við þetta samstarf þannig að munar margföldun. Það hafa komið fram tölur sem gera ráð fyrir einum milljarði og það hefur verið reiknað niður í 150 millj. að því er varðar breytingar í flugstöðinni í Keflavík sem þurfa að koma til vegna þessa samstarfs. Ég held að það sé varlegt að treysta þessum útreikningum öllum sem þarna eru uppi. Og ég hef fyrir því orð starfsmanna innan flugstöðvarinnar í Keflavík að í rauninni þori menn ekki þar að segja hug sinn til þeirra hugmynda sem þarna eru uppi af ótta við afleiðingar vegna starfa sinna og stöðu og það er eitt út af fyrir sig auðvitað áhyggjuefni þegar aðstæður eru þannig. Ég hvet þingið til þess að vera vakandi í þessum málum og fara ofan í þetta Schengen-mál með gagnrýnum huga því að þar er sannarlega ekki allt sem sýnist.

Virðulegur forseti. Evrópusambandinu fylgja fjölmargir stórir þættir sem hver út af fyrir sig kallaði á umræðu á Alþingi, jafnsamtvinnaðir og við erum orðnir þessu samstarfi í gegnum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Þetta samstarf innan Evrópusambandsins er á fullri ferð og hafin er ríkjaráðstefna þátttökuríkja, aðildarríkja þess og þaðan getur verið stórra tíðinda að vænta. Með Maastricht-sáttmálanum voru teknar ákvarðanir um efnahags- og myntsamband á vegum Evrópusambandsins sem á að ganga í gildi þegar árið 1999. Það setur hroll að fjölmörgum stjórnmálamönnum álfunnar þegar þeir hugsa til þess dags er þetta efnahags- og myntsamband gengur í gildi með þeim afleiðingum sem það hefur fyrir viðkomandi ríki. Það er mjög sérkennilegt að lesa það m.a. í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins þann 14. apríl sl. að það hljóti að koma mjög til álita fyrir okkur Íslendinga hvort við getum staðið utan við ramma Evrópusambandsins þegar að því kemur að gengið verði frá þessu efnahags- og myntsamstarfi og það gangi fram fyrir aldamót.

Ég held að við Íslendingar þurfum að endurskoða alla okkar siglingu og samstarf að því er varðar tengslin við Evrópusambandið og alveg sérstaklega að ræða þau stórkostlegu álitamál sem uppi eru varðandi frekari þátttöku okkar í þessu samrunaferli. Evrópusambandið er að verða eins konar atvinnuleysissamband sem kunnugt er. Þar hefur atvinnuleysi farið vaxandi ár frá ári á undanförnum áratug og nú er svo komið að að meðaltali er atvinnuleysi innan Evrópusambandsins nálægt 11% eða um 20 millj. atvinnulausra. Það er misjafnt eftir löndum, alls staðar allmikið en auðvitað hvað mest á Spáni og í fleiri ríkjum þar sem atvinnuleysið er nálægt 20% og hjá ungu fólki mældist það hvorki meira né minna en 22% á árinu 1994.

Efnahags- og myntbandalag eða samband mun enn auka á atvinnuleysið. Þar greinir sérfræðinga og hagfræðinga tæpast á að þau markmið sem þátttökuríkjunum er ætlað að uppfylla með þessu samstarfi munu draga úr möguleikum þátttökuríkjanna til þess að vinna gegn atvinnuleysinu. Hér er um að ræða stórkostlegan vágest og mikla hættu fyrir öryggi Evrópu í reynd því að það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að atvinnuleysi í þeim hæðum sem hér um ræðir hlýtur að veikja alla innviði samstarfs í Evrópu. Þurfa menn ekki annað en líta til þess sem var að gerast í Frakklandi í desembermánuði sl. þegar upp úr sauð þar á vinnumarkaði. Það er kannski aðeins lítið sýnishorn af því sem vænta má vegna þeirrar þróunar sem þarna er orðin og þar sem ekki eru neinar vísbendingar um það að aftur verði snúið. Yfirlýsingar sem koma frá jafnt forráðamönnum Evrópusambandsins sjálfs sem og einstökum forustumönnum ríkja, stjórnmálamönnum, virðast í reynd vera innantóm orð. Á þessu, virðulegur forseti, er nauðsynlegt að vekja athygli þegar hér liggur fyrir það mjög svo jákvæða mat sem hæstv. utanrrh. dregur upp af þróun Evrópusambandsins og útilokar engan veginn að Ísland geti slegist í þann hóp.

Virðulegur forseti. Nokkur orð um svokölluð öryggismál og samstarf Íslands innan Atlantshafsbandalagsins og hern-

aðarsamvinnuna við Bandaríkin. Hér fór fram sl. föstudag afar fróðleg umræða vegna frv. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ásamt sjö öðrum þingmönnum hefur lagt fram um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við kjarnorkuknúnum farartækjum.

Í hópi flutningsmanna þessa máls eru ekki andstæðingar að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu nema að hluta til. Þar er að finna m.a. tvo þingmenn Alþfl., þá hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem eru meðal meðflutningsmanna og hafa mér vitanlega ekki verið taldir upp á síðkastið a.m.k. í hópi andstæðinga NATO. En nú kemur hæstv. utanrrh. og kveður upp úr um það sl. föstudag að samþykkt þessa máls og að greiða götu þess hér jafngildi það að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu, úrsögn úr NATO. Það eru skilaboð hæstv. ráðherra við frv. þar sem voru meðal meðflm. fyrir fáum árum formaður hans eigin flokks, Steingrímur Hermannsson, og núverandi hæstv. félmrh. Páll Pétursson. Það eru þeir sem fá þessar kveðjur. Þeir hafa látið veðdraga sig til þess inn á flutning máls sem felur þetta í sér að mati hæstv. utanrrh. Ég vek athygli á þessu vegna þess að mér sýnist að hæstv. utanrrh. gerist í raun kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Hann gengur fram fyrir skjöldu með dómsuppkvaðningar að því leyti að Ísland geti ekki markað stefnu eins og felst í þessu frv., að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, því það stangast á við aðildina að Atlantshafsbandalaginu.

Nú er það vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra að Atlantshafsbandalagið byggir sína hernaðarstefnu á kjarnorkuvopnum og fælingarstefnu sem svo er kölluð sem áskilur bandalaginu að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Og það er þessi stefna sem Alþb. er og hefur verið andvígt. Friður verður ekki tryggður með því að halda á vopni og halda áfram að veifa ógnarvopnum, einnig eftir að samið hefur verið um víðtæka afvopnun og óvinurinn er það víðs fjarri að Atlantshafsbandalagið hefur verið í vandræðum með að finna hann síðan 1990.

Ég held líka að hið sama gildi um hernaðarsamstarf Íslands við Bandaríkin. Nú hefur hæstv. utanrrh. fyrir hönd ríkisstjórnar framlengt þennan herstöðvasamning til fimm ára, herstöðvasamning sem felur í sér að viðhaldið er hernaðarmætti að vissu marki í Keflavíkurherstöðinni samkvæmt sérstökum óskum Íslands. Samkvæmt sérstökum óskum Íslands skal þar vera orrustuflugsveit og annar viðbúnaður og hér eiga að fara fram heræfingar ekki síður en áður var meðan kalda stríðið var í fullum gangi, Northen Viking eða hvað það heitir, og það á að tengja þetta í auknum mæli við innlendar stofnanir. Þessa stefnu gagnrýni ég harðlega og tel hana í engu samræmi við þá þróun sem verið hefur á alþjóðavettvangi. Það sem er hér á ferðinni er raunverulega að Íslendingar verða áfram með betlistafinn að ganga lengra en Bandaríkin kjósa í sambandi við viðbúnað í Keflavík í efnahagslegum tilgangi fyrst og fremst. Það er því miður ekki bara í þessu efni þar sem betlistafurinn er á lofti því að einnig í sambandi við kostnaðinn af Schengen-þátttöku hafa þingmenn Framsfl. orðað það hvort ekki væri hægt að fá einhverja til að borga fyrir okkur eins og hv. 4. þm. Reykn. orðaði það á ráðstefnu í Keflavík 23. febrúar sl. Þetta sjónarmið er víðar að finna innan Framsfl. en hjá hæstv. utanrrh.

Virðulegur forseti. Ég ætla að lokum að víkja fáeinum orðum að umhverfismálunum, stöðu þeirra og aðild okkar Íslendinga að þeim þýðingarmiklu málum á alþjóðavettvangi. Það eru sannarlega fjölmargar blikur á lofti að því er varðar framtíð mannkynsins á þessari jörð og framtíð alls lífs á þessari jörð vegna þeirrar þróunar sem er í umhverfismálum. En það er varla eytt orði að þessum málum í ræðu hæstv. ráðherra. Út af fyrir sig má finna skýringar á því vegna knapps tíma þessarar umræðu. En eftir að Ríó-ráðstefnan var haldin 1992 vöknuðu vonir um það að heimsbyggðin mundi taka við sér í sambandi við þá váboða sem uppi eru en þess sjást því miður sáralítil merki í reynd. Váboðarnir halda áfram að hlaðast upp og ríkisstjórnir draga við sig að taka undir og framkvæma ákvæði þeirra sáttmála sem þær þó undirgengust í Rio de Janeiro. Hér eru engin gamanmál á ferðinni. Hér eru engin mál sem menn geta í eiginhagsmunaskyni dregið við sig vegna þess að einhverjir aðrir leysi þau fyrir okkur. Menn fá þetta yfir sig, mannkynið í heild, umhverfi jarðar í heild ef svo heldur fram sem horfir.

Váboðunum er stöðugt að fjölga. Ég nefni aðeins eitt atriði sem er nýlega komið fram í bók sem heitir „Our Stolen Future" og var að koma út með formála eftir Al Gore, núverandi varaforseta Bandaríkjanna. Þar er að finna vísbendingar um það að vegna þrávirkra efna sé að draga úr viðgangsmöguleikum manna frá ári til árs, framleiðsla karla á sæðisfrumum hafi minnkað um 50% á tilteknu tímabili og haldi áfram að minnka um 2% frá ári til árs og krabbamein í innkirtlum fari vaxandi að líkindum af sömu ástæðum. Ég nefni þetta hér sem eitt dæmi, nýtt dæmi sem komið er inn í umræðuna um þann hrikalega voða sem við erum að safna að höfði okkar vegna andvaraleysis í umhverfismálum.

Virðulegur forseti. Ráðandi hagstjórn í heiminum stefnir umhverfinu og framtíð mannkyns í voða. Hinn efnahagslegi hagvöxtur sem meginleiðarljós og neysla á neyslu ofan og samkeppni sem gengur út yfir allt tillit við umhverfið, samkeppni í vöruframleiðslu og vörudreifingu sem bitnar á umhverfinu, náttúruauðlindum og svo er mengun sífellt að bætast við. Það er þetta sem veldur því að það er svart fram undan ef svo heldur fram sem horfir. Þar er mannkynið allt undir og þar eigum við allt í húfi sem byggjum þessa jörð að ekki sé talað um afkomendur okkar.

Virðulegur forseti. Ég hefði viljað ræða mun ítarlegar um þessi efni og ekki síst þennan síðasta þátt, en tími minn er þrotinn. Ég tek e.t.v. þátt í þessari umræðu síðar og hef hér komið á framfæri nokkrum ábendingum sem ég tel að við þurfum að ræða í tengslum við utanríkismál á þessari stundu. [15:24]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Einn hinna merkari forseta Bandaríkjanna, Jefferson, segir frá því á einum stað í ævisögu sinni þegar ekki hafði spurst til sendiherra Bandaríkjanna í Frakklandi í þrjú ár um það bil, þá skrifaði hann nótu utanrrh. sínum og spurðist fyrir um sendiherrann. Og bætti við að ef sendiherrann sýndi ekkert lífsmark með sér á næsta ári þá yrði ekki hjá því vikist að senda honum snöfurmannlegt áminningarbréf. Ég get ekki neitað því að mér kom þessi skemmtisaga svolítið í hug þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. utanrrh. Hann hefur gegnt embætti í eitt ár, lagst í ferðalög sem aldrei fyrr, en það hefur lítið til hans spurst á innlendum vettvangi. Ef við áttum von á því við þessa ræðu hans að heyra eitthvað nánar um það hvert ferðinni er heitið, þá finnst mér hreint út sagt að það sé eins og að fara í geitarhús að leita ullar. Þetta er embættisleg ræða. Það eru 30 efnisatriði, stuttur kafli fyrir hvern embættismann. Að sumu leyti minnir þetta meira á reisubókarkorn og fundargerðir um afgreidd mál en

stefnuræðu utanrrh. Þetta á kannski erindi í umræðuna sem nú á sér stað um hlutverk forseta Íslands þegar menn eru að velta því fyrir sér hvort það embætti sé fremur í ætt við farandsendiherraembætti eða heimasendiherraembætti.

Ég er þeirrar skoðunar að það þjóni litlum tilgangi á takmörkuðum tíma þar sem hin stærri mál eiga að vera á dagskrá að fara á hundavaði yfir allt og ekkert og gera engu skil. Ég geri ekki ráð fyrir því að það sé mikill ágreiningur um það að tvö stærstu mál samtímans í okkar heimshluta séu annars vegar samrunaferlið í Evrópu og afstaðan til Evrópu. Allar ríkisstjórnir í okkar heimshluta eru uppteknar af því máli, þ.e. allar nema ein, sú hin íslenska.

Hitt málið sem skiptir sköpum um hagsmunavörslu okkar varðar hafréttarmál og deilur við grannþjóðir um fiskveiðiréttindi. Hvað er það sem hæstv. utanrrh. boðar okkur um þessi tvö óumdeildu meginmál? Jú, stefnan í Evrópumálum sem hv. fyrri ræðumaður hafði áhyggjur af að væri einum of áfjáð eða jákvæð rúmast í nokkrum orðum. Þau hljóða svo, virðulegi forseti:

„Engar vísbendingar hafa komið fram um að ásættanleg lausn sé hugsanleg og á meðan svo er eru aðildarviðræður tilgangslausar."

Engar vísbendingar hafa borist í póstinum um að ásættanleg lausn sé hugsanleg, þá væntanlega af hálfu samningsaðilans á sviði sjávarútvegsmála. Og meðan ekkert er verið að áreita íslensk stjórnvöld, það berast engin boð, þá eru engar lausnir hugsanlegar, a.m.k. ekki fyrir þann sem ekkert hugsar.

Um myntsamruna Evrópu og áhrif á efnahagslega afkomu íslenska þjóðarbúsins, þá er það mál afgreitt í þremur og hálfri línu og á þá leið að það sé ætlast til þess að málið sé rætt. Að því er varðar stærsta mál samtímans í Evrópu, opnun Evrópusambandsins og breytingu þessa ríkjasambands í allsherjarsamtök lýðræðisríkja í Evrópu, þá er það afgreitt í sjö línum. Þegar kemur að hinu stóra málinu, þ.e. hafréttarmálum, þá er um þau fjallað á einni blaðsíðu, bls. 10, Hafréttarmál og viðræður um fiskveiðimál. Þar er fyrsta gullkornið þetta að því er varðar hafréttarmál, stefna Íslands í hafréttarmálum er þessi, með leyfi forseta: „Afstaða Íslands í hafréttarmálum grundvallast á þeirri staðreynd að Íslendingar eru mjög háðir fiskveiðum." Höfum við ekki vitað það áður, þá vitum við það nú.

Síðan að því er varðar viðræðurnar um fiskveiðimál sem auðvitað hafa tekið mikinn tíma, eru erfiðar úrlausnar og varða gríðarlega hagsmuni, þá loksins kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra að hann grípur til persónufornafnsins ég og ég tek það svo að hann leggi þá sérstaklega persónulega áherslu á það mál. Þar víkur hann að því að einn samnefnara megi finna sem vísi leiðina í þessum deilum í leit að lausnum. Það er hugtakið „sanngirni", en jafnframt sagt að það hugtak sé afar loðið og teygjanlegt eins og þar stóð. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Vil ég leyfa mér að halda því fram hvað svo sem líður málflutningi og rökstuðningi í samningaviðræðum að menn viti nokkurn veginn hvað felst í sanngjarni lausn. Íslensk stjórnvöld hafa sanngirni að leiðarljósi á alþjóðavettvangi og ganga út frá því að aðrir sýni sömu afstöðu."

Þetta er kjarni málsins. Þetta er auðvitað afleiðing af því að ætla sér að fara yfir minni háttar mál, afgreiðslumál 30 talsins en gera engum skil. Ég held að það sé misskilningur að leggja umræðuna upp með þessum hætti á hinu háa Alþingi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við reynum að ræða til hlítar stærstu málin, raða þeim í forgangsröð. Það er svo embættismanna að fjalla um afgreiðslumál af minna tagi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um Evrópumálin, m.a. vegna þess hversu átakanlegur skortur er á umfjöllun um þau í máli hæstv. ráðherra. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. fyrrv. ræðumanni að það er þó þrátt fyrir allt munur á umfjöllun í þessum sjö línum hjá hæstv. utanrrh. heldur en hjá hæstv. forsrh. sem í nýlegu Morgunblaðsviðtali sagði spurninguna um hugsanlega aðild Íslands að Evrópubandalaginu út í hött. Hér er þó sagt að við lokum engum leiðum og það er mun hyggilegra. En það vill svo til að þessa dagana stendur yfir ríkjaráðstefna í Evrópusambandinu. Í framhaldi af henni er þess að vænta að Evrópusambandið hafi breyst eftir nokkur ár í allsherjarsamtök lýðræðisríkja í Evrópu. Það er þess vegna alveg sérstök þörf á því fyrir þá sem vísa því á bug, segja það ekki á dagskrá eða segja engar vísbendingar hafa borist um það að hægt sé að taka málið upp, að þeir menn rökstyðji afstöðu sína vegna þess að það þarf einhver rök að færa fram til skýringar á því að Ísland, eina Evrópuríkið, Evrópuríki sem á aðild að Atlantshafsbandalaginu, er í varnarsamstarfi við Bandaríkin, er aðili að EES-samningunum, er aðili að OECD og hefur ævinlega tekið fyrr á tíð jákvæða afstöðu til slíks samstarfs, segir allt í einu: Nei, nú er það ekki lengur á dagskrá. Það er nefnilega kúvending í íslenskri utanríkispólitík í raun og veru. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki Noregi.) Já, já, við vitum um olíuríkið Noreg og við vitum allt um skýringarnar á því. En við vitum jafnframt að Noregur eða norsk stjórnvöld núverandi vilja helst ekki eiginlega vita af því hver niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar varð þar í landi.

Engu að síður er það staðreynd að hver einasta ríkisstjórn í Evrópu lítur á það sem meginverkefni sitt, þeir sem eru utan Evrópusambandsins, að undirbúa samningaviðræður og samningsstöðu, allar nema ein, hæstv. ríkisstjórn Íslands. Eina afstaðan til aðildar að Evrópusambandinu sem stenst ekki rökræna umræðu er sú að málið komi okkur ekki við, að það sé ekki á dagskrá. Hver svo sem hin endanlega niðurstaða verður, þá er að hafið yfir allan vafa að afstaðan til þessa máls er stærsta og örlagaríkasta mál samtímans sem knýr á um vísvitandi, viti borna og rökstudda afstöðu. Þetta er hápólitískt mál sem skiptir sköpum fyrir framtíð þjóðarinnar hvort heldur niðurstaðan verður að freista aðildarsamninga eða hafna því. Kjarni málsins er þá þessi: Það eitt að hafna aðild fyrir fram án rannsókna og án umræðu er stórpólitísk ákvörðun og hún krefst rækilegra rannsókna og rökstudds mats á brýnustu þjóðarhagsmunum og hún útheimtir meira en sjö línur í ræðu hæstv. ráðherra.

Burt séð frá endanlegri niðurstöðu er það nefnilega skylduverk íslenskra stjórnvalda að virkja stjórnkerfið á Íslandi í samvinnu við hagsmunaaðila til þess að rannsaka í þaula kosti og galla aðildar og að undirbúa samningsmarkmið og samningsstöðu, að vera viðbúnir eins og góðir skátar. Höfnun aðildar er að sjálfsögðu líka afstaða en hana á ekki að taka að óathuguðu máli því að sú niðurstaða er ekkert síður örlagarík en hin.

Hver er nú helstu rökin í þessu máli? Til eru þeir sem segja að EES-samningurinn sé þvílík hagleikssmíð að hann dugi okkur fullkomlega í samskiptum okkar við Evrópusambandið um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er sígilt dæmi um kaldhæðni sögunnar að þessum rökum er ekki hvað síst beitt

af þeim sem fóru hamförum gegn EES-samningnum á sínum tíma. Menn skyldu minnast þess að Sjálfstfl. var andvígur EES-samningnum á þeim tíma sem hinar eignlegu samningaviðræður voru leiddar til lykta, á sama tíma og Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu. Alþb. var andvígt samningnum og Framsfl. sem er nú undir forustu hæstv. utanrrh. klofnaði, helmingurinn á móti, hinn helmingurinn skilaði auðu. Það var öll reisnin. Það væri því synd að segja að núverandi valdhafar, sem nú lofa og prísa EES-samninginn sem mest, hafi gert það þegar mest á reið.

Við íslenskir jafnaðarmenn erum að sjálfsögð stoltir af því að Alþfl. er eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi Íslendinga sem frá upphafi til enda stóð heill og óskiptur í þessu mikla framfaramáli sem fékk nýlega þann dóm hjá forsvarsmanni íslensks iðnaðar að hann hefði verið stórkostlegt framfaraspor fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ég hefði vænst þess að hæstv. ráðherra, formaður Framsfl., fjallaði eitthvað um það eftirlætisumræðuefni þeirra framsóknarmanna þegar þeir voru í hvað mestri andstöðu við þennan samning, nefnilega um fullveldisstöðu þjóðarinnar. Þeir héldu því þá fram að EES-samningurinn væri brot á fullveldi. Sannleikurinn er sá að þau rök sem voru að vísu hæpin á þeim tíma þegar öll EFTA-ríkin, stóðu að samningnum EES-megin, hafa nú öðlast vissulega svolítið meira gildi. Eftir að samstarfsþjóðir okkar í EFTA yfirgáfu EES-samstarfið er niðurstaðan nefnilega sú að við erum orðnir áhrifalausir þiggjendur að nýjum lögum og reglum Evrópubandalagsins, sem Ísland á þó enga aðild að, en rökin um framsal fullveldis byggðust einmitt á því að við yrðum áhrifalausir. Ef Alþingi Íslendinga, sem hefur vissulega löggjafarvaldið á hendi, það er óbreytt, ákveður að hafna nýjum lögum og reglum sem Halldór Ásgrímsson, hæstv. ráðherra, kemur til með að koma með í farteskinu heim frá Brussel, þá verður gagnráðstöfun ESB sú að segja upp samsvarandi gildissviði samningsins og þá væri hafið ferli sem mundi smám saman þýða að samningurinn trosnaði upp auk þess sem við vitum að breytt samsetning á fiskútflutningi Íslendinga í tímans rás mun draga úr gildi hins tollfrjálsa markaðsaðgangs sem þá var samið um. Eftir stendur að án aðildar eru Íslendingar með öllu áhrifalausir á ákvarðanir sem þar eru teknar innan dyra og geta haft meiri áhrif á öryggi okkar og viðskiptahagsmuni en jafnvel helstu ákvarðanir innlendra stjórnvalda. Eitt dæmi um þetta er auðvitað myntbandalag Evrópusambandsins og sameiginlegur gjaldmiðill sem mun að öllu samanlögðu veikja viðskiptalega stöðu þjóðarinnar, sem er jafnháð Evrópumarkaðnum og við erum, og hækka vexti hér á landi vegna gengisáhættu sem tengd er gjaldmiðli smáþjóðar sem byggir afkomu sína á sveiflukenndum sjávarútvegi.

Sumir halda því fram að smáþjóð eins og Íslendingar geti hvort eð er engin áhrif haft innan Evrópusambandsins. Sögulegar staðreyndir um áhrif smáþjóða innan Evrópusambandsins segja allt aðra sögu. Dæmið um minnsta ríkið, Lúxemborg, talar þar sínu máli, en undir lok seinasta árs birtist sú niðurstaða OECD, að Lúxemborg, fámennasta þjóðin innan Evrópusambandsins, verði ríkasta þjóð í heimi. Þótt áhrifum smáþjóða séu ævinlega takmörk sett eru fjölmörg dæmi um að smáþjóðir hafa haft mikil áhrif þegar þau einbeita sér að stærstu hagsmunamálum sínum, oft í samstarfi við aðrar smáþjóðir. Á því leikur enginn vafi að sameiginlega gætu t.d. Norðurlandaþjóðirnar haft umtalsverð áhrif á þeim málasviðum sem þær vilja einbeita sér að, t.d. á vettvagi umhverfismála sem hv. fyrri ræðumaður nefndi sérstaklega og taldi að ættu réttilega að fá aukna umfjöllun á Alþingi Íslendinga réttilega.

Þorvaldur Gylfason prófessor hefur nýlega vakið athygli á því að ef Kýpur og Malta og Mið- og Austur-Evrópulöndin ganga inn í sambandið á næstu árum til viðbótar við fyrrverandi EFTA-ríki verða aðildarríkin orðin rösklega 30, íbúafjöldi þeirra að meðaltali um 15 millj. þannig að Evrópusambandið er að breytast í smáríkjabandalag þar sem öll nema átta fjölmennustu ríkin, þ.e. þrjú af hverjum fjórum aðildarríkjum, hafa innan við 10 millj. íbúa. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að smáríki geti beitt afli samtaka sinna ef á þarf að halda innan Evrópusambands framtíðarinnar og fyrir liggur sú staðreynd að smáþjóðir innan aðildarríkja hafa haft mestan hag af aðildinni hingað til.

Aðalatriðið í þessu máli, herra forseti, er þó það að ákvörðun um aðild eða ekki aðild er ekki skyndiákvörðun sem á ráðast af því hvenær Evrópusambandinu þóknast að bjóða upp á viðræður. Þaðan af síður gerist það með þeim hætti að hæstv. ráðherra berist einhverjar vísbendingar um afstöðu Evrópusambandsins. Þetta er innanlandspólitískt mál sem á að ráðast af sjálfstæðu mati innlendra stjórnvalda og pólitískum meirihlutavilja íslensku þjóðarinnar. Á grundvelli hvers? Á grundvelli raunsæs mats á hagsmunum íslensku þjóðarinnar í lengd og bráð.

Í fyrrv. ríkisstjórn beitti ég mér fyrir því að fá stofnanir Háskóla Íslands til þess að gera úttektir á helstu málasviðum á kostum og göllum aðildar. Viðbrögð margra stjórnmálamanna, ekki hvað síst úr röðum núverandi stjórnmálaflokka, voru þau helst að hafa niðurstöðurnar í flimtingum og reyna með aulafyndni og útúrsnúningum að grafa undan trausti á fræðimannsheiðri einstakra starfsmanna háskólans. Engu að síður voru þessar rannsóknir þarft byrjunarverk. En hitt er rétt að þær leysa ekki íslensk stjórnvöld frá þeirri skyldu að virkja stjórnkerfið allt til slíkra rannsókna og efna til kynningar og umræðu um niðurstöður. Það efni sem þegar liggur fyrir nægir þó til þess að leggja hlutlægt mat á svör við ýmsum lykilspurningum. Við vitum t.d. að tollfrjáls markaðsaðgangur yrði tryggður frá fyrsta degi fyrir allan útflutning okkar. Við vitum að öryggi í viðskiptum og kostnaður í viðskiptum yrði minni vegna afnáms landamæraskoðunar og eftirlits. Við vitum að innflutningsverð á aðföngum og lífsnauðsynjum mundi lækka verulega enda sætum við hæsta verði á landbúnaðarvörum á byggðu bóli. Hagfræðingum ber saman um að vextir og fjármagnskostnaður mundu lækka. Reynsla annarra aðildarríkja bendir til þess að aðild mundi auðvelda okkur að laða að erlent fjármagn vegna þess öryggis sem sameiginlegur markaður hefur upp á að bjóða. Að óbreyttum reglum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar mundu bændur trúlega hagnast á aðild en ríkissjóður yrði nettógreiðandi nema því aðeins að aukinn hagvöxtur mundi skila ríkinu auknum tekjum. Iðnaður og þjónustugreinar meta aðild ótvírætt jákvæða fyrir sig. Um ótvíræðan hag okkar af þessu samstarfi að því er varðar vísindi, rannsóknir, aðgang að menntastofnunum og menningarsamstarf tala tölur óræku máli.

Herra forseti. Hverjir eru gallarnir? Hverjar eru hættunar? Hvað ber að varast? Fiskur, segja þeir sem þegar taka afdráttarlausa afstöðu gegn eins og t.d. hæstv. ráðherra og að því er virðist að gersamlega óathuguðu máli. Því er með öðrum orðum haldið fram að verstöðin Ísland geti ekki vegna sérstöðu sinnar átt samleið með öðrum þjóðum í

þessu bandalagi. Ástæðan sé sú að Evrópusambandið muni óhjákvæmilega stela fiskimiðunum, lífsbjörginni, frá hinni væntanlegu aðildarþjóð. Það eina sem skortir á er að þeir sem þannig tala færi fram einhver haldbær rök fyrir þessum fullyrðingum en meðan þau rök finnast ekki flokkast þetta undir venjulegan hræðsluáróður þeirra sérhagsmunaaðila sem fengið hafa umráðaréttinn yfir fiskimiðunum á silfurfati frá íslenskum stjórnvöldum.

Við skulum minnast þess að í EES-samningnum náðist sá árangur að Evrópusambandið tók út af borðinu upphaflegar kröfur sínar sem það reyndi lengi vel að halda til streitu um að fá veiðiheimildir innan íslenskrar lögstöðu í staðinn fyrir tollfrjálsan markaðsaðgang Íslendinga fyrir sjávarafurðir. Þessari kröfu var hafnað og Evrópusambandið féllst á það. Í annan stað fengum við Íslendingar varanlegar undanþágur frá hinum almenna rétti til fjárfestingar án mismununar á grundvelli þjóðernis fyrir íslenskan sjávarútveg og er þessa dagana að ræða það hvort við vildum sjálf fella úr gildi þennan fyrirvara og auka á frjálsræði varðandi erlendar fjárfestingar.

Þeir sem halda því fram að Íslendingar muni aldrei geta unað við útfærslu á sameiginlegri fiskveiðistefnu bandalagsins hafa enn sem komið er ekki gert grein fyrir hugmyndum sínum eða tillögum um það hvernig Íslendingar, sem eru viðurkenndir sérfræðingar á þessu sviði, vildu leggja til að þessari stefnu yrði breytt. Á hitt ber að líta að þessi sameiginlega fiskveiðistefna hefur takmarkað gildissvið. Hún tekur til sameiginlegrar fiskveiðilögsögu, sameiginlegrar nýtingar á sameiginlegum fiskstofnum þar sem byggt er á veiðireynslu aðildarþjóða. Íslenska lögsagan er algerlega aðskilin frá efnahagslögsögu Evrópusambandsins. Við nýtum enga sameiginlega fiskstofna með Evrópusambandinu, enda er það svo sérfræðingar Evrópusambandsins vita vel að Evrópusambandið getur ekki gert kröfu um veiðiheimildir um lögsögu ríkja nema þær kröfur séu studdar rökum um veiðireynslu eða sögulegan rétt eftir útfærslu í 200 mílur. Aðildarríki Evrópusambandsins hafa engan sögulegan rétt til veiðiheimilda innan íslensku lögsögunnar. Þess vegna kemur ekki á óvart að sérfræðingar ESB á þessu sviði skilja yfirleitt ekki hvers vegna sumir talsmenn íslensks sjávarútvegs gefa sér fyrir fram þá niðurstöðu að ekki sé unnt að ná samningum við Evrópusambandið vegna fiskveiðihagsmuna.

Það er ástæðulaust með öllu, herra forseti, svo ekki sé meira sagt að gefa sér fyrir fram að Evrópusambandið setji sér það markmið í samningum við væntanlega aðildarþjóð að ræna hana lífsbjörginni. Reynslan af 10 aðildarsamningum frá því að bandalagið saman stóð af hinum sex upprunalegu aðildarríkjum sýnir okkur að í hvert einasta skipti sem á hefur reynt hefur verið tekið tillit til brýnna þjóðarhagsmuna nýrra aðildarríkja. Nýjasta dæmið eru landbúnaðarsamningar Finna og Svía í seinustu samningalotu en fyrir fram hafði þeim verið sagt að þeir gætu undir engum kringumstæðum fengið varanleg frávik frá sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, einungis tímabundnar undanþágur. Niðurstaðan varð öll önnur. Ef þeir hefðu trúað á einhverjar vísbendingar hefðu þeir náttúrlega aldrei farið út í slíkar samningaviðræðu, en þeir gerðu það ekki og niðurstaðan varð öll önnur.

Þetta er með öðrum orðum hræðsluáróður sem á að hafa þann tilgang að fæla forustumenn í atvinnulífi og allan almenning frá því að ræða stærsta mál samtímans fyrir allar Evrópuþjóðir á grundvelli staðreynda og hlutlægra upplýsinga. Íslendingar eru reyndar eina þjóðin í allri Evrópu þar sem svo háttar til að reynt er að kæfa þessa umræðu í fæðingunni og yfirleitt með fremur ódýrum og innstæðulitlum frösum eins og málið sé ekki á dagskrá eða málið sé fyrir fram vonlaust eða engar vísbendingar hafi borist í póstinum um það að það þýði nokkuð. En það er hins vegar bót í máli að við búum þrátt fyrir allt í opnu lýðræðisþjóðfélagi þar sem stjórnvöld munu að lokum ekki komast upp með að stjórna hugsanagangi Íslendinga. Atburðarásin sjálf mun ráða því og hún mun kenna Íslendingum að taka við sér í þessu efni sem öðru. Spurningin er einfaldlega sú hvenær það verður og hvort að það verður um seinan og hvort samningsstaða okkar verður betri eða lakari þegar þar að kemur.

Herra forseti. Meginþungi gagnrýninnar á núverandi hæstv. ríkisstjórn er fyrst og fremst sá að ríkisstjórnin leiðir málið hjá sér, að ríkisstjórnin fjallar ekki um málið, að ríkisstjórnin er ekki að gera þá skyldu sína, þá einföldu embættisskyldu við land og þjóð að virkja stjórnkerfið til þess að rannsaka málið, kosti þess og galla. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin er ekki að gera heimavinnuna sína. Það er ekki nóg að segja: Við útilokum ekkert. Það er viturra manna ráð og hygginna manna háttur að hugsa eitthvað fram í tímann og undirbúa sig og leggja í það vinnu að undirbúa samningsstöðu, að skilgreina samningsmarkmiðin þannig að ef íslensk stjórnvöld mætu það svo, t.d. að lokinni ríkjaráðstefnunni í ljósi þeirra breytinga sem þar hafa verið ákveðnar, að staðan væri að einhverju leyti breytt. Að sjálfsögðu er það svo að þessi vinna þarf að fara fram burt séð frá því hvaða afstöðu menn gefa sér. Menn eiga reyndar ekki að gefa sér neina niðurstöðu fyrir fram og ég tek skýrt fram að við kaupum ekki niðurstöðuna hvaða verði sem er. Við höfum margsinnis lýst því yfir. Við höfum sagt að það eigi að vera forsenda fyrir samningsmarkmiðum okkar að tryggja íslensku þjóðinni áframhaldandi forræði yfir auðlindinni. Við höfum hins vegar fulla trú á því að við höfum svo sterk spil á hendi og svo góðan málstað að verja að við getum átt fullt erindi á jafnréttisgrundvelli í samstarfi við aðrar lýðræðisþjóðir Evrópu og höfnum því sem broti á hefð íslenskrar utanríkisstefnu að Íslendingar séu í þeirri sérstöðu að þeir játi fyrir fram að þeir séu útilokaðir eða eigi ekki erindi í slíkt samstarf. Þetta er með öðrum orðum einfaldlega spurningin um það hvort menn vilja gera skyldu sína eða ekki.

Herra forseti. Ég mun nota tækifærið í umræðunni þótt tími minn sé nú að þrotum í þessari lotu til þess að fjalla ítarlegar um hafréttarmál og fiskveiðiréttindamál, hitt stóra hagsmunamálið sem þjóðin þarf nú að fást við. Ég sakna þess og varð reyndar fyrir vonbrigðum með það, ekki síst í ljósi þess að hæstv. utanrrh. á langan feril að baki sem sjávarútvegsráðherra, að hann skyldi ekki fjalla um þau mál ítarlegar í ræðu sinni en ég tel það óviðunandi með öllu að ljúka umræðunni án þess að betur verið farið ofan í saumana á hverra kosta við eigum þar völ og ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra geri okkur betur grein fyrir hvaða stefnu til lengri tíma litið hann vill móta fyrir hönd stjórnvalda í þeim málum.

[15:50]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. kemur víða við í ræðu sinni og þarf engan að undra miðað við hversu rás atburða í alþjóðamálum er ör og margbreytileg á okkar tímum. Það er vissulega rétt sem fram kemur í inngangsorðum í ræðu ráðherra að þjóðríkishugtakið og fullveldishugtakið hafa verið

að taka miklum breytingum og æ erfiðara er að greina á milli þess sem talin hafa verið heföbundin utanríkismál og þess sem flokkast undir innanríkismál eða hafa gert það til skamms tíma. Það er engum blöðum um það að fletta að fullveldishugtakið hefur þróast mjög mikið á undanförnum árum og áratugum. Engin þjóð reynir lengur að halda í fullveldi þjóðríkisins í þeim gamla skilningi að reyna að vera sjálfri sér nóg um allt eins og áður tíðkaðist. Merkantílisminn hefur verið á undanhaldi í a.m.k. 200 ár en aldrei jafnhratt eins og á undanförnum árum og áratugum. Efnahagslegur sjálfsþurftarbúskapur einstakra ríkja á ekki lengur við. Það viðurkenna allir í raun, meira að segja þeir sem harðast og ákafast töluðu gegn kenningum um frjáls viðskipti og verslun til skamms tíma.

Ég hef ekki hugsað mér að fjalla um öll þau fjölmörgu atriði sem ráðherra nefnir í sinni yfirgripsmiklu ræðu heldur vildi ég einvörðungu koma þar að nokkrum atriðum en bæta síðan örlítið við um aðra þætti sem ég tel að ástæða sé til að nefna í umræðunni.

Nokkuð hefur verið fjallað um hin stóru mál í Evrópu sem þar blasa við til úrlausnar, stækkun Evrópusambandsins og stækkun Atlantshafsbandalagsins. Hvort tveggja eru þetta gríðarlega mikilvæg málefni og stór, einkum fyrir þær þjóðir í Mið- og Austur-Evrópu sem nýlega hafa endurheimt frelsi sitt og lýðræði. Þessar þjóðir líta á þessi mál sem tvo anga af sama meiði og líta á þetta hvort tveggja sem öryggismál. Annað er hreint og klárt öryggis- og varnarmál, þ.e. aðildin að Atlantshafsbandalaginu. Aðildin að Evrópusambandinu er hins vegar með óbeinni hætti enn fremur öryggismál vegna þess að hún er hugsuð til þess að tryggja skilin enn betur frá gamla Sovétheimsveldinu og efla tengslin vestur á bóginn. Þess vegna eru þetta náskyld málefni í augum þessara ríkja og við eigum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar þar sem við höfum aðstöðu til til þess að greiða fyrir því að þessar þjóðir geti fengið óskir sínar uppfylltar í þessum málum.

Auðvitað er það lýðræðisleg skylda Evrópusambandsins að reyna að greiða fyrir því að þjóðirnar í Mið- og Austur-Evrópu geti fengið aðild að þessum samtökum sem allra fyrst ef hugur þeirra stendur til þess vegna þess að það er liður í því að efla og treysta í sessi þær breytingar sem þar hafa orðið, treysta í sessi lýðræðið, frjálsræðið og fráhvarfið frá kommúnismanum og þeim ömurlegu búskaparháttum í stjórnsýslu og atvinnulífi sem tíðkuðust þar því miður allt of lengi fyrir atbeina Sovétríkjanna og ráðamanna þar. Þess vegna er það lýðræðisleg skylda allra sem á annað borð eru lýðræðislega sinnaðir að greiða fyrir því að þessi lönd geti fengið óskir sínar uppfylltar og gengið í Evrópusambandið og þegar tíminn er réttur gengið í Atlantshafsbandalagið.

Við höfum rætt það mál áður hvernig standa eigi að stækkun NATO. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það hér en það er auðvitað flókið mál en verður að gerast með þeim hætti að ekki stuggi við stórveldinu í austri, þ.e. Rússlandi, og það þarf að beina kröftunum að því líka að gera Rússum ljóst að stækkun NATO er ekki hugsuð sem ögrandi athæfi gagnvart þeim heldur þvert á móti ætlað til að auka stöðugleika og treysta öryggi í álfunni. Rússar mega ekki fá neitunarvald á þessu sviði, hins vegar er nauðsynlegt að tala við þá, útskýra fyrir þeim hlutina og það verða bandalagsríkin öll að gera og þetta þarf að gerast í samstarfi við Rússa sem að mínum dómi ætti að vera hægt að ná á hinum breyttu tímum sem við nú lifum.

Í þessu sambandi er freistandi að víkja örlítið að því samkomulagi sem við Íslendingar höfum nú gert við Bandaríkin um varnarsamstarfið hér á landi. Ég heyrði að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., er að hluta til enn við sama heygarðshornið í þeim málum. Hann talar enn um varnarsamstarfið við Bandaríkin með sama hætti og hann hefur ævinlega gert og á sjálfsagt einhvern heiður skilið fyrir að vera sjálfum sér samkvæmur að þessu leyti. Það eru nýir tímar. En engu að síður er full ástæða til þess að tryggja varnir landsins með þeim hætti sem gert hefur verið. Ég hélt satt að segja að þær raddir væru þagnaðar sem gagnrýna það varnarsamstarf á þeim forsendum sem hv. þm. gerði. Ég tel að það samkomulag sem utanrrh. hefur náð í því máli sé fyllilega viðunandi og meira en það og það er auðvitað framhald á þeirri stefnu sem fyrrverandi ríkisstjórn markaði og hv. síðasti ræðumaður hafði þá forustu um í utanríkisráðherratíð sinni.

En mig langar, virðulegi forseti, til þess að koma að tveimur málum sem reyndar er vikið að í skýrslu utanrrh. Hið fyrra er hið svokallaða samstarf heimskautaþjóðanna sem nefnt er á bls. 2 í skýrslu ráðherrans. Þannig háttar til að þegar á árinu 1989 gerðust Kanadamenn hvatamenn að því að sett yrði á laggirnar sérstakt norðurheimskautsráð sem yrði samstarfsvettvangur ríkisstjórnanna til þess að fjalla um þessi málefni. — Gæti ég beðið forseta um að tryggja að það sé bara einn fundur í gangi hérna í salnum en ég býð að sjálfsögðu upp á það að fundarmenn færi sig annað ef þeir vilja halda fundi sínum áfram.

(**Forseti** (GÁ)**:** Fundurinn hefur verið leystur upp og það er aðeins einn fundur í gangi og bið ég hv. þm. um að gefa hv. ræðumanni frið.)

Það var árið 1969 sem Kanadamenn tóku þetta frumkvæði og hafa fylgt því eftir með þeim árangri að líkur standa til þess að þegar á þessu sumri verði stofnað sérstakt norðurheimskautsráð allra landanna í kringum norðurpólinn til þess að fjalla um hagsmunamál þessa svæðis vegna þess að nú hafa skapast nýjar forsendur eftir endalok kalda stríðsins þar sem hægt er að taka á þessum málum án þess að þau séu í skugga átaka stórveldanna sem fylgdu kalda stríðinu. Ég hef leyft mér að orða það svo að heimskautamálin hafi komið út úr frystikistu kalda stríðsins og séu komin til úrlausnar með algjörlega nýjum og ferskum hætti. Þetta er vissulega mjög ánægjulegt og ég vona svo sannarlega að það takist að ljúka þessu máli og koma því í höfn með stofnun heimskautaráðsins í sumar, væntanlega í Kanada. En á vettvangi okkar þingmanna hefur líka verið unnið mikið starf á þessum vettvangi. Norðurlandaráð hafði forustu um að hvetja til samstarfs þingmanna af þessum slóðum og það var reyndar hæstv. núverandi utanrrh. sem var upphafsmaður að því eins og oft hefur komið fram. Á þessum vettvangi hafa þingmenn náð saman um samstarf sem ég tel að skipti miklu máli og sé ástæða til þess að ræða í þinginu og greina frá.

Fyrsta ráðstefnan um þessi mál var haldin á vegum þingmanna í Reykjavík fyrir tæpum þremur árum og síðan önnur ráðstefna sama efnis eða um sama málefni vestur í Kanada í mars sl. með þátttöku nokkurra þingmanna héðan af Alþingi. Ég tel að þau umræðuefni sem þar bar hæst, þ.e. sjálfbær þróun, vernd umhverfisins, ýmis skipulags- og stjórnunarmál varðandi heimskautssvæðið og síðan öryggismál séu allt saman dæmi um þau tækifæri sem bíða okkar á þessum vettvangi og þau miklu viðfangsefni sem við er að glíma og þarf að taka á vegna þess að á þessum slóðum eru vissulega ekki bara miklar auðlindir. Þar er líka miklu meiri umhverf-

ishætta ef illa fer en annars staðar og þetta tvennt þarf að tengja saman með ábyrgum hætti, ekki bara með sjálfbærum hætti gagnvart auðlindunum sjálfum heldur líka gagnvart umhverfinu í heild sinni. Til þess að þetta geti gengið þarf að finna þessu skipulegt form sem gerir það kleift að þessi starfsemi geti gengið fram og þar sem ríkisstjórnirnar koma að þessum málum með skipulögðum og formlegum hætti.

Í lokaályktun ráðstefnunnar sem haldin var í Kanada fyrir u.þ.b.mánuði kennir margra grasa. Ég vil sérstaklega vekja athygli á ákvæði sem við Íslendingar höfðum frumkvæði að, þ.e. ákvæði þar sem hvatt er til þess að nýttar verði með sjálfbærum og skynsamlegum hætti allar lifandi auðlindir hafsins, þar á meðal sjávarspendýr. Og ég taldi það tíðindi á þessari ráðstefnu að það skyldi takast að ná samstöðu allra sem þar voru um þetta ákvæði. Þetta leiðir hugann að hinu meginatriðinu sem ég vildi tala um, virðulegi forseti. Það er samstarf á sviði hafréttarmála sem ráðherra víkur að á bls. 10 í skýrslu sinni og sem hv. síðasti ræðumaður ætlar að tala um í seinni ræðu sinni, að því að mér skilst. Í umræðunum í haust talaði hann líka um hafréttarmál í seinni ræðu sinni. En ályktunin í Kanada um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins, þar á meðal sjávarspendýra, hefur reynst vera forboði frekari ályktana á þessu sviði vegna þess að íslenska sendinefndin á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldið var í Istanbúl í síðustu viku fékk samþykktan sambærilegan texta af miklu fleiri aðilum, fleiri fulltrúum fleiri þinga. Ég tel þetta skipta miklu máli vegna þess að við erum að reyna að rétta okkar hlut, Íslendingar, í hvalamálunum. Það er mjög erfitt fyrir menn, það höfum við séð, að mótmæla þeim rökum sem við færum fram á þessu sviði. Hvalir eru ekki heilagar skepnur frekar en önnur dýr merkurinnar. Hvalir eru ekki helgimyndir sem menn hengja upp á vegg, í það minnsta eiga þeir menn erfitt með að láta sannfærast um slíkt sem hafa verið kosnir á þjóðþing ríkja sinna í fullri alvöru. Þess vegna hafa menn ekki getað staðið gegn því viðhorfi að þetta sé auðlind eins og hver önnur dýrategund sem sjálfsagt er að nýta með skynsamlegum og sjálfbærum hætti þegar aðstæður eru þannig og þegar ekki er um að ræða að viðkomandi tegundir séu í útrýmingarhættu. Ég tel að við höfum fengið í hendur vopn á þessum tveimur ráðstefnum, Íslendingar, sem við eigum að nota. Við eigum að nota þau eftir föngum bæði í þágu okkar í þessu hvalamáli á vettvangi ríkisstjórna og við höfum líka fengið í hendur vopn sem við getum beint að okkar kollegum á öðrum þjóðþingum sem hafa með þessari samþykkt gengist undir þetta sjónarmið, þótt vissulega sé hvorug samþykktin formlega bindandi. En þarna eru a.m.k. til staðar í báðum tilfellum formlegar samþykktir sem þarf að fylgja eftir. Ég tel að hér séu veruleg tíðindi á ferðinni og til marks um það að hugsunarháttur manna er að breytast að þessu leyti til. Menn eru að skilja það betur hversu fáránlegt það er að taka eina dýrategund eins og hvali út úr og setja hana á einhvern sérstakan stall og friða hana eins og gert hefur verið. Og ég vek athygli á því að í ályktuninni frá Istanbúl sem var kynnt hér í gær eru líka mjög mörg önnur atriði sem við Íslendingar höfum lagt áherslu á. T.d. er áhersla lögð á nauðsyn þess að stunda fjölstofna rannsóknir á þessu sviði þar sem m.a. kemur í ljós hver hlutur hvala og annarra stærri sjávarspendýra er í heildarfæðuöflun í hafinu, eða réttara sagt fæðunotkun í samkeppni við manninn. Það er auðvitað kjarni málsins að við hljótum að beita okkur fyrir stefnu sem byggist á því að hagnýta þessar dýrategundir í þágu mannkyns þar sem hörgull er á próteini og stór hluti mannkynsins líður mikinn skort. Það er ekki hægt að sætta sig við að slíkar bábiljur vaði upp í þessum málum á alþjóðavísu að það megi ekki taka ákveðnar dýrategundir og veiða þær með ábyrgum hætti vegna einhverra fordóma sem alið hefur verið á í nokkrum ríkari ríkjum heims.

Í ályktuninni frá því í Istanbúl er vikið að leiðtogafundinum í Róm sem hæstv. ráðherra gerir að umtalsefni í ræðu sinni, leiðtogafundi sem haldinn verður í nóvember á vegum FAO, matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Og um hvað? Um fæðuöryggi í heiminum. Food Summit er þetta kallað, toppfundur um matvælamálefni og fæðuöryggi í heiminum. Og hvað merkilegra getum við lagt þar af mörkum en einmitt ábyrga stefnu í sambandi við það matvælasvið sem við þekkjum best þ.e. fiskveiðarnar, hvernig hægt er að stunda þær og starfrækja með ábyrgum og sjálfbærum hætti? Ég tel að við höfum lagt fram, Íslendingar, og fengið samþykkt afskaplega merkilega tillögu, merkilegt skjal sem ég er með hér í höndunum, sem sýnir og sannar að með þátttöku sinni í alþjóðasamstarfi eru íslenskir þingmenn þess fullkomlega megnugir að koma á framfæri sjónarmiðum sem máli skipta þannig að mark sé á tekið, ekki síst þegar um er að ræða málefnasvið þar sem allir vita að við höfum sérþekkingu og heilmikla reynslu fram að bjóða. Þetta tvennt vildi ég nefna hér sérstaklega, virðulegi forseti. Annars vegar hafréttarmálefnin í þessum stutta búningi — ég ætla ekki að víkja að ýmsum öðrum þáttum á því sviði — og hins vegar samstarfið á norðurheimskautssvæðinu sem ég tel að geti skipt okkur miklu í framtíðinni.

Það er margt annað sem mætti nefna í þessum umræðum. Það er margt sem fram kemur í ræðu ráðherra og hefur fram komið í umræðunum sem væri ástæða til að nefna. Ég ætla t.d. aðeins að víkja að því sem ráðherra segir um jarðsprengjur, það er þáttur sem við Íslendingar höfum kannski ekki gefið mikinn gaum vegna þess að hjá okkur eru engar jarðsprengjur. Við höfum ekki hugsað mikið út í það. En þetta er að verða eitt mesta böl sem við er að fást í mörgum ríkjum, ekki síst þeim sem hafa átt í stríði, þ.e. hvernig landið lítur út eftir að stríði eða átökum lýkur. Staðreyndin er sú að fórnarlömb þessara jarðsprengna eru í langstærstum mæli þeir sem ekki áttu að vera það, þ.e. almennir borgarar, börn, konur, varnarlausir einstaklingar. Það er að verða eitt brýnasta viðfangsefnið á alþjóðlegum vettvangi að fá samþykkt einhvers konar bann og takmörkun á notkun á þessum hræðilegu vopnum sem engu eira sem á annað borð verður fyrir þeim. Þannig að ég fagna því að þetta mál skuli vera sérstaklega nefnt í skýrslu ráðherra. Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja þetta hér, virðulegi forseti.

Ég hafði ekki hugsað mér að koma fleiri atriðum að, en ég tel ómaklegt að gagnrýna ráðherra fyrir að hafa gert mörgum málum skil í þessari ræðu, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði. Það er auðvitað af mörgu að taka. Þingsköpin setja mönnum vissar skorður en ég held hins vegar að það sé rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér í upphafi að e.t.v. þarf að huga að einhverju breyttu formi eða fyrirkomulagi umræðna um utanríkismálin. Það mætti hugsa sér að það verði flutt einhvers konar stefnuræða um þessi mál snemma vetrar sem væri þá yfirgripsmeiri með meiri tíma til ráðstöfunar. Síðan yrðu fluttar skýrslur um ákveðin málefni eftir því sem líður á þingtímann og eftir því sem aðstæður krefjast þannig að menn geti tekið einstök mál fyrir. Vandinn við þessar umræður gegnum árin er sá að þingmenn eru alltaf að tala hver um sinn hlutinn. Þetta er því ekki samfelld

umræða um eitt ákveðið málefni. Þetta held ég að við ættum að huga að og velta fyrir okkur fyrir næsta þing.

[16:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Utanríkismál hafa sífellt orðið mikilvægari á umliðnum árum í ljósi þess að þróunin í alþjóðaviðskiptum hefur æ meiri þýðingu fyrir efnahag og atvinnuuppbyggingu íslensku þjóðarinnar. Það er líka rétt sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. að utanríkismálin verða ekki aðskilin frá innanríkismálum en þróunin í alþjóðlegum viðskiptum hefur æ meiri þýðingu fyrir afkomu íslensku þjóðarinnar og áhrifa á aukin samskipti gætir í vaxandi mæli á flestum sviðum umhverfis- og ferðamála svo og mennta-, menningar-, félags- og heilbrigðismála. Þess vegna skiptir máli að ráðamenn horfi á málin í því ljósi að við erum hluti af samfélagi þjóðanna og það leiðir ekki til farsældar fyrir þjóðina að líta ekki með víðsýni og raunsæi á þróunina í hinu alþjóðlega umhverfi þannig að íslenska þjóðin verði eðlilegur þátttakandi í hinni öru þróun á alþjóðavettvangi. Hins vegar hljótum við alltaf í því sambandi að varðveita sjálfstæði, sérkenni og sérstöðu íslensku þjóðarinnar og missa aldrei sjónar á þeim hagsmunum sem felast í varðveislu og vernd okkar auðlinda.

Herra forseti. Flestir viðurkenna að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið mjög mikilvægur fyrir íslensku þjóðina, ekki síst atvinnulífið. Hafa m.a. forsvarsmenn iðnaðarins nýlega fjallað um það mál og hve mikla þýðingu samningurinn hefur haft fyrir uppbyggingu iðnaðarins í landinu. Ég sakna þess í skýrslu hæstv. ráðherra að ekki er fjallað meira en raun ber vitni um áhrif samningsins á íslenskt atvinnulíf og ekki síður hvernig hann metur þær breytingar sem hafa orðið á gildi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og umgjörð hans eftir inngöngu nokkurra aðildarþjóða EES í Evrópubandalagið. Væri æskilegt í þessari umræðu að fá fram mat hæstv. ráðherra á þessu máli. Fyrir okkur eins og aðrar þjóðir skiptir miklu hver verður niðurstaða þeirrar ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins sem nýlega er hafin. Áhrifin af hugsanlegri stækkun bandalagsins til austurs hefur þar mikla þýðingu en Evrópubandalagið stendur frammi fyrir mörgum umsóknum um aðild frá ríkjum með mjög bágborinn efnahag og lífskjör. Þátttaka þessara þjóða að óbreyttu styrkjakerfi skiptir verulegu máli fyrir fjárhag sambandsins en styrkjakerfið, sérstaklega til landbúnaðarins, hefur verið Evrópusambandinu mjög þungt fjárhagslega. Miklu stærri hluti vinnuaflsins í Mið- og Austur-Evrópu vinnur við landbúnað eða um 25% vinnuaflsins á móti 6% innan núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins þannig að niðurstaðan gæti orðið sú, breyti bandalagið ekki styrkjakerfinu, að aðild Mið- og Austur-Evrópuþjóða gerist í áföngum og með ákveðinni aðlögun. Það hlýtur líka að vera okkur Íslendingum mikið áhyggjuefni hvaða áhrif það hefur fyrir samkeppnishæfni í okkar sjávarútvegi hve þungt styrkir í okkar samkeppnislöndum vega, bæði innan ESB og eins í Noregi og hvað þeir skekkja samkeppnisstöðuna í okkar atvinnulífi. Væri fróðlegt að fá fram hjá hæstv. utanrrh. hvert hans mat er á því hvað hægt er að gera sérstaklega í íslenskum sjávarútvegi til að styrkja samkeppnishæfni hans gagnvart öflugu styrkjakerfi þeirra þjóða sem við erum í mikilli samkeppni við.

Varðandi ríkjaráðstefnuna verður líka athyglisvert fyrir okkur að fylgjast með hvort breytingar verða varðandi neitunarvald og atkvæðavægi en það skiptir miklu máli fyrir okkur hvort dregið verði úr rétti aðildarríkja til að beita neitunarvaldi og hvort ákvarðanir verða teknar sem frekari áhrif hafa á hlutverk og sjálfstæði þjóðþinga.

Ég fagna því sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að hann hafi lagt ríka áherslu á það að efla pólitískt samráð milli EES og ESB og að EFTA-ríkjunum verði gert kleift að fylgjast vel með þróun ríkjaráðstefnunnar og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum þar að og að haldnir verði mánaðarlegir sérstakir upplýsingafundir með fulltrúum EFTA-ríkjanna á meðan ríkjaráðstefnan stendur yfir.

Virðulegi forseti. Ég hefði talið æskilegra að hæstv. ráðherra, sem ber þessa skýrslu fram, væri viðstaddur þessa umræðu og hlýddi á mál mitt því ég hef nokkrar spurningar að leggja fyrir ráðherrann og geri mér ekki grein fyrir því hvort hann heyrir mál mitt í þessum hliðarsal.

Ég var að víkja að því, virðulegi ráðherra, að fram kom í skýrslunni að utanrrh. hefur lagt ríka áherslu á að efla pólitíska samráðið milli EES og ESB. Það er komið fram að okkur er gefinn kostur á að koma sjónarmiðum þar að og haldnir verða mánaðarlegir sérstakir upplýsingafundir með fulltrúum EFTA-ríkjanna á meðan ríkjaráðstefnan stendur yfir.

Það kom jafnframt fram hjá hæstv. ráðherra að hann *mundi hvenær sem færi gæfist ræða sjónarmið Íslands beint* við starfsbræður sína í aðildarríkjunum. Það væri fróðlegt og raunar nauðsynlegt að heyra nánar hjá hæstv. utanrrh. hverjar þær áherslur eru sem hann mun leggja í þessum viðræðum og á þessum sérstöku upplýsingafundum sem halda á mánaðarlega meðan ríkjaráðstefnan stendur yfir. Ég hefði talið eðlilegt að Alþingi fjallaði sérstaklega um hvaða áherslur á að leggja á þessum fundum eða a.m.k. að utanrmn. fjallaði um málið þannig að hæstv. utanrrh. hefði veganesti frá þinginu eða utanrmn. um hvaða áherslur Ísland á að leggja á þessum upplýsingafundum. Vil ég spyrja hæstv. utanrrh. um það mál í fyrsta lagi hvort að þær áherslur sem á að leggja hafi verið ræddar í ríkisstjórn og þá hverjar þær eru og í annan stað hvort að hann teldi ekki eðlilegt að um málið yrði fjallað sérstaklega á Alþingi, a.m.k. í hv. utanrmn. þannig að ráðherrann hefði veganesti um hvaða áherslu þingið og utanrmn. vill leggja í þessu máli.

Það er athyglisvert í skýrslu hæstv. ráðherra að svo virðist vera að nokkuð örli á nýjum tóni varðandi aðild Íslands að ESB en þar kemur orðrétt fram, með leyfi forseta:

„Aðild að ESB hefur ekki verið útilokuð af Íslands hálfu. En af henni getur aldrei orðið án þess að mikilvægustu hagsmunir okkar séu tryggðir, ekki síst á sviði sjávarútvegsmála."

Mér finnst að hér komi fram ný nálgun í málinu, önnur heldur en hjá hæstv. forsrh. Það hlýtur að þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar hverju sinni að fylgjast vel með þróuninni sem verður t.d. nú eftir ríkjaráðstefnuna og við eigum að vera reiðubúin að endurmeta stöðuna í ljósi breyttra aðstæðna hverju sinni. Þannig skil ég a.m.k. orð hæstv. utanrrh.

Annað var einnig athyglisvert í ræðu hæstv. ráðherra. Orðrétt segir í skýrslu hans: „Ísland hefur jafnframt gerst að aðili að yfirlýsingum og málflutningi ESB um utanríkispólitísk málefni á alþjóðavettvangi." Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri þetta nokkuð nánar og hvort lesa megi ú þessu að Ísland sé orðinn aðili að utanríkispólitískri stefnu ESB á alþjóðavettvangi, en um sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu ESB kemur fram í skýrslu hæstv. ráðherra að á ríkjaráðstefnunni muni aðildarríkin reyna að móta ítarlegra fyrirkomulag sameiginlegrar ákvarðanatöku um utanríkis- og öryggismálastefnu.

Herra forseti. Ég er sammála því sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. að ekki sé tímabært að hugleiða fulla aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu á meðan framtíðarstaða þess liggur ekki skýrt fyrir. Ég tel einnig rétt að hagsmunir okkar liggi í því að tryggja eigi áframhaldandi sjálfstæði Vestur-Evrópusambandsins þannig að það ásamt veru okkar í Atlantshafsbandalaginu verði áfram meginstoð okkar í varnar- og öryggismálum. Stækkun NATO hefur líka mikla þýðingu fyrir varnarmátt bandalagsins og öryggishagsmuni aðildarþjóðanna. Þess vegna er mikilvægt að vel takist til og að stækkunin verði til þess að efla öryggi í Evrópu.

Árás Ísraelsmanna á varðstöð Sameinuðu þjóðanna sem kostaði 100 flóttamenn lífið og fjöldi manna særðist er skelfileg enda hefur hún verið fordæmd víða um heim, m.a. af ríkisstjórn Íslands. Þessi voðaatburður segir okkur að friðurinn sem hefur verið í Austurlöndum nær hefur ekki verið byggður á nægjanlega traustum grunni. Það er mikilvægt eins og fram kom í umræðunum í gær, að það verði rætt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og að Ísland leggi þar sem annars staðar sitt af mörkum til að friði verði komið á á nýjan leik. Þó að þessi harmleikur segi okkur að friðarumleitan í heiminum eigi í vök að verjast þá er það vissulega ánægjulegt hvernig endurreisnarstarfið hefur gengið í Bosníu. Framlag íslensku þjóðarinnar til friðarstarfsins er einnig mjög jákvætt, bæði þátttaka okkar í friðaraðgerðum á vegum Atlantshafsbandalagsins sem og nokkuð myndarlegt fjárframlag til uppbyggingarinnar sem ástæða er til að fá fram hvernig á að ráðstafa. Þetta framlag breytir því þó ekki að íslenska þjóðin ver skammarlega litlu til þróunarmála. Flestar vestrænar þjóðir leggja mun meira en við til þróunarmála. Um það á að geta náðst samkomulag hér á landi að verja meira fjármagni til þróunaraðstoðar því ætla má að þvert á flokkspólitík ætti að vera hægt að ná samstöðu um það að auka verulega aðstoð okkar og framlög til þróunarmála. Þessi mál komu nokkuð til umræðu í utanrmn. í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár, en þar er einmitt minnt á það af nefndarmönnum utanrmn., að vorið 1985 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis að Íslendingar skyldu á næstu sjö árum þar á eftir ná því marki að verja 0,7% af vergri landsframleiðslu til þróunaraðstoðar á hverju ári. Það kemur fram í áliti utanrmn. að langt er í land að þetta markmið náist. Ég hygg því að það sé pólitísk samstaða um það og vænti að það verði a.m.k. reynt við næstu fjárlagagerð að auka framlag okkar til þróunaraðstoðar. En það er vissulega ástæða til að meta það sem vel hefur verið gert, m.a. það sem hæstv. utanrrh. nefnir um Þróunarsamvinnustofnun Íslands sem stendur fyrir rannsóknum á fiskstofnum þróunarlandanna og lífríki hafsins og hins vegar að fræðslu- og menntamálum í sjávarútvegi.

Alls staðar og hvar sem því verður við komið eigum við Íslendingar líka að gera okkur gildandi þar sem mannréttindi eru fótum troðin eins og víða er um heim, þrátt fyrir ýmsar alþjóðasamþykktir og samninga gegn mannréttindabrotum. Þó Ísland sé smáþjóð þá erum við hluti af samfélagi þjóðanna og erum þar jafnrétthá öðrum þjóðum. Mannréttindabrot hvar sem er í heiminum koma okkur við og við eigum að láta í okkur heyra hvar sem mannréttindi fólks eru fótum troðin. Samtakamáttur þjóða er oft eina von þeirra sem líða vegna þeirra og getur komið ýmsu til leiðar til að vinna gegn mannréttindabrotum og þar megum við hvergi láta neins ófreistað til að leggja okkar lóð á vogarskálar mannréttinda í heiminum.

Herra forseti. Ég vil næst víkja nokkrum orðum að því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Þar fjallar ráðherrann um það að nokkur þrýstingur sé um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur og segir síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Með Alþjóðaviðskiptastofnuninni styrkist staða þróunarríkja í alþjóðaviðskiptum en opnun markaða er haldbesta þróunarhjálpin."

Opnun markaða er haldbesta þróunarhjálpin, segir hæstv. utanrrh. Það finnst mér ganga í raun þvert á ýmis ákvæði GATT-samkomulagsins sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir að hafa markaðinn hér sem mest lokaðan gagnvart viðskiptum með landbúnaðarvörur. Það gefur tilefni til að hæstv. ráðherra geri Alþingi betri grein fyrir þessari þversögn í málflutningi, annars vegar þegar Ísland á í hlut og hins vegar þeirri skoðun hans að besta ráðið til að styrkja stöðu þróunarríkja í alþjóðaviðskiptum sé opnun markaða. Um það spyr ég hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Í fiskveiði- og hafréttarmálum eru Íslendingar vissulega í hópi þeirra þjóða sem mestra hagsmuna hafa að gæta í að auðlindir sjávar séu nýttar af skynsemi og eðlilegri verndun og ábyrgri stjórn fiskstofnanna. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna er okkur mjög mikilvægur og niðurstaða sem varð á úthafsráðstefnunni á síðasta ári. En aldrei verða nógsamlega undirstrikaðir mikilvægir alþjóðasamningar bæði um verndun og skynsamlega stjórn fiskstofnanna og ekki síður samningar sem treysta betur verndun gegn mengun sjávar sem lífsbjörg þjóðarinnar byggist á. Þar megum við hvergi og aldrei gefa eftir í baráttu okkar gegn mengun í hafinu. Það er kannski stærsta umhverfismálið til að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Umhverfismálin spanna vissulega mjög breitt svið og það hlýtur að vera okkur mikið áhyggjuefni að víða eru alþjóðlegir samningar um umhverfisvernd ekki haldnir og því mikilvægt að vinna að því bæði innan lands og á alþjóðavettvangi að tryggja að þessi sameiginlegu hagsmunamál þjóða heims verði ávallt í fyrirrúmi.

Hæstv. utanrrh. fór stuttlega inn á umhverfis- og orkumál í skýrslu sinni og vísaði til þess að með samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skuldbinda aðildarríki sig til þess að draga úr útblæstri ýmissa lofttegunda en það er mjög mikilvægur þáttur í umhverfisvernd. Hæstv. ráðherra nefnir að meðal þeirra aðgerða sem aðrar þjóðir hyggjast grípa til sé sértakur skattur á eldsneyti og vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé fyrirhugað eða ætla megi að ríkisstjórnin leggi til að við tökum upp slíkan skatt hér á landi.

Það ber vissulega að harma að ekki hefur náðst niðurstaða um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum en nú stefnir í að veiðarnar fari verulega fram úr því sem talið er æskilegt til verndar stofninum vegna óbilgirni norskra stjórnvalda. Um er rætt að til að koma í veg fyrir það þurfi allir að gefa eftir, en fram hefur komið hjá hæstv. sjútvrh. og í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. að íslensk stjórnvöld hafi lýst sig reiðubúin til þess ef aðrir geri það, að gera slíkt hið sama. Ég hafði vænst þess að hæstv. ráðherra gerði þinginu ítarlegri grein fyrir hvernig hann metur stöðu mála og hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir í þessu brýna hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar.

Herra forseti. Fréttir hafa borist af því á síðustu dögum að þó nokkuð sé um það að ólöglegar veiðar séu stundaðar á Reykjaneshrygg og að Landhelgisgæslan láti sér einungis

nægja að stugga við skipum sem staðin eru að ólöglegum veiðum. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort aðgerðum Gæslunnar gegn þessum ólöglegu veiðum sé fylgt eftir með mótmælum til viðkomandi stjórnvalda. Það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af þessari þróun og velta líka fyrir sér þeirri spurningu hvort Landhelgisgæsla okkar sé nægjanlega öflug til að taka með festu á ólöglegum veiðum erlendra fiskiskipa í fiskveiðilögsögu okkar eða hvort þarna komi til einhver fyrirmæli til Gæslunnar frá íslenskum stjórnvöldum. Um það spyr ég líka hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. fjallaði nokkuð um afvopnunarmál í skýrslu sinni. Þar er þess getið að Ísland hafi stutt Alþjóða Rauða krossinn og Sameinuðu þjóðirnar í baráttunni við því að jarðsprengjur sem eru einn mesti ógnvaldur í daglegu lífi fólks í mörgum þróunarríkjum verði bannaðar en hv. síðasti ræðumaður kom reyndar inn á þetta efni. Rauði krossinn hefur unnið ötullega í þeirri baráttu og vakið athygli á þeim óhugnanlegu hroðaverkum sem unnin eru með jarðsprengjum víða um heim, en meira en 2.000 manns látast eða limlestast af völdum jarðsprengna í hverjum mánuði. Í flestum tilvikum er um að ræða óbreytta borgara á svæðum þar sem átökum er lokið. Talið er að meira en 110 millj. virkra jarðsprengna séu dreifðar um 64 lönd. Á það hefur einnig verið bent að fyrir hverja jarðsprengju sem gerð er óvirk eru 20 nýjar lagðar. Sérfræðingar telja að það mundi taka 1100 ár að hreinsa veröldina af jarðsprengjum að því gefnu að engar nýjar verði lagðar, sem sýnir hve gífurlega stórt þetta vandamál er. Rauði kross Íslands hefur vakið athygli utanrmn. Alþingis á baráttunni gegn framleiðslu og notkun jarðsprengna og óskað eftir því að ríkisstjórn og Alþingi taki frumkvæði í þessu efni og hvetji þær þjóðir sem ekki hafa fallist á bann við jarðsprengjum til þess að gera það. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort að hann hafi hugleitt hvernig Ísland getur lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn framleiðslu og notkun jarðsprengna og hvort hann styddi að Alþingi ályktaði í þessu máli um að taka frumkvæði á alþjóðavettvangi til að hvetja þjóðir sem ekki hafa fallist á bann við jarðsprengjum til þess að snúa við blaðinu, eins og Rauði kross Íslands hefur farið fram á og vænti ég að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu.

Herra forseti. Ég fagna því sem fram kemur í skýrslunni að hæstv. ráðherra ætlar að leggja stjtill. fram á Alþingi til staðfestingar að Ísland fullgildi samning um bann við efnavopnum en það tel ég mjög brýnt. Enn hafa aðeins 49 ríki fullgilt samninginn en 65 ríki þarf til þess að hann taki gildi. Ég hefði gjarnan viljað sjá að hæstv. ráðherra hefði lagt fram þessa tillögu á þessu þingi og spyr hæstv. ráðherra að því hvort svo verði.

Í annan stað af því að ég gat ekki verið viðstödd umræðuna í síðustu viku um þáltill. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja vil ég nota þetta tækifæri og lýsa furðu minni á ummælum hæstv. ráðherra um þá tillögu. Yfirlýst stefna Alþingis er að hér á landi skuli ekki geyma kjarnavopn og því hefur margoft verið haldið fram að svo hafi aldrei verið. Því sætir það furðu að hæstv. utanrrh. skuli lýsa því yfir að samþykki Alþingi að Ísland verði kjarnorkuvopnalaust svæði væri eðlilegt að úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu fylgdi í kjölfarið. Ég verð að segja að ég hef sjaldan heyrt sérkennilegri röksemdir af hálfu utanrrh. íslensku íslensku þjóðarinnar.

Herra forseti. Í lokin vil ég fara nokkrum orðum um mjög mikilvægan þátt í skýrslu hæstv. ráðherra sem snertir útflutningsviðskiptamál og útflutningshvetjandi aðgerðir og fjárfestingar Íslendinga erlendis. Ég fagna því sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að í utanrrn. sé unnið að utflutningshvetjandi aðgerðum í samvinnu við íslenskt atvinnulíf. Það hefur sýnt sig að við eigum mikla möguleika á erlendum vettvangi til að auka markaðssetningu okkar, t.d. í sjávarútvegi og styrkja þar með verulega atvinnuuppbyggingu okkar. Ég hygg að hagvöxtur og atvinnuuppbygging eigi mikið undir því komið að vel takist til í því efni. Því vil ég lýsa ánægju minni með það ef hæstv. utanrrh. beitir sér fyrir markvissu átaki á þeim vettvangi.

Varðandi fjárfestingar Íslendinga erlendis sem nokkuð er vikið að þá liggur þegar fyrir að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa ráðist í mörg stórverkefni erlendis sem skilað hafa inn í landið verulegu fjármagni og ég vil fagna því að nú er verið að kanna hvernig stjórnvöld geta stutt við bakið á íslenskum fyrirtækjum erlendis. Við eigum að vera óhrædd við það og að sama skapi eigum við líka að taka því af raunsæi að fá erlenda fjárfestingu inn í landið. Hræðsluáróðurinn, sem rekinn var í tengslum við aðild okkar að EES-samningnum, hefur sýnt sig að vera óþarfur.

Ég nota þessar síðustu mínútur sem ég hef til að víkja nokkrum orðum að hvalveiðum. Fyrr á þessu þingi kom fram hjá hæstv. sjútvrh. í tilefni fyrirspurnar á Alþingi að hann stefndi að því að flytja tillögu til þingsályktunar um hvalamálið á grundvelli niðurstöðu nefndar sem falið var að gera tillögu um stefnu Íslendinga í hvalamálum. Niðurstaða nefndarinnar var einróma um stefnu Íslands í hvalamálum en þar var lögð áhersla á að halda beri fast við það sjónarmið að allar lifandi auðlindir sjávar séu nýtanlegar enda séu veiðar stundaðar á sjálfbæran hátt þannig að ekki sé farið fram úr veiðiþoli hvers stofns til langs tíma litið og eðlilegt sé að farið sé að öllu með gát og gætt heildarhagsmuna Íslands með tilliti til söðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna. Jafnframt því kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að hann stefndi að því að leggja fram tillögu til þál. í hvalamálinu innan ekki langs tíma en þetta var í nóvember sl., og sagði hæstv. ráðherra að það væri nauðsynleg að Alþingi tæki sjálft endanlega ákvörðun í málinu. En nú virðist hæstv. sjútvrh. hafa dregið í land í þessu efni og breytt um afstöðu og ber fyrir sig að ekki sé ráðlegt að hefja hvalveiðar fyrr en við sjáum fyrir endann á þeim alþjóðlegu fiskveiðideilum sem við eigum í. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. utanrrh. um afstöðu hans til þess að leyfa hvalveiðar ekki síst í ljósi þess sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni, þ.e. jákvæðrar afstöðu Alþjóðaþingmannasambandsins í sl. viku til þessa máls og spyrja ráðherrann hæstv. um það hvort málið hafi verið rætt í ríkisstjórn og hvort sú afstaða sem sjútvrh. kemur nú fram með sé samhljóða afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil í lokin þakka hæstv. ráðherra fyrir þá skýrslu sem hér er til umræðu og taka undir orð hæstv. utanrrh. að alþjóðlegt samstarf er nauðsynlegt til að tryggja tilveru okkar sem sjálfstæðrar þjóðar því að ákvarðanir á alþjóðavettvangi, hvort sem okkur líkar betur eða verr hafa áhrif á hagsmuni íslensku þjóðarinnar, atvinnuuppbyggingu og lífskjör.

[16:35]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Aldahvörf eru í nánd. Öld stórstígra framfara á sviði tækni og vísinda eru að renna sitt skeið. Öld

grimmilegra styrjalda, öld stórkostlegra lista, öld fátæktar og hörmunga. Líklega hafa andstæðurnar í lífskjörum jarðarbúa aldrei verið jafnmiklar og nú og ekki hafa allir átt sæti við gnægtaborð tuttugustu aldarinnar. Lítum á nokkrar staðreyndir:

Sjötíu prósent fátæks fólks í heiminum eru konur, $^2/_3$ hlutar ólæsra í heiminum eru konur. Á hverju ári lætur hálf milljón kvenna lífið af völdum barnsburðar eða ólöglegra fóstureyðinga. Áætlað er að 27 millj. manna hafi hrakist frá heimilum sínum og séu á flótta vegna styrjalda eða annarra hörmunga. $^3/_4$ alls flóttafólks í heiminum eru konur og börn. Á þjóðþingum þessa heims eru konur tíundi hluti fulltrúa, í ríkisstjórnum telja þær lítil 6% ráðherra, fyrir hverja krónu sem eytt er í þágu friðar er 140 krónum eytt til stríðsrekstrar.

Af framangreindu má vera ljóst að konur sitja ekki að gnægtaborði tuttugustu aldarinnar. Þeim hefur í langflestum tilvikum ekki verið boðið til veislunnar. En þar sem þær eru fyrir þreytast aðrir veislugestir seint á því að segja þeim að þær séu boðflennur, allt hafi verið með öðrum hætti og betri áður en þær settust til borðs.

Hæstv. utanrrh. segir utanríkisstefnuna vera altæka, að innanríkismál verði ekki skilin frá utanríkismálum. Að efnahags-, velferðar-, umhverfis- og öryggismál séu samtvinnuð svo dæmi sé tekið. Því er Kvennalistinn sammála. Í ljósi þessa og þeirra staðreynda sem að ofan eru taldar má þó teljast ofvaxið skilningi manns og í reynd einstakt að í utanríkisstefnu hæstv. ríkisstjórnar sé ekki vikið einu orði að stöðu kvenna, hvorki heima né erlendis, ekki einu orði, hv. þm. Slík utanríkisstefna eða öllu heldur stefnuleysi er ekki sæmandi neinni ríkisstjórn. Mér sýnist ríkisstjórn Íslands vera hjálparþurfi við stefnumótun utanríkismála.

Virðulegi forseti. Kvennalistinn hefur í stefnu sinni lagt ríka áherslu á að öryggismál verði skilgreind upp á nýtt og að sú nýja stefna byggi á varðveislu umhverfis fremur en hernaðarstyrk og kalli á aðrar og heildrænni aðferðir til að tryggja sameiginlegt öryggi okkar allra. Hún felur einnig í sér endurmat á því hvar Ísland skipar sér í flokk á alþjóðlegum vettvangi. Þannig eiga Íslendingar að auka enn frekar samvinnu við þær þjóðir og stofnanir sem hafa helst beitt sér fyrir umhverfisvernd.

Það sem öðru fremur ógnar nú jarðarbúum eru hættur sem steðja að umhverfi okkar svo sem útbreiðsla kjarnavopna, ótrygg kjarnorkuver, geislavirkur úrgangur, gróðurhúsáhrif, eyðing regnskóga, auðlindaþurrð og mengun. Í því efni á íslenska þjóðin mikilla hagsmuna að gæta því að framtíð byggðar í landinu stendur og fellur með lífríki hafsins. Kjarnorkuslys við strendur Íslands eða í norðurhöfum hefðu ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir lífsafkomu þjóðarinnar. Því er hlutverk okkar að vinna að friðlýsingu hafsins, jafnt sem lands og lofts. Kvennalistakonur eru meðflutningsmenn á frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku og eiturefnavopnum sem er nú til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Hæstv. utanrrh. og aðrir hv. þm. Framsfl. hafa af einhverjum ástæðum ekki treyst sér til að vera meðflutningsmenn á frv. í þetta sinn. Margt hefur greinilega breyst hjá Framsfl. En verra er að sú afstaða staðfestir að lítið sé að marka orð hæstv. utanrrh. um altæka utanríkisstefnu þegar á reynir.

Herra forseti. Kvennalistinn vill að Ísland beiti sér fyrir því að starfsemi stofnana Sameinuðu þjóðanna verði tekin til gagngerrar endurskoðunar og þar teknir upp nútímalegri stjórnunarhættir. Þar er hæstv. ráðherra sammála Kvennalistanum um að aðhald þurfi í rekstri skilvirkra og öflugra stofnana Sameinuðu þjóðanna. Ekki er þar með sagt að Kvennalistinn telji að Sameinuðu þjóðirnar og starfsemi stofnana þeirra eigi ekki rétt á sér, því fer fjarri. Margar stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa skilað ómetanlegu starfi síðustu 50 árin. Má þar nefna sem dæmi flóttamannahjálpina og þróunarstofnunina. Aðrar hafa hins vegar ekki staðið undir væntingum. Sé litið á kerfi Sameinuðu þjóðanna í heild er greinilegt að það er haldið karlsýki sem kveða verður niður með öllum tiltækum ráðum.

Við kvennalistakonur viljum að Ísland endurskoði stefnu sína hjá Sameinuðu þjóðunum og taki sjálfstæða afstöðu þannig að megináherslan verði á umhverfis-, friðar- og mannréttindamál. Við fögnum því að leggja eigi þyngri áherslu á málflutning Íslands í eigin nafni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Má ljóst vera að með inngöngu Svía og Finna í Evrópusambandið hefur hin samnorræna rödd ekki hljómað jafnsterkt á vettvangi alþjóðasamskipta og áður var. Það má einnig greina í máli hæstv. ráðherra að þetta hafi valdið nokkurri sjálfskoðun innan stjórnkerfisins og er það vel ef sú skoðun er ávísun á heilsteyptari og öflugri málflutning Íslands hjá Sameinuðu þjóunum.

Þátttaka Íslands í friðarstarfinu í Bosníu er virðingar- og eftirtektarverð. 110 millj. kr. skal veitt til uppbyggingar í því stríðshrjáða landi. Nú ríður á að verja því fé af skynsemi svo það komi að sem bestum notum. Því má spyrja hvaða tilgangi það þjóni að Íslendingar sem aldrei hafa haft eigin her taki þátt í friðaraðgerðum herliðs á vegum Atlantshafsbandalagsins í Bosníu þótt reyndar sé um hjúkrunarlið að ræða. Við kvennalistakonur teljum betur fara á því fyrir íslenska þjóð að taka þátt í friðar- og uppbyggingarstarfi í Bosníu sem heyrir ekki beint undir NATO. Af nógu er að taka, því miður, og ljóst að kröftum okkar væri betur varið með öðrum hætti. T.d. með þátttöku í hjálparstarfi beint við íbúa og flóttafólk í Bosníu og reyndar öðrum ríkjum sem áður tilheyrðu Júgóslavíu. Má í þessu sambandi minna á fyrirspurnir þeirrar sem hér stendur til hæstv. utanrrh. um það hvernig skuli verja Bosníuaðstoðinni og einnig um afdrif Palestínuaðstoðarinnar svokölluðu, fyrirspurnir sem þingmenn munu vonandi finna á borðum sínum seinna í dag.

Virðulegi forseti. Í haust tilkynnti ríkisstjórnin að taka ætti á móti litlum hópi flóttamanna frá Bosníu innan skamms. Það mál hefur þróast undarlega. Því var slegið upp með þeim hætti að á tímabili leit jafnvel út fyrir að kapphlaup yrði um hverjir fengju að hýsa þetta fólk. En Bosníufólkið er ekki enn komið til landsins, það bólar ekki á því. Á hverju strandar, hæstv. ráðherra? Það skal haft í huga að Íslendingar hafa ekki tekið skipulega á móti hópi flóttamanna frá því að síðasti hópur Víetnama fluttist til landsins frá Hong Kong. Hvenær var það? Það var árið 1991, hv. þm., eða fyrir fimm árum. Það eru nú öll afrek hinnar íslensku þjóðar við móttöku flóttamanna. Í þessum málum dugar ekkert hálfkák. Siðferðisleg skylda býður að hin íslenska þjóð taki af myndugleik á því að bjóða flóttafólki skjól hér á landi. Þótt stríðinu í Bosníu sé lokið fer því fjarri að hver snúi til síns heima í fyrrum Júgóslavíu. Uppbyggingarstarfið mun taka áratugi og óvíst er hvort þær kynslóðir, sem nú lifa, muni nokkurn tímann lifa eðlilegu lífi án ótta við að átök brjótist út á ný.

Virðulegi forseti. Er ekki tímabært að íslenska ríkið axli sameiginlega ábyrgð okkar allra á flóttamannavandanum? Við kvennalistakonur teljum svo vera ætli Íslendingar að halda sjálfsvirðingu sinni í samfélagi þjóða. Ísland hefur allt of lengi skákað í skjóli þess að vera einangrað ríki á hjara

veraldar þegar flóttamannavandinn er annars vegar. Við það verður ekki unað deginum lengur.

Herra forseti. Framkvæmdastjóri menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, var staddur hér á landi á dögunum. Í viðtali sagði hann ætlunarverk UNESCO að breyta röksemdum valds í vald röksemdanna. Að umbreyta hugsunarhætti stríðsmenningar í hugsunarhátt friðarmenningar. Femínistar hafa alla tíð barist gegn hugarfari hermennskunnar, hugarfari stríðsrekstrar og hernaðarbandalaga. Sú barátta á æ meiri hljómgrunn meðal jarðarbúa eins og ráða má af orðum framkvæmdastjórans. Það er eina trygging þess að okkur auðnist að búa saman í sátt við menn og umhverfi. Her á Íslandi er tímaskekkja. Afleiðing úrelts kaldastríðshugsunarháttar. Engir herir munu ráða við stærstu öryggismál íslensku þjóðarinnar, umhverfismálin, eins og áður hefur verið rætt um.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra, Halldór Ásgrímsson, er líklega einn af fáum innan hins íslenska stjórnkerfis sem ekki sjá ástæðu til þess að vera uggandi um framtíð norræns samstarfs. Sannleikurinn er sá að eftir að frændur vorir Finnar og Svíar héldu á vit Evrópusamrunans í Brussel hefur smám saman verið að molna úr undirstöðum norræns samstarfs hvort heldur litið er til sameiginlegs málflutnings hjá Sameinuðu þjóðunum eða hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu í Brussel. Íslendingar verða að horfast í augu við þá staðreynd að frændur vorir í Brussel hafa ekki lagt sig í líma við að tala máli okkar í völundarhúsi framkvæmdastjórnarinnar. Á sama tíma hefur þungamiðja Norðurlandasamstarfsins færst suður á bóginn. Þótt hæstv. ráðherra sé ekki uggandi um norrænt samstarf kom fátt það fram í máli hans sem benti til að það góða samstarf gengi í endurnýjun lífdaga í náinni framtíð.

Evrópumálin eru kapítuli út af fyrir sig í ræðu hæstv. utanrrh., eins og bent hefur verið á í þessari umræðu. Þar er slegið úr og í hvað varðar samskipti Íslands við Evrópusambandið. Í einu orðinu er látið liggja að því að hagsmunir lands og þjóðar verði best tryggðir með því að vera samstiga Evrópusambandinu á sem flestum sviðum, í hinu jafnharðan dregið úr líkt og hæstv. ráðherra hafi skynjað mikla ógn af því að fylgja röksemdafærslu sinni til enda. Nú er svo komið í pólitísku samstarfi innan hins Evrópska efnahagssvæðis að ríkisstjórn Íslands hefur gerst aðili að yfirlýsingum og málflutningi ESB um utanríkismál. Það verður ekki skilið öðruvísi en svo að skrifað hafi verið upp á fullbúin plögg án þess að gefist hafi kostur á því að hafa áhrif á innihaldið.

Um stækkun Evrópusambandsins er hæstv. ráðherra ómyrkur í máli og segir hann í rökréttu samhengi við sögulega þróun í álfunni að stækkun ESB hljóti að styðja viðleitni Evrópusambandsins til að stuðla að friði, velmegun, öryggi og stöðugleika í álfunni. Talar hér utanrrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar? Eru hæstv. forsrh. og utanrrh. sammála um Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar? Eða getur verið að sprungur hafi myndast í þagnarmúrinn sem reistur hefur verið í kringum lýðræðislega umræðu um Evrópumálin hér á landi? Fróðlegt væri að hæstv. utanrrh. upplýsti þingheim um hvort breytinga sé að vænta í Evrópustefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Herra forseti. Í ræðu hæstv. ráðherra sér þess hvergi merki að ríkisstjórn Íslands hafi dregið lærdóm af niðurstöðum og boðskap stórra og merkra ráðstefna sem haldnar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum og á ég þar sérstaklega við ráðstefnur um mannréttindi, mannfjöldaþróun og málefni kvenna. Mannréttindamál fá yfirborðslega afgreiðslu í utanríkisstefnu þessarar ríkisstjórnar. Svo er bætt gráu ofan á svart með því að minnast ekki einu orði á þátt kvenna í mótun framtíðar, í mannréttindabaráttu samtímans, eins og fram hefur komið. Er árið ekki 1996? Það herrans ár, mundi hæstv. utanrrh. líklega segja.

Í skýrslu þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá síðasta ári eru færð sannfærandi rök fyrir því sem þingkonur Kvennalistans hafa margoft sagt í þingsölum, hagsæld, jafnrétti og friður mun aldrei nást án jafnrar stöðu kynjanna. Ég endurtek: Aldrei. Það er til einskis að ræða fjálglega umhverfisvernd, sjálfbæra þróun og afnám fátæktar ef hlutur kvenna í samfélaginu, mótun þess og viðgangi er gjörsamlega fyrir borð borinn á sama tíma. Engar hagvaxtarrannsóknir allra þjóðhagsstofnana á byggðu bóli munu fá haggað þeirri staðreynd að ólaunuð vinna kvenna við heimilisstrit og barnauppeldi heldur hagkerfum þessa heims uppi. Sú ólaunaða vinna er varlega metin á 11 billjón Bandaríkjadala á ári í heimsbúskapnum. Það eru 11 milljón milljónir dollarar, hv. þingmenn. Þetta er undirstaða þeirrar efnahagslegu hagsældar sem lærðir hagfræðingar reikna á mælikvarða hagvaxtar. En hagsældin er ekki allra því að þessar sömu konur eiga flestar lítinn sem engan aðgang að gæðum jarðar. Þær eru ekki spurðar ráða þegar tekið er til við skiptingu þeirra.

Íslendingar verja um 0,12% af vergri landsframleiðslu til þróunarmála. Þetta er fjarri því marki sem samþykkt var að stefna að með þingsályktunartillögu um þetta efni árið 1985 en markið var 0,7%. Að auki er í þessu hlutfalli talin með lögbundin framlög til alþjóðastofnana sem varla geta flokkast sem þróunaraðstoð. Það er auðvitað sama frá hvaða hlið þróunaraðstoð Íslendinga er skoðuð, hún stenst ekki samanburð við nein af þeim löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Verkefni þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu, Mósambík, Malaví og á Grænhöfðaeyjum felast m.a. í kennslu til sjómanna og rannsóknum á fiskstofnum. Þau eru að sjálfsögðu góðra gjalda verð og þeim þarf að halda áfram. En ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvar eru kvennaverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands? Hvernig hyggst hv. ríkisstjórn verja fé til þróunarstarfa í framtíðinni?

Herra forseti, ég leyfi mér að lýsa eftir stefnumótun hins opinbera um þróunaraðstoð Íslands á erlendri grundu. Að auki skorar Kvennalistinn á hæstv. utanrrh. að efna til þróunarsamvinnu á forsendum kvenna í þróunarlöndunum. Að byrja á réttum enda og spyrja konur hvernig létta megi þeim byrðar heimilisstrits og barnauppeldis. Snúa blaðinu við og leggja hugarfar þess sem á að njóta góðs af hjálpinni til grundvallar en ekki þess sem gefur. Aðeins á þann hátt mun þróunaraðstoð bera raunverulegan árangur, minnka fátækt, auka menntun, stuðla að friði og fegurra mannlífi.

Á alþjóðavettvangi eiga Íslendingar alltaf að taka afstöðu gegn misrétti og kúgun og leggja sitt af mörkum til að jafna skiptingu jarðargæða á milli allra íbúa hennar. Því er afar mikilvægt að styðja konur í þróunarlöndum til náms og starfa. Þær eru víðast styrkasta stoð fjölskyldunnar og aðstoð við þær dregur úr mannfjölgun og kemur öllum til góða. Niðurstaða mannfjöldaráðstefnunnar í Kairó var sú að besta leiðin til að draga úr mannfjölgun í heiminum væri að mennta konur og auka áhrif þeirra í samfélaginu.

Virðulegi forseti. Tími fagurgalans er liðinn. Konur um allan heim krefjast raunverulegra, pólitískra skuldbindinga sem bæta kjör sín og styrkja stöðu sína í þjóðfélaginu. En utanríkisstefna ríkisstjórnarinnar ber þess ekki vitni að hv.

ríkisstjórn hafi áttað sig á þessari staðreynd eða hafi skilning á því hverjar slíkar pólitískar skuldbindingar eru. Um það vitnar ræða hæstv. utanrrh. Stefna hv. ríkisstjórnar einkennist fyrst og fremst af því að brugðist er við vandamálum eða öðru því sem rekur á fjörur okkar og varðar samskipti við umheiminn. Til undantekninga heyrir að Íslendingar hafi frumkvæði í alþjóðasamskiptum og til undantekninga heyrir að ríkisstjórnin vísi veginn fram á við fyrir land og þjóð.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var margt í máli hv. þm. sem ég get tekið undir. En þingmaðurinn vék hér að Evrópumálunum og var að saka hæstv. ráðherra um að slá úr og í. Jafnframt gerði hann því skóna að það væru komnar sprungur í þagnarmúrinn sem reistur hefði verið í kringum Evrópumálin hér á landi. Mér fannst sem það væri þagnarmúr í kringum álit talsmanns Kvennalistans hér á þessu máli. Það var ekki að heyra eitt einasta orð um viðhorf Kvennalistans til þessara örlagaríku mála sem hafa orðið eitt aðalefni umræðunnar hér. Mér sýnist sem hv. þm. sé með munnhaft að þessu leyti en það væri ágætt um leið og þingmaðurinn bregður ráðherranum um að slá úr og í að þingmaðurinn tali skýrt í málinu.

[16:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að verða við beiðni hv. þm. Með leyfi forseta, vil ég vitna í stefnuskrá Kvennalistans. Þar stendur: Kvennalistinn vill að svokomnu máli leggja áherslu á að Ísland standi utan Evrópusambandsins. Það er ekkert sem hindrar okkur í að lögleiða góðar breytingar ættaðar frá Evrópu nema vilja og skilningsleysi íslenskra stjórnvalda. Stefna Kvennalistans í þessu máli er mjög skýr. Mitt álit á því máli er líka mjög skýrt og það hefur komið fram opinberlega. Ég er ósammála stefnu Kvennalistans að þessu leyti. Ég tel best að látið verði á það reyna með aðildarviðræðum við Evrópusambandið hvaða kjör okkur bjóðast í Brussel.

[16:56]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég mun aðallega gera norrænt samstarf og tengsl norrænnar og evrópskrar samvinnu og Vestur-Evrópusambandið að umtalsefni enda hef ég starfað talsvert á þeim vettvangi. Hafa margir komið inn á þau mál hér og er það vel.

Nýlega voru gerðar talsverðar breytingar á norrænu samstarfi og hef ég heyrt að margir hafi áhyggjur af að það samstarf sé á fallandi fæti. Þær breytingar sem farið var í voru umdeilanlegar. Þær fólust aðallega í því að uppbygging nefnda Norðurlandaráðs var breytt úr því að vera fagnefndir í svokallaðar svæðanefndir. Menningarmálanefnd, fjárhagsnefnd, efnahagsnefnd o.s.frv., voru lagðar niður og í stað voru einungis þrjár nefndir skipaðar en þær eru: norræn nefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Önnur hápólitísk breyting var einnig gerð en hún var sú að samstarfið grundvallast ekki lengur á landsdeildum hvers lands fyrir sig heldur á grundvelli pólitískra flokkahópa. Þannig vinn ég t.d. í dag ekki að norrænum málum beint sem Íslendingur heldur sem miðjuflokkamanneskja. Það er mikil breyting. Það er ekki komin nein sérstök reynsla á þessa breytingu þannig að það er ekki tímabært að tjá sig strax um það hvort þetta var til bóta eða ekki. Annað stórt verkefni sem hefur einnig verið unnið nú á norrænum vettvangi er að það er búið að endurskoða starfsemi 47 samnorrænna stofnana og það var gert til þess að reyna að nýta fjármagn með öðrum hætti, þ.e. að endurnýja það og koma því í meira lifandi samstarf. Þetta samstarf er því alls ekki dautt, eins og sumir hafa viljað halda fram, heldur er þetta lifandi samstarf að mínu mati.

Sumir sem gagnrýna norrænt samstarf telja það vera mikið pappírsflóð og vera okkur mjög dýrt. Ég get ekki tekið undir það. Að vísu er auðvitað talsvert um pappír þar eins og hér í þessum sölum en það er okkur ekki dýrt þetta samstarf, við borgum einungis 1% af rekstri Norðurlandaráðs, mun minna en við fáum til baka. Það er því alrangt að við séum peningalega að tapa á norrænu samstarfi. Auðvitað erum við ekki að þessu peninganna vegna. En svo sannarlega töpum við ekki heldur á því peningalega. Við stórgræðum á því menningarlega, menntunarlega og að öllu leyti.

Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. og allir vita, er okkur öllum það mjög mikilvægt að hafa áhrif á Evrópusambandið. Þótt þau áhrif verði að sjálfsögu ekki mikil við núverandi aðstæður getum við haft ýmis áhrif svo sem með áhrifum í gegnum norræna samvinnu. Mig langar einmitt að gera það að umtalsefni hér að nýlega var haldin ráðstefna á norrænum vettvangi eða á vegum Norðurlandaráðs um Evrópumálin. Þar gafst norrænum stjórnmálamönnum tækifæri til samráðs um Evrópumál og að skerpa þær samnorrænu pólitísku áherslur sem þeir telja að komi framtíð Evrópu til góða. Á ráðstefnunni komu fram hvaða áherslur og væntingar Norðurlöndin hafa til ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins sem er nýhafin í Torino á Ítalíu. Það má segja það hér til gamans að Norðmenn fjölmenntu á þessa ráðstefnu sem haldin var í Kaupmannahöfn, það voru u.þ.b. 100 embættismenn á ráðstefnunni og þar af voru 45 norskir. Þannig að Norðmenn eru greinilega úti með allar klær til þess að hafa áhrif á Evrópumálin óbeint. (**Gripið fram í:** Hvað voru margir íslenskir?) Þarna voru tíu ráðherrar frá Noregi ásamt Gro Harlem Brundtland. Það var því mjög áberandi hvað Norðmenn mættu með mikinn flota þarna.

Meginverkefni ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins er að finna út hvernig sambandið getur orðið skilvirkara, lýðræðislegra og með hvaða hætti standa skuli að stækkun sambandsins. Nú þegar hafa um 13 lönd sótt formlega um aðild og bíða óþreyjufull eftir því að komast inn í sambandið. Flest þeirra eru austantjaldsríki en núverandi stjórnskipulag Evrópusambandsins þjónar um 15 ríkjum. Það að aðildarríkjum gæti fjölgað um helming á næstu árum krefst þess að sjálfsögðu að endurskipuleggja þarf allt ákvarðanaferli og stofnanaskipulag sambandsins.

Ljóst er að allar meiri háttar breytingar á starfsemi og uppbyggingu sambandsins munu hafa áhrif á ytri samskipti þess, svo ekki sé minnst á EES-samninginn og alla þá þætti ESB sem hafa bein áhrif á framkvæmd þess samnings. Öll ný aðildarríki að Evrópusambandinu munu verða sjálfkrafa aðilar að EES. Stækkunin skiptir því verulegu máli fyrir okkur Íslendinga, bæði pólitískt og viðskiptalega. Ríki Evrópu hafa pólitíska, efnahagslega og öryggislega hagsmuni af því að austantjaldsríkin gerist aðilar að Evrópusambandinu. Útvíkkun Evrópusambandsins gæti styrkt lýðræðisþróun þessara landa. Þátttaka þeirra gæti einnig skapað efnahagslegan vöxt og aukin viðskipti í Evrópu. Öll þessi framangreind atriði auka að sjálfsögðu stöðugleika í öryggismálum álfunnar. Stækkun Evrópusambandsins mun einnig leiða til aukinnar samvinnu um umhverfismál og Norðurlöndin

munu ýta mjög á um að slík samvinna verði mjög ofarlega á forgangslista Evrópusambandsins. Við inngöngu austantjaldsríkjanna í sambandið verður mun auðveldara að taka fastar á umhverfismálunum en eins og við öll vitum þá eiga þessi ríki við veruleg umhverfisvandamál að stríða, m.a. vegna úrelts iðnaðar sem spillir umhverfi Evrópu.

Þar sem það er ljóst að ríkjaráðstefnan getur og mun væntanlega leiða til þess að Evrópusambandið breytist langar mig við þetta tækifæri að beina spurningu til hæstv. utanrrh. Segjum sem svo að ríkjaráðstefnan verði til þess að Evrópusambandið breytist þannig að okkur finnist það vera álitlegri kostur en í dag að sækja um aðild. Hvað telur hæstv. ráðherra að það taki langan tíma að undirbúa aðildarumsókn? Ég vona að hæstv. ráðherra geti svarað sæmilega nákvæmlega, svarið verði ekki að það taki svona talsverðan tíma heldur að tímasetning verði nákvæmari. Mér finnst mjög mikilvægt að álit hæstv. ráðherra á þessu komi fram. Ég gluggaði í nýlegt Morgunblaðsviðtal við hæstv. forsrh. Eftir að hafa lesið það viðtal tel ég að núverandi hæstv. utanrrh. sé mun jákvæðari gagnvart Evrópumálunum en hæstv. forsrh.

Í tengslum við ríkjaráðstefnuna þurfum við að sjálfsögðu að hafa nokkrar áhyggjur af Vestur-Evrópusambandinu og stöðu þess. Nýlega bað Norðurlandaráð prófessor Nikolaj Petersen, sem er prófessor við Árósarháskóla, að fara yfir gögn Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands sem þau hafa lagt fram fyrir ríkjaráðstefnuna og bera saman hvað væri sameiginlegt og hvað ekki í óskum þessara Norðurlanda sem eru aðilar að ESB. Hann segir í úttekt sinni að þegar öryggismál eru skoðuð sé ljóst að ekkert norrænna landa vilji á þessum tímapunkti gerast gildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu og þetta kom einmitt mjög vel fram í máli hæstv. ráðherra. Það er því ekki við því að búast að nokkurt norrænt land muni styðja tillögu um að Vestur-Evrópusambandið yrði innlimað í ESB eins og sum önnur lönd vilja, t.d. Þýskaland. Bretar hafa stutt okkar sjónarmið um að Vestur-Evrópusambandið eigi að halda sjálfstæði sínu og Norðmenn hafa einnig gert það. Ef Vestur-Evrópusambandið yrði innlimað í Evrópusambandið yrði okkar staða að sjálfsögðu mjög óljós þar sem við erum ekki fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Það er okkur því mjög mikilvægt að tryggja sjálfstæði Vestur-Evrópusambandsins.

Að mínu mati er mjög nauðsynlegt að við Íslendingar stöndum okkur vel í því að fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun mála í Evrópu. Við Íslendingar erum að sjálfsögðu mjög fáir og við höfum fáa stjórnmálamenn og embættismenn sem sinna Evrópusamstarfi. Því er okkur mjög nauðsynlegt að þeir fáu sem vinna að þessum málum vinni þétt saman og af því tilefni höfum við hv. þm. Tómas Ingi Olrich beitt okkur fyrir því að þessir aðilar komi saman og ræði þau málefni sem eru okkur mikilvæg gagnvart t.d. ríkjaráðstefnunni. Einnig hafa komið upp hugmyndir um að t.d. utanrmn., Íslandsdeild Norðurlandaráðs, EFTA-nefndin, Evrópuráðsnefndin og NATO-nefndin ættu að hittast og fara sérstaklega yfir þessi mál, líka til að skiptast á upplýsingum um þau atriði sem við höfum aflað á erlendum vettvangi. Þau atriði sem sérstaklega þyrfti að ræða í slíku sambandi eru hagsmunir sem snúa beint að Íslandi á ríkjaráðstefnunni. Þar vil ég nefna að það er brýnt að það takist að stækka Evrópusambandið til þess að auka öryggi í Evrópu og að umhverfismálum verði betur skipað í framtíðinni eins og ég hef áður minnst á.

Nýlega skrifaði utanrrh. undir fimm ára samning eða samkomulag fyrir okkar hönd við bandarísk stjórnvöld um framkvæmd varnarsamningsins. Tel ég að hér sé um mjög ásættanlegan samning að ræða fyrir okkur Íslendinga og tel að hæstv. utanrrh. sé fullsæmdur af því að hafa staðið að þessu samkomulagi. Kostir þessa samnings eru að hann er til langs tíma, eða til fimm ára. Hann er lengri en síðasta samkomulag. Hann tryggir varnir landsins en varnarviðbúnaður er óbreyttur. Þar sem í samkomulaginu felst að einkaréttur Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka á framkvæmdum fyrir varnarliðið verður afnuminn árið 2004, vil ég að það komið fram að ég tel mjög brýnt að hugað verði vel að atvinnumálum á Suðurnesjum. Þar hefur ýmislegt mjög jákvætt verið að gerast og vil ég nefna hér að markaðs- og atvinnumálaskrifstofan á Suðurnesjum hefur ýmislegt mjög áhugavert á prjónunum og það er gaman að sjá hvað það er mikill vöxtur í þeirri skrifstofu.

Varðandi Schengen vil ég segja að ég er jákvæð gagnvart því að skoða aðild að Schengen-samkomulaginu þar sem um löggæslu og landamæraeftirlit er að ræða. Með aðild að Schengen munum við viðhalda eðli norrænu vegabréfasamvinnunnar og útvíkka hana til aðildarlanda Schengen. Fram hafa komið margir kostir þess að taka þátt í Schengen-samstarfinu. Ég mun ekki tíunda þá kosti frekar hérna en það er alveg ljóst að Schengen-samstarfið mun kosta okkur talsverða fjármuni, þ.e. vegna uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Það er búið að reikna það út að uppbyggingin þar muni kosta um 400 millj. kr. og af þeirri upphæð eru 250 millj. kr. vegna Schengen en 150 millj. kr. vegna aukins álags í flugi almennt séð, án Schengen. Hér hefur það komið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég hafi tjáð mig öðruvísi í þessu máli og það er alveg rétt. Fyrst í stað var reiknað með að þetta mundi kosta um milljarð. Það fannst mér mjög há upphæð. Það er alveg ljóst að ef við förum í Schengen munum við auðvitað taka ákveðinn þunga af öðrum löndum í Schengen gagnvart eftirliti. Ef þetta hefði kostað milljarð væri alveg réttlætanlegt að athuga hvort önnur ríki vildu koma eitthvað að þessu máli með fjármögnun, t.d. Norðurlöndin. Það hef ég sagt opinberlega. Hins vegar þarf ekki að koma til þess í dag þar sem um mun lægri upphæð er að ræða, eða 150 millj. kr. Ég tel ekki ástæðu til þess að við skoðum það neitt frekar hvort aðrir mundu vilja koma að þessu máli vegna þess hve upphæðin er má segja lág miðað við fyrstu tölur.

[17:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var bæði fróðleg og skemmtileg ræða hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Það vakti sérstaka ánægju hjá mér að hún vakti eftirtekt á því að hæstv. utanrrh. er miklu frjálslyndari en hæstv. forsrh. þegar kemur að málefnum Evrópusambandsins. Er það rangt skilið hjá mér að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafi í rauninni verið að snupra hæstv. forsrh. sökum þeirra afturhaldssjónarmiða sem öll þjóðin veit að hann hefur gagnvart Evrópusambandinu?

Í annan stað, herra forseti, fýsir mig að vita afstöðu hv. þm. til Evrópusambandsins. Hún flutti hér langt mál og nokkuð gott um það hversu jákvætt það væri fyrir öryggi í Evrópu og fyrir umhverfismál í Evrópu að Evrópusambandið stækkaði. Hún vill sem flestar Evrópuþjóðir í ESB. Þýðir það, hv. þm., að hún telur tímabært að Íslendingar láti á það reyna, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði áðan, hvað er í boði? Í þriðja lagi, herra forseti, hjó ég eftir því og fannst merkilegt að heyra að hv. þm. er afskaplega vel

heima um það hversu margir Norðmenn sækja ráðstefnuna í Torino. Þar er ekki bara Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, heldur níu aðrir ráðherrar. Þar eru 100 embættismenn en hún gat þess ekki að þar væri nokkur Íslendingur og þess vegna langar mig til þess að vita, herra forseti, hvort hv. þm. Siv Friðleifsdóttir telur að Íslendingar og þá hæstv. utanrrh. sinni því ekki nægilega vel að fylgjast með framvindu umræðunnar á ríkjaráðstefnunni.

[17:13]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú alls ekki þannig að ég sé að snupra hæstv. forsrh. Ég las hins vegar þetta Morgunblaðsviðtal og sá þar að hæstv. forsrh. er mjög neikvæður gagnvart aðild að Evrópusambandinu. Hann verður að hafa sínar skoðanir á því en ég er alls ekki að snupra hann fyrir skoðanir hans. Fólk má hafa sínar skoðanir í friði.

Ég tel að við eigum að skoða kosti og galla Evrópusambandsins vel. Ég hef verið að reyna að gera það sjálf eftir bestu getu. Ég er hins vegar ekki komin svo langt í mótun minnar skoðunar að ég geti kveðið upp úr með það hér og nú hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu og hvenær það ætti að vera. Ég vil sjá hvernig ríkjaráðstefnan þróast. Ég bind ákveðnar vonir við hana. Ef hún verður til þess að Evrópusambandið verður lýðræðislegra finnst mér verulega ástæða til þess að við skoðum hugsanlega aðildarumsókn.

Varðandi öryggi í Evrópu tel ég auðvitað mikilvægast að austantjaldslöndin og Mið-Evrópulöndin fari í Evrópusambandið. Þar er einmitt mesta óöryggið. Ég held að það mundi ekki breyta mjög örygginu í Evrópu þótt Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu.

Varðandi norska embættismenn gætti nokkurs misskilnings í spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég var þar að vitna til Evrópuráðstefnu Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn en ekki til ráðstefnunnar í Torino. Ég veit því miður ekki hvað Norðmenn eru með marga embættismenn í Torino þannig að ég get ekki tjáð mig neitt um það. En það var mjög áberandi á þessari ráðstefnu í Kaupmannahöfn hvað Norðmenn voru þar með marga embættismenn. Það er auðvitað stutt fyrir þá að fara en maður fær sterklega á tilfinninguna að hugsanlega kunni þá innst inni að svíða að hafa ekki gerst aðilar að Evrópusambandinu.

[17:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta ágæta svar og ég gleðst yfir því umburðarlyndi sem hv. þm. sýnir hæstv. forsrh. vegna þess að hann þarf á því að halda á þessum síðustu og verstu vikum í lífi sínu. Að öðru leyti vil ég líka segja, herra forseti, að mér finnst dálítið merkilegt að hlýða á mál hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og tengja það við þennan örstutta kafla sem hæstv. utanrrh. hefur í ræðu sinni um Evrópusambandið. Mér finnst að verið sé að reisa þar allt annað flagg en verið hefur yfir Framsfl. til þessa. Ég fæ ekki betur séð en að það sé kominn vísir að stefnubreytingu hjá Framsfl. um þessi mál. Ég fagna því og tek eftir því að undir forustu hæstv. utanrrh. hefur tekist að sveigja Framsfl. talsvert af þeirri afturhaldsbraut sem hann var á áður gagnvart Evrópu. Ég minni á að það var einu sinni svo að hæstv. utanrrh. treysti sér ekki einu sinni til þess að rétta upp hönd til að styðja inngöngu landsins í Evrópska efnahagssvæðið sem allir viðurkenna nú að hefur fært okkur mikla hagsæld og á eftir að færa okkur enn meiri. Hins vegar sýnist mér nú að hann hafi þrátt fyrir allt brynjað sig þeim kjarki sem þarf til þess að sveigja Framsfl. ekki bara til fylgis við Evrópska efnahagssvæðið, sem hann gerir auðvitað, heldur líka Evrópusambandið og þá fer að sneiðast um hólmann a.m.k. þar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur barist síðustu árin og hæstv. forsrh. Ég fæ ekki betur séð eins og reyndar hefur verið vakin athygli á fyrr í dag en að það sé komin upp undarleg staða þar sem Framsfl. stefnir miklu hraðar í átt til Evrópu en Sjálfstfl. Ég tel Sjálfstfl. það til hróss og þessi viðhorf sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur birt í ræðu sinni eru henni sérstaklega til hróss. Hún er á góðri leið.

[17:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var svolítið þversögn í lok fyrra andsvars sem ekki er mitt að leiðrétta. Það er tvennt úr máli hv. frummælanda eða ræðumanns sem ég vildi gera að umtalsefni. Það er í fyrsta lagi það sem sagt var um herstöðvasamninginn við Bandaríkin, sem framlengdur var af hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn til fimm ára, og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir taldi þetta góðan samning sem tryggði varnir landsins og hefði auk þess jákvæð áhrif á atvinnulíf á Suðurnesjum.

Í fyrsta lagi spyr ég hv. þm.: Tryggja varnir landsins gegn hverjum? Hver er óvinurinn? Í öðru lagi: Er hv. þm. sannfærður um að hersetan á Suðurnesjum hafi orðið atvinnulífi á því svæði til góðs og áframhaldandi hernaðarumsvif séu það sem fólk á Suðurnesjum þurfi helst á að halda?

Annar þáttur sem ég spyr um varðar Schengen-samstarfið. Hv. þm. virðist treysta nokkuð mikið á þá útreikninga sem voru síðast bornir fram um þetta efni þrátt fyrir fyrirvara um óvissu. Ég vek athygli á því að húsameistari ríkisins ritaði nýlega grein í DV, þann 26. mars, þar sem hann mótmælir áburði um það að embætti hans hafi verið ónákvæmt í útreikningum en það hafði reiknað út þennan milljarð sem hv. þm. nefndi að það kynni að kosta að greina á milli umferðarstraums farþega og aðskilja þá frá vegna Schengen-aðildar og bendir á að það hljóti að hafa verið breytt forsendum ef menn ætla að ná lægri útkomu. Ég tel því að hv. þm. geti ekki verið þess fullviss að þessi heildarkostnaður vegna Schengen-aðildar sé eitthvað nálægt því sem hæstv. utanrrh. hefur síðast reitt fram. Það vantar mikið á að það mál hafi verið skoðað. Það kann að vera að hv. þm. þurfi að taka upp betlistafinn á nýjan leik ef betur er reiknað og áætlanir eru betur grundaðar.

[17:20]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var spurt: Tryggja varnir landsins gegn hverjum? Það er að minnsta kosti ljóst að hv. þm. hefur aldrei heyrt minnst á neitt sem heitir Sovétríkin og Rússland. Við vitum ekkert hvernig mál þar þróast í framtíðinni. Það er alveg hugsanlegt að okkur standi ógn af því svæði, það er alveg hugsanlegt þannig að ég tel Rússland ... (Gripið fram í.) ég vona að hv. þingmenn sperri eyrun og hlusti.

Varðandi atvinnumál á Suðurnesjunum sagði ég í ræðu minni að það þyrfti að skoða þau mál vegna afnáms einkaleyfis Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka á framkvæmdum. Ég sagði frá hvað markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Suðurnesja væri að gera jákvæða hluti. Það voru mín orð þannig að það hefur gætt einhvers misskilnings í skilningi hv. þm. á orðum mínum áðan.

Vegna Schengen-málsins er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég var óviss í upphafi um það mál vegna þess að kostnaðurinn átti að vera um það bil milljarður. Það kom mér verulega á óvart hvað það átti að vera kostnaðarsamt að byggja upp Keflavíkurflugvöll einungis vegna Schengen. En síðan þegar farið var að skoða þær teikningar eða þær kröfur sem þar voru gerðar, þá var hægt að lækka þennan kostnað verulega þannig að nú er ljóst að kostnaðurinn er um 250 millj. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað því hvort sá kostnaður verður hærri á endanum og hef engar forsendur til þess. En sú faglega ráðgöf sem við höfum þó fengið hingað til hljóðar upp á að þetta muni kosta um það bil 250 millj. og þess vegna er ég mun jákvæðari gegnvart aðild að Schengen eftir að hafa heyrt þá tölu.

[17:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Spurningin um aðildina að Schengen er greinilega peningamál í huga hv. þm. Ég tel að þetta sé fyrst og fremst pólitískt mál, spurningin um pólitísk tengsl og hvernig á þeim er haldið og hvernig innviðir þessa Schengen-samstarfs eru. En það er skynsamlegt hjá hv. þm. að hafa varnagla varðandi upphæðina því að þar eru áreiðanlega ekki kurl komin til grafar.

En varðandi varnirnar sem hv. þm. formaður Framsfl. reyndi að aðstoða þingmann sinn Siv Friðleifsdóttur að finna botn í, þá kom fram hjá hv. þm. að þar lifir Rússagrýla góðu lífi í huga hv. þm. löngu eftir að aðalandstæðingurinn, risaveldið í vestri, hefur lýst því yfir að frá Rússlandi stafi engin hætta að þeirra mati. En hv. þm. heldur því fram sem meginrökum fyrir því að haldið er uppi hernaðarviðbúnaði í Keflavík séu Sovétríkin eins og hv. þm. sagði, væntanlega þá afturgengin, eða Rússland.

Hér komum við, virðulegur forseti, einmitt inn á það sem býr í huga margra sem sakna kalda stríðsins, stuðningsmanna Atlantshafsbandalagsins og herstöðvarinnar í Keflavík og eru ekki eins hreinskilnir eins og Bandaríkjamenn en eru enn þá að leita að óvininum og grípa þá í gamla hálmstráið alveg burt séð frá því hvað hefur gerst á þeim tíma sem liðinn er. Þetta er mjög athyglisvert en hitt kann líka að vera að það verði niðurstaðan að byggt verði upp nýtt járntjald í Evrópu fyrir tilverknað Atlantshafsbandalagsins og þeirra sem þar bíta í skjaldarrendur með því að króa Rússland af í stað þess að reyna að treysta böndin og koma í veg fyrir að Evrópa skiptist á nýjan leik upp í tvær hagsmunaheildir þar sem hernaðarátök eru ekki útilokuð í framtíðinni.

[17:25]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alls ekki þannig að ég sakni kalda stríðsins. Ég tók Rússland einungis sem dæmi. Ég tel að það sé eðlilegt að við höfum varnir á Íslandi. Við höfum ekki her. Við höfum samning við Bandaríkjamenn um okkar varnir þannig að ég fagna þeim samningi sem utanrrh. okkar hefur náð fyrir okkar hönd til fimm ára og tel hann eðlilegan.

Varðandi Schengen-málið er ekki rétt að ég telji þetta einungis peningamál, alls ekki. Þetta er að sjálfsögðu líka pólitískt mál. Hins vegar finnst mér í ljósi þess hvernig fjárhagsstaða okkar er á Íslandi í dag að milljarður í uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli vegna Schengen fannst mér vera nokkuð há upphæð sem olli því að mér fannst óvíst hvort við ættum að fara út í Schengen vegna kostnaðar. Hins vegar aftók ég það aldrei að þótt við hefðum þurft að borga milljarð að við færum í Schengen. En það skiptir verulegu máli. Við erum í vissum aðhaldsaðgerðum í fjárlögum ríkisins þannig að milljarður vegna Schengen fannst mér sjokkerandi há upphæð.

[17:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að gera fyrst að umtalsefni form umræðunnar. Ég sakna þess að hér skuli ekki vera til umfjöllunar a.m.k. einu sinni á hverjum vetri ítarleg skýrsla utanrrh. þar sem farið er sæmilega efnislega yfir helstu þætti utanríkismála og unnt er að gera grein fyrir hlutum með ítarlegri og vandaðri hætti en hægt er í ræðutexta sem taka má ekki lengri tíma en 30 mínútur að flytja. Það liggur í hlutarins eðli að það verður lítið meira en efnisyfirlitið ef á að gera öllum helstu þáttum utanríkismála, átakasvæðum í heiminum, viðskiptamálum, utanríkisviðskiptum, samningum og öðru slíku einhver viðhlítandi skil. Þetta var leyst bærilega að mínu mati á árum áður í allmyndarlegum skýrslum sem utanrrh. lögðu fyrir þingið og voru oft brúkleg gögn. Hvort sem menn voru sammála einstökum áherslum sem þar komu fram eða ekki var yfirleitt miklar upplýsingar að finna um stöðu mála, gerð grein fyrir afstöðu okkar, þátttöku í helstu alþjóðastofnunum o.s.frv. Ég tel tvímælalausa afturför að umræðan skuli nú byggja á þessu þó að ræður sem slíkar geti verið góðra gjalda verðar og ágætar, eru það ekki endilega eins og þetta dæmi sannar, stundum býsna innihaldslausar jafnvel þó að það taki 30 mínútur að flytja þær. En ég mælist eindregið til þess að hæstv. forseti og forustan í þinginu ræði þau mál við hæstv. ráðherra á komandi þingum að horfið verði til fyrra horfs í þessum efnum.

Í öðru lagi um aðstæður almennt í alþjóðamálum, þá skiptast þar eins og oft áður á skin og skúrir. Það er vissulega svo að ýmislegt hefur þróast í jákvæða átt og margt mjög svo á sl. 5–10 árum. Flestir fagna breytingum í Evrópu, falli járntjaldsins og einhverri von um lýðræðislegri stjórnunarhætti í austanverðri álfunni. Menn fagna þeim viðamiklu afvopnunarsamningum, sem tekist hafa milli stórveldanna, og menn fagna alþjóðlegum samningum um framlagningu samnings um bann við frekari útbreiðslu kjarnavopna og öðru slíku sem telst til hinna jákvæðu tíðinda í heimsmálunum. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að það er afar vafasamt að unnt sé að kalla heiminn að öllu leyti öruggari í dag en hann var fyrir 10 árum þrátt fyrir þetta, því miður. Því valda mikil svæðisbundin átök, því veldur uppgangur ýmiss konar öfgahreyfinga og því valda ýmsar fleiri aðstæður sem gera það að verkum að ástandið er víða viðsjárvert og á það erum við m.a. minnt harkalega þessa dagana.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um stöðu mála í austanverðri Evrópu eins og fleiri ræðumenn hafa gert og hæstv. ráðherra lítillega í ræðu sinni. Ég held að mál séu þar að mörgu leyti miklu viðsjárverðari en menn hafa almennt viljað vera láta.

Hlutir eins og stækkun Evrópusambandsins til austurs og stækkun Atlantshafsbandalagsins eru settir með jákvæðum formerkjum og sumir setja nánast engin spurningarmerki við að framgangur í þá veru hljóti að vera einhliða í rétta átt. Ég held að hér þurfi menn að vanda sig mjög og rasa ekki um ráð fram bæði hvað það snertir að vekja ekki með ríkjunum um austanverða Evrópu óraunhæfar væntingar og vonir um að þeirra vandamál verði leyst á einu bretti með þessum hætti. Það mun ekki gerast þannig. Að hinu leytinu til verða menn

að passa það enn þá frekar að búa ekki til forsendur sem fela í sér nýja skiptingu Evrópu. Það getur hver maður sem fer og reynir að setja sig inn í aðstæður á þessum svæðum — ræðumaður var m.a. í Litáen fyrir nokkrum dögum síðan og reyndi aðeins að átta sig á hvernig landið lá þar — skynjað hættuna á því að til komi ný skipting Evrópu og jafnvel hatrammari hinni fyrri ef illa tekst til. Þá er ég í grófum dráttum að tala um evrópskt/slavneskt járntjald sem mundi vera nokkur hundruð kílómetrum austar í grófum dráttum en það gamla var. Slík hætta er þarna og hún vakir í þessu máli ef mistök verða og mönnum tekst ekki að halda skynsamlega á þessu.

Ég held líka að það sé afar vandmeðfarið, um leið og reynt er að styðja sjálfsagða og eðlilega viðleitni Austur-Evrópuríkja til að komast nær Vestur-Evrópuríkjum og í þeirra hóp bæði hvað varðar stjórnmálaleg tengsl, efnahagsþróun og annað því um líkt, að gefa þar óraunhæfar væntingar. Ég óttast að aðild að Evrópusambandinu og aðild að NATO sé að verða einhvers konar hálmstrá sem menn grípa nú til í örvæntingu sinni um austanverða Evrópu vegna þess að batinn hefur látið á sér standa þrátt fyrir þær breytingar sem þar hefur verið reynt að gera á undanförnum árum með vestrænni forskrift. Það hefur ekki reynst fara þannig að með kapítalismanum fengju allar Austur-Evrópuþjóðirnar sjálfkrafa amerísk lífskjör. Það gerist ekki þannig. En þann misskilning held ég að margir hafi lagt í það að verða vestræn þjóð eða evrópsk, að þar með fylgdu sjálfkrafa á einu bretti öll þau hlunnindi sem því eru samfara að teljast til vestrænna þjóða. Það er mikill misskilningur ef menn halda að svo sé. Það mun taka ár og áratugi að þróa mál þannig áfram í þessum ríkjum sem búa við skort á lýðræðishefð, búa við afar veika stjórnsýslu, í mörgum tilvikum ónýtt réttarkerfi, þar sem glæpastarfsemi veður uppi og þar sem efnahagsbati hefur mjög látið á sér standa nema þá til handa mjög fámennri yfirstétt. Ég sé ekki að 90–95% alþýðunnar í austanverðri Evrópu sé í sjálfu sér hótinu betur sett en áður var en hitt er ljóst að fámenn yfirstétt er orðin þar vellrík. Það er væntanlega ekki það sem við sum hver hér inni getum glaðst sérstaklega yfir. Þarna eru hlutir því miður alls ekki allir þannig að um einhlítt jákvæða þróun sé að ræða.

Í öðru lagi herra forseti, þá get ég ekki tekið hér til máls um utanríkismál heldur en að harma þau dapurlegu tíðindi sem hæstv. utanrrh. boðaði til blaðamannafundar út af, að honum hefði tekist að framlengja samning um dvöl ameríks hers eða erlends hers hér í landinu. Satt best að segja finnst mér það alltaf sérkennilegt þegar menn koma hér í ræðustólinn og slá því upp sem sérstaklega jákvæðum og merkum tíðindum að tekist hafi að semja um áframhaldandi vígbúnaðarsóun í landinu í algjöru tilgangsleysi. Það dapurlegasta af öllu er auðvitað sú staðreynd að það blasir við að þessi vígbúnaður er hér ekki lengur sérstaklega vegna áhuga hins erlenda herveldis heldur af efnahagslegri nauðhyggju þeirra manna sem sjá engin önnur úrræði en að vera á mála, a.m.k. að þessu leyti. Ég hefði talið meiri manndóm að því hjá hæstv. utanrrh. að leggja fyrir þjóð og þing áætlanir um það hvernig brottför hersins yrði háttað og endurreisn atvinnulífs á Suðurnesjum í kjölfarið.

Af sama toga eru viðbrögð hæstv. utanrrh. við frv. sem ég er 1. flm. að og rætt var sl. föstudag sem felur í sér það efni að friðlýsa Ísland og íslenskt yfirráðasvæði fyrir kjarnorku og eiturefnavopnum. Þá bregður svo við að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. kemur hér í ræðustól og finnur þessu allt til foráttu. Hann lýsir sig andvígan frv. þar sem í því fælist jafngildi þess að við yrðum að segja okkur úr NATO. Hæstv. utanrrh. skuldar okkur að mínu mati enn skýringar á því hvað er svona ósamrýmanlegt í þessum efnum ef á annað borð á að taka mark á því að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust land og það standi ekki til og sé ekki í áætlunum Atlantshafsbandalagsins að misvirða þá íslensku stefnu.

Um sjávarútvegsmál væri margt hægt að segja. Um þau er lítilega fjallað, hafréttarmál og annað því um líkt í þessari ræðu. Ég vil þó staldra við nokkra þætti, fyrst og fremst tilkomu úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna. Ég harma að dráttur hefur orðið á því að við Íslendingar leggjum fram fullgildingarskjöl gagnvart þeim samningi. Ég er þeirrar skoðunar að við hefðum tvímælalaust átt að keppast við að vera í hópi fyrstu þjóða sem fullgiltu samninginn. Ekki vegna þess að það mundi í sjálfu sér breyta neinu á meðan hann hefur ekki tekið gildi og ekki vegna þess að í samningnum sem slíkum felist ákvæði sem færi okkur sjálfkrafa eða einhliða einhver réttindi heldur vegna hins að ég held að við eigum jafnan að keppa að því að vera í fararbroddi þeirra þjóða sem þróa hafréttinn og reyna að túlka hann og beita honum í sína þágu. Þessi samningur er staðreynd, hann verður að veruleika, það mun tilskilinn fjöldi ríkja fullgilda hann þannig að við förum fyrr eða síðar að starfa á grundvelli hans sem þjóðaréttar. Þess vegna segi ég: Við skulum þá bara gera það strax. Og ég hvet til þess að þeirri vinnu verði hraðað.

Sömuleiðis er starfandi nefnd um úthafsveiðimál sem einnig þyrfti að fara að ljúka störfum og hér þarf að setja ný lög um veiðar utan efnahagslögsögu. Það hefur orðið svo gífurleg þróun í þeim efnum að það er meira en tímabært að gömul og fátækleg lagaákvæði frá 1976 verði endurskoðuð og við fáum sæmilega nútímalega löggjöf um þessi mál sem a.m.k. að einhverju leyti endurspegla þá gríðarlegu breytingu og þróun sem orðið hefur í þessum efnum, ekki hvað síst hvað Ísland áhrærir á sl. 5–6 árum.

Það er ekki tími til að fara yfir einstök deilumál á þessu sviði svo sem deilur okkar við Norðmenn vegna fiskveiða í Smugunni í Barentshafi eða samningaviðræðna um síld, enda er það viðfangsefni nokkuð kunnugt. Ég minni líka á réttaróvissuna á Svalbarðasvæðinu og nauðsyn þess að við Íslendingar látum ekki okkar hlut í þeim efnum. Ég tel til að mynda brýnt að íslensk skip reyni við rækjuveiðar á Svalbarðasvæðinu og skaði að ekki hefur orðið af því nú þegar. Nú eru þar erlend skip við veiðar og að sögn afla sum þeirra sæmilega. Ég minni á Hatton-Rockall svæðið og þær kröfur sem við Íslendingar eigum tvímælalaust að reisa til ítaka á því svæði. Það er ljóst að Bretar gera sér grein fyrir því að réttarstaðan á Hatton-Rockall svæðinu mun breytast þegar alþjóðahafréttarsamningurinn gengur í gildi af þeirra hálfu. Um að vitnar m.a. frægur dómur í máli togara sem tekinn var að veiðum á því svæði.

Að síðustu vil ég nefna í þessu samhengi samstarf okkar Íslendinga við næstu nágrannaþjóðir okkar. Ég held að þróunin í hafréttarmálum og hvað varðar sjávarútvegsmál og fiskveiðimál á síðustu árum hafi stóraukið mikilvægi þess og nauðsyn þess að við tökum upp miklu nánari samvinnu við næstu nágranna okkar í austri og vestri. Að mínu mati á að athuga þann kost mjög gaumgæfilega að Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar komi á fót svæðisstofnun um málefni fiskveiða hér í sínum heimshluta. Það er á fjöldamörgum sviðum sem þessar þjóðir þurfa að ná saman og

standa saman út á við gagnvart kröfugerð annarra ríkja. Nærtækt dæmi þar um er auðvitað Reykjaneshryggurinn. Það eru fjölmargir sameiginlegir fiskstofnar sem við eigum með þessum þjóðum, einkum og sér í lagi Grænlendingum. En ég tel að svæðisstofnun, m.a. reist á grundvelli ákvæða úthafsveiðisamningsins sem gerir ráð fyrir því að tvær eða fleiri þjóðir geti stofnað til slíkrar svæðasamvinnu, milli Íslands, Grænlands og Færeyja, sé kostur sem beri að athuga mjög vandlega á næstu missirum í þessu sambandi. Það er að mínu mati enginn vafi á því að það getur reynst íslenskum hagsmunum geysilega dýrmætt að hafa gott og milliliðalaust samstarf, skipulagsbundið samstarf við þessar þjóðir. Við búum að mjög jákvæðum samskiptum við Færeyinga frá fornu fari og njótum þess að við sýndum skilning á þeirra stöðu þegar íslenska landhelgin var færð út og þeir misstu hér mikla veiðimöguleika. Og ætli það sé ekki einmitt að koma á daginn nú að sá skilningur hafi borgað sig margfalt í þeirri jákvæðu samstöðu sem tekist hefur með okkur og Færeyingum í síldardeilu við Norðmenn og Rússa. Þær verða hjáróma raddir hagsmunagæslumannanna sem kröfðust þess á undanförnum árum að svipta Færeyinga veiðiheimildum í íslenskri efnahagslögsögu þegar hvað verst stóð á í efnahagslífi þeirrar þjóðar í ljósi þess sem síðan hefur gerst. Ætli það sé ekki þannig að við sem stöðum í því á þeim tíma að verja þessar veiðiheimildir Færeyinga getum með nokkru stolti sagt að það hafi reynst vera rétt afstaða. Það held ég.

Að síðustu, herra forseti, væri gaman að hafa tíma til að ræða aðeins málefni Evrópusambandsins og þá spurningu sem hér hefur af einhverjum verið tekin upp í umræðunni, þ.e. hvort að við Íslendingar eigum að leggja inn umsókn um aðild að þeim klúbbi. Mitt svar er jafnafdráttarlaust nei við því eins og það hefur verið hingað til. Það er fróðlegt fyrir þá sem fýsir þarna inn, eða að minnsta kosti í að gera einhverja tilraun með fyrirtækið Ísland hf. í þessu sambandi, að lesa t.d. Morgunblaðið í dag og útkomu Breta í sambandi við sameiginlegu fiskveiðistefnuna og hvernig þeir standa varnarlausir og berskjaldaðir gagnvart kvótahoppinu út úr Bretlandi. Þannig að það er ekki nóg með að fiskveiðiþjóðir Evrópusambandsins semji sig inn á bresk fiskimið á fullri ferð alveg upp að 12 mílum heldur eru 20% kvótanna sem Bretar höfðu þó sjálfir komin til útlanda í gegnum kvótahoppið og dómar hafa gengið þannig að Bretar eru varnarlausir í þessu sambandi. Ætli mönnum sé ekki hollt að fara pínulítið yfir slíka hluti áður en þeir gerast of stórkarlalegir eða stórkvenlegir í yfirlýsingum hér um að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu?

[17:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins út af ummælum hv. þm. að það sé einungis áhugamál okkar Íslendinga að hafa nauðsynlegan varnarviðbúnað hér á landi og það sé ekkert áhugamál annarra þjóða. Það ekki rétt. Það er almenn skoðun innan Atlantshafsbandalagsins að hér þurfi að vera lágmarks viðbúnaður. Það er jafnframt skoðun Bandaríkjamanna. Þannig að um þetta ríkir ágætis sátt. Það er út í hött að mínu mati að halda því fram að þessar kröfur séu settar fram eða þessi niðurstaða sé fengin í ljósi áhuga á efnahagslegum hagnaði Íslendinga. Svo er alls ekki og ég vil að það sé alveg skýrt í þessum umræðum.

Að því er varðar Ísland sem kjarnokuvopnalaust og efnavopnalaust svæði þá er stefna Íslendinga og íslenskra stjórnvalda mjög skýr í þeim efnum og hefur alltaf verið, að hér séu hvorki kjarnorkuvopn eða efnavopn. Þessari stefnu hefur verið fylgt mjög fast fram. Um það hefur verið rík samstaða á Alþingi. Það sem ég hef hins vegar sagt er að ég tel að það frv. sem hér hefur verið flutt hjálpi ekki í þessu máli og það muni ekki verða til þess að færa okkur nær því marki að losna við kjarnorkuvopn og efnavopn í heiminum. En það breytir því ekki að það er stefnan að hér verði ekki kjarnorku- og efnavopn. Þetta frv. samrýmist ekki skuldbindingum okkar innan Atlantshafsbandalagsins hvort sem okkur líkar betur eða verr. Svo á við um aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins enda hefur slík löggjöf ekki verið samþykkt eða flutt í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Svo einfalt er það mál þó ég virði að sjálfsögðu þann vilja sem kemur fram í þessu frv. Hér eru aðstæður bara allt aðrar en á Nýja-Sjálandi sem mikið hefur verið vitnað til. Það er alveg út í hött að mínu mati að yfirfæra aðstæður þar yfir á þennan heimshluta.

[17:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segir að áhuginn á því að hafa hér herinn sé ekki eingöngu íslenskur heldur sé þetta almenn skoðun innan Atlantshafsbandalagsins. Sem sagt: Hér skal vera her þótt enginn finnist óvinurinn. Nú er hins vegar vitað að t.d. innan Bandaríkjahers eru mjög skiptar skoðanir um það hvort það þurfi yfir höfuð að vera að hafa hér her og herstöð. Ég læt mér nægja að vitna þar í hinar frægu fréttir Morgunblaðsins, sem sendi fremsta rannsóknarblaðamann sinn, Agnesi Bragadóttur, til Bandaríkjanna og birti miklar fréttir af því að ákveðnar deildir Bandaríkjahers væru orðnar þeirrar skoðunar að það væri bara peningasóun að vera að reka þessa herstöð uppi á Íslandi.

Það kann að vera að eftir sem áður séu ákveðin öfl innan Bandaríkjanna sem vilja halda hér í einhvern viðbúnað. En margir fræðimenn á þessu sviði telja að áhugi Bandaríkjahers og NATO eins og komið er standi fyrst og fremst til þess að hér sé tiltæk ákveðin aðstaða. Menn sjái í sjálfu sér enga sérstaka þörf á því að halda hér úti her eða hafa hér árásarvopn geymd á hverjum tíma. Það liggur fyrir að áhersla íslenskra aðila á það að hér séu orrustuþotur, er í og með sprottin af því að þeim fylgja björgunarþyrlur og ákveðinn annar viðbúnaður. Það er ljóst að ef Bandaríkjamenn hefðu stigið skrefið til fulls og sent síðustu orrustuþoturnar heim eins og fréttir komu um að vestan að væri áhugi á, þá hefði ýmis annar viðbúnaður farið með. Þetta birtist mönnum þannig að það hafi verið það sem Íslendingar hafi verið að reyna að koma í veg fyrir með sendiferðum sínum vestur um haf og samningaumleitunum. Að það samrýmist ekki veru okkar í NATO að friðlýsa Ísland, þó að hér séu ekki kjarnorkuvopn og eigi aldrei að verða, er þversögn sem hæstv. utanrrh. þarf að útskýra betur fyrir okkur. Og líka þá það hvort að NATO eigi að ráða þessu. Er það þá þannig að Íslendingar hafi með aðild sinni að NATO afsalað sér sjálfstæði t.d. varðandi þætti eins og að friðlýsa sína lögsögu? Hvar liggur það? Í hverju felst það? Er það þá þrátt fyrir allt þannig að enn sé uppi á borðinu sú stefna NATO sem við erum nauðbeygðir til að undirgangast og felur í sér að NATO megi gera sín stríðsplön miðað við það að nota einnig íslenskt yfirráðasvæði hvað kjarnorkuvígbúnað snertir, eða hvað?

[17:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nú vera aðalatriðið hér séu hvorki kjarnorkuvopn eða efnavopn. Það hafa sumir mikla trú á

löggjöf og að löggjöf geti bjargað öllu. Það mun litlu máli skipta hvaða lög eru hér á landi ef til stríðsátaka kemur í heiminum, því miður. Það er alveg ljóst að þetta er stefna íslenskra stjórnvalda og ég tel að það sé ástæðulaust að snúa út úr því. En það er mín skoðun og margra annarra að þetta frv. muni ekkert hjálpa í þessum málum, síður en svo. Við þurfum að sjálfsögðu að vinna að afvopnun og útrýma kjarnorkuvopnum og efnavopnum á alþjóðlegum vettvangi og beita áhrifum okkar innan Atlantshafsbandalagsins í samstarfi þessara þjóða. Þar höfum við veruleg áhrif og getum haft þau. En við þurfum að sjálfsögðu að gangast undir sameiginlega stefnu þeirra samtaka sem við göngum í. Ef við gerum það ekki þá liggur það beint við að fara úr þeim. Hitt er svo allt annað mál að við getum beitt áhrifum okkar til að breyta stefnunni og að því munum við vinna.

Að því er varðar það sem hv. þm. sagði um árásarvopn þá er hér um varnarviðbúnað að ræða. Ég bendi á að það er viðsjárvert í þessum heimi í dag. Þótt að kalda stríðið heyri sem betur fer sögunni til, þá fyrirfinnst hryðjuverkastarfsemi og margt annað sem gerir öryggi okkar þannig að við verðum að hafa hér einhvern viðbúnað. Það er aldrei að vita hvað gerist í þessum heimi eins og staðan er nú og að hér sé enginn viðbúnaður til þess að taka á móti einu eða neinu, tel ég ekki samræmast þeim aðstæðum sem eru í heiminum. Það má vel vera að hv. þm. telji að við þurfum ekki að vera í NATO og hér þurfi ekki að vera neitt samstarf við einn né neinn. Við getum bara verið upp á okkur sjálfa komnir. Ég er því miður ekki þeirrar skoðunar. Ég vildi að heimurinn liti þannig út, en hann gerir það bara ekki.

[17:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Skyldu þau nú ekki hafa veitt þeim öryggi á sínum tíma í Bosníu, öll vopnin sem þar voru? Ætli sagan kenni okkur ekki að það er ekki endilega þannig sem menn verða öruggastir og lifa helst af, að hrúga utan um sig vopnum og vígtólum? Ef það er eitthvað sem hægt er að læra af gangi mannkynssögunnar þá held ég að það sé fyrst og fremst það að vopn hafa á endanum tilhneigingu til þess að þau séu notuð. Það er bara þannig enda liggur það í eðli málsins að þannig er. Sjálf hugsunin á bak við þau hlýtur að fela það í sér að það er tilgangslaust að vera með þau nema jafnframt fylgi vilji til að nota þau. Ég er ekkert að mæla fyrir því að Íslendingar hafi ekki lögreglu eða einhvern viðbúnað til að gæta t.d. landamæra sinna á þessum eina millilandaflugvelli sem við höfum og einu höfn þar sem koma farþegaskip. Það er nú ekki mjög flókið mál satt best að segja. Það má aðeins á milli vera hvort hér er samningsbundið að séu t.d. fjórar F-16 orrustuþotur hið minnsta sem geta borið hin fjölbreytilegustu vígtól eða hins að hér sé haldið uppi einhverri öryggisgæslu og eftirliti, hér sé lögregla og annað því um líkt sem á að geta tekið við því sem að gæti steðjað og ekki flokkast undir meiri háttar árásir eða hernað.

Varðandi trú á löggjöf þá held ég að það sé alveg augljóst mál að friðlýsing með löggjöf, víðtækri löggjöf gæfi stöðu Íslands í þessu efni allt annan svip en sú einfalda þingsályktun sem fyrir liggur og er í raun og veru eina opinbera samþykktin um það að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Ágæt sem sú samþykkt er þá er auðvitað augljóst mál að ef þetta væri fest í lög og helst í stjórnarskrá sem ég vildi sjá að gerðist, að í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins kæmu ákvæði sem bönnuðu hér um aldur og ævi og alltaf kjarnorkuvopn og eiturefnavopn, umferð kjarnorkuknúinna farartækja og annað því um líkt, þá er það allt annar frágangur á málinu hvað sem menn svo segja um stöðuna út á við og möguleika okkar til þess að fá aðra til að bera virðingu fyrir slíkum samþykktum. Við munum sem smáþjóð hvort sem er ekkert ráða neinu í þeim efnum og það má alveg færa fyrir því rök að okkar sterkasta vörn sé sú að reyna jafnan að tefla fram friðsamlegum aðferðum og lausnum í deilumálum en ekki ofbeldinu og valdinu, vegna þess að þar hljótum við alltaf að verða undir. Þar verða smáþjóðirnar undir, það er svo einfalt mál. Þess vegna ber þeim að vera boðberar friðsamlegra lausna í deilumálum þjóða umfram öllum öðrum.

[17:52]

Útbýting þingskjala:

Háskóli Íslands, 217. mál, nál. 2. minni hluta menntmn., þskj. 834; brtt. 2. minni hluta menntmn., þskj. 856.

Háskólinn á Akureyri, 218. mál, nál. 2. minni hluta menntmn., þskj. 834; brtt. 2. minni hluta menntmn., þskj. 857.

Þungaflutningar á þjóðvegum, 417. mál, svar samgrh., þskj. 846.

[17:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég má til í upphafi máls míns að lýsa yfir sérstakri ánægju minni með að yngstu konurnar á Alþingi hafa verið virkar í þessari umræðu. Það er athyglisvert að báðar fengu þær andsvör við ræðum sínum, einmitt vegna viðhorfa um Evrópusamstarf. Ég verð að segja eins og er að þessar ungu konur hafa þorað að setja fram persónulega skoðun sína og sannfæringu og ég vil sérstaklega þakka þeim fyrir þessar ræður. Mér finnst felast styrkur í því á hvern hátt þær fóru í umræðuna. Ég minnist daga í umræðum um utanríkismál á Alþingi þegar afar fáar konur tóku þátt í umræðunum. Sem betur fer hefur umræðan breikkað og þátttaka kvenna í henni aukist. Sjálf ætla ég ekki að fjalla um Evrópusambandið en ég hef sömu skoðun og annar þessara ungu þingmanna sem ég er að vísa til, nefnilega að við eigum að láta reyna á það með umsókn hvað er í boði fyrir okkur og taka síðan afstöðu.

Virðulegi forseti. Það er stiklað á stóru í þessari skýrslu. Það er víða komið við og þess vegna hægt að fara inn á mörg ólík svið í utanríkismálum og einmitt vegna eðlis umræðunnar, að við fáum afmarkaðan tíma hvert og eitt, þá er hætt við að í samfellu fari umræðan nokkuð út um víðan völl þar sem frá einum ræðumanni til annars er farið inn á gjörólík svið. Ég hefði e.t.v. valið að fara að einhverju leyti í umræðu um Norðurlandaráð. Ég ætla ekki að gera það. Það hafa verið gerðar mjög miklar skipulagsbreytingar á starfsemi ráðsins og ég bíð átekta eftir því hvernig þau mál munu þróast. Ég var ekki svo afskaplega bjartsýn á að það væri rétta leiðin að gera breytingar á Norðurlandaráði en ætla mér ekki að setja fram neina frekari skoðun á því hér og nú. En mig langar að fara örfáum orðum um samstarf sem Norðurlandaráð hefur beitt sér fyrir og var upprunalega tillaga hæstv. utanrrh., en það er samstarf á heimskautasvæðum. Nú hafa tvær ráðstefnur verið haldnar um þetta mál. Sú fyrri í Reykjavík og sú síðari í Kanada í Yellowknife. Ég bind miklar vonir við þetta samstarf og tel að það muni hafa þýðingu fyrir okkur. Þar sem ég sat báðar þessar ráðstefnur vil ég sérstaklega geta þess að það var alveg ljóst að það var hlustað á ráðstefnunni

í Yellowknife á rödd Íslands og afstöðu Íslands og að formaður Norðurlandanefndarinnar sem undirbjó ráðstefnuna, Geir H. Haarde, var okkur mjög styrkur fulltrúi.

Ég veit ekki hvort það hefur komið fram í umræðunni fyrr í dag að Rússland bauð til þingmannafundar í Salekhard, minnir mig, í síðasta lagi árið 1998 og það er mikill vilji fyrir því að þingmenn hittist áfram þó að það sé í raun og veru eingöngu verið að tala um ríkisstjórnarsamstarf þegar verið er að tala um heimskautaráð. Það ríkisstjórnarsamstarf var staðfest í Inuvik skömmu eftir fundinn í Yellowknife. Það er alveg ljóst að þingmannafundurinn vill þingmannastarf og nána samvinnu milli fastanefndar Norðurlandaráðs og heimskautaráðsins fyrirhugaða. Það var mjög slæmt á þessari ráðstefnu að fulltrúi Bandaríkjanna mætti ekki. Það voru boðuð forföll en ég held að viðstaddir hafi talið að það væri ekki forföll heldur ekki vilji til að vera með.

Það er enginn vafi á því að það eru miklir hagsmunir okkar að fá öflugt samstarf á norðurslóð. Vísindarannsóknir í þessum heimshluta eru mikilvægar hvort heldur er til lands eða sjávar. Það er líka athyglisvert fyrir okkur að hlusta á raddir fulltrúa frumbyggja frá hverju landi og þeirrar reynslu sem þetta fólk miðlaði um afleiðingu mengunar. Þar kom fram að neysluvenjur þessa fólks eru mjög ólíkar neysluvenjum okkar og þau eru hætt að geta nýtt margar afurðir vegna mengunar. Einnig kom það fram að bæði land- og sjávardýr eru að hverfa af ákveðnum svæðum.

Ég vil líka sérstaklega geta þess af því í umræðunni hér er getið um alþjóðasamninga og þátt kvenna, að eitt af fjölmörgum atriðum sem samþykkt voru á þessum fundi var að í samvinnu við frumbyggja frá ýmsum svæðum heimskautasvæðisins verði þróuð margvísleg samstarfsverkefni og starfsemi á menningar- og sögulegu sviði og stuðlað að réttindum sem byggja á mannlegu gildi og fræðslu og eflingu félagslegra og efnahagslegra aðstæðna frumbyggja með sérstakri áherslu á þátttöku og framlagi kvenna. Þetta skiptir frumbyggjakonurnar miklu.

Virðulegi forseti. Ég mun í minni umfjöllun um utanríkismál fyrst og fremst huga að mannréttindamálunum og ég legg áherslu á að þó ég víki að ákveðnum löndum þá eigum við vissulega að láta í okkur heyra og til okkar taka alls staðar þar sem mannréttindi eru fótum troðin. Í skýrslunni er getið um friðar- og uppbyggingarstarf í Bosníu og þar segir að þjóðir leggist á eitt við að reisa Bosníu úr rústum eftir ófriðinn og gera henni kleift að taka sæti sem eitt af sjálfstæðum ríkjum Evrópu. Við tökum öll undir það. En það vekur mann til umhugsunar um hlut Íslands. Það er mjög gott að veita 110 millj. til uppbyggingarinnar. Við erum þá sambærileg við aðrar þjóðir. En mig langar að spyrja um annan stuðning. Við fjöllum allt of sjaldan um flóttamannavandamálið. Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var sett á laggir flóttamannaráð og það var endurnýjað að einhverju leyti með nýju fólki á vegum núverandi ríkisstjórnar. Þetta flóttamannaráð átti að hafa alhliða verkefni. Ákveðin stefnumörkun hafði verið sett fram um að taka árlega á móti 15–25 flóttamönnum.

Á sl. hausti setti flóttamannaráð fram tillögu í tveimur liðum. Í fyrsta lagi átti að taka á móti 15–25 manns á ári, svona 4–6 fjölskyldum og einhverjum einstaklingum, og í öðru lagi átti vegna vanda Bosníu að taka á móti allt að 30 manns svo fljótt sem auðið yrði. Ég minnist þess að hafa heyrt félmrh. koma fram með tillögu um að það kæmu allt að 25 Bosníubúar hingað og færu e.t.v. allir til Ísafjarðar. Ég hef ekki heyrt hvort ríkisstjórnin hefur sett fram stefnumörkun um árlegan kvóta og ég spyr utanrrh. hvort ríkisstjórnin ætli að bjóða upp á árlegan kvóta hingað.

Félmrh. hefur lýst því yfir að á meðan hann er í þessu embætti muni hann sjá til þess að hingað komi viss fjöldi árlega. En hvað með ríkisstjórnina? Það væri áhugavert að heyra um áform ríkisstjórnarinnar fyrir þetta kjörtímabil og hvernig á að standa að flóttamannamálunum, t.d. varðandi Rauða krossinn. Verður honum áfram falið að sjá um móttöku þessa fólks eða á að fela Ísfirðingum þetta mál? Það hef ég líka heyrt. Aðstoð við flóttafólk hefur hingað til verið af hálfu Rauða krossins þegar fólk hefur komið til búsetu og það hefur verið gott form. Rauði krossinn tók að sér afar mikilvægan þátt þegar Víetnamflóttafólkið kom um árið og skapaði sér ný heimkynni hér á Íslandi. Þá komu sjálfboðaliðar til liðs við Rauða krossinn til að mæta félagslegum og oft tilfinningalegum þörfum fjölskyldna og einstaklinga sem komin voru svo langt frá ættjörð sinni. Þá var stofnað til vináttu sem hefur staðið til fjölda ára í mörgum tilfellum. Ég hef átt viðræður við fólk sem starfar hjá Rauða krossinum og því sýnist að það sé óljóst núna hvernig staðið verði að málum. Svæðisskrifstofa Rauða krossins á Norðurlöndum, staðsett í Svíþjóð, hefur unnið gott starf og hefði gjarnan haft milligöngu um að fólk kæmi hingað frá Bosníu. Það var ekki notuð sú leið heldur var ákveðið að fara í gegnum Genf og á málinu hefur orðið mikil töf. Ég veit að það hefur verið rekið eftir því hjá Rauða krossinum að aðilar í Svíþjóð reyndu að ýta á þessi mál og þeir segja að það sé mjög mikil þörf þar, sérstaklega fyrir fólk í blönduðum hjónaböndum. Mér finnst mjög mikilvægt að frjáls félagasamtök og fólkið í landinu liðsinni við það þegar flóttamenn koma og ég spyr utanrrh. hver áform hans séu.

Ég batt mjög miklar vonir við stefnumörkun fyrrverandi ríkisstjórnar og fannst flóttamannaráðið fara vel af stað. Og ég tel að við eigum að taka á móti ákveðnum hópi fólks í nauðum á hverju einasta ári. Mig langar gjarnan að víkja að málum sem Amnesty-samtökin hafa lagt áhersu á og möguleika Íslands til að beita sér þar sem landið á aðild að alþjóðasamstarfi. Ég nefni dauðarefsingu en það er mikilvægt að berjast fyrir afnámi dauðarefsingar hvar sem er í heiminum og við allar aðstæður. Þar finnst mér að Íslendingar eigi að beita sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í viðræðum við fulltrúa allra ríkja sem enn beita dauðarefsingu. Ísland er eitt fárra ríkja sem hefur ákvæði í stjórnarskrá um algert bann við dauðarefsingu og Íslendingar eiga að vísa til þess ákvæðis í umræðum á alþjóðavettvangi. Ég vil geta þess að tölur um dauðarefsingar eru hrikalegar og af því að við höfum nýlega verið að fjalla um Kína þá var það þannig að þar voru aðeins 20 brot sem vörðuðu dauðarefsingu árið 1980. Nú varða 68 brot dauðarefsingu. Í fyrra fóru þar fram tæplega 3.000 aftökur.

Víst er áhugavert að heyra hverju er ábótavant í okkar málum varðandi stöðu flóttamanna en ef við lítum á mannréttindamál og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna þá virðist sem Íslendingar hafi ekki nýtt sér þá nefnd nægilega. Þeir eiga að taka virkan þátt í störfum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, hvort heldur sem þeir eru fulltrúar í nefndinni eða eiga þar áheyrn. Þeir geta beitt sér á þessum vettvangi fyrir bættri stöðu mannréttinda í samvinnu við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Varðandi yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um baráttu fyrir mannréttindum held ég að Íslendingar gætu í krafti smæðar sinnar og lýðræðisþróunar beitt sér afar vel í þessum málum. Ég

hvet líka til þess að Íslendingar styðji stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls á vegum Sameinuðu þjóðanna og beiti sér í því efni.

Virðulegi forseti. Þegar fjallað er um mannréttindabrot hvarflar hugurinn til ákveðinna landsvæða og þjóða og þar langar mig að nefna bæði Tsjetsjeníu og Kúrda. Tyrkir, sem eiga aðild að NATO, hafa ofsótt Kúrda hrikalega. Auðvitað hafa sömu ofsóknir gilt af hálfu Íraks og Írans en fyrir okkur skiptir máli að Tyrkland er NATO-ríki. Þarna er fótum troðið bæði lýðræði og mannréttindi. Staðreyndin er sú að þingmenn Kúrda á tyrkneska þinginu hafa bæði verið dæmdir og fangelsaðir. Sömuleiðis þekktir rithöfundar. Lítið er að gert til að beita sér gegn því að mannréttindi séu fótum troðin á þennan hátt. Þessir aðilar hafa eingöngu brotið það af sér að berjast fyrir rétti Kúrda. Þúsundir Kúrda hafa verið drepnir og það varðar við fangelsun að vinna að þeirra málum og krefjast lágmarksréttinda fyrir þá.

Kúrdar eru merk menningarþjóð sem berst fyrir tilveru sinni og hæstv. utanrrh. var spurður um það í haust hvort hann ætlaði að beita sér til hjálpar fangelsuðum kollegum sínum. Ég held að hann hafi ekki svarað þeirri spurningu og nú endurtek ég þessa spurningu: Mun ráðherra beita sér í þessum málum?

Við höfum í fjölmiðlum fylgst mjög vel með því sem er að gerast í Tsjetsjeníu og herferð Rússa inn í Tsjetsjeníu hefur frá upphafi einkennst af hrikalegum afleik eftir afleik. Tugir þúsunda óbreyttra borgara hafa látið lífið. Þarna hefur orðið gífurlegt eignatjón og gríðarleg eyðilegging. Her Rússa, sem heimamenn töldu mjög öflugan, hefur farið skammar- og sneypuför inn í Tsjetsjeníu og skoðanakannanir sýna að þetta hefur gengið nærri rússnesku þjóðinni. Venjulegir Rússar líta á það sem forgangsréttindi að stöðva stríðið við Tsjetsjeníu og þess vegna hefur Jeltsín forseti gefið út yfirlýsingu um að herinn verði dreginn til baka. Því miður eru þetta enn orðin tóm og engin pólitísk lausn í sjónmáli. Aðför Rússa í Tsjetsjeníu er ekkert annað en þjóðarmorð að mínu mati.

Forseti. Ég hefði kosið að fara einhverjum orðum um Mið-Austurlönd en í gær vorum við með utandagskrárumræður um það mál. Það hefði verið efni í langa utandagskrárumræðu að fjalla um þær hörmungar og það ofbeldi sem þar ríkir. Ég ætla að sleppa því.

Í lokin ætla ég að koma inn á það að mannréttindi eru kvenréttindi á sama hátt og kvenréttindi eru mannréttindi. Ég hef áður í utanríkisumræðu fjallað um mikilvægi stuðnings við konur í þróunarlöndunum. Það er staðreynd að 60% af fátækum til sveita í heiminum, sem er u.þ.b. 1 milljarður, eru konur. Tveir þriðju af ólæsu fólki í heiminum eru konur. Þeim hugmyndum vinnst alls staðar fylgi að það eigi að stuðla að svokölluðu tvenndarlýðræði í löndum heims. Það er alveg ljóst og flestir eru að komast á þá skoðun að því eingöngu verði lýðræði virkt í raun að svokallað tvenndarlýðræði komist á og þetta á við bæði heima og heiman. Þetta hugtak kom fram hjá mörgum ræðumönnum á félagsmálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn fyrir ári síðan.

Virðulegi forseti. Þótt seint gangi að koma því jafnréttishugtaki í framkvæmd við okkar landstjórn geri ég það að lokaorðum mínum að Ísland styðji sérstaklega við bakið á konum í þróunarlöndum í uppbyggingarstarfi sem þar fer fram.

[18:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í sambandi við flóttamenn þá hefur það ekki verið stefna íslenskra stjórnvalda hingað til að það sé ákveðinn kvóti á hverju ári að því er varðar móttöku flóttamanna. Það eru engin áform uppi um að breyta þar til. Það hafði hins vegar verið tekin ákvörðun um að taka á móti tilteknum fjölda flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu. Það má segja að við höfum e.t.v. verið dálítið sein á ferðinni í því sambandi en sem betur fer hefur komist á friður í landinu og nú beinist öll athyglin að því að koma þessu fólki til hjálpar og hjálpa flóttamönnum víðs vegar að við að snúa til síns fyrri heima. Að því beinist okkar athygli nú. Þess vegna hefur verið ákveðið að leggja að mörkum verulegt fjármagn í sambandi við þessi mál. Þar eru mörg verkefni til athugunar en efst á blaði er samvinnuverkefni við Alþjóðabankann og þannig taka Íslendingar ríkan þátt í uppbyggingunni innan ákveðinna marka í samvinnu við þá stofnun.

Í sambandi við Kúrda er það mín skoðun að við komum best til hjálpar í samvinnu við aðra. Ég gerði það að tillögu minni á síðasta fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna að Norðurlöndin sameiginlega sendu nefnd inn á svæðið til að fara yfir stöðu mála. Nú hefur því verið haldið fram að það hafi verið gert í nægilega ríkum mæli og það þurfi engra frekari athugana við. Ég tel að það væri mjög sterkt ef Norðurlöndin gerðu það sameiginlega til þess að við gerum okkur sem best grein fyrir ástandi mála þar og hvernig við getum komið þessu fólki til aðstoðar. Þetta hefur enn ekki orðið að veruleika en ég hef ekki breytt um skoðun. Ég tel að það væri rétt skref að Norðurlöndin stæðu sameiginlega að úttekt á þessum málum.

[18:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða ráðherrans um að Ísland hafi ekki verið með kvóta flóttamanna þá er það hárrétt. Ísland hefur líka í mjög skamman tíma verið með sérstakt flóttamannaráð. Ég held að það séu rúm tvö ár síðan hafist var handa við undirbúning að stefnumörkun Íslands um málefni flóttamanna. Meðal annars þess vegna var undirbúið að setja á stofn þetta flóttamannaráð sem skyldi fara yfir þessi mál og skoða á hvern hátt Ísland stæði að móttöku flóttamanna. Í því fólst ákveðin stefnumörkun sem og því hvernig flóttamannaráð var samsett. Það fékk mjög háan sess, getur maður sagt, sem nefnd eða ráð. Þessi nefnd setti það fram sem tillögu sína að hingað kæmi árlegur kvóti flóttamanna. Hún var að vísu ekki búin að því í tíð fyrri ríkisstjórnar en sú tillaga kom fram á sl. hausti. Það hefði þá verið eðlilegt að ríkisstjórn afgreiddi slíka tillögu eða tæki afstöðu til hennar því það var að sjálfsögðu meiningin með því að skipa flóttamannaráð að það fengi fulltingi til þess að vera með öfluga flóttamannastefnu eða koma henni á framfæri og fá við hana stuðning.

Varðandi orð ráðherrans um Tyrkland er ég alveg sammála því að Ísland eitt og sér gerir e.t.v. ekki mikið. En Ísland sem rödd mannréttinda sem beitir sér alls staðar þar sem möguleikar eru til að sýna fram á að þessi þjóð, vopnlaus, friðsemdar þjóð, beitir sér í þessum efnum þá á hún að nýta öll þau svið sem hægt er að koma á slíku samstarfi. Ég nefndi það að samkvæmt mínum upplýsingum hefur Ísland ekki verið mjög virkt á fundum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Um þessar mundir stendur t.d. yfir

fundur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf og samkvæmt mínum upplýsingum hafa fulltrúar Íslands ekki nýtt sér rétt sinn til að koma þar athugasemdum á framfæri. Það er alveg ljóst að þau lönd sem t.d. Amnesty International leggur mikla áherslu á að nefndin fjalli um eru Kína, Nígería, Kólumbía, Tyrkland og Indónesía. Þarna getum við orðið að liði og í þessari nefnd getur Ísland beitt sér og verið öflug rödd.

[18:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að Ísland á að beita sér í mannréttindamálum. En það er hins vegar ljóst að við höfum ekki mjög fjölmennt starfslið í okkar utanríkisþjónustu og við gerum best í því að reyna að beita okkur í samvinnu við okkar nágrannaþjóðir. En að sjálfsögðu eigum við að taka frumkvæði í málum eftir því sem ástæða er til. Mér er ekki kunnugt um að einhver sérstök gagnrýni hafi beinst að Íslandi í mannréttindanefndinni, það kemur mér á óvart. En það er sjálfsagt að koma því á framfæri en það verður náttúrlega líka að taka tillit til aðstöðu okkar í sambandi við þessi mál. Það má ekki gera slíkar kröfur að Ísland geti staðið jafnfætis stærstu löndum í Vestur-Evrópu í þessu sambandi hvað varðar upplýsingar og þekkingu á ástandi í einstökum löndum.

Vegna þeirra orða hv. þm. hér áður að málefnum kvenna hafi ekki verið nægilega sinnt og það var nú eitt af því sem var áðan gagnrýnt að ekki hafi verið nefnt í minni ræðu. Það er margt sem var ekki þar nefnt og konur voru þar ekkert sérstaklega nefndar en ég mótmæli því harðlega að þeim málum hafi ekkert verið sinnt af utanrrn. Íslands, bæði fyrr og síðar. Ég nefni undirbúninginn að því er varðar kvennaráðstefnuna, hvernig henni hefur verið fylgt eftir. Ég nefni að Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur stutt sérstök verkefni í sambandi við lestrarkennslu og fleira, á Grænhöfðaeyjum og í Namibíu. Við höfum styrkt UNIFEM á Íslandi að því er varðar verkefni í Andesfjöllum í Suður-Ameríku og margt fleira má nefna. Auðvitað má betur gera í þessum efnum. En það er rangt að þessum málum hafi ekkert verið sinnt og ég bið þá sem taka hér til máls að taka tillit til þess í gagnrýni sinni.

[18:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef enga burði til þess að hafa uppi gagnrýni á fulltrúa Íslands í mannréttindanefndinni. Ég upplýsti að ég hefði fengið þær upplýsingar því auðvitað er spáð í þessa nefnd og á þeim stað er fólk sem er að vinna að mannréttindamálum að skoða hvað kemur frá hverjum á Norðurlöndum. Ég benti á að mér hefði verið tjáð að fulltrúar okkar hefðu ekki nýtt sér þann rétt að koma á framfæri athugasemdum Íslands og þarna er vettvangur. Það er áhersla mín. Ég hef ekki gagnrýnt kvennapólitík í umræðu minni. Ég hef hins vegar sagt að ég hef áður í utanríkisumræðu fjallað um mikilvægi stuðnings við konur í þróunarlöndum. Ég hef gert það í hvert einasta skipti sem ég hef tekið þátt í umræðu hér og þetta er bara hlutur sem þarf að huga að alltaf og alls staðar vegna þess að það er viðurkennt að stuðningur við konur í þróunarlöndum er besti stuðningur við þróunarlönd. Ég sagði í lokaorðum mínum að þó seint gangi að koma því jafnréttishugtaki í framkvæmd við landstjórn okkar að svokallað tvenndarlýðræði ríki sem þýðir í raun og veru jafnrétti kynjanna við stjórnun lands, þá geri ég það að lokaorðum mínum að Ísland styðji sérstaklega við bakið á konum í þróunarlöndum í uppbyggingarstarfi. Það er ekki rétt að ég hafi gagnrýnt hér. Ég hef hvatt minn ráðherra þegar hann var í forustu fyrir utanríkismálum einmitt til þess að taka á þessum málum og er ófeimin að halda því fram að þá hafi verið gerðir mjög góðir hlutir á vettvangi utanríkismála hvað þetta varðar.

[18:18]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Síðasti hv. ræðumaður hóf mál sitt á því að þakka þingkonunum úr þeim yngri hópi hér fyrir þeirra ágætu ræður. En ég vilj byrja mitt mál á því að þakka hv. þm. fyrir mjög góða ræðu sem hún flutti hér. Og ég get tekið undir mjög margt sem fram kom í hennar máli en á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða langar mig til að beina sjónum að örfáum atriðum og þá er það fyrsta að mig langar til að nefna það sem kom fram fyrr í dag varðandi skýrslu utanrrh. Ég tek undir það að ég sakna þess mjög að við skulum hafa breytt því að ekki eru lengur lagðar fram nokkuð ítarlegar skýrslur um utanríkismál en þess í stað leggur hæstv. utanrrh. fram einungis ræðu. Þessar ítarlegu skýrslur sem við fengum á árum áður gáfu miklu meira færi á frjóum umræðum vegna þess að þar komu fram margvíslegar upplýsingar. Mér er það að sjálfsögðu ljóst að það þarf að leggja heilmikla vinnu í slíkar skýrslur en það er nú svo sjaldan sem við ræðum um utanríkismál að ég held að þessar skýrslur megi hreinlega ekki missa sín.

Í ræðu hæstv. utanrrh. kom fram það sjónarmið varðandi Sameinuðu þjóðirnar fyrst og fremst að við ættum þar að einbeita okkur að þeim málum sem snerta hagsmuni okkar, hagsmuni Íslands eins og hann komst að orði. Að hluta til get ég tekið undir þetta. Auðvitað eigum við að gæta hagsmuna okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en mér finnst þetta sjónarhorn þó allt of þröngt. Það vill svo til að við Íslendingar erum í hópi þeirra örfáu þjóða sem með einhverjum rétti geta talað máli mannréttinda. Og þó að það kunni að vera pottur brotinn í samfélagi okkar, þá er það þó ekkert miðað við það sem viðgengst, því miður, hjá allt of mörgum þjóðum. Við eigum þessa rödd og við eigum atkvæði og við getum beitt okkur og eigum að beita okkur hvar sem við getum í þágu mannréttinda. Ég verð að nefna það í því samhengi að mér finnst við alls ekki standa okkur nægilega vel í því. Ég nefni þá undarlegu umræðu sem hér á sér stað varðandi samskipti við Kína þar sem menn eru hálffeimnir við að ræða ástand mannréttindamála. Til meðferðar í utanrmn. er tillaga sem ég hef lagt fram um stuðning við þjóðina á Austur-Tímor og þar á í hlut Indónesía sem er eitthvert versta einræðisríki jarðarinnar. Sú umræða tengist öðrum þjóðum og við Íslendingar erum ekki einir um að taka ekki einarða afstöðu í því máli. Reyndar ætla ég að geta þess enn einu sinni að Ísland er í hópi örfárra þjóða sem alltaf hefur mótmælt ástandinu á Austur-Tímor og innrásinni sem þar var gerð en þar má betur. Því miður er þetta sjónarmið svo algengt að þegar viðskipti og auðlindir eru annars vegar víkja mannréttindin. Þetta er ópolandi og ég veit ekki hvernig okkur á að takast að bæta ástandið í þessum heimi ef þær þjóðir sem virkilega geta beitt sér láta viðskiptahagsmuni alltaf ráða för.

Hér hefur verið minnst á Kúrda og það hvernig Tyrkir ganga fram gagnvart þeim. Ég las nýlega grein og skýrslu um þau mál og mannréttindabrot Tyrkja eru aldeilis með ólíkindum og það er náttúrlega ekki aðeins innan NATO sem þeir sitja við hlið svokallaðra lýðræðisþjóða heldur einnig í Evrópuráðinu og það er með ólíkindum að þeir skuli komast

upp með þetta ár eftir ár. Það eru ekki eingöngu mannréttindabrot gagnvart Kúrdum heldur verða ýmsir fleiri fyrir barðinu á því stjórnarfari eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, svo sem blaðamenn, rithöfundar og listamenn og við þurfum ekki annað en að minnast mála Sophiu Hansen til að átta okkur á því hvers konar stjórnarfar og dómskerfi er í þessu ríki.

Hæstv. utanrrh. minntist á það áðan í andsvari að hann hefði lagt það til að Norðurlöndin sendu nefnd inn á svæði Kúrda til að kanna þar ástandið. Það er góðra gjalda vert en þessi mál hafa margsinnis verið til umræðu og meðferðar hjá Evrópuráðinu en einhvern veginn stoppar þetta alltaf. Það er því miður þannig að menn taka ekki á sig rögg. Rétt eins og menn hleyptu Rússum inn í Evrópuráðið þó að þeir stæðust ekki þær kröfur sem gerðar eru standa menn heldur ekki í því að víkja Tyrkjum úr Evrópuráðinu eins og ætti að gera því að þeir þverbrjóta þar allar reglur. Því miður er ástandið svona.

Þá langar mig að víkja sérstaklega að máli sem hefur ekki borið á góma í umræðunni í dag og það er viðskiptabannið á Írak. Þar er einnig um að ræða mál sem ég hef fylgst með af athygli og reyndar með mjög hryggum huga í allnokkur ár eða frá 1990. Síðast á sunnudaginn heyrði ég frétt í Ríkisútvarpinu frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kom að barnadauði hefur fjórfaldast í Írak frá því að viðskiptabannið tók gildi. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem fylgjast með ástandinu þarna eru að reyna að þrýsta á að slakað verði á þessu banni, það verði slakað þannig á að það takist þó a.m.k. að flytja inn lyf og matvæli þannig að það takist að stöðva þessa hörmulegu þróun og að ástandið verði með þeim hætti að það valdi ekki þessum mikla dauða sem bitnar fyrst og fremst á konum og börnum. Það er staðreynd að þetta viðskiptabann hefur ekki þau áhrif sem til er ætlast. Það er þrengt að þjóðinni, fyrst og fremst konum og börnum en sendinefnd, sem var nýlega í Írak og m.a. einn Íslendingur var í, varð þess vitni eða sá það glöggt að yfirstéttin og hópurinn sem er í kringum Saddam Hussein lifir í vellystingum praktuglega. Þeir hafa nóg af peningum og taka til sín þá peninga sem þeir þurfa en þjóðin sveltur og það eru konurnar og börnin sem líða. Ég trúi því ekki að ég sé eini þingmaðurinn hér sem hefur áhyggjur af þessu og horfi upp á þetta með hryggð og viðbjóði og ég trúi því heldur ekki að það séu ekki aðrir þingmenn en ég sem fá ýmiss konar upplýsingar um þessi mál víða að. Fyrir Alþingi liggur einnig tillaga um það að Ísland beiti sér í þessu máli og ég skora á hæstv. utanrrh. að kynna sér þetta mál sérstaklega og að beita sér í þá veru að það verði a.m.k. séð svo til að börnin fái mat og lyf. Það getur ekki verið tilgangur Sameinuðu þjóðanna, sem gegna því hlutverki að standa vörð um frið í heiminum, að svelta þessa þjóð til dauða því að þarna er á ferðinni þjóðarmorð. Þetta er alveg hörmulegt upp á að horfa.

Þá vil ég koma í örfáum orðum inn á Schengen-málið og það sem ég ætla að reifa snýr fyrst og fremst að okkur Íslendingum. Ég hjó eftir því í umræðum um Schengen fyrir u.þ.b. viku að hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson vakti þar athygli á athugasemdum Flugleiða um þetta mál og það hvernig Schengen-samkomulagið myndi koma við hagsmuni Flugleiða. Svo vildi til að ég hitti einn af forráðamönnum Flugleiða í síðustu viku og hann lýsti því fyrir mér hvað forráðamenn Flugleiða væru gífurlega áhyggjufullir yfir þessu máli vegna þess að það gæti einfaldlega þýtt að kerfi Flugleiða mundi hrynja, Atlantshafsflugið mundi hreinlega hrynja. Þeir hafa sent bréf til ráðherra og ýmissa ráðamanna en mér heyrðist á þessum forráðamanni að það væri alls ekkert hlustað á sjónarmið þeirra. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hefur hann kynnt sér sjónarmið Flugleiða hvað þetta varðar og hvort ekkert eigi að hlusta á það sem þetta stóra og mikilvæga fyrirtæki er að segja. Skiptir það ekki máli hvort að þetta samkomulag verði til þess að þetta fyrirtæki hrynur hreinlega? Ég verð að lýsa því sem skoðun minni að þetta blessaða vegabréfasamband skiptir mig sáralitlu máli. Ég get ekki séð að heimurinn hrynji þó maður þurfi að sýna vegabréf hvort það er í Kaupmannahöfn eða Lúxemborg eða hvar sem er og mér finnst þetta vera farið að lykta af eins konar þráhyggju þegar menn eru alltaf með það sem meginröksemd að við eigum að vera með hvað sem það kostar.

Ég hvet hæstv. utanrrh. til að kanna þetta mál sérstaklega, að menn geri sér grein fyrir því á öllum vígstöðvum hvað þetta samkomulag þýðir. Það þýðir ekkert að segja við þetta stóra fyrirtæki: „Þið reddið þessu bara einhvern veginn." Þetta er mikið og samtengt kerfi flugleiða hér yfir Atlantshafið sem tengist miklum tímaáætlunum og tengingum og það eru takmörk fyrir því hvað menn geta flogið lengi hvenær er hægt að lenda og fljúga af stað. Þetta er mál sem ég vil hvetja þingheim til að skoða og hæstv. utanrrh. sem auðvitað kemur þetta mál mikið við, ásamt hæstv. dómsmrh. sem reyndar hefur aðallega séð um þetta samkomulag. Menn verða að minnsta kosti að vita hvað þeir eru að gera. Ég vildi heldur halda lífi í Flugleiðum en láta þetta samkomulag ganga framar öllu öðru.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að koma aðeins inn á Evrópumálin. Ég vil lýsa því yfir að mín skoðun á aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur ekki breyst nokkurn skapaðan hlut. (**ÖS:** Er hægt að treysta því?) Það er hægt að treysta því, hv. þm. Ég kynnti mér þessi mál mjög rækilega þegar umræðan um Evrópska efnahagssvæðið hófst hér á sínum tíma og ég gekk að því máli með mjög opnum huga. En því meir og betur sem ég kynnti mér það mál því ólýðræðislegra fannst mér þetta reglugerðaembættismannakarlveldi þarna út í Brussel. Ég hef afar lítinn áhuga á að láta það fara að stjórna lífi mínu eins og annarra Evrópubúa. Í mínum augum er þetta eitthvert mesta afturhaldskerfi sem finnst í víðri veröld. Vil ég þó ekki líkja því við gömlu kommúnistaríkin, en það minnir meira á gamla rússneska keisaraveldið. Mér finnst alltaf jafnmerkileg þessi stefna Alþfl. sem að öllu jöfnu telur sig vera málsvara frelsis og markaðskerfisins, að vilja sigla í höfn þessa mikla verndar- og landbúnaðarverndarkerfis sem þar ræður ríkjum. En ég veit að það eru ýmis rök sem mæla með því og alþjóðahyggja jafnaðarmanna er sterk. Það breytir ekki því að í mínum augum er þetta afar afturhaldssamt og ólýðræðislegt kerfi. Maður hefur m.a. orðið vitni að því hvað Norðurlandabúum, þ.e. Svíum og Finnum brá í brún þegar þeir komu þarna inn fyrir dyr og kynntust þessu mikla reglugerðaveldi. Að sjálfsögðu skiptir sjávarútvegsstefnan þar miklu máli en í mínum huga er þetta ólýðræðislega stjórnkerfi og sú stefna sem þar ræður ríkjum ekki síður rök fyrir þeirri bjargföstu skoðun minni að við eigum ekkert erindi inn í Evrópusambandið.

Að lokum, herra forseti, vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað um þróunarmál og fleira þá vil ég hvetja til þess að við Íslendingar skoðum og skilgreinum áherslur okkar í utanríkismálum upp á nýtt, að við skoðum hverjir

eru okkar hagsmunir, hvar við getum lagt lið. Mér sýnist að það sé fyrst og fremst í umhverfismálum, mannréttindamálum og aðstoð við fátækar þjóðir og þá ekki síst konur, eins og hér hefur verið margkomið að, vegna þess að það var niðurstaða hinnar miklu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannfjölgunarmál sem haldin var í Kaíró 1994 að besta leiðin til að draga úr mannfjölgun og fátækt í heiminum væri að beina aðstoð til kvenna. Við Íslendingar getum lagt mikið af mörkum þar og meira en við gerum nú.

[18:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú lýsa furðu minni yfir þeim ummælum sem þessi forustumaður Flugleiða hefur haft við hv. þm. Það hefur verið haft náið samstarf við þá um þetta mál og það hefur verið grundvallarforsenda allan tímann í þessari vinnu að það verði ekki röskun á núverandi fyrirkomulagi áætlunarflusg flugs Flugleiða hf. Ég veit ekki betur en þannig hafi verið unnið allan tímann og þess vegna er það afar undarlegt ef einhver forustumaður Flugleiða hefur lýst slíku yfir í samtali við hv. þm.

Hér er að sjálfsögðu um mjög pólitískt mál að ræða jafnframt. Það varðar ekki bara hagsmuni flugfélagsins Flugleiða þó ég vilji taka fullt tillit til þeirra. Það varðar það hvort við ætlum að vera með í norræna vegabréfasambandinu áfram, hvort við ætlum að hafa samstarf við aðrar þjóðir Vestur-Evrópu um þessi mál eða hvort við ætlum að einangra okkur frá þeim.

Það er gjarnan sagt að þetta sé bara spurningin um að sýna passa. Svo er talað um að þetta sé svona spurning um að setja hendina í vasann og taka upp vegabréfið og þar með sé málið leyst, um þetta snúist málið, að allt þetta gangi út á það að spara mönnum að rétta vegabréfið inn um einhverja lúgu. Það er langt í frá. Ég fullyrði að ef Íslendingar ætla að standa utan við þetta þá munu þeir einangrast allverulega. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þeir sem vilja standa að því bera mikla ábyrgð. Þó ég vilji taka mikið tilliti til Flugleiða þá er ég ekki þeirrar skoðunar að þeir eigi að ráða þessu máli. En ég undrast að slík ummæli skuli vera eftir þeim höfð. Þau hljóta að byggja á misskilningi.

[18:37]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vitnaði áðan í ræðu minni til umræðnanna sem hér fóru fram sl. mánudag þar sem m.a. var lesið upp úr bréfi Flugleiða þar sem þeir lýstu áhyggjum sínum yfir þessu. Ef málið virðist vera að leysast eða hæstv. utanrrh. sér ekki þessi vandræði sem lýst var í þessu bréfi og þessi forráðamaður Flugleiða endurtók við mig að stæðu eftir, ef þetta er ekki rétt þá fagna ég því. Ég heyri að hæstv. utanrrh. er sér meðvitaður um þessa umræðu eins og bera ber, enda hefur verið þarna samráð og samtöl á milli.

Ég varð ekki vitni að því hér í umræðunni að þessu væri neitt svarað, að það kæmi neitt fram að menn hefðu áhyggjur yfir þessu máli. Þess vegna vildi ég reifa þetta hér. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. utanrrh. að eitt fyrirtæki á auðvitað ekki að ráða stefnunni í þessum málum. En það vill svo til að þetta er eitt af stærstu og mikilvægustu fyrirtækjum okkar Íslendinga. Samgöngur hér við land skipta mjög miklu máli og hvers virði verður þetta samkomulag ef flugsamgöngur hér lenda í miklum vandræðum. Atlantshafsflugið er bundið því eða loftferðasamningurinn er bundinn því að hér verði millilent. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er það tryggt að Flugleiðir geti haldið starfsemi sinni óbreyttri og að þeirra kerfi hrynji ekki? Við Íslendingar verðum heldur betur í vandræðum og einangrun ef þetta stóra fyrirtæki hrynur eða lendir í miklum vandræðum.

[18:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé alveg tryggt að það þurfi ekki að verða röskun á starfsemi Flugleiða. Ég tel í reynd miklu meiri hættu á því að ef við stöndum utan við Schengen, verði mikil röskun á starfsemi þessa félags. Vegna þess að aðalmarkaður þess í framtíðinni er Evrópa. Ef við stöndum utan við þetta samstarf þá erum við utanveltu í ferðamannasamstarfi í Evrópu. Halda menn að það hafi engin áhrif á hugsun ferðamanna í Evrópu hvort við erum innan Shengensamstarfsins eða ekki? Halda menn að það muni engin áhrif hafa á Íslendinga sem ferðast erlendis hvar þeir þurfa að vera í biðröðunum, hvort þeir þurfa að vera utan við allt eins og eru líkur til ef við stöndum utan við þetta? Þeir sem koma frá Grikklandi til Færeyja þurfa jafnvel ekki að sýna vegabréf en Íslendingar þurfa að sýna vegabréf þar svo dæmi sé tekið. Ég er alveg viss um að það mun hafa mjög alvarleg áhrif til frambúðar á starfsemi Flugleiða ef við stöndum utan við þetta samstarf. Ég er miklu hræddari við það. Hitt er allt saman leysanlegt sem verið er að tala um á Keflavíkurflugvelli. Það þarf að hafa svolítið fyrir því en það er ekki mjög mikið og það er hægt að leysa allt á þessari tölvu- og upplýsingaöld. Það vill svo vel til að við vitum mjög mikið um það fólk sem er að koma inn til Keflavíkurflugvallar. Við vitum nákvæmlega hvaða flugvélar eru á leið þangað. Það er ekki þannig á flugvöllum eins og Schiphol í Hollandi þannig að við höfum miklu meiri möguleika til að afgreiða þetta fljótt og vel og það mun að sjálfsögðu verða gert.

[18:41]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hæstv. utanrrh. hefur ekki trú á að þarna séu nein vandræði á ferð og ég vona að hann hafi rétt fyrir sér í því. Varðandi þetta samkomulag í sjálfu sér, þ.e. Schengen-samkomulagið eða Schengensvæðið, þá er með það eins og annað að það hefur kosti og galla. Ég efast ekki um að hæstv. utanrrh. hefur oft lent í því eins og ég að fara í röðina t.d. í Luxemborg þar sem þeir sem tilheyra Evrópusambandinu fara öðrum megin og aðrir fara í aðra röð. Aldrei hefur þetta nú truflað mig neitt sérstaklega. En það kann vel að vera að til lengri tíma litið séu á þessu margar hliðar og að þetta samstarf geti haft ýmis konar afleiðingar bæði til góðs og ills. Þetta verðum við auðvitað að vega og meta. Það sem við höfum m.a. verið að ræða í þessari umræðu er hvað þetta samkomulag muni kosta okkar þjóð, annars vegar í framkvæmdum og hins vegar hvaða áhrif þetta kynni að hafa á fyrirtæki hér innan lands. Ég hef sjálf ekki gert upp hug minn varðandi þetta mál og hef fyrst og fremst verið að fylgjast með þessum umræðum. Mér fannst mjög athyglisvert það sem fram kom með stöðu Flugleiða í þessu. Þó ég viti að hæstv. utanrrh. fari venjulega ekki með fleipur þá vil ég fá það staðfest af hálfu Flugleiða að þeir sjái ekki ástæðu til þess lengur að hafa áhyggjur af þessu máli.

[18:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Tengsl Íslands við aðrar þjóðir aukast stöðugt. Það speglast í því að alþjóðamálin hafa meira vægi

í starfi þingsins á þessum síðustu árum en áður. Við tökum þátt í fleiri erlendum nefndum og samtökum en áður og þetta er í annað skipti á þessum vetri sem fram fer afskaplega fjörleg umræða um utanríkismál. Ég minnist þess að við áttum mjög málefnalegar og skemmtilegar umræður þar sem hæstv. utanrrh. var viðstaddur hér fyrr á þessum vetri um skýrslur hinna ýmsu nefnda.

Hér hafa nokkrir hv. þm. fundið að því við hæstv. utanrrh. að sú skýrsla sem hann leggur hér fram sé ekki nógu mikil að vöxtum. Eina krafan sem ég legg fram gagnvart hæstv. utanrrh. er að hann geri skýra þá stefnu sem hann og hans ríkisstjórn fylgir. Ég þykist sjá af því sem liggur fyrir í formi þessarar ræðu að stefnan er skýr þó ég kunni í einstökum atriðum að vera henni ósammála og í sumum verulega.

Áður en lengra er haldið og áður en ég drep á þau mál sem ég ætla að gera að aðalumræðuefni langar mig að vekja eftirtekt á því að ég heyrði ekki betur en að hæstv. utanrrh. hefði í andsvari sínu við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur upplýst merkilega hluti varðandi stöðu flóttamannamálsins. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir innti hæstv. ráðherra eftir því fyrr í dag hvað liði móttöku þeirra 25 flóttamanna sem ríkisstjórnin samþykkti að taka við hingað til lands. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir endurtók þá spurningu. Ég heyrði ekki betur en hæstv. utanrrh. væri í rauninni að lýsa því yfir að hann og ríkisstjórnin væru fallin frá því að taka við þessum flóttamönnum. Í staðinn hygðist ríkisstjórnin reyna með ýmsum öðrum hætti að aðstoða menn á þessu svæði. Ég vildi gjarnan að það kæmi fram á eftir, herra forseti, hvort þetta er rétt skilið hjá mér af máli hæstv. ráðherra.

Hér hafa komið fram mismunandi sjónarmið gagnvart Evrópusambandinu. Ég verð það segja, herra forseti, að mér finnst eins og ég hef reyndar drepið á fyrr í dag að það blási aðrir vindar og miklu ferskari um Framsfl. þegar utanríkismál og Evrópusambandið eru annars vegar heldur en áður. Það er þess virði að rifja það upp að það var hæstv. utanrrh. sem skipaði sér á bekk með fortíðinni þegar hann ásamt öðrum þingmönnum Framsfl. treysti sér ekki til að greiða atkvæði með framtíðinni þegar við vorum að hér og ráða til lykta aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Síðan gerðist það að vísu og er rétt að rifja upp að hæstv. utanrrh. var á fundi með nokkrum ungum framsóknarmönnum upp í Hvalfirði. Þar lét hans þess getið að auðvitað kynni staðan að hafa verið öðruvísi ef hann væri í ríkisstjórn. Það er nú kannski ekki afskaplega merkileg afstaða en afstaða samt. Nú er hann kominn í ríkisstjórn og nú blása aðrir vindar. Hann mærir ekki bara Evrópska efnahagssvæðið í bak og fyrir heldur fæ ég ekki betur séð en að hann líti Evrópusambandið allt öðrum og miklu jákvæðari augum en áður. Hér segir, með leyfi forseta:

„Stækkun Evrópusambandsins er í rökréttu samhengi við sögulega þróun þess og verður það ferli hvorki stöðvað né því snúið við."

Litlu síðar ber við augu, herra forseti:

„Stækkun ESB hlýtur að stuðla enn frekar að friði, velmegun, öryggi og stöðugleika í álfunni. Við hljótum að styðja þessa viðleitni, eftir því sem okkur er unnt, enda mun hún hafa áhrif á stöðu okkar í Evrópu framtíðarinnar."

Mikið skelfing er ég sammála þessu, herra forseti. En hugsum þetta nú áfram. Er þetta rétt? Gefum okkur að hæstv. ráðherra verði að ósk sinni og áfram haldi þjóðirnar að streyma inn í Evrópusambandið og að lokum verði enginn eftir nema hin íslenska. Er það gott fyrir stöðu Íslands? Ég held ekki. Ég held að þá verði Ísland miklu verr statt en núna. Þess vegna held ég að þetta geti ekki gengið nema Ísland verði líka aðili að Evrópusambandinu. Ég tek eftir því að hæstv. utanrrh. í sinni ræðu og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir eru uppi með allt önnur viðhorf en hafa áður komið frá Framsfl. Það er merkilegt þegar þingmaður stjórnarliðsins á borð við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur kemur og snuprar hæstv. forsrh. fyrir það hversu miklu aftar hann væri á evrópumerinni en hæstv. utanrrh.

Þetta eru tíðindi. Mér þóttu líka tíðindi að heyra hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur tala héðan eins og langt aftan úr forneskju. A.m.k. ef maður ber saman við þann gustmikla hv. þm. sem hér talaði fyrr í dag og hafði kjark til þess að segja afdráttarlaust að hún væri í andstöðu við hina opinberu stefnu Kvennalistans. Ég geri ráð fyrir að það þurfi talsverðan kjark til að gera það alveg eins og ég vænti þess að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafi líka kjarkinn og þrekið til að varpa af sér því oki sem mér fannst vera að sliga hana hér áðan, oki sem stafaði af því að hún sá ekkert nema karlveldi og reglugerðarveldi. Ég velti því fyrir mér hver sé munurinn á reynsluheimi hennar og hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem hefur allt allt aðra sýn. Karlveldið í Evrópusambandinu er ekki nægilegt í augum hennar til þess að það sé frágangssök. Þannig að hér er eitthvað sem þarf að stilla saman og ég mæli nú með því að Kvennalistinn stilli ekki bara saman strengi sína heldur reynsluheima sína líka.

Ég vildi gjarnan gera að umræðuefni þann skort sem mér þykir í stefnu hæstv. ríkisstjórnar að því er lýtur að umhverfismálum. Mér finnst að þeim sé gert allt of lágt undir höfði. Það er bara ein setning á bls. 2 þar sem tekið er á þessu. Öðruvísi mér áður brá. Í tíð fyrrv. utanrrh., núv. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, var tekið vel á þessum málum og sérstaklega þeirri vá sem steðjar að framtíð Íslands sem eru hin lífrænu þávirku efni. Það er ógnin sem steðjar að framtíð Íslands vegna þess að eftir 100 ár eða 200 ár erum við orðin pottur þessara efna. Eðlisfræðilegir eiginleikar þeirra eru þannig að þótt það sé engin uppspretta þeirra á norðurhveli jarðar þá safnast þau öll saman að pólunum. Það er hættulegt. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði þetta að umræðuefni fyrr í dag og ég tek undir hvert orð af því sem hann sagði.

Herra forseti. Ég er sammála því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt hér um Schengen-samkomulagið. Ég og ég hygg Alþfl. allur tekur undir hvert orð af því sem hæstv. ráðherra hefur sagt um það. Við erum líka sammála um það sem hann hefur og ríkisstjórnin að segja um Vestur-Evrópusambandið. En ég sakna þess að umfjöllun hans um Vestur-Evrópusambandið skuli ekki vera ítarlegri. Það er svo, herra forseti, að það er viss vandi sem blasir við Íslandi í öryggis- og varnarmálum sem felst í því að margar þjóðir í Evrópu eru að reyna að lyfta undir Vestur-Evrópusambandið og gera það að hinu raunverulega varnarbandalagi Evrópuríkja. Það var stofnað sem slíkt 1948 en það var alltaf örreitiskot sem engu máli skipti fyrr en með Maastricht-ferlinu, þegar það hófst. Þá voru samþykktar ályktanir af Vestur-Evrópusambandsríkjunum sem voru andstæðar og ekki samrýmanlegar. Það var í fyrsta lagi samþykkt að veita þeim þjóðum sem eru fullgildir aðilar að NATO en eru ekki í Evrópusambandinu tilboð um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Þetta eru Ísland, Tyrkland og Noregur. Það átti að verða til að treysta VES sem Evrópustoð varnarsamstarfs Atlantshafsbandalagsins. Það er gott og blessað. Á hinn bóginn gerðist það líka að þessar sömu þjóðir ákváðu að hefja ferli sem ætti helst að enda með því

að Vestur-Evrópusambandið yrði hin formlega varnarstoð Evrópusambandsins. Þetta er hættulegt. Þetta er hættulegt fyrir framtíð Atlantshafsbandalagsins. Það má færa margar ástæður fyrir því en ég ætla að láta mér nægja að færa þrjár.

Í fyrsta lagi ef við eflum Vestur-Evrópusambandið sem varnarstoð Evrópu, þá mun það væntanlega leiða til þess að vægi Atlantshafsbandalagsins minnkar. En sagan kennir okkur að við getum ekki án þess verið til að tryggja öryggið. Þeir sem efast um það segja: Hver er óvinurinn? Hverjum á að verjast? Ja, þeir hafa dæmi fyrir sér núna sem eru hin gömlu ríki Júgóslavíu. Það blasir bókstaflega við að án Atlantshafsbandalagsins er ekki kleift að tryggja frið í Evrópu. Ef við förum að ýta undir Vestur-Evrópusambandið og gera að varnarbandalagi eins og t.d. Frakkar og ýmis Suður-Evrópuríki vilja, þá erum við að veikja Atlantshafsbandalagið.

Í öðru lagi. Ef þessi þróun verður svo að VES yrði að inngrónum hluta Evrópusambandsins, þá geri ég ráð fyrir að ríki eins og þessi þrjú sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu gætu ekki tekið með sama hætti þátt í ákvörðunum Vestur-Evrópusambandsins. Þar með er það alveg ljóst að það er verið að hverfa frá því að VES verði fullgild Evrópustoð undir Atlantshafsbandalaginu. Þess vegna tel ég að þetta sé ekki af hinu góða. Við förum þarna inn til að vera í návígi við þær þjóðir sem skipta mestu máli og daglegri samræðu við þjóðirnar sem eru einnig í Atlantshafsbandalaginu til að hafa áhrif á þróunina. Það gerum við ekki ef Vestur-Evrópusambandið verður hluti af Evrópusambandinu.

Í þriðja lagi má nefna að fimm ríki sem eru fullgildir aðilar að Evrópusambandinu hafa ekki viljað verða aðilar, ekki einu sinni aukaaðilar, að Vestur-Evrópusambandinu. Það eru Finnland, Danmörk, Svíþjóð, Írland og Austurríki. Af hverju hafa þessi ríki ekki viljað verða fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu? Væntanlega vegna þess að þau treysta sér ekki til að axla þær skuldbindingar sem aðildin leggur þeim á herðar. Það þýðir, herra forseti, að ef Vestur-Evrópusambandið ætti að verða formlegur hluti af Evrópusambandinu, þá þyrfti einhvern veginn að útvatna varnar- og öryggistilgang þess til að þessi fimm ríki gætu sætt sig við það. Og þá finnst mér sem niðurstaðan sé heldur óhagkvæm okkur Íslendingum.

Herra forseti. Ég hegg eftir því að í ræðu hæstv. utanrrh. segir að það sé ekki tímabært í dag fyrir Íslendinga að verða fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Ég ætla ekki að leggja það til, herra forseti, að Ísland sæki um fulla aðild en ég leyfi mér að vera á móti þessari skoðun hæstv. utanrrh. vegna þess að ég tel að það sé fyllilega tímabært að við veltum því fyrir okkur hvort það kynni ekki að vera í þágu hagsmuna Íslendinga að við reyndum að breyta þeim reglum sem nú gilda um fulla aðild. Það gæti verið að niðurstaðan af slíku mati væri sú að með því að gerast fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu þá hefðum við kannski miklu meiri föng í fyrsta lagi að hafa áhrif á þróun þess í framtíðinni og í öðru lagi gætum við kannski líka stutt aðrar þjóðir sem við höfum skyldum að gegna við, þjóðir sem sækja það mjög fast að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu og reyndar NATO líka. Þetta eru Eystrasaltsþjóðirnar þrjár sem við Íslendingar höfum reynt að styðja eins og við getum á síðustu árum. Þær koma t.d. á þingmannasamkundu Vestur-Evrópusambandsins og óska eftir stuðningi þeirra þjóða sem þar eiga aðild og fulltrúa til þess að gerast fullgildir aðilar að Vestur-Evrópusambandinu, að NATO. Og ég styð það, herra forseti. Ég tel þess vegna að það sé mögulegt að full aðild okkar að VES gæti bæði stuðlað að framtíð Íslands og öryggishagsmunum en líka gert okkur auðveldara að styðja þessar þjóðir.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég vildi ræða hér um Eystrasaltsþjóðirnar og stækkun NATO vegna þess að mér finnst vanta í ræðu hæstv. utanrrh. alla stefnu ríkisstjórnarinnar um það. Ég hef reyndar áður átt orðastað við hann hér um það mál. Ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að taka af skarið og þeir eigi að beita sér fyrir því að Eystrasaltsþjóðirnar þrjár fái fulla aðild að NATO. Þær telja það vera það eina öryggisnet sem getur bjargað þeim í framtíðinni. Ég virði sjálfsákvörðunarrétt þjóða og mér er sérstaklega annt um hag þessara þriggja þjóða. Ég veit að það er hæstv. utanrrh. líka. Hann gerði þetta að umræðuefni þegar Solana, framkvæmdastjóri NATO, kom hingað. En gleymum því ekki hvað Solana sagði á meðan hann var á Íslandi. Hann sagði: Ákvörðunin um stækkun NATO verður tekin á þjóðþingunum. Nú erum við komin hingað í dag til að ræða það. Þá saknaði ég þess að hæstv. utanrrh. skyldi ekki, í ljósi þeirra sérstöku tengsla sem hafa myndast millum Íslands og Eystrasaltsþjóðanna, lýsa því yfir að Ísland mundi styðja umsókn þeirra um fulla aðild að NATO. Og ég spyr hæstv. utanrrh.: Er hann reiðubúinn til að lýsa því yfir hér í dag?

[18:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var fyrst og fremst út af því sem hér kom til umræðu um flóttamenn frá fyrrum Júgóslavíu. Það hefur engin stefnubreyting orðið. Hins vegar höfðu engar upplýsingar borist um óskir um flóttamenn. En það vill svo til að nú fyrir örfáum mínútum nánast sagt var að berast listi frá flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna um 40 einstaklinga. Þar af eru 19 sem þurfa sérstaklega hjálpar við. Það verður að sjálfsögðu reynt að verða við þeirri beiðni. Það er engin stefnubreyting hér á ferðinni. Hins vegar hefur athyglin í miklu meira mæli beinst að þeim vanda sem er þar heima fyrir.

Að því er varðar Eystrasaltsríkin þá átti ég mjög góðar viðræður við utanríkisráðherra Litáen fyrir nokkrum dögum og við vorum fullkomlega sáttir við stöðu mála. Ég sagðist styðja aðild Eystrasaltsríkjanna að NATO. Hins vegar verðum við að vera raunsæir og játa að það mun taka alllangan tíma. Það gerist ekki á morgun. Menn í baltnesku löndunum gera sér fullkomna grein fyrir þessari stöðu.

Að því er varðar Vestur-Evrópusambandið þá er alveg ljóst að það er ekki hægt að sækja þar um aðild. Það er fyrst og fremst spurningin um það hvort mönnum verður boðin aðild og til þess að það geti orðið þarf að breyta þeirri samþykkt Vestur-Evrópusambandsins að ríkin eigi bæði aðild að Evrópusambandinu og NATO.

[19:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr svör hans að því er varðaði flóttamennina. Mér þykja það góð tíðindi sem hann flytur hér, að innan skamms munum við væntanlega taka við þeim hópi sem við höfðum áður lofað að veita hér hæli.

Herra forseti. Ég vil síðan rifja það upp að fyrr í vetur, þegar ég innti hæstv. utanrrh. eftir afstöðu hans og ríkisstjórnarinnar til umsóknar Eystrasaltsríkjanna um aðild að NATO, þá sagði hann: „Það er verið að vinna í þessu máli og

það er gert með eftirfarandi hætti. Nú eiga sér stað viðræður við alla þá sem hafa sótt um. Ég fer í júní á ráðherrafund NATO í Berlín og þá verður málið rætt og skýrslan um það lögð fram. Síðan verður annar ráðherrafundur í haust," sagði hæstv. utanrrh. og þá verða væntanlega teknar ákvarðanir. Með öðrum orðum það er núna sem það ríður á. Ef við ætlum að veita einhverjum fulltingi eða liðsinni og styðja umsókn einhverra sérstakra þá er tíminn núna. Það er þess vegna sem ég inni hæstv. utanrrh. eftir því hvort hann kýs ekki að beita sér innan NATO til að aðstoða þessi ríki við að koma þar inn vegna þess að þau vilja það sjálf.

[19:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að styðja þá viðleitni þessara ríkja að ganga inn í Atlantshafsbandalagið. Hitt er svo annað mál að ríki Austur-Evrópu og baltnesku löndin og Mið-Evrópu eru misjafnlega í stakk búin til að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það er verið að undirbúa hvaða skilyrði verða fram sett og hverju menn verða að fullnægja til að geta orðið aðilar. Það er líka ljóst að við megum ekki ganga þannig fram að það komi upp nýir múrar í Evrópu. Það þarf að taka tillit til hinnar pólitísku stöðu. En ég hef tekið skýrt fram að hvorki Rússar né aðrir hafa neitunarvald í þeim málum. Stækkun Atlantshafsbandalagsins verður að miðast við að skapa meira öryggi í Evrópu en ekki minna og baltnesku löndin gera sér alveg fulla grein fyrir þessari stöðu.

[19:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að hæstv. utanrrh. sé þeirrar skoðunar að Eystrasaltslöndin geri sér grein fyrir þessari stöðu. Eigi að síður eru þau sífellt að knýja á dyr okkar. Þau eru að æskja aðstoðar. Ég minni hæstv. utanrrh. á að það eru tæplega tvö ár síðan þáv. utanríkisráðherra Rússa lýsti því hreinlega yfir að það kynni að koma til þess að það þyrfti að senda rússneskt herlið inn í þessi lönd til að vernda rússneska minni hlutann þar. Í grein sem birtist 11. þessa mánaðar í tímaritinu Nesjavisímaja gaséta eftir herfræðinga, Valerí Dementjev og Anton Súríkov segir, með leyfi forseta:

„Eystrasaltssvæðið er sprengifimasta svæðið þegar menn íhuga möguleikana á þróun sem gæti leitt til nýrra átaka með þátttöku hersveita rússneska sambandsríkisins." Í framhaldi af þessu, herra forseti, er farið út í herfræðilegar vangaveltur um það hvernig Rússar ættu að haga slíkum hernaði, lýst hvernig flughernaði yrði fyrst beitt á þessi ríki, síðan hinum frægu spetsnas-sveitum og að lokum þá endi hernaðaraðgerðirnar með því sem í ensku þýðingunni er kallað „local cleansing". Þetta er framtíðarsýnin, herra forseti. Og þegar ég spyr um afstöðu hæstv. utanrrh. þá er spurt um þetta: Ætlum við að hafa frumkvæði eða á Ísland bara að vera partur af farteskinu? Í tíð síðustu ríkisstjórnar sýndi Ísland frumkvæði og ég fer fram á það í fullri vinsemd að hæstv. utanrrh. taki málin í sínar hendur og sýni svipað frumkvæði og forveri hans í embætti varðandi þessi ríki.

[19:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fer geyst og það er hressilegt og ágætt. Ég vil vekja athygli á því hvernig hv. þm. hagar orðum sínum þegar við ræðum spurninguna um aðild að Evrópusambandinu eða að standa þar utan við. Þá notar hv. þm. orðalag eins og það að taka afstöðu með framtíðinni, að þetta sé mál framtíðarinnar, að fólk sem setur spurningarmerki við slíka aðild komi langt aftan úr forneskju eins og hann sagði hér um hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. En þeir sem ganga gegn sínum flokki og mæla með aðild eru gustmiklir. Hv. þm. hefur ekki fyrir því að rökstyðja hvers vegna hann er svo ákafur í að Ísland gangi í Evrópusambandið. Hann hlustar ekki á varnaðarorð um það hvernig komið er í sambandi við félagsmál og atvinnumál í þessu ESB í sambandi við atvinnuleysi að meðaltali upp á 11%. Og það sem fram undan er það klif sem ekki er enn þá séð hvernig Evrópusambandið kemst yfir, sem er efnahags- og myntbandalagið 1999. Menn ættu að fara svolítið varkárar, ganga hægar um gleðinnar dyr í þessu húsi.

[19:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti von á því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði afstöðu mína til Atlantshafsbandalagsins og Vestur-Evrópusambandsins að umræðuefni. En hann er ekkert að festa sig í fortíðinni og það er gott. En ég bið hann afsökunar á því að hafa ekki kallað hann gustmikinn. Mér finnst hann þó vera gustmikill þingmaður og eitt segi ég honum til hróss. Hann hjálpar manni mjög til að staðsetja sig í hinu pólitíska landslagi vegna þess að hann gefur alltaf upp mjög ákveðna staðsetningu og er þar af leiðandi kennileiti sem menn geta miðað sig út frá. En að því er varðar afstöðuna til Evrópusambandsins þá er það einfaldlega bæði skoðun mín og jafnframt tilfinning að það tilheyri framtíðinni að leyfa sér þann munað — ég fer ekki fram á annað — að menn vegi og meti kosti og galla aðildar. Þess vegna höfum við alþýðuflokksmenn sagt: Sækjum um til að sjá hvað er í boði. Við höfum dregið þar ákveðna línur. Við höfum sagt að það komi að sjálfsögðu ekki til greina að Ísland gangi inn í Evrópusambandið sem fullgildur aðili ef það verður engin breyting á sjávarútvegsstefnunni, ef við fáum ekki hvívetna virta landhelgina. Það hefur komið fram margsinnis. En hv. þm. verður að virða mér það til vorkunnar, þó ég hafi áðan notað þessi orð til að bera saman tvær ágætar þingkonur Kvennalistans, vegna þess að önnur fannst mér vera full djörfungar og framtíðar á meðan hin er föst í þeirri sömu fortíð og mér finnst því miður að hv. þm. standi báðum fótum upp að hnjám í.

[19:08]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það dró nú heldur niður í hv. þm. þegar kom að því að rökstyðja þessa framtíðarsýn. Alþfl. hefur ekki sannfært nokkurn mann um það og það gerði hv. þm. ekki heldur hér, að það stæði til boða að sækja um aðild og láta reyna á aðild að Evrópusambandinu með því að leggja inn umsókn og hafa á henni fyrirvara. Kveðið var upp úr um það í sambandi við umsóknaraðild Norðurlandanna þriggja að Evrópusambandinu, í því ferli öllu, að slíkur leikaraskapur kæmi ekki til greina, slík tilraunaumsókn yrði ekki tekin alvarlega. Það er satt að segja heldur léttúðugt að hver talsmaður Alþfl. eftir annan kemur hér fram og segir: Við getum farið í slíkt tilraunaeldhús.

[19:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það eiginlega vitsmunaleg frekja af hv. þm. að ætlast til þess að ég rökstyðji afstöðu mína til Evrópusambandsins á einni mínútu en ég skal samt gera það.

Herra forseti. Ég á mér þann draum að fá að eldast hér á Íslandi með dóttur minni. Ég óttast það hins vegar að þegar fram líða stundir þá kunni hún ekki að finna starf sem er henni við hæfi og kunni þess vegna að hrekjast til útlanda. Ég tel hins vegar að eitt af því sem er eftirsóknarvert með aðild að Evrópusambandinu í framtíðinni kunni að vera það að hér skapist hátækniiðnaður, hér skapist nægur og öflugur vinnumarkaður fyrir menntað fólk. Ég vísa því algerlega á bug sem hv. þm. segir, að atvinnuleysið út í Evrópu stafi af Evrópusambandinu. Ég er honum algjörlega ósammála. Ég hygg að hæstv. utanrrh. sé það líka. Ég hef skilið hann svo að það sem kom í veg fyrir að Framsfl. íhugi aðild að Evrópusambandinu sé sjávarútvegsstefnan en ekki atvinnuleysið út í Evrópu.

[Fundarhlé. — 19:11]

[20:30]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér hafa spunnist út af ræðu sem hæstv. utanrrh. hélt um utanríkismál á Alþingi umræður um viðhorf ríkisstjórnarinnar til þróunar Evrópusambandsins. Hefur hér nokkuð verið rætt um meintan ágreining milli ríkisstjórnarflokkanna um afstöðuna til þróunar Evrópusambandsins. Annars vegar hefur verið veist að ríkisstjórninni af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem hefur mjög ákveðna skoðun í afstöðu sinni til ESB og er afar mótfallinn því að hugleiða aðild að sambandinu. Hins vegar hafa nokkrir þingmenn, einkum og sér í lagi hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson talið að lítið væri að gerast á vettvangi ríkisstjórnarinnar í sambandi við málefni Evrópusambandsins, þar væri ekki sýnilegt hvert ferðinni væri heitið og væri ríkisstjórnin aðgerðalaus í því máli. Á sama tíma hafa spunnist umræður um það að einhver ágreiningur væri milli hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, og hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, um þessi mál.

Það sem segir í ræðu hæstv. utanrrh. um Evrópusambandsmálin er að vísu í nokkrum véfréttastíl og það er raunar hægt að segja að það gildi einnig um það sem hann segir sérstaklega um myntsamruna Evrópusambandsins. Þar er farið mjög varlega í að skilgreina þróunina og farið nokkuð almennum orðum um þetta. Í raun og veru má kannski lýsa afstöðu ríkisstjórnarinnar þannig að menn vilji bíða átekta. Þá vaknar sú spurning hvort sú afstaða er skynsamleg eða ekki. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. Hjörleif Guttormsson, sem ekki er nú hér í þingsalnum nú, að því hvort afstaða hans til Evrópusambandsins sé sú, að burt séð frá þróun sambandsins sé hv. þm. Hjörleifur Guttormsson andsnúinn því að Íslendingar hugleiði aðild að Evrópusambandinu. Á sama hátt er ekki hægt annað en að velta því fyrir sér þegar tónninn í ræðum þingmanna Alþfl. er veginn og metinn hvort þeir hafa afstöðu til Evrópusambandsins í raun burt séð frá því hvernig sambandið þróast hugsanlega.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson veittist að þingmönnum Framsfl. fyrir að vera heldur aftarlega á evrópumerinni eins og hann orðaði það. Sjálfur vill hann örugglega sitja nokkuð framarlega á því hrossi en með öllu að því er virðist án tillits til þess hvert merin stefnir. Í raun má segja sem svo að það sé ekki óskynsamleg afstaða til Evrópumálefnanna að bíða átekta. Hvers vegna er það í sjálfu sér skynsamleg afstaða? Það má segja að frá því að Sovétríkin hrundu hafi stefnan innan Evrópusambandsins, þ.e. vilji ráðandi manna í Evrópusambandinu til að setja sér skýr markmið, ekki komið vel fram. Það er erfitt að vega það og meta hvert Evrópusambandið stefnir og það hefur komið kannski óvenjulega skýrt í ljós í aðdraganda og undirbúningi að ríkjaráðstefnunni svokölluðu.

Ég ætla að nefna sérstaklega tvo þætti í þróun Evrópusambandsins sem koma til með að hafa áhrif á það hvort það er yfir höfuð álitlegur kostur fyrir Íslendinga að hugleiða aðildarumsókn í framtíðinni eða ekki, burt séð frá sjávarútvegsmálunum sem venjulega eru þau mál sem almennt er rætt um hér í þingsölum þegar Evrópusambandið ber á góma. Annars vegar vil ég færa í tal það sem má kalla bilið á milli framkvæmdarvaldsins í Evrópusambandinu og fólksins. En þetta atriði verður sérstaklega rætt á ríkjaráðstefnunni. Hins vegar er það sameiginlega myntin og áhrif hugsjónarinnar um sameiginlega mynt á stöðu Íslands og þróun Evrópumálanna og velta því dálítið fyrir mér hvers vegna menn sækja svo fast þrátt fyrir alla erfiðleikana að ná saman um sameiginlega mynt.

Virðulegur forseti. Fyrir það fyrsta þá held ég að það sé rétt að við gerum okkur grein fyrir því að það hefur orðið áberandi mikill aðskilnaður framkvæmdarvaldsins sem fer með framkvæmdar- og löggjafarvaldið í ESB — ég endurtek að framkvæmdarvaldið fer með löggjafarvaldið í ESB — og svo annars vegar almennings og í raun og veru kjörinna fulltrúa hans, þ.e. þingmanna eða löggjafasamkundunnar. Uppspretta hugmynda innan Evrópusambandsins er ekki hjá fólkinu. Hún verður ekki til hjá grasrótinni eða fólkinu. Hún verður ekki til hjá kjósendum. Það verða í raun og veru engar hugmyndir til í þessu merkilega sambandi í grasrótinni, meðal fólksins. Ekki heldur meðal hins óbreytta flokksmanns í flokkapólitíkinni í Evrópu. Farvegi hugmyndanna hefur verið að þessu leyti nokkuð breytt. Uppspretta hugmyndanna er sköpunarverk sem kemur ofan frá. Hún kemur frá sérfræðingum og hugmyndabönkum þeirra. Hún kemur úr hugmyndafræðilegum útungunarvélum framkvæmdarvaldsins og sérfræðinga þess. Hlutverk löggjafans hefur orðið mjög rýrt við þessa þróun, nánast á tíðum orðið eins konar skoðanakönnun og það hefur einnig dregið verulega úr eftirlits- og aðhaldshlutverki þjóðþinganna, löggjafarþinganna. Staða þjóðþinganna til að sinna þessum eftirlitshlutverkum hefur orðið mjög veik. Þjóðþingin eru oft og tíðum afar háð ríkisstjórnunum sem þau eiga að veita aðhald og þetta er atriði sem sumar þjóðir gera mikið úr og hafa lagt áherslu á að verði tekið fyrir á ríkjaráðstefnunni en hugmyndirnar sem liggja þar til grundvallar eru afar mótsagnakenndar svo ekki sé meira sagt.

Ef við lítum á okkar stöðu að því er varðar þetta atriði þá er ljóst að löggjafarsamkunda okkar er líka veik gagnvart þeirri lagasetningu sem verður til í Evrópusambandinu. Ég ætla að nefna eitt dæmi um þetta því það er mjög sláandi þetta eina dæmi. Það er hugsanlegt að Alþingi Íslendinga hafi verið att út í mun viðameiri löggjöf á grundvelli tilskipana ESB en t.d. sum af stofnríkjum Evrópusambandsins hafa talið sér skylt að ráðast í. Ég nefni þetta sérstaklega í sambandi við lög um vörumerkingar þar sem við höfum leitt í lög ákvæði sem fjölmargar Evrópuþjóðir og þar á meðal ein þjóð sem var ein af stofnþjóðum Evrópusambandsins kannast ekki við að séu reglur sem þeim beri að virða. Þetta gerir það að verkum að Íslendingar sem hafa leitt þessar reglur í lög hjá sér hafa verri samkeppnisstöðu en eitt af stofnríkjum Evrópusambandsins að því er varðar vörumerkingar. Þeir þurfa að beita innflytjendur varnings frá Bandaríkjunum

harðari reglum en ein af stofnþjóðum Evrópusambandsins svo dæmi sé tekið. Þess vegna held ég að það væri ástæða til að kanna það skipulega að hve miklu leyti Íslendingar hafa leiðst út í nákvæmari lagasetningu á grundvelli tilskipana og reglna Evrópusambandsins en jafnvel sumar af stofnþjóðum þess. Ég bendi á þetta sérstaklega vegna þess að þjóðþingin hafa þó ekki komið að þessum lögum nema að mjög litlu leyti vegna þess að ég held að það sé rétt munað hjá mér að um 85% af reglum Evrópusambandsins séu innleiddar í gegnum reglugerðir en ekki lagasetningar. Þá sjá menn hvað þjóðþingin hafa litlu hlutverki að gegna í Evrópusambandi nútímans.

Þetta er atriði sem menn hafa viljað taka til athugunar á ríkjaráðstefnunni en hugmyndir manna um það hvernig eigi að taka á þessu eru með öllu óljósar. Það er með öllu óljóst hvert Evrópusambandið stefnir að því er þetta varðar. Menn tala um hallarekstur lýðræðisins innan Evrópusambandsins en það er með öllu óljóst hvert Evrópusambandið mun stefna í þessum efnum. Þeir sem mæla nú með aðildarumsókn eru að mæla með aðildarumsókn að sambandi sem þeir hafa ekki hugmynd um hvert stefnir í þessum efnum því hugmyndir þar að lútandi innan Evrópusambandsins eru mjög á reiki.

Í ræðu hæstv. utanrrh. er vikið að myntsamstarfi Evrópusambandsins og myntsamrunanum sem er eitt af markmiðum Evrópusambandsins og er reiknað með því að það komist á fyrir lok aldarinnar. Ég verð að segja að þó ég hafi ekki haft sérstakan áhuga á því, hæstv. forseti, að á þessari stundu sé íhugað að sækja um aðild að Evrópusambandinu, þá hef ég alltaf haft vissan skilning á þeirri hugsjón Evrópuþjóðanna að koma sér upp sameiginlegri mynt. Ég hef alltaf haft ákveðinn skilning á því og ég hef litið svo á að sú hugsjón væri óháð samrunaferlinu sjálfu. Við gætum verulega styrkt efnahagssamvinnu Evrópuþjóðanna með sameiginlegri mynt óháð samrunaþróuninni, óháð ríkjasambandinu sem sumir vilja koma á í Evrópusambandinu. Hvers vegna er það mikið áhugamál Evrópuþjóðanna að koma á sameiginlegri mynt? Þetta mál tengist náið umræðunni í Evrópu um eitt stærsta þjóðfélagslega vandamálið sem nú hrjáir Evrópuríkin og þá ekki síst Evrópusambandsríkin. Hvert er þetta vandamál? Þetta vandamál er atvinnuleysi. Óreiða í gengismálum hefur orðið til þess að atvinna hefur flust til innan Evrópusambandsins í stórum stíl. Þjóðirnar, og þá einkum og sér í lagi kannski nú upp á síðkastið Ítalir, Spánverjar, Englendingar og Svíar sem eru nýgengnir í Evrópusambandið, hafa iðkað gengisfellingarleið til þess eins að auka samkeppnishæfni þessara þjóða gagnvart öðrum þjóðum Evrópusambandsins. Ég tek sem dæmi um þetta mál að ítalska líran hefur verið felld gagnvart franska frankanum, frá 1992 um 40%. Þeir hafa ekki bætt sér þetta allt saman upp í verðhækkunum. Verðvísitalan milli þessara tveggja landa hefur aðeins hækkað um 7% þannig að viðskiptastaða Ítala gagnvart Frökkum hefur batnað um 33% á þessum örstutta tíma. Með öðrum orðum hafa gengisfellingarnar verið notaðar markvisst til þess að bæta samkeppnisstöðu þeirra þjóða sem hafa fellt gengið á kostnað hinna. Þetta hefur skapað gífurlegan glundroða og það þarf enginn að ganga að því gruflandi að auðvitað hefur þetta skapað okkur Íslendingum erfiðleika líka. Við mundum græða mikið á því ef að myntsamstarf mundi verða í Evrópu, ekki endilega með því að ganga í það heldur með því að fá þannig treystan ákveðinn stöðugleika í gjaldmiðilsþróun Evrópu. En þó að ég hafi mikinn skilning á þessari hugsjón Evrópusambandsríkjanna og jafnvel áhuga á því að þetta samstarf komist á, þá hef ég ekki séð neinar skýringar á því, virðulegi forseti, hvernig menn ætla sér að vinna að þessu samstarfi.

Ég sé að tími minn er útrunninn en ég hefði áhuga á því að heyra nokkra umfjöllun um þetta mál því það verður að segjast eins og er að það er erfitt að taka afstöðu til þessa máls, þ.e. myntsamruna Evrópuríkjanna þegar ekki liggur fyrir á hvern hátt menn ætla sér að reyna að tryggja þetta samstarf óðruvísi en með víðtæku sjóðakerfi.

[20:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það sem af er þessari umræðu hefur margt mjög athyglisvert komið fram að mörgu leyti og hér hefur skapast umræða um samskiptin við Evrópusambandið sérstaklega. Það er vissulega góðra gjalda vert að hér skiptist menn á skoðunum um það stóra mál á Alþingi. Ég tel að ummæli eins og í þá átt að einhverjir séu að reyna að stöðva umræðu um þetta mál og það sé verið að komast hjá slíkri umræðu séu algjörlega óréttmæt lýsing á stöðu mála, því hver er það sem hefur haft hug á því og tilburði til þess að stöðva umræðu um þessi efni? Ég hef satt að segja ekkert orðið var við það, að a.m.k. ekki af hálfu þeirra sem eru andsnúnir því að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Ekki hafa þeir lagt stein í götu þess að umræða fari fram, síður en svo. Við sem erum í þeim hópi höfum þvert á móti rætt þessi mál efnislega í þinginu og mér finnst það mjög sérkennilegt þegar talsmenn þess að láta reyna á aðild að Evrópusambandinu eru að tala um að það sé verið að koma í veg fyrir umræðu. Mér finnst það hin mestu öfugmæli og að það sitji alls ekki á mönnum að setja málin þannig fram þó svo að ríkisstjórn landsins hafi ekki tekið þetta mál upp af sinni hálfu eða sett málið á dagskrá eins og sagt er. Það kemur ekki í veg fyrir að málin séu rædd. Ég held að það sé einmitt mjög mikil þörf á því að ræða þessi mál efnislega, reyna að átta sig á því hvert hugur manna stefnir í þessum málum, stjórnmálamanna og hvernig þetta horfir við okkur Íslendingum.

Það er sitthvað sem hefur skýrst í þessari umræðu. Mér var það ekki ljóst áður en þessi umræða í rauninni hófst að það væri svo komið að það ríkti almennt jákvætt hugarfar gagnvart Evrópusambandinu hjá talsmönnum annars stjórnarflokksins, þ.e. Framsfl. Ég las það að vísu í ræðu hæstv. utanrrh. sem ég vitnaði til og síðan hefur þetta komið fram hjá talsmönnum flokksins í umræðunni eins og hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem sér sérstaka ástæðu til þess að brýna hæstv. utanrrh. í þessu efni og hefur lagt hér ákveðnar spurningar fyrir ráðherrann. Að vísu vil ég ekki vera að túlka þetta meira en efni standa til. Menn eru að tala um þetta í því samhengi að það sé skiljanlegt og jákvætt að sem flestar þjóðir í austanverðri álfunni séu að hugsa sér til hreyfings og knýja fast á dyr Evrópusambandsins um inngöngu. Og á því hafa menn afskaplega mikinn skilning og sjá ekkert nema jákvætt við það. Þetta þýðir um leið að menn eru að leggja blessun yfir innihald Evrópusambandsins, starfshætti þess og grundvallarsáttmála og reglur sem þar er unnið eftir. Það er auðvitað nauðsynlegt að ræða það. Hvernig líta þau mál út? Hér er ekki tími til þess að fara út í þau í einstökum atriðum en mér finnst t.d. að umræða eins og hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Tómasi Olrich, að sé einmitt á þeim nótum sem eðlilegt er að fjalla um þessi mál, spyrja sig spurninga og reyna að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum eins og þau eru á hverjum tíma.

Ég tel það vera mjög góðra gjalda vert þegar forustumenn eins og hæstv. forsrh. ganga fram fyrir skjöldu til þess að lýsa viðhorfum sínum, formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins. Ég tel það mjög góðra gjalda vert. Ég er að vísu ekki sammála þar í allri grein, það er langt frá því, eins og t.d. um matið á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sem hæstv. forsrh. og Sjálfstfl. hjálpaði til að koma í höfn á sínum tíma. Ég var andvígur þeim samningi og ég tel að það hafi ekkert það komið fram með hlutlægum upplýsingum sem staðfesti þær stóru yfirlýsingar sem heyra má frá ræðumönnum eins og hv. þm. Jóni Hannibalssyni um árangurinn af þessum samningi fyrir okkur Íslendinga fram að þessu. Hér vitnaði hv. formaður Alþfl. til forustumanns í röðum iðnrekenda um hinn stórkostlega árangur. Hefur það þá legið fyrir að fyrir iðnrekendur og hinn almenna iðnað í landinu var nú ekkert sérstaklega mikið að sækja í þennan samning. Ef nokkur atvinnugrein bjó við nokkurn veginn fríverslunarskilyrði þá var það iðnaðurinn í landinu. Það kom fram þegar þessi mál voru rædd á sínum tíma. Hins vegar voru iðnrekendur og forustumenn þeirra í fremstir í flokki að reka trippin í þessu efni og voru þar á allt annarri skoðun en talsmenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegútvegi.

Ég held að það væri þörf á því, virðulegur forseti, að taka einhvern tímann umræðu um það og þá helst á grunni einhverra hlutlægra gagna og athugana, hvar þessi mikli ávinningur er sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur fært Íslendingum og bera það saman við þá forsögn sem hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðherra, Jón Hannibalsson, hafði uppi á Alþingi þegar hann var að gylla þetta mál fyrir þingi og þjóð á sínum tíma. Það liggja fyrir tillögur um það hvers konar stórávinning væri að sækja í þennan samning og tölulegir spádómar framreiddir í því sambandi. Nú er þessi samningur um hið Evrópska efnahagssvæði reiddur fram af þeim sem vilja ganga lengra alveg eins og við sögðum sem vorum gagnrýnd hér á þinginu, að auðvitað yrði það reynt þegar menn væru komnir inn í snöru eins og þá sem samningurinn við hið Evrópska efnahagssvæði býr aðilum sínum, eins og Íslendingum, að vera þar ómyndugir hengdir aftan í lest sem dregin er af allt öðrum og koma þar litlum sem engum vörnum við. En það er staðan og hv. þm. Jón Hannibalsson líkir því við fullveldisafsal ef ég skilið hann rétt í ræðu sinni en það fullveldisafsal gerðist nú við tilverknað Alþfl. og annarra sem báru þetta mál hér fram og komu því í höfn í þinginu.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan formannaskipti urðu í Framsfl. Það má segja að sá sem við tók af fyrrv. formanni, Steingrími Hermannssyni, hafi náð miklum árangri fyrir sín sjónarmið, alveg ótrúlega miklum árangri í þeim flokki. Við sem lásum og heyrðum boðskapinn eftir formannaskiptin skildum alveg hvað klukkan sló og vissum *hvaða þróun var í gangi þegar harðast var deilt um samninginn* um hið Evrópska efnahagssvæði innan Framsfl. En að nýr formaður flokksins hefði stungið svo rækilega upp í aðra talsmenn flokksins eins og mér finnst hafa gerst og það jafnvel vaska menn eins og núv. hæstv. félmrh., kannski með því að króa hann af inni í ríkisstjórn þar sem hann getur sig hvergi hrært, það eru mikil þáttaskil. Það verður bráðum svo að maður fer að lýsa eftir því hvar andstaðan við inngöngu í Evrópusambandið er, þ.e. raunveruleg andstaða innan Framsfl, önnur en einhver tilvísun í sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Hvar er þessi andstaða? (Gripið fram í.) Það er satt að segja hin mesta raun upp á að horfa, virðulegi forseti, hvernig þetta hefur gerst og ég er ekki viss um að það fólk sem hefur stutt Framsfl. til þeirrar stöðu sem hann hefur í dag hafi gert sér ljóst hvert stefnt var í þessum efnum, *hvað þá að menn hafi órað fyrir því svona yrði komið á árinu* 1996. Það er orðið langt á milli svardaganna í aðdraganda kosninga 1991 og þeirrar stöðu sem nú er uppi, það verður að segjast, virðulegi forseti.

Ég ætla að bæta aðeins við það sem kom fram í fyrri ræðu minni um þann þýðingarmikla þátt sem umhverfismálin eru. Ég tek það hér inn vegna þess að þar þarf hlutur Íslands að verða annar og meiri en nú er og þar er mjög mikið verk að vinna fyrir hvert og eitt ríki á alþjóðavettvangi, að reyna að bæta þá stöðu sem uppi er. Ég sagði fyrr í dag að það væri ráðandi hagstjórn og efnahagsferli í heiminum sem ætti drýgstan átt í að stefna umhverfi manna og framtíð í hættu, hinn stöðugi efnahagsvöxtur sem leiðarstjarna og mælikvarði á árangur. Margir þeirra, virðulegi forseti, sem tala um sjálfbæra þróun hafa í raun í huga svokallaðan sjálfbæran ótakmarkaðan hagvöxt og reyna að bregðast við afleiðingunum svo að vöxturinn geti haldið áfram. Það er hins vegar svo að þótt dregið hafi úr fólksfjölgun og hún jafnvel stöðvast í sumum þróuðum ríkjum þá heldur vaxandi efnisleg neysla og sóun náttúruauðlinda jarðar áfram á fullri ferð. Framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar byggir að miklu leyti á þeirri blekkingu að vísindi og tækni leiði okkur undan umhverfislegum afleiðingum síaukinnar vöruframleiðslu og orkunotkunar eða orkusóunar eins og réttmætt væri að kalla það. Viðfangsefnið í þessu máli er afar stórt, ekkert minna en að breyta um hagstjórn, breyta um lífsmáta og gildismat. Hverfa frá draumnum um sífellt meiri efnisleg gæði og rækta með fólki allt önnur siðræn gildi en nú eru ráðandi víðast hvar nema hjá þjóðum sem kallaðar eru frumstæðar og varðveitt hafa hæfileikann til að lifa í sátt við umhverfi sitt af litlum efnum. Verkefnið er ekki að hverfa til baka í spor þeirra en ná hins vegar viðlíka sátt við náttúruna og draga til mikilla muna úr orkusóun og hvers konar áraun á náttúrulegt umhverfi. Ýmsir á Vesturlöndum hafa undanfarið leitað sér huggunar í því að vísa á óhæfuverk og sóun og hrikalegar afleiðingar miðstýrðs hagkerfis í Austur-Evrópu á sviði umhverfismála. Það er hins vegar skammvinn huggun því í raun eru hliðstæð öfl að verki í öllum iðnvæddum hluta heimsins þótt reynt sé að draga úr afleiðingum framleiðsluferla með ýmsum tæknilegum ráðum og fyrirmælum. Ósamkvæmnin — Virðulegur forseti. Mér sýnist vera komnir fleiri fundir hér í salinn.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill biðja um hljóð fyrir hv. ræðumann.)

Ósamkvæmnin í umræðunni birtist m.a. í lotningarfullri aðdáun fjármagnseigenda, kapítalista, nú um stundir á „efnahagsundrinu" innan gæsalappa, í Kína með þeirri hrikalegu mengun m.a. og ágangi á náttúruauðlindir sem þar á sér stað. Ég minni m.a. á þáltill. sem var lögð fram af þingmönnum Sjálfstfl. þar sem sá ekki út yfir dýrðina og gleymdist aðeins að setja á hana réttan merkimiða, hið alsjáandi auga Flokksins með stórum staf.

Ég ætla að koma undir lokin, virðulegur forseti, að GATT-*reglunum eða reglum* Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar því að þar er sannarlega dreginn vagn sem þarf að gefa gaum að og þar er verkefni fyrir hæstv. utanrrh. í aðdraganda ráðherrafundar á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í desember, ef ég man rétt, til þess að taka upp hinar stóru spurningar sem snerta viðfangsefnið: Eiga viðskiptaleg sjónarmið

að ganga óhindrað fram á grundvelli regluverks Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og keyra yfir umhverfisleg viðhorf, spurningarinnar um að lágmarkstillit sé tekið til umhverfismála? Menn verða að gera sér ljóst að það er tómt mál að tala um sjálfbæra þróun í heiminum ef menn ætla að keyra áfram eftir þessu spori sem lagt er með reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það leiðir ekki nema í eina átt, fram af bjargbrúninni. Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að hugmyndirnar um svokallaða græna lotu á vegum GATT og umræður þar að lútandi er þögnuð og ég hef það m.a. eftir forustumönnum sem sinna umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna og reyndar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að afar litlar líkur séu á því að slík umræða verði tekin upp í alvöru. Hér er afar örlagaríkt mál á ferðinni sem felur í rauninni í sér spurninguna um það hvort menn hafa meint eitthvað með því að taka þessum málum tak á alþjóðavettvangi, reyna að gera sjálfbæra þróun að einhverju viðfangsefni með innihaldi eða hvort menn ætla að láta reka á reiðanum og láta náttúruna vera þann húsbónda sem mun auðvitað taka til sinna ráða og refsa mönnum fyrir skammsýni þegar þar að kemur en það eru ekki þeir kostir sem við óskum heldur allt aðrir.

[21:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þeim ummælum hv. þm. að sérstakur ágreiningur væri uppi í ríkisstjórninni um málefni Evrópusambandsins vil ég taka það fram að svo er ekki. Ég sagði í ræðu minni að stækkun Evrópusambandsins væri í rökréttu samhengi við sögulega þróun þess og ég held að það geti enginn borið á móti því að stækkun Evrópusambandsins til austurs er staðreynd. Það er verið að vinna að því og ég sagði að enginn muni stöðva þá þróun.

Eigum við Íslendingar að lýsa því sérstaklega yfir við þessar þjóðir sem sjá hagsmuni sína helsta því að ganga til samstarfs við önnur ríki í Mið-Evrópu að við séum algerlega á móti því? Átti ég í viðræðum við tékkneska ráðamenn fyrir stuttu að lýsa því yfir fyrir hönd Íslands að það sé andstætt hagsmunum okkar að þessi þróun verði? Það er ekkert rökrétt samhengi þar í og ég hef að sjálfsögðu lýst því yfir að ég styðji viðleitni þeirra. Þetta land er Evrópuþjóð. Sama á við um Ungverjaland og þessar þjóðir vilja vera í þessum samtökum. Ég tel enga ástæðu til annars en styðja þá viðleitni þeirra því að ég tel að það þjóni öryggishagsmunum Evrópu, ég tel að það þjóni Evrópu framtíðarinnar og þar með hagsmunum okkar. Svo er allt annað mál hvort við Íslendingar viljum sækja um aðild.

Ég tók fram í ræðu minni að umsókn um aðild væri ekki á dagskrá og ég lýsti því hvers vegna. Hins vegar hef ég ávallt tekið það fram í gegnum tíðina að ekki sé hægt að útiloka fyrir alla framtíð. Ég er ekki í stöðu til þess og vil þess vegna fylgjast vel með málum og það er núv. ríkisstjórn að gera.

[21:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. verður auðvitað að meta það fyrir sig hvort um sé að ræða ágreining í ríkisstjórn eða ekki um þetta efni. Ég vil ekki tala fyrir hans hönd eða gagnrýna það mat hans að þar ríki góður friður. En við sem fylgjumst með málflutningi forustumanna ríkisstjórnarinnar og þeirra tveggja flokka sem að henni standa tökum auðvitað eftir því að það ríkir allt annað mat hjá hæstv. forsrh. en hæstv. utanrrh. á eðli og inntaki Evrópusambandsins. Það ríkir allt annað mat og ekki langt að leita í tíma til þess að finna stað fyrir því.

Það fer síðan að sjálfsögðu eftir mati á innihaldi og mati á þróun Evrópusambandsins, æskilegri þróun eða hvað menn vilja sjá, hvernig menn haga orðum sínum við stjórnmálamenn í öðrum ríkjum sem eru að hugsa um að sækja um aðild. Ekki er víst að sá sem telur að margt sé tvísýnt í þróun Evrópusambandsins, m.a. varðandi lýðræðislegt innihald sambandsins, sé að hvetja menn til þess að sækja um. Það væri frekar að hann mundi leggja inn varnaðarorð eins og ég hygg að t.d. járnfrúin breska, Margrét Thatcher, hafi gert þegar hún ræddi á sínum tíma við forustumenn sem gengu á fund hennar og það er þarna sem skilur á milli. Það er ekkert eitt uppi varðandi ferð Evrópusambandsins. Það eru stórar spurningar uppi: Hvert stefnir, hvers konar Evrópusamband? Hvers konar Evrópusamband vill hæstv. utanrrh. sjá sem á að tryggja það öryggi í Evrópu sem hann telur að sé hugmynd þeirra að styrkja?

Ég vil líka minna á stöðu Dana og sögu Dana sem þátttakenda í Evrópusambandinu. Það vill svo til að eftir þann langa tíma sem liðinn er og Danir hafa verið aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu og nú Evrópusambandinu, þá er ekki ljóst hvort það er meiri hluti fyrir þátttöku í þessu sambandi eða ekki í nágrannaríki okkar, Danmörku, og ætli það segi ekki sitthvað um stöðuna. Nú engjast Danir út af spurningunni um það, í hvaða átt þetta samstarf þróast.

[21:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í ræðu minni að þjóðríkið og hagsmunir þess hljóta að vera forsenda fyrir starfi Íslands í alþjóðlegu samhengi. Ég sagði jafnframt að það væri ekki hægt að varðveita þjóðareinkenni og gæta hagsmuna landsins ef þjóðríkið er ekki grunneining í alþjóðastarfi. Ég vænti þess að þessi setning segi allmikið um þróun Evrópusambandsins því að það eru uppi þær skoðanir hjá ýmsum að Evrópusambandið eigi fyrst og fremst að verða einhvers konar bandaríki Evrópu. Það er staða sem ég vil ekki sjá. En ég hlýt að treysta því að þjóðir Austur-Evrópu geti metið þessa stöðu sjálfar.

Ég er ekki í stakk búinn til þess að flytja einhver sérstök varnaðarorð umfram framtíðarþróun Evrópusambandsins. Ég sé það ekki fyrir. En það eru ýmsar blikur á lofti eins og hv. þm. tók fram og við höfum ekki séð fyrir endann á því. Við vitum ekki hvað kemur út úr ríkjaráðstefnunni. Þar getur ýmislegt breyst og það er mikil hætta á því að lítil ríki eins og Norðurlöndin muni í framtíðinni hafa mun minni áhrif í Evrópusambandi framtíðarinnar en þau hafa í dag. Þessi ríki óttast þessa stöðu, þar á meðal þau ríki sem nýlega hafa gengið inn eins og Finnland og Svíþjóð. Þetta er allt saman á réttum stað en það hlýtur að vera skylda okkar að fylgjast með þessari þróun og meta stöðu okkar í ljósi breyttra aðstæðna þegar þar að kemur og vera þá tilbúin til að bregðast við þeirri stöðu sem kemur upp með hvaða hætti sem það verður.

[21:10]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því sem stóð í texta hæstv. utanrrh. varðandi þjóðríkið og mér þykir betra að sjá það þar en ekki. Það tek ég fram. Spurningin er hins vegar: Hvaða merkingu hefur það og hvert er innihaldið, jafnvel í þeirri stöðu sem uppi er í dag nú þegar það blasir við að aðildarríki Evrópusambandsins eru svipt sjálfræði eða myndugleik

í stórum þáttum einnig að því er snertir utanríkismál? Ég las það síðast í dag í sænsku blaði hvernig aðstaða Svía til að beita sér í stóru máli eins og deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs er gerbreytt. Þeir eru orðnir ómyndugir í utanríkismálum. Evrópusambandið gerir kröfu til þess að tala fyrir þá í því efni eins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar höfum við lýsandi dæmi um það hversu langt þessi samrunaþróun er komin, hversu Evrópusambandið sem stofnun tekur fram fyrir hendurnar á aðildarríkjum.

Hugmyndin er að halda áfram, ganga lengra og það er viðfangsefni þeirrar ráðstefnu sem nú er uppi að takast á um þau efni. Auðvitað eru þar verulega skiptar skoðanir. Ráð mín hafa verið þau að menn ættu að varast að ganga lengra inn í þetta samstarf á meðan ekki hefur skýrst hvað út úr þeirri ráðstefnu kemur, þar á meðal varðandi atriði eins og svonefnt Schengen-samstarf.

[21:12]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, hugsaði upphátt áðan um Evrópumál. Hann tók svo til orða að lýsa mætti stefnu núv. ríkisstjórnar eða a.m.k. þeirri stefnu sem hæstv. utanrrh. talar fyrir með orðunum „að bíða átekta". Í ræðu minni hér áðan má kannski segja í þessum samanburði að áherslan var á orðið „að vinna heimavinnuna sína". Biðin er óvirk, vinnan er virk.

Megingagnrýni okkar á hæstv. ríkisstjórn er sú að hún er ekki að vinna heimavinnuna sína. Hún er ekki að gera skyldu sína um það að virkja stjórnkerfið til þess að rannsaka í dýpt alla kosti og galla aðildar, búa sig undir það að sú staða geti komið upp sem er eina rökrétta niðurstaðan af því sem hæstv. utanrrh. er að segja að við útilokum ekkert. Ef við útilokum ekki, þá búum við okkur undir. Þeir sem ekki búa sig undir, þeir sem vinna ekki heimavinnuna sína geta varla verið að meina mikið annað en bara bíðum, sjáum hvað setur. Kannski reddast þetta og það eru ekki ásættanleg vinnubrögð. Það er þess vegna rangt að ríkisstjórnin sé að gera eitthvað til þess að mæta þeim möguleika, þeim kosti að við endurmetum þetta. Augljós munur er á þeim áherslum og þeim málflutningi sem er annars vegar frá hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. utanrrh. Ég man ekkert dæmi þess að hæstv. forsrh. hafi fengist til þess að ræða þessi mál öðruvísi en í einhverri óskiljanlegri geðshræringu og fullkomnu ójafnvægi hugans og oftast nær í skætingstón.

Hins vegar segir hæstv. utanrrh. lítið um þetta, hann lokar ekki dyrum, útilokar ekki kosti og gætir þess að fara ekki með munnsöfnuð um þessar samstarfsþjóðir okkar og er að því leyti miklu hyggilegri í tali.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi einmitt dæmi og vildi spyrja okkur um afstöðu til þróunar Evrópusambandsins, t.d. varðandi myntsamrunann. Það er nákvæmlega það sem við erum að segja. Ríkisstjórnin á að vera að vinna. Hún á að vera að rannsaka kosti og galla, t.d. þess sem hv. þm. nefndi. Hún á að sjálfsögðu að vera að meta það nú þegar, vegna þess að þetta mun koma, hvaða áhrif það hefur, jákvæð og neikvæð, að því er varðar Ísland, viðskiptastöðu okkar, samkeppnishæfni, áhrif á vexti, gengi o.s.frv. Þetta er gagnrýnin. Ríkisstjórnin er verklaus í málinu, bíður átekta í staðinn fyrir að vinna, rannsaka og kynna málið og ræða það, vegna þess ef hún heldur áfram að bíða verður hún eða íslensk stjórnvöld jafnóundirbúin ef sú staða kemur, við skulum segja í kjölfar ríkjaráðstefnunnar eða hvenær sem það er.

Ég er ákaflega feginn að hæstv. utanrrh. hefur ekki tekið það að sér þrátt fyrir áskorun frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að ráða þeim leiðtogum þeirra þjóða sem nú eru í biðröðinni, þessum 15, frá því að halda áfram á þeirri ógæfubraut. Ég er feginn því. Það ber að meta það. En það mætti kannski snúa því við og segja: Það væri ágætt ef hæstv. utanrrh. vildi leggja inn orð í viðræðum sínum við Tékka, Pólverja, Ungverja og Eystrasaltsþjóðir um að þær legðu okkur lið þegar við þurfum á að halda atbeina þeirra, kannski upp úr aldamótum, að leita þarna inngöngu.

Herra forseti. Ég ætla að láta útrætt um Evrópumálin. Ég gerði þeim skil í fyrri ræðu minni. Mig langar til þess að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um brýn hagsmunamál sem eru okkur nær vegna þess að föðurland vort hálft er hafið eins og þar stendur, þ.e. hafréttarmálin.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni að það veldur vonbrigðum að um þau er afar lítið fjallað. Það er ein blaðsíða þó, meira en sjö línur um Evrópumál og þar segir:

„Afstaða Íslands í Evrópumálum grundvallast á þeirri staðreynd að Íslendingar eru mjög háðir fiskveiðum." Og í annan stað þegar kemur að stefnu hæstv. ráðherra og stjórnvalda nefnir hann eitt orð: Sanngirni. Hann segir að stefna sín sé fólgin í því að beita sér af sanngirni í málum og væntanlega að vænta sanngirni af öðrum. (**SJS:** Hvernig er sanngirni ...?) Það er akkúrat það, hv. þm. Ég var nýlega í Noregi og átti þar orðastað við stjórnmálamenn, fulltrúa hagsmunasamtaka, embættismenn og hlustaði vandlega eftir sáttatóninum og sanngirninni í þeirra málflutningi. Þeir sögðu: Íslendingar eru fiskiþjófar. Þeir hafa sýnt enga fyrirhyggju vegna rányrkju á eigin fiskimiðum og sækjast nú í að stela inneignum hinna sem sýnt hafa fórnfýsi og fyrirhyggju. Samningsréttindi Íslendinga í Barentshafi eru 0,0, þau eru engin vegna þess að þeir eiga þar engan sögulegan rétt.

Samningsstaða Íslands gagnvart síldarstofninum er 0,1% var sjónarmið norska sjávarútvegsráðuneytisins, 0,1% miðað við núverandi mynstur stofnsins. Þeir sögðu: Eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um stofna sem ganga inn og út úr lögsögu og flökkustofna er genginn í gildi, þá er þess að vænta að svæðisstjórn okkar, þ.e. rússnesk/norska nefndin, verði viðurkennd með algert forræði yfir Barentshafi. Þá eiga Íslendingar heldur engan rétt. Þeir eiga ekki sögulegan rétt og þeir eiga engan aðgöngurétt að svæðisstjórninni. Síldin er núna norskur ríkisborgari og okkur ber engin skylda til þess að rétta Íslendingum eitt eða neitt í því efni. Hins vegar er það hyggilegt af okkur að semja við Evrópusambandið um síld, en við fiskiþjófana eigum við helst ekkert að tala. Aftur var það sjónarmið norska sjávarútvegsráðuneytisins.

Síðan mátu þeir það svo að í reynd væri enginn samningsvilji heldur af hálfu Íslendinga vegna þess að íslenskir útgerðarmenn sem réðu íslenskum stjórnvöldum og nefndu í því sambandi tengslin milli LÍÚ og núv. hæstv. sjútvrh. og utanrrh., þar sem þetta væru öflin sem réðu þessu, væri þeim ljóst að ef samningsstaðan væri svona léleg, þá yrði samningsniðurstaðan sú að íslenskir útgerðarmenn mundu tapa 10 milljörðum kr. á því sem væri það mesta sem Íslendingar gæti vænst af samningum.

Þetta er sanngirni Norðmanna. Svo bættu þeir því við að sókn Íslendinga með 100 verksmiðjuskipum sem þeir hefðu keypt af gjaldþrota útgerðum í Kanada og Eystrasaltslöndunum væri nú orðin svo hörð á úthöfunum að 8–9 millj. fátækra fiskimanna á Indlandi hefðu farið í mótmælagöngu gegn hinni íslensku innrás á Indlandshafi.

Herra forseti. (Gripið fram í.) Það var alveg (**Forsrh.:** Það var Ólafur Ragnar.) Ekki nefndu þeir heimildirnar en mér varð hugsað til (Gripið fram í.) ónefnds farandsendiherra eða farandutanríkisráðherra í samskiptum okkar við Indland. (**Utanrrh.:** Hvað sagðir þú við þessu öllu?) Ég svaraði þessu öllu saman mjög rækilega, hæstv. ráðherra og vil einnig vísa til þeirra svara og brýna hæstv. ráðherra.

Það eru þrjú ár síðan þessar deilur við Norðmenn hófust. Þá var reyndar hér sjútvrh. við völd og er enn sem ætlaði að stöðva þær veiðar með einfaldri reglugerðarsetningu. En það var komið í veg fyrir það. Síðan er búið að færa milljarða björg í bú með veiðum á Barentshafi. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Telur hann virkilega eftir að hann hefur fengist við þetta í eitt ár að það sé stefna í þessum málum að segja: Sanngirni í samskiptum við Norðmenn? Að sjálfsögðu kurteisi, mannasiðir, sanngirni, já, já. En getur það orð komið í staðinn fyrir stefnu? Hver er stefna hæstv. ráðherra?

Við erum að ræða um þrjú meginsvið, þ.e. Barentshafið, bæði Smugan og fiskverndarsvæðið, við erum að ræða um síldarhafið og við erum að ræða um djúpkarfaveiðarnar úti á Reykjaneshrygg. Það er alveg ljóst af viðræðum við Norðmenn að þeir gera sér það ljóst að lykillinn að allri framtíð að veiðum á Barentshafi er fiskverndarsvæðið, ekki Smugan. Það er algerlega út í hött að ræða við Norðmenn mál fyrir mál, eitt mál í einu. Það er algerlega fráleitt af íslenskum stjórnvöldum að vera í samningaviðræðum við Norðmenn um það að Norðmenn skenktu okkur einhverja kvóta úr Smugu, alþjóðlegu hafsvæði að settum skilyrðum. Ef Íslendingar fallast á að taka þennan afla kannski bara í Smugunni eða einhvers staðar annars staðar þar sem Norðmenn vilja vísa á, falla frá öllum kröfum varðandi fiskverndarsvæðið, falla frá gagnrýni og fyrirvörum á því svæði sem Svalbarðssamningsþjóð, falla frá réttinum til málskots þegar dómstólaleiðin er sú eina leið sem eftir er þegar enginn er samningsviljinn og lækka risið í kröfum okkar í síldarhafinu o.s.frv. Þetta er algerlega fráleitt. Það er alrangt að vera í samningum á þessum forsendum og það er gerbreyting frá því sem var í tíð fyrri ríkisstjórnar vegna þess að lykilorðið þá í viðræðum við þá var: Heildarlausn á þessum málum. Ekki mál fyrir mál, heldur heildarlausn. Og ég legg áherslu á það, herra forseti, að það er alveg ljóst, ef við erum að reyna að rýna í samningsstöðuna, að Norðmenn eru veikastir fyrir á einu sviði. Þeir eru reyndar berskjaldaðir og varnarlausir á einu sviði. Það er varðandi fiskverndarsvæðið svokallaða.

Að sjálfsögðu spurði ég Norðmenn: Hvernig skýrið þið það, kæru bræður, að þið hafið lent í illdeilum við hverja einustu þjóð í kringum ykkur, ekki bara Íslendinga heldur Færeyinga, Grænlendinga, Dani, Svía, Evrópusambandið og meira að segja Rússa, um síld? Getur verið einhver skýring á því? Er það bara Íslendingum að kenna? Ætli skýringin sé ekki sú að Norðmenn hafa á undanförnum árum og reyndar áratugum rekið einstefnu á Norður-Atlantshafinu, útþenslustefnu á Norður-Atlantshafinu sem sannast á því að þeir hafa núna lagt undir sig tveggja milljóna ferkílómetra hafsvæði til viðbótar við norsku lögsöguna sem er bara 875 þús. ferkílómetrar? Og þeir hafa búið til eitthvað sem heitir fiskverndarsvæði sem þeir vita að stenst ekki að alþjóðalögum og hafa engin rök fyrir.

Þeim var bent á það að fiskverndarlögsagan er meira en 200 mílur frá ströndum Noregs, algerlega aðskilin frá efnahagslögsögu Noregs. Þeim er bent á það að hafi Noregur að þjóðarétti heimild til 200 mílna lögsögu í kringum Svalbarða, þá er það ekki á grundvelli norskra laga, Norðmenn eiga ekki 200 + 200 mílna rétt, heldur á grundvelli Svalbarðasamningsins. Og nota bene: Engin aðildarþjóð Svalbarðasamningsins hefur viðurkennt forræði þeirra nema Kanadamenn sem álpuðust til þess í vitleysisgangi, hvattir til þess meira að segja og klappað fyrir þeim af hæstv. sjútvrh. og hæstv. núv. utanrrh. En það er eina þjóðin. Allar aðrar þjóðir hafa mótmælt einhliða sjálftökurétti. Norðmenn geta ekki tekið sér einhliða rétt gagnvart Svalbarðasamningnum en hafnað að uppfylla skyldur samningsins. Norðmenn geta ekki ætlast til þess að þeir einir hagnist á þróun þjóðaréttar, hafréttar út í 200 mílur en neitað hinum Svalbarðasamningsþjóðunum um að eiga hlut í því. Norðmenn geta aldrei komist fram hjá jafnræðisreglunni í Svalbarðasamningnum sem kveður á um jafnan rétt aðildarþjóðanna til nytja, bæði hlunninda og auðlinda á landi og í sjó.

Skemmtilegasta dæmið um það sem sannar það að Svalbarði er ekkert hluti af fullveldislögsögu Noregs er að það gilda algerlega önnur lög og reglur á Svalbarða. Þar eru allt önnur skattalög. Á Svalbarða eru engir tollar. Á Svalbarða er 4% virðisaukaskattur. Á Svalbarða er enginn tekjuskattur. Hann er skattaparadís og hvers vegna? Það er vegna þess að í samningnum er kveðið á um það að þótt Norðmenn hafi forræði gagnvart samningnum, þá megi þeir ekki innheimta skatta af þeim sem þar búa umfram þann kostnað sem þeir hafa af stjórnun sinni á svæðinu. Vita Norðmenn það kannski ekki að norsk stjórnvöld hafa ótakmarkaðan rétt til þess að skattleggja Norðmenn? Ef Norðmenn ætla með þetta mál sitt fyrir alþjóðadómstól, hvað ætli kæmi út úr því? Hvers vegna er það að Norðmenn þora ekki að lýsa því yfir að þetta sé partur af norsku efnahagslögsögunni? Hvers vegna finna þeir upp þetta vandræðalega hugtak „fiskverndarsvæði" sem finnst ekki í hafréttarsáttmálanum? Það er vegna þess að þeir vita að það er engin tilviljun að allar þjóðir hafa mótmælt þessum sjálftökurétti þeirra. Þeir vita að þetta fiskverndarsvæði stenst ekki að þjóðarétti. Ef þeir hefðu farið út í það að lýsa þetta hluta af norskri efnahagslögsögu, þá hefðu þeir nefnilega alveg tvímælalaust verið dregnir fyrir dómstólinn vegna þess að þá hefði það líka snúist um auðlindirnar á hafsbotninum og undir botninum.

Herra forseti. Það er þarna sem Norðmenn eru á hálum ís og vita það. Við eigum einfaldlega að segja við þá og það er kominn tími til: Við þykjumst nokkurn veginn vita það eftir samráð við færustu þjóðréttarsérfræðinga og hafréttarsérfræðinga í heimi og það eru ekki þeir sem íslenska utanrrn. flaggar mest með, við vitum nokkurn veginn hver niðurstaðan verður af þessum dómi. Og það er meira í húfi út frá ísköldu mati á norskum þjóðarhagsmunum en svo að þeir láti það sem vind um eyrun þjóta. Það er kominn tími til að vera ekki bara með loðið og teygjanlegt hugtak eins og sanngirni. Það er kominn tími til að fara að taka á þessu máli út frá fiskverndarsvæðinu, þar sem þeir eru veikastir fyrir, og bjóða þeim upp á heildarlausn vegna þess að áður en að því kemur að við drögum þá fyrir dómstól sem nú er mjög brýnt að fara að taka ákvörðun um, það hefur verið dregið of lengi, þá er það það eina sem getur breytt stöðunni og samningsvilja Norðmanna.

[21:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Það hefur verið gagnrýnt hér að þetta sé ekki rétta formið. Það er sjálfsagt að taka það til endurskoðunar og

athuga með hvaða hætti þessari umræðu verður best fyrir komið og hvernig skýrslugjöf til Alþingis af hálfu utanrrn. verður best háttað. Við höfum tekið upp þann sið að auka upplýsingar til utanrmn. um hin ýmsu mál sem unnið er að í ráðuneytinu og vona ég að það hafi verið til bóta. En það er að sjálfsögðu erfitt fyrir utanrrh. á hverjum tíma að taka þátt í þessari umræðu með því að hafa nánast sama tíma og aðrir þingmenn, 30 mínútur í framsögu á móti 25 mínútum hjá öðrum og 15 mínútur í síðari umræðu, eða það sama og aðrir þingmenn hafa. Það er mjög erfitt að ætlast til þess að utanrrh., hver svo sem hann er, geti komið að öllum þeim málum sem ástæða hefði verið til að koma að. Það hefur verið mjög kvartað yfir því í dag af nánast öllum þingmönnum að í þessari ræðu hafi ég ekki komið að þessu eða hinu, að ég hafi sagt nokkur orð um eitt mál og enn færri um önnur. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kvartaði yfir því að ég hefði talað allt of lítið um Vestur-Evrópusambandið. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kvartaði aftur á móti yfir því að ég hefði talað allt of lítið um hafréttarmál og allt of lítið um Evrópumál o.s.frv.

Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að hlusta á þessa gagnrýni og taka þetta til endurmats og mér finnst eðlilegt að það sé gert í samvinnu við utanrmn. En það er ekki hægt að ætlast til að öllum málum séu gerð jafngóð skil og minn vilji stendur til. Við þurfum að finna það form sem hentar okkar þingræði og ég hef ekki talið það vera í mínum verkahring að láta uppi miklar skoðanir um það hvernig þetta eigi nákvæmlega að vera. En ég held að það sé ljóst að í framhaldi af þessari umræðu sé nauðsynlegt að taka það til endurmats. Það væri að mínu mati miklu heppilegra að reyna að afmarka þessi mál meira, t.d. að taka sérstaka umræðu um hafréttarmál, sérstaka umræðu um Evrópumál o.s.frv. En til þess þarf góðan tíma og ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort sá knappi tími sem er til starfa á Alþingi leyfir það.

Ég vildi fyrst koma aðeins að Evrópumálunum. Það hefur verið gagnrýnt af ýmsum að núv. ríkisstjórn sé ekkert að gera, hún sé ekki að vinna okkar málum skilning, hún sé ekki að undirbúa jarðveg og sé nánast aðgerðalaus á þessu sviði, bíði og nánast sofi. Ég vil mótmæla þessu. Hitt er svo annað mál að núverandi ríkisstjórn er ekki að reyna að lýsa þessu máli með allt of mörgum lýsingarorðum eða lýsa því að menn bíði eftir okkur í Evrópusambandinu og það sé ekkert mál að komast þar inn á okkar forsendum. Það er að mínu mati ekki staðan. Ég hef reynt að afla okkar sjónarmiðum skilnings, ég hef reynt að lýsa okkar aðstæðum, m.a. með það í huga að það geti nýst okkur síðar meir ef annað mat verður á stöðunni hver sem svo verður í ríkisstjórn á þeim tíma. Það má vel vera að það verði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Ég vil a.m.k. ekki að það ríki neinn misskilningur um það hvað það er sem við leggjum áherslu á.

Ég geri mér vel grein fyrir því, þótt ég sé ekki hrifinn af öllu hjá Evrópusambandinu, að við munum ekki ráða einu og öllu um það hvernig þar verður umhorfs, hvernig stjórnkerfi þess verður byggt upp, hvernig lýðræðið verður innan Evrópusambandsins. Ef Íslendingar vilja ganga í Evrópusambandið einhvern tíma í framtíðinni, er það nánast ekkert annað en ganga inn í það kerfi sem þá er fyrir hendi. Þetta er það sem þjóðir Austur-Evrópu eru núna að taka ákvarðanir um. Ég hef hins vegar gert mér vonir um að það væri hægt að semja um einhverja aðra tilhögun í sjávarútvegsmálum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að sú staða liggi fyrir í dag. Það má vel vera að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sé tilbúinn til að senda inn umsókn og haldi að það sé hægt að semja um það á tiltölulega fáum mánuðum. Ég tel það rangt mat á stöðunni. Ég tel að umsókn núna um aðild Íslands að Evrópusambandinu mundi ekkert gera annað en að skemma þá stöðu sem við erum í í þessu sambandi. Ætla menn að fara út í það að sækja um og segja svo bara á eftir: Ja, við meintum nú ekkert með þessu. Það er alveg ljóst að um leið og menn sækja um gera menn það í fullri alvöru og ætla sér þangað inn. Menn gera það ekki eins og einhverja æfingu í barnaskóla. Hér er full alvara á ferð og það er rétt að gera sér grein fyrir því hvað menn eru að gera. Hv. þingmenn lýsa því yfir að það sé ekkert annað að gera en sækja bara um og láta á það reyna, það sé eina leiðin. Gæti ekki verið að það sé rétt að athuga hver væri hugsanlega niðurstaðan? Er líklegt að við fengjum þar einhverja niðurstöðu aðra en Norðmenn fengu? Það má vel vera að við fengjum eitthvað betri niðurstöðu í dag, en að mínu mati enga fullnægjandi niðurstöðu. Þetta verða forsvarsmenn Evrópusambandsins og forsvarsmenn þeirra ríkja sem þar ráða málum að skilja. Þennan jarðveg þarf að undirbúa ef einhvern tíma kemur að því að menn vilja fara út í þetta.

Ég er ekki tilbúinn til þess að lýsa því yfir að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég met stöðuna þannig að við fengjum ekki fram okkar mikilvægustu hagsmunamál. Ég hef hins vegar ekki gengið um meðal ríkja Evrópusambandsins og haldið langar ræður um það hvað þeir séu vondir menn og þeir ættu að reyna að haga sér með einhverjum öðrum hætti. Eða varað ríki Austur-Evrópu við því að ganga í þetta samband. Það hef ég ekki gert og tel mig ekki hafa neitt umboð til þess frá íslensku þjóðinni. Ég teldi mig ekki vera að gæta hagsmuna hennar ef ég kæmi fram með þeim hætti. En ég tel það skyldu mína að meta þessa stöðu, halda dyrum opnum ef Íslendingar einhvern tíma verða þeirrar skoðunar að það beri að gera einhverja nýja hluti, jafnvel að sækja um aðild. Menn verða þá að vera bærilega undirbúnir undir það. Ekki meira um það. Ég vænti þess að það sé ekki verið að oftúlka skoðanir mínar í þessu sambandi og tel algeran óþarfa af hv. þingmönnum að gefa í skyn að ég sé þeirrar skoðunar að við eigum að ganga þarna inn. Svo er alls ekki. Ég get ekki glatt Alþfl. með því. Ég vil hins vegar halda augunum opnum og átta mig á því hvað er að gerast í kringum mig. Ég tel að það felist í starfi utanrrh. á hverjum tíma að fylgjast með og reyna að meta og átta sig á aðstæðum og segja heiðarlega frá því.

Varðandi hafréttarmálin, hæstv. forseti, er það rétt að ég hef notað orðið sanngirni. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrv. utanrrh., notar orðið heildarlausn sem lykilorð. Annaðhvort semji menn um allt eða ekkert. Er það reynsla hans og reynsla okkar í málum að menn eigi aðeins að semja um allt eða ekkert? Ég nefni að við höfum samið um karfann á Reykjaneshrygg og ég tel það vera árangur. Ég tel mikilvægast af öllu að semja um síldarmálin. Ég hef hingað til borið þá von í brjósti að það gæti tekist. Þær fréttir sem við fáum núna um að það sé búið að ákveða veiðar úr þessum stofni upp á 1,4 millj. tonn eru í reynd skelfilegar fréttir fyrir Íslendinga. Það getur enginn hrósað sér af því að þetta ástand skuli koma upp vegna þess að Íslendingar hafa mestra hagsmuna að gæta af öllum vaðandi það að þessi veiði verði minnkuð. Framtíðarhagsmunir okkar felast í því að það verði hægt að byggja upp þennan stofn en ekki veiða hann upp. Við hljótum að vera tilbúnir til þess að leggja mikið á okkur til að svo geti orðið. Ég segi fyrir mig að ég er tilbúinn

til þess að ganga til samninga um það, jafnvel þótt málið í Barentshafi leysist ekki. Ég hef ekki viljað tengja þau mál þannig saman að ef við ættum kost á því að gera samning um síldina, sem þjónar okkar hagsmunum, þá neituðum við slíkum samningi vegna þess að það væri ekki hægt að ná saman um Barentshafið. Ég tel það ranga stefnu. Það væri hins vegar betra að leysa bæði málin og komast út úr þessu vegna þess að samningar þjóna okkar hagsmunum. En þeir geta tekið nokkurn tíma og ég minni á að við vorum tíu ár að ná samningum í loðnumálinu. En við náðum niðurstöðu og ég tel að það hafi verið mikilvægt fyrir okkur Íslendinga.

Við munum vinna áfram að þessum málum á grundvelli sanngirni og við teljum að okkur hafi ekki verið sýnd sanngirni enn þann dag í dag í þessum málum. Við höfum skapað okkur þokkalega stöðu að mínu mati í síldarmálinu vegna þess að við vorum fljótir til í fyrra þegar upp úr slitnaði í þessum samningum. Við sömdum við Færeyinga að nóttu til og gengum frá því á nokkrum klukkutímum. Það var þess vegna sem við höfðum stöðu til að veiða jafnmikið af síld og við gerðum á sl. sumri. Það er hins vegar afar mikilvægt að geta veitt þessa síld á stærra svæði og geta skipulagt veiðarnar betur. Það er óskynsamlegt að skófla þessari síld upp á skömmum tíma án þess að gera úr henni það verðmæti sem hægt er að gera úr síldinni. Það þjónar ekki okkar hagsmunum að ganga þannig fram. Að mínu mati getum við því sætt okkur við minni veiðar en við höfum nú ákveðið ef það gæti orðið til að ná niðurstöðu og heildarmagnið færi nær 1 millj. tonnum. Það versta af öllu fyrir okkur er að veiðin skuli vera orðin svona mikil.

Herra forseti. Það hefur verið spurt um margt í þessari umræðu og ég get því miður ekki svarað því öllu þótt ég gjarnan vildi. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom með margar ágætar spurningar í ágætri ræðu sinni sem var afar málefnaleg. Hún spurði um þær áherslur sem eru uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar í viðræðum við Evrópusambandið og aðildarþjóðir þess. Ég tel rétt að ræða það í utanrmn. þar sem ekki er tími til þess hér og er tilbúinn til þess að gera grein fyrir því. Hún spurði hvernig stæði á því að við værum orðnir aðilar að ályktunum ESB í utanríkismálum. Ástæðan er sú að það hefur verið aukið hið pólitíska samráð sem hefur gert það að verkum að við höfum getað gerst aðilar að nokkrum ályktunum í utanríkismálum og almennt séð erum við sammála Evrópusambandinu í mörgum utanríkismálum og líka Norðmenn. Evrópusambandið hefur lagt sig fram á sviði mannréttindamála og barist fyrir friði í fyrrum Júgóslavíu þannig að þetta eru mál sem við getum átt aðild að.

Hún spurði um skatt á eldsneyti. Það er engin slík umræða uppi hér á landi enn sem komið er um að auka skattlagningu á eldsneyti. Hins vegar er þessi skattlagning að aukast mjög víða í Evrópu og það verður ekki komist hjá því að umræða muni aukast um það hér á landi. Hún spurði um efnavopnatillöguna. Það er verið að undirbúa hana í utanrrn. Ég sé ekki fram á að það mál nái fram að ganga á þessu þingi en ég vænti þess að það verði hægt að leggja það fram í upphafi næsta þings.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Ég biðst afsökunar á því að geta ekki svarað öllu því sem fram hefur komið og til mín hefur verið beint, en ég vænti þess að það verði hægt að taka það upp síðar.

[21:44]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara frekar út í efnislega umræðu við hæstv. utanrrh. Við höfum þegar átt samræður í ýmsu formi undir þessari umræðu. Ég vildi aðeins þakka honum undirtektir við þá aðfinnslu eða ábendingu sem ég kom fram með í upphafi máls míns í dag að æskilegt væri að hafa form þessarar umræðu betur undirbyggt í framtíðinni, annaðhvort að hverfa að því sem áður var tíðkað að ein gild skýrsla kæmi fram sem fylgdi aðalstefnuræðu ráðherrans á þinginu á hverjum vetri eða hitt sem hafði verið talað um þegar þessi breyting var gerð, að efna til tveggja umræðna um utanríkismál á vetri eða á hverju þingi og þá fylgdu að auki þemaskýrslur sem væru tilefni fyrir umræðu þess á milli. Um þetta finnst mér skynsamlegt að hæstv. ráðherra fjalli við forsn. þingsins eftir atvikum til þess að við gætum gengið betur nestaðir inn í svona umræðu á komandi þingi. Það eru mín ráð í þessu sambandi.

[21:45]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði að hann væri ekki reiðubúinn til þess að senda inn umsókn til Evrópusambandsins svona til þess að máta kjólinn. Og ég lái honum það ekki neitt. Þó nú væri. Hæstv. utanrrh. er alls ekkert undir það búinn að senda umsókn eitt eða neitt. Að sjálfsögðu getur hann það ekki. Af hverju ekki? Það er vegna þess að hann hefur ekkert unnið þá undirbúningsvinnu sem þarf að vinna til þess áður en menn gera það. Það er alveg rétt hjá honum, þetta er háalvarlegt mál. Þetta er innanlandspólitískt mál. Það fer ekki eftir einhverjum vísbendingum að utan. Það er innan lands pólitísk ákvörðun sem byggir á að menn hafi unnið heimavinnuna sína og farið rækilega og í dýpt yfir kosti og galla og gert sér grein fyrir því hver samningsmarkmiðin eru, eftir hvaða ávinningi er verið að slægjast, hvaða hindranir eða gallar það eru sem við viljum helst ryðja úr vegi og leggja síðan fyrir sig heildardæmið. Auðvitað sækja menn ekki um fyrr en að sú undirbúningsvinna hefur átt sér stað. Þó nú væri. (**Gripið fram í:** Hvað vill þjóðin?) Skoðanakannanir, ef hv. þm. er að spyrja um þær, þá hafa þær margsinnis gefið það til kynna að það er meirihlutavilji, um fjórar kannanir ef ég man, fyrir því að láta reyna á aðildarumsókn en það þýðir að sjálfsögðu ekki að þjóðin sé að segja: Farið óundirbúnir og flanið í þær viðræður.

Að því er varðar hafréttarmálin þá segir hæstv. utanrrh.: Það er nú ýmislegt að varast í sambandi við þessa heildarlausn. En hvaða árangri hafa Íslendingar náð í viðræðum um Smuguna? Hvarflar það að nokkrum manni að fallast á einhver skilyrði sem sett yrðu fyrir þeim tilboðum sem nefnd hafa verið af hálfu Norðmanna? Væntanlega ekki. Hvaða árangur hefur náðst í samningaumleitunum í síldarhafinu? Ef það er svo að við erum að deila, ekki bara við eina þjóð, Norðmenn, heldur við Rússa og Norðmenn og aðild að þeirri deilu eiga ekki bara Íslendingar heldur t.d. Færeyingar líka, og við erum með þrjú svæði undir og veikleiki samningsaðilans er fyrst og fremst í Barentshafinu, þá eigum við auðvitað að einbeita okkur að því og ekki láta þá komast upp með að telja að það sé tóm og innihaldslaus hótun að draga þá fyrir dómstól.

Herra forseti. Ég tók sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra viðurkenndi auðvitað að það hefur allt of lítill tími gefist til þess að fjalla um meginþættina, stefnumarkandi þættina, og sagði að hann væri reiðubúinn til þess að ræða

þau mál betur þegar tími gæfist til. Ég segi fyrir mína parta að ég mun ganga eftir því áður en þinghaldi lýkur að við fáum að ræða þessi stóru hagsmunamál miklu betur og með hæfilegum tíma.

[21:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir mikilvægt að formaður Alþfl. hefur gefur þá yfirlýsingu hér að hann sé ekki tilbúinn til þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég hef skilið málflutning Alþfl. fram að þessu að þeir vildu senda inn umsókn sem fyrst og þeir hefðu í reynd viljað senda hana inn fyrir löngu. Þannig hafa þeir talað og rætt um málið eins og það væri tiltölulega lítið mál að fá þarna niðurstöðu. Það væri bara aumingjaskapur annarra stjórnmálamanna að vera ekki búnir að þessu og kippa málinu í liðinn. Ég hef skilið málflutning Alþfl. þannig. Það væri eina leiðin til þess að það kæmi í ljós hvað þarna væri í spilunum. En nú segir hann að svo sé ekki. Þetta mál þurfi mjög langan undirbúning og það þurfi að vanda hér til. Hann segir að við séum ekkert að gera sem ég segi að sé rangt. Við förum að vísu sjálfsagt ekki í málið eins og hann vildi fara í það en erum við að skilgreina það og munum halda áfram að vinna því.

Hann spyr hvaða árangur hafi náðst í hafréttarmálum. Það hefur þó náðst sá árangur að samningurinn um úthafsveiðarnar hefur verið undirritaður og við verðum að vinna á þeim grundvelli. Hann er leiðandi í þessu máli. Það hefur náðst samningur um Reykjaneshrygg og það hefur þó náðst sá árangur í hinum erfiðu málunum að samningsumleitanir eru þó enn í gangi. Það hefur ekki upp úr þeim slitnað. Ég veit að það er ekki nægilegur árangur en það er þó árangur að samningsaðilar gera sér enn vonir um að hægt sé að ná þarna niðurstöðu.

[21:51]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú þrátt fyrir allt, þrátt fyrir hinn jákvæða tón hæstv. utanrrh. í Evrópumálunum, þar sem kveður við annan tón en hjá samstarfsflokknum og hæstv. forsrh., að fara þess á leit að hann kynni sér hver er stefna stjórnmálaflokka í þessu máli. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra hafi ekki vitað að Alþfl. hefur aldrei haft þá stefnu að það eigi að fleygja inn undirbúningslaust óundirbúinni tillögu án þess að íslensk stjórnvöld hafi undirbúið sína heimavinnu og gert sér grein fyrir samningsmarkmiðum sínum og látið rannsaka málið í þaula. Hverjum eiginlega dytti slíkt í hug? Engum. Og það er ljóst að megingagnrýni mín á hæstv. ráðherra og ríkisstjórn er auðvitað að þeir hafa ekki notað tímann frá því t.d. að undirbúningskannanir voru settar af stað á vegum háskólans með því að virkja stjórnkerfið til þess að vinna þessa vinnu. Og þegar hv. þm. koma og spyrja: Hvaða áhrif mun þetta eða hitt hafa á okkur, t.d. myntsamruninn? Þá standa íslensk stjórnvöld eins og þvara í potti því þau hafa ekki unnið heimavinnuna. Þetta er bara eitt dæmi af legíó. Hvaða land í heimi er það þar sem ekki er verið að vinna undirbúningsvinnu af löndum utan Evrópusambandsins í tengslum við ríkjaráðstefnuna? Við erum sér á parti, öðruvísi en fólk er flest vegna þess að þessi vinna fer ekki fram.

Því miður er ekki tími til þess að ræða í andsvari við hæstv. ráðherra um hafréttarmálin frekar, en það er hægt að draga þá ályktun af þeim stuttu orðaskiptum sem hér hafa átt sér stað að það er orðið brýnt, herra forseti, að efna til ítarlegrar, efnislegrar umræðu um það mál og eftir því mun verða gengið.

[21:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað hefur átt sér stað athugun á því, á vegum Seðlabanka, Þjóðhagsstofnunar og viðskrn. hver áhrifin yrðu af því að hin sameiginlega mynt yrði tekin upp. Ég man eftir því að Alþfl. beitti sér fyrir því í fyrrv. ríkisstjórn að íslenska myntin yrði bundin við ECU og hæstv. þáv. viðskrh. taldi það mjög mikilvægt að binda myntina við ECU. Við gagnrýndum þessa stefnu og töldum hana vera alveg fráleita. (**Gripið fram í:** Ekki form. efh.- og viðskn.) Með þessu var í raun og veru Alþfl. að lýsa því yfir að það væri rétt að ganga inn í þetta myntsamstarf bara strax (**JBH:** Nei.) og hengja sig endanlega aftan í ECU hvað svo sem á gengi. Þannig að ég var nú ekki var við að það þyrfti að fara fram mikill undirbúningur að þeirri ákvörðun. Henni var nú sem betur fer breytt mjög fljótt eftir það og tekin upp önnur stefna í málinu í þáv. ríkisstjórn. Auðvitað þarf að fara vel í gegnum þessi mál og ég lýsti því að það fer fram umræða innan EFTA hver yrðu áhrif af hinni sameiginlegu myntstefnu Evrópusambandsins. Það er náttúrlega alveg ljóst að við getum mikið lært af þeirri umræðu sem fer fram í öðrum löndum, m.a. á Norðurlöndum, þannig að auðvitað er verið að fylgjast með þessum málum, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, og reyna að gera sér grein fyrir því sem þarna kann að gerast. Auðvitað er það skylda okkar, það er alveg rétt (**JBH:** Spurningin er um kerfisbundna vinnu.) hjá hv. þm. Kerfisbundna vinnu, ja, sjálfsagt má deila um það hversu kerfisbundin hún er en ég fullyrði að þessi vinna fer fram og það verða væntanlega tækifæri til þess að ræða þau mál betur síðar.

[21:55]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að að mörgu leyti hafi farið fram hér mjög góð og merkileg umræða um utanríkismál og þar hafi menn farið yfir málin með málefnalegum og vönduðum hætti og umræðan hafi að mörgu leyti verið betri en oft áður þegar fjallað hefur verið um þessi mál á undanförnum árum. Og ég tel ástæðu til að vekja athygli á því. Ég tel að það sé ekki því að þakka að hæstv. ráðherra kýs að reiða fram sín mál eins og hann gerði. Ég tel að hér eigi allir þingmenn hlut að máli og hæstv. ráðherra auðvitað líka. Ég vil draga það fram sem mikilvægt atriði. Ég tel að það sé mikil spurning í framhaldi af þessum umræðum og það segi ég kannski sérstaklega í framhaldi af orðum hv. 9. þm. Reykv. áðan, hvort þessi kerfisbundna vinna sem hv. þm. er að lýsa eftir og má auðvitað gjarnan fara fram varðandi Evrópumál og fleiri mál, á ekki einmitt að fara fram hér í þessari virðulegi stofnun. Er það alltaf þannig að það eigi að bíða eftir því sem ríkisstjórnin segir, gerir og vill? Þarf Alþingi alltaf að setja sig í þá stöðu að það geti aldrei haft frumkvæði í neinum stórum málum eins og þeim sem hér eru uppi og verði að bíða eftir því sem frá ríkisstjórninni kemur? Ég vil í framhaldi af þessari umræðu hvetja til þess, hæstv. forseti, að Alþingi íhugi vinnubrögð sín mjög alvarlega í þessu efni vegna þess að staðan í nálgun utanríkismálanna er allt önnur núna en hún var fyrir allmörgum áratugum. Mér liggur við að segja að það sé þannig að menn eru frjálsir. Það er hægt að taka á hlutunum öðruvísi vegna þess að það hafa gengið yfir heiminn stórkostlegar breytingar og við erum öll sammála því að menn standa frammi fyrir nýjum, stórum, heillandi

verkefnum. Ég held að það sé hættulegt ef t.d. utanrrn. reynir að hneppa þessi nýju verkefni, þessa nýju framtíðarsýn sem getur blasað við þjóðinni inn í gömul kerfi, þ.e. þau að allt eigi að vera í utanrrn. og sendiráðunum. Svo eigum við að bíða eftir skýrslunum og spyrja ráðherrann um þá hluti sem eru að koma upp á hverjum tíma. (**JBH:** Við skulum bara notast við ... í þetta.) Það var ekki mín tillaga, þó að það hafi nú oft verið gripið til þess og gefist vel eins og hv. þm. þekkir. Ég held að það sé komið að þeirri stundu og mér finnst að það eigi við um fleiri mál reyndar en utanríkismál, að Alþingi eigi að sýna ákveðna reisn, ákveðna forustu og ákveðið frumkvæði. En því miður er það enn þá þannig að menn setja sig í gömlu stellingarnar og spyrja og bíða eftir ríkisstjórninni. Og hvaða mál eru það t.d. sem ætti að taka fyrir að frumkvæði utanrmn., vegna þess að hún hefur til þess rétt samkvæmt þingsköpum að hafa frumkvæði? Hún hefur til þess rétt. Hvaða mál eru það sem á að byrja að ræða þar og leggja síðan fyrir þessa virðulegu stofnun? Það eru í fyrsta lagi, svo ég nefni dæmi, Evrópumálefnin. Það á að fara yfir þau mjög rækilega á vettvangi utanrmn., lið fyrir lið og gefa skýrslu til umræðu hér þar sem Alþingi talar sjálft saman um hlutina. Í öðru lagi eru það t.d. mál eins hafréttarmálin sem hér hafa verið rædd en verður auðvitað að ræða mikið betur í þessari stofnun en gefist hefur kostur á. Ég gerði ráð fyrir því að þau mál kæmu hér inn í vor, jafnvel í frumvarpsformi. Ég veit ekki hvernig það mál stendur varðandi úthafsveiðarnar. En að minnsta kosti finnst mér að hafréttarmálin í heild séu partur af því sem ætti að ræða að frumkvæði Alþingis, að frumkvæði utanrmn. en ekki alltaf að bíða eftir því sem kemur ofan úr Stjórnarráði í þessum efnum.

Einn þátturinn enn sem mér finnst að eigi að ræða í utanrmn. og kannski alveg sérstaklega, og hann hefði ég átt að nefna fyrst, eru öryggis- og friðarmálin. Þar standa menn frammi fyrir nýjum verkefnum og nýjum möguleikum. Ég held að menn eigi að horfast í augu við þá staðreynd að það er sennilega hægt núna á Íslandi að byggja upp víðtækari samstöðu um stefnuna í öryggis- og friðarmálum en nokkru sinni síðan í lokum stríðsins síðasta. Ætla menn að láta það tækifæri sem ný heimsmynd býður upp á fram hjá sér fara? Ætla menn að læsa sig fasta í gömlu kaldastríðsgröfunum eins og mér hefur fundist aðeins örla á þegar það kemur fram að hæstv. utanrrh. segir það vera á móti öllu að flytja frv. um friðlýsingu af því að það er tilræði við NATO í stað þess að reyna að horfa á þessi mál með sveigjanlegum, opnum og dínamískum hætti í samræmi við þau almennu nýju viðhorf sem eru að þróast í utanríkismálum, ekki bara hér á landi heldur einnig í öðrum löndum.

Þá kem ég að því, hæstv. forseti, sem mér finnst hafa líka vantað dálítið á í þessari umræðu án þess að það sé gagnrýni á neinn. Mér finnst umhugsunarvert eftir alla þessa löngu umræðu og ágætu ræður sem hér hafa verið fluttar að menn hafi velt því fyrir sér hver á að vera framtíðarsýn þjóðarinnar. Hverja viljum við hafa stöðu hennar í samfélagi þjóðanna til næstu áratuga? Hvernig drögum við þá mynd upp? Hver er staða Íslands í þessari þróun inn í nýja öld sem er skammt undan? Um þessi mál finnst mér að við eigum að fjalla t.d. á vettvangi utanrmn. og þar getur farið fram hin kerfisbundna vinna að einhverju leyti. Vandinn er sá að það gera menn ekki. Menn bíða eftir því sem kemur úr ráðuneytunum. Ég veit alveg að ráðuneytin upplifa tal eins og þessa ræðu þannig að verið sé að vantreysta þeim. Það eru venjuleg viðbrögð í ráðuneytunum. Það á ekkert við núv. hæstv. utanrrh., ég veit ekkert hvað hann segir um þetta mál. En ég hef heyrt slík viðbrögð hjá eiginlega öllum utanríkisráðherrum undanfarin ár eða áratugi að þegar talað hefur verið um frumkvæði Alþingis hafa menn alltaf brugðist við eins og særðir fuglar af því að það væri verið að taka eitthvert metnaðarmál frá þeim uppi í Stjórnarráðinu. Þannig eiga menn ekki að nálgast þessa hluti.

Ég held að menn eigi líka að gera sér grein fyrir því að Alþingi er í verulegum alþjóðlegum samskiptum. Hvernig tengjast þau alþjóðlegu samskipti við það sem við erum að tala um hér? Hvaða vinna er í gangi við að tengja það saman, annars vegar hina almennu utanríkisstefnu og hins vegar þátttöku Íslendinga í Evrópuráðinu, í þingmannasambandi NATO, í þingmannasambandi VES, í Norðurlandaráði, í Alþjóðaþingmannasambandinu? Hvar er heildarvinnan sem tengir þessa hluti saman? Við skulum játa það, hæstv. forseti, að hún er hvergi. Það er engin tilraun í gangi til þess að finna heildarsamnefnara í málinu. Og hvar liggur sú skylda? Sú skylda liggur ekki númer eitt á utanrrh. Á honum er mikil skylda. Sú skylda liggur á okkur öllum og ekki síst hv. forsætisnefnd og utanrmn. Alþingis. Þess vegna kvaddi ég mér hljóðs, hæstv. forseti, til þess að skora á utanrmn. að taka á þessum hlutum öðruvísi en gert hefur verið til þessa með hliðsjón af þeim miklu möguleikum sem ný heimsmynd hefur m.a. skapað Íslendingum eins og öðrum þjóðum.

[22:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að reyna að nálgast þessi mál með nýjum hætti eins og hv. þm. tók fram og af hálfu utanrrn. er fullur vilji til þess að vinna með Alþingi að þessum málum. Við höfum leitast við að reyna að koma á framfæri flestu því sem við erum að gera við utanrmn. og það er engin launung á því. Við erum lítil þjóð í stóru landi og höfum mikilla hagsmuna að gæta og að sjálfsögðu þurfum við að stilla saman strengina í utanríkismálum. Það er mjög mikilvægt að þingmenn almennt séu áhugasamir um þessi mál og skynja mikilvægi þeirra vegna framtíðar þjóðarinnar. Það er afar þýðingarmikið og það verður væntanlega til þess að þjóðin í heild sinni skilur smátt og smátt betur hvað utanríkismál skipta miklu máli.

Ég varð var við það fyrr í vetur þegar ræddar voru skýrslur þingmannanefnda um hin ýmsu utanríkismál. Það var ekki gert ráð fyrir því að utanrrh. væri viðstaddur þá umræðu. Ég var hins vegar viðstaddur þá umræðu vegna þess að ég taldi það skyldu mína að fylgjast með og hlusta á skýrslur þessara merku nefnda. Við getum aukið samstarf framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins á þessu sviði eins og hefur gerst meðal flestra þjóða en það þarf hins vegar að ræða það betur og fara yfir það en ég tek því fegins hendi ef hægt er að auka samstarfið með þeim hætti að allir flokkar og allir þingmenn geti verið bærilega sáttir við það.

[22:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að umræða um utanríkismál hefur oft verið erfið á Íslandi er að mínu mati aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi er ástæðan sú að það hefur verið meiri ágreiningur um framkvæmd utanríkisstefnunnar á undanförnum áratugum en t.d. í flestöllum öðrum löndum Vestur-Evrópu, það er alveg ljóst. Ágreiningurinn hefur bæði verið um aðildina að hernaðarbandalaginu og líka um hersetuna suður á Miðnesheiði.

Önnur ástæða er sú að við höfum ekki hefð minnihlutastjórna. Við höfum eingöngu búið við meirihlutastjórnir. Og þar sem eru meirihlutastjórnir þar hafa þeir flokkar sem styðja viðkomandi stjórnir kosið að hafa málin í höndum ríkisstjórnanna en ekki þingsins. Þess vegna er hin þingræðislega hefð veikari á Íslandi en í öðrum löndum, af þeim ástæðum að við búum ekki við hefð minnihlutastjórna heldur hefð meirihlutastjórna.

Af þessum ástæðum er það hins vegar svo að um leið og við gerum okkur grein fyrir þessu og hinum nýju tækifærum sem uppi eru þá geta skapast möguleikar sem menn hafa kannski ekki getað séð fram á til þessa.

Ég tel að það sé mikilvægt að hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að hann vill fyrir sitt leyti stuðla að því að það komist á enn þá betra samband á milli þingsins og ríkisstjórnarinnar en tekist hefur á undanförnum árum. Ég tel að það sé líka mikilvægt að þeir sem eiga aðild að utanrmn. festi sér vel í minni þau orð hæstv. utanrrh. að hann sé tilbúinn til að stuðla að þessu samstarfi.

[22:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eitt finnst mér standa eftir þessa umræðu nú þegar dregur að lokum hennar. Velflestir sem hafa tekið þátt í henni hafa rætt um nauðsyn þess að með einhverjum hætti verði komið meiri reglu á það hvernig við ræðum um utanríkismál í þingsölum og hvernig þingið fer að því að móta sína stefnu er að þeim lýtur.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi sérstaklega hvernig við þingmennirnir ættum að reyna að vinna okkur fram að stefnu sem lýtur að hinum ýmsu samtökum og ráðum sem þingmenn sækja sem fulltrúar Alþingis Íslendinga. En það er nákvæmlega þetta sem við ræddum fyrir jól þegar við vorum að ræða skýrslur ýmissa nefnda og ráða sem þingmenn sækja fyrir hönd okkar sem hér erum og (**HG:** Í febrúarlok.) febrúarlok, segir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eftir að hafa konsúlterað skjalasafn sitt en það var einmitt hæstv. utanrrh. sem tók undir nauðsyn þessa. Þá voru því gerðir skórnir að það væri við umræður um ræðu og skýrslu utanrrh. sem þingið mundi leggja saman höfuð sín til að móta stefnu í þessum málum. Það er einmitt það sem mér hefur fundist skorta á í kvöld að við höfum tóm til þess að gera. Kannski er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það ætti að vera utanrmn. sem yrði kjarninn í slíkri vinnu og legði með einhverjum hætti fram vísi að því hvernig stefnan á að vera í hinum ýmsu ráðum sem við sækjum.

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson flutti hér snjallt mál eins og hans var von og vísa um hina breyttu heimsmynd og að þingið þyrfti að móta stefnu sem hæfði henni. Hann nefndi ýmis þau samtök sem þingmenn eiga aðild að og hann nefndi t.d. þingmannasamtök NATO. Ég velti því fyrir mér: Er það hluti af hinni breyttu heimsmynd Alþb. að velta fyrir sér hvernig Íslendingar geti notað þingmannasamtök NATO til þess að vinna að hagsmunum Íslendinga? Hvaða vettvang er hann að bjóða fram undir það? Ég vænti þess að hann sé ekki að bjóða þingflokk Alþb. undir það en ég saknaði þess þegar hv. þm. Svavar Gestsson ræddi um nauðsyn þess að við reyndum að staðsetja okkur í nýrri pólitískri veröld að þá ræddi hann einmitt burðarásinn í utanríkisstefnu Íslendinga í gegnum áratugina. Það er auðvitað Atlantshafsbandalagið. Hvar sér hann og Alþb. Atlantshafsbandalagið og hlutverk þess í hinni nýju heimsmynd sem hv. þm. Svavar Gestsson kallar eftir? (**HG:** Tímaskekkja.) Tímaskekkja, segir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og er bersýnilega talsmaður þeirrar framtíðar sem núv. Alþb. er að berjast fyrir. En tímarnir voru öðruvísi, herra forseti.

Við vorum fyrir nokkrum árum að ræða framtíð Atlantshafsbandalagsins við svipaðar kringumstæður og núna, þ.e. undir skýrslu hæstv. utanrrh. sem góðu heilli var þá annar ráðherra en nú situr. Þá gerðist það að menn veltu því upp að Atlantshafsbandalagið hefði ekki sömu viðspyrnu og áður vegna þess að Berlínarmúrinn væri hruninn og þar af leiðandi væri enginn óvinur og þess vegna þyrfti ekkert Atlantshafsbandalag. Það er raunar hið efnislega inntak í framsíköllum hv. þingmanna Alþb. í kvöld.

Hvað gerðist þá á þeim sögulega degi? Þá reis upp spámaður, kastaði yfir sig kufli sjáandans og spáði fyrir um hvernig hlutverk Atlantshafsbandalagsins mundi þróast. Þessi maður er því miður ekki á meðal vor í dag, hann hefur öðrum hnöppum að hneppa. Það var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem þá var formaður Alþb. Hann spáði því þá og hafði ekkert að standa á nema skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna frá 1992 að NATO mundi í hinni nýju, breyttu veröld hafa tilgang og tilgangurinn yrði sá að gæta friðarins m.a. í Evrópu. Ég er viss um það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur setið undir þeirri ræðu og hrist sitt fallega, silfursprengda höfuð.

En hvor hafði rétt fyrir sér, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eða forsetaframbjóðandinn Ólafur Ragnar Grímsson? Það var auðvitað hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem spáði fyrir um hlutina eins og þeir urðu því að staðreyndin er í dag, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, ... (**HG:** Ég verð að þola margt.) Hv. þm. segir: Ég verð að þola margt og ég veit ekki hvort hann á við forsetaframbjóðandann, en hann verður a.m.k. að þola það að hann hafði rangt fyrir sér en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði rétt fyrir sér vegna þess að í dag er einfaldlega staðreynd að friðurinn í Mið-Evrópu er tryggður af Atlantshafsbandalaginu. Það hefur gerst, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að kolleginn hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði rétt fyrir sér um það að NATO mundi í framtíðinni vera eins konar friðargæslusveitir. Hann sagði að vísu undir yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna. Það er hið eina sem ekki hefur gengið eftir en hver veit hvað gerist á allra næstu mánuðum.

Herra forseti. Mér hefur þótt merkilegt að hlýða á umræður um Evrópumálin. Mér hefur ekkert þótt merkilegt að hlýða á það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur um það að segja vegna þess að allt sem hann sagði í dag hafði ég heyrt áður. En það voru nýir tónar í dag. Hæstv. utanrrh. hefur komið upp í kvöld og sagt: Það er alrangt að það sé hægt að túlka mál mitt þannig að það sé um einhverja stefnubreytingu að ræða af hálfu Framsfl. gagnvart Evrópusambandinu. En má ég rifja það upp, herra forseti, að það eru ekki nema nokkrar klukkustundir liðnar síðan hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom upp og snupraði hæstv. forsrh. fyrir það að hafa ekki sama frjálslyndi og víðsýni gagnvart Evrópusambandinu og hæstv. utanrrh. Þó að ég vilji ekki fara að halda því fram að einhver ágreiningur sé innan ríkisstjórnarinnar eru a.m.k. misstemningar og ég vísa líka til þess að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði af umhyggju og hlýju um Evrópusambandið og ekki var hægt að skilja orð hennar í andsvörum öðruvísi en svo, herra forseti, að hún sæi þá tíð nálgast að Framsfl. eða a.m.k. hinum frjálslynda hluta hans mundi vel hugnast að finna sér lítil ból innan vébanda þess.

Ég ætlaði, herra forseti, að ræða það sem hæstv. utanrrh. sagði í febrúarlok þegar við ræddum skýrslur alþjóðanefnda að ætti að ræða hér, þ.e. stefnu Íslendinga og íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi stækkun NATO. Ég hef farið örfáum orðum um það fyrr í dag en tíminn var ekki nægur þá og ég ætla að halda þeirri ræðu áfram. (**HG:** Og VES.) Það er vesen á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni en það er ekkert nýtt fyrir þingheim.

Hæstv. utanrrh. afgreiðir stækkun NATO sem er sennilega mikilvægasta verkefni sem blasir nú við á alþjóðavettvangi á eftirfarandi hátt, með leyfi herra forseta:

„Stækkun NATO verður að fara fram með markvissum en umfram allt vel ígrunduðum hætti. Hún má hvorki verða til þess að draga úr sameiginlegum varnarmætti bandalagsins né valda nýrri skiptingu Evrópu. Það verður að taka tillit til öryggishagsmuna margra ríkja, bæði þeirra sem geta gerst aðilar fljótlega og hinna sem þurfa lengri aðlögunartíma eða óska alls ekki eftir aðild."

Herra forseti. Þetta er stefna íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi stækkun NATO. (**JBH:** Sjö línur.) Sex og hálf, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sex og hálf lína. Ég beið eftir þessari umræðu í allan vetur. Ég beið eftir því að hæstv. utanrrh. kæmi hérna og ljómaði mín skilningarvit með nýrri sýn á þessi mál. En hann hefur ekkert fram að færa. Ég segi það, herra forseti, að við skuldum okkar örsmáu bandamönnum við Eystrasaltið skýringu á því hvernig stendur á því að hæstv. utanrrh., utanrmn. og hver einasti Íslendingur sem a.m.k. sem fulltrúi stjórnvalda hefur talað við þessar þjóðir — þá hafa þeir lofað því að tala máli þeirra. Ég vil fá yfirlýsingu frá hæstv. utanrrh. um það að hann muni beita sér fyrir málstað þessara þjóða á vettvangi NATO. Sú yfirlýsing hefur ekki komið. Það eina sem hæstv. utanrrh. hefur að segja er það sem er að sjá í þessari sex og hálfu línu.

Núna, herra forseti, er mjög erfitt fyrir ný ríki að komast inn í Atlantshafsbandalagið. Það kann vel að vera að ýmsum þingmönnum og þá sérstaklega hv. þm. Alþb. hugnist þetta ekki. Ég veit það ekki. En staðreyndin er sú að við eigum að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna og þessar þrjár þjóðir telja að framtíð þeirra sé í húfi, þær þurfi að fá öryggið sem NATO getur búið þeim. Það er auðvelt að skilja það, herra forseti. Ég hef fyrr í dag vitnað í nýlega tímaritsgrein og ég ætla að vitna í annað úr þeirri grein. Þetta er í grein úr rússneska tímaritinu Nesjavisímaja gaséta sem birtist 11. apríl. Þar eru hámenntaðir herforingjar, Valerí Dementjev og Anton Súríkov frá rússnesku varnarfræðistofnuninni, að velta því fyrir sér hvar rússneski herinn kunni að lenda í átökum. Það er alveg klárt hvar það er að þeirra mati. Þar segir, með leyfi herra forseta:

„Á landsvæðum hinna fyrrverandi Sovétríkja er helsti óvinur Rússlands öfl herskárrar þjóðernishyggju sem starfa með aðstoð erlendis frá og sem hafa yfir að ráða vopnuðum liðsafla, her, lögreglu og öðrum gæslusveitum í Eystrasaltslöndunum." Síðan er að vísu hnýtt við: „Hinum ólögmætu hersveitum Dúdajevs og tadsjikisku andstöðunni."

Með öðrum orðum, þarna eru það rússneskir herforingjar sem eru að segja að það sé líklegast að ef það blossa upp átök sem rússneski herinn þurfi að taka þátt í, þá verði þau í Eystrasaltslöndunum. Og þeir ganga lengra, herra forseti, þeir segja líka: „Eystrasaltssvæðið er sprengifimasta svæðið þegar menn íhuga möguleikana á þróun sem gæti leitt til nýrra átaka með þátttöku hersveita rússneska sambandsríkisins." Þegar maður horfir til þessa, sem sagt er fyrir örfáum dögum og til þess sem fyrrv. utanríkisráðherra Rússlands sagði fyrir tæpum tveimur árum, að nauðsynlegt kynni að verða að fara með rússneska herinn inn í þessi ríki til þess að vernda rússneska minni hlutann, þá sjá menn auðvitað hvað til friðar þessara ríkja heyrir. Menn hljóta að sjá ógnina sem þeir búa við. Við megum heldur ekki gleyma því að við eigum þeim sögulega skuld að gjalda. 1940 þegar sovéski björninn slæmdi hrammi sínum á þessar þjóðir, þá stóð enginn upp og stappaði niður fæti þeim til varnar. Og núna þegar þessar þjóðir telja að sér sé ógnað, hvað gera þær? Þær vilja njóta sama skjóls og við höfum notið áratugum saman. Og hvert leita þær um stuðning? Þær leita til smáþjóðarinnar Íslands vegna þess að þær vita það af reynslunni að þær eiga hauka í horni þar. Þær koma til þjóða eins og okkar og þá gengur það ekki, herra forseti, að hæstv. utanrrh. lýsi því yfir í prívatsamtölum við Solana, framkvæmdastjóra NATO, að hann styðji umsókn þeirra. Hann verður að ganga fram fyrir skjöldu og rödd Íslands verður að heyrast á alþjóðavettvangi. Það er einungis þannig, með samstilltu átaki okkar og annarra bandamanna þeirra, sem þeim auðnast að ná þessu öryggisneti sem þessar þrjár þjóðir telja að eitt geti bjargað þeirra framtíð. Það er þetta, herra forseti, sem mér finnst að íslenski utanrrh. eigi að beita sér fyrir á alþjóðavettvangi, en það dugar ekki að koma hingað á Alþingi Íslendinga með sex og hálfa línu sem segja bókstaflega ekki neitt.

Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, fyrri umr.

Stjtill., 470. mál. — Þskj. 805.

[22:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á tveimur samningum milli Íslands og Færeyja um fiskveiðimál fyrir árið 1996, annars vegar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og hins vegar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu. Gengið var frá samningnum með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. febrúar 1996.

Samkvæmt fyrrnefnda samningnum verður hámarksafli íslenskra skipa úr norsk-íslenskri síld á þessu ári 244 þús. lestir en hámarksafli færeyskra skipa 86 þús. lestir. Samningurinn gerir ráð fyrir gagnkvæmum aðgangi skipa hvors aðila að lögsögu hins.

Ekki er ætlunin með þessum samningi að útiloka frekari viðræður við Noreg og Rússland í því skyni að ná samkomulagi strandríkjanna fjögurra um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Það er ekki síður ástæða til að ítreka það nú þegar Evrópusambandið hefur gefið út einhliða kvóta í síldveiðunum.

Samkvæmt síðarnefnda samningnum sem hér er líka tekinn fyrir, er færeyskum nótaskipum veitt heimild til að veiða allt að 30 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á þessu ári sem skiptist þannig að veiða má allt að 10 þús. lestir á tímabilinu febrúar–maí og allt að 20 þús. lestir á tímabilinu júlí–desember.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á þessu ári. Vonir standa til að slík gagnkvæm heimild

muni hvetja til veiða á kolmunna en hans varð vart í íslenskri lögsögu síðasta haust.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða allt að 1.000 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 1996.

Samningarnir tóku gildi til bráðabirgða 2. febrúar 1996 og munu öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[22:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna í sjálfu sér tilurð þessara samninga. Ég vil nota þetta tækifæri til að undirstrika mikilvægi þess að gott samstarf hefur tekist með Íslendingum og Færeyingum, sérstaklega hvað varðar síldveiðideilurnar við Norðmenn og Rússa. Það er enginn vafi á því að sérstaklega má segja að samningurinn á síðasta ári skipti sköpum um hlutdeild okkar í veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum á því ári. Reyndar endaði það svo að mestöll veiðin fór fram innan færeysku lögsögunnar á grundvelli gagnkvæmnisákvæða samningsins sem gerður var í fyrra, nóttina eftir að slitnaði upp úr árangurslausum samningaviðræðum þjóðanna fjögurra í Reykjavík.

Staða mála er sú í dag að samkvæmt nýjustu fréttum er síldin um það bil að ganga inn í færeysku lögsöguna og færeysk skip eru að hefja veiðar þar inni í lögsögunni. Vel gæti svo farið að á nýjan leik yrðu helstu veiðimöguleikar sem okkur yrðu aðgengilegir úr þessum stofni innan færeyskrar lögsögu. Þó auðvitað vonum við að síldin haldi áfram og komi á sínar hefðbundu slóðir innan íslensku lögsögunnar.

Það er engum blöðum um það að fletta að slík veiði af okkar hálfu er úrslitaatriði til þess að byggja á kröfugerð og tefla fram í samningaviðræðum, sem vonandi komast einhvern tíma á á einhverjum heilbrigðum og eðlilegum grundvelli, um þennan stofn. Nákvæmlega eins og veiði okkar í Barentshafi er smátt og smátt að verða okkar sterkasta tromp í samningastöðu eða deilum við Norðmenn, er að sjálfsögðu rík nauðsyn að sýna fram á veiðanleika þessa stofns utan norskrar lögsögu og einkum og sér í lagi innan íslenskrar lögsögu ef svo vel vill til. Eins og málin standa nú halda Norðmenn því fram að nánast ekkert ætti að koma í hlut Íslendinga og sáralítið í hlut Færeyinga af þessum stofni vegna þess að hann haldi sig innan norskrar lögsögu, sé í raun og veru norskur og ekki mjög veiðanlegur annars staðar. Þetta þarf að afsanna efnislega og beint með veiðum úr því að sagan dugir ekki til í þeim efnum þó að það liggi fyrir að á fyrri árum þegar stofninn var í eðlilegri stærð, þá hélt hann sig að mestu leyti innan íslenskrar lögsögu eða að verulegu leyti, var meiri hluta ársins og veiðanlegastur hér og verðmætastur á þeim árstíma sem hann hélt sig hér.

Ég vil líka, herra forseti, minna á í þessu sambandi að það er fleira sem varðar samskipti okkar við Færeyinga sem ástæða væri til að taka fyrir og skoða í þessu samhengi. Reyndar tel ég að æskilegast væri að halda áfram að þróa samskipti á þessu sviði við okkar næstu nágranna, bæði Færeyinga og Grænlendinga í þá veru að smátt og smátt yrði til formlegt svæðisbundið samstarf þessara þjóða, ef ekki beinlínis svæðisstofnun í Norðvestur-Atlantshafinu sem færi með samskiptamál og sameiginleg mál. Ég held að það verði ekki of oft undirstrikað hversu verðmæt góð samskipti og samstarf er í tilvikum eins og þessum sem hér eru sérstaklega til umræðu, þar sem eru veiðarnar á norsk-íslensku síldinni því að það liggur nokkuð ljóst fyrir að við hefðum orðið hátt á annað hundrað þúsund tonnum af síld fátækari á liðnu ári ef ekki hefði komið til þessi samningur um gagnkvæman veiðirétt innan færeysku og íslensku lögsögunnar. Og enginn veit hverjar afleiðingarnar verða á þessu ári ef ekki væri aftur til að dreifa slíkum samningi.

Þó það sé ekki beint efni þessa máls, herra forseti, þá má líka minna á til að mynda gildi þess að Íslendingar og Grænlendingar hafa náð að stilla að nokkru leyti saman strengi í sambandi við strandríkjahagsmuni sína gagnvart Reykjaneshrygg og það er enginn vafi á því að það hefur styrkt stöðu þjóðanna í þeim efnum. Nákvæmlega það sama á við um fjölmörg sameiginleg hagsmunamál og allmörg þeirra eru reyndar sameiginleg með öllum þjóðunum þremur sem hér eru í mikilli sérstöðu í Norðvestur-Atlantshafinu.

Það er í sjálfu sér einboðið að mæla með samþykkt þessa samnings eða þessara samninga reyndar þó að það hafi kannski ekki mikil áhrif, enda var í samningnum að hluta til um flýtigildistöku að ræða þannig að eftir því sem á hefði reynt, þá hefði það ekki hindrað framgang málsins þó að hann sé til meðferðar á þingi nokkuð löngu eftir að hann var gerður og undirritaður í febrúarmánuði sl.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en mér fannst vera á ferðinni mál sem verðskuldaði a.m.k. að einhverjir heiðruðu það með eins og smáræðustubbi, fleiri en hæstv. ráðherra.

[22:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó að ég hafi kosið að fara örfáum orðum um þetta mál get ég ekki sagt að það verði jafnmikill heiður af þeirri ræðu og þessari óskaplega fínu ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem talaði áðan.

Það sem ég vildi aðallega ræða um undir þessum lið er sá þessara tveggja samninga sem lýtur að veiðum á norsk-íslenska síldarstofninum. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann segir að við eigum Færeyingum skuld að gjalda vegna þess að obbinn af því sem við veiddum í fyrra var tekinn innan þeirra efnahagslögsögu. Það er líka rétt að rifja það upp að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var einn af þeim sem fyrir nokkrum árum varaði við þegar menn vildu gerast fullharðir við ívilnanir Færeyinga innan íslensku efnahagslögsögunnar. Ég veit að vísu að honum gekk það eitt til að gera frændum í erfiðri og þröngri stöðu gott en þeir hafa launað það margfalt eins og sést hefur. Ég velti því reyndar upp, herra forseti, fyrst ég er farinn að tala um framsýni þessa ágæta þingmanns að hann hefur líka rætt um nauðsyn þess að ná góðum samskiptum við Grænlendinga og jafnframt að veita þeim ákveðnar ívilnanir um loðnuveiðar og benti á að sá tími kann að vera innan skamms að við þurfum að róa fyrir þeirra víkur til þess að eiga við þá gott samstarf um ýmsar aðrar veiðar.

Herra forseti. Mig langar að varpa fram spurningu til hæstv. sjútvrh. Hún lýtur að því hvers vegna er nauðsynlegt, þetta stafar af fullkominni fáfræði, hvers vegna er nauðsynlegt fyrir ...

(**Forseti** (StB): Utanrrh.)

Já, hvað sagði ég?

(**Forseti** (StB): Sjútvrh.)

Fyrir mér, herra forseti, eru þeir nánast ein og sama persónan þannig að það skiptir kannski ekki miklu máli en ég bið þó hæstv. utanrrh. afsökunar. Spurningin sem ég vildi varpa fram er þessi: Hvers vegna er nauðsynlegt fyrir íslenska þingið að staðfesta samninginn um veiðistjórnun á norsk-íslenska síldveiðistofninum? Er það vegna þess að það er forsenda þess að ríkisstjórnin geti stjórnað veiðunum með kvótasetningu? Ég hef stundum velt þessu fyrir mér. Þessi umræða kom upp í tengslum við samninginn í fyrra og ég verð að viðurkenna að það er sennilega vegna þess að ég er bara með slaka meðalgreind eins og oft er rifjað upp í þessum sal að mér tókst aldrei að skilja það til fullnustu.

[22:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þingmanna við þessu máli. Aðeins örstutt um spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það hefur verið talið af flestum að hægt sé að ganga frá samningi sem þessum án þess að hann sé lagður fyrir Alþingi. Það hefur hins vegar verið mat ríkisstjórnarinnar nú og oft áður ef ég man rétt að réttara væri að leggja slíka samninga fyrir Alþingi þannig að það væri fjallað um þá þar og þeir staðfestir. Ég tel að þetta sé rétt hefð því að hér er að sjálfsögðu um svo mikil hagsmunamál að ræða að það hlýtur að vera eðlilegt að þeir komi til umfjöllunar á Alþingi.

Hins vegar er rétt að til þess að hægt sé að stýra þessum veiðum þarf að vera um að ræða milliríkjasamning og það hefur verið talið að milliríkjasamningurinn sem slíkur, þ.e. sá sem nú hefur verið gerður, gefi sjútvrn. nauðsynlegt svigrúm og heimildir til þess að stýra veiðunum á grundvelli laga. Það hefur ráðuneytið gert. Það er hins vegar alveg ljóst ef milliríkjasamningur liggur ekki fyrir um mál eins og þetta, þ.e. milli Íslendinga og Færeyinga eins og í þessu sambandi eða þá Íslendinga og Norðmanna, hefur ríkisvaldið ekki heimildir til að takmarka veiðar íslenskra skipa í úthafinu þannig að án þessa samnings væru íslensk fiskiskip frjáls að því að veiða á alþjóðlegu hafsvæði. Sama á við í Barentshafi. Vegna þess að það liggur ekki fyrir neinn milliríkjasamningur milli Norðmanna og Íslendinga um veiðar í svokallaðri Smugu hafa íslensk stjórnvöld enga heimild til að takmarka veiðar íslenskra skipa á þessu svæði. Við getum hins vegar sett reglur um búnað þeirra og annað slíkt en getum ekki takmarkað veiðarnar nema til komi samningur um málið milli Norðmanna og Íslendinga.

[22:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek alveg skýrt fram að ég tel að þetta sé réttur framgangsmáti og ég þakka fyrir að þessir samningar eru lagðir fyrir þingið. Ég tel að það eigi tvímælalaust að halda þeirri hefð að milliríkjasamningur af þessu tagi komi fyrir Alþingi.

Það er líka að mínu mati eðlilegt, ekki síst vegna þess að það er þegar búið að ákveða að stjórna sókn í norsk-íslensku síldina af hálfu íslenskra skipa á grundvelli þessa samnings og þess þá heldur er eðlilegt að hann komi fyrir sem hluti af samningsskuldbindingum okkar og þá í tengslum við löggjöf okkar á þessi sviði.

Ég vil líka nota tækifærið til að segja að ég hef á hinn bóginn vissar efasemdir um að allar þær ákvarðanir sem hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. sjútvrh. hefur tekið í kjölfarið séu skynsamlegar. Ég hef vissar áhyggjur af því að menn kunni að hafa haft þá dagsetningu fullaftarlega sem ákveðin var sem upphaf veiðanna, þ.e. 10. maí. Ég hefði talið æskilegt að Íslendingar hefðu sent rannsóknarskip sem fyrst á miðin til þess að mæla fituinnihald og annað í síldinni og fylgjast með göngum hennar og síðan hefði verið hægt að hafa það opið hvenær veiðarnar hæfust því að staðreyndin er auðvitað sú að við höfum enga tryggingu fyrir því að síldin verði einfaldlega á því hafsvæði þar sem hún er okkur aðgengileg nema í skamman tíma ef illa fer. Það eru mjög mismunandi sjónarmið uppi um það hvort hún muni ganga suðvestur á bóginn og halda áfram gegnum færeyska lögsögu og inn í þá íslensku. Menn gera sér vissulega vonir um það og skilyrðin í hafinu eru að flestra mati eftir því sem vitað er heldur hagstæðari nú en þau voru í fyrra en það gæti líka gerst að hún tæki óvænta beygju og æddi upp með mörkum Smugunnar og íslensku lögsögunnar og endaði inni í Jan Mayen-lögsögunni fyrr en varir. Þá kynnu menn að naga sig dálítið í handarbökin yfir því að hafa t.d. beðið með það 10 dögum lengur en þurft hefði að hefja veiðarnar. Ég held líka að það væri ástæða til þess að við sýndum það m.a. með því að drífa rannsóknarskip þarna á miðin að við teljum okkur þessi mál varða ekkert síður en Norðmenn og það sé hlutverk okkar að rannsaka þennan stofn ekkert síður en Norðmanna enda eigum við hann a.m.k. að jafnmiklu leyti og þeir í öllu tilliti og það eigum við að sýna líka í verki með því að við lítum ekkert síður á það sem skyldu okkar en þeirra að fylgjast með göngum síldarinnar, rannsaka hana o.s.frv.

Ég vil nota þetta tækifæri til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri að ég hefði gjarnan viljað sjá að menn hefðu staðið að þessu með svolítið opnari huga en þessum einum að taka ákvörðun við skrifborð í Reykjavík næstum mánuði áður en veiðarnar áttu að hefjast um að þær skulu byrja akkúrat 10. maí. Það var merkilegt að það skyldi bara ekki vera gefið út klukkan hvað nákvæmlega af því að það er dálítið eins og skot út í loftið að mínu mati og byggir á einhverjum ágiskunum um að þá hafi síldin fitnað svo og svo mikið o.s.frv. Þetta er ekki mjög vísindaleg eða nákvæm nálgun og þó að hér sé ekki við hæstv. utanrrh. að sakast eða hann beri ekki stjórnskipulega ábyrgð nákvæmlega á þessum þætti málsins þá vildi ég nota tækifærið til að koma þessu að og ítreka aftur það sem ég sagði áðan um mikilvægi þess að varðveita og viðhalda þessum góðu samskiptum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópusamningur um forsjá barna, fyrri umr.

Stjtill., 471. mál. — Þskj. 806.

[22:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar Evrópusamning um viðurkenningu á fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna sem gerður var í Lúxemborg 20. maí 1980 og hins vegar samning um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. okt. 1980.

Efni samninganna tveggja er nátengt, en báðum er ætlað að veita úrræði í tilvikum þar sem barn er flutt ólöglega

úr landi til annars lands og haldið þar gegn vilja forsjárforeldris. Samstaða hefur náðst á alþjóðlegum vettvangi um að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana til verndar börnum í slíkri aðstöðu og hægt sé að færa þau réttum forsjáraðilum.

Samningarnir tveir eru afrakstur þessarar alþjóðlegu samvinnu. Evrópusamningurinn var gerður á vettvangi Evrópuráðsins en Haag-samningurinn á vegum Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Með lögum nr. 160/1995 voru lögfest nauðsynleg ákvæði til þess að unnt væri að standa við skuldbindingar Íslands verði samningarnir fullgiltir af Íslands hálfu þannig að mál þetta hefur í reynd nú þegar komið til umfjöllunar á Alþingi. Ég tel því ekki ástæðu til þess að fjalla í framsögu frekar um samninginn og legg til, herra forseti, að tillögu þessari verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings gegn pyndingum, fyrri umr.

Stjtill., 475. mál. — Þskj. 811.

[22:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerður var í New York 10. des. 1984 og staðfesta breytingu á samningnum sem gerður var á sama stað 9. sept. 1992.

Á undanförnum áratugum hefur margvísleg alþjóðleg samvinna átt sér stað, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, um bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu og um varnir gegn pyndingum. Ísland er þegar aðili að ýmsum alþjóðasamningum sem fela í sér skuldbindingu um að menn skuli verndaðir gegn pyndingum og annarri slíkri meðferð. Samningurinn sem hér um ræðir er meðal mikilvægustu alþjóðasamninga um mannréttindi sem gerðir hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þessi samningur leggur þær skyldur á aðildarríki að þau grípi annars vegar til ráðstafana til þess að framfylgja fortakslausu banni við pyndingum og hins vegar til ráðstafana til að koma í veg fyrir að pyndingar eigi sér stað. Ekki eru bein efnisákvæði í samningnum um bann við pyndingum heldur er vísað í formála hans til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 þar sem slíkt fortakslaust bann kemur fram. Í 1. gr. samningsins kemur fram ítarleg skilgreining á því hvað felst í hugtakinu pyndingar og er hér um afar mikilvæg ákvæði að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[22:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru ekki efnislegir þættir þessa máls sem ég ætla aðeins að ræða heldur koma á framfæri lítilli athugasemd varðandi málfar sem ég tók eftir þegar ég leit yfir þetta þingmál.

Í fyrirsögn er talað um fullgildingu samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Mér er ekki tamt orðið „ómannlegur" sem á að vera þýðing á inhuman á enskunni og hlýtur að vera ómannúðlegur. Orðið „ómannlegur" gengur hins vegar hvarvetna eftir í greinargerð. Hugsanlega hefur tölvan verið látin vinna verkið nema þetta sé þeim tamt sem þýddi en ég hef litið í orðabækur og ekki séð þetta, annaðhvort að nota ómannúðlegur eða harðneskjulegur sem líka kemur til greina.

Þá fór ég að líta aðeins frekar í málið og ég bið utanrrh. að líta á bls. 5 með mér, 1. gr. sem er satt að segja á afskaplega sérkennilegri íslensku. Mér gekk mun betur að skilja enska textann en þann íslenska. Ég vil leyfa mér að lesa íslenskuna, með leyfi forseta:

„Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar" hvern þann verknað sem manni er vísvitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða andlegum sársauka eða þjáningu með í því skyni t.d. að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsa honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar þeim sársauka eða þjáningu er valdið af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umlíðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem rekja má að öllu leyti til eða tilheyrir eða leiðir af lögmætum viðurlögum."

Eins og fram kemur er tæpast skiljanlegt mál á þessum íslenska texta. Vissulega er enski textinn býsna snúinn, mjög löng málsgrein, en þó skiljanlegur þegar hann er lesinn. En hitt er óskiljanlegt með öllu og ég bið hæstv. utanrrh. að láta aðeins líta á þetta eða utanrmn., sem fer fyrir þetta efni sem er kannski eðlilegt, til þess að vanda betur til málfars á þessu.

Ég leit á fleiri greinar og mér sýnist þetta ekki ganga eftir, ekki svona hraklega eins og þetta dæmi sem ég rakti. Við þurfum að gæta þess í sambandi við þessi efni sem verið er að þýða og lögleiða eða blessa á Alþingi að þetta sé svona á sæmilega skiljanlegu máli, hinn íslenski texti einnig.

[22:47]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju með að þessi samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, ómannúðlegri á það víst að vera, skuli vera kominn til fullgildingar Ég held að það sé tímabært og mjög jákvætt að svo verði gert.

Ég vildi hins vegar að gefnu tilefni spyrja hæstv. utanrrh. hvort svo sé um hnúta búið að íslensk stjórnvöld hafi undirbúið sig á þann hátt að þau geti staðið undir þeim skyldum sem samningurinn gerir ráð fyrir. Þá er ég fyrst og fremst ekki að vísa til efnislegra atriða um pyndingar. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni sýnist mér að ekki þurfi að gera breytingar á íslenskum lögum. Þau eru sem betur fer þannig úr garði gerð að það þarf ekki miklar efnislegar breytingar. En það sem ég er fyrst og fremst að vísa til eru ákvæði 19. gr. um það að aðildarríki hafi ákveðnar skyldur sem felast m.a. í því að skila skýrslum til nefndar sem starfar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég spyr um þetta vegna þess að þess eru því miður dæmi úr framkvæmd hér á landi að skýrsluskil vegna alþjóðasamninga hafi farið nánast í skömm. Ég nefni dæmi sem var til umræðu fyrr í vetur inni á þinginu og varðaði samning um afnám allrar mismununar gegn konum. Þar flæktist skýrslan sem var byrjað að vinna í

félmrn. og fór síðan yfir í utanrrn., týndist í einhverri skúffu þar sem er þjóðinni ekki til sóma. Ef ég man rétt var svipað ástand lengi vel um samninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Það var lengi sem skýrsluskil drógust þar von úr viti.

Ég vildi einungis vekja athygli á þessu vegna þess að eins mikilvægt og það er að við tökum þátt í alþjóðlegu starfi og skrifum undir alþjóðlega samninga af þessu tagi, ekki síst um þjóðþrifamál sem þessi samningur felur í sér, er jafnmikilvægt að það sé tryggt að við gerum okkur grein fyrir því og tryggjum það á allan hátt að við getum staðið undir þeim skuldbindingum sem í honum felast.

[22:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að við getum fyllilega staðið við skilyrði samningsins. Það tilvik sem hér var nefnt kom til umræðu áður og úr því hefur verið bætt og ég vænti þess að við getum framvegis staðið skil á þeim skýrslum sem við höfum skuldbundið okkur til að gera. Hitt er svo annað mál að hin íslenska stjórnsýsla er lítil og það er mikið á hana lagt, ekki síst í því mikla alþjóðlega starfi sem fer vaxandi og það er ekki alltaf létt að standa undir öllum skuldbindingum. Við eigum að sjálfsögðu að leggja metnað okkar í það og ég tel að við séum fyllilega fær um það.

Varðandi þýðingu á þessum samningi er það rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að hér er um mjög snúinn texta að ræða og þessi setning er óvenjulega löng miðað við okkar íslensku en það er reynt að þýða hana í samræmi við þessa löngu setningu á ensku. Ég skal játa það að ég er vanari því að það sé talað um ómannúðlega meðferð, hins vegar er orðið ómannlegt til í orðafari okkar og það er þá kannski frekar að það sé nánast ómannlegt hvað einhver einstaklingur hefur getað gert frekar í jákvæðum skilningi. Þannig hef ég vanist því. Hins vegar má sjálfsagt venjast því að nota orðið ómannlegt með þeim hætti að slík framkoma sé engum manni sæmandi. En eins og hv. þm. hef ég vanist þessu orði með öðrum hætti en skal ekki tjá mig frekar um þýðingu þess enda hef ég ekki haft nein afskipti af þýðingu þessa texta og jafnvel þó að ég hafi litið yfir hann gerði ég ekki athugasemd við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, fyrri umr.

Stjtill., 491. mál. — Þskj. 850.

[22:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Vorið 1994 óskuðu íslensk stjórnvöld eftir viðræðum við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um lækkun tolla á sjávarafurðum. Var óskin sett fram í ljósi væntanlegrar aðildar Austurríkis, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að Evrópusambandinu en sem kunnugt er hafði samningur um fríverslun með sjávarafurðir á milli EFTA-ríkjanna komið til framkvæmda 1. júlí 1999. Síðan hafa staðið yfir langvarandi samningar um þessi mál og verið leitast við að ná sem bestri niðurstöðu fyrir Íslands hönd. Hér liggur þessi samningur fyrir.

Meginatriði hans eru þau að settur er 1.750 lesta innflutningskvóti af heilli hausskorinni saltsíld og 2.400 lesta kvóti af krydd- og edikverkuðum síldarafurðum. Auk þess má sérstaklega geta þess að samið var um 50 lesta kvóta af humri en þessi afurð ber 12% toll við innflutning til ESB þar sem Íslendingar hafa aldrei fyrr í samningum við Evrópubandalagið náð fram tollalækkun fyrir þessa afurð.

Þessi samningur gildir frá 1. jan. 1995 og verða því álagðir tollar frá þeim tíma fram að gildistöku samningsins endurgreiddir til innflytjenda þeirra afurða sem samningurinn nær til.

Herra forseti. Þessi samningur er hér með lagður fyrir Alþingi til umfjöllunar og væntanlega til staðfestingar. Það má vissulega halda því fram að æskilegt hefði verið að ná fram hærri kvótum í þessu máli. Ég tel að það hafi verið fullreynt og það hafi verið dregið eins lengi og nokkur kostur var að ná fram betri niðurstöðu sem ég hefði vissulega óskað eftir að sjá. Það var oft gefið í skyn að hér væri hægt að ná meiri árangri. Ég tel að þetta sé ásættanlegt að svo komnu máli en ég tel að hér sé ekki um fullnægjandi niðurstöðu að ræða og við þurfum því að halda áfram að taka þetta málefni upp á vettvangi samskipta okkar við Evrópusambandið.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, 1. umr.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 851.

[22:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með frv. þessu er leitað heimilda fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum milli aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) sem gerður var í Strassborg 25. jan. 1988. Frv. gerir ráð fyrir því að samningnum verði veitt lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Tilgangur samningsins er að auka alþjóðlegt samstarf á sviði skattamála, að bæta skattheimtu og jafnframt að bæta réttaröryggi skattgreiðenda. Samningnum er ætlað að vera tæki sem beita má gegn skattsvikum þar sem aðilum samningsins er gert kleift að miðla upplýsingum sín á milli um beina og óbeina skattheimtu og um leið að veita gagnkvæma aðstoð til tryggingar við innheimtu skattkrafna.

Ég tel að hér sé um mjög mikilvægan samning að ræða, sérstaklega að því er varðar skatteftirlit og baráttuna gegn skattsvikum sem er nauðsynlegt í vaxandi alþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegum fjármálaheimi.

Samningnum er ætlað að koma til viðbótar öðrum alþjóðasamningum um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum. Hann er svipaður samningi milli Norðurlandanna frá 7. des. 1989 um aðstoð í skattamálum sem staðfestur var af Íslands hálfu samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1990.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagsleg réttindi, 1. umr.

Stjfrv., 493. mál. — Þskj. 852.

[22:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með frv. þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem gerður var í Arendal 14. júní 1994. Frv. gerir ráð fyrir því að samningnum verði veitt lagagildi hér á landi og þegar það hefur gerst öðlast hann gildi að því er Ísland varðar.

Þegar viðræður hófust milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna um Evrópska efnahagssvæðið var ákveðið að gera verulegar breytingar á Norðurlandasamningnum um félagslegt öryggi sem gerður var í Kaupmannahöfn 5. mars 1981. Jafnframt var ákveðið að skipta efni hans í tvo samninga og skyldi annar fjalla um almannatryggingar en hinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar var gerður í Kaupmannahöfn 15. júní 1992. Ríkisstjórninni var veitt heimild til að staðfesta hann með lögum nr. 46/1993 og var honum jafnframt veitt lagagildi hér á landi. Með þeim samningi var Norðurlandasamningurinn um félagslegt öryggi felldur úr gildi að undanskildum ákvæðum hans um félagslega aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags. Þegar Norðurlandasamningurinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, sem hér er til umfjöllunar, öðlast gildi mun samningurinn frá 5. maí 1981 endanlega falla úr gildi.

Samkvæmt samningnum gildir sú meginregla að ríkisborgarar norræns lands, sem dvelja með lögmætum hætti tímabundið eða hafa löglega búsetu í öðru norrænu landi, skulu njóta sama réttar og ríkisborgarar þess lands til félagslegrar aðstoðar og félagslegrar þjónustu svo og annarra félagslegra bóta sem ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá 15. júní 1992 taka ekki til. Norrænir ríkisborgarar sem dveljast eða eru búsettir í öðru norrænu landi skulu með öðrum orðum njóta jafnréttis á við þegna þess lands hvað varðar félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem er eitt af því mikilvægasta í norrænni samvinnu í gegnum tíðina.

Ég vil að þessum orðum mæltum, herra forseti, og að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1991, 3. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 88.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1992, 3. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 89.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1993, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 153.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 393. mál (gildistökuákvæði). — Þskj. 688.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296, nál. 718, 825 og 834, brtt. 856.

og

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297, nál. 718, 825 og 834, brtt. 857.

[23:04]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum um Háskóla Íslands og um frv. til laga um breyting á lögum um Háskólann á Akureyri.

Menntmn. hefur fjallað um frumvörpin og fengið á sinn fund fulltrúa frá Háskóla Íslands og stúdentaráði Háskóla Íslands.

Frumvörpunum er ætlað að treysta lagagrundvöll skrásetningargjalds sem innheimt er af stúdentum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þykja slíkar lagabreytingar nauðsynlegar í ljósi álits umboðsmanns Alþingis frá því sl. vor. Að áliti umboðsmanns er skrásetningargjald þjónustugjald. Hann telur að hvorki sé kveðið nægilega skýrt á um í lögum hvað fella megi undir gjaldið né hvernig megi ráðstafa því. Þá kemur fram í álitinu að sértekjur þær sem skólarnir afla með skrásetningargjöldum þurfi að hafa skýra lagastoð og einnig að nauðsynlegt sé að skýrar reglur gildi um ráðstöfun hluta þeirra tekna til annarra aðila en skólanna sjálfra, svo sem til nemendafélaga og félagsstofnana.

Vert er að rifja það upp við þessa umræðu að skrásetningargjald við Háskóla Íslands er ekki ný bóla. Það hefur verið innheimt þar frá upphafi, sbr. lög nr. 35/1909. Heiti gjaldsins var ekki breytt þótt það hafi verið tilgangur 1. tölul. 4. gr. laga nr. 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta, að í orðinu skrásetningargjald fælist einnig sjálfstætt gjald til Félagsstofnunar. Háskóli Íslands hefur alltaf litið svo á að undir skrásetningargjald falli þeir gjaldaliðir sem samkvæmt hefð og venju hafa verið innheimtir í áratugi við háskólann. Þetta má enn fremur ráða af gildandi 7. mgr. 21. gr. laga um háskólann sem kom inn í lög nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, en þar segir að skrásetningargjöld skuli háð samþykki háskólaráðs og menntmrh.

Árið 1992 var skrásetningargjald við Háskóla Íslands hækkað verulega. Leiða má að því líkur að hækkun gjaldsins hafi leitt til þess að skrásetning stúdenta varð nákvæmari en hún hafði áður verið þar eð sama ár fækkaði mjög þeim stúdentum sem voru í mjög litlu námi eða höfðu skrásett sig og mættu síðan af einhverjum ástæðum ekki til náms. Með öðrum orðum, virðist hækkun skrásetningargjalds hafa haft í för með sér meiri aga innan skólans í skráningu stúdenta. Það tel ég að sé bæði jákvætt og eftirsóknarvert jafnvel þótt menn geti síðan deilt um hversu há upphæðin eigi að vera.

[23:07]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur ekki skýrt fram í þessu frv. hvað er að baki þessum 24 þús. kr. sem ætlað er að innheimta í skrásetningargjald. Því vildi ég í andsvari við hv. frsm. menntmn. óska eftir því að hún skýrði það örlítið frekar úr ræðustól, nákvæmlega hvað það er sem liggur að baki þessum 24 þús. kr. til þess að við vitum nokkurn veginn fyrir hvað þetta skrásetningargjald stendur.

[23:08]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa í 1. gr. frv. þar sem fram kemur að 13% af gjaldinu á að fara til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli háskólans og stúdentaráðs Háskóla Íslands. Það er tekið til í greinargerð með 1. gr. frv. hvað það er sem skuli felast í skrásetningargjaldinu og þar segir, með leyfi forseta:

„Þar má sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans."

[23:10]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að leita eftir í mínu andsvari er hvort fyrir liggi einhverjir útreikningar á því hver raunverulegur kostnaður er af því að skrásetja nemanda. Er raunverulegur kostnaður 24 þús. kr. af því að skrásetja nemanda í háskólann? Ef svo er, hvaða útreikningar liggja þá nákvæmlega því að baki?

[23:10]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa áfram í greinargerðina. Þar (Gripið fram í.) kemur fram hvað það er sem felst í skrásetningargjaldinu og það er talið þar upp án þess að það fylgi því nákvæm sundurliðun um upphæð á hvern lið fyrir sig.

[23:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 1. minni hluta menntmn. sem finna má á þskj. 825. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntamálanefnd hefur fjallað um frumvörpin og fengið á sinn fund fulltrúa frá Háskóla Íslands og stúdentaráði. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málin frá HÍ, SHÍ, Félagi háskólakennara, Félagsstofnun stúdenta, Bandalagi háskólamanna, KHÍ, HÍK og BSRB.

Tilefni frumvarpanna er álit umboðsmanns Alþingis frá 19. maí 1995 þess efnis að ekki sé nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella undir skrásetningargjald í háskólana og hvernig megi ráðstafa gjaldinu.

Skrásetningargjald við Háskóla Íslands var hækkað úr 7.700 kr. skólaárið 1991–92 í 22.350 kr. 1992–93. Í umsögn Háskóla Íslands um frumvörpin segir að hækkunin hafi verið afleiðing af stefnu stjórnvalda í fjárveitingum til háskólans frá og með fjárlögum ársins 1992, en samkvæmt þeim var Háskóla Íslands ætlað að auka sértekjur sínar úr 10 millj. kr. í tæpar 100 millj. kr. Fjárveitingar til háskólans voru skertar um 90 millj. kr. með því að draga sértekjurnar frá heimiluðum útgjöldum. Hliðstæð ráðstöfun hefur gilt í fjárlögum fyrir 1993, 1994 og 1995. Gjaldið var 22.275 kr. skólaárið 1995–96. Eftirfarandi ályktun í umsögn Háskóla Íslands kemur því ekki á óvart: „Þannig má ljóst vera að það er greinilegur vilji löggjafans, sem fram kemur í fjárlagafrv. ársins 1992 og síðar, að neytendur greiði vaxandi hluta af þjónustu hins opinbera, þar á meðal fyrir skólagöngu í framhaldsskólum og háskólum." Háskólinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt um leið og minnt er á að háskólaráð hefur ítrekað mótmælt því að háskólinn sé settur í þá stöðu að þurfa að innheimta gjald af stúdentum til reksturs skólans.

Undirrituð virðir það álit umboðsmanns að nauðsynlegt sé að treysta lagagrunn undir töku viðkomandi skrásetningargjalds og hvernig því er ráðstafað. Að öðrum kosti yrði að fella skrásetningargjaldið niður eða lækka það til fyrra horfs. Frumvörpin sýna að ríkisstjórnin velur fyrri kostinn. Ríkisstjórnin er með frumvörpunum að ákveða að háskólarnir skuli afla sértekna með svokölluðum skrásetningargjöldum sem nemi 24.000 kr. árlega. Hér er um lagaheimild að ræða til töku þjónustugjalds fyrir skrásetningu. Í greinargerð með frumvarpinu er útlistað hvernig umrædd upphæð er fengin og hvaða þættir falla undir þennan lið. Þar vekur í fyrsta lagi athygli að upphæðin er fengin með því að framreikna þá upphæð sem háskólinn innheimti í sama tilgangi háskólaárið 1992–93 og ætlunin er að endurskoða gjaldið árlega við setningu fjárlaga. Í öðru lagi er ljóst að ýmislegt fleira er fellt undir gjaldið en það sem kallast getur skráning, svo sem námsráðgjöf, námskynning, aðgangur að kennslusviði,

deildarskrifstofum, bókasafni og alþjóðaskrifstofu, svo og tölvum og prenturum háskólans.

Af því yfirliti sem menntamálanefnd barst frá Háskóla Íslands má ætla að raunverulegur skráningarkostnaður auk kennsluskrár sé innan við 3.000 kr. Hér er því verið að lögfesta töku á þjónustugjaldi undir rangnefni. Í greinargerðinni er þó gerð tilraun til að réttlæta það að kalla umrætt gjald skráningargjald en hún er ósannfærandi. Spyrja má hvers vegna hugtakið skólagjald er ekki notað úr því að ljóst er að um dulbúið skólagjald er að ræða? Ef viðkomandi gjald kallaðist skólagjald væri rökrétt að álykta að þeir sem stunda minna en fullt nám greiddu skólagjöld í hlutfalli við það. Að þeir sem taka t.d. fimm einingar á önn í stað 15 greiddu aðeins þriðjung skólagjalda. Erfiðara er að réttlæta slíka skiptingu, sem er í raun mikið réttlætismál, ef um skrásetningargjald er að ræða. Þó má benda á að miðað við þá kostnaðarliði sem taldir eru upp í greinargerð má færa gild rök fyrir því að mun meiri „skrásetningarkostnaður" hljótist af nema í fullu námi en þeim sem er í skertu námi, t.d. varðandi tölvunotkun.

Það er niðurstaða undirritaðrar að hér sé farið út á þá vafasömu braut að innheimta þjónustugjald undir fölsku flaggi. Sem skráningargjald er það allt of hátt og í engu samræmi við skráningarkostnað. Því er lagt til að frumvörpin verði felld og að skráningargjöld háskólanna verði lækkuð til fyrra horfs. Um leið þarf að sjálfsögðu að hækka fjárveitingar til háskólanna."

Undir þetta álit ritar nafn sitt hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir.

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér mjög litlu við þetta nefndarálit að bæta nema að ítreka það að kjarni þessa máls er að það er verið að innleiða skólagjöld á háskólastigi dulbúin undir heitinu skrásetningargjald. Það mun Kvennalistinn aldrei líða.

[23:17]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta á þskj. 834 og breytingartillögum á þskj. 856 og 857.

Á síðustu árum hafa ákvarðanir stjórnvalda valdið því að almenningi er nú í ríkari mæli gert að greiða fyrir opinbera þjónustu sem áður var veitt endurgjaldslaust. Vegna þeirrar meginreglu að stjórnsýslan er lögbundin þarf skýra lagaheimild til slíkrar gjaldtöku. Þegar um er að ræða einfalda lagaheimild til töku þjónustugjalds, eins og gert er ráð fyrir í frv. til laga um breyting á lögum um Háskóla Íslands, á gjaldið almennt ekki að vera hærra en sá kostnaður sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Með öðrum orðum er einungis heimilt að taka gjald til að standa straum af þeim kostnaði sem heimildin kveður á um, í þessu tilviki skrásetningu. Kostnaðurinn verður að vera í nánum og efnislegum tengslum við þá þjónustu sem gjaldandinn er að greiða fyrir.

Skólaárið 1992–1993 knúðu stjórnvöld háskólann til að innheimta mun hærri skráningargjöld af stúdentum en áður hafði þekkst og það án þess að gera að fullu grein fyrir hvaða kostnaði þessi gjöld áttu að standa undir. Síðar var reynt að flokka þá útgjaldaliði háskólans sem hægt var að flokka sem kostnað við skráningu. Samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis nr. 836/1993 og með hliðsjón af upplýsingum frá Háskóla Íslands er kostnaðurinn við skrásetningu hvers nemanda sem nemur um það bil 3 þús. kr.

Hins vegar kemur í ljós að ýmislegt annað fær að fljóta með í útreikninginn sem á engan hátt er hægt að fella undir kostnað við skrásetningu, svo sem kostnaður af námsráðgjöf og námskynningu, prófgæslu og prófdómurum, aðgangi nemenda að tölvum, útprentun hjá Reiknistofnun o.s.frv.

Með því að samþykkja þessa fjárhæð, 24.000 kr., sem tilgreind er í frv. sem kostnaður við skrásetningu, er löggjafinn að fallast á að þeir kostnaðarliðir, sem gefur að líta í fylgiskjali sem rökstuðning við fjárhæð skrásetningargjaldsins, séu raunverulegur kostnaður við skrásetningu. Má því í raun segja að þetta háa gjald, sem stúdentar við Háskóla Íslands þurfa að greiða, geti verið lognið á undan storminum því að ávallt verður hægt að vísa til þess að Alþingi hafi lögfest þessa kostnaðarliði sem raunverulegan kostnað við skrásetningu.

Grundvallarspurning, sem Alþingi verður að svara, er hvort um raunverulegan kostnað við skrásetningu sé að ræða eða hvort verið sé að fara bakdyraleiðina að því að koma á skólagjöldum á Íslandi. Um það verða greidd atkvæði.

Í ljósi þessa leggur 2. minni hluti fram breytingartillögur við frumvörpin á sérstökum þingskjölum.

Á þskj. 856 er brtt. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. orðist svo:

Í stað 6. og 7. mgr. 21. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 9.000 kr. Af þeirri fjárhæð er háskólaráði heimilt að ráðstafa allt að 2.800 kr. til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 2.200 kr. til stúdentaráðs Háskóla Íslands til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli háskólans og stúdentaráðs sem háskólaráð staðfestir.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglugerð má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

Heimilt er að hækka fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 6. mgr. til samræmis við þær breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995."

Á þskj. 857 er svohljóðandi brtt. frá 2. minni hluta, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. 1. efnismgr. orðist svo:

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 9.000 kr. Af þeirri fjárhæð er háskólanefnd heimilt með samningi að ráðstafa allt að 2.800 kr. til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og allt að 2.200 kr. til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri sem háskólanefnd staðfestir.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að hækka fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. til samræmis við þær breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995."

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá formanni menntmn. áðan, þá eru krónurnar 24 þúsund aðeins einhvers konar slump út í loftið. Að baki þeim liggja engir útreikningar. Umboðsmaður Alþingis hefur komist að því í áliti að það sem hefur staðið að baki skrásetningargjaldi sé á engan hátt hægt að flokka undir kostnað við skrásetningu og því sé sú fjárhæð sem hefur verið ákveðin sem skrásetningargjald allt of há. Virðulegi forseti. Hér er ekki verið að gera neitt

annað en leggja á skólagjöld eða skatta undir dulnefninu skrásetningargjöld.

[23:22]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Tilefni frumvarpanna er að sögn álit umboðsmanns Alþingis frá maí 1995. Í því kemur fram að ekki sé nægilega skýrt í lögum hvaða kostnaðarliði megi setja undir skrásetningargjald í háskólanum og hvernig megi ráðstafa gjaldinu. Það skráningargjald sem innheimt var í háskólanum fram til skólaársins 1991–1992 var 7.700 kr. og var þar innifalinn beinn kostnaður við skrásetningu auk fjármuna sem runnu beint til félagsstarfs stúdenta sjálfra. Skólaárið 1991–1992 tók páv. ríkisstjórn upp þá stefnu að hækka þessi gjöld mjög verulega og með þeirri skattlagningu var tekin upp sú varhugaverða stefna að leggja á skólagjöld og stór hluti þeirra var ætlaður til rekstrargjalda. Það var nauðvörn Háskóla Íslands vegna stórlega skertra fjárfamlaga til reksturs skólans á fjárlögum fyrir árið 1992 að fallast á gjöld þessi. Alþb. barðist gegn þessari skattlagningu og það gerði Framsfl. líka þá en honum hefur snúist hugur í þessu máli eins og fleirum. Reyndar er hann búinn að yfirgefa þingsalinn að mestum hluta. Ég held að það sé einn sem situr hér fyrir hönd þess ágæta þingflokks. (Gripið fram í.)

Segja má að sú ákvörðun seinustu ríkisstjórnar að leggja á skólagjöld hafi verið hafi verið háskalegt fordæmi og það sýna þessi frv. Á síðasta ári er sá hluti er kallast innritunargjöld og er utan þess sem fellur til hagsmunagæslu stúdenta orðinn 17 þús. kr. og er erfitt að sjá annað fyrir en hann geti vaxið í framtíðinni í réttu hlutfalli við það hvað fjárveitingavaldið telur sig þurfa að draga við sig fjárveitingar til skólans. Það er ekki hægt að fá að borga hluta af innritunargjaldi ef fólk er t.d. í hlutanámi eins og algengt er í mörgum greinum. Má t.d. nefna þar nám til kennsluréttinda sem fólk er oft að leggja hart að sér í og taka með annarri vinnu.

Mennt er máttur segir máltækið og um það voru allir flokkar sammála í kosningunum á sl. vori að menntun þjóðarinnar væri besta fjárfesting sem völ væri á. Nú bregður svo við að stjórnarflokkarnir flytja frv. um að gjöld sem háskólinn setti á í nauðvörn verði lögfest og að möguleikinn til að hækka þessi gjöld enn frekar verði fyrir hendi ef kreppir að hjá fjárveitingavaldinu. Það má benda á að á Norðurlöndum eru ekki innheimt af stúdentum gjöld til reksturs skóla og viðbrögð í þeim löndum hafa verið þau að auka fjárframlög til menntamála þegar kreppir að í efnahagsmálum. Það eru viðurkennd vísindi sem stjórnarflokkarnir viðurkenndu a.m.k. fyrir síðustu kosningar, að hvað sem líður fjárfestingu í virkjunum og atvinnulífi, þá mun efnahagur þjóðarinnar eiga í vaxandi erfiðleikum í framtíðinni ef við fjárfestum ekki í menntun. Slík gjaldtaka sem hér er lögð til getur leitt til félagslegrar mismununar eins og bent hefur verið á í mörgum þeirra umsagna sem borist hafa menntmn. um frv. þetta. Slík gjaldtaka er ekki samboðin þjóð sem á að setja markið hátt í framtíðarstefnumörkun sinni í þeim málum sem munu skipta sköpum um efnahagsþróun Íslendinga á nýrri öld. Því legg ég til að ef breytingartillaga sú sem ég hef lagt fram með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni verður ekki samþykkt, verði þessi frv. felld eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir leggur til í sínu nefndaráliti.

[23:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 8. þm. Reykn. erum við í Alþb. alfarið andvíg þessum skólagjöldum sem hér á að fara að lögfesta. Það á að fara að leggja á nemendaskatta. Það er dálítið umhugsunarefni, hæstv. forseti, að þetta er fyrsta menntamálið sem kemur til alvarlegrar meðferðar og afgreiðslu í þessari virðulegu stofnun í vetur. Að vísu hefur komið til 1. umr. frv. til laga um framhaldsskóla sem mun vera komið á lokastig í hv. menntmn. En þetta er fyrsta menntamálið sem kemur til afgreiðslu frá hæstv. núv. ríkisstjórn. Þetta er flaggið sem núv. hæstv. menntmrh. dregur að húni þegar hann leggur af stað í sína vegferð gagnvart löggjafanum í menntamálum. Það verður ekki sagt að það sé mikið ris yfir því (**Gripið fram í:** Bláhvíti fáninn.) þannig að þessi fáni er satt að segja hálfgerð drusla svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Þetta er náttúrlega þeim mun sérkennilegra, hæstv. forseti, þegar allar þjóðir sem eru að huga að sinni framtíð eru að tala um menntamál. Allar ríkisstjórnir sem vilja láta taka sig alvarlega í umheiminum eru að tala um menntamál. Þær eru að gera tillögur um menntamál, um eflingu háskólastigs, um eflingu rannsókna, um eflingu verkmennta með skipulegum hætti. Menn líta þannig á og hafa loksins áttað sig á því. Jafnvel þeir stjórnmálamenn sem skilja aldrei neitt annað en það sem í tölum er talið, einhverjum dálkum, einhverjum seðlabönkum eða því um líku, jafnvel þeir eru búnir að átta sig á því að menntamál eru undirstaða batnandi lífskjara í framtíðinni fyrir þjóðirnar. Þjóð sem vanrækir menntamál er að vanrækja framtíðina og það er álíka vitlaust að vanrækja menntamál og að vanrækja það að borga niður erlendar skuldir íslenska þjóðfélagsins. Ég lít á þessa hluti með hliðstæðum hætti vegna þess að í báðum tilvikunum er verið að dæma börnin okkar og framtíðina til verri lífskjara en við þyrftum annars að hafa. Þess vegna er sú staðreynd að núv. hæstv. menntmrh. skuli byrja sinn feril sem leiðangur andspænis löggjafarsamkomunni með þessum frv., alveg ótrúleg.

Lítum í kringum okkur, hæstv. forseti. Skoðum það sem kollegar hæstv. menntmrh. eru að gera í grannlöndum okkar. Skoðum það t.d. hvað menn hafa verið að gera jafnvel í íhaldsstjórnum, svörtustu íhaldsstjórnum. Þar er verið að taka utan um menntamál. Þar er verið að rífa upp menntamál og áherslan er á þau. Af hverju? Af því að í skólunum er framtíðin og í tengslum við skólana er framtíðin því að þar eru börnin. Og það er auðvitað alveg ótrúlegt að leiðangurinn skuli hefjast með þessum frv. Frumvörp til laga um skatt á nemendur, þau eru það. Frumvörp til laga um skatt á nemendur og ekkert annað. Og það er ekki lagt á eftir efnum og ástæðum heldur af því að þeir vilja læra. Það er tekið á móti þessu fólki sem vill leggja á sig framhaldsnám með því að leggja á það skatta. Það er ekki boðið velkomið. Það er ekki opinn faðmur kerfisins sem tekur á móti þessu fólki heldur er byrjað á því að leggja á það skatta. Það er þess vegna, hæstv. forseti, sem við í mínum þingflokki og okkar erum algerlega andvíg þessum frv.

Auðvitað var það varhugavert, það verður að viðurkenna það þó að þeir alþýðuflokksmenn vinir mínir séu núna með okkur í stjórnarandstöðu og við höfum haft gott samstarf, að það var slæmt að leggja af stað í þessa vegferð á síðasta kjörtímabili. Það var varhugavert. Það voru spor sem næstu stjórnir gátu stigið í og gerðu. Ég minnist þess og dreg það fram til þess að halda því til haga að ég varð var við það að einn og einn þingmaður Alþfl. var með einhverjar innantökur í þessum málum. (**Gripið fram í:** Aðallega einn.) Ég sagði einn og einn, já. Það má segja að það hafi aðallega verið einn,

en það var einn og einn. Það var einn í háskólamálum og einn í framhaldsskólamálinu en það var reyndar sami maðurinn í báðum. En þannig séð var það einn og einn. Það er rétt. Og Samband ungra jafnaðarmanna gerði samþykkt um að það ætti að leggja þessa skatta niður og nemendaskatta, En hinn vitri þingflokkur og forusta Alþfl. taldi ekki ástæðu til að taka mark á því. Ég tel það alvarlegt mál satt að segja, hæstv. forseti.

Ég tel að þarna eigi að draga líka línuna í sambandi við fjármögnun ríkissjóðs. Við skulum svo tala dálítið um það. Línuna á að draga þannig að það sé ekki lagður skattur á nemendur sem fara í skóla. Það á að draga línuna þar. Og það á að draga línuna þar að það sé ekki lagður skattur á sjúkt fólk sem þarf að fara inn á sjúkrahús. Það á að draga línuna þar. Þar eiga jafnaðarmannaflokkar, vinstri flokkar, að draga línuna og það verða menn að gera því að annars lenda menn í því í samstjórnum með íhaldinu að gera alls konar hluti sem eru óheppilegir, óheppilegt fordæmi. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, hæstv. forseti, og sé ég þann atburð anda mínum nær þegar ég hugsa um þá framsóknarmenn í ræðustólnum á síðasta kjörtímabili. Þvílíkar ræður, hæstv. forseti. Og það er bara einn framsóknarmaður í salnum (**Gripið fram í:** Saklaus.) *sem er sagður saklaus, enda heitir hann einhverju* merkasta nafni Íslandssögunnar þannig að honum fyrirgefst ... (**Gripið fram í:** Menningarlegu nafni.) Og menningarlegu nafni. Það er sagt að hann sé kominn af Jóni á Bægisá og fyrirgefst þess vegna flest.

En hvar eru þeir framsóknarmenn sem voru hér eins og — ég má til með að nefna hæstv. iðn.- og viðskrh. Þvílíkar ræður, kannski ekki skemmtilegar en langar voru þær. Það var alveg óstjórnlegur fyrirgangur í stólnum kvöld eftir kvöld og nótt eftir nótt í skólagjaldamálum í sambandi við háskólann og framhaldsskólana og í sambandi við Lánasjóð íslenskra námsmanna. Og ég spyr, hæstv. forseti: Hvað er að frétta af því máli? Vegna þess að það er sama fólkið sem á að búa við Lánasjóð íslenskra námsmanna og á að fara að skattleggja samkvæmt þessu. Ég leyfi mér að beina spurningu í fyrsta lagi til hæstv. menntmrh.: Hvað er að frétta af endurskoðun laganna um Lánasjóð íslenskra námsmanna? Vegna þess að Framsfl. lofaði því fyrir síðustu kosningar að það ætti að taka upp samtímagreiðslur námslána aftur. Lýsti því yfir á fundum þar sem við vorum, talsmenn flokkanna, t.d. í Háskólabíói rétt fyrir síðustu alþingiskosningar. Og ég spyr hæstv. menntmrh. og hann verður að svara þeirri spurningu því að það snertir hag námsmanna í sambandi við þetta frv.: Hvað er að frétta af endurskoðun laganna um Lánasjóð íslenskra námsmanna? Það er partur af þessu máli. Og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvenær þess er að vænta að þetta mikla kosningamál Framsfl. komi inn í þingið, þ.e. að taka upp samtímagreiðslu námslána aftur. Ég er alveg viss um að þingmenn stjórnarandstöðunnar eru tilbúnir til þess að samþykkja afbrigði frá þingsköpum fyrir því að breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna komist til meðferðar núna í vor. Ég skora á hæstv. menntmrh. að koma með það skjal. Ég geng eftir því í þessari umræðu að hann skili því því þetta er svo snautlegur snepill, þessi frv. hæstv. ráðherra sem hér liggja fyrir, að hann getur ekki verið þekktur fyrir að láta það nægja á sínum menntamálaráðherraferli á þinginu 1995–1996.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga varðandi þetta frv. sem hér liggur fyrir. Hafa hv. þm. lesið frv. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 24.000 kr. *Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar* við afgreiðslu fjárlaga ár hvert."

Hvað er þetta? Hvað er afgreiðsla fjárlaga ár hvert? Þýðir þetta það að í fjárlögum ár hvert standi hvert gjaldið á að vera? Er það þannig? Ætlast menn til þess að fjárln. geri þá tillögu um það hver gjöldin eiga að vera í skólanum? Eru menn þá þar með ekki að viðurkenna og þá alveg sérstaklega hæstv. menntmrh., að þetta sé skattur því að fjárln. fjallar auðvitað ekki um neitt annað en skatta og tekjur ríkissjóðs? Eða hvað er hæstv. menntmrh. að segja með þessu? Og það er alveg óhjákvæmilegt að við þessa 2. umr. málsins fáist svar við því, hvað þetta þýðir: „Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert." Á þetta að gerast t.d. þannig að ráðherrar tilkynni hvert gjaldið á að vera? Getur það verið að hæstv. menntmrh. tilkynni hvert gjaldið eigi að vera og hann tilkynni það fjárln.? Hvernig hugsa menn sér þetta? Sjá menn ekki að það geti verið að þeir séu að afhenda hæstv. menntmrh. opið skattlagningarvald? Ætla menn að una því?

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu í öðru lagi. Sú fyrsta var um LÍN. Hann verður að svara henni. Önnur er þessi: Hvernig gengur fyrir sig breyting á þessu gjaldi? Ég verð að segja alveg eins og er að ég gagnrýni hv. menntmn. eða meiri hluta hennar fyrir að taka ekki á þessu máli og breyta þessu atriði við meðferð málsins í þinginu vegna þess að það er engin lagasmíð að ganga frá málinu svona og ekki boðlegt fyrir Alþingi Íslendinga.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt, hæstv. forseti, að fá það fram í þriðja lagi frá hæstv. ráðherra, hversu langt hann telji að hægt sé ganga í skattlagningu samkvæmt þessum lögum ef þetta verður samþykkt. Hversu langt telur hann hægt að ganga? Er hægt að hugsa sér að þetta gjald verði látið ná yfir alla kostnaðarliði sem taldir eru upp í tilteknu bréfi frá Háskóla Íslands og hv. þingmenn hafa undir höndum? Það er ekkert lítið sem þar er talið upp. Ég man ekki til þess að það hafi verið lesið upp í þessari umræðu, er það? Ég held að það sé best að fara aðeins yfir það.

Hvað er það sem háskólinn telur upp og á að falla undir þessi 24 þúsund? Það er bréf frá Háskóla Íslands. Ég held að það sé dagsett 9. mars 1996, GHJ/ÞK. Hvaða gjöld eru þetta? Það eru í fyrsta lagi nemendaskrá, skrifstofa, 2.188 kr. á mann. Í öðru lagi 20% af kostnaði deildaskrifstofa. Ég endurtek, 20% af kostnaði deildaskrifstofa, 2.200 kr. á stúdent. Það er orðinn partur af skrásetningargjaldi. Þetta er auðvitað ekkert skrásetningargjald. Þarna er bara verið að skattleggja nemendur til þess að standa undir kostnaði við rekstur deildaskrifstofa. Í þriðja lagi stúdentaskírteini, 463 kr. á nemanda. Í fjórða lagi póstsendingar vegna námsferilsyfirlits, 140 kr. á nemanda. Svo kemur: Auglýsingar vegna skráningar, 43 kr. á nemanda. Svo kemur: Kennsluskrá, 500 kr. á nemanda. Svo kemur: Upplýsingabæklingar háskólans, 400 kr. á nemanda. Svo kemur: Nemendaskrárkerfi, tölva, kerfisfræði, 1.257 kr. á nemanda. Þetta er almennur rekstrarkostnaður. Þetta eru engin skrásetningargjöld sem menn eru hér með. Þetta er skattur á nemendur. Síðan er: Námsráðgjöf og námskynning, 2.643 kr. á nemanda. Hvað er námsráðgjöf í nútímaskóla? Námsráðgjöf í nútímaskóla er hluti af hinu fasta skólastarfi. Mér finnst það sem kemur fram í þessari töflu lýsa alveg ótrúlegum viðhorfum til námsráðgjafa. Að sjálfsögðu er þetta ekki þannig að hérna sé um það að

ræða að þetta sé einhver partur af skrásetningu nemenda. Námsráðgjöfin er auðvitað partur af skólastarfinu. Síðan kemur: Prófgæsla, 1.278 kr. á nemanda. Svo kemur: Próf-dómarar, 835 kr. á nemanda. Síðan: Prófgögn, 294 kr. Svo kemur þetta: Aðgangur nemenda að tölvubúnaði og tölvu-netum Háskóla Íslands, 3.545 kr. Þannig að ef nemendur ætla sér að ávarpa hinn ástsæla ráðherra sinn á tölvunetinu, bjorn@centrum.is, þá kostar það bara peninga. Það er eins gott að borga skatt af því í leiðinni. Þetta er aðgangur stúdenta að venjulegum tækjum í venjulegum nútímaháskóla. Hann heitir skráningargjald. Hvers lags eiginlega er þetta? Hvers lags fornaldarviðhorf ríkja hjá mönnum sem líta á þetta sem skráningargjald? Svo kemur: Aðgangur að Internetinu, það er í viðbót, 436 kr. á mann. Svo kemur eitt sem er eins gott að láta þetta lið borga satt að segja. Það er mjög athyglis-vert. Það er útprentun hjá Reiknistofnun. Það eru 500 kr. Svo er það ljósritun, 3.000 kr. Samtals eru þetta 19.723 kr. sem eru í gjöld af þessu tagi. Í þessum flokki eru í raun og veru bara eitt sem gæti flokkast undir skráningarkostnað. Það er nemendaskráin. En föllumst á það sem kemur fram í nefndaráliti minni hlutans að þetta séu nokkrir fleiri þættir. Þó eru þetta í allra mesta lagi 3.000 kr. sem þarna er verið að tala um. Það eru þættirnir: Nemendaskrá, skrifstofa, 2.188 á nemanda, póstsendingar vegna námsferilsyfirlits — mér finnst nú 2. minni hlutinn full rausnarlegur að kalla þetta skráningargjald, ég segi það alveg eins og er — auglýsingar vegna skráningar, 43 kr., kennsluskrá 500 kr. Það er það sem menn eru að tala um, 3.000 kr. Þetta er álit 2. minni hluta menntmn. á þskj. 834, með leyfi forseta:

„Má því í raun segja að þetta háa gjald, sem stúdentar við Háskóla Íslands þurfa að greiða, geti verið lognið á undan storminum því að ávallt verður hægt að vísa til þess að Alþingi hafi lögfest þessa kostnaðarliði sem raunverulegan kostnað við skrásetningu."

Ég held að ég verði að ítreka spurningu mína til hæstv. menntmrh. Hann verður að svara þessum spurningum í kvöld: Hvað telur hann hugsanlega hægt að ganga langt í þessum efnum? Telur hann hugsanlegt að finna fleiri þætti en hér eru taldir upp? Og af hverju spyr ég um það, hæstv. forseti? Er það bara einhver hótfyndni eða illgirni af und-irrituðum? Nei, það er því miður ekki svo vegna þess að í greinargerð frv. eru talin upp miklu fleiri atriði. Ég ætla að lesa þau upp, með leyfi forseta:

„Skrásetningargjaldið er bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og stendur undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar má sem dæmi nefna margvíslega þjón-ustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýs-ingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa ..." Skipulag kennslu og prófa? Hæstv. forseti. Má láta skólagjöldin standa undir þessu, skipulagi kennslu og prófa? Hvað er skipulag kennslu og prófa? Það er vinna kennaranna eða hvað? Má hugsa sér það að þessi skólaskattur sem á að fara að lögfesta hér verði látinn standa undir launakostnaði kennaranna? Það er óhjákvæmilegt að hæstv. menntmrh. svari því. (**Gripið fram í:** Ákveði það bara á fjárlögum.) Nema hann ætli bara að ákveða það á fjárlögum og þar með er hann auð-vitað að viðurkenna það sem hér kom fram áðan að þetta sé skattur. En það er meira blóð í kúnni, hæstv. forseti, því að það stendur í viðbót við allt hitt sem komið er, „... skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs ..." aðgangseyrir að skrifstofu kennslusviðs er innifalinn í þessum ósköpum, „... deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans."

Ég spyr, hæstv. forseti: Hvað er undanþegið í þessu? Ég sé ekki betur en það sé kennsla í þrengsta skilningi sem er eftir? (Gripið fram í.) Ja, það er fjármagnað af happdrættinu þannig að ekkert er eftir nema kennsla í þrengsta gamaldags skilningi þess orðs því að kennsla er auðvitað ekki bara það að einhver maður standi við púlt og dóseri yfir fólki. Ég tel, hæstv. forseti, óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvað það er sem þetta gjald á að geta náð yfir. Ég hef ekki heyrt nein svör við því og ég ítreka þess vegna þá spurningu. Það er spurning þrjú sem ég bar fram við hæstv. ráðherra.

Hæstv. forseti. Setjum svo að meiri hlutinn ætli sér endi-lega að knýja þessi ósköp í gegn, sem ég skal ekkert um segja. (Gripið fram í.) Ég skal ekkert um segja. En segjum að hann vilji endilega koma þessu í gegn. Er það þá ekki til í dæminu að meiri hlutinn vildi skoða það að ganga sæmilega tryggilega frá þessu frv. ef það verður að lögum þannig að það komi t.d. fram hvernig endurskoðuninni á gjaldinu er háttað, alveg nákvæmlega, að það standi að það þurfi að leggja það fyrir Alþingi ár hvert, að það sé afgreitt með fjárlögum eða lánsfjárlögum ef menn vilja eða með öðrum lögum eða með sérlögum sem snerta þetta, sem væri auðvitað það eðlilegasta?

Menn þekkja það að núv. hæstv. ríkisstjórn var með mik-ið frv. í vetur sem var kallað bandormur. Í því frv. var gert ráð fyrir því að afnema allt sem heitir sjálfvirkni í fjárlög-um. Það var talið sérstaklega nauðsynlegt að afnema þessa sjálfvirkni gagnvart gamalmennum hér á landi þannig að það væri öruggt mál að gamla fólkið fengi ekki meira en næmi verðlagsbreytingum. Það var ákveðið að afnema þessa sjálfvirkni gagnvart öryrkjum. En þegar kemur að því að skattleggja nemendur eins og hér er gert ráð fyrir, þá er það opið hvernig að þessu máli er staðið. Ég ítreka því þessa spurningu til hæstv. menntmrh. og hv. formanns menntmn.: Hvenær er endurskoðunin nákvæmlega framkvæmd? Ég tel að það sé illa frá því máli gengið í þessu frv. eins og það lítur út.

Í öðru lagi verð ég að segja, hæstv. forseti, að ef rík-isstjórnin ætlar sér að gera þessi ósköp að lögum, þá er náttúrlega líka lágmark að það sé tiltekið hvaða kostnaður það er sem þessi gjöld mega ná yfir eða öllu heldur hvaða kostnaður það er sem alls ekki má taka af nemendum. Þannig er það t.d. í framhaldsskólalögunum en heldur að vísu illa og við höfum háð margar orrustur um í þessum sal. En ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi fram í lögunum, það er verið að breyta háskólalögunum, hvaða kostnaður það er nákvæmlega sem menn ímynda sér að þessi gjöld eigi að standa undir því að sú upptalning sem ég var að lesa áðan úr greinargerð frv. er háskaleg. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. ráðherra svari þessu.

Svo vil ég í fjórða lagi spyrja hæstv. ráðherra um málefni sem bar nokkuð á góma fyrr í vetur um Háskóla Íslands og gengur út á það að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofn-un. Það kom í fréttum að það voru einhverjir menn sem vildu gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun. Það var í öllum

fréttum. Það var einhverja helgina þegar ekkert var í fréttum þannig að menn höfðu þetta aftur og aftur fram að færa: Gerum háskólann að sjálfseignarstofnun. Hæstv. menntmrh. sagði að honum fyndist það athyglisverð hugmynd að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun. Fyrirsögnin í textavarpinu mínu á þessari frétt var: Menntamálaráðherra jákvæður. Les: Menntamálaráðherra var hrifinn af því að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun. Af hverju er ég að tala um þetta í þessu sambandi? Það er vegna þess, hæstv. forseti, að ef menn væru að gera háskólann að sjálfseignarstofnun og ætluðu að gera við hann þjónustusamning eins og var verið að tala um hér um daginn, þá þýðir það auðvitað að það er hugsanlegt að háskólinn yrði, til þess að standa undir kostnaði hjá sér, að leggja á hærri gjöld en ella væri af því að hann fengi ekki nógu mikið frá ríkinu. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh. í fjórða lagi: Hvað er að frétta af þessum hugmyndum um að breyta háskólanum í sjálfseignarstofnun? Eru þær á döfinni alveg á næstunni? Þá fyrst verður þetta frv. svona stórhættulegt ef menn eru með hugmyndir um það að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun og heimila yfirstjórn háskólans að taka gjöld af nemendum vegna kostnaðar eins og um einkafyrirtæki væri að ræða. Það er alveg óhjákvæmilegt að þessari spurningu verði einnig svarað hér, hæstv. forseti.

Ég tel því að bæði efnislega og tæknilega séu þessi frv. slæm. Ég tek undir ábendingar sem fram koma í þeim efnum í álitum Hins íslenska kennarafélags, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fleiri aðila. Ég tek einnig undir ábendingar sem fram koma í áliti 1. og 2. minni hluta menntmn. og ekki síst það að fari svo mót vonum mínum eftir þessi aðvörunarorð sem hér hafa verið flutt, að ríkisstjórnin ætli að reyna að troða þessum málum í gegnum þingið, þá vænti ég þess að það takist að fá skýr svör frá hæstv. menntmrh. í þessum efnum. Mér finnst alveg meginmál að hann svari þessu líka: Er hann tilbúinn til þess, ef hann ætlar með málið í gegnum þingið, að breyta því þannig að það sé þingtækt? Því að þetta er ótrúleg hrákasmíð, með leyfi forseta, sem hér liggur fyrir. Ég skora á þingið að hafna þessu. En fari svo að það fari áleiðis þá skora ég á menntmn. að breyta þessum textum því að þeir eru vondir eins og þeir eru.

[23:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og sjá má, þá berst hæstv. menntmrh. hetjulegri baráttu við svefninn í sæti sínu. Það hefur mátt sjá hann í kvöld ýmist vera að stanga úr tönnum sínum eða lesa útlent dagblað. Ég vil taka það fram að ég fylgdist ekki með því svo vel að ég gæti sagt hvað hann hafi borðað í kvöldmatinn. Hins vegar er það alveg ljóst að við verðum að fara að hleypa honum heim í svefninn því að við vitum að ekki má þreyta ráðherra hæstv. ríkisstjórnar.

Áður en við getum það, herra forseti, eru það nokkur atriði sem ég vildi drepa á og nokkur atriði úr ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar sem mig langar líka til þess að fjalla örlítið um. Það heyrðist á ræðu hv. þm. að hann er ekki mjög hniginn að aldri því skammtímaminnið er afskaplega gott. Hann mundi t.d. eftir því að Alþfl. hafði átt nokkurn hlut að því að setja lög um skólagjöld á síðasta kjörtímabili. Ef hins vegar hv. þm. væri tekinn að reskjast og nokkuð að hníga að aldri, mætti gera því skóna að skammtímaminnið væri ekki jafngott en langtímaminnið þeim mun betra því að tvisvar verður gamall maður barn eins og máltækið segir. Þá mundi hv. þm. e.t.v. minnast þess að það var í kringum 1990 þegar einn af hv. þm. Alþfl. fór í heimsókn í Háskóla Íslands. Þar var verið að ræða um fjárskort háskólans og þessi hv. þm., fyrstur þingmanna svo ég muni eftir, lagði til að menn veltu því fyrir sér hvort ekki væri rétt að taka upp skólagjöld til þess að fjármagna háskólann. Þetta var til þess að stúdentaráð Háskóla Íslands samþykkti ályktun gegn ummælum þessa hv. þm. sem þá var reyndar ekki óbreyttur þingmaður heldur hæstv. ráðherra og meira að segja formaður Alþb. og segir nú fátt af einum lengur í kvöld.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, til að rifja það upp fyrir þessum ágæta þingmanni að það er ekki bara Alþfl. sem á sögu í þessu máli. Það eiga fleiri. En til þess að öll kurl séu til þessarar grafar tínd, má líka rifja það upp úr því að hv. þm. var að minnast á forsögu Alþfl. í þeim málum sem tengjast skólagjöldum að það var sá flokkur sem í síðustu ríkisstjórn kom í veg fyrir að það yrðu sett á gjöld í framhaldsskólunum. Okkur tókst að koma í veg fyrir að Sjálfstfl. næði því að setja á skólagjöld í framhaldsskólunum sem hefðu lagt 140 millj. kr. á framhaldsskólanemendur sem flestir eru undir tvítugu. Þetta tel ég að sé rétt að komi fram, herra forseti.

Við umfjöllun þessa máls í nefndinni hefur það komið fram að Háskóli Íslands telur mögulegt að rekja ýmis atriði og meta til kostnaðar. Þegar allt er saman lagt, kemur í ljós að þessi upphæð stemmir, 24 þús. kr. Það segir Háskóli Íslands. En það er auðvitað svo að í frv. eins og hv. þm. Svavar Gestsson rakti áðan, gefa menn í rauninni skít í þetta. Þar segir skýrum orðum að þessi upphæð eigi að koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga. Nú geri ég ráð fyrir því að það sé ekki hægt við endurskoðun fjárlaga að endurskoða og endurmeta þá þætti sem eiga að vera inni í skrásetningargjaldinu og þetta auðvitað þykir mér benda til þess að þetta kostnaðarmat er bara húmbúkk sem þarna kemur frá háskólanum og að undirlagi hæstv. menntmrh. Þarna er um ekkert annað að ræða en blekkingar til þess að skjóta stoðum undir skrásetningargjaldið.

Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, hvernig frv. er til komið. Því er ætlað að treysta lagalegan grundvöll þessa skrásetningargjalds sem er innheimt af stúdentum við Háskóla Íslands og ég kalla ekkert annað en skólagjald. Það er ekkert annað. Það er nauðsynlegt að samþykkja frv. vegna þess að umboðsmaður Alþingis hefur komist að því að gjaldið er ólöglegt. Þá fara menn þá leið að breyta lögunum í staðinn fyrir að gera það sem hefði verið ærlegast, þ.e. að fella niður gjaldið. Mér þykir það miður. Ég tel eins og kemur fram í ágætu áliti 2. minni hluta menntmn. að hér kunni að vera lognið á undan storminum eins og þar segir vegna þess að þarna byrja menn að feta þá leið að láta námsmenn standa straum af kostnaði við ýmsa þætti eins og prófgæslu og prófdómara. Það er ekkert annað en byrjun á langri leið sem gæti endað með því að skólagjöld yrðu í vaxandi mæli látin standa undir kennslu. Hver er munurinn? Er þetta ekki eðlisskylt, hæstv. menntmrh.? Prófgæsla? Eru menn þar ekki að gera upp kennsluna, hvernig hún hefur tekist til? Eru ekki prófin í rauninni lokahnykkurinn á kennslunni og órjúfanlegur partur hennar? Ef við erum með þessum hætti farin að láta námsmenn standa straum af prófunum, hvenær munum við þá ganga skrefi lengra og láta þá líka standa straum af kennslunni? Ég spyr þig, hæstv. menntmrh., og veit að þú munt í þinni fínu svarræðu á eftir gera okkur grein fyrir þessu.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vill minna á að það á ekki að ávarpa ráðherra með þessum hætti eða þingmenn yfirleitt.)

Ég bið virðulegan forseta mikillar afsökunar á þessu, en ég gerði þetta eingöngu til þess að undirstrika virðingu mína gagnvart því embætti sem hæstv. ráðherra Björn Bjarnason gegnir.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það þarf samt að fara að þingsköpum.)

Það er hárrétt og ekki dregur úr virðingu minni fyrir embættinu þegar horft er til þeirra staðreyndar að hæstv. forseti gegndi því áður. En að öllu samanlögðu, herra forseti, get ég ekki annað en lýst undrun minni á þessum málatilbúnaði. Ég hafði vænst þess að hæstv. menntmrh. mundi hefja sína göngu í embætti með öðrum hætti en þessum.

Mér finnst gæta ákveðins ósveigjanleika í afstöðu menntmn. í sinni umfjöllun. Mér sýnist á þessu að það sé t.d. ekki hægt að láta menn greiða skráningargjald í hlutfalli við það nám sem þeir standa í. Hér er ég að hugsa um ýmsa þá sem standa undir menntakerfinu, t.d. kennara sem vilja fara í endurmenntun og taka einhver námskeið í Háskóla Íslands meðfram starfi sínu. En það er þá orðið ansi dýrt ef menn þurfa að borga 24 þús. þús. kr. fyrir það eitt að vilja sitja í einum eða tveimur kúrsum. Ef til að mynda einhver hv. alþingismanna vildi verða enn hæfari til þess að sinna sínum störfum, vildi viða að sér einhvers konar þekkingu í sögu eða öðru sem gæti nýst í starfi hér og færi í slíkt námskeið, þá þyrfti hann að greiða 24 þús. kr. á ári vegna þess að hæstv. menntmrh. sér sér ekki fært að taka upp sveigjanlegt kerfi. Mér finnst það ósanngjarnt og ég spyr hæstv. menntmrh.: Þegar hann skoðar þetta mál grannt, er hann ekki sammála mér um að það væri nú æskilegt að hafa þetta á hinn veginn eins og ég hef hér lýst?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið lengri, herra forseti. En það er svo að hér er í salnum einungis einn hv. þm. Framsfl. og sá er alsaklaus. Það hefur líka komið fram að hann er afkomandi þess manns sem breskur tignarmaður sótti heim áður en hann fór héðan af landi brott bara til þess að sjá manninn sem undir litlum skjá þyddi Paradísarmissi Miltons. Það var ein mesta lífsreynsla Ebenezers Hendersonar þegar hann kom hingað. Slíkum manni á auðvitað ekki að álasa. En það er hægt að álasa hans flokki fyrir að standa að þessu ekki bara vegna þess sem þeir sögðu í ræðum sínum á síðasta kjörtímabili heldur vegna yfirlýsinganna sem þeir gáfu beinlínis vegna þessa máls í aðdraganda kosninganna.

Herra forseti. Hinn snöfurmannlegi hæstv. utanrrh. var kvaddur til fundar við kjósendur landsins í gegnum DV. Þar sat hann á skrafi við þá kjósendur sem kusu að hringja til hans og fyrir atbeina Dagblaðsins/Vísis voru svör hans birt. Hann var spurður einnar tiltekinnar spurningar sem varðar þetta mál. Hann var inntur eftir afstöðu Framsfl. til skólagjalda við Háskóla Íslands. Hvað mundi hann og hans flokkur gera ef þeir kæmust til valda? Og svar þessa ágæta framsóknarmanns, formanns Framsfl., var mjög afdráttarlaust. Hann lýsti því yfir fyrir alþjóð að hann mundi beita sér fyrir því að lækka skólagjöld við Háskóla Íslands. Það er sem sagt alveg sama hvar borið er niður, hvort heldur það er varðandi skólagjöld, heilsugæslu eða annað: Framsfl. einfaldlega gleymir. Hann hefur hvorki langtímaminni né skammtímaminni. Hann er hvorki ungur eða gamall. Hann er minnislaus þegar kemur að eigin loforðum. Það liggur fyrir skýr yfirlýsing formanns Framsfl., hæstv. utanrrh. Enda er það jafnan svo að þegar þessi mál eru rædd, þá hverfa þeir úr salnum eins og fúasprek sem fleygt er út á hafið og rekur í burtu. Það eru sakleysingjarnir sem eru sendir sem fallbyssufóður. En mér dettur ekki í hug að álasa afkomanda Jóns á Bægisá og þýðanda Miltons fyrir málið vegna þess að hann á enga sök. En hvar er hæstv. utanrrh., formaður Framsfl.? Þetta er í annað sinn sem hann skríður úr salnum þegar þessi mál eru rædd vegna þess að kannski hefur hann einhvern vott af minni. Kannski minnist hann þess að hann hefur rætt málið og hann hefur lýst því yfir að ef hann gæti komið að málinu eins og hann getur núna, þá mundi hann beita sér fyrir því að lækka skólagjöldin. Við höfum séð efndir þessara orða, herra forseti. Í staðinn fyrir að lækka þau eins og hann lofaði, þá auðvitað hækkar hann þau.

Nú koma svefngenglar vanans, hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Það hefur borið á því, herra forseti, að þær ræður sem ég hef stundum flutt í þessum sal og eru allt of fáar, þar sem ég hef varið dýrmætum tíma mínum og þingsins til þess að rifja upp kosningaloforð Framsfl., hafa farið afskaplega í taugarnar á hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, þingflokksformanni Framsóknar. Ég veit ekki hvort það er vegna þess að henni þykir sárt að rifja upp öll þessi loforð sem henni hefur ekki tekist að standa við eða hvort henni þykir ræðan ekki nógu vel flutt eða hvort hún er einfaldlega orðin leið á því að heyra hana svona oft eða hvort hún er hissa á því að hafa ekki heyrt hana áður. Ég veit það ekki, herra forseti. En hún hefði haft gott af því að vera hérna áðan og hlusta á það sem ég var að rifja upp fyrir henni, þ.e. loforð formanns Framsfl. gefin í DV um það að ef hann kæmist til valda, þá mundi hann beita sér fyrir því að lækka skólagjöld við Háskóla Íslands. Og hvað gerir hann? Hann hækkar þau.

Herra forseti. Það er með mikilli depurð og sorg sem ég hverf úr ræðustólnum. Ég er dapur yfir örlögum Framsfl.

[00:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég stend í ræðustól Alþingis, er ég ákaflega þakklát fyrir það að þingflokksformaður Framsfl. hefur gengið í salinn. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þá gleði mína. Það er ekki einhvers konar miðnæturdraumur heldur endurminningar liðins kjörtímabils sem kalla fram þá ánægju í huga mínum.

Það frv. sem hér er til umræðu er ekki stórt í sniðum og lagagreinarnar um háskólann hér í Reykjavík og fyrir norðan hvorugar stórar. Þá má jafnvel segja að það sé ekki verið að gera miklar grundvallarbreytingar með þessum frv. þar sem gjöld hafa verið innheimt við háskólann.

Hvað varðar efnisatriði frv. hefur fulltrúi okkar í menntmn. gert því ágætlega skil og ég vísa til bæði nefndarálits hans og ræðu hér fyrr. En skólagjöld voru á síðasta kjörtímamál afar heitt mál og erfitt fyrir suma þingmenn stjórnarliðsins, m.a. þá sem hér stendur.

Það er oft mjög erfitt innan flokka þegar viðkvæm mál koma upp og þarf að gera samkomulag milli einstaklinga í flokkum hvernig á að bregðast við. Og það er enn þá verra þegar ólíkir flokkar ganga til samstarfs og kannski gerólík sjónarmið eru á milli flokkanna í sumum málum sem snerta þá strengi sem mikilvægastir eru í pólitískri sannfæringu. Þannig var það með þá sem hér stendur að það að flytja töku greiðslna í framhalds- og háskólum inn í fjárlög var mjög afgerandi þáttur og erfiður að sættast á og fyrir undirritaða afdráttarlaust skref í töku skólagjalda hér á landi.

Það var talsverður hiti um þetta mál í þingsal og ef minni mitt bregst ekki, þá var gengið svo langt við afgreiðslu fjárlaga í fyrsta sinn sem þessi mál voru tekin þar inn, að

ekki greiddu allir stjórnarliðar atkvæði með 4. gr. fjárlaga og þóttu tíðindi mikil. Það voru mikil viðbrögð í salnum og fundarhlé í kjölfar. Þótti þetta einstakur viðburður. Það verður að segjast eins og er að þótt erfitt hafi verið, þá héldu nokkrir þingmenn Alþfl. fast við það að berjast svo sem unnt væri gegn því að þessi gjöld væru tekin upp og tóku afstöðu til þess í atkvæðagreiðslu.

Af hverju er ég að rifja þetta upp hér? Varla til þess að vera að velta mér upp úr gömlum syndum Alþfl., ef litið er á samstarf um þessi mál við Sjálfstfl. sem gamlar syndir, heldur til að rifja það upp að ef fólk hefur mikla sannfæringu í málum, þá reynir það að standa við hana jafnvel á slíkum stundum. Nú gat ég ekki stillt mig um það af því að ég hef stundum verið að stríða þingflokksformanni Framsfl. með því að það sé dálítið gaman að því að hafa fengið þetta ágæta net. Nú getum við bara sagt: „Skólagjöld, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir", ýtt á takka og upp flettast ræður sem fjallað hafa um skólagjöld. Maður ýtir á annan takka og út prentast ræður. Maður getur tekið svona smábunka og skoðað sannfæringuna sem var svo heit fyrir svo fáum mánuðum en virðist hafa breyst eða það ætla ég að kanna hjá þessum ágæta þingmanni. Ég ætla að drepa niður í eina, tvær, þrjár línur í hverri af þessum ræðum sem ég tók út. Það er reyndar miklu stærri bunki á borðinu mínu. Ég ætla ekkert að fara að lesa ræður þingmannsins. En með leyfi virðulegs forseta:

„Nú hafa gerst þau tíðindi í íslenskum skólamálum að ríkisstjórn Íslands hefur sett fram stefnu í fjárlagafrv. um skólagjöld á framhaldsskólastigi og háskólastigi en er nú reyndar eitthvað farin að draga í land ef marka má orð hæstv. ráðherra hér áðan. Hin gamla speki, sem fram að þessu hefur verið tiltölulega góð samstaða um í þessu litla þjóðfélagi, að allir skuli eiga jafnan rétt til náms án tillits til efnahags, er nú í hættu." (**Gripið fram í:** Fallega orðað.)

Fallega orðað og ég get tekið undir hvert einasta orð og hef reyndar gert það áður, verandi stjórnarliði. (**Gripið fram í:** Þetta gildir enn.) Önnur tilvitnun úr annarri ræðu við annað tilefni, með leyfi forseta:

„... fyrr í haust, þegar málefni háskólans voru tekin fyrir utan dagskrár, þá var hæstv. menntmrh. svo hneykslaður á mínum orðum að hann mátti vart mæla. Ég hélt því fram að hann hefði ekki staðið við það sem hann sagði í umræðunni í fyrra að það yrði lánað fyrir skólagjöldum ..." Ég vek athygli þingmanna á því að í öllum tilfellum eru notuð orðin skólagjöld með því sem felst í orðinu skólagjöld en ekki innritunargjöld eða eitthvað annað sem einnig þá var notað um þessar greiðslur „... og vaxtakostnaði sem nemendur yrðu fyrir vegna lána í hinu almenna bankakerfi.

Sannleikurinn er sá samt sem áður, hæstv. ráðherra, ef við tökum Háskóla Íslands þar sem skólagjöld eru um liðlega 22.000, reyndar ekki nema 17.000 sem sjóðurinn metur sem skólgjöld, þá er lánað fyrir því sem er umfram 15.000."

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka tvær tilvitnanir í viðbót. Næsta tilvitnun, næstu fjárlög á eftir, með leyfi forseta:

„En eitt af því sem nú virðist eiga að gera að alvöru samkvæmt frv. til fjárlaga er að leggja á skólagjöld. Á síðasta ári var þessi boðskapur einnig í fjárlagafrv. og þá fluttum við sem skipuðum minni hluta menntmn. á þeim tíma brtt. við 2. umr. sem fól í sér að þessi ákvæði yrðu tekin út úr frv. Brtt. var frestað til 3. umr. en það gerðist í millitíðinni að ákvörðun var tekin um það af hæstv. ríkisstjórn eða meirihlutaflokkunum að hætta við þetta." Hvers vegna skyldi það hafa verið? Hvernig skyldi hafa staðið á því að það sem var komið inn í fjárlög var tekið út? Það skyldi þó aldrei vera að það hafi verið tekist svo heitt á um það að ákveðið hafi verið að málunum yrði frestað? Hver veit? Ekki ætla ég að hafa nein frekari orð um það. Svo segir: „En nú virðist, a.m.k. miðað við það hvernig málið lítur út á þessari stundu, eiga að gera alvöru úr því að leggja á skólagjöld. Og við, fulltrúar minni hlutans í hv. menntmn., höfum lagt fram brtt. á þskj. 440 þess efnis að þetta verði ekki gert."

Virðulegi forseti. Að lokum, greinargerð með atkvæði í atkvæðagreiðslu: „Með því að setja á skólagjöld eins og lagt er til í frv. til fjárlaga er brotið blað í rekstri framhaldsskólanna" — það er um framhaldsskólana þarna — „á Íslandi með því að nemendur sjálfir eru farnir að greiða fyrir rekstur skólanna að hluta þrátt fyrir það að í lögum um framhaldsskóla sé kveðið á um að ríkissjóður skuli standa undir þessum kostnaði." Og að sjálfsögðu sagði þingmaðurinn já við þeirri tillögu að fella þetta gjald.

Nú tek ég það fram, þó ég hafi verið að fjalla þarna um háskólann, að þessi síðasta tilvitnun, virðulegi forseti, var um framhaldsskólann. En það sem ég er að draga fram með því að vitna hér í nokkrar ræður hv. þingflokksformanns Framsfl., er að draga fram hugmyndafræðina um skólagjöld sem birtist í þessum ummælum. Ég er sammála þessari hugmyndafræði vegna þess að þegar verið er að taka greiðslur sem ekki er hægt beinlínis að færa rök fyrir eins og hér hefur verið bent á og ágætlega verið farið yfir, það er vitnað til þess að gjöldin eigi að fara til þessara og þessara þátta, þá eru ekki neinar greinargerðir um mat á því hver kostnaður við hvern þátt er og hver sé þá grundvöllurinn að þessari upphæð. Ég legg ekki dóm á það. En ég minni á og endurtek að þetta var líka heitt mál á síðasta kjörtímabili og það er nokkuð skondið að í forsetastóli skuli sá sitja sem þá var í eldlínunni með þessi mál.

En mér finnst merkilegt, af því að það hefur oft verið rifjað upp hversu fljótt Framsfl. varð umbreytingunni að bráð, að líka í þessu máli skuli það gerast að það sé verið að lögfesta þessi innritunargjöld sem eru að sjálfsögðu skólagjöld eins og þingmaðurinn sagði mörgum sinnum. Því hlýt ég að spyrja þingmanninn hvort hann hafi eitthvað beitt sér í þessu máli. Það er full ástæða líka til að fá svör við því hvort þingmaðurinn hafi beitt sér fyrir því að Lánasjóðurinn láni örugglega fyrir þessari upphæð en ekki einhverjum mismun. Reyndar verð ég að viðurkenna vankunnáttu mína á því hvort það var búið að breyta því. En ég hef hug á að heyra hvers lags hugarfarsbreyting hefur orðið miðað við þær eldheitu ræður sem ég hef í litlum mæli vísað til hér og nú.

[00:17]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt út af ræðu hv. þm. Hún var fyrst og fremst að vitna í ummæli mín um skólagjöld í framhaldsskólum. Ég vek athygli á því vegna þess að ég hef alltaf litið öðrum augum á skólagjöld eða innritunargjöld í framhaldsskóla en í háskóla. Í stefnuskrá Framsfl. fyrir síðustu kosningar stendur á þá leið að innritunargjöldum í háskóla skuli stillt í hóf. Það er ekki tekið sterkara til orða þannig að þetta mál var mér ekki sérstaklega erfitt og verður ekki sérstaklega erfitt við atkvæðagreiðsu á hv. Alþingi.

[00:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í utandagskrárumræðum um háskólann, um Lánasjóðinn og oftar kom það reyndar fyrir að vísað var til þess hversu mikilvægt það væri að tryggja að þarna yrði lánað og mjög vísað til þess hvað það skipti miklu máli að nemendum væri ekki mismunað almennt í námi vegna efnahags. Því hlýt ég að endurtaka spurninguna um það hvort þingmaðurinn hafi tryggt það sem stjórnarliði að það verði nú örugglega lánað fyrir allri þessari upphæð þar sem ástæðu þurfti til að greina frá þessum mismun í upphæðum sem lánað var fyrir áður. Og mér finnst þetta svar sem þegar hefur komið afar fróðlegt og festi mér það í minni.

[00:18]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið á hv. Alþingi eru lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna til endurskoðunar í nefnd sem er að störfum á vegum stjórnarflokkanna. Þetta atriði sem hér hefur verið til umræðu er að sjálfsögðu þar til umfjöllunar eins og önnur mál er varða lánasjóðinn.

[00:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar ágætu umræður. Þær endurspegla að verulegu leyti það sem sagt var um þetta mál þegar það var til 1. umr. nema að því leyti sem er athyglisvert að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, sem þá talaði og lýsti ánægju sinni yfir því að þetta frv. væri fram komið, virðist hafa skipt um skoðun. Það kom fram í ræðu hennar sem hún flutti í þingsalnum við 1. umr. að það væri sérstaklega ánægjulegt að þetta frv. kæmi fram og að skrásetningargjöldin væru mörkuð með þessum hætti því að upphæðin og fjárhæðin og álagning gjaldanna hefði leitt til þess að skipulag við starf í Háskóla Íslands hefði orðið mun auðveldara eftir en áður. Þetta kom fram í máli hv. þm. þegar þetta mál var kynnt og ég varð ekki var við það í hennar ræðu að þetta væri sérstakt ásteytingarefni við hana enda er hún prófessor við Háskóla Íslands og áttar sig betur á því en margir þingmenn hvaða þýðingu gjaldið og þessi aðferð við að skrásetja stúdenta í Háskóla Íslands hefur haft fyrir háskólann og skipulag á starfsemi hans.

Raunar snúast umræðurnar hér fyrst og fremst um fjárhæðir. Þær snúast ekki um það hvort það eigi að leggja þetta gjald á eða ekki. Það er alveg ljóst að þingmenn allir eru í sjálfu sér sammála því að lagt sé á skrásetningargjald í Háskóla Íslands. Spurningin er hins vegar: Hvað felst í hugtakinu skrásetningargjald og hvernig skilgreina menn þá fjárhæð sem hér er lögð til, 24 þús. kr.? Það hefur verið skýrt frá því hvernig fjárhæðin er fundin, bæði með því að lesa úr greinargerð frv. og einnig þegar hv. þm. Svavar Gestsson las tölulega sundurliðun á því hvað í gjaldinu felst þannig að það liggur alveg ljóst fyrir hvernig þetta gjald er fundið. Menn mega ekki gleyma því heldur að frv. er ekki flutt vegna þess að umboðsmaður Alþingis telji ólögmætt að innheimta skrásetningargjald við Háskóla Íslands á grundvelli þeirra laga sem nú eru í gildi. Hann gerði hins vegar athugasemdir við það og taldi að það væri eðlilegra og skýrara að marka þetta með þeim hætti sem gert er í þessu frv., en hafa það með þeim hætti sem nú er. Sá aðili sem færi verst út úr því, ef ég má orða það svo, að óbreytt ástand yrði er stúdentaráð Háskóla Íslands sem mundi væntanlega missa þær tekjur sem það hefur af skrásetningargjaldinu, ef tekið er mið af því sem umboðsmaður Alþingis segir.

Það hefur vakið sérstaka athygli mína í umræðunum að þegar menn eru að skilgreina hvað á að felast í skrásetningargjaldinu, þá minnast þeir hvorki á hlut stúdentaráðs né það sem segir um Félagsstofnun stúdenta og telja í sjálfu sér eðlilegt að þessi gjöld séu innheimt og séu hluti af skrásetningargjaldinu. Það hefur enginn gert athugasemdir við það þannig að mér finnast þessar umræður um þetta mál snúist að verulegu leyti um það hvað felst í hugtakinu skrásetningargjald og ég tel að það hafi verið vel skýrt hér hvernig það kemur fram og hvað að baki býr.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. Svavars Gestssonar, þá er það svo að nefndin sem er að endurskoða lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna hefur ekki lokið störfum. Eins og menn vita eiga sæti í henni tveir fulltrúar Sjálfstfl. og tveir fulltrúar Framsfl. og auk þess einn fulltrui sem tilnefndur var af námsmannahreyfingunum. Nefndin hefur verið að störfum frá því á liðnu sumri og er enn að störfum. Til mín hafa ekki komið neinar tillögur frá henni en ég veit að hún hefur hist reglulega í allan vetur og á von á því að hún ljúki störfum innan tíðar og vonandi á næsta vetri verði unnt að kynna þingmönnum niðurstöður sem byggjast á starfi nefndarinnar.

Að því er varðar efni frv. sérstaklega og það sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði athugasemd við um afgreiðslu fjárlaga þar sem segir: Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, þá er það alger misskilningur og rangtúlkun á þessari setningu að halda að hún feli það í sér að menntmrh. geti einhliða breytt tölunni 24 þús. kr. Það verður ekki gert nema með breytingu á þessum lögum og með því að Alþingi taki ákvörðun um það og breyti þessari tölu sjálft með samþykkt sinni. En spurningin stóð um það hvort þarna ætti að standa að skrásetningargjaldið breyttist sjálfkrafa miðað við vísitölu og hækkun hennar. Það var ákveðið að falla frá því og hafa þetta frekar svona. Nú er það alfarið í höndum Alþingis að taka þessa ákvörðun. Það fær enginn þessari tölu, 24 þús. kr., breytt nema Alþingi sjálft því að það breytir hér lögum. Það er þungamiðja í öllu þessu máli af minni hálfu að setja þetta svona upp, m.a. með fullu tilliti til athugasemda umboðsmanns Alþingis. Í raun og veru held ég að þessi skýring mín sé alveg skýr og ótvíræð og ekki unnt að túlka lögin öðruvísi en ég hef gert. Það þarf samþykki Alþingis til að þessari tölu verði breytt og það kemur til skoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Þetta svarar raunverulega einnig því hversu langt er unnt að ganga. Það liggur fyrir hvað býr að baki í greinargerð með frv. og í gögnum sem menntmn. Alþingis var afhent. Það er hugsanlega unnt að leggja fram ný gögn fyrir Alþingi til þess að meta þetta ef tölunum á að breyta þannig að það er Alþingis að meta hverju sinni hvað býr að baki þessari tölu. Ég tel að þarna eigi, eins og kom raunar fram við 1. umr. málsins, menn að gera greinarmun á skrásetningargjaldi annars vegar og hins vegar skólagjöldum. Og með skólagjöldum vil ég að menn ræði þá frekar þátttöku nemenda í kostnaði við kennsluna sjálfa en ekki þá þætti sem hér er um að ræða og eru mjög vel skilgreindir. Það hefur skýrt komið fram í umræðunum hverjir eru þannig að um þá þarf ekki að efast.

Síðan er það spurningin um sjálfseignarstofnunina og hugmyndina sem hreyft var upp úr áramótunum, þ.e. að nefnd sem sett var á laggirnar á vegum háskólaráðs til þess að fjalla um það hvort æskilegt væri að breyta Háskóla Íslands í sjálfseignarstofnun. Það er rétt að þegar þær hug-

myndir komu fram, tók ég því ekki fjarri að velta henni fyrir mér, eins og ég hef tekið vel öllum hugmyndum og öllu því frumkvæði sem komið hefur frá háskólanum til þess að breyta stjórnsýslunni innan hans eða skipulagi, jafnt hvort menn hafa verið að tala um sjálfseignarstofnun, samskipti við ríkið byggð á reiknilíkani eða eins og um er að ræða núna hjá sumum, að verkfræðideildin verði sérstök stofnun í samvinnu við tækniskólann. Ég hef tekið öllum þessum hugmyndum vel og ekki ætla ég að láta það stranda á mér í sjálfu sér að háskólinn fjalli um þessi mál innan sinna veggja og komist að niðurstöðu. Ég veit ekki hvar sjálfseignarmálið er nú statt innan veggja háskólans. Það er hans að fjalla um það og gera um það frekari tillögur ef hann kýs að gera það. Það er að hans frumkvæði sem málinu er ýtt úr vör þannig að það er hans mál að vinna frekar úr því. Það kæmi til kasta Alþingis ef menn vildu fara að tillögum hans um þetta. Það verður að sjálfsögðu ekki gert með samþykki mínu heldur þarf samþykki Alþingis að koma þar til og frekari ákvarðanir verða teknar hér á hinu háa Alþingi um það mál ef menn ætla að stíga þau skref.

Ég tel því að margt af því sem sagt hefur verið í þessum ágætu umræðum sé orðum aukið og menn séu að mikla fyrir sér hvað felst í þessum frv. Ég tel eins og ég hef áður sagt að hér sé verið að lögfesta skipan sem hefur reynst mjög vel í Háskóla Íslands, mætir ekki sérstökum andmælum hvorki háskólayfirvalda né stúdenta og tryggir raunar starfsforsendur fyrir stúdentastarfinu og stúdentaráði Háskóla Íslands. Við skulum ekki gleyma því að með þessu er tekið af skarið einnig um helsta vafaatriðið sem fram kemur í áliti umboðsmanns Alþingis, þ.e. stöðu stúdentaráðs Háskóla Íslands. Ég hef legið undir ámæli fyrir það helst að hafa tekið þessa afstöðu varðandi stúdentaráð, þ.e. að heimila að gerður skuli samningur við það með þessum hætti og ég hef verið sakaður um það að vera þar að knýja menn til þess að vera félagsmenn í stúdentaráði sem ég tel hins vegar ekki rétt því að menn hafa rétt til þess að standa utan þess ráðs. En þarna er verið að mæla fyrir um það að Háskóli Íslands getur samið við stúdentaráð um ákveðna þjónustu og hluti af skrásetningargjöldunum á að renna til ráðsins á grundvelli samnings og er hann birtur með sem fskj. þessa frv.

Ég minni á að enginn hefur í sjálfu sér gert athugasemdir við að það sé liður í skrásetningargjaldi en síðan fara menn að tíunda t.d. aðgang að tölvum eða aðgang að tölvunetum. Mér finnst ekkert óeðlilegt að stúdentar taki þátt í að greiða þann kostnað og átti sig á því að þar er um kostnaðarþætti að ræða. Það leiðir til þess að menn nýta tæknina e.t.v. með öðrum hætti en ella væri. Mér finnst því ekkert athugavert við þá liði sem búa að baki þessu gjaldi. Þeir liggja allir skýrir fyrir. Það liggur skýrt fyrir að Alþingi þarf að koma að málinu ef 24 þús. kr. verður breytt og öll þau vafaatriði sem menn hafa gert að umræðuefni til að gera þetta mál tortryggilegt finnast mér úr lausu lofti gripin.

[00:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin við spurningum þeim sem ég bar fram áðan og gæti svo sem sagt ýmislegt um þetta mál frekar. Í fyrsta lagi tel ég að það sé mikilvægt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að hann reiknar með því að upphæðinni verði því aðeins breytt í lögunum, ef þetta verður að lögum, að það verði samþykkt um það frv. á Alþingi, það þurfi sem sagt beina lagabreytingu. Ég tel að það sé mikilvægt atriði að það liggi fyrir og ég fagna því. En ég tel þar af leiðandi að orðalagið í frv.: Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, vera út í hött. Ég teldi eðlilegra að orðalagið væri þannig: Upphæð gjaldsins er ákveðin með lögum. Punktur. Það þarf ekkert að gerast í tengslum við afgreiðslu fjárlaga heldur getur það gerst með einhverjum öðrum hætti. Mér finnst því að orðalagið, upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, sé villandi og það þýði ekki það sama og hæstv. ráðherra sagði áðan. Þess vegna tel ég, þrátt fyrir orð hans áðan sem ég met mikils, óhjákvæmilegt að þessu verði breytt ef menn ætla að gera þetta að lögum. Það kemur auðvitað í ljós við 2. umr. hversu langt á að sækja þetta bragð, en það er auðvitað hugsanlegt ef það kemur í ljós að meiri hlutinn vilji fara þessa leið við 2. umr. að það verði skoðað fyrir 3. umr. ... (**Gripið fram í:** Fyrir 3. Það er 2. umr. núna.) Það stendur yfir 2. umr. Ef meiri hlutinn samþykkir þetta við 2. umr., þá komi til greina við 3. umr. að skoða nýtt orðalag á þessum textum. Mér finnst þetta gallað, ég endurtek það. Ég tel þetta ekki rétt orðalag. Ég tel það heldur ekki í samræmi við aðra hliðstæða lagasetningu þannig að ég hvet til þess að þetta orðalag verði skoðað.

Í öðru lagi tel ég líka það svar sem hæstv. ráðherra gaf varðandi það hvernig á að takmarka þennan skatt, ekki nægilega skýrt og í þessum efnum væri skynsamlegra að setja ákveði í lögin. Vandinn í þessu dæmi er auðvitað ekki illvilji eins eða neins. Vandinn í þessu dæmi er fyrst og fremst sá að háskólinn býr við þröngan fjárhag og það er hætt við því að háskólayfirvöld muni sækja á mið þessa tekjustofns frekar en fá ekkert til sinnar starfsemi eða ekkert miðað við það sem menn eru að fara fram á. Og það er líka þannig, hæstv. forseti, að miðað við fjárhag ríkisins þá óttast ég að menntmrn. geti andspænis fjmrn. lent í vanda ef orðalagið á því til hvers peningarnir eiga að ganga er ekki skilgreint með skýrari hætti en gert er í þessum texta. Þess vegna verð ég að endurtaka það að þó ég meti svarið mikils hjá hæstv. ráðherra, þá tel ég það ekki fullnægjandi miðað við þau viðhorf sem ég tel nauðsynlegt að hér séu.

Í þriðja lagi, varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna, kom það fram að hæstv. ráðherra er að tala um að það mál komi í haust. Mér finnst það seint. Það liggur fyrir þinginu frv. frá okkur alþýðubandalagsmönnum um að samtímagreiðslur verði teknar upp. Það er mál sem hægt er að taka afstöðu til núna á þinginu í vetur. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að þessi nefnd sem hæstv. ráðherra var að tala um er skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna eingöngu. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru ekki kallaðir til í þessu sambandi eins og þó tíðkaðist áður og lengst af þegar fjallað var um lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hér er tekin upp sá undarlegi siður að hleypa engum að öðrum en innvígðum fulltrúum stjórnarflokkanna. (**Gripið fram í:** Og fulltrúi námsmanna líka.) Síðan er þarna til viðbótar einn fulltrúi námsmanna. Það er út af fyrir sig ágætt að hafa þá þarna með, en ég er hræddur um að þeir megi sín lítils miðað við þær aðstæður sem uppi eru í þessum efnum. Og ég sé engin merki þess að ríkisstjórnin ætli að laga hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þetta ljóta atriði sem hefur hrakið hundruð manna frá námi, þ.e. breytingin úr samtímagreiðslu í eftirágreiðslu sem hefur hrakið hundruð námsmanna frá námi og lagt verulegar vaxtabyrðar á námsmenn og aðstandendur þeirra. Ég ætla ekki að rekja þetta nánar en ég gæti gert það.

Í fjórða lagi innti ég hæstv. ráðherra eftir þessu með

sjálfseignarstofnunina og ég tel út af fyrir sig að hann hafi svarað því eftir atvikum. En mér finnst ekki hægt að setja málið þannig upp: Ef háskólinn vill endilega gera sig að sjálfseignarstofnun, þá hlusta ég á það. Af hverju eru menn að tala um að gera háskólann að sjálfseignarstofnun? Það er ekki vegna þess að menn hafi þá hugsjón í háskólanum að gera hann að sjálfseignarstofnun. Það er fyrst og fremst vegna þess að háskólinn er í miklum vanda og menn eru að ímynda sér að það sé hugsanlegt að ná inn meiri fjármunum í gegnum gjöld og að létta ákveðnum skyldum af háskólanum sem menn telja að séu á honum núna af því að hann er þjóðarháskólinn en ekki sjálfseignarstofnun sem þarf bara að lúta sínum eigin innri lögmálum. Það sem ég óttast í þessu sjálfseignarstofnunartali er að háskólinn mundi við þær aðstæður reyna að skilgreina skyldur sínar svo þröngt að mörgu af því sem hann ætti að sinna og sinnir núna, yrði hent út úr háskólanum og þar með verði hann þrengri stofnun og fjarlægari þjóðlífinu en hann þarf að vera. Þess vegna er alveg fráleitt að setja þetta með sjálfseignarstofnunina upp eins og það sé eitthvert hugsjónamál þeirra háskólamanna.

Síðan vil ég mótmæla því harðlega sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að þingmenn væru í raun og veru allir sammála því að leggja þessi gjöld á. Það væri bara spurningin um upphæðina. Það er beinlínis rangt og það er bein fölsun. (**Menntmrh.:** Lesa nefndarálitið.) Vegna þess að það sem stjórnarandstaðan leggur áherslu á er að stúdentaráð og aðrir slíkir félagslegir aðilar haldi þeim greiðslum sem þeir hafa haft til sinna þarfa en það séu ekki lagðir á nemendur skattar til að standa undir rekstri háskólans. Þetta er það meginatriði sem við tókumst á um á síðasta kjörtímabili t.d. að því er varðar framhaldsskólana og ég kem hér aðeins að á eftir. Þess vegna er það beinn útúrsnúningur, hæstv. ráðherra, beinn útúrsnúningur að halda því fram að stjórnarandstaðan sé prinsipíelt sammála ríkisstjórninni í þessu máli. Það á a.m.k. ekki við um Alþb. og ég heyrði að það á ekki við um Kvennalistann miðað við þá ræðu sem hér var flutt af hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrr í kvöld. Það er því beinlínis rangt að halda þessu fram og það er mjög mikilvægt að halda því til haga að það hefur komið fram að hér eru flokkar með fulltrúa sem segja að það komi ekki til greina að standa að því að leggja skólagjöld á nemendur til að standa undir rekstri viðkomandi skóla. Það er úrslitamál og það er mjög nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því. Ég tek eftir því að fulltrúi Þjóðvaka í menntmn. stendur að nefndaráliti 2. minni hluta. Þetta vil ég taka upp.

Síðan vil ég aðeins taka upp hanskann fyrir hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur af því að hún er ekki hérna. Það er satt að segja alveg ótrúlegt hvað ráðherrann leggst lágt í þessum málum. Er málstaður ráðherrans svona lélegur að hann þurfi að hengja upp fjarstaddan þingmann með orðum sem þingmaðurinn sagði aldrei? Ráðherrann endurtók það þrisvar sinnum að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hefði sagt að það væri sérstaklega ánægjulegt, þetta frv. Hvar stendur það í ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur að þetta sé sérstaklega ánægjulegt? Ég lét prenta þessa ræðu út fyrir mig alveg um leið og ég heyrði þetta og ég kannast ekki við og sé hvergi að hún hafi talað um að þetta sé sérstaklega ánægjulegt. Hún sagði m.a. orðrétt í sinni ræðu, með leyfi forseta: „... og reyndar dreg ég í efa að skráningin kosti þetta mikið fé." sagði hv. þm. Hún sagði líka, með leyfi forseta: „Það er stórpólitísk ákvörðun að setja skólagjöld á í Háskóla Íslands sem ég er mótfallin." (**Menntmrh.:** Skólagjöld og skrásetningargjöld, umræðan snerist um það.) Ráðherrann er alltaf að snúa út úr, ýmist í ræðustólnum eða í frammíköllum eða þá að hann botnar ekkert í málinu. Skólagjald, hvað er það? Það er gjald sem er lagt á til að standa undir rekstri viðkomandi skólastofnunar. Skrásetningargjald eða þau gjöld sem renna til Félagsstofnunar stúdenta eða til stúdentaráðs eru allt annað mál í þessu samhengi. Það er útúrsnúningur að taka t.d. félagsgjald til Menntaskólans á Akureyri, eins og gert var í umræðum á síðasta kjörtímabili og kalla það skólagjald, þegar það er svo snarhækkað og hækkunin er notuð til þess að standa undir rekstri þess skóla, sem er þó bannað samkvæmt framhaldsskólalögunum. Þessi skipulagði útúrsnúningur Sjálfstfl. í þessu máli er því alger fjarstæða og það er auðvitað stórháskalegt ef hæstv. menntmrh. setur hlutina upp með þessum hætti. Þetta er algerlega út í hött. Þess vegna leyfi ég mér, af því að ég náði mér í þennan ræðustúf sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir flutti, að segja bara: Ég mótmæli því að því sé haldið fram að hv. þm. hafi sagt: Þetta er sérstaklega ánægjulegt frv. Það sagði hún aldrei. En það sýnir auðvitað hvað málstaðurinn er vondur þegar menn reyna að búa sér til vitleysur af þessu tagi til þess að bjarga sér á hundasundi, með leyfi forseta.

Svo ætlaði ég aðeins að tala um önnur mál sem hefur verið rætt um. Það kom fram í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, að það hefði verið erfitt að leggja á skólagjöldin í síðustu ríkisstjórn (**RG:** Ég stóð ekki að því.) og hún hefði ekki staðið að því. Hún sagði að þetta hefði verið afdráttarlaust skref í töku skólagjalda og ég held að það hafi verið það ljóta í málinu, að það sé alveg rétt hjá henni.

Ég tók líka eftir því þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var að vitna í hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur í þessum málum. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var með mér í minni hlutanum í menntmn. á síðasta kjörtímabili. Ég man ekki betur en hún drægi ekkert af sér í því að ráðast á þessi skólagjöld í háskólum. Það er þá sérkennilegt ef hún hefur sleppt háskólaskólagjöldunum alveg sérstaklega. Ég man satt að segja aldrei eftir því. Ég útiloka það ekki, en ég man ekki eftir því.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fann það út að Framsfl. hefði átt reyndar bara við skólagjöldin í framhaldsskólunum. Framsfl. er orðinn eins og tryggingafélögin. Allur hans málflutningur á síðasta kjörtímabili er með þeim hætti að það þarf að skoða smáa letrið sem ekki nokkur maður man eftir og enginn keypti í kosningunum. Kjósendur lásu ekki smáa letrið í kosningastefnuskrá Framsfl. Það liggur bara þannig. Þannig að þegar þeir framsóknarmenn eru að vitna í smáa letrið þá er það náttúrlega bara eins og hver önnur fölsun. Eins og þetta með það að þeir hafi bara átt við framhaldsskólana. Og ég tala nú ekki um þessa skýringu: Við nefndum fyrst hallann á ríkissjóði, eins og þeir segja þúsund sinnum framsóknarmenn úr þessum ræðustól. Við nefndum hallann á ríkissjóði númer eitt. Hann var fremst í okkar plaggi. Það les þannig að það átti fyrst að byrja á því að rétta við ríkissjóð. En það sögðu þeir aldrei á kosningafundunum, ekki á Austurlandi, ekki í Reykjavík og ekki á Norðurlandi og ekki nokkurs staðar. Þetta eru náttúrlega bara eins og hverjar aðrar falsanir.

Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að þetta vekur mig til umhugsunar um örlög flokkanna sem eru í faðmlögum við íhaldið. Það er dálítið umhugsunarefni. Íhaldið tútnar út, lagði þrjá þingmenn Alþfl. og klauf Alþfl. Stjórnarsamstarfið reyndi svo mikið á Alþfl. að hann klofnaði. Hv. þm.

Jóhanna Sigurðardóttir var svo eftir sig eftir þessi faðmlög að hún bara lagði á flótta og stofnaði sérstakan stjórnmálaflokk eins og þekkt er. Framsfl. hljóp svo í þetta hlutverk. Hann glúpnaði fyrir fimm ráðherrastólum. Það var bara slegið upp röðinni, fimm stykki og þeir láku niður hver um annan þveran og lesa síðan ekkert annað en smáa letrið í kosningastefnuskrám Framsfl., framsóknarmennirnir. (**Gripið fram í:** Og sér á þeim nú þegar.) Það sér talsvert á þeim nú þegar þó að það eigi eftir að aukast talsvert. Þessir ráðherrar Framsfl., vinir mínir, sem fara þarna inn, við stóðum saman í kosningabaráttunni hlið við hlið.

Ég man eftir að ég sagði á fundi í Háskólabíói við stúdenta: Það er sama hvern þið kjósið af stjórnarandstöðuflokkunum. Það eru allir með þannig yfirlýsingar og stefnu að það er alveg nákvæmlega sama. Áður en við var litið voru þeir komnir í þessa vinnumennsku hjá íhaldinu, sestir, búnir að hjúfra sig í þessa fimm stóla sem íhaldið, hæstv. forsrh., rúllaði til þeirra þegar það var búið að reka kratana úr þeim. Framsókn hjúfrar sig í þessum stólum og framsóknarráðherrarnir eru svona eins og hugsjónalaus (**Gripið fram í:** Sturta þeim úr.) embættismannastjórn. Þeir eru þarna að dingla. Það var nú ekki mikil geislunin af hæstv. utanrrh. í dag, verð ég að segja, í umræðunni um utanríkismál eða hin sterka og ljósa framtíðarsýn sem þar var dregin upp, með allri virðingu fyrir honum, þeim ágæta manni. Eini maðurinn sem gutlar eitthvað á í þessu ráðherraliði Framsfl. er hæstv. félmrh. Það kemur framsóknarmönnum mjög á óvart en ekki mér því að ég bjóst við ýmsu af honum. Það kemur flokksbræðrum hans ákaflega á óvart að hann stendur sig stundum, hæstv. félmrh. Það kemur fyrir stundum að hann ratar á furðugóðar setningar í almennum fjölmiðlaumræðum um málin. Að öðru leyti er þetta eins og hugsjónalaus embættismannastjórn og ræður engum úrslitum. Það endar bara með því að menn samþykkja einhver skólagjöld, framhaldsskólinn í dag, háskólinn á morgun, einn daginn er samþykkt innritunargjald á spítölum, og hvað þau nú öll heita þessi gjöld sem þeir hafa verið að finna upp, þessir menn á undanförnum árum. Niðurstaða mín er sú að það sé vont að vera í sambýli við íhaldið, það fari illa með flokka og flokkar eigi að venja sig af því og ekkert að vera í þeim faðmlögum vegna þess að það er nóg til af öðrum þingmönnum til að mynda hérna ríkisstjórnir. (**Gripið fram í:** Þeir minnka.) Veruleikinn er sá að það væri hægt og hefði verið hægt eftir síðustu kosningar að mynda vinstri stjórn yfir íhaldið í stað þess að láta það vinda líftóruna úr þessum miðjuflokkum aftur og aftur.

Hæstv. forseti. Ég játa það að ég finn til með þessum þingmönnum, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að lenda í þessum ósköpum. En ég held að vandi þeirra flokka sé aðallega sá að menn þurfa að vera með tiltekin grundvallaratriði. Og í þessum málum, skólagjaldamálunum og í sjúklingaskattamálunum eru þau mjög skýr að okkar mati. Annars vegar eru ekki teknir skattar til að standa undir rekstri skóla og það eru ekki teknir skattar til þess að standa undir rekstri sjúkrahúsa, skattar sem eru lagðir á þá sem eru lagðir inn á sjúkrahúsin. Þarna er línan og það er bara að halda sér í hana, hanga fast á henni og láta íhaldið ekki kúga sig. Sú er niðurstaða málsins.

Að öðru leyti tel ég að eftir atvikum hafi komið fram nokkur svör við sumu af því sem ég bar hér fram þó að ég endurtaki það að ég tel frumvarpsuppsetninguna gallaða, fyrir nú utan efni málsins.

[00:48]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hæstv. menntmrh. áðan að ágreiningur í þessu máli snýst fyrst og fremst um upphæðir og það að við erum ekki sammála um skilgreiningu skrásetningargjalda. Það er alveg ljóst að skrásetningargjöld við Háskóla Íslands hafa verið innheimt frá upphafi og þegar hv. þm. Svavar Gestsson var menntmrh., sýndi hann enga tilburði til þess að afnema þau gjöld. Það er því ljóst að hér eru menn að deila töluvert um keisarans skegg. Við erum ekki sammála um það hvað felst í skólagjöldum og hvað felst í skrásetningargjöldum. En ef við lítum á álit umboðsmanns Alþingis, þá er það ljóst að hann lítur á þessi gjöld sem þjónustugjöld og undir það vil ég taka.

[00:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé hreinn útúrsnúningur hjá Sjálfstfl. Málið er að Sjálfstfl. hefur komist upp með að halda því fram að þjónustugjöld séu eitthvað allt annað en skattar. Það sem mér er helst í huga í þessu efni akkúrat núna er það að einn af forustumönnum Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur talar um að lækka skatta, auka framkvæmdir, auka þjónustu, allt þetta. En svo er það neðanmáls eins og í kosningastefnuskrá Framsfl. að leggja á þjónustugjöld. Hver er munurinn á sköttum og þjónustugjöldum að því er þetta varðar? Hann er sá að skattar eru yfirleitt lagðir á heild með tilteknum hætti, eins og verið er að gera hér. Þjónustugjöld eru lögð á með allt öðrum hætti og á öðrum forsendum. En vandinn er sá að enginn, ekki einu sinni Ríkisendurskoðun hefur fengist til þess að skilgreina markalínuna á milli þjónustugjalda og skatta. Þess vegna kemst Sjálfstfl. upp með málflutning af því tagi sem hv. þm. hafði uppi hér áðan. Ég vísa þeim málflutningi algerlega á bug. Hann er útúrsnúningur og rangfærslur.

[00:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það hafi verið orðum aukið hjá mér og oftúlkun e.t.v. að tala um að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafi notað orðin „sérstök ánægja" þegar hún lýsti þessu frv., þegar það kom fram. En hitt sem ég sagði er rétt samanber það sem ég vitna nú til, með leyfi hæstv. forseta, í orð hv. þm. Í upphafi ræðu sinnar sagði hv. þm.:

„Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli með þessum frv. taka af öll tvímæli um heimild til handa Háskóla Íslands og í þessu tilfelli einnig Háskólanum á Akureyri, en ég er einkum að ræða hér um Háskóla Íslands, að honum sé heimilt að taka þau skráningargjöld sem hann hefur neyðst til að taka undanfarin ár vegna lágra fjárveitinga til skólans." Og síðan einnig, með leyfi hæstv. forseta: „En við skulum halda okkur við skráningargjöld og þá vil ég sem starfsmaður háskólans vekja athygli á því að það hefur haft jákvæð áhrif innan háskólans að hafa skráningargjöld. Það skapast meiri festa. Nemar skrá sig ekki að óþörfu. Það er auðveldara fyrir kennara að panta bækur og annað slíkt. En mér er stórlega til efs að þessi upphæð sé hin rétta ..." Þ.e. deilan er um upphæðina sem hefur hér verið. En þingmaðurinn fagnar þessu og telur þetta jákvætt. Síðan segir hv. þm. áfram, með leyfi hæstv. forseta: „En um jákvæð áhrif þessara skráningargjalda þá eru það fyrst og fremst þau eins og ég sagði áðan, og útskýrði held ég, að áður fyrr var þetta þannig að kannski voru

100 skráðir í námskeið eða fimm og síðan komu helmingi færri eða fleiri þannig að það var ekki hægt að skipuleggja kennslu.“

Þetta sagði hv. þm. og það voru þessi orð sem ég var að vitna til og benda á að það eina sem hefði breyst frá 1. umr. málsins til 2. umr. væri að þessi hv. þm. legði til að frá því væri horfið sem hún lýsti með þessum jákvæða hætti við 1. umr. Ég tel að það sé síður en svo og það er alls ekki maklegt af hv. þm. að saka mig um að ég sé að gera þessum hv. þm. rangt til með því að vitna í þessi orð. Þau eru skráð í þingtíðindi og sjálfsagt að ræða þau í þessari umræðu því að í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur kom líka fram þessi munur á skrásetningargjöldum og skólagjöldum, hvað sem hv. þm. Svavar Gestsson segir um það og hvernig sem hann reynir að finna einhverja línu í því máli í von um að hann geti sameinað vinstri flokkana um einhverja ákveðna stefnu í þessu. Það breytir engu um það að í umræðunum var talað um mun á skrásetningargjöldum og skólagjöldum af þessum hv. þm. sem ég vitnaði til.

Síðan kemur fram hjá 2. minni hluta menntmn. — m.a. er flutningsmaður breytingartillögunnar, hv. þm. Alþb. sem situr í menntmn. — og þar er lagt til að við skrásetningu til náms greiði stúdent skrásetningargjald, 9 þús. kr. Þar af renni 2.800 kr. til Félagsstofnunar og 2.200 kr. til stúdentaráðs. Í þessari tillögu er því Alþb. að flytja tillögu um að það verði skrásetningargjald við Háskóla Íslands. Þess vegna er rétt sem ég hef bent á og hv. formaður menntmn. Alþingis að deilan snýst ekki um það hvort það eigi að innheimta skrásetningargjald við Háskóla Íslands eða ekki, heldur um það hvað það á að vera hátt. Við höfum bent á að með því formi sem við setjum í þetta, þá er það Alþingis að ákveða hvað þetta gjald er hátt. Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að það væri skynsamlegt að hafa bæði ákveðna fjárhæð og einnig að vísa til ákveðinna efnisþátta í lagagreininni þannig að það stæði í lagagreininni hvaða efnisþættir féllu undir fjárhæðina. Þetta tel ég algeran óþarfa. Valið stóð á milli þess tilgreina einstök efnisatriði í lagatextanum en enga fjárhæð eða þá tilgreina fjárhæð eins og hér er gert og síðan skilgreina í greinargerð hvað á bak við fjárhæðina stendur. Ég held að það sé ekki leiðin að hafa bæði fjárhæð og efnisþættina í lagatextanum. Það er ekki lagatæknilega rétt. Sú leið sem farin er hér er miklu skýrari og einfaldari. Það liggur alveg skýrt fyrir um hvaða fjárhæðir er að ræða og hvernig staðið er að ákvörðunum um fjárhæðina.

Varðandi orðalagið að upphæð gjaldsins komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, þá er það ekki uppfundið í þessu frv. Þetta orðalag er notað í lagatextum og er engin nýsmíði í þessu frv. þannig að ef hv. þm. telur að þetta séu einhvers konar ólög eða slæmur lagatexti þá þarf kannski að endurskoða fleiri lagaákvæði til þess að verða við óskum hans.

Ég vil aðeins vegna ummæla hans um Lánasjóð íslenskra námsmanna ítreka það sem ég hef margsinnis sagt að ég tel að það sé ekki skynsamleg leið að taka upp samtímagreiðslur að nýju og breyta lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á þann veg að samtímagreiðslur komi á ný til sögunnar.

Hv. þm. getur alls ekki staðið við það sem hann var að hafa eftir hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og var þó með textann fyrir framan sig en kaus aðeins að lesa einstakar línur og slíta þetta allt úr samhengi til þess að reyna að blekkja þingheim og rangsnúa út úr mínum ummælum. Hann getur engu betur staðið við þau orð sín að breytingarnar á Lánasjóði íslenskra námsmanna hafi fælt hundruð námsmanna frá námi. Þvert á móti hefur hið gagnstæða gerst. Þessar fullyrðingar eru jafnmarklausar og hinar þegar hann var að reyna að snúa út úr orðum mínum og ummælum hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur.

[00:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mikið að hæstv. ráðherra fékk málið. Það er verst að hann skyldi ekki ranka við sér fyrr en í lok umræðunnar því að ég er búinn að tala mig dauðan og get ekki svarað nema litlu af því sem hann sagði hér. En ég geri það hins vegar við 3. umr. Hún er eftir sem betur fer þannig að þá mun ég svara honum nokkrum af þeim atriðum sem fram komu í þessari afskaplega merkilegu ræðu hæstv. menntmrh.

Ég þakka honum fyrir það að hafa tekið aftur það sem hann sagði að hefði staðið í ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Hann þrítuggði í ræðu sinni fyrr í kvöld að hún hefði talið frumvörpin sérstaklega ánægjuleg. Það er fínt að hæstv. ráðherra hefur étið það ofan í sig í heilu lagi og ég þakka honum fyrir það. Það er fínt hjá honum.

Í öðru lagi finnst mér mikilvægt að hann féllst á að það sem þarna kemur fram og ég hef gagnrýnt varðandi orðalagið um að þetta breytist með fjárlögum — Ja, hann segir að þetta sé víða. En ég bið hann í fullri einlægni að skoða það aðeins betur. Ég held að þetta sé slæmt orðalag eins og það er og það eigi að athuga það betur. Það getur auðvitað vel verið að Sjálfstfl. komi sér upp einhverri staðlaðri skoðun á þessu máli eftir þann fund sem nú stendur yfir í Sjálfstfl. hér í salnum, en ég tel að það sé eðlilegt að breyta þessu og það séu engin efnisleg rök fyrir öðru en breyta þessu. En auðvitað hefur íhaldið valdið með hjálp Framsóknar og getur sjálfsagt bitið sig fast í þetta eins og annað sem þeir vilja ráða hér í salnum.

Varðandi önnur atriði sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra, þá verð ég að vísa til þess að ég verð að svara honum við 3. umr. málsins. Ég á ekki kost á því núna vegna þess að andsvarstími minn er búinn. En það eru mörg önnur atriði varðandi skilgreininguna almennt og fleiri þætti sem ég verð að ræða nánar við hæstv. ráðherra og þó alveg sérstaklega það sem hann sagði um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er hlutur sem verður að ræða miklu betur við ráðherrann vegna þess að hann hótar því að halda áfram að beygja Framsfl. Ja hérna.

[01:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum haldið áfram að tala um þessi mál lengi nætur, í andsvari eða á öðrum forsendum. Það er ekki nýtt mál að ég sé andvígur því að taka upp samtímagreiðslur aftur. Hvort ég beygi Framsfl. í því máli eða ekki ætla ég ekkert að fullyrða um. Ég er að lýsa minni skoðun á þessu efni og það á ekki að koma neinum á óvart að ég hafi þessa skoðun. Ég hafði hana á síðasta kjörtímabili og hef hana enn og tel að það fyrirkomulag sem var á sjóðnum undir forustu hv. þm. hafi gengið af honum dauðum næstum því. Ef við hefðum ekki tekið á málunum á síðasta kjörtímabili, þá væri þessi sjóður ekki lengur starfandi. Það er alveg ljóst og við þurfum að ræða það og ég er reiðubúinn að ræða það við hv. þm.

Það er rétt sem ég sagði að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir lýsti því hvergi yfir í sinni ræðu að það væri henni sérstakt ánægjuefni. En ég túlka það svo að þegar þingmaður

segist fagna fram komnu frv. og telur það mjög jákvætt, þá felist í því ánægjuyfirlýsing og megi túlka þannig af mér að það hafi verið henni sérstakt ánægjuefni að frv. kom fram.

[01:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé útrætt mál með hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Ráðherrann sagði þrisvar sinnum í sinni fyrri ræðu í kvöld að hún hefði talið málið sérstaklega ánægjulegt. Ráðherrann kaus að éta það ofan í sig. Ég tel það fagnaðarefni. Að öðru leyti ætla ég ekki að eyða tíma í það.

Hitt ætla ég hins vegar að benda á. Um hvað snerist deilan um Lánasjóð íslenskra námsmanna á síðasta kjörtímabili? Hún snerist fyrst og fremst um samtímagreiðslur og eftirágreiðslur. Það var skoðun mjög margra þingmanna stjórnarandstöðunnar, m.a. Framsfl., að þetta kerfi sem væri verið að taka upp væri að fæla námsmenn frá í stórum stíl. Því var þá haldið fram af stjórnarliðinu að þetta væri ekki rétt og fullyrt af þeim að við vissum ekkert um þetta. Það var út af fyrir sig rétt. Við gátum ekki sannað þetta af því að það lágu ekki fyrir tölur. Nú liggja fyrir tölur. Það liggja fyrir óyggjandi tölur um að lánasjóðskerfið nýja hefur haft þau áhrif að námsmenn eru færri en ella væri. Og það liggja líka fyrir óyggjandi tölur um það að þetta hefur sérstaklega komið niður — á hverjum? Á t.d. einstæðum mæðrum í námi eða fólki sem býr við lítil efni. Það er því augljóst mál að hér er um verulega aðför að ræða að sjóðnum og veikir jöfnunarhlutverk hans. Það liggur alveg fyrir. Hitt er þó enn fróðlegra að hæstv. ráðherra skuli ganga svo langt að lítillækka Framsfl. með því að lýsa því yfir löngu áður en nefndarstarfinu lýkur hvað eigi að koma út úr því og að orð Framsóknar séu að engu hafandi. Framsfl. er í þessu stjórnarsamstarfi að hans mati eins og hver annar ómagi. Það er ekki frétt þó að ég segi það, en það eru tíðindi þegar hæstv. menntmrh. segir að Framsfl. sé einskis metinn af honum í þessu stjórnarsamstarfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–22. mál.

Fundi slitið kl. 01:04.

---

126. FUNDUR

miðvikudaginn 24. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, stjtill., 470. mál, þskj. 805. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Evrópusamningur um forsjá barna, stjtill., 471. mál, þskj. 806. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Fullgilding samnings gegn pyndingum, stjtill., 475. mál, þskj. 811. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, stjtill., 491. mál, þskj. 850. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, stjfrv., 492. mál, þskj. 851. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagsleg réttindi, stjfrv., 493. mál, þskj. 852. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 87. mál, þskj. 88. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 88. mál, þskj. 89. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Ríkisreikningur 1993, stjfrv., 128. mál, þskj. 153. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296, nál. 718, 825 og 834, brtt. 856. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297, nál. 718, 825 og 834, brtt. 857. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Flugskóli Íslands hf., stjfrv., 461. mál, þskj. 796. — 1. umr.
14. Skaðabótalög, frv., 399. mál, þskj. 703, nál. 741, brtt. 729. — 2. umr.
15. Umferðarlög, stjfrv., 271. mál, þskj. 506, nál. 744. — 2. umr.
16. Innflutningur dýra, stjfrv., 367. mál, þskj. 644, nál. 754. — 2. umr.
17. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826 og 842. — 2. umr.
18. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715 og 784, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Sala íslenskra hesta til útlanda, 495. mál, fsp. GÁ, þskj. 858.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 232. mál, þskj. 854.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla stjórnarfrumvarpa fyrir þingfrestun.

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég leyfi mér að kveðja mér hljóðs um störf þingsins og spyrja bæði hæstv. forseta og eins hæstv. forsrh. um vissa þætti í því sambandi. Nú háttar svo til að frídagur er á morgun og ekki verður fundað á föstudag. Í næstu viku er 1. maí og þá er einnig götótt vinnuvika og líður á þann tíma sem þingið hefur til að ljúka störfum miðað við það sem starfsáætlun gerir ráð fyrir. Eftir stendur að til meðferðar í þinginu eru stór mál og þar á meðal ágreiningsmál eins og löggjöf eða frumvörp sem varða vinnumarkaðinn. Í

efh.- og viðskn. er verið að vinna með frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Því á að tengjast mikið frv., svonefndur bandormur, sem þó er ekki komið fram á þingi. Okkur nefndarmönnum hefur verið kynnt að slíkt frv. sé í smíðum en það bólar ekki á því enn þá og ljóst auðvitað að það verður of seint fram komið og þarf afbrigða við o.s.frv.

Ég leyfi mér einnig að fullyrða að eftir yfirferð efh.- og viðskn. á þessu nefnda frv., frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá er það enn ljósar en áður að það frv. er á engan hátt þannig unnið eða komið í þann búning að það sé tækt til afgreiðslu hvað sem líður ágreiningi um innihald þess. Ég vil því leyfa mér að beina spurningum bæði til hæstv. forseta og hæstv. forsrh. um það hvenær þessi bandormur kemur fram, ef enn er ætlunin að afgreiða þessi mál á vorþinginu. Hvenær kemur forgangslisti frá hæstv. ríkisstjórn um þau mál sem hæstv. ríkisstjórn telur nauðsynlegt að afgreiða fyrir þinglok? Hvað er áformað nú um þinghaldið og hvenær er stefnt að þinglausnum miðað við það sem nú blasir við?

[13:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. 4. þm. Norðurl. e. þá er það rétt að það eru mjög mörg mál enn þá í meðferð í þinginu, bæði í nefndum þingsins og eins bíða mál afgreiðslu og umræðna. Ríkisstjórnin hefur nýlega farið yfir þessa málaskrá og metið þau eftir þýðingu. Það er ljóst að langflest þessara mála, eins og hv. þm. reyndar gat um, eru þess eðlis að um afgreiðslu þeirra ætti að geta verið þokkaleg sátt. En eins og gengur og eðlilegt er á þingi af okkar tagi, er auðvitað ágreiningur um nokkur mál sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að séu afgreidd. Ég tel því að út af fyrir sig sé enn þokkalegur tími til þess að koma málum með góðu vinnulagi í gegnum þingið. Mér er ekki kunnugt um að hv. forsætisnefnd hafi rætt um að lengja þinghaldið frá því sem gert er ráð fyrir í starfsáætlun þingsins, en frá mínum bæjardyrum séð kemur slíkt auðvitað til greina ef þingið telur nauðsynlegt, til þess að ljúka málum, að lengja þann tíma sem við höfum gert ráð fyrir að starfa. Ég tel þó að þar þurfi að stilla okkur nokkuð í hóf því að eðlilegt sé að þingið veiti forsetakosningum og nauðsynlegum umræðum um þær eðlilegt svigrúm í þjóðfélagsumræðunni. Þar þurfum við því að kunna okkur hóf. En ég fyrir mitt leyti tel að það komi til greina að lengja starfstímann eitthvað.

Vegna bandormsins sem spurt var um sérstaklega, þá geri ég ráð fyrir að honum verði dreift við fyrsta tækifæri eftir þingflokksfundi í dag.

[13:37]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þau mál sem fyrir liggja eru mörg og stór og sum afar umdeild. Það er ástæða til þess að nota þetta tækifæri og spyrjast sérstaklega fyrir um áform hæstv. ríkisstjórnar varðandi framgang eins máls, þ.e. stjfrv. sem fram hefur verið lagt um fjármagnstekjuskatt. Um það hafa orðið miklar umræður. Formenn stjórnarandstöðuflokka þriggja hafa lagt fram annað frv. En í umræðum um stjfrv. kom það fram að ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. drógu til baka stuðning sinn við málið. Af því tilefni er ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh.: Eru áform ríkisstjórnarinnar óbreytt um að fá það mál afgreitt fyrir þinglok? Bæði er að það skiptir miklu máli varðandi málið sjálft og eins hitt að ef áform ríkisstjórnarinnar eru breytt í því efni, þá hefur það sín áhrif á störf þingsins sem fram undan eru.

[13:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að láta það koma fram, sem ætti þó að vera öllum ljóst, að mál eru ekki með venjulegum hætti núna. Það er að vísu rétt að það er skammt til þingloka og það er að vísu rétt að það eru mörg mál sem liggja fyrir og það er líka rétt að það er samstaða um sumt en ágreiningur um annað. Það er allt rétt hjá hæstv. forsrh. Auk þess er það rétt að forsetakosningar eru fram undan.

En það sem er hins vegar nauðsynlegt að undirstrika hér er það að hluti af þessum málum eru afbrigðilega alvarleg, í raun og veru ágreiningsmál. Og það hefur ekki gerst á undanförnum árum fyrr að ágreiningsmál hafi orðið til með jafnskörpum hætti og liggur núna fyrir, bæði um frumvörpin um breytingu á vinnulöggjöfinni og frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er um að ræða mjög alvarlegan ágreining og það er alveg ljóst að það er krafa stjórnarandstöðuflokkanna að þau frv. verði tekin til taka, verði tekin út af borði þingsins. Og það er líka ljóst sem fram hefur komið aftur og aftur að það er ekki að hægt að semja um framgang þingmála með venjulegum hætti meðan ríkisstjórnin heldur fast við það að þessi mál eigi að verða að lögum. Það er grundvallaratriði. Og það er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því að þessi staða er allt önnur en venjulega gerist á síðustu dögum þingsins. Þetta er alveg meginmál, hæstv. forseti, og ég skora á að hæstv. forsrh. að gera sér grein fyrir því.

Hitt er líka nauðsynlegt að átta sig á að starfsáætlun þingsins hefur ekki verið breytt. Breytingar á henni hafa ekki verið ræddar við formenn þingflokkanna og samkvæmt starfsáætlun þingsins á þinginu að ljúka eftir níu daga. Það eru níu starfsdagar eftir af þessu löggjafarþingi ef því verður frestað um sama leyti og gert er ráð fyrir samkvæmt starfsáætlun. Þess vegna er það augljóst mál, hæstv. forseti, að ástandið er þannig að á því verður að taka. Ég skora á hæstv. forseta Alþingis að taka á þessu máli og hæstv. forsrh. að gera sér grein fyrir því að ágreiningurinn um þinghaldið er skarpari og alvarlegri núna en gerst hefur við þinglok um margra ára skeið.

[13:41]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir orð og áhyggjur þeirra sem hér hafa talað og gagnrýnt það vinnulag sem hér er við haft. Mig undrar satt að segja að ekki skuli vera farið að ræða af neinni alvöru og reyna að komast að samkomulagi um skipulag þinghaldsins og þingstarfanna það sem eftir lifir áætlaðs þingtíma. Okkur er deginum ljósara að eitthvað verður undan að láta. Ég minni náttúrlega eins og aðrir á stóru ágreiningsmálin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og frv. um vinnulöggjöfina.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að það háttar svo til að það er misjafnt álag á nefndirnar og það eru mörg, stór og erfið mál og ágreiningsmál sérstaklega í tveimur nefndum þingsins, í efh.- og viðskn. og í allshn. Í efh.- og viðskn. eru komin þessi stóru frv. um fjármagnstekjuskattinn sem menn hljóta að spyrja hvort sé ætlunin að taka fyrir eða ekki. Það verður aldrei hægt að afgreiða nema brot af þessum málum sem fyrir liggja nema ætlunin sé að þingið standi fram á sumar og það held ég að enginn ætli sér, enda kom það fram í máli hæstv. ráðherra áðan. En það eru líka annir í öðrum nefndum og stórmál sem verið er að vinna

að. Ég minni þar á formbreytingu Pósts og síma og frv. til laga um náttúruvernd. Það er ýmislegt í fjárln. og það er framhaldsskólafrv. o.fl. sem er eftir að afgreiða þannig að það er nauðsynlegt að fara að koma því á hreint fyrir hverju menn ætla að beita sér. Og þá hljótum við að líta á málin með raunsæi en ekki eintómri óskhyggju.

[13:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að það sé spurt um vinnubrögð hér næstu vikurnar. Það hefur verið upplýst að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er langt komið í þingvinnslu á meðan rétt er hafin vinna við frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það hefur heyrst að ríkisstjórnin ætli sér að knýja fram þessi frv. en ég bendi á afstöðu allra stjórnarandstöðuflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar um að þessi mál verði dregin til baka. Það er augljóst að hér er að skerast mjög í odda með mönnum. Ég hef af þessu verulegar áhyggjur, ekki bara vegna efnis málsins sem hér á að fara að lögfesta heldur líka af vinnubrögðum í framtíðinni. Á það hefur verið bent að frv. um réttindi og skyldur fylgir nokkurra sentimetra þykkur bandormur sem ekki er farið að fjalla um og fær þá líklega ekki eðlilega þingmeðferð. Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki góð. Það er mjög brýnt að þessar athugasemdir stjórnarandstæðinga um að menn setjist niður og reyni að komast að samkomulagi um hvernig verði unnið að þessum málum verði teknar alvarlega. Ég bendi á það ástand sem er að skapast hér, að öll stéttarfélög í landinu og verkalýðsfélög hafa risið upp til andstöðu við þessi frv. Ég minni á það að 1. maí er í næstu viku og ég vara við afleiðingum þess ef menn ætla að halda fast við þá stefnu sem var upprunalega boðuð. Það er mjög eðlileg krafa, herra forseti, að nú þegar sé kynntur forgangslisti ríkisstjórnarinnar þannig að stjórnarandstaðan sjái hvaða mál það raunverulega eru sem ríkisstjórnin ætlar sér að afgreiða á þessu þingi. Stjórnarandstaðan veit mætavel að ríkisstjórnarflokkarnir hafa meiri hluta á þingi og afgreiða mál í skjóli þess eða með tilstilli meiri hluta síns, lýðræðið er þannig, en það er líka eðlileg krafa af okkar hálfu að fá að vita nákvæmlega um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar, ekki síst með tilliti til þess hve alvarleg mál eru á ferðinni sem hún ætlar sér að knýja í gegn.

[13:46]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Vegna þeirrar spurningar sem varpað var fram í upphafi þessarar umræðu vill forseti láta þess getið að forsætisnefnd hefur að sjálfsögðu rætt um þinghaldið nú á vordögum en engar nýjar ákvarðanir hafa verið teknar enn umfram það sem fram kemur í áætlun um störf þingsins.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka bæði forseta og forsrh. fyrir svörin. Ég er sammála hæstv. forsrh. um að það kemur ekki til mála að unnt sé að lengja þinghaldið að neinu ráði eins og nú stendur á sökum forsetakosninga. Það getur ósköp einfaldlega ekki gengið að Alþingi sé við störf og harðar deilur séu uppi um mál á þeim vettvangi þegar nær dregur forsetakosningum.

Hins vegar er staðan í þinghaldinu mjög óvenjuleg. Ég veit ekki hvort menn hafa áttað sig á því og auðvitað er ekki von að þeir sem hafa ekki séð væntanlegan bandorm átti sig á hvers eðlis það eintak er. Við sem starfað höfum um árabil á þingi erum orðin ýmsu vön en mér er til efs að annað eins hafi nokkurn tíma birst í einu frv. eins og þar er í vændum. Þar er verið að breyta stórum hluta lagasafnsins. Flest ráðuneytanna eiga þarna inni 6–10 lagafrumvörp í jafnmörgum eða fleiri greinum og öllu er slengt saman í einn bandorm. Þetta frv. er sem sagt ekki komið fram enn. Því verður dreift í fyrsta lagi eftir næstu helgi. Það er þó óaðskiljanlegur hluti af breytingunni á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Þó svo að það sé rétt hjá hæstv. forsrh. að samkomulag ætti að geta tekist um ýmis mál þá bitnar þessi staða sem orðin er uppi í þinginu á öllum málum. Forgangur hæstv. ríkisstjórnar á skerðingarfrumvörpin gagnvart vinnumarkaðnum er farinn að valda því að önnur mál hafa ekki eðlilegan framgang. Það hófst þá þegar að öllum málum var rutt út af dagskrá til þess að koma þeim málum til nefndar í fyrri viku þannig að það er alveg ljóst að þinghaldið allt verður meira og minna í uppnámi ef hæstv. ríkisstjórn heldur við áform sín um að keyra þessi frumvörp í gegn í andstöðu við allt og alla. Ég hvet því hæstv. forsrh. og hæstv. forseta eindregið til þess að menn fari að ræða saman um þessa stöðu og bjarga því sem bjargað verður af þinghaldinu á þessu vori.

[13:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Út af þeim bandormi sem nefndur var, þingmenn hafa ekki séð hann almennt, er rétt að hann er ansi liðmargur. Þær breytingar sem þar eru nefndar eru allar nánast samkynja og að því leyti er þetta geðslegri bandormur en stundum hefur verið fluttur hér og ýmsir okkar staðið að. En þingmenn fá að sjá hann fljótlega. Þetta eru að vísu breytingar á eitthvað á annað hundrað lögum í einum bandormi en það er nánast endurtekning á milli laga á einstökum atriðum, samræming á milli laga, þannig að þau fara kannski óeðlileg vel í bandormi að þessu sinni. En það munu hv. þm. sjá.

Varðandi það sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi um fjármagnstekjuskattinn er það ljóst að ríkisstjórnin stefnir að því að það frv. verði að lögum og það ætti að geta orðið þokkaleg sátt um það því að menn þekkja aðdraganda málsins um samstarfið í nefndinni svo gott sem fram á síðustu mínútu og samstarfið við aðila vinnumarkaðarins sem er höfðað til þegar rætt er um önnur mál og afstöðu þeirra í því sambandi. Ég er því ekki í vafa um að það mun nást samstaða um að afgreiða það mál.

Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að það eru nokkur grundvallaratriði sem menn þurfa að horfa til. Ég er sammála því að menn þurfa að horfa bæði til stjórnar og stjórnarandstöðu og taka eigi eðlilegt tillit til hvors tveggja en það hlýtur þó að vera grundvallaratriði að stjórnarmeirihlutinn á þinginu njóti sín hverju sinni þannig að niðurstaðan í þingkosningum komi fram við afgreiðslu mála en auðvitað ber að taka eðlilegt og sjálfsagt tillit til stjórnarandstöðunnar.

Ríkisstjórnin hefur aldrei legið á þeim áformum sínum að afgreiða þessi tvö mál sem hér hafa helst verið gerð að umtalsefni, mál er varða vinnumarkaðinn, bæði hinn almenna og hin opinbera. Ríkisstjórnin hefur stefnt að því að afgreiða þau mál. En það er rétt að farið verði yfir þessi mál þegar við komum saman eftir þá tvo til þrjá daga sem nú fara í hönd og eru frídagar.

[13:51]

Útbýting þingskjals:
Tjáningarfrelsi, 496. mál, þáltill. SvG o.fl., þskj. 859.

Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, frh. fyrri umr.

Stjtill., 470. mál. — Þskj. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Evrópusamningur um forsjá barna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 471. mál. — Þskj. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding samnings gegn pyndingum, frh. fyrri umr.

Stjtill., 475. mál. — Þskj. 811.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, frh. fyrri umr.

Stjtill., 491. mál. — Þskj. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagsleg réttindi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 493. mál. — Þskj. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1991, frh. 3. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÞSveinb, ÖS.
18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 861).

Ríkisreikningur 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÞSveinb, ÖS.
18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 862).

Ríkisreikningur 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, ISigm, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 863).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 393. mál (gildistökuákvæði). — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296, nál. 718, 825 og 834, brtt. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Brtt. 856 felld með 26:19 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, HG, ISigm, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.

18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 26:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.

nei: ÁRJ, BH, GE, HG, ISigm, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sú grein sem verið er að greiða atkvæði um hér fjallar um það að lögfesta skólagjöld í Háskóla Íslands, leggja á nemendaskatta til þess að standa undir almennum rekstri háskólans. Í samræmi við málflutning okkar í gærkvöldi greiðum við atkvæði gegn þessari tillögu og ég bendi á að sams konar mál verður næsta mál á dagskrá þar sem væntanlega verður líka borin upp tillaga frá stjórnarandstöðunni um að fella þessi skólagjöld niður. Fari á sama veg hlýtur atkvæðagreiðslan að fara á sama veg en ég tel að þetta séu mikilvæg kaflaskipti í menntamálastefnu á Íslandi og ég vek athygli á að þetta er fyrsta lagafrv. um skólamál sem hæstv. núv. menntmrh. ýtir á eftir og reynir að gera að lögum. Það er skattur á nemendur. Til hamingju með það, hæstv. ráðherra.

2. gr. samþ. með 26:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.

nei: ÁRJ, BH, GE, HG, ISigm, JóhS, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBH, KH, SighB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 26:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.

nei: BH, GE, HG, ISigm, JBH, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (ÁRJ, JóhS, KHG, RA, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ISigm, JóhS, JónK, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖS.

nei: HG, KHG, RA, SJS, SvG.

1 þm. (JBH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Háskólinn á Akureyri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297, nál. 718, 825 og 834, brtt. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Brtt. 857 felld með 25:20 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GuðjG, HG, ISigm, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.

18 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 26:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.
nei: ÁRJ, BH, GE, HG, ISigm, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 26:15 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO.
nei: BH, GE, ISigm, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
2 þm. (SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, DH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖS.
nei: HG, ISigm, KHG, LB, RA, SJS, SvG, ÖJ.
2 þm. (JBH, SJóh) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, EgJ, FI, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JHall, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP, StG, VS, VE) fjarstaddir.

Flugskóli Íslands hf., 1. umr.

Stjfrv., 461. mál. — Þskj. 796.

[14:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Bóklegt nám til atvinnuflugsréttinda var um árabil rekið á vegum menntmrn. sem námsbraut í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Árið 1987 var námið flutt til Reykjavíkur en áfram rekið í samræmi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þessu fyrirkomulagi var breytt haustið 1991 og var þá Flugmálastjórn falið að annast þetta nám á vegum ráðuneyta menntamála og samgöngumála. Um það leyti var skipuð nefnd á vegum samgrn. til að gera tillögur um hvernig atvinnuflugnámi skyldi háttað til frambúðar. Nefndin skilaði áliti 1992 og lagði til að stofnaður yrði sérstakur skóli til að sinna atvinnuflugnámi. Formaður nefndarinnar var Þórhallur Jósefsson, deildarstjóri í samgrn., en aðrir í nefndinni voru Grétar Óskarsson, framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits, Skúli Jón Sigurðsson, deildarstjóri loftferðaeftirlits, Ólafur Arnarson frá menntmrn., Ólafur Finnsson frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Hjálmar Árnason, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Síðan nefndin skilaði áliti hefur verið unnið að undirbúningi frv. til laga um Flugskóla Íslands. Að því starfi hafa komið fjölmargir aðilar auk samgrn., þar á meðal Flugmálastjórn, flugráð, flugrekendur og flugskólar. Frv. er í meginatriðum í samræmi við niðurstöður nefndarinnar. Jafnframt þessu undirbúningsstarfi hefur bóklegu flugnámi verið haldið áfram á vegum samgrn. og hefur Flugmálastjórn annast framkvæmdina.

Á undanförnum árum hefur verið vaxandi þörf fyrir að mennta flugmenn til starfa hjá íslenskum flugfélögum. Á árunum 1978–1991 voru útskrifaðir 185 nemendur með atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun, þ.e. um 13 flugmenn á ári að meðaltali og á yfirstandandi ári er útlit fyrir að 44 nemendur verði útskrifaðir. Þetta stafar einkum af mjög aukinni eftirspurn eftir flugmönnum. Því er ljóst að þörfin fyrir að koma þessu námi í fastar skorður til frambúðar er brýn. Þetta er þeim mun nauðsynlegra sem á næstu árum munu taka gildi hér á landi nýjar evrópskar reglugerðir sem gera auknar kröfur um menntun og þjálfun atvinnuflugmanna.

Í frv. er gert ráð fyrir að veita samgrh. heimild til að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefna skal Flugskóla Íslands hf. Í þessu skyni verði ráðherra heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. sem hlutafé í hinu nýja félagi og kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnun þess. Auk þess verði ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár.

Haft var samráð við flugráð og leitað álits starfandi flugskóla og flugrekenda á því hvað þeir teldu vera eðlilegt rekstrarform slíks skóla og hvort áhugi væri af þeirra hálfu á þátttöku í hlutafélagi um skólann. Ljóst er að kostir hlutafélagsformsins eru verulegir umfram ríkisrekstur á þessu sviði. Þar sem loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar hefur eftirlit með flugskólum samkvæmt reglugerð og Flugmálastjórn fer með framkvæmd og umsjón prófa og útgáfu atvinnuskírteina er talið rétt að höggva á þau nánu rekstrarlegu tengsl sem verið hafa milli Flugmálastjórnar og skólans með stofnun hlutafélags um Flugskóla Íslands. Hlutafélagsformið gefur aðilum sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans kost á að gerast eignaraðilar og hafa þannig áhrif á stefnu skólans og viðgang. Gert er ráð fyrir að skólinn verði í meirihlutaeigu ríkisins og samgrh. fari með eignarhlut þess.

Í 6. gr. frv. er miðað við að eignarhlutur ríkisins verði aldrei minni en 51% og að enginn einn aðili annar en ríkissjóður eigi meira en 20% hlutafjár. Hlutverk Flugskóla Íslands hf. verður að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um. Kennsla sú sem skólinn á að veita miðast við öll stig atvinnuflugnáms og að búa nemdendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda. Mikilvægt er að veita nemendum bestu menntun sem völ er á hverju sinni og að nemendur útskrifist með skírteini sem viðurkennd verða af Samtökum loftferðaeftirlita í Evrópu og öðlist þar með réttindi í öllum aðildarríkjum þeirra samtaka en í þeim samtökum eru öll Evrópusambandsríkin og EFTA-ríkin. Þessi samtök vinna að setningu reglna um flugskóla sem eiga að skilgreina hvaða kröfur þeir skulu uppfylla til þess að þessum markmiðum verði náð.

Flugskóli Íslands hf. á einnig að leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu. Ekki er gert ráð fyrir að skólinn eigi kennsluvélar heldur semji hann við aðra starfandi flugskóla sem kenna til einkaflugprófs um afnot af flugvélum eða um aðra þjónustu. Ef Flugskóli Íslands hf. ætti að koma sér upp kennsluvélum yrði það afar kostnaðarsamt. Stofnkostnaður við flugvélar, flugskýli og búnað þess er hár, auk þess sem búast má við miklum rekstrarkostnaði. Því er gert ráð fyrir þeim möguleika að skólinn geti samið um afnot á slíkum vélum fyrir hönd nemenda sinna við framangreinda flugskóla, svo og um störf flugkennara. Þar sem nemendur í flugnámi greiða sjálfir kostnað af verklegu námi er talið eðlilegt að þeir eigi kost á að semja sjálfir um flugvélar eða leggja til eigin vélar enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Jafnframt á Flugskóli Íslands hf. að sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf krefur. Í þessu sambandi er hugsanlegt að skólinn taki að sér kennslu eða þjálfun fyrir flugrekendur og Flugmálastjórn.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

[14:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni merkilegt mál. Það sem mér finnst merkilegast og ég vil vekja eftirtekt á í upphafi þessarar umfjöllunar er að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem rekur ráðherrann, sem lagði niður Skipaútgerð ríkisins, til þess að fara nú út í flugrekstur? Ég satt að segja skil ekki alveg hugmyndafræðina sem er hérna að baki og ætla að fara nokkrum orðum um það.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra í því að það þarf að taka þessi skólamál atvinnuflugmanna föstum tökum. Hæstv. ráðherra hefur rakið það vel hversu fjöldi manna sem útskrifast hefur aukist. Á árunum 1978–1991 útskrifuðust með atvinnuflugmannsréttindi 185 manns eða 13 á ári að meðaltali en einungis á þessu ári munu útskrifast um 44. Þetta er vegna þess að eftirspurn eftir mönnum í þetta nám hefur aukist. Þess vegna þarf að taka það föstum tökum og það þarf að setja upp skóla sem er þannig búinn að það sé ljóst að hann geti menntað menn á öllum stigum atvinnuflugnáms. Hann þarf líka að geta tekið til endurmenntunar fyrir flugmenn. Þetta er allt saman gott og blessað.

En hvers vegna er farin sú leið að ríkið setur upp hlutafélag sem það ætlar sér að eiga meiri hlutann í? Ég er þeirrar skoðunar að annaðhvort eigi ríkið að öllu leyti að sjá um þennan skóla. Það er ekkert skrýtið. Það er í samræmi við það að ríkið hefur sérstakan skóla fyrir aðrar atvinnustéttir. Ég bendi á bændaskóla, stýrimannaskóla og fiskvinnsluskóla þannig að enginn stílbrjótur felst í því að ríkið reki líka flugskóla á eigin vegum. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að það sé óheppilegt að ríkið sé með þessum hætti að stýra flugkennslunni, af hverju er þá skrefið ekki stigið til fulls og Flugskóli Íslands hf. að öllu leyti á vegum greinarinnar, hæstv. ráðherra? Ég saknaði þess í máli hins málsnjalla hæstv. ráðherra að finna rökstuðning fyrir þessu undarlega fyrirkomulagi sem er í rauninni ekkert annað en ríkisstyrkt hlutafélag. Það kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að gert er ráð fyrir því að á yfirstandandi ári verði lagðar með þessum skóla 10,4 millj. kr. Ég vænti þess að það verði meðgjöfin á næstu árum. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga en hver er rökstuðningurinn, herra forseti, fyrir því að hér eigi að setja upp hlutafélag í kringum flugkennslu þar sem ríkið á samkvæmt lögunum að eiga 51%? Ég skal ekki skjóta loku fyrir það að ég kynni að komast að þessari niðurstöðu ef ráðherrann vildi allra náðarsamlegast gefa mér færi á að hlýða á rökin sem eru að baki þessu.

Það kemur fram í greinargerðinni að eina ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra leggur til þetta form er það að hann hefur leitað umsagnar 28 flugskóla og flugrekenda og einn af þeim, aðeins einn af þeim, gerði tillögu um það að skólinn yrði í hlutafélagsformi fremur en að sett sé á stofn ný ríkisstofnun eins og segir í greinargerðinni. Ég sé reyndar ekki mikinn mun á þessu og hjó eftir því í máli hæstv. ráðherra að hann talaði um að hlutafélag eins og þetta væri miklu jákvæðara en ríkisstofnun. Þar er um að ræða hlutafélag þar sem ráðherrann skipar meiri hluta stjórnar samkvæmt frv. og leggur með hlutafélaginu á annan tug milljóna króna á hverju ári þannig að auðvitað er ljóst að þarna er um að ræða niðurgreitt hlutafélag af hálfu ríkisins. Ég sætti mig ekki við það, herra forseti, nema lögð séu til rök fyrir því.

Það kemur líka fram í frv. að gert sé ráð fyrir því að Flugskóli Íslands hf. starfi í samkeppni við aðra flugskóla. Það kemur einnig fram að hann eigi að leita samráðs við aðra flugskóla um ýmislegt sem varðar kennslu og fyrirkomulag verklegrar kennslu. Þetta er út af fyrir sig góð fyrirætlan en þeir sem gerst þekkja til þessara mála eru bersýnilega þeirrar skoðunar að það komi aldrei til þessarar samkeppni og samráðið verði óþarft. Hví segi ég þetta, herra forseti? Ég geri það vegna þess að í greinargerðinni kemur fram í umsögn Flugfélags Norðurlands, sem er annar tveggja aðila sem tók afstöðu til rekstrarformsins, að á Íslandi sé markaðurinn fyrir þessa þjónustu svo lítill að það verði í rauninni enginn annar skóli. Það verði of erfitt fyrir aðra einkaaðila að standa í samkeppni við þetta ríkisstyrkta hlutafélag sem hæstv. ráðherra er að setja upp. Flugfélag Norðurlands kveður upp úr með að ekki sé rúm fyrir fleiri en einn slíkan skóla. Þetta segja þeir sem eru starfandi í greininni og sem þekkja það ekki síður, jafnvel betur en hæstv. ráðherra. Þar með held ég að allar forsendur fyrir því að setja upp flugskóla sem á að starfa í samkeppni við einhvern einkamarkað séu brostnar. Ég taldi líka, herra forseti, að það væri úrelt viðhorf að menn væru að setja upp ríkisfyrirtæki sem stæðu beinlínis í samkeppni við einkaaðila. Ég skil þetta frv. þannig og ég skildi mál hæstv. ráðherra þannig að það væri ætlunin að svo yrði en staðreyndin er auðvitað sú að við höfum á síðustu árum í ríkiskerfinu verið að hrinda í gegn breytingum sem miða allar að því að ríkið sé ekki með klær sínar og lúkur í rekstri sem einkaaðilar geta sjálfir séð um. Mér sýnist að hér sé um að ræða slíkt mál.

Það er ýmislegt sem mig langar örlítið til þess að drepa á varðandi þetta frv., þ.e. einstök tæknileg atriði. Eins og ég hef sagt skortir röksemdirnar fyrir þessu undarlega rekstrarformi. Einu röksemdirnar eru þær að ráðuneytið ritaði 28 aðilum bréf. Fjórir svöruðu. Tveir tóku afstöðu til rekstrarformsins og einn taldi eðlilegt að skólinn væri í hlutafélagsformi fremur en að ný ríkisstofnun yrði sett á laggirnar. Það er hins vegar ekki hægt að lesa það úr greinargerðinni að þessi aðili sem er stærsta flugfélagið, Flugleiðir hf., telji að þetta eigi að vera ríkisstyrktur flugskóli. Það kemur ekki fram að það hafi verið tillaga Flugleiða að þarna ætti að vera um að ræða hlutafélag þar sem hið opinbera færi samkvæmt lögum með 51% alls hlutafjár.

Ég sé hins vegar að í 1. gr. er gert ráð fyrir því að ráðherranum sé heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. sem á að vera hlutafé í hinu nýja félagi. Jafnframt kemur fram í greininni að ráðherranum á að vera heimilt að leggja skólanum til allan þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og hann yrði þá metinn til hlutafjár. Hvað er það mikið, herra forseti? Það er hægt að spá í það í þeirri umsögn sem fjárlagaskrifstofa fjmrn. hefur á bls. 5 í greinargerðinni. Þar kemur fram að þessi búnaður, flughermir og annað smálegt, sé metið til 2 millj. kr. þannig að eignarhlutur ríkisins í þessu nýja félagi á að verða allt að 6 millj. kr. Þá kemst ég að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að hlutafé alls hljóti að verða rétt undir 12 millj. kr. Ef það er niðurstaða ráðuneytisins hlýtur hún að byggjast á einhverjum áætlunum og ég spyr þess vegna hæstv. samgrh. ef hann má vera að því að ljá mér eins og fjórðung eyra örstutta stund: Er einhver áætlun til af hálfu ráðuneytisins sem segir að það þurfi þetta fé? Ég spyr vegna þess að mér finnst vera handahófsbragur á frv. og það sé ekki hugsað í botn. Mig langar að vita hvort menn hafi undirbúið þetta með þeim hætti að það hafi verið gerð nákvæm fjárhagsáætlun.

Í öðru lagi, herra forseti, er í 2. gr. talað um að Flugskóli Íslands hf. eigi að leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu. Eins og ég hef rakið, herra forseti, er Ísland sem markaður að öllum líkindum of smátt til þess að það verði einhverjir aðrir flugskólar til. Ég held að hæstv. ráðherra, fulltrúi samkeppninnar og einkaframtaksins sé með þessu að ganga frá þeim smáu flugskólum dauðum sem fyrir eru í landinu. Ég hefði talið að það væri hlutverk ráðherra Sjálfstfl. að reyna að örva þá til samvinnu og að þeir mundu reka hinn nýja flugskóla. En það kemur því miður fram í 6. gr. að eignarhlutur ríkisins verður aldrei minni en 51%. Ég hefði jafnvel getað hugsað mér að ríkið yrði einhvers konar ljósmóðir að þessum skóla og til þess að tryggja honum gott brautargengi í upphafi mundi ríkið eiga meiri hluta og vera þar með sú ungamóðir sem hefði hann undir væng sínum á meðan hann væri að komast á laggirnar fyrstu árin. En að því loknu yrði þess freistað að selja hlutabréf ríkisins í skólunum til einkaaðilanna sem ég held að gætu risið undir þessu, sérstaklega ef þeir fengju svona fararnesti. Það er ekki gert ráð fyrir því. Hinir horsku einkaframtaksmenn í Sjálfstfl. leggja fram frv. þar sem þeir „stipúlera" það í eitt skipti fyrir öll að eignarhlutur ríkisins verði aldrei minni en 51%. (**EKG:** Skortur á framsýni ...) Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem er jafnan fremstur meðal jafningja í sínum flokki kallar fram hvort ég sé að gagnrýna þetta frá sjónarhóli frjálshyggjunnar. Ég er að gagnrýna þetta af sjónarhóli sanngirninnar. Það eru nokkur smá fyrirtæki í landinu sem hafa atvinnu af því að kenna mönnum flug. Það er verið að drepa. (Gripið fram í.) Nei, það er hárrétt, en það er eigi að síður til vilji hjá þeim til þess að slá sér saman og mynda þennan skóla. Ég bendi á að það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann telur að það eigi að leita samstarfs við þá, að vísu um hina verklegu þætti. Mér finnst þetta ekki vera rétt stefna, en eins og ég sagði áðan er ég reiðubúinn til að gera átak til að komast að sömu niðurstöðu og Sjálfstfl. í málinu en mig skortir rökin. Það kom enginn rökstuðningur fram fyrir þessu annar en sá að einn umsagnaraðili hefði talið að eðlilegt væri að skólinn væri á hlutafélagsformi. Auðvitað eru þetta mál sem síðan verða rædd í nefndinni og það kann vel að vera að þessu verði að einhverju leyti breytt. En ég er ekki sáttur við þetta.

Í 1. gr. segir að ráðherra sé heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnunina. Honum er það ekki skylt, honum er það heimilt. Það segir ekkert hvaða aðrir aðilar þetta eru og hvort þeir sem tengjast þessari grein sitji allir við sama borð. Eiga þeir allir kost á því að koma til samstarfs um stofnun þessa félags? Hvernig mun hæstv. samgrh. tryggja að öllum hagsmunaaðilum á sviði flugkennslu verði boðin þátttaka í stofnfundi Flugskóla Íslands hf.? Ég spyr líka: Er aðild að hlutafélagi sem þessu, sem er í meirihlutaeign ríkisins, fýsilegur kostur fyrir einkaaðila til þess að fjárfesta í? Ég leyfi mér að efast um það. Ég ætla ekki að halda því fram, herra forseti, að þetta frv. sem hér liggur fyrir af hendi hæstv. samgrh. sé flugslys en skrýtið er það og vantar í það rökstuðninginn fyrir þessu sérkennilega rekstrarformi. Hæstv. ráðherra mun vafalaust halda ræðu á eftir og reyna að leiða mig í allan sannleika um það hvers vegna hans flókna hugsun hefur borið niður í þennan lokastað. Ég er reiðubúinn til þess að æfa lendingu á þeim sama stað með honum ef hann býður mér upp á nægilega lendingarbraut í formi sanngjarnra röksemda.

Herra forseti. Að lokum þætti mér vænt um að hæstv. ráðherra svaraði þeim örsmáu spurningum sem ég hef til hans varpað. Sérstaklega hvers vegna hann telur að það sé heppilegt rekstrarform að hafa hlutafélag sem um aldur og ævi á að vera í eigu ríkisins. Ég tel að það hefði verið betra að hafa þetta annaðhvort alfarið á hendi hins opinbera eða stíga skrefið til fulls og athuga hvort þeir vissulega smáu aðilar sem eru í þessari grein með einhvers konar vísa að flugkennslu hefðu ekki getað sameinast um að reka skólann. Í versta falli þá að ríkið hefði gerst ljósmóðir og verið meirihlutaaðili fyrstu árin en þegar ljóst væri hversu hinu nýja fyrirtæki farnaðist mundi hæstv. samgrh. í krafti þess að hann er talsmaður samkeppni og einkaframtaks reyna að koma út hlutabréfum ríkisins á meðal smáu skólanna.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að þetta er nokkuð sérkennilegt mál. Að öðru leyti verð ég að hafa fyrirvara á um ýmislegt úr ræðu hv. ræðumanns. Ég náði ekki að fylgja honum alltaf eftir á fluginu, ég verð að viðurkenna það. Þó að hann sé vissulega fremstur á meðal jafningja eins og hv. þm. segir stundum um aðra menn, a.m.k. þegar þeir alþýðuflokksmenn standa í beinni línu, þá er hv. þm. fremstur í vissum skilningi.

Ég tek hins vegar mjög undir það að málið er sérkennilegt svo ekki sé meira sagt, bæði hvað varðar inntak og rökstuðning sem er fátæklegur og skrýtinn. Hér er sem sagt verið að búa til einhvers konar „háeff-skóla". Ríkið er að stofna „háeff-skóla" um fræðslu á tilteknu sviði. Og það er gert betur en svo. Þótt ríkið eigi stundum samskipti við einkaskóla er mér ekki kunnugt um að það leggi með beinum hætti fram tæki og búnað auk verkefnisins sem slíks, þ.e. að afhenda þessum skóla með samningi fræðslu til atvinnuflugnáms í flugi. Og nú ætlar ríkið að leggja fram peninga í viðbót sem hlutafé í þennan „háeff-skóla". Satt best að segja er þetta afar sérkennileg blanda sem þarna er að verða til, afar sérkennilegur kokkteill. Er þetta einhvers konar neyðarlínusamkrull sem hér á að fara að eiga sér stað?

Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum þarf fræðsla á þessu sviði að vera með einhverjum öðrum hætti en á öðrum sambærilegum sviðum? Hvað er það sem gerir nám til

atvinnuflugs svo sérstakt eða frábrugðið t.d. fræðslu skipstjórnarmanna? Þeir fá hliðstæð réttindi í tilteknum áföngum í kjölfar náms sem að mörgu leyti er sambærilegt, tæknilegs eðlis o.s.frv. Mér er ekki kunnut um að neinum hafi dottið í hug að það þurfi endilega að vera „háeff-skólar" sem t.d. mennta stýrimenn, vélstjóra eða aðra slíka. Hvers vegna þarf þetta þá að vera með svo sérkennilegum hætti á sviði flugnáms?

Ef menn telja, og það er röksemd sem ég er tilbúinn til að ræða, að gera þurfi breytingu á núverandi fyrirkomulagi eru auðvitað margar aðrar leiðir og að mínu mati flestar nærtækari en þær að fara að búa til eitthvert einstakt fyrirbæri, „háeff-skóla" sem ríkið er þó að hluta til aðili að, einhvern bastarð, kynblending. Mér er ekki kunnugt um að slíkt eintak fyrirfinnist í skólakerfi landsmanna. Ég held að hér sé verið að fara út á algerlega nýja braut. Ég tel, herra forseti, að við verðum að sækja hæstv. menntmrh. aftur til þess að ræða við hann um það hvort menntmrn. telur þetta eðlilegt sem hér er að fara að gerast og óska eftir því að það verði kannað hvað hæstv. menntmrh., sem var brosmildur og skemmtilegur í gærkvöldi eins og kunnugt er í umræðum um skólagjöld, geti ekki komið og rætt við okkur menntastefnuna hvað varðar fræðslu á sviði flugmála.

Núverandi fyrirkomulag er reyndar ekki gamalt í hettunni. Ef ég man rétt, er nýlega slitnað upp úr því samstarfi eða fallið frá því fyrirkomulagi sem verið hafði um árabil að Fjölbrautaskóli Suðurnesja annaðist þessa fræðslu, bóknámshluta atvinnuflugnámsins. Hvers vegna er þá ekki valin sú leið, ef menn ekki vilja reka sérstakan skóla á þessu sviði, að semja við skóla í höfuðborginni um þessa fræðslu? Ég sæi ýmsa kosti við það. Kannski kann að orka tvímælis að reka sjálfstæðan skóla á sviði flugnáms. Það er e.t.v. fulllítil eining og að mörgu leyti óhagkvæm nema þá sem deild eða í tengslum við Flugmálastjórn. Þar ættu að vera að mörgu leyti hæg heimatökin, þaðan kæmi þá í vissum tilvikum mannskapur. Þar er jafnvel aðstaða fyrir hendi til að kenna þessa hluti, en látum það vera. Við skulum segja að mönnum þætti ekki heppilegt að hafa stýrimannanám inni á Siglingamálastofnun, gott og vel. En það þýðir ekki að þar með verði að stofna einkaskóla um stýrimannafræðsluna. Frá svona aðskilnaðar- og hreinlífissjónarmiðum eru e.t.v. rök fyrir því að skilja á milli skólans og Flugmálastjórnar og kannski sérstaklega loftferðaeftirlitsins sem er hluti af þeirri stofnun. En það er alveg út í hött að nota það sem einhver rök fyrir því að fara út í þau ósköp að búa til þennan sérkennilega kokkteil af einkavæddum skóla en þó með framlagi ríkisins. Og hvað gerist í kjölfarið? Það er augljóst mál að þessi skóli öðlast samstundis einkarétt á kennslu til flugnáms. Það liggur í augum uppi að atvinnuflugnámsþáttinn munu ekki aðrir reyna að starfrækja með tilheyrandi kostnaði, kaupum á tækjum o.s.frv. Mér finnst þetta því mjög sérkennilegt svo ekki sé meira sagt. Það vantar í raun og veru allan rökstuðning í þessum efnum.

Flugleiðamenn telja að vísu að ágætt sé að koma þarna upp skóla í hlutafélagaformi, en þeir segja jafnframt: Ríkið á auðvitað að borga þetta nám. Þetta er nám eins og annað nám í landinu og rekstur skólans á að vera greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Í því sambandi er bent á að íslenska ríkið stendur nær alfarið straum af kostnaði við grunnmenntun langflestra starfsstétta og að ekki séu forsendur til að undanskilja bóklegt nám atvinnuflugmanna. Ég tel að það sé með vissum hætti verið að hártoga afstöðu Flugleiða þótt að í þeirra umsögn virðist koma fram að þeir telji hlutafélagaformið sem slíkt geta dugað þarna.

Hinn aðilinn sem sýnir þessu máli þó þann sóma að senda inn umsögn rekur kannski einn stærsta og virtasta flugskóla fyrir einkaflugmannsnám, a.m.k. utan höfuðborgarinnar. Þar á ég við Flugfélag Norðurlands. Það hefur langa reynslu af því að kenna mönnum til flugs, er sjálft með umfangsmikinn flugrekstur, ræður flugmenn o.s.frv. Það er með alveg hreina afstöðu í þessu efni og segir: Þetta á auðvitað að vera ríkisskóli. Skólinn á að vera alfarið í eigu ríkisins og rekinn af ríkinu eins og hver annar skóli í landinu. Ísland er svo lítill markaður, segja þeir, að það er afar hæpið að einkaaðili geti skapað nægilega góða kennsluaðstöðu með hæfum kennurum við skólann. Flugfélag Norðurlands telur augljóslega ekki rúm fyrir fleiri en einn slíkan skóla hér á landi, en samkeppni hlýtur að vera forsenda þess að um einkarekstur verði að ræða í þessari grein. Þessu er ég hjartanlega sammála. Ef menn ætla út í einkarekstur og einkavæðingu yrði það að vera á þeim forsendum að það gætu þá fleiri boðið fram þessa þjónustu. Ætlar ríkið þá að sitja uppi með þá stöðu að það hafi lagt einum einkaskóla til heimanmund, tæki, búnað, fé og afhent honum verkefni og ætlast svo kannski til þess að aðrir komi og bjóði upp á þá þjónustu líka? Það gengur ekki upp, það er endileysa. Hvar er hin fræga Samkeppnisstofnun þá með sína endemis úrskurði um það hvað ríkið megi og megi ekki í þessum efnum? Ég held að þetta orki allt mjög tvímælis.

Ég spyr líka um það fordæmi sem hér er verið að gefa. Hvers konar fordæmi er verið að gefa hér gagnvart menntakerfinu almennt? Nú er það svo að sumir sérskólar eru ekki undir menntmrn. Mér er nærtækt að taka dæmið af landbúnaðarskólunum. Þeir heyra undir landbrn. Það er vissulega óvenjulegt að fagráðuneyti sé að reka skóla og stjórna menntamálum, en þetta er nú einu sinni svona hjá okkur. Eins og þetta dæmi sannar heyra skólar undir samgrn. og skólar heyra undir landbrn. Hver er orðinn munurinn á því að krefjast þessa og t.d. að búnaðarskólarnir séu bara einfaldlega einkaskólar og reknir í einhverju samkrulli ríkisins og fyrirtækja eða aðila í greininni? Út á hvaða braut eru menn að fara? Ég hvet eindregið til þess að menn fari ekki út í þessa ófæru án þess að athuga málin vel. Miðað við reynsluna af samstarfinu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja gekk það í alla staði vel. Nema að einu leyti og það var ósköp einfaldlega staðsetningin. Staðsetningin mætti vaxandi andstöðu. Á köflum voru svo til allir nemendurnir úr Reykjavík og þeim þurfti að aka kvölds og morgna í rútu suður eftir með því óhagræði sem því fylgdi. Það var fyrst og fremst það, ef ég kann hlutina rétt, sem olli erfiðleikum í því samstarfi. Er þá ekki nærtækast að skoða hvort menn leysa ekki slíkt ósköp einfaldlega með því að búa starfseminni stað hér? Ef menn vilja ekki flugskólarekstur í tengslum við Flugmálastjórn eins og verið hefur ætti að kanna hvort ekki sé hagkvæmt, skynsamlegt og álitlegt til frambúðar að koma þessum skóla fyrir í samstarfi við einhverja myndarlega fræðslustofnun á höfuðborgarsvæðinu. Þar gætu fjölbrautaskólar sem eru með öflugar verknámsdeildir komið til sögunnar, en þar gæti t.d. líka Tækniskóli Íslands komið til sögunnar. Ég nefni það sem hugmynd að Tækniskólinn ósköp einfaldlega tæki að sér þetta nám. Ég gæti ímyndað mér að það færi að mörgu leyti vel saman við ýmsa þætti starfseminnar þar og þar er reyndar skóli sem er upp á háskólastig. Það ætti því að gefa mikla möguleika í þeim efnum.

Ég held líka að það sé að mörgu leyti mjög æskilegt að það verði til einhvers staðar öflug miðstöð þekkingar í þessum efnum. Hún mætti mjög gjarnan byggjast upp við einhverja rótgróna fræðslustofnun á svæðinu. Ég er ekki viss um að það verði með sama hætti ef þarna verður rekinn lítill, algerlega sérhæfður einkaskóli sem ekki sinnir neinum öðrum verkefnum en bara þessu einu. Þar af leiðandi hlýtur það eðli málsins samkvæmt að verða þannig að kennarar koma úr ýmsum áttum, stundakennarar o.s.frv. Það verður ekki grundvöllur fyrir því að hópur fastráðinna kennara með þekkingu á þessu sviði starfi við stofnun sem gæti byggst upp sem myndarleg þekkingarmiðstöð í þessum efnum. Því mundu fylgja að mínu mati miklir kostir að svo tækist til. Flugið er gífurlega mikivæg atvinnustarfsemi á Íslandi og hefur svo lengi verið. Það eru sennilega fáar þjóðir ef nokkrar í heiminum sem eru bæði jafnháðar flugi um eigin samgöngur og hafa jafnumfangsmikinn flugrekstur með höndum miðað við hina frægu höfðatölureglu eða hvað sem er. Eða t.d. gjaldeyrisöflun. Ætli það séu margar þjóðir sem eru með jafngífurlegar gjaldeyristekjur af flugrekstri einum og sér? Menn taka og flagga auðvitað mikið tölum um heildargjaldeyrissköpun í ferðaþjónustu en staðreyndin er sú að sú tala er m.a. svo há vegna þess að hinn umfangsmikli flugrekstur er allur í okkar höndum, ekki bara vegna fjölda ferðamanna. Lengst af hefur svo til allt flug til og frá Íslandi verið í höndum Íslendinga. Nú er það að vísu aðeins að breytast. Sú tala er eitthvað að lækka en er samt langt yfir 80%, sennilega nær 90% af umsvifunum enn sem komið er.

Íslendingar hafa m.a. rekið umfangsmikinn flugrekstur í útlöndum og nægir þar að nefna umfangsmikla starfsemi flugfélagsins Atlanta. Það kallar auðvitað á öfluga menntun starfsstéttanna í fluginu að þessu sé haldið úti. Þess vegna eru menn ekki með eitthvað í höndunum sem skiptir engu máli.

Eins og ég segi, herra forseti, þá geta verið rök fyrir því að aðskilja Flugmálastjórn og loftferðaeftirlitið og þennan skólarekstur í og með vegna þess að þau yfirvöld, flugmálayfirvöldin, gefa út réttindin og þau hafa eftirlit með náminu. Það má vel segja að það sé þá óeðlilegt að þau séu að hafa með vissum hætti eftirlit með sjálfum sér. Þá gerum við það. Þá skiljum við þarna á milli. En eru menn endilega að fara í rétta átt með því að taka langstærsta hagsmunaaðilann í flugi í landinu í staðinn inn í skólann, Flugleiðir? Það er það sem er í og með verið að boða hér. Flugleiðir bjóða fram hlutafé og aðild að skólanum. Það er út af fyrir sig gott og vel. Það er eðlilegt úr því að menn eru að hugsa um þessa formúlu. En ég spyr: Er það endilega framför að í staðinn fyrir Flugmálastjórn komi Flugleiðir? Ætli mönnum þyki ekki víða að þeirra olnbogar séu nógu fyrirferðarmiklir í sambandi við flugmál í landinu. Það er staðreynd að það hefur oft og tíðum gengið erfiðlega að manna stjórnir, nefndir og ráð þannig að ekki væru óumflýjanlegir hagsmunaáekstrar þar inni byggðir. Fræg eru dæmin af skipan flugráðs o.s.frv. Með þessu er ekki verið að vega að þeim ágætu mönnum sem þar starfa eða hafa setið. Ég bendi einfaldlega á þá staðreynd að menn eru með svo tiltölulega sérstaka stöðu í þessum efnum þar sem einn aðili er alveg yfirgnæfandi. Það er því oft og tíðum erfitt að forðast aðstæður þar sem menn lenda báðum megin við borðið. Ég held að langskásta lausnin á þessu sé að ríkið hafi þennan þátt með höndum, ríkið reki skólann. Og ég hefði hreinlega sagt í leiðinni: Eigum við ekki að færa hann undir menntmrn.? Er þá ekki eðlilegast að leysa samgrn. undan þessari kvöð og semja við skóla, sem tilheyrir menntakerfinu og er undir menntmrn., um að taka þetta verkefni að sér? Það mætti gera á grundvelli athugunar á því hvar væri heppilegast að koma slíku fyrir. Þá eru engin vandamál samfara því að afhenda tæki, búnað og tól. Þá þarf enga peninga væntanlega að leggja fram. Þá koma þeir á fjárlögum til reksturs skólans þegar þar að kemur. Þá þarf ekki að fara þessa, mér liggur við að segja hallærislegu leið. Meta flugherminn til fjár og leggja hann inn í hlutafélag sem fémæti. Þetta er að mínu mati alger þvæla. — Fyrirgefðu, herra forseti, ég leyfi mér að orða það svo. Ég finn bara ekki betri orð. (**Samgrh.:** Ég er viss um að þingmaðurinn sýni nóga kurteisi.) Já, þetta er nú ekki mjög dónalegt orð, hæstv. ráðherra. Við höfum séð það svartara á Norðurlandi en þetta.

Herra forseti. Ég vona að hv. nefnd sem fær þetta til umfjöllunar geti gefið sér tíma til að fara yfir þetta. Ef svo er, sem líklegt er nú, að sá tími sé tæpast fyrir hendi á þessu vorþingi, þá er mér ekki kunnugt um að neinar brýnar nauðir reki til að afgreiða þetta nú. Væntanlega er starfsemi skólans eins og stendur þannig háttað að hann getur haldið áfram á meðan þetta mál er í vinnslu. Ég tel einnig nauðsynlegt að hv. menntmn. fái þetta mál til skoðunar því að það er þrátt fyrir allt algert nýmæli ef út á þessa braut yrði farið. Það er eðlilegt að menn staldri við og spyrji sig: Hvaða fordæmi er þá verið að gefa hér út frá áhrifum á önnur sambærileg tilvik sem þá gætu orðið, en einnig út frá því hvort hér sé verið að búa um flugnámið í landinu eins og við teljum heppilegast og farsælast og því til góðs? Því að auðvitað verðum við líka horfa í það að það má ekki kasta þessu á milli sín þannig að það sé endalaust umrót í kringum þetta nám. Það er alveg nóg sem búið er að vera frá því að þetta var fært af Suðurnesjunum og þessi skóli búinn til og svo þessar breytingar sem nú eru boðaðar. Ég held að það sé engum til góðs að vera með svona hluti endurtekið í höndunum. Yrði þetta hlutafélag stofnað, og það yrðu einhverjir að koma inn í það eða fara út úr því og hlutafjáraukningar í gangi, sala einhvers hluta ríkisins aftur o.s.frv., þá held ég að það gæti orðið bölvað rugl og mundi ekki skapa þá festu í þessum efnum sem nauðsynlegt væri. Þannig er nú það, herra forseti.

Ég segi að lokum að það er alveg óhjákvæmilegt að skoða þetta mál vandlega. Það á ekki að kasta neitt til höndunum að því að afgreiða þetta. Hæstv. ráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því að með því að málið er svona seint fram komið, þá er ekki sanngjarnt að gera þá kröfu að því sé haskað í gegnum þingið, enda við ýmislegt annað að sýsla eins og kunnugt er. Ég treysti því að þetta fái faglega og vandaða skoðun í hv. samgn. og gangi til umsagnar til menntmn. og verði þannig rækilega unnið áður en það verður afgreitt og þá að mínu mati vonandi og helst í gjörbreyttri mynd.

[14:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fór yfir þetta frv. um Flugskóla Íslands og vonaðist eftir skýringum hjá hæstv. ráðherra á því hvað lægi að baki því að setja þennan skóla á laggirnar. En þar sem ekki kom neinn skýr rökstuðningur hjá hæstv. ráðherra um málið, þá kem ég upp og tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Steingrími J. Sigfússyni í þessu máli.

Ég spyr hæstv. ráðherra, ég vona að hann heyri til mín þó hann sé í símanum, hvort það sé ekki stefna stjórnvalda að starfsmenntun verði í auknum mæli færð inn í framhalds-

skólana. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu, var þessi fræðsla í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og ef rök hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar eru rétt um það að aðalgallinn við það nám hafi verið staðsetning skólans á Suðurnesjum og flestir nemendur hafi verið úr Reykjavík, þá sé ég ekki annað en það væri hagkvæmara að setja þetta nám á laggirnar í fjölbrautaskóla í Reykjavík. Ef þetta var aðalgallinn og mundi ég gjarnan vilja fá svör frá hæstv. ráðherra sem bæði er að tala í símann og við einhvern annan þarna frammi. (Gripið fram í.) Hann hlustar. Ég vil gjarnan fá svör við því hvort það sé ekki lausn á málinu, hvort það þurfi að setja upp sérstakan skóla undir samgrn.

Það kemur einnig fram í greinargerð með frv. að gert er ráð fyrir að í flugskólanum verði aðallega kennsla í bóklegum þáttum atvinnuflugnámsins, en ekki loku fyrir það skotið að skólinn veiti verklega kennslu. Síðan er gert ráð fyrir að skólinn semji við aðra starfandi flugskóla sem kenna til einkaflugmannsprófs um afnot af flugvélum eða aðra þjónustu. Þetta ætti auðvitað að vera hægt að gera í gegnum hinn almenna framhaldsskóla ef bóklega námið væri þá á framhaldsskólastiginu og síðan samið um verklega kennslu. Annars vil ég líka benda á það að ef ætlast er til þess að það verði samið við aðra einkaskóla um verklegu kennsluna, þá tek ég undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og það sem kemur reyndar fram í umsögn í greinargerð, að það eru ekki miklar líkur á því að það verði mikið um aðra einkaskóla þegar þessi skóli verður kominn á laggirnar því að það má búast við því að svona ríkisstyrktur einkaskóli muni drepa af sér aðra samkeppni.

Það er ýmislegt sem er sérkennilegt í þessu og kallar á skýringar frá hæstv. samgrh. Þetta er auðvitað mál sem ætti að heyra undir menntmrn. þar sem hér er aðallega verið að fjalla um bóklegt nám. Og ég tek undir það að þetta mál ætti að fara til umsagnar í menntmn. þar sem þetta er mál sem ég teldi að ætti að heyra undir menntmrn. eins og önnur menntamál. Ég tel að það ætti að minnka það að sérráðuneytin séu í skólarekstri eins og t.d. samgrn.

Ég mun fjalla um þetta mál í nefndinni, þar sem ég á sæti í samgn. og vonast ég til að málið verði þá skýrt þar frekar auk þess sem ráðherrann muni skýra þetta betur fyrir okkur.

[14:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hef heyrt hjá þeim þingmönnum sem hér hafa talað að þeir hafi upplýsingar um að það séu einkaskólar hér sem séu óðfúsir að taka að sér það verkefni að veita menntun fyrir atvinnuflug í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og í samræmi við þær kröfur sem til slíks náms eru gerðar og í samræmi við hinar nýju reglur sem unnið er að og væntanlegar eru. Mér finnst sjálfsagt að það mál verði betur athugað í nefndinni ef svo er.

Nú kannast ég ekki við það að menn hafi sóst eftir því að hafa með höndum þá kennslu sem frv. fjallar um þannig að þetta eru mér algerlega nýjar fréttir. En ég vil mjög mælast til þess við formann samgn. sem fær þetta mál til meðferðar að kanna þessar upplýsingar nákvæmlega því að síst er það vilji minn að fara að drepa einhverja einkaskóla á þessu sviði sem starfandi eru í þjóðfélaginu. Ég er þess vegna mjög ánægður yfir því að þessi mikla gróska skuli komin í flugnámið hér á landi. Ef það er svo að óþarfi er að stofna Flugskóla Íslands hf. og ef það er svo að ríkið þarf þar hvergi nærri að koma, er ég enginn sérstakur áhugamaður um forsjá ríkisins í þessum efnum. Ég er auðvitað ánægður yfir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem er í senn sanngirnismaður og svona þegar vel liggur á honum líka einkarekstrarmaður, sameinar það mjög vel, enda má segja að það séu fyrir því genitískar orsakir, skuli styðja mig einmitt í þessum efnum og fullvissa hv. þingmenn um að ég vilji alls ekki ganga af smáflugskólunum dauðum, alls ekki undir neinum kringumstæðum.

Ástæðan fyrir því að frv. er lagt fram er sú að það er verið að reyna að koma atvinnuflugmannsnáminu á fastari grundvöll en verið hefur. Það er eina ástæðan fyrir flutningi þessa frv. Það er alger misskilningur, ef sú skoðun er uppi, að ég sé á móti því að menntmrn. taki sig ábyrgð á þessu námi. Það hefur ekki verið rætt á þeim grundvelli. En á hinn bóginn eru inntökupróf sem gerð eru í Flugskóla Íslands eftir þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir, þ.e. þær kröfur sem liggja því til grundvallar að menn fái setu í skólanum það strangar að ég hygg að það sé ósennilegt að þær samrýmist venjulegu framhaldsskólanámi. Ég held að það sé misskilningur. Hér er sem sagt lagt upp með það að reyna að finna Flugskóla Íslands form, reyna að festa í sessi þá kennslu sem nú fer fram á vegum Flugmálastjórnar í þeim fræðum sem atvinnuflugmenn þurfa að tileinka sér og kunna til hlítar. Sú leið sem hér er farin er einfaldlega sú að leita eftir samstarfi við flugfélög og einkarekstraraðila, auðvitað vegna þess að kennsla af þessu tagi er mjög fagleg ef ég má nota það orð og líka vegna þess að kennarar sem kenna í slíkum skóla falla illa að því launakerfi sem er í venjulegum framhaldsskólum. Hér er um mjög sértækt og erfitt nám að ræða og það verður auðvitað að horfast í augu við það.

Hitt er líka leið að hugsa sér að ríkið komi þar hvergi nærri og að þetta nám flytjist úr landi.

Nú fann ég það á hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, forvera mínum í samgrn., að aðalmótbárur hans virðast vera að orðið Flugleiðir stendur í greinargerð með frv. Það má yfirleitt ekki minnast á það ágæta félag við hv. þm. Þó er það svo að með síðustu vél sinni, Sólrúnu sem flýgur til Boston og mun senn fljúga til Halifax, aukast gjaldeyristekjur okkar svona um 1 – 1,5 milljarða og 125 manns, hátekjufólk, fær þar atvinnu þannig að þetta fyrirtæki er með sínum umsvifum mjög að styrkja efnahagslegar undirstöður ríkisins, samfélagsins, í víðasta skilningi þess orðs. Og það eru einmitt hin auknu umsvif Flugleiða, Atlanta og annarra flugfélaga sem valda því að það er orðið mjög brýnt að reyna að takast á við þetta verkefni.

Ég hlýt hins vegar að láta í ljósi ánægju mína yfir því að þeir þingmenn sem hér hafa talað hafa allir lýst því yfir að þeir muni setja sig mjög vel inn í þetta mál, vilji mjög gjarnan takast á við það verkefni. Og vegna sérstakrar fyrirspurnar frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni vil ég taka það fram að auðvitað hefur verið gerð rekstraráætlun fyrir hinn nýja skóla sem byggir á reynslu liðinna ára og má með óbeinum hætti lesa það í umsögn fjmrn. Það sem lagt er til grundvallar er að hið bóklega nám verði greitt með framlagi ríkisins, en hins vegar hefur það verið svo og er gert ráð fyrir að það verði svo áfram að nemendur standi sjálfir undir verklega náminu, kosti sjálfir flugtímana. Af þeim sökum er eðlilegt að þeir hafi mikið frjálsræði um það við hverja þeir semja um afnot flugvéla og hvernig þeir vilji ná sér í þann fjölda flugtíma sem áskilinn er.

Ég vil ítreka það, herra forseti, að á bak við þessa frumvarpssmíð stendur vilji minn og þeirra sem að málinu hafa komið til þess að treysta grundvöll flugnámsins, ekkert annað og ég vænti þess að samgn. athugi málið vel og gaumgæfilega. Þetta mál heyrir undir samgrn. og öll sérþekking hér að lútandi er auðvitað hjá Flugmálastjórn og sérfræðingum samgrn.

[15:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég efast ekki eitt augnablik um að á bak við þetta frv. er góður og einlægur vilji hæstv. ráðherra til þess að efla flugkennsluna eins og kostur er. Ég er algerlega klár á því líka að eitt af því sem hann er að reyna að gera með þessu frv. er að halda þessari kennslu í landinu og koma í veg fyrir að hún flytjist til útlanda. Ég er honum algerlega sammála um þessi markmið. En ég er dálítið ringlaður þegar ég sé þetta frv. vegna þess að mér finnst þetta vera svo ólíkt því sem þessi hæstv. ráðherra hefur verið að segja á síðustu árum.

Nú vill svo til að einhvers staðar í hugskoti mínu eru á sveimi gamlar minningar um svipað frv. sem eitt sinn varð til og í því var engin grein eins og sú sem er núna undir heitinu 6. gr. Þar var ekkert talað um að ríkið ætti að eiga slíkt félag að meiri hluta um aldur og ævi. Ég minnist þess ekki en auðvitað er það svo að mér er farið eins og hæstv. ráðherra að ég er tekinn að reskjast. Það kann vel að vera að minni mitt sé líka farið að síga talsvert.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa svarað nokkuð skilmerkilega mörgum spurningum sem ég varpaði til hans. Það var alls ekki svo að ég væri að reyna að vera með einhvern skæting gagnvart hæstv. ráðherra þegar ég spurði hann út í rekstraráætlunina. Ég reyndar hnýtti við þá athugasemd mína þeim orðum að mér fyndist frv. vera heldur undarlega samansett. Og ég meinti það vegna þess að þetta frv. speglar ekki stefnuna í rekstrarmálum sem hæstv. ráðherra hefur reynt að fylgja á síðustu árum, þvert á móti. Þess vegna spurði ég út í rekstraráætlunina. Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir, ég sé það núna. Það má út af fyrir sig draga ályktanir af umsögninni í frv. sem kemur frá fjmrn. um það að einhvers konar rekstraráætlun liggi þarna að baki. Þær upplýsingar koma hins vegar ekki frá fagráðuneytinu. Mér hefði líka þótt eðlilegt, fyrst við erum að fjalla um Flugskólann og rekstur hans í framtíðinni, að hér fylgdu með einhvers konar skýringar á því hvað þetta mál kostar, hversu stór hluti skólagjöldin eru og að hve miklu leyti þau standa undir bóklegum hluta námsins eða verkum. Þetta eru ekki atriði sem skipta neinu höfuðmáli en það hefði verið fróðlegt að sjá þetta og útfærða rekstraráætlun. En gott og vel, ég tek það alveg gott og gilt að hæstv. ráðherra byggir á einhverri slíkri áætlun þegar hann fer fram á að þingið heimili honum að binda allt að 6 millj. kr. í þessu hlutafélagi.

Það var ekki jafnlangt á milli mín og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar eins og mátti ráða af upphafsorðum hv. þm. Ég er a.m.k. sammála honum um að það er betra að reyna að flytja þessa starfsemi til einhvers fjölbrautaskóla eða framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu en að hafa það með þeim hætti sem hér er lagt til.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ef menn ætla að fara út í að setja upp hlutafélag, þá eigi að reyna að hafa það hreinlega í höndum einkaaðilanna. Ég er ekkert hræddur við Flugleiðir. Flugleiðir er þjóðþrifafyrirtæki og þeir ágætu menn sem þar um véla hafa sýnt hugkvæmni á síðustu árum og allt mun þetta leiða til þess að við fáum meira af dýrmætum gjaldeyri inn í landið. En við þurfum auðvitað að reisa skorður við því að þeir nái ofurtökum hvort sem um markað eða flugkennslu er að ræða. Mér finnst alveg sjálfsagt að Flugleiðir reiði af höndum fé og gerist aðilar að þessum flugskóla. Ég spurði reyndar hæstv. ráðherra hvort það hefði verið óskaði eftir því að starfandi flugskólar tækju að sér þennan rekstur. Mér heyrðist á svari hæstv. ráðherra að hann væri þeirrar skoðunar að það væru engir slíkir flugskólar til. Ég veit að þeir flugskólar sem til eru eru smáir að vöxtum og þeir hafa ekki líkt því þá burði sem svona flugskóli þyrfti að hafa. En það sem ég var að reifa hérna áðan var að það væri kannski meira en einnar messu virði að kanna hvort þessir aðilar vildu þá ekki slá sér saman um rekstur af þessu tagi og fá þá ríkið sem einhvers konar ljósmóður í upphafi um einhverra ára bil til þess að hrinda þessu af stokkum. Síðan yrði þetta hreinlega í höndum markaðarins vegna þess að þetta er það sérstök menntun. Hún er það öðruvísi að ég er ekki jafnhræddur við það og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En mér finnst merkilegt, herra forseti, að sá ráðherra sem gat sér orð fyrir að leggja niður Skipaútgerð ríkisins skuli nú koma auðmjúkur með hatt í hönd og biðja hið háa Alþingi leyfis til þess að setja á stofn nýtt ríkisfyrirtæki um flugskóla. Hvað ætlar hann að gera? Ætlar hann aftur að fá Talnakönnun hf. til að selja þann flugskóla fyrir sig þegar hann er búinn að fá nógu mikla gagnrýni á það innan síns eigin flokks?

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það sé miklu réttara að efla einkaframtakið og létta á umfangsmiklum ríkisrekstri með því að fara aðra leið en hæstv. ráðherra er að gera. Ég skil ekki þessa framsóknarfjötra sem bersýnilega er búið að leggja á ráðherrann. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann teldi að hlutafélag sem er í meirihlutaeign ríkisins væri fýsilegur kostur fyrir einkaaðila til þess að fjárfesta í. Eðlilega svaraði hæstv. ráðherra því ekki en auðvitað veit hann svarið. Er það ekki rétt, hæstv. ráðherra samgöngumála, að Bílgreinasambandið sé núna að yfirtaka rekstur skóla bílgreina? Er það ekki þróunin? Og er það ekki hæstv. samgrh. sem hefur brosað eins og hinn almáttki faðir yfir þeirri þróun? Svo kemur hann hérna allt í einu og stingur skrúflykli í gangvirki markaðarins með því að vilja byggja upp ríkisstyrkt hlutafélag sem er þess konar bastarður að það skilur það ekki nokkur maður, hvorki ég sem gagnrýni það frá sjónarhóli markaðarins né hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem gagnrýnir það á talsvert annarri hátt eða hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég ætla ekki einu sinni að biðja hæstv. ráðherra um að endurskoða þetta mál. En kannski var mikilvægustu skýringuna á þessu batterii sem hann er að leggja til að finna í þeim orðum sem hæstv. ráðherra missti út úr sér undir lok sinnar tölu. Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni spurði af hverju það væri ekki reynt að hnýta þetta traustum böndum við einhvern framhaldsskólann og færði ágæt rök fyrir því. Þá svaraði hæstv. ráðherra að kennarar í skóla af þessu tagi mundu falla svo illa að launakjörum framhaldsskólanna. Hæstv. ráðherra og hans flokkur hafa með öðrum orðum búið svo illa að launakjörum framhaldsskólakennara að það er ekki hægt að flytja inn í skólakerfið menntun sértækra atvinnugreina eins og flugmanna vegna þess að það mun enginn kennari fást til að kenna flugmönnum framtíðarinnar. Mér þykir þá vera farið að sneiðast allmikið um hólmann í ánni þar sem barist var forðum ef þessi hæstv. ráðherra, sem byrjaði feril sinn í

lífinu sem kennari að ég hygg, hefur átt þátt í því að koma því svo fyrir í skólakerfinu að þar eru mönnum borguð svo léleg laun að hann getur ekki sem ráðherra samgöngumála tryggt íslensku þjóðinni menntaða flugmenn nema með því að stofna í kringum það einhvern bastarð hlutafélags þar sem ríkið á meiri hlutann en þarf samt að kalla til einkaaðila. Og það til að hægt sé að borga kennurunum sæmileg laun! Þetta finnst mér afar merkilegt. Kannski er það viss viðurkenning á stöðu sem við berum öll ábyrgð á en það er dapurleg staða eigi að síður. Kannski kann að koma til að við förum síðan að búa til sérstök hlutafélög í kringum Stýrimannaskólann af því að ýmislegt bendir til þess að kennarar sem kenna stýrimannsefnum falli ekki nægilega vel inn í launakjör og launastig framhaldsskólanna. Og svo mætti telja.

Þetta er auðvitað afskaplega skrýtin staðhæfing, en er kannski lykillinn að því að hæstv. ráðherra kemur með þetta undarlega frv. sem venjulegum þingmönnum stjórnarandstöðunnar gengur afskaplega illa að átta sig á. Og mér sem gömlum samstarfsmanni hæstv. ráðherra gengur alls ekki neitt að skilja hvað honum gengur til því að þetta er í andstöðu við allt sem hann hefur áður sagt um gang markaðarins.

[15:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um þann mikla metnað sem hv. þm. hefur fyrir mína hönd og ég skal reyna að valda honum ekki vonbrigðum að því leyti til. Ég vil aðeins leggja áherslu á tvö atriði. Annað er að ég sagði að flugnám eins og það er skilgreint, atvinnuflugnám, fellur ekki að framhaldsskólum vegna þess að þar eru kröfur meiri en almennt eru þar gerðar. Eins og við vitum, ég og hv. þm., eru laun og annað auðvitað með öðrum hætti í framhaldsskólum en ef farið er einu stigi ofar eða í háskóla.

Í öðru lagi vil ég taka fram, ef ég hef ekki gert það í fyrri ræðum, að gert er ráð fyrir því að skilgreina betur og nákvæmar hvaða kröfur skuli gera í atvinnuflugmannsnámi og er unnið að því af Samtökum loftferðaeftirlita í Evrópu að ná samkomulagi um slíkt. Við Íslendingar höfum ekki verið eftirbátar neinna í sambandi við öryggismál og menntunarkröfur og munum að sjálfsögðu ganga þar feti framar öðrum. Þessi staðreynd víkur líka að því að auðvelt verður fyrir einkaskóla að taka upp kennslu á þessu sviði ef þeir svo kjósa þar sem kröfurnar munu liggja fyrir. Ef einkaaðilar sýna því áhuga að stofna slíkan skóla, Flugskóla Íslands eða jafningja hans, verður það mál auðvitað metið í samgrn.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dáist að bjartsýni hæstv. ráðherra. Hann lítur alltaf vonglöðum augum til framtíðarinnar. Nú sér hann allt í einu hilla undir framtíð þar sem verður ekki bara Flugskóli Íslands hf. þar sem hann skipar meiri hluta stjórnar, heldur verður auðug flóra annarra flugskóla í samkeppni við Flugskóla Íslands og jafnvel verða þeir kvaddir til samráðs um hitt og þetta eins og segir í frv. Hann gleymir bara einu. Hann gleymir því að hæstv. ráðherra hefur ekki jafngott vit á þessu og ýmsir aðrir úr kjördæmi hans. Þá er ég að tala sérstaklega um forsvarsmenn Flugfélags Norðurlands. Hvað sögðu þeir, hæstv. ráðherra, í svari sínu við fyrirspurn ráðuneytisins? Þeir sögðu að íslenski markaðurinn bæri ekki nema einn flugskóla. Ég hygg því að þrátt fyrir að hinn vonglaði og vorglaði hæstv. ráðherra sjái hilla undir marga flugskóla, muni eigi að síður þegar upp verður staðið staðreyndin verða sú að sveitungar hans að norðan höfðu rétt fyrir sér en hann ekki. Það verður enginn flugskóli annar en Flugskóli Íslands vegna þess að talsmaður samkeppninnar og einkaframtaksins, hæstv. samgrh. Halldór Blöndal, verður búinn að drepa hina af sér. Og hefur þá afrekað það sem maður taldi að forustumaður í Sjálfstfl. mundi hvorki leggja sig eftir né takast og aldrei líðast af sínum eigin flokksmönnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 2. umr.

Frv. allshn., 399. mál (margföldunarstuðull o.fl.). — Þskj. 703, nál. 741, brtt. 729.

[15:14]

Frsm. allshn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. sem liggur frammi á þskj. 741. Eins og þar kemur fram fékk nefndin málið til umfjöllunar á milli 1. og 2. umr. og þótt hún hafi flutt málið eftir talsverða umræðu kynnti hún sér þau sjónarmið og rök sem fram komu við 1. umr. um málið og hefur að umræðu lokinni fallist á þau sjónarmið sem þar komu fram og flytur brtt. sem kemur fram á þskj. um að 2. málsl. efnismgr. 3. gr. frv. falli brott og að orðin „í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar“ í 3. málsl. 3. gr. falli einnig brott sem eru helstu efnisatriði þeirra tillagna sem fram komu við 1. umr. um málið.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn og enginn með fyrirvara, herra forseti.

[15:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Árna R. Árnasonar segir í nefndaráliti frá allshn., sem allir nefndarmenn skrifa undir án fyrirvara, þar á meðal fulltrúi Alþb. og óháðra í nefndinni, hv. þm. Ögmundur Jónasson, er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á fyrirliggjandi frv. til breytinga á skaðabótalögum. Þessar breytingar eru að mestu leyti í samræmi við brtt. sem þrír hv. þingmenn lögðu fram við 1. umr., þeir Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir og sú sem hér stendur.

Efnislega felur brtt. okkar í sér að gerðar eru breytingar á ákvæði til bráðabirgða en þær miða að því að leggja minni hömlur á þá nefnd sem samkvæmt ákvæðinu er falið að endurskoða skaðabótalögin. Eins og ákvæðið liggur fyrir er nefndinni nánast uppálagt að komast að tiltekinni niðurstöðu eða eins og það er orðað í ákvæðinu: „með hliðsjón af þeim tillögum sem allshn. lét vinna fyrir sig á 120. löggjafarþingi og þeim athugasemdum sem fram hafa komið í hv. allshn.“ Slíkar hömlur eru að mati þeirra sem lögðu fram brtt. við 1. umr. óeðlilegar. Einkum er óeðlilegt að leggja fyrir sérstaklega skipaða nefnd að taka tillit til athugasemda sem e.t.v. voru aðeins munnlegar og komu fram á fundum hv. allshn.

Hv. allshn. hefur tekið tillit til þessara tveggja athugasemda af þremur og lagt til að frv. verði breytt í þá veru og fagna ég því. Þriðja efnislega tillagan í brtt. okkar þremenninganna snýst um gildistökuákvæði lagabreytinganna sem samkvæmt frv. er miðað við 1. júlí 1996. Í brtt. okkar þremenninganna er lagt til að lögin öðlist þegar gildi og er

sú tillaga rökstudd með því að þarna sé verið að leiðrétta viðurkennda skekkju í núgildandi lögum og slíka leiðréttingu eigi að gera strax.

Við 1. umr. er fram fór um miðjan mars gagnrýndi ég ásamt fleirum gildistökuákvæðið harðlega. Nú er svo komið að nokkur tími hefur liðið og óðum styttist í 1. júlí og með tilliti til jákvæðra viðbragða við öðrum efnisatriðum í brtt. okkar og þess sem hér hefur verið rakið munum við þremenningarnir draga breytingartillögur okkar til baka. Ég vil þó fyrir mig árétta þá afstöðu sem ég gerði grein fyrir í 1. umr. málsins að ég tel það miður að ekki skuli hafa verið gengið lengra í endurskoðun skaðabótalaganna að sinni en hér er gert eftir svo viðamiklar úttektir færustu sérfræðinga okkar á sviðinu sem fyrir liggja. Málinu er enn einu sinni skotið á frest í stað þess að hið háa Alþingi taki af myndugleik á því ófremdarástandi sem ríkt hefur á sviði skaðabótaréttarins. Þar hefur verið háð styrjöld um innihald reglna um skaðabætur og eins og rakið var í 1. umr. er sú saga löng og á rætur að rekja allt til þess tíma er tryggingafélögin settu sér verklagsreglur árið 1991, reglur sem voru í andstöðu við þágildandi óskráðar reglur um skaðabætur. Tryggingafélögin sýndu fádæma ósvífni með þessu framferði sínu. Tjón voru aðeins gerð upp við þá sem vildu una verklagsreglunum en þeir sem kröfðust hins lagalega réttar síns að fullu þurftu að sækja mál sín fyrir dómstólum.

Það vita allir sem þekkja til slíkra mála að þau eru óvenjutímafrek, ekki aðeins vegna hugsanlegra tafa í dómskerfinu heldur ekki síður vegna eðlis málanna. Það tekur oft langan tíma að sannreyna tjónið og sönnun er oft erfið. Hverjir fóru illa út úr þessu stríðsástandi sem tryggingafélögin stofnuðu til? Það voru tjónþolarnir, þeir sem höfðu orðið fyrir slysum og höfðu misst starfsorku sína.

Ég minni á þessa forsögu málsins hér og reyndar hafa tryggingafélögin komið að málum síðar í tengslum við lagasetningu. Árið 1993 voru sett skaðabótalög og margir telja að þar sé hallað á tjónþola í þágu tryggingafélaganna og sú breyting sem verið er að gera hér er í raun og veru viðurkenning á slíkri skekkju.

Við undirbúning að breytingum á lögunum hafa tryggingafélögin haft sig mikið í frammi og nánast hótað því að þau munu hækka iðgjöldin ef þessi eða hin breytingin verði gerð. Ég ítreka að slík framkoma er ólíðandi af þjónustustofnunum á borð við tryggingafélögin. Þeirra hlutverk er að þjónusta fólk á grundvelli landslaga, óskráðra eða skráðra og ef sú verður raunin að þau þurfi að hækka iðgjöld í kjölfar breytinganna gera þau það og eiga það síðan við viðskiptavini sína. Það er ekki hlutverk löggjafarsamkundunnar að haga lögum í samræmi við slíkar hótanir því að hlutverk hennar er fyrst og fremst það að uppfylla meginmarkmið reglna um skaðabætur. Og hvert er það? Meginmarkmið skaðabótaréttar er að bæta fólki það tjón sem því ber að fá bætt samkvæmt lögum þar um. Fyrir hvaða pris tryggingafélögin selja þessa þjónustu verða þau að eiga við sína viðskiptavini.

Að lokum, herra forseti. Frv. með þeim breytingum sem nú liggja fyrir frá hv. allshn. er til bóta fyrir tjónþola þótt það gangi skemur en ég hefði óskað. Það er í rétta átt og því mun ég styðja það en ég vil jafnframt ítreka nauðsyn þess að heildarendurskoðun á skaðabótalögunum fari fram hið fyrsta. Það er ekkert að vanbúnaði að móta nýjar tillögur. Það er hægt að gera það á grundvelli þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin og frekari skoðunar tel ég ekki vera þörf á því sviði. Ég vil einungis ítreka það í lokin að slík endurskoðun má ekki taka of langan tíma. Tjónþolar hafa þurft að bíða nógu lengi eftir að fá leiðréttingu mála sinna sem eru viðurkenndar að hluta til með þeim breytingum sem hér er verið að gera og eru því til bóta en það hefði mátt ganga mun lengra nú þegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 271. mál (einkamerki). — Þskj. 506, nál. 744. [15:22]

Frsm. allshn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allshn. á þskj. 744. Þar kemur fram að nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Þórhall Ólafsson og Ólaf W. Stefánsson frá dómsmrn. Einnig bárust nefndinni umsagnir ýmissa aðila um málið.

Eftir umfjöllun gerir nefndin þá tillögu til breytingar, sem fram kemur á þskj., að í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr." í 2. efnismgr. 1. gr. komi: 25.000 kr.

Herra forseti. Þetta er eina tillaga nefndarinnar. Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn en tveir þeirra, Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.

[15:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega á ferðinni mál sem er ekki eitt af stærstu málum þingsins en þó nokkurt umhugsunarefni. Hér er gert ráð fyrir því að það megi koma á bíla svokölluðum einkamerkjum, þ.e. ef menn vilja láta vita af því að þeir séu á ferðinni geta þeir merkt sína bíla með sérstökum hætti. 1. efnismgr. frv. hæstv. dómsmrh. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmerki ökutækis (einkamerki)."

2. efnismgr. hljóðar svo:

„Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 50.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmerki. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt 1. mgr. skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjaldið renni til Umferðarráðs."

Svo kemur brtt. frá hv. allshn. Ég verð að segja alveg eins og er, ég á í miklum vandræðum með að samþykkja þá brtt. því að hún gerir ráð fyrir því að lækka þetta gjald. Það var gert ráð fyrir því í upphafi að það væri 50 þús. kr. sem menn þyrftu að borga fyrir að hafa svona einkamerki, t.d. ef menn vildu láta standa á bílnum sínum Árni Johnsen svo að ég nefni nú dæmi þá hefðu menn getað fengið það fyrir 50 þús. kr. en núna á að lækka það niður í 25 þús. kr. Mér finnst alveg lágmark ef menn vilja vera með svona sérvisku í sambandi við merkingar á bílum, þá borgi þeir fyrir það og tekjur af því renni til Umferðarráðs.

Í nefndarálitinu er út af fyrir sig fjallað nokkuð um þetta mál og þar segir svo, með leyfi forseta: „Nefndin leggur áherslu á að samkvæmt skriflegum upplýsingum sem henni bárust frá dómsmrn. er ekki verið að innleiða tvöfalt skráningarkerfi á ný með þessari breytingu heldur er þvert á móti

ætlunin að eldri skráningarmerkin, þ.e. þau sem notuð voru fyrir tíð fastnúmerakerfisins, hverfi endanlega úr umferð fyrir árslok 1997. Einkamerki eiga að verða að öllu leyti eins og núverandi skráningarmerki nema hvað varðar röðun bókstafa og tölustafa á merkinu. Bifreið með einkamerki mun einnig fá fast númer sem fylgir bifreiðinni þar til hún verður afskráð. Ef ætlunin er að selja bifreið sem ber einkamerki þarf eigandi að setja fastnúmeramerki á og ber hann af því allan kostnað. Nefndin gerir athugasemd við eitt atriði í frv. og það er að gjaldið, sem mönnum er ætlað að greiða fyrir réttinn að einkamerkjum, sé of hátt og leggur hún til að frv. verði samþykkt með breytingu."

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta mál verðskuldi nokkra umræðu vegna þess að hér er bersýnilega um það að ræða að menn eru að ýta undir það að tekið verði upp tvöfalt bifreiðanúmerakerfi. Það er alveg augjóst mál ef það yrði útbreitt og ég tala nú ekki um ef það kæmist í tísku að kaupa sér einkamerki á bíla segir það sig náttúrlega sjálft að allmargir mundu gera það, þ.e. þeir sem eiga 25 þús. kr. Mér er sem ég sjái Alþingi Íslendinga standast þá pressu sem kæmi áður en varir á það að almenningur í landinu gæti líka merkt bílana sína með einkamerkjum og þess vegna yrði gjaldið lækkað kannski bara niður í 5 þús. kr. eða 500 kr. eða eitthvað því um líkt. Eins og menn vita eru það alveg furðulegustu hlutir sem verða fyrir barðinu á jafnréttisrárattu sumra þingmanna eins og menn þekkja, eins og kemur fram í dagskrármáli sem er seinna á dagskrá sem heitir „Mannanafnalög" þar sem gert er ráð fyrir því að menn geti tekið upp millinöfn úr því að þeir hafi engin ættarnöfn, vesalingarnir. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að menn fái að taka upp einkamerki og þeir sem hafa einkanúmer og ættarnafn eru mjög vel settir og staða þeirra í þjóðfélaginu athyglisverð eins og hv. hugmyndasmiður að þessu máli sem stendur ekki allfjarri mér í þessum sal og keyrir stundum um landið allhratt eins og kunnugt er.

Ég vil þess vegna, hæstv. forseti, fá nánari rökstuðning frá formanni nefndarinnar fyrir nauðsyn þess að taka upp tvöfalt númerakerfi. Hvað á það að þýða? Var ekki verið að taka í gegnum þingið mjög umdeild lög fyrir nokkrum árum um það að taka upp sama númerakerfi fyrir alla bíla í landinu? Var ekki verið að því? Ég man ekki betur en hv. þm. Skúli Alexandersson héldi alveg gríðarlegar ræður á móti því kerfi vegna þess að hann óttaðist það að þá þekkti hann ekki Reykvíkinga sem væru á ferð úti á landi eins og hann hafði áður gert og vildi halda sínu gamla númeri. En nú eru menn sem sagt að fara inn í þetta mál bakdyramegin með þeim hætti sem hér er gert og mér líst ekki vel á það. Ég hefði viljað biðja talsmann hv. allshn. um að gera grein fyrir því hvaða nauður rekur dómsmrn. til að fara að breyta fastnúmerakerfinu vegna þess að í raun er verið að taka upp allt annað kerfi.

Hitt efnisatriði þessa máls sem nauðsynlegt er að ræða dálítið er af hverju menn eru að lækka þessa tölu. Ég skil hana ekki. Við erum að reyna að halda utan um tekjur ríkissjóðs og tekjur opinberra aðila eins og við getum. Það er mikill vandi víða í fjárhag stofnana eins og Umferðarráðs. Ég man ekki betur en það væri verið að taka í gegnum þingið í vetur lög um sérstakt gjald til Umferðarráðs. Nú er ætlunin að þetta gjald renni til Umferðarráðs og þess vegna finnst mér sjálfsagt mál að það verði ekki lækkað heldur haldið við upphaflega tillögu dómsmrh. Ég vil einnig spyrja talsmann allshn. hverju það sætir að það er verið að lækka þetta gjald. Það er ekki svo oft sem ráðuneytin koma með tillögur af þessu tagi. Hitt þykir mér enn þá verra að það skuli vera þannig að hv. formaður fjárln. skuli ekki tjá sig um þetta mál þegar verið er að svipta samneysluna fjármunum með þeim hætti sem hér er gert í tillögu hv. allshn. og þykir mér lítið leggjast fyrir vin minn, hv. formann fjárln., ef hann ætlar ekki að bera af sér þessar hugmyndir sem hér eru uppi um að skerða tekjur samneyslunnar. Þess vegna skora ég á hann að standa ... (**Gripið fram í:** Af hverju leggur þingmaðurinn þá ekki til að þetta verði hækkað?) Nei, málið er, hv. þm., að upphafleg tillaga ráðuneytisins var um 50.000 kr. og allshn. gerir svo tillögu um að lækka gjaldið niður í 25.000 kr. Ég hygg því að það mundi jafnvel ofbjóða gjaldþoli þeirra sem lengst vilja ganga í því að merkja sjálfa sig úti á vegum ef þetta væru 100.000 kr. Ég get því verið sammála ráðuneytinu um að það væri kannski eðlilegt að staldra við 50 þús. En ég sé enga nauðsyn til þess að lækka þá tölu og mér sýnist að það sé skynsamleg tillaga sem hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, hæstv. dómsmrh., leggur til, 50 þús. kr. og skil ekki af hverju nefndin er að breyta þessari tillögu ráðherrans. En það er mikilvægt að fá svör við þessum spurningum og þá ekki síst þeim frá hv. formanni fjárln.: Hverju sætir þetta? Tekur hann þátt í þessum ósköpum? Er hann ekki í allshn.? Jú, hann er í allshn. og hann stendur að þessu. Það er ótrúlegt að heyra þetta. Hv. þm. verður að rökstyðja hverju það sætir að hann er að lækka gjöldin á þessum einkanúmerum sem á að fara að taka upp á bílum í þessu nýja tvöfalda númerakerfi sem á að innleiða að tillögu stjórnarflokkanna. (**Gripið fram í:** Hver er afstaða Alþb.?) Afstaða Alþb. er sú eins og Alþfl. að við skrifuðum undir þetta mál þannig að það fengi þinglega meðferð. En afstaðan er með fyrirvara og vafalaust snertir hún þetta atriði sem ég hef nefnt og fleiri.

[15:32]

Frsm. allshn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvers vegna nefndin geri þá brtt. sem fram kemur í nefndaráliti hennar. Frá því er rétt að greina að nefndin fékk þær upplýsingar að miðað við þá tillögu sem fram kom í frv. sjálfu yrði hugsanlegt að ekki yrði úr miklum tekjum af þessum merkjum. En með því gjaldi sem nefndin gerði tillögu um væri líklegt að þær yrðu nokkrar og meira að segja nokkrar umfram tilkostnað og þar með rynni meira fé til Umferðarráðs en við gætum gert ráð fyrir án þessa.

Um önnur atriði sem fram komu í máli hv. þm. ætla ég ekki að fjalla. Ég vil þó svara því hvers vegna menn vildu leggja þetta til. Það var að vísu efni 1. umr. en ég get tekið fram hver mín skoðun er: Ég tel nauðsynlegt að við getum gert lífið á Íslandi svolítið skemmtilegra. Í því felst að menn fái að gæla svolítið við kenndir sínar og sérvisku, m.a. með því að auðkenna farartæki með þeim hætti sem hér er lagt til.

[15:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. talsmanni allshn. fyrir greinargóð svör við spurningum mínum. Hann brást vel við og á þakkir skildar. En ég vildi spyrja hv. talsmann allshn. að því hver hafi spáð því að tekjurnar yrðu litlar ef þetta yrði 50.000 kr. Hvaða spámaður var það sem spáði því? Var það Þjóðhagsstofnun eða var það Umferðarráð eða hver? Hver lagði þennan kvarða á borð allshn. sem sýndi nákvæmlega hver væri, eins og það heitir á hagfræðimáli, teygni eftirspurnarinnar eftir númerum á þessu sviði? Hver lagði

fram þennan teygnikvarða eftirspurnar varðandi einkanúmer á bílum? Mér þætti vænt um ef hv. þm. gæti svarað mér því vegna þess að ég tel að þetta hljóti að vera meira og minna skot út í loftið eins og einu sinni var sagt um ákveðið hús í bænum þegar talið var það hefði farið fram úr áætlun vegna þess að menn skutu út í loftið til að byrja með.

Hv. þm. nefndi að hann teldi að málið hefði alveg sérstakt skemmtigildi. Það fannst mér athyglisvert. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér þykir vænt um að þingmenn skuli hugsa um skemmtigildi þingmála. Það er ekki algengt. Oft eru þetta alveg ótrúlega leiðinlegir doðrantar sem við erum með fyrir framan okkur. En hérna er flutt mál sem er eingöngu flutt með þeim rökum samkvæmt hv. þm. að málið er brandari, frv. til laga um fyndni. Það er fínt og veitir ekki af þessa dagana að segja eitt og annað skemmtilegt í þessari stofnun. Ég sé fyrir mér þegar farið verður að framkvæma þau skemmtiatriði úti á þjóðvegunum sem hv. þm. vill beita sér fyrir, þar sem menn eru með þau merki á bílum sínum sem þeim sýnist. Þannig yrði þetta miklu fjölbreytilegra, frelsið mikið meira og annað eftir því. Skráningin sæist hvergi utan á bílunum, hin opinbera skráning, hún væri kannski bara mótormerki undir vélarhlífinni og enginn þyrfti að sjá hana. Ég vil því þakka hv. þm. fyrir að flytja þetta fyrst og fremst af því að það er brandari. En ég verð að segja alveg eins og er að það nægir mér ekki til stuðnings við málið.

[15:36]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Minn stuðningur við þetta mál helgaðist af því að ég var sannfærður um það í meðförum allshn. að þetta væri forgangsmál á Alþingi og væri brýnt að afgreiða það í vor. Ég lét til leiðast. Annars áleit ég þegar ég byrjaði á þessari vinnu að þetta væri ekki beinlínis forgangsmál hér, en svo virðist vera. Ég lét einnig sannfærast af þeim rökum að lægra launað fólk í landinu væri svo gríðarlega áfjátt í að fá einkanúmer að það yrði miklu meiri eftirspurn eftir þeim ef þau kostuðu 25.000 kr. og því meiri fjármunir kæmu í kassann. Slíkt er mér áhugamál og það eru mín rök í þessu máli.

Ef málið er skemmtilegt er það bara betra. Það er gaman að koma út á bílastæði á heimferð. Maður getur þá horft á þá skrautlegu flóru einkanúmera sem verður úti á stæði. Þetta eru rökin fyrir því að ég skrifa undir þetta nefndarálit án fyrirvara. Ég geri það af hreinum bisnissástæðum hvað gjaldtökuna snertir.

[15:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. skörulegt svar. Hann bætti mikilvægum upplýsingum í það röksemdasafn sem komið er fram í þessu máli. Áður hefur það komið fram að frv. er aðallega flutt af því að það er svo fyndið, það er brandari. Út af fyrir sig á ekki að vanmeta það að hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar vilji láta eitthvað skemmtilegt af sér leiða. Ekki veitir af miðað við þau ósköp sem þeir láta yfir þjóðina dynja.

Svo bætti formaður fjárln. um betur með því að lýsa því yfir að þessi brtt. væri eiginlega láglaunauppbætur. Það mundi hjálpa láglaunafólki svo mikið ef þetta væri lækkað úr 50.000 kr. í 25.000 kr. Það gæti þá fyrr safnað fyrir því að einkamerkja druslurnar sínar, Lödurnar sínar, ryðkláfana sína. 25.000 kall. Það er mun auðveldara en 50.000 kr. Ég skildi hv. formann fjárln. þannig að einkanúmerin væru sérstök 1. maíkveðja ríkisstjórnarinnar til alþýðunnar á Íslandi. Það er alveg ótrúlegt að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki koma þessu á framfæri þegar hún var að ræða við verkalýðshreyfinguna úr því að hún taldi að þetta væru sérstakar láglaunauppbætur og 1. maíkveðja. Ég legg til að hv. formaður fjárln. verði látinn aka fremstur í kröfugöngu verkalýðsins 1. maí í Reykjavík á einkamerktum bíl. Það væri eðlilegt í framhaldi af þeim miklu tíðindum um láglaunauppbætur til fátæklinga Íslands sem þetta frv., sem er að öðru leyti aðallega fyndið að sögn flm., felur í sér.

[15:39]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugmyndaflug til að leggja þetta mál upp sem sérstakar láglaunabætur. Og ég hef ekki hug á að útleggja það sem slíkt. Ég hef heldur ekki hug á að aka í bíl með einkanúmeri, hvorki 1. maí né aðra daga. Ég studdi það á sínum tíma að tekið yrði upp það númerakerfi sem nú er við lýði. Þetta mál telst ekki til helstu áhugamála minna í þingstörfum eins og kom fram í ræðu minni áðan. Hins vegar tel ég þetta í fullri alvöru talað meinlaust mál. Hvort menn hafa gaman af því, það verður hver og einn að gera upp við sjálfan sig. En ég held að það ætti ekki að blanda þessu saman við verkalýðsbaráttuna í landinu. Ég held að þar sé dálítið langt seilst þótt hv. þingmenn fari hér um víðan völl í umræðum.

[15:41]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég þakka, hæstv. forseti, hv. 2. þm. Austurl. svör hans og tel mikilvægt að hann hefur í raun dregið til baka að hann líti á málið eins og ég kaus að túlka það í framhaldi af fyrra andsvari hans. Raunar lá beint við að túlka það með þeim hætti sem ég gerði. Auðvitað getur þetta ekki heitið stórmál en það er dálítið sérkennilegt að vera að opna fyrir tvöfalt númerakerfi á bílum þegar nýlega er búið að taka upp fastnúmerakerfið eftir mjög miklar umræður í þessari stofnun. Ég verð því að segja eins og er að ég átta mig ekki alveg á því hvaða nauðsyn rekur Alþingi og ríkisstjórnina til að opna fyrir tvöfalt númerakerfi á bílum. Ég held að það ýti ekki undir aukið öryggi í umferðinni og ég átta mig ekki á því hvað það er sem ýtir á eftir því að menn vilja taka upp tvöfalt númerakerfi.

[15:42]

Útbýting þingskjals:

Þróun kaupmáttar launa, 490. mál, fsp. ÁMM, þskj. 849.

[15:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti gerir sér vonir um að ljúka megi umræðu um þetta dagskrármál, 15. dagskrármálið, og 16. dagskrármálið, Innflutning dýra. 17. og 18. dagskrármál koma ekki til umfjöllunar á þessum fundi vegna sérstakra óska og eru hér með tekin út af dagskrá. Forseti hyggst svo að lokinni umræðu um þessi mál freista þess að ná atkvæðagreiðslum um 13.–16. dagskrármálin.

[15:43]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég vil fagna niðurstöðu allshn. í því máli sem hér er til umræðu. Ég fagna samstöðu nefndarinnar og mér finnst ástæða til að fjalla um nokkur atriði, ekki síst til að minna hv. þm. Svavar Gestsson á það að hann er alveg úti að aka í þessum málflutningi sínum um einkanúmerakerfið. Ég ætla mér að benda hv. þm. á nokkur atriði sem munu leiða hann frá villu síns vegar því þrátt fyrir allt er hv. þm.

Svavar Gestsson á réttri leið þótt fráhvarfseinkenni miðstýringarinnar grípi hann stundum heljartökum eins og í þessu dæmi.

Ég vil líka fagna því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður Alþb., var ein af þeim sem tóku vel undir þetta mál í allshn. og barðist m.a. vel fyrir því að gjaldtakan yrði lækkuð, öndvert við það sem hv. þm. Svavar Gestsson vill.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. hvort tvöfalt númerakerfi mundi auka öryggi í umferð landsins. Það má spyrja á móti: Eru einhverjar líkur á að tvöfalt númerakerfi ógni umferðaröryggi í lanindinu? Ég held ekki.

Það eru nokkur missiri síðan sá er hér stendur flutti þáltill. um einkanúmerakerfið. Ég fagna því hvað það hefur gengið fljótt að koma því á koppinn og fá niðurstöðu í málinu. Um langt árabil hefur númerakerfi bifreiða á Íslandi verið allpersónulegt kerfi. Það hefur verið bundið við staði eða landsvæði og það hefur líka verið bundið við persónur. Og það er kannski það sem er skemmtilegast við þetta meinlausa mál, eins og hv. þm. Jón Kristjánsson orðaði það, að það gefur færi á því að rækta í okkar þjóðfélagi hluti sem eru persónulegir, persónulegt samband og persónuleg vitneskja. Það er okkur mikils virði og verður vonandi á vettvangi okkar sem smáþjóðar í búgarði stórþjóðanna. Þetta er það fyrsta sem ætti að vera samdóma grunnáliti hv. þm. Svavars Gestssonar, að rækta garðinn okkar í eigin ranni og stuðla að okkar eigin kerfi.

Það skýtur líka skökku við að hv. þm. Svavar Gestsson skuli finna að því að tekið sé að þessu leytinu til fram fyrir hendurnar á fastnúmerakerfinu því að það er gegn íslenskri málvitund. Hv. þm. hefur verið þekktari fyrir annað en að berjast gegn íslenskri málvitund. Uppsetning fastnúmerakerfisins með q-um, z-um og ýmsum samsetningum er gegn íslenskri málvitund og er eina sýnilega skekkjan sem við sjáum að því leyti í íslensku samfélagi. Það brýtur meira í bága við íslenska málvitund og málmeðferð en til að mynda erlend nöfn sem eru á skiltum fyrirtækja og stofnana sem eru umboðsaðilar fyrir erlend fyrirtæki og að þessu leytinu til er ruglað með íslenskt mál og sýn fólks í þeim efnum er bjöguð. Þetta er það sem mér finnst ljótast við fastnúmerakerfið. Fastnúmerakerfið er dauður hlutur og er tölvuskráningaratriði tengt málmum sem standast ekki endalaust tímans tönn en einkanúmerakerfið ræktar þá sérstöðu Íslendinga að vilja hafa persónuleg einkenni.

Það er ósköp þægilegt fyrir þá sem vilja að Íslendingar hverfi inn í haf stórþjóðanna, hverfi inn í sameiginlegan búskap Efnahagsbandalags Evrópu og annarra stórþjóða og láti okkur týna einkennum okkar. Auðvitað er þetta smámál. En það er samt mál. Þarna er eðlilegt að sé valfrelsi og menn hafi færi á því að velja sér sjálfir það sem þeir vilja, ég tala ekki um ef menn borga fyrir það og það allnokkuð háu verði. Þetta er grunnatriðið að fastnúmerakerfið í daglegri umferð á tugþúsundum bíla bjagar íslenska málkennd. Þó ekki væri nema þess vegna væri ástæða til þess að breyta því kerfi aftur. Ekkert mælir á móti því að það sé tvöfalt skráningarkerfi, þ.e. að það séu tvö númer sem fylgi hverjum bíl. Fastnúmerið sem fylgir bílnum og einkanúmerið sem fylgir manninum sem á bílinn svo fremi hann vilji það. Það er ekkert á móti því. Þeir sem þurfa að tilkynna eða láta vita af ferðum bíls eða af einhverjum ástæðum að öðru leyti að skipta sér af umferðinni, grípa það númer sem er á spjöldum bílsins, það er skráð í tölvukerfi lögreglunnar og truflar ekkert að hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit eða fylgjast með því að öllu leyti.

Það er svo að til að mynda í Svíþjóð og Danmörku er bæði fastnúmerakerfi og einkanúmerakerfi og einkanúmerakerfið í Svíþjóð og Damörku er mjög dýrt. Þar kosta einkanúmerin um 100 þús. kr. Þar er mikið um það að ríkisbubbar, eigendur stóru jeppanna og stórfyrirtækjanna séu með þessi númer og mér finnst líka skjóta skökku við að hv. þm. Svavar Gestsson skuli tala máli þeirra á Íslandi en ekki hins almenna Íslendings og launamanns sem á auðvitað að hafa sömu möguleika og hver annar í þjóðfélaginu til þess að hafa einkanúmer ef honum sýnist svo. Það skýtur skökku við þegar hv. þm. Svavar Gestsson vill stéttskipta íslensku þjóðfélagi á þennan hátt og ekki síst þegar hann gerist talsmaður þeirra ríkari. Þetta er annað atriðið sem brýtur í bága við það sem ég met grunnhugsun hv. þm. Svavars Gestssonar sem er á góðu módeli.

Þá má nefna að það er svolítið einkennilegt þegar menn eru að krefjast þess að gjaldtaka sé hækkuð verulega án þess að það séu nokkur sérstök rök fyrir því. Það getur verið ill nauðsyn að hækka gjöld og yfirleitt reyna menn að hafa það í lágmarki, en þegar menn krefjast þess að sem mest sé tekið af þeim sem eiga valkostinn, eiga völina og kvölina, þá er það eitthvað sem er ekki mjög trúverðugt.

Það er líka hægt að spyrja hvort þeir sem séu á móti þessu umframgjaldi sem er tekið fyrir réttinn á einkanúmerinu, 25 þús. kr., séu á móti aukinni umferðarfræðslu. Ég býst við að þegar að er gáð séu flestir sammála um að ástæða sé til að auka umferðarfræðslu og auka umferðarmenningu og bæta þannig úr mjög slæmu ástandi sem er sannarlega á Íslandi í allt of mörgum alvarlegum umferðarslysum og mannsköðum. Ég fagna því að hv. allshn. sá að sér og lækkaði þetta gjald úr 50 þús. kr. sem engin rök voru fyrir. Þau voru einfaldlega geðþóttaákvörðun. Í þeirri þáltill. sem ég og fleiri þingmenn lögðum fram á sínum tíma var gert ráð fyrir að einkanúmeraréttirnin yrði seldur á tvö- þreföldu skráningarverði. Venjulegt skráningarverð á bíl er 3.700 kr. eða þar um bil þannig að 10–12 þús. kr. hefði kannski verið eðlilegt gjald til þess að afla fjár til verkefnis sem stax í upphafi þessa máls var nefnt að væri ástæða til þess að styrkja, þ.e. aukna umferðarfræðslu. Ég er sannfærður um að ef menn hefðu viljað markaðssetja númerin með það fyrir augum að afla fjár til þessa þáttar í þjóðfélagi okkar hefði verið klókara að hafa verðið lægra. Það hefðu fleiri keypt það og það hefðu komið meiri tekjur í heildina.

Ég er líka alveg sannfærður um að ef gjaldið hefði verið 50 þús. kr., ég tala nú ekki um meira, eitthvað í líkingu við það sem er í Danmörku og Svíþjóð, hefðu engar tekjur náðst til þess að auka umferðarfræðslu á Íslandi á þennan hátt með þátttöku þeirra sem eru í umferðinni. Þá hefði málið í raun-inni dagað uppi af sjálfu sér með þessari háu verðlagningu en þó má segja að það sé kannski ásættanlegt að verðið sé um 25 þús. kr. þó að mér finnist það tvímælalaust í hærri kantinum. Ég hefði talið miklu eðlilegra að það væri 50% lægra. Þá væri líka hægt að tala um að það væri mjög auðvelt fyrir alla Íslendinga, bæði hálaunamenn og láglaunamenn, að ganga að þessu kerfi og mundi kannski ekki trufla mikið í þessum efnum ef menn hefðu áhuga á því á annað borð.

Þess má einnig geta að það hafa þrívegis verið gerðar breytingar á númerakerfinu á Íslandi á þessari öld. Það er skemmtilegt við einkanúmerakerfið að það gerir ráð fyrir því að hægt sé að taka upp aftur númer á svokölluðum fornbílum, þ.e. bílum frá skömmu eftir 1930 og fyrir 1947. Það er ekkert stórmál en það er skemmtilegt. Menn eru í óðaönn að keppast

um að byggja upp gömul hús hér og þar um landið, vanda til þess og reyna að gera þau sem upprunalegust og vönduðust og í takt við það sem var á þeim tíma þegar þau voru byggð. Þó að fornbílarnir séu ekki nema nokkur hundruð þá setja þeir svip á umferðina, setja svip á landið, eru eins konar mublur í umferðinni og þess vegna er skemmtilegt að það sé hægt að bjóða upp á sams konar númeragerð og var á þeim tíma sem þau tæki voru og hétu. Margt í þessu mælir með því að taka upp einkanúmerakerfið. Það skemmir ekkert. Það meiðir engan en það gefur valkost og valfrelsi og það setur persónulegri svip á umferðina og þjóðlíf okkar og það er af hinu góða.

Enginn vafi er á því að mínu mati að það væru hlunnindi fyrir landsmenn ef hv. þm. Svavar Gestsson hefði þekkt einkanúmer á sínum bíl, færi um landið og fólk vissi að þarna færi Svavar Gestsson og það gæti notið þess að vita að þarna færi maður sem skynjaði brúnaljósin brúnu og yndisleikann í tilverunni eins og menn setja upp líkingar á mismunandi hátt í ræðu og riti.

Eitt vildi ég líka nefna í sambandi við nefndarálitið sem er til umræðu hjá hv. allshn. Þar segir að ekki sé verið að innleiða tvöfalt skráningarkerfi á ný með þessari breytingu heldur er þvert á móti ætlunin að eldri skráningarmerkin, þ.e. þau sem notuð voru fyrir tíð fastnúmerakerfisins, hverfi endanlega úr umferð fyrir árslok 1997. Þrátt fyrir það er auðvitað verið að stilla upp tvöföldu kerfi þannig að ég skil ekki rökfærsluna hjá hv. allshn. Auðvitað eru tvö númer skráð í tölvuskráningu lögregluyfirvalda þar sem einkanúmer er annars vegar og fastnúmer hins vegar. En það skiptir engu máli þótt númeraspjöldin séu aðgreind og ekki hægt að setja einkanúmer með sama fyrirkomulagi, þ.e. tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum á sama átt og er í fastnúmerakerfinu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni því að nú líður að þingflokksfundatíma og forseti hugðist ljúka umfjöllun um þetta mál.)

Ræðumaður á langt eftir af ræðu sinni en þar sem ræðumaður er mjög samningslipur að eðli og upplagi lýkur hann máli sínu hér með.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það gleður forseta. Takk fyrir.)

[15:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram grafalvarlegar umræður um þetta mikilvæga mál sem er náttúrlega þess eðlis að það ryður öllum öðrum málum frá. Ég skildi ekki tilgang þessa máls í upphafi en nú hef ég fengið margar góðar skýringar á því. Ein sú besta er auðvitað hjá hv. þm. Árna Johnsen sem heldur því fram að fastnúmerakerfið sé í rauninni aðför að íslenskri tungu. Hann er því ekki bara að gera lífið svolítið skemmtilegt heldur er hann að bjarga ástkæra, ylhýra málinu líka. Með vissum hætti hefur hv. þm. rétt fyrir sér.

Hann sagði líka eins og hv. þm. Jón Kristjánsson að þetta væri meinlaust mál. Ég er ekki viss um að þetta sé rétt vegna þess að í þriðja lagi sagði hann að þetta væri til þess að undirstrika persónulegt samband. Það held ég að geti ekki verið mjög meinlaust í öllum tilvikum. Við gætum t.d. sett upp þannig veröld að hv. þm. Árni Johnsen fer á sinni rennireið um landið og er búinn að koma upp einkanúmeri sem á stendur: Eggert. Mundi það ekki valda írafári í umferðinni og jafnvel geta orðið til þess að einhvers konar slys hlytust af? Eða ef við tökum hið ágæta persónulega samband fyrrv. formanns Alþb., hv. þm. Svavars Gestssonar, við þann sem af honum tók, hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. Ef hv. þm. Svavar vildi undirstrika sitt persónulega samband við hann með því að hafa númeraplötu með sérnúmerinu ÓRG, mundu margir, sér í lagi alþýðubandalagsmenn, reka upp stór augu og aldrei að vita hvað mundi gerast í umferðinni þann dag.

En mér þótti merkilegt að hv. þm. Jón Kristjánsson lýsti því yfir að hann hefði fallist á að lækka verðið úr 50.000 kr. niður í 25.000 kr. vegna þess að eftir því sem verðið yrði lægra mundi ríkissjóður græða meira. Þá verður mér hugsað til þess, herra forseti, að andspænis Alþingishúsinu er skemmtileg verslun sem selur góðan vökva á flöskum. Margir kvarta undan því að hann sé allt of hátt verðlagður og ég er viss um að ef við notuðum þetta nýja efnahagslögmál formanns fjárln. og lækkuðum verðið mundu menn selja miklu meira. Afleiðingarnar kynnu hins vegar að verða dálítið drastískar þegar fram í sækti.

Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Árna Johnsen að ef menn eru að fara í svona breytingu á ekki að vera með svona há gjöld. Svo að maður tali hreint út þá nærir þetta vissar kenndir hjá fólki sem sumir mundu kenna við snobb. Það er í lagi. Menn mega vera snobbaðir ef þeir vilja. En það á að gera öllum kleift að vera jafnsnobbaðir. Ef menn vilja setja upp sérnúmer til þess að skera sig frá öðrum eiga menn líka að eiga kost á því án tillits til þess hvort þeir eru ríkir eða fátækir. Þess vegna er ég sammála hv. þm. Árna Johnsen um það að 50.000 kr. er allt of hátt verð og 25.000 kr. er það líka.

Þá kem ég að þætti hv. þm. Svavars Gestssonar. Það er sá þingmaður sem hér í sölum hins háa Alþingis hefur barist hvað harðast fyrir rétti lítilmagnans, rétti þeirra sem ekki hafa mikið umleikis. Hann vill að þeir eigi að njóta allra lífsins gæða til jafns við aðra. Nú hefur það komið fram að þetta er sérlega eftirsóknarvert sem hér er verið að lögfesta. Það gerir lífið skemmtilegt, sagði hv. þm. Árni R. Árnason og undir það tók annar gleðigjafi í þessum sölum, hv. þm. Jón Kristjánsson. Þá spyr ég hin fjarstadda hv. þm. Svavar Gestsson: Hvernig í ósköpunum stendur á því að hann ætlar að meina þeim sem hafa lítið umleikis að verða sér úti um þessa saklausu skemmtun með því að vera fastur í því að fjárhæðin eigi að vera 50.000 kr. eða jafnvel meira? Ég vil ekki segja að það eigi að gera það í tilefni af 1. maí, en ég held að það væri rétt að fella niður öll sérstök gjöld af þessu tilefni.

Að lokum þetta: Þótt hin háa allshn. sé að reyna að blekkja sjálfa sig og aðra með því að það sé ekki verið að setja upp tvöfalt skrásetningarkerfi, er mergurinn málsins nákvæmlega það sem hv. þm. Árni Johnsen sagði hér áðan: Það er verið að setja upp tvöfalt kerfi og menn eiga ekkert að vera að reyna að fela það. En þetta hefur skemmtigildi og þótt það kosti að það verði sett upp tvöfalt eða þrefalt númerakerfi er það allt í lagi. Eins og komið hefur fram á lífið á að vera skemmtilegt. Um það geta allir þingmenn orðið sammála á þessum góða degi.

[16:04]

Árni Johnsen *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég fagna undirtektum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar varðandi sanngirnismeðferð á þessu máli og að menn eigi að sitja þar við sama borð. Sumir líta á ákveðnar sérmerkingar sem snobb. Ég hef aldrei gert það.

Ég þekki ekki slíkt og hef heldur aldrei lagt í að fara í manngreinarálit. Mín reynsla er sú að það séu ekki rök fyrir því. Þegar upp er staðið munar kannski ekki einum sálminum til eða frá og því óþarfi að fara út í slíkt. En þetta er til margra hluta nytsamlegt. Eins og hv. þm. minntist t.d. á er Eggert fallegt nafn og væri falleg merking á bíl. Svo má nýta þetta á annan hátt. Ég minnist þess að einu sinni var ég á ferð með fyrrv. hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni í bíl hans um Vesturland og hann veifaði, ekki öllum bílum en sumum. Eftir nokkurn tíma spurði ég Friðjón Þórðarson hvort hann þekkti þetta fólk sem hann hafði veifað. Nei, sagði hann, en það var P-merki á bílnum. Þetta var svona persónulegt samband og kannski er þetta bara hluti af þeirri litlu tilveru sem við fjöllum um hér. Þetta er íslenskt fyrirbæri sem hefur verið á Íslandi alla þessa öld. Þótt við höfum farið út af sporinu í einhverju Evrópusamstarfskjaftæði fyrir tveimur árum, er ástæða til að kippa sér á rétta leið aftur og taka upp gamla stílinn í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 2. umr.

Stjfrv., 367. mál (gjald fyrir einangrun). — Þskj. 644, nál. 754.

[16:06]

Frsm. landbn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. á þskj. 754 um frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson skrifstofustjóra í landbrn.

Frv. var lagt fram þar sem í ljós hefur komið að í lögum um innflutning dýra skortir ótvíræða heimild til gjaldtöku vegna vistunar dýra í einangrunarstöðinni í Hrísey. Í nefndinni var lögð rík áhersla á að gjöldin yrðu ekki hærri en þörf krefði.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hjálmar Jónsson, Magnús Stefánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita Guðni Ágústsson, Egill Jónsson, Árni M. Mathiesen, Guðjón Guðmundsson, Ágúst Einarsson og Margrét Frímannsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Flugskóli Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 461. mál. — Þskj. 796.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skaðabótalög, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 399. mál (margföldunarstuðull o.fl.). — Þskj. 703, nál. 741, brtt. 729.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 729 kölluð aftur.
Brtt. í nál. 741 samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 271. mál (einkamerki). — Þskj. 506, nál. 744.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Brtt. í nál. 744 samþ. með 23:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SF, TIO, ÖJ, ÖS.

nei: ISigm, SJóh, SJS, SvG.

5 þm. (BH, JóhS, LB, RG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, DH, EgJ, FI, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JBH, JHall, KHG, KÁ, KH, LMR, MS, ÓÖH, PP, RA, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SJS, TIO, ÖJ.

nei: ISigm, SJóh.

7 þm. (BH, JóhS, LB, RG, SvG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁE, ÁRJ, DH, EgJ, FI, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JBH, JHall, KHG, KÁ, KH, LMR, MS, ÓÖH, PP, RA, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, ISigm, JónK, KPál, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SF, SJS, TIO.

7 þm. (BH, JóhS, LB, SJóh, SvG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁE, ÁRJ, DH, EgJ, FI, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JBH, JHall, KHG, KÁ, KH, LMR, MS, ÓÖH, PP, RA, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÖJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 17.–18. mál.

Fundi slitið kl. 16:18.

127. FUNDUR

mánudaginn 29. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 393. mál, þskj. 688. — 3. umr.
3. Skaðabótalög, frv., 399. mál, þskj. 866. — 3. umr.
4. Innflutningur dýra, stjfrv., 367. mál, þskj. 644. — 3. umr.
5. Umferðarlög, stjfrv., 271. mál, þskj. 867. — 3. umr.
6. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296. — 3. umr.
7. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297. — 3. umr.
8. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570, nál. 844. — 2. umr.
9. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — Frh. 2. umr.
10. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549, nál. 836 og 843. — Frh. 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 233. mál, nál. iðnn., þskj. 870; brtt. iðnn., þskj. 871.

Gjaldtaka ríkisins af skemmtiferðaskipum, 358. mál, svar samgrh., þskj. 864.

Skaðabótalög, 399. mál, þskj. 866.

Umferðarlög, 271. mál, þskj. 867.

Undirbúningur vegna flutnings ríkisstofnana, 498. mál, þáltill. HG, þskj. 868.

Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis, 65. mál, skýrsla forsrh., þskj. 869.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Eignir húsmæðraskólanna.

[15:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. Fyrirspurnin hljóðar svo: Hvernig er fyrir komið gjöfum sem gefnar voru húsmæðraskólum í landinu? Eins og þingheimur veit hafa flestir húsmæðraskólar landsins verið niður lagðir og hafa hætt starfsemi sinni. Ég hygg að aðeins einn slíkur skóli sé starfræktur, þ.e. Húsmæðraskólinn á Hallormsstað.

Skólunum voru gefnar margs konar verðmætar gjafir, svo sem listmunir í formi hannyrða, málverka, höggmynda o.s.frv. Mikil verðmæti liggja í munum þessum, bæði peningalega og ekki síst tilfinningalega hjá því fólki sem starfaði í skólunum og eins nemendum sem þar stunduðu nám.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrirspurnin er þess eðlis að mér er ókleift að svara henni óundirbúið þannig að ég verð að fá ráðrúm til þess að afla upplýsinga til þess að hægt sé að svara fyrirspurninni svo hæfir þannig að ég mælist til þess við hv. þm. að hann leggi fyrirspurnina fram og gefi mér tóm til þess að afla upplýsinga svo að henni verði svarað fullnægjandi.

Réttindi langtímaveikra barna.

[15:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. 7. maí 1993 var samþykkt þál. um réttarstöðu barna með krabbamein svo og annarra langtímaveikra barna. Í framhaldi af því var skipuð nefnd sem skilaði skýrslu til heilbrrh. 21. okt. 1993 og hún skilaði síðan nokkru seinna skýrslu til heilbrrh. þar sem lagðar voru fram mjög margar tillögur til úrbóta varðandi réttarstöðu langtímaveikra barna.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvað hafi verið gert til þess að framfylgja þeim tillögum sem komu fram í skýrslunni. Jafnframt vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort ráðuneytið hafi svarað erindi sem kom frá Styrktarfélagi krabbameinsveikra barna 24. maí 1995 þar sem lögð er áhersla á meðferð sjúklinga eftir að þeir hafa náð bata eða það sem kallað er síðbúnar afleiðingar hjá börnum sem hafa átt við veikindi að stríða í langan tíma og þurfa á aðstoð að halda og þá kannski fyrst og fremst aðstoð sálfræðings. Styrktarfélag krabbameinsveikra barna hefur ráðið sálfræðing og er með á sínum vegum til þess að aðstoða þessi börn en leitað var til hæstv. ráðherra fyrir um það bil ári og beðið um að ráðuneytið tæki sérstaklega á þessu.

[15:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér er lögð fram frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur vil ég geta þess að sú skýrsla sem hún vitnar í er notuð í frv. sem hér liggur fyrir þinginu um réttindi sjúklinga. Einmitt í þeirri skýrslu sem vitnað er í kemur mjög skýrt fram ýmislegt sem ábótavant er varðandi réttindi langsjúkra barna og að hluta til er það tekið inn í þetta frv. sem ég ræddi um.

[15:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í frv. þessu um réttindi sjúklinga eru tvær greinar þar sem eru sérstök ákvæði um meðferð sjúkra barna, þ.e. 26. og 27. gr., og þar er ekki í neinu tekið tillit til þeirrar skýrslu sem um er að ræða. Ég fullyrði það vegna þess að í umfjöllun fjmrn. um hvaða kostnaður hlýst af samþykkt þessa frv. er sérstaklega tekið tillit til þess að eina breytingin sem um er að ræða gagnvart langtímaveikum börnum er að það er kveðið á um að þau skuli fá kennslu á meðan þau eru inni á sjúkrastofnunum og það segir að í raun og veru

er ekki um neina breytingu að ræða frá því sem nú er. Frv. mun í heild sinni leiða til kostnaðarauka um 4–8 millj. kr. á ári þannig að það segir sig sjálft að þar er ekki gert ráð fyrir neinum leiðréttingum í samræmi við þá skýrslu sem nefndin skilaði.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að stærsti kostnaðaraukinn er varðandi aukin réttindi barna til náms á meðan þau dvelja á sjúkrahúsum. En það eru ýmis ákvæði í þessu frv. sem bæta réttindi langsjúkra.

[15:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Nei. Það eru í þessu frv. nokkur ákvæði í 27. gr., ekkert sem kveður skýrt á um hvernig eigi að útfæra þau og það segir mjög skýrt frá fjmrn.: „Ekki virðist að með frv. sé ætlunin að breyta núverandi fyrirkomulagi," þ.e. varðandi kennslu og nám sjúklinga meðan á dvöl á sjúkrahúsi stendur.

Mál starfsmanna Úthafsafurða hf. í Litáen.

[15:12]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. utanrrh. varðandi málefni Íslendinganna sem fluttir voru með valdi og gegn vilja sínum til Klaipeda í Litáen dagana 21. mars til 27. mars á skipinu Vydunas. Við komuna til Klaipeda lögðu Íslendingarnir um borð í skipinu fram kröfu um rannsókn á gerðum skipstjóra um mannréttindabrot. Ég vil því leggja fram þá spurningu til utanrrh.:

1. Hvað hefur utanrrn. aðhafst til aðstoða þá Íslendinga sem hér um ræðir?

2. Hafa íslensk stjórnvöld gert litáískum stjórnvöldum grein fyrir málinu og eðli þess?

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Utanrrn. hefur fylgst með þessu máli frá upphafi. Þetta mál er til sérstakrar meðhöndlunar í Litáen og er þar til rannsóknar. Mál þetta var tekið upp á fundi sem ég átti með utanrrh. Litáens mánudaginn 15. apríl sl. Þar tjáði ráðherrann mér að þeir hefðu fylgst með málinu og við fórum fram á að það yrði reynt að sjá til þess að allrar sanngirni yrði gætt í máli þessu.

Tveimur dögum síðar eða 16. apríl fór lögfræðingur á vegum utanrrn. til Litáens til að fylgjast með málinu. Hann hefur tekið saman skýrslu um það og utanrrn. mun fylgjast með málinu áfram. Hér er í eðli sínu um einkaréttarmál að ræða en þar sem hér koma fram ásakanir um mannréttindabrot hefur ráðuneytinu þótt rétt að fylgjast með málinu. Þar að auki er rekið mál út af samningnum sem slíkum sem er rekið fyrir gerðardómi í London en það er alveg ljóst að allt þetta mál er hið erfiðasta og ekki gott að segja hver verða úrslit þess og hafa valdið þeim einstaklingum sem hér eiga hlut að máli verulegum skaða.

Ráðuneytið mun sem sagt áfram fylgjast með málinu og reyna að gæta réttar íslenskra þegna eftir því sem við verður komið.

[15:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka ráðherranum fyrir svarið. Hann nefndi að til Litáens hefði farið lögfræðingur og fylgst með málinu þar og ég vil spyrja í framhaldi af því hvort eitthvað í skýrslu hans til ráðherrans gæfi tilefni til frekari aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Svar mitt er þetta: Ekki að svo komnu máli en við munum fylgjast með málinu áfram. Og ég vænti þess að stjórnvöld í Litáen geri það jafnframt því að þetta málefni er viðkvæmt. Við vorum sammála um það á fundi okkar þann 15. apríl sem ég hef áður vitnað til að það væri mikilvægt að ekkert kæmi upp sem gæti varpað skugga á hin góðu samskipti sem eru á milli þessara landa. Það er gagnkvæmur áhugi fyrir því hjá báðum aðilum. En auðvitað geta stjórnvöld ekki kveðið upp úrskurð í máli eins og þessu. Það verða dómstólar að gera. Þannig væri farið með málið hér á landi og við verðum að sjálfsögðu að virða það hjá þessari vinaþjóð að dómstólar þeirra verða að fjalla um þetta mál. En ég vænti þess að engum þyki óeðlilegt að við fylgjumst með því vegna viðkvæmni þess.

[15:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að það komi fram hjá íslenskum stjórnvöldum eða þau skilaboð berist að það verði ekki þolað að Íslendingum verði misboðið réttarfarslega. Við, nokkrir þingmenn sem vorum úti í Litáen nú á dögunum, urðum vör við það og okkur var sagt frá því að þarna væri dómskerfið og réttarkerfið ekki í sem bestum farvegi. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að slíkum málum verði fylgt eftir og að þeir Íslendingar sem þarna eru fái réttláta málsmeðferð.

[15:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við verðum að treysta því að réttarfar hjá þessari vinaþjóð sé fullnægjandi og ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til annars en ætla að svo sé.

Hitt er svo annað mál að það er mjög óvenjulegt að sendur sé sérstakur aðili til að fylgjast með deilumáli eins og þessu. Það hefur nánast ekki komið fyrir. Þess vegna þótti okkur rétt að tjá stjórnvöldum í Litáen frá því áður en af því varð og það voru engar athugasemdir gerðar við það. En í samskiptum þjóða verðum við að treysta á réttarfarið hvert hjá öðru þó ég ætli ekki að kveða upp neinn úrskurð um það. Ég er í engum færum um það. En ég hef líka hlustað á þá aðila sem þarna eiga hlut að máli og mér er fullljóst að þeir hafa verulegar áhyggjur af framtíð sinni.

Framtíð Kvikmyndasjóðs.

[15:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Síðastliðinn fimmtudag birtist grein í Morgunblaðinu eftir Guðnýju Halldórsdóttur kvikmyndaleikstjóra þar sem hún leggur til að Kvikmyndasjóður verði hreinlega lagður niður. Á sama tíma hefur það gerst að framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs hefur sagt upp störfum og skýrt það þannig að sér finnist hún ekki ná neinum úrbótum fram hjá sjóðnum heldur búi hann við stöðugan niðurskurð. Það er því ljóst að mínum dómi að það ríkir nokkur óánægja

varðandi stöðu Kvikmyndasjóðs og því vil ég beina spurningu til hæstv. menntmrh.: Hefur hann í hyggju að gera breytingar á starfsemi Kvikmyndasjóðs og ef svo er, hverjar þær munu vera? Það er ljóst að auknum verkefnum hefur verið bætt á Kvikmyndasjóð sem hefur auðvitað rýrt það fé sem hann hefur haft til kvikmyndagerðar og það er megingagnrýnin sem fram hefur komið að sífellt minna fé fáist til kvikmyndagerðar á meðan umfangið og ýmislegt sem fylgir rekstri sjóðsins fari vaxandi. En hyggst menntmrh. breyta þessu?

[15:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Lög um Kvikmyndasjóð hafa verið til endurskoðunar og ætlunin var að flytja frv. um endurskoðun á kvikmyndalögunum nú á þessu þingi en frá því var horfið m.a. vegna þess að ríkisstjórnin tók þá ákvörðun við afgreiðslu fjárlaga að afnema þau viðmiðunarákvæði sem verið hafa í ýmsum lögum og snerta m.a. Kvikmyndasjóð. Og eins og hv. þm. er kunnugt, þá er málum nú þannig háttað að það er samkvæmt ákvörðun á fjárlögum ár hvert hvaða fjárhæðir renna í Kvikmyndasjóð.

Þrátt fyrir þetta tel ég rétt að halda áfram vinnu sem var hafin og er lokið að nokkru leyti um endurskoðun á kvikmyndalögunum. Hvort það leiðir til þess að stöðu Kvikmyndasjóðs verður breytt ætla ég ekki að fullyrða núna, en það er ákvörðunarmál Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hve miklu fé er varið í sjóðinn. Eins og kunnugt er og þingmenn vita, þá eru þeir sem fá styrk úr sjóðnum ekki ánægðir með þær fjárhæðir sem þangað hefur verið veitt af Alþingi.

Önnur hlið er á þessu máli. Hún er sú hvort nokkru sinni er við því að búast að Kvikmyndasjóður sem starfar á núverandi forsendum, geti annað þeirri eftirspurn sem er eftir styrkjum úr sjóðnum og hvort það verði ekki að huga að styrkjum eða lánveitingum til kvikmyndagerðar á öðrum forsendum en mælt er fyrir um úr þessum sjóði, þar sem litið er á hann sem framlag til menningarmála. Hér er í raun og veru sprottin upp atvinnugrein kvikmyndagerðarmanna og þess er ekki að vænta að sjóður sem byggist á þeirri forsendu sem Kvikmyndasjóður gerir nú geti staðið undir þeim væntingum sem menn gera varðandi heila atvinnugrein. Þess vegna er það spurning sem ég hef varpað fram, m.a. á Iðnþingi, hvort það beri ekki að líta á þetta mál í öðru samhengi og líta til þeirrar staðreyndar að hér er kvikmyndaiðnaður orðinn atvinnugrein og fara þá svipaðar leiðir og aðrar þjóðir hafa gert varðandi stuðning við greinina.

[15:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Mér fannst mjög athyglisvert sem fram kom hjá honum undir lokin að það þurfi að leita annarra leiða til þess að fjármagna kvikmyndagerð. Ég vil taka undir það því að það er rétt sem fram kom hjá honum að kvikmyndagerð er orðin mikilvæg atvinnugrein sem skapar mörg störf og því á þessi grein skilið allan þann stuðning sem hægt er að veita henni. Við urðum einmitt vitni að því í morgun að það var verið að kvikmynda við Alþingishúsið. En það breytir ekki því að það eru í gildi lög um Kvikmyndasjóð og sú gagnrýni sem hefur verið sett fram á sjóðinn og starfsemi hans er þetta hvernig umbúnaðurinn í kringum sjóðinn hefur farið stöðugt vaxandi og að fjárveitingarnar fari í annað en sjálfa kvikmyndagerðina, kvikmyndasafnið og fleira slíkt. Því er svo komið að jafnvel þeir sem notið hafa styrkja úr sjóðnum eru farnir að leggja það til að hann verði hreinlega lagður niður með því umfangi sem nú er á sjóðnum og að peningunum verði varið beint til kvikmyndagerðar. En þetta er mál sem kallar á skoðun hér á Alþingi.

Brunamálastofnun.

[15:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. félmrh. lýtur að Brunamálastofnun og brunamálaskólanum. Brunamálastofnunin hefur verið án stjórnar og brunamálaskólinn án skólanefndar í tæpt ár.

Það kom fram á þingi Landssambands slökkviliðsmanna sem haldið var 9. mars sl. að í framsögu sinni hafði fulltrúi félmrn. boðað það að vinna væri í gangi með undirbúning að því að flytja þennan málaflokk til umhvrn. Landssambandið reyndar lýsti yfir stuðningi við það mál og hvetur til að fljótlega verði unnið að úrlausn málsins, ítrekaði vilja um gott samráð og gott samstarf við alla aðila sem að því vinna en hefur reyndar þungar áhyggjur. Landssambandið vísar til þess að á þeim tíma voru níu mánuðir liðnir frá því að afsagnir stjórnar Brunamálastofnunar og skólanefndar áttu sér stað og þeir leggja mikla áherslu á að stjórn verði sett yfir stofnunina og að kveðið verði á um starfrækslu brunamálaskólans í lögum.

Það hefur alltaf verið stjórn yfir þessari stofnun og skólanefndin hefur séð um málefni brunamálaskóla. Nú er það svo að brunamálastjóri einn er með allt forræði þessara mála. T.d. er það í höndum stjórnar að sjá um svokallaðan fræðslusjóð og úthlutun úr honum. Þar hefur stjórn úthlutað samkvæmt ákveðnum reglum og er erfitt að átta sig á hvernig með þau mál er farið og hefur verið farið nú þegar engin stjórn er. Sömuleiðis á skólanefnd að sjá um málefni brunamálaskólans. Það hefur t.d. orðið ágreiningur um skólagjöld og þau jafnvel verið talin brot á reglugerð og áhugavert að vita hvaðan heimildir voru til að taka gjöld í þeim skóla.

Virðulegi forseti. Tíminn líður og ef stjórnsýslubreytingar standa fyrir dyrum, þá er áhugavert að vita hvort von er á frv. frá félmrh., en annars: Hvar stendur málið og hversu lengi mun þessi þýðingarmikla stofnun verða stjórnarlaus og skólinn skólanefndarlaus?

[15:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er til athugunar að flytja stofnunina til umhvrn. og það er vinna í gangi við það. Nú er þeirri vinnu ekki lokið en það að sú vinna skyldi fara í gang, að flytja Brunamálastofnun undir forræði umhvrn., hefur orðið til þess að ég hinkra við frekari aðgerðir, enda held ég að starfsemi Brunamálastofnunar hafi ekki beðið neinn verulegan skaða af því. Ef hins vegar þessi vinna ber ekki árangur og menn komast að því að það sé ekki skynsamlegt að flytja hana, þá mun ég að sjálfsögðu skipa stjórn, enda hef ég fengið tilnefningu þar um. Ég var kominn af stað með frv. um breytingu á lögum um Brunamálastofnun sem hefur beðið afgreiðslu vegna þess að hin vinnan fór í gang. Það yrði á verksviði forsrh. að flytja þetta frv., þ.e. frv. um flutning stofnunarinnar á milli ráðuneyta þar sem þarna er málefni tveggja ráðuneyta.

Varðandi úthlutun styrkja úr sjóðnum, þá sendi brunamálastjóri mér tillögur sínar. Ég lét athuga þær vandlega

og staðfesti, þannig að ég ber ábyrgð á þeim ásamt með brunamálastjóra.

[15:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er fullkomlega ósammála hæstv. félmrh. varðandi það að ekki hafi skipt máli að það vantar stjórn yfir þetta fyrirtæki. Þarna var mikið samskiptavandamál á ferð. Það var vandi í stofnuninni og það hafa fleiri ráðherrar komið að því og það sauð upp úr á þessum tíma sem ég benti á, í kringum 9. maí í fyrra, með mjög afgerandi hætti. Það varð niðurstaða félmn., m.a. eftir að hún fór yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar, að það væri á ábyrgð ráðuneytis og ráðherra að reyna að ganga frá þessum málum. Þrátt fyrir það að brunamálastjóri sendi sínar tillögur til ráðherra varðandi úthlutun styrkja, þá er mér til efs að það sé lausn í málinu að það verði slík stjórn yfir stofnuninni að það séu ráðherra og brunamálastjóri sem fari með það sem áður var í höndum stjórnar.

Hins vegar vil ég árétta spurningu mína um skólagjöldin. Og ég vil spyrja ráðherra: Ef ekki verður af flutningi Brunamálastofnunar til umhvrn. núna í vor — nokkuð sem ég held að sé alveg ásættanlegt og að þar eigi hún heima — mun hann þá skipa stjórn til að þessi mál verði ekki í lausu lofti til hausts, því að það er mikill vandi að mati allra þeirra sem eiga sitt þangað að sækja?

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ef ekki verður af flutningnum þarf auðvitað að skipa stjórn því að þetta er bráðabirgðaástand, ég legg alveg sérstaka áherslu á það. Það hefur tafist lengur en ég ætlaði og það verður að ráða bót á því.

Hitt er annað mál að eins og lögin um Brunamálastofnun eru núna eru þau óskýr. Valdmörk á milli stjórnar og brunamálastjóra eru ekki nægilega skilgreind í lögunum. Frv. tók breytingum í meðförum Alþingis, því miður, og það varð til þess að valdmörk urðu óskýrari og fyrir bragðið kom upp sá styrr sem stóð um stofnunina í fyrravor. Ég vek athygli á því að ég held að Brunamálastofnun sé ekkert í hers höndum og það hafi verið tiltölulega rólegt og friðsamlegt um starfsemi hennar upp á síðkastið.

[15:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þekki þá breytingu sem varð í meðförum Alþingis og félmn. og tek undir það því miður og ég segi, því miður, vegna þess að sú sem hér stendur leiddi það nefndarstarf. Hins vegar er alveg ljóst af hálfu allra sem áttu sæti í félmn. á þeim tíma að menn töldu að þeir væru að skerpa línur og tryggja starfsemi þarna. Það var fyrst og fremst út af röngu mati á upplýsingum sem komu inn til nefndarinnar að þetta gerðist því að strax þá var mikill vandi orðinn í samskiptum þannig að ég tek undir að það er mjög mikilvægt að lagfæra það.

En ég spyr enn einu sinni, virðulegi forseti: Mun félmrh. skipa stjórn yfir stofnunina ef ekki tekst að flytja Brunamálastofnun undir umhvrn. í vor, jafnvel þó það verði áformað á næsta haustþingi þannig að mál verði ekki látin danka svona áfram ef það liggur fyrir?

[15:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er vanbúinn að svara þessari spurningu vegna þess að ég hef ekki alveg á reiðum höndum hvar sú vinna við yfirfærslu eða tilfærslu er stödd. Það er í því fólk á mínum vegum og frá umhvrn. Ég þyrfti að fá ráðrúm til þess að leita upplýsinga hjá því.

Ég vek athygli á því að nokkuð lifir enn þessa þings þannig að það er ekki öll nótt úti.

Tilhögun þingfundar.

[15:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa um fundarhaldið í dag. Fundur mun ekki standa lengur en til kl. 6.30 þannig að nefndum gefist tími til fundahalda. Þá vill forseti upplýsa að atkvæðagreiðslur fara fram eftir því sem umræðum lýkur um dagskrármálin á eftir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 393. mál (gildistökuákvæði). — Þskj. 688.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS.

23 þm. (BH, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JBH, KÁ, KH, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 873).

Skaðabótalög, 3. umr.

Frv. allshn., 399. mál (margföldunarstuðull o.fl.). — Þskj. 866.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS.

20 þm. (BH, DO, EOK, FI, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, HG, JBH, KH, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 874).

Innflutningur dýra, 3. umr.

Stjfrv., 367. mál (gjald fyrir einangrun). — Þskj. 644.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS.
19 þm. (BH, DO, EOK, FI, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, JBH, KH, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 875).

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 271. mál (einkamerki). — Þskj. 867.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÖS.
10 þm. (ÁRJ, HG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, BH, DO, EOK, FI, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, JBH, KH, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 876).

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296.

og

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297.
[15:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er fjalla þessi mál um sérstaka nemendaskatta sem hæstv. menntmrh. ætlar að leggja á nemendur í háskólum. Eins og fram hefur komið er þetta fyrsta menntamálið sem er keyrt í gegnum þingið og er komið mjög nálægt því að verða að lögum ef frv. verður samþykkt nú við 3. umr.

Við 2. umr. urðu talsverðar umræður um þetta mál og það er alveg augljóst að málið er ekki að fullu útrætt.

Við 2. umr. kom fram að frv. sjálft er mjög gallað. Þetta eru tvö frumvörp og það er aðallega mjög gallað að einu leyti. Í frv. stendur að upphæð skólagjalda eða nemendaskatta skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga eins og það er orðað. Það er ekki tekið fram með hvaða hætti við afgreiðslu fjárlaga endurskoðunin á að fara fram. Á hún að birtast í fjárlögunum, í hinni endanlegu gerð þeirra eða á hún að birtast með einhverjum öðrum hætti? Við 2. umr. sagði hæstv. menntmrh. að þessir nemendaskattar ættu að koma til endurskoðunar með sérstökum lögum sem flutt yrðu sem frv. til laga um breytingu á þessum lögum um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem við erum að ræða. Ég hefði þess vegna talið eðlilegra að hæstv. menntmrh. hefði við 3. umr. flutt breytingartillögur þar sem það væri tekið fram að breytingar á nemendaskattinum yrðu aðeins ákveðnar að lögum þessum yrði breytt. Þess vegna inni ég hæstv. menntmrh. eftir því hvort hann ætlar ekki að flytja frv. við 3. umr. eða brtt. við frv. við 3. umr. þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til þess hvað sem líður afstöðu manna til nemendaskattsins sem slíks hvernig þessum sköttum á að breyta. En það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir þannig að þar gildi engar geðþóttaákvarðanir og hvergi sé opið svigrúm fyrir þær að einu eða neinu leyti. Þetta atriði vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. um því að það er óhjákvæmilegt að fá við því nokkur svör.

Í öðru lagi tel ég að frv. eins og það lítur út sé gallað að því leytinu til að ég tel óhjákvæmilegt að skilgreina til hvaða verkefna má verja fjármunum sem aflast með þessum nemendaskatti. Hvaða verkefni eru það sem má verja fjármunum til af þessum sérstöku tekjum sem renna til Háskóla Íslands og hvaða verkefni eru það sem verða skilyrðislaust alltaf kostuð með fjármunum beint úr ríkissjóði? Hér er ég að vitna m.a. til fordæma úr öðrum lögum, m.a. lögum um framhaldsskóla. Þar stendur að heimilt sé að innheimta tiltekin gjöld til að standa undir ákveðnum kostnaði, t.d. pappírskostnaði, kostnaði við rekstur nemendafélaga og þess háttar. Það er alveg skýrt í framhaldsskólalögum. En jafnframt segir í framhaldsskólalögum að ríkissjóður standi undir launakostnaði framhaldsskóla og öðrum rekstrarkostnaði framhaldsskóla."

Ég hefði talið eðlilegt að hér væri kveðið skýrt á um að þessi gjöld, ef þau verða lögð á, verði að hámarki notuð í þessi tilteknu verkefni en jafnframt verði tekið fram að ríkið greiði launakostnað og annan rekstrarkostnað Háskóla Íslands þannig að það sé algerlega skýrt að hér er ekki verið að innheimta gjöld af nemendum til að borga venjulegan rekstur háskólans. Ég verð að segja það eins og er, hæstv. forseti, ef stjórnarmeirihlutinn er ekki tilbúinn til þess að taka af skarið í þessu efni ýtir það undir grunsemdir um að hér eigi að leggja á skólagjöld til þess að standa undir hinum venjulega rekstri háskólans.

Nú hefur það út af fyrir sig verið þannig að Sjálfstfl. hefur mjög lengi verið með þau sjónarmið að það gæti komið til greina að leggja á gjöld af þessu tagi til að standa undir rekstri. Á síðasta kjörtímabili barðist Framsfl. mjög ákveðið gegn því að svona gjöld yrðu lögð á til að standa undir rekstri. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir átti þá sæti í menntmn. og

tók þátt í því ásamt mér og fleiri stjórnarandstæðingum á því kjörtímabili að ráðast gegn skólagjöldum í framhaldsskólum. Hún viðurkenndi það á dögunum að þannig hefði það verið að Framsfl. hefði verið á móti skólagjöldum, sérstaklega í framhaldsskólum, og það er út af fyrir sig mál sem við skulum ræða þegar framhaldsskólafrv. kemur til meðferðar hvernig Framsfl. hefur haldið á þeim málum. En Framsfl. lagðist líka gegn skólagjöldum í háskólanum og hv. þm. Finnur Ingólfsson, nú hæstv. iðnrh. og viðskrh., beitti sér mjög í því máli að berjast á móti skólagjöldum á öllu háskólastiginu hvort sem það var Háskóli Íslands, Kennaraháskólinn eða aðrir skólar. Hann flutti um það langar og miklar ræður hér. Á sama tíma man ég eftir að það kom fram í ræðum hv. þm., núv. hæstv. ráðherra, að ef lögð yrðu á skólagjöld í þessum skólum, þá þýddi það að hækka yrði framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hann taldi það ekki mikla speki að halda þannig á málum. Nú sýnist mér að hann liggi sjálfur alveg flatur í þessum forarpytti, að það sé verið að leggja á gjöld á nemendur og á sama tíma verði að auka útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að standa undir því.

Þá spyr ég í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, sem við ræddum lauslega á síðasta fundi: Hvað með Lánasjóð íslenskra námsmanna? Hvar er það mál statt? Hvar er það mikla áhugamál Framsfl. statt? Framsfl. sem þóttist fyrir síðustu kosningar hafa áhuga á menntamálum. Svo kemur í ljós eftir kosningarnar að hann er jafndjúpt í vasanum á íhaldinu í þeim efnum og sumir voru á síðasta kjörtímabili. Það er enginn munur á Framsókn og þeim sem lengst gengu í þjónustunni við íhaldið á síðasta kjörtímabili. Hefði maður þó talið að ýmsir menn sem hafa unnið við skólamál á vegum hins opinbera á undanförnum árum og sitja ekki langt frá mér sýndu a.m.k. vott af samvisku í þá átt að stöðva yfirgang Sjálfstfl. eins og hann birtist í þessu frv. Það hefur ekki heyrst tíst í hv. þm. Hjálmari Árnasyni um þetta hrikalega mál sem hér er uppi og Framsókn barðist á móti á síðasta kjörtímabili með kjafti og klóm. Nú heyrist ekki neitt. Nú er þagnaður hinn mikli réttlætissöngur Framsfl. og þurfti ekki nema fimm ráðherrastóla undir þá til að þeir væru til friðs hér í þessari stofnun.

Nei, virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að fara aðeins yfir þetta með Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hvar er það mál á vegi statt? Hæstv. menntmrh. sagði að það yrði lagt fyrir þingið í haust. Hann sagði að hann væri á móti því að taka upp samtímagreiðslur. Ég veit ekki betur en hv. þm. Hjálmar Árnason sé í nefnd að endurskoða lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég vil spyrja hann af því að hann er hér: Er það tilfellið að Framsfl. hafi þegar fallist á það að falla frá aðalkosningamáli sínu í þessu máli, að taka upp á ný samtímagreiðslur námslána? Hæstv. menntmrh. sagði á dögunum að hann væri á móti því að taka upp samtímagreiðslur. Hver er skoðun Framsfl. í því efni? Er hún kannski engin? Er búið að þurrka hana út eins og fleira gott sem Framsfl. hafði með í för fyrir síðustu kosningar?

Lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna og þær breytingar sem voru gerðar á þeim og við börðumst gegn á síðasta kjörtímabili hér í þessum ræðustól og víðar í þjóðfélaginu, höfðu það í för með sér að námsmönnum hefur fækkað. Námsmönnum hefur fækkað mjög verulega, aðallega námsmönnum sem búa við minni efni. Einstæðum foreldrum í námi hefur fækkað. Það er alveg ljóst. Og það er líka ljóst að úr tilteknum byggðarlögum hefur orðið meiri fækkun á námsmönnum en annars staðar. T.d. er hlutfall fækkunarinnar á Vestfjörðum og Austfjörðum mikið meira en nemur fækkuninni t.d. hér á þessu svæði sem segir auðvitað sína sögu.

Hæstv. núv. menntmrh. hefur alltaf haldið því fram að það væri vitleysa að lögin um lánasjóðinn hafi breytt nokkru í þeim efnum. Hann hefur talið að lánasjóðslögin væru þannig að þau hafi engu breytt og engin áhrif haft til fækkunar. En hann hefur fundið annað sem fækkaði námsmönnum í Háskóla Íslands. Og hvað ætli það sé? Það eru skrásetningargjöldin, því að á síðasta hausti þegar hv. varaþm. Þjóðvaka, Mörður Árnason, kvaddi sér hér hljóðs út af Lánasjóði íslenskra námsmanna og spurði: Hvað á að gera í því máli? Verður lögunum breytt? Verða þau löguð? Og hv. þm. sagði: Breytingin hefur þýtt fækkun námsmanna. Þá sagði ráðherrann: Nei, það er ekki rétt. Fleira hefur komið til en breyting á lögunum um LÍN, t.d. hækkun skrásetningargjalda. Í því svari hæstv. menntmrh. við spurningu hv. þm. Marðar Árnasonar kom því fram að hækkun skrásetningargjalda, sú sem á að lögfesta, hefði þýtt fækkun námsmanna. Og ég held að það sé mjög mikilvægt að halda því til haga að hæstv. menntmrh. hefur viðurkennt að þau lög sem á að fara að afgreiða hafa þegar haft það í för með sér eða þessi framkvæmd, að námsmönnum hefur fækkað en ekki hitt, a.m.k. miðað við það sem hæstv. menntmrh. sagði þann 6. des. sl.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja fyrir hæstv. menntmrh. þrjár spurningar:

Í fyrsta lagi hvort hann vilji ekki breyta, einfaldlega til að gera hlutina skýrari, greininni sem fjallar um hugsanlegar breytingar á þessari upphæð, þessum nemendaskatti, sem hér á að leggja á.

Í öðru lagi hvort hann telji ekki eðlilegt og skynsamlegt að skilgreina þakið, þ.e. til hvaða verkefna í háskólanum fara þessi gjöld og hvaða verkefna ekki.

Í þriðja lagi vil ég svo spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki enn þá þeirrar skoðunar sem hann var í haust að skrásetningargjöldin hafi þýtt fækkun nemenda í háskólanum. Það sagði hann í haust. Er hann enn þá þeirrar skoðunar eða hvað?

Jafnframt vil ég að lokum, hæstv. forseti, lýsa fullri andstöðu míns þingflokks við þessi frv. bæði og við munum greiða atkvæði gegn þeim.

[15:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér er um breytingar á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, að ræða. Það er verið að breyta 21. gr. háskólalaganna á þann veg að setja þar inn ákveðna fjárhæð, 24 þús. kr., sem skrásetningargjald. Það er alveg ljóst að þessari fjárhæð verður ekki breytt nema háskólalögunum verði breytt. Það er því alveg út í hött hjá hv. síðasta ræðumanni að láta eins og hér sé um eitthvert vafaatriði að ræða og það þurfi að setja einhverjar sérstakar formúlur inn í þetta lagafrv. frekar en svo mörg önnur sem við erum að fjalla um að því er varðar breytingar á frv. eða á lögunum eftir að Alþingi hefur samþykkt það. Fjárhæðinni verður ekki breytt nema háskólalögunum verði breytt þannig að það er alveg ljóst og engin spurning um það og þarf ekki að bæta neinu við lagatextann til þess að það sé skýrt. Hér er lögbundið að um 24 þús. kr. skrásetningargjald sé að ræða. Eigi að hækka gjaldið eða lækka það verður að breyta lögum um Háskóla Íslands.

Til hvaða verkefna? Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði við 2. umr. um þetta mál. Ég tel að hér hafi verið valin þessi leið, að tilgreina fjárhæðina sérstaklega án þess að tíunda verkefnin. Hin leiðin var einnig fær að hafa enga fjárhæð heldur tíunda verkefni. Hér er þetta gert svona og er skýrt og afdráttarlaust. Í greinargerð liggur fyrir hvaða verkefni er um að ræða ef menn vilja skilgreina gjaldið. Ég minni á að allt að 10% af gjaldinu á síðan að renna samkvæmt samningi til Háskóla Íslands og stúdentaráðs Háskóla Íslands. Og það verður full ástæða fyrir menn að fylgjast með því hvernig að því máli verður staðið og hvernig að þeirri samningsgerð verður staðið og hvað mun falla undir hana. Drög að slíkum samningi eru birt með sem fskj. Í þannig að ég lít á það sem skyldu þeirra sem hér starfa að fylgjast með því um hvað er samið að því er þetta varðar og menn eigi að átta sig á því að þetta er hluti af þessu gjaldi. Einnig er rætt þarna um gjald til Félagsstofnunar stúdenta. En hún hefur lögbundnum hlutverkum að gegna þannig að það liggur alveg skýrt fyrir til hvers þeir fjármunir renna.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. ræðumanni að í svari mínu við fyrirspurn — ég man ekki hvernig það bar að frá hv. varaþm. Merði Árnasyni sem hér sat — kom það fram að skrásetningargjöldin og hækkun þeirra hefði leitt til þess, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og við vitnuðum til í 2. umr. um málið, að mun betur hefur verið staðið að öllu skipulagi við innritun stúdenta. Það hefur m.a. leitt til þess að menn hugsa sig tvisvar um áður en þeir láta innrita sig í háskólann vegna þess að það kostar þó þessa fjárhæð. Þetta hefur auðveldað allt starf í háskólanum og skipulag hans og er sjálfsagt að taka það með. Það væri rangt ef menn væru að fjalla um þetta að taka þetta ekki með því að þetta hefur haft sín áhrif. Ég skorast ekkert undan því og tel að það sé ekkert athugavert við það í sjálfu sér. Ég tel að þetta gjald sé ekki þannig og ekki óbærilegt fyrir neinn sem hefur áhuga á því að stunda nám við Háskóla Íslands.

[15:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi einmitt komið að kjarna málsins í lokaorðum ræðu sinnar rétt áðan, varðandi það hvort þetta væri óbærilegt gjald, óbærileg gjaldtaka. Þó að upphæðina, 24 þús. kr., eigi nú að lögfesta þá vil ég benda á að háskólalögum er hægt að breyta. Mig rennir í grun að hæstv. ríkisstjórn muni ekki reynast það erfitt að hækka þetta gjald telji hún þörf krefja vegna þess að hér er verið að stíga fyrsta skrefið í átt til lögtöku skólagjalda á Íslandi. Gera hv. þm. sér grein fyrir því? Það er bara stigsmunur á því hversu langt skuli fara en ekki eðlis. Hvenær verður svo komið að skólagjöld í Háskóla Íslands verði 100 þús. kr., verði 150 þús. kr.? Hverjir hafa þá, hæstv. menntmrh., efni á því að fara í háskólanám á Íslandi? Það verður ekki alþýða manna eins og verið hefur á undanförnum áratugum og er líklega aðal íslenska menntakerfisins. En því skal nú breytt af hæstv. ríkisstjórn.

Hér hefur verið vitnað í orð sem hv. þingkona Kvennalistans, Guðný Guðbjörnsdóttir, lét falla í 1. umr. um þetta mál, og það er rétt hjá hæstv. ráðherra að hún fagnaði fram komnu frv. en um leið, og í þau orð hefur hæstv. menntmrh. ekki vitnað, dró hún í efa að skráningin kostaði þetta mikið fé. Það kemur skýrt fram í nefndaráliti frá hv. þingkonu að hér sé verið að lögleiða skólagjöld, dulbúin skólagjöld, og því mun þingflokkur Kvennalistans greiða atkvæði gegn þessum frv.

[15:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hér er verið að gera er að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis. Hann benti á að það væri nauðsynlegt að setja skýrari lagastoðir undir innheimtu skrásetningargjalds í Háskóla Íslands en verið hafa við lýði um langt árabil og stúdentar hafa staðið að jafnt sem háskólayfirvöld. Eins og áður hefur komið fram snúast þessar deilur um fjárhæðir en ekki um það hvort hér eigi að leggja á skrásetningargjald eða ekki. Og það liggur fyrir að brtt. frá Alþb. og Þjóðvaka, ef ég man rétt, eða Alþb. og Alþfl. ganga út á það að (**Gripið fram í:** Þetta er það sama.) fjárhæð gjaldsins eigi ekki að vera jafnhá og hér er lagt til. Menn eru því ekkert að taka upp þessa stefnu nú og lögfesta í fyrsta sinn skrásetningargjöld við Háskóla Íslands. Það er verið að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis vegna gjalda sem innheimt hafa verið og skýra réttarstöðu þeirra sem að málinu koma og ákveða þannig þessa fjárhæð.

Ef Alþingi ákveður að fara með fjárhæðina upp í 100 þús. kr. eða 150 þús. kr., þá þarf að vera meiri hluti á hinu háa Alþingi til þess að slíkar ákvarðanir séu teknar. Hér er lagt til að gjaldið verði 24 þús. kr. Ef meiri hluti er fyrir því að það verði 100 þús. kr., þá mun það koma í ljós. Sumir vilja að það sé 9 þús. kr. Ég og ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir standa að því að það verði 24 þús. kr. og skiptist eins og gerð er grein fyrir í frv. og greinargerð með því.

[15:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um upphæð gjaldsins. Innritunargjald í Háskóla Íslands var fyrst hækkað skólaárið 1992–1993, ef ég man rétt, og það var vegna skertra framlaga til Háskóla Íslands. Auðvitað hangir þetta saman við tölur. En tækifærið var notað til þess að hækka svokallað innritunargjald og í raun og veru búið til skólagjald úr innritunargjaldi. Um það snýst þetta mál.

[15:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki stillt mig um að eiga nokkur orð við hæstv. menntmrh. og blanda mér í þá umræðu sem hér fer fram um svokölluð innritunargjöld eða skólagjöld. Af því að þetta hefur verið mál sem hefur snert mig og mínar skoðanir mjög sterklega, þá verð ég að rifja upp hvernig þróun umræðu er og hvar við erum stödd á þessum tímapunkti miðað við umræðuna eins og hún var.

Ætli það séu ekki tvö til þrjú ár síðan að við vorum að ræða um þessi mál við fjárlagagerð. Þegar verið var að ákveða það að færa innritunargjöld, nú kölluð skrásetningargjöld, inn í fjárlögin — Virðulegi forseti. Það hefur tíðkast um nokkurt skeið að þegar við þingmenn erum að eiga orðastað við ráðherra, þá þurfa samflokksmenn gjarnan að eiga prívatviðræður við ráðherra í sal svo að nú ætla ég að hinkra ögn við með minn málflutning.

(**Forseti** (ÓE)**:** Vill þingmaðurinn halda áfram ræðu sinni?)

Þingmaðurinn ætlar að halda áfram ræðu sinni af því að hann telur að nú muni ráðherra gefa sér tíma til þess að hlýða á hana.

Þegar verið var að ræða hvað fælist í því að flytja innritunargjöld, nú kölluð skrásetningargjöld, inn í fjárlög, þá var lögð gífurlega mikil áhersla á það að þessi gjöld væru

til staðar. Í framhaldsskólunum voru þau til staðar. Það voru ákvæði um að skólanefndir framhaldsskólanna t.d. hefðu heimildir til þess að ákveða hver þessi svokölluðu innritunargjöld ættu að vera. Í innritunargjöldunum fólst innheimta félagsgjalda fyrir nemendur, ýmiss konar efnisgjald og kaffisjóðir og það var dálítið mismunandi hvað í þessu fólst. Mér er kunnugt um hversu mismunandi það var því að þingmenn úr þingflokki Alþfl. tóku sig til og höfðu samband við flesta skóla og báðu um upplýsingar um hvað innheimt gjald væri og hvað fælist í því. Þá var verið að leggja áherslu á að það væri verið að samræma á milli skóla, það væri verið að samræma gjöld vegna þess að það væri óeðlilegt að mismunandi innritunargjöld væru innheimt frá einum skóla til annars. Þá var ekki verið að flytja gjöldin inn í ríkisreksturinn til að verða að einhvers konar tekjum ríkisins, aldeilis ekki. Þetta voru samræmisgjöld og þar með væntanlega réttlætisaðgerð.

Mörg okkar sem tókust á um þetta mál héldu því fram að með því að taka slíkt gjald inn í fjárlög væri það komið inn á tekjupóst ríkisins og þó það í upphafi væri lítil og lág upphæð, þá væri skrefið svo stórt þegar gjaldtakan væri flutt inn í fjárlög og skráð á hvern einasta skóla að þaðan í frá yrði mjög einfalt að hækka upphæðina. Þaðan í frá væri það eins og hver önnur ákvörðun ráðuneytis að hækka upphæðina og það væri miklu meiri hætta á því að slík upphæð í tímans rás mundi þróast í hefðbundin skólagjöld en ef þetta væru efnis- og félagagjöld ákvörðuð af viðkomandi skólanefnd miðað við upplýsingar sem lægju fyrir og heimilt að taka gjöldin sem slík.

Nú er einnig, virðulegi forseti, lögð mikil áhersla á það af hálfu hæstv. menntmrh. að ekki sé ágreiningur um að einhver gjöld séu innheimt heldur sé verið að hengja sig á upphæðina. Það má ekki einfalda þessa umræðu svona því það er djúpstæður ágreiningur um eðli innheimtunnar. Ágreiningurinn er um það hvort það sé opnuð leið til þess að innheimta gjöld og gera slíka gjaldtöku að tekjupósti fyrir skóla, hvort heldur framhaldsskóla eða háskóla, Háskóla Íslands fyrir sunnan eða Háskólann á Akureyri. Og með því að svæfa vitund okkar í þessu efni mun það gerast einn góðan veðurdag að við erum komin með eins konar hefðbundin skólagjöld í íslenskum skólum. Þetta er kjarni umræðunnar. Þetta er kjarni andófsins. Þá: Að taka þessi gjöld inn í framhaldsskólann og inn í fjárlög ríkisins. Nú: Að tala um þessar krónur, 24 þús. kr., hvað í þeim felst, vegna þess að það er verið að tala um þetta skref sem stigið er inn í skólagjaldaframtíðina.

Virðulegi forseti. Í raun og veru þarf ég ekki að hafa fleiri orð um þetta vegna þess að málið snýst um þetta, þ.e. ótta þeirra sem vilja ekki þjóðfélag með skólagjöldum, þjóðfélag sem sorterar nemendur, þá sem hafa efni á og þá sem hafa ekki efni á. Það snýst um ótta þeirra við að hleypa því lausu að einhvers staðar í ráðuneytum sitji einstaklingar með völd sem ákveði: Nú á þessu hausti vil ég að gjaldið verði þetta. Og að annað haust komi annar sem vill enn þá hærra gjald. Það er þetta sem við, hverju sinni með hverju litlu skrefi, erum að gera mögulegt. Ég minni á að við fjárlagaumræðuna í haust gerðist það að við sem erum vön bandormum af ýmsu tagi fengum einn svæsinn bandorm. Hann var hreinlega með „þrátt-fyrir"-ákvæðum af þeirri gerð að nú skyldi bara afnema allt sem áður hafði gilt um lagasetningu um að svo og svo mikill hluti fjárlaga skyldi renna til þessa eða hins verkefnisins, bara afnumið í einu skrefi. Þannig höfum við líka fengið bandorma og ég hef sjálf átt þátt í því með bara allt önnur verkefni, að vera að taka á upphæðum eins og í ýmsum þjónustugjöldum ríkisins með mjög mikilli hækkun á einhverjum tíma. Þetta gerist óhjákvæmilega þegar við erum með gjaldtökuheimild, þegar við erum með farveg og vasa þar sem gjöldin renna, að það verði mjög auðvelt á einhverjum tíma að segja: Nú vantar pening hér. Hvernig förum við að? Jú, hækkum gjöldin. Um þetta snýst umræðan. Óttinn er við „þrátt-fyrir"-ákvæðin sem koma, e.t.v. ekki í haust, e.t.v. næsta haust, þar sem segir: Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skal gjaldið ekki vera 24 þús. heldur 34 eða 48 eða hvað það yrði.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi komið máli mínu mjög vel til skila með það að þetta snýst ekki um 24 þús. kr. Þetta snýst um grundvallarbreytingar og grundvallarrétt í okkar þjóðfélagi.

[16:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Viðhorf mitt gagnvart því sem hér er að gerast liggur fyrir þar sem ég hef setið fundi menntmn. og er sammála því áliti sem hér er fram borið af 2. meiri hluta menntmn. Ég vil samt ekki láta hjá líða vegna umræðunnar að taka þátt í henni til þess að undirstrika þann ótta sem menn hafa lýst á undan mér varðandi það skref sem hér er verið að stíga.

Það er mjög slæmt, herra forseti, þegar skref sem þetta eru stigin og reynt að koma í veg fyrir að menn séu þá meðvitað að gera það sem í raun er verið að gera hér, þ.e. að lögfesta tiltekna upphæð sem skrásetningargjöld enda þótt það megi öllum læsum vera ljóst að það er auðvitað verið að fara út um víðan völl hvað varðar gjaldtöku. Ef menn bera saman annars vegar þá skilgreiningu sem liggur fyrir, svo að ég taki t.d., í því frv. til framhaldsskólalaga sem hér er, þar sem er verið að skilgreina skrásetningargjöld, og síðan það sem við sem stöndum að áliti 2. minni hluta menntmn. erum tilbúin að skilgreina sem skrásetningargjöld, þá eru þau gjöld óravegu frá þeirri upphæð sem hér er verið að tala um. Mismunurinn er skólagjöld. Og það er mjög miður þegar menn eru að framkvæma kerfisbreytingu að menn skuli þá ekki vilja horfast í augu við þá kerfisbreytingu vegna þess að henni fylgir annar hugsunarháttur. Ég held að það sé betra að menn gangist við honum strax og það sé tekið á honum sem slíkum.

Sá ótti sem menn hafa hér lýst gagnvart því að ekki verði látið staðar numið er ekki óeðlilegur. Eðlilega óttast menn það þegar farið er fram með þessum hætti, þ.e. verið að breyta grundvallaratriðum án þess að menn vilji viðurkenna það, að þá finnist mönnum kannski ekki svo mikið mál að fara í stórar breytingar á þessari upphæð. E.t.v. má tína eitthvað fleira til sem einhverjir gætu hugsað sér að flokka sem skrásetningargjöld, hver veit? Ég deili hins vegar ótta þeirra sem telja að með þessu sé verið að opna fyrir breytingu á þeim grundvallarrétti sem hefur verið í okkar samfélagi, þ.e. að háskóli eigi að vera fyrir alla og eitthvað sem heitir skrásetningargjald eigi a.m.k. ekki að koma í veg fyrir það — ég tel að sá ótti sé alveg fullkomlega réttmætur. Þess vegna mun ég greiða atkvæði gegn því frv. sem hér liggur fyrir um skrásetningargjöld til Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar.

[16:11]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ein af þeim sem með Svanfríði Jónasdóttur og Lúðvík Bergvinssyni stóð að 2. minnihluta-

áliti frá menntmn. varðandi þetta gjald. Það var alveg ljóst að við lögðum þar fram brtt. Í þeirri brtt. föllumst við í sjálfu sér á innritunargjald eins og hæstv. menntmrh. sagði, þ.e. við föllumst á þann kostnaðarlið sem rennur beint til hagsmunagæslu stúdenta og við föllumst á þann hluta sem sannanlega telst kostnaður við innritun. Þetta voru 9 þús. kr. Þessi brtt. var felld og það var mjög eftir því tekið í salnum að framsóknarmenn stóðu að því að fella þessa tillögu vegna þess að ég hélt, eftir að hafa fylgst með þeim svolítið á síðasta kjörtímabili, að þeir væru sérstakir baráttumenn gegn töku skólagjalda. En það kom heldur betur annað í ljós. Þetta var akkúrat þeirra hjartans mál.

Það má segja að orsökin fyrir því að þessi frv. eru fram komin sé auðvitað þetta álit umboðsmanns Alþingis vegna skólagjalda sem háskólinn setti á í nauðvörn veturinn 1991–1992 þegar stórlega höfðu verið skorin niður á fjárlögum framlög til Háskóla Íslands. Ég vil minna á að þessi aðstaða getur komið upp aftur. Í lagafrv. segir:

„Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert." Það er eins og manni finnist að ýmsum kunni að finnast að sér kreppt við afgreiðslu fjárlaga og það kunni að vera litið á það sem færa leið að fara inn í þessa grein frv. og hækka skólagjöld til Háskóla Íslands svo að minna þurfi að greiða þangað. Ég lít þannig á að þessi 24 þús. kr. séu að stærstum hluta rekstrargjöld. Ég tel okkur í minni hluta menntmn. hafa farið mjög nákvæmlega ofan í hvað sá hluti var stór sem fer til innritunar og hagsmunagæslu stúdenta þannig að munurinn er orðinn þarna að mér sýnist 17 þús. kr.

Í kosningum sl. vor voru allir flokkar sammála um að menntun væri besta fjárfestingin. Nú bregður svo við að þetta fyrsta frv. sem hæstv. menntmrh. virðist ætla að koma í gegnum þingið gerir ráð fyrir að lögfesta skólagjöld í háskólum og þar með auka hættuna á mismunun. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að í háskólum á Norðurlöndum eru engin skólagjöld. Ég hefði óskað þess að við Íslendingar hefðum tekið okkur það til fyrirmyndar og reynt að reka skólakerfi okkar þannig að ekki væri gert ráð fyrir fjárframlögum frá nemendum til rekstrar.

Að lokum vil ég vekja athygli á alveg sérstökum galla sem er á þessu frv. Það eru margir hópar, einkum þeir sem ekki eru kannski fjársterkir en eru samt að reyna að brjótast í að ná sér í ákveðin réttindi með háskólanámi eða viðbótarnámi og vil ég þar til nefna kennara sem eru í svokölluðu réttindanámi og það eru auðvitað margir fleiri hópar. Það er ekki gefinn kostur á því að þeir sem eru í hlutanámi í háskólanum fái leyfi til að borga ákveðinn hluta af þessu gjaldi. Það verður að borga alveg fullt gjald allan þann tíma sem námið stendur yfir þó menn séu að taka einn og tvo kúrsa. Þetta tel ég alvarlegan ágalla á frv. hljóti að vera öllum augljós, meira að segja þeim sem vilja fara þessa hættulegu braut að leggja á skólagjöld.

[16:16]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum áðan varðandi þrjú atriði. Þó að ég harmi að sjálfsögðu hvernig hann svaraði þykir mér gott að hann lét koma fram hvaða skoðun hann hefur á málinu.

Það er þá í fyrsta lagi það atriði sem hann vék að en ég lét það koma fram í ræðu minni að ég teldi að ef þetta yrði að lögum væri nauðsynlegt að láta koma fram í lagatextanum að upphæðinni verði því aðeins breytt að lögum verði breytt, þ.e. þessum lögum en ekki bara við afgreiðslu fjárlaga. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði og þetta er ekkert smámál og þetta er ekkert lagatæknilegt mál. Þetta er stórmál fyrir menntmrn. að mínu mati. Ef þessi formúlering er inni eins og hún stendur í frv. núna er frumkvæðisrétturinn í málinu miklu frekar í höndum fjmrn. en góðu hófi gegnir. Við vitum alveg nákvæmlega hvernig það gengur fyrir sig þegar gerðar eru tillögur til fjárlaga á hverju ári. Það gengur þannig fyrir sig að viðkomandi fagráðuneyti gerir tillögur og síðan svarar fjmrn. með gagntillögum eða breytingum og stundum gengur þetta þannig fyrir sig í seinni tíð að það er samþykkt í upphafi í ríkisstjórninni ákveðinn rammi fyrir hvert ráðuneyti. Það er auðvitað alveg augljóst mál að það er freistandi að ekki sé meira sagt fyrir viðkomandi ráðherra að leysa hnúta á einum stað í útgjöldum sínum eða fjárhagsramma með því að benda á leið eins og þá sem felst í þessum texta, þ.e. að skólagjöldunum verði breytt við afgreiðslu fjárlaga.

Þetta er auðvitað þeim mun brýnna, hæstv. forseti, sem það hefur komið fram í þessari umræðu í svari við fyrirspurn frá hv. 19. þm. Reykv. að ráðherrann útilokar það ekki neitt að miða við þennan ramma sem hér er, þá geti þessi upphæð ekki bara verið 25 þús. heldur 50 þús., 100 þús. eða 150 þús. Ég held að það sé mjög alvarlegur hlutur sem hér hefur komið fram að þessu leytinu til að hæstv. menntmrh. opnar fyrir þann möguleika að fjmrh. eða aðrir taki það upp að þetta gjald megi hækka og ekkert í lögunum takmarki það til hvaða verkefna þetta gjald verður notað. Þess vegna er grafalvarlegt mál í hvaða samhengi hæstv. menntmrh. svarar fyrirspurn minni í þessu sambandi vegna þess að hann hefur opnað fyrir það, já, þessu verði breytt með lögum en það geti út af fyrir sig miðað við skilgreiningatakmörkin hér orðið 50 þús., 100 þús. eða 150 þús. Það eru býsna mikil tíðindi.

Það er líka annað en það sem menntmrh. sagði við 1. umr. um þetta mál þegar hann sagði að það kæmi ekki til greina miðað við óbreytta kostnaðarsamsetningu háskólans að fara í þessar upphæðir. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. miðað við stöðu málsins eins og það er núna, kostnaðarsamsetningu háskólans eins og hún er í dag, hvort það séu einhverjir fleiri liðir sem hann telur hugsanlegt að leggja á skólagjöld fyrir samkvæmt þeim formúlum sem liggja fyrir í þessu frv. Væri svigrúm að hans mati til þess miðað við anda laganna ef þetta verður samþykkt og annað, að fara miklu hærra með þessa tölu? Hversu hátt þá? Það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari því. Erum við að opna fyrir þann almenna lagaskilning að menn geti verið að fara í 50 þús., 100 þús. eða 150 þús. eða 10 þús. á mánuði eða hvað það nú er?

Í öðru lagi þakka ég hæstv. menntmrh. fyrir það svar sem hann gaf varðandi það að skilgreina ætti til hvaða verkefna þessir fjármunir færu um leið og ég harma það að hann skuli ekki vilja fallast á að þetta verði skilgreint takmarkaðar, m.a. út af því sem ég nefndi áðan. Ég bendi á það, hæstv. forseti, að eins og greinargerð stjfrv. lítur út er hægt að borga allt með skólagjöldum. Þar er í raun allt talið upp sem nöfnum tjáir að nefna í rekstri háskólans þannig að það er hlutur sem er ekki auðveldur fyrir Alþingi að taka á með þeim hætti sem ætlast er til að hér verði gert að ráðherrann segir: Þetta má hækka upp úr öllu valdi og hins vegar liggur fyrir að í greinargerð frv. er allt talið upp sem nöfnum tjáir að nefna í rekstri háskólans nema hörðustu kennaralaun í allra þrengsta skilningi. Allt annað má borga með þessum skólagjöldum. Er það það sem menn ætlast til? Er það það? Hér

eru þingmenn úr stjórnarflokkunum sem eru í menntmn., hv. formaður menntmn. og hv. þm. Hjálmar Árnason. Eru þau sammála því að það sé hægt að kýla þetta upp úr öllu valdi miðað við þá skilgreiningu sem þarna liggur fyrir í frumvarpsgreinargerðinni? Eins og hún er þá er það þannig og er stórhættulegt.

Síðan vildi ég aðeins víkja að því sem kom fram í umræðunum hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að auðvitað er þetta grundvallaratriði sem menn eru að takast á um. Vilja menn skólagjöld eða vilja menn ekki skólagjöld? Það er alveg rétt sem hér var sagt áðan að verið er að stíga skref í þá áttina að leggja almennt á skólagjöld í landinu og heimila það. Því miður hafa menn farið út í það að það hefur verið heimilað að leggja á skólagjöld til framhaldsskóla og það er heimilað að leggja á skólagjöld til grunnskóla. Einkaskólar á grunnskólastigi leggja á skólagjöld. Ég sé ekki betur en með þessu sé verið að *lögfesta tiltekna vegferð sem er stórhættuleg* gagnvart þeim lífskjarajöfnunargrundvelli sem skólinn þarf að standa á í þjóðfélaginu. Ég tek alveg undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að það var varasamt fyrir Alþfl. á síðasta kjörtímabili að leggja inn á þessa braut, það var varasamt. Það var alveg rétt sem hún sagði að hún óttaðist þá og það hefur komið í ljós að er rétt að það yrði haldið áfram á þessari braut. Því miður er það þannig að vinir mínir framsóknarmennirnir halda áfram á þessari braut þó að þeir hafi sagt annað fyrir síðustu kosningar. Þetta fór þannig með Alþfl. að hann klofnaði. Hann var í tvennu lagi í síðustu kosningum vegna þess að stjórnarsamstarfið við íhaldið reyndi svo á hann að hann sprakk. Ég er ekki að spá Framsfl. einu eða neinu í þessum efnum en ég sé að það er *heldur að ganga af honum og það er nokkurt umhugsunarefni* að sá sem ber alla ábyrgð á þessu, sem er íhaldið, fitnar og tútnar út meðan heldur gengur á þá flokka sem eru til fylgilags með íhaldinu, fyrst kratarnir og svo Framsókn. Það er nokkurt umhugsunarefni og auðvitað staðfestir það sem við höfum sum verið að segja að það borgar sig ekki mikið að efna til félagsskapar með íhaldinu um stjórn landsins. Það er ekki mjög skynsamlegt vegna þess að flokkar sem þykjast vera vinstri flokkar í stjórnarandstöðu, missa auðvitað allan trúverðugleika þegar þeir lenda í flatsænginni með íhaldinu með þeim hætti sem menn þekkja.

Þess vegna held ég, hæstv. forseti, að það sé alveg rétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á áðan og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir að hér er um að ræða pólitísk grundvallaratriði. Þetta er ekki bara eitthvert gjald, einhver tala, eitthvert frv., eitthvert hundrað sem hér fer í gegn. Hér er um að ræða pólitísk grundvallaratriði. Hverjir eiga að stunda nám? Á fólk að geta stundað nám eftir vilja sínum, áhuga og getu eða á fyrst að spyrja: Geturðu borgað? Á fólk að fá lækningu eftir þörfum á *heilsugæslustofnunum* eða á fyrst að spyrja: Geturðu borgað? Um þetta snýst öll pólitík nú til dags. Eða vilja menn kosta skólana eða sjúkrahúsin með því að leggja á skatt eftir efnum og ástæðum eins og við höfum lagt áherslu á og vinstri flokkar og jafnaðarmannaflokkar um heim allan hafa sameinast um? Hér er komið að þessum skurðpunkti og það er dapurlegt að flokkur Jónasar frá Hriflu og félaga skuli lenda í þessu með Sjálfstfl. Að sama skapi er gleðilegt að Alþfl. skuli vera að rífa sig upp úr þessu svelli, það er ánægjulegt, en sorglegt að horfa á eftir Framsfl. ofan í þetta forardíki. En það breytir ekki því að það er óhjákvæmilegt að á þessu máli sé tekið í umræðunni og að það sé undirstrikað við lok hennar að hæstv. menntmrh. fæst ekki til þess að taka á aðalatriðum þessa frv. og það er opið ef þetta verður afgreitt svona að næsta haust komi fjmrh. og *segi við þingið: Skólagjöld verður að leggja á.* Þau verða að vera 30 þús., 50 þús., 70 þús., 100 þús., 150 þús. ef það á að vera hægt að reka skólana. Vilja menn þetta? Er það þetta sem hæstv. menntmrh. á við þegar hann segir: Það fer allt eftir þingmeirihluta hvaða upphæð þetta gjald verður.

[16:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að skólagjöld hafa um árabil verið eins konar trúaratriði hjá Sjálfstfl. Ég minnist þess þegar við vorum saman í ríkisstjórn, Alþfl. og Sjálfstfl., á síðasta kjörtímabili reyndi Sjálfstfl. mjög að ná fram skólagjöldum á framhaldsskóla. Þá átti að setja skólagjöld á framhaldsskóla og afla þannig *tekna um 140 millj. kr. ef ég man rétt.* Það var Alþfl. sem kom í veg fyrir það á sínum tíma.

Hv. þm. Svavar Gestsson hefur farið fögrum orðum um það hvernig Alþfl., eins og hann orðar það, er að rífa sig upp úr gamla farinu. Það er eins og mig minni, herra forseti, að ég hafi áður farið svolítið aftar í tímann en hv. þm. kaus að gera í ræðu sinni og rifjað upp að það voru reyndar fleiri en Sjálfstfl. sem fundu þessa ágætu leið til að afla ríkinu fjár. Ég man ekki betur en það hafi verið hv. þáv. formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem gerði sér ferð upp í Háskóla Íslands og lagði fram þessa hugmynd á fundi með stúdentum. Sá fundur varð raunar til þess að stúdentaráð Háskóla Íslands samþykkti mjög harðorða ályktun gegn þessum hv. þm. og ég skil það vel og veit að hæstv. forseti gerir það líka að hv. þm. Svavar Gestsson kýs að hverfa úr salnum undir þessari ræðu. Er þá rétt að fella niður þetta tal því að ekki viljum við styggja þann hv. þm. of mikið. En staðreyndin er samt sem áður sú að fyrst var þetta flutt opinberlega af þáv. formanni Alþb. 1990 eða 1989 sem lagði það beinlínis til að menn veltu því fyrir sér hvort ekki ætti að fara þá leið að fjármagna starfsemi Háskóla Íslands í ríkari mæli með skólagjöldum. Sjálfstfl. hefur kosið að feta þá slóð.

Ég spyr nú, herra forseti, af því að það ber svo sjaldgæflega við að hér höfum við í salnum ekki bara einn heldur tvo hv. þingmenn Framsfl. Hver er afstaða Framsfl. til þessa máls? Hér höfum við fyrrverandi skólameistara, sem hefur væntanlega einhverja skoðun á þessu máli. Ég er viss um, herra forseti, að hv. þm. Hjálmari Árnasyni er annt um sóma og æru forustu sinnar og þess vegna langar mig til þess að varpa því fram til hv. þm. hvort hann hafi ekki í hjarta sínu verið sammála þegar hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, svaraði því til þegar hann var spurður í viðtali í DV þar sem *kjósendur fengu að hringja inn og leggja spurningar fyrir* stjórnmálamenn hvaða afstöðu hann hefði til skólagjalda í Háskóla Íslands. Formaður Framsfl. svaraði því til að hann mundi beita sér fyrir því að þau yrðu lækkuð ef Framsfl. kæmist í stjórn. Hvað segir hv. þm. Hjálmar Árnason við þessu? Var hann ekki á þeirri stundu þegar þessi fleygu orð voru mælt þeim hjartanlega sammála? Og ef hann var sammála þeim þá hver er afstaða hans núna? Hefur eitthvað gerst sem hefur fengið hv. þm. Hjálmar Árnason til þess að skipta um skoðun síðan formaður Framsfl. kom fram með yfirlýsingu sína?

Mig langar líka til að spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason hvort honum þyki ekki sárt, hvort honum renni það ekki til

rifja að sjá Framsfl. með þessum hætti rífa upp með rótum enn eitt kosningaloforðið, bregðast enn einu sinni þeim kjósendum sem voru vélaðir til þess að varpa atkvæði sínu á glæ með því að kjósa hann.

Mig langar líka að rifja það upp, herra forseti, að á síðasta kjörtímabili var ungur og vaskur skólameistari í stjórn Skólameistarafélags Íslands. Sá er örfáum árum eldri nú en er enn jafnvaskur og það er hv. þm. Hjálmar Árnason. Þá voru uppi hugmyndir um að leggja skólagjöld á framhaldsskóla. Ég man ekki betur en það hafi verið stjórn þessa ágæta Skólameistarafélags, þar sem hann var einn af forustumönnunum, sem samþykkti ályktun gegn skólagjöldum á framhaldsskólanema. Það er sennilega af því að mig brestur andlegt atgervi á við marga félaga mína í þessum sal sem tilheyra Framsfl. að ég hefði í sjálfu sér gaman af því að hlýða á hv. þm. Hjálmar Árnason skýra það út fyrir mér hvers vegna menn eiga að vera á móti skólagjöldum í framhaldsskólum en ekki í háskólanum. Það eru vafalaust rök fyrir því en ég vildi gjarnan heyra hvernig hv. þm. Hjálmari Árnasyni gengur að feta sig þetta einstigi milli þess sem er samkvæmt því sem honum fannst þá rangt, þ.e. að leggja skólagjöld á framhaldsskóla, og hins vegar sem honum finnst rétt núna, þ.e. leggja þau á háskólastúdenta. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta en það ber svo vel í veiði því að raunin hefur verið sú, herra forseti, að hvert einasta skipti sem við höfum rætt skólagjöld hafa allir framsóknarmenn horfið úr salnum en nú er a.m.k. einn hér. (**Gripið fram í:** Þeir eru tveir.) Já, ég ætlast ekki til þess að hæstv. forseti fari að svara þessu úr sínum virðulega stalli. En ég veit að það mun ekki vefjast fyrir hv. þm. Hjálmari Árnasyni að gera mér grein fyrir því og þingheimi hvernig í ósköpunum Framsfl. ætlar að uppfylla loforð formanns flokksins frá því fyrir kosningar um að lækka skólagjöld með því að samþykkja hækkun núna.

Sjálfstfl. er stefnu sinni trúr og hann hefur ekkert farið í felur með það að hann telur að það eigi að fjármagna skólana í ríkari mæli með skólagjöldum. Þess vegna geri ég því skóna að ýmsir í forustu flokksins kunni á þessu kjörtímabili að reyna að freista þess á nýjan leik að leggja skólagjöld á framhaldsskóla. Ég vænti þess að góðir menn muni koma í veg fyrir það eins og þeir gerðu á síðasta kjörtímabili og spyr þess vegna hv. þm. Hjálmar Árnason: Hvað mun hann gera ef það koma upp tillögur um það innan stjórnarliðsins, jafnvel úr ráðherrahópnum um að leggja á skólagjöld á framhaldsskóla? Mun hann styðja það og treystir hann sér fyrir hönd Framsfl. að lýsa því yfir að Framsfl. sé á móti því?

Herra forseti. Ég skil e.t.v. ekki til hlítar skrásetningargjaldið eins og það er lagt upp hjá hæstv. menntmrh. en ég tók eftir því áðan að hann sagði að ef til þess kæmi að það yrði hækkað yrði það á valdi Alþingis. Ef Alþingi kysi að hækka það upp í 100 þús. eða 150 þús. þá væri það mögulegt. Auðvitað getur Alþingi sett öll þau lög sem það kýs en ég hlýt að undirstrika að ég hef skilið bæði greinargerð frv. og ræður hæstv. ráðherra þannig að skrásetningargjald geti aldrei náð yfir meira en kostnað vegna tiltekinna hluta. Það liggi í eðli gjaldsins því að ef það færi umfram þá hlyti það að vera orðið skólagjald. Það er mergurinn málsins. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Sigríður Jóhannesdóttir hafa fært skýr rök fyrir því, að ég tel, að það er farið langt umfram þau atriði sem mættu með réttu fella undir skólagjöld. Ég nefni t.d. prófgæslu og prófgerð. Ég get ekki sagt annað en þá hluti beri að skilgreina sem part af kennslunni vegna þess að það er lúkning kennslunnar. Þá eru menn að meta kennsluna og það hlýtur að teljast til kennslustarfsins sjálfs. Eigi að síður kemur það fram í þeim skjölum sem lögð eru til grundvallar upphæðinni, 24 þús. kr., að þar í eru m.a. prófgæsla og prófdómar þannig að mér sýnist að þar með sé stjórnarmeirihlutinn kominn inn á stig sem gæti leitt okkur til þess að menn væru látnir kosta kennsluna sjálfir með skólagjöldum. Ég er því algerlega andsnúinn.

Ég dreg ekki í efa góðan vilja hæstv. menntmrh. til þess að gera skólakerfið eins vel úr garði og kleift er. Eitt af því sem hæstv. ráðherra hefur stundum á orði er nauðsyn símenntunar og nauðsyn endurmenntunar og það er jákvætt. Ég held að allir séu sammála því. Hvernig förum við að því að ýta undir símenntun og endurmenntun, t.d. innan menntakerfisins? Auðvitað með því að gera lærimeisturum, kennurum og jafnvel skólameisturum kleift að fara aftur í skóla, taka einhver námskeið, mennta sig aftur, reyna að bæta við þekkingu sína til þess að efla getu sína til þess að kenna okkar ágæta unga fólki, ungum Íslendingum. En það gerir hæstv. menntmrh. ekki með því að koma því svo fyrir að þeir sem mundu vilja taka eitt, tvö eða þrjú námskeið við Kennaraháskólann eða Háskóla Íslands þyrftu að greiða fullt skrásetningargjald, 24 þús. kr. Ég er algerlega ósammála því. Ég spurði hæstv. ráðherra eða formann menntmn., hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur: Er ekki sanngirni fólgin í því að fallast a.m.k. á að menn borgi þá skrásetningargjald í hlutfalli við það nám sem þeir fara í? Ef við lítum á það að hluti af skrásetningargjaldinu er próf og prófgæsla er alveg klárt að sá sem tekur bara á einni önn nám sem svarar til 5 námseininga krefst miklu minni vinnu við prófadóma og prófgæslu en sá sem tekur 15 einingar. Mér sýnist því rökrétt t.d. á þessum grundvelli að fallast á að menn greiði hlutfallsleg skrásetningargjöld í samræmi við það nám sem þeir takast á hendur. Ég vildi ítreka þessa spurningu aftur til hæstv. menntmrh. eða þá hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns menntmn.

[16:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þessa spurningu tel ég að menn verði að gera greinarmun á skrásetningargjaldi og skólagjöldum og ef gjöldin færu eftir því hvaða nám menn stundi sé alveg tvímælalaust farið að ræða um greiðslu kostnaðar við kennslu og aðra slíka hluti þannig að ég tel að hér sé um skrásetningargjald að ræða sem þeir eigi að greiða sem skrásetjist í Háskóla Íslands.

Um endurmenntunina gildir öðru máli og menn gleyma því stundum að Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er orðin fjölmennari en háskólinn sjálfur að því er nemendafjölda varðar. Þar greiða menn að sönnu skólagjöld fyrir þau námskeið sem þeir sækja og það hefur síður en svo aftrað mönnum frá því að taka þátt í þessum námskeiðum og Endurmenntunarstofnunin er sá þáttur í starfi Háskóla Íslands sem vaxið hefur mest á undanförnum árum þrátt fyrir að menn greiði þar kostnað við kennslu og alla þá þætti sem að því starfi lýtur sem endurmenntunina varðar. Þarna stangast nú á ef menn ætla að fara út í rökræður um gildi þessara gjalda og hvort þau aftri mönnum frá því að stunda nám þá hefur það ekki komið í ljós þegar rætt er um endurmenntun eða símenntun á vegum Háskóla Íslands.

[16:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að ég tel að með þessu gjaldi sem meiri hlutinn leggur til og hefur samþykkt sé verið að taka fjármagn sem er miklu meira en þarf til þess að standa straum af raunverulegum skrásetningarkostnaði eins og a.m.k. tveir hv. þingmenn hafa fært rök fyrir í nefndaráliti sínu. Þess vegna tel ég að þetta sé ekki skrásetningargjald.

Ég er ekki sammála því að til þess að menn geti endurmenntað sig þurfi þeir endilega að taka sér frí frá starfi sínu eða fara í Endurmenntunarstofnunina. Það er líka hægt að gera það með þeim hætti að skrásetja sig í nokkur námskeið við Kennaraháskóla Íslands eða við Háskóla Íslands og mörg dæmi um það. Ég hygg að það muni aukast á næstu árum.

Eitt af því sem er hæstv. ráðherra hugleikið er fjarnám í gegnum tölvur, í gegnum Internetið, og ég hygg að það muni færast í aukana á næstu árum. Þá er spurningin hvernig á að hantéra það. Það er kannski ekki viðkomandi þessu máli. En ég verð að lýsa því yfir, herra forseti, að mér finnst að hæstv. ráðherra sé ekki samkvæmur sjálfum sér þegar hann telur upp ákveðna þætti eins og prófadóma, prófgæslu og segir að það beri að greiða kostnað fyrir það en síðan vill hann ekki að þeir sem notfæra sér þessa þjónustu í miklu minna mæli *en aðrir greiði líka minna, þ.e. þeir sem eru í hlutanámi.* Mér finnst það rökfræðilega ekki rétt og ég held líka, herra forseti, að þetta sé blekkingariðja. Þetta er einfaldlega gert til þess að það sé hægt með einhverju móti að réttlæta þennan kostnað og það er dálítið merkilegt að ráðherrann býr fyrst til þessa tölu, 24 þús. kr., síðan biðja menn háskólann um réttlætingu fyrir því og hún er nákvæmlega 20 þús. kr. eða 500 kr. fram yfir það. Það er auðvitað vegna þess að menntmrn. knýr háskólann til þess að gera þetta. Að sjálfsögðu, hæstv. ráðherra, vegna þess að það sker fjármagn af skólanum sem svarar þessum upphæðum. Það liggur alveg í hlutarins eðli að ekki er um annað að ræða en blekkingu. Ég get ekki kallað það annað.

[16:43]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt við þessa umræðu að rifja upp nokkrar staðreyndir í þessu máli. En það var í tíð síðustu ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. sem skrásetningargjaldið var hækkað verulega og Alþfl. tók fullan þátt í því og ber á því ábyrgð ásamt Sjálfstfl. (**ÖS:** Ekki fulla ábyrgð.)

Það er líka nauðsynlegt að rifja upp að skrásetningargjöld við Háskóla Íslands hafa verið innheimt frá upphafi og menn mega heldur ekki gleyma því til hvers þetta frv. er flutt. Það er flutt til þess að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis og það er flutt til þess að styrkja lagastoð skrásetningargjalds. Við getum hins vegar deilt um skilgreininguna á því hvað skrásetningargjald sé og eins um upphæð gjaldsins. Það er alveg ljóst að það er kannski fyrst og fremst upphæðin sem menn hafa verið að deila um hér því að það hefur komið fram tillaga frá 2. minni hluta menntmn. um lægri upphæð *skrásetningargjaldsins en gert er ráð fyrir í frv.*

[16:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef áhuga á því að leggja nokkur orð í belg um þessa umræðu um skólagjöld eða skrásetningargjöld til háskólanna, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Ég átti þess ekki kost við 2. umr. eins og ég hafði ætlað mér og hyggst bæta úr því hér og gera a.m.k. grein fyrir meginviðhorfum mínum til þessa máls. Ég held að það verðskuldi alveg umræður og þó meiri væru en hér hafa þegar orðið um þetta viðfangsefni.

Staðreyndin er sú að hér er tekist á um mjög mikilvæg grundvallaratriði í a.m.k. tvennum skilningi ef ekki þrennum. Hér er að sjálfsögðu fyrst og síðast á ferðinni menningarpólitískt grundvallaratriði sem snýr að því hvort nám skuli standa öllum til boða án tillits til efnahags og hvernig því sé þá fyrir komið og það tryggt með löggjöf og fjárveitingum.

Hér er líka að nokkru leyti á ferðinni grundvallarmál hvað tengist aðferðum við fjáröflun til sameiginlegra verkefna, hvort fremur beri að beita almennum tekjuöflunarúrræðum til að kosta þau verkefni sem hið opinbera sér um eða sértækum sem miði við valda hópa og t.d. þá sem njóta beint á líðandi stundu viðkomandi þjónustu. Þetta er hin fræga umræða um þjónustugjöld eða skatta og hún á fyllilega heima hér.

Þetta er í þriðja lagi líka pólitískt grundvallaratriði og á það hefur verið minnt hér að einn flokkur sem á fulltrúa sína á þingi hefur tekið kúvendingu í þessu máli eins og reyndar fleirum, horfið frá harðri andstöðu við þessa gjaldtöku á síðasta kjörtímabili yfir í að styðja hana nú að því er virðist *nokkurn veginn mótþróalaust. Ég á hér* að sjálfsögðu við Framsfl. sem var ekki í vafa um það hvaða tegund af gjaldtöku hér væri á ferðinni á síðasta kjörtímabili. Þá vöfðust nafngiftir ekki fyrir mönnum þegar verið var að ræða um skólagjöld og þá miklu atlögu sem gerð var að mati okkar stjórnarandstæðinga á síðasta kjörtímabili að Framsfl. meðtöldum að jafnrétti til náms á Íslandi með þessum aðferðum. Ýmis önnur gjaldtaka var þá því miður tekin upp og rædd og í sumum tilvikum jafnvel mun veigaminni en sú sem hér er á ferðinni og lægri í krónum talið en var engu að síður talin, þar á meðal af framsóknarmönnum, verulega mikil stefnubreyting og spurning um grundvallaratriði af því tagi sem ég hef nefnt hvernig tekna sé aflað til að kosta opinbera þjónustu og þeim byrðum dreift.

Herra forseti. Þetta er reyndar afar lýsandi dæmi um þá hægri þróun sem Framsfl. hefur undirgengist á síðustu missirum, býsna sláandi, eitt af mjög mörgum sem sýnir að Framsfl. er kominn hægra megin við miðju íslenskra stjórnmála og er orðinn hægri sinnaðri en Alþfl. í hverju málinu á fætur öðru og hefði einhvern tíma þótt tíðindi. Nýleg og sláandi dæmi hafa t.d. komið fram um þetta á sviði utanríkismála þar sem framsóknarmenn þora ekki lengur að standa að frumvörpum sem þeir hafa áður flutt en Alþfl. styður.

Varðandi þessi skólagjöld var það þó þannig að Alþfl. átti í erfiðleikum með þetta á síðasta kjörtímabili og a.m.k. einn þingmaður leið miklar sálarkvalir eins og alþjóð veit út af þessu máli og studdi ekki skólagjaldaupptökuna nema að hluta til á sum skólastigin. En þetta rennur ljúflega niður hjá Framsókn og það eru engir fyrirvarar af einu eða neinu tagi svo að mér sé kunnugt um. Það eru auðvitað stórmerkileg tíðindi að ekki skuli einu sinni einn þingmaður úr þessum *mikla hópi framsóknarmanna sem á grundvelli hæpinna* kosningaloforða slysuðust hingað inn á þing hafa séð sóma sinn í því að reyna að halda uppi merkjum þeirrar fyrri stefnu sem flokkurinn hafði í þessum efnum.

Herra forseti. Varðandi þrætuna um það hvort hér sé á ferðinni skólagjöld eða skrásetningargjöld, þjónustugjöld eða skattar er það hefðbundið að grípa til lögskýringa af því tagi að fara ofan í forsögu málsins og reyna að átta sig á því

hvað vakti fyrir mönnum á sínum tíma, hvaða lögskýringargögn liggi í forsögunni þegar viðkomandi ákvörðun var tekin. Það þarf engum blöðum um það að fletta hvað gerðist þarna árið 1992–1993 þegar skólagjöld í háskólanum voru hækkuð á einu bretti úr einhverjum 5–7 þús. kr. eins og þau höfðu lengi verið, ég held allt frá þeim tíma þegar ræðumaður var í háskóla og þetta var einhver 5 þús. kall eða svo, nýkrónur, og upp í þetta.

Hvað var það sem þá gerðist? Hvaða sögu segir það um eðli þessarar gjaldtöku? Það sem ósköp einfaldlega skeði var það að fjárveitingar til Háskóla Íslands voru lækkaðar nokkurn veginn um nákvæmlega sömu upphæð og tekin var inn í viðbótarskólagjöldum, svokölluðum skrásetningargjöldum, nokkurn veginn nákvæmlega. Hvað er það þá annað en fyrirsagnaleikur þegar hinar opinberu fjárveitingar til viðkomandi menntastofnunar dragast saman um nákvæmleg sömu upphæð og tekin er af námsmönnum í viðbótarskólagjöld eða skrásetningargjöld? Það segir allt sem segja þarf um málið. Það var þannig að kröfur háskólans um sértekjur voru hertar um nálægt 90–100 millj. kr. og í einu nefndaráliti koma reyndar fram upplýsingar um þetta.

Ég ímynda mér, herra forseti, að þetta sem lögskýring mundi vega nokkuð þungt ef menn færu að reyna að átta sig á því hvað fyrir mönnum vakti á þessum tíma. Allir vita um þær þrengingar í ríkisfjármálum sem þá gengu yfir og þann niðurskurð og þær kröfur um stórhækkaða tekjuöflun á mörgum sviðum sem þá var knúin fram þannig að ég held að þessi umræða satt best að segja þjóni ekki miklum tilgangi. Í upptalningu á því hvað skuli teljast skrásetningargjöld er farið út í jafnfjarskylda hluti eins og aðgang að tölvum og eftirlit með prófum og öðru slíku sem er þess vegna alveg jafnt frá skrásetningu nemenda eins og fæði þeirra. Það er alveg eins hægt að taka eitthvað því um líkt þarna undir eða gluggaþvottinn í háskólanum eða eitthvað því um líkt. Mér finnst þetta gersamlega út í hött. Það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á þessa röksemdafærslu að þarna sé á ferðinni einhver skráningartengdur kostnaður. Það er bara ekki þannig og mér finnst það Alþingi til skammar að láta löggjaf af þessu tagi fara frá sér.

Ef menn ætla að leggja sérstakan nefskatt á alla nemendur við háskólana eiga menn að þora að viðurkenna það og segja ósköp einfaldlega: Skráningarkostnaðurinn er um það bil 3–5 þús. kr. Afgangurinn er nefskattur sem hefur verið ákveðið að leggja á nemendur og verður innheimtur til þess að standa straum af almennum rekstrarkostnaði í skólanum. Eða t.d. telur hæstv. menntmrh. að tölvur séu eitthvað svo frábrugðnar öðrum nauðsynlegum kennslutækjum eða áhöldum í háskóla nútímans að það sé rétt að láta menn borga það alveg sérstaklega en ekki blýanta, bækur eða töflur eða eitthvað því um líkt? Eru það hin nútímalegu viðhorf til menntunar sem birtast í þessu að tölvurnar skuli vera alveg sérstaklega skattlagðar með þessum hætti?

Aðalvandinn við gjaldtöku af þessu tagi, herra forseti, er sá að eftir að hún er einu sinni komin á hefur hún tilhneigingu til þess að hækka. Staðreyndin er auðvitað sú að ef farið er vægt í sakirnar með svona gjaldtöku getur það vel verið rétt að hún skipti ekki sköpum t.d. fyrir möguleika manna til náms. Þó er það þannig að það munar um allt. 24 þús. kr. koma ekki af himnum ofan t.d. fyrir námsmenn frá efnalitlum fjölskyldum, t.d. utan af landi sem hafa þegar gengið í gegnum mikið misrétti til náms með ærnum viðbótartilkostnaði vegna aðstæðna sinna.

Það er kannski ekki það versta við þetta mál ef gjaldtakan væri hófleg í byrjun heldur hitt að reynslan sýnir og er ólygnust um það að slík gjaldtaka hefur hækkað mér liggur við að segja nánast undantekningarlaust svo að ég þekki til og hún gerir það ósköp einfaldlega vegna þess að þegar einu sinni er búið að klífa yfir þennan þröskuld og taka pólitíska kollhríð með slík mál er útlátalítið að bæta aðeins í gjaldtökuna. Það vekur miklu minni athygli og er sjaldnast jafnmikið pólitískt hitamál eins og hitt þegar slík gjaldtaka er í upphafi innleidd. Þetta voru meginrökin sem ég og margir aðrir notuðum gegn allri þessari gjaldtökusúpu á síðasta kjörtímabili. Ekki það að gjaldtakan, t.d. komugjöldin á heilsugæslustöðvarnar og annað því um líkt, skipti kannski alveg sköpum fyrir allan þorra fólks sem þarf ekki oft á þeirri þjónustu að halda. En við bentum á, sem kom í ljós, að menn mundu síðan hafa tilhneigingu til að hækka þessi gjöld og það gerðist meira að segja strax á síðasta kjörtímabili í vissum tilvikum að gjaldtaka af þessu tagi sem var tekin upp og var mjög væg í fyrstu var hækkuð. Það er sú sannfæring sem ég hef í þessu máli sem gerir það að verkum að ég tel það algert ógæfuspor að halda inn á þessa braut að dulbúa skólagjöld með þessum hætti með því að kalla þau þessu orðskrípi skráningargjöld, langt út fyrir allan sannanlegan kostnað sem af leiðir skráningunni sem slíkri. Það liggur alveg í hlutarins eðli að þar er á ferðinni kostnaður sem er einungis brot af þessu. Enda þótt lagðar séu saman þær upphæðir sem ganga til sjálfrar skráningarinnar og til samtaka námsmanna og stofnana þeirra þá er það eftir sem áður einungis lítið brot af þessari upphæð.

Svo kemur hæstv. menntmrh. hér og segir að þetta sé föst krónutala og þessu verði ekki breytt nema með samþykki Alþingis eins og vandinn sé þar með leystur. Það er mjög í tísku núna þegar menn eru að reyna að skáskjóta sér fram hjá erfiðum, pólitískum vandamálum, að þá koma þeir með þessa vörn í málinu og segja: Síðan verður þetta og hitt ekki gert nema með samþykki Alþingis. Verið alveg örugg. Þetta er sama aðferðin og hæstv. viðskrh. notar þegar hann segir: Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera bankana að hlutafélagabönkum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið það. En það verður ekkert selt og Alþingi ræður því hvort eitthvað verður selt. Þá á að róa menn með því að segja: Við erum búin að taka ákvörðun um að gera bankana að hlutafélögum en það verður ekkert selt nema Alþingi samþykki og samgrh. datt ofan á þetta snjallræði að hafa eitt bréf úr stáli í Pósti og síma, hlutabréf úr stáli sem yrði ekki hlutað sundur svo auðveldlega.

En hvernig gerist þetta svo, herra forseti? Hvað gerist svo? Hver er hin hefðbundna, venjubundna aðferð í þessum efnum. Í næstu umferð kemur lítið sakleysislegt frv. með svona 30–50 skerðingarákvæðum á sérlög og það er sagt: Þrátt fyrir ákvæði númer þetta í lögum um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri skal skrásetningargjald á árinu 1997 vera 50 þús. kr. Þannig gerist þetta nefnilega og hefur gerst æ ofan í æ. Svo mikið fyrir einhverjar girðingar af þessu tagi. Hvernig eru aðstæður í fjárlagagerðinni núna að sagt er? Jú, það eru heitstrengingar um að skila hallalausum fjárlögum á einu eða tveimur árum og það ganga sögur í kerfinu um að ráðuneytin séu komin með tossalista upp á 8% flatan niðurskurð eða sparnað eða tekjuöflun sem fylli það bil. (**Gripið fram í:** Ekki skatta.) Skatta? Eitthvað af því gæti komið þannig, hv. framm íkallandi. Ætli hv. framm íkallandi þekki ekki dæmi þess að menn grípi til ýmissa ráða í nauðvörn sinni þegar hið háa fjmrn. kemur með kylfuna svona í

mars eða apríl á hverjum vetri og lemur alla fagráðherrana í hausinn og segir: Sparið þið 5%, sparið þið 8%. Þá fara menn út í alls konar biks af þessu tagi og það er ekki óalgengt að menn grípi til þess ráðs að fara með „þrátt-fyrir"-ákvæði inn í alls konar sérlög á sínu sviði og segja: Þrátt fyrir það að við ætluðum að setja svona mikið í þetta eða ekki taka meira af mönnum en þetta, þá skal þetta vera svona á árinu 1997. Svo koma menn og halda alveg heilar ræður um að það sé svo erfitt í ári, það sé svo nauðsynlegt að ná hallalausum fjárlögum að það sé allt réttlætanlegt. Þetta gerist nákvæmlega svona, herra forseti. Þess vegna gef ég bókstaflega ekki neitt fyrir þessar yfirlýsingar um að þetta sé bara svona snoturt og snyrtilegt, 24 þús. kall og verði aldrei neitt meira og bla, bla, bla, bla og eigi bara að borga þetta og hitt. Það hefur marg sýnt sig að í slíku er ekkert hald. Prinsippátökin fara fram þegar gjaldtaka af þessu tagi er í fyrsta skipti innleidd. Það er reynslan. Þegar hún er orðin að fjáröflun, þegar hún er orðin að sérstakri fjáröflun.

Þá, herra forseti, að síðasta þætti þessa máls, grundvallaratriðinu um það að afla tekna til sameiginlegra þarfa með þessum hætti. Það er sóðaskapur. Það á ekki að gera. Ég hélt satt best að segja að menn væru að reyna að vinna sig út úr því að vera með alls konar skatta. Það er stundum sett forskeyti framan við ákveðinn hóp af sköttum. Ég ætla að vera svo kurteis í dag, herra forseti, að nota það ekki, en menn vita til hvers ég er að vísa, alls konar s-skatta af þessu tagi.

Ég hélt að menn væru að reyna að komast út úr þessu, menn væru að reyna að draga hreina markalínu milli þjónustugjalda og gjaldtöku á móti sannanlegum útlögðum kostnaði við tiltekin skilgreind verkefni og almennrar fjáröflunar. Þetta er alls staðar viðurkennt sem mjög mikilvægt atriði í skattalöggjöf úti um allan heim. Íslenska skattkerfið hefur því miður verið mjög sýkt að þessu leyti. Alls konar gjaldtaka viðgengst hér sem er úr öllu samhengi við verkefnin sem hún er að nafninu til tengd. Muna menn ekki eftir frumvörpunum um aukatekjur ríkissjóðs og listunum, þar sem allt í einu dettur í einhvern góðan mann að hækka t.d. útgáfu á einföldu prófskírteini úr 3 þús. kr. í 75 eða eitthvað svoleiðis. Allt í einu t.d. fór það að kosta fleiri tugi þúsunda ef ekki hátt í hundrað þúsund að fá útgefin einföld vottorð í frá ríkinu um að menn hefðu lokið tilteknu námi. Það voru ekki mikil vísindi á bak við það og ekki er pappírinn þess virði sem slíkur. Þetta hafa menn almennt viðurkennt að væri ekki góð latína. Og menn eru að fara inn á nákvæmlega þessa braut hér með skollaleik af þessu tagi. Í reynd sér það hver heilvita maður að það er verið að afla tekna að hluta til upp í almenn útgjöld vegna reksturs menntastofnana með nefskatti af þessu tagi. En hann er ranglega skírður skráningargjöld og ranglega færður sem þjónustugjöld í ríkisbókhaldinu o.s.frv. Það er dálítið merkilegt að enginn af hinum kaþólsku ríkisfjármálasnillingum sem hér eru upp til hópa og oft rjúka upp þegar verið er að ræða þau mál, skuli hafa komið upp og rætt um þetta. Hvar eru þeir nú, allir þessir menn sem á undanförnum árum hafa haldið ræður og flutt frumvörp um hreinleika í þessum efnum? Fjárlaganefndarfólk frá liðnum árum hefur oft verið mjög haldið af því að það væri boðberar hreinleikans í þessum efnum og að það skyldi ekki blanda saman sköttum og þjónustugjöldum og öðru slíku. En hvað er að gerast hér? Það er sannanlega þannig og ég hef ekki ástæðu til að draga það í efa, að skráningin sem slík stendur kannski fyrir einhverjum 3–4 þúsundum af þessu. Það er hægt með góðum vilja að heimfæra einhvern slíkan kostnað undir það sem raunverulega tilheyrir skráningunni á hverjum nemanda inn í háskólann. En það eru tekin liðlega 20 þúsund í viðbót undir þessu falska flaggi. Það er sóðaskapur af þessu tagi sem ég hélt að menn væru að reyna að komast út úr.

Herra forseti. Að lokum er það niðurstaða mín að það sé kannski af mörgu lélegu við þetta mál einna snautlegast að menn skuli vera í þessum skollaleik með þetta og ekki mjög til fyrirmyndar. Ef menn ætla að taka þá pólitísku ákvörðun að reka menntastofnanirnar á Íslandi að hluta til fyrir nefskatt af þessu tagi sem því miður er ástæða til að óttast að fari hækkandi á komandi árum eins og reynslan sýnir, að þeir skuli þá ekki vera menn til þess að kannast við það, koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og bara segja það. En það er kannski pólitískt og viðkvæmt og vandasamt fyrir menn. Þess vegna ætla menn fjallabaksleið að því að innleiða skólagjöld í felulitum eða dulbúningi.

Herra forseti. Ég tel að þetta séu hin verstu frumvörp sem hér eru til umræðu eins og mér hefur vonandi tekist að rökstyðja sæmilega og ég er á móti þeim.

[17:05]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram hin mætasta og merkasta umræða og hv. ræðumenn hafa víða komið við svo sem við er að búast í jafnviðkvæmu og má segja stóru máli sem hér um ræðir. Ég held að það sé ástæða til þess að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni ítrekaðan einsýndan áhuga á Framsfl. og þeim góðu fræðum sem hann hefur stundað við að rannsaka kosningaloforð og stefnuskrá Framsfl. Ég vil líka þakka honum þann áhuga og þau vinsamlegu ummæli sem hann viðhafði um skólamenn og ekki síst núverandi og fyrrverandi í Skólameistarafélagi Íslands.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hvort ekki sviði undan einu og öðru sem sagt hefði verið og hvar þau mál stæðu í dag. Hann fjallaði um þennan sviða af tilfinningu nokkurri og mér varð hugsað til þess hvort sá fyrirspyrjandi væri hinn ötuli talsmaður og forustumaður stúdenta sem hélt frægar ræður af þingpöllum, hvort það væri hæstv. fyrrv. ráðherra í ríkisstjórn síðasta kjörtímabils ellegar þá núv. hv. stjórnarandstæðingur. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki allt sami maðurinn?) Þetta mun vera einn og sami maðurinn. (**SvG:** Sá þekkti úlfur og refur.)

Þingmaðurinn fór í örlitla söguskýringaleit og dró til vitnis fyrrum formann Alþb., núv. hv. forsetaframbjóðanda. Aðrir hafa vikið að málinu á svipaðan hátt. En um hvað snýst þessi umræða? Umræðan snýst í rauninni ekki um það hvort eigi að taka upp þetta prinsipp því að prinsippið hefur þegar verið brotið eins og reyndar hefur komið fram í máli nokkurra hv. þingmanna. Þó að stjórnarsinnar núverandi og fyrrverandi keppist við að særa fram og finna í tíma hvar upphafið að þessu prinsippi sé, þá held ég að það megi ljóst vera að á síðasta kjörtímbili var þetta svonefnda prinsipp brotið.

Það er rangt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að Alþfl. hafi á síðasta kjörtímabili komið í veg fyrir að þjónustugjöld, skráningargjöld eða hvaða nafni sem menn vilja kalla þetta, hafi verið tekin upp í framhaldsskólum. Þau voru tekin upp á síðasta kjörtímabili, í ráðherratíð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það er á sama hátt rangt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að nú sé verið að koma á prinsippi eins og ég skráði niður úr ræðu hennar fyrr í dag. Þessu prinsippi

var komið á á síðasta kjörtímabili, í ráðherratíð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur.

Ég spyr jafnframt: Hver er staðan á Norðurlöndum? Hér hefur komið fram í ræðu að þessi gjöld á nemendur séu ekki lögð á stúdenta í öðrum Norðurlöndum. Hver er umræðan á Norðurlöndum akkúrat þessa dagana í Danmörku og Svíþjóð sérstaklega? Í velferðarríkinu Svíþjóð ræða menn nákvæmlega það sama og við erum að ræða á Alþingi Íslendinga í dag. Og hver er ástæðan? Ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur þingmaður greiði ljúflega atkvæði með þessu, en hver er ástæðan? Hver er ástæðan fyrir því að þróunin hefur orðið þessi hjá okkur Íslendingum, hvort heldur það eru kratar, framsóknarmenn, sjálfstæðismenn eða alþýðubandalagsmenn sem sitja í stjórn? Hver er ástæðan fyrir því að þessi þróun á sér stað á Norðurlöndum núna? Það er sá vandi sem þjóðir Evrópu, ekki bara Norðurlanda, eiga við að etja. Það er vaxandi halli ríkissjóðs. Og í framhaldi af því er vert að minna á, af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sýndi kosningaloforðum mikinn áhuga sem og reyndar fleiri hv. þingmenn, að spurningin er um það hvenær menn byrja að mæla kosningaloforð. Er það í upphafi kjörtímabils? Er það í lok kjörtímabils?

Ég minni jafnframt á að eitt meginkosningaloforð formanns Framsfl. og Framsfl. var að bæta stöðu ríkissjóðs. Það er ástæðulaust að rekja það hér hvers vegna. Það vita allir hv. þm. hvaða áhrif það hefur á atvinnulíf og heimili fólksins þegar staða ríkissjóðs er jafnbágborin og raun ber bitni og hefur borið vitni um árabil. Um það eru allir hv. þm. sammála að á þeim halla beri að taka og það er sá vandi sem þjóðþing Evrópu almennt eru að glíma við um þessar mundir. Þar sem verið er að ræða um kosningaloforð, þá vissulega sögðu framsóknarmenn og segja enn að menntamálin skuli hafa forgang, vera framarlega í forgangsröðun. (**SvG:** Hvenær kemur röðin að ...?) Séu útgjöld til menntamála á yfirstandandi fjárlögum skoðuð má sjá að menntamálin njóta forgangs. Ef menn bera saman hlut menntamála síðustu árin við gildandi fjárlög, þá munu menn sjá það. Ég dreg enga dul á þá skoðun mína að í ljósi þeirra skoðana sem ég hef á menntamálum og gildi menntamála fyrir þjóðarbúið, þá tel ég að enn þurfi betur að gera. En jafnframt í ljósi þess sem hér hefur verið sagt um stöðu ríkissjóðs og það markmið ríkisstjórnarinnar að ná hallalausum fjárlögum, þá tel ég að þar með skapist það svigrúm að láta menntamálin njóta þess sem þeim ber og ég á mér þá sýn að það sjáist í lok þessa kjörtímabils.

Ég vil jafnframt minna á að sú staða sem við erum að glíma við núna er á ábyrgð flestra þeirra pólitísku flokka sem skipað hafa ríkisstjórnir síðustu ára. Ég vil þó draga fram mikilvægan þátt gagnvart eðlilegu starfi nemenda í háskólum. Það hefur leikið vafi á og vísa ég þar til álits umboðsmanns Alþingis, að gjaldtaka og ég undirstrika gjaldtaka fyrir nemendafélög hafi átt lagastoð. Ég bendi á að með þeirri breytingu sem nú er verið að gera er verið að tryggja fjárveitingar til nemendafélaga, þ.e. stúdentaráðs og svo annarra.

Ég treysti því og mun taka þátt í því með hv. þm. sem hér hafa talað og láta sér annt um menntamál, að þegar líður á kjörtímabil muni takast að rétta af þá stöðu sem menntamál eru í nú í dag.

[17:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var í vetur að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon auglýsti eftir Framsfl. og hann komst vel að orði þegar hann talaði um að Framsfl. hefði sést síðast í selskinsjakka, eitthvað á þá lund. Þessi orð þingmannsins koma upp í huga mér nú þegar ég hlusta á hv. þm. Hjálmar Árnason. Þvílík hamskipti sem orðið hafa á einum flokki, (**SJS:** Hann er kominn í sauðargæru núna.) þvílík hamskipti. Ég á ekki til eitt einasta orð. Ég veit ekki hvort mér verður heitt í hamsi eða bara agndofa.

Virðulegi forseti. Ræða mín áðan snerist ekkert um hvenær lög um innritunargjöld voru sett eða hvort verið er að lögfesta þau núna. Hún snerist um allt aðra hluti og ég harma það ef þingmaðurinn hefur ekki skilið það. Málið er að ég var að vísa til umræðu á síðasta kjörtímabili þegar sumir þingmenn héldu fast í þá sannfæringu sína að sú gerð að færa gjaldtöku í skólana inn í lög hvort heldur væri fjárlög eða önnur lög, Tækniskólans, háskólans, framhaldsskólans, skipti máli. Virðulegi forseti. Vissi Framsfl. ekki að það var halli á fjárlögum á síðasta kjörtímabili? Vissi Framsfl. ekki að þá var kreppa? Vissi Framsfl. ekki að þá var ekki hagvöxtur sem þó er orðinn nú? Og hann tók við með 3% hagvexti. Hvað vissi Framsfl. á síðasta kjörtímabili? Hann fór í kosningar með fólk í fyrirrúmi og eftir kosningar fer hann í ríkisstjórn, og sjá, hann uppgötvar að það er halli á fjárlögum. Síðan er alveg sama hvað ber á góma í þessum sal, alveg sama hverju þetta ágæta fólk hefur fallið frá af sínum kosningamálum, sínum prinsippum. Það er allt skýrt með þessu: Það er halli á fjárlögum. Og því er nú verr að ég óttast að þrátt fyrir þennan hagvöxt sem við áttum þátt í að skapa, þá verði halli á fjárlögum í lok þessa kjörtímabils líka.

[17:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að sýna þann kjark að koma hér í ræðustól í umdeildu máli. Það hafa framsóknarmenn yfirleitt ekki gert í vetur þannig að hann á þakkir skildar fyrir það þó að málsvörn hans væri ámátleg satt að segja í alla staði og einkum og sér í lagi það að Framsfl. hefur komið sér upp „standard" svari eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á. Það er: Við ætluðum fyrst að leysa vanda ríkissjóðs. En þá auglýsi ég eftir því hvort hv. þm. Hjálmar Árnason getur nefnt mér eitt einasta dæmi úr ræðum framsóknarmanna fyrir kosningar þar sem þeir tóku það fram að þeir ætluðu fyrst að leysa halla ríkissjóðs, áður en kæmi að heilbrigðismálunum, áður en kæmi að húsnæðismálunum, áður en kæmi að menntamálunum. Staðreyndin er sú að sennilega er þessi ræða ekki til. En ef hún er til, þá væri hún þakksamlega þegin sem heimild um eitt einasta dæmi um það að framsóknarmenn hefðu stillt hlutunum svona upp. Staðreyndin er sú að það er ekki nokkur leið að orða þetta öðruvísi en þannig að þeir séu að koma aftan að kjósendum. Málið snýr gagnvart kjósendum svipað og tryggingafélögin haga sér stundum gagnvart viðskiptavinum sínum. Allt sem skiptir máli er í smáa letrinu. Þannig er það með Framsfl. í kosningastefnuskránni. Allt sem skiptir máli er í smáa letrinu. Allt sem Framsfl. sagði við kjósendur og það sem kjósendur kusu hann út á var fallegt og gott. Það var um að leysa húsnæðisvandann. Það var um að afnema gjöld í heilbrigðiskerfinu. Það var um að afnema skólagjöld. Það var um að hækka Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þetta stóð gylltu letri í öllum kosningastefnuskrám Framsfl. En í smáa letrinu stóð hitt að það ætti að leysa halla ríkissjóðs. Ég skora á hv. þm. Hjálmar Árnason að finna eitt dæmi um annað af þeirra hálfu. Ég held því miður að það sé ekki til. En ég

segi aftur, hæstv. forseti: Ég vil þakka þingmanninum fyrir að hafa sýnt þann kjark að koma hér upp til þess að reyna að verja málstað þeirra framsóknarmanna sem er í rauninni ekki hægt og hv. þm. sýndi ágætlega með ræðu sinni.

[17:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dapurlegt að hlýða á mál hv. 7. þm. Reykn. í dag. Ég hef ekki setið á þingi í vetur enda aðeins varaþingkona, en ég man vel eftir því hvað framsóknarmenn sögðu í kosningabaráttunni sl. vor og því spyr ég: Er þetta sama fólkið? Er þetta sami flokkurinn?

Þá var svo sannarlega höfðað til yngri kjósenda á Íslandi. Menntamálin voru mál málanna og á því m.a. flutu tveir framsóknarmenn inn á hið háa Alþingi í Reykjavík. En nú hefur allt snúist á verri veg. Það væri gleðilegt ef menntamálin og framtíð þjóðarinnar fengi sama sess í stefnu Framsfl. og sauðkindin hefur lengstum haft.

Það er líka dapurlegt að horfa upp á það hvernig hvert stjfrv. á fætur öðru sem frjálshyggjupostular Sjálfstfl. — nema þeir séu nú einnig komnir í Framsókn — hafa soðið saman, rennur í gegn hjá Framsfl. eins og ekkert sé og það er hvorki ætt né skræmt. Því hlýt ég að spyrja: Hvar er sjálfsvirðing hv. þingmanna Framsfl. þegar kemur að menntamálunum?

[17:22]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Tekur þá til máls hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, og verð ég að biðja þingmanninn afsökunar á að ég hljóp yfir hann áðan.

[17:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ef ég þekki hæstv. forseta rétt, þá er þetta ekki í fyrsta skipti sem hann hleypur yfir hann og væntanlega ekki heldur í hið síðasta og það skiptir engu máli. Eins og fram hefur komið í umræðum, þá hefur þessi hæstv. forseti hjarta úr gulli. Þannig að þetta er allt í lagi, enda er ég í svo góðu skapi. Þetta hefur verið skemmtileg umræða því satt að segja kom ræða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur mér í jólaskapið. Mér fannst eins og það væru komin jól og sú iðja væri fram undan sem hv. þingkona stóð fyrir hér í stólnum, að taka einhvern lítinn böggul, pakka honum inn og hnýta fyrir því það var auðvitað það sem hv. þm. gerði við kollega sinn úr Reykjanesi. Ég hef satt að segja ekki um langt skeið séð jafnsnöfurmannlega afgreiðslu á einum ágætum þingmanni eins og hv. þm. Hjálmar Árnason auðvitað er. Af munni hans hrutu mörg gullkorn sem ég á eftir að muna lengi.

Hv. þm. sagði, og var dálítið hissa, að kosningaloforð framsóknarmanna hefðu vakið mikinn áhuga þingmanna eins og hér hefur komið fram. Það er alveg hárrétt. En það er bara einn hópur þingmanna sem þau virðast ekki snerta að nokkru leyti. Það eru hv. þm. Framsfl. Það er eins og kosningaloforð framsóknarmanna séu fersk í hugum mjög margra, allra nema framsóknarmanna. Auðvitað er þetta tiltekna mál dálítið erfitt fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason vegna þess að hann gekk fram fyrir skjöldu og var með yfirlýsingar í menntamálum. En hvað segir hann núna? Ja, það er enn eitt gullkornið. Hann varpaði fram þessari heimspekilegu spurningu: Hvenær byrja menn að mæla kosningaloforð, í upphafi eða enda kjörtímabilsins? Þetta var glæsilegt. Ég hef auðvitað mitt svar við því en það skiptir ekki máli. Ég ætla að gefa Framsfl. sjálfdæmi. Ég ætla að leyfa þeim að meta sjálfir hvenær þeir vilja að kjósendur fari að mæla kosningaloforðin þeirra. Og ef ekkert svar kemur, þá gerist það óhjákvæmilega í næstu kosningum. Auðvitað veit ég að þetta er erfitt, hv. þm. Hjálmar Árnason. Það er afskaplega erfitt að hafa staðið í kosningabaráttu eins og rekin var af hv. þingmönnum Framsfl. og þurfa síðan að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að eitt af öðru eru þessi loforð einskis metin, vegin og léttvæg fundin. Þeim er fleygt eins og fúasprekum á bálið. Auðvitað er slíkt erfitt.

Ég spurði hv. þm. Hjálmar Árnason hvort honum þætti ekki erfitt að vera í flokki sem hefur formann sem lofaði að lækka skólagjöld á háskólanemum og standa svo frammi fyrir því að þurfa að styðja hækkun á skólagjöldum. Hv. þm. sagði að ég og fleiri þingmenn hefðum staðið fyrir rannsókn á sögu kosningaloforða Framsfl. Það er rétt hjá hv. þm. að þau eru svo sannarlega rannsóknarefni því að satt að segja hefur aldrei komið fram jafnmikill haugur af loforðum sem eru einskis nýt örfáum mánuðum eftir kosningar.

Ég lái hv. þm. Hjálmari Árnasyni það ekki að hann kaus að sneiða hjá því að svara hvernig honum þættu þessar efndir. En mig langar til að rifja upp að það var samt sem áður þannig að í DV 28. mars sl. var viðtal við Halldór Ásgrímsson. Og hann er spurður að því hvaða afstöðu Framsfl., ekki bara hann persónulega, heldur Framsfl. hefur til skólagjalda á háskólastigi og hæstv. núv. utanrrh. svarar svona: „Framsókn stefnir að því að lækka skólagjöld á háskólanema.“ Þetta getur ekki verið skýrara. Framsfl. gefur opinbera yfirlýsingu um það að komist hann til valda, þá muni hann freista þess, — hann mun ekki freista þess, hann stefnir að því að lækka skólagjöld á háskólastigi. En fyrsta frv. sem hér er að sigla í gegnum Alþingi að loknum kosningum sem varðar menntamál felur í sér hækkun á skólagjöldum á háskólastigi. Með öðrum orðum, það er ekki hægt að væna mig eða nokkurn annan um það að við förum með rangt mál þegar við segjum það að hér er Framsfl. að brjóta kosningaloforð með eins hörðum hætti og það er hægt. Þá kannski getur hv. þm. Hjálmar Árnason ornað sér við það að það er óvíst í Framsfl. hvenær menn byrja að mæla kosningaloforð, í upphafi eða enda kjörtímabilsins eða svo að ég botni þessa hálfkveðnu vísu, hvort þeir gera það yfirleitt. Ég tek nefnilega undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Svavari Gestssyni. Ég minnist þess ekki að hafa séð eina einustu ræðu, eina einustu grein koma frá Framsfl. þar sem því er lýst yfir að öll þessi kosningaloforð séu skilyrt því að fyrst þurfi að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi. Þvert á móti, hv. þm. Hjálmar Árnason, þá gæti ég sýnt ýmsar afurðir rannsókna minna á sögu kosningaloforða Framsfl. þar sem kemur fram að stöku þingmaður Framsfl. hefur á umliðnum árum beinlínis haldið því fram að það sé réttlætanlegt að auka halla ríkisins á tímum atvinnuleysis. Sá sem gekk einna harðast fram í því er að vísu ekki á meðal okkar, þ.e. hann er kominn í æðri heima í Seðlabankanum og stýrir þar annars konar ríkisfjármálum. En ef ég man rétt, þá var sá maður einmitt mentor hv. þm. Hjálmars Árnasonar og átti eiginlega frumkvæði að því að hann er góðu heilli á meðal okkar í dag. Ég held því að það sé alls ekki hægt að koma hér og skjóta sér á bak við það að Framsfl. hafi sagt að það þyrfti fyrst að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi. Hann sagði það aldrei í kosningabaráttunni.

En menntamál skulu skipa forgang, segir hv. þm. Hjálmar Árnason og hann á sér þá sýn, sagði hann og nánast lagði hönd á hjartastað, að það sjáist merki í lok kjörtímabilsins.

Þá er kannski kominn mælikvarði Framsfl. á það hvenær menn byrja að mæla kosningaloforð. Það er í lok kjörtímabilsins. Gott og vel. (**Gripið fram í:** Það er örugglega þetta kjörtímabil er það ekki?) Það hefur ekki komið fram í máli Framsfl. í dag. En ég trúi því að hv. þm. Hjálmar Árnason meini þetta og ég er til í að bíða til loka kjörtímabilsins. En ég get ekki annað vegna ræðu hv. þm. en rifjað það upp að annar af tveimur málaflokkum sem hv. þm. barðist fyrir eða lét einkum að sér kveða í í aðdraganda kosningabaráttunnar var auðvitað menntamálin. Þau skipa forgang. Ég hlustaði á hv. þm. Hjálmar Árnason halda snjallar ræður í sjónvarpi um menntamálin og ég hugsaði með mér: Gríðarlega hlýtur það að vera gott að fá mann af þessu tagi inn á Alþingi Íslendinga. Nú er maður af þessu tagi kominn inn á Alþingi Íslendinga og hvað höfum við upp úr krafsinu? Jú, hann er ekki viss um það hvenær á að byrja að mæla kosningaloforðin. Hann vonar að kannski sjáist einhverjar efndir í lok kjörtímabilsins. Að minnsta kosti treystir hann sér ekki til þess að lýsa því hreinlega yfir að hann sé afskaplega ósáttur við að það sé snúið upp á höndina á honum og hann látinn greiða atkvæði gegn sinni eigin sannfæringu þegar hann samþykkir hækkun á skólagjöldum, sérstaklega vegna þess að því var lýst yfir fyrir hans hönd og annarra framsóknarmanna að Framsókn stefnir að því að lækka skólagjöld á háskólanema. Heimildin er DV 28. mars 1995 og sá sem talar fyrir hönd Framsfl. er formaðurinn, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson.

Herra forseti. Þetta hlýtur að vera erfiður dagur fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason og þess vegna ætla ég ekki að segja fleira í dag.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beið með að kveðja mér hljóðs því ég vildi gefa hv. þm., málsvara Framsfl. í umræðunni, kost á því að komast aftur inn í hana ef hann hefði hug á eða kjark til. Það varð fátt um svör í andsvörum áðan hjá hv. þm. en nú lítur ekki út fyrir að hér verði flutt frekari málsvörn af hálfu Framsóknar. Þá er nú ekki eftir neinu að bíða með að gera aðeins betur upp sakirnar við hv. þingmenn Framsfl.

Satt best að segja er langt síðan ég held að maður hafi heyrt jafnkostulega málsvörn og hér fór fram áðan. Það var satt best að segja harla dapurlegt. Það eina sem jákvætt er um þá ræðu að segja er þó það að hv. þm. hafði kjark og manndóm í sér til þess að hlaupa ekki úr þingsalnum eins og aðrir hv. þm. og hæstv. ráðherrar Framsfl. nánast undantekningalaust hafa gert þegar þessi mál hefur borið á góma, nema þeir sem eru bundnir á forsetastóli sem náttúrlega taka þær skyldur sínar fram yfir af skiljanlegum ástæðum.

Eru hv. þm. Framsfl. eitthvað hissa á því þó að menn veiti þessum sinnaskiptum athygli? Er það eitthvað skrýtið þó farið sé hér yfir kosningaloforð Framsfl. í þessum efnum? Eru menn að biðjast vægðar? Eru menn komnir svo gjörsamlega á hnén að það megi ekki ræða við þá um pólitík eina dagstund? Þá held ég að menn eigi að fá sér eitthvað annað að gera. Þeir menn sem ekki þola einu sinni smágolu á sín verk þegar þeir standa jafnberskjaldaðir og raun ber vitni ættu að vera í einhverju öðru en pólitík. Auðvitað er það hneyksli að hæstv. utanrrh. skuli ekki manna sig upp í að koma hér og vera í umræðunni, að hann skuli láta flokk sinn liggja undir stanslausum áföllum hér, flatreka undan þessari umræðu dag eftir dag og viku eftir viku og hafa ekki uppi minnstu tilburði til að verja sig og sinn flokk. Þeir skilja það eftir hinum minni spámönnum, þ.e. þeim sem á annað borð hafa kjark til að vera viðstaddir umræðuna.

Auðvitað er það fjarri öllu lagi að framsóknarmenn geti réttlætt hér hvaða óhæfuverk sem er með því að þeir hafi uppgötvað halla á ríkissjóði sem vandamál. Ég veit ekki betur en talsmenn Framsfl. hafi einmitt á síðasta kjörtímabili gagnrýnt mjög harðlega ástandið í ríkisfjármálum. Það átti ekki að koma þeim neitt á óvart í þeim efnum. Þetta er aumleg málsvörn til að reyna að hafa eitthvað fram að færa gagnvart því að hafa kokgleypt stefnumál af því tagi sem Framsfl. þóttist standa fyrir á síðasta kjörtímabili og einkum og sér í lagi í síðustu kosningum. Vandinn hjá ríkissjóði er bara mál sem lýtur þeim almennu lögmálum sem þar heyra undir. Það er spurning um tekjur og gjöld. Það er spurning um aðferðir í þeim efnum en það er engin réttlæting fyrir stefnubreytingu í grundvallarmálaflokki af þessu tagi. Eða er það niðurstaða þingflokks Framsfl. þess hins nýja sem er kominn úr selskinnsjakkanum yfir í sauðargæruna að það sé engin önnur leið til? Að allar leiðir séu þrautkannaðar og tæmdar til þess að afla tekna í ríkissjóð og loka fjárlagagatinu nema þessi? Verður nákvæmlega að taka þarna um 20 þús. kr. af öllum háskólanemum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri? Eru engin önnur úrræði til til að stoppa eitthvað upp í gatið? Auðvitað er þetta fjarstæða. Þótt þessar upphæðir skipti miklu máli í afkomu hvers og eins sem í hlut á og fyrir þeim verður, þá eru þær auðvitað ekki stórar þegar komið er út í hið stóra samhengi tekjuöflunar ríkissjóðs upp á rúmlega 100 milljarða kr. Þær eru ekki mjög stórar í samhenginu t.d. tekjur af öllum virðisaukaskatti í landinu sem hleypur á tugum milljarða. Ef við setjum þetta í sitt rétta samhengi, vandann í ríkisfjármálunum, hina almennu tekjuöflun ríkissjóðs og útgjöld, erum við að tala um allt aðra hluti. Þetta er engin málsvörn.

Það er líka önnur ástæða fyrir því, herra forseti, að mönnum verður eðlilega tíðrætt um Framsfl. í þessu samhengi og hún er sú að Sjálfstfl. kemur manni ekkert á óvart í þessu máli. Hann hefur ekki kúvent. Hann stóð fyrir að setja þessi gjöld á á síðasta kjörtímabili, við erum búin að fara í gegnum þá umræðu við Sjálfstfl. Þá reyndi hann að verja sig. Þá var Framsfl. með í að ráðast á Sjálfstfl. Það á því enn síður að koma Framsfl. á óvart þótt hugur manna nú sé bundinn við sinnaskipti Framsfl. Menn sjá í sjálfu sér ekki ástæðu til að endurtaka rökræður sínar við Sjálfstfl. frá fyrra kjörtímabili, hann er samur við sig. (**Gripið fram í:** Þú mátt ekki gleyma krötunum.) Hv. þm., ég hef ekki gleymt krötunum. Ég hef gjarnan látið þess getið að þeir hafi stigið ýmis ógæfuspor á síðasta kjörtímabili. Og það kemur auðvitað fram í ræðum hv. þm. Alþfl. núna að þeir iðrast beisklega og gráta, eins og segir í mikilli bók. Þeir vita upp á sig synd sína. En það eru auðvitað sinnaskipti Framsfl. sem eðlilega eru til umræðu hér og nú. Það er það sem er að gerast nú. Það er nýtt í málinu fyrir utan að það kemur svo sem engum á óvart að Sjálfstfl. reki stefnu af þessu tagi, það liggur í eðli máls. Það liggur alveg ljóst fyrir að Sjálfstfl. hefur almennt verið áhugasamur um að láta menn borga í miklu ríkari mæli hvern fyrir sig fyrir hinn sameiginlega rekstur og taka minna í gegnum almennar tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs. Af hverju? Af því að Sjálfstfl. gefur ekkert fyrir þau markmið sem liggja á bak við jöfnunarhugsun tekjuöflunar til ríkissjóðs með almennum tekjuöflunarleiðum. Sjálfstfl. er alveg tilbúinn til að fórna þeim á altari sinnar frjálshyggju. Hægri flokkar út um allan heim vita vel að þeir sem betur mega sín verða

enn frekar ofan á ef hægt er að koma málum þannig fyrir að menn geti keypt betri þjónustu og meiri menntun í krafti betri efnahags. Og kinkar nú ákaft kolli sá einn sem yfirleitt er nógu hreinskiptinn til að gangast við ómengaðri spekinni eins og hún kemur af kúnni.

Það er því ekki skrýtið þótt Sjálfstfl. beri fram svona mál. Þetta er bara sönnun þess sem við höldum gjarnan fram. Þegar til kastanna kemur og sjálfstæðismenn þurfa að velja á milli ólíkra markmiða hika þeir ekki við að fórna markmiðum af því tagi að jafnrétti og jöfnuður ríki gagnvart námi. Þetta mál er mjög lýsandi og dæmigert fyrir það sem þar er á ferðinni.

En það er Framsókn sem hefur hins vegar tekið miklum stakkaskiptum, hefur skipt um yfirhöfn svo aftur sé farið í þá líkingu. Samt koma þeir hér, hv. þm. Framsfl. og fara enn með rulluna um að þeir vonist nú til þess að menntamál muni njóta forgangs og þeir vonist til þess að kosningaloforðin verði efnd, spurningin sé bara hvenær, það sé ekki sanngjarnt að vera að mæla það svona rétt í byrjun kjörtímabils. En ég verð að segja eins og er, herra forseti, og ég vænti þess að fleirum fari svipað, að ég verð tortrygginn þegar menn byrja að efna kosningaloforð með því að fara í öfuga átt, með því að svíkja þau. Þær eru alltaf dálítið sérkennilegar þessar röksemdafærslur sem ganga út á það að til þess að verja eitthvað þá verði maður að byrja á því að fórna því. Mér finnst það tortryggilegt þegar menn koma hér og ætla að reyna að sannfæra okkur um að einmitt aðferðin til að standa við kosningaloforðin um að lækka skólagjöld sé að hækka þau. Það er það sem verið er að reyna að segja okkur. Þau eru 22.275 kr. á þessu ári en eiga að fara í 24.000 kr. á því næsta. Það sem meira er: Það á að lögfesta varanlega að þannig skuli þau vera. Eigum við að trúa því? Er það merkileg röksemdafærsla hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að það standi nú vonandi allt til bóta og það sé ætlunin að efna kosningaloforðin einnig í menntamálum og það sé þar með ætlunin að lækka skólagjöldin? En það verði bara því miður að byrja á að hækka þau. Dettur mönnum virkilega í hug að það sé líklegt að það ári svo vel að ári eða tveimur árum liðnum að þetta snúist við? Auðvitað ekki.

Það var alveg hárrétt sem hér var nefnt af einum þingmanni áðan. Framganga Framsfl. við síðustu kosningar var og er í ljósi reynslunnar alveg svívirðileg hvað varðar allt sem viðkemur ungu fólki. Framsfl. keyrði með lævísum áróðri alveg sérstaklega inn á þennan aldurshóp, beitti öllum nýjustu djúpsálarfræðiáróðursbrögðum, keyrði miklar sjónvarpsauglýsingar fyrir stórfé og lét rúlla hér um flettiskiltum fram og til baka um alla borgina. Það var alveg sérstaklega keyrt inn á þennan hóp og ungu fólki á Íslandi gefnar miklar væntingar um að þess hagur yrði alveg sérstaklega tryggður ef þessir snotru menn í selskinnsjökkunum og frökkunum þarna á skiltunum við Lækjartorg yrðu kosnir. Eða muna menn ekki eftir auglýsingunum? Allt unga fólkið sem kom í sjónvarpið og lýsti því yfir hvað það ætlaði að verða þegar það væri búið að mennta sig sem flugstjóra og hagfræðinga og hvað það nú var. Enginn ætlaði að verða atvinnulaus, það er alveg á hreinu. Og enginn ætlaði að hrökklast úr námi af því að hann gæti ekki borgað skólagjöld. Það var ekki neitt um það í auglýsingunum. (**Gripið fram í:** Ætlaði einhver að vera í Hanstholm?) Nei, enginn ætlaði að flytja til Hanstholm svo ég muni eftir. Það kom síðar. Það er því tilefni til þess, herra forseti, við þetta tækifæri, og reyndar önnur sem eiga eftir að koma hér upp á komandi vikum, mánuðum og missirum þangað til við losnum við þessa ólánsríkisstjórn, að halda Framsfl. pínulítið við efnið. Ég legg til að þeir menn sem ekki þola þá gagnrýni í þeim flokki fari og fái sér eitthvað annað að gera. Framsfl. skal ekki detta það í hug eitt einasta augnablik að honum verði hlíft við því að farið verði yfir hans framgöngu í þessum efnum. Það er langt síðan menn hafa séð ófyrirleitnari kosningaáróður, ekki síst hvað varðar aðkomuna að unga fólkinu og vandamálum þess á líðandi stundu sem lúta m.a. að skólagöngu, húsnæðismálum og öðru slíku og óöryggi með framtíðina, sem því miður hefur grafið um sig hér á Íslandi með allt öðrum og djúpstæðari hætti en var fyrir fáum árum. Það er því miður ekki þannig að ungt fólk fari hiklaust í nám eða útskrifist úr skólum í fullri vissu þess að þess bíði tækifæri, það sé úr nógri atvinnu að velja og að það geti hiklaust reiknað með að koma sér upp þaki yfir höfuðið án þess að lenda í erfiðleikum í því sambandi. Það er bara því miður ekki svo. Inn á þetta óöryggi með framtíðina spilaði Framsfl. alveg sérstaklega við síðustu kosningar. Framkoma hans er þeim mun ámælisverðari í því ljósi. (**Gripið fram í:** Og fékk stuðning frá ungu fólki.) Fékk örugglega og óumdeilanlega stuðning frá ungu fólki. Það er ekki vafi á því að þessi áróður og þessi ósvífni skilaði flokknum þó nokkrum ávinningi. Tímabundnum að vísu, skulum við trúa og treysta. Við höfum það álit á ungu fólki á Íslandi í dag að það muni ekki gleyma þessum trakteringum. Auðvitað er ljóst að þessi sigur Framsóknar á síðasta vori á eftir að reynast pýrrhosarsigur. Það er næsta víst að það verður lágt risið á gömlu Framsókn eftir næstu alþingiskosningar. Eins og sagt hefði verið í minni sveit: Þeir verða þá heldur halaklipptir. Svo vitnað sé í líkingu sem kemur úr myndmálinu og tengist frægri dýrategund á Íslandi.

Herra forseti. Þótt okkur hafi orðið hér tíðrætt um Framsfl. vil ég ekki fyrir mitt leyti láta það gleymast, láta það hverfa í umræðunni, að það er auðvitað þetta flagg hæstv. menntmrh. sem er hið efnislega mál til umræðu hér þótt aðkoma Framsóknar að því verði mönnum að umtalsefni og hin fullkomna niðurlæging Framsóknar sem í því birtist. Mér skilst að þetta sé fyrsta meiri háttar frv. á sviði menntamála sem hæstv. menntmrh. fær hér afgreitt og það er merkilegt flagg fyrir hans siglingu í þessum efnum. Hæstv. ráðherra hefur ætlað sér mikla hluti en hans verður sennilega minnst fyrir það að hans fyrsta verk og hans brautryðjendaverk var að lögfesta skólagjöld á Íslandi. Auðvitað mega menn ekki horfa fram hjá þeirri frjálshyggju sem þar er á ferðinni. Viðfangsefnið er að takast á við hana og fá fólkið í landinu til þess að snúa sér frá þeirri stefnu því að á meðan hún er uppi og er rekin af stórum flokki eins og Sjálfstfl. er þessi hætta fyrir hendi, að veikgeðja sálir í einhverjum hentistefnumiðjuflokkum glepjist til þess að láta nota sig til að styðja þessa stefnu fram og veita henni brautargengi eins og dæmin sanna. Skiptir þá ekki öllu máli hvað þeir heita í dag eða hvað þeir hétu í gær, Framsfl. í dag og Alþfl. í gær. Afleiðingarnar eru þær sömu. Með slíkum varadekkjum er Sjálfstfl. kjörtímabil eftir kjörtímabil að keyra fram ójafnaðarstefnu sína í þessum efnum og það er um það sem hin eiginlegu pólitísku átök eiga og þurfa að standa þegar og ef menn hafa gert upp sakirnar við kúvendingar af því tagi sem Framsfl. hefur gert sig beran að. En nú mun svo komið, herra forseti, að einn af virðulegu forsetum þingsins og flokksbundinn framsóknarmaður hafi beðið um orðið og ég get bara ekki beðið lengur með að fá heyra ræðu hans þannig að ég ætla að láta hér staðar numið að sinni.

[17:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég hef setið hér og hlýtt á umræðuna og þegar ég sat í forsetastól fyrir stundu fannst mér eitthvert stórmál á ferðinni. Hér væri eitthvert rammpólitískt mál á ferðinni sem allir væru ósammála um. Stjórnarandstöðuflokkarnir láta með þeim hætti í hverju einasta máli að ráðast á Framsfl., bera upp á hann hinar þyngstu sakir, telja að hann hafi svikið kosningaloforð sín og sé kominn langt frá stefnu sinni. Þegar ég sat undir þessari umræðu var ég satt að segja að verða dálítið efins um flokk minn og áttavilltur á þessu öllu saman svo ég fór nú að rifja upp stefnuskrána og kosningaloforðin. Þá komst ég að raun um að við höfum staðið við ýmislegt sem við hétum að stefna að og við sjáum þegar árangur í þjóðfélaginu að það hefur birt yfir. Það er fallegt veður alla daga og atvinnulífið er að rísa, unga fólkið sem er að koma út úr skólunum, menntafólkið, á von á atvinnu og það á von á hærri launum af því að hagvöxturinn er að aukast o.s.frv. Hitt er annað mál að það sem vekur athygli mína er að allir stjórnmálaflokkar sem sitja í þessum sal eru sammála um það prinsipp sem hér er deilt um og hér er ekki verið að deila um neinar stórupphæðir. Hvernig hljóðar greinin? Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 24.000 kr."

Stjórnarandstöðuflokkarnir, sem eru búnir að skamma Framsfl. í allan dag, bera fram tillögu um að þetta verði 9.000 kr. Það sem skilur að eru 15.000 kr. Hvar eru mótmæli námsmanna við þessu? Eru hv. þm. með marga pappíra um mótmæli stúdenta og námsmanna í þessu máli? Hv. þm. hafa ekki borið þau upp hér í málefnalegri umræðu og umræðan hefur því miður ekki verið málefnaleg. Hún hefur verið árás á Framsfl. aftur og aftur. (**SvG:** Það er málefnalegt.) Það er ekki málefnalegt, hv. þm. Það gerist ekki í neinu þjóðþingi að menn tali með þeim hætti sem stjórnarandstaðan hefur gert hér í dag. Það gerist bara ekki í neinu þjóðþingi. Allir stjórnmálaflokkar á Alþingi Íslendinga eru sammála um það og hafa verið í gegnum áratugi að taka þetta gjald sem verið er að ræða um og þeir hafa gert það. En menn sem hlýða á þessa umræðu halda að eitthvað nýtt sé á ferðinni. Það er ekkert nýtt á ferðinni. Það er aðeins verið að ákveða að þetta lágmarksgjald verði 24.000 kr. en ég vil nú segja fyrir mig að ég tel það kannski virðingu við þá stofnun, háskólann, að menn borgi 24.000 um leið og þeir skrá sig inn í hann. (**Gripið fram í:** Af hverju er ekki búið að hækka þetta?) Sumt af gjaldinu fer aftur til námsmanna. 13% af gjaldinu fer til Félagsstofnunar stúdenta o.s.frv., 10% til ýmissa verkefna. Menn eiga nú ekki að láta eins og himinn og jörð séu að farast. Ég tel nauðsynlegt í jafnvirðulegum stofnunum að menn sýni að þeir eru að ganga af alvöru inn í sitt nám í háskóla og greiði litlar 24.000 kr. Foreldrar gefa jafnvel börnum sínum þessa upphæð. (**Gripið fram í:** Eru ekki bændur að tala um það að þeir hafi ekki efni á að mennta börnin sín?) Auðvitað hafa ekki allir, því miður, efni á því að mennta börnin sín. Það er þannig. (**Gripið fram í:** Hvað eiga þeir að gera?) Bændur? Það þarf ekkert að tala um bændur hér. Auðvitað þurfum við að standa að almennri menntun og fara yfir ýmis mál í þjóðfélaginu og það mun þessi ríkisstjórn gera.

Það er ekki mikill ágreiningur uppi um þessar mundir um menntamál. Framsfl. mun standa við allt sem hann hefur sagt í menntamálum á þessu kjörtímabili. Það getur verið að hæstv. menntmrh. sé í aðra röndina þakklátur fyrir það að Framsfl. gaf mikil fyrirheit í menntamálum í kosningabaráttunni því að hann mun njóta þess sem ráðherra þegar frá líður. En Framsfl. mun standa við það.

En ég vek sérstaklega athygli á því að málflutningur stjórnarandstöðunnar í dag er útúrsnúningur. Hér eru þingmenn með brtt. um það að þetta skuli vera 9.000 kr. Þetta eru 24.000 kr. og voru 22.500 kr. og mér finnst það ásættanlegt. Ég mundi að vísu ekki vilja hafa það miklu hærra. Ég vil koma því á framfæri að ég kann ekki við að taka þingtímann dag eftir dag í svona röfl um Framsfl. Að vísu get ég vel sætt mig við það að menn skammi Framsfl. og menn eiga að gera það því að auðvitað vænta menn þess að það góða sem þessi ríkisstjórn gjörir muni Framsfl. standa fyrir og ég er í engum vafa um að það verði þannig.

Ég styð þessi frv. og tel eðlilegt að þau verði gerð að lögum og stjórnarandstaðan styður þau með aðeins lægri upphæð en lætur hér í allan dag eins og himinn og jörð séu að farast út af smáupphæð og er það til skammar sundraðri stjórnarandstöðu sem hefur ekkert gott lagt til málanna.

[17:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér varð ég vitni að því sem ég hélt að ég myndi ekki sjá á þessu þingi þegar sá bognaði sem ég hélt að aldrei mundi svigna. Það hefur aldrei gerst áður að hv. þm. Guðni Ágústsson bókstaflega biðji sjálfum sér og Framsfl. vægðar en það gerði hann áðan. Hvað var það sem hrærði hjarta hans svo aumlega? Það var smáræði. Nokkur þúsund krónur. Allt í lagi þó að námsmenn væru látnir borga 24.000 kr. enda hefði Framsfl. séð til þess að það skín sól fyrir utan þinghúsið og þeir geta þá bara andskotast út í sólina ef þeir hafa ekki efni á að borga sig inn í háskólann. En hvað er það sem menn eru að ræða um hérna, herra forseti? Það eru ekki krónur og aurar. Það sem hv. þm. kveinkaði sér undan var að menn gengu eftir efndum kosningaloforða Framsfl. Það hefur komið fram fyrr í dag að einn hv. þm. flokksins sagði: Hvenær byrja menn að mæla kosningaloforð? Er það í upphafi eða undir lok kjörtímabilsins? Á yfir höfuð nokkuð að mæla kosningaloforðin?

Herra forseti. Menn deila á Framsfl. vegna þess að Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh. og formaður flokksins sagði í DV 28. mars 1995 þegar hann var spurður um skólagjöld á háskólastigi: „Framsókn stefnir að því að lækka skólagjöld háskólanema." Þetta er þverbrotið. Þetta er spurning um prinispp, herra forseti. Eiga orð að standa eða ekki? Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur svarað fyrir sitt leyti: Það á að brjóta þau, það er í lagi af því sólin skín.

[17:55]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú málflutningurinn að hafa heldur hátt og afvegaleiða umræðuna, því miður. (**Gripið fram í:** Sagði Halldór þetta ekki?) Það kann vel að vera að Halldór hafi sagt þetta en við erum ekki að ræða um neitt stórmál. Fyrst og fremst að festa það í sessi að þessar litlu 24.000 kr. fyrir að setjast í æðstu menntastofnun landsins verði greiddar. Hv. þm. sem er að skamma þann sem hér stendur vill hafa þetta 9.000 kr. Þetta er munurinn og síðan geta menn endalaust verið að deila um það að menn ætli að breyta einhverju í framtíðinni en tekið á því þegar þar að kemur. Við skulum sjá til hvort að það stendur. Hvenær á að mæla

kosningaloforð? Menn mega byrja á því strax fyrir mér. Ég tel og ég trúi því að þessi ríkisstjórn, þó að hún sé ekki með allt gott í pokahorninu, muni ná árangri á þessu kjörtímabili og í lok kjörtímabilsins munu menn segja: Vissulega kaus ég rétt í síðustu kosningum. Framsfl. hefur komið svo miklu til leiðar.

[17:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti fyrr von á dauða mínum en því að heyra hv. þm. Guðna Ágústsson koma hingað og segja að það sé í lagi að menn brjóti kosningaloforð þegar kosningar eru afstaðnar. Því það var ekkert annað sem hv. þm. var að segja. Ég las upp úr viðtali við hæstv. utanrrh., formann Framsfl., þar sem hann segir: „Framsókn stefnir að því að lækka skólagjöld til háskólanema." Svo kemur hv. þm. Guðni Ágústsson og segir að það sé allt í lagi þó að gagnstætt þessu séu skólagjöldin hækkuð vegna þess að námsmenn hafi efni á að borga þetta. Þetta snýst ekki um krónur og aura. Þetta snýst um það hvort eigi að taka mark á formanni Framsfl. Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur sagt fyrir sitt leyti að það sé allt í lagi þó menn taki ekkert mark á honum. Ég mun reyna að lifa eftir því.

[17:58]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg nú að bæði þingið og þjóðin viti það að formaður Framsfl. stendur jafnan við það sem hann segir og er nú kannski þekktari fyrir það en ýmsir aðrir íslenskir stjórnmálamenn á seinni árum. Svona ræðuflutningur dæmir sig þess vegna sjálfur. Ég bið hvorki Framsfl. vægðar né svigna undir þessari umræðu. Ég tel að ekki sé deilt um stórmál. Allir flokkar eru sammála um prinsippið og hafa staðið að því. Stjórnarandstaðan vill hafa gjaldið 9.000 kr. Ríkisstjórnin hefur komið sér saman um að hafa það 24.000 kr. Námsmenn munu njóta þess, þingmenn hafa ekki borið mótmæli þeirra hér upp við þessa umræðu þannig að ég held að þetta sé nú stormur í vatnsglasi sem hér hefur átt sér stað í dag.

[17:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að þessi umræða raskar mjög sálarró þeirra framsóknarmanna og það er eðlilegt og er til marks um það að þeir hafi vonda samvisku í málinu. Er jafnvel svo langt gengið að það er sagt að það sé ekkert stórmál hér þó að hv. þm., hæstv. utanrrh. og formaður flokksins, sé ómerkur orða sinna. Þetta mál snýst ekki um upphæðir. Það er grundvallarmisskilningur hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni. Þetta snýst um prinsipp og á þeim grundvelli sem er hér deilt. Það er eðlisbreyting að taka þessa gjaldtöku út fyrir þann ramma sem tengist beint hinu skráða tilnefnda viðfangsefni. Málflutningur af því tagi að það auki bara virðingu manna fyrir háskólanum að borga 24.000 kr. er náskyldur því sem hæstv. menntmrh. sagði áðan að það fjölgaði fólki á endurmenntunarnámskeiðum í háskólanum þó að menn væru að borga þar gjöld og það lá næstum í orðunum að þeim mundi fjölga enn meira ef gjöldin yrðu enn hærri. Vex þá ekki virðing manna enn meir fyrir háskólanum ef þetta verður hækkað í 50.000 kall? Nei, auðvitað er svona málflutningur fyrir neðan allar hellur og fyrst og fremst til marks um algert rökþrot í umræðu af þessu tagi. Ég tel, herra forseti, að það sé enn ríkari ástæða nú en áður var til þess að fá hæstv. utanrrh. hingað til umræðunnar þegar svo er komið að lautinantar hans hér eru farnir að tala um það sé smámál að hæstv. utanrrh. sé gerður ómerkur orða sinna.

[18:00]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. segir að þetta snúist um prinsipp. Ég hef margsinnis farið hér yfir það að tillaga hv. þm. eru 9.000 kr. Hann er sammála um það og viðurkennir að þetta hefur verið um langa hríð með þessum hætti. En það sem ég hef farið yfir í dag er þessi hlálega umræða sem stjórnarandstaðan hefur í árásum sínum á Framsfl. og kosningafyrirheit hans viðhaft við þessa umræðu sem er fyrir utan öll mörk að mínu viti. (**Gripið fram í:** Ekki svona sár.) Ekkert sár yfir því, hv. þm., en mér finnst að það gangi ekki upp dag eftir dag að stjórnarandstaðan láti svona. (**Gripið fram í:** Það eru þrjú ár eftir.) Þrjú ár, það er auðvitað langur tími og mikið sem gerist á þessum þremur árum. Ég lýsti því yfir, hæstv. forseti, að ég trúi því að Framsfl. standi við fyrirheit sín á þessu kjörtímabili í sem flestum efnum. (**SvG:** Í sem flestum efnum.) Kosningafyrirheit eru með þeim hætti að þau eru markmið, það þekkir hv. þm. Svavar Gestsson og hefur ekki staðið við allt sem hann hefur sagt. (**SvG:** Í sem flestu.)

[18:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að kosningafyrirheit geta verið mismunandi og þess eðlis að þau eru meira markmið og fögur fyrirheit en önnur eru gegnsærri. Þannig er það t.d. með skýlausa yfirlýsingu, svar formanns Framsfl. um að Framsfl. muni beita sér fyrir lækkun skólagjalda. Er hægt að flokka það undir efndir á slíku loforði að standa hér að frv. um hækkun þeirra? Það er eins gagnsætt og nokkuð getur verið. Það eru skýlaus svik við kjósendur. Þarna er ekkert hægt að skýla sér á bak við óljóst orðalag eða eitthvað þokukennt markmið og góðan vilja. Hér er um algjörlega gagnsætt, tært loforð að ræða um tiltekinn efnislegan hlut — að lækka skólagjöld en Framsfl. lætur það verða eitt af sínu fyrstu verkefnum að kokgleypa stjfrv. frá hæstv. menntmrh. um að lögfesta hækkun þessara gjalda. Það er m.a. það sem verið er að takast á um hér. Svo auðvitað hitt að það er grundvallarmunur á þeirri gjaldtöku sem hér á sér stað og hinu að búa lögformlega um t.d. innheimtu gjalda vegna verkefna námsmanna og samtaka þeirra í háskólanum o.s.frv. Það er bara þvæla að bera þessa tvo hluti saman.

[18:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er u.þ.b. eitt og hálft ár síðan að orðhagur þingmaður var í andsvari og var að tala við alþýðuflokksmenn og tók eftir því að þeir kveinkuðu sér. Hann komst þá þannig að orði að þeir væru sárfættir af ódáðahrauni spillingarinnar. Satt að segja rifjaðist þetta upp fyrir mér þegar ég hlustaði á hv. þm. Guðna Ágústsson. Mér fannst hann orðinn þegar býsna sárfættur af ódáðahrauni spillingarinnar því að ég hef sjaldan heyrt mann kveinka sér eins átakanlega undan gagnrýni stjórnarandstöðunnar og hann gerði hér í dag. Mér finnst það þó virðingarvert að hann skuli bera harm sinn upp í þennan ræðustól þó að það sé sjaldgæft. En hann virðist hins vegar ekki gera sér grein fyrir því grundvallaratriði að annars vegar er um að ræða innritunargjöld vegna tiltekins kostnaðar við félagsrekstur stúdenta, hins vegar er um að ræða skattlagningu til að standa undir rekstri háskólans og hv. þm. verður að draga þarna markalínu á milli. Það er grundvallarmunur á því hvor leiðin er

farin í þessum efnum og þess vegna er þetta ekkert annað en útúrsnúningur þegar hv. þm. er að segja: Stjórnarandstaðan leggur til 9.000 kr. og við leggjum til 24.000 kr. Það er hreinn útúrsnúningur og ekkert annað og ég skora á hv. þm. að endurskoða þennan málflutning því hann er honum ekki sæmandi.

[18:05]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég dáist að langtímaminni hv. þm. á skýrum svörum einhvers staðar aftur í fortíðinni. Ég ætla ekki að ræða þetta mikið til viðbótar. Ég hef sett fram skoðanir mínar um að hér er ekki um stórmál að ræða og ekki ágreiningsmál og ég tel því að Framsfl. muni gagnvart námsmönnum, gagnvart menntun ná flestu því fram sem hann hét í kosningabaráttunni á sl. vori. (Gripið fram í.) Hann mun gera það á mörgum öðrum sviðum sem skiptir ungt námsfólk máli, í atvinnumálum, í hallalausum fjárlögum o.s.frv. þannig að vissulega erum við að vísu sárfættir af ódáðahrauni en það eru grænni grundir sem blasa við.

[18:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met það mikils við hv. þm. að hann skuli segjast vera sárfættur eftir þennan dans sem hann hefur stigið með íhaldinu á ódáðahrauninu síðustu missirin. Ég held að hann verði að gera sér ljóst að Framsfl. lofaði allt öðru en hér er verið að gera. Hér er verið að lögfesta skólagjöld í Háskóla Íslands í fyrsta sinn. Það hefur aldrei verið jafnafdráttarlaust. Framsfl. er þar með að brjóta í blað og hvað er hann að gera? Hann er að svíkja miðað við loforðin sem Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., gaf 28. mars 1995. Hvort hv. þm. Guðni Ágústsson telur það smámál eða ekki skal ég ekkert um segja en ég er sannfærður um það að þúsundir kjósenda, sem tóku mark á Framsfl. fyrir síðustu kosningar, hugsa sig um tvisvar áður en þeir greiða atkvæði aftur með þeim flokki.

[18:07]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikil er veruleikafirring Framsfl. þessa dagana. Mig undrar að hv. þm. leyfir sér að segja í pontu á hinu háa Alþingi: Hver hefur ekki efni á að greiða skólagjöldin? Í hvaða tengslum er hv. þm. við veruleikann í landinu? Það hefur líka komið fram í máli hæstv. menntmrh. í vetur að hækkuð skólagjöld við háskólann hafi m.a. valdið því að fólk hafi hrakist frá námi og þá helst barnafólk. Ég minni aftur á kosningabaráttu Framsfl. sl. vor sem snerist öll um unga fólkið, menntamálin og framtíðina, störfin sem átti að búa til, skólagjöldin sem átti að lækka. Hvar er samviska Framsfl. í þessum efnum?

[18:09]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samviska Framsfl. er til og hún er vakandi og hún er að verki. Hún er að ná árangri á mörgum sviðum. (**Gripið fram í:** Hvar er hún?) Hvar er hún? Hún er hér um allt. (**Gripið fram í:** Hún er ekki í salnum.) Samviska Framsfl. er að störfum og hún er að ná árangri í þessari ríkisstjórn og þjóðfélaginu í heild. Það sem ég er að vekja hér athygli á er að því í máli sem við ræðum er ekki himinn og haf á milli flokkanna. Stjórnarandstaðan er tilbúin til að hafa þetta 9.000 kr. Niðurstaðan er 24.000 kr., var 22.500 kr. Það er verið að ræða um fólk sem sest inn í æðstu menntastofnun þjóðarinnar. Hluti af þessu gjaldi fer í þess eigin þágu og félagsstarf. Mótmælalistarnir eru hvergi sjáanlegir, ekki eru þingpallarnir þéttsetnir undir umræðunni þannig að þetta er auðvitað allt saman úr lausu lofti gripið. Ég hef samúð og þekki kannski þjóðina ekki síður en hv. þm. sem hér var að tala. Auðvitað er margur fátækur og við þurfum mjög að hugsa um það í menntunarmálum og öðru að jafnrétti verði viðhaft í menntamálum. Það styð ég heils hugar og fyrir því mun Framsfl. og ég hygg Sjálfstfl. einnig berjast og vaka yfir að því verði ekki raskað.

[18:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði alls ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu en sú ræða sem hér var flutt áðan af hv. þm. Guðna Ágústssyni var þess efnis að ég get ekki orða bundist. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mikið ótrúlega eru menn fljótir að gleyma. Hér stóðum við dag eftir dag og fram á rauða nótt á síðasta kjörtímabili og reyndum að berjast gegn því með öllum okkar mætti sem þá vorum í stjórnarandstöðu, þar með talinn Framsfl., að þeim skólagjöldum yrði ekki komið á sem þáv. ríkisstjórn barðist fyrir. Það tókst að ná því fram að þau skólagjöld náðu eingöngu til háskólastigsins. Seinna var komið á gjöldum í framhaldsskólum, að vísu ekki nærri eins háum. En við börðumst gegn þessu af mikilli hörku og því get ég ekki annað en lýst undrun minni á þeim málflutningi sem hv. þm. hafði hér í frammi þar sem hann sagði það annars vegar að fólk munaði ekkert um að greiða þessi gjöld og hins vegar það að þessi umræða snerist ekki um nokkurn skapaðan hlut. Þetta væri ekki mál sem skipti máli. En það er nú einu sinni svo, hv. þm., að þegar einu sinni er búið að lögfesta gjöld af þessu tagi hafa þau tilhneigingu til að hækka vegna þess að því miður hefur verið búið þannig, sérstaklega að Háskóla Íslands, að hann skortir sárlega fé. Því verður það að sjálfsögðu mjög freistandi fyrir háskólann að reyna að hækka þessi gjöld þó að það sé ekki stefna skólans og þó að þeim sem starfa við háskólann sé í reynd mjög illa við þessi gjöld eins og kemur m.a. fram í umsögn þeirra tveggja háskóla sem hér um ræðir. Það kemur fram að háskólaráð Háskóla Íslands minnti á að það hefur ítrekað mótmælt því að háskólinn sé settur í þá stöðu að þurfa að innheimta gjald af stúdentum til reksturs skólans eins og fram kemur í þeirra umsögn, með leyfi forseta.

Af þessu tilefni vil ég aðeins að rifja upp sögu þessa máls og út á hvað það gengur. Þegar umræðan um skólagjöld hófst á þinginu haustið 1991, reyndar var það boðað strax um sumarið af þáv. hæstv. menntmrh., Ólafi G. Einarssyni, að skólagjöld væru í uppsiglingu, var staðan þannig að Háskóli Íslands innheimti 7.700 kr. í skólagjöld eða reyndar ekki í skólagjöld, það eru mismæli hjá mér, því að megnið af því gjaldi fór til stúdentaráðs. Það fóru 2.000 kr. til háskólans sjálfs, 2.000 kr. sem var þá það sem menn töldu vera jafnvirði þeirrar þjónustu sem hægt var að flokka sem kostnað við innritun nemenda í skólann því að innritunargjöldum eru auðvitað ekki ætlað annað en að standa undir þeim kostnaði. Þáverandi ríkisstjórn fór hins vegar þá leið að leggja það til að gjöldin yrðu hækkuð upp í 17.000 kr. sem var samþykkt eftir mjög harða baráttu á hinu háa Alþingi. Þar með var ísinn brotinn. Stóra spurningin snýst um það í fyrsta lagi hvenær menn fara út í að hækka þessi gjöld? Hvað verður langt þar til þau verða komin upp í 50 þús. eða 100 þús. eða 200 þús.? Hvað líður á löngu? Hver er það sem á að kosta menntun þjóðarinnar? Er það vilji hv. þm. og Framsfl. að það verði fyrst og fremst einstaklingarnir sem borgi hana eða er það

í þágu þjóðarinnar að mennta fólk? Er það hlutverk ríkisins eins og það hefur verið til þessa að reka menntakerfið?

Við kvennalistakonur erum þeirrar skoðunar að það sé hlutverk ríkisins að annast menntunina. Hún er mikilvæg allri þjóðinni og ég átti þátt í því, reyndar með nokkrum þingmönnum sem hér eiga sæti, að berjast fyrir því á sínum tíma sem nemendur Háskóla Íslands að skólinn yrði öllum opinn, að fjölbreytni náms yrði sem mest og að námslánakerfið yrði með þeim hætti að það tryggði jafnrétti til náms. Hv. síðasta ríkisstjórn vann ekki einungis að því að koma á skólagjöldum því að það eru skólagjöld þegar þau eru farin að standa undir rekstri. Það er munur á því hvort það er annars vegar verið að innheimta gjald til félagsstarfsemi stúdenta og þeirrar þjónustu sem þeir annast fyrir nemendur og hreinan og kláran kostnað m.a. vegna kennsluskrár og skírteinis sem nemendur fá eða hvort farið er að taka peninga í hreinan rekstur. Það er það sem gert var með lögunum 1991. Það er það sem í rauninni er verið að staðfesta hér þó það sé verið að kalla hlutina öðrum nöfnum. Þetta mál snýst um prinsipp. Það snýst um það prinsipp hver á að annast menntunina og hver á að borga menntunina. Er það vilji okkar að feta okkur eftir þeirri braut að einstaklingarnir borgi sífellt meira og það skipti sífellt meira máli hvernig að þeim er búið vegna þess, hæstv. forseti, að hæstv. síðasta ríkisstjórn gekk þannig frá Lánasjóði íslenskra námsmanna að *það er mikið umhugsunarefni fyrir þá nemendur sem* innritast í Háskóla Íslands hvort þeir eigi að taka námslán. Ég tilheyri þeirri heppnu kynslóð sem sá námslánin batna ár frá ári, reyndar eftir harðvítuga baráttu. Ég stóð að því ásamt mínum samnemendum á þeim tíma að fallast á að námslánin yrðu vísitölubundin og að þau fylgdu verðlagsþróun vegna þess að við vildum borga lánin til baka en þau voru líka fyrir alla og þau opnuðu þúsundum nemenda, þúsundum og aftur þúsundum tækifæri til að afla sér menntunar sem þeir hefðu ekki átt kost annars. Eins og margoft hefur verið sagt var námslánakerfi okkar með því albesta sem þekktist. Þar með er ekki sagt að það hefði ekki mátt bæta, það hefði ekki mátt herða eftirlitið og sjá til þess að það væri ekki misnotað en því miður gekk hv. síðasta ríkisstjórn allt of langt í þeim efnum og það bólar ekkert á efndum þeirra loforða sem snerta Lánasjóð íslenskra námsmanna sem m.a. Framsfl. gaf hér fyrir síðustu kosningar. Hv. þm. getur því ekki undrast það að við sem vorum með Framsfl. í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili innum þá eftir því hvernig þeir hyggist standa við þau loforð sem þeir gáfu.

Ég sat á fundi í Háskólabíói með fulltrúum allra flokka þar sem námsmenn spurðu frambjóðendur út úr. Ef ég man rétt var það þáv. þingmaður, núv. hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, sem sat þann fund og við vorum ákaflega sammála um þær úrbætur sem við vildum gera á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það bólar ekkert á þeim. Hér er því um margfalda árás á námsmenn að ræða. Þeim er gert að borga þessi skólagjöld og þeir mega jafnframt sæta þeim afarkostum sem Lánasjóður íslenskra námsmanna býður upp á en sem flestir þeirra eiga reyndar ekki eftir að reka sig á fyrr en eftir allnokkur ár þegar þarf að fara að borga þessi lán. Eins og staðan er hér á launamarkaði verð ég að segja það að ég kvíði því mjög þegar við stöndum frammi fyrir því að þurfa að fara að grípa til aðgerða vegna vanskila við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða vegna þess að hópur menntafólks hefur ekki efni á að koma sér upp húsnæði. Í umræðunni á sínum tíma bentum við á, og þar með taldir framsóknarmenn, hvaða afleiðingar þetta muni hafa.

Lánasjóðurinn er auðvitað eitt mál og þessi skólagjöld eru annað og í mínum huga er þetta prinsippmál sem snýr að því að við eigum að mennta ungu kynslóðina eða reyndar alla því það er orðið algjörlega úrelt að tala um að mennta ungu kynslóðina, það bendir allt til þess að fólk þurfi að sækja sér menntun allt sitt líf og vera sífellt að endurbæta menntun sína sem auðvitað kallar á mikla endurskoðun á skólakerfinu og á hlutverk þess þar með talið auðvitað það hvernig fólk hefur efni á að borga þá símenntun og endurmenntun. Það að byggja upp þröskulda eins og þessa gerir auðvitað mörgum erfiðara fyrir. Það hefur komið fram hér að Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands býður upp á mörg og merkileg námskeið sem eru afar vel sótt en þau eru líka mörg hver alveg gífurlega dýr. Það er nú svo að mörg þeirra stóru námskeiða eru greidd af fyrirtækjum. Þar sem um endurmenntun verkfræðinga eða lögfræðinga er að ræða eru það fyrirtækin sem borga. Hins vegar eru þau námskeið sem snúa að menningarmálum og slíku ekki mjög dýr, þau standa fyrst og fremst undir ákveðnum kostnaði, ákveðnum hluta kostnaðar við þessi námskeið. Þessi þjónusta er með þeim hætti að hún á að standa undir sér. Þar erum við fyrst og fremst að ræða um fullorðið fólk. Það er mikið af eldra fólki sem sækir þau námskeið. Ég veit að fólki er gefinn kostur á því að skipta þessum gjöldum og það eru ýmis liðlegheit í sambandi við það ef fólk á erfitt með að borga þannig að þetta er náttúrlega á engan hátt sambærilegt. Það er alls ekki sambærilegt að tala um að fólk borgi fyrir námskeið sem það velur sjálft að fara á. Það er um frjálst val að ræða. Hins vegar liggur nokkuð í hlutarins eðli að sérstaklega ungt fólk sem vill mennta sig, vill búa sig undir lífið, leggur í háskólanám og þá er ósanngjarnt að láta fólk borga gjöld af þessu tagi. Ég verð að segja að ég óttast tvennt í þessu alveg sérstaklega. Það er annars vegar það að þessi gjöld muni hækka mjög fljótlega. Það er svo þrengt að Háskóla Íslands að þar hefur náttúrlega verið umræða í gangi um það að staða háskólans sé því miður á niðurleið vegna þess langvarandi fjársveltis sem hann hefur búið við. Það er annars vegar það að gjöldin muni hækka og hins vegar atriði sem ég hef ekki orðið vör við að hafi verið nefnt í þessari umræðu og það er hvaða áhrif þessi lagasetning muni hafa á gjaldtöku í framhaldsskólunum. Eins og þessi gjaldtaka er rökstudd er verið að taka gjald fyrir þjónustu sem er veitt í framhaldsskólunum án þess að það sé borgað fyrir hana sérstaklega. Í nál. er talið upp ýmislegt það sem er verið að greiða fyrir og það er m.a. aðgangur að tölvum og ýmislegt sem nemendur hafa frjálsan aðgang að í framhaldsskólunum. Ég spyr: Hvenær verður farið að taka gjöld í framhaldskólanum fyrir þá þjónustu sem kemur innritun nemenda ekki nokkurn skapaðan hlut við? Hvernig stenst þetta þá álit umboðsmanns Alþingis sem benti á það réttilega á sínum tíma að innheimta gjaldanna í háskólanum hefði ekki lagastoð? Þetta gengur ekki upp. Sú aðferð sem hér er viðhöfð gengur einfaldlega ekki upp. Hver er munurinn á því að taka gjöld af framhaldsskólanemum og af háskólanemum? Þetta er allt fólk í frjálsu námi. Það er enginn sem skyldar fólk til að fara í þetta nám. Munurinn liggur einfaldlega í því að nemendur á háskólastigi eiga þó kost á námslánum. En hvers er að vænta þegar menn eru einu sinni búnir að ganga inn á þessa braut? Það er þetta tvennt í málinu sem ég óttast mjög.

Hæstv. forseti. Að lokum aðeins eitt atriði. Hv. þm. Guðni Ágústsson sagði það í ræðu sinni að hér væri ekki ágreining-

ur í menntamálum. Ég hygg að hann muni komast að öðru þegar framhaldsskólafrv. kemst á dagskrá. Það er því miður ekki svo að hér sé samstaða í menntamálum. Það er ekki einu sinni leitað eftir henni. Það er ekki staðið þannig að málum af núv. ríkisstjórn og ekki heldur þeirri síðustu að það sé leitað breiðrar samstöðu. Það eru lögð fram frv. sem hafa verið unnin af nefndum á vegum stjórnarmeirihlutans og ég tel að þannig eigi ekki að standa að skólamálum. Það á að ná breiðri samstöðu um skólamál vegna þess að þau snerta alla þjóðfélagsþegnana. Þau koma öllum við. Skólalöggjöf á fyrst og fremst að vera opin og sveigjanleg þannig að hún gefi kost á ýmiss konar skólaformum. Það á ekki að vera að þrengja öllu í sama farveginn eins og er því miður stefna þessarar ríkisstjórnar. Allra síðast, hæstv. forseti, þá nefndi hv. þm. Guðni Ágústsson það að stjórnarandstæðingar væru í rauninni sammála þessu skólagjaldaprinsippi vegna þess að þeir legðu fram breytingartillögur um að lækka skólagjöldin í 9.000 kr. Hér er auðvitað um það að ræða að menn eru að reyna að lágmarka skaðann. Það er verið að reyna að draga úr tillögunni. Auðvitað vildum við ekki hafa nein skólagjöld. Ekki nein en það er þó verið að reyna að draga hér úr með þessari tillögu.

Hæstv. forseti. Eins og ég nefndi hafði ég alls ekki hugsað mér að taka þátt í umræðunni. Ég talaði við 1. umr. og lét þá í ljós skoðanir mínar en umræðan hefur þróast þannig að ég sá mig knúna til þess að ofreyna hér mína illa förnu rödd en það stendur vonandi til bóta.

[18:29]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. hafi flutt málefnalega umræðu og þekki ég þennan hv. þm. reyndar ekki að öðru. Ég hygg að það sé nú svo með skoðanir mínar og þessa hv. þm. að í menntamálum sé ég ekki langt frá hennar skoðunum. Ég tel hag íslenskrar þjóðar að hér séu sterkir skólar og öflugir og fólk sé menntað. Ég tel að ríkið eigi að standa að menntun. Það er svo einfalt í mínum huga. Hér er auðvitað hægt að setja fram skoðanir að 24 þús. kr. verði að 50 þús. kr. eða 100 þús. kr. sem verði að 200 þús. kr. o.s.frv. Það skal aldrei verða. Ekki á meðan Framsfl. er í ríkisstjórn. Ég styð jafnrétti til náms.

Hv. þm. minntist á Lánasjóð íslenskra námsmanna. Síðast í dag ræddum við það mál á þingflokksfundi Framsfl. Við erum staðráðnir í að reyna að ná þar fram sjónarmiðum okkar. Við munum hafa það á þessu ári þannig að Framsfl. er auðvitað harður á því að hér verði góðir skólar.

Hvað varðar innritunar- og skrásetningargjöld varðar hygg ég að 24 þús. kr. sé ekki há upphæð. Mér skilst að þar sem því er beitt að taka slíkt mæti menn betur á námskeið og til náms og geri sér betur grein fyrir því í hvaða alvöru þeir eru að fara. Ég get því vel sætt mig við þessa upphæð sem hér er rætt um. Ég er ekki tilbúinn að fara miklu hærra, hv. þm., en ég fór fyrst og fremst í þessa umræðu af því að menn létu hér eins og himinn og jörð væru að farast en hafa þó staðið að þessu prinsippi árum og áratugum saman, allir flokkar.

[18:32]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði grannt eftir yfirlýsingu þingmannsins. Það mun verða fylgst með efndum þeirra mála sem hann nefndi hér og ég vona svo sannarlega að framsóknarmenn standi fastar í fæturna varðandi lánasjóðinn en þeir hafa gert hingað til varðandi önnur þau mál sem þeir lofuðu fyrir kosningar. En það sem ég var að reyna að sýna fram á í ræðu minni er það að hér er verið að fara aftan að hlutunum. Umboðsmaður Alþingis kom með ábendingu um að þau gjöld, sem hafa verið innheimt í Háskóla Íslands, hefðu ekki lagastoð eins og það er kallað og þá fara menn þá leið að skilgreina það sem upphæðin á að dekka þannig að það fer langt langt út fyrir það sem með nokkrum hætti er hægt að tengja við innritun. Það er verið að innheimta gjöld fyrir almenna þjónustu. Það sem hér er verið að gera stenst einfaldlega ekki. Hvað skyldu menn nú oft hafa heitið því eins og hv. þm. Guðni Ágútsson að skattar skyldu ekki hækka, að prósentur hér og þar skyldu ekki hækka? En það stenst aldrei. Það sem er mergurinn málsins er að það verður mjög freistandi fyrir Háskóla Íslands að hækka þessi gjöld svo framarlega sem Framsfl. og Sjálfstfl. standa sig ekki í því að bæta stöðu háskólans.

[18:34]

Útbýting þingskjala:

Bætur fyrir tjón af völdum arna, 499. mál, fsp. GE, þskj. 872.

Grunnskóli, 501. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 878.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 500. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 877.

Tekjuskattur og eignarskattur, 497. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 860.

Umhverfisúrbætur á ferðamannastöðum, 346. mál, svar samgrh., þskj. 865.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 18:35.

---

128. FUNDUR

þriðjudaginn 30. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296. — Frh. 3. umr.

2. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297. — Frh. 3. umr.

3. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570, nál. 844. — 2. umr.

4. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 483. mál, þskj. 835. — 1. umr.

5. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 487. mál, þskj. 845. — 1. umr.

6. Einkaleyfi, stjfrv., 233. mál, þskj. 314, nál. 870, brtt. 871. — 2. umr.

7. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826 og 842. — 2. umr.

8. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715 og 784, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.

9. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — Frh. 2. umr.

10. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549, nál. 836 og 843. — Frh. 2. umr.

11. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 854, brtt. 705,13.b. — 3. umr.

12. Almannatryggingar, frv., 360. mál, þskj. 629. — 1. umr.

13. Kosningar til Alþingis, frv., 446. mál, þskj. 778. — 1. umr.

14. Almenn hegningarlög, frv., 447. mál, þskj. 779. — 1. umr.

15. Sveitarstjórnarlög, frv., 448. mál, þskj. 780. — 1. umr.

16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 449. mál, þskj. 781. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni.
Erindi frá Rafiðnaðarsambandi Íslands.

Umræður utan dagskrár.

Forræðismál Sophiu Hansen.

[13:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 5. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða. Efni umræðunnar er forræðismál Sophiu Hansen.

[13:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í sex ár hefur staðið yfir í Tyrklandi forræðisdeila þar sem íslenskur ríkisborgari fer fram á að forræði yfir tveimur dætrum sínum sem einnig eru íslenskir ríkisborgar sé virt. 15. júní 1990 fór faðir þeirra með þær 8 og 9 ára gamlar til Tyrklands. 15. ágúst sama ár áttu þær að koma aftur heim. Þann dag tilkynnti hann móður þeirra að hún fengi þær aldrei aftur. Frá þeim tíma hefur staðið yfir þrotlaus barátta Sophiu Hansen fyrir því að fá dætur sínar heim og að úrskurði íslenskra dómstóla frá 10. apríl 1992 þess efnis að hún fari með forræði stúlknanna verði framfylgt. 16. maí 1992 hitti Sophia Hansen dætur sínar síðast. Þá kom fram í viðtali sem tekið var við þær að þær sættu harðræði og hótunum á heimili föður síns. Tyrkneskir dómstólar hafa vissulega úrskurðað að Sophia skuli hafa umgengnisrétt við dætur sínar á meðan réttað er í málinu enda verði það að teljast lágmarksmannréttindi. En engu að síður hafa tyrknesk yfirvöld látið það viðgangast að þessi réttur móðurinn hefur verið brotinn 63 sinnum síðan 1992. Forræðismálinu hefur verið vísað frá undirrétti til hæstaréttar og frá hæstarétti til undirréttar fram og til baka öll þessi ár. Í fjögur ár af sex sem liðin eru frá því að stúlkurnar voru numdar á brott hefur þessum tveimur ungu íslensku ríkisborgurum verið meinað að sjá móður sína eða hafa samskipti við hana.

Baráttu Sophiu Hansen fyrir að fá dætur sínar tvær þekkir öll þjóðin. Við vitum að þessi barátta hefur verið hörð, kostað mikið, bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Þingmenn hafa tekið þetta mál upp í hvert sinn sem færi hefur gefist. Almenningur í landinu hefur sýnt stuðning sinn í verki. En er nóg að gert? Við höfum skipt okkur af mannréttindamálum og fordæmt mannréttindabrot á alþjóðavettvangi. Þurfum við ekki að líta okkur nær? Það er brot á mannréttindum þegar foreldri er meinað að hafa eðlilegt samband við börn sín og ofbeldi, jafnvel dauða hótað reyni foreldrið að nálgast börnin. Við þetta hefur Sophia Hansen mátt búa frá því að dætur hennar voru numdar á brott.

Fyrir tæpum tveim vikum áttum við hv. þingmenn, Geir H. Haarde og Einar K. Guðfinnsson, þess kost að hitta Sophiu og lögfræðing hennar, Hasip Kaplan. Í samtali okkar við lögfræðinginn kom fram að þetta forræðismál á sér ekki hliðstæðu í tyrknesku réttarkerfi. Niðurstaða þess verður fordæmisgefandi. Fjöldi einstaklinga, sem staðið hafa í sömu sporum og Sophia, hafa gefist upp en bíða nú niðurstöðu í máli Sophiu.

Við undirbúning málsins hefur lögfræðingur hennar ráðfært sig m.a. við færa lögmenn og dómara við Mannréttindadómstólinn. Hann er ákveðinn í að fara með málið fyrir Mannréttindadómstólinn tapist það í Tyrklandi, að tyrknesk yfirvöld verði ekki látin komast upp með fleiri mannréttindabrot af þessu tagi. Lögfræðingurinn telur að aðeins viðræður milli æðstu manna Íslands og Tyrklands geti fært þetta mál til betri vegar. Hann telur nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld sendi tyrkneskum yfirvöldum harðorð mótmæli vegna málsmeðferðarinnar og bendi á þau grófu mannréttindabrot sem framin hafa verið gagnvart Sophiu og dætrum hennar, sérstaklega hvað varðar umgengnisréttinn, að málið snúist um staðfestingu á íslenskum úrskurðum, að bent sé á að þetta mál geti spillt verulega fyrir samstarfi ríkjanna. Þá telur lögfræðingur Sophiu Hansen að nauðsynlegt verði að öryggi hennar sé tryggt á meðan hún dvelst í Tyrklandi vegna réttarhaldanna. Sjálfur er hann ekki viss um sitt eigið öryggi á meðan á réttarhöldunum stendur og gengur því með byssu.

Virðulegi forseti. 25. apríl sl. ákvað undirréttur í Istanbul að fresta ákvörðun í málinu enn einu sinni og leiða dætur Sophiu Hansen, þær Dagbjörtu og Rúnu, fyrir rétt þannig að vilji þeirra komi í ljós. Faðir stúlknanna hefur haft þær í sex ár. Þær hafa ekki fengið að hitta móður sína, vita ekkert hvað bíður þeirra velji þær að koma hingað. En eitt vita þær: Strax að loknum yfirheyrslum verða þær að fara aftur með föður sínum heim, föður sem beitt hefur harðræði og hótunum. Tyrkneskt réttarkerfi hefur ekki séð til þess að þær hafi eðlilega möguleika til þess að velja. Tyrkneskt réttarkerfi brýtur á grófan hátt sjálfsögð mannréttindi á þessum tveimur stúlkum og móður þeirra.

Ég vona að sú umræða sem hér verður verði málefnaleg, snúist ekki um það hvort og hvað hefði átt að gera, heldur hitt sem er mest um vert að við finnum sameiginlega þau úrræði sem duga. Mínar spurningar til hæstv. utanrrh. eru:

1. Mun ríkisstjórnin beita sér í þessu máli þannig að það verði ekki látið viðgangast að tyrkneskt réttarkerfi og tyrknesk yfirvöld hunsi íslenska úrskurði í máli þar sem málsaðilar eru allir íslenskir ríkisborgarar?

2. Munu stjórnvöld senda frá sér formleg mótmæli þar sem tekið er á ítrekuðum, grófum brotum á mannréttindum dætra Sophiu Hansen og krefjast þess að forræði hennar yfir dætrunum verði staðfest?

3. Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera til að aðstoða Sophiu Hansen nú á lokastigi málaferlanna í Tyrklandi?

[13:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Allt frá upphafi hafa íslensk stjórnvöld stutt aðgerðir Sophiu Hansen til að tryggja forræði yfir dætrum hennar og umgengnisrétt í samræmi við forræðisúrskurð íslenska dómsmrn. og ítrekaða tyrkneska úrskurði. Þetta hefur verið gert með margvíslegum hætti. Málið hefur verið tekið upp við forseta Tyrklands, tyrkneska ráðherra og ráðuneyti, ýmist munnlega eða skriflega. Þannig hefur verið séð til þess að jafnan væri fyrir hendi hjá tyrkneskum ráðamönnum og embættismönnum full vitneskja um þróun málsins og staðfesting á að málinu væri fyllsti gaumur gefinn af íslenskri hálfu.

Tyrknesk stjórnvöld hafa lagt höfuðáherslu á að þar sem um sé að ræða mál sem dómstólar hafi til umfjöllunar geti þau ekki gripið inn í meðferð þess. Þetta er í samræmi við eigin skilning okkar á sjálfstæði er dómstólum beri og eðlilegum aðskilnaði framkvæmdarvaldsins og dómsvalds. Hefur því ekki verið hægt um vik að hnekkja þessari afstöðu meðan málið hefur þokast áfram í tyrkneska dómskerfinu.

Um gang málsins upp á síðkastið, stöðu þess og ákvarðanir í því sambandi vil ég taka fram eftirfarandi:

Eftir úrskurð hæstaréttar Tyrklands 28. nóv. sl., sem þótti að ýmsu leyti hagstæður, m.a. þar sem hann lýsti ógilda frávísun málsins frá undirrétti er átti sér stað 20. apríl 1995 og lagði fyrir undirréttinn að kveða upp efnislegan dóm í málinu, hefur utanrrn. verið með í ráðum og átt frumkvæði að framlagningu nýrra gagna sem hinn tyrkneski lögfræðingur telur styrkja stöðu Sophiu Hansen. Samhliða þessu hefur verið unnið áfram að lögfræðilegri könnun málsins með tilliti til alþjóðasamninga er það gæti snert og alveg sérstaklega er snertir ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Í ljósi þess hve málið, þrátt fyrir það hve viðkvæmt það er í eðli sínu, hefur tekið langan tíma fyrir tyrkneskum dómstólum kemur sérstaklega til álita 6. gr. mannréttindasáttmálans. Samkvæmt henni á einstaklingur kröfu á réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Ekki er hægt að halda því fram að þetta ákvæði hafi verið virt meðan málið heldur áfram að hrekjast milli tyrkneskra dómstóla. Einnig á hér við 8. gr. mannréttindasáttmálans sem kveður á um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu en undir þá grein fellur einnig réttur foreldra og barna til samneytis við hvort annað. Synjun forræðis og umgengnisréttar Sophiu við dætur sínar nú í fjögur ár samræmist ekki ákvæðum þessarar greinar. Fara því tvímælalaust að verða áhöld um svo að ekki sé fastar að orði kveðið hvort ekki séu brotnar af Tyrklands hálfu þær skuldbindingar sem ríkið gekkst undir gagnvart öðrum aðildarríkjum sáttmálans og þegnum þeirra. Það er skylda ríkjanna að standa vörð um þau réttindi sem njóta verndar samkvæmt milliríkjasamningi þessum og tryggja slíkt bæði með lögum og réttarframkvæmd í löndum sínum.

Eins og kunnugt er verða mál ekki tekið upp samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu fyrr en tæmd hafa verið úrræði samkvæmt lögum viðkomandi lands en ég mun beita mér fyrir því að þessum möguleika verði haldið opnum eftir því sem ræðst í málinu fyrir tyrkneskum dómstólum. Hinn nýi úrskurður undirréttarins í Istanbul, sem kveðinn var upp sl. fimmtudag, kom á óvart fyrir það að dómarinn skuli nú fyrst eftir að málaferlin hafa staðið í fjögur og hálft ár ætla að kanna hug dætra Sophiu til spurningarinnar um forræði yfir þeim. En með þessum úrskurði sem nýlega hefur fallið má með vissum hætti segja að málsmeðferðin sem hefur ekki verið hafin yfir gagnrýni hingað til hafi tekið nýja stefnu.

Ekki er ágreiningur um að í slíkum málum beri fremur að horfa til velferðar barnanna sem eiga í hlut. Það viðhorf er viðurkennt í íslenskum rétti en slíkt verður að meta á eðlilegum og sanngjörnum forsendum. Strax eftir að mér var skýrt frá framangreindum úrskurði ákvað ég að senda sendiherra okkar í Tyrklandi til Ankara til þess að gera æðstu ráðamönnum grein fyrir hve alvarlegum augum við litum þróun mála. Ég hafði hugsað mér að hann færi nú strax í vikubyrjun en að höfðu samráði við þá sem nánast hafa unnið með Sophiu Hansen að málinu er nú stefnt að því að lagt verði upp í þessa ferð 11. maí nk. Í ljósi árangurs af ferðinni munu síðan verða teknar ákvarðanir um frekari skref en þar er ekkert útilokað af því sem ráðlegt þykir þeim sem kunnugastir eru aðstæðum.

Eins og fram hefur komið í máli mínu skortir ekkert á að máli þessu hafi ekki verið af ríkisstjórnarinnar hálfu gefinn fyllsti gaumur og hjá henni ríki einlægur vilji til þess að stuðla að farsælum málarekstri svo fljótt sem verða má. Umræðuna í dag á hv. Alþingi og atbeina þingmanna, sem notað hafa tækifærið til að ræða málið við tyrkneska starfsbræður, tek ég sem vott um að þingið vilji fyrir sitt leyti styðja aðgerðir í málinu.

Ég vænti þess að þetta svari þeim spurningum sem hér hafa verið fram lagðar. Fyrsta liðnum tel ég mig hafa þegar svarað. Að því er varðar mótmæli þá verða borin fram mótmæli í þeirri ferð sem ég hef nefnt. Að því er varðar aðstoð við Sophiu Hansen á næstunni, þá mun hún m.a. felast í þessari aðstoð. Hún hefur fengið nokkra fjárhagsaðstoð frá ríkinu í gegnum tíðina. Það mun verða haldið áfram á þeirri braut, en ég geri mér ljóst að það er ekki nægilegt og hún þarf á frekari aðstoð þjóðarinnar að halda.

[13:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fá einkamál hafa vakið jafnmikla samúð hjá íslensku þjóðinni og barátta Sophiu Hansen. Hún hefur notið stuðnings í mínum flokki og Jón Baldvin Hannibalsson hefur sem utanrrh. leitað leiða til að liðsinna henni bæði með beinum samskiptum við tyrknesk stjórnvöld og með því að greiða fyrir málum Sophiu. Aðstoðarmaður hans fór tvisvar til Tyrklands gagngert til að leita lausna í málinu. Hann náði að ræða við sex ráðherra sem beint eða óbeint tengdust málinu, lagði fram greinargerð og óskaði eftir að allt væri gert sem stjórnvöld hefðu tök á. Í síðara skiptið náði hann viðtali við þrjá ráðherra og ræddi við dómara í undirrétti og við embættismenn. Hann naut stuðnings ræðismanns okkar og var alltaf vel tekið. En það var stöðugt áréttað að lítið væri hægt að aðhafast þegar mál væri komið fyrir dómstólana.

Sömu viðbrögð fékk félmrh. og Jón Baldvin utanrrh. sjálfur sem tók þessi mál í tvígang upp á fundum með utanríkisráðherra Tyrklands. Þessar aðgerðir hafa aldrei farið

hátt og ég nefni það hér til að benda á og draga það fram hve takmarkaðir möguleikar þeirra eru sem í krafti stöðu sinnar vilja hjálpa. Hins vegar féllust bæði félagsmálaráðherra og fjölskylduráðherra Tyrklands á að gera það sem þeir gætu til að Sophia Hansen fengi að hitta börnin sín og dómsmálaráðherra landsins kvaðst beita sér fyrir að málið yrði tekið með sem minnstri töf og við sjáum hvað það hefur þýtt. Það varð engin niðurstaða af þessum tilraunum nema hvað hægt var að leiðbeina Sophiu með hvernig best væri að haga sér gagnvart tyrkneska réttarkerfinu. En fyrir okkur sem erum áhorfendur að því sem er að gerast er helst að sjá að dómari geri allt sem hann getur til að tefja málið í trausti þess að stúlkurnar vaxi frá móður sinni og inn í tyrkneska framtíð.

Ég lít svo á að það hafi verið mjög sterkt að Margrét Frímannsdóttir og Geir H. Haarde beittu sér í málinu nýverið því að það hlýtur að skila sér á einhvern hátt hverju sinni sem siðferðislegur stuðningur fæst við málið í Tyrklandi. Ég fagna því sérstaklega sem utanrrh. hefur lýst yfir að stjórnvöld leiti nýrra leiða til að beita sér í þessu erfiða máli og að fulltrúi ríkisstjórnar muni fara til Tyrklands og leita stuðnings við málið og beita sér í máli Sophiu Hansen.

[13:48]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það var vissulega eftirminnileg stund þegar við þrjú áttum þess kost að hitta Sophiu Hansen, lögfræðing hennar og stuðningsmenn í Istanbul nú á dögunum. Þetta mál er allt hið hörmulegasta. Þetta er ekki bara hörmulegt mál út frá sjónarmiði þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli, konuna sem misst hefur börnin sín og er í aðstöðu sem við öll skiljum sem erum foreldrar. Þetta er líka hörmulegt út frá því sjónarmiði að hér skuli vera við að glíma ríki sem við viljum líta á sem lýðræðisríki, bandalagsríki, en þar sem réttarfarið er þannig að mál geta þvælst milli dómstiga svo að árum skiptir án þess að lausn fáist. Það er hörmulegt.

Ég fagna því mjög sem fram kom í máli utanrrh. varðandi stuðning ríkisstjórnarinnar í málinu á næstunni. Það hefur mikið verið gert af hálfu stjórnvalda, þingmanna, fyrrv. utanrrh. og margra fleiri í þessu máli árum saman. Allir sem hafa átt þess kost að blanda sér í málið og ræða við tyrkneska kollega sína hafa gert það árum saman. Ég fagna þessu sem fram kom. En það er fleira sem þarf að gera.

Ef þetta mál fer eins og margt bendir til fyrir Mannréttindadómstólinn í Strassborg fyrr eða síðar, þá þurfa íslensk stjórnvöld að koma þar að máli, leggja lögfræðilegt lið eins og kostur er og undirbúa þá málssókn sem þar mun væntanlega eiga sér stað. Það verður dýrt, en við Íslendingar höfum sérfræðinga sem kunna fyrir sér í þeim efnum og við höfum ákveðna reynslu af málarekstri þar.

Jafnframt vil ég nefna það, virðulegi forseti, að nú er það ljóst að börnin munu koma fyrir rétt. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þess verði freistað með einhverjum ráðum að þessar ungu stúlkur fái tök á því að kynna sér hvernig búið er að jafnöldrum þeirra á Íslandi og í vestrænum löndum, þannig að þær geti séð að sú mynd sem þeim er eflaust búin og sögð af háttum ungra stúlkna og ungra barna á Íslandi er ekki sú sem eflaust hefur verið látin í veðri vaka. Það er mjög mikilvægt að þeim sé gert kleift að skapa sér sjálfstæða, eðlilega og rétta mynd af því lífi sem mundi bíða þeirra á Íslandi og sem þær vonandi einhvern tíma upplifa ef réttlætið nær fram að ganga í þessu máli.

[13:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur verið merkilegt að fylgjast með hetjulegri baráttu Sophiu Hansen sem nú hefur staðið í um það bil sex ár. Eftir því sem ég best veit hefur engri erlendri konu tekist að vinna forræðismál í Tyrklandi, en þar eru mörg hundruð slík mál í biðstöðu. Þetta á sér m.a. skýringar í því að við erum að kljást við allt annan menningarheim, heim múslima þar sem konur og börn hafa öldum saman verið álitin eign karlmanna og því er það m.a. að svo erfiðlega hefur gengið.

Allir íslenskir menn þingmenn sem hafa átt þess kost að hitta kollega sína frá Tyrklandi hafa reynt að beita sér í þessu máli, í Evrópuráðinu og annars staðar þar sem það hefur verið hægt. En svörin eru greinilega alls staðar hin sömu. Það er alltaf vísað til þess að málið sé fyrir dómstólum og það sé hægt að treysta tyrkneskum dómstólum. En sagan sýnir okkur og þarf ekki annað en vísa til margfaldra mannréttindabrota, dóma yfir þingmönnum í Tyrklandi og annarra slíkra mála, að réttarfarið í þessu ríki er ekki mjög gott og því miður tel ég að því sé ekki að treysta. Því er ekki gott að segja hvernig þetta mál þróast. Það stefnir svo sannarlega í óefni því að samkvæmt múslimskum hefðum eru þessar ungu stúlkur að komast á giftingaraldur. Giftingaraldur stúlkna meðal múslima er almennt 13 ár. Mér er sagt að tyrknesk lög kveði á um 16 ár en ég veit ekki hvort það er virt meðal heittrúaðra múslima eins og faðir þessara stúlkna er.

Herra forseti. Sophia Hansen þarf á miklum stuðningi að halda. Hún þarf móralskan, pólitískan og fjárhagslegan stuðning og ekki síst vegna þess að hennar mál er mikilvægt. Það er fordæmi og það er mannréttindamál.

[13:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál til umræðu. Mál Sophiu Hansen og dætra hennar er eitt af sorglegri fjölskylduvandamálum sem hafa verið uppi á Íslandi á síðari tímum. Það sem athygli vekur er mikil þrautseigja Sophiu Hansen í þessu máli og hversu vel henni hefur tekist að halda á málinu allan þennan tíma. Það sem er þó einnig eftirtektarvert og mjög sérstakt í þessu máli er að hér er í rauninni um mannrán að ræða. Það er verið að ræna íslenskum ríkisborgurum til Tyrklands og í skjóli tæknilegra atriða í dómskerfinu hefur tekist með ýmsu móti að draga málið svo á langinn að það er að falla á tíma eins og sagt er, því að börn Sophiu eru að komast á aldur þannig að þau verða Tyrkir. Þetta er allt að gerast að mér sýnist með afskiptaleysi stjórnvalda í Tyrklandi.

Ég veit að fjöldinn allur af hv. alþingismönnum og ríkisstjórn hafa beitt sér til að vekja athygli tyrkneskra stjórnvalda á þessu grófa mannráni. Ég er einn af þeim sem hafa gert það, m.a. með því að reyna að ná tali af forsætisráðherra Tyrklands, Tansu Ciller, í París á sl. sumri. Það tókst ekki því miður vegna þess að hún var svo umsetin af fólki og tími hennar svo naumur að hún gat ekki tekið nema hluta af þeim sem höfðu komist á mælendaskrá til þess að ræða þessi mál við hana. Ég ritaði henni því bréf 27. júní sl. og ítrekaði það tvisvar sinnum. Mér er kunnugt um að þetta bréf kom til hennar og var skoðað en engin svör hafa fengist við því. Ég tel því að á hæstu stöðum sé þetta mál gjörkunnugt en ráðamenn hafi látið það afskiptalaust. Þess vegna tek ég

hjartanlega undir þær aðgerðir sem hæstv. utanrrh. hefur reifað að hann muni gera. Ég tel að ríkisstjórnin eigi sjálf að beita sér í þessu máli að fullu. Hún á að mótmæla beint við ríkisstjórn Tyrklands og koma þessu máli til sérstakrar umræðu í tyrkneska þinginu. Hugur þingmanna og þjóðarinnar allrar stendur með Sophiu Hansen í þessu máli.

[13:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í sex ár hefur íslensk móðir háð hetjulega baráttu fyrir því að fá dætur sínar heim til Íslands að nýju. Í sex ár hefur hún mátt þola það að dætrum hennar er haldið ófrjálsum í erlendu landi. Í sex ár hefur Sophia Hansen barist fyrir því dag hvern að heimta til sín dæturnar sínar tvær, þær Rúnu og Dagbjörtu sem hún hefur nú hvorki heyrt né séð í heil fjögur ár. Orð fá ekki lýst þessum harmleik. Hugtök eins og mannréttindabrot eða ofbeldi og óréttlæti ná ekki einu sinni yfir þann hrylling þegar móðir er svipt skýlausum rétti til þess að njóta samvistar við dætur sínar eða litlum stúlkum meinað að vera með móður sinni.

Rifjum upp þessar aðstæður. Sophia Hansen og fyrrverandi maður hennar, Halim Al, eru íslenskir ríkisborgarar. Dæturnar, þær Rúna og Dagbjört eru líka íslenskar. Giftingin fór fram eftir íslenskum lögum og skilnaðurinn sömuleiðis. Móðurinni var dæmdur skýlaus réttur til forræðis yfir dætrunum að íslenskum lögum. Um þetta vitna bæði plögg og pappírar sem íslensk stjórnvöld hafa gefið út. Stúlkurnar litlu voru teknar gegn vilja sínum og þeim meinað að snúa heim til móður sinnar og ættlands. Í stað þess að komast að efnislegri niðurstöðu hafa tyrkneskir dómstólar þvælt málinu fram og aftur. Íslenskir dómsúrskurðir eru virtir að vettugi. Halim Al kemst upp með það 63 sinnum að hunsa tyrkneska úrskurði um umgengnisrétt móður án þess að til þess bær stjórnvöld í Tyrklandi grípi í taumana.

Nú er enn komið að tímamótum í þessu máli. Nýjasti úrskurður undirréttarins felur það í sér að stúlkurnar tvær verða kallaðar til vitnis. Við getum reynt að setja okkur í þeirra spor. Tvær litlar stúlkur sem hafa verið matarðar á óhróðri um móður sína og sitt eigið föðurland, Ísland, og ofurseldar valdi föður síns eiga að bera vitni fyrir rétti. Þetta er slík skrumskæling að það nær engri átt.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki átt hægt um vik í þessu máli þó mér sé vel kunnugt um að mjög margir, þar á meðal þingmenn og ráðherrar, hafa reynt að leggja Sophiu lið í hættulegri baráttu hennar. Nú er staðan hins vegar svo alvarleg að við verðum að gera bókstaflega allt sem í mannlegu valdi stendur til þess að koma til hjálpar. Ég fagna því þeirri yfirlýsingu sem hæstv. utanrrh. gaf áðan um stuðning við baráttu Sophiu Hansen um leið og ég þakka hv. málshefjanda, Margréti Frímannsdóttur, frumkvæðið að þessari umræðu.

Gleymum því ekki að hér eiga í hlut tvær litlar íslenskar stúlkur og móðir þeirra íslensk sem nú er verið að brjóta á allan rétt. Örlög þeirra koma okkur öllum við. Í þessu máli talar íslenska þjóðin einum rómi.

[13:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli utanrrh. áðan og það liggur auðvitað ljóst fyrir eins og hefur gert í þessi sex ár sem þessi barátta hefur staðið yfir að hvorki ríkisstjórn né Alþingi hafa látið sitt eftir liggja til að fá sanngjörn úrslit í baráttu Sophiu Hansen. Það er að draga til úrslita í þessu máli að það er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að hér er um gróf mannréttindabrot að ræða. Við getum einskis látið ófreistað á þeim tíma sem eftir er þar til málið verður tekið fyrir aftur í Tyrklandi í júnímánuði, til að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að Sophia Hansen fái dætur sínar aftur.

Mér finnst ekki nægjanlegt að það sé einungis ríkisstjórnin sem komi að málinu á lokastigi. Það er vissulega mjög nauðsynlegt að senda sendiherra okkar til Tyrklands. Mér finnst nauðsynlegt að Alþingi komi að málinu og að utanrmn. verði gert kleift að fylgjast með því þangað til það verður tekið fyrir í Tyrklandi á nýjan leik. Mér finnst fyllilega koma til álita og þá skoðunar að í utanrmn. hvort Alþingi eigi ekki að ályktа í þessu máli. Mér finnst það fyllilega gefa tilefni til þess þar sem fyrir liggja þessi grófu mannréttindabrot sem hér hefur veri lýst.

Ég vil setja þetta fram við þessa umræðu og óska eftir því að á næsta fundi utanrmn. verði málið sérstaklega skoðað með það í huga að Alþingi, löggjafarvaldið og ríkisstjórn, geti tekið höndum saman um það að berjast fyrir þessu máli eins og hægt er þangað til það verður tekið fyrir aftur. Ég tek undir það sem fram kom í máli málshefjanda að það er líka mjög nauðsynlegt að stjórnvöld sendi frá sér formleg mótmæli og mér finnst það fyllilega koma til greina að það verði gert líka í formi þess að Alþingi álykti í málinu.

[14:00]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls og sýnt með því skilning og stuðning við málstað Sophiu Hansen og dætra hennar en ég vil þó sérstaklega þakka hæstv. utanrrh. þau svör sem við fengum og þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að senda sendiherra Íslands í Tyrklandi, Ólaf Egilsson, til Tyrklands til þess að skoða stöðu málsins og bera fram mótmæli íslenskra stjórnvalda.

Réttarfar í Tyrklandi virðist vera með algerum ólíkindum og virðing þeirra fyrir íslenskum úrskurðum engin. Sambærilegt mál var rekið í Tyrklandi fyrir um það bil tveimur árum af norskri konu. Það tók aðeins eitt ár að leysa það vegna samninga sem Norðmenn og Tyrkir eru aðilar að og það er vissulega umhugsunarvert hvort við þurfum ekki að taka til umræðu og fullgildingar ýmsa þá samninga sem í gildi eru hjá öðrum þjóðum og geta e.t.v. komið í veg fyrir að svona mál endurtækju sig.

Þetta mál á sér enga hliðstæðu í tyrknesku réttarkerfi. Hér er um barnsrán að ræða og vanvirðingu á úrskurði réttarkerfis annars lands. En mér sýnist að vilji Alþingis sé augljós og það er spurning hvort við ættum ekki áður en þingið fer heim að taka til umræðu og samþykkja heimild til ríkisstjórnarinnar til fjárhagsaðstoðar vegna þessa máls alls. Ég tek undir þá hugmynd sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er full ástæða til þess að Alþingi álykti sérstaklega um málið og jafnvel fyrir 11. maí þegar sendiherra Íslands fer til Tyrklands.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil einungis þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel að málið hafi verið vel ígrundað og farið nákvæmlega í gegnum það á undanförnum mánuðum og reynt að hafa samráð við þá aðila sem hér eiga hlut að máli. Ég lít svo á að það sé mikill stuðningur fyrir því á Alþingi að farið sé í málið með þessum hætti og síðan tekin ákvörðun um frekari skref eftir að við höfum metið stöðuna.

Það er bæði rétt og sjálfsagt að fara nánar yfir þetta mál með utanrrmn. Þetta mál er þess eðlis að það er mjög viðkvæmt og ekki til þess fallið að ræða öll atriði þess í þessum sal en að sjálfsögðu er rétt að fara yfir það í þeirri nefnd sem hér hefur verið nefnd eða þá allshn. þingsins og utanrrn. fyrir sitt leyti mun að sjálfsögðu vera tilbúið til að leggja öll gögn málsins þar á borðið og greina frá stöðu þess. En að sjálfsögðu er sá aðili sem rekið hefur málið fyrir hönd Sophiu Hansen í Tyrklandi, ágætur lögfræðingur, best kunnugur því á allan hátt. Ég tel að það hafi verið mikil gæfa að fá þennan mann til að reka málið. Okkur sýnst að hann hafi gert það mjög vel og þess vegna sé mikil ástæða til að taka mark á hans orðum og ráðleggingum í þessu máli.

[14:04]

Útbýting þingskjala:

Varðveisla gjafa og eigna hússtjórnarskóla, 502. mál, fsp. ÍGP, þskj. 880.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 232. mál, brtt. VE o.fl., þskj. 881.

Öryggi við þungaflutninga á þjóðvegum, 418. mál, svar dómsmrh., þskj. 879.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla efh.- og viðskn. á frumvarpi um ríkisstarfsmenn.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna atburða sem urðu á fundi efh.- og viðskn. nú í hádeginu en þar gerðist það að frv. um breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var tekið út úr nefndinni í mjög harðri andstöðu okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar og gegn samanlagðri kröfu verkalýðshreyfingarinnar um að þessi frumvörp verði tekin af dagskrá Alþingis. Þessi atburður varð þeim mun ámælisverðari sem það gerðist einnig að hæstv. fjmrh., sem óskað hafði verið eftir að kæmi til fundar við nefndina á lokastigi umfjöllunar um málið, neitaði að mæta og er hann þó yfirmaður ríkisfjármála og ber ábyrgð á starfsmannahaldi ríkisins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um þessi frumvörp, þetta og önnur sem því eru skyld, hafa verið mikil átök, herra forseti, og því miður er það niðurstaðan að vinna að þessum málum í efh.- og viðskn. hefur ekki skilað þeim árangri að um þau hafi tekist einhver samstaða, hvorki hvað innihald snertir né málsmeðferð. Það lítur því út fyrir að það eigi að verða kveðja hæstv. ríkisstjórnar til verkalýðshreyfingarinnar á hátíðsdegi á morgun 1. maí að halda við þau áform að knýja þessi frumvörp fram í fullri andstöðu við jafnt stjórnarandstöðu sem verkalýðshreyfinguna.

Herra forseti. Ég hlýt að harma þessi málalok í efh.- og viðskn. og mótmæla þeim, bæði þessum vinnubrögðum og eins framkomu hæstv. fjmrh. Það er okkar skoðun í minni hlutanum að frumvörpin séu á engan hátt þannig unnin að réttlætanlegt sé að afgreiða þau út úr nefndinni, það vanti mikið á að nægjanlegur tími hafi gefist til að fara efnislega ofan í saumana á þeim svo viðkvæm og vandasöm sem þau eru. Það er einnig rétt að láta það koma hér fram að það er mat allra þeirra forsvarsmanna og forustumanna verkalýðshreyfingarinnar sem til nefndarinnar hafa komið að þessi framgangsmáti muni stórspilla andrúmsloftinu í komandi kjarasamningum og sé ekkert annað en ávísun á ófrið og átök og ljóst að það er ríkisstjórnin sem ríður á vaðið og slítur í sundur friðinn.

Ég vil því í þessu sambandi, herra forseti, hvetja hæstv. ríkisstjórn enn á ný til þess að hugsa sinn gang. Í öðru lagi hvet ég hæstv. forseta og forustu þingsins til þess að fara yfir stöðu mála sem hér er komin upp í þinghaldinu. Það er ljóst ef eitthvað er þá hefur harðnað sá ágreiningur sem hér er um meðferð mála. Ég spyr hæstv. forseta hvenær ætlunin sé að taka þessi ágreiningsmál á dagskrá og reyndar hvetja til þess að það verði ekki gert á næstu dögum þannig að mönnum gefist nokkur tími til að hugsa ráð sitt auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að menn þurfa tíma til að ganga frá viðamiklum nefndarálitum o.s.frv. Ég harma þessi vinnubrögð og mótmæli því að þessi mál skuli hafa verið tekin út úr efh.- og viðskn. með offorsi.

[14:08]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hefur það verið látið í veðri vaka að þetta frv. og önnur sem varða samskipti aðila á vinnumarkaði og þá sérstaklega þetta frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna markaði upphaf nýrrar starfsmannastefnu af hálfu ríkisvaldsins. Markmiðin væru að færa þar mál til nútímalegra horfs. Það vekur athygli þegar rætt er um starfsmannastefnu að á fundi efh.- og viðskn. í hádeginu dró til þeirra tíðinda að þar var því endanlega yfirlýst að samningaleið um þetta mál væri hafnað. Með öðrum orðum, það er nú staðfest einum sólarhring fyrir 1. maí að ríkisstjórnin hefur tekið þá ákvörðun að sitja ekki lengur að þessu máli og að keyra það fram í krafti atkvæða án þess að taka nokkurt tillit til þeirrar allsherjarkröfu samtaka starfsmanna ríkisins að efna til samningaviðræðna um málið. Þetta er stórpólitísk ákvörðun og yfirlýsing af hálfu stjórnarmeirihlutans sem er nauðsynlegt að berist öllum landslýð og þá ekki síst þeim sem við eiga að búa áður en 1. maí er haldinn vegna þess að þetta eru skilaboð ríkisstjórnarinnar til þessa fólks.

Af hálfu okkar nefndarmanna í stjórnarandstöðu hefur allt verið reynt til þess að fá efnislega umræðu um málið og að fá stjórnarmeirihlutann til þess að falla frá stefnu um árekstur og að taka þess í stað upp samningaviðræður á þeim efnislegu forsendum að kjör opinberra starfsmanna eru annars vegar samningsbundin eða lögbundin réttindi en hins vegar hefur fyrr í samningaviðræðum um laun launum þeirra verið haldið niðri vegna þess að þeir væru taldir hafa rétt umfram almenna vinnumarkaðinn. Þessi niðurstaða stjórnarmeirihlutans mun setja mjög svip sinn á störf þingsins næstu daga og vikur vegna þess að þetta mál er fyrsta mál af mörgum sem búast má við að eins hátti til um.

Þess vegna, virðulegi forseti, er ástæða til þess að vekja athygli á þessu um leið og ég tek undir þau tilmæli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að þinginu gefist rúmur tími til þess að fara ofan í saumana á þessu máli.

[14:11]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það sem gerðist í efh.- og viðskn. í morgun var að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var tekið út þrátt fyrir að m.a. var sagt að það yrði fjallað um svokallað bandormsfrv. í tengslum við þetta frv. Það hefur ekki verið talað fyrir því frv. þrátt fyrir orð hæstv.

forsrh. um það efni. Þetta lýsir betur en margt annað hvílíku þingræðislegu ofbeldi er verið að beita í þessum málaflokki.

Þá er ljóst að í morgun neitaði hæstv. fjmrh. að koma á fund nefndarinnar þrátt fyrir að það séu fjölmörg fordæmi fyrir slíku. Ég bendi á um hvað málið fjallar. Það fjallar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fjmrh. er handhafi framkvæmdarvaldsins í þessum málaflokki og ber hina pólitísku ábyrgð á efni málsins. Það eru fjölmargar spurningar sem embættismenn geta ekki svarað varðandi það efni. Þess vegna hefði það verið eðlileg málsmeðferð að fjmrh. kæmi á fund nefndarinnar áður en málið yrði afgreitt út úr nefndinni. Það var ekki gert. Málið er ekki þingtækt þrátt fyrir það að meiri hlutinn hefur knúið á um þá niðurstöðu sem hann gerði. Það hafa komið fram fjölmörg varnaðarorð um þetta frv. Fulltrúar stéttarfélaganna í morgun töluðu um hrunadans í næstu kjarasamningum. Það stefnir í algert óefni, ekki einungis gagnvart 25 þús. ríkisstarfsmönnum heldur einnig gagnvart öllum launþegum á almennum vinnumarkaði. Það er augljóst að hér er verið að misbeita þingræðinu. Það hefði átt að gefa betra ráðrúm að fara yfir þetta mál. Það er eðlileg ósk sem stjórnarandstaðan kom fram með. Við mótmæltum þeim vinnubrögðum að málið yrði tekið út á þessum forsendum. Við vörum við afleiðingum þessa máls. Það er 1. maí, frídagur verkalýðsins, á morgun þar sem verður tekin afstaða gegn þessum frumvörpum á réttmætan hátt. Ég fordæmi þessi vinnubrögð og mótmæli þeim sem voru viðhöfð í efh.- og viðskn. í morgun.

[14:13]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að undanfarnar vikur hafa geisað miklar umræður um þau frumvörp sem nú eru til meðferðar á hinu háa Alþingi og snerta vinnumarkaðinn. Rétt áðan urðu þau tíðindi að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. ákvað að afgreiða frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna út úr nefndinni þrátt fyrir mótmæli gervallrar hreyfingar launafólks og þrátt fyrir það að í frv. er að finna mörg atriði sem hefði þurft að kanna betur að mínum dómi. Með þessu er verið að efna til ófriðar á vinnumarkaðnum. Þetta getur ekki þýtt annað og það eru afar sérkennileg vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar að senda þetta skeyti til hreyfinga launafólks daginn fyrir 1. maí.

Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af málinu því að samskipti ríkisins og starfsmanna þess hafa verið í allt of slæmum farvegi undanfarin ár og má m.a. sjá það af ótal hörðum verkföllum sem hér hafa átt sér stað. Þegar þetta bætist við er alveg ljóst að þau samskipti og sá vinnuandi, sem ríkir hjá opinberum starfsmönnum og hjá stofnunum ríkisins, á eftir að versna. Þetta mun hafa víðtæk áhrif og ég harma mjög að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. og þar með talið ríkisstjórnin skuli leyfa sér að ganga fram með þessum hætti í stað þess að fara samningaleiðina eins og menn hafa þó reynt að gera á undanförnum áratugum þegar um hefur verið að ræða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Ýmislegt sem er að finna í núgildandi lögum var samið um á sínum tíma. En nú er verið að svipta fólk réttindum, það er verið að ryðja brautina fyrir frekari einkavæðingu því að það er einn megintilgangur þessara breytinga sem verið er að gera og hér eru alvarleg tíðindi á ferð. Hér er verið að skapa óróa og lýsa yfir styrjöld.

[14:16]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það hafi ekki farið fram nein styrjaldaryfirlýsing í sambandi við þetta mál. Það mál sem hér er til umræðu um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var lagt fram fyrir alllöngu og vinna við það í nefndinni hófst eftir páska. Nefndin hefur starfað að því ötullega og jafnframt málefnalega og ég get þess vegna endurtekið þakkir mínar til fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Þeir hafa starfað málefnalega að málinu þrátt fyrir að um það væri ágreiningur.

Það er ekkert nýtt að ágreiningur sé um mál á þingi og það er heldur ekkert nýtt að stundum sé ágreiningur um þær leikreglur sem eiga að gilda um vinnumarkaðinn. Ég vek athygli á því að núgildandi lög um vinnumarkaðinn og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett árið 1954. Þá höfðu opinberir starfsmenn ekki samningsrétt og ekki verkfallsrétt og þá giltu á því sviði launalög. Síðan hefur orðið ákveðin þróun. Ég hygg að þegar öllu er á botninn hvolft séu mörg nýmæli í þessari löggjöf og mörg atriði sem munu horfa til framþróunar.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og meiri hlutinn gerir breytingartillögur um málið í 18 liðum. Þær breytingar sem fylgja í kjölfarið í bandorminum hafa legið fyrir alllengi hjá nefndarmönnum. Það hefur hins vegar ekki tíðkast að ráðherrar hafi komið á fund efh.- og viðskn. Ég minnist þess ekki í þeirri sögu sem er reyndar ekki löng sem ég hef verið formaður í þeirri nefnd og ég hafna því enn fremur að verið sé að misbeita þingræði á nokkurn hátt. Það er hlutverk löggjafarvaldsins að setja þessar leikreglur eins og aðrar sem settar eru með lögum og reglum og það er drjúgur meiri hluti á þingi fyrir þessari löggjöf. Það væri misbeiting á þingræðinu ef minni hlutinn ætti að ráða málum.

[14:18]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það eru alvarleg tíðindi að ríkisstjórnin og flokkar hennar á Alþingi skuli hafa beitt valdi til þess að taka það mál út úr nefnd sem einna mestar umræður og einna mest andstaða hefur verið við í vetur. En með þessu er líka alveg skýrt hver er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar, hvaða mál það eru sem hún ætlar að leggja megináherslu á. Það eru mál sem snúa að skerðingu á réttindum launafólks, það eru mál sem snúa að íhlutun í málefni verkalýðshreyfingarinnar. Við skulum ekki gleyma því að það er ekki bara um það að ræða að hér hafi málið um réttindi og skyldur rutt öðru frá þegar á hefur þurft að halda heldur hefur það einnig gerst þegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur hefur átt í hlut. Þannig má segja að áhugi og áherslusvið þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr kristallist.

Frv. sem nú var tekið út úr nefnd var lítt unnið og ekki gefinn tími til að ganga frá því með sæmandi hætti. Stjórnarandstaðan hefur verið með varnaðarorð en ríkisstjórnarflokkarnir láta þau sem vind um eyru þjóta og hafa hafnað þeirri samningaleið varðandi þetta mál sem og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem verkalýðshreyfingin hefur þó boðið upp á. Vinnubrögðin undirstrika þessa áherslu mjög nákvæmlega. Þetta er unnið í algerri andstöðu við sameinaða verkalýðshreyfingu. Svona er unnið í algerri andstöðu við stjórnarandstöðuna á Alþingi og á það er lögð áhersla að málið sé tekið út daginn fyrir 1. maí, baráttudag verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Herra forseti. Í þessum

vinnubrögðum felast ögranir, ögranir sem verður ekki litið fram hjá.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hvar eru þessir tíu sem hafa kaup fyrir að sitja í þessum stólum? Hvaða virðingu sýna þeir Alþingi Íslendinga? Hvaða virðingu sýna þeir því máli sem hér er verið að ræða í umræðum um störf þingsins? Finnst þeim kannski nóg að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins tali fyrir þá? Finnst þeim kannski nóg að hann sendi skilaboð ríkisstjórnarinnar til þjóðarinnar, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, sem fer þangað á eftir að skrifa undir bréf fyrir hönd þeirra sem hann vinnur hjá?

Valið á deginum í dag eitt út af fyrir sig er ögrun, sýnir fyrirlitningu í garð stjórnarandstöðunnar í þessari stofnun, í garð verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og í garð allra þeirra Íslendinga þúsunda saman sem munu flykkjast út á göturnar 1. maí til að mótmæla þessum vinnubrögðum. Sem betur fer liggja störf Alþingis við Austurvöll niðri á morgun. Þá mun hins vegar alþingi götunnar koma saman og vonandi munu skilaboð þess ná í gegnum þykkar leðurhlustir umboðsmanna fjármagnsins sem hér virðast ráða öllu í þessari stofnun og senda núna framkvæmdastjóra Verslunarráðsins til að tala fyrir sig þegar ráðherrarnir flýja úr salnum. Ég segi, hæstv. forseti, þessi vinnubrögð eru gersamlega ólíðandi og ég vil fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra fara þess á leit að á fimmtudaginn verði gefinn sérstakur tími frá þingstörfum til þess að þingflokkur okkar og væntanlega aðrir þingflokkar líka eftir atvikum geti rætt um þessa nýju stöðu því að hún er ólíðandi með öllu.

[14:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef alið á þeirri von að þau tvö stjfrv. sem komu fram fyrir nokkrum vikum á Alþingi og fara með valdboði gegn sameinaðri launþegahreyfingu landsins yrðu sett á ís og það yrði reynt að ná samkomulagi við launþega um innihald frumvarpanna og samkomulagi við stjórnarandstöðuna þannig að mál um réttindi og umhverfi launþega yrðu ákveðin í sátt við alla aðila eins og hefur verið alla tíð að þessi mál hafa verið unnin í sátt. Það er þess vegna sláandi og skelfileg upplýsing að frv. hafi nú verið tekið út úr efh.- og viðskn. og þessar upplýsingar sem hér koma fram vekja sannast sagna furðu.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, og taka undir með þeim sem hér hafa talað að það er ákveðinn hroki í því að taka þessi mál út úr nefnd með valdi og með fruntaskap vil ég segja á þessum degi. Hvernig eigum við að meta það að þetta mál er tekið út úr nefnd í dag, hvernig eigum við að meta það? Ég met það svo að þetta séu skilaboð hins mikla meiri hluta um að ég geri það sem ég vil, ég geri það þegar ég vil og ég hef þetta eins og ég vil. Ber það vinnulag í sér einhvers konar hugsunarhátt verkamanna að mál sem eru tekin inn á dagskrá á 80 ára afmæli Alþýðusambands Íslands séu rifin með valdi út úr nefnd daginn fyrir 1. maí, baráttudag verkalýðsins? Við formenn þingflokka höfum átt mjög gott samstarf við forseta um að reyna að koma okkur saman um þinglok. Það hefur verið góður vilji í þessum hópi en viljinn hefur líka snúist um það hvað ríkisstjórnin hyggist gera í þessum stóru málum og nú liggur það fyrir. Ég er ekki að spyrja um hvers vegna, virðulegi forseti, tíu ráðherrar eru ekki hér en ég spyr: Hvað hugsa tíu ráðherrar og hvað hugsa stjórnarliðarnir sem eru bakland þessara aðgerða?

[14:26]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tilheyri þeim illræmda meiri hluta í hv. efh.- og viðskn. sem tók mál út með valdi eftir því sem mér heyrist í hádeginu, reyndar umdeilt frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég vil nota tækifærið og þakka samstarfsmönnum í efh.- og viðskn. fyrir sérstaklega gott samstarf í nefndinni. Minni hlutinn hefur haft áhrif á breytingartillögur sem hafa verið lagðar fram þó að þær séu eingöngu lagðar fram af meiri hlutanum og nefndinni hefur verið stjórnað af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og er ekkert nema gott um það að segja.

Hér var talað um þingræðislegt ofbeldi og ég spyr hv. þingmenn: Hvaða orð ætla þeir að nota þegar virkilega þarf á stórum orðum að halda á hv. Alþingi? Þetta mál var tekið fyrir á tíu fundum og þeir voru allir kallaðir til sem beðið var um að kæmu til fundar við nefndina og sumir komu oftar en einu sinni. (**Gripið fram í:** Nei, ekki fjmrh.) Ég ætla ekki að dæma um þær viðræður sem hagsmunaaðilar hafa e.t.v. átt eða ekki átt við fjmrn. á undirbúningsstigi þessa máls en eftir að málið kom til þingsins hefur verið fjallað um það algerlega eftir þingsköpum og vinnubrögð í nefndinni voru til fyrirmyndar eins og áður hefur komið fram .

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar áðan, þau lýsa honum best og ekki síst þar sem um fyrrv. ráðherra er að ræða.

[14:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það sér á að hv. þingmenn Framsfl. kveinka sér undan umræðunni og ég spyr: Hversu langt ætla hv. þingmenn Framsfl. að ganga í því að vera í hlutverki fótaþurrkunnar fyrir Sjálfstfl. í þessu máli? Það var einn af þeim mönnum sem stofnaði Framsfl. sem fyrstur hvatti íslenskt verkafólk til þess að halda 1. maí hátíðlegan og á morgun er 1. maí. En í dag taka þingmenn Framsfl. þátt í þessu ofbeldisverki því að ég tek undir með þeim sem kalla þetta ofbeldisverk. Satt að segja lýsi ég undrun minni og hneykslan á Framsfl. sem hefur kallað sig flokk félagshyggjunnar.

Herra forseti. Það var líka lúpulegur formaður efh.- og viðskn. sem kom hingað áðan. Hann gat ekki varið gerðir sínar. En hann mætti þó og það er meira en hægt var að segja um þann sem kippir í spottann, hæstv. fjmrh., en það er einu sinni svo, við vitum að þeir eru í hlutverki Baldurs og Konna.

Herra forseti. Það er ekki hægt annað en telja það harðlega ámælisvert að hv. formaður efh.- og viðskn. skuli taka málið út án þess að leyfa nefndarmönnum að njóta þess réttar sem felst í því að fá fjmrh. til fundar við nefndina.

Herra forseti. Ein af kvenhetjum íslenskra fornsagna sagði: „Misjöfn verða morgunverkin. Ég hefi spunnið 12 álna garn en þú hefir vegið Kjartan."

Herra forseti. Nú hefur stjórnarliðið vegið friðinn í þessu þingi.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst til þess að ítreka mótmæli mín við þessum vinnubrögðum og mótmæla því í öðru lagi að það hafi ekki verið efnisleg rök fyrir því að kveðja hæstv. fjmrh. til fundar við efh.- og viðskn. um þetta mál. Eða er hæstv. fjmrh. að afsala sér ábyrgð á því að fara

með fjármál ríkisins og starfsmannahald? Þegar þannig liggur að viðkomandi mál er sérstaklega á verksviði og ábyrgð ráðherra og enginn getur svarað pólitískum spurningum sem að því lúta nema sá hinn sami hæstv. ráðherra þá er það hrein ósvinna þegar um stórt og viðamikið mál af þessu tagi að slíkur ráðherra skuli neita að koma fyrir nefndina.

Ég harma að ríkisstjórnin skuli hafna samkomulags- og samningaleið um leikreglur á vinnumarkaði og ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni á afleiðingum þess. Það er léttvægt í sjálfu sér þó að þingstörfin verði í uppnámi það sem eftir lifir þinghaldsins á vori en hitt er stóralvarlegt mál að það skuli vera efnt til ófriðar af því tagi sem nú blasir á vinnumarkaðnum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum m.a. á þann stöðugleika í efnahagsmálum sem ríkt hefur um skeið.

[14:31]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég hafna því að í afgreiðslu þessa máls og í þessu máli yfirleitt felist einhver fyrirlitning. Það liggur þannig fyrir að ríkisstjórnin og fjmrh. og meiri hluti þingsins hefur ákveðna stefnu í starfsmannamálum ríkisins. Við teljum að þetta sé nútímaleg stefna sem þurfi að koma í framkvæmd og láta reyna á. Við teljum að með því að afgreiða málið eðlilega út úr nefnd þegar umfjöllun um það sé lokið sé verið að standa við þessa stefnu og framkvæma þá hluti sem hæstv. kjósendur hafa trúað okkur til þess að koma fram. Um það snýst málið og á þessu verki mun stjórnarmeirihlutinn að sjálfsögðu bera ábyrgð á eins og öllum öðrum.

[14:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Að gefnu tilefni vill forseti láta þess getið að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verður ekki á dagskrá fundarins á fimmtudag en um það hefur verið rætt í forsn. að málið komi til umræðu á föstudeginum. Óskir um tíma til þingflokksfunda á fimmtudag verða teknar til athugunar. Þá er umræðu um störf þingsins lokið.

Háskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296.

og

Háskólinn á Akureyri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297.

[14:33]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri (**ÖS:** Hvar er menntmrh.?) en sú breyting — mæltu manna heilastur, hv. þm., — hvar er menntmrh. í þessari umræðu? (**Gripið fram í:** Bíðum eftir honum.)

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið vegna þessara athugasemda sem hér heyrast í salnum að hæstv. menntmrh. hefur fengið fjarvistarleyfi í dag og það lá reyndar fyrir á fundinum þegar honum var að ljúka í gær að hæstv. menntmrh. mundi ekki geta verið viðstaddur umræðuna í dag en hann hafði óskað eftir því að umræðunni yrði lokið í gærkvöldi en vegna þeirra nefndafunda sem þá voru boðaðir kl. 18.30 í gær varð að slíta fundinum. Hæstv. menntmrh. er ekki væntanlegur og hefur fjarvistarleyfi.)

Það þykir mér miður að heyra, virðulegi forseti, því að það er auðvitað æskilegt að viðkomandi ráðherra sé við þegar mál á verksviði hans eru rædd á hinu háa Alþingi þó að ég verði reyndar að segja að ef mér hefði ekki beinlínis verið sagt frá því að slíkt ætti að vera og hefði verið venja, þá hefði mér ekki dottið það í hug af þeirri reynslu sem ég hef af þessari stofnun í vetur því að það verður að segjast eins og er að ráðherrar hafa ekki ómakað sig mjög við setu í þinginu. En það er nú annað mál.

Við erum að ræða breytingu á lögum um Háskóla Íslands og sú breyting sem hér er farið fram með snýst fyrst og fremst um það að hér er staðfest upphæð skrásetningargjalds til háskólanna.

Herra forseti. Ég gerði í gær grein fyrir afstöðu minni auk þess sem hún kemur fram í því nál. sem 2. minni hluti menntmn. lagði fram í þinginu eftir að málið var afgreitt út úr hv. menntmn. En ég bað um orðið aftur í gær, herra forseti, vegna þess að það gekk yfir mig í umræðunni að hlýða á málflutning framsóknarmanna. Ekki hvað síst málflutning hv. þm. Guðna Ágústssonar. Það verður að segjast eins og er að það var hreint með ólíkindum að hlýða á hv. þm. ræða það hér að þetta væri ekki stórmál, hvað menn væru að gera veður út af 24.000 kr. þó að háskólastúdentar væru krafðir um þá upphæð í ár. Það væri ekki nema virðingu háskólans samboðið. Það mátti skilja sem svo að lægri upphæð væri hreinasti dónaskapur gagnvart Háskóla Íslands. Það verður að segjast eins og er að þegar þessi málflutningur var kominn hér á hinu háa Alþingi fannst mér ástæða til þess að biðja um orðið aftur. Ef upphæðin er að mati Framsfl. spurning um virðingu Háskóla Íslands hljótum við að spyrja hversu mikil verður virðing Háskóla Íslands næsta haust og hvernig það verður áfram. Ætla þeir þá ekki samkvæmt eigin skilgreiningu að sýna þessari virðulegu stofnun þá virðingu sem þeim finnst hún eiga skilið? Eða er hún bara 24.000 króna virði? Þetta var mjög sérkennilegur málflutningur og í rauninni fyrir neðan velsæmi þessarar stofnunar.

Það er nú þannig að 24.000 kr. er ærin upphæð fyrir fyrir venjulegan háskólastúdent. Ef sá hinn sami er svo heppinn að fá vinnu geta tekjur hans verið á bilinu frá 150.000–200.000 kr. Sú upphæð sem við erum að tala um er býsna stór hluti af þeim tekjum. Ég geri ráð fyrir að stúdent sem þannig er ástatt um muni vissulega um þessa peninga. Fjölskyldu launafólks í landinu munar líka um þessa peninga. Þannig að hér er um stórmál að ræða hvað svo sem stefnu Framsfl. líður í því máli. Um kosningaloforð ræði ég ekki, það er augljóslega búið að afskrifa þau. (**Gripið fram í:** Ég skal rifja þau upp.) Eitt af þeim virtist hins vegar hér vera í gær og sýnir nú hversu marklítil þau eru að hv. þm. vildi meina að það gæti verið nokkuð til sálubótar, jafnvel til efnahagslegrar hagsældar að úti fyrir skini sólin. Það var helst að heyra á ræðumanni að það væri uppfylling á kosningaloforðum þeirra framsóknarmanna og kannski dæmigert fyrir innihald þeirra og merkilegheit. En það er ekki eðlilegt, herra forseti, að háskólastúdentum sé gert að greiða svo hátt hlutfall tekna sinna sem skráningargjald við Háskóla Íslands og gildir í rauninni einu hversu hlutfall tekna

gjaldið væri. Við erum ekki að tala um greiðslu fyrir þá þjónustu sem hægt er að flokka eða telja til kostnaðar við skráningu stúdenta við háskólann. Það er því misskilningur sem kom fram í umræðunni í gær að einungis væri hér verið að deila um upphæð. Við erum ekki að deila um upphæð, herra forseti, við erum að deila um það hvað megi flokka sem skráningargjald. Hversu langt má ganga í þeim efnum að flokka rekstrarkostnað háskólans sem skráningargjald? Hversu nálægt erum við komin því með þessari upphæð, þó hún sé kölluð skráningargjald, að hún sé farin að kosta, ekki bara rekstur heldur líka kennslukostnað Háskóla Íslands? Ef við erum tilbúin til þess að samþykkja að sá kostnaður sem hér er tilgreindur sé einfalt skráningargjald Háskóla Íslands í þeim skilningi sem það hefur verið frá árinu 1909 hvað erum við þá tilbúin til að gera að ári?

Í þeirri greinargerð sem fylgir með þeim frv. sem hér eru lögð fram um breytingar á lögum um háskólann kemur fram að flutningsmenn virðast hafa velt því fyrir sér að breyta heiti gjaldsins. Eðlilega vegna þess að þeim var auðvitað jafnljóst og þeirri sem hér stendur að þetta gjald nær orðið yfir mun fleiri atriði en þau sem beinlínis er hægt flokka sem kostnað við skráningu. En það varð niðurstaðan að heiti gjaldsins yrði óbreytt. Það segir okkur auðvitað ákveðna sögu. Ég undirstrika að hér er ekki bara um ágreining að ræða sem snýst um það hvort að gjaldið eigi að vera 14.000–15.000 hærra eða lægra, það snýst um það hvað menn eru tilbúnir að viðurkenna sem skrásetningargjald við Háskóla Íslands.

Varðandi þá umfjöllun sem farið hefur fram um framhaldsskólann og það skrásetningargjald sem þar hefur verið innheimt og stendur til að innheimta áfram hafa menn alveg verið með klárar skilgreiningar á því hvað mætti flokka sem skrásetningargjald. Þar komast menn ekki hærra en 6.000 kr. fyrir skólaárið. Þó geri ég ráð fyrir að þar hafi menn reynt að tína til það sem hægt var að tína til. Það er talað um að þeir peningar geti gengið til greiðslu tiltekinna þátta, að hluta til kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té án endurgjalds en nauðsynlegir eru taldir vegna starfa skólans. 2. minni hluti menntmn. gerir líka tilraun til þess að skilgreina hvað það er sem sannanlega getur talist til skrásetningargjalda og með því sem rennur til Félagsstofnunar stúdenta og starfsemi stúdenta er það skoðun þess minni hluta að um geti verið að ræða, svo sanngjarnt geti talist, gjald upp á 9.000 kr. Allt sem þar fer fram yfir, herra forseti, er skólagjald. Enda þótt það hafi orðið niðurstaða flutningsmanna að breyta ekki heiti gjaldsins að þessu sinni er það klárlega eðli þess gjalds sem hér er verið að lögfesta. Það verður að segjast eins og er að þegar við erum að tala um stefnubreytingu í menntamálum, eins og þá að við ætlum að fara að innheimta skólagjöld til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, er eðlilegra að hlutirnir séu kallaðir sínu rétta nafni vegna þess að hér er um þess háttar breytingu að ræða að hún hlýtur að kalla á umræðu, ekki bara um þau skólagjöld sem hér er verið að fara fram með heldur menntastefnu í landinu.

Menn hafa komið hér og lýst ótta sínum við það sem hér er að gerast, ótta sínum um það að eftir ár verði gjaldið hækkað. Við munum þá kannast við rök Framsfl. í því máli þegar kemur að virðingu hinnar öldnu stofnunar, Háskóla Íslands og hinnar ungu stofnunar Háskólans á Akureyri, en auðvitað óttast menn það að ef hægt er að fara fram með þessum hætti að klæða skólagjöldin í þennan dulbúning verði ekki látið staðar numið hér heldur þurfi stúdentar við háskólana og fjölskyldurnar í landinu að búa við það að hér verði um síhækkandi gjöld sem verða þá e.t.v. áfram kölluð skrásetningargjöld, að ræða á næstu árum.

Hv. þm. Guðni Ágústsson var undrandi á þeim málflutningi sem aðrir þingmenn höfðu uppi í þessum ræðustól í gær. Hann var nokkuð viss um að málflutningur hliðstæður þessum tíðkaðist ekki í öðrum þjóðþingum. E.t.v. er skýringin sú að það sitja ekki framsóknarflokkar á hinum þjóðþingunum. Þar leyfa menn sér ekki að fara fram í kosningum með þann málflutning sem okkar Framsfl. leyfir sér að fara fram með eða með svo blygðunarlausum hætti að snúa baki við því sem flokkurinn var kosinn út á. Ég hygg að hv. þm. geti sjálfur valið skýringuna, en sé hún ekki allar þessar þá er hún örugglega ein af þeim.

[14:47]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær eru margar kostulegar ræðurnar fluttar hér. Hér var ein að enda (**JBH:** Og önnur að byrja?) og síðan byrjar önnur. En ég vil spyrja stjórnarandstöðuna og hv. þm.: Hvenær kemur að því að Þjóðvaki og allir þessir stjórnarandstöðuflokkar fara að segja frá því hvað þeir ætla að gera, hvað þeir vilja gera? Hvernig á að skatta þjóðina? Hvar á að taka gjöldin? Hvað er sanngjarnt? Eigum við að taka meira af vinnandi fólki sem er að halda upp á verkalýðsdaginn á morgun? Hvernig eigum við að skipta byrðunum? (**Gripið fram í:** Hvað sögðuð þið fyrir kosningar?) Við höfum staðið við allt sem við sögðum fyrir kosningar. Hér var Alþfl. í gær eins og umskiptingur með skotthúfu, hefur gleymt öllu sem hann gerði. Hann stóð fyrir 18 þús. kr. á þessu sviði og mundi það ekki í gær. Þannig var Alþfl. en ég vil spyrja: Hvað má einstæð móðir með barn borga fyrir að hafa það í dagvist? Hvað skyldu sumir sem hér hneykslast mest á því að innritunargjöld í háskólann séu 24 þús., borga fyrir barnið sitt í Ísaksskóla? Ætli það séu ekki 24 þús. á mánuði? Háskólinn er stærsti vinnustaður landsins. Það kostar mikið að skrá þar inn 6 þúsund nemendur, 7 þúsund nemendur í endurmenntun o.s.frv. (**Gripið fram í:** Hverju lofaði ...?) Framsfl. hefur staðið við allt sem hann lofaði í kosningunum og mun gera. (**JBH:** Heyr á endemi.) Framsfl. sagði að innritunargjöld og skólagjöld skyldu aldrei vera þannig að fólk þyrfti að hverfa frá námi. (Gripið fram í.) Alþfl. stóð að mestu hækkun á þessu sviði á síðasta ári og samt eru 6 þúsund nemendur í háskólanum. (**SvG:** Hafa þau lækkað?) Lestu stefnuskrána, hv. þm. Svavar Gestsson. Ég vil því segja að málflutningur í þessu máli er ekki rökréttur hjá stjórnarandstöðunni. Auðvitað verður hún að segja hvað hún vill. Það er það sem ég á við þegar ég ræði um að það gengi ekki á þjóðþingi að menn tali bara svona, segi nei, nei frá morgni til kvölds en segja aldrei frá því hvað þeir vilja sjálfir. Ég blæs því á þennan málflutning. En ég vil taka það fram að ég er auðvitað þeirrar skoðunar að þessi gjöld eigi ekkert að fara hærra, þau séu á ásættanlegu marki þarna og því stend ég að frv. Það er hægt að spá í framtíðina, herra forseti, og segja: Næsta ár verða þau 50 þús., 100 þús., 200 þús. En stjórnarandstaðan er ekki spámannlega vaxin.

[14:50]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er rétt. Hv. þm. kom upp og talaði um að þær væru margar merkilegar ræðurnar. Og þessi var afskaplega merkileg sem hér var flutt áðan. Hvað vilja þeir gera, spyr hv. þm. Það væri ráðlegt fyrir hv. þm. og

ugglaust fleiri þingmenn stjórnarflokkanna — vegna þess að það rifjaðist upp fyrir mér að þeir sátu ekki svo ýkjamikið í þingsölum þegar verið var að ræða fjárlagafrv. fyrir jólin — það hefði verið hyggilegt fyrir hann að líta á þær tillögur stjórnarandstöðunnar sem þá lágu fyrir. Þar kom nefnilega fram hvað stjórnarandstaðan vildi gera.

Stjórnarandstaðan var tilbúin til þess að skattleggja þá sem þessi ríkisstjórn þorir ekki að skattleggja. Þar lágu fyrir hugmyndir um skatta og um gjöld og tekjur til ríkissjóðs sem hefðu getað, ef menn hefðu haft kjark til, nægt til þess að reka Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri af fullum sóma og ekki hafi þurft að ganga í vasa stúdenta til þess. Meðal þess sem stjórnarandstaðan benti á í þeirri umræðu var fjármagnstekjuskattur, ekki skattur með öfugum formerkjum Hróa hattar eins og stjórnin er með, heldur fjármagnstekjuskattur sem væri raunverulegur skattur til þess að jafna kjörin í þessu landi og bæta auk þess fé í ríkissjóð. Á meðan ríkisstjórnin ekki þorir að sækja peningana þangað sem þeir eru en heldur áfram að fara aftur og aftur í vasa þeirra sem minna hafa, þá er aumlegt að koma upp og spyrja: Hvað vill svo stjórnarandstaðan? Hún hefur talað. Það er ríkisstjórnin sem skilar auðu. Og þegar verið er að spyrja hvað fólk borgar fyrir skólavist í einkaskólum, þá er það bara allt, allt annað mál. Það er skólastefna sem hér hefur verið rekin áratugum saman að menn hafa greitt fyrir skólavist í einkaskólum. Við erum að tala um breytingar á menntastefnu þegar kemur að okkar ríkisskólum. Það er allt annað mál. Ef hv. þm. hefur ekki áttað sig á þeim mun sem er þrátt fyrir allt á einkaskólum og ríkisskólum, þá þarf hann líka að lesa sér til í þeim efnum.

[14:52]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er margt fólk að störfum í Háskóla Íslands. Hann er stærsti vinnustaður landsins, þannig að það hefur ekki verið komið í veg fyrir það enn þá að fólk sækti í háskólann og margir dóla þar árum saman og við fáum reyndar líka þar út margt glæsilegt fólk sem stendur sig vel í þjóðfélaginu. En stjórnarandstaðan hefur svo sem ekki — mig minnir að í fjárlögum hafi það aðallega verið útgjaldatillögur upp á milljarða og ég sé ekki betur með fjármagnstekjuskattinn að á örlagastundu hlupu þeir og hurfu frá málinu. Það var búið að ná saman um það mál. Þeir yfirgáfu það, brutu samkomulagið, fluttu önnur frv. til þess að koma í veg fyrir að það næði í gegnum þingið.

Ég vil segja það sem mín lokaorð við hv. þm. að ég stend frammi fyrir því sem stjórnmálamaður hverja á að skatta. Ég sé að einstæða móðirin sem borgar 20–30 þús. kr. fyrir barnið sitt á leikskóla eða hjá dagmömmu getur ekki borið meira. Ég sé að er ekki hægt að leggja meira á fólkið sem er á lága kaupinu í þjóðfélaginu. Ég tek undir það. Ég tel að það sé hægt að ná meiri tekjum af hátekjufólki og eignamönnum. Í það er ríkisstjórnin að fara. Ég get líka tekið undir það að ég tel að á ýmsum sviðum geti atvinnulífið komið meira inn í ýmis mál í þjóðfélaginu og eigi að gera þannig að það vil ég horfa á. En í þessu efni er ég óhræddur við 24 þús. kr. sem innritun í Háskóla Íslands. Það mun ekki draga úr aðsókn að háskólanum. Og sannarlega er það svo að íslenska þjóðin býr allvel að langskólafólki sem betur fer, það er mikilvægt. Ég hef í dag miklu meiri áhyggjur af hinu vinnandi fólki sem er á mjög lágu kaupi og tel að við getum ekki farið nýja skattaleið gagnvart því.

[14:54]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt til þess að hjálpa upp á minni hv. þm. vegna þess að nú er ég sannfærð um að hann las ekki þingskjölin fyrir jólin. Þær brtt. við fjárlagafrv. sem sú sem hér stendur stóð að fyrir jólin, gengu út á það að eyða halla ríkissjóðs. Það voru ekki eyðslutillögur, hv. þm., langt í frá. Og af því að hv. þm. kemur með það að þessi 24 þús. kall muni ekki draga úr aðsókn að Háskóla Íslands, þá stangast það einfaldlega á við þær upplýsingar sem áður hafa komið fram í þessari stofnun. Það stangast á við þær þannig að það stenst ekki heldur.

Í þriðja lagi þetta með dagvistina og einstæðu móðurina. Sem betur fer hefur Alþingi ekkert með það að gera hversu há gjöld eru greidd í dagvist né heldur hitt hvernig hún er greidd niður fyrir einstæða foreldra. En ég get huggað hv. þm. með því að sveitarfélögin, langflest, mæta þörfum þegna sinna með mjög sanngjörnum hætti þannig að ég held að hann ætti ekki að þurfa að hafa miklar áhyggjur af því eins og stendur.

[14:56]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég talaði í 2. umr. í þessu máli og gerði grein fyrir mínum viðhorfum. Síðan hefur margt fallið í umræðunni og því tel ég mér bæði rétt og skylt að koma upp aftur.

Það kemur fram í greinargerð með frv. ríkisstjórnarinnar að þessi frv. um skrásetningargjöld við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri eru lögð fram vegna álits sem umboðsmaður Alþingis gaf á lögmæti þess að leggja á skrásetningargjöld. En í þessari umræðu hefur lítið sem ekkert verið fjallað um álit umboðsmanns Alþingis og því tel ég mér bæði rétt og skylt að fara örlítið yfir það mál, því að það sem hér er til umræðu snýst fyrst og fremst um það hvort verið er að leggja á skrásetningargjöld eða hvort verið er að leggja á skólagjöld, hvort hér sé verið að kúvenda í menntastefnu Íslendinga.

Umboðsmaður Alþingis fjallaði einmitt um það hvort hér séu á ferðinni skrásetningargjöld, skattur eða þjónustugjöld. Um það segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar skal skipa skattamálum með lögum, en í því felst m.a. að í lögum verður að kveða á um skattskyldu, skattstofn og reglur um ákvörðun fjárhæðar skatts og fleiri atriði.

Þegar af þeirri ástæðu að engin lagaákvæði eru um fjárhæð gjaldsins“ — hann er að fjalla um skráningargjaldið — „eða hvernig það skuli ákvarðað, verður ekki á það fallist að umrædd lagagrein feli í sér skattlagningarheimild.“

Með öðrum orðum, þegar ekki er kveðið sérstaklega á um fjárhæð gjaldsins verður ekki á það fallist að umrædd lagagrein feli í sér skattlagningarheimild. Af þessu verður væntanlega ráðið að þegar fjárhæðin er ákveðin, þá hljóti að vera um að ræða skattlagningu og eins og frv. ríkisstjórnarinnar lítur út, þá sé í raun og veru verið að leggja á skatt en ekki skrásetningargjöld. Svo heldur umboðsmaður áfram og segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af orðalagi 1. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, um skráningargjaldið verður að telja að ákvæðið veiti Háskóla Íslands einungis heimild til þess að taka gjald til þess að standa straum af kostnaði

sem hlýst við að veita þá þjónustu sem kveðið er á um í gjaldtökuheimildinni. Hér er því verið að ræða um svonefnt *þjónustugjald sem heimilt er að taka vegna skrásetningar* nemenda í Háskóla Íslands."

Skrásetningargjald er því að það er heimilt að taka gjald sem hlýst af kostnaði við skrásetningu og ekkert annað. Menn eiga því í þessu tilviki að kalla skóflu skóflu en ekki að lauma inn einhverju gjaldi undir dulnefni. Umboðsmaður heldur áfram og fjallar um ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjaldsins og segir m.a., með leyfi forseta:

„Við skýringu þessa gjalds verður að hafa í huga að Háskóli Íslands hefur ekki lagaheimild til þess að taka skólagjöld til þess að greiða almennan rekstrarkostnað Háskóla Íslands. Samkvæmt 6. gr. laga, nr. 55/1974, um skólakerfi, er kennsla veitt ókeypis í öllum opinberum skólum hvort sem er á skyldunámsstigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi, sbr. áður lög nr. 22/1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu."

Herra forseti. Með öðrum orðum er kveðið á um það í lögum að kennsla skuli veitt ókeypis og í öllum opinberum skólum sem Háskóli Íslands er, hvort sem er á skyldunámsstigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi þannig að það frv. sem hér liggur frammi er alveg skýr og klár breyting á þeirri *menntastefnu sem hefur verið rekin á Íslandi* um áraraðir. Umboðsmaður vitnar í bréf frá háskólanum þar sem segir:

„Skrásetningargjaldið stendur undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar má nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil sem sendar eru stúdentum" o.s.frv. Umboðsmaður fellst á það að ákvörðun fjárhæðar skrásetningargjalds að baki henni standi a.m.k. kostnaður við nemendaskrá við háskólann, skráning stúdenta í námskeið og próf, varðveislu, vinnslu og miðlun þessara upplýsinga.

Með öðrum orðum fellst umboðsmaður á a.m.k. fjóra liði af þeim sem hér eru taldir til í bréfi sem Háskóli Íslands er merktur fyrir og er sent menntmn. og er bókað 12. mars 1996. Þar er m.a. áætlaður kostnaður annar en kennslukostnaður af skrásetningu 5.500 nemenda á háskólaárinu 1995–1996, reiknað út frá rauntölum ársins 1995. Hv. þm. Svavar Gestsson fór aðeins yfir þetta um daginn en það var seint um nótt og því fáir í salnum og því held ég að sé nauðsynlegt að fara betur yfir þetta. Hér segir m.a.:

Nemendaskrá skrifstofu. Áætlaður kostnaður 12.034.877 kr., þar af kr. 2.188 kr. á hvern námsmann. Póstsendingar vegna námsferilsyfirlits 770 þús. eða 140 kr. á hvern námsmann. Auglýsingar vegna skráningar 238.743 eða um það bil 43 kr. á hvern námsmann og kennsluskrá 2.750 þús. eða um það bil 500 kr. á hvern námsmann. Á annað fellst umboðsmaður ekki. Hann tekur sérstaklega fram, með leyfi forseta:

„Ég tel hins vegar ljóst að undir þessa gjaldtökuheimild verði t.d. ekki felldur kostnaður við rekstur á tölvum og prenturum." Hann tekur sérstaklega fram að undir skrásetningargjald verði ekki felldur kostnaður við rerkstur á tölvum og prenturum og þaðan af síður á prenturum Reiknistofnunar háskólans. Hann telur ekki fleira upp, enda held ég að hann hafi ekki haft hugmyndaflug og allt það sem starfsmönnum háskólans datt í hug að setja undir skrásetningargjaldið. Ég held að sé nauðsynlegt að ég haldi frekar áfram við að kynna hvaða kostnað háskólinn telur að standi að baki skrásetningargjaldi. Uppýsingabæklingar, 2,2 millj., þar af 400 kr. á hvern námsmann. Nemendaskrárkerfi, tölva og kerfisfræðingar 6.911.309, þar af 1.257 á hvern námsmann. Námsráðgjöf og námskynning 14.536.000, þar af 2.643 á hvern námsmann. Prógæsla 7 millj. 28 þús. Það að skrásetja nemanda í skólann, afleiðingin af því er væntanlega að hann þarf að taka próf og þar af leiðandi er prófgjald. Maður hlýtur að velta því fyrir sér, úr því að það er til skóli og einhver skráir sig í skólann, þá hlýtur að þurfa að byggja skóla þannig að það er með ólíkindum að hér skuli ekki vera byggingarkostnaður enda væntanlega rekið þá af happdrættinu. Prófdómarar 4.593.113, 835 kr. á hvern námsmann. Prófgögn, það er væntanlega prófblöðin og pennar kannski, 1.618.000 þannig að þeir eru ekki sínkir á fé þarna í háskólanum, það eru 294 kr. á hvern mann. Svo kemur liður sem er merktur ljósritun og í hann ætla menn að eyða 16,5 millj., hvorki meira né minna. 16,5 millj. kostar ljósritun vegna þess að 5.500 nemendur ætla að skrá sig í skólann. Það eru 3 þús. kr. á hvern mann.

Aðgangur nemenda að tölvubúnaði og tölvunetum Háskóla Íslands er tæpar 20 millj. Kostnaður við að nemandi láti skrá sig í háskólann vegna þess að það þarf að veita honum aðgang að tölvubúnaði og tölvunetum eru tæpar 20 millj., 3.545 á hvern námsmann. Þar sem nemandinn ætlar að skrá sig í skólann er nauðsynlegt að veita honum að gang að Internetinu, það er alveg grundvallaratriði og aðgangurinn að því kostar væntanlega 2,4 millj., þ.e. 436 kr. á hvern námsmann. Svo kemur útprentun nemenda hjá Reiknistofnun en af einhverjum ástæðum hvarflaði að umboðsmanni Alþingis það hugmyndaflug að einhverjum dytti í hug að setja það undir skrásetningargjald og um það segir hann m.a., með leyfi forseta: „... kostnaður við rekstur á tölvum og prenturum Reiknistofnunar háskólans enda er þar ekki um að ræða starfsemi sem er í nánum og efnislegum tengslum við „skrásetningu" nemenda í Háskóla Íslands." Umboðsmaður segir að þetta geti aldrei fallið undir skrásetningargjald. Ég veit ekki hverju veldur en hann virðist hafa haft hugmyndaflug um að þeim dytti í hug að setja þetta undir skrásetningargjald.

Ég hef þá að mestu leyti lokið upptalningu úr þessu bréfi en af einhverjum ástæðum hefur hæstv. ríkisstjórn ekki fallist á alla þá kostnaðarliði sem hér eru því að samtals er kveðið á um að skrásetning nemenda í háskólann kosti 138.835.582 kr. og er sennilega hér um að ræða dýrustu skrásetningu á byggðu bóli en ríkisstjórnin metur þetta ekki nema 132 millj. svo að hún hefur eitthvað slegið af og ekki samþykkt allar þær kröfur sem koma frá háskólanum.

Virðulegi forseti. Svo sem efni standa til óskaði umboðsmaður Alþingis eftir því í bréfi, dags. 14. desember 1993, að háskólaráð skýrði hvaða sjónarmið hefðu legið að baki því að fjárhæð skrásetningargjalds sem renna skyldi til háskólans sjálfs skyldi vera 17 þús. kr. Í svarbréfi Háskóla Íslands dags. 17. jan. 1994, segir m.a.:

„Sjónarmiðin sem lágu að baki því að háskólaráð ákvað að fjárhæð skrásetningargjalds til skólans sjálfs yrði kr. 17 þúsund eru þau að með fjárlögum ársins 1992 voru áætlaðar sértekjur yfirstjórnar háskólans samkvæmt fjárlagalið 02-201 101 hækkaðar úr 8 millj. 980 þús. kr. í tæpar 9.950 þús. kr. og fjárveiting til yfirstjórnar var lækkuð úr 83 millj. í 100 þús. kr. Háskólanum var því nauðugur einn kostur að innheimta skrásetningargjald að fullu í samræmi við heimildir í frv. til fjárlaga." Það er því alveg ljóst að miðað við það sem hér kemur fram að þegar menn eru að leggja á skólagjöld, þá eiga menn bara að kalla það skólagjöld og taka það til umræðu sem skólagjöld, ekki sem skrásetningargjöld. Það er

eðlilegt að ræða hér skólagjöld og það er enginn að víkja sér undan því. En að lauma þessu inn í þingið undir dulnefninu skrásetningargjöld er aðfinnsluvert.

Virðulegi forseti. Umboðsmaður heldur áfram þar sem frá var horfið en þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Eins og nánar er rakið hér að framan er heimilt að standa undir kostnaði sem hlýst af starfsemi sem er í nánum og efnislegum tengslum við „skrásetningu" nemenda í Háskóla Íslands" og vísar þá í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990, og það er eðlileg lögskýring. Jafnframt heldur hann áfram og ég held að það sé rétt að lesa þetta þingmönnum til fróðleiks, með leyfi forseta:

„Ákvæðum almennra laga verður ekki breytt með fjárlögum og áætlun um tekjur ríkisins í fjárlagafrv. er ekki viðhlítandi lagaheimild fyrir innheimtu skatta eða þjónustugjalda." Svo heldur hann áfram: „Af bréfi Háskóla Íslands til mín, dags. 17. janúar 1994, verður ráðið að ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds hafi verið byggð á sjónarmiðum um öflun tekna til greiðslu almenns rekstrarkostnaðar við yfirstjórn Háskóla Íslands en ekki á sérstökum útreikningum á þeim kostnaðarliðum sem heimilt var að leggja að lögum til grundvallar gjaldinu samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990. Ég tel því ljóst að ákvörðun háskólaráðs um fjárhæð skrásetningargjalds fyrir árið 1992, sem staðfest var af menntmrh., hafi ekki verið byggð á lögmætum sjónarmiðum."

Í niðurstöðu sinni segir umboðsmaður og er eðlilegt að lesa hana þar sem það frv. sem hæstv. menntmrh. lagði fram byggir alfarið á þessu áliti og nauðsyn þess rakin til þess að umboðsmaður Alþingis hafi komist að því að ekki væri lagastoð fyrir þessu skrásetningargjaldi. Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín að Háskóli Íslands hafi haft heimild til þess að taka skrásetningargjald við skráninguu nemenda í Háskóla Íslands skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, fyrir námsárið 1992–1993." — En álit umboðsmanns fjallar einmitt um skrásetningargjald sem lagt var á það skólaárið. — „Þar sem umrædd lagagrein felur ekki í sér skattlagningarheimild mátti umrætt gjald ekki vera hærra en sem nemur kostnaði af því að veita almennt þá þjónustu sem kveðið er á um í gjaldtökuheimildinni. Í málinu liggur því fyrir að Háskóli Íslands hefur ekki tekið afstöðu til þess hvaða kostnaðarliðir verði lagðir til grundvallar við útreikning á fjárhæð gjaldsins samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990. Í þess stað var fjárhæð gjaldsins byggð á sjónarmiðum um öflun tekna til að standa undir almennum rekstrarkostnaði við yfirstjórn Háskóla Íslands."

Það er nákvæmlega það sem verið er að gera núna. Það er verið að afla almennra rekstrartekna fyrir háskólann undir því forormerði að um sé að ræða kostnað við skrásetningu nemenda í Háskóla Íslands. Áfram heldur umboðsmaður Alþingis, með leyfi forseta: „Ég tel því ljóst að ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjaldsins fyrir námsárið 1992–1993 hafi ekki verið byggð á lögmætum sjónarmiðum" — þar sem ekki liggur fyrir útreikningur um það hversu hátt umrætt skrásetningargjald mátti vera fyrir námsárið 1992–1993.

Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér liggur fyrir er kveðið á um að skrásetningargjald skuli vera 24 þús. kr. en eins og fram kom í áliti umboðsmanns og ég las upp úr áðan má ráða af orðum hans að þegar slíkt gjald eins og þetta er fest niður við ákveðna fjárhæð sé um að ræða skattheimtu og menn eiga að kalla það gjald sem þeir eru að innheimta réttum nöfnum, hv. þm. Guðni Ágústsson. (**Gripið fram í:** Stefnuskráin.) Alþfl. hefur sérstakan fulltrúa sem þekkir stefnuskrá Framsfl. út og inn og ég held að honum verði látið það eftir að fjalla frekar um hana.

En síðan kemur stórkostleg setning, 2. máls. 1. mgr. í þessu frv.: „Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert." Hér virðist ljóst vera að þessi fjárhæð getur breyst frá ári til árs og menn fái þá væntanlega einhverjar nýjar hugmyndir um það hvað geti fallið undir skrásetningargjöld. Það sem féll undir skrásetningargjöld í fyrra þarf ekki endilega að falla undir skrásetningargjald í ár. Af hverju þarf að breyta þessu með tilliti til afgreiðslu fjárlaga ár hvert? Það er ekki vegna þess að kostnaður við skrásetningu breytist á milli ára heldur hitt að það er allsendis óvíst hvernig árar hjá ríkissjóði. Það mun verða sá grundvöllur sem gjaldið mun verða byggt á. Það fer nákvæmlega eftir því hvernig árar hjá ríkissjóði og hvernig hv. þm. Framsfl. gengur að rétta af halla ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Hér er því ekki verið að gera neitt annað en lögfesta skatt eða skólagjöld undir dulnefninu skrásetningargjald. Þessi leið er réttlætt með því að Háskóla Íslands er ætlað að áætla annan kostnað en kennslukostnað sem hlýst af skrásetningu 5.500 nemenda eins og ég rakti áðan. Hér er um pólitíska stefnubreytingu að ræða í menntastefnu þjóðarinnar því eitt af því sem óumdeilt hefur verið og sátt ríkt um í íslensku samfélagi er að hið opinbera skuli ekki innheimta skólagjöld til að standa undir rekstrarkostnaði skóla sem reknir eru af hinu opinbera. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1974 segir að kennsla skuli veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Er þetta grunnatriði í því stefnumiði að á Íslandi skuli ríkja jafnrétti til náms. Í ljósi þessa hefur kostnaður við rekstur skóla verið greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna en í einstaka tilvikum hefur skólayfirvöldum verið heimilt að innheimta þjónustugjöld til þess að standa straum af þeim raunverulega kostnaði sem hlýst vegna viðkomandi þjónustu sem veitt er og gjaldinu ætlað að standa undir.

Með því að samþykkja þá fjárhæð sem frv. kveður á um er löggjafinn að fallast á það að þeir kostnaðarliðir sem Háskóli Íslands tiltekur séu raunverulegir kostnaðarliðir við skrásetningu. Hér tel ég að löggjafinn sé að gefa mjög vafasamt fordæmi, fordæmi sem síðan gæti rutt brautina fyrir hærri skrásetningargjöldum í aðra skóla. Í ár er ætlunin að skrásetningargjöld skili Háskóla Íslands 132 millj. Hér væri vafalaust um að ræða einhverja dýrustu skrásetningu á byggðu bóli ef gjöldunum væri aðeins ætlað að standa undir kostnaði við skrásetningu. Það er þó augljóst að svo er ekki í þessu tilviki því að þessum gjöldum er ætlað að standa undir öðru og meiru og undir þetta hefur umboðsmaður Alþingis tekið. Hann tekur það skýrt fram að á meðan gjöldin eru í þessum hæðum sé verið að afla tekna fyrir allt annað en það að standa raunverulega undir kostnaði við skrásetningu. Með lögfestingu þessa frv. hafa stjórnvöld tekið þá pólitísku ákvörðun að taka upp skólagjöld og bera vitaskuld á henni pólitíska ábyrgð.

Virðulegi forseti. Ég tel að gjalda beri mikinn varhug við vinnubrögðum af því tagi sem hér um ræðir. Stjórnvöld sem hafa nú þegar reynt að fara þessa leið einu sinni og fengið skömm fyrir ætla nú að lögfesta skattlagningu á háskólastúdenta undir dulnefninu skrásetningargjöld. Verði þetta frv. að lögum sem allar líkur standa til er ljóst að ákvörun um fjárhæð skrásetningargjalds muni í framtíðinni

fyrst og fremst taka mið af fjárhagsstöðu ríkissjóðs hverju sinni en ekki kostnaði við að skrásetja nemendur í Háskóla Íslands. Að minni hyggju hefði verið eðlilegra að ræða þetta á Alþingi undir réttum formerkjum og gera á því athugun hvort raunverulegur vilji þingheims standi til þess að gera atlögu að hugmyndinni um jafnrétti til náms með því að taka upp skólagjöld. Á slíkum vinnubrögðum hefði verið ólíkt meiri manndómsbragur en þeim að ætla sér að lauma þessari grundvallarstefnubreytingu í gegnum Alþingi undir felunafninu skrásetningargjöld.

[15:21]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég byrja á að segja það að ég var farin að sakna þess að ég hélt að hv. þm. ætlaði ekkert að minnast á Framsfl. í ræðu sinni en hann hafði það af að nefna hann örstutt. Ég vil spyrja hv. þm. að þegar hann talar um kúvendingu í menntastefnu þjóðarinnar, hvort ekki sé betra að innheimta þessi gjöld löglega en gera það ólöglega eins og virðist hafa verið gert í tíð Alþfl. í ríkisstjórn Íslands. Ég segi það. Fyrst ég hef hér tækifæri ætla ég aðeins að rifja upp stefnuskrá Framsfl., það er tími til kominn.

Við framsóknarmenn höfum ekki sagt mjög stóra hluti í þessum efnum. Við segjum í kosningastefnuskrám okkar: „Skólagjöld í háskólum verði ekki til þess að hrekja fólk frá námi." Síðan segjum við í flokksþingssamþykktum sem eru svolítið eldri, frá árinu 1994, með leyfi hæstv. forseta: „Flokksþingið er andvígt aukinni hlutdeild nemenda í rekstrarkostnaði. Slít mun leiða til þess að háskólanám verður forréttindi hinna efnameiri."

Er það að kúvenda af hálfu Framsfl. í þessum efnum hvort gjaldið er 22.975 eins og það var árið sem þessi samþykkt er gerð eða hvort það er 24 þús. kr.? Það er ekki kúvending. Það er má segja nokkurn veginn sama gjald. Eins og ég lét koma fram áður í þessari umræðu er mér ekki erfitt mál að greiða atkvæði með þessum 24 þús. sem kveðið er á um í frv.

[15:23]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spurði að því hvort hér væri um einhverja kúvendingu að ræða. Hér er vissulega um kúvendingu að ræða því að hér er í fyrsta skipti verið að kveða á um það í lögum að leggja á skólagjöld. Hún spyr hvort ekki sé eðlilegra að gera þetta þá löglega frekar en að gera þetta ólöglega. Það er þegar komið fram í áliti umboðsmanns Alþingis að það var ekki lagastoð fyrir töku þessara gjalda. Því hefði ég haldið að það væri ekkert annað að gera í þeim efnum en draga fyrri ákvörðun til baka. Ég hefði líka haldið í framhaldi af þessu að ef menn vilja koma þessu á setji menn þetta á undir réttum formerkjum, ekki undir dulnefninu skrásetningargjald eða eitthvað annað og komi þá með þá umræðu inn í Alþingi að um skólagjöld sé að ræða en fari kalli þetta ekki skrásetningargjald. Við skulum frekar tala um hlutina eins og þeir eru og þá getum við rætt þetta undir réttum formerkjum.

[15:24]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér vel vel grein fyrir því að að hluta til fer þetta fjármagn til rekstrar Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Ég geri mér fulla grein fyrir því og það breytist ekki hvort sem þetta frv. er lögfest eða ekki. En ég spyr hv. þm. vegna þess að mér finnst hann vera að gefa það í skyn að Alþfl. hefði staðið öðruvísi að málum ef Alþfl. hefði verið í ríkisstjórn: Telur hann að Alþfl. hefði aflagt þetta gjald núna ef hann hefði verið í ríkisstjórn?

[15:25]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að svara spurningum ef og þá og kannski, hvað hefði gerst ef staðan hefði verið einhver önnur. En ég held að það sé alveg klárt ef Alþfl. hefði verið í ríkisstjórn hefði hann a.m.k. borið þetta fram undir réttum formerkjum.

[15:25]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hreint ótrúlegt að hlusta á málflutning stjórnarandstöðunnar og þá einkanlega þingmanna Alþfl. Hér er látið líta út fyrir að eitthvað nýtt sé á ferðinni sem er alls ekki. Það er hreinn útúrsnúningur. Sannleikurinn er sá að ekki er verið að breyta neinu frá því sem hefur verið síðustu fjögur ár. Það er engin pólitísk stefnubreyting á ferðinni. Það var tekin um það ákvörðun í tíð síðustu ríkisstjórnar, stjórnar Alþfl. og Sjálfstfl., að hækka skrásetningargjaldið sem innheimt hefur verið við Háskóla Íslands frá upphafi. Umboðsmaður Alþingis gerði athugasemd við að það væri ekki nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella undir skrásetningargjaldið og hvernig megi ráðstafa því. Frv. sem hér er til umræðu er flutt til þess að styrkja lagastoð skrásetningargjalds og bregðast þannig við gagnrýni umboðsmanns Alþingis.

[15:26]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er það nýtt að verið er að lögfesta skólagjöld. Það er nýtt í málinu. Það að Alþfl. hafi á sínum tíma staðið að því að hækka hin svokölluðu skrásetningargjöld er vitaskuld sökum þess að hann taldi sig vera innan ramma laganna þegar þessi gjöld voru hækkuð. Síðan kemur einfaldlega á daginn að þær lagaheimildir sem þá voru til staðar dugðu ekki fyrir þeirri fjárhæð sem á var lögð. Umboðsmaður Alþingis rekur það mjög vel í sínu áliti og kemst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun um þessa fjárhæð sé byggð á ólögmætum sjónarmiðum. Ef það á að breyta þessu frá því sem nú er þá á að koma með það undir réttum formerkjum, ekki undir einhverju dulnefni eða undir einhverju allt öðru nafni en þetta raunverulega er. Það kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að hún gerði sér fyllilega grein fyrir því að þær fjárhæðir sem koma til vegna skrásetningargjalda renna til almenns rekstrarkostnaðar. Hér er ekki verið að setja á skrásetningargjöld nema að hluta til. Skrásetningargjöld og þjónustugjöld eru fyrst og fremst hugsuð þannig að þau standi undir raunverulegum kostnaði sem hlýst af því að skrásetja menn til náms, það er ekkert annað, hvorki meira né minna. Umboðsmaður rökstyður það og gerir skilmerkilega grein fyrir því. Því eiga menn að koma með þetta inn á hið háa Alþingi undir réttu nafni og kalla þetta skólagjöld og gera þjóðinni grein fyrir því að hér er um kúvendingu að ræða í menntastefnu íslensku þjóðarinnar.

[15:28]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru aumar afsakanir hv. þm. og ég verð að segja að menn hjá Alþfl. hefðu þá mátt skoða málin betur fyrir fjórum árum. Hins vegar greinir okkur á um hvort hér sé um skrásetningargjald eða skólagjald að ræða og um það erum við einfaldlega ekki sammála.

[15:29]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá held ég að hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur greini á við fleiri en þann sem hér stendur því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir lýsti því yfir hér áðan að hluti þessa gjalds mundi renna til almenns rekstrarkostnaðar Háskóla Íslands. Það sem meira er, umboðsmaður Alþingis tók sérstaklega fram sem dæmi að prentarakostnaður hjá Reiknistofnun o.s.frv. heyrði ekki undir skrásetningargjald þannig að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir er að lýsa því yfir að hún sé a.m.k. ósammála okkur þremur og sennilega stjórnarandstöðunni í heild sinni og allflestum sem velta því fyrir sér af einhverri alvöru að hér er verið að lögleiða skólagjöld. Það er nákvæmlega kjarni málsins. En því miður hefur ríkisstjórnin ekki komið með málið inn í þingið undir réttum formerkjum. Það er út af fyrir sig mat þingmannsins að kalla þetta aum rök. Ég ætla ekki að gefa þeim rökum nafn sem hv. þm. hefur borið fram hér við umræðuna.

[15:30]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að samkvæmt þingsköpum skal ræðumaður jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann. Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.

[15:30]

Útbýting þingskjala:

Sérákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 503. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 885.

Tæknifrjóvgun, 154. mál, brtt. HG, þskj. 884.

[15:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Komið hefur fram í máli Sigríðar Önnu Þórðardóttur, hv. 3. þm. Reykn., að hér sé ekkert nýtt á ferðinni. Þessi gjöld hafa verið lögð á frá skólaárinu 1991–1992 og ekkert sé nýtt á ferðinni. Það verður að segjast eins og er ef það tekst að koma þessum frumvörpum í gegn, þá verða alla vega lögin ný og það er alger nýjung að það séu lögfest skólagjöld í háskólum á Íslandi. Það hefur ekki gerst fyrr.

Það hefur verið margborið upp á okkur sem berum fram tillögu 2. minni hluta í þessari umræðu að við höfum sjálf verið að leggja til skólagjöld. Mér finnst það vera mikill útúrsnúningur þar sem það er mjög skýrt tekið fram í greinargerð með tillögunni hvernig hún er byggð upp. Hún er byggð upp á því að við leggjum til að það fé sem hingað til hefur verið áætlað til hagsmunagæslu stúdenta komi nánast óskert áfram og þar að auki verði borgað lágt gjald, um 3.000 kr., sem renni til þess kostnaðar sem raunverulega er skrásetningarkostnaður við háskólann. Það má kalla skrásetningargjald og þá ættu þeir að gleðjast sem halda því fram að nemendur skili sér mun betur til náms ef þeir þurfa að borga eitthvert lágt gjald við skrásetningu. Ég er hins vegar ekki sannfærð um það.

Mér þykir mjög miður að í umræðunni hafa engar undirtektir orðið frá hv. meiri hluta Alþingis við tillögum um að þeir sem eru í hlutanámi greiði hlutagjald. Mér finnst þetta mikið sanngirnismál. Það er mjög margt fólk sem er að reyna að taka nám í háskólanum og vinna með. Það tekur námið á mun lengri tíma en þeir sem geta stundað fullt nám og það er mjög ósanngjarnt og það hljóta allir að sjá að þegar búið er að setja á skólagjöld eins og hér er verið að gera með lögum frá Alþingi að þeir sem stunda þess háttar nám geti ekki fengið að borga í hlutfalli við það nám sem þeir stunda.

Það var mikið gleðiefni fyrir þá sem unna menntun í landinu að heyra ræður um menntamál, ekki bara framsóknarmanna heldur fulltrúa allra þeirra flokka sem voru í framboði til Alþingis á sl. vori. Þar voru háleit markmið sett fram og það var ekki mikið talað um að fjárhagsvandi íslenska ríkisins mundi standa þeim markmiðum fyrir þrifum. Það virðist hins vegar hafa runnið upp fyrir þeim framsóknarmönnum strax og þeir komust í ríkisstjórn hvernig fjárhagur ríkisins stóð raunverulega. (**Gripið fram í:** Hvar eru framsóknarþingmennirnir?) Þeir eru sjálfsagt að hlusta á skrifstofum sínum, mér hefur verið sagt það.

Í þessum frumvörpum sem Framsfl. m.a. stendur að eru gerðar tillögur um skólagjöld. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e., hefur viðurkennt að hún viti vel og viðurkenni að stór hluti af þessum gjöldum eigi að ganga til reksturs háskólanna. Það stendur beinlínis í frv. að þessa upphæð skuli endurskoða við flutning fjárlaga ár hvert. Mér finnst ekki að mikið hugmyndaflug þurfi til að ímynda sér að þeim sem á annað borð flytja slíka tillögu kunni að detta það í hug þegar kreppir að við gerð fjárlaga og vantar hér og þar efni til að troða í fjárlagagatið að það kynni að vera hægt að hækka þessar upphæðir, þessi skólagjöld, við endurskoðun fjárlaga ár hvert. Spurningin um hver ætti að borga hlýtur að hafa hvarflað að öllum þeim sem voru að flytja tillögur um bætta menntun í landinu á sl. vori. Ég held að það sé alveg óumdeilanlegt að við Íslendingar eyðum ekki mjög stórum hluta af þjóðarköku okkar til menntamála. Því hefur verið líkt við ríki sem hefur verið til umræðu í hörmulegu samhengi fyrr í dag, Tyrkland, og þykir það ekki mjög stór hlutur og auðvitað verður að auka þann hlut ef allir eru sammála um það eins og mér hefur heyrst að leið Íslands inn í framtíðina til betri lífskjara liggi í gegnum það að við menntum þjóðina sem allra best. Það hlýtur að felast í þeirri hugsun að við verjum meiri peningum til menntamála, stærri hluta af þjóðarkökunni en nú er gert.

Það var vitnað til þess áðan að fólk, m.a. hv. þingmenn, sendu börn sín í Ísaksskóla og borguðu þar skólagjöld. Ég minni á að Ísaksskóli er einkaskóli. Við hliðina á Ísaksskóla er rekinn annar skóli, ríkisskóli, mjög sambærilegur skóli og þar þarf ekkert að borga þannig að þarna er ekki hægt að tala um mismunun heldur val.

Það hefur líka verið minnst á það í umræðunni að enn þá hafi þessi svokölluðu skrásetningargjöld, sem voru lögð á í leyfisleysi árið 1991 og hafa verið látin líðast, ekki komið í veg fyrir að fólk færi í háskólanám. Ég held að það hafi á öðrum stöðum, því miður hef ég þær tölur ekki handbærar, einmitt verið sýnt fram á að það hefur komið í veg fyrir að fólk færi í háskólanám. Sá hópur hefur stórminnkað sem stundar háskólanám núna, t.d. einstæðir foreldrar. Það er kannski ekki bara vegna skólagjalda. Það kunna að koma þar

til önnur úrræði þjóðarinnar til að hjálpa menntafólki eins og námslán sem hafa verið skert og fólki gert erfiðara fyrir að taka. En það er m.a. þetta og það er ekki nein spurning að það hefur dregið úr því að efnaminna fólk hafi farið í háskólanám á undanförnum árum.

[15:40]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Vegna fjarveru minnar undanfarna daga á þinginu var sérálit það sem ég flutti sem minni hluti menntmn. kynnt af varaþingmanni mínum, hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur. Ég ætla mér ekki að fara í smáatriðum út í það álit hér en það er alveg ljóst eins og hefur komið fram í máli manna að hér er um mjög mikið grundvallarmál að ræða. Árið 1992 voru þessi mál mikið til umræðu. Þá var fyrst rætt um að hækka skráningargjöld í háskólanum úr 7.000 kr. í 17.000 en heildargjaldið fór upp í um 22.300 kr. Þá lagði ég fram fyrirspurn á Alþingi þar sem ég spurðist fyrir með tilvísun í lög um skólakerfi frá 1974 þar sem stendur að nám á grunn-, framhalds- og háskólastigi eigi að vera ókeypis, þ.e. það stendur í 6. gr.: „Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum." Ég spurði eftirfarandi spurningar og bað um skriflegt svar: „Hvernig samræmist þetta þeirri ákvörðun að hækka skráningargjald í Háskóla Íslands?"

Með hliðsjón af svarinu, sem ég fékk þá, taldi ég ekki ástæðu til að flytja breytingartillögu núna eða vera með 2. minni hluta menntmn. um að flytja brtt. um lækkun skráningargjaldanna. Ég vitna í skriflega svarið sem ég fékk árið 1992, með leyfi forseta:

„Ákvörðun skrásetningargjalds við Háskóla Íslands hefur lagastoð í 1. mgr. 21. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sem er svohljóðandi: „Hver sá sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að vera skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald.""

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara ofan í nefndarálit mitt en ítreka að þetta frv. er fyrst og fremst komið fram vegna álits umboðsmanns Alþingis þess efnis að það hafi ekki verið nægjanleg lagastoð fyrir því að hækka skráningargjaldið úr 7.000 kr. í 22.300 kr., núna á það að vera 24.000 kr. samkvæmt frv.

Þó vil ég ítreka tvö atriði úr nefndarálitinu. Í fyrsta lagi virði ég það álit umboðsmanns að nauðsynlegt sé að treysta lagagrunn undir þetta skrásetningargjald og hvernig því er ráðstafað. Að öðrum kosti verður að fella skrásetningargjaldið úr gildi eða lækka það til fyrra horfs. Í nefndarálitinu ræði ég um það sem ég held að hafi komið fram í langflestum ræðum að það sem er að eiga sér stað er að þrátt fyrir skýr ákvæði í lögunum um skólakerfi frá 1974 að hér megi ekki setja á skólagjöld er verið að setja á þjónustugjald, reyna að fá lagastoð undir þjónustugjald sem er mjög erfitt að rökstyðja að sé eingöngu skráningargjald.

Við í menntmn. fengum á fund okkar fulltrúa frá Háskóla Íslands þar sem það er alveg skýrt útlistað hvernig þessar 24.000 eru fengnar og ég ætla mér ekki að fara að endurtaka þá upptalningu hér sem aðrir hafa komið fram með en það er alveg ljóst að þarna er mun meira sem er greitt fyrir þessa upphæð en skráning. Þess vegna ítreka ég að það er mín niðurstaða að hér sé farið út á mjög vafasama braut með að innheimta þjónustugjald undir fölsku flaggi. Sem skráningargjald er þessi upphæð allt of há og í engu samræmi við skráningarkostnað. Skólagjald er allt önnur umræða sem stjórnin kýs að fara ekki út í. Ég hefði frekar kosið að fá hér heiðarlega umræðu um skólagjöld, hvort þau eigi rétt á sér eða ekki. Ég er mótfallin þeim eins og kom fram í fyrri umræðu. Þetta laumuspil í kringum þetta mál er mér mjög ógeðfellt og þess vegna legg ég til í nál. að þessi frv., bæði frv. um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, verði felld og skráningargjöld háskólanna verði lækkuð til fyrra horfs. Um leið bæti ég við að það þarf að sjálfsögðu að hækka fjárveitingar til háskólanna. Það var einmitt krafa stjórnvalda til háskólans um að hækka eigin sértekjur sem olli því að þessi gjöld voru hækkuð úr 7.000 kr. í 22.300 kr. árið 1992.

Hins vegar vil ég gera annað að umræðuefni nú. Í fjarveru minni gerðist það að hæstv. menntmrh. sakaði mig um að hafa skipt um skoðun frá 1. umr. um þetta mál og vísaði þar í 2. umr. og umrætt nál. Hann sagði m.a. að ég hefði sagt við 1. umr. að ég fagnaði því að þetta frv. væri fram komið en síðan legði ég til í nál. að það yrði fellt. Ég hef farið gaumgæfilega yfir ræður mínar og veit að hann fer með rangt mál. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að koma með leiðréttingu á túlkun menntmrh. á orðum mínum. Ég sagði mjög skýrt að ég fagnaði því að ríkisstjórnin ætlaði að reyna að treysta lagagrunn þessara gjalda svo háskólann neyddist ekki endalaust til að taka þau ólöglega, hinn kosturinn sem ríkisstjórnin hefði væri að lækka þau til fyrra horfs. Ég var sem sagt ekki að fagna því efnislega að ríkisstjórnin ætlaði að hækka þessi gjöld og lögfesta þau heldur því að frv. kemur í veg fyrir að háskólinn neyðist til lögbrots.

Reyndar dró menntmrh. ummæli sín að hluta til til baka en mér fannst þetta mjög óeðlileg túlkun á mínum orðum og þess vegna vil ég ítreka hér að ég er alfarið á móti skólagjöldum og Kvennalistinn líka og það er mjög stór pólitísk ákvörðun að fara út í þá umræðu. Það er alls ekki það sem ég meinti þegar ég sagðist fagna því að frv. væri fram komið.

Það er hins vegar rétt hjá hæstv. menntmrh. að ég sagði það við 1. umr. um þetta mál að sem háskólakennari hefði ég orðið vör við að hækkuð gjöld, þjónustugjöld, skráningargjöld, skólagjöld eða hvaða hugtök sem við notum um þetta, hefðu haft ákveðin æskileg agaáhrif innan háskólans, þ.e. að fólk skráði sig frekar ef það væri af alvöru í námi og það væri meira að marka skráningartölur og annað slíkt. Það er auðvitað hægt að fara í þá umræðu að ræða rök með og móti þessu gjaldi. Það mætti t.d. einnig, eins og ég bendi á í nál., færa rök fyrir því að ef þessi sama upphæð héti skólagjöld væri eðlilegra að láta fólk greiða aðeins hluta þeirra ef það væri í hlutanámi. En það er ákveðið að gera það ekki af því að hér er verið í ákveðnum feluleik. Þótt það megi sjá ákveðin rök fyrir því að kalla þetta frekar skólagjöld þá er ég ákveðið þeirrar skoðunar að þeir kostir sem hugsanlega leiddu af hækkuðum gjöldum séu ekki nægilega miklir til að vega á móti því sjónarmiði sem felst í því að hafa engin skólagjöld með tilliti til jafnréttis til náms. Því ítreka ég hér fyrri afstöðu mína gegn skólagjöldum og gegn þessu frv. um dulbúin skólagjöld. Ég ítreka líka að ég sá ekki ástæðu til að standa að brtt. 2. minni hluta, ekki vegna þess að ég væri ósammála þeirri upphæð sem þar kemur fram heldur fyrst og fremst vegna þess að ég tel að lægri gjöld eða engin gjöld þurfi ekki sérstaka lagastoð með tilvísun til fortíðarinnar og þess svars við fyrirspurn minni sem ég gerði hér að umtalsefni áðan.

Virðulegi forseti. Ég gæti haldið langa tölu um þetta mál. Háskóli Íslands er í mjög erfiðri stöðu fjárhagslega og það

er vissulega umhugsunarvert hvernig við eigum að standa að því að hann geti staðið undir nafni og virkilega bæði verið opinn fyrir öllum og boðið upp á fyrsta flokks nám. Því miður sýnist mér ekkert benda til þess nú að háskólinn sé að komast út úr þeim fjárhagskröggum sem hann er í. Háskólaráð hefur rætt þær hugmyndir að gera skólann að sjálfseignarstofnun með tilliti til hugsanlegra möguleika til að koma í veg fyrir það ástand sem nú er. Það sækja æ fleiri nemar inn í háskólann en fjárveitingar hækka ekki að sama skapi. Með sama áframhaldi hlýtur menntunin því að verða lakari og lakari ef ekki verður einhver breyting á.

Sumir hafa rætt um það eins og víða hefur komið upp erlendis að taka upp einhvers konar inntökupróf eða skerða aðgang að háskólanum. Í hugmyndum um sjálfseignarstofnun er ýjað að því að tekin verði upp skólagjöld. Þetta er mjög mikil grundvallarumræða og þarf að eiga sér stað hér á hinu háa Alþingi. Þetta er ekki sú prinsippumræða sem þarf að eiga sér stað. Hér er verið að lauma skólagjöldum inn og lögfesta þau undir fölsku flaggi. Því er ég alfarið mótfallin. Ég er líka mótfallin því að hefta aðgang að háskólanum og þess vegna vildi ég helst að við gætum séð til þess að háskólinn fengi auknar fjárveitingar. En ef það er niðurstaða stjórnvalda að það sé ekki hægt þá verður að grípa til annarra ráðstafana. Þá er ég tilbúin að fara í þá umræðu á réttum forsendum.

Því miður er enginn framsóknarmaður í salnum og ég óska eftir því að einhver framsóknarmaður komi hér inn. Það eru ekki síst ummæli hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, í DV frá 28. mars 1995 sem ég vildi gera að umræðuefni. Hæstv. forseti, er hann ekki viðstaddur?

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er ekki í húsinu.)

Það eru ummæli hans rétt fyrir síðustu kosningar sem ég vildi gera hér að umtalsefni. Ég held ég bíði með þau þar til í seinni ræðu minni um þetta mál. Ég vonast þá til að hæstv. ráðherra eða einhver framsóknarmaður verði í salnum.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er afleitt að ræða þau grundvallarmál sem skólagjöld eru án þess að nokkur ráðherra eða nokkur framsóknarmaður sé hér í salnum. Þeir hafa komið til umræðu vegna yfirlýsinga og loforða sem þeir gáfu fyrir u.þ.b. ári, í kosningabaráttunni sl. vor. Ég vil gjarnan, herra forseti, fá einhvern framsóknarmann hingað. Ég vil gjarnan eiga orðastað við þá. Er enginn þeirra í húsinu? Ég þarf að eiga orðastað við ákveðna þingmenn Framsfl., m.a. þann sem er næstur á mælendaskrá.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hv. 7. þm. Reykn., sem næstur er á mælendaskrá, verði viðstaddur umræðuna.)

Það er líka afleitt, herra forseti, að vera yfirleitt að ræða þessi mál þegar hæstv. menntmrh. er ekki á staðnum. (**Gripið fram í:** Saknaðir þú mín?) Ég saknaði hv. þm. sárlega. Ég hefði gjarnan viljað gera að umræðuefni málflutning hv. þm. og þingmanna Framsfl. í gær þegar þetta sama mál var hér til umræðu. Það var hreint og beint ótrúlegt að hlusta á hvað þeir gátu boðið mönnum upp á í þingsölum. Ég fann til með fyrrv. félögum mínum í Framsfl. Þeir voru að reyna að verja það að hafa brotið kosningaloforðin um leið og þeir komust í aðstöðu til að efna þau. Um leið og þeir komust í ríkisstjórnaraðstöðuna var farið að brjóta loforðin. Ég get fyrirgefið hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að hafa talað eins og hann gerði því hann hafði greinilega ekki verið á kosningafundum hér í Reykjavík, í skólunum hér í Reykjavík þegar frambjóðendur Framsfl. voru með gylliboðin. Þeir voru alls staðar með yfirboð, hvort sem það var í skólum eða á sjúkrastofnunum, með hópum fatlaðra eða sjúkra og aðstandenda þeirra. Alls staðar ætluðu þeir að gera betur en sú ríkisstjórn sem þá sat. Hverjar eru svo efndir þessara loforða? Það hefur verið skorið niður alls staðar og nú á að fara að seilast í vasa námsmanna. Ég minni enn á ummæli hæstv. núv. utanrrh. í DV rétt fyrir kosningar sl. vor: „Framsókn stefnir að því að lækka skólagjöld háskólanema.“ Hver er stefnan nú? Það er greinilega búið að snúa gjörsamlega við kúrsinum því hér er verið að hækka gjöldin eins og margoft hefur komið fram.

Ég get ekki annað en fundið til með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að vera í þessari aðstöðu nú. Ég minnist þess að hafa starfað með honum í menntmn. Framsfl. á síðasta kjörtímabili þar sem markmiðin voru nú háleitari en þetta. Hvernig er eiginlega komið fyrir þingmanninum? Þetta snýst nefnilega um það að standa við kosningaloforðin. Það er ekki rétt sem hv. þm. Guðni Ágústsson hefur haldið hér fram að framsóknarmenn hafi verið að standa við kosningaloforðin. Það á auðvitað að standa við kosningaloforðin. Það er ekki spurning hvenær maður gerir það. Það lítur út fyrir að hv. þm. Hjálmar Árnason ætli kannski að standa við þessi kosningaloforð þegar hann er búnn að skera svo mikið niður eða auka svo álögurnar á námsmenn í lok kjörtímabilsins að það muni ekkert sérstaklega mikið um það að lækka þetta aðeins fyrir næstu kosningar.

Eins og komið hefur fram í umræðunni standa þau gjöld, sem lögð eru á háskólanema, varla undir nafni sem innritunargjöld því að það hefur verið reiknað út að þessi gjöld geti varla farið yfir 9.000 kr. eins og kemur fram í nefndaráliti 2. minni hluta menntmn. þar sem týnt er til allt sem gæti flokkast undir innritunargjöld. Aftur á móti eru tínd til alls konar gjöld í útskýringum á innritunargjöldunum, hjá meiri hluta nefndarinnar svo sem aðgangur nemenda að tölvum. Því vil ég spyrja hvers vegna ekki er lægra gjald fyrir þá sem stunda háskólanám tímabundið eða hálfan vetur, kannski eitt missiri eða taka kannski eitt námskeið á önn. Hvers vegna þurfa þeir þá að greiða fullt gjald fyrir notkun á tölvum hálfan vetur? Reyndar kom það fram í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að hún viðurkenndi að gjaldið væri að hluta til rekstrarkostnaður þannig að það er verið að viðurkenna að verið er að greiða skólagjöld en ekki innritunargjöld. Það er búið að viðurkenna það hér að þetta sé rekstrarkostnaður háskólans sem er verið að greiða fyrir að hluta til í þessu gjaldi.

Annað sem er full ástæða til að taka til umræðu er það að upphæð þessara gjalda skuli vera endurskoðuð við fjárlagagerð á hverju ári. Eins og hefur komið fram í umræðunni er Háskóli Íslands í erfiðri stöðu fjárhagslega og hvað liggur þá beinna við en að breyta þessu gjaldi við næstu fjárlög í bandormi? Það hefur heldur betur verið gert með svokölluðum „þrátt-fyrir“-ákvæðum eins og við þekkjum frá síðasta bandormi. Ég held að framsóknarmenn, sem hafa verið að reyna að verja þessa gerð í ræðustóli Alþingis, ættu að sjá sóma sinn í að standa a.m.k. við þetta kosningaloforð. Það er víst nóg búið að svíkja kosningaloforð frá því að þeir komust í ríkisstjórnaraðstöðu fyrir ári.

[16:04]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég staðfesti það sem fram kom í máli hv. ræðumanns að þeir framsóknarmenn fóru mikinn á kosningafundum í Reykjavík fyrir síðustu kosningar. Það var satt að segja þannig að í öllum skólum, framhaldsskólum og háskóla og í sérskólum, vöktu þeir athygli fyrir skörulegan málflutning. Ég er alveg sannfærður um að það náði eyrum mjög margra og það er auðvitað þeim mun grátlegra að hlýða á hvernig þeir halda á þessu máli, þ.e. nemendasköttunum, sem hér er verið að leggja á.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs var aðallega sú, hæstv. forseti, að ég tók eftir því að hv. þm. átti sæti í menntmn. Framsfl. og það er lengra síðan ég var í Framsfl. en hún og komst þar aldrei til neinna mannvirðinga. Ég vildi spyrja hv. þm. hvort þar var mikið rætt um að leggja á skólagjöld í háskólanum, hvort það var kannski sérstaklega fjallað um það í menntmn. Framsfl. að leggja á skólagjöld í háskólum ef Framsfl. kæmist til valda og hvað sagði menntmn. Framsfl. t.d. um skólagjöld í framhaldsskólum? Voru menn þar á móti skólagjöldum eða hvernig hugðust menn taka á þessu máli í menntmn. Framsfl., ef ég má leyfa mér að fara fram á það við hv. þm. hvað var sérstaklega fjallað um í menntmn. Framsfl. á síðasta kjörtímabili sem hún nefndi sérstaklega, hv. 18. þm. Reykv. sem var í þeirri nefnd á síðasta kjörtímabili og hefur tjáð sig um það hvað þar gerðist og ætlar nú vonandi að svara spurningu minni ítarlega í þeim efnum.

[16:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri fróðlegt að fara yfir það því að það voru oft mjög háleitar og málefnalegar umræður. Það er ekki tími til þess í stuttu andsvari að fara yfir það enda tæki það langan tíma. En eins og ég sagði var þessi tónn ekki í framsóknarmönnum í þeirri ágætu nefnd sem starfaði á síðasta kjörtímabili. (Gripið fram í.) Það var sem betur fer og ég hefði viljað óska þess að menn hefðu staðið við þau orð sem þeir sögðu í því starfi á síðasta kjörtímabili því að það kveður heldur betur við annan tón. Þar var ekki verið að tala um hækkun skólagjalda, enda var það ekki heldur tónninn í framsóknarmönnum alveg fram að síðustu kosningum. Þá átti að lækka skólagjöldin og innritunargjöldin, samanber ummæli hæstv. utanrrh. í DV. (**VS:** Hann hefur bara ekki kunnað stefnuskrána.) Það er náttúrlega aumt fyrir formann stjórnmálaflokks að þekkja ekki eigin stefnuskrá. Ég vil nefna það hérna vegna þess að það komu til tals framboðsfundir í skólum á Reykjavíkursvæðinu að þar voru heldur betur loforðin uppi og þau voru heldur rækilegri en þetta litla loforð hæstv. ráðherra í DV. Þar voru yfirboðin slík að margir námsmenn biðu í ofvæni eftir að Framsfl. kæmist í ríkisstjórn því að allt mundi lagast í málefnum námsmanna hvort sem það voru innritunargjöld eða lánasjóðsmálin. Mikil var trú þeirra.

[16:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að ekki var rætt sérstaklega um að leggja á skólagjöld í menntmn. Framsfl. á síðasta kjörtímabili og þar kvað við annan tón en núna af hálfu framsóknarmanna sem vaða fram glaðir að leggja skólagjöld á nemendur í framhaldsskólum og háskólum í landinu. Það er auðvitað býsna athyglisvert að nú er það þannig að hæstv. menntmrh. hefur verið fjarverandi **alla þá umræðu sem hefur farið fram í dag. Hverjir hafa** verið talsmenn ríkisstjórnarinnar í nemendaskattamálunum í dag? Það eru hv. þm. Guðni Ágústsson, hv. þm. Hjálmar Árnason, sem hér er á mælendaskrá, og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Það er bersýnilegt að Framsfl. eða hluti hans gengur mjög fram í því að bera þetta fram með sérstakri ánægju þó að það hafi ekki verið rætt í menntmn. Framsfl. á síðasta kjörtímabili.

Þar hefur væntanlega, hæstv. forseti, líka verið rætt um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og kom fram hjá hv. þm. og það gefst væntanlega kostur á því á fimmtudaginn kemur eða svo að fjalla sérstaklega um frv. okkar alþýðubandalagsmanna um að taka upp samtímagreiðslur námslána á nýjan leik sem var mikið stefnumál þeirra framsóknarmanna fyrir síðustu kosningar. Látum á það reyna hvaða skoðun þeir hafa á því máli, hvort þeir hafa í rauninni ákveðið að svíkjast aftan að sjálfum sér í því máli eins og þeir ætla að gera í þessu nemendaskattamáli sem þeir eru að knýja fram í gegnum þingið.

[16:09]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið rætt nokkuð á tilfinninganótum. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur fyrirgefið o.s.frv. og ljóst má vera að mikið skarð er skilið eftir í Framsfl. við brottgöngu hennar og koma okkur þá að sjálfsögðu til hugar orð valkyrju vestan úr Dölum hér áður fyrr: „Þeim var ég verst er ég unni mest." En mér þykir hafa komið fram í umræðu og líka í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur eins og hér sé um einhverja stefnubreytingu að ræða en það hefur áður komið fram í þessari löngu umræðu að prinsippbreytingin verður á milli áranna 1991 og 1992 þegar hækkunin er um 18 þús. kr. Það er meginatriðið. Þegar einu sinni hefur verið lagður skattur á er fjandanum erfiðara að snúa til baka. Það hefur verið með ólíkindum að heyra hv. þm. Alþfl. standa í þessum virðulega ræðustól og hvítþvo sig af þessum gerningi. Þeir hafa haldið því fram fullum fetum að þeir hafi komið í veg fyrr skattlagningu og það er þetta sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er að verja. Við erum sammála því að þetta snýst um prinsipp. Prinsippmálið hefur verið brotið. Það virðast flestir hv. þingmenn vera sammála því að nemendur skuli borga en spurningin snýst um hversu mikið og fyrir hvað eiga þeir að borga. Það er grundvallaratriði í öllu þessu máli að nemendur, sem það kjósa, geti lagt stund á nám við háskóla á Íslandi. Það er meginatriðið. Þar höfum við líka jöfnunartæki sem heitir Lánasjóður ísl. námsmanna og hann á að styðja við bakið á þeim sem m.a. af efnahagslegum ástæðum geta ekki lagt stund á háskólanám. Þetta er öll stefnubreytingin, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

[16:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér veður hv. þm. Hjálmar Árnason í villu og svíma. Ég hef alls ekki verið að verja skólagjöld. Ég hef verið að gagnrýna skólagjöld og það er vissulega um stefnubreytingu að ræða hjá Framsfl. í því máli.

Ég vitna, með leyfi forseta, í DV 28. mars 1995 í viðtal við hæstv. utanrrh.: „Framsókn stefnir að því að lækka skólagjöldin á háskólanema." Auðvitað er það stefnubreyting þegar er verið að hækka þau. Hv. þm. og fyrrv. skólameistari ætti að geta reiknað það út að hér er um hækkun að ræða nema það sé svo illa komið fyrir honum í stefnubreytingunni í Framsfl. að hann kunni ekki lengur að reikna. (**GÁ:** Hvað leggur Þjóðvaki til?)

[16:12]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal ég fara að deila um stærðfræðivísindi við hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, hv. 18. þm. Reykv. Hins vegar ber að skoða stefnuskrár. Ef hv. þm., fyrrv. fulltrúi í menntmn. Framsfl., núv. hv. þm. Þjóðvaka, hefði skoðað stefnuskrá Framsfl. sem ef ég man rétt þingmaðurinn núverandi og þáv. fulltrúi í menntmn. og varaþingmaður Framsfl. átti þátt í að móta, þar kemur skýrt fram, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur lesið nú þegar upp, að er ekki um neina kúvendingu að ræða. En það kemur líka fram að á stefnuskrá Framsfl. er að ná tökum á ríkisfjármálum. Ég minni á það, hv. þm., að á síðasta ári voru greiddir 16 milljarðar úr ríkiskassanum í vexti af erlendum og innlendum lánum. Fyrir þá upphæð mætti reka með myndarskap nokkra háskóla og það er markmið sem þessi ríkisstjórn hefur sett sér að ná böndum á ríkishallanum til þess að geta m.a. byggt upp og rekið af myndarskap háskóla, ekki bara Háskóla Íslands heldur og aðra háskóla. Ég viðurkenni fúslega að þau gjöld sem hér er um að ræða eru í hámarki og það er markmið þessarar ríkisstjórnar að lækka þau gjöld og það er sú sýn sem ég hef í lok þessa kjörtímabils, virðulegi forseti.

[16:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg furðulegt að framsóknarmenn skulu ekki hafa gert sér grein fyrir því í kosningabaráttunni að það þyrfti að ná tökum á ríkisfjármálum. (**Gripið fram í:** Og láta stúdenta greiða þá niður?) Nú á að láta stúdenta greiða þá niður. (**Gripið fram í:** Skoða allt í samhengi.) Það þarf að skoða allt í samhengi. Það fór ekki mikið fyrir því að talað væri um það að ná tökum á ríkisfjármálum þegar var verið að gefa loforðin á kosningafundunum í skólunum í Reykjavík.

Ég vil taka það fram vegna orða hv. þm. að sá þingmaður sem hér stendur tók ekki þátt í stefnumótun fyrir síðustu kosningar hjá Framsfl. Aftur á móti hlustaði hann gaumgæfilega á frambjóðendur Framsfl. á öllum þeim kosningafundum í skólum sem voru í hér borginni og það fór ekki á milli mála að menn buðu heldur betur annað en það sem kemur fram í þessu frv. um skólagjöld. Það var heldur betur annar tónn í mönnum. Og þarna situr einn sem nú er orðinn hæstv. iðn.- og viðskrh. sem var einmitt að yfirbjóða alla og sérstaklega gagnvart námsmönnum. Hvar eru loforðin nú? (**Gripið fram í:** Yfirbjóða námsmenn?) Yfirbjóða aðra frambjóðendur og bauð námsmönnum lægri gjöld og betri námslán.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, 2. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570, nál. 844.

[16:16]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um stjórn fundarins til að mótmæla því að þetta mál verði tekið fyrir að fjarstöddum hæstv. menntmrh. Það er búið að þola það núna um nokkurt skeið að þessi umræða um nemendaskattana hefur farið fram án þess að ráðherrann væri við. En það er útilokað að þessi umræða færi fram án þess að hæstv. ráðherra sé viðstaddur þannig að ég fer eindregið fram á það að henni verði frestað þar til hæstv. menntmrh. getur verið viðstaddur.

[16:17]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að um það mál sem er næsta mál á dagskrá er pólitísk samstaða í þinginu og sameiginlegu nefndaráliti úr menntmn. var skilað þannig að ég vil beina því til forseta og þingmanna að við getum haft þá umræðu hér í dag jafnvel þó að menntmrh. sé fjarstaddur.

[16:18]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda í grunnskólum verður að skoða með hliðsjón af frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem var tekið út úr nefnd í hádeginu í dag með offorsi eins og rætt var fyrr í dag. Það verður líka að skoða þetta mál með hliðsjón af því að frv. hefur núna verið lagt á borð þingmanna sem er upp á hvorki meira né minna en 177 greinar, um breytingar á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er því útilokað að ræða málið sem hér er á dagskrá núna eða átti að setja á dagskrá, að hæstv. menntmrh. fjarstöddum. Ég fer eindregið fram á það við hæstv. forseta að hann fresti þessari umræðu þar til hæstv. menntmrh. verður viðstaddur eða fresti henni a.m.k. þangað til síðar í dag þannig að tóm gefist til þess að ræða þinghaldið. Það er algerlega óeðlilegt að mínu mati að ganga gegn ósk af þessu tagi miðað við þær venjur sem hér hafa tíðkast.

[16:19]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá ósk hv. þm. Svavars Gestssonar að þetta mál verði ekki tekið á dagskrá nú og a.m.k. verði tóm til þess að eiga fund með forseta út af þessu máli á dagskrá fundarins. Það er hárrétt hjá hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur að þetta er samkomulagsmál út úr menntmn. Eitt og sér er það samkomulagsmál. En það sem hefur gerst síðan og við ræddum fyrr í dag, er að það urðu átök í þingsal um að það er búið að taka annað mál út úr efh.- og viðskn. auk þess sem Svavar Gestsson benti á að það er búið að dreifa nýju frv. á borð. Það var reyndar búið að orða það við forseta í dag að það væri ósk um að þessi mál yrðu ekki rædd öðruvísi en í návist menntmrh. Við þurfum að ganga eftir því hvaða viðbrögð verða við því þannig að það er mjög mikilvægt að þetta mál fari ekki á dagskrá núna.

(**Forseti** (StB): Vegna þeirra óska sem hér hafa komið fram þykir forseta eðlilegt að fresta umræðu um 3. dagskrármálið og er þeirri umræðu frestað þar til síðar á þessum fundi.)

Umræðu frestað.

Iðnaðarmálagjald, 1. umr.

Stjfrv., 483. mál (atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 835. [16:21]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, sem er á þskj. 835. Tilefni þess að þetta frv. er flutt er einvörðungu það að orðið hefur breyting á þeirri atvinnugreinaflokkun sem álagning iðnaðarmálagjalds miðast við. Samkvæmt gildandi lögum um gjaldið er vísað til atvinnugreinaflokkunar Hafstofu Íslands á árinu 1970 varðandi skilgreiningu á iðngreinum.

Nú hefur fyrir nokkru tekið gildi ný atvinnugreinaflokkun, íslensk atvinnugreinaflokkun 1995. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að breyta lögum um iðnaðarmálagjald þannig að vísað verði til hinnar nýju flokkunar í stað hinnar gömlu. Það er ekki ætlunin að gera breytingar á gjaldskyldu einstakra aðila en þó er nauðsynlegt að fella niður gjaldskyldu í nokkrum flokkum, í afmörkuðum tilvikum þar sem vafi hefur leikið á túlkun með tilliti til eldri flokkunar. Er þessi niðurfelling gerð í góðu samstarfi við Samtök iðnaðarins en þau fara með ráðstöfun gjaldsins. Frv. þetta er algerlega tæknilegs eðlis og ég vænti þess að það fái góða og skjóta afgreiðsu á Alþingi og legg til að því verði vísað til iðnn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnþróunarsjóður, 1. umr.

Stjfrv., 487. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 845. [16:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Iðnþrónarsjóð, sem er á þskj. 845. Í sem stystu máli er lagt til að gildandi ákvæði um starfsemi sjóðsins verði framlengt til ársloka 1997, en þá er þess vænst að nýtt skipulag fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna taki gildi. Vegna ákvæða í gildandi lögum um Iðnþróunarsjóð sem takmarka umsvif hans frá og með þessu vori er nauðsynlegt að framlengja starfsemi sjóðsins með lagabreytingum. Af sömu ástæðum er brýnt að frv. þetta nái fram að ganga sem fyrst þar sem sjóðurinn á nú þegar örðugt um vik að halda starfsemi sinni áfram.

Lögin um Iðnþróunarsjóð voru til umfjöllunar á hinu háa Alþingi á síðasta þingi. Ástæða þess var sú að hinn 9. mars 1995 lauk gildistíma samnings milli Norðurlandanna um stofnun og rekstur Iðnþróunarsjóðs. Með lögum nr. 20/1995 voru Iðnþróunarsjóði sett ný lög sem stofnun í eigu íslenska ríkisins. Jafnframt var mörkuð sú stefna að sjóðurinn legði í starfi sínu aukna áherslu á fjármögnun til nýsköpunar, en hann héldi sig til hlés í hefðbundinni fjárfestingarlánastarfsemi.

Stjórn Iðnþróunarsjóðs hefur gefið iðnrh. skýrslu um starfsemi sjóðsins fyrsta heila starfsár hans með nýrri skipan. Kemur þar fram að starfssvið og starfshættir sjóðsins hafa mótast af þeim sjónarmiðum sem komu fram í athugasemdum við frv. að lögum nr. 20/1995. Samkvæmt lögunum hefur sjóðurinn þriggja manna stjórn, en hún ákvað að kalla til fimm manna ráðgjafarnefnd til þess að móta hina nýju stefnu sjóðsins. Í nefndinni eru fulltrúar atvinnurekenda og launþega undir forustu starfsmanns iðnrn. Ljóst er að umfjöllun um umsóknir um áhættufjármögnun verður að vera af nokkrum öðrum toga en meðferð hefðbundinna lánsumsókna. Sjóðurinn hefur því lagt kapp á að vanda skoðun á umsóknum. Í þessu skyni var gerður samningur við Iðntæknistofnun, bæði um tæknilegt mat á umsóknum og ekki síður um að veita umsækjendum um nýsköpunarstuðning aðstoð við skilgreiningu verkefna sinna og frágang umsóknagagna.

Í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði hefur sjóðurinn ráðstafað 238,3 millj. kr. til nýsköpunarverkefna á starfsárinu. Þar af hafa 180,7 millj. kr. verið í formi áhættulána eða ábyrgða, 25,5 millj. kr. í formi hlutafjárframlags en styrkir til almennra verkefna hafa numið alls 32,2 millj. kr. Verkefni sem studd hafa verið með þessum hætti eru í ýmsum atvinnugreinum og ekki einskorðuð við iðnað.

Sjóðurinn hefur tekið upp þá vinnureglu að meta um leið og áhættufjármögnun var samþykkt líklega áhættu vegna viðkomandi verkefna og færa samsvarandi upphæð á afskriftareikning. Alls hafa um 109 millj. kr. verið lagðar á afskriftareikning vegna fyrrgreindra verkefna. Er lagt til að þessi vinnuregla verði lögfest með ákvæði í 1. gr. þessa frv.

Auk áhættufjármögnunar hefur Iðnþróunarsjóður haldið áfram umsýslu eldri lána. Hefur það í nokkrum tilvikum kallað á lánabreytingar og í einstaka tilfellum á ný lán til aðila sem hafa verið í viðskiptum við sjóðinn, alls að upphæð 78,5 millj. kr.

Í ljósi fyrrgreindra ákvæða í gildandi lögum um Iðnþróunarsjóð svo og þeirrar tímaáætlunar sem gerð hefur verið um arftaka sjóðsins, er nauðsynlegt að framlengja starfsemi hans enn um hríð eða til ársloka 1997. Þess vegna er þetta frv. lagt fram. Með ákvæðum frv. er enn frekar hnykkt á því hlutverki sjóðsins að sinna áhættufjármögnun í þágu nýsköpunar.

Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu er hér lögð til lögfesting á þeirri vinnureglu sjóðsins að leggja jafnóðum lánveitingar eða hlutafjárkaup á afskriftareikning í samræmi við áhættu. Er þetta m.a. gert til þess að unnt sé að skilgreina fjárheimildir sjóðsins og þær miðast við að umrædd framlög á afskriftareikningi leiði ekki til skerðingar á eigin fé sjóðsins að teknu tilliti til annarra rekstrargjalda.

Þá er í frv. tekið á vafaatriði varðandi skattlagningu sjóðsins. Meðan sjóðurinn var undir samnorrænni forsjá var skattfrelsi samnings — og lögbundið. Í ljósi breytinga á eignarhaldi sjóðsins á síðasta ári og með vísan til þeirra forsendna samnings um sjóðinn milli Norðurlandanna að framlög Norðurlandanna og ávöxtun þeirra á gildistíma samningsins skuli ekki vera andlag skattlagningar, er eðlilegt að taka af vafa um að eigið fé sjóðsins við lok samningstímans skuli skoðast sem stofnfé íslenska ríkisins og því gert frádráttarbært við ákvörðun eignarskatts, sbr. 77. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Að lokum er eins og fyrr greinir lagt til í frv. að lögin um Iðnþróunarsjóð falli úr gildi í árslok 1997, en jafnframt að skipan sú sem frv. felur í sér varðandi afskriftir á fjárheimildir gildi frá byrjun þessa árs.

Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að fjölyrða frekar um innihald frv. og legg ég því til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. iðnn.

[16:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að spyrja hæstv. iðnrh. nokkurra spurninga varðandi þetta frv. og líka til að vekja athygli á því að það liggur fyrir þinginu annað frv. ekki ósvipað sem flutt er af mér og fleiri þingmönnum Alþb. og óháðra, reyndar öllum þingflokknum. Það er frv. til laga um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð á þskj. 645, sem er 368. mál þingsins. Þar gerum við tillögu um að stofnaður verði sérstakur sjóður sem við köllum áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Hann verði starfræktur í tilraunaskyni til ársins 2000, verði sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og vistaður í forsrn. Það er aðallega hugsað til þess að draga úr því að hann sé merktur einhverri sérstakri atvinnugrein. Það var dálítið erfitt að vista hann í öðru atvinnuvegaráðuneytunum fannst okkur. Við gerum ráð fyrir því að fyrir lok ársins 2000 taki Alþingi ákvörðun um framlengingu eða breytingu á starfseminni með hliðsjón af þeirri reynslu sem liggur fyrir á sjóðnum. Við gerum ráð fyrir því að hann verði undir sérstakri stjórn fimm manna sem verði tilnefndir þannig að það verði einn frá samtökum launafólks, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sá þriðji frá samtökum atvinnurekenda, en forsrh. skipar tvo án tilnefningar og annar þeirra verði formaður stjórnar sjóðsins.

Við segjum í því sem má segja að sé ein aðalgrein frv., með leyfi forseta:

„Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar nýsköpun í atvinnulífi, en einnig þróunar- og tilraunastarfi og nýjum verkefnum sem virðast geta orðið arðsöm. Sjóðurinn skal sérstaklega sinna þörfum þeirra sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að öðrum sjóðum né hefðbundnum lánastofnunum sem þó starfa í þágu atvinnulífsins. Sjóðurinn beinist ekki síst að því að styrkja þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem ekki geta uppfyllt hefðbundar kröfur um venjulega veðsetningu fyrir lánum eða skortir áhættufé í formi hlutafjár til að ráðast í ný verkefni."

Síðan gerum við ráð fyrir því að stofnfé þessa sjóðs sé um 1.000 millj. kr. á ári og við reiknum með því að stjórn sjóðsins geti ávaxtað og ráðstafað fjármunum sjóðsins sem hér segir. Í fyrsta lagi með því að kaupa hluti eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða eldri fyrirtækjum vegna nýrra verkefna sem efnt er til innan lands eða erlendis. Í öðru lagi til að veita endurkræfan styrk, víkjandi lán eða vaxtalaus lán úr sjóðnum enda séu gerðar strangar faglegar kröfur til fyrirtækisins. Í þriðja lagi til að veita lán úr sjóðnum jafnvel þótt fyrirtæki geti ekki veðsett eignir á móti lánunum með hefðbundnum hætti. Í fjórða lagi til að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki og í fimmta lagi til að veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Í grg. er fjallað um að almennt verði miðað við að 40–70 aðilar fái einhvern styrk úr þessum sjóði á ári þó að hámarki 20 millj. kr. á hvert fyrirtæki. Nái fyrirtækið verulegum tekjuauka má gera ráð fyrir því, segir í hér í reglum sjóðsins, að styrkur verði endurgreiddur eða innheimta hafin á víkjandi láni.

Í þeirri stefnu sem við alþýðubandalagsmenn kynntum fyrir síðustu kosningar og heitir útflutningsleiðin ... (**Gripið fram í:** Er það ekki leiðin til Bessastaða?) Útflutningsleiðin liggur nú lengra en sjálfsagt þangað líka. Í útflutningsleiðinni var einmitt fjallað um þetta atriði og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Áhættufjármagn fyrir hugvits- og hæfileikafólk.

Nýsköpun í hagkerfinu verður aldrei án þess að opnaður sé aðgangur að verulegu áhættufjármagni fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja fara inn á nýjar brautir. Skortur á slíku áhættufjármagni hindrar verulega þróunarmöguleika íslensks atvinnulífs.

Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum áhættulánasjóði sem fjármagnaður yrði með árlegum greiðslum frá bönkum, stórfyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum. Með starfsemi slíks sérstaks áhættulánasjóðs mundi staða bankanna styrkjast og því væri eðlilegt að þeir tækju þátt í því að koma honum á fót."

Hér hef ég rakið nokkur atriði, hæstv. forseti, úr frv. okkar alþýðubandalagsmanna um áhættulána- og nýsköpunarsjóð vegna þess að þar er að nokkru leyti komið inn á sömu hugsun og þá sem er í þessu frv. sem hæstv. iðnrh. var að mæla fyrir. Hér er gert ráð fyrir því að um geti verið að ræða einhver áhættulán. Þá er kannski rétt að taka það sérstaklega fram að um það ríkti alger samstaða þegar þessi lög voru samþykkt í núgildandi mynd, það var enginn ágreiningur um það. Og ég man eftir því að málið fékk samt dálitla umræðu í hv. iðnn. en við lögðum til að þetta yrði samþykkt og um það var samstaða með öllum flokkum.

Það má segja að í þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar sé gert ráð fyrir því að áhættan birtist á sérstökum afskriftareikningi eins og fram kemur í 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Fyrir verkefni skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. skal Iðnþróunarsjóður halda sérstakan afskriftareikning." Og: „Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir."

Ég man eftir því að þegar við vorum að fjalla um þetta frv. fyrir tveimur árum, þessi lög fyrir tveimur árum, þá veltum við okkur: Hvernig verða þessar reglur? Hvernig verða þær reglur sem ráðherra setur um þessar afskriftir? Hvernig verður áhættan metin til afskrifta fyrir fram? Vegna þess að menn vita ekki nákvæmlega hverju viðkomandi verkefni kann að skila og menn veltu því fyrir sér hvernig áhættan yrði metin. Ég mundi vilja byrja á því að spyrja hæstv. iðnrh. að því hvernig þetta hefur gengið. Hvernig hefur gengið að meta þessa áhættu? Hvernig hafa reglurnar reynst sem settar hafa verið? Það hljóta að hafa verið settar reglur í þessu efni og ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það.

Í grg. frv. kemur fram að þess sé vænst að nýtt fyrirkomlag sjóðamála fái afgreiðslu á komandi haustþingi og lög taki gildi um næstu áramót. Það er náttúrlega eins og venjulega verið að lofa upp í ermina á sér í sambandi við næsta þing. En þó er gert ráð fyrir því hér í frv., hæstv. forseti, að þessi lög falli úr gildi 31. des. 1997. En svo stendur í grg. að það er eins og nýtt fyrirkomulag eigi að taka gildi um næstu áramót. Mér sýnist því að það hafi nú farið eitthvað á milli mála í prófarkalestri eða það skorti nákvæmni varðandi texta grg. annars vegar og frv. hins vegar að því er varðar gildistökuna. Það kannski skiptir ekki öllu máli því það er bara hlutur sem þingnefnd lagar.

Hitt sem ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um og er þá spurning númer tvö. Hvar er verið að vinna að þessu verki? Hverjir eru að vinna í þessu nýja frv. sem þarna er verið að tala um? Hverjir hafa komið að því, þar sem talað er um að reyna að ná utan um þá sjóði og þá starfsemi sem er til nýsköpunarverkefna og áhættufjármögnunar af ýmsu tagi? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hverjir eru að vinna að

þessu og hvort hann teldi ekki eðlilegt að t.d. iðnn. Alþingis kæmi að verkefni eins og þessu því að ég þekki það af eigin raun að þar vilja menn gjarnan vinna saman að faglegum og tæknilegum verkefnum. Og ég spyr að því hvort ráðherrann telji ekki koma til greina að þessi endurskoðun varðandi nýtt fyrirkomulag sjóðamála verði að einhverju leyti unnin af hv. iðnn. Alþingis en ekki bara af einhverjum fulltrúum stjórnarflokkanna eins og er nú plagsiður í seinni tíð og hófst í síðustu ríkisstjórn og er haldið áfram í þessari í öllum meginatriðum þó að það sjáist nú gleðilegar undantekningar að vísu. Þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um í öðru lagi.

Í þriðja lagi vil ég víkja aðeins að grg. um starfsemi Iðnþróunarsjóðs sem birtist á bls. 2 og 3 í frv. Ég þakka fyrir þessa grg. Hún er fín og fróðleg. Þar kemur t.d. fram að það er ansi mikið fé sem farið hefur í áhættulán. Það er þó nokkuð mikið fé. Mig minnir að það komi einhvers staðar fram að búið sé að leggja á afskriftareikning á annað hundrað millj. kr., 109 millj. eða 110 millj. kr. sé þegar búið að leggja á afskriftareikning vegna þeirra útlána, áhættulána sem þegar hafa farið frá sjóðnum. Það er þó nokkuð mikil upphæð vegna þess að það jafngildir því að búið sé að afskrifa fé Iðnþróunarsjóðs sem 100–110 millj. kr. nemur, þó svo að auðvitað geti það verið þannig að eitthvað af þessu skili sér því þarna geri ég ráð fyrir því að menn hafi þá skynsamlegu reglu að hafa að einhverju leyti borð fyrir báru. Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir því, hver þessi lán eru. Hvort það er hugsanlegt að fá aðgang að ítarlegri flokkun en þeirri sem hér er í grg. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki við hæfi að lista það upp í smáatriðum í grg. í frv. hvernig svona lagað er vegna þess að þarna er oft um að ræða tiltekin trúnaðarmál milli sjóðsins annars vegar og viðskiptavina hans hins vegar. Það er því ástæðulaust að vera að þrengja að því. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það er ekki hugsanlegt að fá ítarlegri flokkun á þessum málum en fram kemur í grg. þegar kemur að meðferð málsins í hv. iðnn. En hér segir aðeins í flokkuninni sem ég ætla að víkja að, með leyfi forseta:

„Alls hafa verið samþykkt tíu vöruþróunarverkefni og veitt til þeirra 75 millj. kr. Þar af eru 10,5 millj. kr. í formi hlutafjár og 4 millj. kr. til sérstaks verkefnis á vegum iðnrn."

Hvað þýðir þetta? Hvað er sérstakt verkefni á vegum iðnrn. ef hægt er að upplýsa um það, sem ég vænti að sé. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera þó nokkuð myndarlegt því að þetta eru 7–8 millj. kr. á hvert vöruþróunarverkefni. Án þess að ég sé að sjá eftir þessum fjármunum og vafalaust eru fagleg rök á bak við notkun þeirra, þá eru þetta allt stórar upphæðir sem er verið að láta þarna af hendi því að þetta eru næstum því allt saman áhættulán. Af þessum 75 millj. sem hafa farið í vöruþróunarverkefni sýnist mér að u.þ.b. 60 millj. séu áhættulán. Það er í sjálfu sér gríðarlega há tala sem er í áhættulán og það er þegar búið að afskrifa þó nokkurn hluta af þessum áhættulánum. En hér er um að ræða allmikið framlag úr opinberum sjóði til þessara fyrirtækja. Það er verið að afhenda þessum fyrirtækjum allmikið framlag úr opinberum sjóðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sér þetta fyrir sér og hver er hans skoðun á þessu, hvort þetta séu ekki allmyndarlegar tölur. Ég get kannski spurt hæstv. ráðherra í fjórða lagi: Hver er hæsta upphæðin sem einstakt fyrirtæki hefur fengið í vöruþróunarverkefni?

Þá er hér fjallað um markaðsöflun erlendis og verkefnaútflutning og segir þar að sjóðurinn hafi leitast við að styðja útrás íslenskra fyrirtækja í hvívetna og sett sérstakar reglur um þess háttar stuðning. Þarna hafa fjórar umsóknir verið samþykktar og veitt til þeirra 51 millj. kr., það er ansi myndarlegt líka, í lánsfé auk 10 millj. kr. hlutafjár. Þá hefur sjóðurinn til viðbótar þessu veitt áhættulán til sex verkefna við markaðsöflun erlendis alls að fjárhæð 56,3 millj. kr. auk eins hlutafjárframlags að upphæð 5 millj. kr. Þarna mundi ég vilja spyrja hæstv. ráðherra, í fimmta lagi, um þetta hlutafjárframlag. Ekki er sjóðurinn að eignast hlut eða hvað? Hvernig er þessum hlutum háttað? Auðvitað er hugsanlegt að það sé skynsamlegt að svona sjóðir eignist hlut um tíma. Spurningin er þá um það hversu lengi það er og með hvaða reglum hann losar sig svo út úr því.

Síðan er fjallað um þriðja þáttinn í verkefnum sjóðsins og það eru erlendar fjárfestingar á Íslandi. Þar hefur sjóðurinn veitt 13,8 millj. í styrki í því sambandi. Ég held ég verði að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað það er. Eru það stóriðjuverkefnin varðandi erlenda fjárfestingu á Íslandi? (**Iðnrh.:** Fyrirgefðu!) Erlend fjárfesting á Íslandi fær 13,8 millj. og ég ætlaði að spyrja ráðherrann að því hvað það er. Eru það stóriðjuverkefni sérstaklega? Er það markaðsskrifstofan eða hvað er það sem fær þá peninga? Samtals sýnist mér hérna vera búið að veita, ef ég kann að lesa þetta rétt, um 120 millj. kr. í áhættulán og það er búið að afskrifa 109. Það kann að vera að þetta sé ekki nákvæmlega svona en þá væri gott ef hæstv. ráðherra mundi vilja vera svo vinsamlegur að svara því. Er það virkilega þannig að með afskriftum áhættulánanna sé búið að afskrifa þau svo að segja öll? Eða hvað? Hvernig liggur það mál? Það er mál sem ég hefði viljað fá svör við.

Að lokum, hæstv. forseti. Það er dálítið umhugsunarvert að heill þingflokkur í stjórnarandstöðu flytur frv., alvörufrumvarp um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Þetta frv. hefur vakið dálitla athygli í þjóðfélaginu án þess að það hafi verið mikið brambolt í kringum það. En það er ekki aðalatriði málsins heldur hitt að mörgum vikum seinna, eftir að þingflokkurinn flytur frv., kemur ríkisstjórnin og flytur frv. um breytingu á lögum um Iðnþróunarsjóð sem er í raun og veru um sama efni og bersýnilegt er að það á að hafa hér algjöran forgang, þetta frv. ríkisstjórnarinnar. Það er bersýnilegt að það á að ljúka umræðu um það í dag og það verður tekið fyrir í iðnn. á þriðjudaginn, geri ég ráð fyrir. Og ég hef enga trú á því að það verði nein mótstaða við þetta frv. í hv. iðnn. Ég er ekki að boða slíkt að minni hálfu alla vega. En ég er hins vegar að segja að það er umhugsunarvert að þegar stjórnarandstöðuflokkur vandar sig við að setja saman þingmál af því tagi sem hér er um að ræða, þá skuli það enga meðferð fá á sama tíma og stjfrv. fá forgangsmeðferð af því tagi sem hér blasir við.

Ég verð að segja að lokum, hæstv. forseti, að ef það er svo að það sé ætlunin að að þessari endurskipulagningu sjóðakerfisins, iðnaðarsjóðanna m.a., komi aðilar sem eitthvað hafa sinnt þessum málum þá tel ég að það eigi að kalla okkur alþýðubandalagsmenn til. Við erum hér með burðuga tillögu um endurskipulagningu þessara mála, áhættu- og nýsköpunarlánasjóð, þar sem tekið er á þessum málum á mjög líkan hátt hugmyndalega og gert er í þessu stjfrv. og gert var í útflutningsleiðinni eins og við kynntum hana fyrir síðustu kosningar. Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti, um leið og ég segi að sú leið sem lögð er til í frv., að halda áfram, er skynsamleg. Svona á að gera þetta. Vandi atvinnulífsins á Íslandi á undanförnum árum var fyrst auðvitað verðbólga sem var allt hér að drepa, síðan er það að menn voru alltaf

beðnir um steinsteypu. Menn eiga enga steinsteypu en menn eiga fullt af hugmyndum og þá þurfa að vera til sjóðir, vera til aðilar sem þora að fjármagna menn sem eru að fara af stað með hugmyndir. Af þeim ástæðum tel ég að þetta sé skynsamleg leið sem hér er farin. En mér hefði þótt vænt um ef hæstv. iðnrh. hefði getað svarað þessu að nokkru um leið og ég lýsi því aftur yfir að við erum tilbúin til þess að hjálpa til við að þróa þessa nýju sjóðalöggjöf m.a. með hliðsjón af því frv. sem við höfum sjálf flutt.

[16:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að örva alla nýsköpun í atvinnulífinu eins og þetta frv. miðar að og stuðla að markaðsstarfi sem hjálpar okkur til að auka útflutning og að því leyti er það frv. sem hér er til umræðu mjög jákvætt. Ég vil líka taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að frv. sem þingmenn Alþb. hafa flutt um nýsköpunar- og áhættulánasjóð í atvinnulífinu er mjög mikilvægt og hefði verið æskilegt að skoða þessi mál samhliða á þinginu.

Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er þetta nokkuð ítarleg grg. sem fylgir með frv. en engu að síður sakna ég ýmissa upplýsinga varðandi þetta mál. Ég vil beina því til hæstv. iðnrh., hafi hann ekki þær upplýsingar að þeim verði þá komið til hv. iðnn. við meðferð frv. í nefndinni. Það er auðvitað mikilvægt þegar við erum að fara út í áhættulánastarfsemi þar sem ábyrgð ríkissjóðs eða skattborgara stendur á bak við að þar sé vandað vel til allra verka. Sé fjármagn veitt til áhættustarfsemi, og ég tek undir að það er nauðsynlegt, verður að gæta þess að það raski ekki eðlilegri samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Það er mjög mikilvægt í okkar einhæfa atvinnulífi að gera allt sem hægt er til þess að örva nýsköpun í atvinnulífinu og gera umhverfið aðgengilegt fyrir fyrirtækin í ört vaxandi alþjóðlegri samkeppni.

Þær fyrirspurnir sem ég hef fram að færa til hæstv. iðnrh. lúta að nokkru leyti að því sama og fram kom hjá síðasta ræðumanni. Samkvæmt lögum fer þriggja manna nefnd með stjórn þessa sjóðs en hún getur kallað til fimm manna ráðgjafarnefnd til að móta nýja stefnu sjóðsins. Ég hef fullan hug á að vita hverjir það eru sem skipa þessa ráðgjafarnefnd. Hún er greinilega stefnumótandi eins og kemur t.d. fram í athugasemdum varðandi erlendar fjárfestingar á Íslandi. Þar kemur fram að „stjórn sjóðsins hefur markað þá stefnu að sjóðurinn skuli leggja sitt af mörkum til að stuðla að erlendri fjárfestingu hér á landi." Ég tel það mjög mikilvægt en ég hefði viljað vita hvaða fulltrúar atvinnulífsins og launþega koma að þessu máli.

Það kemur fram varðandi kaflann sem snýr að vöruþróunarverkefnum að krafist er ásættanlegrar arðsemi og að þátttaka Iðnþróunarsjóðs valdi ekki röskun á samkeppnisstöðu. Það er spurning hvað „ásættanleg arðsemi" felur í sér. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er gert ráð fyrir verulegum afskriftum í þessum lánveitingum. Þar sem lánskjörin eru með þeim hætti, eins og fram kemur í grg., að þar er miðað við meðalvexti og einnig lagt á sérstakt áhættuálag vil ég spyrja hvernig þessu áhættuálagi er varið. Er miðað við að það sé samræmi á milli áhættuálagsins og þess sem fer í afskriftir? Eða hvaða áætlanir liggja á bak við þetta áhættuálag og hvaða mat er þar á bak við? Við sjáum að varðandi vöruþróunarverkefnin eru áhættulánin mjög stór hluti af lánveitingunni, af 75 millj. kr. fara um 60 millj. kr. í áhættulán. Mig fýsir að vita hve áhættuálagið er hátt og hvað það á að geta staðið undir miklu af afskriftunum.

Það sem ég sakna líka, virðulegi forseti, í þessu frv. er að ekki skuli hafa verið lagt fram fskj. þar sem þingið fær yfirlit yfir hverjir það eru sem hafa fengið þessa styrki. Það væri mjög mikilvægt að fá það fram og til hvaða verkefna þessir styrkir hafa runnið. Það er varla mikið mál að gefa Alþingi eða a.m.k. nefndinni yfirlit yfir verkefnin og eins það hverjir það eru sem hafa fengið þessa styrki. Hér er t.d. nefnd upphæð upp á 56,3 millj. kr. Þar er um að ræða áhættulán til sex verkefna við markaðsöflun erlendis og væri áhugavert að fá í heild yfirlit yfir bæði þá sem hafa fengið styrkina og eins hvaða verkefni þetta eru.

Þegar litið er til þess sem sjóðurinn hefur veitt til nýsköpunarfjármögnunar er hér rætt um 238 millj. Ég verð að segja að það eru verulegar fjárhæðir sem eru settar þarna í afskriftasjóð eða 109 millj. kr. Það þýðir að áhættan varðandi lánin er metin gífurlega mikil í þessari útlánastarfsemi.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð frekar um þetta mál. Ég tel jákvætt að veita atvinnulífinu þann stuðning sem hér er lagður til. Það er margs að gæta í þessu máli eins og ég hef nefnt og ég vildi gjarnan fá svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram. Hafi ráðherra þau ekki við hendi mun ég óska eftir því að þessar upplýsingar berist hv. iðnn. sem mun fjalla um þetta mál.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 94. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 882; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 883.

[16:55]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls um þetta mál fyrir jákvæðar viðtökur við frv. eins og það liggur hér fyrir. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði ágæta grein fyrir því máli sem þingflokkur Alþb. hefur lagt fram í þinginu. Ég tel það hið athyglisverðasta og geri ekki lítið úr því, síður en svo. Það er hins vegar ekki nákvæmlega eins hugsað, hafi ég skilið ræðu hv. þm. áðan og sjálft málið rétt, og Iðnþróunarsjóði er ætlað að starfa samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Mál Alþb. er frekar sambland af áhættulánasjóði og vissri styrkjastarfsemi við atvinnulífið sem þarf líka að vera til staðar. Með samstarfi Iðntæknistofnunar, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og iðnrn. um verkefni sem við settum á fót í byrjun febrúar á þessu ári tókum við einmitt að nokkru leyti upp þær hugmyndir upp verið hafa um ýmiss konar styrkjastarfsemi, aðstoð við hugvitsmenn, styrki til markaðsstarfsemi, styrki til vöruþóunarverkefna og þar fram eftir götunum, sem er hluti af því verkefni sem hv. þm. skýrði út sem verkefni þess áhættulánasjóðs sem Alþb. hefur kynnt. Ég tek undir að það er hið ágætasta mál. Það sem hins vegar er verið að gera með þessu frv. er að það er verið að framlengja þá starfsemi sem Iðnlánasjóður hefur verið með í rúmlega eitt ár, til ársloka 1997, því áform eru uppi um að þá hafi ný starfsemi tekið við. Það kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að það sé gert ráð fyrir því að breyta formi fjárfestingarlánasjóða atvinnulífsins. Það mál hefur um nokkurn tíma verið í vinnslu hjá ríkisstjórninni og þegar ég segi ríkisstjórninni þá hafa ráðuneytisstjórar í sjútvrn., iðn- og viðskrn. og forsrn. verið að undirbúa og vinna að því með hvaða hætti slíkt skyldi gert. Þingmenn stjórnarflokkanna hafa ekki komið neitt að undirbúningi þess máls. Það hefur ekki verið kynnt formlega í ríkisstjórn og það hefur ekki verið kynnt fyrir stjórnarflokkunum sem stjfrv. enda málið ekki komið á það stig. Það hefur hins vegar

verið kynnt hagsmunaaðilum óformlega. Það mun verða gert enn frekar á næstu vikum og verður þá leitað eftir samstarfi við hagsmunaaðila um það hvernig þetta mál skuli líta út. Staðreyndin er sú að það hefur í mjög langan tíma staðið til að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur. Það hefur enn ekki náð fram að ganga og ég legg áherslu á að það er mikilvægt að slíkir hlutir geti gengið upp í samvinnu við atvinnulífið vegna þess að það er atvinnulífið sem á að njóta þeirra. Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekki víst að leiðir liggi alltaf saman í þeim efnum vegna þess að hagsmunir geta verið mismunandi. En gangi ekki upp að ná breiðu samkomulagi um þá hluti verða menn að leggja það fram sem þeir telja skynsamlegast.

Hv. þm. spurði hverjir væru að vinna að þessu. Ég vonast til að hafa svarað þeirri spurningu.

Varðandi spurninguna um þær reglur um áhættuna sem þarna er tekin er það svo að sjóðurinn hafði til ráðstöfunar á því starfsári sem núna er liðið 240 millj. kr. Hann hefur ráðstafað 238,3 millj. kr. af þessum 240 millj. kr. Þar af voru 180,7 millj. kr. í formi lána eða ábyrgða, 25,5 millj. kr. í formi hlutafjárframlags en styrkir til almennra verkefna námu alls 32,2 millj. kr. Verkefni sem studd hafa verið með þessum hætti eru í ýmsum atvinnugreinum og ekki, eins og ég tók fram í framsögu minni, einskorðuð einvörðungu við iðnað. Lögin gera ekki ráð fyrir því að sjóðurinn leggi til hliðar til tryggingar þessum ráðstöfunum.

Til þess að þróa þessa reglu og þá reglu sem nú er verið að kynna í 1. gr. frv. hafa 109 millj. kr. verið lagðar til hliðar sem hugsanleg áhætta eins og fram kemur í grg. með frv. Þar eru engin vísindi sem liggja að baki einfaldlega vegna þess að það er ekki á neinu að byggja í þeim efnum. Þó hafa menn verið með þær vinnureglur sem Byggðastofnun hefur haft við að leggja til hliðar fyrir áhættu í þeirri starfsemi sem sú stofnun stundar og það er í kringum 50% af því sem lánað er út sem menn telja að geti hugsanlega tapast — það vil ég taka skýrt fram — þar liggur ekki að baki nein sérstök rannsókn á því hvort þarna sé um tapaða hluti að ræða eða ekki. Þeir fjármunir sem eru lagðir til hliðar þurfa auðvitað alls ekki að vera tapaðir. Í lögunum var ekki gert ráð fyrir því að iðnrh. þyrfti að samþykkja einhverjar reglur um þetta fyrirkomulag um áhættuna sem af þessu væri. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. að þetta fyrirkomulag verði tekið upp og menn hafi verið með starfsemi sjóðsins þetta ár að fikra sig inn á þá braut til undirbúnings því sem hér er verið að leggja til.

Með greinargerð þessa frv. var reynt að tilgreina eins nákvæmlega og þá um leið í eins knöppu máli og nokkur kostur er hvernig þessum tæplega 240 millj. kr. hefur verið ráðstafað. Það er skýrt hér í stórum dráttum. Nú heyri ég að einstakir hv. þm. vilja fá fyllri upplýsingar um það hvernig og hverjir hafa notið þeirrar aðstoðar sem þarna um ræðir. Ég tel eðlilegt af því að stjórn Iðnþróunarsjóðs hefur sent skýrslu um starfsemi sjóðsins frá því í mars 1995 þar til í febrúar 1996 til iðnrn. að sú skýrsla verði kynnt nákvæmlega í starfi iðnn. á milli 1. og 2. umr. Hún er opinbert plagg og sjálfsagt að hún verði þeim hv. þm. sem sitja í iðnn. opin. Þá verður hægt að fara yfir þá aðstoð sem þar hefur verið veitt. Það yrði allt of langt mál að tína upp einstaka þætti eða einstaka liði vegna þess að það hefur verið reynt í greinargerðinni að taka liðina saman og flokka þá eftir því hvers eðlis þeir eru.

Hv. þm. spurði í hvað þessar 4 millj. kr., sem er sérstakt verkefni á vegum iðnrn., hafa verið notaðar. Það er svo að iðnrn. í samvinnu við Samiðn og samtök iðnaðarins, fiskimjölsverksmiðjurnar og skipasmíðaiðnaðinn, réðst í sérstakt átaksverkefni sem heitir mjöl og málmiðnaður. Það verkefni er sérstaklega styrkt með þessum 4 millj. kr. Svo er um fleiri verkefni sem þarna ræðir um en þetta er dæmi um það hvernig þessir fjármunir hafa verið notaðir að undanförnu.

Hv. þm. spurði líka um hvernig þessum 13,8 millj. kr. hefði verið ráðstafað í einstaka styrki en þar er um ráðstöfun varðandi erlenda fjárfestingu hér á landi að ræða. Starfandi er á vegum viðskrn. skrifstofa sem við köllum fjárfestingarskrifstofa Íslands. Við höfum verið að ráðast í með sveitarfélögum, einstökum fyrirtækjum, atvinnuþróunarfélögum og atvinnuþróunarsjóðum víða um land sérstök átaksverkefni til að kynna Ísland sem vænlegan fjárfestingarkost. Útflutningsráð hefur aðstoðað við undirbúning þessara verkefna. Verkefnið er á forræði Útflutningsráðs að nokkru leyti í samstarfi við viðskrn. Langstærsti hluti þessa verkefnis eða 13,8 millj. kr. sem þarna um ræðir hefur farið í verkefni, svokallað fjárfestingarverkefni í Reykjaneskjördæmi þar sem hitaveitan, markaðsskrifstofa Suðurnesja, iðnrn. og einstök fyrirtæki á svæðinu ásamt sveitarfélögunum hafa verið að kynna Reykjanesið fyrir erlendum fjárfestum. Langmestur hlutinn af þessum 13,8 millj. kr. hefur farið í það verkefni. Að öðru leyti vil ég vísa í skýrslu stjórnar Iðnþróunarsjóðs til iðnrn. sem ég tel vera mikilvægt að verði kynnt fyrir hv. alþm. í iðnn. þingsins.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hverjir sætu í þeirri ráðgjafanefnd sem tilgreind er í greinargerð frv. og hefur verið ráðgefandi fyrir stjórn sjóðsins. Ég treysti mér ekki til að nefna þá af því ég man ekki nákvæmlega þá einstaklinga sem þarna sitja. En þarna eru fulltrúar atvinnulífsins, fulltrúar stjórnvalda og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, þeir sem við teljum að hafi verið best að leita til til að fá sem gleggstar upplýsingar og besta ráðgjöf í því sem unnið hefur verið að.

Ég vonast til með þess að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem hv. þm. beindu til mín en ég ítreka að ég tel eðlilegt að skýrsla stjórnar sjóðsins til iðnrh. verði til umfjöllunar samhliða því sem frv. verður til umfjöllunar á milli 1. og 2. umr. í iðnn. þingsins.

[17:07]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir greinargóð svör við þeim spurningum sem ég bar fram um frv. Ég tel að þær séu allar fullnægjandi. Ég hef engu við að bæta nema þá helst því að mér sýnist að þetta áhættumat og þessar afskriftir séu umræðu verðar. Það megi skoða í hv. iðnn. hvort menn vilja eitthvað sauma að því en ég tel þó að það þurfi að fara skikkanlega í það því það má auðvitað ekki þrengja þannig að þessum þætti í lögunum að þetta þetta ákvæði sem hér er um að ræða verði ónýtt og þetta verði ekki neinn áhættulánasjóður heldur aðeins einhver venjulegur fjárfestingarsjóður. Ég er þeirrar skoðunar að þar eigi að vera ákveðið rúm fyrir hendi.

Ég vil líka segja, hæstv. forseti, að mér finnst að með þeirri hugsun sem ég tel að við höfum mótað í sameiningu á síðasta kjörtímabili og við alþýðubandalagsmenn þróuðum í stefnuskrá okkar leið sem við kölluðum útflutningsleið, og með þeirri hugsun sem birtist í þessu frv. og líka í frv. okkar um áhættulána- og nýsköpunarsjóð séu menn að þróa sig út úr gömlu kerfi í sjóðamálum á Íslandi. Ég held að það

sé fagnaðarefni og ég er hlynntur því. Sjóðirnir gáfust vel framan af. Þeir höfðu auðvitað ákveðinn tilgang og mönnum auðnaðist oft og tíðum að úthluta fé úr þessum sjóðum skikkanlega þannig að það skilaði þjóðarbúinu árangri og almenningi á landinu oft og tíðum atvinnu og betri lífskjörum. Það sem sagt hefur verið um þessa sjóði, m.a. af þingmönnum Sjálfstfl., það er oft mjög mikil vitleysa. Sérstaklega er það mikil vitleysa með hliðsjón af því að þeir stóðu að aðalúthlutun sjóða nokkru sinni í sögu Íslands, þ.e. í nýsköpunarstjórninni. (**Gripið fram í:** Og stofnuðu þá suma.) Já, stofnuðu þá suma þannig að þeir voru ansi athafnasamir í þessu eins og við höfum flest verið og eigum glæsilega sögu í þeim efnum.

Hins vegar hafa menn nú reynt að laga efnahagssamfélag okkar almennt að öðruvísi stjórnunaraðferðum í efnahagsmálum. Þar með eru menn farnir að segja sem svo, ja, fyrirtæki þau sem starfrækt eru þurfa að geta borið sig á þá mælikvarða sem lagðir eru. Hvort sem um er að ræða stór fyrirtæki eða smá verða menn að geta tryggt að fyrirtækin beri sig. Það þarf að vera tryggt að þau geti ekki einasta borið sig á íslenskan mælikvarða heldur þurfa þau að geta borið sig í alþjóðlegu samhengi, þ.e. í evrópsku samhengi. En í raun er verið að tala um að ný fyrirtæki hér á landi og gömul fyrirtæki geti borið sig í samkeppni við fyrirtæki á heimsvísu. Þegar opnuð er prjónastofa á Hofsósi er hún samstundis í beinni samkeppni við sams konar fyrirtæki í Djakarta eða hvar það nú er. Þannig er þessi veruleiki sem fyrirtækin búa við í dag og við þurfum að laga okkur að því. Þess vegna eru allir sammála um það núna að það eigi að losa sig út úr þessu gamla sjóðakerfi eins og það var. Sumir hafa gerst svo, mér liggur við að segja, billegir í málflutningi að telja að þeir hafi á fyrri tíð verið heilagri en aðrir í þeim efnum. Ég held að aðalatriðið sé að það er liðin tíð. Það er kominn annar tími og við þurfum að feta okkur inn í hann.

Þá held ég að við þurfum að skapa samstöðu um að taka utan um flesta þá sjóði sem til eru. Það er dálítið forn bragur yfir sumum þeirra sem eru enn þá eru starfræktir á vegum ríkisins og við þekkjum og minna um margt á hinn liðna tíma. Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að lenda ekki í því fari sem mér sýnist t.d. Sjálfstfl. hafa lent í í þessu máli að ekki megi vera til neinir sjóðir. Enginn stuðningur af neinu tagi vegna þess að markaðurinn eigi að sjá um allt. (**Gripið fram í:** Þeir leggja sjóðina niður.) Nei, þeir leggja þá að sjálfsögðu ekki niður vegna þess að þeir eru yfirleitt í stjórn sjóðanna þannig að það mundi nú verða mikill héraðsbrestur á sumum bæjum ef þeir legðu þá niður. Þannig að veruleikinn er sá að menn hafa ekki fengist til að taka heildstætt á þessu. Mér finnst stundum að ríkisstjórnin, bæði sú sem nú er og hin síðasta, séu kannski að efna til ófriðar að óþörfu um þessi mál vegna þess að ég held að um þessi mál sé hægt að ná miklu víðtækari samstöðu meðal flokkanna sem eiga fulltrúa hér á Alþingi en nú er. En það sem við alþýðubandalagsmenn vorum að segja í útflutningsleiðinni var auðvitað líka fyrst og fremst þetta: Við þurfum að laga fyrirtæki okkar að hinu alþjóðlega samkeppnisumhverfi, heimsumhverfi. Alþjóðlegur, lesist: heims, ekki bara evrópsks. Í því skyni eigum við auðvitað að taka frá fjármuni e.t.v. úr ríkissjóði eða einhverjum öðrum opinberum sjóðum til þess að standa við bakið á nýsköpun og þróunarverkefnum í atvinnulífinu. Þar eiga menn alveg hiklaust að leggja dálitla fjármuni til hliðar í áhættustarfsemi af einhverju tagi. Það er alveg augljóst mál að ef þjóðfélagið ætlar að þróast og tryggja hér sæmileg lífskjör á komandi árum verða menn að þora að setja peninga í áhættulánastarfsemi atvinnulífsins rétt eins og í rannsóknir á vísinda- og menntasviðinu.

Þess vegna nefni ég þetta, herra forseti, að ég vil undirstrika þessa hugsun í þeirri umræðu sem fer núna fram, 1. umr. um þetta mál þar sem um leið er rætt um hugsanlegt nýtt fyrirkomulag sjóðamála og það fái afgreiðslu á komandi haustþingi. Það væri stórkostlegt ef hægt væri að taka á því máli í heild, þ.e. nýju fyrirkomulagi sjóðamála. Ég vil fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra lýsa okkur reiðubúin til að ganga í það verk af fullum myndarskap.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar en vil þó aðeins nefna að það kom fram hjá hæstv. ráðherra að þrír ráðuneytisstjórar væru að skoða þetta sem kallað er heildarfyrirkomulag sjóðamála. Þrír ráðuneytisstjórar, þ.e. úr forsrn., iðnrn. og sjútvrn. Það er þá væntanlega á vegum forsrn. eða á vegum iðn.- og viðskrn. Ég held að það væri mikilvægt að halda til haga þeirri hugmynd sem ég hreyfði áðan að þar sem auk þess er farið að ræða þetta við hagsmunaaðila finnst mér nú eðlilegur hlutur að þessi mál verði eitthvað rædd við iðnn. Alþingis. Ég vil endilega fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann íhugi það mjög alvarlega að þessar hugmyndir um nýtt fyrirkomulag sjóðamála verði lagðar fyrir iðnn.

Nú viðurkenni ég að iðnn. er að einu leyti ekki nægilega vel í stakk búin til að fara yfir málið vegna þess að hún er því miður bara með iðnaðinn. Vandinn er sá að það gæti orðið til að vekja upp tortryggni hjá einhverjum öðrum greinum ef menn færu að ræða þetta í iðnn. Það er eins og gengur. Hins vegar er það mál sem við þurfum kannski að taka til athugunar hér að því er varðar þingsköp Alþingis hvort það er eðlilegt að vera með iðnn., sjútvn. þar og landbn. þar. Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að vera ein atvinnuveganefnd sem hefði öll þessi mál sem koma frá öllum þessum ráðuneytum og hætta að skipta atvinnuveganefndunum í þinginu í marga parta. Ef ég ætti að gera tillögu á þessum stað í umræðum um Iðnþróunarsjóðinn um breytingu á þingsköpunum sem er nú alveg við hæfi finnst mér vegna þess að þingsköpin eru nú hálfgerður iðnaður. (**Gripið fram í:** Verður þá ekki að fækka ráðherrum?) Það má svo sem fækka þeim sumum, þeir eru misjafnir. Að einhverju leyti má fækka. En svo mættu koma aðrir góðir í staðinn. En ef ég ætti í þessari umræðu að nefna það þá teldi ég að eðlilegt væri að breyta þingsköpunum þannig að atvinnuveganefndirnar eins og þær eru verði lagðar niður en það verði til ein atvinnuveganefnd í staðinn fyrir landbn., sjútvn. og iðnn. sem fengi þá mál eins og þessa sjóði sem á að fara að sameina til athugunar. Ég nefni það við hæstv. ráðherra.

Ég ítreka spurningu mína: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að hv. iðnn. fái að fylgjast með því hvernig unnið verður að endurskoðun laga um þessa sjóði?

[17:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Það er ljóst að hann hafði ekki svör á reiðum höndum eins og ég reyndar bjóst við við öllum þeim spurningum sem voru lagðar fram. Ég vænti þess að hann hafi þá frumkvæði að því að þær upplýsingar sem fengust ekki svör við núna verði lagðar fyrir hv. iðnn. Mér fannst vanta í svör ráðherrans það sem ég drap á sérstaklega, þ.e. það sem fram kemur í greinargerðinni á bls. 2 þar sem talað er um að krafist sé ásættanlegrar arðsemi. Ég spurði nokkuð um þann þáttinn og

hvað væri á bak við það vegna þess að mér finnst afskriftirnar sem áætlaðar eru nokkuð miklar og kannski ekki í samræmi við það að krafist sé ásættanlegrar arðsemi.

Virðulegi forseti. Með þessu er ég ekki að draga úr því að það sé nauðsynlegt að vera með áhættulánastarfsemi til að efla nýsköpun í atvinnulífinu og til að þróa ný verkefni. Engu að síður spyr ég um það og eins varðandi þetta áhættuálag. Mér leikur mikil forvitni á að vita hvert þetta áhættuálag er og hvað gert er ráð fyrir að það standi undir miklu af þessum afskriftum vegna þess að það er áætlað að hátt í helmingur af því fjármagni sem lagt er fram sé sett í afskriftasjóðinn þannig að menn gera ráð fyrir töluverðri áhættu í þessari nýsköpunarfjármögnun.

Virðulegur foreti. Ég skal ekki lengja þetta mál en vil þó undir umræðunni leggja fyrir hæstv. iðnrh. eina spurningu sem mér finnst freistandi af því að við erum að ræða hér um hvernig auka megi tækifæri til nýsköpunar. Það er spurning sem vaknaði í þingsölum þegar við vorum að ræða viðaukasamninginn um álbræðslu við Straumsvík. Þar kom fram að meiri hluti iðnn. lagði til að það yrði athugað sérstaklega hvernig auka megi úrvinnsluiðnað í tengslum við álverið og þá þjónustu sem þar er í boði sem margir telja að geti leitt til ýmiss konar úrvinnslu í iðnaði. Iðnn. lagði til í nál. sínu að iðnrn. skoðaði sérstaklega hvernig auka megi úrvinnsluiðnað og nýta þá þjónustu sem álverið hefur til að slíkt mætti verða að veruleika. Það var einmitt tiltekið að hjá Ísal hefðu komið fram upplýsingar um úrvinnsluna, m.a. að Ísal gæti afhent ál af þeim styrkleika sem þyrfti til ýmiss konar úrvinnslu svo sem alls konar málm- og álvinnslu og gæti boðið t.d. upp á efnagreiningu og afhendingu á fjótandi áli. Mér finnst þetta vera það áhugavert mál og tengjast vissulega nýsköpun í atvinnulífinu, ekki síst í úrvinnsluiðnaði, að ég vildi vita hvort iðnrn. hefði eitthvað gert með þetta mál eða ætlaði sér að gera eitthvað vegna þess að ég hafði gert mér vonir um að iðnrn. tæki fljótt og vel á þessu máli og skoðaði það. Ég held að þarna sé um mjög áhugaverðan kost að ræða og vildi nota þetta tækifæri þannig að Alþingi fengi að fylgjast með því hvar á vegi það mál væri statt.

[17:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við frv. til laga um breytingar á lögum um Iðnþróunarsjóð. Lætur þetta frv. í sjálfu sér ekki mikið yfir sér enda í raun aðeins lítill angi af mun stærra máli sem hér hefur eðlilega verið talsvert rætt í þeim umræðum sem fram hafa farið, þ.e. hvernig hv. þingheimur og framkvæmdarvaldið líta á það hvernig styrkur og stuðningur til nýsköpunar í atvinnulífi gengur fyrir sig. Staðreyndin er auðvitað sú, virðulegur forseti, hvort sem okkur líkar það betur eða verr að almennar yfirlýsingar stjórnmálamanna, gjarnan skömmu fyrir kosningar, um nauðsyn þess að efla nýiðnað, auka vöruþróun og markaðsstarf, koma á þessum eða hinum áhættulánasjóðnum eru oft og tíðum ákaflega innihaldslitlar. Ég held að mörg okkar getum svo sem litið í eigin barm í þeim efnum. Veruleikinn er auðvitað sá þegar atvinnulífið skoðar efndir slíkra vilyrða að minna hefur orðið úr þeim en efni hafa staðið til.

Hér ræðum við um Iðnþróunarsjóð sérstaklega. Ég hef sjálfur nokkra reynslu af samskiptum við þann sjóð, raunar fyrir þá breytingu sem gerð var árið 1995. Ég hygg að ég sé ekki að ljóstra upp neinu viðskiptaleyndarmáli en þar var um að ræða Stálverksmiðjuna í Hafnarfjarðarhrauni þar sem Iðnþróunarsjóður átti hlut að máli. Ég held að það sé ekki fráleitt að sú saga verði sögð í örfáum orðum. Þannig var að langstærstur hluti þeirrar verksmiðju var í eigu sænskra aðila og þeir afskrifuðu hlutafé, einhvers staðar í kringum milljarð króna. Eftir stóðu, nú segi ég þetta án ábyrgðar, virðulegur forseti, þegar upphæðir eru annars vegar, 200–300 millj. kr. sem m.a. Iðnþróunarsjóður var eigandi að. Ég sem bæjarstjóri í Hafnarfirði á þeim tíma vildi gera það sem í mínu valdi stæði til að koma þessari starfsemi í gang á nýjan leik. Ýmsir erlendir aðilar sýndu því raunverulegan áhuga að festa kaup á þessari verksmiðju. Það voru hins vegar aðrir erfiðleikar sem voru með í för tæknilegs eðlis og lutu að raforkusölu sem gerðu það að verkum að það þurfti að gera meira en að kaupa verksmiðjuna, það þurfti líka nýtt fé til að ráðast í tæknilegar breytingar vegna rafmagnssölu og rafmagnskaupa.

Virðulegi forseti. Til að gera langa sögu stutta verð ég að segja að samskipti þeirra lysthafenda sem að málinu komu til að ýta því úr vör hjá Iðnþróunarsjóði, þróunarsjóði iðnaðarins, voru með þeim hætti að þeir erlendu aðilar, þeir lysthafendur sem að málinu komu misstu áhugann fljótlega. Með öðrum orðum vildi þessi sjóður fremur halda sínum eignarhlut í ónothæfu iðnaðarhúsnæði út í Hafnarfjarðarhrauni en að freista þess að koma myndarlega inn í þær ráðstafanir sem til þurfti til að koma verksmiðjunni í gang á nýjan leik og þeirri merkilegu starfsemi sem þar fór nú fram þrátt fyrir allt á sínum tíma.

Ég gæti haft þessa sögu langtum lengri og ítarlegri en ég held að það sé hins vegar alveg nauðsynlegt að við áttum okkur dálítið á bakgrunni þessara mála þegar við erum að hafa hér á tungu orð eins og nauðsyn þess að stofna nýja áhættulánasjóði og styrkja nýjan iðnað og markaðsþróun og hvað það heitir allt saman. Því að sagan segir okkur að því miður hefur það verið þannig í allt of ríkum mæli að þessir svokölluðu iðnaðarsjóðir, ég hef nefnt hér Iðnþróunarsjóð, ég get líka nefnt Iðnlánasjóð, hafa í raun og sanni verið lítið annað en lítil bankaútibú sem hafa undir mörgum kringumstæðum gert mjög svipaðar arðsemiskröfur og hinir venjulegu viðskiptabankar. Þeir hafa heimtað nákvæmlega sömu tryggingar og viðskiptabankarnir. Út af fyrir sig hafa þeir sem þangað hafa sótt fengið svipaðar viðtökur og gerist og gengur í okkar venjubundna bankakerfi í okkar venjubundna umhverfi. Margir hafa komið að máli við mig, einmitt undir þessum kringumstæðum, og sagt sem svo á sama tíma og iðnaður hefur átt í verulegum erfiðleikum, nýsköpun verið í algjöru lágmarki og þróunarstarfsemi sömuleiðis, hafa þeir tveir sjóðir sem ég hef gert að umtalsefni einhverra hluta vegna skilað hámarkshagnaði, hámarksarði. Eigið fé þeirra er umtalsvert og út af fyrir sig ætla ég ekki að hafa við það að athuga að þessir sjóðir eins og aðrir skili góðri afkomu en á það hefur verið bent með vissulega nokkuð réttum rökum að hér á árum áður undraði margan að á sama tíma og iðnaðarfyrirtæki áttu í verulegum erfiðleikum voru þessir svokölluðu stuðningssjóðir iðnaðarins í býsna góðum málum.

Með vísan til forsögunnar, og ég tek fram að ég horfi ekki á þetta mál, þessa forsögu flokkspólitískt, held ég að allir stjórnmálamenn, hvar í flokki sem þeir standa og stóðu, geti horft í eigin barm í þeim efnum að stundum hafa þeir sagt meira en þeir hafa getað staðið við og raunveruleikinn verið annar en þeir hafa viljað. Þess vegna fagna ég þeim nýja tóni sem er þrátt fyrir allt að finna í orðræðum, aðgerðum og tilraunum fráfarandi iðnrh. og núv. iðnrh. í þá veru

að menn ætli að láta efndir fylgja þessum almennu orðum um raunverulegan stuðning til nýsköpunar. Til þess að gera glöggan greinarmun á þessum venjubundnu lánaviðskiptum viðskiptabanka og aftur sjóðanna til áhættufjárfestinga er það þannig að þetta Íslandsgull, steinsteypan, sem hefur öllu ráðið þegar um lánafyrirgreiðslu hefur verið að ræða af hálfu lánastofnana, er auðvitað ekki það sem öllu máli skiptir þegar kemur að lánafyrirgreiðslu og styrkjum og öðrum stuðningi til atvinnuveganna heldur eru það langtum fleiri þættir sem þar eiga að ráða för og jafnvel oft og tíðum mun veigameiri. Mér finnst kveða við þann rétta anda í þeim athugasemdum sem fylgja þessu litla frv. Þar er eins og hér hefur komið fram í umræðunni vísað til þess og hæstv. ráðherra hefur komið inn á að menn eru að halda áfram því starfi sem lagður var grundvöllur að í tíð fyrri ríkisstjórnar að steypa þessum sjóðum saman og skipa þeim málum með mun heildstæðari og gleggri hætti en verið hefur. Því vil ég sérstaklega fagna. Varðandi þetta frv. út af fyrir sig þá er þar verið að tjalda til einnar nætur og um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem Alþingi ber samkvæmt gildandi lögum að koma að fyrir tiltekinn tíma. Meginmálið er að menn skipi þessum málum með þeim hætti að vit sé í þegar til lengri tíma er litið.

Ég tek hins vegar undir réttmætar ábendingar sem hér hafa komið fram í þessum ræðustóli að iðnn. hv. fái til þess tækifæri að koma að þessu máli í sumar, þ.e. áður en hæstv. ráðherra og ríkisstjórn munu endanlega leggja fram sinn heildarpakka á haustdögum eins og hér er getið um í greinargerð því að ég er handviss um að í þessum efnum er ekki um að ræða djúpstæðan ágreining. Ég held að það væri hyggilegt til þess að ná fram víðtækri sátt og víðtækum stuðningi við það nýja hugarfar sem mér finnst sem betur fer vera að festa rætur í þessum efnum, að stjórnarandstaðan og iðnn. eða annað það form sem hæstv. ráðherra telur heppilegt, komi að málinu áður en það verður alskapað lagt fram í þingsölum á haustdögum. Nú veit ég ekki hver er að vinna þessi mál í ráðuneyti af hálfu hæstv. ráðherra, en ég held að það væri ekki óskynsamlegt að menn kæmu, svona á lokaspretti þeirrar vinnu, að málum eins og ég lýsti hér áðan og að stjórnarandstaðan legði sitt lóð á vogaskálarnar og sitt liðsinni við þá nýhugsun sem ég held og trúi að sé að finna í þeirri stefnumörkun.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vil hins vegar undirstrika það eitt að þegar við erum að ræða um áhættufjármagn, þá er það auðvitað áhættufjármagn. Menn eiga að ganga að slíku með opin augu, auðvitað ekki að kasta til höndum við undirbúning slíkra lánsumsókna eða styrkumsókna, en engu að síður gera sér grein fyrir því að áhætta er með í för. Þeirri gömlu hugsun um að allt megi tryggja og treysta í steinsteypunni eigum við auðvitað að kasta og láta tilheyra fortíðinni. Menn hafa líka séð það að sú stefnumörkun gengur ekki upp. Miklar afskriftir bankanna á umliðnum árum segja þá sögu alla og við eigum að láta nýtt hugarfar ráða ferðinni. Viðsýni er auðvitað lykilorðið í þessari nýju stefnumörkun. Ég trúi því og treysti og vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra hafi það lykilorð með í för í sínu starfi. Að sumu leyti hefur hann gert það. Ég verð að segja það. Það er langt í frá, virðulegi forseti, að hann sé verstur ráðherra Framsl. án þess að ég ætli að fara að endurtaka þuluna frá fyrr í dag um Framsókn fyrr og nú. Við fengum okkar skammt í morgun og fáum kannski meira þannig að ég ætla að hlífa hv. þingheimi við slíkum orðræðum. Ég vil segja það eitt að ráðherrann er þrátt fyrir allt á réttri leið þótt framsóknarmaður sé, virðulegi forseti.

[17:34]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Margt af því sem hv. þm. sagði um uppstokkun í sjóðakerfinu get ég algerlega tekið undir og er full ástæða til. Þær lýsingar sem hv. þm. var með um hvernig viðkomandi sjóðir störfuðu eru auðvitað sögur sem maður heyrir. Ég ætla ekkert mat að leggja á það hvort þær eru réttar eða rangar og hvernig aðstaðan hefur verið á þeim tíma þegar slíkar ákvarðanir voru teknar eins og hv. þm. var að lýsa.

Það er hins vegar alveg nauðsynlegt að skilja þarna á milli hinnar hefðbundnu lánastarfsemi fyrir atvinnulífið þar sem verið er að fjármagna tiltekna hluti til ákveðins tíma við svokallaðar markaðsaðstæður og svo hins sem markaðurinn sér alls ekki um, þ.e. áhættulánin. Menn hafa oft og tíðum verið að rugla þessu saman á undanförnum árum og ætlast til mikils meira af þeim sjóðum sem starfandi eru og hafa átt að starfa í hefðbundinni langtímalánastarfsemi, þ.e. að þeir kæmu líka inn í áhættufjármögnunina sem þeir hafa ekki haft lagalegar heimildir til að gera en hafa þó verið með tilburði til þess í gegnum styrki og annað slíkt.

Ég tók mjög fljótlega eftir því þegar ég byrjaði í mínu starfi að það var nauðsynlegt — það er ekki bara að menn taki eftir slíku fyrir kosningar. Þeir sem þekkja til í atvinnulífinu vita að það er full þörf fyrir stuðning við nýjar hugmyndir í vöruþróun, í markaðssetningu, í tækniyfirfærslu og þar fram eftir götunum sem atvinnulífið hefur lengi þráð að geta fengið aðstoð við að koma á fót. Þess vegna, meðan menn hafa verið að bíða eftir, ég segi bíða eftir þessari heildaruppstokkun á sjóðakerfinu, þá fór iðnrn. í samvinnu við Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Iðntæknistofnun út í svokallað átaksverkefni til atvinnusköpunar þar sem stuðningsaðgerðir þessara lánasjóða, ráðuneytisins og Iðntæknistofnunar í gegnum tíðina voru samræmdar, settar í einn farveg. Fulltrúum þessara sjóða og Iðntæknistofnun var fengið það hlutverk að sjá um framkvæmdina fyrir hönd allra þessara aðila. Einstaklingar sem leita til þessara sjóða verða því ekki sendir frá einum stað til annars og sagt: Þú getur hugsanlega leitað fyrir þér hér eða farið eitthvert annað og kannað hvort þú getir ekki fengið þessa fyrirgreiðslu þar.

Nú eru einar dyr að öllum þessum stuðningsaðgerðum. Það er einn einstaklingur sem tekur á móti öllum sem þarna koma, veitir aðstoð og veitir mönnum leiðbeiningar um hvert þeir skuli snúa sér. Síðan er það Iðntæknistofnun sem leggur mat á þær hugmyndir sem þarna eru á ferðinni. Þetta er tímabundin ráðstöfun. Hún er tímabundin vegna þess að það eru uppi áform um að breyta því fyrirkomulagi sem við höfum búið við í mjög langan tíma, fjárfestingarlánasjóðakerfinu og skipta því upp þannig að annars vegar sé um hefðbundna lánastarfsemi á markaðskjörum að ræða og svo hins vegar svokallaða áhættulánastarfsemi þar sem nýsköpun í atvinnulífinu er veittur forgangur.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á og það gerði einnig hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hvernig væri staðið að þessu áhættumati. Eins og ég gat um eða reyndi a.m.k. að skýra í mínu svari áðan, þá er það umdeilanlegt og ég tek undir það með hv. þm., að það er útilokað að segja til um það hvað menn þurfa að leggja til hliðar í hugsanlega áhættu af því að lána út á mismunandi góð verkefni. Það sem mönnum sýnist í upphafi að sé kannski alveg vonlaust getur þegar

betur er að gáð bara skilað býsna góðri útkomu, en það sem mönnum sýnist hins vegar vera gott getur hins vegar reynst vonlaust þegar á reynir. Þarna mun því reynslan ein skera úr um hvað skynsamlegt sé að leggja til hliðar til þess að mæta hugsanlegum áföllum og töpum sem af þessari starfsemi geta hlotist. Hins vegar reyna menn a.m.k. að nota reynsluna sem fengin er í starfsemi Byggðastofnunar í þessum efnum. Ég ætla ekki að fullyrða að hún sé hinn algildi sannleikur, síður en svo. Það er aðeins verið að styðjast við það sem menn hafa örlitla reynslu af.

Af því að ég hef nú svar við einni þeirra spurninga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði, þ.e. hverjir sætu í þessari ráðgjafarnefnd, þá er hún skipuð Halldóri J. Kristjánssyni, skrifstofustjóra í iðn.- og viðskrn., sem er formaður, Gunnari Svavarssyni forstjóra Hampiðjunnar, Öldu Möller, Gylfa Arnbjörnssyni og Snorra Péturssyni. Þarna hefur verið reynt að fá til starfs fólk með mismunandi bakgrunn úr atvinnulífinu og úr verkalýðshreyfingunni, en fyrst og fremst hefur verið miðað við það að fá þá einstaklinga sem menn telja að hafi yfir þekkingu að búa og reynslu á þessu sviði.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvað liði þeim áformum sem hér var talað um þegar verið var að staðfesta samninginn um stækkun álversins í Straumsvík, hvað liði undirbúningi að því að hefja frekari úrvinnslu á áli. Í álverinu eru framleidd um 100 þús. tonn af áli. Til skamms tíma hefur eitt tonn af þessum 100 þúsund tonnum verið notað innan lands. Það dapurt hversu lítill hluti er í raun og veru af þessu notaður.

Hins vegar kom mér dálítið á óvart þegar ég var staddur úti í Þýskalandi ... (Forseti hringir.) — Virðulegi forseti, ég skal mjög fljótt ljúka máli mínu ef ég má taka kannski hálfa mínútu til að ljúka svari mínu. — Ég var staddur úti í Þýskalandi og heimsótti þar stærstu álvölsunarverksmiðju í heimi þar sem flugu í loftunum 30 þúsund tonna álklumpar. Verksmiðjan var á 150 hekturum þannig að ég velti því mjög fyrir mér, eftir að hafa heimsótt hana og farið í gegnum það sem þar var að gerast, hvort við ættum einhverja möguleika á því að taka upp ámóta starfsemi hér. En það var fullyrt að þessi stærð, þessi tækni sem þarna var viðhöfð, þessi mikla fjárfesting sem þarna var komin saman, væri forsenda fyrir því að menn hefðu einhvern möguleika á úrvinnslu á áli. Nú er ég ekki að afskrifa það, síður en svo. Það verður sett í gang starf á vegum iðnrn. að kanna hvaða möguleika við eigum þarna.

[17:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ein spurning til hæstv. ráðherra. Ég drap á sögu stálverksmiðjunnar í Hafnarfjarðarhrauni. Mig langar að nota þetta tækifæri og spyrja ráðherra beint að því hvort mál henni tengd væru á ferðinni þessa dagana, vikurnar eða mánuðina og hvort hann gæti upplýst okkur um það hvernig þau mál stæðu. Ég hafði haft af því lausafregnir að jafnvel stæðu vonir til þess að eitthvað væri að vakna til lífs í þeim efnum og er vonum seinna. Mönnum er vænt anlega kunnugt um það að aðili hefur haft með höndum að tæta niður járnið og flytja það út sem hálfunnið hráefni og er það ágætis mál út af fyrir sig. Auðvitað er hið affarasæla í málinu að fullvinna það drasl sem hér fellur til. Hér er um umhverfisvænan iðnað að ræða og menn hafa reiknað það fram og til baka og sjá það að verksmiðjan er ódýr. Það er búið að afskrifa stærsta hlutann af henni og þess vegna væri það mjög kærkomið ef hægt væri að fá þau mál í góðan gang. Enn fremur liggur ljóst fyrir að með stækkun álversins og aukinni raforkusölu þangað munu hinir tæknilegu örðugleikar sem ég gerði að umtalsefni í stuttu máli verða að hluta til úr sögunni þannig að allar forsendur eru miklu mun betri en voru fyrir nokkrum missirum síðan. Ég vil því óska eftir því, virðulegi forseti, ef hæstv. ráðherra hefði um það upplýsingar að hann miðlaði þeim í þessum umræðum.

[17:43]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. að þær fréttir sem hann hafði af því að verið væri að kanna möguleika á því hvort hægt væri að nýta stálverksmiðjuna með einhverjum hætti eiga við rök að styðjast. Erlendir aðilar í tengslum við viðskrn. og fleiri aðila hafa hagsmuna að gæta af því að það sé hægt að koma þessu fyrirtæki aftur í rekstur og það er verið að skoða það akkúrat um þessar mundir mjög alvarlega hvort þau tækifæri séu til staðar.

Það er hins vegar svo með það mál eins og svo mörg önnur að þau eru auðvitað ekki í hendi fyrr en um þau hafa verið gerðir samningar. Ótal fyrirspurnir berast um marga góða hluti. Við þekkjum það og af því hafa flestir reynslu, að ekkert af þessu er raunverulega í hendi fyrr en undir hefur verið skrifað.

Ég vonast til þess að þarna sé tækifæri og það muni ganga eftir en framtíðin muni skera úr um hvort svo verður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tæknifrjóvgun, 2. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884.

[17:45]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndfaráliti frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um tæknifrjóvgun sem er á þskj. 819 og brtt. á þskj. 820.

Nefndin fjallaði mjög ítarlega um málið á mörgum fundum og fékk á sinn fund ýmsa gesti, Dögg Pálsdóttur og Ástu Ragnarsdóttur sem sátu í nefndinni sem samdi frumvarpið, Björgu Thorarensen, deildarstjóra í dómsmrn., Jón Hilmar Alfreðsson, Reyni Tómas Geirsson og Þórð Óskarsson, lækna á kvennadeild Landspítalans, og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna. Þá bárust nefndinni fjöldi umsagna.

Einnig óskaði allshn. eftir umsögn heilbr.- og trn. um málið og er hún birt sem fskj. með áliti þessu.

Með frv. er stefnt að því að lögfesta reglur um tæknifrjóvgun, þ.e. getnað sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Fram til þessa hefur engar slíkar reglur verið að finna í íslenskum lögum þrátt fyrir að tæknisæðing hafi verið framkvæmd hérlendis frá árinu 1980 og glasafrjóvgun frá árinu 1991. Hins vegar hafa myndast ákveðnar verklagsreglur um þessa starfsemi hér á landi og falla ákvæði frv. að mestu leyti að þeim. Frv. er þó talsvert ítarlegra en gildandi verklagsreglur auk þess sem það heimilar eggfrumugjöf sem hingað til hefur ekki verið talin heimil hér á landi. Eðlilegt er að sérstök lög gildi um svo viðkvæmt mál sem

tæknifrjóvgun, bæði til að almenningur eigi greiðari aðgang að upplýsingum um í hverju hún felst og til að gera réttarstöðuna í þessu sambandi eins skýra og kostur er. Frumvarp þetta og þær breytingar sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til að gerðar verði á því miða að þessu. Sú rýmkun sem felst í frv. með því að heimila eggfrumugjöf. hefur í för með sér margvísleg álitaefni til viðbótar þeim sem fyrir eru vegna tæknifrjóvgunar með gjafasæði. Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að reyna að taka sem best á þessum álitamálum með réttarstöðu hinna verðandi foreldra, barnsins og kynfrumugjafans að leiðarljósi.

Miklar umræður urðu í nefndinni um málið, sérstaklega um ákvæði 4. gr. er lýtur að nafnleynd kynfrumugjafa og hin félagslegu áhrif sem tæknifrjóvgun getur haft. Það að eggfrumugjöf er heimiluð reynir enn frekar á nafnleyndarákvæði, m.a. vegna þess að aflað verður eggfrumna innan lands þar sem tæknin leyfir ekki, að svo komnu a.m.k., að eggfrumur séu frystar með sama hætti og sæðisfrumur. Skortur er því á eggfrumum til notkunar við glasafrjóvgun. En sæðisfrumur hafa komið frá Danmörku þar sem ríkir nafnleynd um kynfrumugjafa.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að íslensk lög að þessu leyti geta að sjálfsögðu aldrei haggað við reglum annarra ríkja um nafnleynd. Ef ákveðið hefði verið að aflétta nafnleynd að fullu yrði ekki hægt að nota gjafasæði frá Danmörku af þeim sökum. Eftir þeim upplýsingum sem nefndin fékk stendur ekki til boða í dag að fá sæðisfrumur annars staðar frá, t.d. ekki frá Svíþjóð þar sem nafnleynd hefur verið aflétt. Ekki hefur heldur verið talinn ákjósanlegur kostur að nota innlendar sæðisfrumur. Reynslan erlendis hefur sýnt að algengast er að konur sem þurfa á eggfrumum að halda fái þær frá nákomnum ættingjum, einkum systrum. Í nefndinni urðu miklar umræður um kynfrumugjöf innan fjölskyldu og töldu sumir nefndarmenn nauðsynlegt að setja einhverjar hömlur á slíka notkun kynfrumna.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, m.a. umsögn heilbr.- og trn. og umræðum í nefndinni, telur meiri hlutinn rétt að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. sem gerðar verði tillögur um á sérstöku þskj. og leggur til að frv. verði samþykkt svo breytt. Meðal annars er lagt til til samræmis við umsögn heilbr.- og trn. að kynfrumugjafa verði heimilt að velja hvort hann kjósi nafnleynd eða ekki. Var ekki annað séð en sátt hefði náðst í nefndinni um þá leið og því kemur fyrirliggjandi brtt. 2. minni hluta nokkuð á óvart.

Tillögur meiri hlutans eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að þeim stofnunum, sem munu fá leyfi til að annast tæknifrjóvgun, verði skylt að bjóða pörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð og væntanlegum kynfrumugjöfum aðgang að faglegri ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga. Aðgangur að slíkri meðferð verður ekki síst mikilvægur í ljósi þeirrar breytingar sem lögð er til á ákvæði 4. gr. um nafnleynd. Gert er ráð fyrir að gjafinn ákveði hvort um hann gildi nafnleynd eða ekki. Geri hann nafnleynd ekki að skilyrði mun barnið, sem verður til vegna kynfrumugjafar, eiga rétt á að vita hver gjafinn er. Mikilvægt er því að gjafinn fái ráðgjöf um afleiðingar hvorrar ákvörðunar fyrir sig. Sömuleiðis er mikilvægt fyrir parið að fá glöggar upplýsingar um afleiðingar þess að notaðar verða gjafakynfrumur með eða án nafnleyndar. Óski gjafinn eftir nafnleynd mun barnið aldrei eiga kost á að vita hver hann er þótt foreldrarnir segi því frá að það hafi orðið til við kynfrumugjöf. Óski gjafinn ekki nafnleyndar mun barnið á hinn bóginn geta leitað hans er það hefur aldur til. Fagleg ráðgjöf um hvers sé að vænta í framtíðinni við notkun gjafakynfrumna er því mikilvæg bæði parinu og væntanlegum gjafa.

Samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. má reikna með að kostnaður ríkisins af þessu verði u.þ.b. 2,5 millj. kr., þ.e. án húsnæðis og tækja.

2. Í 3. gr. segir að áður en samþykki er veitt fyrir tæknifrjóvgun skuli gefa parinu upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Lagt er til að einnig verði gert skylt að gefa upplýsingar um félagsleg áhrif. Nefndinni þykir mikilvægt í ljósi tillagna um breytingu á nafnleyndarákvæðinu að ítreka það einnig hér. Á þetta ekki síst við þegar gjafakynfrumur eru notaðar. Í þeim tilvikum er brýnt að útskýra fyrir parinu þær hugsanlegu félagslegu aðstæður sem geta skapast í framtíðinni ef barnið leitar sambands við líffræðilegt foreldri eða hið líffræðilega foreldri leitar sambands við barnið. Þá er einnig rétt að parinu sé leiðbeint um hvenær telja megi barnið nógu þroskað til að hægt sé að segja því frá uppruna sínum og á hvern hátt það verður best gert. Þá vill meiri hlutinn leggja áherslu á að nauðsyn ber að samþykki skv. 3. gr. sé veitt fyrir hverja einstaka aðgerð, þannig að ef t.d. fyrsta aðgerðin misheppnast þurfi hinir væntanlegu foreldrar báðir að veita samþykki á ný ef gera á aðra aðgerð. Þetta er mikilvægt að hafa í huga.

3. Lagt er til að fortakslausri nafnleyndarkröfu 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að gjafinn ákveði sjálfur hvort nafni hans skuli haldið leyndu eða ekki. Kjósi kynfrumugjafi nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún sé virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið eða barnið né parinu eða barninu upplýsingar um gjafann. Kjósi gjafinn ekki nafnleynd skal varðveita upplýsingar um hann og barnið sem verður til með kynfrumugjöf hans í sérstakri skrá. Barnið á samkvæmt tillögunni rétt á að leita upplýsinga um líffræðilegt foreldri sitt þegar það hefur náð 18 ára aldri en um leið er hlutaðeigandi heilbrigðisstofnun skylt að tilkynna því foreldri um barnið og að það hafi fengið þessar upplýsingar. Að sjálfsögðu er það undir barninu komið hvort það nýtir sér þennan rétt eða ekki. Kynfrumugjafinn á því aldrei sjálfstæðan rétt á að fá upplýsingar um barnið að fyrra bragði. Það skal tekið fram í þessu sambandi að ekki er gert ráð fyrir að líffræðilegt foreldri fái upplýsingar um hvert barnið er í þessum tilvikum. Það verður því ávallt svo að barnið leitar uppi kynforeldri sitt en ekki öfugt.

4. Rétt þykir að raða á ný stafliðum í 11. gr. þannig að saman fari í upptalningu rannsóknir sem skilgreina má sem þjónusturannsóknir sem tengjast tæknifrjóvgun (a- og d- liðir sem verða a- og b-liðir) og hins vegar rannsóknir sem teljast vísindarannsóknir á fósturvísum (b- og c-liðir sem verða c- og d-liðir).

5. Mikilvægt er að fastar og skýrar verklagsreglur gildi um framkvæmd tæknifrjóvgunar hér á landi. Skriflegar verklagsreglur hafa ekki verið til staðar um framkvæmd tæknisæðingar frá því að slík meðferð hófst hérlendis árið 1980. Á hinn bóginn setti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skriflegar verklagsreglur um starfsemi glasafrjóvgunardeildar er sú starfsemi hófst hér á landi í byrjun tíunda áratugarins. Því leggur nefndin til að kveðið verði á um í 13. gr. að setja skuli skýrar og greinargóðar verklagsreglur um framkvæmd tæknifrjóvgunar ásamt ábendingum um hvað skuli m.a. vera

í slíkum reglum. Gert er ráð fyrir að þessar reglur liggi fyrir við gildistöku laganna.

Virðulegi forseti. Í umsögn heilbr.- og trmrn. segir m.a. að nefndin skilji það svo að með frv. sé fyrst og fremst verið að bregðast við ófrjósemi og því sé ekki tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna. Meiri hluti allshn. lítur það þá sömu augum. Er það viðhorf líka í samræmi við það sem gildir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Varðandi þetta atriði hefur nokkuð verið rætt um að með því að útiloka aðgang einhleypra kvenna að tæknifrjóvgun sé hugsanlega brotið gegn jafnræðisreglum. Sé litið á tæknifrjóvgun eingöngu sem læknisfræðilega aðgerð við ófrjósemi felst mismunun í því að einhleypar konur sem eiga við ófrjósemi að stríða fái ekki aðgang að tæknifrjóvgun á meðan hann sé veittur konum með sama vandamál sem eru í hjónabandi eða sambúð. Í umræðum sem fram hafa komið um þetta atriði hefur verið lögð áhersla á rétt einhleypra kvenna til að eignast barn og fá gjafasæði í þessu skyni en ekki endilega litið til barns einhleyprar konu við þessar aðstæður. Nú er það ekki dregið í efa að einhleypar konur rétt eins og einstæðar mæður almennt í dag geta veitt barni alla umhyggju sem það þarfnast, efnahagslegt öryggi og þroskavænleg skilyrði. Hins vegar má ekki líta fram hjá því að við sæðisgjöf er tekið fyrir allar lagalegar og félagslegar skyldur sæðisgjafa við barn. Þetta þýðir með öðrum orðum að á meðan eiginmaður eða sambúðarmaður konu sem eignast barn með gjafasæði gengur barninu að öllu leyti í föður stað með tilheyrandi skyldum verður barn einhleyprar konu sem getið er með gjafasæði í reynd algerlega föðurlaust. Að þessu leyti er ekki saman að jafna aðstöðu barns einstæðrar móður sem heldur öllum lagalegum tengslum við föður sinn. Það heldur erfðarétti, það á sína föðurfjölskyldu og á rétt samkvæmt barnalögum til framfærslu frá föður sínum og umgengi við hann þótt auðvitað sé misjafnt hvort eitthvert samband sé í reynd á milli föðurins og barnsins.

Oft hefur verið vísað í 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til stuðnings því að ákvæði frv. um nafnleynd kynfrumugjafa brjóti gegn rétti barns til að þekkja foreldra sína. Með því að fallast á að einhleypum konum verði veitt tæknifrjóvgun er litið fram hjá því að barnið er svipt þeim rétti sem einnig er tryggður í 7. gr. sáttmálans, þ.e. að njóta umönnunar beggja foreldra sinna, því enginn gengur barninu í föður stað. Einnig fer það gegn þeirri meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 18. gr. sáttmálans að aðildarríki skuli gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska.

Það leikur enginn vafi á að það sem hér er til umræðu snertir mjög á hinum siðferðilega þætti mannlegs eðlis og hafa fá mál vakið jafnmikla umræðu í allshn. Nefndin sem vann að samningu frv. vildi fara varlega í þessi mál til að byrja með og var því m.a. til samræmis við það sem tíðkast hefur gert ráð fyrir að nafnleynd yrði viðhöfð í öllum tilvikum. Eins og að framan er rakið leggur meiri hluti allshn. til að kynfrumugjafi velji hvort um hann skuli gilda nafnleynd eða ekki. Helstu rökin fyrir því eru að gera fleirum kleift að njóta eggfrumugjafar en verið hefur. Með þessari tillögu er leitast við að samræma mismunandi sjónarmið í þessum efnum.

Mismunandi reglur gilda um tæknifrjóvgun annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku byggist framkvæmd tæknifrjóvgunar á stjórnvaldsreglum og er nafnleynd kynfrumugjafa skilyrði þar. Ný lög um tæknifrjóvgun gengu í gildi í Noregi árið 1994. Samkvæmt þeim reglum er gjöf bönnuð og nafnleynd gildir um sæðisgjafa. Í Svíþjóð á barnið hins vegar skilyrðislausan rétt á upplýsingum um kynföður. Þá má benda á að samkvæmt breskum lögum um tæknifrjóvgun er bannað að gefa upp nafn kynfrumugjafa.

Í sumum umsögnum sem nefndinni bárust er komið inn á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og ég nefndi áðan og því haldið fram að nafnleyndarákvæði standist tæpast 8. gr. samningsins. Benda má á í því sambandi að við staðfestingu á þessu ákvæði samningsins lagði eitt aðildarríkjanna til að skýrt yrði tekið fram í því að líffræðileg auðkenni féllu þar einnig undir. Sú tillaga náði ekki fram að ganga og verður vart skilið öðruvísi en svo að aðildarríkin hafi ekki treyst sér til að ganga svo langt. Þá má benda á að nefnd, sem ætlaði að hafa eftirlit með barnasáttmálanum, hefur ekki treyst sér til að fullyrða að nafnleyndarákvæði í lögum eða reglum einstakra aðildarríkja brjóti gegn sáttmálanum.

Þá hafa einnig komið til umræðu atriði sem snerta stjórnsýslulög og eins líka það frv. sem allshn. hefur verið að vinna að, þ.e. frv. til upplýsingalaga og vildi ég fá að víkja að þessum atriðum nokkrum orðum. Sú spurning hefur vaknað hvort nafnleynd sem heimilt er að tryggja kynfrumugjafa ef hann óskar þess skv. 2. mgr. frv. um tæknifrjóvgunarlög með áorðnum breytingum brjóti gegn rétti barns skv. 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, til þess að fá upplýsingar sem varða það sjálft. Í 1. mgr. 15. gr. laganna er tryggður réttur aðila máls til þess að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varðar og í 2. mgr. segir að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita aðgang að gögnum skv. greininni. Hafa ber í huga að upplýsingaréttur skv. 15. gr. er ekki algerlega afdráttarlaus. Þannig mælir 17. gr. stjórnsýslulaganna fyrir um takmarkanir á þessum upplýsingarétti. Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt skv. 17. gr. að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari einkahagsmunum. Þessa reglu verður að skýra sem þrönga undantekningarreglu.

Oftast virðist sem reyni á heimild til takmörkunar á aðgangi aðila að gögnum máls við meðferð forsjármála og barnaverndarmála. Þegar barn óskar eftir upplýsingum um nafn kynfrumugjafa á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga vegast á annars vegar réttur þess til upplýsinga um uppruna sinn og hins vegar persónulegir hagsmunir kynfrumugjafans sem óskar nafnleyndar við kynfrumugjöfina. Samkvæmt áðurnefndri 17. gr. er hægt að álykta að hagsmunir kynfrumugjafa við þessar sérstöku aðstæður geti réttlætt takmörkun á *upplýsingaréttinum sem annars er tryggður í 15. gr.* Þá hefur verið bent á að verði frv. til upplýsingalaga að lögum skapist sú aðstaða að aðgangur almennings að gögnum um einkamálefni einstaklings, þar á meðal um líffræðilegt foreldri sem óskar nafnleyndar, verði óheftur að 80 árum liðnum frá tilurð á meðan einstaklingurinn sjálfur fær ekki aðgang að þeim. Þetta er ekki alls kostar rétt skýring á ákvæðum frv. Í 5. gr. frv. segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Í 8. gr. frv. segir síðan að veita skuli almenningi aðgang að gögnum sem 5. gr. tekur til að 80 árum liðnum frá því að þau urðu til. Þessar greinar verður að skýra með hliðsjón af 2. gr. frv. Í 3. mgr. 2. gr. segir að almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum

þessum. Í athugasemdum við 2. gr. í grg. við frv. er útskýrt hvað er útskýrt hvað er átt við með almennum ákvæðum laga í þessu sambandi. Dæmi um slíkt almennt ákvæði er 32. gr. starfsmannalaga, nr. 38/1954, um að starfsmanni sé skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi. Einkenni þessa og almennra lagaákvæða um þagnarskyldu er að þau sérgreina ekki þær upplýsingar sem þagnarskyldan gildir um heldur tilgreina aðeins almennt að þagmælsku skuli gætt, t.d. á tilteknu sviði.

Í athugasemdum við 2. gr. er skýrlega tekið fram að sérákvæði um þagnarskyldu þar sem upplýsingar þær sem þagnarskyldan tekur til ganga skýrlega lengra en 5. gr., gangi framar ákvæðum frv. þessa ef að lögum verður og hindra því aðgang að upplýsingum sem þar er getið. Umrætt ákvæði 2. mgr. 4. gr. frv. til laga um tæknifrjóvgun um nafnleynd kynfrumugjafa verður að telja dæmigert sérákvæði laga um þagnarskyldu, þ.e. þær upplýsingar sem óheimilt er að veita, eru skýrlega tilgreindar. Sú ályktun verður því dregin af 3. mgr. 2. gr. frv. til upplýsingalaga að sérákvæði um nafnleynd kynfrumugjafa falli utan ramma frv. sem lögbundið frávik frá réttinum til aðgangs að gögnum. Þessi skoðun kom fram og var staðfest í allshn. af einum af höfundum þessa frv. til upplýsingalaga.

Þá tel ég rétt að gera sérstaka grein fyrir bréfi er barst til allshn. Alþingis eftir að málið hafði verið afgreitt út úr nefndinni frá læknum á kvennadeild Landspítalans. Með leyfi virðulegs forseta vil ég fá að lesa þetta bréf upp því ég tel mikilvægt að það komi fram.

„Okkur undirrituðum læknum á kvennadeild Landspítalans hafa borist breytingartillögur allsherjarnefndar við frumvarpið og virðist okkur þær allar vera til bóta. Viljum við þakka nefndinni mikla og góða vinnu sem hún hefur lagt til þessa máls.

Tilefni þessa bréfs er sú gagnrýni sem fram hefur komið m.a. frá einstökum þingmönnum á nafnleyndarákvæði frumvarpsins. Við teljum það skyldu okkar að gerast málsvarar þess fólks sem við núverandi aðstæður sér sér þann einn kost til að fæða börn að þiggja kynfrumur frá þriðja aðila. Þessi hópur óskar yfirleitt eindregið eftir gagnkvæmri nafnleynd eins og frv. gerir ráð fyrir. Sama má segja um þorra gefenda kynfrumna eins og reynslan erlendis sýnir. Með því að afnema nafnleyndina er lagður steinn í götu þessa fólks og leiðin gerð erfiðari að settu marki. Jafnframt er því og reyndar öllum þeim sem á sl. 20 árum hafa valið þessa leið til fjölskyldumyndunar brigslað um að brjóta rétt á börnum sínum. Við vitum að mörgum finnst nærri sér höggvið og trúlega fylgjast flestir grannt með gangi þessa máls þótt fáir eða engir treysti sér til að ganga fram fyrir skjöldu.

Nú er það sem betur fer svo að framfarir í ófrjósemismeðferð hafa dregið verulega úr þörfinni á notkun gjafasæðis. Hér á landi höfum við í nokkur ár stundað glasafrjóvgun sem hjálpar mörgum sem áður hefðu þurft á tæknisæðingu með gjafasæði að halda. Smásjárfrjóvganir munu hjálpa enn fleirum. Við vitum einnig að engir fagna þessum nýjungum innilegar en fólkið sjálft og velur þessar leiðir þótt þær séu margfalt dýrari en tæknisæðingin. Reynslan erlendis sýnir enn fremur að tilkoma smásjárfrjóvgana leiðir til mikillar fækkunar tilfella þar sem þörf er á gjafasæði.

Nú hefur verið stefnt að því hér á landi að hefja smásjárfjóvganir innan eins til tveggja ára. Við viljum því beina þeim tilmælum til allsherjarnefndar og þingsins að viðhalda nafnleyndarákvæðinu á þann hátt sem gert er ráð fyrir í breytingartillögum nefndarinnar. Síðan yrði gert ráð fyrir endurskoðun ákvæðisins eftir t.d. fimm ár. Teldum við það farsæla lausn fyrir skjólstæðinga vora ef þingmenn næðu slíkri málamiðlun í góðu samlyndi."

Undir þetta bréf rita nöfn sín Reynir Tómas Geirsson prófessor, Auðólfur Gunnarsson sérfræðingur, Guðmundur Arason sérfræðingur, Jón Hilmar Alfreðsson yfirlæknir og Þórður Óskarsson sérfræðingur.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka mikilvægi þess að lög séu sett um þetta réttarsvið. Ef menn reyna að setja sig í spor fólks sem þarf á slíkri þjónustu að halda ætti þeim að vera ljóst mikilvægi þess að fyrir liggi sem skýrastar reglur um framkvæmdina. Meiri hluti nefndarinnar telur þó eins og fram hefur komið rétt að fara varlega af stað í upphafi en síðan verði hugað að endurskoðun laganna þegar nokkur reynsla er komin á þau. Er það í samræmi við bréf frá læknum á kvennadeild Landspítalans, sem ég las upp áðan, þar sem þeir mæla með afgreiðslu málsins með þeim hætti sem meiri hluti nefndarinnar leggur til og síðan yrði gert ráð fyrir endurskoðun ákvæðisins. Vonandi er að sátt náist um framgöngu þessa mikilvæga máls og nota ég þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum í allshn. fyrir vönduð vinnubrögð í þessu máli enda um afar vandmeðfarið en jafnframt mikilvægt mál að ræða.

Umræðu frestað.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækningalyf, lyfjavernd o.fl.). — Þskj. 314, nál. 870, brtt. 871.

[18:12]

Frsm. iðnn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá iðnn. við frv. til laga um einkaleyfi, lögum um vörumerki og lögum um hönnunarvernd. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Ástu Valdimarsdóttur lögfræðing og Ómar Grétar Ingvarsson verkfræðing frá Einkaleyfastofunni en þau áttu sæti í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið. Þá komu einnig fyrir nefndina þeir Friðrik Kristjánsson frá Omega Farma hf., Ottó B. Ólafsson frá Delta hf., Ólafur Helgi Árnason frá Samtökum iðnaðarins, Örn Guðmundsson frá Lyfjaverslun Íslands og Jón L. Arnalds héraðsdómari.

Með frumvarpinu er lagt til að breytt verði ýmsum ákvæðum laga um einkaleyfi ásamt einu ákvæði vörumerkjalaga og einu ákvæði laga um hönnunarvernd, með vísan til breytinga vegna skuldbindinga Íslands í alþjóðasamstarfi. Annars vegar er um að ræða samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og samning um hugverkarétt í viðskiptum og hins vegar er um að ræða skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Enn fremur eru gerðar tillögur um breytingar í samræmi við tillögur sem norrænn vinnuhópur um einkaleyfamál hefur gert. Meginbreytingin felst í því að heimilt verður að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi verði frumvarpið að lögum.

Nefndin leggur til að tveimur nýjum greinum verði bætt við frumvarpið er breyti 31. og 33. gr. einkaleyfalaganna. Við framkvæmd á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi hafa komið í ljós annmarkar á þessum greinum. Með breytingunni er heimilað að í reglugerð verði kveðið á um þýðingar

á alþjóðlegum einkaleyfisumsóknum við innlagningu þeirra hérlendis og þegar slíkar umsóknir eru yfirfærðar til Íslands. Felld er að hluta til niður skylda til að leggja inn íslenska þýðingu á umsókn við yfirfærslu. Þar sem Einkaleyfastofan er ekki byggð upp sem rannsóknastofnun á sviði einkaleyfa, en stofnunin hefur til þess hvorki nægilegan fjölda sérfræðinga né rannsóknargögn, verður hún að leita til erlendra rannsóknastofnana vegna rannsókna á einkaleyfishæfi umsókna. Þessar rannsóknastofnanir geta ekki framkvæmt rannsóknina ef umsóknargögn eru á íslensku. Þá er ekki nauðsynlegt að óska eftir afriti af alþjóðlegri umsókn sem óskast yfirfærð til Íslands þar sem hægt er að fá slík afrit send frá Alþjóðahugverkastofnuninni og lýtur hluti breytingarinnar að því atriði.

Breytingar á 25. og 28. gr. varða gildistöku ef frv. verður að lögum.

Mikil umræða varð í nefndinni um túlkun á 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. einkaleyfalaganna sem fjallar um takmarkanir á einkarétti einkaleyfishafa. Í ákvæðinu segir að einkaréttur nái ekki til tilrauna með efni uppfinningar og telja íslenskir lyfjaframleiðendur eðlilegt að skýra ákvæðið svo að heimilt verði að vinna að þróun og skráningu samheitalyfja hér á landi á meðan einkaleyfisverndar nýtur.

Íslensku einkaleyfalögin eru í öllum meginatriðum samhljóða einkaleyfalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum, þar með talið ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna. Norræn löggjöf hefur verið samræmd löggjöf helstu iðnríkja Evrópu og þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðavettvangi. Einkaleyfi eru í eðli sínu alþjóðleg og því nauðsynlegt að um löggjöf á þessu sviði skapist samstaða á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. að svo stöddu. Nefndin minnir á að það er hlutverk íslenskra dómstóla að kveða á um túlkun einkaleyfalaganna ef ágreiningur rís um hana fyrir þeim. Hins vegar telur nefndin brýnt að einkaleyfayfirvöld, iðnrn. og Einkaleyfastofan, fylgist náið með réttarþróun á þessu sviði og beiti sér fyrir umræðum um túlkun og endurskoðun þessa ákvæðis, t.d. á norrænum vettvangi. Varðandi alþjóðaskuldbindingar almennt telur nefndin eðlilegt og mikilvægt, bæði við gerð og túlkun þeirra, að íslenskir hagsmunir verði ávallt hafðir að leiðarljósi til hins ýtrasta.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Iðnn. var einróma um það álit sitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tæknifrjóvgun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884.

[18:18]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 1. minni hluta allshn. um þetta frv. um tæknifrjóvgun sem birt er á þskj. 824.

Eins og fram kom hjá framsögumanni meiri hlutans þá hefur allshn. rætt málið mjög ítarlega. Mjög margir umsagnaraðilar komu á fund nefndarinnar. Ég ætla ekki að telja þá **upp heldur vísa í meirihlutaálitið.**

Eins og fram kom hjá mér við 1. umr. fögnum við kvennalistakonur framkomnu frv. um tæknifrjóvgun, enda má rekja tilurð þess til þingsályktunartillögu kvennalistakvenna frá árinu 1989 sem samþykkt var á Alþingi. Ályktunin hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frv. til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra er hlut eiga að máli."

Án löggjafar hefur tæknisæðing verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1980, glasafrjóvgun frá árinu 1991 og árið 1992 voru lögfestar með barnalögunum reglur um faðerni barna sem getin eru með tæknifrjóvgun. Í greinargerð með frv. eru færð rök fyrir því að rétt sé að sett verði lög um tæknifrjóvgun og skýrar línur markaðar um ýmis atriði er varða framkvæmdina sjálfa, skilyrði sem þeir sem fá heimild til meðferðar þurfi að uppfylla, réttarstöðu barns o.fl. Um þetta var nefndin sammála eins og um flest meginatriði frv.

Fyrst og fremst var tekist á um tvö atriði í nefndinni. Annað atriðið varðar það hvort kynfrumugjafi eða kynfrumuþiggjandi geti krafist nafnleyndar og um leið útilokað að það barn, sem verður til, geti fengið vitneskju um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur, eða þegar það verður sjálfráða. Hitt ágreiningsatriðið varðar það hverjir eigi rétt á tæknifrjóvgun, hvort rétt sé að frv. sé fyrst og fremst viðbragð við ófrjósemi og því réttlætanlegt að hvorki sé tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna.

Þetta síðara mál var ekki eins mikið rætt í nefndinni, það skal tekið fram, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar undirritaðrar um þetta atriði.

Kvennahreyfingin úti um allan heim hefur fylgst grannt með hvernig mismunandi ríki hafa tekið á þeirri tækni sem gerir tæknifrjóvgun mögulega. Umdeildasta atriðið í þessu sambandi er svokölluð staðgöngumæðrun sem samkvæmt þessu frv. er óheimil. Staðgöngumæðrun, sem skilgreind er í 1. gr. frv., vekur upp mjög margar siðfræðilegar og lagalegar spurningar, m.a. um það hver teljist vera móðir viðkomandi barns. Ef til koma greiðslur í slíkum tilvikum er rætt um leigumæðrun sem að mati 1. minni hluta er eitt svívirðilegasta birtingarform kvennakúgunar sem hægt er að hugsa sér. Því ber að fagna því sérstaklega að ekki kom til tals að heimila staðgöngumæðrun við þessa lagasetningu. Að öðru leyti vil ég nota tækifærið og benda á tvö kvennapólitísk meginsjónarmið:

Annað sjónarmiðið er að með því að gera tæknifrjóvgun aðgengilega vaxi oft þrýstingur á barnlaust fólk að eignast börn og því sé erfiðara en ella að velja eða sætta sig við barnleysi. Því eyði margir dýrmætum tíma og fjármunum í aðgerðir sem oft bera ekki árangur og vonbrigðin vegna barnleysis verði sárari en ella. Því er mælt með að við ráðgjöf sé ávallt athugað að allir aðilar, sem æskja tæknifrjóvgunar, geri það ópvingaðir; að sjálfræði einstaklinganna sé virt.

Það má benda á að þessi ábending kom fram hjá nokkrum umsagnaraðilum.

Hitt sjónarmiðið er að þessa nýju tækni beri að nota til þess að gera sem flestum sem þess óska mögulegt að eignast börn. Í því samhengi er ófullnægjandi að líta á tæknifrjóvgun eingöngu sem viðbragð við læknisfræðilegri ófrjósemi því að það útilokar að tekið sé á ófrjósemi einhleypra kvenna og samkynhneigðra kvenna.

Í þriðja lagi má benda á að þótt ákveðin kvenfrelsisrök **mæli með því að sem flestir fái aðgang að tæknisæðingu eða**

glasafrjóvgun geti þessi réttur kvenna eða foreldra varla talist æðri en sú skoðun að þessi börn hafi eins og önnur börn þörf fyrir og rétt á að fá að vita um líffræðilegan uppruna sinn og rétt á þroskavænlegum uppeldisskilyrðum. Þó að hvorki barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna né mannréttindasáttmáli Evrópu verði túlkaðir þannig að barnið eigi skýlausan rétt á að vita um uppruna sinn er ljóst að a.m.k. í þeim síðarnefnda hefur þessari kröfu ekki verið hafnað. Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands er bent á að frá 1987 hafi átt sér stað ákveðin réttarþróun á túlkun mannréttindasamnings Evrópu um skyldu stjórnvalda til að veita barni upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn.

Í ljósi þessara meginviðhorfa sótti 1. minni hluti mjög fast að 4. gr. frv. yrði breytt í þá veru að nafnleynd verði aflétt til að þau börn, sem verða til við tæknifrjóvgun geti fengið upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur. Helstu mótrökin sem fram komu gegn því að heimila tæknifrjóvganir eingöngu ef nafnleynd er aflétt, voru þau að erfitt yrði að fá kynfrumur, einkum sæði, ef nafnleynd yrði aflétt. Í nefndinni náðist fram málamiðlun sem birtist í breytingartillögum meiri hlutans. 1. minni hluti getur sætt sig efnislega við þá málamiðlun í ljósi aðstæðna þó að æskilegra væri að aflétta nafnleynd alfarið ef það væri hægt án þess að tæknifrjóvganir legðust af eða yrðu mun erfiðari í reynd. Orðalagið á breytingartillögu meiri hlutans miðast of mikið við gjafa kynfrumna í stað þiggjanda sem að mati 1. minni hluta á að vera sá sem ákveður hvort hann velur nafnleynd eftir faglega ráðgjöf.

Í reynd er þetta bara spurningin um hvort það er skipt við sæðisbanka frá Svíþjóð þar sem nafnleynd er ekki eða í Danmörku sem við höfum mest skipt við þar sem nafnleynd ríkir. Ég tel því að það sé fyrst og fremst þiggjandinn sem þarf að ákveða hvort hann vill nafnleynd eða ekki og þess vegna sé eðlilegra að miða orðalag breytingartillögunnar við þiggjandann fremur en gefandann.

Fyrsti minni hluti leggur því til breytingu á 4. gr. þar sem uppröðun efnisgreina og orðalag breytir áherslum þannig að fyrst er rætt um þau tilvik þar sem nafnleynd er aflétt og lögð áhersla á að það er val kynfrumuþiggjandans sem ræður úrslitum um það hvort reynt verður að fá kynfrumur frá gjafa sem er tilbúinn að aflétta nafnleynd. Þessi lausn er að því leyti ófullnægjandi að það eru væntanlegir foreldrar sem hafa valið um það hvort barnið getur fengið upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur, í stað þess að það verði opið val fyrir öll börn sem fæðast vegna tæknifrjóvgunar. Hin leiðin er að útiloka alfarið tæknifrjóvganir með nafnleynd. Ef fram kemur breytingartillaga í þá veru munu þingkonur Kvennalistans taka sjálfstæða afstöðu til hennar sem einstaklingar.

Forseti (GÁ): Ef forseti má aðeins trufla hv. þm. í ræðu sinni þá stóð til að fresta þessum fundi um klukkan hálfsjö. Forseti freistar þess enn að ná hér fram atkvæðagreiðslu um breytingartillögur sem eru of seint fram komnar. Ef þingmenn sem eru á skrifstofum heyra mál forseta þá komi þeir í húsið því enn vantar tvo menn til þess að atkvæðagreiðslan geti farið fram.

Forseti vill líka spyrja hv. þm. hvort hún vilji halda áfram, hvort hún eigi mikið eftir af ræðu sinni eða hvort hún vilji fresta henni þar til síðar?)

Já, ég á dálítið eftir af minni ræðu.

Forseti (GÁ): Já, þá fer það nú svo á eftir að hv. þm. verður að fresta ræðu sinni. En meðan beðið er nokkurra þingmanna í viðbót þá biður forseti hv. þm. um að halda ræðu sinni áfram.)

Herra forseti. Ég veit ekki hvort þetta er eðlileg fundarstjórn eða ekki en mér finnst þetta mjög skrítin fundarstjórn verð ég að segja. En ég skal verða við beiðni forseta og halda áfram ræðu minni og vonast til að geta klárað hana áður en til atkvæðagreiðslu kemur.

Ég vil halda áfram að lýsa í hverju ágreiningur minn við meiri hluta nefndarinnar felst. Ég er komin þar í nefndarálitinu sem ég er að gera grein fyrir hér, þar sem kemur að því að meginágreiningur 1. minni hluta og meiri hlutans varðar það hverjir eigi möguleika eða rétt á að fá tæknifrjóvgun og það hvort frv. sé fyrst og fremst viðbragð við ófrjósemi og því réttlætanlegt að hvorki sé tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna. 1. minni hluti telur óhjákvæmilegt að taka á þessu máli í heild sinni í löggjöf af þessu tagi og því þurfi að rökstyðja gaumgæfilega og mun betur en gert er í greinargerðinni hvers vegna samkynhneigðir og einhleypar konur fá eða fá ekki aðgang að tæknifrjóvgun. Annað geti verið brot á jafnræðisreglu.

Með breytingartillögum á þingskjali 826 við 3. svo og 5. og 6. gr. frv. ...

[18:31]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Biður nú forseti hv. þm. um að fresta ræðu sinni þar til síðar.

Því miður næst ekki fram atkvæðagreiðsla um þær tvær breytingartillögur sem of seint voru fram komnar. En nú verður þessum fundi frestað og umræðu um þetta mál til klukkan hálfníu í kvöld. Fundinum er frestað.

[Fundarhlé. — 18:32]

[20:32]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) (frh.):

Herra forseti. Ég mun þá halda áfram með ræðu mína. Ég hef velt því fyrir mér hvort ég eigi að hefja hana að nýju þar sem búið er að stoppa mig tvisvar eða þrisvar sinnum í henni miðri. En ég held nú að ég sleppi því að sinni ef ég má byrja a.m.k. á heillegri setningu.

Forseti (ÓE): Forseti kann að meta það.)

Gripið fram í: Byrjaðu bara á ræðunni Guðný. Það er nógur tími.) Ég er að gera grein fyrir nefndaráliti 1. minni hluta allshn. Og mun nú halda áfram þar sem frá var horfið.

Meginágreiningur 1. minni hluta og meiri hlutans varðar það hverjir eigi möguleika eða rétt á að fá tæknifrjóvgun og það hvort frv. sé fyrst og fremst viðbragð við ófrjósemi og því réttlætanlegt að hvorki sé tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna. 1. minni hluti telur óhjákvæmilegt að taka á þessu máli í heild sinni í löggjöf af þessu tagi og því þurfi að rökstyðja gaumgæfilega og mun betur en gert er í greinargerðinni hvers vegna samkynhneigðir og einhleypar konur fá eða fá ekki aðgang að tæknifrjóvgun. Annað geti verið brot á jafnræðisreglu.

Með breytingartillögum sem að ég flyt á þingskjali 826 við 3. og 5. og 6. gr. frv. er mælt með því að tekið verði út það skilyrði a-liðar 3. gr. að tæknifrjóvgun sé takmörkuð við pör sem hafi búið saman í þrjú ár. Aðrar breytingartillögur eru tæknilegar orðalagsbreytingar vegna breytingar á a-lið 3. gr.

Rökstuðningur fyrir þessari afstöðu kom fram í ýmsum umsögnum um frv. en meiri hlutinn virtist ekki tilbúinn að ræða þessi rök til hlítar. Við 1. umr. um frv. benti undirrituð á að það kæmi kannski ekki á óvart miðað við þá hefðbundnu skoðun að börn eigi bæði föður og móður að einhleypum konum væri ekki heimilt að fá tæknifrjóvgun samkvæmt frv. Í reynd væru þó einstæðar mæður á Íslandi ekki skyldugar til að feðra börn sín. Því væri ekki sjálfgefið að hafa þennan hátt á og það þyrfti að athuga gaumgæfilega í nefndinni. Það að neita einhleypum konum um tæknifrjóvgun mætti einnig skoða sem mismunun gagnvart samkynhneigðum konum og enn eitt dæmið um skerta réttarstöðu þeirra. Þessi sjónarmið eru rökstudd mun ítarlegar í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands og í siðferðilegri álitsgerð um frv. sem unnin var af Maríu Sigurjónsdóttur, lækni og heimspekingi, fyrir framkvæmdastjórn Ríkisspítala.

Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að af greinargerð frv., með leyfi forseta: „... mætti ætla að það teldist andstætt viðurkenndum siðferðisreglum í íslensku samfélagi að heimila öðrum en konum í óvígðri sambúð eða hjúskap að njóta tæknifrjóvgunar og að barni verði ekki tryggð þroskavænleg skilyrði nema það alist upp með karli og konu sem eru samvistum. Þessar gefnu forsendur eru ekki rökstuddar og ástæða er til að setja spurningarmerki við gildi þeirra.“ Þá er bent á að engin trygging er fyrir varanleika sambúðar þó að hún hafi varað í þrjú ár og að rannsóknir bendi ótvírætt til að börn séu betur komin hjá umhyggjusömum einstæðum foreldrum en í slæmri sambúð. Þá er spurt, ef litið er á ófrjósemi sem sjúkdóm eins og frv. virðist gera, hvernig það megi vera að einn sjúklingur geti fengið lækningu en annar ekki, þ.e. einhleyp ófrjósöm kona. Tekið er undir eftirfarandi niðurstöðu í sömu umsögn, með leyfi forseta: „Það er engan veginn augljóst að útiloka eigi rétt einhleypra kvenna til tæknifrjóvgunar með öllu eins og gert er í frv. Margvísleg rök hníga að því að einnig þær skuli eiga þessa kost að vissum skilyrðum uppfylltum.“

Með hliðsjón af fyrirhugaðri lagasetningu um staðfesta sambúð samkynhneigðra leggur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að íhugað verði að breyta frv. þannig að það nái einnig til samkynhneigðra kvenna í varanlegri sambúð.

Þá vil ég vitna beint í álit Mannréttindaskrifstofunnar, með leyfi forseta:

„Með því móti er jafnræði með þeim sem líkt er ástatt um og tekið fullt tillit til stjórnarskrárbundins jafnræðis borgaranna án tillits til kynhneigðar.“

Við þetta vill 1. minni hluti bæta að fjölmargar rannsóknir benda til að samkynhneigðir foreldrar séu alls ekki síðri uppalendur en aðrir foreldrar.

Í álitsgerðinni frá framkvæmdastjórn Ríkisspítala er sviðuð afstaða tekin til a-liðar 3. gr. frv. og stöðu einhleypra kvenna og samkynhneigðra gagnvart tæknifrjóvgun:

Þá vil ég bitna beint í það álit, með leyfi forseta:

„Raunverulega tel ég að aðalatriðið í sambandi við tæknifrjóvgun sé að reyna að tryggja að væntanlegir foreldrar séu hæfir foreldrar og ráði við það hlutverk tilfinningalega. Hvað varðar hæfi þá tel ég að kynhneigð foreldris skipti ekki máli fyrir hæfi þeirra sem foreldris. Reynsla, sem komin er af einstæðum foreldrum, bendir ekki til þess að þeir séu vanhæfari en tveir foreldrar til að ala upp börn sín þó svo að vissulega mætti gera betri rannsóknir á þessu. Þess vegna dreg ég í efa [þ.e. María Sigurjónsdóttir sem skrifar álitið] að ákvæði frv. hvað varðar samkynhneigðar og einstæðar konur séu réttmæt þó svo að ég bendi líka á nauðsyn rannsókna.“

Með þeim breytingartillögum sem 1. minni hluti leggur til á þingskjali 826 er opnað fyrir möguleika fleiri til að fá tæknifrjóvgun, m.a. einhleypra kvenna og samkynhneigðra, svo framarlega sem skilyrðum b-, c- og d-liðar 3. gr. er fullnægt. Það er að segja, mælt er með því að væntanlegir foreldrar þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt þessum breytingartillögum sem 1. minni hluti leggur til en ekki aðeins pör sem hafa verið þrjú ár í sambúð. Í því sambandi er það oft staðreynd að barn, sem á eitt foreldri, hefur óöruggara tengslanet en það sem á tvo, en svo þarf alls ekki að vera. Því er áhersla lögð á að þrátt fyrir þá opnun, sem hér er lögð til með breytingu á a-lið 3. gr., hljóta hagsmunir barnsins að vega þyngst ef hagsmunir stangast á. Að öðru leyti styður 1. minni hluti breytingartillögu meiri hlutans við 2. gr., þ.e. að boðið verði upp á ráðgjöf, svo og breytingartillögur við 11., 13., 14. og 15. gr. frv.

Undir þetta álit 1. minni hluta skrifar Guðný Guðbjörnsdóttir.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessu nefndaráliti. En ég vil ítreka að þetta mál var mjög ítarlega rætt í allshn. og allir voru nefndarmenn sammála um að hér er um afar viðkvæmt en mikilvægt mál að ræða. Það sýnir mjög vel hvaða möguleika nútímatækni er að opna, en um leið hvað þessi tækni vekur margar siðferðilegar spurningar, spurningar sem orka mjög tvímælis. Þó að málið hafi verið rætt svona ítarlega þá náðist ekki eining um þessi atriði fyrst og fremst, þ.e. hverjir fái aðgang að tæknifrjóvgun og hvort nafnleynd skuli viðhöfð eða ekki.

Tæknifrjóvgun eins og ég sagði í upphafi er nú mjög mikið í umræðunni í flestum nágrannalanda okkar á vettvangi dómstóla, í kvennahreyfingum og á löggjafarsamkundum. Umræðan virðist vera að færast í þá átt að það sé meira og meira horft á réttindi barnanna sem verða til og þeirra hugmynda að þau eigi rétt á að vita um uppruna sinn eins og aðrir einstaklingar. Það er von mín að sú verði einnig þróunin hér á landi með þessari löggjöf. Það er reyndar bara opnað á þann möguleika að nafnleynd verði aflétt en það er vonandi aðeins skref í áttina. Hins vegar held ég að það sé líka mjög mikilvægt að þjóðfélagið viðurkenni að í reynd þá er hefðbundna kjarnafjölskyldan, par og börn, ekki eina fjölskyldugerðin sem er til. Í reynd eru til fjölskyldur kvenna með eða án barna og það er að mínu mati alls ekki réttlátt að útiloka þessar fjölskyldur frá tæknifrjóvgun eingöngu vegna þess að þær hafa ekki verið í sambúð í þrjú ár. Frv. eins og það er núna endurspeglar hefðbundin gildi í samfélaginu en veruleikinn er allur annar. Það er mín trú að þessi sjónarmið eigi eftir að breytast, það sé bara spurning um tíma hvenær það gerist. Þess vegna legg ég fram þá breytingartillögu að tæknifrjóvgun verði ekki bundin við gift pör eða þau sem eru í sambúð, þó ég búist ekki við því að sú tillaga verði samþykkt á þessari stundu.

[20:45]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Í breytingartillögu 2. minni hluta á þskj. 842 er lagt til að einstaklingur, sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu, eigi alltaf, eftir að hann nær sjálfræðisaldri, óheftan aðgang að upplýsingum um uppruna sinn. Þetta mál er viðkvæmt eins og fram hefur komið í umfjöllun meiri hluta nefndarinnar og 1. minni hluta og um það þarf að fjalla af nærfærni eftir því sem kostur er. Jafnframt er um að ræða

siðferðilegt, félagslegt og lagalegt álitamál og því er ekkert undarlegt að skoðanir skiptist á hinu háa Alþingi þegar það er til umfjöllunar hér. Það ákvæði sem fengið hefur mesta umræðu og mest er deilt um hér svo sem í öðrum löndum er ákvæði um nafnleynd kynfrumugjafa. Það er í raun og veru það eina sem skilur í milli meiri hluta allshn. og 2. minni hluta og fjalla brtt. 2. minni hluta eingöngu um 4. gr., þ.e. nafnleyndarákvæðin og skráningu upplýsinga.

Rökin gegn nafnleynd gagnvart einstaklingi sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu eru tvenns konar. Þau taka til mannréttinda hans og erfðalækninga. Það er nú svo að við setningu laga um tæknifrjóvgun verður að taka tillit til þróunar mannréttindalöggjafar á undanförnum árum og sú löggjöf er í örri þróun nú um stundir. Tækniframfarir eru einnig miklar þannig að töluvert er að gerast í þessum efnum og ekki ástæða til að flana svo mjög í þessum málum.

Ákvæðið um nafnleynd kynfrumugjafa felur í sér að vera um leið ákvæði sem hindrar einstakling í því að fá að vita um uppruna sinn. Verði frv. óbreytt að lögum þarf að setja sérlög sem kveða á um að viss ákvæði stjórnsýslulaga og væntanlegra upplýsingalaga sem nú liggja fyrir hinu háa Alþingi nái ekki til þeirra sem getnir eru með gjafakynfrumu. Ég hef rætt þetta mál við hv. formann allshn. og óskað þess að á milli 2. og 3. umr. verði málið rætt að nýju og hef góð orð um að málið verði tekið til skoðunar á milli umræðna. Nýjar upplýsingar eru að mínum dómi sífellt að koma, a.m.k. nýjar fyrir mér og ýmsum fleirum sem hugsa um málið. Það þarf að fara yfir umsagnir sem borist hafa og þar er eitt nýtt sem ég vildi geta um. Eftir að málið var tekið út úr allshn. kom umsögn frá Lögmannafélagi Íslands og ég leyfi mér að lesa stuttan kafla, einmitt þann sem fjallar um 4. gr. frv., með leyfi forseta:

„Laganefnd telur að breytingartillaga meiri hluta allsherjarnefndar um að það sé á valdi kynfrumugjafa að ákveða hvort nafni hans skuli haldið leyndu eða ekki sé ótæk, hún feli í sér slíka mismunun fyrir börn þau sem getin eru við tæknifrjóvgun að óviðunandi sé. Laganefnd telur að sama regla hljóti að eiga að gilda um rétt allra barna í þessu efni. Ef tillagan byggir á mannréttindasjónarmiðum hljóta réttindi barnanna að ráða en ekki vilji kynfrumugjafans sem er í raun óvirkur aðili við ákvörðun um framkvæmd og lögfylgjur getnaðar barnsins."

Mér er ljóst að margir trúa því í alvöru að nafnleyndin sé dæmi sem gengur upp. Að í því felist ekki mismunun og ekki óþarfa fjötrar og alls ekki grimmd í garð fullveðja einstaklinga, borgara í þessu landi, þótt upplýsingum sem þá varða beint sé haldið leyndum fyrir þeim sjálfum og það jafnvel þótt aðrir hafi aðgang að þeim upplýsingum. Ég hef minnst á frv. til upplýsingalaga og ákvæði stjórnsýslulaga og ég vil einnig geta þess þáttar sem snýr að frændum okkar, Dönum. Þeir hafa ekki enn sett löggjöf um tæknifrjóvgun en nafnleynd er þar á kynfrumugjöfum eins og kunnugt er. Og við höfum litið til þeirra í flestu eða öllu tilliti varðandi tæknifrjóvgun. Þaðan er fengið gjafasæðið og ýmis tengsl eru milli þessara þjóða um þessi efni. En þeir hafa ekki sett lög enn þá. Hins vegar hef ég fengið upplýsingar úr dönsku dagblaði, Information, 25. apríl. Þar segir frá tillögu um að skipta tæknifrjóvgunarfrumvarpi dönsku stjórnarinnar í þrennt til að reyna að auðvelda framgang þess. Í fréttinni sem ég las í „Information" og leiðara blaðsins þann sama dag segir að málið vefjist fyrir danska þinginu. Það kemur fram að þingmenn eru ekki taldir bundnir af flokkslínum í þessu máli enda þess eðlis að erfitt er að sjá að slíkar línur geti gilt. Þar er búist við mörgum brtt. án þess að niðurstöður séu komnar. Við sjáum af þessu að tæknifrjóvgunarmálið er í mikilli gerjun í Danmörku og er ekki séð fyrir endann á því enn hver lausnin verður þar. Það getur farið svo að danska þingið afnemi nafnleyndina. Við sjáum því að það er fleira en ákvarðanir okkar hér á hinu háa Alþingi sem ræður því hvernig fer með tæknifjróvgun með gjafakynfrumum hér á Íslandi.

Rökin fyrir nafnleynd hafa einkum verið þau að ekki fengist gjafasæði ef nafnleyndinni yrði aflétt. Og hvert á þá að fara ef Danir taka líka fyrir útflutning þessa? Eitthvað annað, þangað sem mannréttindi eru kannski ekki í jafnörri þróun og hér á Norðurlöndum?

Fyrr í umræðunni var vitnað til bréfs frá kvennadeild Landspítalans vegna frv. til laga um tæknifrjóvgun. Það barst í hólf okkar þingmanna fyrir nokkru síðan, dagsett 16.4. 1996 og var raunar lesið upp hér. Þar segir einmitt líka frá því að tæknibróunin sé ör og að víkjandi þáttur í starfsemi deildarinnar, ef ég skil bréfið rétt, sé einmitt tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum vegna þess að reiknað er með að innan eins til tveggja ára verði smásjárfrjóvganir hafnar hér á landi. Því taka sérfræðingarnir og læknarnir sem undirrita bréfið undir það að málin séu í örri þróun. Það er vissulega fagnaðarefni ef hægt er að leysa ófrjósemisvandann sem liggur til grundvallar þessu frv. með öðrum hætti en þeim að þyrla upp svo mörgum siðferðilegum, lagalegum og félagslegum álitaefnum eins og vissulega er gert með kynfrumugjöfum. Ég hef sett spurningarmerki við það hvers vegna við séum að setja lög um nafnleynd þegar réttarþróun gengur yfirleitt í aðra átt í okkar heimshluta. Hvers vegna að byggja hluta af heilbrigðisstarfsemi á feluleik og pukri? Fyrr á öldinni var það gert t.d. varðandi dauðvona sjúklinga. Þeir fengu ekki að vita af því heldur var hvíslað að aðstandendum hvernig komið væri og hver sjúkdómsgreiningin væri og síðan olli það honum að sjálfsögðu kvíða og óróleika að sjá hversu allir tipluðu á tánum vegna þess að þeir vildu ekki og máttu í rauninni ekki segja honum frá. Nú hefur þetta breyst. Nú eru samskiptin hreinskilin og eðlileg milli læknis og sjúklings og aðstandenda hans eins og vera ber. Og eftir því sem mögulegt er á að sjálfsögðu að hafa slík samskipti í heilbrigðisþjónustunni og hvarvetna í samfélaginu.

Varðandi ættleiðingar var einnig fyrir fáeinum áratugum stundaður feluleikur. Ættleiðing var feimnismál og börnum ekki sagt frá þeim staðreyndum, hvorki sem börnum né fullorðnum. Við þekkjum sjálfsagt öll einhver dæmi þess að ættleiddir einstaklingar hafi leitað kynforeldra sinna og mörg dæmi eru einnig um þá kreppu sem fólk hefur lent í og getur lent í við þær aðstæður að frétta það óvart utan að sér að pabbi og mamma séu í rauninni ekki líffræðilegir foreldrar heldur hafi viðkomandi verið ættleiddur en aldrei sagt frá því. Slíkt getur valdið miklum vonbrigðum, öryggisleysi og skertri og brotinni sjálfsmynd. Þetta eru staðreyndir í lífi ýmissa sem hafa mátt þola þetta ferli. Þetta vil ég ekki, herra forseti, að endurtaki sig í löggjöf um tæknifrjóvgun. Það gengur ekki að setja löggjöf um það að réttur einstaklingsins til að vita uppruna sinn sé af honum tekinn um alla framtíð. Þeir sem eru ábyrgir fyrir því að upplýsa barn um uppruna sinn sé hann ekki náttúrulegur eru foreldrarnir, hinir félagslegu foreldrar og ábyrgu aðilar. Ég tel víst að yfirleitt muni það hafa gengið og muni ganga eðlilega og að barnið sé upplýst um þessar staðreyndir þegar það hefur

aldur til að mati foreldra. Það er ekki ástæða til að efast um að þeir uppfylli foreldrahlutverkið af ábyrgð í flestum tilvikum. En dæmi eru einnig um annað og víst eru dæmi þess að einstaklingur líði fyrir það að aðstæðurnar umhverfis hann bresta og brotna. Hann kemst t.d. að því við skilnað foreldranna að hann er ekki barn beggja. Hann ætti þá að geta komist í skráðar heimildir um það hver líffræðilegur faðir hans er þannig að hann hafi sama rétt og aðrir til að vita líffræðilegan uppruna sinn. Reynslan af ættleiðingum bendir til mikilvægis þess að vera heiðarlegur við barnið, annars getur verið hætta á að barnið fái að vita um uppruna sinn með öðrum og óheppilegri hætti. Í þeim tilvikum kæmi til með að reyna á þessar skráðu heimildir.

Svo sem ég sagði, þá yrði í reynd helst þar sem fjölskyldulífið væri ekki í lagi að barnið sem unglingur eða fullorðinn mundi leita þessara upplýsinga, t.d. til þess að átta sig á sjálfum sér, þekkja sjálfan sig og styrkja sjálfsmynd sína. Djúpstæð þörf fólks, að þekkja líffræðilegan uppruna sinn er þekkt og þótt allt sé í lagi með fjölskyldulífið og samband foreldranna og barnsins, þá er áhugi fyrir því að þekkja kynforeldrið fullkomlega eðlilegur og þann rétt einstaklingsins, borgarans, ber hikstalaust að virða.

Herra forseti. Það hníga öll rök að því að nafnleynd kynfrumugjafa fái ekki staðist. Það má einnig spyrja hvort ákvæði laga sem ég hef drepið á veita ekki barni tækifæri til að fara með mál fyrir dómstóla, þ.e. ef gjafi nýtur nafnleyndar og gera þá kröfu að nafnleyndinni verði aflétt. Því munu að sjálfsögðu dómstólar einhvern tíma verða að svara. Ég vona hins vegar að til þess komi ekki og lög sem meina einstaklingi að vita um skráðar heimildir og skráðar staðreyndir um sjálfan sig verði ekki í gildi í landinu. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar sett eru lög sem varða börn. Það er óheimilt að mismuna börnum. Það tel ég að eigi við um ættleidd börn, fósturbörn og börn sem getin eru við tæknifrjóvgun engu síður en önnur. Öll eiga þau að sitja við sama borð, eiga sama rétt til að þekkja uppruna sinn, vita hver þau eru í raun og veru.

Erlendar rannsóknir á ættleiddum börnum hafa sýnt fram á mikilvægi þess að þau fái vitneskju um uppruna sinn þegar á yngri árum. Þær rannsóknir hafa líka leitt í ljós hversu mikilvægt það er að fjölskyldan ræði opinskátt um líffræðilegan uppruna barnsins þannig að það nái þroska og nái að þroska sjálfsmynd sína á sönnum og eðlilegum forsendum. Það skiptir líka miklu máli að ættleidd börn fái ekki þessa vitneskju fyrir mistök eða frá ókunnugum. Þessar niðurstöður rannsókna á ættleiddum börnum skipta miklu máli í umræðunni um börn sem verða til við tæknifrjóvgun.

Herra forseti. Fyrir nokkru voru stofnuð Samtök stríðsbarna á Íslandi. Einstaklingarnir í þeim samtökum eiga það sameiginlegt að vera að leita að uppruna sínum, flest að leita að föður sínum. Við getum líka velt því upp hvers vegna svo mikið er lagt upp úr faðernismálum, að finna út hver raunverulegur faðir barnsins er jafnvel þótt ekki komi þar til meðlagsskylda eða slíkt. Það er fyrst og fremst áhugi einstaklingsins að vita til sín.

Ákvæði um nafnleynd kynfrumugjafa er að mínum dómi hvorki í samræmi við ákvæði nýrra stjórnsýslulaga né heldur ákvæði í frv. til upplýsingalaga um aðgang að upplýsingum. Ég endurtek að þróunin í íslensku samfélagi og nágrannalöndunum er öll á þann veg að einstaklingar fái aðgang að upplýsingum um allt sem varðar þá sjálfa. Því ættum við ekki að ganga í þveröfuga átt í þessu eina tilviki.

Ég get þess svo að 2. minni hluti áréttar að þrátt fyrir að nafnleynd sé aflétt gagnvart barninu sem verður til við tæknifrjóvgun, skapast engin lagaleg tengsl milli þess og kynfrumugjafans, þ.e. hins líffræðilega foreldris, svo sem vegna framfærsluskyldu eða erfðaréttar eins og einnig kemur fram í áliti meiri hluta allshn.

[21:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Hér er siðferðilega um mjög erfitt mál að ræða. Það hefur komið margoft fram í þessari umræðu. Ég mun aðallega gera 4. gr. frv. að umtalsefni, en hún er um nafnleynd kynfrumugjafa.

Mér finnst eftir að hafa skoðað það mál að það séu mjög sterk rök fyrir því að réttur barnsins sem verður til við kynfrumugjöf eigi að vera sá að það hafi rétt á því að geta komist að því hvert líffræðilegt foreldri þess er. Ég á sæti í heilbrrn. og sú nefnd skoðaði þetta mál, fékk það til umsagnar frá allshn. Ég lýsti þar strax efasemdum um að nafnleyndi ætti að ríkja og eftir því sem ég hef kynnt mér þetta mál betur og reynt að setja mig í spor þeirra einstaklinga sem verða til við kynfrumugjöf, þó að það sé að vissu leyti erfitt, þá hef ég sannfærst æ betur um að það eigi ekki að ríkja nafnleynd. Ég held að sú staða þegar þessi börn hugsanlega fá vitneskju um það að þau séu til komin vegna kynfrumugjafar, þá sé sú staða mjög óréttlát ef þau hafa ekki tækifæri til þess að komast að því ef þau vilja hvert þeirra líffræðilega foreldri er. Það á sem sé að vera réttur hvers manns að vita um sinn líffræðilega uppruna fyrst það er hægt að koma því þannig fyrir. Umboðsmaður barna, siðaráð landlæknis, Mannréttindaskrifstofan og fleiri aðilar hafa tekið mjög skýrt á þessu máli og telja að réttur barnsins eigi að vera skýlaus þannig að nafnleynd líffræðilegra foreldra eigi ekki að ríkja. Ef vilji einstaklings stendur til þess að fá vitneskju um líffræðilegt foreldri sitt við sjálfræðisaldur, þá eigi að virða þann vilja. Í þessu sambandi hefur verið vísað til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu.

Mér skilst að nú séu til eitthvað um 250 Íslendingar vegna gjafasæðis frá Danmörku. Þeir sem eru ákafir talsmenn með nafnleyndarákvæðinu færa þau rök fyrir máli sínu að með því að aflétta nafnleynd, þá væri ekki hægt að fá gjafasæði og það hljóti því að vera betra fyrir þessi börn að vera til heldur en ekki, að þetta snúist sem sagt um það að verða til eða ekki. Það er hins vegar ljóst að nafnleynd ríkir ekki í Svíþjóð, Hollandi, Þýskalandi, Sviss og á Spáni. Þetta kemur fram í einu nefndarálitinu. Þar virðist þetta ganga alveg upp. Ég spyr: Af hverju getur þetta dæmi þá ekki gengið upp hér alveg eins?

Þau furðulegu rök hafa einnig heyrst að það sé ekki ástæða til þess. Ég hef reyndar ekki heyrt þau rök hérna innan þessa þingsalar, en ég hef heyrt þau annars staðar, að það sé ekki ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvort einstaklingar fái að vita um uppruna sinn af því að um það bil 10% Íslendinga séu hvort eð er rangt feðraðir. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að taka undir svona röksemdafærslu. Ég vil fá að taka sérstaklega undir eftirfarandi orð í nefndaráliti 2. minni hluta, með leyfi forseta, en þar segir:

„Það eru mannréttindi að eiga þess kost að þekkja uppruna sinn, hluti af sjálfsagðri vitund fólks um sjálft sig, og meðal íslenskrar þjóðar er rík hefð og vilji til þess. Löggjafinn má ekki taka þennan rétt af einstaklingum."

Ég vil líka benda á að í nefndaráliti 2. minni hluta segir, með leyfi forseta: „Réttarþróun í Evrópu er tvímælalaust sú

að nafnleyndinni gagnvart viðkomandi einstaklingi sé aflétt og í nýrri íslenskri löggjöf um tæknifrjóvgun á skilyrðislaust að taka mið af þeirri þróun. Sú spurning hlýtur að vera áleitin hvort verjandi sé að banna með lögum að veita einstaklingi upplýsingar um uppruna sinn, einkum ef hann fær á einn eða annan hátt vitneskju um það síðar á lífsleiðinni að hann sé ekki líffræðilega skyldur foreldrunum."

Varðandi þessi orð sem koma fram í nefndaráliti 2. minni hluta, vil ég benda á þessu til stuðnings, þessari þróun, að nú er til umfjöllunar í heilbrn. frv. til laga um réttindi sjúklinga. Þar eru þau nýmæli að það á að aflétta leynd af öllum sjúkraskrám hvort sem þær eru gamlar eða nýjar, en nú er að finna í lagatexta ákvæði sem banna aðgang sjúklinga að sínum eigin gömlu sjúkraskrám. Nýlegur hæstaréttardómur hefur fallið í máli þar sem sjúklingur krafðist þess að fá upplýsingar úr gamalli sjúkraskrá sem færð var um hann. Sá dómur féll honum í vil á grundvelli þess að í lögum segir að einstaklingar skuli fá vitneskju um þær upplýsingar sem yfirvöld færa um viðkomandi. Hér má því segja að það sé dæmi um að þjóðfélagið er að opnast gagnvart upplýsingastreymi á margvíslegan hátt. Manni finnst innst inni að það sé ekki réttmætt að leyna þegnum upplýsingum um þá sjálfa ef það er hægt að komast hjá því. Það að hafa nafnleynd vegna þess að væntanlegum foreldrum þyki það þægilegra og eigi erfitt með að taka á því ef barnið vilji vita um líffræðilegt foreldri sitt eftir að sjálfræðisaldri er náð, finnst mér varla nægjanleg rök til þess að svipta barn þeim réttindum að geta komist að því hvert þess líffræðilega foreldri er. Einstaklingur sem getinn er með gjafakynfrumu og kemst einhvern veginn að því, hlýtur að spyrja sjálfan sig ýmssa spurninga, eins og t.d.: Hvernig lítur líffræðilegt foreldri mitt út? Er það eitthvað líkt mér? Hvernig er faðir minn útlits? Alls konar svona spurningar hljóta að vakna. Það eru þekkt dæmi þess að fólk fer að leita að sínum líffræðilegu foreldrum eins og hér kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar varðandi samtök Stríðsbarna á Íslandi. Þá má mjög vel vera að fólk sé haldið nánast þráhyggju gagnvart þessu og hugsi sem svo: Ég vildi að væru til lög sem gæfu mér rétt til að komast að þessu. Af hverju eru þessi lög ekki til? Af því að ég vil fá að vita.

Að sjálfsögu þurfa einstaklingar sem svona er ástatt um að fá einhverja sérfræðiaðstoð með þessa ákvörðun, þ.e. að fá upplýsingar um líffræðilegt foreldri sitt og hvaða afleiðingar það geti hugsanlega haft á viðkomandi einstakling.

Ég vil segja það að lokum að eftir að ég hef velt þessu fyrir mér fram og til baka, þá treysti ég mér ekki til þess að styðja brtt. meiri hluta allshn. sem gerð er á nafnleyndarákvæðinu. Ég vil virða rétt barnsins til að hafa tækifæri til þess ef það vill að komast að því hver er líffræðilegur uppruni þess.

[21:13]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað um þetta mikilvæga mál. Það er búið að gera grein fyrir tveimur minnihlutaálitum allshn., þ.e. frá 1. minni hluta og 2. minni hluta og mun ég koma að því á eftir að ræða þau álit. Fyrst varðandi ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, vil ég, virðulegi forseti, benda sérstaklega á umsögn heilbr.- og trn. sem er birt sem fskj. með þessu nefndaráliti. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram sú regla að heilbrigðisstarfsfólki sé skylt að tryggja kynfrumugjafa nafnleynd. **Nokkur umræða spannst um þetta ákvæði í nefndinni og** voru skoðanir nefndarmanna skiptar. Ljóst er að taka þarf mið af mörgum atriðum þegar metið er hvort gjafa skuli tryggð nafnleynd eða ekki. Ber þar fyrst að nefna hagsmuni barnsins, en skv. 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem Ísland er aðili að, á hvert barn rétt til að þekkja foreldra sína eftir því sem unnt er. Einnig má benda á hættuna á skyldleikatengslum í svo litlu samfélagi ef annað foreldri er ekki þekkt. Mismunandi skoðanir hafa verið uppi um það hvort og hvernig nafnleynd hefur áhrif á fjölda kynfrumugjafa. Hjá viðmælendum nefndarinnar kom fram að það að létta af nafnleynd hefði líklega í för með sér fjölgun eggfrumugjafa en aftur á móti færri sæðisgjafa. Í ljósi þessa mælir heilbrigðis- og trygginganefnd með því að í stað þeirrar eindregnu nafnleyndar sem frumvarpið mælir fyrir um fái kynfrumugjafi að ráða því hvort nafni hans er haldið leyndu eða ekki."

Þetta er sú tillaga sem allshn. gerir að sinni og ég held að það sé rétt hjá mér að upplýsa það hér að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skrifar undir þessa umsögn og hún er jafnframt varaformaður heilbr.- og trn.

Þá er líka rétt að draga það fram að í þessari umsögn frá heilbr.- og trn. er bent á nauðsyn þess að komið verði á fót fjölskylduráðgjöf þar sem fólk geti m.a. leitað upplýsinga um rétt sinn og þör fengið hjálp við að vinna úr þeim andlegu vandamálum sem meðferðin getur haft í för með sér eins og segir í umsögninni. Allshn. fór líka sérstaklega að þessum tilmælum heilbr.- og trn.

Að öðrum ummælum hv. síðasta ræðumanns mun ég koma í sambandi við það minnihlutaálit sem hún vitnaði til.

Ef við lítum fyrst á brtt. frá 1. minni hluta allshn., hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, þá lúta þær að tveimur atriðum. Annars vegar að breyta frv. þannig að einhleypum og samkynhneigðum konum verði opnaður aðgangur að tæknifrjóvgunarmeðferð og er því haldið fram að um brot á jafnræðisreglu geti verið að ræða ef aðgangur að þessari meðferð verði takmarkaður við par, karl og konu í hjúskap eða sambúð. Hins vegar að orðalagi sé breytt til að undirstrika að það sé val kynfrumuþega sem ráði úrslitum um það hvort nafnleynd ríki eða ekki en ekki kynfrumugjafa.

Ég hef áður er ég mælti fyrir nefndaráliti meiri hluta allshn. komið að þessu máli en vildi þó benda sérstaklega á að þeim breytingum sem lagðar eru til við 3. gr. er ætlað að tryggja aðgang einhleypra kvenna og samkynhneigðra kvenna í sambúð við tæknifrjóvgun. Þess vegna er lagt til að í a-, b- og c-lið greinarinnar komi orðin væntanlegir foreldrar í stað orðsins „par". En samkvæmt íslenskri orðabók Menningarsjóðs er merking orðsins „foreldrar" faðir og móðir. Með því að setja orðin væntanlegir foreldrar í stað orðsins „par" er því í raun ekki verið að leggja til neina efnislega breytingu á 3. gr. frv. því að væntanlegir foreldrar geta samkvæmt eðlilegum málsskilningi aldrei verið aðrir en faðir og móðir. Samkynhneigðar konur sem eru í sambúð gætu þannig aldrei fallið undir þetta orðalag ákvæðisins og því síður einhleyp kona. Af brtt. leiðir á hinn bóginn að engin skilyrði eru gerð um lengd sambúðar parins eða foreldranna.

Þá er lögð til breyting á d-lið 3. gr. þannig að í stað þess að ófrjósemi sé skilyrði aðgangs að tæknifrjóvgunarmeðferð skuli læknisfræðileg eða félagsleg rök fyrir aðgerðinni vera fullnægjandi að mati faglegra ráðgjafa og læknis. Sömuleiðis eru lagðar til breytingar á 5. og 6. gr. þess efnis að orðinu „félagslegur" verði skotið inn sem réttlætingu tæknifrjóvgunar. **Væntanlega er talið að þetta orðalag opni fyrir tæknifrjóvg-**

unarmeðferð samkynhneigðra og einhleypra kvenna en það er erfitt að sjá þessi rök.

Þessar brtt. ná varla tilgangi flutningsmanns. Það sem þær fela í sér eru í fyrsta lagi að skilyrði um tiltekna lengd sambúðar eða hjúskapar konu og karls sem óska eftir tæknifrjóvgunarmeðferð eru felld niður og í öðru lagi að opnað er fyrir aðgang konu og karls að tæknifrjóvgunarmeðferð af félagslegum ástæðum.

Um tillögur um breytingar á 4. gr. er í rauninni ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um þar sem sú tillaga er hin sama og brtt. meiri hluta allshn. en hún byggir m.a. á þeirri trú að framboð og eftirspurn eftir gjafakynfrumum sé ótakmarkað og að kynfrumuþegi eigi óhindrað val á kynfrumum frá gjöfum sem óska ekki eftir nafnleynd. En raunveruleikinn er því miður annar ef menn vilja horfast í augu við hann.

Þá kem ég að breytingartillögum frá 2. minni hluta allshn. Breytingartillögurnar lúta að einu atriði. Það er að veita einstaklingi sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum óheftan aðgang að upplýsingum um uppruna sinn. Í nefndaráliti er þó sagt að kynfrumugjafi geti óskað eftir nafnleynd en hún skuli samt aldrei koma í veg fyrir þennan rétt barnsins. Einhvern veginn gengur þetta ekki upp. Ef kynfrumugjafi óskar eftir nafnleynd og hefur heimild til þess samkvæmt lögum hlýtur sá réttur hans að víkja til hliðar rétti barnsins til óhefts aðgangs að upplýsingum um uppruna sinn. Heimild til að óska eftir nafnleynd og óheftur aðgangur að upplýsingum um uppruna eru því tvö ósamrýmanleg atriði.

Í þessu minnihlutaáliti eru tilgreind tvenns konar rök, aðallega gegn nafnleynd kynfrumugjafa. Annars vegar mannréttindarök og hins vegar erfðalækningarök. Við skulum líta á þessi atriði. Í nefndaráliti er fullyrt að réttarþróun í Evrópu sé tvímælalaust sú að nafnleynd gagnvart þeim sem verður til við kynfrumugjöf verði aflétt. Ég veit ekki til hvaða réttarþróunar er verið að vísa hér. Einu löndin í Evrópu sem vitað er með vissu að banni nafnleynd eru Svíþjóð og Sviss. Lögin í Svíþjóð eru frá árinu 1987 og svissnesk lög sem útfæra stjórnarskrárákvæði sem túlka má sem bann við nafnleynd hafa ekki verið sett en munu nú vera til meðferðar í svissneska þinginu. Réttarþróun í Evrópu er þessi eftir þeim upplýsingum sem ég veit bestar:

Árið 1990 voru sett lög í Bretlandi. Þar gildir nafnleynd þótt heimilt sé að framkvæma tæknifrjóvgun með kynfrumum frá þekktum gjafa. Um svipað leyti voru lög í Hollandi á þessu sviði endurskoðuð. Þau banna eggfrumugjöf en sæðisgjöf er heimil og engar takmarkanir settar varðandi þá meðferð sem væntanlega þýðir m.a. að nafnleynd er heimil en meðferð með sæði frá þekktum gjafa einnig heimil. Þarna er um ákveðinn valmöguleika að ræða.

Árið 1991 gengu í gildi ný lög í sameinuðu Þýskalandi um þetta efni. Þau banna eggfrumugjöf og eru að ýmsu leyti þau ströngustu sem þekkjast á þessu sviði. Af þeim upplýsingum sem ég fékk í hendur er ekki hægt að sjá hvort sæðisgjöf sé bönnuð nema frá þekktum gjöfum en allar upplýsingar sem ég hef fengið um löggjöf í Evrópu nefna ekki Þýskaland sem dæmi um land þar sem nafnleynd er bönnuð.

Norðmenn endurskoðuðu lög sín á þessu sviði árið 1994. Þar voru óbreytt ákvæði sem tryggðu sæðisgjafa nafnleynd en eggfrumugjöf er bönnuð. Finnar hafa undirbúið lagasetningu á þessu sviði án þess þó að lög hafi enn verið sett. Í þeim tillögum sem gerðar hafa verið er gert ráð fyrir nafnleynd kynfrumugjafa. Þessa dagana er til meðferðar í Danmörku frv. til laga um tæknifrjóvgun. Þar var því sérstaklega hafnað að aflétta nafnleynd.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef fengið og koma þær greinilega ekki heim og saman við ræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar áðan um það hvernig tekið er pólitískt á því máli í danska þinginu. Í stuttu máli er það þá þannig að ef hægt er að segja eitthvað um réttarþróun í Evrópu þá er hún ekki í þá veru að aflétta nafnleynd samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið, heldur þvert á móti að viðhalda nafnleynd og í einhverjum tilvikum að heimila bæði meðferð með kynfrumum frá þekktum og óþekktum gjöfum. Málamiðlunartillaga allshn. virðist því vera í einna bestu samræmi við réttarþróunina í Evrópu.

Í þessu sambandi vil ég líka vitna til umsagnar frá laganefnd Lögmannafélags Íslands sem hv. þm. Hjálmar Jónsson vitnaði til. Ég hef áður nefnt það að réttarþróun í Evrópu er einmitt að opna valmöguleika fyrir nafnleynd, ekki síst með tilliti til eggfrumugjafar. Þess vegna er þetta orðalag í umsögn Lögmannafélagsins eða laganefndar LMFÍ um að tillaga um valmöguleika sé ótæk afar sérstakt. Ekki síst þegar litið er til þess að umsögnin berst til nefndarinnar löngu eftir að málið er afgreitt út úr allshn. Það vekur að sjálfsögðu nokkra furðu því að laganefnd Lögmannafélagsins sendir alloft umsagnir til allshn. og yfirleitt eru það mjög vandaðar umsagnir sem mikið tillit er tekið til. En það er sem sé rétt að hafa í huga að það getur í raun og veru enginn annar ákveðið þetta val en kynfrumugjafi sjálfur. Hann tekur að sjálfsögðu sjálfur þá ákvörðun hvort hann gefur kynfrumu. Það er enginn annar sem getur tekið þá ákvörðun fyrir hann.

Það hefur líka verið fullyrt að nafnleyndarákvæði séu ekki í lögum um tæknifrjóvgun í Svíþjóð, Sviss, Spáni, Hollandi og Þýskalandi eins og ég hef áður vikið að. Varðandi Sviss er rétt að ítreka að það er ekki búið að setja lög um útfærslu banns við nafnleynd sem sett voru inn í stjórnarskrána fyrir nokkrum missirum. En fyrir liggur að stjórnarskrárákvæðið var orðað með þeim hætti að bann við nafnleynd gæti orðið erfitt í framkvæmd samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

Varðandi spænsk lög um þessi efni er sérstaklega tekið fram að um kynfrumugjöf skuli gilda nafnleynd. Börn sem verða til með þessum hætti eiga á hinn bóginn rétt á almennum upplýsingum með gjafann en þó aldrei um það hver hann sé. Virðast þessar reglur því sambærilegar þeim sem gilda hjá Bretum. Ég nefndi áðan Þýskaland og Holland og tel ákaflega ólíklegt að þar sé í lögum fortakslaust bann við nafnleynd.

Því hefur líka verið haldið fram í umræðunni að þau séu mannréttindi að eiga þess kost að þekkja uppruna sinn og það má að sjálfsögðu til sanns vegar færa. En hvers vegna á að gera ríkari kröfur í þessu sambandi vegna barna sem getin eru með tæknifrjóvgun? Vitað er að faðerni barna er ekki einhlítt. Faðernisregla barnalaga hefur það í för með sér að eiginmaður móður telst sjálfkrafa faðir barns sem hún fæðir. Í flestum tilvikum er sá maður jafnframt líffræðilegur faðir barnsins en þó ekki öllum. Gerðar hafa verið rannsóknir erlendis sem benda til að allt að 10% barna séu rangt feðruð. Engar kvaðir eru lagðar á mæður að gera börnum sínum, hvað þá heldur eiginmanni, grein fyrir réttu faðerni barnanna. Engin lagaákvæði skylda ógifta konu sem elur barn til að gefa upp nafn föður. Hver eru mannréttindi þessara barna til að vita um uppruna sinn? Eiga ekki röksemdir um nauðsyn

upplýsinga vegna sjúkdóma og erfða jafnt við um þessi börn og börn sem getin eru með gjafakynfrumum?

Það hefur einnig verið minnst á börn sem hafa verið ættleidd og fósturbörn. Það er ekki hægt að bera saman börn sem eru í þeim sporum og börn sem getin eru á þann hátt sem frv. fjallar um. Þar að auki er alveg ljóst að það hafa fengist allar upplýsingar um uppruna barna og foreldra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um langan tíma, a.m.k. rúm 10 ár. Þar eru því ekki nein leyndarmál á ferðinni.

Það er líka vikið að því í áliti 2. minni hluta að erfðalækningar séu önnur meginrökin fyrir afléttingu nafnleyndar. Það hefur áður verið vikið að því að erfðalækningar og rétt faðerni geta verið vandamál hjá fleirum en þeim sem getnir eru með gjafakynfrumum. Það er rétt á eftir, virðulegi forseti, að víkja aðeins frekar að röksemdum meiri hluta norska þingsins er það hafði til meðferðar frv. til laga um tæknifrjóvgun fyrir tveimur árum. Þar höfðu menn einnig áhyggjur af erfðalækningum en töldu að rækilegar rannsóknir á gjöfum fyrir kynfrumugjöf mundu tryggja að slíkar áhyggjur ættu að verða óþarfar.

Í þessu sama áliti er líka réttilega bent á að ófrjósemi sé vaxandi vandamál. Framkvæmd tæknifrjóvgunar hefur á hinn bóginn stuðlað að örum framförum í skilingi manna á ófrjósemi og bættar aðferðir til að nota kynfrumur parsins. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Nefna má smásjárfrjóvgun sem dæmi í þessu sambandi. Sú aðferð hefur þróast vegna vaxandi ásóknar í tæknifrjóvgun. Fái þessi tækni að vaxa og dafna bendir allt til þess að sú aukna vitneskja um orsakir ófrjósemi sem aflast vegna framkvæmdarmeðferðarinnar muni leiða til að í síauknum mæli verði hægt að nota kynfrumur parsins og það er að sjálfsögðu mjög ákjósanlegt. En til þess að svo verði er nauðsynlegt að tæknifrjóvgunarmeðferð sé framkvæmd. Ef nafnleynd verður aflétt er hætt við að tæknifrjóvgun dragist verulega saman og legðist jafnvel af, a.m.k. hjá þeim pörum sem þurfa á gjafakynfrumum að halda. Jafnframt er hætt við að barnlaus pör sem þurfa á gjafakynfrumum að halda vegna ófrjósemi sinnar muni á ný sækja þessa meðferð til þeirra landa þar sem nafnleynd er viðhöfð og framboð á gjafakynfrumum því nægilegt. Þetta var reynsla Svía þegar þeir breyttu reglum sínum.

Því er haldið fram að fjöldi aðgerða með gjafasæði í Svíþjóð hafi orðið aðeins einn fimmti sem áður var strax eftir breytinguna á lögunum. Hætt er við að fljótt myndaðist þrýstingur á stjórnvöld frá þessum pörum um að sjúkratryggingar tækju þátt í kostnaði við meðferð erlendis. Sömuleiðis yrði kostnaður þessara para talsvert meiri en við sambærilega meðferð hér á landi því að meðferð af þessu tagi kallar á allt að sex vikna dvöl erlendis með tilheyrandi tekjutapi vegna fjarveru frá vinnu. Eftir því sem ég best veit er fjarvera frá vinnu vegna tæknifrjóvgunarmeðferðar er almennt ekki talin til veikinda þó að samið hafi verið um slíkt í nokkrum kjarasamningum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta nefndarálit 2. minni hluta né heldur brtt. en vísa til þess sem ég hef sagt á undan að í henni er þversögn sem gengur ekki upp, þ.e. að gjafi geti óskað eftir nafnleynd sem heilbrigðisstarfsfólki sé skylt að tryggja en samt geti barnið fengið upplýsingar um hver gjafinn sé.

Virðulegi forseti. Ég held að það væri rétt svona í lokin að rifja aðeins upp umfjöllun í norska þinginu við meðferð tæknifrjóvgunarfrv. þar veturinn 1993–1994 þar sem þar er um nýsett lög að ræða. Meiri hluti þingmanna taldi nauðsynlegt að áfram yrði hægt að bjóða upp á tæknifrjóvgun með gjafasæði en að nauðsynleg forsenda þess að unnt yrði að bjóða áfram slíka meðferð væri að viðhalda nafnleynd sæðisgjafa. Bent er á að nafnleynd sæðisgjafa hafi tíðkast í Noregi í 50 ár og að megnið af því sæði sem notað sé komi frá Danmörku. Meiri hlutinn taldi að ef fallið yrði frá nafnleynd mundi framboð á sæðisgjöfum minnka verulega. Það mundi hafa í för með sér að konur færu til útlanda til þess að leita sér þessarar meðferðar sem þýddi að konur leituðu í meðferð sem heilbrigðisyfirvöld hefðu ekkert um að segja, m.a. og ekki síst með tilliti til möguleika á smitsjúkdómum. Þá er einnig talið að hin langa reynsla af sæðisgjöfum með nafnleynd hefði sýnt að nafnleyndinni fylgdu ekki vandamál hjá þeim einstaklingum sem fæðst hefðu í kjölfar slíkrar sæðisgjafar. Jafnframt benti meiri hlutinn á að skilnaður meðal hjóna sem færu í tæknisæðingu væru fátíðir.

Þá var einnig bent á það að hagsmuna barnsins væri best gætt með því að viðhalda nafnleynd. Ef nafnleynd væri aflétt gæti það haft í för með sér breytingar á sambandi barns og félagslegs föður með afleiðingu sem ekki væri hægt að sjá fyrir endann á. Félagslegur faðir barnsins bæri allar skyldur og ætti réttindi gagnvart barninu. Gjafinn hefði aldrei átt neina ósk um að eignast barn heldur ósk um að aðstoða hið barnlausa par. Það væri þá óeðlilegt að líkja saman nafnlausum sæðisgjafa og líffræðilegu foreldri sem af einhverjum sérstökum ástæðum sem oft væri af erfiðum félagslegum toga hefði gefið barn frá sér til ættleiðingar.

Þá var einnig bent á af meiri hluta nefndarinnar að hann hefði orðið var við að ýmsir ættu bágt með að sætta sig við það að með því að tryggja gjafa nafnleynd væri yfirvöldum jafnframt gert ókleift að upplýsa um ýmsa heilsufarsþætti gjafans. Meiri hlutinn taldi að í einhverjum algerum undantekningartilvikum gæti verið æskilegt að geta aflað heilsufarsupplýsinga um gjafann en benti á að draga mætti verulega úr slíkri þörf með því að láta hugsanlega sæðisgjafa undirgangast ýmis heilsufarspróf áður en að sæðisgjöf kæmi. Röksemdir minni hlutans byggðu á mannréttindarökum, þ.e. að barnið ætti rétt á því að vita um uppruna sinn. Það er því ljóst að slík umræða sem þessi sem hér hefur átt sér stað í dag og í kvöld um þetta frv. hefur átt sér stað í fleiri löggjafarþingum og er það mjög eðlilegt að mínu mati.

Eins og ég sagði áðan þegar ég mælti fyrir nefndaráliti meiri hluta allshn. lagði ég áherslu á að meiri hluti nefndarinnar taldi rétt að fara varlega af stað en hún vildi þó koma til móts við þau sjónarmið sem vitað var að ýmsir hv. þingmenn höfðu á hinu háa Alþingi og líka sjónarmið sem kæmu fram í umsögnum og lögðu því til þennan valmöguleika sem nokkurs konar málamiðlun þannig að þar væri stigið skref í rétta átt. Hv. þm. Hjálmar Jónsson vék að því fyrr í ræðu sinni að hann teldi það hugsanlegt að rétt væri að skoða þetta mál betur og allshn. mundi e.t.v. leggja til endurskoðunarákvæðin í frv. Ég tel að það megi alveg skoða það mál og vísa til þess að ég tók það sérstaklega fram í framsögu minni fyrr í dag og þessi ábending kemur einnig fram í bréfi lækna kvennadeildarinnar sem ég gerði líka grein fyrir í dag.

Virðulegi forseti. Ég veit að þetta er orðið allnokkuð langt mál. Það er ljóst að það eru skiptar skoðanir. Ég taldi þó rétt að koma fram með fróðleik í þessu máli þar sem allshn. hefur eytt mjög löngum tíma til þess að fara mjög vandlega yfir það og ég hygg að þegar menn skoða málið ofan í kjölinn sé það kannski ekki eins einfalt og sumum virðist að taka afstöðu til þess hvort ríkja skuli nafnleynd eða ekki. Ég vona

svo sannarlega að málinu verði vel tekið og þingmenn sýni skilning á því sem hér er um að ræða og við getum náð samkomulagi um að afgreiða það þannig að vel sé.

[21:38]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt eins og kom fram hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, að það voru mjög skiptar skoðanir um nafnleyndina í heilbrn. Við veltum því fyrir okkur hvort við ættum að hafa meirihlutaálit og minnihlutaálit í nefndinni en ákváðum að gera það ekki þar sem farið yrði mjög ítarlega yfir málið í allshn. Hins vegar fannst okkur það til bóta að það kæmi fram í nefndarálitinu að það væru skiptar skoðanir og það væri skárra að hafa ákvæði um val eins og meiri hluti allshn. gerði tillögu um en hafa algera nafnleynd. En ég vil bara ítreka það að eftir því sem ég hugsa þetta mál betur, þeim mun ákveðnari verð ég í þeirri afstöðu að nafnleyndin eigi ekki að ríkja. Ég var síðast í dag að tala við Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, sem stappaði enn þá meira í mig stálinu um að það ætti að virða þann rétt barna að þau eigi að geta haft upp á sínu líffræðilega foreldri.

Við vitum um samtök stríðsbarna á Íslandi. Af hverju eru þau að leita að sínum líffræðilegu foreldrum? Af hverju? Af því að þau hafa að sjálfsögðu ríka þörf fyrir það. Þau vilja vita hvert sitt líffræðilega foreldri er. Þurfum við fleiri sannanir fyrir því að fólk vill hafa þennan rétt?

[21:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessum orðum ítreka ég að umboðsmaður barna mætti fyrir allshn. út af þessu máli og hafði að sjálfsögðu skoðanir sínar á því og fylgdi umsögn sinni úr hlaði en hún lýsti því jafnframt yfir að hún teldi þetta spor í rétta átt eins og allshn. afgreiddi málið.

Varðandi þann félagsskap sem hv. þm. minntist á áðan hef ég að sjálfsögðu fulla samúð með honum og ég skil vel þau rök sem liggja þar á bak við en engu að síður er þetta ekki sambærileg staða hjá þessu fólki og því sem getið er á þann hátt sem frv. mælir fyrir um.

[21:40]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að þetta er spor í rétta átt en þetta er ekki nóg að mínu mati. Ég vil fá að taka undir það sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sagði áðan að það að þekkja uppruna sinn sé mannréttindi megi til sanns vegar færa. Ég er hjartanlega sammála því. Og ég sé ekki stóran mun á því að komast að því hvort maður er getinn með kynfrumugjöf eða hvort maður er getinn af hermönnum sem voru hér á landi fyrr á árum. Ég sé ekki stóran mun á því. Menn hafa alveg sömu þörf fyrir það að komast að því hvert líffræðilega foreldrið er.

[21:41]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. misskilji svolítið þetta mál vegna þess að þegar um tæknisæðingu eða tæknifrjóvgun er að ræða þá á barnið föður. Sá sem gefur kynfrumuna kemur málinu ekkert við. Það eru engin tengsl þarna á milli, hvorki félagsleg né annars konar, það er enginn erfðaréttur sem stofnast, engin lagaleg tengsl. Barnið á föður. Það er parið sem fer í þessa aðgerð.

[21:42]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. formaður allshn. finni að hún er talsmaður úreltra viðhorfa í þessu máli er einum of langt gengið að fara út í málfarslegar hártoganir og segjá að þær breytingartillögur sem 1. minni hluti flytur á þskj. 826 nái ekki tilgangi sínum, nefnilega þær að opna fyrir möguleika á tæknifrjóvgun fyrir einhleypar konur og samkynhneigðar, heldur opni það bara fyrir pör af félagslegum ástæðum. Rök hennar eru þau að foreldrar þýði faðir og móðir. Það er alveg rétt en hvað þýðir foreldri? Foreldri þýðir væntanlega móðir eða faðir þannig að það orðalag sem þarna er gengur alveg fullkomlega og ef þessi málskilningur er ekki hennar spyr ég hana hvort við hérna inni erum ekki foreldrar eða hvort hún telji að börn einstæðra mæðra séu öll munaðarlaus eða foreldralaus.

Varðandi hitt atriðið í 5. og 6. gr. nefni ég félagslegar ástæður og því bæti ég við vegna þess að það er ekki alveg ljóst hvort kynhneigð er af líffræðilegum eða félagslegum toga þannig að ég mótmæli því eindregið að þessar brtt. sem 1. meiri hlutinn flytur standist ekki.

[21:43]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alls ekki ætlun mín að vera með neina útúrsnúninga í þessu máli og ég skil fullkomlega þau rök sem koma fram í nál. 1. minni hluta en ég var hins vegar að vitna til þess hvað orðið foreldri þýðir í orðabók þegar því er flett upp og það er faðir og móðir.

[21:44]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sannarlega álitamál og er staðfest í þessari umræðu að álitamál er uppi. Það væri líka meiri háttar stærilæti ef einhver hér teldi sig hafa allan sannleikann í sínum höndum.

Formaður allshn., hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, nefndi það áðan að þversögn væri í brtt. 2. minni hluta. Það sýnir enn að við þurfum að fara betur yfir málið því að hún hefur hreinlega misskilið brtt. 2. minni hluta. Það sem átt er við er það að óski gjafi eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt, sbr. þó 5. mgr., þ.e. það á að tryggja gagnvart öllum öðrum en þeim sem verður til fyrir kynfrumugjöf, nafnleyndina, og hún verði virt. Sem sagt kynfrumugjafi er orð sem á við hvorn tveggja, eggfrumugjafa og sæðisfrumugjafa. Eins og fram kom í hennar máli mundu konur sjálfsagt vera fúsari að gefa en karlar ófúsari þannig að hlutföllin mundu eitthvað breytast en þarna er einfaldlega átt við þetta og í nál. 2. minni hluta segir orðrétt: „Sé þess óskað er sjálfsagt og eðlilegt að tryggð sé nafnleynd gagnvart öllum öðrum en þeim einstaklingi sem þannig er til kominn."

[21:45]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hárrétt ábending hjá hv. þm. að það er rétt að fara varlega í að telja sig hafa höndlað allan sannleikann í þessu máli því að svo margar siðferðilegar spurningar vakna við meðferð þess. En þetta er enginn misskilningur hjá mér varðandi brtt. hv. þm. vegna þess að ekki er hægt að aflétta nafnleyndinni bara gagnvart því barni

sem verður til með þeim hætti vegna tilvistar kynfrumugjafans. Það er ekki hægt að koma aftan að mönnum seinna meir, mönnum sem hafa kannski staðið í þeirri meiningu að það væri nafnleynd.

[21:46]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir fáum dögum var talað um afturvirk veiðileyfi. Það verða ekki gefin út afturvirk veiðileyfi á þá kynfrumugjafa sem einhvern tíma í fyrndinni hafa gefið til að aðstoða par. Það er alls ekki mín meining og er nú ekki annað en ef ekki útúrsnúningur þá að minnsta kosti snúningur í málinu. Ég hygg að þetta sýni enn frekar að ástæða sé til að taka málið aftur upp í allshn. og skoða það enn þá betur, ræða það enn þá meira og fá rökin fram þannig að við skiljum a.m.k. öll sem þar störfum um hvað það snýst í öllum greinum. Ég vona að í framtíðinni verði ekki stofnuð á Íslandi samtök föðurlausra glasabarna og að lög verði sett sem hindra slíkt, þ.e. þau verði ekki fyrir hendi. En ég hef upplýsingar um að það eru fleiri lönd og Svíþjóð og Sviss þar sem nafnleynd er og það hefur ekki verið hrakið. Þetta sýnir líka að upplýsingar eru misvísandi hjá okkur nefndarmönnum. Málið snýst um hvort um sé að ræða fortakslaust bann við nafnleynd eða ekki.

[21:48]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður rakið hvernig löggjöf er háttað í mörgum löndum og ætla mér ekki að endurtaka það enda stuttur tími í andsvari en ég ítreka hér það sem ég sagði áðan í ræðu minni að í þessari brtt. er þversögn sem gengur ekki upp, þ.e. að gjafi geti óskað eftir nafnleynd sem heilbrigðisstarfsfólki sé skylt að tryggja en samt geti barnið fengið upplýsingar um hver sé gjafinn sé.

[21:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur um umsögn heilbr.- og trn. vil ég staðfesta það sem kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að það voru mjög skiptar skoðanir í nefndinni og það kom til álita að skila inn tveimur álitum, meiri- og minnihlutaáliti en okkur var sagt þar af okkur reyndar þingmönnum að það tíðkaðist ekki í umsögn til annarrar nefndar. Við sem vorum í minni hluta á fundinum (Gripið fram í.) létum því duga að það kæmi fram í nál. að skoðanir væru skiptar þar sem við vorum mjög andvíg nafnleyndarreglunni. Ég er mjög sammála Siv Friðleifsdóttur og verð sannfærðari með hverjum deginum að við getum ekki lögfest nafnleyndarregluna í þessum lögum. Vegna ummæla um umræður í norska þinginu um nafnleyndina vil ég vekja athygli á því að í umsögn umboðsmanns barna til allshn. er bent á að norsk yfirvöld hafa fengið athugasemd frá þeirri nefnd sem fylgist með því að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé haldinn að þetta standist ekki barnasáttmálann, þetta sé brot á þeim samningi og þau skilaboð eru komin í norska þingið.

[21:50]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur áður komið fram í ræðu minni í dag varðandi norsku lögin og það er ekkert leyndarmál að gerð var athugasemd við norsku lögin en eftirlitsnefndin sem var skipuð til þess að fylgjast með framkvæmd barnasáttmálans hefur ekki treyst sér til þess að skera úr um það og segja að það sé ólögmætt sem þeir hafast að og sé brot á sáttmálanum.

[21:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta stangast greinilega á við þær upplýsingar sem ég hef varðandi athugasemdina til norskra stjórnvalda en ég vil ítreka að við getum ekki lögfest nafnleyndina. Það eru mannréttindi hvers og eins að fá upplýsingar um líffræðilegan uppruna ef hann er tiltækur og þó svo, eins og fram kom í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, að konum sé ekki skylt að gefa upp rétt faðerni, þó svo að eiginmenn eigi ekki börnin þeirra, getum við ekki sett það í ný lög á Íslandi 1996 um tæknifrjóvgun að það sé ekki heimilt að gefa upp raunverulegan líffræðilegan föður. Ég tek undir að tillaga meiri hluta hv. allshn. er spor í rétta átt en það er ekki hægt að gera málamiðlun um mannréttindi. Þess vegna get ég ekki samþykkt þessa brtt. og styð minni hluta tillögur hv. þm. Hjálmars Jónssonar.

[21:52]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli mínu fyrr í dag að þegar verið var að semja barnasáttmálann gerði eitt ríki tillögu um að það yrði sett beint inn í ákvæði samningsins að barn ætti rétt á að vita líffræðilegan uppruna sinn. Þessum tilmælum var hafnað þannig að þetta ákvæði fór ekki inn í samninginn. Varðandi þá yfirlýsingu hv. þm. áðan að hún geti ekki samþykkt slíka málamiðlun hefur hún að sjálfsögðu fullan rétt á að hafa skoðanir sínar í því efni en þetta hlýtur að standast mannréttindaákvæði vegna þess að hér er um að ræða sömu réttarþróun og hefur átt sér stað í Evrópu á undanförnum árum.

Umræðu frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831.

og

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 549, nál. 836 og 843.

[21:54]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Virðulegi forseti. Við tökum hér umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þetta mál hefur verið rætt ítarlega við 1. umr. og fengið ítarlega umfjöllun í efh.- og viðskn. Tilefnið er það að fyrir hinu háa Alþingi hafa legið þrjár tillögur í þessu máli. Í fyrsta lagi var fjallað um mál á þskj. 242. Flutningsmenn voru hv. þm. Ágúst Einarsson og Svanfríður Jónasdóttir,

fulltrúar Þjóðvaka. Þar var gert ráð fyrir að heimila erlendum aðilum að eiga allt að 20% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Annað málið var stjfrv. um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri þar sem gert er ráð fyrir að heimiluð sé óbein eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi auk annarra ákvæða. Þriðja stjfrv. og það sem ýmsum virtist við fyrstu sýn að gengi lengst í frjálsræðisátt var frv. um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, flutt af fjórum hv. þm. Sjálfstfl., þeim Kristjáni Pálssyni, Pétri Blöndal, Vilhjálmi Egilssyni og Guðjóni Guðmundssyni. Það frv. fjallaði efnislega um að heimila erlendum aðilum að eiga allt að 49% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar. Það er athyglisvert, herra forseti, að eftir alla þá umræðu sem þessi mál hafa fengið í þingsal og umfjöllun í efh. og viðskn. gerist það að þessir hv. fjórir þingmenn Sjálfstfl. og stjórnarliðar, sem slógu sig nokkuð til riddara í upphafi í umræðunni um frjálsræðisvilja sinn í þessum efnum, létu sér sæma að una því að tillaga þeirra fékk enga umfjöllun. Með öðrum orðum fluttu þeir tillöguna hér í þingsal en síðan er ekki annað vitað en að þeir sætti sig við það að hún falli dauð og ómerk og þeir styðji væntanlega þar af leiðandi hið upphaflega stjfrv. Þetta er einhver háðuglegasta útreið sem ég minnist þegar um er að ræða sjálfstætt þingmannafrumvarp fjögurra hv. þm. í máli sem er jafnstórt og þýðingarmikið og þetta mál vissulega er. Athyglisvert er að það er sjálfur hv. formaður efh.- og viðskn. sem er einn af flutningsmönnunum, situr síðan í forsæti sinnar virðulegu nefndar og verkstýrir því að þetta mál sé einfaldlega látið lognast út af.

Niðurstaðan er því sú af hálfu stjórnarliða að þeir halda fast við upphaflegu tillögu sína um minni háttar breytingu að því er varðar hina óbeinu eignaraðild sem var upphaflega lýst að væri fram sett til þess að gefa lagastoð nánast óbreyttu ástandi. Hins vegar er athyglisvert að umræðan hefur leitt í ljós að sá ótti sem mörgum bjó í brjósti vegna þess að hér væri verið að opna fyrir heimildir erlendra aðila til þess að leggja nánast undir sig fiskimiðin eða kaupa sig inn í fiskveiðar Íslendinga og þar með inn í auðlindina. Það eru rökin sem notuð eru fyrir því að ekki er unnt að ganga lengra en stjórnarfrv. gerir ráð fyrir. Umræðurnar hafa hins vegar leitt í ljós að þetta er afar yfirborðsleg skoðun. Það hefur verið sýnt fram á að útlendingar geta átt allt að 62% í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum með óbeinni eignaraðild. Það gerist þannig að erlendur aðili á 25% hlut í hlutafélagi sem á sjávarútvegsfyrirtæki. Það þýðir þá að íslenskur lögaðili á 75% hlut en það félag gæti verið í eigu erlendra aðila 49%. Ef menn eru að ræða um virka meirihlutaaðild, þ.e. forræði yfir fyrirtæki sem nýtir auðlindina, stundar fiskveiðar, þá fer ekkert milli mála að það meinta hald sem á að vera í 20% ákvæðinu að því er varðar óbeina eignaraðild heldur engan veginn. Það er því svo að ef um væri að ræða verulegan áhuga erlendra fjárfesta á að festa fé væntanlega af hagnaðarástæðum eða öðrum hagkvæmnisástæðum í fyrirtækjum sem nýta auðlindina, þá geta þau gert það löglega ef leið hinnar óbeinu eignaraðildar er farin. Ókostirnir við það eru hins vegar margvíslegir vegna þess að þetta er flóknari leið. Hún er ekki eins sýnileg ef menn vilja hafa eftirlit með og framkvæmd eða einhverja stýringu á því. Þess vegna eru öll rök fyrir því, ef þetta heldur ekki, að fara aðra leið og þá kannski ekki hvað síst þá leið sem boðuð var í frv. þeirra hv. þm. Ágústs Einarssonar og Svanfríðar Jónasdóttur sem fjallaði um beina eignaraðild allt að 20%, sem er sýnilegt, einfalt í framkvæmd, auðvelt að beita eftirliti og mætti gera út af fyrir sig í tilraunaskyni. En hver sem tillagan er þá hlýtur spurningin að vera þessi: Er nauðsynlegt að setja slík takmarkandi ákvæði? Og ef menn eru sammála um það út frá varfærnissjónarmiðum þá eru lagaákvæði um beina eignaraðild skýrari, ótvíræðari og skynsamlegri, heldur en sú leið sem hér er valin.

Reyndar er það afar þversagnarkennt í þessari umræðu um erlendar fjárfestingar að flestir hafa á orði að það sé brýn nauðsyn íslensku atvinnulífi að hvetja til erlendrar fjárfestingar. Menn setja það gjarnan í alþjóðlegt samhengi. Menn líta til þjóðanna í kringum okkur sem allar eru í kapphlaupi um að breyta lögum og reglum og starfsumhverfi fyrirtækja í þá átt að auðvelda innflutning á erlendu áhættufjármagni til að byggja upp nútímalegt atvinnulíf. Auðvitað lýtur það sínum lögmálum. Erlendir fjárfestar eru fyrst og fremst auðvitað að leita að tækifærum til að festa fé í arðvænlegum fjárfestingum. Ef við lítum á okkar tiltölulega einhæfa þjóðfélag þá skyldu menn ætla að það væri kannski ekki hvað síst áhugi á því að beina slíku fjárfestingarfjármagni í íslenskan sjávarútveg, þann atvinnuveg sem er þegar að mörgu leyti hvað mest alþjóðavæddur og framleiðir fyrir erlendan markað. Við stærum okkur af að reka ekki ríkisstyrktan eða niðurgreiddan sjávarútveg, að við séum ein af fáum þjóðum í heimi sem reka samkeppnishæfan sjávarútveg. Við slík skilyrði er væntanlega skynsamlegt út frá bæjardyrum okkar sjálfra að hvetja til þátttöku erlends fjármagns. Kostir þess eru margir og miklir. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru skuldug. Þau þurfa á því að halda að geta fengið beint áhættufjármagn inn í sinn rekstur fremur en vera ævinlega vísað á dýran lánamarkað. Þau hefðu hag af því að fá þátttöku erlendra aðila, ekki bara vegna samstarfs í markaðsmálum eða samstarfs um tækninýjungar, heldur einnig til að draga úr þeirri áhættu sem tengd er þessum rekstri því vissulega er þetta áhættusamur rekstur. Þetta leiðir til þess að menn spyrja: Ja, hvað á þá að gera ef það er ljóst að erlendir fjárfestar út af fyrir sig eiga þessa leið, að þær girðingar sem hér er að nafninu til verið að reisa halda ekki? Hvað heldur þá aftur af þessum aðilum? Auðvitað felst í þessum lagaramma skilaboð um að íslensk stjórnvöld telji þetta varasamt og óæskilegt. Það kann út af fyrir sig að hafa sín áhrif. En aðalspurningin er þó þessi Ef þetta er í raun og veru eins opið og umræðan hefur leitt í ljós, hvað er þá til ráða ef íslensk stjórnvöld vilja gera það sem unnt er til að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti náð forræði á auðlindinni sjálfri? Sannleikurinn er sá að þá beinist umræðan að sjálfsögðu að þeim lögum sem gilda um auðlindina. Um það telst vera nokkur sátt í íslensku þjóðfélagi að menn vilja framfylgja gildandi lögum sem kveða á um sameign þjóðarinnar á auðlindinni sjálfri, á fiskimiðunum í kringum Ísland. Með öðrum orðum, löggjafinn hefur lýst því yfir að auðlindin sé sameign þjóðarinnar. Við viðurkennum ekki einkaeignarréttinn. Og ef við viljum tryggja virkt forræði þjóðarinnar yfir þessari auðlind þá virðist ekki vera annað til ráða en að horfast í augu við þá staðreynd að það beri að gera með því að taka veiðileyfagjald fyrir aðganginn að auðlindinni sjálfri. Ef það er gert þá skiptir út af fyrir sig miklu minna máli hvernig fyrir er komið lagaákvæðum um eignarhald þeirra fyrirtækja sem síðan fá afnotarétt eða ráðstöfunarrétt gegn gjaldi að auðlindinni.

Þessi umræða sýnir að hér er verið að deila um keisarans skegg. Deilan á ekki að snúast um prósentutölur eignaraðildar þessara fyrirtækja eða ímyndaðar girðingar sem við viljum reisa til að hamla gegn innstreymi erlends fjármagns inn í greinina. Spurningin er um það hvernig við ætlum að tryggja með virkum hætti að þjóðin njóti arðs af þeirri auðlind sem lögin kveða á um að sé í hennar eigu. Þá á það við hvort heldur að fyrirtæki telst vera íslenskur lögaðili að öllu leyti, að meiri hluta til, eða hvort það fjármagnar sig að sumu leyti með þátttöku erlends áhættufjármagns eða hvort það leitar á lánamarkað. Það eru aukaatriði málsins. Aðalatriðið er það að arðurinn af auðlindinni renni til réttra eigenda og forræðið, þ.e. valdið til að stýra því sem máli skiptir, sé í höndum þjóðarinnar sjálfrar.

Stundum hafa menn lýst þeim ótta sínum að útlend fyrirtæki sem komist inn í auðlindina geti vegna eðlis hennar þar með einfaldlega farið með óunninn afla úr landi og þar með atvinnuna úr landinu. Sannleikurinn er sá að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið hafa tök á því að ráða því, þ.e. einfaldlega með lagaákvæðum um skyldu til að öllum afla sem veiðist á Íslandsmiðum sé landað á Íslandi. Ef þessi afli fer í vaxandi mæli um fiskmarkaði þá er það svo að erlendir aðilar geta út af fyrir sig gert viðskipti á fiskmörkuðum eins og hverjir aðrir. Það eru engar lagaskorður við því. En það fer ekki á milli mála að löggjafarvaldið getur tryggt löndunarskylduna og þannig búið í haginn fyrir það að frekari úrvinnsla fari hér fram og þar með komið með ótvíræðum hætti í veg fyrir að óunninn fiskur fari úr landi og þar með að vinnan verði flutt úr landi. Um það snýst þetta mál. Þess vegna er það að við eigum að beina athygli okkar fyrst og fremst að málinu sjálfu. Annars vegar er það jákvætt fyrir íslensk fyrirtæki ef löggjafinn opnar í auknum mæli fyrir heimildir til þátttöku erlends áhættufjármagns. Niðurstaðan í því almennt séð er jákvæð að forræði stjórnvalda yfir ráðstöfun aflans tilskildu og jafnframt með því skilyrði að arðsemin renni til eiganda auðlindarinnar, t.d. í gegnum veiðileyfagjald. Ef þetta hvort tveggja er tryggt þá á umræðan hér fyrst og fremst að snúast um það hvort erlent áhættufjármagn er jákvætt eða neikvætt. Þess vegna er það, virðulegur forseti, að í nál. minni hlutans leggjum við fyrst og fremst áherslu á umræðuna um það hverjir kostirnir eru og hver rökin fyrir fjárfestingum útlendinga í íslenskum sjávarútvegi. Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Fyrirtæki geta sótt sér áhættufé og eru þá ekki eins háð erlendu lánsfé."

Þegar menn ræða afkomu íslenskra fyrirtækja og batnandi horfur með aukinni hagræðingu, stöðugra gengi, bættri samkeppnisstöðu, þá staldra menn mjög við það hversu sokkinn í skuldir sjávarútvegurinn í heild var og er. Skuldirnar voru komnar vel yfir 100 milljarða kr. Þær hafa eitthvað minnkað á undanförnum missirum en þetta sýnir að sjávarútvegsfyrirtækin hafa í allt of ríkum mæli verið háð dýru erlendu lánsfé sem hefur allt sitt á þurru og tekur engan þátt í þeirri áhættu sem fylgir atvinnugreininni. Í annan stað segir hér, með leyfi forseta:

„Fjárfestingar milli landa í einstökum atvinnugreinum eru mjög umfangsmiklar og mjög sjaldgæft að settar séu takmarkanir á slíkt."

Við höfum reynslu af því hvaða hald er í slíkum takmörkunum. Upphaf þessa máls er að sjálfsögðu það að þegar við gerðum samninga við Evrópusambandið um markaðsaðgengi sjávarútvegs í tengslum við EES-samningana, þá var það gert að skilyrði fyrir þeim samningum að hinar almennu reglur EES-samningsins um frjálsan rétt til fjárfestinga án mismununar á grundvelli þjóðernis, giltu ekki að því er varðaði sjávarútveginn. Við settum afdráttarlaus skilyrði um bann við erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi og fengum því framgengt. Evrópusambandið féllst á það. Evrópusambandið féllst einnig á þá meginkröfu okkar í þessum samningum að við féllumst ekki á að tengja á neinn hátt kröfu okkar um tollfrjálsan aðgang að mörkuðum Evrópusambandsins, gagnkröfu þeirra um aðgang að auðlindinni. Þeirri kröfu Evrópusambandsins var hafnað. Evrópusambandið féllst á að taka þær kröfur út af borðinu. Í staðinn komu samningar um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum í litlum mæli. Það er reyndar kapítuli út af fyrir sig hvernig gengið hefur að efna þá samninga.

Á það er bent í þessu nál., herra forseti, að Íslendingar hafa fjárfest sjálfir mikið í sjávarútvegsfyrirtækjum erlendis. Því er óeðlilegt að við höfum aðra stefnu þegar við fjárfestum erlendis en við heimilum hérlendis. Það er ástæða til að staldra við þetta atriði af þeirri einföldu ástæðu að þessi sókn íslensks sjávarútvegs út fyrir lögsögu Íslands, út á heimshöfin og í samstarfi við fjölmargar aðrar þjóðir í fjarlægum heimsálfum, hvort heldur er í Suður-Ameríku, Afríku eða Asíu, er til marks um þá byltingu sem átt hefur sér stað í sjávarútvegi á tiltölulega mjög skömmum tíma. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að það hefur þrengt að sjávarútveginum innan lögsögunnar. Það hefur verið um að ræða verulegan samdrátt, ef ekki hrun, í nýtingu á helsta nytjastofninum. Á sama tíma þýðir það fiskveiðistjórnunarkerfi sem við styðjumst við að fyrirtækjum er gert kleift með framsalsrétti á veiðiheimildum að hagræða í veiðunum með því að færa veiðiheimildir milli skipa. Það hefur leitt til þess að skip verða í auknum mæli aflögu til að stunda veiðar utan lögsögunnar. Fjöldi þjóða hefur leitað til Íslendinga sem viðurkenndra sérfræðinga í fiskveiðum, þar sem framleiðni í íslensku atvinnulífi er hvað mest, hefur leitað eftir samningum við okkur um samstarf. Sá listi er orðinn langur og er til marks um það að þarna eru fjölmörg ábatasamleg tækifæri á grundvelli verkaskiptingar í heimsviðskiptum sem Íslendingar geta nýtt sér. Það eitt út af fyrir sig bendir til þess að það séu allt önnur viðhorf ríkjandi hjá stjórnvöldum í þessum löndum sem beinlínis sækjast eftir og hvetja þjóð eins og okkur til fjárfestinga en ríkjandi er hér heima fyrir. Og þessi tvíhyggja eða geðklofi sem lýsir sér í afstöðu íslenskra stjórnvalda varðandi annars vegar kröfuna um að loka sjávarútveginn af hér heima en hins vegar þeirrar markvissu viðleitni forstöðumanna fyrirtækja að sækja út fyrir landsteinana að nýjum tækifærum, bendir til þess að við höfum ekki hugsað til enda hvaða stefnu við eigum að fylgja.

Herra forseti. Í þessu nefndaráliti er á það bent að lausn stjórnarflokkanna um óbeina eignaraðild undir takmörkunum feli ekkert annað í sér en staðfestingu á óbreyttu ástandi og því fylgi engin sóknarfæri. Sjávarútvegurinn er vissulega í sókn. Hann hefur fjárhagslega burði til þess að nýta sér tækifæri erlendis. Hann er á þróunarskeiði sem einkennist mjög af alþjóðavæðingu. Það sem hann þyrfti kannski helst á að halda er nánara samstarf með erlendum aðilum, kannski ekki fyrst og fremst að því er varðar tækni veiðanna sem slíkra, heldur við uppbyggingu markaðs- og sölukerfa og til þess að styrkja stöðu okkar á neytendamörkuðum. Spurningin er auðvitað sú hvar arðsemin í greininni er mest. Þótt

framleiðni sé tiltölulega mikil á alþjóðlegan mælikvarða í veiðunum sjálfum þá gildir ekki sama sagan um fiskvinnslu hér á landi, þ.e. landvinnsluna. Það sem við þyrftum fyrst og fremst að gera í auknum mæli er að stefna að meiri fullvinnslu, stefna að endanlegri framleiðslu á neytendavörunni sjálfri. Og ekki bara framleiðslu á henni heldur einnig eignaraðild þeirra fyrirtækja sem markaðssetja þessa vöru og ná einnig arðinum á dreifingar- og sölustiginu. Það er sennilega á þessu sviði sem fjárhagsleg og tæknileg erlend aðild að okkar fyrirtækjum og samstarf okkar með erlendum aðilum mundi skila okkur hvað mestum arði. Þess vegna er það að lausn sem byggir á ótta fyrst og fremst og óraunsæju mati á stöðunni og lokar leiðum að því er varðar slík sóknarfæri, ber vott um skammsýni sem er ekki til fyrirmyndar.

Hvers vegna er það að við ættum að setja sjávarútveginn sem menn í öðru orðinu mæra sem burðarstoð íslensks þjóðfélags og uppistöðugrein í íslensku atvinnulífi, hvers vegna ættum að loka hann af og setja hann á sérstakan bás og setja honum harðari kosti varðandi rekstrar- og vaxtarskilyrði en öðrum fyrirtækjum? Það hvarflar ekki að okkur að setja slík skilyrði varðandi önnur fyrirtæki, olíufyrirtæki, dreifingarfyrirtæki, fyrirtæki í verktakaiðnaði, sjónvarpsrekstri, ferðaþjónustu, reyndar fiskeldi, skiparekstri og tölvuþjónustu. Þar þykir okkur ekki aðeins sjálfsagt heldur einnig mjög eftirsóknarvert að leita eftir þátttöku erlends fjármagns og kvörtum reyndar hástöfum undan því hvað hún er lítil og í alþjóðlegum samanburði er það staðreynd að við erum að dragast aftur út öðrum þjóðum að þessu leyti. Erlend fjárfesting á Íslandi hefur lítil sem engin verið í mörg ár og er sáralítil í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á öllum alþjóðlegum samanburðartöflum.

Það þarf veigamikil rök fyrir því, herra forseti, að mismuna fyrirtækjum í sjávarútvegi eins og hér er lagt til með því að hafa sérstakar reglur fyrir hann og sér í lagi þegar afsökunin fyrir því eða skýringin á því að það sé verið að koma í veg fyrir aðgang að auðlindinni, sannanlega stenst ekki. Þetta er eins konar snuð sem otað er að mönnum í blekkingarskyni og stenst ekki rökrétta skoðun. Þetta gengur þvert á þá alþjóðlegu þróun sem blasir við allt í kringum okkur, að fyrirtæki renna meira og minna saman fjárhagslega, þvert á öll landamæri ríkja og það er einmitt slíkur fjárhagslegur og tæknilegur samruni fyrirtækja og fjölþjóðlegt samstarf sem víðast hvar er helsti vaxtarbroddur þeirra þjóðfélaga sem best spjara sig.

Þá er þess að geta að heimild útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum þar sem okkur er mikið kappsmál að fá erlenda aðila til samstarfs.

Ég hef þegar, herra forseti, fjallað um þau rök sem haldið er fram gegn beinni eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi, þ.e. þann fyrirslátt að frv. stjórnarliða dugi til þess að hindra útlendinga í að komast inn í fyrirtæki sem hafa veiðiheimildir eða rétt til fiskveiða innan lögsögunnar. Sú röksemd stenst ekki. En ef menn vilja nú samt sem áður af einhverjum ástæðum skilja eða viðurkenna, sennilega af sálfræðilegum ástæðum frekar en efnislegum eða fjárhagslegum, að þessari málamyndahindrun verði viðhaldið þá er a.m.k. alveg ljóst að það eru engin rök fyrir því að koma í veg fyrir að fyrirtæki í sjávarútvegi sem stunda iðnað, þ.e. matvælaframleiðslu, fiskvinnslu og útflutning á matvælum, verði undir sömu sök seld. Þess vegna gerðum við ítrekaðar tilraunir til þess að fá menn í umræðum í efh.- og viðskn. til þess að skoða rækilega þann kost að gera greinarmun á fiskvinnslu og útgerð í þessu sambandi. Menn bera því við að meiri hluti fyrirtækja í sjávarútvegi stundi hvort tveggja, veiðar og vinnslu, eigi hvort tveggja, veiðiheimildir eða hafi réttindi til fiskveiða og stundi fiskvinnslu. En á hitt er að líta að ef þessi greinarmunur væri gerður í löggjöfinni milli fiskvinnslufyrirtækja annars vegar og þeirra sem stunda fiskveiðar þá er ekkert sem hindrar fyrirtæki í því að stofna þá sérstök fyrirtæki um vinnsluþáttinn og þannig mætti opna þeim nýja möguleika til þess að njóta kostanna við þátttöku erlends áhættufjármagns. Sérstaklega væri slík verkaskipting rökrétt framhald af sterkari stöðu fiskmarkaða sem margir hafa bundið vonir við að muni ryðja sér til rúms í auknum mæli.

Eins og segir í þessu nefndaráliti, fór það svo að meiri hlutinn féllst ekki á þessa á ósk minni hlutans og því mun minni hlutinn flytja brtt. við 2. umr. um frv. um að heimila erlendum aðilum að fjárfesta í fiskvinnslu hér á landi. Það er þó alla vega málamiðlun sem horfir til framfara í greininni.

Herra forseti. Meiri hluti efh.- og viðskn. gerir tillögur um smávægilegar breytingar á frv. sem nánast verða nú að teljast sjálfsagðir hlutir eins og t.d. að reyking, súrsun, niðursuða og niðurlagning teljist ekki til fiskvinnslu. En að öðru leyti er frv. ríkisstjórnarinnar látið standa nær óbreytt. Það verður að segjast eins og er að sú niðurstaða er sérstaklega háðugleg fyrir þá fjóra hv. þm. Sjálfstfl. sem fóru hér fram í upphafi með svo snöfurmannlegri tillögu að fræg er orðin, um 49% eignaraðildarheimild en hafa nú sætt sig við það að fá reykingu og súrsun á sínum tillögum og reyndar niðurlagningu og það undir forustu sjálfs formanns efh.- og viðskn. Það hlýtur að vekja upp spurninguna um það hvort hér var frá upphafi um hreina og beina sýndarmennsku að ræða, alvörulaust gaspur sem engin alvara fylgdi eða hvort að garparnir reyndust ekki öflugri en svo að þeir voru einfaldlega handjárnaðir af stjórnarmeirihlutanum og settir í súrsun og niðurlagningu í framhaldi af því.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á því, herra forseti, að þótt hér sé verið að ræða um heimildir til erlendrar fjárfestingar í sjávarútvegi þá er annað mál þessu tengt sem ástæða er til að spyrja hvers vegna stjórnarmeirihlutinn hefur þá ekki sams konar áhyggjur út af. Þá er ég að vísa að sjálfsögðu til þeirrar staðreyndar að tímabundinn fyrirvari sem settur var í EES-samningnum varðandi réttindi erlendra aðila til fjárfestingar í fyrirtækjum sem nýta orkulindirnar og gætu þess vegna keypt virkjunarréttindi eða rekið fyrirtæki í orkuiðnaði. Þessi fyrirvari er nú útrunninn þannig að staðan er nú sú að erlendir aðilar gætu út af fyrir sig, ef þeir telja það ábatasamlegt, haslað sér völl í þessum rekstri og keypt virkjanaréttindi, með öðrum orðum fengið aðgang að hinni meginauðlindinni sem Íslendingar hafa löngum gert sér vonir um að renni frekari stoðum undir efnahagslíf okkar í framtíðinni. Stjórnarmeirihlutinn hefur engar tillögur flutt um að breyta þessu, engar tillögur flutt um það að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti náð tangarhaldi á þessari auðlind. Það stendur einfaldlega opið. Það er ekki vegna þess að skort hafi tillögur. Við vitum af því að í farvatninu hafa verið tillögur mjög lengi til umræðu á hinu háa Alþingi og í ríkisstjórnum um það að fara eins að og við höfum gert að því er varðar sjávarútvegsauðlindina, nefnilega að flytja frv. til laga um það að eignarhald á auðlindinni sjálfri, þ.e. á fallvötnunum og jarðhitanum samkvæmt nánari skilgreiningu, verði lýst þjóðareign. Þá væri auðvitað um að ræða sömu niðurstöðuna, að ef menn vilja tryggja þjóðinni arð af þeirri auðlind, eru

ekki til þess önnur ráð en að taka upp auðlindagjald í einhvers konar mynd til þess að tryggja að þjóðin hafi arð af henni. En við höfum hlustað á ítrekaðar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. um að hann sé með slíkt frv. á teikniborðinu en það muni ekki sjá dagsins ljós á þessu þingi heldur einhvern tímann síðar. Þess vegna er það að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. iðnrh., hefur tekið af skarið um að flytja hér á þessu þingi tillögur um sameign þjóðarinnar á orkulindunum eins og þær voru til umfjöllunar í tíð fyrri ríkisstjórnar, en ekki náðist þá pólitískt samkomulag um. Það er ástæða til þess að spyrja ef menn meina eitthvað með þessum ótta gagnvart erlendu fjármagni í íslenskan sjávarútveg: Eru menn þá ekki haldnir sams konar ótta að því er varðar ásókn útlendinga í orkulindirnar? Og hvers vegna leyfa menn sér þvílíkt seinlæti gagnvart setningu laga sem lýsa þessar auðlindir þjóðareign? Því taka menn ekki á því máli hvernig það mætti fara saman að slíkt sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar tryggði eignarréttinn og forræðið og arðinn í hendur þjóðarinnar ef erlendir aðilar kynnu að notfæra sér tækifærið til fjárfestingar í þeim iðnaði, þ.e. nýtingu orkulindanna sjálfra?

Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en þessi atrenna stjórnarmeirihlutans og stjórnarflokkanna að þessu máli hafi verið hálfgerð sneypuför. Þeir hafa gert mikið veður út af litlu. Niðurstaðan er sú að frv. sem stjórnarflokkarnir flytja er haldlaust, það skiptir út af fyrir sig ekki máli. Það eru aðrar leiðir sem þarf að fara til þess að tryggja að þjóðin hafi arðinn af fiskimiðum sínum. Það er seinlæti ríkjandi að því er varðar lagasetningu um eignarhaldið á orkulindunum. En hafi þetta verið hálfgerð sneypuför af hálfu stjórnarliða verður þó að segjast að kórónan á því sköpunarverki hafi verið sneypuför þeirra hv. fjögurra þingmanna sem létu mikinn í upphafi en er nú mjög siginn lærður þegar komið er að afgreiðslu málsins.

[22:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það virkar satt að segja dálítið ruglandi að hlusta á hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ræða þetta mál. Í hans ráðherratíð var ekki alltaf þægilegt að tala um aukið frjálsræði í fjárfestingum í sjávarútvegi. Meðal annars vek ég athygli á því að á árinu 1991 stóð hann að miklum breytingum á þessum heimildum sem takmarkaði þá 70 ára gamla heimild til þess að fjárfesta í útgerð þar sem erlendir aðilar máttu eiga allt að helmingi í útgerð. Það var tekið til baka í hans ráðherratíð.

Mig langar til að spyrja hvort hv. þm. telur það forsendu fyrir því að leyfa erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi að það sé komið á veiðileyfagjaldi. Mér heyrðist það hálfpartinn á hv. þm. Ég velti því líka fyrir mér hvort það virki yfirleitt hvetjandi á erlendar fjárfestingar að hóta því að koma þeim í uppnám með því að leggja veiðileyfagjald á sjávarútveginn. Ég hygg raunar að allt þetta tal um veiðileyfagjald hjá hv. þm. og öðrum sem eru hans skoðunar sé einmitt til þess fallið að draga úr því að erlendir aðilar vilji festa fé í íslenskum sjávarútvegi.

[22:34]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar það að rýmka um þessar heimildir þá er það ekki nema rétt sem hv. þm. sagði. Yfirgnæfandi meiri hluti á hinu háa Alþingi hefur verið þeirrar skoðunar að við ættum að setja fullkomnar skorður við fjárfestingarrétti útlendinga í sjávarútvegi. Í ljósi þess var fyrirvarinn að því er varðar EES-samningana settur.

Það kom hins vegar á daginn fljótlega út frá okkar eigin bæjardyrum séð að við gátum ekki einu sinni framfylgt þessum fyrirvörum. Í vaxandi mæli hafa menn verið að sjá að það er ekki okkur sjálfum í hag. Umræðan núna hefur síðan leitt í ljós að það er ekkert hald í tillögum stjórnarmeirihlutans vegna þess að í gegnum óbeina aðild er hægt að fara á bak við þessi ákvæði.

Varðandi það hvort veiðileyfagjaldtaka sé forsenda fyrir erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi er svarið mjög einfalt. Það er ekki tæknileg forsenda fyrir því. En það er forsenda fyrir því að tryggja og eyða ótta manna við það að þjóðin hafi arð af nýtingu auðlindarinnar hverjir svo sem eiga þá fyrirtækin.

Að því er varðar það hvort upptaka veiðileyfagjalds muni letja áhugasama fjárfesta í fjárfestingu, þá hef ég enga trú á því. Af þeirri einföldu ástæðu að það gera menn ekki nema sjávarútvegurinn sé samkeppnishæfur og við höfum fiskveiðistjórnunarkerfi þar sem framsalið er kjarni málsins og veiðiheimildir ganga kaupum og sölum.

[22:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir afar einkennilegt að hv. þm. skuli komast að þeirri niðurstöðu að tal hans um veiðileyfagjald hafi engin áhrif á áhuga erlendra aðila til þess að fjárfesta í sjávarútvegi. Hv. þm. hlýtur að vita það jafnvel betur en flestir aðrir að ef erlendir aðilar að gefnu því kerfi sem við búum við í dag fara að kaupa hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum hlyti sá hlutur að verða verðminni ef sett yrði á veiðileyfagjald sem einhverju máli skipti.

[22:37]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að snúa þessari röksemd akkúrat á haus og segja sem svo: Ef það er yfirlýst skoðun hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., að það beri að setja einhverjar reglur sem aftri útlendingum frá því að fjárfesta í sjávarútvegi og hann er þeirrar skoðunar að veiðileyfagjaldið sé það, hvers vegna tekur hann þá ekki undir? Er það þá ekki miklu praktískari og framkvæmanlegri leið til þess að draga úr ímyndaðri sókn útlendinga í íslensku auðlindina að taka upp veiðileyfagjald? Ef hv. þm. er sjálfum sér samkvæmur og þetta er markmiðið er þá ekki leiðin að hans eigin ábendingu sú að taka upp veiðileyfagjald?

Hins vegar er það svo að ákvarðanir um fjárfestingu í fyrirtækjum eins og fáir vita betur en hv. þm. ráðast af því hvort fyrirtæki eru arðsöm. Veiðileyfagjald þarf alls ekki að þýða að fyrirtæki verði þar af leiðandi ekki arðsöm vegna þess að veiðiheimildirnar ganga kaupum og sölum. Það þýðir einfaldlega að það sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi er að samfærsla á þessum veiðiheimildum er að færast í aukana. Það er lykillinn að aukinni hagræðingu í rekstri fyrirtækja og þau fyrirtæki sem best hafa spjarað sig eru samkvæmt flestum efnahagslegum mælikvörðum prýðilegur fjárfestingarkostur. Þessi fyrirtæki hafa þó í nafni þessarar hagræðingar þurft að kaupa veiðiheimildir í stórum stíl. En arðsemi þeirra er ekki minni fyrir þær sakir.

[22:38]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar var um margt afar fróðleg. Ég hlustaði á hana með athygli enda ræðan athyglisverð þegar að niðurstöðunni kom, þ.e. að frv. ríkisstjórnarinnar væri í raun og veru breyting á ekki nokkrum sköpuðum hlut og hv. þm. fann málinu allt til foráttu. Þetta er athyglisverð niðurstaða í ljósi þess að það frv. sem hér er flutt af ríkisstjórninni er efnislega nákvæmlega samhljóða því frv. sem fyrrv. hæstv. iðnrh. Alþfl., núv. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, flutti fyrir hönd Alþfl. í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. á síðasta þingi. Það er merkilegt að þessi breyting skuli hafa orðið á afstöðu hv. þm. nú. Ég býst fastlega við því að hv. þm. hafi stutt stjfrv., enda aðili að ríkisstjórn á þeim tíma.

[22:40]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hún breyti engu um afstöðu manna til þessa máls, þessi sögulega upprifjun. Það er líka staðreynd að sá sem hér stendur beitti sér fyrir því að semja í alþjóðlegum samningum um skilyrðislausan rétt íslensku þjóðarinnar til þess að útiloka erlendar fjárfestingar. Það gerði ég ekki vegna þess að á bak við það væri nokkur sannfæring mín um það að þessa fjárfestingu bæri að óttast heldur í ljósi þeirrar staðreyndar að þá var sú meiri hluta skoðun ríkjandi að við mættum ekki gera slíka samninga og gætum ekki gert slíka samninga nema áskilja okkur þann rétt.

Það sem nú er að gerast er þetta: Við erum að endurskoða þetta mál í ljósi þess hvað eru okkar hagsmunir og í ljósi reynslunnar. Reynslan virðist kenna okkur það í vaxandi mæli og það hafa margir tekið undir það í þessum umræðum að við eigum að ganga lengra í frjálsræðisátt en við gerðum á þeim tíma. Það er hægt að finna mörg dæmi þess, ekki síst úr sögu Framsfl. ef við ættum að fara út í slíka sögulega upprifjun. Spurningin er sú hvort Framsfl. hefur stigið nægilega stór skref til þess að nálgast nútíðina. Það mætti kannski gera betur á ýmsum sviðum.

[22:41]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Frumvarp það sem hér er til 2. umræðu um erlenda fjárfestingu vil ég ræða út frá þeim lið sem snýr að eignarhaldi í sjávarútvegi og fjárfestingu af þeim þætti frv. Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi hefur eins og allir hér inni þekkja verið ákaflega viðkvæmt mál hjá íslensku þjóðinni. Hér hefur ríkt mikil tortryggni í garð útlendinga þegar kemur að eignarhaldi í þessari höfuðatvinnugrein okkar. Ég tel því að varkárni við að rýmka regur um erlenda fjárfestingu sé nauðsynleg og því eðlilegt að taka þau skref sem við ætlum okkur að stíga að vel athuguðu máli.

Undirritaður lagði ásamt þremur öðrum þingmönnum Sjálfstfl., þeim hv. þm. Pétri Blöndal, Vilhjálmi Egilssyni og Guðjóni Guðmundssyni, fram fyrir páska frv. samhliða frv. sem hæstv. iðnrh. lagði fram og frv. tveggja hv. þm. Þjóðvaka þar sem við lögðum til að heimila 49% beina eignaraðild erlendra aðila í sjávarútvegi. Þetta frv. var því til umræðu um leið og hin en á þeim tveim frumvörpum sem kannski skarast mest, þ.e. frv. okkar fjögurra þingmanna Sjálfstfl. og hæstv. iðnrh., er í mínum huga verulegur munur og nokkuð flókið að útskýra það svo vel fari.

Mig langar aðeins til að rifja upp þegar verið er að tala um erlenda fjárfestingu hver reynsla okkar er af fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi á þeim 69 árum sem hún hefur verið heimil samkvæmt lögum nr. 33/1922, en þá var erlendum aðilum heimilað að fjárfesta 49,9% beint í útgerðarfyrirtækjum. Um leið var reyndar óheimilt að fjárfesta í öllum öðrum hugsanlegum atvinnurekstri á landinu. Þessi lög voru í gildi til ársins 1991 eða í 69 ár. Þá tóku ný lög gildi þar sem öll fjárfesting erlendra aðila í sjávarútvegi var bönnuð. Lögin frá 1991 heimiluðu aftur á móti fjárfestingu erlendra aðila á EES-svæðinu í öðrum fyrirtækjum með ákveðnum takmörkunum þó eins og komið hefur fram í orkufyrirtækjum og flugi. Ástæðan fyrir þeirri breytingu að banna fjárfestingu í sjávarútvegi hefur lítið verið rökstudd að mínu mati. Enda ekkert í fortíðinni sem benti til þess að erlend áhrif í íslenskri útgerð yrðu yfirgnæfandi þó heimildir til hennar hefðu verið fyrir hendi allan þennan tíma.

Sannleikurinn er sá að útlendingar hafa yfirleitt sýnt lítinn áhuga á því að fjárfesta á Íslandi nema með sérkjörum, samanber áliðnað. Það er sérstakt rannsóknarefni hvers vegna útlendingar vildu ekki fjárfesta í útgerð í þau tæp 70 ár sem það var heimilt. Það má gera ráð fyrir því að ein ástæðan sé að verulegu leyti að hlutur útgerðarinnar var í eigu fiskvinnslunnar og hún rekin með miklu tapi þar til í upphafi þessa áratugar. Einnig hefur óðaverðbólga og gengisfellingar sligað útgerðina í áratugi og gert þennan fjárfestingarkost lítt eftirsóknarverðan.

Með EES-samningnum voru ýmsir sem töldu að erlend fjárfesting og áhrif hennar yrðu stórlega meiri og vegna þessa var settur þröskuldur í lagasetningu 1991 þannig að ef erlendur aðili óskaði eftir 250 millj. kr. fjárfestingu í íslensku fyrirtæki eða meira þurfti sérstakt leyfi ráðherra. Hver hefur svo raunin orðið að þessu leyti? Hafa erlendir aðilar streymt hingað með fjármagn til þess að fjárfesta í skjóli þessara laga? Nei, svo er ekki. Erlend fjárfesting var árin 1993–1995 eftirfarandi miðað við landsframleiðslu: Á Íslandi 0,1%, á Norðurlöndunum 1% og í OECD-ríkjunum 1,5–2% samkvæmt upplýsingum hæstv. iðnrh. á Alþingi nýlega. Það verður að vísu tímabundin aukning í ár hér á landi vegna mjög sérhæfðra framkvæmda hjá Ísal. En að undanskildum fjárfestingum í áliðnaði eru mjög litlar fjárfestingar í framtíðinni að því er séð verður.

Í erlendum samanburði eru Íslendingar frekar aftarlega á merinni hvað opin viðskipti varðar. Það hefur að mínu mati leitt til þess að við höfum dregist aftur úr öðrum þjóðum í útflutningi miðað við verga landsframleiðslu. Árið 1960 voru Íslendingar í þriðja sæti af OECD-ríkjunum hvað þetta varðar en 1993 vorum við í 10. sæti. Varðandi samkeppnisstöðu erum við í 18. sæti miðað við sömu ríki.

Það má einnig benda á að framleiðni íslenskra fyrirtækja er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Reynsla okkar af þátttöku erlendra aðila í atvinnurekstri er góð en hún er víða í okkar þjóðfélagi þó í smáum stíl sé. Má þar nefna sjónvarpsrekstur, olíufélög og víðar svo að eitthvað sé nefnt. Í stóriðjurekstri er hún mikil eins og þekkt er. Fjárfesting Íslendinga erlendis hefur skilað góðum árangri og ber þar hæst starfsemi fisksölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum og Evrópu. Af nýjum fjárfestingum Íslendinga erlendis má nefna kaup Samherja og ÚA í þýskum útgerðum. Allt bendir því til þess að fjárfesting erlendra aðila á Íslandi sé ekki hættuleg heldur eftirsóknarverð á sama hátt og fjárfesting okkar erlendis hefur verið farsæl fyrir íslenskt þjóðarbú.

Það er grundvallarmunur í mínum huga á beinni og óbeinni fjárfestingu. Í öðru tilfellinu, þ.e. óbeinni fjárfest-

ingu, er oftast um fjárfestingu að ræða sem þvælist með kaupum aðila í öðrum fyrirtækjum og skapar því óvissu hjá þeim fyrirtækjum sem eru hálfgerður bastarður í kaupunum. Bein fjárfesting er aftur á móti gagngert til þess að taka þátt í viðkomandi starfsemi.

Ef skoðaðir eru fleiri ólíkir þættir þessara tveggja aðferða, þá getur óbein fjárfesting leitt til óeðlilegra fjárfestingarleiða sem gætu lýst sér þannig að erlendur aðili á EES-svæðinu kaupir íslenskt byggingarfyrirtæki. Byggingarfyrirtækið kaupir 49% í íslenskri matvöruverslun sem kaupir síðan 100% í stóru útgerðarfyrirtæki. Það væri óbein erlend eignaraðild upp á 49% í sjávarútvegsfyrirtækinu. Hvar lægju hagsmunir þessa erlenda aðila helst í þessari fyrirtækjakeðju? Að mínu mati liggja hagsmunir hans í fyrirtækinu sem þeir eiga 100% sjálfir, þ.e. í byggingarfyrirtækinu. Tilhneigingin yrði því sú að hagnaður safnaðist frekar fyrir í fyrirtæki í þriðja lið keðjunnar og rýrði þar með afkomumöguleika sjávarútvegsins. Með enn annarri flækju getur óbein fjárfesting orðið allt að 62%.

Annar ókostur óbeinnar aðildar er sá að erlendir aðilar sjá þetta hvorki sem fjárfestingartækifæri né hagkvæman kost vegna tæknihindrana. Þeir fjárfesta því síður í þessari atvinnugrein. Eftirlit með slíkri fjárfestingu er einnig mjög erfitt eins og dæmi sanna og eru kaup Texaco á 33% hlut í Olís þar ofarlega í huga, en Olís er eigandi í mörgum útgerðarfélögum. Sú eignaraðild varð til þótt erlend fjárfesting væri óheimil með öllu í sjávarútvegi á Íslandi og er enn samkvæmt lögunum frá 1991.

Kostir beinnar eignaraðildar umfram óbeina eru aftur á móti þeir að eftirlit með henni er mjög auðvelt í framkvæmd, möguleikar á áhættufé verða fleiri og auðveldara er fyrir hagsmunaaðila að fylgjast með fjárfestingunni og bein markaðssamtenging verður meiri. Það verður einnig um aðgang að ýmsum tækninýjungum erlendis frá. Ótti manna við að erlendir aðilar eignist kvótann ef tillaga okkar fjórmenninganna nær fram að ganga er ástæðulaus því að það eru aðeins íslensk fyrirtæki sem mega veiða við Íslandsstrendur og samkvæmt tillögu okkar fjórmenninga verður fyrirtækið að vera í meirihlutaeigu Íslendinga. Að heimila 100% eignaraðild erlendra aðila í fiskvinnslunni er að mínu mati óraunhæft þar sem vinnslan og útgerðin eru nánast eitt og sama fyrirtækið og hugmyndin því marklaus. Þar er einnig um að ræða þann hluta sjávarútvegsins sem verst stendur í dag og því óneitanlega í anda þeirra sem vilja enga fjárfestingu bjóða erlendum aðilum. Að binda í stjórnarskrá að fiskstofnarnir við strendur landsins séu sameign þjóðarinnar er sjálfsagt. Slík ákvæði eru í lögum um stjórn fiskveiða. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur sl. fimm ár unnið markvisst að því að skapa stöðugleika í efnahagslífinu, lækka verðbólgu og vexti. Allt þetta hefur tekist með ágætum eins og öllum er kunnugt og samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja því orðin góð. Erlend fjárfesting er því orðin mun raunhæfari möguleiki en nokkru sinni fyrr.

Flestar þjóðir leggja mikið á sig til þess að laða til sín erlenda fjárfestingu og áhættufjármagn og það verðum við að gera einnig. Því tel ég að við verðum að ganga ákveðnari skref að þessu leyti í sjávarútveginum en gert er ráð fyrir í frv. viðskrh. Fjárfesting erlendra aðila í þessum mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar má ekki verða tilviljunarkennd og ómarkviss.

Ég verð því í framhaldi af þessu að lýsa yfir vonbrigðum **mínum með þá niðurstöðu sem meiri hluti efh.- og viðskn.** komst að í áliti sínu. Þar eru engar raunverulegar breytingar á ferðinni nema að ríkjandi ástandi í erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi er mætt óbeint. Það felst því engin stefna eða framtíðarsýn í þeim tillögum, þ.e. hvernig við viljum þróa erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi og aðlaga hann að samstarfi við markaðssjónarmið í hinum vestræna heimi frjálsra viðskipta. Sjónarmið okkar fjórmenninganna hafa því ekki fengið nægilegan hljómgrunn að mínu mati í meiri hluta nefndarinnar. Ég lýsi vonbrigðum mínum með það þó ég viðurkenni að þar eru stigin ákveðin skref sem nauðsynlegt var að fara og að því leytinu til hafi verið stigin hálfgerð hænufet eða kjúklingafet til leiðréttingar. Af þeim ástæðum mun ég samþykkja frv. ríkisstjórnarinnar eins og ég hef lýst yfir áður í þessum umræðum. En ég mun um leið og vil í þessari umræðu lýsa því yfir að þeim afskiptum mínum að koma á beinni fjárfestingu í sjávarútvegi er ekki lokið og mun ég síðar á hinu háa Alþingi flytja þetta mál að nýju ef ekki verða komnar einhverjar verulegar breytingar af hálfu ríkisvaldsins við þau lög sem nú eru til umræðu.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafði mörg orð um frv. okkar fjórmenninganna og taldi að þar hefði lítið farið fyrir okkar málflutningi og við hefðum farið mikla sneypuför. Ég held að það verði að segjast um alla umræðu um erlenda fjárfestingu á Íslandi í gegnum árin og aðild útlendinga að fyrirtækjum hverju nafni sem þau nefnast, hefur verið erfið, tekið langan tíma og eins og fram hefur komið í umræðunni áður, að það þarf að aðlaga þjóðarsálina að ákveðnum staðreyndum, ákveðnum breytingum. Það er sálfræði sem reyndir stjórnmálamenn eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson þekkja. Ég lít svo á að sú umræða sem okkar tillaga fékk um breytingar á lögum hafi verið mjög af hinu góða og hafi leitt þessa umræðu inn á aðra braut. Ég varð var við að alþýðuflokksmenn urðu hálf pirraðir yfir þessari tillögu og komu þeir reyndar strax á eftir með tillögu um það að leyfa 100% erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi. Það sýndi mér fyrst og fremst það að þeir höfðu hugsað sér að leggja fram einhverja álíka tillögu og við en voru teknir í ruminu. (**JBH:** Hvaða tillögu ætlar hv. þm. að styðja?) Þú hefur ekki fylgst með, hv. þm., því sem ég hef verið að segja. Ég bara bið þig um að lesa það þegar það kemur ...

(**Forseti** (StB)**:** Ávarpa ekki hv. þm. í annarri persónu.)

... úr vélritun hvað ég sagði í þessum efnum. Það eru margar tillögur lagðar fram í þessu þingi sem ekki fá afgreiðslu en fá umræðu eigi að síður. Ég veit um þingmenn í mínum flokki og fleirum sem endurflytja tillögur þing eftir þing og gefast aldrei upp. Ég tel mig vera einn af þeim þingmönnum sem gefast ekki upp og mun halda áfram að flytja þau mál sem ég tel vera til framfara fyrir þjóðina eins oft og þarf.

Það er nefnilega til gott og gilt hugtak í íslenskri þjóðarsál sem er þrautseigja. Ég vona að hún svíki mig ekki og ég vona að hún svíki ekki aðra þingmenn í þessu mikilvæga máli. Ég ætla bara aðeins að minna á eina góða vísu sem er í Hávamálum:

Haltur ríður hrossi,
hjörð rekur handarvanur,
daufur vegur og dugir.

Ég held að við dugum.

[22:57]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú ein máttlausasta ræða sem ég hef heyrt í þingsölum í vetur. Ég eiginlega vorkenni hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir þann málflutning sem hann kemur með. Hann er stjórnarþingmaður. Það ber að taka það alvarlega. Hann fer fyrir fjórum þingmönnum um tillögu sem er gjörsamlega hunsuð af hans eigin meiri hluta. Eina breytingartillagan sem er gerð er taka inn reykingu, súrsun, niðursuðu og niðurlagningu. Þetta er gert að almennum iðnaði. Hv. þm. kallar þetta hænufet eða kjúklingafet. Ég veit ekki hvað hann hugsar sér.

Hann talar um galla óbeinnar fjárfestingar, telur upp kosti beinnar eignaraðildar og segir: „Það er engin framtíðarsýn í því sem meiri hlutinn leggur til.“ Svo segir hann: „Ég ætla að styðja tillögur meiri hlutans.“ Við skulum segja að ég finn til með hv. þm.

Ég vil spyrja hann og hann á að skýra þetta fyrir þingheimi: Af hverju fengu sjónarmið þeirra fjórmenninga ekki meiri hljómgrunn innan hans eigin flokks eða ríkisstjórnar? Og ég spyr hv. þm.: Ætlar hann að styðja tillögu minni hlutans sem leggur til að heimiluð verði bein fjárfesting í fiskvinnslu? Útgerðinni er haldið utan við. Það er farin ákveðin millileið. Væri ekki meiri manndómur í því, herra forseti, að hv. þm. mundi standa við það sem hann lýsti í upphafi umræðunnar, standa við sannfæringu sína og láta þá reyna á varadekkin hjá ríkisstjórninni heldur en að hann komi upp og segist ætla að styðja ríkisstjórn sem er búin að sparka hans tillögugerð og hugmyndum svo gjörsamlega út af borðinu að það hefur sjaldan í þingsölum sést önnur eins meðferð.

[22:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að segja eins og er að ég held að þið munið ekki nákvæmlega eftir þeirri umræðu sem fór fram strax í upphafi ...

(**Forseti** (StB): Hv. þm.)

... hv. þm., Ágúst Einarsson. Við 1. umr. lýsti ég því yfir að ég mundi styðja fram komna tillögu ríkisstjórnarinnar. Ég er einfaldlega að lýsa því yfir að ég mun standa við þá yfirlýsingu sem ég gaf þá. Ég viðurkenni að sjálfsögðu að það var ekki gengið mjög langt í þá átt sem við vildum fara með beinni fjárfestingu. Það er bara sú málsmeðferð sem málið fékk. Í mínum flokki var reyndar verulegur stuðningur við þetta, en ríkisstjórnin hafði lagt þetta fram. Okkar sjónarmið eru komin fram og verða áfram til umræðu. Það er ekkert háðuglegt í mínum huga. Mér finnst það bara ekkert háðuglegra en tillaga hv. þm. Ágústs Einarssonar sem var í rauninni óþörf og ég get ekki séð að það þjóni neinum tilgangi að styðja hana á þessu stigi málsins. Aftur á móti mundi ég bjóða hv. þm. að vera með mér á tillögu um beina fjárfestingu í sjávarútvegi á næsta þingi og ég tel mig ekki vera hættan með þetta mál. Ég tel mig vera að byrja með þetta mál og að því leytinu til get ég staðið fullkeikur eftir þessa umræðu eins og áður.

[23:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst af þessu að það er ekkert að marka tillögugerð þingmannsins Kristjáns Pálssonar. **Þingmaðurinn þarf að átta sig á því að hann er liðsmaður** ríkisstjórnarliðs. Þegar flokkur manna úr ríkisstjórnarliðinu flytur fram brtt. við eigið frv. gera menn ráð fyrir því að málið taki breytingum í nefnd í áttina að því sem málsmetandi menn í ríkisstjórnarliðinu leggja til. Það hefur ekkert tillit verið tekið til þessarar hugmyndafræði. Hv. þm. hefði betur ekki flutt sína tillögu heldur reynt að athuga hvort hann hefði getað haft áhrif til breytinga á ríkisstjórnarfrumvarpinu í upphafi eða þá reynt að ná fram breytingum í nefndinni. Tveir tillögumenn hans sátu í nefndinni og þeir töluðu ekki fyrir og gerðu enga tillögu til breytingar í þá átt sem frv. gerði ráð fyrir. Frv. fjórmenninganna var markleysa og eina niðurstaðan úr þeirri umræðu er að það er ekki að marka tillögugerð frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Mér finnst hins vegar miður að hann skuli ekki hafa staðið við sína meiningu, setið hjá við afgreiðsluna eða stutt tillögu minni hlutans. Í mínum huga hefði hann orðið maður að meiri. Ég afþakka að vera með á tillögu, hvort sem er á næsta hausti eða síðar, frá Kristjáni Pálssyni varðandi þetta efni. Ég tel að enginn árangur sé fólginn í því. Hins vegar geri ég mér fulla grein fyrir því að þingmanninum gekk gott eitt til þegar hann talaði fyrir hugmyndafræði sinni en svona geta menn ekki komið upp þegar hefur síðan komið í ljós að ekkert tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Hv. þm. er stjórnarþingmaður, við tökum mark á honum sem slíkum þegar hann leggur hér fram tillögu. Það er eðlilegt. För hans í upphafi var ekki hugsuð, þetta var sneypuför, því miður vegna þess að ég hef taugar til þingmannsins. Ég harma að þetta skyldi fara á þennan hátt hjá honum en þetta mál er sennilega best gleymt af hálfu þingheims.

[23:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því að ég gleymi því að hafa flutt þessa tillögu og kæri mig ekkert um það. Eins og ég hef sagt áður þá lýsti ég því yfir við 1. umr. að ég mundi styðja tillögu ríkisstjórnarinnar og við það mun ég standa. Ég get svo aftur á móti sagt hv. þm. að ég ræddi þetta mál við formann efh.- og viðskn. og hann upplýsti mig um að í sumar og fyrir næsta þing verður unnið áfram í málinu. Hvernig því mun lykta ætla ég ekkert að fullyrða sérstaklega um hér enda veit ég ekki nákvæmlega um það en um það hefur verið sérstaklega rætt. Ég held að við ættum að spyrja hv. þm. Ágúst Einarsson að leikslokum. Ég get alveg sagt að ég met málflutning hv. þm. yfirleitt mikils og tel að þar fari maður sem hafi oftast vit á því málefni sem hann er að ræða um. Ég tel mig einnig hafa þó nokkra reynslu í sjávarútvegsmálum og ætla ekki að taka til mín einhverja sleggjudóma um þær hugmyndir sem ég kem með að þær megi ekki geymast í minningu þingsins og vísa því til föðurhúsanna sem pirringsumræðu sem sæmir ekki hv. þm.

[23:05]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú liggur mikið við. Nú dugir ekki minna en sjálf Hávamál til þess að vera hálmstrá fjórmenninganna frægu, hv. þm. Haltur ríður hrossi og hjörð rekur handarvanur. Spurningin er með þessa líkingu: Hvar er halta hrossið og hver er hinn handarvani sem á að reka hjörðina? Er verið að vísa í hv. formann efh.- og viðskn.? Er verið að vísa í þingflokk Sjálfstfl. sem gerði hina galvösku tillögumenn afturreka með allan tillöguflutning sinn þannig að þeir sættu sig við þá niðurstöðu að tillögurnar yrðu saltaðar og súrsaðar? **Þetta minnir á frægustu ummælin fyrir næstsíðustu kosningar**

af hálfu ungs og efnilegs þingmanns sjálfstæðismanna, hv. þm. Árna Mathiesen, sem aðspurður sem dýralæknir hvort hann teldi að menntun sín mundi koma að góðum notum. Hann var spurður hvaða erindi hann ætti inn í þennan þingflokk og hann taldi að menntun sín kæmi að góðum notum fyrir þingflokkinn. Mér sýnist að það sé niðurstaðan, sérstaklega með þetta halta hross og þessa handarvani sem eiga að reka hjörðina. (**Gripið fram í:** Það er knapinn sem er haltur.) En spurningin er síðan sú: Ætlar hv. þm., sem segist vera að byrja lestarferðina, handarvanur og haltur, að minnsta kosti að styðja þá tillögu sem þó liggur fyrir að bjarga því sem bjargað verður með því að heimila fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu erlendar fjárfestingar án takmarkana?

[23:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Endirinn á þessari góðu vísu úr Hávamálum er þannig:

Blindur er betri
en brenndur sé,
nýtur manngi nás.

Ég hefði túlkað þetta þannig, hv. þm., að það verða sennilega margir um að reyna að koma þessu máli áfram, haltir eða með aðstoð annarra og koma því til enda, sama hversu illa horfir. Ef þeir halda áfram og sýna þrautseigju þá ná þeir markmiði sínu. Það er einfaldlega boðskapurinn með þessari Hávamálaumræðu og ég vona að hv. þm. geti rifjað þetta upp sem gamall skólastjóri hvernig menn túlkuðu þessa vísu í skólum fyrr á hans tíma.

Varðandi þá hugmynd að leyfa erlendum aðilum að fjárfesta í fiskvinnslunni einvörðungu lýsti ég því áðan í ræðu minni að ég tel það marklausa hugmynd því að fiskvinnsla og útgerð eru svo nátengd að þar verður ekki um neina fjárfestingu að ræða. Fyrir svo utan það er fiskvinnslan í dag rekin með halla og gengur mjög illa. Af þeim sökum einum held ég að það verði ekki eftirsóknarverður fjárfestingarkostur fyrir erlenda aðila og við séum í rauninni þar með að segja að við höfum engan áhuga á því að láta erlenda aðila fjárfesta beint í íslenskum sjávarútvegi.

[23:09]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Mér finnst afar viðeigandi þegar hér er til umræðu erlend fjárfesting í sjávarútvegi á ofanverðri 20. öld að menn sæki sér helst rök í Hávamál sem geyma margan gamlan vísdóminn. Reyndar er það þannig að eftir takmörkuðu minni á þann kvæðabálk mætti sjálfsagt finna tilvitnanir sem rökstyddu flest sjónarmið sem fram hafa komið því að svo margslungið kvæði eru Hávamálin. Þar er t.d. talað um að menn séu lítilla sanda og lítilla sæva en það er líka eitthvað rætt um það að hollt sé heima hvat. Mörg spakmæli minna nú á að hollur sé heimafenginn baggi og mönnum sé nú hyggilegt að búa vel að sínu. Ætli það sé ekki það sem er grundvöllur þeirrar umræðu þrátt fyrir allt sem hér fer fram að það eru að einhverju leyti mismunandi skoðanir á því hvernig málefnum íslenskum sjávarútvegs og þar með auðvitað íslensks efnahags og atvinnulífs í mjög ríkum mæli verði best búin framtíð í nýju og alþjóðlegu viðskiptaumhverfi okkar.

Ég hef haft nokkra ánægju af því, herra forseti, að fylgjast með þessari umræðu. Hún hefur satt best að segja verið á köflum skrautleg og það krossast nokkuð línur og sjónarmið. **Ég hef upplifað mig í þeirri sérkennilegu stöðu að vera oft** og tíðum einn helsti og stundum nánast eini stuðningsmaður þess stjfrv. sem er til umfjöllunar. Það átti sér formælendur fáa t.d. við 1. umr. fyrir utan þann sem hér stendur og svo að sjálfsögðu hæstv. ráðherra sem mælti fyrir því. Ástæðan er sú að ég tel að hér sé verið að taka tiltölulega skynsamlegan og hófsamlegan áfanga í því að laga löggjöf okkar að óumflýjanlegum staðreyndum sem við stöndum frammi fyrir í viðskiptaumhverfinu. Þeirri staðreynd að með því frelsi fjárfestinga og fjármagnshreyfinga milli landa sem Ísland er aðili að og er í æ ríkari mæli að gera, ekki bara Evrópu, heldur allan heiminn að einu markaðssvæði, er óhjákvæmilegt að einhver óbein eignaraðild komi af og til upp í fyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi. Þess vegna var fljótlega ljóst að það yrði að laga löggjöfina frá 1991 að þeim veruleika. En eftir sem áður er ég talsmaður þess að menn fari mjög gætilega og haldi til haga og varðveiti þann fyrirvara á fjárfestingum erlendra aðila í sjálfum kjarna sjávarútvegsins sem við höfum samningsbundinn rétt til þess að varðveita. Auðvitað má ræða lengi dags eða kvölds eða nætur um rökin með og á móti því að erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi sé af hinu góða, nauðsynleg eða óumflýjanleg, ómissandi eða hvað menn vilja kalla það gegn hinu að ástæða geti verið til þess að fara varlega. Það geti verið heppilegra til lengri tíma litið að eignarhaldið og fjármagnið í þessari grein verði að sem allra mestu leyti innlent svo fremi sem þess sé kostur. Og um þetta geta menn lengi deilt.

Það er áhugavert að fara t.d. yfir röksemdir minni hluta efh.- og viðskn. í nál. á þskj. 830 þar sem tíundaðir eru kostir og gallar fjárfestinga útlendinga í sjávarútvegi en mér sýnist nú aðallega verið þar að telja upp það sem nefndarmenn telja kostina. (**Gripið fram í:** Útgerð...) Ja, ég get svo sem út af fyrir sig gert það en ég ætla aðeins að staldra við nokkra af þeim kostum sem hv. nefndarmenn eru þarna með. Ég er sammála sumu sem þarna kemur fram en öðru ekki. Mér dettur ekki í hug að halda öðru fram en því að það eru vissulega ýmsir kostir sjáanlegir við að ná erlendu áhættufé inn í íslenskan sjávarútveg. Að sjálfsögðu mundi það í mörgum tilvikum verka jákvætt en ég er þeirrar skoðunar að það sé líka ástæða til þess að fara þar varlega og það sé alls ekki einhlítt jákvætt. Í því geta líka falist mjög neikvæðir þættir.

Það fyrsta sem talið er til á nál. á þskj. 830 er að fyrirtæki geti ef þessi fjárfesting verði opnuð sótt sér áhættufé og verði þá ekki eins háð erlendu lánsfé. Þetta er að mínu mati ekki alveg rétt fullyrðing. Hún stenst ekki skoðun í nútímanum. Það er ekki þannig að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki séu í vaxandi mæli háð erlendu lánsfé. Þvert á móti eru þau að greiða niður erlendar skuldir sínar og þau eru m.a. að gera það með því að styrkja stöðu sína með hlutafjárútboðum á innlendum markaði.

Ég leyfi mér að spyrja á móti: Er til einhver jákvæðari þróun fyrir íslenskan sjávarútveg og fyrir íslenskt efnahagslíf en sú að innlent fjármagn leiti út í sjávarútveginn og styrki stöðu fyrirtækjanna? Er einhver hér sem heldur því fram að það sé betra að peningarnir séu útlendir en innlendir? Ég hef ekki trú á því. Er þá a.m.k. ekki hægt að viðurkenna að eins og málin standa nú um stundir og hafa gert síðustu missirin má segja eftir að íslensk fyrirtæki hófu í einhverjum mæli að fara út á hlutabréfamarkað að þá hafi gleðilega birst okkur sú þróun að stærri íslensku fyrirtækjunum hefur gengið vel og jafnvel þeim smærri líka? Ég þekki mörg dæmi þess að smærri hlutafélög í einstökum byggðarlögum hafa náð auknu **hlutafé inn m.a. með almennu hlutafjárútboði þar sem mjög**

almenn þátttaka íbúa á viðkomandi svæðum hefur komið til sögunnar. Er það ekki gott? Er það þá ekki í lagi? Er þá rétt að segja að sjávarútvegurinn sé sem slíkur í einhverri hengjandi þörf fyrir erlent fé og ef hann fái ekki erlent áhættufé neyðist hann til að taka erlend lán? Ég mótmæli þessari fullyrðingu. Hún stenst ekki nema að hluta til.

Það er líka sagt að Íslendingar hafi fjárfest mikið í sjávarútvegsfyrirtækjum erlendis og það sé óeðlilegt að við beitum þá takmörkunum á móti. Þetta er að mínu mati ekki sanngjarn samanburður. Það er vissulega rétt að Íslendingar hafa verið að fjárfesta nokkuð í sjávarútvegi erlendis. Meira hefur verið um að íslensk útrás í þessum skilningi hafi birst í gegnum ýmiss konar samstarfsverkefni og þjónustusamninga við erlend sjávarútvegsfyrirtæki en stundum er það þó með beinni eignaraðild. En sjávarútvegurinn í þeim löndum er ekki sambærilegur við sjávarútveginn á Íslandi. Í sumum tilvikum er um það að ræða að Íslendingar eru að koma til bjargar mjög veikum og illa stöddum erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa notið styrkja og framlaga úr sjóðum fylkja og héraða og alríkisstjórna og menn biðja Íslendinga að koma og reyna að bjarga rekstri. Þá er væntanlega ekki um að ræða neina kröfu um gagnkvæmni í þeim efnum enda er ólíku saman að jafna. Ég vek líka athygli á því að þegar Íslendingar eru að fjárfesta erlendis almennt þá eru þeir yfirleitt ekki að fjárfesta beint inn í auðlindir viðkomandi þjóða. Að minnsta kosti ekki í flestum þeim tilvikum sem ég þekki til. Mér er ekki kunnugt um að Íslendingar hafi komist í að kaupa upp olíulindir eða kolanámur eða eitthvað annað því um líkt hjá erlendum ríkjum.

Það er sagt að óbein eignaraðild útlendinga feli ekki annað í sér en staðfestingu á óbreyttu ástandi og því fylgi engin sóknarfæri. Þessu er ég ekki sammála. Ég þekki m.a. dæmi um nýtilkomin, undirrituð og samningsbundin samskipti innlendra fyrirtækja og erlendra sem bíða eftir þessu frv. Það er beðið eftir því að þetta verði gert að lögum þannig að tilteknir samstarfssamningar, sem byggjast á erlendri, óbeinni eignaraðild í fyrirtæki hér innan lands sem aftur á í frumvinnslufyrirtæki og það sama reyndar aftur í útlöndum, verði löglegir og geti birst. Ég get því miður ekki nefnt dæmin eins og á stendur en þau geta komið fram síðar og gera það væntanlega innan skamms. Það eru til slík verkefni sem munu nýta sér akkúrat þann farveg sem hér er verið að lögfesta fyrir samstarf af þessu tagi. Það getur vel verið að í einhverjum tilvikum hefðu menn gjarnan viljað að þessi mörk væru önnur, hin óbeina eignaraðild gæti verið hærri eða jafnvel bein eignaraðild komið til. En ef menn eru áhugasamir um samstarf sem er báðum aðilum hagstætt þá leysa menn þau mál. Þá sætta menn sig við þessar leikreglur og búa sínu samstarfi farveg í samræmi við það. Það er a.m.k. sú reynsla sem ég hef af kynnum af málum af því tagi.

Ég held einnig, herra forseti, að það sé ekki hægt að ræða um þetta öðruvísi en þannig að menn muni eftir því hvað hér er undir. Mér finnst bera á því í umræðunni að menn tali um þetta eins og hvern annan sjoppurekstur eða einhverja slíka starfsemi sem sé í raun ótengd landinu og auðlindum þess og þetta sé að öllu leyti sambærilegt við einhverja slíka þjónustustarfsemi eða iðnað. Það er það ekki. Hér er um auðlindanýtingu að ræða, grundvallarauðlind þjóðarinnar. Það eru fiskveiðiréttindin sjálf sem eru sameign þjóðarinnar og grundvallast á fullveldi þjóðarinnar og rétti hennar til landsins. Hér er líka í húfi forræði yfir ráðstöfun og nýtingu þeirrar auðlindar. Nú geta menn sagt sem svo að eftir sem áður munu Íslendingar geta sett öll þau lög um stjórn fiskveiða og löndun afla sem þeim sýnist. Það er út af fyrir sig rétt. En dettur einhverjum í hug að halda að löggjafinn verði ekki bundinn og undir áhrifum af því ef umtalsverð erlend eignaráhrif eru komin til sögunnar? Mundi það ekki hafa áhrif og skapast hagsmunaþrýstingur af því eins og öðru? Auðvitað. Menn verða bara að ræða þá hluti hreinskilningslega eins og þeir eru.

Ég þekki ekki til annars en að þjóðir, jafnvel þær sem ríkari eru af hráefnum og auðlindum en við Íslendingar, leggi nokkuð upp úr því að hafa sem mest forræði sjálfar yfir nýtingu þeirra og ráðstöfun. Í sambandi við erlenda fjárfestingu og ásókn, t.d. í fiskimið, væri fróðlegt fyrir menn að staldra aðeins við það sem hefur verið að gerast í Bretlandi og skoða stöðu bresks sjávarútvegs núna eftir að Bretar eru búnir að vera um skeið í Evrópusambandinu, áður bandalaginu. Þeir hafa glímt við hinn evrópska rétt og dómstólakerfið um árabil til að reyna að verja þó ekki sé nema sín heimamið. Hver er niðurstaðan? Hún er sú að erlendir flotar koma alveg upp að 12 mílna lögsögu Breta. Þeir veiða meira að segja á milli Írlands og Bretlands. Til viðbótar eru svo 20% af breska kvótanum komin í hendur erlendra útgerða í gegnum kvótahopp. Hvaða er kvótahopp? Kvótahopp er erlend fjárfesting í breskum sjávarútvegi. Ég hef ekki orðið var við að menn fagni því mikið í Bretlandi. Ég hef ekki orðið var við að efnahagssérfræðingar eða talsmenn verkalýðshreyfinga eða aðrir ábyrgir aðilar í því landi telji þetta neinn sérstakan gleðiboðskap. Þvert á móti hefur verið nánast þjóðarsamstaða um það í Bretlandi að reyna að verjast þessu. En það hefur ekki tekist af því að það hefur verið dæmt ólöglegt að leggja kvaðir varðandi eignarhald og útgerð frá Bretlandi á þá aðila sem hafa keypt sig inn í bresk útgerðarfyrirtæki og þannig komist bakdyramegin inn í kvótann og bresku landhelgina. Þetta á líka að geta verið okkur sönnun þess að auðvitað er fyrir hendi áhugi á því að komast að fengsælum fiskimiðum. Það er ásælni í gangi í þeim efnum allt í kringum okkur. Eða eru menn búnir að gleyma þrýstingnum sem Evrópusambandið beitti Íslendinga í samningaviðræðunum við EES til að sprengja sig hér inn í landhelgina? Þeim tókst það að vísu því miður að lokum þótt í litlu væri í gegnum langhalann sem breyttist svo í karfa á einni nóttu eins og kunnugt er. Einhver magnaðasta stökkbreyting sem menn hafa upplifað í lífríkinu þegar langhali hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, þáv. hæstv. utanrrh., varð að karfa. Þetta held ég að sé ástæða til að nefna hér og menn ættu að staldra við áður en þeir tala af einhverri léttúð um þessi mál.

Hv. þm. Kristján Pálsson sem talaði hér áðan var að kvarta undan því að umræðan um erlenda fjárfestingu almennt hefði verið erfið, þetta hefði allt gengið seint og verið mikið baks. Hann vísaði væntanlega til þess að Íslendingar væru miklir útnesjamenn að hafa ekki fyrir löngu gerst frjálshyggjumenn í þessum efnum og opnað allar gáttir. En er ekki rétt að hafa í huga hvernig umhverfið hefur verið í þessum efnum og hvað hefur verið að gerast? Ég held að það sé ekki hægt að segja að Íslendingar hafi miðað við sínar aðstæður og sérstöðu gert annað en að fylgja þeirri þróun sem hefur verið í gangi. Þeir hafa tekið mið af henni og reynt að hafa þetta á grundvelli sinna aðstæðna. Það liggur í eðli málsins að þeim mun minni og einhæfari sem efnahagskerfin eru þeim mun ríkari tilhneiging er til þess, rökstudd tilhneiging að mínu mati, að fara gætilega til þess að missa ekki fótanna. Af hverju skyldi það vera? Liggur það ekki augljóslega í því að

þeim mun minni sem efnahagsleg eining er þeim mun minna afl hefur hún á móti hinum sem stærri eru? Og vilji hún varðveita sjálfstæði sitt og fara varlega verður hún að gera það með því að reyna að fóta sig á þessu svelli. Auðvitað eru stórþjóðirnar, ríku þjóðirnar eins og Bandaríkjamenn, Japanir og Þjóðverjar, ekki hræddir við erlenda fjárfestingu. Eðlilega. Þeir hafa þvílíkt efnahagslegt afl í heiminum að þeir þurfa ekkert að óttast það fjari undan þeim. En það er eðlilegt að smáþjóðir með mjög sérhæft efnahagslíf, sem vilja samt varðveita sjálfstæði sitt, vilji fara gætilega. Þær eiga að gera það að mínu mati. Þær mega gjarnan muna eftir því sem gamli Keynes sagði um að best væri að ullin væri spunnin heima þegar það væri mögulegt. Ætli hann hafi ekki haft býsna mikið fyrir sér í því að hollur væri heimafenginn baggi. (Gripið fram í.) Ég held að þeir sem hér gjamma fram í hafi nú ekki komist svo langt í hagfræðinni að þeir ættu að fara að setja út á Keynes.

Margt hefur líka verið dálítið sérkennilegt í þessari umræðu og mótsagnakennt. Ég ætla aðeins að staldra við það, herra forseti. Menn hafa verið að ræða dálítið um stöðu sjávarútvegsins í dag og þörfina fyrir þessa erlendu fjárfestingu. Hér var gagnmerk utandagskrárumræða fyrir nokkrum dögum um nauðsyn þess að leggja í hvelli auðlindaskatt á sjávarútveginn vegna þess að það væri að bresta þar á óviðráðanlegt góðæri sem færi alveg úr böndunum á næstunni ef ekki kæmi til auðlindaskattur. Það yrði því að skella honum á. Hverjir voru og eru helstu talsmenn þess að drífa á auðlindaskatt í sjávarútveginum af því að góðærið sé að koma? Það eru sömu menn og hér færa fram þau rök fyrir því að opna fyrir erlenda fjárfestingu að það verði að styrkja sjávarútveginn með auknu erlendu áhættufé. Er ekki, herra forseti, pínulítil mótsögn í þessu? Þurfa menn ekki aðeins að vanda sína röksemdafærslu? Í fyrradag komu hér upp þingmenn Þjóðvaka, hv. þm. og málshefjandi í utandagskrárumræðunni, Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Ágúst Einarsson og höfðu þungar áhyggjur af góðærinu sem er að bresta á í sjávarútveginum. Það er von að hv. þm. Ágúst Einarsson hafi sérstakar áhyggjur af því. Það kæmi auðvitað illa við þann hv. þm. ef það brysti á mikið góðæri í sjávarútvegi. Það varð sem sagt að skella á auðlindaskatti. En svo fáum við hér nál. og málflutning þar sem er sagt: Það verður að opna fyrir beina fjárfestingu inn í íslenskan sjávarútveg því það verður að ná erlendu áhættufé inn í greinina til að styrkja hana, hún er of vanmegnug og á ekki nóga peninga. Ég fæ þetta ekki til að ganga upp. Reyndar væri ástæða til að staldra við ýmislegt sem hv. þm. Ágúst Einarsson lét fjúka í umræðunni hér á dögunum. Það háttaði þannig til, herra forseti, að við sem hann beindi þá að skeytum áttum þess ekki kost að svara fyrir okkur. Þar sem viðfangsefnið var sjávarútvegur er sjálfsagt í lagi að gera það að einhverju leyti hér án þess að ég ætli að elta ólar við það í einstökum atriðum. En þessi umræða um auðlindaskatt og erlendar fjárfestingar í sjávarútveginum er auðvitað dálítið sérkennileg. Hún er líka því marki brennd að þeir sem hafa tekið trúna á þetta tvennt setja sig gjarnan í dómarasæti yfir öðrum sem eru þeim ekki sammála. Og eru þá ekkert að skafa utan af dómsorðunum eins og hv. þm. Ágúst Einarsson gerði hér á dögunum. Hann gerði hvorki meira né minna en að slá gjörsamlega eign sinni á allt sem heitir framsýni, nútímalegur hugsunarháttur, víðsýni, þroski, skilningur og vit hvað viðkemur umræðum um sjávarútvegsmál. Allir sem eru honum ekki sammála um að drífa á þennan auðlindaskatt eru hið gagnstæða. Satt best að segja nenni ég ekki að ræða málin undir þessum formerkjum. Ég get tekið undir með hv. þm. Kristjáni Pálssyni að það er auðvitað hin mesta ánægja af því iðulega að ræða málin við hv. þm. Ágúst Einarsson. Hann hefur heilmikið mannvit til að bera og verulega þekkingu á sjávarútvegsmálum. Mér dettur ekki í hug að halda neinu öðru fram. En hann er samt ekki alvitur. Jafnvel þótt hv. þm. væri það, hefði ég eftir sem áður fullan rétt til að vera honum ósammála. Ég ræð því sjálfur hvað ég tel vera rétt og hvað rangt í þessum efnum og hef mínar skoðanir samkvæmt minni samvisku.

Eiginlega er enn furðulegra ef menn eru komnir út á þá braut að draga samasemmerki milli þess að það þurfi að drífa hér á auðlindaskatt til að fá útlendinga til að fjárfesta í sjávarútvegi. En það var næstum því gengið svo langt í umræðunni hér áðan. Staðreyndin er sú að þetta endalausa kjaftæði um auðlindaskatt er að verða stórkostlegur baggi á sjávarútveginum. Auðvitað verkar það öfugt. Hver er tilgangurinn með þessum auðlindaskatti? Hann er að draga rentuna út úr greininni. Hann er að ná arðinum af sjávarútveginum segja menn. Er það aðferðin til að fá menn til að fjárfesta í einni grein að segja: Svo erum við með í undirbúningi löggjöf til þess að ná öllum arði út úr greininni yfir í ríkissjóð eða eitthvað annað. Hvað hugsa hinir erlendu fjárfestar þá? Kannski hv. þm. Pétur H. Blöndal geti frætt okkur um það. Er þá líklegt að þeir komi streymandi til Íslands til að ávaxta sitt fé í greininni ef samtímis liggja fyrir áform um að skella á hana alveg sérstökum skatti til þess að unnt sé að tryggja að þar verði nú engin umtalsverð arðmyndun á næstu árum? Auðvitað eru þetta algerar mótsagnir og furðulegur málflutningur.

Nei, það er nokkuð öruggt að á meðan menn eru uppi með þessa auðlindaskattssvipu, þá geta menn a.m.k. afskrifað þá tegund erlendrar fjárfestingar sem hugsanlega kæmi hingað ella á hreinum arðsemisforsendum. Það er auðvitað sú fjárfesting sem við vildum fá ef við á annað borð ætlum að fá eitthvað inn í sjávarútveginn. Þá vildum við sjá þar koma inn það sem ég hef kallað hlutlaust erlent fé til þess að ávaxtast hér. Sumir spekingar segja mér að það sé ekki útilokað að eitthvert pínulítið erlent fjármagn kæmi inn til Íslands á slíkum forsendum fyrst og fremst vegna þess að stórir erlendir fjárfestar væru þá að hugsa um að dreifa áhættu. Þeir tækju bara ákvarðanir um það: „Við setjum 5% inn á Bretland og 10% á Bandaríkin og hálft prósent inn á Ísland, svona í þrjú ár. Hvað geta Íslendingar og hvað kunna þeir? Þeir eru nokkuð góðir í fiskveiðum víst og sjávarútvegi og kannski ferðaþjónustu. Við dreifum þessu þannig.“ Það gæti hugsast, segja fræðimenn, að einhver slík fjárfesting kæmi. Ég held að það sé alveg öruggt mál að hótanir af því tagi að dengja á auðlindaskatti um leið og eitthvað rofaði til í sjávarútveginum og jafnvel án þess, mundu girða fyrir slíkt. Þá stæði ekkert eftir nema hugsanlega erlend fjárfesting sem kæmi hingað inn á öðrum forsendum en þeim að hún ætlaði að ávaxtast sem slík inni í landinu. En það er nefnilega möguleiki. Við höfum oft séð slíkt gerast með öðrum þjóðum, iðulega. Þá eru menn að hugsa um eitthvað annað en arðinn af viðkomandi fjárfestingu í viðkomandi fyrirtæki í viðkomandi landi. Hverjir eru líklegir til að hugsa svoleiðis? Það eru einhverjar stórar samsteypur sem vegna umsvifa af afleiddum toga geta dregið arðinn til sín og látið hann koma fram annars staðar.

Til þess að vera ekki að gerast neinn spámaður um hvað gæti gerst á Íslandi í þessum efnum, þá getum við tekið önnur dæmi. Við skulum taka pappírsiðnaðinn í ónefndu

nágrannalandi. Hvað hafa menn gert þar? Menn hafa keypt sér aðgang að timbri því það gengur á skógana í heiminum. Til hvers hafa menn gert það? Til þess að taka trjábolina og flytja þá milli heimsálfa, vinna úr þeim pappír, kvoðu og massa og allt hvað það nú er, í ónefndu nágrannalandi. Þá eru þeir ekki að hugsa um arðinn af fjárfestingunni sem slíkri í fyrsta landinu. Þeir eru að hugsa um arðinn af samsteypunni í heimalandinu. Og hann kemur fram þar. Við þekkjum þessar æfingar líka í reynd af samskiptum okkar við útlendinga. Einu sinni var fundið upp hugtakið „hækkun í hafi". Það eru ýmsar slíkar aðferðir til.

Þetta má ekki tala um hér því að þá eru menn að reka hræðsluáróður, er sagt. Er það ekki? En það er þó varla hræðsluáróður að segja reynslusögur sem eru sannanlegar frá nágrannalöndunum eða annars staðar að úr heiminum. Það eru engar hræðslusögur. Það eru engar hrakspár um það sem kynni að geta gerst hér ef illa tækist til. En auðvitað er það alveg borðleggjandi og ég hef ástæðu til að ætla að framtíðin sé að teiknast þannig fyrir sjávarútveg og reyndar matvælaiðju í heiminum að það verði enn harðari slagur í þessum efnum, sérstaklega um hráefnisuppsprettunar á komandi árum af þeirri ósköp einföldu ástæðu að það er nokkuð borðleggjandi að matvælaverð í heiminum fer hækkandi á næstu áratugum svo fremi sem hér verða ekki einhverjar katastrófur og mannfellir og efnahagslegt hrun. Það er reyndar þegar farið að bera á þessari þróun samanber að verð á korni er núna mjög á uppleið. Eigi fiskneysla t.d. í heiminum að haldast í sama hlutfalli af fæðuþörf manna og hún er núna, þá þarf að auka fiskfang um tugi milljóna tonna á næstu árum. Það verður væntanlega fyrst og fremst gert með fiskeldi, en það liggur líka í hlutarins eðli að þá er líklegt að verðið á öllu hinu hækki og eftirspurnin og slagurinn um auðlindirnar, hráefnisuppsprettuna verði meiri. Það er því líka gott að skyggnast aðeins inn í framtíðina, líka fyrir þá sem þykjast hafa einkarétt á því, jafnvel þó að talsmenn fortíðarinnar eigi í hlut og bendi þeim á það. Ég held að við eigum ekki bara að dæma þessi mál út frá núinu. Það getur líka verið hollt að reyna að velta því fyrir sér hver er líkleg þróun þessara mála næstu 10, 20, 30 ár fram í tímann.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, minna á að sérstaða íslensks efnahagslífs og íslensks sjávarútvegs er mikil. Þó að það sé margkveðin vísa, þá er það samt satt. Það eru ekki margar þjóðir í kringum okkur og ekki í heiminum sem lifa að stærstum hluta til á sjávarútvegi og reka hann eins og alvöruatvinnugrein á markaðslegum forsendum. Það gerum við, eiginlega eina þjóðin. Það má segja að við séum að sumu leyti í svipaðri stöðu hvað sjávarútveg snertir og Ný-Sjálendingar eru hvað landbúnað snertir, þ.e. að þessar greinar eru í báðum löndunum svo yfirgnæfandi stórar í útflutningsframleiðslunni, að það er ekkert annað til í löndunum til að styrkja þær með. Þess vegna mundi efnahagslíf beggja landa einfaldlega fara á hausinn ef menn ætluðu að fara að reka þessar greinar til langs tíma með einhverjum niðurgreiðslum eða millifærslum. Slíkt er vitleysa og gengur ekki upp. Og ætli við þurfum nema eins og einn og hálfan klukkutíma í lofti til vesturs og suðurs, til Færeyja, til að reka okkur á dæmi um það að þjóð sem er yfirgnæfandi háð fiskveiðum og lifir á þeim getur ekki ríkisstyrkt þær til lengdar. Þetta setur okkur í mjög sérstaka stöðu vegna þess að sjávarútvegur er nánast alls staðar annars staðar og allt í kringum okkur, minni háttar atvinnugrein, ríkisstyrkt og gjarnan til viðbótar staðsett á svæðum sem njóta sérstakra byggðaframlaga og stuðnings af ýmsum toga í viðkomandi löndum. Þetta þekkjum við auðvitað fyrst og fremst frá Noregi, en líka t.d. frá Þýskalandi þar sem sjávarútvegsstaðirnir við norðurströndina eru og hafa lengi verið vandamálasvæði í þeim löndum og eru styrktir eins og allur sjávarútvegur innan Evrópusambandsins. Við þetta erum við að keppa.

Mér finnst stundum að þessu séu ekki gerð sanngjörn skil þegar farið er að tala um auðlindaskattinn og nauðsyn þess að koma honum á af sanngirnisástæðum gagnvart öðrum atvinnugreinum, t.d. samkeppnisiðnaði sem að slepptum skipasmíðunum býr þó við líklega einhver skástu og réttlátustu samkeppnisskilyrði sem er að finna í viðskiptum í heiminum. Það er þó þannig að menn eru komnir lengst í því að láta réttlát samkeppnisskilyrði gilda um hinn almenna iðnað með svona vissum undanþágum. Á hann þá rétt á því að vera að væla og biðja um einhvern auðlindaskatt af sanngirnisrökum meðan t.d. íslensk fiskvinnsla keppir við þá í Evrópusambandinu sem eru með milli 30–40% fjárfestingarstyrki og alls konar meðlög? Ég spyr.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé einmitt ekki á þeim sviðum sjávarútvegsins þar sem fjárfestingarfyrirvarinn gildir og er staðfestur samkvæmt þessum lögum sem við Íslendingar séum í vandræðum eða þurfum á erlendri fjárfestingu eða erlendum samstarfsaðilum að halda yfirleitt. Það á ekki við um fiskveiðarnar. Það getur engin þjóð í heiminum kennt okkur neitt um fiskveiðar. Við rekum afkastamesta fiskiskipaflota í heimi og það afkasta engir sjómenn í víðri veröld neitt í líkingu við það sem íslenskir sjómenn gera. Hverjir ætla þá að kenna okkur eitthvað í þeim efnum? Við rekum að mörgu leyti mjög háþróaða fiskvinnslu, á sumum sviðum líklega þá háþróuðustu í heimi í dag, t.d. í rækjuiðnaðinum. Hann er sennilega hvergi í heiminum orðinn betur tæknivæddur og búinn en á Íslandi. Það má kannski benda á einstök svið í annarri vinnslu þar sem við gætum notið góðs af samstarfi við erlenda aðila, en ég sé ekki að bein fjárfesting þeirra þurfi að verða nein forsenda þess.

En ég held að það gæti verið eftir miklu meiru að slægjast fyrir okkur í samstarfsverkefnum við erlenda aðila á ýmsum sviðum frekari vinnslu, fullvinnslu og markaðsstarfsemi í sjávarútvegi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við ættum að reyna að laða fram fjárfestingu og samstarfsverkefni af þeim toga, t.d. reyna að komast nær hinum vel borgandi japanska markaði og Asíumarkaðinum gegnum þátttöku og samstarfsverkefni við þá sem þar eru og starfa. Það hefur verið reynsla flestra þjóða að það sé mjög erfitt að komast nærri kúnnanum þar nema í gegnum samstarf við þarlenda. Við kunnum til verka á Ameríkumarkaði og hér í löndunum í kringum okkur, en það er erfiðara þegar fjær dregur og þjóðirnar verða ólíkari. Þar kæmu þá rökin fyrir því að verða þar í einhverjum samstarfsverkefnum. Ég hefði þess vegna talið mun gáfulegra að einhver erlend fjárfesting kæmi t.d. til sögunnar í fullvinnslu- og þróunar- og markaðshlutanum af þeim rekstri sem tengist sjávarútveginum. Þar held ég að væri eftir meiru að slægjast og samstarfsverkefni lægju að mörgu leyti eðlilegar við.

Herra forseti. Ég tel því vera gild, efnisleg rök fyrir því að með stjfrv. sem ég styð og er aðili að áliti meiri hluta efh.- og viðskn. og nál. á þskj. 764, sé verið að ganga frá þessu máli á skynsamlegan og farsælan hátt, a.m.k. um sinn. Auðvitað er ekkert óumbreytanlegt og þetta mál verður sjálfsagt áfram til

skoðunar og umræðu. En ég er prýðilega sáttur við að þessu verði lent og því lokið með þessum hætti að svo stöddu.

[23:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um það að við eigum að verja hagsmuni Íslendinga og passa að þeir lendi ekki í höndunum á einhverjum sem við sjáum svo ekki hvernig fari með þá. Þess vegna held ég að hann hefði átt að skoða betur þá tillögu sem er hér til umræðu um að það sé jafnvel hægt að sjá fyrir óbeina aðild útlendinga í sjávarútvegi upp á 62%. Ég sé ekki hvernig það getur verið einhver framtíðarsýn fyrir íslenskan sjávarútveg að fjárfesting í þeim mikilvæga geira geti verið hálfgerður bastarður aftan í kaupum og sölu fyrirtækja út um allar trissur þar sem í rauninni er ekki ætlunin að kaupa upp sjávarútvegsfyrirtæki eða hlutdeild í þeim. Ég sé heldur enga framtíðarsýn í því að öll fjárfesting í þessum mikilvæga atvinnuvegi verði óbein. Við stjórnun því ekki neitt í rauninni. Ég held því að það sé misskilningur að vera að styðja þetta á þessum forsendum þó að ég viðurkenni, að það sé hægt að stíga einhver skref að þessu leyti eins og öllum öðrum.

Hv. þm. taldi að þeir sem styddu beina erlenda fjárfestingu styddu einnig auðlindaskatt. Ég vil mótmæla því. Ég styð ekki auðlindaskatt og tel að þær hugmyndir sem komu frá hv. þingmönnum um það fyrir nokkrum dögum síðan hafi verið hreinlega út í hött því að sjávarútvegurinn er fyrir það fyrsta ekki í stakk búinn til þess að greiða neinn auðlindaskatt nú, eftir áratuga erfiðleika vegna gengisfellinga og verðbólgu sem dundi yfir þennan atvinnuveg, fyrir svo utan það að þessi atvinnuvegur hefur staðið frammi fyrir alveg gríðarlegum áföllum og þorskveiðiheimildir verið skornar niður um helming á örfáum árum. Því er náttúrlega alveg fráleitt að ætla sér að fara að skattleggja þennan atvinnuveg á einhvern sérstakan hátt.

[23:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Varðandi þetta síðara atriði, herra forseti, var ég ekki að gera öllum stuðningsmönnum beinna erlendra fjárfestinga það upp að þeir væru þar með orðnir stuðningsmenn auðlindaskatts. Ég var hins vegar að vekja athygli á því að í máli sumra sem hafa talað í umræðunni kom fram að þetta tvennt færi vel saman og væri jafnvel skynsamlegt, annað væri forsenda hins. Það fékk ég ekki til að ganga upp með þeim einföldu rökum að ég get ekki annað séð en upptaka auðlindaskatts eða umræður um það verki fælandi á erlenda fjárfestingu. Ég held að það hljóti að liggja þannig.

Varðandi síðan ræðuhöldin og reikningsdæmin sem hér hafa verið færð fram sem réttlæting beinnar fjárfestingar með alls konar dóttur- og dótturdótturfyrirtækjum sé hægt að komast upp í svo og svo háa óbeina eignaraðild þá er það að nokkru leyti útúrsnúningur vegna þess að frv. byggir líka á því að um yfirráð íslenskra eignaraðila sé að ræða og menn þurfa að lesa þetta tvennt saman. Það var farið rækilega í gegnum það á fundi efh.- og viðskn. og sjútvn. að þessi skilyrði þurfi öll að vera uppfyllt þannig að ráðherra hefur í höndum sínum viss úrræði ef svo fer í gegnum slíkt að yfirráð fyrirtækisins séu beinlínis orðin erlend þá er líka hægt að grípa í taumana gagnvart því. Það er alveg ljóst. Menn hafa því ekki lesið hlutina nógu vandlega þó að þeir séu góðir að reikna og geti komist niður í tvíliður, þríliður og fjórliður og komist niður í fjórðu kynslóð dótturfyrirtækja mega þeir ekki horfa fram hjá öðrum ákvæðum laganna sem yfirmaður þessara mála getur líka beitt fyrir sér þegar um slíkt er að ræða. Fyrirtækin þurfa ekki eingöngu að vera í eign íslenskra aðila heldur þurfa yfirráðin líka að vera tryggð. Lögin eru ótvíræð hvað það snertir.

[23:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon les tillögu okkar fjórmenninganna sér hann að í þeirri tillögu er gert ráð fyrir því að eignaraðildin sé að meiri hluta til íslensk þannig að samkvæmt henni er engin hætta á öðru en að íslensk yfirráð séu tryggð.

Aftur á móti hef ég verið að reyna að færa rök fyrir því að bein fjárfesting sé í rauninni miklu tryggari leið til þess að styrkja sjávarútveginn en óbein því að hún gæti leitt til þess að arður sjávarútvegsins rynni í gegnum önnur fyrirtæki eða til annarra fyrirtækja í einhverri fyrirtækjakeðju. Ég er ekki að segja að þessi reikningsdæmi gangi öll saman upp og ég vona svo sannarlega að það verði ekki farið út í þær kúnstir. Auðvitað býður þetta upp á það og það á síðan eftir að koma í ljós hvort það verður látið reyna.

[23:48]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf engra skýringa við þegar ég hlusta t.d. á Kristján Ragnarsson, talsmann LÍÚ, andmæla veiðileyfagjaldi vegna þess að hann fær borgað kaup fyrir það að halda fram málstað þeirra sem úthlutað hefur verið af ríkinu ókeypis forræði yfir veiðiheimildunum. Hv. þm. er hins vegar ekki svo ég viti talsmaður sérhagsmuna og ég skil einfaldlega ekki hvernig hv. þm. sem er hins vegar talsmaður stjórnmálaflokks, sem kennir sig við alþýðu og vill gjarnan kenna sig við jafnaðarstefnu, gengur í lið með fulltrúum forréttindanna í þessu máli. Hv. þm. veit að ótakmörkuð sókn einkaaðila í takmarkaða auðlind leiðir ævinlega til tvenns: eyðingar auðlindanna og gersamlega óhagkvæmrar og óarðbærrar nýtingar á auðlindinni.

Það vill svo til að ríkisvaldið, Alþingi Íslendinga, hefur lögbundið takmörkun að auðlindinni, úthlutað tiltölulega fáum útvöldum þessum aðgangi, útilokað aðra frá þeim aðgangi, gerir það ókeypis og færir þar af leiðandi þessum hinu fáu útvöldu verulegan arð af nýtingu auðlindarinnar sem er í algerri þversögn við það sem löggjafinn hefur sagt, að auðlindin skuli vera sameign þjóðarinnar. Þar með er mismunað atvinnugreinum í landinu og hv. þm. hlýtur að vita af þekkingu sinni á efnahagsþróun annarra þjóða að þar sem svo háttar til að þjóðir byggja afkomu sína á miklum auðlindum en ótakmörkuðum aðgangi að þeim hefur það ævinlega endað með ósköpum. Dæmin blasa við. Rússland, Sovétríkin í samanburði við þjóðir eins og Japani eða Dani sem byggja á mannviti og mannauði.

Að það sé óframkvæmanlegt sem hv. þm. hélt fram að því er varðar þau dæmi um framkvæmdina að óbeinni eignaraðild er svarið þetta: Við erum hér með, þ.e. stjórnarmeirihlutinn, að koma með frv. sem er einfaldlega að reyna að fela það að ekki var hægt að framkvæma skilyrðislausa lokun. Það var engin leið að reyna að framkvæma þessa löggjöf né hafa eftirlit með henni svo að nokkurt hald sé í. Það er ekkert hald í þessari löggjöf. Þess vegna vantar ný rök. En að þingmaður Alþb. skuli ganga í lið með þeim sem eru talsmenn sérhagsmuna í þessu máli þarfnast einhverra sérstakra skýringa.

[23:51]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum miklu meiri tíma til þess að ræða til botns auðlindaskattinn og við þurfum líka að gera það af miklu meiri yfirvegun en þetta andsvar gaf tilefni til. Að stilla málum þannig upp að ég sé að gerast talsmaður sérhagsmunanna og það sé mikið hneyksli, sérstaklega af því að ég sé úr Alþb. er ekki mjög málefnalegt. Fyrir það fyrsta hefur hv. þm. ekki tekið eftir því að Alþb. hefur aldrei tekið upp neinn stuðning við auðlindaskatt. Það er ekki flokksleg stefna okkar þannig að ég er að tala út frá þeirri afstöðu sem við höfum haft.

Í öðru lagi erum við bara ósammála um það hvort auðlindaskatturinn sem slíkur, sem tæki, sé brúklegur í þessu skyni. Ég held að ég og hv. þm. séum ekki ósammála um grundvallaratriðin, þ.e. að varðveita sameign auðlindarinnar og að arðurinn eigi að skila sér til þjóðarinnar. En það eru til fleiri leiðir til þess. Talandi um mismunun tel ég að það eitt væri virkileg mismunun í þessum efnum að innleiða sértækan skatt á eina atvinnugrein en ekki þá á aðrar sambærilegar. Ég tel að það geti varla staðist nútímaleg viðhorf til jafnræðisreglna að skattleggja sjávarútveginn einan sér en ekki aðrar greinar sem með sambærilegum hætti megi segja að nýti auðlindir.

Að segja að það hafi alls staðar farið illa í heiminum þar sem menn hafi búið við miklar auðlindir og sambúð þeirra við aðrar atvinnugreinar er eiginlega eins og að segja að auðlindin sé af hinu illa. Er það þá ekki að verða niðurstaðan að það sé til bölvunar að hafa þessi fiskimið eða hvað? Ég held að svona málflutningur gangi ekki upp.

[23:53]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mismunun? Væri það mismunun gagnvart sjávarútvegi í þessu tilviki að ætlast til þess að útgerðarfyrirtækin greiddu fyrir aðgang að þeirri auðlind sem öðrum er synjað um og ríkisvaldið hefur tekið að sér að skammta? Hvaða aðrar sambærilegar atvinnugreinar eru það sem ríkisvaldið hefur ákveðið að skammta aðganginn að auðlindinni, þ.e. að útiloka aðila frá aðgangi að hráefninu? Það vill svo til að það er ríkisvaldið sem hefur skammtað þennan aðgang. Það er ríkisvaldið sem tekur ákvörðun um það hverjum er heimilt og hverjum ekki og það eru ekki aðrar sambærilegar atvinnugreinar. Mismunun felst í því. Hvað það varðar að þetta sé skattlagning er það náttúrlega útúrsnúningur og falsrök vegna þess að gjaldtaka fyrir úthlutun á fémætum heimildum sem ríkið skammtar mönnum er ekki það sama og almenn skattlagning. Hins vegar að því er varðar reynsluna af sambúð þeirra í þeim þjóðfélögum sem byggt hafa afkomu sína á hagnýtingu einnar auðlindar með þessum formerkjum þá eru dæmin um ófarnað sem af því hlýst ótalmörg. Það er engin leið að neita því að það er uppi sambúðarvandi annars vegar milli sjávarútvegsins íslenska og þróunar iðnaðar og þjónustu á samkeppnisgrundvelli og til útflutnings þegar svo háttar til að raunveruleg skráning á gengi íslensku krónunnar ræðst af þessum forréttindum þeirrar atvinnugreinar sem er fyrirferðarmest í útflutningi.

[23:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alls konar skömmtun í gangi af hálfu stjórnvalda. Það er mikil misskilningur að aðgangur að fiskimiðum séu einu dæmin um það. Það er alls konar starfsemi í landinu sem er eða hefur verið leyfisbundin og skömmtuð og það hefur í raun og veru verið fénýtanleg verðmæti, lyfsöluleyfi eða leigubílaleyfi eða guð má vita hvað. Út af fyrir sig hefur þetta verið verðmæt skömmtun.

Aðrar greinar nýta vissulega auðlindir. Orkan, hvað með þá orkuiðnaðinn og iðnaðinn sem nýtir orkuna? Er ekki sanngjarnt að hann borgi alveg eins? Við erum báðir þeirrar skoðunar, ég og hv. þm., að orkan eigi að vera sameign. Hvað með landið, landbúnaðinn? Er ekki verið að nýta þar sameiginlega auðlind sem við eigum öll? Landið, þó að bændur og aðrir landeigendur eigi kannski sín heimalönd o.s.frv. Hvað með jarðefnaiðnaðinn, jarðefni sem verið er að moka upp í stórum stíl og flytja til útlanda og eru óendurnýjanleg nema kannski að því leyti sem af og til gýs vikri? Er þá ekki sanngjarnt að menn borgi fyrir það? Fiskstofnarnir eiga þó að endurnýjast ef skynsamlega er gengið um þá.

Hvað með ferðaþjónustuna? Gerir hún ekki út á landið? Er hún ekki að selja Gullfoss og Geysi og Mývatn í útlöndum? Getur hún þá ekki borgað fyrir það? Eða hvað með afþreyingariðnaðinn? Er hann ekki með veiðileyfi á almenning? Getur hann ekki borgað fyrir þá auðlind? Hvar endum við? Ég held að málið sé stærra og flóknara en svo en við getum bara sagt: Þetta á að vera sjávarútvegurinn. Hann skal borga þennan sérstaka skatt. Það er sanngirnismál, annað er mismunun. Ég held að þetta snúi meira og minna á haus þegar betur er að gáð. Það væri einmitt mismunun að innleiða slíkan sértækan skatt á eina grein.

[23:57]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað með þetta og hvað með hitt? Þessi samanburður var svo sannarlega út í hött vegna þess einfaldlega að hv. þm. spyr um bændur, landbúnað, ferðaþjónustu og ég veit ekki hvað og hvað.

Hver er munurinn? Hv. þm. hlýtur að gera sér grein fyrir því að það er reginmunur á því hvort við erum að tala um almenning með ótakmarkaðan aðgang, hvort við erum að tala um auðlind sem ríkisvaldið hefur tekið að sér að skammta aðganginn að eða hvort við erum að tala um einkaeignarréttindi. Hvað með bændur? Þeir eiga sínar jarðir. Þær ganga kaupum og sölum. (**SJS:** Þeir beita líka á almenning.) Þeir beita líka á almenning, en ef um það væri að ræða, lögmálið gilti, þetta væri sambærilegt ef um það væri að ræða að ríkisvaldið skammtaði aðganginn að almenningnum, að beitarlöndunum með ítölu eða einhverjum þessum hætti eða í nafni gróðurverndar takmarkaði þennan aðgang. Það bara vill svo til að það er algerlega sérstakt mál að því er varðar starfskjör sjávarútvegsins að aðgangurinn að auðlindinni, hráefnisöflunin, er skömmtuð. Hún er veitt í heimildum af hálfu ríkisvaldsins sem heimilar síðan líka að þetta gangi kaupum og sölum í nafni hagræðingar. Þetta eru með öðrum orðum gríðarleg fémæt réttindi sem er úthlutað og ég spyr hv. þm., yfirlýstan sósíalista og jafnaðarmann: Hvernig í ósköpunum ætlar hann að réttlæta það að ríkisvaldið á grundvelli löggjafar um sameign á auðlind úthluti tiltölulega fáum þvílíkum fémætum réttindum, taki þá áhættu að það festi sig smám saman í sessi sem séreignarréttur sem gengur ekki aðeins kaupum og sölum heldur er líka andlag veðsetninga og erfist að lokum. Hvað er að ganga erinda forréttindaaðila ef ekki þetta og hvernig á það að samrýmast þeim grundvallarsjónarmiðum sem hv. þm. telur sig standa fyrir að öðru leyti í stjórnmálum?

[23:59]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns beina orðum mínum til forseta um framhald fundarins. Nú er það svo að klukkan er að verða 12 og það er að renna upp 1. maí. Umræðan hefur dregist aðeins þó að málefnaleg umræða sé í fullum gangi eins og forseti veit vel um. Ég bendi á að ég er frsm. minni hluta efh.- og viðskn. og minni jafnframt á að gert var samkomulag um það áður hvernig þessum málum skyldi háttað. Það var gert samkomulag um það að framsögumenn meiri hluta og minni hluta flyttu nefndarálit sín fyrir nokkuð mörgum dögum og síðan var umræðunni frestað og það er sú umræða sem er í gangi núna.

Ég fer þess á leit við forseta að umræðu verði frestað með tilliti til þess að nú er runninn upp almennur frídagur í landinu. Ég held að það þurfi ekki að útskýra það fyrir forseta. Ég tel mjög óheppilegt að þing sé að störfum fram yfir miðnætti. Mér finnst sanngjarnt að ég fái tækifæri til að ræða þetta mál og gera grein fyrir ákveðnum þáttum sem hafa komið fram í umræðunni miðað við það fyrra samkomulag sem varð um málsmeðferð.

Það hafa komið fram fjölmargar ábendingar sem ég tel rétt að ég fái sem frsm. að fara yfir. Ég bendi líka á að það var gert samkomulag um það mér skilst að nokkrum málum væri vísað umræðulaust til nefndar og ég vil að öllu leyti hlíta forsjá forseta í þessum efnum. Ég vil ekki standa í vegi fyrir því. Ég tel hins vegar óeðlilegt að ég flytji ræðu mína núna þegar það er komið fram á þennan tímapunkt. Ósk mín er því sú, herra forseti, hvort það væri hægt við þessar aðstæður sem ég hef verið að lýsa og ætla ekkert að gera meira veður út af því að fresta umræðu um þetta mál.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseta er ljóst að 1. maí er runninn upp, frídagur verkamanna, en óskar samstarfs við hv. þingmenn um það að umræðunni megi ljúka þótt hún dragist eitthvað fram yfir miðnættið. Forseti bendir jafnframt á að þetta er 2. umr. þannig að það gefst enn tækifæri til að ræða málið við 3. umr. ef hv. þingmenn kjósa svo en forseti ítrekar óskir um samstarf um að þessari umræðu geti orðið lokið og gengið verði á dagskrána eftir númeraröð. Það eru fimm mál eftir sem ætlunin var að koma til nefndar í trausti þess að um þau yrðu ekki umræður. Með vísun til þessa óskar forseti eftir að hv. þm. haldi áfram ræðu sinni.)

Ég þakka herra forseta. Ég harma að ákvörðun hans skuli vera á þennan veg. Ég get fært að því rök að ég tel mjög óheppilegt að umræða haldi áfram á þessum degi, sérstaklega með tilliti til þeirrar umræðu sem hefur verið á hinu háa Alþingi og úti í þjóðfélaginu sem tengist þessum degi. Ég mun ekki flytja það mál sem ég ætlaði að gera og fara efnislega yfir frv. Það verður að bíða betri tíma ef sá tími gefst á annað borð. Ég vil sýna þessum degi þá virðingu að gera það ekki af minni hálfu að halda umræðu gangandi. Ég harma niðurstöðu forseta varðandi þetta mál að kveða upp þennan úrskurð sem ég hlýði vitaskuld og ætla ekki að gera neitt meira mál út úr því. Ég hefði talið heppilegt að fara aðra leið að þessu máli en ég fell frá orðinu í efnisumfjöllun um málið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti þakkar samstarfsvilja hv. þm. og mun sjá til þess að 3. umr. fari fram á tíma sem heppilegur verður til þess að ræða málið frekar.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SvG, 360. mál (styrkur til kaupa á bílasíma). — Þskj. 629.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. SvG, 446. mál (skráning kjósenda). — Þskj. 778.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 447. mál (ummæli um erlenda þjóðhöfðingja). — Þskj. 779.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. HG, 448. mál (heiti sveitarfélaga). — Þskj. 780.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 449. mál (persónuafsláttur barna, uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 781.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 00:05.

129. FUNDUR

fimmtudaginn 2. maí,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Háskóli Íslands, stjfrv., 217. mál, þskj. 296. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 218. mál, þskj. 297. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 483. mál, þskj. 835. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 487. mál, þskj. 845. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Einkaleyfi, stjfrv., 233. mál, þskj. 314, nál. 870, brtt. 871. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 549, nál. 836 og 843. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Almannatryggingar, frv., 360. mál, þskj. 629. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Kosningar til Alþingis, frv., 446. mál, þskj. 778. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Almenn hegningarlög, frv., 447. mál, þskj. 779. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Sveitarstjórnarlög, frv., 448. mál, þskj. 780. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 449. mál, þskj. 781. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570, nál. 844. — Frh. 2. umr.
14. Grunnskóli, stjfrv., 501. mál, þskj. 878. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
15. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884. — Frh. 2. umr.
16. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715 og 784, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.
17. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 854, brtt. 705,13.b og 881. — 3. umr.
18. Framhaldsskólar, stjfrv., 94. mál, þskj. 96, nál. 882, brtt. 883. — 2. umr.
19. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 359. mál, þskj. 628. — Fyrri umr.
20. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 363. mál, þskj. 632. — 1. umr.
21. Áhættu- og nýsköpunarsjóður, frv., 368. mál, þskj. 645. — 1. umr.
22. Félagsleg aðstoð, frv., 387. mál, þskj. 682. — 1. umr.
23. Stjórnarskipunarlög, frv., 398. mál, þskj. 702. — 1. umr.
24. Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, frv., 411. mál, þskj. 730. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[13:02]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðissparnaðarreikningar, 504. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 888.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 886; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 887.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum óska ég eftir því að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Davíð Oddsson."

Katrín Fjeldsted hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[13:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu tólf dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er Ásta R. Jóhannesdóttir og menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftímaumræða. Efni umræðunnar er úthlutun sjónvarpsrása.

Athugasemdir um störf þingsins.

Álitsgerð Lagastofnunar um stjórnarfrumvarp.

[13:03]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í gær var 1. maí og þá var gengin kröfuganga í Reykjavík í 73. sinn að þessu sinni undir kjörorðunum: „Skerðingarfrumvörpin burt," þ.e. skerðingarfrumvörp ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nú háttar svo til, hæstv. forseti, að félmn. hefur borist álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands sem unnin er af lögmönnunum Sigurði Líndal prófessor og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni. Reyndar er hvorugur sérfræðingur í vinnurétti en þrátt fyrir það komast þeir að þeirri niðurstöðu að frv. hæstv. félmrh. um stéttarfélög og vinnudeilur brjóti í bága við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Jafnframt benda þeir á fjölmörg atriði sem betur mega fara, atriði sem eru álitamál og bentu á óljósan tilgang frv. í mörgum greinum. Nefni ég þar sérstaklega 2. og 5. gr. frv. Þrátt fyrir þessa álitsgerð sem hæstv. félmrh. hefur borist í hendur lýsti hann því yfir í sjónvarpi í gærkvöldi að hann væri harla ánægður, harla ánægður með það að hafa

lagt fram frv. sem brýtur í bága við alþjóðasamþykktir sem Íslendingar eru aðilar að og hafa samþykkt.

Hæstv. forseti. Þetta er afar sérkennileg staða sem er komin upp og undirstrikar einfaldlega að það á að verða við þeim kröfum sem gervöll verkalýðshreyfingin hefur sett fram um það að frv. verði dregið til baka. Það er illa unnið og illa hugsað og það þarf miklar endurbætur að gera á því til þess að það verði viðunandi. Því legg ég til, hæstv. forseti, og fer þess á leit að frv. verði tekið út af borðinu og menn setjist niður í góðu samkomulagi við að vinna málið upp á nýtt.

[13:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni var ég harla ánægður með álit Lagastofnunar. Eins og ég gat um í framsögu vonaðist ég eftir því og bað sérstaklega hv. félmn. við meðferð málsins að kanna hvort ásakanir þær sem hér komu fram við 1. umr. um stjórnarskrárbrot og brot á alþjóðasamþykktum væru staðreynd. Félmn. vísaði málinu til umsagnar Lagastofnunar. Félmn. hefur fengið það svar við spurningum sem hún lagði fyrir Lagastofnun að það sé í lagi og það hefur komið í ljós að hér er ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. Það er vafi um hvort tvö atriði í niðurstöðum Lagastofnunar standist 98. ályktun frá ILO. Það vildi svo vel til að bæði þessi atriði höfðu fengið mikla gagnrýni og ég var ákveðinn í því að biðja hv. félmn. að taka það til greina. Ég mun biðja félmn. að flytja brtt. við þau tvö atriði sem athugasemdir komu við og voru álitamál hjá Lagastofnun.

Varðandi önnur atriði sem Lagastofnun er með vangaveltur um eru það ákvæði sem standa óbreytt frá gildandi lögum þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að kippa mér upp við það enda er þar ekki um neinar fullyrðingar að ræða heldur fremur í vangaveltustíl. Ég vænti þess að þegar breytingartillögur sem ég vona að liggi fyrir í dag líta dagsins ljós muni hv. formaður félmn. taka málið til meðferðar og það hljóti afgreiðslu í sem bestri sátt.

[13:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Félmrh. velur það þegar hann kemst í varnarstöðu að fara sjálfur í eins konar árásarstöðu. Það er mjög athyglisvert hvernig hann hefur brugðist við gagnrýni á þessu frv. sem er svo þýðingarmikið fyrir alla launamenn. Þegar það var gagnrýnt í þessum ræðustól að e.t.v. bryti frv. í bága við stjórnarskrá, e.t.v. alþjóðasamþykktir, þá sagði ráðherrann: Þá þarf bara að laga það. Núna þegar komin er niðurstaða í það sem er tilgreint í 13 liðum um frv. og álitamál tilgreind á nokkrum sviðum en mjög góðar og merkilegar athugasemdir í 4. lið, 11., 12. og 13., þá kemur ráðherrann fram í sjónvarpi og segir: Þetta er hin ágætasta niðurstaða. Það voru skoðuð 13 atriði og það var bara eitthvað að í tveimur. Þetta er bara gott mál. Svo er það bara allt í lagi þó að það brjóti eitthvað smávegis í bága við alþjóðasamþykktir af því að það braut hvort sem er ekkert í bága við stjórnarskrána.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna það hér hvers konar metnaðarleysi það er orðið hjá ríkisstjórn að leggja fram frumvörp sem eru svo afdráttarlaus gagnvart launþegum og gera það með þeim hætti að það skipti engu máli hvort það sé e.t.v. eitthvað að finna að þeim varðandi stjórnarskrá, eitthvað e.t.v. varðandi alþjóðasamninga og svo er þetta bara lítið þegar upp er staðið.

Virðulegi forseti. Eftir stendur að þetta frv. er íhlutun í málefni launþega. Það stendur eftir óháð því hvort ráðherra metur athugasemdir Lagastofnunar litlar eða miklar. Það er alveg ljóst að það þarf að gera stórar breytingar. Vinnustaðarfélögin eru væntanlega úti, miðlunartillagan er úti. Það þarf að breyta formi atkvæðagreiðslunnar og hvers vegna í ósköpunum á þá að halda því til streitu að ljúka þessu frv. núna á þessum annasama tíma þegar þessi stóru mál, séð frá sjónarhóli ríkisstjórnarinnar, eru út úr frv.?

[13:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt vegna þingstarfanna að fá upplýst frá ríkisstjórninni, frá hæstv. forsrh. eða starfandi forsrh., hvað ríkisstjórnin hyggst gera varðandi svokölluð skerðingar- og haftafrumvörp sem vakið hafa reiði og mótmælaöldu í landinu öllu. Með hliðsjón af fjöldafundum verkalýðshreyfingarinnar um allt land 1. maí í gær þar sem þess er krafist að skerðingar- og haftafrumvörp ríkisstjórnarinnar verði dregin til baka þegar í stað og undanbragðalaust; með hliðsjón af ábendingum allra verkalýðsfélaga í landinu í sömu veru, að hafta- og skerðingarfrumvörp ríkisstjórnarinnar verði dregin til baka þegar í stað og undanbragðalaust; með hliðsjón af ábendingum lagadeildar Háskóla Íslands, að frv. um sáttastörf og vinnudeilur stríði gegn alþjóðlegum skuldbindingum okkar og með hliðsjón af því að fullyrðingar hafa komið fram um að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna stríði gegn samningum og hugsanlega stjórnarskrá landsins, þá er spurt hvort ríkisstjórnin ætli að verða við áskorunum, óskum og kröfum landsmanna um að skerðingar- og haftafrumvörpin verði dregin til baka þegar í stað og undanbragðalaust. Eða á bara að snurfusa til það sem útlendingar telja ámælisvert? Á að hunsa íslenskan almannavilja?

Við verðum að fá upplýsingar um þetta nú vegna þingstarfanna á komandi vikum.

[13:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það var athyglisvert að fylgjast með því í gær í fjölmiðlum hvernig félmrh. gaf yfirlýsingar um það verklag sem haft yrði gagnvart lögunum um sáttastörf í vinnudeilum eða vinnumarkaðsfrv. sem félmn. fjallar nú um. Um leið og hann hafði kynnt sér álit Lagastofnunar var hann tilbúinn að kippa út því sem þar var krafsað í. Kippa því bara út, ekkert mál. Mér fannst það athyglisvert vegna þess að það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra tekur greinilega fullt mark á Lagastofnun en hann tekur ekkert mark á verkalýðshreyfingunni.

Hins vegar er spurning fyrst hann tekur svona mikið mark á Lagastofnun af hverju hann les þá ekki skýrsluna svolítið betur. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í þar sem Lagastofnun er vinsamlegast að benda ráðherranum á það hvernig sé rétt að haga sér. Hér stendur á bls. 2:

„Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur lagt áherslu á mikilvægi reglulegs samráðs stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja frið í þjóðfélaginu, þar á meðal samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá.“ Hér stendur síðan á bls. 10: „Færa má rök fyrir því að hætta geti verið á skyndilegri röskun á starfsemi stéttarfélaga og vinnumarkaðarins í heild vegna hinnar beinu íhlutunar löggjafans að heimila almennt stofnun vinnustaðarfélaga í stað núgildandi reglna um starfsgreinafélög.“

Ráðherrann segist reyndar ætla að kippa þessu út en það er ítrekað farið í það meginsjónarmið, sem er síðan endurtekið á bls. 14, að það verði að gæta hófs, það verði að leita samráðs og það sé rétt fyrir stjórnvöld að setja reglur og lög um vinnumarkaðinn í friði við þá sem við það eiga að búa. Þess vegna spyr ég: Er ekki ráðherrann jafntilbúinn til þess að líta til þeirra viðvarana sem koma fram víðs vegar í skýrslunni, þeirra viðvarana Lagastofnunar varðandi það atriði að setja lög í blóra við verkalýðshreyfinguna rétt eins og hann er tilbúinn að kippa öðru út?

[13:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við vorum mörg sem héldum því fram við 1. umr. um stéttarfélög og vinnudeilur að mörg ákvæði frv. brytu gegn alþjóðasamningum. Hæstv. ráðherra hélt því fram að svo væri ekki við umræðuna og sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég hef látið athuga þetta sérstaklega og þráspurt að þessu því ég er dálítið viðkvæmur fyrir þessu. Ég vil ekki að við séum að setja lög sem brjóta þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að."

Nú fáum við álit frá Lagastofnun sem er vissulega mjög íhaldssöm stofnun þegar hún er að gefa slíkt álit. Þar kemur fram að það er verið að ganga í a.m.k. tveim tilvikum gegn alþjóðasamningum og áhöld eru um það varðandi fjögur atriði. Samt er ráðherrann harla ánægður með þetta álit, harla ánægður. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt. Ráðherrann hefur sagt að hann ætli að leiðrétta nokkur atriði frv. Ég tel að þetta mál þurfi að skoðast miklu betur. Það liggur líka fyrir álit tveggja annarra lögfræðinga sem þekkja mjög vel samskiptareglur á vinnumarkaði. Þeir telja að það sé í miklu meira mæli verið að ganga gegn alþjóðasamningum heldur en kemur fram í áliti Lagastofnunar. Þetta kallar vissulega á það að nefndin fái mjög góðan tíma til að skoða þetta mál áfram og vissulega væri eðlilegt í ljósi þessa máls að hæstv. ráðherra yrði við kröfum verkalýðshreyfingarinnar og drægi frv. til baka.

[13:16]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. flutti í ríkissjónvarpinu í gær 1. maí boðskap sinn. Hann svaraði gagnrýni stéttarfélaganna með því að segja: „Það er nú til lítils að vera að hóta því að verða reiður einhvern tíma löngu seinna." Hann svaraði gagnrýni Lagastofnunar Háskóla Íslands með því að segja: „Þetta er smáræði." Ég hef aldrei heyrt aðra eins 1. maí ræðu og þá sem hæstv. ráðherra flutti í gær.

Í umsögn Lagastofnunar vekur hún sérstaka athygli á því í lokaorðum sínum þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við teljum að síðustu rétt að vekja athygli á því að réttarheimildir á því sviði sem álitsgerðin fjallar um eru í senn mjög miklar að vöxtum og ekki að öllu leyti aðgengilegar. Hefur þessi aðstaða sett mark sitt á verk okkar ..." Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að það er bráðabirgðaálit sem hér liggur fyrir sem þeir hafa orðið að vinna að í tímahraki og við getum átt von á því að ýmislegt eigi eftir fram að koma sem þeir hafa ekki haft tíma til að athuga. Síðan segir ráðherra: „Þær athugasemdir sem gerðar eru eru smávægilegar." Er það smávægilegt þegar bent er á að sjónarmið um skipan félagsdóms í ákvæðum frv. kunni að brjóta í bága við mannréttindasáttmála Evrópu? Er það smáatriði þegar bent er á að ákvæði frv. um samþykkt miðlunartillögu teljist ekki samrýmast rétti manna til frjálsra samninga samkvæmt alþjóðasáttmálum? Er það smáatriði þegar allur gjörvallur kafli frv. um meðferð miðlunartillögu ríkissáttasemjara og atkvæðagreiðslur við hana brjóta í bága við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, allur kafli frv. um þetta atriði, er það smáatriði? Er það smáatriði þegar tekið er fram í umsögn Lagastofnunar að ekki sé nægilega skýrt hvaða skilningur eigi að ríkja um boðun og framkvæmd samúðarvinnustöðvunar? Er það smáatriði þegar tekið er fram af þessari sömu stofnun í þessari sömu greinargerð að ákvæðin um félagssvæði stéttarfélaga samrýmist e.t.v. ekki alþjóðasáttmálum um félagafrelsi? Er það smáatriði þegar bent er á að óljóst er um réttarstöðu stéttarfélaga ef kemur til stofnunar vinnustaðarfélaga?

Það stendur ekki steinn yfir steini, herra forseti, af því frv. sem hæstv. félmrh. lagði fram. Umsögn Lagastofnunar fjallar um það og honum væri sæmst að draga frv. til baka.

[13:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. beindi þeim fyrirspurnum til starfandi forsætisráðherra hvað ríkisstjórnin hygðist gera varðandi frumvarpsflutning. Er þar einkum verið að benda á tvö frv. sem hafa mikið verið í umræðunni upp á síðkastið, annars vegar frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og hins vegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég vil staðfesta það hér að það er áform ríkisstjórnarinnar að fá þessi mál afgreidd á yfirstandandi þingi. Hins vegar er það svo að stjórn þingsins ræður að sjálfsögðu dagskrá þingsins þannig að ég get ekki svarað hvenær og hvernig það verður gert. Það verður að ráðast af dagskrá þingsins hverju sinni.

Ég vil láta það koma fram að mikil vinna hefur farið fram í þessum frv. í nefndum og frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna hefur verið afgreitt úr nefnd eins og hv. þm. er kunnugt.

Ég vil einnig láta það koma fram og ítreka það sem hæstv. félmrh. sagði að hann hefur boðað breytingar á frv. sem hann flytur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í tengslum við niðurstöðu Lagastofnunar. En það var öll félmn. ef ég veit rétt, sem bað um álit Lagastofnunar eða a.m.k. skrifaði til nefndarinnar sem slíkrar þannig að ég stóð í þeirri meiningu að nefndin hefði beðið um þetta álit. Þess vegna hlýtur það álit að hafa talsverða þýðingu fyrir málið og frekari umfjöllun um það í nefndinni.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu þannig að ljóst sé hver áform ríkisstjórnarinnar eru varðandi þessi tvö frv. sem hér hefur verið spurst fyrir um. (**ÖJ:** Er Lagastofnunin mikilvægari en verkalýðshreyfingin?

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki grípa fram í.)

Það eina sem ég sagði, virðulegi forseti, var það að ef hv. nefnd sendi Lagastofnun beiðni um úttekt á málinu, þá hlyti það að vera gert vegna þess að nefndin vilji fá álit Lagastofnunar og ætli eitthvað með það álit að gera.

[13:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Sú var tíð að við hæstv. félmrh. vorum samherjar þegar verið var að ræða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þá kom inn á borð okkar álitsgerð frá Lagastofnun háskólans um það að hvaða leyti sá samningur stæðist stjórnarskrána. Og ef ég man rétt þá vorum við hæstv. félmrh. ekkert mjög ánægð með það álit. Við treystum ekkert sérstaklega vel á það þannig að við erum að ræða álitsgerðir

einstakra lögmanna sem vinna þessi mál. Það vill svo til að þessi álitsgerð er að mínum dómi afar athyglisverð. Hún bendir á fjölmörg atriði eins og var rakið rétt áðan, atriði sem orka tvímælis, atriði sem þarf að bæta úr, atriði sem brjóta í bága við alþjóðlega samninga.

Hæstv. félmrh. er sífellt að tíunda að það séu tvö atriði. Þau eru miklu fleiri. Það er mjög margt sem þessir ágætu lögmenn, sem eins og ég sagði fyrr í dag, eru ekki sérfræðingar í vinnurétti, það er fjölmargt sem þeir benda á. Hins vegar vil ég benda á að þeir lögmenn sem hafa unnið álitsgerðir, m.a. fyrir einstök verkalýðsfélög og Alþýðusambandið og eru sérfræðingar í vinnurétti, koma með annan rökstuðning fyrir því að þau atriði sem þessir lögmenn fallast ekki á að brjóti stjórnarskrá, mannréttindasáttmála eða samþykktir ILO. Þeir færa rök að því að þar sé um brot að ræða þannig að allt orkar þetta tvímælis, allt þarf þetta að skoðast afskaplega vel.

Ég vil enn ítreka það að t.d. athugasemdir þeirra lögmannanna við 5. gr. frv. sem m.a. hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gerði að sérstöku umtalsefni við 1. umr. um málið, eru ekki tíundaðar í þessum 13 atriða lista. Það er atriði sem þarf að skoða alveg sérstaklega. En niðurstaðan er auðvitað sú, hæstv. forseti, að frv. er svo illa unnið og svo illa hugsað að það á að draga til baka.

[13:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef ekki verið í neinni varnarstöðu með þetta mál. Minn metnaður stendur til þess að Alþingi afgreiði breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, breytingar sem eru í framfaraátt, sem standast stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Ég hef tekið mark á verkalýðshreyfingunni og þess vegna setti ég fram hugmyndir að breytingum á þeim atriðum sem verkalýðshreyfingin hafði sérstaklega gagnrýnt, þ.e. vinnustaðarfélög, þröskulda og afgreiðslu miðlunartillagna. (**ÖJ:** Þetta er rangt, ráðherra. Hún vill að frumvörpin verði dregin til baka.) Verkalýðshreyfingin samanstendur af mörg þúsund mönnum. Þó að tveir menn eða þrír taki mikið upp í sig á Lækjartorgi í gær, þá tala þeir ekki fyrir munn verkalýðshreyfingarinnar. Ég vil fá fram ... (**Gripið fram í:** Nú!) (**ÖJ:** Hver gerir það þá?) Ég tek mark ... (**Gripið fram í:** Gerir ráðherrann það?) (Gripið fram í.) Ég tek mark á Lagastofnun háskólans.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hljóð í salnum.)

Og þess vegna vil (Gripið fram í.) ég fá fram breytingar á frv. enn fremur. Félmn. bað um álit Lagastofnunar. Það var ekki ég. Það var félmn. Félagsdómur er óbreyttur frá gildandi lögum. Ákvæðin um félagssvæðin eru líka óbreytt frá gildandi lögum.

Herra forseti. Varðandi stjórnarskrárbrotið segir í áliti Lagastofnunar, með leyfi forseta: „Niðurstaða okkar er sú að með framlagningu frv. hafi ekki verið brotið gegn ákvæðum stjórnarskrár eða alþjóðasáttmála.“ Í niðurstöðunum segir:

„Framlagning frv. felur ekki í sér ólögmæta íhlutun ríkisvaldsins um málefni sem stéttarfélögum er rétt að kveða á um sjálf.“ Og í öðru lagi: „Ákvæði frv. um samningsumboð og samþykkt kjarasamninga verða ekki talin andstæð ákvæðum alþjóðasáttmála um félagafrelsi og starfshætti stéttarfélaga, enda virðast þau til þess fallin að styðja að auknu lýðræði innan stéttarfélaga.“ Enn fremur segir: „Ekki verður séð að ákvæði frv. um lagaskilyrði fyrir verkföllum, þar á meðal um atkvæðamagn til löglegrar verkfallsboðunar fari í bága við það sem alþjóðasáttmálar áskilja.“ Og að lokum, herra forseti: „Ekki verður séð að neitt sé við ákvæði frv. um viðræðuáætlun að athuga.“

Herra forseti. Er að undra þó að ég sé ánægður með svona álit?

[13:26]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þessari umræðu um störf þingsins er lokið, enda tíminn úti. Tíminn er úti sem til þessarar umræðu er ætlaður og (**ÖJ:** Um stjórn fundarins.) umræðunni er lokið.

Háskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 217. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:28]

Frv. samþ. með 25:19 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

19 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BH, EgJ, EKG, GHH, GB, GMS, HÁs, IP, ÍGP, KPál, ÓÖH, RA, StG, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég tel að það hafi orkað mjög tvímælis að neita hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að gera athugasemd áðan um störf þingsins. Ég vil sérstaklega láta það koma fram vegna þess að hæstv. félmrh. leyfði sér að gera með óvenjulegum hætti lítið úr verkalýðshreyfingunni í landinu í athugasemdum sínum áðan. Það auðvitað er í góðu samræmi, hæstv. forseti, við vinnubrögð Framsfl. m.a. varðandi það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um.

Á síðasta kjörtímabili beitti Framsfl. sér gegn skólagjöldum. Hann beitti sér gegn breytingum á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Núna er Framsfl. í fyrsta sinn í sögunni sem handbendi íhaldsins í þessu máli eins og öðrum að lögfesta skólagjöld í Háskóla Íslands. Við greiðum atkvæði gegn því.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 893).

Háskólinn á Akureyri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:29]

Frv. samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
16 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BH, EgJ, EKG, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, KPál, RA, StG, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 894).

Iðnaðarmálagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 483. mál (atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (GÁ*) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BH, EgJ, GHH, GE, GB, GMS, IP, ÍGP, KPál, RA, StG, StB, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Iðnþróunarsjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 487. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækningalyf, lyfjavernd o.fl.). — Þskj. 314, nál. 870, brtt. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 871,1 (tvær nýjar greinar, verða 13.–14. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
13.–24. gr. (verða 15.–26. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 871,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
25. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
26.–27. gr. (verða 28.–29. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 871,3 (ný 28. gr., verður 30. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
29. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 425, nál. 764 og 830, brtt. 765 og 831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Brtt. 831 felld með 40:10 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:35]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á þeirri brtt. sem nú er verið að greiða atkvæði um. Hún er borin fram af minni hluta efh.- og viðskn., þ.e. mér og hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Hún kveður á um að heimilt verði að leyfa erlendar fjárfestingar í fiskvinnslu hér á landi. Ekki er gerð tillaga um að leyfa erlendar fjárfestingar með beinum hætti í fiskveiðum. Með þessari tillögu er gerð ákveðin tilraun til málamiðlunar í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um þetta mál.

Við teljum að frv. ríkisstjórnarinnar feli ekki í sér nein sóknarfæri og það hefði verið lágmark í þeirri umræðu að fallast á þessa útfærslu sem minni hluti nefndarinnar leggur til, þ.e. að gera fiskvinnslu jafnhátt undir höfði og almennum iðnaði. Við sjáum ekki í því nein vandkvæði og það ber einnig að hafa í huga að ýmsir hv. stjórnarþingmenn lögðu fram upprunalegar tillögur sem gengu mun lengra en þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þessi tillaga er lögð fram til málamiðlunar í þeirri umræðu. Enda þótt ekki hafi fengist samþykki fyrir henni í efh.- og viðskn. teljum við að með þessari útfærslu væri stigið farsælt spor varðandi fjárfestingar útlendinga í íslensku atvinnulífi.

Brtt. 765,1 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, KH, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt., samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, KH, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, KH, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 765,2 (ný 5. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, KH, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, KH, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 765,3 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á þessu ákvæði sem hér er verið að greiða atkvæði um. Þetta er svokallað Olís-ákvæði en með þessu ákvæði til bráðabirgða er einu fyrirtæki á Íslandi settar sérreglur í lagasetningu.

Í upprunalega frv. voru takmarkanir við 25% og 33% eignaraðild og ekki mátti eiga hlut í innlendum fyrirtækjum. Það var eitt félag á Íslandi sem uppfyllti ekki þessar kröfur, það var Olíuverslun Íslands sem er að 35% hluta í eigu erlendra aðila. Í stað þess að hækka þessi mörk lítillega hefur meiri hlutinn kosið að setja sérstök íþyngjandi ákvæði gagnvart einu fyrirtæki hérlendis. Jafnframt er því sagt að það verði að fara þessa fjallabaksleið sem við höfum lýst í umræðunni með því að skipta upp eignarhlut sínum til þess að geta haldið hlut sínum í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum ef þau kjósa.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða koma fram gallar þessarar óbeinu aðferðafræði við fjárfestingar sem lagðar eru til en það sem mér finnst vera ámælisvert við þetta er að eitt fyrirtæki hér á landi er tekið út sérstaklega með íþyngjandi hætti í stað þess að setja almennar reglur.

Ég greiði ekki atkvæði um þessa tillögu.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, PP, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 549, nál. 836 og 843.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, PP, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 836 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, PP, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KH, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EgJ, GHH, GB, GMS, IP, ÍGP, PP, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 360. mál (styrkur til kaupa á bílasíma). — Þskj. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 446. mál (skráning kjósenda). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 447. mál (ummæli um erlenda þjóðhöfðingja). — Þskj. 779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. HG, 448. mál (heiti sveitarfélaga). — Þskj. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 449. mál (persónuafsláttur barna, uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 781.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Úthlutun sjónvarpsrása.

[13:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Sá háttur sem hafður er á við úthlutun þeirra takmörkuðu gæða sem sjónvarpsrásir eru hefur verið réttilega gagnrýndur frá því að útvarpsréttarnefnd tók fjórar sjónvarpsrásir til endurúthlutunar, tvær á hvorri sjónvarpsstöð, Stöð 2 í eigu Íslenska útvarpsfélagsins annars vegar og Stöð 3 hins vegar sem er nýtt fyrirtæki í samkeppni við sjónvarpsstöðvar Íslenska útvarpsfélagsins og úthlutaði þeim öllum til þriðju stöðvarinnar, Sýnar, sem er í eigu Íslenska útvarpsfélagsins eins og Stöð 2. Enn sem komið er er fjöldi rása til sjónvarpsútsendinga takmarkaður. Þetta er takmörkuð og eftirsótt auðlind, samanber að Sýn seldist á 100 millj. sem var aðallega greiðsla fyrir þær rásir sem hún hafði til umráða. Það skiptir miklu máli þegar verið er að úthluta sjónvarpsrásum að þær reglur sem farið er eftir séu gagnsæjar og öllum ljósar. Sjónvarpsrekstur kostar miklar fjárfestingar og það gengur ekki að menn sem fara út í þær þurfi að búa við það rekstraróröyggi sem ríkir við núverandi ástand. Þeir eiga ekki að þurfa að sæta því að ríkisskipuð nefnd breyti í veigamiklum atriðum rekstraraðstæðum og rekstrargrundvelli þeirra fyrirvaralítið.

Þeir sem úthluta þessum rásum, í þessu tilfelli útvarpsréttarnefnd, eru skipaðir af Alþingi þar sem stjórnmálaflokkar tilnefna fulltrúa. Nú er það svo að formaður og einn nefndarmanna eru framkvæmdastjórar stjórnmálaflokka. Þeir eiga í tugmilljónaviðskiptum við sjónvarpsstöðvar í kosningabaráttu fyrir hönd þeirra stjórnmálaflokka sem þeir starfa hjá og eru hins vegar að úthluta þessum gæðum. Sem nefndarmenn, eru þeir fulltrúar hins opinbera en hins vegar starfsmenn framkvæmdastjóra stjórnmálaflokka og annast fjármál þeirra. Þó að þeir séu e.t.v. ekki vanhæfir samkvæmt stjórnsýslulögum stangast þær sannarlega á við anda laganna. Það er líka líklegt til að skapa tortryggni. Það er því spurning hvort seta þeirra í nefndinni stenst almennt siðgæði.

Það er oft talað um fjölmiðla sem fjórða valdið á eftir löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi. Hvernig

farið er með þessa takmörkuðu auðlind í ljósi þess skiptir mjög miklu máli.

Þróun í eignaraðild að fjölmiðlum hér á landi er visst áhyggjuefni. Í einkareknum fjölmiðlum og sjónvarps- og útvarpsrekstri virðast vera að myndast hringar. Sömu aðilar eru eigendur að Stöð 2 og Sýn. Þeir eiga síðan og reka útvarpsstöðina Bylgjuna og eiga einnig hlut í útgáfufélaginu sem gefur út dagblaðið DV sem rekur síðan dagblaðið Tímann. Þessi aðili hefur mjög sterka og vaxandi markaðsstöðu í rekstri ljósvakamiðla.

Nú er að koma upp samkeppnisaðili, Stöð 3, fyrsti einkarekni samkeppnisaðilinn við sjónvarpsstöðvar Íslenska útvarpsfélagsins. Það skiptir því afar miklu máli ef menn vilja samkeppni í einkarekstri sjónvarpsstöðva að búa þeim þannig umhverfi að samkeppni sé möguleg. Svo er vissulega ekki við ríkjandi ástand. Þegar nefndin tekur rásir af Stöð 3 fyrirvaralítið og færir öðru fyrirtæki, sem er í markaðsráðandi stöðu, til að efla hana, virðist það brjóta í bága við 17. gr. samkeppnislaga. Það eru því allar líkur á því að vinnubrögð útvarpsréttarnefndar í síðustu úthlutun standist ekki samkeppnislög.

Hæstv. menntmrh. Ég legg mikla áherslu á það að gerð verði á Alþingi skýr grein fyrir því hvaða forsendur eru hafðar til hliðsjónar þegar þessum útvarpsrásum er úthlutað og þá einnig í tilfelli Sýnar þannig að þingmenn og ekki síður þeir sem ætla að fara út í þennan rekstur viti að hverju þeir ganga. Mikilvægt er þegar farið er með takmörkuð gæði í eigu ríkisins sem varða almannahagsmuni í þessu tilfelli ekki minna en lýðræði í landinu að reglur séu gagnsæjar þannig að menn viti hverjar þær eru. Ég spyr einnig: Þarf ekki að setja skýrari reglur um útgáfu endurvarpsleyfa eða rása til að tryggja réttaröryggi og rekstrargrundvöll sjónvarpsstöðva? Að lokum spyr ég: Hver er afstaða hæstv. ráðherra til þess að raunveruleg greiðsla komi fyrir afnot af þessum rásum sem eru vissulega auðlind samanber söluna á Sýn sem ég gat um áðan?

[13:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég mótmæla þeim dylgjum sem fram komu í garð nefndarmanna í útvarpsréttarnefnd í máli hv. málshefjanda. Ég tel að það sé með öllu ástæðulaust að gefa til kynna að útvarpsréttarnefnd hafi í þessu starfi sínu eða öðrum starfað á óeðlilegum forsendum. Slíkar dylgjur sæma ekki þingmönnum þegar þeir fjalla um mál af þessu tagi.

Ég sneri mér til útvarpsréttarnefndar vegna þessarar umræðu utan dagskrár og fékk svohljóðandi bréf frá henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsréttarnefnd vill í tilefni af utandagskrárumræðum í dag um úthlutun sjónvarpsrása gera grein fyrir starfi nefndarinnar þar að lútandi. Útvarpsréttarnefnd er kosin hlutfallskosningu á Alþingi og starfar á grundvelli útvarpslaga. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um og veita leyfi til útvarpsrekstrar, annars vegar til útsendingar íslenskrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár og hins vegar til endurvarps erlendrar sjónvarpsdagskrár. Stjórnsýsluleg staða útvarpsréttarnefndar er ljós. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og hefur endanlega ákvörðun um veitingu útvarpsleyfa. Við mat á umsóknum leggur nefndin frjálst mat en byggir þó ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum svo sem lög gera ráð fyrir.

Þar sem spurningar málshefjanda virðast lúta að úthlutun svokallaðra endurvarpsleyfa mun hér gerð sérstaklega grein fyrir þeim. Endurvarpsleyfi eru einvörðungu veitt til að endurvarpa viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri dagskrá erlendrar sjónvarpsstöðvar svo sem kveðið er á um í útvarpslögum. Endurvarp erlendra sjónvarpsdagskráa er einvörðungu heimiluð um þráð eða þráðlaust, um örbylgju og er reyndin sú að allt endurvarp erlendrar sjónvarpsdagskrár fer fram um örbylgju. Umsóknir um endurvarpsleyfi berast útvarpsréttarnefnd en nefndin leitar í öllum tilvikum umsagnar fjarskiptaeftirlits ríkisins um tæknilega möguleika á að verða við þeim. Á örbylgjusviði eru 22 rásir til ráðstöfunar fyrir sjónvarp. Fjarskiptaeftirlitið hefur ákveðið að ráðstafa örbylgjurásum til dreifingar íslenskrar sjónvarpsstöðvar á örbylgjusviði, þ.e. Ríkisútvarpsins — sjónvarps, Stöðvar 2 og Sýnar og jafnframt hefur Landsvirkjun fengið not af rás á örbylgjusviðinu. Þannig hefur útvarpsréttarnefnd einungis til ráðstöfunar 17 rásir til endurvarps erlendra sjónvarpsdagskráa.

Útvarpsréttarnefnd hafa nýverið borist fleiri umsóknir en nefndin getur með nokkru móti brugðist við vegna skorts á rásum. Útvarpsréttarnefnd hefur byggt umfjöllun sína um umsóknir á því meginsjónarmið að gæta jafnræðis milli umsækjenda og sporna gegn því að leyfi til endurvarps um örbylgju safnist á hendur fárra aðila. Í útvarpslögum er ekki að finna heimildir til þess að synja umsóknum um endurvarpsleyfi og/eða útvarpsleyfi á þeim forsendum að um mikil eigendatengsl milli fyrirtækja í sama rekstri sé að ræða. Útvarpsréttarnefnd hefur allt frá því að löggjafinn heimilaði endurvarp erlendra sjónvarpsdagskráa hér á landi með breytingu á útvarpslögum á árinu 1993 byggt á því að veita einum aðila ekki fleiri leyfi til endurvarps en fimm og hafa slík leyfi verið veitt til þriggja og fimm ára. Þá hefur nefndin einnig veitt svokölluð bráðabirgðaleyfi til að nýta betur þær rásir sem fyrir eru og hafa slík leyfi ekki verið veitt til lengri tíma en til eins árs í senn. Á fundi nefndarinnar 21. mars sl. var ákveðið að þegar bráðabirgðaleyfi verði gefin út í framtíðinni verði gildistími þeirra sex mánuðir. Um veitingu bráðabirðgaleyfa er gerður sérstakur samningur við umsækjendur sem þeir eru frjálsir að ganga að þar sem kveðið er á um fyrirvaralausa og bótalausa afturköllun bráðabirgðaleyfisins telji nefndin slíkt nauðsynlegt til þess að tryggja eðlilega samkeppni á þessu sviði. Umsækjendum er gerð ítarleg grein fyrir þessum atriðum sem og á öllum stigum málsmeðferðarinnar.

Áður en til úthlutunar slíkra leyfa kemur verða umsækjendur að sýna fram á að þeir hafi fullnægjandi samninga við hina erlendu sjónvarpsstöð til endurvarpsins og verða þeir samningar að berast nefndinni áður en til formlegrar útgáfu leyfanna kemur. Til þess að greiða fyrir samningsgerðinni staðfestir útvarpsréttarnefnd ákvörðun um leyfisveitingu jafnskjótt og niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Staðfesting nefndarinnar felur í sér vilyrði fyrir endurvarpsleyfi sem verði afgreitt þegar samningar umsækjenda um sjónvarpsstöðvarnar liggja fyrir. Takist slíkir samningar ekki innan hæfilegs tíma fellur vilyrðið úr gildi og verða þá rásirnar til ráðstöfunar að nýju.

Þar sem spurt er sérstaklega um úthlutun nefndarinnar á endurvarpsleyfum til Sýnar hf. skal tekið fram að sú úthlutun byggist á þeim meginsjónarmiðum sem gerð er grein fyrir að framan. Útvarpsréttarnefnd taldi sig ekki hafa forsendur til þess að synja umsókn félagsins um leyfi til endurvarps enda er um sjálfstæðan lögaðila að ræða. Umsókn Sýnar hf. fékk

sömu meðferð og aðrar umsóknir sem nefndinni berast. Þar að auki kallaði nefndin forsvarsmenn Sýnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins, Fjölmiðlunar hf., til fundar og óskaði eftir ítarlegum gögnum og greinargerðum um samstarf þessara aðila. Eftir ítarlega athugun nefndarinnar varð það niðurstaða að um sjálfstæðan lögaðila væri að ræða, enda þótt mikil eigendatengsl væru milli fyrirtækjanna. Taldi nefndin því ekki forsendu til annars en taka umsóknina til efnislegrar meðferðar sem veita Sýn hf. vilyrði fyrir leyfisveitingum vegna endurvarps á örbylgju innan þess svigrúms sem nefndin taldi sig hafa á þessu tíðnisviði.

Samhliða veitingu vilyrðis til Sýnar hf. var Íslenska útvarpsfélaginu, Fjölmiðlun hf. sem hafði hinn 13. september 1995 verið veitt bráðabirgðaleyfi til eins árs til endurvarps þriggja dagskráa svipt tveimur bráðabirgðaleyfum af þremur. Auk þess voru afturkölluð tvö vilyrði af þremur um veitingu bráðabirgðaleyfa til Íslenska sjónvarpsins hf. en það félag hafði haft vilyrði um sjö mánaða skeið án þess að samningar lægju fyrir um erlendar sjónvarpsstöðvar þannig að unnt væri að ganga frá formlegri leyfisveitingu."

Herra forseti. Tíma mínum er lokið og get ég því ekki lokið við að lesa þessa skýringu útvarpsréttarnefndar.

[13:59]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Af því að umræðuefnið er um rásir og móttökuskilyrði þá verð ég að segja það eins og er að móttökuskilyrðin voru tæpast í lagi til þess að nema hvað voru aðalatriði og hvað voru aukaatriði í þessu þusi. En ég tel að hv. þm. sem hóf þessa umræðu hafi vakið máls á máli sem þing og þjóð varðar, sérstaklega vegna þess að hér er um takmörkuð gæði að ræða, a.m.k. við óbreytta tækni. Meginatriði spurningarinnar voru auðvitað þau hver afstaða ráðherrans væri til þess máls, hvort ekki væri ástæða til þegar um væri að ræða skort á rásum eins og fram kom í svari ráðherrans og umsækjendur eru fleiri en geta fengið, að tekið sé gjald fyrir þessi eftirsóknarverðu gæði og það er áhugavert að fá það vegna þess að það hefur mikið forsagnargildi að öðru leyti.

Hins vegar skildi ég heldur ekki rökstuðning hæstv. ráðherra fyrir því að málshefjandi fari með einhverjar dylgjur. Að sjálfsögðu var hv. þm. ekki að dylgja eitt eða neitt um þá einstaklinga sem í nefndinni sitja heldur að vekja athygli á því að hér er auðvitað spurning um ákveðna grundvallarreglur í stjórnsýslu. Spurningin er sú hvort samrýmanlegt sé að framkvæmdastjórar stjórnmálaflokka, sem eiga auðvitað mikil samskipti ekki aðeins við þessar stöðvar heldur líka við fjármálastofnanir, í ljósi almennrar umræðu um hagsmunaárekstur að þeir gegni slíkum störfum. Ég leyfi mér að minna á að á sínum tíma, reyndar aftur á viðreisnarár, tók þingflokkur Alþfl. þá ákvörðun að skipa aldrei þingmenn sína í bankaráð. Slíkt mál kom eitt sinn upp þegar kjörinn gjaldkeri Alþfl. tók við starfi, hann var löggiltur endurskoðandi, sem bankaráðsmaður í Landsbankanum og síðan formaður þess, þá sagði hann af sér gjaldkerastörfum til þess að undirstrika að við vildum framfylgja þessum reglum og það ætti að ríkja gagnsæi um þessa grundvallarreglu. Það er einungis einn partur þessa máls.

En ég vildi, virðulegi forseti, beina því til forseta hvort ekki mætti gefa hæstv. ráðherra lengri tíma til að ljúka lestri sínum á þessu dulskeyti sem hann fékk frá nefndinni.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. ráðherra á eftir tvær mínútur.)

[14:01]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Svar hæstv. menntmrh. er með ólíkindum. Það er spurt um afstöðu ráðherra gagnvart tilteknum þáttum við þessa úthlutun, m.a. hver sé afstaða hans og hvort setja ætti skýrari reglur um þá úthlutun Það er spurt um gjaldtöku af þessum heimildum. Í stað þess les ráðherra upp bréf útvarpsréttarnefndar. Ég skoða svar ráðherra sem fyrirlitningu gagnvart þingheimi. Að koma hér upp í ræðustól það eru skýrt orðaðar spurningar, hann svarar þeim í engu, notar allan ræðutíma sinn því hann vissi áður en hann fór í ræðustól hve mikinn ræðutíma hann hafði og svara málinu með þessum hætti. Þetta gengur ekki, herra forseti. Það liggur hér fyrir og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur bent á að það er mikið álitamál hvernig útvarpsréttarnefnd er skipuð og menn verða að huga að hagsmunatengslum í sambandi við þau mál. Báðir þeir einstaklingar sem þarna eru eru mætustu menn, ég get vitnað um það, en það er mikil spurning hvort það hafi verið óeðlilegt þegar skipað var í nefndina á sínum tíma. Það má líka benda á að það er stofnað sérstakt fyrirtæki af hálfu eigenda Stöðvar 3 til að sækja um leyfi því að raunveruleg eignatengsl milli fyrirtækjanna voru ekki viðurkennd. Það er greinilega mjög margt óljóst í þessu.

Ég bendi á að því hefur verið varpað fram í blaðagrein af prófessor við Háskóla Íslands, um fjárhagsleg tengsl stjórnmálaflokka og sjónvarpsstöðva og þá í tengslum við þessa umræðu. Þetta eru hlutir sem stjórnmálaflokkar verða vitaskuld að gera mjög vel grein fyrir. Það er enginn að segja að það sé nokkuð bogið við þessa úthlutun eða það hafi verið nokkuð annað gert en að fara að almennum reglum en þjóðfélagið krefst þess að um þetta ríki mikil upplýsingaskylda og að þessir hlutir séu gegnsæir þegar kemur að svona málum. Ég hvet, herra forseti, hæstv. ráðherra til að koma með sómasamlegt svar við spurningunum.

[14:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Því miður var lítið á svari ráðherrans að græða við þeim spurningum sem ég hafði sent honum fyrir tveim dögum. Ég vísa því á bug að hér hafi verið um dylgjur að ræða í garð þeirra sem eiga sæti í útvarpsréttarnefnd. Ég var einungis að benda á að a.m.k. seta tveggja aðila þar væri í andstöðu við anda stjórnsýslulaganna.

Varðandi úthlutun tveggja sjónvarpsleyfa Stöðvar 3 til Sýnar og skýringa útvarpsréttarnefndar á því að þar væri um sjálfstæðan lögaðila að ræða er það náttúrlega öllum ljóst að Stöð 2 og Sýn, þó það séu tvö aðskilin fyrirtæki, eru í eigu sömu aðila. Það er markaðsráðandi fjölmiðill í einkarekstri hér á landi, hann notar sömu tæki og sameiginlega innheimtu, þannig að það er algjörlega út í hött að halda því fram að þarna séu engin tengsl á milli. Og það að ríkið sé að skerða aðstöðu eina einkarekna samkeppnisaðilans til að bæta markaðsstöðu þessa er náttúrlega út í hött. Það hefði verið full ástæða til þess að útvarpsréttarnefnd leitaði til Samkeppnisstofnunar áður en farið var út í úthlutun. Það er eins og ég benti á áðan líklegt að hún sé brot á samkeppnislögum eða vissulega öndverð anda laganna. Núgildandi reglur eru vissulega ekki viðunandi. Eins og kemur fram hér í bréfi undirrituðu af Kjartani Gunnarssyni, formanni útvarpsréttarnefndar og framkvæmdastjóra Sjálfstfl., kemur það greinilega fram í bréfi til Íslenska Sjónvarpsins sf. sem ég ætla að vitna í, með leyfi forseta, að bráðabirgðaleyfi, sem eru sjónvarpsrásirnar sem ég er að gera hér að umtalsefni, er

veitt með því skilyrði að nefndin hefur rétt til að endurskoða leyfisveitinguna og getur ákveðið að leyfishafi skili fyrirvaralaust og bótalaust þeim bráðabirgðaleyfum sem veitt eru áður en leyfistími er fullnaður ef það er nauðsynlegt að mati nefndarinnar af samkeppnisástæðum. Ekki hefur komið nein skýr ástæða fyrir því hvers vegna leyfin voru tekin þar af Stöð 3 eins og ég spurði ráðherrann að. Því tel ég nauðsynlegt að það verði settar úthlutunarreglur, skýr ákvæði um hversu langan tíma sjónvarpsrásum er úthlutað því að eins og háttar í dag er hægt að kippa rekstrargrundvelli undan stöðvunum án nokkurs fyrirvara.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu.

(Forseti (ÓE)**:** Tíminn er úti.)

Ég skora á hæstv. ráðherra að setja á laggirnar nefnd óháðra aðila til að vinna þessa vinnu.

[14:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom tókst mér ekki að ljúka öllu bréfi útvarpsréttarnefndar en ég taldi rétt að sjónarmið hennar fengju að koma fram. Hún er kjörinn af Alþingi, starfar sem sjálfstætt stjórnvald og það er til hennar sem menn eiga að snúa sér vegna mála af þessu tagi ef þeir sætta sig ekki við niðurstöðuna. Þessi nefnd var sammála í ákvörðun sinni um þetta mál. Í henni eiga sæti fulltrúar flokkanna og undir bréfið sem ég var að reyna að ljúka við að lesa á þessum of skamma tíma, ritar Árni Gunnarsson, fyrrv. alþm., sem er varaformaður nefndarinnar. Eins og ég sagði stóð nefndin einhuga að þessu bréfi. Á tíu árum hefur nefndin yfirleitt og ætíð staðið einhuga að öllum niðurstöðum sínum um þessi viðkvæmu mál.

Spurt er um afstöðu til gjaldtöku. Í útvarpslögunum, sem eru í gildi, er ekki veitt heimild til gjaldtöku. Það er talað um að það sé samningsatriði á milli nefndarinnar og stöðvanna hvaða gjald er tekið. Nefndin hefur ákveðið og orðið sammála um að taka sama gjald af öllum stöðvum og miða við það gjald svipaða fjárhæð og gildir þegar menn fá leyfi til atvinnurekstrar, verslunarleyfi eða annað slíkt. Ef það á hins vegar að fara að bjóða upp þessar rásir eða skattleggja þær með öðrum hætti þarf Alþingi að taka af skarið og það er ekki nefndarinnar. Ég mun jafnvel í dag eða á morgun kynna skýrslu um endurskoðun á útvarpslögum þar sem m.a. er tekið á þessum málum. Þá geta menn séð hugmyndir um það hvernig væri hægt að nálgast þetta á nýjum forsendum án þess að þar séu tillögur um gjaldtöku eða sérstaka skattlagningu vegna þess að þau gæði sem eru takmörkuð núna verða það ekki lengi ef tækninni fleygir svo fram sem horfir. Þá verður hér ótakmarkaður fjöldi útvarps- og sjónvarpsrása sem menn geta nýtt sér ef þeir hafa til þess tæknilegan búnað. Það mál er því kannski tímabundið vandamál að ríkið geti reynt að hagnast sérstaklega á því svo málin verða áfram til umræðu. Ég ítreka það sem ég sagði að útvarpsréttarnefnd á ekki skilið að sitja undir dylgjum um að menn hafi verið þar að sinna einhverjum óeðlilegum hagsmunum með því að taka þá afstöðu sem hér hefur verið til umræðu. Ég vísa slíkum dylgjum algjörlega á bug.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

14. dagskrármál var of seint fram komið. — Samþ. með 33 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570, nál. 844.

[14:11]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fulltrúa frá menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi.

Frumvarpið er flutt vegna ákvæðis 57. gr. grunnskólalaga sem samþykkt voru á 118. löggjafarþingi, en þar er kveðið á um að Alþingi skuli fyrir 1. ágúst 1996 samþykkja lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarkjör hjá nýjum vinnuveitanda. Tryggir frumvarpið kennurum og skólastjórnendum grunnskóla sama rétt og samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, auk þess sem áfram eru tryggð réttindi sem kennarar og skólastjórnendur njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989. Fór undirbúningur að gerð frumvarpsins fram í samvinnu við sveitarfélög og kennara.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðulegi forseti. Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um þetta mál sem hér er til umræðu. Um það er pólitísk samstaða á hinu háa Alþingi. Málið tengist flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga sem unnið er að í fullri sátt allra málsaðila, kennara, sveitarfélaga og ríkis.

Hér er stigið enn eitt skref til að það mikilvæga mál nái fram að ganga snurðulaust 1. ágúst nk. eins og grunnskólalög mæla fyrir um.

[14:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég er ekki alveg sammála fullyrðingum síðasta ræðumanns að það sé ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Ég er hræddur um að við þurfum að ræða þetta í víðara samhengi en hér hefur verið gert. Þannig háttar málum að við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga flytjast að sjálfsögðu þeir starfsmenn sem hafa starfað við skólana en voru áður ríkisstarfsmenn yfir til sveitarfélaganna og verða starfsmenn þeirra. Þess vegna er frv. flutt og eins og segir í athugasemdum, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er byggt á því samkomulagi sem náðist milli þessara aðila og birt er í skýrslu nefndarinnar. Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38/1954, auk þess sem starfsmönnum er áfram tryggður sá réttur sem þeir **nú njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989.**“

Við flutninginn á skólanum frá ríki til sveitarfélaga færist ýmis önnur starfsemi tengd skólunum að sama skapi. Það á t.d. við um fræðsluskrifstofurnar og þar af leiðandi það starfsfólk sem þar starfar. Í febrúarmánuði, nánar tiltekið 7. febr. sl., komu fulltrúar samtaka allra þeirra starfsmanna sem starfa á fræðsluskrifstofunum saman til fundar og ákváðu að senda erindi til verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskólans. Þeir sendu frá sér svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Neðangreind samtök vilja vekja athygli verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga á því að enn er algerlega óljóst um stöður og réttindi starfsmanna á fræðsluskrifstofum. Samtökin telja að þessir starfsmenn eigi siðferðilega sama rétt og grunnskólakennarar til áframhaldandi starfa og óskertra réttinda þrátt fyrir að störf þeirra séu nú færð frá ríki til sveitarfélaga með öðrum hætti en störfin í grunnskólanum. Samtökin leggja þess vegna til:

1. að verkefnisstjórnin geri nú þegar tillögur um hvernig störfin á fræðsluskrifstofum verði færð yfir til hlutaðeigandi sveitarfélags/sveitarfélaga í hverju tilviki fyrir sig enda er aðeins um rúmlega 70 starfsmenn að ræða,

2. að núverandi starfsmönnum á fræðsluskrifstofum verði boðin störf og tryggður að öðru jöfnu forgangur til þeirra,

3. að gert verði sérstakt samkomulag milli hlutaðeigandi samningsaðila um réttarstöðu þessara einstaklinga (sbr. starfsmenn Landakots) sem feli í sér að þeim verði tryggð algerlega sambærileg og óskert réttindi miðað við það sem þeir hafa í dag, bæði með tilliti til laga nr. 38/1954 ásamt reglugerðum um barnsburðar- og veikindaleyfi og laga nr. 29/1963 (um lífeyrisréttindi) og feli þetta í sér að þessir starfsmenn fái ekki biðlaun við flutninginn.

4. að í þeim tilvikum þar sem ómögulegt reynist að tryggja starfsmönnum sambærilegt starf fái þeir yfirlýsingu um rétt sinn til biðlauna og hugsanlegan forgang að nýju starfi í faggrein sinni á vegum ríkis eða sveitarfélaga.

Samtökin hvetja verkefnisstjórnina til að hefjast strax handa í þessu verkefni þar sem ýmis sveitarfélög eru þegar búin að auglýsa umrædd störf laus til umsóknar."

Undir þetta bréf rita síðan fulltrúar Kennarasambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. Þetta bréf var sent formanni verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskólans, Hrólfi Kjartanssyni, 7. febrúar eins og áður kom fram. Afrit var sent menntmrh., Sambandi íslenskra sveitarfélaga og borgarstjóranum í Reykjavík.

Fleiri bréf hafa verið skrifuð til að vekja athygli á réttarstöðu annarra starfsmanna sem flytjast einnig frá ríki til sveitarfélags vegna flutnings grunnskólans. Samtök opinberra starfsmanna hafa þannig vakið athygli á því að í kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjmrn. með gildistíma frá 1. apríl 1995 segir: „Fjármálaráðherra í samráði við menntmrh. mun beita sér fyrir því að tryggja efnislega óbreytt ráðningaréttindi þeirra félaga í SFR, þ.e. Starfsmannafélagi ríkisstofnana, sem nú starfa hjá ríkinu í grunnskólum, sem færast til sveitarfélaga samkvæmt nýsamþykktum grunnskólalögum eftir yfirfærslu."

Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur bent á að félagið líti svo á að þessi bókun nái einnig til lífeyrisréttinda viðkomandi starfsmanna.

Mér finnst mjög mikilvægt í tengslum við það frv. sem hér er til umræðu og er góðra gjalda vert, skoðað út af fyrir sig og þröngt. Það er nú ástæða til að taka svo til orða þegar á öðrum stað í kerfinu er frv., reyndar komið út úr þingnefnd núna, sem gerir ráð fyrir að taka réttindi og skyldur opinberra starfsmanna upp, rífa þau upp frá rótum, þannig að það stangast nú sitt hvað á þegar við förum að skoða þessi mál öll í heild sinni. Það er eitt að vera ánægður með það sem er að gerast varðandi þetta frv. skoðað þröngt og svo annað þegar við förum að skoða málin í víðara samhengi.

Mér finnst mjög mikilvægt áður en þetta frv. er samþykkt eða þessu máli lokið öllu heldur, ég er síður en svo að leggjast gegn því að þetta frv. verði samþykkt, þá þurfum við engu að síður að fá botn í að hvað ríkisstjórnin hyggst gera varðandi aðra starfsmenn sem tengjast skólahaldinu og munu flytjast frá ríki til sveitarfélaga vegna þessa flutnings. Getur það virkilega verið að ríkisstjórnin ætli ekki að tryggja því fólki sambærileg réttindi og ríkisstjórnin kveðst reiðubúin að tryggja kennurum? Við verðum að fá afdráttarlaus svör við þessu áður en áfram er haldið. Ég tel að við getum ekki lokið þessari umræðu áður en við fáum botn í þetta.

[14:22]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nú er loks komið til umfjöllunar á Alþingi frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórenda grunnskóla. Ekki þar fyrir að frv. var rætt við 1. umr. og fór síðan til nefndar en það verður að segjast eins og er að svo sannarlega hefði þetta mál þurft að vera fyrr á ferðinni. En það er þó fagnaðarefni að nú eru loks komin á borð þingmanna öll þau fylgifrv., þó maður skyldi kannski aldrei segja öll, heldur er rétt að vera með varann á hvað það varðar, en a.m.k. þau fylgifrv. sem áskilnaður er um í grunnskólalögum. Hér er komið frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Það er komið frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, sem við ræðum síðar í dag, það er reyndar ekki áskilnaður um það í grunnskólalögum en er liður í flutningi grunnskólans. Síðast en ekki síst er hér loksins einnig komið fram í þinginu frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Herra forseti. Ég vil aðeins gera það mál að umræðuefni. Það frv. sem hér liggur fyrir er þetta litla frv. sem við einhver vorum áður búin að nefna, það frv. sem nægir til að uppfylla ákvæði grunnskólalaga. Þetta frv. hefði auðvitað átt að koma fram strax í upphafi þingsins, það voru engin efni til annars. En þá gerðist því miður það sem hefði aldrei átt að gerast að ríkisvaldið reyndi að nota þetta tækifæri til breytinga á lögunum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna til mun víðtækari breytinga en nokkur efni stóðu til. Ef sú tilraun hefði ekki verið gerð, ef einungis það litla frv. sem nú liggur á borðum þingmanna hefði þá komið fram, hefði ríkisstjórnin getað firrt sig þeim vandræðum sem hlutust í kjölfarið um eðlilegan framgang flutnings grunnskólans. Ef það hefði gerst þá hefðu líka sveitastjórnirnar í landinu getað staðið skipulegar að þeim málum sem að þeim snúa og þeir starfsmenn sem málið snýr að að stærstum hluta hefðu getað litið með jákvæðari hætti til þeirra breytinga sem þeir eiga í vændum en gefið var tilefni til.

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi verið mikið óhappaverk sem var unnið þegar farið var af stað með þær víðtæku breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem síðar voru reyndar dregnar til baka eftir að málið allt var komið í uppnám. Mér finnast þessi vinnubrögð sýna mjög ljóslega þá forgangsröðun sem ríkisstjórnin hefur ákvarðað varðandi þau mál sem liggja fyrir þinginu. Inn í þingið hafa komið ýmis stór mál sem snúa að ýmsum þeim hlutum sem varða hverja fjölskyldu í landinu eins og skólamál, bæði

hvað varðar grunnskóla og framhaldsskóla. En af því að forgangsröð ríkisstjórnarinnar er sú sem fram er komin, þ.e. skerðingarfrv. skulu hafa forgang, þá lenda önnur mál í uppnámi og fá ekki þá umfjöllun eða þann stuðning sem efni þeirra gæfi í rauninni tilefni til. Þetta er mjög slæmt vegna þess að þegar um er að ræða mál eins og flutning grunnskólans sem er afskaplega viðkvæmt, varðar nánast hverja fjölskyldu í landinu, og varðar starfsumhverfi og framtíð barnanna, er auðvitað æskilegt að menn vandi sig og fari fram með þeim hætti að um málið geti ríkt almenn sátt. Þess vegna nota ég tækifærið og harma þá atburðarás sem ríkisstjórnin efndi til með flumbrugangi varðandi framlagningu annarra mála sem áttu ekkert erindi á þeim tíma og ég efast um að eigi yfir höfuð nokkurt erindi. Vegna þess að ég ber hagsmuni grunnskólans fyrir brjósti vænti ég þess að skaðinn sé ekki það stór að hann megi ekki bæta.

Ég held að þetta ætti að kenna hæstv. ríkisstjórn að það þarf auðvitað að vinna málin í réttri röð. Ég vænti þess að hún dragi einhvern lærdóm af þessu en eftir þá umræðu og umfjöllun sem hér varð í dag um vinnumarkaðsmálin og viðbrögð félmrh. við gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar er ég satt að segja vondöpur um að öllum sé það gefið að skilja þó jafnvel sé reynt að kalla. Eigi að síður hlýt ég að binda vonir við að þessi mál geti fengið farsæla niðurstöðu.

Af því að vikið var að málefnum fræðsluskrifstofanna hér áðan held ég að nauðsynlegt sé að örlítið sé fjallað um þá hlið málsins vegna þess að þar sýnist mér að um sé að ræða þátt þar sem undirbúningur hafi ekki verið nægjanlegur. Nú er ljóst að starfsmenn fræðsluskrifstofanna fengu bréf ári áður en flutningurinn var fyrirhugaður þar sem þeim var tilkynnt um niðurlagningu stöðu sinnar. Eftir að þetta bréf kom fram fór m.a. það starf í gang hjá sveitarfélögunum sem laut að því að taka ákvarðanir um það með hvaða hætti þau uppfylltu þær kröfur sem til þeirra verða gerðar og eru að hluta til verkefni sem fræðsluskrifstofur hafa annast. Það er alveg ljóst að vegna þess að sveitarfélögin í landinu töldu að tryggilega væri frá þeim málum gengið leyfðu þau sér að hugsa þessi mál upp ap nýju á ýmsum sviðum. Þannig er það núna að skólaskrifstofur eða fræðsluskrifstofur eru að verða til úti um allt land og á mörgum stöðum á allt öðrum grunni en fræðsluskrifstofurnar hafa starfað.

Þannig hafa sveitarfélögin eðlilega notað það tækifæri sem gafst til að endurskoða aðra félagslega þætti og menntaþætti sem þau þurfa að sinna, t.d. stuðning gagnvart leikskólum sínum og hluta af félagsmálaþjónustunni, sem getur vel farið saman með þeim störfum sem unnin eru á skólaskrifstofum. Menn hafa verið að samþætta þessa hluti. Ekki einungis vegna þess að það sé hagkvæmara heldur líka vegna þess að sums staðar er þetta grundvöllur fyrir því að gott faglegt starf geti farið fram og að möguleikar séu til að veita fjölskyldunni þá þjónustu sem ber að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Barnaverndarmál, stuðningur við leikskólana og fjölskylduna almennt hafa þess vegna mjög víða verið samþættuð þeim verkefnum sem sveitarfélögin eru að taka að sér í tengslum við yfirfærslu grunnskólans. Það er þess vegna dálítið seint ef það kemur í ljós núna að menntmrn. hefur ekki staðið rétt og eðlilega að niðurlagningu þeirra starfa sem eru og hafa verið á gömlu fræðsluskrifstofunum. Það er kannski ein aðvörunin enn, enn eitt sem menn þurfa að draga lærdóm af og gæti vonandi orðið eitt af því sem menn gætu tekið til einhverrar endurskoðunar. Að minnsta kosti held ég að sá stífi dans sem ríkið býr sig nú undir gagnvart þessum starfsmönnum sem eru óöruggir með stöðu sína, sé fullkomlega óþarfur og í rauninni til þess eins að gera illt verra.

Því miður, herra forseti, sýnist manni að ekki hafi verið staðið að ýmsum þáttum þessa máls eins og best hefði verið. Sífellt virðast koma upp dæmi þar sem betur hefði þurft að standa að málum.

Við munum seinna í dag ræða það frv. sem liggur fyrir um breytingu á lögunum um grunnskóla. Þar eru heilmörg stórmál sem skipta verulegu máli. Þar er verið að sveigja af þeirri braut sem áður hafði verið lögð að hluta og að hluta til eru það líka atriði sem á að geta náðst mjög góð sátt um og ætti að vera þá enn einn steinninn í þá hleðslu að það skapaðist traustur grunnur undir þennan flutning. Ég vil endurtaka, herra forseti, að það ber að fagna því að þessi frv., sem ég rakti í upphafi máls míns, eru komin fram þannig að menn geta nokkurn veginn séð fyrir endann á þeim málum sem áskilnaður var um og er um í grunnskólalögum. En ég vil enn ítreka þau varnaðarorð sem ég hafði uppi varðandi þann forgang sem ríkisstjórnin hefur haft og sett hér í þinginu og hefur orðið til þess að setja önnur og að mínu mati mun merkari mál í uppnám. Ég vil líka benda á hvað þessi vinnubrögð hafa haft í för með sér varðandi þá tortryggni sem starfsmenn nú sýna ríkisvaldinu. Þótt þau frv. sem við erum að fjalla um núna, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, séu góð og gild svo langt sem þau ná, hefur eðlilega gripið um sig ótti hjá kennurum um það að síðan yrði vegið aftan að þeim með svipuðum hætti og reynt var að gera varðandi lífeyrismálin. Sá ótti hefur orðið til þess að Samband íslenskra sveitarfélaga ritaði þeim bréf til að róa þennan stærsta hóp þeirra sem þessi flutningur kemur við með beinum hætti. Sambandið sá ástæðu til þess að gefa yfirlýsingu í tengslum við þennan flutning til þess að menn þyrftu ekki að óttast að ríkisvaldið kæmi aftan að kennurum. Ég vil lesa hér upp úr bréfi sambandsins, með leyfi forseta, eftirfarandi texta:

„Sambandið fellst á að þegar samningsumboð við grunnskólakennara er komið til sveitarfélaganna verði kennurum heimilt að segja upp kjarasamningum verði gerðar breytingar með lögum á réttindum þeirra og skyldum í andstöðu við samtök kennara."

Sveitarfélögin sáu sem sagt tilefni til þess, við getum kannski sagt neyddust til þess, vegna aðgerða ríkisins að gefa út þá yfirlýsingu að ef þeim lögum sem væntanlega verða samþykkt með þessu frv. verður breytt eða hnikað til án samráðs við samtök kennara, verður kennurum heimilt að segja upp kjarasamningum, þá jafngildi það í rauninni uppsögn kjarasamninga. Það að Samband íslenskra sveitarfélaga skyldi skrifa kennurum til þess að róa þá með þessum texta segir okkur best í hvaða stöðu þetta mál var komið. Ég vil þess vegna, herra forseti, ítreka þær óskir mínar að þó svo að allt of mikið hafi gengið á við flutning grunnskólans nú í vetur og allt of mörg feilspor hafi verið stigin komi það ekki til með að bitna til lengri tíma litið á grunnskólanum á Íslandi. Til þess er hann allt of mikikvægur.

[14:38]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að þetta frv., sem er til umræðu, er samkomulag um innihald þess vegna þess eins og segir í grg. frv. á bls. 8 í þskj., með leyfi forseta. „Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra

starfsmanna, nr. 38/1954, auk þess sem starfsmönnum er áfram tryggður sá réttur sem þeir nú njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989."

Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að hér liggur fyrir í þinginu frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem breytir lagaramma þeirra mála í grundvallaratriðum. Það frv. er umdeildasta eða annað umdeildasta frv. þessa þings og hefur þegar sætt verulegum mótmælum, bæði úti í þjóðfélaginu og hér í þessari virðulegu stofnun. Það er því óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að ræða þessi mál í samhengi eins og hér hefur verið gert af fyrri ræðumönnum, hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna þess að hv. menntmn., meiri hluti hennar, tengir þessi mál saman með ótrúlega grófum hætti í nál. á þskj. 882, og þó alveg sérstaklega í brtt. meiri hluta menntmn. við frv. til laga um framhaldsskóla sem verður væntanlega rætt seinna á þessum fundi eða á morgun. Þar segir á þskj. 883, brtt. við frv. til laga um framhaldsskóla, með leyfi forseta: „Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, að undanskildum ákvæðum 12. og 13. gr. þeirra laga sem halda skulu gildi sínu þar til ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er kveða á um æviráðningu ríkisstarfsmanna, hafa verið afnumin, sbr. 47. gr." Með öðrum orðum er því slegið föstu í frv. til laga um framhaldsskóla og nál. um það að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi að fella úr gildi og það hljóti að hafa áhrif á lög um framhaldsskóla. Þar af leiðandi liggur það væntanlega í augum uppi og í hlutarins eðli að við því er að búast að á það verði sótt af valdhöfum þessa máls sem hér er á dagskrá, þ.e. sveitarfélögunum þegar þar að kemur, að þessi réttindi kennara verði afnumin þegar þeir verða fluttir yfir til sveitarfélaganna. Það er í raun verið að viðurkenna með brtt. meiri hluta menntmn. við frv. til laga um framhaldsskóla að þetta frv. sem hér er á dagskrá sé einskis virði vegna þess að öll þau réttindi sem hér eru inni eigi að taka aftur og að meiri hlutinn á Alþingi sé tilbúinn til að hjálpa sveitarfélögunum við að taka þessi réttindi aftur. Og ég spái því, hæstv. forseti, að ef svo fer að þessi mál verða flutt yfir til sveitarfélaganna með þeim hætti sem hér er að gerast og ef svo fer að lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verður breytt þá muni sveitarstjórnirnar koma strax á næsta vetri og segja: Við getum ekki verið með okkar starfsmenn á öðrum kjörum en gengur og gerist með opinbera starfsmenn. Þess vegna förum við fram á það við Alþingi að lögunum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda verði breytt. Ég tel þess vegna að það sé nauðsynlegt að vekja athygli á því að sá meiri hluti sem hér situr, situr á svikráðum við kennarana. Hann situr á svikráðum við kennarastéttina í landinu þó hann sé auðvitað neyddur til þess vegna þess hvernig málin ber að að ganga svona frá þessu og samþykkja að frv. feli í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hann er neyddur til þess. Kennararnir knúðu það fram og ég tel í raun og veru afrek hvernig kennararnir hafa náð fram lendingu í þeim málum. En þá er hitt eftir sem áður ljóst að á næsta þingi mun sá meiri hluti sem hér situr fallast á óskir sem fram kunna að koma frá sveitarstjórnunum um að kippa þessum réttindagrundvelli undan kennurunum aftur af því að það er verið að gjörbreyta réttarstöðu opinberra starfsmanna í öðru frv. sem hér liggur fyrir. Og það er nokkuð harkalegt ef Framsfl. og Sjálfstfl. sitja þannig á svikráðum við kennara grunnskólanna eins og ástæða er til að ætla miðað við allan málatilbúnað og þó sérstaklega við þetta makalausa ákvæði á þskj. 883 sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta, á nýjan leik: „Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, að undanskildum ákvæðum 12. og 13. gr. þeirra laga sem halda skulu gildi sínu þar til ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er kveða á um æviráðningu ríkisstarfsmanna, hafa verið afnumin." Í brtt. sem hér liggur fyrir er gengið út frá því að önnur lög í þinginu verði afnumin. Það er með öðrum orðum verið að segja á grundvelli menntamálalöggjafarinnar að þau ákvæði sem hér er verið að ræða séu varla pappírsins virði. Ef sveitarstjórnirnar koma til meiri hluta Alþingis á næsta þingi og biðja um að þetta verði afnumið þá verður það gert. Þannig situr núverandi meiri hluti Alþingis á svikráðum við kennarastéttina, þá sem starfa í grunnskólunum. Það er bráðnauðsynlegt, hæstv. forseti, að fá það alveg skýrt frá hæstv. ráðherrum og meiri hlutanum hvernig þeir sjá þetta fyrir sér. En í rauninni skipta þeirra orð ekki öllu í þessu sambandi vegna þess að þau eru loðin og segja ekki margt. Ég veit nokkurn veginn hvernig þau verða. Veruleikinn er þessi. Hann er sá að þessi meiri hluti á Alþingi er tilbúinn til þess að svíkjast aftan að kennurunum strax á næsta vetri. Og það kemur hvergi skýrar fram en í þskj. 883 þar sem segir að þegar búið sé að fella úr gildi lögin um opinbera starfsmenn eins og þau eru núna eigi þetta og hitt að gerast. Þetta atriði vildi ég, hæstv. forseti, í fyrsta lagi nefna hér.

Í öðru lagi vildi ég aðeins víkja að því sem fram kom í ræðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur varðandi fræðsluskrifstofufólkið. Það á ekki af því fólki að ganga. Er ekki tiltölulega mjög stutt síðan þetta fólk varð starfsmenn ríkisins? Var það ekki í raun og veru gert með lögunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 1989? Var það ekki þannig að þetta fólk var í raun og veru meira og minna starfsmenn sveitarfélaganna eða samtaka þeirra? Síðan samþykktum við lög 1989 um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar var allt í einu ákveðið að starfsmenn fræðsluskrifstofanna ættu að vera starfsmenn ríkisins. Það var farið í mikla samningavinnu um að koma kjörum starfsmanna fræðsluskrifstofanna fyrir með skipulögðum hætti eftir þessum nýju lögum. Það gekk út af fyrir sig ágætlega en þó var málið flókið. Það var aðallega flókið vegna þess að starfsmenn fræðsluskrifstofanna bjuggu við mismunandi kjör eftir fræðsluskrifstofum, eftir því hvernig sveitarfélögin höfðu tekið á þeirra málum. Það var mjög mikið verk sem var t.d. unnið í fjmrn. á þeim tíma við það að samræma þessa hluti þannig að kjörin væru annars vegar bærileg miðað við hinar almennu reglur sem ríkisstarfsmenn starfa eftir og hins vegar miðað við það sem hafði verið í gangi áður á þessum fræðsluskrifstofum. Nú gerist það síðan örfáum árum seinna — ég hugsa að það séu kannski ekki nema 2–3 ár liðin frá því að gengið var almennilega frá kjörum starfsmanna ríkisins — nú gerist það að þessir starfsmenn fræðsluskrifstofanna og þeir sem ég er að fjalla sérstaklega um hér, standa frammi fyrir því að þeir verða aftur fluttir yfir.

Mér liggur við að segja, hæstv. forseti, að það sé ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort það þurfi ekki að vera ákvæði í stjórnarskránni um það hversu oft á hverri starfsævi er hægt að þvæla mönnum á milli sveitarfélaga og ríkisins. Þetta fólk er búið að vera núna í hálfan annan áratug hjá

ríkinu. Það var áður hjá sveitarfélögum. Nú á það aftur að fara til sveitarfélaganna. Þetta er dálítið umhugsunarvert og spurning hvort forustumenn opinberra starfsmanna sem eru sumir ekki langt undan þurfi ekki að velta því fyrir sér að það verði bara í kjarasamningum sérstakt ákvæði um að það sé hægt að takmarka eitthvað þessa gripaflutninga þannig að það sé ekki hægt fyrirvaralítið að flytja þessa starfsmenn á milli nema höfð sé alveg sérstök aðgát í hverju tilviki.

Ég held, hæstv. forseti, að þetta sé sérstakt umhugsunarefni og þess vegna tek ég undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem hér fjallaði um starfsmenn fræðsluskrifstofanna og aðra starfsmenn sem færast til sveitarfélaganna í tengslum við þennan flutning.

Ég vil einnig vekja athygli á því, hæstv. forseti, að í frv. er eitt lykilatriði sem ríkisstjórnin telur að skipti mjög miklu máli. Það er að biðlaunaréttur stofnist ekki við flutninginn. Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin fellst á þetta endurspeglunarákvæði og þessa endurspeglunaraðferð er að með því er tryggt að biðlaunaréttur stofnist ekki við flutninginn, enda stendur á bls. 8 í þskj., með leyfi forseta:

„Biðlaunaréttur stofnaðist ekki við flutninginn, enda hefði löggjafinn að fullu tryggt óbreytt réttindi." Þetta er aðalatriðið, að koma í veg fyrir það. Þá spyr ég um alla hina starfsmennina sem hér um ræðir, þ.e. starfsmenn fræðsluskrifstofanna og aðra starfsmenn menntakerfisins sem flytjast á milli við þessar breytingar en þetta frv. nær ekki til. Er verið að segja, hæstv. forseti, að fræðsluskrifstofustarfsmennirnir og aðrir sem ekki eru tilgreindir hér, fái biðlaunarétt, að þeir geti fengið biðlaunarétt og flutt biðlaunin með sér eða hvað? Halda þeir biðlaunaréttinum? Halda þeir biðlaununum? Hvað segir hæstv. fjmrh. um það atriði? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi í ljós hvernig farið er með biðlaunin gagnvart því fólki skólanna sem ekki er nefnt í frv. Það er greinilegt hvernig farið er með þetta gagnvart kennrunum vegna þess að það er reiknað með því að af því að hér er um að ræða endurspeglunaraðgerð þá sé ekki um að ræða flutning á þessum biðlaunarétti, hann stofnist ekki. En hvernig er með alla hina, hæstv. forseti? Um það vil ég spyrja hæstv. menntmrh. Hvað er með biðlaun hinna aðilanna?

Í bréfi sem ritað var af forustumönnum Kennarasambandsins, BSRB og Bandalags háskólamanna til Hrólfs Kjartanssonar, formanns verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskólans, er sérstaklega um þessi mál fjallað og stöðu þessara manna, þar sem segir m.a. í bréfinu, með leyfi forseta:

„Samtökin leggja þess vegna til:

1. að verkefnisstjórnin geri nú þegar tillögur um hvernig störfin á fræðsluskrifstofum verði færð yfir til hlutaðeigandi sveitarfélags/sveitarfélaga í hverju tilviki fyrir sig, enda er aðeins um rúmlega 70 starfsmenn að ræða.

2. að núverandi starfsmönnum á fræðsluskrifstofum verði boðin störf og tryggður að öðru jöfnu forgangur til þeirra.

3. að gert verði sérstakt samkomulag milli hlutaðeigandi samningsaðila um réttarstöðu þessara einstaklinga (sbr. starfsmenn Landakots) sem feli í sér að þeim verði tryggð algerlega sambærileg og óskert réttindi miðað við það sem þeir hafa í dag, bæði með tilliti til laga nr. 38/1954 ásamt reglugerðum um barnsburðar- og veikindaleyfi og laga nr. 29/1963 (um lífeyrisréttindi) og feli þetta þá í sér að þessir starfsmenn fái ekki biðlaun við flutninginn.

4. að í þeim tilvikum þar sem ómögulegt reynist að tryggja starfsmönnum sambærilegt starf fái þeir yfirlýsingu um rétt sinn til biðlauna og hugsanlegan forgang að nýju starfi í faggrein sinni á vegum ríkis eða sveitarfélaga."

Ég tel að þetta bréf, sem er ritað 7. febrúar 1996, segi allt sem segja þarf í þessu efni, hvað verður um réttindi þessa fólks, hvað verður um réttindi þessara starfsmanna fræðsluskrifstofanna og annarra þeirra starfsmanna skólanna sem ekki flytjast yfir samkvæmt þessu frv. sem hér er á dagskrá.

Ég vil einnig í þessu sambandi, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli á því ákvæði sem birtist í 37. gr. frv. og er auðvitað samkomulagsatriði og ekkert nema gott um það að segja. En þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga skulu starfsmenn ekki njóta lakari réttinda í veikindaforföllum og barnsburðarleyfum en þeir njóta nú og kveðið er á um í reglugerðum nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins."

Þær reglugerðir sem hér er um að ræða, nr. 410 og 411/1989 eru væntanlega settar á grundvelli laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eins og þau eru núna. Spurningin er, hæstv. forseti: Hvernig gerir ráðherrann ráð fyrir því að þessum reglugerðum verði tryggð lagastoð eftir að lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur verið breytt eins og gerð er tillaga um hér í þinginu í öðru þingskjali? Hvernig á að tryggja það að þessi réttindi haldi? Ég tek eftir því að í þessu bréfi opinberra starfsmanna til Hrólfs Kjartanssonar er sérstaklega um þetta mál fjallað eða á það minnst. En ég hlýt að spyrja: Hvernig á að tryggja það að þessi réttindi haldist? Ég bið hv. þm. að staldra aðeins við í þeim efnum. Hvernig liggur það mál? Þessar reglugerðir eru settar á grundvelli tiltekinna laga. Eru það lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Já, það er á grundvelli þeirra. Ef þeim lögum verður breytt í grundvallaratriðum eins og hér á að gera, lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þá er þar með fallinn lagagrundvöllurinn undan reglugerðunum um barnsburðarleyfi og rétt í veikindaforföllum nr. 410 og 411/1989. Segjum nú að ríkisstjórnin komi breytingunni á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í gegnum þingið í vor. Hvað gerist þá? Hvaða lagagrundvöllur verður þá fyrir reglugerðunum sem kveðið er á um að skuli halda gildi sínu samkvæmt 37. gr. þessa frv. eins og það liggur fyrir? Það er óhjákvæmilegt að hæstv. menntmrh. svari þessu atriði líka vegna þess að þetta er úrslitaatriði varðandi flutninginn yfir til sveitarfélaganna.

Ég hef, hæstv. forseti, í örfáum orðum lagt fyrir hæstv. menntmrh. nokkrar spurningar og jafnframt látið það koma fram að ég tel alveg greinilegt, eftir að dreift var þessum breytingartillögum við frv. til laga um framhaldsskóla á þskj. 883, að stjórnarmeirihlutinn situr á svikráðum við kennarana í þessu máli eins og öðrum. Ég tel að það sé í stóralvarlegt mál. En það er svo sem ekkert merkilegt miðað við það hvernig núv. ríkisstjórn kemur fram við launafólk í landinu eins og þegar hæstv. félmrh. sagði þegar hann hafði hlustað á mótmælin í gær, þá sagði hann: Þetta voru bara tveir til þrír menn á Lækjartorgi. Eða þegar hann sagði þegar hann var spurður í fjölmiðlunum í gærkvöldi: Hvað segir þú nú um þessi mótmæli? Hvað segir ráðherrann um það? Hvernig líst honum á þetta? Þá sagði hæstv. félmrh.: Ja, það er nú bara 1. maí.

Núv. ríkisstjórn ákvað auk þess að heilsa upp á verkalýðinn í landinu 1. maí með því að taka út þetta frv. í fyrradag

um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þannig að þetta er auðvitað allt löðrandi í hroka þegar kemur að opinberum starfsmönnum og launafólki í landinu yfirleitt. Það er því kannski ekki hægt að segja að þessi hótun á þskj. 883, sé neitt verri en víða kemur fram af hálfu hæstv. núv. ríkisstjórnar. Hún segir þó sína sögu. Ég dró það fram vegna þess að það er óhjákvæmilegt að draga það fram í þessari virðulegu stofnun að meiri hluti þingsins Framsfl. og Sjálfstfl., er að lýsa því yfir að hann muni breyta þessu frv. í grundvallaratriðum ef farið yrði fram á það á næsta þingi.

[14:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í bréfi því sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir las og er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er svarað þeim spurningum sem hv. þm. Svavar Gestsson spurði um varðandi réttarstöðu kennaranna. Ef svo skyldi fara að þessu frv., eftir að það verður lögfest, yrði breytt síðar af þinginu, þá kemur alveg skýrt fram í þessu bréfi að sambandið fellst á það að þegar samningsumboð við grunnskólakennara er komið til sveitarfélaganna, þá verði kennurum heimilt að segja upp kjarasamningum, verði gerðar breytingar með lögum á réttindum þeirra og skyldum í andstöðu við samtök kennara. Það er alveg skýrt hvernig réttarsambandið er. Kennararnir verða þá orðnir starfsmenn sveitarfélaganna og sveitarfélögin hafa lýst þessu yfir. Þar að auki hefur ríkisstjórnin lýst því yfir, og það kemur fram í greinargerð með þessu frv. sem við erum að ræða, að hún muni ekki gera þetta nema um það komi tilmæli frá sveitarfélögunum eða kennurum. En ég tel að með þessu bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga sé ljóst að um verður að ræða sameiginlega afstöðu kennaranna og sveitarfélaganna í því efni.

Ég tel einnig varðandi 37. gr. að eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga og gildi reglugerðanna, þá sé í 37. gr. veitt sú lagastoð sem þarf til þess að reglugerðirnar haldi gildi sínu. Það er engin spurning um það, enda eru reglugerðirnar lögfestar í 37. gr. eða þeim veitt sú lagastoð sem nauðsynleg er til að þær haldi gildi sínu.

Varðandi biðlaunin og varðandi rétt þeirra sem starfa á fræðsluskrifstofunum, þá var þetta mál rætt við 1. umr. málsins. Ég svaraði því þá og hef raunar engu við það að bæta. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um þetta mál og tekið á því eins og henni er fært. Það er ekki hægt að setja um þetta neina eina reglu. Biðlaunaréttur þessa fólks er að sjálfsögðu skýr og ótvíræður, en ein regla verður ekki sett um þennan hóp, hann er það fjölbreyttur.

[15:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar hæstv. menntmrh. sagði mér satt að segja ekki neitt vegna þess að í svari hans sagði m.a. varðandi efni málsins: Komi tilmæli frá sveitarfélögunum eða kennurunum þá verður tekið á þessu máli. Ef ágreiningur er milli þessara aðila þó að málið sé komið inn í kjarasamningafarveg og að niðurstaðan verði sú að samkomulag náist ekki, hvar liggur þá vilji núv. hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis í dag? Hvar er þá vilji Framsfl. og Sjálfstfl.? Hann er á móti kennurunum af því að hann hlýtur að styðja það frv. og stefnu þess sem hann er að knýja fram á öðru spori í þinginu. Þess vegna verður auðvitað hæstv. menntmrh. að taka af skarið um það með hverjum hann stendur í þessu stríði. Stendur hann með kennurum eða stendur hann með sveitarfélögum ef til ágreinings kemur á milli þessara aðila? Það hefur hann ekki gert í svari sínu.

Varðandi 37. gr. þakka ég fyrir það svar. Það skipti miklu máli. Hann sagði að reglugerðirnar nr. 410 og 411/1989 halda gildi sínu og eru lögfestar ef þetta verður að lögum. Það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir.

Varðandi biðlaunaréttinn hef ég því miður ekki tíma til að svara því eins og hann kom inn á í andsvarstíma en það er auðvitað ljóst að á biðlaunarétti þeirra starfsmanna, sem er ekki beinlínis á dagskrá í þessu frv., verður þá að taka í öðru þingmáli áður en þessu þingi lýkur því að það er útilokað að láta þau mál hanga í lausu lofti.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gengur út frá því að hér sé um eitthvert stríðsástand að ræða og það sé mitt hlutverk að gera upp á milli aðila og taka afstöðu með öðrum á móti hinum. Niðurstaðan er hins vegar sú af öllu þessu starfi sem hefur verið í vetur sem ég hélt að hv. þm. hefði fylgst með að það er samkomulag um alla þessa meginþætti sem hann er að reyna að gera tortryggilega. Það gerir hans málflutning svo einkennilegan að hann er að reyna að draga fram einhver atriði sem eru engin ágreiningsefni milli aðila málsins. Hann er að reyna að gera málsaðilana, bæði sveitarfélögin og kennarana, tortryggilega á þann veg að menntmrh. þurfi að lýsa því yfir með hvorum hann standi í einhverri ímyndaðri deilu sem hv. þm. sér fyrir sér. Í bréfinu frá 21. mars er tekið af skarið um það hvernig aðilarnir ætla að standa að þessu máli og ég þarf ekki að gera upp á milli þeirra því að þeir hafa komið sér saman um það hvernig þeir munu standa að þessu.

[15:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er tilgangslaust að elta ólar við ummæli hæstv. menntmrh. í þessu máli frekar. Það er alveg greinilegt að hann vill ekki taka af skarið í þessu efni og það vekur tortryggni um hug meiri hluta Framsfl. og Sjálfstfl. gagnvart því frv. sem hér liggur fyrir. Mér segir svo hugur um að áður en þetta kjörtímabil er allt geti það komið á daginn að þeir kjósi að fylgja þeirri leið gagnvart kennurunum sem þeir eru að lögfesta á öðru spori í þinginu með umdeildum breytingum á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég segi það alveg eins og er að ég tel að svör menntmrh. komi upp um það að ástæða sé til að viðhafa tortryggni gagnvart ríkisstjórninni í þessu máli.

[15:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og það er ástæða til að leggja áherslu á það hve ánægjulegt það er út af fyrir sig að við skulum vera að ræða frv. sem varðar réttindi og skyldur og er í raun og veru sáttamál. Það er mjög mikil ástæða til að taka það fram vegna umræðunnar og vegna þess á hvern hátt umræðan þróast um þetta annars ágæta mál vegna þess að ef við værum að ræða frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda vegna tilflutnings þessa mikilvæga verkefnis til sveitarfélaganna í eðlilegu umhverfi væri mjög jákvætt að taka þetta mál fyrir hafandi fengið það afgreitt einróma úr menntmn.

Vegna þessara orða minna vil ég sérstaklega geta þess hversu mörg okkar hafa miklar væntingar um þau verkefni sem við viljum sjá að flytjist til sveitarfélaganna frá ríkinu. Þó hér sé fyrst og fremst verið að tala um grunnskólann

sem er eitt stærsta og þýðingarmesta verkefnið sem flutt er frá ríkinu til sveitarfélaganna eru önnur verkefni í farvatninu, verkefni sem eru næstum jafnþýðingarmikil, a.m.k. fyrir stóra hópa og sem verða væntanlega flutt síðar ef vel tekst til og ef mál fara ekki fullkomlega í uppnám í kjölfar þessa. Því er litið mjög til þess hvernig tekst til með verkefnið af því að þá má líta svo á að ef vel tekst til með grunnskólann þannig að sátt sé á öllum sviðum séu meiri líkur á því að öðrum verkefnum verði flýtt sem beðið er eftir og væntingar eru um, eigi miklu betur heima hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu. Það verkefni sem ég er með í huga er málaflokkur fatlaðra en það er málaflokkur sem ég tel að eigi helst að vera í höndum heimamanna, sveitarstjórnanna, og sé mjög vel fyrir komið þar. Það er mjög flókinn málaflokkur og um margt flóknari en grunnskólinn en í þeim geira, ef ég get notað það orð, er litið mjög til þess og fylgst vel með því hvernig til tekst með flutning grunnskólans til þess að hægt sé að fylgja í kjölfarið með hitt stóra verkefnið.

Þess vegna er svo mikilvægt, virðulegi forseti, að hér sé leitt til lykta og rætt út hvernig farið verði með alla aðra starfsmenn. Það hefur komið fram í þessari umræðu að það sé búið að ganga frá málum kennara og skólastjórnenda, starfsmannamálum þeirra, en það hafa verið bornar fram spurningar varðandi aðra.

Virðulegi forseti. Ég veit að það er afskaplega erfitt fyrir ráðherra að þurfa að sitja alveg stíft yfir umræðum okkar þingmanna um málið en það er afar brýnt að við finnum að ráðherra hlýði á mál okkar, sérstaklega ef um er að ræða spurningar eða athugasemdir. Og þar sem þessi orð mín beindust að því að ráðherra var ekki í salnum fagna ég því að sjá hann í hliðardyrum og geri engar athugasemdir út af því þó ráðherra rétti örlítið úr sér.

Ég var að ræða það hversu mikilvægt það væri að málefnum allra starfsmanna væri vel skipað og öll ágreiningsmál varðandi starfsmenn væru leidd til lykta og það hafa verið bornar fram spurningar sem eru alveg réttmætar. Það hefur verið spurt um starfsfólk fræðsluskrifstofanna og það eru einhverjir fleiri innan Starfsmannafélags ríkisstofnana sem eru einhvers staðar í lausu lofti ef ég get orðað það svo. Þetta er ekki eitthvert nagg. Þetta er ekki að þingmenn séu að reyna að vera óþægilegir. Þetta er stórt mál vegna þess að það er fordæmi og þetta er stórt mál vegna þess að það á að líta á það í öllum þeim tilfellum þar sem samanburður verður þegar farið verður að flytja önnur verkefni. Þess vegna er ráðherranum svo mikill vandi á höndum. Þess vegna er menntmrh. svo mikill vandi á höndum nú þegar þetta stóra og þýðingarmikla verkefni fer fram, flutningur grunnskólans, vegna þess að hann er eiginlega í hlutverki elsta systkinis í systkinahópi þegar allt á að takast svo vel til hjá stóra bróður eða stóru systur vegna þess að öll hin systkinin sem á eftir koma munu líta til þess elsta og taka eftir og læra af. Þess vegna er hlutverk ráðherrans mikilvægt, ekki bara varðandi verkefni grunnskólans, heldur sem frumkvöðuls í þessum flutningi sem ég vil eins og áður hefur komið fram að sé fyrsta verkefni af mörgum.

Þegar ég er að fjalla um þessi mál er ég líka að koma inn á annan mikilvægan þátt og það er traust milli aðila. Því miður verður að segja það að mjög oft hefur ríkt vantraust á milli stjórnsýslustiganna. Það hefur ríkt vantraust á milli ríkisvaldsins og sveitarstjórnarstigsins. Þetta vantraust hefur oftast nær verið neðan frá og upp, bullandi vantraust sveitarstjórnarmanna á ríkisvaldið. Þá hefur engu máli skipt hvaða flokkur hefur setið í ríkisstjórn og hvaða flokkar hafa skipað að maður segir meiri hluta heima í sveitarfélögum. Það hafa verið að koma upp álitamál þar sem vantraustið sem býr undir bullar upp á yfirborðið.

Auðvitað hefur það oft skipt máli hver situr í ríkisstjórn vegna þess að við höfum lært að sumar ríkisstjórnir virðast ofbeldishneigðari en aðrar hvað það varðar að setja lög sem snúa að þegnunum og réttindum þeirra, sem snúa að því að keyra yfir aðra og þar með sveitarstjórnir. Þess vegna koma þessi mál mismikið upp á yfirborðið en því miður er það svo að það er bullandi vantraust á ríkisvaldið og núna er það ekki bara varðandi samskipti sveitarstjórna og ríkisvalds. Þau samskipti þekki ég mjög vel sjálf eftir að hafa setið í sveitarstjórn og meiri hluta í 10 ár og eftir að hafa allar götur síðan unnið í félmn. Alþingis sem hefur fengið langmest af þeim verkefnum sem lúta að sveitarstjórnarstiginu og sem mikill ágreiningur hefur oft komið upp út af þangað inn og varðar samskipti þessara stjórnsýslustiga.

Virðulegi forseti. Nú hefur það gerst að þetta vantraust er verra og dýpra en nokkru sinni. Það er ekki af hálfu sveitarstjórnarstigsins gagnvart ríkisvaldinu fyrst og fremst í þetta sinn, heldur er það af hálfu launþega, af hálfu starfsfólks, nú starfsfólks ríkisins, verðandi starfsfólks sveitarstjórnarstigsins. Mér finnst afskaplega alvarlegt að við skulum vera að ræða mál sem er í sjálfu sér gott og ætti að vera rætt út frá þeim punkti en verður skrambi slæmt vegna þess umhverfis sem það er rætt í. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, af því að formaður menntmn. gengur í salinn að benda menntmrh. á það hversu gott starf það sýnir hjá formanni menntmn. og gott samstarf það sýnir hjá formanni menntmn. og gott samstarf það sýnir í menntmn. að þetta mál skuli hafa verið tekið út úr menntmn. í fullri sátt í því erfiða umhverfi sem Alþingi er í núna hvað varðar að ræða réttindi launþega og samskipti launþega og hins opinbera sem kristallaðist í upphafi dagskrár í dag þegar menn voru að rifja upp hvert var 1. maí ávarp félmrh. í gær. Það er ekki hægt að líta fram hjá því að þetta umhverfi sem við erum í hefur áhrif á umræðuna um þetta frv. Ég verð satt að segja að lýsa furðu minni á því hvað menntmrh. virðist undrandi á viðbrögðum okkar. Ég verð að segja að eins og menntmrh. er skýr einstaklingur finnst mér alveg vanta skilning hans á því hvað það er sem við tengjum saman þegar við erum að ræða það frv. sem er fram undan í umræðunni á morgun um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og það sáttafrv., það sáttamál sem liggur nú á borðum okkar. Að láta það í ljós aftur og aftur í þessum ræðustól að skilja ekki að þetta sé sérstakt mál og í engu tengt hinu málinu vekur bara furðu mína vegna þess að það eru svo hörð viðbrögð alls staðar í þjóðfélaginu og ekki síst í þessum þingsal við frv. sem eru sett fram um breytingu á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Það er viðbúið að þau hörðu viðbrögð við því réttindamáli og svo frv. um sáttastörf og vinnudeilur, komi fram gagnvart þessu góða máli sem við ræðum hér.

Virðulegi forseti. Ég þarf að koma því á framfæri við ráðherrann að skilningsleysi ráðherrans beinist auðvitað að því að það er verið að vinna þessi mál aftur á bak. Það er verið að vinna þau í fullkomlega öfugri röð. Í stað þess að fyrst sé farið fram með frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og slíkt mál leitt til lykta og af minni hálfu er alveg ótvírætt að slíkt mál ætti að vinnast í sátt við launþegasamtökin, í stað þess að það mál sé unnið fyrst og lög um flutning á grunnskólanum og lög um framhaldsskólann komi

í kjölfarið, þarf að ræða þetta erfiða mál í dag, hafa umræðu sem er í skjóli bullandi tortryggni eins og ég hef þegar bent á og draga væntanlega umræðu um réttindi opinberra starfsmanna inn í umræðu um þetta frv.

Það er búið að setja á borðið hjá okkur nál. vegna frv. um framhaldsskólann og af því að það er ekki búið að ráða til lykta réttindum og skyldum opinberra starfsmanna er líka bent á það frv. Það er alveg ljóst og það verður menntmrh. að gera sér ljóst líka, virðulegi forseti, að breytingar sem koma fram varðandi 11. gr. vísa til frv. sem hefur ekki verið afgreitt vegna þess að það hefur áhrif á framhaldsskólafrumvarpið. Það segir okkur enn og aftur að auðvitað átti fyrst að ganga frá og lögfesta réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, síðan að taka það frv. sem við erum að ræða hér, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda, og þar á eftir frv. um framhaldsskóla þannig að menn gerðu sér grein fyrir út frá hvaða réttindum væri gengið, hvaða lög væri búið að setja um almenn réttindi opinberra starfsmanna þegar við erum að fjalla um sérlög sem koma inn á réttindin. Þetta er svo einfalt að mér finnst að hvert mannsbarn hljóti að skilja þetta þannig að um það eigi ekki að þurfa að deila mjög í þessum þingsal þar sem fólk er að fjalla um lagagreinar allan ársins hring og væntanlega hvað þurfi að liggja fyrir þegar lög eru sett.

Þegar við ræddum þetta frv. áður en því var vísað til nefndar var ég mjög upptekin af ákvæði í grg. Ég bar fram spurningar til ráðherrans varðandi það sem ég fékk eiginlega engin svör við. Og ég skil að ég skuli ekki hafa fengið svör við þeim vegna þess að það er eiginlega ekkert hægt að svara því sem ég vísaði þar til öðruvísi en hreinlega eins og þar stendur. Ég ætla að rifja það upp einu sinni enn og biðja þingmenn að fletta með mér upp í þessu frv. sem við erum að ræða á bls. 9. Þar er inngangur að athugasemdum við frv. en í lok athugasemdanna áður en farið er að gera athugasemdir við einstakar greinar frv. segir svo í síðustu greinaskilum á bls. 9: „Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, eru nú í endurskoðun og hyggst ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþingi 1996.“ Þetta hefur nú gerst eins og við vitum öll. Það er búið að leggja fram þetta frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem þarna var boðað að yrði lagt fram á vorþingi 1996. Það frv. er hefur fengið hörð viðbrögð í þjóðfélaginu og við það er full andstaða eins og það er í dag og eins og horfir að það verði afgreitt. En höldum svo áfram með grg.: „Ef það frumvarp nær fram að ganga er ríkisstjórnin reiðubúin til að breyta lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frumvarps þessa um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra við grunnskóla, ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorum tveggja.“ Þetta er punctum saliens vegna þess að við vitum að það á að afgreiða frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna fullkomlega í blóra við vilja opinberra starfsmanna og fullkomlega í blóra við vilja stjórnarandstöðunnar. Ekki eins og hér með þetta litla, fallega frv. þar sem full samstaða náðist um að afgreiða þessi réttindi einhuga úr nefndinni. Það er búið að ákveða að þannig verði farið að með réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þegar búið er að afgreiða þetta frv. í fullkominni sátt og gera það að lögum af því að það er, eins og ráðherrann segir óháð öðru frv. sem á að koma hér til afgreiðslu, verða önnur lög sett. Og svo kemur haustið og þá kemur fram ósk, ekki frá sveitarfélögum og kennurum saman þannig að tryggt sé að beiðni um breytingar séu í sátt á milli aðila, heldur frá sveitarfélögunum einhliða af því að í millitíðinni er búið að setja lög sem varða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem eru öðruvísi en þau lög sem hér er verið að festa. Og menn vilja hafa þetta eins. Ef það verða sett einhver ákvæði eða breytingar varðandi lífeyrissjóð, þótt það sé ekki fyrirhugað eins og er, þá boðar þessi setning að þegar við erum búin að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þá erum við að sjálfsögðu tilbúin til að breyta öðru sem kemur í kjölfarið.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka lofsorði á menntmrh. fyrir að hafa komið fram með frv. og undirbúið það með þeim hætti að um það eitt og sér er full sátt á milli þeirra sem það snýr að og ríkisvaldsins. Það er gott mál og full ástæða til að lofa það sem gott er. En um leið hlýt ég að óttast og árétta það við ráðherrann að þeir þingmenn sem láta í ljósi áhyggjur sínar vegna þess sem á eftir mun koma eru í fullum rétti til þess. Það á ekki að gera lítið úr því. Það á að svara því sem liggur fyrir um þessi mál. Það á ekki að blása því frá eins og einhverju sem kemur ekki málinu við. Það skiptir miklu hvernig staðið verður að þessu máli út af öllu sem á eftir kemur. Það skiptir miklu vegna málaflokks fatlaðra, málaflokki sem ég ber mjög mikið fyrir brjósti og sem á að flytja til sveitarfélaganna fyrr en seinna, hvernig staðið er að málum fyrir alla starfsmenn, ekki bara þá sem búið er að tilgreina hér heldur starfsmenn aðra í Starfsmannafélagi ríkisstofnana þannig að allir geti séð að ríkisvaldið stendur vel að málum.

Virðulegi forseti. Ráðherrann verður að horfast í augi við að hann er að vinna þetta mál núna í andrúmslofti þar sem venjulegu fólki finnst að ríkisvaldið standi ekki vel að málum og sé ekki að gera vel í málefnum launþega.

[15:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. ræðu hennar. Ég tel mig ekki hafa gert neitt í þessum umræðum til að vekja þá hugmynd hjá hv. þm. eða öðrum að það standi til að níðast á einhverjum í þessu máli. Þvert á móti hef ég staðið þannig að málinu að það hefur náðst samkomulag um öll meginatriði þess. Og varðandi þá starfsmenn sem hv. þm. nefndi þá verður að sjálfsögðu fjallað um mál þeirra en vandinn í því, eins og ég sagði, er að það er erfitt að setja einhverja eina reglu um það. Það verður að taka á máli hvers og eins í samræmi við þá stöðu sem er og leysa það á grundvelli gildandi laga og reglna. Það verður gert. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um þetta málefni. Verkefnisstjórnin hefur lokið störfum og sent mér bréf þess efnis að hún hafi lokið störfum þannig að það liggja fyrir í megindráttum öll málefni sem þarna þarf að taka á. Varðandi einstaklinga verður að sjálfsögðu tekið á þeirra málum þannig að menn stefni að því að leysa þau eins og vel og kostur er miðað við þær skyldur sem ríkisvaldið hefur, þau réttindi sem starfsmennirnir hafa og þá möguleika sem menn hafa til að bjóða þeim störf. En eins og við vitum hefur ríkisvaldið ekki færi á því að bjóða þessu ágæta starfsfólki störf því það er verið að leggja niður þessa starfsemi á vegum ríkisins.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski fyrst og fremst það að mér hefur fundist ráðherrann gera nokkuð lítið úr þeim áhyggjum sem hafa komið fram varðandi það starfsfólk sem

nú hangir í lausu lofti. Það er til þess sem ég vísa þegar ég brýni fyrir ráðherra að hlusta á raddir okkar sem höfum áhyggjur af hvernig öðrum reiðir af, öðrum en þeim sem eru nákvæmlega tilgreindir í þessu frv.

Ég nefndi við 1. umr. þessa frv. að ég hefði trú á því að ráðherrann hefði í mjög góðum vilja farið fram með þetta mál og ætlað sér að leysa það vel gagnvart starfsfólki grunnskólans. Enda er alveg ljóst að það skiptir verulegu máli fyrir ráðherra sem er búinn að sitja á ráðherrastóli um eins árs skeið að hann fari vel af stað gagnvart þeim stóra málaflokki sem grunn- og framhaldsskóli er og geri allt sem hann getur til að halda góðum tengslum við það fólk því það er grundvöllurinn að því að vel takist á sviði menntamála hjá ráðherra sem situr á þeim stóli.

Ég nefndi við þá umræðu að ég teldi að fjmrh. hefði með frv. sínu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna komið að hluta til aftan að menntmrh. með það frv. vegna þess að allt það sem við erum að bjástra við síðan í þessari öfugu röð, sem ég gat um áðan, er eiginlega vegna þess að það frv. kemur fram á svo vitlausum tímapunkti. Ég læt mér því nægja þetta svar ráðherrans. Ég skil að hann er í vanda staddur varðandi þetta frv. sem er í uppnámi vegna frv. samráðherra sem greinilega hefur ekki verið haft nægilegt samráð um. Og við vitum að á það skortir oft innan ríkisstjórnar. En ég læt mér þetta svar ráðherrans nægja, ég skil að hann getur ekki gert betur.

[15:28]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 94. mál, nál. 1. minni hluta menntmn., þskj. 889.

Mannanöfn, 73. mál, brtt. SvG, þskj. 901.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 376. mál, nál. allshn., þskj. 898.

[15:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa reyndar komið fram upplýsingar frá því að ég óskaði eftir orðinu þannig að ég mun stytta mál mitt. Ég vildi ganga nánar eftir upplýsingum um stöðu starfsfólks fræðsluskrifstofa og annarra starfsmanna, stuðningsfulltrúa í skólum, en hæstv. menntmrh. sagði að verkefnisstjórn vegna flutnings grunnskólans hefði tekið á þeirra málum eftir því sem kostur væri. Það sem ég hef furðað mig á, og ég er ekki einn um það, er að erindi sem verkefnisstjórninni var sent og sent var í afriti til menntmrh. og annarra aðila hefur aldrei verið svarað. Það hefur aldrei borist formlegt svar eða nokkurt svar við því erindi sem menntmrn. var sent hinn 7. febr. og lýtur að réttindamálum þessara starfsmanna. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustóli og stend við þau orð að hæstv. menntmrh. hefur reynt fyrir sitt leyti að standa vel að þessum málum. Oft hefur steytt á skeri. Nú er hins vegar svo komið að menn halda út á rúmsjó og siglt er út í óvissuna. Eins og hér hefur komið fram eru öll réttindamál opinberra starfsmanna í uppnámi. Þau eru öll í óvissu. Ég tók eftir því að hæstv. menntmrh. gagnrýndi hv. þm. Svavar Gestsson sérstaklega og sagði að hann væri að tala um einhverjar ímyndaðar deilur í tengslum við flutning grunnskólans og sérstaklega varðandi kennarastéttina. Ég veit ekki betur en svo að um þennan málaflokk allan hafi staðið mjög harðvítugar deilur í þjóðfélaginu í langan tíma. Í fyrsta lagi var um það deilt og mjög skiptar skoðanir um það hversu viturlegt það væri að færa grunnskólann frá ríki til sveitarfélaga. Menn eru mjög ósammála um hversu hyggileg ráðstöfun það hafi verið. Ég er einn þeirra sem var mjög andvígur þeirri ráðstöfun. Í annan stað hafa staðið harðvítugar deilur um réttindamálin almennt og þeim deilum lýkur að sjálfsögðu ekki fyrr en mönnum er endanlega ljóst hvert ríkisstjórnin stefnir varðandi réttindamálin. Þeim deilum getur ekki lokið fyrr en menn þekkja hvert raunverulega er stefnt. Sú skoðun eða staðhæfing að um ímyndaðar deilur sé að ræða í tengslum við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga eða vegna réttindamála kennara og annarra starfsmanna er álíka merkileg yfirlýsing og hér kom fram í dag frá hæstv. félmrh. sem talar um mótmæli allra verkalýðsfélaga í landinu, allra samtaka launafólks á Íslandi, sem andóf nokkurra einstaklinga. Það voru tveir, þrír menn á Lækjartorgi, sagði hæstv. félmrh. hér í ræðustól. Við hin sáum 8.000–9.000 manns. Hæstv. félmrh. sá tvo eða þrjá. Kannski er þessi þjóð ekki til. Kannski er bara til hin meiri háttar ríkisstjórn sem þarf ekki að hlusta á þjóðina eða hlíta óskum hennar í einu eða neinu. Hvers konar veruleikafirring er þetta eiginlega? Þetta er allt orðinn einhver ímyndarveruleiki. Það var enginn á torginu í gær. Ályktanir og mótmæli frá hverju einasta verkalýðsfélagi í landinu eru ekki til. Hins vegar er það umhugsunarefni þegar prófessor við háskólann bendir þeim á að það sem þeir eru að aðhafast kunni að stangast á við alþjóðlegar skuldbindingar, eitthvað sem hugsanlega verður tekið upp á fínum fundum í útlöndum. Þá taka menn við sér. En þjóðin, hún er ekki til. Það voru tveir eða þrír á Lækjartorgi. Þetta er allt saman misskilningur. Þetta eru allt saman ímyndaðar deilur. Kannski ímynduð þjóð.

Ég kom hins vegar upp til að fá upplýsingar um starfsfólk fræðsluskrifstofa og annað starfsfólk, stuðningsfulltrúa í skólum. Hæstv. menntmrh. hefur svarað þeirri spurningu á þann veg að það þurfi að taka einstaklingsbundið á málum þar, það sé að mörgu leyti erfiðara að eiga við þann hóp starfsmanna en kennara að því leyti að menn þurfa að skoða málin einstaklingsbundið. En finnst hæstv. menntmrh. ekki ástæða til þess að erindum frá samtökum launafólks sé svarað og það sé þá gengið til samninga um þessi efni? Mér finnst það. Það sem öllu máli skiptir þó er að farsæl lausn fáist á þessum málum og ég vona að hæstv. menntmrh. tryggi að svo verði.

[15:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við þessu ágæta bréfi sem dagsett var 7. febr. var lesið upp í þinginu af mér við 1. umr. um þetta mál. Ég fór yfir bréfið lið fyrir lið og svaraði fyrir mína hönd. Ég sagði það sama og ég hef sagt í dag að þetta mál er þannig vaxið, þarna er um 70 starfsmenn að ræða, að það þarf að skoða mál hvers og eins og semja við hvern og einn. Ríkið hefur ekki störf í boði fyrir þetta fólk þannig að það þarf að leita á önnur mið ef það ætlar að starfa við sambærileg störf eða sinna svipuðum verkefnum og það hefur gert. Ríkið hefur ekki neitt í boði fyrir fólkið sem er sambærilegt við þau störf sem það gegnir núna. Hins vegar ber ríkið skyldur ef fólkið fær ekki störf og þá munum við að sjálfsögðu taka því. Nú starfa átta fræðsluskrifstofur, ég man ekki hvað þær verða margar skólaskrifstofur sem koma til sögunnar, þær verða á annan tug og þarna er um hæfa starfsmenn að ræða sem vafalaust hafa fleiri starfstækifæri en áður miðað við þann fjölda af skólaskrifstofum sem verða starfandi eftir að grunnskólinn flyst til sveitarfélaga. Þetta sagði ég allt hér í ræðu. Hv. þm. var ekki í salnum og bréfið var ekki stílað til mín. Síðan kom fram í Morgunblaðinu að ég hefði ekki

fengið þetta bréf, það hefði verið til verkefnisstjórnarinnar. Daginn eftir barst mér bréfið frá hv. þm. og mér finnst þetta of dýrmætur staður og tími til þess að fara að ræða um svona einfalda hluti. En ég var búinn að lýsa minni skoðun. Verkefnisstjórnin tók á málinu. Einn bréfritari, Eiríkur Jónsson, situr í verkefnisstjórninni þannig að hann hefur líka komið að málinu. Mér finnst því málflutningurinn heldur farinn að þynnast ef við eigum að fara að eyða tíma í það hér að ræða um það hvar og hvenær bréfum er svarað. Þá finnst mér sem verið sé að draga umræðurnar á allt annað stig en ég vil að þær fari fram á.

[15:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki kominn hingað upp til að biðja hæstv. menntmrh. afsökunar á því að vera að sóa dýrmætum tíma hans. (**Menntmrh.:** Þingsins, þingmanna.) Eða þingmanna. Við erum að tala hér um mjög mikilvægt mál. Við erum að tala um flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og við erum að tala um réttindi þess fólks sem í hlut á. Ég get upplýst hæstv. menntmrh. um að það starfsfólk sem hér á í hlut hefur verið að koma saman til funda að undanförnu og nú mjög nýlega vegna þess að það hefur áhyggjur af réttindum sínum og því hver framvindan verður. Þetta fólk fór þess á leit við sín samtök að þau tækju málin upp fyrir hönd fólksins. Í samræmi við það var sent erindi til menntmrn. og ég er að vekja athygli á að því erindi hefur ekki verið svarað. En það er kannski í samræmi við þá nýja stefnu ríkisstjórnarinnar að taka bara hvern og einn út af fyrir sig samkvæmt hinum nýsjálensku aðferðum og nýsjálenskum módelum um persónusamninga sem hún virðir óskir félaga og samtaka að vettugi. Þau er ekki í tísku lengur. Nú eru bara hinir nýsjálensku persónusamningar í tísku. En mér finnst mjög undarlegt þegar við erum að ræða um mikilvæg réttindi starfsfólks og ýmis álitamál sem þar eru uppi að hæstv. menntmrh. skuli leyfa sér að koma hér upp og segja að það eigi ekki að sólunda og sóa dýrmætum tíma þingsins eða dýrmætum tíma hæstv. menntmrh. Það er meiri háttar hæstv. menntmrh. sem svona talar.

[15:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Efnislega hef ég svarað öllu varðandi réttarstöðu fólksins og lýst yfir því að verið sé að vinna að þeim málum. Það sem ég gerði athugasemdir við var að það væri verið að væna menn um að þeir sinntu ekki embættisskyldum sínum vegna eins bréfs sem ég hef þegar fjallað um hér í ræðustóli og lýst skoðun minni á því. Hv. þm. var því miður ekki í salnum og er einn bréfritara þannig að hann gæti þess vegna talið þau svör sem ég gef honum hér varðandi þetta mál fullnægjandi. Einn bréfritara situr í verkefnisstjórninni. Allir þeir sem rituðu þetta bréf hafa því fengið fullnægjandi upplýsingar um það hvernig þessi mál standa. Það var þetta sem ég var að gera athugasemd við, þennan málflutning sem mér finnst vera farinn út um víðan völl. Það er unnið að því að tryggja réttarstöðu þessa fólks og það verður unnið að því eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um. Verkefnisstjórnin getur ekki gefið eitt svar við þessu af því að það er einstaklingsbundið hvernig á að taka á þessum málum. Það hlýtur hv. þm. að vita ef hann hefur kynnt sér málið og vill ræða það efnislega.

[15:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil upplýsa hæstv. menntmrh. um það að ég hef fylgst með allri þessari umræðu og kynnt mér alla þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Ég vil upplýsa hæstv. menntmrh. um það aftur og ítreka það að viðkomandi starfsmenn hafa verið að koma saman til að ræða sín mál þar sem þeim hefur ekki þótt þeir fá viðhlítandi svör eða upplýsingar. Og í samræmi við það koma þingmenn upp hver á fætur öðrum og óska eftir upplýsingum um þessi efni. Ég furða mig hins vegar á þessum hrokafullu svörum. Þetta er fulltrúi ríkisstjórnar sem talar nú um það að verið sé að sólunda tíma hans og þingsins þegar við ræðum um réttindi starfsmanna. Þetta er fulltrúi ríkisstjórnar sem er að keyra fram lög þvert á vilja gervallrar verkalýðshreyfingarinnar, þvert á vilja fjölmennra funda þar sem þúsundir einstaklinga koma saman. — Það voru tveir, þrír menn, sagði hæstv. félmrh., ímyndaðar deilur, segir hann núna, hæstv. menntmrh. — Og hvers vegna í ósköpunum eru menn að sóa hinum dýrmæta tíma hæstv. menntmrh., Björns Bjarnasonar? (**Menntmrh.:** Ég var að tala um tíma Alþingis.) Hvílíkur hroki!

[15:43]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Það er alveg skýrt kveðið á um það í 1. gr. frv. til hverra þetta frv. tekur og einnig var rætt áðan um reglugerðir um barnsburðarleyfi og veikindaforföll en það er fjallað um lögfestingu þeirra réttinda í 37. gr. Ég bendi sérstaklega á hana og síðan á biðlaunin en um þau er fjallað í 14. gr. Það er ljóst að hér er um samkomulagsmál að ræða sem tengist flutningi grunnskólans. Þetta mál og þau önnur sem tengjast flutningi grunnskólans eru fordæmisgefandi um frekari flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Ég hef margsinnis rætt það í þessum ræðustól hve miklu máli það skiptir að vanda sig við allan framgang þeirra mála sem tengjst því stóra, mikilvæga og viðkvæma máli. Þess vegna hefur verið lögð alveg sérstök áhersla á að vinna málið í fullri sátt allra málsaðila og þar með að fullnægja ákvæðum grunnskólalaganna. Ég vil að gefnu tilefni mótmæla þeirri fullyrðingu sem kom fram áðan í máli Svavars Gestssonar að stjórnarmeirihlutinn sitji á svikráðum við kennara. Það er þvert á móti unnið af miklum heilindum í þessu máli og þar hefur allri tortryggni sem allt of oft er til staðar á milli aðila verið ýtt til hliðar. Það er alveg ljóst að hér hafa menn viljað blanda saman í umræðunni um þetta tiltekna mál öðrum málum sem eru til umfjöllunar í þinginu og þá nefni ég sérstaklega framhaldsskólafrv. sem er líka á dagskrá í dag og síðan frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Ég rifja upp í þessu samhengi að framhaldsskólafrv. var lagt fram til kynningar á þinginu fyrir tveimur árum. Það á ekki að koma neinum á óvart að gert sé ráð fyrir afnámi ævirráðningar framhaldsskólakennara því að slík ákvæði hafa verið inni í því frv. frá upphafi.

[15:46]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. formanni menntmn., að það mál sem hér er til umræðu er samkomulagsmál og hefur verið unnið í samstarfi og samvinnu allra þeirra aðila sem að því koma, kennara, sveitarstjórnarmanna og ríkis og slík vinnubrögð

væru til fyrirmyndar. Hv. þm. sagði m.a. að vegna þess að málið væri stórt og viðkvæmt hefðu menn lagt sig fram um það að vinna í fullri sátt ogýta allri tortryggni til hliðar. Slík vinnubrögð hefði ég gjarnan viljað sjá við annað frv. sem er óneitanlega þessu tengt, þ.e. frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, enda er vitnað aftur og aftur í greinargerð með frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla til gildandi laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða starfsmanna ríkisins. Það er upp og ofan hvort menn tala um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða eingöngu starfsmanna ríkisins því að í sumum tilvikum er verið að fjalla um réttindi og skyldur starfsmanna ríkis og sveitarfélaga en aðrir fjalla eingöngu um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það hefur löngum verið tengt í hugum okkar allra að þegar rætt er um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sé verið að fjalla um starfsmenn sveitarfélaga sem og ríkis.

Það er mjög mikilvægt að þegar rætt er um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sé það gert í fullu samstarfi þeirra sem hlut eiga að máli. Ég get hins vegar ekki varist því þegar ég reyni að lesa saman þessi tvö frumvörp og niðurstöðu þeirra að þarna sé í raun verið að undirbúa það að kennarar, fólk með sambærilega og sömu menntun, hafi mismunandi kjör eftir því hvort þeir heiti hér eftir starfsmenn ríkis eða starfsmenn sveitarfélaga. Mér hefði fundist eðlilegt í ljósi þess að gildandi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru höfð til hliðsjónar við samningu þessa frv. að þetta frv. hefði ósköp einfaldlega verið látið bíða eða afgreiðsla þess þar til um hitt hefði samist, hvort sem niðurstaðan verður sú sem allir vona að það verði tekið aftur og unnið upp í samstarfi þeirra aðila sem þar eiga hlut að máli því að þarna er ekki síður um stórt, mikilvægt og vandasamt mál að ræða þar sem væri eðlilegt að vinna saman af miklum heilindum og ýta tortryggni til hliðar og fá niðurstöðu sem sátt næðist um.

Ég hef skoðað þessi nefndarálit og sérstaklega þar sem segir, með leyfi forseta: „Tryggir frv. kennurum og skólastjórnendum grunnskóla sama rétt og samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, auk þess sem áfram eru tryggð réttindi sem kennarar og skólastjórnendur njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989." Ef skoðað er það sem sagt er um þessar reglugerðir í frv. sem hér er til umræðu í 37. gr. frv. þá segir í greininni sjálfri, með leyfi forseta:

„Eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga skulu starfsmenn ekki njóta lakari réttinda í veikindaforföllum og barnsburðarleyfum en þeir njóta nú og kveðið er á um í reglugerðum nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins." — Ekki lakari rétt í veikindaforföllum eða barnsburðarleyfi heldur en segir í núgildandi lögum.

Í skýringum segir um þessa 37. gr., með leyfi forseta:

„Efnisákvæði reglugerðar nr. 410/1989 og nr. 411/1989 skulu eftir flutninginn gilda sem lágmarksréttindi en víkja eftir atvikum fyrir betri rétti samkvæmt öðrum gildandi lögum. Breytingar sem kunna að verða gerðar á þessum reglugerðum vegna starfsmanna ríkisins hafa engin sjálfvirk áhrif á réttindi þeirra sem undir frv. þetta heyra." — Það eru kennarar og skólastjórnendur grunnskóla sem reiknað er með að verði rekinn af sveitarfélögunum. Allar breytingar sem gerðar eru á frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skulu engin sjálfvirk áhrif hafa á réttindi þeirra sem undir frv. heyra.

Í þessari grein og í skýringum við hana segir að möguleikar þeirra skólastjórnenda og kennara grunnskólans verði eingöngu í betri átt, breytingin þýði aðeins bætt kjör. Það má breyta þessu til bóta, ekki niður á við. Um sömu reglugerðir segir hins vegar í frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem þessar reglugerðir og þessi réttindu eru geymd í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr. 38/1954, uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama á við þá sem ráðnir eru í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið" o.s.frv.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða er ekkert talað um aukinn rétt, aðeins um að þessar reglugerðir gildi fyrir starfsmenn ríkisins þar til um annað verður samið. Þeim er ekki hampað meira en svo að um þetta ákvæði gildir aðeins ákvæði til bráðabirgða samkvæmt frv. Ég vildi því gjarnan heyra það frá hæstv. ráðherra hvort hann telur að með því frv. sem hér er til umræðu og svo aftur frv. sem lagt hefur verið fram og bíður reyndar umræðu, frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sé um verulega mismunun að ræða. Annars vegar er sveitarfélögunum samkvæmt lögum heimilt að bæta þessi réttindi en ríkið hefur allan rétt til að draga úr þeim fyrir starfsmenn sína. Þetta eru réttindi sem voru þó áður sambærileg, a.m.k. innan kennarastéttarinnar. Þarna finnst mér um verulega mismunun að ræða, mismunun sem er sjálfsagt ætlað í framtíðinni að reka fleyg í það samstarf sem hefur verið millum opinberra starfsmanna við samningagerð, þá starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og jafnframt hvort hægt er með þessum hætti að tryggja fyrir fram ákveðin réttindi ákveðins hluta starfsmanna sveitarfélaganna.

Töluvert hefur verið rætt um starfsöryggi þeirra sem starfa nú á fræðsluskrifstofunum og hvernig með þau skuli farið. Mér er kunnugt um að þó nokkur sveitarfélög hafa sameinast um rekstur skólaskrifstofu og er verið að semja þar um kjör þeirra sem koma til með að starfa á skólaskrifstofunum sem í mörgum tilvikum eru núverandi starfsmenn fræðsluskrifstofa eins og þær eru reknar.

Það hafa verið uppi hugmyndir hjá sveitarfélögunum þess efnis að samtök sveitarfélaganna og þeir sem fara þar með stjórn frá degi til dags yfirtaki að hluta þau verkefni sem hafa verið hjá fræðsluskrifstofunum en það er mjög erfitt að sjá vegna þess að ekki hafa verið mótaðar fastar reglur um fyrirkomulagið varðandi fræðsluskrifstofur, skólaskrifstofur sem verða til, með hvaða hætti verður staðið að þessu og hvort samræmi er milli landshluta. Það er e.t.v. rétt að það sé samningsatriði milli landshlutasamtaka sveitarstjórna að þau sjái til þess að þessi starfsemi verði samræmd um land allt, en ég tel það afar mikilsvert, og einnig kjör þeirra sem koma til með að vinna á skólaskrifstofunum. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra varðandi þessa mismunun sem mér finnst vera í þessum tveimur frumvörpum, annars vegar um réttindi kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem verða starfsmenn sveitarfélaganna og þau ákvæði sem eru í reglugerðum 410 og 411 frá 1989 og hins vegar hvernig

fjallað er um þær í ákvæði til bráðabirgða í frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem hluti kennarastéttarinnar kemur til með að verða áfram.

[15:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta atriði sem hv. þm. spurði um, þá er alveg ljóst að grunnskólakennararnir eru fluttir með þeim réttindum sem þeir hafa sem ríkisstarfsmenn yfir til sveitarfélaganna. Um það fjallar þetta frv. og um það náðist það samkomulag sem býr að baki frv. sem er þríhliða samkomulag milli ríkisins, sveitarfélaganna og kennaranna.

Varðandi önnur mál og hvernig réttarstaða ríkisstarfsmanna er eigum við eftir að fjalla um á Alþingi eins og margoft hefur komið fram í máli hv. ræðumanna en varðandi þá stöðu sem hér er um að ræða, þá er hún alveg skýr samkvæmt frv. Ég ætla ekki að spá fyrir um hver verður niðurstaðan í öðrum frumvörpum sem hér eru og menn verða að geta metið það, þingmenn sjálfir eins og ég, en þessi réttindi eru flutt til sveitarfélaganna með samkomulagi ríkisins, sveitarfélaganna og kennaranna.

[15:59]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt, þeir verða fluttir með þeim réttindum sem þeir hafa í dag. En í frumvarpsgreininni sjálfri segir um þessi réttindi sem eru í reglugerðum 410 og 411 og vitnað er til í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga skulu starfsmenn ekki njóta lakari réttinda í veikindaforföllum ...“ Í skýringum við greinina segir síðan:

„Efnisákvæði reglugerða nr. 410/1989 og nr. 411/1989 skulu eftir flutninginn gilda sem lágmarksréttindi en víkja eftir atvikum fyrir betri rétti samkvæmt öðrum gildandi lögum.“ — Ekkert sambærilegt ákvæði er hins vegar varðandi opinbera starfsmenn eða starfsmenn ríkisins í frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt segir hér: „Breytingar sem kunna að verða gerðar á þessum reglugerðum vegna starfsmanna ríkisins hafa engin sjálfvirk áhrif á réttindi þeirra sem undir frv. þetta heyra.“

Það er aftur og aftur talað um þetta hér af hálfu hæstv. ráðherra og þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn að við eigum ekki að blanda saman umræðu um þessi tvö mál. Það er gert hér í greinum frv., í greinargerð frv. Aftur og aftur eru þessi mál tengd og fyrirmyndin að frv. er lögin sem gilda um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og síðan vitnað í að þar verði gerðar breytingar. Það hlýtur því að teljast eðlilegt að við skoðum þær breytingar sem lagðar hafa verið fram í samhengi við það frv. sem hér um ræðir.

[16:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er sá að menn komu sér saman um það að rétturinn yrði ekki lakari en í þessum reglugerðum segir. Hann getur orðið betri. Þessar reglugerðir kunna að breytast í samningi á milli sveitarfélaganna og kennaranna. Menn sjá fyrir sér að sumt af því ... (**MF:** Ekki til hins verra.) Ekki til hins verra, nei. Sveitarfélögin eru aðili að þessari gjörð og þessu samkomulagi. Þetta var unnið í réttindanefnd þar sem áttu sæti fulltrúar sveitarfélaga, kennara og ríkisvaldsins. Þessi nefnd var sammála um þessa niðurstöðu, þennan texta. Þar með hafa sveitarfélögin skuldbundið sig til þess að réttindi grunnskólakennaranna að þessu leyti verði ekki lakari. En þau þurfa ekki endilega að vera bundin í reglugerð. Þau geta alveg eins verið bundin í kjarasamningum. Það er sú þróun sem menn sjá væntanlega fyrir sér þegar ríkið hættir að hafa hönd í bagga. Þá verður þetta samningsatriði á milli sveitarfélaganna og kennaranna. Aðilar hjá sveitarfélögunum hafa komið sér saman um hvernig þeir ætla að skipa málum og sett á laggirnar sameiginlega launanefnd. Ég held að það sé allt komið á þann skrið að menn átti sig á því hvernig á þeim málum verði tekið. En við flutninginn er tryggt að það verði ekki lakari réttindi og það hafa sveitarfélögin skrifað undir ekki síður en ríkið sem er að afhenda þennan stóra hóp starfsmanna sinna til sveitarfélaganna.

[16:03]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Finnst hæstv. menntmrh. þá ekki eðlilegt að sambærilegt ákvæði væri til þess að tryggja réttindi þeirra kennara sem eftir sitja hjá vinnuveitandanum ríkinu, hjá menntmrn.? Væri ekki eðlilegt að þá væri sambærilegt ákvæði um að þeim væru tryggð ekki lakari kjör?

[16:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ekki ætla ég að tefja þessar umræður með langri ræðu. Fyrst vil ég þó geta þess af því að mér er annt um virðingu þingsins að þó að ég leggi það ekki í vana minn að deila á forsetann og þá sem stýra þinghaldi, þá finnst mér það ekki rétt að á sama tíma og við stöndum fyrir þingfundi, sé verið að boða til funda í fagnefndum. Staðreyndin er sú að fyrir fimm mínútum síðan hófst fundur í sjútvn. Ég vil mótmæla því að sá háttur sé tekinn upp hér á síðustu dögum þingsins og minni á ýmsar yfirlýsingar sem hafa gengið af forsetastóli einmitt um þess konar háttsemi á síðustu vikum.

Herra forseti. Hér hafa staðið málefnalegar og fróðlegar umræður um það frv. sem hérna liggur fyrir. Mönnum sýnist sitt hverjum. Það er samt sem áður ómótmælanleg staðreynd eins og bent hefur verið á af formanni nefndarinnar að þetta er samkomulagsmál. Það kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það væri samkomulagsmál ekki síst vegna skörulegrar forustu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur sem veitir nefndinni forstöðu. Það taldi hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að væri sérstaklega þess virði að nefna og hrósa og ég hygg að það sé rétt. Hv. þm. gat þess einmitt að svo væri vegna þeirra kringumstæðna sem nefndin starfar við, þ.e. að það eru uppi viðsjár í viðræðum milli ríkisvaldsins og stéttarfélaganna einmitt núna um þessar mundir.

Ég sá að hæstv. menntmrh. var dálítið toginleitur undir þessu gagnkvæma skjallbandalagi sem mér sýndist þarna stofnað til í þingsölum svo að það er vert að minna á að hæstv. menntmrh. hefur heldur betur lagt sitt ósmáa og ekki skoplitla lóð á vogarskálina til þess að lægja ófriðaröldur.

Mér þykir afar slæmt, herra forseti, að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæjar, er ekki staddur í salnum. Ég ætla ekki að gera kröfur til þess að hann verði fluttur hingað gegn sínum vilja eða með valdi. En mig langaði ef hann væri hér að rifja það upp að fyrst þegar við tókum þetta mál til umræðu, sem var fimmtudagsmorgun fyrr í vetur, þá stóð hv. þm. Ögmundur Jónasson upp og sá sérstaka ástæðu til þess að hrósa hæstv. menntmrh. fyrir að hafa lagt sitt af mörkum til þess að stilla til friðar millum kennara og ríkisins.

Ég held að það megi ekki síður hrósa hæstv. menntmrh. en hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur fyrir skörulega forustu í þessu máli vegna þess að hæstv. menntmrh., þó hann sé svo óheppinn að vera af því sem hv. þm. og formaður þingflokks Alþfl. mundi sennilega kalla vitlaust kyn átti við ramman reip að draga. Ég held að það megi þakka hæstv. menntmrh. og hans starfi og þarflegri iðju á bak við tjöldin, sem ég vil alls ekki kalla baktjaldamakk, að mjög umdeilt frv. hæstv. fjmrh. sem var í burðarliðnum, var ófætt kallað til baka og er ekki enn í þennan heim borið. Það var frv. um lífeyrisréttindi. Hæstv. fjmrh. nánast spillti í einu vetfangi því ágæta starfi sem hæstv. menntmrh. og forveri hans höfðu undirbúið varðandi flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna með því að setja í uppnám yfirlýsingar um að ekki skyldi gengið á þau réttindi sem kennarar höfðu unnið sér. Þetta varð til þess að það kom ekki bara bakslag heldur fullkomin stöðvun í viðræðurnar. Það varð aftur til þess að hæstv. menntmrh. þurfti enn að leggjast á friðarsveifina og fá sinn ágæta vin, hæstv. forsrh., til þess að snúa upp á báða handleggi hæstv. fjmrh. og knýja hann til þess að lýsa því yfir að frv. um lífeyrisréttindin yrði dregið til baka. Allir muna hvernig það gekk. Hæstv. fjmrh. var svo ódæll sínum vinum í ríkisstjórninni að — jú, í öðru orðinu lofaði hann því að til baka yrði dregið frv. um lífeyrissjóðsréttindin. En þegar forustumenn launþega gengu eftir því var hann samt enn þá uppi með munnsöfnuð og það þurfti sérstaka atlögu annarra ráðherra og sér í lagi hæstv. forsrh. að hæstv. fjmrh. til þess að það kæmist friður á í málinu. Þess vegna segi ég að ef það væri ekki fyrir hæstv. menntmrh., þá væri sennilega enn þá allt upp í loft í þessu máli og hér væri komið inn í þingið frv. sem legði til stórlegar skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins. Ég hygg því að það sé ósmátt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á að þakka hæstv. menntmrh. Þess vegna sakna ég þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson endurtók ekki þau hugljúfu þakkarákvörp sem hann flutti hæstv. menntmrh. í næstfyrstu ræðu við 1. umr. þessa máls.

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á því að ég hef ekki látið við það eitt sitja að hrósa hæstv. menntmrh. heldur hef ég ítrekað, eins og mér ber, þau orð míns ágæta þingflokksformanns að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur vissulega unnið gott starf við afar erfiðar kringumstæður sem leiddi til þess að það tókst samstaða um þetta ágæta mál. Að vísu er það svo að ýmsir ófriðarseggir í hópi stjórnarandstöðunnar hafa gert sitt til þess að reyna að spilla þessu ágæta samkomulagi með því, viljandi eða óviljandi, að misskilja frv. Hér á ég auðvitað sérstaklega við hv. þm. Svavar Gestsson. Ég var hissa, herra forseti, á ræðu hans áðan eða a.m.k. parti hennar. Ég þekki hv. þm. Svavar Gestsson að því einu að vilja jafnan lægja allar þær öldur sem hann sér rísa í kringum sig og hella olíu, ekki á bálið heldur á öldurnar, til þess að lægja þær. Honum er farið eins og öðrum manni sem uppi var fyrir 2000 árum og var líka skeggjaður, að hann vildi gjarnan leggja gott eitt til málanna og beitti jafnvel hvers konar kraftaverkum til þess að lægja þær öldur sem enginn annar gat stillt. Förum ekki frekar út í þá sálma en minnumst þess kannski að svo vel voru menn að sér á þeim dögum og reyndar talsvert áður, að þeir luku í sundur sjálfu hafinu.

Það má segja, herra forseti, að hv. þm. Svavari Geststsyni hafi óafvitandi nánast tekist að ljúka í sundur því friðarhafi sem skapað var fyrir tilstilli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur í nefndinni vegna þess að hann kom upp og taldi að það væri setið á svikráðum. Hann sagði beinlínis að stjórnarmeirihlutinn sæti á svikráðum við stéttarfélögin. Þarna held ég að hv. þm. hafi skjöplast eða að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hafi misskilið orð hans. Það sem hv. þm. Svavar Gestsson átti auðvitað við var það að ríkisstjórnin, miklu fremur en stjórnarmeirihlutinn í nefndinni, hafi setið að svikráðum við stéttarfélögin í þessu máli. Þó er sá skilningur ekki alls kostar réttur hjá hv. þm. vegna þess að það verður að undanskilja hæstv. menntmrh. Það er ekki hægt að halda því fram að hann hafi setið á svikráðum við kennara í þessu máli. Það er hins vegar hægt með ákveðnum rökum að halda því fram að hluti af ríkisstjórninni hafi a.m.k. haft maðk í sinni mysu þegar þetta mál var uppi. Ég á þá sérstaklega við hæstv. fjmrh. Það er alveg ljóst að það þurfti nánast að beita þann góða dreng ofbeldi til þess að fá hann til að draga til baka frv. sitt um skerðingarnar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Það var lykillinn að því að leysa þetta mál. Ég hygg að þegar allt er skoðað, þá sé ekki hægt að ásaka stjórnarmeirihlutann í menntmn. um svikráð og ekki hæstv. menntmrh., en meir er hæstv. fjmrn. grunaður um græsku í þessu máli.

Ég ætla ekki að ræða um ýmis mál sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir benti á að hv. þm. Svavar Gestsson væri að blanda saman við þetta mál. En staðreyndin er sú að hv. þm. Svavar Gestsson benti á ákvæði í frv. sem ég hygg að verði tekið til umræðu síðar í dag og lýtur að æviráðningu kennara. Ég er þeirrar skoðunar að æviráðningin sé hlutur sem er úti, sem er búinn. Æviráðning á ekki að vera til staðar. Ég er líka þeirrar skoðunar að það eigi einnig að taka æviráðninguna af þeim sem hæstv. ríkisstjórn kallar æðstu embættismenn og reyndar kannski fyrst og fremst af þeim. Ég vil hins vegar geta þess að ég tel að æviráðningin sé réttindi áunnin sem ég tel vera fémæti. Og ég skil það vel að maður sem hefur alla sína ævi barist fyrir hlut þeirra sem lakast eru settir eins og hv. þm. Svavar Gestsson, hann auðvitað heisir sitt flagg þegar hann sér þetta og vill að stéttarfélögin fái eitthvað fyrir sinn snúð sérstaklega ef á að taka þennan æviráðna snúð af þeim.

Herra forseti. Þegar maður skoðar þetta mál er það skiljanlegt að tilfinningaverur, mönnum sem eru ekki bara vitsmunaverur heldur tilfinningaverur eins og hv. þm. Svavar Gestsson er, þeim renni blóðið til skyldunnar þegar þeir lesa sumt í þessu ágæta frv. og hafa til hliðsjónar ýmsar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Það er ekki skrýtið þótt þeim hitni ögn í hamsi og þeim verði á að mæla fram orð eins og svikráð. Það er svo að aumingja hæstv. menntmrh. hefur burðast við að lýsa því yfir aftur og aftur að hann hyggist ekki beita sér fyrir því að það verði gengið á réttindi og skyldur kennara þegar þetta frv. er samþykkt. En það var samt sem áður á ábyrgð hans sem í athugasemdum með frv. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla stendur skrifað, með leyfi forseta:

„Ef það frumvarp nær fram að ganga er ríkisstjórnin reiðubúin til að breyta lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frumvarps þessa um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra við grunnskóla, ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorum tveggja."

Herra forseti. Eftir að hæstv. fjmrh. henti skrúflykli inn í það gangvirki sem hæstv. menntmrh. góðu heilli hafði verið að smyrja mánuðum saman var á einskis manns færi

í ríkisstjórninni að draga hæstv. menntmrh. að landi. Það þurfti sameinuð samtök sveitarfélaganna á Íslandi til að gera það. Það var ekki fyrr en þau lýstu því yfir að þau mundu ekki fara fram á að meintar og væntanlegar breytingar á lögunum frá 1954 yrðu látnar ná til kennaranna að hægt var að setja þessar viðræður aftur í gang. Það varð hæstv. menntmrh. til happs að þar átti hann góða vini fyrir. (**KÁ:** Hverjir eru það?) T.d. borgarstjórann í Reykjavík, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Hún er eins og Kvennalistinn, hún tilheyrði honum víst einu sinni, þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. (**KH:** Ertu búinn að flytja hana?) (**KÁ:** Hvert ertu búinn að flytja borgarstjórann?) Í dag læt ég mér nægja, hv. þm., að flytja grunnskólann.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti hélt að hann þyrfti ekki að áminna þennan hv. þm. um hvernig á að ávarpa í þinginu.)

Ég bið virðulegan forseta mikillega afsökunar. Það er einungis vegna þess að hér erum við að ræða um mál sem mér er svo kært, þar á ég við bæði grunnskólann og borgarstjórann í Reykjavík, sem mér varð þetta á.

Herra forseti. Ég hef í allt of löngu máli reynt að sýna þingheimi fram á að hæstv. menntmrh. hefur lagt sitt af mörkum til þess að lægja þær öldur sem hafa risið í kringum þetta frv. sem hann verður ekki sakaður um að hafa sett af stað heldur ýmsir grunnhyggnari kollegar hans í hæstv. ríkisstjórn. Það er einungis eitt mál eftir sem þarf að leiða til lykta og það eru kjör, réttindi og framtíð þeirra starfsmanna sem flytjast yfir til grunnskólans en eru ekki kennarar. Hér er fyrst og fremst verið að ræða um starfsfólk fræðsluskrifstofanna. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvað bíður þeirra. Ég efa ekki góðan vilja hæstv. menntmrh. til að sjá til þess að þeirra framtíð verði eins trygg og unnt er. Hæstv. ráðherra er hins vegar nógu ærlegur til að segja að það eru ekki störf fyrir þessa starfsmenn hjá ríkinu. Hann lýsti því yfir áðan og það er það sem ég ætla að inna hann eftir. Hann sagði í fyrsta lagi: Það er verið að vinna að því að kanna réttarstöðu þessa fólks. Það er ekki nægilega góð framtíðartrygging fyrir það. En hann sagði annað. Hann sagði: *Það verður samið við hvern* og einn. Ég tel að ef sú verður raunin að það verði samið við hvern og einn verði væntanlega hægt að leysa þau vandamál sem þessu hafa tengst. En hæstv. ráðherra hefur séð það í dag að þetta hleypur tilfinningum í marga. Þarna er um að ræða talsverðan fjölda manna og hæstv. ráðherra verður að skilja að við þær aðstæður sem við búum núna er ekki nema von að menn fyllist nokkrum kvíðboga. Hæstv. ráðherra hefur því miður ekki náð að smita frá sér þeim friðarvilja sem hefur einkennt hann í þessu máli yfir til annarra hæstv. kollega sinna í ríkisstjórninni. Hæstv. félmrh. fer eins og bolabítur um nánast gervallt þjóðlífssviðið. Hann lýsir því yfir að hann gefi ekkert fyrir samanlagða verkalýðshreyfinguna á torgi hins himneska friðar í Reykjavíkurborg í gær. Tveir eða þrír menn, segir hann, þegar 7–8 þúsund reiðir Íslendingar koma saman til að mótmæla honum. Og hann er nægilega ófyrirleitinn til að lýsa því yfir að það sé mikill sigur fyrir hann persónulega þegar Lagastofnun Háskóla Íslands lýsir því yfir að af 13 atriðum sem hún kannar séu tvö bersýnilega í blóra *við alþjóðlegar samþykktir og fjögur önnur séu álitaefni.* Það er ekki nema von, herra forseti, að þegar slíkir menn hefja upp róminn og láta ófriðlega, blikni bæði ásýnd og veikist rómur hinna sem minni eru fyrir sér en hafa meiri friðarvilja til að bera.

Það er ekki nema von, herra forseti, að við þessar aðstæður falli lágt einlægur friðarvilji og samkomulagsvilji hæstv. menntmrh. sem sagði hérna: „Það verður samið við hvern og einn.“ Þýðir það, herra forseti, að hæstv. menntmrh. geti lýst því yfir að hann muni ekki ganga frá málinu fyrr en búið er að ná samkomulagi við sérhvern þessara manna sem þeir geta sætt sig við? Önnur spurning mín, herra forseti, kann að stafa af ókunnugleika mínum á tengingu þessa máls við það frv sem verður til umræðu í næstu viku og varðar breytingar á lögunum frá 1954, en hún er svona: Með hvaða hætti kynni réttarstaða þessa fólks að breytast ef búið verður að samþykkja breytingarnar á lögunum frá 1954 með þeim breytingum sem þar eru t.d. á biðlaunarétti áður en flutningur yfir til sveitarfélaganna tekur gildi? Hvað þýðir það fyrir framtíð þessa fólks?

Herra forseti. Ég gæti haldið áfram að spjalla talsvert meira um þetta, en ég hef komið frá mér öllum þeim athugasemdum sem ég vildi koma fram í dag. Það er svo að þótt rödd hæstv. menntmrh. nái skammt innan hæstv. ríkisstjórnar þegar hann talar á nótum friðarins og nái bersýnilega ekki eyrum hæstv. félmrh. þá eru aðrir í þessum sölum sem leggja jafnan við hlustir þegar hæstv. menntmrh. talar. Og ég þóttist skynja í máli hans möguleika og vilja til friðar sem ég taldi að hv. þm. Svavar Gestsson hefði e.t.v. ekki heyrt vegna þess að tilfinningalíf hans er sennilega enn í uppnámi eftir að hæstv. félmrh. mælti svo höstuglega til hans sem annarra Íslendinga í gær. Það verða menn að skilja og hæstv. menntmrh. verður að virða hv. þm. Svavari Gestssyni það til mikillar vorkunnar.

[16:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ekki ætla ég að varpa neinum skugga á þessa merkilegu ræðu sem hér var flutt og þakka ég fyrir mörg af þeim hlýju orðum sem féllu í minn garð.

Varðandi hitt atriðið get ég hins vegar ekki gengið lengra í yfirlýsingum mínum en ég hef nú þegar gert. Það er ekki hægt að gefa neina almenna reglu um það hvernig verður tekið á réttindum þessa fólks. Ríkið hefur ekki nein sambærileg störf og það verður farið að lögum og reglum um það hvernig á þeirra málum verður tekið. Þau hafa verið til skoðunar og eru til skoðunar og menn skilja ekki við þetta mál án þess að þau verði leyst eins og önnur mál. Hvort það verður viðunandi fyrir alla vil ég ekki fullyrða á þessu stigi. En að sjálfsögðu verður að því stefnt að komast að samkomulagi og klára það mál innan þess umboðs sem við höfum til þess að ljúka slíkum málum við starfsmenn ríkisins.

[16:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að tala af skyggnu mannviti og gera það sem í hans valdi stendur til þess að lægja þær öldur sem framganga hæstv. félmrh. hefur sett af stað síðustu dægur. Ég undirstrika, herra forseti, að hæstv. menntmrh. sagði: „Við þetta mál verður ekki skilið fyrr en búið er að ljúka málum þessara einstaklinga sem um er að ræða.“ Það er mikilvæg yfirlýsing og þýðir auðvitað að miklu betur væri íslenski vinnumarkaðurinn staddur í dag ef hann hefði þennan hæstv. ráðherra í stóli félmrh. í stað þess sem nú veður yfir með eldi og brennisteini þegar vinnumarkaðurinn og stéttarfélögin eru annars vegar.

[16:25]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa um þetta langt mál en mér finnst þó nauðsynlegt að segja nokkur orð um það frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. frv. til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Þetta frv. er eins og hér hefur margkomið fram í umræðunum samkomulagsmál og ég var viðstödd fundi í byrjun árs þar sem niðurstöðum úr þeim umræðum sem leiddu til þess að þetta frv. var samið voru kynntar og var ákaft fagnað af kennurum hér á landi. Töldu þeir að þær áhyggjur sem þeir höfðu haft af þeim réttindum sem þeir hafa verið að berjast við að varðveita og vinna fyrir um öll þessi ár væru úr sögunni.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Það leið ekki langur tími þar til fréttist af frumvarpsdrögum úr fjmrn. sem nánast kollvörpuðu því sem hér hafði verið samið um svo lystilega og selt fyrir biðlaunaréttinn, ekki baunadisk heldur biðlaunaréttinn. Í mörg ár sat ég í samninganefnd fyrir kennara og við vorum alltaf að burðast við að finna okkur samanburðarhópa á hinum almenna vinnumarkaði. Jafnan þegar við komum með þessa samanburðarhópa, þar var yfirleitt töluverður launamunur, var okkur bent á það mjög ákveðið af samninganefnd ríkisins að við hefðum réttindi, sérstök lögfest réttindi, m.a. biðlaunarétt, meiri veikindarétt en aðrir, skipun í starf o.s.frv. og þessi réttindi sem við höfðum umfram þá sem störfuðu á almennum vinnumarkaði væru metin á um 18–20%. Þetta var margendurtekið.

Nú bregður allt í einu svo við að stjórnendum landsins finnst allt í lagi að fara fram með frv. og það á bara að keyra það fram í gegnum þrjár umræður og gera það að lögum og þar með eru þessi réttindi bara gamaldags og úr sögunni, þau passa ekki inn í nútímavinnusamninga og enginn minnist á þessi 18–20% sem fólk hélt sig vera að vinna fyrir þessum auknu réttindum með.

Það er svo sem ekkert skrýtið að kennarar höfðu miklar áhyggjur af umræðum um flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Það var ekki síst vegna þess að þeir höfðu áhyggjur af þessum réttindum. Þetta frv. átti að tryggja að þessi réttindi flyttust yfir. En því er ekki að neita að að mörgum setur ugg um að þegar samþykkt hafa verið lög um breytingar á réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna líði ekki á löngu áður en sótt verður að því sem með samþykkt þessa frv. eru orðin sérréttindi kennara hjá sveitarfélögunum.

Það má vera að menntmrh. gangi svo rösklega fram til varnar kennurum að svo verði ekki. En ég yrði ekkert hissa þó einhvern tíma á næsta þingi eða kannski þingum læddist inn frv. til að breyta þessu. Við skulum samt vona ekki.

Sveitarfélögin hafa fyrir sitt leyti þó samþykkt að þessi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna spila auðvitað saman við kjörin með því að þeir hafa gefið út sérstakt bréf um að ef breytingar verða á þessu almennt verði það bætt upp í kjarasamningum og það er auðvitað meira en aðrir opinberir starfsmenn hafa í höndunum um þessar mundir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, 1. umr.

Stjfrv., 501. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 878.

[16:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla. Þetta frv. er til orðið í því starfi sem unnið hefur verið á undanförnum mánuðum og lýtur að flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Þetta frv. er með sama marki brennt ef ég má orða það svo og önnur mál sem snerta flutninginn að um það hefur náðst víðtækt samkomulag á milli þeirra aðila sem að málinu hafa komið, þ.e. ríkinu, sveitarfélaganna og kennara að svo miklu leyti sem kennarar komu að þessu máli en þeir hafa ekki gert athugasemdir við frv.

Það sem í þessu frv. ræðir eru atriði sem hafa komið upp annars vegar vegna samkomulags sem gert var milli ríkis og sveitarfélaganna um skiptingu kostnaðar vegna flutningsins og hins vegar vegna annarra mála sem hafa verið á döfinni og snerta þessi mál. Þannig er í 1. gr. gert ráð fyrir því að Samband ísl. sveitarfélaga fari með þau málefni grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag en þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila. Þetta ákvæði lýtur að því að það eru ýmis málefni, sem flutt verða frá ríkinu til sveitarfélaga, sem eru sameiginleg málefni sveitarfélaga og þarf að taka á á sameiginlegum vettvangi þannig að ekki skapist óvissa og tómarúm eða eins og segir í athugasemdum um greinina á þessi viðbót að tryggja frumkvæði og ábyrgð á málum sem falla undir mörg sveitarfélög, svo sem rekstur sérskóla og skólabúða. Ekki er líklegt að á þetta ákvæði reyni nema rétt á meðan flutningur grunnskólans stendur yfir. Tillaga um þetta ákvæði er flutt að ósk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í verkefnastjórn um flutning grunnskóla til að koma í veg fyrir að tómarúm skapist varðandi ákvarðanir sem snerta fleiri en eitt sveitarfélag. Á það við um skólabúðir, sérskóla og nýbúafræðslu. Litið er á ákvæðið sem nauðsynlegan varnagla svo að þessi viðkvæma starfsemi raskist ekki við flutninginn.

Í 2. gr. laganna er fjallað um það að sveitarfélag geti falið byggðasamlagi um rekstur grunnskólans þau réttindi og skyldur sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum þessum, þ.e. ef fleiri en eitt sveitarfélag tekur höndum saman um rekstur grunnskóla er heimild til þess að fela slíku byggðasamlagi rekstur skólans.

3. gr. er hins vegar töluvert nýmæli í þessu samhengi öllu því að það endurspeglar samkomulag sem tekist hefur milli ríkisins og sveitarfélaganna um flutning á eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði frá ríkinu til sveitarfélaganna. Það er mælt fyrir um það hvernig það á að gerast í 15 jöfnum áföngum og síðan á að lækka eignarhlut ríkisins eins og hann er skráður hjá Fasteignamati ríkisins 1. ágúst 1996 í lok hvers árs um 6,2% í fyrsta skipti 31. des. 1996 og jafnframt hækki eignarhluti sveitarfélaganna samsvarandi. Það er skilgreint í 2. mgr. þessarar frumvarpsgreinar hvernig síðan á að skilgreina þetta húsnæði nánar og hvernig tekið verði á málum ef breyting verður á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að skólahúsnæði sem ráðstafað er til rekstrar á vegum ríkisins skal samsvarandi eignafærsla á eignarhlut sveitarfélaga eiga sér stað á 15 árum frá sveitarfélagi til ríkis. Eins og kemur fram í greinargerð með þessari frumvarpsgrein er talað um að hér sé um það að ræða að afskrifa þetta húsnæði í jöfnum

áföngum og koma því fyrir með þeim hætti sem lýst er í greininni.

Ég vek einnig athygli á því sem segir í umsögn fjmrn. um frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í frv. eru ákvæði um að eignarhluti ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla verði afskrifaður í jöfnum áföngum á 15 árum og hann þannig yfirfærður til þeirra sveitarfélaga sem annast og kosta viðhald húsnæðisins. Með skólahúsnæði er átt við húsnæði samkvæmt ákvæði 19. gr. grunnskólalaga sem er notað undir rekstur grunnskóla. Undanskilið er þó húsnæði sem framhaldsskólar hafa afnot af, þar á meðal íþróttamannvirki. Aðrar eignir en skólahúsnæði, svo sem skólastjóra- og kennarabústaðir, óbyggðar lóðir og landréttindi, eru einnig undanskildar. Ekki hefur verið tekin afstaða til einstakra eigna en með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum er áætlað að húsnæði sem sveitarfélög geta eignast að fullu samkvæmt lögunum sé á bilinu 320–360 þús. fermetrar að stærð og brunabótamat eignarhluta ríkisins í því sé um 15–17 milljarðar króna."

Með þessu er sem sagt verið að gera ráð fyrir því að þetta mikla húsrými sem er metið á 15–17 milljarða kr. flytjist með þessum hætti frá ríkinu til sveitarfélaganna og um þetta er samkomulag á milli aðila og einhugur um það að standa að málum með þeim hætti sem hér er lýst.

Síðan er í 4. og 5. gr. frv. að finna ákvæði sem tengjast beinlínis samkomulagi sem var gert milli ríkisins og sveitarfélaganna um skiptingu kostnaðar. Starfstími skólanna er skilgreindur þannig að kennsludagar skuli ekki vera færri en 170 á skólaárinu og síðan eru ákvæði um einsetninguna og rýmkuð þau tímamörk sem eru í gildandi lögum um það á hvaða tíma einsetningin á að koma til framkvæmda og sá tími rýmkaður eins og mælt er fyrir um og síðan kennslustundafjöldi skilgreindur með þeim hætti sem lýst er í frv.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Það er skýrt og það sem vekur vafalaust mesta athygli í því er þessi eignatilflutningur sem fyrir er mælt í frv.

Herra forseti. Af því að hér er verið að flytja þetta frv. vil ég gera grein fyrir því að með því frv. sem liggur hér einnig fyrir frá fjmrh. um lífeyrisréttindamál kennara þá er lokið öllu því undirbúningsstarfi um breytingar á lögum eða flutning á frumvörpum sem varða flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Í bréfi sem er dagsett 10. apríl sl. frá verkefnisstjórn tilkynnir hún mér um lyktir á störfum sínum en þessi verkefnisstjórn var skipuð af mér 26. júní 1995. Ég vil með leyfi, herra forseti, lesa þetta bréf þannig að þingmönnum sé ljóst hvernig málið stendur núna að mati verkefnisstjórnarinnar. Það er svohljóðandi:

„Verkefnisstjórn um flutning grunnskólans til sveitarfélaga telur að hún hafi lokið þeim verkefnum sem henni voru falin með erindisbréfi hinn 26. júní 1995.

Verkefnisstjórnin hefur í starfi sínu lagt sig fram við að tryggja að áætlanir um flutning grunnskólans samkvæmt lögum nr. 66/1995, um flutning grunnskóla, stæðust. Verkefnisstjórnin hefur komið saman á alls 39 formlegum fundum þar sem aðilar hafa rætt álitamál, leyst úr ágreiningi samræmt aðgerðir og gengið frá tillögum um meðferð mála sem eru forsenda fyrir því að verk- og tímaáætlanir gangi upp. Undirnefndir hafa skilað skýrslum og tillögum. Nauðsynleg lagafrumvörp vegna flutningsins eru komin fram. Reglugerðir sem snerta flutninginn beint eru ýmist frágengnar eða komnar til umsagnar. Sveitarfélög hafa skipulagt sérfræðiþjónustu við grunnskóla og eru að ráða starfsfólk á skólamálaskrifstofur og ýmsum framkvæmdamálum varðandi flutninginn hefur verið komið í ákveðinn farveg.

Eitt þeirra verkefna sem verkefnisstjórn var falið var að fjalla um ágreiningsefni sem næðist ekki samkomulag um í undirhópum. Verkefnisstjórn telur sig hafa leyst úr öllum slíkum málum á viðunandi hátt. Sá ágreiningur sem varð kennarasamtökum tilefni til að draga sig út úr samstarfi um undirbúning flutningsins er hins vegar þess eðlis að verkefnisstjórn telur ekki á hennar færi að leysa hann. Ljóst er að enn þarf að fylgja ýmsum málum eftir en verkefnisstjórnin telur eðlilegt að það sé gert á þeim vettvangi sem eðli máls krefst hverju sinni. Þeir aðilar sem fulltrúa hafa átt í verkefnisstjórninni geta hver um sig átt frumkvæði að frekara samstarfi og myndað nýjan samstarfsvettvang innbyrðis og við aðra ef þörf krefur.

Verkefnisstjórnin lítur svo á að undirbúningur að flutningi grunnskólans sé kominn á það stig að ekki verði aftur snúið. Verkefnisstjórnin er sammála um að komið sé að þáttaskilum í vinnunni við flutning grunnskólans og telur því rétt að hún láti af störfum."

Þetta bréf er dagsett 10. apríl og undir það skrifa Hrólfur Kjartansson, Húnbogi Þorsteinsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Steingrímur Ari Arason. Á þessum tíma tók fulltrúi kennara ekki þátt í verkefnisstjórninni en Eiríkur Jónsson gekk til samstarfsins eftir 10. apríl og ritar undir bréfið með dagsetningunni 26. apríl 1996. Allir aðilar, sem koma að málinu, eru því sammála um hvernig að þessum lyktum er staðið, hvernig málið stendur núna, herra forseti, þegar þetta frv. er kynnt og það verður nú verkefni menntmrn., sveitarfélaganna og kennara að vinna áfram saman að einstökum málefnum þótt þessi verkefnisstjórn hverfi frá störfum. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri á Alþingi að þakka þessum mönnum fyrir ákaflega vel unnin störf. Ég tel að án þeirra framlags og án þeirrar miklu vinnu sem unnin hefur verið í verkefnisstjórninni hefði málið ekki komist á það stig sem það er á nú og við stöndum frammi fyrir á Alþingi þegar öll frumvörp liggja fyrir og samkomulag hefur náðst um alla meginþætti málsins og lausn á öllum þeim atriðum sem upp hafa komið á þessu ferli sem við höfum unnið að frá því að frv. var samþykkt í febrúar á sl. ári.

[16:41]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun útvarpslaga, 505. mál, fsp. SvanJ, þskj. 902.

Löggæsla í Reykjavík, 507. mál, fsp. GHall, þskj. 904.

Tekjur og gjöld ríkissjóðs af flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, 506. mál, fsp. ÁJ, þskj. 903.

Upplýsingalög, 361. mál, nál. allshn., þskj. 899; brtt. allshn., þskj. 900.

[16:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja örfá orð í belg um efni þessa máls sem hæstv. menntmrh. hefur mælt fyrir. Eins og fram kom í máli hans er stærsta einstaka atriðið í því eignatilflutningur frá ríki til sveitarfélaga á eignarhlut ríkisins í grunnskólum. Það kemur fram í greinargerð með frv. að um sé að ræða verðmæti sem að brunabótamati séu milli 15–17 milljarðar kr. og því verulegir fjármunir sem skipta um eigendur með þessu frv. Ég vil láta koma fram þá skoðun mína að ég tel þetta ekki vera í raun stórt mál og ekki skipta

verulega miklu máli út frá sjónarhóli hins opinbera, hvort eignir eins og grunnskóli er að einhverju leyti bókfærður hjá ríki og að öðru leyti hjá sveitarfélögunum. Í mínum augum er einfaldlega verið að færa þessi bókfærðu réttindi, eignarréttindi, á milli aðila innan hins opinbera og skiptir ekki stóru máli út frá hagsmunum almennings eða af öðrum ástæðum.

Það er þá helst að mínu viti að menn þurfa að hafa varnagla í málinu gagnvart hugsanlegum verðmætum eða ef menn breyta þessu húsnæði í peninga síðar meir með því að selja eignirnar til annarrar starfsemi en til menntunar væri ekki óeðlilegt að ríkið áskildi sér hlutdeild í andvirðinu sem þá kynni að vera greitt fyrir eignirnar. Að öðru leyti geri ég enga athugasemdir við þessi áform og tel þau í sjálfu sér vera eðlileg út frá þeirri pólitísku stefnu sem hefur verið mörkuð.

Það sem mér finnst athyglisverðast í frv. eru efni tveggja fyrstu greinanna, einkum og sér í lagi út frá þeirri röksemdafærslu sem menn hafa haft um það mál hvernig skipta eigi verkefnunum í samfélaginu á milli aðila innan hins opinbera, þ.e. milli ríkisins og sveitarfélaga. Það hefur verið grundvöllurinn fyrir þeirri ákvörðun að færa þetta verkefni, þ.e. grunnskólamenntunina, frá ríkisvaldinu til sveitarfélaga að sjónarmiðið hefur verið það að þetta væri verkefni sem sveitarfélögin réðu við, hefðu burði og bolmagn til þess að sinna af eigin rammleik og í öðru lagi væru þau að mörgu leyti færari um að sinna þessum verkefnum þar sem þau væru nær vettvangi en ríkisvaldið sem oft á tíðum er fjarlægt þeim stað þar sem hlutirnir gerast.

Það má segja að með þessum tveimur greinum er fótunum að nokkru leyti kippt undan þeirri hugmyndafræði sem liggur á bak við hina pólitísku ákvörðun. Það kemur í ljós að það er ekki hægt að flytja sum verkefni yfir til sveitarfélaga af eðlilegum ástæðum sem að mínu viti hefur alltaf blasað við frá upphafi að menn gætu ekki hrint í framkvæmd án þess að lenda í verulegum vanda. Með þessu frv. er reynt að bregðast við því með því að flytja þessi verkefni, þ.e. þau sem eru þess eðlis að þar er ekki nema ein stofnun sem þjónar tilteknum sérþörfum fyrir landið allt. Það eru þessar stofnanir sem ég hef talað um, sérskólarnir. Ég hef verið á þeirri skoðun að það væri ekki hægt að flytja þá yfir til 170 sveitarfélaga. Nú er það í raun og veru staðfest með því að leggja til að þeir verði ekki fluttir til sveitarfélaganna. Tillagan í þessu frv. er að flytja sérskólana ekki til sveitarfélaga heldur til nýs stjórnsýsluaðila sem verið er að búa til í þessu frv. og er má segja vísir að þriðja stjórnsýslustiginu. Að öðruvísi stjórnsýslustigi en ég og fleiri höfum talað fyrir í gegnum árin þegar við höfum verið að tala um valddreifða stjórnsýslu byggða upp á héruðum úti á landi sem tækju við verkefnum frá ríkisvaldinu og e.t.v. að nokkru leyti frá sveitarfélögunum. Nú er verið að búa til þriðja stjórnsýsluaðilann sem er miðstýrður aðili rétt eins og ríkið sjálft og heitir Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég verð að árétta þá skoðun mína að mér vinnst óeðlilegt að hafa tvo aðila sem gegna sama hlutverki og ríkið. Fyrst það eru til verkefni í þessum þætti sem öðrum sem eru þess eðlis að það verður einn aðili að sinna þeim fyrir landið í heild þá er að mínu viti eðlilegast að ríkið sjálft vinni það verkefni. Mér finnst engin þörf á því í þessu máli að flytja sérskólana frá ríkinu til Sambands íslenskra sveitarfélaga jafnvel þótt það sé, eins og fram kemur í greinargerð, áformað að svo verði bara um stundarsakir á meðan menn eru að finna aðra lausn á málinu. Það er hins vegar ekkert víst að menn finni þá lausn á næstu árum og ég spái að sérskólarnir verði líklegast áfram um ókomin ár hjá þeim aðila sem verið er að flytja þá til, ef það nær fram að ganga.

Fyrst menn eru komnir að þeirri niðurstöðu að sérskólunum verði aðeins sinnt af einum aðila sem starfar á landsvísu tel ég að ríkið sjálft eigi að hafa það verkefni áfram með höndum. Menn eru búnir að byggja upp kerfið eins og það er. Ríkið hefur sína starfsmenn og sérfræðinga bæði í ráðuneytunum og skólunum og það er óþarft að mínu viti að vera að hrófla mikið við því bara í þeim tilgangi sem þarna er lýst, þ.e. að skipta um aðila sem fer með yfirstjórn málsins.

Það má velta fyrir sér hlutum eins og þeim hvort þar er verið að fela þessum nýja stjórnsýsluaðila verkefni eins og mannaráðningar, gerð kjarasamninga, ákvarðanir um stofnanir, hvar þær eiga að vera og á hvaða sviði, hversu margar og breytingar á þeim o.s.frv. Mér sýnist á frv. að það sé það sem lagt er til og ég fæ ekki séð að menn bæti hlutina neitt með því frá því sem nú er. Eðlilegast er þá að hafa þetta með óbreyttum hætti og setja ákvæði í þessi lög um að sérskólarnir verði í höndum ríkisins þrátt fyrir ákvæði laganna um að grunnskólamenntun skuli vera verkefni sveitarfélaga. Að minnsta kosti þar til menn hafa fundið aðra lausn sem væntanlega er ætlunin að reyna að finna eins og fram kemur í þessu frv.

2. gr. er að sumu leyti eðlilegri en hún staðfestir líka að það er gert ráð fyrir því beinlínis með þessari lagagrein að mörg sveitarfélög geti ekki tekið við því verkefni að sjá um rekstur grunnskólans og axla þá ábyrgð sem því fylgir. Það er beinlínis opnað fyrir það í lagaákvæðinu að sveitarfélög geti komið þessari ábyrgð af sínum herðum yfir á byggðasamlag og geti falið byggðasamlaginu að sinna þessu verkefni væntanlega vegna þess að sveitarfélagið sjálft hefur ekki burði til þess. Þessar tvær lagagreinar hljóta að mínu viti að vera kveikjan að frekari umræðu um tilganginn með því að flytja grunnskólamenntunina frá ríkinu yfir á 170 sveitarfélög og hvort menn eru ekki einfaldlega komnir fram úr sjálfum sér og eru að reka sig á það núna að það er ekki á færi sveitarfélaganna allra að axla ábyrgðina á þessu verkefni. Því þurfa menn að finna einhverjar aðrar leiðir til að leysa úr þeim vandamálum sem skapast. Hér er annars vegar lagt til að opna fyrir það að byggðasamlög taki þetta yfir og hins vegar að Samband íslenskra sveitarfélaga taki við þessu verkefni þótt á ólíkum sviðum sé innan grunnskólamenntunarinnar. Ég er verulega hugsi yfir þeirri þróun sem er verið að setja í gang með þeim tillöguflutningi að breyta samtökum eins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga yfir í formlegt stjórnsýslustig. Mér finnst að það þurfi menn að hugsa miklu betur áður en því er ýtt úr vör. Það þarf þá að velta fyrir sér lýðræðislegri uppbyggingu þeirra samtaka. Það þarf að lögfesta betur eða setja löggjöf um starfsemi þeirra og ákvarðanaferli. Ég er ekki viss um að rétta leiðin til að færa verkefni frá ríkinu sé að stofna ný ríki eða ígildi þeirra, einhver samtök sem starfa á landsvísu og taka við því hlutverki ríkisins að leysa úr sameiginlegum verkefnum samfélagsins á landsvísu.

Með þessu er ég ekki endilega að segja að það þurfi að leiða til verri niðurstöðu. Það er ekki sjálfgefið og ég ætla ekki að halda því fram að þeir sem mundu stýra þessum verkum á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga gerðu það endilega verr en hjá ríkinu. En ég legg áherslu á að ef menn telja rétt að stíga það skref að búa til nýtt stjórnsýslustig þá á það fremur að vera í þeim tilgangi að byggja

upp stjórnsýslustig úti á landi sem er fært um að taka við hlutverki ríkisins að meira leyti en gert er ráð fyrir í núverandi hugmyndum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það væri að mínu viti mun farsælla fyrir landsbyggðina að byggja upp stjórnsýslustig sem hefði þá burði að það gæti tekið til sín meira af þeim verkefnum sem í dag eru meira eða minna ákvörðuð hér hjá miðstjórnarvaldinu.

Virðulegi forseti. Ég hef komið á framfæri því helsta sem mér finnst athyglisverðast í þessu frv. Það er reyndar ekki 3. gr. heldur efnisákvæði 1. og 2. gr. frv.

[16:56]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að biðja hæstv. menntmrh. afsökunar á því að ég missti af framsöguræðu hans og það atriði sem mig langar að fá skýringar á hér kann að hafa komið fram í ræðu hans. Ég vona að hann fyrirgefi mér það. En áður en ég kem að þeirri spurningu get ég ekki stillt mig um að rifja upp að sl. vetur varð mikil og hörð rimma um grunnskólafrv. Sú rimma snerist ekki eingöngu um efnisatriði málsins þar sem okkur stjórnarandstæðingum þóttu mörg atriði óljós varðandi framkvæmd grunnskólalaganna. Í rauninni eru mörg þau atriði óljós enn svo sem sérskólarnir, fyrirkomulag þeirra og skólaskrifstofurnar ekki síst, eins og komið hefur fram á undanförnum vikum, örlög þess fólks sem þar vinnur. Þar átti þó ekki síður hlut að máli sú mikla deila sem varð um réttindi kennara en hana tókst að leysa með ákveðnu samkomulagi og beitti stjórnarandstaðan sér mjög í því máli. En það þarf engan að furða að það skuli koma hér fram frv. til breytinga á þessum lögum. Það hlaut auðvitað ýmislegt að koma upp í þeirri miklu vinnu sem fram hefur farið frá því að grunnskólalögin voru samþykkt og frá því að nefndirnar sem unnið hafa að undirbúningi yfirfærslunnar tóku til starfa. Ég ætla ekki að fara að rekja þá vinnu eða þær deilur sem þar komu upp á tímabili en auðvitað hlaut ýmislegt að koma í ljós sem þurfti að breyta.

Fyrir einum fimm árum urðu líka hér á hinu háa Alþingi miklar deilur vegna niðurskurðarins í grunnskólanum. Þá var sá hv. þm. sem nú situr hér í forsetastóli menntmrh. og beitti hann sér fyrir mjög umdeildum niðurskurði á kennslu grunnskólanna. Ég stóð í þeirri meiningu að það hefði átt að gefa þessar stundir til baka og að því væri stefnt. En með þessu frv. er verið að teygja heldur á þeim lopa og hopa með viðbót sem lofað hafði verið, m.a. fjölgun kennsludaga. Hér er einmitt verið að leita eftir heimild til að fresta því um tvö ár að ná þessum kennslustundafjölda og þar með einsetningu grunnskólans. Eins og fram hefur komið í umræðum kostar einsetning grunnskólans auðvitað gífurlegt fjármagn, ekki síst fyrir stærri sveitarfélögin þar sem þrengslin í grunnskólanum hafa verið hvað mest. Eins og hér kemur fram er þetta auðvitað að beiðni sveitarfélaganna sem hafa í tímans rás áttað sig á því hvílíkt gífurlegt verkefni þetta væri eins og reyndar var bent á í umræðunum í fyrra að þetta yrði gríðarlega mikil kostnaður fyrir stóru sveitarfélögin.

Það atriði sem ég ætlaði að spyrja hæstv. menntmrh. út í er að ég skil 1. gr. svo að verið sé að tryggja að einhver aðili hafi yfirsýn yfir skólamálin á meðan þessi breyting á sér stað og síðan er í 2. gr. verið að gefa heimild til að sveitarfélög, tvö, þrjú eða fleiri geti unnið saman að rekstri skóla. Þetta olli fyrst misskilningi hjá mér, ég hélt fyrst að það væri verið að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga slíka heimild en það skýrist í 2. gr. að svo er ekki. Mig langar af þessu tilefni að spyrja hæstv. menntmrh.: Er að koma einhver mynd á það hversu samvinnu sveitarfélaganna verður háttað? Er sýnilegt að grunnskólum muni fækka og að sú yfirfærsla og sá kostnaður sem verið er að flytja yfir á sveitarfélögin muni leiða til aukinnar samvinnu skóla? Er sú mynd eitthvað að skýrast? Mér finnst það afar forvitnilegt vegna þess að æskilegt væri að efnt verði til meiri samvinnu og að menn reyni að nýta betur það skólahúsnæði og þá kennslukrafta sem eru til staðar. Jafnframt óttuðust íbúar litlu sveitarfélaganna að þeir mundu missa sinn skóla. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Veit hann til þess að skólar verði lagðir niður eða að um aukna samvinnu verði að ræða? Að mínum dómi getur þetta að flestu leyti verið jákvætt en það geta verið á því hliðar sem snúa að einhverjum sveitum t.d. þar sem þetta getur valdið erfiðleikum.

3. gr. fjallar um þetta stóra atriði að færa eignir ríkisins í skólahúsnæði yfir til sveitarfélaganna. Ef við gefum okkur að sveitarfélögin muni til lengri tíma litið reka grunnskólana, ef menn snúa ekki til baka frá þessari þróun, er þetta líklega eðlilegt. Hvers vegna eru skólastjóra- og kennarabústaðir undanskildir í þessari eignatilfærslu? Þeir hljóta að tilheyra skólastarfinu og rekstrinum og tengjast því oft að skólastjórnendur, sem hér eftir verða sveitastjórnirnar, geti boðið upp á húsnæði sem fylgi. Hvað liggur hér á bak við, hæstv. menntmrh.? Er eitthvað sérstakt í þessu? Er fyrirhugað að gera eitthvað annað við þetta húsnæði eða hver er skýringin? Ég átta mig einfaldlega ekki á því. Ég hefði haldið að það væri eðlilegt að þessar húseignir og íbúðir fylgdu með. Ég veit ekki hvað þarna er um margar íbúðir eða bústaði að ræða en mér finnst að þetta kalli á skýringu. Ég geri ekki athugasemdir við þetta frv. að öðru leyti en því að ég harma að einsetning grunnskólans skuli ekki geta gengið jafnhratt fyrir sig og menn ætluðu. En ég held að maður verði að viðurkenna að sveitarfélögin hafi þar töluvert mikið til síns máls.

[17:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar ágætu ræður sem hafa verið fluttar í tilefni af þessu frv. Ég skil vel það sem kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og vangaveltur hans um það hvort hér væri verið að koma á laggirnar nýju stjórnsýslustigi. Svo er nú ekki. Hér er finnst mér svo þröngt skilgreint verkefni Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi þetta mál bæði í lagatextanum og einnig í greinargerðinni að það er, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði, verið að koma á laggirnar samræmingaraðila á meðan flutningurinn gengur yfir þannig menn viti hvert þeir geta leitað, hvar er hægt að komast að niðurstöðu. Þarna er þessi samstarfsaðili sveitarfélaganna en það er ekki verið að ræða um það að þarna komi nýtt stjórnsýslustig. Ég held að hugur einskis standi til þess að flutningurinn verði til þess að það myndist nýtt stjórnsýslustig í landinu. Þvert á móti ætli sveitarfélögin að sinna þessu hvert um sig. Það eru verkefni sem við tíundum í greinargerðinni þar sem talað er um skólabúðirnar, sérskólana og nýbúafræðsluna. Á þessum verkefnum þurfa menn að taka sameiginlega og þess vegna var það sett sem varnagli að þetta væri í höndum Sambands ísl. sveitarfélaga og menn vissu þá hvar þeir ættu að leita að endanlegri niðurstöðu. Þannig ber að líta á þetta en ekki sem viðleitni í þá átt að færa menntmrn. til með þeim hætti og kalla það hér eftir Samband íslenskra sveitarfélaga að því er grunnskólann varðar. Svo er ekki heldur er það varðandi þennan þátt sérstaklega.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvort ég vissi til þess að sú stefna og það sem við blasir 1. ágúst hefði leitt til þess að grunnskólum hefði fækkað eða breyting hefði orðið. Ég get ekki tíundað nein sérstök dæmi um það í sjálfu sér enda leita menn ekki lengur til ráðuneytisins varðandi það. Þó er ljóst að á Vestfjörðum tel ég t.d. að það hafi knúið á um það að menn ákváðu að sameinast í einu stærra sveitarfélagi í kringum Ísafjörð að þetta stóra verkefni flytur til sveitarfélaganna. Ég hafði tök á því að ferðast þar um á þriðjudaginn og kynnast grunnskólastarfinu. Það er alveg ljóst að menn stefna þar að því að styrkja starfsemi skólanna með því að sameina sveitarfélögin. Það leiðir til þess að sveitarfélög sameinist og stoðþjónusta við skólana verður á öflugri hendi en áður var. Einnig koma þarna inn bókasafnsmál. Það má ekki gleyma því að skólabókasöfnin og almenningsbókasöfnin fara nú á eina hendi hjá sveitarfélögunum með öðrum hætti en var. Slík stoðþjónusta getur líka orðið öflugri. Ég veit hins vegar að í Reykjanesi við Ísafjarðadjúp breytist það kannski og skapast ný viðhorf vegna þess að Hólmavík dregur sig út úr skólastarfi þar og þar verða mál með öðrum hætti en áður eftir að af flutningnum verður. Við vitum það líka að í þessu efni er annars vegar spurningin um skólahaldið og hins vegar tilfinningaleg afstaða til skólans. Við sjáum í Mývatnssveitinni hvernig byggðarlag getur skipst út af deilum um skólahald sem snertir kannski ekki beint skólahaldið heldur spurninguna um það í hvaða skólahús börnin eiga að fara o.s.frv. Hér er víða um viðkvæm mál að ræða en ég veit ekki nákvæmlega og get ekki rakið það eða farið hringinn í kringum landið og nefnt dæmi. Bæði held ég að þetta leiði til þess að sveitarfélögin sjá sér meiri hag í því en áður að sameinast og einnig munu menn líta öðrum augum á skólastarfið en áður og vafalaust hefur það einhverjar breytingar í för með sér sem þarna er um að ræða.

Varðandi það sem spurt var um 3. gr. þegar sérstaklega eru tíundaðar eignir með þeim hætti sem þarna er gert þá er það skref sem er stigið með þessu að færa eignarhlutann í skólahúsnæði. Menn vildu ekki ganga lengra á þessu stigi málsins, töldu ekki ráðlegt að gera það en að sjálfsögðu kann einnig að vera skynsamlegt að gera það með aðrar eignir en þá verður það gert á öðrum forsendum en með þessum lögum. Þá verða menn að skoða það og fá fjárlagaheimildir eða gera það með öðrum hætti til að ráðstafa því ef til þess kæmi en mér finnst ... (**KÁ:** Skapar þetta ekki vandræði?) Ég held að þetta skapi ekki vandræði ég held að þetta hafi verið spurning um að skilgreina þetta sem nákvæmlegast í lagatextanum, m.a. fyrir þingmenn þannig að allir áttuðu sig á því um hvað var að ræða. En mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að í menntmn. þingsins fái menn sérfræðinga á fundi sína til að útskýra málið nánar. Þetta varð niðurstaðan eftir yfirferð allra þeirra sérfræðinga sem komu að málinu, að það væri skynsamlegast að gera þetta svona. Ég held að þar hafi bæði komið til álita eignarréttarleg sjónarmið og fagleg þannig að þetta ætti ekki að skapa vandræði. Mér finnst alveg eðlilegt að menntmn. Alþingis afli sér nánari upplýsinga um þennan þátt því að þetta er líka málefni sem hefur e.t.v. ekki verið svo mikið rætt í þinginu og er stórmál í sjálfu sér. Þess vegna finnst mér eðlilegt að þingnefndin kynni sér þennan þátt sérstaklega og þau atriði sem þingmaðurinn spurði um og ég ætla ekki að fara nánar út í þau hér og nú á þessari stundu. En það varð niðurstaðan af þessu starfi að það væri eðlilegt að draga mörkin og skilgreina það svona í lagatextanum. Ekki að hafa það í greinargerðinni heldur hafa það bundið í lögum því þarna er líka um það að ræða að menn hafa e.t.v. ekki heimildir til að yfirfæra óskilgreindar eignir í svo stórum mæli sem gert er. Þess vegna var farið út í að skilgreina þetta nánar þannig að menn vissu nákvæmlega um hvað þetta snerist.

[17:11]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örfáar spurningar til viðbótar við þær sem þegar hafa komið fram. Þá er það fyrst um 1. gr. þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga fer með grunnskóla sem varðar fleiri en eitt sveitarfélag. Ef það dæmi kemur upp að ekki næst samkomulag milli sveitarfélaga um rekstur fræðsluskrifstofu eða skólaskrifstofu er þá möguleiki á því að Samband íslenskra sveitarfélaga taki það verkefni yfir eða skipti sér af því með einhverjum hætti?

Í öðru lagi. Hversu mörg byggðasamlög hafa þegar orðið til eða hversu margar sveitarstjórnir hafa tilkynnt um samstarf eða byggðasamlög?

Í þriðja lagi. Í eignaskrá ríkisins er þó nokkuð um að skólastjóra- og kennarabústaðir séu skráðir sem slíkir en nýting þeirra er þó með öðrum hætti. Það er jafnvel um að ræða kennslustofur sem áður voru íbúðarhúsnæði og skráð sem slíkt í eignaskrá ríkisins og einnig að skólabókasöfn hafa verið staðsett í þessum fyrrum kennara- eða skólastjórabústöðum þrátt fyrir að eignaskráin segi að þetta sé með öðrum hætti. Þýðir þessi grein það að þetta skólahúsnæði sem er í raun í dag, kennsluhúsnæði eða skólabókasöfn, verði ekki fært yfir til sveitarfélaganna? Svo er vitað að kennarabústaðir og úthlutun kennarabústaða á töluverðan þátt í að fá menntaða kennara til starfa út á land. Það ræðst af því hvaða húsnæði stendur til boða. Sveitarfélögin hafa hingað til talið sig hafa ráðstöfunarrétt á þessu húsnæði og það hefur í sumum tilvikum auðveldað ráðningar. Hvernig verður því samstarfi eða fyrirkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga háttað?

[17:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn mega ekki misskilja 3. gr. og halda að þótt húsin verði ekki flutt með þessum hætti yfir til sveitarfélaganna þá muni ríkið ekki leyfa áfram afnot af þeim í þágu skólanna. Það er verið að tala um eignatilfærsluna sjálfa. En í lok 3. gr. segir:

„Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga."

Það er ekki verið að taka ráðstöfunarréttinn af skólastjórum eða kennurum eða ef húsnæðið hefur verið notað sem skólahúsnæði eða bókasafn. Með þessari grein er ekki verið að banna áframhaldandi not. Það eina sem verið er að segja í þessari grein er að eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði má afskrifa með þessum hætti. Það er ekki verið að segja að grunnskólinn muni ekki hafa áfram afnot af þeim húseignum sem ekki verða afskrifaðar með þessum hætti. Því verða menn að átta sig á. Það er ekki verið að svipta grunnskólann neinum yfirráðum yfir þessu. Það lá ekki í hlutarins eðli þegar við samþykktum grunnskólalögin í fyrra. Þá hefði allt þetta húsnæði getað verið áfram í eigu ríkisins. Enginn gerði í sjálfu sér athugasemdir við það. Það var talið eðlilegt að skólarnir störfuðu áfram þótt ríkið ætti húsin. Og það mun verða þannig áfram, þetta húsnæði verður notað í þágu skólanna. Ef það verður selt er það samkvæmt ákvörðun Alþingis um það mál eins og önnur málefni. Það sem menntmrh. fær

heimild til er að setja reglugerð. Ég á ekki von á að því reglugerðarvaldi verði beitt til að úthýsa kennurum, skólastjórum eða bókasöfnum. Það finnst mér ástæðulaus ótti, ef það er það sem menn hafa í huga.

Varðandi Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutverk þess tel ég að menn verði að lesa alla greinina. Því verður ekki skipað öðruvísi í lögum og reglugerðum en með samkomulagi aðila. Þarna er verið að fylla upp í ákveðið tómarúm en ég held að skólaskrifstofurnar séu ekki í neinu slíku tómarúmi.

[17:16]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurning mín er til komin vegna þess að þegar ég fór yfir eignarskrá ríkisins sá ég að í þó nokkrum tilvikum er húsnæði skráð sem skólastjóra- eða kennarabústaðir þótt það sé alls ekki nýtt sem slíkt og hafi jafnvel ekki verið nýtt þannig árum saman. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort það væri a.m.k. ekki rétt að það sem sannanlega hefur verið nýtt sem skólahúsnæði skuli fylgja með. Ég vildi líka gjarnan fá svör varðandi óbyggðar lóðir og landréttindi. Hvað felst nákvæmlega í þessu? Það er ekki útskýring í grg. frv. á þessu. Er þarna verið að tala um dæmi eins og á Laugarvatni, þau landréttindi sem fylgja bæði héraðsskóla og grunnskóla þar? Er þá ekki ætlunin að semja t.d. um landréttindi sem fylgja þessum skólum í framhaldinu?

[17:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað Laugarvatn varðar hefur verið gengið frá samkomulagi um það mál. Það er því búið að leysa öll þau mál. Skipting hefur farið fram. Eignarréttindin eru alveg skýr á milli ríkis og sveitarfélaga. Fyrir liggur undirritað samkomulag á milli aðila um það mál. En eins og ég segi, þetta er í mörgum tilvikum eins og hv. þm. vekur máls á. Hann hefur skoðað eignarskrána og séð að þar getur verið takmarkað tilvik. Það er viðurkennt að svo sé. Hér er reynt að draga almennar reglur í lagatextanum sjálfum en mér finnst sjálfsagt, ef þingmenn vilja skoða þetta nánar, að þá verði það gert í hv. menntmn. og menn fái þá nánari upplýsingar um þetta. Eins og hv. þm. veit er hér um mörg tilvik og margar eignir að ræða. Eignarhlutur ríkisins í skólahúsnæði er skilgreindur í frv. og sú heimild sem lagatextinn veitir. Síðan eru undantekningarnar nefndar til svo menn viti nákvæmlega um hvað þær snúast. En auðvitað eru þarna takmörkuð tilvik og hvort á að fara að brjóta þau upp í samhengi við þetta eða skilja það eftir geta menn kannski betur áttað sig á eftir að nefndin hefur farið yfir málið og birt okkur hugmyndir sínar.

[17:19]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi orð hæstv. menntmrh. þannig að það hefði ekki verið vilji til að ganga lengra í þessari eignatilfærslu en hér kemur fram. Hér drógu menn mörkin og eflaust eru ákveðnar ástæður fyrir því. Það kom einnig fram í máli hæstv. menntmrh., eða ég skil hann þannig, að það er meiningin að skólarnir hafi afnot af kennarabústöðum, skólastjórabústöðum og öðru húsnæði sem þarna kann að heyra undir. En ég velti því fyrir mér hvort þetta skapi ekki einhver vandræði í framkvæmd þegar allur rekstur grunnskólans er kominn yfir til sveitarfélaganna. Hér er verið að afhenda þeim þetta ákveðna húsnæði, þ.e. skólahúsnæði, sem verður síðan afskrifað á 15 árum. En síðan er tekið frá ákveðið húsnæði sem tilheyrir grunnskólunum og það sem sagt tilheyrir ríkinu. Þetta íbúðarhúsnæði tilheyrir ríkinu áfram. Verður það þá í einhvers konar útleigu á vegum ríkisins? Eða sér hæstv. menntmrh. það þannig fyrir sér að það verði gerður einhver samningur eða veitt umboð þessu til ráðstöfunar. Ég átta mig ekki á því hvers vegna menn drógu línuna þarna. Hvers vegna menn takmörkuðu sig við það húsnæði sem flokkað er sem kennsluhúsnæði og er skilgreint í 19. gr. núgildandi grunnskólalaga. Ég átta mig ekki á því hvers vegna menn drógu mörkin svona. Ég sé ekki betur en þetta skapi smávandræði í framkvæmd. Menn þurfa a.m.k. að útfæra hvernig eigi að framkvæma þetta.

[17:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og menn sjá af frv. er verið að afhenda skólahúsnæði endurgjaldslaust til sveitarfélaganna. Það kann að gilda öðru máli um kennaraíbúðir eða skólastjóraíbúðir og það kunna að vera annars konar samningar sem menn gera á milli ríkisins og sveitarfélaganna um slíkt húsnæði. Þannig verður líka að líta á þetta. Það kunna að gilda önnur lögmál um íbúðir og skólastjórahús en skólahúsnæðið sjálft. Það verður því líka skoðað í þessu ljósi. Íþróttamannvirkin yrðu sameiginlega nýtt o.s.frv. Um slík tilvik kann Alþingi að þurfa að taka afstöðu til á fjárlögum eða öðru slíku, hvort eigi að selja þetta eða hvernig eigi að ráðstafa þessu. Hér er mælt fyrir um skólahúsnæði, það er flutt með þessum hætti, hitt húsnæðið verður áfram í eigu ríkisins og það verður þá hægt að semja um afnotin eða hvernig að þeim eignum verður staðið. Það þarf líka að huga að rétti ríkisins í því og eignafærslu þess. Menn þurfa því að gefa sér ærinn tíma til þess að skoða þau mál.

Umræðu frestað.

Tæknifrjóvgun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884.

[17:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við áfram frv. til laga um tæknifrjóvgun, nýja löggjöf hér á Íslandi, þá fyrstu um þetta þýðingarmikla, nýja svið. Það skiptir auðvitað afar miklu hvernig þessi fyrsta löggjöf um tæknifrjóvgun verður mótuð af þingsins hálfu. Það svið sem hér um ræðir er í mjög örri þróun og hefur verið það frá því að fyrst kom til starfsemi sem fellur undir þetta hugtak skömmu fyrir 1980 erlendis og síðan hér á landi frá 1980 að telja að því er varðar svonefnda tæknisæðingu en glasafrjóvgun kom síðar til, hér á landi frá haustinu 1991. Það má segja að lagaramminn sem hér er reynt að sníða sé fremur seint á ferðinni miðað við ýmis Evrópulönd þar sem mörg lönd, mörg þjóðþing hafa þegar fyrir allnokkru sett löggjöf um þessi efni. Ákvarðanir framkvæmdarvaldsins um stuðning við þessa starfsemi hafa þannig ekki byggst á mótun löggjafar eða haldist í hendur við mótun löggjafar. Þetta kemur m.a. glöggt fram í bréfi sem hæstv. heilbr.- og trmrh. ritaði til starfsbróður síns í dómsmrn. 26. maí 1995 þar sem greint var frá þeirri ákvörðun ríkisstjórnar að gera uppbyggingu glasafrjóvgunardeildar við Landspítalann að forgangsverkefni í heilbrigðismálum.

Jafnframt var það ákvörðun heilbr.- og trmrn. að útvíkka starfsreglur sem í gildi höfðu verið frá því sem áður var en dómsmrn. um leið beðið um eða hvatt til þess að leggja fram frv. á nýjan leik um þessa löggjöf haustið 1995, á komandi hausti frá því bréfið var skrifað. Þetta ber vott um að framkvæmdaraðilinn hefur hér verið á undan löggjafanum. Þótt ég ætli ekki að hafa á móti því að þetta svið fái eðlilega fyrirgreiðslu, síður en svo, í sambandi við starfsemi stofnunar sem hefur haft þetta með höndum, finnst mér dálítið aftan að siðunum farið að fara að breyta starfsreglum á sama tíma og þingið hefur þessi mál til meðferðar og stefnumörkunar. Þess vegna geri ég þetta að umtalsefni hér.

Það er öllum kunnugt, virðulegi forseti, að það mál sem við ræðum varðar allmarga einstaklinga og það eru miklar tilfinningar tengdar þessari umræðu eða bakgrunni hennar og á því hljótum við að hafa skilning. Mér virðist hins vegar að í þessari umræðu sé frekar í fyrirrúmi ófrjósemin sem slík, barnleysi sambýlisfólks fremur en spurningin um stöðu barnsins sem verður til við tæknifrjóvgun. Kem ég að því síðar í máli mínu. Ég var ekki viðstaddur þegar 1. umr. fór fram um þetta mál á þessu þingi og kom því ekki á framfæri athugasemdum mínum eða ábendingum varðandi frv. Ég geri það því hér við 2. umr. málsins.

Umræða í samfélaginu hefur farið vaxandi um þetta málasvið ekki síst eftir að frv. kom hér fyrst fram í þinginu um málið. Þó hefur þessi umræða líklega verið minni en gerst hefur í nágrannalöndum, þá ekki síst að því er varðar siðferðislega hlið þessara mála. Mér sýnist af umræðunni í þinginu um málið að það sé í raun langt frá því að vera útrætt af hálfu þingsins. Það vantar talsvert mikið á að menn hafi athugað þetta mál. Það met ég m.a. af framkomnum nál. eins og vert er áður en gengið er endanlega frá löggjöf í þinginu um þetta þýðingarmikla svið. Það ber allmikið á milli að því er virðist hvar draga eigi mörkin og hvaða leikreglur eigi að setja um þessa starfsemi af hálfu löggjafans. Uppi er sú spurning, ekki hér í þinginu að vísu en úti í samfélaginu, hvort það eigi að láta tæknimöguleikana ráða ferðinni. Það fer auðvitað eftir því hvernig við svörum þeirri spurningu hvert við látum berast í þessum efnum. Sú löggjöf sem hér er verið að smíða og frv. bera vissulega vott um að menn vilja setja leikreglur. Ég vil síður en svo draga úr því að það er verið að gera það þótt ég sé ekki að öllu leyti sáttur við þær tillögur sem fyrir liggja.

Það er athyglisvert að það eru í raun tveir meginþættir á ferðinni í þróun þessara mála samtímis, tveir þættir sem eru að nokkru leyti óskyldir en varða þó mjög náið þetta mál. Það er annars vegar tæknifrjóvgunin sem slík, þ.e. aðstoð við frjóvgun, við samruna kynfrumna til að getnaður verði. Það er annar þátturinn. Hins vegar er það kortlagning sem fer fram á erfðaþáttum mannsins og möguleikar sem því eru samfara á að breyta þessum erfðaþáttum. Í gangi er á fullri ferð alþjóðlegt verkefni sem kallað er HUGO, The Human Genome Project. Það er alþjóðlegt rannsóknarátak til að staðsetja einstaka erfðavísa innan erfðaefnis eða litninga mannsins. Þessari kortlagningu miðar hratt fram og henni gæti lokið innan ekki langs tíma. Fyrir utan HUGO-verkefnið vinna fjölmargir aðrir hópar síðan sjálfstætt að því að finna tengsl einstakra sjúkdóma við erfðavísa og að því að staðsetja viðkomandi erfðavísa innan litninga mannsins. Kortlagning erfðaþáttanna gerir þegar kleift að meta vissa áhættuþætti svo sem af völdum sjúkdóma og grípa meðvitað inn í þróunarferlið með aðgerðum á kynfrumum og fósturvísum.

Það sýnir kannski hversu ör þróunin er að í úrklippusafni mínu rakst ég á grein úr New York Times undir fyrirsögninni „Erfðatækni gæti mótað framtíð kynslóðanna". Þetta er fregn af því að það hafi tekist að breyta erfðavísum í kynfrumum músa og þessi fregn er frá nóvember 1994. Síðan er heil grein um þetta og þau fjölmörgu álitaefni sem þetta varðar. Hér er á ferðinni vísindamaðurinn Dr. Ralf Brinster við Pennsylvaníuháskóla og háskólinn sótti auðvitað strax um einkaleyfi á þessari niðurstöðu sem, og það er tekið skýrt fram í greininni, varði innan tíðar stærri dýr en músina og í framtíðinni manninn sjálfan. Þetta tengist spurningunni og möguleikunum á því að grípa inn í erfðavísa mannsins á kynfrumustiginu og síðan einnig í sambandi við fósturvísana, en þó alveg sérstaklega á kynfrumustiginu. Ég vek þá jafnframt athygli á því að það er ekkert kveðið á um rannsóknir á kynfrumum það ég fæ séð í þessu frv.

Þessir möguleikar vísindanna leiða til þess að menn eru að velta fyrir sér hvert þetta muni bera okkur. Er fram undan krafan um stöðlun mannlegra eiginleika? Stöndum við frammi fyrir því sama og í líftækninni að því er varðar dýr og plöntur? Við höfum hér nýlega rætt um erfðabreyttar lífverur og sett lög á Alþingi um þær alveg nýverið. Þetta mál sem við ræðum hér er í raun nátengt því máli, því að maðurinn er sannarlega hluti af þessu sköpunarverki. Menn eru að velta því fyrir sér hvort þeirri kröfu vaxi ásmegin að staðla eða laða fram með erfðabreytingum ákveðna eiginleika, þar á meðal óæskilega erfðavísa sem valda sjúkdómum af margvíslegum toga. En það hefur þegar verið kortlagt samkvæmt HUGO-verkefninu hvar þá er að finna innan litninganna. Og það er ekki ólíklegt að almennt fái slík inngrip inn í erfðaefnið nokkrar undirtektir til þess að koma í veg fyrir það sem menn geta verið sammála um að sé óæskilegt, hvort sem það eru arfgengir sjúkdómar eða einstakir sjúkdómar eða eiginleikar sem leitt geta til sjúkdóma. Þá eru menn komnir þarna í upphafið að því er varðar forvarnir. Menn skulu ekki vísa þessari umræðu frá sem fjarstæðu því hún er á fullri ferð og rannsóknir þar að lútandi. Og hvað er þá langt undan að fram komi einnig krafan um aðra eiginleika, t.d. þá er snerta útlit, þ.e. mælikvarðann á það hvað er fallegt og hvað er ljótt á hverjum tíma að því er varðar væntanlega einstaklinga? Það gæti orðið viðfangsefnið fljótlega upp úr aldamótunum.

Ég tel það vera jákvætt við fyrirliggjandi frumvarp að það vissulega gengur ekki langt í því að heimila rannsóknir af þessum toga, en það gerir jafnframt afar lítið af því að slá varnagla um þá möguleika og tekur t.d. ekkert á spurningunni um rannsóknir á kynfrumum það ég fæ séð. Frumvarpið hafnar einræktun sem er eitt af þessum nýju tækniundrum að því er varðar möguleika, þ.e. að skipta fósturvísum og framleiða þannig einsleita einstaklinga á grundvelli þess. Þessu er hafnað auðvitað með réttu í frv., þ.e. fyrirbærinu sem kallað er cloning á ensku eða erlendum málum og er orðið mögulegt nú fyrir skemmstu vissulega með því að skipta fósturvísum nánast í það óendanlega með kynlausri fjölgun og standa þannig að kynlausri fjölgun sem er orðin kleif tæknilega.

Ég held, virðulegur forseti, að ég þurfi ekki að hafa miklu fleiri orð um það til þess að sýna fram á tengsl þessa sviðs við sviðið um erfðabreyttar lífverur sem við höfum fjallað um allítarlega hér á Alþingi í framhaldi af tillögum þingnefndar þar að lútandi.

Samkvæmt 11. gr. þessa frv. á m.a. að heimila erfðafræðilegar og þá um leið erfðatæknilegar rannsóknir á fósturvísum, sbr. a–d-lið 11. gr. En mér sýnist að það eigi að eftirláta það ráðherrum eða framkvæmdarvaldinu að útfæra þessar reglur frekar eins og margar aðrar. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að þingið geri atrennu að því að settar verði reglur um þessar rannsóknir, allt þetta rannsóknarsvið. Ég mun eftir atvikum hafa frumkvæði að því hér í þinginu að sú vinna verði hafin. Það er eðlilegt að framkvæmdarvaldið hafi forgöngu um þá vinnu og ætti það auðvitað að fylgja því frv. sem hér liggur fyrir en svo er því miður ekki.

Ég ítreka, hvað snertir rannsóknir á kynfrumum, að menn hafa ætlað sér að skilja við það svið sem eyðu, kveða ekkert á um það og setja engar takmarkanir þar að lútandi.

Ég fagna því, virðulegur forseti, að hæstv. dómsmrh. sem ber mál þetta fram er hér viðstaddur til að hlýða á umræðuna. Það skiptir auðvitað miklu og ekki síst í sambandi við þetta sem ég nefndi hér áðan, þ.e. þörfina á því að fara yfir rannsóknir sem snerta þetta svið í miklu víðara samhengi en gert er með fyrirliggjandi frv.

Ég vil þá aðeins koma að öðrum þætti og færa mig nær því sem margir mundu telja að væri kjarni þessa fyrirliggjandi frv., þ.e. tæknifrjóvgun sem úrlausn við ófrjósemi. Ég hef ekki fundið beina lagastoð fyrir því að skilgreina ófrjósemi sem sjúkdóm, en í reynd hefur verið haldið á því máli að sú virðist vera túlkun framkvæmdarvaldsins að ófrjósemi, hindrun gagnkynhneigðra einstaklinga að eignast afkvæmi, sé metin sem sjúkdómur. Ég tel raunar að einhliða skilgreining af þeim toga orki tvímælis. Afstaða til þessa álitamáls getur skipt máli við mat á þessu frv. og þeim reglum sem menn telja rétt að innleiða. Vissulega getur ófrjósemi verið afleiðing sjúkdóms í ýmsum tilvikum, en hún getur líka verið líffræðileg hindrun af öðrum toga sem ekki er sjálfgert að meta sem sjúklega. Í náttúrunni er það ekkert sjálfgefið, virðulegur forseti, að tveir einstaklingar af karl- og kvenkyni geti af sér afkvæmi. Hindrun gegn tímgun gagnkynhneigðra einstaklinga getur ekki talist út af fyrir sig ónáttúrulegt fyrirbæri og þarf ekki að vera afleiðing sjúkdóma í venjulegri merkingu, þótt sú geti verið ástæðan eins og ég hef þegar tekið fram.

En þá kemur spurningin, virðulegur forseti. Hvar á að draga mörkin að því er varðar tæknifrjóvgun, ef við viljum á annað borð hafa hömlur? Eftir að hafa hugleitt þetta efni frá ýmsum hliðum tel ég eftirfarandi meginreglu farsælasta út frá heildarhagsmunum og þá ekki síst með hagsmuni barnsins í huga, þ.e. að tæknifrjóvgun verði bundin við fólk í sambúð sem leggur fram eigin kynfrumur til frjóvgunar. Og viðleitnin verði í framhaldi af því að stuðla að því að það beri ávöxt. Þetta þýðir að gjafakynfrumur koma þá ekki við sögu og þar með ekkert af þeim flóknu vandamálum sem slíku fylgja siðferðilega, tilfinningalega, félagslega og lögfræðilega. Spurningin um leynd eða ekki leynd á uppruna barns kemur þá ekki við sögu þar eð kynfrumurnar eru frá sambúðarfólki, þeim sömu og leita aðstoðar, að eigin frumkvæði að sjálfsögðu.

Ég vil aðeins víkja hér, virðulegur forseti, að umsögnum allshn. sem snerta þetta mál. Mér finnst satt að segja að umsögn meiri hluta allshn. sniðgangi þýðingarmikla þætti sem nefndinni bárust frá stofnunum sem eðlilegt er að mark sé tekið á, ekki síður en öðrum. Ég fór ekki að kynna mér þessar umsagnir fyrr en núna eftir að málið kom til umræðu og eftir að ég hafði mótað mínar tillögur. En ég rakst þó fljótlega á það að þar er að finna í vissum tilvikum eindreginn stuðning við þá stefnu sem hér er reifuð af þeim sem hér talar. Þessa sér, eins og ég sagði, lítinn stað í nefndarálitum og gildir það vissulega um fleiri álit en álit meiri hluta allshn. Ég leyfi mér því að kynna hér nokkur atriði úr þessum umsögnum með beinum tilvitnunum, með leyfi forseta. En ég mun halda því innan vissra marka og ekki teygja það lengra en efnið snertir.

Ég tek þá fyrst umsagnir Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands sem í tvígang hefur sent umsögn um þetta efni. Ég gríp fyrst niður í þá sem nýrri er og skráð er 22. jan. 1996 frá Siðfræðistofnun og undirrituð af þremur fulltrúum stofnunarinnar dags. 18. jan. 1996. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur tækni á sviði lífvísinda fleygt fram og gert mönnum kleift að ráða betur en áður við ýmsar þær ógnir sem steðja að lífi manna og heilsu. En tæknivæðingin hefur jafnframt skapað erfið siðferðileg úrlausnarefni; margt af því sem hægt er að gera orkar tvímælis frá siðferðilegu sjónarmiði eða er beinlínis rangt. Þessi tvíbentu einkenni tæknivæðingarinnar birtast vel í því efni sem hér er til umræðu. Því ber að fagna að fólk sem á við ófrjósemisvanda að stríða eigi þess nú kost að eignast barn fyrir tilverknað tæknifrjóvgunar. Þegar báðar kynfrumur eru komnar frá parinu er ekkert nema gott um þetta að segja. Því er hins vegar er ekki að leyna að um leið og farið er út fyrir þetta samband — barn getið með gjafakynfrumu eða önnur kona fengin til að ganga með barnið, svo dæmi séu tekin — rísa erfið siðferðileg úrlausnarefni. Þegar þau eru metin verður einkum að taka mið af hagsmunum þeirra barna sem í hlut eiga. Við teljum að ef einhverjar líkur séu á því ...“ — ég vek athygli á orðalaginu — „... að ef einhverjar líkur séu á því að hagsmunum þeirra ...“, þ.e. barnanna, „... sé teflt í tvísýnu með þeim heimildum sem þetta frv. felur í sér þá beri að hafna þeim.“

Síðan er vitnað í umsögninni til athugasemda með lagafrumvarpinu þar sem fram er tekið sérstaklega að þyngst hljóti að vega hagsmunir barnsins sem forsenda. En er þessu leiðarljósi fylgt í frv. og í tillögum sem fyrir liggja af hálfu hv. allshn.? Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vefengja að svo sé.

Siðfræðistofnun rökstyður frekar sitt mál og bendir sérstaklega á þrjú atriði sem benda til þess að lagafrumvarpið taki ekki nægilegt mið af þessari staðhæfingu um forgang fyrir barnsins hönd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi vekjum við athygli á því að kynfrumugjöf verður heimiluð. Við erum mótfallin því að heimila að börn séu getin með kynfrumum sem fengnar eru frá öðrum en verðandi foreldrum og barnið getur ekki myndað tengsl við. Þar með er skipulega og vísvitandi verið að slíta sundur þá líffræðilegu, siðfræðilegu og félagslegu þætti sem samofnir eru í foreldrahlutverkinu. Því færri undantekningar sem veittar yrðu frá meginreglunni, að einungis megi nota kynfrumur parsins við tæknifrjóvgun, því færri börn þyrftu að takast á við þann tilvistarvanda sem tæknifrjóvgun kann að hafa í för með sér.

Í öðru lagi, ef farin verður sú leið að leyfa notkun kynfrumna, leggjum við til að þannig verði búið um hnútana að einstaklingurinn sem getinn er með þessum hætti eigi þess kost að fá allar þær upplýsingar um uppruna sinn sem til eru. Meginrökin fyrir þessari afstöðu er að rangt sé með lagasetningu eða leynd að girða fyrir þann möguleika að einstaklingur geti leitað upplýsinga um sjálfan sig sem aðrir búa yfir. Til að auðvelda foreldrum að leysa þau vandkvæði

er því kann að fylgja að segja barni sannleikann um tilurð sína, mælum við með því að þeim verði gefinn kostur á foreldraráðgjöf.

Í þriðja lagi teljum við nauðsyn á því að setja sem fyrst löggjöf um tilhögun vísindarannsókna á mönnum, fóstrum og fósturvísum. Á meðan slík lög eru ekki til er hætt við að ekki verði nægjanlegt aðhald og eftirlit með þeim rannsóknum sem frv. heimilar."

Ég læt þessa tilvitnun nægja í síðara álit Siðfræðistofnunar en ráðlegg hv. þm. sem ekki hafa þegar kynnt sér þessi álit að fara yfir þau bæði, einnig ítarleg álit varðandi einstakar greinar frv.

Þá vil ég nefna umsögn Barnaverndarráðs Íslands sem hnígur í alveg sömu átt. Þar segir, m.a. eftir að rakin hafa verið ýmis vandkvæði sem vikið er að í frv. sjálfu, með leyfi forseta:

„Allt er þetta vel athugað og mikilvægt frá barnaverndarsjónarmiði. Vandinn er hins vegar sá að þessara viðhorfa, sem sett eru fram í athugasemdum tæknifrjóvgunarnefndar við frv., gætir að mínu mati ekki nægilega vel í frv. sjálfu. Þar er tekin sú afstaða að heimila annað hvort gjafasæði (A-gerð frv.) eða bæði gjafasæði og gjafaegg (B-gerð frv.)." Það er sú sem varð ofan á að flytja hér inn í þingið. — „Ekki er að sjá af frv. að slíkt verði einungis heimilað í undantekningatilvikum ..." — Og á því vek ég sérstaklega athygli, virðulegur forseti, vegna þess að ég met málið einnig hliðstætt, með sama hætti. — „... því heimildir til notkunar gjafakynfrumna eru tiltölulega rúmar (sbr. 5. gr. og 6. gr.). Og þrátt fyrir ábendinguna um þörf barna til að þekkja uppruna sinn er engin ákvæði að finna í frv. sem tryggðu að þeirri þörf yrði fullnægt. Þvert á móti virðist gert ráð fyrir því að upplýsingum um gjafa verði haldið leyndum.

Frá barnaverndarsjónarmiði virðist mér réttast að taka þá afstöðu að einungis eigi að heimila tæknifrjóvgun þar sem kynfrumur parsins eru notaðar. Rökin fyrir því eru að þegar gjafakynfruma er notuð eru líkur á því að hagsmunum barnsins sé teflt í tvísýnu. Ef barn er getið með gjafakynfrumu koma þrír kostir til greina um það hvernig staðið væri að því að upplýsa barnið og er enginn þeirra góður."

Síðan er í álitinu farið yfir þessa kosti sem enginn er góður frá sjónarmiði barnsins að dómi umsagnaraðila. Síðan segir í áliti Barnaverndarráðs Íslands:

„Það er sama hvaða kostur er tekinn; í öllum tilvikum er hagsmunum barnsins stefnt í hættu. Það eitt virðast mér vera nægilega sterk rök gegn því að þjóðfélagið heimili skipulega tæknifrjóvgun með gjafasæði eða gjafaeggi."

Þetta er ítrekað í endurnýjaðri umsögn Barnaverndarráðs til nefndarinnar dags. 11. jan. 1996 og vísað í hina fyrri umsögn.

Þá vek ég, virðulegur forseti, athygli á umsögn siðanefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um þetta mál, sem gerð var í janúar 1995 varðandi frv. sem þá lá fyrir þinginu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tæknifrjóvgun, ekki síst með gjafakynfrumum, getur haft víðtæk áhrif á sjálfsmynd og sálarlíf þeirra sem verða til með þessum hætti. Ekkert er í raun vitað um þau áhrif sem þessir einstaklingar og fjölskyldur þeirra verða fyrir þegar fram líða stundir. Því liggur beinast við að spyrja hversu langt á að ganga í tæknilegum úrræðum á ófrjósemi?

Gjöf sæðisfrumna er leyfð í útgáfu A bæði við tæknisæðingu og glasafrjóvgun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, enda hefur tæknisæðing með erlendu gjafasæði verið stunduð hér á landi á annan áratug. Erlendis eru sæðisbankar orðnir að veruleika. Í dag er því erfitt að mæla gegn slíkri meðferð."

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að rökin fyrir því að fallast á tæknisæðingu eru helst þau af hálfu siðanefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að það er búið að stunda þetta í reynd um lengri tíma hér á landi. En annars er í raun verið að vísa henni frá eða að minnsta kosti að vara við henni. Nú kemur framhald í tilvitnun siðanefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, með leyfi forseta:

„Það þýðir þó ekki að siðferðilega sé slík meðferð í góðu lagi bara vegna þess að tæknilega sé hún framkvæmanleg. Hafa verður í huga hugsanlegar afleiðingar meðferðarinnar á mannhelgi og hættu á misnotkun.

Þó svo gjafasæði hafi verið þegið hér á landi um margra ára skeið getur siðanefndin ekki fallist á að einnig eigi að leyfa eggfrumugjöf. Slíkt býður hættunni sem stafar af hinum tæknilega heimi enn frekar heim. Líffræðilega, siðferðilega og félagslega er of mikið í húfi."

Síðan er þetta nánar rökstutt í ítarlegu áliti frá siðanefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þar segir m.a. um 3. gr., með leyfi forseta:

„Það er því álit siðanefndar að ákvörðunarvald í þessum efnum [þ.e. varðandi tæknifrjóvgun] verði fengin þverfaglegri nefnd. Hún ynni eftir ákveðnum reglum, settum af ráðherra. Í nefndinni færi fram læknisfræðileg, siðferðileg og félagsleg umræða, m.a. með tilliti til uppeldisaðstæðna barnsins. Hagsmunir barnsins hljóta að vega þyngst í þessari ákvarðanatöku."

Hvar er þessi nefnd? Hvar er þessi þverfaglega nefnd? Hana er hvergi að finna í þessu frv. Þar er það læknirinn, sérhæfðir læknar sem eiga að taka ákvarðanir án íhlutunar annarra. Ég vil koma því hér að, virðulegur forseti, að verði sú tillaga sem hér er flutt ekki að niðurstöðu þingsins, þ.e. sú breytingartillaga sem ég flyt við frv., þá sé ég mig knúinn til þess við 3. umr. málsins að taka þessi efni sérstaklega upp, þ.e. um það hver hefur ákvörðunarvaldið að því er varðar tæknifrjóvgun. Vegna þess að ég tel óhjákvæmilegt ef viðhaldið verður heimildum til að nota gjafakynfrumur að þá komi þar fleiri við sögu en sérfræðingar í þröngri merkingu þess orðs. Og það verði tekið undir þau sjónarmið sem siðanefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga mælir með að þverfagleg sýn til mála komi við sögu.

Það væri hægt að leita lengra, virðulegur forseti, en ég vek athygli á því að þetta eru þær umsagnir sem taka hvað eindregnast undir þau sjónarmið sem ég hef fært í búning breytingartillögu við frv., en ég tel líka að komið hafi frá aðilum sem hafa augun sérstaklega á því sem frumvarpshöfundar taka fram í greinargerð að eigi að vega þyngst, þ.e. hagsmunum barnsins. En ég vek líka athygli á því að það virðist ekki hafa farið fram mikil eða ítarleg umræða hjá þeim sem mótuðu frv. um þessi efni, um þessar alvarlegu ábendingar þeirra sem ég hef vitnað hér til í ræðu minni. Ef marka má fundargerð svokallaðrar tæknifrjóvgunarnefndar þar sem um umsagnir er fjallað mánudaginn 25. sept. 1995 í fundarsal ráðuneytsins, væntanlega dómsmrn., þá segir t.d., virðulegur forseti, um umsögn Barnaverndarráðs Íslands, með leyfi forseta: „Umsögn Barnaverndarráðs Íslands þótti ekki gefa tilefni til breytinga á frumvörpunum."

Og um umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands er bókað, með leyfi forseta: „Engar ákvarðanir voru teknar af tilefni þeirrar umsagnar, en Jón Hilmar Alfreðsson lagði

fram tillögu um að bætt yrði í greinargerð með frumvörpunum nánari umfjöllun um rannsóknir á fósturvísum o.fl. og var sú tillaga samþykkt." Bætt yrði í greinargerð með frumvörpunum. Það voru undirtektirnar þarna. Ég veit að vísu ekki hvort fjallað hafi verið um það á fleiri fundum því ég hef ekki aðra fundargerð undir höndum en þessa að því er varðar umfjöllun um þessar þýðingarmiklu umsagnir.

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að í umsögn Kvenfélagasambands Íslands frá 23. jan. 1995 segir svo, með leyfi forseta:

„Hjá Kvenfélagasambandi Íslands eru skiptar skoðanir í sambandi við tæknifrjóvgun hvort heimila eigi gjöf kynfrumna og þá sérstaklega eggfrumna. Stjórn Kvenfélagasambandsins telur sig því ekki eins og er geta tekið afstöðu til þessara tillagna."

Á yfirstandandi þingi var leitað aftur til Kvenfélagasambandsins og þá veita umsögn þrjár konur sem skipa nefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um mál sem Alþingi sendir til umsagnar þannig að öllu sé til skila haldið. Sú nefnd mælir með frv. efnislega þannig að með þeim hætti liggur fyrir umsögn af hálfu Kvenfélagasambands Íslands. Ég held ég rjúfi engan trúnað þó að ég geti þess að forseti Kvenfélagasambandsins hefur sagt mér að það séu sannarlega skiptar skoðanir um þetta efni í röðum þess stóra sambands, og þá um þau efni sem ég hef gert hér sérstaklega að umtalsefni í minni ræðu. Og það út af fyrir sig þarf ekki að undra neinn í stórum samtökum eins og þar um ræðir.

Ég vil, virðulegur forseti, nefna það að frá kvennadeild Landspítalans er erindi að finna undirritað af fimm körlum, sérfræðingum, þann 4. apríl 1996, tiltölulega nýlegt, vegna frv. til laga um tæknifrjóvgun. Þetta er erindi sent allshn. þar sem fram kemur að möguleikum til árangurs með hefðbundinni aðferð, án þess að til komi glasafrjóvgun, þ.e. möguleikum tæknisæðingar fleygi fram. Mig minnir að formaður allshn. hafi í framsögu sinni vitnað í þetta erindi. Ég leyfi mér þó að gera það hér í samhengi ræðu minnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú er það sem betur fer svo að framfarir í ófrjósemismeðferð hafa dregið verulega úr þörfinni á notkun gjafasæðis. Hér á landi höfum við í nokkur ár stundað glasafrjóvgun sem hjálpar mörgum sem áður hefðu þurft á tæknisæðingu með gjafasæði að halda. Smásjárfrjóvganir munu hjálpa enn fleirum. Við vitum einnig að engir fagna þessum nýjungum innilegar en fólkið sjálft og það velur þessar leiðir þótt þær séu margfalt dýrari en tæknisæðingin. Reynslan erlendis sýnir enn fremur að tilkoma smásjárfjóvgana leiðir til mikillar fækkunar tilfella þar sem þörf er á gjafasæði."

Þetta eru athyglisverðar upplýsingar og sjónarmið sem koma fram í þessu nýlega áliti sérfræðinga kvennadeildar Landspítalans. Þar vísa þeir til þess að möguleikarnir á árangri án þess að nota gjafasæði fleygi fram.

Virðulegur forseti, ég vil undirstrika það mat mitt að það sé ekki horft nægilega til hagsmuna barna í upphaflegu frv. og ekki heldur í tillögum sem fram hafa komið frá hv. allshn. þrátt fyrir góð orð um að hagsmunir barnsins eigi að vega þyngst. Ég tek eftir því að í umræðu erlendis eins og t.d. í Svíþjóð virðist svipað upp á tengingnum. Þeir sem þurfa sérstaklega að horfa til hagsmuna barna vara við þeirri stefnu sem uppi er í sambandi við tæknifrjóvgun þar sem gripið er til gjafakynfrumna. Reyndar er líka bent á ýmsar afleiðingar sem ég ætla ekki að fara frekar út hér í sem varða meðgöngu og fæðingu. Það þekkja þeir sem kynna sér hvernig framkvæmd þessara mála hefur reynst þótt ekki sé dregið í efa að allt sé gert til að gera það allt sem bærilegast. En þar er ýmislegt sem ekki reynir á við náttúrulegan getnað og náttúrulega fæðingu, svo ég leyfi mér að nota þau hugtök í þessu samhengi.

Meðal annars af þessum ástæðum eins og ég hef þegar vikið að, virðulegur forseti, tel ég ekki rétt að læknar sem sérfræðingar séu jafnráðandi um þróun þessara mála og verið hefur og gert er ráð fyrir með frv. Það er æskilegt að fleiri komi þar að máli, bæði um stefnumótun og varðandi rannsóknir um val á aðferðum og um ákvarðanir um tæknifrjóvgun, alveg sérstaklega ef gert er ráð fyrir gjafakynfrumum í þeim mæli sem frv. og tillögur meiri hluta allshn. gera ráð fyrir. Það ber líka að hafa í huga, virðulegur forseti, að tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum skilar ekki árangri í nærri því öllum tilvikum. Þar vantar mikið á, eins og raunar kemur fram í grg. með frv. Úr því má lesa að tæpur helmingur þeirra kvenna sem fengu tæknisæðingu hérlendis til ársloka 1993 urðu þungaðar. Í glasafrjóvgunartilraunum íslenskra para sem leituðu til Englands árið 1987 til 1991 bar það árangur í aðeins fjórða hverju tilviki, $^3/_4$ fengu ekki úrlausn. Á Landspítalanum, þar sem árangur hefur þó orðið betri í glasafrjóvgun en var á Englandi á tilvitnuðum tíma, skiluðu glasafrjóvgunartilraunir á tímabilinu 1991 frá hausti til miðs árs 1994 árangri í aðeins um þriðjungi tilvika, 200 af 600. Og menn ættu að hafa í huga það álag og þá áraun sem það fólk gengst undir sem leitar þessara úrræða. Og þessi áraun er að mínu mati mun þyngri ef um gjafakynfrumur er að ræða vegna þeirra þátta sem því tengjast. Meðal annars með það í huga hef ég lagt til að takmarka tæknifrjóvganir við kynfrumur hinna líffræðilegu foreldra. Það er því, virðulegur forseti, langt í einhverjar 100% lausnir í þessum málum, sama hvaða aðferð er beitt, þó vafalaust megi ná mun lengra þegar gripið er til gjafakynfrumna til viðbótar en ef menn takmarka sig við tæknifrjóvgun hjá sambúðarfólki einvörðungu. Það vil ég út af fyrir sig ekki vefengja. Ávinningurinn af því að takmarka tæknifrjóvgunarmeðferð við líffræðileg foreldri tel ég augljósan út frá félagslegum og siðfræðilegum sjónarmiðum. Það er því ekki aðeins réttlætanlegt að draga slíka markalínu í löggjöf heldur er hún jafnframt sú eina sem unnt er að stöðva sig á til lengri tíma litið, vilji menn hafa einhverja stjórn á tækninni sem þegar býðst eða er í sjónmáli.

Ég hef, virðulegur forseti, af þessum ástæðum leyft mér á þskj. 884 að leggja fram brtt. sem ég hef mælt fyrir með ræðu minni því meginefnið hefur komið þar fram. Og þar er eingöngu um að ræða breytingu að því er snertir að takmarka tæknifrjóvgun við líffræðileg foreldri og kynfrumur þeirra en notkun gjafakynfrumna verði ekki heimiluð. Aðrar breytingar á þskj. eru eingöngu til að laga frv. að því máli. Við öðru er ekki hróflað viðvíkjandi efnislegu máli þótt ég teldi að þar þyrfti ýmislegt að vera fyllra en er í frv. Ég hef þegar nefnt atriði sem ég tel óhjákvæmilegt að taka upp til frekari umræðu ef ekki verður fallist á þau sjónarmið sem ég mæli hér fyrir að því er varðar þá sem koma að ákvörðunum og stefnumótun í þessu máli.

Ég vil, virðulegur forseti, biðja hv. þingmenn að fara yfir þessi mál opnum huga áður en afstaða er tekin til fyrirliggjandi tillagna í þinginu. Fái þessi brtt. ekki nægilegan stuðning mun ég að sjálfsögðu skoða málið í ljósi þess eins og ég hef þegar getið um. Ég kynnti þær hugmyndir sem hér hafa verið reifaðar í þingflokki Alþb. og legg þessa tillögu mína hér fram með samþykki þingflokksins en tek það skýrt

fram að þar er enginn fyrir fram bundinn af stuðningi við þá tillögu utan sá sem hér talar.

Í málum sem þessum, virðulegur forseti, þar sem siðferðilegar mælistikur eru uppi og mat á framtíðarþróun kemur mikið við sögu hlýtur hver og einn að líta í eigin barm.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[18:10]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er þeirrar skoðunar að kynfrumugjöf skuli ekki heimiluð. Það er í sjálfu sér skoðun út af fyrir sig og ég er henni andvíg. Það þarf frjálslynda hugsun til þess að samþykkja kynfrumugjöf, ég viðurkenni það. Ég vil líta til þess fólks sem getur ekki eignast börn vegna sjúkleika, vegna ófrjósemi. Ég vil að því fólki sé hjálpað. Ég geri ekki lítið úr hagsmunum barnsins sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafafrumum. Það eru allar líkur á því að það barn verði hamingjusamt og njóti ástúðar þeirra foreldra sem þráð hafa að eignast barn og nútímatækni hefur gert þeim það kleift. Þá vil ég að það komi fram í þessu sambandi að ég er hlynnt nafnleynd við gjöf á kynfrumum. Ég styð þó tillögu meiri hluta hv. allshn., og er reyndar einn af flm. hennar, þar sem það er gert valkvætt hvort foreldrar velja nafnleynd eða ekki. Meginreglan mun hins vegar verða sú að nafnleynd verður viðhöfð þar sem kynfrumur án nafnleyndarákvæðis verða vandfengnar hér á landi, þ.e. verði brtt. meiri hluta hv. allshn. samþykkt. Þetta er skoðun allra þeirra sem til þessara mála þekkja.

[18:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst raunar ekki hógværð eða lítillæti einkenna málflutning formanns þingflokks Framsfl. í þessu máli. Virðulegur þingmaður komst svo að orði, eins og menn heyrðu, að hennar málflutningur og þau sjónarmið sem hún túlkaði væri skoðun allra þeirra sem til þekkja. Það var nú ekkert minna. Hvað um nágranna okkar sem ég veit að hv. þm. þekkir til í Noregi og Svíþjóð? Hvernig stendur á því að þeir hafa valið í sinni löggjöf aðrar leiðir? Síðast í Noregi 1994. Þar er hvorki heimilað að nota gjafakynfrumur við glasafrjóvgun, hvorki sæði né egg. Og er nú skaði að formaður allshn. er ekki viðstaddur til að hlýða á þessa athugasemd. Það hefur verið dregin fjöður yfir þá staðreynd að í norsku lögunum, gr. 2.10, er skýrt tekið fram að við frjóvgun utan líkama verði hvorki heimiluð gjafasæði né gjafaegg. Hið sama er uppi í Svíþjóð í löggjöfinni sænsku. Að vísu hef ég ekki lagatextann fyrir framan mig, virðulegur forseti, en ég treysti þeim upplýsingum sem þar hafa komið fram um það efni. Nákvæmlega sama er þar uppi. Í glasafrjóvgun er eingöngu miðað við kynfrumur hins líffræðilega foreldris. Hvers konar upplýsingar eru það sem formaður þingflokks Framsfl. fer síðan að draga hér fram og segir að sé allra sem til málsins þekkja? Og gefur þar með til kynna að sá sem hér talar hafi ekki kynnt sér málið. Ég held að hv. þm. ætti aðeins skoða efnið betur og minnast þess líka í sambandi við nafnleyndina, sem ég hef út af fyrir sig ekki tekið afstöðu til, að í sænskri löggjöf er a.m.k. ekki gert ráð fyrir nafnleynd í sambandi við gjöf kynfrumna.

[18:15]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir það að Norðmenn hafi þótt nokkuð íhaldssamir á ýmsum sviðum og m.a. í sambandi við mál sem þessi sem varða siðferðilegar spurningar, þá er sæðisgjöf heimil í Noregi en reyndar er egggjöf ekki heimil samkvæmt upplýsingum sem ég hef. Það er ekki heimilt að fá eggkynfrumu að gjöf samkvæmt þeim lögum sem þar hafa nýlega verið samþykkt. Þetta er samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum. Af því að hv. þm. nefndi Svíþjóð, þá var það svo fyrir nokkrum árum að nafnleynd á kynfrumugjöfum var aflétt og það hafði það í för með sér að það dró mjög úr kynfrumugjöfum. Svíar hafa því lent í vandræðum og hafa sótt verulega til Danmerkur til þess að fá kynfrumur með nafnleynd. Ég efast ekkert um það, þó við séum ekki fyrst og fremst að tala um nafnleynd, ég og hv. þm., að ef sú stefna yrði tekin hér að nafnleyndin yrði ekki lengur til staðar þá yrði það þannig í framkvæmd að konur mundu fyrst og fremst fara til Danmerkur til að fá þá þjónustu sem þar er boðið upp á, með nafnleynd. Þetta er nú það sem við höfum fengið upplýsingar um í hv. allshn. og ég get tekið það fram eins og hv. þm. að þegar ég tala hér þá tala ég ekki fyrst og fremst sem formaður þingflokks framsóknarmanna heldur sem þingmaður.

[18:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. sem nefndarmaður í allshn. þyrfti að skoða fræðin betur. Og ég held að það gildi um marga fleiri í hv. þingnefnd sem hafa gengið á tiltölulega léttum skóm yfir þær umsagnir sem ég vitnaði til varðandi álitaefnin. Ég þarf ekki að ræða nafnleyndarmálið við hv. þm. Það er ekki í því sem ég er að leggja til í þessu sambandi. Þar reynir ekki á nafnleyndarákvæði vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir því að um gjafakynfrumur sé að ræða. Ég hef ekki kveðið neitt upp úr um afstöðu til þess atriðis. Það tel ég minna atriði, þó það sé mikilsvert út af fyrir sig ef innleidd er kynfrumugjöf hvernig á því er haldið. Ég vil leyfa mér að lesa, virðulegi forseti, á norskri tungu sem ég hef nú ekki alveg á valdi mínu en leyfi mér að vitna til vegna þess að hv. þm. er að vefengja hér sem nefndarmaður í allshn. þingsins að ég fari með rétt mál. Það stendur í þessum norsku lögum nr. 56 frá 5. ágúst 1994 varðandi Vilkår for befruktning utenfor kroppen. Er það ekki glasafrjóvgun? „Befruktning utenfor kroppen kan bare finne sted når kvinnen eller mannen er befruktningsudyktig eller ved uforklarlig befruktningsudygtighet." Síðan stendur: „Slik behandling kan bare utføres med parets egne egg- og sædceller." Með parets egne egg- og sædceller. Ég reyni að þýða þetta: Slíka meðhöndlun er aðeins hægt að hafa við með eigin egg- og sæðisfrumum parsins. (**VS:** Ég var ekki að tala um þetta.) Þetta var hv. þm. að tala um hér og sagði að í Noregi væri eingöngu bann við að gefa eggfrumur en sæðisfrumur væri heimilt að gefa. Það var það sem þingmaðurinn sagði.

[18:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að í þessum efnum þyrfti hver maður að líta í sinn eigin barm. Ég þarf ekki að horfa til sósíaldemókratíska vina minna á Norðurlöndunum til þess að komast að minni eigin niðurstöðu. Þetta mál er nánast allt siðferðilegt og siðfræðilegt jarðsprengjusvæði. Mér þótti hv. þm. takast vel upp að ýmsu leyti þegar hann var að reifa hér ýmis siðferðileg álitaefni. Ég var ekki sammála öllum niðurstöðum hans og ekki þeirri sem mestu skiptir. Ég komst, eftir að hafa skoðað minn eigin huga, að annarri niðurstöðu en hann. En það má vel vera að þar skipti miklu máli mín eigin reynsla og reynsluheimur

vegna þess að ég þekki þetta af annarri raun heldur en hv. þm.

En áður en ég kem að því, herra forseti, þá tók ég eftir því að hv. þm. fjallaði um ýmis siðferðileg álitaefni sem tengdust erfðafræðilegum rannsóknum. Hann taldi að því er mér fannst að frv. tæki ekki nægilega vel á rannsóknum á fósturvísum. Ég er honum ekki sammála um það. Hann benti á að sömuleiðis væri lítið fjallað um rannsóknir á kynfrumum en ég tek eftir því að hans eigin breytingartillögur taka ekki á þessu vandamáli. Þegar hann kom hins vegar að því að túlka það hvernig hann komst að niðurstöðu sinni um það að einungis mætti nota eigin kynfrumur parsins, þá fannst mér honum bresta röksemdafærslan. Ég velti því fyrir mér hvort skýringarinnar kunni að vera að leita í því að í upphafi máls þegar hann var að tala um erfðafræðilegar rannsóknir, þegar hann var að tala um hina nýju veröld sem Aldous Huxley lýsti einu sinni. Er það staðan sem hann óttast? Hefur hann ekki meiri trú á mannkyninu en svo að hann heldur að við munum, vegna þessarar tækni, fara að vasast í okkar eigin erfðum og búa til fólk, jafnvel með staðlað útlit? Þetta taldi hann að kynni að verða jafnvel upp úr aldamótunum. Er það ástæðan? Ég velti því fyrir mér.

Hann sagði réttilega að hagsmunir barnsins ættu að skipta miklu máli. En veltum því fyrir okkur hvert hans eigin tillaga leiðir okkur. Samkvæmt henni verður e.t.v. í langflestum tilvikum ekkert barn til vegna þess að það má ekki nota gjafakynfrumur. Hvernig geta þau sem ekki geta eignast barnið gætt hagsmuna þessa sama barns í slíku tilviki? Það er auðvelt að uppfylla skilyrði sem þessi vegna þess að barnið verður aldrei til. Það þarf aldrei að gæta hagsmuna þess.

[18:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrri þáttinn sem hv. þm. vék að, þ.e. spurningunni um rannsóknir, þá gerði ég ekki breytingartillögur í frv. um að ítarlega verði tekið á því máli. Ég gerði það ekki. En ég boðaði hér að ég mundi beita mér fyrir því ef þörf væri á að af þingsins hálfu eða ríkisstjórnar yrðu mótaðar ítarlegar og nauðsynlegar tillögur um það hvernig á slíkum málum verði haldið, bæði að því er varðar kynfrumur og fósturvísa og marga fleiri þætti sem tengjast þessum málum.

Varðandi þá stefnu sem ég geri að minni tillögu hér, þá telur hv. þm. að hún leysi lítinn vanda, að það sé lítill sannfæringarkraftur á bak við það. Ég minni á að í forsendum frv. er talað um að hagsmunir barnsins, þess barns sem getið verður í kjölfar tæknifrjóvgunar, skuli vega þyngst. En það endurspeglast ekki í frv. sjálfu, því miður. Það er nú lógík sem er kennd við aðra dýrategund en manninn að það þurfi að horfa á málin út frá því að það verði ekkert barn til. Það sé engra hagsmuna að gæta. Er það svo að frumvarpshöfundar séu að tala fyrir einhverju sem ekki kemur í heiminn þegar talað er um hagsmuni barnsins, að það skuli vega þyngst? Að þeir hagsmunir skuli vega þyngst. Ætli sé ekki verið að tala um þau börn sem eru afurð tæknifrjóvgunar. En ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að fjöldinn er líka takmarkaður hvaða aðferðum sem beitt er. Þó að menn grípi til allra þeirra tæknilausna sem völ er á, þá hefur það ekki skilað, hvorki með glasafrjóvgun eða tæknisæðingu, meiri árangri en ég vitnaði til. Ég held að menn eigi að draga hér skýra markalínu og einbeita sér að því að ná árangri samkvæmt henni og hætta sér ekki út á það hála svell sem frv. mun ella bera menn út á.

[18:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að reyna að feta mig eftir hinum rökfræðilega hugsanagangi hv. þm. Ég var ekki að reyna að skynja hvað lá að baki smíð frumvarpshöfunda. Við erum að ræða það sem hv. þm. sagði sjálfur, ítrekaði margsinnis og hafði ekki bara eftir höfundum frv., að það væru hagsmunir barnsins sem ætti að hugsa hvað mest um. Hvaða leið fer hv. þm. að því marki? Hann fer þá leið að segja að það eigi einungis að heimila glasafrjóvgun í því tilviki að notaðar séu kynfrumur parsins. Það er auðvitað alveg ljóst að það eru litlar líkur á því að úr slíku verði til okfruma, úr slíku verði getnaður. Fólk leitar þessarar tækni vegna þess einmitt að viðkomandi pari hefur ekki tekist að eignast barn með náttúrulegum aðferðum. Menn koma hérna og tala af sannfæringarkrafti eins og hv. þm. um að þetta sé allt til þess að gæta hagsmuna barnsins. En leiðin sem hv. þm. leggur til er þess eðlis að það eru afskaplega litlar líkur til þess að það verði nokkurn tímann til eitthvað barn sem hægt er að gæta hagsmuna fyrir. Mér finnst þetta því ekki rökrétt og hv. þm. finnst mér staðfesta það að hann er kominn út á rökfræðilega hálan ís þegar hann fer að tala um það að hvort eð er verði fá börn til með tæknisæðingu þar sem verið er að gefa sæði eða við hina hefðbundnu glasafrjóvgun. Mér finnst þetta benda til þess að hv. þm. sé ekki alveg fullkomlega sannfærður um sína eigin rökfræði í þessu máli. Mér finnst hún leiða til niðurstöðu sem ég er algjörlega ósammála og ég skynja ekki alveg hinn hreina rökfræðilega gang í hugsun hv. þm. í þessu efni.

[18:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti nú þess von að hv. þm. reyndi að horfa á þessi mál út frá víðara sjónarhorni en virðist vera. Þegar gert er mikið úr því að ekki fáist lausnir án gjafakynfrumna, þá vitnaði ég til nýlegs álits fimm sérfræðinga frá kvennadeild Landspítalans sem taka það fram að einmitt þörfin á gjafasæði fari minnkandi vegna þess að möguleikarnir til þess að ná árangri með frjóvgun með kynfrumum parsins fari vaxandi og vitna þar m.a. til smásjárfjóvgana. Hitt liggur fyrir og þarf ekki minn rökstuðning eða málflutning til, að hægt er að sjá takmarkaðan árangur hvaða aðferð sem notuð er, eins og t.d. kemur í ljós þegar litið er á tölurnar varðandi glasafjóvganir við kvennadeild Landspítalans á undanförnum árum þar sem árangri er aðeins náð í u.þ.b. þriðjungi tilvika eftir því sem stendur í greinargerð með frv.

Ég vil líka nefna það, virðulegur forseti, að auðvitað eru aðrar leiðir til og notaðar, gamalþekktar, til þess að ganga til móts við þarfir þeirra sem vilja taka að sér líf til uppeldis, börn til uppeldis, með ættleiðingu eða með því að taka börn í fóstur. Og ætli það sé ekki þar í býsna stóran banka að leita og ætli það sé fremsta markmið sem þarf að uppfylla á jörðinni, að tryggja að sem allra, allra flestir einstaklingar komi í heiminn? Er það markmið númer eitt? Ætli markmið númer eitt sé ekki að reyna að tryggja sæmilega framfærslu þeirra sem fæddir eru, sem fæðast í hana veröld og auðvitað að fólk alist upp við bærilegar aðstæður sem víðast.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:29]

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 501. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 878.

[20:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum nú, breyting á lögum um grunnskóla, tengist eins og fleiri mál sem hér hafa verið til umræðu yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég ætla að fara lauslega yfir þetta mál vegna þess að hér er ýmislegt sem skiptir verulegu máli. Hér eru einstök atriði sem hafa verið lengi til umræðu og er ástæða til þess að vekja athygli á.

Ég byrja á því að fjalla örlítið um 3. gr. frv., þá grein sem snýr að eignarhluta afskrifta ríkisins í skólahúsnæði. Það kom fram í umræðu um daginn og var þá undirstrikað af hálfu félmrh. að það stæði til að koma með frv. þessa efnis inn í þingið. Ég fagna því að það er nú komið. Ég held að hér sé verið að stíga skref sem skiptir nokkru máli í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það hefur verið svo undanfarin ár að það hefur verið eins konar samkomulag í gildi milli þessara aðila um það að ríkið gerði ekki athugasemdir við ráðstöfun sveitarfélaganna á skólahúsnæði svo fremi það væri ekki tekið undir aðra og gerbreytta starfsemi. Hins vegar hefur einnig farið fram verslun með þetta húsnæði eða hlut ríkisins ef sveitarstjórn hefur viljað taka það undir aðra starfsemi.

Mér finnst ekki ólíklegt að á allra næstu árum muni það koma til að einhver sveitarfélög vilji taka gamalt skólahúsnæði undir aðra starfsemi. Ég vek athygli á því að býsna mörg sveitarfélög eru á hrakhólum með starfsemi safna ýmiss konar, ekki bara bókasafna heldur minjasafna og annars sem hefur verið að þróast með mjög skemmtilegum hætti úti um allt land. Sömuleiðis get ég vel séð fyrir mér að eldra skólahúsnæði verði tekið undir leikskóla þar sem þeir eru að verða til. Ég get vel séð það fyrir mér að þar sem sveitarfélög eru með skóla muni þau koma til með að sameinast eða reka sameiginlega skóla vegna þess að við vitum að það er mikið sameiningarferli í gangi í landinu, þá verði skólahald grunnskóla sameinað á einum stað en hugsanlega annað skólahúsnæði nýtt undir aðra starfsemi sveitarfélags. Ég held að það sé bæði skynsamlegt og hagfellt að vinna þetta með þessum hætti og mér finnst ekki ólíklegt að við eigum eftir að sjá það gerast.

Mér finnst athyglisvert hvernig gengið hefur verið frá þessu máli, þ.e. það var gerð bókun þar sem Samband sveitarfélaga telur eðlilegt að það verði tekið eins á öðrum málum hvort sem þau snúa þá að ríki eða sveitarfélögum svo fremi kostnaðarhlutdeild eins aðilans sé ekki lengur fyrir hendi og er þar vísað bæði í heilsugæsluna og eins framhaldsskólann. En eins og menn þekkja eru sveitarfélögin hvað varðar báða þessa þætti aðilar að stofnkostnaði þó í mismiklum mæli sé. Með sama hætti og mér finnst það ráðslag sem hér er lagt til í 3. gr. eðlilegt þá finnst mér það líka mjög eðlilegt að þetta verði skoðað með sama hætti verði þessi breyting á kostnaðarþátttökunni og ég vildi reyndar nota þetta tækifæri og láta í ljósi þá ósk að þegar kemur að heilsugæslunni þá verði það á þann veginn að það verði sveitarfélögin sem taki við rekstri hennar. Ég vek á því athygli að eitt af þeim atriðum sem reynslusveitarfélögin eru núna að skoða er einmitt að yfirtaka heilsugæsluna. Ég trúi því að eftir að reynsla verður komin á það verði það niðurstaða manna að hún sé best komin eins og önnur nærþjónusta í höndum sveitarstjórnanna, en það er annað mál sem við komum væntanlega að síðar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. hefur það verið þannig býsna lengi að sveitarfélögin hafa greitt viðhaldskostnað skólamannvirkjanna og hafa séð alfarið um byggingarkostnaðinn undanfarin fimm ár þannig að í því ljósi séð er þetta skref eðlilegt en eins og ég sagði var það ekki sjálfsagt og mér finnst ástæða til þess að fagna því sérstaklega að það skuli vera tekið á málum með þessum hætti.

Annað sem ég vildi gjarnan ræða er 4. gr., starfstími grunnskólanna. Hér er kveðið á um að kennsludagar skuli ekki vera færri en 170. Í gildandi lögum er talað um 172 kennsludaga en það varð niðurstaða í þessu tifelli að orða þetta með þessum hætti að þeir skyldu ekki verða færri en 170 því að það er sú kennsludagatala sem miðað er við, bæði í núgildandi kjarasamningum við kennara og einnig í þeim kostnaðarsamningum sem fram hafa farið milli ríkis og sveitarfélaga. Síðan verður reynslan og tíminn að leiða í ljósi hversu snemma sveitarfélögin verða tilbúin til þess að semja við kennara og hversu auðvelt það verður fyrir sveitarfélögin að ná fram frekari lengingu á skólaárinu, hvort dagarnir verða nákvæmlega 170 eða hvort þeim kemur til með að fjölga. Miðað við það sem fyrir liggur getur það orðið mjög mismunandi eftir sveitarfélögum en ef menn óttast það er rétt að benda á að þrátt fyrir það að grunnskólinn hafi að hluta til verið verkefni ríkisins hefur líka verið mismunandi hversu margir skóladagar hafa verið í hverju sveitarfélagi og reyndar er enn þá undanþága gagnvart því lágmarki sem þarna er heimil vegna sérstakra aðstæðna. Þannig er það ekki óalgengt í minni sveitaskólum að þar hafi verið mun færri skóladagar en í stærri kaupstöðum en ég hygg að slíkt sé allt á undanhaldi vegna þess að þær breytingar sem hafa orðið í samfélagi okkar hafa einnig náð til hinna fámennari sveitarfélaga og út til sveitanna. Menn horfa því með öðrum hætti orðið til skólanna sem uppeldisstofnana en áður var gert.

Kannski verður fróðlegra að fylgjast með framkvæmdinni á 5. gr. en þar er fjallað um einsetinn grunnskóla. Hér er talað um að honum verði komið á að átta árum liðnum frá gildistöku þessara laga og er það framlenging um tvö ár frá því sem ákvarðað var í gildandi lögum. Það er merkilegt að fara yfir það hvaða sveitarfélög það eru sem eiga eftir að ráðast í þær framkvæmdir sem gera þeim kleift að vera með einsetinn grunnskóla. Hv. þm. Einar Kr. Guðfinnsson var með fyrirspurn til hæstv. menntmrh. í vetur sem varðaði einmitt þetta mál og í svari við fyrirspurn hans kemur fram að grunnskólar í landinu eru 205. Þar af er 71 grunnskóli enn tvísetinn. Athyglisvert er að af þessum 71 tvísetna skóla er meira en helmingurinn í Reykjavík og á Reykjanesi.

Ég hef heyrt það sagt héðan úr ræðustól hv. Alþingis að það sé vegna þess að sveitarstjórnir á þeim stöðum þar sem skólar eru enn tvísetnir hafi kosið að verja peningunum í eitthvað annað. Mér finnst ástæða til að fara aðeins yfir þetta vegna þess að mér finnst þessi framsetning mjög ósanngjörn því að ef menn skoða þetta svar sem ég var að vitna til við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um einsetningu skóla kemur í ljós að þar sem menn eiga eftir að framkvæma mest fer það oftast saman við kaupstaði eða svæði sem fólksflutningar hafa verið miklir til, þ.e. þeir staðir á landsbyggðinni sem eiga eftir að byggja og bæta við sig skólahúsnæði eru gjarnan þeir staðir sem hafa verið með fjölgun yfir lands-

meðaltali og hafa þess vegna af eðlilegum ástæðum haft ýmislegt við peningana að gera. Það kostar líka sitt að leggja vegi og gera lóðir byggingarhæfar og standa fyrir annarri þeirri þjónustu sem fleiri fjölskyldur í bæjarfélag hafa í för með sér.

Mér finnst þess vegna einsýnt að það sé afskaplega sanngjarnt sem fyrirhugað er að ekki einasta mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga halda áfram að styrkja grunnskólaframkvæmdir í sveitarfélögum með íbúum undir 2.000 heldur verður einnig farið í það að styrkja stærri sveitarfélögin til bygginga grunnskóla en þau voru fyrir utan jöfnunarsjóðsstyrkinn og þannig er gert ráð fyrir því að á næstu fimm árum styrki ríkissjóður byggingar grunnskóla um allt að 265 millj. á ári auk þess sem aukið framlag verður látið renna úr Jöfnunarsjóði í Lánasjóð sveitarfélaga til þess enn að taka á í þessu átaki. Þetta finnst mér mjög jákvætt vegna þess að víða vantar verulega upp á. Eins og ég sagði er meira en helmingur af þessum skólum í Reykjavík og Reykjanesi þar sem fólksfjölgunin hefur verið mest og það þarf að taka myndarlega á til þess að mæta því markmiði sem hér er sett jafnvel þó mönnum kunni að finnast það sett af litlum metnaði miðað við núgildandi lög. Ég held að hér sé um raunsæi að ræða varðandi það hvað framkvæmanlegt er vegna þess að við erum væntanlega öll sammála um að það þarf að hyggja að innra starfi skólanna. Það er ekki minna mál að það sé vel skoðað hvernig staðið er að þeim hlutum nú eftir að sveitarfélögin yfirtaka þennan rekstur.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sem nefndi að eignaskrá ríkisins þyrfti einhverrar leiðréttingar við. Ég vil taka undir það. Ég veit reyndar að þar eru ákveðnar skekkjur en ég treysti því að þegar farið verður í að skoða það hvaða eignir það eru sem ríkið fer í að afskrifa á næstu 15 árum verði gerðar þær leiðréttingar sem þar þarf. Auðvitað er það svo að við þær breytingar sem hafa verið býsna margar í gegnum tíðina, breytingar á kostnaðarhlutdeild og þar með eignarhaldi, hafa hlutirnir eðlilega skolast eitthvað til en nú er möguleiki á því að hreinsa ögn til í þessum málum.

Það leiðir af sjálfu sér að þar sem farið er í að fækka í rauninni skóladögum ársins miðað við það sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum og einnig að fresta einsetningu skóla þá frestast einnig ákvæði um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda þannig að þau koma einnig til framkvæmda síðar en gert var ráð fyrir. Þó að lögin kveði á um tiltekinn fjölda kennslustunda þá bind ég vonir við það að a.m.k. einhver sveitarfélög geti fyrr en þessi ártöl gera ráð fyrir mætt þeim kröfum og þörfum heimilanna sem liggja virkilega til grundvallar því að skóladagur íslenskra barna verði lengdur og skólaár þeirra einnig.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að eftir að sú skipan er komin á að öll íslensk börn búa við einsetinn skóla og eftir að sú fjölgun kennslustunda hefur orðið sem frv. gerir ráð fyrir, eftir að tekist hefur að samræma vinnudag nemenda með þeim hætti sem við hin fullorðnu kjósum okkur til handa þá munum við e.t.v. sjá stærri breytingar á þessu samfélagi en við höfum séð lengi. Ég hygg að þetta muni hafa í för með sér stórfelldari samfélagsbreytingar en menn gera sér grein fyrir í fljótu bragi vegna að hér er um mikla byltingu að ræða. Það ástand sem íslenskar fjölskyldur hafa þurft að búa við vegna sundurtætts skóladags, sem hefur leitt af tvísetnum skólum, er auðvitað fyrir neðan allar hellur og á ugglaust sinn þátt í þeim erfiðleikum sem ýmsar fjölskyldur eiga við að glíma. Menn hafa reynt að reikna út hinn þjóðfélagslega kostnað af tvísetningu skóla, hvað allur þeytingurinn þýðir, áhyggjur foreldranna og það hversu uppteknir þeir eru þá í vinnutíma sínum af högum barna sinna sem eru þá jafnvel á eigin vegum og mönnum hefur tekist að reikna það upp í háar upphæðir þannig að við erum að tala um ekkert minna en byltingu.

Ég held að ég sé búin að tæma það sem ég vildi um þetta segja. Það er allt heldur jákvætt eins og þingheimur heyrir en ég vil aðeins vísa í 1. og 2. gr. að lokum. Þar eru sérstök ákvæði sem lúta að því að sveitarfélögin koma til með að fara með öll málefni grunnskólans vegna þess að ákvæði í gildandi lögum eru ekki fullnægjandi og þau ákvæði endurspegla rétt einu sinni þá bitru staðreynd að sveitarfélög á Íslandi eru mörg og smá. Þau hafa þess vegna þurft að hafa með sér mikla samvinnu um framkvæmd grunnskólalaga og þau munu greinilega þurfa að hafa það áfram. Það kom fram í dag að menn hafa áhyggjur af stöðu þess starfsfólks sem unnið hefur á fræðsluskrifstofunum. Það er ljóst að við þessa breytingu eru menn einnig að hugsa þau mál upp að nýju og það leggst ekkert endilega eftir kjördæmalínum eins og fræðsluskrifstofurnar störfuðu áður. En í tengslum við þá breytingu eru ýmis sveitarfélög að hefja með sér enn nýja samvinnu sem að mínu mati er mjög ánægjuleg og það má reyndar þakka flutningi grunnskólans að sú þróun er farin í gang en það er samvinna sveitarfélaga um barnaverndarmál, um félagsþjónustu ýmiss konar, sem þau hafa hvert um sig ekki haft bolmagn til að sinna þannig að ein af þeim hliðarverkunum, svo að við tínum til það sem jákvætt er við flutninginn, verður víða sú að íbúarnir munu njóta betri þjónustu hvað varðar ýmis þau mál sem lúta að þjónustu við fjölskylduna eftir en áður. Það er ástæða til þess að það komi fram í umræðunni vegna þess að mér hefur fundist að stundum legðu menn meginhersluna á það að draga upp það sem miður kann að fara og mistakast í þessum flutningi en sjálf hef ég bundið miklar vonir við það að hann gæti farið fram með farsælum hætti og þess vegna harma ég þau slys sem hafa orðið á leiðinni en vænti að í stórum dráttum getum við siglt þessu máli farsællega í höfn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tæknifrjóvgun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884.

[20:50]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frv. um lagasetningu vegna tæknifrjóvgunar. Það er ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið fram og mikilvægt að það verði að lögum á þessu þingi.

Ég lýsi ánægju með störf hv. allshn. í málinu. Það urðu að vísu vonbrigði að ekki skyldi nást samstaða í nefndinni um þetta mál þar sem um tíma leit svo út að það yrði en sú samstaða náðist ekki eins og liggur fyrir á þingskjölum og varðar það nafnleyndina sem er vissulega mjög viðkvæmt mál.

Með frv. er fyrst og fremst verið að bregðast við ófrjósemi og þess vegna má segja að hér sé um heilbrigðisvandamál að

ræða. Það má kannski segja að það sé á vissan hátt verið að taka fram fyrir hendurnar á náttúrunni með því að heimila það sem hér er heimilað með þessari löggjöf, þ.e. ef frv. verður að lögum, en staðreyndin er sú að aðgerðir hafa verið gerðar í allmörg ár sem hníga í þessa átt og hefur lögin vantað.

Eins og ég sagði fyrr í kvöld í andsvari þarf ákveðið frjálsræði í hugsun til þess að samþykkja þau ákvæði sem koma fram í frv., sérstaklega hvað það snertir þegar annar aðilinn í sambúð er ófrjór og framleiðir ekki kynfrumur sem eru nothæfar og þiggur gjafafrumur, en þannig verður það ef frv. nær fram að ganga með þeim breytingartillögum sem lagðar eru til af meiri hluta allshn. sem ég skipa.

Með brtt. er gerð tillaga um að það sé valkvætt hvort foreldrar velja nafnleynd eða ekki. Velji þeir nafnleynd fá hvorki þeir né barn sem verður til né heldur kynfrumugjafi nokkurn tíma upplýsingar um hver gaf viðkomandi kynfrumu eða hver þáði. Þetta er meginreglan. Velji foreldrar ekki nafnleynd, sem gefinn er kostur á með brtt. allshn., getur barnið fengið upplýsingar um uppruna sinn, ef svo má að orði komast, þegar að hefur náð aldri til og eins verður kynfrumugjafa gert viðvart um að hann megi eiga von á því að haft verði samband. Þessi brtt. er ekki síst orðin til vegna þess að við töldum að hún þyrfti að ná fram að ganga ef sá möguleiki að um eggkynfrumugjöf ætti að geta orðið um að ræða. Vegna fjarlægðar er það svo að egg verða varla flutt inn og miklar líkur eru á því ef kona óskar að fá egg að gjöf vilji hún gjarnan leita til einhvers nákomins þar sem þar er um miklu meiri aðgerð að ræða og þar af leiðandi erfitt að koma við nafnleynd.

Hvað það varðar að viðhafa ekki nafnleynd eins og hefur komið fram brtt. um þá er það skoðun mín og miklu fleiri þeirra sem betur þekkja til að það verði mjög erfitt að framkvæma þessa aðgerð hér á landi á þann hátt vegna þess að við Íslendingar höfum skipt við sæðisbanka í Danmörku þar sem nafnleynd er viðhöfð. Í þessu sambandi hefur verið bent á Svíþjóð og þar er ekki nafnleynd en þar mun ekki vera mikið framboð af sæðisfrumum og vil ég segja það sem skoðun mína að mér finnst það mjög skiljanlegt. Mér finnst mjög skiljanlegt að karlmenn veigri sér við að gefa sæðisfrumur ef nafnleynd er ekki viðhöfð og ég segi bara: Hvers vegna skyldu þeir gera það? Ég lít svo á að karmenn sem gefa sæðisfrumur séu að gera það af góðvild og í mannúðarskyni til þess að hjálpa fólki sem á við þann vanda að etja að geta ekki eignast börn og þess vegna sé það ekki áhugamál af þeirra hálfu að hafa nokkurn tíma samband við viðkomandi barn sem hugsanlega yrði til.

Ég vil segja um brtt. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem hann hefur talað fyrir sem kveður á um að ekki geti verið um kynfrumugjöf að ræða heldur sé einungis heimilt að nota kynfrumur viðkomandi pars, þá er það afstaða út af fyrir sig. Mér finnst að það sé allt of skammt gengið og þá sé verið að afnema þá framkvæmd sem hér hefur verið viðhöfð í allmörg ár þó ekki hafi verið lagastoð en það hafa verið skapaðar reglur um þá framkvæmd. Það er óhætt að segja að það hafi tekist mjög vel til og þeir læknar sem þar hafa átt í hlut hafa sýnt mikinn heiðarleika í starfi og mikla færni. Ég vonast sem sagt til að sú tillaga verði felld þar sem hún er ákveðin afturför.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta að sinni en ég legg áherslu á það að frv. með breytingartillögum, sem lagðar eru fram af nær allri allshn. hv. Alþingis, verði samþykktar því að þar er tekið á því heilbrigðisvandamáli sem þetta frv. gengur fyrst og fremst út á að taka á. Það er tekið á ófrjósemi og tekið á þeim vanda sem þeir einstaklingar eiga við að stríða sem geta ekki eignast börn á þann hátt sem náttúran býður upp á.

[20:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég saknaði þess í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að hún rökstyddi sjónarmið sitt í þessu máli, þ.e. að ganga svo langt sem gert er ráð fyrir í tillögum meiri hluta allshn. og leggja til að gengið sé mun lengra en gert hefur verið í nágrannalöndum okkar að því er varðar glasafrjóvgun. Hvorki í Noregi né Svíþjóð er heimilað að nota gjafakynfrumur í þessu skyni. Skyldi það vera af tilviljun að nágrannaþjóðir okkar, sem hafa rætt þessi mál lengur en við, skuli komast að þessari niðurstöðu? Er það þá skortur á frjálslyndi sem þar ræður ferðinni? Ég varð ekki var við hjá hv. þm. nein varnaðarorð í sambandi við þau skilyrði sem börnunum er búin við þær aðstæður sem skapast eða geta a.m.k. skapast í sambandi við kynfrumugjöf.

Ég vil ekki draga úr því að vel kunni að hafa tekist til varðandi framkvæmd þessara mála hér. Þeir sem í hlut hafa átt sem sérfræðingar og unnið hafa í þessum málum hafa gert það af samviskusemi og færni. Það er ekki kjarni málsins þótt verðmætt sé, heldur spurningin um það hvaða reglur við ætlum að setja nú þegar lög eru sett um þetta efni. Mér finnst ekkert sjálfsagt að sú löggjöf feli í sér að skrifað sé upp á þá framkvæmd óbreytta sem hér hefur verið. Það eru engin rök í sjálfu sér. Menn hljóta einmitt að gaumgæfa í ljósi reynslu hversu langt sé rétt að ganga þegar lagaramminn er markaður. Og ég spyr hv. þm.: Hversu langt vill hv. þm. ganga í að nýta þá tæknimöguleika sem opnast í þessum efnum?

[21:02]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur gjarnan lagt áherslu á mikilvægi sjálfstæðrar löggjafar á hverju þjóðþingi þannig að það er ekki nauðsynlegt að fara eftir því hvernig Norðmenn hafa hlutina. Sannleikurinn er sá að það eru mismunandi ákvæði í lögum hvað þetta varðar á öllum Norðurlöndum. Við tökum ekkert af Norðurlöndunum okkur algerlega til fyrirmyndar í þessum efnum.

Við áttum nokkur orðaskipti, ég og hv. þm., fyrir kvöldverðarhlé þar sem hann taldi mig hafa á röngu að standa og tók nokkuð mikið upp í sig að mér fannst. Sannleikurinn var sá að við vorum ekki að tala nákvæmlega um sömu hlutina. Hann var að tala um glasafrjóvgun, ég var að tala um sæðingar. Í Noregi er sæðisgjöf heimil við tæknifrjóvgun en ekki varðandi glasafrjóvgun. Eggjagjöf er ekki heimil þar til tæknifrjóvgunar og eftir því sem mér hefur verið sagt voru rökin fyrir því að Norðmenn heimiluðu ekki eggjagjöf þau að eitthvað þyrfti að vera öruggt í þessum heimi. Að kona gæti gengið með barn sem væri ekki af henni komið sættu þeir sig ekki við varðandi löggjöfina. Þetta hef ég a.m.k. heyrt og sel það ekki dýrara en ég keypti það. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið aðalrökin.

Hv. þm. spurði hversu langt mætti ganga á tæknisviðinu hvað þetta varðar. Auðvitað þarf að fara að með gát. Það frv. sem nú liggur fyrir þinginu með þeim brtt. sem hv. allshn. leggur til þýðir að það verður farið af stað með mikilli gát. Þess vegna er það eindreginn vilji minn að frv. ásamt brtt. verði samþykkt.

[21:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi óska að það væri innstæða fyrir þeim orðum að það sé farið að með gát í sambandi við þessa löggjöf. Það finnst mér því miður ekki vera gert. Þá hefðum við ekki gengið lengra í þessum efnum en grannþjóðir okkar sem vafalaust hafa einmitt haft varúðarsjónarmiðið í huga þegar um er að ræða glasafrjóvgun.

Það er athyglisvert að nú liggur fyrir að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um málið að því er varðar glasafrjóvgun í Noregi og löggjöf þar að lútandi. Það skyldi þó ekki vera að það sé víðar einhver ónákvæmni í þeim upplýsingum sem fram hafa verið reiddar í þessu máli?

Varðandi spurninguna um fyrirmynd frá öðrum þjóðum situr síst af öllu á mér að gerast talsmaður þess að við öpum eftir öðrum þjóðum í öllum greinum varðandi löggjöf. En ég held að það sé nokkuð til í því sem hv. þm. vitnaði til að hefði legið að baki löggjafar í Noregi varðandi tæknifrjóvgun að ganga ekki svo langt að einnig eggfrumur yrðu gjafavara eða tilfærð frá konu til konu. Ég held að það hljóti að vera sjónarmið og það býsna gilt sjónarmið að menn gangi ekki svo langt gegn náttúrunni að sjálft sjónarmiðið varðandi líffræðilega móður sé brotið. En ég vil hins vegar ekki gera upp á milli kynfrumna að því er varðar heimild til gjafar og þess vegna hef ég lagt til að hvorki sæði né egg sé gjafavara sem gangi á milli einstaklinga.

Ég held líka að það hafi verið styrkur fyrir konur heims fram að þessu að þær hafa haft í sínum höndum móðurhlutverkið. Ég held að þarna þurfi almenna varúð og það skiptir auðvitað karla jafnt sem konur máli að ekki sé gegn þessu sjónarmiði gengið. Það skyldi þó ekki vera að konur töpuðu einhverju af stöðu sinni ef tæknin, væntanlega í höndum karla að meiri hluta til, er mótuð með þeim hætti sem möguleikar standa nú til og verið er að gera?

[21:07]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi hv. þm. svo að hann telji að ófrjó kona eigi ekki að eiga sama möguleika og ófrjór karl til þess að geta eignast afkvæmi.

Ég vil líka segja, fyrst ég hef tækifæri til, að mér fannst það koma fram í máli hv. þm., kannski ekki fyrst og fremst núna heldur fyrr í kvöld, að það þyrfti ekkert að vera að hafa neinar áhyggjur af því fólki sem stendur í þessum vandamálum að geta ekki eignast börn. Það væri nóg af börnum til í heiminum og það væri ekki aðalvandamálið að það gætu ekki allir fætt af sér afkvæmi. Mér finnst þetta vera hugsunarháttur sem ég get ekki fellt mig við. (**HG:** Geta það allir að fengnum tillögum meiri hluta nefndarinnar? Ég spyr.)

[21:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. um tæknifrjóvgun er verið að lögfesta reglur um tæknifrjóvgun, þ.e. getnað sem kominn er til með tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Það er vissulega orðið tímabært þar sem tæknifrjóvgun hefur verið framkvæmd hér á landi frá 1980, þ.e. tæknisæðing, og glasafrjóvgun frá 1991.

Frv. sem hér liggur fyrir er að mestu leyti í sömu veru og þær verklagsreglur sem unnið hefur verið eftir auk þess sem það heimilar eggfrumugjöf sem ekki hefur verið heimil hingað til. Nokkur tími hefur liðið frá því við hófum umræðu um þetta frv. og það er mjög óþægilegt hvernig umræðan um það hefur verið slitin í sundur. Komið hefur fram mjög athyglisverð tillaga frá Hjörleifi Guttormssyni sem við í Þjóðvaka viljum gjarnan skoða nánar. Hún er í anda umsagna ýmissa aðila, sérstaklega siðfræðinga. Við vildum gjarnan skoða hana nánar en ég mun tala út frá því frv. og þeim tillögum allshn. sem hér liggja fyrir. (**Gripið fram í:** Hvað á Þjóðvaki við með að skoða nánar?) Skoða síðar afstöðu til þess máls nánar.

Ég vil gjarnan að mín afstaða til frv. sem hér liggur fyrir komi fram. Ég tek undir og legg áherslu á að skýr löggjöf um þetta viðkvæma mál er nauðsynleg því að réttarstaða verður að vera skýr og aðgangur að upplýsingum um málið verður að vera greiður.

Hv. heilbr.- og trn. fékk málið til umsagnar og fékk til sín nokkra aðila til viðræðna um málið. Eins og fram hefur komið var mesta umræðan um 4. gr. frv. um það ákvæði sem lýtur að nafnleynd kynfrumugjafa. Skoðanir voru allskiptar í nefndinni hvort gjafa skuli tryggð jafnleynd eða ekki. Ég er einn þeirra nefndarmanna sem er andvíg nafnleyndinni. Siðferðiskennd mín segir mér að hún sé ekki rétt. Rökin gegn nafnleyndinni eru, eins og kemur fram í minnihlutaáliti Hjálmars Jónssonar, bæði hvað varðar mannréttindi og einnig hvað varðar erfðalækningar. Ég get tekið heils hugar undir öll rök hv. þm. Hjálmars Jónssonar í minnihlutaáliti hans frá allshn. um að einstaklingur sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafafrumu eigi alltaf, eftir að hann nær sjálfræðisaldri, að eiga óheftan aðgang að upplýsingum um uppruna sinn. Þar er gert ráð fyrir að kynfrumugjafar geti óskað nafnleyndar, en hún komi aldrei í veg fyrir rétt barnsins til að fá upplýsingar um uppruna sinn.

Tillögu meiri hluta allshn. um að það sé val barnsins eða foreldranna hvort nafnleynd skuli ríkja eða ekki eða hvort valinn er gjafi sem krefst nafnleyndar eða ekki get ég ekki sætt mig við. Við verðum að tryggja þann rétt í þessum lögum að barnið geti leitað uppruna síns. Það eru mannréttindi og um mannréttindi getur aldrei orðið nein málamiðlun. Ein af rökum nafnleyndarsinna er að ef nafnleyndinni verði aflétt leggist tæknifrjóvgun af með gjafafrumum vegna skorts á þeim. Ég er ekki sannfærð um að svo verði. Og ef svo er verður það bara að koma í ljós. Réttur barnsins verður að sitja í fyrirrúmi. Það eru mannréttindi að geta fengið þessar upplýsingar. Það hefur hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður allshn., viðurkennt fyrr í umræðunni, að það séu mannréttindi einstaklingsins að geta leitað upplýsinga um uppruna sinn.

Það er líka rétt að vísa til stjórnsýslulaga en samkvæmt þeim á aðili máls rétt á að kynna sér gögn og skjöl sem við koma máli hans. Samkvæmt þeim eiga ættleiddir einstaklingar rétt á að fá upplýsingar um uppruna sinn og sami réttur á að gilda um þann sem getinn er með gjafafrumu, enda sjálfsögð mannréttindi. Frá því að umræðan var í heilbr.- og trn. hef ég hugsað mjög mikið um þetta mál og verð æ sannfærðari um að það verður að aflétta nafnleyndinni gagnvart þeim einstaklingi sem verður til við frumugjöf.

Mig langar aðeins að vitna í greinargerð með nefndaráliti 2. minni hluta allshn. sem ég vil ítreka. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það eru mannréttindi að eiga þess kost að þekkja uppruna sinn, hluti af sjálfsagðri vitund fólks um sjálft sig, og meðal íslenskrar þjóðar er rík hefð og vilji til þess. Löggjafinn má ekki taka þennan rétt af einstaklingum. Ófrjósemi er

vandamál sem ekki má leysa á kostnað mannréttinda þess sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu. Sé þess óskað er sjálfsagt og eðlilegt að tryggð sé nafnleynd gagnvart öllum öðrum en þeim einstaklingi, sem þannig er til kominn."

Þetta tel ég grundvallaratriði varðandi 4. gr.

Mig langar einnig til að vitna hér, með leyfi forseta, í erindi sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti hinn 14. febr. 1996 á málþingi Siðfræðistofnunar um tæknifrjóvgun. Það ber ber nafnið „Hinn forboðni sannleikur. Er reglan um nafnleynd frumugjafa í samræmi við velferð og þarfir barnsins?" Þar segir undir spurningunni „Virða íslensk lög sjálfstæðan rétt barnsins?", með leyfi forseta:

„Á síðasta ári komu fulltrúar íslenskra stjórnvalda fyrir nefnd um réttindi barnsins sem starfar á grundvelli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og svöruðu spurningum nefndarinnar um frumskýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd sáttmálans. Í lokaathugasemdum nefndarinnar um skýrslu stjórnvalda leggur nefndin áherslu á að í samningnum er kveðið á um vernd og umönnun barna og sérstaklega um viðurkenningu barna sem aðila er njóti sjálfstæðra réttinda. Telur nefndin það sérstakt áhyggjuefni að þetta grundvallaratriði samningsins skuli ekki endurspeglast fyllilega í íslenskum lögum.

Í umræðum nefndarinnar og fulltrúa stjórnvalda kom fram að jafnvel í hinu nýja mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar kæmi fram sá andi að á Íslandi væri litið á börn með „passívum" augum og þann skilning skorti að þau væru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi. Síst virðist frv. til laga um tæknifrjóvgun bæta úr þessu. Þarna erum við komin að kjarna málsins. Börn eiga sín sjálfstæðu mannréttindi. Því er það hæpin röksemdarfærsla að byggja reglur sem tengjast börnum, á mannréttindum foreldranna. Það er rökfræðilega og siðferðilega rangt að byggja reglur um nafnleynd á því að það séu mannréttindi að geta nýtt sér alla möguleika tækni til að eignast börn. Það er ekki réttlætanlegt í nafni tæknifamfara og mannréttinda foreldranna að búa til tvenns konar hópa barna, annars vegar þau sem njóta þeirra mannréttinda að fá að vita um uppruna sinn er þau hafa vit og þroska til, og hins vegar þau sem ekki njóta þeirra mannréttinda. Þannig verður reyndin ef lagafrumvarp um tæknifrjóvgun verður samþykkt óbreytt því ættleidd börn sem eru að mörgu leyti sambærilegur hópur njóta þess réttar að sjá öll tiltæk gögn um uppruna sinn þegar þau hafa aldur og þroska til. Þennan rétt barnanna geta kyn- og kjörforeldrar ekki takmarkað með samningum sín á milli."

Ég tel mjög mikilvægt að þetta atriði komi fram í þessari umræðu og reyndar á ýmislegt fleira úr þessu erindi hv. þm., erindi í umræðuna um þetta viðkvæma og viðamikla mál.

Í umfjöllun heilbr.- og trn. um málið voru menn sammála um að komið yrði á fjölskylduráðgjöf eins og segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Loks vill heilbrigðis- og tryggingarnefnd benda á nauðsyn þess að komið verði á fót fjölskylduráðgjöf þar sem fólk geti leitað upplýsinga um rétt sinn og pör geti fengið hjálp við að vinna úr þeim andlegu vandamálum sem meðferðin getur haft í för með sér. Auk þess er bent á mikilvægi þess að áfallahjálp sé aðgengileg í þeim tilvikum sem meðferð mistekst eða fósturlát verður í kjölfar meðferðar."

Ég tel að tillagan um faglega ráðgjöf sem meiri hluti allshn. gerir tillögu um að skylt sé að veita pörum sem sækja um tæknifrjóvgun nái yfir þá ráðgjöf sem heilbr.- og trn. lagði til í umsögn sinni og ég fagna því að tekið er á því máli.

Vegna 4. gr. vil ég ítreka það að ég er að öllu leyti sammála minnihlutaáliti og breytingartillögum hv. þm. Hjálmars Jónssonar. Ég tel ekki siðlegt að vera með málamiðlanir þegar mannréttindi eru annars vegar og ég vonast til þess að ef málið fer aftur til allshn. að meiri hluti nefndarinnar endurskoði hug sinn og hafi mannréttindi barnanna sem verða til við kynfrumugjöf til að þekkja uppruna sinn að leiðarljósi. Hér á þingi má ekki setja lög sem brjóta mannréttindi á ákveðnum hópum barna. Við höfum oft rætt um mannréttindi á Alþingi og þar á meðal mannréttindi barna og verið einhuga um að þau skuli tryggð. Ég nefni þetta vegna þess að ef tillaga meiri hluta allshn. verður samþykkt, þá erum við að lögfesta mannréttindabrot gagnvart ófæddum Íslendingum sem verða til með gjafafrumum. Við erum að lögfesta það að réttur þeirra sé minni en annarra barna. Það get ég aldrei sætt mig við.

[21:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti þetta ekki mjög góð og rismikil ræða hjá talsmanni Þjóðvaka við 2. umr. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að það væri eiginlega skylda manna að gefa upp afstöðu sína til grundvallaratriða þegar við erum komin nánast til hinnar ákvarðandi umræðu sem er 2. umr. Hér kom hv. þm. og kvaðst tala fyrir hönd heillar stjórnmálahreyfingar, hreyfingar fólksins. Hún lýsti afstöðu sinni til grundvallaratriða með eftirfarandi hætti. Hún sagði: „Hér liggur fyrir tillaga frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og við í Þjóðvaka erum dálítið hrifin af henni og viljum taka hana til íhugunar." Gott og vel. Tillaga hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar snertir tvö grundvallaratriði, annars vegar nafnleyndina vegna þess að fyrsti liðurinn lýtur nánast að því að svipta burt nafnleyndinni og hins vegar seinni parturinn sem lýtur að því hvort að það eigi að leyfa glasafrjóvgun með öðrum kynfrumum en bara viðkomandi pars. Ég spyr hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur hvort hún sé að íhuga fyrir hönd Þjóðvaka að fylgja báðum þessum grundvallartillögum hv. þm. eða hvort vera kunni að Þjóðvaki sé búinn að gera upp hug sinn til a.m.k. annarrar tillögunnar.

Síðan sagði hv. þm. að hún teldi það ekki siðlegt að vera með málamiðlun þegar mannréttindi ófæddra barna eru annars vegar. Það er ekki siðlegt. En afstaða hennar virtist mér vera sú að það dregur stórlega úr líkunum á því að þessi ófæddu börn sem hún ræðir um fæðist nokkru sinni. Varðar það ekkert líka mannréttindi þessara barna? Mér finnst þetta vera undarleg hringekja rökfræðinnar sem er eiginlega komin í tvöfaldan hring.

[21:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú ekki rismikil athugasemd. Hv. þm. hefur greinilega ekki almennilega kynnt sér tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar enda er hún það nýlega fram komin. Það var verið að mæla fyrir henni rétt fyrr í dag þannig að ég taldi rétt að nefna að það er ýmislegt í henni sem ég tel ástæðu til að skoða. En málið er bara rétt komið fram og ég gef mér rétt til að athuga það nánar. Aftur á móti kom skýrt fram í máli mínu að ég er á öndverðum meiði við þá sem eru með nafnleyndinni. Ég er gegn því að nafnleyndin verði í frv. Það kom mjög skýrt fram og það er grundvallaratriði. Þetta hefur komið mjög skýrt fram, hv. þm.

[21:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, herra forseti. Ég bið hv. þm. afsökunar. Afstaða hennar til þessa kom fram. Mér var hins vegar svo heitt í hamsi vegna þess að ég hef svo mikið álit á hv. þm. að mér rann í skap að heyra hana koma hingað og taka, að mér þótti, ekki afdráttarlausa afstöðu til grundvallaratriða. En mig langar aðeins að spyrja hv. þm. áfram um þetta með nafnleyndina. Mér finnst það skiljanlegt að menn hafi þessa afstöðu og þetta er það sem menn deila um en ég er ekki enn búinn að ná rökfræðinni á bak við þessa afstöðu. Menn klifa á því að það sé verið að brjóta mannréttindi ófæddra barna og þess vegna leggja menn til tillögu sem að því er mér virðist og a.m.k. kemur fram í sumum gögnum málsins að það dragi stórlega úr líkunum á því að þessi börn verði nokkru sinni til. Mér finnst það vera punctum saliens í málinu. Eru það ekki mannréttindi að fá að verða til jafvel þótt vera kunni að menn búi ekki að þessum óbifanlega rétti að fá að vita nákvæmlega um sinn uppruna út í hörgul? Í mörgum tilvikum er það ekki hægt.

[21:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að það hefði komið fram í máli mínu að ég tel ekki rétt að það verði lögfest að hér verði til börn sem eru lægra sett gagnvart mannréttindum en önnur börn í landinu, þ.e. ættleidd börn borin saman við börn sem verða til við þessar aðstæður. Ég tel það ekki sæma löggjafarsamkundunni að lögfesta það að brjóta mannréttindi á ákveðnum hópi barna sem verður gert ef það verður lögfest að þau fái ekki réttinn til að leita sannleikans um uppruna sinn, sérstaklega þegar það er hægt að skjalfesta hann og þau eiga að geta leitað hans.

[21:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var nú raunar svipað farið og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég áttaði mig ekki fyllilega á því í ræðu hv. þm. hver afstaða hennar væri yfirleitt til þessara mála að undanskildu ákvæðinu varðandi nafnleyndina sem hún gerði allglögga grein fyrir. Í aðra röndina lýsti hún því yfir að hv. þm. Þjóðvaka væru að gaumgæfa það og íhuga að styðja framkomna breytingartillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem gengur sannarlega í allt aðra átt en meginefni þess frv. sem hér var lagt fram í upphafi og meiri hluti allshn. leggur til að samþykkt verði. Málið er búið að vera til umfjöllunar á hinu háa Alþingi um alllangt skeið og þetta viðhorf sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsir er ekki nýtt af nálinni. Ég hlýt að árétta það og spyrja beint hver afstaða hv. þingmanna er til málsins. Mín afstaða er ákaflega skýr í þessu. Ég styð það af heilum hug sem hv. allshn. fer hér fram með í formi breytingartillagna og styð grunnatriði þessa frv. sömuleiðis. Það geri ég ekki síst vegna þess að ég þekki til fjölmargra hjóna og sambúðarfólks sem eiga við ófrjósemi að stríða. Þetta er eigi lítill hópur og satt að segja hélt ég og trúði því að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefði gert það líka vegna fyrri starfa hennar í heilbrigðisgeiranum. Hún ætti held ég ekki síður en flestir aðrir að átta sig á því hvað hér er um stórt mál að ræða. Hér hafa opnast nýir möguleikar á umliðnum árum fyrir þetta fólk, skapað því ómælda hamingju og gleði og ég vil ekki fyrir nokkurn pening koma í veg fyrir að eðlileg framþróun eigi sér stað í þessum efnum. Margir urðu til þess að hrópa úlfur, úlfur þegar tækninni fleygði fram, tæknisæðing hófst og síðan glasafrjóvgun. Reynsla okkar, ekki Norðmanna, ekki Svía, reynsla okkar Íslendinga er einfaldlega góð.

[21:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað þekki ég til ýmissa mála í gegnum mitt gamla starf í Tryggingastofnun ríkisins. Ég þekki einnig til vanda þeirra barna, þess fólks sem er að leita uppruna síns og hefur mikið fyrir því og líður miklar sálarkvalir yfir því að það getur ekki haft upp á sínum rétta föður, sem er algengt í þeim tilvikum. Það er ekki síður angist heldur en þeirra sem ekki geta eignast börn. Þannig að ég tel rétt að tryggja rétt þeirra einstaklinga sem verða til við tæknifrjóvgun, til þess að geta leitað uppruna síns. Og það kom mjög skýrt fram í máli mínu varðandi tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að ef sú tillaga yrði samþykkt hér, væri náttúrlega engin umræða um nafnleyndina því þá kæmi sú umræða ekki til. Það er mergurinn málsins, hv. þm.

[21:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er einmitt mergurinn málsins. Þess vegna átta ég mig ekki á því að hv. þm. skuli eyða öllum ræðutíma sínum í að fjalla um nafnleyndina þegar hún gefur til kynna í aðra röndina að hún muni hugsanlega samþykkja tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Er að undra þótt það séu ekki allir sem botna í þessum málflutningi.

Varðandi nafnleyndina vil ég staldra við þáttinn sem hún kom inn á í sinni ræðu. Það eru einmitt þær ættleiðingar sem eru talsvert algengar og hafa verið um árabil í samfélagi okkar. Það er þannig að í ekki nándar nærri öllum tilvikum er um að ræða að þau börn sem Íslendingar ættleiða erlendis frá eigi þess kost undir nokkrum kringumstæðum að geta leitað uppruna síns. En ef þarna á að ríkja jafnræði í mannréttindum barna eins og það er lagt upp hér hljótum við þá ekki að vera sjálfum okkur samkvæm og leggja til að ættleiðingar frá fjarlægum heimsálfum verði óheimilar nema fyrir liggi skýrt og greinilega á pappírum um uppruna viðkomandi barns, föður þess og móður?

[21:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er alltaf ákveðinn fjöldi sem getur ekki leitað uppruna síns. En við getum ekki lögfest það að meina ófæddum Íslendingum að leita uppruna síns sé það mögulegt. Auðvitað er fullt af fólki rangt feðrað í kringum okkur og alls staðar í heiminum. Það fólk getur auðvitað ekki leitað uppruna síns. En ég tel rangt að lögfesta það þegar við erum að setja nýja löggjöf um tæknifrjóvgun að ákveðinn fjöldi barna sem verða til geti ekki leitað uppruna síns. Ég tel það brot á mannréttindum þeirra einstaklinga sem þannig verða til.

[21:33]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt út af ræðu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég hef áður flutt ítarlegar ræður um þetta mál og vil ítreka að það er mjög vel unnið af hálfu allshn. Það er ljóst að það er að mörgu að hyggja í þessu sambandi og því kannski ekkert sérstakt að þingmenn sem hafa ekki sett sig því betur inn í málin kynni sér þau og þurfi að ræða þau. Þó vill svo til að hv. þm. á einmitt sæti í heilbr.-

og trn. sem fór sérstaklega yfir þetta mál að beiðni allshn. sem óskaði eftir umsögn þaðan. Hún skrifar ásamt öðrum undir nefndarálitið sem allshn. fékk í sínar hendur. Allshn. féllst einmitt á þær tillögur sem heilbr.- og trn. gerði.

Ég tel rétt að það komi alveg skýrt fram að Íslendingar hafa hingað til þótt standa ákaflega góðan vörð um mannréttindamál og ekki síst mannréttindi barna. Ég hef reyndar ekki heyrt þetta erindi sem hv. þm. var að vitna til þó að vafalaust komi margt merkilegt þar fram. Ég vil líka rifja það upp sem sem ég hef sagt áður að þegar barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var saminn kom fram tillaga frá einu aðildarríkjanna um að sett yrði ákvæði inn í samninginn um að barn ætti rétt á að vita um líffræðilegan uppruna sinn. Þessari tillögu var hafnað. Eftirlitsnefndin sem fylgist með framkvæmd sáttmálans hefur ekki treyst sér til að segja það beint út við þjóðir sem hafa algjöra nafnleynd í löggjöf sinni að það væri andstætt sáttmálanum þó vissulega hafi komið fram athugasemdir.

Það var líka vikið að ættleiddum börnum. Það hefur að vísu komið fram að þau börn geta líka átt við erfiðleika að stríða við að leita uppruna síns vegna þess að einfaldega er ekkert um það að ræða, sérstaklega þegar börn koma erlendis frá. Hins vegar hafa þau allan rétt á því hér á landi í gegnum dómsmrn. Það sem gleymist í þessu máli er bara það að börn sem eru tilkomin á þann hátt sem frv. um tæknifrjóvgun gerir ráð fyrir þau eiga foreldra, bæði föður og móður. Það er ekkert lagalegt samband við þann aðila sem gefur kynfrumuna sem verður til þess að barnið verður til.

[21:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir síðustu orð hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur. Aftur á móti hefur það komið fram fyrr í umræðunni að í heilbr.- og trn. voru skiptar skoðanir um nafnleyndina. Það hefur komið fram bæði í máli mínu fyrr í umræðunni og í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að við vorum alltaf á móti nafnleyndinni í heilbr.- og trn., það var alveg ljóst. Enda töldum við að við værum að skrifa undir það sem kom fram í áliti nefndarinnar að skoðanir væru skiptar. Aftur á móti hef ég upplýsingar um það að norsk stjórnvöld hafa fengið athugasemdir við nafnleyndarregluna frá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna um að nefndin hafi gert athugasemdir og talið að hún bryti í bága við samninginn. Þarna stangast hreinlega á þær upplýsingar sem við höfum, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og ég, þannig að það þarf e.t.v. að skoða þessi mál betur. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hefur verið gerð athugasemd við Norðmenn um að nafnleyndarreglan brjóti í bága við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna enda benti umboðsmaður barna á það bæði þegar hann kom til viðræðu við hv. heilbr.- og trn. og einnig í umsögn sinni til allshn.

[21:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt því að ég vil ekki tefja tímann. Fleiri hv. þm. þurfa að tjá sig um þetta mál. Ég vil aðeins segja að þessar upplýsingar komu fram í allsh. frá sérfræðingum, þar á meðal lögfræðingum sem hafa kynnt sér þessi mál sérstaklega.

[21:38]

Útbýting þingskjals:

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 308. mál, þskj. 897.

[21:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afar merkilegt mál sem við erum að ræða í kvöld og ég vil byrja á að taka fram að það er mjög jákvætt að setja lög um tæknifrjóvgun, þ.e. bæði tæknisæðingu og glasafrjóvgun. Þetta er viðkvæmt mál og það eru ólík viðhorf varðandi frv. Þetta er ekki flokksmál, ekki mál sem er til þess fallið að menn skipist í sveitir miðað við stjórnmálaflokka og þetta mál er heldur ekki stjórnarmál á móti stjórnarandstöðu. Það höfum við heyrt á þeim ræðum sem hafa verið fluttar hér vegna þess að sérstök einstaklingsviðhorf endurspeglast í umræðunni.

Ég geri mér grein fyrir því að það hefur verið vandasamt verk að vinna þetta frv. Það er vandasamt að setja lög um tæknifrjóvgun vegna þess að tækniframfarirnar eru orðnar slíkar að það er mjög margt kleift sem hefði verið óhugsandi fyrir einum og hálfum, ég tala ekki um tveimur áratugum. En það eru mörg álitamál sem vakna við setningu slíkra laga. Það er ekki hægt að komast fram hjá því að þó að það hafi verið bent á það í umræðunni að þar sem fyrst og fremst sé litið til þess að þetta mál sé heilbrigðismál þá eru það siðferðisviðhorfin sem eru sterkust í umræðunni. Nú hefur tæknisæðing viðgengist hér á landi í 16 ár og glasafrjóvgun í fimm ár. Ný álitamál hafa vaknað með möguleikum á eggfrumugjöf. Það hefur komið fram í umræðunni að allsherjarnefnd hafi lagt sig mjög fram og að það sé mjög mikil vinna að baki í nefndinni þó að það hafi ekki náðst að endingu full samstaða um málið. Hins vegar ætla ég að lýsa því hér að mér finnst vera meiri sátt innan nefndarinnar um þetta mál en búast mátti við um svo viðkvæmt málefni.

Ég mun fylgja áliti og tillögum allshn. í nær öllum tilfellum. En í einu veigamiklu atriði skilur í milli og það er nafnleyndin. Reynar heyrði ég því fleygt í gær að það gæti komið til greina af hálfu nefndarinnar að reyna að koma til móts við sjónarmiðin um nafnleynd með því að vera með endurskoðunarákvæði fljótlega til að sjá hvernig þessar tillögur nefndarinnar virkuðu. Ég hef reyndar ekki séð neina tillögu og ætla ekki að setja fram neina skoðun á því hér hvort það muni hafa einhver áhrif á viðhorf mín. Viðhorf mín á þessari stundu eru þau að greiða atkvæði gegn nafnleynd.

Það kom einmitt fram í máli formanns allshn. þegar hún mælti fyrir málinu að miklar umræður hefðu verið um nafnleyndina. Ég er ekki hissa á því vegna þess að þegar kemur að nafnleynd þá er komið að prinsippmáli, miklu prinsippmáli og viðhorfum sem grundvallast á ákveðinni afstöðu. Þar erum við að tala um afstöðuna til réttar barns samanborið við afstöðuna til réttar foreldris eða verðandi foreldra. Það er þarna sem mér hefur fundist á þeim ræðum sem ég hef heyrt að væri mikill tilfinningahiti í málinu. Hins vegar kemur það mér á óvart hversu þeir sem eru fylgjandi því að viðhalda nafnleyndinni hafa sýnt mikinn tilfinningahita í málinu vegna þess að ég hef skilið það svo að það sé mikill meiri hluti fyrir því að viðhalda nafnleynd. Í fyrsta lagi er þetta stjórnarfrv. hins mikla meiri hluta þannig að þótt einhverjir, einn, tveir eða þrír hafi nú leyft sér að hafa aðra skoðun þá skyldi það nú ekki vera að það breytti miklu. Í stjórnarandstöðuflokkunum virðist líka vera meiri hluti við **að styðja nafnleyndina. Ég yrði ekki hissa á því þótt ég væri**

eini þingmaðurinn í mínum þingflokki sem væri á annarri skoðun þó það eigi eftir að koma í ljós.

Það vekur athygli að meginviðhorfið sem sett er fram snýr að vandanum við að fá sæðisgjafa ef nafnleyndinni er aflétt. Það er þar sem kemur fram að afstaðan byggist ekki á viðhorfinu um rétt barnsins. Ég hef reyndar áður tekið þátt í umræðum um þetta mál. Í fyrsta lagi á málþingi Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um tæknifrjóvgun og þetta mál var einnig tekið fyrir í þættinum Almannarómi sem var að sjálfsögðu öðruvísi umræða en sú umræða snerist fyrst og fremst um nafnleyndina og þetta: Réttur barnsins, réttur foreldra.

Mig langar að staldra aðeins við umræðuna sem fram fór á málþingi Siðfræðistofnunar. Þar var einmitt fjallað um það hvort menn ættu að vera svona uppteknir af hagsmunum gjafara og það væri hægt að tryggja réttinn til að fá að vita um uppruna sinn þótt annað sem menn væru hræddir við fylgdi ekki með. Það hefur verið margáréttað að það að aflétta nafnleynd sneri ekki að viðkvæmum þáttum eins og erfðarétti og öðru slíku þannig að við erum ekki að tala um það. Við erum fyrst og fremst að tala um að fá leyfi til að fá upplýsingar um uppruna sinn, við komum betur að því síðar.

Það var líka fjallað um að ófrjósamir foreldrar eigi minni möguleika á að fá barn og þar var meginskoðunin sú að þar með væri sjálfstæðum rétti barns fyrirgert til að þjóna foreldrum. Hagsmunirnir sem væri haft svo hátt um væru að sumu leyti ímyndaðir því þeir byggðu á feluleik og ósannindum. Það kom líka fram á þessu þingi að það vantaði ákvæði um fjölskylduráðgjöf til að koma til móts við foreldra sem ættu við vandamál að stríða. Mér finnst mjög mikilvægt að halda því til streitu hér og minna á þann þátt og mikilvægi hans. Reyndar hef ég átt viðræður um þann þátt við formann heilbrn. sem hefur mjög góðar og heilbrigðar skoðanir á þessum málum þótt okkur greini á um nafnleyndina. Við höfum einmitt rætt það hversu foreldraráðgjöf sé mikilvæg bæði við umsókn og áætlanagerð. Það er mjög mikilvægt að í foreldraráðgjöf felist að benda á aðra kosti og ráðgjöf og ekki síst að umhyggja þarf að koma til eftir að tæknifrjóvgun hefur verið reynd og hún hefur misheppnast eða ef fósturlát hefur orðið. Það hefur orðið mörgum pörum mjög erfitt og sársaukafullt og oft á tíðum þáttur sem þau hafa verið lengi að vinna úr.

Hér hefur verið talað um það og það kom líka fram á þessu málþingi að úr því að frjóvgun væri leyfð og notkun kynfrumna þá verði menn að ganga út frá því að úr verði fullveðja fullorðinn einstaklingur með fullan rétt til aðgangs að upplýsingum. Þar greinir mig mjög á við félaga mína sem voru hér í andsvörum við síðasta ræðumann. Mér fannst þeir vera uppteknir af því að ef sæði fengist ekki í þessum tilfellum og þar með yrði ekki barn þá væri ekki hægt að hafa áhyggjur af því sem myndi gerast hjá því barni átján ára, því það væri ekkert barn. Þetta eru rök sem ég get ekki fallist á. Ég get ekki fallist á að ef ekki verður til barn þá þurfi ekki að vera með þessar áhyggjur því áhyggjurnar og rétturinn sem við tölum um er fyrir fullveðja einstakling sem hefur orðið til. Ég get ekki hugsað mér nokkurn standa í þeim sporum að standa fyrir framan fullorðna manneskju, hafa engar upplýsingar að veita um þetta viðkvæma mál og eiga þau einu svör: Hvað ert þú að kvarta, stelpa. Ef þetta hefði ekki verið gert hefðir þú ekki orðið til. Vertu bara ánægð með að vera til. Þess vegna er ég fullkomlega ósammála þessum rökum og ósátt við að þau séu sett fram. Það eru svo mörg önnur rök sem hægt er að takast á um. Fyrst og fremst lít ég svo á að þetta sé ekki einhver hefðbundin pólitík sem menn eru að takast á um, þetta er grundvallartilfinningamál. Mér finnst eðlilegt að við virðum rétt hvers annars og ræðum þetta efnislega. Í þessu máli finnst mér ekki passa að ráðast hvert á annað fyrir að vera með rangar hugmyndir. Mér finnst mín skoðun fullkomlega rétt þótt ég viðurkenni skoðanir annarra og hafna því að mín sé sögð hin ranga. Þetta er bara skoðanaágreiningur.

Mig langar að koma örlítið inn á atriði sem komu fram á þinginu sem ég var að vísa til og minna á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hann var samþykktur á allsherjarþinginu árið 1989 og tók gildi 1990. Hann felur í sér ótvíræða viðurkenningu á því að börn hafi sjálfstæð réttindi, alveg óháð vilja foreldra eða annarra forráðamanna. Það er ekki aðeins reynt að tryggja borgaraleg réttindi þeirra heldur líka leitast við að skilgreina bæði félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Bara það að gera sérstakan samning um rétt barna hefur mjög sjálfstæða þýðingu og hann tekur í raun og veru mið af því að börn eru ekki þrýstihópur og geta ekki sett sér heildstæð markmið sem þjóni hagsmunum þeirra og þörfum. Þessi samningur var fullgiltur hjá okkur 1990 og ekki var gerður neinn fyrirvari við hann.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort það hefur komið fram hér hvað olli breytingunni á þessum lögum í Svíþjóð. Ég ætla að nefna það ef það hefur ekki verið sett hér fram. Það var svokallað Haparanda-mál. Það er talið að niðurstaða þess dómsmáls fyrir hæstarétti Svíþjóðar hafi haft mjög afgerandi áhrif á að það var breytt reglum og breytt lögum þar í landi. Það vekur til umhugsunar um það hvaða skilyrði eigi að setja fyrir meðferð eins og þeirri sem við erum að ræða hér. Það sýnir líka ýmsan vanda eins og það að lengd sambúðar fyrir frjóvgun tryggir svo sem á engan hátt að samband foreldra rofni ekki, eins og þarna var bent á. Þannig var að kona sem fæddi son eftir tæknisæðingu með gjafasæði lenti í því þegar sonurinn var tveggja ára að maðurinn fór fram á skilnað og í kjölfar þess vefengdi hann faðerni barnsins. Hæstiréttur Svíþjóðar hafnaði því að það hefði þýðingu hvort maðurinn hefði samþykkt þessa tilteknu tæknisæðingu eða ekki. Þess í stað byggði rétturinn einfaldlega á þeirri staðreynd sem þegar lá fyrir að maðurinn var ekki faðir barnsins. Það má velta endalaust fyrir sér hvaða þýðingu slík atriði hafa í umræðunni. Á þessum tíma gilti nafnleyndarregla í Svíþjóð og þetta barn sem um ræðir varð allt í einu föðurlaust. Auðvitað hafði þetta mikil áhrif á alla þá sem vildu afnema nafnleynd og það fór svo að þremur árum síðar var sett löggjöf sem felldi niður nafnleyndina. Þótt menn greini á um nafnleynd eða ekki nafnleynd þá er það nú einu sinni svo að í þessu tilfelli var hagur og velferð barnsins gert að lykilatriði. Það er auðvitað það sem við erum að velta fyrir okkur í okkar umræðu hvers hag við setjum í öndvegi.

Það kom fram í máli hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur á hvern hátt íslensk lög virða sjálfstæðan rétt barnsins. Ég ætla ekki að endurtaka það en þetta eru vissulega þýðingarmikil atriði þegar við erum að fjalla um mál sem þessi.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir og er lagt mjög mikið upp úr er sá að fólk sem á í þeim vanda að geta ekki eignast barn hafi miklar áhyggjur af því að það muni ekki fá kynfrumur ef nafnleynd verður aflétt. Ég geri ekki lítið úr þeim áhyggjum. Ég geri alls ekki lítið úr þeim áhyggjum og skil vel þá stöðu foreldranna. Ég minni samt á að fyrir 16 árum var þetta ný tækni og þótti þá mjög ótrúleg og

stórkostleg. Okkur hefði þá ekki órað fyrir því hvað margt annað kæmi til. Nýja tæknin sem hefur orðið til síðan hefur bæði gert auðveldara að veita lækningar og nú glasafrjóvgun, eins og við höfum verið að fjalla um. Kannski hefur þar með fjölgað þeim einstaklingum sem geta eignast barn þrátt fyrir erfiðleika. Ég veit að það breytir ekki stöðunni hjá þeim sem verða að fá sæði en ég er ekki viss um að það muni gjörbreyta svo miklu vegna þess að breytingin fyrir gefandann er sú að hann heimilar að það verði gefnar fullkomnar upplýsingar um hann til barnsins þegar það er orðið fullorðið. Ég veit ekki hvort það breytir svo miklu fyrir gefandann, sé verið að hugsa um það að hann fari í sambúð eða hjónaband síðar, hvort hann segir maka sínum á einhverjum tímapunkti: Ég gaf úr mér sæði, e.t.v. í þetta mörg börn. Það gæti þess vegna verið að þú mættir einhvers staðar á götu í einhverju tilteknu landi eða hvar sem við erum á ferð barni sem lítur út eins og ég þegar við kynntumst. Eða hvort hann segir hreinlega: Ég veitti leyfi fyrir því að barn sem yrði til úr þessu sæði fengi að vita um mig án þess að ég hafi opnað á nokkur kynni. Ég veit ekki hvort þetta breytir svo miklu ef leitað verður sterkt eftir því. Mér finnst að það sé það sem eigi að leita eftir. Að sá sem er tilbúinn að gefa, eins og ég hef stundum sagt, efni í mann axli á því ábyrgð.

Það voru margar umsagnir varðandi þetta frv. Ég ætla ekki að fara í gegnum þær allar en ég ætla að nefna þrjár. Í fyrsta lagi frá umboðsmanni barna. Það er nýtt embætti hjá okkur og var sett á laggir til að gæta hagsmuna barna. Það er afdráttarlaus skoðun umboðsmanns barna að það eigi ekki að vera nafnleynd. Ég grip, með leyfi virðulegs forseta, niður á nokkrum stöðum í þá umsögn: Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Barn á rétt á því eftir því sem unnt er að þekkja foreldra sína. Það á að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling. Það er vísað í samning Sameinuðu þjóðanna um að tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þeim án mismununar.

Aftur og aftur í umsögninni er kveðið á um réttinn til að vita uppruna, réttinn til að þekkja foreldra eftir því sem framast er unnt og að tryggja barni sem getið er með gjafakynfrumu ótvíræðan rétt til að fá að vita hver raunverulegur uppruni er eftir því sem framast er unnt.

Sömuleiðis er að finna í umsögn Kvenréttindafélags Íslands afdráttarlausa yfirlýsingu varðandi þetta ákvæði. Barn sem getið er með gjafakynfrumum á að eiga rétt á upplýsingum um kynforeldra þegar það hefur þroska til og óskar þess, þó þannig að nafnleynd sé virt. Allir eiga skilyrðislausan rétt til að geta vitað um uppruna sinn.

Síðan er umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Ég veit að það er búið að vísa mjög mikið til þeirrar umsagnar en þar segir m.a. að einstaklingur sem getinn er með þessum hætti eigi að eiga þess kost að fá allar upplýsingar um uppruna sinn sem til eru. Meginrökin eru þau að rangt sé með lagasetningu eða leynd að girða fyrir þá möguleika að einstaklingur geti leitað upplýsinga um sjálfan sig sem aðrir búa yfir.

Virðulegi forseti. Það er gífurlega rík þörf einstaklinga að fá að vita um rætur sínar. Þetta er miklu sterkari hvöt en mann órar fyrir þegar maður hefur ekki kynnst því. Það er ekki mjög langt síðan ég átti viðræður við manneskju á mínum aldri, vel gerða yfirvegaða manneskju, sem taldi sig vita um uppruna sinn. Hún var ættleidd og taldi að hún vissi um uppruna sinn en fékk svo þær upplýsingar að á upprunanum léki vafi. Þessi manneskja sagði við mig: Ég hefði aldrei trúað þessu. Ég á yndislega foreldra og það snýst ekki um það. Það snýst ekki um þá sem ganga í foreldrastað. Ég á þessa yndislegu foreldra en þessi tilfinning er að tæta mig í sundur. Ég er komin yfir fimmtugt, ég vaki á nóttinni og ég verð að fá niðurstöðu í þetta mál. Ég mun einskis láta ófreistað. Þetta skiptir mig svo miklu máli.

Við getum rætt þessi má fram og til baka en þetta er staðreynd sem verður ekki komist fram hjá að það að vita rætur sínar er sterk kennd í hverjum einstaklingi. Einhvers staðar hefur því verið haldið fram og kannski eru fyrir því einhver vísindaleg sannindi að hungur og kynhvöt séu sterkustu hvatir mannsins. Og virðulegi forseti, það munu vera mín lokaorð að ég legg það næstum að jöfnu við þetta tvennt, þessa ríku þörf mannsins fyrir að þekkja uppruna sinn.

[22:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið og afstaða mín til þessara mála sem rista vissulega djúpt byggist ekki á því hvað menn hafa verið að gera úti á Norðurlöndunum. Hún byggist ekki heldur á áliti einhverra siðfræðinga uppi í háskóla sem ég hef vaxandi efasemdir um. Hún byggist ekki heldur á umboðsmanni barna og áliti hans heldur bara því sem ég og minn takmarkaði reynsluheimur hefur leitt mig að.

Í upphafi vil ég geta þess, herra forseti, að þrátt fyrir að það sé svo að mig og hæstv. dómmsrh. greini á um ýmislegt tel ég að það frv. sem hér liggur fyrir frá hans hendi sé honum mjög til fremdar og hann eigi hrós skilið fyrir það. Ég hef hoggið eftir því í þessari umræðu að menn hafa talað um að ekki hafi borist réttar upplýsingar um það hvernig stöðu þessara mála er háttað annars staðar á Norðurlöndum. Það kom mér spánskt fyrir sjónir því ég man ekki betur en hér við 1. umr. hefðu menn verið að hrósa hæstv. dómsmrh. fyrir það að þetta frv. gengi lengra en samsvarandi löggjöf nágrannaþjóða að því leyti að hér væri verið að leiða í lög heimild til þess að gefa eggfrumu við glasafrjóvganir. Ég man ekki betur en að hafi komið fram að það væri hvergi löglegt á byggðu bóli annars staðar.

Ég held að frv. sé flestu leyti afskaplega vel unnið og gott. Auðvitað hefur ýmislegt komið fram við umræðuna sem betur mætti fara. T.d. er það svo að í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar komu fram ákveðin atriði sem ég tel að sé þarft að íhuga og þá á ég fyrst og fremst við rannsóknir á fósturvísum og kynfrumum sem hv. þm. ræddi um. Að vísu lagði hv. þm. ekki til að gerðar yrðu frekari breytingar á þessu frv. að því er varðaði takmarkanir á rannsóknum á fósturvísum enda sýnist mér að sá partur frv. sé næsta góður. Hins vegar er rétt hjá honum að litlar skorður eru reistar við rannsóknum á kynfrumum og það má vera rétt hjá hv. þm. að nauðsynlegt kunni að vera að setja einhverjar fastari reglur um það.

Mér þótti hann flytja merkilegt mál um rannsóknir og möguleika erfðatækni um það að breyta mannlegum erfðum. En ég hef ekki alveg sömu sýn og hv. þm. á framtíðinni í þessum efnum. Ég hef meiri trú á manninum, meiri trú á því að hann leyfi sér ekki þá hluti sem mér þótti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nánast ganga út frá sem gefnu að yrði veruleikinn í mjög náinni framtíð. Það hefur auðvitað verið hluti af vísindaskáldsögum aldarinnar og framtíðarspádómum, kannski dómadagsspámanna, að sá tími kynni að

renna upp að menn gætu forritað mannlega arfgerð, menn gætu sagt fyrir um og meitlað mannskepnuna, menn gætu gripið inn í hinar mannlegu erfðir og nánast búið til mann eftir forskrift. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson virðist telja að þetta kynni að freista mannsins í náinni framtíð. Ef ég man rétt velti hann upp þessari spurningu: Hversu langt er í að fram komi krafan um staðlað útlit, staðlaða arfgerð? Og hann svaraði henni sjálfur: Það kynni að gerast í byrjun í næstu aldar. Þetta er auðvitað hroðaleg framtíðarsýn og menn hafa velt henni fyrir sér, ekki síst ýmsir vinstri menn fyrr á árum, þegar fyrst kom upp að með erfðalestri er hægt að spá fyrir um gen sem valda tilteknum eiginleikum. Þegar ég var í háskóla skrifuðu menn af skyggnu mannviti um þann möguleika að það yrði búinn til sérstakur vinnumaður sem væri duglegur, þyrfti að sofa lítið og þyrfti lítið að hvílast.

Auðvitað er það svo að menn hljóta að sporna gegn öllu slíku. Ég held hins vegar að frv. sé þess eðlis að við þurfum ekki að óttast neitt í þessum efnum. Ég held að 11. og 12. gr. í því sé nokkuð góð en hins vegar er rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það þyrfti e.t.v. að reisa einhverjar frekari skorður við rannsóknir á kynfrumum. Ég held hins vegar að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt sé fyrir okkur að menn muni reyna að greina sínar eigin erfðir, m.a. til þess að geta sagt fyrir um það hvernig best sé að lækna ýmsa mannlega sjúkdóma sem koma upp. Mér flaug í hug þegar ég hlýddi á mál hv. þm. að með vissum hætti eru menn byrjaðir á þessu. Við erum farin að rannsaka fóstur áður en þau fæðast og ef þau eru haldin tilteknum erfðaeinkennum er þeim eytt. Þannig er það í dag. Við erum þegar byrjuð að feta þessa leið.

Herra forseti. Megindeilan í þessari umræðu er hvort það eigi að vera nafnleynd varðandi gjöf kynfrumna. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera meginreglan en ég skil vel þá sem hafa aðra skoðun. Ég skil vel þá hugsun sem liggur að baki tillögu hv. þm. Hjálmars Jónssonar. Mér finnst hún að mörgu leyti fýsileg og ég skil vel það aðdráttarafl sem hún hefur gagnvart hv. þingmönnum. Ég styð hana eigi að síður ekki. Ég er algerlega ósammála stallsystur minni úr Alþfl., hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, þegar hún segir: Þetta á að miða við þann einstakling sem þegar er fæddur og verður í fyllingu tímans fullveðja einstaklingur. Þetta er spurningin um rétt hans.

Ég byrja mína röksemdarfærslu einu stigi fyrr. Ég spyr: Hvort er betra að vera þó fullveðja einstaklingur og að vita ekki út í hörgul uppruna sinn eða þá að vera ekki til?

Ég veit að það er ósanngjarnt að setja málið upp með þessum hætti. En það eru þeir valkostir sem eru fyrir hendi. Það er alveg jafnósanngjarnt af öðrum hv. þingmönnum að segja sem svo: Við skulum velta fyrir okkur mannréttindum þessara einstaklinga. Niðurstaða þeirra er sú að nafnleynd eigi ekki að vera fyrir hendi. Hvað þýðir það? Það kemur fram í áliti meiri hluta allshn. að reynslan erlendis frá sýni að hvað varðar eggfrumurnar er líklegt að það verði takmarkað framboð á þeim ef andstæðingar nafnleyndarinnar hafa sitt fram. Þá er það náttúrlega svo, herra forseti, að það eru fáir einstaklingar sem þarf að gæta mannréttinda fyrir. Þetta finnast mér vera fullboðleg rök og er að því leyti til ósammála öðrum sem hér hafa talað í kvöld. Ég held að þeir hafi nánast allir verið andstæðingar nafnleyndar.

Herra forseti. Ég held einfaldlega að tillaga þeirra sé ekki praktísk. Ég held að við þurfum ekki að hafa af þessu miklar áhyggjur ef andstæðingar nafnleyndarinnar hafa sitt fram vegna þess að ég held að í okkar litla samfélagi verði erfitt að útvega eggfrumur.

Ég vísa líka til þess að í meirihlutaáliti allshn. er lagður til ákveðinn meðalvegur, reyndar sami meðalvegurinn og við lögðum til í heilbr.- og trn., þ.e. að val væri um þetta. Þær sem gæfu eggfrumu hefðu val á þessu. Það kemur fram í áliti meiri hluta allshn. að erlendis tíðkist það að ættingjar eða vinkonur viðkomandi kvenna gefi kynfrumu og þá er nauðsynlegt að nafnleynd sé aflétt í þeim tilvikum. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa þennan möguleika opinn hér á Íslandi.

Herra forseti. Að því er varðar tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hef ég áður komið fram með viðhorf mín gagnvart henni. Hv. þm. leggur til að það verði ekki leyft að hafa um hönd glasafrjóvgun nema því aðeins að kynfrumur viðkomandi pars séu notaðar. Mér finnst þetta allt of þröngt, mér finnst þetta alveg skelfileg tillaga. Ég náði ekki rökum hv. þm. fyrir því. Hann talaði í stuttu máli um félagsleg rök, tilfinningaleg rök, lagaleg rök. En mér fannst að rök hans fyrir þessu byggðust miklu fremur á fyrsta hluta ræðu hans í dag. Það var þegar hann var á góðan hátt að draga upp framtíðina þegar búið væri að lesa erfðir mannsins, búið væri að koma upp tækni til þess að breyta henni og ég velti því fyrir mér hvort það væri það sem hann óttaðist. Ég hjó eftir því að hann talaði um erfðatækni og erfðabreytingar, talaði um málið í tengslum við annað frv. sem við höfum rætt um fyrr í vetur. Ég hefði gaman af því ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson á eftir að halda aðra ræðu í kvöld að hann gerði skýrari grein fyrir afstöðu sinni varðandi þetta atriði. Byggist afstaða hans á því að hann óttast að með því að leyfa glasafrjóvganir þar sem eru gjafakynfrumur aukist möguleikar og líkur á því að menn fari að búa til menn eftir fyrir fram gefinni forskrift? Ég tel nauðsynlegt að þessi afstaða komi fram vegna þess að ég óttast þetta ekki. Ég er alveg sannfærður um að á allra næstu árum mun þessi tækni verða til. Hún er kannski til nú þegar í dag. En ég hef þá trú að samfélag manna hvar sem er í heiminum muni jafnan bera gæfu til þess að koma í veg fyrir slíkt alveg eins og er með vissum hætti gert í þessu frv.

[22:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þótt vera megi að ég taki aftur til máls í umræðunni undir öðru formerki tel ég rétt að bregðast við ósk hv. þm. að skýra afstöðu mína aðeins frekar en hann hefur numið af máli mínu til þessa. Það fyrsta sem er greinilega misskilningur og réttilega var vísað til af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrr, hann virtist ekki alveg hafa náð inntaki tillögu minnar, felst í því að ég geri ekki ráð fyrir gafakynfrumu, hvort sem um er að ræða tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Á því geri ég engan mismun og þar með eru þau vandamál ekki uppi sem tengjast gjafakynfrumum sérstaklega.

Ég tengi tillöguflutninginn siðferðilegum álitaefnum, félagslegum álitaefnum og eftir atvikum lögfræðilegum álitaefnum sem upp koma frekar þegar um svo flókið samhengi er að ræða sem þetta og náttúrlega margfalt frekar þegar um hinn siðferðilega þátt er að ræða. Hitt er svo rétt til getið hjá hv. þm. að við þessi rök bætast áhyggjur af minni hálfu varðandi það að þeir sem virðast reiðubúnir að ganga þessa götu jafnlangt og þetta frv. gerir ráð fyrir kunni að vera opnir fyrir því að ganga enn lengra þegar tæknin leyfir og krafan kemur upp og vilji heimila þessi og þessi inngrip í erfðaefnið

til að fyrirbyggja hugsanlega sjúkdóma. Eða jafnvel til að ná fram því sem menn telja jákvæða eiginleika. Það er einnig þarna til staðar.

Ég vil í þessu sambandi vísa til rits sem heitir Barnaréttur. Höfundur er Davíð Þór Björgvinsson og það kom út á árinu 1995. Þar er að finna marghátttaðan fróðleik, rök og vangaveltur um þessi atriði, m.a. lögfræðilegs efnis. Ég hvet hv. þm. til að kynna sér það. Má vera að ég vitni frekar í það rit í umræðu á eftir.

[22:16]

Katrín Fjeldsted:

Ágæti forseti. Ég hef ekki blandað mér í þessar umræður þar sem ég tók ekki sæti á þingi fyrr en í dag. En ég get ekki orða bundist og langar mig að tjá mig um það nokkrum orðum.

Frv. til laga um tæknifrjóvgun hefur verið lengi í meðhöndlun í þinginu og í nefndum þess. Leitað hefur verið eftir áliti sérfróðra aðila um efni þess. Hér í þinginu heyrðist mér fyrst og fremst vera rætt um nafnleyndina; þá hlið málsins sem lýtur að nafnleynd þess sem gefur kynfrumur.

Nú er vitað að vandi fólks er af ýmsum toga. Sumum auðnast ekki að eignast börn, öðrum gengur illa að hemja frjósemi sína og eru þeir öllu fleiri. Siðfræðiráð Læknafélags Íslands og stjórn Læknafélags Íslands tjáði sig um þetta frv. Þar komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt geti verið að rekja uppruna einstaklinga í þeim tilgangi að rannsaka og koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma sem ættgengir eru og verða ekki upprættir nema með vitneskju um forfeður viðkomandi. En stjórn Læknafélags Íslands treysti Alþingi til að leysa úr vandanum hvað nafnleyndina varðar og blandaði sér ekki í þær umræður.

Það er ljóst að lög eru nauðsynleg sem rammi utan um starfsemi sem þessa. Og starfsemin hérlendis hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir góðan árangur sem er sambærilegur við önnur Norðurlönd, þótt við séum fremur fá og smá. Erfðafræðilegu vandamálin lúta að því að rekja orsakir sjúkdóma og ég verð sem læknir að telja að þar stöndum við frammi fyrir raunverulegu vandamáli. Grunnrannsóknir í læknisfræði hér á landi, t.d. í krabbameinsfræðum og hjarta- og æðasjúkdómum, væru ekki miklar að burðum ef ætterni manna væri ótryggt. Faðernið hefur reyndar í gegnum aldirnar ekki verið jafntryggt og móðerni en ég vil samt minna á Kristján í Skógarkoti í nýlegri bók Björns Th. Björnssonar hvað þetta varðar. Ef menn hafa ekki lesið hana ættu menn endilega að gera það.

Ég skil vel efasemdir þeirra sem hafa talað á móti þessu frv. vegna þess að á því eru siðferðilegar hliðar þar sem einn hefur ekki rétt fyrir sér og annar rangt. Niðurstaða mín er reyndar ekki sú sama og þeirra sem efasemdunum hafa lýst.

Mér finnst rétt að vekja athygli á því sem mér finnst langstærsta áhyggjumálið í þessu og það er að veruleg fækkun, jafnvel um tugi prósentna, hefur orðið á sæðisfrumum í sæði evrópskra karlmanna. Þetta hefur gerst á nokkrum áratugum. Flestir telja að mengun sé um að kenna. Væntanlega geta rannsóknir leitt í ljós orsök þessarar fækkun sæðisfrumna í evrópskum karlmönnum.

Afleiðingin af þessu er málið sem við erum að tala um í dag, tæknifrjóvgun þar sem leitað er lausna á vandanum. Ég er viss um að flestir væntanlegir foreldrar kjósa frekar að geta nýtt eigin kynfrumur og með aukinni tækni verður það **án efa auðveldara.**

Allshn. hefur sett fram brtt. sem var dreift hér. Þar er lagt til að kynfrumugjafinn geti valið hvort hann hafi nafnleynd eða ekki. Ég held að þetta sé ekki mjög raunverulegt mál fyrir okkur Íslendinga sem þiggjum þetta sæði erlendis frá. Ég held ekki að samþykkt laga á Íslandi nái til Danmerkur, en þaðan koma aðallega þessar sæðisfrumur. En ég hvet menn á hinu háa Alþingi til að hugsa um þessi mengunarvandamál og stuðla að því að mengunarvörnum sé sinnt sómasamlega í okkar landi og að rannsóknir varðandi mengun séu studdar dyggilega. Sama má segja um erfðafræðilegar rannsóknir og styðja verður við bakið á þeirri starfsemi sem fer fram við tæknifrjóvgun á kvennadeild Landspítalans.

Niðurstaða mín er sú að ég styð þetta frv. Þótt ég sjái ýmsa vankanta á framkvæmdinni sé ég ekki aðra leið en að þetta sé gert á þennan hátt. Ella tel ég að þessi starfsemi muni leggjast alveg af hér á landi og það finnst mér ekki réttlátt.

[22:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að nefna sérstaklega mengunarvandann sem á þátt í minnkandi frjósemi karla og sæðisframleiðslu. Það minnir mig á að ég nefndi þetta í umræðu um utanríkismál á dögunum í sambandi við frjósemi karla og minnkandi magn á sæðisfrumum og að mengun væri ákveðinn þáttur í því máli. Það er einmitt nýkominn út bók um þetta efni „Our stolen future" í Bandaríkjunum sem hefur vakið mjög mikla athygli. Þetta er auðvitað ekki eingöngu evrópskt vandamál heldur víðtækara. Varaforseti Bandaríkjanna ritar formála að því riti og þar er að finna mjög sterka hvatningu til að bregðast við þessari mengun, einkum mengun þrávirkra efna sem eru talin valda þessu öðru fremur.

Ég náði ekki alveg samhenginu hjá hv. þm. eða hvernig hún notar þetta til að rökstyðja sérstaklega stuðning við þetta frv., þ.e. þann þáttinn sem varðar gjafakynfrumur. Ég tel að það gildi út af fyrir sig alveg það sama um vanda frjóvgunar hvort sem um er að ræða eigin kynfrumur eða gjafakynfrumur. Hitt er svo rétt að við verðum að geta brugðist við þessum vanda. Best er auðvitað að taka þá á upptökunum, þ.e. menguninni. Ef hún er raunverulega ástæðan er það auðvitað hið eðlilega eins og hv. þm. sagði. Hitt er erfitt að þurfa að leggja út í flóknar aðgerðir og tvísýnar til þess að bregðast við, en það geta menn þó gert með tæknisæðingum.

[22:25]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að sjálfsögðu ekki að nota þessa umræðu sem rök varðandi gjafakynfrumur. Ég var að vekja athygli á orsökum ófrjósemi og á því að umræðan um tæknifrjóvgun og þær aðgerðir sem menn eru að reyna að grípa til eru afleiðingar af vandamálinu. Og vandamálið stafar sennilegast af mengun. Það var samhengið.

[22:25]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er að minni hyggju mjög merkilegt. Það lætur kannski ekki mjög mikið yfir sér við fyrstu sýn, en þegar menn hafa kynnt sér efni þess sjá þeir fljótt hversu flókin álitaefni og viðkvæm eru hér á ferðinni.

Ég á sæti í heilbr.- og trn. og við áttum þess kost þar að fjalla um frv. og veita umsögn til allshn. Ég vil lýsa því **hér að ég styð frv. í öllum meginatriðum. Það sem ég vildi**

kannski fyrst og fremst gera að umræðuefni hér eru álitaefni sem snúa að nafnleyndinni. Það er hins vegar ljóst að tilgangur tæknifrjóvgunar er að sjálfsögðu að hjálpa barnlausu pari að eignast barn. Við slíka lagasetningu þarf að skoða málið frá mörgum sjónarhornum. Þá hlýtur það líka að vera þannig að mismunandi hagsmunir kunna að rekast á. Þar er t.d. um að ræða hagsmuni hins barnlausa pars, hagsmuni barnsins og ýmislegt annað, eins og t.d. að koma í veg fyrir að kynfrumur verði nýttar í hagnaðarskyni eða á einhvern annan óæskilegan hátt.

Í þessu frv. er að sjálfsögðu lögð meginhersla á að tryggja hagsmuni barnsins eins og kemur mjög vel fram í 3. gr. frv.

Spurningarnar sem vakna um rétt kynfrumugjafa til nafnleyndar eru kannski einkum af þrennum toga. Í fyrsta lagi getur nafnleyndin stuðlað að því að menn fáist til að gefa kynfrumur. Væri nafnleyndinni aflétt gætum við lent í þeim sporum, eins og ýmsir hafa bent á, að það drægi stórlega úr því að menn fengjust til þess að gefa sæði. Síðan þarf að hafa í huga hag kynfrumugjafans sjálfs af því að vera laus undan þeim skyldum sem hann annars kynni að hafa gagnvart barninu, hvort sem þær eru félagslegar, siðferðilegar eða lagalegar. Svo er að sjálfsögðu um að ræða hag barnsins af því að fá að vita um sinn rétta föður.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi nefna eitt atriði sem ég hef ekki heyrt að fólk hafi velt fyrir sér í tengslum við umræðuna um þessi mál. Það er sú staðreynd að í íslenskum rétti eru ekki ákvæði sem skylda móður til að feðra barn sitt. Mér finnst það dálítið merkilegt að þetta sjónarhorn skuli ekki hafa verið dregið fram í þessari umræðu. Það mætti því spyrja hvort þeir sem leggja svo mikla áherslu á að ekki sé nafnleynd við tæknifrjóvgun séu þá í sama orðinu að segja að þeim finnist að það ætti að setja lög á Íslandi sem skyldi mæður til þess að feðra börn sín. En það er sem sagt fyrir því mjög löng hefð hjá okkur að það sé ekki skylda móður.

Það eru auðvitað líka eins og hefur verið dregið inn í umræðuna af mjög mörgum þessi gríðarlegu stóru álitaefni sem eru þá heimspekileg, trúarleg, siðferðileg, félagsleg og lögfræðileg. Það má þá velta fyrir sér spurningunni um móðernið frekar, hvort t.d. sú kona sem fær gefins eggfrumu og gengur með barnið og elur það af sér sé hin raunverulega móðir. Hver er hin erfðafræðilega móðir, hin líffræðilega móðir o.s.frv.? Þetta eru því sannarlega mjög flókin mál sem hér er um að ræða og ég get ekki varist því að halda því fram og ég tel raunar að sú kona sem elur barnið sé móðir þess, jafnvel þótt hún hafi ekki lagt til þá frumu sem kveikti það líf við tæknifrjóvgun. Það er líka alveg ljóst að það er gengið út frá því í barnalögunum og þau eru í raun og veru reist á því að sú kona sem gengur með barn og elur það sé móðir þess í lagalegum skilningi.

Mér finnst allshn. hafa komið með skynsamlega málamiðlun í þessu máli og ég mun styðja hana. Mér finnst sú leið sem lögð er til hjá allshn. geta orðið til þess að það yrði ekki stórkostleg fækkun þeirra sem vilja gefa sæði. Ég bendi hins vegar á að það hljóta alltaf fyrst og síðast að vera foreldrar barna, bæði þeirra sem getin eru með tæknifrjóvgun eða á venjulegan hátt, sem ákveða hvort þeir fræða börn sín um staðreyndir, hvað sem allri lagasetningu líður. Jafnvel þótt Alþingi ákveði að búa svo um hnútana að gjafinn nyti ekki nafnleyndar þá væri samt engan veginn tryggt að barn fengi vitneskju um uppruna sinn og gæti þar með aflað sér upplýsinga um kynfrumugjafa. En ég ítreka að mér finnst sú leið sem meiri hluti allshn. leggur til vera ágætis málamiðlun og lýsi stuðningi við hana.

[22:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gerði það að umtalsefni hvort að þeir sem vildu aflétta nafnleynd vildu þá beita sér fyrir því að það yrði fært í lög að það væri skylda mæðra sem ekki hefðu feðrað börn sín að gefa börnunum upplýsingar um uppruna sinn. Nú er það svo að ef nafnleynd ríkir varðandi sæðisgjafa þá veit móðirin ekkert um sæðisgjafann annað en það að hann er líklega einn og níutíu með blá augu og ljóst hár af því að það var óskin varðandi föður. Ef við göngum út frá því að móðirin í hinu tilfellinu viti hver faðirinn er að barninu sem hún ber undir belti, þótt hún ákveði á þeim tíma að feðra ekki barnið, þá á barnið þó alltaf möguleika á því þegar það vex úr grasi að ganga eftir því við móðurina, sem veit hver barnaði hana, hver uppruni þess er. Og á þessu tvennu er grundvallarmunur. Annars vegar er möguleikinn fyrir hendi fyrir hinn unga mann eða hina ungu konu að knýja á um það við móðurina að hún ljóstri upp leyndarmálinu. Nú er ekki einu sinni víst að leyndarmálið sé gagnvart barninu, það getur fyrst og fremst verið leyndarmál gagnvart umheiminum. Í hinu tilfellinu veit móðirin ekki sjálf um sæðisgjafann vegna þess að það var bara pantað sæði með ákveðnum einkennum. Þetta er munurinn, virðulegi þingmaður.

[22:35]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var fyrst og fremst að vekja athygli á því að það eru ekki ákvæði í íslenskum rétti sem skylda móður til þess að feðra barn sitt. Ég tengdi það þessari umræðu um nafnleyndina gagnvart kynfrumugjafa og spurði hvort það ætti þá ekki á sama hátt, ef menn vilja ekki nafnleynd, að ganga svo langt að skylda móður til þess að gefa upp faðerni svo fremi að hún hafi sjálf vitneskju um það.

[22:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi þetta mjög vel og mér finnst þetta skemmtilegar og heimspekilegar vangaveltur. Það er mjög athyglisvert að velta þessu fyrir sér. En ég legg áherslu á að við erum með á borðum þingmanna frv. til laga um ákvæði um nafnleynd og sum okkar leggjast gegn því. Ef við værum hér með frv. á borðunum sem kvæðu á um rétt mæðra til að leyna barn nafni föður síns og upplýsingum við einhverjar tilteknar aðstæður, þá geri ég ráð fyrir að viðbrögðin í þingsal væru miklu harðari gagnvart þeirri nafnleynd sem þar væri verið að boða heldur en sem hér liggur fyrir.

[22:37]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að það eru ekki til lagaákvæði sem skylda móður til þess að gefa upp faðerni barns en það er bæði siðferðileg og félagslega skylda og þrýstingur á mæður að gefa slíkt upp. Rangfeðranir eiga sér stað að einhverju marki. Um það er að sjálfsögðu vitað en ég hef aldrei vitað um fólk sem mælti því bót fyrr en þessa dagana hér í þinginu og aldrei vitað til þess að nokkrum dytti í hug að fara að leiða í lög að fólk verði rangfeðrað. Til dæmis eru Danir með sektarákvæði í sínum lögum ef ekki er gefið upp faðerni. Þeir vilja ganga það langt til þess að fólk fari ekki á mis við þau mannréttindi að vita uppruna sinn og ættir.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir talaði um að skoða þyrfti málið frá öllum sjónarhornum eða mörgum. Hagsmunir barnlausa parsins og barnsins gætu rekist á. Það er rétt. Vill hv. þm. þá taka hagsmuni parsins fram yfir hagsmuni barnsins þar sem þeir rekast á? Og eru það meiri hagsmunir barnlausa parsins en barnsins síðar?

[22:39]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það áðan að tilgangurinn með tæknifrjóvguninni væri fyrst og fremst sá að hjálpa barnlausu pari að eignast barn og ég er ekki í nokkrum vafa um það að í öllum grundvallaratriðum fara þessir hagsmunir saman. Það fara saman hagsmunir parsins og síðan þess barns sem getið er með tæknifrjóvgun. Ég vil hins vegar ekki ganga jafnlangt og ýmsir aðrir hér á Alþingi vilja ganga í því að það sé engin nafnleynd til staðar. Ég óttast að með því gætum við dregið stórlega úr því að unnt væri að hjálpa barnlausum pörum að eignast barn. Þeim sem fást til að gefa sæði til tæknifrjóvgunar gæti fækkað stórlega og það er einmitt sú reynsla sem ýmsar þjóðir hafa.

[22:40]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða eins og margar fleiri sem hafa verið fluttar til stuðnings nafnleynd gengur út á þau einu rök að ekki fáist gjafasæði ef nafnleynd verði aflétt og það sé ekki ástæða til að þeir sem gefa kynfrumur og geta þannig af sér mannslíf viti nokkurn tíma af því sjálfir eða beri ábyrgð á því. Þetta er niðurstaðan og einu haldbæru rökin sem ég hef heyrt en mér finnst þau hins vegar haldlítil. Þau eru léttvæg og mér þykir allt bera að sama brunni í málflutningi þeirra sem vilja halda í nafnleyndina, lögleiða hana og lögleiða þar með rangfeðranir. Það er ekki búið að skoða málið nægilega vel. Það þarf að fara betur yfir það. Ég er orðinn enn sannfærðari um það.

[22:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. um tæknifrjóvgun og undir nál. meiri hlutans í allshn. er mitt nafn en með fyrirvara þó. Ég er kominn hingað upp til þess að gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Fyrst vil ég þó gera grein fyrir afstöðu minni til frv. almennt. Þá er á það að líta að með þessu frv. er stefnt að því að lögfesta reglur um tæknifrjóvgun. Þær reglur hafa ekki verið til í íslenskum lögum enda þótt tæknisæðing hafi verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1980 og glasafrjóvgun frá árinu 1991. Hins vegar hafa verið ákveðnar verklagsreglur og er þetta frv. sem hér er flutt í samræmi við þær reglur að verulegu leyti auk þess sem frv. heimilar eggfrumugjöf sem hingað til hefur ekki verið talin heimil hér á landi. Ég tek undir það sem fram kemur í nál. að það er eðlilegt að um þessi viðkvæmu mál sé skýr löggjöf og tímabært að ákveðnar reglur séu lögfestar.

Hér hafa verið til umræðu ýmis álitamál. Í fyrsta lagi hefur verið um það rætt hvort eigi að einskorða heimildir til tæknifrjóvgunar við karl og konu sem búa saman, við par. Ég er andvígur því sjónarmiði. Ég tel ekki eðlilegt að einskorða tæknifrjóvgun við par, við karl og konu sem búa saman.

Í öðru lagi hefur verið um það rætt hvernig eigi að meðhöndla nafnleynd og þá erum við komin að fyrirvara mínum. Menn hafa nálgast spurninguna um nafnleynd úr ólíkum áttum, tveimur ólíkum áttum. Annars vegar hafa verið þeir sem telja eðlilegt að um þessi efni ríki leynd, nafnleynd. Þeir telja það heppilegt og eðlilegt. Ég er andvígur því sjónarmiði. Mér finnst það óeðlilegt. Síðan hafa á hinn bóginn verið þeir sem hafa skoðað blákaldan raunveruleikann og spurt sem svo: Getum við annað en sett reglur um nafnleynd einfaldlega vegna þess að að öðrum kosti myndu ekki fást gjafar? Og í því sambandi hefur verið bent til Svíþjóðar þar sem nafnleynd ríkir ekki og þar er framboð á kynfrumum lítið. Í þessu sambandi hefur líka verið bent til Danmerkur þar sem nafnleynd er við lýði og framboðið meira af þeim sökum.

Ég vil ganga eins langt í nafnleyndarátt og kostur er og mun þess vegna styðja tillögu sem fram er komin frá hv. þm. Hjálmari Jónssyni. Hann finnst mér fara þá millileið sem ég get sætt mig við. Hann horfir á réttindi barnsins, einstaklingsins, þegar hann hefur náð sjálfræðisaldri þá eigi hann rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um líffræðilegan uppruna sinn. Hins vegar verð ég að játa það að að vissu leyti er ég hálfvolgur í þessu máli. Ég er t.d. ekki á því að heilbrigðiskerfið hætti að styrkja einstaklinga sem fara utan t.d. til Danmerkur í aðgerðir af þessu tagi. Með öðrum orðum, ég er ekki tilbúinn að ganga alla leiðina í afnám nafnleyndar hvað sem það kostar. Í samræmi við það þá mun ég, nái tillaga hv. þm. Hjálmars Jónssonar ekki fram að ganga, styðja þetta frv.

[22:48]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Lífið er nú ekkert létt og einfalt. Það er reyndar oft mjög erfitt og flókið og misjöfn er mannanna lukka svo sem í sambandi við þetta málefni sem við ræðum nú. Sumum gengur treglega eða alls ekki að margfaldast og uppfylla jörðina eins og boðið er en öðrum þykir nóg um þá frjósemi sem þeim er gefin. Læknavísindin reyna svo eftir föngum að bæta úr á þessu sviði sem öðrum og fara reyndar stundum nánast fram úr sjálfum sér. Tækni og vísindi geta svo sannarlega verið af hinu góða og breytt mannlífinu til hins betra en það er ekki einhlítt og við megum ekki láta tæknina taka af okkur ráðin. Öll tækni og vísindi fela í sér möguleikann á misnotkun en það hlýtur að vera samfélagsins að hafa eftirlit með vísindunum og setja þeim reglur. Í því efni sem hér um ræðir má segja að tæknin stilli okkur upp við vegg og krefjist þess að við setjum siðferðismörkin og undan því megum við ekki víkjast. Það er ljóst að það er mjög mikill áhugi hér innan þings og utan á þessu þingmáli og það er mikill áhugi og vilji til þess að leiða það til lykta á þessu þingi. En því miður hefur ekki náðst sátt um afgreiðslu þess eins og ljóst má vera af þeim umræðum sem við höfum hlýtt á.

Eins og fram kemur í nál. 1. minni hluta allshn. var fyrst og fremst tekist á um tvö atriði í nefndinni, þ.e. hvort kynfrumugjafi eða kynfrumuþiggjandi geti krafist nafnleyndar og um leið útilokað að barnið sem til varð með þeim hætti geti nokkru sinni fengið vitneskju um líffræðilegan uppruna sinn. Hitt atriðið varðar það hverjir eigi rétt á tæknifrjóvgun, hvort með þessu frv. sé fyrst og fremst verið að bregðast við ófrjósemi og því réttlætanlegt að hvorki sé tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna. Ég vissi auðvitað um þennan ágreining. Fulltrúi Kvennalistans í allshn., hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, fór mjög vel yfir málið oftar en einu sinni í þingflokknum og reyndar í miklu stærri hópi og leitaði eftir viðhorfum eins margra innan samtaka okkar eins og kostur var á. Því er ekkert að leyna að það eru

skiptar skoðanir um einstök atriði innan samtaka okkar eins og annars staðar. Þetta virðist ekki skiptast eftir flokkum. Niðurstaða hennar er rökstudd í nál. og hún leggur fram nokkuð viðamiklar brtt. á þskj. 826 sem hún mun hafa gert grein fyrir í upphafi umræðunnar sem ég gat því miður ekki verið viðstödd vegna veikinda.

Í nál. 1. minni hlutans er rakinn allrækilega þessi ágreiningur um nafnleyndina og þær miklu umræður sem hafa orðið um þetta atriði í nefndinni. Slíkar umræður voru auðvitað ekki bundnar við hv. allshn. eða þingheim heldur hafa orðið miklar umræður víða í þjóðfélaginu og blaðaskrif og það eru augljóslega mjög heitar tilfinningar í þessu máli eins og við höfum heyrt, heitar tilfinningar og mjög ákveðnar skoðanir á báða bóga. Ég vil láta mína skoðun koma fram um þetta atriði. Ég hef verið þeirrar skoðunar alveg frá upphafi að nafnleynd í þessu efni sé mannréttindabrot sem ég get ekki sætt mig við. Ég skil vel að það sé erfitt að búa við barnleysi og styð auðvitað einlæglega að flest sé gert sem í valdi læknavísindanna er til þess að bæta úr þeim vanda. Nú er því ekkert að leyna að sumir hafa viljað setja þetta upp sem mjög kvennapólitískt mál, jafnvel spurningu um kvenfrelsi. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Mér finnst þetta ekki vera spurning um kvenfrelsi og jafnvel þótt svo væri að þetta væri spurning um kvenfrelsi þá er í mínum huga annar réttur æðri sem er rétturinn til þess að þekkja sjálfan sig, geta leitað uppruna síns, eiga þess kost að finna rætur sínar og þekkja þær. Þann rétt má ekki taka frá óbornum einstaklingi. Þetta er niðurstaða mín og því vil ég lýsa stuðningi við tillögu hv. þm. Hjálmars Jónssonar.

[22:56]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir þær umræður sem hafa farið fram. Margt athyglisvert sem hefur komið fram í máli hv. þm. Það er ljóst að skoðanir eru skiptar enda er hér um mjög vandmeðfarið mál að ræða eins og fulltrúum í allshn. er mætavel ljóst eftir að hafa eytt löngum tíma og mörgum fundum í að fara mjög rækilega yfir þetta mál. Ég ítreka það að ekki er allt sem sýnist þegar menn taka ákvörðun í þessu máli vegna þess að það eru að mörgu að gæta og kannski ekki síst hvaða afleiðingar það getur haft ef menn ákveða að aflétta nafnleynd. Það er að sjálfsögðu afleiðingar sem hv. þm. verða að gera sér grein fyrir.

Það hefur einkum verið rætt um tvö atriði, reyndar er búið að ræða um álit 1. minni hluta og 2. minni hluta, en það hefur einkum verið rætt um nafnleynd og núna nýverið kom fram brtt. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem gengur sýnu lengst. Þingmaðurinn leggur til að tekið verði fyrir þá framkvæmd sem átt hefur sér stað í fleiri ár hér á landi að notaðar séu gjafakynfrumur, í þessu tilviki sæðisfrumur, en frv. gerir hins vegar ráð fyrir að það verði tekin upp sú nýjung að eggfrumugjöf verði leyfð.

Ég vil fyrst nefna það að hv. þm. sagði í andsvari áðan eitthvað í þá veru að það hefðu verið gefnar rangar upplýsingar í þessu máli og var þá að vitna til sérstaklega norsku laganna eftir því sem ég fæ best skilið. Ég veit ekki til þess að ég hafi gefið neinar rangar upplýsingar um þetta efni. Það hefur hvergi komið fram í umræðum af minni hálfu sérstaklega að gjafasæði væri leyft við glasafrjóvgun í Noregi. Hins vegar mun það vera rétt hjá þingmanninum að norska þingið breytti þessu ákvæði við meðferð frumvarpsins þannig að notkun gjafasæðis við glasafrjóvgun, þ.e. utan líkama konunnar, eins og mig minnir að ákvæðið sé orðað, sé ekki leyft. Hitt er annað mál að gjafasæði hefur verið leyft og er leyft í Noregi og hefur verið eftir því sem ég best veit sl. 50 ár við tæknisæðingu.

Það er líka til þess að líta að nánast öll lönd í kringum okkar og í hinum vestræna heimi eru með löggjöf um tæknifrjóvgun þannig að frv. okkar er kannski heldur seint á ferðinni miðað við þá framkvæmd sem hefur verið á þessum hlutum. Brtt. hv. þm. er í anda þeirra sem vilja ganga lengst í takmörkunum á þessari meðferð við ófrjósemi. Eins og bent hefur verið á mundi tillagan vissulega leysa þann vanda gagnvart nafnleynd kynfrumugjafa sem kynfrumugjöfin skapar. Á hinn bóginn mundi samþykkt hennar gera það að verkum að pör sem þurfa á kynfrumugjöf að halda vegna ófrjósemi sinnar gætu ekki fengið meðferð hér á landi heldur þyrftu að leita til útlanda. Eins og ég sagði áðan er þetta í sjálfu sér engin breyting gagnvart þeim pörum sem þurfa á gjafaeggfrumum að halda því að eggfrumugjöf hefur ekki verið leyfð hér á landi. Hins vegar er þörfin fyrir hendi. Gagnvart þeim pörum sem þurfa á gjafasæði að halda er þetta á hinn bóginn stórt skref aftur á bak því tæknisæðing með gjafasæði hefur verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1980. Í árslok 1993 höfðu 213 konur gengist undir tæknisæðingu með gjafasæði. Alls urðu 106 þeirra þungaðar og fæddu 103 börn. Það eru því um 15 konur á ári hverju sem gangast undir tæknisæðingu með gjafasæði vegna ófrjósemi eiginmanns eða sambýlismanns og af þeim fæðir liðlega helmingur barn. Glasafrjóvgun með glasasæði var einmitt heimiluð hér á landi á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum kvensjúkdómalækna er engin frjósemismeðferð jafnárangursrík og kostnaðarlítil og tæknisæðing. Meðgöngur og fæðingar hafa verið eðlilegar og börnin heilbrigð.

Með frv. til laga um tæknifrjóvgun var ákveðið að notkun gjafakynfrumna yrði heimil hér á landi jafnt sæðisfrumna sem eggfrumna. Það var reyndar talið ógerlegt að snúa til baka gagnvart notkun gjafasæðis þar sem notkun þess hefur verið heimiluð í hálfan annan áratug. Í ljósi þess að tæknin gerir notkun gjafaeggfrumna mögulega þótti sem sé ótækt annað en að kynin stæðu jafnfætis gagnvart aðgangi að meðferð við ófrjósemi. Því var ákveðið að frv. heimilaði einnig notkun gjafaeggfrumna. Eftir því sem ég hef best séð varðandi umsagnir til nefndarinnar sem samdi frv. var yfirgnæfandi meiri hluti sem studdi það að sú leið væri farin í þessu frv. og mælt yrði með því að leyfa notkun gjafaeggfrumna.

Öll pör sem eiga við ófrjósemi að stríða vilja auðvitað helst af öllu að kynfrumur þeirra séu notaðar við meðferðina. Enda er það gert í öllum tilvikum sem hægt er. Tæknifrjóvgunarmeðferð hefur stuðlað að aukinni vitneskju um ófrjósemi og meðferð við henni og m.a. þróað aðferðir sem auka líkur á að hægt sé að nota kynfrumur parsins. Nýjasta tegund meðferðar er svokölluð smásjárfrjóvgun sem mun enn auka líkurnar á notkun kynfrumna frá parinu sjálfu. Það var upplýst einmitt í bréfi frá læknum á Kvennadeild Landspítalans að það sé stefnt að því að hefja hér á landi smásjárfrjóvganir innan eins til tveggja ára. Það eru að sjálfsögðu mjög góð tíðindi. Ef sú leið verður farin að banna notkun gjafakynfrumna munu þau pör sem þurfa á þeirri meðferð að halda þurfa að leita til útlanda vegna ófrjósemi sinnar. Þróun tæknifrjóvgunarmeðferðar hér á landi mun því verða hægari sem nemur því að aldrei verði tekin til meðferðar önnur pör en þau sem geta notað eigin kynfrumur. Þótt bann við

kynfrumugjöf mundi leysa vanda sem sú framkvæmd veldur vegna nafnleyndar þá yrði slíkt bann engu að síður verulegt spor aftur á bak fyrir þau pör sem þurfa á gjafakynfrumum að halda. Hætt er við að innan tíðar mundu þessi pör fara þess á leit við stjórnvöld að sjúkratryggingar tækju þátt í kostnaði þeirra við að leita meðferðar erlendis. Í sjálfu sér er kannski ekki svo merkilegt að velta því fyrir sér þótt auðvitað skipti mjög miklu máli fyrir fólk hvort það hefur efni á að leita eftir svona meðferð. Ekki viljum við skapa mismunun hvað það snertir. En þessi tækni er fyrir hendi hér á landi og hvers vegna eigum við þá ekki að bjóða fólki upp á þessa þjónustu þegar hana er hægt að fá hér í stað þess að vísa því til útlanda? Og segja sem svo að þetta mál komi okkur ekki við og ýta vandanum þannig frá okkur.

Það var líka minnst á rannsóknir á kynfrumum og fleiri atriði því tengd. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á þær. Ég tel rétt að benda á ákvæði frv. og brtt. allshn. í því efni. Mig langar til að vísa sérstaklega á 11. og 12. gr. frv. Með leyfi virðulegs forseta les ég upp athugasemdir við 12. gr.:

„Lagt er til að bannað verði að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir, að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin (primary streak) kemur fram, að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og að framkvæma einræktun (cloning).

Er þetta í samræmi við meginreglur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun og löggjöf helstu nágrannalanda okkar."

Ég held að það sé nokkuð vel vandað til í þessu sambandi þótt vafalaust megi gera betur hvað þetta atriði snertir. Ég bendi á að allshn. gerir ráð fyrir að það verði settar mjög ítarlegar verklagsreglur um alla framkvæmd á þessu sviði.

Það hefur verið vísað talsvert í umsagnir í þessari umræðu, virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að fara að fara ítarlega í allar umsagnir sem bárust nefndinni, þar er um að ræða mikinn fjölda og mikið pappírsflóð. Það hefur einkum verið vísað í umsögn frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og umboðsmanns barna. Þessir aðilar hafa haft mjög ákveðnar meiningar í þessu efni. Siðfræðistofnun er t.d. á þeirri skoðun að það eigi að banna gjöf kynfrumna. Þeir og hinir umsagnaraðilarnir leggja mikla áherslu á að nafnleynd sé aflétt. Það var líka minnst sérstaklega á umsögn barnaverndarráðs og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Úr samantekt sem ég hef undir höndum um umsagnir sem bárust til nefndarinnar sem samdi frv. má taka umsögn barnaverndarráðs sem dæmi. Spurningin var að velja milli a- og b-gerðar frv. A-gerðin gerði ráð fyrir frv. án þess að kynfrumugjöf væri leyfð en b-hlutinn gerði hins vegar ráð fyrir slíku leyfi. Í umsögninni segir að ef ekki verði fallist á þessi sjónarmið mæli ráðið með a-gerð frv. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem fram koma í umsögninni. Þau eru að börn sem getin eru með gjafasæði verði upplýst um tilurð sína, þeim sé gefinn kostur á að leita tiltekinna upplýsinga um faðerni sitt þó þannig að nafnleyndar sé gætt. Loks verði komið á fót fjölskylduráðgjöf til að hjálpa foreldrum að greiða úr þeim vandræðum og tilfinningaflækjum sem þessi tilhögun kann að valda.

Í umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er fallist á að gjöf sæðisfrumna verði heimiluð, það sé gert á grundvelli þess að slíkt hafi verið stundað lengi og að úr því sem komið er sé erfitt að mæla gegn því. Að auki eru þær athugasemdir settar fram í umsögninni að gera verði að skilyrði að gjafasæðið sé erlent til að koma í veg fyrir ýmis vandamál bæði læknisfræðileg og félagsleg sem ella gætu skapast vegna smæðar íslensks samfélags.

Jafnréttisráð kemst að þeirri niðurstöðu að þar sem í frv. sé eingöngu gert ráð fyrir að pör geti fengið tæknifrjóvgun og ekki fjallað um rétt einstaklinga til þess geti ekki verið um að ræða mismunun sem falli undir jafnréttislögin.

Ég hygg að minnst hafi verið á Kvennréttindafélag Íslands hér fyrr í umræðunni. Það mælir með b-gerð frv. og segir: „Það sem þykir mæla með því er að eggfrumugjöf hljóti að vera jafneðlileg og sæðisgjöf og þykir lítt mögulegt að sjá hvers vegna móðerni þurfi skilyrðislaust að vera þekkt en ekki faðerni."

Fleiri styðja b-gerðina, t.d. Kvennadeild Landspítalans. Í umsögn Lögmannafélagsins er lögð áhersla á nafnleynd og að það ákvæði sé skýrt til að valda ekki vandræðum við túlkun. Landlæknisembættið kemur með tillögu varðandi nafnleyndina. Heilbrigðisstarfsfólki á að vera skylt að tryggja nafnleynd ef gefandi eða þiggjandi óskar þess en eftir að barn hefur náð sjálfræðisaldri ber að gefa barninu upplýsingar um gefandann, þar með talið nafn sé þess óskað. Síðan segir í lok greinarinnar: „Hvorki má veita gjafara upplýsingar um parið sem fær gjafafrumu né um barnið." Þessi tillaga stenst ekki að mati okkar í nefndinni. Við ræddum þetta sérstaklega vegna þess að svona upplýsingagjöf verður að sjálfsögðu að vera gagnkvæm.

Umsögn til allshn. frá Barnaverndarráði ítrekar það sem áður er sagt að rétt sé að hægt sé að leita upplýsinga, þó þannig að nafnleyndar sé gætt. Enn fremur er minnt á fjölskylduráðgjöf.

Kvenréttindafélagið segir m.a. að eggfrumugjöf hljóti að vera jafneðlileg og sæðisgjöf. Ég sé ekki að þar sé fjallað um nafnleyndina sérstaklega.

Samtökin '78 taka að sjálfsögðu undir þær skoðanir sem koma fram í áliti 1. minni hluta.

Kirkjunnar menn styðja þetta frv. en í umsögninni segir „Þegar nákvæmlega er skoðað virðist ekki réttlætanlegt að fela gjafara með nafnleynd og skiptir miklu máli þótt menn greini á um hlutföll og samspil við félagsmótun."

Kvennfélagasambandið segir m.a. í sinni umsögn: „Nefndin er sammála um að nafnleyndar eigi að gæta í þeim tilfellum sem gjafasæði er notað og í engum tilfellum sé nafnleynd aflétt. Annað mál er að sjálfsagt þykir að einstaklingurinn viti málsatvik um tilurð sína og er eðlilegt að foreldrar njóti faglegrar ráðgjafar við að koma þeim upplýsingum til barnsins ef á þarf að halda líkt og við upphaf meðferðar." Það er einmitt komið að þessu atriði í áliti meiri hluta allshn.

Læknafélag Íslands er að velta fyrir sér rannsóknum til að koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma sem ættgengir eru og segir m.a. í sinni umsögn: „Stjórn félagsins treystir Alþingi til að leysa úr þessum vanda þannig að nafnleyndar sé gætt en eigi að síður verði mögulegt með einhverjum hætti að framkvæma læknis- og erfðafræðilegar rannsóknir í þessu skyni." Það er einmitt farið að tillögum þeirra að vissu leyti í meiri hluta áliti allsn. Sama er með álit Ríkisspítalanna. Þeir leggja aðallega áherslu á tvennt. Það er að sett verði ákvæði um upplýst og óþvingað samþykki sem málsaðilar undirriti og að það verði gerður skýr greinarmunur á vísindarannsóknum og þjónusturannsóknum. Það er nú reyndar

mjög löng greinargerð hér frá Ríkisspítölunum sem samþykkir þetta frv. Margt er sagt í því efni og reyndar mörgum siðferðilegum spurningum velt upp en þar er einmitt undirstrikuð nauðsyn þess að setja lög yfir þessa starfsemi sem hefur slíkt inngrip í líf fólks og snertir jafnmörg umdeild atriði sem sum hver eru siðferðileg. Varðandi nafnleyndina segir sérstaklega: „Nokkuð hefur verið rætt um nafnleynd í sambandi við gjöf kynfrumna. Gert er ráð fyrir nafnleynd í frv. Þar sem þær fáu rannsóknir sem til eru benda ekki til að það hafi óheppileg áhrif á afdrif eða geðræna heilsu barna að vera getin með gjafasæði án vitneskju um lífföður þá sé ég ekki ástæðu til að fetta fingur úr í þessa reglu. Hins vegar má benda á að mjög erfitt verður í raun að gæta nafnleyndar í sambandi við eggfrumugjöf milli íslenskra kvenna." Það er einmitt atriði sem allshn. hafði mjög í huga varðandi sínar tillögur. Það er þannig með eggin að það verður að fá þau hér innan lands, það er ekki hægt að flytja þau fryst milli landa. Þess vegna er mikilvægt að þessi möguleiki sé fyrir hendi að sá sem gefur kynfrumur geti ráðið því hvort hann viðhaldi nafnleynd eða ekki.

Að lokum vil geta sérstaklega umsagna frá Turnersamtökunum og Tilveru, samtökum gegn ófrjósemi, þar sem annars vegar er ítrekuð nauðsyn þess að nafnleyndinni sé viðhaldið og hins vegar að fólki sé ekki mismunað eftir því hvor aðilinn í sambandinu á við ófrjósemi að stríða. Þó að þetta sé orðið nokkuð langt mál tel ég rétt að sýna þingmönnum allar þær spurningar sem upp komu í allshn. þegar við vorum að vinna þetta mál og allar þær skoðanir sem þar komu fram. Við fórum í gegnum alla þessa umræðu.

Þá er líka rétt að minnast nokkuð á starfsemi kvennadeildarinnar. Ég hygg að margir þingmenn hafi orðið varir við að fólk er mjög að spyrjast fyrir um það hvort deildin geti ekki aukið starfsemi sína, tekið fleiri pör til meðferðar. Þær eftirspurnir koma kannski ekki alveg heim og saman við ýmsar þær skoðanir sem þingmenn hafa haft á þessu máli. Ég aflaði mér upplýsinga um það hvenær stæði til að stækka glasafrjóvgunardeild Landspítalans og er áætlað að framkvæmdum verði lokið í lok júní 1996 en deildin þarf þá að vísu að bíða í fjórar vikur vegna sumarleyfa en það er áætlað að deildin taki til starfa að loknum sumarleyfum í ágústbyrjun.

Varðandi þá fjármuni sem fara í stækkunina er kostnaðaráætlun um það bil 13 millj. sem fara í nýja aðstöðu göngudeildar fyrir krabbameinssjúklinga, 18 millj. í stærri glasafrjóvgunardeild og 15,5 millj. í tækjakostnað. Það er því ljóst að heilbrrh. og að sjálfsögðu ríkisstjórnin beita sér fyrir því að fleiri aðilar geti notið þessarar þjónustu og að betur fari um fólk því að það hefur víst verið ansi þröngur húsakostur.

Varðandi biðlistana hefur verið sagt að ef engin stækkun ætti sér stað núna í júní yrði bókað fram á árið 1999 þannig að með tilliti til stækkunar hefur verið yfirbókað og er nú bókað fram á árið 1998. Það er rétt að þingmenn taki eftir því að þörfin er verulega mikil fyrir þessa þjónustu.

(**Forseti** (GÁ): Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa hv. ræðumanni frið til þess að tala.)

Það er ágætt að vita til þess að hv. þingmenn telja að þetta mál sé fullrætt og vonandi taka þeir því þá vel. Ég þarf þá kannski ekki að rifja upp fleiri rök í málinu. Þau hafa víst komið fram alloft í máli mínu en ég ítreka tillögur allshn. Eins og við höfum rætt um áður hafa læknar á kvennadeild Landspítalans eindregið mælt með þessum tillögum. Þær eru vel ígrundaðar og þær eru í takt við réttarþróun í Evrópu. Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum í allshn. fyrir mjög góða vinnu í þessu máli og vona að hv. þingmenn taki málinu vel og gefi því góða framgöngu. Það hefur reyndar komið fram í umræðunni af hálfu hv. þm. Hjálmars Jónssonar að e.t.v. væri rétt að nefndin skoðaði þetta mál, þá hugsanlega með tilliti til þess að koma til móts við mismunandi sjónarmið hv. þingmanna og setja endurskoðunarákvæði inn í frv. Ég tel að slíkt gæti komið til greina ef hv. þingmenn telja að það gæti orðið til þess að sátt náist um þetta mál á hinu háa Alþingi.

[23:20]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ýmsar skoðanir hafa komið fram og ótal spurningar vaknað. Eitthvað á þá leið fórust hv. þm., formanni allshn. orð. Það er vissulega rétt að formaður allshn., hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, hefur reynt að halda öllu til haga og leysa úr málinu og fá því framgang svo sem kostur hefur verið. Hún hefur eindregnar meiningar í málinu og það hafa ýmsir fleiri. Skoðun mín er sú að málið sé hvergi nærri fullrætt, hvorki á þingi né í þjóðfélaginu, og það muni ekki verða rætt til hlítar nú í bráð. Þetta er siðferðilegt álitamál, einnig lagalegt og félagslegt, og það væri óeðlilegt ef við gætum lokið slíku máli með skýrum og afdráttarlausum lögum og lagasetningu nú í eitt skipti fyrir öll. Ég á ekki von á því að nokkrum detti slíkt í hug.

Margívitnað bréf til allshn. Alþingis frá kvennadeild Landsspítalans, dags. 16. apríl 1996, segir einmitt frá því. Það eru sérfræðingarnir þar sem tala. Þeir segja í því bréfi að tæknifrjóvgun með gjafasæði sé víkjandi þáttur í starfsemi deildarinnar og eins og hv. formaður allshn. nefndi hér áðan koma til smásjárfrjóvganir hérlendis á næstunni, líklega eftir eitt til tvö ár, og þær munu hjálpa mörgum. Rannsóknir á ófrjósemi og margt það sem horfir til aukinnar þekkingar mun líka geta leyst vanda. Þetta er allt saman rétt og styður það líka að þróunin er ör og ástæða er til að flýta sér hægt í að setja lög til nokkurrar frambúðar.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði fyrr í kvöld að reynsla okkar Íslendinga væri góð af tæknifrjóvgunum. Ég hygg að hún sé svona upp og ofan. Málaferli vegna faðernis eftir tæknifrjóvgun getur varla talist góð reynsla svo að dæmi sé tekið. Það er engin einföld eða einhlít lausn til. Því er líka haldið fram að það sé allt í lagi fyrir barn, það muni engin áhrif hafa á það síðar þó að það viti ekki sitt rétta faðerni eða móðerni ef því er að skipta. Hinn þekkti sænski barnageðlæknir, Frank Lindblad hefur aðra skoðun á málinu. Hann segir að egg- og sæðisgjöf ætti ekki að vera siðferðislega verjandi án þess að barnið væri upplýst um uppruna sinn þegar það hefði aldur og þroska til.

Hann undirstrikar líka að lítið sé gert úr þeim erfiðleikum sem eru samfara því að koma slíkum upplýsingum á framfæri við barn. Það er líka hætta á að barn misskilji þær upplýsingar. Þær geta í versta falli haft í för með sér erfiðleika í samskiptum foreldra og barns, verið þrándur í götu barnsins við að þróa sjálfsmynd sína og aukið hættuna á geðrænum einkennum og kvillum. Þetta er sjónarmið hans og er fráleitt að láta sér detta í hug að til séu einhverjar einfaldar lausnir og að við getum lokið í eitt skipti fyrir öll.

Það er líka spurning hvernig vitneskja barns, sem hefur orðið til við tæknifrjóvgun, verkar á það fái það yfir höfuð að vita um upprunann. Ég hef bent á það áður í ræðustóli að þeir sem eru ábyrgir fyrir að upplýsa barnið um þann uppruna

sinn sé hann ekki náttúrulegur eru náttúrlega foreldrarnir, hinir félagslegu foreldrar. Upplýsingarnar verða væntanlega ekki í þjóðskrá en ég hygg að það sé alveg nauðsynlegt að einstaklingar geti ævinlega fengið upplýsingar sem varða þá sjálfa og engir aðrir í þessu tilviki, upplýsingar sem eru til í kerfinu. Ég hygg að afnám nafnleyndar, hafi engin áhrif gagnvart þeim sem hafa gefið kynfrumur, og gæti aldrei orðið afturvirk. Þeir sem hafa gefið sæði undir nafnleynd njóta auðvitað nafnleyndar og barnið verður þá við það að búa.

Ég nefni einnig álit eða umsögn Lögmannafélags Íslands sem barst þegar breytingartillögur meiri hluta allshn. lágu fyrir en þar segir laganefnd Lögmannafélagsins, sem gefur umsögn fyrir hönd Lögmannafélags Íslands, að 4. gr. um nafnleyndina í búningi meiri hluta hv. allshn. sé ótæk, það eru þeirra orð. Það ber að sama brunni. Við verðum að líta betur yfir málið. Ég hef fengið góð orð um að við munum líta betur yfir málið milli umræðna og ég treysti því að okkur takist að átta okkur betur á hlutum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði fyrr í kvöld að mikilvægar upplýsingar í umsögnum sem allshn. hefðu borist væru sniðgengnar, ekki síst hinar siðferðilegu spurningar og varðandi mannhelgi ef ég man rétt.

Hann gat þess líka að þyngst hlytu alltaf líka að vega hagsmunir barnsins. Ég er þessu öllu hjartanlega sammála. Við getum aldrei lokið málinu á vorþinginu þannig að við höfum sett lög til frambúðar. Ég hef getið þess einnig að það sé mikilvægt að flýta sér hægt. Nefndin sem vann að frv. til laga um tæknifrjóvgun tók mörg ár í vinnu sína og það má heldur ekki ætlast til þess að allshn. sé í einu og öllu sammála eftir stutta yfirferð þótt hún hafi verið yfirgripsmikil svo sem kostur er á fáeinum vikum. Ég held því að ekki sé hægt að reikna með því að við höfum lesið allt til hlítar og höfum fullburða skoðanir og endanlegar í þessum málum. Það er margt óljóst. Þekking okkar á þessu er í molum og spádómur í molum.

[23:28]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður lýst því hér varðandi brtt. 2. minni hluta að hún stenst ekki. Ef barnið á þess kost að geta alltaf leitað uppruna síns og fengið upplýsingar þá hlýtur sá sem gefur kynfrumuna líka að eiga þann rétt.

Mér fannst þetta nokkuð merkileg yfirlýsing hjá hv. þm. áðan. Það er að vísu rétt hjá honum að það má vafalaust bæta við sig miklum upplýsingum í þessum fræðum enda hafa margar fræðibækur verið gefnar út en ég hygg að þessi þingnefnd hafi unnið málið eins vel og kostur var.

En ég vil spyrja hv. þm. hvað hann eigi við með því þegar hann segir að ekki sé hægt að ætlast til að þingið setji lög til frambúðar hér á þessu vorþingi um tæknifrjóvgun.

[23:29]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Því get ég svarað, herra forseti, hvers vegna ekki sé hægt að segja lög til frambúðar. Mín skoðun er sú að lagafrv. gangi í vissum atriðum á svig við mannréttindi og við setjum ekki lög til frambúðar sem eru gegn mannréttindum. Það liggur í hlutarins eðli. Það mun aldrei verða gert. Við hljótum að halda áfram til meiri mannréttinda í lagasetningu. Við höfum ekki sett endanleg lög um neitt á hinu háa Alþingi Íslendinga og vafasamt að hv. allshn. sé búin að fjalla nógu mikið um málið. Í máli hv. varaformanns allshn., Valgerðar Sverrisdóttur, í kvöld greip ég niður nokkrar setningar og hún sagði: „Ekki mun vera mikið framboð [þ.e. af gjafasæði] ef nafnleynd er ekki viðhöfð." Og jafnframt: „Eftir því sem mér hefur verið sagt, þetta hef ég heyrt" o.s.frv. Ég er að svara hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur varðandi það að málið er ekki til hlítar rætt vegna þess að sumir hv. allsherjarnefndarmenn hafa sagt að þeir hafi heyrt eitt og annað án þess að staðfesta það.

[23:31]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrri ræðu hv. þm. varðandi umsögn Lögmannafélagsins vil ég geta þess að Lögmannafélagið mælir eindregið með nafnleynd. Hins vegar telur það ekki rétt að bjóða upp á þennan valmöguleika í stöðunni. Ég bendi hins vegar á að það viðgengst víða í ríkjum að hafa einmitt þennan valmöguleika og allt bendir til þess að réttarþróun í Evrópu sé á þeirri leið.

Ég velti því aftur fyrir mér vegna orða hv. þm. Hjálmars Jónssonar um það að skoðanir séu ekki nógu skýrar hvort hann væri sáttur við að það yrði lagt til í allshn. að setja endurskoðunarákvæði inn í frv.

[23:32]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín skoðun er sú að það sé afar mikilvægt að setja lög um tæknifrjóvgun á Íslandi. Það er mikil réttaróvissa á þessu sviði og ég tel ekki eðlilegt að við búum við hana. Það er eðlilegt að Alþingi Íslendinga setji lög í landinu. Það verðum við að gera þótt þekkingin sé í molum og við höfum ekki allar upplýsingar. Við verðum einnig að treysta á það að við semjum og setjum lög sem horfa til bóta og framfara. Ég tel mikilvægt að lög verði sett og mun því skoða þetta og kanna hvernig við getum búið þannig um hnútana að sú umræða sem verður í þjóðfélaginu og hlýtur að eiga sér stað áfram á Alþingi Íslendinga leiði til farsælla lausna, því hér er mikið álitaefni á ferðinni. Þetta vil ég gjarnan skoða með hv. formanni allshn., Sólveigu Pétursdóttur, og öðrum í allshn.

[23:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að nýta rétt minn til að taka aftur til máls um þetta, enda hefur af mörgum verið vikið að þeirri brtt. sem ég hef flutt um málið.

Ég vil leyfa mér að koma að nokkrum atriðum sem fram hafa komið þar að lútandi en einnig fleirum sem ég ekki vék að sérstaklega fyrr í ræðu minni.

Ég tel að það sem fram hefur komið í umræðunni til þessa hafi skýrt stöðu málsins hjá þeim sem hafa tjáð sig um það þannig að ljósari eru eftir en áður viðhorf þeirra sem hafa tekið til máls. Margir hafa ekki tjáð hug sinn til málsins og láta þá væntanlega afstöðu sína koma fram við atkvæðagreiðslu.

Það er mjög athyglisvert hvernig skil liggja í þessu máli. Ég vil víkja sérstaklega í upphafi að þeim þætti sem mér finnst mjög áberandi í málflutningi þeirra sem styðja tillögur meiri hluta allshn. í málinu. Í fyrsta lagi koma fram þau viðhorf að það sé eðlilegt að nýta þá tækni sem fyrir hendi er í þessum efnum og notuð hefur verið hér við framkvæmd málsins. Hjá sumum má lesa út úr máli þeirra að þeir eru

mjög jákvæðir gagnvart því að taka upp nýja tækni í þessum efnum. Ég hef sett spurningarmerki við það hversu langt skuli ganga í þeim efnum. Menn þurfa að vera á verðbergi gegn því að tæknin beri þá burt frá viðmiðunum og sjónarmiðum sem eðlilegt er að halda til haga og setja fram í þessum efnum. Ég tek undir þau varúðarorð sem fallið hafa að þessu leyti og þau hafa komið úr ýmsum áttum. Það kom t.d. mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að þarna sé það almannavaldsins og Alþingis í okkar tilviki að setja leikreglurnar.

Ég tel líka að það hafi komið fram hjá þeim sem styðja tæknisjónarmiðið umfram annað í þessum efnum mikil bjartsýni og jákvæð afstaða til þeirra aðgerða sem beitt er í þessu sambandi. Og raunar gert til muna of mikið úr þeim árangri sem næst í sambandi við frjóvgun og tímgun umfram efni vil ég meina. Ég get nefnt dæmi úr umræðunni þar sem þetta hefur komið fram, með alveg glannalegum hætti að ég tel og langt yfir allt eðlilegt mat miðað við þær tölur sem fyrir liggja um árangur af starfsemi á kvennadeild Landspítalans til þessa sem tölur eru reiddar fram um. Ég tek hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem dæmi um þessa glannalegu túlkun mála eins og hún kom fram hjá hv. þm. í umræðunni. Hann sagði eitthvað á þá leið að þetta væru nýir möguleikar sem opnast hefðu fyrir fólk sem býr við barnleysi sem veittu því ómælda ánægju og gleði. Þetta eru nokkurn veginn óbreytt orð þingmannsins og meginrökstuðningur fyrir því að fylgja þessum tillögum og þeirri tækni sem opnast. Það mátti einmitt skýrt lesa út úr máli hans að hann teldi eðlilegt að nýta þá tækni sem til staðar væri í þessum efnum.

Hver ætli sé t.d. ánægja þeirra tveggja þriðju af þeim sem leggja út í glasafrjóvgun, tilraunir til glasafrjóvgunar og fá enga niðurstöðu úr því gífurlega álagi sem fylgir þessari aðgerð og þá einkum fyrir konuna sem undir hana gengst. Hver ætli sé hin ómælda ánægja og gleði þeirra sem verða að búa við það eftir slík inngrip og slíka tilraun til að leysa vanda barnleysis að verða að snúa frá kannski eftir tvær eða þrjár tilraunir. Ég vara aðeins við oftúlkun. Auðvitað er ljóst að í mörgum tilvikum þar sem lausn fæst ríkir ómæld ánægja og gleði og ekki ætla ég að gera of lítið úr því. Menn verða að muna eftir hinu og það verður jafnframt að hafa í huga amennt séð í sambandi við þessar aðgerðir undir hvað þeir einstaklingar eru að gangast, hvers konar líkamlegt álag fyrir utan andlegt álag en þó hvort tveggja samtvinnað er fólgið í þessu og þá sérstaklega fyrir konurnar sem þetta er lagt á, sem taka það í kaup til þess að leysa umræddan vanda að leggja þetta á sig. Þetta hefur lítið komið fram í umræðunni. Það hefur líka lítið komið fram þær afleiðingar eða réttara sagt þær hindranir sem upp koma miðað við eðlilega getin börn í sambandi við meðgöngutíma, fæðingu og annað þess háttar. Nýlega hafa komið fram, m.a. í umræðunni í Svíþjóð, ábendingar og tölulegar niðurstöður úr samanburði varðandi ýmis atriði sem koma lakar út hjá þeim sem eru getnir vegna tæknifrjóvgunar. Á þetta á auðvitað ekki að draga neina dul en það á ekki að ofmeta það. Það kann að vera fullkomlega réttlætanlegt að undirgangast slíkt. Það vil ég taka fram. En það er fyrst og fremst val viðkomandi einstaklinga sem þarf að ráða.

Í því sambandi, virðulegur forseti, vil ég nefna þann óbeina þrýsting sem samfélagið skapar í vaxandi mæli á fólk í sambúð, vígðri eða óvígðri, að eignast börn og vera óhamingjusamt með barnleysi sem er auðvitað fullkomlega eðlilegt oft og tíðum en ég tel að samfélagið auki á þann þrýsting með umræðunni að það verði leitað lausna vegna þess að þetta sé óviðunandi ástand, þetta sé óeðlilegt ástand. Og það er mikil spurning hvort það er réttmætt að gera það með jafnsterkum hætti og raun ber vitni. Það er hætt við því að umræða af því tagi geti orðið á kostnað afkomandans. Og ég kem enn að því að mér finnst að þeirri mælistiku sem þó er sett fram í forsendum málsins af talsmönnum meiri hlutans og höfundum frv. sé í raun allt of lítil skil gerð í umræðunni. Mér finnst miður að talsmaður meiri hluta allshn. skuli ekki draga þessi atriði betur fram í sínu máli til rökstuðnings þeirri niðurstöðu sem allshn. ber fram. Það fór ekki mikið fyrir þeim röksemdum þegar hv. þm. fór yfir málin í seinni ræðu sinni. Það voru fyrst og fremst lausnirnar á barnleysinu sem var aðalatriði en það fór lítið fyrir svörum þeirra sem hafa lagt áherslu á hinn þáttinn sem er uppi hafður í orði en allt of lítið gert með á borði að mér finnst og mörgum þeirra sem hafa lagt mat sitt á þetta mál.

Það var vikið að þessu af því að það væri mikill fengur að fólk hefði aðgang að kynfrumum til tæknifrjóvgunar og auðvitað er það mikilvægt ef gjafakynfrumur eiga að notast í því sambandi. Þá þarf auðvitað að vera framboð af slíku og þegar um sæðisfrumur er að ræða er fyrst og fremst leitað til Danmerkur eins og ítrekað hefur komið fram. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er ekki hér í þingsal en ég leyfi mér að vitna til hennar málflutnings fyrr í kvöld. Hún vék að því að þetta væri gert í Grænlandi og Danmörku af góðvild og í mannúðarskyni. Ég ætla ekkert að draga úr því, það má vel vera að svo sé. Mér er hins vegar sagt að þetta sé gert þar í landi stundum fyrir þóknun eða einhverja umbunun og það séu ekki síst læknastúdentar sem leggi það til. Ég hef ekkert kannað það frekar en ég nefni þetta vegna þess að það kunna að vera hvetjandi aðgerðir sem eru hafðar uppi til þess að fá framboð af því tagi fyrir utan þann öryggisventil sem er látinn fylgja að nafnleynd fylgi með í kaupunum.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kom að því í andsvari eða svari við ræðu fyrr í kvöld að Íslendingar hefðu þótt standa einstaklega góðan vörð um mannréttindamál, ekki síst réttindi barna og vék í því sambandi að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég held að það sé margs að gæta í þessu sambandi. Ég vil að vísu ekki gerast neinn endanlegur dómari í því máli en ég hef undir höndum að ég tel mjög fróðlegt erindi sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sem því miður er fjarverandi, hélt á ráðstefnu Siðfræðistofnunar háskólans 14. febr. sl. á málþingi stofnunarinnar. Það fjallaði um nafnleyndarmálið sérstaklega og hún vék í því sambandi einmitt að stöðunni að því er varðar rétt barna með tilliti til mannréttindaákvæða.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, aðeins að vitna til ræðu hv. þm. á þessum vettvangi. Ég vil geta þess einnig að í hennar máli var komið að því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi — sem mér þótti flytja hér mál sitt í senn af varfærni og innsæi að því er varðar þann vanda sem við er að fást og mættu ýmsir af því nokkuð læra í sambandi við skoðun þessa máls — þ.e. Haparanda-málið og dómurinn sem kenndur er við það í Svíþjóð. Um það fjallaði m.a. hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sem segir hér í sínu máli, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni: „Virða íslensk lög sjálfstæðan rétt barnsins?“

„Á síðasta ári komu fulltrúar íslenskra stjórnvalda fyrir nefnd um réttindi barnsins sem starfar á grundvelli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og svöruðu spurningum nefndarinnar um frumskýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd

sáttmálans. Í lokaathugasemdum nefndarinnar um skýrslu stjórnvalda leggur nefndin áherslu á að í samningnum er kveðið á um vernd og umönnun barna og sérstaklega um viðurkenningu barna sem aðila er njóti sjálfstæðra réttinda. Telur nefndin" — það er þessi nefnd sem fjallar um réttindi barnsins — „það sérstakt áhyggjuefni að þetta grundvallaratriði samningsins skuli ekki endurspeglast fyllilega í íslenskum lögum.

Í umræðum nefndarinnar og fulltrúa stjórnvalda kom fram að jafnvel í hinu nýja mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar kæmi fram sá andi að á Íslandi væri litið á börn með „passívum" augum og þann skilning skorti að þau væru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi. Síst virðist frv. til laga um tæknifjóvgun bæta úr þessu." Það eru orð hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, og þingmaðurinn segir: „Þarna erum við komin að kjarna málsins. Börn eiga sín sjálfstæðu mannréttindi. Því er það hæpin röksemdarfærsla að byggja reglur sem tengjast börnum, á mannréttindum foreldranna. Það er rökfræðilega og siðferðilega rangt að byggja reglur um nafnleynd á því að það séu mannréttindi að geta nýtt alla möguleika tækni til að eignast börn. Það er ekki réttlætanlegt í nafni tækniframfara og mannréttinda foreldranna að búa til tvenns konar hópa barna, annars vegar þau sem njóta þeirra mannréttinda að fá að vita um uppruna sinn er þau hafa vit og þroska til, og hins vegar þau sem ekki njóta þeirra mannréttinda. Þannig verður reyndin ef lagafrumvarp um tæknifrjóvgun verður samþykkt óbreytt því ættleidd börn sem eru að mörgu leyti sambærilegur hópur njóta þess réttar að sjá öll tiltæk gögn um uppruna sinn þegar þau hafa aldur og þroska til."

Þetta læt ég nægja, virðulegur forseti, sem tilvitnun í ræðu þingmannsins. Mér fannst ástæða til að vekja athygli á þessum málflutningi, m.a. í ljósi þeirra sterku jákvæðu orða sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hafði um stöðu mannréttindamála að því er varðar réttindi barna hér á landi. En ég tek það fram að ég vil ekki gerast neinn allsherjardómari um það mál því ég hef ekki kannað það til neinnar hlítar sjálfstætt.

Ég vil, virðulegur forseti, víkja aðeins nánar að riti sem ég nefndi fyrr í umræðunni. Það er bókin Barnaréttur sem var gefin út á síðasta ári, 1995 og höfundur er Davíð Þór Björgvinsson. Þar er fjallað í allítarlegu máli um mörg efni sem hér eru til umræðu og varða þetta frv. Ég leyfi mér að grípa niður í kafla úr þessu riti því ég held að það sé mjög gagnlegt fyrir þá sem skoða þessi efni að vita að þar er ýmsan fróðleik að hafa frá þessum háttvirta lögfræðingi. Með leyfi forseta, tilvitnun í Davíð Þór Björgvinsson:

„Fram til þessa hefur ekki þótt leika neinn vafi á því hver teldist móðir barns ef frá eru talin tilvik þar sem börnum hefur verið víxlað á fæðingarstofnunum eða þau skilin frá móður með öðrum hætti. Barnalögin eru einfaldlega reist á því að sú kona sem elur barn sé móðir þess í lagalegum skilningi þar til önnur skipan er gerð þar á með lögmætum hætti. Þótt reglur um ákvörðun á því hver skuli teljast faðir barns séu nokkuð flóknari hafa þær þó ávallt miðað við að sá maður sem telst faðir í líffræðilegri og erfðafræðilegri merkingu (kynfaðir) skuli einnig teljast faðir að lögum. Hin nýja tækni flækir þessa mynd nokkuð og vekur m.a. þá spurningu hvort þörf sé á að endurmeta þessar grundvallarforsendur barnalaganna. Ástæðan er einkum sú að við beitingu tækninnar er stundum nauðsynlegt í læknisfræðilegri og lögfræðilegri umræðu að greina á milli mismunandi „tegunda" móðernis annars vegar og faðernis hins vegar. Þannig er heppilegt að greina á milli líffræðilegrar, erfðafræðilegrar og félagslegrar móður og svo móður í lagaskilningi." — Er þar vitnað í tiltekið rit um þau efni. — „Með hinu fyrstnefnda er átt við þá konu sem elur barn, þ.e. gengur með það og fæðir. Með erfðafræðilegri móður er átt við þá konu sem lagt hefur til það egg sem frjóvgað var og hefur þar með lagt til erfðaeiginleika þess. Með félagslegri móður er átt við þá konu sem tekur við barni sínu til umönnunar og uppeldis eða ætlunin er að taki við því. Móðir í lagaskilningi er sú kona sem fer með réttindi og skyldur gagnvart barninu lögum samkvæmt. Fer það óhjákvæmilega saman við einhverja af hinum þremur tegundum. Þegar börn eru getin með náttúrulegum hætti fer þetta allt saman nema börn séu afhent til fósturs eða ættleiðingar. Hið sama gildir í flestum tilfellum þótt beitt sé tæknifrjóvgun, nema þegar egg það sem frjóvgað er kemur frá annarri konu en þeirri sem elur barnið."

Hér er einmitt verið að varpa ljósi á þá flóknu stöðu sem tengist þessum málum ef gripið er til tæknifjóvgunar með gjafakynfrumum sérstaklega. Og nánar er fjallað um það af lögmanninum með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Nokkur álitamál eru því samfara að ákvarða hver skuli teljast móðir barns í lagaskilningi og verða þau rædd síðar. Á sama hátt er heppilegt að greina á milli mismunandi tegunda faðernis. Þannig er greint á milli líffræðilegs, erfðafræðilegs og félagslegs föður og svo föður í lagaskilningi." Síðan hefur lögfræðingurinn um það frekari orð. Ég vil leyfa mér aðeins að vekja athygli á örstuttri tilvitnun í kafla um glasafjóvgun í sama riti, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í glasafjóvgunarmeðferðinni felast í senn vissir áhættuþættir og möguleikar til rannsókna á fósturvísum, tilrauna með þá og til að velja þá og hafna eftir „gæðum" þeirra eða „kynferði". Það eru einmitt þessir áhættuþættir, möguleikar á rannsóknum og tilraunum og þeir möguleikar sem eru á því að velja og hafna fósturvísum sem vekja upp þau fjölþættu álitamál sem hér koma til skoðunar."

Það væri freistandi, virðulegur forseti, að fara einmitt frekar ofan í þessi álitamál sem lögmaðurinn helgar hér sérstakan kafla á bls. 147–150 í riti sínu. Ég hvet hv. þm. til að kynna sér þau sjónarmið sem þar koma fram vegna þess að þau varpa góðu ljósi, allskýru á það viðfangsefni sem hér er við að fást. Þar kemur einmitt mjög skýrt fram hver munur er á því hvort menn grípa til gafakynfrumna í sambandi við tæknifrjóvgun eða nota hina líffræðilegu aðferð, hinn líffræðilega uppruna varðandi kynfrumur, þótt gripið sé til tæknifrjóvgunar til að leysa úr vanda ófrjósemi. Þetta eru atriði sem ég taldi rétt, virðulegur forseti, að nefna í sambandi við þetta rit sérstaklega og hefði þó verið vert að víkja þar að fleiri atriðum.

Hv. þm., formaður allshn., vék í sínu máli áðan að því sem nefnt hafði verið um rannsóknir og taldi að tiltölulega vel væri fyrir því máli séð í frv. Ég hef bent á að mikið vanti á að svo sé. Og ég vil hvetja menn til þess að kynna sér ákvæði norsku löggjafarinnar um tæknifrjóvgun, einmitt hvað þessi atriði snertir. Þar er að finna langtum fyllri fyrirmæli um atriði sem varða rannsóknir, meðferð fósturvísa og fleiri atriði og þá nefnd sem á að fjalla um álitamál og er reyndar ekki önnur en „bioteknologinemnden", þ.e. líftæknineFndin, ég held sú sama og er ætlað hlutverk í sambandi við lögin norsku um erfðabreyttar lífverur. Ég held að það sé sama nefnd sem í sitja yfir 20 manns ef ég man rétt, frá ýmsum stofnunum og sviðum þjóðfélagsins. Þar er því sannarlega um þverfaglegan vettvang að ræða sem fer yfir

þessi efni. Það er því alveg nauðsynlegt að mínu mati að fyrr en seinna verði tekið á þessum efnum. Og aðeins til þess að undirstrika hvað ég er að vísa til í þessu sambandi, þá eru hér kaflar í norsku lögunum sem taka til m.a. greiningar á fóstri varðandi erfðafræðilegar rannsóknir eftir fæðingu, um viðurkenningar erfðafræðilegra rannsókna, bann við notkun erfðafræðilegra upplýsinga, skilyrði fyrir „genterapí" eða erfðafræðilegri meðferð, og svo almenn ákvæði. Síðan er sérstök grein um líftækninefndina og hlutverk hennar sem getur samkvæmt ósk eða að eigin frumkvæði tjáð sig um mál sem varða þessa löggjöf um tænifrjóvgun, hina norsku, fjallað um hana og sent frá sér opinber álit eftir því sem henni hentar. Og ef menn virða fyrir sér þennan lagaramma sem þarna er dreginn og hvernig um þetta er búið, þá sjá menn hversu miklu munar á þessu og því frv. sem hér er fram reitt og hversu betur væri um hlutina búið ef t.d. hér væri gert ráð fyrir þverfaglegum vettvangi sem væri ætlað að fylgjast með þessum málum, tjá sig um þau reglubundið og veita álit, umbeðið eða að eigin frumkvæði. Þá væri okkur kannski aðeins rórra sem höfum áhyggjur af þessu máli eins og það liggur hér fyrir.

Ég tel sem sagt að hér vanti mikið á og það er rétt til getið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að í sínu máli, að ég tel að þarna þurfi verulega um að bæta. Ég vil í þessu sambandi, virðulegur forseti, nefna hér rit frá mjög stórri bandarískri opinberri nefnd sem heitir: Mat á erfðafræðilegri áhættu, Assessing Genetic Risks. Vandamál fyrir heilsu og félagsmálastefnu, gefið út af Institute of Medicine í Bandaríkjunum. Washington er a.m.k. útgáfustaðurinn. Mjög margmenn nefnd vann þetta rit þar sem farið er á mjög skýran hátt yfir þau álitaefni sem tengjast einmitt erfðafræðilegu mati, ekki eingöngu að því er varðar það svið sem hér er um að ræða, heldur í mun víðara samhengi. En það er einmitt leiðbeinandi yfirferð af því tagi sem við þurfum á að halda, einnig hér í sambandi við þessi mál.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé mjög langt frá því að þetta mál liggi hér fyrir eins og æskilegt hefði verið af hálfu þingsins. Auðvitað ræður upphafið miklu. Sumir hafa hælt frv. sem fram var borið en aðrir fundið að því. Það vantar mikið á að þannig hafi tiltekist að þessi mál liggi fyrir eins og þau þyrftu að vera. Við gætum hins vegar brotið nokkuð í blað ef fallist væri á þá breytingartillögu sem ég hef flutt um málið og ég vænti að njóti einhvers stuðnings hér á hv. Alþingi. Ég vænti að minnsta kosti, hvað sem verður um fylgi við þá tillögu, að flutningur hennar verði til þess að hvetja menn til nánari skoðunar þessara mála og umhugsunar um þau miklu álitamál sem hér eru uppi. Ég tek fram að ég ætla mér ekki þann hlut að vera einhver stóridómur í þessu máli. Það væri fráleitt að ætla sér það. Hins vegar er þetta einfaldlega niðurstaða sem fengin er við umhugsun um þessi flóknu álitamál sem hér eru uppi.

Það hafa komi fram önnur álit en meirihlutaálit allshn., t.d. álit 1. minni hluta. Ég hlýddi á framsögu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur þegar hún mælti fyrir sínu áliti. Þar er vakin athygli á ýmsum atriðum sem eru vissulega umhugsunarverð. Þegar ég hlýddi á hv. þm. átti ég von á að þar kæmi fram skýrari og ákveðnari kvennapólitískt sjónarhorn en var að finna í nál. sjálfu. Ég segi það eingöngu vegna þess að ég hef áhuga á því að vita hver sjónarmiðin eru sem þar er um að ræða. Eins og ég sé þetta held ég að þarna hljóti að vera mjög mörg álitaefni frá sjónarhóli kvenna. Það er alveg ljóst að í gegnum þá tækni sem hér er verið að ræða, tæknifrjóvgunina, er það sem varðar álag á konur langtum meira en snýr að körlum og það skiptir þá ekki máli hvaða aðferðum er beitt. Ég óttast að sumt af þessu sé í a.m.k. ekki mikið innlegg í kvenfrelsisbaráttu. Ég á mjög erfitt með að sjá það a.m.k. og held að það geti verið ýmsar hættur sem tengjast þessu fyrir konur sérstaklega. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að ekki væri réttmætt að greina á milli kynfrumna í lagatexta. Ég hef ekki metið það svo að það væri skynsamlegt að gera það heldur á að leggja sæðisfrumur og eggfrumur að jöfnu þegar mótaðar eru reglur varðandi notkun þeirra til tæknifrjóvgunar. Að því leyti er ég sama sinnis og þeir sem hugsa öndvert við mig í því efni að þeir vilja ganga lengra til að upphefja þá mismunun sem uppi hefur verið þar á milli í sambandi við sæðisfrumur annars vegar og eggfrumur hins vegar til nýtingar í tæknifrjóvgun.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að þessi umræða haldi áfram bæði hér í þinginu og úti í samfélaginu og að menn geti a.m.k. verið sammála um að það er þörf á því að þróa þær reglur sem hér kunna að verða mótaðar og skoða þær. Meðal annars í ljósi þess sem gerist annars staðar og í ljósi nýrra upplýsinga sem við fáum um nýja möguleika en einnig nýjar hættur sem eru samfara tæknimöguleikum á þessu sviði. Við verðum að reyna að standa sem fastast á því sjónarmiði að þær aðgerðir sem gripið er til verði afkomendunum, börnunum fyrst og fremst, bærilegar og að heill þeirra sé sérstaklega höfð sem mælikvarði, sama hvaða aðgerðir eiga í hlut sem þetta frv. fjallar um.

[00:05]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt tíminn sé naumur í andsvari vil ég endilega koma hér upp vegna ummæla hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um mitt nál., nál. 1. minni hluta allshn., þar sem honum fannst vanta kvennapólitísk rök í það álit. Ég hef ekki tíma til að rökstyðja það en ég tók einmitt þá ákvörðun í andstöðu við hv. þingkonu Kvennalistans, Kristínu Halldórsdóttur, sem hér talaði áðan, að taka kvennapólitíska afstöðu. Ég á því ákaflega erfitt með að sætta mig við þá staðhæfingu að það skorti slík sjónarmið í nál. Þar get ég nefnt staðgöngumæðrunina sem ég tók sérstaklega fyrir. Ég fagnaði því að hún er ekki heimiluð samkvæmt þessu frv. Einnig ræddi ég um að það væri kvennapólitískt kvenfrelsisatriði hverjir fengju aðgang að tæknifrjóvgun. Það er auðvitað hægt að taka mun fleiri rök eins og hv. þm. nefndi, t.d. álagið á líkama konunnar. Ég vil í því sambandi nefna að t.d. samkynhneigðar konur, lesbíur, nefna að einföld tæknisæðing á þeim er mun minna álag á þær en konur sem fara í gegnum mun erfiðari meðferð sem er heimiluð samkvæmt því meirihlutaáliti sem hér liggur fyrir. Tíminn er naumur svo ég bið kannski um orðið á eftir. Í raun get ég vel skilið hitt sjónarmiðið að ræða þetta ekki frá kvennapólitísku sjónarhorni, sérstaklega ákvæðið um nafnleynd. Ég verð að viðurkenna að það togast verulega á í mér hvort sjónarmiðið á þar að vega þyngra. Þess vegna finnst mér sú gagnrýni ekki réttmæt að ég hafi ekki komið inn á kvennapólitísk rök.

[00:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka viðleitni þingmannsins til að skýra fyrir mér þau viðhorf sem hún vissulega ber fram í sínu nál. og ég geri ekki athugasemdir við það. Það sem ég hafði kannski sérstaklega í huga og hafði gert ráð fyrir að kæmi meira inn í umræðuna frá þessu sjónarhorni er

sú mikla breyting sem er því samfara að það er verið að breyta móðurhlutverkinu frá því sem verið hefur í gegnum aldir og árþúsundir, milljónir ára á þróunarinnar braut með því að taka upp gjöf á eggfrumum. Móðurhlutverkið verður margrætt eins og vikið er að í lögfræðiritinu sem ég vitnaði hér til áðan. Spurningin er sem sagt: Hvert ber síðan tæknin okkur í þessu sambandi? Hvert ber hún okkur? Er hugsanlegt að menn í framtíðinni gangi enn lengra og móðirin þurfi ekki að ganga með barnið? Það er hægt að koma barni til þroska og verður ugglaust gert einfaldlega utan móðurlegs. Það eru þessi viðhorf, þessar stóru spurningar sem mér finnst að hljóti að snerta okkur reyndar af hvoru kyni sem er, en kannski ekki síður konur en karla. Ég velti fyrir mér hvort staða konunnar og sá styrkur sem henni hefur verið að móðurhlutverkinu veikist ekki við þau inngrip sem hér er um að ræða og þær breytingar og þau breyttu viðhorf sem þessu geta fylgt.

[00:10]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta verður aðeins stutt andsvar því ég er búin að halda þrjár nokkuð langar ræður í þessari 2. umr. ásamt fjölda andsvara. Ég hygg því að ég hafi skýrt vel mitt mál og meiri hluta allshn. varðandi þetta frv.

En þetta var nokkuð sérstök ræða. Ég held ég hafi heyrt rétt að hv. þm. talaði um þrýsting frá þjóðfélaginu um að barnleysi væri böl eða eitthvað í þá veru. Þótt það standi einhvers staðar að manninum sé ætlað að margfaldast og uppfylla jörðina tekur fólk auðvitað sjálfstæða ákvörðun um að leita eftir svona þjónustu. Það er enginn sem neyðir fólk til þess. Þetta fer eftir skoðunum hvers og eins, fólk gerir þetta upp við sig. Það er hins vegar mikilvægt að það sé til staðar ráðgjöf í þessum málum fyrir pör sem hyggjast leita eftir slíkri meðferð. Þess vegna leggur allshn. til að slíkri ráðgjöf verði komi á fót.

Ég verð að ítreka að barn sem getið er með tæknifrjóvgun á foreldra, bæði föður og móður. Það var m.a. í ræðu hv. þm. vitnað í skoðanir lækna og sérfræðinga í þessu sambandi um stöðu barns sem getið væri með þessum hætti. Ég las sérstaklega upp hér áðan álit frá læknaráði Landspítalans þar sem tekið var fram að engar rannsóknir hefðu sýnt að það væri sérstök þörf fyrir að aflétta nafnleynd gagnvart börnum sem getin væru með þessum hætti. Þeim liði bara mætavel. Þannig að ég held að ég hafi vikið að sjónarmiðum um rétt einstaklinganna og rétt barnanna. Mér er fullkunnugt um barnarétt á Íslandi, ég lærði hann eitt sinn í lagadeildinni og hef verið formaður allshn. í nokkur ár þar sem einmitt er fjallað mikið um réttindi barna og mál sem þau snerta.

Ég vil að lokum taka sérstaklega undir það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir vék að hér áðan að það er kannski ekki nema von að það komi fram skiptar skoðanir í þessu máli í Kvennalistanum vegna þess að það hafa komið fram skiptar skoðanir í öllum flokkum um þetta mál. Ég vildi láta það koma fram. Það eru reyndar fjórar konur í allshn. og ég veit ekki til að þær séu neitt frekar með kvennapólitísk sjónarmið en karlmennirnir þar.

[00:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er umhugsunarefni ef hópur valinna kvenna í allshn. er ekki með kvennapólitísk sjónarmið í máli sem þessu. Það kemur mér satt að segja nokkuð á óvart **ef þess gætir ekki. Ég teldi það miður ef svo væri ekki.**

Varðandi það sem hv. þm. vék að um þrýsting frá þjóðfélaginu. Það sem ég sagði um þau efni var að þar gætti þrýstings en þingmaðurinn hv. vísaði til þess að hér væri um sjálfstæða ákvörðun að ræða og skoðanir hvers og eins. Mér er fyllilega ljóst að það er gert ráð fyrir því að hver og einn taki sjálfstæða ákvörðun um þetta efni. Það breytir hins vegar ekki hinu að umræðan í samfélaginu hefur óhjákvæmilega áhrif á tilfinningu einstaklingsins fyrir því ástandi sem hann býr við og getur virkað sem þrýstingur. Mig minnir að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafi einmitt vikið réttilega að því í nál. sínu að það gæti komið til. Það er nokkurt áhyggjuefni ef það getur leitt til ákvarðana sem viðkomandi hefði kannski ekki tekið án slíks óbeins þrýstings.

Þegar ég vék að því að föður- og móðurhlutverk breyttist eða skilgreining á föður og móður í sambandi við tæknifrjóvgun var ég ekki að vitna til læknis í því sambandi eins og hv. þm. nefndi, heldur til lögfræðirits um þetta efni þar sem verið var að fjalla um og skilgreina mismunandi föður- og móðurhlutverk í ljósi þessarar þróunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.). — Þskj. 854, brtt. 705,13.b og 881.

[00:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Efh.- og viðskn. kom saman eftir 2. umr. þessa máls og fjallaði um það á nýjan leik. Einkum þá brtt. um ákvæði til bráðabirgða sem kölluð var aftur til 3. umr. En við þessa umfjöllun fæddust þrjár brtt. sem eru lagðar hér fram á þskj. 881 og meiri hluti efh.- og viðskn. flytur.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um tæknilega breytingu á 18. gr. frv. eins og hún stendur núna. Í öðru lagi er heföbundin grein þar sem kveðið er á um að gefa út lögin að nýju þar sem fellt er inn í meginmál laganna þær breytingar sem hér er verið að gera og í þriðja lagi er verið að gefa Tryggingarsjóði sparisjóða kost á að laga samþykktir sínar að ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra sem mun vera í haust. Það mun vera töluvert mál að kalla saman slíkan aðalfund fyrir 1. júlí þegar lögin taka væntanlega gildi. Því var eðlilegt að þeir fengju frest til haustsins til þess að aðlaga sínar samþykktir.

Hæstv. forseti. Aðalástæða þess að efh.- og viðskn. tók málið til umfjöllunar var það ákvæði til bráðabirgða sem kvað á um það að ríkisviðskiptabanka væri heimilt að endurfjármagna þau víkjandi lán sem viðkomandi banki hefði tekið miðað við stöðu þeirra 1. jan. 1994 og heimildin væri tímabundin til 31. des. 1997. Um þetta var allmikið rætt í nefndinni. Nefndin fékk á fund sinn fulltrúa Landsbankans, viðskrn., Seðlabankans og bankaeftirlits hans og enn fremur fulltrúa frá keppinautum Landsbankans, þ.e. fulltrúa frá Íslandsbanka, sparisjóðunum og Búnaðarbankanum. Þar gafst kostur á að kanna betur þau rök sem liggja til grundvallar þessari tillögu um ákvæði til bráðabirgða þar sem Landsbankinn, sem ákvæði þetta á fyrst og fremst við, fær heimild til þess að endurfjármagna þau víkjandi lán sem hann hefur **tekið.**

Í mínum huga stendur upp úr eftir þá yfirferð að það er af öllum ástæðum eðlilegt að Landsbankinn hafi þessa standandi heimild til að endurfjármagna víkjandi lán með þeim hætti sem ákvæði til bráðabirgða gera ráð fyrir. Það er að vísu ekki svo að það standi til á næsta ári að breyta BIS-reglunum með þeim hætti sem var álitið þegar frv. var samið og þegar þetta ákvæði til bráðabirgða var sett fram á sínum tíma. Það er nýbúið að taka ákvörðun um það að fresta því. Hins vegar kom mjög skýrt fram í umfjöllun nefndarinnar að afkoma bankans á síðustu árum hefur verið lakari en vonir stóðu til þegar bankanum var upphaflega gert kleift að taka víkjandi lán með samþykki Alþingis. Þessi afkoma er fyrst og fremst lakari vegna þess að almennt efnahagsástand hefur verið erfitt og bankinn eins og aðrar fjármálastofnanir á Íslandi hefur lent í útlánatöpum og afkoma bankans því lakari en ella.

Við 2. umr. málsins fór fram nokkur þrætubókarlist um það hvort þessi heimild til bankans til endurfjármögnunar á víkjandi lánum tengdist eða væri liður í því að gera bankann að hlutafélagi. Það hefur legið fyrir að það er að sjálfsögðu stefna núv. ríkisstjórnar að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum en það frv. sem hér er á ferðinni og það ákvæði til bráðabirgða sem hér er á ferðinni er að sjálfsögðu sjálfstæð aðgerð og mun nýtast bankanum hvort heldur hann verður gerður að hlutafélagi eða starfar áfram sem ríkisbanki.

Eign ríkisins í bankanum hlýtur að verða verðmeiri með þessari aðgerð, hvort heldur hann er gerður að hlutafélagi eða starfar áfram sem ríkisbanki. Ég hygg því að þau rök sem lágu því upphaflega til grundvallar að Landsbankinn fengi þessa heimild til endurfjármögnunar á þeim víkjandi lánum sem hann tók að því marki sem þetta ákvæði til bráðabirgða gerir ráð fyrir hafi styrkst frekar en hitt og ég tel því eðlilegt að þingheimur samþykki þetta ákvæði til bráðabirgða sem eins og það lá fyrir við 2. umr. málsins.

[00:24]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ágreiningsefni milli meiri hluta og minni hluta í þessu máli hefur tengst ákvæði til bráðabirgða II, 13. brtt. b-liður, sem er heimild til ríkisviðskiptabanka að endurfjármagna víkjandi lán. Það er e.t.v. dálítið táknrænt miðað við það sem hv. formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sagði áðan. Hann sagði að þetta væri ákvæði sem ætti fyrst og fremst við Landsbankann. Þetta ákvæði á bara við Landsbankann. Það á ekkert fyrst og fremst við Landsbankann en einmitt þetta orðalag, sem hv. formaður nefndarinnar notar, lýsir vissum blekkingaleik sem hefur því miður verið hafður uppi í þessu máli sem er alvarlegur vegna þess að við erum að tala um stöðu stærstu fjármálastofnunar landsins.

Það er heldur ekki rétt sem hv. formaður efh.- og viðskn. kallaði þrætubókarlist varðandi það að bankanum yrði breytt í hlutafélag og það væri þá ástæðan fyrir bráðabirgðaákvæðinu. Þetta er rangt vegna þess að því var einfaldlega haldið fram í efh.- og viðskn. að þetta væri ein af ástæðunum fyrir því að menn vildu hafa slíka heimild til að endurfjármagna víkjandi lán. Röksemdirnar sem voru bornar á borð fyrir okkur minnihlutamenn voru þær að við endurmat á vissum eignum í tengslum við hlutafjárvæðingu væri gott að hafa borð fyrir báru varðandi þennan lið.

Það kom í ljós að það væri bráðnauðsynlegt að taka þetta mál til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. í nefndinni því að þar upplýstist ýmislegt varðandi þennan þátt. Í fyrsta lagi og því var reyndar hæstv. viðskrh. búinn að lýsa yfir við 2. umr. að þessi ósk um heimild til endurfjármögnunar tengdist ekki breytingu bankans í hlutafélag. Það kom í ljós þegar talsmenn Seðlabankans komu á fund efh.- og viðskn. að það hefði ekki vakað fyrir mönnum. Ég veit ekki hvort svo er og ég vil þá frekar telja að svo hafi verið að stjórnarþingmenn hafi misskilið stjfrv. þegar þeir tóku sem röksemd að þetta væri nauðsynlegt vegna fyrirhugaðra hlutafjárvæðinga. En það var ekki eina skýringin sem þeir báru fram áður en málið var afgreitt út úr nefndinni til 2. umr. heldur mjög vitnað til fyrirhugaðrar breytingar á BIS-reglum, sem gerði nauðsynlegt að hafa borð fyrir báru við starfsemi bankans. Það upplýstist í nefndinni, kom m.a. skýrt fram hjá forsvarsmönnum Landsbankans, að menn töldu á síðasta ári að gerðar yrðu breytingar á BIS-reglum sem gætu hugsanlega þrengt að stöðu bankans. Það kom hins vegar í ljós að allar þær fyrirhuguðu breytinga á BIS-reglum voru afturkallaðar fyrir nokkru þannig að það var engin þörf á þessari endurfjármögnun víkjandi lána út af fyrirhugum BIS-breytingum. Hæstv. viðskrh. upplýsti það sem hann taldi vera réttu ástæðuna fyrir þessu ákvæði og það var að slæm afkoma bankans gerði það að verkum að nauðsynlegt væri að endurfjármagna hann með tilliti til næstu ára. Hæstv. ráðherra upplýsti í 2. umr. málsins að tap bankans hefði verið tæplega 1,5 milljörðum meira á þremur árum en gert var ráð fyrir þegar farið var í mikinn björgunarleiðangur fyrir Landsbankann 1993. Sá björgunarleiðangur fólst m.a. í framlagi úr ríkissjóði upp á 2 milljarða, í láni frá Seðlabanka Íslands upp á 1.250 millj. og í láni frá Tryggingarsjóði viðskiptabankanna upp á einn milljarð. Björgunarleiðangurinn var samtals 4. 250 millj. fyrir einungis þremur árum. Þá var gerð áætlun sem gaf til kynna rekstur næstu þrjú árin og það skakkaði 1,5 milljörðum. Síðari tölur gefa e.t.v. til kynna að þetta mat megi vera frá 1.200 millj. upp í 1.400 millj. Það skiptir ekki öllu máli.

En það var lagt upp með tiltekin skilyrði, sem bankinn átti að uppfylla, og það var farið nákvæmlega yfir þau í störfum nefndarinnar milli umræðna. Það kom m.a. í ljós að eitt af skilyrðunum var að það átti að fækka útibúum. Reyndin var sú að útibúum Landsbankans fjölgaði um eitt í stað þess að fækka.

Önnur skilyrði uppfyllti hann að nokkru leyti fyrir utan hið mikla rekstrartap sem stafaði að verulegu leyti af meiri afskriftum en ráð var fyrir gert.

Bankaeftirlitið upplýsti og það hafði komið fram áður í ræðu hæstv. viðskrh. að fjárhagsleg staða Landsbankans væri vel yfir mörkum. Eiginfjárhlutfallið var 9,5% en lágmark er 8% eins og þingheimur veit. Það er hins vegar rétt að hafa í huga að afskriftirnar voru vanáætlaðar 1993 sem er vitaskuld mjög alvarlegt mál. Það kom einnig fram þegar spurt var um rekstraráætlanir annarra banka sem komu á fund efh.- og viðskn. að eitthvað höfðu menn skotið yfir markið hvað varðar rekstrarárangur árið 1993. Hann stóðst þó nokkurn veginn áætlanir 1994 og 1995 og voru frávikin langt frá því sem Landsbankinn gekk í gegnum. Það er því alveg ljóst að enn vantar skýringar á því af hverju verið er að lögfesta þessa heimild Landsbankans til endurfjármögnunar.

Við spurðum ítrekað á þessum fundi fulltrúa Landsbankans hverjar ástæðurnar væru. Það var rakið með BIS-reglurnar og ekki voru það þær. Það má eiginlega segja að eina röksemdin hafi verið að gott væri að hafa borð fyrir

báru. En það kom líka fram hjá forsvarsmönnum Landsbankans að það væri ekki þörf á þessu víkjandi láni í dag og það er í samræmi við það sem einn af aðalbankastjórum Landsbankans hafði áður sagt í viðtali og gert lítið úr þessu. Það er því augsýnilegt að hér var lagt upp í einhvers konar björgunarleiðangur, misskilinn björgunarleiðangur. Það kom í ljós þegar menn voru komnir út í miðja ána að það var engin ástæða til að fara með þessar aðgerðir eins og lagt er upp með í þessu bráðabirgðaákvæði II. Við minnihlutamenn í efh.- og viðskn. spurðum þegar málin lágu ljós fyrir hvort það væri ekki affarasælla að kippa þessu ákvæði út og láta þetta mál niður falla. Menn gætu þá tekið það upp síðar ef menn teldu ástæðu til, t.d. ef BIS-reglur breyttust eða ef fyrirhuguð hlutafjárvæðing kæmi fram. Ekki vildi meiri hluti efh.- og viðskn. hlusta á það og menn settu undir sig hausinn. Eins og kom fram í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar óskar hann eftir því að þetta bráðabirgðaákvæði verði samþykkt og vafalítið verður það svo því að baki orða hv. formanns efh.- og viðskn. stendur vitaskuld meiri hluti, ríkisstjórnarmeirihlutinn.

Það er hins vegar alvarlegt mál þegar verið er að samþykkja endurfjármagn á víkjandi láni upp á einn milljarð ef ekki er þörf fyrir það. Það kom hins vegar líka fram í störfum milli umræðna að arðsemi Landsbankans væri léleg og reyndar annarra bankastofnana hér á landi og það væri ekki útlit fyrir að eiginfjárstaða mundi batna á næstu árum. Það er vitaskuld alvarlegt mál og kallar á umræður um íslenskt fjármálakerfi þótt við förum ekki út í slíka umræðu nú síðla nætur.

Ein röksemd sem kom fram af hálfu Landsbankamanna tengdist hlutafjárvæðingunni. Þeir sögðu: „Nú virðist vera lengra í hlutafjárvæðingu en talið var í upphafi og þess vegna væri gott að hafa þessa heimild." Vitaskuld er alltaf gott að geta bætt eiginfjárstöðu um einn milljarð og við vitum allir að í rekstri er gott að hafa slíkan opinn reikning þó svo menn nýti hann kannski ekki og sjái ekki alveg fyrir notkun á honum næstu mánuði. Hins vegar er rangt að heimila slíkt nema gera það í stærra samhengi og gera það þá þegar brýn þörf knýr á um það. Þegar björgunarleiðangurinn 1993 var farinn upp á 4 milljarða og 250 millj. var gengið út frá því að þar með væri staða bankans styrkt það verulega að ekki þyrfti til frekari aðstoðar að koma.

Það kom líka fram á fundum nefndarinnar að Búnaðarbanki Íslands hefur aldrei óskað eftir víkjandi láni. Það kom líka fram að Íslandsbanki hefur tekið svona víkjandi lán. En hann er einkabanki og allt sem honum viðvíkur, bæði hlutafjáraukning og víkjandi lán er vitaskuld á ábyrgð hluthafanna, eigenda hans, reyndar nákvæmlega eins og er með víkjandi lán Landsbankans.

Það kom sömuleiðis fram í nefndinni að það er mjög algengt að bankar séu með 8–10% eiginfjárhlutfall eins og margir af íslensku bönkunum eru með. Við eigum því að forðast í þessari umræðu að tala um að það sé einhver stór vandi í íslensku bankakerfi. Það er vandi, en það er alltaf ráðlegt að tala af gætni um bankastofnanir.

En það eru nokkur atriði sem komu fram milli nefnda sem þarf að skoða sérstaklega. Eitt af því er samkeppnisstaða. Er samkeppnisstöðunni á íslenska bankamarkaðinum raskað með þessu ákvæði til bráðabirgða? Fulltrúar Búnaðarbanka og sparisjóðanna vildu ekki gera mikið úr því, en það kom skýrt fram hjá fulltrúum Íslandsbanka að þetta **væri klárleg mismunun á samkeppnisstöðu. Hins vegar kom** alveg skýrt fram hjá sparisjóðunum að samkeppnisstaðan er gerð mjög erfið gagnvart öðrum lánastofnunum sem ekki hafa ríkisábyrgð. Herra forseti, það var beðið sérstaklega um að viðskrh. væri viðstaddur eins og hann vissulega er. En ef hann ætlar bara að vera í samræðum við sinn ágæta flokksmann höfum við þingmenn e.t.v. ekki það mikla gagn af hæstv. viðsrh. sem við vitum að við getum haft.

(**Forseti** (GÁ): Þeim samræðum er nú lokið.)

Ég þakka fyrir það, herra forseti.

(**Forseti** (GÁ): Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni frið.)

Ég tel mjög ámælisvert að Alþingi sé að heimila að samkeppnisstöðu á íslenskum bankamarkaði sé raskað með þessu ákvæði. Ég tel ámælisvert, herra forseti, að það sé afgreidd heimild til eins milljarðs kr. víkjandi láns eða endurfjármögnunar upp á einn milljarð sem fer með eiginfjárhlutfall Landsbankans úr 9,5% upp í 11% ef maður bætti því beint við. Eins og við höfum margoft bent á í umræðunni er þannig hægt að blása út efnahagsreikning upp á 12,5 milljarða. Það kom hins vegar skýrt fram og ég vil draga það fram í umræðunni að bæði af hálfu landsbanka- og seðlabankamanna höfðu menn í reynd ekki hugsað sér að blása neitt út efnahagsreikning. Það var ekki markmið hjá mönnum þegar þeir lögðu upp með þetta víkjandi lán. Satt best að segja hef ég dálítið á tilfinningunni að menn hafi ekki alveg verið klárir á allri aðferðafræðinni varðandi þennan þátt í Seðlabankanum þegar þeir lögðu upp með þá ráðgjöf sem fylgdi þessu frv. En látum það nú vera.

Ég tel ámælisvert að skekkja samkeppnisstöðu á markaðnum með þessum hætti þegar ekki er þörf á því.

Það er líka annað atriði sem kom fram sem ekki hefur verið gert að umtalsefni í umræðunni. Það hefur komið ábending frá ESA um það að fyrirkomulag okkar á bankamarkaði, þ.e. ríkisábyrgðir á bankamarkaði, varði við alþjóðasamninga. Ríkisstjórn Íslands ritaði bréf þar sem hún skýrði þetta mál m.a. með því að við erum með ríkisviðskiptabanka sem hafa ríkisábyrgð sem er vitaskuld samkeppnisforskot en skýrði jafnframt frá því að hún hygðist leggja fram frv. um hlutafjárvæðingu bankanna og yrði það lagt fram á vormánuðum. Ég man ekki orðalagið nákvæmlega úr því bréfi sem sent var ESA, en það var nokkurn veginn í þessa átt. Nú bólar ekki enn á þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar varðandi hlutafjárvæðinguna þannig að það er hugsanlegt að það komi alvarlegar athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA varðandi rekstur okkar ríkisviðskiptabanka. Vitaskuld eigum við þá að taka á því áður en dómstólar í útlöndum geta með réttu fært rök að því að við séum ekki innan alþjóðlegra samninga.

Þegar við ræddum við bankamennina á milli funda kom gagnrýni á Landsbankann vegna stjórnarhátta, þ.e. að til að styrkja eiginfjárstöðu hefði bankinn átt að minnka efnahagsinn, eins og honum var reyndar uppálagt í björgunaraðgerðunum frá 1993. Það hefur hann ekki gert nema að hluta til. Mér er ekki kunnugt um hvernig það er, en bankamenn ýmsir og landsbankamenn báru a.m.k. ekki á móti því, þeir töldu að þetta væri vel mögulegt. Það var því vissulega möguleiki á því að fara aðrar leiðir til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans en þá leið að endurfjármagna víkjandi lán eins og gert er ráð fyrir í tillögu meiri hlutans.

Ég minntist áðan á áætlanagerðir 1993. Það upplýstist varðandi Búnaðarbankann að áætlanir hans virtust nokkuð innan þess ramma sem áætlað var á meðan Landsbankinn **var þar langt frá raunveruleikanum eins og síðar kom í ljós.**

Nú er hins vegar upplýst að menn eiga ekki von á neinum skakkaföllum varðandi afskriftir, menn eru búnir að taka þann kúf sem nauðsynlegur var. Við skulum því vona að áætlanir standist mun betur en áður. Ég vil minna á það sem ég sagði í 2. umr. að framlög í afskriftareikning eru grafalvarlegir hlutir og þeir eru ekki nema að hluta til ákveðnir af yfirstjórn banka. Kröfur um framlög í afskriftareikning eru fyrst og fremst gerðar af endurskoðenda banka og bankaeftirlits og það eru oft og tíðum miklar deilur á milli yfirstjórnar banka og þessara eftirlitsstofnana um það hvað eigi að leggja mikið í afskriftareikning því oft er þetta matsatriði. Hins vegar ræður vitaskuld eftirlitsaðilinn þeirri niðurstöðu. Þessi útreikningur er ekki einhlítur en við höfum þó borið gæfu til að sleppa við við alvarleg áföll á fjármagnsmarkaði.

Það er því niðurstaða mín varðandi þetta mál að bráðabirgðaákvæði II sé óþarft og það beri að leggjast gegn því. Það er ekki þörf á því. Það hafa ekki verið færð sannfærandi rök fyrir því að það þurfi að leggja til þessa endurfjármögnun á víkjandi lánum. Ég hefði tekið það mjög alvarlega og jafnvel stutt það ef það hefðu komið fram sterk rök að bæta eiginfjárstöðu banka. Mér er annt um að bankakerfið standi vel. En þessi rök hafa ekki komið fram.

Í öðru lagi er málið ranglega flutt á Alþingi. Það er flutt ranglega í upphafi málsins, í greinargerðinni, í framsögu hæstv. viðskrh. Það eru togaðar út upplýsingar af hálfu minni hlutans smátt og smátt og það þurfti að taka málið til meðferðar í nefnd aftur á milli 2. og 3. umr. til að málið yrði skýrara í hugum nefndarmanna. Þetta tel ég ámælisvert. Ég þori að fullyrða að það er enginn meðvitaður vilji á bak við þetta, kannski frekar klaufaleg vinnubrögð. Hins vegar getur maður ekki tekið því þegar um er að ræða jafnalvarlegt mál og þetta.

Í þriðja lagi hefði átt að skoða þetta út frá öðrum sjónarhornum og leggja þá upp í aðgerðir til að minnka efnahag og bæta rekstur sem vafalítið er ekki vanþörf á í íslensku bankakerfi. Það mætti hafa um það langt mál að hér er ekki bara meiri vaxtamunur en erlendis heldur eru þjónustugjöld líka hærri miðað við útlönd. Að minnsta kosti samkvæmt skýrslum eða ummælum sem um voru höfð um þetta efni fyrir nokkrum missirum. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum sem eitthvað þekkir til íslenska bankakerfisins að það má gera þar mun betur og e.t.v. er einn aðalefnahagsvandi okkar að við skulum ekki búa við meiri samkeppni á bankamarkaðinum.

Það kom sömuleiðis fram hjá þeim viðræðuaðilum sem komu á fund nefndarinnar innan bankaheimsins að menn töldu að það ætti að hraða hlutafjárvæðingu. Menn töldu það æskilega leið til endurskipulagningar á ríkisbankakerfinu. Ég er sammála því. Það er brýnt að gera gangskör að því máli. Það var rætt ítarlega við 2. umr. og ástæðulaust að gera það frekar að umtalsefni.

Ég vil að lokum óska eftir svörum frá hæstv. viðskrh. við nokkrum spurningum sem tengjast þessu efni. Ég vil í fyrsta lagi fá skýr rök fyrir því af hverju hann vill halda þessu ákvæði til streitu. Af hverju vill hann að Landsbankinn fái þessa endurfjármögnunarheimild? Í mínum huga er ekki þörf á því og það liggur ekki fyrir ósk um það frá bankanum nema með óljósum orðum um borð fyrir báru og einhverja frestun á hlutafjárvæðingu. Gott væri að hafa þetta vegna hugsanlegra breytinga á BIS-reglum einhvern tíma í framtíðinni. Ég vil vita afstöðu ráðherra. Af hverju í ósköpunum er hann að **leggja upp með þetta ákvæði sem er búið að valda svona** miklu umróti? Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir það með skýrari upplýsingum og betri umræðu á fyrri stigum málsins.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. viðskrh. um þann þátt sem ég nefndi um ESA. Hvað hyggst hæstv. ríkisstjórn gera varðandi þann þátt þegar ESA kemst að því að það liggur ekki fyrir neitt frv. um hlutafjárvæðingu bankanna? Hvernig ætlar hún að skýra það gagnvart Eftirlitsstofnuninni og hverjar eru fyrirætlanir hennar varðandi þennan þátt? Ég tel mjög brýnt að vita nánar um það hvort þessi hlutafjárvæðing muni eiga sér stað. Hæstv. ráðherra mun væntanlega segja að það verði lagt fram frv. í haust. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann í reynd stuðning í sínum eigin flokki til að leggja fram slíkt frv.? Herra forseti, það er mjög alvarlegt þegar hæstv. ráðherra gefur yfirlýsingar um formbreytingar á bankakerfinu sem síðan ekki standast. Það er mjög alvarlegt mál, þessar yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra gaf um að bönkunum yrði breytt. Það var talað um það í haust að þetta gerðist nú á vorþingi. Síðan var beðið eftir skýrslu hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar og það væri fróðlegt að vita líka í þessu sambandi hvort sú skýrsla er komin, hvort hann hefur skilað af sér frv. eða hverju hann hefur skilað af sér. Þingheimi væri þá a.m.k. ljóst á hvaða stigi undirbúningurinn er. En það gagnar ekki, herra forseti, að fá yfirlýsingu um breytingar ef hæstv. ráðherra hefur ekki styrk til að knýja það mál fram innan síns eigin flokks.

Ég vil í þriðja lagi spyrja hæstv. viðskrh. hvort og hvernig hann muni beita sér fyrir því að rekstur Landsbanka Íslands verði bættur. Nú veit ég vissulega að hann hefur ekki beint vald yfir þeim þætti. En hann er þó yfirmaður bankamála. Bankaráð eru kosin af Alþingi og bankastjórar eru skipaðir til einhvers tíma en vitaskuld hefur ráðherra áhrif. Mun hann beita sér sérstaklega fyrir því að rekstur Landsbankans verði bættur t.d. með því að minnka efnahagsreikning hans? Það er hægt að gera það með ýmsum aðgerðum. Það er líka hægt að tengja eiginfjárstyrkleika bankakerfisins með því að taka sjóði inn í banka. Slíkar hugmyndir eru fyrir hendi. Ég vil heyra frá hæstv. ráðherra sjálfum hvaða framtíðarsýn hann hefur varðandi rekstrarþátt þessa banka.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. viðskrh. um eitt atriði í viðbót sem ég tel nauðsynlegt að komi fram í umræðunni. Formaður bankastjórnar Landsbankans velti því upp á ársfundi hvort ekki væri skynsamlegt að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann. Mig minnir að hann hafi gert það á ársfundi bankans, a.m.k. hefur sú hugmynd komið fram, gott ef hún kom ekki fram í þingskjali, ég þori ekki alveg að fara með það. En ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvaða skoðun hann hefur á slíkri endurskipulagningu og hugmyndfræði.

Herra forseti. Ég leggst gegn þessu ákvæði til bráðabirgða. Ég tel að öll rök í þessu máli hafi sýnt að þetta er óþarfi. Þetta skekkir samkeppnisstöðu og þetta er ekki nauðsynlegt vegna rekstrarvanda bankans. Þetta skapar okkur verri stöðu gagnvart erlendum eftirlitsstofnunum. Þetta ákvæði var mistök eins og það kom frá meiri hluta nefndarinnar og rétt væri að samþykkja það ekki, þveröfugt við það sem hv. formaður efh.- og viðskn. lagði til. Ég teldi fara betur á því ef þingheimur felldi þetta ákvæði.

[00:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ein lykilsetning kom fram í ræðu hv. þm. Hún var sú að það væri ekki útlit fyrir að eiginfjárstaða bankanna batnaði á næstu árum. Það er alveg rétt og ástæðan er einfaldlega sú að vegna þeirrar auknu samkeppni sem er orðin á þessum markaði eru miklar líkur til þess að það verði mikill þrýstingur á minni vaxtamun á næstu árum. Því eru ekki líkur til þess að eiginfjárstaða bankanna batni.

Hann nefnir oft að Landsbankinn eigi að draga saman efnahagsreikninginn. Landsbankinn á að minnka umsvif sín og ríkið á ekki að gefa honum þessa eiginfjármöguleika. Ég tel að með því væri verið að raska samkeppnisstöðu milli bankanna með því að skylda Landsbankann til þess að segja upp viðskiptavinum og segja upp innlánum til að stilla umsvifin af miðað við efnahagsreikninginn. Ég botnaði heldur ekki neitt í því sem hv. þm. var að segja varðandi það að hægt væri að bæta reksturinn með minni efnahagsreikningi. Ætli maður að bæta reksturinn gerir maður það með því að lækka kostnaðinn eða auka tekjurnar með einhverjum hætti. En ekki með því að minnka efnahagsreikninginn. Ég tel þess vegna að það sem hv. þm. sagði áðan styrki rök fyrir því að afgreiða þessa tillögu um að bankinn fái að endurfjármagna þau víkjandi lán sem á honum hvíla. Með því er ekki verið að bæta neinu nýju fé inn í bankann heldur er verið að gefa honum kost á því að halda óbreyttri stöðu á næstu missirum. Og vonandi eigum við þá eftir að sjá það, því við erum báðir sammála um það, ég og hv. þm., að bankinn verði gerður að hlutafélagi.

[00:54]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitthvað hefur hv. formann efh.- og viðskn. misskilið þetta eða kannski var ég ekki nógu skýr í máli. Ég ræddi að mínu mati mjög ítarlega um það að minnka efnahagsreikning bankans og tengdi það vitaskuld því að með því bætti hann eiginfjárhlutfall sitt sem er ákveðinn mælikvarði á styrkleika bankans. Það er ein leiðin og sú leið sem ég lagði til til að bæta eiginfjárstöðuna frekar en að veita honum víkjandi lán eins og hér er lagt til.

Ég benti einnig á að bæta rekstur bankans. Ég gat um ákvæði sem ekki hefðu verið uppfyllt frá því í samningunum 1993, t.d. fækkun útibúa. Þar mætti líka nefna nokkur önnur rekstraratriði eins og fækkun starfsfólks og hagræðingu í rekstri. Allt mundi þetta hafa áhrif á rekstrarreikninginn og bæta rekstrarafkomu.

Ég held að ég skilji alveg jafn vel og hv. formaður efh.- og viðskn. muninn á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi. Ég tel að ég hafi reynt að gera grein fyrir þeim þáttum sem ég tel nauðsynlega til að styrkja bankann, t.d. með bættum rekstri. Að því laut ein spurningin sem ég beindi til hæstv. ráðherra. En ég benti á aðra leið til hækkunar eiginfjárhlutfalls sem vafalítið væri hægt að koma við með einhvejrum hætti í Landsbankanum. Það var a.m.k. það sjónarmið sem kom fram hjá þeim sem við ræddum við á þeim fundi sem við áttum á milli umræðna.

[00:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur einmitt fram hjá hv. þm. að hann telur að Landsbankinn eigi að minnka efnahagsreikninginn, þ.e. draga úr umsvifum sínum, segja upp lánum, segja upp viðskiptavinum og bæta þannig eiginfjárhlutfallið. Ég tel að það sé þess vegna mjög eðlilegt að þessi tillaga komi fram þannig að bankinn fái að halda svipuðum umsvifum á næstu missirum. Með því er hann þá betur í stakk búinn til að takast á við þær breytingar sem vonandi eru fram undan, þ.e. að hann verði að hlutafélagi. Ég hygg að bankinn verði verðmeiri eign fyrir ríkissjóð, hvort sem hann verður ríkisbanki eða hlutafélagabanki, ef hann er ekki þvingaður til að minnka efnahagsreikninginn eins og hv. þm. er að leggja til. Þess vegna tel ég afdráttarlaust að það eigi að samþykkja þá tillögu sem liggur fyrir.

[00:57]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist vera trúaratriði hjá hv. formanni efh.- og viðskn. að Landsbankinn eigi ekki að breyta efnahagsreikningi sínum. Það er hins vegar trúaratriði hjá mér að Landsbanki Íslands eigi að vera sterkari stofnun og betur rekin stofnun. Hann má þess vegna minnka sinn efnahagsreikning. Það eru fjölmargir liðir í efnahagsreikningi Landsbankans sem hann gæti vafalítið fært út með hagræðingu og umskiptingu á íslenskum fjármálamarkaði. Við þekkjum það ósköp vel. Ég hef hins vegar dregið vel fram rekstrarafkomu bankans. Hæstv. ráðherra gat í ræðu sinni um þá 1,5 milljarða sem bankinn náði ekki miðað við áætlanir og ég hef mestar áhyggjur af því. Arðsemi bankans er sorglega lítil. Hvorki ríkisstjórn, stjórnvöld, banki né formaður efh.- og viðskn. eru þarna að leggja til neinar raunhæfar hugmyndir til að bæta þá stöðu, svo séð verði.

[00:58]

Útbýting þingskjals:

Framhaldsskólar, 94. mál, nál. 2. minni hluta menntmn., þskj. 905.

[00:58]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur rakið í allítarlegu máli forsögu þessa máls og rökréttar niðurstöður af umfjöllun þess í efh.- og viðskn. Ég lái engum þótt menn séu búnir að gleyma því af hvaða ástæðum var lagt upp í þennan leiðangur, þ.e. að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Tilgangurinn var upphaflega einfaldlega sá að gera tæknilegar breytingar á löggjöfinni í því skyni að samræma hana nýjum bankamálatilskipunum Evrópusambandsins sem gilda einnig á Evrópska efnahagssvæðinu. Og um það var út af fyrir sig ekki ágreiningur. En inn í þetta var síðan lætt sérstöku ákvæði sem mikill ágreiningur hefur verið um, ákvæði til bráðabirgða um að framlengja heimild til endurfjármögnunar á víkjandi lánum. Ekki til ríkisbankanna eins og það er orðað, heldur til Landsbankans eins og sér.

Það var hélt ég til marks um að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. væri farinn að hafa ákveðnar efasemdir um skynsemi þess að halda þessu til streitu þegar tillagan var dregin til baka milli 2. og 3. umr. og fallist á það að taka málið til umræðu í efh.- og viðskn. á ný. Satt að segja kemur það mér á óvart eftir þá umfjöllun sem málið fékk þá í nefnd á nýjan leik að hv. þm., formaður nefndarinnar, heldur málinu enn til streitu og neitar að draga rökréttar niðurstöður af þeim upplýsingum sem liggja nú fyrir. Það kom nefnilega á daginn að það var aðeins ein ástæða haldbær fyrir því að flytja þessa tillögu í upphafi. Hún var sú að því var haldið fram að

væntanlegar væru breytingar á BIS-reglum sem eru ákvarðandi um eiginfjárstöðu banka sem mundu leiða til endurmats niður á við á tilteknum eignum bankans og veikja þannig eiginfjárstöðu hans. Þessu hafði verið haldið fram með vísan til þess að þessi tilskipun Evrópusambandsins hafði ekki gildi nema til ársloka 1995 og menn bjuggust við nýjum tilskipunum sem höfðu þessi áhrif. Það var ekki fyrr en á seinasta fundi nefndarinnar um þetta mál sem bankaeftirlitið upplýsti loksins formlega að þetta væri rangt. Það lægi fyrir að það væri búið að endurnýja gildistíma óbreyttra reglna til ársins 2001 og þar með væri alveg ljóst að upphaflega ástæðan sem gefin var væri bara byggð á misskilningi eða röngum upplýsingum, hún ætti alla vega ekki við. Þar með var einfaldlega fallin ástæðan fyrir því sem var upphaflega sögð vera fyrir þessu. Því var einnig haldið fram af fulltrúum bankaeftirlitsins í þessum umræðum að það væri alrangt sem fram hafði komið af hálfu meiri hluta nefndarinnar áður að þetta væri nauðsynlegt vegna fyrirhugaðrar hlutafélagsvæðingar bankans. Það væri alls óskylt mál og hefði ekkert haft með upphaflegar hugmyndir um þetta að gera.

Þetta er í raun og veru kjarni málsins vegna þess að þá stendur eftir sú staðreynd að eiginfjárstaða Landsbankans þrátt fyrir allt var um seinustu áramót það sem kalla mætti viðunandi, upp á 9,5%, í samanburði við það sem gildir um Íslandsbanka og Búnaðarbanka, 10,9 og 11%, og af þeim ástæðum væri engin knýjandi nauðsyn á þessu. Í raun og veru má halda því fram að það að setja þessa umræðu af stað eins og gert hefur verið og varpa þannig sérstaklega kastljósi á minni arðsemi þessa stærsta ríkisbanka þjóðarinnar en annarra og þar með að vekja að óþörfu grunsemdir og torryggni um styrk og stöðu bankans hafi verið það sem kalla mætti þarfleysa hin mesta. Þá standa eftir þær staðreyndir að þetta er ekki nauðsynlegt vegna breyttra BIS-reglna. Þetta er ekki knýjandi nauðsyn vegna eiginfjárstöðu bakans um seinustu áramót. Sá af bankastjórum Landsbankans sem hefur verið valinn til þess að hafa helst orð fyrir þeim þremenningum hefur opinberlega afþakkað þennan björgunarleiðangur og fulltrúar Landsbankans á þessum seinasta fundi gátu ekki fært nein haldbær rök fyrir nauðsyn þess arna þótt að sjálfsögðu væru notuð orð eins og þau að það sakaði ekki að hafa aukið borð fyrir báru. En það eru ekki rök í þessu máli, alls ekki vegna þess að eigandi bankans, ríkið og þeir sem um þetta véla, verða auðvitað að hafa þar önnur sjónarmið til hliðsjónar.

Ríkið rekur fleiri en einn ríkisbanka. Það sem gert er varðandi Landsbankann hefur líka áhrif á samkeppisstöðu bankastofnana innbyrðis. Það hefur áhrif á fjármálamarkaðinn og það er ekki svo að það sé einhver sjálfsagður hlutur ef ekki eru fyrir því knýjandi rök að gera út slíkan leiðangur. Satt að segja sé ég ekki að mikil nytsemi sé í opinberri umræðu um arðsemi bankanna umfram það sem þá er nauðsynlegt en það er bara orðinn hlutur og það er orðin staðreynd að þetta er orðið að opinberu umræðuefni. Þá snýst það að sjálfsögðu fyrst og fremst um það að Landsbankinn fékk umtalsverða aðstoð á árinu 1993 eins og rækilega var gerð grein fyrir í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar.

Það er líka upplýst að jafnframt voru sett ákveðin skilyrði af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis um breytingar á rekstri bankans. Í framhaldi af því voru gerðar áætlanir fimm ár fram í tímann um það að bæta rekstur bankans m.a. til þess að tryggja að ekki þyrfti að endurnýja þessa aðstoð og til þess út frá almennu sjónarmiði að styrkja stöðu bankans. Staðreyndin er einfaldlega sú að þessum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt og staðreyndin er sú að sá árangur sem að var stefnt hefur ekki náðst. Ef spurningin er þá orðin um það að eigandi bankans að frumkvæði hæstv. viðskrh., ríkisstjórnar eða Alþingis vill grípa til einhverra ráðstafana til þess að bæta stöðuna er það orðin spurning um val um leiðir. Er rétta valið að veita standandi heimild til víkjandi láns með þeim afleiðingum sem það hefur, margfeldisáhrifum að því er varðar hugsanlega efnahagreikning og getu bankastjórnarinnar þar til aukinna útlána? Eða er rétta leiðin að halda bankastjórninni við það að fullnægja þeim skilyrðum sem sett voru á sínum tíma sem snúa fyrst og fremst að hagræðingu í rekstri, lækkun á launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði, sölu á eignum, fækkun útibúa ásamt með því að hreinsa til varðandi lífeyrissjóðaskuldbindingar? Ég er ekki í nokkrum vafa um það að úr því að það er engin tæknileg nauðsyn og engin knýjandi nauðsyn á því að halda þessu til streitu er málið einfaldlega fram í tímann að sjá spurningin um val á leiðum. Ég tel að það séu alveg fullgild rök fyrir því að það sé röng leið að fara út í endurnýjun á heimildinni til töku á víkjandi lánum af mjög mörgum ástæðum. Það er ekki rétta leiðin til þess að veita þessum banka aðhald um að bæta rekstur sinn. Þvert á móti er verið að slaka á. Það á þá að halda fast við þá upphaflegu kröfu vegna þess að þetta snýst um endurfjármögnun á hinni upphaflegu fyrirgreiðslu, það á einfaldlega að halda fast við þau skilyrði sem þá voru sett og veita bankastjórninni með því nauðsynlegt aðhald. Þannig á að bæta reksturinn og styrkja stöðuna vegna þess að hinn kosturinn er sá að verið er að mismuna bönkum, það fer ekkert á milli mála. Það er vitað að bankarnir gengu almennt í gegnum erfiðleikatímabil. En það er upplýst eins og fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að árangur þeirra við að fást við þessa erfiðleika var misjafn og það er athyglisvert að einkabankinn Íslandsbanki, sem hafði formlega heimild til þess að leita eftir víkjandi láni, tók að vísu víkjandi lán en gerði það ekki gegnum Tryggingarsjóð bankanna heldur gerði það á markaði með óhagstæðari lánskjörum enda er þá eins og eðlilegt er um slíkt lán um áhættulánsfjármagn að ræða þegar einkabanki á í hlut vegna þess að þar er ekki ríkisábyrgð fyrir að fara.

Þetta mál snýst fyrst og fremst um samkeppnisstöðuna og þar er aðhaldið að ríkisstjórninni það sem fyrir liggur um afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA gagnvart þeirri mismunun á samkeppnisstöðu sem fyrir liggur á íslenska bankamarkaðnum sem felst í ríkisábyrgðum gagnvart ríkisbönkunum. Það liggur fyrir að það mun ekki takast af hálfu ríkisstjórnarinnar að standa við eigin yfirlýsingar um niðurstöðu málsins, þ.e. um breytingu á þessum bönkum í hlutafélagabanka. Það er hins vegar svarið við því hvernig menn ætla að jafna samkeppnisstöðuna og auka aðhaldið í rekstri þessara stofnana vegna þess að þá yrði Landsbankinn, í stað þess að leita til ríkisins um víkjandi lán, að fara að eins og aðrar fjármálastofnanir á sama samkeppnisgrundvelli, þ.e. með því að leita til hluthafa eða á markaðinn á markaðskjörum. Ég er sannfærður um það eftir alla þá umfjöllun sem þetta mál hefur fengið að það er ekki aðeins verið að tala um óþarfan hlut. Það er reyndar verið að tala um hlut sem ég held að sé skaðlegur og það er verið að tala um hluti sem eru til þess að slaka á því aðhaldi sem þarf að beita og þar af leiðandi er stórlega vafasamt að það bæti stöðuna gagnvart áformunum um það að breyta rekstrarforminu í hlutafélag.

Niðurstaða þessa máls er því tvímælalaust sú að mínu

mati að menn eigi einfaldlega að viðurkenna að þeir hafa hlaupið á sig. Þetta var óþarfur björgunarleiðangur. Hann hefur jafnvel ef nokkuð verið til ama eða vansa og þegar öll kurl eru komin til grafar og fram eru borin öll rök eiga menn einfaldlega að taka þeim rökum og láta þetta mál niður falla og snúa sér að því sem er kjarni málsins, nefnilega áformum ríkisstjórnarinnar um að breyta ríkisrekstrinum í hlutafélagsform og gefa ekki aðeins yfirlýsingar um þau áform, heldur tímasetja þau, taka ákvarðanir um þau, fullvissa alla aðila um að það sé gert í fullri alvöru, sýna fram á það að heimavinnan sé unnin og standa þannig við yfirlýsta og markaða stefnu um jöfnun samkeppnisskilyrða og styrkingu fjármálakerfisins í heild.

[01:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem betur fer er Landsbankinn ekki á neinni heljarþröm. En ég undrast að hv. þm. skuli ekki geta tekið undir að það er æskilegt að raska ekki samkeppnisstöðu bankans honum í óhag á markaðnum. Það liggur alveg fyrir ef ekki kemur til að bankinn fái heimild til endurfjármögnunar á þessum víkjandi lánum mun hann eins og hv. þm. Ágúst Einarsson rakti áðan þurfa að segja upp útlánum og minnka umsvif sín. Þar væri verið að raska samkeppnisstöðu bankanum í óhag.

Síðan var það ekki rétt hjá hv. þm. að árangur hefði ekki náðst í bankanum varðandi reksturinn. Þau markmið sem sett voru fram um afkomuna í rekstrinum sem slíkum að frátöldum útlánatöpum höfðu náðst varðandi launakostnað og annað slíkt. Það sem hefur ekki náðst í bankanum er að útlánatöpin hafa verið meiri og útlánatöpin hafa gengið yfir allt fjármálalíf okkar. Á að refsa bankanum sérstaklega fyrir þá erfiðleika sem hafa verið í atvinnulífinu á undanförnum árum með því að veikja hann? Af því að ég veit að hv. þm. er mikill áhugamaður um hlutafélagavæðingu og hugsanlega einkavæðingu bankans spyr ég hvort það sé glæsilega af stað farið á þeirri vegferð að byrja á því að veikja bankann?

[01:14]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeim spurningum sem hv. þm. nú ber fram var svarað strax í upphafi þegar þáv. ríkisstjórn lagði blessun sína yfir björgunarleiðangurinn sem farinn var í upphafi árs 1993. Þá stóðu menn frammi fyrir því, öfugt við það sem nú er, að talið var nauðsynlegt að fara út í þann björgunarleiðangur upp á 4.250.000.000 kr. Það hvarflaði hins vegar ekki að mönnum þá að beita þeim rökum sem hv. formaður efh.- og viðskn. beitir nú, þ.e. að veita heimildir til víkjandi lána með þeim margfeldisáhrifum og mismununaráhrifum sem það hefur án skilyrða. Það voru sett skilyrði um það að bankinn tryggði að þetta gerðist ekki og að hann styrkti stöðu sína og bætti rekstur sinn. Hv. þm. segir réttilega að það hefur náðst nokkur árangur. Það hefur þó ekki náðst nægilegur árangur og sá sem hélt því fyrst og fremst til streitu og upplýsti það var hæstv. viðskrh. Hann sagði að í framhaldi af skilyrðunum 1993 var gerð áætlun fram í tímann og sú áætlun hefur ekki staðist. Skýringin er ekki bara aukin útlánatöp, sem að vísu voru mun meiri hjá Landsbankanum en hjá öðrum bönkum, heldur einnig aðrar ástæður, þar á meðal þær að þar var talað um fækkun útibúa í framhaldi af sameiningunni við Samvinnubankann upp á jafnvel 18 útibú, þeim hefur fjölgað um eitt, á sama tíma og öðrum bönkum **hefur tekist að fækka útibúum um 10. Ég held því fram, hv.** þm., að það sé ekki rétta leiðin við þessar kringumstæður að kúvenda stefnunni frá 1993, þvert á móti að halda henni til streitu, og gera þessar kröfur og veita bankastjórninni aðhald fremur en að slaka frekar á með mismunun á markaðnum, með veitingu víkjandi láns með þeim afleiðingum sem það hefur.

[01:17]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með þeirri aðgerð sem verið er að tala um er alls ekki verið að kúvenda frá því sem gert var 1993. Það er verið að gefa bankanum kost á því að endurfjármagna að stórum hluta þá upphæð sem hann fékk þá að taka til víkjandi lána og það er alls ekki verið að gefa bankanum tækifæri til þess að taka neitt nýtt fé til þess að bæta eiginfjárreikning sinn. Það sem hefur gerst er að vegna aukinna útlánatapa hafa þessi markmið ekki náðst. Ég get ekki skilið hvers vegna hv. þm. vill endilega núna taka upp á því að venda frá þeirri stefnu sem þá var mörkuð sem var mörkuð með því að bankinn hefði ákveðið eigiðfjársvigrúm, hefði ákveðið svigrúm með því til þeirra umsvifa sem bankinn hefur í dag og bankinn hefur fyllilega staðið við þau áform sem voru uppi um launakostnað, um rekstrarkostnað að öðru leyti en sem snertir þessi útlánatöp.

[01:18]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem bankinn þarf sannarlega af framlögðum gögnum er ekki aukið eiginfjárhlutfall, það að koma eiginfjárhlutfallinu með frekari fjárhagslegri fyrirgreiðslu upp í 11%. Hann er með visst hlutfall upp á 9,5%. Það er sómasamlegur árangur og kallar ekki á neinar sérstakar ráðstafanir til þess að hækka það upp, engar tæknilegar ástæður og engar viðskiptalegar ástæður. Það sem bankinn þarf á að halda er aðhald og leiðin til þess að veita það aðhald er ekki sú að gefa frekari slaka með því að veita heimild til endurfjármögnunar á víkjandi láni heldur þvert á móti. Það sem hv. þm. formaður efh.- og viðskn. ætti að veita tíma sínum hér til er að útskýra hvers vegna hann villtist inn í þennan björgunarleiðangur í upphafi nú þegar niðurstaðan sýnir að það var feigðarflan og þarfleysa.

[01:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðan dag. Það liggur nú við að maður bjóði forseta góðan dag í tilefni af því að upp er að renna nýr dagur. Ég þarf ekki að bæta ýkja miklu við það sem félagar mínir hér á undan, talsmenn stjórnarandstöðunnar, hafa sagt. Ég held að það liggi ágætlega fyrir og vel rökstutt að þetta mál er hið mesta klúður enda þannig fram borið að það hlaut að fara svo. Það er alltaf af hinu illa þegar menn leggja hlutina ekki upp með réttum hætti eins og þeir eru þá vaxnir og staðreyndin er sú að feluleikur í kringum þessa fyrirgreiðslu til Landsbankans hefur kallað á miklu meiri umræður og meira umrót en nokkurt tilefni var til. Hefði það verið látið koma skýrt fram strax í byrjun þegar frv. var lagt fyrir, svo ekki sé nú talað um að efh.- og viðskn. hefði á réttum tíma verið gerð fullnægjandi grein fyrir því hvernig málið var vaxið og hvað til stóð, þá hefði burt séð frá því hvort menn hefðu orðið allir sammála eða ekki um efnislega meðferð á málinu og afgreiðslu þess væntanlega verið hægt að stytta umræður og hafa gang málsins greiðari í gegnum þingið.

Það verður að harma enn á ný og átelja hvernig að málinu var staðið. Það var auðvitað ámæisvert að ýmsar grunnupplýsingar um málið komu fyrst fram eftir að efh.- og viðskn. tók málið til sín á nýjan leik, milli 2. og 3. umr. Þá komu hins vegar greinargóðar upplýsingar, að vísu að hluta til trúnaðarupplýsingar, en það er eðli málsins samkvæmt ekkert við það að athuga þegar þannig er í pottinn búið. Ég held að þeir sem sitja í nefndinni hafi haft eftir þá yfirferð ágætar upplýsingar og ágætan bakgrunn til þess að glöggva sig á málinu. Það lítur talsvert öðruvísi út í dag fyrir þeim sem hafa farið í gegnum þetta frá byrjun en það gerði þegar frv. var lagt fram og fyrir því mælt við 1. umr. og jafnvel var reynt að láta líta út að það gerði við 2. umr. Það er niðurstaða okkar, talsmanna minni hlutans í efh.- og viðskn., að þessi fyrirgreiðsla til Landsbankans sé í reynd í óþörf eins og nú sé í pottinn búið. Það hafi ekki verið neitt sérstakt tilefni til þess að fara að leggja upp þennan leiðangur núna og satt best að segja býsna sérkennilegt mat á stöðunni að taka á bankann alla þá umræðu og umrót sem þessu mér liggur við að segja lítilræði tengjast því að þetta er ekki stórt mál borið saman við veltu Landsbankans og stöðu. Það er nokkuð sérkennilegt að menn skuli meta stöðuna þannig að það borgi sig og sé skynsamlegt að velja þennan tímapunkt til að kalla þetta yfir bankann þegar frv. eru í farvatninu til að einkavæða hann eða „há-effa" sem gera um leið fyrirgreiðslu af þessu tagi óþarfa þar sem það verður þá í valdi bankans að taka slík lán. Ég kemst eiginlega ekki að annarri niðurstöðu en þeirri að menn hafi verið svo bláeygir að halda þeir gætu laumað þessu í gegnum þingið án þess að nokkur tæki eftir því að það stæði til að uppfæra víkjandi lántökuheimild til Landsbankans. Menn muna þá ekki mjög vel eftir því hversu stórt mál það var á sínum tíma þegar aðstoðin við Landsbankann fór í gegnum þingið og reyndar leit þá út að svo kynni að verða jafnvel við fleiri banka.

En það tókst nú ekki. Menn auðvitað óskuðu eftir því að fá upplýsingar um það hvað væri þarna á ferðinni og annað hefði verið óeðlilegt. Það ámælisverða er að þær upplýsingar skyldu ekki vera reiddar fram af fyrra bragði og málið lagt þannig upp við þing og viðkomandi þingnefnd. Ég sé ástæðu, herra forseti, til að minna enn á þennan þátt málsins þó að hann sé ekki endilega sá sem skiptir nú sköpum við endanlega afgreiðslu þess til þess að brýna menn á því og minna menn á að láta svona lagað ekki henda aftur og endurtaka sig. Svona á ekki að kynna mál og bera þau upp við þingnefndir, þ.e. að það skuli þurfa að draga út með töngum grundvallarupplýsingar í málinu. Það tókst sumpart við 2. umr. þegar hæstv. ráðherra, og má út af fyrir sig þakka það, hafði þó einurð í sér til þess að upplýsa ýmsar tölur um stöðu Landsbankans miðað við þá áætlun sem lögð var til grundvallar aðstoðinni 1993. En sumpart komu þær upplýsingar síðan fram í efh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. og að hluta til bundnar trúnaði.

Herra forseti. Mergurinn málsins er sá að Landsbankinn er ekki í brýnni þörf fyrir að fá þessa fyrirgreiðslu. Eiginfjárhlutfall hans er nú nokkuð stöðugt, tæplega 9,5% miðað við þennan viðurkennda BIS-reglugrunn. Það er í öðru lagi upplýst að það stendur ekki til, þess er ekki að vænta að þeim reglum verði breytt á næstunni eins og menn óttuðust. Svo seint sem við 2. umr. málsins höfðu menn ekki skárri upplýsingar en þær að menn voru að þvæla um að þessar BIS-reglur kynnu að breytast en fyrir virðist hafa legið um skeið að svo verði ekki og að líkindum verða þær óbreyttar fram til ársins 2001. Í þriðja lagi er ekkert fyrirsjáanlegt í afkomu bankans á næstu missirum sem bendi til þess að þar verði stórfelld skakkaföll. Ef eitthvað er þá hafa menn heldur verið að gera sér vonir um að afskriftaþörfin væri á niðurleið og bankakerfið og bankarnir í heild væru að sigla upp úr kreppunni sem hér hefur auðvitað gengið yfir eins og víða í nálægum löndum þó með nokkuð öðrum hætti sé og kannski ekki alveg af sömu stærðargráðu. Þá stendur ekkert eftir af því sem fært hefur verið fram sem rök nema þá helst það að Landsbankinn verði sterkari og enn betri söluvara á eftir eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var undir lokin helst farinn að tína til sem röksemdir fyrir þessu. Það er auðvitað fínt að Landsbankinn verði enn þá sterkari og enn þá betri söluvara og þá er náttúrlega spurning hversu langt við eigum að ganga í því. Eigum við þá ekki að styrkja hann enn þá meira og gera hann að enn þá betri söluvöru? Það er lengi hægt að fara út í röksemdafærslu af þessu tagi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða miklu meira um þetta. Ég endurtek það að ég vísa til þess sem hér hefur verið sagt af hálfu þeirra sem hafa talað úr stjórnarandstöðunni á undan mér. Mér finnst einhvern veginn að þetta mál hafi vafist óskaplega upp í höndunum á mönnum og þetta sé eiginlega dæmi um það hvernig mál sem hefði ekki átt að þurfa að vefjast mikið fyrir mönnum getur orðið að miklu klúðri og kostað mikinn tíma ef ekki er lagt skynsamlega af stað í ferðalagið.

Við eigum sjálfsagt eftir að verða með málefni bankanna á dagskrá á næstu missirum ef af þeim áformum verður að fara að breyta þeim í hlutafélög. Þá gefast tækifæri til að ræða betur um bankamál í víðara samhengi og stöðuna í þeim efnum og ég er alveg tilbúinn til að bíða að mestu leyti með almenna umfjöllun um þetta þangað til þar að kemur eða ef. Ég tek eftir því að sumir jafnvel stjórnarsinnar hafa þetta „ef" með þegar um þetta er rætt. En áform hæstv. ríkisstjórnar standa að sögn til þess að breyta bönkunum í hlutafélög en láta síðan Alþingi það eftir hvort eitthvað af þeim verður selt eða beinlínis einkavæddir í framhaldinu. Verði af þessu er auðvitað enn þá síður skiljanlegt af hverju menn voru að baksast með þetta mál í gegnum þingið, kannski nokkrum mánuðum áður en slík frv. eiga að birtast hér og lögfestast og þar með í valdi bankans sem slíks eftir að hann öðlaðist þá sjálfstæðu stöðu sem hlutafélag að taka víkjandi lán ef honum sýnist það sér hagstætt til að styrkja eiginfjárhag sinn eða opna fyrir stækkunarmöguleika o.s.frv. Ég held að umræða um ýmis skipulagsmál bankakerfisins, samkeppnisstöðuna og margt fleira af því tagi séu þá betur geymd þangað til að þessum stóru málum kemur.

Ég held að það sé þörf á því að fá tækifæri til að ræða um bankamál í víðu samhengi. Það er ýmislegt ekki sem skyldi í þeim efnum. Í dag er það á fínu máli gjarnan kallað kerfislægur vandi þegar um er að ræða einhverjar brotalamir í skipulagi og uppbyggingu af því tagi sem ég held því miður að sé að nokkru leyti við að stríða í íslenska bankakerfinu. Ein af efnahagslegum meinsemdum þessarar þjóðar hafi verið veikt bankakerfi sem hafi ekki starfað að öllu leyti á réttum forsendum. Þar held ég að steinsteypuástin hafi verið verst. (**Gripið fram í:** Ríkisrekstur.) Nei, ég held að það sé mikill misskilningur og barnaskapur að trúa því að allt breytist, allt standi og falli með því að vera ríkis eða ekki ríkis, háeff eða ekki háeff. Ég hef ekki séð menn taka neinum stökkbreytingum við það að töfrabókstafirnir hf. bættust aftan við nöfnin hjá þeim. Ég held að við sjáum

enga sönnun þess í þeim einkabanka sem rekinn hefur verið hér um skeið að hann hafi borið einhver ósköp af og haft yfir að ráða einhverjum töfraformúlum eða lausnum sem hinir hafi ekki. (**Gripið fram í:** Nema síður sé.) Mér heyrist vera tuldrað hér: nema síður sé. Ég bendi á að sparisjóðirnir hafa kannski að sumu leyti staðið sig best af öllum aðilum sem sinnt hafa bankaviðskiptum á Íslandi á undanförnum árum. Ekki eru þeir ríkið og ekki einkabanki í venjulegum skilningi heldur tiltölulega félagslega reknar stofnanir, a.m.k. margir hverjir þeir sem þjónusta minni byggðarlög og eru einustu bankastofnanirnar í þeim byggðarlögum. Það má því lengi deila um hvað það er. En það sem ég held að hafi verið aðalmeinsemdin er steinsteypuástin. Það er sú hugsun sem hefur verið rótgróin í íslenska bankakerfinu og að nokkru leyti í sjóðakerfinu líka að það skipti ekki öllu máli hver arðsemin væri í þeim hlutum sem verið væri að lána til. Það sem allt ætti að metast út frá væru tryggingarnar, það væri steinsteypan, hvort menn ættu nógu myndarlegar fasteignir til að veðsetja, hvort íbúðarhús afa og ömmu væru nógu gott veð. Þá væri í lagi að lána burt séð frá því hvort nokkur glóra væri í fyrirtækinu sem verið væri að fara út í. Þetta held ég að hafi reynst okkur Íslendingum langdýrkeyptast. Sem betur fer örlar nú á því held ég að menn séu að snúa dálítið af þessari braut og bankastarfsemin sé að verða faglegri að ýmsu leyti en áður var. En það veitir svo sannarlega ekki af. Hér ríkir auðvitað mikil fákeppni, það þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Það er víðar en í olíuviðskiptunum sem mönnum finnast margar verðlagsbreytingar grunsamlega keimlíkar þrátt fyrir samkeppnina sem á að ráða þessu. En það er svo furðulegt að það er stundum eins og þetta sé bara fyrir einhverja tilviljun örlaganna alveg upp á krónur og aura nákvæmlega eins yfir línuna enda er línan ekki löng. Það eru því miður ekki margir sem þurfa að taka upp tólið til að bera sig pínulítið saman þegar vextir eru ákvarðaðir á Íslandi eða olíuverð eða bensínverð og er þá komið út í aðra sálma sem ekki var ætlunin að fjölyrða mikið um hér. Slíkir hlutir bíða betri tíma, herra forseti. Það er ekki vegna þess að ekki sé þörf á að ræða þá og ýmislegt annað sem tengist bankamálum á Íslandi en þetta litla, meinleysislega frv., sem í upphafi var kynnt sem saklaus og einföld aðlögun að fáeinum breytingum sem orðið hefðu á evrópskum tilskipunum og vörðuðu bankamál, hefur orðið að býsna stórum bolta á leið sinni niður brekkuna. Þannig er það stundum með snjóboltana ef þeir leggja af stað á annað borð. Við gætum svo sem rætt um það lengi enn. En ætli ég láti þetta ekki duga með tilliti til aðstæðna og þess að forseti gerist nú þreytulegur hér fyrir aftan mig og nokkuð er liðið á nóttina. Set ég því amen hér eftir efninu.

[01:34]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Mér finnst að menn hafi annaðhvort örlítið misskilið eða vilji kannski ekki alveg gera sér eins glögga grein fyrir því hver sé meginástæðan fyrir því af hverju þessi ósk er komin fram.

Fyrst vil ég byrja á að fara aftur til ársins 1993, sem hér hefur talsvert verið til umræðu, en þá fékk bankinn margumrædda fyrirgreiðslu. Þá var gerð áætlun um rekstur bankans til fimm ára. Sú áætlun gerði ráð fyrir því að bankinn gæti komist út úr þeim erfiðleikum sem hann var þá kominn í með ákveðnum aðgerðum. Það átti að takast á við rekstrarkostnað bankans. Þar var sett fram ákveðin aðgerðaáætlun sem tók til fimm meginþátta.

1. Hagræðing í útibúanetinu.
2. Gert var sérstakt átak til að draga úr launakostnaði.
3. Unnið var að lækkun annars rekstrarkostnaðar.
4. Farið var yfir lífeyrisskuldbindingar bankans.
5. Kannaðir voru möguleikar á að minnka efnahagsreikning bankans.

Allar þessar aðgerðir voru til þess að koma rekstrarkostnaði bankans í það horf sem áætlanir bankans gerðu ráð fyrir. Hvort þessar aðgerðir hafa allar gengið eftir eða ekki skiptir ekki máli. Það sem hefur gerst er að bankinn hefur náð að halda sér innan þessarar áætlunar hvað rekstrarkostnaðinn snertir. Það sem gekk ekki eftir í starfseminni var að afskriftir bankans urðu miklu meiri en áætlanirnar gerðu í upphafi ráð fyrir. Fyrir því kunna að vera margar ástæður. Sú sem oftast er nefnd og ég held að sé kannski aðalskýringin er að aðstæður í efnahags- og atvinnulífinu voru miklu verri en menn gerðu sér grein fyrir að þær yrðu árið 1993. Ekki má horfa á þessar fimm aðgerðir sem menn ætluðu að grípa til og segja: Þær áttu allar að ganga eftir. Það var þetta sem átti að gera. Það var þetta sem átti að gera til að tryggja að reksturinn yrði innan rammans og það gekk fram. Auðvitað verður haldið áfram að fylgja því eftir að bankinn standi við áætlunina. Þrátt fyrir það að hér sé heimiluð endurfjármögnun til bankans upp á 1 milljarð kr. verður á engan hátt slakað á gagnvart bankanum í því. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spurði hvort það yrði ekki slakað á ef þessi fyrirgreiðsla fengist. Það verður ekki slakað á. Það verður fylgst eftir sem áður nákvæmlega með því hvernig bankinn stendur við rekstraráætlun sína. Það verður gert af hálfu bankaeftirlitsins. Ráðuneytisstjórar fjmrn. og viðskrn. munu fylgjast þar einnig með þannig að það er ekki verið að slaka á hvað þetta snertir.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurði: Af hverju þessa heimild? Menn tína ýmiss konar hluti til sem rætt hafi verið eins og BIS-hlutfall, formbreytingu til að jafna samkeppnisaðstæður, afkoman hafi ekki verið eins og menn hafi búist við. Meginástæðan er sú að beiðni kom upphaflega frá bankanum sjálfum um 2. gr. frv. eins og hún lá fyrir og gerði ráð fyrir að bankinn þyrfti ekki að leita til þingsins ef hann vildi taka víkjandi lán eða ríkisbankarnir þyrftu ekki að leita til Alþingis eins og lögin gera núna ráð fyrir ef þeir vildu taka víkjandi lán. Það veit ég að hv. þm. vita, sem sitja í efh.- og viðskn., sem hafa fengið fulltrúa Landsbankans, ekki bara einu sinni og ekki tvisvar til fundar við sig til að ræða þessi mál. Síðan hefur sú breyting, eins og hér hefur komið fram, orðið í meðförum þingsins. Mér finnst það vera eðlilegri leið. Í öðru lagi er það svo að bankinn hefur af þessum 4.250 millj. kr., sem hann tók í lán og fékk stuðning við, endurgreitt 750 millj. kr. Það var gert ráð fyrir að hann ætti að endurgreiða þetta með þessum hætti og það hefur bankinn staðið við. Þá var líka gert ráð fyrir að rekstrarafkoma bankans yrði betri eins og ég var að skýra áðan. Hann hefur ekki náð að byggja eins hratt upp eiginfjárstöðu sína og menn vonuðu og þess vegna þarf hann á endurfjármögnun að halda. Þetta eru tvær meginástæðurnar fyrir því að núna er óskað eftir þessari heimild til endurfjármögnunar. Síðan geta menn velt því endalaust fyrir sér og auðvitað er gott fyrir bankann að hafa borð fyrir báru ef BIS-reglu hlutfallinu, þessum alþjóðlegu skuldbindingum, verður breytt. Það er ekki nokkur einasti vafi. Ég heyri það hér á hv. þm. að þeir taka undir það að ef þessi breyting verði gerð sé gott fyrir bankann að hafa þetta upp á að hlaupa. Það hefur líka komið fram hjá bankanum

að það er alls ekki víst að hann ætli að nýta þessa heimild. Hann mun gera það ef hann þarf á því að halda en það er ekki þar með sagt að það sé sjálfgefið að hún verði nýtt.

Þegar til formbreytingar bankanna kemur er ekki nokkur vafi að það mun verða til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans hafi hann nýtt sér þessa heimild. Þetta mun jafna samkeppnisaðstæðurnar milli ríkisviðskiptabankanna og einkabankans. Það er ekki nokkur einasti vafi. Ef þessi heimild er veitt. Þetta getur auðvitað líka verið sambland af mörgu og öllum þessum þáttum sem þarna liggja að baki. En meginástæðan er þessi: Bankinn bað um þetta sjálfur, hann þarf á þessari endurfjármögnun að halda, hann hefur endurgreitt 750 millj. kr. af þeirri fyrirgreiðslu sem hann fékk á sínum tíma og afkoma bankans hefur ekki verið eins og áætlanir gerðu ráð fyrir út af útlánatöpum sem bankinn hefur orðið fyrir og eru meiri en menn áætluðu.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurði einnig: Hvað líður kröfum ESA um hlutafjárvæðingu, ef ég skildi hv. þm. rétt. Eftirlitsstofnun EFTA gerði ekki kröfu um að ríkisviðskiptabankarnir yrðu gerðir að hlutafélögum. Það er ekki krafa ESA. (**ÁE:** Það sagði ég ekki.) Þá hef ég misskilið hv. þm. Þá ætla ég að skýra það frekar. ESA gerði athugasemdir við samkeppnisaðstæður ríkisviðskiptabankanna og einkabankans. Þar voru tilgreindar fimm ástæður sem væru þess valdandi að samkeppnisaðstæðurnar væru mismunandi. Stundum hallaði á einkabankann, stundum hallaði á ríkisviðskiptabankann. Hins vegar þegar borið var saman hvernig þetta kæmi út í heild sinni fyrir hvorn banka fyrir sig þá sögðu menn: Hugsanlega kemur þetta út talnalega séð á núlli. En aðstæðurnar eru hins vegar þannig að það er nauðsynlegt að gera þarna breytingar. ESA var svarað um síðustu áramót. Ég er ekki með það bréf hjá mér og ég man ekki nákvæmlega dagsetningar í þeim efnum en ESA var svarað að þegar búið væri að breyta ríkisviðskiptabönkunum yfir í hlutafélag væri búið að jafna þær samkeppnisaðstæður sem þyrfti að jafna að kröfu ESA. Í þessu bréfi var sagt að á vorþingi yrði frv. um formbreytingu ríkisviðskiptabankanna lagt fram. Áform ríkisstjórnarinnar voru um að það skyldi gert af ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér en menn vita að sú ákvörðun hefur verið tekin að það skuli ekki gert fyrr en á haustþingi. Í bréfi ESA var líka sagt að formbreytingin ætti að taka gildi um næstu áramót. Þau áform eru algjörlega óbreytt af hálfu ríkisstjórnar að formbreyting bankanna geti tekið gildi um næstu áramót. Sú vinna hefur verið í gangi í nokkuð langan tíma innan bankanna, hjá bankastjórunum, hjá starfsfólki bankanna, hjá bankaráðunum. Báðir ríkisviðskiptabankarnir hafa skilað skýrslu til viðskrh. um þá vinnu sem þar hefur farið fram. Ég tel að það sé nokkuð góð samstaða um þessa formbreytingu. Sérstök nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hefur unnið að þessu til að samræma það sem þarna hefur verið í undirbúningi hjá báðum bönkunum og þessi mál eru mjög langt komin. En ég tel ekki rétt að leggja fram hér í þinginu, og það er samdóma álit ríkisstjórnarinnar, frv. um formbreytingu ríkisviðskiptabankanna núna bæði þar sem svo stutt er eftir af þingi og svo það að biðlaunarétturinn þarf að vera alveg skýr þegar gengið verður frá því að ríkisviðskiptabankarnir verði gerðir að hlutafélögum.

Af því að hv. þm. spurði hvort stuðningur væri fyrir því í þingflokkunum að þessi formbreyting skyldi gerð get ég fullvissað hv. þm. um að stuðningur er fyrir þessari formbreytingu í báðum stjórnarflokkunum og það er stefna ríkisstjórnarinnar eins og kemur skýrt fram í stefnuyfirlýsingunni að þessi formbreyting skuli eiga sér stað.

Þriðja spurning frá hv. þm. sneri að því hvernig ætti að bæta rekstur Landsbankans. Það er ljóst að þær aðgerðir sem gripið var til 1993 hafa tryggt að rekstrarkostnaður bankans er samkvæmt þessari áætlun. Hins vegar eru útlánatöpin meiri. Nú sér fyrir endann á því. Ég býst fastlega við að það hafi komið fram hjá fulltrúum bankans sem mættu í hv. efh.- og viðskn. að það dragi núna verulega úr þörf fyrir að leggja til hliðar á afskriftareikning í bankanum. Það standa vonir því til þess að þarna sé heldur að ganga á réttan veg og hagur bankans muni þess vegna batna verulega á næstunni. En ég ítreka það að eftir sem áður verður fylgst með bankanum eins og gert hefur verið fram undir þetta.

Fjórða spurning hv. þm. Ágústs Einarssonar var þessi: Kemur til greina að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann eins og fram kom hjá formanni bankastjórnar Landsbankans á ársfundi bankans? Ég tel að það sé ekki komið að því að það þurfi að svara þeirri spurningu og ástæðan er mjög einföld. Það stendur fyrir dyrum hjá ríkisstjórninni að breyta báðum þessum bönkum í hlutafélög. Þegar búið er að því þá hef ég sagt að ég telji eðlilegt að þá verði eiginfjárstaða þeirra styrkt með því að nýjum aðilum verði gefinn kostur á að eignast hlutafé í bönkunum, með því að kaupa nýtt hlutafé og styrkja þannig eiginfjárstöðu bankanna, en ekki að selja eignir ríkisins vegna þess að þá er bara verið að skipta um eigendur að þeim eignum sem fyrir eru en með því er ekki verið að styrkja eiginfjárstöðu bankanna.

Það kann vel að vera rétt að sameining bankanna geti sparað einhverja peninga og þá er það fyrst og fremst í meiri hagræðingu í útibúaneti bankanna. Þá þarf ekki að sameina til að ná slíkri hagræðingu. Ef menn sjá þar sparnaðarmöguleika í rekstri þá er auðvitað samkomulagið frá 1993 algjörlega opið í því að bankarnir, ríkisbankarnir báðir, þrátt fyrir að ekki sé búið að formbreyta þeim, fari að vinna að því að ná fram aukinni hagræðingu í útibúanetinu og til þess verks geta menn einfaldlega gengið án þess að nauðsynlegt sé að sameina bankana. Ég tel það vera ranga leið í þeirri stöðu sem við erum núna og í þeirri stöðu á þeirri leið sem við ætlum að fikra okkur inn á að breyta hvorum banka fyrir sig þó á sama tíma í hlutafélag. Því miður er það oft svo, og það þekkja menn frá þessari umræðu, að það hafa verið uppi hjá mörgum ríkisstjórnum í nokkurn tíma áform um það og ekki síst í tíð síðustu ríkisstjórnar að breyta bönkunum yfir í hlutafélög. En hver var niðurstaðan? Niðurstaðan var sú að það tókst ekki. Og hvers vegna ekki? Ég held að meginástæðan þegar sagan er skoðuð hafi verið sú að menn voru með alls konar hugmyndir uppi og voru ekki nógu einarðir í því að ætla fyrst að taka fyrsta skrefið sem er formbreytingin og ákveða síðan hver eigi að vera næstu skrefin en ekki taka öll skrefin áður en menn fara af stað þannig að það verði aldrei annað en hugarflug og hugmyndir sem komast á blað um hvað megi gera en ekkert verði úr.

[01:51]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri ástæða til að halda umræðunni áfram. Hæstv. ráðherrann segir að beiðni kom frá bankanum sjálfum. Það er ekki rétt nema að því leyti að þeir vitnuðu í fyrirhugaðar breytingar á BIS-reglum sem var ekki breytt. Bankastjóri Landsbankans, Sverrir Hermannsson, hefur afþakkað þetta. Það er ekki hægt að halda því fram með rökum

að þetta sé frá bankanum sjálfum. Hann vill hafa borð fyrir báru, það er rétt. Hann segir líka að það verði ekki hægt að byggja upp eigið fé vegna lélegs rekstrar miðað við áætlun. Ég spyr vitaskuld: Hvar er áætlunin? Hver er rekstraráætlunin? Ekkert hefur heyrst um það. Það er rætt um að bæta eiginfjárstöðu og nokkrar ástæður nefndar til að jafna samkeppnisstöðu. Þetta er rangt, hæstv. ráðherra. Þetta víkjandi lán er að skekkja samkeppnisstöðuna á markaði. Það eru allir sammála um það, Búnaðarbankamenn, sparisjóðsmenn og Íslandsbankamenn. Þeir fóru misjöfnum orðum um það.

Ég bendi á að ESA-ábendingin er vegna mismununar á ríkisábyrgð sem skekkir samkeppnisstöðu. Ráðherrann segir að frv. taki gildi um áramót. Þetta er heldur betur yfirlýsing. Er það allt þannig undirbúið? Ég sé hæstv. forseta hér í stól sem kemst ekki í ræðustól til að tjá sig um þetta mál en er raunhæft að tala um að hægt sé að láta gildistöku frv., sem hafi ekki verið sýnt, vera um næstu áramót. Ég bið menn um að gæta orða sinna. Hann talaði um að nú mundi hagur Landsbankans batna verulega vegna afskriftaþarfar. Það er ekki samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum varðandi þetta mál en hjá hæstv. ráðherra kom í ljós hin raunverulega ástæða fyrir frv. um réttindi og skyldur þar sem biðlaunarétturinn er afnuminn. Það er nauðsynlegt að gera það, m.a. til að tryggja hlutafjárvæðingu ríkisbankanna. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það er nauðsynlegt að gera það en þetta er ein aðalástæðan fyrir því frv. sem er hér borið fram undir formerkjum hagræðingar í ríkisrekstri. Það er fyrst og fremst biðlaunaákvæði sem er forsenda fyrir þessu. Vitaskuld er það rétt en þá eiga menn líka að kynna það frv. líka undir réttum formerkjum en ekki hér eins og í þessu frv. að vera með það með röngum hætti.

Ég furða mig dálítið á því að ráðherrann skuli ekki kveða skýrar upp úr um það varðandi sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka. Ég get ekki rætt það, það er ekki tími til þess en mér finnst að hann hafi ekki og síður en svo sannfært mig um nauðsyn á bráðabirgðaákvæðinu. Satt best að segja fannst mér ástæðurnar eins og hann rakti þær mjög slakar og því miður að sumu leyti ekki réttar.

[01:54]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að túlka orð Sverris Hermannssonar en ég held að ég hafi hlustað á það sama og hv. þm. Ekki gat ég heyrt að bankastjórinn væri að afþakka aðstoðina á endurfjármögnuninni heldur miklu frekar að hann tók það skýrt fram að það væri ekki víst að bankinn þyrfti að nota hana og á því er auðvitað talsverður munur. Áform ríkisstjórnarinnar voru þau að leggja fram á þessu þingi frv. um hlutafjárvæðingu bankanna. Á því hefur orðið breyting en það hefur ekki orðið breyting á því hvenær hlutafjárformbreytingin eigi að taka gildi. Ég trúi því að hv. þm. viti að þessi áform hafi verið uppi og þar er engin breyting á. Kröfur ESA um jafnari samkeppnisaðstæður taka til mjög margra þátta og ef ég man rétt held ég að það séu fimm meginþættir. Í fyrsta lagi hvaða möguleika bankarnir hafa til þess að að treysta og efla eiginfjárstöðu sína. Þar er hlutafélagabankinn í mun betri aðstöðu en ríkisbankinn. Ríkisábyrgðirnar, þar sem ríkisbankarnir hafa yfirburðarstöðu á móti einkabankanum, skattaleg meðferð er mismunandi þar sem stundum hallar á ríkisviðskiptabankana og einkabankann að nokkru leyti líka en þó mismunandi. Þannig mætti lengi tína allar þessar kröfur til sem ESA taldi nauðsynlegt að breyta þannig að samkeppnisaðstæðurnar væru jafnari. Ég ítreka það að stundum hallar á einkabankann og stundum á ríkisviðskiptabankann en með formbreytingu ríkisviðskiptabankanna verða þessar samkeppnisaðstæður jafnaðar.

[01:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hér hafi komið skýrt fram hjá hæstv. ráðherra, kannski sem meginatriði í þessu, þegar hann vitnaði til bankastjórans, sem ég sagði að hefði afþakkað, að bankastjórinn hefði sagt að hann þyrfti ekki að nota aðstoðina. Ég man þetta ekki glöggt, það skiptir ekki öllu máli. Aðalatriðið í þessu er að bankinn þarf ekki á þessu að halda og það kom mjög skýrt fram hjá Landsbankamönnunum. Þeim þykir gott að fá þetta, auðvitað viðurkenni ég það. En það sem ég er að segja og við höfum verið að halda fram er að þetta mál er klúður frá upphafi til enda. Menn áttu aldrei að koma með það fram. Þetta er óþarfi og skekkir samkeppnisstöðu. Þetta hefur valdið bankanum og fjármálaheiminum hér tjóni. Best hefði verið að menn hefðu látið það niður falla og viðskrh. einbeitt sér að hinu mikla verkefni sem hann boðaði með breytingu á bönkunum. Ég sagði hvað ég teldi vera rétt í því máli en mér finnst meginatriðið vera að allur málflutningur okkar stjórnarandstæðinga hefur verið staðfestur í þeirri vinnu sem átti sér milli 2. og 3. umr. Umræðan hefur leitt það líka í ljós að þetta ákvæði er óþarft og því ber að fella það úr frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16. og 18.–24. mál.

Fundi slitið kl. 01:59.

---

130. FUNDUR

föstudaginn 3. maí,
kl. 11.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570, nál. 844. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Grunnskóli, stjfrv., 501. mál, þskj. 878. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 232. mál, þskj. 854, brtt. 705,13.b og 881. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Einkaleyfi, stjfrv., 233. mál, þskj. 895. — 3. umr.
6. Framhaldsskólar, stjfrv., 94. mál, þskj. 96, nál. 882, 889 og 905, brtt. 883. — 2. umr.
7. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715, 784 og 901, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.
8. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 359. mál, þskj. 628. — Fyrri umr.

9. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 363. mál, þskj. 632. — 1. umr.

10. Stjórnarskipunarlög, frv., 398. mál, þskj. 702. — 1. umr.

11. Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, frv., 411. mál, þskj. 730. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[11:33]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 233. mál, þskj. 895.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 254. mál, þskj. 896.

Vegáætlun 1995–1998, 295. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 890; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 891; nál. minni hluta samgn., þskj. 892.

Tilhögun þingfundar.

[11:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa hvernig ætlað er að haga fundahaldi í dag. Þar sem fundur hófst klukkustund eftir venjulegan fundartíma verður ekki gert matarhlé heldur haldið áfram til kl. 6, í lengsta lagi til 6.30. Að loknum atkvæðagreiðslum verður 5. mál, Einkaleyfi, tekið fyrir í von um að þar verði ekki langar umræður en aðalefni fundarins í dag er framhaldsskólafrv., 2. umr. Síðar í dag verður kannað hvort hægt verður að taka fyrir 7. dagskrármálið, Mannanöfn, og ljúka því og síðan eru fjögur þingmannamál sem ætlunin er að taka einnig fyrir í dag. En við sjáum hverju fram vindur.

Forseti vill geta þess líka varðandi 3. dagskrármálið, Tæknifrjóvgun, að atkvæðagreiðsluskjal á að liggja á borðum þingmanna.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570, nál. 844.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:36]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–39. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 501. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 878.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tæknifrjóvgun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 184, nál. 819, 824 og 841, brtt. 820, 826, 842 og 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þar sem samkomulag hefur orðið um það að taka frv. til laga um tæknifrjóvgun aftur til nefndar til skoðunar nú að lokinni 2. umr. þá kalla ég brtt. á þskj. 842 frá 2. minni hluta allshn. aftur til 3. umr. Ég óska því eftir að hún komi ekki til atkvæða núna og kann hv. formanni allshn., Sólveigu Pétursdóttur, þakkir fyrir að bregðast við því.

Brtt. 820,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 826,1 felld með 36:3 atkv. og sögðu
já: GGuðbj, KÁ, KH.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 820,2 samþ. með 53 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GGuðbj) greiddi ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 884,1 felld með 41:2 atkv. og sögðu
já: HG, SvanJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HjálmJ, JóhS, LB, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:42]
Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Á þskj. 884 liggja fyrir breytingartillögur sem ég flyt við þetta mál. Þetta er fyrsta atkvæðagreiðslan um tölulið 1 á því þskj. þess efnis að greinin falli brott. Meginefni breytingartillagna minna varða það atriði að gert er ráð fyrir að tæknifrjóvgun sé miðuð við að kynfrumur væntanlegra foreldra eða parsins séu notaðar við tæknifrjóvgun en ekki séu notaðar gjafakynfrumur. Af því leiðir að spurningin um nafnleynd er óþörf, hún kemur ekki upp í því tilviki og því er eðlilegt að fella niður grein sem kveður á um það efni. Það hef ég lagt til og ég segi því já við þessa atkvæðagreiðslu. En meginefni tillögunnar koma fram í næsta tölulið á umræddu þingskjali.

Brtt. 842 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 826,2 felld með 39:3 atkv. og sögðu
já: GGuðbj, KÁ, KH.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÖS.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, HjÁ, HG, JóhS, LB, MF, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 820,3 samþ. með 43:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRJ, HG, JóhS, SF.
6 þm. (ÁE, BH, HjálmJ, MF, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 44:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: BH.
8 þm. (ÁE, ÁRJ, HjálmJ, HG, JóhS, RG, SF, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 884,2 felld með 41:1 atkv. og sögðu
já: HG.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HjálmJ, JóhS, LB, MF, RG, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, FI, GHH, GB, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:46]
Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að með þeirri tillögu sem ég flutti um þetta efni er tekið undir eindregin tilmæli í umsögnum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, frá Barnaverndarráði Íslands og í raun þeirri stefnu sem Félag ísl. hjúkrunarfræðinga hefur lýst til þessa máls. Ég tel hörmulegt að það skuli af hálfu meiri hluta allshn. ekki hafa verið tekið tillit til eindreginna krafna um það að siðferðileg sjónarmið og og hagsmunir barnsins skuli hafðir að leiðarljósi í sambandi við meðferð tæknifrjóvgunar. Það er niðurstaða úr þessari atkvæðagreiðslu að þau sjónarmið eru fyrir borð borin og ég lýsi hryggð minni yfir því að svo skuli fara. Ég segi já, virðulegur forseti.
[11:47]
Sólveig Pétursdóttir:
Virðulegi forseti. Eins og ég hef lýst áður vilja auðvitað öll pör, sem eiga við ófrjósemi að stríða, helst af öllu að kynfrumur þeirra séu notaðar við meðferðina enda er það gert í öllum tilvikum sem hægt er þannig að hér er um alger undantekningartilvik að ræða. Þar að auki er rétt að segja að tæknifrjóvgunarmeðferð hefur stuðlað að aukinni vitneskju um ófrjósemi og meðferð við henni og m.a. þróað aðferðir sem auka líkur á að hægt sé að nota kynfrumur parsins. Ef sú leið verður farin að banna notkun gjafakynfrumna munu þau pör, sem þurfa á þeirri meðferð að halda, þurfa að leita til útlanda vegna ófrjósemi sinnar þannig að þróun í þessum málum mun því verða hægari sem þessu nemur. Þó að bann við kynfrumugjöf mundi leysa vanda, sem sú framkvæmd veldur vegna nafnleyndar, yrði slíkt bann engu að síður verulegt spor aftur á bak fyrir þau pör sem þurfa á gjafakynfrumum að halda.
Ég vek athygli á því að tæknisæðing hefur verið framkvæmd hér á landi allt frá árinu 1980 þannig að ef þessi tillaga yrði samþykkt yrði um að ræða stórt skref aftur á bak. Ég segi því nei.

5. gr. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: HG.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 826,3–4 komu ekki til atkv.

6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (HG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 884,3–5 komu ekki til atkv.

7.–10. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
4 þm. (BH, HG, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 820,4 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
10 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég styð þá tillögu sem hér er borin undir atkvæði og ákvæði 11. og 12. gr. í sambandi við rannsóknir á fósturvísum. Ég tel hins vegar að það þyrfti að setja í lög mun ítarlegri ákvæði um rannsóknir á þessu sviði og gat þess í umræðu um málið að ég mundi beita mér fyrir því að þingið tæki á því máli. Hér er verið að fara inn á afar vandasamt svið að því er rannsóknir snertir og það sem við erum að heimila samkvæmt þessum greinum er álitaefni eitt út af fyrir sig svo ekki sé talað um þær rannsóknir sem tengjast erfðaefni mannsins og erfðavísum og hugsanlegum breytingum á þeim og geta komið í vaxandi mæli til álita.

Ég taldi rétt að skýra þessa afstöðu mína til þessarar brtt. og ég hvet til varfærni í þessum málum að því er rannsóknir snertir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 820,5 (ný 13. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (HG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 820,6 samþ. með 53 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 820,7 samþ. með 52 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.). — Þskj. 854, brtt. 705,13.b og 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:59]

Brtt. 881 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 705,13.b samþ. með 31:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS.
8 þm. (BH, HG, PHB, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:00]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það að heimila Landsbanka Íslands að endurfjármagna víkjandi lán sín. Það hefur komið í ljós að þetta mál hefur verið samfellt klúður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er ekki þörf á þessari heimild. Eiginfjárstaða bankans er í lagi en bankinn hefur möguleika á að styrkja efnahag sinn með öðrum aðgerðum og brýnt er að rekstur hans verði hagkvæmari. Þetta ákvæði stuðlar á engan hátt að því og engin sannfærandi rök hafa komið fram fyrir því að veita þessa heimild. Ég segi nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (HG, JóhS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 907).

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækningalyf, lyfjavernd o.fl.). — Þskj. 895.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:02]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

11 þm. (EgJ, EOK, GHH, GB, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, KHG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 908).

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 96, nál. 882, 889 og 905, brtt. 883.

[12:02]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá meiri hluta menntmn. við frv. til laga um framhaldsskóla.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fjölmarga aðila til viðræðna um þetta mikilvæga mál sem hér er til umfjöllunar. Einnig bárust nefndinni mjög margar umsagnir sem komu að góðu gagni í vinnu hv. menntmn. við frv.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla felur í sér ýmsar breytingar frá núgildandi lögum. Helstu breytingarnar snúa að skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum og breyttum áherslum í námsframboði. Þannig er lögð meginhersla á starfsnám í frumvarpinu og stefnt að því að efla og fjölga starfsnámsbrautum og opna leiðir til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi og námi frá sérskólum. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem miða að því að auka frumkvæði og ábyrgð skóla á mótun innra starfs. Felast nýmæli þessi í ákvæðum um skólanámskrá sem unnin skal af starfsfólki skóla og ákvæðum um reglulegt sjálfsmat starfsfólks skóla á starfsháttum skóla sem stuðla á að stöðugri endurskoðun á innra starfi skóla. Einnig felur frumvarpið í sér hvata til nýbreytnistarfa í skólum því að gert er ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla þar sem skólar geti sótt um styrki og loks er í frumvarpinu að finna heimild til að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að allar námsbrautir framhaldsskóla verði skipulagðar í samræmi við lokamarkmið náms og lögð er aukin áhersla á tengsl framhaldsskóla og atvinnulífs, en mjög mikilvægt er að treysta þau tengsl. Þá er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að starfsnám verði eftirsótt, ekki síst af góðu námsfólki.

Í flestum nágrannalöndum okkar ljúka nemendur stúdentsprófi fyrr en hér. Byggist það m.a. á betri nýtingu tíma nemenda og því að lengri tíma er varið til skólahalds hvert ár. Mjög mikilvægt er að íslenskt menntakerfi sé í takt við menntakerfi annarra vestrænna landa og að ungt fólk hérlendis hefji ekki sérhæft nám seinna en jafnaldrar þess í nágrannalöndunum. Meiri hluti menntamálanefndar leggur áherslu á að unnið verði markvisst að því að nemendur eigi kost á að ljúka framhaldsskólanámi fyrr en nú er og hafin verði skipulagning á þriggja ára bóknámsbrautum til stúdentsprófs en í frumvarpinu er sá möguleiki fyrir hendi að ráðherra geti heimilað einstökum skólum að skipuleggja bóknámsbrautir til stúdentsprófs sem þriggja ára nám.

Vert er að rifja það upp við 2. umr. um málið að þegar nefndin sem samdi frv. skilaði málinu frá sér í ársbyrjun 1994 var gert ráð fyrir því að þetta skref yrði stigið. Sú tillaga hlaut þó nokkra mótstöðu og bæði kennarasamtök og jafnvel nemendur sjálfir og foreldrar höfðu af því nokkrar áhyggjur að nemendur hefðu ekki eins ríkuleg tækifæri til þess að vinna á sumrin og tíðkast hefur fram til þessa. Það varð síðan að ráði við skoðun málsins að þessu ákvæði frv. var breytt. Umræðan um þessi mál hefur hins vegar breyst töluvert mikið á þessum tveimur árum og ég tel að það sé alveg ljóst af umræðunum sem urðu um þetta mál í menntmn. að þar er í raun og veru enginn ágreiningur um að það beri að stíga þetta skref.

Vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum um 13. gr. frumvarpsins, sem fjallar um heilsuvernd í framhaldsskólum, er rétt að árétta að samkvæmt frumvarpinu skulu heilsugæslustöðvar sinna heilsuvernd í skólum. Enn fremur má benda á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er ljóst að það er þeirra verkefni. Meiri hluti menntamálanefndar telur ljóst að heilsugæslustöðvum beri

ekki að krefja framhaldsskóla um sérstakar greiðslur fyrir heilsuverndarþjónustu þeirra við skóla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Lagt er til að lágmarksfjöldi kennsludaga verði 145 í stað 150 daga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Breyting þessi er gerð vegna ábendinga frá ýmsum skólum um að lögfesting á að kennsludagar skuli að lágmarki vera 150 geti þrengt mjög að skipulagi skólastarfsins og veiti of lítið svigrúm til prófahalds, úrvinnslu prófa og brautskráningar.

Lagt er til að reglugerðarheimild í 6. gr. vegna skipunar skólanefnda sérskóla verði gerð skýrari þannig að ljóst sé að gert er ráð fyrir þeim möguleika að settar verði sérreglur um skipan skólanefnda sérskóla. Reglugerðarheimild 6. gr. er þó einungis ætlað að ná til skipunar skólanefnda. Í 7. gr. er aftur á móti fjallað um hlutverk skólanefnda og í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja nánari reglur um störf skólanefnda, en það á við bæði í sérskólum og framhaldsskólum.

Lagt er til að nokkur breyting verði gerð á ákvæði 2. mgr. 7. gr. sem fjallar um innritunar- og efnisgjöld. Nauðsynlegt þykir að reglur um innheimtu gjaldanna séu skýrar og byggist tillagan á svipuðum viðmiðunum og kveðið er á um í viðmiðunarreglum menntamálaráðuneytisins settum á grundvelli 33. gr. núgildandi laga um framhaldsskóla. Lagt er til að lögfestar verði viðmiðanir við útreikning upphæðar gjaldanna og ítrekað mikilvægi þess að við endanlega ákvörðun upphæðar framangreindra gjalda beri að hafa hliðsjón af því meginsjónarmiði að þau séu ekki hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Gerir tillagan ráð fyrir því að heitið innritunargjald nái til þeirra gjalda sem hingað til hafa verið nefnd pappírsgjöld, efnisgjöld eða staðfestingargjöld. Af innheimtum innritunargjöldum er gert ráð fyrir að skóli greiði kostnað af ýmiss konar þjónustu við nemendur, svo sem útgáfu námsvísis, gerð stundaskráa, tilkynninga, dreifibréfa og annarra pappírsgagna sem dreift er innan skólans. Heppilegt þykir að lögfesta hámarksgjald. Lagt er til að heimild til hækkunar gjalds fyrir innritun utan auglýstra skrásetningartíma verði lögfest. Efnisgjöld eru nú innheimt í skólum sem annast iðnfræðslu og aðra kennslu sem krefst verulegrar efnisnotkunar umfram það sem gerist og gengur í hefðbundnu bóklegu námi. Efniskostnaður er mjög mismunandi, ekki einvörðungu milli námsbrauta heldur einnig milli námsára. Gerð er tillaga líkt og um innritunargjöld að lögfest verði hámarksgjald. Á grundvelli tillögunnar verður að halda sérgreindum í bókhaldi skóla þeim kostnaðarþáttum sem innritunargjöldum, ásamt efnisgjöldum, er ætlað að mæta. Loks er gerð tillaga um breytingu á orðalagi í frumvarpinu þannig að í stað orðanna „við innritun í framhaldsskóla“ komi: við upphaf námsannar eða skólaárs, en ekki mun hafa verið ætlunin með frumvarpinu að hverfa frá þeirri tilhögun sem nú er að gjöld nemenda séu innheimt í upphafi námsannar eða skólaárs.

Í þessu sambandi er vert að taka skýrt fram að ætlunin er að gjöld til nemendasjóða séu umfram það 6.000 kr. hámark innritunargjalda sem lagt er til að lögbundið verði, enda er fjallað sérstaklega um gjöld til nemendasjóða í 2. mgr. 10. gr. Loks er rétt að árétta þann skilning meiri hluta nefndarinnar að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. geti nemendafélög falið skóla að sjá um innheimtu gjalda til nemendasjóða, samhliða innheimtu skóla á innritunargjöldum ef samkomulag er um það milli þessara aðila.

Lagt er til að reglugerðarheimild verði bætt við 9. gr. Er þetta lagt til í ljósi þess að nauðsynlegt þykir að starfssvið kennarafunda sé skýrt og afdráttarlaust. Þykir fara best á því að útfæra starfssvið fundanna nánar í reglugerð, líkt og gert er á grundvelli gildandi laga.

Breytingum þeim, sem lagðar eru til á 11. gr., má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar til samræmis við frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem nú er til meðferðar á Alþingi. Felast breytingartillögurnar í því að skólameistari verði skipaður í embætti en ekki ráðinn eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þar sem skólameistarar teljast til forstöðumanna ríkisstofnana þykir rétt að leggja til að þeir komi að stöðu sinni með tímabundinni skipun eins og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði um tímabundna ráðningu aðstoðarskólameistara, deildarstjóra, og áfangastjóra í samræmi við þá meginreglu sem kemur fram í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að ráðning starfsmanna skuli almennt vera ótímabundin.

Þá er lagt til að bætt verði við 11. gr. ákvæði um hvernig fara skuli með ráðningu kennara sem ekki hafa réttindi til kennslu við framhaldsskóla. Er tillagan í samræmi við ákvæði núgildandi laga um framhaldsskóla og ljóst að um slík tilvik gilda ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Einnig er lögð til breyting á 5. mgr. 11. gr. þar sem í frumvarpinu er kveðið á um að menntamálaráðherra setji skólameisturum, kennurum og öðrum starfsmönnum skóla erindisbréf. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er að finna almennar reglur um heimild veitingarvaldshafa til að setja starfsmanni erindisbréf. Einnig er samkvæmt frumvarpinu lögð sú skylda á ráðherra að setja forstöðumönnum stofnana erindisbréf um markmið og áhersluatriði í rekstri stofnunar og verkefni sem ætlast er til að stofnunin sinni. Því þykir eðlilegra að fela ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um starfssvið skólameistara, kennara og annarra starfsmanna þar sem fram koma helstu atriði í starfslýsingu starfsfólks skóla. Vert er þó að taka fram að þarna yrði ekki um tæmandi talningu á verkefnum að ræða heldur eins konar ramma að starfslýsingu.

Loks er rétt að benda í þessu sambandi á þær breytingar sem lagðar eru til á 47. og 48. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um að gildistöku 11. gr. skuli frestað þar til réttindi ríkisstarfsmanna til áviðráðningar hafa verið afnumin.

Ég vil einnig benda á að alltaf var gert ráð fyrir því í frv. sem hér er til umfjöllunar og þrátt fyrir að það hafi verið gerðar þessar breytingar á 11. gr. að áviðráðningin yrði afnumin og skólameistarar yrðu ráðnir tímabundinni ráðningu þannig að þær áherslur, sem voru lagðar í upphafi þegar frv. kom fyrst fram, hafa ekki breyst og ættu ekki að koma neinum á óvart.

Lögð er til breyting á 16. gr. þar sem meiri hluti menntamálanefndar telur nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um að þeir sem lokið hafa prófi frá starfsnámsbrautum eigi kost á viðbótarnámi til undirbúnings náms á háskólastigi.

Lagt er til að bætt verði við 21. gr. ákvæði um að í aðalnámskrá skuli vera almennar reglur um meðferð ágreiningsmála sem kunna að rísa í skólum. Gert er ráð fyrir að slíkar reglur næðu til þess hvernig taka skuli á agabrotum,

hver eigi úrskurðarvald í deilumálum og hvert skjóta megi úrskurðum skólameistara.

Lögð er til sú breyting á 22. gr. að skólanefnd skuli afla umsagnar almenns kennarafundar áður en nefndin samþykkir skólanámskrá, en frumvarpið gerir ráð fyrir að skólanefnd þurfi að samþykkja skólanámskrá áður en skólar geta hafið störf á grundvelli hennar. Þá er rétt að ítreka að þrátt fyrir ákvæði greinarinnar um að skólanefnd skuli fylgjast með framkvæmd skólanámskrár er ekki gert ráð fyrir að skólanefndarmenn fari sjálfir með framkvæmd eftirlitsins þannig að þeir fylgist með kennslu, heldur leiti þeir upplýsinga um starf skóla hjá skólameistara og starfsfólki skóla.

Lögð er til breyting á 30. gr. er miðar að því að tryggt verði að ráðgjafarnefndir við skóla geti átt frumkvæði hvað varðar þróun starfsnáms.

Lögð er til breyting á ákvæðum 37. gr. um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma þar sem eðlilegt þykir að skólanefnd staðfesti samning um slíka notkun og beri lokaábyrgð á samningsgerðinni. Má í þessu sambandi vísa til 43. gr. þar sem segir að skólanefnd setji almennar reglur um ráðstöfun skólahúsnæðis utan reglulegs skólatíma.

Lagðar eru til breytingar á 47. og 48. gr. með hliðsjón af meðferð Alþingis á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem miða að því að fyllsta samræmis sé gætt og það tryggt að sömu grundvallarreglur gildi um alla starfsmenn ríkisins. Þá er lagt til að lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög um vélstjórnarnám verði felld úr gildi þar sem gert er ráð fyrir að um slíkt nám fari eftir lögum um framhaldsskóla.

Loks er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða III sem miðar að því að stytta gildistíma undanþágu til að undirgangast sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms úr fjórum árum í tvö.

Virðulegi forseti. Framhaldsskólafrumvarpið hefur fengið mjög ítarlega og vandlega umfjöllun í þingnefnd bæði á sl. vetri þegar grunnskólafrumvarpið og framhaldsskólafrumvarpið voru til meðferðar á Alþingi og svo aftur á þessu þingi. Í fyrra vannst ekki tími til að afgreiða framhaldsskólafrumvarpið úr nefnd þar eð þinghaldið var í styttra lagi vegna alþingiskosninga eins og allir vita. Með framhaldsskólafrumvarpinu eru stigin stór framfaraskref í skólamálum, bæði hvað varðar skipulag og uppbyggingu náms í framhaldsskólum. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum í menntmn. fyrir mjög gott samstarf við umfjöllun málsins, þrátt fyrir að okkur auðnaðist ekki að ná saman um sameiginlegt nál. eins og formaður hafði gert sér vonir um að mætti takast. En það er auðvitað svo að ýmislegt hafði áhrif á að það tókst ekki. Það kom ekki fram stór efnislegur ágreiningur um málið í þingnefnd og stjórnarandstaðan hefur haft áhrif á brtt. meiri hlutans í málinu og lagt sitt af mörkum til að það væri unnið á eins vandlegan hátt og raun ber vitni. Ég vænti þess að við eigum málefnalegar og fjörugar umræður um þetta mál sem skiptir svo miklu fyrir hverja einustu fjölskyldu og þjóðfélagið í heild. Það má segja að í þessum umræðum reyni á þau loforð sem allir stjórnmálaflokkar á þingi gáfu fyrir kosningar sl. vor um að menntamál skyldu vera í fyrirrúmi og sérstaka áherslu bæri að veita þeim málaflokki.

[12:21]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 889 frá 1. minni hluta menntmn.

Ég get ekki látið hjá líða þegar ég lít hér yfir salinn að reyna að rifja upp þau loforð sem menn gáfu fyrir kosningar um að menntun væri fjárfesting til frambúðar og ef þetta er sá áhugi sem þingmenn hafa á menntun þá finnst mér það ekki vera til fyrirmyndar.

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur gagnrýni manna á íslenska framhaldsskólakerfið einna helst beinst að því hve illa hefur gengið að byggja upp starfsnám. Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar sem gætu leitt til framfara á því sviði en stefnt er að því að fjölga starfsnámsbrautum og byggja upp í nánu samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins og auka þannig tengsl framhaldsskóla og atvinnulífsins. Ákvæði frumvarpsins skýra námsuppbyggingu framhaldsskólanna með einföldun á sviði bóknáms en um leið ætti framboð á námsbrautum að aukast með fjölgun ýmiss konar starfsnámsbrauta. Hætt er þó við að sá áhugi sem fulltrúar atvinnulífsins hafa sýnt þeim ákvæðum frumvarpsins sem snúa að starfsnámi minnki ef ríkið sker á sama tíma niður fjármagn til framhaldsskólanna.

Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem gera tilraunir með þriggja ára framhaldsskóla mögulegar en að mati undirritaðs er afar æskilegt að sá kostur að útskrifa nemendur úr framhaldsskólum eftir þriggja ára nám verði kannaður rækilega á næstu árum og þannig undirbúnar þær almennu breytingar sem hljóta að verða á framhaldsskólanum til samræmis við það sem gerist í löndunum í kringum okkur og þar sem íslenskir stúdentar leita helst eftir háskólamenntun.

Lögfesting frumvarps um framhaldsskóla felur í sér að til verður rammalöggjöf fyrir allt nám á milli grunnskóla og háskóla, þar með talda fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Í ýmsum efnum er fyrirmynda leitað hjá öðrum þjóðum og í frumvarpinu er ýmislegt sem til framfara getur horft ef vel tekst til.

Í frumvarpinu eru ýmis gagnrýnisverð ákvæði, sem ég mun gera grein fyrir síðar í dag, svo sem að ekki er gengið tryggilega frá rétti nemenda til að sækja þann skóla sem heimasveitarfélag þeirra tekur þátt í kostnaði við vegna ákvæða um að nemendur skuli eiga rétt á að hefja nám án tillits til búsetu, kjarnaskólahugmyndin andspænis kostnaðarþátttöku sveitarfélaga og ákvæði 15. gr. um inntöku nemenda á einstakar námsbrautir. Einnig má gagnrýna að sveitarfélagi þar sem framhaldsskóli er byggður skuli gert skylt að leggja til lóð undir bygginguna án kvaða og gjalda. Þá er ekkert tillit tekið til gagnrýni á skipan skólanefnda eða faglegra áhrifa kennara varðandi samþykkt skólanámskrár o.fl.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í þessu nál. tekur 1. minni hluti að meginstefnu undir þá hugmyndafræði sem framhaldsskólafrumvarpið byggir á en getur ekki staðið að áliti meiri hlutans fyrst og fremst vegna þeirra brtt. sem tengjast frumvarpi til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og meðferð þess máls, en undirritaður er algerlega andsnúinn því, sem gera það að verkum að undirritaður treystir sér ekki til að standa að sameiginlegu nefndaráliti og þar með styðja frumvarpið en mun greiða þeim breytingartillögum atkvæði sem hann telur að horfi til bóta.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

[12:25]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mun gera grein fyrir nál. 2. minni hluta hæstv. menntmn. en þar er um að ræða fulltrúa Kvennalistans og Alþb. í menntmn. Það frv. sem nú er til meðferðar er þriðja afbrigðið af frumvarpi til framhaldsskólalaga sem var upphaflega samið af nefnd um mótun menntastefnu. Nefndin var skipuð í mars 1992 af þáverandi menntamálaráðherra Ólafi G. Einarssyni. Hún hafði það hlutverk að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og móta menntastefnu. Samtök kennara áttu ekki fulltrúa í nefndinni sem samdi frumvarpið. Það hefur vafalítið haft afgerandi áhrif á stefnu og innihald þess og skýrir að hluta til viðbrögð kennarasamtakanna. Frumvarpið var fyrst lagt fram til kynningar á 117. löggjafarþingi, 1993–1994, og því næst á 118. löggjafarþingi, án þess að hljóta afgreiðslu. Eftir stjórnarskiptin 1995 var frumvarpið lagt fram í núverandi búningi með nokkrum breytingum sem greint er frá í athugasemdum við frumvarpið.

Mannauður og menntakerfi eru undirstöðuþættir sem framtíðarheill einstaklinga og þjóðfélags byggjast á. Það skiptir því afar miklu máli að vel takist til þegar ráðist er í lagabreytingar, í þessu tilfelli á framhaldsskólastiginu eða þriðja skólastiginu af fjórum.

Skömmu fyrir 1970 jókst aðsókn að framhaldsskólum hér á landi sem annars staðar. Þá tók að þróast sú skólagerð sem nú er ríkjandi á framhaldsskólastiginu án heildarlöggjafar og ég ítreka að þetta skólastig hefur verið mjög stjórnlaust í langan tíma. Aðsókn að framhaldsskólum er enn vaxandi. Í greinargerð frumvarpsins er í kafla um stöðu framhaldsskólans bent á að þrátt fyrir stofnun fjölbrautaskóla hafi ekki tekist að auka vægi starfsnáms en vægi bóknáms hafi í reynd stóraukist. Þó að um 85% nemenda hefji nú nám í framhaldsskóla er brottfall mjög mikið. Rannsókn á árgangi nemenda sem fæddir eru árið 1969 sýnir að 58% pilta og 50% stúlkna hafði ýmist ekki farið í framhaldsskóla, hætt námi eða ekki tekist að ljúka því 22 ára eða sex árum eftir lok grunnskóla. Í skýrslu OECD frá árinu 1987, um menntastefnu á Íslandi, er bent á að framhaldskólastiginu skorti mikið á stefnumörkun og að aðstandendur framhaldsskólanna „greini enn á um í hverju framhaldsmenntun skuli vera fólgin og hver skuli vera markmið hennar og skipulag".

Þá segir í greinargerðinni að gildandi framhaldsskólalögum frá árinu 1988 hafi fyrst og fremst verið ætlað að setja ramma utan um það skólastarf sem þegar fór fram í skólunum og þau hafi því lítil áhrif haft á innihald þess og skipan. Sama má segja um gildandi námskrá framhaldsskólanna sem í raun er aðeins lýsing á þeim námsáföngum sem kenndir eru.

Annar minni hluti menntmn. getur tekið undir framannefnda greiningu þó að ljóst sé að ástæður þessarar þróunar, t.d. ofuráhersla á bóknám í stað verknáms, eru flóknari en svo að skorti á lagafyrirmælum verði um kennt. Ekki hefur tekist að útfæra fjölbrautaskólahugmyndina þannig að starfsmenntun njóti sömu virðingar og vinsælda og bóknám. Þótt lagaramminn og innra skipulag skólanna og starfsnámsins hafi skipt nokkru í því sambandi er nærtækasta skýringin sú að alls ekki hefur verið veitt nægjanlegt fé í starfsnámið, sem er mun dýrara en bóknám, auk þess sem bóknámshefðin á sér djúpar menningarlegar rætur. Brottfall nema úr framhaldsskólum er staðreynd og því er mjög brýnt að koma upp fjölbreyttara námi þannig að allir ljúki skilgreindum prófum eða starfsáföngum.

Smám saman hefur starfsnám í umönnunar- og uppeldisgreinum verið flutt af framhaldsskólastigi á háskólastig, t.d. nám kennara og hjúkrunarfræðinga. Nú er til umræðu að Fósturskólinn og Þroskaþjálfaskólinn flytjist á háskólastig, samanber nýstofnaða leikskólakennaradeild við Háskólann á Akureyri og hugmyndir um uppeldisháskóla. Þær iðngreinar sem boðið hefur verið upp á höfða fæstar til stúlkna ef marka má hlutföll kynjanna í iðnnámi. Mjög mikilvægt er því að við uppbyggingu starfsnáms á framhaldsskólastigi verði hugað að námi sem höfðar til stúlkna jafnt sem pilta þar sem þeir sérskólar sem stúlkur hafa sótt mest í eru nú á háskólastigi eða verða fluttir þangað. Að öðrum kosti verða stúlkur að taka stúdentspróf áður en þær komast í starfsnám.

Í vaxandi mæli gætir og þeirrar þróunar að þeir sem sækja í sterkar iðngreinar fara fyrst í nám til stúdentsprófs og ljúka því ekki iðnnámi fyrr en við 24 ára aldur. Er e.t.v. kominn tími til að hafa hluta iðnnáms á háskóla- eða tækniskólastigi? Fræðimenn hafa spáð því út frá þessari þróun að mestur vöxtur verði á háskólastiginu í framtíðinni, ekki síst verði þar eftirspurn eftir stuttu starfsnámi að loknu stúdentsprófi. Því er mjög mikilvægt að fram komi skýr stefnumörkun frá Alþingi um hvaða starfsnám er fyrirhugað á framhaldsskólastigi annars vegar og á háskólastigi hins vegar. En er raunhæft að fá helming þeirra nema sem nú fara í bóknám til að snúa við blaðinu og fara í starfsnám eins og að virðist stefnt? Er e.t.v. tímabært að viðurkenna að góð almenn menntun sé nauðsynlegur undirbúningur undir þátttöku í síflóknara samfélagi og því sé eðlilegt að ljúka stúdentsprófi áður en farið er í starfsnám? Ef framhaldsskólinn öðlast svipaðan sess og gagnfræðaskólinn hafði áður er þá rétt að hann verði áfram fjögur ár?

Ein sérstaða íslenska skólakerfisins í samanburði við nágrannalöndin er sú að námi úr framhaldsskóla lýkur ekki fyrr en við 20 ára aldur að meðaltali hér á landi en lýkur við 19 ára aldur annars staðar á Norðurlöndum og við 18 ára aldur í Englandi og Bandaríkjunum. Lengi vel var ekki atvinnuleysi meðal ungs fólks þannig að skólanemar stunduðu vinnu á sumrin. Nú hafa atvinnuhorfur þeirra stórversnað. Því eru enn frekari rök fyrir því að breyta íslenska skólakerfinu til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndunum þannig að íslenskt námsfólk geti hafið störf að loknum framhaldsskóla eða nám á háskólastigi á sama aldri og ungmenni erlendis.

Tekur umrætt frumvarp á framannefndum veikleikum framhaldsskólans? Þrátt fyrir fögur markmið verður ekki séð að frumvarpið geri það. Þó að sumt í frumvarpinu sé vissulega til bóta, t.d. hugmyndir um skólanámskrá, þróunarsjóð, aukna námsráðgjöf, aukið starfsnám, listnámsbrautir og kjarnaskóla, þá er það gallað, ótímabært og boðar að mörgu leyti ómannúðlega menntastefnu. Sú menntastefna sem frumvarpið fylgir hentar þeim sterku í samkeppnisþjóðfélaginu, en horfið er frá stefnu þar sem meira er lagt upp úr jafngildi þegnanna og rétti allra til náms í eigin skólahverfi.

Megingagnrýni 2. minni hluta beinist að eftirfarandi atriðum sem vega það þungt að ekki þykir rétt að lögfesta frumvarpið á þessu þingi:

1. Uppbygging starfsnáms er óviss og óljós. Löggjöfin er aðeins rammi um form starfsnáms en aðilar vinnumarkaðarins eiga að ákveða hvers konar starfsnám verður í boði og

innihald námsins. Tilhögun starfsnáms á framhaldsskólastigi og á háskólastigi er ekki skoðuð í samhengi.

Þrátt fyrir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í haust um að leggja fram almenna rammalöggjöf um háskólastigið er hún ekki tilbúin og því er ómögulegt að skipuleggja í samhengi hvaða starfsnám ætti að vera á framhaldsskólastigi og hvað á háskólastigi. Að auki kemur hvorki fram í frumvarpinu hvers konar starfsnám á að ráðast í né hvernig á að fara að því að fá „gott námsfólk" til að sækjast eftir starfsnámi, eins og stefnt er að samkvæmt nefndaráliti meiri hlutans. Ætlunin er að lögfesta nýja yfirbyggingu eða stjórnunarnefndir starfsnáms, þ.e. 18 manna samstarfsnefnd (26. gr.), starfsgreinaráð fyrir hvern starfsgreinaflokk eða starfsgrein (28. gr.) og ráðgjafarnefndir (30. gr.) sem alfarið eiga að ráða hvers konar starfsnám er byggt upp, þá væntanlega miðað við fjárhag hverju sinni. Æskilegra væri að löggjafinn gæfi a.m.k. til kynna hvers konar starfsnám er brýnast og hvernig eigi að ná því markmiði að „gott námsfólk" sæki jafnt í starfsnám sem bóknám. Ein leið til þess væri t.d. að láta alla framhaldsskólanema stunda starfsnám, einnig þá sem stefna beint á stúdentspróf. Þó að vissulega sé æskilegt að starfsnám sé byggt upp í nánu samráði við fulltrúa atvinnulífsins eru völd þeirra svo mikil samkvæmt frumvarpinu að hætta er á að námsframboðið stjórnist meira af skammtímasjónarmiðum atvinnurekenda eða aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni fremur en af framtíðarmöguleikum. Hvaða trygging fæst t.d. fyrir því að atvinnurekendur hugi að því að starfsnámið sem komið verður á laggirnar henti jafnt stúlkum sem piltum? Hér er því eins og áður eingöngu um rammalöggjöf að ræða. Með samþykkt frumvarpsins fæst alls engin trygging fyrir markvissri uppbyggingu námsins eða að fé fáist til þess á fjárlögum. Í kostnaðaráætlun fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að starfsnám sé 50% dýrara en bóknám og að fjölgun nema í starfsnámi muni auka kostnað en á móti komi að starfsnámsbrautir yrðu að jafnaði styttri en nú er. Útilokað sé að meta kostnað af auknu starfsnámi fyrr en drög að námskrá liggi fyrir og ljóst verði hvernig það muni breytast.

2. Þrátt fyrir viljayfirlýsingu um styttingu náms til stúdentsprófs í nefndaráliti sjást þess engin skýr merki í frumvarpinu. Áfram virðist því gert ráð fyrir þeirri meginreglu að íslenskir nemar útskrifist úr framhaldsskóla 1–2 árum síðar en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum.

Tímabært er orðið að samræma íslenskt skólakerfi hvað aldursmörk varðar skólakerfum annarra landa. Í því sambandi þarf bæði að skoða tengsl grunnskóla og framhaldsskóla og tengsl framhaldsskóla og háskóla. Horfið hefur verið frá öllum breytingum sem fyrirhugaðar voru við upphaflega gerð þessa frumvarps í þá átt að stytta framhaldsskólann í þrjú ár, þrátt fyrir viljayfirlýsingu um að stytta nám til stúdentsprófs í nefndaráliti. Sú stytting þyrfti að geta náð til fleiri skóla en áfangaskóla og til fleiri nemenda en þeirra sem þola óhóflegt námsálag. Markviss stefnumörkun þarf að koma til og í framhaldi af henni markvissar aðgerðir allt frá grunnskólastigi til háskólastigs.

3. Þrátt fyrir yfirlýst markmið um aukna sjálfsstjórn skóla og aukna valddreifingu stefnir í hið gagnstæða á of mörgum sviðum.

Varla getur það talist valddreifing að fækka í skólanefndum úr sjö fulltrúum í fimm og enn síður að menntamálaráðherra skipi þrjá af fimm skólanefndarmönnum og skipi einn meiri hlutann í skólanefndum allra framhaldsskóla landsins. Það að taka fulltrúa kennara og nemenda úr skólanefndum mun draga úr sjálfsstjórn skóla, sömuleiðis samræmd aðalnámskrá og fækkun bóknámsbrauta.

4. Aukin áhersla á samkeppni, inntökupróf, samræmd próf og afnám svæðaskiptingar framhaldsskóla mun veikja stöðu þeirra hópa sem ekki ná góðum einkunnum á grunnskólaprófi og stuðla að einhæfari þekkingu en ella. Hætta verður á stöðlun og lagskiptingu viðurkenndrar þekkingar.

Um leið og svæðisskipting framhaldsskólans er afnumin, sem vissulega er auðvelt að rökstyðja í ljósi lýðræðissjónarmiða, aukast líkur á því að þeir sem fá lágar einkunnir komist ekki að í heimaskóla sínum eða þeim skóla sem þeir helst óska sér. Ekki er fyrirséð hver þróunin verður en vafalítið þarf að grípa til markvissra aðgerða fljótlega til að koma í veg fyrir að jafnrétti þegnanna til náms verði fótum troðið. Þó að frá faglegu sjónarmiði sé eðlilegt að tryggja með inntökuprófum að nemar hafi viðeigandi undirbúning fyrir hverja námsbraut verður einnig að huga að félagslegum afleiðingum slíkrar stefnu. Hún getur ýtt undir aukin félagsleg skil milli starfsgreina og að sum þekking þyki æðri en önnur. Líklegt má telja að þessi stefna verði alls ekki til þess fallin að eyða þeim „virðingarmun" á bóknámi og verknámi sem virðist til staðar í þjóðarsálinni. Samræmd próf eru líkleg til að leiða til stagls og þess að ákveðnir megintextar verði á færi allra á kostnað breytileika þekkingarforðans. Því fylgir mikið vald að velja þá samræmdu þekkingu sem viðurkennd er, hvað telst „mikilvægur" sannleikur og hvað ekki að mati skólayfirvalda. Hverjum á að færa slíkt vald?

5. Andstaða kennarasamtaka. Farsælt skólastarf byggist á jákvæðu andrúmslofti og áhugasömum kennurum og nemendum.

Skólastarf byggist á félagslegum samskiptum og góðu andrúmslofti og því er mjög mikilvægt að lagafrumvörp um skólastarf séu samin í samstarfi við samtök kennara. Við samningu þessa frumvarps var ekki leitað eftir samstarfi við kennarasamtökin og lítið tillit tekið til umsagna þeirra og ábendinga um fjölmargar greinar þess. Á þingi HÍK í nóvember sl. var frumvarpinu hafnað samhljóða í atkvæðagreiðslu. Framhaldskólakennarar komust að þeirri niðurstöðu að það væri ekki til hagsbóta fyrir nemendur, dragi úr möguleikum kennara til að hafa áhrif á stefnumótun í skólum og væri yfirleitt ekki boðberi menntastefnu sem verðskuldaði framgang.

Annar minni hluti telur varhugavert að knýja fram frv. um menntastefnu sem ekki hefur hlotið betri undirtektir hjá þeim sem eiga að bera hitann og þungann af framkvæmd hennar.

Minna má á að nú liggur fyrir Alþingi annað frv., þ.e. frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem einnig er borið fram í mikilli andstöðu við kennarasamtökin sem og aðra opinbera starfsmenn og varða starfskjör þeirra og starfsöryggi.

Auk framangreindrar gagnrýni getur 2. minni hluti tekið undir fjölmargar athugasemdir sem gerðar voru af umsagnaraðilum við velflestar greinar frv. Og ég ítreka að það er með ólíkindum að fara yfir þessar umsagnir og sjá að það eru gerðar athugasemdir svo til við hverja einustu grein. Mjög oft eru þessar athugasemdir samhljóma og það var alveg sáralítið tekið mið af þeim. Það væri í sjálfu sér þess virði að fara ofan í það nánar og ég geri það kannski síðar í dag. En það er ekki gert í þessu nefndaráliti 2. minni hluta.

Sérstaklega skal tekið undir mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi ákvæði 37. gr. frv. um að sveitarfélög eigi

að leggja til lóðir fyrir framhaldsskóla án kvaða eða gjalda og þau skuli taka þátt í kostnaði við heimavistir sem hefur í för með sér breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í ljósi framangreinds mun 2. minni hluti ekki greiða frv. atkvæði en áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur og styðja aðrar tillögur sem horfa til bóta.

Undir nál. skrifa Guðný Guðbjörnsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nefndaráliti 2. minni hluta og ég vil að lokum taka undir að það er vonandi að ríkisstjórnin sýni með fjárframlögum til framhaldsskólans á næstu árum að menntamálin verði í fyrirrúmi á komandi kjörtímabili. Að öðrum kosti er þetta frv. fyrst og fremst frv. til þess að styrkja miðstýringu og vald menntmrn. en mun hafa sáralitlar úrbætur í för með sér.

[12:49]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega bregðast við orðum hv. síðasta ræðumanns sem snúa að jafnrétti til náms. Ég tel að þar hafi síðasti ræðumaður farið með algerlega staðlausa stafi. Það er tryggilega gengið frá jafnrétti til náms í þessu frv. og í 15. gr. segir: „Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.“ Einnig er séð betur fyrir þörfum þeirra sem minna mega sín í þessu frv. en áður hefur verið gert í löggjöf um framhaldsskóla. Þar nefni ég sérstaklega 18. gr. sem lýtur að starfrækslu fornáms í framhaldsskóla fyrir þá nemendur sem ráða illa við nám sitt. Gert er ráð fyrir því að það verði skipulagt sem eins árs heildstætt nám. Í 19. gr. er líka kveðið á um að hægt sé að stofna sérstakar deildir við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Þetta er nýmæli. Þarna er verið að lögfesta að sé hægt að bjóða fram sérstakt námstilboð fyrir þessa nemendur. Einnig er í 20. gr. nýmæli um móðurmálskennslu bæði fyrir útlendinga og íslenska nemendur sem hafa verið búsettir lengi erlendis og síðan þá fyrir fólk sem þarf sérstaka kennslu í íslensku. Það er því alveg ljóst að það er séð mjög vel fyrir jafnrétti til náms í þessu frv. Og hvað varðar það að nemendur eigi ekki rétt til náms í eigin skólahverfi, vil ég minna á að það hefur mjög lengi verið gagnrýnt að nemendur fái ekki skólavist í þeim skólum sem hugur þeirra stendur til vegna þess að þeir séu njörvaðir í þeim skóla sem næstur þeim er.

[12:51]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. formanni menntmn. að það er margt í þessu frv. til úrræða fyrir þá sem ekki munu standast samkeppni inntökuprófanna og komast í bestu skólana. Ég get líka alveg tekið undir að það er mjög auðvelt að rökstyðja það af lýðræðisástæðum að allir skólar skuli vera opnir fyrir öllum og ég er í sjálfu sér sammála því eins og ég sagði. Hins vegar eru mjög miklar líkur á því að það verði hópur fólks sem vill komast t.d. í sína heimaskóla og kemst ekki í þá. Hann þarf kannski að sækja um mjög marga skóla til að fá einhvers staðar inni. Þar að auki verður miklu meiri lagskipting á starfsbrautum, námsbrautum og skólunum sjálfum. Væntanlega verður það mikilvæg spurning frá hvaða menntaskóla maður kemur vegna þess fyrirkomulags sem nú á að koma á. Ég held því að þetta muni hafa mjög vond félagsleg áhrif. Þótt það sé gott að fólk geti valið sér skóla hefði alveg mátt fara einhverja millileið þarna, t.d. að tryggja ákveðinn fjölda plássa í heimaskólum eða eitthvað slíkt. Auðvitað er ekki útséð með að það sé hægt að útfæra þetta í einstökum skólum á mismunandi hátt. En ég sé fyrir mér að þetta geti leitt til mjög mikils misréttis.

[12:53]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega ósammála hv. síðasta ræðumanni hvað þessi atriði varðar. Ég tel að jafnrétti til náms sé mjög vel tryggt í þessu frv. Mér þótti ræðumaður nota í framsögu sinni áðan ákaflega stór orð þegar hann talaði um ómannúðlega menntastefnu. Ég þykist hafa fært fyrir því gild rök að þvert á móti sé hér einmitt um mjög mannúðlega menntastefnu að ræða sem tekur fullt tillit til þeirra sem minna mega sín.

[12:54]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Mig langar til að hefja mál mitt í Skotlandi og líta til Glasgow-borgar fyrir rúmum þremur áratugum þegar skipaiðnaðurinn í Glasgow og Strathclyde-svæðinu hrundi með þeim afleiðingum að Glasgow varð fátækasta borg í Evrópu. Margir Íslendingar sem þangað komu á þeim tíma muna það skelfilega ástand sem ríkti í Glasgow. Um ástæður þess að þetta gerðist skal ekki fjölyrt hér en meginástæðan var sú, eins og ég nefndi áðan, að skipaiðnaðurinn hrundi en hann hafði verið burðarásinn í efnahags- og atvinnulífi þeirra Skota á Glasgow-svæðinu. Einhæft atvinnulíf sem brást leiddi með öðrum orðum þær hörmungar yfir Skotana. En til allrar hamingju báru þeir gæfu til þess að rífa sig upp úr öldudalnum með markvissum aðgerðum og lagasetningu. Þeir báru gæfu til að treysta atvinnulífið þannig að fjölbreytileiki varð í stað fábreytileika. Þeir lögðu áherslu á að byggja upp mörg og fjölbreytileg smáfyrirtæki í stað fárra og stórra. Þeir lögðu áherslu á tækni og þjónustu, ekki síst verslun og ferðaþjónustu sem landinn hefur notið góðs af nú um árabil.

Ég nefni þetta, virðulegi forseti, vegna þess að við skilgreiningu á vandanum og við enduruppbyggingu á efnahags- og atvinnulífi í Skotlandi ákváðu skosk yfirvöld að nota menntakerfið og skólana á markvissan hátt í samstarfi skóla og atvinnulífs. Í því skyni settu þeir á stofn það sem kallað er Scotvec eða Scotish Vocational Education Center. Og til þess að gera langa sögu stutta má segja að markmiðið hafi tekist. Í Skotlandi er ágætur hagvöxtur. Atvinnuleysi hefur farið ört þverrandi og Scotvec hefur haldið styrkri hönd utan um hina markvissu starfsmenntun. Ég held að það sé ekki orðum aukið þegar ég segi að Skotar eru á að giska tíu árum á undan okkur Íslendingum hvað varðar uppbyggingu starfsmennta.

Það sem mestu skiptir er að viðhorf Skota í atvinnulífi og innan skólanna til menntunar og gildi menntunar breyttist. Þeir komumst að þeirri niðurstöðu að efnahagslífið yrði ekki byggt upp öðruvísi en að nýta mannauðinn og í því skyni gegnir menntakerfið og skólakerfið lykilatriði. Enda hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Herra forseti. Mér þykir fróðlegt að bera það sem gerst hefur í Skotlandi saman við það sem er að gerast hér og hefur verið að gerast hjá okkur Íslendingum. Ég hef átt þess kost nokkrum sinnum að heimsækja höfuðstövar Scotvec og skoska skóla og fyrirtæki í Skotlandi sem hafa starfað með skoskum starfsmenntaskólum.

Það má segja að að sumu leyti hafi svipaðir atburðir verið að gerast hjá okkur Íslendingum. Meginiuppistaða í efnahagslífi okkar hefur verið og er fiskveiðar og fiskvinnsla og þar vitum við hvað hefur gerst á undanförnum árum. Þar hefur orðið hrun í veiðum með skelfilegum afleiðingum fyrir mörg fyrirtæki, mörg þorp og heilu landsfjórðungana. En það má líka segja um okkur líkt og Skota að neyðin hafi kennt okkur. Það er kannski það jákvæða við þær þrengingar sem við höfum gengið í gegnum að undanförnu að við sjáum hvaða breytingar hafa orðið og eru að eiga sér stað. Þannig má tvímælalaust rekja að nokkru leyti til aðstæðna hér heima þá stórmerkilegu útrás sem íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa sýnt út um allan heim má segja og eru þannig að nýta íslenskan mannauð.

Það má líka benda á hvernig fullvinnsla sjávarfangs hefur stöðugt farið vaxandi sem rökrétt viðbrögð við minnkandi hráefni. Það má telja upp hugbúnaðarútflutning okkar hjá nokkrum glæsilegum fyrirtækjum á borð við OZ hf. og fleiri slík, kvikmyndaiðnaðinn, ferðaþjónustu, aukningu á útflutningi á iðnaðarvörum og þannig má áfram telja.

Við erum með öðrum orðum á breytingaskeiði svipað og gerðist með Skota fyrir eins og tveim til þrem áratugum. Gallinn hefur bara verið sá að skólakerfi okkar er langt á eftir þeim breytingum sem hafa verið að eiga sér stað í atvinnu- og efnahagslífi okkar. Tölur eins og þær að 70% nemenda í framhaldsskóla skuli sækja inn á hinar svonefndu stúdentsbrautir en einungis um 30% inn á starfsmenntabrautir segir í raun það sem segja þarf. Þetta hlutfall er öfugt í þeim þjóðum Evrópu sem lengstar eru komnar í að byggja upp markvisst efnahags- og atvinnulíf, þ.e. um 70% í starfsmenntanámi en einungis um 30% í hinum hefðbundnu stúdentsbrautum. Ofan á það bætast svo að u.þ.b. 45% þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla gefast þar upp. Finna sig ekki. Þessar tölur segja í rauninni að skólakerfi okkar í dag er um margt meingallað. Það er eitt meginverkefni stjórnmálamanna og fulltrúa atvinnulífsins og í rauninni allra sem að koma að breyta áherslum í menntakerfi okkar sem meginforsenda fyrir uppbyggingu og framförum í efnahagslífi. Þetta eru ekki bara íslenskar hugleiðingar, þetta eru þær ábendingar sem sérfræðingar frá OECD hafa verið að veita aðildarríkjum sínum, þetta eru þær ábendingar sem sérfræðingar ESB benda aðildarríkjum sínum á og þannig má áfram telja. Ég lít svo á að það sé meginmarkmið framhaldsskólafrv. sem er hér til umræðu, þ.e. að efla starfsmenntun, það má í rauninni segja að brúa þá fjandsamlegu gjá og það bil sem hefur ríkt á milli framhaldsskóla á Íslandi og atvinnulífsins.

Hvers vegna er staða íslenskra framhaldsskóla jafnveik og raun ber vitni? Margir vilja finna sökudólga, atvinnulífið skammar gjarnan skólafólkið, skólafólkið svarar atvinnulífinu fullum hálsi og þannig hefur þessi rígur skapast sem hefur í rauninni bitnað á atvinnulífinu sjálfu og skólastarfinu. Sökin er með öðrum orðum okkar allra. Ég óttast mest að þau ágæru markmið sem eru sett með þessu frv. muni ekki nást ef viðhorfsbreyting á sér ekki stað bæði meðal skólamanna og fulltrúa atvinnulífsins. Skotar báru gæfu til að breyta viðhorfum sínum og taka upp samstarf milli þessara aðila, skóla og atvinnulífs, með þeim glæsilega árangri sem að framan var getið. Í rauninni er það að mínu mati lykilatriði í því frv. sem hér liggur fyrir, það kemur fram í 30. gr. og einkum þó þeim breytingum frá meiri hluta menntmn. sem gerðar eru á 30. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að við hvern framhaldsskóla skuli verða heimilað, og ég trúi að það muni þá verða gert, að koma á laggirnar sérstökum faggreinum, faggreinaráðum einstakra starfsmenntabrauta og þeirra fyrirtækja sem starfa í baklandi hvers skóla og að þessum ráðum er jafnframt ætlað að eiga frumkvæði að því að skilgreina ýmsar starfsmenntabrautir og einstaka áfanga þar inn á. Það tel ég vera lykilatriðið, að frumkvæðið komi frá fyrirtækjunum sjálfum og einstökum skólum í stað þess að bíða eftir því að hlutirnir gerist í þunglamalegu miðstýrðu kerfi eins og við höfum búið við núna um áratuga skeið, m.a. í iðnfræðslu, og hefur verið gagnrýnt mjög. Ég tel meginatriðið vera að aflétta miðstýringu og færa frumkvæðið út til einstakra skóla og þeirra fyrirtækja sem einstakir skólar eiga að vera að þjóna og munu vonandi þjóna. Það tel ég vera meginatriðið sem kemur fram í 30. gr. frv. ásamt þeirri breytingu sem gerð er með tillögum meiri hluta menntmn. Jafnframt minni ég á það sem kemur fram í 35. gr. frv. þar sem talað er um fullorðinsfræðslumiðstöðvar og endurspeglast best þar sú hugsun að einstakir skólar og þau fyrirtæki sem hverjum skóla er ætlað að þjóna gangi saman í eina sæng ef svo má að orði kveða með sameiginlegri fullorðinsfræðslumiðstöð, skóla aðila vinnumarkaðarins, þ.e. fyrirtækja og verkalýðsfélaga á hverjum stað. Þannig mun skóli og atvinnulíf í sameiningu fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað í atvinnulífinu og þannig mun skólinn endurspegla atvinnulífið í stað þess að dragast aftur úr og rykfalla eins og hér hefur gerst á síðustu áratugum.

Ég minni enn á að í dag er þjónusta af ýmsum toga mannfrekasta atvinnugrein í landinu. Þessi sama þjónusta sést nánast ekki í skólakerfinu eins og það lítur út í dag. Ég nefni sem dæmi afgreiðslubraut, eða mikilvæg störf við alls konar afgreiðslu. Meginreglan í dag er sú að fólk er ráðið til afgreiðslustarfa án þess að farið sé fram á nokkra starfsþjálfun eða menntun líkt og afgreiðsla, þessi mikilvæga þjónustugrein, sé meðfæddur erfðaeiginleiki. Aðrar þjóðir svo sem Danir, Þjóðverjar og Bandaríkjamenn hafa þróað sérstakar námsbrautir fyrir þessa mikilvægu atvinnugrein. Það er m.a. á því sviði sem ég lít á að frv. ætli einstökum skólum og því umhverfi sem þeir starfa í að sækja fram á, ekki síst í þjónustunni.

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur kom fram að heldur væri gengið á jafnréttishugmyndir með frv. Ég hef áður nefnt að mesta framför í jafnréttisátt fyrir kynin er að auka námsframboð þannig að námsframboðið í framhaldsskólum endurspegli það sem er að gerast í atvinnulífinu. Ég minni á að í dag virðast ungar stúlkur ekki finna sér margar námsbrautir við hæfi á starfsmenntasviðinu innan framhaldsskólanna. Meginreglan er braut á hárðnaðarsviði og sjúkraliðasviði. Þar með er nánast upp talið. Með því að auka framboð á starfsmenntabrautum á öllum sviðum atvinnulífsins er verið að auka jafnrétti. Þannig mun ungt fólk, hvort heldur eru drengir eða stúlkur, geta fundið sér nám við hæfi sem höfðar til áhuga þeirra getu og kunnáttu. Það tel ég vera eitt mesta spor í jafnréttisátt í skólakerfinu sem stigið hefur verið takist að hrinda því í framkvæmd. En það gerist vitaskuld ekki nema einstakir skólar og umhverfi þeirra, atvinnulífið, standi fyllilega saman að þeirri þróun. Það er sá rammi sem þessari löggjöf er ætlað að skapa en framkvæmdin sjálf mun ávallt verða í höndum atvinnulífsins.

Ég hafna þeirri hugmynd sem hefur komið fram í ræðum hér frv. gangi ekki nógu langt í að segja til um hvaða námsbrautir atvinnulífs skuli starfræktar. Ég hafna þeirri hugmynd. Það er ekki löggjafans að telja upp hvaða námsbrautir

skuli vera í atvinnulífinu, það er hlutverk atvinnulífsins sjálfs því skólakerfið er fyrst og fremst til vegna atvinnulífsins og efnahagslífsins og tilveru okkar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að rekja öll þau atriði sem frv. og breytingarnar fela í sér en ég vil sérstaklega nefna það sem áður var sagt um 30. gr. og 35. gr. þar sem frumkvæðið er sett til einstakra skóla og umhverfis þeirra. Það er lykilatriðið. Ég vil líka nefna 23. og 24. gr. þar sem lögð er áhersla á sjálfsmatskerfi einstakra skóla þar sem eftirlit er aukið, fyrst og fremst með hugmyndum gæðastjórnunar. Ég túlka þær hugmyndir sem koma fram í 24. gr. um samræmd próf að þar sé átt við samræmd könnunarpróf. Ég hef ekki mikla trú á samræmdum prófum tengdum brautskráningu eins og nú tíðkast í 10. bekk grunnskólans, bæði eru þau afskaplega dýr í framkvæmd, þau vilja mislukkast eins og nokkurra daga gömul dæmi sýna okkur. Þau eru afskaplega dýr í framkvæmd eins og ég nefndi áðan en þó fyrst og fremst að samræmdum prófum tengdum lokaútskrift nemenda verður ekki komið á í öllum greinum, t.d. í ýmsum verklegum greinum. Með því að tengja brautskráningu samræmdum prófum er því verið að leggja ákveðið gildismat, þar með er verið að segja að sumar greinar séu merkilegri en aðrar og það teldi ég ganga sumpart á svig við megintilgang þessa frv. en samræmd könnunarpróf sem liður í sjálfsmatskerfi einstakra skóla teldi ég vera afskaplega mikilvæg í samstarfi við hlutlausan aðila svo sem eins og rannsóknar- og uppeldisstofnun.

Herra forseti. Þá vil ég nefna sérstaklega 44. og 45. gr. Ég tel afskaplega mikilvægt ákvæði vera í 44. gr. þar sem kveðið er á um að menntmrh. geti heimilað einstökum framhaldsskólum að gera tilraunir. Það er afskaplega mikilvægt að skólar séu í stöðugri framför vegna þess að samfélagið er stöðugt að breytast. Þess vegna er mikilvægt að ekki sé einungis heimild heldur beinlínis hvatning til einstakra skóla um að halda uppi stöðugu tilraunastarfi og miðla reynslu sinni til annarra skóla. Af sama toga er ákvæði 45. gr. um þróunarsjóð framhaldsskóla. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu miklu jákvæðu svonefndur Vonarsjóður, sem er sambærilegur sjóður að mörgu leyti úr grunnskólanum, hefur skilað inn í starf grunnskólans. Þess vegna er það mikið fagnaðarefni að fá slíkt ákvæði inn í lög um framhaldsskóla.

Ég tek jafnframt fram að þar sem fjallað er um kjarnaskóla í 31. gr. er það túlkun mín að kjarnaskólar séu fyrst og fremst hugsaðir til þess að dreifa ekki um of fjárfestingu en jafnframt til að gefa einhverjum skóla tækifæri á að sökkva sér sérlega vel niður í tiltekið svið en jafnframt að þjóna öðrum skólum sem vilja halda uppi kennslu á sama sviði. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að það sjónarmið komi fram um það hvernig kjarnaskóli er túlkaður.

Þá vil ég líka taka undir álit hv. formanns í framsögu hans áðan um hlutverk skólanefndar þar sem segir að skólanefnd skuli fylgjast með framkvæmd skólanámskrár. Þar er ekki hugsunin sú og fjarri því að skólanefnd sé ætlað að vera inni á gafli hjá kennurunum, rekandi nefið ofan í það sem gerist frá degi til dags, heldur er þetta ábyrgð sem sett er til skólanefndar en það er svo starfsmanna skólans að kalla til þeirra þær upplýsingar sem skólanefnd óskar eftir.

Það hafa jafnframt komið fram hugmyndir í ræðum um að stytta framhaldsskólann í þrjú ár og opna fyrir þann möguleika. Sá möguleiki er þegar fyrir hendi. Það er einmitt einn af mörgum kostum áfangakerfisins að nemendur geta hagað námi í áfangakerfi eftir sínum hraða nokkuð sjálfir og þess eru mörg dæmi í dag að nemendur í áfangakerfi ljúka námi á þremur árum. Hins vegar er það ekki fyrir hendi í bekkjarkerfisskólum og þess vegna er ugglaust nauðsynlegt að gefa þeim bekkjarkerfisskólum sem það vilja reyna færi á að gera tilraunir með þriggja ára nám til stúdentsprófs og er ekkert við því hægt að amast en ég vek athygli á því að möguleikinn er fyrir hendi innan áfangakerfisins.

Ég dreg ekki dul á það að ég hef ákveðnar efaemdir um það ákvæði sem kveður á um að ríkissjóður greiði einungis 60% af heimavistarhúsnæði. Þar er breyting frá því sem verið hefur og ef ég þegar látið þetta sjónarmið mitt koma fram varðandi hlutdeild í heimavistum.

Herra forseti. Lengi má halda áfram og ég geri ekki ráð fyrir því að nokkru sinni verði hægt að leggja fram frv. um heilt skólakerfi og heilt skólastig öðruvísi en um það verði skiptar skoðanir. Reynslan mun hins vegar sýna hvernig þetta frv., verði það að lögum, muni reynast. Mér er kunnugt um að fjölmargir skólar og skólafólk bíða eftir því að umræðum um frv. til laga um framhaldsskóla ljúki og að frv. verði að lögum að mestu leyti í þeirri mynd sem það er núna. Ég minni líka á umsögn fulltrúa Samtaka iðnaðarins sem hvetja til hins sama af þeirri ástæðu að námskrárgerð hefur öll legið niðri um margra ára skeið. Bæði skólafólk og atvinnulífið ætlast til þess að sú vinna geti hafist en hún getur vitaskuld ekki hafist fyrr en ljóst er hvernig lögin verða, fyrr en lagasetningin hefur átt sér stað. Þess vegna er mikilvægt að þeir skólar sem eru núna í startholunum með að hefja rekstur fjölmargra nýrra starfsmenntabrauta sem þróaðar hafa verið með atvinnulífinu bíða eftir því að þessi lagasetning eigi sér stað og þess vegna finnst mér það eðlileg skylda okkar að bregðast vel við ákalli atvinnulífs og skóla að ljúka þessu og samþykkja þessi lög.

[13:18]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að mótmæla því sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan, að menntunin í landinu væri til fyrir atvinnulífið. Mér finnst þetta mjög rangt. Fyrir mér er menntun í skólum ekki síst til vegna hamingju einstaklinganna sjálfra, t.d. til þess að gefa þeim færi á að geta skipst á skoðunum á erlendum tungum, til þess að gefa þeim færi á að hafa möguleika til að njóta góðra lista, til að gefa þeim víðtæka almenna þekkingu sem þeir geta notið allt sitt líf og kemur þeim vonandi til góða úti í atvinnulífinu þar sem þeir þurfa auðvitað að sjá sér farborða. En almenn menntun á því stigi sem við erum að fjalla um á ekki síst að vera til þess að gefa fólki almenna, víðtæka þekkingu.

Samkvæmt frv. því sem liggur fyrir er hlutverk framhaldsskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Það verður ekki betur séð en að fyrirliggjandi frv. þrengi heldur að möguleikum til þess að ná þessu markmiði, sbr. 15. gr. um námsaðgreiningu eftir einkunnum á samræmdu prófi en þar stendur að inntaka á einstakar námsbrautir eigi að ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Hér þarf að skýra hvernig á að sortéra. Mér sýnist að hér sé verið að losa um skyldur framhaldsskóla til að taka við nemendum, t.d. að gera þeim kleift að gera ákveðnar kröfur um lágmarkseinkunn í bóklegum greinum hjá þeim sem hyggjast setjast á bóknámsbrautir viðkomandi skóla. Það er með öðrum orðum alls ekki ljóst hvernig á að beita þessu ákvæði og er varasamt að lögfesta slíkt án þess að námsbramboð sé tryggt fyrir alla nemendur. Hætt er við að þetta leiði til þess að enn fleiri þeirra sem stóðu illa fyrir komi að lokuðum dyrum í kerfinu.

Við þekkjum öll þessa nemendur á undanförnum árum sem hafa fengið lága einkunn á samræmdum prófum en samt náð. Þeir hafa gengið milli skóla og bankað á og oft komið langt fram á haust og þeir hafa ekki neins staðar fengið inngöngu. Mér sýnist að með þessu frv. sé alls ekki girt fyrir að þetta haldi áfram.

Gert er ráð fyrir að möguleikar skóla til að skipuleggja starf sitt sjálfir verði þrengdir, sveigjanleiki í námi og námsframboði minnkaður. Margir telja að frv. tryggi ekki eflingu starfsnáms. Þeir benda sérstaklega á að þarna séu áhrif atvinnulífsins aukin á kostnað skólanna og kennaranna og þó voru áhrif þeirra ekki nógu mikil fyrir. Aðilar atvinnulífsins geta haft annarra hagsmuna að gæta en neytendamarkaðurinn og skólarnir.

Sá þáttur íslenska framhaldsskólakerfisins sem til mestra framfara hefur horft á umliðnum árum er íslenska áfangakerfið sem hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana og nú kemur fram í 17. gr. þessara laga að allar námsbrautir eigi að skipuleggja í samræmi við lokamarkmið námsins. Er þetta ekki nokkuð mikil miðstýring? Þó er enn hnykkt á henni í 24. gr. þar sem segir að lokapróf úr framhaldsskóla skuli vera samræmd í tilteknum greinum en reynslan sýnir að samræmd próf vinna mjög gegn öllum sveigjanleika í skólastarfi. Þá vil ég samt taka skýrt fram að þar sem Hjálmar Árnason var áðan að tala um samræmd könnunarpróf þá er ég afskaplega hlynnt þeim, að kennarar geti lagt fyrir samræmd könnunarpróf til að kanna hvernig þeirra hópur stendur miðað við heildina en það er allt annað en að það væru samræmd stúdentspróf, lokapróf, yfir allt landið. Slíkt get ég ekki fallist á.

Í 22. gr. er fjallað um skólanámskrár. Kemur þar fram að ætlast er til að kennarar semji skólanámskrár og er ekkert nema gott um það að segja en benda má á að varasamt er að lögfesta slíkt áður en því hefur verið fundinn farvegur í kjarasamningum.

Einnig er í greininni lagt til að skólanámskrá verði lögð fyrir skólanefnd til samþykktar eða synjunar að fenginni umsögn kennarafundar. Nú er það svo að ekki er tryggt að einn einasti skólamaður sitji í skólanefnd með atkvæðisrétt skv. 6. gr. frv. og þykir ýmsum svo sem það mundi verða faglegra að kennarafundur samþykki skólanámskrá að fenginni umsögn skólanefndar.

Í 26. gr. er fjallað um 18 manna samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Vekur athygli að hlutur þeirra sem bera hitann og þungann af skipulagningu þessa starfs, þ.e. kennara og skólastjórnenda, er heldur rýr eða áætlaðir tveir fulltrúar af 18. En þessi nefnd á m.a. að vera menntmrh. til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipun og framkvæmd starfsnáms. Í fimm manna starfsgreinaráði er skv. 28. gr. ekki gert ráð fyrir að sitji fulltrúar kennara eða skólastjórnenda nema gert sé ráð fyrir að hæstv. menntmrh. útnefni af sérstökum velvilja sínum fulltrúa sinn úr röðum þeirra.

Víðar í þessu frv. er dregið úr hlut kennara í stefnumótun og stingur það nokkuð í stúf við hugmyndir sem eru núna uppi um alhliða gæðastjórnun þar sem lykilatriði er að starfsmaður eigi aðild að stefnumótun og beri faglega ábyrgð. Menn skulu hafa það hugfast að skólinn er að fást við einstaklinga sem hafa afar mismunandi þarfir. Hlutverk hans er að þroska þá og þjálfa, ekki aðeins í viðkomandi starfsgrein heldur ekki síst í mannlegum samskiptum. Þessum þætti er háskólunum treyst fyrir í þeim greinum sem þeir skipuleggja starfsnám í. Hvers vegna ekki framhaldsskólakennurum í sama mæli? Auðvitað þarf þáttur atvinnulífsins að vera stór. Þáttur þeirra í starfsnámi sem á að skipuleggja úti á vinnustöðunum er að sjálfsögðu mikilvægur en ég tel þó að vægi kennaranna við skipulagningu starfsnáms eigi að vega mun þyngra en gert er ráð fyrir í þessu frv. Þeirra er hin faglega ábyrgð.

Í frv. er gert ráð fyrir í 3. gr. að kennsludagar á skólaárinu verði 145. Þó að þetta sé fækkun um 5 daga frá því sem gert var ráð fyrir í frv. eins og það lá fyrir við 1. umr. er þetta fjölgun um 10 daga frá því sem nú er og kjarasamningar byggja á. Það hlýtur því að kalla á kjarasamningagerð tafarlaust ef frv. verður samþykkt. Hef ég það eftir forsvarsmönnum kennarasamtaka að engin kennsla hefjist í haust í framhaldsskólum fyrr en samið hefur verið um hvernig kennurum verði bætt þessi breyting á umsömdum vinnutíma og aðrar breytingar á kjarasamningum sem samþykkt frv. hefði í för með sér enda hafa þeir bókun þess efnis í kjarasamningum sem voru gerðir á sl. vori.

Samkvæmt 11. gr. frv., sem fjallar um ráðningu starfsfólks, er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólanefndar en ekki er lengur gert ráð fyrir að leitað verði eftir umsögn kennarafundar eins og áður hefur verið. Ég tel þetta afturför og einnig skal þess getið að óvarlegt er að setja inn í lög ákvæði eins og er að finna í sömu grein um að skólameistari sé skipaður til fimm ára í senn án þess að samið hafi verið um starfslok. Ég tel að nýtt frv. til laga um framhaldsskóla hefði þurft að semja í góðri sátt og samvinnu við viðkomandi kennarasamtök. Það var ekki gert og ekki mikið tillit tekið til umsagnar þeirra eða breytingartillagna.

Það á einnig við um annað frv. sem liggur fyrir í þinginu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég er mjög andvíg því að atriði sem yfirvöld treysta sér ekki til að ná í samningum við stéttarfélögin séu keyrð fram á Alþingi með svokölluðum lögþvingunum. Mér virðist að með þessu frv., verði það að lögum, sé miðstýring aukin og dregið úr vægi kennarastarfsins og kennurum gert erfiðara fyrir að sinna starfi sínu. Ég sé í þessu frv. fátt sem ég tel að muni geta komið nemendum til góða og bætt stöðu þeirra. Ég mun því ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt en hyggst styðja þær breytingartillögur sem ég tel til bóta.

[13:28]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykn. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að leiðrétta mig því að hluti af því sem ég sagði áðan olli greinilega misskilningi þar sem ég var að tala um hlutverk framhaldsskólanna. Ég var sérstaklega að ræða um hlutverk skólanna í starfsmenntun. Starfsmenntun er fyrst og fremst til þess að þjóna atvinnulífinu.

Eins og hv. þm. veit af ágætu samstarfi okkar í gegnum árin veit hann um skoðanir mínir og fleiri skólamanna á hinu almenna hlutverki skóla varðandi menntun um að skapa einstaklingnum hamingjuríkt líf, auka almenna þekkingu o.s.frv. enda er það í 2. gr. eitt af meginmarkmiðum frv. Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Ég þakka hv. þm. fyrir að minna mig á að ég talaði ekki nógu skýrt nú sem fyrr.

Varðandi þau orð að ekki hæfist kennsla næsta haust nema frá því verði gengið að kennarar fái borgað fyrir þessa aukadaga hygg ég að það liggi í hlutarins eðli að ef koma á

meiri kennsluskylda eða fleiri dagar á kennara en gildandi kjarasamningar segja til um liggur í hlutarins eðli að um það hlýtur að verða samið.

[13:30]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er afskaplega þakklát fyrir að nú virðist í einu vetfangi leiðréttur sá misskilningur sem allt í einu var kominn upp á milli okkar hv. 7. þm. Reykn., Hjálmars Árnasonar, um tilgang menntunar. Það sem ég misskildi í hans máli hefur líka verið leiðrétt og ég biðst velvirðingar á þeim misskilningi.

[13:31]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bregðast við þeim ummælum hv. síðasta ræðumanns um að það væri eðlilegra að kennarafundur samþykkti skólanámskrá í stað skólanefndar, þ.e. ákvæði 22. gr. frv. Það er alveg ljóst að það er skólanefndin sem markar áherslur í starfi skólans samkvæmt 7. gr. og síðan er það skólameistari sem hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Það er þess vegna mjög eðlilegt að skólanefndin, sem markar áherslu í starfi skólans, samþykki skólanámskrána en ekki þeir starfsmenn skólans sem hafa unnið hana sjálfir.

[13:32]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið styð ég álit 1. minnihluta menntmn. og ætla að reyna að gera grein fyrir bæði af hverju og einnig að fara ögn víðar yfir þetta mál sem hér liggur fyrir heldur en lesa má af því nefndaráliti sem liggur fyrir.

Það frv. sem við erum að fjalla um er að mínu mati fyrst og fremst rammi fyrir það skólastarf sem fram fer frá því að grunnskóla lýkur eftir tíu ár og þar til framhaldsskólanám tekur við. Grunnskólinn er tíu ár, hvorki meira né minna. Eftir tíu ára nám útskrifast nemendur þaðan hvernig svo sem kann að standa á fyrir þeim að öðru leyti en að þau eru öll jafngömul. Þessi lög verða því að mæta afskaplega breiðum hópi fólks, ekki bara þessara nemenda sem eru að koma út úr grunnskólanum mörg hver með afar ólíkan bakgrunn, ólíka þekkingu, ólíka getu og ólíka reynslu. Þau verða einnig að taka á endurmenntun, fullorðinsfræðslu og öðru því námi sem fram fer áður en menn geta skrifað sig inn í háskóla. Við erum þess vegna að tala um löggjöf sem tekur yfir býsna stórt svið í okkar þjóðlífi.

Eins og fram kemur í því nefndaráliti sem ég skrifa upp á finnst mér þetta frv. að mörgu leyti mæta nútímakröfum ágætlega. Menn hafa í umræðunni kallað eftir því að við breyttum til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum og í tveim veigamiklum atriðum finnst mér að það sé reynt með þessu frv. Í fyrsta lagi er litið til þeirra landa sem hvað mestum árangri hafa náð varðandi starfsnám. Það er gert til að mæta þeirri megingagnrýni sem verið hefur á íslenskt skólakerfi, þ.e. að hér hafi allt snúist um bóknám en starfsnám hafi verið í öskustónni. Það er svo sem alveg rétt. Við höfum ekki gert starfsnáminu hátt undir höfði og ég fellst ekki á þau rök að það sé vegna þess að okkur hafi skort löggjöf til að gera það betur en við höfum gert. Ég trúi að það sé vegna þess að við höfum ekki sett í það næga peninga. Við hefðum getað náð betri árangri með meira fjármagni. Hins vegar er frv. að benda á leiðir í samstarfi við atvinnulífið í landinu sem geta verið mun vænlegri en þær leiðir sem við höfum farið hingað til. Ég tel einboðið að sú jákvæðni sem ríkir gagnvart þessari aðferð og sú reynsla sem aðrar þjóðir hafa sé nýtt á Íslandi. Ég er alveg handviss um að út úr því kemur betri skóli fyrir fjölbreyttari hóp nemenda en nú er.

Ég hef ekki þær áhyggjur sem ýmsir hér hafa af áhrifum atvinnulífsins eða af því að þetta fyrirkomulag, svo losaralegt sem það virðist vera í frv. af því að ekki eru taldar upp greinarnar eins og gagnrýnt er ásamt meintri gífurlegri yfirbyggingu, muni ekki virka. Ég deili þeim áhyggjum ekki. Það kann að vera vegna þess að ég hef ákveðna reynslu úr mínum heimabæ af starfsnámi sem hefur verið praktíserað nákvæmlega eins og mér sýnist að hér eigi að gera. Þar hefur á undanförnum árum verið starfræktur skóli sem hefur verið með nemendur annars vegar í skipstjórnarnámi og hins vegar í fiskvinnslunámi. Vegna þess að fiskvinnslunám er dýrt eins og það fer fram í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði var leitað nýrra leiða. Þær leiðir voru að bóknám færi fram inni í skólanum en verknám færi fram á vinnustöðum. Það voru gerðir samningar við vinnustaði, bæði á svæðinu og annars staðar, eftir því hvaða greinar fiskvinnslu var verið að kenna hverju sinni. Kennari hefur fylgt nemendum eftir inn á þann meginvinnustað þar sem þeir hafa fengið sína kennslu. Námið býður upp á það að nemendur eru ávallt í nálægð við það sem er að gerast nýjast og best í greininni. Námið býður upp á alvöru kynni af atvinnulífinu. Það býður upp á það að þessir nemendur vita við hvað er að fást í veruleikanum og þetta nám veitir nemendum dýrmæt kynni og starfsreynslu sem nýtist þeim þegar þeir ljúka sínu skólanámi.

Til þess að treysta enn frekar tengslin við atvinnulífið en áður hefur við þennan skóla verið komið upp ráðgjafarnefndum eins og í samræmi við 30. gr. þessa frv. Þar hafa fagaðilar af okkar heimasvæði, sem er allt Norðurland, myndað ráðgjafarnefnd í sambandi við fiskvinnslunámið og skipstjórnarmenn af svæðinu höfðu sjálfir frumkvæði af myndun stuðningsnefndar eða ráðgjafarnefndar varðandi stýrimannanámið. Ég hef ekki orðið vör við að þeir kennarar sem starfa innan skólans og sinna hinni bóklegu hlið námsins hafi áhyggjur af því að þeirra faglega þekking sé ekki virt. Ég endurtek, herra forseti, að það er e.t.v. vegna þessarar reynslu sem ég deili ekki þeim áhyggjum sem mér finnst ítrekað koma fram af því hversu áhrifamikið atvinnulífið á að verða í þeim þáttum þessa frv. þar sem við erum e.t.v. fyrst og fremst að reyna að mæta skorti á frekara starfsnámi.

Ég sagði áðan að það væri þeim nemendum sem tækju hluta af sínu námi á vinnustað eða vinnustöðum dýrmæt reynsla og þar yrðu líka til ákveðin kynni sem gætu nýst í framhaldinu. Það er líka ljóst að atvinnulífið vill fólk með reynslu og ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til Gerðar G. Óskarsdóttur þar sem hún er að fjalla um danska kerfið, en þar segir Gerður, sem er kennslustjóri í kennslufræði í félagsvísindadeild Háskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Í danska kerfinu er bóknám í skóla en síðan gera skólarnir samninga við atvinnulífið. Ég vil sjá eitthvert slíkt kerfi m.a. fyrir þennan þriðjung sem yfirgefur skóla án þess að ljúka nokkru námi og aðra sem áhuga hefðu á. Ég komst að því í viðtölum mínum við aðila sem ráða ófaglært fólk í nokkrum fyrirtækjum að það er reynslan sem skiptir mestu máli við ráðningar. Menn vilja ekki taka við reynslulausum starfsmönnum og þurfa að eyða tíma og fyrirhöfn í að þjálfa þá upp. Ég sé fyrir mér að gerður sé samningur milli fyrirtækis og skóla um plássið og síðan milli skóla, fyrirtækis og nemanda um námið. En hver aðili á vinnustaðnum hefur

síðan eftirlit með þessu plássi. Það eru í bígerð tilraunir með svona kerfi í Borgarholtsskóla."

Mér finnst það sem Gerður segir hér styðja það sem ég var að fara yfir áðan og þá í leiðinni þá þætti í þessu frv. sem snúa að starfsnámi. Ég gat þess líka áðan, herra forseti, að það kerfi sem við erum að búa til ramma um með þeirri löggjöf sem verður ef þetta frv. verður samþykkt þarf að mæta býsna stórum fjölda ólíkra aðila. Mér var ekki alveg ljóst áðan þegar hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir talaði um ómannúðlega menntastefnu við hvað hún átti. Í þessu frv. finnst mér að gert sé ráð fyrir því að framhaldsskólinn mæti *nemandanum þar sem hann er staddur. Ég veit að í núgildandi* kerfi er það reynt. Eigi að síður hefur það kerfi sem við búum við núna verið látið um að sía og brottfall nemenda vegna þess að ekki hefur verið hægt að mæta þörfum eða óskum þeirra sem inn í framhaldsskólana hafa streymt hefur verið mjög mikið. Það hefur satt að segja verið óviðunandi og er í rauninni hin stóra gagnrýni á okkar framhaldsskólakerfi.

Hv. þm. Bryndís Guðmundsdóttir var með fyrirspurn í vetur til hæstv. menntmrh. um brottfall nemenda úr skyldunámi fyrstu árin í framhaldsskóla. Í svari við þessari fyrirspurn kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Nemendur ráða ekki við námið, undirbúningur er ónógur og þeir færast of mikið í fang. Margir vinna með náminu og flosna smám saman upp. Niðurstöður rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á brottfallshópi 1969-árgangsins sýna að námið höfðar ekki til þess nemendahóps en 60% karla nefndu áhugaleysi og leiða." Áfram kemur í þessu svari, herra forseti: „Brottfallsnemendur hafa rúmlega einum lægri meðaleinkunn á grunnskólaprófi en meðaltal árgangsins."

Þetta finnst mér segja okkur ákveðna sögu um það hvernig framhaldsskólinn hefur mætt þessum mismunandi hópi nemenda sem inn í skólana sækir á hverju hausti. Eins og ég hef áður rætt hafa bóknámsbrautirnar haft mikla yfirhönd. Það er ekki af snobbi, það er ekki af eftirsókn eftir stúdentshúfunni, það er vegna þess að skólinn hefur ekki boðið upp á alla þá kosti sem við hefðum þurft að bjóða upp á fyrir löngu síðan. Menn hafa hins vegar flæmst inn á bóknámsbrautirnar vegna þess að sums staðar er ekkert annað í boði og það er ekkert annað í boði af því að þær hafa verið ódýrastar. Ég trúi því að með þessu frv. séu skapaðir möguleikar og í því eru beinlínis ákvæði um að það beri að mæta nemendum *með fjölbreyttari tilboðum en nú er. Það ætti að auka líkur* á því að skólinn mæti nemendum þar sem þeir eru staddir og að það brottfall sem hefur verið í rauninni skömm okkar framhaldsskólakerfis muni á næstu árum minnka.

Eitt af því sem gjarnan kemur til umræðu þegar menn ræða framhaldsskólann íslenska er það af hverju hann er fjögur ár þegar skólarnir í nágrannalöndunum og í þeim löndum þar sem nemendur úr íslenska framhaldsskólakerfinu sækja háskólanám eru einungis þriggja ára skólar. Ég hygg að við þykjumst öll geta sagt okkur af hverju okkar kerfi er búið að standa óbreytt með þessum hætti svo lengi sem raun ber vitni. Síðast þegar reynt var að breyta þessu ákvæði, þ.e. þegar forveri þessa frv. var kynntur með því ákvæði að framhaldsskólinn ætti að vera þrjú ár, fengum við anga af þeim viðbrögðum sem í gegnum tíðina hafa ugglaust verið meginástæða þess að þessu hefur ekki verið breytt. Það er að segja að nemendur á Íslandi vinna mjög gjarnan sjálfir fyrir stórum hluta námskostnaðar síns. Þótt það sé ekki nákvæmlega málefni þess fundar hér á hæstv. Alþingi sem við erum stödd á núna í dag finnst mér það vera íhugunaratriði hvaða hlutverk skólanemar og framhaldsskólanemar sérstaklega eru farnir að leika í íslensku atvinnulífi. Í Evrópu er það þannig að menn eru með tiltölulega góða kjarasamninga og tiltölulega há meðallaun fyrir þann hóp fólks sem er skráður í verkalýðsfélögin, fyrir þann hóp fólks sem getur notið þeirra réttinda sem samið er um. Innflytjendur, sumir ólöglegir, sinna síðan þeim þjónustustörfum sem menn ekki vilja sinna vegna þess að kaupið er lágt og aðstaða öll lakari en menn kjósa. Mér sýnist að hér á Íslandi séu framhaldsskólanemar þeir sem hlaupa þarna undir bagga, þ.e. þeir taka að sér þessi *störf sem eru óörugg, illa launuð, stundum svört. Og mér* finnst það mætti verða okkur íhugunarefni þegar við erum að tala hér um atvinnustefnu og launastefnu hvernig við höfum komið þessum málum fyrir. Við mættum kannski minnast þess stundum þegar við erum að hneykslast á því hvernig aðrar þjóðir hafa komið sínum málum fyrir að það er eins og við komum ekki auga á þennan hóp framhaldsskólanema. Það er eins og við sjáum ekki þennan stóra hóp fólks sem er alls staðar, í sjoppunum, í bíóunum, í þjónustugreinunum. Alls staðar þar sem illa launuð, stopul og svört vinna er á ferðinni hittum við fyrir framhaldsskólanemana. Þetta er íhugunarefni ekki bara vegna þess hvernig vinnumarkaðurinn, laun og réttindi hafa þróast heldur líka vegna þess að auðvitað hefur þetta, eins og kom fram í því svari sem ég las hér áðan, áhrif á gengi nemendanna í skólunum. Það viðheldur að hluta til þörfinni fyrir fjögurra ára námið en styður það í leiðinni.

Þetta er e.t.v. hluti af ákveðnum vítahring sem við erum í með okkar framhaldsskólakerfi. Það er þess vegna, herra forseti, mikilvægt að það er opnað á það með þessu frv. að við förum að þróa þriggja ára framhaldsskóla. Mér er ljóst að áfangaskólarnir hafa getað boðið upp á slíkt nám. Þar hafa nemendur getað ráðið ferðinni nokkuð sjálfir og þeir sem hafa haft til þess einurð eða dugnað eða áhuga hafa getað farið í gegnum framhaldsskólann á þremur árum. Bekkjarskólarnir hafa hins vegar ekki boðið upp á þetta fyrirkomulag og reyndar getum við sett spurningarmerki við það hversu marktæk tilraun með þriggja ára skóla er á meðan grunnskólinn er ekki hreyfður að neinu marki til móts við þær breytingar. Eigi að síður met ég það svo að það sé betra en ekki að þessi tilraun sé gerð. Hins vegar þyrfti auðvitað að horfa á þetta í ákveðnu samræmi, grunnskólann andspænis framhaldsskólanum, ef við almennt styttum framhaldsskólanámið vegna þess að þá þyrfti að hluta til að breyta breyta námi í efstu bekkjum grunnskólans. Það er augljóst. Það væri þá eðlilegt að taka það upp um leið og við erum að lengja skóladaginn í grunnskólanum sem mun gerast á næstu árum og tækjum þá sjálfsagt tillit til þeirra helstu atriða sem hægt er að mæta á því skólastigi. Sömuleiðis þarf auðvitað að skoða mörkin þar sem framhaldsskólinn mætir háskólastiginu þannig að einnig þar geti menn tekið tillit til þessara breytinga. Ég veit að á því skólastigi er það engu síður nauðsynlegt en í grunnskólanum.

Herra forseti. Eigi að síður met ég það svo að það sé mikilvægt að við horfum á þessar breytingar. Ég met það ekki hvað síst vegna þess að ég held að ákveðin hugarfarsbreyting varðandi styttingu framhaldsskólans sé nauðsynleg. Þetta gæti verið liður í henni. Eftir nokkur ár sé ég hins vegar fyrir mér að við tökum upp öll þrjú skólastigin með tilliti til þess að við samræmum hér ákveðna skólastefnu sem mun þá væntanlega ganga í gegnum þau öll þar sem við höfum

komist að samkomulagi um að þriggja ára framhaldsskóli sé jafneðlilegur hér og hann er í löndunum sem við berum okkur saman við.

Ég hef áhyggjur af ákveðnum atriðum í þessu frv., herra forseti, sem ég tel að hafi ekki verið skýrð nægjanlega eða þarf að skýra betur. Ég sé í hendi mér að við eigum eftir að þurfa að leysa úr ýmsum árekstrum sem munu óhjákvæmilega eiga sér stað ef ekki verður við brugðist fyrir fram.

Í þessu frv. er kynnt hugmynd kjarnaskólans, þ.e. að tilteknir skólar í landinu verði kjarnaskólar. Þeir verða handhafar tiltekinnar skólaþróunar og eins konar brimbrjótar í tilteknum efnum. Mér finnst út af fyrir sig rétt að fámenn þjóð reyni að skipa sínum málum með þeim hætti að við reynum að gera hlutina vel og þá þannig að það sé síðan hægt að miðla þeirri reynslu til annarra. Þótt kjarnaskóli verði helsta brjóstvörn tiltekinna námsgreina er ekki þar með sagt að þær verði ekki einnig kenndar annars staðar. En ég hef áhyggjur af því að þessar kjarnaskólahugmyndir geti stangast á við rétt til náms í heimaskóla sem ég veit að sveitarstjórnirnar í landinu telja sig vera að kaupa með þátttöku sinni í uppbyggingu framhaldsskólans. Sveitarfélögin í landinu borga 40% af kostnaði við byggingu framhaldsskóla. Það er gengið út frá því í þessu frv. að það séu fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í kostnaði sem skipa fulltrúa í skólanefndir. En það er ekkert í þessu frv. sem segir að nemendur frá þessum sveitarfélögum eigi einhvern forgang nákvæmlega í þá skóla. Ég er nokkuð viss um að ef nemanda frá sveitarfélagi sem hefur greitt sitt tillegg til tiltekins framhaldsskóla er vísað frá vegna þess að skólinn vill frekar taka inn nemanda af einhverju öðru landsvæði þá mun það þýða átök. Átök sem skapast af því að menn telja að þeir séu að greiða fyrir rétt þeirra nemenda sem eiga heima í viðkomandi sveitarfélagi til náms í viðkomandi skóla. Ég sé ekki alveg hvernig þetta verður leyst. Ég geri mér grein fyrir því að skólanefndir á hverju svæði geta tekist á við þetta með ákveðnum hætti með því að gera skýr þau skilyrði sem þau setja til inntöku í viðkomandi skóla. En ég held að menntamálayfirvöld verði líka að gera sér grein fyrir því að þær breytingar sem hér er verið að fara fram með kalla auðvitað á stóraukið námsaðstoðarkerfi.

Ýmsar greinar sem kenndar eru á framhaldsskólastigi eru lánshæfar í Lánasjóði íslenskra námsmanna og síðan hefur verið greiddur svokallaður dreifbýlisstyrkur vegna þeirra nemenda sem hafa þurft að sækja skóla fjarri sinni heimabyggð. Sá styrkur hefur ekki verið til mikilla stórræða en að mínu mati er nauðsynlegt ef frv. gengur fram eins og fyrirhugað er að sá stuðningur sem felst í dreifbýlisstyrk, og mætti þá allt eins kalla hann námsaðstoðarkerfi, yrði allmiklu víðtækari og meiri en hann er í dag. Ég held að það sé í rauninni eina leiðin til að mæta þeim breytingum sem hér er verið að boða. Ef við ætlum að þróa framhaldsskólanámið samkvæmt kjarnaskólareglunni og samkvæmt því að menn geti sótt um skóla óháð búsetu verðum við auðvitað að gera nemendum það kleift ekki bara með framhaldsskólalögum heldur líka fjárhagslega.

Mér er ekki kunnugt um hvort menn eru farnir að skoða þessa hlið málsins en ég held að það sé afar brýnt að við umfjöllun hér á Alþingi verði þessi hlið tekin til umfjöllunar og við fáum þá að heyra hvort menn eru farnir að skoða það með hvaða hætti því verður mætt að við erum að breyta framhaldsskólakerfinu með þessum hætti.

Það eru líka ákvæði hér inni sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gagnrýnt. Þau eru tvö. Annars vegar er gagnrýnt að þeim sveitarfélögum þar sem framhaldsskóli er byggður sé gert að leggja til lóðir án kvaða eða gjalda og hins vegar að sveitarfélögin taki þátt í byggingu heimavistar. Ég hef margsagt og ég vil endurtaka það hér að mér finnst þetta ákvæði með lóðirnar beinlínis hlægilegt. Þetta er gamaldags ákvæði og það er úrelt. Þetta gengur ekki lengur. Menn gera ekki hlutina svona lengur. Auk þess er það nú svo að þar sem sveitarfélög taka sig saman um byggingu framhaldsskóla þá koma þau sér venjulega saman um reglurnar, jafnvel um misjafna kostnaðarhlutdeild eftir því hvar skólinn er staðsettur. Mér finnst þá eðlilegt að það sé í höndum þeirra hvernig þeim kostnaði er skipt en það sé ekki með lögum ákveðið að eitt tiltekið sveitarfélag eftirláti lóðina án kvaða og gjalda. Ég held að ef þetta ákvæði kemur hér inn hljóti það að vera nánast einstætt í þeirri löggjöf sem verið er að setja á árinu 1996 og er þó margt skrautlegt í henni. Það er í rauninni fráleitt að einn aðili setji ákvæði um að annar aðili gefi eftir tiltekin gjöld. Ég mælist því til þess enn og aftur að þetta atriði verði endurskoðað á milli 2. og 3. umr.

Ég hef hins vegar ákveðna samúð með þessu ákvæði um heimavistirnar. Svo mjög sem mér finnst koma til álita að sveitarfélögin taki engan þátt í kostnaði við uppbyggingu skólanna, finnst mér jafnframt eðlilegt að þau taki þátt í uppbyggingu heimavistanna. Mér finnst eðlilegt að grunnskólinn sé mál sveitarfélaganna en helst vildi ég sjá framhaldsskólann sem mál ríkisins. Þá væru líka þeir árekstrar sem mér sýnast fyrirsjáanlegir á milli ríkis og sveitarfélaga vegna nemenda, eins og ég gat um áðan, síður uppi á borði.

Ég vildi gjarnan sjá þetta þróast þannig að sveitarfélögin færu út úr þessum uppbyggingarhluta sínum í skólunum. Heimavistirnar finnast mér hins vegar vera allt annað mál. Mér finnst jafnvel að við gætum flokkað heimavistirnar og þátttöku sveitarfélaganna í þeim sem hluta af eðlilegri þjónustu sveitarfélaganna við þá íbúa sína sem þurfa vegna aðstæðna að leita annað. Sveitarfélagið tekur þá með þeim hætti þátt í að styðja við bakið á þeim varðandi íbúðir og kjör. Ég er mun opnari fyrir því ákvæði en ég endurtek að á móti finnst mér eðlilegt að það sé jafnframt endurskoðað hvernig sveitarfélögin koma inn í uppbyggingu skólans sjálfs.

Eins og ég sagði áðan lít ég á þessi lög eins og það sem þau eru, sem ákveðinn ramma um skólastarf og auðvitað er það svo þegar við erum að fjalla um þessa löggjöf eins og svo margt annað sem fyrst og fremst er á mannlegu valdi hvernig muni fara að sá veldur sem á heldur. Mér finnst ekki hafa verið nægilega skýrt hvernig fagleg áhrif kennara eiga að njóta sín innan skólanna. Sú gagnrýni, sem framhaldsskólakennarar hafa haft uppi varðandi samþykki skólanámskrár og hvernig að henni er staðið, finnst mér að mörgu leyti réttmæt. Mér finnst ástæða til þess að hlusta betur eftir þeirri gagnrýni en gert hefur verið.

Ég er einnig sammála þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á samræmd próf innan framhaldsskólans og ég vænti þess að þar sé einungis verið að tala um könnunarpróf til þess að skólarnir sjálfir geti áttað sig á stöðu sinni í samanburði við aðra. Mér finnst reynslan af samræmdum prófum grunnskólanna ekki vera þannig að ástæða sé til þess að spegla hana yfir í framhaldsskólann. Það væri hins vegar mjög æskilegt að í grunnskólanum væru samræmd könnunarpróf. Þeim er að fjölga en þau hefðu þurft að koma á undan öðrum samræmdum prófum og hefði þá hinna síðari aldrei verið þörf

vegna þess að það er dálítið hlálegt fyrir grunnskólakennara sem eru að útskrifa nemendur sína úr 10. bekk að fá þá loksins samanburð á því sem hann og nemendur hans hafa verið að gera þegar nemendur eru útskrifaðir úr skólanum. Ólíkt hefði verið betra að fá slíkan samanburð þegar nemendur voru í 8. bekk eða jafnvel 9. bekk og geta þá gripið inn í þar sem augljóslega eitthvað væri ekki eins gott eins og það ætti að vera. Ég bind vonir við að framhaldsskólinn verði ekki látinn gjalda þeirrar dellu sem mér finnst hafa viðgengist í grunnskólanum að menn séu með samræmd lokapróf sem enga lærdóma er síðan hægt að draga af.

Skólapólitísk atriði ýmiss konar finnst mér ekki ástæða til þess að semja fyrst um í kjarasamningum. Mér finnst eðlilegt að stjórnvöld axli ákveðna ábyrgð af skólastefnunni, að stjórnvöld hafi kjark til að koma fram með tiltekna skólastefnu en semji síðan við kennara í kjarasamningum ef svo ber undir. Þannig finnst mér í rauninni einu gilda hvort talað er um 145 eða 150 skóladaga í framhaldsskólanum. Í báðum atriðum er verið að setja fram tiltekna skólastefnu og síðan þarf augljóslega að gera kjarasamning við kennara. Svo er um fleiri atriði.

Mér hefur oft fundist að dálítið skorti á frumkvæði stjórnvalda þegar verið er að móta skólastefnu á Íslandi og þá í leiðinni að þau hafi ekki axlað þá ábyrgð sem á þeim hefur þó hvílt lögum samkvæmt. Þannig má segja að þegar grunnskólinn er annars vegar hafa þær framfarir sem þar hafa orðið meira og minna gerst í gegnum kjarasamninga enda hefur stjórnvöldum oft og einatt ekki fundist þau bera mikla ábyrgð á þeim breytingum eða fylgt þeim eftir af þeim áhuga sem ég hefði viljað sjá. Sömuleiðis eru mörg atriði innan framhaldsskólans sem hafa orðið til vegna áhuga kennara og vegna þrýstings kennara og hafa þannig orðið til í kjarasamningum.

Ég er ekki að andmæla því að skólastefna komi fram í kjarasamningum. Ég er fyrst og fremst að gagnrýna það að mér finnst oft og einatt að stjórnvöld hafi ekki staðið við bakið á þeirri skólastefnu sem hefur verið mótuð og að hluta til er það vegna þess að þau hafa veigrað sér við að móta hana og síðan ekki tekið á henni ábyrgð eftir að hún hefur verið staðfest.

Herra forseti. Þetta mál sem hér er til umfjöllunar er stórt og leiðir anga sína í það margar áttir í þjóðlífi okkar að ugglaust væri hægt að fjalla um það lengi dags án þess að umræðuefni þverri en ég tel mig vera búna að fara nokkurn veginn yfir það sem kemur fram í því nefndaráliti sem ég styð, búna að rökstyðja það og fylla út í þá mynd sem ég taldi nauðsynlegt að gera. Ég vil ljúka máli mínu með því að vísa í það sem kemur í lok þessa nefndarálits þar sem fram kemur að það versta sem er í þessu frv. og það sem ég harma að í rauninni skuli þurfa að vera á ferðinni vegna þess að ég tel að það skaði þá umræðu sem hefði ella getað farið fram um skólamál með uppbyggilegri hætti en e.t.v. er og verður, er það frv. sem hér liggur fyrir þinginu nú eftir að það er komið út úr nefnd um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Undanfarna daga hef ég oft nefnt það úr þessum ræðustól hversu furðuleg forgangsröðun það er hjá stjórnvöldum að kjósa að taka þessi tvö frumvörp, frv. um réttindi og skyldur og breytingu á vinnulöggjöfinni, svona langt fram yfir öll önnur mál sem hér eru til umfjöllunar, það langt fram yfir að þau hafa í rauninni notið þess forgangs að allt annað hefur orðið að víkja til hliðar. Mér finnst það miður að svo skuli vera og mér finnst það gagnrýni vert. Það er mjög slæmt þegar sú löggjöf sem við erum að fjalla hér um og annað sem skiptir verulegu máli fyrir svo marga er gert að eins konar hornreku vegna mála sem verið er að þjösna í gegn í fullkominni andstöðu við þá sem við eiga að búa.

[14:09]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir færi rangt með staðreyndir þegar hún vék að Fiskvinnsluskólanum í máli sínu áðan. Það var ekki hægt að skilja hana öðruvísi en svo að þar færi ekki fram nein verkleg kennsla, að verklega kennslan færi öll fram utan veggja skólans. Það ert hins vegar ekki rétt og þar sem ég sit í skólanefnd Flensborgarskóla, sem er a.m.k. eins og stendur með skólanefndarstörf fyrir fiskvinnsluskóla, þá tel ég rétt að leiðrétta það að innan skólans og samkvæmt kennsluskrá skólans fer fram mjög viðamikil verkleg kennsla. Ég vil bara koma þessu á framfæri og leiðrétta hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur hér með.

[14:10]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi ekki alls kostar þetta andsvar. Það sem ég var að gera áðan var það að ég var að rekja það fyrirkomulag sem ég þekki frá Dalvík. Ég er ekki viss um að ég hafi vikið að Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði en hafi ég gert það ranglega þá finnst mér það slæmt. Ég hef ekki sett mig nákvæmlega inn í það hvernig hann er rekinn núna. Ég veit að rekstrarsniði hans hefur verið breytt frá því sem var en ég er nokkuð viss um að ég fór rétt með það sem sneri að þeim skóla sem ég fjallaði um.

[14:10]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru tvö atriði sem ég vildi gera að umtalsefni sem komu fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Það var annars vegar það sem hún nefndi um lóðir án kvaða eða gjalda sem sveitarfélög skulu samkvæmt frv. leggja til þegar um framhaldsskóla er að ræða. Það eru ekki mörg verkefni eftir þar sem ríki og sveitarfélög leggja fram stofnframlög saman. En heilsugæslustöðvarnar eru þó verkefni sem ríki og sveitarfélög fjármagna saman og þar er nákvæmlega sams konar ákvæði inni í lögum sem lýtur að byggingu heilsugæslustöðva.

Annað sem ég vildi nefna var varðandi kjarnaskólana og hagsmuni nemenda þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið þátt í stofnun framhaldsskóla. Auðvitað er ekki gert ráð fyrir því að allir skólar verði kjarnaskólar heldur er heimild fyrir því að gera framhaldsskóla eða deild að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í kjarnaskólanum fer fram þróunarstarf og kjarnaskólinn er þá hugsaður sem þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið. Ég er ekki viss um að það reyni svo mikið á samspilið milli þessa t.d. gagnvart nemendum úti á landi þar sem sveitarfélag hefur átt aðild að stofnkostnaði.

Mér dettur í hug einn skóli í kjördæmi hv. þm., Laugaskóli, skóli sem væri kannski hægt að skilgreina sem heimaskóla, en nemedur þess skóla eru fyrst og fremst nemendur annars staðar að en kannski hafa heimanemendurnir ekkert sérstaklega sótt þangað frekar en annað en þeir hafa að sjálfsögðu átt þess kost.

[14:13]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er kunnugt um að það eru ýmsar rósir til í eldri lögum varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga og ekki allar til fyrirmyndar og þessi fyrirmynd kannski ekki það sérstök að ástæða sé til að taka hana upp í þessu sambandi. Þess vegna mun ég halda áfram að gagnrýna þetta ákvæði. Það hefur ekki tilgang lengur.

Hins vegar varðandi kjarnaskólann geri ég mér það alveg ljóst að það verða ekki allir skólar kjarnaskólar og einungis hluti af starfsemi tiltekins skóla mun verða það sem við köllum kjarnaskóla. Ég hef hins vegar áhyggjur af þessu atriði og ég óttast ef það verður ekki tekið á því með einhverjum hætti kunni það að valda árekstrum vegna þess að það er auðvitað fyrst og fremst þetta ákvæði um skólavist óháð búsetu sem þarna gæti komið til. Ég þekki það beinlínis af eigin reynslu sem sveitarstjórnarmaður og einnig eftir að hafa setið í skólanefnd framhaldsskóla að þarna geta myndast árekstrar. Þeir gerðu það í kerfinu eins og það er núna og gera það eins og það er núna og þeir munu gera það enn þá frekar eftir að þetta frv. verður að lögum. Þess vegna segi ég þetta ekki hvað síst í varnaðarskyni vegna þess að ég tel að menn verði að búa sig undir það að á þessum málum þarf að taka.

[14:14]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir árekstrar sem hafa átt sér stað í núverandi kerfi hafa fyrst og fremst orðið á höfuðborgarsvæðinu. Þar hefur verið megn óánægja með að nemendur á þessu svæði, en hér eru margir skólar, og auðvitað þá nemendur líka annars staðar að, hafi ekki getað valið sér þann skóla sem þeir kjósa helst að sækja. Mér er ekki kunnugt um að gagnrýnin hafi verið svo sterk annars staðar en hér. Það er fyrst og fremst á þessu svæði, e.t.v. eitthvað líka á Akureyri.

[14:15]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum að tala um stórt og mikið mál sem er frv. til laga um framhaldsskóla og beðið hefur verið lengi eftir. Ég dreg ekki í efa að það er sjálfsagt mjög margt gott í þessu frv. En við lestur þess verð ég þó að viðurkenna að þar er margt sem ég hefði kosið að hefði verið á annan veg.

Ég leyni því ekki að ég staðnæmdist nokkuð við lestur þessa frv. og yfirferð yfir það þegar mér barst í hendur bréf frá menntmrn., efni um verkaskiptingu milli skóla á framhaldsskólastigi. Ég er ekki sáttur við allt sem stendur í því bréfi og ég held að við, sem lesum þetta bréf, hljótum að álykta sem svo að þetta sé stefna þess sem skrifar þetta bréf, það sé stefna til framtíðar litið. Ef svo er vil ég biðja menn að fara hægt því að svo sannarlega veltur á miklu um framkvæmd þess máls.

Þetta er upp á verulega margar síður en þegar maður lítur til baka og veltir því fyrir sér hvernig umræðan hefur gengið um þessi mál og hversu sorglega skammt hefur miðað í þessum efnum þá kemur margt upp í hugann. Maður hrekkur þá kannski ekki eins við eins og annars hefði orðið þegar maður áttar sig á því og les og þykist þekkja pennafórin á bréfinu.

Virðulegi forseti. Í þessu bréfi stendur án þess að ég ætli að lesa það allt því að það mundi varla endast dagurinn: „Það sem fyrst og fremst var haft að leiðarljósi við tillögugerðina er það markmið að tryggja öllum nemendum sem besta menntun án tillits til þess hvar þeir eru búsettir og hvernig koma megi við sem mestri hagræðingu í starfi skólans."

Þetta er góð og fögur hugsjón og er reyndar vikið að þessu einnig í 15. gr. frv. og hér hefur komið fram það sem stendur þar:

„Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla."

Það er þetta með jafnrétti til náms. Hvað er þetta jafnrétti til náms sem nefndin hefur verið að fjalla um? Mér finnst vanta sorglega í þessu frv. skilgreiningu á því hvað er jafnrétti til náms. Eins og ég skil orðið „jafnrétti til náms", þá er það ekki í þessu frv. Við erum ekki að tala um jafnrétti til náms. Það er ekki verið að tala um fullkomið jafnrétti til náms og sums staðar finnst mér við sveigja þar verulega af leið. Þá er ég kominn að því sem lýtur að verkmenntunarþættinum sem mér finnst því miður menn fara nokkuð frá þessari fögru hugsjón sem er og menn kalla jafnrétti til náms.

Það er einnig fróðlegt að glugga aðeins meira í þetta bréf. (**ÖS:** Er þetta málþóf?) Ja, það gæti orðið það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, en við sjáum nú til, ekki var það meiningin. Í þessu bréfi segir einnig:

„Af ýmsum er því haldið fram að nemendur sem koma frá litlum skólum hafi ekki hlotið jafngóðan undirbúning til áframhaldandi náms og þeir nemendur sem stunda nám við stærri og öflugri skóla."

Hvar er rökstuðningurinn fyrir þessu? Ég reikna með því að einhver komi í andsvari á eftir og mér þætti vænt um það ef hann segði mér það og benti mér á það hver rökstuðningurinn er fyrir þessu. Ég veit ekki til þess að þetta hafi við rök að styðjast. Ég held einmitt þveröfugt að margir af hinum smærri skólum úti á landsbyggðinni hafi fyllilega alla burði til þess og hafi sýnt það í úttektum sem gerðar hafa verið að þeir standi stærri skólunum í Reykjavík alveg fullkomlega á sporði hvað þetta viðvíkur. Því er þetta sett á blað? Hvað býr að baki því að setja svona orð á blað?

Aðeins neðar í sama bréfi stendur: „Á undanförnum árum hefur verið tiltölulega mikið byggt af húsnæði fyrir framhaldsskóla, einkum utan höfuðborgarsvæðisins." Já, ég skal ekki segja um það. Mér er ljóst að það hefur verið á undanförnum mörgum árum. Sumir hafa viljað kenna það við títtnefndan framsóknaráratug, þá hafi mikið verið byggt af skólum og það er rétt. Á þeim árum voru byggðir fjölbrautaskólar og menntaskólar í öllum kjördæmum landsins. Það var gert. (**ÖS:** Ekki nærri nógu margir.) Hvað segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson? Ég bið hann að tala hærra bæði svo að ég og þjóðin heyri til hans. Það hlýtur að vera meiningin með frammíkallinu. (**JónK:** Þjóðin heyrir alveg nóg til hans.) Hún er búin að fá nóg af honum já, það er rétt hv. þm. Jón Kristjánsson. Hún er að verða búin að því.

En hvað er verið að segja í sambandi við byggingu skólahúsnæðis? Er ekki verið að segja það hér ef við notum venjulegt mannamál, eru menn að tala um að búið sé að offjárfesta í skólum úti á landi? Er það það sem verið er að segja? Þá spyr ég aftur: Nú er verið að byggja og á að fara að byggja skóla í þessum landshluta sem er allt í lagi ef þörf er fyrir það. En hvað á þá að gera við þá skóla sem menn eru að segja að það sé búið að byggja of mikið af? Á að leggja þá af? Er ekki fullkomin skynsemi í því að reyna að nota þá fjárfestingu sem þegar liggur fyrir í þessum mannvirkjum

úti á landi? Eða er meiningin að fara að byggja upp í stórum stíl í Reykjavík fyrir nemendur utan af landi sem þegar er búið að byggja yfir skóla og sums staðar er verið að byggja enn? Þetta kallar líka á skýringar vegna þess að hér er ég ekki að tala um frv. sjálft. Hér er ég fyrst og fremst að tala um bréf sem er skrifað á bréfsefni menntmrn. og það hlýtur að vera viss vísbending um stefnu til framtíðar litið. Við þurfum að fá að vita það áður en við greiðum atkvæði um framhaldsskólafrv. hvort svo er.

Ég ætla að láta það vera að vitna meira í títtnefnt bréf en það er strikað yfir það á gulu hjá mér með áherslupenna á tveimur eða þremur stöðum á hverri síðu. (Gripið fram í.) Hver skrifaði bréfið? Ég sagði það ekki og veit það ekki, hv. þm., hins vegar sagði ég það áður en hv. þm. gekk í salinn að ég hef lengi velt fyrir mér verkmenntunarmálum og kynnt mér þau nokkuð. Því þykist ég þekkja pennaförin á þessu bréfi. Meira hef ég ekki sagt um höfundinn. En ég vona að hv. þm. geti nokkurn veginn áttað sig á því hvað ég er að fara.

Að sjálfsögu er langstærsti hluti frv. mjög gott mál. Ég fagna því að það skuli vera tekið á verknámsþættinum þó að ég hafi haft aðrar áherslur þar um og talið að það mætti gera það á annan hátt. En það er ekki þar með sagt að ég hafi rétt fyrir mér í því. Ég veit að hinir ágætustu menn hafa fjallað um málið og ég ber fullt traust til þeirra. Ég hefði viljað leggja mjög ríka áherslu á að sá mikilsverði þáttur kæmi sterkar fram sem er námsráðgjöf. Ég hef tilfinningu fyrir að gríðarlega mikið skorti á í hinum ýmsu skólum að námsráðgjöf sé ekki nægjanlega öflug og mér finnst hinn stóri biðlisti og falllisti sem er við Háskóla Íslands gefa mér vísbendingu um það. Hann sýnir mér að nemendur eru ekki fyllilega búnir að átta sig á því þegar þeir ákveða að fara í háskólanám hvert skuli halda. Ég held að þessi þáttur liggi gríðarlega mikið eftir.

Ég nefni það enn og aftur að ég legg mikla áherslu á verknámsþáttinn og ég fagna því sem kemur fram í 44. gr. frv. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim."

Mér finnst þetta gott mál og vil draga það fram. En þegar við fjöllum um þennan þátt námsins, sem er verknámsþátturinn, er einmitt hárrétt athugað hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, sem situr í menntmn., að það hlýtur að vekja athygli okkar að í tæknivæddum samfélögum á Vesturlöndum kemur það fram að 70% nemenda fara í starfsnám í þessum ríkjum en 30% í bóknám. Hér hjá okkur Íslendingum er þessu því miður algerlega öfugt farið. Hér fara 30% nemenda í starfsnám en 70% nemenda fara í bóknám. Þetta er uhugsunarefni og mér finnst það segja mér æðimikla sögu um það hversu hægt okkur hefur raunverulega miðað.

Ég vildi líka víkja að öðrum þætti frv. sem er kostnaðarskiptingin í sambandi við byggingu heimavistar sem er í 37. gr. frv. en þar er sú breyting gerð á að nú skuli viðkomandi sveitarfélög greiða 40% af kostnaði við byggingu heimavistar en ríkissjóður hins vegar 60%. Raunverulega mun enn stærri hlutur falla á viðkomandi sveitarfélag vegna þess að þessi kostnaðarskipti eru, ef ég hef lesið rétt, bundin við norm og það sem er umfram norm mun falla til viðbótar á sveitarfélögin. Og það þekkjum við sem höfum staðið fyrir slíkum byggingum að oft er það nokkuð stór hluti sem það gerir. Ég er óánægður með þetta atriði. Ég verð að segja að ég er meira en óánægður, ég er ósáttur við þetta ákvæði, algjörlega ósáttur við þetta ákvæði og sætti mig engan veginn við þessa kostnaðarskiptingu. Ég trúi því og vil mælast til þess við hv. menntmn. að hún endurskoði þetta ákvæði á milli 2. og 3. umr. Þetta er óréttlátt og ég vil víkja aðeins að því sem segir í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga og spyrja um það hver viðbrögð nefndarinnar hafi orðið við bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga um þennan þátt málsins. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga getur ekki fallist á. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir þeirri breytingu á ákvæði gildandi laga um framhaldsskóla er kveður á um að ríkið greiði byggingu heimavistarhúsnæðis við framhaldsskóla að fullu." Og síðan segir í bréfinu og það er nauðsynlegt fyrir fulltrúa og þingmann Alþfl. í Reykjavík, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að heyra hvað þar stendur: „Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að ríkið greiði að fullu allan byggingarkostnað og stofnbúnað framhaldsskóla."

Veltu hv. nefndarmenn þessu áliti ekki alvarlega fyrir sér? Ég vil líta á það sem segir hér í frv. og biðja um skýringu. Í 37. gr. á bls. 40 segir: „Gert er ráð fyrir að samið verði um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig sveitarfélögum verði bætt aukin þátttaka í kostnaði við byggingu heimavista."

Hvað er verið að segja hér? Ég hef áhuga á að fá að vita það áður en ég greiði atkvæði hvað stendur á bak við þessi orð. Það hlýtur að hafa verið spurt um slíkt í nefndinni. Hér er mikið sagt og getur skipt sköpum um afstöðu manna með eða á móti þessu máli þar sem við erum að tala um kostnaðarskiptingu um byggingu heimavista. Þess vegna kalla ég eftir því. Ég er hins vegar algjörlega á annarri skoðun en hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sem talaði á undan mér. Hv. þm. var fremur sátt við það, ef ég skildi orð hennar rétt, að þessi kostnaðarskipti yrðu tekin upp, 40% og 60%, í byggingu heimavistarhúsnæðis en vildi síður að viðkomandi sveitarfélag legði fram lóðir undir slíkar fasteignir. (**SvanJ:** Nei.) Nú. (**SvanJ:** Selja lóðir undir viðkomandi fasteignir!) Þá hef ég bara alls ekki heyrt rétt (**SvanJ:** Já.) Hv. þm. sagði að það þyrfti að greiða lóðargjöld af þeim fasteignum sem væri að byggja. Hv. þm. sagði einmitt að það væri skárri kostur í hennar huga. Ég er henni nefnilega í þessu máli algjörlega ósammála. (**Gripið fram í:** Hvað er að þessu?) Sá staður sem verður fyrir því að fá skóla í sína heimabyggð, sem er byggður upp ekki bara til að þjóna því byggðarlagi einu saman heldur fyrir miklu stærra svæði, nýtur á margan hátt mjög góðs af því. Það er engin spurning. Þar eru kennararnir og af staðsetningu skólans hljótast margvísleg þægindi. Við þurfum ekki að ræða hvað það er t.d. miklu betra að geta haft börnin hjá sér. Mér finnst þess vegna að þegar sveitarfélag er svo heppið, ef ég má orða það svo, að fá til sín slíkar framkvæmdir, sé ekki ósanngjarnt að þar sé lóðin lögð til. Ég legg miklu meiri áherslu á kostnaðarskiptinguna hvað varðar heimavistarhúsnæðið. Menn verða að átta sig á því þegar um svona mál er fjallað að það er ekki hægt að bera þetta saman við skóla í Reykjavík. Leigumarkaðurinn á þessum stöðum vítt og breitt um landið er allur annar. Við höfum mörg dæmi um það að aðsókn að þessum skólum sem vikið er hér að er langt umfram það sem skólarnir geta sinnt vegna skorts á heimavistarhúsnæði. Mér finnst bréfið vera að segja að menn hafi verið að offjárfesta. Það er ekki hægt að alhæfa

í þessu. Það er skynsamlegt að nýta þessar fasteignir og það er skynsamlegt að byggja upp heimavistir á þessum stöðum. Við vitum að það er mikil aðsókn að þessum skólum og það sárvantar þessa aðstöðu til heimavistar.

Þess vegna segi ég það og það skulu vera mín lokaorð, virðulegi forseti, að ég vænti þess að nefndin taki þetta atriði frv. upp í nefndinni á milli 2. og 3. umr. og athugi af fullri ábyrgð hvort ekki sé skynsamlegt að draga þetta ákvæði til baka og hafa þetta óbreytt.

[14:38]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 94. mál, brtt. RA o.fl., þskj. 910.

Símgjöld stjórnmálasamtaka, 508. mál, fsp. KH, þskj. 909.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 910. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[14:43]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Frv. til laga um framhaldsskóla hefur legið um skeið fyrir hv. þingi og hefur verið gagnrýnt töluvert mikið. Ég hef t.d. undir höndum álitsgerð stjórnar Skólameistarafélags Íslands þar sem koma fram fjöldamargar athugasemdir við þetta frv. og það m.a. gagnrýnt út frá því sjónarmiði að í því gæti um of tilhneigingar til smáatriða stjórnunar og miðstýringar.

Á þingi Hins íslenska kennarafélags í nóvember sl. var frv. tekið til umræðu og þar var því hafnað samhljóða í atkvæðagreiðslu. Það sýnir hvílíkur stuðningur er við þetta frv. meðal þeirra sem starfa í skólunum að á fjölmennu þingi þar sem að sjálfsögðu eru mættir kennarar með hinar ólíkustu stjórnmálaskoðanir, vafalaust fylgismenn allra hinna pólitísku stjórnmálaflokka, er ákveðið samhljóða að mæla með því að við fellum þetta frv.

Framhaldsskólakennararnir komust að þeirri niðurstöðu að frv. væri ekki til hagsbóta fyrir nemendurna. Það dragi úr möguleikum kennara til að hafa áhrif á stefnumótun í skólum og væri yfirleitt ekki boðberi menntastefnu sem verðskuldaði framgang. Þetta hefur verið rakið hér í umræðunni og er ástæðulaust að fjölyrða frekar um það. En þannig er staðan að þeir sem gerst þekkja til hafa gagnrýnt frv. mjög einarðlega og kennarasamtökin eru eindregið andvíg því eða a.m.k. Hið íslenska kennarafélag að frv. nái fram að ganga.

Ég ætla hins vegar fyrst og fremst að vekja enn frekari athygli á 37. gr. frv. en þar tel ég að sé mikið ranglæti á ferðum. Það hefur verið svo um áratuga skeið að ríkið hefur kostað byggingu heimavista við framhaldsskólana að fullu og fjöldamörg sveitarfélög hringinn í kringum landið hafa notið þess að ríkið hefur talið sér skylt að kosta heimavistarbyggingar. Þeir sem hafa byggt menntaskóla hafa þar að auki fengið þann kostnað greiddan að fullu vegna þess að kostnaður við menntaskólabyggingar hefur verið greiddur að fullu. Það hefur þá eingöngu verið kennsluhúsnæðið fyrir fjölbrautaskólana sem hefur verið fjármagnað með þeim hætti að sveitarfélögin hafa þurft að borga 40% kostnaðarins. En í þessu frv. er verið að lækka hlut ríkisins úr 100% í byggingum heimavista í 60%. Það er sem sagt verið að velta tæpum helmingi kostnaðarins yfir á sveitarfélögin og þetta er að sjálfsögðu býsna alvarlegt mál.

Ég vek á því athygli að allmörg sveitarfélög eiga enn eftir að byggja heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur í viðkomandi kjördæmum meðan aftur á móti önnur kjördæmi hafa lokið þessu verkefni nokkurn veginn að fullu. Þetta skapar því mikla mismunun milli kjördæma og milli héraða. Mér er kunnugt um að til stendur að reisa heimavistarbyggingu á Húsvík svo ég nefni dæmi. Mér er einnig kunnugt um að til stendur að byggja heimavistarbyggingu við framhaldsskóla á Akranesi. Og ég veit til þess að á Sauðárkróki, í heimahéraði mínu, er verið að undirbúa stækkun heimavistar. Auðvitað kostar það stóraukna fjárhagsbyrði fyrir sveitarfélögin í þessum kjördæmum að þurfa nú að fara að borga 40% hlutdeild í þessum heimavistarbyggingum og að sjálfsögðu er ekkert réttlæti í því að þau þurfi að gera þetta á sama tíma og fyrir liggur að fjöldamörg önnur sveitarfélög á landinu hringinn í kringum landið hafa fengið þennan kostnað borinn upp að fullu. Ég tek sem sagt undir hvert orð sem fram kom hjá seinasta ræðumanni hv. þm. Norðurl. v., Stefáni Guðmundssyni, sem vakti athygli á þeirri athugasemd í grg. frv. að taka þyrfti upp viðræður við samtök sveitarfélaga um það hvernig á þessum vanda skuli tekið. Nú er framhaldsskólafrumvarpið búið að vera í þinginu tvo vetur og mér hefði fundist einfaldara að sá hæstv. ráðherra sem flytur þetta frv. og sá sem gegndi starfi menntmrh. í tíð fyrri ríkisstjórnar hefðu tekið upp samninga við sveitarfélögin um þetta atriði og komið því á hreint hvernig sveitarfélögunum verði bætt þetta vegna þess að óneitanlega grunar mann að þetta séu orðin tóm og lítið standi á bak við þessa fullyrðingu.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort ætlunin sé að styðja eða styrkja sveitarfélögin sem eina heild til þess að koma til móts við þann kostnað sem af þessu leiðir. Eða á að greiða styrki til einstakra sveitarfélaga vegna þessa atriðis? Það er ljóst að ef sveitarfélögunum yrði bætt þetta með því einu að þau fengju öll eitthvað örlítið meira í sinn kassa en ekkert tillit væri til þess hvaða sveitarfélög væru að byggja og hver ekki þá væri nú lítill hagur af því fyrir þau sveitarfélög sem verða þarna fyrir mesta skellinum. Ef eigi aftur á móti að greiða þetta þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga þá skil ég ekki til hvers verið er að þessu. Þá virðist manni að ríkið græði harla lítið á þessari breytingu og væri þá eins gott að hafa það eins og er í lögunum í dag, að ríkið greiði þetta að fullu. Hér er spurning sem hæstv. menntmrh. mætti gjarnan svara vegna þess að svarið liggur sannarlega ekki í augum uppi. Og ef það er svo að ætlunin er að greiða þetta viðkomandi sveitarfélögunum þá er þessi breyting alveg út í bláinn og græðir enginn neitt á henni.

Ég tel hins vegar að það sé affærasælast að hafa þetta óbreytt í lögum og að ríkið greiði þennan kostnað að fullu. Af þeirri ástæðu hef ég flutt ásamt hv. 4. þm. Norðurl.e., Steingrími J. Sigfússyni, og hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, brtt. við 37. gr. þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði þennan kostnað að fullu.

Ég vil láta þess hér getið að þau sveitarfélög sem ég tiltók áðan að hefðu heimavistarbyggingar í undirbúningi, þ.e. sveitarfélögin sem standa að framhaldsskólanum á Akranesi, Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki og Fjölbrautaskólanum á Húsavík, reyndar eru þetta allt fjölbrautaskólar, þótt þeir séu framhaldsskólar í eðli sínu bera þeir víst allir nafnið fjölbrautaskólar. (**Gripið fram í:** Ekki á Húsavík.) Nú, ekki á Húsavík, þá biðst ég afsökunar. Ég hélt að það væri einnig fjölbrautaskóli þar. En það er fjölbrautaskóli á Akra-

nesi, fjölbrautaskóli á Sauðarkróki og síðan framhaldsskóli á Húsavík. Þessi sveitarfélög hafa nú um nokkurra ára skeið verið að undirbúa sig undir að koma upp þessum heimavistum og hafa sótt um það til hæstv. menntmrh. og fyrirrennara hans að mega fara af stað með undirbúning að þessum byggingum. Að sjálfsögðu þarf að hanna þessar byggingar og það þarf að gera ýmiss konar samninga og jafnvel þótt fé sé ekki fyrir hendi til þess að hefja uppsteypu þarf oft nokkurn tíma til þess að undirbúa slíkar framkvæmdir. Þess vegna hefur verið leitað eftir því nú í tvö ár að menn mættu hefja hönnun og fyrsta undirbúning, ég hygg á öllum þessum þremur stöðum. En svörin hafa alltaf verið þau að í ráði sé að lækka hlutdeildarkostnað ríkisins við byggingu framhaldsskóla og á meðan það mál sé ekki frá gengið verði engir slíkir samningar gerðir. Þetta hefur vissulega komið sér mjög illa fyrir þessa staði og tafið fyrir uppbyggingu á þeim og að því leyti er auðvitað mjög gott að fá þetta mál á hreint til þess að uppbyggingin á þessum stöðum tefjist ekki frekar. En ég tel að það eigi að verða á þann veg að þetta atriði verði óbreytt í lögum og mæli því eindregið með samþykkt þeirra brtt. sem hér hefur verið lögð fram.

[14:55]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu afar mikilvægt mál, mál sem snertir mjög stóran hóp í samfélagi okkar. Það er alveg ljóst að þegar skólamál eru á ferð eru það mál sem snerta mjög marga. Hugmyndir fólks um það hver það er sem á að sinna menntun í landinu, fyrir hvaða menntun er þörf og hvernig á að skipuleggja hana eru margvíslegar. Það hefur verið meginreglan í okkar samfélagi frá því að menn tóku fyrst að setja lög um skóla að menntun þegnanna hefur verið eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins. Það var einfaldlega litið þannig á það að hlutverk menntakerfisins væri það mikilvægt að enginn annar gæti sinnt þessu hlutverki. Kostnaðurinn væri það mikill að enginn annar gæti sinnt því. Jafnframt höfðu menn þær væntingar til menntakerfisins og þær skoðanir á hlutverki þess að það væri rétt að ríkisvaldið hlutaðist til um það hvert væri inntak og skipulag skólakerfisins.

Nú má segja að á þessu séu að verða nokkrar breytingar aðallega að því leytinu að við erum að upplifa þá stóru breytingu að það er verið að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Það er auðvitað grundvallarbreyting og við eigum eftir að sjá hvernig hún reynist. Eftir því sem ég heyri fer tvennum sögum af því hvernig tekist hefur til á Norðurlöndunum þar sem þessi yfirfærsla hefur átt sér stað varðandi ýmist það sem snýr að hlutverki skólans, stöðu kennara eða það hvað nemendum er boðið upp á. Þetta er allt saman umdeilanlegt og skólakerfi er einfaldlega þannig stofnun sem þarf alltaf að vera í þróun og endurskoðun. Menn verða alltaf að átta sig á kröfum tímans, kröfum samfélagsins í heild, kröfum atvinnulífsins, þörfum einstaklinganna o.s.frv. Ég hygg að ef við horfum á íslenska skólasögu sé kannski megingallinn hér sá að menn hafa verið mjög lengi að átta sig á breytingum og nýjum þörfum. Ef ég leyfi mér aðeins að horfa aftur í tímann og einbeiti mér að framhaldsskólastiginu þá var það svo fram yfir síðustu aldamót að sú framhaldsmenntun sem veitt var í landinu miðaðist fyrst og fremst við þarfir kirkjunnar. Það var kirkjan sem í raun stjórnaði þeirri framhaldsmenntun sem hér var veitt fyrir utan það að ef ég miða við síðustu aldamót þá var þegar búið að stofna hér prestaskóla og læknaskóla einmitt vegna brýnnar þarfar.

Önnur menntun, starfsmenntun, varð til fyrir utan þetta framhaldsskólakerfi. Það raunverulega skólakerfi sem til var, skipulagt og greitt af þáv. ríkisvaldi, miðaðist við svo þrönga hagsmuni að aðrir skólar urðu til þar fyrir utan. Jafnframt að vinnustaðir fara að sinna þeirri menntun sem veitt var, þ.e. það sem við köllum starfsmenntun í dag, varð til utan skólakerfisins. En síðan kallaði það á stofnun sérskóla. Það hefur einkennt íslenskt skólakerfi um áratuga skeið að við höfum annars vegar verið með almenna menntaskóla og hins vegar með sérskóla. En á allra síðustu árum hefur sú stefna verið rekin að fækka sérskólum og að búa til framhaldsskóla með mjög breytt svið. Þeir eru að vísu ekki margir. Þeir hafa þróast yfir í að vera fjölbrautaskólar, menntaskólar og verkmenntaskólar. Fyrsta spurningin sem vaknar þegar við erum að skoða framhaldsskólastigið er sú hvort þetta sé rétt þróun. Erum við endilega á réttri braut með því að búa til svona stórar einingar sem bjóða upp á marga valmöguleika? Er það endilega það rétta? Er fráhvarfið frá sérskólunum endilega rétt? Ég treysti mér ekki til að svara þeirri spurningu. Ég velti henni bara upp vegna þess að ég sé það alveg fyrir mér að þetta kerfi hefur bæði kosti og galla. Það getur verið afar jákvætt að blanda saman nemendum með mismunandi getu og mismunandi þarfir, bjóða upp á valmöguleika en það hefur líka mjög mikla kosti að reka litla skóla sem einbeita sér að ákveðnum verkefnum. Þar tala ég út frá minni reynslu sem framhaldsskólakennari. Tiltölulega litlir skólar eru mjög góðar einingar til að stjórna og þar verður aðhaldið að nemendum miklu meira en annars staðar. En við hljótum að horfast í augu við það að megingallinn á framhaldsskólakerfi okkar hefur verið sá að það hefur boðið nemendum upp á allt of fáa kosti. Það er langt síðan skólamönnum varð þetta ljóst. Það varð sprenging í íslensku menntakerfi eins og er rakið í nál. 2. minni hluta. Í rauninni eru menn enn þann dag í dag að fást við afleiðingar þessarar menntasprengingar og hafa kannski ekki fundið réttu leiðirnar. Einhvern veginn er það svo að það er ákveðin togstreita milli vilja og stefnu skólamanna annars vegar og svo þess sem mórallinn í samfélaginu krefst vegna þess að einhvern veginn hefur það gerst á alllöngum tíma að sú hugmynd og skoðun hefur orðið ofan á að enginn væri maður með mönnum nema hann lyki stúdentsprófi. Hver sem orsökin er fyrir þessari hugmyndafræði hefur hún því miður orðið mörgum ungum piltinum og ungri stúlkunni fjötur um fót vegna þess að við höfum horft upp á það í framhaldsskólakerfinu að þangað hefur komið inn fjöldi nemenda sem hafa því miður ekki ráðið á nokkurn hátt við það nám sem þar hefur verið boðið upp á og hafa beðið þar mikinn ósigur.

Ég get rifjað upp af þessu tilefni þá hugsun mína og hugmynd sem ég ræddi töluvert í fyrra í sambandi við grunnskólann, og ég er ekkert sannfærð um og ekki sátt við þá niðurstöðu sem varð, sem er sú að senda alla nemendur út úr grunnskólanum inn í framhaldsskólann. Að vísu skal ég taka það fram að það er búið að búa til ákveðna þröskulda í grunnskólanum sem reyndar er ekki farið að reyna á enn þá. En ég á eftir að sjá að þeir þröskuldar verði með þeim hætti að nemendur verði á einhvern hátt stöðvaðir eða látnir staldra við þannig að þeim verði gert að standast ákveðnar kröfur og að þeir verði látnir ljúka ákveðnum áföngum og að uppfylla tilskildar kröfur áður en þeir fara inn í framhaldsskólann. Ég hef verið að velta fyrir mér í því sambandi hver munurinn sé á því að þurfa að vera heldur lengur í grunnskóla og að þurfa að sætta sig við það félagslega eða að fara upp í fram-

haldsskóla og bíða ósigurinn þar. Ég sé ekki muninn á þessu. Mér finnst í rauninni að það væri miklu affarasælla að gera meiri kröfur til grunnskólans en að vera að ýta vandanum upp í framhaldsskólann og búa þar til alls konar möguleika til að gera nemendum kleift að hefja framhaldsskólanám. Að mínu viti á grunnskólinn að skila nemendum þannig af sér að þeir séu reiðubúnir undir framhaldsskólanám. Það er framhaldsskólans að gera nemendur reiðubúna undir háskólanám. Þetta er umdeilanlegt. Þetta er vissulega umdeilanlegt en ég spyr: Á hvorum staðnum er ósigurinn meiri? Þeir sem hafa reynslu af að kenna í framhaldsskóla hafa eins og ég nefndi áðan orðið vitni að gífurlegum ósigri margra sem koma þar inn fyrir dyr og verða fyrir algjöru sjokki. Kannski sjokki lífsins við að standa allt í einu frammi fyrir því að þurfa að standast einhverjar kröfur en koma þannig undirbúnir að þeir ráða ekki neitt við neitt. Þetta er mjög ömurlegt og hverju sem um er að kenna er þetta íslensku skólakerfi til vansa að hafa staðið þannig að málum. Ég kem betur að þessu á eftir þegar ég kem að styttingu framhaldsskólans sem ég set mjög stórt spurningarmerki við.

Hæstv. forseti. Staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir er sú að framhaldsskólakerfi okkar bíður ekki enn þá upp á nægjanlega möguleika fyrir alla þessa nemendur. Sú spurning sem hlýtur að vakna er sú hvort þetta frv. og sú lagasetning sem hér er fram undan breyti einhverju um þetta. Ég hef miklar efasemdir um það. Þó hér sé verið að setja í lög greinar um kjarnaskóla og eflingu verkmenntunar þá er ekkert í núverandi lögum sem kemur í veg fyrir að slíkt sé þróað áfram. Það er það sem menn hafa verið að gera í skólakerfinu. Það sem ég óttast mest í sambandi við þetta frv. er að það frumkvæði og sú þróun í skólamálum sem hefur fyrst og fremst átt sér stað að frumkvæði skólastjórnenda og kennara stöðvist með þessu frv., þessari lagasetningu, vegna þess annars vegar að hér er verið að stýra öllu í átt til aukinnar miðstýringar og aukinnar einsleitni eins og það heitir á máli Evrópusambandsins og hins vegar það sem er mjög alvarlegt atriði að þetta frv. er flutt og því fleytt áfram í andstöðu við kennarasamtökin í landinu, þ.e. fyrst og fremst Hið íslenska kennarafélag sem er fólkið sem á að vinna eftir frv. Ég hlýt að leggja áherslu á þá skoðun mína að skólakerfi sem er greitt af skattborgurunum hlýtur að verða að skapast og starfa í sátt í sæmilegri sátt. Þar með er ekki sagt að skólakerfið geti ekki boðið upp á ýmiss konar möguleika og ég legg mikla áherslu á það sem mér finnst ekki vera í þessu frv. sem er að skólakerfið sé verulega sveigjanlegt. Að það sé boðið upp á margar tegundir skóla, að menn hafi virkilega svigrúm til að þróa skólastarfið að því tilskildu að sjálfsögðu að skólarnir uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til þeirra, þ.e. að búa fólk undir líf og störf og áframhaldandi nám. Það eru auðvitað grundvallarskilyrði. Í rauninni held ég að sú þróun sem hefur átt sér stað í framhaldsskólanum á undanförnum áratugum sé mjög merkileg. Menn hafa verið að gera mjög merkilegar tilraunir og ég get ekki annað en lýst efasemdum um það að sú þróun haldi áfram ef frv. verður að veruleika.

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að víkja að einstökum efnisatriðum í frv. Þar er þá fyrst að nefna þetta atriði með áhrif kennaranna og þá spurningu hver eigi að móta skólastefnuna. Hvar á skólastefnan að verða til? Í mínum huga er það svo að mjög margir eiga að koma að mótun skólastefnu. Kennarar hafa að sjálfsögðu ekki einkaleyfi á því að móta skólastefnu og þeir eru ekki þeir einu sem hafa vit á skólamálum. Að mínum dómi hafa kennarasamtökin oft farið offari hvað það varðar að telja sig nánast umboðsmenn almættisins í þessum málum og hafa að mínum dómi oft gert lítið úr foreldrum og áhrifum foreldra og annarra sem koma að skólastarfi vegna þess að fólk getur haft mjög mismunandi skoðanir á því hver þörfin er fyrir menntun, hvað á að kenna o.s.frv., fólk á að sjálfsögðu að hafa tækifæri til að koma slíkum skoðunum á framfæri og til að hafa áhrif.

En þrátt fyrir allt munu fyrst og fremst kennarar móta innra starf skólanna. Ég er á þeirri skoðun að aðild kennara að skólanefndum hafi verið til góðs þó ég geti að mörgu leyti skilið þau sjónarmið skólameistara að þeim finnist þeir settir í óþægilega stöðu með það að hafa þá sem í daglegu starfi eru undirmenn þeirra allt í einu yfir sér í skólanefndum þá eru kennarar þó fulltrúar mikils meiri hluta starfsmanna í skólum. Þeir þekkja inn á hin daglegu vandamál, eðli kennslunnar, inntak hennar og vandamál nemenda. Ég held að það hljóti að geta skapað ýmiss konar vandræði ef dregið verður úr áhrifum kennara með þeim hætti sem gert er í þessu frv. Hér er verið að styrkja vald skólastjórnenda en jafnframt verið að draga úr valdi kennara. Mun það verða til að draga úr nýsköpun í skólastarfi að kennararnir hverfa út úr skólanefndunum? Nú er það ekki svo að þróun í skólastarfi fari fram í skólanefndum en allt hangir þetta saman.

Það sem kannski skiptir mestu máli þessa mánuðina og næstu árin er að við erum að horfa upp á margfalda atlögu að kennarastéttinni, ef við bara tökum kennarastéttina sem heyrir undir þetta mál. Hér er verið að draga úr valdi kennara hvað varðar áhrif á stefnumótun í skólastarfinu. Við förum hér næstu daga að ræða frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Að mínum dómi er það nú varla svo að kennarar séu búnir að jafna sig eftir þá árás sem þeir urðu fyrir 1990, fyrir sex árum, sem hafði alveg gífurleg áhrif á allt innra starf í skólunum. Ég spyr hvaða áhrif svona framkoma ríkisvaldsins hafi? Hvaða áhrif hefur þetta? Varðandi bráðabirgðalögin 1990 vil ég vitna til orða skólameistara á fundi í menntmn. á síðasta kjörtímabili. Þeir sögðu einfaldlega: „Þróun í skólastarfi hefur stöðvaðst." Hún einfaldlega stöðvaðist vegna aðgerðanna 1990. Þess vegna vil ég vara eindregið við því að menn fari fram með þessum hætti í andstöðu við vilja kennara. Ég spyr hvaða áhrif samþykkt þessa frv. og þær brtt. sem því fylgja, sem breyta engu um þetta megininntak, muni hafa á skólastarfið og sjálfsmynd kennara og opinberra starfsmanna sem verða fyrir þessum margföldu árásum. Hvað eru menn eiginlega að hugsa? Það er óskaplega óheppilegt að það skuli fara saman að menn eru hér að reyna að koma fram ýmsum breytingum á lögum um framhaldsskóla en vera jafnframt að svipta menn æviráðningum, biðlaunum og hóta skerðingu á fæðingarorlofi og guð veit hverju. Maður hlýtur að spyrja hvert þessi ósköp stefni. Hvaða afleiðingar mun það hafa í skólastarfinu? Nógu er illa búið að skólastarfi og launum kennara þó þetta bætist ekki ofan á. Við lifum á tímum mikilla breytinga þar sem öllum ber saman um að ekkert skipti meira máli en að mennta þjóðina, ekki bara unga fólkið heldur á að stuðla að símenntun og endurmenntun, bæta menntun þess fólks sem átti þess lítinn kost að mennta sig þegar það var í æsku. Það er nöturlegt að bera allar þessar kröfur og þær miklu skyldur sem lagðar eru á herðar kennarastéttinni og þær miklu kröfur sem til hennar eru gerðar saman við það sem ríkisvaldið er að gera gagnvart þessari stétt. Ég undirstrika það enn að ég tek kennarana út úr af því að við erum að fjalla hér um frv. til laga um framhaldsskóla. Hvað eru menn að hugsa? Reyndar

skil ég svona pólitík, ég verð að viðurkenna það. Ég veit a.m.k. alveg hvað þeir eru að gera. En ég er ósammála því. (**Gripið fram í:** Ertu viss um að þeir séu allir sammála?) Nei, það er ég ekki viss um. Ég er ekki viss um að allir séu að hugsa það sama en það er auðvitað ákveðin pólitík sem í þessu felst. Og hún á eftir að valda hér miklum vandræðum.

Hæstv. forseti. Ég vil þá koma aðeins að því atriði sem kemur hér allnokkuð við sögu og gerð er brtt. um, þ.e. að opna möguleika á því að stytta framhaldsskólann. Við ræddum þetta í þingflokki Kvennalistans og í sjálfu sér get ég tekið undir að það væri kannski ágætt, ágætismarkmið að útskrifa stúdenta 18 eða 19 ára. En það kallar bara á algjöra uppstokkun á íslensku skólakerfi. Algjöra. Svo mikið veit ég að ef menn hugsuðu sér að stytta framhaldsskólann þá kallar það auðvitað á niðurskurð á námi. Þá þarf að skera niður námið. Það þýðir ekkert að segja: Bjóðum upp á sumarönn. Viss hópur nemenda gæti nýtt sér það en aðrir eru einfaldlega háðir tekjuöflun yfir sumarið. Það er fjöldi nemenda sem er háður því að afla sér tekna yfir sumarið og þurfa að kosta sig sjálfir í skóla. Því miður vill oft gleymast að það eru ekki allir sem eiga foreldra sem geta kostað þá til náms. Það er ekki bara vegna ýmiss konar neyslu sem framhaldsskólanemar eru að vinna. Þótt það gildi um marga er líka hópur nemenda sem einfaldlega er að vinna fyrir sér. Ég get alveg upplýst það hér að ég minnist þess enn hvað ég varð hissa þegar ég áttaði mig á þessu. Ég er bara svo mikil forréttindamanneskja að á mínu heimili var þess beinlínis krafist að við systkinin færum í framhaldsnám og foreldrar mínir lögðu sitt af mörkum. En það gildir bara ekki um alla. Ég minnist þess alveg sérstaklega að það var ung stúlka sem ég kenndi og var í mikilli vinnu með námi sem kom auðvitað niður á því og ég fór að inna hana eftir þessu. Þá sagði hún mér að foreldrar hennar væru á móti því að hún væri í framhaldsskóla. Og fyrst hún vildi fara í framhaldsskóla varð hún bara að sjá fyrir sér sjálf, sögðu þeir. Svona dæmi eru til þótt þau séu undantekning. En það eru margir sem þurfa að sjá fyrir sér. Ég vil sérstaklega minna á það sem var ítrekað í sjónvarpsfréttum fyrir nokkrum kvöldum þar sem verið var að segja frá bændafundi, það var reyndar aðalfundur kaupfélagsins á Sauðárkróki. Þar voru bændur að ítreka það sem hefur áður komið fram að eitt þeirra stærsta vandamál vegna lágra tekna er að þeir sjá ekki fram á að geta menntað börnin sín vegna þess að í mörgum tilvikum þarf að senda þau í heimavistarskóla. (**Gripið fram í:** Þetta er afleiðing af framsóknarstefnunni.) Já, það er nokkuð til í því, hv. þm. Þetta er afleiðing af langvarandi ofverndun á landbúnaðinum en þetta er líka afleiðing af þeirri láglaunastefnu sem hér hefur verið rekin um árabil. Þetta er líka afleiðing af þeim breytingum sem hér hafa orðið á fjölskyldum þar sem foreldrum sem eru einir að sjá fyrir börnum sínum hefur mjög fjölgað. Það er margt sem veldur þessu. Auðvitað á að kanna þann kost að bjóða þeim nemendum sem vilja hraðferð í gegnum nám. Og reyndar er það gert í vissum skólum. En ef við erum að tala um að samræma skólakerfi okkar því sem tíðkast t.d. í Bandaríkjunum eða þá Danmörku þá eru Danir einmitt að vinna að því að lengja sinn framhaldsskóla en ekki að stytta hann. Þetta er auðvitað með ýmsu móti sem skólamálum er háttað. En eftir því sem ég best veit þá tengist það því m. a. að í flestum Evrópulöndum byrja börn fimm ára í skóla og jafnvel yngri. Erum við að tala um að færa skólaaldurinn niður um eitt ár eða erum við að tala um **að gera meiri kröfur til grunnskólans? Ef við erum í alvöru** að tala um að útskrifa nemendur hér yngri en við gerum núna þá kostar það uppstokkun á skólakerfinu. Það kostar að við þurfum að endurskoða grunnskólann og átta okkur á því hvort við ætlum að færa námsefnið niður í grunnskólann eða hvernig við ætlum að gera þetta.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á að allar svona breytingar tengjast mjög sterkt launakjörum kennarastéttarinnar og þeim samningum og skilgreiningum sem þar gilda um vinnutíma. Ég vil minna á að eftir því sem ég best veit hafði yfirfærsla grunnskólans til sveitarfélaganna í Svíþjóð og ýmsar breytingar sem þar voru gerðar á skólakerfinu í för með sér mun meira vinnuálag á kennara. Eftir á að hyggja voru kennarar ekki mjög hressir með þær breytingar sem þar voru gerðar. Ég veit reyndar ekki hvort þeir hafa náð til baka með samningum en það urðu þær breytingar að vinnutíminn lengdist. Og það er það sem ég hef lengi óttast í sambandi við þessar breytingar sem eru alltaf svo tengdar því að menn undirbúa ekki og hugsa ekki í gegn hvað þeir eru að gera. Þegar menn eru að tala um að lengja skólaárið þýðir það auðvitað aukið vinnuálag og ég óttast mjög að þessar breytingar leiði fyrst og fremst til aukins vinnuálags á kennara og þar er svo sannarlega ekki á bætandi. Nóg er nú samt. Vinnutími og kennsluskylda íslenskra kennara, hvort sem við lítum á framhaldsskóla eða grunnskóla, er miklu meiri en tíðkast hjá öðrum þjóðum. Þannig að það að auka vinnuálag á kennarastéttinni er að mínum dómi stórvarasamt mál sem þarf að skoða mjög vel. Ég get ekki ímyndað mér að kennsla yrði betri með þeim hætti. Ég vil því ítreka að ég er alls ekki að leggjast gegn því að við skoðum þessi mál en í mínum huga er ljóst að slíkar breytingar kalla einfaldlega á algjöra uppstokkun. Við verðum að passa okkur á að fara ekki að skipuleggja framhaldsskólann fyrst og fremst með tilliti til starfsmenntunar. Við verðum að hafa þetta hvort tveggja í huga. Við erum annars vegar að undirbúa fólk undir starfsmenntun og hins vegar að búa fólk undir háskólanám. Það getur ekki verið tilgangurinn með slíkum breytingum að fara að leggja það á háskólann að hann þurfi að undirbúa fólk undir að geta hafið háskólanám eins og framhaldsskólinn þarf að undirbúa marga nemendur undir það að geta hafið framhaldsskólanám. Við þurfum að passa okkur vel á öllu þessu.

Hæstv. forseti. Það er eitt atriði í viðbót sem mig langar til að koma inn á. Það snertir þær brtt. sem við höfum verið að gera hér á þessu frv. Hef ég þó ekki vikið mikið að miðstýringu og ýmsu slíku sem hér er að finna. Það er þetta með blessuð skólagjöldin. Hér er kveðið á um það að innritunargjald skuli aldrei vera hærra en 6 þús. kr. á skólaári. Samkvæmt því sem fram kemur í nál. meiri hluta menntmn. varðandi þessi skólagjöld þá erum við að tala hér um 6 þús. kr. plús það sem er innheimt til félagsstarfa nemenda. Fyrir nokkrum árum var samþykkt á hinu háa Alþingi gegn mjög harðri andstöðu okkar stjórnarandstæðinga að það væru yfir höfuð tekin upp gjöld í framhaldsskólanum. Þá var kveðið á um 3 þús. kr. gjald. Hér er það komið upp í 6 þús. kr. Ég spyr hvað þetta muni standa lengi. Ég benti einmitt á í umræðunni um innritunargjöld í háskólann, að með þeim er verið að opna á það að farið verði að innheimta gjöld fyrir alls konar þjónustu sem hingað til hefur verið hluti af skólastarfi. Það er gert í háskólanum og ég spurði hvort liði á löngu þar til sams konar gjald yrði tekið upp í framhaldsskólunum. Ef það eru einhver rök fyrir því að innheimta slík **gjöld í háskólanum eru alveg eins rök fyrir því að innheimta**

þau í framhaldsskólunum. Þetta eru hvort tveggja skólar sem fólk velur af fúsum og frjálsum vilja. Hér er þetta komið. 6 þús. kr. hámarksgjald við innritun auk nemendagjaldanna. Þetta verða u.þ.b. 11 þús. kr. sem nemendur munu greiða við innritun í framhaldsskóla. Nú má svo sem segja að þetta eru engar gífurlegar upphæðir. Þetta er prinsippmál sem þarna er á ferð — hvað eiga nemendur að greiða? Og rifjast þá enn upp fyrir mér að það leituðu nemendur eftir námi í þeim skóla þar sem ég kenndi sem ekki áttu fyrir þessum gjöldum. Þeim voru að sjálfsögðu gefin þau eftir og það var farið í sjóði skólanna til að borga þau, þá sjóði sem meiri hlutanum á síðasta kjörtímabili þóttu svo óskaplegir að þeir urðu að koma lögum yfir þá.

Í nál. meiri hlutans er vikið í nokkrum atriðum að því frv. sem væntanlega verður til umræðu í næstu viku um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er vikið að mjög umdeildum ákvæðum eins og afnámi æviráðningar sem mun auðvitað ná til skólameistara o.s.frv. Eitt leiðir af öðru, það gefur auga leið. Allt er þetta gert án þess að leitað hafi verið samráðs við viðkomandi stéttir og það er eitt af því sem við getum spurt okkur. Hvað er eðlilegt að menn sitji lengi sem skólameistarar í einum framhaldsskóla? Það má færa rök fyrir því að það geti verið hollt að skipta þar um eins og annars staðar en það má líka setja mikið og stórt spurningarmerki við það að fólk skuli vera svipt atvinnuöryggi með þeim hætti sem kveðið er á um í þessu frv. um réttindi og skyldur. Ég er ekki viss um að þetta eigi að gilda alls staðar. Ég get séð mjög sterk rök fyrir því þar sem um er að ræða ríkisstofnanir eins og ráðuneyti og ýmsar slíkar stofnanir að það geti verið mjög gott að skipta um stjórnendur, menn sitja þá ekki of lengi. En ég er ekki eins sannfærð um það andspænis skólunum að það beri að vera jafnmiklar takmarkanir og lögin um réttindi og skyldur gera ráð fyrir þó auðvitað þurfi nýtt blóð inn í skólastarf.

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að það er ekki eining um þetta frv. Kennarar eru afar ósáttir við þetta mál enda er það allt saman unnið án þess að þeir hafi verið kallaðir til. Þeirra þekking og reynsla er að engu höfð. Það er hægt að setja mjög stór spurningarmerki við það hvort yfir höfuð hafi verið nokkur þörf á því að breyta lögunum og hvort sú efling á starfsnámi sem er einn megintilgangur þessa frv., sem auðvitað er með engu tryggð, krefjist nokkurrar lagabreytingar. Loks má einnig setja stórt spurningarmerki við þá áherslu sem lögð er á það að fulltrúar atvinnulífsins komi að mótun náms með jafnríkum hætti og hér er gert ráð fyrir. Þeir eiga auðvitað að hafa sín áhrif en það er spurning hvort þau séu ekki of mikil. Eftir því sem ég hef heyrt eru ýmsar efasemdir á lofti varðandi það atriði vegna þess að það er ekki nóg að þekkja til í atvinnulífinu, menn þurfa auðvitað líka að þekkja til í skólastarfi og menn þurfa að hafa framtíðarhugsjónir og gera sér grein fyrir þróun en einblína ekki bara á stundarhagsmuni sinnar atvinnugreinar. Það er því mjög margt í þessu máli sem að mínum dómi hefði kallað á miklu nánari skoðun. En aðalatriðið er auðvitað það að þegar verið er að fjalla um og taka ákvarðanir um jafnstórt og mikilvægt mál og skólastefnu þá þarf að ríkja um það sæmileg sátt. Skólakerfið þarf að bjóða upp á sveigjanleika og mér sýnist að sú meginstefna sem er að finna í þessu frv., sem felst í aukinni miðstýringu og minnkandi áhrifum kennara, sé ekki til þess fallin að auka þennan nauðsynlega sveigjanleika.

[15:37]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að karpa við mína ágætu samflokkskonu, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, en ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemd við hugmyndir hennar um hvað þurfi að gerast til þess að stytting framhaldsskólans geti komið til. Hennar orð minna mig dálítið á umræðuna sem kom upp þegar ákveðið var að láta grunnskólann hefjast við 6 ára aldur í staðinn fyrir 7 ára aldur. Þá kom upp mikil umræða um það hvort 6 ára börn væru í raun nógu þroskuð til þess að sitja á skólabekk. Það var farið í miklar umræður um forskólapróf og skólaþroskapróf í stað þess að snúa spurningunni við eins og öllum finnst mjög eðlilegt núna og segja: Við höfum bara skólann þannig að hann henti 6 ára börnum. Okkur finnst það öllum mjög eðlilegt í dag og það sama finnst mér um framhaldsskólann. Það er enginn endanlegur massi af námsefni sem nauðsynlegur er til stúdentsprófs. Það er fyrst og fremst færni á ákveðnum sviðum og svo ákveðin viðbótarþekking og ég er alveg sannfærð um að það er hægt að koma þessu fyrir með góðum vilja á styttri tíma en nú er, eða frá 6 ára aldri til 19 ára. En þá þyrfti auðvitað að auka kennslustundafjölda í grunnskólanum sem því miður á að fara að hægja á samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi um grunnskólann.

[15:38]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hjartanlega sammála þessu. Ef við horfum á heildina, þ.e. skólakerfið frá 6 ára og upp úr, þá eru möguleikarnir eflaust mjög miklir til þess að færa til. En það sem ég var fyrst og fremst að vara við er einmitt þetta sem alltaf er verið að gera. Við tókum grunnskólann fyrir í fyrra sérstaklega afmarkað, nú er framhaldsskólinn tekinn fyrir afmarkað án samhengis við grunnskólann. Og á næsta ári kemur væntanlega frv. um háskólann. Það sem við þurfum að gera er að horfa á þetta í heild, horfa á allt kerfið frá því að við byrjum og þar til háskólanámi lýkur og spyrja okkur hvert á að vera hlutverk hvers skólastigs. Hvar á að koma starfsmenntuninni fyrir? Á hún að vera á framhaldsskólastiginu? Á hún að vera að hluta til á háskólastiginu o.s.frv.? En það sem ég var að leggja megináherslu á var það að ég held að það sé ekki rétt að taka framhaldsskólann út af fyrir sig og þjappa honum saman.

Eins og ég nefndi er sífellt verið að gera meiri kröfur til menntunar og til þess að búa fólk undir líf og starf. Þess vegna megum við ekki horfa einangrað bara á þessi þrjú eða fjögur ár. Við verðum að horfa á heildina og skipuleggja þetta allt í samhengi. Ég tek undir það, ég held að það sé hægt bæði að auka kröfur til nemenda töluvert mikið og jafnframt að nýta miklu betur þann tíma sem til ráðstöfunar er, sérstaklega í grunnskólunum. Ég þekki það af eigin raun að nám í framhaldsskóla er mjög viðamikið ef menn sinna því. Enda falla þeir auðvitað út sem ekki sinna því.

[15:41]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þm. sem talaði síðast, Kristínar Ástgeirsdóttur, og get tekið undir margt sem þar kom fram. Einkanlega það að innritunargjaldið er einstaklingsbundið gjald, ýmist 6 þús. kr. eða 24 þús.

kr. en þetta er nánast sama gjörð. Menntmrh. hæstv. mun væntanlega skýra þetta í ræðu sinni á eftir. En ástæða þess að ég kveð mér hljóðs í andsvari er fyrst og fremst sú að hv. þm. talaði um að hún væri þessu frv. andsnúin sökum þess að ekki væri nægilega gætt að kjörum kennarastéttarinnar. Ég held að það sé nauðsynlegt við mótun menntastefnu að við náum að rífa okkur upp úr þeim hjólförum að það megi aldrei tala um menntamál nema kjör kennarastéttarinnar séu númer eitt, tvö og þrjú í því samhengi. Við verðum að móta hér menntastefnu sem tekur mið af hagsmunum þjóðarinnar. Síðan eru kjör kennara væntanlega afleiðing af því. Ég geri ráð fyrir því að ef aukning verður á fjölda kennslustunda þá verði vitaskuld að semja um það sérstaklega. En það má ekki vera alfa og ómega menntastefnu í landinu.

[15:42]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitthvað hefur nú hv. þm. misskilið það sem ég sagði. Ég nefndi það einmitt í ræðu minni að kennarar væru ekki guð almáttugur í mótun skólastefnu og það ætti ekki að hlusta á hvert einasta orð sem þeir segja. Hins vegar eiga þeir að koma að mótun skólastefnu og að þeim ákvörðunum sem eru teknar innan skólakerfisins. Það sem ég er alltaf að reyna að vekja athygli á hér, eða býsna oft varðandi þau mál sem við erum að ræða, eru auðvitað þessi samskipti ríkisvaldsins við starfsmenn sína, í þessu tilviki kennara, sem því miður hafa þróast í afar óheppilegan farveg og beinast að því að það er stöðugt verið að þrengja að áhrifum og réttindum, svo maður tali nú ekki um launakjör. Allt skapar þetta óánægju sem því miður hefur áhrif á skólastarfið. En kjör kennara eru auðvitað aðeins hluti af hinu opinbera kerfi og auðvitað eiga þau ekki að móta skólastefnuna. En þau hafa vissulega mjög mikil áhrif á andann í skólunum og það starf sem þar er unnið. Þess vegna verður að horfa á þetta í samhengi en vissulega eiga margir að koma að mótun skólastefnu, það er alveg augljóst. Það sem ég sagði hér og vil gera að megininntaki máls míns er það að ég trúi því að ef menntakerfið á að þjóna hagsmunum þjóðarinnar þarf að ríkja um það sæmileg sátt. Það þarf að bjóða upp á sveigjanleika sem m.a. gefur ýmiss konar hugmyndir um færi hvort sem það eru einkaskólar, ríkisskólar, skólar sem fara eftir þessari eða hinni stefnunni. Við eigum að reyna að gefa færi á þessu öllu saman.

[15:44]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi ég misskilið ræðu hv. þm. biðst ég innilega afsökunar. Ég er samt þeirrar skoðunar að nú um langt skeið hafi umræða um menntastefnu um of einkennst af umræðum um kjaramál kennara í stað þess að menn fari að snúa sér að því að ræða menntamál þjóðarinnar af einhverri alvöru. Ég vildi aðeins hnykkja á þessu og benda á að það er eðlilegt að taka þetta í réttri forgangsröð. Menntastefnan á að koma fyrst, síðan kjör kennara sem er líka eðlilegt að ræða í þessu samhengi. Vitaskuld eru kjör kennara hluti af menntastefnunni en menn verða að raða þessu upp í rétta forgangsröð. Það er það sem ég vildi hnykkja hér á.

[15:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er spurning hvort kemur á undan eggið eða hænan. Eins og ég nefndi áðan hangir þetta auðvitað allt mjög sterkt saman. Eins og hv. þm. sagði eru kjör kennara hluti af menntastefnunni. Spurningin er: Náum við einhvern tíma einhverju flugi í okkar menntakerfi, náum við að koma af stað æskilegri þróun og stíga skref til framfara öðruvísi en að kjör kennara verði bætt? Það er rétt sem hv. þm. sagði. Kennarar eru mjög uppteknir af sínum kjörum og þeirri miklu óánægju sem ríkir innan þeirrar stéttar. Og því miður hefur það haft töluverð áhrif á allt skólastarf og kannski hefur það leitt bæði kennara sjálfa og menntastefnuna inn á vissar villigötur. Kannski hefðu menn náð meiri árangri í kjarabaráttunni með því að vera miklu faglegri og segja: Sjáið þetta glæsilega skólakerfi sem við höfum byggt upp hérna. Eigum við ekki að fá sanngjörn laun fyrir þetta? Í stað þess að vera alltaf með nöldur og óánægju. Þannig hefur þetta verið og það á sér ýmsar skýringar. Spurningin er á hverju á að byrja og ég held að þetta þurfi að fara samhliða. Það verður að bæta kjör kennara og það er hægt að gera með ýmsu móti. Það er m.a. hægt að gera með því að lækka kennsluskylduna. Eins og ég nefndi áðan er hún miklu meiri hér á landi en t.d. á öðrum Norðurlöndum. Á Norðurlöndunum er m.a. gerður greinarmunur á kennsluskyldu móðurmálskennara og annarra. Það er hægt að leggja ákveðið vægi á greinar, eitt er mikilvægara en annað o.s.frv. Það eru því ýmsar leiðir færar til að bæta kjörin. En þetta þarf hvort tveggja að gerast. Það þarf að bæta kjörin jafnframt því að þróa og bæta menntastefnuna.

[15:48]

Útbýting þingskjals:

Efnistaka úr Seyðishólum, 509. mál, fsp. KPál, þskj. 911.

[15:48]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Mikil vinna og góð vinna hefur farið fram og liggur að baki frv. til laga um framhaldsskóla sem hér er til umræðu og meðferðar. Ég stend að frv. og styð framgang þess. Hér hefur margt borið á góma á þessum degi eins og svo oft áður þegar menntamál hafa verið til umræðu. Það er vissulega vel því nauðsynlegt er að ræða menntamálin frá öllum hliðum og láta ekkert órætt í þeim efnum. Það má ábyggilega ræða þessi mál meira og betur sem og önnur. Það má líka segja eins og hér hefur verið sagt að allt orki tvímælis þá gert er en hitt getur varla nokkur maður sagt að ekki séu hér skýr lög, heildarlög um framhaldsskóla, sem vissulega ber að fagna þegar þau eru orðin að lögum. Þá er þess að geta að áhersla er mikil á starfsnám. Það er vel. Það hefur vissulega legið eftir og ástæða til að sinna því betur en verið hefur. Framkvæmdin á lögunum mun svo að sjálfsögðu skipta miklu svo rúm sem þau eru. Það mun líka velta mjög á frumkvæði heimamanna við skólana og í sveitarfélögunum hvernig til tekst. Ég vil aðeins gera að umtalsefni skipan skólanefnda og mikilvægi þess að þeir sem standa að rekstrinum eigi fulltrúa í skólanefndinni sem víðast af hverju svæði. Það er mikilvægt í hinum dreifðu byggðum. Skólastarfið á framhaldsskólastigi er víðast hvar stærsta samstarfsverkefni sveitarfélaganna og eitt það sem mest og best sameinar þau. Því er mikilvægt að fulltrúar í skólanefndum og við stjórn skólanna séu af sem víðustu svæði, þ.e. alls staðar að úr öllum þeim héruðum sem standa að hverjum skóla í dreifðu byggðunum. Það má líka segja metnaðarmál byggðanna, sveitarfélaganna, að búa vel að sínum skóla, hlúa vel að sínum framhaldsskóla eða skólum.

Þá er þess að geta að einnig liggur fyrir hér á þskj. brtt. **frá þremur hv. þm., Ragnari Arnalds o.fl., um breytingu**

á lögunum varðandi kostnað við uppbyggingu heimavista. Það er alkunna að um alllanga hríð hefur sveitarfélögum verið mismunað í uppbyggingu á skólamannvirkjum eftir því hvort framhaldsskólinn hefur verið menntaskóli eða fjölbrautaskóli. Nú er útlit fyrir að breyting verði á. Þó má segja að mismunun verði áfram en með öðrum hætti, þ.e. við að koma upp heimavistum. Annars vegar eru þeir sem hafa byggt upp heimavistirnar, sumir fyrir fjármagn frá ríki, hins vegar þeir sem eru að hefjast handa við heimavistarbyggingarnar eða stækkun heimavista. Og það eru einkum þrír skólar sem ég veit um og hafa verið nefndir hér fyrr í dag, á Akranesi, Sauðárkróki og Húsavík, sem eru í þessari stöðu. Þessir skólar hafa fengið upphafsfjárveitingu til teikni- og hönnunarvinnu en stækkanir eða byggingar heimavista bíða þeirra laga sem hér liggja nú fyrir. Það er vissulega réttlætismál að allir sitji við sama borð, allir skólarnir og þeir sem að þeim standa. Það er, eins og ég sagði, réttlætismál. Ég bendi á að á Norðurl. v. er tiltölulega stutt þróun í málum framhaldsskóla og hefur þó gengið býsna vel að koma þar upp skólanum. En margt er ógert, margt er óunnið sem vissulega bíður framtíðar.

Annað mál þessu mjög skylt sem ég vildi koma að eru svonefndir dreifbýlisstyrkir. Þeir voru hér í umræðunni áðan. Þeir heyra reyndar undir önnur lög, lög um jöfnun námskostnaðar. Ég sit í úthlutunarnefnd fyrir þann sjóð og veit vissulega að það munar um fjárstyrk til að jafna aðstöðu ungs fólks til að stunda framhaldssnám þegar það þarf að fara að heiman frá sér og kosta sig í skóla fjarri sínum heimahögum. Það er áhyggjuefni sem mér er allvel kunnugt, svo sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gat um áðan, að vegna búháttabreytinga og samdráttar í tekjum í mörgum sveitum verður erfitt um vik að kosta unga fólkið til framhaldsnáms. Slíkt má ekki viðgangast og við því verður að bregðast með einhverjum hætti. Þróunin varðandi sumarstörfin er sú að tekjur fara minnkandi. Uppgripavinna, vel borguð, mikil vinna var fáanleg áður fyrr og þannig gátu margir kostað stóran hlut af sínu námi, í síldarvinnu eða einhverju öðru sem gaf góðar tekjur. Þetta þekkjum við sjálfsagt einhver eða mörg hér inni og þeir sem mál mitt heyra. Ég tel að námsstyrkirnir, hinir svonefndu dreifbýlisstyrkir þyrftu að hækka verulega um hríð meðan verið væri að finna aðra lausn. Það mundi jafna aðstöðu landsmanna meira en 100 millj. kr. fjárveiting í margt annað sem þó er lagt fram til jöfnunar innan og á milli landsmanna og landshluta.

Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur ásamt fleirum af sínu húsi flutt, eins og ég nefndi áðan, brtt. um kostnað við byggingu heimavista. Hana þarf vissulega að skoða og gaumgæfa og í öllu falli að finna og ræða kostnaðarskiptinguna. Ég vænti þess að hann standi á bak við mig í öðru því sem hér er gert að umtalsefni, standi eða sitji eftir því sem við á.

[15:55]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu, frv. til laga um framhaldsskóla, er m.a. afrakstur af vinnu sem unnin var í tíð fyrrv. hæstv. menntmrh., Ólafs G. Einarssonar. Núverandi hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, lét fara yfir frv. að nýju og það er lagt fram eftir þá yfirferð í þeim búningi sem hér er til 2. umr.

Ég vil í upphafi fagna því að þetta frv. skuli vera hér til umræðu og vænti þess að það megi takast að ljúka því. **Ég tel afar mikilvægt að þau ákvæði sem frv. felur í sér,** sem eru mörg og mikilvæg, komi til framkvæmda þannig að hægt verði að styrkja framhaldsskólann almennt og þá ekki síst starfsnám eins og frv. leggur svo ríka áherslu á. En það eru einkum tvö atriði sem ég vildi gera hér að umtalsefni við þessa umræðu. Í fyrsta lagi það sem hér hefur lítillega komið til umfjöllunar og umræðu, þ.e. hinir litlu framhaldsskólar svokölluðu. Það hafa verið uppi efasemdir um að ýmsir framhaldsskólar af minni gerðinni eins og hefur verið talað um hér, hvaða skilgreining sem er nú lögð í það, veiti nemendum sínum ekki nægilega góða menntun. Ég tel að það geti tæplega verið vegna stærðarinnar. Þar hljóta aðrar ástæður að búa að baki og þarf þá auðvitað að gera kröfu til þess að yfirvöld menntamála taki það til sérstakrar athugunar. Ég tel að það sé eitt meðal mjög margra mikilvægra þátta í eflingu byggðanna að framhaldsnám megi bjóða upp á sem víðast þannig að unga fólkið, unglingar, þurfi ekki að fara að heiman til þess að sækja framhaldsnám. Það er þannig í okkar þjóðfélagi í dag að sem betur fer fara langflestir í framhaldsnám og það verður að gera þeim það eins aðgengilegt og auðvelt og kostur er. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að framhaldsskólarnir verði starfræktir sem víðast og auðveldi þannig fólki um landið allt að ganga menntaveginn.

Ég þekki það úr minni heimabyggð að framhaldsdeild sem rekin hefur verið í Stykkishólmi í tengslum við og á ábyrgð Framhaldsskóla Vesturlands hefur skipt miklu máli. Í fyrsta lagi hefur hún leitt til þess að fleiri hafa farið í framhaldsnám en ella og í öðru lagi er hún geysilega mikilvæg fyrir þær fjölskyldur sem annars hefðu þurft að kosta börnin til náms á öðrum stað. Ég held að á þeirri forsendu og á grundvelli þessa frv., sem vonandi verður að lögum, eigi að efla með öllum ráðum og styrkja svokallaða minni skóla en ekki að ala á þeirri hugsun og þeirri umræðu að þeir séu lakari en stærri skólar. Þetta vil ég að komi hér fram vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að framhaldsskólarnir séu sem bestir og skili sem bestri menntun hvar sem er. Þetta vildi ég segja um fyrra atriðið.

Hitt efnisatriðið sem ég vildi koma inn á hefur verið hér til umræðu og varðar 37. gr. þessa frv. Það hefur verið lögð fram brtt. við frv. frá nokkrum hv. þm. sem þegar hefur verið mælt fyrir en það varðar hlutdeild ríkisins og hins vegar sveitarfélaganna, einna eða fleiri, í byggingarkostnaði heimavista. Eins og fram hefur komið hefur þetta verið með mismunandi hætti í gegnum tíðina. Menntaskólarnir voru byggðir af ríkinu síðan urðu framhaldsskólarnir til hver af öðrum, svonefndir fjölbrautaskólar, og kostnaðarhlutdeildin hefur verið mismunandi. Síðan var það svo að ríkið greiddi 60% í framhaldsskólunum en allan kostnaðinn við heimavistir. Hér er hins vegar lagt upp með það samkvæmt 37. gr. að nú skuli sama gilda um alla hluta byggingarframkvæmda framhaldsskólans, þ.e. bæði skólahúsnæðið og heimavistina. Ég vil að það komi fram við þessa umræðu að ég tel þetta eðlilegt. Ég tel ekki rétt að þarna sé um mismunandi kostnaðarhlutdeild að ræða og vil rökstyðja það. Áður vil ég nefna að ég er ekki alveg sammála því sem kemur fram hér í greinargerð með frv. um 37. gr. varðandi mismunandi kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hér segir: „... enda talið að slíkt geti leitt til óhagkvæmni í fjárfestingum.“ Mér finnst satt að segja miður að þetta skuli standa í greinargerðinni með frv. vegna þess að mér finnst sú bábilja allt of algeng að ef ríkið leggi til stærri skerf sé svo mikil sókn af vondum sveitarstjórnarmönnum í byggingarframkvæmdir **að það þurfi endilega að breyta því þannig að það megi**

koma í veg fyrir það að framkvæmt verði á kostnað ríkisins. Ég geri þær kröfur til sveitarstjórnarmanna, ráðherra, starfsmanna ráðuneyta og þingmanna að ég tek ekki við svona málflutningi. Ég tel að oftast sé sem betur fer unnið málefnalega að undirbúningi framkvæmda. Menn sækja auðvitað mismunandi hart og fast og ef alþingismenn og ráðherrar eru svo undanlátssamir gagnvart einstökum aðilum að þeir láta undan óskum um óeðlilegar byggingarframkvæmdir, sem ég kannast bara ekki við, þá er það vandamál okkar alþingismanna væntanlega og viðkomandi ráðherra en ekki þeirra sem sækja á í góðri trú og væntanlega á grundvelli góðs rökstuðnings.

Hins vegar er það þannig að tímarnir breytast, aðstæður breytast og þess vegna geta komið upp þær aðstæður að heimavistarhúsnæði svo ég taki það sem dæmi, 37. gr. fjallar um það, kunni um tíma af einhverjum ástæðum sem ekki er hægt að skýra beint og var ekki séð fyrir á sínum tíma að standa lítt notaðar. Það er þó ekki tilefni til þess að breyta kostnaðarhlutdeild ríkisins eins og hér er lagt til. Engu að síður tel ég að þetta sé eðlilegt. Ég tel í fyrsta lagi eðlilegt að það gildi sama regla um alla hluta skólahúsnæðis framhaldsskólans og auk þes vil ég nefna það hér að það er sérstaklega tekið til að þessi breyting hljóti að leiða af sér viðræður við sveitarfélögin, en í greinargerðinni með 37. gr. segir:

„Gert er ráð fyrir að samið verði um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig sveitarfélögum verði bætt aukin þátttaka í kostnaði við byggingu heimavista."

Þetta er mjög eðlilegur framgangsmáti og í fyllsta máta í samræmi við góð samskipti milli ríkis og sveitarfélaga. Ég tel satt að segja að nokkuð hafi nú þegar verið komið til móts við sveitarfélögin. Þótt ég ætlist ekki til að eftir því sé rukkað með færslu grunnskólans tel ég, og það hefur komið fram hér í ræðustól, að ríkið komi mjög ríflega til móts við sveitarfélögin við færslu grunnskólans. Reyndar les ég úr þeim ákvörðunum þá áherslu sem núv. hæstv. menntmrh. hefur lagt á að sú færsla takist vel og grunnskólinn verði í öruggum höndum hjá sveitarfélögunum þannig að ég ætla ekki að fara rukka sveitarfélögin um það en engu að síður vil ég nefna þetta hérna vegna þeirrar brtt. sem hefur komið fram um það að ríkið skuli greiða 100% heimavistanna. Ég tel að það sé ekki eðlilegt, ekki síst vegna þess að það kemur engin athugasemd úr hv. menntmn. frá minni hlutanum svo ég geti séð um það. Hins vegar kemur þessi brtt. fram núna. Ég hefði talið miklu eðlilegra að hv. þm., m.a. hv. þm. Ragnar Arnalds, hefðu beitt sér fyrir því að í menntmn. væri þá fjallað um þetta og þaðan hefði þá komið rökstudd tillaga, betur rökstudd en gert hefur verið í þessari umræðu.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram hér í umræðunni. En til viðbótar varðandi heimavistirnar tel ég að það sé eðlilegt í fyllsta máta að sveitarfélögin greiði hluta í heimavistunum vegna þess að þær eru í mjög mörgum tilvikum notaðar sem hótel yfir sumartímann og eru geysilega mikilvægar fyrir ferðaþjónustuna í landinu, það hefur sýnt sig í uppbyggingu Eddu-hótelanna. Þau hafa verið má segja leiðandi og að ýmsu leyti lykill að aukinni ferðaþjónustu í landinu og sá rekstur hefur verið byggður upp af útleigu frá heimavistarhúsnæði sem reyndar er víða kannski ekki eins og best væri á kosið. Meðal annars vegna þess að heimavistarhúsin eru notuð sem hótelþjónusta eða gistiaðstaða yfir sumartímann tel ég ekkert óeðlilegt við það að sveitarfélögin leggi þetta til. Þótt ég hafi af ýmsum verið talinn kaþólskari en páfinn þegar kemur að hagsmunum sveitarfélaganna get ég ekki annað en verið þessarar skoðunar. Ég styð þess vegna frv. eins og það liggur fyrir og fagna því að það skuli vera komið til meðferðar og afgreiðslu hér í þinginu.

[16:07]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. var að víkja að því sem ég sagði hér um kostnaðarskiptinguna. Ef svo hefur verið vil ég bara undirstrika það sem ég sagði að ég vil að eðlilegir samskiptahættir séu virtir í þessu máli eins og öðrum. Auðvitað áttu að fara hér fram eðlilegar viðræður á milli ríkisvaldsins eða menntmrn. annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta mál áður en frv. verður að lögum. Það er það sem ég er að leggja áherslu á. Það er það sem Samband íslenskra sveitarfélaga er að mótmæla þegar það segir:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir þeirri breytingu á ákvæði gildandi laga um framhaldsskóla er kveður á um að ríkið greiði byggingu heimavistarhúsnæðis við framhaldsskóla að fullu."

Auðvitað áttu þessar viðræður að fara fram. Það er það sem ég er að segja. Og ég vil segja hv. þm. að mér finnst ótækt að blanda inn í þetta mál einhverri nýtingu á heimavistum. Hvort sem þær eru notaðar yfir sumarmánuðina sem hótel eða ekki finnst mér algjörlega óskylt mál. Það á bara að ganga tryggilega frá því í samningum. Það kemur þessu máli ekkert við.

[16:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í ræðu minni beindi ég orðum mínum ekki sérstaklega til hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, mér fannst ekkert óeðlilegt við málflutning hans hér. Hann ræddi á málefnalegan hátt um frv. og það er ekkert nema gott um það að segja. Við höfum mismunandi skoðun á þessu atriði hvað varðar kostnaðarhlutdeildina hjá sveitarfélögum í byggingu heimavista. En ég held að það sé eðlilegt að sveitarfélögin taki þátt í byggingu heimavista um 40% vegna þess að það gilda kannski örlítið önnur sjónarmið og aðrar kröfur þegar byggja á einungis fyrir heimavistarrekstur, fyrir námsmenn, en þær kröfur sem sveitafélögin vilja kannski gera til byggingar hótels. Með þessari hlutdeild sveitarfélaganna í kostnaðinum fá þau því tækifæri til að ráða ferð uppbyggingarinnar. Hvernig stærð herbergja er, hvernig húsgögn og annar búnaður er svo húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til gistirýmis. Það skiptir geysilega miklu máli eins og þeir þekkja sem hafa ferðast um landið og gist í gömlu heimavistarskólunum þar sem rúmin eru kannski einn og sjötíu á lengd. Auðvitað þarf að huga að þessum málum alveg sérstaklega. En ég vil bæta því við varðandi framhaldsskólann, þótt kannski sé ekki mikill tími til þess núna, að þegar fulltrúar Reykjavíkurborgar komu til fjárln. í fyrrahaust tilkynnti borgarstjórinn í Reykjavík að Reykjavíkurborg mundi ekki taka þátt í uppbyggingu framhaldsskóla á næstunni. Það vakti athygli mína. Þar var ekki verið að tala um uppbyggingu heimavistar fyrir þann stóra hóp landsbyggðarnemenda sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg hefur ekki lagt mjög mikið til þess, og ekki var heldur meiningin að taka þátt í uppbyggingu skólahúsnæðis svo sem eins og endurgerð og lagfæringum á þeim merka 150 ára gamla skóla, MR. Þetta vakti athygli mína en það er ekki tilefni til að ræða það í andsvari.

[16:11]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ítreka að ég get verið hv. þm. sammála um það sem lýtur að byggingunum umfram norm. Það hefur ætíð verið svo að það hefur ekki lent á ríkinu þegar byggt hefur verið umfram norm. Ég veit ekki annað en að það hafi lent á viðkomandi sveitarfélögum alla tíð að greiða þá kostnaðarhlutdeild sem hefur verið umfram norm í byggingu. Mér finnst ekki óeðlilegt að svo sé. Það er því máli algerlega óviðkomandi sem við erum að tala um hér. Enda er tekið á því í 37. gr., ef ég man rétt, að 60% hluturinn er ríkisins, 40% hluturinn er sveitarfélaganna og það sem er umfram norm fellur á sveitarfélögin.

[16:12]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála hv. þm. Stefáni Guðmundssyni um að allt sem er umfram svokölluð norm, sem er stærðarviðmiðun og verðmiðun við byggingu þessara skólahúsa, er auðvitað á ábyrgð þess sem tekur ákvörðun um að byggja stærra eða dýrara en hin svokölluðu norm segja til um. En það sem ég var að segja er það að ef ríkið borgar 100% þá tekur ekkert sveitarfélag ákvörðun um að byggja stærra en eigandinn sem greiðir ákveður. Um það snýst málið. En með því að ríkið og sveitarfélögin byggi þetta með þessum hætti saman þá koma þarna að tveir aðilar sem báðir bera u.þ.b. jafna ábyrgð á kostnaði og framkvæmd. Það held ég að skipti miklu máli, ekki síst þegar verið er að byggja heimavistarhúsnæði. Mér er ljóst að það er víða um landið þörf á að byggja upp heimavistarhúsnæði. Ég tel að hér á Alþingi þurfi að fjalla um það. Ég treysti hæstv. menntmrh. til þess að láta fara fram ítarlega og vandaða úttekt á því hver þörfin er fyrir heimavistarhúsnæði við framhaldsskólana. Hún er sannarlega fyrir hendi eins og t.d. á Akranesi og Sauðárkróki, það er mér kunnugt um. Það þarf að skoða þörfina, meta hana í ljósi þess upptökusvæðis sem hver skóli hefur og meta það á grundvelli íbúafjölda og námsframboðs sem viðkomandi skóli hefur upp á að bjóða þannig að á vönduðum og faglegum nótum sé að þessu unnið og heimavistarbyggingar séu byggðar þar sem þörf er fyrir þær og þær byggðar þannig að þær nýtist sem best og séu vandaðar og vel búnar fyrir nemendur og aðra sem ætlað er að nýta þær.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ætli ég taki ekki upp þráðinn þar sem honum var sleppt hér í orðaskiptum hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Ég ætla sérstaklega að svara því sem hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði um brtt. okkar þingmanna Alþb. Ég fór ekki í andsvör við hv. þm. því ég var næstur á mælendaskrá. Ég vona að hv. þm. hafi ekki brugðið sér frá. Ég er algjörlega ósammála hv. þm. um mat hans á því að það séu sérstök sanngirnisrök fyrir því eða efnisrök að sveitarfélögin auki kostnaðarþátttöku sína í byggingu heimavista. Ég held að hv. þm. hafi horft þar algjörlega fram hjá einum mjög veigamiklum hlut í þessu sambandi í sinni röksemdafærslu. Það er að kostnaður vegna framhaldsskólahaldsins hlýtur að leiða til mismunandi útkomu sveitarfélaganna ef þessi þáttur er alfarið færður yfir á þau einfaldlega vegna þess að hann er til staðar í sumum sveitarfélögum við suma framhaldsskóla en annars staðar ekki. Það er enginn vafi á því að það mun verka letjandi á komandi árum gagnvart uppbyggingu heimavista við þá framhaldsskóla þar sem slíkt er eftir. Það mun í besta falli koma þannig út að það verður síður ráðist í byggingu heimavista þar sem þeirra er þörf. Þar af leiðandi verkar það letjandi á þá þróun eða þá uppbyggingu. Í versta falli og langlíklegasta falli mun þetta beinlínis mismuna sveitarfélögunum. Þau sem eru þannig sett landfræðilega eða standa fyrir skólahaldi sem þjónar stærri skólum lenda í viðbótarútgjöldum af þessum sökum. Og það er heldur ekki með neinum hætti gert ráð fyrir þeirri mismunun sem upp kemur einfaldlega í tíma og er vel þekkt fyrirbæri þegar breytingar verða með verkefnatilflutningi eða á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þegar slíkt kemur til framkvæmda. Nærtækt dæmi er mismunandi staða sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu íþróttamannvirkja þegar þau verkefni færðust alfarið yfir á sveitarfélögin.

Ég held að það séu engin rök þótt heimavistarhúsnæði sé í sumum eða jafnvel velflestum tilvikum nýtt eitthvað yfir sumartímann til annarrar starfsemi, til reksturs í ferðaþjónustu. Það má alveg eins snúa því við og segja að einmitt vegna þess að ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein fyrir alla landsmenn, ekki bara viðkomandi sveitarfélög, séu það alveg sérstök rök fyrir því að ríkið styðji við þá uppbyggingu. Eða hvernig halda menn t.d. að uppbyggingin hjá Ferðaskrifstofu ríkisins og uppbygging og rekstur Edduhótelanna hefði orðið eins og raun ber vitni ef ekki væri vegna þess að ríkið stóð fyrir henni? Og byggði þar af leiðandi gistiaðstöðu jafnvel í fámennum sveitarfélögum við héraðsskóla og heimavistarskóla sem ekki væri til staðar ella en er mjög mikilvægur hlekkur í þeirri keðju hringinn í kringum landið sem er nauðsynleg til þess að hægt sé að skipuleggja hópferðir stærri hópa. Það er alveg þveröfugt að mínu mati. Ef við skoðum reynsluna var einmitt þessi skipan mála, að ríkið kostaði uppbyggingu heimavistanna, mjög mikilvægur hluti af uppbyggingu í ferðaþjónustunni. Vægi þessa þáttar er reyndar orðið minna í dag en það var á sínum tíma. Þegar best lét var sá hluti ferðaþjónustunnar sem byggði á hinum stóru skipulögðu hópferðum og nýtti sér þjónustu Eddu-hótelanna geysilega stór og veigamikill hluti af okkar ferðaþjónustu. Það skapar engin vandamál þótt menn vilji leggja meira í þetta húsnæði í einhverjum tilvikum heldur en felst í þeim samþykktu stöðlum eða normum sem uppbygging á vegum ríkisins eða ríkis og sveitarfélaga grundvallast á. Þau vandamál eru vel þekkt og hafa þegar verið leyst ýmist með því að viðkomandi aðili, sveitarfélag eða jafnvel rekstraraðili í ferðaþjónustu, tekur á sig viðbótarkostnaðinn með því að betur búið húsnæði er byggt í tengslum við slíka aðstöðu. Við þekkjum orðið nokkur dæmi þess að í tengslum við heimavistarskóla eða gistiaðstöðu við skóla eru byggðar álmur sem sjálfstæð rekstrarfélög standa fyrir með betur búnum herbergjum sem fullnægja öllum kröfum. Þar með er hægt að bjóða upp á þá þjónustu fyrir þann hluta gestanna vilja betur búin herbergi. Þessi sambúð gengur það ég best veit prýðilega. Dæmi t.d. á Kirkjubæjarklaustri og við Stórutjarnarskólann í Ljósavatnsskarði. Þetta eru því ekki vandamál sem þurfa að vefjast fyrir mönnum og eru ekki rök fyrir því að mínu mati að velta þessum kostnaði alfarið yfir á sveitarfélögin. Ég er á móti þessu ákvæði og ég harma að það skyldi ekki koma tillaga um að kippa þessu til baka út úr hv. menntmn. Það eru engin rök í málinu að vegna þess að ekki kom út úr menntmn. einhver tillaga um þetta þá sé óeðlilegt að flytja brtt. um málið við 2. umr. Þetta var gert að umtalsefni við 1. umr. málsins, m.a. af þeim sem hér

talar. Ég hvatti menntmn. til að fara ofan í saumana á þessu ákvæði og batt satt að segja vonir við að þessu yrði breytt. Reyndar batt ég vonir við það að fleiru yrði breytt og fleira yrði lagfært í þessu frv. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að þegar ég fór í gegnum brtt. meiri hlutans til undirbúnings þessari umræðu olli hún mér vonbrigðum. Ég hafði vonast til að frv. tæki meiri breytingum og yrði lagfært í fleiri tilvikum en brtt. meiri hlutans fela í sér.

En aðeins almennt að efni frv., herra forseti, og kringumstæðum við afgreiðslu þess. Ég vil endurtaka það sem ég sagði við 1. umr. málsins. Það má vissulega taka undir mörg jákvæð og göfug markmið sem sett eru fram í fyrstu greinum frv. og koma fram í hástemmdum yfirlýsingum í greinargerð um það sem standi til að bæta í skólastarfinu. Hins vegar spyr maður sig að því hvar þess sjái stað í efni frv. sjálfs að það séu innstæður fyrir þessum fullyrðingum og háleitu markmiðum. Hvar sér þess stað? Hvar sér þess stað að með þessu sé verið að gera skólann sjálfstæðan svo dæmi sé tekið? Ég finn það ekki, hvorki í frv. eins og það lítur út né í brtt. Ég get bara undir engum kringumstæðum séð að skólinn verði t.d. sjálfstæðari við þær breytingar á skólanefndunum sem hér er verið að gera. Ég held að þvert á móti sé þarna um afturför að ræða að ýmsu leyti. Það er ýmislegt fleira sem þarna á að gera, t.d. efla verkmenntunina. Ekki sé ég þess stað þegar betur er að gáð að það leiði sjálfkrafa af samþykkt þessa frv. Ég held því miður að hér sé á ferðinni eitt af þessum tilvikum þar sem menn safna saman háleitum markmiðum og skreyta sig með þeim en þegar betur er að gáð þá eru í raun og veru engar innstæður fyrir því að þær breytingar sem þarna er verið að gera feli slíkt í sér. Þvert á móti er ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum ákvæðum sem þarna eru á ferðinni. Það er að mínu mati dapurlegt að ekki skyldi koma út úr hv. menntmn., eftir þó þetta langan tíma því málið var hér til 1. umr. í byrjun nóvembermánaðar sl., meiri breytingar á frv. en raun ber vitni.

Í öðru lagi, herra forseti, er ekki hægt annað en staldra við þær aðstæður við afgreiðslu þessa máls að hér er á ferðinni enn eitt tilvikið þar sem verið er að afgreiða frv. um ný lög, nýja lagasetningu, um sjálfan framhaldsskólann eða framhaldsskólastigið í andstöðu við þá sem eiga að starfa samkvæmt lögunum. Og maður spyr sig að því, herra forseti, er þetta orðin einhver tíska, einhver regla hjá hæstv. ríkisstjórn að það skuli helst ekki setja meiri háttar löggjöf nema með illu, í andstöðu við þá sem eiga að búa við hana og starfa samkvæmt henni? En það er staðreyndin hér. Það lá fyrir strax í haust að kennarasamtökin voru á móti fjölmörgu í þessu frv. en þau óskuðu eftir því að fá að koma til viðræðna um breytingar á því og endurskoðun á frv. Við þessu hefur ekki verið orðið. Nú liggur fyrir við afgreiðslu málsins andstaða kennarasamtakanna. Kennarasamtökin harma að þau skuli ekki hafa verið höfð með í ráðum og að ekki var orðið við óskum þeirra og tilmælum frá því fyrr í vetur um að endurskoða frv. í samráði við samtök kennara. Þarna er á ferðinni því miður sem sagt enn eitt dæmið um að það á að beita afli. Það á að beita meiri hlutanum hér á Alþingi algjörlega í trássi við ríkjandi sjónarmið í þjóðfélaginu á meðal þeirra stétta sem málið varðar mest. Auðvitað er það þannig að það þýðir ekkert að fara að reka einhverja skólastefnu í landinu í andstöðu við starfsfólkið í skólunum. Eða heldur ríkisstjórnin að hún geti haldið uppi skólastarfi hér á landi án kennara? Eða að hún geti rekið þjónustu hins opinbera án opinberra starfsmanna? Það mætti ætla það eins og hér er gengið fram í hverju málinu á fætur öðru. Telur hv. ríkisstjórn virkilega gæfulegt að ganga svona fram í hverju málinu á fætur öðru? Er þetta hin nýja starfsmannastefna, herra forseti, sem mikið er látið af í skerðingarfrv. og hér í skólafrv. og ætlunin er að móta? Er það svona sem menn hyggjast vinna að henni? Ég tel það, herra forseti, ekki mjög gæfulegt.

Það liggja fyrir nýjar samþykktir frá kennarasamtökunum sem ástæða er til að minna á hér í þessum umræðum, t.d. í kennarablaðinu sem er nýkomið út, 4. tölublaði þessa árs. Þar liggur fyrir að framhaldsskólafrv. er til afgreiðslu á Alþingi í andstöðu við samtök kennara. Það er nýkomin ályktun frá Hinu íslenska kennarafélagi þar sem tekið er af skarið algjörlega með það að HÍK er andvígt ýmsum grundvallarákvæðum þessa frv. Það telur þar í mörgum tilvikum um afturför að ræða, skref afturábak í skólamálum, og harmar að ekki skuli hafa verið orðið við óskum kennarasamtakanna um samráð um meðferð þessara mála. Það blasir við okkur, herra forseti, að þessi nýja tíska er hér í heiðri höfð eins og í sambandi við málefni vinnumarkaðarins, þetta á að knýja í gegn í andstöðu við samtök kennara. Það er ekki gæfulegt. Satt best að segja held ég að hæstv. ríkisstjórn sé hér á mjög háskalegum villigötum og eigi að fara að hugsa sinn gang og þeir sem að henni standa eða bera ábyrgð á henni. Það kann ekki góðri lukku að stýra að ætla að ganga svona fram í hverju málinu á fætur öðru. Það liggur í hlutarins eðli að ekki verður starfsandinn skemmtilegur meðal framhaldsskólakennara á komandi hausti ef hvort tveggja á yfir þá að ganga á þessu vori að hér verði þröngvað í gegn í andstöðu við þá löggjöf um þeirra skólastig sem þeir eiga að starfa eftir og síðan verði komið að hinni hliðinni á þeim með þvingunarlagasetningu af því tagi sem felst í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur. Það eru aldeilis kveðjur sem kennarastéttin fær svo dæmi sé tekið á þessu vori frá hæstv. ríkisstjórn. Hefði maður þó haldið að ef eitthvað væri þá væri ástæða til að reyna að vinna að því að bæta starfskjör kennara á Íslandi og gera þeim lífið léttara, ef svo má að orði komast. Fáir bera á móti því að kennarar á Íslandi eru undir ríkari vinnuskyldu fyrir lakari laun en starfsbræður þeirra í nálægum löndum. Um það er tæpast deilt að ég hygg.

Um ýmis önnur efnisatriði frv., herra forseti, mætti auðvitað margt segja. Ég ætla aðeins að staldra við fáein mikilvæg atriði en vísa að öðru leyti til þeirrar ræðu sem ég flutti við 1. umr. þessa máls. Ég ætla ekki að endurtaka það sem þar var sagt. Í fyrsta lagi staldra ég á nýjan leik við ákvæði 15. gr. um inntökuskilyrði. Ég er tortrygginn á orðalag þeirrar greinar og varð fyrir vonbrigðum að sjá að í brtt. menntmn. er ekki gert ráð fyrir neinum lagfæringum á þeim ákvæðum. Mér sýnist þar glitta í hugsunarhátt í skólamálum sem ég er ekki par hrifinn af. Ég fæ ekki betur séð en að í raun og veru felist í þeirri grein algjör opnun á það að einstakir skólar taki upp inntökuskilyrði. Það gerist meira að segja þannig að þau geta orðið mismunandi. Það er beinlínis um það fjallað í greininni. Það er að vísu sagt í upphafi 15. gr. að allir sem lokið hafi grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skuli eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla. En svo koma en-in. Næst kemur að því að inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi og í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla

og starfsþjálfun, þar sem hennar er krafist.

Þarna er verið að opna með beinum hætti fyrir inntökuskilyrði og að þau geti orðið mismunandi. Svo kemur grein sem kemur í stað þeirrar sem áður tryggði öllum sem voru 18 ára eða eldri sjálfkrafa rétt til að spreyta sig á framhaldsskólanámi. Hún er orðin þannig að það er orðið heimildarákvæði skólameistara að undangengnu mati að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur í lok grunnskóla og standist þar með ekki hin nýju inntökuskilyrði. Svo er sagt: „Nemendum, sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla, skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólastigi." Ef þetta er allt lesið saman og við hugsum okkur að þróunin yrði slík að alls staðar yrði um þessi inntökuskilyrði að ræða þá stendur ekki annar réttur eftir til handa nemendum sem jafnvel eru orðnir 18 ára en sá einn að komast í þetta fornám. Í reynd gæti það gerst í framkvæmdinni á grundvelli lagagreinarinnar svona orðaðrar. Ég er ekki að segja að það verði, það er að sjálfsögðu ekki ljóst að allir skólar taki upp inntökuskilyrði. Og það er ekki ljóst hvernig einstakir skólameistarar mundu beita heimildarákvæðinu. En það gæti gerst að eini sjálfstæði rétturinn sem menn hefðu til að fara inn í framhaldsskóla, reyna við framhaldsskólanám, ef þeir hefðu nú tekið út aukinn þroska og væru orðnir 18 ára eða meira og vildu reyna þetta á nýjan leik hafandi þó ekki náð lágmarksskilyrðum til inntöku eins og þau kunna að verða upp úr grunnskóla, væri sá að fá að setjast í þetta fornám. Þetta finnst mér ekki rétt. Ég er á móti því að þroski manna sé orðinn slíkur við lok grunnskólanáms að það sé réttlætanlegt að dæma endanlega með þessum hætti eins og hér er opnað fyrir um framtíð þeirra hvað frekari menntun snertir. Það er ógeðfelldur hugsunarháttur að mínu mati. Ég vil halda mig við þann skóla heimspekinnar eða skólapólitíkurinnar í þessum efnum sem lokar engum leiðum fyrir einstaklinginn til að auka þroska sinn hvar og hvenær sem hann vill láta á það reyna að bæta hann.

Ég held líka að þessar mismunandi kröfur, sem þarna er farið að gefa í skyn að menn geti farið að setja, séu mjög hættulegar. Hvað getur falist í því annað en að það verður farið að tala um fyrsta flokks og annars flokks skóla og fyrsta flokks, annars flokks og þriðja flokks námsgreinar og námsbrautir? Með öðrum orðum yrði farið að búa til einhverja tossafarvegi, tossafarvegi fyrir lélegustu nemendurna inn í slökustu skólana. Mér finnst brydda hér á hugsunarhætti af þessu tagi og ég er ekki sáttur við hann, herra forseti. Menn geta svo komið hér og sagt að þetta sé allt gert af umhyggju fyrir þeim sem erfiðast eiga uppdráttar í skólunum og það sé mikið fall og hér andi góðvildinni í garð þeirra sem erfiðast eiga uppdráttar í skólakerfinu út úr hverri setningu og ætlunin sé að auka við þá stuðning og guð má vita hvað. En hafa menn eitthvað í hendi um það? Hafa menn eitthvað í hendi að það sé meiri trygging í slíkum óskrifuðum hlutum en fortakslausu ákvæði sem tryggir mönnum t.d. aðgang að skólastiginu þegar þeir hafa náð vissum aldri? Ég hef ekki trú á því miðað við það hvernig við höfum staðið að þessum málum á undanförnum árum upp sé að renna slík tíð að mönnum verði betur borgið þannig. Margar þjóðir hafa í sinni löggjöf ákvæði sem tryggir öllum þegnum rétt til þess að hefja háskólanám án tillits til undirbúnings eftir að þeir hafa náð vissum aldri kannski í gegnum tiltekinn farveg sem þannig er opnaður inn í nám á háskólastigi. Ég þekki þess dæmi úr löggjöf margra þjóða að svoleiðis er það. Hvað þá um framhaldsskólann sem tekur við mönnum að jafnaði miklu yngri og óþroskaðri en háskólinn.

Um sjálfstæði skólanna, herra forseti, vil ég líka aðeins fjalla á nýjan leik og skólanefndirnar. Ég er ákaflega ósáttur við þessa breytingu á skólanefndunum. Ég tel hana stórkostlega afturför og kannski eitt það versta í þessu frv., líka vegna þess að ég hef engin haldbær rök heyrt flutt fyrir því að henda fulltrúum kennara og nemenda út úr skólanefndunum. Ég geri ekki mikið með það að einhvers konar hagsmunaárekstrar eða togstreita í skólanefndum verði svo erfið viðureignar ef fulltrúar kennara eru þar að það sé ekki við það búandi. Þegar komin eru stjórnsýslulög í landinu og hæfnisákvæði eru fyrir hendi bæði þar og annars staðar til að styðjast við ef um einhverja slíka beina hagsmunaárekstra eða hagsmunatengsl er að ræða þá bið ég um rökin fyrir því að kennarar eigi að vera sviptir þeim réttindum að geta setið þarna inni og haft áhrif á sínum vinnustað. Jafnvel þótt menn kæmust að þeirri niðurstöðu að það gæti verið erfitt fyrir skólanefndirnar og skólameistarann þar með að hafa fulltrúa kennara inni í skólanefndunum, hver eru þá rökin gagnvart nemendunum? Ekki ráða þeir menn til starfa í skólunum. Það eru engin rök af þessu tagi fyrir því að henda fulltrúum nemenda út. Að minnsta kosti eru þau ekki flutt með þessum hætti. Ég held að þetta geti haft slæm áhrif á starfsandann í skólunum. Ég held að þetta sé til hins verra. Mér finnst það fráleit miðstýring að láta menntmrh. einan velja meiri hluta fulltrúa í skólanefndinni. Mér finnst fráleitt að hæstv. menntmrh. suður í Reykjavík fari að handvelja meiri hluta allra skólanefnda í framhaldsskólum hringinn í kringum landið. Það er vitleysa. Það er arfur að ég hélt frá löngu liðnum tíma. En nú á þessum nýjustu og mestu miðstýringartímum eftir að Sjálfstfl. komst á nýjan leik inn í menntmrn er hafin þar miðstýring sem áður var helst samjöfnuður fundinn við mun austar á jarðarkringlunni. En svona er þetta nú merkilegt, herra forseti.

Fleira mætti til taka af efnisatriðum í frv. sem því miður er ekki farið í að lagfæra eða breyta í tillögum hv. menntmn. Um sjálfstæði skólanna og skólana sem vinnustað var líka nokkuð rætt við 1. umr. og þá kom í ljós dálítið merkilegur misskilningur þegar verið var að ræða þetta. Ég og hv. þm. Hjálmar Árnason áttum hér orðaskipti og ég leyfði mér að nefna hugtakið atvinnulýðræði í sambandi við þetta mál. Hv. þm. hélt að ég væri að tala um atvinnulýðræðið úti á vinnumarkaðnum og fékk því ekki heim og saman komið hvað það kæmi skólunum við. Ég var auðvitað og er að tala um skólann sem vinnustað. Skólinn er vinnustaður. Skólinn er yfirleitt einn stærsti ef ekki stærsti vinnustaður í hverju byggðarlagi. Skólarnir til samans eru stærstu vinnustaðir á Íslandi og skólinn er mjög mikilvægur vinnustaður bæði þeirra sem þar fást við kennslu og stjórnun og önnur störf og auðvitað líka nemendanna. Nemendur eru þar með vissum hætti „í vinnu". Og það á að huga að þessum þætti málsins, skólanum sem vinnustað, sem vinnuumhverfi og því andrúmslofti sem þar er og þar ríkir. Ég er sannfærður um að í því tilliti eru þessar breytingar á skólanefndunum óheppilegar. Ég leyfi mér að segja að ég tali þar af reynslu, ég sat um tíma sem fulltrúi nemenda í gagnmerkri skólanefnd eða skólastjórn eða hvað það nú hét á þeim tíma í Menntaskólanum á Akureyri. Ég fullyrði að það að hafa sem stystar boðleiðir af því tagi með sjónarmið og hagsmunamál nemenda inn í stjórnsýslu skólans er skynsamlegt. Það er oft hægt með því að leysa

mál sem ella gætu orðið enn þá erfiðari viðfangs. Það er ekki síst gott fyrir skólastjórnendurna að eiga þess kost að fá þannig milliliðalaust beint inn þau vandamál sem uppi eru og sjónarmið nemenda í sambandi við þau. Sama að mínu mati á við um kennarana.

Að lokum, herra forseti, vil ég hverfa aftur að því að hæstv. ríkisstjórn er hér að knýja fram afgreiðslu á þessu máli við þær aðstæður sem ég gerði hér að umtalsefni fyrr, þ.e. í andstöðu við þá sem við þetta eiga að búa og eftir þessu eiga að starfa. Það er að mínu mati mjög heimskulegt. Ég undrast það nokkuð að hæstv. menntmrh. skuli ekki sjálfur a.m.k. sjá að sér í þessum efnum svo ég segi nú ekki leggja metnað sinn í það að reyna að koma fram sinni fyrstu löggjöf af þessu tagi við aðrar og ánægjulegri kringumstæður. Er það virkilega svo að hæstv. menntmrh. sé sáttur við þetta? Það er búið er að baksa við og puða við þetta framhaldskólafrv. af tveimur hæstv. menntmrh. Sjálfstfl. og starfa að því í næstum fjögur ár ef ég man rétt, ætli það hafi ekki verið á árinu 1992 sem hin fræga 17+1 nefnd lagði af stað með 17 sjálfstæðismönnum og einum krata, eins og stundum er sagt. Svo hefur það verið borið til baka, sagt að verið sé að vísa til þess að í nefndinni hafi verið 17 menn úr Reykjavík eða af höfuðborgarsvæðinu og einn af landsbyggðinni. Það má vel vera og kannski er hvort tveggja rétt. En þetta nudd hjá Sjálfstfl. byrjaði víst fyrir þrem, fjórum árum. Það hefur verið reynt þrátt fyrir að þetta hafi tekið miklum breytingum að slá þessu upp sem einhverju flaggi fyrir nýja menntastefnu í anda sjálfstæðismanna. Það vantar svo sem ekki fagurgalann hér í greinargerðum og öðru slíku. Við erum búin að ræða hversu miklar innstæður séu fyrir því öllu. En einu þýðir ekki að mótmæla og það er að kringumstæðurnar við afgreiðslu málsins eru þær að kennarasamtökin, sem eiga að starfa eftir þessari löggjöf, eru á móti frv. Er þá hæstv. menntmrh. hreykinn af því? Eru þetta þær aðstæður sem hann vill hafa þegar hann fer að draga upp flaggið sitt, nýja framhaldsskólafrumvarpið eða nýju framhaldsskólalögin? Að vísu tókst svo neyðarlega til að þetta eru ekki fyrstu lögin sem hæstv. núv. menntmrh. fær afgreitt því að bautasteinninn, minnismerkið stóra sem hæstv. menntmrh. er búinn að reisa sér í gegnum sín fyrstu lög á sviði skólamála, eru skólagjöldin. Það eru lög um skólagjöld sem hér voru knúin í gegn fyrir fáeinum dögum og gerð að lögum.

Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að sjá að sér í þessum efnum. Það hafa komið fram óskir um að málið verði tekið til nefndar á nýjan leik milli 2. og 3. umr. Það voru stjórnarliðar meðal annarra sem báru fram þær óskir, hv. þm. Stefán Guðmundsson og fleiri. Þannig að í sjálfu liggur að við því hlýtur að verða orðið. Ef réttmætar og rökstuddar óskir um slíkt koma fram þá ber að verða við þeim. Þar af leiðandi gefst tækifæri til þess að fara á nýjan leik yfir ýmsa þætti málsins og ég hvet til þess að síðast en ekki síst verði þar farið yfir tilboð kennarasamtakanna um að fresta afgreiðslu málsins og hefja viðræður við kennarasamtökin um breytingar á frv. þannig að hægt sé að afgreiða þessi mál í samstöðu eða í samkomulagi við kennarana í landinu.

[16:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að ræðu minni í tölu sinni hér og nefndi þá einkum það sem ég sagði um kostnaðarhlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í byggingu heimavistarhúsnæðis. Ég endurtek það sem ég sagði. Í fyrsta lagi vakti ég athygli á því að þessi breyting yrði gerð og væri gert ráð fyrir því að að henni framgenginni yrði samið við sveitarfélögin á þann veg að þeim yrði bætt þessi aukna hlutdeild í heimavistarbyggingunum upp með einhverjum þeim hætti sem samkomulag yrði um. Þetta er grundvallaratriði.

Í öðru lagi ítreka ég að það eigi að gilda sama kostnaðarhlutdeild um alla hluta framhaldsskólahúsnæðis þannig að það sé sama regla sem gildi alls staðar. Í þriðja lagi nefndi ég það að sveitarfélögunum bæri að hafa vald á gerð og öllum búnaði heimavistarbygginganna til þess að geta nýtt heimavistirnar fyrir ferðaþjónustuna. Ég tel að með þeim hætti sem hér er fram gengið í frv. sé þessu vel fyrir komið og þess vegna styð ég þetta. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að þetta væri ekki til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna, benti á Eddu-hótelin. Ég er sammála því að þau hafa gegnt mikilvægu hlutverki og nefndi það í ræðu minni en ég tel hins vegar að jafnframt þurfi að gæta jafnræðis þannig að það sé ekki staðið óeðlilega að stuðningi við uppbyggingu eintakra gististaða eins og gæti orðið ef ríkið væri að öllu leyti að greiða kostnað í heimavistum. Þess vegna tel ég ekki óeðlilegt að kostnaðarskipting sé með þeim hætti sem hér er nefnt og gert ráð fyrir. Ég vildi síðan vekja athygli á því að hv. þm. gagnrýndi frv. nokkuð. Þó sýnist mér menn séu almennt í umræðunni meira sammála en áður hefur verið.

[16:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít á þetta sem prinsippmál og mér nægja ekki þau venjulegu rök sem alltaf koma til þegar verið er að velta einhverju yfir á sveitarfélögin að svo eigi eftir á að fara í það að semja um að þetta verði að einhverju leyti jafnað upp í gegnum jöfnunarsjóð. Ég tel þetta ekki nógu gott. Hér er um prinsippmál að ræða og ég tel að það eigi að leysa það með þeim hætti að ríkið sjái fyrir þessum þætti. Í öðru lagi að sama eigi að gilda um allt húsnæði. Það er ekki sambærilegt. Það er akkúrat í þessum þætti skólahaldsins sem mismunurinn liggur milli þeirra sveitarfélaga sem þannig eru sett eða standa þannig að skóla að þar þarf heimavistir og hinna. Þess vegna er eðlilegt að ríkið komi þar inn. Ég er ósammála því að þetta sé sambærilegt, ósammála því að það eigi að gilda sama reglan um allt húsnæðið vegna þess að sérstaða sumra skólanna birtist í þessu að það þarf heimavistir til þess að hægt sé að halda uppi eðlilegu skólahaldi og sérstaða sumra byggðarlaganna í því sambandi. Um að þetta sé nauðsynlegt til þess að sveitarfélögin fái forræði yfir húsnæðinu kannast ég ekki við það vandamál að hafi menn haft hugmyndir um nýtingu húsnæðisins þegar það er í byggingu jafnvel verið tilbúnir til að leggja eitthvað af mörkum til að gera það betur úr garði þá hafi strandað á því. Ég kannast ekki við það. Mér er ekki kunnugt um að það hafi nokkurn tímann verið fyrirstaða af hálfu ríkisins ef menn vilja leggja eitthvað umfram norm í húsnæði að það væri þá gert og ég rakti líka dæmi um það hvernig þetta er leyst m.a. með viðbótarálmum o.s.frv. víða þar sem ágætlega hefur tekist til. Varðandi það að forðast mismunun þá er það gilt sjónarmið að reyna að valda ekki því að með ósanngjörnum hætti sé raskað samkeppnisskilyrðum en það væri þá ekki það versta þó að heimavistirnar nýttust í einhverjum tilvikum til sumargistingar þegar hvort sem er er yfirleitt góð nýting á öllu gistirými. Ætli við ættum þá ekki fyrr að líta t.d. á framlög til heils árs hótela og hvernig þeim hefur á köflum verið varið. Sum hótel á landsbyggðinni eru styrkt en önnur ekki. Og ýmis framlög hafa á undanförnum árum

farið í gegnum ferðamálasjóð til hlutafjáraukningar í sumum hótelum en ekki öðrum. Okkur er báðum málið skylt, mér og hv. þm., þannig að við skulum nú ekki fara að segja að þetta væri það erfiðasta í þeim efnum þó að heimavistirnar væru nýttar með tiltæknum hætti til sumargistingar og áfram hugað að því að við uppbygginu þeirra sé þetta haft í huga sem er þjóðhagslega hagkvæmt og skynsamlegt að húsnæðið sé nýtanlegt einmitt í þessu skyni á meðan skólarnir starfa ekki, fellur ágætlega að toppinum í ferðaþjónustu okkar yfir sumarmánuðina þannig í rauninni er þar um mjög hagkvæmt fyrirkomulag fyrir alla aðila að ræða, líka skólana, vegna þess að tekjur af hótelrekstrinum á sumrin hafa iðulega borið uppi viðhaldið og endurbæturnar á þessu húsnæði.

[16:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þingmaðurinn taldi að það væri ekki nein trygging fyrir því og þyrfti ekki að hafa það sem tryggingu að sveitarfélögin væru auknir þátttakendur í kostnaði og þar með eign. Ég bendi á það vegna þess að hann taldi að það sæist í engu að það hefði þurft að halda betur á við undirbúning og uppbyggingu heimavistarhúsnæðis í landinu svo það gæti uppfyllt kröfur og þarfir ferðaþjónustunnar. Ég segi alveg eins og er að það er því miður mjög fjarri því að það húsnæði í heimavistum um landið sem nýtt er til ferðaþjónustunnar uppfylli þær kröfur sem ferðaþjónustan gerir í dag. Það er náttúrlega vegna þess að það var verið að byggja heimavistarhúsnæði fyrir unglinga og hálffullorðið fólk en ekki verið að byggja upp aðstöðu fyrir ferðaþjónustu. Þarna er um grundvallaratriði að ræða og ég held að um allt land og m.a. í kjördæmi hv. 4. þm. Norðurl.e. sé einmitt staðið frammi fyrir því að það þurfi að fara í stórkostlegar endurbætur, endurgerð, endurbyggingu á þeim heimavistum sem eru nýttar fyrir ferðaþjónustu. Af því að hann nefndi styrki til heils árs hótela sem hefur verið reynt að gera tortryggilegt vil ég bara rifja það upp að einhverjar mögnuðustu og mest afgerandi aðgerðir til þess að styrkja „heils árs hótel" voru m.a. framkvæmdar mjög myndarlega í tíð hans sem hæstv. samgrh. Á því var tekið þá þannig að ég er sammála því að það hallast ekki á milli kjörtímabila hvað það varðar enda er geysilega mikilvægt að efla það sem hæstv. núv. samgrh. og þáv. samgrh. kallaði flaggskip ferðaþjónustunnar á Íslandi sem eru hótelin sem geta veitt góða þjónustu í gistingu og öðru og skapað skilyrði til þess að halda uppi ráðstefnuhaldi og vera leiðandi í markaðssókn á tilteknum svæðum. Þá er ég náttúrlega kominn út fyrir það efni sem hér er til umræðu, þ.e. framhaldsskóla, en ég ítreka það að ég styð þetta frv. og tel að 37. gr. sem lýtur að hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna sé eðlileg.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er oftúlkun á orðum mínum og ég sagði það aldrei að þess sæi í engu stað að húsnæði sem byggt var fyrr á öldinni sem heimavistarhúsnæði fullnægði ekki kröfum nútímans sem hótelherbergi. Að sjálfsögðu gerir það það. Það er alveg augljóst mál. Héraðsskólarnir hans Jónasar frá Hriflu byggðir um 1930 eru að sjálfsögðu ekki með baði inni á herbergjunum og minibar. Það liggur alveg í hlutarins eðli og vita allir menn enda var ekki til þess ætlast á þeim tíma og sú tíska ekki uppi. En í þeim tilvikum á seinni árum sem menn hafa beinlínis gert ráð fyrir nýtingu heimavistarhúsnæðis sem sumarhótela hafa þau vandamál verið leyst. Ég þekki mörg dæmi þess þar sem það hefur verið gert prýðilega. Þá var það ekkert vandamál að ríkið greiddi þann kostnað að fullu. Ég get nefnt Hvanneyri og mörg önnur slík. En það var bara ekki í öllum tilvikum og því breytum því að sjálfsögðu ekki. Ég fullyrði þar af leiðandi að gagnvart framtíðinni verður þetta ekki vandamál. Þó að ríkið haldi áfram að greiða samkvæmt normi kostnaðinn við heimavistir að fullu eru engin vandamál samfara því að gera þá betur í því húsnæði ef menn vilja það en reyndar tel ég að kröfur nútímans til heimavistarherbergja séu í grófum dráttum að verða þær að það fullnægi alveg kröfum til venjulegra gististaða. Ég á ekki von á því að menn fari að byggja heimavistir með herbergjum þar sem ekki er baðaðstaða á herbergjum. Jafnvel þó að menn kynnu að hafa einhvern skilning eða samúð með þessu sjónarmiði hv. þm. mega menn ekki missa marks á hinu að út úr því komi ekki mismunun milli sveitarfélaga. Að sveitarfélög sem standa fyrir skólahaldinu fari þá ekki að gjalda þess að þessar þarfir ferðaþjónustunnar eru hafðar í huga. Ég held að við þurfum, herra forseti, að hafa a.m.k. hvort tveggja í huga.

[16:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. menntmn. fyrir góð störf við yfirferð yfir þetta frv. og sérstaklega nefna formann nefndarinnar, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem hefur fylgt þessu máli lengur en flestir aðrir þingmenn því eins og kunnugt er var hún á síðasta kjörtímabili formaður nefndar sem samdi frv. og einnig grunnskólafrumvarpið sem er nú orðið að lögum. Hún hefur því unnið með þessu máli allt frá fyrsta degi ef þannig má að orði komast og undir forustu hennar hefur nefndin skilað af sér álitum og brtt. meiri hlutans sem er að mínu mati til bóta á frv. og er enn til þess að gera það að góðu stjórntæki fyrir það mikilvæga skólastig sem framhaldsskólinn er. Í umræðunum hafa ekki komið nein þau atriði sem kalla á langa ræðu af minni hálfu því að þótt ótrúlegt sé hafa umræðurnar að meiri hluta snúist um kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga en ekki um menntamálin eða þau meginatriði sem verið er að ræða í þessu frv. Spurningar hafa frekar lotið að því hvort sveitarfélög ættu að borga 40% í heimavistum eða ekkert eins og þingmenn hafa fylgst með.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem kemur fram í áliti meiri hluta nefndarinnar og einnig það sem fram hefur komið hjá hv. þm. í umræðunum um réttmæti þess að huga verði að leiðum til þess að stytta námstímann á framhaldsskólastiginu. Hann er nú eins og við vitum fjögur ár og það hefur komið fram og er ljóst að í áfangakerfinu er unnt að haga málum þannig að menn geti lokið náminu á þremur árum. Spurningin er sú hvort ekki eigi að vinda að því bráðan bug eins og kostur er að gera bóknámsskólunum, sem eru ekki með áfangakerfi, þetta einnig kleift. Ég mun taka þeirri áskorun sem kemur fram í áliti meiri hluta menntmn. um það mál, taka hana alvarlega og velta fyrir mér hvaða leiðir eru bestar til þess að þessu marki verði náð. Ég tel að til þess að því verði náð á raunhæfum forsendum sé nauðsynlegt að endurskoða námskrá bæði grunnskólans og einnig framhaldsskólans. Ég lít á það sem meginverkefni menntmrn. á komandi missirum eftir að grunnskólinn flytur til sveitarfélaganna og eftir að þetta frv. er orðið að lögum að vinna að námskrárgerð bæði fyrir grunnskólann og framhaldsskólann. Þá verði m.a. tekið mið af því markmiði að stytta námstímann þannig að íslenskir nemendur geti lokið framhaldssnámi sínu

á svipuðum aldri og jafnaldrar þeirra erlendis. Þetta er mjög mikilvæg stefnumótun sem felst í þessu áliti nefndarinnar og ég heyrði ekki betur en nefndarmenn, sem hér töluðu, væru á því máli að skynsamlegt væri að setja þetta mark þó að það sé meiri hluti nefndarinnar sem áréttar það sérstaklega í áliti sínu. Raunar finnst mér að álit nefndarmanna séu svo keimlík í megindráttum að vafalaust hefur ekki miklu munað að nefndin næði saman þótt hún skiptist í þrjá hluta eins og álitin gefa til kynna.

Að því hefur verið vikið að það hafi skort samstarf við kennara og jafnvel verið látið að því liggja að með frv. sé verið að sigla málum þannig að í algjörri andstöðu við kennara sé. Ég vil láta þess getið að ég hef rætt þessi mál við forustumenn kennara á þeim vetri sem nýliðinn er og farið yfir mál sem þeim þykja athugaverð í frv. Ég tel að í brtt. meiri hluta nefndarinnar sé komið til móts við ýmis sjónarmið sem kennarar hreyfðu. Til dæmis er áréttað hvernig haga skuli verkaskiptingu á milli skólanefnda annars vegar og hinna hins vegar sem fjalla um fagleg innri málefni í skólastarfinu og ákvæði um reglugerðarheimild fyrir menntmrh. vegna kennarafunda, ákvæði um það að leitað skuli umsagna kennarafunda um skólanámskrár og fleiri slík atriði sem láta e.t.v. ekki mikið yfir sér þegar við lítum á þetta stóra mál í heild en eru atriði sem sett eru inn í frv. með brtt. nefndarinnar, m.a. að tilmælum kennara. Þannig hefur a.m.k. verið komið til móts við sum sjónarmið þeirra þótt að það sé rétt að ekki hafi menn orðið við öllum þeirra óskum. Enda ekki við því að búast að tillögur eins aðila séu teknar allar og nefndin hafi viljað gera þær að sínum. En viðleitni hefur verið uppi á liðnum vetri í þá átt að koma til móts við sjónarmið kennaranna og ég tel að það endurspeglist í brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði í ræðu sinni þegar þessar umræður voru að hefjast, þ.e. að í skólum landsins á meðal skólameistara og skólafólks biðu menn eftir því að Alþingi samþykki þetta frv. Mönnum er orðið brýnt að fá þær starfsreglur samþykktar sem mælt er fyrir um í frv. Það var fyrst lagt fram vorið 1994, var síðan hér á síðasta ári á þinginu á undan þessu, kosningaþinginu, þar sem ekki vannst tími til að ljúka málinu og nú er það hér í þriðja sinn. Það er alveg ljóst af þeim erindum sem menntmrn. berast og sem það getur því miður ekki sinnt á nýjum forsendum fyrr en þetta frv. er orðið að lögum að skólarnir eru farnir að búa sig undir að starfa á þessum forsendum og það yrði að mínu mati verulegt áfall fyrir skólakerfið, þetta mikilvæga skólastig, ef svo færi að frv. yrði ekki samþykkt nú á þessu þingi. Þrátt fyrir andstöðu kennarasamtakanna og yfirlýsingar þeirra um það að þetta frv. eigi ekki að ná fram að ganga lít ég þannig á að þeir sem í skólum starfa bíði eftir afgreiðslu þessa máls. Ég hef heimsótt marga framhaldsskóla á undanförnum mánuðum og m.a. var ég í dag á fundi með skólameisturum framhaldsskólanna sem eru að þinga í Reykjavík. Það er alveg ljóst að forustumenn í skólunum bíða eftir því að Alþingi afgreiði þetta mál og vænta þess að það klárist á þessu þingi. Og raunar finnst mér að þær málefnalegu umræður sem orðið hafa um málið í dag bendi til þess að okkur muni auðnast að ljúka því í meiri sátt en skipting menntmn. gefur til kynna þegar fyrst er á málið litið. Umræðurnar í dag hafa verið mjög málefnalegar. Þær hafa þó ekki endilega snúist um atriði sem lúta að innra starfi skólanna heldur verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Einnig hafa margar ágætar ræður verið fluttar um meginefni frv. og ég hef skilið það svo að menn eru í höfuðdráttum sammála um það. Menn deila um 15. gr. og ýmis atriði eins og gengur en ég hef ekki orðið var við það hér að menn telji ekki skynsamlegt að þetta mál nái fram að ganga.

Ég vil aðeins víkja að ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Hann las upp úr bréfi eins og hann kallaði það og gaf til kynna að það væri bréf sem hefði verið sent með fyrirmælum til framhaldsskólanna. Svo er ekki. Þetta er plagg sem var lagt fram við 1. umr. málsins á Alþingi og til kynningar og lýtur að verkaskiptingu á milli framhaldsskólanna. Og eins og þá var sagt og kemur fram í bréfi sem því fylgir var plaggið lagt fram í því skyni að menn ræddu það og veltu fyrir sér þeim tillögum sem þar koma fram. Síðan yrði það rætt við menntmrn. á þeim samstarfsvettvangi framhaldsskólanna sem starfandi er og síðan mundi menntmrn. taka af skarið eins og því ber lögum samkvæmt um verkaskiptinguna. Það hefur verið gert í Reykjavík á framhaldsskólastiginu varðandi málmiðnað og bíliðngreinar og einnig matvælagreinar í vetur og valdið nokkrum umræðum. Ég tel þó að að lokum hafi orðið sæmileg sátt um þá niðurstöðu. Að öðru leyti er plaggið enn vil vinnslu og skoðunar og það sem hann las upp um stöðu lítilla skóla er atriði sem fleiri en hann hafa gagnrýnt. Það er hins vegar ljóst að það er nauðsynlegt að hvetja til samstarfs á milli skóla utan Reykjavíkur, minni skóla, til þess að þeir dafni betur en ella án þess að í því felist nokkur vantrú á því að innan þessara skóla geti menn náð þeim árangri sem að er stefnt og allir vilja stefna að sem að skólunum standa. Hins vegar er nauðsynlegt að mínu mati að efla samstarfið þar sem það á við, t.d. á Norðurl. e. á milli skólans á Laugum, framhaldsskólans á Húsavík og skólanna á Akureyri. Ég tel að það væri æskilegt að auka þar samstarf á milli skóla svo þeir eflist allir af nánara samstarfi. Hið sama á raunar við á Austurlandi þar sem er skólinn á Höfn í Hornafirði, Verkmennaskólinn í Neskaupstað og Menntaskólinn á Egilsstöðum. Ég held að innan þessara kjördæma eigi framhaldsskólarnir að starfa náið saman og nánar saman. Nútímatækni, tölvutækni, fjarnám og fjarnámstæknin gefur mönnum færi á því að gera þetta á nýjum forsendum. Það eru þessi sjónarmið sem vakið er máls á í þessu plaggi en ekki verið að gera lítið úr þessum skólum nema síður sé. Enda hefur það ekki verið stefna mín sem menntmrh. að leggja af skólastarf á þessum stöðum. Ég vil þvert á móti gefa skólunum færi á að þróast samkvæmt eigin lögmálum en þó í nánari samvinnu við næstu skóla. Það liggja fyrir tilmæli frá þessum skólum um námsefni og námsbrautir sem við getum ekki afgreitt í menntmrn. nema þetta frv. verði að lögum. Ég lít því þannig á að með þeirri umgjörð sem sköpuð verður með samþykkt frv. verði þessum skólum skapað betra starfsumhverfi og fjölbreytni geti áfram dafnað í íslensku framhaldsskólakerfi. Ég tel að það sé alrangt að líta þannig á að þetta sé miðstýringarfrumvarp sem vilji fella allt í sama mót. Það gefur þvert á móti færi á fjölbreytni og skapar möguleika til þess að verða við óskum skóla um námsbrautir umfram það sem unnt er á þessu stigi. En að sjálfsögðu verða menn í því tilliti að hafa kostnaðarþáttinn alltaf í huga og gera það sem hagkvæmast er. Því miður er ekki um ótakmarkaða fjármuni til þessa starfs að ræða frekar en til svo margs annars. Við þurfum því að hafa hagræðingarsjónarmið einnig hér í huga og samvinna stuðlar að því og jafnframt styrkir skólana.

Þessi almennu rök vil ég einnig nota þegar menn tala um það að ráðuneytið flokki skóla í fyrsta og annars flokks

skóla. Svo er ekki. Í frv. er veitt heimild til þess að taka upp samræmd próf og þau ættu að gera okkur auðveldara að nota svipaða mælistiku á skólana og draga þá mörkin þannig að menn átti sig á því að það er ekki verið að skipta skólum í fyrsta og annars flokks skóla heldur er starfsumhverfi þeirra misjafnt.

Menn hafa gert því skóna að það sé nýmæli í þessu frv. þar sem mælt er fyrir um það að skólar geti valið nemendur til setu innan sinnan veggja. Þetta er ekki nýmæli. Það er gert nú þegar. Menn þurfa ekki að kynna sér val á nemendum í framhaldsskóla lengi til þess að átta sig á því að skólameistarar gefa sér forsendur við val á nemendum sem skapa skólunum sérstöðu. Lítum t.d. á hinar góðu niðurstöðu sem nemendur úr Menntaskólanum á Akureyri fá í öllum háskóladeildum þar sem reynslan sýnir að þeir standa sig hvað best í öllum deildum Háskóla Íslands. En þegar þetta er rætt við forustumenn Menntaskólans á Akureyri og dáðst að því hvað skólinn nær góðum árangri ef þessi mælistika er notuð þá vekja þeir í hógværð sinni athygli á því að skólinn búi þó við þann kost að hann geti valið fólk inn í bekkina. Hann getur sett kröfur og hann gerir kröfur um að menn hafi náð ákveðinni lágmarkseinkunn til þess að setjast í skólann. Þess vegna er það hans verkefni að skila góðum nemendum enn þá betri með sínum prófum.

Sama á við að verulegu leyti um Menntaskólann í Reykjavík, þann ágæta skóla sem nú fagnar 150 ára afmæli sínu. Á sl. hausti kærðu tveir nemendur úr Garðabæ sem ekki fengu inni í þeim skóla þá ráðstöfun rektors skólans að neita þeim um skólavist. Það fór til stjórnsýsluúrskurðar í menntmrn. Foreldrar drengjanna sættu sig ekki við þá niðurstöðu og kærðu úrskurð ráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis. Ef menn lesa álit og úrskurð ráðuneytisins í báðum tilvikum liggur ljóst fyrir að það er síður en svo að allir þeir sem æskja inngöngu í Menntaskólann í Reykjavík fái þar skólasetu. Þvert á móti er beitt ströngum skilyrðum og þess krafist að menn hafi verulega góðar einkunnir til þess að komast inn í skólann. Það er því alrangt að halda því fram að með þessu frv. sé verið að brjóta í blað að því er varðar inngöngu í framhaldsskóla. Hins vegar er mælt fyrir um reglur sem eiga að gilda og ráðuneytið á að útfæra sem byggjast á öðru en landafræði eða búsetu og ég sé ekkert óeðlilegt við það. Ég hef sjálfur staðið að því að rita bréf sem miðaði að því að útiloka nemendur úr nágrannabyggðum Reykjavíkur frá skólum í Reykjavík og beina því til skólameistara að þeir héldu nemendum utan skóla í Reykjavík vegna búsetu þeirra. Mér finnst að slík bréf séu frekar ámælisverð en hitt að skólar geri kröfur um að nemendur sýni ákveðinn árangur í námi sínu áður en þeir ganga inn fyrir veggi skólanna. Ég vil árétta að þeir nemendur sem standa sig best í Háskóla Íslands að meðaltali miðað við allar athuganir koma úr skóla sem velur þannig nemendur til náms innan sinna veggja.

Varðandi þá spurningu sem kom oftast upp um skiptingu kostnaðar við byggingu heimavista þá er það líka mál sem mér finnst að eigi að skoða í stærra samhengi en hér hefur verið gert. Það er svo að heimavistir eru ekki endilega við alla framhaldsskóla. Til dæmis þúsund manna skóli eins og Verkmenntaskólinn á Akureyri, ágætur skóli og einn fjölmennasti skólinn utan Reykjavíkur, hefur enga heimavist. Þar gengur skólastarfið ágætlega. Ef maður spyr skólameistarann þar hvernig þeir fari að með enga heimavist þá er svarið: „Nemendurnir koma sér fyrir og við leggjum enga áherslu á að koma hér upp heimavist." Það er því alls ekki einhlítt að það þurfi að vera starfræktar heimavistir við skóla og hér í Reykjavík vitum við að það eru ekki starfræktar heimavistir við framhaldsskóla eða menntaskóla þótt nemendur í þeim séu ekki allir búsettir hér á þessu svæði. Það er því ekki endilega aðalatriðið til þess að skólar geti starfað að þar séu heimavistir. Hins vegar skil ég mætavel að sum byggðarlög þurfa á heimavistum að halda og í þessu er erfitt að alhæfa. Við skóla eins og framhaldsskólann á Ísafirði hefur verið reist mikið heimavistarhús. Ég var þar á þriðjudaginn og mér er sagt að það séu aðeins fimm herbergi í því húsi notuð sem heimavistarherbergi og nemendur kjósi frekar að búa annars staðar. Spurningin þar er sú hvernig best er að nýta húsnæðið yfir veturinn á meðan skólinn starfar svo það sé þó í einhverri nýtingu.

Það er því heldur ekki algilt að þótt til séu glæsileg heimavistarhús við framhaldsskóla þá séu þau þannig nýtt. Nemendur geta kosið að búa annars staðar. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar menn velta þessari spurningu fyrir sér og ekki einungis að líta á spurninguna um kostnaðarskiptingu. Þess vegna tek ég undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og mun gera það sem hann hvatti mig til, þ.e. að láta gera úttekt á því hvar þörf er fyrir heimavistarhúsnæði og hvernig á að standa að því að byggja það upp. Þá eru fyrir því góð og gild rök þegar ráðist verður í slíkar framkvæmdir. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það að sveitarfélögin taki þátt í þeim kostnaði þegar ákvarðanir hafa verið teknar um byggingu á heimavistarhúsnæði. Ég er alls ekki á móti því að slíkt húsnæði rísi en ég vek athygli á því að aðstæður eru sums staðar þannig að það er ekki þörf á því. En það er sjálfsagt að meta það og skoða hvarvetna sem þessir skólar eru starfræktir. Ég vil einnig vekja athygli á því að nemendur sem eru á svipuðum aldri búa ekki við sömu kjör að þessu leyti eftir því í hvaða skóla þeir eru. Nemendur við Iðnskólann í Reykjavík sem eru í Iðnnemasambandi Íslands eru í Byggingarfélagi iðnnema sem eru mjög öflug samtök. Það fær lán úr húsnæðislánakerfinu og byggir nemendaíbúðir í Reykjavík og stendur mjög glæsilega að því og hefur komið upp góðri aðstöðu fyrir nemendur í þessum skóla.

Ef nemandi sem er t.d. í Menntaskólanum við Hamrahlíð er jafnframt í Tónlistarskólanum í Reykjavík getur hann bæði verið félagi í nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og í samtökum sem eru skammstöfuð BÍSN. Sem félagi í BÍSN getur hann verið aðili að byggingarfélagi sem tekur að sér að reisa námsmannaíbúðir og fær lán til þess úr félagslega húsnæðislánakerfinu. Sé nemandinn sem sagt skráður í félag Tónlistarskólans í Reykjavík getur hann verið þátttakandi í slíku byggingarsamvinnufélagi á meðan hann er í framhaldsskóla.

Mér finnst ekkert einsýnt í þessu efni að það sé ekki unnt að fjármagna heimavistir utan Reykjavíkur þar sem menn telja þörf á því með því að sækja inn á þessi mið og taka þá lán og byggja þau upp eins og gert hefur verið af þessum öflugu byggingarsamvinnufélögum iðnnema og BÍSN, svo ég tali nú ekki um félagsstofnanirnar sem starfa við háskólana, bæði Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þær hafa staðið mjög myndarlega að byggingu stúdentagarða og hjónagarða. Í þessu efni finnst mér því að menn eigi að líta til annarra hluta en þeirra hvort ríkið borgar 60% eða sveitarfélögin 40%. Menn verða að velta því fyrir sér hvort þessar byggingar megi ekki reisa á öðrum forsendum. Þetta vildi ég nefna í sambandi við þetta mál því mér finnst að menn hafi kannski verið heldur þröngsýnir í þessum umræðum.

Þeir hafa gengið of mikið út frá hefðbundnum deilum um verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga en ekki lagt sig fram um að líta á málið eins og það er, bæði þörfina og hins vegar spurninguna um jafnræði og jafnræðisreglu þegar um það er að ræða að hið opinbera húsnæðislánakerfi lánar til að byggja félagslegar íbúðir sem í þessu tilliti væru þá heimavistir eða hvaða nafn sem við gefum þeim. Þetta finnst mér mál sem sjálfsagt er að skoða um leið og ég lýsi því yfir að ég er reiðubúinn að verða við þeim óskum sem fram komu um að gera úttekt á þörfinni fyrir heimavistarhúsnæði við framhaldsskólana.

Ég er sáttur við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að að hafa þetta ákvæði óbreytt í frv. og geri að sjálfsögðu ekki athugasemdir við það að menn fylgi fram þeirri tillögu sem kom fram í frv. Ég minni á það sem segir hér í grg. Þar er gert ráð fyrir að samið verði um það á milli ríkis og sveitarfélaga hvernig sveitarfélögum verði bætt aukin þátttaka í kostnaði við byggingu heimavista. Samkvæmt grg. er því heimild fyrir ríkið og fyrir okkur sem erum í forsvari fyrir það að gera samninga við sveitarfélögin þegar málin komast á það stig að ákvarðanir eru teknar um heimavistarbyggingar á þeim forsendum sem gert er ráð fyrir í 37. gr. En eins og ég segi finnst mér að menn eigi að skoða fleiri leiðir ef því er að skipta.

Herra forseti. Ég tel mig í sjálfu sér ekki þurfa frekar að svara því sem fram hefur komið í umræðunum. Þær hafa verið mjög málefnalegar og ekki verið ágreiningur um nein sérstök málefni sem að mér lúta.

Ég vil aðeins í lokin, herra forseti, vekja athygli á því að í meförum nefndarinnar hefur verið gerð breyting sem mér finnst ástæða til að fara nokkrum orðum um. Það er í 11. lið þar sem lagt er til að lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög um vélstjóranám verði felld úr gildi þar sem gert er ráð fyrir að um slíkt nám fari eftir lögum um framhaldsskóla. Mér finnst ástæða til þess að nefna þetta sérstaklega. Hér er verið að leggja til og nefndin hefur gert tillögu um það að fella úr gildi lögin um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög um vélstjóranám þannig að framvegis verður farið með nám af þessu tagi í samræmi við þær meginreglur sem koma fram í framhaldsskólalögum. Það hefur að mínu mati m.a. staðið þessu námi fyrir þrifum að það hefur verið mælt fyrir um einstaka þætti í náminu í lögum og oft hvorki auðvelt né árennilegt að breyta lögum sem eru eins orðuð og þau eru um þessa skóla. Það hefur dregist úr hömlu að endurskoða lögin og ráðast í það verkefni að endurskoða námskrá og breyta því sem breyta þarf í þessum skólum í samræmi við kröfur tímans. Með þessari tillögu nefndarinnar er lagt til að lögin verði felld úr gildi og framvegis verði um þessa skóla fjallað eins og sérskóla á framhaldsskólastigi. Ég tel að þetta sé mjög mikilvæg tillaga frá meiri hluta nefndarinnar og fagna henni. Á mínum vegum hefur verið unnið að því undanfarið að fara yfir stýrimannanámið og gera tillögur um umbætur á því. Einnig er nauðsynlegt að huga að húsnæði Sjómannaskólans í Reykjavík og taka á málefnum þar en ætlunin er að það hús verði hluti af skólahverfi sem rísa á umhverfis uppeldisháskóla. Nú í haust er stefnt að því að Þroskaþjálfaskóli Íslands flytji inn í Sjómannaskólahúsið og það verður þá fyrsta skrefið í þá átt að mynda þessa umgjörð utan um uppeldisháskólann og hefur tekist góð samvinna um það mál á milli skólastjóranna í Sjómannaskólanum og einnig annarra sem að málinu koma. Þarna á því að rísa nýtt skólahverfi sem sameinar e.t.v. undirstöðunám í sjómannafræðum og vélstjórafræðum og uppeldisfræðum og verður mjög ánægjulegt að fylgjast með því hvernig tekst að byggja það upp á þessum stað og leggja þar drög að samstarfi skóla úr ólíkum áttum.

[17:23]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að heyra svör ráðherra við einu atriði sem mér fannst ekki koma fram í ræðu hans. Þó getur verið að ég hafi misst af því. Það hefur komið fram í athugasemdum við frv. að kennsludögum á að fjölga þó nokkuð og að mati kennara hefur það í för með sér töluverðan kostnað og ekki hefur heldur verið við þá samið um aukið vinnuframlag. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hvaða kostnað er hér um að ræða. Er heimild til þess á fjárlögum fyrir árið 1996 að greiða þann kostnað og hafa staðið yfir einhverjir samningar við kennara um aukið vinnuframlag í samræmi við þessa fjölgun kennsludaga?

Í öðru lagi kom fram hjá hæstv. ráðherra að skólameistarar sem og aðrir sem vinna við framhaldsskólana biðu eftir því að frv. yrði samþykkt og yrði að lögum. Hæstv. ráðherra tók þó fram eins og það væri atriði sem litlu skipti að kennarafélögin hefðu eitthvað verið að mótmæla. En 30. apríl samþykkir Hið íslenska kennarafélag mótmæli sem send voru frá þeim þar sem segir: „Stjórn HÍK bendir á að við meðferð frumvarps til laga um framhaldsskóla sem nú kemur til 2. umr. á Alþingi hafa nær engar þeirra fjölmörgu athugasemda samtaka kennara né annarra skólamanna um það er betur mætti fara verið teknar til greina. Framhaldsskólafrumvarpið bætist því í flokk þeirra frumvarpa sem keyra á í gegn í megnu ósætti við þá sem vinna eiga eftir lögunum."

Bæði kennarafélögin hafa mótmælt þessu frv. og þó er það kannski sérstaklega eftirtektarvert að Samband sérskólakennara, þ.e. verknámskennara, hafa haft uppi hörð mótmæli gegn þessu frv.

Og að síðustu vegna þeirra orða sem komu frá hæstv. ráðherra í lokin um Sjómannaskólann. Er ekki upplagt að færa Sjómannaskólann og alla hans starfsemi út á land?

[17:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa engar kjaraviðræður farið fram vegna þessa frv. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir að dagarnir yrðu 150, þeir verða 145. Ég tel að miðað við það að starfsdagar í skólanum eru samkvæmt kjarasamningum 175 þá eigi að vera unnt að koma þessu fyrir innan kjarasamninganna. En það hafa engar kjaraviðræður farið fram um þessi mál í tilefni af frv. Menn hafa verið að fjalla um aðra þætti er lúta að starfi skólanna. Ef kennarafélögin telja að samþykkt frv. sé tilefni kjaraviðræðna verða þær vafalaust teknar upp og menn munu líta á það. En kjarasamningar eru í gildi eins og við vitum út þetta ár og menn hljóta að skoða þau mál í því ljósi að standa við gerða samninga.

Að því er varðar spurninguna um afstöðu kennarafélaganna þá er það rétt að þau hafa lýst andstöðu sinni við málið. Eins og fram kemur hefur verið komið til móts við ýmis sjónarmið þeirra. Ég tel að það sé skólastarfinu fyrir bestu og það sé samdóma álit allra þeirra sem líta á þetta mál hlutlægum augum með hagsmuni skólanna í huga að það sé fyrir bestu að þetta frv. nái fram að ganga á þeim forsendum sem nú liggja fyrir.

[17:27]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. Ég ítreka þá síðustu spurninguna: Er ekki tækifæri til þess að færa starfsemi Sjómannaskólans út á land? Það eru reknar deildir á Dalvík, í Vestmannaeyjum og að ég held á Ísafirði. Er ekki rétt að efla þær deildir?

Víst er rétt að það á að standa við gerða samninga en það gildir um báða aðila, bæði vinnuveitendur og kennara. Í þessu tilviki er vinnuveitandinn ríkið og ég spurði hvort þessi kennsludagafjölgun rúmist innan fjárlagarammans fyrir árið 1996.

[17:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að svo sé. Ég tel að þetta hrófli ekki við kjarasamningum með þeim hætti að fjárlagaramminn 1996 riðlist.

Varðandi spurninguna um flutning sjómannanámsins frá Reykjavík þá er ég ekki tilbúinn til að lýsa yfir skoðun minni á því hér og nú hvort svo beri að gera. En eins og ég sagði er búið að fella úr gildi, ef þetta nær fram að ganga, lögin um Stýrimannaskólann. Það þýðir þó alls ekki að skólinn flytjist héðan úr Reykjavík.

[17:29]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. að það var nokkuð rætt um kostnaðarskiptingu í þessu frv. En ég er honum ekki sammála um að það hafi verið lítið rætt um hinn þátt frv., kannski meginefnið sem er menntunin sjálf. Ég held að það hafi farið fram býsna ítarleg umræða um það og býsna góð. Ég er honum því ekki sammála um það. En eðlilega var vikið að kostnaðarþættinum og það sem ég vil undirstrika hér enn og aftur er að ég finn að því við hæstv. ráðherra að ekki skyldu hafa verið teknir upp samningar við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin um þessa ákvörðun ráðherrans um breytt kostnaðarskipti. Auðvitað á að gera það áður en frv. verður samþykkt. Það er það sem ég finn að.

Hæstv. ráðherra talar einnig um að það þurfi að hvetja til samstarfs milli minni skóla og að ráðuneytið flokki ekki skóla í fyrsta og annars flokks skóla. Það er allt saman hárrétt. Það er einmitt, hæstv. ráðherra, það sem ég var að gagnrýna. Í því bréfi sem hér er skrifað og ég vitnaði til er verið að gera það, hæstv. ráðherra. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að standa þarna og hrista höfuðið við þessum setningum. Ég verð bara að lesa það enn og aftur sem er skrifað í hans ráðuneyti. Þar stendur:

„Af ýmsum er því haldið fram að nemendur sem koma frá litlum skólum hafi ekki hlotið jafngóðan undirbúning til áframhaldandi náms og þeir nemendur sem stunda nám við stærri og öflugri skóla."

Þetta eru órökstuddar fullyrðingar og það stendur ekkert á bak við þær, hæstv. ráðherra, ekki neitt. Þess vegna þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því. Þarna er einmitt verið að tala um þennan mismun. Það er verið að læða því inn að ákveðnir skólar séu verri en aðrir. Það er einmitt það sem verið er að gera. Og það þarf að finna stað fyrir því, hæstv. ráðherra.

Það kom einnig fram í máli ráðherrans — (Forseti hringir.) Já ég geymi mér það og nýti mér mínútuna til að víkja að þeim þætti.

[17:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. las, þá stóð í þessu plaggi að af ýmsum er þessu haldið fram. Þetta er alls ekki skoðun ráðuneytisins. Það segir: „Af ýmsum er þessu haldið fram ..." þannig að það er algerlega úr lausu lofti gripið að gera þetta að stefnu eða skoðun menntmrn. Hins vegar er plaggið skrifað til þess að svara þessum „ýmsu" sem kunna að halda þessu fram og leita leiða til að menn haldi ekki slíkri vitleysu fram að það sé verið að skipta skólum í fyrsta og annars flokks skóla. Ein leiðin til þess er m.a. sú sem við erum að leggja til, þ.e. að menn auki samstarf og átti sig á því hvernig þeir geta starfað saman. Tveir skólar á framhaldsskólastiginu, Framhaldsskólinn á Laugum og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hafa t.d. ekki leyfi til að útskrifa stúdenta. Þeir sækja mjög fast að fá það leyfi. Ég tel að það beri að verða við þessum óskum frá skólunum svo framarlega sem það verður samvinna á milli þeirra og annarra framhaldsskóla í kjördæmunum þar sem þeir starfa. Ég held að það sé nauðsynlegt að gefa skólunum tækifæri til að útskrifa stúdenta en það verði jafnframt að gera ákveðnar kröfur um samstarf þannig að breiddin í náminu sé fyrir hendi. Því miður er það staðreynd að í þessum skólum ef ég nefni þá, t.d. á Laugum, er brottfallið mjög mikið eftir fyrsta árið. Við viljum koma í veg fyrir það og efla þessa skóla. Það er alls ekki stefna menntmrn. að draga skóla í dilka heldur þvert á móti að gera alla skóla jafngóða. Ekki að draga þá niður.

[17:33]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað veit hæstv. menntmrn. miklu meira um þetta mál. Það er verið að læða þessu hér inn og auðvitað setur ekki viðkomandi höfundur nafnið sitt undir þetta. En það á að lesa þetta milli línanna eins og ég segi. Það skilur hver maður.

Hæstv. ráðherra sagði meira. Hann vék að Verkmenntaskólanum á Akureyri og sagði að þar væri ekki um heimavistarhúsnæði að ræða. Ég tók það fram í mínu máli að þetta færi eftir stærð hinna ýmsu staða og hversu leigumarkaðurinn væri stór. Það er ekkert hægt að alhæfa í þessu. Hæstv. ráðherra sagði einnig að sem betur færi gætu ákveðnir skólar valið nemendur til sín. Sem betur fer geta ákveðnir skólar valið nemendur til sín og þá sjálfsagt hafnað öðrum. En hverjir eiga þá að taka við þeim? Þá spyr ég hæstv. ráðherra um það sem margsinnis er vikið að í þessu frv.: Rímar þetta við þá hugsun sem þar stendur þegar talað er um jafnrétti til náms?

[17:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki hægt að setja fram alhæfingar af þessu tagi og draga þá ályktun af því að skólar velji nemendur, að það sé ekki jafnrétti til náms. Auðvitað komast ekki allir nemendur í sama skólann. Það er alveg ljóst. Við munum aldrei byggja svo stóran skóla að allir geti sest á skólabekk í sama húsinu. Skólarnir eru byggðir upp mismunandi eins og við vitum og síðan geta nemendur valið á milli. En skólarnir verða líka að hafa færi á því að gera sínar kröfur. Það held ég að sé nauðsynlegt og það hefur sýnt sig að þeir skólar sem þannig starfa og hafa tök á því að starfa þannig eru síður en svo slæmir skólar. Þetta eykur metnað en er ekki til þess að draga úr. Ég held að með þeirri fjölbreytni sem yrði sköpuð í okkar skólakerfi með frv. eigi

allir að geta fengið að stunda nám við sitt hæfi. Eins og kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar er í frv. sett öryggisnet, fleiri en eitt, fyrir þá sem eru lakast settir miðað við árangur og hvernig staða þeirra er í skólakerfinu.

[17:35]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ótækt að þessari miklu umræðu sem farið hefur fram um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í heimavistum ljúki án þess að það sé leiðrétt sem mér finnst að hafi komið fram bæði hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og eins hjá hæstv. ráðherranum og þá með tilvitnun í skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri, þ.e. þá rangfærslu að það vanti ekki heimavistarhúsnæði á Akureyri. Menntaskólinn á Akureyri er með heimavistarhúsnæði. Ég þekki það sem fyrrverandi kennari nemenda sem voru að fara í framhaldsskóla að það þótti jafnast á við happdrættisvinning ef nemendur fengu inni í heimavistinni. Hinir urðu að fara á leigumarkaðinn. Það er alveg sama þótt hann sé stór, það sækist enginn eftir því að senda 16 eða 17 ára gamlan ungling sem er að byrja í framhaldssóla, sem er átak út af fyrir sig, á leigumarkað. Hann þarf ekki bara að byrja í nýjum skóla, í nýjum hópi. Hann þarf líka að takast á við að búa einn. Ég held að það séu fáir foreldrar sem óska börnum sínum þeirra kjara. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að það sem hæstv. ráðherra gefur fyrirheit um að gera, sé gert, þ.e. að það sé kannað rækilega hvar þörf er á heimavistum. Ég mæli með því að það séu ekki einungis skólameistarar sem verði spurðir heldur verði sveitarstjórnirnar spurðar og foreldrarnir vegna þess að þar held ég að hæstv. ráðherrann fái réttu svörin. Ég tel að það megi vel athuga að sveitarfélögin taki þátt í kostnaði við byggingu heimavista ekki síst vegna þess að þar brennur á. Ef sveitarfélögin vilja hafa frumkvæði varðandi byggingu heimavista þá er þeim það auðvitað ljóst að lykillinn að því frumkvæði liggur í gegnum kostnaðarþátttökuna. Á meðan ríkið er eitt um kostnaðinn eru sveitarfélögin í verri aðstöðu til að knýja á um málið. Það þekkjum við sem höfum starfað innan þessa kerfis þar sem samstarf ríkis og sveitarfélaga er eða hefur verið eins mikið og það er varðandi ýmsar framkvæmdir.

[17:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að gera skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri upp neinar skoðanir í þessu og vafalaust mundu menn kjósa að þar væri stærri heimavist við skólann. En þetta er þúsund manna skóli. Við vitum hvernig að honum er búið og starfið í skólanum gengur ágætlega.

Ég vil varðandi frumkvæði sveitarfélaganna láta þess getið að ég tel, eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., standa framhaldsskólastiginu í Reykjavík fyrir þrifum hvernig Reykjavíkurborg bregst við óskum menntmrn. um þátttöku í uppbyggingu þess. Viðræður hafa í allan vetur staðið yfir og ég hef leitað eftir því við borgaryfirvöld, að þau tækju þátt í athugunum og samstarfi um uppbyggingu Menntaskólans í Reykjavík, stærsta bóknámsskólans hér, elsta skólans, skóla sem er í miðborg Reykjavíkur og setur mikinn svip á borgina. Hann býr við þröngan kost í gömlu húsi og er hagkvæmasti skólinn sem rekinn er á framhaldsskólastiginu. Reykjavíkurborg hefur staðfastlega neitað að taka þátt í samstarfi um að byggja þennan skóla upp. Þess vegna er ég sammála því sem hv. þm. sagði að besta leiðin til **að efla framhaldsskólastigið er að sveitarfélögin komi einnig** þar inn með frumkvæði og séu þátttakendur í uppbyggingunni. Það knýr á um að vel sé að skólanum staðið, jafnt skólahúsnæðinu sem og byggingu heimavista.

[17:39]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þessa. Ég held að það sé ekki í öllu tilliti sanngjarnt að bera saman aðstöðu og afstöðu sveitarfélaga víða um landið og afstöðu Reykjavíkurborgar. Það vill þannig til, eins og við þekkjum öll, að ýmislegt sem hefur þótt sjálfsagt að væri hér í borginni hefur ekki þótt sjálfsagt en eftirsóknarvert víða úti á landi. Þess vegna hafa sveitarfélögin víða úti á landi verið tilbúin að leggja öllu meira á sig til þess að tiltekin þjónusta og starfsemi yrði staðsett í nálægð við þau, a.m.k. meir en hér hefur þótt ástæða til að hafa uppi. Þar er því dálítill munur á. Og af því að hér hefur skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri verið nefndur, þá held ég að það sé einfaldlega þannig að hans metnaður stendur kannski til annarra hluta en byggingar heimavistar. Hann horfir á aðra þætti í sínu skólastarfi enda má segja að bygging heimavistar og starfræksla hennar ætti frekar að snúa að öðrum.

[17:40]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var nú nokkuð brugðið þegar hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að nú ætti Þroskaþjálfaskólinn að fara inn í Sjómannaskólann vegna þess að hann væri hluti af uppeldisháskóla. Það hefur verið talað um að skólinn sé illa nýttur og kann svo að vera um stundarsakir. Það sem við hins vegar stöndum frammi fyrir og er athyglisvert þegar litið er yfir menntakerfið er að Sjómannaskólinn er undir menntmrn., Bændaskólinn undir landbrn. og Flugskólinn undir samgrn. Ég spyr: Hvers vegna eru þessir skólar ekki undir menntmrn.? Hvers vegna ættu þeir ekki að vera þar?

Í annan stað vildi ég segja að þeir alþjóðasamningar sem við erum aðilar að gera sífellt kröfur um aukna menntun sjómanna hvort sem þeir eru stýrimenn, vélstjórar eða hásetar. Ég tel að það sé mjög misráðið að taka pláss af sjómannaskólanum með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Það er annað líka sem kannski er umhugsunarefni fyrir ráðherrana en það er björgunarskólinn. Hann er nú staðsettur um borð í skipi, áður varðskipið Þór, sem er orðið úrelt og svo úr sér gengið að því verður að loka nánast. Og að ætla að fara að eyða fé úr ríkissjóði til að kaupa nýtt skip til að nota við sjómannafræðslu eða öryggisfræðslu tel ég vera misráðið. Það ætti að flytja Björgunarskólann upp í Sjómannaskóla. Þar ætti sú kennsla að fara fram vegna þess að það er engin nauðsyn á því að Slysavarnaskóli sjómanna sé endilega á floti. Þegar að þeim þáttum verkkennslunnar kemur er lúta að björgun úr sjó er það minnsta mál að fara með nemendur niður að höfn eða um borð í skip.

Annað vildi ég líka benda á. Það er ekki réttlætanlegt að vera með svo marga sjómannaskóla sem raun ber vitni vegna þess að það dregur úr menntunarmöguleikum sjómannastéttarinnar. Tækjakosturinn um borð í skipunum er orðinn það dýr. Það þarf að hafa dýr og mikil tæki til að kenna nemendum fræðin og því er misráðið að dreifa þessum kostnaði. Það á að byggja Sjómannaskólann í Reykjavík upp með góðum tækjum því þá fáum við góða og marga nemendur og það er það sem við þurfum.

[17:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti ekki skilja orð mín um flutning Þroskaþjálfaskóla Íslands í sjómannaskólahúsið á þann veg að það væri verið að flytja sjómenn út úr húsinu. Það er verið að nýta húsið betur. Húsnæði sem húsvörður hefur búið í verður breytt í skrifstofur og síðan verður unnt að nýta stofur sem þar losna undir Þroskaþjálfaskólann. Ég held að þetta sé mjög skynsamleg hagræðing og alls ekki neinn áfellisdómur yfir því starfi sem fer fram í Sjómannaskólanum. Mér finnst því leiðinlegt ef hv. þm. tekur þetta eins og þroskaþjálfanemar séu að reka stýrimenn og vélstjóra út úr þessu skólahúsi. Svo er alls ekki. Það er verið að fullnýta húsið þannig að betur verði um Þroskaþjálfaskólann búið. Hagræðing verður þá í rekstri ríkisins sem er okkur öllum kappsmál.

[17:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek heils hugar undir með hæstv. ráðherra að auðvitað ber okkur að nýta fjármagn ríkisins með sem skynsamlegustum hætti. En því miður virðist ekki vera samstarf milli samgrn. og menntmrn. vegna þess að nú er verið að ræða um að flytja Slysavarnaskóla sjómanna jafnvel vestur á Snæfellsnes. Það er umhugsunarefni. Það er líka verið að tala um að kaupa nýtt skip fyrir Slysavarnaskóla sjómanna. Ég sagði hér áðan að skólinn þyrfti ekkert að vera á floti. Þess vegna tel ég að það sé varhugavert að setja aðrar menntastofnanir inn í Sjómannaskólann þegar sú staðreynd blasir við að það fer að vanta pláss. Slysavarnaskóli sjómanna þarf ekki að vera á floti. Við eigum eðlilega að staðsetja hann uppi í Sjómannaskóla. Við eigum að efla þann skóla frekar en gert hefur verið og fækka skólum úti á landi.

[17:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur nú aldrei dottið í hug að Þroskaþjálfaskólinn yrði settur um borð í skip þannig að ég veit ekki hvernig þetta kemur inn í það sem ég var að tala um. Ef það er annar skóli, björgunarskóli eða slík skólastofnun, sem á að setja á laggirnar þá er eðlilegt að menn finni stað fyrir hana. Þroskaþjálfaskólinn hefur búið við þröngan kost í nágrenni Sjómannaskólans og verður hluti af uppeldisháskólanum sem sjómannaskólamenn og kennaraháskólamenn eru sammála um að það eigi að byggja upp á þessum reit. Þetta er mjög skynsamleg ráðstöfun í því ljósi. Hvað menn gera við Slysavarnaskólann, hvort hann á að vera á floti eða á Snæfellsnesi, finnst mér ákvörðunaratriði sem menn hljóta að velta fyrir sér en eigi ekki endilega að blanda inn í umræður okkar hér og nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður aldraðra, fyrri umr.

Þáltill. GHall, 359. mál. — Þskj. 628.

[17:46]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 628 er till. til þál. um umboðsmann **aldraðra. Hún hljóðar svo:**

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra."

Í greinargerð segir m.a. svo:

„Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að 26.300 Íslendingar eru 67 ára og eldri (31. desember 1995) og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í vaxandi mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur enda þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir þá að geta vísað þeim til umboðsmanns."

Herra forseti. Dæmi eru um að aldrað fólk á dvalarheimilum hafi gengist undir skuldbindingar vegna ættingja sinna sem hafa síðar leitt til þess að þeir sem fjárkröfur eiga hafa gengið svo hart að þeim öldruðu að ellilífeyrir þeirra hefur jafnvel verið tekinn til mánaðarlegra afborgana vegna þeirra skuldbindinga sem þeir hafa gert.

„Umboðsmanni aldraðra væri ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum er snerta aldraða."

Herra forseti. Hér væri vissulega full ástæða til að hafa mun fleiri orð og framsöguna lengri. En ég tel ekki ástæðu til þess nú tímans vegna. Ég legg til að loknum þessum umræðum verði málinu vísað til síðari umr. og heilbr.- og trn.

[17:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þó þetta mál láti ekki mikið yfir sér og þó það taki flutningsmann ekki nema tvær til þrjár mínútur að mæla fyrir því þá er hér á ferðinni mjög athyglisvert mál. Ég mundi flokka þetta undir eitt af athyglisverðustu málum þessa þings sem ég styð en hefði viljað sjá í nokkuð öðrum búningi sem ég vil koma að nánar. Flutningsmaður kom inn á meginástæðurnar fyrir flutningi þessa frv. og taldi mikla nauðsyn á að stjórnvöld tækju tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða. Einnig að nauðsynlegt sé að stöðugleika sé gætt í hvívetna að því er varðar fjárhagslega afkomu aldraðra og einnig væri nauðsynlegt að **koma á fót embætti umboðsmanns aldraðra til að fylgjast**

með að stjórnvöld og einkaaðilar taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra.

Virðulegi forseti. Ég hygg að meginástæðunnar fyrir flutningi tillögunnar sé ekki getið í þáltill. sjálfri og kannski er það að hv. þm. sem er mikill áhugamaður um málefni aldraðra sé feiminn að geta meginástæðnanna. Ég get mér þess til að hv. þm. ofbjóði sú aðför sem hefur verið gerð að kjörum aldraðra á þessu kjörtímabili og skyldi engan undra. Ég hygg að hv. þm. kvíði mjög næstu fjárlagagerð og næsta vetri og sé þess vegna að flytja þetta frv. Virðulegi forseti, ég býð fram aðstoð mína til þess að flytja þetta mál í frumvarpsbúning. Það þarf ekkert að kanna hvort það eigi að stofna þetta embætti, það er alveg sjálfsagt og nauðsynlegt að stofna þetta embætti og ég tel að það þurfi að flytja það í frumvarpsbúningi og samþykkja það á þessu þingi. Ég býð fram liðsinni mitt við það mál.

Það er líka ljóst að tillagan er sett fram til höfuðs heilbrrh. sem hefur haft ákveðna forustu í þessari aðför að öldruðum. Það er ljóst ekki bara í þessu máli heldur mörgum öðrum sem hafa verið flutt á þinginu í vetur hverjir eru hjú í ríkisstjórninni og hverjir eru húsbændur. Hér sýnir einn af þeim sem tilheyrir þeim stjórnarflokknum, sem hefur húsbóndavaldið, með þessari tillögu að honum er ofboðið hvernig hjúin haga sér í ríkisstjórninni.

Hv. þm. hefði átt að rifja upp þessa aðför að öldruðum í vetur. Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að mér hefði fundist reisn þingmannsins heldur meiri ef hann hefði komið í ræðustól við fjárlagagerðina til að verja kjör aldraðra og beita sér fyrir því að ekki yrði gengið svona hart að öldruðum. Ég man t.d. ekki eftir því að hv. þm. hafi komið hér fyrir jólin þegar verið var að afnema tvísköttun á lífeyrisgreiðslum sem var einungis ár frá því að það var lögbundið að afnema tvísköttun á lífeyrisgreiðslur en hv. þm. hafði ákveðna forustu í því máli fyrir tveimur árum að flytja tillögu til þál. um afnám tvísköttunar á lífeyrisgreiðslum. Ég man ekki eftir að hafa séð hann í ræðustól þegar verið var að setja þessa tvísköttun á aftur. En hún hafði verið í gildi í eitt ár. Hv. þm. hefði mátt rekja hvernig verið var að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra fyrir jólin og hvernig átti að byrja á að setja fjármagnstekjur á aldraða með því að láta fjármagnstekjur skerða lífeyrisgreiðslur aldraðra. Hvernig lögð var til skerðing á grunnlífeyri, skerðing á tekjutryggingu þeirra sem hafa ekki hirt um að greiða í lífeyrissjóð eins og sagt var í frv. ráðherrans. Hvernig lífeyrisgreiðslur gamla fólksins voru aftengdar við launaþróun í landinu og hvernig tillögurnar voru um að hækka gjaldtöku fyrir sérfræðilæknisþjónustu á heilsugæslustöðvum. Þetta er meginástæðan, virðulegi forseti, fyrir því að hv. þm. flytur þessa þáltill. Ég hygg að það hefði verið full ástæða til að huga að því einnig hvort ekki væri rétt að flytja frv. um umboðsmann fatlaðra, umboðsmann sjúkra, umboðsmann atvinnulausra o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þetta koma fram af því hér er mjög merkilegt mál á ferðinni sem ég lýsi fullum stuðningi við. Það er ekkert vafamál í mínum huga þó mér finnist það af tillögugreininni sjálfri að einhver vafi leiki á því hjá hv. þm. hvort það eigi að koma á slíku embætti að það eigi að flytja þetta í frumvarpsbúning en láta ekki ríkisstjórninni það eftir, sem hefur staðið fyrir þessari aðför að launafólki, að meta hvort það eigi að koma á embætti umboðsmanns aldraðra eða ekki. Þingið hefur alveg nægjanlega þekkingu og vitneskju um það hvernig ríkisstjórnin hefur ráðist að öldruðum til að geta strax tekið afstöðu til frv. sem yrði flutt um þetta efni.

Virðulegi forseti. Það er ekki vafi í mínum huga að hér er á ferðinni gott mál. Mér finnst aðeins að hv. þm. hefði átt að gera ítarlegar grein fyrir höfuðástæðunni fyrir tillöguflutningnum í greinargerðinni. Ég skil vel að þingmanninum, sem hefur sýnt málefnum aldraðra mikinn skilning, sé ofboðið miðað við þá reynslu sem við höfum haft af ríkisstjórninni á fyrsta heila starfsári hennar þar sem hún fann helst matarholu í því að gera aðför að öldruðum, sjúkum, öryrkjum og atvinnulausum. Það var nokkuð sérstakt að það skyldi vera vegna þess að þjóðin bjóst við því að þegar betur áraði í þjóðfélaginu yrði þessum hópi hlíft. Nú dugar ekkert minna, virðulegi forseti, ég tek undir það með hv. þm. að stofna hér umsvifalaust til embættis umboðsmanns aldraðra og ég skora á hv. þm. að standa við hlið mér og örugglega fleiri í því að breyta þessari tillögu í frumvarpsbúning og gera þetta mál að lögum áður en þing fer heim.

[17:58]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að hluta til get ég þakkað það sem hér hefur verið sagt, í annan stað eru mér lögð orð í munn og í þriðja lagi eru hér nokkur atriði sem ég held að sé nauðsynlegt að fara yfir og ég geri það í fljótheitum.

Í fyrsta lagi varðandi afnám tvísköttunar þá var búið var að boða að þau 15% yrðu þrepuð niður sem frá væru dregin eftir að kæmi til útborgunar vegna lífeyrissjóðsins. Það var hins vegar krafa Alþýðusambandsins að þau 4% sem greidd eru inn í lífeyrissjóði yrðu skattfrjáls. Í viðtölum mínum við fjmrh. lýsir hann því svo að það hafi verið krafa Alþýðusambandsins við gerð síðustu kjarasamninga að þessu yrði hrint fram.

Varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra man ég ekki betur en það hafi verið í ríkisstjórn sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tók þátt í að fyrstu skref inn í Framkvæmdasjóð aldraðra voru af páv. heilbr.- og trmrh. Guðmundi Bjarnasyni. Ég man ekki betur en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi átt þar einhvern hlut að máli. En fortíðin skiptir ekki máli í þessu. Hvers vegna ég legg þetta fram í hendur ríkisstjórnarinnar er kannski pólitík en ég tel að það sé eðlilegt að þetta mál fái umfjöllun í heilbr.- og trn. Hér var spurt af hverju ég legði ekki til að það yrðu fleiri sem mundu njóta þess umboðs, t.d. öryrkjar og af hverju ég hefði ekki tiltekið þá. Þetta mál hefur legið nokkuð lengi hér frammi. Þingmönnum var kunnugt um það og ef hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælir svo heilt sem hún vill láta þá hefði það verið minnsta mál fyrir hana að koma með frv. um umboðsmann öryrkja. En í stuttu máli þá þakka ég fyrir að hún vill að ég standi sér við hlið. En mér fyndist að sem flutningsmaður frv. væri eðlilegt að hún stæði mér við hlið við að koma málinu áfram.

[18:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði búist við því að hv. flm. tæki því meira fagnandi hversu vel ég styð við bakið á honum í þessu máli. Það vakti athygli mína að hv. þm. talaði um tvísköttunina og af hverju tvísköttunin hefði verið sett á aftur og hv. þm. talar um að það hafi verið að kröfu ASÍ. Hvenær byrjaði ríkisstjórnin að fara eftir því sem ASÍ segir? Við höfum í marga mánuði fjallað um kröfu ASÍ um að taka út af borðinu skerðingarfrumvörp um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem ríkisstjórnin er að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna og það er krafa ASÍ að þau frv. verði tekin út af borðinu. Ef

það á að fara svona mikið eftir því sem ASÍ segir þá ætti hv. þm. að vera samkvæmur sjálfum sér og berjast fyrir því að þessi frv. yrðu tekin út af borðinu.

Það er allt of mikið um það í þessum þingsal að sjálfstæðismenn, sem hafa forustu fyrir ríkisstjórninni, telja sig hvítþvegna í hverju málinu á fætur öðru og blessaðir framsóknarmennirnir í ríkisstjórninni eru sakaðir aftur og aftur um þessa aðför. Síðan koma þeir eins og hvítþvegnir í ræðustól eins og hv. síðasti ræðumaður og flytur tillögu um umboðsmann aldraðra til þess að það sé nú til embætti til þess að verja hagsmuni aldraðra. En ég vænti þess, herra forseti, að við hv. þm. getum rætt saman um framhaldið á þessum málum og hvernig þessu verður fylgt eftir.

[18:02]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. talaði um það að ég hefði ekki tekið nógsamlega undir með ákveðnum fögnuði yfir þeirri samstöðu sem lýst var við þingsályktunartillöguna. Ég skal þá segja það að ég fagna þeim ummælum sem hér hafa fallið um tillöguna og þykir vænt um að hafa stuðningsmann mér við hlið.

[18:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði viljað fá miklu nánar fram hjá hv. þm. hvernig raunverulega stuðningi hans við aldraða er háttað af því ég veit að þingmaðurinn er áhugamaður um málefni aldraðra. Það er ekki nægjanlegt að gera það með slíkum tillöguflutningi eins og hér er. Hv. þm. hefði sýnt miklu meiri reisn ef hann hefði tekið þátt í þeirri miklu umfjöllun sem varð hér bæði um fjárlögin og ráðstafanir í ríkisfjármálum sem snerist raunverulega mikið um það hvað verið var að ráðast að kjörum aldraðra í þjóðfélaginu og ýmsum hagsmunamálum. Þá sást hv. þm. ekki í þingsölum, ég man ekki eftir því (**GHall:** Það er rangt.) að hv. þm. hafi sagt hér orð í ræðustól til varnar öldruðum. Ég man ekki eftir því. (**GHall:** En manstu eftir mér í salnum?) Ég man ekki eftir því að hv. þm. hafi sagt hér orð til varnar öldruðum og það finnst mér bera vott um nokkurn tvískinnung að flytja slíka þáltill. en þegar aldraðir þurfa raunverulega á þingmanninum að halda að þá kemur hann ekki í ræðustól til að verja þeirra hagsmuni.

[18:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri þáltill. sem er til umræðu og hefur reyndar legið frammi um einhvern tíma án umræðu. Það er enn þá einn og einn hv. stjórnarliði sem heldur dauðahaldi í réttlætiskennd og reynir að vera sjálfum sér samkvæmur og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er einn af þeim. Það er hins vegar dálítið napurlegt að það skuli vera í raun eina ráð hv. stjórnarliða að mæta ákvörðunum ríkisstjórnar sem þeim er ætlað að styðja með þeim hætti að flytja tillögur um sérstakan umboðsmann sem skuli verja kjör þeirra sem ríkisstjórnin fer einna verst með. Af því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að telja upp öll þau embætti umboðsmanna sem þyrfti að stofna mætti í raun og veru segja að það sem við þyrftum í dag væri einn umboðsmaður launafólks í landinu. Aðför ríkisstjórnarinnar að launafólki hófst við afgreiðslu fjárlaga og þegar við afgreiddum ráðstafanir í ríkisfjármálum með því að skerða kjör aldraðra og öryrkja verulega og ég tek undir að það væri nauðsynlegt að ef slíkt embætti yrði stofnað að þá væri það umboðsmaður aldraðra og öryrkja. Það hefur verið um ákveðið samstarf milli þessara hópa að ræða og náttúrlega tilheyra margir báðum hópum, þ.e. Landssambandi aldraðra og svo aftur Öryrkjabandalaginu og hefur verið mjög náið samstarf á milli þeirra. Eins og kom fram hjá hv. þm. er um að ræða 26.300 einstaklinga sem ríkisstjórnin réðst á við afgreiðslu fjárlaga og eins við afgreiðslu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1996. Það var ekki seinna vænna að tala fyrir þessari þáltill. og reyna að knýja hana fram eða breyta henni í frumvarpsform á síðustu dögum þingsins þegar ljóst var að 1. maí eftir miklar og langar samningaviðræður frá 1. mars, þ.e. í tvo mánuði, þar sem aldraðir reyndu að ná til baka hluta af þeim heimildabótum sem voru skertar 1. mars af hálfu ríkisstjórnarinnar og núverandi ráðherra þannig að ríkissjóður ætlaði sér að spara 24 milljónir á árinu með þeim skerðingum sem þá voru framkvæmdar en nú skilst manni að 1. maí hafi þetta verið tekið eitthvað til baka og u.þ.b. 20 millj. skilað til aldraðra aftur. En í kringum 1. mars mættu fulltrúar aldraðra og öryrkja fyrir utan heilbrrn. til að mótmæla þessu en var þá boðið upp á heitt kakó í staðinn því það var frekar napurt úti. En ég er hrædd um að kuldinn úti hafi ekki það sem þeir höfðu áhyggjur af þann daginn heldur kuldinn í hæstv. ríkisstjórn sem nú fer hér með völd og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur stutt fram að þessu.

Ég hef lagt fram till. til þál. á þskj. 767 um skipun samráðsnefndar um hagsmuni og réttindi aldraðra og öryrkja sem er í raun og veru í svipuðum dúr. Annars vegar er talað um samráðsrétt þessara hópa en í tillögu hv. þm. er talað um umboðsmann aldraðra. Þessi þáltill. er flutt í tilefni af því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og ég áttum fund með Félagi eldri borgara í Reykjavík á afmæli félagsins og þar kom fram að ítrekað hafa þessi samtök sem og Öryrkjabandalagið sent beiðni til stjórnvalda, til ríkisstjórnarinnar og óskað eftir því að hér yrði skipuð formleg samráðsnefnd þar sem aðilar frá fjmrn., heilbr.- og trmrn. og félmrn. ættu sæti í og síðan frá Öryrkjabandalaginu og Landssambandi aldraðra. En þeir hæstv. ráðherrar sem hafa fengið bréfin hafa ekki einu sinni séð ástæðu til þess að svara þeim. Það er virðingin sem borin er fyrir samtökum aldraðra og öryrkja að þessir hæstv. ráðherrar sem hafa fengið bréfin hafa ekki svarað. Ekki einu sinni látið vita að erindið væri móttekið. Í framhaldi af fundinum flutti ég þáltill. vegna þess að einmitt þessum hópum, sem þurfa að búa við ákveðið öryggi, er lífsnauðsyn að búa við félagslegt og fjárhagslegt öryggi síðustu æviárin eins og þau orðuðu það sjálf. Að þeim sé sýnd sú virðing að hafa samráð við þau þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar sem snerta hagsmuni þeirra en það hefur ekki verið gert.

Landssamband aldraðra hefur í tillögum sínum til þessara ráðuneyta með ósk um þessa samráðsnefnd tekið mið af samráðsnefnd sem er starfandi í Noregi hjá samtökum aldraðra og þeirra ráðuneyta sem ég taldi upp áðan.

En það er mjög ánægjulegt að einn stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar skuli taka upp hagsmunamál aldraðra og öryrkja því að ég er sannfærð um það að hv. þm. mundi gjarnan vilja bæta því orði við í tillöguna ef af samþykkt yrði þannig að kannaðar yrðu forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra og öryrkja. Það er allt of fátítt og reyndar einkennilega fátítt a.m.k. í ljósi allrar þeirrar umræðu sem var á síðasta kjörtímabili af hálfu hv. framsóknarmanna sem eru ekki sjáanlegir í sölum þessa dagana, það kemur fyrir að við sjáum einn og einn og þá helst í forsetastól. En það er svo sem ekki nema von að fulltrúar Framsfl. fari með

veggjum eftir allt það sem þeir sögðu á síðasta kjörtímabili. Hér vorum við að ræða menntamálin og nú erum við að ræða hagsmunamál aldraðra og öryrkja. Ég er ekkert hissa á því þó hv. þm. Framsfl. sjáist ekki. Reyndar færu þeir ekki úr rúmi ef samviskan væri í lagi en á meðan a.m.k. einn hv. stjórnarliði sér ástæðu til þess að halda uppi vörnum fyrir þessa hópa aldraðra og öryrkja, sem hafa orðið verst úti í tíð ríkisstjórnarinnar, þá er þó að minnsta kosti von að einhvern tíma rofi til.

[18:13]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls varðandi þessa þáltill. Hún á væntanlega eftir að koma til heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti. Þá mun að sjálfsögðu verða skoðað hvort rétt sé að bæta þarna við öryrkjum eins og tillaga hefur komið fram um í umræðunum. Það eru fleiri atriði en þau sem hefur mest um verið rætt sem falla að hagsmunagæslu aldraðra. Ég gat sérstaklega um það í upphafi máls míns að allstór hópur aldraðra býr á dvalarheimilum aldraðra og hjúkrunarheimilum. Þar eru ýmsir aðilar að selja þeim þjónustu fyrir ákveðið verð og sú þjónusta sem þeim er veitt er allmisjöfn og mjög misjöfn enda þótt kostnaður og greiðsla til þessara heimila sé nákvæmlega sú sama þannig að ég tel að það sé líka eitt af mörgum atriðum.

Ég gat þess áðan í framsöguræðu minni að því miður hefði borið á deilum á milli ættingja vegna fasteigna og peningalegra eigna og oft og tíðum eru sumir aldraðir þannig á sig komnir að það veldur starfsfólki bæði dvalarheimila og á hjúkrunarheimilum miklum vanda hvernig þeir eiga að snúa sér í þeim deilumálum sem koma upp og þau eru ekki ófá. Það er eitt af mörgu sem ég hef í huga þegar ég flyt þessa þáltill.

Ísland hefur um árabil verið land óstöðugleika, en það hefur gerst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og þessarar að nokkurs stöðugleika hefur gætt. En vonandi má það vera svo eins og kemur fram í greinargerðinni að nú sé svo komið að máli linni og þeir sem síga hægt í þann aldur, þ.e. 67 ára, og þeir sem fara þá af vinnumarkaðinum geti nokkrum árum áður sest niður og íhugað hvernig efri árum verði best eytt í greiðslum frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóði sínum og hvernig skattaleg meðferð þessara tekna verður. Það er ekki svo lítið atriði. Ég tel að það sé líka einn þáttur í þessum málum.

Auk þess er það líka alveg rétt sem hér hefur verið komið inn á og hafa þá allir flokkar í gegnum tíðina, sem skiptir ekki öllu máli hvað þessa þáltill. varðar, með einum eða öðrum hætti komið að í umbreytingum greiðslna frá Tryggingastofnun eða í umbreytingum sem hafa varðað skattalega meðferð þeirra tekna. Ég vona eins og ég sagði áðan að nú sé svo komið að máli linni og að þeir öldruðu, sem við berum mikla umhyggju fyrir og hafa í sveita síns andlits gert Ísland að gósenlandi, geti þá búið við áhyggjulaust ævikvöld vegna þess að þeir geti verið nokkuð vissir um það mörgum árum áður en þeir ljúka ævistarfi sínu að þeir geti átt góð ár í ellinni í vissu þess að ekki sé hróflað við þeim grundvelli sem lagður er til grunns þess sem gefur þeim tekjur og lífeyristekjurnar standist eins og þá er lagt upp með hvað áhrærir gildandi lög ellilífeyris og skatta.

[18:17]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að við höfum búið við ákveðinn stöðugleika í efnahagslífinu á undanförnum árum, stöðugleika sem við skulum ekki gleyma að varð til vegna samstarfs launþegahreyfinganna í landinu, ríkisvaldsins og atvinnurekenda á sínum tíma, þar var grunnurinn lagður. Þeir sem lögðu mest af mörkum til þess að ná niður verðbólgu, til þess að okkur mætti auðnast að skapa þann stöðugleika sem við tölum svo gjarnan um í dag er m.a. sá hópur sem hér er til umræðu. Hins vegar hafa aldraðir og öryrkjar ekki fengið að njóta þess í neinu og við ættum að byrja á því að segja að stöðugleikinn skuli gilda út árið 1996 fyrir þennan hóp sem ekkert útlit er fyrir að muni gerast vegna þess að þær 250 millj. sem á að spara í greiðslu heimildabóta til þessa hóps — það liggur ekki enn þá ljóst fyrir hvernig þeim sparnaði verður náð og því miður búa þeir enn þá við óöryggi, a.m.k. út þetta árið.

[18:19]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð enn einu sinni að minna á að fjölmörg dvalarheimili fyrir aldraða og hjúkrunarheimili hafa verið byggð og það liggur ljóst fyrir að þetta þjóðfélag hefur komið nokkuð til móts við aldraða sem hafa þurft á slíkri vistun að halda. Þegar erlendir aðilar koma hingað til lands og vilja fá að sjá hvernig við búum að þeim öldruðu hafa þeir talað um að Ísland sé meðal fremstu landa í flokki hvað það áhrærir þannig að að tala um að við höfum ekkert sinnt þeim öldruðu er of djúpt í árina tekið. Ég er stoltur af því hvað við höfum almennt gert fyrir aldraða þegar litið er til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila á sl. 20 árum. Ég ætla ekki að gera mikið úr því hver dvalarkostnaður er á þeim heimilum en það er því miður svo vegna lífeyrissjóðakefisins að fjölmargir aldraðir sem hefðu ekki efni á því að búa á þessum heimilum ef byggingakerfið okkar væri öðruvísi. Samfélagið borgar stórfé með þessum heimilum á hverju ári og ég tel mig ekki of góðan til þess að greiða skatta til þess að búa öldruðum áhyggulaust ævikvöld. Það finnst mér því að það hafa þeir öldruðu lagt í þjóðarbúið á árum áður þannig að vissulega hefur verið gert vel í þeim málum en það er aftur sú hlið sem mest hefur komið fram hjá hv. þm., bæði Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Það er alveg rétt sem fram hefur komið. Það er svo aftur hin peningalega hlið áður en þangað er komið. En ég veit það að ég á þarna tvo góða stuðningsmenn og ég veit að þeir eru fleiri sem munu leggja þessu máli lið.

[18:21]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins er farið að slá út í fyrir hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni en ég sagði ekki að við hefðum ekkert sinnt þeim öldruðu. Það sagði ég ekki. Ég sagði að aldraðir og öryrkjar hefðu ekki í neinu fengið að njóta þess stöðugleika sem hv. þm. talaði um að hefði ríkt á undanförnum árum. Við höfum ekki geitt þeim skuldina til baka, framlag þeirra sem varð m.a. til þess að stöðugleikinn myndaðist.

[18:22]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. gat um það að þeir sem á undan hafa gengið hefðu ekki notið þess í neinu sem af þeim hefur verið tekið. Ég hélt að ég hefði skýrt það sæmilega áðan að í nokkrum mæli hafa þeir notið þess vegna þess að

við erum enn að byggja hjúkrunarheimili. Við höfum verið að byggja heimili fyrir aldraða og ég veit ekki betur en í kjördæmi hv. þingmanns sé heimili fyrir aldraða líka. Við höfum því nokkuð lagt til málanna og ég held að það sé alveg sama hvaða ríkisstjórnir það hafa verið, hvaða pólitísku flokkar það hafa verið.

Það er hins vegar umdeilanlegt hversu hröð sú uppbygging hefur verið og hvort hún hefði átt að vera miklu hraðari en hún er en það verður auðvitað að sníða stakk eftir vexti.

Ég ítreka aftur þakkir mínar þær umræður sem hér hafa farið fram varðandi þetta mál og vona að margir leggist á lið með okkur, þeim sem hafa talað í málinu, til að veita þessu máli brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:24.

131. FUNDUR

mánudaginn 6. maí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Framhaldsskólar, stjfrv., 94. mál, þskj. 96, nál. 882, 889 og 905, brtt. 883. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Umboðsmaður aldraða, þáltill., 359. mál, þskj. 628. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Mannanöfn, stjfrv., 73. mál, þskj. 712, brtt. 715, 784 og 901, till. til rökst. dagskrár 691. — 3. umr.

4. Samningur um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, munnleg skýrsla utanríkisráðherra.

Fjarvistarleyfi:

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 510. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 913.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 912.

Tæknifrjóvgun, 154. mál, þskj. 906.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu tvö dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Svavar Gestsson og hæstv. umhvrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa, 1. mgr., þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er umhverfismat fyrir fiskimjölsverksmiðju í Örfirisey.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 96, nál. 882, 889 og 905, brtt. 883 og 910.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj*, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

11 þm. (BH, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:04]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hef gert efnislegar athugasemdir við þetta frv. sem hér er komið til atkvæðagreiðslu. Ég hef enn nokkra von til þess að menntmn. taki nokkurt tillit til þeirra athugasemda milli 2. og 3. umr. og mun því nú sitja hjá við afgreiðslu einstakra breytingartillagna og málsins í heild.

[15:05]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. um framhaldsskóla sem hér er til meðferðar gerir ráð fyrir aukinni miðstýringu í framhaldsskólum, dregur úr möguleikum kennara og annars starfsfólks til að hafa áhrif á stefnumótun skólans og tryggir að okkar dómi ekki jafnrétti til náms. Þess vegna greiðum við í þingflokki Alþb. þessu frv. ekki atkvæði. En við munum styðja þær breytingartillögur sem til bóta horfa og áskiljum okkur rétt til að flytja breytingartillögur við frv. við 3. umr.

[15:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vísa til nefndarálits 2. minni hluta menntmn. þar sem rakin eru fimm grundvallarsjónarmið sem rökstyðja það að þetta frv. endurspeglar menntastefnu sem ekki verðskuldar framgang. Við kvennalistakonur munum því sitja hjá við einstakar greinar frv. og greiða atkvæði gegn frv. í heild.

[15:06]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég vil láta þess getið að brtt. sem við þrír hv. þingmenn höfum flutt við frv. og lýtur að kostnaði vegna byggingar heimavista er dregin til baka til 3. umr. í trausti þess að hún verði nánar skoðuð í hv. menntmn. áður en 3. umr. fer fram.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, FrS, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS*, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS*, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

4.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

9 þm. (GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 39:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

nei: SJS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,3 samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG*, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

nei: GGuðbj, HG, KÁ.

7 þm. (KHG, KH, RA, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

7. gr., svo breytt, samþ. með 44:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG*, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

nei: GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJS, SvG, ÖJ.

4 þm. (BH, KHG, SJóh, StG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

6 þm. (GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, StG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,5 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

12.–15. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,6 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖS.
7 þm. (GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, StG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

17.–20. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,7 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

21. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,8 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

23.–29. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,9 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

30. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

31.–36. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 910 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 883,10 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE.
18 þm. (BH, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

37. gr., 1.–3. mgr. og 1.–2. málsl. 4. mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GMS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

37. gr., 3. málsl. 4. mgr., samþ. með 34:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
2 þm. (RA, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

37. gr., 4.–5. málsl. 4. mgr. og 5.–7. mgr., svo breytt, samþ. með 33:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
nei: GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, JóhS, JBH, KHG, LB, RG, SighB, StG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

37. gr., svo breytt, samþ. með 33:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
nei: GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJS, SvG, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, JóhS, JBH, KHG, LB, RG, SighB, StG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, EgJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

38.–46. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.
12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,11 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, HÁs, HBl, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

47. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, HÁs, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,12 (ný 48. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÖS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, HÁs, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I og II samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÖS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, HÁs, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 883,13 (nýtt ákv. til brb. III) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

13 þm. (BH, GGuðbj, GMS, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, HÁs, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS.

9 þm. (GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, HÁs, IP, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Umboðsmaður aldraða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall, 359. mál. — Þskj. 628.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Umhverfismat fyrir fiskmjölsverksmiðjuna í Örfirisey.

[15:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Erindi mitt er að spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann ætli ekki að endurskoða þá ákvörðun sína að neita borgaryfirvöldum í Reykjavík um umhverfismat vegna stækkunar fiskmjölsverksmiðju í Örfirisey, stækkunar úr 120 tonna framleiðslu á dag upp í 520 tonna framleiðslu á dag. Hér er í raun og veru um nýja verksmiðju að ræða, allt aðra starfsemi en verið hefur. Þess vegna hefur það verið skoðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að það væri óhjákvæmilegt að á þessu máli væri sérstaklega tekið. En því neitaði hæstv. umhvrh. með bréfi sem hann sendi borgaryfirvöldum fyrir nokkru, þar sem hann hafnaði óskinni og taldi ekki ástæðu til að verða við henni. Þetta bréf hæstv. umhvrh. var dagsett 17. apríl sl. og þar svaraði hann bókun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 22. mars, en þar var óskað eftir því við umhvrh. að hann, bein tilvitnun, með leyfi forseta: „... hlutaðist til um að fram færi umhverfismat samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum vegna umsóknar fiskmjölsverksmiðjunnar Faxamjöls um breytingu á starfsemi fyrirtækisins." Breytingin er, eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, að gert er ráð fyrir því að auka afköst verksmiðjunnar úr 120 tonnum á sólarhring í 520 tonn á sólarhring eða um 400 tonn á sólahring þannig að hér er eiginlega um nýja verksmiðju að ræða. Í lok bréfsins frá 17. apríl sagði hæstv. umhvrn. m.a., með leyfi forseta:

„Með vísun til ofanritaðs getur ráðuneytið ekki fallist á að beita 6. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem ekki verður séð að breytingarnar eða aukningin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Verður tekið á málum í samræmi við mengunarvarnareglugerð og ákvæði um varnir gegn lyktarmengun sett í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna eins og vera ber." Undir þetta ritar Guðmundur Bjarnason umhvrh.

Tilefni þessarar óskar borgarinnar var að stofnun sem heyrir undir umhvrn., þ.e. Hollustuvernd ríkisins, hafði lýst því yfir að það væri ekki hægt að taka á þessu máli nema að efna til frekari rannsókna. En í bréfi frá Hollustuvernd ríkisins sem er dagsett 14. mars sl. segir svo, með leyfi forseta:

„Fram kemur að reynsla af fiskmjölsverksmiðju með lykteyðingarbúnað af svipuðum gæðum og fyrirhugað er að nota í Örfirisey er mjög misjöfn. Ekki er því hægt að draga einhlítar ályktanir af reynslu af þessum búnaði hérlendis. Ekki er hægt að fullyrða án frekari rannsókna sem t.d. geta falist í mati á umhverfisáhrifum, hversu hætta á lyktarmengun eykst við stækkun verksmiðjunnar."

Sem sagt, stofnun sem heyrir undir umhvrn. segir: „Það verður að rannsaka málið betur." Þá segir heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og heilbrigðiseftirlit: „Rannsökum málið betur." Hún fer fram á það að málið verði sett í umhverfismat sem er á vegum umhvrn. og skipulagsstjóra ríkisins. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir eindregin tilmæli yfirvalda í Reykjavík sem fara með þetta mál, þá kýs hæstv. ráðherra að hafna þessum óskum. Ég hlýt að átelja þessi vinnubrögð ráðuneytisins og vísa á bug lokaorðum bréfs hæstv. ráðherra, þar sem segir að breytingarnar eða aukningin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúru, auðlindir og samfélag. Ég tel að í þessari túlkun umhvrn. felist þau viðhorf að

mannlíf í þéttbýli flokkist ekki undir þessi ákvæði laganna um umhverfismat. Ég vísa þeirri afstöðu algerlega á bug. Ég tel að mannlíf í þéttbýli sé líka hluti af náttúruauðlindum, samfélagi og umhverfi og þess vegna sé fullkomlega út í hött að hæstv. umhvrh., hæstv. ríkisstjórn, skuli hafna þessari eðlilegu og sanngjörnu ósk borgaryfirvalda í Reykjavík. Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hann afturkalla neitun sína og fallast á beiðni borgaryfirvalda?

[15:42]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. málshefjanda, er það rétt að umhvrn. hefur borist erindi frá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur eða heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það að fram fari umhverfismat vegna stækkunar á fiskmjölsverksmiðju í Örfirisey. Nú er það svo að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki skylda að fram fari mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fiskmjölsverksmiðjur þannig að þetta þyrfti því að fella undir 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. þar sem segir að umhvrh. sé heimilt að fengnu áliti skipulagsstjóra að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir fari í umhverfismat.

Nú varð það niðurstaða ráðuneytisins að á þessum atriðum sem hér er fjallað um og koma fram í greinargerð vegna ítarlegrar bókunar heilbrigðisnefndarinnar, eigi að taka samkvæmt mengunarvarnareglugerð fyrst og fremst en ekki að ástæða sé til þess að slík framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Ég vil minna á til samanburðar að á seinasta ári var reist ný fiskmjölsverksmiðja á Fáskrúðsfirði, ekki stækkun eða breyting á eldri verksmiðju heldur ný verksmiðja. Þar var ekki talin ástæða til þess að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum. En auðvitað þurfti sú verksmiðja eins og þessi að sækja um starfsleyfi. Þess vegna var það alveg eindregin ákvörðun ráðherra samkvæmt ítarlegri umfjöllun í ráðuneytinu að það ætti fyrst og fremst að fjalla um starfsemina við útgáfu starfsleyfis. Og að auki segir svo í bréfi ráðuneytisins sem dagsett er 17. apríl og hv. málshefjandi vitnaði til, með leyfi forseta:

„Það er skoðun ráðuneytisins að um þau atriði sem fram koma í áðurnefndri greinargerð eigi að fjalla í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna sem gefið skal út samkvæmt mengunarvarnareglugerð þar sem settar eru fram kröfur um einstaka þætti auk þess sem Reykjavíkurborg gæti sett í samþykkt, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, strangari kröfur vilji sveitarfélagið ganga lengra en reglur mengunarvarnareglugerðar segja fyrir um. Þau atriði sem talin eru upp í áðurnefndri greinargerð varða eingöngu mengunarvarnabúnað til að fyrirbyggja lyktarmengun sem ótvírætt þarf að taka á í starfsleyfi."

Í mengunarvarnareglugerðinni er hins vegar kveðið skýrt á um að fiskmjölsverksmiðjur þurfi að sækja um starfsleyfi og er öðruvísi tekið á því þar heldur en í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þar segir, með leyfi forseta, í 56. gr.:

„Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðaukum 7 og 8 með reglugerð þessari má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla." Og þar eru eins og ég segi fiskmjölsverksmiðjur taldar upp sem fyrsta starfsgreinin eða atvinnureksturinn sem þarf að sækja um starfsleyfi fyrir.

Í 61. gr. mengunarvarnareglugerðarinnar segir:

„Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og eftir því sem við á hverju sinni, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar og annarra sérfróðra aðila. Áður en umsagnar heilbrigðisnefndar er leitað skal liggja fyrir mat Hollustuverndar ríkisins á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið séu ekki fullnægjandi getur stofnunin krafist þess að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda."

Þetta er samkvæmt 61. gr. mengunarvarnareglugerðarinnar og mér sýnist í þessu felist í raun öll þau ákvæði sem á þarf að halda varðandi þessa starfsemi, þar sem Hollustuvernd ríkisins getur krafist frekari mælinga og rannsókna til þess að fá fullnægjandi upplýsingar og niðurstöðu um það hvers þarf að krefjast til þess að geta gefið út starfsleyfið. Í 63. gr. reglugerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til þess að gera athugasemdir, samanber 64. gr. Skal auglýsing birt í Lögbirtingablaði þar sem fram kemur frá hvaða degi starfsleyfistillögur liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur til að gera athugasemdir er sex vikur frá því að starfsleyfistillögur eru lagðar fram. Heimilt er að lengja frestinn í allt að tólf vikur ef sérstakar ástæður mæla með því."

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé líka eins og eðlilegt er opnaður farvegur fyrir þá aðila sem vilja gera athugasemdir við starfsleyfistillögurnar, enda sé það fyrst og fremst þar og á þeim vettvangi sem þarf að skoða þessa starfsemi þó það sé rétt sem hv. málshefjandi getur um, að þetta er umtalsverð stækkun á afkastagetu verksmiðjunnar. En það er ekki breyting á eðli starfseminnar.

[15:47]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það þurfti að segja mér það tvisvar að hæstv. umhvrh. hefði hafnað því að láta fara fram umhverfismat vegna stækkunar fiskmjölsverksmiðjunnar í Örfirisey. Mig undrar þessi afgreiðsla stórlega. Valdið er vissulega hans þar sem ekki er um fortakslausa skyldu að ræða samkvæmt lögum um umhverfismat og það er náttúrlega umhugsunarefni út af fyrir sig. En með tilliti til allra aðstæðna hefði ég talið sjálfsagt og í hæsta máta eðlilegt að verða við óskum stjórnvalda í Reykjavíkurborg um umhverfismat. Það er nánast, verð ég að segja, herra forseti, dónaskapur að afgreiða málið, ósk þeirra, á þennan hátt.

Við erum að tala um fyrirtæki sem upphaflega voru ákaflega deildar meiningar um svo sem eðlilegt er með fyrirtæki þessarar gerðar nánast steinsnar frá hjarta höfuðborgar landsins. Það fór af stað með tímabundið leyfi til framleiðslu fiskimjöls að hámarki um 120 tonn á sólarhring. Það er mála sannast að fyrirtækið hefur staðið sig ágætlega. Starfsemi þess hefur ekki orðið tilefni til mikilla kvartana og ekki sætt ýkja mikilli gagnrýni.

Nú hefur það gerst sem ýmsir óttuðust að þessi tiltölulega umfangslitla starfsemi yrði ekki látin duga, heldur yrði sótt á um aukin umsvif — og það munaði ekki um það þegar að því kom. Ætlunin er að fimmfalda starfsemina, hvorki meira né minna, auk þess sem breyting verður á samsetningu hráefnis. Hér er því um mjög miklar breytingar að ræða á starfsemi verksmiðjunnar. Og það er athyglisvert að Hollustuvernd ríkisins hefur tekið undir óskir og sjónarmið heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar um að fram fari umhverfismat og telur frekari rannsókna þörf, sem t.d. gætu falist í mati á umhverfisáhrifum, áður en hægt sé að fullyrða með nokkurri

vissu hvort og hversu mikið hætta aukist á lyktarmengun vegna þessara breytinga.

Ég verð að segja það, herra forseti, í fyrsta lagi að ég hef aldrei getað skilið af hverju þessi rekstur var leyfður á sínum tíma á þessum stað og í öðru lagi að hversu vel sem er staðið að mengunarvörnum er afar erfitt að útiloka lyktarmengun.

Því miður, herra forseti, er tími minn búinn. Ég hefði gjarnan viljað koma fleiru að en ég skora á hæstv. umhvrh. að endurskoða afstöðu sína.

[15:50]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki réttmæt gagnrýni sem fram hefur komið á umhvrh. í þessari umræðu. Málið snýst um það að gæta fyllsta öryggis að því er varðar mengunarmál og umhverfisvarnir í fyrirhugaðri verksmiðju. Þær kröfur eru að sjálfsögðu settar í starfsleyfi eins og fram kom hjá ráðherra. Það er óeðlilegt að koma með kröfu um sérstakt umhverfismat þegar það var ekki gert við sambærilega verksmiðju austur á Fáskrúðsfirði í fyrra og ég sá það í blaði í morgun að sams konar verksmiðja sé í uppsiglingu uppi á Akranesi einnig.

Mér finnst óeðlilegt að vera að draga þetta mál inn á Alþingi með þessum hætti, þ.e. að gera stækkun þessa mikilvæga fyrirtækis tortryggilega í sölum Alþingis. Það er engin ástæða til þess að vantreysta hvorki stjórnvaldinu í þessum efnum, umhvrh. eða fyrirtækinu sjálfu sem hefur sýnt það á undanförnum árum að þar er staðið að öllum þessum málum með þeim hætti að það er til sérstaks sóma. Gagnrýnin sem höfð var upp á þetta fyrirtæki fyrir örfáum árum reyndist alls ekki á rökum reist. Þarna hefur verið starfrækt nýtískuleg fiskmjölsverksmiðja undanfarin fjögur ár, að vísu mun minni en sú sem nú er verið að tala um. En reynslan af henni er mjög góð. Það vita þeir sem búa í nágrenni við verksmiðjuna. Það geri ég nefnilega alveg eins og hv. síðasti ræðumaður. (Gripið fram í.) Já, en það er samt ekki ástæða til þess, þó að þarna verði starfsemin fjór- eða fimmfölduð, að óttast að þarna verði eitthvað dregið úr kröfum varðandi þennan búnað. Þvert á móti held ég að það sé kappsmál fyrirsvarsmanna þessarar verksmiðju að standa vel og skynsamlega að þessum málum.

Hér er auðvitað á ferðinni greinilegt hagsmunamál fyrir Reykvíkinga alla saman, að efla þessa starfsemi og auka hana því þetta er mikilvæg atvinnustarfsemi. Og það er líka sérstakt hagsmunamál fyrir Reykjavíkurborg að þarna sé ráðist í stækkun og að þau tækifæri sem þarna eru fyrir hendi verði nýtt borgarbúum og borginni til hagsbóta.

[15:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefði sannarlega komið til greina að skylda starfsemi eins og fiskmjölsbræðslu til að falla undir umhverfismat þegar lögin voru sett. Það má raunar flokka það undir viss mistök af hálfu þeirra sem um fjölluðu og þar á meðal umhverfisnefndar þingsins, sem ég átti þá sæti í, að gera það ekki. En það ásamt fleiri framkvæmdum sem til umræðu voru þá átti að mati nefndarinnar að falla undir umhverfismat, eða að það væri eðlilegt. En svörin voru þá að vísa í greinar þar sem hæstv. ráðherra hefur heimildir til þess að fella viðkomandi framkvæmdir undir slíkt mat. Menn hljóta að sjálfsögðu að spyrja sig: Hvað kemur ráðherra til að neita beiðni um mat á umhverfisáhrifum þessarar starfsemi? Hvað liggur þar að baki þegar beðið er um það? Það er vísað á að byggðar hafi verið upp aðrar verksmiðjur. En lágu þar fyrir skýrar beiðnir um mat á umhverfisáhrifum frá viðkomandi sveitarfélagi eins og hér er um að ræða?

Ég vek athygli á skýringum við 7. gr. frv. á sínum tíma, þar sem beinlínis er vísað til 7. gr. í því frv. sem opnar fyrir það að haldið sé á málum út frá íslenskum aðstæðum en ekki verið að fylgja viðaukanum úr viðkomandi reglugerð Evrópusambandsins. Mér finnst það ekki réttmætt að hæstv. ráðherra skuli beita valdi sínu á þennan hátt. Það er tortryggilegt. Og hvaða munur er á því að reisa verksmiðju af þessum toga eða ýmsa aðra starfsemi sem kveðið er á um í 5. gr. núverandi laga? Menn geta velt því fyrir sér. Allar vegaframkvæmdir í landinu falla t.d. undir hana þannig að mér finnst að hæstv. ráðherra hafi ekki haldið rétt á þessu máli.

[15:54]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég var formaður hafnarstjórnar Reykjavíkurhafnar þegar fyrst kom erindi frá þessu gagnmerka fyrirtæki, Faxamjöli hf., í ágúst 1991. Í svari hafnarstjórnar vegna óska þeirra þá um starfsleyfi segir svo, með leyfi forseta:

„Í aðalskipulagi Reykjavíkur er miðað við að gamla höfnin sé fiskihöfn borgarinnar. Í deiluskipulagi vesturhafnarinnar er reiknað með fiskmjölsverksmiðju á lóð Faxamjöls hf. við Örfirisey. Fyrirtækið hefur lóðasamning frá 1964–2004 um rekstur slíkrar verksmiðju. Á lóðinni eru verksmiðjuhús, hráefnisþrær, tankar, lýsisgeymslur og mjölturnar fyrir afurðir. Blöndunarbúnaður og færibönd til lestunar á mjöli eru á síldarbryggju." Niðurstaða hafnarstjórnar er: „Hafnarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að fyrirtækið fái starfsleyfi á leigulóð þess í Örfirisey, enda uppfylli verksmiðjan ströngustu kröfur um varnir gegn mengun lofts og sjávar."

Það var svo merkilegt að á meðan hafnarstjórn var að fjalla um þetta mál, gengu undirskriftalistar um vesturbæinn. Menn voru þar að safna undirskriftum til að mótmæla þessari verksmiðju vegna þess að það yrði svo vond lykt af henni. Undirskriftasöfnunin stóð líklega í um þrjár vikur á sama tíma og hin nýendurbyggða verksmiðja var í fullum gangi. Það var ekki meiri mengun af henni en svo að undirskriftarsöfnunaraðilar vissu ekki einu sinni af því að verksmiðjan væri komin í gang. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.)

Það segir líka hér að sú verksmiðja eða viðbót sem þetta félag hyggst nú reisa er búin allra besta búnaði sem völ er á. Um er að ræða eina af þremur tegundum búnaðar sem getur framleitt hágæðamjöl. Eitt þeirra grundvallaratriða sem horft var til við val á búnaðinum voru mengunarvarnir þannig að hér hefur verið mjög kappsamlega og vel unnið og vel staðið að málum. Það var hins vegar athyglisvert að heyra hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, tala um það að fyrirtækið hefði staðið sig ágætlega og það væri ekki mikið um kvartanir. Ég hef ekki orðið var við það sem Reykvíkingur að það væri nein ólykt af þessari verksmiðju. Það er líka athyglisvert að heyra í þingmönnum tala hér, jafnvel 8. þm. Reykv., því þeir minnast ekki á þá miklu atvinnusköpun sem verður af þessari verksmiðju. Ég treysti því að stjórnendur verksmiðjunnar muni halda á málum eins og þeir hafa gert hingað til þannig að Reykvíkingar muni ekki verða fyrir neinum óþægindum af henni.

[15:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson orðaði það svo að það væri hart ef hv. þm. þyldu ekki lengur

að finna lykt af undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Örlögin hafa kosið mér og örfjölskyldu minni bústað í skjóli tankveggjanna. Svo vel hefur tekist til um mengunarvarnir frá þessari verksmiðju að stundum hef ég saknað þess að finna ekki þennan umrædda ilm.

Herra forseti. Ég get sagt það alveg eins og hv. þm. Geir H. Haarde áðan. Ég bý þarna í næsta nágrenni og verð að segja það að mengunarvarnirnar hafa tekist umfram allt það sem menn væntu. Ég verð aldrei var við nokkra lykt frá þessari verksmiðju og verð ekki var við að nágrannar mínir kvarti undan henni heldur. Ég held að þarna sé um að ræða mikla framför frá því sem áður var því þarna var ansi mikil lyktarmengun áður fyrr.

Nú stendur til að auka framleiðsluna um nánast fimmfalt og það er auðvitað eðlilegt að menn óttist það. Sá ótti er studdur ákveðnum rökum sem koma fram í bréfi frá Hollustuvernd ríkisins til heilbrigðisnefndarinnar. Þar kemur fram að reynsla af fiskmjölsverksmiðjum með lykteyðingarbúnað af svipuðum gæðum og fyrirhugað er að nota í Örfirisey er misjöfn. Það segir líka að það sé ekki hægt að draga einhlítar ályktanir af reynslu á þessum búnaði hérlendis. Þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að fullyrða án frekari rannsókna sem t.d. geta falist í mati á umhverfisáhrifum, hversu hætta á lyktarmengun eykst við stækkun verksmiðjunnar." Nú er mér alveg ljóst að samkvæmt mengunarvarnareglugerð og þeim starfsskilyrðum sem Hollustuvernd er búin, þá getur hún ef hún telur nauðsynlegt krafist frekari rannsókna á afleiðingum stækkunarinnar. Ég óttast ekki afleiðingar þessarar stækkunar, herra forseti. En ég hefði talið að til þess að skapa frið um þetta mál, þá hefði verið betra að hæstv. umhvrh. hefði farið þá leið að setja þetta í umhverfismat. Ég tel að hann geti það enn þá og í anda þess friðar sem jafnan ríkir í vesturbænum og hefur ríkt um þessa verksmiðju, þá tel ég að það væri farsælast úr því sem komið er.

[15:59]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að við úthlutun starfsleyfa fiskmjölsverksmiðja þarf að standa við ströng ákvæði mengunarvarnareglugerðar og flestar verksmiðjur eða líkega allar hafa fengið starfsleyfi eingöngu á þeim forsendum hingað til. Það er hins vegar ljóst að borgin vill ganga lengra. Það er mjög eðlilegt vegna þess að hún er þar studd af einni undirstofnun umhvrn. og mér finnst það því mjög eðlilegt að borgarfulltrúar hafi áhyggjur af þessu máli ef undirstofnun umhvrn. telur að það þurfi að fara í umhverfismat. Ég skil því ekki af hverju ekki er hægt að verða við þeirri beiðni og ég held að allir hljóti að óttast að verið sé að setja málið í þá stöðu að það fari að velkjast á milli skrifborða. Ég held að það sé nefnilega ekki rétt sem segir í bréfi ráðherrans að verksmiðjan muni ekki hafa áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Mér finnst ekki óeðlilegt þó að borgaryfirvöld hafi áhyggjur af því að hún kunni að hafa áhrif á samfélag. Það er stutt frá þessum stað í þann stað þar sem skemmtiferðaskip koma að, þannig að það skiptir verulegu máli. Það skiptir líka máli hvort þessi verksmiðja verður stækkuð eða ekki með tilliti til framtíðar loðnufrystingar í borginni og þeirrar miklu atvinnuþátttöku sem hefur orðið vegna hennar. Mér finnst ekki óeðlilegt þó að borgaryfirvöld vilji fá að vita bæði skjótt og örugglega hvað þeim er óhætt að ganga langt í þessum efnum. Það skiptir sem sé verulegu máli varðandi áframhaldandi atvinnuuppbyggingu í sjávarútvegi í borginni að niðurstaða komi í þessi mál. Ég tek því undir með þeim sem hvetja til þess að það verði farið í umhverfismat og að málið verði ekki látið flækjast á milli skrifborða. Úr því verði skorið skjótt og örugglega.

[16:01]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Nú er það svo að um málefni sem þessi er fjallað í mengunarvarnareglugerð og þar er kveðið á um það hvernig á að standa að þessu. Til þess að láta umhverfismatslögin ganga yfir þetta þarf hins vegar að vera um að ræða umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Það er því mat hæstv. umhvrh. hvort hér sé um að ræða umtalsverð áhrif.

Þegar hann metur þetta verður hann líka að hafa í huga jafnræðisregluna. Hefur þessu verið beitt þegar aðrar fiskmjölsverksmiðjur hafa fengið starfsleyfi? Hann getur ekki gengið á svig við jafnræðisregluna með því að leggja meiri kvaðir á þessa einu verksmiðju umfram þær aðrar verksmiðjur sem hafa fengið leyfi hér á landi.

Reykjavíkurborg getur hins vegar gengið lengra, hún hefur valdið til þess. En hvers vegna er hún að skjóta sér á bak við umhvrn. og hæstv. umhvrh.? Ég bara spyr. Þorir hún ekki að taka af skarið sjálf í þessu máli ef hún getur?

Það væri hins vegar gaman að það mundi gerast einhvern tíma, sem ég þó efast um, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ýjaði að, að við þyrftum einhvern tíma að frysta loðnu í júlí á sama tíma og skemmtiferðaskipin eru í Reykjavíkurhöfn.

[16:03]

Katrín Fjeldsted:

Ágæti forseti. Ég var formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þegar fjallað var um starfsleyfi þessarar verksmiðju á fyrri stigum, var reyndar formaður þeirrar nefndar í 12 ár. Við tókumst mikið á um þetta málefni, aðallega til þess að tryggja að farið væri eftir þeim kröfum sem settar voru fram um mengunarvarnir. Reyndar var ekki gert neitt umhverfismat á þeim tíma. Þetta var 1991. Heilbrigðisnefndin samþykkti eftirfarandi skilyrði:

1. Hráefnið skyldi ætíð vera ferskt og geymslu þess og meðferð hagað samkvæmt því.

2. Strangasta hreinlætis gætt við alla starfsemi, úti sem inni, sérstaklega við geymslu og meðferð hráefnis og afurða.

3. Að loftmengunarvarnabúnaður verksmiðjunnar skyldi vera af fullkomnustu gerð og komið yrði fyrir fullnægjandi búnaði til varnar frárennslismengun.

4. Í starfsleyfinu kæmu fram skýr ákvæði um framkvæmd eftirlits og hvernig skyldi bregðast við brotum á einstökum ákvæðum starfsleyfisins.

5. Að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur yrði falið allt mengunareftirlit með verksmiðjunni.

Þetta gekk prýðilega fram og þessu hefur verið fylgt eftir og ég veit ekki annað, bæði sem fyrrv. formaður heilbrrn. og íbúi í Vesturbænum, að það hafi verið vel staðið að málum í verksmiðjunni. Nú er um að ræða rúmlega fjórföldun á afköstum verksmiðjunnar sem að sjálfsögðu er heilmikil stækkun. Einnig eru breytingar fyrirhugaðar.

Ég tel eins og ýmsir aðrir á undan mér að þetta sé líklega leysanlegt á grundvelli mengunarvarnareglugerðar og að sveitarstjórnin hafi þetta í hendi sér með kröfum sínum til starfsleyfisins að sómasamlega sé að málum staðið og að gerðar séu eins ítarlegar kröfur og gert var við útgáfu fyrra starfsleyfis. Ég treysti ráðherranum til að vera bakhjarl ef

sveitarstjórnin sér fram á að þetta sé ekki leysanlegt nema með aðstoð hans og hann komi þá til móts við þær óskir. Ég tel þó að heilbrigðisyfirvöld í Reykjavík hafi fulla burði til að standa vel að málum eins og gert hefur verið hingað til.

[16:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er svona umræða alltaf dálítið erfið vegna þess að þá koma hingað yfirleitt upp í ræðustól menn eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og segja: Þola menn ekki lyktina af því sem þeir lifa af og eru með sprettibrandara af þessu tagi sem koma málinu ekkert við. Svo eru menn með fullyrðingar eins og hv. þm. Árni Mathiesen um það að Reykjavíkurborg sé að bregða sér á bak við ráðherrana í þessu máli. Málið snýst ekkert um það.

Veruleikinn er sá að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, faglegir aðilar í Reykjavík byggja á umsögn Hollustuverndar ríkisins um að á þessu máli verði að taka. Það er hinn faglegi veruleiki málsins og þess vegna eiga menn að venja sig af því í umræðum að taka á þessu eins og um pólitískan skylmingarleik sé að ræða. Hér er veruleikinn þessi: Hollustuverndin segir: Það þarf meiri rannsóknir. Heilbrigðisnefndin biður um það og það er farið fram á umhverfismat við ráðuneytið og ráðuneytið neitar heilbrigðisyfirvöldum í Reykjavík. Ekki pólitískt kjörnum borgaryfirvöldum, heldur heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur um athugun á þessu máli. Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti: Ef Reykjavík á að búa við meðferð mála af þessu tagi þá á Reykjavík ekkert umhverfisráðuneyti vegna þess að þá eru menn að fara öðruvísi með hlutina í Reykjavík en þeir mundu gera ef sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir eða heilbrigðisnefndir annars staðar á landinu ættu í hlut. Spurningin fyrir Reykvíkinga er sú: Verða þeir að sætta sig við að vera meðhöndlaðir öðruvísi en aðrir aðilar á Íslandi þegar kemur að málum af þessu tagi? Það er stórkostlega alvarlegt umhugsunarefni, hæstv. forseti.

[16:07]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af lokaorðum hv. málshefjanda vil ég segja að það er þveröfugt. Þða er verið að meðhöndla útgáfu starfsleyfis fyrir fiskmjölsverksmiðju í Örfirisey á nákvæmlega sama hátt og gert er annars staðar, ekki öðruvísi heldur á nákvæmlega sama hátt og gert var með nýja verksmiðju austur á Fáskrúðsfirði og þarf ekki að eyða fleiri orðum í það.

Auðvitað hefur Hollustuvernd ríkisins alla möguleika og henni ber reyndar að láta framkvæma þær rannsóknir sem hún telur að nauðsynlegt sé að gera til að ganga úr skugga um að umhverfisáhrifin séu ásættanleg eða ekki þess eðlis að það sé óásættanlegt fyrir nágranna verksmiðjurnar að búa við þessa starfsemi. Það hefur hún samkvæmt ákvæðum í mengunarvarnareglugerðinni, sem ég las upp áðan, og þarf reyndar ekki að árétta en það segir þó hér að telji Hollustuverndin að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið séu ekki fullnægjandi getur stofnunin krafist þess að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir þannig að það er Hollustuverndarinnar að gera það. Af því að fleiri en einn hv. þm. spurði af hverju ráðherra hefði tekið þessa afstöðu og neitað því að láta málið fara í mat á umhverfisáhrifum þá er það vegna þess að ég tel að það sé ákvæði í mengunarvarnareglugerð sem þurfi að fjalla um í starfsleyfisútgáfunni. Það á allt að koma fram í starfsleyfinu sem hér er ágreiningur um að áliti ráðuneytisins og þess sem hér stendur. Það er þar og undir þeim ákvæðum að finna möguleikana til þess að fylgja eftir athugasemdum sem kunna að koma fram. Verksmiðjan er í skipulögðu hverfi fyrir atvinnurekstur þannig að þess vegna þarf ekki að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum. Þarna er hverfi sem á að vera fyrir starfsemi af þessu tagi. Ég tel að það sé líka snúið út úr bréfinu frá 17. apríl sl. þegar sagt er að það sé ekki rétt hjá ráðherra að starfsemin hafi ekki í sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag o.s.frv. Setningin er bara ekki lesin öll, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Það segir, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki verði séð að breytingar eða aukningin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag verði tekið á málum í samræmi við mengunarvarnareglugerð og ákvæði um varnir gegn lyktarmengun sett í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna eins og vera ber."

Þetta las hv. þm. því miður ekki. Þetta er það sem þarf að gera, á að gera og væntanlega verður gert samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðarinnar eins og Hollustuverndinni ber að gera.

Mannanöfn, 3. umr.

Stjfrv., 73. mál (heildarlög). — Þskj. 712, brtt. 715, 784 og 901, till. til rökst. dagskrár 691.

[16:10]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tveimur breytingartillögum frá allshn. Sú fyrri er á þskj. 715 og hljóðar þannig: „7. mgr. 8. gr. falli brott." Þetta er einungis tæknileg breyting, ekki efnisleg og er samfara þeim breytingartillögum sem allshn. lagði til á frv. en hins vegar var ekki athugað að taka þessa breytingu með samhliða.

Hin brtt. við frv. til laga um mannanöfn frá allshn. er á þskj. 784 og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Við 14. gr. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að fósturbarn, sem er í varanlegu fóstri hjá fósturforeldrum, sé kennt til fósturforeldris. Leita skal samþykkis kynforeldra barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis."

Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, kom þessari ábendingu til allshn. milli 2. og 3. umr. um málið og taldi nefndin rétt að leggja til þessa brtt. til þess að bæta stöðu fósturbarna hvað þetta snertir.

[16:12]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Á þskj. 901 flyt ég brtt. sem er á þessa leið eftir upprentun, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra skal, er lög þessi hafa tekið gildi, skipa þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðuneytis. Nefndin skal skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september 1997 og tillögum um breytingar á lögunum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi

þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögunum. Nefndin skal leita álits Hagstofu Íslands."

Hæstv. forseti. Þessi brtt. er m.a. flutt í framhaldi af nokkrum viðræðum sem hafa átt sér stað um þessi mál þar sem ég hef m.a., eins og ég mun rekja síðar, óskað eftir því að Hagstofa Íslands geri grein fyrir því hvernig hún telji að það verði að framkvæma þessi lög ef frv. verður samþykkt. Hagstofa Íslands hefur mjög miklar áhyggjur af því að ef þetta verður samþykkt nákvæmlega eins og það lítur út muni það verða illframkvæmanlegt eftir ákvæðum frv.

Í annan stað tel ég að við meðferð málsins hafi þess ekki verið gætt nægilega skýrt að kalla til Hagstofuna. Þess hafi ekki heldur verið gætt að kalla til menntamálayfirvöld. Ég tel að þetta sé menningarmál og það hefði átt að kalla til menntamálayfirvöld. Það hefði átt að kalla til menntmn. Alþingis til þess að fjalla líka um þetta mál og ef ég varðandi mín embættisverk sem ráðherra í þessum efnum vil nefna eitthvað sem ég tel að ég hafi ekki gert rétt að því er varðar mannanafnalögin þá sé ég eftir því að hafa flutt þau yfir til dómsmrn. vegna þess að það er greinilegt að þar er ekki gætt heildarsjónarmiða í þessu máli sem ég tel að eigi að gera.

Það er ljóst, hæstv. forseti, að verulegur meiri hluti Alþingis vill knýja þetta mál óbreytt í gegn og ég hef engan áhuga á því eða getu að tefja það á neinn hátt þótt ég teldi fulla þörf á því að skoða þessi mál miklu betur. Þess vegna hef ég ákveðið fyrir mitt leyti, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, til samkomulags að draga til baka tillögu um að vísa málinu frá af því að við teljum það illa undirbúið. Við teljum full efnisleg rök fyrir þeirri tillögu en okkur sýnist að miðað við allar aðstæður verði hún einfaldlega felld og það sé þó betra en ekkert. Það er ekki rétt einu sinni að segja hálfur sigur. Það sé betra en ekkert að fá samþykkta þá tillögu sem ég mæli fyrir sem ég geri mér vonir um að við fáum samþykkta.

Varðandi málið að öðru leyti vísa ég til þeirra blaðaskrifa sem fram hafa farið um þessi mál núna frá því að málið var til 2. umr. Ég vísa til greinar Helga Hálfdanarsonar í Morgunblaðinu. Ég vísa til greinar Jónasar Kristjánssonar í Morgunblaðinu. Ég vísa til greinar Árna Björnssonar í Morgunblaðinu. Ég vísa til forustugreina í Morgunblaðinu og ég vísa til ummæla tveggja nefndarmanna í mannanafnanefnd þar sem þeir eru með greinar, tvær í sama blaði, Erlendur Jónsson og Páll Sigurðsson. Ég vísa sérstaklega til greinar þeirra félaga sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 4. maí 1996 þar sem lið fyrir lið eru tekin fyrir þau atriði sem þeir telja að felist í frv. eins og það liggur fyrir og séu meingölluð. Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast að Alþingi skuli vera þannig á sig komið að ekki skuli vera hægt að koma fyrir yfirveguðum og sanngjörnum athugasemdum af því tagi sem mér finnst þeir gera, en það er greinilega ekki hægt. Það er augljóst að það er yfirgnæfandi meiri hluti á þinginu fyrir því að afgreiða málið eins og það kemur fyrir núna jafngallað og það er.

21. mars sl. skrifaði ég Hagstofu Íslands bréf og ég óskaði eftir því að Hagstofan svaraði nokkrum spurningum:

1. Hvernig verður framkvæmd laganna ef frv. verður samþykkt að því er varðar ættarnöfn, millinöfn og kenningu til föður eða móður án dóttur- eða sonar-viðskeytisins?

2. Eru einhver sérstök vandkvæði á framkvæmd laga þessara ef frv. verður samþykkt eins og það er nú?

3. Hver er aðild Hagstofu Íslands að samningu frv. og meðferð þess fram að þessu?

Mér barst þriggja síðna svar frá Hagstofu Íslands sem væri full ástæða til að lesa yfir. Auk þess mjög ítarleg greinargerð upp á fimm síður þar sem tekin er fyrir svo að segja hver einasta grein í frv. Hagstofan telur að tæknilega sé mjög erfitt að framkvæma frv. Ég veit að meiri hluti allshn. eða formaður hennar hefur fengið þessa greinargerð til meðferðar. Ég tel að það hljóti að vera vegna þess að forsrh. og hagstofuráðherra hefur fengið þessa greinargerð í hendur. Samt sem áður vilja menn afgreiða málið svona. Ég segi það eins og er, hæstv. forseti, að ég harma þessa niðurstöðu. Og ég harma það að menn skuli ekki vilja setjast niður yfir málið og finna á því lausn. Ég mun koma greinargerð minni á framfæri við opinbera aðila. Ég hef hugsað mér að skrifa um þetta blaðagrein þar sem ég geri ítarlega grein fyrir sjónarmiðum mínum en ég tel það því miður ekki þjóna neinum tilgangi að bera þau á borð hér úr þessum virðulega ræðustóli vegna þess að menn hafa að mínu mati kosið að loka eyrunum fyrir rökum.

Af þeim ástæðum, hæstv. forseti, mun ég láta staðar numið í umræðunni. Ég mun ekki greiða frv. atkvæði eins og það lítur út og áskil mér rétt til að greiða atkvæði á móti einni og einni grein þegar þar að kemur en ég vænti þess að sú tillaga sem ég flyt verði talin bera vott um það að menn vilji ná samkomulagi og ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég á efni í allítarlega ræðu um þessi mál. Ég tel enga þýðingu að flytja hana eins og sakir standa og mun ekki gera það en læt máli mínu lokið. Ég harma þessa niðurstöðu en vona þó að þessi tillaga verði samþykkt sem er miðað við allar aðstæður betri en ekki neitt, er þó ekki hálfur sigur og ekki brot af sigri heldur svona aðeins í áttina.

[16:20]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í örstuttu máli svara ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Ég byrja á að mótmæla því að ekki hafi verið gætt heildarsjónarmiða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu við meðferð þessa máls. Í þriggja manna nefnd er samdi þetta frv. var mjög mikil vinna lögð í málið. Það er líka rétt að ítreka að formaður mannanafnanefndar átti sæti í nefndinni.

Varðandi Hagstofuna er alrangt að ekki hafi verið leitað eftir áliti þeirra. Bæði var leitað eftir umsögn þeirra er frv. var í samningu. Ég veit ekki betur en að biðtími hafi verið margar vikur í því sambandi. Þá var einnig beðið um umsögn þeirra í allshn. og að lokum voru þeir kallaðir á fund nefndarinnar. Þar komu fram tillögur um breytingar af þeirra hálfu og allshn. féllst á flestar þær breytingar og tillögur sem þeir komu með. Ég skil því ekki þessar fullyrðingar hjá fulltrúum Hagstofunnar hvað þetta snertir.

Ég hef fengið þetta bréf í hendur sem hv. þm. talaði um og gæti í sjálfu sér svarað henni líka ítarlega en það þjónar e.t.v. ekki tilgangi þar sem nú er komin fram brtt. um að skipuð sé þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Það er í sjálfu sér í samræmi við yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. við atkvæðagreiðslu við 2. umr. um frv. og tel ég sjálfsagt að skoða þessa tillögu með velvilja.

[16:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég segi alveg eins og er að ég tel að hvað sem líður aðdraganda málsins sé ljóst að Hagstofan, sem á að framkvæma hluta af þessu máli, hefur ekki verið höfð með í ráðum sem skyldi. Það er ekki ég sem segi það, það er Hagstofan sem segir það. Yfirmaður þessara mála í

Hagstofu Íslands, ráðuneyti hæstv. forsrh., fullyrðir að Hagstofan hafi ekki komið nægilega að málinu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hagstofan átti ekki aðild að nefndinni sem samdi frv. Nefndin [þ.e. þingnefndin] fór eftir sumum athugasemdum Hagstofunnar en öðrum ekki. Þess sér lítinn stað í greinargerð frv. hver sjónarmið Hagstofunnar voru í mörgum greinum og rök hennar eru lítt tíunduð þar." Síðan segir hér: „Hagstofan var því ekki spurð álits hvernig þær veigamiklu breytingar á nafnahefðum þjóðarinnar, sem frv. nú gerir ráð fyrir, gætu reynst í framkvæmd. Þetta er bagalegt því að flest sem snýr að framkvæmd mannanafnalaga kemur með einhverjum hætti til kasta Hagstofunnar. Ef frv. verður óbreytt að lögum nú í vor yrði margt í framkvæmd Hagstofunnar brotakennt og fæli í sér afturför frá því sem nú er."

Hver skrifar undir þetta? F.h.r. Hvað þýðir f.h.r.? Fyrir hönd ráðherra. Hver er ráðherrann? Hann er Davíð Oddsson þannig að hér eru ekki ómagaorð á ferðinni, hæstv. forseti. Vil ég leyfa mér að taka upp hanskann fyrir hæstv. forsrh. í þessu máli.

[16:23]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get auðvitað ekki svarað fyrir hæstv. forsrh. enda er hann ekki hér staddur en ég vek athygli á því að mál sem leiddi m.a. til samningar þessa frv. fór til umboðsmanns Alþingis og hann sagði að nauðsynlegt væri að Hagstofan setti verklagsreglur til þess að það yrði samræmd skráning og jafnræðis yrði gætt á skráningu á nöfnum í Hagstofunni. Ég held að Hagstofan verði að horfast í augu við það. Ég get auðvitað skilið að það geta komið upp einhver sérstök dæmi og erfiðleikar því að við vitum að tölvukerfið hjá þeim er ekki tilbúið. En ég man ekki betur en fulltrúar þeirra hafi lýst yfir á fundi allshn. að það hafi yfirleitt verið hægt að semja um skráningu nafna og ég vona svo sannarlega að það verði áfram.

[16:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál snýst um það að þegar verið er að setja lög eins og mannanafnalög þá þurfa þau stjórnvöld, sem koma að málinu, að vera með í vinnunni og ef þeim finnst þau ekki vera með þá geta það verið full rök. Ég las tilvitnanir í bréf Hagstofunnar áðan og ég ætla að bæta annarri tilvitnun við, hæstv. forseti:

„Þá má geta þess að margvísleg gögn eru fyrirliggjandi á Hagstofunni um notkun manna á lögunum frá 1991. Er miður hversu lítið frumvarpshöfundar hafa nýtt sér þau við samningu frv. og til athugana á mannanafnahegðun og mannanafnahefðum."

Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti. Mér finnst þetta dálítið alvarleg ábending.

[16:25]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ólíkt þeim sem síðastur talaði, hv. þm. Svavari Gestssyni, þá fagna ég því að nú sér loks fyrir endann á umræðu um mannanöfn að þessu sinni og lög verða væntanlega sett alveg á næstunni um mannanöfn, vonandi lög sem geta gilt um nokkra tíð. Hitt er annað mál að við ljúkum aldrei umræðu um mannanöfn endanlega.

Ég byrja á að svara nokkrum atriðum frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Það er varðandi Hagstofu Íslands. Sá aðili, sem skráir nöfn, á ekki að ákveða hvaða nöfn séu góð og gild. Hagstofa Íslands hefur áhyggjur af sínum hlut. Það er eðlilegt og réttmætt að taka mið af því og virða þær áhyggjur og reyna að lina þær, líka með samstarfi og samráði eins og gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar. En nefndin sem verður skipuð á einmitt að fylgjast með og ég trúi því að hún muni ekki skirrast við að gefa upplýsingar þegar fram líða stundir.

Hitt vil ég segja að hv. þm. Svavari Gestssyni hefur tekist betur að seiða upplýsingar út úr Hagstofu Íslands en t.d. hv. allshn. og það er atriði út af fyrir sig. Allshn. varð ekki svona vel ágengt. Ég vil geta þess líka að umboðsmaður Alþingis tók upp að eigin frumkvæði þetta með skráningu íslenskra nafna hjá Hagstofu Íslands og fann að því hvernig Hagstofa Íslands skráði nöfn og forsrh. hefur aðspurður í þinginu sagt að sú góða stofa, Hagstofa Íslands, þyrfti að breyta kerfi sínu til að geta skráð nöfn fullum stöfum en þangað til það yrði gert væri nauðsynlegt að sett yrði reglugerð um skráningu nafna.

Ég hef lesið með athygli ýmsar þær greinar sem hafa komið fram í blöðum undanfarið því að hér er athyglisvert mál og varðar miklu. Ég er sammála hv. þm. Svavari Gestssyni í því að nafngiftir eru einnig menningarmál og taka reyndar til margra þátta í menningu okkar Íslendinga. En þetta er eins og með gamlar byggingar að við þurfum að varðveita þær en það er ekki þar með sagt að ekki megi líka byggja nýjar byggingar. Það væri slæmt ef við tækjum ákvörðun um það að nú mætti aðeins byggja í þeim stíl sem hingað til hefur verið byggt og ekkert þróað áfram. Stýrið yrði bara sett fast. Nú skuluð þið bara hafa þetta nákvæmlega svona. Þetta var gert með lögunum 1991. Það var tekið fyrir frekari þróun íslenska nafnasiðarins.

Ég vil einnig geta þess sem oft hefur komið fram varðandi þá félaga Skjarp og Skunnar sem við frumvarpshöfundar tókum í greinargerð til þess að sýna fram á stafarunur sem þyrfti að gæta að. Í athugasemdum við 1. mgr. 5. gr. frv. bendum við á að í íslensku máli er í rauninni ekki eðlismunur á nýjum aðlöguðum tökunöfnum og merkingarlausum stafarunum sem geta lotið íslenskum málfræðireglum og má þar t.d. taka Skunnar. Við teljum að þetta muni vart koma að sök. Ríkjandi smekkur veldur því að litlar sem engar líkur eru á því að stafarunur af þessu tagi verði teknar upp sem eiginnöfn. Ýmsir hafa orðið til að lýsa áhyggjum sínum vegna þessa, bæði hér á þinginu og utan þess, og því tel ég eðlilegt að fara um þetta nokkrum orðum.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama og er ástæða til að benda á þetta ákvæði í 3. mgr. 5. gr. Merkingarlaus stafaruna eins og Skunnar getur því varla komið til. Ef svo ólíklega vildi til að einhver óskaði eftir því nafni eða einhverju áþekku, þá kemur amaákvæðið til með að hindra slíka nafngift. Í athugasemdum við 3. mgr. 5. gr. segir að eðlilegt sé að beita ákvæðinu þegar merking nafns er neikvæð eða óvirðuleg og ég vek athygli á þessu: óvirðuleg. Þegar alls er gætt sýnist þetta þó óþarflega varkár og þröng túlkun á málsgreininni. Við hefðum getað sagt þetta samkvæmt frv. hljóðan og það er óhætt að beita örlítið víðari túlkun á þann veg að telja verði ama af nafni ef það er óvirðulegt eða niðrandi að merkingu eða á einhvern annan hátt.

Það liggur í innsta eðli nafna að þau eiga sér rætur í einhverju tungumáli og þar með í mannlegu félagi, enda er nafngjöfin í rauninni táknræn um að barn sé tekið inn í samfélag manna. Sé barn nefnt merkingarlausri stafarunu,

eins og stundum hefur komið til tals, er því um tvennt að ræða. Barninu er ekki sýnd sú virðing með nafngjöfinni sem sérhver manneskja á rétt á og hitt að í raun og veru er því ekki með þessu gefið nafn heldur stafaruna. Fyrra atriðið brýtur því gegn 3. mgr. 5. gr. laganna og hið síðara gegn 1. mgr. 2. gr. þar sem kveðið er á um að skylt sé að gefa barni nafn. Þetta bið ég hv. þingheim að athuga vel. Þegar þetta er haft í huga er auðsætt að mannanafnanefnd sem úrskurðar um ný nöfn, á í rauninni ekki annars kost en að hafna beiðnum um merkingarlausar stafarunur sem nöfn. Því er ótti manna við þessa lagasetningu stórlega ýktur. Hún er ekki svo ábyrgðarlaus sem hv. þm., sérstaklega einn, hefur minnst á og ekki eins frjálsleg og ætla hefði mátt. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa visst frelsi í nafngiftum og við megum ekki þrengja um of að borgurum landsins í nafngiftum.

[16:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað fjöldamargt sem ég vil mótmæla í ræðu hv. þm. en ég tel ekki ástæðu til þess að eyða tíma í það.

En það er eitt atriði sem ég gleymdi að koma á framfæri áðan sem er mikilvægt. Einn af þeim aðilum sem hefur óskað eftir frestun á þessu máli er Íslensk málnefnd. Það þarf geysilega þung rök til þess að hafna þeirri ósk. Þau rök hef ég ekki enn þá heyrt.

Það er líka merkilegt, hæstv. forseti, að núna kemur hv. þm. með nýja lögskýringu, við lok 3. umr., sem gengur út á að það megi ekki nota merkingarlausar stafarunur af því að þær brjóti í bága við anda laganna. Hér er um að ræða allt annan hlut en undirbúningsnefndin sagði meðan hún var að semja drögin að frv. Það er því mjög sérkennilegt að skjóta hér inn nýrri lagaskýringu við lok málsins. Spurning mín til hv. þm. er síðan í framhaldinu: Er meira í pokahorninu? Er það fleira sem hann ætlar að draga til baka úr frv.? Mér væri þökk í því.

[16:34]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Ekkert er til baka dregið heldur lesið í merkingu frv. sem væntanlega er að verða að lögum. Það getur hv. þm. sjálfur gert og komist að þessari sömu niðurstöðu með því að lesa vel yfir. Ég hins vegar tók það fram áðan að það væri ekki ástæða til að vera eins varkár og við höfum verið varðandi amaákvæðið. Það má túlka það samkvæmt orðanna hljóðan að það tekur bæði til merkingar og eðlis nafns.

Varðandi Íslenska málnefnd vil ég geta þess að sú ágæta nefnd, var beðin um umsögn. Hún sendi hv. allshn. ágæta umsögn. Tekið var tillit til flestra atriða í henni og við kunnum þeim góðar þakkir fyrir. Eftir að málið var tekið út úr nefndinni kom svo athugasemd eða ósk frá Íslenskri málnefnd um að bíða enn frekar.

Ég man ekki eftir að annað hafi komið fram að þessu sinni, en það kemur þá kannski á eftir.

[16:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef engin rök heyrt enn fyrir því að hafna þessari frómu ósk Íslenskrar málnefndar. Mér finnst það mjög sérkennilegt og talsvert umhugsunarefni að hér er verið að taka í gegn frv. um mannanöfn á móti málnefndinni og á móti Hagstofunni. Málið liggur þannig að þegar einn þingmaður og meira að segja í stjórnarandstöðu skrifar Hagstofunni bréf, þá koma svör en nefndin fékk aldrei nein svör að sögn hv. þm. Er það Hagstofunni að kenna? Getur ekki verið að það sé eitthvað að vinnubrögðum nefndanna í þessu máli? Ég held að það gæti vel hugsast, hæstv. forseti.

[16:36]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þau orð að það er athyglisvert að ekki hafi komið umsögn frá Hagstofu Íslands til hv. allshn. og tel það ámælisvert að ekki sé auðveldara að senda formlegri fastanefnd þingsins umsögn heldur en að senda til einstakra þingmanna. Vissulega er gott að hv. þingmenn hafi gott samband við stofnanir ríkisins en það er nauðsynlegt einnig að menn virði svars þær nefndir þingsins sem óska eftir slíku.

Íslensk málnefnd hefur haft sömu möguleika og aðrir meðan málið var til meðferðar til þess að svara og einnig að koma með ósk um að þeir vildu að málið yrði betur skoðað. Þetta er iðulega sagt. Það þarf að fara betur yfir málið. Það þarf að fara ofan í saumana á því. Við fáum hins vegar aldrei að vita, hvað það er, hvaða atriði það eru sem viðkomandi vill að farið sé betur yfir. Þeim hefur öllum verið svarað og ekkert stendur í raun og veru eftir af málflutningi andstæðinga þessa frv.

[16:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það dregur væntanlega að lokum umræðu um þetta umdeilda frv. og ég ætla að mæla aðeins nokkur orð af því tilefni.

Ég hef verið í hópi þeirra sem hafa varað við lögfestingu þessa máls. Ég tel að það skorti mikið á að málið hafi fengið þá umfjöllun sem því ber. Ég tel að í frv. eins og það nú liggur fyrir sé að finna afar varhugaverð ákvæði sem líkleg eru til þess að draga úr þeirri hefð sem allir viðurkenna að er sérstök fyrir okkur Íslendinga, þ.e. kenninafnahefðinni og vega að þeim góða sið m.a. með ákvæðum um millinöfn sem upp verða tekin samkvæmt frv. Ég óttast að það sem hér er verið að lögleiða, ef það gengur fram til lengri tíma, verði til þess að rústa okkar kenninafnakerfi. Það er vissulega til bóta ef samþykkt verður tillaga sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur borið fram og hefur fengið þannig undirtektir að ástæða er til að vænta þess að hún verði samþykkt, þ.e. að yfir málið verði farið reglubundið og það metið. Þá hugsanlega kemst Alþingi að því að þörf er á að staldra við og breyta þeim lögum sem hér er verið að keyra í gegnum þingið.

Síðan málin voru rædd síðast hafa komið fram í mörgum greinum frá aðilum sem vel eiga að þekkja til þessara mála mjög ákveðnar og sterkar aðvaranir sem ég tel að geri að engu þær fullyrðingar sem hér hafa fram komið, og síðast í andsvari frá hv. þm. Hjálmari Jónssyni, að allar mótbárur við frv. þetta hafi verið reknar til baka og að engu gerðar. Ég tel að það sé afskaplega mikil einföldun og raunar allt of sjálfbirgingslegt að setja slíkt fram í ljósi þeirra gildu raka og aðvarana sem fram hafa komið að undanförnu og eru bornar fram með góðum hug og fyrst og fremst út frá því sjónarmiði að stuðla að varðveislu á íslenskum menningararfi. Mér er ljóst að það er meiri hluti fyrir því að lögfesta þetta mál. Ég vil ekki stuðla að því að þetta verði að lögum en ég tel til bóta að fá umræddu tillögu samþykkta.

Ég vil vekja athygli á því að dag hvern verður skýrara það sem ég hef varað við í umræðum um þetta mál í þinginu nú og áður, þ.e. sú tískubreyting sem er í fullum gangi að kalla

Íslendinga tveimur nöfnum og ekki aðeins að skíra þá tveimur nöfnum eða gefa þeim tvö nöfn, heldur að nota þau og sleppa kenninafni. Þessi þróun er í fullum gangi og er ásamt því sem hér á að taka upp um millinöfn líkleg til þess að gera að bókstaf okkar kenninafnahefð. Það væri að æra óstöðugan að draga fram dæmi um það sem ég er að leiða líkur að svo mörg sem dæmin eru sem falla í fjölmiðlum landsins og máli manna dag hvern, þar sem fólk með tvínefni er nefnt tveimur nöfnum og kenninafni sleppt, en þeir sem við einnefni búa fá að halda kenninafni. Ég vara mjög alvarlega við þessari breytingu sem fær undirtektir á Alþingi m.a. þar sem menn láta sig hafa það sama í þessum efnum þegar vitnað er til einstaklinga eins og er að gerast úti í þjóðfélaginu.

Ég vænti þess að menn reyni að halda vöku sinni, einnig þeir sem virðast blindaðir af þeim nýjungum sem hér er verið að innleiða. Ég mun ekki stuðla að framgangi málsins á lokastigi.

[16:42]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að mótmæla því fyrir hönd allshn. að málið hafi ekki fengið þá umfjöllun sem því ber í nefndinni þar sem það var mjög vandað til allrar umfjöllunar um þetta mál, enda tók það langan tíma í meðferð og vinnslu. Þegar frumvörp um breytingu á mannanafnalögum hafa komið fram, þá er það oft að menn hafa mjög skiptar skoðanir á ákvæðum sem þar koma fram. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók fram að hann teldi mörg varasöm ákvæði í þessu frv. Ég er ekki sammála honum, allshn. ekki heldur og það er náttúrlega fullljóst að almenningur í landinu hefur ekki sömu skoðun. Það sýnir sú gagnrýni sem hefur komið fram á núgildandi mannanafnalög, en hún var einmitt grundvöllur þess að nýtt frv. til mannanafnalaga var samið. Eins og ég sagði áðan koma hins vegar oft fram mismunandi skoðanir í þessu efni.

Það var einnig minnst á breytingartillögu sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur lagt fram og ég tel ástæðu til þess að skoða á jákvæðan hátt, um að ástæða sé til þess að skoða þetta mál. Ég ítreka að þetta er í raun og veru sú lausn sem allshn. hefur einmitt skoðað og hún fól dómsmrh. að fylgjast með þróun mála eftir að lögin öðluðust gildi og gefa Alþingi skýrslu eftir að reynsla er komin á framkvæmd þessara lagabreytinga og var þá miðað við eitt ár eftir gildistöku laganna. Þetta kemur skýrt fram í þingtíðindum hjá hæstv. dómsmrh. og, með leyfi virðulegs forseta, vil ég aðeins fá að lesa það upp:

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er úti.)

„Ég tek undir það sjónarmið að það sé mikilvægt að fylgjast með framkvæmd laganna og hef því ákveðið að fela mannanafnanefnd að gera skýrslu um framkvæmd laganna verði (Forseti hringir.) þetta frv. að lögum. Niðurstaða þeirrar skýrslu verði kynnt Alþingi að ári liðnu þannig að unnt verði að fylgjast glöggt með þróun mála og grípa til ráðstafana ef löggjafarsamkoman (Forseti hringir.) telur það nauðsynlegt í ljósi þeirrar þróunar sem verður."

Að gefnu tilefni, virðulegi forseti, vildi ég fá að rifja þetta upp.

[16:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mikils virði að sálarró hv. formanns allshn. virðist vera í besta lagi. Hv. þm. telur að nefndin hafi unnið málið vel. Ég hef ekki verið að fella neina sérstaka dóma yfir störfum nefndarinnar. Hún fékk í hendur mjög slæmt frv., afar slæmt frv. Á meðal höfunda þess er hv. þm. Hjálmar Jónsson sem ég hafði vænst að tæki öðruvísi á álitamáli eins og því sem hér liggur fyrir, en það hefur því miður ekki orðið. Svo kemur hv. formaður allshn. og hefur bara þjóðina á bak við sig í málinu. Meiri hluti þjóðarinnar er á þessari skoðun vegna þess að komið hafa fram, virðulegur forseti, umkvartanir við lög sem voru lögfest árið 1991 og því er formaður allshn. kominn með þjóðina á bak við sig í málinu.

Ég leyfði mér að benda á það að utan úr þjóðfélaginu hafa komið aðvörunarorð í grein eftir grein nú á undanförnum vikum eftir að umræða fór af stað um þetta mál úti í samfélaginu. Ég held að það væri fróðlegt og hefði verið ástæða til á þessum tímum skoðanakannana í landinu, þar sem verið er að skoða hjörtun og nýrun í næstum hverjum manni, að fara ofan í þessi efni til þess að finna m.a. hvort það væri einhver staður á bak við þær fullyrðingar sem nú eru að koma fram. En það er líklega of seint að til þess verði gripið.

Ég harma þá undanlátssemi sem hér er á ferðinni og kemur fram í tillögum meiri hlutans, þá vöntun á að standa vörð um okkar menningararf og vera að taka undir og hopa undan atriðum sem geta átt rétt á sér í vissum tilvikum, en hægt hefði verið að leysa með frjálslyndari framkvæmd gildandi laga.

[16:47]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir umhyggju hanns fyrir sálarró formanns allshn. en hún skiptir nú ekki máli í þessu sambandi. Ég vil aðeins ítreka það vegna þess að hv. þm. er að vitna til þess að komið hafi fram greinar um þetta mál að það hafa líka komið fram greinar í fjölmiðlum og viðtöl við fólk sem hefur talið sig eiga um sárt að binda vegna ákvæða núgildandi mannanafnalaga. Ég veit ekki betur en það hafi komið fram hundruð kvartana til mannanafnanefndar út af framkvæmdum þessara laga þó að ég hafi ekki mælikvarða á það hversu stór hluti af þjóðinni allri eigi þar hlut að máli. Það er að sjálfsögðu mjög athyglisvert að hv. þingmenn skuli hugsa sem svo að fólk geti ekki haft frelsi til þess að skíra börn sín nöfnum sem eru kannski bundin miklum tilfinningum í fjölskyldu. Menn þurfa ekki að gefa sér það að þau nöfn þurfi að vera eitthvað ljót eða að þau falli ekki að íslensku málkerfi.

[16:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fer kannski að efast um að það hafi verið alveg rétt til getið hjá mér áður að það væri friður og ró í sál hv. formanns allshn. Mér heyrist satt að segja á þeim málflutningi sem hér kom fram að það sé einhver ólga þar á bak við og kannski eftirþanki. Ég ætla að vona það.

Mér finnst satt að segja að sá málflutningur sem hér var uppi hafður að vegna þess að lagaframkvæmd hafi ekki verið sem skyldi í öllum tilvikum og ég held að það liggi fyrir að það hefði mátt halda öðruvísi á framkvæmd gildandi laga um mannanöfn, þá skuli hlaupið upp til handa og fóta og breytt grundvallarreglum í þessu máli sem ljóslega leiðir til þess ef að líkum lætur að kippa fótunum undan þeirri hefð sem menn þó í orði játa að skipti miklu máli, þ.e. íslensku kenninafnahefðinni.

[16:50]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um varhugaverð ákvæði og hann talaði líka um það að frv. mundi

rústa kenninafnasiðnum ef að lögum yrði. Ég er á annarri skoðun, andstæðri skoðun. Frv. mun verja kenninafnasiðinn.

Hv. þm. nefndi það einnig að ástæða væri til að gera skoðanakönnun um málið. Það hefur verið gerð skoðanakönnun. Gallup á Íslandi gerði seinni hluta árs 1994 skoðanakönnun. Þar var spurt: Til eru lög um mannanöfn á Íslandi. Finnst þér að það eigi að vera takmörkun á hvaða nöfn má gefa, eins og er í lögunum eða á þetta að vera alveg frjálst? Niðurstöðurnar eru þessar:

1. Meiri takmarkanir en nú eru vildu 1%.
2. Ánægðir með núgildandi lög voru 21%.
3. Aukið frjálsræði en þó einhverjar takmarkanir vildu 45%.
4. Algert frjálsræði vildu um 34%.

Herra forseti. Ég hygg að við förum nokkuð vel eftir vilja þjóðarinnar í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 691 kölluð aftur.

Brtt. 715 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (GuðjG, HG, JBH, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GÁS, IP, KÁ, KH, LMR, MF, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 784 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (BH, GuðjG, JBH, RA, StG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, FI, FrS, GÁS, IP, KÁ, KH, LMR, MF, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 901 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (GuðjG, StG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, FI, FrS, GÁS, IP, KÁ, KH, LMR, MF, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, StG.

9 þm. (BH, GuðjG, JóhS, JBH, LB, RA, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, FI, FrS, GÁS, IP, KÁ, KH, LMR, MF, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að samþykkja lagafrv. sem getur haft mjög mikil áhrif á þróun íslensks máls og íslenskrar menningar. Þrátt fyrir það hefur málið ekki fengið þá meðferð sem það á skilið og þess vegna hefði ég kosið að því hefði verið frestað. Ég er þannig sammála sjónarmiðum sem fram hafa komið t.d. frá Íslenskri málnefnd sem hefur óskað eftir frestun þessa máls, sammála sjónarmiðum t.d. Jónasar Kristjánssonar og Helga Hálfdanarsonar og ég er sammála Hagstofu Íslands um að málið sé illa undirbúið. Ég er líka sammála Morgunblaðinu um að það hefði verið skynsamlegra að fresta þessu máli.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að meiri hluti Alþingis kýs að skella skollaeyrum við ábendingum og óskum þeirra sem hvað best þekkja til. Ég tel hins vegar mikilvægt að sú breytingartillaga sem ég flutti við frv. fái stuðning. Það er viðurkenning á því að það þarf að vinna í þessu máli áfram. Það er viðurkenning á því að þessu máli er ekki lokið. En um frv. í heild greiði ég ekki atkvæði.

[16:59]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það fyrir hönd allshn. að málið hefur fengið vandaða meðferð á hinu háa Alþingi og vil ítreka það að með lögum þessum, ef samþykkt verða og þau verða væntanlega samþykkt hér á eftir, er íslensku þjóðinni búinn frjálslyndari rammi um nafngiftir en verið hefur. Það er von nefndarinnar að þjóðin hafi þannig betra tækifæri til að móta nafnasiði sína en hingað til og að sátt sé um þá framkvæmd. Allshn. hefur þar að auki áður fjallað um það atriði að fylgst verði með framkvæmd laganna ef þau verða samþykkt þannig að við erum ekkert mótfallin breytingartillögu hv. þm. í sjálfu sér nema síður sé. Við vonum hins vegar að þetta mál verði farsælt fyrir nafnasiði Íslendinga.

Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 919).

Samningur um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Munnleg skýrsla utanríkisráðherra.

[17:00]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að á fundi með formönnum þingflokka og forseta fyrr í dag varð samkomulag um tilhögun umræðunnar. Hún verður þannig að hæstv. utanrrh. og flokkur hans hafa 30 mínútur til umráða í tveimur umferðum. Aðrir þingflokkar hafa 20 mínútur og þá í tveimur umferðum og geta skipt milli umferða að vild.

[17:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það að hér gefst tækifæri til þess að ræða þetta mikilvæga mál. En eins og þingmönnum er kunnugt, var í morgun undirritaður samningur um síldveiðar í Ósló milli Íslendinga, Rússa, Norðmanna og Færeyinga.

Aðdragandi þessa máls er alllangur. Fyrir um það bil einu ári síðan hófust samningaviðræður um þennan mikilvæga síldarstofn í Reykjavík. Því miður slitnaði upp úr þeim viðræðum og það var ákveðið að Íslendingar og Færeyingar tækju sér einhliða kvóta eins og hinar þjóðirnar höfðu gert, 250 þús. lestir og skiptu honum á milli sín þannig að í hlut Færeyinga komu 65 þúsund tonn og 185 þúsund tonn í hlut okkar Íslendinga. Það lá fyrir á því augnabliki að við vorum tilbúnir til þess að lækka hlut Íslendinga og Færeyinga ef samningar næðust. Því miður gerðist það ekki og þessar samningaviðræður hafa átt sér stað annað slagið nú í rúmt ár.

Að undanförnu hefur komið í ljós að möguleikar væru á samningum og þeir eru nú orðnir að veruleika. Ég vil í örstuttu máli fara yfir það hvað þessir samningar fela í sér. Þeir fela það í sér að þjóðirnar koma sér saman um að veiða úr stofni þessum í ár, þ.e. á árinu 1996, 1.107 þús. lestir. Í hlut Íslendinga koma 190 þús. lestir, í hlut Færeyinga 66 þús. lestir, í hlut Noregs 695 þús. lestir og í hlut Rússlands 156 þús. lestir. Í bókuninni stendur 166 þús. lestir en síðan eru dregnar frá 10 þús. lestir þannig að heildartalan verður 1.107 þús. lestir. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að böndum sé komið á þessar veiðar og að stjórnlausum veiðum sé afstýrt. Það er mikill misskilningur ef menn halda að þetta hefðu getað orðið endanlegar tölur þessara þjóða í ár því að það hefur komið fram af hálfu Norðmanna og Rússa að það væri alls ekki útilokað að þeir kynnu að hækka sínar veiðar ef samningar næðust ekki. Í þessum samningi eru mjög mikilvæg ákvæði um það hvernig skuli staðið að málum til framtíðar, en í 1. gr. 2. tölul. stendur, með leyfi forseta:

„Aðilar skulu gera ráðstafanir til að tryggja að hrygningarstofninum sé haldið ofan við örugg líffræðileg mörk þar sem nýliðun er tryggð til að gera sjálfbæra nýtingu til langs tíma mögulega."

Hér er um eitt mikilvægasta hagsmunamál Íslendinga að ræða til lengri tíma og það var alls ekki einsýnt að þetta markmið gæti náðst fram. Það var mikil hætta á því að það gæti farið á annan veg því að hagsmunir okkar Íslendinga liggja í því að síldin gangi inn í okkar lögsögu og að síldin, sem nú er rétt utan við lögsöguna sem er fyrst og fremst fjögurra til fimm ára, fái að vaxa þannig að hún komi inn á Íslandsmið. Síldin sem gekk hér áður fyrr var fyrst og fremst síld sem var sjö til fjórtán ára gömul og var uppistaðan í veiðistofni okkar þannig að við höfum allt að vinna í þeim efnum til að þessi síld fái að vaxa og verði ekki ofnýtt til langrar framtíðar.

Það er jafnframt mikilvægt ákvæði í þessum samningi sem kemur fram í 6. gr. hans, en þar er tekið fram að það skuli settur á fót vinnuhópur vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun þessa stofns þannig að það geti orðið grundvöllur samninga um lengri framtíð. Slíkur vinnuhópur er vissulega starfandi, en nú verður hann settur formlega á stofn. Í þessari grein kemur jafnframt fram, með leyfi forseta:

„Aðilar skulu nota niðurstöður vinnuhópsins sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni um verndun stofnsins, skynsamlega nýtingu hans og stjórnun veiða úr honum, m.a. vegna hugsanlegra breytinga á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Við sérhverja endurskoðun skal tekið tilhlýðilegt tillit til dreifingar allra hluta stofnsins."

Hér er um mjög mikilvægt ákvæði að ræða sem verður grundvöllur samninga í framtíðinni. Þessu máli er að sjálfsögðu ekki lokið. Við höfum fengið í okkar hlut nú í ár um það bil 17,2% af heildarveiðinni sem skipt er og það er miklu minna en það sem við getum sætt okkur við til langrar framtíðar. En það er rétt að taka það fram að við fáum þessa hlutdeild áður en síldin hefur gengið að nokkru ráði inn í okkar lögsögu. Því hefur verið spáð síðustu daga að síldin væri um það bil að koma inn í okkar lögsögu. Því miður hefur það ekki gerst því að hún er enn þá á svipuðum slóðum um 15–20 mílur utan við lögsöguna og er nú á norðurleið. Vonandi kemur hún inn í íslensku lögsöguna, en það er engin trygging fyrir því. Miðað við þá stefnu sem hún er nú á þá stefnir hún á lögsögu Jan Mayen. En vonandi kemur hún hér inn og það er það sem þessi samningur á að sjálfsögðu að tryggja til lengri tíma litið.

Kostir þessa samnings eru margir. Þeir eru fyrst og fremst þeir að hér er komið á heildarstjórnun veiðanna. Kostirnir eru jafnframt þeir að þessar þjóðir sýna fram á það að þær geta komið sér saman um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Það hlýtur að auka virðingu þeirra á alþjóðlegum vettvangi og efla sjálfstraust þessara þjóða að þær geti staðið að skynsamlegu samstarfi og skynsamlegri nýtingu á Norður-Atlantshafi. Það er eitthvað sem ekki er afsakanlegt ef þessar fjórar þjóðir gætu ekki samið um þessi mál. Það er eitthvað sem er ekki afsakanlegt ef við ættum að horfa upp á stjórnlausar veiðar úr þessum stofni á næstu árum. Það má vel vera að einhverjir vilji taka þá áhættu en við sem að þessum samningum stöndum erum ekki tilbúnir að taka þá miklu áhættu.

Það er vissulega rétt að það sem í okkar hlut kemur hefði mátt vera meira í ár eða 190 þúsund tonn. En það er til þess að líta að með þessum samningi eru skapaðir möguleikar á að ná mun meiri verðmætum út úr síldinni en voru á síðasta ári. Við höfum verið að veiða um 120–130 þús. tonn á ári af svokallaðri Suðurlandssíld og það vita allir hve mikla atvinnu það hefur skapað í landinu og hve mikil verðmæti það hefur skapað, ekki aðeins til sjómanna heldur jafnframt til útvegsmanna. Á síðasta ári veiddum við 171 þús. tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum. Sú síld fór nær eingöngu til bræðslu og það varð ekki nægilega mikið úr þeirri síld. Hún fór þar að auki til bræðslu að mestu leyti þegar hún var horuð. Það liggur fyrir að ef hægt er að nýta til manneldis milli 30–40 þúsund tonn af þessum heildarafla, þá er þegar vegið upp það verðmæti sem tapast vegna þess að við fáum minna magn í okkar hlut. Það er jafnframt ljóst að með þessum samningi er veiðin miklu öruggari. Ef svo fer að síldin fer inn í lögsögu Jan Mayen, þá hefur það verið tryggt með þessum samningi að við megum veiða þar ótakmarkað og þess vegna verður um miklu öruggari veiði að ræða en ella.

Það er líka ljóst að skynsamlegar veiðar eins og nú er hægt að skipuleggja, ef menn bera gæfu til að gera það, munu skapa mikla atvinnu í landinu og stuðla að velmegun margra fjölskyldna. Hér er ekki hægt að hafa eingöngu í huga hagsmuni útvegsmanna og sjómanna, heldur verður líka að hafa í huga hagsmuni landvinnslu og verkafólks sem hefur miklar tekjur af vinnslu sem þessari.

Varðandi aðra hluta samningsins þá hefur verið samið um að aðilar fái aðild eða aðgang að lögsögu hvers annars. Það er eðlilegt þegar um sameiginlegan stofn er að ræða að reyna að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu hans. Það var gert í sambandi við loðnuna. Hér er t.d. fallist á að Rússar

fái heimild til að veiða allt að 5 þús. tonn á takmörkuðu svæði innan íslensku lögsögunnar. Nú er ekki líklegt að á þetta reyni á þessu ári. En vegna þess að Rússar hafa verið nokkuð til umræðu í þessu sambandi þá er rétt að minna á að þeir stofnar sem nú eru að ganga á Íslandsmið koma úr Barentshafi og Rússar hafa friðað þessa smásíld árum saman og staðist þær freistingar að moka henni upp til mjölvinnslu og lýsisframleiðsu. Það er að sjálfsögðu hægt að veiða smásíldina og það var gert áður fyrr, sérstaklega af Norðmönnum. Og þessar þjóðir, Rússar og Norðmenn, stigu að sjálfsögðu mikilvægt skref þegar ákveðið var að friða þessa síld og stöðva allar veiðar í rússnesku lögsögunni. Það þarf að tryggja til langrar framtíðar að ekkert verði veitt í rússnesku lögsögunni. En það er ekki hægt að reikna með því að ein þjóð leggi endalaust á sig í þeim efnum ef hún hefur ekki skilning annarra sem eiga mikilla hagsmuna að gæta jafnframt. Þess vegna finnst mér eðlilegt að Rússar fái hér takmarkaðan aðgang.

Íslendingar fá ótakmarkaða aðild eða aðgang að Jan Mayen lögsögunni sem við höfum lagt höfuðáherslu á. Norðmenn fá síðan aðgang að okkar lögsögu sem nemur tveimur þriðju af því. En eins og ég sagði áður eru ekki neinar líkur til þess að á það reyni á þessu sumri.

En það sem er e.t.v. mikilvægast af öllu er að við höfum sýnt fram á með þessum samningi að við getum samið um þessi mál. Og við höfum sýnt umheiminum fram á það að við höfum framtíðarhagsmuni að leiðarljósi en ekki skammtímahagsmuni. Við stóðum frammi fyrir því eftir þær umræður sem hafa átt sér stað undanfarið hvort ætti að semja á þessum grundvelli eða ekki. Það var blákaldur veruleikinn.

Auðvitað geta menn velt því lengi fyrir sér hvort einhverjir aðrir samningar hefðu verið í boði. Menn geta sagt sem svo: Það hefði átt að semja ef við hefðum fengið 200 þúsund tonn í okkar hlut. Auðvitað hefðum við viljað að svo hefði getað orðið. Það er hins vegar okkar mat að framtíðarhagsmunirnir skipti svo miklu máli að það hefði verið óverjanlegt með öllu að hafna samningum á þessu stigi, sérstaklega með tilliti til þess að það eru ákvæði í þessum samningi sem tryggja verndun og uppbyggingu stofnsins til frambúðar. Það hefur verið okkar aðalsamningsmarkmið þegar það er jafnframt haft í huga að hagsmunir til skemmri tíma eru ekki meiri en svo að það er hægt að ná þeim upp með ábyrgari veiðum og betri nýtingu aflans. Það er að sjálfsögðu kominn tími til þess að hafin verði manneldisvinnsla úr þessari síld þannig að Íslendingar fari á nýjan leik að leita sér markaða til þess að selja þessa síld hvort sem hún er söltuð eða fryst. *Ég ætla ekki að fullyrða um það hvað mönnum tekst að gera* mikið úr því á næstunni, en vonandi bera menn gæfu til að skipuleggja það vel.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess í upphafi að hafa mikið lengra mál um þennan samning. Ég vænti þess að hv. þingmenn hafi fengið hann í hendur og getað kynnt sér hann. Við höfum haft í þessu máli mikið samstarf og samflot með frændþjóð okkar, Færeyingum, og þessar þjóðir og þeir aðilar sem standa að samningnum af Færeyja hálfu og Íslands hálfu eru hvorir tveggja sammála um að þetta þjóni langtímahagsmunum landanna. Við höfum gætt þess í einu og öllu að vera þeim samskipa. Það gerðum við í fyrra og það gerðum við í ár og að sjálfsögðu ber okkur að taka tillit til þeirra framtíðarhagsmuna með sama hætti og þeir taka tillit til okkar. Það hefði þess vegna verið útilokað að þjóðirnar hefði skilið að í þessu máli, en sem betur fer hefur samstaðan haldist.

Ég tel að að undanförnu hafi tekist gott samstarf við Norðmenn og Rússa í þessu máli. Það verður að hafa það í huga að þetta mál var farið að skaða samvinnu landanna til lengri tíma og það er mikið mál fyrir Íslendinga að eiga vinsamleg samskipti við þessar þjóðir í Norður-Atlantshafi. Við höfum við þær margvísleg samskipti, viðskiptalegs eðlis, menningarlegs eðlis og stjórnmálalegs eðlis. Við eigum mikið samstarf t.d. við Rússa og höfum átt viðskipti við þá mjög lengi og ég vænti þess að þessi samningur geti greitt fyrir frekara samstarfi þjóðanna í framtíðinni á sjávarútvegssviðinu.

Herra forseti. Ég mæli eindregið með því að þessi samningur verði samþykktur af Alþingi því að það þarf að leggja málið hér fyrir. Ég vænti þess að eftir að farið hefur fram umræða um málið á Alþingi og innan lands, sjái menn hvað þetta mál skiptir miklu til frambúðar og láti langtímahagsmunina ráða en gleymi skammtímahagsmununum því að það er það sem skiptir öllu máli. Við erum búnir að bíða í 30 ár eftir að síldin gangi á nýjan leik á Íslandsmið. Er einhver tilbúinn að taka þá áhættu að það þurfi að bíða 30–40 ár til viðbótar? Hvers eiga framtíðarkynslóðir að gjalda í þeim efnum? Þessi samningur er framtíðarkynslóðum okkar í hag vegna þess að hér hafa langtímahagsmunir ráðið en ekki skammtímahagsmunir

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er í eðli sínu yfirleitt jákvætt og fagnaðarefni að menn nái samkomulagi og verði sammála. En þegar betur er að gáð er það samt þannig að þá og því aðeins er samkomulag fagnaðarefni að það sé réttlátt og sanngjarnt. Það samkomulag sem hér hefur verið flutt löng og samfelld áróðursræða fyrir stenst því miður ekki þær kröfur.

Ég geri í fyrsta lagi, herra forseti, athugasemdir við vinnubrögð. Það er alveg ljóst að allt var klappað og klárt sem í þessu samkomulagi felst fyrir alllöngu síðan. Tölur sem nú birtast í niðurstöðunni eru nákvæmlega þær sömu og óbreyttar og fyrir alllöngu voru komnar á flot. Atburðir helgarinnar, svokallað samráð við hagsmunaaðila og utanrmn., voru því sýndarmennska. Ferðin til Óslóar var leiksýning. Þar fór ekki fram venjulegur samningafundur heldur undirritun á þegar gerðu samkomulagi.

Ég mótmæli í öðru lagi, herra forseti, sem formaður sjútvn. mjög harðlega að ekkert samráð af neinu tagi skuli haft við fagnefnd þingsins á þessu sviði í jafngífurlega stóru og afdrifaríku máli.

Í þriðja lagi, herra forseti, tel *ég tímasetningu vera* út í hött. Veiðar okkar eru um það bil að hefjast, innan 3–4 sólarhringa og hefðu að ósekju getað hafist fyrr. Síldin er við lögsögumörkin það best er vitað. Það er búið að auglýsa veiðarnar og á hvaða grundvelli þær munu fara fram á þessari vertíð. Áttatíu og fimm útgerðarmenn eru búnir að hefja undirbúning að veiðum á grundvelli tiltekinna reglna sem ráðuneytið hefur auglýst.

Í fjórða lagi, herra forseti, um innihald. Það að Íslendingar skuli gefa eftir af sínum tiltölulega litla kvóta 54 þúsund tonn, leggja til meira en helminginn af því sem veiðin er tekin niður um, er ekki góð niðurstaða fyrir okkur. 22% af hlut Íslands eru þar með farin. 23,3% af hlut Færeyinga, aðeins 4% af miklu stærri kvóta Norðmanna og Rússar græða á samkomulaginu, auka sinn hlut. Það er von að þeir skrifi undir. Það sem er þó lakast er upphafsprósentan sem hér

er fest í sessi með samningi. Það eru aðeins liðlega 17% af stofni sem við Íslendingar getum með verulega þungum sögulegum og efnislegum rökum gert kröfur til að eiga hlutdeild í upp á 30–40% miðað við fullorðna síld. Það langhættulegasta í samkomulaginu er að þessi 17% verði þröskuldur eða þak sem okkur mun á komandi árum reynast mjög erfitt að yfirstíga. Það er þessi lági upphafspunktur sem ég óttast mest.

Hlutur Færeyinga er heldur ekki góður í ljósi þess hvernig veiðar hafa gengið á þessu ári og hinu síðasta. Það liggur ljóst fyrir, það er opinbert og óopinbert leyndarmál, að Færeyingar eru fyrst og fremst með í þessu á grundvelli mikils þrýstings frá Íslandi.

Í fimmta lagi, herra forseti, var ég kannski spenntastur að sjá hið margrómaða orðalag 6. gr. sem hefði, ef rétt væri frá sagt, átt að geta verið veigamesti efnisþáttur málsins í okkar þágu, endurskoðunarákvæðið um það að kvótahlutföllunum yrði breytt ef hegðunarmunstur síldarinnar breyttist. En því miður er það þá þannig að þar er ekki á vísan að róa. Orðalagið er mjög veikt og loðið. Með leyfi forseta stendur þar á því máli sem samningurinn er gerður á, ensku, „possible adjustments". Með öðrum orðum, það er mögulegt að um aðlögun verði að ræða á grundvelli þess m.a. að síldin breyti hegðunarmunstri sínu og gangi í ríkari mæli inn í íslenska lögsögu. Fastar er nú ekki að orði kveðið. Löggiltir skjalaþýðendur eiga að sjálfsögðu eftir að þýða þetta, en svona stendur þetta á frummáli samningsins.

Í sjötta lagi, herra forseti, er verið að opna íslensku landhelgina einhliða fyrir Norðmönnum og Rússum sem eru í fyrsta skipti svo að ég viti til ef maður lítur fram hjá þeirri venju sem nú er tekin upp í landhelgisgæslu að sleppa rússneskum landhelgisbrjótum út úr landhelginni og það er þá auðvitað í samræmi við það. Það er sagt að það sé gert gegn veiðirétti í Jan Mayen lögsögunni. Gott og vel. En þá er það þannig að eitt af því fáa ef ekki það eina sem er jákvætt við gamla Jan Mayen samkomulagið frá 1980 — hvað er það? Það er í 6. gr. þess samnings og er sjálfstæður réttur Íslendinga til að fá að veiða sanngjarna hlutdeild af uppsjávarfiskum um leið og samningar liggja fyrir. Það er sjálfvirkt ákvæði þannig að Norðmenn eru þar ekki að leggja af mörkum eitt eða neitt sem ekki hefði leitt sjálfkrafa af samningsniðurstöðu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Að því er tekur til annarra flökkustofna skal tekið sanngjarnt tillit til þess hve Ísland er almennt háð fiskveiðum, svo og fiskveiðihagsmuna Íslands á Jan Mayen svæðinu. Af þeim aflahlut sem Íslandi er veittur með samningagerð við Noreg og önnur lönd mega Íslendingar veiða sanngjarnan hlut á Jan Mayen svæðinu."

Það er ekki eins og menn hafi verið að hala þar að landi eitthvað stórkostlegt í okkar þágu sem ekki lá fyrir og hefði leitt sjálfkrafa af samningsniðurstöðu hvenær og hvernig sem hún hefði orðið.

Það er í sjöunda lagi sagt að þetta sé sigur fyrir síldina. Ja, guð láti gott á vita og enginn getur orðið spámaður í því. En því miður er það svo að samt er ekki verið að taka veiðina niður nema um 100 þús. tonn. Hún er enn 100 þúsund tonnum yfir ráðgjöf fiskifræðinga og meira en helminginn af þessari minnkun eða 54 þús. tonn leggur Ísland til. En það sem þó er alvarlegast er að það er látið að því liggja að með þessu höfum við náð utan um sóknina í heild sinni, en svo er ekki. Þetta breytir í sjálfu sér engu um það að Evrópusambandið mun væntanlega fara sínu fram og keppast við á næstu árum meðan það er þá ekki bundið af gildistöku t.d. úthafsveiðisamningsins, að ná þeirri veiði sem það ætlar sér. Mér sýnist málið liggja þannig að þá áhættu verðum við hvort sem er að taka og þessi niðurstaða breytir í sjálfu sér ekki sjálfkrafa neinu um það. Ég bið um rök fyrir því, ef Evrópusambandið mótmælir ósköp einhliða þessari ákvörðun og fer sínu fram, hver ætlar þá að stoppa það? Ætla íslensku varðskipin að taka upp gæslu í síldarsmugunni og þá á grundvelli hvaða þjóðréttarákvæða, og stoppa þann flota?

Varðandi þær röksemdir, herra forseti, sem hæstv. sjútvrh. fór mjög fögrum orðum um, að þetta fæli í sér mjög mikla möguleika til að ná meira af síldinni í verðmætara ástandi og til manneldis ... (**Gripið fram í:** Hann er utanrrh. núna.) Hæstv. utanrrh. Það er von að manni verði fótaskortur á tungunni. Það er þannig, hæstv. utanrrh., að í fyrsta lagi þurfa Íslendingar að eiga skip sem geta borið vinnsluhæft hráefni að landi yfir sumartímann og þau eru ekki mörg eins og við þekkjum. Þökk sé kolvitlausum úreldingarreglum sem hindra löngu tímabæra og nauðsynlega endurnýjun í íslenska nótaskipaflotanum og ekki hefur fengist að breyta á undanförnum árum.

Í öðru lagi er það þannig, herra forseti, að þó að eitthvað minna heildarverðmæti kæmi út úr frjálsum veiðum á þessari vertíð sem færu á hinn bóginn að mestu leyti eða vonandi að verulegu leyti fram innan íslenskrar lögsögu, þá mundi það vera smávægilegur fórnarkostnaður upp á framtíðina litið ef það þyddi sterkari samningsstöðu til að ná til frambúðar og varanlega hærri hlutdeild í stofninum. Þá verðum við líka kannski búin að eignast skip sem geta borið vinnsluhæft hráefni að landi og skipulagt okkar veiðar þannig að við getum gert úr þeim meiri verðmæti. Þá er eftir enn sá þáttur þessa máls, sá hausverkur, að það eru þrír sólarhringar eða þar um bil til stefnu til þess að kvótasetja veiðarnar ef við ætlum að láta það gerast að hver og einn geti skipulagt sínar veiðar með tilliti til þess að ná sem mestum verðmætum út úr þeim. Ég spyr stjórnvöld, sem hafa auglýst að öll fiskiskip með veiðileyfi í íslenskri lögsögu geti sótt um veiðar á grundvelli tiltekinna reglna: Á hvaða forsendum efnislegum á að velja úr þeim hópi þá sem nú fá kvóta og hvernig á að úthluta honum? Það er a.m.k. alveg á hreinu að sjútvn. Alþingis hefur ekki verið höfð með í ráðum varðandi undirbúning að því leyti og það best ég veit hefur það heldur ekki átt við um Landssamband íslenskra útgerðarmanna eða aðra þá sem eðlilegt væri að hafa samráð við um slík efni.

Að lokum, herra forseti, er það þannig því miður að þó að mat á svona niðurstöðum sé alltaf erfitt, þá er ég sannfærður um að í þessu samkomulagi felist því miður of mikil eftirgjöf. Ég óttast um framhaldið hvað síldarsamninga á komandi árum snertir út frá þessari slöku byrjun og lága upphafspunkti, en ég óttast einnig um framhaldið hvað varðar önnur deilumál, samninga um til að mynda smugu í Barentshafi og önnur slík óútkljáð mál, ef hendurnar sem um árarnar halda verða áfram eins loppnar og þetta samkomulag bendir til.

[17:29]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka þeim hæstv. ráðherrum sem með þennan samning fara fyrir að bregðast svo skjótt við og færa þetta strax til umræðu inn í þingsal. Það ber vott um góð vinnubrögð. Þeir hafa báðir, hæstv. ráðherrar, talað mikið um nauðsyn þess að ná samningum við Norðmenn og frá því að þessi ríkisstjórn hóf störf sín hafa þessir

ágætu herramenn talað um að það sé miklu auðveldara að ná samningum núna heldur en var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Auðvitað var þeim orðið ansi mál að ná samningum og það speglaðist best í ræðu hæstv. utanrrh. þegar hann sagði: „Við höfum sýnt fram á að Ísland getur samið." Hæstv. ráðherra er það nokkuð í mun að geta sýnt fram á að hann, hæstv. utanrrh., geti samið vegna þess að það hefur verið beðið eftir verkunum eftir öll þau orð sem látin voru falla í upphafi þessa kjörtímabils.

Herra forseti. Samningur liggur á borðinu og það þarf að vega hann og meta með tilliti til kosta og galla þessa samnings. Það er sitthvað jákvætt í þessum samningi, en því miður þegar á heildina er litið er hann ekki nógu góður. Það sem við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur er: Réttlætir þessi slaki árangur sem núna náðist það að við náum e.t.v. betri ávinningi í framtíðinni? Með öðrum orðum, er hann að bjarga framtíðarhagsmunum Íslendinga?

Við þurfum fyrst, herra forseti, að velta aðeins fyrir okkur forsögu þessa máls. Við skulum ekki gleyma því og við verðum að ítreka það að Norðmenn standa í siðferðilegri skuld við okkur. Það voru ekki við sem eyðilögðum stofninn heldur Norðmenn. Það voru þeir sem með gríðarlegri og gegndarlausri veiði, ofveiði og rányrkju á smásíld, drápu niður stofninn. Það er ekki umdeilt. Þó að hæstv. ráðherrar virðist ekki hafa vitað það fyrr en þeim var sagt það í þessum sölum, þá lá það eigi að síður fyrir frá því á árinu 1980 þegar norskir sérfræðingar bókstaflega lýstu því yfir í vísindagreinum að það hefði einungis verið nóg að stöðva rányrkju Norðmanna á smásíldinni. Og enn, herra forseti, örlar á þeim misskilningi að það eigi að verðlauna menn fyrir það að linna smásíldarveiðinni. Þegar hæstv. utanrrh. kemur og reynir að réttlæta þennan samning, m.a. þann hluta samningsins sem leiðir til þess að Rússar munu fara betur út úr honum en þeir voru áður staddir, þeir fá 5 þúsund tonn aukreitis, þá segir hæstv. utanrrh.: Það er svo mikið af smásíld sem gengur innan lögsögu Rússa. Þeir hefðu vel getað veitt hana. Um leið hefðu þeir brotið öll siðferðislögmál og meginreglur sem gilda um veiðar. Ég, herra forseti, fordæmi málflutning af þessu tagi.

Hvað er það sem hæstv. ráðherrar telja þessum samningi til tekna? Hæstv. utanrrh. bendir á að með þessum samningi sé um leið komin upp sú staða að Íslendingar geti veitt allan kvóta sinn á Jan Mayen svæðinu. En eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á er sá réttur nú þegar fyrir hendi þegar samningurinn er kominn, sjálfkrafa, samkvæmt þeim samningi sem gerður var árið 1980. Það er því ekki hægt að berja sér á brjóst yfir þessum ávinningi, herra forseti. En hitt er rétt hjá hæstv. utanrrh. að þetta gerir það sennilega að verkum að okkur tekst að ná meiru, e.t.v. talsvert meiru, út úr þeim afla sem við veiðum vegna þess að það er hægt að nýta meira af honum til manneldis en áður. Þetta vegur þungt á metunum og það ber að virða það að hér er um að ræða mikilsverðan áfanga.

En það sem ég hjó eftir að hæstv. ráðherra lagði þó enn meira upp úr var það að nú höfum við náð heildarstjórn á veiðunum. Herra forseti. Þetta er rangt hjá hæstv. utanrrh. Það er með engu móti hægt að halda því fram að við höfum núna náð stjórn á veiðunum. Það liggur fyrir að við erum að veiða 100 þúsund tonnum meira en talið er ráðlegt af sérfræðingum. Það liggur líka fyrir að Evrópusambandið hefur gert tilkall til kvóta upp á 150 þúsund tonn. Og hvernig í ósköpunum ætlum við, þó að þessi ríki standi saman, að koma í veg fyrir að þeir geri það? Með öðrum orðum, það liggur fyrir að það sé líklegt að veiðin verði ekki 1.100 heldur 1.200–1.300 þús. tonn. Til hvers var þá barist? Þá er það alveg ljóst að það hníga flest rök að því að veiðin verði talsvert umfram þessi 1.100 þús. tonn og þess vegna er það rangt sem hæstv. utanrrh. sagði áðan að við hefðum náð stjórn á heildarveiðinni. Það er einfaldlega ekki rétt.

Ég hjó eftir því að hæstv. sjútvrh. var með sama grunnstefið í öllum viðtölum sem fjölmiðlar tóku við hann í dag. Hann sagði: Þetta er góður samningur vegna þess að hann gefur okkur stökkbretti til að stökkva á inn í framtíðina og fá meiri kvóta vegna þess að í 6. gr. samningsins er talað um að vísindanefnd eigi að meta líffræðilega dreifingu stofnsins. Og ef hún breytist, þá gerir það að verkum að í krafti þess að síldin gangi e.t.v. í ríkari mæli inn fyrir lögsögu Íslendinga, þá eigum við að geta gert tilkall til frekari kvóta.

Herra forseti. Ég held því líka fram að þarna sé afskaplega bernsk óskhyggja á ferðinni hjá hæstv. ráðherra. Þegar ég les þessa grein, þá get ég ekki lesið þessar afdráttarlausu yfirlýsingar um möguleika Íslendinga til þessa í framtíðinni sem hæstv. ráðherra les úr. Ég ætla, herra forseti, með góðu leyfi forseta, að lesa hana í hrárri þýðingu minni:

„Samningsaðilar skulu nota niðurstöður vísindahópsins sem grunn fyrir framtíðarsamninga um vernd, skynsamlega nýtingu og stjórn veiða úr stofninum, þar á meðal mögulega breytingu á heildarkvóta og úthlutun milli aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á núverandi fyrirkomulagi." Síðan segir: „Öll endurskoðun skal gerð með fullri hliðsjón af dreifingu allra þátta stofnsins."

Herra forseti. Allt þetta er undirorpið pólitísku mati. Það er pólitískra samningsaðila að meta hinar vísindalegu niðurstöður. Það eru ekki vísindamennirnir sem útbýta þessu, heldur eru það pólitíkusarnir sem eiga að meta þetta. Ég veit hvað átt er við með dreifingu allra þátta stofnsins. Var það ekki einmitt partur af módeli sem var fleygt sem sýndi að Rússar ættu í krafti líffræðilegrar dreifingar að geta krafist á þriðja tugs prósenta af heildarkvótanum vegna þess að sum árin kemur svo mikið af ungviðinu inn fyrir þeirra lögsögu þó þar sé engin hrygning og enginn fullvaxta veiðistofn sé þar til staðar. Með öðrum orðum, ef sú gerbreyting yrði á göngu stofnsins að mikill hluti hans gengi inn fyrir lögsögu Íslendinga og við ætluðum í krafti þess að krefjast meiri kvóta, þá geta Rússar alltaf komið og bent á að það eigi samkvæmt því sem þessir herramenn skrifuðu undir að taka fulla hliðsjón af dreifingu allra þátta, þar á meðal dreifingar ungviðisins. Það er því fráleitt að halda því fram með jafnóyggjandi og afdráttarlausum hætti og hæstv. sjútvrh. gerir, að þetta geri það að verkum að við munum nánast sjálfkrafa, eins og ég les út úr orðum hans í dag, fá aukinn kvóta ef síldin gengur áfram inn fyrir lögsögu Íslendinga.

Herra forseti. Við hjuggum líka eftir því, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að það var ekkert rætt á fundi utanrmn. um þá staðreynd sem blasir við á þeim pappírum sem við fáum í dag, staðreynd sem gerir það að verkum að Rússar mega koma inn fyrir efnahagslögsöguna og veiða fimm þúsund tonn og Norðmenn mega veiða 130 þús. tonn. Skyndilega velti ég því fyrir mér, hvernig stendur á því að Norðmönnum var svona áfram um að ná þessum samningi. Þessi hluti samningsins er dagsettur í dag eftir því sem ég skil af þessum pappírum sem fyrir okkur liggja.

Það er svo, herra forseti, að síldin sem er núna að veiðast er fjögurra til fimm ára gömul. Yfirleitt þegar hún gengur

hingað inn fyrir lögsögu Íslendinga og á íslenskt hafsvæði, hefur hún verið sjö ára, þ.e. það eru tvö ár í það. Það er líklegt að þessir stóru árgangar sem í dag standa undir veiðinni gangi til Íslands. Auðvitað vita Norðmenn þetta og það er þess vegna sem þeir eru hérna að skapa fordæmi til framtíðarinnar. Það er vegna þess að þeir vita það, eða þeir telja það líklegt að síldin muni í vaxandi mæli ganga hingað inn fyrir, og líka vegna þess að íslenskir vísindamenn hafa á síðustu dögum verið að benda á þá staðreynd að kalda tungan milli Færeyja og Íslands er að hverfa og hún verður ekki fyrirstaðan fyrir göngunni yfir í íslenska hafsvæðið sem hún var í fyrra.

Herra forseti. Getur ekki verið að það sé þetta sem vakir fyrir þeim? Ég held, herra forseti, að þó að ýmislegt megi gott um þennan samning segja, þá er hann fráleitt nógu góður. Ég get ekki séð það að svona slakur samningur réttlæti framtíðarhagsmunina sem í þessu máli liggja fyrir Íslendinga.

[17:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur blasað við um nokkra hríð að það stefndi í mjög verulega veiði úr norsk-íslenska síldarstofninum, langt umfram það sem hagsmunum okkar yrði best borgið með. Það hefur líka blasað við að veruleg hætta væri á því, ef strandþjóðirnar næðu ekki saman, að kapphlaup þjóðanna um að auka kvóta sinn mundi valda enn meiri áhættu í þessu efni.

Eins og komið hefur fram eigum við Íslendingar mestra hagsmuna að gæta varðandi það að takmarka veiðar við þessar aðstæður úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ungir árgangar eru uppistaðan í stofninum í dag. Við þurfum að leyfa þeim að eldast til þess að verulegar líkur séu á því að síldin komi inn í okkar lögsögu og skapi grundvöll fyrir þeirri framtíðarkröfugerð sem við höfum haft uppi í þessu efni. Forsendan fyrir því að við náum þeim árangri er að síldin komi inn í íslenska lögsögu eins og að hefur verið stefnt.

Það eru þess vegna miklir hagsmunir í húfi þegar strandþjóðirnar ná samningi eins og þessum og hann markar vissulega þáttaskil varðandi stjórn stofnsins. En því fer auðvitað fjarri að málið sé að fullu unnið. En hér hefur verið stigið mikilvægt skref fram á við til hagsbóta og til þess að styrkja hagsmuni Íslendinga.

Sá samningur sem hér liggur fyrir er líka forsenda fyrir því að strandþjóðirnar geti tekist á við Evrópusambandið um að takmarka þann kvóta sem Evrópusambandið hefur einhliða sett. Menn segja alveg réttilega að þessi samningur leysi það mál ekki sjálfkrafa. Það á eftir að taka á því. En hitt má vera alveg ljóst að ef strandþjóðirnar hefðu ekki náð saman, þá hefði engin von verið til þess að unnt væri að setja bönd á Evrópusambandið og miklu frekar líkur á því að þjóðirnar hefðu farið í kapphlaup um að hækka kvótann á víxl sem leitt hefði til mests tjóns fyrir Íslendinga. Að þessu leyti er samningurinn mikilvægur varðandi þau viðfangsefni sem enn blasa við til þess að koma endanlegri stjórn á veiðar úr þessum stofni.

Við erum að treysta framtíðarhagsmuni okkar, ekki síst með því að samningsþjóðirnar, strandþjóðirnar hinar sem við erum að semja við, hafa viðurkennt að skipting stofnsins til framtíðar eigi að byggjast á dreifingu stofnins. Við höfum lagt á það höfuðáherslu í viðræðunum allt frá upphafi að dreifing stofnsins yrði að vera grundvöllur skiptingarinnar. Við höfum vísað til sögulegrar reynslu í þeim efnum og vísað til þess að flest bendir í þá átt, ef stjórn verður á veiðunum, að sú saga geti tendurtekið sig.

Við fáum það viðurkennt, komi síldin inn í íslenska lögsögu, að frekari samningar sem munu fara fram á næstu árum um breytingar á hlutdeild einstakra ríkja eiga að byggjast á þessum sjónarmiðum. Þegar hér er verið að gera það tortryggilegt að í samningnum er vísað til þess að sú breyting geti hugsanlega átt sér stað, þá liggur það auðvitað í augum uppi að þannig verður að orða þennan texta því að við höfum engar sannanir fyrir því að svo muni verða. Við væntum þess að síldin komi. Það er enn hugsanlegt að hún komi og það er verið að vísa til þeirrar óvissu en ekki annarra þátta í því ákvæði sem vitnað hefur verið til.

Því er haldið fram að við séum að gefa mikið eftir við þessar aðstæður. Vissulega er það svo að við erum að draga í land frá þeim kvóta sem við gáfum út sameiginlega með Færeyingum. En það lá hins vegar alltaf ljóst fyrir að við værum tilbúnir til þess í þeim tilgangi að tryggja framtíðarstöðu okkar. Ef við horfum svo á þetta í því ljósi að á tíu síðustu árum síldveiðanna þegar síldin var í sem ríkustum mæli innan okkar lögsögu og það sem við köllum hið klassíska síldveiðitímabil, þá vorum við að veiða 250 þúsund lestir að meðaltali á ári. Núna erum við að tryggja okkur 190 þúsund lestir áður en síldin kemur inn í íslenska lögsögu að nokkru marki. Í þessu ljósi er ekki hægt með neinum rökum að halda því fram að hér sé um lélega samningsniðurstöðu að ræða að því er þetta ár varðar. Og enn síður er hægt að halda því fram að hér sé um lélega samningsniðurstöðu að ræða þegar horft er til þeirrar viðspyrnu sem við fáum í þessum samningi vegna framtíðarákvarðana þegar síldin hefur komið í ríkara mæli inn í íslenska lögsögu á nýjan leik. Við komumst ekki hjá því að horfa á staðreyndirnar sem þannig blasa við.

Við höfum með þessum samningi tryggt veiðirétt í Jan Mayen lögsögunni. Því er hér haldið fram að við höfum á grundvelli Jan Mayen samkomulagsins átt sjálfkrafa rétt til þess að fá að veiða allan okkar hlut í Jan Mayen lögsögunni. Það er rangt. Við áttum og eigum samkvæmt þeim samningi rétt á því að veiða sanngjarnan hlut. En við erum hér að tryggja það að við getum veitt eins og við viljum innan Jan Mayen lögsögunnar. Á móti fá hins vegar Norðmenn rétt til veiða í íslenskri lögsögu, en hann er takmarkaður og það sýnir að hér er verið að framkvæma ákvæði sem eru í jafnvægi. Við erum með þessu að opna möguleika fyrir útgerðarmenn til þess að nýta síldina á hagkvæmari hátt en unnt væri að gera í ólympísku kapphlaupi þar sem öll veiðin færi til bræðslu. Og það hlýtur að vera markmið okkar að standa þannig að stjórnun á veiði úr þessum stofni í samvinnu við aðrar þjóðir að við eigum möguleika á því að fá sem allra mest verðmæti úr stofninum.

Það hefur verið unnið að þessu máli kappsamlega. Við höfum lengi haldið fundi sem ekki hafa skilað árangri en við höfum jafnan lýst því yfir að við værum reiðubúnir ef sanngjarn grundvöllur fyndist til þess að ljúka samningum. Það er ekki á málefnalegum rökum sem því er haldið fram að hér hafi átt sér stað óeðlileg vinnubrögð varðandi undirbúning samninga af þessu tagi.

Því er haldið fram að það megi ekki gera samning vegna þess hversu stutt er þangað til veiðarnar hefjast. Auðvitað er það rétt að það veldur ákveðnum vandkvæðum þegar svo skammt er til stefnu. En það hefði verið alveg fráleitt af okkur að ætla að hafna samningum sem tryggja viðunandi

niðurstöðu í ár og treysta stöðu okkar til framtíðar vegna þess hversu fáir dagar eru þar til veiðarnar hefjast á nýjan leik. Það hefði verið óverjandi með öllu að láta slík sjónarmið koma í veg fyrir að við semdum og eru ekki á neinn hátt málefnaleg rök í þessu efni. Auðvitað leiðir þetta til þess að við þurfum að skipta veiðiheimildum niður á skipin. En er það ekki svo að við höfum verið, a.m.k. í mjög ríkum mæli, sammála um að það væri skynsamlegasti hátturinn sem unnt væri að hafa á til þess að veiðarnar yrðu sem hagkvæmastar. Ég sé ekki með hvaða rökum menn ætla að mæla á móti því að aflahlut Íslendinga sé skipt niður á einstök skip. Þeir sem stundað hafa veiðar, a.m.k. fram til þessa, hafa lagt á það höfuðáherslu að þannig yrði staðið að stjórnun veiða, að menn vissu hvað í þeirra hlut kæmi til þess að þeir gætu stýrt veiðunum á sem hagkvæmastan hátt.

Við höfum nú verið að bíða í nærri þrjá áratugi eftir því að þessi mikilvægi veiðistofn stækkaði svo að við gætum farið að nýta okkur hann á nýjan leik. Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir okkur Íslendinga. Ef veiðin hefði haldið áfram stjórnlaust á næstu árum, þjóðirnar hefðu aukið kvóta sinn hver í kapphlaupi við aðra undir því yfirskini að þær væru að treysta stöðu sína, þá hefði niðurstaða af slíku framferði fyrst og fremst bitnað á okkur því að hún hefði dregið úr líkum á því að síldin kæmi á ný inn í okkar lögsögu. Hún hefði veikt samningsstöðu okkar til frambúðar. Ef við hefðum ekki þorað að gera samninga nú hefðum við getað látið þriggja ára bráðlæti leiða til þess að við þyrftum að bíða í aðra þrjá áratugi eftir að fá tækifæri til þess að veiða úr þessum stofni og styrkja efnahag þjóðarinnar með því að geta nýtt okkur hann. Ég held þess vegna, herra forseti, að það hafi verið nauðsynlegt og mikilvægt að gera þann samning sem hér liggur fyrir. Við erum að treysta stöðu okkar til framtíðar. Við erum að taka framtíðarhagsmuni fram yfir allt annað í þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Það er mikilvægt og brýnt að Alþingi samþykki þá samninga sem í framhaldi af þessu verða lagðir hér fyrir.

[17:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Sá samningur sem undirritaður hefur verið í Ósló um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum er mjög vafasamur. Það hafa alls ekki komið fram fullnægjandi rök fyrir því að þessi samningur tryggi sem best hagsmuni íslensku þjóðarinnar, enda virðist ljóst að þessi samningur er gerður fyrst og fremst á kostnað Íslendinga. Það erum við fyrst og fremst ásamt Færeyingum sem borgum fyrir þennan samning. Maður spyr: Er það tilviljun að Norðmenn eru fyrst tilbúnir til að semja um síldarkvótann þegar þeir eru langt komnir sjálfir með að veiða það sem þeir í upphafi skömmtuðu sér? Mér finnst því að aðdragandinn beri mikið vott um óðagot og taugaveiklun. Það hefði átt að íhuga mun betur hvort rétt var að gera samning á þessum grundvelli þar sem svo lítið kemur í hlut Íslands miðað við þann sögulega rétt sem við höfum til að veiða úr síldarstofninum. Ég sé ekki að mikil áhætta hefði verin tekin þó beðið hefði verið t.d. fram á haust. Vissulega hefði þá verið um einhverja ofveiði að ræða miðað við hvað áætlað er að stofninn þoli. Við hefðum þá veitt 240 þús. tonn í stað 190 þús. tonna eins og samningurinn gerir ráð fyrir. En vel er líklegt og því er líka spáð að síldin muni í meira mæli ganga inn í íslenska lögsögu. Það hefði gert samningsstöðu okkar miklu betri. Miðað við hvað við fáum nú í okkar hlut með þessum samningi hefði það verið réttlætanlegt. Undir það ber vissulega að taka að langtímahagsmunir íslensku þjóðarinnar felast í því að ekki verði gengið of nærri stofninum og tryggja megi sem fyrst að stofninn nái sér í fyrri stærð. En þegar samningarnir eru jafnsnautlegir fyrir okkur og raun ber vitni, þá er það mikið vafamál að rétt hafi verið að semja upp á þessi býti. Það er sama hvort litið er á aukningu á veiðum þjóðanna frá því sem var í fyrra eða út frá því hvað gefið var eftir af því sem þjóðirnar ætluðu sér að veiða án samninga. Í báðum dæmum er útkoman verst fyrir okkur Íslendinga. Ef litið er á aukningu úr síldveiðistofninum frá veiðunum í fyrra, er aukningin hjá okkur langminnst. Þannig aukast veiðar Norðmanna um 26% frá því í fyrra, Rússa um 56%, Færeyinga um 15% en Íslands aðeins um 10%. Það eru því fyrst og fremst Íslendingar og Færeyingar sem gefa eftir meðan Norðmenn gefa sáralítið eftir og Rússar fá aukningu.

Sama gildir ef litið er á það magn sem þjóðirnar ætluðu að taka sér næðust ekki samningar. Þannig hefur Ísland gefið langmest eftir miðað við það magn sem við töldum að við ættum rétt á miðað við sögulegan rétt okkar og það sem áætlað var að stofninn þyldi. Ísland hefur þannig gefið eftir 54 þús. tonn eða 22–23% frá því sem við ætluðum að veiða, Norðmenn aðeins 30 þúsund af þeim 725 þúsund tonnum sem þeir ætluðu að veiða, eða um 4%. Rússar fá heldur meira en þeir ætluðu að taka og Færeyingar gefa eftir svipað og við eða um 23%. Það þarf auðvitað engan að undra að sjávarútvegsráðherra Noregs er afar ánægður með samninginn eins og fram kom í fjölmiðlum í gær.

Varðandi þann þáttinn sem snýr að Evrópusambandsríkjunum og betri samningsstöðu gagnvart þeim eftir þessa samninga, þá er ekki sjálfgefið í því efni að þeir stundi ekki óheftar veiðar úr síldarstofninum og taki þau 150 þúsund tonn sem þeir boðuðu. Það vekur líka upp þá spurningu hvort þessi fjögur ríki hafi rætt um hvort og þá hvernig þau ætla að koma í veg fyrir að aðrar þjóðir stundi óheftar veiðar úr síldarstofninum, t.d. Evrópusambandsríkin, ef ekki näst við þær samningar. Um það spyr ég og hvort eitthvað hafi verið um það rætt hvort og þá hvernig þessi fjögur ríki ætla að koma í veg fyrir að aðrar þjóðir sæki á þessi mið þannig að farið verði langt fram úr því sem fiskifræðingar telja ráðlegt. Einnig væri fróðlegt að fá fram hvað þessar þjóðir telja að hægt sé að semja við EB um mikla veiði. Hæstv. utanrrh. hefur gefið í skyn að um mjög lítið magn væri að ræða, nánast gefið í skyn að það væri hverfandi. Það væri æskilegt að fá eitthvað nánar um það í þessari umræðu. Ég vil vitna til þess sem fram kom í fjölmiðlum í gær og var haft eftir Kristjáni Ragnarssyni, formanni LÍÚ. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það hefur verið villt um fyrir mönnum miðað við þessa niðurstöðu og svo er líka látið að því liggja að með þessu náist stjórn á sókn Evrópubandalagsins. Það er rangt. Evrópusambandið ætlar ekkert að taka tillit til þessara samninga miðað við það sem þeir hafa sagt okkur. Þeir ætla að láta á það reyna hvað þeirra floti getur veitt í sumar."

Þetta er álit formanns LÍÚ.

Vissulega má segja að ekki sé allt alvont við þessa samninga, t.d. það að löndin hafa komið sér saman um í hvaða mæli þau veita hvort öðru aðgang í lögsögu sinni til síldveiða, en með samningnum fáum við nú ótakmarkaðan aðgang að Jan Mayen lögsögunni. Auk þess er það nokkurs virði að ná lausn í einu af þeim ágreiningsmálum sem uppi hafa verið milli Norðmanna og Íslendinga. Einnig er það jákvætt að með samningnum lengist veiðitíminn og líklegra

að síldin nái því fituinnihaldi að við getum nýtt hana meira til manneldisvinnslu og að hún verði verðmeiri til lýsisvinnslu.

Mig langar í þessu sambandi að spyrja um á hverju það byggist sem fram kemur í fréttatilkynningu sem við höfum fengið. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Norðmenn fá heimild til að veiða í íslenskri lögsögu sem svarar tveim þriðju hlutum hlutdeildar Íslendinga. Rússar munu fá heimild til að veiða allt að 5.000 lestir á takmörkuðu svæði innan íslensku lögsögunnar."

Ég hefði gjarnan viljað fá upplýst á hvaða forsendu þetta byggir, þ.e. þessir tveir þriðju hlutar sem Norðmenn fá heimild til að veiða í íslenskri lögsögu.

Það liggur fyrir að meira en 80 skip hafa sótt um að veiða úr síldarstofninum, þar af 27 frysti- og ísfisktogarar. Þá vaknar auðvitað spurning hvernig með eigi að fara, hvernig skiptingin á þessum 195 þúsund tonnum verður og út frá hvaða forsendum verður gengið. Ráðherrarnir hljóta að hafa rætt það mál og hafa einhverjar hugmyndir um hvernig skipta eigi þessu magni og það er nauðsynlegt að fá einhverjar upplýsingar um það í þessari umræðu. Svo að ég vitni aftur í formann LÍÚ, þá sagði hann í gær að hann telji að þessi samningur sé allur á kostnað Íslendinga og ekki náist samt stjórn á veiðum úr stofninum. Hann gagnrýnir að það sé búið að gefa út reglugerð þannig að þetta komi mjög óvænt og orðrétt segir hann, með leyfi forseta: „... má segja aftan að mönnum sem hafa í góðri trú verið að sækja um veiðirétt úr þessum stofni." Það hlýtur því að vera fylgst grannt með því hvernig skiptingunni verður háttað og spyr ég um það efni.

Ég vil líka segja að það hlýtur að valda okkur nokkrum vonbrigðum að héðan í frá á kvótaskipting að byggja á dreifingu stofnsins og er það viðurkennt með þessum samningum. Þannig er raunverulega okkar sögulegi réttur miðaður við þessi 190 þúsund tonn. Ég hélt því fram þegar við ræddum þessi mál, að mig minnir í fyrra, að sögulegur réttur okkar væri a.m.k. 450–480 þús. tonn. Sumir héldu því fram að hann væri jafnvel meiri. En hér er það raunverulega fest í sessi að sögulegur réttur okkar sé ekki nema rúmlega 190 þús. tonn. Héðan í frá á kvótaskiptingin að byggja á dreifingu stofnsins og það er viðurkennt með þessum samningum. Ég tel það mjög hæpið að halda þannig á málum og mér liggur við að segja að ráðherrarnir hafi í Ósló verið að semja mjög alvarlega af sér miðað við hagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Ég ætla að láta þetta nægja í bili. En ég tel að það sé alveg ljóst, virðulegi forseti, að það hefur of mikið verið gefið eftir í þessum samningum og það er langt í frá augljóst að hagsmunir íslensku þjóðarinnar séu tryggðir með þessum samningum.

[18:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau tíðindi hafa gerst að búið er að semja við Norðmenn, Dani og Rússa um síldveiðar á komandi vertíð. Strandríkin svokölluðu hafa náð saman en fyrir utan stendur Efnahagsbandalagið sem gerir sívaxandi kröfur til þátttöku í síldveiðum. Ég vil taka undir orð sem hafa fallið í þá veru að það hafi verið góð vinnubrögð að kynna þetta mál bæði í utanrmn. sl. laugardag og einnig að koma með málið strax inn í þingið.

Þó að þetta mál sé e.t.v. ekki það kvennapólitískasta sem við tökumst á um í þinginu þá ítreka ég þá stefnu Kvennalistans að við leggjum áherslu á það að síldveiðar eigi sér stað með sjálfbæra þróun í huga eða fiskveiðar yfirleitt og að veiðar séu stundaðar til manneldis og reynt að nýta hráefnið eins vel og kostur er. Ég tel mjög mikilvægt að ná samningum sem auka líkurnar á því að síldveiðar verði fyrst og fremst nýttar til manneldis, þ.e. að síldin fari í söltun og frystingu.

Við kvennalistakonur teljum að þó að vissulega sé súrt í broti að þurfa að lækka hlutdeild okkar miðað við einhliða yfirlýsingu okkar mun meira en Norðmenn þá séu það mikilvæg rök að þetta samkomulag komi líklega til með að minnka síldveiðarnar í heild og þetta auki líkurnar á því að stofninn verði veiddur skynsamlega með sjálfbæra þróun í huga. Þá er einnig súrt í broti að þurfa að opna lögsögu okkar fyrir Rússum og Norðmönnum en á móti má benda á að lögsaga Jan Mayen opnast sjómönnum okkar til síldveiða á móti.

Þrátt fyrir það að ég sjái vissa kosti við samninginn vil ég einnig láta í ljós ákveðnar efasemdir. Ég er t.d. alls ekki sannfærð um að sú kenning sé rétt að ef síldin nær því að verða nógu gömul komi hún aftur til Íslands. Ég er alls ekki sannfærð um að það sé pólitískt rétt að gefa eftir meira en Norðmenn núna þegar þeir viðhafa þann málatilbúnað eins og aðrir hafa bent á að obbinn af veiðireynslu okkar sé of gömul til að skipta meginmáli. Við höfum reynt að andmæla þessu sjónarmiði og mér sýnist að samningurinn komi til með að veikja okkar fyrri rök.

Þá er einnig ljóst að samningurinn hefur fyrst og fremst átt sér stað á kostnað Íslendinga og Færeyinga enda eru hagsmunir okkar kannski stærstir. Þrátt fyrir þessar efasemdir tel ég að kostirnir séu meiri og að þetta sé mikilvægur áfangi þó að enn eigi eftir að koma í ljós hvað ESB eða Efnahagsbandalagið gerir og hvort samningsstaða okkar batnar eitthvað ef síldin kemur til landsins. Mér er ekki alveg ljóst hvernig enda virðist vera mjög óljóst ákvæðið í samningnum um það að hvaða leyti samningsstaða okkar styrkist ef síldin kemur hingað. En veiðitími síldarinnar lengist með samningnum og síldin verður því aðgengileg fyrir íslenska flotann þegar fituinnihaldið hentar til manneldis. Við náðum greinilega ekki öllum kröfum okkar en ég tel eins og ég sagði áðan að þetta sé í rétta átt þó það orki vissulega tvímælis.

Að lokum spyr ég hæstv. utanrrh. hvort honum sé ljóst hvað ESB gerir í þessari stöðu, hvers má vænta af þeim. Þá vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hann hyggst framkvæma samninginn eins og hér var líka spurt áðan af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Á að hverfa frá því að hafa síldveiðar frjálsar fyrir þau skip sem hafa nú sótt um leyfi eða á að skipta þessum kvóta á skipin með ákveðnum hætti og ef svo er hvernig stendur til að skipta þessu á skipin? Á að styðjast við þær hugmyndir sem hafa verið ræddar í úthafsveiðinefnd eða á að styðjast alfarið við lögin um stjórn fiskveiða? Það er ljóst að síldarævintýri er fram undan en það er alls ekki ljóst hverjir fá að taka þátt í því og sagan ein getur leitt í ljós hvort samningurinn er til góðs fyrir langtímahagsmuni okkar.

[18:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sú ræða sem nú var flutt var að mínu mati mjög málefnaleg og það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. 19. þm. Reykv., Guðnýju Guðbjörnsdóttur, að allt orkar tvímælis þá gert er. Auðvitað er það með þennan samning eins og alla aðra samninga við erlenda aðila og samskipti okkar við aðrar þjóðir að hann hefur bæði kosti og galla og það er ekkert nema framtíðin sem getur dæmt það endanlega hvort hér var

um jákvætt skref að ræða eða ekki. En hann er að mínu mati góður og hefur marga kosti en auðvitað hefur hann líka galla eins og allir samningar sem við gerum. Það þýðir náttúrlega ekki að tala eingöngu um hagsmuni okkar í málinu eins og mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðinsson gera og gera lítið úr hagsmunum Rússa og segja að það skipti engu máli með þeirra smásíld, það sé siðferðilega rangt að drepa hana sem ég er út af fyrir sig sammála en það eru auðvitað hagsmunir í því að hafa fiskstofninn í lögsögu sinni og ég er sem ég sjái okkur Íslendinga fallast á það ef þetta væri öfugt og smásíldin væri hér að við ættum engan rétt. Við verðum að vera tilbúnir til að setja okkur í spor annarra í þessum málum og reyna að meta hlutina út frá því. Auðvitað má halda því fram að Norðmenn skuldi okkur siðferðilega út af því að þeir drápu smásíldina. En það er hins vegar staðreynd að þeir hafa hætt því og þeir hafa ekki gert það á undanförnum árum í neinum mæli og það er stefna þeirra að gera það ekki framar. Það þjónar hagsmunum okkar og við hljótum að reyna að leggja á það áherslu.

Því er haldið fram í umræðunni að menn hafi átt að bíða og semja síðar vegna þess að síldin væri að koma inn í lögsögu okkar. Því var líka haldið fram í fyrra að síldin væri að koma inn í lögsögu okkar þegar við sömdum við Færeyinga. Þá voru ekki allir sem mæltu með því án þess að ég sé að gera mikið úr þeirri andstöðu en það reyndist vel og þessi kalda tunga sem er austan við land er ekki að hverfa. Þetta er Austur-Íslandsstraumurinn. Hann var mjög kaldur 1995. Hann er að vísu ekki eins kaldur núna 1996 en hann er samt mun kaldari en hann var á síldarárunum fyrir hrunið. Það er því miður ekki orðin staðreynd jafnvel þó að síldin hafi stefnt mjög hratt í vestur fyrir nokkrum dögum þá kom hún ekki inn í lögsögu okkar og nú stefnir hún í norður á Jan Mayen lögsöguna. Það skyldi nú ekki vera að veiðarnar yrðu fyrst og fremst innan hennar í sumar? Það gæti farið svo. Við skulum ekkert fullyrða um það vegna þess að við vitum það ekki. Þetta er mjög mikil óvissa. Að halda því þá fram núna að það hefði átt að bíða með að semja vegna þess að það hefði styrkt samningsstöðu okkar tel ég að sé rangt og menn skulu hafa það í huga að það er ekki langt þangað til við þurfum að fara að semja um veiðar næsta árs. Þær viðræður þurfa að hefjast í september og það er ekki langt í það.

Því er haldið fram að við séum ekki búin að ná stjórn á Evrópusambandinu. Það er alveg rétt. En hér hefur komið fram að þessi samningur er forsenda þess að það geti gerst. Samvinna strandríkjanna er alger forsenda þess að koma á skipulegum veiðum. Samningurinn er líka forsenda þess að veiðarnar verði ákveðnar innan skynsamlegra marka á árinu 1997. Þetta verða menn að horfa á og meta málið í þessu ljósi.

Því er haldið fram að fundirnir í Ósló hafi verið sýndarmennska, leiksýning. Það er alveg rétt að það hefur átt sér stað verulegur undirbúningur, því hvernig er hægt að halda slíkan fund án þess að undirbúningur hafi átt sér stað? Gera menn ráð fyrir því að menn hafi svo gaman af slíkum leikaraskap að menn hafi vakað meira og minna alla sl. nótt til þess? (**SJS:** Hver var uppskeran af þeirri vöku?) Hver var uppskeran af þeirri vöku? Uppskeran af þeirri vöku var sú að menn náðu saman og gerðu samning. Það var alls ekki ljóst á tímabili að það gæti gerst. Nú getur hv. þm. haldið því fram að það hafi komið fram í einhverri sérstakri eftirgjöf Íslendinga. Auðvitað er það svo í öllum málum ef menn ætla að ná saman að einhverju þarf að hnika til og hlutum var hnikað til í nótt og í morgun. En það voru ekki þeir hlutir sem skiptu sköpum í þessu sambandi og þar var ekki vikið frá hagsmunum Íslands þannig að það er út í hött þegar því er haldið fram að menn hafi verið með einhvern leikaraskap.

Samráð hefur átt sér stað við hagsmunaaðila allan tímann og þetta mál hefur mjög oft verið rætt í sjútvn. og farið yfir það. Það er hins vegar rétt að utanrmn. var boðuð til samráðs á laugardaginn og það hefði verið eðlilegt að kalla jafnframt sjútvn. saman. Það finnst mér rétt að viðurkenna að hafi verið ákveðin mistök en þó verða menn að hafa í huga að staða utanrmn. í þessu samandi er önnur en sjútvn. samkvæmt þingsköpum og hefðum í því sambandi. Það ber að hafa samráð við utanrmn. og henni ber að halda trúnað án þess að ég sé á nokkurn hátt að vantreysta sjútvn. í þessu sambandi. En allt slíkt samráð er til bóta og þess vegna ber að reyna að halda þeirri nefnd upplýstri í þessu máli.

Það er gert mikið úr því að með þessu náum við ekki heildarstjórn á veiðunum og við höfum ekki náð utan um veiðar Evrópusambandsins. Það er rétt og það er ekkert tryggt í þeim efnum. En eins og ég sagði er samningurinn forsenda þess að sú vinna geti hafist og það hefur þegar verið lagður grunnur að því. Þetta var mikið rætt milli samningsaðila og full samstaða um það að vinna á þeim grundvelli. Fulltrúum Evrópusambandsins verður nú þegar gerð grein fyrir málinu og við munum fara að vinna að því sameiginlega að koma á heildarstjórnun í stofninum. Auðvitað er það allt önnur staða en vera í sitt hvoru horninu í þessu máli þannig að það geta ekki verið rök í málinu. Það hefði aldrei verið hægt að ná utan um málefni Evrópusambandsins með þessum samningi. Það held ég að öllum sé ljóst. Hefði verið rétt að draga Evrópusambandið að þessu borði með hinum þjóðunum? Ég segi nei. Það hefur alltaf komið fram að það ætti að gera síðar.

Það er líka gert mikið úr því að tímasetningin sé röng og vegna þess að vertíðin sé að byrja hafi ekki átt að semja. Ég skil ekki slíkan málflutning. Undirbúningur skipanna væri ekkert með öðrum hætti þó að lengri tími væri til stefnu. Þau skip sem geta veitt síldina hafa verið að undirbúa sig að undanförnu og flest verið að búa sig í mikið kapphlaup í veiðinni. Er það mjög slæmt ef einhverjir fara að hugsa sem svo: Það er best að draga úr fyrirhuguðu kapphlaupi og reyna að gera meiri verðmæti úr þessu? Ég hefði haldið að það væri gott mál vegna þess að skipin þurfa að undirbúa sig hvort eð er. Það eru engin rök í þessu sambandi, en því er jafnframt haldið fram, að við höfum átt einhvern sjálfkrafa rétt í sambandi við Jan Mayen. Því miður er það ekki. Það þurfti að semja um það. Hins vegar styrkti það ákvæði okkur mjög í þessum samningum enda fáum við ótakmarkaðan aðgang að Jan Mayen lögsögunni, allt það sem við hyggjumst veiða. Ekki fá Norðmenn þann aðgang að íslensku lögsögunni að það sé viðurkennt að þeir geti veitt allt sem þeir ætla að veiða í íslensku lögsögunni. Sú röksemd er því viðurkennd af Norðmönnum að við eigum þar rétt á sanngjörnum hlut í samræmi við Jan Mayen samkomulagið.

Að því er varðar það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði um framkvæmd samningsins, þá hefur hæstv. sjútvrh. þegar svarað því og sagt að það væri verið að vinna að því að skipta aflanum milli skipanna.

Ég tel mig jafnframt hafa svarað fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En ég vildi taka það fram um það sem hún sagði, að með þessu sé hinn sögulegi réttur Íslendinga

metinn 190 þús. tonn, að svo er náttúrlega alls ekki. Hér er um samningsniðurstöðu að ræða. Í samningum þarf að taka tillit til margra atriða. Það þarf að taka tillit til sögulegs réttar og því höfum við haldið mjög á lofti. En dreifing stofnsins og önnur atriði koma þar líka til álita. Og að halda því fram að eingöngu geti verið um sögulegan rétt að ræða og það ráði fyrst og fremst og eingöngu úrslitum, er náttúrlega óraunhæft með öllu, þ.e. að reikna með að slík niðurstaða geti náðst.

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða sé mjög gagnleg og skýri málið, en ég hvet hv. þingmenn, sérstaklega stjórnarandstöðunnar sem hafa mælt mjög gegn þessum samningi, að kynna sér hann mun betur. Hann verður síðan ræddur betur í þeim nefndum sem fá hann til umfjöllunar á Alþingi og að sjálfsögðu þarf að fara yfir hann bæði í utanrmn. og sjútvn.

[18:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum gífurlega þýðingarmikið mál fyrir okkur Íslendinga, mál sem varðar í senn hagsmuni næstu framtíðar en einnig langtímahagsmuni. Auðvitað getum við verið sammála um að það skiptir afar miklu að ná samkomulagi milli þeirra þjóða sem mest eiga undir í máli sem þessu. Það væri því fagnaðarefni ef ráðherrar okkar kæmu nú til Alþingis með samning sem sammæli gæti verið um að væri viðunandi fyrir okkur út frá þessum markmiðum, bæði litið til næstu framtíðar og til lengri tíma. Því miður, og það blasir við af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, er þessu ekki svo háttað. Ég verð að segja að niðurstaðan sem hæstv. ráðherrar koma með frá Ósló veldur vissulega miklum vonbrigðum, hlýtur að gera það vegna efnis málsins og vegna þess mjög óvissa grundvallar sem varðar endurskoðunarmöguleika á þessum samningi til framtíðar litið.

Auðvitað er það svo að ýmis atriði sem tengjast þessu máli og því að það er komin niðurstaða í málið af hálfu stjórnvalda er jákvætt út af fyrir sig. Fyrr mætti vera ef það væri ekki. Við höfum verið að keppa að því að ná samningi um skiptingu og nýtingu á þessum stofni vegna þess að það er augljóst að það er knýjandi nauðsyn að fá þar niðurstöðu til þess að geta nýtt stofninn á sjálfbæran hátt og til framtíðar litið, einnig út frá okkar hagsmunum. Vissir kostir tengjast því auðvitað eins og fram hefur komið í umræðunni að samningur er gerður, þar á meðal að skipin sem síldveiðar koma til með að stunda geti gert það á hverri vertíð út frá því hvað þau megi sækja og hvar þau megi sækja aflann. Þetta skiptir máli sem og hin líffræðilega hlið málsins, að byggja undir möguleika á því að fullorðin síld skili sér inn á Íslandsmið. Allt er þetta mikils virði. En þegar litið er síðan til samningsniðurstöðunnar, þá eru uppi ekki aðeins álitamál heldur mjög neikvæðir þættir sem við hljótum að ræða opinskátt á Alþingi. Það kom satt að segja á óvart hvernig hæstv. utanrrh. flutti sitt mál í upphafi því að hann gerði í rauninni ekkert af því að vísa á þau tvísýnu atriði sem eru fólgin í þessu máli. Hann lagði málið ekki hlutlægt fyrir heldur hélt hann fyrst og fremst áróðursræðu fyrir þessum samningi og það er kannski skiljanlegt ef litið er á innihaldið.

Við vorum áreiðanlega sammála um það eftir þær lotur sem fram hafa farið í þessu máli að okkur bæri að stuðla að því að draga niður heildarveiðina með samkomulagi strandríkjanna að svo miklu leyti sem þau höfðu sóknina á valdi sínu, að þar legðu allir nokkuð í púkk. Niðurstaðan er hins vegar sú að veiðin af hálfu þessara fjögurra ríkja er 100 þús. lestir umfram það sem fiskifræðingar mæla með. Og til viðbótar kemur það að Evrópusambandið á eftir að sækja sinn hlut. Á því höfum við enga stjórnun eins og reynt hefur verið þó að læða inn í umræðuna á þessum sólarhring, þ.e. að við hefðum einhverja kosti að takmarka sókn Evrópusambandsins við eitthvað sáralítið eins og látið hefur verið að liggja. Betur að satt væri.

Síðan er það niðurstaðan, skiptingin á þessum 1.100 þúsund lestum milli þjóðanna. Það hefur margoft komið fram hvernig það eru Íslendingar og Færeyingar sem leggja í rauninni allt að mörkum til þess að þetta samkomulag náist. Þá er vísað á 6. gr., að þar sé lykillinn að því að breyta þessu hlutfalli í framtíðinni. Það er satt að segja alveg með ólíkindum hvernig ábyrgir ráðherrar í ríkisstjórninni, eins og við vonumst til að þeir séu, þeir reyna að vera ábyrgir, hvernig þeir reyna að skýra þessa 6. gr., mér lá við að segja rangtúlka hana, því að það er ekki hægt að meta það öðruvísi þegar það kemur fram í umræðunni hjá báðum þessum hæstv. ráðherrum að þar liggi öruggur lykill, eins og þeir flytja mál sitt, til þess að lyfta þessum 17% skiptagrunni upp fyrir Ísland á komandi árum. Með hvaða gleraugum les hæstv. sjútvrh. þessa 6. gr.? Það eru einhver önnur en ég ber á nefi. Það eru einhver önnur gleraugu því að (**Sjútvrh.:** Það eru mín gleraugu.) enginn fær lesið það út úr því sem þar stendur að við höfum þarna eitthvert sérstakt sóknarfæri, því miður. Betur að satt væri.

Það eru þó aðalhuggunarorð ráðherranna í umræðunni að þarna liggi möguleikinn. Hæstv. utanrrh. orðaði það í fyrri ræðu sinni svo að þessi 17% væru miklu minna en við gætum sætt okkur við til lengri framtíðar litið og álíka orð hafði hæstv. sjútvrh. uppi. Þeir eru í rauninni að dæma eigin verk með þessum málflutningi þegar menn líta til ákvæðanna sem eru fólgin í 6. gr. Þetta eru hinar döpru staðreyndir sem hér blasa við. Ég er satt að segja alveg hissa á því að menn skuli leggja í það að læsa samningi sem þessum eins og hér hefur verið gert. Og ég á eftir að sjá það að grannþjóð okkar, Færeyingar, sem við höfum reynt að standa saman með hafi gengið glöð til leiks, að fulltrúar þeirrar þjóðar hafi gengið glaðir til leiks að skrifa undir þennan samning í Ósló. Það skyldi ekki vera að næturvökurnar hafi að einhverju leyti verið vegna þess að það hafi þurft nokkuð að leggjast á Færeyinga til þess að fá þá með í þessa ferð ásamt okkur Íslendingum?

Ég óttast það, virðulegur forseti, og hef ástæðu til að ætla að grunnurinn að þessum samningi hafi verið lagður í samtölum íslenska utanrrh. og hinna norsku ráðherra fyrst og fremst og það hafi eitthvað skort á að haft hafi verið það samráð við Færeyinga sem eðlilegt hefði verið í sambandi við þetta mál. En eitt verð ég að nefna, því að réttilega hefur undirbúningur málsins verið gagnrýndur og viðurkennt hér síðast af hæstv. utanrrh. að eftir á að hyggja hefði átt að kveðja sjútvn. þingsins með. Ég sat fund utanrmn. síðasta laugardag og hafði þar uppi sterk varnaðarorð um þennan samning og gagnrýndi það mjög að sjútvn. þingsins skyldi ekki hafa verið kvödd til og hvatti til að það yrði gert áður en farið yrði til Óslóar.

En það eru fleiri atriði sem því tengjast og ætla ég þó ekki að rjúfa neinn trúnað gagnvart utanrmn. þingsins. Ég get haft uppi hvað ég sagði á þeim fundi og ég get líka haft uppi hvað ekki var sagt á þeim fundi. Eitt af því sem ekki kom fram á þeim fundi í máli hæstv. ráðherra var það stóra atriði að Norðmönnum ætti að hleypa inn í íslenska lögsögu og veita þeim tvo þriðju af hluta Íslendinga og meira að

segja Rússar fengju að smjúga þar inn líka. Yfir þessu var vandlega þagað af ráðherrunum í utanrmn. sl. laugardag á sama tíma og það var gyllt fyrir nefndinni að Jan Mayen lögsagan mundi opnast fyrir Íslendinga til síldveiða. Hver var ástæðan? Lá þetta ekki fyrir? Það lá a.m.k. fyrir alveg hreint upp á tonn hvernig skipta ætti þessum hlut. En lá það ekki fyrir síðasta laugardag að það ætti að opna landhelgina fyrir Norðmönnum til að veiða 127 þús. tonn? Ég krefst svara við því. Var það atriði sem kom upp í Ósló og sem fallist var á eftir á? Hver var ástæðan fyrir því að halda því leyndu fyrir utanrmn. þingsins?

Síðan er það að lokum, virðulegur forseti, eftirleikurinn í framhaldi af þessu ef Alþingi fellst á þennan gerning. Það er skipting aflans milli þeirra veiðiskipa sem nú hafa búið sig til síldveiða. Ég skil það svo af orðum ráðherranna að það eigi bara að úthluta öllum þessum sem sótt hafa um leyfi kvóta. Hvernig þeir ætla að skipta, það kemur væntanlega í ljós. Það er vandasamt verk og það er líka verk sem varðar framtíðina og nýtingu þessa stofns eða þess hlutar sem kemur í hlut okkar Íslendinga, þessa allt of lága hlutar sem gengið var frá og skrifað undir í Ósló.

[18:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði áðan í upphafi máls síns að nauðsynlegt hefði verið að sýna fram á að Íslendingar gætu samið. Ég tel, herra forseti, að það sem hafi verið sýnt fram á í þessum samningum sé að Íslendingar geti samið af sér. Ég vil rökstyðja það með nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að þessi samningur er gerður á þeim grundvelli að Íslendingar og Færeyingar beygja sig. Hæstv. ríkisstjórn hefur ávallt sagt að hún væri tilbúin að slaka á kröfum Íslendinga varðandi síldveiðikvóta ef aðrir gerðu slíkt hið sama. Þannig hefur málið ávallt verið kynnt fyrir alþingismönnum og fyrir þjóðinni en aðrir gera ekki það sama. Norðmenn eru með tvö og hálf-faldan kvóta á við Íslendinga eða voru með það samkvæmt einhliða ákvörðunum umræddra ríkja. Íslendingar og Færeyingar skera niður sína kvóta um tvö og hálf-falt meira en Norðmenn þurftu að gera. Samningarnir eru alfarið leystir á grundvelli þess að Íslendingar og Færeyingar fórna. Það skiptir ekki máli þó Norðmenn séu með tvö og hálf-falt meiri kvóta en þessar tvær þjóðir samanlagt, Íslendingar og Færeyingar verða að fórna tvö og hálf-falt meiri kvóta en Norðmenn.

Hvað fáum við í staðinn fyrir þessa fórn? Það er sagt: Við fáum m.a. það í staðinn að það er samkomulag um það að Rússar stundi ekki smásíldarveiðar í efnahagslögsögu sinni. Í samningunum í íslenskri þýðingu í lið 2.1 stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„5.000 lestir af aflahlutdeild Rússlands eru teknar frá fyrir veiðar í efnahagslögsögu Rússlands.“ Hvaða síld er veidd í efnahagslögsögu Rússlands? Það er smásíld. Vissulega hefur verið ákveðið eins og segir að þessi tonn, sem eru 10 þúsund þegar saman er lagt, verði látin óveidd í verndunarskyni, en Íslendingar eru búnir að skrifa undir og ljá samþykki sitt því að þessar þjóðir taki sameiginlega ákvörðun um það að heimila Rússlandi veiðar á smásíld innan efnahagslögsögu Rússlands þó það sé samkomulag um það að þessi kvóti verði ekki notaður á yfirstandandi ári. Þetta kalla ég ekki að fá það í sinn hlut að Rússar hafi samþykkt að halda sér frá þessum veiðum á hinni viðkvæmu smásíld innan efnahagslögsögu Rússlands.

Það kemur líka fram í þessari sömu grein að þegar árinu lýkur eiga Norðmenn og Rússar samanlagt óveiddan 10 þús. tonna kvóta af síld sem þeir geta væntanlega gert kröfu um að geta sótt á næsta fiskveiðiári þegar þessu lýkur.

Í öðru lagi var sagt að það sem við fáum í staðinn fyrir það samkomulag sem við höfum gert um fórnir á kvóta Íslendinga og Færeyinga sé að við náum stjórn á síldveiðum. Nú eru allar horfur á því að Efnahagsbandalagið haldi fast við sitt og vissulega hefur Efnahagsbandalagið alla möguleika til þess að sækja þær 150 þúsund lestir af síld sem þeir hafa ákveðið að taka sér. Þá erum við að tala um veiðar á u.þ.b. 25–30% meira magni af síld en fiskifræðingar hafa ráðlagt. Er það þannig sem við náum tökum á veiðunum?

Í þriðja lagi er sagt hér að það sem við fáum í aðra hönd fyrir þetta samkomulag sé að við séum búnir að fá viðræðuaðila okkar til þess að fallast á hvaða vinnuferli eigi að nota við framtíðaráætlanir og framtíðaráform um skiptingu síldveiðikvótans á milli þjóðanna. Það hljóðar svo í íslenskri þýðingu, með leyfi forseta:

„Aðilar skulu nota niðurstöður vinnuhópsins sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni um verndun stofnsins, skynsamlega nýtingu hans og stjórnun veiða úr honum, m.a. vegna hugsanlegra breytinga á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Við sérhverja endurskoðun skal tekið tilhlýðilegt tillit til dreifingar allra hluta stofnsins.“

Það er ekki alveg ljóst hvað fyrir mönnum vakir. Það er ekki mikil vissa sem menn fá með þessu samningsákvæði. En það er þó eitt sem menn skulu hugleiða í þessu sambandi. Þessi ákvæði og ýmis önnur ákvæði þessarar bókunar hafa framtíðargildi, þ.e. þetta eru ekki tímabundin ákvæði. Það er ekki eins og með kvótaúthlutunina fyrir árið 1996 verið að gera samning sem er tímabundinn. Þetta er ótímabundið ákvæði sem við höfum ákveðið og samþykkt að lúta, svona eigum við og ætlum okkur að fara að með framtíðarákvörðun um heildaraflakvóta á síld og skiptingu á honum milli þjóðanna. Við erum búin að festa okkur í þessu fari. Og ég spyr hvað gerist að árinu 1996 liðnu? Þá erum við búnir að undirrita í samningi milli þjóðanna hvernig sú ákvörðun á að byggjast upp og það er ótímabundið. Þessari spurningu hefði verið hægt að kasta fram ef hæstv. ráðherra hefði látið svo lítið að hafa samráð við t.d. sjútvn. þingsins áður en þessi ákvörðun var tekin. Og ég spyr: Getum við t.d. á árinu 1997 tekið þá ákvörðun að úthluta sjálfum okkur einhliða síldveiðikvóta eða erum við búin að binda okkur með þessum ótímabundna samningi í ákveðið ákvarðanaferli sem við verðum að nýta til þess að brjóta ekki það samkomulag sem við höfum gert? Erum við með þessum samningi að afsala okkur þeim rétti sem við höfum haft? Ef við erum ekki sáttir við samkomulag það sem hugsanlega gæti tekist við aðrar þjóðir, getum við þá ákveðið einhliða okkar kvóta? Getum við ákveðið einhliða okkar kvóta á árinu 1997 ef við erum ekki sáttir við niðurstöðu af því vinnuferli sem hér er verið að samþykkja eða erum við í framtíðinni bundnir af því að ákvörðunin eigi að ganga með þessum hætti fram? Það er auðvitað meginatriðið í málinu og það liggur ekki ljóst fyrir ef menn lesa samninginn eins og hann hefur verið kynntur okkur alþingismönnum.

Þá vil ég taka undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Það er ekkert smámál að opna íslenska fiskveiðilögsögu fyrir öðrum þjóðum. Sú ákvörðun hefur aldrei verið kynnt, hvorki

í sjútvn., sem ekkert hefur verið rætt við, né í utanrmn., né á hv. Alþingi, né meðal þjóðarinnar að það stæði til af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar að opna íslenska fiskveiðilandhelgi fyrir öðrum þjóðum. Hvað þá heldur að kynnt hafi verið að það standi til án gagnkvæmni, án þess að við fáum þá rétt til fiskveiða í fiskveiðilögsögu annarra ríkja á móti. Við opnum landhelgi okkar fyrir Rússum til veiða á 5 þúsundum tonnum af síld. Hvar er gagnkvæmnin í því samkomulagi? Hvaða heimildir fáum við á móti til að veiða í rússneskri fiskveiðilandhelgi? Enga. Við opnum okkar fiskveiðilandhelgi fyrir Norðmönnum svo þeir geti veitt þar 130 þúsund tonn af síld á næsta ári. Hvaða aðgang fáum við að norskri fiskveiðilandhelgi á móti? Og ég er ekki að tala um landhelgina á Jan Mayen svæðinu sem sérstakt samkomulag var gert um hvernig með skyldi fara þann 13. júní árið 1980. Ég er ekki að tala um það. Ég er að tala um fiskveiðilögsögu Noregs þar sem Norðmenn sjálfir veiða mestallan sinn síldarafla. Hvar er gagnkvæmnin þar, herra forseti? Hver er okkar réttur til þess að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Noregs sem við ættum að fá um leið og við afhendum þeim réttinn til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Mönnum kann að yfirsjást að þetta er sennilega stærsta málið af því öllu saman því að þarna eru Íslendingar að setja fordæmi um að opna fiskveiðilögsögu sína án þess að nokkur gagnkvæmnisréttur sé veittur á móti. Við opnum hana fyrir Rússum, við fáum ekki að veiða í rússneskri landhelgi á móti. Við opnum hana fyrir Norðmönnum. Við fáum ekki að veiða í norskri fiskveiðilögsögu á móti heldur við Jan Mayen þar sem Jan Mayen samkomulagið opnaði hvort eð var möguleika Íslendinga til veiða þar.

Það eru þrír til fjórir sólarhringar eftir þar til íslenskir útgerðarmenn halda til síldveiða. Þeim er tilkynnt það núna með þessum skamma fyrirvara að hæstv. sjútvrh. ætli sér að úthluta aflakvóta á komandi veiðar. Og ég spyr: Með hvaða hætti hyggst hann gera það? Ætlar hann að gera það á grundvelli veiðireynslu? Ætlar hann að gera það með einhvers konar jöfnunaráthlutun á milli allra þeirra sem sótt hafa um leyfi eða ætlar hann að gera það með blöndu af hvoru tveggja? Það hefur ekkert samráð verið haft við Alþingi um þessi mál. Það hefur lítið samráð verið haft við hagsmunaaðila. En þegar aðeins þrír til fjórir sólarhringar eru eftir þar til þessi stóri floti hefur veiðar er það frumkrafa að hæstv. ráðherra svari svo einfaldri spurningu sem þessari.

[18:41]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það getur að sjálfsögðu alltaf orkað tvímælis að ganga til samninga um viðkvæm deilumál og vissulega er það svo í þessu máli að það orkaði tvímælis hvort það ætti að freista þess að ná samningum strandríkjanna um þessar veiðar eða hvort við ættum að skeika að sköpuðu og fara okkar fram í samvinnu við Færeyinga. Og vissulega orkar margt tvímælis í samningstextanum sem komið er með heim.

En hvað er það sem skiptir máli í þessum samningi? Það er það sem eru aðalatriðin fyrir okkar hagsmuni, Íslendinga. Þau hljóta að vera að hérna fáum við kvóta upp á 190 þúsund tonn sem við getum verið nokkuð viss um að okkur muni takast að veiða. Og ekki nóg með það. Okkur mun takast að veiða hann í formi sem er verðmætara, dýrmætara fyrir okkur en ella, feitari síld, verðmætari afurðir. Og það er auðvitað svo um þetta eins og svo oft að það er betra að hafa fiskinn öruggan í hendi en óvissuna af því að ná eitthvað fleiri tonnum en ella. Við fáum þarna að vísu færri tonn en að öllum líkindum jafnmikil ef ekki meiri verðmæti en við hefðum fengið.

Menn segja: Við erum búin að slaka út 54 þús. tonnum. Málið er ekki svo einfalt. Það er ekki bara þessi hlið á því. Það er líka sú hlið á því sem kom fram í máli ráðherrans að þessi 244 þús. tonn voru auðvitað engin töfratala. Þau voru sett fram í ljósi þess að það þyrfti að slaka á í samningum ef til þeirra kæmi. Ég minnist þess að það voru ýmsir þingmenn sem töldu að þetta væri allt of lág tala, það hefði átt að vera miklu hærri kvóti sem Íslendingar og Færeyingar nældu sér í. Þá hefði mátt með hundalógík halda því fram að við hefðum slakað enn þá meira á þeirri kröfu. En hið raunhæfa í málinu var það að við kynnum að reyna að ná samkomulagi einhvers staðar í kringum 200 þús. tonn. Þetta er það fyrsta.

Í öðru lagi er að með þessum samningi náum við fótfestu til framtíðar sem ekki var fyrir hendi áður. Við fáum tryggingar fyrir því að það verði í samkomulagi þjóðanna í framtíðinni tekið tillit til þess að Íslendingar eiga ákveðinn rétt og síldin er hluti af náttúru Íslands. Hún kemur inn í íslenska fiskveiðilögsögu þótt ekkert verði sagt um það fyrir fram hvenær það gerist eða í hve miklum mæli. Því miður eru horfurnar þessa dagana ekki þær að það gerist núna þótt það breytist vonandi. Við fáum fótfestu til framtíðar í þessu máli og það eru langtímahagsmunirnir sem ráðherrarnir hafa talað um, utanrrh. og sjútvrh.

En það er líka fleira í þessu máli, m.a. það að búið er að brjóta ísinn gagnvart því að semja við strandríkin, þessar nágrannaþjóðir okkar um mál af þessu tagi. Haldið þið að það sé létt verk fyrir norsku ráðherranna að „presentera" þennan samning gagnvart sínum umbjóðendum heima í Noregi sem hafa sagt: „Íslendingar eiga ekki að fá neitt, ekki nokkuð skapaðan hlut. Þeir eiga ekki að fá einn einasta fisk úr þessum stofni." Við erum búin að brjóta ísinn og fá formlega viðurkenningu á því að við eigum réttmætan hlut. Menn geta síðan deilt um það hvort að það sé akkúrat þessi prósenta eða önnur. Auðvitað hefðum við viljað fá meira og ef við hefðum staðið einir að þessu hefðum við getað skammtað okkur meira. En við erum búin að fá hér mikilvæga viðurkenningu á því að Ísland er aðili að þessu máli og það er stór biti að kyngja fyrir norsk stjórnvöld og fyrir norska hagsmunaaðila. Ég tala nú ekki um fyrir Rússa sem ekki hafa mátt til þess hugsa að Íslendingar fengju meira en þeir út úr svona samningi. Þannig að það eru margar hliðar á þessu og þetta er auðvitað ekki einfalt mál. En ég tel að þessi rök um að brjóta ísinn skipti miklu máli því þau sýna fram á þá pólitísku hlið málsins að það er hægt að semja um þessa hluti og auðvitað ber okkur Íslendingum skylda til þess að reyna að ná samningum um þessi fiskveiðimál. Við höfum þá líka sýnt það sjálfir með þessum samningi að við getum samið um þessa hluti og við ætlum okkur að gera það. Við viljum lifa í friði við nágranna okkar og við viljum sitja með sanngjörnum hætti við það borð þar sem þessum gæðum er deilt milli ríkja. Þess vegna er þetta ekki bara efnahagsleg og fiskifræðileg spurning til skamms tíma eða lengri tíma. Þetta er líka pólitísk spurning sem lýtur að samskiptum okkar við önnur ríki, lýtur að samskiptum okkar við nágrannaríkin í Atlantshafinu og þess vegna er það ekki síst mikilvægt að mínum dómi að ná samningi sem þessum. En við skulum gá að því að hér erum við að tala um kvótaskiptingu til eins árs og menn mega ekki tala hérna eins og sumir hafa gert í þessum umræðum eins og búið sé að skipta til frambúðar

þessum veiðiréttindum. Það er einfaldlega ekki þannig. Ég tel að við höfum náð þeirri fótfestu sem við getum staðið á til að sækja fram til frekari hlutdeildar og nýtingar á þessum mikilvæga stofni.

Utanrrh. benti á að það væri engin fullvissa fyrir því að síldin kæmi inn í landhelgina á þessu sumri og það er heldur ekkert víst að okkur mundi takast að veiða hana í síldarsmugunni svokölluðu á þessu sumri. Kannski hefði hún öll farið inn í Jan Mayen lögsöguna. Hver veit? En aðalatriðið er það að hér getum við byggt á grunni sem nú er búið að skapa, byggt á grunni sem hér liggur fyrir og er viðurkenndur af fólki, aðilum, ríkjum, sem til skamms tíma hafa ekki mátt til þess hugsa að Íslendingar fengju nokkurn einasta rétt viðurkenndan í þessu máli. Það held ég að sé stóra málið í þessu.

[18:48]

Útbýting þingskjala:

Álbræðsla á Grundartanga, 511. mál, fsp. HG, þskj. 920.
Losun koltvísýrings, 512. mál, fsp. HG, þskj. 921.

[18:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér sýnist að sá samningur sem við ræðum hér í dag byggi fyrst og fremst á tvennu. Í fyrsta lagi því að það var pólitískt metnaðarmál núverandi utanrrh. að semja og eins og fram kom í hans máli var eitt af því mikilvægasta að við höfum sýnt að við getum samið. Það er e.t.v. nokkurs virði fyrir hæstv. ráðherrann. En hitt sem þessi samningur byggir á er trúnaðartraust. Í þessum samningi og því sem hæstv. ráðherrar segja um hann kemur fram mikið trúnaðartraust gagnvart hinum strandríkjunum, sérstaklega gagnvart Norðmönnum. Ég hlýt að setja spurningarmerki við það trúnaðartraust vegna þess að sagan segir okkur að við höfum ekki sótt gull í greipar Norðmanna. En ef við lítum til þess sem hér er talið mikilvægast í samningnum, en það er 6. gr. hans, og síðan þess hvernig hæstv. ráðherrar túlka hana í fréttatilkynningu, þá er það ljóst að hún er túlkuð býsna afdráttarlaust af íslenskum stjórnvöldum. Því hér segir, með leyfi forseta:

„Ef tekst að ná markmiðum samningsins um verndun og uppbyggingu stofnsins mun þetta ákvæði um vægi dreifingar stofnsins leiða til aukinnar hlutdeildar Íslands á komandi árum."

Herra forseti. Miðað við texta 6. gr. finnst mér þetta fyrst og fremst lýsa því trúnaðartrausti sem þessi samningur byggir öðrum þræði á. Til þess að við sem hlýðum nú á boðskapinn tökum hlutunum eins og ætlast er til þá er okkur líka bent á að setja okkur í spor annarra. Við verðum að setja okkur í spor annarra svo við áttum okkur á því að það voru ekki bara við sem vorum að fórna, hinir voru líka að fórna jafnvel þó þeir fengju meira. En á móti hljótum við líka að spyrja, þjóð sem byggir sína afkomu svo ríkulega á fiskveiðum: Er þess þá ekki að vænta að aðrir setji sig í okkar spor? Er þetta það sem trúnaðartraustið m.a. byggir á, að við setjum okkur í spor annarra?

Mér sýnist, herra forseti, að menn fari hér fram af, ég segi ekki glannaskap, en alla vega af mikilli bjartsýni og ég ætla að leyfa mér að vona fyrir okkar hönd að hún byggi á nokkru sterkari stoðum en þeim sem hér eru fram bornar.

Það kom fram, herra forseti, í upphafsræðu hæstv. utanrrh. að með þessu væri búið að ná tökum á heildarstjórnun veiðanna. Það er því miður ekki svo og þó svo að hér hafi komið fram í ræðum beggja ráðherranna að þeir telji að við höfum betri stöðu, þessi fjögur ríki saman, til að standa gegn ásókn Evrópubandalagsins í veiðar á síldarstofninum, þá hafa engin svör komið við því hvernig við hyggjumst bregðast við henni. Mér finnast þau svör a.m.k. það fátækleg að í þeim er lítil huggun. Ég held að það þurfi að koma til nokkuð betri tryggingar fyrir því sem menn treysta í þeim efnum en þær sem hér hafa verið reifaðar því það er alveg ljóst að Evrópusambandið mun fara sínu fram.

Það á eftir að skipuleggja þessar veiðar. Reyndar hefur þessi samningur augljóslega verið það lengi í undirbúningi að ég trúi ekki öðru en að nokkur undirbúningsvinna á því hafi farið fram. En ég held að það liggi þó á borðinu að þær forsendur, sem reglugerðin byggðist á, þar sem allir máttu senda inn umsókn séu í veigamiklum atriðum brostnar. Við erum að tala um allt annað magn en þar var um að ræða og við erum líka hætt við þá aðferð sem þá var byggt á. Þá stóð til að nota þessa svokölluðu ólympísku aðferð, þ.e. að menn fengju veiðileyfi og síðan veiddi hver sem betur gæti þar til heildarkvótinn væri uppurinn. Nú stendur til að skipta aflanum niður á skip. Það hefur verið margítrekað í þessari umræðu eftir hvaða reglum það ætti að gerast. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson rakti þær mögulegu leiðir sem til þess eru. En ég vil bæta hér við þeirri leið að hæstv. sjútvrh. bjóði upp þá síldarkvóta sem nú verða til ráðstöfunar. Það er alveg ljóst miðað við það magn sem nú er um að ræða og miðað við það að menn ætla sér að reyna að ná síldinni á sem hagkvæmastan hátt, að sækja hana síðar til Jan Mayen, að þá verður það þannig að einhver af þeim skipum sem hafa sótt um þau eiga þess ekki kost að gera úr síldinni þau verðmæti sem vonir okkar standa til. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að það sé íhugað nú þegar við erum að úthluta þessum gæðum, því gæði eru það, að þau verði boðin upp. Hvaða réttlæti er í því að þessum síldarkvóta verði úthlutað ókeypis til þeirra sem enga veiðireynslu hafa einu sinni til að réttlæta það þó með og síðan geti þeir verslað með þessa kvóta að vild? Ef ekki verður hægt að framselja þá kvóta sem úthlutað verður þá erum við auðvitað ekki að tala um þá hagkvæmni veiða sem menn eru hér að láta sig dreyma um. Þess vegna vil ég ítreka það að ef menn vilja hafa eitthvert réttlæti og ég tala nú ekki um frið um þessar úthlutanir, þá ætti hæstv. ráðherrann að láta af þeirri stefnu sem hann hefur viljað fylgja og bjóða upp þessa síldarkvóta. Það er þá ljóst að þau skip sem telja sig geta gert úr síldinni mest verðmæti eru líklegust til að veiða hana. Við erum hvort eð er að úthluta hér nýjum gæðum og þessar veiðar byggja ekki á reynslu sem hægt er að byggja úthlutun kvóta á.

Herra forseti. Þegar verið var að taka ákvörðun um það að Íslendingar tækju sér tiltekið magn í samvinnu við Færeyinga þá var mjög á því hamrað að það magn sem ákvarðað yrði yrði ekki í því rétta samhengi við það sem menn ákvörðuðu í fyrra svo ekki mætti kallast fordæmi. Það voru býsna margir sem vöruðu við því að sú ákvörðun sem við tækjum núna gæti skapað fordæmi sem yrði erfitt að semja sig frá. Ég held að menn hafi óttast að það yrði erfiðara að komast upp. Ég held að engum hafi dottið í hug að þetta „fordæmi" sem þarna skapaðist yrði nýtt til þess að fara niður, að minnsta kosti ekki að það yrði svo að Íslendingar og Færeyingar færu niður á meðan Norðmenn nánast halda sínu og Rússarnir bæta við sig. Mér finnast það ekki boðleg rök að með þessum niðurfærslum á kvótum okkar og Færeyinga séum við að kaupa Norðmenn og Rússa frá smásíldarveiðum.

Og í lokin. Þessi samningur byggir á trúnaðartrausti. Allt orkar tvímælis þá gert er. Ég vona, herra forseti, að það trúnaðartraust hafi þá innstæðu sem ráðherrarnir hér eru að kynna.

[18:59]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Þó vil ég ítreka eftirtalin atriði sem að mínu mati eru hættumerki við þennan samning:

Í fyrsta lagi er heildarmagnið sem um var samið enn þá 100 þús. lestum umfram það sem fiskifræðingar hafa mælt með.

Í öðru lagi er lögsaga okkar opnuð Norðmönnum og Rússum og ég vil ítreka fyrirspurn hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um það hvers vegna þetta ákveðna atriði var ekki rætt í hv. utanrmn. laugardaginn var. Lágu þær hugmyndir ekki fyrir á þeirri stundu?

Í þriðja lagi slökum við meira á í okkar málflutningi en Norðmenn og veikjum því að mínu mati stöðu okkar til framtíðarsamninga meira en þeir.

Í fjórða lagi er allt í óvissu um veiðar ESB og því er ekki hægt að vita hve mikið verður endanlega veitt úr stofninum. Þetta eru allt saman hættumerki.

Auk þess vil ég nefna þann ókost að við höfum lækkað heildarkvóta okkar mjög mikið eða allt niður í 190 þús. tonn. Hvaða áhrif það hefur á þann rétt okkar í framtíðinni að ákveða einhliða okkar kvóta er mjög óljóst að mínu mati. Eða er ekki svo? Þetta hljómar því kannski veikt, það skal viðurkennt en meðrökin eru helst þau að væntanlega verður minna veitt úr stofninum en ella og því eru vaxandi líkur á sjálfbærri nýtingu á síldarstofninum. Svo má benda á þá skoðun Hafrannsóknastofnunar að ef síldin nær að eldast þá aukist líkurnar á því að hún gangi til Íslands. En nú má spyrja: Hefði ekki verið alveg eins gott í raun að gera svona samkomulag einhliða, þ.e. að lækka okkar kvóta bara niður í 190 þús. tonn ef það er fyrst og fremst það að minnka veiðarnar sem vakir fyrir okkur? Það munar svo sem ekki það mikið um það sem hinir hafa lækkað sig. Þá þyrftum við ekki að opna lögsögu okkar fyrir Norðmönnum og Rússum og þá hefðum við að mínu mati meira frelsi til þess að ákveða næsta ár okkar kvóta einhliða. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað það er við þennan samning umfram það sem við hefðum náð með því að lækka okkar hlutdeild niður í 190 þús. tonn. Eða var það fyrst og fremst sá pólitíski ávinningur sem næst við það að semja við önnur ríki? Var það fyrst og fremst pólitískt metnaðarmál ráðherranna að ná samningum óháð því um hvað yrði samið? Eða eru þarna hagsmunir í húfi sem ég kem ekki auga á umfram þá sem ég hef nefnt?

[19:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hv. þm. varpar hér fram þá er ástæða til þess að ítreka það að þessi samningur er mjög mikilvægur áfangi og treystir stöðu okkar að mörgu leyti. Við erum í fyrsta lagi að stíga mikilvægt skref til þess að takmarka heildarveiðarnar og tryggja þar með framtíðarhagsmuni okkar. Og við erum að fá viðurkenningu samstarfsaðila okkar á því að dreifing stofnsins eigi að verða grundvöllur að framtíðarskiptingu hans. Við höfum haft þá kröfu uppi frá því að viðræður hófust að dreifingin ætti að liggja til grundvallar þegar stofninn hefði tekið upp sitt gamla göngumynstur og komið inn í íslenska landhelgi. Við höfum hins vegar sagt að við yrðum á meðan við bíðum eftir því að síldin komi inn í landhelgina að fá miklu stærri hlut en dreifingin segir til um eins og hún er núna. Hvort tveggja þetta fallast samstarfsþjóðir okkar á. Loks er þess að geta að samningurinn gefur okkur nýja viðspyrnu til þess að takast á við Evrópusambandið. Það er sannarlega ekki hluti strandþjóðanna sem á sögulegan rétt til þessara veiða. Það hefur hins vegar yfir að ráða mikilli veiðigetu og því mikilvægt að reyna að takmarka veiðar þeirra. Það er ljóst að ef strandríkin hefðu ekki komið sér saman um málið þá hefði verið alveg úti um það að koma málum þannig fyrir að Evrópusambandið dragi úr veiðunum. Þannig eru fjölmörg atriði í þessu sem snerta mikilvæga hagsmuni okkar bæði í bráð og lengd og gjörsamlega út í bláinn að halda því fram að við hefðum náð markmiðum okkar með því einhliða að draga úr veiðunum. Það lá alltaf ljóst fyrir áður en viðræðurnar hófust að við værum tilbúnir til þess að draga meir úr okkar veiðum en aðrir til þess að ná samkomulagi. Auðvitað geta menn deilt um það hversu mikið það átti að vera. En hvort það var 10 þús. tonnunum meira eða minna finnst mér ekki skipta öllu máli þegar við erum að treysta stöðu okkar til framtíðar.

Ég vil svo, herra forseti, þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram í dag. Þær hafa um margt skýrt málið og skýrt afstöðu einstakra þingmanna og flokka til málsins. En það var mikilvægt að hreinskiptin umræða færi fram um þennan samning um leið og hann lægi fyrir.

Fundi slitið kl. 19:07.

---

132. FUNDUR

þriðjudaginn 7. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðstoð við Bosníu, 488. mál, svar utanrrh., þskj. 915.

Framhaldsskólar, 94. mál, þskj. 918.

Gjaldþrot einstaklinga, 439. mál, svar dómsmrh., þskj. 916.

Gjaldþrot sl. tíu ár, 433. mál, svar dómsmrh., þskj. 917.

Réttarstaða fólks við gildistöku EES-samningsins, 426. mál, svar félmrh., þskj. 914.

Athugasemdir um störf þingsins.
Starfshættir í umhverfisnefnd.

[13:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til þess að ræða um starfshætti í umhvn. þingsins, þar sem ég á sæti, af sérstöku tilefni sem ljóst varð í morgun að yrði efni til þess að gera athugasemd við vinnubrögð af hálfu forustu í nefndinni.

Þar gerðist það að tekið var út úr nefnd frv. til laga um náttúruvernd, með ákvörðun meiri hlutans þrátt fyrir eindregin mótmæli af hálfu fulltrúa í nefndinni sem bentu á það að frv. gæti ekki talist hálfunnið af hálfu nefndarinnar en þetta stóra mál sem vísað var til nefndar 11. mars og leitað var umsagna um kom fyrst fyrir í nefndinni 16. apríl og hefur verið til meðferðar á fjórum fundum þar til það var á þessum fundi tekið út úr nefnd. Það var fyrst á aukafundi í nefndinni sl. föstudag að raunveruleg vinna gat hafist um þingmálið innan nefndarinnar en þá stóð svo á að ekki mættu fleiri til aukafundar af hálfu stjórnarmeirihlutans en tveir þingmenn og er mæting kafli út af fyrir sig, einkum af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. í þessari þingnefnd það sem af er þinginu. En ég ætla ekki að gera það að stóru máli í þessu samhengi þó að ástæða væri til að draga það fram.

En það sem nú gerist er að nýtt frv. til laga um náttúruvernd er tekið út úr umhvn. hálfkarað án þess að búið sé að fara eðlilega yfir umsagnir og annað sem fram hefur komið af hálfu gesta í nefndinni, það keyrt í gegn þrátt fyrir andmæli okkar sem höfum reynt að taka þátt í störfum umhvn. á þinginu, og hvað mig snertir á fyrri þingum óháð því hvort ég væri í minni hluta eða meiri hluta þar við borðið, ég hef reyndar verið þar minnihlutamegin frá því að nefndin hóf störf eða frá því 1991, ekki alveg frá byrjun á starfi nefndarinnar.

Vinnubrögðum af þessu tagi vil ég mótmæla, virðulegur forseti, í svo stóru máli sem varðar almannaheill og það verður auðvitað ekki til að greiða fyrir þingstörfum þegar þannig er staðið að málum af hálfu meiri hlutans í þinginu og jafnlítil alúð lögð við svo stórt mál eins og hér er um að ræða.

[13:35]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vísa á bug þeirri gagnrýni sem kom fram frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Meðferð málsins í þingnefndinni hefur á allan hátt verið í samræmi við þinglegar venjur, engum hefur verið varnað þar máls, þangað höfum við fengið starfsmenn ráðuneytisins þrisvar. Allir gestir, sem óskað var eftir að kæmu fyrir nefndina, komu til fundar. Umsagnir hafa legið frammi, efnisleg umræða hefur farið fram í nefndinni, boðið hefur verið upp á aukafund, lokatillaga meiri hlutans um afgreiðslu málsins var rædd ítarlega í morgun, tillögur minnihlutamanna hafa verið teknar til greina og að ýmsu leyti teknar inn í lokaafgreiðsluna. Ég vísa því þessum ásökunum og mótmælum algerlega á bug. Ég hef ráðfært mig á hverju stigi þessa máls við þingreynda menn því að í engu vil ég níðast á jafnágætu fólki og starfar með mér í nefndinni, hvorki í meiri hluta né minni hluta. Það er samdóma álit allra eftir því sem málið hefur farið fram við hvert stig þess að með engum hætti sé hallað á rétt manna eða hann brotinn með einum eða öðrum hætti.

Mér þykir miður að þetta mál skuli hafa verið tekið upp með þessum hætti en virði eins og ég hef alltaf gert þær skoðanir sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sett fram um þetta efni.

[13:37]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um vinnubrögð umhvn. og það varðar aðallega vinnubrögð varðandi frv. um náttúruvernd ríkisins. Það er hægt að taka undir þá gagnrýni hversu lítið stjórnarþingmenn hafa verið við, vinna við þetta frv. hefur byggst mjög á stjórnarandstöðunni og ég tek undir þá gagnrýni. Ég tek líka undir — eins og ég gerði í morgun þegar ég samþykkti að málið yrði tekið út með fyrirvara um ákveðin atriði sem ég tel að verði að laga og reyndar í trausti þess að farið verði í endurskoðun og endurvinnu við frv. um náttúruvernd ríkisins því að það er ekki nægjanlega þroskað til þess að hljóta afgreiðslu. En ég held að formaður hafi staðið sig mjög vel, verið sanngjarn í umfjöllun um þetta og önnur mál. Það hefur verið gagnrýnt að hann tæki ekki nægjanlega upp þingmannamál en það hefur orðið bragarbót á því núna á síðustu fundum og ég vonast til þess að hann taki þeirri gagnrýni eðlilega sem þar er fram sett en að öðru leyti tek ég undir sérstaklega þá gagnrýni sem kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um að það sé óeðlilegt að það sé stjórnarandstaðan sem sjái aðallega um framkvæmd vinnu við mál hjá umhvn. ásamt með formanni og einum til tveimur fulltrúum að auki hjá ríkisstjórninni.

[13:39]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Mér finnst þau ummæli sem hér hafa komið fram vera ósanngjörn. Ég er einn af stjórnarþingmönnum sem sitja í umhvn. og tel mig hafa mætt mætavel á fundi þeirrar nefndar. Þannig vildi til að í síðustu viku var ég ekki á landinu og eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veit þá hefur hann stöku sinnum brugðið sér af landi brott og þess vegna ekki getað mætt á fundi umhvn. eða annarra nefnda. (Gripið fram í.) Ég er reyndar nýgræðingur í pólitík og það er margt að læra í pólitíkinni og það er dálítið sérkennilegt andrúmsloft sem skapast einmitt á lokadögum þingsins. (**Gripið fram í:** Meðan Hjörleifur er úti.) Hins vegar er ég vanur að vinna og þess vegna kemur mér á óvart þegar svona andrúmsloft myndast. Ég þarf auðvitað að læra það eins og margt annað en það er til orð í stjórnun um þetta hugtak. Það er skapandi tregða og ég er ekkert frá því að skapandi tregða svífi núna yfir vötnunum.

[13:40]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég finn mig knúna til að taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram og ég tel hana fyllilega réttmæta. Samstarfið í hv. umhvn. hefur hingað til gengið mjög vel að minni hyggju. Við höfum verið með stórmál undir, nýja löggjöf á ýmsum sviðum og rætt málin ítarlega og leitt þau sameiginlega til lykta. Því miður hafa þingmannamálin mætt afgangi eins og hér hefur komið fram vegna þess hve brýn og stór mál við höfum verið með í nefndinni og reyndar hefur verið fast gengið eftir því af hálfu stjórnvalda að þau væru afgreidd. Fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðu og reyndar einnig þingflokks Framsfl. hafa sótt fundi vel og dyggilega, jafnt aukafundi sem reglulega fundi, því að þeir hafa sannarlega verið fleiri en einn og fleiri en tveir. Sama verður því miður ekki sagt um hinn stjórnarflokkinn. Sæti fulltrúa hans eru sjaldnast fullskipuð nema til standi að afgreiða mál frá nefndinni, þá eru atkvæði þeirra nauðsynleg þó að fulltrúar Sjálfstfl. hafi kannski ekki komið að

málinu á annan hátt. Þetta eru auðvitað léleg vinnubrögð og ámælisverð.

Ég lýsi miklum vonbrigðum með störf nefndarinnar hvað varðar umfjöllun og afgreiðslu frv. um náttúruvernd og tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram um hvernig staðið hefur að þeim vinnubrögðum. Þetta þingmál er gríðarlega mikilvægt fyrir þróun náttúruverndar í landinu og verðskuldar ítarlega og góða umfjöllun og skoðanaskipti, að ég tali ekki um mikilvægi þess að menn reyni til hins ýtrasta að ná samkomulagi um flest atriði þess. Því var beinlínis hafnað af meiri hlutanum að farið væri sameiginlega yfir frv. grein fyrir grein eins og eðlilegt og sjálfsagt er. Það var boðið upp á aukafund sagði hv. formaður umhvn. Það var boðið upp á aukafund í síðustu viku og við sóttum þann fund. Það var ekki um annan dag að ræða en í gær og það var aukafundur í síðustu viku og það á að vera aukafundur í þessari viku og hvað veit ég hvað þeir verða margir. Ég hafna því algerlega að hér hafi verið um einhverja skapandi tregðu að ræða af hálfu stjórnarandstöðunnar eða nokkurra fulltrúa í nefndinni og harma það að þessi vinnubrögð skyldu vera viðhöfð.

[13:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem er sett fram á störf umhvn. Ég tel óhjákvæmilegt að tekið verði á þessum málum, einnig með hliðsjón af því að fjölmörg önnur mál en hér hafa verið nefnd liggja fyrir öðrum þingnefndum þar sem mikið vantar á að menn gefi sér nægilegan tíma til að taka á málum. Í því sambandi vil ég t.d. nefna yfirferð efh.- og viðskn. yfir fjöldamörg mál sem liggja þar fyrir. Ég gæti nefnt fleiri mál til sannindamerkis um það að nú líður að þeim tíma að Alþingi fari að vinna illa. Nú líður að þeim tíma að menn gætu lent í því að vanda sig ekki nógu mikið. Nú líður að þeim tíma að menn gætu farið að samþykkja lög sem verði að leiðrétta strax á næsta þingi. Ætli það væri ekki skynsamlegt við þær aðstæður að sýna í lágmarki og í hófi skapandi tregðu þegar fljóta yfir borð þingmanna fleiri, fleiri þingmál og frv. frá ríkisstjórninni sem er knúið á um að verði afgreidd á tiltölulega mjög stuttum tíma oft mjög lítið vandað. Þess vegna vil ég taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram og skora á forustu þingsins að beita sér fyrir því að betur verði haldið utan um málin. Ég bendi á að samkvæmt starfsáætlun Alþingis á því að ljúka á miðvikudaginn kemur. Ég bendi á að þeirri starfsáætlun hefur ekki enn þá verið breytt. Enn þá liggur ekki fyrir forgangslisti ríkisstjórnarinnar. Þó að stjórnarandstaðan hafi óskað eftir þessum forgangslista þá liggur hann ekki enn þá fyrir. Það er því augljóst að þingstörfunum er stefnt í hnút og þann háska að menn vandi sig ekki nægilega mikið við afgreiðslu þingmála hér næstu daga.

[13:45]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að sumu leyti endurtaka þau orð sem hér komu fram og bæta nokkrum atriðum við. Það er rétt að samstarf í umhvn. hefur verið mjög gott og ánægjulegt. Menn hafa lagt sig þar fram, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Það er ljóst að innan nefndarinnar er fólk sem hefur mikla þekkingu og vill umhverfismálum og lagasetningu um þau allt hið besta. Það er hins vegar ekki hægt að sitja undir því að vera beittur röngum ásökunum eins og hér var gert. Það var boðið upp á aukafund í framhaldi af síðasta fundi. Sá fundur fór algerlega í það að fjalla um frv. efnislega. Þar lagði meiri hlutinn fram efnislegar tillögur. Það var óskað eftir þeim svipuðum frá minni hlutanum. Minnihlutafólk lagði fram sitt mál, þetta var rætt og sömuleiðis var þetta rætt í morgun. Það er því rangt að við þessu hafi ekki verið orðið. Engum hefur verið varnað máls, allir hafa komið fyrir nefndina sem þess hafa óskað eða við höfum boðið þangað. Auk þess hafa farið fram ítarleg samtöl utan nefndarfunda þar sem ég hef leitast við að ná samkomulagi í nefndinni um ákveðin atriði. Í þeim samtölum og ekki síður á nefndarfundunum hefur komið í ljós að það er ágreiningur í grundvallaratriðum um stjórnsýsluþátt frv. og þegar það var ljóst var vitað að ekki þýddi að reyna að ná saman nema það tækist í þeirri úrslitatilraun sem ég gerði í morgun þegar ég óskaði eftir því að fá að vita hverjir væru tilbúnir til að standa að því áliti sem lagt var þar fram. Ég veit að við munum eiga ánægjulegt samstarf áfram í umhvn. en ítreka að með engum hætti var brotið á einstaklingum né nefndarmönnum og þingleg meðferð var öll eins og best getur verið þó svo að við höfum fullnýtt þann tíma sem til ráðstöfunar var núna undir lokin.

[13:48]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Mér þykja afar sorgleg ummæli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Kristínar Halldórsdóttur um störf umhvn. í þessu máli. Menn ættu að líta aðeins til baka og skoða forsögu þessa máls, hvernig að þessu máli var unnið á síðasta kjörtímabili, bæði af hálfu ráðuneytisins og eins af hálfu þingsins. Menn ættu að hugsa til nefndarinnar sem ekki skilaði af sér og var leyst upp einu og hálfu ári eftir að hún átti að skila af sér og hugsa til þess að þetta mál var lagt fram á þessu þingi í þriðja skipti. Síðan er kvartað yfir því að málið hafi ekki fengið nægja umfjöllun og að menn mæti ekki til þess að sinna störfum sínum. Það var ágætlega að orði komist hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni þegar hann ræddi um skapandi tregðu en tregða þeirra hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Kristínar Halldórsdóttur í þessu máli er allt annað en skapandi. Það er tregða niðurrifsins, það er tregða sem skaðar, það er tregða sem skaðar þróun náttúruverndar. Þessir hv. þm. hafa sett sér það markmið að koma í veg fyrir að frv. verði samþykkt á Alþingi. Liður í því var að reyna að koma í veg fyrir að það kæmist út úr þingnefndinni. Þetta hlýtur öllum að vera ljóst sem með þessu máli hafa fylgst. Það er hins vegar meiri hluta Alþingis að koma í veg fyrir það að minni hlutanum takist að stöðva mál sem meirihlutafylgi er fyrir.

Ég vil að lokum, herra forseti, undrast þau orð hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann segir að nú líði að þeim tíma að Alþingi fari að starfa illa. Hv. þm. Svavar Gestsson er þingreyndari maður en ég en ég kannast ekki við að Alþingi starfi illa. Hann getur kannski sagt það af sínum eigin vinnubrögðum, vinnubrögðum sinna eigin flokksmanna. En að lýsa slíku yfir hér úr ræðustól hv. Alþingis finnst mér forkastanlegt. Það dæmir sig í raun og veru sjálft.

[13:50]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hafa fallið allstór orð af hálfu stjórnarliða, síðast frá hv. þm. Árna M. Mathiesen. Það er kannski forboði þess sem koma skal af hálfu stjórnarliða í sambandi við efnislega umfjöllun um þetta mál. Formaður nefndarinnar telur að vinnubrögðin séu með ágætum og hann fer með rangt mál í sambandi við umfjöllun um málið. Það er fyrst á aukafundi þar sem tveir stjórnarliðar eru viðstaddir sl.

föstudag að farið er að ræða frv. efnislega. Það var að minni kröfu sem byrjað var á því. Það var farið yfir 13 greinar af 40. Punktur. Síðan kemur nefndarálit og breytingartillögur meiri hlutans í morgun inn á þingnefndarfund og það er ekki einu sinni ráðrúm til að lesa það yfir á nefndarfundinum. Þá er kveðið upp úr um það að nú sé komið að skilum í þessu máli. Þannig eru vinnubrögðin.

Hvað um þingmannamálin í nefndinni? Það er fyrst eftir afgreiðslu þessa máls að þingmannamál fást tekin á dagskrá þrátt fyrir loforð á loforð ofan af formanni nefndarinnar í febrúarmánuði um að það skuli gert eftir að búið var að afgreiða frv. um erfðabreyttar lífverur, loforð sem ekki var staðið við, því miður. Þar á meðal er frv. um breytingu á lögum um náttúruvernd, frv. sem ég hef flutt ásamt fleiri þingmönnum. Umsagnir lágu fyrir um það í janúar en það hefur ekki fengist á dagskrá nefndarinnar þótt það varði það frv. sem tekið var út úr nefndinni í morgun. Þetta eru vinnubrögðin, virðulegur forseti.

Það mætti margt segja um viðveru í nefndinni að því er varðar fulltrúa Sjálfstfl. Ef maður sæi ekki suma þeirra á þingfundum stöku sinnum mundum við ekki þekkja þá eða varla það. Þannig er þetta nú og það þrátt fyrir ákvæði 17. gr. þingskapa með vísun í 53. gr. um mætingu í þingnefndum. Þetta er líka alvörumál, virðulegur forseti, og ég vísa því frá að við þingmenn í umhvn. séum að fjalla um þessi mál með það í huga að stöðva mál, „af því bara" eins og hér er haldið fram af hv. þm. Árna M. Mathiesen. Ég harma að svona skuli staðið að mjög þýðingarmiklu máli. Svo mikið er víst að það er hætt við að sá sem stóð að framgangi frv. um náttúruvernd 1971, Eysteinn Jónsson, fari að snúa sér við þar sem hann nú liggur.

[13:53]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú er senn liðinn sá tími sem ætlaður er til umræðna um störf þingsins í upphafi þingfunda og ég gef tveimur ræðumönnum til viðbótar orðið í trausti þess að um verði að ræða stuttar athugasemdir.

Hv. 8. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[13:53]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að bera af mér sakir. Það var borið á mig af hv. 2. þm. Reykn. að ég ynni illa hér í þinginu og ég stend hér upp til að mótmæla því. Að öðru leyti vil ég segja að það sem ég sagði var ekki það að Alþingi fari að vinna illa heldur sagði ég að það væri hætta á því að Alþingi færi að vinna illa. Það er hætta á því að menn hætti að vanda sig. Ef hv. þm. telur þessi aðvörunarorð einskis verð er það hans að meta það svo.

[13:54]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skal virða tilmæli hæstv. forseta um að gera aðeins stutta athugasemd. Ég verð að mótmæla orðum hv. 2. þm. Reykn., Árna Mathiesens, og mótmæla því hvernig hann gerir þingmönnum upp skoðanir og sjónarmið. Ég ber þetta mál sem hér hefur einkum verið um rætt fyrir brjósti eins og ég vænti að hv. þm. geri einnig. Og ég vil fá réttmætt ráðrúm til þess að fjalla um það. Um þetta snýst málið.

Hér var sagt að nú liði að þeim tíma að hætta væri á að þingið færi að vinna illa. Ég er hrædd um, herra forseti, að sá tími sé kominn.

Umræður utan dagskrár.

Kaupin á Íslenska menntanetinu ehf.

[13:56]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þann 23. apríl sl. barst fréttatilkynning frá menntmrn. þar sem kynnt var að ráðuneytið hefði keypt sig inn í Íslenska menntanetið, eignarhaldsfélag, sem er eitt af, að ég held, sex hlutafélögum og eignarhaldsfélögum sem starfa á almennum markaði og í einkaeign að því að selja aðgang að Internet-kerfinu. Þessi kaup bar mjög brátt að, m.a. svo brátt að mér er kunnugt um að rektor Kennaraháskóla Íslands heyrði fyrst um þessi kaup í útvarpsfréttum. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða nauðsyn bar til að kaupa með þessum hætti eitt af þeim sex félögum í einkaeigu sem stunda sambærilega þjónustu við neytendur? Eitt af þessum sex félögum er t.d. Miðgarður hf. og ég veit ekki betur en að það selji hæstv. menntmrh. þjónustu sína.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða skilaboð er hér verið að senda til aðila sem eru í samkeppni? Ef svo kynni að hafa farið að Íslenska menntanetið hf., sem var í greiðslustöðvun, hefði ekki getað haldið áfram er ég alveg sannfærður um að það hefði mátt semja við önnur þjónustufyrirtæki einnig í einkaeigu um að veita sambærilega eða sams konar þjónustu og menntanetið hefur veitt. Hvaða skilaboð telur hæstv. menntmrh. að sé verið að senda öðrum einkavæddum fyrirtækjum með því að ríkið leysi til sín eignir í Íslenska menntanetinu ehf. með þessum hætti?

Í þriðja lagi langar mig til þess að vekja athygli á því að hér er um mikla fjárfestingu að ræða. Það eru greidd fyrir þessi kaup af hálfu ríkisins 21 millj. kr. Mér er kunnugt um að það er álitið af sérfræðingum að tölvueign og önnur áþreifanleg eign í Íslenska menntanetinu ehf. hafi numið um það bil 9,5 millj. kr. Þarna er því verið að kaupa eitthvað annað svo sem eins og viðskiptavild og hugbúnað. Ég vildi gjarnan fá að vita eitthvað um hvað verið er að kaupa og hvernig það er verðlagt með vísun til þess að ekki er langt síðan mjög voru gagnrýnd hér á Alþingi kaup hæstv. þáv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar á útgáfufélaginu Svart á hvítu þar sem m.a. var verið að kaupa óáþreifanleg verðmæti fyrir allháa fjárhæð. Ég vil gjarnan fá að vita frá hæstv. ráðherra hvað verið er að kaupa og hvað verið er að greiða fyrir hvern þátt í rekstrinum fyrir sig.

Í fjórða lagi langar mig til að benda á að það er engin heimild fyrir þessum kaupum. Alþingi hefur ekki veitt heimild fyrir þessum kaupum í fjárlögum og fjárln. fékk ekki að vita af þessum kaupum fyrr en með bréfi til formanns fjárln. sem dags. er 26. apríl 1996 eða þremur dögum eftir að kaupin höfðu átt sér stað. Það var ekki einu sinni haft samráð við fjárln. um þessi miklu kaup. Hæstv. menntmrh. er þarna að skuldbinda ríkissjóð fyrir hárri fjárhæð, 21 millj. kr., án lagaheimilda og án samráðs við hv. fjárln. fyrr en eftir að kaupin fóru fram. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á að fyrir Alþingi liggur nú frv. sem hæstv. fjmrh. flutti um fjárreiður ríkissjóðs. Það bíður nú samþykktar á Alþingi eftir meðhöndlun í sérstakri nefnd. Ef það frv. væri orðið að lögum hefði hæstv. menntmrh. verið óheimilt að ganga þannig til verks. Það er vissulega gagnrýnivert að hæstv. fjmrh. skuli leggja fram frv. af því tagi sem lýsir slíkri stefnu sem það frv. lýsir um takmörkun á heimildum ráðherra til að skuldbinda ríkissjóð og almenna skattborgara, en á sama tíma skuli sami

ráðherra eiga hlut að því að svo háum fjárhæðum sé varið úr ríkissjóði án formlegra heimilda.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að fá upplýsingar um þessi mál frá hæstv. menntmrh. Ég er ekki að gagnrýna hans gerð eða gagnrýna starfsemi Íslenska menntanetsins. Ég tel það nauðsynlegt að við fáum upplýst hvaða gerningar hafa farið fram, í hverra umboði, hvað hefur verið keypt og hvernig hæstv. ráðherra ætlar að tryggja sér heimild fjárveitingavaldsins fyrir þeim ráðstöfunum á fé almennings sem hann hefur gert með undirskrift sinni.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Um er að ræða kaup á Internetmiðstöðvum fyrir Kennaraháskóla Íslands og Verkmenntaskólann á Akureyri til að þessir skólar geti til skemmri og lengri tíma veitt kennslufræðilega þjónustu á Internetinu í samræmi við stefnu menntmrn. Innifalinn er allur búnaður á þessum tveimur stöðvum, tengingar við háhraðanet, stofngjöld vegna leigulína og tenging við Internetið á Íslandi ehf. Innifalið í þessu eru einnig kaup á vefum sem nýtast munu þessum aðilum og skólakerfinu í heild, námsefni, uppsetningarleiðbeiningar og kennslugögn vegna námskeiða fyrir kennara og skóla. Verið var að bjarga hagsmunum sem hefði kostað mun meira að byggja upp frá grunni. Ekki eru keyptar landmiðstöðvar Ísmenntar, enginn skrifstofubúnaður, notendatölvur eða annað sem hefur verið á skrifstofu og tæknideild fyrirtækisins. Hins vegar er keyptur tengibúnaður í Kennaraháskóla Íslands og Verkmenntaskólann á Akureyri og mótöld fyrir aðgang þeirra skóla sem það vilja nýta sér. Aðrir skólar tengjast með öðrum hætti, t.d. um Póst og síma. Til lengri tíma litið munu flestir í skólum tengjast á annan hátt, annaðhvort sjálfir beint inn á Internetið eða í gegnum þjónustuaðila. Aðeins skólar og aðrar menntastofnanir munu tengjast með þessum hætti. Ekki verður seld þjónusta til einkaaðila. Ætlunin er að skólar greiði fyrir þjónustu menntanetsins þannig að hún standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði.

Varðandi heimildir er það rétt að í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir að Íslenska menntanetið sé keypt. Hins vegar hefur menntmrn. á sínum fjárlagalið fjárveitingar til tölvumála og mun sá liður nýtast í þessum tilgangi. Auk þess hefur fjárln. verið sent erindi um þetta og verið mælst til þess að litið verði á þetta mál með velvilja þegar kemur að því að taka ákvarðanir um aukafjárveitingar síðar á þessu ári eins og venja er og er alls ekki óeðlilegt að til þess verði litið þegar skoðaðir eru þeir gífurlega miklu hagsmunir sem eru í húfi fyrir allt skólakerfið, að þessi starfsemi getið haldið áfram. Það eru 300 manns sem stunda fjarnám og ef þessi starfsemi Íslenska menntanetsins hefði lagst niður eins og við blasti, þá hefði ríkissjóður lent í miklu meiri útgjöldum en nemur þessari 21 millj. kr. sem nefnd var sem kaupverð fyrir þennan hluta Íslenska menntanetsins. Það er algerlega rangt að halda því fram að fyrirtækið allt hafi verið keypt. Sá hluti þess sem lýtur að skólastarfinu var keyptur til þess m.a. að 300 nemendur sem eru í fjarnámi gætu haldið áfram sínu námi í vetur og lokið prófum og einnig í því skyni að tryggja áframhaldandi þjónustu við skólakerfið á þeim forsendum sem Íslenska menntanetið hefur gert á undanförnum árum.

Það eru full rök fyrir þessu. Það skoðuðu þetta mál sérfræðingar bæði innan og utan menntmrn. sem mæltu eindregið með því að til þessa væri gengið með hagsmuni ríkisins í huga, með hagsmuni skólakerfisins í huga og með hagsmuni þeirra í huga sem innan skólakerfisins og innan menntakerfisins hafa notið þjónustu Íslenska menntanetsins. Ég vil vekja athygli á því að um 90% skóla hér á landi eru tengdir inn á netið í gegnum þetta kerfi og er það miklu hærra hlutfall en nokkurs staðar. Það hefði orðið reiðarslag fyrir skóla- og menntakerfið ef þessi starfsemi hefði lagst niður þannig að ég tel að hér hafi alls ekki verið illa farið með opinbert fé. Þvert á móti hafi þetta verið ráðstöfun sem sé til þess fallin að spara opinbert fé þegar til lengdar lætur og treysta þessa mikilvægu starfsemi í íslenska skólakerfinu.

Það er alrangt að halda því fram að þessi kaup hafi komið rektor Kennaraháskóla Íslands í opna skjöldu. Starfsmaður Kennaraháskólans var þátttakandi í þessari samningagerð og tók fullan þátt í henni þannig að menn vissu mætavel þar að hverju stefnt var. Og það stendur nú fyrir dyrum að semja um það við Kennaraháskóla Íslands að hann taki þessa þjónustu að sér og reki hana í umboði menntmrn. og verður um það gerður sérstakur samningur við skólann.

[14:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er samningur menntmrn. við Íslenska menntanetið ehf. um að kaupa menntatengda þjónustu fyrirtækisins. Mér er ekki ljóst hvort þingheimur gerir sér grein fyrir því að Íslenska menntanetið með frumkvöðulinn Pétur Þorsteinsson á Kópaskeri í fararbroddi hefur unnið það afrek að samtengja yfir 90% skóla landsins í þessu neti. Engu öðru landi í heiminum hefur tekist að ná svona langt. Svíar hafa t.d. aðeins samtengt um 25% sinna skóla á þennan hátt og þeir eru núna að leggja í milljarða kr. kostnað í þessu skyni. Á meðan erum við að fárast yfir tveimur tugum milljóna. Í fréttatilkynningu frá menntmrn. frá 23. apríl segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjárhagsstaða Íslenska menntanetsins hefur verið mjög slæm og nýlega fékk fyrirtækið greiðslustöðvun. Ef rekstur fyrirtækisins hefði lagst niður hefði Internet-þjónusta við aðila í menntakerfinu stöðvast. Skólar, nemendur og kennarar hefðu misst póstföng sín og netaðgang. Allir vefir á menntanetinu hefðu orðið sambandslausir. Allir póstlistar sem reknir eru á Íslenska menntanetinu hefðu orðið óvirkir og fjarnám nokkur hundruð einstaklinga hefði lagst niður."

Þar er m.a. átt við það merkilega fjarnám sem nú á sér stað í Kennaraháskóla Íslands. Það kemur einnig fram í þessari fréttatilkynningu að samvinna hefur verið höfð við Samband íslenskra sveitarfélaga um framgang málsins og mun það eiga aðild að stjórnun og rekstri menntanetsins.

Herra forseti. Kennslufræðilegur þáttur þessa máls er svo mikilvægur að það hlaut aðeins að vera spurning um hvenær en ekki hvort menntmrn. kæmi inn í þetta mál og tæki við stjórn Íslenska menntanetsins. Mér finnst það mjög eðlilegt að fela Kennaraháskóla Íslands málið. Þar með er ég alls ekki að segja að það eigi ekki að bjóða út tæknilegar hliðar þessa máls ef það er spurning um samkeppni eða annað slíkt, en kennslufræðilegur þáttur málsins hlýtur að vera í höndum menntamálayfirvalda.

Að mínu mati er Íslenska menntanetið dæmi um tæknilegt undur sem hér hefur þróast til heilla fyrir skólakerfið í landinu. Það ber að varðveita og bæta með því að menntamálayfirvöld komi nálægt þessu og taki stjórnina í sínar hendur. Ég vona að hv. fjárln. verði við þeirri beiðni að af þessum kaupum geti orðið.

[14:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er því miður mjög sjaldgæft að það takist hjá einstaklingum eða fámennum hópum að rífa upp þróunarverkefni, t.d. í menntamálum sem geta skipt sköpum um framtíð. Það tel ég að Pétri Þorsteinssyni á Kópaskeri hafi tekist. Hann er í raun og veru byltingarmaður í skólamálum með þessu menntaneti sem hann þróaði í upphafi frá Kópaskeri við ótrúlega frumstæðar aðstæður. Niðurstaðan er sú að verulegur hluti íslenskra skólabarna í grunnskólum hefur aðgang að Íslenska menntanetinu og einnig unglingar í framhaldsskólum. Ég er þess vegna sammála hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur um að það var eðlilegur og sjálfsagður hlutur að menntmrn. gengi í það að bjarga málinu. Það hefði þýtt hrun hjá mörgum þúsundum íslenskra ungmenna ef ekki hefði verið gripið í taumana í tæka tíð. Það er alveg ljóst. Í því sambandi nægir að nefna fjarnámið til kennaraprófs við Kennaraháskóla Íslands þar sem eru um 100 nemendur og þeir eru daglega að nota þetta kerfi. Það má nefna fjarnám við Fósturskólann og það má nefna fjarnám við Verkmenntaskólann á Akureyri sem er nýfarið af stað. Í því eru núna 100 nemendur og geta sjálfsagt orðið fleiri áður en langur tími líður.

Ég tel líka fagnaðarefni að það hefur verið tekin ákvörðun um að vista Íslenska menntanetið í Kennaraháskólanum. Þar á það nákvæmlega heima. Ég tel hins vegar að það hefði átt að standa betur að ákvörðunum um fjármögnun málsins og það hefði verið auðvelt fyrir menntmrn. að tryggja eðlilegt samráð við fjárln. um málið sem mér finnst að hafi ekki verið gert þó ég fagni ákvörðuninni sem slíkri.

[14:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að það sé verið að fjargviðrast yfir þessari aðgerð. Það er alrangt. Það er verið að fjargviðrast yfir vinnubrögðum. Það geri ég a.m.k.

Ég vil, herra forseti, byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu og upplýsingar sem hafa komið fram. En það sem er fyrst og fremst gagnrýni vert í þessu máli er að málið ber þannig að þessari virðulegu stofnun, Alþingi, að þingmenn heyra um málið í fréttum fjölmiðla. Og sem fulltrúi míns flokks í fjárln. mótmæli ég því að nefndin er í vaxandi mæli notuð sem afgreiðslustofnun. Ég hef haft um þetta orð áður, m.a. í umræðum um fjáraukalög. Það er verið að taka ákvarðanir án kynningar og án samráðs við fjárln. Ég tek undir að það varð að bjarga þessu máli sem hér er um að ræða þannig að hátt í 300 nemendur í fjarnámi á menntanetinu gætu haldið áfram námi. En ég mótmæli fyrst og fremst vinnubrögðum. Það hefur ekkert staðið á fjárln. að koma til fundar hvenær sem er, á hvaða tíma sem er, ef þörf hefur verið á. Ég tel, hæstv. menntmrh., að það hafi ekki legið svo mikið á að það hefði ekki mátt kalla okkur saman til örstutts fundar til kynningar um málið og þá hefði þetta mál aldrei komið hér upp í sölum Alþingis sem utandagskrárumræðumál.

[14:13]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í ræðum annarra ræðumanna sem hafa talað á undan að það ber nauðsyn til að bjarga starfsemi Íslenska menntanetsins sem er merkilegt fyrirtæki. Ég ætla ekki að ræða það nánar efnislega. Ég vil aðeins geta um hvernig málið bar að fjárln. af því að það hefur komið til umræðu. Það kom til fjárln. erindi varðandi þetta mál þrem dögum eftir að samningurinn var gerður. Nú er það ekki einsdæmi út af fyrir sig. Við höfum samt eigi að síður rætt það hvernig mætti bæta þessi vinnubrögð, hafa samband við fjárln. eða samráð á frumstigi, ekki síst vegna þess að nú situr fjárln. og hefur umboð eins og aðrar nefndir þingsins allt árið. Það er verið að herða á þeim ákvæðum með nýrri löggjöf um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Ég vil taka það fram að auðvitað vill fjárln. hafa slíkt samráð á frumstigi og ég held að það sé gott fyrir viðkomandi mál og framgang viðkomandi mála. Þetta dæmi er ekkert einsdæmi, þ.e. að það hafi verið haft samráð við fjárln. eftir á um fjárgreiðslur. Sennilega er þetta að þokast í rétta átt frá því sem áður var meira að segja. Eigi að síður vil ég taka fram að það er rétt að hafa samráð við fjárln. um mál af þessari stærðargráðu á frumstigi þegar samningur er gerður og áður en hann er undirritaður.

Ég vildi taka þetta fram vegna þess að þetta hefur komið til umræðu varðandi málið. En það breytir því í engu að ég tel að þetta sé skynsamleg ráðstöfun út af fyrir sig og málið er í sjálfu sér ekki einsdæmi eins og ég hef tekið fram.

[14:15]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir að taka þetta mál til umræðu vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt og nauðsynlegt fyrir þingheim og aðra sem á okkur hlýða að fá af því fregnir hversu mikilvæg og nauðsynleg ráðstöfun það var sem menntmrh. stóð fyrir, að tryggja hagsmuni þeirra fjölmörgu sem eiga viðskipti og hafa átt viðskipti við Íslenska menntanetið. Sú ráðstöfun að kaupa þann þátt þess sem hæstv. menntmrh. hefur gert grein fyrir var nauðsynleg. Ég held að allir séu sammála um það og það hefur komið fram í þessari umræðu. Þess vegna er hún gagnleg.

Vegna þess sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi um heimildir til kaupanna, þá er það auðvitað rétt að ef frv. og breytingartillögur með því um fjárreiður ríkisins væri orðið að lögum, þá hefði óöruvísi verið farið að undirbúningi málsins. En engu að síður og þrátt fyrir þá löggjöf sem vonandi verður afgreidd nú fyrir þinglok, þá verða hæstv. ráðherrar jafnan að bregðast við innan þeirra heimilda fjárlaga sem þeir hafa. Hæstv. menntmrh. hefur bent á það að ráðuneytið hefur að sjálfsögðu heimildir til þess að nýta fjármuni sem lúta að tölvuvæðingu m.a. til þessara hluta.

Ég vil nefna eitt til viðbótar og það er að í tengslum við Íslenska menntanetið hefur verið komið upp svæðisstövum um landið sem hafa veitt þjónustu í landshlutunum. Ein slík svæðisstöð til upphringinga inn í menntanetið er við Samvinnuháskólann í Bifröst. Það liggur fyrir hvað varðar rekstur þeirra sem m.a. sveitarfélögin hafa komið að, m.a. á Vesturlandi, þá er ekki tryggt hvernig rekstur svæðisstöðvanna verður í framtíðinni. Ég vil nefna það hér að það er nauðsynlegt í framhaldi af þessari mikilvægu aðgerð að tryggja að þær geti haldið stöðu sinni og eðlilegir og nauðsynlegir samningar náist við Póst og síma um forsvaranlega gjaldtöku á þeirri þjónustu sem svæðisstöðvarnar þurfa að veita. En þrátt fyrir mikilvægt og gott mál verður að tryggja nauðsynlegar heimildir í fjárlögum eða fjáraukalögum hverju sinni. Það vil ég undirstrika.

[14:18]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð inn í þessa umræðu sem er í sjálfu sér gagnleg. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa brugðist við og tekið á þessu vandamáli sem kom upp þegar óljóst var um framtíð Íslenska menntanetins vegna þeirrar miklu þjónustu sem það hefur veitt íslensku menntakerfi og þá ekki síst fjarnáminu. Ég tel að hæstv. menntmrh. hafi brugðist rétt við að kaupa þarna ákveðinn hluta af þessari starfsemi. Ég ætla ekki að dæma um upphæðir í því sambandi. Það hefur verið unnið afreksverk á þessu sviði eins og hefur komið fram áður í umræðunni. Við höfum komið okkur upp ódýrari þjónustu við skólakerfið, við menntakerfið heldur en ég leyfi mér að fullyrða að þekkist annars staðar eins og kom fram í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og í máli fleiri þingmanna. Hæstv. menntmrh. stóð því frammi fyrir því að taka á máli sem var vandasamt og ég tel að hann hafi brugðist rétt við. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Málið kom fyrst til kasta Alþingis fyrir allmörgum árum þegar við fluttum nokkrir þingmenn þáltill. sem fjallaði um það að menntmrh. beitti sér fyrir því að skjóta styrkari stoðum undir þessa starfsemi. Sú tillaga var ekki samþykkt, en ég tel að hún hafi hreyft við málinu. Ég hef því haft ánægju af því að fylgjast með hvernig það hefur þróast á réttan hátt á síðustu árum og ég vona að svo verði áfram

[14:20]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hún er merkileg þessi þróun sem varð á Íslandi með nettengingu langflestra grunnskóla landsins. Hún er merkileg fyrir þær sakir að hér var á ferðinni þróun sem var mörgum árum á undan því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Hún var mun ódýrari en hún hefði annars orðið og hún var merkileg vegna þess að frumkvæðið kom frá litlum stað úti á landi. Það var kannski einmitt þess vegna sem þetta undur gerðist að hugvitsmaður sem bjó í dreifbýli sá þarna kost til þess að stytta boðleiðir. Það var kannski líka engin tilviljun að fjarnám hófst sömuleiðis úti á landi hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Ég held að það frumkvöðulsstarf sem þarna átti sér stað hafi leitt okkur öll í sanninn um að þarna var á ferðinni tækni sem sérstaklega við Íslendingar gátum nýtt okkur svo fá sem við erum í þessu stóra landi. Þess vegna var þetta skref sem stigið var á sínum tíma enn þá merkilegra.

Í þeirri ákvörðun sem menntmrh. tók þegar ákveðið var að kaupa Íslenska menntanetið eða þann hluta af því sem sérstaklega tilheyrir skólakerfinu, fólst ákveðin pólitík sem ég fagna vegna þess að það var pólitík í þá veru að verja starf sem unnið hefur verið og halda áfram að byggja á þeim grunni sem kominn er.

Ég fagna því jafnframt að Kennaraháskólinn tekur netið að sér. Þar er það á réttum stað og ég veit að það verður þróað áfram í þágu íslenskra skóla.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Saga uppbyggingar Íslenska menntanetsins er næsta sérstök ef ekki einstæð. Það starf hófst með brautryðjendastarfi Péturs Þorsteinssonar á Kópaskeri og tilurð Imbu. Ég tel þetta vera eitthvert merkasta framtak einstaklings af þessu tagi í sögu skólamála eða upplýsingatækni hér á landi og jafnvel þótt víðar væri leitað. Það vill svo til að ég þekki það líka persónulega að þetta brautryðjendastarf kostaði miklar fórnir, þrautseigju og elju sem er næsta ótrúleg. En svo er komið að mikilvægi þessa starfs er óumdeilt og gildi þess að hafa það áfram við lýði. Það var þess vegna ósköp einfaldlega þannig að hæstv. menntmrh. átti að mínu mati ekkert val um það að grípa varð til einhverra þeirra ráðstafana sem tryggðu áframhaldandi starfsemi Íslenska menntanetsins. Um það getur ekki verið nein deila.

Með því er ég út af fyrir sig ekki að taka afstöðu í einstökum atriðum til nákvæmlega þeirrar aðferðar sem hæstv. ráðherra greip þarna til. Ég þekki ekki í smáatriðum innihald þess máls. Ég læt nægja að segja það eitt að ég vona að menn láti þar ekki smámál villa sér sýn í samanburði við hitt að tryggja áframhald þessarar starfsemi. Það væri stórslys eftir það sem á undan er gengið og í ljósi þess að við Íslendingar erum þarna öðrum þjóðum fordæmi, ef við létum það á síðari stigum málsins vefjast fyrir okkur að tryggja áframhaldandi starfrækslu menntanetsins. Ég vona því að hæstv. ráðherra, ráðuneyti hans og einnig þingið, fjárln. og aðrir aðilar, tryggi það með fullnægjandi hætti að þessum markmiðum verði náð, þ.e. að ekki komi neinir hnökrar á áframhaldandi starfrækslu menntanetsins.

[14:24]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, er Íslenska menntanetið mjög merkilegt frumkvæði einstaklings í menntamálum og það er athygli vert. Þetta kerfi hefur sýnt sig að vera ódýrt og mjög skilvirkt og langt á undan sinni samtíð. Það hefur gagnast þjóðinni mjög mikið. Þetta hefur gert það að verkum að menn hafa getað stundað fjarnám löngu fyrr en ella hefði orðið og þetta er allt á grundvelli einkaframtaks eins manns.

Síðan hafa aukin samkeppni og ytri aðstæður valdið því að þetta fyrirtæki hefur lent í vandræðum og það krafðist hraðrar ákvörðunar sem hæstv. menntmrh. tók til að leysa þennan vanda. En ég beini því til hæstv. ráðherra að hann noti nú tækifærið og geri þjónustusamning við Íslenska menntanetið því að það stendur til að þetta haldi áfram og þetta verði greitt. Það er hægt að gera þjónustusamning við fyrirtækið eða þetta nýja menntanet og síðan verði leitað eftir hlutafé til þess að taka yfir þetta fyrirtæki og reka það aftur, þ.e. einkavæða það eftir að búið er að gera þjónustusamning. Þá geri ég ráð fyrir því að það einkaframtak sem varð til þess að menntanetið varð svona árangursríkt muni halda áfram að blómstra og valda því að við Íslendingar munum sjá aftur á þessu sviði menntamála ákveðið frumkvæði einstaklinga.

[14:26]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Við skulum ekki missa sjónar á aðalatriði málsins. Íslenska menntanetið er hlutafélag sem ber að vísu það nafn en er hlutafélag eins og öll önnur hlutafélög á þessum markaði sem stunda sambærilega þjónustu. Þetta hlutafélag hefur vissulega unnið merkileg störf, en það hafa ýmis hlutafélög gert. Þetta hlutafélag lendir í erfiðleikum og þarf á greiðslustöðvun að halda þannig að það er fyrirsjáanlegt að það stefnir í gjaldþrot. Auðvitað koma þá upp vandamál um þjónustu við þá aðila sem þetta hlutafélag hefur þjónustað. Hæstv. menntmrh. leysir það með því að gera kaupsamning við félagið og kaupa af því verðmæti fyrir 21 millj. kr. Hann hefði t.d. getað spurst fyrir um það hjá öðrum fyrirtækjum sem selja þjónustu á markaðnum hvort þau geti tekið að sér að veita sambærilega þjónustu fyrir minna fé. En það er ekki gert heldur er þessi ákvörðun tekin.

Þá er auðvitað spurningin þessi: Hvað er hæstv. ráðherra að kaupa? Það liggur fyrir eftir fróðra manna sögn að í hæsta lagi sé búnaður sá sem keyptur er, þó hann sé metinn á endurkaupsverði, á 9–9,5 millj. Þarna er því verið að kaupa eitthvað annað fyrir 10–11 millj. kr. Og hvað er það? Í kaupsamningnum er nefnt að það sé m.a. verið að kaupa nafnið, það sé verið að kaupa viðskiptavild, það sé verið að kaupa kennslustofninn og það sé verið að kaupa viðskiptasamböndin við skólana, við skóla í eigu ríkisins. Mikið af því efni sem er inni á þessu neti er unnið af skólunum sjálfum því það eru skólarnir sjálfir sem hafa þróað verulegan hluta af þessu, m.a. allt kennsluefni sem er inni á netinu. Er ríkið að kaupa efni af einkafyrirtæki sem ríkisskólar hafa sjálfir unnið?

21 millj. kr., virðulegi forseti, er talsvert mikið fé í skólamálum á Íslandi og fyrir það er hægt að gera ýmislegt. Ég ætla ekki að gagnrýna það en ég spyr aftur vegna þess að ég fékk ekki svar við því: Hvað var verið að kaupa? Hvers var viðskiptavildin metin, viðskiptasamböndin, nafnið á fyrirtækinu? Hver var þessi kennslustofn sem var inni á netinu? Var það kennslustofninn sem Kennaraháskóli Íslands hafði unnið? Þetta liggur ekki fyrir, virðulegi forseti. Það er alveg sama hversu málið er gott, þá skulum við ekki gleyma því að hér er um einkafyrirtæki að ræða, fyrirtæki í einkaeigu sem þarna er verið að veita sérstaka þjónustu. Ég spyr hvort það séu þá fordæmi um þjónustu annarra sambærilegra fyrirtækja sem veita skólum eða menningarstofnunum aðgang að Interneti. Ef þau lenda í greiðsluerfiðleikum má þá vænta þess að hæstv. fjmrh. og menntmrh. hlaupi undir bagga með þeim og bjargi rekstri fyrirtækjanna með slíkri fyrirgreiðslu?

[14:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í upphaflegu svari mínu hvað var verið að kaupa þannig að ég tel ástæðulaust að fara aftur út í það. Ég vil þakka þessar ágætu umræður. Þær hafa verið mjög gagnlegar til þess að upplýsa um þá hagsmuni sem voru í húfi. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að 21 millj. kr. fyrir það sem hér er í húfi séu ekki miklir peningar sama hvernig menn skilgreina það og sama til hvaða sérfræðinga hv. þm. Sighvatur Björgvinsson leitar. Ég veit ekki hvaða sérfræðingar það eru eða hvaða aðstöðu þeir hafa haft til þess að kynna sér málið. Sérfræðingar sem ég leitaði til og fóru ofan í málið og grandskoðuðu það telja að þetta verð sé síður en svo eitthvert eyðslufé af hálfu ríkisins eða að verið sé að kasta þessu á glæ. Þvert á móti er það eins og fram hefur komið að hér er um gífurlega mikla hagsmuni að ræða sem snerta skólakerfið. Íslenska menntanetið, það fyrirtæki heldur áfram að starfa og þarf að leysa úr sínum málum. Þetta leysir ekki þess vanda. Þetta leysir hins vegar vanda íslenska skólakerfisins að þeim hluta sem hann var bundinn Íslenska menntanetinu og tryggir framhald á þeirri þjónustu sem þetta fyrirtæki hafði byggt upp og hér hefur verið lýst og á rætur að rekja til eins manns eins og hér hefur komið fram. Það liggur því alveg ljóst fyrir að hagsmunirnir sem hér eru í húfi eru miklu meiri en þessar tölur gefa til kynna.

Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir hans orð. Ef lög hefðu mælt fyrir um ákveðna aðferð í þessu máli hefði að sjálfsögðu verið farið að þeim en eins og hann sagði er ekki um neitt einsdæmi að ræða og fjárln. mun taka sínar ákvarðanir. Tilmæli mín til hennar liggja fyrir og hin efnislega afstaða er skýr.

Varðandi framtíðarstöðu málsins þá verður gerður samningur við Kennaraháskóla Íslands um að hann taki að sér þessa starfsemi. Það verður síðan sett sérstök stjórn yfir þessa starfsemi á vegum Kennaraháskólans, sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Hvað verður boðið út og hvað verður innan skólans ætla ég ekki að segja um á þessu stigi málsins. En hér verður um sérstakan rekstur að ræða sem á að standa undir sér og á ekki að vera í samkeppni við einkaaðila heldur á að þjóna skólakerfinu þannig að best nýtist.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887.

[14:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frv. þetta hefur verið mikið til umræðu að undanförnu á almennum vettvangi og ekki síður á vettvangi þingsins. Efh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál á einum tíu fundum. Hún hóf vinnu við málið strax að loknu páskaleyfi, fór þá yfir málið, fór yfir umsagnir og kallaði á marga umsagnaraðila til fundar við sig.

Á þskj. 886 er þess getið hverjir fengu málið til umsagnar og sendu þær inn. Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til brtt. við frv. í einum 19 liðum. Mun ég í þessari framsögu gera grein fyrir efni þeirra. Áður en ég kem að einstökum brtt. vil ég segja að það frv. sem hér er til umræðu hefur í för með sér miklar breytingar og þær eru til þess fallnar að gera ríkiskerfið nútímalegra og til þess fallnar að starfsmannahald ríkisins verði allt betur í takt við þau verkefni sem ríkinu eru falin og þann árangur sem menn hyggjast ná úr ríkisrekstrinum.

Meginbreytingarnar sem felast í frv. koma fram í I. kafla-anum þar sem gildissvið þeirra nær til allra starfsmanna ríkisins hvort heldur þeir tilheyra núv. stéttarfélögum opinberra starfsmanna eða félögum Alþýðusambands Íslands.

Í öðru lagi vil ég nefna ákvæði um viðbótarlaun þar sem forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum sem eykur sveigjanleika í starfsmannahaldi í stofnunum og gerir ríkinu betur kleift að keppa um hæfa starfsmenn við einkamarkaðinn.

Í þriðja lagi vil ég nefna að með almennri reglu er ævi-ráðning opinberra starfsmanna afnumin.

Í fjórða lagi vil ég nefna að ábyrgð forstöðumanna á fjárreiðum ríkisstofnana er aukin.

Í fimmta lagi vil ég nefna það að nú heyra allir svokallaðir embættismenn undir kjaranefnd eða Kjaradóm með sínar launaákvarðanir.

Að lokum vil ég nefna að við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa stéttarfélögunum kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félagsmanna sinna um þau ágreiningsatriði sem upp kunna að koma.

Vík ég nú að einstökum brtt. sem meiri hluti nefndarinnar vill gera við þetta frv.:

Lagt er til að við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: „Lögin taka til hæstaréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt."

Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar hafa nokkra sérstöðu meðal embættismanna. Þannig gilda sérreglur um lausn þeirra frá embætti, frábrugðnar þeim sem frv. mælir fyrir um. Því er lagt til að lögin gildi einungis um þá eftir því sem við getur átt. Þá upplýstist það í umfjöllun nefndarinnar að fyrirhugað er að setja sérstök lög um dómstóla þar sem kveðið verður sérstaklega á um þessi atriði sem varða hæstaréttardómara og héraðsdómara.

Í 2. lið brtt. við 7. gr. er lagt til að orðin „svo sem minni háttar skrifstofustörf, störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf" í 2. mgr. falli brott. Þarna er verið að fella niður sérstaka útskýringu á því (**ÖJ:** ... hverjir eru minni háttar.) hvaða störf þurfa ekki að falla undir þá reglu að þau þurfi að auglýsa. En þetta er þá í frv. ef brtt. er samþykkt þannig að í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir um störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki eðlilegt að það sé verið að festa það niður að það þurfi að auglýsa öll störf. Fyrst og fremst hygg ég að það sé þörf á því að bæta þá framkvæmd sem verið hefur á þessum málum þar sem það hefur verið því miður nokkuð um það að ráðið hafi verið í störf sem segja má að ætti samkvæmt öllum venjulegum sjónarmiðum að auglýsa en það hefur ekki verið gert í öllum tilvikum. Eins er í þessari grein lagt til í frv. að laus embætti skuli undantekningarlaust auglýsa í Lögbirtingablaðinu.

Í 3. lið brtt. eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 9. gr., þar sem í fyrsta lagi er verið að gera ráð fyrir því að Kjaradómur komi inn í upptalningu ásamt kjaranefnd. Síðan er verið að endurorða 2. mgr. þar sem fjallað er um viðbótarlaunin. Þessi endurorðun er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er, en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar, sbr. 46. gr."

Meginbreytingin sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur hér til er að ákvarðanir um viðbótarlaun geti ekki átt við um embættismenn eða þá sem taka laun samkvæmt Kjaradómi eða kjaranefnd. Viðbótarlaunin munu því eingöngu geta gengið til þeirra sem eru með laun samkvæmt kjarasamningum og eru þess vegna ekki fyrir það sem við getum nefnt toppana í ríkiskerfinu.

Þá er lagt til að við bætist nýr málsl. sem orðist þannig, með leyfi forseta: „Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög."

Hér er verið að fjalla um heimildir fjmrh. til að grípa inn í ákvarðanir um viðbótarlaun ef þessar ákvarðanir hafa farið út fyrir þær reglur og viðmiðanir sem um þau eru sett. Eins ef fjárhagsleg afkoma viðkomandi ríkisstofnunar er ekki í takt við það sem henni er sett fyrir í fjárlögum. Í umfjöllun nefndarinnar var þetta ákvæði rætt allmikið og þessi brtt. frá meiri hlutanum endurspeglar vilja til þess að fara varlega í þessu máli og þróa þetta hægt og rólega þannig að þetta geti orðið eðlilegur hluti af launakerfi opinberra starfsmanna en ekki að fara í þetta með einhverjum fljótheitum og gassagangi.

Í 4. lið brtt. er lögð til breyting við 10. gr. þar sem verið er að bæta inn skilgreiningu á hugtakinu föst laun og taka fram að í þessum lögum sé átt við föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 9. gr.

Tilgangurinn með þessari breytingu er að koma í veg fyrir að sá sem tekur lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt eftirmannsreglunni svokölluðu geti krafist þess að fá hækkun á lífeyri sínum vegna þess að eftirmaður hans hafi fengið úrskurðuð viðbótarlaun hjá sínum forstöðumanni. Við í meiri hluta nefndarinnar teljum ekki eðlilegt að slíkar einstaklingsbundnar ákvarðanir um viðbótarlaun hafi áhrif á lífeyrisgreiðslu til þess sem í því starfi var áður.

Í 5. lið brtt. er lagt til að breytingar verði á 11. gr. frv. og tvær málsgreinar þar verði felldar niður. Þær fjalla um orlofsrétt. Eins og greinin er í dag tekur hún fyrst og fremst mið af því fyrirkomulagi sem gildir hjá BSRB og BHMR félögunum í þeirra kjarasamningum en er á skjön við það sem tíðkast hjá Alþýðusambandsfélögunum. Þess vegna er lagt til að þessar tvær málsgreinar verði felldar niður. Það var raunar í samræmi við það sem Alþýðusambandið fór fram á.

Í 6. lið brtt. er lögð til lagfæring á orðalagi um sveigjanlegan vinnutíma sem fjallað er um í 13. gr. frv. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að forstöðumanni stofnunar ber að verða við óskum starfsmanna um sveigjanlegan vinnutíma eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning.

Meiri hluti nefndarinnar telur að það sé lykilatriði í sambandi við sveigjanlegan vinnutíma að það eigi að sjálfsögðu að reyna að verða við óskum fólks um það eins og mögulegt en þjónusta viðkomandi stofnunar við almenning hljóti þó alltaf að vera í fyrirrúmi.

Í 7. lið brtt. er lagt til að breyting verði á 21. gr. frv. Þar er um að ræða að forstöðumaður skal veita starfsmanni skriflega áminningu ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. Breytingin felst í því að forstöðumaðurinn er skyldugur til að veita slíkum manni áminningu en í frv. eins og það er í upphaflegri mynd er orðið „getur" í staðinn fyrir orðið „skal". Menn telja að það sé það alvarlegt að sinna starfi sínu með þessum hætti að það sé rétt að skylda forstöðumenn ríkisstofnana til að veita slíkum starfsmönnum skriflega áminningu. Vonandi verður þó aldrei þörf á slíku því ríkið vill að sjálfsögðu hafa hæft fólk í sinni þjónustu.

Í 8. lið brtt. er verið að leggja til breytingu á 22. gr. frv. Það eru breytingar á því ákvæði greinarinnar sem kveður á um hverjir skuli teljast embættismenn. Þannig er annars vegar lagt til að prestar og prófastar ásamt ríkistollstjóra verði embættismenn en starfsmenn Almannavarna ríkisins og landhelgisgæslu ekki. Síðan er lagt til að skilyrði 10. tölul. um forsetaskipun verði fellt út og það skipti ekki máli af hvaða stjórnvaldi eða hvaða ráðherra menn eru skipaðir til þess að þeir teljist embættismenn.

Í 9. lið brtt. eru gerðar tillögur um breytingar á 23. gr. frv. Í frv. var gert ráð fyrir því að ef það ætti að auglýsa starf embættismanns eftir að hann hefði gegnt því í tæp fimm ár mætti fresturinn til þess að láta viðkomandi embættismann vita vera þrír mánuðir. En í brtt. nefndarinnar er sagt að hann þurfi að fá vitneskju um þetta með a.m.k. sex mánaða fyrirvara. Ef embættismaður er ekki upplýstur um það með a.m.k. sex mánaða fyrirvara að það standi til að auglýsa starf hans á nýjan leik þá framlengist skipunartími hans sjálfkrafa í embættið um fimm ár.

Síðan er einnig lögð til smáslaufa í þessum 9. lið brtt. þannig að embættismaður getur að sjálfsögðu óskað eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr. en það á fyrst og fremst við um þá sem eru að láta af starfi að eigin ósk.

Í 10. lið brtt. eru lagðar til breytingar á 26. gr. frv. þar sem fjallað er um lausn frá embætti. Í stað síðari málsliðar 4. mgr. þar sem fjallað er um lausn frá embætti um stundarsakir er talað um að setja inn tvo nýja málsliði sem orðist svo: „Ef embættismanni er veitt lausn um stundarsakir af ástæðum sem greindar eru í 2. mgr. er skylt að veita honum áminningu samkvæmt 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn. Annars er ekki skylt að gefa honum kost á að tjá sig um ástæðu lausnar áður en hún tekur gildi."

Síðan bætist við ný málsgrein sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Ef embættismaður óskar skal rökstyðja ákvörðun um lausn um stundarsakir. Ef annað stjórnvald en ráðherra hefur tekið þá ákvörðun má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra."

Þetta er gert til að hafa nægilegt samræmi milli þessara laga og stjórnsýslulaganna um það hvernig málsmeðferð er háttað.

Í 11. lið brtt. eru gerðar brtt. við 27. gr. frv. Þar er lagt til í a-lið að orðin „eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til" falli brott. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: „Stjórnvaldi eða starfsmanni er þó ætíð heimilt að vísa máli til rannsóknar að hætti opinberra mála."

Í greininni er fjallað um að það sé hægt að setja upp nefnd sérfróðra manna sem fjalli um mál embættismanns ef honum hefur verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi. Í brtt. er gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmanni eða viðkomandi stjórnvaldi sé ávallt heimilt að vísa málinu til opinberrar rannsóknar ef svo er kosið.

Í 12. lið brtt. eru gerðar tillögur um breytingar á 30. gr. frv. þar sem segir: „Í stað orðanna „ber að greiða honum föst laun" í 3. mgr. komi: skal hann halda óbreyttum launakjörum."

Hér er verið að fjalla um að laun og önnur launakjör embættismanna skuli ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum og eigi þeir því ekki rétt á viðbótarlaunum samkvæmt 2. mgr. 9. gr. frv.

Í 13. lið brtt. er verið að gera tillögubreytingar á 37. gr. sem fjallar um lausnarbeiðni embættismanns. Þar er verið að fella niður hugtakið viðbótarlaun sem leiðir líka af því að viðbótarlaun eiga ekki við um embættismenn.

Í 14. lið er verið að gera brtt. við 39. gr. frv. Þar er lagt til að greinin orðist eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda. Þó skulu laun og önnur launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr."

Hér er gerð brtt. sem felur í sér ákveðið stílbrot í rauninni á frv. og því hvernig þessum málum er almennt háttað. Með frv. er verið að gera lögreglumenn og fangaverði og tollverði alla að embættismönnum en í stað þess að laun þeirra heyri undir kjaranefnd er gert ráð fyrir að þessir aðilar hafi samningsrétt og geti þá samið um sín kjör. Hins vegar hafa þeir ekki verkfallsrétt. Þetta var samkvæmt óskum félaga þessara starfsmanna eða embættismanna.

Í 15. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 41. gr. frv. Þar er fjallað um ráðningu í starf tímabundið og þar bætist nýr málsliður við 1. mgr. frv. Málsgreinin er þannig í frv., með leyfi forseta:

„Starfsmenn ríkisins, aðrir en embættismenn, skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti." Við er bætt samkvæmt brtt.: „Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma nema um annað sé samið í kjarasamningi."

Hér er sem sagt verið að kveða á um að gagnkvæmur uppsagnarfrestur skuli vera þrír mánuðir nema annað sé tekið fram.

Í 16. lið brtt. er verið að gera brtt. við 44. gr. Í frv. segir að ekki sé skylt að veita starfsmanni áminningu áður en honum er sagt upp störfum en í brtt. hljóðar greinin svo, með leyfi forseta:

„Skylt er að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.

Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega. Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra." Hér er verið að færa þetta í stíl við stjórnsýslulögin.

Í 17. lið brtt. eru gerðar tillögur til breytinga við 51. gr. frv. Þar er kveðið á um starfsmenn Alþingis. Þar bætist nýr málsliður við 1. mgr. greinarinnar: „Forseti Alþingis fer með það vald gagnvart starfsmönnum þingsins sem fjármálaráðherra er fengið í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 27. gr."

Enn fremur er sams konar viðbót við 2. mgr. frv., þar bætist við nýr málsliður sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Skrifstofustjóri Alþingis er á sama hátt í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins, svo og ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis gagnvart starfsmönnum sínum."

Í 18. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 56. gr. frv., 2. tölul. Þar er fyrst og fremst verið að gera tillögur til breytinga á 56. gr. varðandi lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Meginbreytingin miðar að því að fallið verði frá því að launakjör embættismanna verði alfarið ákveðin af kjaranefnd. Það er breytingin á frv. sem meiri hlutinn gerir tillögu um. Því er gert ráð fyrir að núverandi fyrirkomulag haldist óbreytt en þó er lagt til að umboðsmaður barna verði tekinn inn í 2. gr. laga nr. 120/1992 í samræmi við ákvæði laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, sbr. a-lið brtt., þ.e. að hann falli undir Kjaradóm frekar en kjaranefnd.

Tillögu b-liðar má rekja til þeirra breytinga sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á 2. gr. laga nr. 120/1992 og 39. gr. frv.

Í d-lið er lagt til að kjaranefnd fái sambærilega heimild til ákvörðunar viðbótarlauna og er að finna í ákvæði 2. mgr. 9. gr. frv. varðandi aðra starfsmenn.

Loks er í tillögu um ákv. til brb., e-lið, lagt til að laun og starfskjör embættismanna sem hingað til hafa tekið laun samkvæmt kjarasamningum verði óbreytt til loka þeirra samninga.

Meginmálið er að kjaranefndin ein ákveður um laun embættismanna. Það er ekki þannig að kjaranefnd ákveði fyrst laun embættismanna og síðan komi ráðherrar eða ráðuneytisstjórar og úrskurði viðkomandi embættismönnum viðbótarlaun. Slíkt kerfi gæti aldrei nokkurn tímann gengið upp því þá þyrfti kjaranefnd innan örstutts tíma að fara að taka tillit til þeirra ákvarðana sem viðkomandi ráðherrar hafa tekið um viðbótarlaunin og þá væri fallið um sjálft sig það fyrirkomulag að kjaranefnd úrskurði um heildarlaun þessara aðila.

Í 19. lið brtt. eru gerðar breytingar á ákv. til brb. þar sem verið er að lengja frest varðandi rétt til biðlauna, hann verði óbreyttur frá gildandi lögum hjá starfsmönnum sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í starf hjá ríkinu fyrir gildistöku laga þessara.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef rakið í máli mínu hefur meiri hluti efh.- og viðskn. gert allviðamiklar tillögur til breytinga á frv. Nefndin hefur fjallað um málið með það að markmiði, eins og gildir að sjálfsögðu um öll önnur mál, að reyna að bæta það stjfrv. sem hér liggur fyrir. Ég vil sérstaklega í því sambandi færa fulltrúum þeirra sem komu til fundar við nefndina og sendu inn umsagnir þakkir fyrir þeirra framlag til málsins. Síðan vil ég líka færa nefndarmönnum, bæði samnefndarmönnum mínum í meiri hluta nefndarinnar og þeim sem eru í minni hluta nefndarinnar, þakkir fyrir störf sín. Þeir sem störfuðu í minni hlutanum eru að sjálfsögðu mjög harkalega á móti þessu máli eins og oft hefur komið fram og á sjálfsagt eftir að koma fram í þessari umræðu. En það hefur ekki þýtt að þeir hafi ekki viljað leggja gott til málanna og taka þátt í því að færa einstakar greinar til betri vegar eftir því sem þeirra sannfæring hefur boðið. Það tel ég að sé þakkarvert þótt menn séu ekki sammála um þetta mál.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að mál eins og þetta er að sjálfsögðu aldrei fullskapað. Þess vegna geri ég ráð fyrir að það gangi aftur til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. til þess að fara megi yfir það hvort ekki leynist einhver atriði í því sem mætti til enn betri vegar færa. Síðan geri ég líka ráð fyrir því að þetta frv. sem vonandi verður að lögum eigi eftir að slípast dálítið í þeirri framkvæmd sem óhjákvæmilega verður á málinu þegar aðilar fara að vinna eftir þeim. Ég vona að þessi lög, eftir að frv. hefur verið samþykkt, eigi eftir að reynast góður grunnur til þess að byggja á starfsmannahald ríkisins og samskipti ríkisvaldins við stéttarfélög þeirra starfsmanna sem hjá ríkinu vinna um allnokkra framtíð.

[15:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson eigi að spara sér þakkargjörðina gagnvart stéttarfélögunum í landinu vegna þess að þau kunna honum engar þakkir. Og sannast sagna held ég að þessi ræða sem hér var flutt sé mörgum manninum mikil vonbrigði, a.m.k. þeim sem trúðu því eða vonuðu að tekið yrði tillit til þess rökstuðnings og þeirra sjónarmiða sem fram komu af hálfu samtaka launafólks, tillögur um breytingar á þessu frv. Hér er hafin mjög mikilvæg umræða þar sem reynir á sjálfstæði Alþingis. Þetta er umræða um grundvallarbreytingar á starfskjörum tugþúsunda einstaklinga. Þessar tillögur hafa sætt mikilli og þungri gagnrýni í þjóðfélaginu enda taka þær á samningsbundnum kjörum. Málsmetandi aðilar hafa fært fyrir því rök að þetta frv. stangist á við stjórnarskrá landsins og siðferðilega stenst þetta frv. engan veginn, hvorki hvað varðar innihald né allan framgangsmáta, þ.e. hvernig á að þröngva þessu í gegnum þingið. Það er samdóma álit allra samtaka launafólks sem þessi lög taka til. Og reyndar allra samtaka á vinnumarkaði á Íslandi að undanskildum samtökum atvinnurekenda, VSÍ og Vinnumálasambandsins. Hér eru boðaðar breytingar um skert kjör launafólks í þeim anda sem þessi samtök hafa krafist. Hér er þess vegna talað fyrir hönd meiri hluta á Alþingi en gegn meiri hluta í þjóðfélaginu. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kann að tala hér fyrir hönd meiri hluta efh.- og viðskn. Alþingis sem í einu og öllu endurómar vilja VSÍ, Vinnumálasambandsins. Og þessi sjónarmið eru reyndar líka alveg ótrúlega lík því sem heyrst hefur frá Verslunarráði Íslands. Ég kom, hæstv. forseti, hingað upp til þess að leggja áherslu á alvöru þessa augnabliks. Ég skora á Alþingi að láta ekki fulltrúa þeirra sjónarmiða sem hér hefur verið talað fyrir segja sér fyrir verkum. Nú er komið að því að Alþingi sýni sjálfstæði sitt.

[15:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega olli andsvar hv. þm. mér vonbrigðum þótt það kæmi ekki á óvart. Ég tel að það sé að sjálfsögðu kominn tími til þess að Alþingi sýni sjálfstæði og setji þau lög um þessi mál sem það telur skynsamlegast. Og fyrir mig get ég einungis sagt að ég tel að sú meginstefna sem í frv. felst sé skynsamleg. Ég hygg að það sé skynsamleg stefna að láta lögin ná til allra starfsmanna ríkisins, að afnema þann víðtæka rétt til biðlauna sem hefur verið talið að væru í lögunum í dag og gera þann rétt eðlilegri, að afnema ævirráðningu embættismanna með almennri reglu. Og önnur þau meginatriði sem í frv. eru tel ég að séu rétt og eðlileg í samræmi við nútímastarfsmannastefnu. Brtt. sem komu frá umsagnaraðilum voru tvenns konar. Í fyrsta lagi var oft sagt í brtt. að við ættum að draga frv. til baka og það ætti ekki að afgreiða málið. Um það var lítið fjallað vegna þess að meiri hluti nefndarinnar telur að afgreiða eigi málið. Í öðru lagi komu svo brtt. við einstakar greinar frv. Það var reynt að taka tillit til þeirra eins og unnt var án þess þó að meginstefnunni í frv. væri breytt. Þetta voru þau sjónarmið sem meiri hluti nefndarinnar hafði að leiðarljósi. Hann telur að þetta séu skynsamleg vinnubrögð og algjörlega rétt siðferðilega.

[15:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf nú meira en mínútu til að ræða þessi mál og mun nýta mér það rækilega þegar líður á daginn. Meiri hluti nefndarinnar, upplýsir hv. þm. okkur um, var á því að afgreiða málið. Alveg sama þótt nefndin hefði í höndum sínum rökstuðning frá hverju einasta verkalýðsfélagi í landinu, frá öllum þeim samtökum sem þessi lög taka til, þar sem þessum vinnubrögðum er mótmælt og þar sem eru færð mjög ítarleg og rækileg rök fyrir því hvers vegna þessi lög standast ekki. Það er verið að svipta stóra hópa samningsrétti. Það stendur enn þrátt fyrir þessar breytingar. Það er verið að koma á forstjóraveldi og duttlungastjórnun

inni í kerfinu þrátt fyrir þær málamyndabreytingar sem hér hafa verið kynntar. Þar að auki eru svo ótrúlegar rangfærslur í þeim gögnum sem hér eru borin á borð fyrir þingið. T.d. segir hér í plöggum sem koma frá fjmrn.: „Réttur til biðlauna verði sá sami og í núverandi lögum en þó gerð sú breyting að frá þeim dragast önnur laun sem starfsmaðurinn kann að hafa á biðlaunatímanum." Síðan er þetta náttúrlega botnað. „Þessi breyting kann að leiða til nokkurs sparnaðar í framtíðinni ef ríkisfyrirtæki eða stofnun er breytt í hlutafélag eða færð til sveitarfélaga." Ég tek þetta bara sem eitt dæmi af mýmörgum um rangfærslur og ótrúlega óvönduð og óheiðarleg vinnubrögð að þinginu er ekki bjóðandi upp á annað eins.

[15:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að réttast sé að takast einfaldlega á um það hér í þingsölum hvort menn telji eðlilegt að biðlaunarétturinn sé með þeim hætti eins og núverandi lög hafa verið túlkuð eða hvort biðlaunarétturinn verður eins og lagt er til í frv. (**ÖJ:** Það verða þá að vera einhverjir stjórnarliðar hér til að takast á við.) Mín afstaða er sú að það sé rétt að hafa biðlaunaréttinn með þeim hætti sem lagt er til í frv. Meiri hlutinn vill að sjálfsögðu afgreiða málið en gerir sér grein fyrir því að málið er erfitt. Ekki síst vegna þess að það er m.a. verið að takmarka þennan biðlaunarétt. Að sjálfsögðu gera menn sér grein fyrir því að það er ekkert auðvelt og ekki til vinsælda fallið hjá ákveðnum hópi fólks að fara þannig að. En ef menn trúa því að þeir séu að gera rétt í því og þetta sé skynsamlegt þá standa menn í lappirnar vegna þess að sjálfstæði þingsins er í veði.

[15:13]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða eitt allra stærsta mál þessa þings og ég spyr: Hvar eru ráðherrar þessarar ríkisstjórnar? Hvar er hæstv. fjmrh.? Hvar er hæstv. forsrh.? Ætla þeir ekkert að fylgjast með þessari umræðu sem hér á að fara fram? Hér hefur hv. formaður efh.- og viðskn. gert grein fyrir þeim brtt. sem liggja fyrir og var hinn rólegasti yfir þessu öllu saman. En ég vil spyrja hann: Hvaða áhrif heldur hv. þm. að þessi einhliða lagasetning muni hafa á starfsmannastefnu ríkisins, á vinnuanda innan stofnana ríkisins og síðast en ekki síst á ástandið á vinnumarkaðnum? Ef við horfum á málin í samhengi við önnur frv. sem verið er að fjalla um er hér einfaldlega verið að setja vinnumarkaðinn í háaloft. Það er verið að setja hér allt í háaloft með því að þvinga í gegn einhliða lagasetningar sem ná yfir allan vinnumarkaðinn og þetta þýðir ekkert annað en verkföll og vinnudeilur. Ég vil nefna hér enn eitt frv., frv. um framhaldsskóla, sem er á hraðleið í gegnum þingið og mun breyta vinnuumhverfi kennara. Hvar eru samningar staddir við kennara? Hvað er eiginlega að gerast? Ætlar meiri hlutinn á hinu háa Alþingi bara að renna þessu í gegn og setja allt þjóðfélagið í háaloft? Það er nákvæmlega það sem verið er að gera vegna þess að svona einhliða lagasetning kann ekki góðri lukku að stýra. Það á að leita samvinnu og samráðs.

[15:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er eðlilegt að leita sem mest samráðs við lagasetningu en það þýðir ekki að löggjafarvaldið eigi að færast frá Alþingi. Það er eðlilegt eins og gert var í þessu máli. Aflað var umsagna frá fjöldamörgum aðilum og þeir höfðu samráð við þingið um þær breytingar sem voru gerðar á stjfrv. Ég held að þegar frá líður muni þær öldur lægja sem hafa upp risið. Þegar búið er að fara í gegnum eina eða tvenna kjarasamninga með þessar reglur muni það koma í ljós að þær eru heppilegar, flestar hverjar, og að þær verði ágætis grunnur til þess að starfa á í framtíðinni.

[15:16]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir hvern eru lögin? Hverjum á löggjafinn að þjóna? Er það ekki fólkið í landinu? Er það ekki almannahagur? Á löggjafinn að vera að setja einhverja löggjöf sem gengur þvert á alþjóðasamþykktir? Hugsanlega er þetta brot á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins þar sem því er haldið fram í greinargóðum umsögnum að ýmis ákvæði þessa frv. eins og reyndar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur standist ekki alþjóðasamþykktir. Hvað er löggjafinn að fara? Hvert er hann að halda? Afla umsagna, sagði hv. formaður efh.- og viðskn. Það er ekkert farið eftir þessum umsögnum vegna þess að hér er verið að svipta fólk samningsrétti, félagsrétti og ýmsum öðrum réttindum. Því spyr ég aftur: Hvaða áhrif heldur hv. formaður efh.- og viðskn. að þessi lagasetning muni hafa? Hún mun hafa alvarleg áhrif og ég vil benda á það sem fram kom af hálfu Alþýðusambandsins á fundi félmn. í gærkvöldi. Þegar menn eiga að fara að vinna eftir þessum lögum má búast við því að í haust og fram undir áramót þurfi að gera á svona bilinu 5–8 þús. viðræðuáætlanir samkvæmt þessum fínu lögum sem er verið að reyna að fá samþykkt hér.

[15:17]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður félmn. hefur kannski meiri áhrif á það en ég hvernig frv. um stéttarfélög og vinnudeilur er afgreitt og getur sjálfsagt komið í veg fyrir það að viðræðuáætlanir skipti þúsundum. En fyrir hvern eru lögin? spyr hv. þm. (**SJS:** Þau eru fyrir ríkisstjórnina.) Og fjallar um almannahag í því sambandi. Ég verð að segja fyrir mig að ég tel að það sé í þágu almannahagsmuna t.d. að afnema æviráðninguna eins og hún hefur verið. Ég tel líka að það sé í þágu almannahagsmuna að takmarka biðlaunaréttinn eins og gert er í þessu frv. og fyrir því er ég tilbúinn að bera ábyrgð gagnvart mínum kjósendum þegar þar að kemur.

[15:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði í brtt. meiri hlutans sem ég vil gjarnan biðja hv. formann efh.- og viðskn. um skýringar á hér í andsvari. Að öðru leyti mun ég koma með álit mitt á þessu frv. fram í ræðu. Það hefur vakið mjög mikla úlfúð innan háskóla landsins að gera alla forsetaskipaða prófessora að embættismönnum samkvæmt frv. en ekki aðra háskólakennara. Þar með stóð til að eyðileggja framgangskerfi háskólakennara, samanber tillögu um slíkt í fylgifrumvarpi með þessu frv. Nú er orðið „forsetaskipaður" farið út úr 10. tölul. 22. gr. skv. brtt. meiri hlutans og því vil ég spyrja hvort það þýði að allir skipaðir háskólakennarar, prófessorar, dósentar og lektorar teljist embættismenn og þess vegna geti framgangskerfið áfram verið til eða hvað? Merking löggjafans þarf að vera alveg skýr því framgangskerfið er meginhvatinn til aukinna afkasta í rannsóknum

háskólakennara. Og ég vil meina að framgangskerfið sé ein forsenda þess að ungir vísindamenn fást til starfa við háskóla landsins. Þetta þarf að vera alveg skýrt til þess að háskólarnir geti gert viðeigandi ráðstafanir og komið með viðeigandi viðbrögð.

[15:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að breytingin sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til við 22. gr. frv. er með þeim hætti að allir þeir sem skipaðir eru í störf samkvæmt öðrum lögum teljast embættismenn og það er í rauninni sá mælikvarði sem til staðar er. Síðan á að sjálfsögðu eftir að taka nánar á málefnum einstakra stofnana svo sem Háskóla Íslands í bandorminum og bandormurinn var sýndur hér og fluttur. Hann verður væntanlega ekki afgreiddur á þessu þingi en þá þarf að sjálfsögðu að fara betur yfir það mál hvernig menn vilja haga málefnum innan Háskóla Íslands til frambúðar. Ég hygg að það sé ekki hægt að lýsa neinu endanlega yfir á þessari stundu um það mál. Það þarf að fjalla um það m.a. í samráði við þær stéttir háskólakennara sem starfa við háskóla.

[15:21]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. en auk mín standa að álitinu hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er ekki hér í salnum. (**Fjmrh.**: Jú, jú, taktu bara af þér gleraugun þá ferðu að sjá.) Hann er það sjaldan í sæti sínu og sjaldan í þingsölum. Við skulum þá vona að hann verði hér út umræðuna.

Þetta frv. einkennist m.a. af því að það hefur ekkert eðlilegt samráð verið haft við stéttarfélögin við gerð þess. Frv. var unnið á þann hátt að í desember sl. voru send fyrstu drög til stéttarfélaganna og þeim gefnir nokkrir dagar til að gefa álit á því og þá var ljóst hvað var hér í uppsiglingu. Þá fyrst var vitað að ríkisstjórnin stefndi að meiri háttar lagasetningu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í febrúar var haft málamyndasamband við stéttarfélögin en ekki gert neitt með það né reynt að skapa þann farveg sem hefði leitt til einhverrar samstöðu varðandi þetta mál. Þrátt fyrir þetta hefur málið borið hér inn í þingsali í formi frv. sem við tökum nú til 2. umr. Þá er eðlilegt, herra forseti, að leitað sé umsagna stéttarfélaganna og annarra aðila sem þessi lög varða. Þessar umsagnir hafa borist. Þessar umsagnir, herra forseti, eru nú tiltækar þingmönnum hér við þessa umræðu. Þessar umsagnir eru það umfangsmiklar að það þurfti að setja teygju á þær, það þurfti að hefta þær í fjóra bunka til að hægt væri að koma þeim í aðgengilegt form. Þetta eru umsagnir frá tugum stéttarfélaga hringinn í kringum landið um þetta frv. ríkisstjórnarinnar og þær eru allar á einn veg. Þessu frv. og þeirri hugsun sem frv. lýsir er hafnað gersamlega. Herra forseti, það er ekkert gert með þessar umsagnir. Það er ekkert gert með þær skoðanir sem stjórnarandstaðan hefur verið að halda fram í þessu máli undanfarnar vikur. Ríkisstjórnin stefnir í stríð. Ég veit ekki hvort henni er það meðvitað að með þessum vinnubrögðum, bæði hvað varðar innihald og form, er verið að stefna í stríð við verkalýðshreyfinguna, við stéttarfélögin í landinu við næstu kjarasamninga. Varnaðarorð eru virt að vettugi en þau hafa oft verið töluð í góðri meiningu af hálfu stjórnarandstæðinga. Þetta gera menn ekki, svona lagasetningu bera menn ekki á borð, menn vinna ekki svona gagnvart starfsmönnum sínum. Það er alveg sama hve mörg varnaðarorð féllu um þetta. Það kom skýrt fram í máli hv. formanns efh.- og viðskn. að ríkisstjórnin ætlar að keyra þetta mál í gegn.

Það eru sett í þessu frv. markmið. Ríkisstjórnin gefur sér ákveðin markmið með þessari lagasetningu. Hún talar í aðalatriðum um sex atriði. Hún segir: Þessi löggjöf á að endurspegla nýja starfsmannastefnu. Þessi löggjöf á að auka valddreifingu. Það á að auka sveigjanleika í starfsmannahaldi. Það á að einfalda launakerfið. Það á að auka og bæta jafnrétti og svo er klykkt út með því að þessi lagasetning eigi að gera ríkið að fyrsta flokks vinnuveitanda.

Þetta eru markmiðin sem ríkisstjórnin lagði upp með. Herra forseti, ég man ekki eftir neinu tilfelli um það að löggjöf uppfylli markmið jafnilla og þessi lagasetning sem við erum að ræða um. Þetta er óvönduð lagasmíð. Það er ekki nóg með það að ekki var gætt neins eðlilegs samráðs við þá aðila sem málið varðar heldur var kastað til höndunum við undirbúning þessa máls. Þetta frv. sem hér er að koma út úr nefnd er slæmt frv. Það er léleg lagasmíð og það verður ekki hægt að vinna eftir því. Frv. er samið einhliða af embættis- og trúnaðarmönnum fjmrn. Vissulega má það vera rétt og ég ætla ekki að bera á móti því að það sé tímabært að endurskoða lög sem eru orðin 40 ára gömul. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það að menn hugi að því hvort ekki sé eitthvað í slíkri lagasetningu sem betur má fara. Hér er verið að tala um löggjöf sem snertir 25 þús. starfsmenn ríkisins en launaútgjöld ríkisins eru 36 milljarðar. Þetta snertir á einn eða annan hátt næstum því hverja einustu fjölskyldu í okkar landi. Því er það augljóst að menn þurfa að vanda mjög vel til við lagasetningu sem aftur á að skapa ramma framtíðarinnar. Það er ekki gert í þessu frv. Það er lagt upp með að starfsmönnum ríkisins er skipt í tvo meginflokka en í reynd verður um að ræða a.m.k. fjórar tegundir starfa hjá hinu opinbera, þ.e. eldri starfsmenn með ótímabundna ráðningu, það eru nýir embættismenn án samningsréttar en ráðnir tímabundið til fimm ára, það eru hinir nýju embættismenn. Síðan eru það sérstakir embættismenn sem tengjast öryggisstéttum sem eru með samningsrétt en skertan verkfallsrétt og tímabundna ráðningu og síðan eru það almennir starfsmenn sem er meginhluti opinberra starfsmanna.

Það sem er einna ámælisverðast varðandi þetta frv. er að það skerðir samningsbundinn rétt. Það gengur á kjarasamninga. Það er einhliða aðgerð í krafti þess að þeir sem leggja það fram hafa meiri hluta á Alþingi. Í krafti þess meiri hluta sem er lýðræðislega kosinn er einhliða skertur samningsbundinn réttur. Þetta er óhæfa. Það verður að semja um þá hluti sem getið er um í kjarasamningum. Það er grundvallaratriði varðandi þá hluti sem við erum að ræða um að menn grípa ekki með löggjöf á þennan hátt inn í þætti sem tengjast kjarasamningum.

Samningar eru ekki lausir fyrr en um næstu áramót og það er augsýnilegt að ríkisstjórnin kýs að binda hendur launþega í landinu áður en kemur að næstu kjarasamningum því að það eru fleiri mál sem hanga á þessari sömu spýtu. Það er ekki bara þetta mál um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er líka hið þekkta frv. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Herra forseti. Menn vita líka að það átti að breyta meiru þó svo ýmsu af þeim málum hafi nú verið frestað. Það átti m.a. að skerða lífeyrisrétt líka. Það er augsýnilegt að ríkis-

stjórnin, sem er að byrja sitt fyrsta ár, telur sig hafa allt það vald og alla þá möguleika og nýtir þá sem kosningarnar á síðasta ári veita henni. Niðurstaða hennar er að hún þurfi ekki að taka á nokkurn hátt tillit til þess umhverfis sem hún starfar í og hún þurfi ekki að taka tillit til þeirra samninga sem ríkisvaldið hefur gert við starfsmenn sína.

Svokölluð æviráðning er m.a. skert í þessu frv. Um 10–12 þúsund manns af starfsmönnum ríkisins eru ekki með gagnkvæman uppsagnarfrest, ýmsir þeirra eru með eldri skipan, forsetaskipan, en mjög margir aðrir með ótímabundna ráðningu. Vafalítið gætu stéttarfélögin hugsað sér að ræða mál sem tengjast ráðningartíma. En þá vilja þau með réttu takast á um það við kjarasamningagerð því að það er staðreynd að menn hafa búið við lægri laun vegna þess starfsöryggis í opinberri þjónustu sem m.a. felst í svokallaðri æviráðningu eða ótímabundnum samningum. Það er ómótmælanlegt að laun í opinberri þjónustu hafa verið lægri en á almennum markaði, m.a. vegna þessa ákvæðis sem hér er verið að afnema. Það hefði vitaskuld átt að koma þá til greina ef menn vildu skoða það sameiginlega að hafa takmarkaðan ráðningartíma eða gagnkvæman uppsagnarfrest að samið væri um hærri laun. En, herra forseti, stéttarfélögunum er ekki gefinn kostur á þessu. Lögunum er breytt núna nokkrum mánuðum fyrir kjarasamningsgerð til að takmarka möguleika þeirra við þá samninga.

Inngripin í kjarasamninga og hinn svokallaði biðlaunaréttur, sem er fólginn í rétti til launa ef starf er lagt niður, eru ómótmælaleg. Þetta er samningsbundið. Þetta er bundið í lögum og deilan hefur hvað mest snúist um þá spurningu að geri ríkisvaldið breytingar á rekstrarformi stofnana sinna, fyrirtækja sinna, breytir þeim t.d. í hlutafélög, þá er því haldið fram af fjmrh. og talsmönnum ríkisstjórnarinnar að það verði að taka þennan rétt af til að fólk sé ekki á því sem þeir kalla á tvöföldum launum ef þeir halda áfram að vinna hjá sama vinnuveitanda. Aðalatriðið í þessu er að þetta er samningsmál. Ef stéttarfélögin kjósa að ræða þessa reglu sem er bundin í lögum gæti vitaskuld komið til álita við samningsgerð ef mönnum sýndist svo að hækka laun ef menn kysu breytingar á þessum málum. En það er ekki gert. Hér er gengið fram með frv. þar sem þessir hlutir eru einhliða teknir af núverandi starfsmönnum ríkisins.

Fleiri mál, sem tengjast réttindum, eru rýrð í þessu frv. Það er til að mynda veikindaréttur og oft hafa menn tekist harkalega á um þann rétt í kjarasamningsgerð en í frv. er gert ráð fyrir að reglugerðin haldi sér en síðan verði samið um þennan rétt. Hins vegar bendir margt til þess að stefnt sé að því að draga úr þessum rétti. Þetta mál, sem tengist veikindarétti, er því sett í mikla óvissu og það sama á við rétt í fæðingarorlofi. Þar er gerður sami hluturinn, þ.e. að þessir hlutir eru færðir þannig að það eigi að semja um þá sérstaklega í kjarasamningum, reglugerðir verði látnar standa óbreyttar um stundarsakir en margt bendir til að stefnt sé að því að rýra þennan rétt.

Í þessu frv. eru sömuleiðis tekin úr sambandi að hluta stjórnsýslulög eða málskotsréttur sem menn hafa. Með þessu er verið að taka stjórnsýslulög úr sambandi að hluta til gagnvart opinberum starfsmönnum. Nú skulum við aðeins átta okkur á því hvers eðlis stjórnsýslulögin eru. Herra forseti. Ég reiknaði með að hæstv. fjmrh. væri vakandi í umræðunni en ég kýs að bíða þar til hann hefur lokið sínu samtali.

(Forseti (GÁS)**:** Forseti gengur út frá því sem vísu að hæstv. ráðherra sé vakandi.)

Stjórnsýslulögin eru fyrst og fremst sett til að tryggja rétt borgaranna. Það að tækifærið skyldi vera notað við þessa lagasetningu þegar menn eru að tala um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að takmarka þennan rétt lýsir e.t.v. betur en margt annað þeirri hugsun og þeirri hugmyndafræði sem býr að baki frv.

Nú er það einnig svo að löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lagabálkurinn sem slíkur, er samningsumgjörð. Hann mótar umgjörð kjarasamninga og hefur gert það mjög lengi. Þannig hefur lagaumgjörðin áhrif á kjarasamninga, hefur áhrif á feril þeirra. Það að breyta einhliða samningsumgerðinni eins og gert er með þessum hætti er siðleysa. Það hefur komið fram í umsögnum fjölmargra stéttarfélaga varðandi málið. Mig langar til að vitna í hluta af ályktun, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sendi efh.- og viðskn. varðandi þetta mál, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur verið haldið fram að ákvæði laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu ekki hluti af samningsbundnum kjörum ríkisstarfsmanna. Þetta er rangt. Dæmi eru um að einstök ákvæði laganna eigi uppruna sinn í kjarasamningum. Það sem þó skiptir meira máli er að í ráðningarsamningum langflestra ríkisstarfsmanna er svo um samið að um réttindi og skyldur launþegans fari eftir lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna að svo miklu leyti sem öðruvísi er ekki samið um í ráðningarsamningum. Það er því berum orðum svo um samið við langflesta ríkisstarfsmenn að ákvæði laganna eru hluti af ráðningarkjörum þeirra."

Þessi afstaða sem kemur fram hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er augljós og hún er líka rétt. Hún er lögfræðilega rétt, þ.e. að lögin skapa samningsumgjörð og eru hluti af ráðningarsamningi. Samningsumgjörðinni er breytt einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar með þessu frv.

Það verður líka að hafa í huga að það er beinlínis bannað að skerða áunnin réttindi án þess að bætur komi til. Það eru fjölmörg dæmi um það í löggjöf okkar að menn hafa áunnið sér vissan rétt og það er ekki hægt að taka hann af mönnum nema með því að veita mönnum bætur. Það flokkast undir eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Það er athyglisvert í þessu sambandi að rifja upp yfirlýsingu hæstv. forsrh. vegna kennaradeilunnar eða flutnings á grunnskólanum yfir til sveitarfélaganna um áunnin réttindi þar sem kveðið var upp úr um að ekki yrði gengið á áunnin réttindi og að starfsmenn mættu einnig eiga von á því að geta haldið áfram að byggja upp réttindi sem þeir hafi mátt vænta. Engar slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar varðandi þetta frv. og í útfærslu frv. er þessa að gengu getið.

Starfsöryggi hefur verið metið til launa hjá opinberum starfsmönnum og það eru tvö atriði sem einkum hafa verið talin betri, fyrrnefnt atriði um starfsöryggi sem ég nefndi áður varðandi þá sem byggju við ótímabundna kjarasamninga. Hitt tengist lífeyrissjóðsmálum sem ætlunin var líka af hálfu ríkisstjórnarinnar að skerða eins og þingmenn muna eftir. Nú hefur verið hætt við þá lagasetningu í bili, líklega vegna þess að ríkisstjórninni þykir sennilega nóg um vert að reyna að knýja þetta frv. og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur í gegnum þingið í andstöðu við bæði stjórnarandstöðu og öll stéttarfélög í landinu. Grundvallaratriði í þessu sambandi er frjáls samningsréttur sem hefur verið virtur um áratuga skeið en með þessum tveimur frumvörpum er vegið harkalega að þessari grundvallarreglu í stjórnskipun okkar. Þannig er

í þessu frv. réttarstaða ýmissa starfsmanna breytt einhliða. Það er tekin samningsréttur af stéttum og þetta er talið brjóta í bága við félagsmálasáttmála Evrópu, samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skoðanir sérfræðinefndar Evrópuráðsins. Það er nefnilega ekki svo, herra forseti, að hér sé verið að halda fram að frv. brjóti einungis í bága við eðlilega starfshætti og samskiptahætti. Þetta mál er alvarlegra en það.

Frv. brýtur í reynd gegn alþjóðlegum samningum sem við höfum undirritað. Félmn. Alþingis er að fjalla um frv. um stéttarfélög og vinnudeilur en það orkar mjög tvímælis hvort frv. brjóti ekki í bága við alþjóðasamninga. Það kom í ljós eftir að Lagastofnun Háskólans hafði gefið sína fyrstu álitsgerð varðandi það efni að það frv. er í fjölmörgum atriðum í andstöðu við bindandi sáttmála sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. En í þessu áliti var líka kveðið á um hvað er alþjóðlegur réttur varðandi samskipti ríkisvalds og launþega. Þannig koma fjölmargar athugasemdir fram í áliti Lagastofnunar sem eiga mjög vel við þetta frv. sem við erum að ræða um hér. Í þessari álitsgerð segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er þó að taka fram að Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur lagt áherslu á mikilvægi reglulegs samráðs stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja frið í þjóðfélaginu, þar á meðal samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá."

Hún hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að hafa samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá. Hvernig var þetta uppfyllt af hæstv. ríkisstjórn? Þetta var hunsað gjörsamlega. Síðar í þessari álitsgerð segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að réttur einstakra launþega til að stofna stéttarfélög séu mannréttindi hvers launþega og sá réttur verndi ekki þau stéttarfélög sem þegar eru til staðar, er ljóst að bæði stjórnarskrá og alþjóðasáttmálar á þessu sviði gera ráð fyrir því að íhlutun ríkisvalds með lagasetningu um málefni stéttarfélaga sé mjög takmörkuð og hindri ekki lögmæta og eðlilega starfsemi stéttarfélaga. Þá er það einnig mjög mikilvægt hlutverk ríkisvaldsins að stuðla hverju sinni að því að friður ríki á vinnumarkaði án þess þó að grípa inn í starfsemi og baráttu stéttarfélaga."

Það er augljóst af þessum orðum úr álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands sem var fengin til að skoða lögmæti frv. um stéttarfélög og vinnudeilur að þetta sjónarmið sem er aðaláherslan í alþjóðlegum samningum hefur verið þverbrotið við gerð og vinnslu þessa frv.

Allar þessar umsagnir sem ég gat um áðan, þessi stóri bunki sem er svo mikill að við gátum ekki haft hann í öðru formi en hann er hér núna í þingsölum, allar umsagnirnar ganga út á það að hafna frv. Það eru ein eða tvær undantekningar sem ég kem að síðar. Það má segja að afstaða stéttarfélaganna sem þetta mál varðar mestu komi fram í sameiginlegri ályktun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, BHM og Kennarasambands Íslands, en þau ályktuðu 11. mars sl. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar þessi ályktun svo:

„Sameiginlegur fundur BSRB, BHMR og KÍ, 18. mars 1996, krefst þess að ríkisstjórnin falli nú þegar frá áformum um að skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna og draga úr samnings- og verkfallsrétti allra launamanna. Einhliða aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eru bein aðför að frjálsum samningsrétti í landinu.

Á undanförnum vikum hafa samtök opinberra starfsmanna í sameiningu staðið fyrir öflugu upplýsingastarfi og fundahöldum um frumvörp ríkisstjórnarinnar um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og sáttastörf í vinnudeilum.

Á fundunum hefur birst órofa samstaða um að hrinda þessari aðför ríkisstjórnarinnar. Þúsundir manna hafa mótmælt framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessum málum.

Áfangasigur í baráttu opinberra starfsmanna gegn einhliða skerðingaráformum ríkisstjórnarinnar náðist þegar forsætisráðherra lýsti því yfir að frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði ekki keyrt í gegnum þingið að svo stöddu í óþökk þeirra sem málið varðar, og að áunnin réttindi verði ekki skert.

Ríkisstjórnin ætlar eftir sem áður að fá samþykkt frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þrátt fyrir andstöðu opinberra starfsmanna og enn á eftir að koma í ljós hvernig staðið verður að samningum um endurskoðun á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Fundurinn krefst þess að lýðræðislegar leikreglur verði virtar og öll áform ríkisstjórnarinnar um einhliða skerðingu á réttindum og kjörum verði lögð til hliðar. Allt annað er bein aðför að launamönnum sem óhjákvæmilega kallar á átök á vinnumarkaði. En eins og margoft hefur komið fram eru samtökin reiðubúin til að ganga til raunverulegra samninga um þessi atriði.

Fundurinn hvetur öll stéttarfélög og samtök launafólks til að standa þétt saman uns fullur sigur hefur náðst.

Burt með frumvörpin!"

Í þessari ályktun kom fram sameiginleg afstaða opinberra starfsmanna gagnvart þessu frv. Það sem er athyglisvert einnig í þessu er að stéttarfélögin lýsa sig reiðubúin til að ganga til raunverulegra samninga um þessi atriði. Það hefur ekki skort, herra forseti, á samráðsvilja stéttarfélaganna varðandi þennan málaflokk. Hér standa stéttarfélögin öll saman. Þau hafa ekki alltaf staðið saman að málefnum sem snúa að ríkinu, en þau standa saman varðandi afstöðu gagnvart þessum frumvörpum. Og það sem meira er, herra forseti, verkalýðshreyfingin á almennum markaði stendur líka saman. Öll samtök launafólks í landinu hafa sömu skoðun á þessum frumvörpum ríkisstjórnarinnar. Herra forseti, launþegasamtök hér á landi eru ekki alltaf samstiga í afstöðu sinni. Það sem er einnig athyglisvert varðandi þetta mál er að allir stjórnarandstöðuflokkarnir eru sömu skoðunar.

Allir þessir aðilar segja og hafa sagt núna vikum saman: Þessi frumvörp eiga að hverfa út af borðinu. Menn verða að finna þessum efnisatriðum annan farveg. Ef meiri hluti Alþingis og ríkisstjórn kýs að breyta löggjöf um þessi atriði, verður hún að finna samráðsvettvang um þær breytingar. Þannig hefur alltaf verið staðið að breytingum á vinnulöggjöf. Endurskoðun á heildarlöggjöf um þessi mál hefur aldrei verið reynd nema menn kæmu að einu borði og ræddu saman um þetta.

Í þessu frumvarpi eru fjölmörg atriði sem beinlínis vega að rótum stéttarfélaganna hér á landi. Það er athyglisvert að allt þetta gerðist í kringum 1. maí eins og menn muna vel. Þá gaf Alþýðublaðið út hátíðarblað, athyglisvert blað með frásögnum úr fortíðinni og stefnumótun framtíðarinnar. Meðal annars fóru þeir út á göturnar og spurðu fólk eins og oft er gert í blöðum. Þeir spurðu: Hvar er góðærið? Það svöruðu nokkuð margir. Fæstir höfðu orðið mikið varir við góðærið. En það var eitt mjög athyglisvert svar sem kom fram í Alþýðublaðinu 1. maí sl. Þá var Hannes Hólmsteinn

Gissurarson stjórnmálafræðingur spurður: Hvar er góðærið? (**KÁ:** Og ríkisstarfsmaður.) Og hann svarar spurningu blaðsins. Blaðamaðurinn spyr: Hver finnst þér vera staða verkalýðshreyfingarinnar í dag? Svar Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar er eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar að verkalýðsfélög geri ekkert gagn til kjarabóta, það er ekkert samhengi greinanlegt milli kjarabóta og kjarabaráttu. Hins vegar geta verkalýðsfélög haft áhrif í þá átt að útvega félagsmönnum sínum margvíslegan afslátt. Þannig að ég sé hlutverk í framtíðinni fyrir verkalýðsfélög sem afsláttarklúbba." (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn á móti þessu?)

Þetta var skoðun Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar sem birtist í Alþýðublaðinu 1. maí. Nú er það ekki svo að Hannes Hólmsteinn Gissurarson sé maður úti í bæ, ríkisstarfsmaður að vísu. (**Gripið fram í:** Sem betur fer er hann maður úti í bæ.) Þetta er sá maður sem stendur fyrir ákveðna hugmyndafræði. Þessi setning lýsir hugmyndafræði sem á sér rætur og formælendur innan eins stjórnmálaflokks, innan Sjálfstfl. Hann hefur sjálfur oft sagst vera ráðgjafi hæstv. forsrh. Ég ætla ekkert að dæma um það. Mér er sama hvar hæstv. forsrh. leitar ráðgjafar. En hér birtist stefna sem að hluta til endurspeglast í þessu frv. Það er alveg ljóst hvað þessir menn vilja gera með frv. Þeir vilja brjóta niður skipulagt starf verkalýðshreyfingarinnar. Þetta hefur verið gert víða, oft með átökum, oft með blóðugum átökum. Þessi stjórnarstefna hefur verið reynd víða um heim en hún birtist ósköp blygðunarlaust í Alþýðublaðinu á degi verkalýðsins; „... þannig að ég sé hlutverk í framtíðinni fyrir verkalýðsfélög sem afsláttarklúbba." Þetta eru skilaboðin. Þetta er hugsunin sem bærist í huga þeirra manna sem leggja fram þessi frumvörp og stefna í átök við skipulagða launþegahreyfingu.

Menn segja: Hvað er að marka þetta. Það er ekkert um þetta í frv. En það er nefnilega ýmislegt í þessu frv. þar sem vegið er að rótum stéttarfélaganna í landinu.

Í 47. gr. frv. segir að kjósi starfsmaður að standa utan stéttarfélaga, þá skuli hann njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Það segir í lögunum að starfsmaðurinn þurfi ekki að greiða gjald til stéttarfélags eins og verið hefur og kveðið er á um í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í þessari lagagrein segir einnig að fjármálaráðherra skuli ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga ef starfið sem hlutaðeigandi gegnir fellur ekki innan samningssviðs einhvers ákveðins félags.

Með þessu ákvæði er verið að opna möguleikann á því að starfsmenn geti staðið utan stéttarfélaga sem þeir hafa rétt til og tekið mið af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. En þeir taka þá mið af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags án þess að taka nokkurn fjárhagslegan þátt í gerð kjarasamningsins. Einstaklingar geta því samkvæmt þessu byggt á sjálfstæðum launasamningi við vinnuveitanda. Hér er náttúrlega stefna á ferðinni. Hér er verið að fara inn á þá braut að samningsgerðin verði gerð á einstaklingsbundnum grunni án aðildar stéttarfélaga. Þetta er gróft brot á því fyrirkomulagi sem hefur verið um áratuga skeið, þ.e. að samningsrétturinn við kjarasamningsgerð gegnum stéttarfélögin hefur verið tryggður ótvírætt. Hérna er verið að opna möguleikana á því að brjóta niður stéttarfélögin sem þann aðila sem fer með kjarasamninga. En í 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem eru sérlög, önnur löggjöf, er kveðið á um starfsmenn utan stéttarfélaga. Ef þessar greinar eru hins vegar lesnar saman, 47. gr. í þessu frv. og 7. gr. í lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er augljóst að þarna skapast réttaróvissa og að það er vegið mjög harkalega að rótum félagafrelsis og stéttarfélaga. En það má einnig benda á að þetta félagafrelsi er tryggt í stjórnarskrá okkar.

Við megum ekki gleyma því að við búum við ákveðið form hér á vinnumarkaði. Við búum við það form að stéttarfélögin fara með samninga og samningsgerðin hvílir á þeim gagnvart vinnuveitandanum. Sú stefna að breyta því einhliða af hálfu ríkisvaldsins hefur ekki komið fram fyrr en núna. Það sem ég segi um óvissu varðandi stéttarfélögin og starf þeirra byggir m.a. á áliti Gests Jónssonar lögfræðings, hæstaréttarlögmanns, sem er lögmaður BSRB en jafnframt einn virtasti lögmaður hérlendis á þessu sviði. Hér er því ekki verið að fara með neitt fleipur. Hér eru alvarlegir hlutir á ferðinni.

Það má segja að gagnrýnin á þetta frv. sé þríþætt. Það er brotið gegn eðlilegu samráði við undirbúning við lagasmíð. Þetta er formið. Það er brotið gegn eðlilegu samráði þegar menn eru að undirbúa löggjöf. Það er gripið einhliða inn í kjarasamninga með tilteknum ákvæðum í þessu frv. og það er vegið að rótum skipulags stéttarfélaga á opinberum markaði með þessu frv. Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn skuli ekki átta sig á því í hvers konar óefni þeir stefna málunum með þessari lagasetningu. Ég minni á að það hefur áður gerst að ríkið greip inn í almenna kjarasamninga með löggjöf. Það gerðist 1989 þegar ríkisvaldið greip inn í kjarasamninga á opinberum markaði og nam úr gildi kjarasamninga sem höfðu verið gerðir. Þá var brotinn niður með einni aðgerð allur trúnaður og samstarf milli stéttarfélaga og ríkisvalds til mjög margra ára eins og menn minnast. Þetta hafði mjög mikil áhrif á samskipti launþega og ríkisvalds á opinberum markaði. Það eru sex eða sjö ár síðan þetta gerðist. Eitthvað hefur verið byrjað að gróa yfir sárin sem lagasetningin hafði í för með sér. Með lagasetningunni er rifið ofan af öllu þessu sári sem er þó ekki nema nokkurra ára gamalt með þessari fruntalegu framkomu og einhliða gerningi. Það er átakanlegt ef menn geta ekkert lært af sögunni. Reka sig á aftur og aftur og búa til þá stöðu að stríð verði á milli ríkisvaldsins og starfsmanna þess. Þetta frv., herra forseti, stefnir beint í þá átt.

Í þessu frv. eru ýmis atriði sem brjóta á starfsmönnum þó með misjöfnum hætti sé. Stjórnsýslulög eru að hluta til tekin úr sambandi, þ.e. réttur til að tala máli sínu og það er vitaskuld ósvinna að gera löggjöfina þannig úr garði eins og hér er gert. Einnig má geta þess að frv. kveður á um að starfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu. Það eru hins vegar engin ákvæði um slíkt á almenna markaðnum. Það má ekki gleyma því að frumvarpshöfundar vitna oft og tíðum í almenna markaðinn sem fyrirmynd sína. Hins vegar eru mjög mörg atriði í frv. gjörólík því sem gerist á almennum markaði. Það má nefna þetta ákvæði sem ég nefndi um skyldu til yfirvinnu, það er skylda við uppsagnir við langvarandi veikindi, það er framlenging á uppsagnarfresti og það er ekkert virkt eftirlit eða stjórnir að baki forstöðumanna auk ýmissa annarra atriða. Í ýmsum grundvallaratriðum víkur þessi löggjöf frá því sem almennt er á hinum hefðbundna vinnumarkaði hérlendis. Varðandi þá skyldu að vinna yfirvinnu sem er sérstök fyrir starfsmenn ríkisins er um að ræða íþyngjandi ákvæði og það hefur reyndar verið í lögum áður. Ef menn telja rétt að festa það með þessum hætti eins og gert

er við heildarendurskoðun laganna, loksins þegar menn taka lögin upp í heild sinni, á vitaskuld að gefa starfsmönnum tækifæri á að taka þau mál upp í kjarasamningum. Ef menn telja rétt að það eigi að hafa slík íþyngjandi ákvæði eins og skyldu að vinna yfirvinnu á það að endurspeglast í hærri launum. Það er ámælisvert að í frv. er kveðið á um að verði um langvarandi veikindi starfsmanna að ræða sé skylt að leysa hann frá störfum. Það er sett í lagatextann að séu menn svo óheppnir að vera veikir til lengri tíma og vera í þjónustu ríkisins þá skulu þeir reknir. Þetta eru skilaboð hins fyrsta flokks vinnuveitanda. Ég held að þau gerist varla skýrari.

Í frv. er einnig kveðið á um að framlengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef margir biðja um lausn samtímis. Sambærilegt ákvæði var í löggjöfinni áður. Þetta þekkist ekki á almennum vinnumarkaði. Menn geta þar sagt upp hvort sem þeir gera það margir eða fáir og vinnuveitandinn verður bara að glíma við þann vanda sem kemur í kjölfar slíks. En hér er sett í lög vald til þess að framlengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef margir leita lausnar samtímis. Ríkisvaldið hefur oft notað þessa heimild, nú síðast gagnvart heilsugæslulæknum sem standa í deilu við ríkisvaldið og sögðu upp en ákveðið var að fresta uppsögn þeirra um þrjá mánuði. Þetta ákvæði þekkist ekki á almennum markaði.

Nú skulum við segja að það geti verið nauðsynlegt að vera með einhver slík ákvæði vegna sérstöðu ýmissa starfa hjá ríkinu. Það gæti vel verið. En þá eiga menn að ræða það og takast á um það við gerð kjarasamninga. Fyrir slík íþyngjandi ákvæði og skyldur er ósköp eðlilegt að á móti komi hærri laun til þeirra starfsmanna sem þetta á við um. Það er enginn kostur gefinn á slíku við þetta frv. Það er heldur ekkert virkt eftirlit með forstöðumönnum ríkisins, engar stjórnir á bak við þá í langflestum tilfellum. En ég mun koma að valdi forstöðumanna síðar í ræðu minni.

Fjölmörg önnur atriði orka tvímælis. Til að mynda er ekkert tekið á kjarasamningsferli hjá ríkinu. Nú er vitað, herra forseti, að kjarasamningar á vegum hins opinbera fara þannig fram að það er ein miðstýrð nefnd fjmrn. sem gerir alla kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Það er samninganefnd ríkisins. Það er engin tilraun gerð í þessu frv. til að reyna að brjóta þessa miðstýringu á bak aftur þrátt fyrir að flestir séu sammála um að þetta form samningsgerðar hafi gengið sér til húðar fyrir nokkru. En það er engin tilraun gerð til sjálfstæðrar hugsunar í þessu frv. til að reyna að finna þessum málum annan farveg. Það er líka mat mjög margra sem sendu inn umsagnir til hv. efh.- og viðskn., að launakerfið væri gagnrýnisvert og ekki fundinn farvegur til að stokka það upp. Gagnrýnisatriðin sem hafa verið nefnd eru t.d. að launakerfið þykir ógagnsætt, greiðslur fyrir óunna yfirvinnu eru býsna algengar og menn hafa ekki yfirsýn yfir þær. Það vantar hvata inn í kerfið, það tekur ekki mið af ólíkum aðstæðum innan ríkiskerfisins, mælir ekki mismunandi álag, er flókið og miðstýrt og svifaseint samningaferli, erfitt að leiðrétta rangfærslur og það hefur litla aðlögunarhæfni. Ekkert er tekið á þessum þáttum eða fundinn farvegur til endurskipulagningar á þessum þáttum í frv. Það eina sem mönnum datt í hug var að fela forstöðumönnum vald til yfirborgana eftir óljósum reglum.

Það eru þó mörg stefnuatriði sem koma fram í frv., m.a. að það eykur vald ríkisins sem vinnuveitanda. Þegar frv. er skoðað er vald ríkisins sem vinnuveitanda orðið mikið miðað við vald vinnuveitanda á almennum markaði. Eins og hv. þm. þekkja bærilega þá þykir vald vinnuveitenda á almennum markaði vera býsna mikið. Frv. felur í sér lélegri ráðningarfestu en verið hefur og ekki er settur upp neinn farvegur ef deila skapast milli starfsmanna og forstöðumanna. Frv. gengur út á að geðþóttavaldi forstöðumanna er gefið gott rúm í stjórnsýslu ríkisins.

Frv. gengur á réttindi starfsmanna og það gengur á réttindi þeirra eða möguleika á að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt. Þetta er siðlaus lagasetning og hún er í andstöðu við nútímastjórnunarhætti miðað við hvernig fyrirtækjarekstur og opinber stjórnsýsla hefur verið að þróast í nágrannalöndunum. Það er ekki svo að það sé verið að búa einhverri skynsamlegri framtíðarstefnu farveg í þessu frv. Hér eru lausnir fortíðarinnar varðandi stjórnun og hér er fyrst og fremst verið að þrengja að möguleikum starfsmanna.

Í frv. vantar alveg skyldu til samráðs og samstarfs við stéttarfélögin þegar kemur að ákvörðunum sem varða starfsmenn sjálfa. Við tölum ekki um önnur mál en við skulum biðja um samráð við þá í þeim málefnum sem varða starfsmennina sjálfa. Það er ekkert kveðið á um það í þessu frv. Vitaskuld er mjög mikilvægt þegar miðað er við þennan mikla fjölda ríkisstarfsmanna að eðlilegt samráð sé haft í stjórnsýslunni við starfsmenn. Þetta frv. er einfaldlega allt of hrátt til að hægt sé að vinna að því af einhverju viti. Ef menn hefðu sett það í einhvern eðlilegri farveg þá hefðu menn unnið út frá því endurskipulagningu á ríkisrekstri en því var hafnað að veita því í slíkan farveg. Ítrekaðar ábendingar um að málið yrði skoðað betur voru hunsaðar, ekki bara frá minni hlutanum heldur einnig frá stéttarfélögunum. Meiri hluti efh.- og viðskn. afgreiddi málið löngu áður en það var tilbúið til frekari þinglegrar afgreiðslu.

Margt er hægt að gagnrýna í þessu frv., það kom m.a. fram í umsögnum. Í 16. gr. eru lögbundin mjög óljós ákvæði um tímaskráningu og refsiákvæði um frádrátt á laun. Þetta eru illa útfærð ákvæði og úrelt að hluta og þau sýna þekkingarleysi frumvarpshöfunda á vinnu ríkisstarfsmanna. Það er svona eitt dæmið um það þegar menn eru að vinna að hlut sem þeir hafa ekki glögga þekkingu á.

Í 21. gr. frv. er kveðið á um að það sé brottrekstrarsök ef ekki er sýndur fullnægjandi árangur í starfi. Hvað er fullnægjandi árangur í starfi? Við spurðum að því í nefndinni. Við fengum engin svör við því hvað væri fullnægjandi áragnur í starfi. Það er augljóst að forstöðumaður hefur þetta mat einhliða hjá sér.

Í 27. gr. frv. er gert ráð fyrir sérstakri nefnd sem kanni meintar misfellur starfsmanns. Það er hins vegar ekki tryggt hlutleysi slíkrar málsmeðferðar þar sem ráðherrar, fjármála og fagráðherrar skipa tvo af þremur í nefndinni. Þetta er dæmi um mál sem hefði þurft að skoða betur.

Í 36. gr. frv., en engin breyting er gerð á því, er kveðið á um að flytja megi embættismenn til í starfi en það er ekkert rætt um að það eigi að gerast í samráði við viðkomandi embættismann. Vitaskuld getur verið gott að skipta mönnum í stöðum innan ríkiskerfisins en hér væri eðlilegt að eitthvert samráð yrði haft við viðkomandi starfsmann. En hér hefur viðkomandi starfsmaður ekkert um það að segja ef hann er fluttur til í starfi. Þetta er ekki góð útfærsla.

Það er ýmislegt sem bendir til þess að það hefði þurft að skoða réttarstöðu starfsmanna í Háskóla Íslands en fram komu ábendingar um það. Það er alveg ljóst að fyrirkomulag kjarasamninga á þeim vettvangi gerir það að verkum að það er ekki hægt einhliða að kveða á um breytingar án þess að það sé rætt ítarlega við kjarasamningsgerð.

Réttarstöðu lögregluþjóna, tollvarða og fangavarða er breytt einhliða. Þeir eru gerðir með lagasetningu að embættismönnum, þó sérstakri gerð embættismanna. Embættismönnum með samningsrétt. Það hefði þurft að ræða þau mál betur. Það var gert að hluta til við forustumenn stéttarfélaganna en ég tel að hér hefði þurft að fara fram ítarlegri umræða um þennan nýja flokk starfsmanna ríkisins sem byggður er upp með þessum hætti.

Í frv. er kveðið á um að prófastar og prestar verði gerðir að embættismönnum en þeir hafa gert miklar athugasemdir við það að þeir skuli vera felldir undir fimm ára ráðningartíma eins og er aðalreglan í frv. Réttarstaða presta og þjóðkirkjunnar er dálítið sérstök. Þetta er dæmi um mál sem ekki virðist hafa verið skoðað nægjanlega. Ég vil með leyfi hæstv. forseta vitna til álits sem nefndinni barst frá formanni Prestafélags Íslands, Geir Waage, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Af framansögðu stendur einkum tvennt gegn því að fimm ára ráðning sóknarpresta verði lögleidd.

Í fyrsta lagi gengur þetta fyrirkomulag gegn guðfræði kirkjunnar og þar með gegn allri grundvallarskipan sem verið hefur. Það brýtur um leið alla hefð í samskiptum ríkis og kirkju en kirkjan hefur kennt að allir menn skuli hlýða ríkisvaldinu á meðan það setur sig ekki á móti frelsi fagnaðarerindisins.

Í öðru lagi er hið kirkjulega embætti sett í uppnám. Tímanlegu öryggi prestakallanna og prestsembættisins er stefnt í hættu ekki síst úti um landið þar sem leifar eignaprestakallanna enn tryggja prestsþjónustu með því að gera prestum lífvænlegt þar að vera og þjóna.

Ég tel ákvæði frv. um fimm ára ráðningartíma presta raska svo kirkjuskipaninni, að kirkjulögum að öðru leyti óbreyttum, að ekki verði við unað. Því legg ég það til að lögin verði ekki látin taka til sóknarprestsembætta þjóðkirkjunnar. Reynist ekki unnt að koma þeirri breytingu á frv. við álít ég að umsvifalaust þurfi að undirbúa löggjöf um breytt fyrirkomulag á sambandi ríkis og kirkju svo unnt verði að tryggja kirkjunni þann umbúnað hins kirkjulega embættis er tryggt geti frelsi boðunarinnar með tryggari hætti en frv. gerir. Þau nýju kirkjulög yrðu þá að taka gildi um leið og ákvæðið um fimm ára ráðningartímann tækju gildi í kirkjunni ef ekki yrði gerður sá aðskilnaður ríkis og kirkju í nýrri löggjöf sem tryggði kirkjunni fullkomið frelsi boðunarinnar að því er tekur til ofangreinds máls."

Hér tók ég út umsögn formanns Prestafélags Íslands varðandi stöðu stéttar sem hann er í forsvari fyrir. Það er ekki gerð tillaga um að breyta þessu ákvæði sem hann talar um varðandi ráðningartíma en hér boðar hann að setja þurfi ný lög ef þetta verður að lögum og það þurfi jafnvel að aðskilja ríki og kirkju. Það er auðvitað stórmál sem sumir mundu vilja skoða alvarlega. Sumir eru hlynntir slíku en aðrir telja það óráðlegt. Ég ætla ekkert að dæma um það. En ég er að draga þetta fram sem dæmi um áhrif af svona einhliða lagasetningu á ýmsar starfsstéttir í landinu. Eins og kemur fram í þessari tilvitnun er alveg augljóst að þetta er ekki að fullu rætt. Það hefur ekki verið skoðað nægilega hvort hér er einhver slík sérstaða á ferðinni að menn verði að leggjast betur yfir það. Ég er ekki að fullyrða neitt um að þessi sjónarmið hafi við rök að styðjast, ég veit ekkert um það. Þetta er sjónarmið eins formanns eins fagfélags varðandi þá meðferð sem hans stétt verður fyrir í þessu frv. Það komu fram fjölmargar slíkar ábendingar frá ýmsum umsagnaraðilum. Það komu t.d. fram mjög vandaðar álitsgerðir frá heildarsamtökunum BSRB og BHMR og Félagi hjúkrunarfræðinga sem voru mjög ítarlegar og fjölluðu um fjölmarga þætti sem snerta þær starfsstéttir. En það var ekkert gert með það í brtt. meiri hlutans. Það er ekki tekið neitt á því í þessu frv. að hjá starfsmönnum ríkisins verða tvenns konar kerfi í gangi. Nýir starfsmenn verða ráðnir samkvæmt því réttarumhverfi sem þessi lög gera ráð fyrir, þ.e. með tímabundinni ráðningu eða með gagnkvæman uppsagnarfrest og síðan verða náttúrlega þeir sem eru nú þegar í ríkisþjónustu og ýmsir þeirra búa við ótímabundna ráðningu eða óuppsegjanlegan samning þar sem ekki er gert ráð fyrir gagnkvæmum uppsagnarfresti. „Eldri starfsmenn" munu starfa við hlið nýráðinna starfsmanna sem eru með gagnkvæman uppsagnarfrest og tímabundna ráðningu. Það er engin tilraun gerð til þess í þessu frv. að reyna að fella saman þessi ólíku kerfi, t.d. að þeir sem eru með svokallaða æviráðningu geti átt þess kost að fara inn í hið nýja réttarkerfi og þá á hærri launum gegn því að afsala sér æviráðningu. Það eru engin ákvæði í frv. um það að reyna að fella saman eldra og nýrra kerfi.

Almenna reglan í þessu frv. er sú að embættismenn séu skipaðir til fimm ára. En það er heimilt að framlengja stöðu þeirra án auglýsinga. Ég hefði talið eðlilegt að það væri grundvallarregla að auglýsa stöðu á vegum ríkisins ekki hvað síst þegar kemur að embættismönnum. Þetta býður því heim að óhæfir forstöðumenn geta setið langt umfram það sem eðlilegt mætti teljast vegna þess að stöðurnar verða ekki auglýstar lausar til umsóknar. Það er heimilt að framlengja tímabundna ráðningu án auglýsingar og það tel ég vera ámælisvert.

16. gr. frv. er sömuleiðis gagnrýnisverð. Þar er gert ráð fyrir að forstöðumenn geti framselt vald sitt. Þeir fara með mikið vald og framsal á þessu valdi hefði þurft að sæta verulegum takmörkunum. Það er mikilvægt að þær reglur sem settar verða um yfirborganir verði settar í samráði við stéttarfélögin. Það er ekki svo. Við spurðum margítrekað hvað yrði með þær reglur sem menn ætla að vinna með varðandi yfirborganir. Það er getið um þær í 9. gr. frv. Hvaða reglur eru þetta? Það kom í ljós að það voru engar reglur til. Hvort þessar reglur verða settar, þær á að setja í fjmrn., hvort þær verða settar í samráði við stéttarfélög eða ekki er algjörlega óvíst. Það sýnir betur en margt annað það mikla vald sem fjmrn. tekur sér með þessari löggjöf. Það eru settar takmarkanir á rétt embættismanna til að starfa að málefnum sem tengjast kjarasamningum og taka þátt í almennri kjaraumræðu. Það er álit ýmissa varðandi þetta ákvæði að það jaðri við brot á stjórnarskránni um málfrelsi. Þetta er dæmi um þann línudans sem frumvarpshöfundar stíga hér gagnvart stjórnarskránni.

Ákvæði til bráðabirgða eru að ýmsu leyti óljós og ýmis þeirra skerða réttindi þeirra sem nú eru í starfi. Eitt meginatriðið í frv. er aukið vald fostöðumanna. Það er gimsteinninn í frv. að mati hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég sé ekki fjmrh., en geri ráð fyrir að hann fylgist grannt með úr hliðarsal. Ég er að verða þreyttur á að kalla eftir honum hér inn í þingsalinn. Ég vildi óska eftir að hann yrði hér við umræðuna.

(**Forseti** (GÁS): Forseti gerir ráðstafanir til að fá hæstv. ráðherra í salinn.)

Þetta aukna vald forstöðumanna sem frv. gerir ráð fyrir kemur m.a. fram í þeim rétti að ákvarða viðbótarlaun til einstakra starfsmanna sem hafa sýnt sérstaka hæfni í starfi.

Því er hins vegar ekki lýst hvernig á að gera þetta. Það er ekki vitað eftir hvaða reglum á að vinna og það er bersýnilegt að hér er forstöðumönnum falið vald til eftirlitslausra launaákvarðana. Þeir geta hyglað einstökum starfsmönnum, enda er það tilgangurinn í sjálfu sér, án nokkurra afskipta t.d. af hálfu stéttarfélaganna.

Ein af röksemdum frumvarpshöfunda með þessu fyrirkomulagi er að segja: Svona er þetta gert á almenna vinnumarkaðnum. Það er rangt. Framkvæmdastjóri á almenna vinnumarkaðnum hefur vissulega vald til þess að gera sjálfstæðan launasamning við undirmenn sína. Og þeir sem til þekkja vita að slíkt er mjög algengt. Hins vegar hafa framkvæmdastjórar í fyrirtækjum á almennum markaði eftirlit á bak við sig. Þeir eru bundnir af stjórnarsamþykktum og þeir verða í langflestum fyrirtækjum á almennum markaði að standa reikningsskil gerða sinna gagnvart stjórn síns fyrirtækis. Þar á meðal, ef svo ber undir, yfirborganir til einstakra starfsmanna. Stjórn þarf síðan að svara fyrir rekstur fyrirtækisins á árlegum aðalfundi eða hluthafafundum. Hér á almenna markaðnum eru a.m.k. tvö virk eftirlitsstig ef borið er saman við forstöðumenn í ríkisþjónustu. Þannig að röksemdin sem borin er fram varðandi samanburðinn við almenna markaðinn á einfaldlega ekki við. Það er augljóst að það er stefna frv. að slíta yfirborganir úr samhengi við önnur ráðningarkjör. Það er alveg augljóst. Það er eitt af þeim stefnumálum sem fram koma í þessu frv.

Mig langar, herra forseti, að vitna aðeins í álitsgerð sem kom frá BSRB varðandi þennan þátt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„BSRB telur líklegt að fram komnar tillögur" — þ.e. tillögurnar um yfirborganirnar — „verði erfiðar og tilviljanakenndar í framkvæmd og kunni að skapa fleiri vandamál en þeim er ætlað að leysa. Þær kannanir sem BSRB hefur skoðað staðfesta að svo kunni að vera. Æskilegt er að Alþingi afli upplýsinga hjá fjmrh. hvað nákvæmlega eigi að leggja til grundvallar við launaákvarðanir og þær reglur sem hann kveður þær eiga að grundvallast á. Staðhæfingar fjmrh. um að með frv. sé stefnt að opnara og gagnsærra launakerfi standast engan veginn. Þvert á móti bendir allt til að hið gagnstæða verði upp á teningnum. Þá er nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvort reglur frv. stangist að einhverju leyti á við kjarasamningsbundin heimildarákvæði til sérstakra launahækkana."

Það er augljóst af þessari tilvitnun að menn telja að yfirborgunarvald sem forstöðumönnum er falið með þessum hætti veki upp fleiri spurningar en það svarar. Til að mynda vantar ákvæði um samráð um þessar reglur þannig að tryggt verði að konur og karlar njóti sömu möguleika varðandi viðbótarlaun. En það er alþekkt út ríkiskerfinu og reyndar annars staðar líka á vinnumarkaði að yfirborganir koma oft fyrst og fremst karlmönnum til góða en ekki konum. Þrátt fyrir að um sé að ræða sambærileg störf njóta þær yfirborgana í mun minni mæli en karlmenn. Þess vegna hefði verið mjög nauðsynlegt varðandi þennan þátt, ef menn hefðu ætlað að lögfesta slíka útfærslu, að það væri gert ráð fyrir að ekki yrði haldið áfram þessu misrétti sem viðgengst bæði á opinberum og almennum markaði.

Ráðherra, sem er yfirmaður forstöðumanna, er pólitískt skipaður. Það þarf að íhuga nokkuð varðandi þennan þátt að þótt forstöðumaðurinn beiti valdi sínu til yfirborgana eftir miðstýrðum reglum fjmrn. þá er augljóst að hann hefur vald til sjálfstæðra launaákvarðana gagnvart einstökum starfsmönnum. Það eru engar stjórnir eða fundir eins og eru á almenna markaðnum, yfirmaður forstöðumanna er viðkomandi fagráðherra. Það er hins vegar vitað að fjölmargir forstöðumenn innan ríkiskerfisins eru tiltölulega sjálfstæðir þannig að húsbóndavald fagráðherrans er í reynd ekki virkt. Því samanburður við almenna markaðinn er út í hött hvað því viðkemur að forstöðumaður séu með þessu orðnir sambærilegir við framkvæmdastjóra á almennum markaði. Forstöðumenn í opinberri þjónustu hafa með lögfestingu þessa frv. miklu meira vald. Þá vaknar spurning um skilin milli pólitísks valds og embættismanna stjórnsýslunnar. Á það var m.a. bent af Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins sem gerðu athugasemdir við frv. að þeir teldu rétt að starfsmenn þess ættu að búa við lengri ráðningartíma. Það voru fleiri sem báðu um það en þeir rökstuddu þetta út frá því að það sé nauðsynlegt að í æðstu stjórnsýslunni skapist stöðugt embættismannavald sem tryggi stöðugleika gagnvart pólitískt kjörnu valdi hverju sinni. Það er heilmikil hugsun fólgin í þessu. Menn hafa dæmi um hið gagnstæða þar sem framkvæmdarvaldið skiptir raunverulega út öllum æðstu yfirmönnum stjórnsýslunnar þegar það tekur við störfum. Þekktasta dæmið um stjórnarfar af þessum toga er í Bandaríkjunum við forsetakjör, en forseti er handhafi framkvæmdarvaldsins. Þá er skipt út helstu embættismönnum stjórnsýslunnar. Það er augljóst af þessu að hið pólitískt virka vald ráðherranna gagnvart forstöðumönnunum með hið aukna vald er í reynd ekki eins virkt og menn vilja vera láta. Ef nokkurt vit hefði verið í þessari umræðu hefði því átt skoða þetta mál betur. Það þarf að búa svo um hnútana varðandi þetta efni að geðþóttavaldi, sama hver fer með það geðþóttavald, sé haldið í eins föstum skorðum og mögulegt er. Þetta frv. gengur ekki út á það. Það ofurselur starfsmenn geðþóttavaldi án virks eftirlits. Það er ámælisvert. Það hefur e.t.v. verið hugsun frumvarpshöfunda, en það má vel vera að frumvarpshöfundar hafi einfaldlega ekki hugsað þessi mál í þaula eins og þyrfti að vera.

Það kemur skýrt fram í 19. gr. frv. að forstöðumanni er heimilt að ráðskast með starf undirmanna sinna næstum að vild án þess að starfsmaðurinn eigi raunverulega nokkurn rétt til áhrifa annan en þann að hætta störfum. Þetta er ótækt ákvæði og gengur miklu lengra en er á almennum vinnumarkaði. Það sem verið er að gera með þessu frv. er að það er verið að undirbúa að færa kjarasamningsgerðina úr stéttarfélagsfarveginum yfir í farveg einstaklingsbundinna launasamninga. Það er alveg augljóst hvert stefnir í þessum efnum. Það hefði þá komið til álita að mati okkar, ef menn vilja endilega taka dálítið á varðandi þessa forstöðumenn, að segja upp öllum núverandi forstöðumönnum ríkisins, auglýsa stöður þeirra lausar til umsóknar og endurráða þá í stöðurnar fyrri forstöðumenn eða aðra og reyna þannig að stokka upp í ríkiskerfinu. Flestir vita að mjög margir af forstöðumönnum ríkisins geta ekki farið með þetta vald sem þeim er veitt samkvæmt þessu frv. Þeir kunna ekki með það að fara og það er mikil hætta á að þeir misnoti það. Það er ámælisvert í þessu frv. að það er hvergi sleginn varnagli við því hvað eigi að gera við þá menn sem kunna ekki að fara með það mikla vald sem þeim er falið samkvæmt þessu frv.

Það hefur komið fram í umræðunni og hæstv. fjmrh. hefur verið hvað frískastur í því að tala fyrir því að nú þurfi að taka upp nýja stjórnunarhætti hjá hinu opinbera. Það sé komið að því að taka upp betri stjórnsýslu. Gott ef hæstv. fjmrh. var ekki framkvæmdastjóri Stjórnunarfé-

lagsins einhvern tímann, ég man það ekki. (**Gripið fram í:** Jú, jú, hann var það. En það er orðið langt síðan.) Já, það er mjög langt síðan. En einhvern tíma kom hann þó að þessum málum. Hann hefur oft talað um bætta stjórnun og talað um að ýmislegt mætti betur fara í opinberum rekstri. En það sem gert er í þessu frv. hefur ekkert með nútímastjórnhætti að gera. Þetta er gamaldags hugmyndafræði sem var góð og gild fyrir svona tíu árum. Frv. gengur út á miðstýrt boðvald forstöðumanna og yfirmanna. Það gengur út á miðstýrða ákvarðanatöku í einstöku stofnunum. Þessi aðferðafræði hefur alls staðar vikið fyrir meiri valddreifingu, samráði og samstöðu milli forsvarsmanna, starfsfólks og samtaka þeirra. Það er sá stjórnunarstíll sem langflestir í nágrannalöndunum hafa fylgt undanfarin ár.

Nú eru til margar stjórnunaraðferðir og aðallega skiptast þær í þessa tvo meginflokka. Annaðhvort tala menn um miðstýringu eða dreifstýringu. Svo eru til margs konar útfærsla á þeim þáttum sem ég ætla ekki að fara út í hér. Þeir þættir hins vegar sem tengjast stjórnun í þessu frv. eru ekki nútímalegir. Þetta ber aftur merki þess að menn viti ekki hvað þeir eru að gera. Það er ekki leitað ráða varðandi nútímalega stjórnunarhætti sem menn hefðu getað gert við setningu þessara laga. Það er auðvitað eitt af því sem menn hefðu getað bætt. Ef menn hefðu viljað vinna þetta í einhvers konar samráði hefði verið hægt að upplýsa hæstv. fjmrh. um hvaða stjórnunaraðferðir, stjórnunarstíll og stjórnunarumgjörð væri heppilegur fyrir ríkisrekstur. Það er greinilegt að hann kann ekki skil á þeim efnum og ég er ekkert að álasa honum fyrir að vera ekki sérfræðingur á því sviði. En það er svo augljóst að hans menn sem komu að samningu þessa frv. þekkja ekki til.

Nú er það svo að við getum vitaskuld ekki lagt fyrirtækjamat á alla þætti þjónustu ríkisins. Ríkið er starfandi sums staðar á samkeppnismarkaði og þá verða menn að laga sig að því formi og þeim háttum sem þar ríkja. En það er meginmunur á ríkisvaldinu og fyrirtækjarekstri. Mjög mikilvægir þættir í ríkisumsvifunum varða t.d. öryggismál, velferðarmál og menntamál og þar verður ekki komið við fyrirkomulagi fyrirtækjaramma. Það virðist alveg skorta sýn á þetta í þessu frv. Hæstv. fjmrh. talar oft um að það þurfi að betrumbæta svo mikið og ríkissjóðurinn sé að sliga hann o.s.frv. Í framhaldi af því má geta þess að umsvif opinberra aðila hérlendis eru miklu minni en í nágrannalöndum okkar. Og það hefur engin úttekt farið fram á því hvort opinber umsýsla hér á landi sé á einhvern hátt verri en hún er í nágrannalöndunum. Ég fullyrði að svo er ekki. Ég fullyrði t.d. að innan heilbrigðisþjónustunnar séum við að gera betri eða a.m.k. jafngóða hluti fyrir mun minna fé en gert er í nágrannalöndunum. Ég hef trú á að það gildi það sama um margt í menntakerfinu. Það virðist vera einhver trú á því að allt sem ríkið gerir, allt sem hið opinbera gerir sé óhagkvæmt og það beri að draga úr því og minnka það. Helst fella það niður og láta einhverja aðra aðila gera það. Þetta er mjög mikill misskilningur á eðli þeirra umsvifa sem ríkisvald hlýtur alltaf að hafa á tilteknum þáttum sem varða okkur öll. Hér kemur náttúrlega að því að menn eru að draga hina pólitísku línu. Þeir sem vilja markaðsvæða og færa fyrirtækjaumhverfið yfir á alla þá þætti í ríkiskerfinu sem þeim dettur í hug, hvort sem er á sviði velferðarmála, heilbrigðismála eða menntamála, eru fulltrúar ákveðinnar stjórnmálaskoðunar. Hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin standa fyrir þessari stjórnmálaskoðun. Ég og minni hlutinn hér á Alþingi erum hins vegar á móti þessum viðhorfum. Ekki vegna þess að við teljum ekki að það megi oft bæta og nýta sér markaðinn af hálfu ríkisins þegar það á við. En við erum á móti því að markaðsvæða hér þætti eins og heilbrigðismál, velferðarmál og menntamál. Markaðshyggjan á ekkert erindi inn í þessa málaflokka. Flestar grannþjóðirnar, a.m.k. þær sem stýrt er af jafnaðarmönnum, hafa fyrir löngu komist að þessari niðurstöðu. En þarna skilur á milli pólitískrar sýnar einstakra manna. Það má segja að frv. endurspegli ágætlega hina pólitísku sýn sem stjórnmálaflokkarnir hafa á þessum málaflokki.

Þetta frv. er ekki að ná fram endurbótum í stjórnun sem hefði verið nauðsynleg. Sú miðstýringarárátta er mjög áberandi sem m.a. kemur fram í því að fjmrn. er falin framkvæmd á langflestum þáttum sem varða starfsmenn ríkisins. Í frv. er engin tilraun gerð til þess að reyna að tengja fagráðuneytin inn í einstakar ákvarðanir á árangursríkan hátt og efla eðlilega lýðræðislega stjórnarhætti innan stofnunarinnar sjálfrar. Það er engin tilraun gerð til þess í þessu frv. Eina sem gert er er að búið er til vald forstöðumanna, m.a. til yfirborgana og uppsagna, sem hefur ekkert með þá stjórnarhætti sem eru algengastir á almennum vinnumarkaði heldur eru hér dæmi um það að grípa einn, tvo þætti út sem geta ekki á nokkurn hátt tengst endurskipulagningu á ríkisrekstri einfaldlega vegna þess að þau mál hefði þurft að skoða í miklu víðtækara samhengi.

Ég gat áðan um að allar umsagnirnar sem hér eru, og vafalítið á eftir að vitna í þær í umræðunni, hefðu verið neikvæðar nema örfáar. Það er stuðningur við þetta frv. hjá einum aðila í þjóðfélaginu. Það er frá vinnuveitendum á almennum markaði. Það eru einu aðilarnir sem taka undir þetta frv. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég fá að lesa hér upp úr umsögn sem okkur barst frá Vinnumálasambandinu sem er eitt af vinnuveitendafélögunum hér. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er um mjög mikilvægt og þarft frv. að ræða sem tekur á þeim mismun sem myndast hefur milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði.“ Síðar segir, með leyfi forseta: „Það er skoðun Vinnumálasambandsins að frumvarpið stuðli að jöfnuði milli launþega. Það er því von Vinnumálasambandsins að Alþingi veiti þessu frumvarpi brautargengi og leggjum við til að það verði samþykkt.“

Þetta var eina jákvæða umsögnin sem barst um frv. auk þess sem mátti lesa stuðning frá VSÍ við meginþætti þessa frv. Allir aðrir aðilar sem leitað var til, og þeir voru tugir ef ekki hundruð sem sendu inn umsagnir og hafa tjáð sig um þetta mál, leggjast gegn þessari lagasetningu. (**Gripið fram í:** Þú gleymdir Verslunarráðinu.) Já, ég hef líklega gleymt Verslunarráðinu. Það verður einhver annar að lesa upp umsögn Verslunarráðsins, ég hef hana ekki hér alveg tiltæka. (**Gripið fram í:** Það var talað fyrir þess hönd.) Umsagnirnar um málið lúta að tvennu. Það er form og innihald. Vinnubrögðin við þetta voru gagnrýnd, hvernig á að þjösna í gegn, án þess að hafa nokkurt samráð, löggjöf um mikilvæga þætti. Og síðan voru efnisatriðin gagnrýnd. Látum það nú vera þó vaðið sé yfir mann þá er það þó að minnsta kosti verra ef því fylgja þau högg sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Frv. var því bæði gagnrýnt fyrir innihald og form. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég til hluta úr ályktun sem nefndin fékk frá Bandalagi háskólamanna um frv. og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Bandalag háskólamanna bendir efh.- og viðskn. Alþing-

is á eftirfarandi meginatriði varðandi þetta frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

1. Samráð um endurskoðun laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur ekki verið virt.

2. Frumvarpið miðar einhliða að því að skerða ráðningarréttindi starfsmanna ríkisins og samningsrétt stéttarfélaga þeirra án þess að bæta þá skerðingu með nokkrum hætti. Þvert á móti eru boðið áform um enn meiri skerðingu á réttindum ríkisstarfsmanna með drögum að frumvarpi um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. Frumvarpið miðar að því að afnema ráðningarfestu og biðlaun ríkisstarfsmanna þrátt fyrir að laun þeirra hafi um áratuga skeið verið þeim mun lakari til að greiða fyrir þessi og önnur réttindi starfsmanna.

4. Með frumvarpinu er gengið á mikilvæg grundvallarmannréttindi starfsmanna ríkisins sem bæði eru varin af stjórnarskrá og alþjóðlegum samþykktum sem Ísland á aðild að.

5. Frumvarpið viðheldur flestum skyldum starfsmanna ríkisins umfram aðra launamenn og eykur þær í sumum tilfellum.

6. Með frumvarpinu er ýmist beint eða óbeint ýtt til hliðar ákvæðum stjórnsýsluréttar þegar ákvarðanir eru teknar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ríkisstarfsmönnum ekki tryggð sama vernd gegn misbeitingu valds og öðrum landsmönnum.

Bandalag háskólamanna telur að efh.- og viðskn. Alþingis beri að hugleiða alvarlega afleiðingar af þessari aðför að réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins. Verði frumvarp þetta að lögum verða kjör almennt og sérstaklega réttindi ríkisstarfsmanna á Íslandi lakari en í allri Norður-Evrópu og þótt víðar væri leitað. Það mun knýja suma hópa til þungra aðgerða en aðrir munu leita til annarra landa með dýrmæta sérþekkingu sína. Bandalag háskólamanna lítur á það sem skyldu sína að verja réttindi og kjör félagsmanna sinna með öllum tiltækum ráðum. Einskis verður látið ófreistað í baráttunni gegn þessum ólögum."

Herra forseti. Þetta eru skýr orð og þetta eru mjög svipuð orð og koma fram í öllum þessum umsögnum sem okkur bárust. Þrátt fyrir það á að keyra í gegn þetta frv. sem felur í sér inngrip í kjarasamninga, felur í sér einhliða breytingu á réttarstöðu, frv. sem er illa unnið, frv. sem kallar á bæði laka stjórnarhætti, lakari stjórnsýslu og enn meiri miðstýringu en verið hefur.

Nú hefði kannski mátt búast við því að sú mikla gagnrýni sem frv. hefur fengið undanfarnar vikur og fékk í 1. umr. málsins hefði leitt til þess að gerðar hefðu verið á því breytingar í meðförum þingsins eins og oft vill verða. Það kemur nú oft ýmis þvæla inn í þing og kannski er gerður úr því góður hlutur. Það er ekki svo. Hv. formaður efh.- og viðskn. gerði grein fyrir tillögum meiri hlutans um málið. Það var í 19 liðum en þessar tillögur eru í reynd minni háttar og breyta frv. í engum mikilvægum atriðum. Hið fræga orð „minni háttar" er fellt út, en í frv. var talað um „svo sem minni háttar skrifstofustörf" eins og alþekkt er. Þetta orðalag er fellt út enda sýnir það vitaskuld ekkert annað en lítilsvirðingu gagnvart tilteknum störfum hjá ríkinu en engin efnisbreyting er gerð á þeirri grein. Því er bætt inn í frv. að hægt sé að afturkalla viðbótarlaun ef farið er fram úr fjárlögum og nú er það svo að fjárlög hafa oft og tíðum verið þannig að ýmsar stofnanir hafa farið fram úr þeim. Það þekkja allir, stofnanir innan heilbrigðiskerfisins sem hafa lent í þessu og samkvæmt þessari brtt. á fjmrh. að hafa vald til að afturkalla þessi viðbótarlaun. Hér er enn og aftur dæmi um miðstýringu fjmrn.

Nú er það hins vegar svo að það er ekki nema að hluta til á ábyrgð forstöðumanna hvort rekstur er samkvæmt fjárlögum. Það er Alþingi sem setur fjárlögin. Oft eru gerðar sérstakar kröfur um tiltekna þjónustu og stundum taka ríkisstjórnir ákvarðanir sem gera forstöðumanni ókleift að halda sig innan ramma fjárlaga. Í þessu sambandi mætti spyrja hvað yrði þá um stofnun eins og t.d. Sjúkrahús Reykjavíkur sem hefur verið gert ókleift að halda sig innan fjárlaga, einfaldlega vegna þess að ekki hefur verið tekið mark á þeim viðvörunarorðum sem bæði forsvarsmenn þeirrar stofnunar og reyndar stjórnarandstæðingar hafa margoft getið um. Nei, það er ekkert fjallað um þá erfiðleika sem þetta kynni að valda.

Í einni brtt. meiri hlutans er reynt að koma í veg fyrir að forveri manns í starfi fái laun eftirmanns, þ.e. viðbótarlaunin eiga ekki að skapa rétt til lífeyris. Hv. formaður efh.- og viðskn. lýsti þessu áðan. Hins vegar er ekki ljóst að þetta ákvæði haldi einfaldlega vegna þess að það er þannig með lífeyrismál opinberra starfsmanna að lífeyrir á að miðast við laun eftirmanns. Hvort brtt., sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir, komi í veg fyrir og taki af þennan rétt verður líklega útkljáð fyrir dómstólum. Þetta er dæmi um óljósa afgreiðslu meiri hlutans á þessu máli.

Í þessu frv. eru gerð sérákvæði varðandi æðstu embættismenn ríkisins. Kjaranefnd á að ákvarða laun fyrir dagvinnu og önnur starfskjör og ákveða hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hvað ber að launa sérstaklega. Síðan er búið til sérstakt ákvæði fyrir hæst launuðu menn ríkisins, þ.e. ráðuneytisstjóra og forstöðumenn. Þar fundu menn smælingjann í 56. gr. Þar bjuggu menn til sérstakt ákvæði fyrir þennan hóp þess efnis að kjaranefnd er falið að ákvarða um laun fyrir venjubundið vinnuframlag og starfsskyldur umfram dagvinnu og við þá ákvörðun getur nefndin tekið sérstakt tillit til hæfni sem nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir. Hér er enn og aftur verið að hygla þeim sem best mega sín í opinberri þjónustu. Þessir sérstöku trúnaðarmenn fá sérstaka meðferð í kjaranefnd. Nefndinni er falið að verðlauna þá sérstaklega. Þeim skal tryggt einhvers konar yfirborgunarkerfi í gegnum kjaranefnd. Almennir starfsmenn ríkisins eru ekki með nein slík ákvæði.

Í þessum brtt. er m.a. kveðið á um að ef uppsagnir eru í krafti hagræðingar séu þær án skýringar þannig að forstöðumönnum er í reynd í sjálfs vald sett hvernig þeir losa sig við starfsfólk. Það er hvergi reynt að tryggja eðlilegan samráðs- og samræðuvettvang milli starfsmanna og forstöðumanna innan ríkisins. Í frv. er alls staðar verið að byggja upp mjög sterkt húsbóndavald. Það er það sem frv. gengur m.a. út á. Í þessum brtt. er gert ráð fyrir að fresturinn sem gildir um biðlaun verði færður í fyrra horf en það ber að undirstrika að biðlaunaréttur er tekinn af nýjum starfsmönnum ríkisins og hann er felldur niður hjá núverandi starfsmönnum ríkisins ef t.d. yrði um að ræða breytingu á rekstrarformi einstakra stofnana. Þetta brýtur í bága við kjarasamninga, þetta brýtur í bága við stjórnarskrána. Þetta er ekki flóknara en það. Ef menn ætla að láta þessi ákvæði standa þá eru menn að kalla yfir sig, auk allra hinna vandræðanna, að slegist verður fyrir dómstólum endalaust um þessar útfærslur eins og ríkisstjórnin leggur upp með. Þessar brtt. eru smávægilegar og

breyta í engu aðalatriðum í málinu. Ef vitnað er í ályktun sem BHM gerði varðandi þann þátt þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarpið setur í uppnám ýmis grundvallarréttindi starfsmanna. Áður hefur verið vísað til veikinda- og barnsburðarleyfisréttar. Með breytingartillögum nefndarinnar er gengið enn þá lengra og umsamdar einstaklingsbundnar viðbótargreiðslur starfsmanna eru teknar út úr ráðningarsamningi starfsmanna og færðar í geðþóttavald forstöðumanns. *Með þessum síðustu breytingum er þetta vald síðan fært* þráðbeint í fjmrn. Raunverulegur tilgangur breytinganna var þá ekki valddreifing til stofnana heldur aukin miðstýring."

Þetta segir allt sem segja þarf um þessar brtt. og þann anda sem ríkir í þessu frv.

Herra forseti. Það er augljóst að þessi málsmeðferð af hálfu ríkisstjórnarinnar er að gera og mun gera næstu kjarasamninga einstaklega erfiða. Fulltrúar stéttarfélaganna sem komu á fund efh.- og viðskn. töluðu enga tæpitungu um þann þátt. Þeir töluðu um að það væri hrunadans í uppsiglingu ef menn ætluðu að ganga fram með þessum hætti. Þar sem öll stéttarfélögin í landinu eru sammála í þessari afstöðu, bæði gagnvart þessu frv. og gagnvart frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og það stefnir í ein mestu átök við gerð kjarasamninga sem við höfum átt í mörg, mörg ár. Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin og meiri hluti á Alþingi skuli ekki reyna að fara að þessum varnaðarorðum sem menn hafa ítrekað sagt þeim. Friðurinn er rofinn í landinu. Það er slitinn sundur friðurinn milli ríkisvalds og starfsmanna þess með frv. Menn eru að endurtaka sama leikinn og fyrir sex, sjö árum með afnámi kjarasamninga 1989–1990. Menn eru kannski að ganga enn þá lengra í þessu frv. með því að setja heildarlöggjöf með þessum íþyngjandi hætti án þess að menn fái rönd við reist.

Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er svo bjartsýnn á þróun mála að hann haldi að þetta gangi allt greiðlega fyrir sig og menn muni að lokinni þessari lagasetningu á næstu dögum hver og einn hverfa til síns heima og síðan vaxi gras yfir þetta mál og menn mæti bara með eðlilegum hætti upp úr áramótum til kjarasamningsgerða. Mín spá, hæstv. fjmrh., er að svo sé ekki. Ég byggi þá spá m.a. á því að ég hef ákveðna reynslu af kjarasamningsgerð bæði á vegum hins opinbera og á almennum vinnumarkaði. Ég hef komið að þessum málum í 15 ár þannig að ég þykist vita nokkuð hvernig á að meta stöðuna hverju sinni. Og mín varnaðarorð hafa verið mælt af heilum hug. Ég óttast það framhald sem við erum að sigla inn í. Það er augljóst að eitt af aðalatriðum í þessu frv. tengist öðru máli þessarar ríkisstjórnar, þ.e. biðlaunaréttinum. Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að ná því máli í gegn vegna þeirrar hlutafjárvæðingar sem hún hefur fyrirhugað. Þar á meðal er hlutafjárvæðing Pósts og síma, en það frv. er í meðförum þingsins. Jafnframt er fyrirhugað að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélag og ríkisstjórnin telur að það verði að afnema þennan rétt áður en að því kemur. Ég sagði í upphafi að ef menn vilja ræða um breytingar á kjarasamningsatriðum þá eiga þeir að gera það við kjarasamninga. Og ég treysti í sjálfu sér alveg stéttarfélögunum og ríkisvaldinu til að ræða þau mál þannig að skynsamleg niðurstaða fáist. Meginatriðið er að menn fari ekki með einhliða hætti inn í þætti sem snúa að kjarasamningum. Þegar afgreiðsla málsins var komin á lokastig og við höfðum heyrt aðvaranir, gagnrýni og ábendingar vegna þessa frv. gerðum við stjórnarandstæðingar kröfu til þess að fjmrh. kæmi ásamt helstu embættismönnum sínum á fund nefndarinnar til að ræða tiltekna þætti. Það er ekki alvanalegt en það eru fjölmörg fordæmi fyrir því að ráðherra komi á fund þingnefnda til að skýra sín mál. Og nú háttar svo til með þetta mál að það fjallar um breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Fjmrh. er handhafi framkvæmdarvaldsins í þessum málaflokki. Hér er verið að breyta heildarlöggjöf og þess vegna er mjög mikilvægt þegar málin eru rædd í nefnd að þá sé leitað allra svara sem hægt er. Og það er fjmrh. sem ber hina pólitísku ábyrgð á málinu. Þetta var ekki óeðlileg krafa og ekki gerðum við ráð fyrir að við mundum snúa fjmrh. hæstv. á þessum fundi. Samt sem áður neitaði fjmrh. að mæta á fund efh.- og viðskn. Embættismennirnir komu en auðvitað gátu þeir ekki svarað þeim pólitísku spurningum sem þurfti að spyrja varðandi þessi mál. Embættismenn gefa bara svör við þeim efnislegu spurningum sem tengjast þáttum við frumvarpsgerðina. *Að fjmrh. skyldi neita að koma á* fund efh.- og viðskn. og ræða málið í lokaafgreiðslu þess, en málið var að fara út úr nefndinni að vilja meiri hlutans, lýsir betur en margt annað vinnubrögðum manna í þessu máli. Það er ekki nóg með að þetta mál og þessi málsmeðferð sýni hroka og ögrun ríkisstjórnarinnar gagnvart umhverfi sínu heldur kaus hún líka að taka þetta mál með valdi, þ.e. með meiri hluta sínum gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga í efh.- og viðskn. Slíkt er sjaldgæft. Við töldum málið ekki fullbúið til 2. umr. en þeir notuðu meiri hluta sinn bæði í nefndinni og á Alþingi til að taka málið út og það gerðu þeir daginn fyrir 1. maí. Þeim var nákvæmlega sama þótt þúsundir manna mótmæltu þessum frv. daginn eftir. Þetta sýnir e.t.v. betur en margt annað hvílík harka er komin í þetta mál. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar kemur fram grímulaust. Gleymum því ekki að meiri hlutinn hefur vald til þess að setja þau lög sem hann vill. Hann hefur vald til þess, hann er kosinn til þess. Þetta sýnir glöggt forgangsröðun stjórnarinnar. Það er reynt að knýja fram, kreppa að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna og annarra launþega og það er verið að gera þeim erfiðara að sækja rétt sinn og kjör í næstu kjarasamningum. Það er augljóst, herra forseti, hverra erinda þessi ríkisstjórn er að ganga. Hún er að ganga *erinda vinnuveitenda, alveg sama hvort sá vinnuveitandi* er ríkisvaldið eða vinnuveitandi á almennum markaði. Það eru hagsmunir þeirra sem endurspeglast í þessu og öðrum frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um þennan málaflokk.

Við stjórnarandstæðingar erum andsnúnir þessum hugmyndum stjórnarinnar. Þær svara ekki til þeirra grundvallarhugmynda sem við höfum um samráð og samstarf aðila í þjóðfélaginu. Það er þess vegna sem við teljum eðlilegt að þessu frv. verði vísað frá. Frv. ásamt þessum brtt. er alvarleg árás á réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Önnur eins vinnubrögð og innihald hefur ekki sést á hinu háa Alþingi í áratugi. Þessi ríkisstjórn er augsýnilega ákveðin í því að ná fram sinni stefnu og það á fyrsta starfsári sínu. Hún er að þrengja að launafólki. Hún gerir það með frv. um stöðu þeirra á vinnumarkaði. Hún gerir það með niðurskurði á framlögum í fjárlögum og til heilbrigðismála og hún gerir það með tillögum um vaxandi ójöfnuð í skattakerfinu efnafólki í hag. Þetta ber allt að sama brunni. Ríkisstjórnin er að gæta hagsmuna hinna betur stöddu í þjóðfélaginu og hún gengur á rétt þeirra sem minna mega sín. Við í minni hlutanum og stjórnarandstæðingar mótmælum þessum vinnubrögðum og við munum berjast gegn þeim hér á Alþingi og annars staðar með öllum tiltækum ráðum. Við leggjum til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað frá.

[17:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa löngu og ítarlegu ræðu. Ég vil í framhaldi af henni segja að mér þótti hún ekki að öllu leyti trúverðug. Ég hefði talið að eftir þá miklu umfjöllun sem málið hefur fengið og þá ítarlegu umhugsun sem það hefur fengið hjá hv. þm. þá mundi hann t.d. hafa einhverjar brtt. að kynna í málinu. Þess í stað leggur hann til að málinu vísað frá í heildsölu eins og hann segir.

Það vakna ákveðnar spurningar vegna ræðu hv. þm. Varðandi spurninguna um það hvort frv. gangi á gerða kjarasamninga hefur slík staðhæfing verið margrekin ofan í hv. þm. Ég skil ekkert í honum að hann skuli koma með það hingað upp á borð nú. Það er engin óvissa með veikindarétt eða fæðingarorlof. Stjórnsýslulög eru ekkert tekin úr sambandi. Það er ekki verið að kveða stéttarfélögin í kútinn og þvert á móti reiknar hv. þm. með því að það verði allmikið líf í stéttarfélögunum um næstu áramót. Meira að segja svo mikið líf að það horfir til vandræða. Það er hans spádómur og það kemur ekki alveg heim og saman við það að frv. brjóti niður skipulega starfsemi stéttarfélaga. Nema hv. þm. telji að þau eigi að sofa svefni hinna réttlátu. En ég sakna þess að hv. þm. skuli ekki gera grein fyrir því hvernig hann hyggst leysa úr þeim málum sem upp koma þegar þetta frv. verður að lögum. Ætlar hann, ef hann fær einhvern tíma til þess brautargengi, að afnema þau viðbótarlaun sem menn hafa samið um á einstaklingsbundnum grundvelli?

[17:12]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson saknaði brtt. við þetta frv. Það var þannig í nefndinni, herra forseti, að við sögðum við meiri hlutann: Hugleiðið nú einn hlut. Takið út úr þessu frv. þá þætti sem þið teljið að þið þurfið að berjast fyrir pólitískt. Við skulum takast á um þá og setjum málið að öðru leyti í einhvern þann farveg sem er aðgengilegur fyrir stjórnarandstæðinga og stéttarfélög. Hvaða mál eru það sem þið pólitískt viljið knýja í gegn? Það kom náttúrlega í ljós að það er biðlaunamálið og kannski önnur tvö, þrjú atriði. Stjórnarmeirihlutinn féllst ekki á þetta sem hefði að mörgu leyti verið skynsamleg aðferðafræði. Þá hefðu menn tekist á um tiltekna þætti en ekki staðið hér með heildarlöggjöf illa unna. Ég ætla ekki að byrja, herra forseti, á ræðu minni aftur. Ég get vitnað m.a. í ummæli Eiríks Tómassonar, eins frumvarpshöfunda, varðandi æviráðningu og biðlaunamál og í tengslum við kjarasamninga og kjarasamningsumhverfi. Ég held að það sé alveg augljóst — og þá hlustar hv. þm. ef hann veit ekki hvaða áhrif þetta hefur á þau réttindi sem samið var um — hvað verður ef þetta frv. verður að lögum. Við sjáum það fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að hugsanlega verði þessi frv. brotin á bak aftur í næstu kjarasamningum eða síðar. Ég veit ekki hvort heldur verður. Hugsanlega náum við meiri hluta hér á Alþingi einhvern tíma og þá verður hægt að afnema þessi lög. Ég veit það ekki. En ég get sagt hv. þm. að þessi lög verða ekki látin standa ef við fáum bolmagn til að afnema þau.

[17:14]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að heyra hv. þm. lýsa því yfir að ef hann fær til þess brautargengi vill hann afnema þessi lög. Ég reikna ekki með öðru en þess verði langt að bíða. En hann svaraði ekki spurningu minni: Ætlar hann þá að beita sér fyrir því að afnema þau viðbótarlaun sem menn munu semja um á einstaklingsbundnum grundvelli?

[17:15]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að skilja þá pólitík sem við leggjum upp með. Við teljum að þessi mál eigi að vinnast í samráði við stéttarfélög og þá einstaklinga sem málið varða, þar með talið viðbótarlaun. Við höfum beðið um reglur um viðbótarlaun en ekki fengið þær. Ég er næsta viss um að ef við komumst í þá stöðu að setja nýja löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna munum við finna launamálunum betri farveg. Mér finnst satt að segja alveg með eindæmum þegar hv. þm. talar um líf í stéttarfélögum um næstu áramót. Mér finnst að menn séu að leika sér að eldinum, hugsanlega óafvitandi, ég veit það ekki. Ég hélt að hv. þm. og hæstv. fjmrh. væru ekki svo barnalegir í mati sínu en ég sé að líklega eru þeir það.

[17:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt í stuttu andsvari að fara yfir ræðu hv. þm. sem var reyndar nokkuð löng. Það gefst tími til þess síðar í umræðunni að fara yfir allar þær rangtúlkanir og misskilning sem kom fram í ræðu hans og kemur reyndar fram í minnihlutaálitinu. Ég vil þó segja strax hér og nú að það hefur hvergi komið fram neitt sem bendir til þess að þetta frv. taki á réttindum eða skyldum sem um hefur verið samið í kjarasamningum. Það hefur enginn maður nokkurs staðar sýnt fram á það, hvorki í minnihlutaálitinu né í ræðu hv. þm. En hv. þm. reyndi að gera mál úr því að ég hafi ekki komið á fund hv. nefndar. Ástæðan er tvíþætt. Önnur er sú að ég átti ekki kost á því tímans vegna en hins vegar finnst mér líka alveg ófært að gera mál úr því að ráðherrar mæti á þingnefndarfundi þegar ljóst er að þeir taka þátt og geta tekið þátt í þremur umræðum í þinginu og í nefndinni sitja fulltrúar stjórnarmeirihlutans. Sannleikurinn er sá að sá sem hér stendur hefur ávallt verið tilbúinn til þess að koma til fundar við opinbera starfsmenn um þessi mál. Ástæðan fyrir því að samráðið var ekki meira í upphafi var ósköp einfaldlega sú að fulltrúar opinberra starfsmanna kusu að fara með frumvarpsdrög og kynna þau fyrir sínu fólki. Við því er ekkert að segja. Þá kaus ég að leggja frv. fram til þess að allir gætu séð hvað í frv. væri en sagði í leiðinni að við værum tilbúin til þess að ræða við opinbera starfsmenn hvenær sem er. Og sama daginn, (**ÖJ:** Í sumar?) hv. þm. Ögmundur Jónasson, og þessi nefndarfundur var haldinn var ég á fundi hjá BSRB til þess að taka þátt í umræðum um þetta mál þannig að það hefur aldrei staðið á því að ég kæmi og ræddi við opinbera starfsmenn um frv. sem hér er til umræðu.

[17:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að fara í efnisumræðu um einstök atriði. Ég tel mig hafa bent skilmerkilega á þá réttindaskerðingu sem þetta frv. hefur í för með sér. Ég rakti mörg dæmi um hana og þetta hefur líka komið fram í umsögnum. Fjmrh. verður að kynna sér málið betur.

Í öðru lagi er ósvinna, herra forseti, að fjmrh. skyldi ekki koma á fund nefndarinnar og ræða málið áður en það var tekið út. Við höfum sagt að það er venjulegt að það gerist, eða allavega ekki óvanalegt að slíkt gerist. Málið er þess eðlis að það var mjög mikilvægt við lokaafgreiðslu málsins að fá ákveðið pólitískt mat á tilteknum þáttum þess. Og það að ráðherra skyldi sýna þingnefndinni þá óvirðingu að koma ekki til fundar, lýsir honum betur en minni hluta efh.- og viðskn.

Varðandi samráð sem hann nefndi, að hann sé alltaf reiðubúinn að koma og tala við fólk, þá má það vel vera að hann sé reiðubúinn að mæta á fundum. Ég þekki það ekki. Það er hins vegar augljóst að opinberir starfsmenn fengu ekki að koma að vinnu við frv. á neinn eðlilegan hátt. Það er staðreynd í þessu máli. Ef fjmrh. hefði meint eitthvað með því að setja hér heilsteypta heildarlöggjöf hefði hann sett nefnd á laggirnar með aðild manna sem hefðu unnið þetta mál eðlilega og staðið svo fyrir stjfrv. Vitaskuld ræður hann pólitískri línu málsins, maðurinn er kjörinn til þess. En það að hann sé reiðubúinn að mæta á fundi hjá BSRB eða einhverjum öðrum, hefur ekkert með vinnu við þetta frv. að gera. Það var augljóst að fjmrh. kaus að vinna þetta mál einn og óstuddur. Þannig er frv. komið hér inn í þing. Þetta er hans stefna. Það er ekki bara að hún sé röng og vond og hættuleg heldur er frv. einstaklega illa unnið.

[17:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að endurtaka að það hefur hvergi komið neitt fram sem bendir til þess að í þessu frv. sé verið að taka á réttindum eða skyldum sem um hefur verið samið í kjarasamningum. Hv. þm. hefur ekki getað sýnt fram á það og mun ekki geta sýnt fram á það því það er ekki hægt. (**Gripið fram í:** Það er rangt. Þetta er útúrsnúningur.)

Í öðru lagi hefur fjmrh. sýnt nefndarstarfinu mikinn áhuga vegna þess að á hverjum einasta fundi hafa setið fulltrúar ráðherrans til þess að veita allar þær upplýsingar sem um hefur verið beðið. Það er ekki til siðs að ráðherrar sæki þessa fundi vegna þess að kjörnir þingfulltrúar sitja þessa nefndarfundi en ráðherrarnir koma að sjálfsögðu og taka þátt í þremur umræðum í málinu. Það er alveg óþarfi að að segja að það sé alvanalegt, eins og mátti skilja á hv. þm., að ráðherrar sæki nefndarfundi. Svo er ekki. Þar til viðbótar stóð nú þannig á að ég gat ekki komið á þessum tiltekna tíma. Að tala um ósvinnu í þessu sambandi er því náttúrlega algjörlega út í bláinn. Þetta vildi ég að kæmi fram en á síðari stigum mun ég að sjálfsögðu fjalla efnislega um það sem kom fram í ræðu hv. þm. Þetta þarf að koma mjög skýrt fram hér í upphafi og frammíköll og hróp einstakra þingmanna geta ekki breytt staðreyndum.

[17:21]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að rekja ýmislegt sem viðvíkur bæði svokallaðri æviráðningu, biðlaunum, veikindamálum, fæðingarorlofi og málskotsrétti og mörgu fleiru sem tengist kjarasamningum sem tekið er á með íþyngjandi hætti í þessu frv.

Varðandi það að ráðherrann neitaði að mæta á fund efh.- og viðskn. má geta þess að hann mætir á fund fjárln. og aðrir ráðherrar ef svo ber undir. Ég vil einnig geta þess að með mér í minni hluta nefndarinnar eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Baldvin Hannibalsson, tveir fyrrv. ráðherrar. Og það var upplýst að — það er ekkert alvanalegt en kemur fyrir — að menn hafa aldrei talið það neitt tiltökumál að mæta í þingnefnd til að skýra tiltekna þætti í sínum þingmálum. Herra forseti, framkoma hæstv. fjmrh. gagnvart þingnefndinni varðandi þetta mál er ámælisverð.

[17:22]

Útbýting þingskjala:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 514. mál, fsp. LB, þskj. 923.

Þungaskattur af almenningsvögnum, 513. mál, fsp. SvG, þskj. 922.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er eðlilegt að fara fyrst nokkrum almennum orðum um þetta mál og aðstæður sem eru í kringum þessa lagasetningu sem hæstv. ríkisstjórn ber hér fram og hefur gert að miklu kappsmáli að fá lögfest. Við þingmenn hljótum að líta svo á að þetta sé sérstakt forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar og þau mál önnur sem skyld eru, einkum frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, því að hæstv. ríkisstjórn hefur haft svo mikið við að flestöllum öðrum málum sem hér hafa verið til umfjöllunar hefur verið rutt til hliðar og þessum málum veittur forgangur.

Það er margt, herra forseti, sem kemur í hugann þegar vinnuubrögðin í sambandi við þetta mál eru hugleidd. Það er satt best að segja að verða dálítið merkilegt hvernig hæstv. ríkisstjórn, sú er nú situr, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hæstv. forsrh., annað ráðuneyti þess ágæta manns, er að temja sér alveg nýja siðu í sambandi við samskipti við aðila í þjóðfélaginu.

Það var nú svo að maður taldi það yfirleitt sjálfgefið að það þætti ljóður á ráði málatilbúnaðar ef um það væri mjög mikill ágreiningur, ég tala nú ekki um mjög hörð andstaða úti í þjóðfélaginu, meðal þegnanna í landinu eða sérstakra hagsmunagæsluaðila og umboðsmanna þeirra hópa, stétta eða aðila sem við ættu að búa. En það er eiginlega eins og hæstv. ríkisstjórn telji að þetta hafi snúsi við eða að þetta eigi að vera akkúrat öfugt því að hér gerist það í hverju málinu á fætur öðru að ríkisstjórnin leggur alveg sérstakt kapp á að koma fram málum sem eru einmitt þannig vaxin að það eru eiginlega allir á móti þeim. Það á við um þessi frv. sem sennilega mæta meiri andstöðu en finnanleg eru dæmi um í seinni áratuga sögu afgreiðslu mála af þessu tagi hér á þingi. Það á við um fleira sem hér er verið að gera eins og t.d. löggjöf hæstv. menntmrh. um framhaldsskólana sem allir kennarar í landinu eru á móti. En það er alveg sérstakt forgangsmál hjá hæstv. menntmrh. að drífa það mál í gegn og er það þá vegna þess kannski að allir kennararnir eru á móti því.

Nú er það ekki svo, herra forseti, að hér eigi í hlut einhver smámál, hér eigi í hlut það að berja niður mótþróa í einhverjum fámennum litlum harðsnúnum hagsmunahópi sem ekki eigi rétt á sinni skoðun, gangi fyrir annarlegum

sjónarmiðum eða öðru slíku. Nei, það er nú ekki svo. Þetta er ekki einhver þröngur fámennur sérhagsmunaklúbbur sem á í hlut heldur er það verkalýðshreyfingin í landinu, stærstu skipulögðu samtök í landinu nema ef vera skyldi að þjóðkirkjan eigi að flokkast sem enn þá stærra apparat. Það er því spurning hvort það breytir einhverju að í hlut á þessi hreyfing. Það verður ekki séð af framgöngu hæstv. fjmrh. í þessu máli, eða í málinu um stéttarfélög og vinnudeilur. Meira að segja er það svo að í þróaðri löggjöf réttarríkja sem við viljum gjarnan bera okkur saman við er búið að veita þessu sjálfstæða afli í þjóðfélaginu mjög víðtæka lagastoð og lagavernd og lögfesta og samningsbinda réttindi fólks til þess að skipa sér í verkalýðshreyfingu og gæta hagsmuna sinna þannig, enda hefur stundum verið til þess vitnað að kannski komi okkur þaðan bjargræðið í slagnum við þessa ríkisstjórn. Að það verði helst að hæstv. ríkisstjórn bogni eitthvað undan alþjóðlegum skuldbindingum okkar.

Eins og kunnugt er, herra forseti, valdi ríkisstjórnin þá leið, og er hún þó ekki búin að sitja óskaplega lengi, að slíta samstarfi við verkalýðshreyfinguna um mótun löggjafar á þessu sviði og fara einhliða fram með þessi mál. Hæstv. félmrh. hefur orðað það svo að það hafi verið búið að halda svo marga fundi og það hafi ekkert komið út úr þeim að það hafi verið tilgangslaust að halda því áfram. Hæstv. ráðherra gaf því einhvern tiltekinn tíma, þolinmæði hans voru takmörk sett. Úr því að ekki lá fyrir niðurstaða og samkomulag þegar kom að þeim tímapunkti sem hæstv. félmrh. hafði ákveðið þá var málið blásið af og komið með það inn í þingið í þeim búningi. Svipað má segja um aðkomuna að þessu máli hjá hæstv. fjmrh. Það er sem sagt hafnað samráði um þetta. Þeirri hugsun er hafnað sem hefur verið lögð til grundvallar í þessum málum um áratuga skeið. Það má segja að vissar grundvallarleikreglur um þessa hluti setji maður ekki nema með samkomulagi. Það er verið að hafna þeirri hugsun. Það er verið að hafna því að leikreglurnar á vinnumarkaði skuli setja í samkomulagi, að þær séu gjörningur af því tagi að um þær verði að nást samkomulag. Og það er mjög alvarlegur hlutur þegar svona grundvallarleikreglur eiga í hlut. Nú koma menn náttúrlega hér og segja: Hverjir eiga að setja lögin? Er það ekki Alþingi? Eiga einhverjir aðrir að hafa áhrif á það? En þetta er nú ekki alveg svona einfalt því að leikreglurnar sem hér er verið að setja varða samskipti aðila sem verða að geta leyst úr sínum málum. Þetta er ekki bara löggjöf um einhver efnisleg atriði af því tagi sem löggjafinn verður að taka og setja niður í eitt skipti fyrir öll. Þetta er ekki löggjöf sambærileg við það t.d. þegar verið er að skipa vörum í tollflokka eða eitthvað þvíumlíkt, eða ákveða sektir fyrir umferðarlagabrot eða eitthvað af því tagi. Þetta er ekki þannig. Þetta er grundvallarlöggjöf um samskipti einna mikilvægustu aðila þjóðfélagsins sem auðvitað þýðir ekkert annað en að um sé samkomulag vegna þess að ef ekki tekst samkomulag þá færast þær deilur annað. Það gerist þannig. Þá færast þær yfir í samskipti þessara aðila á vinnumarkaðnum og í kjarasamningum. Mér finnst hafa skort á skilning á því og auðvitað algerlega hjá hæstv. ríkisstjórn eins og hún velur að ganga fram í þessu máli, að löggjöf um vinnumarkaðinn er löggjöf af þessu tagi. Ég hef sagt það hér áður og ég ætla að endurtaka það að ég tel hana vera að mörgu leyti sambærilega t.d. kosningalögum í landinu. Það þýðir ekkert að hafa uppi grenjandi ágreining um svoleiðis grundvallarlöggjöf. Það verður að reyna að leiða til lykta með samkomulagi eins víðtæku og nokkur kostur er. Það hefur sem betur fer yfirleitt verið þannig að menn hafa lagt mjög mikið á sig við að ná samkomulagi um slíkar grundvallarreglur. Þar má nefna þar bæði síðustu breytingar á stjórnarskránni og síðustu breytingar á kosningalögunum. Það var setið yfir því hér af fulltrúum allra flokka í báðum tilvikum lon og don að ná samkomulagi um þær breytingar og það sem tókst ekki samkomulag um var lagt til hliðar af því að menn vildu ekki standa að breytingum á slíkum grundvallarleikreglum í samfélaginu í ágreiningi. Menn vildu ekki beita valdi. Menn vildu ekki bera réttmæt sjónarmið, jafnvel þótt í minni hluta væru, ofurliði með afli atkvæða. Sömu hugsun á að reyna að leggja til grundvallar hér. Bæði af því að það er efnislega rétt, það þarf að vera þannig, en líka vegna þess að það er skynsamlegt en hitt er heimskulegt. Herra forseti, með leyfi, það er mjög heimskulegt að standa þannig að lagasetningu um málefni vinnumarkaðarins, ég tala nú ekki um hálfu ári áður en allir kjarasamningar í landinu eru lausir að um það sé grenjandi ágreiningur. Hver er skynsemin í því, hæstv. fjmrh., að ganga þannig fram? það er von að hæstv. ráðherra geispi, það er erfitt að hugsa um þetta. Hann þarf sennilega að sofa marga tíma til að ná fram niðurstöðu í þessu.

Herra forseti. Í öðru lagi koma auðvitað upp ýmsar áleitnar spurningar í sambandi við samskipti þessara aðila, bæði nú og á undangengnum árum. Maður spyr sig kannski fyrst að því hvort verkalýðshreyfingin verðskuldi þessar trakteringar einmitt nú? Er þetta sanngjarnt burt séð frá öllu öðru? Sanngjörn framkoma í garð verkalýðshreyfingarinnar í ljósi þess hlutverks sem hún hefur leikið undanfarin ár og þeirra byrða sem hún hefur axlað, til að mynda þátttöku í svokölluðum þjóðarsáttarsamningum og þess að verkalýðshreyfingin hefur óumdeilt axlað byrðar og fært fórnir, látið félagsmenn sína í raun og veru taka byrðar á sínar herðar til að ná fram tilteknum efnahagslegum og pólitískum markmiðum. Ég hélt satt best að segja, herra forseti, að um það væri ekki mikið deilt að það væri á ferðinni umtalsvert óumdeilt framlag frá verkalýðshreyfingunni sem hefði fallist á að gera kjarasamninga sem hefðu falið í sér mjög óverulegar launahækkanir og miklu minni en hefði verið samið um vegna þess að menn væru að ná fram tilteknum efnahagslegum markmiðum í staðinn. Það vantar ekki að stundum þegar það hefur hentað þá hafa menn haldið hástemmdar ræður um mikilvægi þessa framlags verkalýðshreyfingarinnar. Ég man t.d. eftir ræðuhöldum hæstv. fjmrh. þegar hann var í stjórnarandstöðu, hæstv. ráðherra, og honum fannst það ekki pólitískt mjög heppilegt að sú ríkisstjórn sem þá sat ætti mikinn hlut að þeim ávinningum sem tókust í efnahagsmálum á árabilinu 1989 og 1991. Hvað sagði hæstv. fjmrh. þá, herra forseti? Hann sagði: Þetta er allt verkalýðshreyfingunni að þakka. Ekki þessari vondu og vitlausu ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Hún á engan heiður skilið en allt illt. Nei, það er verkalýðshreyfingin, þjóðarsáttin, sem er að skila þessum mikla ávinningi. Gott og vel. Sá sem hér talar hefur aldrei dregið fjöður yfir það að t.d. samningarnir 1990 og framlenging þeirra með vissum hætti voru gríðarlega mikilvægt innlegg í það að ná hér stöðugleika og festu í efnahagsmálum sem tókst á kjörtímabili Steingríms Hermannssonar, seinni ráðuneytum þess ágæta manns. Ég skal þess vegna taka hæstv. fjmrh. á orðinu og ýmsa flokksbræður hans, sem þá voru í stjórnarandstöðu og gerðu mjög mikið úr þessu hlutverki verkalýðshreyfingarinnar. En hvað fólst í þessu? Var þetta auðvelt? Var þetta bara dans á rósum, m.a. fyrir forustu-

menn verkalýðshreyfingarinnar á þessum árum? Almennu verkalýðshreyfingarinnar og samtaka opinberra starfsmanna BSRB, *að svo miklu leyti sem þau tóku þátt í þessu?* Nei, ætli það nú. Ætli það sé ekki m.a. þannig að þetta hafi reynt býsna mikið á þolrifin í verkalýðshreyfingunni? Ætli það sé nú ekki þannig að það kraumi víða undir einmitt vegna þess að sumir séu ósáttir við hversu mikinn herkostnað af *þessum leiðangri gegn verðbólgunni almennt launafólk var* látið taka á sig í gegnum þátttökuna í samningnum. Þá er náttúrlega eðlilegt að spurt sé núna þegar menn eru kannski loksins að uppskera að einhverju leyti árangurinn af þessu. Almennt launafólk því miður í of litlum mæli. En a.m.k. *hvað ýmsar hagstærðir og þróun þeirra snertir þá geta menn* sagt sem svo að hér sé veruleg breyting á og bati frá því sem verst lét. Eru þetta þakkirnar? Það er von að spurt sé. Heldur hæstv. fjmrh. að skynsamlegt sé að þessir mikilvægu aðilar, sem með samstarfi sínu á þessum árum sýndu fram á *hvað hægt er að gera, m.a. þegar samkomulag er um hlutina,* eigist við með þessum hætti? Er það jákvætt innlegg í það að samstarf svona aðila sem getur skipt gífurlega miklu máli á erfiðleikatímum og auðvitað alltaf að þá sé góður tími til þess núna að láta kné fylgja kviði með þessum hætti? Ég *endurtek það, herra forseti, að ég tel þetta afar heimskulegt.*

Í þriðja lagi langar mig að gera aðeins að umtalsefni það sem hæstv. fjmrh. og ýmsir fleiri sem hér hafa reynt að bera í bætifláka fyrir þessa málafylgju hafa gert að miklu úrslitaatriði hjá sér. Það er að með lögunum sé ekki verið að skerða nein bein kjarasamningaatriði. Það er látið sem svo að á ferðinni séu tveir algerlega óskyldir hlutir, bara eins og svart og hvítt. Þ.e. annars vegar séu það kjarasamningar og hins vegar lögbundin réttindi. Þegar hæstv. fjmrh. talar þá talar hann eins og þetta séu tveir gjörsamlega óskyldir einstaklingar í sinni heimsálfunni hvor. Og af því að það hafi ekki verið sýnt svart á hvítu að það sé beinlínis verið að skerða umsamin atriði með lögunum þá sé þetta í lagi. En hvað þýðir, herra forseti, að tala svona? Hvað þýðir það? Ég held að það sé næstum sama hvert hæstv. fjmrh. færi með ræðu sína, þó það væri niður í neðstu bekki grunnskólans að allir sem eitthvað hugsa um þessi mál sjá auðvitað að þessi uppstilling gengur ekki upp. Það er ekki hægt að aðgreina þessa tvo hluti. Það er þvert á móti þannig að þeir eru svo samtvinnaðir að þeir eru óaðskiljanlegir. Kjarasamningar og alveg sérstaklega kjarasamningar opinberra starfsmanna byggja á lögum. Lögin og hin lögbundnu, lögvörðu réttindi, eru grunnurinn sem kjarasamningarnir eru gerðir á. Það liggur algjörlega í hlutarins eðli að næstum því hver einasta ákvörðun sem tekin er í kjarasamningum tekur með einum eða öðrum hætti mið af réttindaumhverfinu. Fyrir utan að það er alkunna að ýmis réttindi opinberra starfsmanna sem hafa verið talin betri en starfsfólks á almenna vinnumarkaðnum hafa beinlínis verið notuð sem rökstuðningur fyrir því í gegnum tíðina að opinberir starfsmenn ættu að sætta sig við lægri laun. Á dimmum dögum og löngum og mörgum tímabilum hafa menn reynt að vísa til þess að þeir hefðu þó alltaf þessi réttindi. Lífeyrisréttindin, starfsöryggið og kannski skárri réttindi í veikindum eða gagnvart fæðingarorlofi og öðru slíku og það væri af þeim ástæðum hægt að reyna að *þreyja þorrann og góuna og hugga sig við lægri laun.* Við munum mjög vel eftir slíkri umræðu, t.d. þegar verið var að reyna að fá fólk til að una kjarasamningum á mestu þenslu- og uppgangstímum á vinnumarkaðnum á níunda áratugnum þegar launakjör opinberra starfsmanna voru óumdeilanlega mun lakari en víða úti á almenna vinnumarkaðnum sökum mikilla yfirborgana og launaskriðs sem þá var í gangi. Það þarf ekkert að nefna það, menn þekkja þessa tíma þegar miklar yfirborganir, óumsamdar af ýmsu tagi, voru hér í gangi. Þá var ekki síst gripið til þess að segja: Hin lögbundnu réttindi, lífeyrisréttindin, starfsöryggið og allt þetta, það fá opinberir starfsmenn á móti lægri launum. Þýðir þá eitthvað að tala um hlutina svona eins og það sé útgangspunktur þessa máls og skipti öllu að hér sé ekki verið að skerða beinlínis umsamin réttindi, með öðrum orðum að það sé ekki verið að setja lög á kjarasamningaatriðin sem slík? Þó er það þannig, herra forseti, að sú röksemd stenst ekki einu sinni þegar betur er að gáð vegna þess að lagabreytingin kemur til á gildistíma kjarasamnings og á að taka gildi áður en honum lýkur. Að svo miklu leyti sem hér er um breytingar á réttarumhverfinu að ræða er líka verið að grípa inn í gildandi kjarasamninga af því að hann var gerður á tilteknum forsendum á grundvelli *gildandi laga um þessi mál.* Ef gildistaka frv. væri 1. jan. 1997 væri frekar hægt að hanga á því að menn gætu gert nýjan kjarasamning í ljósi nýrra laga og þetta hróflaði ekki við því umhverfi sem gilti allan gildistíma núverandi samnings en svo er ekki því frv. á að taka gildi mun fyrr.

Herra forseti. Þetta er búin að vera mikil umræða og merkileg þvæla liggur mér við að segja að þetta skipti öllu máli og sé úrslitaatriði málsins að af því að ekki sé verið að skerða beinlínis með lögunum einhver tiltekin umsamin atriði frá því í síðustu samningum þá sé þetta í lagi. Þetta *er að mínu mati barnaleg röksemdafærsla, langt fyrir neðan* virðingu hæstv. ráðherra og annarra sem hafa reynt að færa hana fram vegna þess að hún er svo augljós einföldun á málum.

Herra forseti. Mig langar að staldra við einn hlut sem *hér hefur verið gerður nokkuð að umtalsefni og hefur verið* notaður til að rökstyðja þetta mál, er m.a. farið mjög fallegum orðum um í greinargerð með frv. og það er nýja starfsmannastefnan. Það er ekkert annað en að það er verið að móta nýja starfsmannastefnu. Það er auðvitað stórmerkt *mál að það skuli vera í bígerð að móta nýja starfsmanna*stefnu. Þetta er náttúrlega gert víða og er í tísku. Mörg fyrirtæki sem vilja vera framsækin og nútímaleg fara í að móta nýja starfsmannastefnu. Þá er það yfirleitt eitthvað jákvætt og ánægjulegt í hugum manna að það skuli vera *mótuð ný starfsmannastefna. Maður fer að leita að því í* hverju hin nýja starfsmannastefna birtist, hver sé hugsunin á bak við hana, hvar þess sjái stað í frv. og hvernig hún sé rökstudd. Maður leitar að svona ákvæðum eins og því að á einhvern hátt eigi nú að gera starfskjör og starfsumhverfi *opinberra starfsmanna manneskjulegra en það er í dag.* Það eigi að reyna að taka mið af nútímalegri hugsun í sambandi við málefni fjölskyldunnar, sveigjanlegan vinnutíma, réttindi foreldra vegna veikinda barna, að reynt sé að verða við óskum fólks í ríkari mæli um að geta lagað vinnutíma sinn *og vinnuumhverfi að nútímalegum þörfum ef svo má að orði* komast. Þörfum sem eru viðurkenndar í dag en voru það kannski ekki fyrir þrjátíu, fjörutíu eða fimmtíu árum síðan þegar tíðarandinn var annar. En er þetta inntak frv., herra forseti? Birtist hin nýja starfsmannastefna í þessu? Nei, það *er ekki þannig. Nýja starfsmannastefnan er nefnilega einhver* mesta afturhaldsstefna sem hefur sést á Vesturlöndum hvað starfsmannahald snertir í langan tíma. Ég fæ ekki heimfært neitt undir þetta hugtak, „ný starfsmannastefna" nema það sem lýtur að húsbóndavaldinu. Lýtur að geðþóttavaldi

forstöðumanna og ráðherra. Þegar maður leitar í hinni hliðinni, hvað af þessum atriðum sem mætti með vilja reyna að flokka undir nýja starfsmannastefnu lúti að auknum réttindum starfsfólks og umbótum á þeirra starfsumhverfi, þá verður fátt um svör. Ég man í fljótu bragði ekki eftir einu einasta atriði. Þvert á móti er verið að takmarka og skerða réttindi þarna í stórum stíl, jafnvel tjáningarfrelsi, en reyndar er lítið dregið úr skyldunum.

Aðferðin við mótun starfsmannastefnunnar er líka athyglisverð. Ég hef stundum verið að velta því fyrir mér og ég spurði að því í efh.- og viðskn. þegar við kölluðum þangað fulltrúa fjmrn., sem sagt forstjórann sjálfan ef svo má að orði komast, ráðuneytisstjórann af því að ráðherrann neitaði að mæta, hvaða einkunn fengi stjórnandi í stóru einkafyrirtæki? Við skulum hugsa okkur að þetta væri stórt einkafyrirtæki, ríkið hf., einhvers staðar í nágrannalöndunum með allmarga tugi þúsunda starfsmanna á sínum vegum. Svo er ákveðið að móta nýja starfsmannastefnu. Forstjórinn kemur með tillögur um starfsmannastefnuna á stjórnarfund. Það á að fara að afgreiða málið. Þá eru allir starfsmennirnir í fyrirtækinu á móti breytingunum, allir. Hvað halda menn að yrði gert við svoleiðis forstjóra? Halda menn að einhverjir ábyrgir stjórnendur í fyrirtæki létu sér detta í hug að koma svoleiðis fram? Þeim dytti það ekki í hug eitt einasta augnablik að það yrði fyrirtækinu til framdráttar að ætla að knýja fram einhverjar slíkar breytingar í andstöðu við alla starfsmenn sína. Ég held að það sé alveg sama hvar menn leita út á einkamarkaðnum og það er nú í tísku að bera sig saman við hann. Svona breytingar dytti engum heilvita forstöðumanni eða forstjóra í hug að reyna að gera nema í samstarfi og samkomulagi við sitt starfsfólk sem á að vinna eftir þeim. Auðvitað ekki, annað er svo heimskulegt. Hæstv. fjmrh. er í þessu tilviki rétt eins og hver annar forstjóri ábyrgur fyrir rekstri. Vegna þess að undir fjmrn. heyrir starfsmannahald ríkisins. Útgjöldin koma úr ríkissjóði og framkvæmdin er þar. Þau samskiptamál sem upp koma milli þessara aðila fara í gegnum fjmrn. Þar er samninganefnd ríkisins o.s.frv. Þannig að málið er að mörgu leyti mjög sambærilegt við það að einhver stór vinnuveitandi væri á ferðinni og hann væri að móta sér nýja starfsmannastefnu. Það er nokkuð sérkennilegt. Þess vegna verða þessi ummæli í frv. og greinargerð nokkuð sérkennileg um að það eigi að færa ákvæðið til nútímalegra horfs. Nútímalegra hvað? Eru þessar breytingar eitthvað sérstaklega nútímalegar? Hver hefur umboð til að ákveða hvað sé nútímalegt og hvað ekki? Er það hæstv. fjmrh. sem hefur einn úrskurðarvald í þeim efnum? Að það sé nútímalegt að koma svona fram í samskiptum við starfsfólk og verkalýðshreyfinguna? Það er skrýtinn nútími. Það er komið inn á það í umsögn Bandalags háskólamanna að auðvitað er þetta víðar á dagskrá en hér. Þar er vitnað til upplýsinga úr riti þýska atvinnumálaráðuneytisins. Það mun heita á þeirri tungu Soziale Sicherheit in den Mitgliederstaaten der Europäischen Union, ekkert annað. Það er nú bara eins gott fyrir hæstv. fjmrh. að átta sig á þessu. Þar er komið aðeins inn á það hvað sé nútímalegt. Þar er t.d. talið mjög nauðsynlegt ef menn vilja færa hluti til nútímalegs horfs að banna ómálefnalegar og órökstuddar uppsagnir launamanna. Það sé nútímalegt. Það er með öðrum orðum ekki nútímalegt að það sé hægt að henda starfsfólki út bara si svona án þess að svo mikið sem rökstyðja það. Þannig var og er frv. þó brtt. meiri hlutans hafi eitthvað aðeins dregið úr því þegar þeim varð ljós villa síns vegar. Það var gert ráð fyrir því í frv. eins og það var lagt fram og er að nokkru leyti enn að ríkið geti meira og minna hegðað sér eins og því sýnist sem vinnuveitandi. Það þykir ekki nútímalegt nema þá bara hér á Íslandi. Það þykir það ekki í Þýskalandi samanber þetta merka rit og ekki yfirleitt annars staðar held ég þar sem menn reyna að nálgast þessi mál með sæmilega hófsömum hætti nema þá kannski á Nýja-Sjálandi. Það gæti verið að menn hafi sömu tilfinningu fyrir því hvað sé nútímalegt þar og í fjmrn. í dag.

Herra forseti. Þá er maður kominn að hugmyndafræðinni á bak við þessar breytingar og það er eðlilegt að menn spyrji: Hver er hún? Ég hef að nokkru leyti komið inn á það hvað varðar aðdragandann og vinnubrögðin í sambandi við þetta mál. En auðvitað liggur það þannig að hugmyndafræðin sem hér er á ferðinni er ættuð úr tiltekinni átt og hæstv. ráðherra hefur svo sem ekkert farið í felur með það á undanförnum missirum hvert hann og skoðanabræður hans sækja sína ráðgjöf. Eftir að það fór heldur að dofna ljósið í Bretlandi og frú Thatcher hrökklaðist frá og þetta fór að ganga heldur illa hjá þeim þar blessuðum sáu þeir ljósið niður á Nýja-Sjálandi. Þau eru með ólíkindum þessi samskipti sem hafa komist á hér á seinni árum á milli Íslands og Nýja-Sjálands. Það liggur við að það verði að fara að opna flugleið þarna á milli. Það hefur komið hér hver spekingurinn á fætur öðrum yfirleitt alltaf á vegum annaðhvort fjmrh. eða Vinnuveitendasambandsins til að kenna okkur fræðin. (Gripið fram í.) Sú var tíðin að það var hægt að læra ýmislegt gott á Nýja-Sjálandi á meðan þar var stjórnað með eðlilegum hætti en það er ekki lengur, því miður. Út af fyrir sig væri hægt að læra margt af Nýsjálendingum og m.a. alveg sérstaklega hvernig á ekki að reyna að gera hlutina. Það kom t.d. hér á vegum Vinnuveitendasambandsins fyrir svona tveimur ef ekki þremur árum mikill haukur þaðan og hélt predikun vestur á Sögu um það hvernig menn ættu að haga sér í samskiptum við verkalýðshreyfinguna. Hann taldi alveg nauðsynlegt að tvístra sem allra mest þessum verkalýðsfélögum, þau mættu ekki verða of sterk. Menn þyrftu að geta ráðið fólk og rekið að vild. Sveigjanleiki, hugsið ykkur hvað það er fallegt. Sveigjanleiki á vinnumarkaði, þetta bylgjast svona áfram. En á bak við það er sem sagt sú hugsun að henda fólki út eins og hverjum öðrum búpeningi þegar mönnum sýnist. Svo kom hæstv. fjmrh. hingað upp með vinkonu sína, fyrrv. fjármálaráðherra Nýja-Sjálands, sem reyndar hrökklaðist þaðan úr embætti eins og kunnugt er. Hún flutti hér predikanir. Reyndar minnir mig að einhver þriðji snillingurinn hafi komið þarna í millitíðinni. Hugmyndafræðin er sem sagt af þessum toga. Spurningin er sú hvort þetta er eitthvað af því sem okkur vantar hér uppi á Íslandi. Nú er það auðvitað ekki svo að það geti ekki verið samkomulag um að það sé skynsamlegt að gera ýmsar breytingar. Ég held t.d. að menn hefðu almennt verið mjög opnir fyrir því að skoða æviráðningarregluna og breytingar á henni. Ég held að það hafi líka átt við um stjórnmálaheiminn, þar hefðu menn í flestum ef ekki öllum flokkum verið tilbúnir til þess. Og líka gagnvart starfsmönnum og verkalýðshreyfingunni. Það er kannski það grátlega þegar svona er að málunum staðið að menn ná ekki einu sinni saman um það sem ágætt samkomulag gæti orðið um af því að það er ekki boðið upp á það. Þegar verið er að troða ofan í kokið á mönnum hlutum sem þeim eru algjörlega á móti skapi þá týnist hitt sem flokkast undir jákvæðar breytingar og kannski gæti orðið ágætt samkomulag um. Það er m.a. gallinn við að standa svona að lagasetningu. (**Gripið fram**

í: Það hefur nú verið samstarf í nefndinni.) Það er nú meira óskapa samstarfið, hv. þm. Nei, staðreyndin er sú að menn geta auðvitað vælt um að mönnum hafi staðið hitt og þetta til boða en niðurstaðan er þessi. Málið er í þeirri stöðu sem raun ber vitni. Það er mergurinn málsins. Hvaða skoðun sem menn hafa á aðdragandanum þá liggur algjörlega fyrir að þessi lagasetning er í fullri andstöðu við alla verkalýðshreyfinguna. Svo geta menn endalaust rætt um það hver var ekki nógu samningalipur eða þolinmóður. Það skiptir ekki máli úr því sem komið er. Staðan er þessi. Því fyrr sem menn átta sig á því því betra.

Herra forseti. Það eru svo fjölmörg efnisatriði frv. sem óhjákvæmilegt er að fara sérstaklega yfir. Ég ætla að rekja hér nokkur þau helstu. Það var að vísu farið yfir þau að hluta til í framsöguræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar, framsöguræðu minni hlutans, en ég ætla að staldra hér við nokkur atriði sem ég sé sérstaklega ástæðu til að fara yfir.

Það er í fyrsta lagi gildissvið laganna. Menn verða að átta sig á því að þar er talsverð breyting. Þessi lög taka, ef af verður, til allra starfsmanna ríkisins, þ.e. jafnt þeirra sem tilheyra almennu verkalýðshreyfingunni og samtökum opinberra starfsmanna. Eldri lög tóku reyndar ekki af skarið í þeim efnum að segja má en í greinargerð var það útskýrt svo að starfsfólk almennu verkalýðshreyfinganna skyldi teljast utan við gildissvið gildandi laga. Svo geta vaknað ýmsar spurningar um hvort þetta hafi verið eðlileg tilhögun, hvort það hafi t.d. verið brot á nútímahugmyndum manna um jafnræðisreglu og annað slíkt að þessi tilhögun var með þessum hætti. Auðvitað var þetta nokkuð sérkennilegt ástand, að starfsmenn hins opinbera skyldu vera flokkaðir upp með þessum hætti og sumir heyra undir lögin en aðrir ekki. Þannig var það nú samt og hér er sem sagt verið að breyta þessu. Það geta vel verið fullkomlega veigamikil rök fyrir því. Allt á þetta sér tilteknar sögulegar forsendur sem ræðumaður kann nú kannski ekki allar að rekja en tengjast m.a. því að á sínum tíma í upphafi höfðu sumir hóparnir verkfallsrétt en aðrir ekki og opinberir starfsmenn almennt ekki á þeim tíma.

Þá, herra forseti, kemur að því að hæstv. fjmrh. hefur samkvæmt 4. gr. frv., mjög sérkennilegt að mínu mati, úrskurðarvald um gildissvið laganna. Það er nokkuð óvenjulegt, hygg ég að það skuli vera sett sérstaklega inn í lagatextann að viðkomandi ráðherra skuli hafa úrskurðarvald um gildissvið þeirra laga sem hann varða sérstaklega. Nú er þetta þannig að í nútímanum á allt að vera svo óskaplega fínt, hrein verkaskipting, það á ekki að blanda saman grundvallarstoðum stjórnsýslunnar, löggjafarvaldinu, framkvæmdarvaldinu, dómsvaldinu og öllu því. Menn þekkja þetta allt saman. Íslendingar hafa þurft að aðlaga sína löggjöf að þessu og þó fyrr hefði verið og reyndar fengið talsvert á kjaftinn fyrir það að vera seinir til. Ég spyr mig hvort það sé þá sérstaklega til fyrirmyndar og sniðugt að setja í löggjöf á því herrans ári 1996 að ef ágreiningur rísi um gildissvið laganna þá skuli fjmrh. skera þar úr. Bara si svona. Að vísu er sagt að menn geti borið málið undir dómstóla. Þó það nú væri. Það er varla ætlunin að taka þann rétt af mönnum. Þetta mundi nú kannski vera það sem Þórbergur kallaði selvfølgelighed.

Mér finnst þessi 4. gr. nokkuð sérkennileg lagagrein og ég spyr hæstv. fjmrh. — og mér er alveg sama þótt þetta kunni að hafa verið svipað í eldri löggjöf, hún gæti vel verið orðin úrelt einmitt að þessu leyti því það hefur mjög margt breyst í viðhorfum manna til réttarfarslegra atriða af þessu tagi: Þarf þetta endilega að vera svona? Væri ekki a.m.k. skemmtilegra að til væri eitthvert sjálfstætt úrskurðartæki, nefnd eða einhver slíkur aðili og svo málskotsréttur til dómstóla ef menn ekki yndu því? Auðvitað getur það veri býsna afdrifaríkt atriði hverjir teljast falla undir lögin og hverjir ekki, hvert gildissvið þeirra nákvæmlega er. Þetta var um 4. gr. herra forseti.

Þá staldra ég næst við 7. gr. Ég tek fram að ég hleyp hér yfir ýmislegt sem ástæða gæti verið til að ræða. En tímans vegna ætla ég ekki að fara yfir allt sem út af fyrir sig væri áhugavert að ræða. Í 7. gr., sem reyndar hefur orðið mönnum að umtalsefni hér af ýmsum ástæðum, m.a. vegna orðalags sem á henni var af hálfu frumvarpshöfunda og ber þar hæstv. fjmrh. ábyrgðina og á höfundarréttinn. Ég held að það sé ekki umdeilt að viðkomandi ráðherra sem stjfrv. ber fram á höfundarréttinn og fengi STEF-gjöldin ef þau væru greidd., þó það sé ekki þar með sagt að hæstv. ráðherra hafi skrifað hvert einasta orð. Það kann að vera að einhverjir af húskörlum hæstv. ráðherra hafi samið sumt af þessum gullkornum. (**Fjmrh.:** Eða lögfræðingar?) Eða hugsanlega lögfræðingar, já. Þar var sem sagt þessi dásamlega setning um minni háttar skrifstofustörf þar sem menn komu í raun og veru upp um sig og þann hugsunarhátt sem að mörgu leyti gegnsýrði frv. Það er þetta minni háttar lið sem þarf að koma böndum yfir. En nú er búið að lagfæra þetta eða á að gera með breytingartillögum meiri hlutans.

Að öðru leyti eru í 7. gr. ákvæði sem geta skipt býsna miklu máli og varða auglýsingar á störfum. Það er spurningin um það hvort halda eigi þeirri reglu sem verið hefur að auglýsa öll störf eða hvort hér megi fara út á þá braut sem greinin gerir ráð fyrir, þ.e. að það verði að nokkru leyti mönnum í sjálfsvald sett. Ég held að þessi grein sé býsna varasöm eins og hún er þarna orðuð. Embættin á að vísu að auglýsa í sjálfu Lögbirtingablaðinu áfram. Það er ekkert annað en það. En önnur störf skal auglýsa opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjmrh. Síðan er forstöðumanni heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni. Svo var þessi fína hugsun að það mætti mæla fyrir í sérstökum reglum að minni háttar störf, svo sem minni háttar skrifstofustörf, störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf, uss uss uss, eða önnur svipuð störf, þurfi ekki að auglýsa opinberlega. Þessu er að nokkru leyti vikið til í breytingartillögunum en eftir stendur samt að það er horfið frá þeirri grundvallarreglu að ríkið sem vinnuveitandi auglýsi öll störf sem það er að ráða í. Ég hef miklar efasemdir um að það sé hyggilegt. Enn verra er held ég, herra forseti, að opna fyrir það að það geti að einhverju leyti orðið tilviljanakennt hvernig með þetta er farið. Þetta veit reyndar að fleiru í þessu frv. Hvernig ætla menn að tryggja það, þegar heimildir og völd eru færð á þennan hátt út til forstöðumanna, að ekki verði að einhverju leyti um tilviljanakennda framkvæmd að ræða? Einn geri þetta en annar hitt? Einn auglýsi öll störf samviskusamlega í Lögbirtingablaðinu, annar auglýsi bara í Alþýðublaðinu sem fáir sjá? Hver ætlar að tryggja að þarna verði ekki um misræmi að ræða? Það er auðvitað stutt í þær hættur að menn geti beinlínis misfarið með þessi ákvæði, hagað auglýsingum þannig að þær þjóni þeim tilgangi fyrst og fremst að fullnægja formskyldu, en að alls ekki sé ætlunin að auglýsingarnar skili inn umsóknum þannig að unnt sé að ráða einhvern góðan frænda í starfið o.s.frv. Þarna er stutt í vandasama hluti sem menn þurfa að gæta sín á. Ég hefði lagt til að þessi grein yrði tekin alveg sérstaklega til skoð-

unar á nýjan leik. Reyndar held ég að þarna þurfi almenna reglan að vera bæði opinber auglýsing og lögformleg birting í Lögbirtingablaði. Það ætti að vera reglan að það væri hvort tveggja gert þegar um störf hjá hinu opinbera er að ræða.

Herra forseti. Þá er komið yfir í III. kaflann, um réttindin. Þar tókst að fá inn í 8. gr. að það skyldi veita starfsmanni upplýsingar um skipunar- eða ráðningarkjör en það ku hafa gleymst á undirbúningsstigi að gera ráð fyrir því, en það slapp fyrir horn.

Og yfir í 9. gr. sem er nú sennilega ein frægasta grein frv., sérstaklega vegna ákvæða 2. mgr. Þar er þetta fræga ákvæði á ferð að forstöðumenn geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstakas álags í starfi svo og fyrir árangur í starfi. Síðan varð greinin þannig að ráðherrar geti enn fremur ákveðið að greiða forstöðumönnum einstakra stofnana sem undir þá heyra laun fyrir árangur í starfi til viðbótar þeim launum sem ákvörðuð eru samkvæmt 1. mgr. Með öðrum orðum, þetta fína nútímalega kerfi, nýja starfsmannastefnan, átti að ganga út á það að forstöðumennirnir fái í raun og veru sjálfstætt kjarasamningavald í hendur til að greiða launauppbætur eins og þeim sýnist til þeirra starfsmanna sem þeim sýnist og eins mikið og þeim sýnist. Til þess að samræmi sé í hlutunum þá verður auðvitað ráðherrann að geta síðan borgað forstjórunum. Það varð nefndarmönnum auðvitað ljóst að það var ekki sanngjarnt að bara undirmennirnir fengju þessar uppbætur þannig að menn fóru að velta því fyrir sér hvort kerfið yrði ekki að vera alveg „komplett". Og á einu stigi málsins komu inn í efh.- og viðskn. alveg dásamlegar tillögur um að það yrði að vera hægt að borga ráðuneytisstjórunum svona sérstakar uppbætur. Já, mönnum fannst ekki sanngjarnt að þeir yrðu skildir eftir þannig að þeir ráðuneytisstjórar sem stæðu sig vel og væru hæfir í starfi skyldu fá uppbætur en hinir ekki. Á þessu jöpluðu menn um hríð í efh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Það var nú ekki lengi.) Það var þó nokkra stund, hv. þm. (**SvG:** Hvað var það lengi?) Þetta er mjög lýsandi, herra forseti, um það á hvaða brautum menn hafa verið í þessum þankagangi. Við fórum náttúrlega að spyrja: Já það er nefnilega svona, já það er nefnilega það. Er hægt að fá upplýsingar um það hvaða ráðuneytisstjórar eru vandanum vaxnir og hverjir þeirra fengju uppbætur og hve miklar og hverjir ekki? Það yrði gaman á fundunum hjá ráðuneytisstjórunum, sem eins og kunnugt er hafa sinn félagsskap, þegar þeir færu að bera saman launauppbæturnar. Nei, auðvitað komust menn að þeirri niðurstöðu að þeir væru komnir út í algjörar ógöngur og bökkuðu með þetta og reyndar rúmlega það því að breytingartillaga meiri hlutans gengur út á að þetta ákvæði skuli ekki taka til embættismanna sem svo eru kallaðir samkvæmt frv.

En það breytir nú litlu um að hér er á ferðinni mjög afdrifaríkur og stór þáttur þessa máls sem er auðvitað eitt af grundvallaratriðunum, ein af stóru pólitísku áherslubreytingunum að segja má í þessu frv., þ.e. að hverfa frá því að kjarasamningar á félagslegum grundvelli, sambærilegir fyrir alla þá sem laun taka samkvæmt þeim, séu almenna reglan varðandi laun til manna og ef eitthvað er greitt þar til viðbótar þá lúti það einnig almennum reglum eins og t.d. almennum reglum um yfirvinnu eða almennum reglum um þóknun fyrir hluti, að hverfa frá þessu öllu yfir í einstaklingsbundna samninga á grundvelli nánast geðþóttavalds viðkomandi forstöðumanna og þá ráðherra. Auðvitað er þetta mikil breyting, herra forseti, grundvallarbreyting. Maður hlýtur að spyrja sig að ýmsu í þessu sambandi. Hvaða áhrif kemur þetta til með að hafa? Hvernig verður þetta framkvæmt o.s.frv.? Þetta atriði stendur ekki eitt og sér í frv. Þetta er ekki í eina tilvikinu sem þessi hugsun kemur fram, nefnilega sú að hægt sé að hygla mönnum eða umbuna eða verðlauna eða hvað það nú er á þennan hátt, heldur er þetta líka angi af því að með sama hætti sé líka hægt að reka menn, á hinum endanum. Þannig að ríkið ætlar ekki bara að fá þessar gulrætur. Nei, það ætlar líka að hafa hinum megin frá sams konar vald til að reka menn ef mönnum sýnist svo að þeir standi sig ekki nógu vel. Þetta er í samhengi. Það kemur að því síðar þar sem kemur að þessu með árangur í starfi, fullnægjandi árangur í starfi. Menn ætla nú að fara að búa sér til einhvern mælikvarða til að meta fullnægjandi árangur í starfi.

Ég held, herra forseti, að á þessu ákvæði séu mjög margar hliðar og sumar skuggalegar. Það hljóta allir að átta sig á því hversu vandmeðfarið vald af þessu tagi er, t.d. inn á fámennum vinnustað og hvernig áhrif þetta getur haft á andrúmsloft í starfsmannahópi. Það væri gaman að fá hér til vitnaleiðslu í stúku nokkra málefnalega forstöðumenn stofnana og spyrja þá að því hvort þá langi í þetta hlutverk. Verður það eftirsóknarvert og skemmtilegt hlutskipti fyrir forstöðumann að hafa þetta vald? Að geta gjörsamlega á einstaklingsbundnum grundvelli dregið starfsfólk sitt í dilka og verðlaunað það eins og mönnum sýnist en refsað öðrum? Hin hliðin er auðvitað sú að þeir sem engrar umbunar af neinu tagi njóta, gætu væntanlega í gegnum þetta misst í launakjörum miðað við það sem nú er því þessu ákvæði er ætlað að koma í staðinn fyrir ýmsa hluti sem áður hafa myndað að hluta til laun opinberra starfsmanna, eins og óunna yfirvinnu eða yfirvinnureglur o.s.frv. Ef það verður nú niðurstaðan að á næstu tveimur til þremur árum hverfi allir slíkir hlutir yfir í þetta kerfi, yfir í einstaklingsbundna samninga sem forstöðumenn gera við hvern starfsmann fyrir sig þá er mjög líklegt að einhver hluti hópsins fái ekki neitt. Er það ekki? Þannig að þetta dragist nú enn betur í sundur og svo verði einhverjir reknir.

Hvernig á að tryggja að með þetta ákvæði verði ekki misfarið rétt eins og auglýsingaákvæðið? Dettur hæstv. fjmrh. ekki í hug eitt augnablik að það kunni að koma upp dálítið varhugaverðar aðstæður þar sem þetta vald verði notað til að hygla einhverjum gæðingum? Dettur hæstv. fjmrh. aldrei í hug að þetta tæki geti verið varhugavert í með tilliti til annars, svo sem eins og því að menn noti það til að ná fram öðrum markmiðum en þeim sem tengjast launamálum í fyrirtækinu? Það hvarflar líklega ekki að hæstv. fjmrh. að það geti orðið freisting einhverjum veiklyndum forstöðumanninum að kaupa af höndum sér gagnrýni með því að skutla einhverju í einhvern sem var með múður? Eða hitt, að hóta að taka af honum sporsluna ef hann verði ekki þægur. Hvernig væri nú að kalla manninn inn á teppið og minna hann á að það var samið við hann fyrir hálfu ári síðan um umtalsverða persónulega launauppbót, ef hann ætlar að fara að vera með eitthvert múður? Það skyldi þó ekki vera að þetta gæti orðið býsna varhugavert og vandmeðfarið tæki af ýmsum slíkum ástæðum?

Það var spurt að því í efh.- og viðskn. hvernig menn teldu almennt að forstöðumenn og stofnanir væru undir það búin að taka við þessu hlutverki. Það var fátt um svör. En ætli það sé þá ekki óhætt að segja að það hafi komið fram vissar efasemdir um að menn væru allir og alls staðar vel í stakk

búnir til þess að fá þetta vald og þetta hlutverk. Ég hygg að það sé ekki oftúlkun að segja að það hafi bryddað á slíkum efasemdum.

Það var líka spurt um reglur og það varð fátt um svör. Það er ekki til siðs að hið háa ráðuneyti sýni á spilin þegar það er að óska eftir því að fá til sín eða sinna manna völd af þessu tagi. Þá er ekki til siðs að vera að tala mikið um það við löggjafann hvernig eigi með það vald að fara. Það varð fátt um svör. Hvaða mælikvarða á að leggja á það hvað er hófleg þóknun? Og fyrir hvað? Fyrir dugnað eða hlýðni eða lítilþægð? Hver ætlar að leggja mælikvarða á það? Er til einhver skárri aðferð en að semja um þetta í almennum samningum á félagslegum grundvelli þannig að allir standi jafnir? Ég hef ekki komið auga á það. Ég sé ekki ljósið í þessu. Ég hélt að það væri reynt að ráða menn til starfa og raða mönnum í verkefni með hliðsjón af menntun þeirra, getu og öðru slíku þannig að hver maður nýttist til hluta sem hann réði við, þar með kæmi líka fram eðlilegur launamunur og það væri kerfið sem við byggðum á. Mér finnst að með þessu sé verið að segja að fjöldinn allur af opinberum starfsmönnum sé hliðsettur í stjórnsýslunni, en menn eru svo misgóðir að það er nauðsynlegt að geta borgað þeim mismunandi hátt kaup þótt þeir sinni sömu störfum af því að sumir gera það vel en aðrir illa. Ef við tökum deildarstjóra í ráðuneyti er þá t.d. verið að segja að sá hópur sé svo ólíkur og misjafnlega vel starfi sínu vaxinn að það sé nauðsynlegt að geta borgað sumum vel og öðrum illa? Ætti það ekki að vera þannig að ekki væri ráðið til slíks starfs annað fólk en það sem er starfinu vaxið og sinnir því sómasamlega og á þar með rétt á því að fá svipað kaup? Þetta snýr að grundvallaratriðum, herra forseti. Þetta er spurning um viðhorf og nálgun og ég get ekki annað sagt en það að mér finnst þessi nálgun ógeðfelld. Mér finnst hún afar ógeðfelld og raunar ekki í neinu samræmi við þá hugsun sem ég vil leggja til grundvallar samskiptum aðila að þessu leyti.

Kannski leiðir hæstv. fjmrh. sem á eftir að tala í umræðunni okkur í allan sannleika um snilldina sem á bak við liggur þetta fræga launauppbótarákvæði og hvernig það fellur saman í farveg við hina nýju og nútímalegu starfsmannastefnu og allt þetta.

Svo er það ein spurning, herra forseti, hvort þetta þarf þá ekki að ganga líka alla leið og upp í ríkisstjórnina, þessar launauppbætur. Það er spurning. Kannski verður að fara að taka upp sérstakt launaaukakerfi fyrir ráðherrana og borga sumum vel og öðrum ekki. Þá tekur hæstv. fjmrh. nokkra áhættu. Ég er ekki viss um að hæstv. fjmrh. yrði á þeim endanum sem fengi hæsta launaauka. Það er bara stórkostlegt álitamál hvort hæstv. fjmrh. fengi nokkra launauppbót. Það væri t.d. ágæt regla, hæstv. ráðherra, að þeir sem eru hér yfirleitt og sinna störfum sínum fengju vel borgað. Það hefur engum dottið held ég enn þá í hug að t.d. hópur eins og þingmenn færi að fá mismunandi laun. Það mundu vakna ýmis býsna erfið úrlausnarefni í því máli. Hvernig á þá t.d. að mæla árangur þingmanna? Er þetta uppbótargeðþóttahugsunarkerfi allt saman hjá hæstv. ráðherra ekki alveg jafnfáránlegt og að láta sér detta í hug að fara að borga þingmönnum eða ráðherrum mismunandi kaup? Auðvitað er þetta allt saman meira og minna della og menn eru að nálgast vandamálið frá allt öðrum enda og öfugum. Almenna reglan á að vera sú að menn reyni að ráða hæft fólk til starfa sem er þeim vanda vaxið hverju sinni sem það á að fást við og þá leiðir af sjálfu að það fær laun í samræmi við það.

Herra forseti. Síðan kemur þarna afar lítil og sakleysisleg grein nokkru aftar í frv. Það er 12. gr. og þar er sagt svona:

„Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr."

Þetta segir kannski ekki alla söguna. Þó má ráða að menn eigi annaðhvort að fá þetta samkvæmt lögum eða því sem ákveðið er og vísa þá t.d. til kjaradómsákvarðana og kjaranefndar eða umsamið. Gott og vel. En þetta dugar ekki til skilnilngs á ákvæðinu. Þar þarf að fara í ákvæði til bráðabirgða og þar er mikil latína sem tengist þessu máli. Þar segir meðal annars:

„Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr. 38/1954, uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama á við um þá sem ráðnir verða í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið gilda enn fremur ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954 um umræddа starfsmenn, þó ekki embættismenn skv. 22. gr. laga þessara."

Þessi mikla munkalatína og krossvísun á að þýða að það sé ekki með beinum hætti með þessum lögum verið að skerða núgildandi réttindi manna. En það er verið að vísa framtíðinni inn í samninga og þar með er það auðvitað þannig að það er verið að breyta umhverfi þessara mála vegna þess að þau hafa verið lögvarin og lögbundin. Þetta hefur auðvitað vakið mikla tortryggni vegna þess að málið er ekki sérlega skýrt fram sett og þarf nokkra yfirlegu til að ná því hvernig þessar krossvísanir eiga að lesast saman. Það vaknar því reyndar eðlilega tortryggni og vakir reyndar enn tortryggni um það að með þessu sé í reynd verið að veikja samningsstöðu opinberra starfsmanna hvað þessa hluti áhærir. Það er a.m.k. ljóst að varðandi framtíðina þurfa menn nað sækja sér þessi réttindi í gegnum kjarasamningana.

Síðan fjallar 13. gr. frv., herra forseti, um rétt starfsmanna til sveigjanlegs vinnutíma. Eins og hún er fram sett í frv. er hún eitt af þessum gullkornum þar sem nútímaleg hugsun höfundanna endurspeglast með mjög skýrum hætti. Þar stendur:

„Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt ákvörðun forstöðumanns stofnunar," — rétturinn nær ekki lengra en svo að hann nær til ákvörðunar forstöðumanns. Þeir fá sem sagt þann sveigjanlega vinnutíma sem forstjórinn ákveður. En svo er bætt við til öryggis: „enda verði slíku við komið að skaðlausu." Það er vissara. Þetta skal sem sagt vera þannig að starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma, herra forseti. Það er mikil mildi og gæska yfirvaldsins. En það er samkvæmt ákvörðun forstöðumanns og því skal við komið að skaðlausu. Þetta er hin nútímalega hugsun sem birtist í frv. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, herra forseti, þegar ég fór að leita að því hvar þessi nútímalega hugsun og nýja starfsmannastefna birtist, fór ég m.a. að leita að ákvæðum af þessu tagi. Maður hefur auðvitað hugsað dálítið um það á undanförnum árum og velt því fyrir sér hvort ekki væri hægt að þróa eitthvað áfram og í átt til nútímalegra horfs réttarstöðu manna í þessum efnum á Íslandi. Til að mynda hvort ekki væri tímabært að fara að koma

hér á sambærilegri réttarstöðu foreldra gagnvart veikindum barna, sveigjanlegum vinnutíma og því að skipta vinnutíma sínum o.s.frv. eins og maður þekkir í nágrannalöndunum en er í raun og veru allt saman ákaflega aftarlega á merinni hér. Maður varð auðvitað spenntur þegar maður áttaði sig á því að þetta orð, sveigjanlegur vinnutími, kom fyrir í textanum. En það var þá í þessu samhengi. Það var þá aldeilis.

Það má til sanns vegar færa að svona fram sett sé þetta verra en ekki neitt fyrir fólk því að meðan ekkert af þessu tagi stendur í lagatexta, þá geta menn reynt að sækja sér þennan rétt samkvæmt venjulegum samskiptaleiðum. Fara fram á eitthvað, rökstyðja það og sækja það. En hér átti sem sagt að ganga þannig frá því í eitt skipti fyrir öll að öll réttindi manna væru algerlega undir ákvörðunarvaldi yfirmannsins, algerlega, þannig að ekkert stæði eftir. Það væri alveg skýrt að allt sem flokkaðist undir einhvern sveigjanleika í vinnutíma og öðru slíku væri í ákvörðunarvaldi forstöðumanns, enda yrði því viðkomið að skaðlausu. Auðvitað var það þannig að þegar nefndarmenn í efh.- og viðskn. meiri hlutans heyrðu ræður af því tagi sem hér hefur verið flutt, þá fóru þeir að skammast sín, leyfi ég mér að segja. Það leiddi svo til þess að það er lagt til að þessu ákvæði sé lítillega breytt í brtt. meiri hlutans. Það er vissulega í aðeins geðfelldara formi þar. — Herra forseti. Ég er ekki með breytingartillöguþingskjalið, það er spurning hvort það væri hægt að útvega ræðumanni það.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hvaða breytingartillaga?)

Breytingartillögu meiri hlutans. Þó ég kunni margt í þessu, kann ég það ekki alveg utan að. Ég skal gera þá játningu hér. En nóg man ég til þess að það er aðeins lagfært þarna orðalagið. En það er víðs fjarri að það sé í því formi sem ég get sætt mig við eða hefði viljað sjá í því sem menn eru að rembast við að kalla einhverja nútímalega lagasetningu. Þetta er komið og hljóðar svo, texti dagsins, með leyfi forseta:

„Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma." — Punktur. Það er mikil framför að fá þennan punkt þarna. — „Ber forstöðumanni stofnunar að verða við óskum starfsmanna þess efnis eftir því sem unnt er, samanber 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning."

Þetta eru vissulega framför, herra forseti. Þarna er þó komið ákvæði um að það beri að verða við slíkum réttmætum óskum eftir því sem unnt er. Svo allri sanngirni sé til haga haldið vil ég geta þess sem gott er. Þessi lagfæring er að mínu mati tvímælalaust í rétta átt en ég hefði viljað sjá hana betur útfærða og afdráttarlausar tekið á ýmsu sem ég hef í mínum huga talið að hlyti að þurfa að koma inn í löggjöf til þess að gera starfsumhverfið manneskjulegra og í meira samræmi við það sem hefur verið að þróast í nágrannalöndunum á undanförnum árum.

Þá er komið að IV. kaflanum, herra forseti, sem byrjar mjög skemmtilega. Þar er talið upp hvað góðan starfsmann hins opinbera skuli prýða. Hann skal t.d. rækja starf sitt af alúð og samviskusemi í hvívetna, gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. (**Gripið fram í:** Það er ekkert á móti því.) Ekkert á móti þessu öllu saman.

Þá kem ég næst, herra forseti, að 21. gr. Þar er nýtt ákvæði. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu, getur forstöðumaður stofnunar veitt honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt."

Nýmælið hér eru þessi orð sem skotið er inn í á milli komma, „hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi". Þetta er hið stóra, merka nýmæli sem inn í þessa grein kemur og væntanlega er að öðru leyti eða mestu leyti samhljóða sambærilegum ákvæðum í gildandi lögum.

Nú geta menn sagt sem svo að auðvitað sé þetta bráðnauðsynlegt og hefði alltaf átt að vera, að það væri til ákvæði sem tæki á því vandamáli að opinberir starfsmenn næðu ekki fullnægjandi árangri í starfi. Margir telja reyndar að svo sé og það sé þá frekar dugleysi og framkvæmdaleysi hins opinbera að leysa ekki slík vandamál þegar þau koma upp heldur en hitt að menn hafi skort til þess lagastoð. En menn verða þá líka að átta sig á því hvernig er hægt að framkvæma þetta og hvernig þeir ætla að útbúa mælikvarðana til að mæla menn á. Ég spyr: Treystir Alþingi, löggjafinn, sér til þess að leggja þetta niður svona í löggjöfina bara „in blanco" og láta svo fjmrn. það eftir að smíða tommustokkinn? Mér finnst, herra forseti, að hér sé á ferðinni það mikið grundvallaratriði að það sé varla sæmandi að ætla Alþingi að afgreiða málið að svo stöddu hafandi þau svör ein frá fjmrn. að það standi til eða það sé ætlunin að semja þá um þetta einhverjar reglur eins og svo margt fleira í þessu frv., fylla út í eyðurnar þar sem forstöðumennirnir eru að fá geðþóttavald. Ráðherrann sem situr ofan á öllu móverkinu heldur svo í alla þræðina að lokum. Hringurinn lokast, herra forseti, þegar maður les saman ákvæði 7. gr., ákvæði 9. gr. og nokkur önnur ákvæði í þessu frv. sem eru af sama toga og svo síðast þetta í 21. gr., að ógleymdri kannski 47. gr. um sérstök réttindi og friðindi þeirra sem standa utan verkalýðsfélaga. Þá held ég að hringurinn sé að lokast. Hann er að lokast þannig að það er í öllum tilvikum dregið úr gildi þess að vera í verkalýðsfélagi, því að auðvitað munu persónulegar, einstaklingsbundnar launauppbætur sem samið er um við forstjórann undir fjögur augu að sjálfsögðu draga úr gildi hinna almennu kjarasamninga. Þessi svipa sem hér er reidd á loft og sett í hendur forstjóranna mun hafa sömu áhrif. Menn verða hvort sem er ofurseldir valdi hans, bæði vegna gulrótanna sem hann hefur í annarri skúffunni og svipunnar sem hann hefur í hinni. Og þegar svo til viðbótar kemur það að frv. gengur út frá alveg sérstakri vernd fyrir þá sem standa utan verkalýðsfélaga, hvað er þá eftir? Hér ber allt að sama brunni, herra forseti. Þessi frumvarpssmíð er lævísleg samfelld aðgerð til þess að grafa undan skipulagðri kjarabaráttu opinberra starfsmanna og skipulagningu þeirra hagsmunabaráttu í félögum. Það er þannig. Öll þessi ákvæði hafa mikil áhrif á þetta samhengi fyrir utan hinn manneskjulega og félagslega þátt í þessu. Það er ekki nóg með það að á öðrum endanum séu menn verðlaunaðir eða þeim refsað og hótað refsingum í formi þess að svipta þá launauppbótunum, heldur er á hinum endanum þetta sjálfstæða vald forstöðumanns til að meta hvort fullnægjandi árangur hafi náðst í starfi, ekki bara svona einhver ágætur árangur, nei, heldur hvort hann sé fullnægjandi. Þetta snýst ekki um að sanna hitt, að um einhverja vanrækslu hafi verið að ræða. Það er nóg af ákvæðum fyrir í lögunum þegar því er að skipta. Þetta er ekki það. Þetta er ekki spurning um að það sé hægt að losa sig við þá menn sem ekki mæta í vinnuna eða skila ekki þeim verkum sem þeim er sett fyrir.

Það er allt á sínum stað. Nei. Þetta snýst um það að menn hafa vald til þess að úrskurða um það hvort fullnægjandi árangur hafi náðst; 75% árangur, 80% árangur eða 10 kg af árangri á sólarhring. Hvernig ætlar hann að mæla þetta? Ég þekki enga mælikvarða, hvorki þá sem notaðir eru venjulega á mál og vog eða aðra afstæðari, til þess að vega þetta á. Lærði ég þó eðlisfræði einu sinni og kann flesta þessara kvarða. (Gripið fram í.) Hér er bara ekki neitt, það er bara sagt: Fullnægjandi árangur í starfi. Það er ekkert sagt um það hvernig í tíma, rúmi eða vídd eigi að mæla þetta. Auðvitað er þetta alveg ótrúlegur lagatexti. (**KÁ:** Hvaðan er þessi hugmynd, hv. þm.?) Nú verð ég að vísa bara á höfunda. Ég bara rata ekki í þessari þoku. (**KÁ:** Nýja-Sjálandi?) Ja, hvað mælikvarðanir séu, já. Það verður kannski að senda mann út af örkinni og sækja tommustokkinn niður á Nýja-Sjáland. Hann hlýtur að vera til þar. (**Gripið fram í:** Þú varst þar einu sinni, var það ekki?) Ég get sagt til vegar já, en ég veit ekki hvort ég mundi vilja leggja þeirri för lið.

Það er fjölmargt fleira, herra forseti, sem ástæða gæti verið að staldra við, svo sem 22. gr. um setningu í embætti. Það er hin fræga embættismannagrein. Frv. gerir eins og kunnugt er ráð fyrir því að búa til tvo meginflokka opinberra starfsmanna. Það eru embættismenn og ekki embættismenn og verður náttúrlega geysilega eftirsótt og vinsælt að vera embættismaður. En þar fylgir líka böggull skammrifi að af embættismönnum eru tekin veruleg mannréttindi eins og þau að fara í verkföll og semja um kaup og kjör. Tjáningarfrelsi þeirra er verulega takmarkað o.s.frv. Þeim er bannað að vera með kjaft uppi þegar vinnudeilur standa í þjóðfélaginu o.s.frv.

23. gr. mun líka hafa grundvallarbreytingu í för með sér þar sem æviráðning er afnumin og frá því gengið að allir *sem embættismenn* teljast og falla undir 22. gr. skuli ráðnir til fimm ára í senn. Eins og ég sagði, herra forseti, hygg ég að ríkur vilji hafi verið víða til þess að endurskoða þetta æviráðningarákvæði. En það má kannski aðeins á milli vera hvort það er gert svona eða farin einhver önnur leið. Það er líka til hugtak eins og starfsöryggi og ráðningarfesta sem hefur greinilega ekki verið höfundunum hugleikið því að á slíka hluti er ekki minnst í þessu frv. eða greinargerð með því.

Í 26. gr. sem varðar lausn manna frá embætti kemur þetta ágæti aftur, að hafa ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, og þar er í sjálfu sér uppsagnarákvæðið eða brottrekstrarákvæðið sett inn í *textann*. Þau ákvæði sem að þessu lúta voru stórgölluð og eru eins og þau eru í frv. Það var t.d. ljóst að ákvæði stjórnsýslulaga um andmælareglur voru ekki uppfyllt eins og frv. var fram sett. Það var ekki skilyrði að menn væru áminntir. Að hluta til er þetta lagfært með breytingartillögum meiri hlutans, þó ekki að öllu leyti. Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að menn skuli vera með stjfrv. í höndunum þar sem löggjöf eins og stjórnsýslulögin eru bara hunsuð, brotin. Það vekur kannski meira spurningar um vinnubrögð í stjórnkerfinu. Þeir menn eru ekki að mínu mati vandanum vaxnir sem ganga frá frv. sem samræmist ekki grundvallarlöggjöf eins og stjórnsýslulögunum. Eiga þeir rétt á launauppbótum, hæstv. fjmrh.? Þetta er dæmalaust í raun og veru. (**Fjmrh.:** Sömu höfundar.) Sömu höfundar? Er ekki hæstv. fjmrh. höfundur? Er hann ekki með höfundarréttinn á þessu? Ber að minnsta kosti persónulega pólitíska ábyrgð á þessum málum. Pólitíska ábyrgðin er hjá hæstv. fjmrh. og það hefur aldrei þótt stórmannlegt að skjóta sér á bak við undirmenn sína í svona löguðu. Mergurinn málsins er sá að það er til háborinnar skammar að í viðkvæmum og vandasömum atriðum eins og þessum sem lúta að réttindum starfsmanna hvað uppsagnir snertir, andmælareglu o.s.frv., þá skuli menn ganga þannig frá stjfrv. að þeir standa berrassaðir með allt niður um sig gagnvart ákvæðum stjórnsýslulaganna og neyðast til að flytja breytingartillögur til að bjarga þeim málum að mestu leyti í horn. Það er það sem gerist hér. Það má meiri hlutinn í efh.- og viðskn. eiga að hann sá að sér í þessu. Að hluta til eru þessi ákvæði lagfærð eins og ég segi, en þó ekki að öllu leyti.

Í 7. tölul. breytingartillagnanna á þskj. 887 segir, með leyfi forseta: „Við 21. gr. Í stað orðanna „getur forstöðumaður stofnunar veitt" komi: skal forstöðumaður stofnunar veita." Þetta felur í sér að forstöðumaður skal nú veita skriflega áminningu þeim sem hann telur að hafi ekki náð fullnægjandi árangri í starfi eða vanrækt skyldur sínar að einhverju öðru leyti. Þetta má segja að sé framför þó í litlu sé.

Ýmsir umsagnaraðilar bentu á fleira sem þessu tengist þar sem ákvæði frv. eins og það er úr garði gert samrýmdust ekki eða fullnægðu ekki þeim réttindum sem borgurunum og þar á meðal opinberum starfsmönnum auðvitað eru áskilin í stjórnsýslulögunum. Það er ekki til mikillar fyrirmyndar að vera með svoleiðis pappíra í höndunum. Og ekki batnar málið ef það eru sömu höfundarnir eins og hæstv. fjmrh. er að reyna að kalla fram í að séu.

Herra forseti. Ætli ég taki þá ekki undir mig dálítið stökk og fari aftur í 10. kaflann sem heitir því kaldhæðnislega nafni „Sérstök réttindi". Ég kalla það kaldhæðnislegt vegna þess að fyrri málsgreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stéttarfélög eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum."

Þetta eru sérstök réttindi. Það er sem sagt fært undir fyrirsögnina „Sérstök réttindi" að stéttarfélög skuli gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. En af þessu má hafa kannski gaman en ekki því sem á eftir kemur því að þar stendur, með leyfi forseta:

„Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjmrh. ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga."

Þetta felur það í sér að með lögum á að ganga frá því að ekki aðeins skuli menn geta staðið utan stéttarfélaga heldur skuli menn sjálfkrafa njóta alls þess sem stéttarfélögin semja um til handa sínum félagsmönnum. Á það hefur verið bent að það er alls ekki ótvírætt, nema síður sé, að þetta mundi ekki síðan verða túlkað þannig að þennan rétt ættu menn algerlega sjálfstætt gagnvart þessu frv. og fengju þessa þjónustu sér að kostnaðarlausu. Það þarf a.m.k. að vera alveg ljóst hvað vakir fyrir mönnum með lagasetningu af þessu tagi. Sumir lögfræðingar og þar á meðal menn sem eru sérfræðingar á þessu sviði, óttast að með vísan til félagafrelsisákvæða sem mikið er í tísku að vitna til, mundi það verða túlkað svo að svona lagasetning fæli sjálfkrafa í sér að þessi réttindi ættu menn án annarra skilyrða. Það væri sjálfkrafa og sjálfvirkt að þeir sem færu út úr stéttarfélögunum fengju allt það sem stéttarfélögin eftir sem áður semdu um til handa sínum félagsmönnum án þess að borga fyrir það.

Hvað þýðir það? Það liggur gersamlega í hlutarins eðli að þetta eitt og sér væri nóg til þess að rústa allri skipulagðri verkalýðsbaráttu. Hvaða heilvita manni dytti í hug að vera að borga í stéttarfélag gjöld til langs tíma ef hann ætti það algerlega tryggt og lögvarið að hann nyti hvort sem er alls þess sem þau kynnu að semja um og án þess að þurfa að borga fyrir það? Hér er verið að snúa við hugtökum að mínu mati. Það er verið að skáka í því skjóli að það sé nauðsynlegt til þess að fullnægja ákvæðum um svonefnt öfugt félagafrelsi, sem er vandræðalegt hugtak en er samt það sem hér á við, þ.e. til þess að tryggja rétt manna til að standa utan félaga sem eigi að vera þá jafngildur eins og réttur manna til að mynda félög og er þá félagafrelsi. En það var þá það minnsta. Ef menn vildu tengja einhverja réttindavinnslu þessa hóps við stéttarfélögin, að taka algerlega af skarið um það í sömu lagagrein að slíks nytu þeir ekki nema greiða fyrir það. Allt annað er hneyksli og ég held að höfundar frv. og meiri hlutinn, ef hann ætlar að afgreiða þetta svona, skuldi okkur skýringar á því hvernig í ósköpunum mönnum dettur í hug að ganga svona frá þessu. Það er auðvitað alveg fráleitt. Þetta er andfélagslegt í hæsta máta. Þetta er misnotkun á þessu hugtaki að mínu mati því að þó að verið sé að vernda rétt manna, annars vegar til að mynda með sér félög til að gæta hagsmuna sinna og svo hins vegar rétt manna til að standa utan félaga, þá á ekki að gera það með þessum hætti. Í þessu felst auðvitað gróf mismunun. Það er verið að leggja kostnaðinn á þá sem standa í félögunum. Þeir eiga að bera byrðarnar, þeir eiga að draga vagninn, þeir eiga að sækja réttindin, þeir eiga að semja um kjörin. Hinir eiga að fá það allt ókeypis og vera sérstaklega lögverndaðir og lögvarðir í því sambandi. Það er það minnsta að þeir sem taka ákvörðun um að yfirgefa stéttarfélög sitt geri það vitandi það að þeir afsala sér því sem felst í því að vera þar. Allt annað er beinlínis óeðlilegt.

Herra forseti. Þetta er að mínu mati eitt allra alvarlegasta og grófasta ákvæði þessa frv. Þetta er hluti af þeirri heild sem ég hef reynt að draga upp og kemur kannski skýrast fram í 9. gr., 21. gr. og þessari 47. gr. þar sem allt ber að sama brunni að verið er að mylja niður grundvöllinn undir skipulagðri kjarabaráttu opinberra starfsmanna, samningagerð, félagslegum samningum þar sem allir uppskeri sama hlut, færa það allt saman yfir í einstaklingsbundið form og svo er hnúturinn bundinn á þetta með því að setja þetta dæmalausa ákvæði um réttindi þeirra sem standa utan stéttarfélaga. Hlutur þeirra er í raun gerður miklu betri en hinna. Þetta er samyrkjubúskapur þar sem annar á að fá alla mjólkina og hinn alla mykjuna. Það er hugsunin hjá þessum snillingum.

Herra forseti. Ég held ég láti nægja að fara yfir þessar greinar í frv. sem ég hef stiklað á stóru um. Ég ætla þá að hverfa að nokkrum atriðum sem koma sérstaklega fram í umsögnum nokkurra aðila og verður fyrst fyrir mér allmyndarleg bók. Ég ætla aðeins að sýna hæstv. forseta umsagnabunkann, það er gott fyrir forseta að vita af þessu.

(**Forseti** (ÓE): Já, já.)

Þetta er allnokkur pappír sem við þingmenn höfum fengið.

(**Forseti** (ÓE): Við höfum það til að setja í forsetastól.)

Það var ekki verið að vísa til þess, herra forseti. Ég var meira að draga athygli hæstv. forseta að því hvað við höfum haft að starfa, við sem höfum átt að reyna að setja okkur inn í sjónarmið aðila í málinu og okkur nefndarmönnum í hv. efh.- og viðskn. er kannski nokkur vorkunn þó okkur hafi fundist hart rekin trippin þegar málið var rifið út úr nefnd með þeim hætti sem alkunnugt er.

Þessar umsagnir eru flestar ítarlegar og mjög efnislegar. Þær eru að vísu að einu leyti nánast allar samhljóða og það er að gjörvöll verkalýðshreyfingin, heildarsamtök sem og hvert eitt félag, sem hefur sent umsagnir, hafnar frv. og leggur til að því verði vísað frá. Mig rekur varla minni til þess að jafneinsleitur hópur umsagna af því tagi hafi í annan tíma legið fyrir í svona máli. Það er að vísu ein hjáróma rödd aftarlega í bunkanum sem ég mun koma að aðeins síðar.

Herra forseti. Ég ætla að staldra við nokkrar umsagnir. Það er því miður enginn tími til að fara yfir þær allar en mig langar til að grípa aðeins niður í umsögn BHM, BSRB, Kennarasambandsins, Prestafélagsins, ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Fyrst umsögn BHM sem fer fyrst aðeins almennum orðum um frv. Þar er komið inn á það að í frv. og greinargerð þess vantar ekki að mjög háleit og göfug markmið séu sett fram og það er t.d. þetta að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. En það er niðurstaða þeirra í sinni umsögn að það sé fráleitt að halda því fram að réttarstaðan sé jöfnuð með þessu. Í raun eru skyldur starfsmanna ríkisins í engu minnkaðar. Opinberir starfsmenn verða áfram mjög sérstaklega settir hvað varðar fjölmarga slíka þætti þar sem þeir bera allt aðrar skyldur en starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Það má t.d. nefna lítinn hlut eins og þann að vera skyldugur til að vinna yfirvinnu. Sú kvöð er lögð á alla opinbera starfsmenn. Þeir eiga ekki val í því. Þeim ber að vinna tiltekna yfirvinnu, þeir eru skyldugir til þess. Þetta er ekki lítið atriði. Það eru fjölmörg atriði sem varða þeirra starfsumhverfi sem er sérstakt, lúta að meðferð upplýsinga og hluta sem þeir komast á snoðir um í starfi sínu, samskiptum við aðila, það að vera opinber starfsmaður í samskiptum við fólk út á við o.s.frv. Þetta er allt saman á sínum stað. Það er hvergi í einu einasta tilviki svo að ég muni til dregið úr þeim skyldum og kvöðum sem lagðar eru á hendur opinberra starfsmanna þannig að að því leyti til er ekki verið að jafna einhverja réttarstöðu. Það er fjarri öllu lagi og þetta er ágætlega rökstutt í umsögn Bandalags háskólamanna.

Þeir staldra í öðru lagi við völd forstöðumannanna og áhrif þess á starfsumhverfi opinberra starfsmanna en benda jafnframt á að einnig sé réttarstaða forstöðumanna og æðstu stjórnsýsluembættismanna stórskert gagnvart ráðherra og hinu stjórnmálalega valdi. Þetta er þáttur sem er mjög umhugsunarverður og við höfum lítið talað um því að það er auðvitað ekki bara þannig að annars vegar sé forstöðumönnunum fengið gífurlegt vald til að ráða og reka menn og borga þeim launauppbætur o.s.frv. heldur er staða þeirra aftur veikt gagnvart ráðherra. Það gerist auðvitað sjálfkrafa, m.a. með því að æviráðning, ráðningarfesta, er afnumin. Auðvitað er forstöðumaður sem er á tímabundinni ráðningu í annarri stöðu gagnvart sínum yfirboðara en sá sem var það ekki. Forstöðumennirnir eru settir undir ákvæðin um árangur í starfi eins og aðrir. Það er hægt að reka þá líka þannig að á endanum situr fjmrh. uppi með allt þetta vald og hefur forstöðumennina í greip sinni ef svo má að orði komast þannig að í frv. í heild sinni felst auðvitað stóraukin samþjöppun valds og miðstýring ef svo má að orði komast vegna þess að þetta gengur upp í gegnum forstöðumennina til ráðherra. Þetta er atriði sem þarf að hyggja vel að og er komið inn á í umsögnunum. Það er sem sagt að ráðningarfesta

og starfsöryggi starfsmanna ríkisins hafi verið lykilatriðið í þessu valdajafnvægi milli ráðherra og forstöðumannanna. Í staðinn kemur fyrst og fremst geðþóttavald ráðherrans.

Ég var aðeins búinn að koma inn á þetta með úrelta ákvæðið og nútímaleg viðhorf sem þeir gera líka að umtalsefni í umsögn sinni og svo er að lokum fjallað sérstaklega um nýju starfsmannastéttina og sveigjanleika í starfsmannahaldi. Sem sagt að geta ráðið og rekið að eigin vild og geðþótta. Það er víst einhvers staðar sagt að undir nýja starfsmannastefnu ríkisins eigi að falla það að ríkið og stofnanir þess verði fyrsta flokks vinnuveitendur. Er þetta aðferðin, herra forseti, sem hæstv. fjmrh. sér vænlega til þess að gera ríkið að fyrsta flokks vinnuveitanda, að útbúa þetta allt saman svona? Það finnst mér ekki mjög gæfulegt.

Þetta er ítarleg umsögn, herra forseti, og það er komið inn á ýmislegt af því sem ég hef reyndar þegar gert að umtalsefni og annað ekki. Það er fjallað um mannréttindi opinberra starfsmanna í samhengi við málið, komið inn á stjórnarskrána og þá einmitt félagafrelsisákvæðin eða rétt manna til að stofna félög og hvernig þeim er snúið á haus í þessu frv. eða hvernig það í skjóli þeirra ákvæða fari fram með hluti sem eiga að þjóna algerlega gagnstæðum tilgangi. Í raun og veru er verið að grafa undan þeim sömu félögum og félagafrelsið á að vernda fyrst og fremst. Þannig er það. Þeir fara yfir auglýsingar á stöðum og ráðningarskilmála sem ég gerði að umtalsefni og hef ekki um fleiri orð. Það er minnt á að fyrirframgreiðsla launa er afnumin í þessu frv. og mun heyra sögunni til gagnvart nýjum starfsmönnum ríkisins þó að þeir sem séu á fyrirframgreiðslum nú haldi því og fleira þar fram eftir götunum.

Síðan fylgja umsögninni ítarleg fylgiskjöl sem væri auðvitað gaman fyrir hæstv. forseta að heyra aðeins um en ætli ég láti það ekki bíða betri tíma að fjalla um það. Það getur vel verið að ég komi betur inn á þessar umsagnir, herra forseti, í seinni ræðu minni, sem verður flutt einhvern tíma síðar á þessu vori en við sjáum til með það.

Ég ætla aðeins að koma við næst í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(**Forseti** (ÓE): Forseta heyrist að nokkuð sé í ræðulok hjá hv. þm. og vill spyrja hvort rétt sé til getið.)

Ja, ég veit ekki hvað forseti kallar „nokkuð". Það er með þessa mælikvarða, það ...

(**Forseti** (ÓE): Það er teygjanlegt.)

Það er eins og fullnægjandi árangur í starfi.

(**Forseti** (ÓE): Já, við skulum sjá hvort við getum nálgast það. Forseti hafði ætlað sér að fresta fundi um sjöleytið.)

Þá er ekki seinna vænna en fara að gera það bara.

(**Forseti** (ÓE): Þá vill forseti biðja hv. þm. að setja punktinn þar sem honum þykir hæfa sem allra fyrst.)

Ég get mjög vel gert hlé á ræðu minni hér ef það er það sem forseti er að fara fram á. Ég byrja þá næst á umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eftir hlé.

(**Forseti** (ÓE): Hv. þm. frestar þá ræðu sinni og fundinum er frestað til kl. 20.30.

[Fundarhlé. — 19:00]

[20:33]

Útbýting þingskjala:

Fjárreiður ríkisins, 297. mál, nál. sérn., þskj. 927; brtt. sérn., þskj. 928.

Sálfræðingar, 371. mál, nál. allshn., þskj. 926.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 249. mál, nál. sjútvn., þskj. 924; brtt. sjútvn., þskj. 925; brtt. EOK, þskj. 929.

[20:34]

Steingrímur J.Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Ég var þar kominn að ég var að grípa aðeins niður í helstu umsagnir um frv. Ég ætlaði aðeins að stikla á fáeinum atriðum. Ég hafði fjallað svolítið um umsögn Bandalags háskólamanna sem var löng og ítarleg og reyndar sendi bandalagið bæði umsögn um frv. eins og það var lagt fram og einnig um það eftir að breytingartillögur meiri hluta efh.- og viðskn. höfðu litið dagsins ljós þannig að af þeirra hálfu var lögð mikið vinna í að gera grein fyrir afstöðu sambandsins.

Sama má segja um flestar aðrar umsagnir að þær eru efnislegar og vandaðar og hefur greinilega mikil vinna verið lögð í það af ýmissa hálfu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og það er auðvitað þeim mun dapurlegra ef það er síðan ekki ætlunin að gera nokkurn skapaðan hlut með það sem þar er fram fært. En fyrir utan það að menn vísa þessu frv. frá er bent á fjölmörg rökstudd atriði sem samkvæmt öllum góðum venjum um vinnubrögð hefði verið venjan að fara ofan í saumana á svo sem eins og atriðum sem geta orkað tvímælis gagnvart ákvæðum stjórnarskrár eða öðru slíku. En því er ekki að heilsa að menn hafi lagt á sig að gera það í meðförum þingsins og hinnar háu efh.- og viðskn. enda enginn tími verið til slíks. Í raun og veru miðaðist starf nefndarinnar fyrst og fremst við það að ljúka formsins vegna því sem tilskilið er í formi þess að senda mál til umsagnar, taka við þeim umsögnum, hlýða á erindi gesta en í kjölfarið var málið síðan afgreitt út úr nefndinni.

Þetta mál er að mínu mati þannig vaxið að það hefði verið dæmigert mál til þess að vera í meðhöndlun og vinnslu í tvö til fjögur missiri og það hefði verið t.d. heppilegt að setja starfsnefnd í það í sumar að skoða málið milli þinga og svo hefur oft verið með stærri og vandasamari mál sem hafa verið til vinnslu í þinginu. Ég gæti nefnt sem dæmi frv. að nýjum samkeppnislögum þegar þau voru unnin á síðasta kjörtímabili mjög vandlega og tekin til meðferðar á tveimur þingum, unnin milli þinga að hluta til af viðkomandi nefnd. En því er ekki að heilsa og því miður er sem sagt staða málsins þessi sem menn sjá hér.

Í umsögn sinni kemur BSRB inn á mörg sömu atriðin og aðrir hafa gert. Þar er þó í fyrsta lagi farið yfir einn þátt þessa máls sem ég gerði að umtalsefni fyrr í ræðu minni og lýtur að samhengi kjarasamninga og löbundinna réttinda og skyldna opinberra starfsmanna. — Það er verið að vekja athygli mína á því, herra forseti, að fjmrh. er einhvers staðar annars staðar en þar sem hann á að vera.

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. fjmrh. er í húsinu og hann hlýtur að vera innan seilingar.)

Það er mikill fögnuður að oss kveðinn að fjmrh. skuli vera í húsi en það væri viðkunnanlegra að hæstv. ráðherra léti sjá sig.

Á það er bent í umsögn BSRB að auðvitað séu kjarasamningarnar, lögin og lögbundin réttindi óaðskiljanlegir hlutir. Það er bent á að í ráðningarsamningum sé vísað í ákvæði laga. Þegar starfsmenn eru ráðnir er beinlínis vísað í ráðningarsamningum í ákvæði laganna og svo halda menn því fram að réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og gengið er frá þeim í lögum séu ekki hluti af kjarasamningi. Slíkur málflutningur gengur auðvitað ekki upp.

Þess eru líka fjölmörg dæmi að einstök ákvæði í lögunum séu upprunnin úr kjarasamningum. Lögin hafa tekið upp og lögfest hluti sem voru upphaflega viðfangsefni kjarasamninga þannig að þetta tvennt fléttast saman og skarast með ýmsum hætti og því afgreiðist sá málflutningur sjálfur að reyna að halda því fram að þetta tvennt verði aðskilið.

Enn fremur er farið yfir það hér að það geti ekki gengið miðað við eðlilegar samskiptareglur í þessum efnum að ríkið breyti kjaralegum forsendum starfsmanna einhliða. Það samrýmist ekki þeirri réttarstöðu beggja aðila að menn semji um þessa hluti þannig að einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins um þessa þætti sem eru annaðhvort beint hluti af kjörunum eða tengjast kjörunum í gegnum samspil laganna og kjarasamninganna geti það ekki verið eðlilegt. Reyndar gengið svo langt að segja að það sé ósiðlegt að ríkið breyti forsendum ráðninga einhliða. Síðan fara þeir í umsögn sinni yfir óvissuna sem skapast um sjálfan samningsréttinn og stéttarfélagaaðildina og það eru hlutir sem ég gerði fyrr að umtalsefni í ræðu minni. Það er ekki síst ákvæði 47. gr. sem verður mönnum mikið umhugsunarefni.

Að lokum er niðurstaða BSRB sú sama og annarra að þess er krafist að frv. verði hafnað, það sé gersamlega óásættanlegt hvernig að því hafi verið staðið og vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í þessu efni er mótmælt. Reyndar datt mér það í hug, herra forseti, þegar ég var að blaða í gegnum þennan bunka og var að undirbúa mig undir ræðuna hvort ég ætti ekki að lesa upp öll félögin sem hafa sent inn umsagnir af því að sumir koma hingað býsna staffírugir og segja að Alþingi eigi að setja lögin, þannig sé það og menn varði ekkert um það þó að verkalýðshreyfingin öll sé á móti málinu. En kannski hefði það breytt einhverju ef maður hefði tekið sig til og lesið upp öll þau félög í flestöllum byggðarlögum landsins sem hafa sent hinu háa Alþingi erindi að þessu sambandi. Ætli það færu kannski ekki að renna tvær og tvær grímur á einn og einn mann ef þeim yrði það ljóst að t.d. öll félög opinberra starfsmanna á Vesturlandi, kjördæmi hæstv. forseta, eru með í þessum hópi. Það er reyndar svo skemmtilegt að efst í bunkanum er álit Starfsmannafélags Ólafsfjarðar, úr kjördæmi ræðumanns þannig að þetta er okkur öllum skylt. En út af fyrir sig er hægt að vísa til þess að þetta liggur fyrir en það er þannig að félög opinberra starfsmanna hringinn í kringum landið í hverju einasta byggðarlagi og ég hygg öll með tölu sem á annað borð hafa einhverja starfsemi með höndum eða eru til hafa sent inn erindi. Það verður því ekki sagt að tómlæti eða sofandaháttur hafi verið á ferðinni af þeirra hálfu. En það er kannski þannig í hugum hv. stjórnarsinna og meiri hlutans að það skipti nákvæmlega jafnlitlu eða engu máli þó að þetta sé svona að gervöll verkalýðshreyfingin í gegnum heildarsambönd sín en líka í gegnum félög sín og grunneiningar hringinn í kringum landið hafi mótmælt og sent þinginu erindi.

Herra forseti. Ég ætla þá að fara aðeins aftar í umsögn frá Kennarasambandinu svo að maður grípi fyrst og fremst niður í umsögn stærstu sambandanna sem eiga hlut að máli. Sömuleiðis Kennarasambandið undirstrikar að ef frv. verði að lögum muni það hafa veruleg áhrif á kjör ríkisstarfsmanna og um yrði að ræða einhliða breytingar á lögbundnum kjörum. Þar er þetta sett fram svona að um sé að ræða einhliða breytingar á lögbundnum kjörum og auðvitað er það alveg hárrétt að kjör manna saman standa af fleiru en kaupinu einu. Þar koma líka til ýmis réttindi og hlutir sem menn fá gegnum lög og þeim er verið að breyta. Því er kannski nær í þessu sambandi að tala um heildarkjör eða lögbundin kjör. Kennarasambandið eins og aðrir í þessu sambandi lýsa sig eftir sem áður reiðubúna til þess hvar og hvenær sem er að setjast niður til samninga um þessi mál en bara ekki við þessar kringumstæður að verið sé að lögþvinga breytingar fram einhliða og í andstöðu við sambandið. Síðan er bent á nokkur mikilvæg atriði í umsögn Kennarasambandsins og að öðru leyti kom afstaða þeirra fram í heimsókn til nefndarinnar eins og gengur.

Þá kemur umsögn frá Sambandi íslenskra bankamanna sem sömuleiðis er mjög í þá átt að hafna þessum vinnubrögðum og að frv. verði keyrt í gegnum Alþingi. Með því sé verið að efla til ófriðar við samtök launamanna sem erfitt verði að sjá fyrir endann á. Á það er líka minnt í þessari umsögn frá Sambandi íslenskra bankamanna að samtök launamanna, þar á meðal samtök starfsmanna ríkisfyrirtækja, hafi lagt sitt af mörkum til þess að skapa stöðugleika á vinnumarkaði og að umrætt frv. sé einkennilegt framlag ríkisvaldsins til þeirrar viðleitni og einmitt beinlínis til þess fallið að geta kollvarpað þeim ávinningi sem náðst hafi.

Þá ætlaði ég næst að líta í umsögn Prestafélagsins, herra forseti, sem reyndar mun hafa verið gerð lítillega að umtalsefni fyrr í dag. Það er gott að hæstv. utanrrh. sem einu sinni var dóms- og kirkjumrh. er kominn (**Gripið fram í:** Þetta á bara að gera á sunnudögum.) því ég ætla nú að fara aðeins í umsögn Prestafélagsins. (**Gripið fram í:** Bara á sunnudögum.) Ég get svo sem alveg beðið með að lesa þetta þangað til á sunnudaginn ef ætlunin er að funda þá.

Hér er á ferðinni svolítið sérstakur angi þessa máls, herra forseti. Hann varðar stöðu þjóðkirkjunnar í landinu. Og svo merkilegt sem það er, þá kannski er þetta frv. að sumu leyti inngrip í samskiptareglur sem þarna hafa verið við lýði og eru aldagamlar og varða sjálfstæði kirkjunnar sem stofnunar með mjög sérstaka stöðu í samfélaginu. Í erindum sínum og heimsókn til efh.- og viðskn. gerði formaður Prestafélagsins sem hafði orð fyrir þeim, sérstaklega athugasemdir við það að breytingin á ráðningakjörum prestanna væri inngrip í sjálfstæði kirkjunnar sem samrýmdist ekki grundvallarskipan þjóðkirkjunnar. Ég held að það sé best að vitna í þetta beint, herra forseti, enda kann ég ekki betur að gera en að láta þessa umsögn tala fyrir sig sjálfa. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta felur í sér" — og vildi ég nú geta lesið stafsetninguna því þarna er t.d. orðið sér skrifað sjer — „gjörbyltingu á grundvallarskipan þjóðkirkjunnar, ef að lögum verður. ... Síðan um siðbót hafa prestar verið forstöðumenn sjálfstæðra opinberra embætta, sem veita sóknum og prestaköllum þjónustu, en hafa fjárhagslega aldrei verið á þeirra vegum. Mikilvægt hefur jafnan verið talið að prestur væri í embætti sínu ekki öðrum háður og hefur hann því haft á bak við það kirkjueignir því til uppihalds og er svo enn, því prestar taka laun sín um ríkissjóð en ekki úr ríkissjóði og eru eignir hvers embættis á bak við þessar launagreiðslur, sbr. lög 46/1907." (**SvG:** Hvaða lög eru þetta?) Það eru nú merk lög. Ætli það sé ekki eitthvað um skipan prestakalla og kellinga. (**KÁ:** Þau eru um flutning kirkjueigna til ríkisins. Prestar fengu greidd laun og ...) Já. Síðan segir:

„Rómversk-kaþólsk kirkjuskipan byggði á mikilli miðstýringu þar sem biskupar höfðu mikil völd. Þessi skipan vék fyrir lútersk-evangelískri skipan með Ordinatíunni þar sem biskupsembættinu var haldið sem tilsjónarembætti með kirkjulegum málefnum, (superintendentar) meðal ann-

ars sóknarprestsembættunum sem falið var að bera uppi þjónustuna í sóknunum á grundvelli prestakallsins. Í lúterskum sið lýtur kirkjan því ekki miðstýringu og er það bæði styrkur hennar og veikleiki."

Síðan er að því vikið að mikil tilhneiging hafi nú reyndar verið uppi á síðustu tímum til að breyta þessu með eflingu embættis biskups Íslands. Það verður ekki farið nánar út í það, en svo segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er þessi þróun mála fullkomnuð m.a. með því að afnema skipun presta til embætta sinna og fela þau forræði biskups í reynd, sbr. ákvæði 22. gr., töluliðar 5." — Þ.e. þeirrar ákvörðunar að gera presta að embættismönnum eins og þar greinir og að ráðningarkjör þeirra yrðu þá sambærileg við það. — Loks segir: „Með þessu er veigamiklum grundvallaratriðum fleygt burt úr kirkjuskipaninni á öðrum forsendum en kirkjulegum. Verður sú aðferð að teljast hæpin."

Síðan kom formaður Prestafélagsins á fund efh.- og viðskn. og rökstuddi sitt mál enn betur og síðan enn með bréfi dags. 24. apríl eftir að hann hafði átt fund með nefndinni. Þar er reyndar farið enn dýpra ofan í þá þætti sem lúta að kirkjuskipaninni, vitnað í Ágsborgarjátninguna og stöðu kirkjunnar og hins kirkjulega valds gagnvart hinu veraldlega o.s.frv. Þannig að hér, herra forseti, er ekki verið að hreyfa við neinum dægurmálum eða smámálum heldur eru á ferðinni hlutir sem grípa inn í grundvallarskipan þessara mikilvægu stofnana í þjóðfélaginu. Nú er það kannski ekki svo að ræðumaður sé best til þess fallinn af öllum sem hafa málfrelsi á Alþingi að tjá sig sérstaklega um söguna á bak við þetta. Til þess eru aðrir mér lærðari a.m.k. og munu kannski leggja lið í því. En nóg veit ég þó til þess og tek fullt mark á þessu erindi, að hér er enn einu sinni á ferðinni spurning um ákveðin grundvallaratriði sem menn á furðu léttvægan hátt ætla að hrista af sér í tengslum við þetta mál, þ.e. því grundvallaratriði hvort með þessum hætti og að setja ráðningu presta inn í þetta samhengi sé verið að raska þeirri skipan sem um aldir hefur tíðkast í samskiptum kirkjunnar sem stofnunar og hins kirkjulega valds gagnvart hinu veraldlega. En það virðist ekki valda meiri hlutanum miklum andvökum þó að þessi alvarlega athugasemd berist frá kirkjunni.

Og bara til að minna á það, herra forseti, að þetta frv. varðar fleiri en þá sem nú flokkast sem opinberir starfsmenn í þeim skilningi að þeir tilheyri samtökum opinberra starfsmanna. Þetta frv., eins og leiðir af gildissviði þess, tekur einnig til þeirra starfsmanna hins opinbera sem eru félagsmenn í almennu verkalýðshreyfingunni, varðar því að sjálfsögðu einnig þá sem eru félagsmenn í Alþýðusambandi Íslands. Ég ætla því að grípa aðeins niður í umsögn þeirra.

En í leiðinni verður fyrir mér umsögn frá Félagi starfsmanna Alþingis og Félagi starfsmanna Ríkisendurskoðunar. Það er vönduð og efnislega vel útfærð og rökstudd umsögn og komið þar við ýmislegt, m.a. stöðu Alþingis gagnvart stjórnskipuninni og þrískiptingu valdsins. Einnig að þessu leyti höfðu frumvarpshöfundar ekki vandað vinnubrögð sem skyldi. Það var til að mynda þannig að sjálfstæði Alþingis og forseta Alþingis var misboðið með frv. eins og það var fram sett. Frekjan í fjmrh. á sér lítil takmörk þegar hann vill fara að segja forseta Alþingis fyrir verkum í sambandi við starfsmannamál og þvinga upp á Alþingi hinni nýju og nútímalegu starfsmannastefnu sinni. Þetta skilst mér að sé verið að reyna að lagfæra að einhverju leyti í breytingartillögu meiri hlutans en það er til marks um andann í þessu sem þetta er nefnt hér. En síðast í umsögn Félags starfsmanna Alþingis og Félags starfsmanna Ríkisendurskoðunar er vakin athygli á því að 2. mgr. 47. gr. eins og hún er hér útfærð, hljóti að orka mjög tvímælis. Það er sagt, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að það liggi fyrir meðan frv. er til umfjöllunar á þinginu hvort ætlunin sé að 7. gr. laga nr. 94/1981, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, haldi áfram gildi sínu, en þar er kveðið á um að starfsmenn sem standa utan stéttarfélaga greiði gjald til þess stéttarfélags sem þeir ættu að tilheyra, eða hvort ætlunin sé að gera einhverjar breytingar þar á. Ekki verður annað séð af orðalagi framangreinds ákvæðis en að það verði í raun og veru stéttarfélögin sem semji fyrir hönd þessara starfsmanna líka, þótt óbeint sé."

Hér er nákvæmlega það sama atriði á ferðinni og ég var að ræða um fyrr í minni ræðu, þ.e. að það er auðvitað ekki hægt að láta nokkurn minnsta vafa, nokkra minnstu óvissu ríkja um atriði af þessu tagi. Nóg er nú samt að ganga frá þessu eins og 2. mgr. 47. gr. gerir þó ekki bættist það við að um þetta væri óvissa. Hugsanlega yrði það úrlausnarefni dómstóla hvort mönnum væri stætt á því að neita að greiða gjald til félags sem í reynd semdi fyrir þeirra hönd og færði þeim öll sömu réttindi og sínum félagsmönnum. En þeir mundu reyna, á grundvelli lagastoðar í þessum lögum ef sett verða, að komast hjá því að greiða samt sem áður fyrir þá þjónustu sem þeir fengju þar og þau réttindi sem þeir væru að ávinna sér. Þetta verður að vera alveg á hreinu og það er ekki til að mínu mati nein fullnægjandi aðferð til þess að ganga frá því önnur en sú að setja inn í sömu lagagrein, inn í 47. gr., pósitívt ákvæði um að menn skuli greiða fyrir þá þjónustu sem þeir þannig fái.

Í umsögn Alþýðusambandsins er ósköp einfaldlega ítrekuð sú afstaða allrar verkalýðshreyfingarinnar að þessi frv. verði dregin til baka og um þessa hluti verði samið á eðlilegan hátt en ekki unnið að þeim svona.

Og þá, herra forseti, að síðustu umsögninni sem ég ætlaði aðeins að staldra við. Þá kemur hin hjáróma rödd. Þá kemur eina umsögnin sem mælir með málinu, eina ljóstýran í myrkrinu. Og hver skyldi það nú vera? Halda menn að það sé félag opinberra starfsmanna á Borðeyri eða eitthvað svoleiðis? Nei, það er auðvitað Vinnuveitendasambandið. Þar á fjmrh. bandamann. Það er dálítið merkileg tilviljun að það skuli vera Vinnuveitendasambandið sem allt í einu er svona ánægt með þetta. Nú er Vinnuveitendasambandið ekkert svo sem sérstakur aðili að þessu máli. Það er um samskipti ríkisins sem vinnuveitanda og opinberra starfsmanna. En Vinnuveitendasambandið, og það er athyglisvert hvernig tónninn er í því, fagnar þessari stefnumörkun. Það fagnar sérstaklega stefnumörkuninni sem í málinu felst. Það fagnar þessari hugmyndafræði sem hér er á ferðinni. Það er fyrst og fremst það sem gleður Vinnuveitendasambandið að nú skuli loksins vera brotið í blað og stefnumörkun og hugmyndafræði af þessu tagi komi til sögunnar. Það er sönnun þess, enn frekari en áður hefur verið færð fram, hvaða hugsun hér á bak við liggur og hvert hefur verið farið í smiðju til að sækja þessar hugmyndir eins og áður hefur verið rætt um. Síðan eru hér, herra forseti, umsagnir frá miklum fjölda félaga sem meira og minna allar falla í sama farveg.

Ég vil að lokum, herra forseti, aftur hverfa aðeins að almennri umfjöllun um stöðu málsins. (**KÁ:** Þingmaðurinn gleymir Nýja-Sjálandi.) Það var nú lítillega rætt hér um Nýja-Sjáland fyrr í dag þannig að ég held að því hafi verið

gerð fullnægjandi skil. Vek ég þá athygli á því að það hefur enn ekki komist á stjórnmálasamband milli Íslands og Nýja-Sjálands sem er merkilegt miðað við öll þessi ósköp. Ég kannaði það í vetur hver færi með stjórnmálaumboð hér fyrir Nýja-Sjáland. Þá var mér tjáð af sendiráði þeirra eða High Comission í London að Ísland og Nýja-Sjáland hefðu ekki tekið upp stjórnmálasamband, ekki í efnislegum skilningi, það væri hér hvorki diplómat né sendiherra. Ekki nema fyrrv. fjármálaráðherra verði gerður að farandsendiherra.

Ég tel, herra forseti, að þetta mál sé alls ekki, burt séð frá pólitískum ágreiningi, þannig unnið af hálfu Alþingis að það sé forsvaranlegt að afgreiða það. Hér eru á ferðinni allt of mörg stór álitamál sem menn geta út af fyrir sig haft allar skoðanir á sem þeim sýnist, verið sammála eða ósammála. En einu geta menn ekki mótmælt og það er að það ber að vanda lagasetningu. Það ber að standa þannig að henni að þau atriði sem lögfest eru séu skýr, menn viti hvað þeir eru að gera, viti hvað þeir eru að greiða atkvæði um og það leiki ekki vafi á því hvaða réttarreglur er verið að mynda. Það liggur ekki fyrir. Þetta frv. er enn hrákasmíð og illa unnið. Það er fjarri því að hægt sé að vísa til yfirferðar efh.- og viðskn. sem fullnægjandi í þessum efnum. Það er fjarri því. Það ættu höfundar og ábyrgðaraðilar frv. að hafa sómakennd til þess að viðurkenna. Í þeirri takmörkuðu yfirferð sem efh.- viðskn. var gefinn tími til að setja í frv. komu fram fjöldamörg atriði sem voru óljós. Sum þeirra féllust menn á að þyrfti að lagfæra og það er verið að reyna að gera í breytingartillögum. En það eru mörg eftir.

Ég segi það alveg eins og er að það er dapurlegt að standa frammi fyrir því að það eigi að troða í gegnum Alþingi á fáeinum sólarhringum á þessum vordögum breytingum á grundvallarlöggjöf af þessu tagi eins og hér á við, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða um stéttarfélög og vinnudeilur, mjög vandasamri löggjöf með jafnlitla vinnu að baki. Hér eru á ferðinni einstaklingsbundin réttindi manna sem verið er eða e.t.v. er verið að hrófla við. Og hvað þýðir það? Það þýðir það venju samkvæmt að menn geta leitað réttar síns ef á þeim er verið að brjóta. Dæmin sanna að mönnum hafa verið mislagðar hendur við lagasetningu af þessu tagi á undanförnum árum. Eða er hæstv. fjmrh. t.d. búinn að gleyma SR? Nægir hæstv. fjmrh. ekki undirréttardómur í því máli? Þarf að dæma hann líka í Hæstarétti svo hann átti sig á því að menn geta gert mistök? Er það virkilega svo með hæstv. fjmrh. að hann langi í bullandi málaferli á næstu árum vegna þess að menn hafa ekki vandað sig nóg í lagasetningu sem kemur inn á mjög viðkvæm atriði af þessu tagi þar sem einstaklingsbundinn og jafnvel stjórnarskrárvarinn réttur borgaranna á í hlut? Hefur hæstv. fjmrh. enga samvisku gagnvart slíku?

Hvað var sagt þegar biðlaunaákvæðin í SR-málinu voru til meðferðar? Þetta stenst ekki. Virtir lögfræðingar, þeir sömu m.a. og eru að gefa umsagnir nú og vara við atriðum eins og Gestur Jónsson, lögmaður BSRB, sögðu: Þetta stenst ekki. Þetta er einstaklingsbundinn og lögvarinn réttur manna og það er ekki hægt að taka hann af svona. Menn skeyttu ekki um það. Menn óðu fram með málið, lögfestu það og hvað gerist svo? Svo fá menn á kjaftinn fyrir dómstólunum. Er einhver sómi að þessu fyrir einhvern sem á hlut að máli? Fyrir ráðherra, fyrir Alþingi og aðra slíka? Nei, það er það ekki. Þetta er þvert á móti mjög dapurlegt. Staðreyndin er auðvitað sú að íslenskt stjórnarfar og réttarkerfi er auðvitað að mörgu leyti vanþróað í þessum efnum. Við vitum það. Við vorum langt á eftir flestum öðrum þjóðum til að taka upp og framkvæma ýmis grundvallaratriði sem nú eru viðurkennd og hafa verið um áratuga ef ekki alda skeið víða í kringum okkur. Það á sínar sögulegu skýringar og ég segi nú ekki afsakanir. En við vorum mjög fámenn þjóð og erum fámenn og áttum kannski ekki mjög ríka hefð í þessum efnum. Okkar stjórnkerfi var veikburða og sniðið að eldri tíma fyrirmynd og það gekk hægt að laga það til. En það afsakar ekki að kasta til höndunum í nútímanum þó að eitthvað eigi sér sögulegan bakgrunn. Það réttlætir ekki að umgangast viðkvæm og vandasöm mál sem varða réttindi fólks af einhverri léttúð og lausung.

Örfá orð, herra forseti, um launamálin sem slík og launakerfið sem opinberir starfsmenn búa við og launamisréttið í landinu. Það er auðvitað ekki hægt að slíta það algerlega úr samhengi við það lögbundna kerfi sem sett er sem rammi utan um kjör og starfsumhverfi opinberra starfsmanna. Við ræddum á þingi í fyrravor og áttum þá m.a. orðaskipti, ég og hæstv. fjmrh., um kynbundið launamisrétti. Það var tekið upp í kjölfar skýrslu sem Jafnréttisráð lét gera um kynbundinn launamun og launamisrétti. Og hver varð meginniðurstaða þeirrar skýrslu, herra forseti? Jú, niðurstaðan varð sú að hin kynbundni launamunur hélt samvæmt könnuninni fyrst og fremst innreið sína í gegnum launauppbætur og sporslur sem lögðust ofan á hin föstu umsömdu grunnlaun. Þeir hópar hins opinbera og úti í einkafyrirtækjunum sem fyrst og fremst tóku laun samkvæmt föstum, almennum umsömdum samningum bjuggu í grófum dráttum við launajafnrétti. Þar var ekki kynbundinn launamunur á ferð. En þegar til sögunnar komu óumsamdar uppbætur og sporslur af ýmsu tagi, þá hélt kynbundni launamunurinn innreið sína, þ.e. sá sem er hið eiginlega launamisrétti og ekki verður skýrt með neinum gjaldgengum skýringum eins og þeim að konur taki síður yfirvinnu eða sækist síður eftir ábyrgðarstöðum o.s.frv. Niðurstaða skýrslunnar var sú að þegar búið var að sigta allt þetta út og búið að reyna að jafnstilla hópana í öllu tilliti, þá var það fyrst og fremst í gegnum þetta sem launamunurinn og kynjamunurinn kom inn. Og hvað segir þetta? Þetta segir okkur væntanlega að þeim mun meira sem er um þetta og þeim mun stærri hluti af launum sem verður í þessu formi, þeim mun verra. Þeim mun meiri verður launamunurinn. Fjmrh. fékk að vísu þá kostulegu útkomu út úr þessu að einmitt þess vegna væri best að henda öllum samningum og láta bara hvern og einn baksa við að semja fyrir sig. Mér skildist þá á hæstv. fjmrh. að hann ætlaði einmitt að útrýma kynbundnu launamisrétti þannig að henda öllum almennum samningum. Ég fékk akkúrat gagnstæða niðurstöðu út. Ég sé ekki betur en þetta sanni að langsterkasta tækið til þess að reyna að sporna gegn kynbundnum launamun sé í gegnum samninga, í gegnum það að sem allra hæsti hluti af launum fólks sé fastur og umsaminn. Ég held að í mörgu tilliti sé það líka farsælasta niðurstaðan að launin og lífskjörin komi sem allra mest í gegnum slíka fasta samninga á félagslegum grunni þar sem menn standa jafnir að vígi.

Herra forseti. Auðvitað hefði verið ánægjulegra að ræða aðra hluti sem tengdust launum fólks í landinu núna en þetta. Til dæmis þá að reyna að hífa upp kaupið og stytta vinnuvikuna, draga úr vinnuþrældómnum, en þar skera Íslendingar sig algerlega úr borið saman við aðrar þjóðir. En það er ekki þetta sem verður mönnum að umræðuefni. Það er því miður þannig að þetta mál boðar ekki framför í neinu tilliti séð, ekki neinu. Það er erfitt að benda á nokkurn skapaðan hlut

sem lýtur að því að það sé verið að laga þá ágalla í launamálum okkar á Íslandi eða vinnuumhverfi sem mönnum er kannski mestur þyrnir í augum. Það er ekki þannig. Ætli það sé ekki þannig að umsamin grunnlaun á Íslandi séu núna hjá opinberum starfsmönnum nálægt því að vera helmingur til 40% af því sem þau eru í sumum nágrannalöndunum? Ætli kennarar í Noregi séu ekki með svona tvöföld til tvö- og hálffföld föst laun kennara á Íslandi, minni kennsluskyldu og að mörgu öðru leyti betri kjör þar fyrir utan? Ég hef það ekki nákvæmlega undir höndum en ég er ekki fjarri því að grunnlaun kennara miðað við meðalstarfsaldur sé milli 80–90 þús. í dag ef við tökum grunnskólakennara með 28 tíma kennsluskyldu sem jafngildir a.m.k. 40 tíma vinnuviku og síðan alla þá yfirvinnu sem menn gjarnan hlaða ofan á það. En a.m.k. er þetta tvöfalt ef ekki tvö og hálffalt í Noregi. Erum við að ræða um þetta? Felast einhverjar úrbætur að þessu leyti í frumvörpum hæstv. ríkisstjórnar? Verður þetta að lið í baráttunni við landflóttann og atgervisflóttann sem ýmsir hafa áhyggjur af? Er verið að taka á slíkum málum hér? Nei. Í raun og veru er ekki hægt að setja þumalinn á nokkurn skapaðan hlut hér sem hægt er að segja að horfi sérstaklega til heilla eða boði nýja tíma í þessum samskiptum. Og það er harla dapurlegt.

Það segir, herra forseti, í gömlu máltæki að ekki verði feigum forðað né ófeigum í hel komið og kannski er það þannig með hæstv. ríkisstjórn að hún verði bara að fá að ana út í fenið. Það verði ekki vitinu fyrir hana komið hvernig sem reynt er. Ég tel að verkalýðshreyfingin hafi reynt á ábyrgan og málefnalegan hátt að fá ríkisstjórnina ofan af þessu feigðarflani með því að mótmæla þessum vinnubrögðum og krefjast þess að frumvörpin verði dregin til baka, en bjóða jafnframt upp á viðræður og samningaferli um þessi mál. Ég skil ekki, herra forseti, hvers vegna í ósköpunum ríkisstjórnin þekkist ekki það boð.

Hvers vegna í ósköpunum t.d. þiggur ekki hæstv. fjmrh. það að setjast til viðræðna við opinbera starfsmenn í sumar um þessi mál til hliðar við það að farið verði að undirbúa gerð næstu kjarasamninga? Dettur hæstv. fjmrh. ekki í hug að það gæti verið svolítið sniðugur leikur núna að reyna að skapa aftur jákvætt andrúmsloft milli þessara aðila líka til undirbúnings þeim hlutum? Eða man hæstv. fjmrh. ekkert eftir því að það kemur að hausti og síðan vetri og svo koma áramót og kjarasamningar verða lausir? Það er sagt að gömlu Gallarnir hafi haft að máltæki: „Morgundagurinn kemur aldrei." Þeir vildu hrinda frá sér áhyggjum af því sem fram undan væri og höfðu reyndar að sögn ekki áhyggjur af neinu öðru en því að himinninn kynni að falla í höfuðið á þeim. En það er nokkuð síðan. Þetta var á fyrstu öldunum eftir Krists burð sem þessi fílósófía var uppi. Getur verið að hún hafi gengið aftur núna uppi á Íslandi í kolli hæstv. fjmrh. rétt fyrir aldamótaárið? Það kemur enginn morgundagur og ekkert að óttast nema hugsanlega það að himinninn falli í höfuðið á honum. Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að hafa áhyggjur af nokkrum sköpuðum hlut, a.m.k. ekki því að það verði eitthvað ófriðlegt í samskiptum við verkalýðshreyfinguna þrátt fyrir þessar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar.

Ég held að hér sé alveg stórkostlega hættuleg málafylgja á ferðinni, hæstv. forseti. Mér líst illa á það ef ríkisstjórnin í gegnum þennan fautaskap ætlar að sólunda þeim ávinningi sem með ærnum fórnum hefur verið dreginn að landi í sambandi við hluti eins og þá að ná niður verðbólgu og skapa stöðugleika í verðlagi. Það hefur síður en svo verið útlátalaust vegna þess að það er óumdeilt að í því skyni hafa almennir launamenn í landinu í raun og veru fært fórnir. Það er hluti af þeirri mynd sem við erum að tala um þegar við berum saman tímakaup á Íslandi við það sem er í nágrannalöndunum að menn hafa sl. 5–6 ár verið með launin meira og minna fryst. Það var sú fórn sem var færð til þess að ná niður verðbólgunni og ná stöðugleika í verðlagi að launin voru í reynd meira og minna fryst og þar af leiðandi skertust lífskjörin í þó nokkrum mæli einkum framan af þessum tíma vegna þess að þá var enn ákveðin verðrýrnun í gangi. Þessi samanburður, herra forseti, er að verða okkur erfðari með hverju árinu sem líður. Með hverju árinu sem líður þola menn það verr. Eftir því sem allur samanburður er auðveldari og það er minna mál fyrir fólk að hreyfa sig milli landa þola menn það verr og verr að það skuli halla svo stórkostlega á okkur hér, ekki bara í kaupi heldur í lífskjörum og aðstæðum öllum. Það er ekki síður vinnuþrældómurinn og þær aðstæður sem fjölskyldum eru búnar uppi á Íslandi sem er að verða óþolandi þegar þennan samanburð ber á góma. Mér finnst því nöturlegt, herra forseti, að þegar við ættum að vera að fjalla um mál sem vísuðu til framtíðar þar sem menn væru að reyna að taka á þessu og rétta hlut okkar, erum við þveröfugt föst í umræðum um þá fornaldareinræðishyggju sem hér er á ferðinni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég bind enn vonir við að það takist að koma í veg fyrir þessi ósköp. Við munum að sjálfsögðu gera allt sem við getum til þess, stjórnarandstaðan, minni hlutinn, að koma í veg fyrir það að þetta gerist en við ráðum því að sjálfsögðu ekki. Að lokum verður það í valdi meiri hlutans hvort hann neytir aflsmunar og olnbogar þetta í gegn í andstöðu við allt og alla en það er ógæfulegt og ég get ekki sagt annað en það að mér finnst eðlilegt og sanngjarnt að þeir menn sofi illa sem þannig standa að málum.

[21:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun síðar í þessum umræðum víkja að nokkrum efnisatriðum og sýna hv. þm. fram á að hann virðist ekki hafa lesið nægilega vel hvorki frv. né gildandi lög. En ég eins og sjálfsagt margir aðrir sem hlustuðu á ræðu hv. þm. vorum yfir okkur hrifnir af því hvernig hann hafði áhuga á því að sýna fram á hin góðu viðhorf sín gagnvart opinberum starfsmönnum og gegn þeirri fornaldareinræðishyggju sem nú ríkti um hve launin væru lág, um það að það þyrfti að virða grundvallarleikreglur, virðingu fyrir samkomulagi á milli vinnuveitenda, ríkisins og starfsmanna ríkisins.

Hverfum aðeins nokkur ár aftur í tímann til ársins 1990. Byrjum reyndar á árinu 1989 um vorið þegar gerður var tímamótasamningur eins og það hét hjá páv. ríkisstjórn, samningur sem lagði grundvöll að framtíðarsamskiptum ríkisins, ríkisstjórnarinnar og Bandalags háskólamanna. Svo gerist það nokkru seinna á augabragði, ekki með lögum á Alþingi heldur með bráðabirgðalögum þeirrar ríkisstjórnar að kauphækkuninni var svipt burtu og bannað var að hækka laun í nokkra mánuði eftir það. Finnst mönnum sem hlusta á þessa ræðu sem var flutt í marga klukkutíma í dag það vera trúverðugt að koma hér upp og flytja ræðu eins og hann flutti? Finnst fólki þetta vera góður málflutningur? **(SvG:** Er ráðherrann reiður?) Ráðherrann er ekki reiður en það getur vel verið að einhver sé reiður sannleikanum, þar á meðal sá sem hér kallar fram í því að hann ásamt síðasta ræðumanni sat einmitt í þeirri ríkisstjórn sem ráðherra ásamt hv. þm.

Ólafi Ragnari Grímssyni og með bráðabirgðalögum tóku þeir af kjarasamninga sem þeir höfðu sjálfir sett í samningum við launamenn nokkru áður. Getur ekki hv. þm. rifjað þetta frv. upp áður en hann segir að þetta sé það versta sem hann hefur séð áratugum saman?

[21:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get með mikilli ánægju rifjað þetta upp. Þá verður að vísu seinni ræða mín nokkuð löng en ég skal reyna að fara yfir það í mjög ítarlegu máli hvernig þetta gekk til 1989–1990. Það er einmitt einn vandi þessa máls, hæstv. fjmrh., fyrir okkur hin sem erum að reyna að ræða þetta málefnalega að staða ríkisvaldsins sem framkvæmdarvalds og vinnuveitanda og Alþingis sem vinnuveitanda og löggjafa er alveg sérstaklega vandasöm í samskiptum sínum við opinbera starfsmenn því að Alþingi og ríkisstjórn er hvort tveggja í senn í þessum skilningi. Annars vegar er það vinnuveitandi og sérstaklega auðvitað fjmrh. en hins vegar er svo á ferðinni sá hinn sami aðili sem fer með framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið. Þeim mun meir verða menn að vanda sig í þessum samskiptum.

Nú skulum við segja að það hafi verið vond uppákoma sem þarna varð 1989–1990, samanber þessa röksemdafærslu hæstv. fjmrh. að svo skuli böl bæta að benda á annað verra. En er það þá fordæmi til þess fyrir hæstv. fjmrh. að gera slíkt hið sama eða eitthvað í þá veru? Til hvers er hæstv. fjmrh. að rifja þetta upp? Er það til þess að segja að það séu einhverjir samsekir? Er það það sem hæstv. ráðherra huggar sig við? Er hann sem sagt að líkja gerningi sínum núna við þetta mál? Það getur vel verið að hæstv. ráðherra vilji fara út í umræðurnar á þessum grunni en ég tel það ekki sérlega uppbyggilegt eða málefnalegt. Hvað varðar bráðabirgðalög, þá ætti hæstv. ráðherra ekki að verða flökurt. Ég veit ekki betur en bæði fyrri ríkisstjórn sem hæstv. ráðherra sat í og aðrar sem hann ber nokkra ábyrgð á hafi iðulega gripið til þess, m.a. tekið af með bráðabirgðalögum frægan kjaradóm sem var nokkuð umtalað fyrir nokkrum árum þannig ef við erum komnir út í þessa samanburðarfræði þá held ég að það hallist ekki mikið á í því heldur.

En að öðru leyti, herra forseti, er þetta varla svara vert, svona andsvar sem er ekki efnislegt og skætingur út íloftið um óskylda hluti kostar varla svör.

[21:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er hægt að segja að þetta sé ekki svara vert og reyna að svara út í hött þegar maður kemur upp í andsvari. Ástæðan fyrir því að ég kem upp er sú að það var sagt í ræðu hv. þm., reyndar snemma dags, að það væri grundvallarregla sem hann vildi fylgja að virða samninga. Ég vildi aðeins benda hv. þm. á það og öðrum þeim sem heyra mál mitt að þetta fer sérkennilega úr munni hv. þm. Til viðbótar virtist hann hafa mikinn áhuga á því að koma því til skila að hann hefði áhyggjur af lágum launum opinberra starfsmanna. Sá maður sem bannaði með bráðabirgðalögum að þau yrðu hækkuð mánuðum saman og sá maður sem sat í ríkisstjórn á tíma í þrjú ár þegar kaupmáttur launa lækkaði um 20%. Þetta er auðvitað efnislegt andsvar við ræðu hv. þm. þó að það sé ekki langt andsvar á móti þriggja klukkutíma ræðu hv. þm. Þetta skiptir máli að komi fram í þessari umræðu og ég vil segja það að lokum að í þessu frv. er ekki verið að snerta við réttindum sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Það er grundvallarmunur á því sem verið er að gera núna og var gert þá og það er gert núna eftir að leitað var eftir samráði við forustumenn opinberra starfsmanna. Það var lagt fram á þingi frv. sem hefur fengið ítarlega umfjöllun. Það hafa verið sóttir fundir og málið rætt og þetta frv. er ekki orðið að lögum, það lá ekkert frv. fyrir sumarið 1990, nei. Það voru bara höfðingjarnir sem nú þykjast vera hluti af Alþingi götunnar sem komu saman og sögðu: Við tökum allt til baka sem við sjálfir höfum samið um við launafólkið.

Þetta þarf nauðsynlega að koma fram, virðulegi forseti, áður en hv. þingmenn úr þessum flokki og öðrum þeim sem þá áttu sæti í ríkisstjórn koma upp og ræða klukkutímum saman um þetta mál sem hér er á dagskrá til að koma í veg fyrir að það sé hægt að afgreiða það lýðræðislega.

[21:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður veit ekki alveg hvaða aðferð maður á að nota til þess að reyna að ná upp einhverjum málefnalegum samskiptum við hæstv. fjmrh. Ég hugsa að það sé helst að reyna útúrsnúningaaðferðina á honum sjálfum og þá ætla ég að prófa að spyrja svona: Ef þessi ríkisstjórn, sem sat þarna fyrir löngu síðan var svona vond, lækkaði kaupið svona mikið hjá opinberum starfsmönnum og gerði svona marga hluti í ósamkomulagi við þá, var þá ekki komið nóg? Þurfti þá sú ríkisstjórn sem tók við að halda áfram að lækka kaupið? Þarf hún þá að halda áfram svona vinnubrögðum? (Gripið fram í.) Ég get alveg eins spurt og kallað þetta málefnalegt eins og andsvar hæstv. fjmrh. var áðan.

Við erum að ræða um grundvallarleikreglur, herra forseti, þ.e. þau okkar sem reynum að ræða þetta málefnalega, spurninguna um grundvallarleikreglur í samskiptum þessara aðila sem geta vonandi staðið árum og áratugum saman. Þannig þarf það helst að vera. Menn eiga ekki að vera að hringla með slíka hluti í tíma og ótíma. Bestu hlutirnir eru þeir sem standa sem mest óbreyttir árum eða jafnvel öldum saman. En málsvörn hæstv. fjmrh. fyrir frv. sínu sem hér hefur verið gagnrýnt í dag er mjög sérkennileg og ég vona að hæstv. ráðherra sé ekki að væla undan því þó að hér verði fluttar nokkrar ræður. Er hæstv. ráðherra orðinn eitthvað aumur í rassinum? Getur hann ekki setið undir þessu lengur? Hver er málsvörn hæstv. ráðherra þegar frv. hans er gagnrýnt? Hvernig birtist hún í þessu andsvari? Jú, hann fer aftur í tímann og ræðir um óskylda hluti. Hæstv. ráðherra svarar ekki einu einasta atriði af því sem hefur verið gagnrýnt í frv. hans. Málsvörnin felst ekki í því. Hæstv. ráðherra kemur ekki og útskýrir fyrir okkur 9. gr. eða 47. gr., ber ekki af sér það sem sagt hefur verið um þá hluti. Ég held að þessi málsvörn dæmi sig sjálf. (**Fjmrh.:** Það verður gert.)

[21:25]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þeir hæstv. ráðherrar fjármála og félagsmála eiga það sameiginlegt á þessum vordögum að þeir ganga saman sem svarnir fóstbræður fram fyrir skjöldu og stíga fram undir merkjum hinna miklu umbótamanna sem vilja kollvarpa úreltum lögum og drösla verkalýðshreyfingunni á Íslandi sárnauðugri inn í nútímann. Báðir hafa á orði að fyrir þeim vaki að breyta ævafornri og úreltri löggjöf. Hæstv. félmrh. fer aftur í kreppuárin 1938 þegar þrælalögin voru sett sem sumir kölluðu þá, en aðrir mannréttindaskrá hins vinnandi fólks. Ég er að tala um vinnulöggjöfina árið

1938 en hæstv. fjmrh. vitnar til þess að löggjöfin um opinbera starfsmenn er frá árinu 1954 og þjóðfélagið hefur tekið stakkaskiptum síðan.

Nú kann það að vera svo að eitthvað vefjist fyrir mönnum að trúa því að leiðin inn í nútímann liggi um hlaðið á Höllustöðum. En það kemur sumum nokkuð í opna skjöldu en (Gripið fram í.) hins vegar er það kannski svo að margir vilja fremur trúa því að hæstv. fjmrh., sem er gamalt stríðshross úr seinfærri baráttu gegnum „Báknið burt", sé enn við listann sinn og sé nú þótt eitthvað sé farið að líða á starfsdaginn að reyna að koma fram gömlum baráttumálum sem sumir héldu að væru orðin rykfallin.

Nú vill svo til, herra forseti, að þegar við hugleiðum rök þeirra fóstbræðra, *rökin um úrelta löggjöf, rökin um* gerbreytta þjóðfélagshætti, rökin um að það sé þörf á því að breyta löggjöfinni m.a. til þess að auka á samræmi, draga úr mismunun milli annars vegar opinbera geirans, almenna vinnumarkaðarins, rökin um valddreifingu, rökin um meiri ábyrgð, rökin um nútímalegri stjórnunarhætti, allt er þetta hvert og eitt umræðuverð sjónarmið, ekki ætla ég að draga úr því. Ég nefni þetta í upphafi máls míns vegna þess að ég held að fjmrh. væri hollt að hugsa til fóstbróður síns sem kannski hefur gengið ögn lengra fram fyrir skjöldu, þ.e. hæstv. félmrh.

Hvað vakti fyrir hæstv. *félmrh.*? Hann sagði *á einföldu* og auðskildu máli sem svo: „Ég vil dreifa valdinu frá verkalýðsforustunni og til fólksins og þá vil ég taka upp gamalt baráttumál um að heimila og lögfesta réttinn til stofnunar vinnustaðarfélaga, fyrirtækjafélaga." Í annan stað sagði hann: „Ég vil færa ákvörðunarvaldið frá fámennisstjórnum stéttarfélaga til fólksins á vinnustöðunum þegar kemur að kjarasamningum, umboð til kjarasamninga, atkvæðagreiðslur um kjarasamninga og atkvæðagreiðslur um miðlunartillögur. Ég er með öðrum orðum að berjast fyrir auknu lýðræði í hreyfingu sem er stöðnuð og lýtur fámennisstjórn." Og í þriðja lagi sagði hann: „Vil ég í nafni ábyrgðartilfinningar í þjóðfélaginu vegna þess að verkföll eru auðvitað ekki bara mál þeirra sem fara í verkföll heldur líka þeirra sem verða við það að búa, þriðji aðilinn, þjóðfélagið sem ekki er í verkfalli." Þess vegna vildi hæstv. félmrh. skilgreina betur og skilyrða hvert væri hlutverk ríkissáttasemjara til þess að leysa slík viðkvæm deilumál. Þetta þrennt, valddreifing, aukið lýðræði, aukin ábyrgð. Sannleikurinn er sá að af því að þetta kom úr svo óvæntri átt um hlaðvarpann á Höllustöðum, þá urðu ýmsir til þess að klappa fyrir þessu og segja: Þetta er bara nokkuð djarflega mælt. Sumir sögðu jafnvel: Mæl þú manna heilastur.

Nú rifja ég þetta upp vegna þess að Höllustaðabóndinn, hæstv. félmrh., hefur heldur betur lent í umferðarslysi á framfarabrautinni og er hætt við að honum endist lítt erindi til þess að tosa öðrum inn í nútímann eins og komið er fyrir honum. Það er eiginlega eins og hann hafi (**Gripið fram í:** Verið klessukeyrður.) já, verið klessukeyrður á hlaðvarpanum. Hér eru dómsorðin. Hér liggur fyrir umsögn Lagastofnunar Háskólans sem hv. félmn. bað um og þar er ekki verið að tala neina tæpitungu um hvernig fór fyrir umbótaáætlun félmrh. Þar segir skýrt og skorinort að meginatriðið sem var um ábyrgð ríkissáttasemjarans og sameiginlegar miðlunartillögur sem hann átti að hafa vald til að tengja saman tillögur margra óskyldra stéttarfélaga, með leyfi forseta:

„Ákvæði i-liðar 6. gr. frv. um sameiginlega miðlunartillögu ríkissáttasemjara og atkvæðagreiðslu um hana fer í bága við alþjóðasamning Vinnumálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að, nr. 98, eins og félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur túlkað sáttmálann."

Þetta lætur ekki mikið yfir sér. En þetta segir hvorki meira né minna en það að frv. félmrh., mannsins sem ætlaði að drösla verðugum sem óverðugum inn í nútímann, tókst ekki betur til í framkvæmd en svo að Lagastofnun Háskólans kemst að þeirri niðurstöðu að hér sé um að ræða brot á grundvallarskuldbindingum okkar á vinnumarkaði um félagafrelsi samkvæmt túlkun félagafrelsisnefndar og þar fauk það.

Næsta mál. Með leyfi forseta segir svo: „Hætt er við að ákvæði frv. um samþykkt miðlunartillögu teljist ekki samrýmast rétti manna til frjálsra samninga samkvæmt alþjóðasáttmálum."

Hér er ekki verið að tala um nein aukaatriði málsins. Hér er verið að tala um sjálfan kjarna málsins, að tillögurnar, sem hæstv. félmrh. hafði lagt svona mikla vinnu í og svona mikilvægar var að kæmust fram, samrýmast ekki rétti manna til frjálsra kjarasamninga. Þriðja atriðið er síðan þetta, með leyfi forseta:

„Vakin er athygli á því að fram hafa komið sjónarmið um að skipan félagsdóms kunni að fara í bága við [það er ekki fullyrt] 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu," samanber XIII. kafla, þ.e. rétturinn til að skjóta máli til úrskurðaraðila *sem sannanlega væri óvilhallur og óhlutdrægur* og væri því að treysta.

Með öðrum orðum er tilraun hæstv. félmrh. dæmd harkalega í þremur grundvallaratriðum. Við þetta er síðan að bæta að vakin er athygli á ýmsum álitamálum sem snerta líka grundvallaratriði. Þar eru t.d. fyrstu tillögur hæstv. félmrh. um heimildina til að stofna vinnustaðarfélög á vinnustöðum með lágmarksfjöldanum 250 manns að því tilskildu að þrír fjórðu taki þátt. Í þessari álitsgerð Lagastofnunar er að vísu ekkert kveðið upp úr um að það sé brot á lögum eða skuldbindingum. Þó nú væri. En það eru hins vegar færð mjög *sannfærandi rök fyrir því að ákvæðið eins og það kom frá* félmrh. standist ekki vegna þess að hann hafi ekki heimildir til þess að mismuna fólki á vinnumarkaðinum með slíkum takmörkunarákvæðum að því er varðar fjölda. Það muni ekki standast frelsi til kjarasamninga, frelsi gagnvart vali milli félaga og reyndar jafnræðisreglu.

Því næst er vakin athygli á því að ekki sé tekið nægilegt tillit til réttinda annarra stéttarfélaga sem eiga félaga á viðkomandi vinnustöðum.

Það er fleira sem sagt er vera fullkomlega álitamál. Þá nefni ég sérstaklega þar sem fjallað er um fjöldauppsagnir en það á frv. *félmrh. sameiginlegt með frv. hæstv. fjmrh.* að það varðar þau mál, þ.e. hópuppsagnir sem gripið er til en þar er áhersla lögð á að einnig á því sviði verði að virða vissa lagavernd sem felst í alþjóðlegum skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur og reyndar að því er varðar samúðarvinnustöðvun.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi að ég héldi að það ætti að vera íhugunarefni fyrir hæstv. fjmrh. sem hefur ekki enn fengið slíka dóma inni í sínu frv. að líta á ófarnað hæstv. félmrh., fóstbróður síns í þessu stríði, vegna þess að sá sem hér talar talar út frá þeim forsendum að vissulega komi til álita að skoða, ræða, rökræða og semja um breytingar á vinnumarkaðnum. Þar er ekkert heilagt frekar en annars staðar. En það er afar slæmt þegar þannig tekst til að menn fara fram með slíku offorsi eftir að hafa slitið viðræðum í miðjum klíðum að henda fram frv. sem er slík

hrákasmíð að það stenst ekki í grundvallaratriðum sæmilega óvilhalla umfjöllun lögfræðinga út frá spurningum um hvort það standist grundvallaratriði í vinnurétti, hvort það virði grundvallarreglur um frjálsa kjarasamninga og alþjóðlegar skuldbindingar.

Að vísu er það svo að sérfræðingar í vinnurétti, þar á meðal virtur lögfræðingur sem hefur áður verið vitnað til í þessum umræðum eins og Gestur Jónsson, lögfræðingur BSRB, hefur fært fyrir því rök að einnig hæstv. fjmrh. sé á hálum ís að því er varðar a.m.k. tvenn eða þrenn meginmálefni sem hér er verið að taka á. Hins vegar er það staðreynd að efh.- og viðskn., í allri þeirri umræðu sem farið hefur fram um þetta frv. þar, hefur ekki með formlegum hætti farið þess á leit eins og hv. félmn. um það að leita lögfræðilegrar umsagnar Lagastofnunar Háskólans eða annarra óvilhallra aðila til þess að fá úr þessu skorið að svo miklu leyti sem það er hægt án þess að leita til dómstóla. Það er nefnilega ekkert eftir af frv. hæstv. félmrh. Vinnustaðarfélögin eru undir stóru spurningarmerki um það hvort þau standist skuldbindingar, jafnræðireglu og lög. Atkvæðareglurnar sem hann setti, sjöfaldar, flóknar, eru raunverulega dæmdar óframkvæmanlegar einfaldlega vegna þess að að því er varðaði miðlunartillögurnar þar sem sáttasemjari átti að fá vald til þess að dæma menn til samflots í óskyldum félögum er niðurstaðan sú að samkvæmt atkvæðareglunum sem áttu að auka lýðræðið er niðurstaðan sú að það er ekki hægt að fella miðlunartillögu. Og að dæmunum sem hafa verið tekin um það er vikið í mörgum greinum. T.d. má taka dæmi af miðlunartillögu sem væri borin fram í félagi sem hefur 15 þúsund félaga, þar sem 40% aðila greiddu atkvæði. Við skulum segja að niðurstaðan væri sú að 1.000 manns samþykktu miðlunartillöguna, en 4.999 væru á móti. Þessi miðlunartillaga væri samkvæmt þessum lögum og reglum samþykkt þótt 4.999 væru á móti en 1.000 með þá væri þetta samþykkt þótt 85% mundu hafna niðurstöðunni.

Það er hægt að taka jafnvel enn þá fráleitara dæmi í 5.000 manna félagi. Ef þátttakan væri 30%, 1.500 mundu hafna tillögu en þrír einstaklingar samþykkja þá væri þetta samþykkt miðlunartillaga samkvæmt þessu. Þetta væri samþykkt miðlunartillaga þótt þrír samþykktu en 1.500 á móti vegna þess að þröskuldurinn um lágmarksþátttöku mótatkvæða fullnægði ekki ákvæðum frv.

Þessi dæmi ættu kannski að nægja til þess að álykta sem svo: Frómar eru óskirnar og mjög áhugaverður málflutningurinn um nauðsyn umbótanna en þetta eru skýr og ótvíræð dæmi um feigðarflan. Jafnvel þótt maður hafi enga ástæðu til þess að rengja góðan hug hæstv. félmrh. þótt maður væri allur af vilja gerður til þess að vilja taka til jákvæðrar umræðu hugmyndir hans, þótt maður vilji jafnvel taka undir nauðsyn breytinga og umbóta, þá er framganga hans í málinu þvílíkt flas og til þvílíks ófagnaðar að það er verr af stað farið en heima setið. Hæstv. félmrh. er búinn að koma málum í óefni. Að vísu má vera af því að það er ekkert eftir af þessu nema hylkið og umbúðirnar og innihaldið er fokið samkvæmt þessari umsögn að niðurstöðurnar verði ekki eins ambögulegar en eftir stendur spurningin: Af hverju þetta flas? Af hverju að fara offari? Af hverju þessi dreissuga framganga og öll þessi kokhreysti? Ég ætla að keyra þessi mál í gegn þegar ljóst er að svo er kastað höndunum til undirbúningsins að málið stenst ekki, þolir ekki skoðun, það er óvandað. Þetta eru viðvörunarorð og þetta varðar, virðulegi forseti, það mál sem við erum að ræða hér vegna þess að við erum í raun og veru að ræða um vinnumarkaðinn á Íslandi og tvö frumvörp, annað um almenna vinnumarkaðinn, hitt um opinbera geirann, sem bæði hafa það sama yfirlýsta markmið að víkja frá úreltum ákvæðum og laga löggjöfina að breyttum þjóðfélagsháttum. Það er þegar sannað mál að í fyrra tilvikinu að því er varðar almenna vinnumarkaðinn er þetta allt í skötulíki. Við erum núna að ræða um tilraun tvö að því er varðar opinbera geirann og fyrra dæmið er einfaldlega til viðvörunar og til viðvörunar um hvað? Um það að flas er ekki til fagnaðar í þessum málum. Um það að þessi mál eru afar viðkvæm og vandmeðfarin, um það að æskilegt væri ef menn eru að leita erlendra fyrirmynda að taka þá líka til fyrirmyndar aðferðafræðina og vinnubrögðin sem við höfum kynnst hjá öðrum þjóðum. Hver eru þau? Það kemur m.a. fram í greinargerð með þessu frv. að endurskoðun gamalla laga, endurnýjun rammalöggjafarinnar um samskipti aðila á vinnumarkaðnum og í opinbera geiranum, hugmyndir um nýja stjórnunarstefnu og annað þess háttar sem hér er verið að reyna að bera á borð, voru ekki keyrðar í gegn með þvílíku offorsi og ekki með þeirri aðferð að ætla að leggja fram slíkt frv. án þess að á undan gengi ítarlegt samráð, án þess að látið verði á það reyna til þrautar hvort unnt verði að ná sameiginlegri niðurstöðu því að væntanlega er það svo að ef þess er á annað borð kostur að ná slíkum sameiginlegum niðurstöðum þá er það haldbetra og líklegra til að standast í framkvæmd en ef menn fara fram með einhliða aðgerðum án samráðs.

Hvað tók það mörg ár í grannlöndum okkar að undirbúa og ræða og leita samráðs og þæfa hugmyndirnar áður en komist var að niðurstöðu um breytingar? Að jafnaði tók það um fjögur ár og í einu Norðurlandanna er nefnt að ferillinn hafi reyndar verið tíu ár. Það hálfa væri nú nóg, ég gæti sætt mig við það. En þetta lýsir auðvitað allt annars konar viðhorfum allt annars konar undirbúningi og í kjarna málsins, hæstv. fjmrh., allt annars konar stjórnunarstefnu vegna þess að partur af hinni nýju stjórnunarstefnu er náttúrlega að gera upp við sig hvort við ætlum að keyra þetta í gegn einhliða og taka afleiðingunum ef það er gert í blóra við eiginlega öll samtök starfsmanna ríkisins. Er það gæfulegt? Ætlum við að taka af því áhættuna? Eða er hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn að segja: Við höfum enga trú á því að það geti orðið nein samstaða um breytingar.

Herra forseti. Ef við lítum nú á stöðu mála á vinnumarkaðnum og höfum í huga bæði almenna vinnumarkaðinn og opinbera starfsmenn, þá ætla ég seinastur manna að neita því að það er að mörgu að finna. Það er margt sem er gagnrýnt og það eru margar hugmyndir uppi um breytingar. Það er fyrst og fremst eitt sem við stöldrum við þegar við lítum á launakjör fólks á Íslandi. Það er að Ísland er orðið láglaunaland í þeim skilningi að við þolum ekki lengur samanburð við þjóðir sem við höfum hingað til haft til samanburðar. Við erum að dragast aftur úr öðrum þjóðum í launum og reyndar í launakjörum. Launin eru miklu lægri, taxtarnir eru miklu lægri en í þessum viðmiðunarlöndum. En við bætum okkur það upp með meiri atvinnuþátttöku í heild í þjóðfélaginu og miklu lengri vinnutíma, svo miklu lengri vinnutíma að á almenna markaðnum er það a.m.k. svo að það munar hvorki meiru né minna en tveimur og hálfum mánuði á ári sem venjulegur íslenskur verkamaður vinnur lengur en samsvarandi viðmiðunarhópar t.d. í Danmörku. Launin duga ekki til framfærslu fjölskyldu, launin sem menn fá fyrir vinnu sína í dagvinnu eru svo lág og þeir sem geta bæta sér það upp

með aukinni atvinnuþátttöku og lengri vinnutíma, þeir sem eiga kost á því. Því næst eru það að ráðstöfunartekjurnar eftir skatta. Þar dregur svolítið úr bilinu einfaldlega vegna þess að þrátt fyrir allt er skattbyrðin ekki eins þung á Íslandi og í viðmiðunarlöndunum.

Engu að síður eru gallar fram komnir í skattkerfinu okkar sem varða grundvallarafkomu, sérstaklega barnafjölskyldna og þá ungra fjölskyldna sem eru á því aldursskeiði að þurfa raunverulega að afla verulegra tekna til þess að standa undir húsnæðisútgjöldum þegar útgjaldamynstrið er mest. Með öðrum orðum, samanburðurinn á einhverjum tilteknum hópum er þannig að nú orðið er sennilega ekki búið jafnilla að neinum hópum manna, af hálfu hins opinbera á Íslandi, eins og þessum barnafjölskyldum sem hafa mikla skuldabyrði og þurfa að vinna sig út úr skuldum. Ástæðurnar eru einfaldar, þ.e. þær blasa við augum. Það er kannski ekki einfalt að taka á því. En ástæðurnar eru fyrst og fremst þær víðtæku tekjutengingar sem gripið hefur verið til á undanförnum árum — sá sem hér talar ber vissulega sína ábyrgð á þeim alveg eins og hæstv. fjmrh. — bæði að því er varðar bótagreiðslur til launþega og lífeyrisþega og eins skerðingar á bótagreiðslum. Þetta hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að í reynd eru jaðarskattar á þessa launþegafjölskyldur orðnar svo háar að menn geta ekki lengur unnið sig út úr skuldum.

Það er gríðarleg miðstýring á vinnumarkaðinum á Íslandi, vissulega í opinbera geiranum þar sem ein nefnd fer með samninga fyrir hönd vinnuveitandans við stéttasamtökin og vissulega á almenna markaðnum þar sem öll fyrirtæki á Íslandi framselja umboð til stjórnar Vinnuveitendasambandsins og endanlega til eins samningamanns til þess að fara með alla samninga á almenna vinnumarkaðnum. Þarna eru stór samflot. Þarna eru voðaleg meðaltöl. Og út úr þessu koma kjarasamningar sem menn geta fyrst og fremst gagnrýnt fyrir það að í þeim er enginn sveigjanleiki, í þeim er lægsti samnefnarinn og í þeim eru meðaltölin. Reynslan af þessu er ekki góð, hvorki þegar við lítum á árangurinn, hver niðurstaðan er varðandi launin, kjörin og kaupmáttinn, né þegar við lítum á möguleikana á því að taka tillit til breytilegrar afkomu atvinnugreina, fyrirtækja o.s.frv. Þetta er raunhæf og alvarleg gagnrýni, ekki tilbúin. Þetta er eitthvað sem fólk í landinu finnur fyrir og varðar líka, ekki bara tölur um afkomu, heldur einnig réttindin. Þ.e. þetta leiðir til einnar allsherjarmeðaltalsmennsku og þetta leiðir til vinnuþrælkunar og þetta leiðir til kuldalegs samfélags með meira áreiti og álagi á fjölskyldur og heimili en þyrfti að vera. Spurningin út frá þessari umræðu er: Er ekki þetta eitt af því sem ætti að vera forgangsverkefni einnar ríkisstjórnar að breyta? Er hæstv. ríkisstjórn að reyna að breyta þessu? Eru það tillögur hennar í skattamálum? Ég vísa t.d. til forgangsverkefnisins, umræðunnar sem hér hefur verið um fjármagnstekjuskatta, sem er einfaldlega í því fólgið að lækka stórlega skatta á þá 10% skattgreiðenda á Íslandi sem eru efnamestir, á kostnað þeirra sem lakari hafa kjörin.

Þrátt fyrir nokkurn vott um nokkurn efnahagsbata þótt hann hvíli á veikum grunni, vott um að við erum komnir út úr verstu kreppunni sem staðið hefur í sjö ár, þá er það í þessu umhverfi sem fólk upplifir öryggisleysið um afkomu sína og atvinnuöryggið. Það er þungur undirtónn í þessari umræðu allri saman. Við höfum verið að upplifa atvinnuleysi í fyrsta sinn í mörg ár, séð það í návígi. Flestar fjölskyldur á Íslandi þekkja það með einum eða öðrum hætti af eigin reynd, ekki allar en mjög margar. Við erum að lifa mikið breytingaskeið og það er djúpstæð tilfinning og kvíði í hugum mjög margra gagnvart starfsörygginu, ótti við öryggisleysi og auk þess finna margir að þeir eru beittir ranglæti eða skilningsleysi af hálfu opinberra aðila þegar kemur t.d. að umræðunni um skattamálin.

Í framhaldi af þessu og að þessu sögðu, virðulegi forseti, tel ég rétt að beina augunum svolítið að opinbera geiranum sérstaklega, að samskiptum ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins, vegna þess að frv. sem hér er verið að ræða er borið þannig fram að hæstv. fjmrh. í nafni ríkisstjórnar segir: „Ég legg fram frv. sem ég vil fá afgreitt með meiri hluta Alþingis með mjög skömmum undirbúningi og á mjög skömmum tíma“, samanber þessi fjögur ár sem ég vitnaði til áðan, „... og það er vitað að þetta er gert án þess að leitað hafi verið eftir, gerð tilraun til að fá fulltrúa stéttarfélaganna til samráðs, samstarfs og samninga.“ (**Fjmrh.:** Þetta er ekki rétt.) Ég heyri að hæstv. fjmrh. segir: Þetta er ekki rétt. Ég á sæti í efh.- og viðskn. Ég hef setið kvölds og morgna við að lesa umsagnir forsvarsmanna stéttarfélaganna. Ég hef setið í viðræðum við forsvarsmenn stéttarfélaganna. Og ef hæstv. fjmrh. segir: „Þetta er ekki rétt“, þá er hann að lýsa þessa hópa, þessa tugi forsvarsmanna opinberra starfsmanna sem við okkur hafa talað í efh.- og viðskn. ósannindamenn vegna þess að það sem þeir hafa sagt er einfaldlega þetta: „Við höfum verið reiðubúnir til viðræðna. Við höfum verið reiðubúnir til samninga. En það hefur ekki verið hlustað á okkur. Það hefur ekki verið boðið upp á slíkar viðræður. Við höfum ekki komið að undirbúningi þessa máls.“ Og þegar þeir koma að því eftir á og lýsa mótmælum sínum og gagnrýni, þá er spurningin þessi: Hefur verið tekið tillit til þess? Hefur stjórnarmeirihlutinn gefið sér tíma til þess? Ég veit hvað hv. formaður efh.- og viðskn. mun segja um það. Hann mun segja: „Já, það hefur farið fram mjög málefnaleg umræða í nefndinni og að hluta til eins og við höfum getað án þess að breyta meginstefnu frv.“, held ég að hann orði það: „Það hefur verið reynt að taka tillit til breytinga til bóta sem stjórnarandstaðan hefur komið með.“

Hv. þm. Ágúst Einarsson sem var frsm. minni hlutans fyrr í dag hefur farið yfir það. Hann hefur farið yfir þessar breytingartillögur og þetta er ekki svar við því sem ég er að ræða vegna þess að ég er einfaldlega að segja eftirfarandi: Á opinbera markaðnum gildir ákveðin jafna, kjarasamningajafna. Hún er þessi: Kjör opinberra starfsmanna mynda eina heild, annars vegar af þeim réttindum sem þeir hafa annaðhvort áunnið sér í samningum eða fengið staðfesta í löggjöf og svo hins vegar útborguðum launum þeirra.

Í umræðunum í efh.- og viðskn. var það rifjað upp að sá formaður samninganefndar ríkisins væri áreiðanlega ekki til sem hefði ekki í kjaraviðræðum við starfsmenn ríkisins sagt: „Í ljósi þess að þið hafið meiri réttindi á mörgum sviðum en gerist og engur á almenna markaðnum getið þið ekki gert kröfur um sambærileg laun.“ Með öðrum orðum, rökin fyrir því að það eru almennt séð lægri laun í opinbera kerfinu eru þau að opinberir starfsmenn njóti meiri réttinda og þau séu launaígildi. Það er almennt viðurkennt að réttindastaða opinberra starfsmanna er betri en almennt gengur og gerist á almenna markaðnum. Það er jafnframt viðurkennt að launin almennt séð eru lægri og þau eru lægri vegna þess að þessi rök hafa verið notuð í öllum kjarasamningum lon og don svo langt aftur í tímann sem elstu menn muna. Þessi jafna er staðreynd og það er staðreynd að að svo miklu leyti sem ráðningarfesta opinberra starfsmanna er meiri en annarra, þá

hafa þeir goldið þess í launum. Þetta er talið til meiri réttinda. Það er ekkert vafamál og ég hef engan heyrt neita því að í öllum þessum kjarasamningaumræðum hefur verið sagt: „Það er staðreynd að opinberir starfsmenn njóta betri lífeyrisréttinda en gerist og gengur gerist á almenna markaðnum." Það hafa menn reiknað sem ígildi svo og svo mikilla launa og þess vegna er sagt: „Vegna betri lífeyrisréttinda er réttmætt og rök fyrir því að laun opinberra starfsmanna séu lægri. (**Fjmrh.:** Þetta er rétt.) Þetta er rétt. Meira að segja hæstv. fjmrh. neitar ekki þessu. Það er kannski ástæða til þess að staldra við þetta því að þetta á við um ráðningarfestuna, þetta á við um lífeyrissjóðina alveg tvímælalaust, þetta á við um fjöldamargt annað sem myndar kjör opinberra starfsmanna í formi réttinda. Það er alveg sama hvort við teljum það veikindaréttindi eða fæðingarorlof eða hvað annað sem verið er að fjalla hér um.

Af því að minnst var á lífeyrisréttindin, er þess að geta að það er ekki bara að þeir fóstbræður, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., séu með frumvörp sem varða réttindaþáttinn, annars vegar í samningum við opinbera starfsmenn og hins vegar almenna markaðinn. Hæstv. fjmrh. bar fram frv. um breytingar á lífeyrisréttindum. Það er ástæða til þess að rifja það upp að hæstv. forsrh. greip fram fyrir hendur hæstv. fjmrh. eins og er kækur hans stundum og dró það frv. til baka. Hann gerði það eftir að opinberir starfsmenn höfðu fengið tryggingastærðfræðing til þess að meta frv. Þá héldu opinberir starfsmenn því fram að það hefði ekki staðist sem upp var lagt með í frv., nefnilega að í því fælist engin skerðing á áunnum réttindum. Tryggingastærðfræðingurinn komst að þeirri niðurstöðu að hér væri ekki um sambærileg verðmæti að ræða, nýja frv. tryggði ekki sömu verðmæti, í því fælist skerðing.

Hæstv. forsrh. virðist hafa viðurkennt að svo væri. Að minnsta kosti vildi hann draga frv. til baka og hann gerði meira. Það var ekki nóg með að hann segði: „Það skal standa að við tryggjum öll áunnin réttindi þannig að opinberir starfsmenn verði í engu sviptir áunnum réttindum." Hann bætti líka við, og það er ástæða til að staldra við það, því sem menn hafa skilið sem svo að hann viðurkenndi líka að það ætti að tryggja þeim óbreytta ávinnslu réttinda eins og þetta heitir á máli opinberra starfsmanna.

Ég er með í höndunum, virðulegi forseti, viðtal við Eirík Jónsson, formann Kennarasambands Íslands, þar sem hann er að fjalla um samskipti sín við ríkisvaldið í tilefni af samkomulagi um tilflutning verkefnatilfærslu til sveitarfélaganna og framlagningu þessara frumvarpa. Hann segir um þau mál hluti sem varða kjarna þessarar umræðu og ég leyfi mér að hafa eftir honum, með leyfi forseta:

„Það voru einkum þrjú atriði sem félögin settu sem skilyrði fyrir að taka þátt í samvinnunni á ný, þ.e. að lífeyrisréttindi haldist óskert í nútíð og framtíð, að félögin eigi rétt á að segja upp kjarasamningum komi til þess að lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra verði í framtíðinni breytt í andstöðu við félögin og í þriðja lagi að samningsréttur kennara og skólastjóra verði ekki skertur.

Ríkisstjórnin hefur með bréfi dags. 26. mars sl. heitið okkur að lífeyrisréttindi kennara og skólastjóra verði til framtíðar jafnverðmæt núverandi réttindum, áunnin réttindi haldi sér. Jafnframt hefur forsrh. lýst því yfir að núverandi sjóðfélagar muni halda öllum áunnum réttindum svo og öðrum sem þeir geta vænst að ávinna sér samkvæmt gildandi lögum."

Þetta er það sem heitir á máli opinberra starfsmanna ávinnsla réttinda. Þeir minna á að það er einkennandi fyrir launakerfi opinberra starfsmanna og reyndar réttindakerfi að starfsaldurshækkanir eru mjög einkennandi fyrir þær þannig að réttindi manna vinnast með tíð og tíma. Maður sem hefur verið í opinberu starfi í 13 ár getur vænst þess að á 15. ári bæti hann við þessi réttindi. Það er ávinnslan, þ.e. hann er ekki bara hugsanlega sviptur áunnum réttindum heldur einnig þeim réttindum sem eru handan við hornið í tíma talað. Hæstv. forsrh., það er ekki hægt að skilja þessi orð á annan veg en þann gagnvart lífeyrissjóðsréttindum en að hann sé að segja: Ég er ekki bara að tala um áunnin réttindi þeirra sem eru nú starfandi heldur líka ávinnsluna fram í tímann séð á grundvelli óbreyttra laga. Af þessu tilefni er ástæða til þess að spyrja alveg sérstaklega hæstv. fjmrh.: Ég er ekki að gera það að gamanmálum að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé sammála lögfræðinni hjá hæstv. forsrh., ég læt það liggja á milli hluta. Ég spyr bara hvort hæstv. fjmrh. sé sáttur við þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. Og er hann sammála þeirri túlkun sem hér er birt af hálfu formanns Kennarasambandsins um það hvað í því felst? Það er að segja að nú sé komin fram skuldbinding af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvort tveggja: Jafnverðmæt réttindi óskert, öll áunnin réttindi núverandi starfsmanna óskert og varin og líka það að halda öllum áunnum réttindum, svo og öðrum þeim sem þeir geta vænst að áunnin séu samkvæmt gildandi lögum. Er fjmrh. samþykkur þessu? Er þetta skuldbinding af hálfu ríkisstjórnarinnar? Ef svörin við þessum spurningum eru já burtséð frá því hvort þetta er skynsamlegt eða ekki eða góð lögfræði, hver er þá niðurstaðan? Hverjar eru álíktanirnar? Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Megum við vænta þess að þessar sömu grundvallarreglur gildi að öllu leyti, ekki bara gagnvart lífeyrisréttindum heldur líka gagnvart öðrum réttindum? Er þessi tékki hæstv. forsrh. gildur? Verður tekið við honum í fjmrn.? Verður hann uppáskrifaður? Verður hann greiddur og á hann bara við lífeyrisréttindi eða á hann við allan réttindapakkann?

Það er ástæða til þess að halda því líka til haga í þessari umræðu að það er ekki bara að forsrh. hafi lýst þessu yfir í nafni ríkisstjórnar, heldur hafa sveitarfélögin einnig með bréfi dags. 21. mars samþykkt að kennarafélögin geti sagt upp kjarasamningum komi til þess að lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra verði breytt í andstöðu við félögin, þ.e. ef lögin um réttindi og skyldur sem hér er verið að breyta verða einnig látin ná til kennara og skólastjóra, þá viðurkennir Samband sveitarfélaga, hinn nýi vinnuveitandi, að það sé tilefni til uppsagnar. Hvað þýðir það? Það þýðir að þau eru að viðurkenna að ef opinberir starfsmenn verða sviptir réttindum sem eru ígildi kjara séu samningar lausir og þá eigi að setjast að samningaborði. Til hvers? Væntanlega til þess, það felst í því viðurkenning, að þá eigi að bæta skert réttindi með bættum launum. Merkingin getur ekki verið önnur. Það er með öðrum orðum fullkomin viðurkenning á jöfnunni sem er grundvallarjafnan í þessu máli að skerðing á réttindum kallar á samninga. Það má ekki taka þau af bótalaust einhliða heldur kallar þetta á samninga um að bæta það t.d. í launum, ekki bara lífeyrisréttindi heldur einnig önnur þau réttindi sem á liðnum árum hafa verið viðurkennd sem ígildi launa, sem hluti af heildarkjörum.

Virðulegi forseti. Það er ekki lokið öllum þessum yfirlýsingum og bréfum hæstv. ráðherra því að eftir er hlutur félmrh., framúrstefnumannsins. Hér segir, með leyfi forseta:

„Loks lýsti félmrh. því yfir á fundi með forustumönnum heildarsamtaka launafólks að hann væri tilbúinn til að gera breytingar á fram komnu frv. um stéttarfélög og vinnudeilur að því er varðar miðlunartillögur og afgreiðslu þeirra sem er búið að dæma ólöglegt þannig að núverandi lagagrein um það efni standi óbreytt.“ Gjafir eru gefnar eða hitt þó heldur. En það er eiginlega komið að hæstv. fjmrh. að halda í kapphlaupinu í við hina tvo á undanhaldinu um að gefa til baka eitthvað af þessu sem átti að taka. Þeir eru á fullu, þeir eru á harðaspretti, forsrh. og félmrh., að draga í land eða hala út og nú er bara eftir yðar hlutur í skut.

Herra forseti. Það þarf ekki að eyða orðum að því hvernig fór um sjóferð hæstv. félmrh. En hvað með þau góðu og fjálglegu áform sem hæstv. fjmrh. hefur þó uppi um nútímavæðingu? Ég sagði það við 1. umr. þessa máls að því verður ekki haldið fram með rökum að allt í þessu frv. sé óalandi, óferjandi og óhafandi og ekki að nokkru ræðandi. Það hefur enginn sagt það. Það hefur enginn sagt það heldur af hálfu stéttarfélaganna. Við höfum heyrt hv. þm. Alþb. og óháðra, held ég að það heiti, og formann BSRB lýsa því yfir að þau heildarsamtök hafi allan tímann verið reiðubúin til viðræðna og samninga. Og sá sem hér stendur sagði t.d. við 1. umr. þessa máls: Ég get alveg fallist á að það eigi að afnema tryggilega og með lögum svokallaða æviráðningu. Ég fellst á þau rök að það samrýmist ekki nútímastjórnunarháttum að ráða einhvern tiltekinn hóp embættismanna með konunglegri tilskipun um að þeir hafi embætti sín að léni til æviloka án nokkurs tillits til þess hvernig þeir sinna sínum störfum. Þetta hefur verið mín skoðun alla tíð og ég er að sjálfsögðu sömu skoðunar nú og ég hef verið og ég vitna til reynslu sem fulltrúi framkvæmdarvaldsins og ráðherra í ríkisstjórn og yfirmaður slíkra æviráðinna manna. Ég held að það sé engum manni hollt ... (**Gripið fram í:** Og skólameistari.) Og skólameistari. Ég held að það sé engum manni hollt að búa við slíkt aðhaldsleysi og það er ekki partur af mannréttindum opinberra starfsmanna að hafa eitthvert embætti að léni. Ég er því samþykkur því að það megi fara.

Ég fellst líka á þau rök þegar menn eru að tala um biðlaunaréttinn að að svo miklu leyti sem menn eru að tala um staðreyndir, þ.e. um það að vegna túlkunar og fyrri dómsniðurstaðna sé svo komið að jafnvel við einfalda formbreytingu megi finna dæmi þess að menn hafi haldið tvöföldum launum, þá er ekkert sem réttlætir það. Hitt er svo annað mál að það er jafnrétt að einmitt vegna þess að hluti af starfsmönnum ríkisins voru æviráðnir og vegna þess að þeir höfðu ekki samnings- og verkfallsrétt hefur launum þeirra verið haldið niðri í staðinn. Og einmitt vegna þess að það hefur verið vitnað til þessa biðlaunaréttar hafa jafnframt verið notuð þau rök að þetta sé partur af sérstaklega hagstæðum ráðningarkjörum, starfsöryggi og ráðningarfestu opinberra starfsmanna. Og einmitt vegna þess að túlkunin hefur verið þeim í hag er hin hliðin á þeirri jöfnu sú að ef á að afnema þetta einhliða, þá á að bæta það í launum. Þetta er því einföld spurning: Er rétt af vinnuveitandanum að ætla að afnema þessi atriði, ég nefni bara þessi tvö sem dæmi, einhliða með löggjöf? Í stað þess að segja og láta á það reyna: Þetta tvennt teljum við óeðlilegt. Þetta tvennt viljum við leggja af. Eruð þið reiðubúnir til þess að setjast að samningaborði? Og að svo miklu leyti sem þið eruð reiðubúnir til þess að fallast á að þetta verði afnumið, erum við reiðubúnir til þess að ræða það sem hluta af ykkar starfskjörum að bæta það að einhverju leyti í launum. Um þetta hlýtur málið að snúast og það er einmitt þessu sem hefur verið hafnað. Og það er þetta sem þýðir að það færist óeðlileg harka í leikinn. Þótt ég hafi aðeins nefnt tvö dæmi um hluti sem er víðtæk samstaða um í þjóðfélaginu að megi breyta, þá er hitt jafnréttmæt krafa að það sé ekki bara höggvið á þetta einhliða heldur boðið upp á samninga vegna þess að þetta er ígildi launa. Menn hafa búið við lægri laun vegna þess arna og samningaleiðin er auðvitað rétta leiðin og líklegri til þess að skapa sátt um niðurstöðuna.

Herra forseti. Það er margt sem bendir til þess að þessum frómu orðum um vilja til þess að breyta úreltu kerfi og úreltum lögum sé í raun og veru ekki fylgt eftir með sannfærandi hætti, þ.e. með viljanum til þess að setjast að samningaborði með starfsmönnum ríkisins og láta á það reyna til þrautar hvort um þetta geti tekist samstaða. Það þýðir ekki að vísa til þess að viðræðum hafi verið hafnað af hálfu opinberra starfsmanna. Það liggja fyrir yfirlýsingar um að þeir séu reiðubúnir til þess og hafi verið það lengi. Það hefur bara ekki verið látið á það reyna. Höfnunin liggur ekki fyrir. Og að svo miklu leyti sem þetta er þá orðið að spurningu um stöðu stéttarfélaga og um kjarasamningaferli, þá leyfi ég mér, með leyfi forseta, að vitna í álit minni hlutans. Þar segir á þessa leið, virðulegi forseti:

„Sömuleiðis er frv. mjög ábótavant að því leyti að ekki er tekið á kjarasamningsferli hjá ríkinu. Kjarasamningar á vegum ríkisins fara þannig fram að ein miðstýrð nefnd, samninganefnd ríkisins sem starfar á vegum fjmrn., gerir alla kjarasamninga við ríkisstarfsmenn. Engin tilraun er gerð í frv. til þess að brjóta þessa miðstýringu á bak aftur og stokka upp það launakerfi sem opinberir starfsmenn búa nú við og sumir hafa lýst yfir að sé ónýtt launakerfi.“

Ég spyr: Er það trúverðugt af hálfu umbótamannsins sem er að boða breytingar, nýja starfsmannastefnu, nýja stjórnunarstefnu, að draga úr miðstýringu, að auka sveigjanleika, að auka valddreifingu ef byrjunin á ferlinum er sú að segja: Við hlustum ekkert á samningsaðilann. Við leitum ekkert eftir skoðunum eða áliti eða ályktunum samningsaðilanna. Við erum ekkert að leggja okkur fram um það að taka þessi mál til umræðna eða viðræðna, jafnvel þótt óskir komi fram um það. Við gerum þetta einhliða og við erum ekki með neinar tillögur um að breyta þessu kjarasamningaferli, þessu rammmiðstýrða kerfi einnar ríkisrekinnar nefndar í mjög flóknum og viðamiklum opinberum geira með mjög breytilega starfsemi.

Hvað segir umbótamaðurinn mikli t.d. um hlut stéttarfélaganna? Hvaða hugmyndir birtast okkur annars vegar í frv. sjálfu, í málflutningnum? Hver er afstaða vinnuveitandans, hæstv. fjmrh., ríkisstjórnar til stéttarfélaganna? Hvaða hugmyndir hefur hann um rétt þeirra? Það er ástæða til þess að spyrja vegna þess að hæstv. félmrh. steytti á því skeri að hann hafði greinilega ekkert kynnt sér kjarnann í þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur á undanförnum árum í formi fjölmargra, sex til átta, alþjóðlegra samninga sem þýða að þeir hafi fengið lagagildi á Íslandi og endurspegla raunverulega kjarnann í þróun vinnuréttar í löndunum í kringum okkur. Hæstv. félmrh. steytti á því skeri. Frv. hans komst ekki fram hjá þeim skerjum. Hann féll á fyrsta prófi, öðru prófi og þriðja prófi og situr eftir með slitrurnar af frv.

Það er ástæða til þess að spyrja: Er hæstv. fjmrh. raunverulega haldinn sams konar hugarfari? Gerir hann ekki ráð fyrir því að það þurfi að gera breytingar á þessu miðstýrða kerfi, að draga úr miðstýringarvaldi einnar nefndar,

að draga úr miðstýringarvaldi fjmrn. og að koma málum í þann farveg að fulltrúar stéttarfélaga í opinbera geiranum fái til þess ráðrúm, fái til þess farveg, fái til þess rétt að koma á framfæri í beinum viðræðum og samningum hugmyndum sínum, tillögum o.s.frv. Ég held að það sé laukrétt sem segir í nefndaráliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Í frv. skortir algerlega stefnumótun hvað snertir samningsstöðu stéttarfélaga við ríkisvaldið og stofnanir þess. Það felur í sér lélegri ráðningarfestu en verið hefur. Það vantar algerlega farveg ef deilur verða milli forstöðumanns og starfsmanna einstakra stofnana. Þetta frv. gengur raunverulega út á það að geðþóttavald forstöðumanna ráði ríkjum í opinberri stjórnsýslu."

Sér í lagi er hvorki kjarasamningaferlinu né hlutverki stéttarfélaganna gerð skil þannig að um það sé hægt að segja að það sé í anda einhverra nútímalegra starfsmanna eða stjórnunarstefnu. Þetta er miðstýringarstefna, þetta er boðvaldsstefna og það er boðið upp á hættu á fjarstýringu frá fjmrn. í gegnum forstöðumenn jafnvel þar sem hæstv. fjmrh., ég efast ekkert um að hann meinar það, er að boða sveigjanleika sinn í því formi að segja: Við ætlum að auka vald forstöðumanna, þar á meðal gefa forstöðumönnum vald til þess að umbuna góðum starfsmönnum með viðbótarlaunum. Rökin eiga þá að vera þau að kjarasamningar eru lágmarkssamningar en ef ríkið ætlar að keppa á vinnumarkaðnum eftir hæfu fólki, ef það ætlar að geta laðað til sín hæft fólk, ef það vill halda í hæft fólk sem ella leitar út á almenna vinnumarkmaðinn vegna hærri launa, þá þarf að vera einhver sveigjanleiki í kerfinu. Það verður einhvern veginn að bæta upp allt miðstýringarkerfi sem felst í kjarasamningaferlinu sem ekki er verið að breyta. Þess vegna segir hann, ég geri ráð fyrir að hann meini það, að það er jákvæð tillaga að auka vald forstöðumannanna.

En meira að segja í því er sá skafanki og sá galli að allar tilraunir okkar fulltrúa minni hlutans í efh.- og viðskn. til þess að fá alvarlega viti borna umræðu um það mál hafa verið árangurslausar, þ.e. hvernig megi halda kostum þessara breytinga en gefa launþegum einhvers konar tryggingu fyrir því að þetta bjóði ekki heim misbeitingu, bjóði ekki heim auknu geðþóttavaldi í tiltölulega stirðnuðu embættiskóngaveldi, t.d. með því að laga þetta nær almennum reglum á almenna vinnumarkaðnum, með því að skipa ríkisstofnunum stjórnir þar sem t.d. fulltrúar starfsmanna ættu fulltrúa í stjórn, ekki meiri hluta en fulltrúa í stjórn, þar sem með öðrum orðum væri stjórn við hliðina á forstjóra og starfsmennirnir ættu þar einhvern fulltrúa alveg eins og á almenna vinnumarkaðnum er ekki bara forstjóri sem getur ráðið og rekið heldur eru líka stjórnir að baki honum og að lokum hluthafafundur eða aðalfundur, með öðrum orðum forstjóravaldið hefur aðhald. Eins þarf það að vera í opinberum rekstri ef mennirnir meina eitthvað með því sem þeir eru að segja um það að þeir vilji færa stjórnunarhætti í opinbera geiranum nær því sem tíðkast á almenna markaðnum. Þetta var augljóst dæmi um tillögu þar sem hefði þurft að gera breytingar en breytingunum var hafnað og reyndar heyrði ég aldrei nein trúverðug rök fyrir því af hverju því var hafnað.

Reyndar er það svo að þegar þeim meginrökum er beitt að hér sé verið að stefna að því að samræma opinbera stjórnsýslu, opinberan rekstur því sem tíðkast í stjórnun fyrirtækja á almenna markaðnum þá á það stundum við en stundum ekki samanber þessi dæmi sem ég var að nefna að forstöðumaður á almenna vinnumarkaðnum getur ráðið og rekið en hann hefur aðhald af stjórn á hluthafafundum og aðalfundum.

Annað dæmi sem kemur fram. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að færa forstöðumanni vald til þess að skylda starfsmenn sína til yfirvinnu að ákveðnu lágmarki. Það vald hafa forstjórar á almenna vinnumarkaðinum ekki. Er hægt að nefna einfaldara dæmi en jafnaugljóst dæmi um það að ef hér væru almennileg, ærleg samskipti milli vinnuveitenda og launþega þá væri þessi hlutur samningsatriði? Það væri augljóslega samningsatriði vegna þess að kvaðir eins og þær að vera skyldaður til yfirvinnu er auðvitað partur af starfskjörum og fyrir það ætti að semja um að þessir launþegar fái hærri laun. Sama er að segja um ákvæði svo að ég taki dæmi af réttinum til þess að framlengja uppsagnarfrest í svokölluðum hópuppsagnatilvikum. Það vald hafa ekki forstjórar á almenna vinnumarkaðinum. Sú kvöð er ekki lögð á launþega á almenna vinnumarkaðinum en hvers vegna er því hafnað að launþegar í opinbera geiranum eigi rétt á einhverri umbun í formi launa fyrir að taka á sig slíkar kvaðir? Hvers vegna svara menn því neitandi?

Það er einhver falskur tónn í fínu ræðunni hæstv. fjmrh. þegar hann er að boða nýju nútímalegu stjórnunar- og starfsmannastefnuna sína. Í almennum hugmyndum er farið með faðirvorið og sagt að við viljum gera hið góða sem við meinum en í einstökum atriðum er ekkert eftir þessu farið. Þá halda menn fast við miðstýringarkerfið, óbreytt kjarasamningaferli, forakta hlutverk stéttarfélaga, forstjóravaldið er aukið. Í breytingartillögum á seinustu stundu er samt sem áður komið fram með þá breytingu ef þessir forstjórar standa ekki kúrsinn samkvæmt fjárlögum, fara yfir fjárlög, fjárlagaheimildir, þá hefur hæstv. ráðherra taumhaldið enn til þess að svipta þá réttinum til þess að greiða viðbótarlaun. Hvað eru margir forstjórar í ríkiskerfinu sem hafa ekki staðið kúrsinn gagnvart fjárlögum? Ég veit það ekki. Ég hef á tilfinningunni að þeir séu býsna margir. Þá er kannski eitt stærsta umbótamálið sem átti að vera hérna fokið og þar með frasinn um aukinn sveigjanleika og um það að laga grundvallaratriði í opinberum rekstri að almenna vinnumarkaðnum, farið í mjög veigamiklum atriðum.

Herra forseti. Í nefndaráliti minni hlutans er rækilega gerð grein fyrir einum 23 atriðum sem varða réttindamál opinberra starfsmanna sem hér er verið að taka á með þeim hætti að við gagnrýnum vinnubrögðin og aðferðirnar. Ég veit að hv. frsm. minni hlutans, Ágúst Einarsson, hefur farið yfir þetta í ítarlegu máli og þetta liggur fyrir í þingskjali og ég vil þess vegna ekki eyða miklum tíma í að fara yfir það. En ég stikla á stóru, með leyfi forseta.

Það er ekkert sjálfgefið að þrengja gildissvið laganna þannig að starfsmenn í ríkisrekstri hjá opinberum fyrirtækjum eða stofnunum sem eru algerlega fjármögnuð af ríkinu eða í eigu opinberra aðila skuli teknir út undan gildissviði þessara laga. Það er ekkert sjálfgefið við það vegna þess að að svo miklu leyti sem um er að ræða opinberan rekstur er hann fjármagnaður fyrir skattpeninga almennings. Allt öðru máli gegnir ef um er að ræða hlutafélög sem ríkið ætti kannski hlut í en fjármagnar ekki að öllu leyti.

Annað dæmi. Skertur möguleiki starfsmanna til að tala máli sínu og skjóta ákvörðun yfirmanns til æðra stjórnsýslustigs. Ég tek undir það með fulltrúum stéttarfélaga að það er vandséð hvaða rök menn færa fyrir slíku eða hvernig menn ætla að klæða þetta í eitthvert gervi nútímalegra stjórnunarhátta. Sannleikurinn er sá að ég held að eitt stærsta skrefið í umbótaátt að því er varðar opinbera stjórnsýslu á Íslandi sem

stigið hefur verið á seinni árum sé setning stjórnsýslulaganna. Ég viðurkenni að setning þeirra, aðhaldið sem af þeim stafar hefur áreiðanlega átt sinn hlut í því að bæta marga þætti sem voru gagnrýniverðir samkvæmt hefðum í íslensku stjórnkerfi. En með þessu ákvæði er verið að þrengja að og draga úr virkni stjórnsýslulaganna.

Ég hef áður vikið að þessari skyldu til þess að vinna yfirvinnu sem á ekki á að bæta á nokkurn máta og ekki gefa kost á samningum um. Ég hef nefnt nokkur dæmi um það þótt hæstv. ráðherra tali um valddreifingu og sveigjanleika er hann í hverju dæminu á fætur öðru að sanka að sér meiri völdum samanber bandspottann sem hann hefur um taglið á nýja forstjóraveldinu. Ég vek athygli á því að það er ekkert gert til þess að breyta grundvallaratriðunum í kjarasamningaferlinu, hinni miklu miðstýringu sem þar er. Og meðan því er ekki breytt er ólíklegt að sveigjanleikinn eða einhver nýmæli að því er varðar framkvæmd launakerfa sem tækju tillit til þátta sem þarf að taka tillit til eins og dugnaðar, ábyrgðar, afkasta o.s.frv. rúmist innan þess. Það er einkenni á þessu frv. og reyndar frv. beggja hæstv. ráðherra að þeir eru í einu og öllu að draga taum vinnuveitenda. Þeir gera það eiginlega blygðunarlaust og þeir gera það oft í svo smáum atriðum að það vekur furðu og þeir gera það með því að taka ekkert tillit til einfaldra og sjálfsagðra krafna af hálfu stéttarfélaga sem samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum flokkast undir mannréttindi. Og það m.a. undirstrikar að það er einhver falskur tónn í þessari yfirlýstu umbótaviðleitni.

Það eru engin ákvæði um starfsmannaráð, það er ekkert hlustað á tillögurnar um það að setja upp stjórnir til hliðar við forstjórana til þess að gefa starfsfólki og almenningi einhverja tryggingu fyrir eftirliti með því hvernig með forstjóravaldið er farið eða starfsmönnunum einhvern vettvang til þess að koma á framfæri sínum málum að siðaðra manna hætti.

Að því er varðar brtt. sem ég nenni ekki að fjalla um í löngu máli vil ég samt sem áður vekja athygli á því að þegar niðurstaðan varð sú að taka fjölmenna hópa eins og löggæslumenn, tollverði og fangaverði og gefa þeim kost á því að njóta ráðningarfestu embættismannahópsins en jafnframt samt vikið frá grundvallarreglunni um að þar með eigi þeir að afsala sér samningsréttinum og verkfallsréttinum, þeir eru látnir halda samningsréttinum, þá er búin til enn ein mismununin í þessu þrefalda, lagskipta kerfi opinberra starfsmanna. Annars vegar eru embættismenn, skammtímaráðnir, 5+5 ár en njóta kjaradómskjara með sérstökum ákvæðum um það að grundvelli kjaranefndar er breytt að því er varðar það að ákvarða kjör yfirmanna stofnana, heildarkjör þeirra. Síðan í annan stað er þessi miðhópur sem nýtur ráðningarfestunnar en heldur samningsréttinum og svo loks þriðji hópur almennra starfsmanna. Á það hefur verið bent að þetta kunni jafnvel að varða við jafnræðisreglu og þetta sé vafasamt. Ég ætla ekki að fullyrða meira um það. Það kom fram í nefndarálitum að þessi niðurstaða hefur verið gagnrýnd. Það er augljóst mál að ef þetta gengur í gegn þá verðum við með tvö ólík kerfi í gangi hlið við hlið en ekkert tillit var tekið til þeirra hugmynda eða tillagna af okkar hálfu um að gefa einstaklingum val á því að hverfa þá frá æviráðningarkerfinu og inn í annað kerfi sem ég held að hefði verið til bóta.

Á hugmyndir um það að forstöðumenn fyrirtækja gerðu nánari grein fyrir starfsemi sinna stofnana gagnvart viðkomandi þingnefnd var ekki hlustað. Ákvæðin í frv. um að takmarka auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu er t.d. ekki í anda stjórnsýslulaganna og ekki í anda hugmynda um aukið gagnsæi í opinberri stjórnsýslu.

Herra forseti. Þetta sem ég nú hef nefnt sem eru gagnrýniatriði, mismunandi mikilvæg, eru öll steinar í þá hleðslu að það er ekki hér verið að framkvæma neitt sem stendur undir nafni sem nútímaleg starfsmannastefna. Þetta rís ekki undir því nafni. Þetta er, alveg eins og hjá hæstv. félmrh., tilraun til þess að ná enn harðari tökum af hálfu hins miðstýrða vinnuveitendavalds ríkisins sem býr í fjmrn. Þetta dregur taum vinnuveitendans og þetta tekur ekkert eðlilegt og sanngjarnt tillit til sjónarmiða starfsmanna. Ég er ekki með þessum orðum að mæla með neinum starfsmannafasisma eða starfsmannaofurveldi. Ég hef oft varað við því að menn verða að gæta sín á því að draga ekki svo taum þeirra sem starfa í opinberri þjónustu að hagsmunir þeirra verði teknir fram fyrir hagsmuni þeirra sem eiga að njóta hinnar opinberu þjónustu vegna þess að að lokum er þetta þjónusta við almenning greidd af sköttum. Og það er líka hlutverk stjórnmálamanna, Alþingis og reyndar þá ráðherranna, framkvæmdarvaldsins, að gæta hagsmuna beggja. Mér finnst hins vegar að þeir ríði gjörsamlega við einteyming. Þeir draga svo algjörlega taum vinnuveitendasjónarmiða í þessu efni að það er úr öllu hófi.

Herra forseti. Það segir meira en mörg orð að af öllum þeim umsögnum sem borist hafa um þetta frv. þá er ein hjáróma rödd. Það er eitt álit, staðlað álit ofan úr Garðastræti frá vinnuveitendum sem lýsa ánægju sinni með þetta frv. Ég skil það ósköp vel. En samt sem áður kann að vera að jafnvel þeir ágætu menn í Garðastrætinu gerðu rétt í því að hugsa sinn gang ögn vegna þess að að lokum er stóra spurningin varðandi afgreiðslu þessa máls þessi: Hvaða áhrif halda menn að afgreiðsla þessa frv., þessi lagasetning nú á vordögum, muni hafa á umhverfi kjarasamninga undir lok ársins? Halda menn að flumbrugangurinn og flasið í hæstv. félmrh. hafi bætt samskipti ríkisvaldsins við verkalýðshreyfinguna, Alþýðusambandið, Verkamannasambandið og hin stéttarfélögin? Halda menn að þessi tilraun til þess að brjóta í bága við grundvallarreglur alþjóðlegra skuldbindinga, félagafrelsi o.s.frv. sé til þess að bæta samskiptin eða til þess að stuðla að einhverri sátt um það hvernig kjarasamningum er ráðið til lykta? Eða heldur hæstv. fjmrh. að með því að hafna leið samráðs og samninga en halda til streitu þessari leið, einhliða ákvörðunar meiri hlutans, sé hann að leggja farsælan grunn að ábyrgum og hagkvæmum samningum út frá þjóðarhagsmunum við opinbera starfsmenn? Halda mennirnir þetta virkilega? Heldur það nokkur maður? Hversu oft fara þeir ekki með ræðurnar sínar um að það sé grundvallaratriði varðandi efnahagslega farsæld okkar Íslendinga nú að loknum löngum þrengingarárum að þegar efnahagsbatans er farið að gæta verði það ekki til þess að stöðugleikanum verði kollvarpað, það verði ekki til þess að við lendum aftur í nýrri kollsteypu. Þeir láta í ljós þá von að við höfum lært af óförum fyrri ára og vísa til þess að það sem gerist á vinnumarkaðnum, almenna markaðnum og í samskiptum ríkisins við opinbera starfsmenn sé grundvallarstærð í þessu efni. Ríkisvaldið dregur taum vinnuveitenda í þessum samskiptum og gengur fram í stóru sem smáu með því að draga úr, þrengja að, skerða eða afnema réttindi sem opinberum starfsmönnum hafa hingað til verið tryggð, ýmist lögbundin eða samningsbundin, stundum lögbundin í kjölfar samninga. Hún afnemur þetta allt saman einhliða en gefur ekki kost á viðræðum, kjarasamningum til þess að bæta það að nokkru í launum. Halda menn að þetta sé leiðin til

þess að ljúka kjarasamningum með farsælum hætti? Halda mennirnir að þetta sé skynsamlegt? Ég er ekki að tala um hvort þetta er kurteislegt eða réttlátt. Ég spyr: Halda menn að þetta sé skynsamlegt? Halda menn að þetta leiði til þeirrar niðurstöðu sem þeir eru alltaf að láta uppi óskir um? Ég held ekki. Ég held að þetta sé óskynsamleg framganga. Sök sér væri ef þarna væri nauðugur einn kostur. Samningaleiðin hefði verið reynd til þrautar og það væri búið að hafna því algjörlega og loka öllum leiðum og við værum komin að nýjum kjarasamningum. En það erum við ekki, við erum á miðju kjarasamningstímabili.

Þetta er spurning sem ég beini til hv. þm. stjórnarliða sjálfra vegna þess að þeir bera ábyrgð á stjórn landsins. Þeir bera ábyrgð á þessum meiri hluta og þeir verða að gera það upp við sig og ganga að því vitandi vits hvort þeir eru með þessari óbilgirni að kveikja neista sem getur orðið að því báli að þeir ráði ekki við að slökkva þá elda þegar kemur lengra fram á þetta ár. Sá dagur kemur, vegna þess að það kemur morgundagur, að opinberir starfsmenn sem telja sig hafa hér verið beitta ósanngirni og jafnvel mismunun, ekki á þá hlustað, ekki tillit til þeirra tekið, setjast að lokum að samningaborðinu með jöfnuna sína og segja: Það sem af okkur hefur verið tekið skuluð þið bæta okkur í launum. Þá held ég að það þýði ekki að fara með neinar ræður um nútímalega stjórnunarstefnu. Og þá held ég að sá dagur renni upp að hæstv. fjmrh. mætti minnast þess að það hefði farið betur ef hann hefði hlustað ögn betur á viðvörunarorð þeirra sem hér tala af málefnalegum rökum og velvilja vegna þess að það er ekki ráð nema í tíma sé tekið, virðulegi forseti.

[22:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var á ýmsan hátt athyglisverð ræða sem hér var flutt. Ég vil í fyrsta lagi segja frá því að það er rangt þegar því er haldið fram að það hafi ekki verið reynt að hafa samráð við opinbera starfsmenn. Ég vil minna á það að fyrsta yfirlýsing frá mér um breytingar á þessum málum kom árið 1994. Í ágúst sl. var farið af stað með þetta nefndarstarf. Hinn 12. desember var sent út bréf til þriggja samtaka og við fengum svar frá einu þeirra. 6. febrúar var meginstefnan kynnt, 12. febrúar fóru frumdrögin til þessara aðila. Þeir kusu hins vegar, og ég hef ekkert láð þeim það, að fara með málið út og berjast gegn frumdrögunum. Að svo komnu máli var ekki um annað að ræða í málinu en að leggja fram frv. þar sem menn gætu séð svart á hvítu um hvað málið snerist. Ég lýsti því yfir þá að ég væri tilbúinn til að ræða við opinbera starfsmenn. Ég hef fengið a.m.k. tvær beiðnir. Önnur var sú að koma á fund hjá BSRB og þangað fór ég. Hin er að ræða við starfsmenn sem koma til mín í fyrramálið. Það var beðið um fund um þetta mál. Það hefur aldrei strandað á samráði af okkar hálfu. Þetta vil ég að komi fram. (**ÖJ:** Það er ósatt.)

Varðandi kjarasamningajöfnu sem hv. þm. minntist á hafa starfsöryggi, þar innifalið öruggur vinnuveitandi, veikinda- og fæðingarorlof, uppsagnarákvæði vegna áminningarskyldunnar og lífeyrisréttindin verið þau atriði sem hafa verið talin upp þegar menn tala um laun. Það hefur hins vegar aldrei svo mér hefur er kunnugt um verið minnst á ráðningarfestuna eða æviráðninguna og biðlaunaréttinn í þessu sambandi. Það hefur ekki verið gert, ekki svo ég kannist við. Enda starfa hjá ríkinu saman hlið við hlið annars vegar menn sem eru æviráðnir eða með ótímabundna ráðningu og hinir sem eru á þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti á nákvæmlega sömu launum. Og þannig hefur þetta verið undanfarin 10 ár.

[22:44]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er illt í efni. Nú kemur á daginn að hæstv. ráðherra hefur allan tímann verið fús til samráðs, samtala og samninga en það eru bara opinberir starfsmenn sem hafa ekki svarað bréfunum hans og ekki viljað hlusta á hann. Hæstv. ráðherra átti þess nauðugan kost að leggja fram frv. svart á hvítu af því að menn vildu ekki tala við hann um frv. Ég tek eftir þessu, svart á hvítu, þetta er mjög merkilegt af því að þetta kemur frá fjmrn. Ætlast hæstv. fjmrh. til þess að einhver trúi þessu? Látum það nú vera. En ef hann ætlast til að við trúum þessu þá spyr ég: Hefur nokkuð breyst? Er ekki hæstv. ráðherra sem er búinn að leggja hér fram frv. svart á hvítu til þess að menn neyðist til þess að sjá það frv. sem þeir hafa ekki viljað ræða við hann, er hann ekki tilbúinn til að taka þetta mál upp aftur og segja: Frv. liggur hér frammi svart á hvítu. Það er nú í þessu einhliða formi vegna þess að það hefur enginn viljað við mig ræða en ég er alveg tilbúinn til að ræða við þá sem loksins vilja við mig tala og taka tillit til þess og hugleiða og breyta og semja og prútta og plotta eins og menn gera í samningum. Er þetta ekki samkvæmt þessari yfirlýsingu rakið mál? Nú er búið að leggja málið fram svart á hvítu og draga það til baka út úr þingsalnum um tíma og þá er bara að hella sér út í þessar viðræður. Ekki strandar á hæstv. fjmrh. Að því er varðar kjarajöfnunina trúi ég ekki að hæstv. fjmrh. hafi ekki heyrt það erindi formanna samninganefnda sinna sem hafa sagt við hann: Við höfum verið að tala við opinbera starfsmenn og við höfum hamrað á því að þessi réttindi, eitt, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, eru ástæðan fyrir því að þið getið auðvitað ekki fengið jafnhá laun og tíðkast á almenna vinnumarkaðnum. Það hlýtur að vera að það hafi verið nógu náið samband milli formanna samninganefnda og hæstv. fjmrh. sem hér hefur setið í fimm ár, flestum lengur, til að það hafi komist til skila.

[22:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að það hefur verið boðið upp á samráð í þessu máli. Hins vegar get ég ekki stjórnað því hvort menn vilja tala við mig beint. Ef menn vilja frekar gera það í gegnum nefndina þá gera menn það. Það hefur verið gert. Málið hefur tekið breytingum í nefndinni og tók breytingum frá frumdrögum til frumvarps. Það hefur verið tekið tillit til fjölmargra sjónarmiða þannig að ég held að menn geti verið sæmilega sáttir við það.

Í öðru lagi vil ég líka endurtaka fyrir hv. þm., sem er fyrrv. fjmrh., að ég hef borið mig saman við þá sem hafa gegnt formennsku í samninganefnd ríkisins. Það hefur verið minnst á starfsöryggið og lífeyrissjóðinn og við viðurkennum að það hefur verið bent á það sem vörn af hálfu vinnuveitandans að ekki sé ástæða til að hækka laun eins mikið og aðrir hafa af þessum ástæðum. Hv. þm. getur ekki komist hjá að hlusta á og íhuga það sem ég hef sagt hér. Hann ætti að rifja það upp með sjálfum sér hvort hann hafi nokkurn tíma sagt að æviráðningin væri virði peninga í samningum. Því svo er alls ekki. Það eru tíu ár síðan við féllum frá æviráðningu í langflestum stöðuveitingum hjá ríkinu. Biðlaunarétturinn er auðvitað aðeins réttur sem kemur til þegar stöður eru lagðar niður. Og sem betur fer er starfsöryggi opinberra starfsmanna

það mikið að það kemur örsjaldan fyrir. Þess vegna hefur aldrei verið litið á þennan rétt sem peningaígildi. Það er þetta sem ég sagði, þetta get ég staðið við. Þetta höfum við kannað og ég veit ekki betur en svona hafi verið litið á málin af hálfu samninganefnda ekki bara í minni tíð heldur líka frá því í tíð hv. þm. sem fjmrh. Þetta vildi ég að kæmi fram því menn geta skemmt sér hérna í kvöld við að segja sögur en það verður að koma fram sem satt er í þessu máli þótt það gerist einungis annað slagið með löngu millibili vegna margra klukkutíma ræðna hv. þm., en þrír þeirra hafa nú lokið sér af.

[22:49]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli mínu áðan fór ég nokkrum orðum um þá hörmulegu sjóferð sem hæstv. félmrh. lagði upp í. Hann steytti á skerjum alþjóðlegra skuldbindinga og er nú með frv. sitt í slitrum. Eftir að hafa hlustað nú í tvígang á sömu ræðuna hjá hæstv. fjmrh. er ég kominn á þá skoðun að hæstv. fjmrh. sé einhver misskildasti maður sem nú er uppi. Mér satt að segja rennur það til rifja að hér skuli vera svona mikill misskilningur á ferðinni. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að hæstv. fjmrh. er allur af vilja gerður að setjast að samningaborði og hlusta á mótaðilann. Hann hefur engar fyrirframhugmyndir í því efni. Hann er reiðubúinn skilyrðislaust til viðræðna og samninga til þess að láta reyna á hvort hægt er að skapa samstöðu um niðurstöðurnar. Þetta er stórpólitísk yfirlýsing. Ég fagna henni að sjálfsögðu. Það eina sem ég fer fram á er að nú fylgi athafnir orðum. Að nú sitjum við ekki bara yfir þessu einhliða frv., svart á hvítu, heldur verði þessum yfirlýsingum fylgt eftir. Og ég skora á fulltrúa opinberra starfsmanna að taka í útrétta sáttarhönd hæstv. fjmrh. Ég minni á að í þeim viðmiðunarlöndum sem vikið er að í greinargerðinni tók þetta fjögur ár. Við erum að sumra áliti meiri verkmenn, meiri afkastamenn eða skorpumenn, við gætum kannski lokið þessu á skemmri tíma. En þetta er rétta leiðin.

Að því er varðar jöfnuna ætla ég ekki að standa í meira karpi við hæstv. fjmrh. Það vita allir menn, þeir þurfa ekki að hafa verið fyrrv. fjmrh. til þess, að í samningaþófinu um kaup og kjör við opinbera starfsmenn er allur réttindapakkinn umhverfis samningana í mjög mörgum greinum. Ég hef ekki tíma til að telja upp ígildi launa. Og það að þau eru skert er þá forsenda eða ástæða fyrir vilja til samninga. Við verðum að bæta það.

[22:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn fá reynslu af vinnumarkaðnum með ýmsum hætti. Hv. þm. sem hér talaði á undan og sá sem talaði þar á undan fengu sína eldskírn á vinnumarkaði með því að reka fjmrh. þáv. einu sinni frá verki og gera vitlausustu kjarasamninga Íslandssögunnar og þurftu síðan að éta það ofan í sig með lagasetningu skömmu síðar. (**JBH:** Er hægt að fá skýrt við hvern hv. þm. á?)

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki frammíköll.)

Það þarf ekki að koma neinum á óvart þótt opinberir starfsmenn muni setja einhvern verðmiða á þau takmörk sem verða þegar biðlaun eru takmörkuð með þeim hætti sem gert er í frv. og eins þegar æviráðningin er afnumin. En það hlýtur að leysast í næstu kjarasamningum og það tjón sem menn verða fyrir af þessum sökum er ekki þvílíkt að það raski neinu sem nemur.

Varðandi þá hugmynd sem fram kom í efh.- og viðskn. um það að setja stjórnir yfir ríkisstofnanir má taka það fram að það eru stjórnir til staðar í mjög mörgum ríkisstofnunum. Reyndar hefur á tímabili núv. efh.- og viðskn. tvisvar sinnum verið ákveðið að setja stjórn yfir ríkisstofnanir að frumkvæði nefndarinnar. Í annað skipti var það þegar lögin um ÁTVR fóru í gegn hér í fyrravor. Þá þótti slík aðgerð vera hin versta aðför að forstjóra þess fyrirtækis og helst að þetta væri einhver slæm hugmyndafræði ofan úr Verslunarráði sem þarna réði ferðinni. Í seinna skiptið var verið að setja stjórn yfir Löggildingarstofuna. Það var gert nú fyrir jólin en það var allgóð samstaða um það. Ég hygg að það sé til bóta yfirleitt að setja stjórnir yfir ríkisstofnanir en ég hygg að það eigi ekki heima í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins heldur ætti að gera það með öðrum hætti.

[22:54]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, rifjar upp að það hafi þótt hin mesta goðgá í vor þegar þeirri tillögu var hreyft að setja upp sérstaka stjórn við hliðina á forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þegar verið var að breyta þeirri stofnun í framhaldi af EES-samningunum.

Ég vil rifja það upp að sá sem hér stendur var eindregið fylgjandi því að sú stjórn yrði sett. Og ef við erum báðir sammála um það þá erum við sammála um gott fordæmi. Ef hægt er að nefna fleiri dæmi sem auðvitað eru til er svarið þetta: Ég skil ekki hvers vegna menn vilja ekki leggja það á sig að girða fyrir tortryggni og eyða henni að því er varðar hættuna á geðþóttavaldi forstjóra með því að gera þetta að meginreglu. Það má vel vera rétt hjá hv. þm. að það eigi ekki heima í frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frekar en margt annað sem á ekkert heima í þessu frv. og að við setjum það fram í öðrum lagabúningi. En ef við erum sammála um þetta þá eru það tíðindi fyrir mig vegna þess að við erum búnir að tala fyrir þessu máli, þessari hugmynd og þessari tillögu mjög lengi innan efh.- og viðskn. og fengum ekki þau svör að þótt þetta ætti ekki heima í þessu frv. þá væri sjálfsagt að taka undir það.

Að því er varðar síðan dulmálið sem hv. formaður efh.- og viðskn. fór með hér um fjmrh. sem aðilar vinnumarkaðarins þá vöktu einhvern tímann upp úr rúminu og forðuðu frá fólskuverkum finnst mér að hann ætti að hafa kjark til þess að taka það skýrt fram við hvern hann á svo allir fyrrv. fjmrh. liggi ekki óbættir hjá garði eða undir sömu sök seldir að ósekju.

[22:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal tala alveg skýrt um það hvern ég á við. Þáv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm. í kosningabaráttu til embættis forseta Íslands, var rekinn frá verki í ríkisstjórn sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sátu þá í. Þeir gerðu það sem ég kalla vitlausustu samninga Íslandssögunnar og þurftu að éta það ofan í sig með lagasetningu. Þannig fengu þeir sína reynsu af vinnumarkaðnum.

Annað sem ég vildi gjarnan ræða við hv. þm. er það sem hann heldur fram um uppsagnir og stjórnsýslulög. Ég hygg að með þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert sé fyllilega farið með þau mál í takt við stjórnsýslulög. Það

sem er ekki sett sem réttur starfsmanns til málskots eða að hann geti borið hönd fyrir höfuð sér er í tilvikum þar sem það á ekki við. Ef manni er t.d. sagt upp vegna hagræðingar í rekstri eða atriða sem koma honum sem persónu ekkert við er að sjálfsögðu réttur hans sá að fá uppsögnina rökstudda en það á ekki við í slíkum tilvikum að það sé réttur til að koma og vísa málinu til æðra stjórnvalds eða annað slíkt.

[22:57]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson formaður efh.- og viðskn. sagði að í meðförum nefndarinnar er nokkur breyting til bóta þessi þrenging að stjórnsýslulögunum. Í annan stað er ég ákaflega feginn því að hv. þm. mannaði sig upp í að nefna hlutina sínum réttu nöfnum og er ekki að reyna að koma púðurskotum á pólitíska andstæðinga úr launsátri þess vegna. Það á að nefna hlutina réttum nöfnum og ekki hengja bakara fyrir smið. En þrátt fyrir þessi fátæklegu andmæli sem fram hafa komið hjá hv. þm., formanni efh.- og viðskn., þá er það satt að segja hvorki að hann hafi tekið á meginatriðum málsins eða, af því að hann hefur setið yfir þessu lengi fyrir hönd hæstv. fjmrh., að hann hafi notað sinn knappa tíma til þess að taka undir eitt eða neitt af þeirri þó jákvæðu og málefnalegu gagnrýni sem þetta hefur sætt bæði héðan úr ræðustól og í þessum nál. Eftir stendur eftir umræðuna hingað til hin ótvíræða yfirlýsing hæstv. fjmrh. um að hann er þrátt fyrir allt og þótt nokkuð sé framgengið málið reiðubúinn til að ræða þessi mál án fyrirframskilyrða við viðsemjendur sína. Meðan svo er geri ég mér vonir um að hann standi við þau orð og eitthvað verði mark á þeim takandi og hv. formaður efh.- og viðskn. fari í því efni líka auðvitað eftir forsvari yfirboðara síns.

[22:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. kvartar yfir því að hér séu fluttar langar ræður og jafnvel sömu ræðurnar aftur og aftur. Hann verður nú að þola það því hér er um afar stórt mál að ræða.

Eins og ég sagði fyrr í dag í andsvari, hygg ég að hér sé á ferðinni stærsta mál þessa þings og kannski það alalvarlegasta því að það sem við erum hér að ræða er háalvarlegt mál, mál sem verður að skoða í samhengi við önnur mál sem eru til meðferðar á hinu háa Alþingi. Þar er ég að vísa til frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem er til meðferðar í félmn. Ég er að vísa til frv. um breytinguna á Pósti og síma. Ég er að vísa til framhaldsskólafrv. Og það kunna að vera fleiri frv. sem öll lúta að þessu sama, þ.e. að ryðja brautina fyrir einkavæðinguna og því að koma hér á einhverju sem hv. ríkisstjórn kallar nútímalega stjórnunarhætti og ég ætla að koma að alveg sérstaklega á eftir.

Hæstv. forseti. Ég tel mig vera seinþreytta til vandræða en það sem hér er að gerast í öllum þessum frv. er í rauninni svo hrikalegt að það er ekki annað hægt en hafa þungar og miklar áhyggjur af því. Það var rakið áðan og ég ætla ekki að fara að endurtaka þá sögu, að hæstv. félmrh. lagði fram frv. sem reyndist ekki standast alþjóðlega sáttmála sem við erum aðilar að, að dómi lögmanna sem voru beðnir að skoða það sérstaklega. Aðrir lögmenn sem hafa verið kallaðir til telja það frv. brjóta í bága við mannréttindasáttmála og alþjóðlega sáttmála aðra í miklu fleiri atriðum en þessir tveir lögmenn sem unnu álit Lagastofnunar. Ég er að tala hér um þrjá lögmenn sem hafa verið kallaðir fyrir nefndina. Því miður hefur ákaflega lítið verið kannað hvernig það frv. sem við erum hér að ræða í kvöld stenst alþjóðlega sáttmála, þó það hafi verið margítrekað bent á það, m.a. í umsögnum BHM, að mörg atriði frv. standist hugsanlega jafnvel ekki eignarskrárákvæði stjórnarskrárinnar, ákvæðin um félagafrelsi, ákvæðin um rétt manna til að vera í félögum og stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Á öll þessi atriði hefur verið bent en því miður hefur nánast engin skoðun farið fram á því hvernig frv. stenst þetta. Þetta er mjög alvarlegt vegna þess að ég er alveg sannfærð um það og vil gera það hér að sérstöku umræðuefni, að verði frv. samþykkt þá á það eftir að hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Það á eftir að hafa mjög alvarlegar afleiðingar á vinnuanda hjá stofnunum ríkisins. Það á eflaust eftir að valda því sem kallað er atgervisflótti ef fólk á annarra kosta völ. Eftir því sem efnahagslífið tekur betur við sér eru auðvitað ýmsir möguleikar að opnast.

Ég hygg að frv. eigi eftir að valda mjög mikilli óánægju vegna þeirra réttindasviptingar sem hér á sér stað. Þegar menn eru að tala hér af einhverju léttlyndi um biðlaun og æviráðningu þá eru þetta auðvitað réttindi sem skipta fólk máli. Þó það megi segja sem svo að það geti verið óeðlilegt að fólk fari úr einu starfi í annað og sé á tvöföldum launum þá gildir það um hluta þeirra starfsmanna sem slíkt kemur fyrir að fólk lækkar í launum. Fólk getur lækkað í launum t.d. þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélög og hlutur ríkisins síðan seldur. Þetta getur haft í för og hefur í för með sér réttindasviptingu. Það gildir t.d. um þá sem fara út á almennan vinnumarkað að fæðingarorlof er þar miklu lakara en hjá ríkinu. Með þessum breytingum er verið að svipta fólk réttindum og að ryðja brautina fyrir frekari réttindasviptingu. Þetta tengist frv. sem ég nefndi áðan, um stéttarfélög og vinnudeildur, þar sem er verið að breyta öllu umhverfi vinnumarkaðarins.

Það er því miður ekki rétt sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að það sé ekkert eftir í frv. félmrh. Það liggja fyrir nokkrar breytingartillögu sem ég ætla ekki að gera grein fyrir hér. Þær munu koma fram þegar þar að kemur. En málið er alveg jafnvont nú og það var. Tillögurnar sem verið er að leggja þar fram til breytinga eru jafnvel enn þá vitlausari en það sem var í upphaflega frv. og standast ekkert frekar alþjóðlega sáttmála en það sem upphaflega var þar að finna. (Gripið fram í.) Já, þetta kallar allt á mikla skoðun og fyrst og fremst spurningar um það hvað verið sé að gera. Hvað er verið að gera og hver er tilgangurinn með þessu? Hver er tilgangurinn, hæstv. fjmrh.? Það sér hver maður að það er engin skynsemi í því að vera sífellt að ala á óánægju opinberra starfsmanna. Það hefur komið fram í allri þessari umræðu — og nú vitna ég enn til umræðunnar um stéttarfélög og vinnudeildur vegna þess að þetta hangir allt saman, það verður að skoða þetta sem verið er að gera allt í samhengi. Allt saman. Það er verið að breyta öllu vinnumarkaðsumhverfinu hvort sem það er á almennum markaði eða hjá ríkinu. — Og það hefur margoft komið fram að reynsla opinberra starfsmanna af þeim reglum sem gilda hjá hinu opinbera um verkfallsboðanir, um samninga við ríkið og annað sem lýtur að þessum samskiptum ríkisins og opinberra starfsmanna, hefur verið í afar slæmum farvegi.

Eins og margbent er á í gögnum sem þessum málum fylgja hafa verkföll undanfarin ár fyrst og fremst verið í röðum opinberra starfsmanna, hvert verkfallið á fætur öðru, harðvítug og löng verkföll. Þetta segir okkur mikla sögu um samskipti ríkisins og starfsmanna þess. Svo koma menn

með þessa frumvarpsnefnu og boða nýja starfsmannastefnu. Nýja stjórnarhætti hjá hinu opinbera. Það á að gera stjórnun ríkisins og stofnana þess nútímalegri í kjölfarið á öllum þessum deilum. Og hvernig er þetta gert? Þetta er gert með því að það er verið að þvinga frv. í gegn um þingið. Hér eru stjórnarsinnar náttúrlega ekki margir. Þeir iðka það yfirleitt ekki að fylgjast með þessum frv. og eru ekki að setja sig inn í þá gagnrýni sem kemur fram á málin vegna þess að þeir vilja ekkert vita um gagnrýnina. Þeir vilja ekki ... (Gripið fram í.) Ég á við báða stjórnarflokkana. Það er enginn einasti framsóknarmaður hér. Þeir vilja ekkert vita um þessa miklu gagnrýni og þessar stóru spurningar sem hafa komið fram varðandi þetta frv. Nei, þetta er allt saman gert í nafni nútíma og nútímalegra stjórnarhátta en það blasir við okkur að það þarf að grípa til aðgerða til að bæta vinnuandann hjá ríkinu, til að bæta stöðu starfsmanna ríkisins. Ég hef sjálf lagt fram tillögu um endurskoðun á launakerfi ríkisins vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að launakerfi ríkisins sé handónýtt. Það kom að vísu einn — ég held hann sé formaður samninganefndar ríkisins — á fund efh.- og viðskn. og rakti þar fyrir okkur hversu gott þetta launakerfi væri. Hvað þetta væri nú bara fínt kerfi. Ofboðslega gott kerfi. Þó hefur ekki linnt verkföllum árum saman, auðvitað fyrst og fremst vegna óánægju með launakerfið. Ég get nefnt það í því samhengi að það eru fyrst og fremst kvennastéttirnar sem hafa verið í verkföllum. Af því að ég nefndi þessa tillögu, þá rek ég hér í fylgiskjölum öll þau málaferli sem opinberir starfsmenn, BSRB og BHM hafa lagt út í á undanförnum árum. Þeir eru sífellt og endalaust í málaferlum við ríkið út af alls konar málum sem upp koma. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers konar samskipti eru þetta? Eru það þessir nútímalegu stjórnarhættir? Eða ætlar hæstv. fjmrh. að breyta um kúrs þegar búið er að samþykkja þetta lagafrv. og á þá öllu að linna? Á þá fólk að verða svo ánægt með þetta að það verði ekki fleiri málaferli þegar búið er að svipta fólk réttindum? Nei, hæstv. fjmrh. þetta frv. mun kalla á enn þá fleiri málaferli og kærur. Ég spái því að þessi lög verði kærð fyrir Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna þess að þau standast ekki mannréttindaákvæði, þau standast ekki íslensku stjórnarskrána, þau standast ekki þær alþjóðasamþykktir sem við höfum samþykkt. Þetta er nýi stjórnunarstíllinn.

Ég ætla aðeins að víkja að honum sérstaklega vegna þess að ég verð að viðurkenna að sú lýsing sem kemur fram í þessu frv., þær lagagreinar sem verið er að breyta, koma alls ekki heim og saman við það sem ég veit um nýjan stjórnunarstíl því ég hef kynnt mér það töluvert. Ég get rifjað það upp að ég átti þess kost fyrir tveimur árum að ferðast um Bandaríkin þar sem m.a. var verið að kynna fyrirtækjarekstur og ýmsar stofnanir hins opinbera. Þar kom margt fram um nýjan stjórnunarstíl. Ég setti niður á blað ýmislegt og tíndi til greinar sem ég vil gjarnan lána hæstv. fjmrh. því hann þarf greinilega að kynna sér hvað felst í hinum svokallaða nýja stjórnunarstíl. Hann hefur kannski lesið eitthvað um hann, e.t.v. aðallega greinar frá Nýja-Sjálandi eða þá að hann man bara þær upplýsingar sem fram komu í máli Ruth Richardson, fyrrv. fjármálaráðherra á Nýja-Sjálandi, þegar hún var hér á ferð og lýsti því að ein mikilvægasta og mesta breytingin sem hefði verið gerð á stjórnkerfinu þar væri að breyta lögunum um opinbera starfsmenn og breyta öllum lögum um kjarasamninga í þeim tilgangi að gera vinnumarkaðinn sveigjanlegri. Sennilega hefur það tekist að einhverju leyti því að í Morgunblaðsviðtali við hana á sínum tíma í nóvember sagði hún einmitt að vinnumarkaðurinn hefði verið leystur úr gíslingu hins mikla samflots þar sem allir voru negldir saman í sömu kjarasamningana. Hvar kemur þetta nú heim og saman? Í frv. hæstv. félmrh. er einmitt verið að beina öllum inn í þetta blessaða samflot. Þar gengur öll hugsun út á það að fá heildarsamninga. Síðan kemur fjmrh. með sinn nýja stjórnunarstíl og talar um valddreifingu og að færa vald til stofnana. En það er bara ekkert slíkt að finna í þessu frv.

Hvað er það sem einkennir hinn nýja stjórnunarstíl eins og hann er kenndur t.d. í Bandaríkjunum? Fyrsta grundvallarregla er samvinna og samráð? Samvinna og samráð. Það er nú einmitt það sem hefur skort svo átakanlega í allri þessari vinnu. Hæstv. fjmrh. lýsti því áðan að aldrei hafi strandað á samráði, aldrei strandaði neitt á samráði. En hvað kallar hann samráð? Það væri fróðlegt að fá upplýst hvað hann kallar samráð. Er það eitthvert samráð að kynna fólki drög að frv.? Er það samráð? Er það samráð að taka ekki tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma? Ég get vitnað til þess sem fram kom hjá fulltrúum opinberra starfsmanna sem komu á fund félmn. í gærkvöldi og sögðu: „Til hvers er verið að kalla okkur endalaust á nefndarfundi og eyða fyrir okkur mörgum klukkustundum þegar ekkert er hlustað á það sem við segjum, þegar ekkert tillit er tekið til þess sem við höfum fram að færa?“ Er þetta samráðið? Er þetta það sem hæstv. fjmrh. á við með samráði?

Önnur grundvallarreglan í hinum nýja stjórnunarstíl — og nú vísa ég til Bandaríkjanna. Ég þykist vita að hæstv. fjmrh. hafi ekki mjög mikla andúð á Bandaríkjunum eða sé mjög gagnrýninn á stjórnarfarið þar í landi. — Önnur reglan er þátttaka og áhrif starfsmanna. Að starfsmenn hafi áhrif á ákvarðanir í stofnunum sínum og fyrirtækjum og þeir séu kallaðir til þátttöku. Enn ein reglan er jafnrétti á vinnustað. Eins mikið jafnrétti á vinnustað og hægt er að koma á. Jafnrétti milli kynjanna, jafnrétti milli yfirboðara og undirmanna. Enn ein reglan er vinsamlegt umhverfi sem felst ekki bara í fallegum húsum og innréttingum heldur vinsamlegt andrúmsloft milli starfsmanna, það sem hefur verið þýtt sem vinnuandi á íslensku, og er ákaflega mikilvægt hugtak og er auðvitað það sem hæstv. fjmrh. er að spilla með sínu frv. Enn ein reglan er sú að þeir sem stjórna eigi að deila valdi sínu og þekkingu, þeir eigi að deila valdinu með þeim sem þeir vinna með og liggja ekki á þekkingunni heldur deila henni. Það á að ýta undir starfsmenn í störfum þeirra að þeir sýni frumkvæði og að þeim sé vel launað og hrósað fyrir það sem er gert vel. Einnig að ýta undir sjálfsvirðingu starfsmanna og loks að bera virðingu fyrir fjölskyldu og fjölskyldulífi starfsmanna. Þetta er það sem ég hef séð sem meginreglur þess sem er kallað nýr stjórnunarstíll og er oft kenndur við konur og þau áhrif sem konur hafa haft á fyrirtækjarekstur, m.a. í Bandaríkjunum. Ég get veifað hér greinum sem sanna það sem ég hef hér verið að segja.

En hvað er það sem hæstv. fjmrh. er að gera í sínu frv. og öðrum þeim frv. sem við erum að ræða hér? Þar er verið að draga úr áhrifum starfsmanna. Það er verið að draga úr áhrifum starfsmanna við að taka ákvarðanir. Þar get ég t.d. vísað til framhaldsskólafrv. þar sem m.a. er verið að taka kennara út úr skólanefndum. Það verður ekki vart við snefil af einhverju sem kalla mætti atvinnulýðræði eða aukin áhrif starfsmanna ríkisins í þessu frv. Nei, hér gengur allt út á að styrkja stöðu yfirmanna, yfirboðara, og þó það sé sett fram sem grundvallarhugmynd að það eigi að styrkja sjálfstæði

stofnana og þar með að koma á valddreifingu þá er það bara alls ekki gert. Fjmrh. og fjmrn. eru með puttana í þessu öllu saman. Allt felur þetta í sér mikla miðstýringu og fornaldarleg viðhorf. Þetta eru gamaldags og úrelt viðhorf til starfs og starfshátta og þeirra áhrifa sem fólk á að hafa á umhverfi sitt. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvaðan eru þessar hugmyndir komnar og hvernig rökstyður hann það að hér sé um nýjan stjórnunarstíl að ræða? Þetta er nákvæmlega eins og menn hafa gengið fram áratugum og jafnvel öldum saman að deila og drottna. Það er stefnan í þessu.

Þá ætla ég að koma aðeins betur að aðdraganda þessa máls sem er nauðsynlegt að rekja hér vegna þess að það er ljóst að við erum að gera breytingar á býsna gömlum lögum, lögum frá 1954, sem áttu sér allnokkurn aðdraganda. Ef ég man rétt voru fyrstu lögin um opinbera starfsmenn sett 1915 og þar var réttur þeirra takmarkaður mjög verulega en eftir síðari heimsstyrjöldina þótti mönnum ástæða til að festa í lög ýmis félagsleg réttindi opinberra starfsmanna sem þýddi þó að þeir höfðu ekki verkfallsrétt. Reyndar var það svo að hluti opinberra starfsmanna hafði ekki einu sinni samningsrétt heldur bjó við það að launanefnd ákvað launakjörin og síðan Kjaradómur. Það sem skiptir máli varðandi þær breytingar sem hafa verið gerðar á stöðu opinberra starfsmanna eftir 1954 er auðvitað það að samið var um þau réttindi sem bættust við. Að vísu voru opinberir starfsmenn ekki ánægðir með allt sem var að finna í þeim lögum sem sett voru en það var þó að undangengnum samningum sem lagabreytingarnar áttu sér stað. Þannig á auðvitað að vinna, hæstv. fjmrh. Þannig á að vinna. Það á að reyna að ná samkomulagi við fólk og virða mannréttindi. Það á að auka félagsleg réttindi en ekki að skerða þau eins og hér hefur komið fram. Ég nefndi aðeins áðan hvaða afleiðingar frv. muni hafa ef það verður að lögum. Ég hygg að það sé alveg ljóst að í komandi kjarasamningum mun ríkja mikil harka jafnt á almenna vinnumarkaðnum sem hjá opinberum starfsmönnum því auðvitað munu menn reyna að bæta sér upp réttindamissinn með hækkuðum launum. Eins og komið hefur fram í umræðum í kvöld hafa réttindi opinberra starfsmanna alltaf verið metin til launa. Því hefur alltaf verið haldið að opinberum starfsmönnum að ekki væri hægt að bæta launakjör þeirra meira vegna hinna miklu félagslegu réttinda sem þeim væru tryggð með lögum. Nú er verið að afnema sum þessi réttindi og opinberir starfsmenn vildu að sjálfsögðu fá að semja um þau, semja um einhverjar breytingar þar á en það er ekki gert. Þess vegna verður reynt að sækja það með kjarasamningum sem verið er að taka af fólki.

Það sem er svo alvarlegt í þessu frv. og er ekkert hlustað á er að það er verið að svipta ákveðinn hóp ríkisstarfsmanna aftur samningsréttinum. Og ekki bara samningsréttinum með því að gera menn að embættismönnum sem munu heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd, aðallega kjaranefnd, heldur er þar með verið að gera önnur félagsleg réttindi þessa hóps að engu. Þar get ég nefnt t.d. prófessora í háskólanum sem sumir hverjir hafa mótmælt harðlega því sem hér er verið að gera með þessu frv. Þetta gildir um ýmsa aðra hópa opinberra starfsmanna sem munu verða í tölu embættismanna að þeir eru sviptir öllum rétti til að hafa áhrif á eigin kjör. Þegar þetta fer saman við þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á almenna vinnumarkaðnum þýðir það að mínum dómi að hér verður allt í háa lofti. Það verður allt í háa lofti á vinnumarkaðnum þegar líða tekur á árið og það er alveg ljóst að stéttarfélögin munu að sjálfsögðu bregðast við breytingunum með eðlilegum aðgerðum. Ég get nefnt sem dæmi það sem ég reyndar kom að hér í dag að verkalýðshreyfingin spáir því að það þurfi að gera um 5.000–8.000 viðræðuáætlanir í kjarasamningunum næsta haust og í kringum áramótin til að framfylgja settum lögum. Það geta orðið harðvítug verkföll sem erfitt verður að afboða eftir að settar hafa verið nýjar reglur um hvernig eigi að standa að verkfallsboðun. Það verður áreiðanlega bið á því að menn fari í vinnustaðasamninga eða láti bjóða sér upp á að greiða atkvæði um sameiginlega miðlunartillögu eftir þessa lagasetningu. Það er því alveg ljóst að með öllum þessum aðgerðum og þessum frv. er ríkisstjórnin að setja allt á annan endann. Það er verið að setja vinnumarkaðinn á annan endann. Það getur ekki annað gerst í kjölfar þessarar lagasetningar.

Ég ætla að víkja nánar að einstökum atriðum. Þá ætla ég fyrst að koma að því sem mér finnst skipta mjög miklu máli og það er félagafrelsið og hvernig verið er að traðka á því og verið að grípa inn í innri mál stéttarfélaga og starfsmanna með frv. Það er svo, hæstv. forseti, að félagafrelsið er ekki einungis tryggt í íslensku stjórnarskránni þar sem segir í 74. gr., með leyfi forseta:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess."

Í 75. gr. segir: Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu." Jafnframt segir í þessari grein: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa." Það má kannski minna á að í frv. er gert ráð fyrir að hægt sé að flytja ríkisstarfsmenn á milli starfa milli stofnana ríkisins án þess að þeir hafi nokkuð um það að segja. Ég spyr hvort það standist 75. gr. stjórnarskrárinnar? Félagafrelsið er tryggt í félagsmálasáttmála Evrópu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Allt verkafólk og vinnuveitendur eiga rétt á að gerast aðilar að samtökum, innlendum eða fjölþjóðlegum, til verndar efnahagslegum og félagslegum réttindum sínum. Allt verkafólk og vinnuveitendur eiga rétt á að semja sameiginlega. Í félagsmálasáttmála Evrópu segir líka í 5. gr. um réttinn til að stofna félög: „Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags og félagsmála og til að ganga í slík félög skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða að hve miklu leyti trygging sú, sem þessi grein veitir, skuli taka til lögreglunnar. Það skal einnig ákvarðast í landslögum eða reglugerðum að hve miklu leyti tryggingin, sem grein þessi gerir ráð fyrir, skuli ná til manna í herþjónustu." Á öðrum stöðum kemur fram að það er ekki heimilt að grípa inn í félagafrelsið nema að slíkt varði öryggi þjóðarinnar, heilsufar eða annað sem er mjög brýnt eins og kemur fram í greinargerðinni með þeim breytingum sem gerðar voru á íslensku stjórnarskránni. Inn í allt þetta er verið að grípa með þessu lagafrv. og frv. um stéttarfélög og vinnudeildur. Það er um óeðlilegt inngrip og afskipti af innri málefnum stéttarfélaga að ræða. Það er verið að taka af ákveðnum hópi réttinn til að stunda þá vinnu sem þeir kjósa og þannig mætti lengi telja. Að mínum dómi er um margfalt brot að ræða og eins og ég nefndi hér áður getur ekki annað gerst en að þetta verði allt saman kært. Þetta verður allt kært, þetta er því miður þess eðlis.

Ég ætla þá að víkja að einstökum efnisgreinum frv. eins og

það liggur nú fyrir. Ég hef að vísu komið inn á einstaka atriði í máli mínu. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um breytingartillögurnar sem hér liggja fyrir því að þær breyta í rauninni afskaplega litlu þó að þar hafi hv. meiri hlutinn í efh.- og viðskn. orðið við ýmsum sjálfsögðum breytingartillögum, ýmsu sem bent var á. En eins og ég nefndi áðan er tilgangur þessa frv. í fyrsta lagi að marka nýja starfsmannastefnu.

Ég er þegar búin að víkja nokkuð að því atriði hvers konar starfsmannastefna þetta er, sem fyrst og fremst gengur út á það að þrengja rétt fólks. Það er auðvitað rökstutt þannig að ríkið þurfi að vera fyrsta flokks vinnuveitandi og að vera fært um að keppa við almennan vinnumarkað um góða starfsmenn. Þetta eru röksemdirnar. Maður spyr sig í fyrsta lagi: Hvernig í ósköpunum dettur frumvarpshöfundum í hug að ríkið geti orðið fyrsta flokks vinnuveitandi með þessum starfsaðferðum? Hvernig dettur mönnum í hug að setja svona fram þegar við horfum á sögu undanfarinna 10 ára og öll þau verkföll sem opinberir starfsmenn hafa gengið í gegnum og þær breytingar sem hér er verið að þvinga í gegn einhliða, hvernig dettur mönnum í hug að menn geti litið á ríkið sem fyrsta flokks vinnuveitanda eftir þessi ósköp? Halda menn að þetta renni svona í gegn þegjandi og hljóðalaust og hafi engin áhrif? Halda menn það virkilega?

Ég spurði hv. formann hv. efh.- og viðskn. að því í dag hvaða áhrif hann teldi að þessar breytingar mundu hafa og það varð fátt um svör. Honum finnst þetta allt gott og blessað, bara harla gott.

Enn eitt markmið þessa frv. er að auka valddreifingu og sveigjanleika í starfsmannahaldi ríkisins. Ég spyr enn og aftur: Hvar er þessi valddreifing? Er það einhver valddreifing að auka sérstaklega vald forstöðumanna, það að forstöðumenn geti borgað fólki einhver extralaun? Er það einhver sérstök valddreifing? Hvernig skilur hæstv. fjmrh. þetta hugtak, valddreifingu? Ég hefði haldið að valddreifing fælist í því að starfsmenn hefðu meiri áhrif á stefnu sinnar stofnunar og það starf sem þar fer fram innan dyra, að menn tali saman, að menn beri saman bækur sínar, að menn taki sameiginlegar ákvarðanir og beri virðingu fyrir skoðunum hvers annars. En það er ekki verið að tala um það. Það er hreint ekki verið að tala um það. Það er bara verið að tala um aukið vald forstöðumanna. Í hverju felst þessi sveigjanleiki í starfsmannahaldi? Hvaða sveigjanleiki er hér á ferð? Ég vildi gjarnan fá skýringu á því. Það er að vísu kveðið á um að það verði hægt að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma sem er auðvitað góðra gjalda vert. (**Gripið fram í:** Flutt fólk á milli.) Já, flutt fólk á milli án þess að spyrja það einu sinni að því hvort það vilji það. Það er kannski mikill sveigjanleiki. En þetta er ekkert nema bull, þetta er bara bull. Þetta er bara innantómt blaður og fjas. Það er verið að reyna að draga fjöður yfir það sem raunverulega er verið að gera í þessu frv.

Ég spyr hæstv. fjmrh. — sem reyndar hefur brugðið sér frá, hæstv. forseti. Hann er væntanlega einhvers staðar í grennd.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir til að hann komi.)

Ég spyr hann: Í hverju felst þessi sveigjanleiki? Ég vil fá skýringu á þessu. Ég fæ ekki séð að hér sé um neinn sveigjanleika að ræða, nema ef vera kynni þetta með vinnutímann sem ég ætla reyndar að koma að aftur því það er reyndar full þörf á því að skoða betur í ljósi þess sem hefur verið að gerast, hvað þeir eiga við með sveigjanleika í vinnutíma. Eins og sveigjanleikinn hefur verið tíðkaður úti í Evrópu, hefur hann fyrst og fremst falist í því að bjóða fólki eða þvinga fólk til þess að minnka við sig vinnu, fækka störfum. Er það það sem verið er að tala um? Ég vonaðist til þess og skildi frv. þannig upphaflega að það væri ekki meiningin. En eftir allt það sem hér hefur á undan gengið, veit maður ekki á hverju er von.

Enn eitt markmið þessa frv. er að einfalda launakerfið. Ég á bágt með að sjá að sú skipting í hópa opinberra starfsmanna sem hér er boðuð, bjóði upp á einfaldara launakerfi. Það verður hópur ríkisstarfsmanna sem er innan ASÍ og semur við ríkið í gegnum sín stéttarfélög. Síðan verður hópur starfsmanna sem er í BSRB og BHM sem semur beint við ríkið. Síðan er hópur starfsmanna sem heyrir undir Kjaradóm og kjaranefnd. Menn sækjast eftir því sumir hverjir að komast í þann fína flokk því að þeir vona að þeir fái hærri laun út úr því þó þeir hafi reyndar sumir hverjir verið að átta sig á því að þeir væru líka að fórna töluverðum réttindum um leið. Býður þetta upp á einfaldara launakerfi? Þetta er bara jafnmargfalt launakerfi og það hefur verið.

Það er kveðið á um það að Kjaradómur og kjaranefnd eigi að ákveða heildarlaun þess hóps sem þessir tveir aðilar fjalla um, Kjaradómur og kjaranefnd. Með 9. gr. þar sem kveðið er á um þessa launauppbót er vissulega meiningin, nái frv. fram að ganga, að það kerfi sem fyrir er með öllum þessum duldu sporslum verði breytt og það afnumið. Ef það gerist sem er auðvitað af hinu góða, er samt ekki verið að einfalda launakerfi ríkisins. Það verður ekkert gagnsærra með þessu. Það er ekki meiningin að gefa upp hverjir fá hvaða aukagreiðslur. Það er ekki meiningin.

Enn eitt markmiðið sem hér er sett fram snýr að því að auka jafnrétti. Það er auðvitað góðra gjalda vert að minna menn á að þeir eigi að gæta jafnréttis kynjanna bæði við stöðuveitingar og þegar verið er að ákveða launauppbætur. En í núgildandi lögum frá 1954 er kveðið á um að karlar og konur skuli hafa jafnan rétt til starfa og launa hjá ríkinu. Og hver er niðurstaðan? Hver er sú mynd sem við okkur blasir hvað það varðar? Gífurlegt launamisrétti kynjanna hjá ríkinu þannig að svona setningar eru náttúrlega aglerlega innantómar ef þeim er ekki fylgt eftir. Þær þýða ekki nokkurn skapaðan hlut. Hæstv. fjmrh. slær um sig sem riddara jafnréttisins þessa mánuðina og gefur út bæklinga sem er góðra gjalda vert ef því er fylgt eftir með raunhæfum aðgerðum. En aðgerðirnar felast fyrst og fremst í því að það fari fram nýtt starfsmat hjá ríkinu, að störf verði endurmetin til launa, störf kennara, störf hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, starfsstúlkna á sjúkrahúsum og annarra hópa sem vinna ábyrgðarmikil og erfið störf en eru mjög lágt launaðir, konur fyrst og fremst. Í því felst jafnréttið. Og að það verði raunhæfar aðgerðir til þess að fjölga konum í ábyrgðarstörfum og að sjá til þess að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði jafn hlut karla eins og lög kveða á um. Málið felst í því, hæstv. fjmrh., að framfylgja lögum, ekki að setja einhverjar fallegar klausur inn í lög sem er svo ekkert fylgt eftir. Eins og ég var að rekja hér, þá hafa þau lög sem við höfum búið við hingað til, hvort sem það eru jafnréttislögin eða lögin um opinbera starfsmenn eða lögin um jöfn laun karla og kvenna frá 1961 sem voru merkileg og framsækin lög á þeim tíma, einfaldlega engu breytt, sáralitlu breytt.

Ég get rifjað það upp af því að það er orðið áliðið kvölds að launabilið milli karla og kvenna hefur eiginlega ekkert breyst frá því um 1300. Þá var launamunur karla og kvenna um það bil helmingur. Við erum í þeirri stöðu enn þá þegar litið er á heildarlaun, meðallaun. Launabilið er um það bil

helmingur. Þarna eru einfaldlega allt önnur lögmál á ferð. Það er allt annað á ferð en einhver lagasetning. Það eru viðhorf og get ég tekið undir það með hæstv. fjmrh. að það þarf að breyta viðhorfum, en það þarf líka að fylgja eftir því sem verið er að samþykkja.

Þetta eru markmiðin sem ég var að rekja hér. Ég spyr aftur: Hvers konar innantómt hjal er þetta? Í hverju felst þessi nýja starfsmannastefna? Í hverju felst valddreifingin og sveigjanleikinn? Hann er ekki í þessu frv., svo mikið er víst. Og ég spyr enn: Hvaðan eru þessar hugmyndir? Eins og fram kom í máli fulltrúa BHM í gærkvöldi, er ástæða til þess að spyrja: Hvar eru tillögurnar um atvinnulýðræði? Hvar eru tillögurnar um aukinn rétt fólks? Erum við virkilega í þeirri stöðu að vera að skerða félagsleg réttindi fólks? Er einhver ástæða til þess? Eru þau svo yfirþyrmandi hér á landi að þau séu að sliga allt okkar þjóðfélag, þessi gífurlegu félagslegu réttindi, samningsréttur, biðlaun, æviráðning? Er þetta svona yfirgengilegt og svo þungt í vöfum og efnahagskerfinu erfitt og samanburðurinn svo ofboðslegur við almenna vinnumarkaðinn að þessu verði að breyta?

Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að við erum langt á eftir þeim þjóðum sem við berum okkur helst saman við hvað varðar félagsleg réttindi. Þó að ég sé ekki mjög hrifin af Evrópusambandinu, get ég samt sagt að öryggi starfsfólks innan Evrópusambandsins er miklu betur tryggt en hér á landi. Uppsagnarákvæði og starfsöryggi fólks er miklu betur tryggt. Hvar eru þær tilskipanir frá ESB? Ekki er verið að ýta þeim í gegn. (Gripið fram í.) Þær hljóta að vera alveg að koma. Það skyldi maður vona. En þegar kemur að atriðum eins og vinnutíma fólks, eins og vinnu barna, eins og rétti launafólks, ráðningarkjörum og fleira slíku sem reyndar tengist líka samskiptum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nei, þá er ekki hægt að samþykkja þau. Þá er það látið bíða alveg endalaust og von úr viti og þeir í Garðastrætinu eru alveg trylltir yfir þessum tilskipunum og skilja ekkert í frjálshyggjuliðinu úti í Evrópu að láta það líðast að samþykkja svona lagað.

En það vill svo til að viðhorf til vinnandi fólks eru víða allt önnur en hér á landi. Það ríkja mjög undarleg viðhorf hér á landi sem ég veit varla hvaðan eru ættuð. Þau felast í því að vera sífellt að reyna að takmarka áhrif og réttindi vinnandi fólks. Hvers konar hugmyndir eru þetta um lýðræði? Ég átta mig ekki á því hvaðan í ósköpunum þetta er komið.

Ég ætla að víkja að einstökum atriðum þessa frv. eins og full ástæða er til. Ég rakti áðan þessa skiptingu í ríkisstarfsmenn sem er þessi mikla einföldun og sveigjanleiki. Maður spyr sig: Hvaða tilgangi þjónar það að skipta ríkisstarfsmönnum svona upp í flokka? Í rauninni sýnist mér að flokkarnir séu ekki þrír eins og menn hafa verið að tíunda hér. Þeir eru fjórir. Það eru embættismennirnir, það eru þeir sem nú eru starfsmenn ríkisins og eru félagar í BSRB og BHM og síðan eru það þeir sem eru félagar í ASÍ og vinna hjá ríkinu og síðan verða það þeir sem eru nýráðnir hjá ríkinu og njóta ekki þeirra réttinda sem þeir, sem núna starfa hjá ríkinu, munu þó að hluta til halda. En það verður svo mikill munur á réttindum fólks og þess vegna var það sem minni hlutinn í efh.- og viðskn. lagði til að hér yrði farin sama leið og m.a. hefur verið farin í Danmörku, þ.e. að bjóða fólki upp á að velja um réttindastöðu gegn því að fá hærri laun.

Ég ætla aðeins að koma að 7. gr. frv. sem víkur að auglýsingum. Það er eitt af þessum furðulegu atriðum í frv. um að það á að auglýsa sum störf og önnur ekki. Þótt hér hafi verið tekið út það orðalag sem mjög var gert að umtalsefni við 1. umr. um hin minni háttar störf sem ekki þarf að auglýsa, þá er það svo að það ber að auglýsa sum störf í Lögbirtingablaðinu og önnur með öðrum hætti. Eins og þetta hefur verið, og m.a. hefur verið bent á af umboðsmanni Alþingis, hefur sú regla að auglýsa öll störf á vegum ríkisins verið þverbrotin og þess vegna eru menn að sveigja inn á aðrar brautir. En ég vil benda á að í núgildandi jafnréttislögum segir, með leyfi forseta:

„Ítrekuð verði sú skylda ...“ — Þetta er reyndar í framkvæmdaáætlun núverandi ríkisstjórnar. — „Ítrekuð verði sú skylda ríkisstofnana að auglýsa allar stöður til umsóknar. Í auglýsingu um starf skal koma fram hvatning til þess kynsins sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein eða hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um starfið.“

Ég spyr: Hvernig kemur þessi stefna ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á sínum tíma í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál heim og saman við það sem er svo verið að ákveða í þessum lögum um að auglýsa sum störf og önnur ekki? Hvaða ástæða er til þess að auglýsa ekki öll störf og gefa fólki kost á að sækja um störf?

Það hefur mikið verið rætt um 9. gr. þessa frv. og ég ræddi það töluvert við 1. umr. Þar er kveðið á um rétt forstöðumanna til þess að ákveða aukagreiðslur. Sú breyting hefur reyndar orðið á að þetta nær ekki til embættismanna. Þeir eiga einfaldlega að sæta dómi Kjaradóms eða kjaranefndar. En eftir stendur þetta atriði sem er afar umdeilt. Að sumu leyti get ég tekið undir að það er við lýði kerfi sem er algerlega óalandi og óferjandi og býður upp á mjög mikla mismunun. En það eðlilega er auðvitað að stokka upp launakerfi ríkisins, gera það gagnsætt og einfalt og tryggja jafnrétti kynjanna í gegnum kjarasamninga og nýtt starfsmat í stað þess að vera með aukasporslur af þessu tagi. Það einfaldasta og besta er auðvitað að vera laus við slíkt.

Varðandi 12. gr. kom það nokkuð til umræðu í hv. efh.- og viðskn. að í nefndaráliti yrði þessi grein skýrð, en þar er kveðið á um veikindarétt og fæðingarorlof. En það er ekki orð um hana í nefndarálitinu. Það er mjög auðvelt að misskilja það sem hér er á ferð en þeir höfundar frv. skýra athugasemdirnar með greininni með því að nú nái lögin til félagsmanna í ASÍ og þar með er verið að telja almannatryggingalögin upp í því samhengi. En síðan er tekið fram í ákvæði til bráðabirgða að núverandi réttindi haldi sér nema um annað verði samið. Þetta er afar óljóst og ég hygg að hægt sé að túlka þessa grein með þeim hætti að það sé ekki ótvírætt að þessi réttindi haldist. Þess vegna hef ég, hæstv. forseti, lagt fram brtt. við þessa grein. Að mínum dómi er sérstaklega varðandi fæðingarorlofið um afar mikilvæg ákvæði að ræða og ég ætla að nýta mér þann rétt að mæla fyrir þeirri tillögu í seinni ræðu minni hvenær sem hún verður flutt.

Ég ætla að reyna að stytta mál mitt, en það er auðvitað ástæða til að fara mjög ítarlega í einstök atriði. (**Gripið fram í:** Bara í alla nótt, það er allt í lagi.) Nóttin er ung, segja þingmenn, og vilja sitja áfram. Það er hægt að fara mjög ítarlega út í mörg atriði sem hafa verið gagnrýnd í þessu frv. og ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. fjmrh. varðandi 13. gr. frv. um hans skilning á hugtakinu „sveigjanlegur vinnutími“. Hver er skilningurinn? Er hann sá fyrst og fremst að það eigi að bjóða upp á hlutastörf og þar með hugsanlega að fækka störfum hjá ríkinu eða er hann fyrst og fremst sá að vinnutími geti verið sveigjanlegur yfir daginn? Reyndar er í brtt. kveðið á um að þessu fylgi það að þessi sveigjanlegi vinnutími megi

ekki trufla þjónustu viðkomandi stofnana. Auðvitað getur það ekki verið tilgangurinn með slíkum greinum, en hver er hugsunin? Eftir það sem á undan er gengið er eins gott að fá það fram hvað verið er að tala um.

Þá vík ég að 17. gr. þar sem kveðið er á um skyldu opinberra starfsmanna til þess að vinna yfirvinnu. Þar er reyndar um örlitla breytingu að ræða á núgildandi lögum þar sem dregið er úr þessari vinnuskyldu vegna tilskipunar ESB. Hér er þó verið að taka aðeins tillit til slíkrar tilskipunar. En hvað er það sem réttlætir að opinberir starfsmenn séu skyldaðir lögum samkvæmt til þess að vinna yfirvinnu? Hvers vegna á sú regla að gilda um opinbera starfsmenn og hvernig kemur það heim og saman við það markmið þessa frv. að samræma þau lög sem gilda um opinbera starfsmenn og þær reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði? Þetta er að mínum dómi alger forneskja og ætti að sjálfsögðu að afnema.

Ég ætla reyndar að sleppa því að fara sérstaklega í þau mál sem víkja að því ef fólk hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi. Það er auðvitað atriði sem kallar á alveg sérstaka skoðun hvernig menn ætla að meta það. — Forseti. Mér þykir vera skvaldur í salnum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hafið hljóð í salnum.)

Þá kem ég að 22. gr. þar sem kveðið er á um það hverjir teljist embættismenn. Þar hefur gengið á ýmsu og í rauninni lít ég svo á að mál Háskóla Íslands, prófessora og annarra starfsmanna Háskóla Íslands sé óafgreitt. Þar ruku einhverjir upp til handa og fóta og vildu komast í hóp embættismanna eða vera áfram flokkaðir sem embættismenn hjá ríkinu. En það kemur fram í bréfum frá Félagi háskólakennara, reyndar ítrekað, að sú breyting sem verður með þessum lögum mun raska framgangskerfi háskólans. Í bréfi sem dags. er 6. maí frá Félagi háskólakennara segir, með leyfi forseta:

„Verði frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ásamt frumvarpi til laga um breytingar á sérákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem fylgir því, óbreytt að lögum, mun framgangskerfi háskólakennara verða lagt í rúst en slík einhliða breyting á lögum háskólans mun hafa víðtæk áhrif á kjör háskólakennara til hins verra en fullyrt hefur verið að ný lög eigi ekki að breyta kjörum ríkisstarfsmanna.“ Síðar segir, með leyfi forseta: „Nú er gert ráð fyrir að prófessorar verði embættismenn í skilningi áðurnefnds frv. og jafnframt að dósent geti ekki fengið framgang til embættis prófessors samkvæmt 147.–148. gr. fyrrnefnds fylgifrumvarps. Félag háskólakennara mótmælir því að framgangskerfi háskólans verði eyðilagt eins og mun gerast með þessari breytingu.“ — Ég bíð eftir því að heyra frá ýmsum þeim starfsmönnum háskólans, m.a. prófessorum, sem hafa verið að átta sig á þeirri réttindasviptingu sem þeir verða fyrir, þeim félagslegu réttindum sem þeir missa við þessa breytingu.

Annar hópur sem hefur verið til sérstakrar skoðunar og er bætt inn í þennan hóp eru prestar og prófastar. Í rauninni hygg ég að það verði reiknað með því að það gildi um þá sérstök lög, þeir teljist embættismenn í skilningi laga en verði undanþegnir þessari fimm ára reglu sem verið er að setja. Það gerist þó eingöngu með því að það verði sett sérlög. Hér hefur fyrr í dag verið rakið það bréf sem formaður Prestafélagsins sendi efh.- og viðskn. þar sem hann rakti fyrir nefndinni hvernig okkar kirkjuskipan er til komin allt frá Ágsborgarjátningunni og kirkjuskipan Kristjáns III. Það verður auðvitað að viðurkenna þá sérstöku stöðu sem kirkja og prestar hennar hafa í ljósi þess samnings sem gerður var 1907 og því er eðlilegt að taka sérstakt tillit til þeirra og líta ekki á presta sem hverja aðra embættismenn. Það kallar á sérstaka lagasetningu að þeirra staða verði tryggð, enda telja prestar að þeir þyrftu hugsanlega að sæta því að verða vikið frá störfum eða þurfa að skipta um brauð á fimm ára fresti. Það gengur þvert á hugsun þeirrar kirkjuskipunar sem við búum við og köllun kennimanna eins og það er kallað. Þarna eru því stórir hópar sem þarf að skoða betur og að tryggja með lögum.

Aðeins varðandi þá reglu um að skipa menn tímabundið til fimm ára. Ég get tekið undir að það er nauðsynlegt hjá ríkinu að tryggja ákveðna hreyfingu á starfsmönnum og að ríkiskerfið geti losið sig við, ef þannig má að orði komast, fólk sem reynist óhæft í starfi. En það er spurning hvort hér sé ekki of langt gengið og að hér fái ráðherra og hugsanlega forstöðumenn stofnana þvílíkan rétt til þess að víkja fólki frá að það geti varla talist réttlætanlegt. Hér er um mikið vald að ræða sem menn geta beitt ef þeim líkar ekki við viðkomandi embættismann.

Menn hafa líka bent á það í umsögnum sem borist hafa að ákveðin festa í embættismannakerfinu er líka nauðsynleg eins og reyndar annars staðar og auðvitað er engin ástæða til þess að víkja fólki frá störfum nema brýnar ástæður kalli á það.

Stóru málin í þessu frv. er það sem snýr að biðlaunarétti, að æviráðningu, eða ráðningarfestu eins og það er kallað, sem margir hópar verða sviptir með þessum lögum. Það er starfsöryggi opinberra starfsmanna í heild og það eru mál eins og fæðingarorlofið og veikindaréttur sem að mínum dómi er hægt að mistúlka út frá þessu frv. Í stað þess að tryggja þann rétt með lögum er honum vísað til kjarasamninga meðan aðrar stéttir búa við lög hvað það varðar. Þetta eru allt saman gríðarlega stór atriði og ég ítreka að hér er verið að svipta fólk réttindum sem hefur verið kveðið á um í lögum. Það getur munað fólk miklu hvort sem það er um biðlaun að ræða, ef veruleg breyting verður á starfi, sérstaklega ef ríkisstofnunum er breytt yfir í hlutafélög og það getur orðið veruleg breyting á fæðingarorlofi þannig að við erum að tala um réttindi sem skipta miklu máli.

Niðurstaða mín af öllu þessu er sú að við hljótum að spyrja: Hvað er verið að gera í raun og veru? Hvað er verið að gera með frv.? Hvaða afleiðingar mun það hafa? Þetta eru þær stóru spurningar sem við stöndum frammi fyrir og svar mitt er það að hér er verið að ryðja brautina fyrir einkavæðingu og fyrir breytingar í ríkisrekstri sem á ekkert skylt við nýja eða jákvæða stjórnunarhætti og það er verið að sauma að stéttarfélögunum í landinu. Það er það sem er verið að gera, svipta fólk réttindum og sauma að stéttarfélögunum. Hvers vegna? Hafa stéttarfélögin þvílíkt vald og þvílík áhrif að ástæða sé til? Geta menn ekki horfst í augu við þau lög sem hafa verið samþykkt í landinu og þá alþjóðasáttmála sem við höfum staðfest sem tryggja félagafrelsi og rétt fólks til þess að berjast fyrir bættum kjörum? Geta þessir stjórnmálamenn, sem tilheyra Sjálfstfl. fyrst og fremst og framsóknarmennirnir sem þegja, ekki horfst í augu við þessar staðreyndir? Ég spyr enn og aftur, hæstv. fjmrh.: Hver er tilgangurinn með þessum breytingum?

Ég þykist hafa rakið það að þessar breytingar eiga ekkert skylt við það sem kallað er nýr stjórnunarstíll eða einhverja nýja jákvæða starfsmannastefnu. Hver er sú starfsmannastefna? Hvar er þessi sveigjanleiki sem verið er að boða? Hann er hvergi sýnilegur og nú ætla ég að fara að ljúka

máli mínu, hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar lagafrv. sem mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Hér er verið að vinna að marghátt uðum breytingum á íslensku samfélagi sem núverandi stjórnarflokkar hafa ekkert umboð til þess að gera. Þeir hafa ekki sótt umboð til kjósenda til þess að gera þær breytingar sem verið er að boða. Það er langt í frá. Enda þótt hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi sagt það í dag að hann teldi sig hafa umboð frá kjósendum sínum og teldi að þeir mundu sætta sig við vinnubrögð hans og gerðir, þá var ekkert þessu líkt boðað fyrir kosningar, ekkert. Þó að það hafi verið að finna í stefnuskrá Sjálfstfl. á undanförnum árum einhverjar slíkar klausur hefur ekkert komið fram sem boðaði allar þær miklu breytingar sem hér er verið að gera.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. segir, með leyfi forseta: „Eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar er að endurskoða vinnulöggjöfina með það að markmiði að stuðla að stöðugleika, ábyrgð samningsaðila og auknum áhrifum einstakra félagsmanna í stéttarfélögum." Það er búið að rekja það í kvöld margsinnis að það er verið að setja stöðugleikann í stórhættu með því að setja vinnumarkaðinn allan á annan endann. Væri gott að meiri hlutinn héldi fund með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, ekki síst ASÍ og félögum opinberra starfsmanna, til að heyra í þeim hljóðið núna og hvað þeir eru að boða á næstu mánuðum því það er ekkert lítið. Menn ætla að bregðast við. Þessu verður ekki tekið þegjandi og hljóðalaust. Það er alveg ljóst. Það er verið að stefna stöðugleikanum í stórhættu. Hvers vegna, hæstv. fjmrh.? Hvers vegna? Er það að þrengja að stéttarfélögunum mikilvægara en það efnahagslega jafnvægi sem hefur náðst, það sem launafólk hefur greitt dýru verði og reyndar má deila um hverju hafi skilað? Er það virkilega mikilvægara fyrir Sjálfstfl. að troða upp á þjóðina þessum nýsjálensku hugmyndum og hugmyndum frá Margréti Thatcher og John Major? Það var rétt einn fulltrúinn í heimsókn í boði hæstv. fjmrh. sem var að kynna einkavæðinguna í Bretlandi. Það eru ær og kýr hæstv. fjmrh. að kynna sér þessar hugmyndir og reyna að koma þeim í framkvæmd. Það er verið að troða þessu upp á þjóðfélagið án þess að nokkrar umræður hafi átt sér stað. Það er verið að gera breytingar á öllum leikreglum vinnumarkaðarins þvert á vilja annars aðilans og slíkt kann ekki góðri lukku að stýra. Eins og segir í stefnuyfirlýsingunni: að auka áhrif einstakra félagsmanna í stéttarfélögum. Það er á öllum vígstöðvum verið að draga úr valdi og áhrifum, hvort sem við lítum á kennara framhaldsskólanna, opinbera starfsmenn yfir höfuð eða félagsmenn í almennum verkalýðsfélögum.

Við fáum kannski tækifæri til þess að ræða í næstu viku um frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur þó að ég voni svo sannarlega að hæstv. félmrh. hafi vit á því að draga þá vitleysu til baka því að það stendur ekki steinn yfir steini í því frv. og mun einnig kalla á margfaldar kærur. Það er orðið ansi hart ef Íslendingar þurfa að standa í stöðugum kærumálum úti í Evrópu. Það þarf stöðugt að leita til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins vegna þessarar vitleysu og þeirra forneskjulegu hugmynda sem verið er að reyna að troða upp á samfélagið og sem flestir hafa hafnað, hæstv. félmrh. Það er að vísu einhver sértrúarhópur í sambandi við John Mayjor og á Nýja-Sjálandi en ef hæstv. fjmrh. mundi t.d. fylgjast með umræðum í Bandaríkjunum um efnahagslífið, um stjórnunarhætti, um hlutverk hins opinbera þá kæmist hann að því að þar eru allt aðrar hugmyndir á ferðinni. Það er verið að hjakka í einhverju fari. Þetta er eins og oft hefur komið í ljós, Íslendingar eru 10–20 árum á eftir tímanum, nánast sama í hverju sem er. Hér er verið að troða hugmyndum upp á okkur sem hafa reynst illa annars staðar og menn hafa verið að snúa frá. Þá er verið að reyna að troða þessu upp á okkur og það á eftir að hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Það er alveg augljóst mál að þetta á eftir að hafa alvarlegar afleiðingar og þetta á eftir að spilla starfsmannahaldi og vinnuanda hjá ríkinu í stað þess að bæta hann eins og var yfirlýstur vilji hæstv. fjmrh. Þetta gengur allt í þveröfuga átt og ég skora á hæstv. fjmrh. að stöðva málið hér og nú, draga það til baka leita samráðs og samninga við opinbera starfsmenn því að rétt eins og hægt var að semja við þá um breytingar 1986 þá er áreiðanlega hægt að gera það núna. Ríkisvaldið og stofnanir ríkisins gegna svo miklu hlutverki í samfélagi okkar, og nægir þar að vísa til skólakerfisins og heilbrigðiskerfisins, að hæstv. fjmrh., hæstv. félmrh. og þessi ríkisstjórn hafa ekki leyfi til þess að vinna þau skemmdarverk sem hér er verið að vinna.

[00:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. gerði töluvert úr því að þetta yrði allt saman kært vegna þess að þetta frv. og fleiri sem hún rakti mundu ekki standast þá alþjóðlegu samninga sem við höfum gert. Það er hluti af þeim réttindum sem við höfum samið um og samþykkt á Alþingi, m.a. með EES-samningnum, að Íslendingar fá með þeim samningum ákveðin réttindi. Það er alveg sjálfsagt mál ef einhver telur að brotið sé á rétti sínum að hann láti á það reyna. Ég hygg hins vegar að þetta muni standast þá alþjóðlegu samninga sem við höfum gert og stend að því á þeim forsendum.

Annað sem mér þótti athyglisvert í ræðu hv. þm. er að hún taldi að stóru málin væru tvenns konar. Annars vegar væri það fæðingarorlofið og veikindarétturinn og hins vegar væru það biðlaunin og æviráðningin. Þetta væru stóru málin svo að ég vitni orðrétt í hv. þm. sem meitlaði þessi orð í huga minn. Það er bara ekkert að gerast, hvorki er verið að hrófla við fæðingarorlofi né veikindarétti.

Varðandi biðlaunin er öll takmörkunin sú að það er ekki verið að hrófla við biðlaunarétti þess sem fær ekki vinnu þegar starfslok verða eða þegar honum er sagt upp starfi. Hins vegar eru dregin frá laun sem hann fær í öðru starfi eða hann tekur við eftir að búið er að leggja niður stöðu, jafnvel hjá sama aðila eftir einungis formbreytingu. Þetta er allt og sumt sem er stóra málið. Og æviráðningin. Mér fannst að hv. þm. væri harla skotin í því að afnema æviráðninguna.

[00:14]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í augum opinberra starfsmanna, margra hverra, er það sem kallað er æviráðning, þ.e. starfsöryggi, mjög mikið og stórt mál og það er hlutur sem á að semja um. Ef menn vilja breyta því þá á að semja um það, ekki að gera einhliða lagabreytingar.

Ég rakti það áðan að þegar maður reynir að rekja sig í gegnum frv. varðandi 12. gr., sérstaklega það sem snýr að fæðingarorlofi, má mistúlka það enda var margoft talað um það í nefndinni að skýra í nefndaráliti hvað fælist í þessari grein. Það var ekki gert. Það var ekki gert. Það er vísað til samninga. Það eru ýmsir sem túlka þessa grein á þann veg að það sé verið að setja þennan rétt í uppnám.

Varðandi biðlaunaréttinn, þá verður ekkert fram hjá því horft og það kemur greinilega fram í sjálfu frv. að það er verið að svipta ákveðinn hóp opinberra starfsmanna biðlaunarétti. Það er algerlega skýrt. Við erum bara ekki að tala um þá, hv. þm., sem eru núna opinberir starfsmenn. Við erum líka að tala um réttindi þeirra sem verða opinberir starfsmenn. Hér er yfirlýstur tilgangur frv. að ríkið geti keppt við almennan vinnumarkað um starfsfólk. Hvar verða launauppbæturnar fyrir þessi réttindi sem gera ríkið þá að vinsamlegri og betri vinnuveitanda? Og varðandi kærur, þá kærum við annaðhvort til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins. Þessi mál heyra ekki undir EES-samninginn.

[00:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég nefndi EES-samninginn sérstaklega vegna þess að hv. þm. vitnaði svo ákaft í vinnutímatilskipanir og aðrar tilskipanir frá Evrópusambandinu sem mér skildist að hv. þm. litist býsna vel á og næstum því svo vel að henni væri farið að lítast bara vel á Evrópusambandið sjálft og skildi ekkert í því af hverju við færum ekki að ganga inn í þessi ágætu samtök.

En varðandi fæðingarorlofið má mistúlka. Það er búið að túlka þetta margoft fyrir hv. þm. og það er ekkert ótúlkað eftir. Þetta er alveg á hreinu. Það verður engin breyting hvorki á fæðingarorlofi né veikindarétti.

Varðandi æviráðninguna þá á þetta við nýja starfsmenn og þetta eru allt saman mál sem opinberir starfsmenn munu setja á verðmiða í hæstu kjarasamningum og í framhaldi af því. Þá koma þessi mál að sjálfsögðu öll til umræðu í því ljósi. Þá munu menn gera kjarasamning undir þessum lögum. Ég er alveg sannfærður um að þegar búið er að gera einn eða tvo samninga á grundvelli þessara laga þá verður jafnvel hv. þm. býsna ánægð með að hafa tekið þátt í því að afgreiða þetta mál jafnvel þótt hún væri á móti því.

[00:17]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri gott ef það dygði að skýra þessar ágætu lagagreinar fyrir mér. En það vill svo til að skýringar við lagagreinar í frv. og nefndarálit eru lögskýringargögn. Og þó að höfundar þessa margumræddu frv. hafi skýrt fyrir efh.- og viðskn. hver þeirra meining er með frv., þá þarf það að vera alveg skýrt af textanum hver meiningin er og hún er það ekki. Það er hægt að misskilja þetta. Það var hjakkað í þessu fram og aftur í hv. efh.- og viðskn. vegna þess að nefndarmenn áttu erfitt með að átta sig á því hvað þetta þýddi. Þetta er mjög óljós texti og ég hygg að það verði hægt að teygja hann og toga.

Ég get sannfært hv. þm. um það að ég hef engan áhuga á því að ganga í Evrópusambandið og hef aldrei haft. Reyndar skal ég viðurkenna að ég gekk með mjög opnum huga á sínum tíma í að skoða það mál. En niðurstaða mín eftir mikla lesningu varð sú að ég vil ekki sjá Ísland í því sambandi. **(Gripið fram í:** En Kvennalistinn er með því.) Hins vegar hef ég alltaf viðurkennt að þar er margt gott og margar ágætar tilskipanir hafa verið samþykktar innan Evrópusambandsins og afstaða þeirra til vinnumarkaðarins og vinnandi fólks er miklu jákvæðari og betri en það sem við þurfum að búa við af hálfu Sjálfstfl.

[00:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá mál, fyrir utan það að ég vísa auðvitað á bug því sem hv. þm. talaði almennt um frv. Ég kem að því síðar í þeirri ræðu sem ég þarf að flytja við þessa umræðu.

Ég vil í fyrsta lagi segja að þegar talað er um sveigjanlegan vinnutíma, er auðvitað átt við það að menn geti breytt út frá þeim vinnutíma sem ákveðinn er hverju sinni. Það er ekki verið að tala um hlutastörf, heldur að það sé hægt að taka tillit til aðstæðna eins og heimilisaðstæðna eða annarra aðstæðna og að færa til vinnutímann í samstarfi við stjórnandann á hverjum stað án þess að það bitni á þjónustunni.

Í öðru lagi vil ég láta það koma fram að bandormurinn er ekki afgreiddur og það eru fjöldamörg mál þar sem þarf að skoða. Frá mínum bæjardyrum séð er ekki nauðsynlegt að rjúfa sambandið á milli t.d. dósenta og prófessora eins og gert er í bandorminum. Það liggur fyrir texti þar. Það er ekki nauðsynleg afleiðing af þessu frv. sem við erum að ræða hér því að sérlögin gilda þessu frv. framar. Það mál þarf að skoða og það verður skoðað áfram eins og önnur atriði í því frv.

Í þriðja lagi varðandi auglýsingar, þá verður hv. þm. að hafa það í huga að hluti af þeim starfsmönnum sem nú er verið að tala um eru í ASÍ. Þau störf sem þeir hafa stundað hafa aldrei verið auglýst, hvorki fyrr né síðar og meira að segja stór hluti starfa sem heyra undir opinbera starfsmenn hafa heldur ekki verið auglýst löglega í Lögbirtingablaðinu. Það er lagaskylda og það hefur verið vikið að því af hálfu umboðsmanns Alþingis og það er verið að gera þessar reglur skýrari. Ég held að flestir séu sáttir við það.

Loks vil ég víkja að fæðingarorlofinu og segja að ef eitthvað er betra í þessu frv. — vegna þess að það er búið að taka orðið konur sérstaklega út úr frv. Nú segir: „starfsmenn" þannig að það er opnað fyrir það að karlmenn geti átt aðild að fæðingarorlofi. Ég kem vonandi að því hér á eftir. **(Gripið fram í:** Bakkað niður á við.) Nei, það hefur ekkert verið minnst á það.

Loks ætla ég að segja þetta: Það hefur ekki verið minnst á að ASÍ-mennirnir eru að fá aukinn rétt, þar á meðal biðlaunarétt, þeir sem nú eru í starfi. Á að lækka launin þeirra fyrir það? Á að lækka launin þeirra?

[00:22]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi fæðingarorlofið, þá er það rétt að það eru gerðar orðalagsbreytingar. Það er náttúrlega bara tímanna tákn því að þetta var auðvitað mjög gamalt ákvæði og fyrst og fremst miðað við það að konur tækju fæðingarorlof. Það er í sjálfu sér ekkert annað en eðlilegt að breyta því. Ég fagna því ef hæstv. fjmrh. ætlar að breyta um stefnu og gera karlmönnum, sem eru starfsmenn hjá ríkinu eða eru giftir eða búa með opinberum starfsmanni, kleift að njóta fæðingarorlofs. Þó á það að sjálfsögðu ekki að bitna á móðurinni. Þetta er réttur sem þarf að auka.

Varðandi þetta atriði með ASÍ-félaga þá var því margoft haldið fram í vinnu nefndarinnar að loksins næðu lögin til ASÍ-félaga. Þetta er mjög umdeilt og BHM heldur því stíft fram í sínum umsögnum, sem eru reyndar tvær og eru mjög viðamiklar, að þetta sé röng túlkun af hálfu höfunda frv. En það hefur líklega lítið á það reynt. Það sem skiptir máli, hæstv. fjmrh., er að opinberir starfsmenn hafa í sumu notið betri réttar, t.d. hvað varðar fæðingarorlof, t.d. hvað varðar

biðlaunarétt og það er verið að skerða þeirra rétt. Við eigum að auka réttindi en ekki að skerða þau.

[00:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn og reyndar þeir sem hafa fjallað um þetta mál vita hvernig núverandi grein er, 17. gr. starfsmannalaganna, um fæðingarorlofið. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Ákveða skal með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar"

Þetta er allt og sumt. Síðan er það bara reglugerðin sem ræður. Ég staðhæfi að það sem er í þessum frv. sem hér liggja fyrir er betra ef eitthvað er en það sem er í núverandi lögum.

Í öðru lagi vegna biðlaunaréttarins, þá er ekki verið að gera meiri breytingar en þær að allir núverandi starfsmenn halda tímalengdinni. Það er komið í veg fyrir að þeir séu á tvöföldum launum. Mér finnst það bara sanngjarnt. Ég spurði hv. þm. og ég vil fá svar við því af því að ég hef reynt að svara hv. þm.: Ef það er svo að starfsmenn sem hafa verið taldir opinberir starfsmenn eigi að fá launahækkun fyrir það að missa eitthvað af biðlaunaréttinum, eitthvað lítils háttar af honum, eins og mér skilst á hv. þm., á þá ekki með sama hætti að vaða fram og segja: Nú fá ASÍ-mennirnir biðlaunarétt sem ekki hefur verið viðurkennt fyrr en með þessum lögum hér, á þá ekki að lækka launin þeirra á móti? Það hlýtur að standast á ef þessi réttur er einhvers virði í launum. Ég staðhæfi það að því hefur aldrei verið haldið fram að æviráðingin og biðlaunarétturinn komi inn í kjarasamninga á móti einhverjum peningum í launum. Það hefur ekki verið gert. Það hefur hins vegar verið gert varðandi starfsöryggið og lífeyrismálin og það eru önnur mál.

[00:25]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli þessum síðustu orðum hæstv. fjmrh. Ég veit ekki betur en öll þessi réttindi hafi alltaf verið tíunduð sem mikilvæg og merkileg réttindi opinberra starfsmanna og hafa verið talin hluti af heildarkjörum þeirra. Þetta hefur alltaf verið notað sem rök til þess að halda niðri launum. Ég hef að vísu ekki sjálf tekið þátt í þessum samningaviðræðum og veit ekki hvað nákvæmlega hefur verið tíundað þar á undanförnum árum. En meðan ég var opinber starfsmaður í skilningi laga, var þetta alltaf tíundað. Ég gekk í gegnum verkföll og átök þannig að maður vissi alveg um hvað var verið að tala.

Varðandi biðlaunaréttinn. Biðlaunaréttur opinberra starfsmanna hefur eftir því sem ég hef skilið hann alltaf verið metinn til réttinda og launa. Þar af leiðandi hafa opinberir starfsmenn verið á lægri launum. Laun ASÍ-fólks hafa verið metin öðruvísi. Það hefur ekki haft þennan rétt og þess laun eru metin öðruvísi. Ég veit ekki hvaðan hæstv. fjmrh. hefur það að þessi réttindi opinberra starfsmanna, biðlaunaréttinn þar með talinn, séu ekki hluti af kjörum opinberra starfsmanna. Hvaðan hefur hæstv. fjmrh. þetta? Ég mótmæli þessu. (**Fjmrh.:** Hann kannski þekkir aðeins til málsins. Sá er munurinn.)

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 00:28.

---

133. FUNDUR

miðvikudaginn 8. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til umhverfisráðherra:

1. Nýting innlendra plantna til iðnaðarframleiðslu, fsp. ÖS, 378. mál, þskj. 668.
2. Bætur fyrir tjón af völdum arna, fsp. GE, 499. mál, þskj. 872.

Til landbúnaðarráðherra:

3. Sala íslenskra hesta til útlanda, fsp. GÁ, 495. mál, þskj. 858.

Til utanríkisráðherra:

4. Umsýslustofnun varnarmála, fsp. RG, 381. mál, þskj. 671.

Til dómsmálaráðherra:

5. Skoðun ökutækja, fsp. HjÁ, 395. mál, þskj. 695.
6. Jafnréttisfræðsla fyrir dómara, fsp. BH, 466. mál, þskj. 801.
7. Löggæsla í Reykjavík, fsp. GHall, 507. mál, þskj. 904.

Til samgönguráðherra:

8. Álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum, fsp. GHall, 453. mál, þskj. 786.

Til menntamálaráðherra:

9. Skyldunámsefni í vímuvörnum, fsp. RG, 479. mál, þskj. 827.
10. Íþróttaaðstaða Menntaskólans við Hamrahlíð, fsp. KÁ, 482. mál, þskj. 833.
11. Varðveisla gjafa og eigna hússtjórnarskóla, fsp. ÍGP, 502. mál, þskj. 880.

Til viðskiptaráðherra:

12. Dráttarvextir, fsp. JóhS, 473. mál, þskj. 809.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Nýting innlendra plantna til iðnaðarframleiðslu.

Fsp. ÖS, 378. mál. — Þskj. 668.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að varpa til hæstv. umhvrh. fyrirspurn um það hvort og hvernig hann hyggist sporna gegn því að vaxandi ásókn í innlendar plöntur til iðnaðarframleiðslu kunni að leiða til rányrkju einstakra stofna eða tegunda. Ég tek það skýrt fram í upphafi, herra forseti, að ég er með engu móti að reyna að leggja stein í götu þess ágæta fólks sem hefur á síðustu árum reynt að skapa nýja og arðvænlega atvinnugrein sem byggir á því að nýta þessa auðlind, því sannarlega er ekki hægt að kalla þetta annað en auðlind, en ég og fleiri hafa í vaxandi mæli áhyggjur af því að þetta kunni að fara úr hófi.

Í dag er það þannig að það eru komin ein fimm, jafnvel sex, fyrirtæki sem sérhæfa sig í því að safna íslenskum blómplöntum og framleiða úr þeim snyrtivörur og olíu. Út af fyrir sig er ánægjuefni að þessi framleiðsla hefur vakið mikla ánægju víða í Evrópu og jafnvel utan Evrópu og það er líklegt að á næstu árum kunni ásóknin í þessar innlendu plöntur að stóraukst. Það eru þegar komin upp fyrirtæki sem eru komin með fast að 10 manns í vinnu við það að vinna framleiðslu sína úr fjallagrösum og fyrirtæki sem eru farin að safna yfir fimm tonnum á ári og þessum fyrirtækjum fjölgar. Það eru jafnvel komnar fram ádeilur í þá veru að sums staðar séu heilar heiðar bókstaflega hreinrakaðar á sumrin af fjallagrösum. Það tekur fjallagrösin 7–12 ár að vaxa og þar hafa verið lífgrös okkar í gegnum aldirnar. Ég tel að það sé mjög jákvætt að við hefjum iðnað á grundvelli þeirra en um leið held ég að það sé nauðsynlegt að með einhverjum hætti séu reistar skorður gegn því að hægt sé að ofnýta og rányrkja þessar blómplöntur, þessar tegundir. Slíkar áhyggjur vöknuðu þegar á síðasta kjörtímabili og þá var fólk farið að beina fyrirspurnum um þetta mál til umhvrn.

Nú er það alveg ljóst að þessi iðnaður er í örum vexti og því varpa ég þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. hvort hann hyggist með einhverjum hætti beita sér fyrir því að settar verði reglur eða beita sér fyrir því að farið verði út í auknar rannsóknir þannig að fyrir liggi þekking og e.t.v. möguleikar af hálfu ráðuneytisins til þess að grípa inn í ef svo sýnist einhvers staðar sem menn séu að sækja um of í þessar auðlindir.

[13:37]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og þær athugasemdir sem hann lét fylgja með henni. Það ber að fagna því að verið sé að reyna að nýta auðlind til atvinnusköpunar, ekki síst í sveitum þar sem þrengst hefur verulega um á undanförnum árum vegna samdráttar í framleiðslu og mikilvægt að menn noti sér þá möguleika sem fyrir hendi eru en það þarf auðvitað að gera með þessa auðlind eins og aðrar að nýta þær í samræmi við það hvað þær þola og fylgjast vel með því sem er að gerast. En það hafa komið fram vísbendingar um að ásókn í innlendar plöntur til iðnaðarframleiðslu hafi farið mjög vaxandi á seinustu árum.

Samkvæmt 23. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, með síðari breytingum, getur Náttúruverndarráð friðlýst jurtir eða dýr sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt. Friðunin getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls. Með vísun til þessa ákvæðis var t.d. gefin út auglýsing nr. 184/1974, um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.

Samkvæmt 32. gr. laganna koma engar friðlýsingar Náttúruverndarráðs til framkvæmda fyrr en umhvrn. hefur lagt á þær samþykki sitt. Ráðuneytinu hafa ekki borist tillögur frá Náttúruverndarráði um friðun íslenskra plantna vegna meintrar aukinnar ásóknar í þær vegna iðnaðarframleiðslu. Að tilhlutan umhvrn. gerði Náttúruverndarráð hins vegar könnun á þessu máli fyrir hálfu öðru ári, sem er þá líklega frá tíð fyrrv. umhvrh., og benda niðurstöður sem byggðar eru á upplýsingum frá Iðntæknistofnun og Útflutningsráði til vaxandi ásóknar sem virðist bundin við algengustu tegundir háplantna og lágplantna. Telur Náttúruverndarráð hins vegar ekki ástæðu til þess að beita 23. gr. náttúruverndarlaga og friða þær heldur leggur til breytingar á 14. gr. laganna þannig að taka villtra plantna í atvinnuskyni verði bundin leyfi ráðherra.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til nýrra náttúruverndarlaga þar sem fjallað er um stjórnskipun innan málaflokksins þar sem m.a. er að finna ítarlegri ákvæði um eftirlit með náttúru landsins en er að finna í núgildandi lögum. Ætlunin er að hefja fljótlega endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta þeirra og er ætlunin að tillaga Náttúruverndarráðs að breyttri 14. gr. verði tekin þar til gaumgæfilegrar skoðunar eins og fjölmörg önnur atriði sem bent hefur verið á að þarfnist lagfæringar en er ekki fyrir þinginu nú í því frv. sem liggur fyrir til umræðu.

Eftir því sem best verður séð leikur grunur á að aukin ásókn í innlendar plöntur sé fyrst og fremst tilkomin vegna snyrtivöruframleiðslu eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi sem sennilega á sér skýringar í því að plönturnar eru ekki friðaðar hér á landi og að um er að ræða ódýrt hráefni. Það eru helst fjallagrös sem talin eru verða fyrir barðinu á aukinni ásókn en auk þess mætti nefna fleiri plöntur, svo sem blóðberg. Engar áreiðanlegar upplýsingar liggja hins vegar fyrir um magn þeirra plantna sem hér um ræðir, hvorki til innlendrar framleiðslu né til útflutnings og þá hvort hér kunni að vera um að ræða rányrkju af einhverju tagi. Hér má skjóta inn að mér hafa reyndar borist nýlega upplýsingar sem vöktu athygli mína og hefur verið fjallað um, bæði í umhvrn. og landbrn., þar sem er gert ráð fyrir því að ákveðið fyrirtæki hyggist þurfa um 5 tonn af jurtum í sumar til framleiðslu og útflutnings og ef það væru t.d. fjallagrös þá er það ekki lítið magn af plöntu sem er svo létt í sér, en nú skal ég ekki fullyrða að það sé. En þetta er sannarlega vísbending um að það þurfi að huga að málinu.

Til þess að hægt sé að setja reglur um nýtingu einstakra tegunda þurfa að liggja fyrir upplýsingar um útbreiðslu þeirra og magn. Útbreiðsla háplanta er allvel þekkt og sama er að segja um hluta lágplantna svo sem mosa og sumar fléttutegundir. Upplýsingar um magn einstakra tegunda á hverju svæði eru hins vegar mjög takmarkar svo sem dæmi má nefna að um fjallagrös eru ekki til nauðsynlegar grunnupplýsingar, þar á meðal um vöxt og endurnýjunargetu plantnanna en hv. fyrirspyrjandi nefndi jafnvel 7–12 ár. Erfitt getur því reynst að setja reglur um nýtingu þeirra sem byggjast á vísindalegum grunni.

Til þess að hægt sé að tryggja sjálfbæra nýtingu villtra plantna hér á landi er nauðsynlegt að efla grunnrannsókn á gróðurríki Íslands en til þess hefur tilfinnanlega skort fé. Flutningur gróðurkortagerðar til Náttúrufræðistofnunar Íslands og aukning þeirrar starfsemi er spor í rétta átt þótt meira þurfi til. Fyrstu opinberu útbreiðslukort fyrir íslenskar plöntur munu koma út á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir því að á árinu verði birtir válistar fyrir íslenskar háplöntur og fléttutegundir.

Með vísun til þess sem ég hef sagt, hæstv. forseti, tel ég nauðsynlegt að gerð verði nú þegar athugun á nýtingu innlendra plantna til iðnaðarframleiðslu og til matvælaframleiðslu, einnig til þess að fyrirbyggja rányrkju einstakra stofna og tegunda. Ég hef því ákveðið að setja á fót starfshóp skipaðan fulltrúum frá umhvrn., Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarráði og landbrn. til þess að gera úttekt á málinu í samráði við hlutaðeigandi aðila og koma með tillögur til úrbóta.

Skoðun mín er sú að nægilega vel sé búið að lögum til þess að hægt sé að hafa afskipti af þessum málum sé þess

talin þörf, ekki síst nái það frv. sem ég hef áður minnst á fram að ganga, en eftirlitið yrði að sjálfsögðu í höndum nýrrar stofnunar, Náttúruverndar ríkisins.

Að lokum þakka ég hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mjög svo þarfa máli um leið og ég fullvissa hann og aðra hv. þingmenn um vilja minn til þess að sporna gegn rányrkju einstakra plöntustofna og plöntutegunda í flóru Íslands.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er með hálfum huga að ég blanda mér í þessi hjartnæmu orðaskipti fyrrv. og núv. umhvrh. en leyfi mér það þó. Mér er ljúft að staðfesta samkvæmt beiðni framsýni hæstv. fyrrv. umhvrh. í þessum málum. Eins og hér kom fram setti hann af stað athugun á þessum málum sem nú er að skila árangri samkvæmt svari hæstv. núv. umhvrh.

Ég fagna því líka að hæstv. núv. umhvrh. er ekki síður framsýnn en sá fyrrverandi og hefur sett starfshóp af stað til að fylgjast með þessum málum. Ég er þeirrar skoðunar og þekki ágætlega til í þessum efnum, m.a. á mínum heimaslóðum, að það sé full þörf á að fylgjast vel með framvindu þessara mála. Við Íslendingar eigum að gæta þess að fara ekki ógætilega með þær auðlindir sem við eigum fólgnar, ekki síst upp á framtíðina í tiltölulega ómenguðu umhverfi, lofti, vatni og ekki síst náttúrulegum grösum, óspilltu náttúrulegu gróðurlendi og víðáttumiklu sem eru að verða fágæt hlunnindi í hinum vestræna heimi. Við eigum alveg tvímælalaust að nýta þessa auðlind skynsamlega og reyna að gera okkur sem mestan mat úr henni. Það þarf að varast að slík nýting fari ekki fram í óhófi og menn mega ekki heldur selja sig of ódýrt í þessum efnum.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd núverandi og fyrrverandi umhvrh. þakka þau hjartnæmu orð sem hér voru flutt af hv. þm., raunar af svo mikilli innlifun að það var engu líkara en hv. þm. væri um það bil að gefa kost á sér í framboð til forseta Íslands eins og nú er mjög í tísku. Ég þakka honum jafnframt fyrir það að hann fór ekki með hina gömlu vísu Fljúga hvítu fiðrildin. En það kom hins vegar fram í máli hv. þm. að hann hefur í æsku sinni lagt stund á það að tína grös á heiðum og má vel vera að hér sé nú komin eins konar nútíma Grasa-Gudda Alþb. Eigi að síður þakka ég honum þann skilning sem kom fram í hans máli. Miklu fremur þakka ég þó hæstv. umhvrh. fyrir það með hvaða hætti hann bregst við þessu, þ.e. það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann hyggst setja á stofn hóp til að kanna umfang þessa máls og hvort nauðsynlegt sé að bregðast við þessu með einhverjum hætti. Ég er alveg sannfærður um að þetta mál er ekki komið á það stig að það sé nein sérstök hætta búin íslenskum blómplöntum vegna þessarar nýtingar núna. En ég er jafnsannfærður um að á allra næstu árum mun ásóknin í þessa dýrmætu auðlind vaxa. Þess vegna er nauðsynlegt núna að taka í taumana.

Það liggur ljóst fyrir að það er ekki hægt að beita þeim ákvæðum náttúruverndarlaga sem heimila Náttuverndarráði að fenginni staðfestingu umhvrrn. friðlýsingu. Það er ekki verið að óska eftir því að þessar jurtir séu friðlýstar. En það er verið að óska eftir því að lagður sé grunnur að því að hægt sé að hafa stjórn á tínslu innlendra blómplantna. Þær eru sérstakar og þær eru takmörkuð auðlind og þar þurfum við að ganga um af miklu hófi.

Bætur fyrir tjón af völdum arna.

Fsp. GE, 499. mál. — Þskj. 872.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. umhvrh. og spyr hvort ráðherra hafi látið kanna hver sé bótaskylda vegna tjóns af völdum arna sem hafa útrýmt æðarvarpi og jafnvel valdið lambadauða, og hvort þetta hafi kostað bændur tekjumissi og aukið vinnuálag þeirra við sauðburð.

Ástæða þessarar fyrirspurnar er sú að bændur sem hafa afkomu af æðarvarpi víða um land telja sig hafa orðið fyrir tjóni af völdum friðaðra fugla, svo sem arna. Raunar hlýtur þá svar hæstv. umhvrh. að gilda um alla þá friðaða fugla sem valda tjóni t.d. í æðarvarpi eða eggverum. Um er að ræða t.d. skúm auk arnarins. Ég veit ekki hvort hæstv. umhvrh. er það ljóst að ernir eru fyrst kynþroska sjö ára gamlir og fram til þess tíma berjast karlfuglar fyrir maka og ungfuglarnir bera sig til við hreiðurmyndun, t.d. í eyjum í Breiðafirði og á ýmsum stöðum í grennd við æðarvarp. Afleiðing þessa er að æðarvarp leggst af þar sem örn er við slíka iðju og það tekur oft 20–30 ár að koma varpi af stað að nýju. Þetta er grafalvarlegt mál fyrir þá bændur sem eiga að nokkru eða verulega afkomu sína undir nytjum af æðardúni og í eggverum. Það er eðlileg krafa þeirra sem hlut eiga að máli að ráðherra umhverfismála sem nú er einnig ráðherra landbúnaðarmála svari skýrt og skorinort því sem um er spurt. Og ég efast reyndar ekkert um að svörin verða afdráttarlaus.

[13:49]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Varðandi þessa fyrirspurn er því til að svara að eftir því sem næst verður komist virðist tjón af völdum arna svo sem í æðarvörpum vera sérislenskt fyrirbæri. Að minnsta kosti er ekki minnst á slíkt í Norður-Noregi þar sem ernir eru tiltölulega algengir og æðarfuglar voru a.m.k. áður fyrr til mikilla nytja.

Hér á landi er hins vegar talið að ernir hafi ávallt valdið einhverju tjóni á æðarvarpi jafnvel á meðan arnarstofninn var hvað minnstur og í mestri útrýmingarhættu um miðja þessa öld. Meint tjón hafa menn hins vegar ekki getað staðfært með óyggjandi sönnunum, enda eðlilega oft erfitt um vik. Ekki er kunnugt um kvartanir til stjórnvalda um tjón vegna arna á æðarvörpum eftir að ernir eru alfriðaðir fyrr en 1930 þótt friðun arna hafi fyrst verið ákveðin hér á landi 1914. Síðan má segja að kvartanir hafi verið nokkrar, sérstaklega á síðustu áratugum og má þar benda á að æðarbændur og samtök þeirra hafa kvartað um vandamál sem fylgja örnum í æðarvörpum og af því hafa spunnist blaðaskrif.

Í framhaldi af þessum kvörtunum og vandamálum varðandi erni við Breiðafjörð var lagt fram á Alþingi 1977 frv. til laga um breytingar á ákvæðum fuglafriðunarlaga varðandi erni en lagt var til að menntmrn., sem fór þá með fuglafriðunarmál, skyldi, væri þess óskað, senda sérfræðing til þess að fylgjast með og gera tillögur um hvernig koma mætti í veg fyrir og bæta tjón sem ernir kynnu að valda á viðkomandi varpi. Jafnframt var lagt til að ráðuneytinu yrði heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða til varnar æðarvarpi án þess þó að erni væri eytt. Frv. þetta hlaut litlar undirtektir hjá þingmönnum og náði ekki fram að ganga. Ástæðan hefur

ugglaust verið sú að með samþykkt þess hefði verið dregið úr friðun arna svo sem með heimild til að eyðileggja arnarvarp.

Haustið 1994 kom út á vegum umhvrn. skýrsla sem unnin var af Náttúrufræðistofnun Íslands, Kristni Hauki Skarphéðinssyni fuglafræðingi, fyrir umhvrn. um tjón af völdum arna í æðarvörpum. Skýrsluhöfundur kemst að þeirri niðurstöðu að ernir hafi valdið tjóni á æðarvarpi sem gæti verið tilfinnanlegt fyrir einstaka bónda, en ef litið er á æðarvarpið í heild á arnarsvæðum vestanlands sé tjónið af völdum arna hverfandi. Ernir í æðarvörpum séu staðbundið vandamál aðallega við Breiðafjörð og koma þar einkum flökkuernir við sögu. Meint tjón af völdum arna í æðarvörpum sé þess eðlis að illmögulegt sé að greina það frá öðrum umhverfisþáttum sem hafa áhrif á æðarvarp og telur skýrsluhöfundur að það vandamál sem tengist örnum sé það tilviljanakennt að erfitt sé að koma fyrir vettvangsrannsóknum og meta tjón.

Strax eftir útkomu skýrslunnar hóf umhvrn. viðræður við landbrn. um niðurstöðu skýrsluhöfundar og hvað væri til ráða. Hafa landbrn. og umhvrn. síðan verið í sambandi við æðarbændur sem ætluðu að álykta um skýrsluna og gera umhvrn. grein fyrir niðurstöðum og hugsanlegum tillögum um aðgerðir. Þær hafa ekki borist ráðuneytinu.

Hin síðari ár hafa engar sérstakar rannsóknir farið fram á meintu lambadrápi arna hér á landi. Fjölmargar heimildir skýra frá meintu lambadrápi arna fram yfir 1960, en samkvæmt rannsókn dr. Agnars Ingólfssonar fuglafræðings sem framkvæmd var 1961 á meintu lambadrápi arna í kringum 1960 telur hann að ernir hafi aðeins getað tekið lítinn hluta þeirra lamba sem þeim var kennt um að hafa drepið.

Að mati Kristins H. Skarphéðinssonar fuglafræðings, sem skrifaði skýrsluna um erni og æðarvarp, eru langflestar fullyrðingar um að ernir hafi tekið lifandi lömb byggðar á veikum forsendum þó enginn dragi í efa að ernir geti tekið lömb þótt aðeins hafi örfáir orðið vitni að því. Þótt lambahræ hafi öðru hverju fundist við arnahreiður megi af útliti þeirra dæma að þar sé sennilega í flestum tilvikum um sjálfdauð lömb að ræða. Það er því talið til hreinna undantekninga að ernir drepi lömb.

Ríkisvaldið hefur aldrei viðurkennt bótaskyldu vegna tjóns af völdum friðaðra dýra. Þannig hafa hvorki fengist samþykkt lög sem ætlunin hefur verið að tækju á þessum málum, samanber það sem ég sagði áður um lagafrv. sem lagt var fram á Alþingi 1977, og ekki hefur verið talin ástæða til þess að setja heimildir í fjárlög til að bæta slíkt tjón. Enda er hér um að ræða tjón sem mjög erfitt er að sanna. Friðunaraðgerðir eins og friðun arna er neyðarúrræði byggt á þeirri sjálfsögðu skyldu okkar að viðhalda jafnvægi í lífríkinu og er sérstaklega undirstrikað í samningi um líffræðilegan fjölbreytileika sem staðfestur var af Íslands hálfu 1994. Svarið er því, hæstv. forseti, af því að hv. fyrirspyrjandi gerir ráð fyrir afdráttarlausu svari, að það er ekki viðurkennd bótaskylda af hálfu ríkisins.

Hins vegar er fyrirliggjandi gamall dómur þar sem ríkið var dæmt til þess að bæta tjón sem talið var hafa orðið af völdum arna í æðarvarpi. Og auðvitað geta menn hverju sinni farið þá leiðina að leita réttar síns, ef þeir telja sig hafa orðið fyrir tjóni og geta sannað það, að leita þá réttar síns fyrir dómstólum.

[13:54]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel rétt að nefna til þessarar sögu Steinólf Lárusson bónda í Fagradal á Skarðsströnd sem mun vera úr kjördæmi hv. fyrirspyrjanda og hæstv. forseta. Hann hefur kvartað við stjórnvöld út af þessu vandamáli um langt árabil. Hann hefur skrifað ráðuneytum, bæði umhvrn. trúi ég og einnig menntmrn. meðan það fór með þessi mál, vegna þess að hann telur að þessi fugl, sem er kvenkyns á Vesturlandi og heitir hún örnin, og þær arnirnar valdi miklu tjóni og sé til vandræða í varpi og víðar og í lömbum og laxi líka.

Þótt sjónarmið Steinólfs Lárussonar í Fagradal séu gild er vandinn þessi: Hvar tekur það enda ef ríkið fer að bæta tjón vegna friðunarráðstafana yfirleitt, hvar er endinn á þeim þræði? Hann er sennilega nokkuð vandfundinn. En ég þakka hv. þm. fyrir að nefna þetta mál. Þetta er þjóðleg og skemmtileg fyrirspurn og full ástæða til þess að skoða málið eins og arnarbóndinn, hæstv. umhvrh., í raun og veru lofaði. Hann er sá maður sem fer með þessar skepnur og ber ábyrgð á þeim og ég tel að hann hafi í raun og veru gefið fyrirheit um að lesa vel þær skýrslur sem koma frá réttum aðilum um þetta mál.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir við þetta mál sem hér er til umfjöllunar. Það er kannski rétt að á Vesturlandi sé talað um örninn í kvenkyni. En ég heyri líka á Vesturlandi að það er talað um össu og ara og það mun vera klárt að það er bæði karl- og kvenkenning yfir örninn.

Ég þakka svar hæstv. umhvrh. þótt ég sé ekki alfarið sáttur við það þótt hann hafi reyndar getið um þann dóm sem ég mun vitna til. Það er sagt að tjón af völdum arna sé hverfandi og þar er vitnað til skýrslu Kristins H. Skarphéðinssonar um þessi mál. Ég dreg það í efa. Samkvæmt viðtölum við kunna menn eins og Steinólf, sem hér var nefndur áðan, Hafstein nokkurn Guðmundsson frá Flatey o.fl. hefur æðarvarp lagst af vegna arnarungfugls sem er þarna við Breiðafjörðinn og reyndar víðar um landið.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna til dóms frá 1957 þar sem ríkissjóði var gert að bæta bónda á Hvallátrum með 15 þús. kr. það tjón sem örn hafði valdið. Ég tel þann dóm nægja forsendu til að telja að ríkissjóður sé bótaskyldur þar sem sannanlega er hægt að sýna fram á að örn hafi valdið verulegu tjóni, æðarvarp hafi lagst af og þannig hafi bændur misst tekjur.

Ég ítreka þakkir fyrir svarið þótt ég hafi ekki verið fullkomlega sáttur við það. En það var eins og ég bað um, skýrt og klárt, hrein höfnun.

[13:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. þessa góðu fyrirspurn. Það er afskaplega erfitt, eins og hæstv. ráðherra segir, að meta tjón af völdum arna. En það er engum blöðum um það að fletta að í sumum tilvikum er um tjón að ræða. Ég nefni það t.d. að á Miðhúsum, í kjördæmi hæstv. forseta, hafa bændur um árabil sætt búsifjum af völdum arna. Það mál var að vísu leyst með öðrum hætti af hálfu umhvrn. á síðasta kjörtímabili.

Menn hafa líka nefnt það hér að örninn er vágestur í laxveiðiám. Það hefur ekki alltaf verið svo. Í ritinu Deo, regi, patriæ sem Vídalín skrifaði 1699 og Jón konferenzráð endurritaði og gaf út 1768 er kvartað yfir því að lax sé ekki nýttur af landsmönnum nema það sem örninn klófestir. Það má nefna að Símon heitinn Pétursson í Vatnskoti notaði erni til þess að veiða urriða í Öxará fyrir síðustu aldamót. Þá kom örninn og tók stóran urriða á hverjum einasta morgni.

Þá sendu fátækir bændur ómegð sína út í stórþýfða móa og hún beið þar þangað til örninn kom með urriðann. Þá komu Símon heitinn og félagar, ráku upp öskur og tóku urriðann sem var snæddur í Vatnskoti þann dag. Þetta gerðist á hverju hausti, herra forseti, um árabil og þetta segi ég erninum til varnar.

[14:00]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Ég vil, hæstv. forseti, eins og hv. 8. þm. Reykv. þakka fyrir þessa þjóðlegu og skemmtilegu umræðu. Það er nefnilega ekki oft sem við höldum svona þjóðlegar og skemmtilegar umræður í hæstv. Alþingi. Það er oftar að við erum að þrefa um einhver leiðinleg mál. Ég þakka fyrirspyrjanda aftur fyrir að vekja máls á þessu. Það er kannski of mikið sagt að kalla þann sem hér stendur arnarbónda, en e.t.v. ber hann þó einhverja ábyrgð á þeim búsifjum sem örninn kann að valda þó að ég vilji ekki á þessu stigi viðurkenna neina bótaábyrgð eða bótaskyldu af hálfu ríkisins eins og áður hefur komið fram í svari mínu. En það er nauðsynlegt að fara vel yfir skýrslur og upplýsingar sem fyrir liggja. Eins og ég gat um áðan, hafa umhvrn. og landbrn. verið að fjalla um þessi mál sín á milli og reyndar í samráði við Bændasamtökin líka og beðið Bændasamtökin eða æðarbændur og þá hlunnindaráðunaut Bændasamtakanna sem vinnur með æðarbændum, að koma með hugmyndir eða tillögur um það hvernig megi við bregðast.

Með nýjum lögum um verndun, friðun og veiðar villtra spendýra og fugla er mögulegt að taka e.t.v. óðruvísi á málum en var áður og sjálfsagt að skoða hvað kann að vera mögulegt í því efni.

Ég tek þó aftur að lokum undir orð hv. 8. þm. Reykv. að það er auðvitað nánast útilokað að ætlast til þess að tjón sem verður af völdum dýra sem eru friðuð sé bætt eða sé bótaskylt af hálfu ríkisins. Hv. fyrirspyrjandi nefndi í því sambandi t.d. skúminn sem er alfriðaður. Mér hafa nýlega borist upplýsingar um að hann valdi einnig tjóni í æðarvarpi. Í morgun kom í viðtalstíma til mín ágætur refaveiðimaður af Vestfjörðum sem hefur stundað refaveiðar á Ströndum um áratuga skeið. Þar er nú friðland á Hornströndum og refir ekki veiddir. En hann fullyrðir að þeir séu nú farnir að valda umtalsverðu tjóni í nágrannahéruðum því að refurinn heldur sig ekki bara á Hornströndum.

Sala íslenskra hesta til útlanda.

Fsp. GÁ, 495. mál. — Þskj. 858.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Íslenski hesturinn á sér aðdáendur um víða veröld. Nú munu vera til um 80 þúsund hross hér á landi og talið er að álíka fjöldi sé til erlendis í hinum ýmsu þjóðlöndum.

Hingað koma árlega hundruð og þúsundir erlendra gesta á stórmót hestamanna svo sem landsmótin. Enginn einn aðili dregur jafnstóra hópa hingað og íslenski hesturinn, enda oft nefndur besti sendiherrann. Hér er Mekka þessa snillings og stjórnvöld verða að halda vöku sinni til þess að við ekki töpum frumkvæði í ræktun hestsins. Íslenski hesturinn er sameign þjóðarinnar og styrkir tengsl á milli sveitanna og þéttbýlisins. Það sem veldur því að við kunnum að tapa frumkvæði eru fyrst og fremst ýmsar markaðshindranir, skattar og tollar sem ríkisstjórnir hafa tekið upp í okkar bestu viðskiptalöndum. Síðasta dæmið um hindrun er að Norðmenn tóku upp 50 þúsund kr. sláturskatt á hross og afnámu undanþágu sem áður var í gildi. Þetta gerðist við gildistöku GATT-samkomulagsins. Áhrifin sjást því að salan snarminnkar til Noregs. Í helstu viðskiptalöndum er um að ræða 18–20% toll og ofan á hann leggst virðisaukaskattur þannig að hér er um að ræða álögur í innflutningshöfn 35–40% víðast hvar.

Íslenski hesturinn er ekki kjöt.

Hesturinn skaparans meistara mynd
er mátturinn steyptur í hold og blóð,
sá sami sem bærir vog og vind
og vakir í listanna heilögu glóð

eins og skáldið orðaði það. Við erum ekki að selja sláturgripi nema á Japan. Við erum að selja hæfileika og gleði. Við erum að selja skepnu sem er hobbí hjá þúsundum fjölskyldna um víða veröld.

Við eigum bandamenn í viðskiptalöndunum sem vilja lækka þessa gjaldtöku og auðvelda útflutning á íslenskum gæðingum. Því verður ríkisstjórnin að beita sér í málinu, vinna með hagsmunasamtökum hestamanna og taka það upp við ríkisstjórnir viðskiptalanda okkar. Hæstv. landbrh. Salan á íslenska hestinum hefur aukist. Hátt í 3 þúsund hestar seldust á síðasta ári á erlendan markað. Þar fyrir utan er kjötmarkaðurinn í Japan sem hefur gengið mjög vel eins og kemur fram í viðtali við Berg Pálsson, formann Samtaka hrossabænda, í DV í dag. Þar er verið að selja 3.500 hross. Þá er vert að við eigum þarna virkilega möguleika. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst gera til að greiða fyrir sölu á íslenskum hestum á erlendan markað?

[14:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er rétt eins og fram kemur í máli hv. fyrirspyrjanda að um þessar mundir er mikill uppgangur í hrossaræktinni hér á landi og ljóst að flestir hrossabændur eiga eftir að uppskera af því mikla og góða starfi sem unnið hefur verið í búgreininni á undanförnum árum. Útflutningur hrossa hefur farið ört vaxandi á seinustu árum og er nú undirstaða hrossabúskapar eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Útflutningur varð mestur á árinu 1994, 2.758 hross, en heldur minni á seinasta ári, 1995, eða 2.612. Íslensk stjórnvöld hafa að undanförnu samið við framkvæmdastjórn ESB um tollfrjálsan innflutning á 100 hrossum á ári. Samningurinn tók gildi í mars og var samningurinn afturvirkur í eitt ár þannig að hann í raun þýðir líka að það er hægt að sækja um eftirgjöf á þeim tollum sem greiddir voru á seinasta ári sem nemur 100 hrossum. Við úthlutun á þessum tollfrjálsa innflutningi gildir samt sú regla að sá sem fyrstur sækir um úthlutun fær hana og umsækjandi verður að vera íbúi í löndum ESB. Þessi samningur tengist hins vegar inngöngu Svíþjóðar í ESB og í raun er verið að yfirfæra þann tollfrjálsa kvóta sem þar var yfir á Evrópusambandið.

Um frekari tollalækkanir fyrir Ísland gildir að þegar um það hefur verið sótt eða rætt, hefur ESB haft uppi kröfur um að fá eitthvað í staðinn. Íslensk stjórnvöld hafa ekki verið tilbúin til frekari tilslakana hvað ýmiss konar innflutning varðar og þess vegna hafa engar formlegar kröfur verið settar fram af okkar hálfu. Áfram verður hins vegar þreifað á

þessu máli og þess ber að geta að viðræður af þessu tagi taka langan tíma.

Við gildistöku GATT-samningsins lögðu norsk stjórnvöld svokallaðan slátursskatt á íslensk hross sem flutt eru til Noregs eins og hv. fyrirspyrjandi greindi frá. Skatturinn er til kominn vegna gamalla laga er gerðu ráð fyrir að innflutningur á hrossum væri háður leyfum. Í raun voru slík leyfi afgreidd án athugasemda. Skatturinn nemur nú um 50 þús. kr. á hvert hross og er mjög hamlandi á sölu til Noregs. Árleg salan þangað var komin upp í 240 hross en ríkjandi aðgangur var miðaður við 40. Mikið hefur verið reynt að fá Norðmenn til þess að hækka þessa tölu en það hefur hins vegar ekki gengið eftir, a.m.k. ekki enn sem komið er. Hefur það bæði verið gert formlega í gegnum utanríkisþjónustuna og í samráði og samvinnu við utanrrn. okkar og á persónulegum fundum með æðstu ráðamönnum í Noregi. Hef ég sjálfur tekið þátt í viðræðum bæði við ráðuneytisstjóra og aðra háttsetta menn þar um þetta mál.

Það er auðvitað ekki verið að flytja hross til slátrunar í Noregi þó að Norðmenn beiti þessu fyrir sig. En litlar líkur eru því miður taldar á að Norðmenn breyti þessum reglum. Það hefur a.m.k. gengið treglega hingað til þó að haldið hafi verið áfram að vinna í málinu.

Embætti yfirdýralæknis hefur að undanförnu unnið að því að fá reglur sem gilda um innflutning íslenskra hrossa til ýmissa landa í Evrópu einfaldaðar. Á sama hátt hefur embættið fengið mildaðar mjög mikið kröfur um sóttkví í Bandaríkjunum og í Kanada. Sú breyting hefur orðið til þess að auka útflutning þangað eins og sjá má á tölum um útflutt hross. Áfram verður unnið að þessum þáttum, en ekki er við því að búast að stórvægilegar lagfæringar náist til viðbótar því sem þegar hefur tekist.

Við gildistöku nýrra laga um útflutning hrossa þann 15. apríl 1995 var myndaður sjóður sem hefur m.a. það hlutverk að styrkja markaðssetningu á íslenska hestinum í öðrum löndum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í febrúar nú á þessu ári. Þá var úthlutað 13 styrkjum að upphæð samtals 5,3 millj. kr. Hugmyndir voru miklu fleiri því alls var sótt um styrki að upphæð 34 millj. kr. Það eru því miklar hugmyndir í gangi hjá mönnum og margt sem hægt er að gera ef hægt væri að veita því einhvern stuðning sem sýnir að það er mikill áhugi hjá mönnum í greininni. Styrkurin fór til rannsókna, til útgáfu kynningarefnis, til einstaklinga sem hyggja á kynningu á hestinum, til Félags hrossabænda til að ráða markaðsfulltrúa og til annarra skylda verkefna. Búast má við að til úthlutunar verði um 8 millj. kr. á hverju ári samkvæmt því sem virðist vera þróunin með þennan sjóð. Þar sem flestir umsækjenda leggja umtalsvert fjármagn frá sjálfum sér til viðbótar á móti styrknum, þá margfaldast þessi upphæð. Auðvitað er þetta mikil lyftistöng fyrir allt markaðsstarf og eru bundnar miklar vonir við þessa styrki í framtíðinni.

Ég undirstrika það svo, hæstv. forseti, að ég tel að það sé afar mikilvægt að halda áfram að gera allt sem við getum til þess að liðka fyrir þessum útflutningi. En það hefur verið á brattann að sækja við að ná fram breytingum á þessum tollaákvæðum.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svar hans og þær upplýsingar sem hann hefur gefið um hvað landbrn. og yfirdýralæknir hafa verið að aðhafast í málinu og fleiri aðilar reyndar líka. Ég held að það sé mjög mikilvægt — nú gengur hæstv. utanrrh. í salinn — að þessir aðilar taki saman á þessu máli. Auðvitað þarf einhvern tíma að koma að því að við gerum formlegar kröfur. En eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þá hefur það ekki verið gert.

Við björguðum þessum hesti og fluttum hann til Íslands þegar við flúðum Noreg. Mér finnst það nú að Norðmenn verði sér hálf til skammar í því að vera með þessar hindranir gagnvart sínum forna hesti.

Eins er það, hæstv. ráðherra, hvað snertir íslenska hestinn að þá eru það líka aðgerðir heima fyrir sem skipta máli. Ég vil minna á að það er ör þróun í sæðingum og fósturvísaflutningum úti í Evrópu. Það er eitt atriði sem við þurfum verulega að huga að og koma til móts við hestamenn.

Eitt atriðið er enn. Ég nefni stóðhestastöðina. Þar var hæstv. ráðherra á laugardaginn var og flutti ágætt erindi og sá þann mikla fjölda sem fylgist með framgangi íslenska hestsins. Ég hygg að erlendum hestamönnum sem hingað koma beri saman um að það væri glópska ef við stæðum ekki að þeirri stöð og næðum því fram að hún yrði rekin með einhverjum ráðum eins og ráðherra ræddi reyndar um á þeim degi.

Ég vil að lokum segja að ég held að hesturinn sé mjög mikilvægur til þess að skapa atvinnutækifæri. Hann skapar þau um íslenskar sveitir og er góð aukabúgrein. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að vinna að framgangi þessa máls, þ.e. að auðvelda sölu á íslenskum hestum og fá erlend ríki til þess að koma til móts við þá áhugamenn í sínum löndum sem vilja að tollar og hindranir séu felldar úr vegi.

[14:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég ítreka það út af lokaorðum hv. fyrirspyrjanda að ráðuneytið mun að sjálfsögðu halda áfram að fylgja þessu máli eftir eins og mögulegt er og eins og það er í þess valdi. En það þarf auðvitað að gera það líka í samráði og samstarfi við utanrrn. af því að hér kann að vera um samninga af því tagi að ræða.

Til áréttingar út af því sem fram kom í svari mínu og hv. fyrirspyrjandi nefndi í sínu máli áðan, þá hefur landbrn. ekki sett fram formlegar kröfur, þannig að það komi skýrt fram. Fulltrúar landbrn. hafa hins vegar ítrekað tekið málið upp á fundum með samstarfsaðilum í Noregi. Ég nefndi það að ég hef sjálfur átt fundi um málið með norskum ráðamönnum. Utanrrn. hefur líka unnið að málinu og þar hefur málið verið tekið formlega upp en ekki fengist sú niðurstaða sem við hefðum vænst og kannski vonumst enn til að ná. En áfram verður að sjálfsögðu reynt að vinna í málinu.

Umsýslustofnun varnarmála.

Fsp. RG, 381. mál. — Þskj. 671.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Umhvrh. fagnaði því fyrir örfáum mínútum hversu þjóðleg umræða færi fram í sölum Alþingis og það væri ekki of oft sem umræða hér væri af því tagi en skjótt skipast veður í lofti því að nú mun einhverjum þykja sem hér hefjist óþjóðlegar umræður í ræðustól Alþingis.

Fyrirspurn mín til hæstv. utanrrh. varðar Umsýslustofnun varnarmála og spurningin er hvað líði framkvæmd þeirrar

ákvörðunar sem var líklega tekin á árinu 1994 um að leggja Sölu varnarliðseigna niður en setja á laggirnar sérstaka stofnun, Umsýslustofnun varnarmála sem hefði á hendi verkefni sem áður voru hjá Sölu varnarliðseigna og hefði aðsetur á Suðurnesjum.

Ég reikna með að umræða um þennan flutning hafi orðið til í kjölfar umræðu um að flytja stofnanir út á land og þá ekki síður átti umræða sér stað um það með hvaða hætti mætti styrkja atvinnustig á Suðurnesjum sem var afar slæmt á tímabili og hefur langtímum saman verið verra en á öðrum svæðum landsins og því miður fengið allt of litla athygli. Sú staðreynd hefur fengið of litla athygli. Ákvörðunin laut að því að fyrirtækið flytti. Það þýðir að það starfsfólk sem þar vinnur flyst með eða þá að nýtt verður ráðið. Söluvaran, tæki og dót, yrði ekki eins og í dag flutt til Reykjavíkur og selt þar. Salan færi fram á Suðurnesjum og kaupendur flyttu væntanlega dót sitt sjálfir þangað sem þeir ætluðu að hafa það. Umsvif yrðu væntanlega talsverð og þetta mál yrði innlegg í viðskiptalífið á Suðurnesjum. Það væri til þess fallið að styrkja viðskiptalíf og auka fjölbreytni þar.

Þýðingarmiklir þættir málsins voru þeir að það yrði losað um dýrt húsnæði á Grensásvegi sem ég held reyndar að sé í eigu ríkisins og áform voru um að leigja ódýrara húsnæði og talið að nóg væri af því á Suðurnesjum til þess að flytja starfsemi sem þessa. Áformin voru um að þetta fyrirtæki flytti um sl. áramót. Nú er kominn maí og því spyr ég um hvað líði þessari framkvæmd og nokkrar spurningar til viðbótar því, hvort fallið hafi verið frá flutningi, hvenær verði flutt ef ekki hefur verið fallið frá því. Hver verða umsvifin, hve margir munu starfa, hve margir starfa nú og munu einhverjir bætast við? Fær Umsýslustofnunin ný verkefni og þá hver? Liggur fyrir fjárhagslegur ávinningur ríkisins af flutningi og þá sölu eignar á Grensásvegi, ef það er rétt munað að ríkið eigi þá eign, og hefur ráðherra á reiðum höndum upplýsingar um veltu þessa fyrirtækis?

[14:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Breyting á starfsemi sölu varnarliðseigna var ákveðin með útgáfu reglugerðar í byrjun apríl á síðasta ári um Umsýslustofnun varnarmála. Með þessari reglugerð var sölu varnarliðseigna falið víðtækara verksvið og jafnframt kveðið á um að heimili og varnarþing stofnunarinnar yrði á Suðurnesjum. Hlutverk stofnunarinnar var skilgreint í þremur liðum:

1. Að hafa umsjón með forvali vegna samninga við varnarliðið.

2. Að annast kaup á umfram- og afgangsvörum á varnarsvæðunum.

3. Að hafa milligöngu um kaup á bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði.

Fyrsti liður greinarinnar er nýr miðað við fyrri starfsemi Sölu varnarliðseigna en samkvæmt því ákvæði annast stofnunin umsjón á forvali vegna þjónustusamninga fyrir varnarliðið og vegna mannvirkjagerðar á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Frá því að reglugerðin tók gildi hefur Umsýslustofnun varmarmála, Sala varnarliðseigna, annast 15 forvöl vegna þjónustusamninga og tvö forvöl á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins og hafa um 100 aðilar sótt um þátttöku. Síðasta forval sem Umsýslustofnun varnarmála auglýsti var sunnudaginn 21. apríl og er umfangsmest þeirra forvala sem fram hafa farið. Þar er um að ræða endurnýjun á stóru flugskýli á Keflavíkurflugvelli og er áætlaður kostnaður á bilinu 15–25 millj. Bandaríkjadollara eða um 1–1,6 milljarðar íslenskra króna.

Um meðferð þessara mála er fjallað í 4. gr. þar sem segir að utanrrh. skipi sérstaka sérfræðinganefnd til þess að hafa með höndum forval. Sú nefnd var skipuð og hefur hún starfað í samræmi við reglugerðina.

Önnur starfsemi á vegum Umsýslustofnunar varnarmála og sölu varnarliðseigna hefur farið fram með sama hætti og áður og hefur stofnunin bætt hinu nýja hlutverki við sig án þess að fjölga starfsfólki.

Um flutning heimilis og varnarþings er það að segja að sala varnarliðseigna hefur um langt skeið verið með aðalútsölu sína í Reykjavík og hefur jafnframt haft bækistöð á Keflavíkurflugvelli. Þegar ný reglugerð var sett þar sem kveðið var á um að heimili og varnarþing Umsýslustofnunar varnarmála yrði á Suðurnesjum hafði engin úttekt verið gerð á fjárhagslegri hagkvæmni þess flutnings. Ljóst er að slík hagkvæmnisathugun og nauðsynlegur undirbúningur þarf að eiga sér stað áður en til flutnings kemur enda er gert ráð fyrir að stofnunin skili sértekjum til ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum Alþingis. Forstjóri Umsýslustofnunar hefur í bréfi til utanrrn. og í viðræðum við ríkisendurskoðanda lagt til að slík athugun fari fram.

Rétt er að hafa það í huga að Sala varnarliðseigna skilaði í ríkissjóð á árinu 1995 rúmlega 70 millj. kr. Nafnbreyting verður tekin upp á miðju þessu ári en hingað til hafa forvöl verið auglýst bæði í nafni Sölu varnarliðseigna og Umsýslustofnunar varnarmála. Það má því segja að í öllum meginatriðum sé í dag starfað eftir núverandi reglugerð eða stefnt að því að hún komist í framkvæmd.

Fyrrgreind reglugerð um Umsýslustofnun varnarmála var gefin út með mjög skömmum fyrirvara. Aðaláhersla var lögð á að Sala varnarliðseigna tæki að sér að annast forvöl vegna útboða til að koma til móts við óskir Bandaríkjamanna um kostnaðarlækkun á Keflavíkurflugvelli. Verður ekki annað séð en sú framkvæmd hafi tekist vel.

Undanfarið hefur átt sér stað athugun á öðrum breytingum á stofnuninni og er unnið að því og hefur verið unnið að því í samráði við stofnunina en niðurstöður liggja ekki enn endanlega fyrir. Ég vil í þessu sambandi geta þess að það er varhugavert að líta svo á að breyting á þessari stofnun muni skila mjög mörgum störfum til viðbótar á Suðurnesjum. Það er rangt mat. Önnur atriði skipta þar miklu meira máli enda hefur í utanrrn. á undanförnum mánuðum verið lögð megináhersla á að ná nauðsynlegum samningum við Bandaríkjamenn. Það er á engan hátt fallið frá því að flytja a.m.k. hluta þessarar starfsemi til Suðurnesja ef það reynist hagkvæmt. Það verður gert enda verður þá reiknað með því að ráðuneytið geti staðið undir þeim væntingum sem Alþingi gerir í sambandi við tekjur af þessari starfsemi. Ég vil leggja á það áherslu að slíkt verður ekki eingöngu gert með reglugerð heldur með nauðsynlegum undirbúningi. Hann hefur farið fram og niðurstöður munu liggja fyrir fljótlega en eins og ég sagði áður var þetta fyrst og fremst gert með því að breyta reglugerð án þess að nokkuð annað væri gert.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þessi svör sem voru afar fróðleg. Það kemur fram í svari utanrrh. að reglugerð hafi verið sett með stuttum fyrirvara og hvernig það er sett fram má taka sem einhverja gagnrýni um að ekki

hafi verið vandað nægilega til málsins. Það eru vangaveltur mínar af orðum ráðherra. En einnig kemur fram að í meginatriðum hafi verið starfað samkvæmt reglugerðinni frá því í apríl í fyrra og sú starfsemi hafi tekist vel og það hafi tekist vel að fela stofnuninni ný verkefni, sem sagt forvöl vegna þjónustusamninga. Ég vek athygli á því hversu stórt verkefni forval var síðast í apríl varðandi stórt flugskýli á Keflavíkurflugvelli. Eftir stendur að það þurfi að vanda mjög til ákvörðunar um það hvort það sé verri kostur að þetta fyrirtæki sé á Keflavíkurflugvelli og það þýði ekki endilega fleiri störf. Ég geri mér alveg grein fyrir því ef það er mat manna að þeir starfsmenn sem þarna eru geti sinnt nýjum verkefnum þurfi ekki að breyta því. En ég vek athygli ráðherrans á því að t.d. þegar menn eru að vekja upp ýmsa hvata til ferðamennsku á hinum ólíku stöðum er það af því að með því eru önnur viðskipti dregin inn í viðkomandi svæði. Það að fólk er á ferð eykur viðskipti á staðnum og ef stofnun af þessu tagi sem bæði annast forvöl þjónustusamninga, sér um innkaup og sölu á tækjum, búnaði, vörum og dóti og fólk er að koma á Suðurnes til að fara í þessa verslunarleiðangra, í stað þess að fara á Grensásveg, þá hefur það veruleg áhrif á viðskiptaumhverfi Suðurnesja óháð því hvort fáir starfsmenn eða fleiri vinna hjá Umsýslustofnun varnarmála.

Nú heyri ég að niðurstaða á að liggja fyrir fljótlega og það verði ekki látið nægja að setja reglugerð heldur verði sett lög. Þinginu er að ljúka og hæpið að lög komi nú fyrir vorið. Ég vek athygli á að reglugerð var sett í apríl fyrir ári og þessi ríkisstjórn hefur setið í rúmt ár og ég harma það að þessi skoðun hafi ekki verið hraðari vegna þess að þetta er verulega mikilvægur kostur fyrir íbúa Suðurnesja eins og hann er settur upp hér.

[14:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég átti ekki við að það ætti að breyta lögum. Ég átti við að það er hvorki nóg að gefa út reglugerðir eða breyta lögum til þess að koma málum í framkvæmd. Það þarf að vinna að þeim með öðrum hætti og undirbúa þau. Atvinnurekstur verður ekki fluttur til bara með því að gefa út einhverjar reglugerðir. Og ég segi að það var gert í þessu tilviki. Það þarf eðlilegan aðdraganda og góðan undirbúning, þ.e. ef það á að vera hægt að koma þeim vörum sem þarna er um að ræða í eðlilegt verð og það skili nauðsynlegri niðurstöðu fyrir ríkissjóð.

Ég vil á engan hátt útiloka að þessi starfsemi geti farið fram á Suðurnesjum en það er ekki sama hvernig það er gert og það má alls ekki skilja orð mín þannig að ég hafi á einhvern hátt á móti því. En ég vara við því að verið sé að skapa einhverjar óskaplegar væntingar á Suðurnesjum í þessu máli, að þetta mál út af fyrir sig muni leysa mikilvæg atvinnumál á Suðurnesjum. Ég hef orðið var við það að sá málflutningur er uppi. Það er alveg rétt að hér getur verið um einhver fáein störf að ræða, mjög fá störf að ræða. Það er mjög fátt fólk sem vinnur að þessu inni á Grensásvegi. Ég vara við því að verið sé að skapa einhverjar væntingar í þessu máli og slíkar væntingar á alls ekki að skapa með því að gefa út reglugerð daginn áður en menn fara úr ráðuneytum.

Skoðun ökutækja.

Fsp. HjÁ, 395. mál. — Þskj. 695.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Frá því að Bifreiðaeftirlit ríkisins var lagt niður og þjónusta þess gefin frjáls hafa nokkur einkafyrirtæki tekið til starfa og sinna skoðunum bifreiða. Þessi breyting úr Bifreiðaeftirliti ríkisins yfir í hlutafélagaform og að sú starfsemi er gefin frjáls virðist ekki hafa gengið alveg fjandalaust fyrir sig og ýmislegt virðist þar vera á kreiki. Allténts bárust samkeppnsiráði athugasemdir og í áliti nr. 1/1994 kemur fram að samkeppnisráð telur að samkeppnisstaða fyrirtækja á sviði bifreiðaskoðunar sé ójöfn. Það álit er byggt á því að Bifreiðaskoðun Íslands hf., sem mun vera fyrsta fyrirtækið er hóf að starfa á hlutafélagagrundvelli á þessu sviði, mun hafa einkarétt á ýmsum mikilvægum þáttum skoðunar og skráningarferils en sá einkaréttur mun leiða til óhagræðis fyrir samkeppnisaðila, mismununar á milli fyrirtækja og síðast en ekki síst óhagræðis fyrir neytendur.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. mun hafa einkarétt á eftirtöldum atriðum: Öllum skoðunum í kjölfar skráninga, afskráningu og endurskráningu ökutækja, sérskoðun torfærubifreiða, sölu á númeraplötum, afklipptar númeraplötur eru sendar til Bifreiðaskoðunar Íslands hf., skráningu eigendaskipta, framleiðslu og sölu skoðunarmiða.

Ljóst má vera af þessari upptalningu að heldur hallar á önnur fyrirtæki þessa sviðs. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að jafna skuli aðstöðumun fyrirtækja. Þá má ljóst vera að hin skerta samkeppni á umræddu sviði skilar ekki til neytenda þeim markmiðum sem sett voru með einkavæðingu bifreiðaskoðunar og skráningar. Því er hæstv. dómsmrh. spurður hvort hann hyggist bregðast við áðurnefndu áliti samkeppnisráðs í átt til jöfnunar á samkeppnisstöðu fyrirtækja á þessu sviði eins og mælst er til reyndar í áliti samkeppnisráðs.

[14:32]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samkvæmt heimild í umferðarlögum gerðu Bifreiðaskoðun Íslands hf. og þáv. dómsmrh. Jón Sigurðsson, fyrir hönd ríkisins, með sér samning sem gilti til ársloka 2000 um framkvæmd skráningar og skoðunar á ökutækjum. Bifreiðaskoðun skyldi einnig reka ökutækjaskrá samkvæmt þessum samningi. Samningurinn var undirritaður 10. ágúst 1988. Bifreiðaskoðun var ætlað að byggja upp tæknivædda skoðunaraðstöðu í hverju kjördæmi landsins. Þessu marki hefur að mestu verið náð þótt svolítið vanti upp á þá aðstöðu sem að var stefnt á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Mér þótti þegar ég kom að þessum málum ótækt að Bifreiðaskoðun Íslands hefði samkvæmt þessum samningi einkarétt til ársins 2000 á þeim þáttum sem gert var ráð fyrir í samningnum. Ég leitaði þess vegna eftir því við fyrirtækið að samningurinn yrði tekinn upp. En það verður að hafa í huga að hér var um samning að ræða og því ekki unnt að gera breytingar nema í samkomulagi beggja aðila. Í ársbyrjun 1992 var samningi við Bifreiðaskoðun Íslands breytt þannig að fyrirtækið afsalaði sér einkaleyfi á aðalskoðun og endurskoðun ökutækja. Á árunum 1992 og 1993 í kjölfar laga um vog, mál og faggildingu var síðan unnið að gerð reglna um skoðun ökutækja og faggildingu skoðunarstofa

til að skoða ökutæki almennri skoðun og endurskoðun. Nákvæmum skoðunarreglum, faggildingu og gæðakerfi sem fylgir faggildingu er ætlað að viðhalda samræmdri og góðri skoðun án mikils ytra eftirlits. Í kjölfar þessa hafa auk skoðunarstofu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. tvö fyrirtæki fengið faggildingu til að reka skoðunarstofu. Fljótlega eftir að nýjar skoðunarstofur höfðu hafið starfsemi kom í ljós að stjórnendur þeirra töldu sig ekki hafa jafna samkeppnisaðstöðu og skoðunarstofa Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og var sá aðstöðumunur kærður til Samkeppnisráðs.

Samkeppnisráð vakti í áliti sínu 23. ágúst 1994 athygli á og taldi geta orkað tvímælis að ráðuneytisstjóri dómsmrn. væri jafnframt stjórnarformaður Bifreiðaskoðunar Íslands, að skilja ætti að fjárhag skráningarstofu og skoðunarstofu og það gæti rýrt samkeppnisstöðu skoðunarstofa annarra en Bifreiðaskoðunar Íslands að geta ekki boðið upp á allar tegundir ökutækjaskoðunar. Úr þessum ábendingum hefur nú þegar að mestu verið bætt. Ráðuneytisstjóri dómsmrn. hefur látið af störfum í stjórn Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og maður utan stjórnkerfis ríkisins tekið þar sæti. Fjárhagur skráningarstofu og skoðunarstofu hefur verið aðskilinn.

Í desember 1994 var skoðunarstofum heimilað að skoða ýmsar sérskoðanir samhliða almennri skoðun. Nú hefur enn verið rýmkað á þessari heimild og er unnið að reglum sem gera kleift að skoðunarstofur geti aflað sér faggildingar á því sviði. Stefnt var að því að reglur þar að lútandi yrðu tilbúnar í byrjun þessa mánaðar en undirbúningur mun dragast um nokkrar vikur en það mál er að komast á leiðarenda. Þá er stefnt að fullum aðskilnaði skráningarstofu og skoðunarstofu Bifreiðaskoðunar Íslands. Faggiltar skoðunarstofur koma þá til með að annast allar skoðanir ökutækja en skráningarstofa annast þá skráningu ökutækja og umsjón ökutækjaskrár. Dómsmrn. er nú í samningaviðræðum við Bifreiðaskoðun Íslands um þetta fyrirkomulag og heildarendurskipulagningu á fyrirtækinu og væntanlega sölu á hlut ríkisins í því.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Það er margt athyglisvert sem fram kemur í svarinu. Þó finnst mér standa þar upp úr í raun að líta má á þetta sem ágæta dæmisögu. Þetta segir okkur ýmislegt um þær hættur sem kunna að fylgja því að breyta rekstrarformi fyrirtækja úr ríkisrekstri í hlutafélagaform. Ég tel að hæstv. dómsmrh. hafi staðfest að það hafi átt sér stað mistök árið 1988 þegar þáv. hæstv. ráðherra, Jón Sigurðsson, gerir samning til 12 ára, til aldamóta, við eitt fyrirtæki og veitir því þar með afdráttarlausa aðstöðu og í rauninni einkaaðstöðu á þessu sviði.

Það sem skiptir mestu máli er að jafna aðstöðu. Þarna hafa orðið mistök. Ég ítreka að það hafi verið mistök að fela einum aðila þennan forgang sem hér hefur verið lýst og það er ekki tilgangurinn með svonefndri einkavæðingu. Meginatriðið hlýtur að vera að skapa jafnan samkeppnisgrunn. Það skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja ef viðskiptavinur er þvingaður, ef hann fær bara brot þjónustunnar hjá einu fyrirtækinu og er þannig þvingaður til að fara til þess aðila sem forréttindanna nýtur. Það er ekki minn skilningur á ærlegri samkeppni og þess vegna fagna ég því að hæstv. dómsmrh. skuli hafa tekið á málinu. Auðvitað harma ég þann seinagang sem þar hefur orðið en ég skil orð ráðherra svo að tíðinda sé að vænta núna innan fárra vikna. Kostir samkeppninnar eiga að koma fram í bættri þjónustu við neytendur.

[14:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að ítreka að Bifreiðaskoðun Íslands hf. er fyrirtæki sem að hálfu er í eigu ríkisins og að hálfu í eigu einkaaðila. Þetta fyrirtæki fékk samning um einkarétt á skoðun og skráningu ökutækja 1988 fram til ársins 2000. Jafnframt voru lagðar skyldur á herðar þessa fyrirtækis um að byggja upp skoðunarstofur í öllum kjördæmum landsins. Auðvitað má um það deila hvort þetta hafi verið rétt á sínum tíma, en ég hygg að vilji Alþingis þá hafi ekki staðið til þess að opna fyrir samkeppni í skoðun ökutækja. En aðstæður breyttust fljótt og þegar ég kom að þessum málum þótti mér sem það væri eðlilegt að reyna að knýja á um að samkeppni varðandi skoðun ökutækja gæti hafist fyrr en þessi samningur gerði ráð fyrir.

Ég get hins vegar ekki fallist á það sem hv. þm. sagði að um hafi verið að ræða seinagang af hálfu ráðuneytisins vegna þess að hér var verið að brjóta upp samkomulag sem gilti og ríkið er bundið af til aldamóta. Allar breytingar eru því háðar því að samkomulag náist við viðsemjandann. Það hefur verið unnið eins hratt og markvisst að þessum breytingum og kostur hefur verið á. Við höfum líka þurft að gæta þess að þessi breyting raskaði ekki því öryggi sem á að felast í skoðun bifreiða og að komið yrði á kerfi faggildingar varðandi skoðunarstofurnar. Það fór mikill tími í að undirbúa þær reglur því að það er ekki markmiðið með þessari breytingu að slaka á þeim öryggiskröfum sem gerðar eru varðandi skoðun bifreiða.

Jafnréttisfræðsla fyrir dómara.

Fsp. BH, 466. mál. — Þskj. 801.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld komu í byrjun þessa árs fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með sáttmálanum um afnám allrar mismununar gegn konum en sáttmálinn hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu. Nefndin gerði nokkrar athugasemdir við framkvæmd okkar á sáttmálanum í formi tillagna og tilmæla. Þar á meðal var því beint til stjórnvalda að þau stæðu fyrir kynningu á sáttmálanum innan dómskerfisins og að auki að aðgerðir yrðu hafðar í frammi til að kynna íslenskum dómstólum áætlun um upplýsingadreifingu og fræðslu varðandi sáttmálann.

Það kom m.a. fram bein tillaga um það frá nefndinni að staðið yrði fyrir sérstöku námskeiði fyrir dómara um mannréttindamál, þar á meðal um mannréttindi kvenna.

Í nýlegu fréttabréfi Jafnréttisráðs, Voginni, er á forsíðu harðorð grein sem ber yfirskriftina: „Dómstólar á villigötum.“ Þar kemur fram að á síðasta ári hafi fallið margir dómar er varði konur og kvenfrelsisbaráttu sérstaklega en að mörgum þyki að í þeim kristallist fordómar og þröngsýni í garð kvenna og þeirra jafnréttisbaráttu sem fram hefur farið í seinni tíð. Þar er velt vöngum yfir því hvers vegna svo sé. Meðal annars er þar greint frá því að frá því að kærunefnd jafnréttismála tók til starfa hafi fallið fjórir dómar í málum frá henni í undirrétti og það sé skemmst frá því að segja að þeir hafi ekki verið jafnréttisbaráttunni til framdráttar. Og enn hefur fallið einn dómur í undirrétti í máli vegna launaðs

starfsmanns hjá Ríkisútvarpinu og hann fór á sama veg og hinir. Kærunefnd tapaði málinu. Dómarnir staðfesta allir að ábyrgð atvinnurekenda er engin á því að tryggja jafna stöðu karla og kvenna á vinnustað þrátt fyrir markmið laganna um að breyta viðurkenndu, ólögmætu ástandi, þ.e. kynbundnu misrétti á vinnumarkaði yfir í lögmætt ástand.

Það er sýnt að ef dómstólar komast upp með að líta fram hjá skýru markmiðsákvæði laganna eða a.m.k. beita ekki tækjum sem nauðsynleg eru til að lögin nái framgangi sínum verður að gera annað tveggja: Að uppfræða dómara og reyndar lögmenn betur um markmið laganna og innihald og skuldbindingar íslenskra stjórnvalda á þessu sviði eða að breyta ákvæðum jafnréttislaga þannig að ekki verði fram hjá þeim komist á þann hátt sem verið hefur. Á þetta hefur nefndin bent og því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

„Hefur ráðherra í hyggju að verða við tilmælum til íslenskra stjórnvalda frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum sem lúta að kynningu meðal dómara á sáttmála um afnám allrar mismununar gegn konum? Ef svo er, á hvern hátt er fyrirhugað að standa að þeirri fræðslu?“

[14:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum er grundvallaður á samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, nr. 34/180, frá 18. desember 1979, sem tók gildi 3. september 1981. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í júlí 1980 en fullgiltur með heimild í ályktun Alþingis 13. júní 1985. Hann öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 18. júlí 1995.

Ráðuneytið lítur svo á að með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985 og síðari lögum um sama efni hafi Ísland fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt ofangreindum samningi hvað löggjöf varðar. Jafnréttismál heyra hins vegar sem kunnugt er undir félmrn. Þar sem mannréttindamál heyra hins vegar almennt undir dómsmrn. er að nokkru leyti um sameiginlega ábyrgð þessara tveggja ráðuneyta að ræða gagnvart samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Á vegum skrifstofu jafnréttismála sem heyrir undir félmrn. er stöðugt unnið að fræðslu og kynningu á stöðu jafnréttismála með útgáfustarfsemi og á annan hátt. Þá má einnig geta þess að tilvitnaður samningur hefur verið gefinn út í ritinu Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar sem út kom í Reykjavík 1992. Þessu riti hefur verið dreift til allra dómstóla landsins. Af hálfu dómsmrn. hefur ekki verið unnið sérstaklega að kynningu ofangreinds samnings enda hefur ráðuneytið litið svo á að það hafi fyrst og fremst verið á verksviði félmrn. að standa að slíkri kynningu. Samningurinn hefur ekki verið kynntur fyrir dómurum sérstaklega fremur en aðrir alþjóðlegir samningar sem fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu. Ráðuneytið hefur hins vegar í framhaldi af þessari fyrirspurn boðað til fundar með fulltrúum félmrn., Dómarafélagsins og Skrifstofu jafnréttismála og á þeim fundi verður tekið til umræðu hvernig rétt sé standa að kynningu á samningnum gagnvart dómurum.

[14:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu þarfa atriði langar mig að vekja athygli á því að frá því að Ísland fullgilti sáttmálann um afnám allrar mismununar gagnvart konum árið 1985 hefur bæst við í kjölfar þess framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna til þess að fylgja þeirri samþykkt eftir. Þar er einmitt að nokkru vikið að því máli sem hér er vakin athygli á.

Í framhaldi af því langar mig líka að segja frá því að á ráðstefnu sem haldin var í byrjun desember á vegum utanrrn. til þess að fylgja eftir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína kom einmitt fram hjá fulltrúa sænsku jafnréttisskrifstofunnar, ef við getum þýtt það sem skrifstofu, að þar í landi hefur verið staðið fyrir námskeiðum reyndar fyrir allt stjórnkerfið, ríkisstjórninni líka. Það fóru allir ráðherrar sænsku ríkisstjórnarinnar á námskeið og dómskerfið var tekið fyrir líka vegna þess eins og hér hefur komið fram veitir ekki af því að hér er um rótgróin viðhorf að ræða. Ég vil bæta því við að það þarf líka að taka rækilega í gegn kennslu lagadeildar Háskóla Íslands.

[14:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurn hennar um leið og ég vil nota tækifærið og benda á að nú bíður umræðu í þinginu þáltill. um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni þar sem m.a. er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi m.a. það hlutverk að tryggja að dómarar fái fræðslu um kynferðislega áreitni ásamt reyndar fleiri starfsmönnum ríkisins og trúnaðarmönnum. Það er von mín að hæstv. dómsmrh. taki þetta mál mjög föstum tökum, óháð því hvernig þessi þáltill. fer og ég fagna því að svar hans bendir kannski til þess. En þeir dómar sem tengjast mismunun gegn konum og ofbeldi gegn konum að undanförnu í þjóðfélaginu hafa valdið almennri hneykslan og reiði í þjóðfélaginu og mjög mikilvægt er því að mínu mati að dómarar fræðist um kynferðislega áreitni áður en slík mál fara að koma frekar til meðferðar í dómskerfinu.

Að lokum vil ég taka undir að það er mjög mikilvægt að fræðsla um þessi mál verði tekin upp í lagadeild til þess að lögfræðingar og dómarar framtíðarinnar verði betur upplýstir um þessi mál. Að lokum má benda á niðurlagsorð greinar í Voginni þar sem stendur: „Það eru dómarar landsins sem ráða því hvort túlkun á réttindum sem jafnréttislögum er ætlað að tryggja verði jafnrétti kynjanna til framdráttar eður ei.“

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og einnig þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ég tel það vera ánægjuefni að dómsmrh. hafi boðað fund með þeim sem gætu mögulega gætu haft eitthvað um þessi mál að segja og sýni málinu þannig áhuga. Jafnframt vil ég hvetja hann til að taka forustu á þessu sviði og virkilega gera eitthvað í þessum málum.

Ég vil benda á það að þetta mál er mikið áhyggjuefni margra og ekki síst kvenna. Eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir benti áðan á hefur þetta mál verið mjög rætt meðal kvenna og m.a. voru þingkonur boðaðar á fund fyrr í vetur þar sem þessi mál voru rædd ásamt stjórnarkonum í Kvenréttindafélagi Íslands. Þar var samþykkt að hvetja Dómarafélagið, Lögmannafélag Íslands og lagadeild Háskóla Íslands til þess að gera eitthvað í þessum málum þar sem almennt eru konur á því að að þessum málum sé alls ekki nógu vel staðið. Þess vegna fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli hafa sýnt málinu áhuga og ég hvet hann til þess að vinna áfram á þessari braut. Ég vil m.a. geta þess í leiðinni að það hefur verið haft samband við forseta lagadeildar út

af þessum málum þar sem hann er hvattur til að standa að bættri jafnréttisfræðslu í lagadeild Háskóla Íslands, t.d. með því að taka upp kennslu í kvennarétti og hefur hann tekið vel í þá málaleitan auk þess sem að sjálfsögðu kemur til bóta í þessum efnum námsbraut í kvennafræðum sem fer af stað nú í haust.

En ég þakka ráðherranum svörin og hvet hann til að taka forustu í þessu máli því að það er mjög brýnt að það verði gert.

Löggæsla í Reykjavík.

Fsp. GHall, 507. mál. — Þskj. 904.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 904 hef ég lagt fram fyrirspurn til dómsmrh. um löggæslu í Reykjavík. Tilefni þessarar fyrirspurnar er sú að á hverjum þriðjudegi birtist í Morgunblaðinu Úr dagbók lögreglunnar þar sem fram kemur hvað hefur verið að gerast í Reykjavíkurborg þá helgina. Þá má lesa eftirfarandi:

„Um helgina var tilkynnt um 25 innbrot, 16 þjófnaði og tvo nytjastuldi. Auk þess var tilkynnt um 13 minni háttar eignaspjöll, þrjár líkamsmeiðingar og 27 umferðaróhöpp. Í þremur þeirra urðu meiðsli á fólki. Lögreglumenn þurftum 20 sinnum að fara í heimahús vegna hávaða og ónæðis að næturlagi og fjórum sinnum vegna heimilisófriðar. Afskipti þurfti að hafa af 22 vegna ölvunarháttsemi á almannafæri. Vista þurfti 20 manns í fangageymslum yfir helgina. 11 ökumenn eru grunaðir um ölvunarakstur, 56 voru kærðir fyrir að virða ekki reglur um leyfðan hámarkshraða og 23 ökumenn voru kærðir vegna annarra umferðarlagabrota. Þá voru tveir aðilar í bifreið sem stöðvuð var í Þingholtsstræti handteknir enda grunaðir um fíkniefnamisferli. Eitthvað af efnum, svo sem amfetamín, hassfræ og hassmoli fannst við leit."

Það er athyglisvert að lesa um það að í slíkum tilfellum eru menn yfirheyrðir og að því loknu oftast sleppt. Í Bandaríkjunum er harðar á mönnum tekið og farartæki sem finnst í fíkniefni eru gerð upptæk og seld á opinberu uppboði og þeir fjármunir renna til starfsemi fíkniefnalögreglunnar. En þá að fyrirspurnunum:

1. Hversu margir lögreglumenn eru á vakt í Reykjavík: á dagvakt, á næturvakt, á dagvakt um helgar, á næturvakt um helgar?

2. Hvernig skiptast störf þeirra, þ.e. í stjórnunarstörf og almenn löggæslustörf, í hverri deild?

3. Hversu margar lögreglubifreiðar eru í notkun á framangreindum vöktum?

4. Hver hefur verið meðalfjöldi útkalla á framangreindum vöktum sl. þrjú ár?

5. Hversu langur tími líður frá útkalli (vegna annars en umferðaróhappa) þar til lögregla er komin á vettvang?

6. Hvernig hefur tæknibúnaður lögreglu þróast undanfarin ár, þ.e.: bifreiðar, tækjakostur við skýrslugerð, tækjakostur við löggæslustörf?

7. Er tækjakostur lögreglu sambærilegur við það sem tíðkast í öðrum Evrópuríkjum?

Herra forseti. Það er að gefnu tilefni sem ég legg þessa fyrirspurn fram og með tilvísun til þess sem hér birtist á hverjum þriðjudegi í blöðum að ég veit það að borgarbúum er orðið órótt vegna þess ástands sem hér hefur skapast á umliðnum árum.

[14:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á hverri dagvakt í Reykjavík virka daga starfa 119 lögreglumenn, þar af 26 við stjórnunarstörf, 37 bifreiðar eru í notkun og fjöldi útkalla á hverri vakt varð að meðaltali 80 árið 1995. Á hverri næturvakt virka daga starfa 27 lögreglumenn, þar af níu í stjórnunarstörfum. Átta bifreiðar eru í notkun og fjöldi útkalla á hverri vakt var að meðaltali 40 árið 1995. Á hverri dagvakt um helgar starfa 34 lögreglumenn, þar af níu við stjórnunarstörf, níu bifreiðar eru í notkun og fjöldi útkalla á hverri vakt var að meðaltali 40 árið 1995. Á hverri næturvakt um helgar starfa 66 lögreglumenn, þar af 11 við stjórnunarstörf, 18 bifreiðar eru í notkun og fjöldi útkalla á hverri vakt var að meðaltali 95 árið 1995. Meðal þeirra þeirra sem starfa á dagvakt eru starfsmenn útstöðva, lögreglumenn í grenndarlöggæslu, rannsóknadeildum, forvarnadeild, fullnustudeild, útlendingaeftirliti og öðrum sérdeildum. Fjöldi skráðra verkefna lögreglu er að meðaltali 53 þúsund árlega eða um 1.450 hvern dag ársins. Lögregluskýrslurnar eru um 30 þúsund á ári eða um 820 á dag.

Skipting lögregluliðsins í hverri deild á dagvöktum virka daga er þannig: Í almennri deild lögreglu eru 13 stjórnendur og 37 sem hafa ekki á hendi stjórnunarstörf. Í umferðardeild eru sex stjórnendur og átta hafa ekki á hendi stjórnunarstörf. Í ávana- og fíkniefnadeild eru tveir stjórnendur og 13 sem ekki hafa á hendi stjórnunarstörf. Í tæknideild eru tveir sem hafa ekki á hendi stjórnunarstörf. Í almennri rannsóknardeild er einn stjórnandi og átta rannsóknarar. Í fullnustudeild er einn yfirmaður og 13 sem hafa ekki á hendi stjórnunarstörf. Í forvarnadeild lögreglu eru tveir stjórnendur og fjórir sem hafa ekki á hendi stjórnunarstörf. Í útlendingaeftirliti eru þrír sem hafa ekki á hendi stjórnunarstörf. Í öðrum störfum eru sex lögreglumenn.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Reykjavík er algengasti viðbragðstíminn innan við 10 mínútur. Tíminn er þó mislangur og kemur þar margt til. Frá síðustu áramótum hefur viðbragðstíminn verið skráður sérstaklega í öllum veigamestu útköllunum og unnið er að því að slík skráning verði í öllum útköllum. Í forgangsútköllum er algengur viðbragðstími 2–3 mínútur.

Á árinu 1988 var gert myndarlegt átak í að endurnýja bifreiðaflota lögreglunnar í Reykavík og síðan hefur verið reynt að halda í horfinu með eðlilegri endurnýjun. Ljóst er þó að endurnýjun er ávallt háð fjárveitingum og með auknu aðhaldi í ríkisrekstri hefur þurft að taka rekstur bifreiða fastari tökum en áður. Í því skyni hafa orðið áherslubreytingar í kaupum á lögreglubifreiðum. Dregið hefur verið úr rekstri stórra bifreiða og aksturinn verið færður á minni bifreiðar. Þannig hefur tekist betur en áður að nýta það fjármagn sem varið er til endurnýjunar og reksturs bifreiðaflota lögreglunnar.

Varðandi tækjakost við skýrslugerð er það að segja að embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur að mestu verið tölvuvætt. Skýrslugerð hefur af þessum sökum orðið auðveldari en áður. Tölvur eru þó ekki notaðar að öllu leyti við yfirheyrslur. Eins og kunnugt er gengur tölvubúnaður fljótt úr sér og ljóst er að nokkuð vantar upp á að tölvukostur embættisins sé nú í því horfi að hægt sé að nýta hugbúnað til hins ýtrasta.

Miklum fjármunum hefur á síðustu fjórum árum verið varið til upplýsingakerfa lögreglunnar, þar með talið tölvutækrar dagbókar og kæruskrár á víðneti sem ætlunin er að verði orðið að landskerfi fyrir áramót. Við þessi upplýsingakerfi verður bætt öflugra skýrslugerðarforriti. Ef allt gengur að óskum má reikna með að lögreglan á Íslandi verði innan tveggja ára komin með háþróað upplýsingakerfi sem mun standast fyllilega samanburð við aðrar þjóðir. Gagnabanki sem verður smám saman byggður upp í þessu kerfi kemur til með að veita lögreglunni ómetanlegar upplýsingar og verða til mikils flýtis og hagræðis.

Varðandi tækjakost við lögreglustörf er það að segja að vegna fjölda lögreglumanna í Reykjavík hefur embættið dregist nokkuð aftur úr sumum öðrum embættum. Ýmislegt hefur þó verið gert til að bæta þar úr. Á fjárlögum þessa árs hefur til að mynda verið varið 15 millj. kr. til tækjakaupa og ætlunin er að framhald verði á þeirri fjárveitingu a.m.k. næstu tvö árin. Ætlunin er að verja þessum fjárveitingum til kaupa á þeim tækjakosti sem setið hefur á hakanum að endurnýja hjá embættunum á undanförnum árum og eins til að kaupa ný tæki og áhöld til lögreglustarfa. Mun lögreglan í Reykjavík njóta góðs þar af, t.d. hvað varðar öryggisbúnað ýmiss konar, svo sem skotheld vesti.

Að því er spurt hvort tækjakostur lögreglu sé sambærilegur við það sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum. Því er til að svara að tækjakostur lögreglu er sjálfsagt eins misjafnt og Evrópulöndin eru mörg. Segja má að lögreglan hér þurfi að ýmsu leyti á betri og fjölbreyttari búnað að halda en lögregla víða annars staðar. Við lítum hins vegar helst til Norðurlandanna um samanburð og reynum að byggja tækjakost okkar upp í samræmi við það sem best gerist þar. Hvort það hefur tekist að öllu leyti skal ekki fullyrt hér. Ljóst er að þörf er að gera betur á mörgum sviðum, t.d. á sviði fjarskiptamála, og varðandi endurnýjun bifreiða þarf einnig að herða róðurinn nokkuð og hefur verið farið fram á viðbótarfjárveitingar vegna þessa. Umdeilanlegt er hvaða nútímatækjabúnað er rétt að taka í notkun við löggæslu eins og myndavélabúnað til eftirlits sem vitað er að fækkað hefur ofbeldisglæpum verulega þar sem slíkur búnaður hefur verið tekinn í notkun erlendis. Ljóst er þó að löggæsluyfirvöld verða að fylgjast vel með nútímatækjabúnaði, svo lögreglan verði ekki mörgum skrefum á eftir þeim sem standa að afbrotum, e.t.v. með aðstoð hátæknibúnaðar.

[15:00]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að flytja þessa fyrirspurn sem hann gerði mjög skýrt og greinilega. En það sama verður ekki sagt um svör hæstv. ráðherra sem las þau það hratt að ógerningur var að ná öllum þeim atriðum sem fram komu í svarinu. Það er svo sem hægt að bæta sér það upp með því að fá útskrift af ræðunni. En þó að það sé vissulega þörf á því að gera okkur grein fyrir því hversu margir lögreglumenn eru á vakt á hverjum tíma í Reykjavík, þá er ekki síður nauðsynlegt fyrir okkur að vita hver hin raunverulega þörf er. Það kom fram t.d. hjá lögreglustjóranum í Reykjavík að fjárvöntun hjá lögreglunni í Reykjavík í dag er gífurleg. Hún skiptir tugum milljóna. Og vinnuálag á lögreglunni er mjög mikið því að þar tíðkast mikil yfirvinna vegna frekar lágra grunnlauna sem lögreglumenn hafa.

Það hefur einnig komið fram að það vantar verulegar fjárveitingar til tækjakaupa og m.a. hefur fíkniefnalögreglan sótt um heimildir til tækjakaupa fyrir allt að 20 millj. núna á þessu fjárlagaári sem ekki var hægt að verða við. En það væri vissulega þörf á því að heyra það hjá hæstv. ráðherra hver hin raunverulega þörf er og hvort hann telur þeirri þörf sem er fyrir löggæslu í Reykjavík í dag fullnægt.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. En það hefði verið gott að ná þeim niður. En auk þess sem ráðherra kom inn á og ég talaði um í upphafi máls míns, þá taldi ég ekki upp allan þann fjölda innbrota í bifreiðar og annað sem hafði gerst þessa tilteknu helgi.

Það er hins vegar annað sem slær mig mjög, herra forseti. Það er að í DV í dag er stór fyrirsögn þar sem sagt er að smyglarar hafi fundið nýjar leiðir með fíkniefni í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Með leyfi forseta langar mig til að vitna í viðtal sem er í DV í dag, svohljóðandi:

„Björn Halldórsson hjá fíkniefnalögreglunni segir að óheppni geti ráðið miklu um að ekkert hefur verið tekið af smygluðum fíkniefnum í hálfan þriðja mánuð. Leiðirnar inn í landið séu eftir sem áður með flugi og skipum. Hins vegar geti verið að smyglararnir hafi fundið nýjar aðferðir við að fela efnin."

Ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti. Hér er fíkniefnalögreglumaður sem segir að það sé óheppni sem geti ráðið miklu um að ekkert hefur verið tekið af smygluðum fíkniefnum í hálfan þriðja mánuð. Mér finnst málið vera alvarlegt. Það hefur líka oft komið fram hjá borgurum þegar þeir hafa verið að tala um þessi mál eins og þau hafa verið að þróast hér í skjóli nætur og myrkurs að það líður allt of langur tími frá því að lögreglunni er gert viðvart um innbrot í bifreiðar og annað sem það verður vitni að þangað til lögreglan kemur. Þess vegna bar ég fram þessar fyrirspurnir.

Það kom hins vegar margt athyglisvert fram hjá hæstv. dómsmrh. sem auðvitað væri full ástæða til þess að taka frekar til umræðu. En vegna þess fyrirkomulags í fyrirspurnatímum sem hér er verður það ekki hægt að sinni. En ég endurtek þakkir til dómsmrh. og vænti þess að fá afrit af þeirri skýrslu sem hann flutti hér.

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar athugasemdar hv. 5. þm. Suðurl. um að svör hafi ekki verið skýr við þeim fyrirspurnum sem hér voru bornar fram, þá er það ekki rétt því að í svarinu fólust alveg skýr svör við öllum fyrirspurnum sem settar voru fram á fyrirspurnablaði hv. fyrirspyrjanda. En það er hins vegar, herra forseti, nauðsynlegt að vekja athygli á því að fyrirspurnin eins og hún er fram sett rúmast ekki innan gildandi þingskapalaga um það hvaða tíma ráðherrar hafa til svara. Það hefði verið rétt af forseta þingsins að leiðbeina hv. fyrirspyrjanda um það að koma með fyrirspurnina í skriflegu formi ef ætlunin var að grípa þau svör sem hér voru borin fram því að auðvitað verður að svara hér í samræmi við þann tíma sem þingsköp leyfa. Ég vona að hv. þingmenn virði það.

Varðandi spurningar um það hvaða mat liggi fyrir á þörf fyrir löggæslu, þá eru ekki til neinir einhlítir mælikvarðar á slíka þörf og ekki er hægt að mæla hana með tommustokk. Ég hygg hins vegar að við getum fullyrt að það sé með ágætum staðið að löggæslu í höfuðborginni. Það kemur fram í þeim svörum sem hér voru tilgreind varðandi útkallstímann að hann er að meðaltali tíu mínútur og í forgangsútköllum

er hann tvær til þrjár mínútur. Auðvitað geta verið tilvik þar sem útkallstíminn er lengri og lögreglan verður vitaskuld að meta það nokkuð eftir eðli mála hverju sinni. En ég hygg að þau svör sem hér hafa verið borin fram sýni að lögreglan bregst mjög skjótt og hratt við þegar þörf krefur.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vegna orða hæstv. dómsmrh. um að forsetar hefðu átt að leiðbeina mér um meðferð þessa máls, þá vildi ég bara leiðrétta hann í því að ég hafði ekkert orð á því að svör þyrftu að vera með öðrum hætti heldur en þau voru. Ég gerði mér alveg fulla grein fyrir því hvernig málið er fram lagt og var alveg fullmeðvitaður um það hvers væri að vænta í svarinu.

Það sem hins vegar vakti fyrir mér með því að óska ekki eftir skriflegu svari var að vekja athygli á því ófremdarástandi sem ríkir um helgar í Reykjavíkurborg og borgarbúar hafa verulegar áhyggjur af. Og ég vænti þess, hæstv. dómsmrh., að þessi umræða um þá fyrirspurn sem ég hef lagt fram megi verða til þess að á þessum málum verði enn frekar og fastar tekið. Það er skoðun mín og fjölmargra borgarbúa að á ýmsum löggæslumálum sé ekki nógu vel tekið. Menn hafa haft orð á því að ...

(**Forseti** (GÁS): Ég vil vekja athygli á því að þessi umræða heyrir ekki undir liðinn fundarstjórn forseta.)

Ég biðst afsökunar, herra forseti. Svo að ég snúi mér að máli málanna, þá var þessi málsmeðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, að ósk minni en ekki með öðrum hætti eins og hér hefur komið fram, hæstv. dómsmrh.

[15:08]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan því að ef við erum að leggja fram fyrirspurnir, þá hlýtur að vera ætlunin að það sé hægt að flytja þau svör sem gefin eru á þeim hraða að hv. þingmenn heyri þau, skilji þau og geti rætt þau. Þannig skila þau bestum árangri og umræðan hlýtur að vera til þess.

Skyldunámsefni í vímuvörnum.

Fsp. RG, 479. mál. — Þskj. 827.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til menntmrh. um hvort hann hyggist gera fræðsluefni um vímuefnavarnir að skyldunámsgrein. Ég vil gjarnan fjalla örlítið um þörfina fyrir að gera þetta námsefni að skyldugrein.

Á nokkrum þingum flutti þingflokkur Alþfl. þingsályktunartillögur, alhliða tillögur um varnir gegn vímuefnum og einn liður þeirra var að námsefnið vímuefnavarnir yrði hluti skyldunáms í grunnskólum. Á þeim tíma kynnti ég mér mjög vel viðhorf þeirra sem að þessum málum vinna, ekki síst Lionshreyfingarinnar og það átak sem þeir höfðu gert. Ég held að þetta mál hafi verið flutt á þremur þingum og á næsta þingi á eftir lagði heilbrrh. fram frv. sem einnig tók til þátta hjá einum fjórum ráðuneytum. Þar var fjallað um ábyrgð hins opinbera hvað snertir fræðslu um skaðsemi vímuefnaneyslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Það náðist því miður ekki samstaða um framgang þess stjfrv. og ég tel að það hafi verið vegna þess að það tók til margra ráðuneyta. Það er alltaf viðkvæmt þegar einn ráðherra flytur frv. þar sem áætlað er að setja lög sem ná yfir verksvið annarra.

Það hefur verið allt of lítil áhersla á forvarnir hvað varðar áfengi, tóbak og vímuvarnir. Miðað við kostnað við eftirmeðferð vegna afleiðinga af neyslu þessara efna, þá er það ótrúlegt hvað lítið er lagt í forvarnirnar. Það má benda á að í umfjöllun heilbrigðisnefnda um tóbaksfrv. sem þar hefur verið til umfjöllunar kom þessi kostnaður mjög berlega fram.

Ég vil líka vísa til þess, virðulegi forseti, að þegar átakið Stöðvum unglingadrykkju var í gangi, var bók send til 30 þúsund heimila á kostnað átaksins til umhugsunar fyrir foreldra og reynt að beina því til allra sem að slíkum málum koma hversu mikilvægt það er að reyna að taka á þeim málum sem hafa áhrif á drykkju og neyslu barna og ungmenna, ekki síst löggjöfina. Í svörum í skýrslu um vímuefnamál sem nýlega var dreift í þinginu og dreift eftir að ég bar fram þessa fyrirspurn kemur einmitt fram að þrátt fyrir að ákvæði um fíknivarnir í grunnskólum sé í aðalnámskrá, þá eru það fyrst og fremst stóru sveitarfélögin sem hafa skipulega stuðlað að kennslu í fíknivörnum og þá fyrst og fremst í 7. og 8. bekk. En hver og einn grunnskóli ræður þessu og í raun og veru leggur hvert og eitt sveitarfélag fjármagn fram.

Nú hefur það komið í ljós við vinnu allra þeirra fjölmörgu sem eru í áhugavinnu til að stuðla að þessum vörnum, að það er mjög mikilvægt að vera með þessa fræðslu í skólunum og mjög góður árangur að því er talið er í þeim skólum og sveitarfélögum sem hafa kostað til, þó að það sé mat flestra að það þurfi að fara neðar í aldurinn.

Lionsklúbbarnir standa fyrir enn einu átakinu og hvetja til þess að t.d. Lions Quest námsefnið fari inn í alla skóla landsins eða að það verði lögfest að taka þessa fræðslu upp. Mér er engin launung á því að það er sannfæring mín að ef námsefni um þetta efni yrði lögfest í grunnskólum landsins þá værum við að stíga stórt skref í forvörnum. Því spyr ég menntmrh.: Hyggst hann lögfesta þetta námsefni í grunnskólum landsins?

[15:13]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Menntmrh. lögfestir í sjálfu sér ekki neitt heldur er það hið háa Alþingi sem festir hluti í lög. En á grunnskólum hvíla skyldur hvað varðar vímuvarnir eða fíknivarnir eins og kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989. Ákvæði um hlutverk og skyldur grunnskóla á þessu sviði eru almenns eðlils í lögum um grunnskóla, 29. gr., þar sem fjallað er um námskrár og kennsluskipan. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í starfi skólans skal leggja áherslu á: ... að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi“

Útfærsla þessa lagaákvæðis er skýr eins og hún birtist í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989. Markmiðið með fíknivörnum er þríþætt samkvæmt aðalnámskrá. Þó að Lions Quest námsefnið „Að ná tökum á tilverunni“ falli vel að þeim áherslum sem settar eru fram um aðferðir og leiðir í fíknivörnum er álitamál hvort gera eigi það að skyldu í grunnskólum. Í því efni þarf að vera eðlilegt svigrúm. Námsefnið er tæki til að ná markmiðunum sem sett eru fram um efnið. „Að ná tökum á tilverunni“ er ein leið af mörgum sem eru færar. Þegar það var gefið út í samvinnu við Lionshreyfinguna var litið á það af hálfu menntmrn. sem einn kost en ekki hinn eina sem skólarnir gætu nýtt sér til að sinna

skyldum sínum í fíknivörnum en fram til þessa hefur ekkert námsefni reynst betur hér á landi.

Erlendar rannsóknir sýna að námsefni á borð við „Að ná tökum á tilverunni" þar sem lífsleikni er kennd ásamt því að fræða um fíkniefnin sjálf og skaðsemi þeirra er líklegt til að ná árangri í forvarnastarfi á þessu sviði. Áherslur kunna að breytast finni menn nýjar og betri leiðir í fíknivörnum. Þessi staðreynd mælir gegn því að gera eitt ákveðið námsefni að skyldu í grunnskólum. Einnig er það í andstöðu við sjálfstæði skóla í kennsluháttum að skylda þá til að nota eina ákveðna aðferð eða ákveðið námsefni til að ná markmiðum skólastarfs.

Fram kemur í könnun sem gerð var haustið 1995 af menntmrn. um fíknivarnir í grunn- og framhaldsskólum að langflestir skólar sem styðjast við námsefnið „Að ná tökum á tilverunni" telja það hjálpa talsvert mikið eða mjög mikið í því hlutverki að sinna fíknivörnum, lífsleikni í skólanum. Aðeins liðlega 14% segja: Það hjálpar lítið eða nánast ekkert.

Þó að ég telji ekki ástæðu til að gera ákveðið námsefni í vímuvörnum að skyldunámsefni, þá vil ég hvetja alla skóla til að leggja áherslu á fíknivarnir enda tel ég ákaflega mikilvægt að skólarnir sinni þeim í auknum mæli. Hægt er að auka getu skólanna til að sinna skyldum sínum á þessu sviði með því að fastsetja ákveðinn kennslutíma í fíknivörnum á viðmiðunarstundaskrá. Fíknivarnir hafa ekki sömu stöðu í viðmiðunarstundaskrá grunnskóla og t.d. íslenska, stærðfræði og samfélagsfræði. Í viðmiðunarstundaskrá eru aðeins tilmæli um að nýta stundir til ráðstöfunar í ýmsa ógreinabundna námsþætti sem skólum ber að sinna samkvæmt aðalnámskrá, t.d. fíknivörnum. Samkvæmt lögum um grunnskóla er ákveðið að fjölga vikulegum kennslustundum nokkuð á næstu árum. Sú fjölgun gefur ný tækifæri til að festa hluta þess tíma á viðmiðunarstundaskrá fyrir fíknivarnir og verður það tekið til athugunar við mótun aðalnámskrár sem nú er að hefjast vinna við.

[15:16]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta upp hér og tek undir þau sjónarmið sem fram komu í ræðu hennar áðan um nauðsyn þess að setja sem skyldunámsefni námsefni í vímuefnavörnum sem er reyndar í nokkrum og flestöllum stærri skólum landsins. Þetta námsefni sem hefur verið notað „Að ná tökum á tilverunni" hefur reynst eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra nokkuð vel, en hins vegar hafa komið fram einhverjar ábendingar frá kennurum og reyndar foreldrum líka um það sem betur mætti fara í því námsefni. Eitt af því hefur verið tekið til greina eða er verið að taka til greina við endurvinnslu á því eftir því sem ég best veit. En ég held að það sé mjög nauðsynlegt að koma á föstu skipulagi í öllum grunnskólum landsins og vera með öflugt forvarnastarf ef það er stöðug vinna nemenda með námsefni sem er þá eins og Lions Quest. Ég held að það sé langbesta forvörnin. Vissulega hafa félagasamtök komið með fræðslu inn í skólana en það hefur verið án skipulags. Og þó að slík fræðsla geri eitthvert gagn þá er það ekki það sama og þegar hópur nemenda vinnur saman með námsefni heilan vetur.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra þetta svar og ég skil hann svo að það eigi að fjölga viðmiðunarstundum og það verði tekið til athugunar hvort það eigi að kveða nánar á um þessi fræði í aðalnámskrá. Ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Ég vil einnig nefna það af því að ég var að tala um fræðslu í skólunum að það var að mínu mati lítil búfa sem veltir væntanlega stóru hlassi þegar ráðherrann veitti þremur milljónum í jafningjafræðsluna. Ég tel að það sé verkefni sem eigi sannarlega eftir að skila sér eins og öll fræðsla. Ég tek undir það að fræðslan þarf ekki endilega að vera þetta verkefni Lions Quest. Það gæti verið annað gott verkefni. Aðalmálið er að lögfesta það að í öllum skólum sé tekið á þessu máli og það sé ekki geðþóttavald skólanna eða geðþóttavald kennara. Það sem skiptir máli með Lions Quest er að það er ætlast til að kennararnir fari á sérstakt námskeið til að læra að kenna það. Ég vil líka vekja athygli á því að þau sveitarfélög sem hafa lagt fjármagn í þetta hafa gert það varðandi ákveðinn aldurshóp, 7. og 8. bekk. En markhópurinn sem Lions Quest miðar við er 4.–6. bekkur eða sem sagt aldurinn 10–12, 13 ára. Og það hef ég heyrt á fundum þar sem ég hef verið með foreldrum að það þykir mjög brýnt að byrja þessa fræðslu snemma.

Það vill svo til að mér hefur borist úttekt á slíku upplýsingaprógrammi, norrænu. Þar er fjallað um Lions Quest verkefnið og það er einmitt vakin athygli á eðli þess, m.a. að kennarar læra að kenna það, að það er mjög fjölbreytt og það byggir á sjálfsstyrkingu nemendanna sjálfra og að það tekur á þeim þáttum sem auka og stuðla að getu þeirra til að takast sjálfum á við vandamál. Það kemur einmitt fram í þessari norrænu úttekt að það hafa verið gerðar miklar lagfæringar frá upprunalegu prógrammi eða kennsluefni Lions Quest og að það hefur verið aðlagað betur að menningu hvers lands til að gera það auðveldara og betra í framsetningu í skólunum. Þar kemur einnig fram að bestu þættir þess, þrátt fyrir galla sem e.t.v. kunna í því að finnast, eru hvað breiddin í starfseminni er mikil og að kennslan verður mjög fjölbreytt og nær þar með betur til þessa unga hóps.

Ég fagna því að ef ráðherra ætlar að taka af alvöru á þessum málum og hvet hann eindregið til að gera það sem hann getur til þess að fræðsla um fíkniefnamál fari inn í hvern einasta grunnskóla og helst neðar, helst a.m.k. niður í 6. bekk.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það mun verða tekið á þessu máli eins og ég sagði þegar aðalnámskráin verður endurskoðuð og einnig litið til þess þegar viðmiðunarstundaskrá verður skilgreind og tímum fjölgar í grunnskólanum. Ég vil aðeins í tilefni af síðari ræðu hv. þm., geta þess að á laugardaginn var hafði ég tækifæri til þess að taka þátt í hluta af ráðstefnu um tóbaksvarnir í nútíð og framtíð sem haldin var í Reykjavík. Þar kom fram í máli ræðumanns, í erindi sem var flutt í upphafi ráðstefnunnar, að því miður hefur slegið í bakseglið varðandi reykingar í skólum og er nauðsynlegt að taka það mál föstum tökum. Vonandi ber Alþingi gæfu til þess nú að afgreiða frv. til tóbaksvarnalaga þannig að nýjar forsendur skapist fyrir átaki í tóbaksvörnum. Þær varnir og það starf á mjög ríkt erindi inn í skólana. Þar hefur t.d. Krabbameinsfélagið verið með mjög góð námskeið og góða fræðslu þannig að það er víða sem menn koma að þessu. En að sjálfsögðu er eðlilegt að reyna að finna tíma í viðmiðunarstundaskránni fyrir þessar fíknivarnir og árétta þannig mikilvægi þeirra því að það kom einnig fram á þessari ráðstefnu að góð menntun stuðlar að því að menn temji sér heilbrigða lifnaðarhætti ef

þannig má að orði komast, bæði varðandi tóbaksreykingar og væntanlega aðra neyslu á fíkniefnum. Það helst því í hendur að efla menntun, styrkja menntun og fræða fólk og að berjast gegn fíkniefnum og öðru því sem til óhollustu er.

[15:23]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst nokkuð hafa borið á því í þessum umræðum að það sé ekkert sem heitir fíkniefnafræðsla í skólum nema yfirskriftin á kennslustundinni sé fíkniefnafræðsla. Þetta er ekki þannig. Við kennum þetta allan grunnskólann hvar sem við getum því við komið og ég held að langflestir ef ekki allir kennarar sem ég hef unnið með séu mjög meðvitaðir um það að koma þessari fræðslu inn hvar sem verður við komið, í sambandi við líffræði, í sambandi við kristinfræði og jafnvel í sambandi við íslensku og stærðfræði. Við reynum hins vegar að gera þetta á frekar mjúkan hátt því að þegar við erum að vinna með börn undir 13 ára aldri, þá hefur borið við, þegar gestir hafa t.d. komið í skólann frá ágætum félögum sem ég veit að vilja allt hið besta, að áróðurinn hefur verið svo harður að börnin hafa verið niðurbrotin á eftir. Þessi börn eiga nefnilega mörg hver foreldra sem þeim þykir afskaplega vænt um sem reykja og þau hafa enga möguleika á að hafa áhrif á þær venjur. Og það er svolítið erfitt þegar maður þarf að sitja með einhverja grátandi í fanginu eftir slíka fræðslufundi.

Ég er ekki þar með að mæla á móti því að það komi inn tímar í eldri bekkjum grunnskólans sem eru sérstaklega merktir fíkniefnafræðslu með sérstöku námsefni en ég vil bara minna á að þetta er alls staðar tekið inn þar sem því verður við komið.

Íþróttaaðstaða Menntaskólans við Hamrahlíð.

Fsp. KÁ, 482. mál. — Þskj. 833.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum vikum birtist hópur nemenda úr Menntaskólanum við Hamrahlíð á Austurvelli í þeim tilgangi að vekja athygli á aðstöðuleysi skóla síns til íþróttakennslu. Í grein sem nemandi í skólanum og fulltrúi í skólastjórn Menntaskólans við Hamrahlíð skrifaði í Morgunblaðið 23. apríl vekur hann athygli á því að þrátt fyrir það að Menntaskólinn við Hamrahlíð verði 30 ára nú í haust, það eru 30 ár liðin frá því að skólinn tók til starfa, hefur ekki verið staðið við neinar þær áætlanir sem hafa verið gerðar til þess að reisa íþróttahús við skólann. Eins og fram kemur í grein hans hefur þrisvar sinnum verið tekin fyrsta skóflustunga að þessu íþróttahúsi. Það liggja fyrir teikningar og það hafa verið gerðar áætlanir um framkvæmdir, en alltaf hafa þær dagað uppi.

Það gefur auga leið að nemendur í ströngu námi hafa mikla þörf fyrir hreyfingu og líkamsrækt. Hún er afar nauðsynleg og því hefur verið haldið fram, m.a. af sjúkraþjálfurum í mín eyru, að íþróttakennsla í skólakerfi okkar sé af allt of skornum skammti og ekki nógu markviss. En það leiðir m.a. til þess að líkamlegt ástand ungs fólks er ekki nógu gott eins og síðar kemur fram á lífsleiðinni. Samkvæmt framhaldsskólalögum á að veita íþróttakennslu. Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur leyst það mál með því að taka á leigu íþróttahús í allnokkurri fjarlægð frá skólanum. Það er augljóst mál að slíkt er býsna erfitt í framkvæmd.

Íþróttakennari sem fylgdi þessum hópi nemenda hingað niður á Austurvöll komst svo að orði að þetta væri að verða algerlega óþolandi ástand. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að bæta úr aðstöðuleysi Menntaskólans við Hamrahlíð til íþróttakennslu?

[15:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mér er vel kunnugt um ástandið í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Ég hef átt þar tvö börn sjálfur. Skólinn er í nágrenni við heimili mitt. Ég sé nemendur oft stunda íþróttir utan dyra og tel að það sé ekki beint óhollusta í því að hafa tækifæri til þess eins og þeir gera. Og ég veit að við erfiðar aðstæður í skólanum hafa kennarar lagt sig fram um að nýta þá kosti sem fyrir eru til þess að kenna unga fólkinu sem þar nemur að rækta líkama sinn og stunda heilsurækt þó að íþróttahúsið vanti. Að ýmsu leyti er kannski með slíkri fræðslu lagður grunnur að viðvarandi líkamsrækt sem nýtist mönnum lengur en á skólaaldri sem við vitum þegar fólk lærir að æfa sig utan dyra við göngur og hlaup.

Varðandi spurninguna um það hvenær má vænta þess að bætt verði úr þessu ástandi sem varað hefur í 30 ár, þá vil ég láta þess getið að um þessar mundir eru þrjár stórbyggingar fyrir framhaldsskóla í smíðum á höfuðborgarsvæðinu. Þar er um að ræða viðbyggingu við Menntaskólann í Kópavogi vegna kennslu í matvælagreinum, nýtt skólahús fyrir Fjölbrautaskólann í Garðabæ og hús fyrir nýjan fjölbrautaskóla, Borgarholtsskóla í Grafarvogi sem tekur til starfa á hausti komanda. Langstærst af þessum framkvæmdum er bygging Borgarholtsskóla og er áætlað að henni ljúki að mestu á næsta ári. Á árinu 1998 er því reiknað með að fjárhagslegt svigrúm gefist til að taka til við endurbætur á húsnæði framhaldsskólanna í Reykjavík.

Bygging íþróttahúss við Menntaskólann við Hamrahlíð er eitt þeirra verkefna sem þá munu liggja fyrir, en fleiri fjárfrek úrlausnarefni eru aðkallandi svo sem uppbygging Menntaskólans í Reykjavík, viðbygging við Ármúlaskóla, stórfelldar endurbætur á Sjómannaskólahúsinu og fleira gæti ég talið.

Ekki er hægt á þessum tímapunkti að slá neinu föstu um forgangsröð eða framkvæmdahraða. Kemur þar hvort tveggja til að óvissa er um fjárveitingar og eins að eftir er að semja um hlut Reykjavíkurborgar í uppbyggingu framhaldsskóla í borginni. Það mál að Reykjavíkurborg vill ekki ganga til samninga við menntmrn. eða ríkið um framhaldsskólauppbygginguna í borginni stendur þróuninni í þessum málum æ meira fyrir þrifum. Og það er mjög mikið umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn Reykvíkinga að velta því fyrir okkur hvaða leiðir eru færar til þess að fá Reykjavíkurborg til þátttöku í þessari uppbyggingu. Ég tek sem dæmi Menntaskólann á Akureyri sem er gamall skóli, ekki síður en Menntaskólinn í Reykjavík sem að vísu er eldri. Þar er verið að byggja við og Akureyrarbær tekur þátt í kostnaði við þá uppbyggingu. Ég sé ekki hvernig við getum lagt á ráðin um uppbyggingu framhaldsskólakerfisins í Reykjavík án þess að Reykjavíkurborg ljái a.m.k. máls á viðræðum og komi til samstarfs um það og taki þátt í þessari uppbyggingu. Það eru engin rök að halda því fram að það sé verið að flytja grunnskóla til borgarinnar og þess vegna sé henni sniðinn of þröngur stakkur. Við flytjum einnig fjármuni og meiri

fjármuni en við gátum vænst með því að ríkissjóður ætlar að taka þátt í uppbyggingu grunnskólans til þess að einsetningin geti átt sér stað. Það eru því engin rök hjá Reykjavíkurborg að hafna því og standa gegn því að taka þátt í uppbyggingu á framhaldsskólastiginu.

Að lokum vil ég láta þess getið að við Ármúlaskóla er ekkert íþróttahús. Þar er þó íþróttabraut og þar hef ég rætt við nemendur og skólamenn. Þeir óska ekki eftir því að þar verði reist íþróttahús. Þeir telja að aðstaðan sem þeir hafa í Laugardalshöllinni, á Laugardalsvellinum, í Framheimilinu og á fleiri stöðum þar sem þeir stunda sínar íþróttir og sína kennslu í íþróttum sé sú besta sem völ er á í landinu. Þeir kjósa að halda því fyrirkomulagi áfram þannig að það er mismunandi eftir skólum hvernig að þessu er staðið. Raunar er ég þeirrar skoðunar að það hafi verið mistök þegar íþróttahús var byggt við Hlíðaskóla sem er við hliðina á Hamrahlíðarskólanum að það skyldi ekki hafa verið hugað að því þegar það íþróttahús var byggt rétt við innkeyrsluna í Hamrahlíðarskólann að það nýttist bæði fyrir grunnskólann og Menntaskólann við Hamrahlíð. Það er of seint að harma það. Það þarf að gera þarna úrbætur og ég tel að bygging íþróttahússins við Menntaskólann við Hamrahlíð hljóti að verða eitt af forgangsverkefnunum þegar þeim stórframkvæmdum sem ég gat um er lokið á höfuðborgarsvæðinu og svigrúm skapast árið 1998.

[15:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Við ræddum áðan um skyldunámsefni í vímuvörnum og ég tel að einmitt þetta mál sem við ræðum hér varðandi byggingu íþróttahúss og íþróttamannvirkja tengist þeim málum vegna þess að það er sannað að það unga fólk sem tekur þátt í íþróttum leiðist miklu síður út á brautir fíkniefnaneyslu. Ef ungt fólk hefur viðfangsefni við sitt hæfi eru minni líkur á því að það lendi út á vegi spillinginnar. Þátttaka í íþróttum og uppbygging íþróttamannvirkja hefur líka sparnað í för með sér í heilbrigðiskerfinu. Þar veitir okkur ekki af að spara með því að byggja upp ungt fólk til þátttöku í lífinu. Það er nauðsynlegt þegar verið er að byggja íþróttamannvirki að reyna að nýta það á sem fjölbreytilegastan hátt. Ég hygg að t.d. á höfuðborgarsvæðinu sé e.t.v. í það mesta að byggja íþróttahús við hvern einasta framhaldsskóla í borginni en það er engu að síður nauðsynlegt að það sé gulltryggt að nemendur hafi greiðan aðgang að húsnæði til þess að stunda íþróttir.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og þeim þingmanni sem hér tók til máls. Ég get tekið undir hvert orð sem fram kom hjá honum. En það kom fram í máli hæstv. menntmrh. að hér eru ýmsar spurningar á ferð og ýmis álitamál og verkefnin mörg sem fram undan eru. Auðvitað reyna skólarnir að leysa sín mál með ýmsum hætti. M.a. með þeim hætti að hæstv. menntmrh. verði var við nemendurna frá Menntaskólanum við Hamrahlíð sem eru að hlaupa um göturnar í kringum heimili hans og reyna eitthvað að hreyfa sig. Þótt það sé góðra gjalda vert er það ekki fullnægjandi því að á meðan vetur geisar er erfitt að stunda einhverja íþróttakennslu með viti og með skipulagi. Þar á ákveðin uppbygging sér stað sem þarf að fylgja eftir.

Ég get tekið undir að það voru gríðarleg mistök þegar íþróttahúsið var byggt við Hlíðaskóla. Ég man ekki hvernig það kom til, en einhverra hluta vegna kom samvinna ekki til greina. Þetta er auðvitað alveg út í hött og ég veit reyndar ekki hvernig það íþróttahús er nýtt. En yfirleitt eru íþróttahúsin í borginni mjög vel nýtt og það er setið um þau og þau eru að reyna að þjóna almenningi á sama tíma og nemendum. Og eftir því sem ég best veit eru biðlistar og erfitt að komast að. Það er því skortur á þessu húsnæði og þar eiga skólarnir auðvitað að hafa forgang.

Varðandi það sem snýr að borginni er eriftt að átta sig á því máli. Hæstv. menntmrh. hefur haldið þessu fram fyrr og ég get ekki sagt annað en það að ég ætla að kynna mér þetta mál alveg sérstaklega. Ég tel mig hafa nokkuð greiðan aðgang að borgarstjórninni í Reykjavík og það verður auðvitað að kanna þá fullyrðingu sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. um það að borgin standi þróun framhaldsskóla hér í borginni fyrir þrifum. Þarna eru einhver deilumál á ferð um það hver á að gera hvað og auðvitað verður að leysa úr þeim.

En ég vona að íþróttahús við Menntaskólann við Hamrahlíð komist á dagskrá sem allra fyrst en auðvitað þarf að ljúka þeim verkefnum sem fyrir eru. Hins vegar hafa nemendur við þennan skóla beðið í 30 ár og það verður að teljast ansi langur biðtími.

[15:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið að rannsóknir sýna að ástundun íþrótta og námsárangur fara saman. Það hefur verið unnin könnun sem menntmrn. stóð m.a. og þar blasir þessi niðurstaða við. Það er því skynsamlegt til þess að ná árangri í skólastarfi að leggja rækt við íþróttir og það sem þeim tengist. Við deilum ekki um það.

Hitt er ljóst að menn hafa leyst þetta mál í Hamrahlíðarskólanum með ýmsum hætti en nú er komin enn ný kynslóð nemenda sem sættir sig ekki við þetta. Þeir hafa komið hér, þeir hafa afhent mér mótmæli eða áskoranir og eins og ég segi, málið er á forgangslistanum. Hvar það lendir og hvenær ákvörðun verður tekin verður ekki unnt að segja fyrir um fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1998. En hitt er ljóst, og ég vona að hv. þm. og fyrirspyrjandi gangi til þess verks að kynna sér stöðu mála um samskipti ríkisins og Reykjavíkurborgar um framhaldsskólana, að það stendur á því að Reykjavíkurborg komi til móts við að ég held sanngjarnar óskir ríkisins eins og önnur sveitarfélög hafa gert. Víðast annars staðar eru sveitarfélögin oft aðalhvatamaður þess að gengið sé til uppbyggingar á framhaldsskólastiginu. En þegar að þessum málum kemur í Reykjavík er það sveitarfélagið sem frekar dregur úr mönnum og segir að þetta komi því ekki við.

Varðveisla gjafa og eigna hússtjórnarskóla.

Fsp. ÍGP, 502. mál. — Þskj. 880.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Á dögunum bar ég fram sakleysislega spurningu í óundirbúnum fyrirspurnatíma til hæstv. menntmrh. Spurningin var svohljóðandi:

„Hvernig er háttað varðveislu gjafa og eigna hússtjórnarskóla sem flestir hafa verið lagðir niður?"

Hæstv. menntmrh. bað um að ég legði fram spurningu þessa með formlegum hætti svo að hann gæti undirbúið

svarið. Það var eðlilegt af hans hálfu og þess vegna geri ég þetta hér og nú.

Ég viðurkenni að ég gerði mér ekki grein fyrir því þá að hér væri um jafnviðkvæmt og alvarlegt mál að ræða og raun ber vitni. Ég er þakklátur þeim fjölmörgu sem hafa haft samband við mig um þessi mál til að fræða mig og upplýsa. Margir telja að í umræðunni hafi þessar stofnanir verið lítilsvirtar í orði og á borði svo að ekki sé talað um virðingarleysi gagnvart eignum þeirra. Eignirnar eru peningaleg verðmæti og hafa í senn tilfinningaleg og menningarleg gildi og endurspegla velvilja velunnara þessara stofnana sem í flestum tilfellum voru kvenfélagasamtök eða kvenfélög í viðkomandi héruðum sem og starfsmenn og nemendur þessara skóla. Staðreyndin er sú að mikil menning liggur að baki þessum stofnunum. Ævilangar hefðir og gildi. Mörg þessara gilda hafa nú farið forgörðum í samfélagi okkar.

Þegar best lét störfuðu 11 hússtjórnarskólar í landinu. Þeir voru börn síns tíma og höfðu verulegt menningarlegt gildi ekki síður en menntastofnanir þær sem starfa nú vítt og breitt um landið.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hvaða áhrif starfræksla menntastofnana hefur fyrir mannlíf á svæðum þar sem þeir starfa. Þá er sama hvort talað er um grunnskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla eða háskóla. Um leið og það skiptir miklu máli að varðveita eignir hússtjórnarskólanna skiptir líka miklu máli að varðveita sögu þeirra. Það sem við teljum úrelt í dag er orðið að verðmætum á morgun.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og mun koma fram í svari mínu var það ekki að ástæðulausu að ég bað um að þetta mál yrði lagt fram sem formleg fyrirspurn þannig að tími gæfist til þess að afla upplýsinga. En það er alrangt sem var gefið til kynna í blaðafrásögn af þessum orðaskiptum sem áttu sér stað fyrir tíu dögum í þinginu að það væri eins og enginn vissi um afdrif þessara eigna og ég gæti þess vegna ekki svarað. Það hefði enginn hugmynd um hvað um þetta hefði orðið. Það er alrangt og gefur ranga mynd af þessu máli. Það er einkennilegt að menn flytji slíkar fréttir í fjölmiðlum héðan af Alþingi.

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á skólahaldi í landinu. Á það ekki síst við um hússtjórnarfræðsluna sem með tilkomu fjölbrautaskóla víðs vegar um land hefur að mestu fallið inn í áfangakerfi framhaldsskólastigsins. Nú eru aðeins tveir hússtjórnarskólar starfandi en átta hafa verið lagðir niður vegna dvínandi aðsóknar. Þeir tveir skólar sem starfa enn eru Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað. Aðsókn að þeim er allgóð og ekki við öðru að búast en að þeir muni enn um sinn sinna sínu hlutverki með prýði. Þar sem skólar hafa verið lagðir niður hefur skólahúsunum verið fengið nýtt hlutverk og jafnframt hefur verið leitast við að tryggja varðveislu þeirra muna og eigna sem hafa sögulegt og menningarlegt gildi.

Húseignir skólans að Varmalandi í Borgarfirði hafa verið afhentar Kennaraháskóla Íslands sem annast varðveislu muna úr eigu skólans í samráði við munanefnd skólans og Samband borgfirskra kvenna. Verið er að gera miklar endurbætur á húsinu og er að því stefnt að gripir úr skólanum fái þar verðugan sess þegar framkvæmdum lýkur.

Staðarfell í Dölum hefur verið afhent Samtökum áhugafólks um áfengisvandamál. Þar eru varðveittir ýmsir munir skólans og gott samstarf hefur tekist á milli SÁÁ og skólanefndarinnar sem enn starfar og hefur látið varðveislu eigna skólans til sín taka.

Hússtjórnarskólinn Ósk á Ísafirði hefur verið afhentur Ísafjarðarkaupstað með þeirri kvöð að kvenfélagið Ósk sem átti á sínum tíma mikinn þátt í byggingu og rekstri skólans hafi aðgang að ákveðnum hluta hússins og annist jafnframt varðveislu þeirra sögulegu verðmæta sem skólinn átti.

Húseignir skólans á Blönduósi hafa undanfarin ár verið í umsjón fræðsluskrifstofu Norðurl. v. en hluti húsnæðisins hefur verið notaður til skólahalds á vegum sveitarfélagsins. Lítið hús á lóð skólans hefur verið afhent Sambandi austur-húnvetnskra kvenna og er þar starfrækt heimilisiðnaðarsafn. Varðveisla muna skólans er í höndum fræðsluskrifstofunnar og sambandsins. Á hausti komanda verður rekstri fræðsluskrifstofanna hætt en ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðstöfun húseigna í framhaldi af þeirri breytingu. Ljóst er að sérstaklega þarf að hafa í huga að varðveisla eigna skólans verði tryggð til frambúðar.

Skólinn á Löngumýri í Skagafirði er í eigu þjóðkirkjunnar sem heldur þar uppi ýmiss konar starfsemi þótt ekki sé rekinn þar hússtjórnarskóli með sama hætti og áður.

Skólahúsnæðið á Laugalandi í Eyjafirði er að mestu notað í þágu grunnskóla en kvenfélag sveitarinnar hefur þar einnig aðstöðu til fundahalda og þar eru jafnframt geymdir gripir úr eigu skólans.

Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur yfirtekið eignir og hlutverk Hússtjórnarskólans á Akureyri og annast varðveislu muna og búnaðar.

Meginhluti húseigna Hússtjórnarskólans á Laugum í Reykjadal var á sínum tíma afhentur Framhaldsskólanum á Laugum. Hluti af húsnæði skólans var þó falinn forsjá kvenfélaganna í héraðinu og í umsjá þeirra eru ýmsir gripir og markverðar minjar frá fyrri tíð.

Íþróttakennaraskóli Íslands á Laugarvatni hefur nú til afnota hús hússtjórnarskólans sem þar starfaði áður. Á síðasta ári var gerð gangskör að því að skrásetja og flokka muni úr eigu skólans og varð samkomulag um það að framvegis yrði hluti munanna í varðveislu Íþróttakennaraskólans en hluti í umsjá Byggðasafns Árnesinga. Starfandi er sérstök nefnd um skráningu og varðveislu munanna, skipuð fulltrúum Sambands sunnlenskra kvenna og héraðsnefndar Árnessýslu auk eins af fyrrverandi kennurum skólans. Gert er ráð fyrir að hluti af munum skólans verði varðveittur í veitingahúsinu Lindinni sem um áratuga skeið var aðsetur skólans en er nú í eigu Laugardalshrepps.

Í samræmi við ályktun Alþingis frá 24. febrúar 1995 skipaði ég nefnd sumar sem leið til þess að gera tillögur um hvernig best megi varðveita arf og eignir gömlu húsmæðraskólanna í landinu. Í nefndinni sitja auk fulltrúa menntmrn. fulltrúar Kvenfélagasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra safnamanna. Nefndin hefur ekki lokið störfum en þess er að vænta að tillögur hennar liggi fyrir síðar á þessu sumri.

[15:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á því atriði sem hann spurði um. Þetta hefur lengi verið mitt áhugamál og ég flutti fyrir nokkrum árum skriflega fyrirspurn um það hvernig meðferð skólahúsa og innbús

þeirra væri háttað og fékk greið svör frá menntmrn. þá. Síðan flutti ég þáltill. um að gerðar yrðu tillögur um það hvernig best væri hægt að varðveita arf og eignir húsnæðraskólanna. Sú tillaga var til komin vegna þess að konur víðs vegar að af landinu höfðu sagt mér frá áhyggjum sínum vegna þessara gripa. Við erum að tala um borðbúnað, silfur, dúka, hannyrðir, vefstóla, málverk, styttur og alls konar gjafir sem þessum skólum hafa borist. Vegna hins breytta hlutverks skólanna hafa menn verið í vandræðum með það hvað ætti að gera við þá.

Ég vona að nefndin sem hæstv. menntmrh. skipaði komist að góðri niðurstöðu varðandi þetta mál. Það er auðvitað ekki hægt annað en bíða eftir niðurstöðum hennar.

[15:48]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem sýnir hve mikinn áhuga hann hefur á þessum málefni og er það vel. Ég hef orðið var við að þessi fyrirspurn hefur vakið mikla athygli og viðbrögð fjölmargra fyrrverandi nemenda hússtjórnarskóla víða um land. Það sýnir þann hug og tilfinningar sem tengjast þessum skólum og þeim hlutum sem hér um ræðir.

Það er mikilvægt að tryggja varðveislu þessara hluta og gjafa sem um er að ræða auk þess sem þeim tengjast tilfinningar nemenda og fyrrverandi starfsmanna hússtjórnarskólanna. Eins og fram hefur komið tengist þetta menningar- og sögulegum minjum og sögu viðkomandi héraða og staða þar sem skólar hafa verið starfræktir.

Hæstv. menntmrh. svaraði því hvernig málum er við komið í tveimur fyrrverandi hússtjórnarskólum á Vesturlandi, þ.e. Varmalandi og Staðarfelli. Ég vil lýsa ánægju með það svar sem kom fram og tel mjög mikilvægt að varðveisla þessara muna verði tryggð, ekki síst ef það getur komið heim og saman við þá starfsemi sem fram fer í framtíðinni á viðkomandi stöðum.

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir til hv. fyrirspyrjanda og einnig til hæstv. ráðherra fyrir svörin.

[15:49]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að vekja máls á því sem virðist lítið og sakleysislegt eins og hann sagði sjálfur, en er í rauninni stórmál. Í máli hússtjórnarskólanna endurspeglast sú þróun sem átt hefur sér stað í skólamálum þjóðarinnar að undanförnu, þ.e. að sérskólastefnan hefur verið á undanhaldi en við hefur tekið hinn almenni framhaldsskóli, starfrækjandi einstakar námsbrautir. Þetta snýst um húsnæði. Þetta snýst um þann búnað sem fylgdi hússtjórnarskólum og almenna þekkingu og þau markmið sem fylgdu hússtjórnarfræðslu. Tímans vegna er ekki hægt að fara út í þetta í smáatriðum. Ég tel að í svari hæstv. ráðherra hafi komið fram mjög skynsamleg nýting á húsnæðinu við breyttar aðstæður. Eftir stendur eigi að síður að hússtjórnarkunnáttu almennt þarf að taka verulega til endurskoðunar. Af reynslu minni úr framhaldsskóla finnst mér að hússtjórnarkunnátta nemenda af karl- og kvenkyni sé verulega á undanhaldi þrátt fyrir menntun þar um í grunnskólanum. Því vil ég skora á hæstv. menntmrh. að gera stórt átak í þeim fræðum því að þar er kannski grundvöllur að jafnrétti kynjanna lagður.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör sem hann gaf hér. Ég vil einnig þakka þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu. Þetta lýsir kannski svolítið breyttum tímum í þjóðfélagi okkar því að einhvern tíma hefði verið talað um að hér væri um kvennagildi eða mjúk mál að ræða. Aldrei þessu vant standa fleiri karlmenn upp en konur til að ræða þessi mál og sýnir það kannski að ... (**Gripið fram í:** Hinir mjúku karlar.) það eru til, já, mjúkir karlar og að hinn ágæti Kvennalisti hefur ýmsu góðu komið til verka og að menn taka við sér þegar rætt er um mál sem þessi.

Ég tel mjög brýnt, hæstv. menntmrh., að sú nefnd sem hefur verið skipuð um þessi mál ljúki sem allra fyrst störfum. Það er góð regla að þegar nefndir eru skipaðar að setja þeim tímamörk. Ég hvet hæstv. menntmrh. til þess að setja tímamörk þannig að nefndin ljúki störfum sem allra fyrst vegna þess að alveg eins og ég kom inn á áðan er hér um viðkvæm mál að ræða sem hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir mjög marga sem störfuðu eða stunduðu nám við þessa skóla. Samkvæmt mínum upplýsingum hefur það verið of algengt að ýmsir munir úr þessum ágætu skólum hafi því miður glatast.

[15:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vona að umræðurnar hafi leitt í ljós að af hálfu ríkisins sem eiganda þessara húsa eða með ráðstöfunarrétt yfir þeim, hafi verið staðið þannig að málum að þau eru öll í notkun eða hugmyndir eru um það hvernig best sé að nýta þau og mörg þeirra þjóna enn góðum tilgangi. Þeir munir sem hér er um að ræða eru vafalaust og vonandi allir í góðra manna höndum og hafa ekki týnst eða glatast. Ég get ekki fullyrt neitt um það og að sjálfsögðu ætla ég ekki að taka það á mig. En hitt er ljóst að það er unnið að þessum málum og það er verið að móta stefnu á vegum þessarar nefndar og fara yfir þau og finna vonandi endanlega niðurstöðu.

En ég vil aðeins láta þess getið að ég hef heimsótt stofur bæði í framhaldsskólanum á Laugum og einnig núna nýlega á Ísafirði. Þar er tónlistarskólinn í því húsi sem stofan er sem ég gat um. Það er umhugsunarefni finnst mér líka, þegar menn fara þar um, hvort það er ekki hægt að nýta þetta húsnæði betur hvað sem verður um munina, því að frá mínum bæjardyrum sé er næsta dapurlegt að koma inn í slíkar stofur sem standa auðar nema þar komi konur saman til minningastunda öðru hverju. Ég held það væri skynsamlegt að taka líka ákvarðanir um að þetta húsnæði yrði nýtt, t.d. á Ísafirði, undir tónlistarskólann og þetta yrði meiri lifandi þáttur í umhverfinu og starfinu hvað sem líður munum og varðveislu þeirra og menn eigi að treysta öðrum fyrir þeim.

Þetta vildi ég láta koma fram því að ég hef rekist á það að þetta eru svona minningastofur. Það held ég að sé ekki heppilegt heldur fyrir minninguna um þessa skóla og það eigi ekki að geyma þá eins og einhverjar fornminjar. Þeir þjónuðu tilgangi á sínum tíma. Auðvitað þarf menntunin að vera áfram, en henni er miðlað öðruvísi núna. Þetta á líka að vera lifandi hluti af samtíma okkar þó að starfsemin hafi breyst.

Dráttarvextir.

Fsp. JóhS, 473. mál. — Þskj. 809.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ástæða þessarar fyrirspurnar til viðskrh. um dráttarvexti er sú að í tengslum við þáltill. sem ég hef flutt um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara hefur það vakið athygli mína hve gífurlega mikil dráttarvaxtataka er á vanskilum skuldara. Ég nefni sem dæmi að fram kom í umræddri þáltill. að uppsafnaðir dráttarvextir á fimm ára tímabili af skuld sem nam liðlega 300 þús. kr. voru orðnir nálægt 1 millj. kr., þ.e. einungis dráttarvaxtatakan af 300 þús. kr. skuld var um 990 þús. Þetta á sér skýringu í því að dráttarvextir eru mjög háir og ekki síður að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Í þessari fyrirspurn er einmitt spurt um álit hæstv. ráðherra á því hvort fyrirkomulag dráttarvaxta sé eðlilegt.

Í annan stað hef ég fengið jákvæð viðbrögð frá hæstv. félmrh. og reyndar einnig hæstv. fjmrh. um að rétt væri að skoða fyrirkomulag dráttarvaxta. Það kom sérstaklega til umræðu annars vegar í tengslum við frv. félmrh. um meðlagsgreiðslur, en dráttarvextir vegna útistandandi meðlagsskulda sem eru 5,3 milljarðar kr. eru um 1.150 millj. kr. Hins vegar kom þetta mál aftur til umræðu í tengslum við frv. hæstv. fjmrh. um heimild til að afskrifa skattaskuld til einstaklinga. Þar kom fram að álagðir dráttarvextir vegna skattaskulda einstaklinga á árinu 1993, 1994 og 1995 voru um 810 millj. kr. Ég er sannfærð um það, eftir að hafa kynnt mér rækilega þann mikla kostnað sem einstaklingar í vanskilum verða fyrir og verða að greiða, til hins opinbera, innlánsstofnana og lögfræðinga, að það er ekki síst fyrirkomulag dráttarvaxta sem veldur því að einstaklingar geta ekki komist út úr miklum fjárhagserfiðleikum. Þetta er fyrsta ástæða þess og sú þýðingarmesta að þessi fyrirspurn er fram borin til hæstv. viðskrh.

Hin síðari er sú að það er andstætt því frjálsræði sem ríkir í vaxtamálum og samræmist varla nútímaviðskiptaháttum að Seðlabanki ákveði dráttarvexti hverju sinni. En samkvæmt ákvæðum vaxtalaga eru dráttarvextir á peningakröfum ákveðnir af Seðlabanka samkvæmt ákveðinni formúlu sem kveðið er á um í vaxtalögum. Vegna þess er þessi fyrirspurn fram lögð. Spurt er um álit ráðherra á þessu fyrirkomulagi dráttarvaxtaútreikninga og hvort það standi til að breyta því og hvort ráðherrann telji að það samræmist nútímaviðskiptaháttum.

Síðan er spurt um hvort ráðherra telji eðlilegt að dráttarvextir séu 15–16% á ári eins og nú er.

Í þriðja lagi er spurt hvort ráðherrann telji eðlilegt að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði.

Loks er spurt hvort ráðherra hafi áform um að leggja til breytingar á vaxtalögum og fyrirkomulagi dráttarvaxta.

[15:58]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 809 spyr hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um dráttarvexti. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Hvert er álit ráðherra á fyrirkomulagi dráttarvaxtaútreiknings samkvæmt vaxtalögum og telur hann það samræmast nútímaviðskiptaháttum að Seðlabanki ákveði dráttarvexti?"

Í haust sem leið skilaði svokölluð vaxtalaganefnd skýrslu til mín, en nefndin hafði það hlutverk að endurskoða ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987. Nefndin leggur til þá grundvallarbreytingu í vaxtamálum að dráttarvextir verði gefnir frjálsir þannig að þeir ráðist af samningum manna á milli. Nú eru dráttarvextir hins vegar ákveðnir af Seðlabankanum innan marka sem tiltekin eru í vaxtalögum. Þessi breyting sem vaxtalaganefndin leggur til felur í sér að dráttarvextir geta verið álag á samningsvexti eins og algengt er víða erlendis, en núna er slíkt óheimilt hér á landi. Þá fylgir þessari breytingu einnig að verðtryggð lán geta áfram verið verðtryggð eftir að taka dráttarvaxta hefst en breytist ekki í óverðtryggð lán eins og núna gildir. Álit vaxtalaganefndar verður til skoðunar í viðskrn. í sumar og haust og hyggst ég koma með tillögur á næsta þingi um breytingar.

Í öðru lagi spyr hv. þm., með leyfi forseta:

„Telur ráðherra eðlilegt að dráttarvextir séu 15–16% á ári eins og nú er?"

Eðli máls samkvæmt hljóta dráttarvextir að vera hærri en samningsvextir. Þeir eru refsing fyrir að standa ekki í skilum. Vaxtavandamálið er að vextir eru almennt allt of háir hér á landi. Dráttarvextir eru háir vegna hárra vaxta í landinu og þessi munur er tilkominn vegna þess. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir lækkun vaxta í febrúar sl. Sú aðgerð er farin að skila miklum árangri og er ekki enn séð fyrir endann á þeim vaxtalækkunum. Seðlabankinn lækkaði til að mynda ávöxtun í viðskiptum bankans með ríkisvíxla um tæpt 1 prósentustig í aprílmánuði. Markaðurinn tók vel við þessari lækkun. Vextir fimm ára spariskírteina lækkuðu verulega í apríl, þeir eru nú 5,45% en voru 5,9% um áramótin. Sérstaklega er athyglisverð 2% lækkun vaxta á fimm ára óverðtryggðum bréfum frá áramótum. Þessi lækkun bendir til þess að markaðurinn hafi trú á að stöðugleikinn sé langvarandi. Bankar og sparisjóðir hafa hins vegar ekki enn tekið við sér og fylgt þessum lækkunum eftir. Kjörvextir almennra skuldabréfalána banka eru nú um 0,3% hærri en í desember. Í vaxtalækkunarhrinunni í apríl lækkuðu bankavextir aðeins óverulega og þetta þurfa bankarnir að skýra. Búast má við að vextir fari lækkandi á næstunni. Almenn lækkun vaxta á næstu vikum og mánuðum vegna hagstæðra efnahagsskilyrða mun einnig leiða til lækkunar dráttarvaxta.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.:

„Telur ráðherra eðlilegt að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en í 12 mánuði?"

Ekki stendur til að breyta þessu ákvæði vaxtalaga, enda alsiða að vextir reiknist af vöxtum. Kröfuhafi verður að geta bætt dráttarvaxtatekjum við eign sína. Annað fyrirkomulag væri í hæsta máta óeðlilegt því að krafan mundi þynnast út með tíð og tíma, m.a. í ljósi þess að hluti dráttarvaxta er ígildi verðbóta. Almenna reglan í viðskiptalífinu er sú að vaxtatekjur bætast við höfuðstól til frekari ávöxtunar. Þannig nýtur sparifjáreigandi til að mynda vaxta af inneign sinni að viðbættum áður fengnum vöxtum. Mismunandi er þó eftir innlánaformum hversu oft vextir bætast við höfuðstól en aldrei sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í vaxtalögum er hins vegar lagt bann við því að dráttarvextir séu lagðir við höfuð-

stól oftar en á 12 mánaða fresti. Þetta ákvæði vaxtalaganna felur því sér ákveðna vörn fyrir skuldara.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.:

„Áformar ráðherra að leggja til breytingar á vaxtalögum og fyrirkomulagi dráttarvaxta?"

Eins og fram kom í svari við fyrstu spurningu hyggst ég láta skoða þetta álit vaxtalaganefndar betur í sumar og mun í kjölfar þess taka ákvörðun um með hvaða hætti það frv. sem lagt verður fram um breytingu á vaxtalögum lítur út þegar það verður lagt fyrir komandi þing.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svörin sem ég tel að hafi verið skýr. Ég tel að það sé jákvætt að ráðherra hyggst á hausti komanda leggja fram frv. til breytinga á vaxtalögum sem felur í sér breytingar á fyrirkomulagi dráttarvaxtatöku þannig að dráttarvextir verði gefnir frjálsir og ráðist af samningum.

Hitt er annað mál að það olli mér vonbrigðum varðandi 3. tölul., þ.e. varðandi vextina, að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar. Það er einmitt það sem keyrir mjög upp dráttarvextina og gerir nánast óyfirstíganlegt fyrir þá sem skulda að ná tökum á sínum fjármálum eins og ég nefndi. Ef höfuðstóll skuldar er 300 þús. kr. eru bara dráttarvextirnir einir að fimm árum liðnum upp á 990 þús. kr. Það er eitthvað að í þessu efni og það veldur mér vissulega vonbrigðum. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því í fyrsta lagi hvort hann telji að það megi þá vænta þess að dráttarvextir lækki í kjölfar þeirra breytinga sem ráðherrann boðar. Í annan stað nefndi ráðherra þær breytingar eða þær vaxtalækkanir sem orðið hafa frá því í febrúar. Hann nefndi að bankar og sparisjóðir hafi ekki fylgt þeim eftir og þetta verði þeir að skýra. Ég vil gjarnan fá nánari svör við því hvað ráðherrann meinar með því. Mun hann kalla bankastjórana fyrir sig til þess að ræða þetta mál? Getur ráðherra, og hvernig ætlar hann þá að gera það, haft áhrif á það að bankarnir og sparisjóðirnir fylgi eftir með vaxtalækkunum?

[16:05]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þessari stundu treysti ég mér ekki til að fullyrða að dráttarvextir muni lækka í kjölfar þeirra fyrirhuguðu og hugsanlegu breytinga sem gerðar munu verða á vaxtalögum. Ég sagði einfaldlega að ég teldi rétt að taka þessi mál til endurskoðunar í sumar og hef í hyggju að leggja fram frv. til breytinga á vaxtalögum á komandi þingi, þ.e. á haustþingi. En það er auðvitað útilokað að segja til um hvort dráttarvextir muni lækka bara með því að leggja frv. fram. Gerist það hins vegar að dráttarvextir verði gefnir frjálsir eins og vextir skulum við vona að sú samkeppni sem þá verður til muni leiða til lækkunar dráttarvaxta. En aðalatriðið er að lægri vextir almennt eiga að leiða í núverandi kerfi til lægri dráttarvaxta.

Varðandi það að bankarnir þurfi að skýra að ekki hafi orðið um frekari vaxtalækkanir hjá þeim að ræða í kjölfar þeirrar vaxtalækkunarhrinu sem nú hefur verið í gangi um nokkurn tíma og Seðlabankinn hafði frumkvæði að í aprílmánuði á ég þar einfaldlega við að yfirleitt hafa innlánsvextir bankanna verið talsvert lægri en innlánsvextir eða vextir fimm ára ríkisskuldabréfa. Nú er hins vegar svo komið að innlánsvextir bankanna eru orðnir talsvert hærri en vextir ríkisskuldabréfa. Sú breyting er vegna þess að vaxtalækkunin hefur orðið miklu meiri á markaðnum og bankarnir hafa ekki fylgt henni eftir. Ég tel að bankarnir þurfi að skýra af hverju þeir fylgja ekki markaðnum niður og þeim breytingum sem þar hafa orðið. Það er hins vegar ekki öll nótt úti í þessum efnum enn vegna þess að markaðurinn mun taka örlítið seinna við sér og það tekur ákveðinn tíma að ná vöxtum niður. Ég á von á því að vextir bankanna muni halda áfram að lækka. Það eru allar forsendur til þess og ekki síst þessi sem ég var núna að lýsa. Hún gefur von um það að bæði innláns- og útlánsvextir geti lækkað vegna þess að bankarnir eiga ekki að þurfa á meiri vaxtamun að halda en þeir hafa í dag. Hann væri betur minni en hann þó í raun er.

Álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum.

Fsp. GHall, 453. mál. — Þskj. 786.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 786 hef ég lagt fram fyrirspurn til samgrh. um álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum. Tilefni þessarar spurningar er sú að á sl. ári höfðu Grænlendingar áhuga á að taka upp stóraukna milliflutninga til Evrópu og Bandaríkjanna í gegnum Reykjavíkurhöfn. Tekjur Reykjavíkurhafnar eru byggðar upp á fimm vörugjaldsflokkum en þar er sérstaklega fyrirbrigði, 25% álag á vörugjald, lagt á gjaldstofn hafna og er nýtt til viðbótar framlagi samkvæmt fjárlögum í Hafnabótasjóð. Þetta álag nam um 130 millj. kr. á sl. ári.

Til að ná umsvifum milliflutninga Grænlendinga til Reykjavíkurhafnar í samkeppni við Færeyinga samþykkti hafnarstjórn lækkun gjaldskrár. En samgrn. neitaði að taka tillit til lækkunar gjalda hafna, vörugjalda og hélt fast við 25% álag á auglýsta vörugjaldsflokka. Því fór sem fór. Í færeyskum höfnum fara nú fram milliflutningar Grænlendinga, ríki og borg missti af tekjum og atvinnutækifæri töpuðust. Því hef ég lagt fram fyrirspurn, svohljóðandi til hæstv. samgrh.:

„Hyggst ráðherra leggja af eða lækka 25% álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum sem rennur í Hafnabótasjóð, sbr. hafnalög nr. 23/1994? Ef svo er ekki, hver eru rökin fyrir því?"

[16:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kemur mér mjög mikið á óvart ef vörugjaldið hefur ráðið úrslitum um það hvort af þessum viðskiptum varð eða ekki og er sjálfsagt að taka það til athugunar.

Ég vil almennt segja um það vörugjald sem lagt hefur verið á að það er þannig til komið að fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1992 ákvað fjárln. að leggja fram frv. um þetta sérstaka vörugjald til þess að standa undir hafnaframkvæmdum víðs vegar um landið. Ástæðan fyrir því er auðvitað sú að hafnarskilyrði eru mjög misjöfn, en við Íslendingar höfum sérstöðu að því leyti að nálega allur innflutningur og nálega allur útflutningur fer um eina höfn, Reykjavíkurhöfn, sem jafnframt er mikil fiskihöfn. Af þeim sökum varð samstaða um það og það þótti eðlilegt að fara þessa leið til þess að afla fjár til hafnargerða úti um land. Það hafa af og til komið upp hugmyndir um að rétt sé að draga úr framlögum ríkissjóðs til hafnargerða. En af því hefur ekki orðið vegna þess að hafnarskilyrði í einstökum sjávarplássum og einstökum

kaupstöðum eru mjög misjöfn og augljóst t.d. að Vestmanneyingar og Seltirningar hafa þar aðra og ólíka hagsmuni. Þess vegna er það sem við höfum haldið áfram að styrkja þennan sérstaka þátt sem er í anda heilbrigðrar byggðastefnu og til þess að jafna atvinnuskilyrði sem víðast á landinu.

Það sérstaka mál sem þingmaðurinn bryddar upp á, hvort rétt sé að leita eftir heimild í lögum til þess að fara svo að þegar um umskipun er að ræða, hér er verið að reyna að ná viðskiptum til Grænlands, finnst mér rétt að athuga það. En ég vil líka minna á að samkeppni milli hafna er orðin mjög óvægin upp á síðkastið og þess því miður dæmi að hinar ríkari hafnir neyti aðstöðu sinnar til þess að draga til sín viðskipti með undirboðum sem ekki eru skiljanleg með hliðsjón af almennum hafnargjöldum í viðkomandi höfnum.

[16:12]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Mér er vel ljóst sá vandi sem á herðum hæstv. samgrh. hvílir hvað áhræir ýmsar smærri hafnir í hinni dreifðu byggð og er sjálfsagt að gera hvað hægt er til að létta undir með þeim rekstri sem vissulega er mjög erfiður.

Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. samgrh. að Reykjavíkurhöfn skiptist nánast í tvær hafnir, þ.e. fiskihöfn og svo þá höfn þar sem kaupskipin koma með sínar vörur að og frá landinu. Það mál sem er hins vegar hér á ferðinni snertir samkeppni milli hafna um þessa millifrakt. En þarna var ekki um hana að ræða vegna þess að Grænlendingar höfðu rætt við hafnarstjórn Reykjavíkurhafnar um þá möguleika að umskipa vöru hér, eins og ég gat um áðan, í millifrakt til annarra hafna Evrópu og jafnvel til Bandaríkjanna. Ég tel að það sé nauðsynlegt að endurskoða þessi lög með það í huga að um leið og við eigum möguleika á að fá millifrakt erum við að auka athafnasemi innan hafnarinnar og við erum líka að skapa tekjur hafna og við eru líka að auka atvinnutækifæri sem ekki veitir nú af. Ég hjó sérstaklega eftir því að hæstv. samgrh. hefur hug á að láta skoða þetta mál og ég vænti þess að það verði gert. Ég tel að þetta einstaka mál hafi ekki valdið neinni skekkju og muni ekki rugga þeim báti sem samgrh. kom inn á áðan, þ.e. þeim báti sem fellur undir óvægna samkeppni milli hinna stærstu hafna hér á landi.

[16:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Ég þekki ekki þetta dæmi um Grænlendingana. Þetta mál kom upp fyrir um tveim árum ef ég man rétt og þá munaði ekki því sem hér hefur verið lýst. Ég hlýt því að vera að tala um eitthvert annað atvik eða annað tilvik. Mér finnst sjálfsagt að kynna mér tiltæk gögn sem hljóta að vera frá þessu ári eða þá kannski síðari hluta sl. árs. En síðast þegar þetta mál kom upp með Grænlendingana bar miklu meira á milli en sem nemur þessu vörugjaldi.

Fundi slitið kl. 16:15.

---

134. FUNDUR

fimmtudaginn 9. maí,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650, nál. 886 og 912. — Frh. 2. umr.

2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 896. — 3. umr.

3. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 897. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[12:05]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun lögræðislaga, 515. mál, fsp. RG, þskj. 931.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, brtt. KÁ, þskj. 930.

Réttindi starfsmanna varnarliðsins, 382. mál, svar utanrrh., þskj. 933.

Útskriftir íbúa Kópavogshælis, 516. mál, fsp. RG, þskj. 932.

Umræður utan dagskrár.

Hvalveiðar.

[12:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón Guðmundsson og hæstv. sjútvrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er hvalveiðar.

Forseti vill upplýsa áður en umræðan hefst að honum er kunnugt að mun fleiri þingmenn munu kveðja sér hljóðs og hafa komið þeim boðum til þingforseta en rúmast innan marka sem þingsköp ákveða. Forseti verður því að raða þingmönnum á mælendaskrána af sanngirni. Vonandi tekst honum það en hann mun skipta ræðumönnum eftir þingflokkum. Forseti leggur áherslu á að hv. þingmenn gæti tímamarka og fari alls ekki fram yfir þau. Það bitnar þá á þeim sem síðastir lenda á mælendaskránni.

[12:06]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Í sumar verða liðin sjö ár frá því að síðasti hvalurinn var dreginn á land í hvalstöðinni í Hvalfirði. Þá lauk hvalveiðum í rannsóknarskyni sem höfðu staðið í fjögur ár eða frá því að ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni tók gildi árið 1986. Allar götur síðan hafa stjórnvöld unnið að undirbúningi þess að Íslendingar geti hafið hvalveiðar á ný. Sá undirbúningur hefur verið margháttaður, m.a. á vettvangi hinna ýmsu alþjóðasamtaka sem við eigum aðild að.

Þessi undirbúningur Íslendinga og annarra þjóða hefur skilað miklum árangri, nú síðast með einróma samþykki fulltrúa á annað hundrað þjóðþinga í Alþjóðaþingmannasambandinu um sjálfbæra nýtingu sjávarspendýra og áður

með svipuðum samþykktum Evrópuráðsins og sjávarútvegsnefndar Evrópusambandsins. Einnig má minna á ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og afstöðu GATT til innflutningstakmarkana.

Ég held að ekki verði mikið meira gert á þessu sviði. Undirbúningi er lokið og kominn tími til aðgerða. Við hljótum að treysta því að þær þjóðir sem standa að samþykktum þessara alþjóðastofnana standi við það sem þær hafa samþykkt og láti ekki undan háværum þrýstingi svokallaðra umhverfisverndarsamtaka. Viðhorf til hvalveiða virðist vera að breytast víða erlendis, ekki síst í Bandaríkjunum þar sem andstaðan hefur verið hvað mest. Þar er að verða mikil breyting á afstöðu manna, ekki síst stjórnmálamanna, til hvalveiða. Norðmenn sem hófu veiðarnar að nýju fyrir þremur árum létu verslunarháskóla Noregs gera úttekt á áhrifum veiða á útflutning frá landinu og ferðamannastraum. Sú úttekt sýndi að áhrifin voru nánast engin og nú hafa Norðmenn ákveðið að tvöfalda veiðarnar á þessu ári.

Þegar rætt er um hvalveiðar má ekki gleyma mikilvægi þeirra hvað varðar atvinnu og verðmæti. Síðustu árin sem veiðarnar voru stundaðar af fullum krafti var framleiðsluverðmæti hvalaafurða um 1,5 milljarðar kr. á ári miðað við verðlag í dag. Þá störfuðu um 250 manns hjá Hval hf. á hvalvertíðinni og tugir manna við hrefnuveiðar og vinnslu. Þetta jafngilti um 150 ársverkum auk allrar þeirrar margháttuðu þjónustu sem fylgdi þessari starfsemi.

Við getum hafið veiðarnar á ný án teljandi tilkostnaðar. Það er allt til staðar, skip og vinnslustöðvar. Það hlýtur að vega þungt á sama tíma og við leitum með logandi ljósi að nýjum atvinnutækifærum, m.a. í stóriðju þar sem hvert nýtt starf kostar tugi og jafnvel hundruð milljóna kr.

Fyrir um það bil tveimur árum birti Morgunblaðið grein eftir Árna Bjarnason útgerðartækni sem þá starfaði sem stýrimaður á togara frá Akureyri. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Aldrei á mínum sjómannsferli hef ég séð önnur eins býsn af hval og í ár. Djúpslóðin út af Vestfjörðum er undirlögð og einnig eru smáhvalavöður um allan sjó. Sé það rétt sem mér er tjáð að búrhvalur éti þrjú tonn af grálúðu og karfa á dag, þá tekur hann til sinna þarfa meira magn en flotanum er úthlutað af grálúðu. Málið er einfalt. Ef við Íslendingar drepum ekki hval, þá drepur hvalurinn okkur."

Hér er talað tæpitungulaust en svipuð sjónarmið hef ég síðan ítrekað heyrt frá fjölmörgum sjómönnum. Í talningu hvala í hafinu kringum Ísland sem framkvæmd var á árunum 1986–1989 kom í ljós að það voru um 40–50 þús. hvalir á svæðinu og það er talið að þeir fjölgi sér um 5–10% á ári eftir tegundum. Það hefur komið skýrt fram hjá okkar fremstu vísindamönnum á þessu sviði að verulegar líkur eru á að afrakstur þorskstofnsins geti minnkað um 10% ef hvalastofnar halda áfram að stækka óhindrað. Heildarfæðunám hvala á Íslandsmiðum og nærliggjandi svæðum er talið vera milli 4 og 5 millj. lesta á ári, þar af 1–1,5 millj. lesta af fiski eða svipað og ársafli okkar Íslendinga.

Herra forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að nýta allar auðlindir sjávar á grundvelli sjálfbærrar þróunar og þar á meðal hvali. Í svari hæstv. sjútvrh. við fyrirspurn minni á Alþingi í nóvember kom fram að hann stefndi að því að flytja á þessu þingi þáltill. um að hefja hvalveiðar. Það er enginn vafi á því að það er almennur stuðningur við slíka tillögu á meðal þjóðarinnar. Um það vitna stanslausar ályktanir ýmissa félaga og stofnana vítt og breitt í þjóðlífinu. Gott dæmi um þennan víðtæka stuðning er heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu í gær þar sem öll 11 útvegsmannafélög landsins, öll helstu samtök sjómanna, Alþýðusambandið, Dagsbrún og fjöldi annarra verkalýðsfélaga, Fiskifélag Íslands, Iðnnemasambandið, Bændasamtökin og mörg sveitarfélög hvetja til þess að hvalveiðar verði hafnar að nýju.

Þá má minna á að skoðanakannanir hafa sýnt yfirburðafylgi þjóðarinnar við hvalveiðar, allt að 90%. Ég spyr því hæstv. sjútvrh.: Eftir hverju erum við að bíða?

[12:12]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja umræðu um þetta mjög mikilsverða efni og þeim samtökum sem staðið hafa að því nú að undanförnu að vekja athygli á nauðsyn þess að við hefjum hvalveiðar á ný. Í mínum huga er ekki spurning um það hvort við hefjum hvalveiðar á ný heldur hvenær.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að nýta alla nytjastofna sjávar á sjálfbærum grundvelli og það liggur fyrir á grundvelli vísindalegra athugana að hófleg nýting margra hvalastofna hér við land er fullkomlega eðlileg. Það sem hefur tafið okkur er fyrst og fremst andstaða mjög margra erlendra ríkja.

Árið 1993 var sett á fót sérstök nefnd þingmanna til að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálum og segja til um það hvort hvalveiðar skuli hafnar að nýju og þá með hvaða hætti. Þessi nefnd starfaði undir forustu Matthíasar Bjarnasonar og skilaði áliti í maímánuði 1994. Í niðurstöðu nefndarinnar segir m.a. þetta:

„Eðlilegt er að Íslendingar hefji á ný hvalveiðar í atvinnuskyni, þó þannig að farið sé að öllu með gát, gætt sé heildarhagsmuna Íslands með tilliti til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna."

Það hefur verið unnið að málinu á grundvelli þessarar stefnumörkunar sem fyrir liggur í nefnd Matthíasar Bjarnasonar. Það er ljóst að það mun kosta ekki bara heilmikla peninga heldur líka talsverð átök við aðrar þjóðir að hefja hvalveiðar á ný. Þess vegna höfum við tekið það alvarlega sem fram kom í skýrslunni að meta stöðu okkar á alþjóðavettvangi. Því er ekki að leyna að við höfum átt í mjög miklum og flóknum deilum á sjávarútvegssviðinu að undanförnu og það var mitt mat að það væri óráð að fjölga átakasviðunum að svo stöddu. Og það er ástæðan fyrir því að ekki hefur verið lögð fram þáltill. um þetta efni á þessu þingi. Nú væntum við þess að við förum að sjá fyrir endann á ýmsum af þeim stærri deilum sem við höfum staðið í og það gefur okkur svigrúm til þess að hefjast handa að nýju við undirbúning hvalveiðanna.

Við höfum líka kannað viðhorf þeirra sem á markaðnum starfa. Þau eru fremur neikvæð. Þó vitum við eins og hér hefur komið fram að hvalveiðar Norðmanna hafa ekki haft áhrif á markaðsstöðu þeirra.

Við höfum unnið mjög kappsamlega að reyna að styrkja NAMMCO sem stofnað var 1992 og í fyrstu var aðeins ætlað að fjalla um smáhvali. Fyrir okkar frumkvæði hefur starfsemi NAMMCO verið útvíkkuð og nær nú til rannsókna á öllum hvölum og þar hefur verið fjallað um og samþykktar eftirlitsreglur með hrefnu og nú eru taldir möguleikar á að samtökin stækki.

Við höfum einnig þreifað fyrir okkur, eins og lagt er til í skýrslu Matthíasar Bjarnasonar, um það hvort útflutnings-

möguleikar væru á hvalaafurðum. Því miður er það staðreynd að eins og sakir standa er ekki kostur á því að flytja hvalaafurðir úr landi. Það gera Norðmenn ekki og það eru ekki möguleikar á því eins og er. Við núverandi aðstæður er því ekki hægt að hefja hvalveiðar til þess að auka útflutningstekjur þótt við væntum þess að á því geti orðið breyting í framtíðinni því að við finnum fyrir því að andrúmsloftið í þessu efni er að breytast.

Það sem nú er verið að vinna að er þetta: Í ráðuneytinu er verið að kanna með tilliti til þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í skýrslu Matthíasar hvort og hvenær unnt verði að hefja takmarkaðar hrefnuveiðar. Það var tillaga nefndarinnar að það yrði byrjað á því að hefja takmarkaðar hrefnuveiðar fyrir innanlandsmarkað. Enn fremur hef ég óskað eftir því við Hafrannsóknastofnun að hún geri kostnaðaráætlun um það að bæta hvalrannsóknum inn í fjölstofnaverkefni sem stofnunin hefur unnið að á undanförnum árum og ég vænti þess að það kostnaðarmat liggi fyrir innan skamms. Þetta eru þau verkefni sem nú er verið að vinna að í þessu efni og ég vænti þess, herra forseti, að áfram verði við það fullur stuðningur að vinna að því markmiði að hefja hvalveiðar svo fljótt sem aðstæður leyfa.

[12:17]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Staðan í þessu máli er mjög sérkennileg. Hér koma þingmenn þing eftir þing og spyrja hæstv. sjútvrh. hvað dvelur. Hvað dvelur orminn langa að ekki skulu hafnar hvalveiðar? Þingmenn úr flokki hæstv. ráðherra eru þar í fararbroddi en einnig gekk fram í febrúar 1995 núv. formaður þingflokks Framsfl. og hvatti eindregið til dáða. Þá gagnrýndi núv. hæstv. utanrrh. þáv. ríkisstjórn harðlega fyrir að vera ekki byrjuð að fylgja eftir samþykkt sem allir þingflokkar á Alþingi áttu hlut að. Það ber því miður öll merki loddaraleiks hvernig að þessu er staðið af þeim sem ráða málum á Alþingi, hafa hér meiri hluta og ég gagnrýni þetta.

Ég átti sæti í þeirri nefnd sem kennd er við Matthías Bjarnason og þar var einróma niðurstaða að byrja á því að hefja hrefnuveiðar. Það eru tvö ár síðan þessi hæstv. sjútvrh. hafði þetta einróma álit í hendi sér. Ráðherrann hefur kosið að túlka það svo að hann vilji fá ályktun Alþingis um málið. Það gat út af fyrir sig verið skynsamlegt en hann gat verið viss um niðurstöðuna. Það er alveg ótvírætt meiri hluti yfirgnæfandi ef ekki samróma álit á Alþingi að byrja hvalveiðar varfærnislega í upphafi og stunda þær á sjálfbæran hátt, virða alþjóðasáttmála að sjálfsögðu varðandi tegundir sem kunna að vera í útrýmingarhættu eða þar sem tvísýnt er um málið. Ég gagnrýni þessa framgöngu framkvæmdarvaldsins í málinu, ríkisstjórnarinnar. Er ekki einmæli í ríkisstjórn um málið? Hvað veldur þessum drætti?

[12:20]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Nú er svo komið að við Íslendingar erum að verða að athlægi víða um heim. Ítrekaðar yfirlýsingar um að við ætlum að stunda hvalveiðar án þess að láta athafnir fylgja orðum eru því miður grátbroslegar. Undanlátssemi við rangtúlkanir umhverfissamtaka mega ekki ganga of langt. Þeir sem eru undanlátssamir við slíka hópa eru á rangri hillu. Maður hlýtur að spyrja sig: Hve lengi ætlum við Íslendingar að láta alþjóðleg öfgaöfl ráða gerðum okkar? Það má vel vera að það hafi verið rétt að lúffa í fyrstu en nú er komið nóg.

Það er réttur okkar og skylda að nýta allar náttúruauðlindir til hagsbóta fyrir þjóðina. Hvalir eru engin undantekning. Rökin, bæði vísindaleg, efnahagsleg og siðferðileg, eru öll okkar megin. Það hefur nú komið á daginn það sem menn höfðu í flimtingum fyrir nokkrum árum, að friðarhreyfingar mundu friða fiskinn í sjónum, er einmitt að gerast. Nýjasta dæmið eru tilkynningar þess efnis að ganga eigi af bráðsluveiðum dauðum. Hvað gerum við þá? Við sem erum að byggja upp og endurbæta bræðsluverksmiðjur og skip fyrir milljarða hér bara á suðvesturhorninu? Eigum við þá að fórna hagsmunum enn einu sinni? Ég segi nei. Það er ljóst að sjónarmið okkar hafa fengið vaxandi fylgi víða um heim, einkum í Bandaríkjunum og við höfum getað varpað kastljósum að þessum málum þar. Það var ekki stjórnvöldum að þakka. Það var sérstaklega einum manni að þakka, Magnúsi Guðmundssyni kvikmyndagerðarmanni. Með einkaframtaki sínu hefur hann átt stóran þátt í því að opna augu almennings og stjórnmálamanna þar í landi. Þetta eigum við að nýta okkur.

Nú er svo komið að í Bandaríkjunum hafa fjöldahreyfingar sem telja tugmilljónir manna og áhrifamiklir stjórnmálamenn tekið undir okkar sjónarmið. Ótti um hugsanlegar refsiaðgerðir vegna hvalveiða okkar núna er því að mínu mati ástæðulaus. Meira að segja formaður utanríkismálanefndar Bandaríkjaþings hefur lýst því yfir að slíkar hótanir séu markleysa ein. Ég vil því segja að við eigum að hefja hvalveiðar strax í sumar.

[12:22]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég skal stytta mál mitt svo fleiri komist að. Mitt mat er það að við eigum að heimila hvalveiðar strax í sumar og það úr þeim stofnum sem við höfum hefðbundið nytjað og vísindamenn telja óhætt að veiða úr. Við eigum ekki bara að heimila hvalveiðar úr hrefnustofninum.

Ég tek undir með hv. málshefjanda og tel að hæstv. sjútvrh. hafi sýnt fram á það að staða okkar til þess að hefja hvalveiðar að nýju hefur aldrei verið betri en hún er nú.

[12:23]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í þessu máli ætluðum við að tala báðir, ég og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Ég vil þakka honum fyrir að gefa mér tækifærið.

Hvalveiðar höfðu mikla þýðingu í þjóðarbúskap Íslendinga. Atvinnugreinin var sú eina sem rekin var í sjávarútvegi án nokkurs ríkisstyrks. Hlutdeild hvalaafurða var um 1,5% af útflutningstekjum og veitti störf fyrir um 230 manns meðan veiðarnar stóðu yfir. Það er verið að ræða um tekjur sem eru sambærilegar þeim sem áætlað er að norsk-íslenski síldarstofninn gefi af sér í ár.

Hvalveiðar voru alfarið stundaðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar og þær eru því hluti auðlindarinnar sem ber að nýta. Ég get tekið undir nánast hvert orð sem málshefjandi sagði, enda erum við samstæðir í mörgum og flestum málum sem lúta að sjávarnytjum. Við Íslendingar eigum að hefja nú þegar veiðar að nýju og ég er viss um að það er meiri hluti á Alþingi fyrir því. Því skora ég á hæstv. sjútvrh. að semja frv. og leggja það fram í næstu viku fyrir þingið. Þingið þarf ekki nema einn dag til afgreiðslu þess. Við getum hafið veiðar á forsendum rannsókna sem fyrir liggja á stórhvalaveiðum og hrefnuveiðum á sambærilegum grunni og Norðmenn.

[12:24]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í þessari umræðu að tíminn hefur unnið með okkur Íslendingum í þessu máli. Sú þróun sem átt hefur sér stað á alþjóðavettvangi er öll okkur hliðholl. Það er að renna upp fyrir fólki í æ ríkara mæli en áður að það er fjarstæða að ekki megi nytja öll sjávarspendýr í hafinu eins og aðrar auðlindir hafsins. Það er fjarstæða. Hins vegar hafa málin tekið þá stefnu að ýmsir menn hafa unnið að þessu máli því til framdráttar, þar á meðal sá sem var nefndur hér áðan, Magnús Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður. Og þingmenn hafa þar sem þeir hafa haft aðstöðu til tekið þetta mál upp með þeim árangri sem fram kom í máli málshefjanda. Það hafa náðst mikilvægar samþykktir á vettvangi þingmanna á alþjóðlegum vettvangi um þetta atriði.

En málið er ekki einfalt og við skulum ekki gleyma því að Alþingi gerði þau mistök 1983 að mótmæla ekki hvalveiðibanninu sem þá var sett á og við sitjum uppi með það vandamál. Við eigum sömuleiðis eftir að greiða úr stöðu Íslands gagnvart Alþjóðahvalveiðiráðinu sem við höfum sagt okkur úr. Ég er ekki viss um að það hafi orðið okkur til framdráttar í þessu máli eftir á að hyggja.

Hvað þurfum við að gera núna? Við þurfum að marka skynsamlega stefnu í málinu á næstunni. Ég tel eðlilegt að utanrmn. hafi forgöngu um að ræða þetta mál og móta þar stefnu þannig að Íslendingar geti hafið þessar veiðar. Það er matsatriði hvenær þær eiga að byrja eins og ráðherrann sagði. Það þarf að undirbúa það vel til þess að við lendum ekki í vandræðum gagnvart öðrum þjóðum og gagnvart öðrum afurðum sem Íslendingar flytja út. Við þurfum líka að hafa í huga að það þarf að koma hvalaafurðum í verð.

En stefnan er skýr að því leyti til að það liggur alveg fyrir að Íslendingar munu hefja þessar veiðar á nýjan leik. Við þurfum að koma okkur saman um það hvenær það gerist, undirbúa það skynsamlega, með viðræðum og samþykktum og skynsamlegum undirbúningi á öllum vettvangi sem tiltækur er. En eitt er ljóst. Íslendingar munu hefja þessar veiðar og það fyrr en varir.

[12:26]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ef hefja á hvalveiðar þarf að leggja mat á hvaða áhrif hvalveiðar hafa á útflutningsmarkað okkar fyrir aðrar afurðir, ekki síst fiskútflutning, svo og ferðaþjónustu til landsins og hvort og þá hvaða áhrif þær hefðu á stöðu þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Það er líka ljóst að það þjónar litlum tilgangi fyrir hagsmuni þjóðarinnar að hefja hvalveiðar nema verulegar breytingar verði á útflutningsmörkuðum fyrir hvalaafurðir. Þegar markaður eins og Japansmarkaður er lokaður fyrir innflutning á hvalkjöti er tómt mál að tala um að hefja hvalveiðar til útflutnings sem gæti frekar skaðað hagsmuni þjóðarinnar en hitt.

Mitt mat er þó að við núverandi aðstæður sé ekkert því til fyrirstöðu að hefja takmarkaðar hrefnuveiðar fyrir innanlandsmarkað, a.m.k. til að byrja með. En það þjónar engum tilgangi að hefja hvalveiðar nú ekki síst þar sem markaðir erlendis eru lokaðir fyrir hvalaafurðir. Ég hef líka óskað eftir því að utanrmn. fjallaði um þetta mál og að hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. kæmu á fund nefndarinnar þannig að færi gæfist á að meta sameiginlega hvort æskilegt sé og raunhæft að hefja hvalveiðar að nýju og auðvitað þarf sjútvn. einnig að koma að því máli. Einnig tel ég nauðsynlegt að ræða í nefndinni hvort rétt sé að endurskoða afstöðu okkar til aðildar Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu og þá meta hvort NAMMCO sé fullnægjandi til að þjóna hagsmunum okkar. Jafnvel þótt Alþjóðahvalveiðiráðið standi í vegi fyrir sjálfbærri nýtingu hvalastofna er engu að síður nauðsynlegt að við leggjum mat á hvar á alþjóðavettvangi við getum helst haft áhrif til að breyta viðhorfum til hvalveiða sem er ekki síst nauðsynlegt innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.

[12:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þeirri fullyrðingu hefur verið haldið að almenningi og m.a. drepið á það í umræðunni að hvalir séu að éta okkur út á gaddinn og af þeirri ástæðu ættum við að hefja hvalveiðar á ný. Þessi fullyrðing stenst ekki nein vistræðileg eða líffræðileg rök. Hvalir eru aðins hluti af flóknu vistkerfi þar sem hver étur annan og það er ekki með neinum vísindalegum rökum hægt að fullyrða að sá fiskur sem hvalir innbyrða sé tapaður fiskveiðiafli.

Málið er ekki svo einfalt að menn geti bara barið sér á brjóst og sagt að auðvitað eigi Íslendingar að ákveða sjálfir hvort þeir veiða hvali og ekki láta útlendinga segja sér fyrir verkum. Þannig er málið ekki vaxið. Það er út af fyrir sig sennilega rétt að margir hvalastofnar, til að mynda hrefnan, mundu þola einhverja veiði. En spurningin er auðvitað: Hvað ætla menn að gera við aflann? Eflaust væri hægt að selja eitthvað af hrefnukjöti innan lands en það er ekki stór markaður. Og maður spyr sig auðvitað hvort vanti meira kjöt á innanlandsmarkað. Það lítur reyndar út fyrir að Bændasamtök Íslands séu þeirrar skoðunar ef marka má auglýsingu í Morgunblaðinu í gær og það vekur satt að segja nokkra undrun.

Menn tala um hugsanleg útflutningsverðmæti upp á 2 *milljarða og 200 störf á ársgrundvelli. En það er bara reikn*ingsdæmi og satt að segja mjög ólíkleg niðurstaða eins og sakir standa. Stærsta spurningin er auðvitað hvort sá litli markaður sem hugsanlega fyndist erlendis fyrir hvalkjöt skipti meira mál fyrir þjóðarbúið en markaður fyrir aðrar sjávarafurðir sem hugsanlega væri stefnt í voða. Það er stóra spurningin. Við skulum ekki horfa fram hjá því að svo virðist sem æ fleiri erlend fyrirtæki séu að taka upp þá stefnu að skipta aðeins við þá aðila sem nýta auðlindir sínar í anda sjálfbærrar þróunar og við þurfum þá að sannfæra umheiminn um að við gerum það. Það er ekki nóg að okkur finnist eitthvað í þessu máli, heldur hvað öðrum finnst um okkur.

Herra forseti. Við verðum að sýna ábyrgð og gát í þessu máli eins og mér virðist hæstv. ráðherra hafa skilning á. Viðhorfin eru hugsanlega að breytast, m.a. hjá bandarískum stjórnvöldum sem hafa haft mikil áhrif í þessum málum. Það er mikið í húfi, ekki aðeins efnahags- og atvinnulífið heldur einnig orðstír þjóðarinnar í vísindum og umhverfismálum.

[12:31]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram umræða um mikilsvert mál undir þröngum tímamörkum. Hér verður því að sleppa mörgu sem ég annars hefði viljað segja. Það er ljóst að það var Alþingi sem samþykkti að lúta því banni sem Alþjóðahvalveiðiráðið setti á hvalveiðar. Það er því jafnljóst að hvalveiðar verða ekki hafnar að nýju hér við land án afskipta Alþingis. Við verðum að koma því skýrt til skila hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir þá nytjastofna sem brauðfætt hafa þessa þjóð öðru fremur ef hvalastofnarnir

stækka jafnmikið og verið hefur hin síðari ár. Þar sem ætla má að hvalirnir umhverfis Ísland éti hvorki meira né minna en álíka mikið eða meira en við veiðum sjálfir af þessum fiski.

Þeir sem andmælt hafa hvalveiðum okkar eiga það flestir sameiginlegt að taka hvorki efnislegum né vísindalegum rökum. Öll okkar áform hvað þessar veiðar varðar byggjast á yfirgripsmikilli þekkingu vísindamanna okkar sem tvímælalaust standa fremstir hvað varðar þekkingu á hvalveiðum og öllum vísindum er lúta að þeim.

Virðulegi forseti. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. sjútvrh. að hann taki nú þegar á málinu og komi með tillögu þar um þannig að Alþingi geti tekið á þessu þýðingarmikla máli og leitt það farsællega til lykta.

[12:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mælir allt með því að við hefjum hvalveiðar sem fyrst. Í fyrsta lagi eru það vísindalegar forsendur eins og margsinnis hefur komið fram í þessum umræðum. Það eru líka efnahagslegar ástæður eins og hér hefur verið tíundað. Það fer ekkert á milli mála að stuðningur þjóðarinnar er við það að við hefjum hvalveiðar og það hefur margoft komið fram, einmitt hér í þessum sölum, ríkur þingvilji fyrir því að við hefjum hvalveiðar. Er þá ekki kominn tími til þess að við látum þennan ríka þingvilja koma formlega fram?

Síðast en ekki síst er ástæða til þess að nefna að það er greinilega dvínandi andstaða úti í heimi við hvalveiðar. Það kom glögglega fram á fundi Alþjóðaþingmannasambandsins þar sem ég sat fyrir skemmstu. Við skulum átta okkur á því að meðan við tökum ekki af skarið, á meðan við höldum áfram að virða þetta hvalveiðibann, erum við í raun og veru að taka undir sjónarmið Greenpeace og annarra slíkra öfgasamtaka sem vilja ekki hefja hvalveiðar. Ég tel að það sé ekki meining þingsins, þjóðarinnar né nokkurra annarra að Íslendingar fylgi í raun stefnu Greenpeace og annarra slíkra sem vilja halda hér áfram hvalveiðibanni.

[12:34]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Íslendingar eiga hiklaust að hefja hvalveiðar að nýju. Við eigum að nýta allar lifandi auðlindir sjávar svo fremi að þess sé gætt að ekki sé farið fram úr veiðiþoli hvers stofns. Hér er um stórt efnahagslegt spursmál að ræða því að hvalveiðarnar gáfu um 1 milljarð fyrir einum áratug síðan og 250 manns höfðu atvinnu af þessu. Ég bendi á að Bandaríkjamenn beittu Norðmenn ekki refsiviðurlögum eins og margir spáðu. Ég segi því að lokum að ég tel að skýringar hæstv. sjútvrh. á þeim drætti sem orðið hefur á því að hefja hvalveiðar á nýjan leik séu ekki frambærilegar.

[12:35]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Árum saman hafa yfirvöld látið í það skína að nú standi til að hefja hvalveiðar að nýju, sérstaklega veiðar á smáhvelum og hrefnu. Árum saman hafa þær fjölskyldur sem höfðu framfæri sitt af slíkum veiðum beðið og vonað að þessi ákvörðun mundi koma til framkvæmda. Margar fjölskyldur hafa tapað stórfé vegna þessarar löngu biðar. Nú er þeim sagt að bíða enn, þetta sé bara tímaspursmál. Hversu lengi eiga þessar fjölskyldur að bíða með afkomu sína í þeim fjötrum sem þær hafa verið hnepptar í? Eftir hverju er beðið, hæstv. sjútvrh.? Er verið að bíða eftir Godot?

[12:36]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem voru andvígir hvalveiðum hér áður fyrr. Ég hef breytt um skoðun. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hefja hvalveiðar. Öll rök mæla með því frá sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar. Ég bendi hins vegar á að það liggja fyrir hótanir Bandaríkjamanna um að ef Japanir hleypa innflutningi á hvalkjöti til Japans, þá munu þeir beita mjög harkalegum refsiaðgerðum. Japanir hafa lýst því yfir að það muni aldrei koma til greina að setja viðskipti við Bandaríkin í hættu vegna hvalkjötsinnflutnings. Þetta er aðalmálið í þessari umræðu því að veiðar án þess að opna Japansmarkað eru alveg gagnslausar.

[12:36]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju með þær jákvæðu undirtektir sem hér hafa komið fram við hvalveiðarnar. Mér sýnist að hjarta Alþingis slái í takt við þjóðarsálina í þessu máli. Ég vísa til föðurhúsanna þeim ummælum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að hér sé um einhvern loddaraleik að ræða og vil upplýsa hv. þm. um það að ég mun halda áfram að tala fyrir þessu máli þangað til það ber árangur.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir taldi að fjölgun hvala hefði ekki áhrif á fiskstofnana. Ég vil með leyfi forseta vísa í ummæli Jóhanns Sigurjónssonar, aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar, þar sem segir að verulegar líkur eru á að afrakstur þorskstofnsins geti minnkað um 10% þegar helstu hvalastofnar hafa náð þeirri stærð sem þeir voru í áður en hvalveiðar hófust.

Hæstv. sjútvrh. talaði um að við hefðum átt í miklum deilum við ýmsar þjóðir í fiskveiðimálum. Það er rétt hjá honum en þær deilur eru af allt öðrum toga spunnar en ágreiningur við aðrar þjóðir um hvalveiðar. Deilurnar um fiskveiðarnar snúast um hagsmuni, gífurlega hagsmuni. Þær snúast um hvernig á að skipta kökunni og hvað hver þjóð á að fá í sinn hlut af tilteknum auðlindum hafsins. Andstaða þjóða við hvalveiðar okkar er af allt öðrum toga spunnin. Hún er í besta falli tilfinningasemi en kannski fyrst og fremst rugl og rökleysa og undanlátssemi við háværa öfgahópa.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að það væri ekki hægt að selja hvalaafurðirnar. Á það hefur ekkert reynt. Það hefur ekkert hvalkjöt verið á heimsmarkaðnum í sex eða átta ár. Það er vitað að það er mikil eftirspurn eftir hvalkjöti í Japan. Ég trúi því að ef hvalkjöt býðst, þá verði það eins og víðar að lögmál markaðarins ráði, framboð og eftirspurn en ekki einhverjar tiktúrur stjórnvalda. Mér finnst ákvörðun Norðmanna um að ætla að tvöfalda hrefnukvóta sinn á þessu ári benda til þess að þeir ætli að fara að hefja útflutning á hvalkjöti. Þeir hafa ekki náð að selja innan lands allt sitt kjöt. Samt ætla þeir að tvöfalda veiðarnar. Það segir manni auðvitað að þeir stefna að útflutningi.

Hæstv. forseti. Ég hvet að lokum hæstv. sjútvrh. til að taka þetta mál upp í ríkisstjórn og flytja till. til þál. um hvalveiðar það tímanlega að hægt verði að samþykkja hana áður en þessu þingi lýkur.

[12:39]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. málshefjanda og þakka þann stuðning við meginmarkmið okkar í þessu efni sem hér er fyrir hendi, enda hef ég aldrei efast um að hér væri

fullur vilji til að taka á þessu máli þó menn greini kannski á um það hversu hratt eigi að fara.

Vegna gífuryrða hv. 4. þm. Austurl. sem talaði um loddaraskap, kemst ég ekki hjá því að rifja það upp að hann sjálfur skrifaði undir þá skýrslu sem ég var að vitna til þar sem lagt er til að ríkisstjórnin taki tillit til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalaafurðir og áhrif hvalveiða á útflutningsmarkað. Svo kemur hv. þm. hér þegar nógu margir áheyrendur eru á pöllunum og segir: „Það á ekki að taka tillit til neins af þessu. Það á bara að vaða áfram." Ef eitthvað er loddaraskapur þá er það svona málflutningur og hann þjónar ekki okkar hagsmunum. Við eigum hins vegar að fylgja fast og ákveðið fram okkar stefnu í þessu efni, þ.e. að nýta hvalina (**Gripið fram í:** Hvenær?) eins og aðra stofna svo fljótt sem verða má. Ég hef trú á því að það verði fyrr en síðar. En það má öllum vera ljóst að ákvörðun af þessu tagi þarf að vanda. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að hún kostar átök. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að við höfum verið í miklum átökum. Það er auðvitað takmarkað hvað við getum staðið í mörgum deilum í einu á alþjóðavettvangi ef við ætlum að ná árangri. Þess vegna er það fagnaðarefni að við erum að ná samningum. Við höfum núna náð samningum um Reykjaneshrygg og síld. Það skapar okkur nú nýtt svigrúm til þess að fara að takast á við þetta verkefni á nýjan leik. Ég vona að það svigrúm skili þeim árangri sem við erum sameinuð um að stefna að.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag utandagskrárumræðu.

[12:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að lýsa óánægju minni með tilhögun þessarar umræðu. Ég vissi ekki betur og ég held margir þingmenn aðrir, en að hér ætti að fara fram venjuleg hálftíma umræða um dagskrármálið. Forseti lýsti því yfir í byrjun fundar að hann mundi jafna ræðutíma út á þingmenn. En svo virðist sem samið hafi verið að verulegu leyti um tilhögunar umræðunnar fyrir fram þannig að það að biðja um orðið í upphafi fundar hafi verið tilgangslaust eða markleysa af hálfu þeirra sem ekki höfðu þá tekið þátt í slíkum fyrirframundirbúningi umræðunnar. Ég kann satt best að segja ekki vel við slíka tilhögun. Það hefur ekki verið samið fyrir mína hönd um það að menn væru ekki jafnsettir þegar þeir bæðu um orðið.

Auk þess finnst mér það orka tvímælis að þegar svo háttar til að málshefjandi og hæstv. ráðherra eru úr sama flokknum, að þá skuli einmitt sérstaklega flestir aðrir óbreyttir þingmenn úr þeim hinum sama flokki fá orðið.

Ég tel líka að þegar svo stendur á að augljóslega er þörf fyrir mun rýmri ræðutíma og meiri tíma til skoðanaskipta en rúmast innan þessa forms, þá séu tilefni til að taka það til skoðunar hvort umræðan eigi ekki að vera rýmri. Ég tel að sé varla boðlegt að neita kannski hátt í 10 mönnum um orðið, *mönnum sem sannarlega hafa ástæður* til að leggja þar eitthvað til mála, svo sem eins og formanni sjútvn. sem hér talar. Það er þó kannski vel við hæfi að einmitt hann sérstaklega skuli verða fórnarlamb þess að ekki sé hægt að offra þó ekki væri nema 30 sekúndum t.d. á undirritaðan.

Það er svo í stíl við annað að hæstv. sjútvrh. skuli í lok umræðunnar nota ræðutíma sinn til þess að tala um annað en hann átti að gera, þ.e. ráðast á þingmenn sem ekki hafa tækifæri til þess að svara fyrir sig. Ég mótmæli þessu fyrirkomulagi.

[12:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég veit að forseti hefur ekki tök á að grípa inn í mál manna eða hafa stjórn á því. En ég vek athygli á því hvað gerist hér í þessari umræðu undir þessu formi. Bæði málshefjandi og hæstv. ráðherra sjá ástæðu til þess í lok umræðu að veitast að þeim sem hér stendur, að veitast að mér og þá sérstaklega hæstv. ráðherra vitandi það þó að ég átti kannski ekki minnstan þátt í því að það tókst full samstaða um þá skýrslu sem hæstv. ráðherra vitnar til í sínum málflutningi að allt hvíli á, þá skýrslu sem hann fékk frá fulltrúum þingflokka á Alþingi. Ég get rakið það fyrir ráðherranum við hentugleika hvernig sú vinna þróaðist stig af stigi. Ég tel það ekkert ofmælt það sem ég segi um þetta efni. Þegar ég tala um að hér sé uppi loddaraleikur í þessu máli, þá er það staðreynd, virðulegur forseti, að það er nokkuð reglubundið að undir þinglok í önnum þingsins koma aðilar sem eru stuðningsaðilar ríkisstjórnar fram með kröfur í orði um að nú verði staðið við stóru orðin, en í reynd er ekkert gert af hálfu framkvæmdarvaldsins sem hefur þessi mál í hendi sér.

[12:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þessi ræða var kannski ekki beint um fundarstjórn forseta. Það var hins vegar ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. Forseti vill af því tilefni segja að þetta var auðvitað venjuleg hálftíma umræða. Það var ekki samið fyrir fram um hverjir gætu komist á mælendaskrá og forseti reyndi að skipta þessum ræðutíma réttlátlega á milli flokkanna. Hann tók tillit til þess að bæði málshefjandi og hæstv. ráðherra voru úr sama flokki. Forseti tók tillit til þessa. (**SJS:** Með því að láta þrjá aðra sjálfstæðismenn tala.) Þegar forseti bætti við á mælendaskrána þá tók hann tillit til þess hvernig fulltrúar flokkanna höfðu nýtt ræðutíma sinn. (Gripið fram í.) Þetta reyndi forseti að gera eftir bestu getu. Það er svo aftur annað mál, þegar rædd eru mál sem þetta þar sem fleiri vilja taka þátt í heldur en rúmast innan marka þingskapa, að þá þarf að ákveða það áður hvort samið skuli um lengri ræðutíma. Það var ekki gert í þessu tilviki.

Þessari utandagskrárumræðu og umræðu um fundarstjórn forseta er þá lokið.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887 og 930.

[12:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska eftir því að ráðstafanir verði gerðar til þess að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það verður gert. Hæstv. fjmrh. er kominn í húsið.)

(**Gripið fram í:** Forsrh. líka.) Það væri ástæða til að hæstv. forsrh. væri einnig viðstaddur þessa umræðu og leyfi ég mér að spyrja hvort hann sé staddur í húsinu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er ekki staddur í húsinu en forseti mun kanna hvort hann getur komi til fundar.)

Ég mun ekki hefja mál mitt fyrr en hæstv. fjmrh. er kominn í salinn.

(**Forseti** (ÓE)**:** Vill þá ekki hv. þm. að við gerum hlé á fundinum augnablik, hvort sem hv. þm. vill bíða í ræðustól eða í sæti sínu. Fjmrh. er kominn í húsið.)

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því í upphafi máls míns að gera að umtalsefni nokkur atriði sem fram komu í andsvörum hæstv. fjmrh. við umræðuna í fyrradag. Einnig atriði sem komu fram í málflutningi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar.

Hæstv. fjmrh. hafði um það mörg orð að við samningu þessa frv. hefði verið haft samráð við samtök þess fólks sem lögin taka til. Hann tók sem dæmi um þetta samráð að hann hefði mætt á fund hjá BSRB. Hvaða fundur skyldi það nú hafa verið? Jú, það var málstofa sem boðað var til um efni þessara umdeildu frv., tveggja tíma málfundur um þessi umdeildu frv. Hæstv. fjmrh. sagðist alltaf hafa verið reiðubúinn að ræða málin við þau samtök sem hlut ættu að máli, samtök háskólamanna, BSRB, kennarasamtökin, alltaf hafa verið til reiðu að fara yfir þessi mál. Hann sagði: „Samtökin kusu það hins vegar að fara með málið út til sinna félagsmanna og þá áttum við ekki annarra kosta völ fyrir okkar leyti en leggja frv. fram á þingi." Þetta var röksemdafærslan. Þetta var málflutningurinn. Hvað skyldi það hafa verið sem samtök opinberra starfsmanna kusu að fara og ræða við sína félagsmenn? Hvað skyldi það hafa verið? Jú, það var frv. til laga sem gerði ráð fyrir því að allt réttindakerfi opinberra starfsmanna yrði rifið upp með rótum. Það var frv. til laga sem í fyrstu útgáfu gerði ekki ráð fyrir neinum veikindarétti, sem í fyrstu útgáfu gerði ekki ráð fyrir neinu fæðingarorlofi. Það var frv. til laga sem gerði ráð fyrir því að heil stéttarfélög yrðu lögð af, að stórir starfshópar, og það stendur enn, yrðu sviptir samningsrétti. Það var frv. til laga sem gerði ráð fyrir því að ýmis réttindi sem menn hafa búið við, ráðningarfesta, biðlaunaréttur og þar fram eftir götunum, yrðu skert eða tekin af. Þessi samtök voru svo ósvífin að þau ætluðu að ræða þessi mál við sína félagsmenn. Ég heyrði haft eftir hæstv. fjmrh. að meðal opinberra starfsmanna — hann mun hafa sagt þetta í fjölmiðli nú nýlega — væru skiptar skoðanir, ólíkar áherslur. Það er alveg rétt. Það eru ólík sjónarmið innan einstakra félaga, innan heildarsamtaka, á milli einstaklinga. Það eru ólíkar áherslur, ólíkar skoðanir og ólíkar hugmyndir uppi. En gagnvart þessum frv. og þessum vinnubrögðum eru allir á sama máli. Það má hæstv. fjmrh. vita að með svona tali, svona sundrungartali, látum við ekki sundra okkur.

Þessi ósvífnu samtök sem átti að svipta samningsrétti, verkfallsrétti og margvíslegum réttindum öðrum voru svo ósvífin að fara og leita álits sinna félaga, boða til funda og ræða málin. Þá var ekki stætt á öðru en leggja málið fyrir þingið. Ég mun koma nánar að þessu síðar í öðru samhengi um þessi vinnubrögð, um þessa tegund samvinnu og samráðs, vegna þess að ég held að hún sé engin tilviljun. Ég held að það sé engin tilviljun að svona er staðið að verki. Engin tilviljun. Hins vegar verð ég að játa að margt sem hefur verið sagt við þessa umræðu hefur komið mér á óvart. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra sé alvara þegar hann segir að ekki sé hróflað við kjörum sem eru samningsbundin, ekki hróflað við samningsbundnum kjörum.

Hann hefur sagt líka að það sé verið að afnema ýmislegt sem úrelt er. Sérstaklega eru tiltekin réttindi á borð við æviráðningu og biðlaunarétt þegar þannig er talað. Ég veit alveg hvað það er sem vakir fyrir mönnum, þegar þessar áherslur eru uppi. Ég veit alveg hvað það er og við vitum það öll hvað það er sem vakir fyrir mönnum. Það er verið að reyna að draga upp mynd af einhverri gamalli embættismannaforréttindastétt sem býr við æviráðningu. Svo er iðulega talað um að það þurfi að vera hægt að losa sig við drykkjurúta og fólk sem ekki standi sig í vinnunni og þess vegna sé æviráðning afskaplega slæm. Við sjáum alveg hvaða mynd verið er að draga upp. En mig langar til að biðja menn að velta því örlítið fyrir sér hvað það er sem er svona úrelt, t.d. við æviráðningu. Það er nú einu sinni svo að í seinni tíð eru menn ekki ráðnir inn til ríkisins með æviráðningu. Það er ekki hin almenna regla að menn séu æviráðnir. Þar eru allflestir starfsmenn ráðnir með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Æviráðning er ekki við lýði nema hjá tilteknum hópum. Hvað er það sem er svona slæmt við æviráðningu? Um hvað snýst æviráðningin? Jú, hún snýst um ákveðið starfsöryggi. Það er hægt að segja æviráðnum starfsmanni upp ef hann brýtur af sér í starfi. Það er hægt. Það er hægt að segja æviráðnum starfsmanni upp eða láta hann hætta ef staða er lögð niður. Það er hægt. En æviráðningin tryggir visst öryggi í starfi. Er það úrelt? Er það svona óskaplega slæmt að menn búi við öryggi í starfi? Hins vegar er þetta náttúrlega hluti af hugmyndafræði sem verið er að knýja hér í gegn og ég mun koma að síðar.

Biðlaunaréttur? Biðlaunaréttur hjá danska símanum held ég að sé þrjú ár. Biðlaunaréttur er ekkert bundinn bara við ríkið. Það er samið um biðlaunarétt hjá mörgum fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði. Þetta er ekkert sem er afmarkað við ríkið, síður en svo. Hins vegar er það umhugsunarefni að ríkisstjórnin, sama ríkisstjórn og ætlar að afnema biðlaunarétt hjá talsímaverðinum á símanum sem á að fara að einkavæða núna fljótlega, ætlar að afnema biðlaunarétt talsímavarðarins vegna þess að það kynni í hálft ár, jafnvel ár ef talsímavörðurinn hefur verið lengi í starfi, að þurfa að greiða honum laun sem slaga upp í hálf ráðherralaun. Sama ríkisstjórn og ætlar að gera þetta af siðferðilegum ástæðum gaf vildarvinum Sjálfstfl., eða eigum við að orða það öðruvísi, færði vildarvinum Sjálfstfl. á silfurfati SR-mjöl. Var ekki talað þar um hálfan milljarð? Við skulum því fara svolítið varlega í sakirnar þegar við förum að setja þetta upp samkvæmt einhverjum siðferðilegum kvarða. Við skulum fara varlega þá í sakirnar.

Það kom einnig fram í máli hæstv. fjmrh. í andsvörum um daginn og hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að nú væri búið að gera ýmsar breytingar á frv. Ýmislegt sem ekki hafði verið inni var tekið út og öfugt. Reyndar hefur þetta frv. frá því fyrstu drögin birtust verið að taka breytingum, litlum breytingum þó. Mesta breytingin var náttúrlega þegar veikindarétturinn og fæðingarorlofið sem höfðu gleymst í fyrstu útgáfu, voru komin inn, að vísu aðeins í bráðabirgðaákvæði. Þau réttindi eru enn í uppnámi eins og ég mun koma að síðar. Það var búið að breyta frá fyrstu útgáfu ákvæðum á borð við það að ekki þyrfti að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör, um hvað þeir ættu að fá í kaup og hvaða réttindi þeir ættu að búa við, fyrr en tveimur mánuðum eftir að þeir kæmu til starfa. Það var í fyrstu útgáfunni. Þessu var síðan breytt. Síðan í breytingartillögunum við sjálft frv. er búið að gera ýmsar breytingar sem þeir telja að séu mjög veigamiklar eins

og t.d. að nú sé minni háttar fólkið farið út. Minni háttar skrifstofufólkið er hvergi nefnt í frv. En hugsunin, hugsunin er þar. Hún er þar öll, þar er engu breytt. Ég ætla að færa rök fyrir þeirri staðhæfingu hvers vegna ég staðhæfi að hugsunin sem greinir í sundur þá sem eru meiri háttar annars vegar og hina sem eru minni háttar er enn til staðar. Ég ætla að færa rök fyrir því máli.

Þessi umræða er ekki einskorðuð við Ísland. Hún á sér stað víða um lönd. Það hafa verið gerðar um þetta miklar og ítarlegar skýrslur, t.d. á vegum OECD. Þar kemur fram að það eru tvenns konar sjónarmið uppi þegar um er að ræða endurskipulagningu á ríkisrekstri. Menn hafa stillt upp tveimur módelum. Annars vegar er það módel sem Þjóðverjar og Norðurlandabúar hafa stuðst við. Það gengur út á það í grófum dráttum að virkja hinn almenna starfsmann, að inni í skólunum, á sjúkrastofnununum og þeim stofnunum sem reknar eru á vegum hins opinbera sé unnið lýðræðislega. Hins vegar er það hin hugsunin, hitt módelið sem oft hefur verið kennt við Stóra-Bretland og Nýja-Sjáland. Það byggir á allt annarri hugsun. Það er valdstjórnarmódelið. Hugsunin er þessi: Ríkið á að setja almenn markmið. Hið pólitíska vald á að setja almenn markmið og ákvarða fjármunina sem hver og ein stofnun á að fá til að ná þessu markmiðum. Síðan er sjálfri framkvæmdinni valddreift. Gott og vel. Mörgum kann að finnast þetta ágæt hugmynd. Framkvæmdinni á síðan að stýra forstöðumaður viðkomandi stofnunar. Hann á ekki að virkja mannskapinn með sér. Forstöðumaður viðkomandi stofnunar á að fá ákveðin tæki í hendur. Hver eru þessi tæki sem hann á að fá í hendur? Fólk, fólk, það eru tækin hans. Launakerfi er annað tæki sem forstöðumaðurinn fær í hendur. Í stað þess að virkja fólkið lýðræðislega, er hugsunin sú að því sé gerð grein fyrir því til hvers er ætlast af því. Það segir orðrétt hér í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„... að gera ríkisstarfsmönnum betri grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim ...“

Þetta er hugsunin. Ríkisstarfsmenn verða tæki í höndum forstjórans sem fær aukið svigrúm til að hagræða innan sinnar stofnunar. Hann fær launakerfi í hendur sem hefur að geyma alls kyns hvata og hvatningu sem hann síðan getur ákveðið og ráðstafað að eigin vild. Þetta er hugsunin.

Síðan er það náttúrlega það stórskemmtilega sem kom hér upp síðast. Það er þegar hæstv. fjmrh. og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segjast hafa lagað hina margrómuðu 9. gr. frv. þar sem kveðið er á um þetta sporsluduttlungakerfi og að nú séu settar strangari regur um það efni. Hverjar skyldu þær vera? Jú, ef viðkomandi stofnun fer fram úr þeim fjárhagsramma sem henni er settur af hæstv. fjmrh. þá hefur fjmrh. heimild til að afnema allar þessar greiðslur. Hvaða stofnanir skyldu þetta vera? Hvaða stofnanir fara yfirleitt fram úr of naumt skömmtuðum fjárlögum? Eru það ekki spítalarnir? Skyldu það vera skólarnir? Þetta var viðbótin sem kom, auk þess sem skorður eru settar við því hvað hinir meiri háttar menn hæstv. ráðherra geta skammtað sér sjálfir. En hugsunin er enn til staðar. Þess vegna segi ég að þessi framgangsmáti allur, þessi vinnubrögð eru í takt við þetta. Hann er í samræmi við þetta vegna þess að svona hefur maður samráð, svona hafa meiriháttarmenn samráð við minniháttarfólk. Þeir bara koma á fund hjá því á málstofur (**Gripið fram í:** Þetta eru hinir nýju stjórnarhættir.) og ræða málin. Þeir eru tilbúnir að koma á fund og ræða málið. Hugsið þið ykkur. Það liggur fyrir þinginu frv. sem rífur upp með rótum allt réttindakerfi opinberra starfsmanna, sem afnemur samningsrétt hjá stórum hópum, sem setur fæðingarorlof og veikindarétt í uppnám, þar sem höfð eru af fólki réttindi og fjármunir. Það á að taka biðlaunaréttinn af. Þeir segja: „Og við höfðum samráð. Við komum á fund. Við leyfðum fólkinu að lesa frumvarpsdrögin yfir í próförk.“ Þetta er samráðið. Þetta eru stjórnunarhættirnir sem verið er að innleiða með þessu frv. Það er mergurinn málsins. Svona koma meiri háttar menn fram við minni háttar fólk. Halda menn virkilega að svona nokkuð, þessi hugmyndafræði um húsbændur og hjú, gangi upp í lok 20. aldar? Svo eru menn að tala um nútímavæðingu. Menn sem reyna að troða sér eins langt aftur í aldir eins og þeir mögulega komast. Það á að innleiða hér að nýju og festa í sessi stéttaskiptingu, að efla vald forstjóranna yfir þeim sem þeir stýra. Reyndar orkar nú mjög tvímælis það sem verið er að gera gagnvart forstjóranum einnig. Það er líka verið að skerða réttindi hans á vissan hátt. Það er verið að gera hann að auðsveipu tæki í höndum ríkisvaldsins.

Á fimm ára fresti lýkur ráðningu embættismannsins. Það hljómar líka mjög vel að forstjórinn eigi ekki að vera æviráðinn. Þetta hljómar mjög vel. Þetta er rosalega nútímalegt. Það er alveg geysilega nútímalegt að menn séu alltaf að skipta um forstjóra. En ég bið menn um að hugleiða: Er þetta er endilega til góðs? Við skulum ekki gleyma því að það er hægt að segja yfirmönnum upp störfum. Það er hægt núna. En er þetta endilega til góðs? Hvernig haldið þið að forstjóri muni bera sig að sem er með ráðherra yfir sér sem er honum andvígur og hann veit að fimm ára tíminn rennur út á kjörtímabilinu? Hvernig ber hann sig að? Skyldi hann fækka ferðunum til útlanda? Skyldi hann gera það? Skyldi hann draga úr því sem kann að vera ámælisvert í hans starfi? Skyldi hann gera það? Ég held ekki. Þið vitið hvað er verið að gera hérna. Þetta er svipað og gerðist með Ísland fyrr á tíð. Þá fengu sérstakir vildarvinir Danakonungs landið til skattheimtu. Þetta er hugsunin sem verið er að innleiða. Forstjórinn fær stofnunina til ráðstöfunar. Hann á að sýna hvað í honum býr. Hann fær peninginn, fjármagnið sem Alþingi úthlutar og nú á hann að sýna hvað í honum býr. Hvernig skyldi hann gera það? Hann er kominn með launakerfið í sínar hendur, getur skammtað mönnum laun að eigin geðþótta, búið til sérstakt launakerfi að sínum geðþótta. Hvað skyldi hann gera þegar hann er búinn að fá fjárveitinguna. Jú, hann kallar á sinn fund sína nánustu samstarfsmenn og segir við þá: „Þið eruð allt of lágt launaðir. Við verðum að bæta úr þessu. Og eina leiðin sem er fær að mínu mati“ mundi hann án efa segja „er að fækka starfsmönnum. Þá höfum við sem eftir verðum meira til skiptanna.“ Þetta er það sem gerist. Reynsla annarra þjóða sem hafa farið út á þessa braut er að slík hugsun hefur leitt til þess að störfum hefur fækkað, enda liggur það í augum uppi, í hlutarins eðli. Menn borga sínum nánustu meira og þeim sem þeir komast af með að borga lítið, borga þeir lítið, minniháttarfólkinu. Meiri háttar sérstökum vinum sínum borga þeir vel, minniháttarfólkinu borga þeir ívið minna og reyna að fækka því eins og mögulega er kostur. Þetta er það sem gerist.

Þetta voru nú eiginlega inngangsorð. Athugasemdir við sitthvað sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Vilhjálms Egilssonar í umræðunni í fyrradag. Nú langar mig til að ræða örlítið um aðdraganda þessa máls vegna þess að það á náttúrlega talsverðan aðdraganda og ræturnar eru nokkuð djúpar. Maður veltir því fyrir sér hvort hér er verið að fylgja eftir stefnu ríkisstjórnarinnar. Varla held ég að svo sé. Að minnsta kosti var kjósendum ekki greint frá því hvað

biði þeirra. Kjósendur gerðu sér ekki grein fyrir því hvað nútímavæðing ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar þýddi í raun. (Gripið fram í.) Framsfl. hefur ekkert rætt um þetta. Það var ekkert talað um það í stefnuskrám um fólk í fyrirrúmi. Ég man ekki eftir að það væri talað þar um minniháttarfólk. Ég hélt að allir ættu að vera meiri háttar í stefnuyfirlýsingum Framsfl. Hins vegar er það svo og það vitum við náttúrlega öll að í Sjálfstfl. eru mjög ólíkir skoðanahópar. Þess vegna er flokkurinn breiður og hefur verið breiður. Þar er annars vegar sá hópur sem telur sig til skynsemishyggjumanna sem taka á þeim vanda sem upp kemur hverju sinni, reisir sína pólitík ekki á neinni mikilli hugmyndafræði heldur tekur á þeim vanda sem upp kemur hverju sinni. Hins vegar eru það pólitísku skírlífismennirnir, frjálshyggjumennirnir, sem hér fyrr á tíð voru stundum kenndir við stuttar buxur. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi oft hér fyrr á tíð talað um að báknið þyrfti að fara burt. Báknið burt. (**Fjmrh.:** Og var í stuttum skátabuxum.) Hann var í stuttum skátabuxum, já. Báknið burt, sagði hæstv. fjmrh. á sínum tíma. Hvað var það sem hann vildi fara með burt? Það voru sjúkrahúsin, það voru skólarnir væntanlega. Nú er það Póstur og sími. Það voru orkuverin væntanlega. Þetta er báknið sem á að einkavæða. Þetta er báknið sem þarf að fara burt. Þannig er reyndar talað í frv. og greinargerðinni sem fylgir frv. Þar er orðalagið allt á þennan veg. Hér segir t.d., með leyfi forseta:

„Ríkið minnir að ýmsu leyti á fyrirtæki sem hefur orðið undir í samkeppni á frjálsum markaði."

Hér eru miklar áhyggjur sem fram koma á bls. 14 í frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, í almennum athugasemdum, með leyfi forseta:

„Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað mjög ört á undanförnum áratugum. Þannig er áætlað að þeir hafi verið um 8% af vinnuafli í landinu árið 1955 miðað við 20% á þessu ári."

Þetta er svona staðhæfing sem er sett fram. Þetta er alveg skelfileg tilhugsun, orðnir 20% og voru 8% árið 1955. Mikið óskaplega hefur þjóðfélaginu hrakað. Þetta er mikið áhyggjuefni. En hér er engin tilraun gerð til að skilgreina hvað að baki býr, að það hefur orðið grundvallarbreyting á samfélaginu frá þessum tíma. Nú er hin almenna regla sú að karl og kona vinni úti, að starf sem áður fór fram inni á heimilunum er núna unnið á sjúkrahúsum, í skólum og þannig mætti áfram telja. Meðal annarra orða, þegar verið er að reyna að gera lítið úr starfsemi hins opinbera eins og fulltrúar ríkisstjórnarinnar iðka mjög þá velti ég því svolítið fyrir mér hvort menn virkilega trúi eigin orðum. Er þetta allt til óþurftar? Er það til óþurftar fyrir sjómennina að hér sé góð veðurþjónusta, að vitarnir séu í lagi, að sjúkrahúsin séu góð? Er það til óþurftar fyrir samfélagið að hér séu reknir góðir skólar? Er þetta allt til óþurftar? Er þetta fólk virkilega ekki að gera neitt gagn? Er þetta bara einhver misskilningur allt saman? Eða er það svo að menn telja að þessu sé betur komið á markaði? Þar sem við seljum bara aðgang að spítölunum og skólunum eins og þeir eru reyndar að byrja að gera núna með skólagjöldum og aðgangseyri að heilsugæslustöðvum? Þetta er náttúrlega stefnan. Það vitum við. En þetta tal og þessar miklu áhyggjur sem menn hafa af því að ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað mjög, kallar á að maður leggist í samanburðarfræðin og vekji athygli á því að þegar allt kemur til alls þá er meðaltal í Evrópuríkjum OECD mjög svipað og hér. Reyndar er þessi samaburður mjög varasamur vegna þess að hér erum við að tala um ríkisstarfsmenn, en víða í Evrópu hafa menn gengið lengra en við höfum þegar gert, við að færa starfsemi frá ríki til sveitarfélaga. Það skekkir því þessa samanburðarmynd þannig að opinberir starfsmenn eru víða hugsanlega fleiri en kemur fram í þeim gögnum frá OECD sem ég er að vitna í. Meðaltal ríkisstarfsmanna í Evrópuríkjum OECD er 18,3%. Talan sem hér er fyrir Ísland er 19,4%. Fyrir Danmörku er hún 30,8%. Bretar eru með 19,1% eða ívið lægri en við. Kanada er með 20%, Frakkland 23,6%, Svíar 32,1%. Meðaltalið fyrir allt OECD er tæp 15% og þá erum við komin inn með þessi ríki sem ríkisstjórnin horfir sérstaklega með aðdáunaraugum á, Tyrkland og fleiri lönd sem búa við miklu smærri velferðarþjónustu en við erum að burðast með hér á landi. Við skulum sjá hvað fyrirheitna landið, Nýja-Sjáland er með. Það er nú ekki hér á blaði en síðustu tölurnar frá Nýja-Sjálandi eru frá 1985. Þá var talan þar 18,1%. Það var áður en Ruth Richardson, lærimóðir hæstv. fjmrh., fór að taka til hendinni. Þá voru Nýsjálendingar með svipaðan hluta af vinnuaflinu í starfi hjá ríkinu og við erum með núna.

Hæstv. fjmrh. hefur aldrei farið neitt sérstaklega í grafgötur með sínar skoðanir. Reyndar segi ég honum það til hróss að hann hefur alltaf komið til dyranna eins og hann er klæddur, að því leyti að það hefur enginn þurft að velkjast í vafa um afstöðu hans. Hann vildi báknið burt og hann hefur talað fyrir því að draga úr opinberum umsvifum af fremsta megni. Hæstv. fjmrh. sagði á ráðstefnu á Hótel Loftleiðum 20. okt. 1994 að kjarninn í sinni stefnu um nýskipan í ríkisrekstri væri „að dreifa valdi, auka ábyrgð forstöðumanna og flytja ákvarðanir nær vettvangi í því skyni að ná fram hagkvæmari rekstri og betri þjónustu". Þetta sagði hann þá. Þetta er síðan útfærslan á því hvernig hann hyggst auka ábyrgð forstöðumanna og hvernig hann hyggst ná hagkvæmni í þjónustu. Í athugasemdum með frv. er talað um valddreifingu samfara aukinni ábyrgð stjórnenda og aukinn sveigjanleika í starfsmannahaldi. Við erum búin að sjá hvernig það á að gerast með auknu valdi forstjórans til að ráðstafa vinnutímanum og til þess að knýja menn sem hafa sagt upp störfum til að starfa lengur eftir geðþóttaákvörðun forstjórans. Síðan þessi margrómaða einföldun á launakerfi og aukinn sveigjanleiki í launakjörum sem við eigum nú eftir að ræða mikið og ítarlega. Síðan, með leyfi forseta, er talað um að:

„Gerðar verði auknar kröfur til menntunar og starfsreynslu ríkisstarfsmanna með því t.d. að gera markvissari kröfur til þeirra, sem ráðnir eru í störf á vegum ríkisins, og vanda betur til ráðninga í þau störf."

Í hvaða störf? Hvar er svona illa vandað til ráðninga í störf? Það er allt fullt af svona sleggjudómum og staðhæfingum út í loftið í þessu „fyrirtæki" hæstv. fjmrh., opinberum rekstri sem hann leyfir sér að líkja við illa rekið fyrirtæki. Það er ríkisstjórnin sem svona talar. Þetta er alveg með ólíkindum, aldeilis með ólíkindum.

Nú er það svo að á meðal opinberra starfsmanna, innan einstakra félaga, innan einstakra hópa, innan heildarsamtaka, eru ólíkar áherslur eins og ég gat um áðan, um hvað sé heppilegt skipulagsform og þar fram eftir götunum. Menn hafa t.d. ólíkar hugmyndir um það hvort heppilegt sé að fara með samninga inn á stofnanir. Það eru mjög margir sem telja að það sé mjög heppilegt, að það sé ágæt ráðstöfun. Aðrir telja svo ekki vera. Það er bara annað sjónarmið. Þeir sem hafa verið á því máli að það sé heppilegt að fara með samninga inn á stofnanir hafa bent á að það hafi reynst mjög erfitt að bæta launakjörin þegar á að taka á heildarlaunakjörum í einu vetfangi, að þá verði sú stóra hella sem launakerf-

ið er illbifanleg og af þeim sökum sé heppilegra að fara með samninga inn á stofnanir. Það sé einnig nauðsynlegt að gefa einstökum stofnunum ákveðinn sveigjanleika. Þetta er ákveðið sjónarmið. Aðrir hafa gagnrýnt þessa hugsun og sagt að það sem líklegt sé að gerist með þessari valddreifingu sé að launamunur aukist vegna þess að þetta muni fela það í sér að menn taki markaðslögmálin í ríkari mæli í sína þjónustu og niðurstaðan og reynslan hafi jafnan orðið sú að launamunur aukist þegar þetta gerist. Þetta eru tvö ólík sjónarmið. Á þessari ráðstefnu sem ég vitnaði til áðan, þar sem hæstv. fjmrh. var og flutti erindi, flutti ég einnig erindi og ræddi m.a. þessar áherslur. Ég sagði m.a., með leyfi forseta:

„Auðvitað mætti til sanns vegar færa að heildstæð launastefna gæti falist í því að afnema með öllu hin ólíku viðmiðunarkerfi starfshópa og starfsstétta og koma á einstaklingsbundnum samningum sem fræðilega séð gætu verið eins ólíkir og margir og einstaklingarnir sem samið er við. Þetta gæti vissulega kallast launastefna, en þar með í afstöðunni til þessarar stefnu erum við líka búin að finna þann samnefnara sem ég hef trú á að sameini flest ef ekki öll félög og samtök launafólks. Þau hafa þá sameiginlegu afstöðu að kjarasamningar eiga að vera reistir á félagslegum grundvelli en ekki einstaklingsbundnum. Einstaklingsbundnir samningar skapa mikil og að mínum dómi óeðlileg og óásættanleg völd hjá launagreiðanda gagnvart viðsemjanda hans, hættu á mismunun og spillingu, auk þess sem spurningar hljóta að vakna um nauðsyn þess að hafa skýrar viðmiðunarreglur varðandi öll starfskjör og launagreiðslur og tryggja sérstaklega vel að kaupin gerist samkvæmt samþykktum reglum en ekki duttlungum einstaklinga, þegar um er að tefla ráðstöfun opinberra fjármuna. Það er svo allt annar handleggur hvort samið er um launabætur, bónusa og álagsgreiðslur við einstaklingana ef það er gert á félagslegum grunni. Við getum haft á því ólíkar skoðanir og þar hef ég vissulega mínar efasemdir, hvort slíkt sé heppilegt eða æskilegt. En munurinn á því að semja um slíkar greiðslur við einstaklinginn annars vegar og félagið hins vegar er sá að í fyrra tilvikinu eru endanlegar ákvarðanir komnar undir einhliða ákvörðun stjórnandans, a.m.k. stendur hann andspænis starfsmanni sem á allt undir honum komið og er þar af leiðandi í veikri stöðu og það sem meira er þetta er þeirra einkamál. Í síðara tilvikinu er um að ræða almennar reglur og jafnvel þótt þær mismuni einstaklingum eru þær öllum augljósar. Kerfið er með öðrum orðum uppi á borði og komið undir lýðræðislegum vilja en ekki háð geðþóttaákvörðunum launagreiðandans.

Niðurstaða mín varðandi þetta fyrsta atriði er því þessi: Starfsmenn ríkisins og samtök þeirra hafa þá sameiginlegu stefnu að um laun skuli samið á félagslegum grunni og við stéttarfélög starfsfólks. Allar breytingar í launakerfinu, hvort sem er til valddreifingar, samningsstjórnunar eða hvers kyns tilraunastarfsemi hljóta af okkar hálfu að skoðast með tilliti til þessarar meginreglu.

En víkjum nú að þeim meginviðhorfum sem eru uppi varðandi samningsfyrirkomulagið. Annars vegar eru þeir sem eru fylgjandi valddreifingu varðandi stjórnun á stofnunum ríkisins, þar með stjórnun á samningamálum starfsmanna viðkomandi stofnana, og hins vegar eru þeir sem eru hlynntir miðstýrðum samningum um kaup og kjör, samræmdri yfirstjórn, fyrirkomulagi, sem byggir á því að kjörin séu samræmd á einn eða annan hátt. Þess vegna er spurt: Er æskilegt að fara með samninga út í einstaka stofnanir að fullu eða á fjmrn. á einhvern hátt að hafa yfirumsjón með gerð þeirra og framkvæmd? Ég held að ekki sé gerlegt að gefa afdráttarlaust svar við þessari spurningu um allar stofnanir á vegum ríkisins. Það sem kann að eiga við í einu tilviki á ekki við í öðru."

Tilvitnun lýkur hér með í þetta erindi sem var flutt á ráðstefnu fjmrn. á Hótel Loftleiðum 21. okt. 1994. Það sem þarna kemur fram með öðrum orðum er að staðhæft er að öll samtök launafólks hafa sameinast í þeirri afstöðu að hvar svo sem samið er, hvort sem það er gert miðstýrt í fjmrn. eða í einstökum stofnunum, þá skuli það gert á félagslegum grunni. Það viðhorf kemur fram að einhlítt svar við þeirri spurningu hvort sé rétt að fara með samninga frá fjmrn. í einstakar stofnanir er komið undir starfseminni. Það sem kann að eiga við á einum stað á ekki við á öðrum. Þetta er sú stefna sem samtök opinberra starfsmanna hafa fylgt. Ég nefni sem dæmi að Starfsmannafélag ríkisstofnana, SFR, lýsti vilja til að gera tilraunir með að fara með samninga inn á einstaka stofnanir og önnur félög hafa einnig farið út á þessa braut, farið með samning inn á einstakar stofnanir þannig að það er enginn þvergirðingsháttur þar á bæ. Menn eru einfaldlega að segja: Förum hægt í sakirnar, sameinumst um málið, semjum á félagslegum grunni en það sem hæstv. fjmrh. er að gera er að knýja fram illa unnið frv. sem byggir á einhliða valdi ráðuneytis og forstjóra. Það er það sem verið er að gera. Það er því sem við erum að andæfa. Við erum að andæfa þessum vinnubrögðum og þeim framgangsmála öllum og því samningsferli sem hér er verið að reyna að skapa sem reyndar er ekkert samningsferli. Það er ákvarðanaferli, tilskipanaferli. Hæstv. fjmrh. leyfir sér að koma hér hvað eftir annað, bæði í ræðustól á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu, og halda því fram að með því kerfi sem hann er að skapa sé verið að gera launakerfið gagnsærra. Nú eigi allt að fara upp á borð og verði gagnsætt þegar hann er í raun að fara með það neðan jarðar, niður í skúffurnar og á bak við tjöldin. Það er það sem verið er að gera því að í þeirri grein frv. þar sem kveðið er á um vald forstjórans og forstöðumanna til að greiða einstökum starfsmönnum, umbuna þeim í starfi, segir að þetta eigi allt að gerast samkvæmt sérstökum reglum sem fjmrn. setji. Þannig eigi t.d. að koma í veg fyrir aukinn launamun kynjanna með nýjum reglum. Það eru nú einu sinni til lög í landinu sem banna misrétti kynja í launum, það eru lög um það, sem er ekki framfylgt. Við höfum bent á leiðir til að ná þeim markmiðum fram t.d. með starfsmati en til þess að það nái fram að ganga þá mega menn ekki afsala sér tækjunum sem þeir búa við til að koma því fram, koma ákvörðunum sínum í framkvæmd. Því það er eitt að setja niður nefndir og láta þær koma með ábendingar um hvað þurfi að færa til í launakerfinu í réttlætisátt og það er annað að afsala sér um leið tækjunum til þess að ná þessu fram vegna þess að það eru menn að gera með þessari duttlungastjórnun innan stofnunarinnar. En þessu á hins vegar að svara og það á að passa upp á þetta með sérstökum reglum sem fjmrh. setur. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. Hvar eru þessar reglur? Í rauninni er ekki hægt að halda umræðunni áfram áður en við fáum að vita hverjar þessar reglur eru. Við getum ekki tekið þátt í umræðunni af einhverju viti nema við fáum að vita og þekkja reglurnar. Hverjar eru þessar reglur? Hæstv. fjmrh. leyfir sér að staðhæfa aftur og aftur að reglurnar eigi að tryggja réttlæti. Hverjar eru þessar reglur? Ég veit og auðvitað vitum við öll að þessar reglur eru ekki til og verða aldrei til. Það verða hugsanlega til einhverjar almennar ábendingar en hvers vegna verða þær ekki til?

Vegna þess að þær stríða gegn þeim markmiðum sem menn eru að reyna að ná með þessu frv. Frv. byggir á því að forstjórinn sem á að framkvæma hina pólitísku ákvörðun, markmiðið sem ríkisstjórnin setur, fái möguleika og svigrúm til þess. Meðal annars í gegnum launakerfið, það er hugsunin. Um leið og fjmrh. setur forstjóranum þröngar skorður að þessu leyti er hann kominn í bakið á sjálfum sér. Þetta er staðreynd málsins. Ég spyr: Af hverju er ekki hægt að ræða þetta heiðarlega? Af hverju á að reyna blekkja fólk með svona tali um að það komi einhverja reglur sem tryggi það að það verði ekkert launamisrétti, ekkert misrétti á milli karla og kvenna? Af hverju að vera að blekkja fólk svona? Þetta eru ekki heiðarleg vinnubrögð. Ég auglýsi eftir því þegar hæstv. fjmrh. kemur og gerir grein fyrir máli sínu að hann geri grein fyrir þessum reglum. Ég vona að fjölmiðlar gangi eftir því við hæstv. fjmrh. að hann geri grein fyrir þessum reglum sem hann ætlar að setja. Hverjar eru þær? Hverjar eru þær nákvæmlega? Hverjar eru þær reglur sem eru við lýði núna? Það eru samningar. Það eru kjarasamningar, félagslegir kjarasamningar, það eru reglurnar. Nei, nú á ekkert að vera með neitt svoleiðis. Það er ekki nógu nútímalegt. Nú eiga bara að koma einhverjar reglur úr fjmrn. sem við vitum að er ekkert annað en blekking. Það er ekkert annað en blekking. Mér finnst mjög óheiðarlegt að fara fram með þetta mál á grundvelli blekkinga. Menn eiga að koma hreint fram og koma heiðarlega fram í þessu máli.

Við vitum sem sagt hvað það er sem ríkisstjórnin hyggst gera. Við þekkjum það og hljótum að velta því fyrir okkur hvort að það kunni nú ekki að vera eitthvað gott við þetta, hvort það gæti ekki hugsanlega þegar allt kemur til alls leitt til launahækkana. Ástandið er nú ekkert sérstaklega beysið. Gæti nú ekki verið að hlutirnir löguðust eitthvað við þetta? Ég held ekki enda er það ekki það sem vakir fyrir hæstv. fjmrh. Hann býsnast yfir því, bæði á þessari ráðstefnu, sem hann vitnaði í áðan á Hótel Loftleiðum og eins í athugasemdum með frv., hve launakostnaðurinn, launaútgjöldin hjá ríkinu séu mikil. Og það segir hér t.d. í athugasemdum með frv., með leyfi forseta: „Öllum sem láta sig fjármál ríkisins einhverju skipta er það hins vegar ljóst að eina leiðin til að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum, án þess að hækka skatta, er að lækka ríkisútgjöld og það verður ekki gert að neinu ráði nema með því að draga úr kostnaði við starfsmannahald á vegum ríkisins.“ Þetta segir í athugasemdum með frv. Sem sagt, frv. og þessar skipulagsbreytingar eru ekki til þess gerðar að hækka launin, síður en svo, heldur til að dreifa, til að breyta launasamsetningunni þannig að forstjórarnir og kannski einhverjir meiriháttarmenn fái ívið meira en minniháttarfólkinu fækki og það fái minna í sinn hlut. Þetta er markmiðið. Því miður er þetta ekki útúrsnúningur. Því miður er þetta svona. Hins vegar hefur verið snúið heilmikið út úr málum en það er af hálfu þeirra sem eru að reyna að keyra þetta fram með blekkingum.

Við héldum mörg hver sannast sagna fyrir nokkrum mánuðum að það yrði reynt að ná fram þeirri stefnu sem fjmrh. hæstv. lýsti á Hótel Loftleiðum í októbermánuði árið 1994, yrði reynt að ná þessu fram með samkomulagi. Það var áður en við skildum hversu langt menn ætluðu raunverulega að ganga í því að fara inn í hið nýsjálenska/breska módel, valdstjórnarmódelið, sem byggir náttúrlega á því að menn hafi ekki samráð enda var það það sem lærimóðir hæstv. ráðherra sagði á fundinum á Hótel Loftleiðum fyrr á þessu ári, Ruth Richardson, fyrrv. fjármálaráðherra í Nýja-Sjálandi, sem hrökklaðist þar út úr stjórnmálum sakir óvinsælda. Hún hafði farið fram með svipaða hugmyndafræði og svipaðar tillögur og verið er að reyna að þröngva hér í gegn. Hún var afskaplega stolt af því hvað henni hafði tekist að veikja velferðarþjónustuna í Nýja-Sjálandi og talaði af miklum hugsjónaeldi á Hótel Loftleiðum á sínum tíma. Og hún sagði: Fyrir alla muni, reynið að koma þessum breytingum í gegn með miklu hraði, í upphafi kjörtímabils. Þetta verður erfitt, það verða mikil mótmæli en látið ekki hugfallast, reynið að keyra þetta í gegn í upphafi eða á fyrri hluta kjörtímabilsins og hafið sem allra minnst samráð við þá sem hlut eiga að máli.

Það eru náttúrlega fleiri sem hafa gert sér grein fyrir þessu og auðvitað hefur hæstv. fjmrh. fengið stuðning í þessu máli. Það er athyglisvert að ekki er langt síðan að það var hreinlega blásið til orrustu. Það var gert í grein í Viðskiptablaðinu 21. febr. Þar var skrifuð grein til stuðnings hæstv. fjmrh. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Friðrik Sophusson hefur á undanförnum missirum verið að innleiða margvísleg nútímaviðhorf og vinnubrögð í ríkisrekstrinum. Á hann hrós skilið fyrir það og stuðning. Er mikilvægt að atvinnu- og viðskiptalífið í landinu sýni að það kann að meta það sem hann er að gera. Jafnvel einörðustu stjórnmálamönnum hættir til að hopa þegar verkalýðsfélögin sýna klærnar ef ekki kemur til stuðningur annars staðar frá. Frumvarpið um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna er of mikilvæg réttarbót til að hægt sé að una við það að tapa þessum slag.“

Hæstv. fjmrh. á að sjálfsögðu stuðningsmenn. Ekki bara úr Verslunarráðinu og ekki bara Vinnuveitendasambandinu heldur líka Vinnumálasambandinu sem hefur verið að ályktа, væntanlega fyrir hönd kaupfélaganna í landinu. Það eru mjög undarlegar yfirlýsingar sem þar hafa komið og ég hef trú á því að þær hafi ekki vakið mikla hrifningu alls staðar. Vinnumálasambandið er að hvetja ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. til þess að skerða réttindi opinberra starfsmanna, t.d. draga úr orlofsréttinum, það var sérstaklega tekið fram í ályktun þeirra. Ég held að það sé rétt að líta á þessar ályktanir frá atvinnurekendasamtökunum sem eru að hvetja ríkisstjórnina. Ég veit ekki hvort það hefur komið eitthvað frá Verslunarráðinu, ég hef ekkert séð frá Verslunarráði ályktað um þetta mál alveg nýlega. Hins vegar þótti mér tónninn í hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni ótrúlega líkur því sem ég hef oft heyrt frá Verslunarráði Íslands, alveg ótrúlega líkur tónn.

Í ályktun frá Vinnumálasambandinu sem var samþykkt 11. apríl segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Vinnumálasambandsins fagnar framkomnum drögum að breytingum á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.“ Síðan segir á þá leið að það sé löngu tímabært að afnema öll þessi sérréttindi, þau séu tímaskekkja og að lokum segir: „Er Alþingi hvatt til að standa fast á að ná þessum breytingum fram.“ Og hér síðar, undir lok ályktunarinnar segir: „Það er því von Vinnumálasambandsins að Alþingi veiti þessu frv. brautargengi og leggjum til að það verði samþykkt.“ Þessari miklu réttarbót, að svipta heila hópa samningsrétti, hafa af mönnum réttindi sem eru í kjarasamningum þeirra, ráðningarsamningum, sem skírskotað er til í ráðningarsamningum, hafa þau af fólki. Taka af mönnum biðlaunaréttinn einhliða. Þetta er geysileg réttarbót. Menn bera ekki mikla virðingu fyrir eigin samtökum sem ályktа í þessa veru.

En hvers vegna skyldu þessir aðilar allir vera svona

ákaflega glaðir? Hvernig skyldi standa á því? Hvernig skyldi standa á því að Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasambandið skuli vera svona ánægð með þetta? Jú, vegna þess að það sem hrífur þessi samtök, vinnuveitendasamtökin, er að þau gera sér grein fyrir því að með þessum breytingum er verið að draga úr möguleikum verkalýðshreyfingarinnar til að heyja hér lýðræðislega réttindabaráttu. Það er verið að grafa undan félagslegum samningum og það sagði reyndar í ályktun sem fram kom frá Vinnuveitendasambandinu fyrr á þessu ári, ég held að það hafi verið í febrúar. Þar sagði orðrétt: „að nú kunni að vera tímabært að kveða skýrt á um rétt starfsmanna einstakra fyrirtækja og stjórnenda þeirra til að semja sjálfir um kaup og kjör án milligöngu samtaka atvinnurekenda og launþega." Þetta er markmiðið. Auðvitað eru þessi samtök ánægð og glöð þegar fram kemur frv. á Alþingi með annarri eins réttarbót. Hugsið ykkur, annarri eins réttarbót. Og þessu er að sjálfsögðu fylgt eftir í frv. Það er sko ekki látið sitja við orðin tóm þar á bæ.

Í 47. gr. þessa skerðingar- og haftafrumvarps er ákvæði sem er svohljóðandi: „Stéttarfélög eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga."

Þetta held ég að sé eitt alvarlegasta ákvæðið í þessum lögum. Hér er beinlínis verið að búa í haginn fyrir þá framtíð sem hæstv. fjmrh. er væntanlega mjög hugnanleg, að hér verði engin stéttarfélög við lýði, engin stéttarfélög sem trufla. Að bara sé samið við minniháttarmenn, maður við mann. Meiriháttarmaður og minniháttarmaður hittist við samningaborðið og geri upp mál sín en séu ekki með einhver stéttarfélög sem trufla. Hér er farið að vilja Vinnuveitendasambandsins sem í samþykkt í febrúar ályktar á þann veg að nú kunni að vera kominn sá tími að einstaklingarnir semji án milligöngu stéttarfélaganna. Það er að koma hingað.

En nú er bara spurningin þessi: Má gera þetta? Er leyfilegt að gera þetta? Ég held nefnilega að þetta sé ekki leyfilegt. Það sem meira er ég held ekkert um það, ég veit að það er ekki leyfilegt að gera það. Ef farið er í gegnum þær ályktanir sem hafa borist frá stéttarfélögunum þá eru færð ítarleg rök fyrir því að þetta sé ekki leyfilegt. Menn hafa reyndar spurt því að margir trúa varla eigin eyrum þegar þeir heyra málflutninginn frá ríkisstjórninni og kynna sér síðan hvað það er sem hún hefur sett á blað. Þá hafa menn verið að spyrjast út í þetta, grennslast fyrir hvað vakir raunverulega fyrir mönnum með þessari grein. Ég ætla að leyfa mér að vitna í álitsgerðir þar sem vikið er að stjórnarskrá landsins. Hún er kannski ekki mikils virði í augum ríkisstjórnarinnar. Samningar og lög og stjórnarskrá en það er athyglisvert að ef fram kemur að eitthvað stríði hugsanlega gegn einhverjum ákvæðum í alþjóðlegum skuldbindingum þá fyrst taka menn við sér, að málið kunni verða tekið upp á einhverjum fínum fundum í útlöndum. Það er þá fyrst að menn eru reiðubúnir að íhuga málin og skoða. Í álitsgerð BHM segir um 47. gr.: „Í fyrstu málsgrein 47. greinar frumvarpsins er gert ráð fyrir að stéttarfélög eða samtök þeirra njóti þeirra sérstöku réttinda að fá að gera kjarasamninga við ríkið fyrir hönd félagsmanna sinna sem þar starfa. Þessi grein er algerlega óþörf og raunar út í bláinn þar sem samningsréttarmálum stéttarfélaga opinberra starfsmanna og opinberra vinnuveitenda er fyrir komið í sérstökum lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samningsréttur er grundvallarréttindi launamanna en ekki sérstök réttindi.

Í 2. mgr. 47. gr. er þó gengið skrefi lengra en þar segir: „Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga." Hér virðast höfundar frumvarpsins hvorki þekkja ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 þar sem sérstaklega er fjallað um kjaraákvörðun og réttarstöðu þeirra sem kjósa að standa utan stéttarfélaga né til ákvæða laga nr. 120/1992 og greinargerðar með þeim þar sem sérstaklega er gengið út frá því að kjör starfsmanna ríkisins séu annað tveggja ákveðin í kjarasamningum eða af Kjaradómi eða kjaranefnd en sjálfdæmi fjármálaráðherra, svokölluð ráðherraröðun, felld niður. Samkvæmt orðalagi 47. gr. eiga starfsmenn sem kjósa að standa utan stéttarfélaga að njóta sömu kjara og réttinda og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Í 2. mgr. 7. gr. laga 94/1986 er gert ráð fyrir að starfsmenn sem þess óska geti staðið utan stéttarfélaga en séu eigi að síður varðir gegn lakari kjörum en þeir nytu ef þeir væru í stéttarfélaginu. Fyrir þetta ber þeim samkvæmt gildandi lögum að greiða sama gjald til stéttarfélagsins og þeir myndu greiða ef þeir væru í því. Svo virðist sem 47. gr. eigi að afnema þetta gjald en það verður varla gert öðruvísi en að breyta ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986. Ljóst er að það veldur stéttarfélagi miklum beinum og óbeinum kostnaði að einstaklingar geti staðið utan félags og þar með utan aðgerða þess, t.d. verkfalls, til að ná bættum kjörum. Stéttarfélagsgjald fyrir veitta þjónustu félagsins vegur þar aðeins lítið á móti kostnaði stéttarfélagsins vegna utanfélagsmanna og eru engin haldbær rök fyrir því að afnema það."

Tilvitnun lýkur í umsögn Bandalags háskólamanna um þessa tilteknu grein. Í öðrum umsögnum er einnig að þessu vikið, t.d. í umsögn frá BSRB. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Réttur launafólks til þess að mynda stéttarfélög og til þess að nota samtakamátt sinn í því skyni að tryggja kaup og kjör er meðal grundvallareglna í þjóðfélaginu. Í lögum um starfskjör launþega, nr. 55/1980, er tryggt að laun og önnur starfskjör sem stéttarfélög semja um við vinnuveitendur skuli vera lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem kjarasamningurinn tekur til. Með víðtækum forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum stéttarfélaga og vinnuveitenda á almennum markaði er reynt að tryggja að öllum launþegum sé gert að standa undir kostnaði af starfsemi stéttarfélaganna. Í 24. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna er regla af sama meiði. Bannað er að setja í ráðningarsamning starfsmanns ákvæði sem er lakara fyrir starfsmanninn en um er samið í kjarasamningi stéttarfélags hans.

Í 2. mgr. 47. gr. frumvarpsins segir að kjósi starfsmaður að standa utan stéttarfélaga þá skuli hann njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Ekki er mælt fyrir um að starfsmaðurinn skuli greiða gjald til stéttarfélags sem hefur gert þann kjarasamning sem miðað er við en BSRB telur að svo skuli vera. Mjög mikilvægt er að tryggja að kostnaður af starfsemi stéttarfélaga við gerð kjarasamninga greiðist af öllum þeim sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum en ekki einungis

þeim sem eru félagsbundnir í stéttarfélaginu. Að öðrum kosti fá ófélagsbundnir starfsmenn að njóta afrakstursins af starfsemi stéttarfélaganna án þess að bera hluta þeirra byrða sem starfseminni fylgja. Að mati BSRB væri fráleitt annað en jafnan væri tryggt í starfsmannalögunum að kjör félagsbundinna starfsmanna séu aldrei lakari en kjör ófélagsbundinna starfsmanna. Slíkt kynni að leiða til hruns stéttarfélaganna. Tekið skal fram að BSRB telur óvíst hvert hald er í reglunni í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 í þessu efni ef frumvarp þetta verður að lögum. Bæði er líklegt að einhverjir kynnu að halda því fram að reglan í 47. gr. frumvarpsins feli í sér að starfsmaður, sem kýs að standa utan stéttarfélags, verði ekki skyldaður til þess að greiða gjald til þess og eins er hitt að samkvæmt orðanna hljóðan ná lög nr. 94/1986 einungis til félagsbundinna manna, sbr. 1. gr., 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna."

Tilvitnun lýkur í þessa álitsgerð frá BSRB og reyndar eru aðrar álitsgerðir um þetta efni í sömu veru. Ég held að öll stéttarfélög í landinu hafi ályktað um þessi mál og sérstaklega hefur verið ályktað um þetta frv. af hálfu félaga opinberra starfsmanna. Reyndar hefur öll verkalýðshreyfingin í heild sinni andæft þessum skerðingar- og haftafrumvörpum og menn hafa mjög staldrað við þessa grein.

Nú kunna menn að segja eða spyrja hvort réttur verkalýðsfélagsins eigi að vera ótvíræður. Á ekki einstaklingurinn að hafa val um það hvort hann er í stéttarfélagi ef hann kýs að standa utan stéttarfélagsins og greiða ekki gjald til stéttarfélagsins? Þetta er sjónarmið sem heyrist oft. Þeir kalla þetta neikvætt félagafrelsi. Neikvætt, það segir sína sögu hvað þarna býr að baki. Ég er ekki að segja að það séu endilega neikvæðir menn sem halda þessu á lofti en tilgangurinn finnst mér vera neikvæður hjá þeim sem halda fram þessum sjónarmiðum, kröfunni um neikvætt félagafrelsi. Að þeir sem eru neikvæðir gagnvart félögunum geti staðið utan þeirra og ekki greitt til þeirra. Menn vilja tryggja neikvætt félagafrelsi af þeim sökum. Við þekkjum það erlendis frá að vandinn er sá að krafan sem menn leggja iðulega upp með annaðhvort af neikvæðum ástæðum eða til þess að tryggja mannréttindin, val og rétt einstaklingins, snýst upp í andhverfu sína. Sérstaklega í miklu atvinnuleysi hefur atvinnurekandinn iðulega sett þeim sem leitar eftir vinnu hjá honum þau skilyrði að hann standi utan stéttarfélags. Það er beinlínis skilyrt að til að fá vinnu þurfi viðkomandi að standa utan stéttarfélags. Þetta er mjög algengt í Bretlandi. Og Nýja-Sjálandi náttúrlega, fyrirheitna landinu. Þar er þetta hin almenna regla. Þangað sem ríkisstjórnin sækir forskrift sína nema þar er svo komið að menn eru búnir að berja niður alla réttindabaráttu, þröngva fólki út úr samtökum sínum. Við skulum minnast þess að þegar teknar eru ákvarðanir um hvar menn skuli vera, hvort þeir skuli vera minni háttar eða meiri háttar, embættismenn eða aðrir þá er sú ákvörðun líka háð geðþótta.

Hér segir í 5. gr. „Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf og hvort skipa skuli eða ráða í starfið." Við skulum ekki gleyma því að hér er verið að taka ákvörðun um hvort viðkomandi einstaklingur hefur samningsrétt eða ekki. „Séu ekki fyrirmæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni." Eftir atvikum skulu menn hafa samningsrétt. Hvers konar lagasmíð er verið að keyra í gegnum þingið? Við höfðum svo mikið samráð af því að hæstv. fjmrh. mætti á málfund og af því að menn fengu að koma athugasemdum á framfæri við próförk en þá voru menn svo ósvífnir að vilja ræða þetta við félaga sína. Vilja ræða það í félögunum að það átti að svipta þá veikindarétti og fæðingarorlofi, taka af þeim biðlaunaréttinn og þar fram eftir götunum. Nú ætlar ríkisstjórnin að þröngva þinginu, sem á að ljúka störfum í þessum mánuði samkvæmt áætlunum sem gerðar hafa verið, til þess að komast að niðurstöðu í þessu máli á fáeinum dögum. Ég man ekki hvort það tók tvö eða þrjú ár í viðræðum við fjmrn. að fá fram viðunandi reglur um réttarstöðu lausráðinna svo dæmi sé tekið. En það er nú svo mikið minniháttarfólk að það er ekki vikið að því í þessu frv. En síðan er allt réttindakerfið tekið upp frá rótum eins og það leggur sig, rifið upp með rótum. Menn segja að stéttarfélögin hafi gerst svo ósvífin að fara að ræða þetta við fólkið og þess vegna hafi þurft að leggja frv. fram á þingi og þess vegna þurfi að keyra það í gegn. Hvers konar málatilbúnaður er þetta?

Þá erum við komin að stóru spurningunni. Er þetta leyfilegt? Nú skulu menn passa sig á því, þeir eiga eftir að fara á fína fundi í útlöndum, hvort þeir eru ekki að brjóta einhverjar alþjóðlegar skuldbindingar. Menn geta horft fram hjá minni háttar plöggum eins og stjórnarskránni eða landslögum svo ekki sé nú minnst á samninga. Hér hefur hæstv. fjmrh. komið fram ítrekað og haldið því fram í ræðustól að ekki sé verið að taka á kjörum sem eru samningsbundin. Það er ekki verið að taka á samningsbundnum kjörum, segir hann. Í rauninni er ekki verið að hreyfa við kjörum eins eða neins. Það er verið að gera eitthvað fyrir framtíðina, það er verið að breyta skipulagi, það er ekki verið að hreyfa við kjörum. Við sem höfum talað fyrir hönd launafólksins á Alþingi, það hafa margir gert það og reyndar er það athyglisvert að þeir sem koma fram í þessari umræðu eru fólk sem er að taka málefnalega á þessum málum fyrir hönd launafólksins, höfum öll sem eitt haldið því fram að það sé verið að hrófla við kjörum einstaklinga sem snerta samninga. Það er verið að hrófla við hinni kjaralegu umgjörð. Við mundum geta sett mál okkar fram með þessum hætti þegar spurt er um kjaraumgjörð og þá stefnu sem er við lýði hjá ríkinu því að oft hefur því verið haldið fram að það sé engin starfsmanna- og launastefna, nokkuð til í því, en við mundum svara á móti og segja að sú fullyrðing standist auðvitað ekki því að þær meginlínur sem starfsmannastefnan byggir á sé að finna í lögum og reglugerðum er að ákveða kjör starfsfólksins með einum eða öðrum hætti sem og í þeim kjarasamningum sem ríkið gerir við stéttarfélög starfsmanna sinna. Hver skyldi hafa orðað þetta svona vel? Hver skyldi hafa orðað þetta svona hnitmiðað? Hver skyldi það vera? Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson veltir því án efa fyrir sér. Hver hefur komist svo vel að orði? Einhver úr liði gagnaðilans væntanlega. Nei, hann heitir Friðrik Sophusson og er hæstv. fjmrh. þessarar þjóðar. Hann orðaði þetta á ráðstefnu sem fjmrn. stóð fyrir og áður hefur verið vitnað til á Hótel Loftleiðum hinn 20. okt. 1994. Hér var ég, hæstv. forseti, að vitna orðrétt í yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar þar sem hann segir um starfsmannastefnuna og hvernig kjörin eru ákvörðuð. Hann segir orðrétt: „Oft hefur því verið haldið fram að ríkið hafi enga starfsmanna- eða launastefnu. Fullyrðing þessi stenst auðvitað ekki. Þær meginlínur sem starfsmannastefnan byggir á er að finna í lögum og reglugerðum er ákveða kjör starfsfólksins með einum eða öðrum hætti sem og í þeim kjarasamningum sem ríkið gerir við

stéttarfélög starfsmanna.“ Misminnir mig eða misheyrði það eitthvað þegar hæstv. fjmrh. fullyrti um daginn að lög og reglugerðir sem menn hefðu ekki beinlínis samið um snertu ekkert þennan kjarapakka. Var það ekki hæstv. fjmrh. sem sagði þetta? Var það kannski hv. þm. Vilhjálmur Egilsson? Þeir hafa haldið því fram að það sé ekki verið að hrófla við kjörum fólks. Það er ekki verið að hrófla við kjörum á þann hátt að menn hafi rétt til að andæfa. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. segði í ræðustól að það væru tiltekin réttindi sem aldrei hefðu verið metin til launa. Ég skal ekki fullyrða hvaða réttindi það voru, hæstv. forseti, en gott ef það voru ekki æviráðningin og biðlaunarétturinn sem var nefnd í þessu samhengi.

Ég vona að hæstv. fjmrh. fari að koma aftur í þingsalinn. Mér er kunnugt um að hann þurfti að hitta fólk að máli. En mér þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi grennslast fyrir um hvað þessum fundi fjmrh. líður því að nú hef ég mikinn áhuga á því að hann hlýði á mál mitt. Bæði fái hann að heyra þessi gullkorn sem frá honum komu á ráðstefnunni á Hótel Loftleiðum árið 1994 og svo það sem ég hef að segja um ummæli hans um biðlaunaréttinn, æviráðninguna og önnur þau kjör sem hann segir að aldrei hafi verið metin til launa. Það var mjög athyglisverð yfirlýsing sem kom frá hæstv. fjmrh. Það var nokkuð liðið á kvöldið þegar hún kom og eflaust kominn einhver svefngalsi í menn. Menn höfðu mjög gaman af þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. En núna þegar við erum farin að ræða málið á alvarlegum nótum, þá er rétt að hæstv. fjmrh. geri okkur betur grein fyrir þessum sjónarmiðum sínum.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var hins vegar mjög heiðarlegur í þeirri yfirlýsingu sem hann gaf í fyrradag þar sem hann sagði að þessi réttindi yrðu að sjálfsögðu verðlögð í næstu kjarasamningum. Heyrði ég það ekki rétt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi talað sérstaklega um það að menn mundu verðleggja þau réttindi sem verið væri að hafa af þeim, þó hann orðaði það ekki beinlínis svoleiðis, mundu verðleggja þau í næstu kjarasamningum. Hann mun eflaust gera betur grein fyrir þessu sjónarmiði sínu á eftir en þetta er nokkuð sem menn munu að sjálfsögðu leggja á minnið þegar þar að kemur og vita að þeir eiga þá stuðning vísan í hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. (**VE:** Það er ekki gott að segja hvað verðið væri þá.) Og hver skyldi vita nema einhverjar yfirlýsingar færu að koma frá samtökum úti í bæ í þessa veru.

Hæstv. forseti. Er einhverjar fréttir að hafa af ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur einungis sagt það að hæstv. fjmrh. sagði að hann mundi koma 15–20 mínútur yfir tvö þannig að forseti á von á honum í húsið á hverri stundu.)

Ég skal þá reyna að lengja mál mitt þannig að ég geti átt orðastað við hæstv. fjmrh. Það er af nógu að taka þannig að ég kvíði því ekki. Það er allt í góðu lagi.

Spurningin sem við erum að velta fyrir okkur þegar hér er komið er hvort hægt sé að gera þetta, hvaða rétt ríkisvaldið hafi til að framkvæma þessar breytingar, hvort þetta standist samninga, hvort þetta standist lög, hvort þetta standist stjórnarskrá, hvort þetta standist alþjóðlegar skuldbindingar. Það er mat manna almennt að þetta geri það ekki. Eitt eru menn alveg sannfærðir um og allar ályktanir eru mjög á einn veg í því efni, að þessar breytingar sem nú eru fyrirhugaðar standast ekki siðferðilega, hæstv. forseti. Það er samdóma álit allra þeirra sem hafa ályktað um þessi mál og eru þessar ályktanir nú orðnar það margar að þær verða taldar í kílóum. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur gefið sér tóm til þess að fara yfir þessar ályktanir. Ég veit ekki hvers virði honum finnst svona málatilbúnaður vera, röksemdafærslur frá samtökum launafólks. Þær eru allar á þann veg að þessar breytingar standist ekki siðferðilega. Þær standist ekki samninga, standist ekki lög, þær brjóti í bága við stjórnarskrá og stangist á við skuldbindingar sem Íslendingar hafa gefið á erlendri grundu.

Hér segir t.d. varðandi þessi efni í ályktun sem kemur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningar ríkisstarfsmanna mynda eina kjaraheild. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna eru gerðir í umhverfi laganna um réttindi og skyldur. Lögin eru þannig forsenda fyrir kjarasamningunum. Sem dæmi má nefna að í kjarasamningum ríkisstarfsmanna eru ekki ákvæði um uppsagnarfrest eða starfslok með öðrum hætti eins og er í kjarasamningum starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Gengið er út frá lagareglunum um þessi atriði.

Því hefur verið haldið fram að ákvæði laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu ekki hluti af samningsbundnum kjörum ríkisstarfsmanna. Þetta er rangt. Dæmi eru um að einstök ákvæði laganna eigi uppruna sinn í kjarasamningum. Það sem þó skiptir meira máli er að í ráðningarsamningum langflestra ríkisstarfsmanna er svo um samið að um réttindi og skyldur launþegans fari eftir lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna að svo miklu leyti sem öðruvísi er ekki um samið í ráðningarsamningnum. Það er því berum orðum svo um samið við langflesta ríkisstarfsmenn að ákvæði laganna séu hluti af ráðningarkjörum þeirra.

Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tryggja félagsmönnum stéttarfélaga innan BSRB ýmis réttindi, sem þeir hafa áunnið sér með starfi í þjónustu ríkisins. Sem dæmi má nefna starfsöryggið en það er mun meira en almennt er á vinnumarkaðinum. Enginn vafi er á því að ríkisstarfsmenn hafa mátt þola lægri laun vegna þessa og hafa með þeim hætti greitt fyrir réttindin.

Ýmis réttindi eru háð ávinnslu, þ.e. þau ávinnast í áföngum en önnur eru áunnin. Að mati BSBB verða áunnin réttindi ekki skert með lögum án bóta.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Öllu þessu til viðbótar er það skoðun BSRB að ósiðlegt sé að ríkið geri einhliða grundvallarbreytingar á ráðningarforsendum starfsmanna sinna. Sé ætlunin að gera breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þá á slíkt einungis að gera með samningum og í samvinnu við stéttarfélög ríkisstarfsmanna.“

Þetta var úr álitsgerð BSRB og hér segir í álitsgerð frá Bandalagi háskólamanna um þessi efni, með leyfi forseta:

„Ástæða er til að rifja upp forsendur þeirra laga sem nú gilda um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem síðar varð að lögum nr. 38/1954, var upphaflega kynnt á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og leitað samráðs um efni þess en á þeim tíma voru háskólamenn innan BSRB. Í framhaldinu funduðu höfundar laganna með fulltrúum stéttarfélaganna og tókst sátt um mörg mikilvæg atriði og var frv. þannig kynnt í ríkisstjórn. Tilgangur laganna var enda ekki aðeins „lögfræðilegs eðlis“ heldur einnig sá að taka tillit til „stéttarlegra sjónarmiða“ og „stjórnmálaatriða“, enda var það

skoðun manna að löggjöf af þessu tagi snerist ekki einvörðungu um formleg réttindi manna og skyldur og „fjárhagslega hagsmuni", heldur einnig um „tilfinninga-, réttlætis- og sjálfstæðismál starfsmanna og stéttarfélaga þeirra".

Starfsmenn ríkisins hafa litið svo á að með aðdragandanum að setningu laga nr. 38/1954 hafi ríkið gert kjarasátt við starfsmenn sína um ráðningarréttindi þeirra. Ávallt síðan hefur verið tekið tillit til þessara ráðningarréttinda þegar laun starfsmanna hafa verið ákvörðuð. Þannig hafa þau legið til grundvallar ákvörðunum launa félagsmanna Bandalags háskólamanna allt til þessa dags, fyrst samkvæmt launalögum, síðan sem viðmið fyrir Kjaradóm og frá 1987 sem viðmið að baki öllum kjarasamningum. Starfsmenn hafa staðgreitt þessi réttindi með því að vera á lægri launum en ella. Nú, þegar boðaðir eru tímar einkavæðingar og samdráttar í ríkisrekstri og fyrirsjáanlegar eru uppsagnir fjölda starfsmanna og niðurlagning á störfum þeirra, boðar ríkisstjórnin riftun á þessum kjarasáttmála sem starfsmenn hafa þegar greitt iðgjald fyrir með lægri launum en ella."

Enn segir í þessari álitsgerð Bandalags háskólamanna, með leyfi forseta:

„Verði frv. óbreytt að lögum stríðir það beint eða óbeint gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrár Íslands og gegn ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem Ísland hefur gerst aðili að.

Frv. þetta um skerðingu á réttindum starfsmanna ríkisins og aukningu á skyldum þeirra er sett fram í nafni „jafnréttis" til að afnema meint „misrétti" milli starfsmanna ríkis og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Rökstuðningur höfunda frv. fyrir meintu misrétti er fullur af rangfærslum ...", samanber athugasemdir með frv. sem ég ætla ekki að lesa hér upp, hæstv. forseti, en halda áfram þessari tilvitnun í álitsgerð frá Bandalagi háskólamanna: „En höfundarnir ganga lengra en þar greinir og halda því fram að lög nr. 38/1954 eigi eingöngu við um félagsmenn BSRB og BHMR og að það stangist á við ákvæði 65. gr. stjórnarskrár um jafnrétti og stríði einnig gegn ákvæðum 74. gr. um félagafrelsi. Eins og rakið verður hér á eftir er gildissvið laga nr. 38/1954 alls ekki bundið við félagsmenn tiltekinna samtaka eða stéttarfélaga og nægir hér að nefna að lögin taka án nokkurs vafa til allra þeirra sem starfa hjá ríki og heyra undir lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd en þeir standa utan stéttarfélaga. Rökstuðningur höfundanna er þannig einfaldlega fölsun á staðreyndum. Hitt vekur auðvitað spurningu hvort fjmrn. hafi í framkvæmd laganna verið stætt á því að túlka gildissvið laganna á þann veg að þau næðu ekki til starfsmanna ríkisins sem eru í aðildarfélögum ASÍ. Aðalatriðið er þó það að ríkisstjórnin leggur fram frv. til laga sem skerðir umsamin réttindi starfsmanna ríkisins og neytir þannig valdboðs í stað samninga við stéttarfélög starfsmanna til að knýja á um bótalausa sviptingu réttinda starfsmanna. Sá framgangsmáti ríkisvaldsins gagnvart starfsmönnum sínum hlýtur að vekja upp spurningar um hvort frv. stríði gegn jafnræðisákvæðum sem víða er að finna í stjórnarskrá Íslands og ákvæðum 87. og 98. samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

74. gr. stjórnarskrárinnar hefst þannig:

„Rétt eiga menn að stofna félög ..., þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds."

Frumvarpið gengur á þennan stjórnarskrárbundna rétt með því að gera ráð fyrir því að svipta stóran hóp félagsmanna bandalagsins og jafnvel þorra félagsmanna í sumum stéttarfélögum réttinum til að vera í stéttarfélagi. Svo langt er gengið í frv. að ákvarðanir um það hverjir verði þannig sviptir grundvallarmannréttindum getur verið geðþóttaákvörðun forstöðumanns í stofnun eða fjmrh."

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. fjmrh. er aftur kominn í þingsalinn þótt mér hafi verið kunnugt um að hann hafi þurft að bregða sér frá og er ekkert við því að segja. En ég fagna því að hann er kominn hingað aftur. Ég er að vitna núna í álitsgerð frá Bandalagi háskólamanna og hef áður vitnað í álitsgerð frá BSRB þar sem fjallað er um það sérstaklega hvort heimilt sé að gera þetta samkvæmt samningum, lögum, stjórnarskrá, samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það eru mörg álitamál þar uppi og margt sem bendir til þess að hér sé verið að brjóta mjög alvarlega á fólki. Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé gert. En ég vakti sérstaklega athygli á því að í þeim umsögnum sem hafa borist um þetta frv. eru allir á einu máli um það að siðferðilega standist hvorki frv. að innihaldi til né um vinnubrögð sem eru viðhöfð við að knýja það í gegn. Með leyfi forseta ætla ég að ljúka þessari tilvitnun í álitsgerð Bandalags háskólamanna. Hér segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og með aðild að áðurgreindum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að hafa ekki afskipti af innri málefnum stéttarfélaga, virða rétt þeirra til að ráða málum sínum sjálf og virða samnings- og verkfallsrétt þeirra án óeðlilegra og ónauðsynlegra afskipta. Í frv. er þrátt fyrir þetta gert ráð fyrir að stórum hópi félagsmanna í aðildarfélögum Bandalags háskólamanna, til viðbótar við þann hóp sem tekinn var úr félögunum með lögum nr. 120/1992, verði meinað að taka þátt í starfi stéttarfélaga í framtíðinni. Þessi hópur verði sviptur félagafrelsi og um leið rétti til að taka þátt í verkföllum til að knýja á um bætur á kjörum sínum í félagslegum aðgerðum. Það að undanþiggja fjölda ríkisstarfsmanna þannig verkfallsrétti stríðir einnig gegn 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Gengið er skrefi lengra og þessi hópur er einnig sviptur tjáningarfrelsi að hluta, a.m.k. þegar deilur og aðgerðir standa um kaup og kjör launamanna. Þetta stenst ekki ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Enginn vafi er á því að þessi hluti frv. stríðir gegn almennum viðhorfum til efnis ákvæða stjórnarskrár og alþjóðasamþykkta um félagafrelsi og svipting á tjáningarfrelsi með ofangreindum hætti stríðir einnig gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Refsiákvæði 53. gr. frv. kórónar vanvirðingu á tjáningarfrelsinu."

Nú er komið að því, hæstv. forseti, að fá upplýsingar um það hvað það er sem kórónar vanvirðingu á tjáningarfrelsinu. Hér er í álitsgerð háskólamanna vísað sérstaklega í 53. gr. lagafrv. Ætla ég að leyfa mér að óska eftir því að hæstv. fjmrh. gangi í salinn. Ég ætla að vitna í 53. gr. þeirra laga sem hann er að reyna að þröngva í gegnum þingið, skerðingar- og haftafrv. sem hann er að reyna að þröngva í gegnum þingið. Í 53. gr. segir, þar er reyndar vísað í aðra grein, með leyfi forseta:

„Brot á 40. gr. varða fésektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum." Það væri ánægjulegt að hv. þm. Vihjálmur Egilsson hlýddi einnig á þetta. Í 53. gr. frv., þessa skerðingar- og haftafrv. sem réttilega hefur verið nefnt svo, segir: „Brot á 40. gr. varðar fésektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum." Hvaða grein skyldi það vera sem menn eru að tala um í sambandi við fésektir og þyngri sektir? Hvað skyldi það nú vera? Hvað er í 40. gr.? Þar segir, með leyfi forseta: „Embættismönnum er

óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum."

Nú efast ég ekki um að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson dragi upp einhvern gamlan lagabálk, hugsanlega frá 19. öld, kannski 17. öld, og segi að þá hafi mönnum verið meinað að tjá sig. (**VE:** 1915.) En í nútímavæðingunni allri, nútímavæðingu hæstv. ráðherra Friðriks Sophussonar er sérstaklega kveðið á um fésektir gagnvart fólki sem vogar sér að tjá sig um verkföll. Hér erum við komin að kjarna málsins í þessu skerðingar- og haftafrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þar er kveðið á um fésektir og þyngri refsingar, eftir atvikum væntanlega, ef menn voga sér að tjá sig um verkföll. Þeir sem hafa verið sviptir verkfallsrétti skulu líka beittir fésektum og þyngri refsingum ef þeir voga sér að tjá sig um kjaradeilu.

Ég spyr: Hvernig á að beita þessu ákvæði? Á að banna jafnmætum mönnum og Indriða Þorlákssyni, þeim ágæta manni, Þorsteini Geirssyni, Birgi Guðjónssyni að tjá sig um kjaramál opinberlega? Þeir eru iðulega að æsa til verkfalla. Þeir mega varla opna munninn án þess að hér logi allt í kjaradeilum. (**VE:** Það eru einhver ráð.) Þó að þetta sé sagt í hálfkæringi, þá er hitt ekki sagt í hálfkæringi vegna þess að þar er mikil alvara að baki. En þeir hlæja, ráðherrarnir. Þeim finnst þetta óskaplega fyndið, öllum þessum meiriháttarmönnum. Þeim finnst það alveg stórkostlega fyndið að þeir skulu geta bara eftir atvikum eins og segir í frv. ráðið því hverjir hafa málfrelsi og tjáningarfrelsi í landinu. Og ef það er brotið, þá eru það fjársektir. Hafa menn hugleitt það hvað það raunverulega þýðir, við skulum taka háskólakennara sem dæmi, menn sem iðulega láta sig þjóðmálin skipta og hafa á þeim skoðanir, og svipta þá tjáningarfrelsinu. Ég bara spyr. Eða forstöðumenn stofnana. Hvað þetta muni þýða að taka alla þá sem þegar eru skilgreindir samkvæmt þessum lögum sem embættismenn eða kunna að vera skilgreindir sem embættismenn samkvæmt þessum lögum. Þetta er allt eftir atvikum. Við vitum ekki hverjir þetta verða. Við vitum ekki hverjir það eru sem koma til með að hafa samningsrétt. Við vitum það ekki. Hvað með starfsmenn Stjórnarráðsins, þá sem eru skipaðir þar? Það segir líka í lögunum að það fari bara eftir atvikum hverjir það verði. Starfsmenn Fangelsisstofnunar hafa ekki samningsrétt og þeir hafa ekki rétt heldur til þess að tjá sig um málin. Það er búið að taka af þeim málfrelsið. Starfsmenn Stjórnarráðsins, starfsmenn lögreglunnar, tollsins? Það er búið að svipta þetta fólk málfrelsi og því er hótað í þessari lagasetningu þyngri refsingum ef það vogar sér að hafa afskipti af kjaradeilum. Nú er þetta allt saman að falla inn í mynstrið.

Fyrst er sett í lög um að menn skuli geta staðið utan stéttarfélaga og hæstv. fjmrh. ætlar sérstaklega að standa vörð um kjör þeirra. Síðan er einnig sett inn í sömu lög ákvæði sem meinar fólki að tjá sig um kjaramál, hótað fjársektum og þyngri refsingum. Á sama tíma er verið að koma á fót duttlungakerfi í samningamálum. Halda menn virkilega að það séu hinir duglegu og iðnu sem verða verðlaunaðir? Það verða þeir hlýðnu, hinir undirgefnu. Þetta er kerfið. Þetta er kerfi meiriháttarmannanna. Þetta eru lögin um húsbændur og hjú. Og nú förum við að skilja. Nú fer það að verða skiljanlegt hvers vegna mönnum finnst raunverulega í hjarta sínu þeir hafa haft samráð. Þeir trúa því. „Auðvitað höfðum við samráð. Við komum á fund. Við sögðum frá þessu. Hverju eru menn að mótmæla? Við komu á fund. Sögðum við ekki að við ætluðum að breyta þessu? Þið máttuð koma athugasemdum til okkar." Þeim finnst þetta. Ég hélt nefnilega í sakleysi mínu fyrst, þá trúði ég því, í sakleysi mínu trúði ég því og ég held að við höfum gert það mörg að þeir væru vísvitandi að reyna að blekkja, að þeir væru að reyna að telja fólki trú um eitthvað sem ekki gerðist, að þeir hefðu átt samráð. En þeim finnst það. Þeim finnst þeir hafa haft samráð. „Ég kom á fund," sagði hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Þetta er sýndarmennska.) „Vorum við ekki búnir að segja ykkur þetta allt, að við ætluðum að taka biðlaunaréttinn, að við ætlum að breyta samningskerfinu, ætlum að afnema ráðningarfestuna, að við ætluðum að setja veikinda- og fæðingarorlofsréttinn inn í bráðabirgðaákvæðið? Vorum við ekki búnir að segja ykkur þetta? Við vorum búnir að segja þetta. Við höfðum samráð." Þetta er samráð þeirra sem telja sig vera meiri háttar. Þetta er samráð húsbóndans gagnvart hjúinu. En hæstv. fjmrh. má vita það að þessi skipting þjóðarinnar í húsbændur og hjú, í meiri háttar og minni háttar heyrir fortíðinni til. Við krefjumst þess vegna lýðræðislegra vinnubragða. Og þess vegna er þess krafist að þetta skerðingar- og haftafrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar verði dregið til baka.

Í álitsgerðum sem þinginu hafa borist er farið rækilega ofan í einstök efnisatriði. Það er athyglisvert að hvert einasta stéttarfélag í landinu, mér er næst að trúa því að hvert einasta stéttarfélag í landinu hafi ályktað um þessi efni. Það er komið svo að þær verða eiginlega taldar í kílóum, þessar álitsgerðir. Ég leyfi mér að efast um að hæstv. fjmrh. gefi sér tíma til þess að fara yfir þær og lesa. Ég efast um að menn hafi nokkurn áhuga á því að heyra rökstuðning stéttarfélaganna um þessi mál. Ég leyfi mér að efast um það.

Hér er t.d. álitsgerð frá Starfsmannafélagi Ólafsfjarðar sem mótmælir þeirri gerræðislegu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja fram umrætt frv. í andstöðu við vilja og án þátttöku launafólks í landinu og krefst þess að ríkisstjórnin dragi frv. til baka. „Það er ekki til þess fallið" — segir í þessari álitsgerð, með leyfi forseta — „að skapa traust eða velvilja milli samningsaðila svo stuttu fyrir næstu samningagerð að kasta fram slíkri sprengju sem þetta frv. og vinnubrögðin við gerð þess eru.

Starfsmannafélag Ólafsfjarðar harmar þá stefnu sem ríkisstjórn Íslands hefur tekið í málefnum launafólks og þá sérstaklega sinna eigin launþega og vonar í lengstu lög að hið háa Alþingi hafi manndóm og vilja til þess að fella þessi frumvörp ef þau verða ekki dregin til baka."

Svo mörg voru þau orð. En þetta er athyglisvert sem þarna er sagt. Þarna er talað um manndóm Alþingis. Þarna hafa menn greinilega trú á því að þingmenn stjórnarflokkanna láti ekki segja sér fyrir verkum. Þetta eru athyglisverðar yfirlýsingar, hæstv. forseti, sem hér koma frá Starfsmannafélagi Ólafsfjarðar. Félagið vonar að þingmenn láti ekki segja sér fyrir verkum, láti ekki Vinnuveitendasambandið, Vinnumálasambandið, Verslunarráð Íslands og frjálshyggjudeild Sjálfstfl. segja sér fyrir verkum.

„Stjórn Starfsmannafélags Seltjarnarness skorar eindregið á efh.- og viðskn. Alþingis að stöðva þetta frv." Frá Kópavogi ályktar starfsmannafélag að frv. verði þegar í stað dregið til baka. Á fjölmennum fundi opinberra starfsmanna sem haldinn var á Akranesi 12. mars sl. var einróma mótmælt einhliða ákvörðunum stjórnvalda um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Á Suðurlandi: Stjórn FOSS krefst þess að frv. verði dregið til baka og vísar til ályktunar 300 manna fundar opinberra starfsmanna á Suðurlandi. „Það er með öllu óásættanlegt að ríkisvaldið skuli ráðast að starfsmönnum sínum með þeirri

fyrirætlan að skerða réttindi og skyldur starfsmanna sinna á miðju samningstímabili og vill FOSS ítreka mótmæli við þau vinnubrögð sem ríkisstjórn Íslands viðhefur um þessar mundir gangvart launafólki í landinu."

Starfsmannafélag Akureyrarbæjar. Stjórn þess krefst þess að frv. verði dregið til baka. Úr Dala- og Snæfellsnessýslu ályktar starfsmannafélagið: „Stjórnin telur að ekki sé eðlilegt að Alþingi geri einhliða breytingar á réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna." Frá Reyðarfirði: Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi telur „að brotist hafi verið inn í umsamin launakjör og réttindi opinberra starfsmanna og þau skert þannig að ekki verði við unað." Úr Borgarbyggð er ályktað: „Í kjarasamningum okkar er ákvæði um að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi." Ég bið hv. þingmenn að taka eftir þessu og er ágætt að hæstv. fjmrh. hlusti ályktun sem hér kemur frá starfsmannafélaginu úr Borgarbyggð. Hér er athyglisverð efnisleg ábending. Hér segir:

„Í kjarasamningum okkar [bæjarstarfsmanna í Borgarbyggð] er ákvæði um að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi og við teljum því að ráðningarkjör félagsmanna byggi á þeim, t.d. réttur til biðlauna. Því teljum við ekki rétt að Alþingi breyti lögunum einhliða heldur verði breytingar gerðar í sátt við stéttarfélög opinberra starfsmanna og önnur samtök launamanna."

Með öðrum orðum, þarna var bent á að í kjarasamningum bæjarstarfsmanna eru ákvæði um að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi og með þessum breytingum er verið að setja kjarasamninga þessara bæjarstarfsmanna einnig í uppnám.

Starfsmannafélag Sauðárkróks: „Stjórn SFS, óskar eindregið eftir því að ríkisstjórnin dragi til baka frv. til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna" — og vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru harðlega gagnrýnd.

Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar: „Það er með öllu óásættanlegt að ríkisvaldið skuli ráðast að starfsmönnum sínum með þeirri fyrirætlan að skerða réttindi og skyldur starfsmanna sinna á miðju samningstímabili og vill Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar ítreka mótmæli við þau vinnubrögð sem ríkisstjórn Íslands viðhefur um þessar mundir gegn launafólki í landinu."

„Stjórn Félags opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum telur óeðlilegt að Alþingi geri einhliða breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins með þessu lagafrv."

„Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar lítur svo á að lög um réttindi og skyldur og kjarasamninga mynda eina kjaraheild og álítur félagið að ef frv. verði að lögum séu kjarasamningar lausir."

Þessi tónn er í mörgum ályktunum sem koma frá starfsmannafélögum og stéttarfélögum víða um landið. Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar telur það ósiðlegt að framkvæmdarvald beiti löggjafarvaldi fyrir sig til að breyta forsendum ráðninga einhliða. Kennarasamband Íslands sendir frá sér ítarlega greinargerð. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Verði frv. að lögum mun það hafa veruleg áhrif á kjör ríkisstarfsmanna. Um yrði að ræða einhliða breytingar á lögbundnum kjörum sem kjarasamningar hafa byggt á til margra ára."

Það er ólíðandi að löggjafinn grípi inn í kjör starfsmanna ríkisins. Mér finnst ástæða til þess að hv. þingmenn hlusti á þessar ályktanir sem koma frá starfsmannafélögum og stéttarfélögum víða um landið. Ég sé að hæstv. fjmrh. lætur svo lítið að hlusta á þessa umræðu. Það er ekki langt síðan hæstv. menntmrh. sagði í ræðustól þegar verið var að tala um réttindi starfsmanna að það mætti ekki sóa tíma þingsins í umræðu af því tagi sem þá fór fram. Ég er kannski að því núna. Ég er kannski að sóa tíma þingsins, að trufla menn í því að taka þessi lög og keyra þau viðstöðulaust í gegnum þingið og gera þessa réttarskerðingu, að gera þetta skerðingar- og haftafrv. ríkisstjórnarinnar að lögum hið fyrsta og þeir leyfa sér að kalla þetta nútímavæðingu. Menn á fullri ferð aftur í aldir; eru að reyna að endurvekja gamla hætti húsbóndaveldisins.

Hins vegar var kjósendum ekki gerð grein fyrir þeirri stefnu sem verið er að reyna að þröngva í gegn, við skulum minnast þess. Ég er alveg sannfærður um hitt líka að bæði innan Sjálfstfl. og mjög svo innan Framsfl. eru mjög margir mjög óánægðir með þessa lagasetningu. Ef einhver skyldi velkjast í vafa um það að hér er verið að tala um mál sem er þverpólitískt í þeim skilningi, hæstv. forseti, að innan okkar raða sem höfum látið þessi mál til okkar taka og þá er ég að vísa til samtaka launafólks, þar er fólk sem tilheyrir öllum stjórnmálaflokkum, líka þeim stjórnmálaflokkum sem fara með stjórn landsins. Það fólk er allt á einu máli upp til hópa. Upp til hópa eru menn á einu máli um hve slæm þessi lagasmíð er og ég þykist vera sannfærður um það að í þinginu líka eru mjög svo skiptar skoðanir um þetta innan stjórnarflokkanna. Og ég ætla að vona að þingmenn sem fylgja stjórnarflokkunum að málum eða eru í þeim flokkum láti ekki segja sér fyrir verkum ef þeir telja óeðlilega að verki staðið hér sem sannanlega er. Það er verið að færa rök fyrir því að þessi lagasmíð stangist á við stjórnarskrá landsins, samninga og lög. Hér er verið að lesa upp úr ályktunum sem koma víðs vegar að af landinu þar sem bæjarstarfsmenn eru að vísa til þess m.a. eins og hér kom fram áðan úr Borgarbyggð að kjarasamningar þar hvíla á þeim lögum sem hér er verið að taka upp með rótum.

Ég var kominn að álitsgerð Kennarasambands Íslans. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Verði frv. að lögum mun það hafa veruleg áhrif á kjör ríkisstarfsmanna. Um yrði að ræða einhliða breytingar á lögbundnum kjörum sem kjarasamningar hafa byggt á til margra ára. Það er ólíðandi að löggjafinn grípi inn í kjör starfsmanna ríkisins og skerði þau einhliða eins og hér er verið að gera tilraun til. Kennarasamband Íslands lýsir sig tilbúið til þess að setjast niður með fulltrúum annarra stéttarfélaga og ríkisins og ræða þær breytingar sem æskilegt væri að mati aðila málsins að gera á núverandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Slíkt verður þó að gera í tengslum við gerð kjarasamninga með heildarkjör í huga. Mikilvægt er að breytingar á kjörum launafólks séu gerðar í sátt á milli aðila en ekki unnið að þeim einhliða innan veggja fjmrn. án alls samráðs við stéttarfélögin eins og gert hefur verið í þessu máli."

Þetta var úr álitsgerð Kennarasambands Íslands. Samband ísl. bankamanna hefur ályktað um þetta mál og það er vert að vekja athygli á því að í vinnunni sem fram hefur farið við að plægja í gegnum alla þessa lagasmíð hafa komið fulltrúar úr öllum samtökum opinberra starfsmanna, einnig Sambandi ísl. bankamanna sem býr við samninga sem tengjast því réttindakerfi sem hér er til umræðu. Þar hefur myndast mjög mikil og góð samstaða. Í áliti frá Sambandi ísl. bankamanna segir, með leyfi forseta:

„Samband ísl. bankamanna, SÍB, hefur fjallað um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. SÍB krefst þess að frv. verði dregið til baka án tafar. Það er í

hæsta máta óeðlilegt að Alþingi breyti einhliða lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna eru gerðir með hliðsjón af ákvæðum laganna. Lögin eru því mikilvægar grundvallarforsendur við gerð kjarasamninga. Því er ósiðlegt að gera breytingar á þeim án þess að samkomulag liggi fyrir við samtök þeirra launamanna sem heyra undir lögin. Réttindi þau sem starfsmenn ríkisfyrirtækja njóta samkvæmt lögunum eru hluti af ráðningarkjörum þeirra og slíkum ráðningarkjörum á ríkisvaldið ekki að breyta einhliða og án samkomulags við samtök þeirra starfsmanna sem hlut eiga að máli. Með því að keyra umrætt lagafrv. í gegnum Alþingi er ríkisstjórnin að ófyrirsynju að efna til ófriðar við samtök launamanna sem erfitt verður að sjá fyrir endann á.

Á undanförnum árum hafa samtök launamanna, þar á meðal samtök starfsmanna ríkisfyrirtækja, lagt sitt af mörkum til þess að skapa stöðugleika á vinnumarkaði. Umrætt frv. er einkennilegt framlag ríkisvaldsins til þeirrar viðleitni og beinlínis þess eðlis að geta kollvarpað þeim ávinningi sem náðst hefur. Því væri skynsamlegast að draga frv. til baka nú þegar og efna til viðræðna um hugsanlegar breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna."

Þetta sagði m.a. í álitsgerð Sambands ísl. bankamanna. Hér eru bankamenn að óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina um efni þessara laga og hæstv. fjmrh. kom í ræðustól í fyrradag og sagði að ekki stæði á sér að ganga til samninga og samráðs. Hvers vegna í ósköpunum er það ekki gert? En eitt má hæstv. fjmrh. vita, að það verður ekki gert í andateppustílnum. Það verður gert þannig að menn gefi sér góðan tíma til þess og við séum ekki að fara út í einhverja málamyndavinnu, einhvern málamyndaprófarkalestur, eins og boðið var upp á þegar frv. var upphaflega lagt fram.

Í álitsgerð Sambands ísl. bankamanna segir enn fremur, með leyfi forseta: „Viðurkennt er af hálfu forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar að mikilvæg ástæða þess að ætlunin er að keyra umrætt frv. í gegnum þingið í vor séu áform um breytingu á rekstrarformi nokkurra ríkisfyrirtækja, þeirra á meðal ríkisviðskiptabankanna tveggja. Það er eindregin skoðun SÍB að rekstrarformsbreyting ríkisviðskiptabankanna þurfi mun lengri aðdraganda og undirbúning en ríkisstjórnin hefur ætlað sér til þessa verks."

Hæstv. forseti. Þetta eru mikilvægar og athyglisverðar yfirlýsingar sem koma frá Sambandi ísl. bankamanna um áform sem hafa verið hjá ríkisstjórninni um að einkavæða ríkisbankana. Hér eru samtök bankamanna að óska eftir viðræðum og allt annars konar vinnubrögðum en viðhöfð eru af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum einkavæðingaráformum hennar. Enn fremur segir undir lok ályktunar Sambands ísl. bankamanna:

„Það er veigamikið hagsmunamál eigendanna bankanna, þ.e. þjóðarinnar, starfsmanna þeirra og viðskiptavina að ekki verði flanað að þessum breytingum. Því er það skoðun SÍB að breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geti og eigi að bíða þess að réttmætir samningar náist um þau mál við samtök þeirra launamanna sem undir lögin heyra."

Þetta var úr ályktun frá Sambandi ísl. bankamanna þar sem hvatt er til samninga og annarra vinnubragða en ríkisstjórnin viðhefur bæði í þessu máli og öðrum málum sem koma nú úr nefndum þingsins og til afgreiðslu. Ég nefni t.d. Póst og síma. Það er eitt frv. sem bíður afgreiðslu og við vitum það öll náttúrlega að það frv. sem um er að ræða er beinlínis sett fram til þess að unnt sé að einkavæða Póst og síma og hafa réttindin af því fólki sem þar starfar. Það er markmiðið. En í leiðinni ætla þeir að koma á þessu nýja valdstjórnarfyrirkomulagi, þessu meiri háttar fyrirkomulagi hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, þessum nýju lögum um húsbændur og hjú, þessu 17. aldar fyrirkomulagi sem ríkisstjórnin kallar nútímavæðingu ríkisþjónustunnar. Það var meira að segja fyrir upplýsingatímann, á 17. öld, sem vinnubrögð af þessu tagi og viðhorf af því tagi sem hér eru kynnt voru við lýði í þjóðfélaginu og þangað aftur er þessari nútímavæðingu er heitið.

Frá Dómarafélagi Íslands kemur mjög hógvær yfirlýsing og vel ígrunduð. Ein setning þar segir kannski meira en mörg orð:

„Það er eindregin skoðun stjórnar Dómarafélags Íslands að frv. þetta ef að lögum verður eigi ekki að taka til dómara."

Segir það ekki nokkra sögu? Það er ítarleg álitsgerð frá Dómarafélaginu, engin stóryrði þar á bæ en sagt: „Það er eindregin skoðun stjórnar Dómarafélags Íslands að frv. þetta ef að lögum verður eigi ekki að taka til dómara." Það mun hafa verið hæstv. forsrh. sem sagðist ekki deila við dómarann. Það var eftir einhvern kjaradóminn, minnir mig. Ég veit ekki hvort hann ætlar að deila við Dómarafélagið. Það er kannski allt annar handleggur þegar dómarar eru komnnir í kjarafélag. Það er eitthvað mjög illt, eyðileggja það, grafa undan því. (**SJS:** Hvar er forsrh.? Er ekki hægt að fá hann?) Það verður náttúrlega séð til þess að ekki verður lokið við umræðuna án þess að hæstv. forsrh., sem ber ábyrgð á þessum skerðingar- og hafafrumvörpum, verði viðstaddur umræðuna og geri okkur grein fyrir sínum hugmyndum um nútímavæðingu. (**Gripið fram í:** Og hvaða áhrif frv. muni hafa.) Og hvaða áhrif þetta frv. og þessi frumvörp öll muni hafa, bæði á starfsemi hjá hinu opinbera, á réttindi starfsfólksins og á vinnumarkaðinn almennt. Finnst mönnum kannski það engu máli skipta sem verkalýðsfélögin eru að álykta um þessi efni? Prestarnir mótmæla þeirri réttinda- og kjaraskerðingu sem þetta frv. hefur í för með sér. (**SJS:** Hvað segir séra Hjálmar?) Hvað segir séra Hjálmar? Það er ekki hægt að fara að dæmi Pílatusar og þvo hendur sínar af þessu frv. Það verður að sjálfsögðu fylgst með því hvernig menn greiða atkvæði þegar þessi réttinda- og haftafrumvörp koma til afgreiðslu í þinginu. Hér er fólk í stéttarfélögum að höfða til þingsins, dómgreindar þingsins, höfða til þingmanna. Hér hafa hv. þingmenn verið að koma upp með tillögur um það hvernig hægt sé að efla völd þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og alls kyns reglur og hugmyndir uppi um aðskilnað í þeim efnum. Hvers vegna ekki að byrja á aðskilnaði strax? Hvers vegna sýna einstakir þingmenn núna ekki þann manndóm ef þeir á annað borð eru á þeirri skoðun að þessi frumvörp séu til ills, að fella þau, láta ekki stýra sér með þeim hætti sem ríkisstjórnin gerir kröfu til? Það þarf ekki að bíða eftir neinum lagabreytingum eða stjórnarskrárbreytingum til þess.

Ýmsar undantekningar hafa verið í þessu og menn með ýmsar skoðanir. Prófessorar í Háskóla Íslands hafa viljað láta skilgreina sig sem embættismenn. Það er skoðun þeirra. En hafa menn gert sér grein fyrir því hvað það er sem ríkisstjórnin ætlar að gera á móti? Múlbindingin, plástrunin, að svipta þá tjáningarfrelsi og frelsi til að hafa nokkur afskipti af kjaramálum.

Í álitsgerð Félags starfsmanna Alþingis og Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar segir: „Í V. kafla athugasemda með frv. er greint frá því að eitt meginmarkmið þess sé að

jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Í frv. er hins vegar hvergi gerð nákvæm grein fyrir því í hverju meintur ójöfnuður er fólginn eða útskýrt hvernig ná á fram jöfnuði þarna á milli. Þeim jöfnunaráformum frv. er lúta að því að skerða fyrirliggjandi réttindi ríkisstarfsmanna er mótmælt. Í þessu sambandi má benda á ýmis þau atriði sem forsvarsmenn BHMR, BSRB og KÍ hafa haldið á lofti og varða m.a. breytingu á ráðningarformi, skerðingu á ráðningarfestu, afnámi eða skerðingu á biðlaunarétti og almenna skerðingu málskotsréttar. Til viðbótar þessu vilja Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar sérstaklega benda á eftirfarandi atriði." Síðan eru þau rakin og ég mun ekki fara nánar í þau efni en hins vegar er undir lokin á þeirri álitsgerð vakin sérstök athygli á 47. gr. sem bætir réttarstöðu þeirra sem standa utan stéttarfélagsins, setja þá undir sérstakan verndarvæng fjmrh. og ríkisstjórnar en setur félögin hins vegar í óvissu og þeirra stöðu. Hér segir t.d. um þetta efni:

„Nauðsynlegt er að það liggi fyrir meðan frv. er til umfjöllunar á þinginu hvort ætlunin sé að 7. gr. laga nr. 94/1981, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, haldi áfram gildi sínu en þar er kveðið á um að starfsmenn sem standa utan stéttarfélaga greiði gjald til þess stéttarfélags sem þeir ættu að tilheyra eða hvort ætlunin sé að gera einhverjar breytingar þar á. Ekki verður annað séð af orðalagi framangreinds ákvæðis en að það verði í raun og veru stéttarfélögin sem semji fyrir hönd þessara starfsmanna líka þótt óbeint sé."

Þarna lýsa þessir aðilar áhyggjum yfir þessu efni.

Lögmannafélag Íslands segir m.a. í álitsgerð sinni sem er byggð á vinnu laganefndar félagsins, með leyfi forseta:

„Laganefndin leyfir sér að vekja athygli á því að fyrirkomulag 23. gr. frv. um tímabundna skipun í embætti gæti leitt til vanda í stjórnsýslunni, sérstaklega að því er varðar æðstu embætti ef framkvæmdin yrði sú að skipun lyki án málefnalegra ástæðna. Þá má ætla að fyrirkomulag þetta geti fælt sjálfstætt starfandi sérfræðinga frá því að sækjast eftir embættum ef ætla má að skipunartími sé takmarkaður."

Þetta sagði m.a. í álitsgerð frá Lögmannafélagi Íslands og hér er komið að atriði sem ég vék lítillega að í upphafi máls míns um að það kunni að orka tvímælis að stytta ráðningartímann eða gera hann þetta afmarkaðan. Ég veit að það eru ólík sjónarmið uppi hvað þetta snertir, en ég tel að þetta geti einnig haft skaðlegar afleiðingar í för með sér og hvet menn til að hyggja nánar að því hvort þeir trúa því raunverulega að menn starfi betur ef þeir búa við óvissu um framtíð sína. Ég held ekki. Ég held að það eigi ekki að byggja starf einstaklinganna á óttanum heldur á framfaravilja og viljanum til að starfa með öðru fólki. Það er úr þeim vilja og þeim samstarfsgrundvelli sem þannig verður til sem er dregið. Það er sá grunnur sem verið er að ráðast á.

Það er álitsgerð frá skrifstofu jafnréttismála. Þar er m.a. bent á að það sé mjög mikilvægt í lögum af þessu tagi að þau séu skýr og þá er sérstaklega verið að hugsa þarna um jafnréttismálin. Þar er sérstaklega vikið að því að í 9. gr. laganna um samninga séu ákvæði mjög óskýr einfaldlega vegna þess að reglurnar sem ákvæðið á að byggja á eru ekki fyrir hendi.

Í ályktun frá Alþýðusambandi Íslands segir, með leyfi forseta: „Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem frv. boðar varðandi kjarastefnu og ákvarðanir um kjaramál. Um slík mál á að fjalla í kjarasamningum og eina leiðin til að eitthvert vit og sanngirni verði í ákvörðunum um kjaramál opinberra starfsmanna er sú að launakerfið verði allt uppi á borðinu og um það samið í kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem starfa hjá ríkinu. Miðstjórn ASÍ ætlast til þess af Alþingi að frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði ekki að lögum í því formi sem nú liggur fyrir þinginu. Miðstjórnin væntir þess að á næstu mánuðum verði þetta mál til umræðu ásamt þeim öðrum frumvörpum og hugmyndum sem fram hafa komið um réttarstöðu launafólks á Íslandi á sameiginlegum vettvangi ríkisvalds, verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda. Samráð á slíkum vettvangi er eina aðferðin sem einhver von er til að leiði til samkomulags um niðurstöður sem til farsældar horfa."

Þetta sagði m.a. í álitsgerð frá Alþýðusambandi Íslands. Það er athyglisvert að það eru ekki síður félög á almennum vinnumarkaði sem álykta og taka undir með félögum opinberra starfsmanna hvað snertir þessi hafta- og skerðingarfrumvörp ríkisstjórnarinnar.

Kennarafélag Kennaraháskólans tekur að öllu leyti undir umsögn sem Bandalag háskólamanna hefur sent frá sér. Stéttarfélag sjúkraþjálfara bendir sérstaklega á að verði frv. óbreytt að lögum stríðir það beint eða óbeint gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrár Íslands og gegn ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem Ísland hefur gerst aðili að.

Meinatæknafélagið sendir frá sér ítarlega álitsgerð. „Meinatæknafélag Íslands hvetur hv. Alþingi að skoða vel það frv. sem hér er fjallað um og íhuga með hvílíku offorsi lagabreytingar sem varða starfsumhverfi 25 þúsund launamanna eru keyrðar áfram."

Félag tækniskólakennara. Bent er á að frv. þessu er samkvæmt því sem stendur á bls. 20, og er þar vísað í frv., „ætlað að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Hér virðist þó víða vera gengið allmikið lengra í þá átt að rýra réttindi opinberra starfsmanna umfram þau lélegu réttindi sem starfsfólk á almennum vinnumarkaði hefur." Undir lokin á ályktuninni segir að það sé horfið aftur á bak en ekki til nútímalegs horfs.

Félag ísl. náttúrufræðinga segir undir lokin á sinni umsögn: „Það er krafa Félags ísl. náttúrufræðinga að ofangreint frv. verði dregið til baka og gengið verði til samninga við samtök ríkisstarfsmanna með það fyrir augum að draga úr miðstýringu og ná fram raunverulegum endurbótum á starfsmannahaldi ríkisins."

Iðjuþjálfafélag Íslands leggur til að frv. þetta verði dregið til baka. Stéttarfélag sálfræðinga segir m.a. í álitsgerð sinni: „Af þeirri ástæðu leyfir félagið sér að leggja til við hv. þingnefnd að hún geri það að tillögu sinni að málið verði tekið af dagskrá þingsins." Félag fréttamanna: „Stjórn Félags fréttamanna mælist til þess að Alþingi hætti umfjöllun um frv. og að um málið verði samið á réttum vettvangi áður en til löggjafans komi. Félag fréttamanna er ekki sátt við einhliða breytingar á kjörum félagsmanna."

Þinginu hafa borist ótal ályktanir frá fundum stórum og smáum, vinnustaðafundum. Sjúkraliðafélag Íslands sendir mjög ítarlega greinargerð. Þar segir í niðurlagi:

„Framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands telur sig með greinargerð sinni hafa fært fullgild rök og ástæðu til að hafna frv. fjmrh. til breytinga á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Félagið krefst þess að frv. verði dregið til baka og fallið verði frá öllum hugmyndum um breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins án samráðs og samvinnu við samtök þeirra. Þau

vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli og fleirum er varða réttindi og réttarstöðu launþega eru með öllu óviðunandi."

Í greinargerð frá Félagi starfsmanna stjórnarráðsis segir m.a.: „Félag starfsmanna Stjórnarráðsins er aðili að BSRB. Félagið hefur sjálfstæðan samningsrétt en samkvæmt núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur það ekki verkfallsrétt. Í félaginu eru 290 félagsmenn eða ríflega helmingur starfsmanna Stjórnarráðsins. Í 22. gr. ofangreinds frv. kemur fram að skipaðir starfsmenn Stjórnarráðsins verði embættismenn og hafi þar af leiðandi ekki samningsrétt heldur fari kjör þeirra eftir úrskurði Kjaradóms eða kjaranefndar. Nú eru um það bil 40 félagsmenn skipaðir þannig að verði þetta frv. að lögum mun stórlega skerðast samningsréttur félagsins."

Nú kemur ekki fram í lögunum eða þeim breytingum hverjir það eru nákvæmlega sem verða embættismenn, hverjir verða skipaðir. Það fer bara eftir atvikum. Það er geðþóttaákvörðun.

Landssamband lögreglumanna lýsir undrun sinni á þeim starfsaðferðum sem ríkisstjórnin beitir í þessu máli og mótmælir þeim harðlega. Landssamband slökkviliðsmanna. Efnislega er Landssamband slökkviliðsmanna ósammála fjölmörgu sem frv. hefur að geyma og lýtur m.a. að skerðingu réttinda og kjara, en vísar að öðru leyti til umsagna stjórnar BSRB og athugasemda þess við einstakar greinar frv. „Landssamband slökkviliðsmanna skorar á ríkisstjórnina að draga frv. nú þegar til baka og ganga þess í stað til samráðs og samninga um efni þess við samtök launafólks sem er í samræmi við leikreglur lýðræðisþjóðfélaga."

Tollvarðafélagið hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tollvarðafélagið bendir á að hér sé um einhliða breytingar á réttarstöðu að ræða. Félagið vill benda á að árið 1986, og nú vitna ég í álitsgerðina, með leyfi forseta: „Á árinu 1986 afsöluðu tollverðir sér verkfallsrétti við gerð kjarasamninga, en það ákvæði skerti á engan hátt rétt tollvarða til þátttöku í almennum kjarasamningum. Eðlilegra hefði verið í stað einhliða lagabreytinga að viðræður um þær hefðu farið fram við gerð kjarasamninga. Frv. miðar að breytingum á ákvæðum sem gengið var út frá við undirritun ráðningarsamninga félagsmanna. Benda má á að þetta er gert einhliða á miðju samningstímabili."

Nú er mér kunnugt um að tollverðir hafa verið að þrýsta á um það að sjálfsögðu að þeir verði ekki sviptir samningsrétti. Hins vegar ítreka ég að hið sama gildir að sjálfsögðu um þá sem eru í því félagi og starfsmenn Stjórnarráðsins, Fangelsismálastofnunar og annarra stofnana, t.d. sýslumannsembætta þar sem er starfandi fólk sem á að skilgreina sem embættismenn. Þar vitum við ekki hvernig línurnar liggja, fólk veit það ekki. Þar er allt komið undir þessu duttlungaveldi.

Starfsmannafélag ríkisstofnana segir að það sé í hæsta máta óeðlilegt að Alþingi geri einhliða breytingar á þeim lögum sem kjarasamningar starfsmanna ríkisins m.a. byggja á. Félagið krefst þess að raunverulegt samráð verði við opinbera starfsmenn og að leitað verði eftir víðtæku samkomulagi við samtök þeirra er undir lögin heyra.

Félag ísl. leikskólakennara segir m.a., með leyfi forseta: „Það er álit Félags ísl. leikskólakennara að óeðlilegt og óásættanlegt sé að Alþingi geri einhliða breytingar á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa m.a. mótað það umhverfi sem kjarasamningar hafa verið gerðir í. Þar af leiðandi eru þau ein forsenda kjarasamninga, enda iðulega vísað til þeirra við samningaborð.

Póstmannafélagið er með svipaða afstöðu og aðrir og vísar í umsögn BSRB um frv. Stjórn kjaradeildar Félags ísl. félagsvísindamanna hefur borist ósk um að veita umsögn um frv. og lýsir yfir fullum stuðningi í sínu áliti við ályktanir sem BHMR, BSRB og KÍ hafa sent frá sér varðandi frv. Félag ísl. símamanna krefst þess eindregið að frumvörpin verði dregin til baka. Samskiptareglur á vinnumarkaðnum verða ekki bættar með lögþvingunum. Félag flugmálastarfsmanna ríkisins fer fram á að frv. verði dregið til baka og vísar til umsagnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um frv. Starfsmannafélag sjónvarpsins mælist eindregið til þess að frv. verði dregið til baka. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Stjórn þess krefst að frv. verði dregið til baka. Það segir hér í álitsgerð Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, með leyfi forseta:

„Það er í hæsta máta óeðlilegt að Alþingi geri einhliða breytingar á þeim lögum sem kjarasamningar starfsmanna ríkisins byggja á."

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum krefst þess að frv. þetta verði dregið til baka. „Stjórn félagsins telur fráleitt að hægt sé að svipta fólk lögbundnum réttindum sem orðið hafa til í tengslum við kjarasamninga því svo sannarlega eru ákvæði núverandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hluti af samningsbundnum kjörum samninga ríkisstarfsmanna."

Starfsmannafélag Húsavíkur hafnar alfarið hjálögðu frv. og krefst þess að ríkisstjórnin dragi það til baka. „Starfsmannafélagið telur eðlilegt, séu aðilar sammála um að gera breytingar á gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að þær verði gerðar í komandi kjaraviðræðum."

Þetta er tónninn í þeim félögum sem hafa ályktað um þessi mál og hann er allur á þann veg að frv. og frumvörpin verði þegar í stað og undanbragðalaust dregin til baka, að þau verði ekki samþykkt. Reyndar hafa fjölmörg önnur félög ályktað um þessi efni og sum félögin hafa sent frá sér mjög ítarlegar skýrslur þar sem farið er rækilega yfir frumvörpin bæði í heild sinni, vinnubrögðin, aðdragandann og síðan er farið rækilega yfir einstakar greinar frumvarpanna. Og ég vona svo sannarlega að ríkisstjórnin láti kalla frv. að nýju inn til þingnefndar, efh.- og viðskn. þar sem gerðar verði þær breytingar sem duga á þessu frv. En það verður ekki gert í andateppustílnum hér á fáeinum vordögum. Þá verður það ekki samráð samkvæmt þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið höfð í frammi.

Ég nefndi að mörg félaganna hafa sett fram athugasemdir sem er mjög mikilvægt að menn gaumgæfi og íhugi. T.d. spurningin um fæðingarorlofið og veikindaréttinn, réttindi sem gleymdust í fyrstu próförk en fóru síðan inn í bráðabirgðaákvæði. Þar hefur t.d. Félag ísl. hjúkrunarfræðinga vakið máls á ýmsu sem mér finnst þarft að hugleiða. Þar sem fjallað er um veikinda- og barnsburðarleyfi, 12. gr., segir orðrétt, með leyfi forseta, í þessari álitsgerð Félags ísl. hjúkrunarfræðinga:

„Í þessari grein er gert ráð fyrir því að sömu lagaákvæði muni gilda um veikindarétt og barnsburðarleyfisrétt ríkisstarfsmanna og annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að þeir ríkisstarfsmenn sem falla undir núgildandi lög um réttindi

og skyldur starfsmanna ríkisins muni halda rétti sínum til launa í veikindum og barnsburðarleyfi samkvæmt reglugerð þangað til um annað hefur verið samið, væntanlega í kjarasamningum. Á vegum heilbr.- og trmrh. er nefnd að störfum sem á að semja frv. um laun í fæðingarorlofi. Hugmyndin er sú að allir hafi sama rétt til launa í fæðingarorlofi, hvort sem þeir starfi hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði. Fjmrh. hefur auk þess lýst því yfir að ekki komi til greina að auka útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks. Hingað til hefur lögbundinn réttur kvenna í þjónustu ríkisins til launa í barnsburðarleyfi verið mun verðmætari en réttur kvenna sem starfa á almennum vinnumarkaði. Af framansögðu má því draga þá ályktun að stefna ríkisstjórnarinnar sé sú að skerða rétt kvenna sem starfa hjá ríkinu til launa í barnsburðarleyfi. Ef þetta reynist rétt er hér um alvarlega aðför að réttindum kvenna í ríkisþjónustu að ræða og það munu hjúkrunarfræðingar aldrei sætta sig við. Félag ísl. hjúkrunarfræðinga leggur áherslu á að nauðsynlegt er að tryggja öllum foreldrum óskert laun í fæðingarorlofi til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði.

Laun í veikindum og barnsburðarleyfi eru hluti af kjörum starfsmanna og að mörgu leyti er ekki óeðlilegt að stéttarfélög semji um þessi atriði í kjarasamningi. Þetta gefur þó tilefni til hugleiðinga um aðra fleti á þessu máli. Það að barnsburðar- og veikindaréttur ráðist í kjarasamningum einstakra stéttarfélaga getur verið varasamt út frá markmiðinu að jafna kjör karla og kvenna. Barnsburðarleyfisréttur getur t.d. verið mjög misjafnlega verðlagður eftir því hvaða stéttarfélag á í hlut. Það kunna að skapast þær aðstæður að starfsgreinafélög sem að mestu leyti eru skipuð karlmönnum sjái sér hag í því að selja barnsburðarleyfisrétt sinna félagsmanna fyrir meiri launahækkanir. Þetta getur síðan haft þær afleiðingar að konur sæki síður í þessar starfsgreinar og því getur þetta hjálpað til við að viðhalda skiptingu vinnumarkaðarins í dæmigerð kvenna- og karlastörf.

Það er einnig mjög vandasamt verkefni að gera reglur um barnsburðarleyfi þannig úr garði að þær inniberi ekki beina eða óbeina mismunun milli kynja. Veikindaréttur getur einnig verið misjafnlega verðmætur eftir því hvaða starfsgrein á í hlut. Það er skoðun Félags ísl. hjúkrunarfræðinga að löggjafinn eigi að tryggja öllu launafólki viðunandi veikinda- og barnsburðarleyfisrétt. Þetta á að vera hluti af því öryggisneti sem nauðsynlegt er að launþegar búi við."

Þetta var úr greinargerð frá Félagi hjúkrunarfræðinga þar sem vakin er athygli á því hvað kunni að gerast, afleiðingum þess, að setja þessi réttindi, þar með fæðingarorlofið sem áður var tryggt fyrir alla, inn í bráðabirgðaákvæði og síðan inn í einstaka samninga. Ég ætla ekki að kveða upp úr um hvað kann að vera endanlega rétt í þessum efnum. Mér finnst eðlilegt að þegar til framtíðar horfir verði þessi réttindi samræmd fyrir allt launafólk á Íslandi, fyrir alla landsmenn. Það finnst mér eðlilegt. En það verður ekkert niður á við, ekki með því að hafa réttindi af því fólki sem hefur þau skást. Það á að bæta þau, ekki draga úr þeim. Og hér er verið að lýsa því yfir að það kunni að skapast sú hætta hjá fólki sem er óánægt með launakjör sín, ef það á að fara að versla með þessa þætti. Þá er sérstaklega vakin athygli á ólíkum viðhorfum sem kunni að vera uppi á meðal karla og kvenna. Ég vona að svo sé ekki en þarna er bent á ákveðna hættu sem þessu kann að fylgja. Þetta var úr álitsgerð frá hjúkrunarfræðingum.

Félag háskólakennara segir, með leyfi forseta: „Almennur fundur í Félagi háskólakennara, haldinn 26. mars 1996, krefst þess að ríkisstjórnin dragi þegar í stað til baka frumvörpin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur sem fela í sér mikla skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna. Kjarasamningar opinberra starfsmanna hafa um langan tíma tekið mið af þessum réttindum og væri það því ígildi uppsagnar á kjarasamningi af hálfu ríkisins ef frumvörpin ná fram að ganga. Fundurinn mótmælir harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og þeirri lítilsvirðingu sem starfsmönnum ríkisins er sýnd með frumvörpunum."

Það eru fleiri álit og álitsgerðir sem hafa komið frá stéttarfélögunum og ástæða til þess að fara betur yfir þær álitsgerðir. Ég vona að aðrir hv. þingmenn muni gera það þegar þeir taka þessi mál til umræðu. Við erum öll svo ljónheppin að það mun hverjum þingmanni heimilt að tala tvisvar í 2. umr. um þetta mál og ég mun að sjálfsögðu nýta mér þann rétt. En áður en þessari umræðu lýkur held ég að það væri fróðlegt að fá hæstv. fjmrh. til að gerast svo lítillátur að koma hingað í salinn og hlusta á þessa umræðu. Það verður að sjálfsögðu fróðlegt að heyra andsvör hans á eftir eða málflutning í þeirri ræðu sem hann mun flytja um þetta frv. og um þessasr lagabreytingar. En það sem mig langar sérstaklega til að hæstv. fjmrh. fræði okkur um núna er hvaða réttindi það eru sem opinberir starfsmenn búa við sem hafa verið metin til fjár. Ég heyrði ekki betur við umræðu í fyrrakvöld en að hæstv. fjmrh. segði að biðlaunaréttur og æviráðning hefði aldrei verið metin til fjár, þessi réttindi hefðu aldrei verið metin til fjár. Nú vildi ég gjarnan fá að heyra skilgreiningar hæstv. fjmrh.

Hvaða réttindi eru það sem eru metin til fjár og hver ekki? Hver hefur skilgreint hlutina með þessum hætti? Er það samninganefnd ríkisins? Eru það samtök launafólks, einhver tiltekin félög þar? Eru til einhverjir samningar, segir einhvers staðar um þetta í reglugerð? Síðan ætla ég að leyfa mér að frábiðja útúrsnúninga þess efnis að það sem hafi verið sett í lög einhvern tíma fyrr á tíð komi samningum ekkert við núna, jafnvel þótt skírskotað sé til þess í ráðningarsamningnum. Ég segi að það sé útúrsnúningur vegna þess að kjörin eru heilstæður pakki fyrir hvern einstakling. Og þegar samið er um laun er samið um þau á þeim grunni sem lagður hefur verið með lögum og reglugerðum. Ef þeim grunni er á einhvern hátt raskað er kjörum einstaklingsins þar með raskað og þar með samningsbundnum kjörum. Þannig lítum við á málin. Þannig líta samtök launafólks á málin og þannig líta menn almennt á þessi mál.

Ríkisstjórnin og talsmenn hennar hafa hins vegar verið að reyna að snúa út úr þessu með alls kyns orðhengilshætti og vilja láta líta svo út að um þessi mál sem verið er að hreyfa nú hafi ekki verið samið í kjarasamningum.

Ég ætla þá, hæstv. forseti, að ljúka máli mínu að sinni vegna þess að þetta á allt saman eftir að fá miklu betri og ítarlegri umræðu. Ég vona að ríkisstjórnin beri gæfu til þess að taka þær ábendingar sem fram hafa komið frá samtökum launafólks alvarlega á þann veg að frv. verði dregið til baka, það verði boðað til viðræðna, raunverulegs samráðs og viðræðna sem fram fari í sumar og í haust og þess freistað að ná sátt um þær breytingar sem báðir aðilar eru sammála um að þurfi að gera á þessum lögum. Hitt er náttúrlega ekki verið að bjóða upp á að menn ætli að fara að sættast á skerðingar og einhliða yfirgang eða menn fari að sættast á að hér verði komið á samningum þar sem persónusamningar verði reglan og þar sem duttlungastjórnun verði líka grunnregla. En ef hæstv. fjmrh. kemur í andsvar eða tekur

þátt í umræðunni síðar í dag ætlast ég til þess að fá skýrar yfirlýsingar og útlistanir hæstv. fjmrh. á þeim reglum sem hann hyggst setja varðandi 9. gr. frv. þar sem kveðið er á um launasamninga í stofnunum hins opinbera. Þar frábiðja menn sér alla útúrsnúninga. Menn vilja fá það vafningalaust hverjar þessar reglur eru. Nákvæmlega hverjar eru þessar reglur? Og finnst hæstv. fjmrh. boðlegt að koma fram með frv. af þessari stærðargráðu sem sætir eins mikilli gagnrýni og raun ber vitni án þess að allar upplýsingar liggi fyrir? Þar eru veigamestu upplýsingarnar um þær reglur sem ráðuneytið eða ríkisstjórnin hyggst setja varðandi samningsgerð inni í einstökum stofnunum.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að ljúka fyrri ræðu minni í þessari umferð svo aðrir þingmenn geti komist að. En ég vonast eftir greinargóðum svörum frá hæstv. fjmrh. og hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni sem talaði fyrir þessu frv.

[15:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni þessa löngu og ítarlegu ræðu. Mitt mat er að með hverri ræðumínútu af hans hálfu aukist fylgi við þetta mál. Förum nú yfir málflutning hans. Hann spurði fyrst: Hvað er slæmt við æviráðningu? Hann mælti henni bót. Ég hygg að mikill meiri hluti þjóðarinnar og kjósenda sé fylgjandi því að afnema æviráðninguna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv.

Hann fjallaði líka um biðlaunaréttinn og sagði að það væri verið að afnema hann. Það er ekki verið að afnema biðlaunaréttinn. Það er hins vegar verið að takmarka hann með ákveðnum hætti sem ég hygg líka að meiri hluti þjóðarinnar sé á bak við. Hann talaði líka um að fæðingarorlof og veikindaréttur væru í uppnámi. Það mun að sjálfsögðu koma í ljós að enginn starfsmaður ríkisins mun nokkurs missa í fæðingarrétti, orlofi eða veikindarétti vegna þessa máls. Hann talaði mikið um viðbótarlaun. Eftir því sem hann býsnast meira um viðbótarlaun, er ég viss um að fleiri og fleiri opinberir starfsmenn eru einmitt að hugsa um það hvernig þeir geti fengið viðbótarlaun.

Hann var að velta því fyrir sér að það væri verið að svipta heilu hópana samningsrétti. Aðalásóknin í þessu máli hefur verið sú að ýmsir starfshópar hafa einmitt viljað verða embættismenn og fara undir kjaranefnd og losna við þessi réttindi. Hins vegar breytti meiri hluti nefndarinnar frv. þannig að viðbótarlaun ná ekki til embættismanna. Þar mun stórlega draga úr þessari ásókn að sjálfsögðu og styrkja þau félög sem hv. þm. ber fyrir brjósti.

Hv. þm. er svartsýnn á stöðu og framtíð BSRB sem hann er formaður fyrir. En ég er sannfærður um að þegar búið er að afgreiða þessi lög verða opinberir starfsmenn margir býsna ánægðir og þá muni draga hið svarta ský frá sólu formannsins jafnhliða.

[15:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér á þingpöllunum er fjöldi fólks. Það eru fulltrúar úr samtökum launafólks. Þeir hafa kynnt sér þennan málarekstur allan og hlýtt á málflutninginn. Nú hafa menn fengið óræka sönnun þess ómálefnalega málflutnings sem við höfum verið að gagnrýna.

Fyrsta röksemd hv. þm. var sú að því meira sem talað væri um málið, því meira fylgi fengi það með þjóðinni. Ekkert málefnalegt er þar lagt fram heldur sleggjudómar. Síðan segir hv. þm. að ég hafi verið að tala fyrir æviráðningu. Í rauninni var ég ekki að gera það. Ég var hins vegar að segja að starfsöryggið sem æviráðningin hefði átt að tryggja væri ekki að mínu mati af hinu illa heldur af hinu góða. Það væri gott að veita fólki starfsöryggi, það væri ekki slæmt. Ég veit að hugmyndafræði frv. byggir á því að fólk starfi í ótta, í stöðugum ótta. Það er hugmyndafræði þessa frv.

Síðan var spurningin um að það sé ekki verið að afnema biðlaunarétt. Þetta eru ósannindi, þetta eru hrein og klár ósannindi. Fæðingarorlofið og veikindarétturinn eru ekki í uppnámi, segir hv. þm. Það er alveg rétt að þau eru inni í bráðabirgðaákvæði þar til um annað semst. Síðan færði ég rök fyrir því og vitnaði þar m.a. í álitsgerðir þar sem rök eru færð fyrir því að þessi réttindi kunna að vera í hættu.

Síðan var spurningin að nú séu allir að bíða eftir því að fá viðbótarlaunin. Þar voru líka færð rök fyrr því að það sem vekti fyrir ríkisstjórninni væri ekki að auka launasummuna heldur minnka hana. Mér var sagt það og það segir líka í þessu frv. Allir vilja verða embættismenn, sagði hv. þm. Þetta er kannski bara misskilningur hjá okkur öllum. Vilja kannski allir verða embættismenn? Hvers konar rugl er þetta eiginlega sem þinginu er boðið upp á? Það er verið að vitna í álitsgerðir allra verkalýðssamtaka í landinu og hann segir að menn eigi bara þann dýpstan og heitastan draum að verða embættismenn í anda hæstv. ráðherra og undir hans handarjaðri, meiriháttarmannsins Friðriks Sophussonar. Ég held nú ekki.

[15:44]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. segir að hann sé ekkert á móti því að afnema æviráðningu. Samt talar hann um að það sé allt svo gott við æviráðninguna. Ég held að það væri ágætt að hv. þm. upplýsti hvort hann er með því að afnema æviráðningu eða ekki ef ég hef eitthvað misskilið það.

Hv. þm. segir að það sé verið að afnema biðlaunaréttinn. Ég hygg að fjöldi opinberra starfsmanna muni í framtíðinni fá biðlaun og þá kemur það bara í ljós að hv. þm. hefur eitthvað misskilið þetta mál.

Hv. þm. var eitthvað að efast um það að hópar hefðu komið og haft samband við hv. efh.- og viðskn. til þess að fá að vera áfram embættismenn vegna þess að þeir vildu það. Ég held að ég hafi alveg heyrt það sem viðkomandi aðilar sögðu sem komu á fund nefndarinnar og allir þeir sem í henni sitja.

Síðan er eitt sem ég vil gjarnan nefna. Hv. þm. fjallaði í ræðu sinni um að kjarninn í frv. væri sá að það væri tekið upp ákvæði sem hefur verið í lögum frá 1915 um afskipti embættismanna af kjarasamningum. Ef þetta er kjarninn í frv. er það þá tilfellið að samtök opinberra starfsmanna og öll þessi verkalýðshreyfing gjörvöll hafi bara sofið á verðinum frá 1915 eða fljótlega eftir að hún var stofnuð. Hún var víst ekki til 1915, ekki í þessasri mynd sem hún nú er. Við höfum þá bara lifað við þetta gífurlega brot á stjórnarskránni, að mati hv. þm., allan þennan tíma. Ég verð að segja að ef þetta er kjarninn í frv. og aðalásteytingarsteinninn, þá held ég að þetta mál sé að verða býsna gott.

[15:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér talaði hv. formaður efh.- og viðskn. Alþingis, þeirrar nefndar sem hefur átt að fjalla málefnalega

um þetta mál. Ef umfjöllunin hefur verið eins og sú sem hér er borin á borð, þá undrar mig ekki að afurðin skuli vera eins og raun ber vitni.

Ég fjallaði lítillega um æviráðningu. Ég benti á að hin almenna regla væri sú að fólk hjá ríkinu, og hefði verið svo um áratuga skeið, væri ráðið með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ég hef ekkert verið að agnúast út í þá hluti. Mörg hver okkar sem höfum fjallað um þessi mál höfum hins vegar bent á að sú hugsun sem býr að baki æviráðningu og byggir á starfsöryggi sé ekki af hinu illa (**VE:** Ertu með eða á móti æviráðningu?) heldur af hinu góða. Í sumum tilvikum tel ég æviráðningu nauðsynlega. Þannig hefur það t.d. verið á Norðurlöndum varðandi lögreglumenn sem eru að starfa við rannsóknir á erfiðum málum að það hefur ekki þótt fært að láta það vera komið undir geðþótta yfirmannsins hvort þeim er sagt upp. Þeir hafa verið æviráðnir til þess að tryggja öryggi borgarans. Þá er einvörðungu hægt að segja manninum upp hafi hann sannarlega brotið af sér í starfi. Það er hugmyndin að baki æviráðningunni. Þess vegna hafa menn farið inn á þá braut með löggæslustéttir að láta þær búa við æviráðningu. Ef hv. þm. hefur einhvern áhuga á því að fara inn í málefnalega umræðu um þessi mál, þá skulum við gera það og það skal svo sannarlega verða af því að hann fái ítarlegri umræðu um þetta frv. Ég mun að sjálfsögðu nýta mér þann rétt sem ég hef í þinginu til að taka aftur til máls við þessa umræðu málsins.

Varðandi síðan ákvæðið frá 1915, refsiákvæðin væntanlega, þá hef ég verið að benda á það og við höfum mörg hver verið að benda á það að samkvæmt geðþóttaákvörðunum hæstv. ráðherra er hægt að skáka fólki til í réttindakerfunum og múlbinda það síðan með lögum um að það varði við fjársektir og þyngri refsingar ef það hefur afskipti af átökum á vinnumarkaði, afskipti. Þá er að sjálfsögðu verið að tala um afskipti í orði. Við erum að tala um málfrelsi og tjáningarfrelsi á Íslandi. Hv. þm. segir: „Ef það er þetta sem menn hafa áhyggjur af, þá veit ég ekki hvert menn eru eiginlega komnir." En hvar í ósköpunum er hann staddur sjálfur, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson?

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Evrópusamningur um forsjá barna, 471. mál, nál. utanrmn., þskj. 937.

Fullgilding samnings gegn pyndingum, 475. mál, nál. utanrmn., þskj. 938.

Kærur vegna iðnlagabrota, 517. mál, fsp. HjÁ og GÁS, þskj. 936.

Náttúruvernd, 366. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 934; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 935.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagsleg réttindi, 493. mál, nál. utanrmn., þskj. 940.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, 491. mál, nál. utanrmn., þskj. 939.

[15:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við erum á öðrum degi að ræða þetta mál og mér sýnist að umræða sé rétt að byrja miðað við þann fjölda sem hér er á mælendaskrá enda er það ekki skrýtið þar sem við erum að ræða umdeildasta mál þingsins, bæði fyrir vinnubrögð og efnisinnihald. Það er ljóst að hér er á ferðinni ein grófasta árás og atlaga sem við höfum séð í langan tíma að verkalýðshreyfingunni, bæði að samskiptareglum á vinnumarkaði og að réttindum og kjörum fólks. Það er athyglisvert og ég hef tekið eftir því af því að ég hef setið mestan part undir þessari umræðu, að ráðherrarnir sem leggja þetta mál fram í þinginu, sjást ekki við þessa umræðu nema þá hæstv. fjmrh. af því að hann er neyddur til þess að vera hér. Það er líka athyglisvert við þessa umræðu sem ég hef tekið eftir að Framsfl., hjúin í þessari ríkisstjórn, sjást ekki. Það er aðeins þegar hv. þm. Guðni Ágústsson framsóknarmaður þarf stundum að sinna störfum í forsetastól, að hann læðist inn í þingsalinn. En hann er líka fljótur út aftur þgar þeim störfum er lokið, enda er alveg ljóst að Framsfl. skammast sín fyrir þetta frv. þó að það sé ljóst af umræðum sem hér hafa farið fram að hæstv. fjmrh. gerir það greinilega ekki. Það er líka athyglisvert varðandi hæstv. fjmrh., að þegar verið er að ræða af mikilli alvöru um alvarlega skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna, þá situr hann iðulega glottandi undir þeirri umræðu. Eina skiptið sem hæstv. ráðherra fer úr jafnvægi er þegar verið er að tala um það aftur og aftur að hæstv. ráðherra hafi ekki haft neitt samráð við opinbera starfsmenn. Þá verður hæstv. ráðherra mjög órólegur því að auðvitað veit hann að hann hefur ekki haft neitt eðlilegt samráð við opinbera starfsmenn. Og sannleikanum verður hver sárreiðastur. Þetta er athyglisvert við þessa umræðu.

Ég ætla að byrja á vinnubrögðunum. Ég veit að það kemur ráðherranum úr jafnvægi en það verður að hafa það. Ég spyr hvort hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að hann er að þverbrjóta lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með því að hafa ekkert samráð við opinbera starfsmenn um þetta mál. Ég veit ekki hvort 36. gr. hefur farið fram hjá honum. Það er eina greinin sem hann hefur greinilega ekki lesið þegar hann var að fara yfir allt þetta frv. og breyta öllum réttindum og skyldum opinberra starfsmanna þvers og kruss í þessum lögum. Þá hefur hann ekki lesið 36. gr. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við samning reglugerða samkvæmt lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma."

Þetta ákvæði laganna er þverbrotið. Það er alveg ljóst með hvaða hugarfari hæstv. ráðherra umgengst þessi mikilvægu lög um opinbera starfsmenn. Hæstv. ráðherra getur ekki komist upp með að neita því að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru hluti af samningsbundnum kjörum ríkisstarfsmanna sem hann er einhliða að breyta. Og það er náttúrlega ljóst að einhliða breyting á lögbundnum kjörum gengur ekki, en auðvitað byggja kjarasamningar á þeim og hafa gert til margra ára. Það er óumdeilt að ráðningarréttindi ríkisstarfsmanna eru bundin í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Nei, hæstv. ráðherra sér enga ástæðu til þess að hafa samráð eða samvinnu um þessi mál við opinbera starfsmenn. Þvert á móti treður hann á þessum réttindum launafólks.

Hæstv. ráðherra getur heldur ekki neitað því, getur ekki komist upp með að neita því að þau réttindi sem hér er verið að taka af fólki á ósvífinn hátt, eru réttindi sem opinberir starfsmenn hafa gegnum árin verið að kaupa sér með lægri launakjörum, lífeyrisréttindi, starfsöryggi og fleira. Skyldi ráðherrann vita hvað opinberir starfsmenn hafa fórnað miklu í beinum launagreiðslum fyrir þessi réttindi?

Hver er svo tilgangurinn með þessu öllu saman? Af hverju er ráðherrann að þessu? Jú, jú, hann er að taka upp

nýja starfsmannastefnu. En hvað skyldi vera falið á bak við þetta? Af hverju er verið að breyta þessu? Það mun auðvitað verða ítarlega rætt við þessa umræðu. Það skyldi þó ekki vera að það sé verið að taka þessi réttindi til baka af því að ráðherrann gerir sér vonir um að öll umræðan í næstu kjarasamningum hjá opinberum starfsmönnum þurfi að snúast um að ná þessum réttindum til baka þannig að opinberir starfsmenn geti ekki rætt eðlilega um kjarabætur. Auðvitað er tilgangurinn líka eins og við vitum að hæstv. ríkisstjórn er að opna farveg fyrir öll sín einkavinavæðingaráform. Fylgifiskar þessa frv. bíða eftir því að komast á dagskrá, eins og einkavæðing Pósts og síma og bankanna sem sennilega verður beðið með til haustsins þar til búið væri að ná fram þessum skerðingarákvæðum. Póstur og sími er mál út af fyrir sig sem við þurfum að taka sérstaka umræðu um í þinginu. Það á auðvitað að nýta þessi ákvæði sem ríkisstjórnin er að keyra í gegnum þingið til þess að skerða réttindi starfsmanna Pósts og síma, taka af þeim lögbundin réttindi og gera við þá ráðningarsamninga, kannski um lægri kjör. En það er nú ekki hægt að hafa þau lægri en þar.

Einkavæðing Pósts og síma er auðvitað á döfinni þó að þetta sé undir einhverju dulnefni um að það sé verið að breyta Pósti og síma í hlutafélag, að það sé verið að opna þetta til kaupa fyrir fjármagnseigendur í landinu. Mér kæmi ekki á óvart þó ekki innan allt of langs tíma væru Eimskip orðin einn af eigendum Pósts og síma.

Það er ljóst af þeim ályktunum, virðulegi forseti, sem hér hafa verið lesnar — ég hef sjaldan séð þær fleiri í einu máli í þinginu — að þessi vinnubrögð eru fordæmd og þessi réttindaskerðing, um allt land af öllum stéttarfélögum, bæði á opinbera markaðnum og almenna markaðnum. Það skyldi þó ekki vera tilviljun að það er aðeins einn aðili, Vinnuveitendasambandið, tvíburabróðir fjmrh., sem er sammála þessum skerðingum. Það er ósköp lítill munur á húsbóndavaldinu í fjmrn. og uppi í Vinnuveitendasambandi.

Eitt af markmiðum frv. er að ríkið eigi að verða fyrsta flokks vinnuveitandi. Hvað býr hér að baki? Ætlar hæstv. fjmrh. sem er einn stærsti atvinnuveitandinn í landinu að fara í eitthvert kapphlaup við Vinnuveitendasambandið með þessi nýju lög að vopni um hver sé duglegri að píska starfsfólkið áfram? Er það það sem býr að baki? Fjmrh. hefur auðvitað eitt fram yfir VSÍ, það er einn munur. Hann getur í krafti meiri hluta síns náð fram hugðarefnum sínum að skerða kjör og réttindi fólksins með lagasetningu á Alþingi og tekið einhliða ákvörðun um að breyta umsömdum réttindum en VSÍ þarf til þess atbeina ríkisstjórnarinnar og það virðist vera auðsótt þegar VSÍ leitar eftir því að skerða kjör og réttindi fólksins. Þessi nýsjálenska stefna er líka sameiginlegt áhugamál þessara tvíburabræðra í Garðastrætinu og uppi í Arnarhvoli. Það er alveg ljóst. Undir nafni einhvers sveigjanleika í kjörum og réttindum launafólks. En til hvers ætlar fjmrh. að nota þennan sveigjanleika? Er þetta ekki sveigjanleiki sem ráðherrann er að reyna að fá til þess að hægt sé að reka fólk eftir einhverri geðþóttaákvörðun? Sveigjanleiki í að borga þeim betur sem fjmrh. og forstöðumenn einstakra stofnana telja rétt að borga betur eftir einhverri geðþóttaákvörðun. Á mannamáli þýðir þessi sveigjanleiki ekkert annað en skerðing á réttindum og kjörum fólks og skerðing á bótum, sveigjanleiki í því að geta ráðið og rekið fólk o.s.frv.

Það er nokkuð sérkennilegt að við stöndum frammi fyrir því að það er búið að blóðsjúga velferðarkerfið og það verður ekki lengra gengið þar. Hvað er þá tekið til við þegar það verður ekki gengið lengra þar? Þá er farið að skerða réttindi og kjör fólksins. Það er einmitt þetta sem Framsfl. og Sjálfstfl. sameinast um þegar þeir komast í ríkisstjórn að þeir sjá ekkert lengra en skerða réttindi og kjör fólksins. Þar var markhópurinn við síðustu fjárlagagerð. Voru það fjármagnseigendur sem hæstv. fjmrh. var að reyna að ná peningum af til að reyna að minnka halla ríkissjóðs? Nei, aldeilis ekki. Markhópurinn var aldraðir. Það var á ósvífinn hátt og ég hef aldrei séð annað eins eins og við síðustu fjárlagagerð hvernig ráðist var að öldruðum í þjóðfélaginu með margvíslegum hætti og markhópurinn var sjúkir, fatlaðir og atvinnulausir og venjulegt launafólk með lágar og meðaltekjur. Nú þarf hæstv. fjmrh. að bíða næstu fjárlagagerðar fram á haustið og meðan nýtir hann tíma af því að hann getur ekki haft meira af þessum hópum í bili gegnum fjárlagagerðina að skerða réttindi og kjör fólksins.

Þetta eru vinnubrögðin, virðulegi forseti. Það er engin virðing fyrir samráði eða eðlilegum samskiptareglum við fólk. Það eru notuð vinnubrögð og samskipti við verkalýðshreyfinguna sem maður hélt, virðulegi forseti, að þekktist ekki í siðuðu samfélagi en ríkisstjórnin gerir þetta allt í krafti þess meiri hluta sem hún hefur á Alþingi. Það verður fróðlegt að sjá þegar hjúin koma til atkvæðagreiðslu, Framsfl., hvað mörg varadekk springa hjá ríkisstjórninni vegna þess að ég trúi því varla þótt Framsfl. sé ansi langt leiddur í þessu stjórnarsamstarfi að hver og einn einasti þingmaður Framsfl. ætli að greiða frv. atkvæði, þeirri ósvífni að ráðast svona á kjör og réttindi opinberra starfsmanna. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir.

Það hafa borist mjög margar umsagnir við þetta frv. eins og fram hefur komið, virðulegi forseti, m.a. frá BSRB vitanlega, sem fer einmitt mjög ítarlega yfir það hversu ósiðlega ríkið ætlar að breyta forsendum í samningum. Ég ætla að leyfa mér að lesa nokkrar línur í því áliti. Það verður fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra hafi kynnt sér þær mörgu umsagnir sem hér liggja fyrir. Ég leyfi mér að efa það. Honum er greinilega alveg sama hvað fólkið í landinu hefur að segja um þetta mál. Ráðherrarnir í ríkisstjórninni haga sér eins og einræðisherrar, og telja fyrir neðan sína virðingu að eiga eðlileg samskipti við fólk. En í áliti BSRB segir, með leyfi forseta:

„Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamninga ríkisstarfsmanna mynda eina kjaraheild. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna eru gerðir í umhverfi laganna um réttindi og skyldur. Lögin eru þannig forsenda fyrir kjarasamningunum. Sem dæmi má nefna að í kjarasamningum ríkisstarfsmanna eru ekki ákvæði um uppsagnarfrest eða starfslok með öðrum hætti eins og er í kjarasamningum starfsmanna á almennum vinnumarkaði.“ Síðan segir: „Því hefur verið haldið fram að ákvæði laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sé ekki hluti af samningsbundnum kjörum ríkisstarfsmanna. Þetta er rangt. Dæmi eru um að einstök ákvæði laganna eigi uppruna sinn í kjarasamningum. Það sem skiptir þó meira máli er að í ráðningarsamningum langfletra ríkisstarfsmanna er svo um samið að um réttindi og skyldur launþegans fari eftir lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna að svo miklu leyti sem öðruvísi er ekki um samið í ráðningarsamningnum.“

Síðan er farið yfir það, virðulegi forseti, hvernig ýmis réttindi eru háð ávinnslu en það er að þau ávinnist í áföngum en önnur eru áunnin og það er vitnað til þess, og það sýnir meðfram öðru að það er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. sé við

umræðuna, það er vitnað til þess að oddviti ríkisstjórnarinnar mun hafa heitið hluta ríkisstarfsmanna því að þeir héldu ávinnsluréttindum sínum við flutning á grunnskólanum frá ríki til sveitarfélaga. BSRB væntir þess að hið sama verði látið gilda fyrir félagsmenn BSRB við fyrirhugaðar breytingar á lögunum um réttindi og skyldur.

Virðulegi forseti. Mér finnst að hæstv. forsrh. skuldi opinberum starfsmönnum skýringu hvort hann hafi ekkert meint með því sem hann var að segja í þessu efni. Síðan er í umsögn BSRB vitnað til þess hvernig er verið að svipta stóran hóp félaga innan BSRB samnings- og verkfallsrétti. Það er kafli út af fyrir sig, virðulegi forseti, í þessu frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 39. gr. frv. skulu laun og önnur kjör embættismanna ákveðin af kjaranefnd." Mér þykir ekkert skrýtið þó hæstv. fjmrh. þurfi á fresti að halda við þessa umræðu en ég vildi gjarnan að hann hlustaði á mál mitt en væri ekki með annan fund. Ég held áfram, virðulegi forseti: „Af 22. gr. frv. virðist mega ráða að ýmsir félagsmenn stéttarfélaga innan BSRB sem nú hafa samningsrétt um kaup og kjör eigi framvegis að teljast til embættismanna og missa þannig allan rétt til samningsgerðar um kaup og kjör. Þetta virðist einkum eiga að ná til starfsmanna ráðuneyta og sýslumannsembætta, lögreglumanna, fangavarða, tollvarða o.fl. Frumvarpsgreinin snertir samningsrétt margra stéttarfélaga, þar á meðal Starfsmannafélags ríkisstofnana, Landssambands lögreglumanna, Félags starfsmanna Stjórnarráðs og Tollvarðafélags Íslands. Mjög óljóst er hverjir nákvæmlega eigi að heyra undir skilgreininguna „embættismaður." BSRB mótmælir því harðlega að svipta stóran hóp félagsmanna samningsrétti um kaup og kjör."

Það er eðlilegt að BSRB álykti með þeim hætti. Ég held að það sé alveg ljóst að ýmis ákvæði þessa frv., m.a. þetta sem ég var að lesa og vitnaði til í umsögn BSRB, brjóta gegn alþjóðasamningum. Bæði 87. og 98. gr. samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagsmálasáttmála Evrópu. Það er auðvitað nauðsynlegt ekki síður en frv. um stéttarfélög og vinnudeilur að fengin verði álitsgerð um þetta frv. varðandi þessa þætti málsins. Ég get t.d. vitnað í bók um alþjóðlega mannréttindasáttmála þegar verið er að svipta stóran hóp opinberra starfsmanna samningsrétti, verkfallsrétti að það brýtur í bága við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu sem er 6. gr., 4. tölul. en þar segir svo, með leyfi forseta. Það er undir kaflafyrirsögninni Réttur til að semja sameiginlega:

„Í því skyni að tryggja að réttur til að semja sameiginlega verði raunverulega nýttur skuldbinda samningsaðilar sig til" og auðvitað fer hæstv. fjmrh. út þegar ég er að ræða um alþjóðasamninga: „Rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða, þar á meðal verkfallsrétti með þeim takmörkunum sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga."

Mér sýnist nokkuð ljóst að það þurfi að skoða þetta ákvæði í ljósi þessa ákvæðis í alþjóðasamningi. Rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða, þar á meðal verkfallsrétti með þeim takmörkunum sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga.

Hv. efh.- og viðskn. hefur fengið mjög athyglisverða umsögn sem ég held að hv. þingmenn ættu allir að lesa vegna þess að hún tekur mjög ítarlega og faglega á þessu máli. Það er umsögn Félags ísl. hjúkrunarfræðinga. Það er nokkuð athyglisvert að undir hana ritar m.a. Ásta Möller, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og eftir því sem ég best veit er hún einn af varaþingmönnum Sjálfstfl. Það hefði verið full ástæða til þess að hæstv. fjmrh. hefði leitað í smiðju til þessarar konu og til þess að kynna sér hvað hann er raunverulega að gera og hvernig hann er að brjóta á opinberum starfsmönnum. En í umsögn hjúkrunarfræðinga um að svipta starfsmenn samnings- og verkfallsrétti segir:

„Í þessu frv. er ráðherrum gefið mikið svigrúm og aukið vald til að taka ákvörðun um hvaða stöður falla utan samningsumboðs stéttarfélaga. Í 1.–9. tölul. 1. mgr. 22. gr. frv. eru talin upp ákveðin starfsheiti og einnig starfsmenn ákveðinna stofnana. Í 10. tölul. 1. mgr. er síðan bætt við þeim sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum svo og þeir er gegna störfum er öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölul. Í skýringum með 22. gr. frv. kemur fram að ekki sé ætlunin að allir starfsmenn þeirra stofnana sem taldir eru upp í greininni verði embættismenn í skilningi laganna, heldur aðeins þeir sem skipaðir eru í embætti skv. 23. gr. Í 23. gr. frv. er hins vegar ekkert sem takmarkar frekar vald ráðherra til að skipa menn í stöðu.

Af þessu má sjá að vald ráðherra til að ákveða að starfsheiti falli utan samningsumboðs stéttarfélags er mjög mikið. Ráðherra á t.d. að ákveða hverjir það eru sem gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið."

Þetta er mjög sérstakt ákvæði. Ráðherra á að ákveða það hvaða starfsheiti innan þeirra stofnana sem taldar eru upp í 1.–9. tölul. verði skipaðir embættismenn. Eins og fram kom í umsögn félagsins um 1. gr. þessa frv. þá getur félagið fallist á að það er nauðsynlegt að ákveðnir ríkisstarfsmenn njóti meiri ráðningarfestu en aðrir vegna eðlis starfa síns. Félagið telur það hins vegar vera fráleitt að ráðherrar og jafnvel forstöðumenn, sbr. umsögn með 5. gr. frv., hafi möguleika á að taka ákvörðun um það að svipta stóran hluta starfsmanna samnings- og verkfallsrétti eins og gert er ráð fyrir í frv. Þar er ályktað að það stangist auk þess á í 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu sem ég var að lesa áðan og full ástæða er til að fá Lagastofnun til að skoða og einnig ákvæði 87. og 98. gr. samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ég er sannfærð um að verði látið á þessi ákvæði reyna, verði frv. að lögum óbreytt að þessu leyti, að niðurstaðan verði að það sé verið að brjóta þessar alþjóðasamþykktir. Það er í hverju málinu á fætur öðru, sem kemur frá þessari hæstv. ríkisstjórn, verið er að brjóta alþjóðasáttmála. Þessir menn bera ekki virðingu fyrir neinu, ekki launþegum, opinberum starfsmönnum, starfsfólki almenna vinnumarkaðarins, alþjóðasamþykktum sem gerðar eru í þinginu. Það er ekki borin virðing fyrir einu eða neinu.

Svo er alveg ljóst þegar maður les þetta frv. sem hefur það að markmmiði að samræma kjör og réttindi á almennum vinnumarkaði hjá hinu opinbera að það er hægt að taka ákvæði eftir ákvæði í þessu frv. og það sýnir sig að sum ákvæðin ganga í þveröfuga átt við það markmið. Það er verið að setja ákvæði um geðþóttaákvarðanir um að ráðherra eða forstöðumenn geti tekið einfalda ákvörðun um að svipta menn samnings- eða verkfallsrétti. Það er alrangt sem fram kemur í athugasemdum frv. að nú hafi flestir ríkisstarfsmenn fengið samnings- og verkfallsrétt og því sé ekki ástæða til þess að félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna njóti annarrar réttarstöðu en félagsmenn innan vébanda ASÍ. Það

sem er alveg ljóst, virðulegi forseti, er að hæstv. fjmrh. samræmir bara það sem honum hentar við almenna vinnumarkaðinn, *bara það sem honum hentar, samræmir hann* við almenna vinnumarkaðinn og þá er það allt sem lýtur að skerðingu. Það samræmir hann við almenna vinnumarkaðinn en lætur annað eiga sig. Þegar um er að ræða betri réttindi á almenna vinnumarkaðinum er óþarfi að samræma. Þannig eru vinnubrögðin. Það þarf engan að undra þó að þessar umræður séu rétt að byrja, virðulegi forseti, því að þversögnin er mjög mikil í þessari nýju starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar.

Maður furðar sig raunverulega á því hvert ríkisstjórnin er eiginlega að fara og síðan undrast fjmrh. reiði opinberra starfsmanna.

Það má auðvitað nefna fleira í þessu sambandi. Í núgildandi lögum er starfsmanni skylt að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring á því er hann tók við starfi enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar er yfirmaður ákveður en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra. Síðan er sérstaklega tekið fram að breytingar á störfum mega ekki hafa áhrif til skerðingar á launakjörum eða réttindum og ákvörðunum yfirmanna sem þeir geta skotið til ráðherra. Þetta ákvæði hefur verið túlkað þannig m.a. með vísan til ákvæða í almennum vinnurétti að starfsmenn ríkisins eigi ekki að sæta meiri röskun á högum sínum en viðkomandi gat búist við þegar hann réði sig til starfans. Samkvæmt 19. gr. verður starfsmaður nú að sæta því að starfi hans og launakjörum er breytt og eina ráðið sem hann hefur er að segja upp starfi sínu og það sem er athyglisvert, segja upp starfi sínu og jafnvel þiggja lægri laun hluta af uppsagnarfresti. Ósvífni hæstv. ríkisstjórnar gengur svo langt, virðulegi forseti, að hann þarf jafnvel að þiggja lægri laun hluta af uppsagnarfrestinum því ef hann gerir þetta getur hann misst eins mánaðar laun og vinnur einn mánuð á lægri kjörum en hann samdi um í upphafi. Þannig getur framkvæmin orðið á þessu.

Um þetta segir t.d. í umsögn Félags ísl. hjúkrunarfræðinga: „Í núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er í 33. gr. ákvæði um það að starfsmanni sé skylt að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því er hann tók við starfi, enda hafa breytingar ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum."

Þessu er núna verið að breyta, virðulegi forseti. Þarna er gróflega vikið frá þeim markmiðum í þessari blessaðri starfsmannastefnu ríkisins um að samræma réttindi á almennum markaði og hjá hinu opinbera.

Einnig má nefna rétt til að flytja hóp embættismanna á milli embætta. Þannig er hægt að krefja þá um að breyta högum sínum á starfsvettvangi fyrirvaralítið. Ákvæði 36. gr. felur það í sér eins og það er orðað að hægt er að flytja mann úr einu embætti í annað, bara sisvona. Það mætti halda að þeir væru að tala um skepnuhald en ekki mannahald í þessari starfsmannastefnu. Það er eins og menn séu að fjalla um þræla sem megi fara með að vild en ekki manneskjur sem eiga kröfu á því að hafðar séu við þær eðlilegar samskiptareglur og mannréttindi þeirra virt, jafnvel þó hæstv. fjmrh. eigi í hlut. Það er einnig óþolandi valdníðsla og brot á mannréttindum fólks að kveðið er á um vald til að framlengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef margir leita lausna samtímis. Þetta er frekleg íhlutun í ákvörðun fólks um að ráða sjálf hverjum það selur starfskrafta sína. Auðvitað er ekkert slíkt ákvæði að finna á almennum vinnumarkaði. Sama hvar litið er í þessu frv. Alls staðar er gengið á rétt fólks. *Það sem er íþyngjandi umfram almennan vinnumarkað er* annaðhvort haldið áfram í lögunum eða bætt við íþyngjandi ákvæði, en þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa haft umfram almenna vinnumarkaðinn og þeir hafa keypt með lægri launum skulu af þeim tekin. Þetta er boðskapurinn og ein af þversögnunum í þessu frv.

Ríkisstjórnin hefur sjálfsagt ekkert hugsað um afleiðingarnar og er sjálfsagt alveg sama. Hún telur sig geta komist upp með hvað sem vera skal gagnvart launafólki í landinu. Hefur hún virkilega engar áhyggjur af því hvaða afleiðingar þetta muni hafa þegar dregur nær kjarasamningum á þessu ári? Er tilgangurinn sá að kraftar verkalýðshreyfingarinnar eigi að fara í að ná til baka þeim réttindum sem ríkisstjórnin er nú að hrifsa af launafólki þannig að verkalýðshreyfingin verði upptekin við það og komi ekki fram með neinar launakröfur? Nei, ég er svei mér hrædd um að ríkisstjórnin sleppi ekki svo billega. Fólk um allt land er reitt vegna þessarar valdníðslu og ósvífni ríkisstjórnarinnar.

Það sorglega við þetta allt saman og raunverulega þyngra en tárum taki er að þegar við sjáum loksins rofa til í þjóðfélaginu, sjáum einhvern efnahagsbata, vitum við að hann gengur ekki til launafólks sem þó hefur borið hitann og þungann af því að rétta við atvinnulífið og halda uppi stöðugleikanum á undanförnum árum. Launafólk hefur orðið að taka á sig margra milljarða skattbyrði af atvinnulífinu til að treysta atvinnuna í landinu, launafólk hefur mátt búa við það að aftur og aftur er ráðist að velferðarkerfi þjóðarinnar og kjörum þeirra sem eru síst aflögufærir. Launafólk hefur mátt þola engar eða litlar launahækkanir í mörg ár, allt í nafni stöðugleikans í landinu. Svona er verið að verðlauna fólk fyrir að hafa treyst stöðugleikann í landinu með því að herða sultarólina og fá engar launahækkanir svo árum skiptir. Þetta er þakklætið. Verðlaunin eru að það er ráðist að samskiptareglum, réttindum og kjörum fólks með þessum lögum, en samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er skylt að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna og opinbera starfsmenn ef einhverjar breytingar á að gera á slíku. Þetta er svo fullkomin ósvífni að manni verður eiginlega orða vant, hæstv. ráðherra.

Nú stefnir ríkisstjórnin sjálf þessum stöðugleika í hættu með ótrúlegri óbilgirni og þrælslegum vinnubrögðum í garð launafólks og verkalýðshreyfingarinnar. Og fulltrúi Verslunarráðsins situr og hlær alveg eins og fjmrh. Hann er að vinna verk fyrir Verslunarráðið, er það ekki? Það er ekki hlæjandi að þessu, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, það er ekki hlæjandi að þessu. Það er alvörumál þegar verið er að svipta fólk réttindum sem það hefur áunnið sér með því að fá minni laun en gerist og gengur á almennum markaði. Það er ljóst að starfsumhverfi opinberra starfsmanna og starfsfólk á almennum vinnumarkaði er í miklu uppnámi sem getur leitt til stríðsástands á vinnumarkaðnum sem enginn veit hvar endar. Af hverju var ekki hægt að hafa eðlileg vinnubrögð og samskipti við opinbera starfsmenn í þessu máli?

Það er a.m.k. ljóst að þessi vinnubrögð munu stefna þeirri þjóðarsátt sem ríkt hefur á liðnum árum í hættu. Auðvitað er ástæðan, eins og hefur komið fram, stórfelld einkavæðingaráform af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það þurfti auðvitað að skerða biðlaunarétt fólksins til þess að knýja það í gegn og nýir starfsmenn fá engin biðlaun. En af hverju var þá ekki hægt að taka það ákvæði eitt og sér inn í þingið og láta

annað eiga sig í stað þess að rúlla með fullkominni óbilgirni yfir hvert réttindamálið á fætur öðru sem launafólk hefur háð harða baráttu fyrir og kostað hafa miklar fórnir í launamálum í gegnum árin?

Það er alveg rétt sem stendur í áliti minni hluta efh.- og viðskn. sem Ágúst Einarsson mælti fyrir á fyrsta degi þegar við ræddum um þetta mál. Með þessu frv. er brotið gegn eðlilegum samræðuvettvangi sem undirbúningi fyrir lagasmíð, gripið einhliða í kjarasamninga og vegið að rótum skipulags stéttarfélaga á opinberum markaði. Það er verið að skipta opinberum starfsmönnum í flokka, úrvalsflokk einhverra forstöðumanna sem öllu eiga að ráða og fá svigrúm til þess að taka geðþóttaákvarðanir og ákveða einhverjar launauppbætur til einhverra útvaldra sem þeim eru þóknanlegir. Síðan eru aðrir flokkar, annar flokkur sem gæti verið flokkur almenns opinbers starfsmanns sem hefur bæði verkfalls- og samningsrétt og síðan þriðji flokkur sem hefur hvorki verkfalls- né samningsrétt.

Það hefur nokkuð verið rætt um biðlaunaréttinn. Biðlaun eru skert í frv. og biðlaunaréttur felldur niður hjá nýjum starfsmönnum. Þrátt fyrir þessi ummæli hæstv. forsrh. sem ég vitnaði í áðan er rétturinn verulega skertur. En í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ríkisstarfsmenn sem eru í starfi í dag haldi biðlaunarétti sem er þó aðeins brot af þeim rétti sem þeir hafa. Samkvæmt núgildandi lögum á ríkisstarfsmaður sem starfað hefur í 15 ár eða skemur hjá ríkinu rétt á biðlaunum í sex mánuði ef staða hans er lögð niður en hafi hann starfað í yfir 15 ár hjá ríkinu á hann rétt á biðlaunum í 12 mánuði ef staða hans er lögð niður. Nú á að breyta þessu og viðkomandi á rétt til bóta er nemur föstum launum í þrjá mánuði ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár en ella sex mánuði. Þannig að hjá núverandi starfsmönnum ríkisins er verið að skera niður þessi réttindi um helming en fella þau niður hjá opinberum starfsmönnum sem ráðnir eru eftir gildistöku laganna.

Það er alveg ljóst, hverju sem hæstv. ráðherra annars heldur fram, að opinberir starfsmenn hafa litið á biðlaun sem bætur fyrir að réttindaáhersla hjá ríkinu rofnar þegar staða starfsmanna er lögð niður. Biðlaun falla niður ef starfsmanni er boðið sambærilegt starf hjá ríkinu þar sem hann nýtur þá sambærilegra réttinda. Í 14. gr. gildandi laga er starfsmönnum einnig tryggður forgangur að sömu eða sambærilegri stöðu ef hún losnar innan næstu fimm ára sem nú á einnig að breyta þannig að ekki verður um að ræða forgang að sama eða sambærilegu starfi hjá ríkinu. Hér er verið að raska áunnum réttindum án bóta sem hlýtur að varða við stjórnarskrá, hvorki meira né minna. Á þetta hefur margsinnis verið bent í umræðunum. En hæstv. ráðherra hlustar ekki á það frekar en annað.

Þetta er sennilega forsmekkurinn að því sem koma skal að skerða lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna án bóta eða samsvarandi launahækkana. Ég yrði ekki hissa þótt ríkisstjórnin ætli að taka þessar árásir sínar, þessar atlögur í nokkrum áföngum. Og það næsta sem opinberir starfsmenn þurfa að fara að berjast gegn er að tekin verði af þeim lífeyrisréttindin, kannski án bóta eða launahækkana. Það væri a.m.k. líkt hæstv. ríkisstjórn að gera það.

Það hefur nokkuð verið fjallað um æviráðninguna. Það er ljóst að fjölmargir starfsmenn ríkisins hafa sætt sig við lægri laun vegna þess að ekki hefur verið gagnkvæmur uppsagnarfrestur heldur æviráðning. Þetta hefur flokkast undir það sem menn kalla starfsöryggi. Þessi réttur er einhliða afnuminn hjá nýjum starfsmönnum og þeim ekki gefinn kostur á að sætta sig við gagnkvæman uppsagnarfrest eða takmarkaðan ráðningartíma og þá gegn betri kjörum eins og á almennum vinnumarkaði. Ég er alveg viss um að opinberir starfsmenn hefðu vel verið til viðræðu ef ekki hefði verið þetta óðagot á ráðherrunum að sætta sig við að æviráðning yrði afnumin gegn því að á móti kæmu sanngjarnar bætur eða greiðslur. En þetta er bara einhliða tekið af fólki án nokkurra bóta. Hérna er húsbóndavaldinu beitt í krafti meiri hlutans á Alþingi og þetta ákvæði knúið í gegn þrátt fyrir mótmæli opinberra starfsmanna vegna þess að í gegn skal það með góðu eða illu, það er boðskapurinn frá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh.

Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu að ekki sé verið að breyta veikinda- og orlofsrétti, en er það rétt? Hér er vissulega ekki um bein skerðingarákvæði að ræða en það er verið að undirbúa jarðveginn að mínu mati til þess að skerða þann rétt eða hugsanlega að láta opinbera starfsmenn kaupa hann aftur í næstu kjarasamningum.

Það hafa réttilega komið fram í mörgum umsögnum áhyggjur um óvissuna vegna veikindaréttar og fæðingarorlofs en í 12. gr. frv. er ráðgert að hverfa frá því fyrirkomulagi sem nú gildir að veikindaréttur ríkisstarfsmanna og réttur til launa í fæðingarorlofi sé ákveðinn með reglugerð. Gert er ráð fyrir að um þessi atriði skuli framvegis gilda almenn lög, kjarasamningar og kjaraákvarðanir. Það er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af því gagnvart opinberum starfsmönnum sem snýr að fæðingarorlofinu vegna þess að það liggja fyrir tillögur sem kveða á um verulegar skerðingar á fæðingarorlofsrétti opinberra starfsmanna. Og sjálfsagt er hæstv. fjmrh. með þessu ákvæði að flytja þetta inn í kjarasamningana, að undirbúa jarðveginn fyrir það að geta skert fæðingarorlofsrétt opinberra starfsmanna. Ætlar hæstv. fjmrh. að neita því? Það væri a.m.k. athyglisvert innlegg í umræðuna ef hann neitar því að verið sé að breyta þessu eins og hér segir til þess að það sé hægt að skerða á haustdögum eða næsta vetri fæðingarorlofsrétt opinberra starfsmanna.

Það er athyglisvert að þegar við vorum að fjalla um fæðingarorlofsrétt þingmanna þá kom engin athugasemd frá hæstv. fjmrh. Þar er ákvæði mjög ótvírætt. „Alþingismaður á rétt á fæðingarorlofi þann tíma sem lög eða kjarasamningar opinberra starfsmanna kveða á um.“ Þar er ekki gerður greinarmunur á því hvort það er karl eða kona þannig að hæstv. fjmrh. gæti samkvæmt þessu ákvæði, sem ég hef borið undir lögfræðinga, fengið sex mánaða fæðingarorlof og það væri ágætt að við losnuðum við hann úr þingsalnum ef hann tæki sér sex mánaða fæðingarorlof. En þetta er ótvírætt. Þetta er alveg ótvírætt ákvæði sem hæstv. ráðherra hefur ekki gert neina tilraun til þess að fá breytt. Það eru allir alþingismenn sem eiga rétt á fæðingarorlofi og það er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um er að ræða karl eða konu. Ég er viss um að það verður mjög gott fordæmi fyrir opinbera starfsmenn í næstu kjarasamningagerð að gera kröfu til þess að fá sama fæðingarorlofsrétt og hæstv. fjmrh. hefur. Hann getur varla neitað opinberum starfsmönnum um það. Varla hefur hæstv. fjmrh. einhver forréttindi í þessu efni umfram opinbera starfsmenn en það væri kannski eftir öðru að hann hefði það.

Sama má segja um það sem kallað hefur verið makalaun og hefur verið hluti af þeim réttindum sem opinberir starfsmenn hafa haft. En það má lesa út úr ákvæðum til bráðabirgða að þeim eigi að breyta. Við fráfall starfsmanns á maki rétt á þriggja mánaða launum og þetta nær til maka allra

starfsmanna nú. Þessu á að breyta og í ákvæði til bráðabirgða er vikið til þess að þetta ákvæði eigi að gilda þar til um annað hefur verið samið, þó ekki um embættismenn. Það virðist því vera að hæstv. ráðherra undirbúi það að semja þetta út af borðinu í næstu kjarasamningum nema fyrir embættismenn. Embættismenn eiga að halda þessu, úrvalsflokkurinn á að halda þessum réttindum.

Virðulegi forseti. Nú erum við komin að einum ljótustu ákvæðum þessa frv. og er af mörgu að taka. Hér er verið að biðja um heimild til þess að reka opinbera starfsmenn vegna heilsubrests. Svo langt er gengið í þessu frv. að það er verið að biðja Alþingi um það að hæstv. ráðherra og forstöðumenn fái heimild til þess að reka starfsmenn vegna heilsubrests. Þetta er boðskapurinn í hinni nýju starfsmannastefnu afturhaldsaflanna í landinu. Húsbændurnir, Sjálfstfl., boðar starfsmannastefnu þar sem reka má fólk vegna heilsubrests og hjúin, Framsfl., fylgja á eftir og segja ekki orð í þingsölum til þess að mótmæla þessu og samþykkir að reka megi fólk vegna heilsubrests. Maður trúir varla sínum eigin augum að lesa þetta ákvæði 30. gr. frv. Það er ekkert verið að fela það. Þetta er sagt alveg berum orðum að hægt sé að láta fólk fara vegna heilsubrests. Þegar maður les sum ákvæði þessa frv. eins og þetta sem ég hef vitnað í er eins og maður sé kominn ein 100 ár aftur í tímann. Nú á að reka fólk vegna heilsubrests. (**Gripið fram í:** Eina öld.) A.m.k. eina öld, hv. þm., ef ekki lengra. Eins og maður sé kominn 100 ár aftur í tímann þegar verkafólk var algerlega réttindalaust gagnvart vinnuveitanda sínum og var kúgað áfram af atvinnurekendavaldinu gersamlega réttindalaust. Við erum að endurlifa þessa sögu. Sum ákvæði þessa frv. eru alveg með ólíkindum. Ég held, virðulegi forseti, að það sé nokkuð ljóst að stór hluti fólks fyrir utan þetta Alþingishús viti ekki um það hvað hér er á ferðinni. Þótt opinberir starfsmenn og félög opinberra starfsmanna hafi verið að reyna að kynna þessi skerðingarákvæði þá held ég að fólk viti almennt ekki um hvað hér eru alvarleg ákvæði á ferðinni. Mér liggur við að segja að við séum að fjalla um alvarlegri skerðingarákvæði, alvarlegri atlögu að fólki en við höfum þó í því umdeilda frv. sem er stéttarfélög og vinnudeilur. Það er aumingja hæstv. félmrh. sem fær allar skammirnar. Enginn talar um hæstv. fjmrh. Hann situr bara glottandi í sínum stól, allt bitnar á hjúinu, hæstv. félmrh. En þetta held ég að sé bara miklu verra en það sem við erum að sjá í frv. til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er því full ástæða til þess að ræða þetta mál nokkuð ítarlega, virðulegi forseti.

Það er alveg ljóst að þetta ákvæði sem hér á að fara að breyta og veita forstöðumönnum það vald að hafa þá svipu að reka bara fólk, m.a. út af heilsubresti, að opinberir starfsmenn hafa keypt sér þetta ákvæði með harðri baráttu til að tryggja fólk vegna langvarandi veikinda. En því er bara kippt á brott sisvona einhliða án nokkurs samráðs eins og allt annað í þessu frv.

Ég er enn að vitna í þetta ágæta plagg frá Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga, undirrituðu af Ástu Möller, formanni Félags ísl. hjúkrunarfræðinga og einum af varaþingmönnum Sjálfstfl. Ég hef sagt það og endurtek að hæstv. fjmrh. hefði átt að leita í smiðju til þessarar ágætu konu vegna þess að það væri mjög gagnlegt fyrir hæstv. ráðherra að lesa mjög ítarlega yfir þessa umsögn. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra hefði gert það. Í umsögn um greinina um að það megi reka fólk vegna heilsubrests segir:

„Í 30. gr. er kveðið á um að skylt sé að veita embættismanni lausn frá störfum vegna heilsubrests ef hann hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfellt í eitt ár eða sem svarar 1/18 af samfelldum starfstíma hans hjá ríkinu ef sá tími er lengri en eitt ár."

Í skýringum með 30. gr. frv. er vísað í 5. gr. reglugerðar um veikindaforföll starfsmanna ríkisins og látið að því liggja að hér sé um að ræða efnislega sömu hlutina þó með annarri útfærslu vegna fimm ára skipunartíma embættismanna. Þetta er ekki rétt. Í 5. gr. reglugerðarinnar segir að ef starfsmaður hefur verið frá störfum vegna veikinda svo mánuðum skiptir á hverju ári um fimm ára tímabil eða ef starfsmaður hefur verið frá starfi vegna veikinda tvöfaldan þann tíma er hann átti rétt á að halda launum með fjarveru sinni þá megi veita starfsmönnum lausn frá starfi. Ef starfsmenn hafa starfað í þjónustu ríkisins í 20 ár eiga þeir samkvæmt reglugerð rétt á launum í eitt ár í veikindum og þurfa því að vera frá störfum vegna veikinda samfellt í tvö ár til þess að stjórnvöld hafi heimild til að veita þeim lausn frá störfum vegna veikinda. Í frv. er hins vegar skylda að veita starfsmönnum sem starfað hafa í þjónustu ríkisins í 20 ár lausn frá störfum. Það er skylda að reka þá ef þeir hafa verið fjarverandi vegna veikinda samfellt í rúmlega 13 mánuði."

Þetta er boðskapurinn. Þetta er hin nýja starfsmannastefna hæstv. fjmrh. Síðan eru ýmis önnur ákvæði sem þarf að fara ítarlega í og ég mun gera í minni seinni ræðu í þessari umræðu, virðulegi forseti, sem ég geri ráð fyrir að verði á þriðjudag eða miðvikudag í næstu viku en það er málskotsréttur. Það er alvarlegt ákvæði í þessu frv. að skertur er möguleiki starfsmanna til að skjóta ákvörðun yfirmanns til æðra stjórnsýslustigs. Það getur ekki annað verið en þetta gangi þvert á ákvæði stjórnsýslulaga og mun ég koma að því síðar að ég held að verið sé að brjóta stjórnsýslulögin á opinberum starfsmönnum. Stjórnsýslulögin, stjórnarskráin, alþjóðlegir samningar. Allt sem hægt er að brjóta er brotið.

Síðan er það ákvæðið um áminningu eða ákvæði 21. gr. og 44. gr. en þar er mikil réttarskerðing eins og margt annað. Þannig er gert ráð fyrir í 44. gr. að ekki sé skylt að veita manni áminningu áður en honum er sagt upp störfum án tillits til þess hver ástæða uppsagnarinnar er. Hér á að lögfesta einn eina geðþóttaákvörðunina. Síðan er ákvæði um að það sé unnt að segja starfsmanni upp án áminningar og án þess að gefa honum kost á að bæta ráð sitt. Ég tel að hér sé verið að fara inn á mjög hættulega braut, vægast sagt mjög hættulega braut og um sé að ræða ákvæði sem brýtur gegn stjórnsýslulögum. Hér er bara hægt að taka einhverja stjórnvaldsákvörðun án nokkurrar skýringar og reka opinberan starfsmann.

Ég spyr: Hvert eru menn að fara? Hvaða nýju samskiptareglur eru það sem verið er að taka upp hjá stærsta atvinnurekanda landsins, fjmrh.? Það er alveg ótrúlegt hvað hæstv. fjmrh. og hans samstarfsmönnum uppi í fjmrn. dettur í hug. Þeir leika að vísu nokkuð lausum hala vegna þess að það er ekkert aðhald í Framsfl. Þeir komast upp með frjálshyggjuna sína alveg óhefta á varadekkjunum inn í þingsal og komast upp með þetta allt saman. Hugmyndaflugið er alveg á fljúgandi ferð uppi í fjmrn. núna. Þeir hugsa hvað sé nú hægt að gera meðan þeir eru með svona auðsveipan samstarfsflokk eins og Framsfl. Það tækifæri skal nú notað til þess að koma öllum frjálshyggjuákvörðununum í gegn. En að mörgu leyti má náttúrlega segja að hæstv. fjmrh. sé samkvæmur sjálfum sér. Hann hefur alltaf talað fyrir bullandi frjálshyggju og einskis svifist í þeim efnum. Þeir sem

hafa verið að andmæla honum, sem einhverjir eru kannski til í hans flokki, hafa bara gefist upp. Valdið í landinu liggur hjá tveim eða þrem ráðherrum og tveim eða þrem mönnum uppi í Garðastræti gegnum miðstýrt atvinnurekendavald. Það eru örfáir menn sem ráða og stjórna öllu í þessu landi og svo eru til fjármagnseigendur sem njóta náttúrlega góðs af öllu. Þetta er sú staða sem við búum við. Í skjóli alls þessa er tækifærið nýtt og ráðist hvar sem hægt er að kjörum og réttindum fólksins.

Ég held það sé mjög alvarlegt ákvæðið sem kveður á um að skerða möguleika starfsmanns til að skjóta ákvörðun til yfirmanns og þau ákvæði sem er að finna varðandi það hvernig hægt er að reka fólk og fara með það.

Síðan er furðulegt ákvæði um að veita áminningu ef ekki er um fullnægjandi árangur í starfi að ræða, fullnægjandi árangur í starfi. Það veit enginn hvað þetta þýðir. Það er inntak stjórnsýslulaga, virðulegi forseti, að þegar yfirmenn taka íþyngjandi ákvarðanir er varða starfsmenn ber þeim að taka tillit til hagsmuna og réttinda starfsmanna samkvæmt stjórnsýsulögum. Það felur vitaskuld í sér að eðlilegt sé að starfsmönnum sé gefinn kostur á að bæta ráð sitt áður en yfirmenn taka ákvörðun um áminningu eða uppsögn starfsmanna. Báðar þessar greinar, 21. og 44. gr., sem kveða á um þessar geðþóttaákvaðranir yfirmanna, stangast á við ákvæði stjórnsýslulaga. Það væri nauðsynlegt að hafa formann efh.- og viðskn. til að spyrja hann út í um þetta mál. Var það skoðað hvort verið væri að brjóta hér ákvæði stjórnsýslulaga?

Síðan eru það alvarlegustu ákvæði frv. Það er þessi svokallaða yfirvinnuskylda og það að afhenda forstöðumönnum ríkisstofnana þetta einhliða vald á því hverjir geta fengið launahækkanir og hverjir ekki. Nú er bara skylt að vinna yfirvinnu, ákvæði um það í lögum að það sé skylt að vinna yfirvinnu. Þetta er ekkert líkt því sem er í löndunum í kringum okkur og við berum okkur saman við, þar sem dagvinnan nægir yfirleitt til framfærslu. Hér er verið að skylda fólk til yfirvinnu. Það er auðvitað verið að fjarlægjast þau markmið, enda næst það varla undir þessari ríkisstjórn, að dagvinna nægi til framfærslu. Þetta er furðulegt ákvæði.

Það er alveg ljóst í mínum huga, hæstv. ráðherra, að með ákvæðinu um að forstöðumenn fái einhliða vald til þess að ákveða hverjir geti fengið launahækkanir og hverjir geti ekki fengið launahækkanir, er verið að festa í sessi það neðanjarðarhagkerfi sem við höfum búið við í kjarasamningum, varðandi kjaramálin í þjóðfélaginu.

Það er siðlaust að gera þetta svona og mun enn auka á það frumskógalögmál sem gildir um öll kjaramál í landinu. Það er sett í vald forstöðumanna hverjir séu verðugir og hverjir ekki til að fá launahækkanir, hverjir eru í náðinni hjá forstöðumönnunum og hverjir ekki. Þetta er varla til þess fallið að bæta andrúmsloftið á vinnustöðunum, fyrir utan það að mismuna verulega í kjörum. Fjmrh. setur reglur og auðvitað án samráðs við opinbera starfsmenn. Það á ekkert að virða ákvæði 36. gr. laganna varðandi þetta fremur en hitt. Og fjmrh. kemst ekki upp með annað en svara því sem margítrekað hefur verið spurt um: Á hverju eiga þessar reglur að byggja? Hann getur ekki boðið Alþingi upp á að það eigi að fara að lögfesta svona ákvæði án þess að Alþingi hafi neina hugmynd um á hvaða forsendum hér á að byggja.

Ég held að ég hafi séð það í áliti meiri hlutans að það eigi að miða við sérstakt álag og árangur í starfi og síðan eigi að leggja til grundvallar hæfni og álag að mér skilst. Síðan klifar ráðherrann á því að það sé ákvæði um það að þetta eigi að gilda jafnt gagnvart konum og körlum. Það er réttlætingin. Hins vegar er ég alveg alveg sannfærð um að þetta mun enn auka launamuninn í þjóðfélaginu og ekki síst á milli kvenna og karla. Við höfum jafnréttislögin þegar verið er að vísa í að það standi einhver parsus um það að konur og karlar eigi í jöfnum mæli að njóta þessa. Við höfum jafnréttislögin sem segja að konur og karlar eigi að njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Það eru engin lög í landinu eins mikið brotin og jafnréttislögin. Auðvitað verður litið fram hjá þessu ákvæði. Þeir fara með það eins og þeim sýnist, þeir forstöðumenn sem fá þetta geðþóttavald.

Ég spyr: Hvaða möguleika eiga kvennastéttirnar í gegnum þessi ákvæði? Hvað verður lagt til grundvallar, ábyrgð á mannlegum verðmætum eða ábyrgð á fjármagni og peningalegum verðmætum? Verða umönnunarstörfin ekki hunsuð? Ég spyr: Hvaða möguleika eiga kvennastéttirnar á spítölunum sem bera ábyrgð á umönnun barna, sjúkra og aldraðra? Verður þeim umbunað? Og ég spyr: Verður eitthvað í þessari reglugerð um það að stofnanir sem fara fram úr á fjárlögum og forstöðumenn þeirra geti ekki átt rétt á að umbuna fólki sínu með þessum launahækkunum? Þá er auðvitað borin von til þess að fólk t.d. á spítölunum eigi möguleika á að fá launauppbót eða launahækkanir.

Ég vildi ræða ýmislegt fleira varðandi þessa grein, virðulegi forseti, en ætla að geyma mér það þar til ég tek aftur þátt í 2. umr. þessa máls vegna þess að efnið er óþrjótandi sem hægt er að ræða um varðandi þessa grein og hve hættuleg hún er. Það kemur fram t.d. í umsögn BSRB að nýleg launakönnun sýni að $^2/_3$ hlutar launamunar milli kvenna og karla megi skýra með mismunun í greiðslum sem eru ákvarðaðar af yfirmönnunum. Og nú á að fara að auka það að yfirmenn geti beitt þessum greiðslum. En kannanir sýna að $^2/_3$ hlutar launamunar kvenna og karla megi skýra með mismunun í greiðslum. Það er ekki nýtt að þetta hafi verið inni. Mér skilst að BSRB fari yfir það í sinni umsögn að eitthvað slíkt ákvæði svipað þessu hafi áður verið í gildi, það hafi verið numið úr gildi en reynslan af því hafi verið þannig, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn virtust aðallega nota heimildina með þrennum hætti. Sumir notuðu hana alls ekki, vildu ekki mismuna starfsmönnum en aðrir notuðu hana fyrir alla starfsmenn, töldu alla starfsmenn eiga rétt á sérstakri umbun. Þriðji hópurinn reyndi samkvæmt mati að láta suma njóta en aðra ekki. Þessir forstöðumenn uppskáru í ríkum mæli óánægju þeirra starfsmanna sem ekki nutu og töldu sér mismunað."

Við höfum því reynslu af þessari framkvæmd sem hér á nú að fara að lögfesta.

Síðan er sérkafli sem þarf að ræða mjög ítarlega. Það er kaflinn um að standa utan stéttarfélaga. Það er ljóst að með þessum kafla er verið að brjóta niður stéttarfélög í landinu, hvorki meira né minna. Þeir sem standa utan stéttarfélaga og eiga að geta það samkvæmt ákvæðum frv., eiga að geta notið þeirra réttinda og kjara sem opinberir starfsmenn þurfa að berjast fyrir en þurfa ekkert að greiða í sameiginlegan sjóð verkalýðshreyfingarinnar með félagsgjöldum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Ég á að vísu alveg eftir að fara yfir þessar umsagnir en ég veit að það eru fleiri sem þurfa að komast að. Ég ætla að fá að komast aftur að þegar möguleiki gefst vegna þess að ég á eftir að fara ítarlega yfir umsagnirnar og ég á líka eftir að fara ítarlega yfir, virðulegi forseti, nefndarálit minni hluta efh.- og viðskn. sem er mjög athyglisvert og tekur á mörgum

þáttum sem ég hef ekki komist til þess að taka á og vil ég bíða þar til ég fer næst í ræðustól.

Það er sama hvar litið er, virðulegi forseti, á þetta frv. Hér er verið á mjög óbilgjarnan hátt að ráðast að kjörum og réttindum launafólks. Og það sem meira er, það er með margvíslegum hætti líka gerð tilraun til þess að brjóta niður verkalýðshreyfinguna þannig að atvinnurekendavaldið í Garðastræti og atvinnurekendavaldið í fjmrn. fái alræðisvald til þess að berja á launafólki í landinu.

[16:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er því miður ekki tækifæri til þess á einni eða tveimur mínútum að svara öllu því sem kom fram hjá hv. þm. Flest af því voru gamlir kunningjar reyndar. Það var athyglisvert hvernig hún endaði ræðuna því að hún sagðist eftir þessa ræðu sína þurfa að flytja aftur ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar sem las upp nefndarálit minni hlutans. Nú treystir formaður Þjóðvaka ekki sínum eigin manni betur en svo að hún vill flytja þetta nefndarálit aftur. Ég býst við því (**Gripið fram í:** Sjaldan er góð vísa of oft kveðin.) að það þurfi að gera og sé í stíl við þá málsmeðferð sem hérna hefur tíðkast í þessari umræðu.

En það eru tvö atriði sem ég tel ástæðu til að nefna nú þegar. Annað snertir fæðingarorlofið og hitt æviráðninguna. Hv. þm. sagði um fæðingarorlofið að ég hefði ekkert aðhafst varðandi breytt lög um alþingismenn. Þetta er aldeilis rangt því að fjmrn. hefur gert athugasemdir við yfirlýsingu Jafnréttisráðs og telur að það eigi að skilja ákvæðið í lögunum um alþingismenn þannig að það sé ekki víðtækari réttur en er í þeim lögum sem hér er verið að breyta.

Ég vil einnig láta það koma alveg skýrt fram að með bráðabirgðaákvæðinu í frv. er kveðið á um það mjög skýrt að núgildandi reglugerð standi óbreytt. Það þýðir hins vegar að einungis fastráðnar konur njóta launagreiðslna í barnsburðarleyfi og þess vegna þarf að breyta reglugerðinni ef það á að ná til annarra starfsmanna einnig. En í dag er talið útilokað að regugerðin nái jafnt til karla og kvenna vegna orðalags þessara laga. Þetta þarf að koma mjög skýrt fram.

Í öðru lagi vil ég ræða æviráðninguna. Hv. þm. gaf í skyn að það ætti að vera launamunur á milli þeirra sem væru æviráðnir og hinna. Ég veit ekki hvort hv. þm. veit að ef við teljum frá kennarana þá munu 1.800 ríkisstarfsmenn vera æviráðnir eða u.þ.b. 10%. Það vinna í dag hlið við hlið hjá ríkinu fólk sem er æviráðið, sem svo er kallað, og hinir sem eru á gagnkvæmum uppsagnarfresti. Launamunurinn er enginn og hefur ekki verið í tíu ár. Það væri því algjört nýnæmi *ef ætti að fara að taka það upp af því tilefni að verið sé að* breyta lögunum. Ég held að flestum sé ljóst að þetta er úrelt og það hefur ekki komið fram að það eigi að bæta mönnum það upp í launum þótt lögunum sé breytt að þessu leytinu til. Þetta tvennt vildi ég að kæmi fram hér strax. Hin atriðin sem hv. þm. nefndi verða að bíða þar til ég flyt ræðu mína við þessa umræðu einhvern tíma síðar í þessum mánuði.

[17:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að fjalla hér aðeins um fæðingarorlofsréttinn en varðandi æviráðninguna bíð ég með hana þar til í seinni ræðu minni sem verður sennilega einhvern tíma í næsta mánuði. En varðandi fæðingarorlofið fannst mér þetta mjög fróðleg ræða. Hæstv. ráðherra gefur í skyn að hann þurfi að breyta reglugerð til þess að fæðingarorlofið nái líka til karla. Þá spyr ég ráðherrann hvort hann muni, þegar þessi lög hafa verið samþykkt, vinda sér þá í það að breyta reglugerðinni þannig að fæðingarorlof nái líka til karla og — það undirstrika ég — að þeir hafi þá sex mánaða fæðingarorlof líkt og hæstv. fjmrh. sjálfur. Lögin um alþingismenn eru ótvíræð og ef ætti að láta reyna á þetta ákvæði fyrir dómi er ég alveg sannfærð um að það mundi falla þeim í hag sem sækti slíkt mál. Lagaákvæðið er það ótvírætt. Spurning mín er sú: Verður þá opnað fyrir það að fæðingarorlof nái til karla? Munu þeir fá sex mánaða fæðingarorlof líkt og er í lögunum um alþingismenn? Hæstv. ráðherra hefur miklar áhyggjur af að ég ætli að lesa hér upp álit minni hlutans fram í næsta mánuð. En hann verður bara að una því að sitja undir umræðunni svo lengi sem þarf. Og ég vitna auðvitað í þetta ágæta nál. vegna þess að í því eru ýmis efnistariði sem ég komst ekki til að ræða hér. Hæstv. ráðherra veitti svo sannarlega ekki af því að hafa þetta nál. á náttborðinu sínu og lesa það kvölds og morgna.

[17:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um fæðingarorlofið eða hvort að ég ætli mér að samþykktum þessum lögum að gera breytingar á reglugerðinni. Ég vitna til þess að það hefur verið talið að um þessi mál sé fjallað í samskiptum milli vinnuveitandans og launþeganna, þessi tilteknu réttindi. Og ég býst við því að þau verði til umræðu þegar um kjarasamninga verður að tefla. Ég get ekkert staðhæft um þetta núna en það er hins vegar athyglivert að hv. þm. skuli spyrja þessarar spurningar því í henni felst að hv. þm. ætlast til þess að ég breyti reglugerðinni sem ekki er hægt að gera nema með breyttum lögum. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þm.: Er hann tilbúinn til að stuðla að breytingum á þessum lögum þannig að hægt sé að breyta reglugerðum sem byggjast á lögunum? Það væri fróðlegt að heyra hv. þm. svara því þótt ég fari nokkuð nær um svarið.

Svo vil ég að lokum, virðulegi forseti, láta koma hér skýrt fram að ég tel, og ég held að öll gögn bendi til þess hvað sem segja má um nákvæmni lagatextans, að í lögunum um alþingismenn var aldrei ætlunin að alþingismenn fengju meiri rétt en opinberir starfsmenn. Enda var vísað í lögin beinlínis til þess að sjá um að þeir fengju sambærilegan rétt en ekki annan og meiri rétt. Og fyrst farið er að ræða um alþingismenn í þessu sambandi þá er best að ég láti það fara hér að ég tel að verði þessi lög samþykkt, sem sagt þetta frv. sem hér er, þá beri alþingismönnum að breyta sínum réttindum með tilliti til þeirra breytinga sem hér er verið að gera. Þá er ég að tala um t.a.m. biðlaunaréttinn. Allir vita að ráðning alþingismanna er ekki nema í hæsta lagi fjögur ár en varðandi biðlaunaréttinn tel ég að það sé kominn tími til að alþingismenn geri sams konar breytingar á sínum kjörum hvað þetta snertir og ætlunin er að gera með því lagafrv. sem hér liggur fyrir.

[17:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvort ég sé tilbúin til að beita mér fyrir því með honum að lögum um fæðingarorlof verði breytt. Það er eðlilegra að hæstv. ráðherra snúi sér til opinberra starfsmanna sjálfra, sem hann hefur ekki gert, til þess að ræða hvernig með þau mál skuli farið. Það sem vakti fyrir mér með þessu var að inna eftir áliti hæstv. ráðherra á því hvort að með þessu væri þá verið að opna fyrir möguleika til þess að breyta reglugerð eða semja um það í

kjarasamningum að opinberir starfsmenn fengju sex mánaða réttindi. Og nú hefur hæstv. ráðherra húsbóndavaldið, atvinnurekendavaldið gagnvart opinberum starfsmönnum. Þá væri fróðlegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að karlar fengju einnig sex mánaða fæðingarorlof líkt og konur. Hver er afstaða ráðherrans til þess? Mér finnst hún ekki hafa komið fram. Hann hefur áhyggjur af því sem snýr að eigin réttindum og vill samræma þetta sem ég tel alveg hið besta mál. En ég finnst mjög mikilvægt að fá fram hver afstaða ráðherrans til þess að opinberir starfsmenn, karlar, hafi sömu réttindi, fái sex mánaða fæðingarorlof.

[17:07]

Útbýting þingskjala:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, brtt. KÁ, þskj. 945.

Tóbaksvarnir, 313. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 941; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 942.

Þjóðminjalög, 285. mál, nál. menntmn., þskj. 943; brtt. menntmn., þskj. 944.

[17:07]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann létti sér það ok sem hann var að lýsa hér áðan að blasti við að sitja hér undir ræðum og svara þingmönnum fram í lok þessa mánaðar eða fram í næsta mánuð með því að draga þetta frv. til baka og ganga til þess leiks sem ég tel vera heiðarlegan, þ.e. að gefa samningsaðilum möguleika á að semja um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í haust og í vetur á eðlilegan máta. Ég mælist til þess að hann geri það. Ég skal stöðva mitt mál þegar ég verð var við að hann kinki kolli og ég skal gera það strax ef hann kinkar kolli. En ég sé að hann gerir það ekki þannig að hann ætlar sér greinilega að sitja hér fram í næsta mánuð því óþrjótandi er umræðuefnið. Ég hafði aðeins með mér brot af þeim pappír sem fulltrúar þeirra félaga hafa skrifað undir og samið og sent til okkar alþingismanna. Og allt eru þetta mótmæli við þessu plaggi, ósómaplaggi vil ég segja, sem er frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Herra forseti. Mér þykja undarleg viðbrögð stjórnarmeirihlutans með hæstv. fjmrh. og hv. formann efh.- og viðskn. í broddi fylkingar við því að stjórnarandstaðan á þingi leggur sig öll fram sem einn maður um að fá þetta frv. út af borðinu og að ríkisstjórnin taki það aftur til vinnslu að nýju. Viðbrögð þeirra við þessu eru hreint ótrúleg. Þeir reyna að gera lítið úr viðbrögðum stjórnarandstöðu. Þeir reyna að gera lítið úr fundum verkalýðsfélaganna 1. maí. Þeir telja allar álitsgerðir og ályktanir marklaust þvaður. Þeir telja að allir þeir sem lagt hafa mikla vinnu í yfirferð á þessu dæmalausa plaggi, frv. er um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, fari með marklaust þvaður og vinnubrögð við ályktanirnar séu til framdráttar fyrir frv. Hafa menn heyrt annað eins? Ég vil segja, hæstv. ráðherra, að:

> þótt ráðherrann nefni þetta reiðiraus
> og rökin mold sem fjúki
> er umræðugetan endalaus
> sem engin von er að ljúki.

Ég hef unnið með hv. þm. og formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni, að fjölmörgum málum. Hann hefur almennt reynst gaumgæfinn í sínum verkum. Mér þykir miður hvernig þetta frv. um skerðingar gagnvart þúsundum starfsmanna ríkisins er keyrt hér inn í þingið. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé á grundvelli skammtímasjónarmiða tilbúinn til að fórna þeirri sátt og þeim friði sem þolanlegt samkomulag um réttindi og skyldur og stéttarfélög og vinnudeilur hefði getað skapað í þjóðfélaginu. Er hæstv. fjmrh. virkilega svo veruleikafirrtur að hann sjái ekki að í stað skerðinga verður að grípa til ráðstafana til að greiða láglaunafólki mannsæmandi laun? Ég trúi því ekki, herra forseti, að setan í hinum mjúku sessum hafi svipt hann svo sýn eða skyni að hann sé ekki meðvitaður um að fátækt hefur hreiðrað um sig á Íslandi, landi alsnægtanna að mati margra.

Í allri þeirri súpu mótmæla sem hefur borist í hendur þingmönnum eða í öllum þeim skjölum er m.a. sérstakt bréf eða afrit, dagsett 8. maí 1996, sem var sent til hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi í Prófessorafélagi Háskóla Íslands 25. mars sl. var samþykkt með einu mótatkvæði að vinna að þeirri breytingu á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að prófessorum yrði bætt inn í upptalninguna á embættismönnum eða með öðrum orðum að þeir yrðu embættismenn. Aðeins þriðjungur prófessoranna var á þessum fundi. Margir sem ekki voru þar telja sig ekki félagsmenn í samtökunum sem ekki er formlegt félag innan Félags háskólakennara. Engu að síður var þessi samþykkt gerð og henni síðan fylgt eftir af miklum skörungsskap eins og alþjóð hefur orðið vitni að síðustu vikur. Félag háskólakennara er enn þá stéttarfélag prófessoranna og gangi þeir úr því hefur það eftirfarandi afleiðingar fyrir þá sem eftir eru:

Félag háskólakennara er svipt verkfallsvopni sínu þar sem stór hópur félagsmanna má ekki fara í verkfall og mun starfa áfram ef til verkfalls kemur.

Framgangskerfið sem metið hefur verið til launaprósentna í kjarasamningum háskólakennara undanfarin ár er lagt í rúst.

Afnám framgangskerfisins mun bitna á öllum yngri starfsmönnum háskólans þar sem konur eru fjölmennastar.

Háskólaráð þar sem aðeins prófessorar mega sitja sem fulltrúar deilda hefur ályktað þann 28. mars 1996 að staða prófessora sem embættismanna skipti sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknastofnunar. Félag háskólakennara hefur borið á móti þessu opinberlega.

Undirritaðar" — því það eru allt konur, 41 kona sem rita undir þessa ályktun eða þetta bréf — „telja sér skylt að benda á afleiðingar þessara breytinga fyrir jafnréttismál innan Háskóla Íslands. Konur hafa verið vaxandi meiri hluti stúdenta, einkum í hug- og félagsvísindum síðustu árin. Síðasta áratuginn hefur konum sömuleiðis fjölgað í hópi kennara og sérfræðinga Háskóla Íslands en það hefur gengið fremur hægt. Það má nefna sem dæmi að af 72 lektorum við Háskóla Íslands eru konur 35 eða 48,6% en af 134 dósentum eru 24 konur eða 17,9% og af 148 prófessorum eru þær 9 talsins eða 6,1%. Það verður að segjast eins og er að konur hafa átt örðugt uppdráttar innan Háskóla Íslands. Prófessorar einir eiga rétt til setu í æðstu valdastofnunum háskólans og þeir skipa í valdamiklar nefndir þar sem ýmist situr engin kona eða konur eru í miklum minni hluta. Sjónarmið kvenna, bæði hvað varðar stefnumótun háskólans almennt og mótun hans sem vinnustaðar koma lítið fram og jafnréttisumræða hefur verið lítil."

Herra forseti. Þetta er m.a. í þessu bréfi þar sem 41 kona undirritar. Þetta bréf lýsir skoðun á áhrifum sem það hefur að bæta prófessorum inn í upptalninguna embættismenn ríkisins. Eins og ég sagði áðan ritar 41 kona undir þetta plagg, allt að sjálfsögðu hinar mætustu manneskjur. Ég trúi því ekki,

herra forseti, fyrr en ég tek á því að hæstv. fjmrh. misvirði þessar undirskriftir með því að kalla þær marklaus mótmæli því að þá heggur ef ég skil rétt hæstv. ráðherra í sinn betri helming því að ég sé ekki betur en hér sé nafn eiginkonu hæstv. fjmrh. undir þessu plaggi. (**Fjmrh.:** Hv. þm. sér mjög vel.) Hv. þm. telur sig geta lesið þetta og ég lít á þetta sem staðfestingu, hæstv. fjmrh., að þessu muni kippt til baka og þessu verði breytt, eitt af mörgu sem hlýtur að verða breytt í þessu frv. ef það verður ekki dregið út af borðinu eins og ég geri mér sterklega vonir um. (**HjálmJ:** Vertu ekki að spilla á milli þeirra.) Ég treysti því að hv. þm., prestlærður, geti þá einhvers staðar komið inn í það mál og blessað milli hjónanna.

Að auki við umrætt frv. er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að setja fram önnur frumvörp, svo sem samningsstjórnunarfrv., embættisbústaðasölufrv. o.fl. Allt saman lýtur þetta einhverjum skerðingum samkvæmt þeim umsögnum sem hafa komið um frumvörpin Mér sýnist að svo mörgum frumvörpum ríkisstjórnar sé beint gegn launafólki að það er með hreinum ólíkindum og ég spyr: Er það meining ríkisstjórnarinnar að á einhvern hátt skuli beygja lýðinn, hvort sem það næst fram með brotum á alþjóðasamþykktum sem Ísland hefur gerst aðili að eða í krafti þess valds sem gífurlegur þingmeirihluti skapar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh.?

Herra forseti. Það væri svo sannarlega maklegt að ræða hvert einasta plagg, hver einustu mótmæli sem þingmönnum hafa borist gegn þessu frv. Að auki er annað eins magn af mótmælum sem hefur borist frá stéttarfélögum á hinum almenna vinnumarkaði. Ég tel að það væri maklegt vegna þeirra orða sem hafa fallið að aðeins örfáir leggist gegn þessu frv. og einnig gegn frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég hef hugsað mér að láta mér nægja að taka af handahófi nokkur plögg úr þeim bunka sem hefur borist og ég mótmæli því, herra forseti, að þessi plögg séu sett fram aðeins af hlýðni við forustumenn BSRB, KÍ, HÍK, BHMR og fleiri og fleiri sem hafa sent inn þessi mótmæli.

Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er eitt lítið mótmælablað ásamt heilli bók sem ég gæti tekið og lesið og ég leyfi mér að vitna í það. Yfirskriftin er Leiftursókn gegn launafólki. Er það hæstv. ráðherra, marklaust blaður sem hér stendur? Er það marklaust blaður sem þetta fólk hefur lagt svo mikla vinnu í að semja og fara í gegnum þessi frumvörp til þess að mótmæla þeim og ekki bara til þess að mótmæla þeim heldur til þess að mótmæla þeirri aðför sem gerð er að launafólkinu? Með leyfi forseta, vitna ég í þetta plagg:

„Stjórn BSRB hafnar alfarið þeim drögum að frumvörpum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem lögð hafa verið fram til kynningar.“ Þetta var 15. febr. Þetta er bara upphafið. Ég er ekkert farinn að taka stóru bókina. Stjórn bandalagsins samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 15. febr. og ályktunin var kynnt hæstv. fjmrh. Friðrik Sophussyni föstudagsmorguninn 16. febr.:

„Ríkisstjórnin boðar leiftursókn gegn launafólki með þeim drögum að frumvörpum sem kynnt voru þá um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta er leiftursókn til fortíðar.“ – Hér var sagt áðan úr þessum ræðustól að það væri verið að hverfa, ekki áratugi heldur heila öld aftur í tímann. Menn gerðu sér grein fyrir þessu 15. febr. og hafa enn betur gert sér grein fyrir hvað er að gerast síðan sá dagur var. Stjórn BSRB hafnaði þessum drögum alfarið og stjórn BSRB hafnar frv. alfarið eins og það var. Þess vegna, hæstv. fjmrh., spurði ég í upphafi hvort þú værir ekki tilbúinn að taka þetta frv. og beita þér fyrir því að frumvörpin um stéttarfélög og vinnudeilur væru tekin út af borðinu líka og samið væri um þessi mál á eðlilegan hátt í haust.

Stjórn BSRB varar við alvarlegum afleiðingum af þessum gjörðum og trúnaðarbresti sem af hlýst og af hefur hlotist því að trúnaðarbrestur er kominn. Hann er alvarlegur og ég nefni það við hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn., að trúnaðarbrestur er kominn og hv. þm. væri sómi að standa að því með hæstv. fjmrh. að draga þetta plagg út af borðinu og ég skora á hann að gera það. Ég vitna, með leyfi forseta, í ályktun Félags fréttamanna. Stjórn Félags fréttamanna hefur fjallað um frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og þeir segja: „Mjög veigamikil atriði í þessu frv. snerta kjör félagsmanna í Félagi fréttamanna. Það hefur ætíð verið samið um kaup á þeim grunni að kjör opinberra starfsmanna að öðru leyti réttlættu lægri laun. Kjörum verður því ekki breytt nema um það verði samið í samningum.“ Það er nákvæmlega þetta sem ég er að fara fram á við hæstv. fjmrh. vegna þeirra athugasemda sem hér eru á plöggunum. Það er verið að biðja um að draga frv. út af borðinu og semja um þessa hluti á eðlilegan máta. „Skerðingar á kjörum hlýtur að leiða til hækkunar á taxtalaunum. Þess vegna hlýtur þetta að ganga til samninga. Stjórn Félags fréttamanna mælist því til þess að Alþingi hætti umfjöllun um frv. og um málið verði samið á réttum vettvangi áður en til löggjafans komi. Félag fréttamanna er ekki sátt við einhliða breytingar á kjörum félagsmanna.“ Því er þetta lesið upp og því eru borin fram tilmæli og ég fagna því að hæstv. forsrh. gengur í salinn því að hann hefur áður tekið fram fyrir hendur á hæstv. fjmrh. og dregið ákveðna hluti út af borðinu. Ég vona að það samtal sem nú mun eiga sér stað í hliðarsal verði í þá veru að þetta málefni verði dregið út af borðinu og ég fagna konu forsrh. ef þannig verður.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í plagg Iðjuþjálfafélags Íslands:

„Iðjuþjálfafélag Íslands vill vekja athygli efh.- og viðskn. Alþingis á eftirfarandi meginatriðum varðandi frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

Fjmrh. hefur ekki haft neitt samráð við heildarsamtök opinberra starfsmanna um endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna eins og ber skv. 36. gr. laganna.“ Þetta þýðir að verið er að brjóta lög og ég trúi því ekki að hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans geti setið og staðið við þær aðgerðir að það sé verið að brjóta lög sem Alþingi hefur samþykkt.

„Frv. miðar einhliða að því að skerða ráðningarréttindi starfsmanna ríkisins og samningsrétt stéttarfélaga þeirra án þess að bæta þá skerðingu með nokkrum hætti. Þvert á móti eru boðuð áform um enn meiri skerðingu á réttindum ríkisstarfsmanna með drögum að frv. um Lífeyrisstjóð starfsmanna ríkisins ...“ Auðvitað má kalla þetta drög því að þetta er eitthvert það lakast unna plagg sem ég hef kynnst síðan ég kom í þingið.

„Frv. miðar að því að afnema ráðningarfestu og biðlaun ríkisstarfsmanna þrátt fyrir að laun þeirra hafi um áratuga skeið verið þeim mun lakari til að greiða fyrir þessi og önnur réttindi starfsmanna.

Með frv. er gengið á mikilvæg grundvallarmannréttindi starfsmanna ríkisins sem bæði eru varin af stjórnarskrá og

alþjóðlegum samþykktum sem Ísland á aðild að". — Takið nú eftir, hv. stjórnarþingmenn. Ég trúi því ekki að þeir finni ekki til skyldunnar um að krefjast þess af stjórnendum sínum, hæstv. ráðherrum, að þetta skuli dregið út af borðinu.

„Frv. viðheldur flestum skyldum starfsmanna ríkisins umfram aðra launamenn og eykur þær í sumum tilvikum.

Með frv. er ýmist beint eða óbeint ýtt til hliðar ákvæðum stjórnsýsluréttar þegar ákvarðanir eru teknar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ríkisstarfsmönnum ekki tryggð sama vernd gegn misbeitingu valds og öðrum landsmönnum."

Herra forseti. Í þeim ályktunum sem ég nú þegar hef lesið koma fram mörg sjónarmið og mörg atriði og margar ábendingar sem ég skora á hv. stjórnarmeirihlutaþingmenn að skoða og lesa og fara eftir þeim ábendingum sem að þeim er beint. (**EgJ:** Við erum búnir að lesa þetta.) Ég fullyrði, hv. þm. Egill Jónsson, að það hafið þið ekki gert. Ég fullyrði að það hafið þið ekki gert. Hefðuð þið gert það þá væruð þið búnir að beita ykkur fyrir því að stjórnendur ykkar væru búnir að draga þessi frumvörp út af borðinu. Ég fullyrði það. Ég trúi því ekki. Þess vegna er enn frekar ástæða til að lesa hvert einasta plagg því að ég er nú sannfærður um að menn hafa ekki litið á þessi gögn. Hér er ályktun frá Félagi ísl. náttúrufræðinga:

„Félag ísl. náttúrufræðinga hefur margsinnis lýst þeirri skoðun sinni að það sé brýnt að breyta fyrirkomulagi starfsmannahalds ríkisins í þá átt að draga úr miðstýringu og auka sjálfstæði og ábyrgð einstakra stofnana." Félagið telur einnig að það sé óeðlilegt að starfs- og launakjör ríkisstarfsmanna og annarra launþega í sambærilegum störfum séu mismunandi þar sem gerðar eru svipaðar kröfur til menntunar og sérhæfni.

Félag íslenskra náttúrufræðinga hefur í tengslum við kjarasamninga síðan 1991 margsinnis óskað eftir að ganga til samninga við ríkið um þessi atriði. Hvað gerir þá ríkið? Það sendir inn þetta frv. án nokkurs samráðs og það skal keyrt í gegn án þess að á eðlilegan máta sé um það samið. M.a. segir að ákvæði í frv. um helmingun á áunnum biðlaunarétti á sama tíma og áform eru um að leggja niður starfsemi á stórum stofnunum eins og Orkustofnun séu að þeirra mati gróft brot á stjórnarskrá og kalli á viðbrögð í samræmi við það. Ég hygg að þessir aðilar hefðu ekki sett svo stór orð inn í sína ályktun, þ.e. að tala um stjórnarskrárbrot, ef ekki væri um að ræða sannindi á bak við þau.

Hér er ályktun frá Stéttarfélagi sjúkraþjálfara sem ég vil vitna í, með leyfi forseta. Þeir segja m.a. að fráleitt sé að halda því fram að frumvarpið jafni réttarstöðuna. Enn eru skyldur starfsmanna ríkisins meiri en annarra launamanna þegar á allt er litið og það er ekki heldur verið að draga úr þeim. Það er verið að auka þær á ýmsa vegu. Þeir segja reyndar að á almennum vinnumarkaði hafi réttindi launamanna aukist hröðum skrefum. Ég er nú ekki viss um að allir séu sammála að það hafi gerst, ekki síst þar sem svo er ásatt að fólk þarf að sæta því á almennum vinnumarkaði að taka 50 þús. kr. laun fyrir fulla vinnu. Það kemst upp í 54 þús. á Verkamannasambandstaxta eftir 10 ára starf. Ég er ekki viss um að þessi orð standist í samræmi við það. En það er hér sagt að engar hliðstæðar framfarir, um réttindi hlýtur að vera átt við, hafi átt sér stað hjá starfsmönnum ríkisins, enda eru þessi réttindi lögbundin og ríkisvaldið hefur hafnað að bæta réttindi starfsmanna með jafnverðmætum breytingum og aðrir vinnuveitendur hafa samið um við starfsmenn sína í kjara- og ráðningarsamningum.

Áfram frá Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, með leyfi forseta: „Starfsmannastefnan eins og henni er lýst á bls. 14–16 í athugasemdum með frv. snýst um að auka völd og ábyrgð stjórnenda gagnvart starfsmönnum með því að veita stjórnendum aukin völd til að segja upp starfsmönnum" — og hvað er það kallað að segja upp starfsmönnum? Það er kallað sveigjanleiki í starfsmannahaldi, — „og taka upp geðþóttaákvarðanir um yfirborganir ofan á handónýtt launakerfi (nefnt „sveigjanleiki í launakjörum"), Þ.e. að draga úr réttindum starfsmanna. Starfsmannastefnan snýst einnig um að gera meiri kröfur til auka skyldur starfsmanna."

Þetta eru aðeins örlítið brot úr hverri ályktun sem ég gríp ofan í. Ég sé nú ekki hv. formann efh.- og viðskn. sá hinn sama og ég taldi að mundi vera hér staðgengill hæstv. fjmrh. sem ég samþykkti að sjálfsögðu að gæti gengi úr sal til að ræða við hæstv. forsrh., ef það skyldi verða til að greiða fyrir því sem ég fór fram á, þ.e. á að málið yrði dregið út af borðinu. En það væri í lagi að hv. formaður efh.- og viðskn. væri viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Við köllum á hann.)

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í ályktun Hins íslenska kennarafélags:

„Stjórn Hins íslenska kennarafélags skorar á ríkisstjórnina að falla frá áformum um að samþykkja ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og stéttarfélög og vinnudeilur á yfirstandandi þingi."

Það eru enn og aftur ítrekaðar áskoranir, tilmæli og beiðnir um að taka þessi frv. sem lúta öll að skerðingum út af borðum þingmanna. Við þessu hefur ekki verið orðið en hæstv. fjmrh. hótaði því hér að hann skyldi sitja fram í næsta mánuð ef þyrfti til að hlusta á skammir okkar stjórnarandstöðuþingmanna því að enginn stjórnarliða treystir sér til þess að fara gegn ofurvaldinu sem er ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

„HÍK bendir á að mikill vafi leikur á að frv. um réttindi og skyldur standist stjórnarskrá lýðeldisins að því er varðar félagafrelsi, eignarrétt og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Enn fremur brýtur frv. gegn alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland á aðild að, svo sem skuldbindingu með aðild að 87. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar (ILO) um félagafrelsi m.a. að hafa ekki afskipti af innri málefnum stéttarfélaga og 98. samþykkt stofnunarinnar um samningsrétt stéttarfélaga. Frv. felur í sér margvíslega skerðingu á atvinnuöryggi og ráðningarkjörum ríkisstarfsmanna sem ekkert færi hefur gefist á að semja um enda kennarar og aðrir launamenn með bundna kjarasamninga til ársloka 1996."

Í lokin segir Hið íslenska kennarafélag, með leyfi forseta: „Ríkisstjórn Íslands hefur efnt til ófriðar við samtök launamanna með flutningi hvers lagafrumvarpsins á fætur öðru sem fela í sér einhliða skerðingu á kjörum og réttindum launafólks, veikir starfsgrundvöll stéttarfélaga og takmarkar samningsréttinn." Þetta er nákvæmlega það sama og ég sagði í upphafi minnar ræðu þegar ég óskaði eftir því við hæstv. fjmrh. að hann drægi þetta frv. og þessi frv. sem um er að ræða út af borðum alþingismanna.

Og í lokin: „Við þetta verður ekki unað og skorar stjórn Hins íslenska kennarafélags á alla alþingismenn hvar í flokki sem þeir standa að íhuga vel hvort þeir vilja leggja nafn sitt við skerðingarfrumvörpin og þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við gerð þeirra.

Stjórn Hins íslenska kennarafélags skorar að lokum á launamenn og samtök þeirra að sameinast um að hrinda árásum ríkisvaldsins og beita til þess öllum tiltækum ráðum."

Herra forseti. Hvað þýða þessi orð „að beita til þess öllum tiltækum ráðum"? Það er verið að segja að með frumvörpunum er verið að efna til þess mesta ófriðar sem sennilega getur geisað og meiri ófriðar en nokkurn tíma hefur verið á undanförnum áratugum. Og það er óhuggulegt að svo skuli vera komið.

Að lokum er ályktun frá 29. apríl frá Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands mótmælir sem fyrr frumvörpum ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og um stéttarfélög og vinnudeilur og skorar á Alþingi að hafna þeim."

Á þennan veg hljóða allar þessar ályktanir sem eru ekki minna en 50–70 síðna bunki, fyrir utan greinargerðir sem fylgja með, sem tæta niður frv. sem hér er til umræðu, hverja einustu grein.

Og áfram: „Frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins felur jafnframt í sér að prófessorar verði gerðir að embættismönnum." Ég las í upphafi bréf 41 konu sem undirritaði, ja ég vil kalla það áskorun til hæstv. menntmrh. um að draga þessa liði út úr frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ég veit ekki hvort það hefur nokkuð að segja að eiginkona hæstv. fjmrh. er í þessum hópi. Það verður kannski hoggið samt sem áður.

„Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands lýsir furðu sinni á þeirri lítilsvirðingu sem starfsmönnum ríkisins er sýnd með frumvörpunum og skorar á þingmenn að láta ekki knýja slík ólög í gegn á Alþingi. Félagið krefst þess að ríkisstjórnin dragi frumvörpin til baka og taki upp samningaviðræður við samtök opinberra starfsmanna um endurskoðun á réttindum þeirra og kjörum."

Ég hlýt að beina þeim tilmælum til forseta að gangast nú fyrir því að gengið verði til þess verks að draga þessi frumvörp til baka sem eru að valda það miklum óróa eins og ég var að lýsa í þjóðfélagi okkar, að sennilega þarf að leita langt aftur til að jafna þar við. Ég skora á virðulegan forseta Alþingis að beita sér í því máli því að hann er maður sem menn taka mjög mark á í þessum efnum og ég trúi því að hann muni ná árangri, beiti hann sér fyrir því.

Hér ein ályktun Bandalags háskólamanna sem ég vil vitna í, með leyfi forseta:

„Formannafundur Bandalags háskólamanna skorar á Alþingi að koma í veg fyrir að frumvörp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og um stéttarfélög og vinnudeilur verði knúin í gegn á yfirstandandi þingi.

Frumvörpin fela í sér skerðingu á réttindum sem byggja á kjarasamningum og ganga einnig gegn mannréttindum og alþjóðasamþykktum sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess að virða."

Ég fullyrði það, herra forseti, að þingmenn stjórnarmeirihlutans hafa ekki lesið þessi orð. Þeir hafa ekki farið í gegnum frv. eins og þarf til þess að skynja hvað verið er að segja með þessum ályktunum.

„Það er krafa formanna aðildarfélaganna til ríkisstjórnarinnar að hún breyti ekki samningum með lögþvingun og það er krafa okkar til alþingismanna að slíkt verði ekki látið yfir félagsmenn ganga."

Ég trúi því ekki enn og aftur að þingmenn geti skellt skollaeyrum við þessum sáru köllum og sáru upphrópunum sem felast í þeim ályktunum sem ég hef verið að vitna til.

„Aðildarfélög Bandalags háskólamanna ítreka vilja sinn til þess að hefja sameiginlega vinnu með fjmrh. að endurskoðun á réttindum og kjarasamningum félagsmanna með það fyrir augum að færa réttindi og kjör til nútímalegra horfs."

Hvað er þetta annað en ákall, herra forseti? Þetta er ákall og:

„Krafan er skýr: Frumvörpin burt!"

Ég hef nálgast frv. á þann hátt að gera að umræðu m.a. hverjum það þjónar fyrst og fremst að fá það samþykkt. Ég tel að ríkisstjórn Íslands sé að ganga erinda vinnuveitenda, hvort sem um er að ræða á almennum eða opinberum vettvangi. Ég lýsi því yfir að þessi vinnubrögð eru mér andstæð. Ég tel að það eigi að vera samningar um það á hvern hátt eigi að breyta þessum lögum sem meiningin er að reyna að þröngva í gegnum þingið í krafti öflugs meiri hluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar.

Ég krefst þess eins og í upphafi máls míns að frv. verði vísað frá. Þetta frv. er slík árás á réttindi og skyldur opinberra starfsmanna að ég held að það séu ekki dæmi um annað eins frá upphafi. Það eina sem mér dettur í hug að líkja þessu við er brot á umferðarlögum þegar ekið er yfir á rauðu ljósi. Það ætti auðvitað að sekta fyrir þetta brot eins og gert er í tilviki umferðarlagabrots. Ég reyndar trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þeir fjölmörgu framsóknar- og íhaldsmenn sem kusu þessa ríkisstjórn yfir sig láti þetta yfir sig ganga. Ég trúi því að refsivöndurinn verði í síðasta lagi tekinn fram við næstu kjarasamningagerð og það verður tækifæri bæði í næstu sveitarstjórnarkosningum og alþingiskosningum að ganga milli bols og höfuðs á þeirri helmingaskiptastjórn Framsóknar og íhalds sem núna er tröllríða samtökum launafólks í krafti þess að þeir álíta að fólk gleymi þessari misgerð á kjörtímabilinu. Ég trúi ekki öðru en ef eitthvað verður til þess að setja þessa ríkisstjórn af, þá eru það svona gerræði sem af miskunnarleysi — ég vil kalla það miskunnarleysi, herra forseti — er steypt yfir landslýð af tillitsleysi, umhyggjuskorti og siðleysi.

Ég hef sagt áður að aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn landslýð kristallist ekki einvörðungu í þessu frv. sem hér er verið að ræða, heldur einnig í frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem liggur fyrir þinginu. Það er auðséð að það sem ríkisstjórnin ætlar sér að gera er að nota sitt fyrsta ár til að þrengja kost hins almenna launamanns með þessum frv. og það á einnig að skerða velferðar- og heilbrigðisframlög og breyta skattalögum þeim efnameiri til góða.

Herra forseti. Ég viðurkenni það og veit að þetta er ekki fagur listi sem ég fór hér með eða há einkunn sem hæstv. ríkisstjórn fær. En ég er þess fullviss að þau eru makleg. Orðin eru makleg og einkunnin er makleg. Ríkisstjórn íhalds og framsóknarmanna sem gáfu út stærstu blekkingarvíxla fyrir síðustu alþingiskosningar sem um getur ætlar auðsjáanlega að gæta þeirra sem betur mega sín og láta þá sem lakar eru settir lúta ofurvaldinu. Það læðist sá grunur að mér, hv. þm. Egill Jónsson, að hv. stjórnarþingmenn ætli bara í blindni að fylgja sínum foringjum og samþykkja þessar aðgerðir eins og lömb sem leidd eru til slátrunar. Ég er þess fullviss að aðeins örfáir stjórnarþingmenn hafa lagt mat á áhrif bandormsfrumvarps þess sem er fylgifiskur laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það þarf að gera

breytingar á tugum sérlaga sem ekki hafa verið rædd á okkar virðulega Alþingi. Ég mótmæli svona vinnubrögðum, herra forseti. Frv. var rifið út úr hv. efh.- og viðskn. Fulltrúar minni hlutans vildu að málið fengi betri skoðun og óskuðu m.a. eftir að fá hæstv. fjmrh. til viðræðna um málið. Því var hafnað og kvöldið fyrir 1. maí var notað til að valta yfir sjónarmið minni hluta hv. efh.- og viðskn. Þessi vinnubrögð lýsa sennilega betur virðingarleysi ríkisstjórnarinnar fyrir hagsmunum launamanna í þessu máli en nokkuð annað. Og í þokkabót leyfa einstakir hæstv. ráðherrar sér að segja að talsmenn gegn frv. séu einir á báti og hlusti aðeins á hljóm sinnar eigin raddar þó svo að mörg þúsund manns hafi fylkt liði gegn þeim árásum sem birtast í formi þessa frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og haldið fjölmennari fund á Austurvelli en menn hafa séð í lengri tíma. Þetta er kallað að hér séu aðeins örfáir að hlusta á hljóm sinnar eigin raddar. Þetta er til minnkunar fyrir þá sem leyfa sér að viðhafa slík orð. Mér sýnist að með þessum lögum sem við erum að ræða hérna sé verið að flokka opinbera starfsmenn í mismunandi hópa. Einn hópur lýtur Kjaradómi eða kjaranefnd. Sérstakir embættismenn eins og tollverðir, lögregluþjónar og fangaverðir sem munu njóta réttinda embættismanna sem hafa samningsrétt eiga að raðast í annan hóp. Í þriðja hópinn eiga að fara starfsmenn sem hafa gagnkvæman uppsagnarfrest, samnings- og verkfallsrétt. Hér er verið að búa til tvöfalt launakerfi eða verið að formfesta það. Það er ljóslega verið er að skerða rétt opinberra starfsmanna, m.a. veikindarétt, rétt til fæðingarorlofs og málskotsrétt. Ég vil í þessu sambandi minna á orð hæstv. forsrh. að ekki yrðu skert áunnin réttindi né þau sem starfsmenn mættu vænta í sambandi við lífeyrismál í framtíðinni. Þetta voru orð hæstv. forsrh. og ég trúi því ekki að við þau verði ekki staðið. Ég kannast reyndar ekki við neinar yfirlýsingar í tengslum við þetta frv. Það er þvert á móti verið að ganga á ávinnslurétt opinberra starfsmanna. Það sem ég á sérstaklega við eru áfangaunnin réttindi sem er verið að skerða. Það er, herra forseti, verið að gera róttækar breytingar á réttarstöðu ýmissa starfsmanna ríkisins með því t.d. að það er verið að taka af þeim samnings- og verkfallsrétt og með því að gera þá að embættismönnum. Um þetta hefði að mínu mati átt að semja í komandi kjarasamningum.

Það er augljóst að með þessum lögum er verið að binda mörg atriði sem eru ólík því sem gerist á almennum markaði og ganga þvert gegn fram settum markmiðum laganna sem var að nálgast það sem gerist á þeim vettvangi. Hér er síst af öllu verið að nálgast það sem gerist og gengur á almennum vettvangi. Ég vil tilnefna þau ákvæði sem eru um skyldu til yfirvinnu, uppsagnir við langvarandi veikindi, framlengingu á uppsagnarfresti og engar stjórnir á bak við forstöðumenn auk ýmissa annarra atriða.

Ég vil, með leyfi forseta,vitna til álits minni hlutar hv. efh.- og viðskn. Í eftirfarandi kafla er fjallað um skerðingar og misrétti sem frv. hefur í för með sér.

„Frumvarpið ber öll merki þess að hagsmunir ríkisvaldsins sem vinnuveitanda ganga eins og rauður þráður í gegnum það. Það gengur á réttindi starfsmanna og möguleika þeirra til að hafa áhrif á sitt starfsumhverfi. Þetta er siðlaus lagasetning og í andstöðu við nútímastjórnarhætti miðað við hvernig fyrirtækjarekstur og opinber stjórnsýsla hefur þróast í nágrannalöndunum.

Í frumvarpið vantar algjörlega ákvæði um starfsmannaráð í einstökum stofnunum. Það vantar í það ákvæði um skyldu til samráðs og samstarfs við stéttarfélög eða samtök þeirra þegar kemur að ákvörðunum sem varða starfsmenn sjálfa, svo sem um setningu reglna við yfirborganir. Hafa ber í huga að ríkisstarfsmenn eru 25 þúsund talsins og vitaskuld er mjög mikilvægt að gætt sé eðlilegs samráðs í stjórnsýslunni.

Frumvarpið er allt of hrátt til að hægt sé að vinna eftir því af nokkru viti. Ítrekaðar ábendingar, bæði minni hlutans og forsvarsmanna stéttarfélaga, um að málið yrði skoðað betur voru hunsaðar. Meiri hlutinn afgreiddi málið löngu áður en það var tilbúið til frekari þinglegrar afgreiðslu.“ — Þessum orðum er eðlilegt að beina til hv. formanns efh.- og viðskn. — „Í frumvarpinu ríkir mikil óvissa um réttarstöðu ýmissa stétta. Þannig má geta þess að stöðu lögreglumanna, tollvarða og fangavarða er breytt verulega í frumvarpinu og í breytingartillögum meiri hlutans. Ekki hefur verið haft eðlilegt samráð við stéttarfélögin og nauðsynleg umræða hefur ekki farið fram meðal félagsmanna þeirra. Einnig má geta þess að réttarstaða presta og prófasta, en um þá gildir sérstaða í íslenskum rétti, hefur ekki verið skoðuð vandlega.

Ýmislegt bendir til þess að athuga hefði þurft betur fyrirkomulag á réttarstöðu prófessora og annarra starfsmanna Háskóla Íslands, en ljóst er að fyrirkomulag kjarasamninga á þeim vettvangi gerir það að verkum að ekki er hægt með einhliða hætti að kveða á um breytingar án þess að það sé rætt ítarlega við kjarasamningagerð.

Í nefndinni var rætt m.a. um að skipa þyrfti einstökum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins stjórnir þar sem það á við til að forstöðumenn með hið aukna vald sitt lytu virku eftirliti. Ekki var neitt tillit tekið til þessara ábendinga þannig að miðstýringarvaldið er látið ná fram að ganga með tillögum meiri hlutans.

Ekki er tekið á þeirri staðreynd að fjölmargir starfsmenn ríkisins eru með „æviráðningu“, þ.e. ekki með gagnkvæman uppsagnarfrest. Þessir menn munu starfa við hlið nýrra starfsmanna ríkisins sem eru með gagnkvæman uppsagnarfrest eða tímabundna ráðningu. Engin tilraun er gerð til að reyna að fella þessi tvö ólíku kerfi saman, t.d. á þann hátt að þeir sem væru með „æviráðningu“ á eldri kjörum gætu átt þess kost að fara inn í hið nýja réttarkerfi og þá á hærri launum gegn því að afsala sér æviráðningunni. Engin ákvæði eru í frumvarpinu um slíkan feril.

Einnig hefur verið bent á að til bóta væri ef forstöðumenn stofnana og fyrirtækja og æðstu embættismenn gerðu nánar grein fyrir starfsemi sinna stofnana, t.d. gagnvart viðkomandi þingnefnd þegar það á við. Enginn slíkur ferill er í frumvarpinu né gert ráð fyrir honum í greinargerð eða í breytingartillögum meiri hlutans.

Vafasamt er að takmarka auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Gerð er alvarleg athugasemd við það að heimilt verður að framlengja stöður yfirmanna ríkisins án auglýsinga þannig að í reynd getur verið um að ræða framlengingu á ráðningu óhæfra yfirmanna í ríkisþjónustu um mörg ár án þess að neitt virkt eftirlit sé með starfseminni.

Í frv. er skertur möguleiki starfsmanna til að tala máli sínu og skjóta ákvörðun yfirmanns til æðra stjórnsýslustigs. Með þessari útfærslu eru ákvæði nýsettra stjórnsýslulaga gerð óvirk. Þetta er mjög alvarlegt og minni hluti efh.- og viðskn. mótmælir þessum vinnubrögðum og þeirri fyrirætlun að þrengja að eðlilegum lýðræðislegum rétti starfsmanna sem hefur verið tryggður með sérstökum hætti í öðrum lögum.“

Og í lokin í þessari tilvitnun er talað um aukið vald forstöðumanna.

„Eitt af meginatriðum frumvarpsins, og það sem frumvarpshöfundar lofa hvað mest, er að forstöðumönnum ríkisstofnana er falið meira vald í stjórnsýslunni, þar á meðal til að ákvarða viðbótarlaun til einstakra starfsmanna sem sýnt hafa sérstaka hæfni í starfi." — Að mati hvers? Að mati kunningjans sem er yfirmaður eða hvers? — „Ekki er í frumvarpinu á neinn hátt lýst með hvaða hætti skuli gera þetta og þrátt fyrir ítrekaðar óskir minni hlutans um að fá reglur sem ætlunin er að vinna eftir hefur ekkert slíkt verið lagt fram í nefndinni. Það er bersýnilegt að engar slíkar reglur eru til. Með þessu ákvæði er forstöðumönnum falið mikið vald til eftirlitslausra launaákvarðana og geta þeir hyglað einstökum starfsmönnum án nokkurra afskipta, t.d. af hálfu stéttarfélaganna."

Herra forseti. Tilgangur þessa frv. var að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Það átti að auka sjálfstæði forstöðumanna til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um stjórnun og starfsmannahald á nútímalegan hátt. Ég trúi því ekki, eins og ég sagði áðan, að nokkur sem les saman fyrri lög, þ.e. þau lög sem í gildi eru, og frv. sem ríkisstjórnin ætlar að þvinga fram í krafti þessa öfluga þingmeirihluta, geti séð út úr þeim lestri að frv. jafni réttarstöðuna. Ég sé ekki annað en það sé verið að auka skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðningaréttindi ríkisstarfsmanna eru lögbundin og ríkisstarfsmenn hafa ekki formlegan samningsrétt um þau. Mér sýnist það blasa við að þeir sem sömdu þetta frv. hafa haldið að ríkisstarfsmenn hafi haft raunverulegan samningsrétt um samnings- og verkfallsrétt en það er alrangt.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í umsögn Bandalags háskólamanna um frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar segir m.a.: „Með frumvarpinu eru völd forstöðumanna aukin að því er varðar völd þeirra yfir starfsmönnum. Hins vegar er réttarstaða forstöðumanna og æðstu stjórnsýsluembættismanna stórlega skert gagnvart ráðherrum og hinu stjórnmálalega valdi, bæði með því að taka af ótímabundnar skipanir í störf og með því að heimila ráðherra að veita forstöðumanni umsvifalaust lausn ef hann uppfyllir ekki fyrirmæli ráðherra varðandi gæði, þjónustu, rekstrarhagkvæmni eða árangur í starfi. Það er enginn vafi á því að á meðal siðmenntaðra þjóða þykir nauðsynlegt að hafa öfluga stjórnsýslu og embættismenn til að sporna gegn geðþóttavaldi og spillingu stjórnmálamanna. Ráðningarfesta og starfsöryggi starfsmanna ríkisins er lykilatriði í þessu samhengi, ekki sem hagsmunir starfsmanna frá þessu sjónarhorni heldur til varnar hagsmunum almennings. Geðþóttavald ráðherra sem stöðuveitanda verður þannig stóraukið og verður virkt a.m.k. á fimm ára fresti. Vald ráðherra að setja forstöðumann af sem ekki tekst að hagræða að skapi ráðherra, auka magn eða gæði þjónustu að skapi ráðherra eða sýna meintan, eftirsóknarverðan árangur í starfi getur orðið að kúgunartæki gagnvart forstöðumanni og öllum starfsmönnum þegar sami ráðherra getur gert síauknar kröfur fyrir sífellt minna fé, meira fyrir minna.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja upp forsendur gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með tilvitnun aftur í umsögn Bandalags háskólamanna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur gildandi laga. Ástæða er að rifja upp forsendur þeirra laga sem nú gilda um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem síðar varð að lögum nr. 38/1954, var upphaflega kynnt á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og leitað samráðs um efni þess en á þeim tíma voru háskólamenn innan BSRB. Í framhaldinu funduðu höfundar laganna með fulltrúum stéttarfélaganna og tókst sátt um mörg mikilvæg atriði og var frv. þannig kynnt í ríkisstjórn. Tilgangur laganna var enda ekki aðeins lögfræðilegs eðlis heldur einnig sá að taka tillit til stéttarlegra sjónarmiða og stjórnmálaatriða. Enda var það skoðun manna að löggjöf af þessu tagi snerist ekki einvörðungu um formleg réttindi manna og skyldur og fjárhagslega hagsmuni, heldur einnig um tilfinninga-, réttlætis- og sjálfstæðismál starfsmanna og stéttarfélaga þeirra.

Starfsmenn ríkisins hafa litið svo á að með aðdraganda að setningu laga nr. 38/1954 hafi ríkið gert kjarasátt við starfsmenn sína um ráðningarréttindi þeirra. Hvað er verið að gera nú? Það er verið að rjúfa þessa sátt. Það er verið að rjúfa þessa kjarasátt sem menn gerðu. Ávallt síðan hefur verið tekið tillit til þessara ráðningarréttinda þegar laun starfsmanna hafa verið ákvörðuð. Þannig hafa þau legið til grundvallar ákvörðunum launa félagsmanna Bandalags háskólamanna allt til þessa dags, fyrst samkvæmt launalögum og síðan sem viðmiðun fyrir Kjaradóm og frá 1987 sem viðmiðun að baki öllum kjarasamningum. Þungamiðjan í þessu áliti er að starfsmenn hafa staðgreitt þessi réttindi með því að vera á lægri launum en ella. Núna, þegar boðaðir eru tímar einkavæðingar og samdráttar í ríkisrekstri og fyrirsjáanlegar eru uppsagnir fjölda starfsmanna og niðurlagning á störfum þeirra, boðar ríkisstjórnin riftun á þessum kjarasáttmála sem starfsmenn hafa þegar greitt iðgjald fyrir með lægri launum en ella."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og er tilvitnun lokið að sinni.

Það er margt sem ekki er unnt að kyngja í fyrirliggjandi frv. og það er gott að hv. formaður efh.- og viðskn. er hér og hlýðir á þetta, hafi hann ekki lesið það sem hér fer á eftir. (**VE:** Lesið upphátt?) Hafi hv. þm. lesið það upphátt er það gott, ekki veitir af. Hv. þm. þarf ekki bara að lesa þetta upphátt heldur líka í hljóði. Þú þarft að lesa þetta kvölds og morgna og miðjan dag því þú hefur ekki náð að skilja það sem hér stendur.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ég vil biðja hv. þm. að gæta að ávarpi.)

Já, herra forseti. Ég mun reyna að gæta þess að ávarpa hv. þm. en stundum getur þeim sem hér stendur orðið það heitt í hamsi að það gleymist eitthvað í ávörpum, herra forseti. 74. gr. stjórnarskrárinnar hefst þannig:

„Rétt eiga menn að stofna félög ..., þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds."

Frv. gengur á þennan hátt á stjórnarskrárbundinn rétt með því að gera ráð fyrir því að svipta stóran hóp félagsmanna í Bandalagi háskólamanna og jafnvel þorra félagsmanna í sumum stéttarfélögum réttindum til að vera í stéttarfélagi. Svo langt er gengið í frv. að ákvörðun um það hverjir verði þannig sviptir grundvallarmannréttindum getur verið geðþóttaákvörðun forstöðumanns í stofnun eða fjmrh. Þetta eru þung orð, herra forseti. Þetta er þungur áfellisdómur og það er örðugt að skynja eða skilja að hv. formaður efh.- og viðskn. hafi lesið þessi ákvæði upphátt án þess að skilja þau alvarlegu atriði sem hér standa.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu en mér sýnist augljóst að gildissvið nýrra laga verði mun þrengra en nú er. Það mun ekki ná til allra þeirra þátta sem lögin taka nú til. Markmið frv. hefur því gersamlega glatast við samningu þess, þ.e. að jafna rétt starfsmanna ríkisins við það sem gerist á almennum markaði. Með frv. þessu er verið að draga úr og fella niður skyldur stjórnvalda til að auglýsa störf, hafa um þau samkeppni og ráða þann hæfasta til starfa. Það er verið að bjóða upp á leið sem getur leitt til geðþóttaákvarðana í stöðuveitingum hjá ríkinu. Þessi stefnubreyting getur ekki leitt til jafnaðar en leiðir að mínu mati til lakara starfsöryggis starfsmanna.

Herra forseti. Þótt eitthvað hafi fallið út af réttum ávörpum án þess að ég gerði mér það ljóst hef ég að eigin áliti haft uppi gagnrýni á fyrirliggjandi frv. Stærsti ágallinn er að það hefur ekki verið haft samráð við þá aðila sem þetta frv. lýtur að. Ég er þess fullviss að ef menn hefðu gefið sér tíma og beitt eðlilegum vinnubrögðum hefði verið unnt á eðlilegan máta, þ.e. í komandi kjarasamningum, að ná þeim árangri sem menn lögðu upp með. Ég má til með í lokin að vitna, með leyfi forseta, í umsögn Bandalags háskólamanna um frv. til laga þessara um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem fjallar um yfirvinnuskyldu. Í grein gildandi laga segir:

„Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim sem gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir að forstöðumenn ákveði vinnutíma starfsmanna, þó aðeins að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa."

Í 2. mgr. 17. gr. segir: „Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum og annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma."

Þarna er um verulega breytingu að ræða og ég trúi því ekki að hv. meirihlutamenn í efh.- og viðskn. hafi áttað sig á því hvað þeir eru að leggja til að gert verði. Almenn lögbundin skylda starfsmanna til yfirvinnu af því tagi sem hér greinir um er afar hæpin vinnuréttarlega séð, ef hún stenst þá yfirleitt stjórnarskrá landsins. Sú breyting sem gerð er á greininni varðar aðeins formbundna aðlögun að vinnutímatilskipun Evrópusambandsins sem nú mun fela í sér alþjóðaréttarlega skuldbindingu hér á landi. En það væri fráleitt að halda því fram að höfundar hafi gerst nútímalegir við endurskoðun á þessari grein sem minnir fremur á úrelt hjúalög en nútímavinnuréttarsamband.

Herra forseti. Ég hef aðeins í nokkrum atriðum vitnað til yfirlýsinga og ályktana þar sem hinir fjölmennu hópar eða stéttarfélög hafa gefið umsögn, sent áskorun til alþingismanna, til ríkisstjórnar Íslands með beiðni, með ósk, með neyðarópi um að draga frumvörp þau til baka sem hér er um rætt, ekki bara um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, heldur einnig um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég er ítrekað búinn að nefna að þetta verði dregið út af borðinu. Ég er búinn að biðja hæstv. fjmrh. að verða við því svo hann komist hjá því að sitja hér á þingi fram í næsta mánuð til að hlusta á þær ræður og upp lesin skjöl sem þingmenn hafa undir höndum. Það skortir ekki efnið eins og kom fram í þeirri litlu vísu sem ég fór með fyrir hæstv. ráðherra í upphafi máls míns. Og það mun ekki duga hvorki einn mánuður eða tveir til að ná krafti úr stjórnarandstöðuþingmönnum sem standa saman eins og einn maður um að ná þessum frumvörpum öllum saman út af borðinu.

[18:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef á umliðnum dögum velt því dálítið fyrir mér hvað liggi að baki þessari svonefndu stefnumörkun ríkisstjórnar í málefnum samtaka launafólks og að öðru leyti í þeirra réttindamálum. Ég hef velt þessu fyrir mér, kannski ekki síst í ljósi þess að flestir landsmenn tóku eftir því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var býsna aðgerðarlaus fyrstu mánuði valdaferilsins og var það satt að segja þannig að menn voru ekkert allt of klárir á því hvaða ríkisstjórn væri við völd og hvaða ráðherra færi með hvaða málaflokk.

Nú bregður hins vegar svo við eftir níu mánaða meðgöngu eða svo að úr smiðju ríkisstjórnarinnar brýst fram hvert frv. á fætur öðru sem ekki er hægt að lýsa öðruvísi en að þar fari grímulaus árás á réttindi og starfskjör launafólks í landinu. Þetta gerist nokkurn veginn á sama tíma og ríkisstjórnin heldur því fram með nokkrum sanni að efnahagsástandið fari mjög batnandi, að landið sé að rísa, þjóðartekjur að aukast og hagvöxtur sömuleiðis. Það er sem glymji í mínum eyrum ræður hæstv. forsrh. um þau efni, hvernig allar aðstæður í okkar efnahagskerfi séu þannig að nú sé ástæða til bjartsýni, nú sé ástæða fyrir fólk að fagna gróandanum og vorinu í landsstjórninni og í okkar efnahags- og atvinnuumhverfi.

Það er einmitt á þessum tímapunkti, virðulegi forseti, sem skerðingarfrumvörpunum sem svo hafa verið nefnd með réttu, rignir yfir hið háa Alþingi. Þess vegna erum við að því á þessu ágæta og fallega vori að fjalla um mál sem satt að segja eru þannig að ég held að fæstir gangi til leiks með glaðværð eða ákefð heldur þvert á móti með bullandi vonbrigði í hjartarótunum. Það er með öðrum orðum ekki eins heitt í þessum hjartarótum og hjá ónefndum einstaklingi öðrum úti í þjóðfélaginu.

Spurningin er, virðulegi forseti, eins og ég gat um: Er um meðvitaða stefnumörkun að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar eða er þetta einbert hugsunarleysi? Er þetta bara einhver tilviljun eða er eitthvert óðagot á hæstv. ríkisstjórn? Ráðherrarnir hver af öðrum ryðjast fram með þessi mál og það er alger tilviljun að á sama tíma fer hæstv. fjmrh. mikinn — ég vil láta þess getið, virðulegi forseti, af því að ég nefni hann sérstaklega að ég geri enga kröfu til þess að hann sitji hér, nákvæmlega ekki nokkra, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir. Ég skýri það ekkert nánar — eða skyldi það nú vera? Ég get satt að segja ekki svarað því fyrir fullt og fast hvor ástæðan vegur þarna þyngra. Ég nefndi það að hæstv. fjmrh. fer mikinn með sín skerðingarfrumvörp, það sem hér er um rætt, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hafði uppi stór áform um annað frv. um skerðingu á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. En þar var hann tekinn til bæna eins og stundum áður af hæstv. forsrh. og rekinn til baka með það. Þess vegna var það ekki undarlegt að síðasti ræðumaður, hv. þm. Gísli S. Einarsson, skyldi brosa þegar hann sá hæstv. forsrh. birtast í dyrunum og kippa hæstv. fjmrh. í hliðarsal, því það hafa þingmenn svo sem upplifað áður að hæstv. forsrh. hefur þegar í óefni hefur verið komið látið hæstv. fjmrh. vita af því og rekið hann til baka með mál sem stefndu í voða. Það hefur þó ekki gerst enn þá. Það er hins vegar von

til þess eftir sem áður að á næstu dægrum geti einhver sá aðili sem vald hefur til, getu og ráð, gripið til þeirra ráða að vísa hæstv. fjmrh. til betri vegar og þar með ríkisstjórninni allri.

Ég velti þessum meginspurningum fyrir mér, virðulegi forseti, kannski líka vegna þess að hvort það samráðsleysi og sú pólitík sem óneitanlega hlýtur að felast í því að reyna að hafa ekki samband eða samráð eða samstarf eða samtal við samtök opinberra starfsmanna á undirbúningsstigi þessara mála, kunni að vera hin nýja pólitík ríkisstjórnarinnar eða enn og aftur einhver endemis klaufaskapur, eitthvert óðagot-ið. Ég kem nánar að því á eftir. Þessi aðferðafræði, þ.e. að hæstv. fjmrh. talar ekki við sitt fólk, sína launamenn, segir auðvitað sitthvað um viðhorf yfirmanna til undirmanna, æðsta yfirmanns opinberra starfsmanna til sinna undirmanna, en einnig, og ég segi það eins og það er, held ég að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hafi með þessari nálgun kippt stoðum undan og eyðilagt alla möguleika á því að eðlileg þróun og eðlilegar breytingar geti átt sér stað á vinnuumhverfi og starfsumhverfi opinberra starfsmanna því að ég hygg ekki nokkur maður láti sér til hugar koma fyrir fram að neita því að ræða breytingar á gildandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá 1954. Þvert á móti held ég að allir skynsamir menn séu tilbúnir til að ræða þau og reifa og þá ekki síst fulltrúar opinberra starfsmanna, trúnaðarmenn þeirra. Það er því ekki einasta þessi hroki, það að lyfta sér *þrepinu ofar og segja fyrir verkum í litlu og stóru, heldur* líka hitt að með þessari aðferðafræði er hugsanlega verið að gera það ómögulegt á næstu árum að fara í skynsamlega endurskoðun á gildandi lögum. Og virðulegur forseti heyrir það að ég geng auðvitað út frá því sem vísu að frv. sem við erum nú að ræða í 2. umr. nái ekki fram að ganga. Ég geng út frá því sem vísu að hið háa Alþingi muni hafa vit fyrir ríkisstjórninni í þessum efnum.

Það er ástæða til þess fyrir Alþingi og hv. alþm. að gaumgæfa það mjög alvarlega, ekki síst í þessu máli, hvernig mál eru lögð fyrir þingið frá framkvæmdarvaldinu. Er það svo að hið háa Alþingi og þá einkanlega hv. stjórnarþingmenn frá einum tíma til annars séu einungis einhvers konar pöntunarfélag sem láta að og lúta vilja hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar hverju sinni án þess að æmta eða skræmta? Ég neita að trúa að svo sé. En í þessu máli alveg einkanlega er það algerlega nauðsynlegt til þess að menn reyni að viðhalda virðingu þingsins og sjálfs sín, að menn fari mjög gaumgæfilega ofan í það sem frá framkvæmdarvaldinu kemur. Í þessu tilfelli er framkvæmdarvaldið ekki óhlutdrægt eða hlutlægt apparat, ekki aðili sem leggur til lagasetningu eða frv. til laga til þess að stýra málum innan framkvæmdarvaldsins, skipa þeim á einn eða annan hátt og óska atbeina Alþingis til þess með nýjum lögum. Nei, í þessu tilfelli er um það að ræða að ríkisvaldið er annar tveggja samningsaðila. Hæstv. ráðherra semur við samtök BSRB með reglulegu millibili um kaup og kjör hinna síðarnefndu og einmitt við þær aðstæður, virðulegi forseti, ber hinu háa Alþingi að hafa á fulla gát. Raunar ætti það að vera svo, ef þrískipting valdsins væri virk og eðlileg, að Alþingi sjálft ætti að hafa frumkvæði að slíkri lagasetningu sem hér er um að ræða. Með öðrum orðum er staða framkvæmdarvaldsins, hæstv. fjmrh. sem aðalsamningamanns vinnuveitenda í þessu sambandi, sú að auðvitað getur hann aldrei verið hlutlægur í sínu mati og auðvitað er það fullkomlega óeðlilegt að annar aðili við samningaborð geti sett nánast þær leikreglur sem honum sýnist. Við slíkar aðstæður er allt tal um frjálsan samningsrétt út í bláinn og ómarktækt hjal. Menn hljóta að spyrja sig hvar lýðræðisgrundvöllur okkar liggur þegar málið er skoðað í þessu ljósi. Það mundi a.m.k. heyrast hljóð úr einhverju horninu ef Vinnuveitendasamband Íslands, svo að við búum bara til hliðstæðu við þetta, gæti nánast eftir pöntun sett almennar leikreglur um réttindi og skyldur starfsmanna sem að utan standa við hina eiginlegu kjarasamninga og hæstv. félmrh. mundi koma með þær með kurt og pí og keyra í gegn með sínum stjórnarmeirihluta.

Að vísu er þessi líking ekkert voðalega góð, virðulegi forseti, því að á þessa leið hefur hæstv. félmrh. hagað sér og farið fram í öðru frv. sem hið háa Alþingi fjallar nú um, frv. um vinnulöggjöfina og breytingar á henni. Það er þó að sönnu ekki gert með jafnbersýnilegum og gagnsæjum hætti og hér. Þess vegna geri ég enga sérstaka kröfu til þess að eiga orðastað við annan aðalsamningamann ríkisvaldsins við opinbera starfsmenn um þau mál sem hér er um fjallað. Ég vil eiga orðastað, virðulegi forseti, við hv. alþingismenn og lít þannig til að hæstv. fjmrh. eigi sem allra minnst og nánast ekkert að koma að málinu úr þessu. Að vísu er erfitt við það að eiga í ljósi þess að hæstv. ráðherra er auðvitað kjörinn alþingismaður eins og við hin. En samkvæmt hinum þrönga og gullna vegi á málið að vera þannig að aðili sem hefur jafnríkra hagsmuna að gæta og hæstv. fjmrh. og á að gæta þeirra, eigi ekki að koma jafnafdráttarlaust að þessari lagasetningu *og hann hefur gert. Ekki einasta semur hann frv. heldur er* hann hér vakinn og sofinn yfir umræðum og gætir hjarðar sinnar. Þess vegna er það enn sárgrætilegra en ella þegar um er að ræða þetta mikið grundvallarmál um virðingu þingsins að hér í salnum er ekki að finna einn einasta, ekki einn, ekki hálfan hv. þm. ríkisstjórnarflokkanna.

Ég vænti þess að hv. formaður efh.- og viðskn. sé ekki fjarri. Hann hefur setið bekkinn af mikilli samviskusemi. En fulltrúar hins stjórnarflokksins eru hér auðvitað ekki frekar en fyrri daginn. Auðvitað ætti að grípa til þess ráðs, ef umræðan á að fara í þann farveg sem raunar hv. áðurnefndur formaður efh.- og viðskn. nefndi í framsöguræðu sinni þar sem hann kallaði eðlilega eftir hispurslausri, hreinskiptinni og upplýsandi umræðu um þessi mál í þingsölum, að gera sömu kröfu og hæstv. forseti þingsins hefur gert með miklum myndarskap úr sínu sæti, þ.e. að krefjast ákveðinnar lágmarksviðveru hv. þm., stjórnarflokkanna þá einkanlega því að það er eftirtektarvert og fer ekki fram hjá nokkrum manni að það er engin tilviljun — ég mun gera það nánar að umtalsefni á eftir — það er engin tilviljun að hv. þingmenn Framsfl. sjást ekki í salnum og hafa ekki sést umliðna daga nema í mýflugumynd hlaupandi fram og til baka. Síðast þegar ég vissi var það þannig að enginn þeirra hefur uppi áform um að taka þátt í þessari umræðu, enginn þeirra er á mælendaskrá. En það kemur auðvitað ekki á óvart. (Gripið fram í.) Auðvitað skammast þeir sín. Það er hin eina rétta skýring. En það breytir því ekki, ef við gerum venjubundnar kröfur til eðlilegrar, lýðræðislegrar umræðu um jafn veigamikið mál og þetta, að þingið á samkvæmt öllum þeim leikreglum sem við búum við, stjórnarskránni sjálfri, að bera uppi umræðuna og bera síðan ábyrgð á þeim niðurstöðum sem í þessum málum verða eða verða ekki.

Auðvitað má nákvæmlega það sama segja um flokk hæstv. fjmrh. Að undanskildum margnefndum formanni efh.- og viðskn., hyggst ekki einn einasti þingmaður Sjálfstfl., mér vitanlega, taka þátt í þessari umræðu eða telur sig hafa neitt til

hennar að leggja. Það er eftirtektarvert, virðulegi forseti. Það segir enn og aftur það sem ég gat um áðan. Það segir okkur dálítið um það hvort menn þurfa ekki að staldra við á þessum vettvangi og huga að margnefndri virðingu Alþingis. Eða er það með þeim hætti, virðulegi forseti, að hv. þm. stjórnarflokkanna, sumir hverjir nýkomnir til þings eftir glæsta kosningasigra, líti á það sem hlutverk sitt fyrst og síðast að mæta hér til atkvæðagreiðslu í hópi 60-menninga og rúmlega það og ýta á græna takkann? Ætla þeir ekki að standa til svara hér um þessi hin stóru mál eða bera í raun nokkra ábyrgð á því, aðra en þá að ýta á græna takkann? Þetta er verulegt áhyggjuefni í okkar lýðræðisþjóðfélagi og við slíkar aðstæður verður hv. þm. orða vant þegar almenningur, launafólk, spyr sem svo hvort virðingu hins háa Alþingis fari hrakandi. Það er nefnilega alger misskilningur sem hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., sagði hér í sinni framsögu á fyrsta degi þessarar umræðu, þar sem um var rætt og á það bent hvort stjórnarmeirihlutinn ætlaði ekki að taka tillit til ábendinga tugþúsunda launamanna í þessu þjóðfélagi sem birtast í þinggögnum og umsögnum stéttarfélaga og gerð hefur verið rækilega grein fyrir. Þá var svar hv. þm. efnislega þetta: Nei, hér er um það að ræða að alþingismenn haldi sjálfstæði sínu og þingið haldi sjálfstæði sínu og taki þær ákvarðanir sem því sýnast skynsamlegar frá einum tíma til annars en láti ekki pressu og þrýsting aðila utan þings hafa þar óeðlileg áhrif. Þetta má satt vera að hluta til en hann gleymdi hinni hlið þessa máls og hún er þessi: Er þá ekki jafnóeðlilegt og jafnvel fráleitara að þessi sami þingmeirihluti, þetta sama þing taki nánast við pöntunum frá hinum samningsaðilanum, hæstv. fjmrh., sem segir nánast fyrir um það hvernig þessar leikreglur á vinnumarkaði milli fjmrh. og fjmrn. annars vegar og samtaka opinberra starfsmanna hins vegar skuli fram ganga? Með öðrum orðum á að sýna sjálfstæði þingsins í hvívetna að mati hv. þm. Vilhjálms Egilssonar þegar um er að ræða skynsamlegar og eðlilegar ábendingar frá samtökum tugþúsunda en það á ekki við þegar Alþingi ætlar að vega og meta á hlutlægan og eðlilegan hátt ábendingar, tillögur og athugasemdir frá samtökum launafólks. Þetta eru hin stóru skilaboð. Ég get ekki annað en brosað, virðulegi forseti, þegar ég sé hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mæta til fundar. Kviknar þá von í brjósti mér um að væntanlega grípi nú einhver hv. þm. stjórnarflokkanna til þess ráðs að taka þátt í umræðunni hér á síðari stigum seinna í þessum mánuði. En við sjáum hvað setur með það.

Spurningin er auðvitað þessi: Ef hér er ekki um óðagot að ræða þá er hér um klára og kvitta stefnu ríkisstjórnar að ræða. Nýtt verklag, ný vinnubrögð. Hvaða skilaboð eru það sem þessi ríkisstjórn er að senda launafólki núna þegar góðærið hefur gengið í garð? Núna þegar landið er að rísa. Nei, þá er nákvæmlega talin ástæða til þess af hálfu forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar, af hálfu þessarar helmingaskiptastjórnar, að leggja til atlögu, að skerða kjörin, minnka réttindin. Taka nú í hnakkadrambið á samtökum launafólks, á þessum tugþúsundum í landinu. Láta nú launamenn finna til tevatnsins og skynja það og skilja hvar völdin eru í þessu samfélagi. Ekki hitt, sem allir reiknuðu satt að segja með, að þegar góðærið rynni upp mundu landsherrarnir freista þess að miðla einhverju af hinum nýju verðmætum út til þjóðarinnar, bæta kjörin hjá launafólkinu sem hefur borið hina þungu byrðar efnahags- og atvinnukreppu umliðinna ára. Nei, því er ekki að heilsa. Það á að láta kné fylgja kviði. Góðærið á með öðrum orðum, virðulegi forseti, að fara eitthvað allt annað. Það er einhver annar aðili í þessu samfélagi sem á að njóta ágóðans af betri tíð í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hver það er nákvæmlega veit ég ekki en það er aldeilis ljóst að það er ekki launafólkið, það eru ekki opinberir starfsmenn. Það eru ekki félagar í Verkamannasambandi Íslands, það eru yfirleitt ekki launamenn í þessu landi. Frv. þau sem eru á borðum þingmanna þessa dagana og eru til umræðu hér hvert af öðru eru með alveg skýrum og klárum skilaboðum. Þau eru alveg skýr og klár og enginn mælir á móti því. Það á að herða tökin. Það á að skerða kjörin. Auðvitað þarf þetta ekki að koma neinum á óvart, virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hin íslenska þjóð hefur upplifað einhver ár undir forustu þessara tveggja stjórnmálaflokka. Reynslan og sagan segja okkur það ótvírætt að þegar þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl. ganga saman í eina sæng brýst út það versta í þeim báðum. Þar verður einhver sú blanda að landsfeðurnir verða hreint alveg ómögulegir. Ég rifja ekki upp annað en reynslu þjóðarinnar af samstarfi þessara tveggja flokka 1983–1987 þar sem þeir voru m.a. að glíma við verðbólguna og tókst það auðvitað ekki. Hins vegar voru þeir meira og minna allan þann tíma í stórum slag við verkafólk í þessu landi, samtök verkafólks. Svo ég fari aðeins aftar í tímann, virðulegi forseti, og rifji upp 1974–1978 sem er nú kannski enn þá gleggra dæmi. Því gleymir ekki nokkur maður sem þá var kominn til vits og ára hvernig verklagið var á þeim bænum á þeim tíma hjá þessum tveimur sömu stjórnmálaflokkum, Framsfl. og Sjálfstfl. Það var stanslaust stríð, stanslausar árásir á kjör launafólks. En ég veit líka, virðulegi forseti, að forustumenn þessara flokka nú og þá muna það eins og gerst hafi í gær hverjar urðu lyktir þess stjórnarsamstarfs. Hver var hinn stóri dómur kjósenda eftir þau fjögur ár 1978? Ég held að Sjálfstfl. gleymi ekki og það af síður Framsfl. þeirri rassskellingu sem íslenskir kjósendur veittu þessum tveimur núverandi og þáverandi stjórnarflokkum í kosningunum í maí 1978. En þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur og enn og aftur virðast þessir tveir sömu flokkar fara í sama farið og var hér á árum og áratugum áður. Auðvitað verður niðurstaðan ekki öðruvísi en þá, virðulegi forseti. Þessi löngu fjögur ár frá kosningunum 1995 líða, það kemur að því að 8. apríl 1999 rennur upp. (**Gripið fram í:** Guði sé lof.) Guði sé lof, segir hv. þm. og tek ég heils hugar undir það. Ætti maður þó ekki að leggja nafn drottins við hégóma, þ.e. þessa ríkisstjórn. En þetta er nú sú pólitíska umgjörð sem ég held að sé alveg nauðsynlegt að hafa í huga í þessu sambandi. Ég tel, virðulegi forseti, að margt bendi til þess að ríkisstjórnin muni ekki klára þennan slag, sama hversu blessaður virðulegur hæstv. fjmrh. er þaulsætin hér við þessa umræðu, því innri styrkur þessarar stjórnar er auðvitað ákaflega lítill þegar allt kemur til alls. Hann er ákaflega lítill. Þessi varadekk svokölluðu eru ekki hér. Enda kannski ekki reiknað með því að þau séu hér til að ræða málið og verja sína ráðherra, til að fylgja stefnumörkun ríkisstjórnarinnar eftir. Kannski eru þessi varadekk eingöngu til þess að koma og ýta á græna hnappinn. Sennilega er það nú þannig. En afstaða ríkisstjórnarinnar eins og forvera hennar 1983–1987 og 1974–1978 er auðvitað afstaða til vinnunnar, til vinnandi fólks í þessu landi. Og sú afstaða er öllum lýðum ljós. Ríkisstjórnin kann með öðrum orðum ekki að meta vægi og mikilvægi hins vinnandi fólks og framlag þess til verðmætasköpunar og betra samfélags. Það á að deila og drottna, það er lykilorðið af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Fallvalt er það gengið, virðulegi forseti, þegar upp er staðið.

En það er ekki eingöngu í beinum samskiptum við launamenn sem þetta viðhorf til launafólks birtist. Það er ekki eingöngu í þessu frv. hér né heldur frv. um vinnulöggjöfina, né heldur inngöngu í frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð sem væntanlegt er. Né heldur í hugmyndum og áformum um frv. um skerðingu á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Þetta birtist í miklu, miklu fleiri málum, virðulegi forseti. Þetta birtist m.a. í skattamálunum. Það birtist glögglega í nálgun ríkisstjórnarinnar hvað varðar álagningu fjármagnstekjuskatts þar sem ríkisstjórnarflokkarnir annars vegar og stjórnarandstöðuflokkarnir hins vegar tókust á um það með hvaða hætti menn leystu það verkefni sem þjóðin hefur kallað eftir um árabil að skattleggja þá einstaklinga sem hafa notið og njóta umtalsverðra tekna vegna innstæðna í bönkum.

Það var sjónvarpsumræða um þau mál og ég ætla ekki að endurtaka hana hér í löngu máli. En í stórum dráttum birtist auðvitað stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þeim veruleika að ekki var unnt af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að taka upp skattlagningu á þá einstaklinga í þessu samfélagi sem hafa umtalsverðar vaxtatekjur nema um leið yrði lækkaður skattur á aðra einstaklinga og raunar marga þessa sömu sem hafa umtalsverðar tekjur af arði og söluhagnaði. Niðurstaðan varð raunar þannig í mörgum tilfellum þegar upp var staðið að þetta réttlætismál um að skattleggja þá sem taka inn stórar fúlgur í vaxtatekjum reyndist þróast í þá veruna að fjármagnseigendur lækkuðu í sköttum. Þeir lækkuðu í sköttum þegar upp var staðið. Í þessu máli um fjármagnstekjuskattinn birtist það enn og aftur, virðulegi forseti, hvar áherslur ríkisstjórnarinnar eru, hverra hagsmuna þeir gæta fyrst og síðast. Raunar var það þannig með fjármagnstekjuskattinn þegar allt kom til alls að upp úr kafinu komu þeir hver af öðrum, einn, tveir, þrír og fleiri sem sögðu að þrátt fyrir allt hefðu þeir aldrei viljað leggja á skatt á vexti. Þeir hefðu látið ginna sig til þess vegna þess að þeir hefðu trúað að um það væri sátt í þinginu milli allra stjórnmálaflokka að gera það, þjóðin væri að krefjast þess. En fyrst stjórnarandstöðuflokkunum hefði dottið til hugar að leggja til aðra aðferð, tekjujafnandi aðferð til þessarar skattlagningar þá væru þeir lausir allra mála. Í því máli var það nefnilega þannig og að sumu leyti mætti taka það til eftirbreytni, virðulegi forseti, að ýmsir þingmenn stjórnarflokkanna, m.a. hv. þm. Árni M. Mathiesen, orðuðu það eitthvað í þessa veru: Þar sem stjórnarandstaðan hefur lýst yfir andstöðu sinni við þá aðferð sem stjfrv. gerir ráð fyrir og sem ég hafði með semingi samþykkt í mínum þingflokki er ég laus allra mála. Þá get ég sagt það hér opinberlega hverjum sem heyra vill að ég er á móti málinu, ég vil engan vaxtaskatt. Mikið lifandis skelfing vildi ég, herra forseti, að við gætum þá yfirfært þetta viðhorf yfir á það mál sem hér er um að ræða. Að þegar menn áttuðu sig á því að það er aldeilis engin sátt um þetta mál hér í þinginu og ekki úti í þjóðfélaginu kæmu þeir hér hver af öðrum, þegar þeir hafa tíma og tök til, hv. þm. stjórnarinnar, og segðu ... (**EOK:** Við komumst ekki að.) Komist ekki að. Jú, ég skal með ánægju, virðulegi þingmaður, gefa þeim kost á að komast hér að fljótt og vel ef þeir sæju ástæðu til að setja sig á mælendaskrá og sýndu þannig lit í að vilja taka þátt í ítarlegri og opinni umræðu um málið. Virðulegi forseti, hv. þm. hefur sennilega verið í hliðarsal þegar ég beindi þeim orðum til hans eða vitnaði til þess að hann hafi sagt hér í upphafsræðu sinni að hann fagnaði og kallaði eftir málefnalegri og ítarlegri umræðu um þessi stóru mál. Ég tók upp hans orð í mínum málflutningi og kallaði einmitt eftir hinu sama. Í grófum dráttum hygg ég að til viðbótar þeim sem þegar hafa talað eru einir sjö eða átta þingmenn á mælendaskrá. En ekki einn einasti samflokksþingmaður hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og þaðan af síður hefur nokkrum þingmanni Framsfl. látið sér koma til hugar að leggja nokkuð til þessara mála. Ég hlýt því enn og aftur, virðulegi forseti, að kalla eftir því hvar þessi umræða er, þessi ítarlega umræða, þessi skoðanaskipti sem hv. framsögumaður efh.- og viðskn. kallaði eðlilega eftir. Ég tek undir það og kalla mjög eindregið eftir því að við heyrum viðhorf stjórnarþingmanna til þessa máls. Kannski koma þá einhverjir upp úr kafi, eins og ég sagði hér áðan, og segja hug sinn allan. Segja sem svo: Fyrst stjórnarandstaðan er á móti þessu er ég laus allra mála. Eins og gerðist með vaxtaskattinn. Við sjáum hvað setur, virðulegi forseti. En það er auðvitað ekki eingöngu í skattamálunum. Þjóðin fylgist auðvitað með því hvernig þessi ríkisstjórn gætir vel að öllum leikreglum sé nú til haga haldi í sjávarútvegsmálunum, að kvótakóngarnir missi nú ekki spón úr sínum aski. Gætir mjög vel að því að sívaxandi og eðlileg krafa um veiðileyfagjald þar sem tryggt er m.a. að þjóðin, launamenn í þessu landi, njóti beins afraksturs af þessari eign sinni, fiskinum í sjónum. Láti það virka sem 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna segir um eignarrétt þjóðarinnar á fiskimiðunum. Eins og sakir standa, virðulegi forseti, eru þau því miður lítið annað en orðin tóm. Á þeim vettvangi hef ég ekki orðið þess var að ríkisstjórnarflokkarnir ætli sér að rjúka fram með krafta í kögglum og láta til sín taka. Nei, það má ekki því það breytir auðvitað þeirri skipan mála sem menn þekkja. Það kunna einhverjir stórir karlar að fyrtast við, einhverjir karlar með pípuhatta, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson orðaði það hér svo skemmtilega. Það gæti styggt einhverja slíka. Þannig að þar má ekki rugga bátnum. Þar er enginn sveigjanleiki, engin framsýni, engin nútímavæðing í deiglunni og ekki fram undan væntanlega. Nei, ég á tæpast von á því. Eða í landbúnaðarmálunum? Er einhver sem hefur heyrt því hvíslað að hæstv. ríkisstjórn hafi uppi einhver áform um að létta fátæktarfjötrunum af bændum þessa lands og nútímavæða það kerfi? Nei, því hafa fáir heyrt hvíslað. Vissulega vil ég sýna sanngirni og segja hlutina eins og þeir eru að hv. framsögumaður efh.- og viðskn. hefur annað slagið ýjað að því en ævinlega verið barinn í kaf og litlu getað áorkað í þeim efnum. Þar skulu kjörin kyrr og engu má breyta.

Það rifjast upp, virðulegi forseti, að hér fyrr í dag fór fram dálítið hressileg utandagskrárumræða. Þá brá svo við að þingsalurinn fylltist af fólki og hæstv. forseti átti í mesta basli með að koma að öllum þeim þingmönnum sem hér vildu leggja eitthvað til málanna. Verstir eða erfiðastir, skulum við hafa það, voru samflokksmenn hæstv. fjmrh. Hæstv. forseti varð að grípa til þeirra ráða að skammta tímann svo naumt að menn töluðu hér í skeytastíl á 15–30 sekúndum. Þeir hafa sennilega talað yfir sig í þessari umræðu, hv. þm. stjórnarflokkanna. En mikið lifandis skelfing væri ánægjulegt ef sú ósk hv. formanns og framsögumanns efh.- og viðskn. rættist að þeir birtust jafnvígreifir og þeir voru hér í hádeginu í 15 sekúndna ræðunum sínum, legðu orð í belg og lýstu viðhorfum til þess stóra máls sem hér um ræðir.

Við fáum þessi merki frá ríkisstjórninni í hverju málinu á fætur öðru. Og enn og aftur staldrar maður við og spyr sjálfan sig og veltir vöngum. Var það eitthvað sem fór fram hjá fólki? Voru einhver skilti í kosningabaráttunni 1995 í mars og apríl, einhver veltiskilti eða blaðaauglýsingar eða

sjónvarpsauglýsingar frá flokknum með fólk í fyrirrúmi og hinum með mannúðina og mildina að leiðarljósi sem sögðu eitthvað á þá leið: Þessir flokkar ætla að skerða kjör ríkisstarfsmanna? Þessir flokkar ætla að fara í réttindamálin og taka þau föstum tökum. Þeir ætla að herða krumlurnar á ríkisstarfsmönnum. Ég minnist þess ekki, virðulegi forseti, að hafa séð slík skilti. Það kann að vera að þau hafi verið uppi á Sauðárkróki eða í Skagafirðinum og hv. framsögumaður efh.- og viðskn. hafi farið fram með þeim hætti í sínu kjördæmi, Norðurl. v. En mig rekur ekki minni til þess að menn hafi haft mjög hátt um þetta í mínu kjördæmi, Reykjaneskjördæmi. Meira að segja held ég að ég geti fullyrt að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið að básúna þetta í tíma og ótíma og verið að gera fólki rúmrusk með meldingum af því taginu. Nei, það er langur vegur frá. Auðvitað datt engum í hug af hálfu stjórnarflokkanna að segja hug sinn allan í þessum efnum þá fremur en núna. Þeir voru í felum með þetta mál og í þessu efni eins og svo mörgum öðrum sem á dagana hafa drifið hafa þeir auðvitað komið í bak sinna kjósenda, þessara 65% kjósenda, sem veittu þeim brautargengi og kusu þá til að fara með forustu landsmálanna. Því þetta var ekki sagt fyrir kosningar. Ég bið hæstv. forseta að koma því til hv. þm. fyrir mig að hann rifji upp á hvaða skiltum það stóð að ný ríkisstjórn með atbeina Sjálfstfl. ætlaði nú heldur betur að taka í lurginn á þessum ríkisstarfsmönnum, stokka upp hjá þessum ríkisstarfsmönnum og skerða réttindi þeirra.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það var ætlunin að fresta fundi um sjöleytið. Forseti vill því spyrja hv. ræðumann hvort hann muni ljúka ræðu sinni á næstu mínútum.)

Nei, ræðumaður mun ekki gera það.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þá biður forseti ræðumann að fresta ræðu sinni við heppileg kaflaskil á næstu mínútum.)

Virðulegi forseti. Ég held að þetta séu ágæt kaflaskil til að ljúka þessum hluta ræðunnar. Menn geta þá rifjað upp hver með öðrum hvenær og hvernig hv. ríkisstjórnarflokkar hafi lýst þessum viðhorfum sínum, þessari stefnumörkun í kosningabaráttunni fyrir ári. Það getur vel verið að í matarhléinu geti hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagt mér frá skiltinu á Sauðárkróki sem á stóð: Skerðum kjör ríkisstarfsmanna.

[Fundarhlé. — 18:59]

[21:01]

Guðmundur Árni Stefánsson (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Eins og forseti gat réttilega um varð ég að gera hlé á ræðu minni um það viðfangsefni sem hér er til umræðu, frv. ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég var stutt á veg kominn í eiginlegri umfjöllun um frv. sjálft en hafði hins vegar farið nokkrum orðum um það hvað hugsanlega gæti að baki legið af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað varðar þann framgangsmáta og þá aðferðafræði sem birtist hv. þingheimi og þjóðinni allri í þeirri hrinu skerðingarfrumvarpa sem yfir þing og þjóð hafa dunið á síðustu vikunum. Eftir tiltölulega átakalitla byrjun, átakalítið upphaf þessa ríkisstjórnarsamstarfs virðist svo sem þessi ríkisstjórn, þessi helmingaskiptastjórn Framsóknar og Sjálfstfl., hafi ekki getað setið lengur á strák sínum heldur sé farin að sýna sitt rétta og eiginlega andlit. Ég rifjaði það eilítið upp, virðulegi forseti, hvernig reynsla þjóðarinnar hefur verið af samstjórn þessara tveggja flokka á árum og áratugum áður. Allt virðist fara í sama farið með svipuðum hætti og þá. Þessi ríkisstjórn ætlar í slag við samtök launafólks og þar af leiðandi launamenn alla í þessu landi.

Ég skildi þannig við í ræðu minni að ég kallaði eftir svari og geri enn, sérstaklega af hálfu formanns efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjáms Egilssonar, við því hvort, hvenær og hvernig stjórnarflokkarnir tveir, Framsfl. og Sjálfstfl., hefðu skilgreint og gert grein fyrir þessum stefnumiðum sínum, einkanlega í þeirri kosningabaráttu sem við upplifðum í apríl 1995 og hvort staðið hefði á skilti hv. þm. í hans kjördæmi og þá einkanlega á Sauðárkróki: Tökum nú á ríkisstarfsmönnum. Það er rétt að árétta það, ekki síst í ljósi þess að hv. ágætur þm. er mættur til leiks.

Einnig gerði ég það að umtalsefni og geri það enn frekar á eftir hversu sláandi það er og hversu æpandi sú þögn er sem birtist í fjarveru hv. þingmanna stjórnarflokkanna og ekki eingöngu fjarveru, heldur og ekki síður að þeir virðast múlbundnir, annaðhvort af áhugaleysi eða ótta. Þeir sýna engan áhuga á að taka þátt í efnislegri og upplýsandi umræðu. (**VE:** Þögn er sama og samþykki.) Virðulegi forseti, þótt ágætur forustumaður þessa liðs, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hafi sérstaklega tekið fram og haft um það nokkur orð að það væri honum sérstakt ánægjuefni að hér gæfist tóm og tækifæri til þess að ræða þetta efnislega virðist hann ekki hafa gott taumhald á sínu liði því enginn stjórnarliða virðist hafa tekið mark á orðum hans. (**Gripið fram í:** Einar er kominn.) Ég fagna því sérstaklega að hér eru mættir til leiks tveir hv. þingmenn stjórnarsinna, hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég vænti þess að þeir taki til máls og leggi orð til þessarar umræðu.

Nú fer sá sem hér talar að verða undrandi mjög. Eitthvað er að gerast í herbúðum þeirra stjórnarliða ef svo fer fram sem horfir. Þeir virðast ætla sér að taka þó ekki sé nema á óbeinan þátt í þessari umræðu með því að sitja undir henni. Ég fagna því mjög, virðulegi forseti, að þeir virðast hafa tekið eitthvert mark á því sem ég sagði áðan, þ.e. að það væri lágmarksverkefni þeirra að koma að þessu máli, ekki síst í því ljósi að ég afþakka með öllu viðveru hæstv. fjmrh. Við þingmenn eigum ekkert sérstaklega að eiga orðastað við hann. Þetta er ekki hans mál. Þetta er fyrst og síðast mál þingsins. Og ég segi enn og aftur: Hæstv. fjmrh. sem hinn snari þáttur framkvæmdarvaldsins, sem annar tveggja samningsaðila, sem sá aðili sem opinberir starfsmenn eiga við í samningum um kaup og kjör á ekki að vera hér leiðandi afl og ráðandi afl um það hvernig hv. Alþingi, löggjafarsamkundan, skipar málum, skipar leikreglum um þessi samskipti á vinnumarkaði. Og það er af þeim sökum sem ég fyrst og síðast vil eiga orðastað við hv. almenna þingmenn, ef ég get orðað það svo, en ekki fulltrúa framkvæmdarvaldsins. Þess vegna gagnrýni ég það mjög ákveðið að þingmenn stjórnarflokkanna skuli ganga til leiks með þeim hætti að þeir í raun og sanni skulu vera eins konar atkvæðamaskínur eða pöntunarfélag fyrir hv. framkvæmdarvald því að hér er um virðingu Alþingis að tefla. Ég hlýt að árétta það, virðulegi forseti.

Svo er það hitt hvernig framsetning þessara mála öll hefur verið. Auðvitað fer ekki hjá því og allir taka eftir því að tónninn í nálgun þessa máls byggir fyrst og síðast á því að ríkisstarfsmenn séu starfsmenn hins opinbera. Allt of margir, það er einn tónninn, eru slóðar, það þarf að bæta þjónustuna, láta þá vinna og að skilvirkni hins opinbera kerfis sé með þeim hætti að þar þurfi að taka á. Það þarf að hrista upp í þessu liði, kalla það til starfa og láta það finna fyrir því

hvers valdið er. Það þarf að láta það skynja og skilja að það þarf að vinna fyrir kaupinu sínu. Þetta er hinn gegnumgangandi rauði þráður. Aftur og aftur í andsvörum í þessari umræðu hefur það kveðið við í annars vegar andsvörum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og hins vegar andvörum hæstv. fjmrh. að þetta hafi verið brýn nauðsyn, að það hafi þurft að taka á þessu svokallaða ríkiskerfi sem skattborgarar standa undir og láta þetta lið vinna. Þess vegna einmitt hafi ekki verið undan því komist að leggja fram það frv. sem birtist hér. Þetta er sú taktík sem stjórnarliðar hafa haft uppi í aðdraganda þessa máls og er auðvitað ákaflega lágkúruleg, virðulegi forseti, og hvergi nærri veruleika mála eða sannleikanum sem okkur birtist sem til þekkjum innan hins opinbera kerfis. Og auðvitað í engu samræmi og samhengi við annars almenna þjóðfélagsumræðu og pólitíska umræðu um það hversu víðfeðmt hið opinbera kerfi eigi að vera, hvar það eigi að láta til sín taka og hvar ekki. Þessu er blandað saman með mjög lymskulegum hætti og látið í veðri vaka, bæði við kynningu málsins og aftur og aftur í andsvörum af hálfu þessara tveggja talsmanna ríkisstjórnarflokkanna, að það þurfi að taka á þessu liði.

Menn hafa eðli máls samkvæmt staldrað eilítið við það, og ég gerði það með örfáum orðum í fyrri hluta ræðu minnar, hvernig þetta mál allt ber að. Hvernig á því stendur að hæstv. fjmrh. skuli hafa forðast eins og heitan eldinn að eiga tal við talsmenn opinberra starfsmanna. Það liggur auðvitað í augum uppi þegar forsendur máls eru skoðaðar og lesið er og rýnt í athugasemdir með frv. að það var aldrei lagt upp með það á neinu stigi málsins að til greina kæmi að eiga orðastað við samtök opinberra starfsmanna eða fulltrúa þeirra um það hvernig þetta frv. kæmi til með að líta út. Allar vanmáttugar afsakanir núna á síðari stigum í þá veruna að hæstv. fjmrh. hafi verið tilbúinn til þátttöku í einum fundinum eða fleirum þegar frv. var fram komið alskapað eru auðvitað ekki marktækar. Bara það eitt, virðulegi forseti, að þessi vinna skuli hafa verið hafin í ágúst, nánar tiltekið 23. ágúst 1995, og skipuð til þess nefnd að yfirfara lög um réttindi og skyldur starfsmanna þar sem þess var vandlega gætt að ekki kæmu þar að fulltrúar þeirra starfsmanna sem hlut eiga að máli og við eiga að búa og við eiga að lifa. Það segir okkur alla söguna. Það undirstrikar í raun þann þankagang, það viðhorf sem hæstv. ríkisstjórn hefur til þessara starfsmanna sinna. Auðvitað hefði það verið langeðlilegast, virðulegi forseti, strax á upphafsreit þessara mála. Og ég árétta og segi enn á ný að ég trúi því ekki að nokkur maður hafi ekki verið reiðubúinn til þess að takast á við það verkefni að endurskoða og fara yfir lögin frá 1954 með það í huga að laga þau að breyttum tímum. Þess í stað var farin sú leið að kalla að þessu verki aðila sem voru jafnlangt frá því að vera fulltrúar þeirra sem við eiga að búa, starfsmanna ríkisins, og nokkur kostur var. Og þessi vísbending á upphafsstigum þessarar vinnu segir okkur margt og framhald málsins undirstrikar rækilega að það hefur aldrei verið, var aldrei og mun ekki verða á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar að ganga þannig til verka að þeir aðilar sem við eiga að búa komi nokkru sinni nærri þessu máli.

Aukin heldur, þegar gerð er grein fyrir mótmælum, athugasemdum, ábendingum og tillögum starfsmanna, er gjarnan gripið til þess ráðs í þessum ræðustóli að tala um sjálfstæði þings og sjálfstæði þingmanna, að þeir megi ekki undir nokkrum kringumstæðum láta undan þrýstingi aðila utan þings, fólksins í landinu, að þeir þurfi að taka sjálfstæða, afdráttarlausa afstöðu til mála ásamt eigin samvisku án þess að láta ytri öfl þar trufla sig. Það á hins vegar ekki við þegar fulltrúar framkvæmdarvaldsins, hæstv. ráðherrar, eiga hlut að máli. Þeim nægir það eitt að rétta upp litla fingurinn og þá dansar hjörðin.

Svo veltir maður því eilítið fyrir sér hvort það er þannig að ríkisstjórnin vilji í raun og trúi því þegar allt kemur til alls að sú stefnumörkun sem birtist í þessu frv. sé hin eina rétta. Ég er handviss um það og trúi því að margir hv. þingmenn, margir starfsmenn ríkisins hafi verið albúnir að ræða málið við viðsemjanda sinn, hæstv. ráðherra og hans fulltrúa, á jafnréttisgrundvelli, gaumgæfa það og skoða, athuga hvort væri samkomulagsgrundvöllur um að breyta tilteknum ákvæðum laganna frá 1954 og hugsanlega slá þar af ákveðnum réttindaþáttum en starfsmönnum yrði þá bættur skaðinn með hækkun í kaupi eða öðru. En menn fóru ekki þessa leið. Maður hlýtur að spyrja sig að því í þessu ljósi hvers vegna það var ekki gert því að þegar allt kemur til alls, þá er því ekki haldið fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að hér sé verið að spara peninga. Hér er ekki um að ræða frv. sem á að spara sérstaklega í ríkisrekstrinum. Virðulegi forseti. Það dugir því ekkert í þessu máli fyrir hv. þingmenn Framsfl. sem að vísu hafa ekki komið við sögu og eiga kannski ekki eftir að gera það, að þylja þennan gamla söng um að það þurfi að taka á rekstrarhalla ríkissjóðs. Það hefur verið þeirra viðbára í nánast hverju einasta máli sem hér hefur borið á góma þegar á þá hefur hallað og rifjuð hafa verið upp þau fjölmörgu loforð Framsfl. fyrir síðustu kosningar. Þá hefur svarið gjarnan verið: „Fyrst er að koma rekstri ríkissjóðs í rétt horf og lækka viðvarandi halla á ríkissjóði.“ En nú á það ekki einu sinni við í þessu máli því að ekki hef ég heyrt hæstv. ráðherra né heldur talsmenn ríkisstjórnarinnar, talsmann ríkisstjórnarinnar vildi ég sagt hafa, halda því fram að þetta frv. sé sérstaklega borið fram til þess að spara peninga á ríkisstarfsmönnum, að það eigi að ná einhverjum x milljörðum með því að skerða kjör ríkisstarfsmanna eins og hér er lagt til. Það er ekki markmiðið a.m.k. í orði kveðnu þótt leiða megi rök að því að niðurstaðan, ef af niðurstöðu verður, komi til með að leiða til þess. Enn og aftur hlýtur maður því að velta fyrir sér til hvers leikurinn sé gerður. Af hverju þetta írafár? Af hverju þessi framsetningarmáti? Af hverju þessi slagur, þetta stríð við verkalýðshreyfinguna og alþýðusamtökin hér á landi?

Er ríkisstjórnin að sýna mátt sinn og megin eða er henni ekki við bjargandi þegar kemur að samskiptum helmingaskiptastjórnar við samtök launafólks með tilvísun til forsögu og fortíðar? Ekki síst hlýtur maður að velta þessum þætti málsins fyrir sér þegar litið er til þeirra miklu erfiðleikatíma sem þjóðin hefur þurft að þola í efnahags- og atvinnumálum, einkum og sér í lagi vegna ytri aðstæðna, þar sem mjög gott samráð einmitt við verkalýðshreyfinguna og samtök vinnandi fólks í landinu leiddi til þess í fyrsta lagi, þrátt fyrir kreppuna, að hægt var að halda úti viðunandi atvinnuástandi. Og það sem meira er, á þessum átta ára kreppútíma tókst þjóðinni sameiginlega í tíð tveggja ríkisstjórna að berja niður verðbólgudrauginn. Það er einkum og sér í lagi að þakka fórnum launafólks, yfirvegun og skynsemi fulltrúa þessa fólks, forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, að okkur tókst þetta. Maður hlýtur að spyrja, virðulegi forseti: Eru þetta þakkirnar? Er þarna verið að kvitta fyrir hið góða samstarf, fyrir það umburðarlyndi, þá skynsemi og yfirvegun sem verkalýðshreyfingin sýndi á kreppuárunum? Er núna

verið að kvitta fyrir það þegar menn loksins sjá fram á bjartari og betri tíma í efnahags- og atvinnulífi? Eru þetta kveðjurnar frá hv. þingheimi til hinna lægst launuðu í landinu sem hafa þurft að bera byrðarnar á umliðnum árum á þessum erfiðleikatímum? Eru þetta þakkirnar? Er þetta sérstakt skeyti frá hv. þingmönnum Framsfl., talsmanni hans í efh.- og viðskn., Gunnlaugi Sigmundssyni og hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni til vinnandi fólks í þessu landi? Er þarna verið að þakka fyrir samferðina, hversu vel hafi til tekist á sjö ára krepputímabili þegar mönnum tókst að ná saman í friði um hverja þjóðarsáttina á fætur annarri, vil ég segja, til þess að treysta það að hér færi ekki allt úr böndum. Er það nokkur undra, virðulegi forseti, þó að þær raddir heyrist núna við þessar aðstæður, að viðbrögð vinnandi fólks við þessum þökkum, við þessum kveðjum forustumanna stjórnarflokkanna, hljóti að vera þau að þessu samráði um það að halda málum í böndum sé lokið. Svo segir orðrétt í einhverju þeirra plagga sem hér liggja fyrir: „Það er búið að slíta friðinn." Er það nokkur furða, virðulegi forseti, að þetta séu hin fyrstu viðbrögð vinnandi fólks í landinu gagnvart þeim kveðjum sem hér eru á borð bornar?

Ég orðaði það svo, virðulegi forseti, hvort hluti skýringarinnar á þessari nálgun ríkisstjórnarinnar gæti verið óðagot, að hér væri ekki um meðvitaða stefnumörkun að ræða því að hér ræki hver tilviljunin aðra og um samráðsleysi ráðherra væri að ræða. Um það skal ég ekkert fullyrða og get það svo sem ekki. En mikið skelfing held ég hins vegar, virðulegi forseti, að væri affarasælt og happdrjúgt fyrir fulltrúa Alþingis í fjmrn., hæstv. fjmrh., að stíga eilítið þó ekki væri nema skamma stund í fótspor undirmanns síns, ráðuneytisstjóra fjmrn. Ég sá í blaði sem nefndist Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, að Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri hafði farið í starfsþjálfun í einn mánuð norður á Akureyri og tekið þar við starfi skattstjóra um skamma hríð til þess að brúa þar ákveðið bil sem upp kom. Með leyfi forseta segir ráðuneytisstjórinn orðrétt í þessu viðtali:

„Það var einstaklega holl tilbreyting að gegna starfi skattstjóra þó ekki væri nema stuttan tíma." Og síðan: „Í fjmrn. eru skattamálin eitt sérsviðanna sem jafnt og þétt er unnið að. Þar eru skattalögin og skattareglurnar sem hæst rísa, en framkvæmd skattamálanna hvílir meira í höndum starfsfólks ríkisskattstjóra og skattstofanna. Ég átti því margt ólært í skattaframkvæmd og á það raunar enn þá. Í daglegum önnum í ráðuneytinu sýnist mér að stundum gleymist að taka nægjanlegt tillit til ýmissa framkvæmdaatriða skattalaga. Einföld breyting á lögum getur valdið skattkerfinu og ekki síður almennum skattgreiðendum töluverðri vinnu og vangaveltum."

Ég bið virðulega þingmenn að setja inn í staðinn fyrir „skattgreiðendur" og „skatta": „starfsemi" og „starfsfólk ríkisins". Ég held einmitt að hæstv. ráðherra hefði mjög gott af því að feta í fótspor undirmanns síns, ráðuneytisstjórans og fara út á meðal þeirra þúsunda starfsmanna ríkisins sem í erli dagsins eru að sinna sínum daglegu störfum og til þess skynja það og skilja hvaða verk þetta fólk hefur með höndum, hvaða þjónustu það er að sinna, við hvaða kjör það býr og að hann átti sig á því að það er ekki eingöngu í skattamálunum sem starfsmenn fjmrn., ráðgjafar ráðherrans og hæstv. ráðherra sjálfur, eiga margt ólært heldur ekki síður í hinum daglega rekstri ríkisins og kjörum og vinnuumhverfi þúsunda ríkisstarfsmanna. Það er er nefnilega alveg laukrétt sem virðulegur ráðuneytisstjóri segir hér: „Í daglegum önnum í ráðuneytinu sýnist mér að stundum gleymist að taka nægjanlegt tillit til ýmissa framkvæmdaatriða skattalaga", eða til ýmissa framkvæmdaatriða í rekstri og þjónustu ríkisins og umhverfis starfsmanna ríkisins.

Ég get ekki stillt mig um það heldur, virðulegi forseti, að staldra við annað atriði í annars upplýsandi viðtali við Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjmrn. Hann gerir í þessu viðtali grein fyrir störfum sínum sem skattstjóri á Akureyri og nýjum uppgötvunum. Það er allt gott um það að segja. En hann segir orðrétt þegar kemur að þjónustu við almenning, með leyfi forseta:

„Einn þáttur í starfsemi skattstofunnar á Akureyri sem vakti sérstaklega athygli mína er sú þjónusta sem skattstofan veitir skattgreiðendum. Í því sambandi tel ég til fyrirmyndar að starfsmenn veita fjölmörgum framtalsaðstoð og leggja sig fram um að greiða götu þeirra sem upplýsinga leita."

Áfram heldur hann, með leyfi forseta:

„Þá tel ég það einnig til eftirbreytni að starfsfólk skattstofunnar hefur í samvinnu við verkalýðsfélögin við Eyjafjörð og víðar staðið fyrir framtalsnámskeiðum fyrir einstaklinga. Af viðtölum mínum við málsvara stéttarfélaganna heyrist mér að þetta hafi mælst vel fyrir."

Enn og aftur segi ég ekki annað en það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra mætti ganga í smiðju undirmanns síns, hlýða honum betur og rækilegar yfir hvernig staðið er að verki á vettvangi, úti í fyrirtækjunum, úti í hinum fjölmörgu þjónustufyrirtækjum, meðal fólksins, því að fjölmargir þættir sem þetta frv. sem við ræðum hér tekur til, lúta einmitt að málum eins og þau birtast fólki frá degi til dags, ekki eingöngu að því sem snýr að buddu þess sjálfs heldur ekki síður að hvata og möguleikum þeirra til að veita altæka og góða þjónustu. Um það snýst þetta mál.

Það er dálítið kúnstugt, virðulegi forseti, þegar maður veltir upp umræðum hér á Alþingi á síðustu árum, oft býsna hávaðasömum umræðum um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna, að skoða núna framgangsmáta réttindamála opinberra starfsmanna. Sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, að þessir tveir sömu flokkar hafa básúnað það og haft býsna hátt um það oft og einatt að við þurfum að standa á eigin fótum og móta okkar eigin stefnu. Íslandi allt! Útlend áhrif eru skaðleg og skelfileg og leiða allt í ógöngur. Samt sem áður er það þannig að í sumum tilfellum er það einmitt aðild okkar að alþjóðasamtökum sem er einasta haldreipi og vörn vinnandi fólks í þessu landi. Það er orðið þannig, virðulegi forseti, að EES-samningurinn og meira að segja, svo ég klæmist nú aðeins, tilskipanir frá Brussel eru vörn fyrir vinnandi fólk í þessu landi gegn helmingaskiptastjórns íhalds og Framsóknar. Þannig er það m.a. um lög sem samþykkt voru 1993 og lúta að aðilaskiptum á vinnumarkaði. Það þýðir á mæltu máli að ef ríkið ætlar að hlutafélagsvæða Póst og síma eða aðrar stofnanir eru þau kannski einn stærsti bremsufaktorinn fyrir vinnandi ríkisstarfsmenn hjá þessum fyrirtækjum sem hægt er að grípa í, sem hægt er að nota sem þröskuld gegn þessari rúllandi árás ríkisvaldsins og stjórnarflokkanna á kjör þessa fólks. (**Gripið fram í:** Varstu ekki ráðherra?) Jú, ég er einmitt, virðulegur þingmaður, að fagna því sérstaklega að nú skulum við hafa þetta haldreipi. En það sem ég er að rifja upp, hv. þingmaður, er að annar stjórnarflokkanna, Framsfl., er gjörsamlega að tapa sér. Hann ætlaði persónulega og prívat að passa upp á það að ekki yrði gengið á rétt vinnandi fólks í landinu. Og að menn mundu gæta þess í löggjafarstörfum sínum að það yrði tryggt. En nú er það einfaldlega þannig,

virðulegi forseti, að þessi samningur, EES-samningurinn og afleiddar ákvarðanir ESB á tilteknum sviðum, m.a. á þessu sviði sem ég nefndi hér áðan og varðar vinnuumhverfi starfsfólks, er það haldreipi sem launafólk grípur í. Já, hún er kúnstug veröldin. Og ekki nóg með það. Sem betur gerir aðild okkar að ýmsum alþjóðasamtökum öðrum það líka að verkum að það er bremsufaktor á ríkisstjórnina. Hún kemst ekki lengra þótt hún fegin vildi. Bæði eru það alþjóðlegir samningar sem lúta að mannréttindaákvæðum og einnig höfum við lögtekið sem betur fer ýmis tilmæli frá vinnumálastofnuninni í Genf sem gera það að verkum að ríkisstjórnin kemst ekki eins langt og hún annars ætlaði sér. Ég nefni sem dæmi um hið fyrrnefnda, EES-tilskipanirnar, að menn hlógu að því í öllu þjóðfélaginu þegar hver fréttatíminn af öðrum var undirlagður af fréttum um að vænta mætti tilskipunar frá ESB um hámark yfirvinnu. Hvað birtist í þessu frv. hér? Þar sem enn er haldið í gamla forna farið og þar sem knýja má opinbera starfsmenn til að vinna yfirvinnu eftir geðþótta yfirmanna? Nei, menn komast hins vegar ekki alla leið eins og þeir ætluðu. Og það skín í gegnum frv. og segir í raun og veru berum orðum í athugasemdum með því og greinargerð stjórnarflokkanna að þeir gátu ekki farið hærra í kröfugerð sinni um yfirvinnu opinberra starfsmanna og skuldbindingar af þeim toga vegna þess að ESB leyfði ekki hærra þak. Þeir urðu að lækka þakið frá upphaflegum markmiðum. Þannig að vinnuverndin kemur að utan. Við þurfum með öðrum orðum leita ásjár í Brussel til að stoppa af forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar á Íslandi, íhald og Framsókn, í skefjalausri árás sinni á launafólk. Hefði nokkur trúað þessu fyrir nokkrum missirum eða árum? Ég held ekki. En svona er nú lífið samt. Ég vek sérstaka athygli á því að meira að segja hörðustu andstæðingar aðildar að ESB, ég hlýt að hlusta á þau viðhorf eins og önnur, átta sig á því að nú er svo komið að hið íslenska stjórnvald er svo veruleikafirrt í árásum sínum á réttindi launafólks að það á sér eina vörn og það er Brussel. Mikil er skelfingin. Réttarverndin að utan. Það er ekki að undra þótt Framsfl. fari að hugsa sinn gang upp á nýtt og athuga stefnuskrána og hugmyndafræðina. Vitaskuld erum við hér að reyna að nálgast þetta mál þrátt fyrir allt með efnislegum hætti og reyna að greina það og skynja hvernig við getum bætt þjónustu ríkisins við þegna landsins en á sama tíma gert vel og jafnvel betur við opinbera starfsmenn. Það því grátlegt, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin skuli hafa farið fram með þeim hætti í endurskoðun á gömlum ákvæðum frá 1954 að sæði tortryggni og andstöðu skuli hafa leitt til þess að efnislegri og vitrænni umræðu verður ekki viðkomið. Þú ræðst ekki á mann, lemur hann í gólfið og segir svo: Eigum við að spjalla um þetta? Þannig fara menn ekki að. En þannig hafa menn nálgast þetta mál. Auðvitað stendur viðkomandi maður upp og verst, hann fer ekki að ræða málið í rólegheitum.

Ég hef staldrað við það, virðulegi forseti, því það er óhjákvæmilegur fylgifiskur þessarar umræðu allrar, hvað ríkisstjórninni gengur til. Er hún alvond eða er þetta tilviljun? Förum nú aðeins víðar yfir sviðið. Ég nefndi sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál. Maður þarf ekki að hugsa langt aftur í tímann eða lengi um viðhorf ríkisstjórnarinnar til velferðarkerfisins til að átta sig á því að þau eru með þeim hætti að menn hljóta að staldra við. Ríkisstjórnin hefur engin áform uppi um að styrkja þetta velferðarkerfi. Það hefur aldrei nokkrum stjórnarþingmanni dottið í hug að halda því fram. Að vísu fyrir kosningar en eftir kosningar hefur ekki bólað á slíkri speki. Þannig að allar tilraunir stjórnarandstæðinga til að nýta góðærið til að styrkja og styðja velferðarkerfið í þessu landi hafa runnið út í sandinn. Þetta er því allt á sömu bókina lært þegar þetta mál er skoðað heildstætt. Þetta er sama sagan og 1974–1978 og 1983–1987. Þetta er sama sagan núna, 1995–1999. Þessi ríkisstjórn er ríkisstjórn sérhagsmuna. Það birtist ekki eingöngu í afstöðunni til velferðarkerfisins, það birtist í tvíburabróður þessa frv. sem við erum að fjalla um hér, frv. um einkavæðingu Pósts og síma. Þar kemur þetta allt fram, þar er beinagrindin klæðlaus. Þar eru hlutirnir sagðir eins og þeir eru. Þar ætlar ríkisstjórnin að hlutafélagavæða þetta þjónustufyrirtæki sem hefur skilað ríkissjóði 1,5 milljörðum á ári í arð. Skilar hér rekstri og raunar gjaldskrá sem er ein lægsta í gervallri Evrópu. Þar ætlar ríkisstjórnin, þótt hún fari bakdyramegin að því máli, að láta það fyrirtæki, Stefán Guðmundsson, hv. þm., að láta það fyrirtæki beint í hendur karlanna með pípuhattana. Beint í hendur karlanna sem eru við Hafnarstrætið og eiga hér samgöngufyrirtæki önnur. Með öðrum orðum skipafélag og flugfélag. Auðvitað liggur það alveg í augum uppi, virðulegi forseti, og það veit hv. þm. Stefán Guðmundsson. Auðvitað liggur ekkert annað að baki þeirrar formbreytingar sem nú er í burðarliðunum og á líka að keyra í gegn á þessu vorþingi. Það á að formbreyta Pósti og síma, þessu ágæta þjónustufyrirtæki sem skilar arði í ríkissjóð og lægsta verði símtala í gervallri Evrópu og láta fyrirtækið beint í hendur kolkrabbans. Hverjum dettur annað í hug? Og af því að ég nefndi nú hv. þm. Stefán Guðmundsson sérstaklega, virðulegi forseti, þá geri ég það vegna þess að ég hef á því trú og tilfinningu fyrir því að hann sé réttsýnn maður sem trúi þrátt fyrir allt á hið rétta í lífinu og sanngirni og jöfnuð. (**Gripið fram í:** Rökstyddu það.) *Ég rökstyð það einfaldlega með því að ég og þingmaðurinn erum samferða í hv. samgn. þingsins og ég sé það, virðulegi forseti, hversu illa honum líður og hversu fámáll hann verður þegar þessi málefni ber þar á góma. Hann verður alveg hreint ómögulegur maður. Ég skil það vel því auðvitað veit hver einasti maður, virðulegi forseti, að það að formbreyta Pósti og síma frá og með næstu áramótum þýðir bara eitt. Hv. þm. Stefán Guðmundsson og aðrir stjórnarþingmenn verða settir hér í sætið sitt og sagt að ýta á græna takkan þegar menn ætla að selja fyrirtækið fyrir spottprís til fjölskyldnanna fjórtán. Mundu mín orð, virðulegi forseti. Stefán Guðmundsson, hv. þm., mun sitja hér í sínu sæti eða öðru eftir útdrætti og ýta á þennan græna takka ef hann ætlar ekki að sporna við strax á frumreiti málsins. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að honum eigi eftir að líða mun verr í ágætri samgn. þegar fram líða stundir í þessu stjórnarsamstarfi og menn fara raunverulega að sýna sinn rétta lit, sitt innra eðli og ætla að fara að gefa fyrirtækið. Þannig að þetta mál, formbreytingin á Pósti og síma, er auðvitað eins og viðlag við það frv. sem við ræðum hér.*

Enda var það þannig á fundi títtnefndrar samgn. í morgun þar sem menn voru að ræða þau mál og raunar var það þannig að stjórnarmeirihlutinn í nefndinni tók það út með meirihlutaatkvæðum, eins og það er orðað. Hann afgreiddi málið með öðrum orðum í nefndinni til 2. umr. og hér inn í þingsal. En til þess að menn héldu nú laginu lagði stjórnarmeirihlutinn fram brtt. við upphaflega frv. um hlutafélagsvæðingu Pósts og síma. Hvað gerði þá stjórnarmeirihlutinn og meira að segja, virðulegi forseti, hv. þm. Stefán Guðmundsson líka þótt hann hafi ekki sagt margt? Það var þetta: Biðlaunaréttur

og annar almennur réttur skal taka mið af þeim lögum sem þá munu gilda. Með öðrum orðum, fyrst á að keyra í gegn þessa skerðingu og síðan eiga 2.400 starfsmenn Pósts og síma að súpa af því seyðið. Þeir áttuðu sig á því núna á síðustu stigum málsins í samgn. að þeir kæmust ekki upp með að segja söguna hálfa, þeir yrðu að segja hana alla. Er það furða, virðulegi forseti, þó hv. þm. Stefán Guðmundsson hafi ekki sagt mikið við þær aðstæður. Ég er ekki undrandi á því. (**VE:** Hann er nú nokkuð brattur sýnist mér.) Virðulegi forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson er alltaf brattur. Það verður nú ekki af honum tekið.

Það er hins vegar annað í þessu máli Pósts og síma sem verður ekki skilið frá þessari umræðu og það er þetta: Í því frv. er kveðið á um að ekki verði heimil sala hlutafjár ríkisins í fyrirtækinu sem verður eini eignaraðilinn, nema Alþingi samþykki. Hins vegar er í þessu sama frv. grein sem segir að hæstv. samgrh. sé heimilt að skipta þessu hlutafélagi upp í jafnmarga búta og honum dettur í hug. Með öðrum orðum, að búa til dótturfyrirtæki, dótturdótturfyrirtæki, frændafyrirtæki og ég veit ekki hvað og hvað. Það segir ekkert um það og enginn hefur getað svarað því fyrir fullt og fast hvaða réttaráhrif þetta hefur fyrir starfsmenn hins nýja hlutafélags. Þó öllum sé boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi nú um þessi áramót, Pósti og síma hf., þá kemur ekkert í veg fyrir að hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, taki ekki ákvörðun um það 5. janúar að búa til Póstinn hf. og segja upp öllum starfsmönnum sem þar hafa unnið. Frv. og löggjöfin sem við munum væntanlega samþykkja, þó ég voni að svo verði ekki, um Póst og síma hf. mun ekki hafa nein réttaráhrif þar á. Það er hinn glerharði veruleiki málsins, virðulegi forseti, sem ég held að hv. þm. Stefán Guðmundsson viti allt um. Þess vegna þegir hann sem aldrei fyrr.

Í frv. um Póst og síma eru fleiri samsvaranir við það frv. sem við erum hér að ræða. Þar gengur aftur þessi plagsiður, þessi ósiður sem virðist ríða húsum á hinu háa Alþingi, að menn hálfkara verkið. Menn eru að skella inn í þingið frumvörpum sem menn hafa ekki leitt til lykta og forðast eins og heitan eldinn eins og rauðan dauðann að svara eðlilegum áleitnum spurningum um afdrif og áhrif slíkra lagafrv. ef samþykkt verða. Virðulegi forseti, sem dæmi um þetta sleifarlag framkvæmdarvaldsins er að breytingartillögur meiri hluta samgn. í málefnum Pósts og síma eru þannig að meiri hluti samgn. og væntanlega stjórnarmeirihlutinn neyddist til þess að fresta um þriggja mánaða skeið þessari hlutafélagavæðingu vegna þess að frv. var upphaflega þannig úr garði gert að það vissi enginn hver átti að bera út póstinn frá 1. júní til loka september. Nú er búið að leysa það mál enda benti stjórnarandstaðan á þetta gat í þessari frumvarpsvinnu. En þetta er svona örlítið dæmi um það hvernig verklagi og vinnubrögðum er þar háttað.

Enn fremur er skilið við það mál þannig að það er náttúrlega ekki hægt að kalla það neitt annað en reddingu í horn — ég bið forseta að fyrirgefa það orðbragð — þegar enn ein breytingartillaga meiri hluta samgn. í frv. um Póst og síma hf. hljóðar í þá veru að þriggja manna nefnd sem í upphaflegu frv. átti að undirbúa og samhæfa stofnun þessa hlutafélags fær nú altækt umboð. Það er bara sagt berum orðum að þessi þriggja manna nefnd sem samgrh. ætlar að skipa fái vald löggerninga. Það þýðir í raun að ákvarðanir þessarar þriggja manna nefndar sem ég veit ekkert hverjir munu skipa, um launakjör starfsmanna — það er enn þá galopið — eru ígildi lagasetningar eða reglugerðarsetningar. Stjórnarmeirihlutinn ætlar að afgreiða Póst og síma málið með því að vísa því til einhverra manna úti í bæ. Þeir gefast upp við að svara þessum spurningum. Hv. þm. gefast upp við að svara þessum spurningum sjálfir og segja: „Við skulum bara láta menn úti í bæ sjá um þetta.“ Þeir gefa þeim altækt vald, ekki löggjafarvald þó, en reglugerðarvald til að skipa málum eins og þeim sýnist best í samstarfi við 2.400 starfsmenn sem eru í uppnámi, fá engin svör og vita ekkert hvað bíður þeirra eftir áramót. Nei, það eiga einhverjir menn úti í bæ að ljúka þessu verkefni fyrir hv. þingmeirihluta þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er auðvitað verklag eða vinnubrögð, virðulegi forseti, sem er ekki nokkurt lag á.

En þetta er svo sem í stíl við annað og í anda þess frv. sem við erum að ræða um hér. Menn geta til að mynda staldrað við eitt veigamikið atriði í frv. sem menn hafa eðlilega rætt nokkuð ítarlega. Það er þessi heimild til yfirborgana. Ég ætla fyrir mína parta ekkert að kveða upp úr um það hvort það hafi verið alvond hugmynd í upphafi, hvort það sé hugsanlegt að vinna eitthvað úr slíkri hugmynd þannig að gagn yrði að. Það kann vel að vera. En eins og hún er framsett í frv. og í þessum lagatexta sem við erum að ræða og vinna með, þá er hún gjörsamlega gagnslaus. Það er ekki nokkur bragur á því og ekki nokkur möguleiki á því, virðulegi forseti, að hið háa Alþingi afgreiði það mál eins og hér um ræðir.

Hæstv. fjmrh. hefur verið þráspurður um hvaða verklags- og vinnureglur eigi að miða við þegar forstöðumenn stofnana ætla að fara að umbuna Pétri eða Páli. Mikil æpandi þögn er eina svarið sem mætir manni. Ég hlýt að árétta mjög alvarlega og rækilega við talsmann ríkisstjórnarinnar í þessu máli, hv. þm. Vilhjálm Egilsson, spurninguna um hvaða reglum eigi að vinna eftir þegar kemur að því að forstöðumenn ríkisstofnana fara að umbuna Pétri eða Páli fyrir vel unnin störf. Ég geri raunar meiri kröfur en svo að hv. þm. svari mér því hér með sínum hugmyndum í örfáum orðum. Ég held að hv. þm. hljóti að gera kröfur um það að milli umræðna fáist slíkar reglur niður á blað. Annars eru þetta bara orðin tóm. Hér eru menn að halda því fram — ég get auðvitað ekki lagt neitt mat á það — að þetta verði geðþóttaákvörðun forstöðumanna, að þeim líki betur við hinn en þennan. Ég neita fullkomlega að trúa því að það sé hugmyndafræðin þarna á bak við. En á meðan höfundar þessa frv. og stuðningsmenn þess geta ekki svarað því tiltölulega skýrt hvernig á að fara með þessar yfirborganir, ef við orðum það svo, þessar aukagreiðslur, þá hljóta menn að gagnálykta að það eigi að fara hina vondu leið geðþóttaákvörðunar. Ég krefst þess að í þessari umræðu, þessari lotu, gefi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson okkur einhverjar hugmyndir, þó ekki væri meira, um það hvernig hann sér það fyrir sér að forstöðumenn lítilla eða stórra ríkisstofnana nýttu sér þessar heimildir. Það er langt í frá auðvelt mál.

Virðulegi forseti. Hinn fjölmenni stjórnarmeirihluti í þingsal hefur nú kallað til aukafundar í hliðarsal. Fagna ég því mjög að þeir ráða þar ráðum sínum. Þeir komast kannski að þeirri niðurstöðu að þeir ætli að taka þátt í umræðu þótt síðar verði í þessum mánuði. En það eitt að þeir skuli stinga saman nefjum, jafnvel um það mál sem hér um ræðir, er fagnaðarefni.

Ég staldra eilítið við Framsfl. Ég get ekki annað, virðulegi forseti. Það er vegna þess að það er ekki nema eitt ár frá því kosningar voru og allt þetta fólk í fyrirrúmi sem þá þvældist fyrir Framsfl. og fylktist raunar um hann í stórum stíl — hann var flokkur upp á ein 20% eða meira jafnvel — er bara týnt

og tröllum gefið. Það var bara einnar nætur gagn. Fyrirgefðu nú orðbragðið á nýjan leik, virðulegi forseti. Ég hlýt að spyrja hvar hinir vösku sveinar og meyjar Framsóknar séu, þau sem öllu ætluðu að umbylta og breyta í okkar íslenska samfélagi. Þau ætluðu að létta álögum á fjölskyldum þessa lands. Virðulegur forseti verður að fyrirgefa þó að ofarlega í huga mínum séu til að mynda þingmenn á borð við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og hv. þm. Hjálmar Árnason sem voru meðal annarra ágætra andstæðinga minna í Reykjaneskjördæmi. Loforðalistinn í þá daga ætlaði engan endi að taka. Aldrei varð ég þess heldur var eitt andartak, virðulegi forseti, að það stæði neitt sérstaklega á svörum hjá þessu fólki eða að það væri tiltakanlega feimið við að lýsa viðhorfum sínum til hinna ýmsu mála. Hvers vegna þá allt í einu núna, virðulegi forseti? Er þetta fólk upptekið við önnur störf? Hvernig stendur á því að t.d. þessir tveir nýju þingmenn sem státuðu af býsna glæstum sigri í þessu næstfjölmennasta kjördæmi landsins láta sig algjörlega vanta? Þeir eru ekki með. Þeir skila bara auðu. Eða aðrir ágætir andstæðingar, frambjóðendur Sjálfstfl. sem í þessu sama kjördæmi, virðulegi forseti, skiluðu ef ég man rétt ekki færri fimm þingmönnum inn á þing og 43–45% atkvæða eða jafnvel meiru. (**Gripið fram í:** 39%.) Guði sé lof að það var nú ekki meira. Hvar eru þeir? Eru þeir líka komnir í þagnarbindindi? Hvar er þeirra rödd í þessu stóra máli sem hér um ræðir? Höfðu þeir sérstaklega á orði á fundum í Hafnarfirði, Kópavogi eða í Reykjanesbæ, Keflavík, að það stæði sérstaklega til að ráðast að kjörum ríkisstarfsmanna? Hv. þm. Kristján Pálsson sem er einn fimm þingmanna Sjálfstfl. í þessu kjördæmi, er hér við þessa umræðu. Kannski hann upplýsi það hér í andsvari á eftir á hvaða skilti það hafi verið og hvar hann hafi sérstaklega lofað því í kosningabaráttunni hvernig ætti að ráðast að réttindum opinberra starfsmanna. Hvort hann hafi ekki farið ítarlega yfir það á þessum fjölmörgu kosningafundum. Ég hlýt að vera býsna gleymin því ég man ekki til þess að hann hafi nefnt það aukateknu orði. Þvert á móti stóð nú gjarnan út úr þeim bunan, blessuðum frambjóðendum Sjálfstfl., um það hvað þeir ætluðu að gera fyrir fólkið. (**Gripið fram í:** Þú hefur ekki verið á réttum fundi. Það er enginn ...) Ja, það er fróðlegt. Ég hef þá verið á einhverjum alröngum fundi. Það hefur verið þá í mettuðum reykherbergjum sem hv. þm. Kristján Pálsson hefur sagt fyrir um það hvernig hann ætlaði að taka í lurginn á ríkisstarfsmönnum og skerða kjörin þeirra. En það væri fróðlegt ef hann segði okkur hv. þm. frá því hvar í kosningastefnuskánni, hvar á kosningafundum og hvenær og hvernig hann lýsti þeim viðhorfum sínum að nú yrði að taka á þessum skrattans — fyrirgefðu orðbragðið, virðulegi forseti — ríkisstarfsmönnum. Ég bíð í ofvæni og vænti þess, virðulegi forseti, að það sé rúm hér fyrir hann í andsvaratíma á eftir. Ég bíð a.m.k.spenntur.

Þeir eru að vísu fleiri þessir þingmenn en þeir sem ég hef hér tiltekið. Ég staldraði eðlilega nokkuð við ágætan þingmann af Norðurl. v. sem hefur att nokkru kappi við formann efh.- og viðskn., Vilhjálm Egilsson sem hefur náttúrlega aldrei farið með löndum í því sambandi eða falið það að hann vill ríkiskerfið feigt. Hann vill frelsi markaðarins og frjálshyggjunnar sem mest. Ég veit það af því ég hef góða agenta fyrir norðan. Þeir hafa einmitt tekist á um það af mikilli hörku, hann og hv. þm. Stefán Guðmundsson. Ekki síst í því ljósi er því enn undarlegra að það skuli tæpast slitna á milli þeirra slefan núna þegar kemur að þessu. Og aftur bið ég afsökunar á orðbragðinu, virðulegi forseti. (**VE:** Herra forseti er nú þingmaður kjördæmisins.) Hann getur þá væntanlega borið vitni um það þegar hann fær ráðrúm til og losnar við skyldur forsetaembættisins. En fleiri eru þingmenn Framsóknar sem hér er sérstaklega kallað eftir. Til dæmis hæstv. iðnrh. sem stundum situr hér lengst til hægri í sínum stól. Hann var ekki ósnotur loforðalistinn sem hann fór fram með um borg og bý í aðdraganda kosninga. (**VE:** Varst þú ekki næstum því búinn að kjósa Framsfl.?) Það munaði bara engu. Og fylgifiskur hans, Ólafur Örn Haraldsson, sem flaut inn með hæstv. iðnrh. í flaumi loforða, hann er líka sáralítið hér. Ekki hef ég heyrt hann hafa mörg orð um að það þurfi endilega að hirta opinbera starfsmenn, hvorki fyrr né síðar. Svo kemur að hinum vaska sveini, hv. þm. Guðna Ágústssyni, sem er eðlilega mjög á varðbergi gagnvart körlunum með pípuhattana. Hann þekkir þá. Hann var formaður bankaráðsins og situr í bankaráði Búnaðarbankans og veit að þeir eru mættir í anddyrinu, hanga á hurðarhúninum og vilja inn í þennan banka. Þess vegna er hann á varðbergi. Hvar er hann núna þegar þörf er á honum? Af hverju mætir hann ekki hér til leiks? Hann sem staðið hefur vörð um hagsmuni bankastarfsmanna og um hagsmuni bankanna yfirleitt og vill mynda skjaldborg gegn körlunum með pípuhattana. Nú eru þeir komnir hér inn á gafl. Af hverju kemur hann ekki til skjalanna, virðulegi forseti? (**Gripið fram í:** Hann er að kynna sér norska kúakynið.) Það er að vísu alveg hárrétt, virðulegi forseti, einhverju öðru hefur hann að sinna en þessum hinum stóru málum í andartakinu. Ég neita hins vegar að trúa því að þessi vaski maður sem í þessum sama ræðustóli fyrir réttu ári lýsti með mjög myndrænum hætti, að vísu kannski öfgafullum, kjörum fólks á Suðurlandi á þann veg að þar færi fólk á milli bæja og hefði hvorki ofan í sig né á og nagaði þar girðingarstaura vegna sárrar fátæktar. Hann hefur algerlega lagt þá ræðu á hilluna. Ég hef ekki heyrt hana haldna hér síðan í apríl. (**Gripið fram í:** Varstu að tala um Ódáðahraunið?) Nei, það var í hinni blómlegu sveit sem hann á uppruna sinn í, hvort það var í Biskupstungum eða Landsveitinni, ég kann ekki frá því að segja. En einhverjir voru þeir girðingarstaurarnir sem voru illa nagaðir þar. En hann er ekki mættur. Hann er ekki með okkur í þessari umræðu, virðulegi forseti, nema stöku sinnum vegna skyldu sinnar á forsetastóli. Þannig væri hægt að halda lengi áfram varðandi þessa vösku sveit framsóknarmanna sem geystist inn í þingsali eftir glæstan kosningasigur og ætlaði allt að laga og öllu að breyta en er nú gengin í björg með íhaldinu. Fólk í fyrirrúmi, það var þá.

Ég segi hins vegar eins og er af því að ég hef nokkra reynslu af því, mestan part bitran en þó ekki að öllu leyti, að vinna með íhaldinu að ég trúði því að til að mynda menn eins og hv. þm. Egill Jónsson sem er þekktur fyrir að standa fast í ístaðinu þegar kemur að því að hrófla við bændastéttinni. Þá má ekkert gerast. Hingað og ekki lengra, segir þá hv. þm. Egill Jónsson. Af hverju fer hann ekki í varnarsveitina gegn hinum launþegum þessa lands, opinberum starfsmönnum? Af hverju passar hann ekki upp á takkana hér, hina grænu takka og gætir að því að ríkisstjórnin fari ekki fram með þeim hætti sem hér er gert. Ég trúi því enn, því hann fer nú hægt yfir stundum hv. þm., að á honum sé von, hann mæti í varnarsveitina og standi með okkur gegn þessum nýfrjálshyggjumönnum sem engu vilja eira. Eða þá hv. þm. Árni Johnsen sem er þekktur fyrir að rísa upp ef hróflað er við hagsmunum Vestmanneyinga. Af hverju mætir hann ekki í varnarliðið líka með okkur hv. stjórnarþingmönnum

og gætir að þessum nýfrjálshyggjugaurum sem engu eira?

Virðulegi forseti. Er von að maður spyrji: Hvar er þessi varnarsveit sem tekur til hendinni þegar á móti blæs? Þeir eru týndir og tröllum gefnir. Eðlilega hlýtur maður líka að kalla eftir hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sem þó að sönnu hefur staðið sig og staðið uppréttur í hinu skerðingarfrumvarpinu, þ.e. frv. um vinnulöggjöfina. Þar ætlar hann ekki, ef ég hef skilið hann rétt, að kokgleypa þá sendingu sem úr fjmrn. kemur. Af hverju er hann ekki viðstaddur? Þessi vaski forustumaður sjómanna til margra ára. Af hverju tekur hann ekki höndum saman við samtök launafólks í varnarbaráttunni gegn nýfrjálshyggjunni? Ég kalla sérstaklega eftir honum og öllum hinum sem ég hef hér nefnt til sögu. Ég neita að trúa því fyrr en ég tek á að þeir setjist hér niður eins og prúðir fermingarpiltar og ýti á græna takkann þegar kallið kemur frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni eða hæstv. fjmrh. Ég neita að trúa því og í því ljósi ræði ég þetta frv. að það verði ekki að veruleika. Því hér er ekki um neitt glens að ræða, virðulegi forseti, og við erum að ræða hér um sjálfstæði og virðingu þingsins. Við erum að ræða það hér hvort stjórnarskráin okkar, sem er grundvöllur okkar samfélagsskipunar, sé einfaldlega orðin tóm eða mark á takandi. Víst segir sagan okkur það að á stundum þegar hv. þm. þykir það henta vísa þeir gjarnan til 48. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að þingmaður sé engu öðru bundinn en eigin sannfæringu. En þegar alvaran blasir við fer oft ansi lítið fyrir þessari sannfæringu. Ég neita algerlega að trúa því, virðulegi forseti, að 40 hv. þm. af 63 hjá löggjafarsamkomu þjóðarinnar hafi sannfæringu fyrir því í hjarta sínu að þeir séu að gera rétt, að þeir séu að gera rétt með því að samþykkja þennan bastarð, þetta frv. sem hér liggur fyrir. Því neita ég fullkomlega og byggi það ekki síst á því að menn og konur með vonda samvisku eru gjarnan í felum, segja lítið, helst ekki neitt. Það á við um allan skarann, öll varadekkin, langstærstan hluta þeirra 40 þingmanna stjórnarinnar sem við búum hér við illu heilli.

Ég sagði að menn skyldu ekki taka það létt að við búum við stjórnarskrá um þrískiptingu valdsins og þrískipting valdsins er þannig eins og öllum er kunnugt að við höfum hér Alþingi og forseta Íslands sem fara með löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið og síðan dómendur með dómsvaldið. Raunar er það þannig, þó ég ætli ekki að fara í einhvern meting um það, að stjórnarskráin segir líka og gefur mjög til kynna að af þessum þremur er Alþingi eðlilega veigaþyngst enda upphafið. Og í fjarveru forseta er það til að mynda þannig að þá fara þeir þremenningar með forsetavald, hæstv. forsrh., forseti Hæstaréttar og forseti sameinaðs þings og í þeim tilfellum er auðvitað forseti sameinaðs þings í forsæti. Það er því þannig, og menn skulu taka þann hlut mjög alvarlega, að hið háa Alþingi á ekki, getur ekki og má ekki taka við einhverjum sendingum og kokgleypa þær frá framkvæmdarvaldinu, einkum og sér í lagi þegar þannig er um hnútana búið að framkvæmdarvaldið á hlut að máli, er annar samningsaðila í samningum um kaup og kjör. Á þeim vettvangi, á þeim stundum er það skylda löggjafarvaldsins að koma að málinu með frumkvæði og með beinum hætti. Þess vegna segi ég enn og aftur, virðulegi forseti, hin eðlilegustu vinnubrögð hefðu verið þau að leyfa aðilum sjálfum að semja um þetta sín á milli, gaumgæfa það og kanna til þrautar hvort að samningsgrundvöllur hafi verið um tiltekin mál, tilteknar breytingar, tiltekna aðlögun. Ef ekki, ætti það að vera að frumkvæði þingsins, ef menn töldu á því brýna nauðsyn, að gerðar yrðu á þessu breytingar og leikreglur samdar þannig að viðunandi væri.

Svo er fleira í stjórnarskránni sem einnig er ástæða til að staldra við á þessum tímapunkti undir þessum kringumstæðum. Menn eiga ekki að fara létt með það þegar rætt er um þessa sannfæringu því að hv. þm. vinna drengskaparheit að stjórnarskránni. Þeir eiga að standa við það drengskaparheit. Ég neita þess vegna að trúa því að menn séu settir hér niður eins og kornabörn og látnir ýta á græna takka.

Síðan liggur það einnig í augum uppi, virðulegi forseti, að þinginu er falið það vald og það verkefni að fylgjast með framkvæmd löggjafarinnar sem þýðir í raun og sanni að þinginu er gert það skylt að fylgjast með framkvæmdarvaldinu, hvernig það innir verk af hendi, hvernig það færir fram þau lög sem Alþingi hefur sett. Ég held að engum blandist hugur um það að Alþingi, hið háa Alþingi hefur verið býsna rólegt í tíðinni, skulum við segja, þegar kemur að þessu stóra verkefni. Og það liggur í augum uppi hvers vegna það er. Það er vegna þess að við höfum öfug formerki á þessu valdi. Það liggur m.a. í þeim veruleika sem ég held að við hljótum að þurfa að ræða hér mjög rækilega á hinu háa Alþingi, þ.e. hvort ekki sé fullkomlega óeðlilegt til lengri tíma litið að framkvæmdarvaldið skuli hafa hér atkvæðisrétt sem þýðir í raun að hæstv. ráðherrar skuli vera þingmenn. Ég hef aldrei legið á þeirri skoðun minni að það sé ekki eðlilegt. Þarna á að skilja nokkuð rækilega á milli. Hvort það í raun leysti þetta bráðavandamál sem við er að eiga einmitt núna, þ.e. það vandamál að hv. þm. stjórnarflokkanna taka við öllum skilaboðum sem frá framkvæmdarvaldinu koma og hlaupa eftir öllum duttlungum og geðþótta hæstv. ráðherra, skal ég ekkert um segja. En það væri þó tilraun í þá átt. Það er grafalvarlegt mál, ekki síst í þessu máli, þegar hér blasir við allsnakið og beinabert að þingið þarf að láta til sín taka í stað þess að hlaupa á eftir fyrirmælum frá handhöfum framkvæmdarvaldsins, í þessu tilfelli samningamanni ríkisins og fulltrúa atvinnurekandans, í viðræðum við opinbera starfsmenn.

Ég vil trúa því, virðulegi forseti, þótt það kunni að hljóma sem fullkomin öfugmæli, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sé mér sammála um þetta. Þess vegna vil ég gjarnan að hann láti sannfæringu sína ráða í þeim efnum og þeir hætti eilítið að tala saman, hann og hæstv. fjmrh.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið nokkrum orðum um hina pólitísku kringumstæður þessa máls. Ég hef sagt það hreinskilnislega að sumt af því efnislega í þessu frv. er með þeim hætti að allir vitibornir menn hefðu verið tilbúnir að ræða það á jafnréttisgrundvelli, á hinum rólegu nótum og leita á því lausnar. Það liggur fyrir yfirlýst af hálfu t.d. forsvarsmanna launþegahreyfingarinnar. Það hefur margsinnis verið ítrekað hér af hálfu forsvarsmanna stjórnarandstöðuflokkanna. Til að mynda þáttur eins og æviráðning og breytilegt launakerfi. En þetta gera menn ekki með valdboði að ofan. Það er bara ekki flóknara en svo, virðulegi forseti. Um leið og farið er að vinna að málinu með þeim hætti, ekki síst þetta mál, sem lýtur beinlínis að beinum samskiptum starfsmanna og vinnuveitenda, þá er búið að slíta sundur friðinn. Þá er búið að sá kornum efasemdanna, tortryggninnar þannig að það verður engin sátt og enginn samstarfsgrundvöllur og það er kannski ekki síst versti þáttur og versta afleiðing þessa málatilbúnaðar. Ég vil hins vegar trúa því, virðulegi forseti, að ef hv. stjórnarþingmenn lesa frv. og setja sig inn í þá umræðu sem hér á sér stað, munu þeir margir hverjir átta sig

og taka undir með okkur sem höfum sagt sem svo: Eigum við ekki að leggja þetta til hliðar í augnablikinu? Eigum við ekki að gefa okkur ráðrúm og tíma til þess að ná áttum með fulltrúum starfsmanna? Eigum við ekki að setjast að samningaborði og gaumgæfa hvort einhverjir þættir í þessu frv. eða einhverjir þættir sem hér er ýjað að og eru nefndir séu þess eðlis að unnt sé að semja um þá. Ég held þrátt fyrir allt að það sé hægt að koma í veg fyrir þann mikla skaða sem annars hefur þegar orðið í samskiptum vinnuveitandans og starfsmanna, ríkisins og opinberra starfsmanna.

Það er einungis einn aðili, virðulegi forseti, sem getur bjargað málinu, komið þessum samskiptum í eðlilegt horf á nýjan leik og það er hið háa Alþingi þannig að ábyrgðin er á okkar herðum. Það mun ekki standa á okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar að reyna að leiða þetta mál til farsælla lykta þannig að við slítum ekki sundur friðinn endanlega, stefnum ekki þessu þjóðfélagi í hörkuátök á haustdögum. Við megum ekki við því. Ég hef sagt það áður og trúi því að landið er að rísa. Okkar möguleikar eru góðir ef vel er á spilum haldið. En við leysum ekki úr læðingi nýja möguleika og bætta afkomu íslenskra fjölskyldna með því að hefja stríð milli valdamanna og almenns launafólks. Það mun einungis leiða til einnar niðurstöðu. Það mun einungis leiða til þess að málin fara úr böndum. Það mun einungis leiða til þess að allir tapa. Ég trúi ekki öðru en því að skynsamir menn muni leiða þegjandalegum stjórnarmeirihluta það fyrir sjónir að hér eru menn á alvarlegum villigötum. Enn þá er tími til þess að sjá villu síns vegar og komast á tvo fætur á nýjan leik. Menn verða að plástra sár sín og byggja trúnaðartraustið upp á nýjan leik. Ég sem hér stend er eindreginn andstæðingur þessarar hæstv. ríkisstjórnar og hef ekki nokkra trú á því að hún komi til með að leiða mál til farsældar fyrir launafólk og almenning í landinu. Ég veit til að mynda að í hjarta sínu er hv. þm. Stefán Guðmundsson sem situr í hliðarsal mér hjartanlega sammála. Það er hans sannfæring. Honum líður illa og þannig er það um fleiri hv. þm. (**Gripið fram í:** En Einar Oddur?) Af hverju koma þeir ekki út úr skápnum og segja bara frá því einfaldlega að þeim líði illa (**ÖS:** Einar, út úr skápnum.) og taka átt í þessari vösku varnarsveit sem stjórnarandstaðan hefur myndað til varnar réttindum og kjörum vinnandi fólks í þessu landi.

[22:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fullvissa hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem talaði áðan um það að mér líður alveg hreint bærilega og sérstaklega eftir þessa skemmtilegu og yfirgripsmiklu ræðu hv. þm. sem var sem betur fer ekki endurtekning á sömu ræðunni og hafði verið flutt a.m.k. sex sinnum á undan honum. Ég vil því óska honum hjartanlega til (Gripið fram í.) hamingju með ræðuna.

Ég er farinn nokkuð að skilja þessa ræðu, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og í rauninni er það þannig að þær breytingar sem verið er að gera með þessu frv. virðast þegar upp er staðið í sjálfu sér falla hv. þm. og þeim sem hér tala nokkuð þokkalega í geð. T.d. er allt í einu búið að sannfæra þá hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson og hv. samþm. hans Jón Baldvin Hannibalsson um það að æviráðning sé ekki gott mál. Það er alveg sérstakt afreksverk tel ég af hálfu núv. ríkisstjórnar að geta sannfært þá tvo um að eitthvað sé gott mál. Venjulega eru þeir ekki svo sammála um margt.

Í annan stað fannst mér hv. þm. nokkuð jákvæður í garð breytts launakerfis sem væri verið að taka upp, það væri ekki svo alslæmt og að það mætti kannski gera eitthvað gott úr því.

Í frv. og breytingartillögum sem verið er að leggja fram er einmitt reynt að feta inn á þessa braut nokkuð varlega. Ég hygg að það muni taka nokkur ár og nokkrar samningalotur við opinbera starfsmenn að slípa þetta þannig að þetta fari að virka sem svona virkilega ríkur þáttur í launakerfi opinberra starfsmanna. En eins og hv. þm. veit sem fyrrv. ráðherra, þá eru launamál opinberra starfsmanna ekki í hinu besta horfi. Þeir kvarta undan lágum launum en ekki síður því að launakerfið er bæði formlegt samkvæmt kjarasamningum en síðan óformlegt með alls kyns yfirvinnusamningum og slíku sem yfirleitt er byggt á einstaklingsbundnum grunni.

[22:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek því með fullum fyrirvara að hv. þm. líði eitthvað sérstaklega vel án þess að ég geti fullyrt nánar um það. (Gripið fram í.) Það voru orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar en ekki mín. En hitt er annað mál að ég kom að því aftur og aftur í ræðu minni að við viljum nálgast þetta mál af fullri sanngirni. Við viljum ræða það á jafnréttisgrundvelli þegar verkalýðshreyfingunni og samtökum opinberra starfsmanna hefur verið gefinn kostur á því á upphafsreit að ræða málið. Menn geta ekki núna, vegna hinna klaufalegu vinnubragða, neitt nálgast þau viðfangsefni sem menn væru tilbúnir að takast á við sum hver hugsanlega og leysa og laga og aðlaga þannig að það er hins skelfilega niðurstaða málsins.

Æviráðningin. Af hverju er hv. þm. ævinlega að hnykkja á henni aftur og aftur? Hefur nokkur þingmaður eða nokkur þjóðfélagsþegn út af fyrir sig viljað hamra á því að það sé mál sem við þurfum að búa við um aldur og ævi? Nei. Málið er einfaldlega að þetta eru réttindi sem þarf að semja um, þau kosta. Þetta er ekkert flóknara en það. Það er auðvitað mergur máls og lykillinn að því. Það sama gildir um launakerfið og ég hlýt að árétta það, virðulegi forseti.

Hv. þm. skautaði léttilega fram hjá því í gleði sinni eins og honum leið vel, hvaða reglur það eru sem menn eiga að taka mið af þegar kemur að því að yfirborga einstaka ríkisstarfsmenn. Hvaða heimildir, hvernig eru þær, hversu rúmar og eftir hvaða línum á að fara þegar forstöðumenn stofnana eiga að fara að borga Pétri meira en Páli eða öfugt.

[22:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. veit þá liggja þessar reglur enn ekki fyrir. Það má segja um þetta mál að það sé nokkuð einstakt að því leyti til að það er verið að uppfylla eitt skilyrði sem hv. þm. telur mjög mikilvægt. Það er einmitt að Alþingi hafi löggjafarvaldið. Það er nefnilega þannig að um ýmsa þætti sem snerta vinnumarkaðinn, hefur oft verið samin af aðilum utan Alþingis. Síðan höfum við alþingismenn verið látnir standa frammi fyrir einhverjum pakka sem við höfum ekki getað sagt annað en já eða nei við og ekki mátt breyta starfkrók. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að meiri hluti efh.- og viðskn. hefur nú lagt fram breytingartillögur við frv. í einum 19 liðum, allviðamiklar breytingar. (**Gripið fram í:** Minni háttar.) Ég vil enn fremur vekja athygli hv. þm. á því að það koma fljótlega kjarasamningar þar sem verður rætt

um kaup og kjör við opinbera starfsmenn í ljósi þessara nýju leikreglna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ef eitthvað mikilvægt kemur upp í framhaldi af því sem kallar á breytingar á þessum leikreglum, þá verður að sjálfsögðu rætt um það og hlustað á það. En Alþingi er hér að sjálfsögðu að setja niður ákveðna stefnu sem það telur skynsamlega og það er hlutverk löggjafarvaldsins að setja leikreglurnar í samfélaginu.

[22:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti ekki von á því að hv. þm. mundi þora að endurtaka yfirlýsingu sína frá því í fyrradag þegar hann lýsti því yfir að með þessu frv., með þessari löggjöf, væri Alþingi að sýna mátt sinn og megin. Dettur hv. þm. það í hug, virðulegi forseti, að nokkur trúi honum? Að það sé að frumkvæði þingsins eða vegna stefnumörkunar þingsins sem þessar leikreglur eru settar og að 19 breytingartillögur, orðalagsbreytingar og eitthvað smotterí úr efh.- og viðskn. undirstriki mátt þingsins. Ég trúi því ekki eitt andartak, virðulegi forseti, að hv. þm. láti sér til hugar koma að nokkur, einn einasti maður, ekki hann sjálfur, trúi því að Alþingi sé einhver frumkvæðisaðili í þessu máli. Auðvitað veit öll þjóðin og þingheimur að það er maðurinn sem gjarnan situr hér sem er að leggja þessar línur. Hann ætlar sér að taka þennan pakka með sér sem hv. þm. og 40 aðrir ætla að afgreiða með því að ýta á græna takkann og setjast að borðinu með fólkinu sem hér situr uppi og segja: „Þetta eru leikreglurnar, gott fólk. Alþingi er búið að ákveða þetta. Svona höfum við þetta."

Nei. Hv. stjórnarmeirihluti er hér ekkert annað en pöntunarfélag. Að hv. þm. skuli láta sér detta í hug að halda þessu fram. Ég segi aftur ... (**VE:** Það var alltaf svona þegar þú varst ráðherra.) Það var aldrei svona þegar ég var ráðherra. Það veit hv. þm. Að láta sér detta í hug að bera það á borð að þessi málatilbúnaður sé dæmi um það hversu þingið er sjálfstætt. (**Gripið fram í:** Bara slökkva á honum.) Slökkva á honum, já. Það væri rétt að slökkva á málinu öllu, held ég.

[22:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það verður hjákátlegra með hverjum deginum að horfa á hið ótrúlega vangæfa starf sem hæstv. ríkisstjórn og ráðgjafar hennar hafa unnið í þeirri viðleitni að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði. Þannig er nú komið að allur sá góði vilji og allt það jákvæða andrúmsloft sem var í upphafi þess starfs hjá báðum aðilum vinnumarkaðarins hefur nú fokið út í veður og vind og eftir stendur trausti rúin ríkisstjórn sem á þau ein eftirmæli skilin að hafa notað verkalýðshreyfinguna og launafólk til að ná fram ákveðnum efnahagslegum markmiðum en nýtir sér síðan við fyrstu hentugleika tækifærið til að afvopna hana svo hægt verði að halda kröfum launafólks í skefjum í betra efnahagsumhverfi.

Nú ætla ég að vona að hæstv. ríkisstjórn sýni sóma sinn í því áður en lengra er haldið að draga frumvörpin umdeildu til baka, að hún snúi frá villu síns vegar og reyni að vinna traust verkalýðshreyfingarinnar aftur þótt vissulega sé það rétt sem kom áðan fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að það væri mjög erfitt starf að vinna. En aðeins þannig væri möguleiki að vinna að þeim breytingum sem kunna að vera nauðsynlegar á samskiptareglum á vinnumarkaði og það verður að gefa sér tíma í slíka hluti. Það er reyndar leitun að öðrum eins klaufaskap og hæstv. félmrh. varð ber að í nefndarstarfinu um samskiptareglur á vinnumarkaði og hefur áður verið rakið í sölum Alþingis og það er einna helst að hæstv. fjmrh. slái hann út í vitleysunni með því frv. sem er til umræðu og aðdraganda þess.

Í nefndinni um samskiptareglur á vinnumarkaði ríkti framan af góður og jákvæður andi og bæði verkalýðshreyfing og atvinnurekendur voru fúsir til þess að vinna að því sameiginlega markmiði að skoða hvort ástæða væri til að endurskoða samskiptareglurnar. En hæstv. ráðherra lá svo mikið á að hann gat ekki beðið og nefndarstarfið sprakk í loft upp. Aðstoðarmaður ráðherrans skrifar síðan greinar í blöðin og kvartar yfir seinaganginum. 48 funda samráð hafi verið nóg og miklu meira en nóg. Hann skilur það líklega ekki frekar en hæstv. ráðherra vinnumarkaðarins, Páll Pétursson, að þeir hlutir sem voru til umræðu í margumtalaðri nefnd eru gífurlega viðkvæmur málaflokkur. Það kemur nefnilega til af því að samskipti aðila vinnumarkaðarins við stjórnvöld eru á sviði mannréttinda og það er alltaf viðkvæmt að hrófla við mannréttindum. Atvinnuréttindi flokkast undir mannréttindi og réttur manna til að stofna verkalýðsfélög, til að starfa í þeim og til að semja sameiginlega um kaup sitt og kjör flokkast líka undir mannréttindi.

Muna hæstv. ráðherrar þessarar bráðlátu ríkisstjórnar ekki eftir því hversu mörg ár það tók og hversu viðkvæmt mál það var að hrófla við mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar á sínum tíma? Það tókst ekki að hrófla við þeim þrátt fyrir áratuga langt starf í stjórnarskrárnefnd fyrr en árið 1995 en ákvæðin voru að stofni til frá 1874. Stjórnarskrárnefnd kom reyndar með tillögur árið 1983. 12 árum síðar er nýr mannréttindakafli samþykktur, árið 1995.

Um breytingarnar 1995 á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar stóð nokkur styrr þegar það loksins kom inn á borð Alþingis einmitt vegna þess að fólk er ekki alltaf sammála um mannréttindi. Það er ekki sammála um það hvort mannréttindi geta verið bæði félagslegs og einstaklings eðlis og fólk greinir á um mikilvægi hinna ýmsu flokka mannréttinda. Skerðingarfrumvörpin svokölluðu eru á þessum viðkvæmu réttarsviðum. Þau snúast bæði um einstaklingsbundin mannréttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg mannréttindi. Það virðist sem ríkisstjórnin hafi þá stefnu, a.m.k. í stefnuskránni og með markmiðssetningum í lagafrumvörpunum að auka einstaklingsbundnu réttindin á kostnað þeirra félagslegu. Það hefur hins vegar verið sýnt fram á það í umræðunni í þinginu að ekki einu sinni þessi málstaður hæstv. ríkisstjórnar stenst. Þegar allt kemur til alls er ríkisstjórnin kinnroðalaust tilbúin að traðka á hinum einstaklingsbundnu mannréttindum, hvort sem það er á sviði almenna eða opinbera vinnumarkaðarins. Á þetta hefur verið bent í fjölda umsagna um frumvörpin og það hefur margsinnis verið rakið í umræðunum.

Það er reyndar líka sýnt að markmiðin með frumvörpunum, tilgangurinn eða öllu heldur forsendurnar sem ríkisstjórnin byggir á voru vitlausar. Ein forsendan fyrir því að það þarf að mati ríkisstjórnarinnar að setja nýjar reglur á vinnumarkaði eru tíðar athugasemdir alþjóðastofnana af vinnumarkaðsmálum hér á landi. En af hverju hafa þau afskipti verið? Jú, þau hafa einmitt komið til vegna tíðra afskipta stjórnvalda af innri málefnum stéttarfélaga og aðila vinnumarkaðarins!

Önnur forsenda fyrir breytingunum á að vera tíð verkföll hér á landi á síðustu árum. Ég rakst hins vegar á þetta skemmtilega súlurit yfir tíðni verkfalla í hinum ýmsu löndum

og ég sé ekki betur en það se fallin sú forsenda. Nú veit ég að það geta ekki allir, sem eru hér inni, séð þetta, þetta er smátt, en þetta er meðaltalsyfirlit yfir verkföll, yfir tapaða vinnudaga á 1.000 starfsmenn, í hinum ýmsu löndum í 23 löndum og fyrsta og minnsta súlan er Ísland. Þetta tekur yfir tímabilið 1985–1994. Þessi mynd er tekin upp úr tímariti sem heitir The Economist og þetta eru mjög nýlegar tölur. Tímaritið er frá 20. apríl 1996 fyrir þá sem hafa áhuga á að skoða þetta frekar. Þetta er bara ósköp augljóst mál. Það eru einnig ýmis önnur lönd sem er engin skömm að líkja sér saman við í þessum efnum en Ísland er varla mælanlegt í þessu samhengi.

Ríkisstjórnin hefur látið Lagastofnun gera fyrir sig margumtalað álit þar sem sú ágæta stofnun var fengin til þess að segja álit sitt á því hvort lagafrv. um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur stangaðist á við alþjóðasamninga og einnig hvort það stæðust önnur ákvæði sömu laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Út af fyrir sig er svolítið spaugilegt að leggja fram frv. og biðja síðan um álit á því hvort það sé löglegt, hvort það standist alþjóðasamninga, stjórnarskrá, hvort það sé í samræmi við önnur ákvæði laganna. Það er kannski bara í takt við þá hraðsuðu sem hefur verið á öllum málum í tengslum við þessi frumvörp.

En það undarlega gerist að þrátt fyrir að einn helsti baráttumaður fyrir því að sett verði lög um innri málefni stéttarfélaga um árabil, prófessor Sigurður Líndal, sé annar þeirra sem völdust til að vinna verkið verður niðurstaðan samt sú að ákvæði í frv. brjóti gegn alþjóðasáttmálum á sviði vinnumarkaðar. Það staðfestist sem ítrekað var bent á í umræðum í þinginu og undirrituð ásamt fjölda stjórnarandstöðuþingmanna rakti ítarlega strax í 1. umr. um þessi frumvörp að þau brytu í bága við alþjóðasamþykktir, að lagasetningin fæli í sér brot á reglum um bann við íhlutun um innri málefni stéttarfélaga og það geri menn ekki í lýðræðisríkjum. En ríkisstjórnin skellti bara við skollaeyrunum. Hún böðlast áfram með gemlingana sína tvo og hlustar ekki á mótmæli.

Lagastofnun tekur ekki undir alla þá gagnrýni sem fram hefur komið hjá stjórnarandstöðunni enda hefði þá fyrst fokið í flest skjól hjá hæstv. ríkisstjórn ef sá ágæti áðurnefndi prófessor hefði endanlega snúið baki við hugmyndum hennar. Það er nefnilega svo að hann hefur barist ötullega fyrir því í áratugi að koma böndum á ótemjuna eins og hann orðar það svo skemmtilega í þessu viðtali sem Morgunblaðið tók við hann fyrir tveimur árum en í skýringartexta með viðtalinu segir að Sigurður Líndal segi verkalýðshreyfinguna standa utan við lög og rétt og það sé höfuðverkefni við umbætur á stjórnskipun okkar að breyta þessu. Þetta viðtal birtist í ágúst 1993 og ég ætla að grípa niður á nokkrum stöðum í viðtalinu, með leyfi forseta, þar sem prófessorinn fjallar um starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, kjarasamninga og verkfallsvopnið. Hann segir:

„Ég vil einnig setja mikið spurningarmerki við það hvort kjarasamningar séu yfirleitt frjálsir. Þeim er fylgt eftir með verkföllum og verkbönnum og alls kyns þumalskrúfuaðferðum. Eru það frjálsir samningar sem gerðir eru undir svona þvingunum? Ef samningur er ekki frjáls þá sé ég ekki hvaða munur er á honum og lögum og má jafnvel segja að lög séu sett með skaplegri hætti. Ég held að við komumst ekki hjá því að álykta að hér sé lögþvingun til aðildar að stéttarfélögum, lögin styðja þetta a.m.k." Og síðar: „Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin taki sér tak. Annaðhvort hrynur hún til grunna eða hún breytir um stefnu. Hún er í ákaflega einkennilegri stöðu á Íslandi. Hún er annars vegar hluti af stjórnkerfinu með því að menn eru þvingaðir til að vera í stéttarfélögum og með því að hún hefur með höndum margvíslegt stjórnvald, framkvæmdarvald í mörgum greinum, annaðhvort í raun eða með lögum. Hins vegar er hún utan stjórnkerfisins. Iðulega neitar verkalýðshreyfingin að lúta lögum, t.d. í verkföllum og ýmiss konar aðgerðum. Hún semur sig svo undan ábyrgð. Ef einhver ætlar svo að ná rétti sínum fram, þá hafa verkalýðsforingjar í hótunum, slíta viðskiptum t.d. við flugfélög og hafa uppi hreinan terrorisma þannig að menn og sérstaklega fyrirtæki eru hrædd við að leita réttar síns. Það er bara sagt: Gott og vel. Ef þið ætlið eitthvað að múðra, þá hafið þið verra af. Og ekki má gleyma því að verkalýðshreyfingin er búin að hlaða utan á sig óheyrilegu sjóðasukki, samanber öll launatengdu gjöldin og ítök þeirra í lífeyrissjóðum. Í þeim tilfellum þar sem mál eru rekin fyrir dómstólum er algengt að verkalýðsforingjar sendi dómstólunum tóninn. Þeir eru ekki innan ramma laganna." — Og eftir að hafa rakið enn eina leið til að koma böndum á ótemjuna er bent á annan möguleika hvernig eigi nú að múlbinda skassið.

„Hinn kosturinn er að setja lög um verkalýðshreyfinguna þar sem fram kæmi hvaða almannahagsmuna hún gætti. Settar yrðu reglur um innri málefni hennar og skýrgreint hlutverk hennar og réttarstaða. Ekki hefur hún sett sér slíkar reglur sjálf og ekki hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um þetta. Það má benda á að það eru til lög um mikilvæg félagsform eins og hlutafélög og samvinnufélög þar sem er hætta á misnotkun og öðrum vandræðum. Jafnvel væri æskilegt að hafa frávíkjanleg lög um frjáls félög. Þar yrðu ákvæði sem tryggðu lýðræði og rétt einstaklinganna gagnvart bákninu."

Hér líkir prófessorinn stéttarfélögum við hlutafélög og samvinnufélög. Hann spyr sig hins vegar ekki að því hver eðlismunurinn sé á hlutafélögum og samvinnufélögum annars vegar og stéttarfélögum hins vegar. Hann spyr sig heldur ekki að því hvers vegna því sé nú svo komið að stéttarfélög njóti sérstakrar verndar gegn innri íhlutun í málefni sín í alþjóðasamningum. Hann spyr sig ekki að því. Enn aftar í viðtalinu segir:

„Það vantar líka í lög ákvæði um að ekki megi misbeita verkfallsréttinum. Eini hemillinn á verkföll núna er að þeir komi auga á að þeir geti hugsanlega drepið sjálfan sig í falli viðsemjandans. Verkföll bera æ meiri svip fjárkúgunar svo sem marka má af því sem gerst hefur nýlega. Það var ekki fyrr búið að koma upp meðferðarstofnuninni á Sogni með ærnum tilkostnaði en allt logaði í vinnudeilum. Flugskýlið á Keflavíkurflugvelli var ekki fyrr komið í gagnið en verkföll skella á og ekki höfðu lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði verið lengi í gildi er fulltrúarnir felldu niður störf og ekki má gleyma Herjólfi, því ágæta skipi. Það er augljóslega eitthvað að."

Það skyldi þó ekki vera að það væri eitthvað að íslenskum atvinnurekendum. Það verður að segjast alveg eins og er að úr því að maður með þessar skoðanir á helgustu réttindum launafólks, sem hafa verið viðurkennd og skilgreind sem mannréttindi, telur frumvarpið ganga of langt og að það stangist á við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er nokkuð öruggt að svo sé. Maður getur að minnsta kosti verið nokkuð öruggur um að það sé ekki tekið of harkalega á tillögum ríkisstjórnarinnar. Hitt er annað mál að álit Lagastofnunar er enginn úrskurður og það veikir vissulega gildi

þess álits að ekki skuli hafa valist óhlutdrægari einstaklingur eða óhlutdrægir einstaklingar til að vinna verkið. Þó að ég beri fulla virðingu fyrir skoðunum þess sem ég vitnaði í áðan er alveg ómögulegt að halda því fram að þar sé um hlutlausan aðila að ræða og það er enn ein ógæfa ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Frv. sem hér er til umræðu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur ekki valdið minni úlfúð í samfélaginu en aðrar tilraunir hæstv. ríkisstjórnar til að breyta fyrirkomulagi á vinnumarkaði. Ekki aðeins vegna efnis þess heldur ekki síður vegna skorts á samráði við samtök opinberra starfsmanna.

Nú er það svo að hæstv. fjmrh. hefur margoft haldið því fram að samráð hafi verið haft. En hvað segir frv. um þetta? Það segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af fjármálaráðherra 23. ágúst 1995 til þess að endurskoða í heild stefnu ríkisins í starfsmannamálum þess. Í nefndinni eiga sæti Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Inga Dóra Sigfúsdóttir stjórnmálafræðingur og Þórður S. Óskarsson vinnusálfræðingur. Ritari nefndarinnar er Stefán Stefánsson, starfsmaður Hagsýslu ríkisins. Við samningu frumvarpsins hefur nefndin notið aðstoðar þeirra Birgis Guðjónssonar skrifstofustjóra, Gunnars Björnssonar deildarstjóra og Önnu Sigríðar Örlygsdóttur lögfræðings, sem öll starfa á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, auk Hauks Ingibergssonar, forstöðumanns Hagsýslu ríkisins og Einars Farestveit lögfræðings."

Síðan segir: „Hinn 12. desember 1995 var samtökum ríkisstarfsmanna, þ.e. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalagi háskólamanna — BHMR og Kennarasambandi Íslands (KÍ), sent bréf þar sem m.a. var skýrt frá því að heildarendurskoðun á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stæði fyrir dyrum. Tekið var fram að ætlunin væri að hraða endurskoðun á lögunum og var af þeim sökum óskað eftir hugmyndum samtakanna um breytingar á lögunum sem fyrst, auk þess sem þeim var boðið upp á viðræður um málið. Svarbréf barst frá BSRB en engin viðbrögð bárust við bréfinu frá hinum samtökunum tveimur. Í byrjun febrúarmánaðar 1996 var samtökunum þremur kynnt efni þess frumvarps, sem hér er lagt fram, og þeim skömmu síðar send drög að frumvarpinu til skoðunar. Í kjölfar þess hafa átt sér stað viðræður við fyrirsvarsmenn samtakanna og hefur verið höfð hliðsjón af athugasemdum þeirra við endanlega gerð frumvarpsins."

Það er rétt að taka það strax fram að þessum fullyrðingum hefur margoft verið mótmælt af fulltrúum samtaka opinberra starfsmana þar sem því hefur verið neitað að nokkurt samráð hafi verið haft. Það er kannski hægt að spyrja sig að því hvort það sem hér var lýst og hér var lesið áðan upp úr frv. séu hugmyndir hæstv. ráðherra um samráð. Að setja á stofn nefnd með starfsmönnum sínum, með vinnusálfræðingi, lagaprófessor og stjórnmálafræðingi og leita síðan eftir áliti hjá opinberum starfsmönnum á þeirri vinnu með skilaboðum um að málinu þurfi að hraða. Ef þetta er samráð í huga hæstv. ríkisstjórnar er ég ekkert hissa á öllum þeim allsherjarmisskilningi sem nú hefur gripið um sig í þjóðfélaginu á milli samtaka launafólks annars vegar og hæstv. ríkisstjórnar hins vegar. Það hefur margoft verið á það bent í umræðum að í nágrannalöndunum tók sams konar vinna mörg ár. Ef ég man rétt tók hún allt frá fjórum árum og upp í 10 ár á Norðurlöndunum enda hafa hin Norðurlöndin virt það fyrirkomulag sem hér hefur ríkt lengi að haft sé samráð við samtök launafólks um málefni þeirra.

Á Íslandi á hins vegar að gera stórfelldar breytingar á þessum reglum, sem með sanni má segja að séu mannréttindaákvæði launafólks, á örfáum mánuðum. Það er beinlínis skelfilegt að ætla að keyra á þessum hraða með svo viðkvæmt mál í gegnum þingið, byrja nefndarstarf í lok ágúst eða fyrir tæpum níu mánuðum og ætla að vera búinn að koma málinu í gegnum þingið fyrir vorið. Ég verð að segja það alveg eins og er að hinar margumtöluðu klaufalegu aðfarir hæstv. félmrh., sem byrjaði þó á samráðstilraunum með einhvers konar tilbrigði við samráð, eru barnaleikur miðað við aðfarir hæstv. fjmrh. Aðferðir hans og ekki síður innihald breytinganna er í raun ógnvekjandi. Það er ógnvekjandi fyrir opinbera starfsmenn og afurðin, frv. sjálft, er í raun hálfu verra en það sem kollegi hans er að reyna að troða í gegnum þingið á þessum dögum. Það ber vott um skort á virðingu fyrir réttindum launafólks og samtaka þeirra. Ég ætla ekki að tönnlast enn eina ferðina á þeirri mannfyrirlitningu sem birtist í frv., skiptinguna í minni háttar og meiri háttar opinbera starfsmenn og allt það. Það hefur verið gert svo oft hérna að það er óþarfi að rekja það einn eina ferðina en á þetta hefur verið bent mjög oft og ekki síst hafa athugasemdir komið fram um þetta í umsögnum um frv. En það lýsir að mörgu leyti þeirri vinnu og þeirri aðferðafræði sem hefur verið notuð við að reyna að koma þessum breytingum á.

Í frv. er greint frá starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar og það má segja að efni frv. sé að nokkru leyti í samræmi við hana. Hún er í anda þess að auka ábyrgð stjórnenda og látið er að því liggja að það komi opinberum starfsmönnum vel í kaupi og kjörum. Talað er um aukinn sveigjanleika í starfsmannahaldi sem felst m.a. í því að stjórnendum ríkisstofnana verði gert auðveldara en nú er að miða fjölda starfsmanna við raunverulega starfsmannaþörf stofnunarinnar eins og það er orðað. Síðan segir að þetta verði tæpast gert nema með því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum.

Það á að stuðla að tilfærslu á fólki í störfum, bæði á milli einstakra stofnana ríkisins og á milli ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja eins og segir í frv. Hérna staldraði ég lengi við í lesningu frv. því að þessi kafli í hinni nýju starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar bendir hreinlega til þess að á þeim bænum er litið á starfsfólk opinberra stofnana eins og hvern annan kvikfénað sem megi færa á milli stofnana og yfir til sveitarfélaga og einkafyrirtækja eftir þörfum. Hefur þessi ríkisstjórn ekki hugmynd um það að á undanförnum áratugum hefur verið að þróast eitthvað sem heitir réttindi launafólks, eitthvað sem heitir vinnuréttur, t.d. á sviði lögfræði? Og hefur hún ekki heyrt að þessum réttindum verður ekki kippt burtu með nýrri starfsmannastefnu og lagabreytingu í kjölfarið því það vill svo vel til að þessi réttindi hafa verið tryggð í stjórnarskrá lýðveldisins og í fjölda alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er skuldbundið af. Er það þetta sem hæstv. ríkisstjórn kallar nútímasjónarmið?

Áfram með starfsmannastefnuna. Hún ber reyndar einkenni hins góða vilja í sumum efnum þótt það sé á engan hátt hægt að sjá að framkvæmdin sé í takt við markmiðin og það er svo sem eins og annað sem einkennir alla þessa lagasetningu. Tökum kaflann um að það eigi að auka jafnrétti karla og kvenna. Það er fallegt markmið þótt ég efist reyndar um vilja þessara tveggja stjórnarflokka sem eru nú við stjórnvölinn til að koma slíkri stefnu í framkvæmd. Það þarf ekki

annað en líta á kynjahlutföllin í ríkisstjórninni sjálfri til að sjá hver viðhorfin eru á þeim bænum. En ríkisstjórnin ætlar að jafna launakjör kvenna og karla hjá ríkinu og hún ætlar að gera það með því að ráðnir verði hæfustu einstaklingarnir til starfa án tillits til kynferðis.

Þetta er skopleg lesning, herra forseti, því að þessi rök hafa einmitt verið notuð áratugum saman þegar konur hjá ríkinu hafa kvartað yfir því að þær njóti ekki sömu möguleika og karlar, t.d. í stöðuveitingum eða launum. Þetta eru nákvæmlega sömu rökin og ekkert í starfsmannastefnunni tryggir að á þessu verði breyting. Þvert á móti hefur það sýnt sig að konur hafa farið varhluta af góðmennsku forstöðumanna stofnana þegar kemur að launum sem eru utan kjarasamninga og því er borin von að þær komi til með að njóta sérstakrar velvildar forstöðumanna ríkisstofnana nú frekar en áður. Ef það nægði að setja sér svona falleg markmið væri heimurinn öðruvísi en hann er, herra forseti.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar en víkja þess í stað að sjálfu frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég ætla ekki að fara yfir allar greinar þess. Sumum þeirra hafa verið gerð mjög góð skil og reyndar sumum mun meira en öðrum. En áður en að efnislegri umfjöllun kemur þá langar mig aðeins til að velta vöngum yfir ætterni þeirra hugmynda sem birtast í frumvörpunum.

Það hefur verið bent á það í umræðunni að ættir aðferðafræði ríkisstjórnarinnar megi rekja til nýsjálenskrar leifturs óknar og það hefur verið bent á það að ríkisstjórnin kallaði sérstaklega á ráðgjafa frá því landi, fyrrv. fjármálaráðherra, Ruth Richardson, til þess að kenna Frónbúum hvernig ætti að vinna í anda nýsjálenskrar leifturs óknar. Það fer ekki á milli mála að ætternið má að nokkru leyti rekja í herbúðir atvinnurekenda sem einnig hafa fengið til sín framkvæmdastjóra nýsjálenskra atvinnurekenda, Steve Marshall, til að kenna þeim hvernig þeir ættu að vinna til þess að koma á hinu nýsjálenska módeli. Í raun má sjá merki hinnar nýsjálensku leifturs óknar mun skýrar í frv. hæstv. fjmrh. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en í frv. hæstv. félmrh. sem byggir að nokkru leyti á fyrirmynd frá Norðurlöndunum þótt aðferðafræðin þar sé vissulega í stíl þeirra Nýsjálendinga.

Það þarf svo sem ekki að koma nokkrum á óvart að sjónarmið atvinnurekenda séu ofar á forgangslista Sjálfstfl. en réttindi launafólks. Það kemur mér a.m.k. ekki á óvart. En það er svo að sjónarmið þessara tveggja andstæðu póla, launafólks og atvinnurekenda, eru sjaldnast hin sömu. Það er hins vegar að mínum dómi sorglegt að sjá Framsfl. ganga nákvæmlega sömu leiðina, að tala máli atvinnurekenda og hunsa algerlega sjónarmið launafólks og samtaka þeirra og það ætti svo sannarlega að verða mörgum kjósendum þess flokks umhugsunarefni.

En það er ekki bara að rekja megi ættir þessara hugmynda ríkisstjórnarinnar til atvinnurekenda og Nýsjálendinga. Ég vil enn og aftur vitna í ágætan lagaprófessor, Sigurð Líndal. Að þessu sinni vitna ég í grein sem fjallar um stefnu í launa- og starfsmannamálum ríkisins. Hún er úr Vísbendingu frá árinu 1994. Höfundur byrjar á því að rekja sögu opinberra starfsmanna og til fróðleiks og vonandi að einhverju leyti til gamans þá ætla ég að grípa niður í þann kafla greinarinnar til að byrja með, með leyfi forseta:

„Ef skyggnst er í söguna verður ljóst að sá hópur manna sem nú kallast ríkisstarfsmenn á annars vegar rót að rekja til hirðar konungs sem hlaut fast skipulag á hámiðöldum, bundið sérstökum lögum og hins vegar til hersins. Innan hirðar og hers ruddi riddarahugsjónin sér rúm og mótaði það hugarfar að sýna bæri konungi og kirkju hollustu og rækja bæri skyldur við þjóðfélagsþegnana af alúð. Hér liggja rætur embættishugsjóna Evrópu sem áttu drjúgan þátt í að efla og styrkja starfshæft stjórnkerfi þótt auðvitað yrðu einatt skil milli hugsjónar og veruleika eins og jafnan." Síðan segir: „Eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd voru sýslumenn kjarni hirðarinnar og jafnframt embættiskerfisins. Þeir sinntu þeim grunnskyldum ríkisins að halda uppi lögum og reglum, að tryggja öryggi þjóðfélagsþegnanna og innheimta skatta. Síðar eða nánar tiltekið á 18. öld tók ríkið að hafa veruleg afskipti af atvinnuvegum og ýmiss konar þjónustu í anda þeirrar stefnu sem kölluð hefur verið kameralismi og þá má segja að nokkuð hafi rýmkað um starfsmannahald ríkisins.

Ekki er ástæða til að rekja söguna frekar en því minni ég á þetta að í hollustu og agahugsjón hirðlaganna liggja rætur þeirrar löggjafar sem lengst af hefur gilt um embættismenn hér á landi — áherslan hefur legið á hollustu þeirra við ríkið og skyldur við þegnana."

Síðar í greininni er annar kafli sem er með yfirskriftinni „Aukin skilvirkni með einfaldari löggjöf" og þar segir, með leyfi forseta:

„Til þess að ná fram þeim markmiðum að gera starfsemi ríkisins sem skilvirkasta verður að einfalda löggjöfina. Fátt stendur liðugri framkvæmd og hagræðingu meira fyrir þrifum en flókin og óljós löggjöf. Og þá sýnast ofanrituðum eftirtalin úrræði einna helst koma til álita:

Að ákvarða hlutverk ríkisins — og þá um leið ríkisstofnana — greinilegar en gert er.

Einkavæðingu fylgir", reyndar gengur höfundur út frá því að einkavæðing sé sjálfsagður og eðlilegur hlutur, „að starfsmönnum ríkisins hlýtur að fækka.

Þar sem ríkið kann að reka almenna atvinnustarfsemi áfram taki það vinnuafl á frjálsum vinnumarkaði.

Afleiðing þessa verður veruleg breyting í skipulagi stéttarfélaganna og stéttarfélagasambanda. ASÍ, BSRB og BHMR sameinast, leggjast niður eða gerbreytast. Einhvers konar vinnustaðafélög og starfsgreinasambönd koma í staðinn."

Og síðar segir: „Þeir sem annast valdstjórn ríkisins og aðra grundvallarstarfsemi sæti einhliða ákvörðun þess um kjaramál og hafi engan verkfallsrétt. Það er ekki í neinna þágu að lama óhjákvæmilegan rekstur ríkisins. Andi kjaradeilna á þar ekki heima. Hann dregur mátt úr starfseminni, íþyngir ríkisbúskapnum, eykur útgjöld, leggst síðan á skattgreiðendur og skerðir þannig lífskjör þjóðarinnar. Hvað kosta þær kjaradeilur sem eru að verða einn helsti atvinnuvegur þjóðarinnar? Stundum hvarflar að ofanrituðum að átök sem stéttarfélög og raunar margir aðrir hagsmuna- og þrýstihópar efna til og eiga að bæta stöðu hag þeirra sem að standa bitni í reynd á lífskjörum þeirra og um leið þjóðarinnar allrar, haldi þeim niðri og hafi þannig öfug áhrif."

Síðan segir í greininni: „Og nú er ég kominn að upphafinu: Meðal ríkisstarfsmanna verður að kveða niður þann kjaradeilu- og fjandskaparanda sem um langt skeið hefur verið ríkjandi en efla í þess stað þann hollustu- og þjónustuanda sem mótaðist innan ríkis og kirkju á miðöldum og hefur þrátt fyrir allt löngum fyllt embættishugsjón Vesturlanda."

Nú má alls ekki misskilja mig svo að ég sé að gefa í skyn að sá ágæti maður sem hér er vitnað til sé höfundur þeirra reglna sem ríkisstjórnin vill koma á enda hefði ég ekkert fyrir mér í slíkri fullyrðingu. Hitt er annað mál að skyldleiki

er nokkur með þessum hugmyndum. Munurinn er kannski sá fyrst og fremst að prófessorinn segir sínar skoðanir umbúðalaust og hreint út. Hann segir það hreint og beint að það „verður að kveða niður þann kjaradeilu- og fjandskaparanda sem um langt skeið hefur verið ríkjandi en efla í þess stað þann hollustu- og þjónustuanda sem mótaðist innan ríkis og kirkju á miðöldum og hefur löngum fyllt embættishugsjón Vesturlanda." Það er ekki verið að telja fólki trú um að breytingarnar séu nútímalegar. Það er hreint út sagt vísað til dýrðar miðalda og ekkert múður með það. En ég held ég láti lokið tilvitnunum í þennan ágæta lagaprófessor og snúi mér að öðru.

Efnisatriðin sem gagnrýna má í þessu frv. eru ótalmörg. En ekki síður er ýmislegt aðfinnsluvert við sjálfa lagasetninguna og aðdraganda hennar eins og áður hefur verið vikið að. Það hlýtur að vera grundvöllur góðrar löggjafar að þingmenn viti hvað þeir eru að gera þegar þeir fjalla um frv. sem fram hafa verið lögð, að frv. séu það skýr að ekki fari á milli mála hverju er verið að breyta eða á hvern hátt.

Ég vil taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt þá aðferð sem ríkisstjórnin notar til að koma vinnulöggjafabreytingunum í gegn. Það er verið að vinna skyld mál hvort í sínu horninu og það þarf hreinlega mjög mikinn áhuga og mjög mikla fyrirhöfn til að fá heildaryfirsýn yfir breytingarnar sem verið er að gera. Öll þessi mál hefði að sjálfsögðu þurft að vinna í samhengi ella er einungis stórhætta á misræmi sem hefur reyndar nú þegar sýnt sig á milli einstakra frv. sem snerta þetta svið. Eitt dæmi mætti nefna. Samkvæmt frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna skal skipa embættismenn til fimm ára og undir þann hatt skal ríkissáttasemjari settur. Um leið er kveðið svo á um í frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem að sjálfsögðu er verið að semja á sama tíma að ríkissáttasemjari skuli skipaður til fjögurra ára. En ef við skoðun bandorminn sem fylgir frv. um réttindi og skyldur þá skal ríkissáttasemjari skipaður til fimm ára. Þetta er gott dæmi um það hvernig löggjöf lítur út sem er hrint í gegn á allt of skömmum tíma. Það kann ekki góðri lukku að stýra og mér er reyndar nokk sama þó hægt sé að svara þessari hringavitleysu með því að sérlög gangi framar almennum lögum eins og það er líklega orðað í lögskýringarfræðum Ármanns Snævarrs. Það á einfaldlega ekki að flýta sér að setja lög um svo viðamikið réttarsvið og hér er verið að tala um og þessi vinnubrögð eru til háborinnar skammar. Ég vil nefna annað dæmi um vitleysuna í þessari löggjöf, um ósamræmið. Í 27. gr. frv. segir svo, herra forseti:

„Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna eða að hætti opinberra mála," — hún var reyndar felld út þessi síðasta setning: „eða að hætti opinberra mála," — „svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu."

Í 2. mgr. 29. gr. segir hins vegar, með leyfi forseta:

„Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr." — þeirri sem ég var að lesa úr hér rétt áðan — „kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir."

Herra forseti. Þýðir þetta að ef tveir menn eru grunaðir um að hafa t.d. dregið að sér fé og mál beggja er skoðað hjá þessari nefnd sérfróðra manna og ef annar þeirra reynist sekur en hinn ekki, að þá sé rétt að víkja báðum úr starfi að fullu? Ég fæ ekki skilið það öðruvísi með því að lesa þessar tvær greinar saman. Hvers konar réttlæti er það og til hvers í ósköpunum er nefndin að rannsaka málið ef það nægir til réttlætingar á því að víkja manninum að fullu, að rétt hafi verið að víkja honum um stundarsakir? Þetta eru tveir ólíkir hlutir. Þetta er undarleg og óskiljanleg lagasetning. Ég get reyndar bent á fleiri ótrúleg dæmi um þessa nýju lagasetningatækni ríkisstjórnarinnar.

Í 61. gr. stjórnarskrárinnar er dómendum veitt sérstök vernd gegn brottvikningu úr starfi. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum."

Svo mörg voru þau orð stjórnarskrárinnar og eins og allir hér inni eiga að vita þá mega landslög ekki stangast á við stjórnarskrána. En hæstv. ríkisstjórn er líklega annarrar skoðunar eða a.m.k. sá sem samdi bandorminn sem fylgir frv. til laga um réttindi og skyldur. Í bandorminum segir m.a. í athugasemdum þar sem fjallað er um afnám æviráðningar, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. 23. gr. starfsmannalagafrv. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að skipun í embætti verði framvegis tímabundin til fimm ára í senn. Af þessum sökum er lagt til að öllum sérákvæðum um ótímabundna skipun í embætti verði breytt í samræmi við meginreglu starfsmannalagafrv. utan skipun í dómaraembætti sem óvarlegt þykir að tímabinda með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrárinnar ..." o.s.frv.

Frumvarpshöfundi þykir óvarlegt að setja lagaákvæði sem stangast á við skýrt ákvæði stjórnarskrárinnar. En líklega þýðir það að honum þyki það ekki útilokað. Ég get a.m.k. ekki skilið þessar athugasemdir öðruvísi en svo.

Ég ætla að láta þessi dæmi nægja um ósamræmi og óvönduð vinnubrögð í þessari lagasetningu en ítreka þá skoðun mína enn og aftur að eina leiðin fyrir hæstv. ríkisstjórn til þess að sleppa sómasamlega frá þessu klúðri er að draga frv. til baka og reyna að vanda sig a.m.k. betur áður en reynt er að gera umdeildar og viðkvæmar breytingar á lögum. Það eru þó lágmarkskröfur, herra forseti, að menn vandi sig.

Eitt atriði í lögunum hefur valdið miklum deilum eins og svo mörg önnur og þar er ég að vitna til annars hluta laganna sem fjallar um embættismenn. Bandalag háskólamanna hefur bent á ýmis atriði vegna þessa kafla og gagnrýnt þau, m.a. áhrif breytinganna á kjör þeirra sem skulu falla undir Kjaradóm og kjaranefnd. Í umsögn BHM segir m.a., með leyfi forseta, á bls. 18 og 19.

„Áhrifin á réttarstöðu þessara starfsmanna ríkisins eru margþætt og alvarleg. Frv. þetta, sem felur í sér skerðingu á réttindum starfsmanna ríkisins og aukningu á skyldum þeirra er sett fram í nafni „jafnréttis" til að afnema meint „misrétti" milli starfsmanna ríkis og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Rökstuðningur höfunda frv. fyrir meintu misrétti er fullur af rangfærslum en höfundarnir ganga lengra og halda því fram að lög nr. 38/1954 eigi eingöngu við um félagsmenn BSRB og BHMR (bls. 21) og að það stangist á við ákvæði 65. gr. stjórnarskrár um jafnrétti og stríði einnig gegn ákvæðum 74. gr. um félagafrelsi. Eins og rakið hefur verið er gildissvið laganna nr. 38/1954 alls ekki bundið við félagsmenn tiltek-

inna samtaka eða stéttarfélaga. Rökstuðningur höfundanna er þannig rangur."

Síðar segir: „Frv. gengur einnig á 74. gr. stjórnarskrárinnar með því að svipta stóran hóp félagsmanna bandalagsins og jafnvel þorra félagsmanna í sumum stéttarfélögum réttinum til að vera í stéttarfélagi. Svo langt er gengið í frv. að ákvarðanir um það hverjir verði þannig sviptir grundvallarmannréttindum getur verið verið geðþóttaákvörðun forstöðumanns í stofnun eða fjmrh. Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og með aðild að áðurgreindum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að hafa ekki afskipti af innri málefnum stéttarfélaga, virða rétt þeirra til að ráða málum sínum sjálf og virða samnings- og verkfallsrétt þeirra án óeðlilegra og ónauðsynlegra afskipta. Í frv. er þrátt fyrir þetta gert ráð fyrir stórum hópi félagsmanna í aðildarfélögum Bandalags háskólamanna, til viðbótar við þann hóp sem tekinn var úr félögunum með lögum nr. 120/1992, verði meinað að taka þátt í starfi stéttarfélaga í framtíðinni. Þessi hópur verði sviptur félagafrelsi og um leið rétti til að taka þátt í verkföllum til að knýja á um bætur á kjörum sínum í félagslegum aðgerðum. Það að undanþiggja fjölda ríkisstarfsmanna þannig verkfallsrétti stríðir einnig gegn 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Gengið er skrefi lengra og þessi hópur er einnig sviptur tjáningarfrelsi að hluta, a.m.k. þegar deilur og aðgerðir standa um kaup og kjör launamanna. Þetta stenst ekki ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Enginn vafi er á því að þessi hluti frv. stríðir gegn almennum viðhorfum til efnisákvæða stjórnarskrár og alþjóðasamþykkta um félagafrelsi og svipting á tjáningarfrelsi með ofangreindum hætti stríðir einnig gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar."

Í umsögn stéttarfélags lögfræðinga segir um þetta, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 22. gr. frv., sbr. umsögn fjmrn. með frv., mun embættismönnum fjölga talsvert, en það er í andstöðu við þá þróun sem hefur verið á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku. Enn fremur er gert ráð fyrir að þeim starfsmönnum ríkisins sem ekki hafa verkfallsrétt verði fjölgað. Er það í andstöðu við 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu."

Síðan segir: „Í frv. er gert ráð fyrir því að starfsmaður teljist annaðhvort embættismaður eða annars konar starfsmaður. Því fer þó fjarri að skýrlega komi fram hverjir munu teljast til embættismanna og hverjir ekki."

Síðan segir: „Ekki kemur glöggt fram í frv. hver tilgangurinn er með tímabindingu skipunar embættismanna. Verður að telja þá óvissu sem felst í tímabundnum skipunum embættismanna leiða til aukins óstöðugleika og geri ráðherrum auðveldara með að beita geðþóttaákvörðunum við skipun þeirra á fimm ára fresti. Ekki verður séð að 2. mgr. 23. gr. frv. breyti hér nokkru um, en samkvæmt athugasemdum er henni ætlað að stuðla að stöðugleika í röðum embættismanna, sem telst æskilegur. Ekki verður séð að þessi tilhögun sé í samræmi við yfirlýstan tilgang frv. um að „... samkvæmt frv. [verði] ríkisstarfsmönnum tryggt meira réttaröryggi í samskiptum sínum við ríkið en launþegar búa við almennt í skiptum við vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði." (Almennar athugasemdir V, bls. 21). Telja verður að ákvæði frv. feli í sér óþolandi óvissu fyrir embættismenn þegar dregur að lokum skipunartíma um áframhaldandi skipun í embætti. Einkum á þetta við um fólk á síðasta hluta starfsævi sinnar."

Getur verið að markmið um að fjölga embættismönnum sé kannski í anda stefnunnar um aukna möguleika kvenna hjá opinberum stofnunum? Gæti það verið tilgangurinn að jafna launakjör karla og kvenna hjá ríkinu eins og það er orðað í frv.? Ef það er tilgangurinn þá er hæstv. ríkisstjórn enn einu sinni á villigötum. Mér barst í dag eins og reyndar fleiri þingmönnum bréf frá fjölda kvenna sem starfa hjá Háskóla Íslands. Eins og kunnugt er ætlar ríkisstjórnin að gera prófessora að embættismönnum og a.m.k. einhverjir þeirra eru ánægðir með það og telja það geta veitt þeim hærri laun en þeir hafa í dag. Að minnsta kosti sá ég viðtal við einn slíkan í Alþýðublaðinu í gær eða í dag og þar kemur þetta sjónarmið einmitt fram. En í bréfinu sem ég fékk í dag kveður við annan tón. Bréfið er stílað til menntmrh., Björns Bjarnasonar, og er dagsett 8. maí sl. Þar segir, með leyfi forseta:

Á fundi í Prófessorafélagi Háskóla Íslands 25. mars sl. var samþykkt með einu mótatkvæði að vinna að þeirri breytingu á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins að prófessorum yrði bætt inn í upptalningu á embættismönnum eða með öðrum orðum að þeir yrðu embættismenn. Aðeins þriðjungur prófessora við háskólann var á þessum fundi og margir sem ekki voru þar telja sig ekki félagsmenn í samtökum sem ekki eru formlegt félag innan Félags háskólakennara. Engu að síður var þessi samþykkt gerð og henni síðan fylgt eftir af miklum skörungsskap eins og alþjóð hefur orðið vitni að á síðustu vikum.

Félag háskólakennara er enn þá stéttarfélag prófessoranna og gangi þeir úr því hefur það eftirfarandi afleiðingar fyrir þá sem eftir eru:

a. Félag háskólakennara er í raun svipt verkfallsvopni sínu þar sem stór hópur félagsmanna má ekki fara í verkfall og mun starfa áfram ef til verkfalls kæmi.

b. Framgangskerfið sem metið hefur verið til launaprósenta í kjarasamningum háskólakennara undanfarin ár er lagt rúst.

c. Afnám framgangskerfisins mun bitna á öllum yngri starfsmönnum háskólans þar sem konur eru fjölmennastar.

Háskólaráð þar sem aðeins prófessorar mega sitja sem fulltrúar deilda hefur ályktað að staða prófessora háskólans sem embættismanna skipti sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknarstofnunar.

Félag háskólakennara hefur borið á móti þessu opinberlega og við undirritaðar teljum okkur skylt að benda á afleiðingar þessara breytinga fyrir jafnréttismál innan Háskóla Íslands."

Síðar í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Síðasta áratuginn hefur konum fjölgað í hópi kennara og sérfræðinga Háskóla Íslands en það hefur gengið mjög hægt."

Þetta er í samræmi við þá þróun sem alls staðar annars staðar er þekkt í öðrum löndum. Síðan segir:

„Sem dæmi má nefna að af 72 lektorum við háskólann eru konur 35 eða 48,6%, af 134 dósentum eru 24 konur eða 17,9% og af 148 prófessorum eru þær 9 talsins eða 6,1%. Það verður að segjast eins og er að konur hafa átt örðugt uppdráttar innan Háskóla Íslands. Prófessorar einir eiga rétt til setu í æðstu valdastofnunum háskólans og þeir skipa í valdamiklar nefndir þar sem ýmist situr engin kona eða konur eru í miklum minni hluta. Sjónarmið kvenna bæði hvað varðar stefnumótun háskólans almennt og mótun hans sem vinnustaðar koma lítið fram og jafnréttisumræða hefur verið lítil. Konur á Íslandi bera meiri þunga af heimili og börnum

en karlar þeirra almennt og háskólamenntaðar konur eru þar engin undantekning."

Síðar segir: „Framgangskerfi við Háskóla Íslands er aðeins níu ára og síðan það var tekið upp hafa 38 karlar orðið prófessorar í krafti þess en þrjár konur. Ef prófessorar verða embættismenn núna er valdakerfi háskólans í núverandi mynd og áhrifaleysi kvenna á stjórnun og mótun vinnustaðarins staðfest. Við teljum þessar breytingar eitt hið mesta bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum innan háskólans. Við skorum á háskólayfirvöld að endurskoða afstöðu sína og Alþingi að taka þetta til alvarlegrar athugunar. Það getur ekki verið ábyrgt að rétta hlut eins hóps í Félagi háskólakennara með því móti að skertir séu möguleikar fjölda annarra félagsmanna samtímis."

Undir þetta bréf skrifar 41 kona, flestar lektorar eða dósentar við Háskóla Íslands. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að uppfylla hina fínu starfsmannastefnu sína um jafnrétti kvenna og karla í Háskóla Íslands? Hún ætlar að sjálfsögðu að gera það með viðhorfsbreytingu, töfraorðinu sjálfu. Hún ætlar líklega með viðhorfsbreytingu að bæta upp þetta mesta bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum innan háskólans.

Ég ætla að víkja aðeins að ákvæðum frv. um starfsöryggi. Það hefur lengi verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar og launafólks á almenna markaðnum að auka starfsöryggi á þeim hluta vinnumarkaðarins. Í þessu skyni hefur margoft verið farið fram á það af hálfu samtaka launafólks að Ísland fullgilti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda. Þessu hafa atvinnurekendasamtökin hafnað algjörlega. Þau vilja hafa sveigjanleikann í lagi eins og þau kalla það. Hingað til hafa stjórnvöld ekki viljað taka af skarið enda hafa þau því miður allt of sjaldan einhverja pólitík í málefnum launafólks. Þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um starfsöryggi nær til alls vinnumarkaðarins og hún felur það fyrst og fremst í sér að þar er launafólki tryggt ákveðið málsmeðferðarkerfi við uppsagnir. Því er tryggt að það sé skylt að rökstyðja uppsögn ef eftir því er óskað og í sumum tilvikum á fólk rétt á endurráðningu ef uppsögn hefur verið talin ólögmæt. Eins og þeir sem þekkja til almennra reglna hér á vinnumarkaði vita mundi slíkt kerfi stórbæta réttarstöðu launafólks a.m.k. á almenna markaðnum. Sú sem hér stendur hefur ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur lagt fram till. til þál. um að þessi samþykkt verði fullgilt en hún hefur því miður ekki enn komist á dagskrá þingsins. Samþykktin er af mörgum talin lágmarksréttur. En þótt hún sé lágmarksréttur og talin vera það mjög víða í löndunum í kringum okkur þá mundi hún þó gerbreyta stöðu íslensks launafólks til batnaðar á sviði starfsöryggis.

Starfsöryggismál opinberra starfsmanna hafa verið skömminni skárri en á almenna markaðnum. En hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í því að jafna aðstöðuna í þessum málum, að nútímavæða í þessum málum? Ætlar hún að bæta stöðuna á almenna markaðnum og færa starfsöryggismálin þar til nútímalegra horfs? Nei, að sjálfsögðu ekki. Hún ætlar að rýra starfsöryggi opinberra starfsmanna í staðinn og jafna þannig aðstöðuna niður á við. Þetta á t.d. við um málsmeðferðarkerfi við uppsögn sem felst m.a. í áminningu áður en til brottrekstrar kemur. Það var reyndar upphaflega meiningin að hafa ákvæði þess eðlis að heimila forstöðumanni að veita áminningu. En það gefur jú auga leið að slíkt ákvæði felur ekki í sér nokkurn einasta rétt fyrir starfsmanninn. Því er ekki hægt að tala um starfsöryggi í því sambandi. Nú hefur ákvæðinu reyndar verið breytt í þá veru að það sé skylt að veita skriflega áminningu en hins vegar er ákvæðið að öðru leyti þess eðlis að forstöðumanni er mjög auðveldlega gert kleift að losa sig við starfsmann, svo víðtæk er upptalningin um það hvað starfsmaðurinn þarf í raun og veru lítið að gera af sér til að vinna sér inn áminningu sem hefur síðan í för með sér uppsögn. Það er vægast sagt mjög víðtækt svið og erfitt að sleppa við áminningu ef forstöðumaðurinn hefur áhuga á því að veita hana.

Að auki er kveðið svo á í frv. að ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt því verði ekki skotið til æðri stjórnvalda nema öðruvísi sé mælt fyrir í einstökum ákvæðum laganna. Þetta er kannski hluti af nútímavæðingunni. Spyr sá er ekki veit. Í 40. gr. er ákvæði um skerðingu á félagafrelsi embættismanna sem hefur reyndar lítillega verið vikið að hér áður. Samkvæmt því er þeim óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Um þetta segir í umsögn BHM á bls. 21, með leyfi forseta:

„Í þessari grein er embættismönnum ekki aðeins bannað að taka þátt í verkfalli eða sambærilegum aðgerðum, enda er sá réttur bundinn við aðild að stéttarfélagi, heldur er gengið skrefi lengra og þessi hópur er einnig sviptur tjáningarfrelsi að hluta, a.m.k. þegar deilur og aðgerðir standa um kaup og kjör launamanna." Þarna er enn rakið það sem áður hefur verið minnst á og var rakið í umsögn stéttarfélags lögfræðinga að slíkir hlutir standast ekki ákvæði stjórnarskrár. Og enn og aftur hefur verið minnt á það sem vissulega hlýtur að vera alvarlegur hlutur.

Það er reyndar mjög undarlegt að telja þessi ákvæði frv. sem hér hefur verið minnst á vera í anda nútímalegra viðhorfa. Ekki síst með tilliti til þess að félagafrelsi hefur nú nýlega, það var í fyrra, verið sérstaklega tryggt í stjórnarskránni og hefur þessi ríkisstjórn sýnt því mikinn áhuga að tryggja betur félagafrelsi í stjórnarskránni. Ekki síður er þetta undarlegt með tilliti til þeirra fjölmörgu alþjóðasamninga sem ríkið er skuldbundið af um félagafrelsi og ég hreinlega nenni ekki að telja upp eina ferðina enn úr þessum ræðustóli, ég er búin að gera það svo oft. En það er kannski rétt að gera samt sem áður tilraun til að upplýsa hina ágætu ríkisstjórn, þótt hún sé reyndar ekki hér til staðar frekar en fyrri daginn, um það að félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur mikið vægi í túlkun á félagafrelsisákvæðum og reyndar er það beinlínis tekið fram í áliti Lagastofnunar að félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi sérstakt vægi í túlkun ákvæða um félagafrelsi. Hún hefur talið að hluti félagafrelsisins sé rétturinn til að semja sameiginlega og að sjálfsögðu rétturinn til að fara í verkföll.

Það var umræða um þessi mál á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1994 ef ég man rétt. Þar var til umfjöllunar sérstök skýrsla sem sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar lét gera og var til umræðu á þinginu. Þar er alveg sérstakur kafli sem fjallar um réttinn til að fara í verkföll. Bent er á það í þeirri bók, og það kom reyndar mjög skýrt fram í umræðum á þinginu, að það sé á engan hátt hægt að líta á félagafrelsi án samhengis við þau tæki sem nauðsynleg eru til að verja það. Það vill oft vera þannig að ríkisstjórnin sem nú er við lýði hampar félagafrelsi og þá einkum sjálfstæðismenn. Líklega má telja framsóknarmenn með í þeirra hópi núna. Þeir hampa félagafrelsinu öðrum megin frá. Þeir hampa því þeim megin frá þegar verið er að tala um rétt manna til að stofna félög. Að ég tali nú ekki um rétt manna til að brjóta upp og stofna svokölluð „gul

félög" sem hefur verið að gerast hér á undanförnum árum í auknum mæli, þ.e. að brjóta upp þau stéttarfélög sem til staðar eru. Hins vegar hefur sá hinn sami hópur manna ekki verið jafnhrifinn af félagafrelsinu þegar kemur að hinum endanum. Þegar kemur að þeim tækjum sem þarf og þeim tækjum sem heimilt er að nota til að fylgja félagafrelsinu eftir. Félagafrelsið er einskis virði án aðgerða til að fylgja því eftir. Það er beinlínis ekki hægt og á engan hátt rétt, eins og félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur svo réttilega bent á, að slíta þetta úr samhengi. Slíta annars vegar úr samhengi réttinn til að stofna stéttarfélög, til að semja sameiginlega, og síðan til þess að fylgja eftir kröfum sínum með verkföllum ef með þarf. Það er í raun og veru ekki hægt að segja annað en að mannréttindi sem ekki er hægt að fylgja eftir, ekki er hægt að fara alla leið með, hljóta bara að vera skrum eitt. Hvers virði er í raun og veru rétturinn til að stofna og ganga í stéttarfélög ef það er bannað með lögum að verja þennan rétt með þeim tækjum sem getur þurft til og hafa verið viðurkennd sem lögleg tæki til þess að verja þennan rétt? Slíkar takmarkanir hljóta vægast sagt að vera mjög varasamar og að mínu mati teljast þær á engan hátt til nútímalegra vinnubragða, herra forseti, eins og svo margoft er vitnað til í ræðustóli af hæstv. ráðherrum.

Það er eitt annað atriði sem ég vildi koma inn á og hefur margoft verið talað um í sölum Alþingis á undanförnum dögum. Það eru tengslin milli kjarasamninga annars vegar og hins vegar milli lögbundinna réttinda opinberra starfsmanna. Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur haldið því fram að umsömdum réttindum sé ekki raskað. Þessu hefur hæstv. ráðherra margoft tönnlast á í þinginu. Það virðist einhvern veginn vera þannig að hæstv. ráðherra fær ekki skilið það umhverfi sem opinberir starfsmenn búa við. Öllu heldur er ég farin að hallast að því nú á síðari tímum þessarar umræðu að hann vilji ekki skilja það og hann ætli sér ekki að skilja það og hann ætli sér hreinlega að láta á það reyna. Réttarumhverfi hjá opinberum starfsmönnum er að mörgu leyti mjög ólíkt því sem gerist á almenna vinnumarkaðnum þar sem stærstur hluti kjaranna er festur í kjarasamninga. Að hluta til er hann bættur upp með ráðningarsamningum, munnlegum eða skriflegum, en einungis minni hlutann er fjallað um í lögum þannig að vægið er allt annað. Á meðan búa opinberir starfsmenn við það að réttindi þeirra eru miklu meira lögbundin en réttindin á almenna markaðnum og kjarasamningar hafa þar í raun og veru miklu minni þýðingu efnislega séð. Þetta er í sjálfu sér ekkert óðruvísi en gengur og gerist í mörgum öðrum löndum og kemur til vegna sérstöðu opinberra starfsmanna að mörgu leyti sem hefur verið í gegnum tíðina.

Ég vil nefna sem dæmi að í kjarasamningum opinberra starfsmanna er hvergi eftir þeim heimildum sem ég hef verið að reyna að leita eftir og leita þar ráða þeirra sem gerst til þekkja um samningana er hvergi kveðið á um uppsagnarfrest starfsmanna. Það er hins vegar kveðið á um það í lögum að þeir sem eru ráðnir eigi tiltekinn uppsagnarfrest. Miðað við kenningu og hugmyndafræði hæstv. fjmrh. þá mætti svipta opinbera starfsmenn uppsagnarfresti vegna þess að það eru ekki umsamin réttindi. Hann hlýtur þá að vera um leið að segja það úr því að hann heldur að svo sé þá þurfi ekki ef slíkt væri gert, ef það dytti í hæstv. ráðherra, annað eins hefur dottið í kollinn á honum að rífa uppsagnarfrestinn af opinberum starfsmönnum þá hlýtur hann að geta gert það með sömu rökum. Það eru ekki umsamin réttindi og það er náttúrlega algerlega fráleitt að fara að bæta fólki eitthvað sem það á ekki rétt á eftir því sem hæstv. ráðherra telur. Á meðan höfum við á almenna markaðnum þannig umhverfi að þar eru ítarleg ákvæði um það í hverjum einasta kjarasamningi hvernig uppsagnarfresti skuli háttað. Þetta er gott dæmi um að það er náttúrlega fráleitt að halda því fram að lögbundin réttindi opinberra starfsmanna séu ekki hluti af þeirra kjaralega umhverfi og séu ekki umsamin réttindi vegna þess að að sjálfsögðu byggjast hin umsömdu réttindi, sem ráðherrann heldur að séu bara í kjarasamningum, á því hvernig lagalega umhverfið var á þeim tíma þegar samið var. Það er á engan hátt hægt að skilja það öðruvísi. En þrátt fyrir að á þetta hafi verið mjög ítarlega bent og mjög ítarlega farið yfir þetta í umsögnum frá fjölda samtaka á opinbera markaðnum og frá þeim lögmönnum sem hvað best þekkja réttarsviðið á þeim bænum hefur hæstv. ráðherra enn þverskallast við og neitar því að fara að þessu enda liggur því miður ekki fyrir um þetta frv. neitt álit á því hvort það sé löglegt eða hvort það standist ákvæði stjórnarskrár eða alþjóðasamninga eða hvort það stangist mögulega á við önnur ákvæði laganna innbyrðis. Eins og ég og aðrir hafa bent á þá veitir ekki af því að slíkt álit yrði fengið því að það eru gífurlega margir hnökrar á þessu frv., hreinlega tæknilegir hnökrar að ekki sé talað um ósköpin sem innihaldið er.

Ég vil, herra forseti, vitna lítillega í skýrslu, sem ég hef undir höndum og mér hefur reynst drjúg í undirbúningi fyrir það að reyna að átta mig á þessu frv. og þeim ósköpum sem við stöndum hérna frammi fyrir. Þessi skýrsla var gerð af Frederich Eberstiftung í Brussel og fjallar um opinberar vinnumarkaðsreglur í sex löndum. Þetta er samanburðarathugun um reglur á opinberum vinnumarkaði í Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi, Austurríki, Svíþjóð og Bretlandi. Því miður gafst mér ekki tími til að lesa alla þessa skýrslu því að hún hefði vissulega verið þess virði. Ég á örugglega eftir að gera það síðar því að hún fjallar í nokkuð ítarlegum atriðum um ýmis atriði hins opinbera vinnumarkaðar í þessum sex löndum. Hún kemur m.a. inn á áhrif þeirra breytinga sem hafa verið á opinberum vinnumarkaði á réttarstöðu opinberra starfsmanna. Þar er t.d. sérstakur kafli um áhrif á stöðu kvenna vegna þess að það hefur einhvern veginn orðið þannig að þær hafa oft og tíðum farið verst út úr auknum sveigjanleika og auknu frjálslyndi á vinnumarkaði ef svo má að orði komast.

Hér er líka mjög ítarlegur kafli um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna sem væri vissulega þess virði að fara í gegnum áður en kemur að umræðunni um lífeyrismálin sem verður vonandi ekki í bráð og helst aldrei. Þessi skýrsla nær yfir tveggja ára tímabil, hún er gerð á árunum 1991 og 1993. Markmið hennar er að gera kerfisbundna skoðun á fyrirkomulagi samningamála á opinberum vinnumarkaði en eins og kunnugt er hafa verið gerðar breytingar á reglum um opinbera vinnumarkaðinn víðar en er verið að reyna að gera á Íslandi á síðustu árum. Það hafa verið kröfur um það víðar en hér að það sé hagrætt í ríkisrekstri og það sé sparað þannig að vandamálið sem slíkt, sem menn hafa staðið frammi fyrir og allir viðurkennt að þurfi á einhvern hátt að taka á, hefur verið þekkt víðar en hér. Þess vegna er að mörgu leyti mjög fróðlegt að skoða það hvernig þetta hefur verið gert annars staðar.

Í þessari skýrslu er að finna ýmis atriði um það og ég vil sérstaklega grípa niður í þau sem snúa að verkfallsréttinum og undanþágu frá verkfallsréttindum og ekki síst með það

að leiðarljósi að verkfallsrétturinn er í mínum huga ein af helgustu réttindum launafólks og hann á undir engum kringumstæðum að skerða og það eiga ekki að vera undanþágur frá honum nema hægt sé að réttlæta með einhverjum mjög mikilvægum atriðum.

Ef við grípum ofan í kaflana um það hvernig verkfallsréttinum er háttað í þessum löndum, sem ég held að hafi flestöll gengið í gegnum einhverja endurskoðun á þessum reglum á síðustu árum, þá segir t.d. um Ítalíu að það er í raun og veru réttur til verkfalla á opinbera vinnumarkaðinum á Ítalíu og hann er mjög hátt skrifaður sem mannréttindi og sem réttindi sem eru jafnframt tryggð í stjórnarskrá. Þeir bera greinilega meiri virðingu fyrir stjórnarskránni en við. Síðan segir að árið 1990 hafi ný lög verið sett um verkföll og að með þeim lögum verði að tryggja sérstakar starfsgreinar sem er litið á að séu einstaklega mikilvægar fyrir borgarana að séu starfandi. En síðan kemur setning sem er mjög víða þegar vitnað er til þessara landa: „Þessar takmarkanir eru ákveðnar í samningum" þannig að samtök launafólks koma að því að ákveða hvaða takmarkanir þeim séu settar. Þetta er á Ítalíu. Það hefur hingað til ekki verið talið vera fyrirmyndarríki. Svona getum við rakið okkur áfram.

Næsta landið sem hér er vitnað í er Holland. Þar segir að það sé sami réttur opinberra starfsmanna til þess að gera verkföll og á almenna og opinbera markaðnum. Þar séu hins vegar sérstakar takmarkanir eða hömlur settar fyrir heilsugeirann ef við getum orðað það svo og þær takmarkanir eða þær hömlur snúist fyrst og fremst um fyrirvarann á verkfallsboðuninni. Síðan segir að í Hollandi hafi löggregla og slökkvilið ekki rétt til þess að fara í verkföll. Þetta er í samræmi við það sem hefur almennt verið viðurkennt að það megi gera almennar takmarkanir ef um sé að ræða mál sem snerta hagsmuni og öryggi ríkisins eða mjög ríka almannahagsmuni.

Um Austurríki segir: Hver sem er í Austurríki, hvort sem það er á opinbera eða almenna markaðnum, getur boðað verkfall, jafnvel herinn og lögreglan hafa boðað til verkfalla þar í landi. Reyndar er sagt hér að frekar fá verkföll hafi verið boðuð á þessu sviði en það sé mjög mikilvægt að hafa jafnan til staðar þann möguleika að boða til verkfalla og þá hótun að slíkt sé hægt ef þess er talin vera þörf.

Um verkfallsréttinn í Sviþjóð segir: Verkfallsréttur er til staðar án nokkurra sérstakra reglna þar um fyrir opinbera markaðinn í Sviþjóð. Sérstakar takmarkanir á verkfallsréttinum, sem komu niður á opinberum starfsmönnum, voru afnumdar árið 1976 í sérstökum lögum þar um. Síðan segir þar, sem er hinni íslensku ríkisstjórn svo mjög framandi: Þrátt fyrir þetta hafa aðilar vinnumarkaðarins gert samninga um takmarkanir eða hömlur á verkfallsréttinum eins og í tengslum við sérstaka hópa starfsfólks sem er nauðsynlegt að séu starfandi. Og enn er ítrekað: Slíkar takmarkanir eru alltaf ákveðnar af sjálfum aðilum vinnudeilunnar.

Um Bretland, sem hefur ekki hingað til talið vera fyrirmyndarríki launamannsins, segir að ekki sé almennt gerður neinn skilsmunur á milli almenna og opinbera markaðarins varðandi verkfallsboðun eða aðra löggjöf á vinnumarkaði. Samt hafa verið gerðar tilraunir af ríkisstjórn Íhaldsflokksins til þess að takmarka verkföll þegar um er að ræða mjög mikilvæga þjónustu. Síðan segir að þessar tilraunir ríkisstjórnarinnar stangist gegn mjög ríkri breskri hefð á þessu sviði.

Einu takmarkanirnar sem þeir virðast viðurkenna á verkfallsréttinum eru lögregla og herinn. Þeir hafi ekki rétt til að fara í verkföll.

Herra forseti. Það kemur óneitanlega upp í hugann við lestur þessara reglna og þess sem kemur fram í skýrslunni um það hvernig ástandið er í öðrum löndum í kringum okkur að það er eitthvað mjög sérstakt sem er að gerast á íslenska vinnumarkaðnum. Það er eitthvað öðruvísi sem er að gerast hér en mjög víða annars staðar. Það er allt önnur þróun þó að hæstv. ríkisstjórn reyni sí og æ að vísa til þess að það sé einvörðungu verið að gera það sem þegar hefur verið framkvæmt og talið sjálfsagt og viðurkennt úti í hinum stóra heimi. Það hefur mjög oft komið fram í umræðunni að það sé verið að nútímavæða vinnumarkaðinn, það sé verið að drösla gervallri verkalýðshreyfingunni inn í nútímann með góðu eða illu. En ég vil spyrja að lokum, herra forseti: Hvaða nútími er það sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að draga fólk inn í? Nútími hvaða landa er það sem hér er verið að taka upp? Ég tel reyndar að sú skýrsla sem ég las upp úr áðan sýni eins og svo margt annað fram á það að í þessu frv. birtist draugur fortíðar en ekki framtíðar og það hlýtur að vera krafa hverrar skynsamrar manneskju að frv. sé tekið út af borðinu. Það er illa samið, það er óvandað og það er andstætt hagsmunum launafólks.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 23:49.

---

135. FUNDUR

föstudaginn 10. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650, nál. 886 og 912. — Frh. 2. umr.
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 896. — 3. umr.
3. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 897. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarstjóra Hafnarfjarðar.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:30]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu sem mun hefjast kl. 13.30 í dag. Málshefjandi er Sighvatur Björgvinsson. Menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa. Gert er ráð fyrir að umræðan standi í eina og hálfa klukkustund. Umræðureglur verða að málshefjandi og ráðherra hafa 12 mínútur plús fimm mínútur og talsmenn annarra þingflokka átta mínútur. Aðrir þingmenn þrjár mínútur. Efni umræðunnar er skýrsla um endurskoðun á útvarpslögum.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945.

[10:32]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til 2. umr., frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Annað frv. liggur einnig fyrir þinginu um þessar mundir, frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og þessum tveimur frumvörpum er það sameiginlegt að í þeim er á óvenjuósvífinn hátt ráðist að launafólki. Þau eru sérlega vel til þess fallin að auka á úlfúð og átök á vinnumarkaði. Þau eru flutt í óþökk og andstöðu við samtök launþega. Að heita má öll félög opinberra starfsmanna sem og stéttarfélög á almennum vinnumarkaði hafa lýst andúð sinni á þeim hugmyndum ríkisstjórnarinnar og þeirri stefnu sem þar birtist.

Aðeins samtök vinnuveitenda hafa klappað hæstv. fjmrh. á kollinn og sagt að þetta sé bara nokkuð gott svona til að byrja með og ríkisstjórnin virðist ekki þurfa frekari stuðning. Klappið frá atvinnurekendum er e.t.v. nóg uppörvun fyrir þá. Fyrir vini sína í VSÍ er hún reiðubúin að leggja til atlögu við kjör launafólks í landinu.

Hvernig skyldi standa á því að hæstv. ráðherrar láta etja sér á foraðið? Þetta eru þó annars fremur dagfarsprúðir menn. Sumir segja skýringu þá að á fjörur hæstv. ríkisstjórnar hafi rekið alla leið frá Nýja-Sjálandi frú Ruth Richardson, fyrrv. fjármálaráðherra þess ágæta lands, en henni hafði þar þá nýlega verið hafnað eftir að hafa nánast lagt velferðarkerfi þarlendra í rúst. Hingað kom frú þessi raunar í sérstöku boði ríkisstjórnar Íslands en þar á bæ eru menn eins og flestir vita sífellt á gægjum eftir bjargráðum á erfiðum tímum. Ruth þessi boðaði það helst að stjórnvöld eigi að fara fram með leiftursókn, hratt og ákveðið, forðast allt samráð og koma fram með margt í einu. Þetta féll í góðan jarðveg. Hugmyndirnar keyptu hæstv. ráðherrar okkar fjármála og félagsmála að því er rætnar tungur segja fyrir 30 þorskhausa, sumir segja reynar 36 þorskhausa svo að öllu sé til skila haldið. Því er hér borið fram hvort frv. af öðru á hinu háa Alþingi og fingraförin leyna sér ekki eins og glöggt má sjá á áðurnefndum frumvörpum. Eitt frv. til var að vísu í farvatninu. Það var frv. til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en jafnvel einlægustu aðdáendum nýsjálensku frúarinnar mun hafa ofboðið og verður það frv. því ekki lagt fram að sinni. Það er geymt en væntanlega ekki gleymt og mun verða lagt fram á næsta þingi að mati ýmissa sem vel þekkja til.

Hér er ekkert skeytt um þó um skerðingu á samningsbundnum réttindum sé að ræða og samningar séu bundnir til áramóta í flestum tilvikum, heldur virðist það tækifæri einmmitt hafa verið gripið. Verkalýðshreyfingin í landinu hefur mótmælt og krafist þess að frumvörpin verði tekin út af borðinu en lýsir sig reiðubúna til endurskoðunar á gildandi lögum í tengslum við kjarasamninga en meiri hluti Alþingi skellir við skollaeyrum og virðist ætla að keyra frumvörpin í gegn þó ákaft sé mótmælt, bæði af minni hlutanum á Alþingi og ekki síður af launafólki í landinu. Slíku og þvílíku þarf hæstv. ríkisstjórn ekki að hafa áhyggjur af. Hún hefur mikinn meiri hluta í löggjafarsamkundunni og hann ætlar hún að notfæra sér í málinu. En hæstv. ráðherrarnir skulu hafa það hugfast að samningarnir verða lausir um næstu áramót og þá mun verkalýðshreyfingin ætla sér háar stríðsskaðabætur vegna þess sem hér hefur gerst. Þá er óvíst að sú óvera, sem ríkið telur sig vera að spara, m.a. með því að skerða biðlaunaréttinn, dugi langt til að koma til móts við kröfur opinberra starfsmanna.

En kannski er ekki í sambandi við afnám biðlaunaréttarins sérstaklega verið að hugsa um sparnað á ríkisfjármunum. Líklegra er að hér sé verið að búa í haginn fyrir áframhaldandi einkavinavæðingu. Biðlaunaréttur opinberra starfsmanna er nefnilega til óþæginda við þær breytingar.

Hér hefur áður verið tíundað í umræðunni hver ávinningur í ríkisfjármálum hefur orðið af því að gefa útvöldum einkavinum SR-mjöl, Lyfjaverslun ríkisins og fleira. Þrátt fyrir erfiða tíma má þó enn finna stofnanir í ríkiseigu sem vinahópurinn hefur ágirnd á. Því þarf biðlaunarétturinn að hverfa.

Það hefur verið margtekið fram í umræðunni, m.a. bæði af hæstv. fjmrh. og hv. formanni efh.- og viðskn. að í frv. um réttindi og skyldur sé ekki um að ræða skerðingu á samningsbundnum réttindum opinberra starfsmanna. Að vísu má það til sanns vegar færa en hér er óneitanlega um að ræða réttindi sem samningar byggja á og hefur það á undanförnum árum — ég var því sérstaklega kunnug á níunda áratugnum — verið notað óspart af samningamönnum ríkisins þegar opinberir starfsmenn hafa verið að bera laun sín saman við almennan vinnumarkað að það væri eðlilegt að laun þeirra væru lægri en starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Þeir hefðu svo verðmæt réttindi, æviráðningu, biðlaunarétt, meiri veikindarétt, betri barnsburðarrétt o.s.frv. að ekki væri óeðlilegt að launamunur væri allt að 20%. En nú finnst þessum sömu yfirvöldum allt í einu í lagi að taka þessi verðmætu réttindi bótalaust af stéttinni á miðju samningstímabili. Hver skyldi vera skýringin á því? Og þar erum við kannski komin að kjarna málsins. Hvað er það sem hæstv. ríkisstjórn er svo dýrmætt að fyrir þær sakir er tilvinnandi að hefja ófrið við launþega og hafna öllu samráði og koma fram gagnvart launþegahreyfingunni í landinu af ófyrirleitni og hroka?

Undanfarin ár hefur verið ríkjandi í landinu svonefndur stöðugleiki í launa- og kjaramálum. Hann hefur náðst vegna langlundargeðs launþega sem hafa viljað trúa því að með svokölluðum þjóðarsáttarsamningum æ ofan í æ hafi þeir verið að styrkja atvinnulífið, efla fjárhag fyrirtækja og þannig verjast atvinnuleysi. Nú þegar sú staðreynd virðist blasa við að hagur fyrirtækja stendur almennt með blóma, fyrirtæki hafa lækkað skuldir sínar um um það bil 20 milljarða á meðan skuldir heimila í landinu hafa aukist um á annað hundrað milljarða og laun eru nú með því lægsta sem þekkist í Vestur-Evrópu, þá spyrja launþegar hvort ekki sé

nú lag til að endurgreiða þeim fórnarkostnaðinn. Svar ríkisstjórnarinnar liggur fyrir. Opinberir starfsmenn skulu sviptir réttindum og kjör þeirra á þann veg skert. Almennum verkalýðsfélögum skal gert nánast ókleift að beita samtakamætti sínum til að bæta kjör félagsmanna sinna. Með þessum frumvörpum er hæstv. ríkisstjórn að ráðast á launþegahreyfinguna í landinu með óvenjuósvífnum hætti undir því yfirskyni að hún sé að marka nýja starfsmannastefnu, auka valddreifingu og sveigjanleika í starfsmannahaldi, einfalda launakerfi og meira að segja auka jafnrétti. Í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er samið einhliða af embættismönnum ríkisvaldsins en stéttarfélög sem málið varðar fengu hvorki að koma að samningu frumvarpsins né var þeim gefinn kostur á að koma með ábendingar þegar frumvarpið var í vinnslu. Þetta er mjög ámælisvert þegar verið er að fjalla um atriði sem varða samskipti ríkisvalds og starfsmanna þess.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru frá 1954 eða meira en 40 ára gömul. Því er ljóst, þótt nauðsyn sé á að endurskoða lögin, að það er vandmeðfarið verk sem útheimtir samvinnu þeirra aðila sem málið varðar. Þótt réttur löggjafans til lagasetningar sé ótvíræður hefur það ekki gerst áður að lagt sé fram frv. til laga sem kveði á um skipulag á opinberum vinnumarkaði og unnið án samráðs við stéttarfélög starfsmanna."

Þetta er allt gert undir því yfirskyni að verið sé að koma á umbótum og efla nútímalega stjórnarhætti. Skyldu þær vera svona, hugmyndir hæstv. fjmrh. og félmrh. hæstv., gleymum honum nú ekki, um nútímalega stjórnunarhætti? Ég held að slíkt detti engum í hug. Aðferðir af þessu tagi eiga ekkert skylt við nútímalega stjórnunarhætti. Þær eiga ekki einu sinni neitt skylt við almenna mannasiði heldur er ríkisstjórnin með þessu frv. og ekki síður með frv. um stéttarfélög og vinnudeilur að ganga erinda vinnuveitenda gegn hagsmunum almennra launamanna eins og hún hefur ósleitilega gert með niðurskurði til heilbrigðis- og félagsmála og stigmögnun óréttlætis í skattkerfi. Svokölluð þjóðarsátt hefur verið notuð til að rýra kjör almennings í landinu. Á svokölluðu stöðugleikatímabili hefur ákveðinn hópur manna sölsað undir sig eignir í þeim mæli að farið er að tala um tvær þjóðir í landinu. Það er að verða til raunveruleg fátækt í þessu landi, fátækt í þeirri mynd sem við höfum ekki horfst í augu við í marga áratugi. Margnefndum frumvörpum ríkisstjórnarinnar er ætlað að gera almennum launamönnum erfiðara fyrir að verjast þessari árás.

Hvernig eru svo þessar nútímalegu hugmyndir sem ríkisstjórnin er að setja með lögum á ráðningarkjör opinberra starfsmanna? Það fyrsta sem kemur upp í hugann er að ekki er lengur skylt að auglýsa öll störf í opinberri þjónustu, ekki svo kölluð minni háttar skrifstofustörf, sendilsstörf og ræstingarstörf eins og höfundar frv. orðuðu það þó að réttsýnir menn í efh.- og viðskn. hefðu bjargað því orðalagi fyrir horn, en meiningin er enn til staðar og getur nú að því er sýnist forstöðumaður stofnunar skilgreint sjálfur hvað þarf að auglýsa og hvað ekki. Ég verð að segja að skilningur minn á lýðræði hefur m.a. verið sá að það ætti að vera í lögum að ekki mætti ráða í nein störf utan tímabundnar afleysingar nema að undangenginni auglýsingu. Mér finnst þessi breyting ekki vera í lýðræðisátt og ekki bætir það úr skák að aðeins er gert ráð fyrir tveggja vikna umsóknarfresti um laust starf sem þó hefur verið auglýst, a.m.k. í því víðlesna blaði Lögbirtingablaðinu. Hér er með öðrum orðum verið að draga úr skyldum stjórnvalda til að auglýsa laus störf og hafa samkeppni um hver hlýtur þau. Í stað þess er valin leið sem býður upp á geðþóttaráðningar. Mér blöskrar sá hugsunarháttur sem hér liggur til grundvallar og ef hann er nútímalegur, má ég þá biðja um að fá að vera púkó áfram. Þegar fólk hefur verið heppið og fengið vinnu hjá ríkinu hver eiga þá ráðningarkjörin að verða ef frv. nær fram að ganga? Það verður ekki betur séð en ráðherrar fái sjálfdæmi um hvernig form og efni ráðningasamninga verður. Það er með öðrum orðum tekið út af samningaborði starfsmanna og vinnuveitenda og þyrfti að setja skýrari reglur sem tryggðu rétt stéttarfélaga og starfsmanna í þessum efnum.

Það hefur hingað til verið okkur ríkisstarfsmönnum huggun harmi gegn, þótt við höfum yfirleitt verið á lægri launum en fólk í sambærilegum störfum á almennum vinnumarkaði, að við höfum þó fengið laun samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Launakerfið hefur verið tiltölulega gagnsætt og kjörorðið sömu laun fyrir sömu vinnu yfirleitt í heiðri haft. En nú bregður svo við að forstöðumaður getur einhliða ákveðið að starfskraftar eins séu verðmætari en annars og umbunað starfsmönnum eftir eigin geðþótta. Við þekkjum öll sem höfum unnið á stórum vinnustöðvum elskuvinafélagið. Það eru þeir sem alltaf eru að tala upp í eyrun á yfirmanninum, það sem þeir halda að honum þóknist best. Einhvern veginn læðist að manni sá grunur að úr þessum hópi verðir valdir þeir sem njóta þessara sérstöku launauppbóta. Ég verð að segja það sem mína skoðun að þeir sem vinna best og sjálfstæðast koma ekki ævinlega úr þessum hópi. En svo kemur rúsínan í pylsuendanum. Það má fyrirvaralaust segja upp öllum yfirborgunum án þess að það teljist jafngilda uppsögn sem er nokkuð sem ekki tíðkast í almennum vinnurétti þar sem uppsögn vinnuveitenda á yfirborgun er almennt talin jafngilda riftun eða uppsögn á ráðningarsamningi í heild sinni.

Stefnan í frv. virðist vera að breyta þessari réttarstöðu og slíta yfirborgun úr samhengi við önnur ráðningarkjör. Ef starfsmaður segir hins vegar upp sjálfur vegna riftunar á yfirborgunarsamningi þá má hann sæta því að þurfa að bíða í 40 daga eftir að komast á atvinnuleysisbætur ef hann er ekki búinn að fá vinnu er uppsagnarfresti lýkur. Og enn á þetta eftir að verða nútímalegra. Tökum dæmi af starfsmanni sem hefur verið ráðinn við framhaldsskóla úti á landi og lofað launauppbót við ráðningu en er svo sviptur henni, við skulum segja eftir þriggja mánaða starf, vegna þess að fjárhagsáætlun skólans hefur verið gerð af of mikilli bjartsýni. Hann segir sjálfur upp og ætti samkvæmt orðanna hljóðan að hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest. En skólastjórnandinn telur að það geti valdið skólanum vandræðum að missa þennan ágæta kennara á miðjum vetri og þá er hann í fullum rétti til að ákveða að framlengja uppsagnarfrestinn um aðra þrjá mánuði. Hvað er hér á ferðinni í nafni nútímalegs hugsunarháttar? Erum við búin að taka aftur upp ákvæði um vistarbönd? Mér finnst þetta nú vera næsti bær við að gera fólk að niðursetningum. Og að við skulum vera að lögleiða slíkt á árinu 1996 tel ég algjörlega forkastanlegt. Það var í gömlu lögunum slíkt ákvæði ef horfði til auðnar í heilum stéttum. En ég hélt að inn í löggjöf nú á tímum ætti slíkt ákvæði sem hægt er að beita gegn einstaklingum ekkert erindi.

Gert er ráð fyrir að fyrirframgreiðsla launa verði afnumin, a.m.k. hjá þeim sem ráðnir verða eftir gildistöku laganna. Á þeim dögum þegar verðbólgan geisaði voru þessi réttindi

okkur auðmjúkum þjónum ríkisins, sem að jafnaði vorum á launakjörum sem voru langt út úr myndinni, mikils virði og vonandi þurfum við ekki að upplifa slíka tíma aftur. En ef þeir skyldu renna upp þá er og verður fyrirframgreiðslan mikils virði. Það verður ekki annað séð en að ríkisstarfsmenn séu með þessari breytingu ekki aðeins sviptir hefðbundnum kjörum heldur settir lakar en launamenn almennt. En það á kannski að vera þeim huggun harmi gegn að áfram er gert ráð fyrir að þeir komist í orlof, þ.e. ef um semst við forstöðumanninn.

Þeir sem hefja störf eftir gildistöku þessara laga mega sæta því að heyra beint undir lög nr. 19/1979, um lágmarksrétt launafólks vegna sjúkdóms eða slysaforfalla og njóta greiðslna í fæðingarorlofi samkvæmt 15. til 16. gr. laga nr. 119/1993, eða ef um annað semst í kjarasamningum. Ekki er hægt að skilja annað af frv. Það hefur komið fram í umræðum sá skilningur að bráðabirgðaákvæði tryggi einnig rétt þeirra sem kunna að hefja störf eftir gildistöku laganna og mér finnst að það þurfi að taka þar af allan vafa ef það er meining höfunda laganna að þessi ákvæði nái til allra og líka þeirra sem hefja störf eftir gildistöku laganna.

Í núgildandi lögum er dálítið fornaldarlegt ákvæði um að starfsmenn skuli greiða tvöfalt fyrir hverja þá stund sem þeir eru fjarverandi án gildra forfalla og hefur oft verið bent á að þetta ákvæði væri gamaldags og ætti sér enga hliðstæðu á almennum vinnumarkaði. En í þessu nútímalega frv. sem hæstv. ríkisstjórn leggur svo mikila áherslu á að gera að lögum á einmitt að halda í þetta ákvæði. Þar eiga þó ríkisstarfsmenn enn að vera ofurlítið sér á báti og borga það dýrum dómum ef þeim skyldi nú t.d. einhvern tíma detta í hug að fara í setuverkföll.

Nokkrir hv. þm., meira að segja úr stjórnarandstöðu, hafa í þessum umræðum talað af nokkuð mikilli léttúð um skipun í starf eða æviráðningu og hefur mátt skilja það að þetta væri nú eitt af því sem væri púkó og þyrfti að afnema. Þeir hafa sumir hverjir gefið í skyn að ríkið sæti uppi með einhvern hóp af æviráðnu og óhæfu fólki sem stæði allri góðri þjónustu fyrir þrifum. Ég verð að segja að alla mína starfsævi hef ég verið opinber starfsmaður og ég hef aldrei orðið vitni að því að óhæfur maður fengi skipun í starf. Þvert á móti hefur verið mælt með skipun fyrir það fólk sem hefur staðið sig vel í starfi og stofnunin vill gjarnan halda í. En skipunin hefur þann kost í för með sér að hún ver fólk sem á annað borð vinnur störf sín vel gegn duttlungaákvörðunum yfirmanns sem starfsmaður fer í taugarnar á, t.d. vegna pólitískra skoðana eða félagsmálaþátttöku en slík tilvik eru þekkt, herra forseti. Skipunin hefur hins vegar aldrei varið fólk sem hefur brotið af sér í starfi enda á hún ekki að gera það. En samkvæmt þessum lögum getur forstöðumaður alltaf losað sig við starfsmann á þeim forsendum að hann sýni ekki fullnægjandi árangur í starfi og á slíkt er ekki hægt að leggja neina þekkta mælistiku. Og þar á ofan virðist málskotsréttur hafa verið takmarkaður mjög frá því sem nú er. Ég verð að segja að ég hefði haldið að nútímaleg lög um réttindi og skyldur ættu að auka starfsöryggi fólks en ekki að skerða það. En þar er ég auðvitað bara púkó eins og oftar. Nútímalegar hugmyndir snúast greinilega ekki um gagnkvæmt traust og starfsöryggi samkvæmt uppskriftinni frá Nýja-Sjálandi.

Aðalatriði þessa máls er að hér er verið að knýja í gegnum þingið frumvörp sem fela í sér skerðingu á réttindum sem kjarasamningar sem í gildi eru út árið byggja á. Svona vinnubrögð eru, hæstv. forseti, ekki sæmandi í lýðræðisþjóðfélagi. Það átti auðvitað að endurskoða lögin um réttindi og skyldur í samvinnu við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Ekki bara fleygja í þau einhverjum frumvarpsdrögum og segja að þau gætu skoðað þetta og mættu kannski gera einhverjar athugasemdir. Frv. yrði lagt fram eftir nokkra daga. Auðvitað er það ekki hæstv. fjmrh. landsins sæmandi að koma þannig fram við sitt starfsfólk og samtök opinberra starfsmanna hlutu að bregðast harkalega við.

Hér í lokin ætla ég, með leyfi forseta, að lesa lokaorð úr umsögn Bandalags háskólamanna um þetta frv.:

„Bandalag háskólamanna bendir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á eftirfarandi meginatriði varðandi þetta frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

1. Samráð um endurskoðun laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur ekki verið virt.

2. Frumvarpið miðar einhliða að því að skerða ráðningarréttindi starfsmanna ríkisins og samningsrétt stéttarfélaga þeirra án þess að bæta þá skerðingu með nokkrum hætti. Þvert á móti eru boðuð áform um enn meiri skerðingu á réttindum ríkisstarfsmanna með drögum að frumvarpi um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. Frumvarpið miðar að því að afnema ráðningarfestu og biðlaun ríkisstarfsmanna, þrátt fyrir að laun þeirra hafi um áratuga skeið verið þeim mun lakari til að greiða fyrir þessi og önnur réttindi starfsmanna.

4. Með frumvarpinu er gengið á mikilvæg grundvallarmannréttindi starfsmanna ríkisins sem bæði eru varin af stjórnarskrá og alþjóðlegum samskiptum sem Ísland á aðild að.

4. Frumvarpið viðheldur flestum skyldum starfsmanna ríkisins umfram aðra launamenn og eykur þær í sumum tilvikum.

5. Með frumvarpinu er ýmist beint eða óbeint ýtt til hliðar ákvæðum stjórnsýsluréttar þegar ákvarðanir eru teknar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ríkisstarfsmönnum ekki tryggð sama vernd gegn misbeitingu valds og öðrum landsmönnum.

Bandalag háskólamanna telur að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beri að hugleiða alvarlega afleiðingar af þessari aðför að réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins. Verði frumvarp þetta að lögum verða kjör almennt og sérstaklega réttindi ríkisstarfsmanna á Íslandi lakari en í allri Norður-Evrópu og þótt víðar væri leitað. Það mun knýja suma hópa til þungra aðgerða en aðrir munu leita til annarra landa með dýrmæta sérþekkingu sína. Bandalag háskólamanna lítur á það sem skyldu sína að verja réttindi og kjör félagsmanna sinna með öllum tiltækum ráðum. Einskis verður látið ófreistað í baráttunni gegn þessum ólögum."

Hingað til efh.- og viðskn. Alþingis hafa borist umsagnir frá öllum félögum opinberra starfsmanna allt í kringum landið, þessi stóri bunki hér og til viðbótar frá fjölmörgum félögum á almennum vinnumarkaði Þessar umsagnir eru nánast allar í þessa veru.

Þeir koma í haust, hét leikrit sem einu sinni var sýnt í Þjóðleikhúsinu við miklar vinsældir. Ef þetta frv. verður að lögum á þessu þingi, sem allt lítur nú út fyrir, vona ég að hæstv. ríkisstjórn hafi það hugfast að Bandalag háskólamanna og öll hin félögin sem hafa skilað hliðstæðum umsögnum til efh.- og viðskn. vegna þessa frv. og lítið mark hefur verið tekið á til þessa koma í haust.

[10:57]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Okkur alþingismönnum berst mikill og margvíslegur pappír í hólfin okkar á degi hverjum, bréf og álit, ársskýrslur og tímarit í hrönnum, jafnvel plaköt sem komast reyndar ekki svo glatt í hólfin okkar. Reyndar hvarflar nú oft að manni hvílík pappírseyðsla hér er á ferð því sannarlega eru þessar sendingar misjafnlega gagnlegar og kannski misjafnlega vel þegnar. Vonandi fer þessi þjóð að snúa sér að endurvinnslu pappírs af fullri alvöru svo mann skeri ekki í hjartað yfir allri þessari pappírseyðslu. Sumar þessar sendingar eru ákaflega fallegar og vel hannaðar og nánast augnayndi. Ég segi það fyrir mig að ég skoða þetta allt af mikilli samviskusemi og reyni að geyma það sem mér sýnist gagnlegt, finn það nú reyndar sjaldnast þegar ég þarf svo á því að halda. Ég reyni að nota bakhlið vélrituðu blaðanna sem risspappír og leggja þannig mitt litla lóð á vogarskálarnar til nýtingar og umhverfisverndar. Kannski finnst nú sumum slíkt vera smámál en glæsilega tímaritið sem ég fann í hólfinu mínu í gær eða fyrradag verður ekki nýtt á þennan hátt og heldur ekki kastað í ruslakörfuna þó ég búist varla við því að finna tíma til að lesa það gaumgæfilega fyrr en að loknum vorönnum á Alþingi. Þetta tímarit heitir Tíund og er gefið út af ríkisskattstjóra og er greinilega fullt af áhugaverðu efni sem ég hlakka til að kynna mér betur. Það verður kannski sumarlesningin. En það var fyrst og fremst ein fyrirsögnin sem hitti mig beint í hjartastað og vakti ákveðin hughrif sem á vissan hátt ég tel skiljanlega að tengist þessu þingmáli sem við ræðum, og er þó eitt stærsta mál þessa þings og eru þau mörg stór og marghliða og skipta sköpum. Fyrirsögnin sú arna hljóðar svo: „Jákvætt viðhorf almennings er forsenda góðra skattskila."

Þetta eru mikil sannindi þó ég efist nú reyndar um að skattyfirvöldum og ráðamönnum þjóðarinnar gangi beinlínis vel að skapa slíkt viðhorf í þessum málum. Hvernig tengist þessi merka fyrirsögn því þingmáli sem hér er til umræðu? Það er auðvitað óbein tenging því við erum ekki að ræða skattamál eða skattskil heldur réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Og kannski finnst einhverjum það langsótt. En mér varð það strax á að heimfæra þessa speki upp á frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er nefnilega hægt að segja það sama um vinnubrögðin og starfsandann í stofnunum ríkisins að jákvætt viðhorf starfsmanna er forsenda góðra vinnubragða. Reyndar endaði ein umsögnin sem efh.- og viðskn. fékk um þetta þingmál einmitt á mjög svipuðum orðum eða svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ánægðir starfsmenn eru forsenda öflugrar starfsemi ríkisins." Þetta er mikill sannleikur. Og ég er ekki viss um að frumvarpshöfundar og ráðherrar og stjórnarliðar sem bera ábyrgð á þessu máli skilji hvað hér er um að ræða. Það er nánast eins og þeim sé ekki sjálfrátt í framkomu sinni gagnvart launafólki og þó sér í lagi kannski sínu eigin fólki, eða starfsmönnum ríkisins. Því aftur og aftur er þessu fólki ögrað og níðst á því svo hvarvetna er fólk í miklu uppnámi og getur tæpast sinnt sínum störfum. Það fær sífellt nýtt um að hugsa. Það er stöðugt dembt yfir það hugmyndum og beinum tillögum um breytingar á þeirra högum. Það er höggvið að rótum þess kjara- og launakerfis sem það hefur búið við. Það koma fram hugmyndir og beinar tillögur, frumvörp og lög um gjörbreytingar á starfsumhverfi þess. Formbreytingar á stofnunum og þar fram eftir götunum.

Ef hér ríkti venjulegt eða eðlilegt ástand á vinnumarkaðnum þá væri örugglega helmingur starfsmanna ríkisins flúinn yfir á einkamarkaðinn undan þessu óöryggi og ógnandi ástandi. En því miður fyrir þetta fólk er ástandið ekki þannig á einkamarkaðnum. Það er ekkert öryggi heldur á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta finnst mér þeir nota sér sem vilja bylta öllu og breyta og búa í haginn fyrir thatcherismann, einkavæðingu á öllum sviðum hvort sem eitthvert vit er í henni eða ekki. Auðvitað er ekkert einhlítt að allt eigi að vera í höndum ríkisins, það er ekki minn skilningur eða mín meining. Alls ekki. En það verður að gerast með vönduðum hætti og á þann veg að fólki sé sýndur trúnaður og traust, haft við það samráð og gengið þannig frá málum að enginn sé sviptur réttindum bótalaust.

Við munum öll ólguna sem var um allt þjóðfélagið á síðasta hausti vegna launahækkana hjá helstu toppum þjóðfélagsins eða hjá ríkinu langt umfram það sem flestir aðrir höfðu fengið. Þessi gagnrýni var sannarlega réttmæt, eðlileg og skiljanleg. Í tengslum við alla þá umræðu komst á flot listi yfir um 250 tekjuhæstu ríkisstarfsmenn sem var meðal þess sem lagt var til grundvallar launahækkana Kjaradóms til handa æðstu embættismönnum ríkisins sem ollu þessum mikla úlfaþyt. Það reyndist ekki auðsótt fyrir almenning að fá vitneskju um þennan merkilega lista en svo fór að ég lagði fram fyrirspurn ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni þar sem þess var óskað að gefnar væru upplýsingar um heildarlaun 250 tekjuhæstu starfsmanna ríkisins hvers um sig. Það var óskað eftir að þetta væri sundurliðað, tilgreint starfsheiti og kyn viðkomandi starfsmanna og upphæðir sundurgreindar í launa- og starfskostnað.

Svarið var kannski ekki nákvæmlega eins og ég óskaði eftir. Fjmrn. benti á það í sínu svari að birting einstaklingsupplýsinga væri óheimil ríkinu en það hefði þó, þegar eftir hefði verið leitað, birt almennar tölulegar upplýsingar úr launaskránni og í svarinu voru tiltekin svör við sjö slíkum spurningum frá liðnum árum. Þó ekki kæmi allt þar fram eins og ég hafði vonast til þá voru nú ýmsar merkar upplýsingar í þessu svari. Það var birtur listi eða tafla með upplýsingum um hæstu og lægstu árslaun einstakra hópa auk upplýsinga um meðallaun og skiptingu hópsins í karla og konur. Því miður fékkst ekki svar við þeim hluta fyrirspurnarinnar sem laut að starfskostnaði sem var nokkuð til umræðu í tengslum við breytingar á kjörum alþingismanna á sl. hausti og ég ætla svo sem ekki að fara að rifja sérstaklega upp hér. En ég minni bara á þetta svar frá ráðuneytinu sem mér fannst mjög gagnlegt. Þar komu fram ýmsar athyglisverðar tölur, ekki síst að því er varðar kynjaskiptinguna og hvaða hópar það eru sem njóta þessara sérstöku kjara. Þetta eru heildarlaun þannig að það er ekki gott að átta sig á því hvað er samkvæmt töxtum og hvað er samkvæmt ýmsum sérsamningum sem svo sannarlega eru stundaðir núna. Það er ekki nýtt. Þar koma m.a. fram þær merkilegu upplýsingar að hæstu meðalárslaunin er að finna í hópi starfsmanna er heyra undir Alþingi og stofnanir þess en þó eru alþingismenn sjálfir ekki á þessum lista. Það segir nú kannski eitthvað um vinnuálagið í þessari stofnun því að sjálfsögðu fá starfsmenn Alþingis greidda yfirvinnu þó að það komi ekki fram hjá okkur, alþingismönnum, og er ég nú ekki að kvarta yfir því. Það má ekki skilja orð mín svo. Hæstu meðalárslaunin námu 4.615.433 kr. Þetta voru sem sagt meðalárslaunin í þessum hópi. Hæstu árslaunin voru vel yfir 6 millj. Þau var að finna í hópi forstöðumanna og forstjóra og það hlýtur að

vera nokkuð marktæk tala því það er 40 manna hópur. Það er fjölmennur hópur lækna og dómara og sýslumanna og flugumferðarstjóra. En í þessum merka hópi 250 launahæstu starfsmanna ríkisins eru 17 konur og segir það nú eitthvað kannski um stöðu kvenna í þessu ágæta kerfi okkar. Þetta var nú hliðarhopp en skiptir máli í þessu samhengi því við erum hér að tala um kjör starfsmanna ríkisins, hvernig þeim er fyrirkomið og hvernig þeim er misskipt og mikið af því birtist hér án þess að hægt sé að sundurgreina það í einmitt þessum upplýsingum.

Allt það sem þarna kom fram kveikti mikla gagnrýni meðal fólks, bæði á almennum vinnumarkaði og meðal starfsmanna ríkisins. Það er nefnilega svo sem allir auðvitað vita og þekkja að launakerfi ríkisins er handónýtt, löngu handónýtt. Launum hefur verið haldið niðri árum saman og engan veginn gengið að tosa þau upp, þ.e. taxtalaunum, dagvinnulaunum. Í staðinn hefur starfsmönnum boðist, völdum starfsmönnum eða vissum hópum, hinir og þessir kaupaukar, yfirborganir og sérgreiðslur. Og þetta kemur einmitt fram í þessu svari við fsp. okkar sem ég vitnaði til áðan. En það eru ekki þessir kaupaukar og yfirborganir, lestímagreiðslur, ökustyrkir og allt þetta sem hafa valdið því að starfsmenn ríkisins hafa haldist í störfum sínum þrátt fyrir lág dagvinnulaun, a.m.k. ekki þeir sem ekki hafa notið þess arna, heldur fyrst og fremst ákveðin réttindi sem hafa verið metin það mikils virði og verið það traust í sessi, bundin í lögum, reglugerðum og samningum að menn hafa talið að hægt væri að sætta sig við launin, sætta sig við ástandið. Það er vinnuöryggið sem þó hefur farið minnkandi á síðari árum, það eru eftirlaunin, eftirlaunaréttindin, veikindaréttur-inn, veikindadagarnir og orlofsrétturinn, biðlaunarétturinn, og fæðingarorlofið. Kannski gleymi ég einhverju. En þannig hafa opinberir starfsmenn lengi haft ýmis réttindi sem hafa verið umfram þau réttindi sem bjóðast á almennum vinnumarkaði. Og það hefur verið viðurkennt að þessi réttindi væru ígildi launa. Þannig hafa opinberir starfsmenn sætt sig við lægri laun vegna þessara réttinda og því tengist þetta mál svo sannarlega samningum opinberra starfsmanna við ríkið.

Það er auðvitað megingagnrýnin á þetta frv. sem við ræðum að allar breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins tengjast órjúfanlega kjörum þeirra og eiga að vinnast í samráði við þá. Það er kjarni málsins. Þess vegna er það krafa hinna ýmsu starfsmannafélaga og stéttarfélaga opinberra starfsmanna, það er krafa verkalýðshreyfingarinnar eins og hún leggur sig og það er krafa stjórnarandstöðunnar að þetta frv. verði tekið út af borðinu og allt það sem hér um ræðir verði til umfjöllunar og unnið í samráði við starfsmenn ríkisins. Það er ekki þar með sagt að þeir komist endilega að sameiginlegri niðurstöðu og allt verði í sátt og samlyndi, þó ekki væri. En það verður að hafa samráð þannig að þeir komi að þessum breytingum eins og frjálsir menn en þessar breytingar verði ekki keyrðar ofan í kok á þeim með ofbeldi og yfirgangi. Það er mergurinn málsins.

Það er ekkert lítið sem við erum að tala um. Við erum að tala um starfsöryggi manna, ráðningarfestuna sem sumir kalla svo. Við erum að tala um skipunarformið og biðlaunaréttinn. Í sambandi við hann er stöðugt hamrað á því hversu óeðlilegur hann sé og óréttlátur þar sem hann er umfram réttindi annarra og mjög fortakslaus samkvæmt núgildandi lögum eins og fram hefur komið í dómum. Menn höfðu ekki áhyggjur af þessum rétti á meðan sjaldan reyndi á hann. En hann er sífellt meira til umræðu eftir því sem fram fleytir þeirri stefnu að formbreyta rekstri ríkisstofnana. Þá reynir sannarlega á þennan rétt. Það eru margir, þar á meðal ég, þeirrar skoðunar að þennan rétt, biðlaunaréttinn, beri að endurskoða. Ég er þeirrar skoðunar. En ekki einhliða, ekki einhliða. Það má ekki gera þetta á þennan hátt heldur í samráði. Í samráði við það fólk sem á þennan lögbundna rétt. Og hann hefur verið metinn til launa. Fólk hefur metið þetta mikils sem öryggisatriði og þetta er bundið í lögum. Þetta er réttur sem á að meta í tengslum við kjarasamninga.

Við erum líka að tala um rétt til fyrirframgreiðslu launa. Ég gleymdi því hér áðan. Ég get reyndar sagt það fyrir mig að mér finnst mjög óheppilegt að þetta sé ekki eins á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu, á hvorn veginn sem er. Mér er svo sem sama hvort það er fyrir fram eða eftir á, bara að það sé eins. Ég hef lent í því að fara á milli þessara kerfa. Það er auðvitað mjög þægilegt þegar maður fer að vinna hjá hinu opinbera að fá allt í einu tvenn laun um ein mánaðamót, það leysir mjög margt og það er hægt að borga ýmsar skuldir. En það er líka ákaflega erfitt að fara úr þessu kerfi yfir á almenna vinnumarkaðinn. Það er mjög erfitt og maður er lengi að vinna upp það gap sem þá myndast. Þetta er atriði sem skiptir mjög miklu máli. Það skipti kannski enn þá meira máli hér áður fyrr þegar verðbólgan geisaði. Það er þó kannski ekki um mjög mikið tap að ræða í því umhverfi sem við búum við núna en það var það sannarlega áður. Þessi réttur skipti mjög miklu máli. Ég veit ekki hvort það hefur komið fram í þessari umræðu, að ef af þessu verður, hafa menn þá hugsað sér að það verði gert bara allt í einu, að um leið og þessi lög taki gildi þá fái opinberir starfsmenn, bara holt og bolt allir hreint, engin laun? (**Gripið fram í:** Bara við nýráðningar.) Þetta á við um nýráðningar. Þá fékk ég svar við því.

Við erum líka að tala um veikindarétt og fæðingarorlof og rétt maka. Þetta eru allt kjör sem þarf að skoða og er verið að breyta. Reyndar erum við um leið að tala um auknar skyldur. Ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Það er margt í þessu frv. Ég get alveg viðurkennt að ég er ekki með það allt á tæru sem hér er um að ræða. Reyndar var ég nú svo barnaleg að trúa því að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. fjmrh., hefði vit á því að draga frv. til baka og vinna það eins og maður í samráði við fólkið sem það snertir. Ég var svo barnaleg að halda það vegna þess að mér finnst það svo heimskulegt og þrjóskufullt að vinna hlutina svona. Þetta er náttúrlega komið í hnút. Menn eru orðnir þrjóskir og þverir og taka þetta eins og verið sé að segja þeim fyrir verkum. En þetta er fáránlegt. Kannski hefði hæstv. ráðherra þurft að fara í starfsþjálfun eins og ráðuneytisstjóri hans eins og sagt er frá í þessu merka og fallega hannaða blaði, Tíund, sem ég minntist á hér í upphafi máls míns. Hann hafði farið í starfsþjálfun og lært mikið eftir því sem þar segir. En það er ekkert of seint. Það er aldrei of seint að bæta ráð sitt. Ég vil eindregið ráðleggja ráðherra að reyna nú að ná áttum og tengslum við raunveruleikann, kynna sér nútímastjórnunarhætti og temja sér slíka stjórnunarhætti. Það eru gamaldags og úreltir stjórnunarhættir að sitja einn eða við fáeina jábræður á toppnum og taka ákvarðanir um líf og kjör þeirra sem neðar sitja, án skilnings og án tilrauna til að ná samkomulagi um helstu atriði þessa máls.

Við höfum heyrt því lýst hvernig þetta svokallaða samráð fór fram meðan á undirbúningi stóð. — Herra forseti, leyfist mér að bíða eftir að hæstv. ráðherra verði búinn í símanum? Ég trúi hann verði fljótur. Hann er yfirleitt fljótur að afgreiða

símtöl sín. Ég vildi gjarnan að hann heyri hvað mér finnst um þetta samráð sem hann hafði.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur heyrt ósk hv. þm. Forseta sýnist að hæstv. fjmrh. sé á leiðinni. Það getur því varla orðið löng bið.)

Ég þakka, herra forseti. Ég virði það og ég veit að hæstv. ráðherra er önnum kafinn maður og þarf öðru hverju að hafa samband, sjálfsagt í sitt ráðuneyti eða kannski á heimili sitt eða einhverjar stofnanir ríkisins. En mig langar til að hann heyri hvað mér finnst um hið svokallaða samráð sem sagt er að hann hafi haft við starfsmenn ríkisins meðan á undirbúningi stóð. Við höfum heyrt því lýst. Sé sú lýsing rétt sem ég held að sé, ég hef það frá fleiri en einum og fleiri en tveimur, þá er það auðvitað algjör rangtúlkun á orðinu samráð sem þar var um að ræða. Við könnumst reyndar við slíka skilgreiningu á þessu orði, einmitt hér um slóðir því miður. Það er þegar ráðamenn eru að reyna að fegra gerðir sínar og gera aðra samábyrga. Ég kynntist því fyrst hér í mínu fyrra lífi í þessari stofnun eins og ég segi stundum þegar þáv. fjmrh. kallaði eitt sinn fulltrúa stjórnarandstöðunnar til fundar í ráðuneyti sitt og sagði okkur efni frv. sem hann ætlaði að leggja fram um breytingar á skattalögum. Ég hélt að þar með væri verið að kynna okkur þessar hugmyndir sem við ættum að kynna aftur í okkar þingflokkum og gera einhverjar athugasemdir. Það var auðvitað algjör misskilningur. Ég var ekki búin að kynna þetta fyrir starfssystrum mínum í þingflokki Kvennalistans þegar hæstv. fjmrh. kallaði á fréttamenn og kynnti þeim frv. og lét þess getið að hann hefði haft samráð um það við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Þá kynntist ég því hvernig hægt er að misnota orð. Það er auðvitað ekki samráð, herra forseti, en þetta er nánast nákvæmlega sami háttur og hafður var á við undirbúning þessa frv. Sjálfsagt var aldrei ætlunin að hafa neitt samráð því auðvitað vissi hæstv. ráðherra að um þessar breytingar sem hér er verið að kynna og hér er ætlunin að keyra í gegn, yrði ekki neitt samkomulag, ekki með þessum hætti. Hann hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því að opinberir starfsmenn mundu ekki taka slíkt í mál öðruvísi en að tengja það launasamningum. Það er einmitt þetta sem málið snýst um. Það er verið að setja alla samninga í uppnám, slíta sundur friðinn, efna til ófriðar og efna til hörkulegrar kröfugerðar. Var það nú einmitt það sem þurfti þegar stærsta verkefnið er að ná niður fjárlagahallanum, minnka skuldirnar og draga úr vaxtagreiðslunum sem ég hélt að væri séráhugamál hæstv. fjmrh. og stefna? Var þá það skynsamlegasta í stöðunni að setja alla kjarasamninga starfsmanna ríkisins í algjört uppnám?

Hvað er nú orðið um hugmynd hæstv. utanrrh., formanns Framsóknarflokksins, sem hann setti mjög skynsamlega fram í umræðum um stefnuræðu forsrh. á síðasta hausti? Þá var mikil ólga í þjóðfélaginu eins og ég minnti á hér áðan vegna launahækkana til toppanna hjá ríkinu sem voru í krónum talið langt umfram það sem hinir lægst launuðu höfðu fengið í sinn hlut á árinu. Þessi ólga og gagnrýni almennings kom nokkuð við sögu í þessum umræðum eins og menn kannski muna. Hæstv. forsrh. sjálfur sá ástæðu til að eyða að því nokkrum orðum. Hann kaus reyndar að leggjast í vörn og varð ekki maður að meiri. En formaður hins stjórnarflokksins, hæstv. utanrrh., fjallaði líka um þetta og honum þótti mælast vel. Mörgum þótti honum mælast vel, m.a. þeirri sem hér stendur. Hann viðurkenndi óréttmæti þess, eins og hann orðaði það, með leyfi hæstv. forseta, að: „Stjórnendur fyrirtækja, flestir verkalýðsforingjar, alþingismenn, ráðherrar og fjölmargir aðrir aðilar hafa margföld laun á við þá sem lakast eru settir."

Þetta eru auðvitað ekki ný sannindi. En þetta ósanngjarna launabil í þjóðfélaginu varð á liðnu hausti sýnilegt á mjög eftirminnilegan hátt. Okkur kvennalistakonum og mörgum öðrum hefur lengi verið þetta ljóst og þá sérstaklega hversu lægstu launin eru hrikalega lág. Þau eru svo lág að þau duga ekki til framfærslu. Við höfum lagt fram ótal tillögur og hugmyndir, tillögur til þingsályktunar og frv. til laga um lögbindingu lægstu launa við skilgreind framfærslumörk. Við lögðum meira að segja ráðherrastólana að veði eftir kosningarnar 1987. En menn voru ekki tilbúnir til að koma til móts við þá kröfu að lágmarkslaun yrðu lögbundin við framfærslumörk. Ekki heldur Alþfl. sem þá fór í stjórnina.

En hæstv. utanrrh., formaður Framsóknar, ræddi þetta óréttlæti í umræðunni um stefnuræðu forsrh. í haust sem leið. Hann setti fram spurningar um ástæður þessa sem hann lét reyndar sjálfur ósvarað. En sagði síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að stjórnmálamenn, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur eigi að setjast niður að ráða ráðum sínum. Ekki til að semja um krónur eða prósentur, heldur til að reyna að finna siðferðilegan grunn sem kjarasamningar framtíðarinnar gætu byggt á."

Þetta þótti mörgum vel mælt og þeir fögnuðu þessum orðum og fylltust bjartsýni. Nú var kominn í ríkisstjórn maður og flokkur sem vildi hafa fólk í fyrirrúmi, forustumaður sem var tilbúinn að gera sér ómak til að reyna nýjar leiðir til að tryggja frið og réttlæti í þjóðfélaginu. Frið um kjör fólksins. Menn slökuðu dálítið á og væntu mikils af þessum nýja foringja. Hann mundi fylgja þessum orðum eftir og efna til samráðs. Hann mundi hafa forustu um að reyna að finna siðferðilegan grunn sem kjarasamningar framtíðarinnar bætu byggst á. En svona fór nú það. Engin tilraun, ekki hin minnsta hefur verið gerð í þessa veru. Enda er höfundur orðanna mestan part í útlöndum, líklega að sinna mikilvægari verkum að eigin dómi en þeim að finna þennan siðferðilega grunn sem hann ræddi um á haustdögum. Heyrist nú fátt frá honum um launa- og kjaramál. Það kemur kannski í eldhúsdagsumræðunum í vor eða kannski í umræðum um næstu stefnuræðu forsrh. Það er ágætt að viðra svona góðar hugmyndir í slíkum umræðum. En svo eru þær lagðar til hliðar á milli. Hann hefur algjörlega falið þessi launa- og kjaramál sem hann hafði áhuga á í haust í hendur hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. Þeim treystir hann best til að finna siðferðilegan grunn til að byggja kjarasamninga framtíðarinnar á. Og við höfum kynnst því hvernig þeir bregðast við því trausti. Við sjáum það á þeim frv. sem hér eru til meðferðar þessa dagana, þessu frv. sem við ræðum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem hv. félmn. er að baksa við á daglegum fundum sínum núna og stundum fleiri en einum á dag. Má vart á milli sjá hvor afurðin er verri, því miður. Þetta er sem sagt siðferðilegi grunnurinn sem hæstv. utanrrh. þótti svo nauðsynlegt að leita eftir. Frv. sem umturna gjörsamlega þeim grunni sem öll samskipti aðila í kjarasamningum hafa byggst á. Er þetta sérstaklega skynsamlegt? Nei, auðvitað er þetta mjög langt frá því að vera skynsamlegt. Breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins eiga að gerast með viðræðum sem fara fram í tengslum við gerð kjarasamninga, það er alveg tvímælalaust og sennilega að dómi allra annarra en kannski hæstv. ráðherra og fáeinna stjórnarliða og náttúrlega

vinnuveitenda held ég að megi segja. Ég segi reyndar fáeinna stjórnarliða því mér virðist sem fæstir þeirra nenni að setja sig inn í þetta mál og skilja það. En það er alveg tvímælalaust að ýmsum réttindum opinberra starfsmanna hefur verið jafnað til launa og því er fullkomlega óeðlilegt að gera breytingar á þessum réttindum án þess að það sé gert í tengslum við kjarasamninga þannig að bætur komi fyrir í launum þar sem réttindi eru hugsanlega skert. Ég leyfi mér að vitna í örstuttu máli í eina af þeim fjölmörgu umsögnum sem hv. efn.- og viðskn. barst, þ.e. í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Kjarasamningar eru byggðir á lögunum. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningar ríkisstarfsmanna mynda eina kjaraheild. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna eru gerðir í umhverfi laganna um réttindi og skyldur. Lögin eru þannig forsenda fyrir kjarasamningunum. Sem dæmi má nefna að í kjarasamningum ríkisstarfsmanna eru ekki ákvæði um uppsagnafrest eða starfslok með öðrum hætti eins og er í kjarasamningum starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Gengið er út frá lagareglunum um þessi atriði."

Hér er sem sagt ekkert slíkt á ferðinni heldur er verið að taka af réttindi án þess að nokkuð komi fyrir. Í rauninni mætti túlka það sem uppsögn samninga ef þetta frv. nær fram að ganga þar sem aðstæður gjörbreytast enda átta sig allir á því nema kannski nokkrir hæstv. ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna að með samþykkt þessa frv. er um leið búið að setja alla samninga í uppnám. Það er t.d. alveg ljóst hvað aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja finnst um þetta atriði og ég vísa til þess sem ég vitnaði til í umsögn þeirra áðan. Þau benda líka á að í ráðningarsamningum sé vísað til laganna um réttindi og skyldur, þar sé svo um samið að um réttindi og skyldur launþegans fari eftir lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna að svo miklu leyti sem öðruvísi er ekki samið um í ráðningarsamningum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara yfir þetta frv. grein fyrir grein. Það eru held ég margir búnir að gera það hér á undan mér. Ég segi reyndar „ég held" vegna þess að ég hef því miður ekki getað verið hér nema hluta af þeim tíma sem umræðan hefur staðið. Það er kominn sá tími hér á Alþingi að verkefnin toga í mann úr öllum áttum. Allar nefndir eru önnum kafnar að afgreiða frá sér mál eða fjalla um mál, sum hver mjög stór og marghliða. Ég get nefnt sem dæmi frv. til laga um Náttúruvernd ríkisins og frv. til laga um að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Þar er verið að flytja 2.500 manns hreppaflutningum yfir í eins manns hlutafélag. Það verður ýmislegt sem þarf að ræða um það mál þegar það kemur hér inn í þingið en því miður var það tekið út úr nefndinni í fyrradag ef ég man rétt og margt er við það að athuga. En það mun bíða eftir því að þetta frv. hafi fengið afgreiðslu hvað sem um það verður því þau lög sem verða væntanlega sett um Póst og síma byggjast á þeim lögum sem hér er verið að ræða um. Það verður vísað til þess sem hér verður hugsanlega ákveðið. Þess vegna eiga fæstir þingmenn þess kost að sitja hér sleitulaust og fræðast af þeim sem hafa kafað ofan í þetta þingmál á undanförnum vikum. Ég veit að búið er að segja margt um þetta mál sem ekki er nú að undra, jafnafdrifaríkt og það er fyrir alla aðila. Þó eru tvö atriði sem ég vil taka aðeins fyrir. Það þarf varla að undra að þetta eru atriði sem snerta konur sérstaklega. En eins og við vitum þá bera þær skarðan hlut frá borði vegna skiptingar launakökunnar, **það hafa þær alltaf gert og það gengur ótrúlega hægt** að leiðrétta það misrétti. Þær hafa fengið að heyra það frá örófi alda að fyrst þurfi að laga efnahagsástandið, það þurfi að stækka kökuna áður en þær geti fengið réttan hlut sinn. Þeir sem hafa fengið meira, þeir sem njóta misréttisins eru ekki tilbúnir að láta af sínu. En það gengur illa að stækka þessa blessuðu köku.

Ég þarf svo sem ekkert að rifja upp allt sem hefur verið rætt á undanförnum mánuðum og árum um þessi mál. Allar kannanirnar og skýrslurnar sem unnar hafa verið eða tillögur til úrbóta sem síðan hefur orðið lítið úr. Hvers vegna skyldi það vera? Ætli það sé ekki vegna þess að viljann vantar, ekki bara skilninginn heldur viljann. Það er spurning hvort úrbætur fást nokkurn tímann fyrr en sá tími rennur upp að konur taka í miklu ríkari mæli við stjórnartaumunum. Ekki bara ein og ein í senn sem verkar eins og tímaskekkja innan um öll jakkafötin. Heldur margar saman sem hafa kjark og vilja til að breyta hlutunum. Kvennalistinn hefur lagt fram ótal tillögur um úrbætur í þessum efnum og tvær þeirra liggja nú fyrir þessu þingi. Tillaga til þál. um endurskoðun á launakerfi ríkisins og um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna.

Ríkisstjórnin hafði reyndar nokkra tilburði í þessa átt, þ.e. að taka á málinu en árangurinn er því miður lítt sýnilegur. En nú vill hæstv. fjmrh. taka til sinna ráða. Þau koma m.a. fram í 9. gr. þessa frv. Sú grein er reyndar öll hin furðulegasta og algjör hugarleikfimi að reyna að ímynda sér til hvers hún muni leiða. Hún fjallar um rétt starfsmanna til launa fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun kjaranefndar eða samkvæmt kjarasamningum. Það eru að vísu komnar brtt. en þær skipta ekki máli í þessu sambandi. Þær varða margumrædda klúbbstarfsemi. En 2. mgr. er öldungis alveg makalaus þar sem hugmyndin er að gefa forstöðumönnum vald til að deila út kaupaukum eftir hæfni, álagi eða árangri. Hann skal ekki aðeins fá vald til að umbuna heldur einnig til að svipta menn slíku ef honum býður svo við að horfa. Hann á sem sagt að geta slett skyrinu á báða bóga. Hann á að deila og drottna. Það verður laglegt andrúmsloftið við þessar aðstæður eða hitt þó heldur. Þessi sérstaka réttarbót fyrir konur kemur svo fram í 3. mgr. 9. gr. þar sem sagt er að ákvarðanir forstöðumanna skuli fara eftir reglum sem fjmrh. setur þar sem m.a. skuli kveðið á um að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Karlar eru að vísu taldir á undan. Fjmrh. hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Hann setur reglurnar og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra. Í skýringum við þessa grein segir, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir um launauppbætur af þessu tagi hafa hins vegar verið ósamræmdar og tilviljanakenndar og því m.a. haldið fram að konur hafi ekki haft sömu möguleika til að fá uppbætur á laun og karlar. Af þessum sökum er í 3. mgr. lagt til að ákvarðanir um slík viðbótarlaun skuli fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem m.a. skuli kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá slík viðbótarlaun."

Það er hætt við að þetta hafi mikið að segja. Reyndar hafa menn fengið einhverja bakþanka því að í breytingartillögu meiri hlutans er lagt til að við bætist nýr málsliður þar sem er ítrekað hvað til friðar fjmrh. heyrir, með leyfi forseta:

„Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og **rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.**"

Það fer lítið fyrir ávinningnum eða öryggi starfsmanna því fjmrh. getur bara birst hvenær sem er með ygglibrún og tekið forstöðumanninn í karphúsið ef hann hefur gerst of veitull á kaupaukann. Og ekki nóg með það. Hann hefur ekki bara lagalegan rétt samkvæmt þessu, ef þetta verður samþykkt, til að skamma forstjórann heldur getur hann ónýtt gjörðir hans og tekið aftur launabætur starfsfólksins sem eins og fyrri daginn fer allra verst út úr öllu saman. Þetta minnir á söguna góðu um forstjórann sem skeytir skapi sínu á undirmanni sínum. Undirmaðurinn fer fúll heim úr vinnunni og lemur konuna sem snýr sér með þjósti að börnununum og lumbrar á þeim. Og þá er eins gott að ekki sé hundur eða köttur á heimilinu því að börnin snúa sér að þeim. Hvernig hæstv. ráðherra ætlar að tryggja jafnrétti kynjanna í þessu leikriti er mér algerlega fyrirmunað að skilja nema hann telji sig vera að lögfesta þarna hina margnefndu viðhorfsbreytingu sem félagsskapur að nafni Sjálfstæðar konur tók traustataki upp úr stefnuskrá Kvennalistans og hafa reynt að forrita inn í kollinn á karlkyns frambjóðendum eða fulltrúum Sjálfstfl. Þær hafa síðan verið afskaplega iðnar við að lofa þá og lýsa trausti til þeirra og uppskera nú erfiði sitt í 9. gr. þessa frv. Ég veit ekki alveg hvað á að segja frekar um þetta. Það hafa verið sett lög um jafnrétti, lög um jöfn laun kynjanna og lög um þetta og hitt og það hefur ekki dugað. Lög um viðhorf verða ekki sett. Það verður að vinna miklu markvissara að þessu en hér kemur fram. Ég hef a.m.k. ekki fengið að heyra neinar hugmyndir um hvernig þessar reglur komi til með að hljóða né heldur hvernig menn sjá fyrir sér framkvæmd þessarar greinar, né heldur hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að haga sínu eftirliti.

Ég bið menn að skoða þetta óljósa og undarlega ákvæði um að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun og bera það saman við tillögur Kennalistans um aðgerðir til þess að afnema launamisrétti kynjanna. Ég held að það sé allt í lagi að lesa það fyrir þingheim til þess að undirstrika muninn á þeim stórhug sem á bak við liggur. Þessi tillaga var lögð fram strax eftir síðustu kosningar, á fyrsta þinginu, vorþinginu, og er endurflutt á þessu þingi. Þetta er í samræmi við áætlun í 12 liðum sem Kvennalistinn birti í kosningabaráttunni vorið 1995 um það hvernig mætti útrýma launamisrétti kynjanna og bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Þessi tillaga er um það að fela ríkisstjórninni að grípa þegar í stað til aðgerða til þess að afnema launamisrétti kynjanna og að jafnframt verði gerð áætlun og ráðstafanir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu fjórum árum. Það er talið upp í 12 liðum til hvaða aðgerða við teljum nauðsynlegt að grípa. Ég leyfi mér að lesa þetta upp, hæstv. forseti, fyrir hina fjölmörgu áheyrendur — ég vænti að þeir séu sumir a.m.k. við sjónvörpin í skrifstofum sínum og fylgist með þessari umræðu auk þess sem við höfum góða gesti á þingpöllum. En það sem mestu máli skiptir er að við höfum hæstv. fjmrh., ábyrgðarmann þessa þingmáls, í sínu sæti. Með leyfi hæstv. forseta eru þessir liðir eftirfarandi:

1. Framfærslukostnaður einstaklinga verði skilgreindur.

2. Lægstu laun verði hækkuð í áföngum og miðað við skilgreindan framfærslukostnað.

3. Á grundvelli starfs þess hóps, sem lagt hefur fram tillögur um nýtt starfsmat, fari að loknu tilraunaverkefni fram nýtt og breytt starfsmat hjá ríki og sveitarfélögum sem tekur tillit til starfsreynslu og menntunar og mismunar ekki **kynjunum.**

4. Í næstu kjarasamningum verði samið um að leggja til hliðar ákveðna upphæð, t.d. 1 milljarð kr., sem verði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða. Þessi aðgerð nái jafnt til almenna vinnumarkaðarins sem ríkis og sveitarfélaga.

5. Launakerfi ríkisins verði stokkað upp í því skyni að afnema launamisrétti sem m.a. er falið í ýmiss konar aukagreiðslum, einfaldað og gert gagnsætt.

6. Ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna verði fylgt eftir en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.

7. Fæðingarorlof verði lengt í tólf mánuði í áföngum og feðrum tryggður sjálfstæður réttur til þriggja mánaða orlofs.

8. Vinnulöggjöfin verði endurskoðuð, einkum með tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði.

9. Viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni verði stórlega hert, svo og eftirlit með að henni sé framfylgt.

10. Tryggingakerfið og lífeyris- og skattamál verði endurskoðuð til að jafna stöðu kynjanna.

11. Komið verði á einsetnum skóla, skóladagur lengdur og sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar til að grunnskólar geti starfað samkvæmt lögum.

12. Áætlun verði gerð til tíu ára um að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaplássum í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði nýttur til aðstoðar þeim sveitarfélögum sem erfitt eiga með að standa við áætlunina.

Tilvitnun lýkur í þessar tillögur okkar kvennalistakvenna um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna. Ég get nefnt til skýringar að við reyndum að fylgja m.a. eftir einum lið þessarar tillögu með breytingartillögu við fjárlög um að lögð yrði til hliðar upphæð sem yrði varið í því skyni að leiðrétta launamismuninn en hún var að sjálfsögðu felld af hv. stjórnarliðum sem hafa ekki skilning á því. Það má líka geta þess í sambandi við 3. lið tillögunnar um starfsmatið, að sú undirbúningsvinna sem var nauðsynleg hefur farið fram. Það voru lagðar til ákveðnar aðgerðir og það væri fróðlegt að fá að vita í tengslum við þessa umræðu hvað hefur orðið um þær tillögur, hvort farið er að framkvæma þær, hvort búið er að velja þau fyrirtæki og stofnanir sem ætla að gera tilraunir með starfsmat sem miðar að því að leiðrétta launamisrétti kynjanna.

Herra forseti. Ég vil benda þingmönnum á að bera saman tillögur Kvennalistans við þessa gagnmerku tillögu sem fram kemur í 3. mgr. 9. gr. um sömu möguleika karla og kvenna til að fá viðbótarlaun, en mér er óskiljanlegt hvernig hún á að leiða til einhvers í þessu efni.

Ég minni á að nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fylgist með framkvæmd sáttmálans um afnám allrar mismununar gagnvart konum hefur komið með ábendingar til íslenskra stjórnvalda þess efnis að launamisrétti kynjanna jaðri við mannréttindabrot. Og nefnd Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna gerði nýlega m.a. eftirfarandi athugasemd við framkvæmd Íslendinga á þeim sáttmála, þ.e. barnasáttmálanum. Ég vitna til upplýsinga sem komu fram í svari við fyrirspurn hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur fyrr á þessu þingi. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að vinna gegn launamisrétti á milli karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum **sem einstæðar mæður veita forstöðu.**"

Þannig hljóðuðu athugasemdirnar og ansi er ég hrædd um að þessum ágætu nefndum þætti það þunnur þrettándi sem hæstv. ríkisstjórn leggur til þessara mála með ákvæði 9. gr.

Hitt atriðið sem ég vildi minna sérstaklega á varðar að sjálfsögðu 12. gr. sem segir, með leyfi forseta, að:

„Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr."

Nú veit ég mætavel að nánustu aðstandendur þessa frv. hafa margsinnis sárt við lagt og sveiað sér upp á það að hér sé engu verið að breyta, réttindin verði eins og áður hjá þeim sem falla undir núgildandi reglu, þ.e. hjá fastráðnum starfsmönnum ríkisins sem falla undir núgildandi reglur — þeir eru hreint ekki allir fastráðnir — en hinir verði einfaldlega að semja. Konur í starfi hjá hinu opinbera hafa haft þá tryggingu að halda dagvinnulaunum sínum í fæðingarorlofi og það hefur verið þeim afar dýrmætur réttur. Hér er þessi dýrmæti réttur settur í uppnám. Það gengur einfaldlega ekki. Hv. þingkona, Kristín Ástgeirsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi í efh.- og viðskn. flytur breytingartillögu við þessa grein sem mundi tryggja að starfsmenn ríkisins nytu ekki lakari kjara að þessu leyti en þeir hafa haft hingað til. Ef menn meina það sem þeir segja, samþykkja þeir þessa tillögu.

Reyndar er ég þeirrar skoðunar að opinberir starfsmenn eigi ekki að hafa meiri rétt að þessu leyti en starfsmenn á almennum vinnumarkaði eða öllu heldur öfugt. Það er réttara að segja þetta á þann máta að starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi ekki að hafa lakari rétt en starfsmenn hjá ríkinu. Það þarf að stokka upp þessi fæðingarorlofsmál. Ég vil enn benda á hugmyndir Kvennalistans í þessu efni sem við höfum mótað í till. til þál. um fæðingarorlof, þ.e. 226. mál þessa þings. Þar koma fram stefna og hugmyndir Kvennalistans um hvernig þessu væri best hagað. Tillagan er núna í nefnd og við vorum að vonast til þess að þessar hugmyndir mundu rata inn á borð þeirrar nefndar sem nú er að endurskoða lög um fæðingarorlof og móta þær hugmyndir í frumvarpsform. Um það veit ég reyndar ekki nokkurn skapaðan hlut vegna þess að við kvennalistakonur eigum enga aðild að þeirri nefnd. En ef marka má yfirlýsingar og stefnu hæstv. ríkisstjórnar hef ég ekki mikla trú á því að þær hugmyndir eigi upp á pallborðið, því miður. Þetta er svo mikilvægt mál fyrir fjölskyldurnar í landinu, ekki bara konur. Það er mikilvægt fyrir fjölskyldurnar í landinu, konur, karla og börn, að þessum málum sé vel fyrir komið og réttlátlega. Við höfum þær hugmyndir í þessu efni að það eigi að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði. Það eigi að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði í áföngum. Það eigi að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlof yfir lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali. Það mætti þess vegna dreifast á 2–3 ár. Það verður að tryggja mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu, tryggja feðrum sérstakt orlof í tvær vikur eftir fæðingu barns, sérstakan rétt, sem ekki skerðir rétt móðurinnar. Það þarf að lengja fæðingarorlofið með tilliti til sérstakra ástæðna sem skapast þegar um fjölburafæðingar er að ræða og það þarf að taka á fæðingarorlofi ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra þannig að það verði til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra. Það skiptir máli fyrir barnið, þetta er ekki síst fyrir barnið, velferð þess og bæta kjör foreldra í fæðingarorlofi þannig að launþegar haldi sínum launum, missi ekki launin við það að taka fæðingarorlof. Það er mjög mikilvægt. En til þess að þetta megi verða þarf að gera breytingar á skipan þessara mála. Það þarf að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs. Samkvæmt okkar hugmynd yrði stofnaður sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald. Sjóðurinn standi síðan undir greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi en ekki viðkomandi atvinnurekandi. Miðað við fæðingartíðni er ekki óraunhæft að miða sjóðsgjöldin við það að hver starfsmaður taki 9–12 mánaða fæðingarorlof einu sinni á ævinni, þ.e. að meðalhjón ef svo má að orði komast fái fæðingarorlof fyrir tvö börn. Þannig mætti tryggja að allir einstaklingar óháð kyni geti tekið fæðingarorlof án launaskerðingar sem foreldrar skipti með sér með ákveðnum takmörkunum. Þetta fyrirkomulag gæti tryggt jafnan rétt og skyldur beggja foreldra, skyldur beggja foreldra til að taka fæðingarorlof og annast börn sín í frumbernsku og að tekjur fólks breytist ekki verulega til hins verra vegna töku fæðingarorlofs. Það hefur áhrif á það hvort foreldrar leggja út í miklar barneignir eða ekki. Og ef við viljum í raun og veru styðja og styrkja foreldra og tryggja börnunum sómasamlegt atlæti á fyrstu mánuðum og árum lífs þeirra sem skipta svo gríðarlega miklu máli fyrir framtíð þeirra og heilbrigði þeirra, og kemur þar af leiðandi inn á heilbrigðiskerfið og fleira slíkt, þarf að taka þessi mál verulega föstum tökum. Svo það gleymist ekki, úr því að ég er farin að kynna þetta mál hér eða minna á það, sakar ekki að minna á að auðvitað gera allir sér ljóst að það eru ekki allir sem hafa laun. Það er auðvitað heimavinnandi fólk og fólk sem er atvinnulaust. Það hefur ekki laun og þess vegna er ekki hægt að miða við tekjur. Þar af leiðandi þarf Tryggingastofnun að greiða áfram fæðingarstyrk og tryggja þessu fólki fæðingarorlof eins og öðrum.

Ég hef því miður ekki mikla trú á því að þessum hugmyndum hafi verið fagnað ákaft í nefnd þeirri sem ég minntist á áðan. Því miður hafa borist þær spurnir af fyrirmælum til þeirrar nefndar að endarlegar niðurstöður hennar megi ekki kosta neitt. Þessi atriði, sem skipta þó svo gríðarlega miklu máli fyrir velferð fjölskyldnanna, fyrir velferð barna og fullorðinna og fyrir þjóðfélagið í heild, mega ekkert kosta. Því miður. Það liggur í loftinu að í þeim greinum eða starfsstéttum þar sem kjörin hafa verið best að þessu leyti verði dregið úr réttindum, þ.e. hjá þeim sem koma nýir til liðs. Ég veit mætavel að það er ekki ætlunin að svipta þá réttindum sem hafa þegar fengið þau. Þó ekki væri. Aðeins þá sem koma nýir til liðs og það þýðir að það verður mjög mismunandi réttur fólks innan sömu fyrirtækja og stofnana. Og ekki mun það bæta andrúmsloftið. Metnaður stjórnvalda er ótrúlega lítill hvað þetta varðar, þetta mikilsverða mál. Því miður virðist þeirra hugur standa til þess að jafna niður á við að þessu leyti.

Hvað þetta sérstaka frv. varðar er óhjákvæmilegt, ef ríkisstjórnin ætlar að beita meirihlutavaldi sínu til að gera það að lögum, að taka a.m.k. á þessu atriði. Ég hvet alla til að kynna sér brtt. á þskj. 945 og samþykkja hana. Ég leyfi mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta.

Ég er með vitlausa tillögu, herra forseti, ég verð að sleppa því að lesa þessa merku brtt. frá starfssystur minni í þingflokki Kvennalistans. En það sakar ekki. Þessi tillaga er sjálfsagt ýmsum kunn. (**Fjmrh.:** ... barnsburðurinn.) Barnsburðurinn. Ég þakka hæstv. ráðherra sérstaklega vel fyrir veitta þjónustu. Það væri ánægjulegt ef allir starfsmenn rík-

isins væru jafnliprir að þessu leyti. En ég hygg að hann sé að sýna dæmi um það hvernig menn geta farið að því að öðlast kaupauka ef 9. gr. verður samþykkt. (**Fjmrh.:** Það eru ekki minni háttar störf og sendlastörf.) Það á ekki við þau störf. Þar fór nú í verra. En á þessu þskj. sem er nr. 930 og hæstv. ráðherra var svo vænn að færa mér af því að ég var ekki með réttu tillöguna er brtt. við 12. gr. Þar bætast þrjár nýjar málsgreinar við þá grein, svohljóðandi:

„Við barnsburð skal starfsmaður, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í sex mánuði fyrir fæðingu barns, eiga rétt á sex mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum sem stöðunni fylgja, enda sé ráðningunni ætlað að standa a.m.k. þann tíma.

Fyrstu þrjá mánuði í barnsburðarleyfi svo og í framlengdu leyfi við fleirburafæðingu eða sjúkleika barns skal auk dagvinnulauna greiða meðaltal þeirrar yfirvinnu-, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálagsstunda sem greiddar voru starfsmanni síðasta 12 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu áður en barnsburðarleyfi hófst.

Heimilt er að semja um eða ákvarða betri kjör og réttindi í barnsburðarleyfi."

Þannig hljóðar þessi brtt. Ég vona að menn kynni sér hana og hafi skilnilng á því hversu mikilvægt er að tryggja að þessi réttindi verði ekki minni eftir en áður.

Herra forseti. Ég hef farið almennt yfir þau sjónarmið sem mér finnst skipta máli um þetta þingmál. Ég hef farið lítillega yfir einstök atriði, þó fyrst og fremst þau tvö sem ég hef fjallað um nokkuð ítarlega. Ég hef ekki lesið upp nema örlítið úr þeim nefndarálitum og einstökum umsögnum sem hv. efh.- og viðskn. bárust meðan á vinnu stóð og umfjöllun um frv. eins og þó væri ástæða til því þar er um marghátttaðan fróðleik og rökstuðning að finna sem varpar ljósi á málið. En það hafa ýmsir gert í umræðunni á undan mér og vonandi hefur það haft einhver áhrif. En ég hlýt þó að enda mál mitt að þessu sinni með því að lesa upp eitt þeirra álita eða erindi sem borist hafa út af þessu máli . Það sýnir svo vel hvernig fólk í þjónustu og störfum hjá ríkinu er alls staðar að vakna til vitundar um þýðingu þessa frv., vakna til vitundar um einstök atriði innan þess og hvaða áhrif það mun hafa á starfsumhverfi þess og möguleika til að njóta sín í starfi, njóta hæfileika sinna og menntunar og að samfélagið eigi þess kost að njóta hæfileika þeirra og menntunar. Hér á ég við, herra forseti, bréf sem barst hæstv. menntmrh. Birni Bjarnasyni, dags. 8. maí 1996. Ég vona að hv. þingmenn og áheyrendur misvirði það ekki við mig, þetta varðar réttindi kvenna. (**Fjmrh.:** Þetta var allt saman lesið upp í gærkvöldi.) Það er spurning hvort áheyrendahópurinn hefur ekki breyst, herra forseti og hæstv. ráðherra. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á fundi í Prófessorafélagi Háskóla Íslands 25. mars sl. var samþykkt með einu mótatkvæði að vinna að þeirri breytingu á frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að prófessorum yrði bætt inn í upptalningu á embættismönnum eða með öðrum orðum að þeir yrðu embættismenn. Aðeins þriðjungur prófessora við háskólann var á þessum fundi og margir sem ekki voru þar telja sig ekki félagsmenn í samtökum sem ekki eru formlegt félag innan Félags háskólakennara. Engu að síður var þessi samþykkt gerð og henni síðan fylgt eftir af miklum skörungsskap eins og alþjóð hefur orðið vitni að síðustu vikur. Félag háskólakennara er enn þá stéttarfélag prófessoranna og gangi þeir úr því hefur **það eftirfarandi afleiðingar fyrir þá sem eftir eru:**

a. Félag háskólakennara er í raun svipt verkfallsvopni sínu þar sem stór hópur félagsmanna má ekki fara í verkfall og mun starfa áfram ef til verkfalls kæmi.

b. Framgangskerfið, sem metið hefur verið til launaprósentna í kjarasamningum háskólakennara undanfarin ár, er lagt í rúst.

c. Afnám framgangskerfisins mun bitna á öllum yngri starfsmönnum háskólans þar sem konur eru fjölmennastar.

Háskólaráð, þar sem aðeins prófessorar mega sitja sem fulltrúar deilda, hefur ályktað að staða prófessora háskólans sem embættismanna skipti sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla- og rannsóknastofnunar. Félag háskólakennara hefur borið á móti þessu opinberlega og við undirritaðar teljum okkur skylt að benda á afleiðingar þessara breytinga fyrir jafnréttismál innan Háskóla Íslands. Konur hafa verið vaxandi meiri hluti stúdenta, einkum í hug- og félagsvísindum, síðustu árin. Síðasta áratuginn hefur konum sömuleiðis fjölgað í hópi kennara og sérfræðinga Háskóla Íslands en það hefur gengið hægt. Sem dæmi má nefna að af 72 lektorum við Háskóla Íslands eru konur 35 eða 48,6%. Af 134 dósentum eru 24 konur eða 17,9% og af 148 prófessorum eru þær 9 talsins eða 6,1%.

Það verður að segjast eins og er að konur hafa átt örðugt uppdráttar innan Háskóla Íslands. Prófessorar einir eiga rétt til setu í æðstu valdastofnunum háskólans og þeir skipa í valdamiklar nefndir þar sem ýmist situr engin kona eða konur eru í miklum minni hluta. Sjónarmið kvenna bæði hvað varðar stefnumótun háskólans almennt og mótun hans sem vinnustaðar koma lítið fram og jafnréttisumræða hefur verið lítil. Konur á Íslandi bera meiri þunga af heimili og börnum en karlar þeirra almennt og háskólamenntaðar konur eru þar engin undantekning. Þó að konurnar sem kenna við Háskóla Íslands séu vel menntaðar og hafa verið dæmdar hæfar til starfa sinna af dómnefndum tekur það þær lengri tíma en karlana að koma sér upp þeim fræðilega árangri við hlið kennslu og stjórnunar sem dugir til að sækja um framgang. Afnám framgangskerfisins mun því koma harkalega niður á þeim því að margar þeirra hefðu fengið framgang á næstu árum.

Framgangskerfið við Háskóla Íslands er aðeins níu ára og síðan það var tekið upp hafa 38 karlar orðið prófessorar í krafti þess en þrjár konur. Ef prófessorar verða embættismenn núna er valdakerfi háskólans lokað í núverandi mynd og áhrifaleysi kvenna á stjórnun og mótun vinnustaðarins staðfest. Við teljum þessar breytingar eitt hið mesta bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum innan háskólans. Við skorum á háskólayfirvöld að endurskoða afstöðu sína og Alþingi að taka þetta til alvarlegrar athugunar. Það getur ekki verið ábyrgt að rétta hlut eins hóps í Félagi háskólakennara með því móti að skertir séu möguleikar fjölda annarra félagsmanna samtímis."

Undir þetta rita 43 konur í hópi háskólakennara. Ég vona að þótt hæstv. ráðherra hafi hálfpartinn beðist undan að hlýða á þetta bréf öðru sinni fyrirgefist mér að hafa lesið það upp. Ég hef ekki lesið upp úr skjölum að neinu marki í ræðu minni en mér finnst þetta svo athyglisvert og svo mikilvægt og vera svo dæmigert fyrir það sem hér er að gerast og þetta skiptir gríðarlega miklu máli.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín miklu fleiri að sinni. Að lokum skora ég á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra, sem ég treysti að sitji fullir af áhuga við einhver þau tækniundur sem í boði eru, þótt sæti þeirra séu auð hér

og fylgist með og séu kannski farnir að átta sig á því hvaða alvara og hvaða rökstuðningur er á bak við þá víðtæku kröfu í þjóðfélaginu að þetta frv. verði dregið til baka og raunar bæði frumvörpin, einnig frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er krafa gervallrar verkalýðshreyfingarinnar, bæði á hinum opinbera vinnumarkaði og hinum almenna og það er krafa stjórnarandstöðunnar að þessi frumvörp verði tekin út af borðinu, dregin til baka og efni þeirra verði vísað til umræðu og vinnslu og raunverulegs samráðs við þá sem málið varðar. Áhættan, sem hæstv. ríkisstjórn tekur með því að fylgja málinu eftir á þann hátt sem hún virðist ætla og hefur allan tímann haldið fram að hún mundi gera, er ekki þess virði. Þetta er storkun við starfsmenn ríkisins og ég minni að lokum á þá tilvitnun í umsögn sem ég nefndi í upphafi máls, þessa einu innihaldsríku og merkilega sönnu setningu: „Ánægðir starfsmenn eru forsenda öflugrar starfsemi ríkisins." Ég er hrædd um það, hæstv. forseti, að ánægðir starfsmenn verði ekki margir ef þessu frv. verður fylgt eftir á þann hátt sem ætlað er.

[12:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að fæðingarorlof, veikindaréttur og makaréttur breytist ekkert frá því sem nú er í þessu frv. verði það að lögum.

Ég vil í öðru lagi láta það koma fram að æviráðning og biðlaunaréttur eru eðlileg og beinlínis fylgifiskur þess að fólk hafði hvorki samnings- né verkfallsrétt áður fyrr. Það má sjá á umræðum sem urðu í þingi á sínum tíma um það frv. Ég bendi á að æviráðnir starfsmenn ríkisins eru um það bil 10% af starfsmönnum ríkisins ef kennararnir eru ekki meðtaldir. Ég bendi á varðandi biðlaunaréttinn að verið er að breyta biðlaunarétti þeirra sem eru í starfi þannig að þeir fái ekki tvöföld laun en aðeins verið að fella það niður af þeim sem nýir eru enda er flestum ljóst að það hlýtur að vera eðlilegt eftir að verkfalls- og samningsréttur er fenginn.

Þá vil ég geta þess vegna fyrirspurnar að unnið er að tilraunaverkefni um starfsmat. Ég vil einnig segja frá því að afnám framgangskerfisins er ekki afleiðing af þessu frv., sem hér er verið að ræða, en kemur fram í bandormi ríkisstjórnarinnar enda er bréfið skrifað til menntmrh. en ekki til fjmrh.

Hv. þm. sagði að of lág laun væru hjá opinberum starfsmönnum. Það má ugglaust deila um það en ég bendi á það að forustumenn ASÍ hafa haldið því fram að sá sem hér stendur hafi hækkað laun opinberra starfsmanna, einkum kennara og heilbrigðisstétta langt umfram það sem eðlilegt er. Ég vil geta þess einnig að bankamenn ætla að fara í mál við vinnuveitendur sína á þeirri forsendu að fjmrh. hefur hækkað launin svo mikið.

Þá vil ég geta þess enn fremur vegna ráðningarsamninga að það er auðvitað tilvísun í lög löngu áður en samningsréttur og verkfallsréttur varð til þannig að það er alveg furðulegt að sjá yfirlýsingar eins og þær sem hv. þm. vitnaði til.

Loks vil ég segja að það stendur að ánægt starfsfólk skiptir máli og sá sem hér stendur hefur einmitt látið sig þau mál varða. Í fyrsta lagi með því að benda á það hvað starfsfólk ríkisins er að gera og koma því á framfæri og því hefur verið hælt, enda er margt gott að gerast hjá starfsfólki ríkisins. Í öðru lagi hef ég beitt mér fyrir því að veitt sé viðurkenning fyrir þá starfsemi á vegum ríkisins sem er til fyrirmyndar og **það er fyrst og fremst vegna þess að fólkið sem starfar hjá** ríkinu hefur staðið sig vel. Þetta þarf að koma fram því að annað var gefið í skyn í ræðu hv. þm.

[12:27]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um það að þessi réttindi breytast ekkert með þessu frv. hjá þeim sem þegar hafa þau. Það er ekkert óeðlilegt við þau réttindi sem þeir halda. Það hefði svo sem heldur ekkert verið óeðlilegt við það að öll þessi réttindi væru minnkuð eða dregin til baka eða eitthvað slíkt. Það sem við erum alltaf að gagnrýna er að það skuli vera gert einhliða án þess að nokkrar bætur komi fyrir og það er alveg sama þó að biðlaunarétturinn og einhver fleiri réttindi hafi verið til staðar áður en menn fengu samningsrétt og verkfallsrétt. Þessi réttindi eru búin að vera árum saman síðan þeir öðluðust samningsréttinn og samt hefur þetta staðið og þetta hefur verið metið til launa. Það hafa starfsmenn gert og það hefur margsinnis komið fram í ýmsum umræðum og umfjöllun um þessi mál. Þessi réttindi sem er sagt að breytist ekkert verða áfram hjá fastráðnum starfsmönnum ríkisins sem eru það núna en fellur niður hjá þeim sem eru nýir og það hlýtur að leiða til krafna um bætur í launum. Það er það sem er alltaf verið að tala um.

Ég efast ekkert um góðan hug hæstv. ráðherra sem hann hefur verið að koma á framfæri með hugmyndastefnum og ég veit ekki hverju og hverju. En ætli árangurinn af slíku verði ekki heldur lítill þegar ráðist er að fólki með þeim hætti sem er gert og hefur verið gert að undanförnu í sambandi við þetta mál. Ég er hrædd um að það verði ekki til mikilla bóta. Ég verð að segja að eins og hæstv. ráðherra lýsti gerðum sínum í þessu efni þá datt mér bara í hug tvíburarnir í bókinni hennar Guðrúnar Helgadóttur: Nú erum við aldeilis góðir, sögðu þeir.

[12:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það hefur komist til skila sem ég var að reyna að segja en það stendur þannig á að fyrir meira en tíu árum hætti ríkið í grundvallaratriðum að ráða fólk til æviloka eins og stundum er kallað heldur var fólk ráðið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Það vinnur fólk hjá ríkinu hlið við hlið, annars vegar æviráðið og hins vegar með þriggja mánaða uppsagnarfresti og búið að gera í tíu ár á nákvæmlega sömu laununum og hefur aldrei verið rætt að gera mun þar á. Það er því ekkert verið að tala um það og hefur aldrei verið minnst á að launabætur eigi að koma fyrir það þegar ráðningarfestan fer.

Varðandi biðlaunaréttinn kannast ég ekki heldur við að hann hafi verið metinn til launa. Mér er þó sagt án þess að hafa séð að Kjaradómur hafi nefnt það einhvern tíma í niðurstöðu sinni. Það hef ég ekki séð, ég kannast ekki við það. Ég kannast hins vegar við það að lífeyrisrétturinn og starfsöryggið sem felst í því að vinnuveitandinn sé stór og sterkur, að fæðingarorlofið sé fyrir hendi öðruvísi en hjá öðrum og veikindarétturinn sé öðruvísi og aðrir þættir í starfsöryggi hafi verið notaðir af hálfu vinnuveitandans, ríkisins, til þess að benda á að það megi jafna þessa hluti til launa. Við verðum að tala skýrt þegar við erum að tala um þessa hluti. Það er einfalt fyrir stjórnarandstöðumenn að koma upp og tala og tala með þessum hætti en þeir verða þá að átta sig á því hvaða áhrif slíkar ræður hafa. Við sem erum um stundarsakir í því hlutverki að þurfa að gæta ríkissjóðs og vera um leið samningsaðilar við þetta ágæta starfsfólk

ríkisins verðum hins vegar að gæta þess að það sé samræmi í málflutningi ríkisins og það skiptir miklu máli.

Þetta vildi ég að kæmi mjög skýrt fram í þessu andsvari. Að öðru leyti vil ég vísa til fyrri andsvara minna sem ég hef komið með við ræður annarra þingmanna en því miður er það þannig að hv. stjórnarandstæðingar skiptast á og það er eins gott að þeir heyri það sem heyra mitt mál, að sitja í salnum, örfáir, og flytja síðan hver á fætur öðrum sömu ræðuna aftur og aftur og taka marga klukkutíma til þess til þess að koma í veg fyrir að Alþingi Íslendinga geti komist að lýðræðislegri niðurstöðu. (**ÖJ:** ... svör. Þetta er ósvífið.) Þetta er sannleikurinn í málinu.

[12:32]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er mér svolítið brugðið. Nú bregst hæstv. ráðherra öðruvísi við en áðan þegar hann var svo lipur að hlaupa yfir í næsta herbergi til þess að sækja eitt af þeim skjölum sem mér var vant í þessum ræðustóli. Þá var hæstv. ráðherra ljúfur og lipur. En nú rýkur hann upp. Ég skil þetta ekki almennilega. Hvað sagði ég sem var svona óskaplega slæmt og kom svona illa við kvikuna hjá hæstv. ráðherra? Ég kannast ekki við að ég hafi verið að flytja sömu ræðu og aðrir hér. Ég undirbjó mig sjálf. (Gripið fram í.) Ég tók fjóra tíma í að skoða öll þessi plögg og ég undirbjó mig sjálf og tók sjálfstæða afstöðu til þessa frv. Ég var ekki að herma eftir öðrum hérna. Ég hlýt að hafa rétt til þess að taka sjálfstæða afstöðu til þessa frv. og láta heyra hvað mér finnst. (**Gripið fram í:** Það eru svo margir á sömu skoðun.) Það getur verið að margir séu á sömu skoðun en við segjum það hvert með sínum orðum og mér heyrist að hæstv. ráðherra hafi ekki fyllilega áttað sig á því sem við erum að segja. Við erum alltaf að segja þetta og það virðist þurfa að segja það aftur og aftur og aftur. Það þarf líka að segja þetta til að það komist út í þjóðfélagið hvað er verið að gera hérna því það er verið einhliða að taka réttindi af fólki án þess að ætlunin sé að bæta það, án þess að fólk hafi tækifæri til þess að ræða um það í tvíhliða viðræðum. (**Fjmrh..:** Hvaða réttindi?) Það er það sem við höfum gagnrýnt. Hvaða réttindi? Hæstv. fjmrh. taldi upp öll þessi réttndi í andsvari sínu áðan. Hann taldi þau öll upp. Það eru þau réttindi sem við erum að tala um. Það eru þau réttindi sem ég talaði um hér ... (Gripið fram í.) (**ÖJ:** Er kannski ekki verið að gera neitt?) (**Gripið fram í:** Skiptir það einhverju máli?)

[12:34]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur komið fram með nokkuð alvarlegar ásakanir. Hann hefur sagt að málsmeðferðin á Alþingi sé til þess ætluð að koma í veg fyrir að lýðræði nái fram að ganga. Alþingi starfar eftir þingskapalögum sem sett eru af Alþingi sjálfu. Þar eru festar í sessi reglur þingræðis, þær starfsreglur sem Alþingi er ætlað að vinna eftir. Ég veit ekki til þess, virðulegi forseti, að þær reglur hafi verið brotnar. Ég veit ekki til annars en að þær umræður sem hér hafa farið fram hafi verið að fullu og öllu innan marka þeirra reglna sem íslenska stjórnarskráin og íslensk lög setja um framkvæmd þingræðis og lýðræðis í þessu landi. Ég tel það mjög alvarlega ásökun þegar einn af hæstv. ráðherrum kemur fram til þess að saka alþingismenn, bræður sína og systur á löggjafarsamkundu þjóðarinnar, um að vera að koma í veg fyrir að lýðræði nái fram að ganga á Alþingi Íslendinga þegar það eina sem þessir þingmenn eru að gera er að fara **nákvæmlega eftir þeim vinnureglum sem íslenska þjóðin** hefur lögleitt um hvernig lýðræðið eigi að ganga fyrir sig á Íslandi.

En það má kannski vekja athygli á öðru og spyrja að því hvernig hæstv. fjmrh. finnist það samrýmast lýðræðisreglunni að hér situr ríkisstjórn með mjög öflugum þingmeirihluta. Hún er skipuð af tveimur flokkum sem í síðustu kosningum urðu stærstu flokkar þjóðarinnar, Sjálfstfl. og Framsfl. Það hefur enginn framsóknarmaður tekið til máls í allri þessari umræðu. Þeir hafa ekki tjáð sig um afstöðu sína. Þeir hafa ekki rökstutt skoðanir sínar á þessum málum. Þeir hafa engu svarað ábendingum stjórnarandstöðunnar. Þeir hafa engu svarað því sem fram hefur komið í bréfum fjölmargra stéttarfélaga sem hafa haft efnislegar athugasemdir við frv. Það er varla hægt að segja að þeir hafi verið á Alþingi Íslendinga til að hlusta. Þeir hafa ekkert sagt. Hvað skyldi þeirra fólk hafa við þá að segja þegar þing Alþýðusambands Íslands kemur saman innan nokkurra daga? Þar mætir fólk úr öllum stjórnmálaflokkum til að fjalla um þá gjörð Alþingis Íslendinga sem hér er að fara fram. Hvað skyldu þeir ágætu framsóknarmenn í verkalýðshreyfingunni hafa að segja við sína flokksbræður á Alþingi, en margir þeirra sitja á Alþingi fyrir tilverknað þeirra, þegar þeim verður það ljóst að Framsfl. einn þingflokka hefur ekkert tjáð sig um þessi mál og varla að hæstv. félmrh. undanteknum haft döngun í sér til þess að sitja þingfundi þegar málin hafa verið til umræðu?

Hvað skyldu t.d. sjálfstæðismenn í Landssambandi verslunarmanna hafa að segja um að það eru nánast aðeins tveir þingmenn Sjálfstfl. sem virðast hafa skoðun í þessu máli? Það eru hæstv. fjmrh. sem vissulega hefur skoðun, þá skoðun m.a. að þeir sem hafa eitthvað út á þennan málflutning að setja séu að standa í vegi fyrir því að lýðræðið nái fram að ganga. Hv. formaður efh.- og viðskn. Vilhjálmur Egilsson. Skyldu sjálfstæðismenn á þingi Alþýðusambands Íslands vera mjög ánægðir með það að þeir skuli ekki geta haft eftir öðrum þingmönnum flokksins eitt aukatekið orð um afstöðu þeirra t.d. til þeirra fjölmörgu athugasemda sem settar hafa verið fram í bréfum, í blöðum, í útvarpi og sjónvarpi af því fólki sem m.a. hefur stutt þá til að ná kjöri hingað inn á Alþingi Íslendinga? Finnst hæstv. fjmrh. þetta vera lýðræði, að svona eigi menn að haga sér í lýðræðislandi? Að passa upp á að kjósendur geti ekki haft neitt eftir sér um alvarleg átakamál til þess að geta komið fram síðar og sagt: „Ja, mér urðu á mistök. Ég ætlaði ekki að gera svona. Ég hefði gjarnan viljað fá þessu breytt en ég verð að lúta meiri hlutanum, meiri hlutanum í mínum flokki, meiri hlutanum í ríkisstjórninni og því greiddi ég atkvæði svona.“ Það er ekki lýðræði að alþingismenn sitji þegjandi undir afgreiðslu mála eins og fram á að fara hér. Það er ekki lýðræði vegna þess að kjósendur eiga kröfu á því, til þeirra alþingismanna sem þeir hafa kosið, að þeir fái vitneskju um hvaða afstöðu viðkomandi þingmaður hefur tekið til erfiðra og átakamikilla mála. Allflestir þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. sem náðu kjöri í síðustu kosningum ætla sér að standa þannig að afgreiðslu mála að kjósendur þeirra geti ekkert eftir þeim haft, nákvæmlega ekki neitt um hvaða skoðun þeir persónulega höfðu á þeim frumvörpum sem hér á að afgreiða og á afstöðu sinna eigin stuðningsmanna og kjósenda í hópi launafólks. Það er það „slagplan“ sem lagt hefur verið af þingmönnum þessara flokka. Þeir ætla að reyna að hverfa í skuggann með þögninni þannig að ekkert verði eftir þeim haft og þeir geti komið seinna og sagt: „Við vildum gjarnan hafa haft þetta öðruvísi.“

Það er hins vegar hrósvert að hæstv. fjmrh. hugsar ekki svona. Hann ætlar að standa þannig að málum að það fari ekkert á milli mála hver vilji hans er og hver hans afstaða er og ekki einu sinni hvernig hann svarar fjölmörgum gagnrýnisatriðum sem fram hafa komið þó hann svari þeim ekki öllum.

Virðulegi forseti. Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur mikinn áhuga á því að þessi mál gangi hratt og greiðlega fyrir sig og að menn þurfi ekki að taka meiri tíma í málflutning sinn en nauðsynlegur er. Ég man eftir einum þingskörungi sem átti sæti á Alþingi Íslendinga fyrir allmörgum árum. Hann hafði það fyrir sið að alltaf er nýr þingmaður rakst inn í salinn, byrjaði hann ræðu sína að nýju svo að þar færi ekkert fram hjá þeim þingmanni sem kominn var. Ég ætla ekki að tileinka mér þennan sið en mér þykir verra að formaður efh.- og viðskn. skuli ekki vera hér staddur því það er aldrei að vita nema ég byrji á byrjuninni ef hann kemur inn einhvern tíma í miðjum klíðum. Og það mundi sjálfsagt tefja málið allverulega. (**Fjmrh.:** Hv. þm. fylgir nú alltaf sömu ...) Og nú veit ég það að hæstv. fjmrh. er allra manna greiðasamastur, sérstaklega við okkur stjórnarandstæðinga svo að ég er alveg sannfærður um að hann mundi skjótast niður á neðri hæðina og sækja hv. þm. Vilhjálm Egilsson svo að þingsveinar þurfi ekki að tefja sig frá mikilvægum þjónustustörfum við aðra þingmenn. (**Fjmrh.:** Ef hv. þm. styttir mál sitt, þá er það ...) Ég get lofað hæstv. fjmrh. því að ég muni tala skemur en ella ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er til staðar.

Herra forseti. Á hátíðlegum stundum er gjarnan talað um að ein af helstu auðlindum Íslands sé svokallaður mannauður. Hvað er það? Það er nú bara launafólkið í landinu, hvorki meira né minna, fólk í opinberri þjónustu og fólk sem starfar á hinum frjálsa vinnumarkaði. Þekking þessa fólks, menntun þess, reynsla þess, starfshæfni þess, trúnaður þess við þau störf sem það gegnir og vinnuveitanda sinn, þetta er í mæltu máli það sem átt er við með orðinu mannauður, þ.e. reynsla, þekking og starfshæfni fólksins er a.m.k. á hátíðum og tyllidögum talin vera ein helsta auðlind þjóðarinnar, sú auðlind sem við ætlum að byggja framtíð okkar á. Það er því full ástæða til þess að menn umgangist þessa auðlind ekki af síðri virðingu en t.d. þann ágæta þorskstofn sem menn eru stöðugt að tala um að þurfi að vernda og varðveita gegn arðráni og ofsókn. En það er aldeilis ekki gert. Það er aldeilis ekki gert því að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á Alþingi frumvörp sem miða að því í fyrsta lagi að endurskipuleggja vinnumarkaðinn eftir sínu höfði og í öðru lagi að taka réttindi af því fólki sem vinnur á vegum ríkisins, þ.e. með einhliða aðgerð vinnuveitandans á að taka réttindi af starfsfólki sem fyrir þennan vinnuveitanda vinnur. Ekki er það mikil virðing fyrir mannauðnum sem í því felst. Menn verða auðvitað að skoða málin í heild en ekki einstaka hluta þeirra. Þó að hér sé til umræðu frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá er þetta frv. aðeins hluti af þeim ráðagerðum sem ríkisstjórnin hefur uppi um breytingu á starfsumhverfi launafólks. Það er eðlilegt að menn skoði þá hluti í heild. Og það er mjög athyglisvert að sú endurskipulagning á vinnumarkaði eins og það er kallað sem ríkisstjórnin vill gera og hefur haft frumkvæði um á þessu þingi varðar bara annan aðilann.

Í tillögum hæstv. ríkisstjórnar eru engar tillögur gerðar um breytingu á skipulagi þeirrar hliðar á vinnumarkaði sem greiðir launin. Það eru engar tillögur gerðar um breytingu á skipulagi Vinnuveitendasambands Íslands þó svo hér sé farið fram með verulega breytt fyrirkomulag á skipulagi og frjálsræði hins viðsemjandans, verkalýðshreyfingarinnar. Við skulum nefna dæmi sem varpar nokkru ljósi á þetta.

Hér var mikil áhersla lögð á að það þyrfti að breyta skipulagi á hinum frjálsa vinnumarkaði þannig að hægt væri að mynda vinnustaðarfélög hjá stærri vinnuveitendum þar sem störfuðu ekki færri en 250 manns til þess að auka fjölbreytnina og frjálsræðið á vinnumarkaðinum og gefa svokölluðum vinnustaðarfélögum sambærileg réttindi til að gera kjarasamninga og hefðbundnum stéttarfélögum og landssamtökum þeirra. En mér er spurn, herra forseti, við hvern áttu þessir aðilar að semja? Við hvern átti vinnustaðarfélagið að semja? Það átti ekki að semja við vinnuveitandann. Það átti ekki að semja við eiganda fyrirtækisins þannig að samkvæmt þessu skipulagi ríkisstjórnarinnar gátu starfsmennirnir ekki samið við vinnuveitanda sinn. Þeir urðu að semja við Vinnuveitendasamband Íslands í Garðastræti. Skipulag Vinnuveitendasambandsins er þannig upp byggt að það getur bannað einstökum aðildarfélögum eða aðilum að sambandinu að semja óháð og gerir það, þannig að þó að ríkisstjórnin teldi sig vera að opna möguleika á fjölbreyttari samningsaðstöðu eða samningaferli launþegamegin þá passar hún sig vandlega á því að gera engar breytingar vinnuveitendamegin. Þó að starfsmenn stórs fyrirtækis, við skulum segja byggingarfyrirtækis, byggingarverktaka sem væri að hefja stórframkvæmdir á hálendi Íslands, tækju þá ákvörðun að stofna vinnustaðarfélag með fullum réttindum stéttarfélags þá gat viðkomandi félag ekki samið beint við vinnuveitanda sinn heldur varð að fara niður í Garðastræti og semja við vinnuveitendasambandsklíkuna í heild. Frjálsræði, frjálshyggja og frjálslyndi ríkisstjórnarinnar náði ekki lengra en að þessum landamærum, þ.e. landamærum sem skipta á milli yfirráðasvæðis stéttarfélaganna í landinu og yfirráðasvæðis vinnuveitendanna í landinu. Þar var engu breytt. Hið leníníska skipulag Vinnuveitendasambands Íslands var látið gersamlega óhaggað. Þar er miðstjórnarvaldið og forræðishyggjan sterkari en hjá nokkrum öðrum félagasamtökum í landinu. Þannig hefur Vinnuveitendasambandið bókstaflega byggt sig upp til að koma í veg fyrir að einstakir vinnuveitendur geti samið beint við starfsmenn sína um kaup og kjör. Markvisst hefur verið unnið að því að byggja vinnuveitendasamtökin þannig upp á Íslandi og það hefur tekist. En á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn lagði til að leysa upp alla þætti í skipulagi íslenskrar verkalýðshreyfingar, sem hún hefur komið sér upp á undanförnum árum, greiða þar allt í sundur, þá datt henni ekki í hug að hagga við hinni hlið vinnumarkaðarins sem er miðstýrðasta og skipulagðasta kerfi á Íslandi þar sem einn talar fyrir alla og menn hafa ekki frjálsræði að því að taka ákvarðanir öðruvísi en hin sterka miðstjórn heimilaði. Þar er leníníst skipulag í fullu gildi. Þar er engin ástæða til þess að gera breytingar.

Það er vissulega ástæða til þess að nefna þetta þó svo að þetta mál falli ekki undir það frv. sem hér er verið að ræða og þó svo að hæstv. félmrh. hafi gefist upp við að reyna að fá þetta skipulag samþykkt á Alþingi. Af hverju er ástæða til að nefna þetta hér? Vegna þess að þetta var einn þátturinn í þeim hugmyndum sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi um það hvernig hún vildi sjá endurskoðun á vinnumarkaðnum í heild, bæði vinnumarkaði opinberra starfsmanna og hinum almenna vinnumarkaði. Svona vildi hún sjá breytingarnar. Þetta var tilgangur ríkisstjórnarinnar og þó svo hún hafi verið hrakin til baka með einstaka þætti í fyrirætlunum sínum er

hugurinn enn þá óbreyttur. Tilgangurinn sá hinn sami, markmiðið það hið sama, þ.e. ríkisstjórnin vill með lögum knýja fram eigin hugmyndir um hvernig hún vill helst sjá réttindi launafólks á vinnumarkaði. Viljinn til þess að knýja slíkt fram með lögum nær aðeins til þeirrar hliðar vinnumarkaðarins sem heitir stéttarfélög, þ.e. samtök launafólks, en henni er alveg sama þó að það sé í raun réttri aðeins tveir aðilar sem koma fram fyrir hina hliðina, þ.e. Vinnuveitendasambandið, sem hefur afl sitt í nokkrum herbergjum í Garðastræti og er þar miðstýrt með leninískri forræðishyggju, og ríkið, sem er í höndunum á hæstv. fjmrh. einum, að vísu af og til með afskiptum forsrh. þegar honum finnst ástæða til þess að láta sérstaklega til sín taka gagnvart sínum eigin fjmrh. þó svo að stærsta hlutverk forsætisráðherra í flestum þjóðfélögum og einnig hinu íslenska samkvæmt mínu viti eigi að vera að standa að baki fjármálaráðherra sínum. Sá forsætisráðherra sem gerir það ekki er til lítils nýtur en það er því miður ekki það sem við þekkjum hér. En látum það vera.

Herra forseti. Áður en ég vík að því frv. sem hér er um að ræða vildi ég gjarnan koma að einu atriði vegna þess að það varðar þessi mál einnig, þ.e. félagafrelsið hjá opinberum starfsmönnum, hvernig þeir eiga að standa að sínum málum. Það er þessi spurning sem er kannski ekki öllum ljós. Hvað kemur skipulag aðila vinnumarkaðarins félagafrelsi, samningsfrelsi og launakjörunum við? Það er vissulega áhyggjuefni að almenningur virðist í ríkara mæli farinn að hafa meiri áhyggjur af því að gripið sé til einhverra aðgerða sem skerða tímabundið það sem eftir verður í buddunni, þ.e. koma við veskið. Almenningur virðist farinn að hafa miklu meiri áhyggjur af einhverjum slíkum aðgerðum, sem skerða eitthvað launin á líðandi stund, fremur en aðgerðum sem beint er gegn réttindum þessa sama fólks til þess að taka höndum saman til að berjast fyrir launum sínum sem koma ekki fram á líðandi stundu í því sem eftir verður í buddunni en kemur í veg fyrir að þetta sama fólk geti hrundið af sér árásum sem ríkisstjórnir gera iðulega á kaup þess og kjör eða ná þeim markmiðum sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir og náð að verulegu leyti. Það veldur mér áhyggjum hvað skilningurinn á þeim aðgerðum sem gerðar eru hverju sinni er bundinn því einu hvernig kemur það við budduna núna. Ef það kemur ekki við budduna akkúrat núna á líðandi stund hefur fólk ekki sérstakar áhyggjur af því.

Ástæða er til þess að benda á þetta vegna þess að þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn grípur til með því frv. sem liggur fyrir og þeim frumvörpum sem eru enn óræddu eru einmitt þess eðlis að þar eru menn ekki e.t.v. í mjög miklum mæli að skerða þá fjármuni sem renna í buddu launafólks nákvæmlega á líðandi stund heldur eru menn að reyna að koma í veg fyrir að launafólk í landinu hafi sömu félagslegu stöðu og það hefur haft til þess að verjast slíkum atlögum í framtíðinni, til þess að sækja sér aftur það sem af launafólki kann að verða tekið af einni ríkisstjórn eða annarri. Við höfum öll gert okkur sek um að setja slík lög. Ég tel satt að segja, herra forseti, að svona afskipti séu miklu alvarlegri, líka fyrir budduna, heldur en þó að ríkisstjórn setji einhverjar aðgerðir í gang sem skerða tímabundið eitthvað af þeim fjármunum sem við höldum eftir í buddunni vegna þess að með aðgerðum eins og hér standa til er verið að breyta vegferð sem búið er að marka til framtíðar. Það er verið að koma endanlega í veg fyrir að verkalýðshreyfingin geti beitt sömu úrræðum og hafa getað gagnast henni á liðnum tíma.

Það vill svo vel til að hæstv. ríkisstjórn kom upp um sig í þeim orðum hæstv. félmrh. sem hann lét falla fyrr á þingi í vetur að það væri knýjandi nauðsyn á því að ná þessum málum í gegn núna og ástæðan væri sú að kjarasamningar væru lausir í haust og áður en sá ferill hæfist yrði að vera búið að breyta leikreglum. Þess vegna gat hæstv. félmrh. ekki beðið. Hann sagði: Þegar kjarasamningaferillinn hefst í haust verðum við að hafa breytt leikreglunum. Hvað segir þetta okkur, ágætu þingmenn? Þetta segir okkur að markmiðið með þessum breytingum þarf ekki endilega að vera að skerða laun launafólks á líðandi stundu heldur að setja nýjar reglur um samskipti aðila á vinnumarkaði, bæði á opinbera markaðnum og hinum frjálsa vinnumarkaði sem koma í veg fyrir að verkalýðshreyfingin geti beitt sömu úrræðum í kjarabaráttu sinni og hafa gagnast hingað til. Þegar menn telja upp úr buddunum sínum eftir áratug eða svo er ég ansi hræddur um það að slík breyting verði orðin dýr.

Hvað koma skipulagsmál á vinnumarkaði launakjörunum við? Getur breytt eða öðruvísi skipulag verkalýðshreyfingar, hvort heldur sem menn eru að tala um samtök opinberra starfsmanna eða samtök á hinum frjálsa vinnumarkaði, haft einhver áhrif á kjarabaráttu vinnufólks? Í því sambandi langar mig til að taka eitt dæmi.

Árið 1958 samþykkti þing Alþýðusambands Íslands nýjar tillögur um skipulag hreyfingarinnar. Þar var samþykkt að gera ráð fyrir því að ganga út frá hverjum vinnustað sem grunneiningu, þ.e. að vinnustaðarfélög væru grunneining, og síðan mynduðu vinnustaðarfélögin í sambærilegum atvinnurekstri með sér atvinnugreinasambönd á landsvísu sem ynnu síðan að kjarasamningamálum í samningum við gagnaðila. Hver var ástæðan fyrir því að Alþýðusambandið samþykkti þetta skipulag árið 1958?

(**Forseti** (RA)**:** Nú er klukkan orðin eitt og ráðgert að gera hlé á fundinum til kl. 1.30. Ég vildi spyrja hv. ræðumann hvort hann kjósi frekar að ljúka ræðu sinni á einni mínútu eða svo eða vera áfram á mælendaskrá og verður þá fyrstur að taka til máls þegar fundur um þetta mál hefst að nýju kl. 3.)

Herra forseti. Það er örðugt fyrir mig að svara þeirri spurningu vegna þess að ég hef orðið þess áskynja að hv. formaður efh.- og viðskn. er enn ekki mættur svo að ég þarf að byrja á byrjuninni aftur. Ég held að ég neyðist þess vegna til að biðja um að nú verði gert hlé á ræðu minni en ég lofa engu um það að ég haldi áfram þar sem ég hér var kominn þegar ræðan hefst að nýju því að ef formaður efh.- og viðskn. skyldi vera mættur í salinn er ekki að vita nema ég þurfi að byrja á byrjuninni aftur.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla um endurskoðun á útvarpslögum.

[13:32]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Árið 1994 lagði þáv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson fram frv. til laga um breytingu á útvarpslögum. Það var byggt á áliti nefndar undir forustu Tómasar Inga Olrich alþingismanns sem hafði unnið gaumgæfilegar athuganir á þeim málum, m.a. áttu í þeirri nefnd sæti fulltrúar

tveggja svokallaðra sjálfstæðra útvarpsstöðva. Í niðurstöðu þessarar nefndar var m.a. fjallað um hvernig bregðast megi við þróun útvarpsmála erlendis, hver hlutdeild ríkisins ætti að vera í útvarpsrekstri, hvernig jafna mætti aðstöðu fjölmiðla um auglýsingar í ljósvakamiðlun, um dreifikerfi útvarps og um afnotagjöld.

Nú rösku ári síðar er nýr menntmrh. kominn fram á völlinn. Hann hefur kastað niðurstöðu fyrirrennara síns í ruslafötuna og leggur nú fram skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum sem gengur í þveröfuga átt við mörg inntaksefnin í fyrri skýrslu. Það eina sem er sameiginlegt með fyrri nefndinni og þeirri síðari er að einn maður hefur setið í þeim báðum, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, og skrifar undir niðurstöður beggja skýrslnanna. Ja hérna.

Lítum aðeins á þá niðurstöðu sem nú er lögð fram og er gerólík þeim niðurstöðum sem áður voru lagðar fram og kynntar af hæstv. menntmrh. þáv., Ólafi G. Einarssyni. Í fyrsta lagi er nú lagt til að Ríkisútvarpið hverfi alveg af auglýsingamarkaði, auglýsingar í hljóðvarpi verði aflagðar eins fljótt og eðlilegt getur talist en sala auglýsingarýmis í sjónvarpi aflögð í þrepum. Það er lagt til að kostun á efni í ríkissjónvarpinu hverfi hið fyrsta. Lagt er til að felld verði niður sú skylda Ríkisútvarpsins að senda út til alls landsins. Lagt er til að sú meginregla gildi í rekstri Ríkisútvarpsins að starfsemi þess skuli aðeins bundin við þá þætti sem ekki verði unnir af öðrum. Lagt er til að dagskrárgerðardeild stofnunarinnar verði bannað að skuldbinda sig fram í tímann. Lagt er til að núverandi útvarpsráð verði lagt niður en þess í stað verði stjórnin sett undir fimm manna stjórn sem öll verði skipuð af pólitískum menntmrh., sem sé að stjórn útvarpsins verði alfarið færð undir pólitíska ráðherra. Það er sagt að ef aukin verði starfsemi svæðisútvarpa, verði rekstur móðurstofnunarinnar í Reykjavík að dragast saman að sama skapi. Lagt er til að hætt verði endurbyggingu Ríkisútvarpsins á langbylgjustöðvum á Gufuskálum og Eiðum. Lagt er til að stuttbylgjusendingum Ríkisútvarpsins verði hætt. Lagt er til að afnotagjöld verði lögð niður en tekinn upp nefskattur í staðinn. Flestallt af þessu er í algerri andstöðu við það sem að nefnd fyrrv. menntmrh. lagði til.

Á hverju byggjast þessar tillögur? Þær byggjast m.a. á efni sem kemur fram í viðauka og greinargerð og þar er margt kyndugt að sjá. Í fyrsta lagi rifja ég upp tillöguna um að leggja núverandi útvarpsráð niður en setja útvarpið í staðinn undir beina stjórn menntmrh. fyrir tilverknað fimm manna sem hann skipar. Þetta er sagt vera reist á athugunum á því hvernig málum er fyrir komið í öðrum löndum.

Lítum á bls. 25 um Sveriges Radio í Svíþjóð. Þar segir, með leyfi forseta: „Um eiginlegt útvarpsráð virðist ekki að ræða. Miðlarnir hafa þó einhvers konar yfirstjórn," er sagt þar.

Um stjórn Norsk rigskringkastning er sagt: „Þó að ríkisvaldið sé eini hluthafinn er stjórn fyrirtækisins valin á hluthafafundi en ekki er fullljóst hvernig fulltrúar eru valdir ..." o.s.frv. Síðan segir: „Stjórnin virðist einhvers konar yfirrekstrarstjórn."

Síðan er fjallað um Danmarks Radio og TV2 í Danmörku. Þar segir: „Við ritun þessarar skýrslu lágu ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um útvarpsráð þessara miðla".

Þetta eru upplýsingarnar sem byggt var á. Það er ekki verið að fullyrða mikið. Ef stjórn íslenska ríkisútvarpsins væri lýst með sama hætti, þá yrði lýsingin svona: Það virðist vera að á Íslandi sé Ríkisútvarpinu stjórnað af útvarpsráði og það eru líkur til að formaður þess heiti Gunnlaugur Sævar Gunnlausson. Ég spyr: Vanda menn ekki betur upplýsingaöflun sína en svona? Liggja virkilega engar upplýsingar fyrir í Danmörku, Svíþjóð og Noregi um hvernig stjórn ríkisútvarpsstöðva þar er fyrir komið eða skildu stuttbuxnadrengir Sjálfstfl. ekki hvað stóð í textanum? Af hverju er tekið svona til orða?

Virðulegi forseti. Ef við lítum nánar á þessa merkilegu skýrslu sem unnin er sem undirstaða að þeim tillögugerðum sem hér eru nefndar, þá skulum við aðeins fletta upp á bls. 10. Það er ágætt að staðnæmast þar. Þar er verið að bera saman fastráðna starfsmenn evrópskra ríkismiðla og fastráðna starfsmenn Ríkisútvarpsins á sambærilegum tíma og það á að sýna hversu illa sé staðið að verki hjá Ríkisútvarpinu. Vísvitandi er því sleppt að í báðum tilvikum er verulegur hluti starfseminnar unninn af verktökum. Í báðum tilvikum var um það að ræða að verktakar voru ýmist ráðnir að stofnununum úr hópi starfsmanna sem þannig fækkaði eða þá að verktakar sem áður höfðu verið utan stofnunarinnar en unnið í hennar þágu voru ráðnir sem starfsmenn. Því er sleppt. Samanburðurinn út í hött. En ég vek athygli á því að í þessum upplýsingum er ekkert sagt t.d. um þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar úr stjórnsýsluathugun hennar hjá stofnuninni, að afköst fréttadeildar Ríkissjónvarpsins stórjukust og útsendingartími frétta á sama tíma og kostnaður dróst stórlega saman. Hver er sá formaður útvarpsráðs sem stingur slíkum upplýsingum um sína eigin stofnun undir stól? Er það nú metnaður formanns útvarpsráðs fyrir hönd stofnunarinnar sem hann á að stýra eða hitt þó heldur.

Ef við kíkjum betur á þennan pappír, þá eru gefnar þær upplýsingar á síðu 9 að samkvæmt upplýsingum frá Stöð 2 greiddu um 46 þúsund sjónvarpsheimili áskrift í desember. Þar að auki liggur fyrir að auglýsingatekjur Stöðvar 2 eru um 300 millj. kr. Með öðrum orðum, árlegt ráðstöfunarfé Stöðvar 2 samkvæmt þessu eru 2,1 milljarður kr. á sama tíma og árlegt ráðstöfunarfé ríkissjónvarpsins er 1.760 millj. kr. þegar allt er lagt saman. Formaður útvarpsráðs spyr ekki: Hvernig stendur þá Stöð 2 sig í innlendri dagskrárgerð miðað við ríkissjónvarpið, þegar ráðstöfunarfé er svona miklu meira? Hvaða hagsmuni er verið að verja, virðulegi forseti?

Við skulum kíkja á það sem segir um þá ákvörðun að fella niður stuttbylgjusendingar íslenska ríkisútvarpsins. Það er á bls. 14. Þar er sagt: „Könnunin náði til 350 einstaklinga, íslenskra ríkisborgara, víða um heim. Könnunin var gerð með hætti að öllum þeim sem skráð höfðu netföng sín á hinn svokallaða Íslandspóstlista á Internetinu voru sendar spurningar ... og þeim boðið að tjá skoðun sína."

Hvaða menn eru þetta? Þetta eru þeir sömu og hafa aðgang í gegnum Internetið að Morgunblaðinu og textafréttum sjónvarpsins og þurfa ekkert á stuttbylgjuútsendingum að halda. Þeir eru spurðir. En það gleymdist að spyrja einnar lykilspurningar þegar afstaða þessara manna var könnuð. Hver er sú? Eigið þið stuttbylgjutæki? Mennirnir voru aldrei spurðir að því. Þeir voru bara spurðir: Hlustið þið á stuttbylgjuútvarp? Þetta er svipað og ef menn réðust í könnun á áhorf á sjónvarpsefni Stöðvar 2 og Ríkisútvarpsins og spyrðu menn sem ættu ekki sjónvarpstæki og ætluðu sér að taka mark á þeirri niðurstöðu. En ég spyr: Voru 600 sjómenn á Reykjaneshrygg spurðir um það hvort þeir hlustuðu á stuttbylgjusendingar íslenska útvarpsins? Nei, þeir voru ekki spurðir. Hvernig halda menn að svarhlutfallið yrði þar hjá 600 sjómönnum? Hvers konar ruglugangur er þetta? Þetta

eiga að heita vísindalegar aðferðir til þess að undirbyggja skynsamlegar niðurstöður.

Hvað segir síðan? Það segir að það eigi að leggja niður framkvæmdir við uppbyggingu langbylgjusenda í Gufunesi og á Eiðum sem hafi verið í eigu bandarískra hersins. Hvenær komst langbylgjumastur á Eiðum í eigu bandarískra hersins, virðulegi menntmrh.? Það mastur var byggt árið 1938, löngu áður en bandarískt herinn kom hingað til lands. Hvernig stendur á því að stuttbuxnadeild Sjálfstfl. heldur að bandarískt herinn eigi þetta allt? Hvenær fékk bandarískt herinn langbylgjumastrið á Eiðum að gjöf? Ég vissi ekki betur en það væri í eigu íslenska ríkisins. Og hvað segir þetta lið síðan um þá ákvörðun að leggja niður útsendingar með langbylgju frá Gufunesi? Þeir segja: Þetta er ekkert öryggisatriði. Þetta skiptir engu máli. Þetta er ekki það öryggisatriði sem menn halda. — Hvenær var ákvörðunin tekin um að endurbyggja langbylgjumastrið á Gufunesi? Hún var tekin af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar samkvæmt tillögum Davíðs Oddssonar rétt eftir snjóflóðaslysið á Flateyri. Þá hafði hæstv. þáv. menntmrh. margoft flutt tillögu um það í ríkisstjórninni að langbylgjunetið yrði byggt upp aftur vegna þeirra miklu öryggishagsmuna sem þar er um að tefla.

Ein af tillögum forsrh. eftir snjóflóðaslysið á Flateyri var að skuldbinda ríkissjóð um 200 millj. kr. tafarlaust til þess að byggja upp langbylgjumastrið á Gufunesi. Síðan kemur einhver stuttbuxnastrákur úr Sjálfstfl. og segir þetta bara allt rugl, að það sé ekkert vit í þessari tillögu forsrh. Davíðs Oddssonar um að hefjast handa um þessa framkvæmd og skuldbinda ríkið upp á 200 millj. vegna hennar út af öryggishagsmunum. Svona eru vinnubrögðin í þessari skýrslu. Hún er ekkert innanhúsplagg Sjálfstfl. þó hún sé blá á litin. Hún er gefin út af menntmrn. og unnin af menntmrh. í ríkisstjórn tveggja stjórnarflokka.

Hæstv. menntmrh. hefur sagt að margt í þessari skýrslu sé eins og talað út úr hans hjarta. Ég spyr: Hver eru þau atriði? Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvernig á framgangur þessa máls svo að vera? Er þetta hans stefna? Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar? Hvernig á að fara með þessa vitlausu skýrslu stuttbuxnadeildarinnar úr Sjálfstfl.?

[13:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir að biðja um þessa umræðu. Fellur hún vel að tilgangi mínum með því að láta semja skýrslu um endurskoðun útvarpslaga. Fyrir mér vakti að fá umræðugrundvöll að hugmyndum til frekari úrvinnslu. Vænti ég þess raunar ekki að verkinu yrði gert svo hátt undir höfði að á mesta annatíma Alþingis yrði beðið um lengri gerð af umræðu utan dagskrár um það. Slík umræða fer þó fram á þessari stundu og vil ég ítreka þakkir mínar til upphafsmanns hennar.

Áður en ég ræði höfuðatriði þessa máls, stöðu Ríkisútvarpsins og álits skýrsluhöfunda, vil ég víkja að þremur atriðum sem hefur verið varpað fram vegna skýrslunnar. Í fyrsta lagi hefur verið gagnrýnt hvernig ég stóð að því að velja menn til þessa verks. Sumir hafa talið að fulltrúar allra flokka hefðu átt að koma að málinu. Aðrir segja að ég hefði a.m.k. átt að velja yfirlýsta framsóknarmenn til að vinna að skýrslugerðinni. Raunar vakti ekki fyrir mér að kalla flokksbræður mína til þessa verks heldur valdi ég formann útvarpsráðs, mann sem hefur verið í forustu á einkareknum ljósvakamiðli, formann nefndar sem samdi á síðasta kjörtímabili frv. til laga um breytingu á útvarpslögunum, og síðan aðstoðarmann minn. Til að safna efni og skrifa texta valdi ég ungan stjórnmálafræðing sem hefur m.a. unnið að því að búa til efni í sjónvarp. Tilgangurinn var ekki að finna lægsta samnefnara heldur setja fram tillögur og hugmyndir til frekari umræðna.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt þá tillögu mína að nú taki stjórnarflokkarnir málið til umræðu sín á milli og þessar umræður í dag munu væntanlega gefa vilja annarra stjórnmálaflokka til kynna. (**SvG:** Hvenær var það samþykkt?) Með leyfi forseta vil ég fá að lesa dóm í forustugrein Alþýðublaðsins 7. maí sl. um efni skýrslunnar. Þar segir:

„Það hlýtur að vera ærin ástæða til að fagna því að nú skuli loks eiga að aðhafast, ekki síst vegna þess að flestar hugmyndirnar sem koma fram í áliti nefndar menntmrh. virðast skynsamlegar og þarfar."

Sama dag segir fréttastjóri Tímans í grein í því blaði að ótrúlegt sé að menn láti vinnulag mitt í þessu efni hafa áhrif á framhaldið, enda er það skoðun fréttastjórans að skýrsluna sé vel hægt að nota sem umræðugrundvöll til framhaldsvinnu einmitt vegna þess að hún kom inn á þau svið sem bannhelgi hafi umlukt á liðnum árum, eins og það er orðað í Tímanum. Þessi orð staðfesta fyrir mér að vinnulag mitt hafi verið rétt.

Í öðru lagi hefur því verið slegið fram að með því að láta vinna þetta verk hafi ég verið að sólunda opinberu fé. Þessu mótmæli ég eindregið. Starfshópurinn var settur á laggirnar sl. haust og lauk störfum 8. mars. Hélt hann marga fundi og í fjóra og hálfan mánuð sinnti verkefnaráðinn starfsmaður í ráðuneytinu m.a. störfum fyrir hópinn. Fékk hann 490 þús. kr. fyrir þá vinnu. Nefndarmenn fengu alls 260 þús. kr. og kostnaður við skýrsluna og útgáfu hennar sem er 100 síður auk fylgiskjala er 210 þús. kr. eða samtals kostnaðurinn 960 þús. kr. Er ég raunar þeirrar skoðunar að fá fyrirtæki eða stofnanir fái menn til að vinna slík verk ódýrar fyrir sig en einmitt ráðuneyti. Er rannsóknarefni að bera saman hvað greitt er fyrir skýrslur af þessu tagi annars vegar og hins vegar fyrir undirbúningsvinnu eða hönnunarstörf vegna verklegra framkvæmda.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að skýrslunni sé stefnt gegn Ríkisútvarpinu og sé til marks um illan hug í garð þess. Ég mótmæli slíkum staðhæfingum sem órökstuddum með öllu. Vil ég því til áréttingar vitna til orða sem Heimir Steinsson útvarpsstjóri lét falla á opinberum fundi hinn 7. maí sl. Hann sagði undir lok ræðu sinnar, með leyfi forseta:

„Ef ég reyni að móta mér heildarmynd af skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum verður hún eitthvað á þá lund að í grundvallaratriðum sé skýrslan einkar jákvæð fyrir Ríkisútvarpið. Ýmis konar framkvæmdaratriði eru hins vegar álitamál og þarfnast frekari umræðu. Verk starfshópsins er hið þarfasta og mun vonandi nýtast vel í þeim skoðanaskiptum sem fram hljóta að fara á komandi tíma uns niðurstaða er fengin í mynd hins langþráða markmiðs alls þessa starfs, þ.e. nýrra útvarpslaga. Þeirra laga bíður Ríkisútvarpið með nokkurri eftirvæntingu og svo mun um fleiri. Ný útvarpslög munu eyða ýmis konar óvissu og marka íslenskum ljósvakamiðlum stefnuna á veginn fram," sagði útvarpsstjóri.

Með þessari tilvitnun, herra forseti, lýkur svari mínu við þeim athugasemdum sem fram hafa komið og snerta í raun annað en efni um endurskoðun útvarpslaga.

Tækninni við dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis fleygir fram. Sjónvarp, tölva og sími munu fyrr en varir verða að

einu heimilistæki sem við getum notað til að semja þá dagskrá er við kjósum hvert og eitt. Fjölmiðlabyltingin mun geta af sér nýja einkamiðla. Ég tel brýnt að íslenskt efni verði tiltækt í ríkara mæli við hinar nýju aðstæður og íslenska ríkið leggi sitt af mörkum til þess. Þar gegnir Ríkisútvarpið mikilvægu hlutverki en ekki í þeirri mynd sem það er nú. Séu menn sammála um þessa grundvallarforsendu er næsta verkefni að skilgreina hvað í henni felst. Starfshópurinn gerir það með ágætum þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að Ríkisútvarpið verði skilgreint sem opinber þjónustustofnun. Lagt er til að menning og menningarhlutverk RÚV verði skilgreint vítt en í höfuðatriðum sem kaup, gerð og útsending dagskrárefnis af ýmsu tagi svo sem menningar-, lista-, fræðslu-, frétta- og skemmtiefnis og vandaðs erlends efnis."

Frá mínum bæjardyrum séð skiptir ekki máli hvað Ríkisútvarpið sendir hljóð- og sjónvarpsefni á mörgum rásum. Nýta ber hina fullkomnustu tækni á hverjum tíma. Einnig skiptir máli að Ríkisútvarpið sé rekið með hagkvæmum hætti. Það er meðal rakanna fyrir því að innheimta afnotagjalda verði lögð niður og annaðhvort verði nefskattur tekinn upp eða stofnunin sett á fjárlög. Kostnaður við innheimtu afnotagjalda er yfir 70 millj. kr. á ári.

Ríkisútvarpið á ekki að reka eigið dreifikerfi heldur semja við Póst og síma og taka upp afnot af ljósleiðarakerfinu. Það er ljóst að Póstur og sími stendur tæknilega mjög framarlega og á að geta veitt fullnægjandi þjónustu. Alþjóðleg símakerfi og fyrirtæki kunna einnig að verða álitlegur kostur fyrir Ríkisútvarpið ef ekki nást samningar við Póst og síma og þróunin verður til aukins og sjálfsagðs frjálsræðis á þessu sviði. Kunnáttumenn undrast raunar að ekki hafi í alvöru verið hugað að því að semja við fyrirtæki sem reka gervihnetti er ná til landsins alls og Evrópulanda um dreifingu á efni íslenska Ríkisútvarpsins. Meiri hluti starfshópsins vill jafna samkeppnisaðstöðuna með því að ríkið hverfi af auglýsingamarkaði. Að mínu mati hlýtur ákvörðun um það að taka mið af því hvort um raunverulega samkeppni milli einkaaðila sé að ræða. Er ekki réttlætanlegt að afhenda aðila sem fengið hefur leyfi til áskriftarsjónvarps allar auglýsingatekjur ríkissjónvarps, svo að dæmi sé tekið. Ákvörðun um brottfall auglýsingatekna Ríkisútvarpsins verður ekki tekin án tillits til stöðunnar á einkamarkaðnum.

Ég tek undir eftirfarandi skoðun starfshópsins og vitna til hans, með leyfi forseta: „Ríkismiðill á borð við Ríkisútvarpið á sér tilvistargrundvöll og er mikilvægur hluti íslenska ljósvakans. Hins vegar ber því að haga rekstri sínum svo að hann samrýmist hlutverki og sérstöðu stofnunarinnar, veiti öðrum ljósvakamiðlum aðhald og viðmið með vandaðri dagskrá og metnaðarfullri dagskrárstefnu án þess þó að raska samkeppnisstöðu á ljósvakamarkaðnum í krafti forréttinda."

Í því starfi sem fram undan er eftir að þessi skýrsla liggur fyrir ræðst farsæl lausn af skynsamlegri leið að þessu markmiði. Við þurfum í senn að tryggja framtíð Ríkisútvarpsins og þeirra sem við það keppa. Enginn vill hverfa aftur til ríkiseinokunar í útvarpsrekstri. Ég heiti á hv. alþingismenn í þessu efni og lýsi þeirri von að okkur takist í sameiningu að smíða löggjöf sem stendur í senn vörð um íslenska menningu við breyttar aðstæður og samrýmist gerbreyttum en spennandi aðstæðum við dreifingu upplýsinga.

Því miður verð ég að segja, herra forseti, að ræða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar var ekki í þeim dúr að hún gæfi góð fyrirheit um að menn ætluðu að taka á þessu máli með uppbyggilegum hætti. Þótt bent sé á það í skýrslu starfshópsins að skynsamlegt kunni að vera að doka við varðandi ákvarðanir um langbylgjumastur t.d., verður haldið áfram því starfi en ég hef gefið heimild til þess að kaupa tvo senda, annars vegar til uppsetningar á Gufuskálum og hins vegar að Eiðum. Hafa þeir verið boðnir út, en því miður hefur framkvæmd málsins lent í vandræðum vegna þess að útboðið hefur verið kært til eftirlitsaðila á vegum Evrópska efnahagssvæðisins í Brussel. Að þessu máli er unnið og verður unnið og er ekkert hik á því nema það komi í ljós að ranglega hafi verið staðið að ákvörðunum og það valdi því hiki að menn þurfi að endurtaka útboð aftur sem ég ætla ekki að fullyrða neitt um. Það mál er nú til skoðunar. En það hefur gerst í því máli að tveir sendar fást fyrir þær 300 millj. sem til ráðstöfunar eru þannig að unnt er að standa að því með hagkvæmari hætti en að var stefnt.

Hv. þm. minntist síðan á stuttbylgjuútvarp og gerði það að einhverju stórmáli og könnun meðal þeirra sem haft var samband við á Internetinu. Að sjálfsögðu eru það menn sem hafa mikinn áhuga á fjarskiptum og ég efast ekki um stuttbylgjuútvarpstækjaeign þeirra í sjálfu sér. Ástæðulaust er að gera slíka könnun tortryggilega á þessum forsendum, en hann spurði: Hvað eiga margir þessara manna stuttbylgjuútvarp? En það má einnig spyrja: Hvað eiga margir Íslendingar útvarp með langbylgju og hvernig nýtist þessi fjárfesting? Þannig að menn eru að velta fyrir sér slíkum hlutum. Hvernig hefur tækniþróunin verið? Höfum við móttökutæki sem duga til þess að taka við þeim sendingum sem um er að ræða ef ekki er fylgt fram og farið fram með og nýtt fullkomnasta tækni? Og það er það sem við stöndum frammi fyrir, hv. alþingismenn. Það þarf að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins við gerbreyttar aðstæður bæði að því er varðar samkeppni innan lands og tæknilegar breytingar. Ég tel að skýrslan sem hér hefur verið kynnt og liggur frammi og er til umræðu sé mun merkari en mátti ráða af ræðu hv. þm. sem hefur greinilega lagst í lúsarleit að einhverjum hortittum til þess að reyna að gera þessa skýrslu ankannalega. Það mun mistakast því eins og aðrir menn sem hafa lesið þetta og eru víðsýnni en hann í þessum málum hafa komist að niðurstöðu um, þá er hér um skynsamleg sjónarmið að ræða í alvörumáli sem þarf að ræða af alvöru og komast að niðurstöðu um á öðrum forsendum en hann lagði upp með í ræðu sinni.

[13:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Útvarpslögin hafa verið í endurskoðun um langt skeið eins og kemur fram í samantekt sem birt er fremst í skýrslunni sem hér er til umræðu. Í þessari samantekt frá starfshópnum segir jafnframt að nauðsynlegt sé að móta útvarpslög af víðsýni eigi ákvæði þeirra að standast tímans tönn og taka mið af örum tæknibreytingum.

Það er greinilegt, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson rakti rækilega áðan, að hæstv. menntmrh. hefur ekki talið að víðsýni hafi einkennt störf þeirrar vinnunefndar sem fyrirrennari hans í embætti skipaði til að fjalla um sama mál. Hann hefur hunsað afrakstur þeirrar nefndar. Og ekki er víðsýnin mikil í Framsfl. að mati hæstv. ráðherra, en það kom reyndar fáum á óvart. Hann hefði þó mátt sýna þessum samstarfsmönnum sínum þá kurteisi að leyfa þeim að tilnefna svo sem einn fulltrúa í endurskoðunarnefndina. En það skiptir kannski ekki meginmáli í hvaða flokki það fólk er sem annast endurskoðun útvarpslaga ef unnið er af heilindum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða ef niðurstaðan

er með þeim hætti að hægt er að taka mark á henni og ræða hana efnislega. Þessi skýrsla sem hér er til umræðu er því miður ekki með þeim hætti og ber þess greinilega merki að höfunda hennar hefur skort þá víðsýni sem þeir telja sjálfir að nauðsynlegt sé að hafa. Það væru hins vegar eðlileg vinnubrögð þegar ræða á og gera tillögur um starfsemi Ríkisútvarpsins að fulltrúar allra þeirra flokka sem eiga að taka ákvörðun um framtíð stofnunarinnar og setja lög þar um komi að vinnunni. En samráð og samvinna er nokkuð sem þessari ríkisstjórn er ekki tamt að sýna.

Þá er hjá starfsfólki Ríkisútvarpsins mikil þekking sem mér virðist ekki hafa verið nýtt heldur er leitað í smiðju Ríkisendurskoðunar sem vissulega er ágætt, en Ríkisendurskoðun býr þó varla yfir sambærilegri sérþekkingu á málefnum Ríkisútvarpsins og margir starfsmenn þess. Í plagginu er í orði kveðnu haldið í lögbundið hlutverk Ríkisútvarpsins og að stofnunin skuli leggja sérstaka rækt við innlenda dagskrárgerð. Í skýrslunni eru margar setningar um göfugt hlutverk ríkisfjölmiðils í þágu menningar og fræðslu. Um nauðsyn þess að flytja landsmönnum trúverðugar upplýsingar í formi frétta, hlutlausra gilda og viðmiða í umfjöllun sinni um atburði líðandi stundar eins og það er orðað.

En það dugir ekki að setja háleit markmið ef stofnuninni er síðan gert ókleift að ná þeim markmiðum. Þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni eru með þeim hætti að stofnunin mun ekki geta rækt hlutverk sitt ef eftir þeim er farið. Ríkisútvarpið mun ekki geta keppt á jafnréttisgrundvelli við aðrar útvarpsstöðvar þótt það sé eitt af yfirlýstum markmiðum. Hvernig má það gerast ef aðrar útvarpsstöðvar eiga að sitja einar að auglýsingamarkaðnum? Og það eiga þær að gera til að auka svigrúm þeirra til þess að stunda innlenda dagskrárgerð. Það er hins vegar engin trygging fyrir því að auglýsingatekjurnar skili sér með þeim hætti að þær verði ekki notaðar til kaupa á vinsælu erlendu afþreyingarefni. Það gengur ekki upp að skerða tekjustofna Ríkisútvarpsins verulega á sama tíma og óskað er eftir öflugri starfsemi og aukinni innlendri dagskrárgerð.

Nefskattur á alla Íslendinga sem náð hafa 16 ára aldri á að koma í stað afnotagjalda og tekna af auglýsingum samkvæmt skýrslunni. Nú nema þessar tekjur rétt tæpum tveimur milljörðum kr. á ári og eftir þeim upplýsingum sem við höfum eru það minni tekjur en t.d. Stöð 2 hefur til sinnar starfsemi eins og áðan kom fram.

Hinn möguleikinn sem er nefndur er að Alþingi ákveði árlega í fjárlögum hverjar tekjur Ríkisútvarpsins eigi að vera. Þetta hlýtur þó fyrst og fremst að vera spurning um hlutverk Ríkisútvarpsins og síðan hver tekjuþörfin er til þess að mögulegt verði að sinna hlutverkinu svo að vel megi fara. Höfundum skýrslunnar þykir nauðsynlegt að minna á Ríkisútvarpinu beri að tryggja að gjöld verði ekki hærri en áætlaðar tekjur og rekstur að jafnaði hallalaus. Til að svo megi verða má stofnunin ekki samkvæmt tillögum nefndarinnar skuldbinda sig um of fram í tímann sem er auðvitað illframkvæmanlegt. Í skýrslunni er hvatt til þess að stofnunin auki kaup á efni af sjálfstæðum framleiðendum en virðist þó ekki mega gera samninga við þá til langs tíma. Slíkar kvaðir eru ekki á einkareknum stöðvum.

Þá má einnig velta því fyrir sér hvort skýrsluhöfundar hafa farið yfir þá verktakasamninga sem hafa verið gerðir hjá Ríkisútvarpinu á undanförnum árum og séð hvort þar er í raun um ódýrari kost að ræða eða hvort sú vinna hafi skilað góðum árangri. Hver man ekki eftir krökkunum sem dregnir voru fram í tíð Hrafns Gunnlaugssonar og látnir stjórna umræðuþáttum sunnudag eftir sunnudag um þau málefni sem hæst bar hverju sinni. Þvílík hörmung. Ætli við hefðum ekki fengið meira fyrir aurinn þá ef fréttamenn Ríkisútvarpsins hefðu séð um þættina?

En það eru ekki allir nefndarmenn sammála í niðurstöðunni, t.d. um það hvort fella eigi út auglýsingaþáttinn í starfsemi stofnunarinnar. Í séráliti hv. þm. Tómasar Inga Olrich segir um gildi auglýsinga, með leyfi forseta:

„Rétt er að taka nokkurt tillit til þeirrar staðreyndar að hér á landi er löng hefð fyrir auglýsingastarfsemi Ríkisútvarpsins sem hefur selt auglýsingar frá upphafi hljóðvarps- og sjónvarpsrekstrar. Í augum neytenda um allt land er auglýsingasala Ríkisútvarpsins því hluti af upplýsingaþjónustu við almenning sem löng hefð er fyrir."

Þessa upplýsingaþjónustu sem neytendur og atvinnulífið hafa fengið og vissulega greitt fyrir að hluta með afnotagjöldum sínum á að afnema samkvæmt tillögum nefndarinnar að frátöldum þeim hv. þm. sem ég nefndi áðan. Það má spyrja hvort eðlilegt sé í ljósi samkeppninnar sem mikið dálæti er haft á í skýrslunni að þvinga einstaklinga, fyrirtæki og opinbera aðila til að kaupa afnot af einkastöðvum þegar auglýsa þarf og hvort sú þvingun verði ekki til þess að draga verulega úr hlustun á Ríkisútvarpið og möguleikum þess til að koma öðru efni til skila. Fólk sem vill fylgjast með auglýsingum, sem eru eðlilegur þáttur í þjóðlífinu, verður þá í raun þvingað til þess að fylgjast með einkastöðvum á kostnað Ríkisútvarpsins.

Það eru ýmsar hliðar á þessu máli sem höfundar skýrslunnar hafa greinilega ekki velt fyrir sér þrátt fyrir yfirlýsta víðsýni sína og einstakt dálæti á mætti samkeppninnar. Afnám auglýsinga skal ekki ná til tilkynninga sem snerta öryggi landsmanna og þjóðarheill. En hvar á að draga þau mörk og hvernig á að tryggja að Ríkisútvarpið geti sinnt nauðsynlegu öryggishlutverki sínu ef þá að draga úr þeirri skyldu að senda til landsins alls? Nú skal þessi skylda vera að ná til sem flestra sem er afskaplega loðið og óljóst hlutverk. Hverjir eru það sem eiga að verða út undan? Eru það t.d. sjómenn? Það er einkennilegt að lesa þá fullyrðingu sem sett er fram í skýrslunni á bls. 72 að Ríkisútvarpið hafi ekkert öryggishlutverk umfram aðra ljósvakamiðla nema skólaútvörp og átaksútvörp, að Ríkisútvarpið hafi enga sérstöðu að þessu leyti.

Hugmyndir starfshópsins eru að samtengja alla ljósvakamiðlana og búa til eitt öryggiskerfi með því og væntanlega fá þá almannavarnir eða Veðurstofan eða aðrar öryggisstofnanir heimildir til þess að rjúfa útsendingar þeirra ef þurfa þykir. Slík samtenging útvarpsrása á hættutímum er vissulega kostur en ég fæ ekki séð hvernig þessi möguleiki á alfarið að koma í stað þess margþætta hlutverks á sviði öryggismála sem þróast hefur hjá Ríkisútvarpinu. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu.

Það er mjög mikilvægt að velta fyrir sér hvert hlutverk Ríkisútvarpsins er á tímum aukinnar samkeppni og velta því fyrir sér með hvaða hætti því hlutverki verður best sinnt og einnig og ekkert síður hvaða áhrif ríkisfjölmiðill getur haft á það hvernig aðrir fjölmiðlar meðhöndla efni sitt. Hæstv. ráðherra nefndi það hér að 960 þús. sem greidd hefðu verið fyrir skýrsluna væru ekki há upphæð. Það væri ekki bruðl með almannafé. Þá ætla ég að benda hæstv. ráðherra á það að Landssamtök áhugafólks um flogaveiki fá 400 þús. kr. styrk frá ríkinu, Styrktarfélag Parkinsonssjúklinga fær 200

þús. kr. á þessu ári, Alnæmissamtökin fá 500 þús. kr. á þessu ári og þótti ýmsum nóg um.

[14:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þær skoðanir sem koma fram í skýrslu starfshóps menntmrh. um endurskoðun á útvarpslögum koma vissulega ekki á óvart, sérstaklega í ljósi þess að hópinn skipa nánast einvörðungu flokksmenn ráðherrans. Afstaðan til Ríkisútvarpsins er á sömu lund og maður hefur heyrt úr þeirri átt undanfarin ár og ég er mest hissa á því að því skuli ætluð einhver tilvist í þessum tillögum. Ríkisútvarpið skal hverfa af auglýsingamarkaði, afnotagjöld lögð niður, nefskattur skal koma í staðinn og við þekkjum það öll í þessari virðulegu stofnun hvernig markaðir tekjustofnar hafa skilað sér til þeirra verkefna sem þeir eru ætlaðir. Þar tala dæmin hvert af öðru. Verði nefskattsleiðin ekki farin, þá á rekstur Ríkisútvarpsins að byggjast á framlagi fjárveitingavaldsins samkvæmt samþykkt fjárlaga hverju sinni.

Hvað þýðir þetta á mannamáli, herra forseti? Mér virðist þetta þýða að það sé í raun og veru verið að kippa tilvistargrundvelli undan Ríkisútvarpinu. En sem betur fer kom það fram í máli hæstv. ráðherra að það er ekki ætlunin með þessari skýrslu, það eru ekki skoðanir og vilji ráðherrans gagnvart Ríkisútvarpinu. Tilgangurinn með skýrslunni er umræðugrundvöllur og það er ekki hægt að segja annað en þeim tilgangi hafi verið náð því að hún er þegar orðin umræðugrundvöllur í þinginu. Ég ætla því ekki að gera frekar að umtalsefni tillögur þessarar nefndar sem snúa að Ríkisútvarpinu nema óbeint því að við skulum athuga hvort þær eiga meirihlutahljómgrunn í þinginu en umræðugrundvöllurinn er þegar orðinn. En mig langar til að vita hvort annað í skýrslunni samræmist skoðunum ráðherrans því að það er komið víða annars staðar við varðandi rekstur útvarps og fjölmiðla en að Ríkisútvarpinu.

Í vetur var hæstv. ráðherra inntur álits að mótun opinberrar fjölmiðlastefnu sem hann svaraði með því, með beinni tilvitnun í orð ráðherrans, með leyfi forseta: „Varasamt væri að fara inn á þá braut að móta fjölmiðlastefnu." Þetta var í umræðu um þáltill. okkar Lilju Guðmundsdóttur, varaþingmanns Þjóðvaka. Hvað annað er hæstv. ráðherra að gera þegar hann er að láta flokksmenn sína vinna þessa skýrslu en að móta fjölmiðlastefnu? En ég held að það væri vænlegast fyrir ríkisstjórnarflokkana báða að huga að stefnumótun þessarar ríkisstjórnar í fjölmiðlamálum. Ég trúi því ekki að Framsfl., hinn aðilinn í þessari ríkisstjórn, muni kúvenda svo í stefnu sinni hvað varðar Ríkisútvarpið að hann taki undir tillögur nefndarinnar um þá stofnun.

Mig langar til að koma aðeins að öðru sem eru leikreglurnar á frjálsum markaði sem nefndarmenn víkja sérstaklega að, þ.e. hringamyndun sem þeir nefna samþjöppun eignarhalds og svo að frjálsri samkeppni sem þeir víkja að á bls. 67. Þar er sagt: „Aukið frjálsræði á ljósvakamarkaði og fjölgun útvarpsstöðva hefur valdið vaxandi áhyggjum ráðamanna í Evrópu af samþjöppun eignarhalds á ljósvakamiðlum og fjölmiðlum almennt. Af þeim sökum hafa frá árinu 1986 verið sett margvísleg lög á þessu sviði í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu sem öll hafa það að markmiði að takmarka möguleikann á samþjöppun eignarhalds samstiga auknu frelsi í fjölmiðlun." Síðan er talið upp að í þessari lagasetningu sé fjallað um takmörkun eignar á fleiri en einum fjölmiðli á sama sviði, takmörkun möguleika á því að eiga fleiri en einn fjölmiðil á hverju sviði fjölmiðlunar, svo sem útvarp, sjónvarp, dagblöð og tímarit, skorður við mögulegri hámarkseign á ljósvakamiðli o.s.frv. Síðan segir á bls. 69 í skýrslu nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Ákjósanlegra er að samkeppni á ljósvakamarkaði og starfsemi ljósvakamiðla í heild lúti sömu almennu leikreglum og aðrar atvinnugreinar í landinu."

Það er hreint hlægilegt að lesa tillögur þessarar frjálshyggjunefndar Sjálfstfl., sérstaklega þegar kemur að frjálsri samkeppni þar sem þeir segja að það þurfi að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið raski þeim leikreglum sem ættu að gilda á frjálsum markaði. Þetta er hjákátlegt í ljósi síðustu verka útvarpsréttarnefndar með framkvæmdastjóra Sjálfstfl. í fararbroddi sem formann útvarpsréttarnefndar þar sem farið er þvert á anda samkeppnislaga við úthlutun sjónvarpsrása sem raskaði vissulega þeim leikreglum sem gilda ættu í frjálsri samkeppni einkarekinna sjónvarpsstöðva, svo að orðalagið í skýrslunni sé tekið beint upp. Þar var markaðsráðandi fjölmiðlafyrirtæki afhent eftirsótt takmörkuð auðlind, þ.e. sjónvarpsrásir, á kostnað eina samkeppnisaðilans.

Hér fara vissulega ekki saman orð og athafnir sjálfstæðismanna, hæstv. ráðherra. Það er tímabært að sjálfstæðismenn hugi að því hvort þeir vinna í anda þeirra hugmynda sem þeir eru að boða í þessari skýrslu áður en lengra verður haldið. Ég hef heldur ekki heyrt sjálfstæðismenn hafa áhyggjur af þeirri samþjöppun eignarhalds sem er að verða á ljósvakamiðlum og fjölmiðlum almennt hér sem ég benti hér á í utandagskrárumræðu á dögunum og snýr að Íslenska útvarpsfélaginu, Stöð 2, Sýn, útvarpsstöðinni Bylgjunni, DV og rekstrarfélagi Tímans. Er þetta trúverðugur málflutningur, herra forseti, af áhyggjum nefndarinnar á samþjöppun eignarhalds í fjölmiðlum?

Það er sannarlega þörf á skýrum reglum um rekstur ljósvakamiðla hér á landi og lög og reglur um Ríkisútvarpið sem og aðra ljósvakamiðla þurfa einnig að vera í stöðugri endurskoðun í síbreytilegum heimi.

Það er einnig komið inn á nokkra þætti sem ég get fyllilega tekið undir í þessari skýrslu ráðherrans. Þar má t.d. nefna svokallaða „kostun" á dagskrárefni í Ríkisútvarpinu sem ég hef verið andvíg og ég tek undir með nefnd ráðherrans að samrýmist ekki sérstöðu Ríkisútvarpsins eða heldur sæmir því ekki sem menningarstofnun. Hlutverk útvarpsráðs tel ég rétt að endurskoða, en ég hef vissulega miklar efasemdir um ágæti þess að menntmrh. skipi alla fulltrúa í rekstrarstjórn leysi hún útvarpsráð af hólmi eins og lagt er til í skýrslunni. Það má minna á það að Mörður Árnason, varaþingmaður Þjóðvaka, lagði fram í vetur frv. sem tekur á breyttu hlutverki ráðsins.

Nefndin er einnig með ýmsar tillögur í skýrslunni sem ég hef vakið máls á á Alþingi hvað varðar ljósvakamiðla en ráðherrann hefur reyndar lagst gegn í umræðunni, svo sem skýrar reglur um úthlutun sjónvarpsrása, sem ég var að minnast á áðan, en núgildandi ástand er óviðunandi í þeim málum. Nefndin er einnig með tillögur um mótun opinberrar fjölmiðlastefnu sem er greinilega verið að móta þó að einlitur hópur hafi komið þar að verki. Síðan hefur verið til umræðu að leggja niður Menningarsjóð útvarpsstöðva og stöðvarnar haldi auglýsingatekjum sínum óskertum til dagskrárgerðar. Það hef ég lagt til a.m.k. á tveimur þingum án þess að ráðherrann hafi tekið undir það. Ef hæstv. menntmrh. er sammála nefnd sinni í þessum efnum fagna ég vissulega sinnaskiptum hans en ég fordæmi aðförina að Ríkisútvarpinu sem ég tel ómaklega og eins og kom fram áðan er ekki

„skoðun ráðherrans" heldur aðeins umræðugrundvöllur svo að ég vitni í og ítreki orð ráðherrans.

Varðandi frekari vinnu að undirbúningi nýrra útvarpslaga þá þyrfti að koma að henni fjölbreytilegur hópur en ekki það einlita lið sem hér var að verki. Ný útvarpslög þarf að vinna í sátt við almenning og því hvet ég framsóknarmenn til að bretta upp ermarnar og sjá til þess að fleiri en stjórnarliðar komi að þessu verki því hér er vissulega ærið verk að vinna. Reyndar vona ég að það sé ekki svo komið fyrir þeim eins og einhver kallaði fram í fyrr í umræðunni að þeir geti kannski ekki brett upp ermarnar lengur af því að það væri búið að sauma svo að þeim í þessu ríkisstjórnarsamstarfi.

[14:17]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Nú munu vera um það bil 20 ár síðan frú Margrét Thatcher komst til valda í Bretlandi og hefur flokkur hennar setið þar linnulaust síðan. Þar er óhætt að segja að upp hafi verið brettar ermar, virðulegi þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og ákvarðanir ýmsar þeirrar ríkisstjórnar hafa verið umdeildar. Sumar breytingar á ríkisrekstri þar virðast hafa heppnast vel en aðrar mjög umdeildar svo ekki sé meira sagt. Hitt vekur þó athygli að á þessum tíma hefur breska þjóðin að meðtöldum íhaldsmönnum verið sammála um að mynda skjaldborg utan um breska ríkisfjölmiðilinn BBC. Þessi staðreynd er athyglisverð í ljósi þeirra tillagna sem liggja fyrir í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu.

Svo virðist sem tillaga nefndarinnar sé sú að minnka fjárveitingar til Ríkisútvarpsins, draga að flestu leyti úr umsvifum þess hvort heldur er til dagskrárgerðar, fréttaþjónustu, öryggismála eða dreifingar. Það er með öðrum orðum verið að varpa upp hugmyndum sem frú Margrét Thatcher virðist ekki einu sinni hafa komið í hug.

Hér er vitaskuld um mjög pólitískt mál að ræða og verður örugglega tekist á um núna næstu mánuði og markar umræðan í dag væntanlega upphaf þeirrar vinnu. Umrædd skýrsla hefur þar af leiðandi sannað gildi sitt sem ágætur umræðugrundvöllur og útgangspunktur. Á fáeinum mínútum gefst ekki svigrúm til þess að skoða einstaka liði hennar nákvæmlega en ég leyfi mér að lýsa yfir ákveðnum efasemdum við ýmsar þær forsendur sem skýrsluhöfundar gefa sér. Ég nefni tvær.

Sterklega er gefið í skyn að rekstur Ríkisútvarpsins á Íslandi sé óeðlilega dýr. Ef við skoðum saman rekstur nokkurra annarra sjónvarpsstöðva erlendis kemur í ljós að klukkutími í útsendingu í breska ríkissjónvarpinu BBC er rúmar 5 millj. kr. Í danska og sænska sjónvarpinu er sambærilegur kostnaður um 3 millj. kr. Og hverjar skyldu sambærilegar tölur vera í íslenska sjónvarpinu? Um það bil 300 þús. kr. á klukkustund eða 10 sinnum lægri en í Danmörku og Svíþjóð. Það finnst mér hæpin forsenda.

Í annan stað er bent á sem veikleika í ríkisútvarpi á Íslandi að fjölgun mínútna, þ.e. aukning í útsendingu hefur verið að meðaltali lægri hér á landi en í öðrum Evrópuríkjum. Það finnst mér vægast sagt hæpin forsenda því að ég bendi á að Rás 2 útvarpar nú þegar 24 tíma á sólarhring og sé því ekki hvar mætti koma fyrir aukningu í útsendingu. Fleiri dæmi af svipuðum toga mætti nefna en verður að bíða betri tíma. Þó vil ég nefna að í skýrslunni er talað um að þjóðhagslega hagkvæmt geti verið að fela einkaaðilum tiltekna þætti í útvarpinu. Þá vil ég spyrja: Af hverju þá ekki að ganga skrefið til fulls og leggja Ríkisútvarpið niður því að þar kunna að sparast miklir peningar? En þá verðum við að spyrja: Hvað tekur við? Hverju erum við þá að sleppa? Það eru mörg víti að varast.

Nú vil ég nefna dæmi af einni sjónvarpsstöð starfandi á Íslandi. Frá því að hún opnaði hefur hún ekki sýnt eina einustu mínútu af íslensku efni. Það sem er meira, hún sýnir grófara ofbeldi en nokkru sinni hefur sést í íslenskri sjónvarpsstöð. Ég nefni enn fremur að þessi sjónvarpsstöð sýnir grófara klám en nokkru sinni hefur sést í íslensku sjónvarpi. Ég nefni þetta vegna þess að það mál er mjög alvarlegt, svo alvarlegt að ég vil skora á hæstv. menntmrh. að beita sér í krafti embættis síns til þess að athugað verði hvort slíkt hátterni í sýningum er löglegt, til varnar íslenskum börnum.

Skilji samt enginn orð mín svo að ég leggist gegn einkastöðvum í fjölmiðlun. Við höfum til allrar hamingju ánægjuleg dæmi um metnaðarfulla og vel heppnaða dagskrárgerð í fjölmiðlum þar sem er t.d. Stöð 2 og Bylgjan. Með tilkomu þeirra útvarps- og sjónvarpsstöðva skapaðist hæfileg, eðlileg og tímabær samkeppni við Ríkisútvarpið og Ríkisútvarpið tók við sér til allrar hamingju. Við verðum að átta okkur á því að ríkisútvarp gegnir öðrum skyldum en einkastöðvar geta nokkru sinni axlað. Hagnaðarvonin rekur og á að reka þær til verka og er ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar eru ýmsir þættir sem geta aldrei rúmast innan lögmála markaðarins, m.a. af því að þeir munu aldrei skila hagnaði. Þar koma til skyldur ríkisins gagnvart þegnum sínum. Þar er hin lýðræðislega skylda ríkisins, nefnilega sú skylda að halda uppi þeim fjölbreytileika sem einkennir mannlífið, gefa öllum hópum kost á að láta til sín heyra, gefa öllum hópum færi á að njóta menningarefnis, jafnvel þó fámennir séu. Þannig hefur einmitt fjölbreytileikinn og trúverðugleikinn verið aðalsmerki Ríkisútvarpsins og þjóðin sátt við þann fjölbreytileika af því að hann er lýðræðislegur, hefur einkenni umburðarlyndis og er óháður hagnaðarvon. Ég minni á að Ríkisútvarpið hefur löngum verið talinn öflugasti háskóli þjóðarinnar með öllum sínum fjölbreytileik.

Aldrei finnur maðurinn jafnmikið til smæðar sinnar eins og þegar náttúruhamfarir bresta á. Við minnumst sorglegra atburða vestan af fjörðum frá sl. vetri. Þá kom í ljós hversu illa er búið að Ríkisútvarpinu í öryggsmálum. Mér sýnist vera fetað inn á svipaðar slóðir í umræddri skýrslu. Ég mun aldrei geta fallist á hringlandahátt með öryggishlutverk Ríkisútvarpsins. Þjóðin ætlast til þess að það standi sig á slíkum stundum og það fjöregg skulum við ekki bregða á leik með. Í nefndinni er lagt til að útvaprsráð verði lagt niður og komið á koppinn fimm manna rekstrarstjórn skipaðri af einum og sama aðila, ráðherra. Þá er ráðherra ætlað að veita rekstrarleyfi til nýrra útvarpsstöðva og í nefndartillögunum er ekki gert ráð fyrir neinni takmörkun á eignaraðild einkastöðva. Þetta þýðir m.a. að einn aðili getur ráðið örlögum fjölmiðla heillar þjóðar. Þetta þýðir líka að einn fjársterkur aðili getur eignast fjölmiðla landsins. Það er í mótsögn við grundvallaratriði lýðræðisins. Hins vegar höfum við dæmi um það hvernig pólitísk afskiptasemi útvarpsráðs hefur skaðað innra starf útvarpsins.

Herra forseti. Í uppsiglingu er mikil átakavinna um framtíð Ríkisútvarps og sjónvarps á Íslandi, endurskoðun útvarpslaga er þörf. Það er spennandi vinna fram undan þar sem er tekist á um pólitísk ágreiningsefni en umræðan mun snúast fyrst og síðast um metnaðarfulla fjölmiðlun og menningarlega fjölmiðlun á Íslandi. Hvernig verður henni best fyrir komið í ríkisfjölmiðlum og einkastöðvum þannig að öll

þjóðin geti notið en ekki bara takmarkaður hluti hennar?

[14:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla til menntrmh. um endurskoðun á útvarpslögum eins og segir á titilsíðu. Hún er unnin á vegum menntmrn. og því væntanlega kostuð af almannafé. Hér er þó ekki um stefnu ríkisstjórnarinnar að ræða eins og kom fram hjá talsmanni Framsfl. Því væri nær að kalla þetta vinnuplagg Sjálfstfl., vinnuplagg þar sem stefna menntmrh. kemur fram hrein og skýr enda hefur hann lýst yfir ánægju sinni með þessar hugmyndir.

Þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð vekja fyrst og fremst athygli því það er alveg á mörkunum að það sé boðlegt að Alþingi sé að ræða hugmyndir annars stjórnarflokksins um þessi mál. Mér er ekki kunnugt um að stjfrv. sé í vændum því að ekkert slíkt kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Því liggur beint við að spyrja: Hvers konar plagg er þetta eiginlega?

Í samantekt skýrslunnar kemur fram að meginviðfangsefnið hafi verið að tryggja hag innlendrar dagskrárgerðar og megininntak skýrslunnar sé að leita leiða til þess. Titill skýrslunnar er hins vegar: „Skýrsla um endurskoðun á útvarpslögum." Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. og talsmenn Framsfl. hvort þessi skýrsla segi eitthvað til um hvað ríkisstjórnin hyggst gera á þessu sviði og stefnu hennar gagnvart einni merkustu menningarstofnun þjóðarinnar, Ríkisútvarpinu.

Í stefnuskrá Kvennalistans er lögð áhersla á að rekstrargrundvöllur Ríkisútvarpsins verði tryggður svo að það geti sinnt því upplýsinga-, menningar- og öryggishlutverki sem því er ætlað. Þá er lögð áhersla á að auka hlut innlendrar framleiðslu á útvarpsefni hjá Ríkisútvarpinu. Hvernig samræmast hugmyndir skýrsluhöfunda þessum hugmyndum Kvennalistans?

Efnislega virðist mér að markmið skýrslunnar sé annað en af er látið. Í fyrsta lagi virðist meginmarkmiðið vera að skapa aukið svigrúm fyrir einkamiðla og það sé fyrst og fremst það sem er verið að gera þannig að hvorki er það titill skýrslunnar né það sem segir í samantekt um inntakið sem er aðalatriði. Hvernig ætla svo skýrsluhöfundar að auka svigrúm einkarekinna miðla? Í fyrsta lagi á að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði 1. jan. 1999. Reyndar bendir einn nefndarmanna á að það gangi ekki upp gagnvart sjónvarpinu því að væntanlega komi þar upp fákeppni nema fleiri sjónvarpsstöðvar komi til og þess vegna eigi þetta aðallega við hljóðvarpið.

Í öðru lagi er lagt til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður þannig að auglýsingatekjur stöðvanna fari óskertar til einkastöðvanna og þeirra eigin nota. Það þarf ekki að orðlengja um það á þessum vettvangi að vissulega er Menningarsjóðurinn umdeildur en hér er ekki eitt orð um það hvernig eigi t.d. að fjármagna Sinfóníuhljómsveitina ef hann verður lagður niður sem ég tel alveg nauðsynlegt að taka á.

Í þriðja lagi á að kippa stoðum undan sjálfstæði Ríkisútvarpsins með því að leggja niður afnotagjöldin og setja í staðinn nefskatt á einstaklinga 16 ára og eldri. Ég vek athygli á því að fjölmennari fjölskyldur þyrftu þá að greiða meira til Ríkisútvarpsins en fámennari. Einnig þykir koma til greina að fjárframlög til Ríkisútvarpsins verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni. Það sér hver heilvita maður að þá verður það í höndum fjárln. hverju sinni hvort Ríkisútvarpið fær yfir höfuð rekstrarfjármagn.

Fjórða leiðin til þess að efla einkafjölmiðlana er að takmarka starfsemi Ríkisútvarpsins við það sem ekki verður gert annars staðar. Það þýðir að mínu mati væntanlega að leggja á niður Rás 2 þótt að það sé ekki sagt beinum orðum.

Til að ná þessum markmiðum þarf auðsjáanlega að breyta útvarpslögunum og breyta starfsemi Ríkisútvarpsins. Auk þess sem ég hef þegar nefnt á líka að leggja niður útvarpsráð. Ég vil taka undir þá hugmynd. Við kvennalistakonur höfum gert það áður og teljum að það þurfi að hugleiða vel hvort rétt sé að stjórna Ríkisútvarpinu með pólitískt skipuðu útvarpsráði. En hvað á að koma í staðinn? Fimm manna rekstrarstjórn sem ráðherra einn ræður yfir. Í stað þess að þeir flokkar sem sitja á Alþingi stjórni Ríkisútvarpinu, á það að vera ráðherra einn. Ég tel afar vafasamt hvernig þessum málum er fyrir komið.

Þá vil ég taka undir þá hugmynd að lögð verði niður svokölluð kostun við gerð dagskrárefnis. Ég tel það ekki samræmast menningarhlutverki útvarpsins.

Herra forseti. Þótt útvarpslögin þurfi stöðugt að vera í endurskoðun, ekki síst vegna örra tækniframfara og vaxandi starfsemi fjölmiðla í nútímaþjóðfélagi, þá er að mínu mati alveg ljóst að þessar hugmyndir tryggja alls ekki að Ríkisútvarpið geti sinnt sínu upplýsingar-, menningar- og öryggishlutverki almennilega. Reyndar er gefið skýrt til kynna að öryggishlutverk Ríkisútvarpsins geti flust yfir á einkastöðvar. Sú lausn er þó alls ekki í spilunum á þessari stundu eins og hv. málshefjandi og fleiri aðilar hafa bent á. Þótt menningarverðlaun ljósvakamiðla séu ágætishugmynd munu þau ein og sér alls ekki duga til að tryggja gott menningarefni í ljósvakamiðlunum, ekki síst ef Ríkisútvarpið missir sjálfstæði sitt og veikist sem stofnun. Þess vegna er ég mjög mótfallin þessum hugmyndum þó ég sé alls ekki þar með að segja að ekkert megi breytast hjá Ríkisútvarpinu.

Frjáls fjölmiðlun er vissulega eitt af megineinkennum nútímaþjóðfélags. Frjálsir ljósvakamiðlar eiga fullan rétt á sér. En ég tel að flestir landsmenn séu sammála um að sterkur ríkisfjölmiðill sé nauðsynlegur til þess að tryggja að fjölmiðlar sinni sínu menningar-, upplýsinga- og öryggishlutverki. Það er ekki tryggt í þessum hugmyndum og það verður að vera tryggt ef við eigum að lifa af í okkar hættulega landi, lifa af sem sjálfstæð menningarþjóð. Á það leggur Kvennalistinn áherslu.

[14:34]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég get ekki annað en fagnað þeim meginhugmyndum sem fram koma í skýrslu nefndarinnar um breytingar á útvarpslögum og rekstri Ríkisútvarpsins. Ég fagna því einnig að það er samhljómur með þessari skýrslu sem við erum að ræða og skýrslu Ríkisendurskoðunar um Ríkisútvarpið, sérstaklega hvað varðar fjármögnun, innheimtu og dreifikerfi. Hins vegar sýnir þessi umræða og reyndar umræður undanfarandi ára hversu skammt við Íslendingar erum komnir í þróun fjölmiðla. Hún sýnir hversu tilhneigingin til afskipta af fjölmiðlum er mikil hjá okkur og hún sýnir líka hversu Ríkisútvarpið er fyrirferðarmikið á okkar fjölmiðlamarkaði.

Við þurfum að spyrja okkur þeirrar grundvallarspurningar: Á Alþingi og framkvæmdarvaldið yfir höfuð að vera að skipta sér af fjölmiðlunum? Ef við erum þeirrar skoðunar að það eigi að skipta sér af fjölmiðlunum, hver eiga þá þau

afskipti að vera og hvernig á að fjármagna þau afskipti? Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi og framkvæmdarvaldið hafi hlutverki að gegna hvað varðar fjölmiðlana. Ég held að það hlutverk eigi að snúa að því að styðja innlenda fjölmiðla í samkeppni við erlent dagskrárefni, styðja innlenda dagskrárgerð sérstaklega fyrir sjónvarp því að þaðan kemur hin erlenda samkeppni. Þá er það spurningin: Hvernig ætlum við að fjármagna þessa starfsemi?

Mér sýnist á þeim tillögum sem fram hafa komið bæði frá Ríkisendurskoðun og þessari nefnd að nefskattur sé vænlegastur. Sú skýrsla sem hér er til umræðu sýnist mér leggja til grundvallar sem skipulag Ríkisútvarps á Íslandi það sem í gildi er í Bretlandi, það skipulag sem er hjá BBC. Það er rangt sem fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að það hafi ekkert gerst í útvarpsmálum á Bretlandi frá því að frú Margrét Thatcher kom þar til valda og Íhaldsflokkurinn. Þar hafa orðið gífurlega miklar breytingar, nýjar rásir frjálsra fjölmiðla, Channel 4, Sky News, kapalkerfi og mikill fjöldi útvarpsrása. Ég held hins vegar að þær breytingar sem þessi skýrsla boðar hefðu þurft að eiga sér stað fyrir svo sem fimm til sjö árum. Ef við á Alþingi ætlum að fylgjast með tækninni og fylgjast með þróuninni ættum við í dag að vera að ræða um það hvernig hið opinbera ætlaði að styrkja innlenda dagskrárgerð hjá frjálsum útvarps- og sjónvarpsstöðvum sem kepptu síðan sín á milli og nýttu sér þannig þá nýju tæknilegu möguleika sem margmiðlunin gefur í fjölmiðlaheiminum.

[14:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Skýrsla starfshóps á vegum menntmrh. um útvarpslög vekur óneitanlga athygli, ekki síst vegna þess hversu einsleitur þessi starfshópur er. Einhvern veginn finnst mér að áherslan hafi öll legið á eindrægnina innan hópsins og ég sé einnig á niðurstöðunni að hún hefur ekki brugðist.

Það þarf engan að undra þó hrekklausir framsóknarmenn komi alveg af fjöllum þegar þeir verða vitni að vinnubrögðum menntmrh. við framkvæmd þeirra háleitu markmiða sem fram komu í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í menningarmálum. Í Morgunblaðinu 4. maí sl. er haft eftir hv. þingflokksformanni þeirra, Valgerði Sverrisdóttur, að þessar hugmyndir starfshóps um endurskoðun komi þeim í opna skjöldu. Þingflokksformaðurinn sagði einnig að þingmenn Framsfl. hefðu ekkert vitað um vinnu starfshópsins sem menntmrh. skipaði til að endurskoða útvarpslögin. Hér þarf enginn að ganga þess dulinn hverjir eru húsbændur og hverjir hjú í hæstv. ríkisstjórn. Slíkt er til mikillar hagræðingar á stjórnarheimilinu. Enginn er með derring, enda heldur hv. þingflokksformaður áfram samkvæmt Morgunblaðinu 4. maí, með leyfi hæstv. forseta:

„Við munum auðvitað taka þátt í þeirri vinnu sem hlýtur að vera fram undan og reyndar hefur menntmrh. þegar óskað eftir að við skipum fólk í nefnd sem ætlað er að móta frekari tillögur. Það hefði þó verið að mörgu leyti einfaldara að vinna að málinu ef við hefðum komið fyrr að því.“

Hér er ekki uppivöðslusemin og ekki ráðríkið. Hitt er aftur á móti misskilningur hjá hv. þingflokksformanni að samráð sé einfaldara. Það hefur nefnilega birst með átakanlegum hætti í öðrum málum sem liggja fyrir Alþingi að ekkert lætur hæstv. ríkisstjórn eins illa og samráð. Og mikið þarf að halda af samráðsfundum ef á að takast að sætta framsóknarmenn fullkomlega við tillögurnar ef marka má orð talsmanns Framsfl. hér á undan, hv. þm. Hjálmars Árnasonar, 7. þm. Reykn.

Eitt meginmarkmiðið með tillögum nefndarinnar er að svipta Ríkisútvarpið bæði auglýsinga- og afnotagjöldum, leggja niður þann þátt í tekjuöflun sem fellur undir hugtakið kostun og sem gildir um sjónvarpsmyndir og sjónvarpsþætti. Ríkisútvarpið á með öðrum orðum að verða með öllu háð fjmrh. um tekjur. Verði Ríkisútvarpið svipt þeim tekjum sem hafa veitt því þó það sjálfstæði sem það hefur haft jafngildir það yfirlýsingu þess efnis að Ríkisútvarpið mætti eins leggja niður. Skýrsla starfshópsins greiðir ekki fyrir umræðum um Ríkisútvarpið. Þvert á móti gæti skýrslan orðið til að tefja fyrir nauðsynlegum úrbótum.

[14:41]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Útvarpsrekstur á Íslandi býr við 11 ára gömul lög. Þau eru frá 1985. Á þessum 11 árum hefur orðið slík bylting í útvarpsrekstri á Íslandi að þeir heimar sem við þekkjum nú og voru fyrir 11 árum eru gerólíkir. Á þessum 11 árum hafa komið fram margar góðar einkastöðvar sem hafa rutt veginn, komið fram með nýjungar sem voru þarfar og svo sannarlega hefur Ríkisútvarpið heldur ekki látið sitt eftir liggja í nýjungum.

Það er því algerlega óviðunandi að Alþingi bjóði útvarpsrekstri að búa við þessi lög sem eru 11 ára gömul. Það er brýnasta verkefni Alþingis að snúa sér að því að setja ný lög, móta þá stefnu sem þarf að vera um útvarpsrekstur á Íslandi, ræða þá lagasetningu og setja. Í því efni þarf að sjálfsögðu að hafa öll þau sjónarmið sem til eru á Alþingi til hliðsjónar og það þarf sömuleiðis að leita út fyrir Alþingi eftir þeim sjónarmiðum sem utan þings eru því að útvarpið er ekki einkaeign alþingismanna, það er ekki einkaeign menntmrh. Það þarf að gefa sér góðan tíma og flana ekki að neinu og hafa þau sjónarmið að sjálfsögðu í fyrirrúmi að Ríkisútvarpið þarf að ná til allra landsmanna og hinna dreifðu byggða og hefur þar sérstakri skyldu að gegna því margir landsmenn hafa ekki að öðru að hverfa en Ríkisútvarpinu. Þá á ég líka við auglýsingar og að sjálfsögðu eiga allir Íslendingar rétt á að heyra auglýsingar. Það þarf að hafa sjónarmið menningar, uppeldis, íslenskrar tungu og varðveislu sögu til hliðsjónar, en hvergi er nútímasaga landsins betur varðveitt en einmitt hjá Ríkisútvarpinu.

Hér liggur fyrir skýrsla starfshóps menntmrh. Ég vil taka það skýrt fram að sú skýrsla er ekki samin í samráði við Framsfl. og þar kemur ekki fram sú stefna sem hefur verið samþykkt af Framsfl. þó svo að við kunnum að fallast á einhver þau atriði sem þar koma fram. Því miður er skýrslunni um mjög marga þætti ábótavant og hefur margt af því komið hér fram, þó svo að þar séu líka góð sjónarmið sem þarf að hafa til hliðsjónar þegar til endurskoðunar kemur. Við skulum ekki láta eins og þakið sé að fara af húsinu þótt skýrsla komi fram hjá starfshópi. Þetta er aðeins eitt sjónarmiðið. Það er að vísu þröngt, þykir nokkrum. Önnur sjónarmið eiga eftir að koma fram, m.a. hjá okkar framsóknarmönnum og öðrum sem hér eru í þingsölumog víðar að. Ég mun ræða við skýrsluhöfunda eða aðra í undirbúningi laganna þegar þar að kemur. En það er ferðahugur í menntmrh. Hann hefur skilið okkur framsóknarmenn eftir. Undanfarar hans hafa litið af sjónarhóli sem mér þykir nokkuð lágur, útsýnið takmarkað og fyrirheitnu löndin sem þeir sjá eru ekki þau sem ég sé, en vonandi náum við öll á leiðarenda. Það er mörgu ábótavant

í Ríkisútvarpinu. Það er verið að laga þar reksturinn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Rétt að lokum. Ég hafna því alfarið að taka auglýsingatekjur af Ríkisútvarpinu. Með því er sjálfstæði og sérstaklega fjárhagslegu sjálfstæði Ríkisútvarpsins lokið. Ekkert er mönnum, fréttamiðli og fjölmiðli mikilvægara en sjálfstæði, sérstaklega fjárhagslegt sjálfstæði.

[14:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, fyrir að taka þetta mál upp í umræðum á hinu háa Alþingi. Hann gerði í framsöguræðu sinni heiðarlega tilraun til þess að spyrja hæstv. ráðherra málefnalegra spurninga um einstök atriði í þessari margnefndu skýrslu. Hæstv. ráðherra greip hins vegar til þess ráðs, þvert á eigin yfirlýsingar, að forðast þá umræðu, en varði tíma sínum í frásögn af aðdraganda skýrslunnar. Ég ætla að staldra við þá þætti.

Ég spyr beint: Eru fleiri starfshópar af þessum toga, starfshópar sem skipaðir eru sjálfstæðismönnum, starfshópar sem eiga að hafa sitt athvarf og aðsetur í Valhöll en ekki menntmrn., í gangi hjá hæstv. menntmrh. með eða án vitneskju Framsfl.?

Það er einnig yfirlýst að framsóknarmenn hafa sett í gang eigin starfshóp um þetta sama málefni. Ég vil spyrja talsmenn flokksins: Í hvaða ráðuneyti eru þeir starfshópar vistaðir? Það er fullkomlega óeðlilegt að einstök ráðuneyti kosti og ali önn fyrir starfi starfshópa af þeim toga sem hér um ræðir. Það mátti ætla af ræðu hæstv. ráðherra að einber tilviljun hefði orsakað það að þrír af fjórum nefndarmönnum í þessum starfshópi eru sjálfstæðismenn. Einn er þingmaður flokksins, annar er sérstaklega skipaður formaður útvarpsráðs, yfirlýstur sjálfstæðismaður og sá þriðji er af algerri tilviljun aðstoðarmaður hæstv. ráðherra. Á þeim fjórða kann ég ekki flokkspólitísk deili, en hann hefur hins vegar augljóslega hagsmuna að gæta í þessu máli og þarf ekki að fara fleiri orðum um það.

Það þarf að liggja mjög skýrt fyrir, ef þetta eru hin nýju vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, í hversu miklum mæli er um það að ræða að verið sé að semja stefnuskrár hvors stjórnarflokksins um sig í hinum einstökum ráðuneytum. Það er vinna sem eðlilega ætti að fara fram annars vegar í Valhöll og hins vegar við Rauðarárstíg, eða hvar Framsfl. hefur holað sér niður upp á síðkastið. (**Gripið fram í:** Í Hafnarstræti.) Í Hafnarstræti er það raunar. Ég óska því eindregið eftir þeim upplýsingum ef hæstv. ráðherra heldur fast við það að hér sé um eðlileg og skynsamleg vinnubrögð að ræða.

Enn fremur hlýt ég að árétta spurningar málshefjanda um efnisleg atriði á borð við auglýsingamarkað, kostun, skyldur við dreifikerfið um land allt, útvarpsráð, um alveldi og altæk völd ráðherra o.s.frv., og að ráðherra geri okkur grein fyrir því hvort þessi stefna Valhallar, þessi stefna Sjálfstfl. í útvarpsmálum sé honum að skapi eða ekki. Það þýðir ekkert að afgreiða málið með því að hér séu einhverjir menn úti í bæ að lýsa sínum prívatskoðunum á málinu og hans hlutverk sé það eitt að koma málum á framfæri í almenna þjóðfélagsumræðu.

Í bláendann, virðulegi forseti. Toppurinn á þessari umræðu hlýtur að vera sá sem kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Hann lýsti því að hugmyndir þessar gengju jafnvel lengra en hugmyndir íhaldsins í Bretlandi, thatcherisminn, en samt væri þetta prýðilegur útgangspunktur, samt væri þetta prýðilegur umræðugrundvöllur.

[14:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það vekur nokkra athygli að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. er ekki minnst einu orði á Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir það hefur ekkert lát verið á skýrslum á undanförnum árum um Ríkisútvarpið. Ég kannast ekki við að nokkur einasta ríkisstofnun önnur sem megi búa við þvílík afskipti af sínum innri málum og Ríkisútvarpið. Við hljótum að spyrja: Hvernig stendur á þessu?

Mín skýring er sú að innan Sjálfstfl. er hópur sem sér miklum ofsjónum yfir styrk þessa fjölmiðils og er sífellt að reyna að finna leiðir til þess að sauma að Ríkisútvarpinu. Hvers vegna? Við hljótum að spyrja okkur að því. Er verið að gera breytingar á ríkisútvarpi og sjónvarpi á Norðurlöndunum eða á BBC eins og hér hefur verið orðað? Ég kannast ekki við það. Er kominn tími til að þessi ágæta og mikilvæga ríkisstofnun fái að taka sjálf á sínum innri málum eins og er reyndar verið að gera núna með ákveðinni úttekt sem þar á sér stað? Nei. Hæstv. menntmrh. vill breyta hlutverki Ríkisútvarpsins og þeim aðstæðum sem það býr við. Hér eru að baki einhverjar furðulegar hugmyndir. Ég hlýt að spyrja: Er Ríkisútvarpið svona mikið fyrir á markaðnum? Komast aðrar stöðvar ekki að? Væri ekki nær að þessar stöðvar, útvarp og sjónvarp, reyndu að standa sig í samkeppninni, reyndu að standa sig á markaðnum því að það gera þær alls ekki.

Það rifjast upp fyrir mér að fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson sem var menntmrh. á árunum 1985–1987 komst þannig að orði að sú fjölmiðlabylting sem þá væri í þann veginn að hefjast hefði nú leitt til þess að það væri verið að hella úr amerískum ruslatunnum yfir almenning hér á landi. Hafi þau ummæli átt við á þeim tíma, þá eiga þau ekki síður við nú því að ég verð að segja það sem mína skoðun að efni þessara stöðva er ekki til mikils sóma. En það er reyndar þeirra réttur að flytja það efni sem þær vilja svo lengi sem það er innan marka laga. Þá er ég ekki síst að hugsa um klám og ofbeldi sem ég fæ ekki betur séð en ríði þar húsum.

Hæstv. forseti. Þessi skýrsla felur í sér tillögur sem munu takmarka möguleika Ríkisútvarpsins til að sinna sínu mikilvæga þjónustu-, menningar- og öryggishlutverki. Er einhver ástæða til þess? Hefur Ríkisútvarpið ekki sinnt þessu hlutverki? Minnast menn ekki mikilvægi þess t.d. í Vestmannaeyjagosinu eða þegar slysin áttu sér stað á Súðavík og Flateyri?

Hæstv. forseti. Ríkisútvarpið er þess eðlis að það á að standa vörð um það. Ríkisútvarpið er einfaldlega besti fjölmiðillinn og það er það sem þessir aðilar virðast ekki geta sætt sig við.

[14:52]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Samkeppni í útvarps- og sjónvarpsrekstri var nauðsynleg og ég tel að hún hafi sannað sig m.a. í þeirri miklu og öru þróun sem hefur orðið á Íslandi í fjölmiðlum. Ég vona svo sannarlega að sú samkeppni leiði áfram til þess að útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar batni.

Allar breytingar á útvarpslögum verður að gera í ljósi þeirrar sérstöðu að mínu mati sem Ríkisútvarpinu er ætluð án þess þó að ganga á rétt hinna frjálsu útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva sem vissulega verður að gera miklar og skýrar kröfur til.

Skýrslan sem hér er til umræðu er mikilvægt innlegg í þá umræðu sem ég tel nauðsynlegt að fari fram um löggjöfina og um rekstur útvarps- og sjónvarpsstöðva áður en til þess kemur að fyrir Alþingi verði lagt frv. til laga sem felur í sér miklar og róttækar breytingar á þessari löggjöf og þá sérstaklega hvað varðar ríkisfjölmiðlana.

Ég vil eins og hér hefur komið fram hjá öðrum minna á þá skýrslu sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér um Ríkisútvarpið og sjónvarpið. Ég tel að hún hafi verið mjög mikilvægt innlegg í alla þessa umræðu og mér sýnist að þær hugmyndir sem koma fram hjá starfshópnum falli að nokkru leyti í þann farveg sem þar er bent á. En ég vil lýsa því yfir að ég tel að það eigi að breyta afnotagjöldunum í nefskatt og spara þar með þá innheimtu sem fylgir og er unnin af innheimtustofnun á vegum sjónvarps og útvarps.

Ég tel engu að síður að það verði að gæta þess að í það minnsta verði þrír meginþættir tryggðir í löggjöf. Það er í fyrsta lagi að útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar sinni því að gæta og verja hina íslensku menningu. Það verði tryggt að sjónvarps- og útvarpsstöðvarnar geti sinnt öryggisþættinum og almannavarnaþættinum sem er geysilega mikilvægur í okkar strjálbýla landi með hina löngu og erfiðu strönd. Í þriðja lagi verður að tryggja að stöðvarnar hafi ekki möguleika á því fyrirvaralaust að læsa inni dagskrá sem verður að gera ráð fyrir að geti gengið til allra landsmanna, eins og gerðist fyrir stuttu með ensku knattspyrnuna. Við verðum að reikna með því að sú krafa sé uppi að ríkissjónvarpið og Ríkisútvarpið nái til allra landsmanna. Það er grundvallaratriði sem ég vil undirstrika í þessari umræðu.

[14:55]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég var að velta því fyrir mér hvers vegna hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson tók sérstaklega á því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði gert heiðarlega tilraun til þess að spyrja menntmrh. um gang mála. Það er kannski vegna þess að ýmis atriði stjórnarandstæðinga í þessari umræðu hafa verið mjög ómálefnaleg.

Það er af hinu góða að ræða mál Ríkisútvarpsins opinskátt og hispurslaust og ágætt að gera það á þeim grunni sem sú skýrsla sem hér er rædd býður upp á. Ég er ekki sammála öllu í skýrslunni og mjög ósammála sumu en hún er góð til umræðu. Það er um að gera að leggja spilin á borðið, brydda upp á nýjum hugmyndum og til þess á að ætlast af þeim sem semja slíka skýrslu að þeir opni dyr til margra átta.

Sumt er úrelt í rekstri Ríkisútvarpsins og sumt gengur of langt í daglegum rekstri, svo sem litun frétta án þess að farið sé nánar út í þá sálma. En Ríkisútvarpið er mikilvægur þáttur í íslenskri menningu og er sameign þjóðarinnar. Fólkið í landinu lítur á Ríkisútvarpið sem sameign og ber ábyrgð á því að því leytinu til. Ríkisútvarpið er eitt af helstu ankerum íslenskrar menningar og við skulum rækta það í stíl við það. Það er því gott að fá snarpa umræðu um málið.

Mig langar að ræða lítillega þrjú atriði sem ég er ósammála í skýrslunni. Í fyrsta lagi tel ég út í hött að nefna það að fresta eða draga af uppsetningu langbylgjunnar í Gufuskálum. Það er mál sem er mjög brýnt og engin rök fyrir því í skýrslunni að leggja það niður. Það er sagt í skýrslunni að það sé minnkandi ástæða til þess og í öðru lagi er sagt að í eðli sínu sé langbylgjukerfið viðkvæmt og geti farið halloka í ilviðrum. Þetta eru engin rök. Það eru a.m.k. 10–15 ár þangað til hugsanlega kemur fram tækni sem getur leyst af verkefni langbylgjunnar. Langbylgjan sem öryggi og tenging hennar um allt landið er mikilvægur þáttur sem þarf að hlúa að.

Auglýsingar eru að mínu mati einn af grunnþáttunum í starfi og rekstri útvarpsins og á að tryggja að svo verði áfram í eðlilegri samkeppni við aðra aðila í íslenskum fjölmiðlum. Það er grundvallaratriði að mínu mati að efla innlenda dagskrárgerð, bæði í Ríkisútvarpi og sjónvarpi og ég vil hvetja hæstv. menntmrh. til þess að sem fyrst fari þessar stofnanir undir eitt og sama þakið í húsi Ríkisútvarpsins.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi leggja áherslu á. Hæstv. menntmrh. hefur sagt, herra forseti, að það eigi að tryggja framtíð Ríkisútvarpsins í eðlilegri samkeppni og ég vil taka undir það.

[14:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka sérstaklega hv. þm. Árna Johnsen fyrir hans ræðu vegna þess að hann lýsti því yfir að allt sem er í skýrslunni og eru aðalatriðin þar væri heldur slæmt þannig að það er greinilegt að það er mikill ágreiningur um skýrsluna, ekki bara á milli stjórnarflokkanna heldur líka innan Sjálfstfl. Það vekur athygli að hv. þm. Hjálmar Jónsson sem lét sig þessi mál mjög skipta á síðasta kjörtímabili, hefur setið afar þögull í þessari umræðu.

Það sem vekur að öðru leyti athygli varðandi þessa skýrslu er í fyrsta lagi, og það er það alvarlega við hana, að hún tefur fyrir brýnum umræðum um Ríkisútvarpið. Það þurfa að fara fram umræður um Ríkisútvarpið. Það þarf að breyta útvarpslögum. Það þarf að skilgreina menningarlegar skyldur Ríkisútvarpsins mikið betur en gert er í lögunum eins og þau eru nú. Það þarf að skilgreina öryggisskyldur Ríkisútvarpsins. Það þarf að skilgreina skyldur Ríkisútvarpsins við dreifbýlið og við sjómenn á hafi úti svo dæmi séu nefnd. Ég óttast að skýrslan eins og hún er og tilkomin verði til þess að tefja fyrir þessum brýnu umræðum og það tel ég að sé megingalli hennar. Þess vegna er ég ósammála framsóknarmönnum um það að skýrslan geti orðið góður umræðugrundvöllur. Hún er ekki góður umræðugrundvöllur. Fyrst þarf að henda skýrslunni. Síðan á að hefja umræður.

Í öðru lagi tel ég það alvarlega við þessa skýrslu að hún hefur dreift spurningarmerkjum í kringum Ríkisútvarpið. Það hefur aldrei áður gerst að menntmrh., ekki einu sinni frá Sjálfstfl., hafi sett fram skýrslu sem setur spurningarmerki í kringum alla tilveru og stöðu Ríkisútvarpsins. Í skýrslunni eins og hún er er bara eitt sem Ríkisútvarpinu er ætlað. Það er að útvarpa jarðarfarartilkynningum. Að öðru leyti er greinilega ekki ætlunin að Ríkisútvarpið geri nokkurn skapaðan hlut. Það er mjög alvarlegt mál, hæstv. forseti, að yfirlýsing af þessu tagi, tortryggni af þessu tagi í garð Ríkisútvarpsins birtist frá hæstv. menntmrh. Það hefur enginn menntmrh. gert jafnlítið úr Ríkisútvarpinu og núv. hæstv. menntmrh. með þessari skýrslu.

Vandinn hefur auðvitað lengi verið sá að það hefur verið erfitt að treysta eðlilega sambúð Sjálfstfl. og Ríkisútvarpsins. Ég hef stundum orðað það að á undanförnum árum hafi verið allgóð sátt um Ríkisútvarpið með nær öllum pólitískum öflum í landinu nema hluta Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur því miður oft og tíðum verið aðalvandamál Ríkisútvarpsins og það virðist ætla að koma á daginn í þessu máli líka. Þess vegna segi ég það að lokum, hæstv. forseti, að það er úrslitamál að Alþingi Íslendinga þar sem meiri hlutinn er sammála í þessu máli taki þetta mál af menntmrh. og fari í að endurskoða útvarpslögin því að honum er greinilega ekki treystandi fyrir

því fjöreggi menningarinnar sem Ríkisútvarpið á að vera.

[15:01]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Johnsen sem lýsti því yfir að það væru engin rök fyrir helstu niðurstöðum í skýrslunni. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir að tjá sig ekki um málið því að ég túlka það svo að hann standi við það álit sitt sem hann undirritaði fyrir einu og hálfu ári sem gengur gegn niðurstöðum skýrslunnar. Ég vil þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir að halda sig fjarri umræðunni því að hann átti sæti í báðum nefndunum og er orðinn ósammála sjálfum sér. Ég þakka hæstv. forseta, Ólafi G. Einarssyni, sem ekki hefur tjáð sig í þessari umræðu því að ég lít svo á að það þýði að hann hafi ekki skipt um skoðun og haldi enn að það sé nauðsynlegt öryggisatriði fyrir íslensku þjóðina að byggja upp langbylgjusendi. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa komið fram eins og þingmönnum Framsfl. og leitt það í ljós að hæstv. menntmrh. er búinn að mála sig út í horn í málinu og situr þar næstum einn og yfirgefinn, búinn að girða í kringum sig með stólum eins og sjá má, hæstv. forseti.

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. svaraði ekki spurningum mínum. Hann sagði hins vegar: Í þessum tillögum eru skynsamlegar skoðanir, og það er einmitt mergurinn málsins. Fyrri skýrslu fyrrv. menntmrh. var hent, ekki vegna þess að hún væri illa unnin, heldur vegna þess að núv. menntmrh. taldi að þar kæmu ekki fram nógu skynsamlegar skoðanir. Sú skýrsla sem hér um ræðir er unnin á þeim grundvelli, skoðanirnar fyrst, rökstuðningurinn á eftir. Skoðanirnar fyrst, rökstuðningurinn á eftir og það sér hver sá maður sem les rökstuðninginn með skýrslu nefndarinnar og sér hversu illa hann er unninn. Hvernig geta menn notað það fyrir rök um breytta stjórn Ríkisútvarpsins að menn haldi eða telji eða álíti sennilegt að málin séu svona eða hins veginn í nágrannalöndunum án þess að hafa fyrir því að afla upplýsinga? Hvernig eru það rök fyrir því að hætta stuttbylgjusendingum að snúa sér til manna sem allir hafa tengingu á Interneti og beint samband við stærstu fjölmiðla þjóðarinnar og geta leitað sér upplýsinga þar fyrirhafnarlítið án þess að spyrja þá: Hlustið þið á stuttbylgjusendingar Ríkisútvarpsins og vita ekki einu sinni hvort viðkomandi eiga tæki til að taka á móti þeim eða ekki? Af hverju voru sjómennirnir ekki spurðir sem nota þetta næstum því daglega við vinnu sína? Hvernig getur maður látið hjá líða að gagnrýna rökstuðning sem er fólginn í því, svo ég nefni nýtt dæmi, að tekin er eina niðurstaða skoðanakönnunar sem hægt er að finna, þar sem áhorf á Stöð 2 reyndist meira en áhorf á ríkissjónvarpið og það notað sem rökstuðningur fyrir því að ríkissjónvarpið standi sig ekki? Hvernig er annað hægt en að mótmæla skoðunum sem byggðar eru á rökum um að það þurfi að fylgja í kjölfar þróunar erlendis, en þær upplýsingar sem vitnað er til um þróun erlendis eru frá 5–10 ára gamlar. Hefur ekkert skeð á síðustu 5–10 árum? Hvernig er annað hægt en mótmæla skoðunum sem byggðar eru á röksemdum af þessu tagi og hverjar eru þær skoðanir sem hér koma fram að hætta eigi þeirri þjónustu Ríkisútvarpsins við áhorfendur og hlustendur að birta auglýsingar, að hætta eigi að útvarpa stuttbylgjusendingum til sjómanna, að hætta eigi að byggja upp langbylgjusendimöguleikana sem að áliti forsrh. og þáv. menntmrh. var öryggisatriði sem varð að grípa til tafarlaust **eftir snjóflóðaslysið á Flateyri? Hvernig er hægt að fallast** á rök um að það eigi að hætta, fella niður ekki þá skyldu Ríkisútvarpsins heldur þau réttindi landsmanna allra að geta hlustað á útvarp og síðan sjónvarp án tillits til þess hvar þeir búa á landinu? Þetta eru skoðanir sem hæstv. menntmrh. telur skynsamlegar, en getur enginrök fært fyrir vegna þess að skoðanirnar voru settar fram fyrst og rökin á eftir.

Hæstv. menntmrh. byrjaði á því þegar hann smíðaði far sitt að gera neglugatið og ætlaði sér að reisa kjölinn síðast. Þannig ætlar hann að byggja sitt far. Það hvílir nú skuggi yfir Ríkisútvarpinu. Þeim skugga hefur hæstv. menntmrh. varpað yfir stofnunina með þessari pólitísku skýrslu. Alþingi verður að blása þeim skugga burt.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Mér finnst hins vegar málshefjandi vera á einhverri annarri bylgjulengd en aðrir ræðumenn og tala um þetta mál á allt öðrum forsendum en allir aðrir sem hér hafa rætt þetta mál, algjörlega ómálefnalega og bara með útúrsnúninga og stóryrði sem hann getur ekki rökstutt með nokkrum hætti og endurtekur síðan sömu rulluna í síðara sinni sem sannar hvað hann hefur veikan málstað að verja. (Gripið fram í.) Ég svaraði því áður, lýsti afstöðu minni varðandi langbylgjusendana og fleiri atriði sem hv. þm. nefndi og þarf ekki að endurtaka það og er einkennilegt að hann skuli halda áfram þessum útúrsnúningi sínum um þetta mál. Engum skýrslum hefur verið ýtt til hliðar. Það hafa verið lögð fram sjónarmið í þessari skýrslu. Engu frv. hefur verið fleygt. Þeir sem hafa fleygt frumvörpum eru væntanlega þingmenn sjálfir ef þau hafa ekki verið afgreidd á þingi.

Allt frá 1987 hafa menn unnið að því að endurskoða útvarpslögin. Á ég að skilja hv. þm. og upphafsmann umræðunnar þannig að hann telji ekki brýnt að endurskoða útvarpslögin eins og aðrir sem hafa tekið til máls? Það hafa setið fjölmargar nefndir á vegum fjölmargra menntamálaráðherra, gert tillögur til Alþingis um breytingar á útvarpslögunum sem hafa ekki náð fram að ganga. Það þýðir ekki að þeim hugmyndum hafi öllum verið hafnað eða þeim tillögum hafi verið kastað á glæ. Þvert á móti held ég að það hafi sannast og sérstaklega í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að það er visst áhyggjuefni fyrir Ríkisútvarpið að lúta forsjá Alþingis þar sem menn sitja með jafnþröngsýn sjónarmið og hann hefur í þessu máli.

Ég hef hvað eftir annað hvatt til þess gagnvart útvarpinu að það komi með hugmyndir um það hvernig eigi að laga starfsemi þess að breyttum aðstæðum sem nú eru og allir eru sammála um að séu og Alþingi hefur margsinnis áréttað að það þurfi að breyta útvarpslögunum. Ég hef ekki fengið enn, en vona að það komi, tillögur frá Ríkisútvarpi um það hvernig á að laga starfsemi þess að breyttum aðstæðum. Áhyggjuefni mitt er það að umræður og málflutningur á borð við það sem Sighvatur Björgvinsson flutti verði hættulegast fyrir Ríkisútvarpið af því að menn hengi sig í einhverja hortitti í skýrslum eða smáatriði og sjái ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að starfsumhverfi Ríkisútvarpsins er gerbreytt og það þarf að laga stofnunina að þessu aðstæðum. Ef okkur tekst að gera það verður henni borgið. Ef við gerum ekkert, ef við bíðum og ræðum málin á þeim forsendum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði, þá jafngildir það því að mínu mati að við erum að leggja stein í götu framþróunar Ríkisútvarpsins. Við viljum ekki horfa á þær staðreyndir **sem við blasa á þessu verksviði og tökum ekki á málum**

og leggjum ekki í þá ferð sem þarf að fara. Skynsamleg sjónarmið eru reifuð í þessari skýrslu, þar líta menn á þetta í þessu stærra samhengi, miklu stærra samhengi en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og benda á leiðir fram á veginn. Það er það sem við eigum að gera og það er skylda okkar sem stefnumótandi aðila í löggjöfinni um starfsemi Ríkisútvarpsins og ég vona að það takist á þessu kjörtímabili betur en tekist hefur á undanförnum kjörtímabilum allt frá 1987 þegar menn hófu fyrst að gera tilraunir til þess að endurskoða útvarpslögin og hrinda þeim í framkvæmd. Þegar hv. þm. Svavar Gestsson var menntmrh. held ég að frv. um breytingar á útvarpslögunum sem náði aldrei fram að ganga hafi verið lagt þrisvar fram. Það er full ástæða til að ræða þessi mál og reyna að lyfta sér upp úr því fari sem hér hefur verið en aldrei hefur tekist og tekst ekki ef málflutningur á borð við það sem hér hefur einkennt málflutning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar á að ráða ferðinni. Það er vísasti vegurinn til þess að Ríkisútvarpið staðni og síðan verði sú stöðnun að afturför og enginn árangur náist.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945.

[15:12]

Sighvatur Björgvinsson (frh.):

Herra forseti. Nú er hættan sú hvort maður muni hvar maður var staddur í ræðunni.

(**Forseti** (ÓE): Þá byrjum við bara upp á nýtt.)

Það var nefnilega það, hvort það sé ástæða til þess því að ég vitnaði einnig í mínu máli, virðulegi forseti, til ágæts manns sem við munum báðir eftir úr þinginu sem hafði þann hátt á að byrja alltaf á ræðum sínum að nýju ef nýr þingmaður rak inn höfuðið.

(**Forseti** (ÓE): Eigum við nokkuð að vera að því núna?)

Nei, ég held ekki. Ég held að við ættum ekkert að vera að því núna, en það væri afskaplega gott ef formaður efh.- og viðskn. væri mættur. Ég hafði að vísu í hótunum um það af því að ég veit að hann vill fylgjast mjög vel með öllum umræðum og hætta er á því að hann missi botninn úr ef hann heyrir ekki upphafið, að byrja aftur þegar hann kæmi, en ég sé að hann er mættur. Einhver hefur sennilega verið svo góður að segja honum frá því sem ég sagði á þessum fyrri klukkutíma sem ég talaði og vona þá að hann geti látið sér það nægja nema að sjálfsögðu ef hv. þm. skyldi biðja mig um það að flytja aftur fyrri helminginn, þá mundi ég gera það fyrir hann.

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn máli mínu að ég var að ræða um það að eðlilegt væri að menn spyrðu sig að því hvaða máli ef einhverju það skipti fyrir laun almenns verkafólks og annarra launþega hvernig skipulag aðila vinnumarkaðarins væri, þ.e. hvort það væri með þessum hætti eða hinum. Ég skil ósköp vel að menn tengi það almennt ekki saman eða sjái í hendi sér að það kynni að hafa einhver áhrif á árangur launasamninga hvernig skipulagningu er fyrir komið þannig að menn eigi kannski ekki auðvelt með að sjá að það geti varðað beinlínis einhverju í kjörum hvort skipulagið væri svona eða á hinn veginn en það er einmitt svo og mig langar til að fara nokkrum orðum um það af hverju það er.

Þegar Alþýðusamband Íslands gerði þá samþykkt árið 1958 að breyta skipulagi sínu til nýs horfs var það ekki að ástæðulausu. Samþykktin sem gerð var var að skipulag Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar skyldi miða við að ganga út frá hverjum vinnustað sem grunneiningu og vinnustaðurinn myndaði þá félag starfsmanna sem þar ynnu. Síðan myndaði vinnustaðarfélagið landssamband með öðrum sambærilegum vinnustaðarfélögum í sömu atvinnugrein og viðkomandi landssamband sæi síðan um kjarasamninga á vinnumarkaði. Þannig yrði t.d. til landssamband allra þeirra sem störfuðu við fiskverkun og fiskvinnslu o.s.frv. og það landssamband, svo hægt sé að halda sér við það dæmi, sæi um kjarasamninga fyrir alla þá sem við fiskverkun og fiskvinnslu störfuðu.

Ástæðan fyrir því að tillaga var samþykkt um þessa skipan á þingi Alþýðusambands Íslands var sú að menn sáu þá hættu fyrir sér að ef þetta yrði ekki gert mundi verkalýðshreyfingin eiga mjög erfitt með að mynda sér það sem kallað er samræmd launamálastefna, þ.e. verkalýðshreyfingin mundi eiga ákaflega erfitt með að búa til stefnu þar sem ákveðið væri hvert launabilið ætti að vera á milli hinna einstöku stétta innan sömu atvinnugreinar. Þess vegna samþykktu menn þetta fyrirkomulag beinlínis í þeim tilgangi að verkalýðshreyfingin væri neydd til þess að mynda sér samræmda launamálastefnu því að samræmd launamálastefna þeirra sem kröfugerðina gera á vinnumarkaðnum er auðvitað grundvöllurinn fyrir því að það sé mörkuð einhver samræmd heildarlaunamálastefna í þjóðfélaginu. Þessir ágætu forustumenn Alþýðusambandsins árið 1958 sáu það fyrir sér að þetta yrði ekki gert nema með því móti, og við höldum við okkur við dæmið um fiskvinnsluna, að allir þeir sem ynnu t.d. í tilteknu frystihúsi, hvort heldur sem það væri fiskverkakonan sem stóð við að pakka, verkamaðurinn sem stóð í afgreiðslunni, skrifstofumaðurinn sem vann á skrifstofunni, vélstjórinn sem vann sem vélgæslumaður, löndunargengið sem vann við uppskipunina o.s.frv., væri í einu og sama félaginu. Þá mundi viðkomandi félag verða að taka ákvörðun um það við kjarasamningagerð hvaða laun hver og einn hópur ætti að hafa og hvert launabilið ætti að vera og yrði félagið að marka sínar kröfur þannig að launakerfið væri gagnsætt. Þetta var tilgangurinn með skipulagstillögunum sem samþykktar voru árið 1958 á þingi Alþýðusambands Íslands að reyna að mynda skipulag innan Alþýðusambandsins sem gerði það að verkum að svona samræmd heildarlaunastefna yrði mótuð. Það var svo að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að landssambönd viðkomandi atvinnugreina sæju um kjarasamningagerðina.

Því miður varð þetta ekki þróunin. Þróunin varð sú að stofnuð voru starfsgreinasambönd einstakra atvinnustétta, þ.e. sérstakt samband fyrir verkamenn og verkakonur og ófaglært verkafólk, sérstakt samband fyrir iðnaðarmenn, sérstakt samband fyrir verslunarmenn o.s.frv. Þetta gerði það að verkum að verkalýðshreyfingin gat aldrei mótað samræmda heildarlaunastefnu. Í staðinn fyrir að skipulag hennar væri sniðið þversum eins og lagkaka þannig að þeir sem kröfugerðina gerðu sæju lögin í kökunni, þ.e. hvað hver og einn hefði raunverulega í tekjur, þá var verkalýðshreyfingin byggð upp með eins konar þverskurði, þ.e. allir verkamenn saman, allir iðnaðarmenn saman, allir verslunarmenn saman o.s.frv. Og það lagði grundvöllinn að því að verkalýðshreyfingin hefur aldrei getað mótað sér samræmda launastefnu.

Það veldur því líka að íslenska launakerfið er afskaplega ógagnstætt vegna þess að stór hluti kjarasamninganna gengur út á að ná kjarabótum sem ekki koma inn í taxtakaup og eru því ekki sambærilegar þegar menn reyna að bera saman kaup og kjör einstakra launastétta. Þetta hefur valdið því t.d. að dagvinnulaun í mörgum tilvikum eru stundum ekki nema um það bil 50% af raunverulegum launum sem fólk ber úr býtum og launamálakerfið er orðið svo flókið og erfitt að sjá í gegnum það og átta sig á því að menn gera sér ekki grein fyrir því hver er hinn raunverulegi launamunur í landinu sem er orðinn miklu meiri en menn vilja viðurkenna. Hann nær ekki bara inn í svokallaðar forréttindastéttir heldur margar launastéttir, og því meir sem þær hafa betri aðstöðu til að ná sínu fram, sótt kjarabætur sínar að miklu leyti í fomri slíkra greiðslna sem ekki koma fram í samanburði um kaup og kjör. Skipulag verkalýðshreyfingarinnar hefur því beinlínis áhrif á það með hvaða hætti launasamningar verða í landinu og hefur beinlínis áhrif á það á hverri stundu fyrir sig hvernig t.d. samspil hinna einstöku launahópa fer fram og hefur valdið því á Íslandi að launakerfið er afskaplega flókið og ógagnsætt og mjög erfitt fyrir einn starfshópinn að bera sig saman við annan og átta sig á mismuni sem er á starfskjörum þeirra.

Ég er þeirrar skoðunar að það skipulag verkalýðshreyfingarinnar sem hún býr við í dag, þ.e. Alþýðusambandið er fyrst og fremst samtök landssambanda, hefur valdið þessu og hefði verið nær að fara að samþykktinni frá 1958 sem hefði orðið til þess að Alþýðusambandið og þar með þjóðfélagið hefði getað mótað sér samræmda heildarlaunastefnu. En þótt ég sé þeirrar skoðunar að Alþýðusambandið hafi ekki valið réttan kost í þessum efnum tel ég það ekki hlutverk mitt eða annarra hér á Alþingi að knýja slíka niðurstöðu fram með lögum. Við getum haft okkar skoðanir á því hvað sé rétt og hvað sé rangt í þessum efnum, en þó að verkalýðshreyfingin, sem er frjáls félagasamtök eins og önnur frjáls félagasamtök í þessu landi, sé í skipulagmálum sínum ekki á réttri braut að okkar áliti, þá er það ekki okkar hlutverk að knýja þá á þá leið sem við teljum rétta með lögum. Það er okkar hlutverk að reyna að tala fyrir okkar máli, reyna að rökstyðja okkar mál, reyna að hafa áhrif á niðurstöðurnar ekki síst hjá hreyfingu eins og verkalýðshreyfingunni sem mörgum okkar er annt um. En það er ekki okkar hlutverk að skipa henni fyrir verkum.

Þess vegna er það sem ég legg áherslu á að margt, eða við skulum heldur segja sumt, í þeim frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt á Alþingi sem varða réttindi launafólks er út af fyrir sig skynsamlegt. Og margt af því sem skynsamlegt er í þessum frumvörpum er ég sannfærður um að verkalýðshreyfingin sjálf hefði fallist á og meira að segja haft frumkvæði um að taka upp ef hún hefði fengið frið til þess. Til dæmis hefur skipulag verkalýðshreyfingarinnar, þótt það sé með þeim hætti sem ég hef lýst, ekki komið í veg fyrir að hægt sé að gera vinnustaðarsamninga á þeim vinnustöðum sem slíkt leyfa, eins og t.d. hjá Ísal, ríkisverksmiðjunum og víðar. Alþýðusambandið sjálft hefur því verið að laga til heima hjá sér til þess að geta náð þeim árangri sem bætt skipulag hefði auðveldað. En þó svo það sé sitthvað í þessum frumvörpum sem gæti horft til heilla, og ég er sannfærður um að verkalýðshreyfingin mundi vilja taka upp á sína arma ein og óstudd ef hún fengi frið til þess, þá lít ég svo á að það sé ekki heldur okkar hlutverk að leiða það í lög nema ósk um það komi frá stéttarsamtökunum sjálfum, nema menn telji að til þess að vernda þau réttindi sem þeir hafa náð samkomulagi um innan sinna vébanda og við viðsemjendur sína þurfi lagasetningu. Þá og aðeins þá eigum við alþingismenn að taka slíkum erindum en við eigum ekki að taka við þeim frá ríkisstjórninni þegar slíkum lausnum er pakkað inn í aðrar og látnar fylgja með öðrum sem við vitum að verkalýðshreyfingin öll er gersamlega andvíg. Og ég legg enn frekar áherslu á viðvörunarorð mín áðan. Þær aðgerðir sem nú er gripið til valda að vísu ekki því að það sem er til ráðstöfunar í buddunni hjá fólki skerðist á líðandi stundu. Og fólk segir kannski sem svo: Skiptir þetta þá nokkru máli? Er ekki miklu verra þegar ríkisstjórn grípur til aðgerða sem skerða kjörin heldur en þegar ríkisstjórn grípur til aðgerða af þessu tagi sem ekki mælast í buddunni okkar? Ég vara við slíkum hugsunarhætti vegna þess að þó að ríkisstjórn skerði kjör með tímabundnum aðgerðum eins og allar ríkisstjórnir hafa gert fyrr eða síðar, þá hefur einmitt skipulag verkalýðshreyfingarinnar og þeir möguleikar sem hún hefur haft til að bregaðst við valdið því að fólk hefur getað sótt aftur þá kjaraskerðingu sem hefur verið beitt, jafnvel eftir einhvern tíma. En nú er verið að snúa þessu við. Nú er verið að taka réttinn til viðbragða af fólki svo að kjaraskerðingin geti komið á eftir og menn hafa þá engin tæki til þess að taka á móti eða reyna að rétta sinn hlut. Þannig að sú aðgerð sem nú er verið að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart verkalýðshreyfingunni er miklu alvarlegri en þær aðgerðir sem ég og fleiri í öllum flokkum höfum gripið til einhvern tíma á okkar ferli og hafa kannski fækkað þeim krónum sem eftir hafa orðið í buddunni. Sú aðgerð sem nú er verið að grípa til er breyting á frambúðarskipulagi verkalýðshreyfingarinnar og frambúðarúrræðum hennar og það er engin tilviljun að félmrh. hefur lýst því yfir að hann viji fá þetta í gegn núna vegna þess að þessar breytingar verði að hafa átt sér stað áður en kjarasamningar renna út á komandi hausti. Og þetta eru svo grímulaus orð að menn hljóta að sjá hvað maðurinn á við.

Svo ég víki að því frv. sem hér liggur fyrir má e.t.v. segja að munurinn á frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem við ræðum nú og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem væntanlega verður á dagskrá síðar sé að í viðskiptum sínum við starfsmenn ríkisins er ríkisvaldið ekki bara að setja almennar leikreglur. Það er ekki bara að setja almennar leikreglur sem eiga að gilda um allt launafólk heldur er það líka í hlutverki vinnuveitandans sem er að tala við starfsfólk sitt. En sá munur er á þessum vinnuveitanda og öðrum vinnuveitendum að þessi vinnuveitandi, ríkið, hefur líka löggjafarvaldið í sínum höndum. Hæstv. ríkisstjórn ætlar nú að beita því löggjafarvaldi sem hún hefur, t.d. umfram Vinnuveitendasamband Íslands, til þess að takast á við starfsmenn sína án samkomulags. Og ég spyr: Hvað haldið þið að mundi gerast ef Vinnuveitendasambandið hefði í sínum höndum auk samningsréttarins löggjafarvaldið líka? Ef Vinnuveitendasambandið gæti sem atvinnurekandi sett lög á starfsfólk sitt, á viðsemjendur sína, til viðbótar þeirri aðstöðu sem Vinnuveitendasambandið hefur sem samningsaðili? Þið getið ímyndað ykkur hvað mundi geta gerst. Alþingi, eða réttara sagt ríkisvaldið, er mjög sérstakur vinnuveitandi sem hefur réttindi langt umfram nokkurn annan vinnuveitanda. Sú sérstaða er að þessi vinnuveitandi einn hefur löggjafarvald þannig að hann getur knúið fram vilja sinn gagnvart starfsmönnum sínum með lögum án þess að leita samráðs eða samninga. Og vegna þess að þessi vinnuveitandi, ís-

lenska ríkið eða ríki hvar sem er, hefur þetta vald umfram alla aðra vinnuveitendur, ber ríkinu að hugsa sig tvisvar um áður en það grípur til þess úrræðis að beita slíku valdi gagnvart viðsemjendum sínum til viðbótar því valdi sem ríkið hefur sem samningsaðili við þá. Og það er þetta sem hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til. Hún grípur ekki bara til þess valds sem hún hefur til að setja nýjar almennar leikreglur fyrir aðila vinnumarkaðarins, fyrst og fremst til takmörkunar á réttindum launafólks sem ná til allra. Ríkisstjórnin ætlar líka í krafti þingmeirihluta síns líka að nota sitt lagasetningarvald til þess að grípa til sérstakra aðgerða sem eiga að skerða réttindi starfsfólksins sem hjá þessum vinnuveitanda starfar og það án samráðs við starfsfólkið sem hjá þessum vinnuveitanda starfar. Þetta er munurinn á þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin er að beita á almennum vinnumarkaði og þeim aðgerðum sem hún er að beita í þessu frv. Hér er ríkisstjórnin í hlutverki vinnuveitenda að nota lagasetningarvaldið til þess að taka réttindi af fólki sem vinnur fyrir þetta sama ríkisvald í störfum víðs vegar um landið. Þetta gerir ríkisstjórnin í andstöðu við samtök opinberra starfsmanna, í andstöðu við starfsfólk sitt sem á hátíðis- og tyllidögum er hrósað fyrir að vera mannauðurinn, mesta auðlegð íslenskrar þjóðar upp á framtíðina. Til þessara úrræða er gripið.

Það skiptir kannski ekki meginmáli, herra forseti, að deila um það hvort kjaraskerðingaráhrifin af þessum ráðstöfunum verði meiri eða minni, hvort þau séu prósentinu meiri eða minni. Það sem er mergurinn málsins er að þetta er ekki ráðstöfun sem gerð er í samningi, þetta er ekki ráðstöfun sem gengur yfir alla þjóðfélagsþegna jafnt eins og lög eiga að gera. Þetta er ráðstöfun sem eingöngu nær til þess fólks sem starfar á vinnustöðum ríkisins. Það eitt út fyrir sig er auðvitað stærsta gagnrýnisatriði okkar stjórnarandstæðinga. Hér er verið að nota lagavaldið sem ríkisstjórnin hefur í krafti þingmeirihluta síns til þess að ná fram kjaraskerðingu hjá starfsmönnum ríkisins sem er meiri kjaraskerðing en verið er að setja á almennt launafólk með almennum lögum frá Alþingi. Hvort kjaraskerðingin er prósentunni meiri eða minni er ekki aðalatriðið, ekki heldur hvort hún er meiri hjá þessum starfshópi en hinum, heldur sú aðferðafræði sem hér er beitt.

Ríkisstjórnin segir að það sé yfirlýstur tilgangur sinn með frv. að jafna réttarstöðu á vinnumarkaði. En er það gert? Það hefur verið að draga úr réttarstöðu opinberra starfsmanna eins og hæstv. fjmrh. rakti áðan um afnám æviráðningar í reynd. En á sama tíma hefur verið að aukast réttur starfsfólks á almennum vinnumarkaði, t.d. réttur um samning við vinnuveitanda sinn um starfslok og ýmis önnur réttindi sem þeir hafa sem ekki starfa í þágu hins opinbera. Er verið að jafna þetta? Er verið að færa opinberum starfsmönnum t.d. til jöfnunar einhver þau réttindi sem starfsfólk á almennum markaði hefur aflað sér í áranna rás? Nei. Það er ekki verið að því. Í hverju er jöfnunin þá fólgin? Hún er fólgin í skerðingu. Hún er bara fólgin í því að skerða það sem opinberir starfsmenn hafa haft og hafa í dag. Ég hef aldrei heyrt það kallað jöfnun. Ég mundi t.d., herra forseti, ekki kalla það jöfnun þótt, svo við tökum dæmi, einir 30 sm yrðu skornir af þeim sem hér stendur til þess að hann væri ekki hærri í loftinu en hv. þm. Ólafur Haraldsson. Ég kallaði það ekki aðgerð til jöfnunar. En það er einmitt það sem verið er að gera í tillögum hæstv. ríkisstjórnar. Jöfnunin sem talað er um er fólgin í því að taka af réttindum opinberra starfsmanna **án þess að heimila þeim að fá á móti þau réttindi sem aðilar** vinnumarkaðarins hafa veitt starfsfólki á þeim bæ.

Síðan er deilt um hvort ýmis réttindi sem opinberir starfsmenn hafi haft umfram t.d. þá sem eru á almennum vinnumarkaði hafi verið metin í launum og virðist vera að Sjálfstfl. undir forustu hæstv. fjmrh. haldi því fram að það sé ekkert samband þar á milli. Fyrr á þessu þingi lagði einn þingmaður Sjálfstfl., hv. þm. Pétur Blöndal, fram frv. á Alþingi þar sem lagt var til að lífeyrisréttindum alþingismanna yrði breytt og þau lífeyrisréttindi sem alþingismenn hafa yrðu sett svipuð og eru hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Og hvað sagði flm.? Flm. sagði að forsendan fyrir því að þetta væri gert væri það að laun alþingismanna yrðu hækkuð um allt að 40% vegna þess að þessi breyting á sérréttindum alþingismanna kallaði á það, til þess að gera þá jafnstæða gagnvart umhverfinu, að launin yrðu hækkuð. Og um hvað? Um allt að 40%, sagði hv. þm. Þetta var matið á þeim sérréttindum sem við höfum. Vissulega hafa opinberir starfsmenn réttindi á ýmsum sviðum umfram almenna launamenn og ef þau réttindi yrðu afnumin, hvernig geta menn þá haldið því fram að opinberir starfsmenn munu ekki gera þá sömu kröfu og hv. þm. gerði fyrir hönd sjálfs síns og okkar hinna þegar hann flutti þetta frv.? Að það yrði þá bætt upp í launum. Ég er kennarasonur og man ósköp vel eftir því þegar ég var að alast upp sem stráklingur að það þóttu mikil forréttindi á þeim tíma að geta gengið að öruggri atvinnu, þurfa ekki að lúta því sem t.d. sjómenn og verkafólk vestur á Ísafirði laut á þeim tíma að þurfa að ganga stóran hluta ársins atvinnulaust. Það þótti sjálfsagt og eðlilegt að kennarar sættu sig á þeim tíma við lág laun, miklu lægri laun en t.d. stéttir með sambærilega menntun á hinum almenna vinnumarkaði hlutu, bara vegna þess að það var svo mikið lagt upp úr örygginu. Það var svo mikið lagt upp úr örygginu þegar flestöll starfssvið í opinberri þjónustu voru stofnuð. Og þó svo að þjóðfélagið hafi breyst og atvinnuörðugleikarnir séu ekki lengur þeir sömu og áður var og atvinnuöryggi opinberra starfsmanna sé af þeim sökum ekki jafnmikilvægt og áður var hefur sá launagrunnur sem lagður var á þessum árum, þegar það var viðurkennt að það væru forréttindi á atvinnuleysistímum að vera í starfi hjá því opinbera, ekki verið leiðréttur. Það eimir því vissulega enn eftir af því að þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa en einkum þó höfðu umfram aðra og fólust ekki síst í öruggum lífeyrissréttindum, í atvinnuöryggi á erfiðum tímum, atvinnuleysistímum, voru og eru metin inn í kaup þeirra enn þann dag í dag. Það hefur aldrei verið leiðrétt.

Ég sá hjá hagfræðingi BSRB samanburð sem væri e.t.v. ástæða til að rekja hér. En það er víst ekki hægt, virðulegi forseti, því að Alþingi er ekki enn komið á það tæknilega svið að geta brugðið upp myndum eða öðru slíku sem þykir sjálfsagt á öllum öðrum fundum nú til dags en í þessari virðulegu stofnun. Ég sá ekki alls fyrir löngu niðurstöðu af athugun sem hagfræðingur BSRB kynnti á launakjörum í opinberri þjónustu og í nákvæmlega sambærilegum störfum úti á hinum frjálsa vinnumarkaði. Þar var um umtalsverðan launamun að ræða hjá öllum aðilum, mismunandi mikinn eftir starfssviði og menntun en yfirleitt mjög mikinn. Sá launamunur skýrist auðvitað af því að menn hafa talið opinbera starfsmenn hafa réttindi umfram aðra, hversu verðmæt sem þau réttindi eru í dag. Til allrar guðs lukku höfum við ekki upplifað atvinnuleysistíma líkt og þá sem ég kynntist í minni bernsku nokkuð lengi þannig að atvinnuöryggið sem **starf veitir í opinberri þjónustu er ekki jafnverðmætt í dag**

og það var þá. Það getur vel verið að hæstv. ríkisstjórn takist að taka þessi réttindi af opinberum starfsmönnum þrátt fyrir mótmæli stéttarfélaganna. Halda menn þá að það verði látið eins og ekkert sé næst þegar samningar verða lausir og opinberir starfsmenn mæta á vettvang með kröfur sínar? Skyldi það nú ekki vera að bótakröfurnar yrðu hærri en fyrirhöfninni nemur fyrir hæstv. ríkisstjórn? Ég er alveg sannfærður um að ef opinberir starfsmenn horfast í augu við að það er verið að setja þá í sumum réttindum á sama bás og aðra í þessu þjóðfélagi, en á öðrum sviðum skör og jafnvel skörum lægra en aðrir launamenn búa við, þá eiga þeir ekki nema eitt svar eftir. Þá eiga þeir ekki eftir nema það svar að krefjast þess að þeim sé bætt þessi aðgerð í launum.

Virðulegi forseti. Þótt ástandið sé þannig í dag, sem ég vissulega harma, að fólk virðist ekki skilja félagslegar aðgerðir ríkisstjórna af því að það kemur ekki við pyngjuna, fólk virðist ekki skilja neitt nema það sem hefur áhrif á budduna og það strax, þó að svo sé og það kunni kannski að valda því að verkalýðshreyfingin eigi erfitt með að beita samtakamætti sínum þegar réttindi hennar til starfa eru skert, þá er ég ekkert hræddur um að verkalýðshreyfingin eigi eftir að lenda í erfiðleikum með að hvetja fólk fram á völlinn í haust þegar fólkið vill fá þessar réttindaskerðingar bættar í beinhörðum peningum. Þá öfunda ég ekki hæstv. ríkisstjórn og allra síst hæstv. fjmrh., sem nú er horfinn á braut, af þeim aðgerðum sem hann þarf þá að kunna að mæta. Ég vona að stjórnarliðar hafa enn heila hugsun í höfðinu, a.m.k. sá þm. Framsfl. sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur haft þau orð um að hann væri með hjarta úr gulli og er nú farið að falla nokkuð á það gull. Ég trúi því ekki að þingmenn stjórnarliðsins hafi ekki vit á því að sjá að við þessar aðstæður væri skynsamlegast hjá þeim að hverfa frá því að afgreiða þessi frumvörp á vorþingi, bæði skerðingarfrumvörpin, en bjóða þess í stað verkalýðshreyfingunni til viðræðna um þessi mál í sumar undir þeim formerkjum að menn gefi sér tíma til haustsins til þess að ná sameiginlegri lendingu. Eins og staðan er núna er ég er sannfærður um að verkalýðshreyfingin væri, þegar hún væri laus við vinnuveitendur af bakinu því að það eru þeir sem ráða ferðinni, reiðubúin til þess að gera skynsamlegt samkomulag við Alþingi um lagabreytingar sem tryggja að skipulag og starfshættir íslenskrar verkalýðshreyfingar gætu færst meira til nútíðarhorfs en gömlu lögin frá 1938 gera e.t.v. ráð fyrir.

Herra forseti. Það er margt sem ég á eftir ósagt. En ætli ég reyni þá ekki að koma aftur og ræða um það þegar lengra líður.

[15:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á eitt atriði. Það var frv. sem ég flutti um að afnema lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra. Hann sagði réttilega að ég hefði reiknað út þetta mat á réttindunum. Ég man ekki eftir því að hafa sagt að það næmi 40% launahækkun. Ég held að ég hafi aldrei fullyrt að það yrði meira en svona 20–25 eða 30%. Það er kannski ekki mergurinn málsins, heldur er þar um réttindi að ræða sem hægt er að reikna út. Það er hægt að reikna nákvæmlega út hvað þessi réttindi eru mikil.

Það er aftur erfiðara með biðlaunin og það er erfiðara með æviráðninguna, sérstaklega fyrir menn sem ekki hafa æviráðningu og fjöldi ríkisstarfsmanna og meginhlutinn hefur ekki æviráðningu. Biðlaunin eru reyndar skert að einhverju leyti en þau eru skert á þann veg sem ég held að flest sanngjarnt fólk geti litið réttum augum.

Mér finnst mjög óeðlilegt að fólk haldi fullum launum, biðlaunum, þegar það er komið jafnvel í hærri laun annars staðar. Þetta held ég að enginn Íslendingur geti horft á með sanngirni og sagt að sé réttlátt. Þetta á að afnema og ég get ekki séð að þessi litla skerðing á biðlaunum þýði mikla kjaraskerðingu.

Ég bað um það reyndar í efh.- og viðskn. að fá mat á því hvers virði öll þau réttindi væru sem frv. er ætlað að taka af. Ég bað fulltrúa starfsmannanna að koma fram með það mat. Ég fékk ekki það mat þannig að ég veit ekki hvað það er enn þá.

[15:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal lenti ekki í neinum vandræðum með að reikna út hvernig ætti að bæta honum, mér og okkur hinum afnám sérréttinda okkar í lífeyrismálum. Ég trúi því varla að hann sé ekki það snjall stærðfræðingur að hann geti áttað sig á því að allar réttindaskerðingar á kjörum opinberra starfsmanna, hvort heldur það eru biðlaun eða annað, hljóta að verka sem kjaraskerðingar. Vill hv. þm. kannski halda því fram að þær aðgerðir sem verið er að gera í þessu frv. séu til þess ætlaðar að bæta kjör opinberra starfsmanna? Hann hlýtur að vera mér sammála um að þetta eru aðgerðir sem eru gerðar til þess að rýra kjör þeirra, til þess að draga niður réttindi sem þeir hafa nú. Það getur vel verið að það sé erfitt að reikna nákvæmlega út í prósentum hvað það þýðir. En það breytir ekki því að söm er sú gerð.

Ég get aðeins vísað honum á þá dóma sem fallið hafa í þessu efni og beðið hann um að spyrja þá sem hafa fengið dæmd biðlaun eða aðrar skaðabætur sem ríkið hefur neitað að greiða en fólkið átt rétt á, hvað þeir telji að þessi réttindi hafi numið miklum fjárhæðum eða miklum hluta launa viðkomandi. Það er í mörgum tilvikum ekkert smáræði þannig að það er auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að hv. þm. er að taka þátt í að skerða réttindi sem hann eins og ég veit að eru peninga virði því að allt sem veitir einhverjum réttindi sem geta kallað á greiðslu síðar eru peninga virði. Það veit enginn maður betur en sá sem hefur höndlað jafnmikið með peninga og verðmæti og þessi hv. þm.

[15:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau réttindi sem við erum að afnema eru svo lítil og léttvæg í allri launasummu ríkisins að þau mundu ekki mælast í prómillum, ekki einu sinni í brotaprómillum. Ég vil gjarnan sjá mat á því hvað það er. Þá skulum við bara hækka launin um einhverja aura sem þessu nemur.

En varðandi það að ég ætli að bæta mér og hv. þm. upp okkar skerðingu á réttindum, þá dytti mér ekki í hug að afnema áunnin réttindi opinberra starfsmanna án þess að bæta þeim fyrir. Ég ætlaði einmitt að það frv. sem ég hef lagt hérna fram um afnám lífeyrisréttinda þingmanna og ráðherra yrði notað sem grundvöllur fyrir lausn á þeim gífurlega vanda sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins stendur frammi fyrir, þar sem 80% af þjóðinni skulda 20% af þjóðinni 600 þús. kr., hver einasti vinnandi maður. Það hefur skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins deilt á alla vinnandi menn í landinu. Hver einasti Íslendingur skuldar opinberum starfsmönnum 600 þús. kr. Og hver einasti opinber starfsmaður á kröfu á hinn hluta þjóðarinnar upp á 3 millj. mínus það sem

hann borgar sjálfur sem skattgreiðandi, þ.e. 2,4 millj. Þetta er staðreyndin. Þetta er eingöngu spurning um það hvað annar hluti þjóðarinnar skuldar hinum.

[15:50]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Það er aldeilis, virðulegi forseti, hvað opinberir starfsmenn eru allt í einu orðnir ríkir. Þeir eiga bara hvorki meira né minna en 3 millj. kr. inni hjá öðrum landsins þegnum. Það er ekkert smáræði. Þeir gætu e.t.v. fengið hjálp hv. þm. Péturs Blöndals til þess að innheimta svo maður tali nú ekki um að ávaxta allt þetta fé. Eitt er víst að ekki mundi hv. þm. Pétur Blöndal ávaxta það í hlutabréfum því hann hefur sjálfur sagt að ekki bæru þau háa vexti. Ekki mundi hann ávaxta það í ríkisskuldabréfum. Sjálfur hefur hann sagt að ríkið eigi ekki að skipa svona stóran sess á markðinum. Ekki mundi hann fara með það til útlanda því að hv. þm. er afskapflega þjóðhollur maður. Mér dettur ekki í hug hvar hann ætti að ávaxta þetta allt saman. En þeir sem hér eru geta gert sér góðar vonir. Þeir eiga að sögn þingmannsins 3 millj. góðar inni hjá hverjum einasta landsmanni öðrum og geta fengið hjálp hans til innheimtu og ávöxtunar. Það verður mikið að gera hjá hv. þm. Pétri Blöndal í framtíðinni, svo mikið að ég efast um að hann komist til þess að afgreiða vitlausa fjármagnstekjuskattinn sem hann er að fjalla um í hv. efh.- og viðskn.

[15:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þakkarvert að það kom fram hjá hv. þm. að það mun enginn opinber starfsmaður taka eftir því í buddunni þegar búið er að samþykkja þessi lög sem hér eru til umfjöllunar í frumvarpsformi. Það er nefnilega alveg laukrétt. Æviráðningin verður afnumin. Það gildir fyrir þá sem verða ráðnir nýir. Fólk sem hættir vegna þess að störf þeirra eru aflögð mun fá sín biðlaun. Breytingin verður í þá átt að fólk fær ekki samtímis full laun og biðlaun. Það mun enginn sem ætlar að taka fæðingarorlof eða veikindarétt missa nokkurs hlutar. En það gæti hins vegar verið, hv. þm., að það tæki einhver eftir þessu í buddunni vegna þess að það kæmi meira í hana, þegar búið er að opna heimild fyrir viðbótarlaun. Ég hygg þess vegna að þessi umræða leiði það betur og betur í ljós að sá hræðsluáróður sem búinn er að vera uppi á ekki við nein rök að styðjast. Þetta er nefnilega einmitt að hjálpa málinu og hjálpa ríkisstjórninni svo mikið og fylgi hennar er að aukast dag frá degi og fylgi við þetta mál er að aukast dag frá degi vegna þess að fólk er að sjá það að allur þessi málatilbúnaður er bara út í loftið.

Ég fagna því alveg sérstaklega að hv. þm. skuli draga það fram að það muni enginn missa nokkurn skapaðan hlut og þetta sé svona nánast spurningin um akademíska útreikninga eitthvað fram í tímann annars vegar og hins vegar spurning um hvernig menn ræða saman á vinnumarkaðinum milli opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins.

[15:53]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði að fólk yrði ekki vart við áhrifin á buddu þess á líðandi stund. Það verður enginn var við það að hann hafi misst biðlaunarétt fyrr en hann hefur verið rekinn. Það verður enginn var við það að hann hafi misst æviráðningu fyrr en honum hefur verið sagt upp. Þá verða menn varir við hvað þetta kostar. Það verður enginn var við í buddu sinni skerðingu á réttindum fyrr en til réttindanna þarf að grípa. Ég lagði einmitt áherslu á að fólk finnur ekki fyrir þeirri réttindaskerðingu sem á sér hér stað, í buddunni á líðandi stund. En það fær að finna fyrir henni í framtíðinni, bæði vegna réttindamissisins sjálfs og vegna þeirra takmarkana sem verið er að setja á frelsi samtaka launafólksins til að ganga erinda þess. Hv. þm. á að fara rétt með.

Hann, virðulegi forseti, mundi svo sannarlega finna fyrir því ef biðlaunaréttur alþingismanna yrði afnuminn fyrir næstu kosningar.

[15:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé kominn tími til þess að skýra það út fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að enginn sem er með æviráðningu nú mun missa hana. Hins vegar þegar nýir starfsmenn eru ráðnir, þá hafa þeir að sjálfsögðu ekki æviráðningu áður en búið er að ráða þá. Þeir munu þess vegna ekki missa neina æviráðningu við það að vera ráðnir án þess að hún sé til staðar. Ég vona að hv. þm. skilji hvað ég á við.

Varðandi biðlaunin þá missir enginn biðlaun vegna þess að það eina sem gerist er að laun sem viðkomandi hefur í öðru starfi sem hann kann að taka upp eftir að starf er lagt niður eru reiknuð frá.

Varðandi áhyggjur hv. þm. yfir því að ég muni missa biðlaun eftir næstu kosningar, þá held ég að hv. þm. geti alveg verið rólegur út af því. Eins og hv. þm. veit þá hygg ég að það muni ekki skipta öllu máli fyrir mig persónulega hvort svo verður eða ekki og ég held að hann geti alveg sofið rólegur fyrir því.

[15:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti nú í neinu persónulegu orðaskaki við hv. þm. en ég held að þingmönnum muni almennt létta þegar þeir heyra að ekki standi til af hæstv. ríkisstjórn að afnema biðlaunarétt þingmanna fyrir næstu kosningar. En það er ekki boðskapurinn sem verið er að senda opinberum starfsmönnum sem starfa í þjónustu ríkisins og löggjafarstofnunarinnar sem hér segir.

Virðulegi forseti. Það segir á bls. 37 í athugasemdum með því frv. sem við erum að ræða: „Réttur til biðlauna verður sá sami og í núverandi lögum en þó gerð sú breyting að frá þeim dragast önnur laun sem starfsmaðurinn kann að hafa á biðlaunatímanum. Þessi breyting kann að leiða til nokkurs sparnaðar í framtíðinni ef ríkisfyrirtæki eða stofnun er breytt í hlutafélag eða fært til sveitarfélaga."

Með öðrum orðum, það er gert ráð fyrir að afnám biðlaunaréttarins leiði til sparnaðar hjá ríkinu miðað við tilteknar formbreytingar á ríkisrekstri. Og ef það leiðir til sparnaðar, hvers vegna leiðir það þá til sparnaðar? Vegna þess að fólkið missir þær greiðslur sem ella hefðu verið greiddar til þess ef þessi breyting hefði ekki verið gerð. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kann bæði að leggja saman og draga frá. Ríkið getur ekki sparað sér fé með þessu móti nema það sé tekið af einhverjum öðrum og það er í þessu tilvikið tekið af starfsmönnunum í krafti þeirrar réttindasviptingar sem hér á sér stað.

[15:59]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er annað af stóru málum ríkisstjórnarinnar á þessu vorþingi komið til 2. umr. Hitt málið,

stéttarfélög og vinnudeilur, er enn þá í hvarfi þó að það muni e.t.v. birtast innan tíðar.

Þegar mál þetta var rætt 21. mars sl., þ.e. málið um stéttarfélög og vinnudeilur var til umræðu, þá sagði formaður þingflokks Framsfl. m.a., með leyfi forseta:

„Þetta er mál sem margar ríkisstjórnir hafa ætlað sér að taka á en ekki hefur orðið af því fyrr en nú og að mér læðist sá grunur að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar gremjist það svolítið að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa haft kjark í sér til þess að taka á þessu vandasama og viðkvæma máli."

Þessi ummæli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur láta kannski ekki mikið yfir sér, en þau segja talsvert um eðli ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Mér sýnist að það hugarfar sem opinberast í þessum ummælum, að hafa kjark í sér til að taka á þessu viðkvæma máli, segi talsvert um forsendurnar fyrir myndun ríkisstjórnarinnar, þessarar helmingaskiptastjórnar sem sækir styrk sinn og hugmyndir, ekki síst til atvinnurekendasamtakanna í landinu.

Þegar ný forusta tók við í Framsfl. vorið 1994 vék komandi formaður, hæstv. núv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, m.a. að vinnumarkaðinum og nauðsyn þess að taka á vinnulöggjöfinni í landinu. Hann kastaði þá og síðar út agni til hins flokksins sem hlustar gjarnan á sjónarmið atvinnurekenda í landinu öðrum flokkum fremur um það hvað væri í boði við myndun ríkisstjórnar að loknum kosningum. Hinn nýi formaður Framsfl. hafði mikið umleikis það ár sem átti eftir að líða til kosninga til þess að gera kröfu til þess að ný ríkisstjórn tæki við þannig að sjónarmið Framsfl. fengju áheyrn í ríkisstjórn landsins.

Það kom líka skýrt fram strax eftir flokksþing Framsfl. í öndverðum maí fyrir réttum tveimur árum, 1994, að að mati ritstjórnar Morgunblaðsins voru veruleg tíðindi á ferðinni. Í leiðara sem Morgunblaðið skrifar 6. maí 1994 er þessum forustuskiptum fagnað sérstaklega með tilvísun í ummæli hins nýja formanns flokksins sem boði veruleg veðrabrigði og gætu átt eftir að setja sitt eigið mark á Framsfl. Orðrétt segir þar, með leyfi forseta:

„Af ummælum hans [þ.e. hins nýja formanns] er greinilegt að búast má við töluverðum áherslubreytingum. Í fyrsta lagi hefur hinn nýi formaður Framsfl. slegið á mildari strengi í Evrópumálum." Og síðar segir: „Þá hefur Halldór Ásgrímsson lýst því yfir að hann telji að endurskoða verði vinnulöggjöf hér á landi til að koma í veg fyrir að fámennir hópar geti í krafti valds náð fram kjarabótum umfram láglaunafólk. Enn fremur hefur formaður Framsfl. lýst þeirri skoðun að ekki verði lengra gengið í skattheimtu og áfram verði þörf á verulegu aðhaldi í ríkisbúskapnum." Og undir lok leiðarans segir, með leyfi hæstv. forseta: „Yfirlýsingar hins nýja formanns flokksins vekja upp áleitnar spurningar um hvort Framsfl. eigi eftir að færast til í hinu pólitíska litrófi á næstu árum. En jafnframt er ekki ólíklegt að viðleitni nýrrar forustu að því marki muni kalla fram sterka andstöðu innan flokksins, andstöðu sem nú þegar bryddir á."

Ég læt þessa tilvitnun í heillaóskaleiðara Morgunblaðsins til hins nýja formanns Framsfl. nægja. Hún talar máli sínu um þær væntingar sem þar voru uppi og við verðum að segja að því miður hafa þessar væntingar Morgunblaðsins gengið eftir tveimur árum seinna ótrúlega skýrt, m.a. það sem kom fram á þessum tíma um áhuga forustu Framsfl. á endurskoðun vinnulöggjafarinnar. Auðvitað var það sett fram ekki með þeim hætti sem birtist okkur nú í formi frumvarpa á Alþingi, heldur undir rós um það að koma eigi í veg fyrir að fámennir hópar geti í krafti valds náð fram kjarabótum umfram láglaunafólk eins og það hét á þeim tíma.

Þegar við lítum til baka til allra síðustu ára þá held ég að það séu einmitt þau veðrabrigði sem þarna urðu vorið 1994 sem launafólkið í landinu er nú að súpa seyðið af. Það tók aðeins ár og þá fékk Framsfl. verulegan byr í kosningum og hin nýja forusta aukinn styrk sem hún notaði síðan til þess að mynda með hraði ríkisstjórn með Sjálfstfl. og það leið ekki á löngu þangað til byrjað var á verkefnunum sem höfðu verið boðuð og við erum m.a. að ræða á hv. Alþingi.

Það má nefna að í litlu kveri sem kallast „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar" voru þau áform sem uppi voru innsigluð þannig að þau fóru út af fyrir sig ekki dult þar sem segir, svo að ég haldi því til haga, með leyfi forseta, þar sem segir um það sé eitt meginverkefni ríkisstjórnar: „Að endurskoða vinnulöggjöfina með það markmiði að stuðla að stöðugleika, ábyrgð samningsaðila og auknum áhrifum einstakra félagsmanna í stéttarfélögum." Menn taka eftir orðalaginu: „og auknum áhrifum einstakra félagsmanna í stéttarfélögum." Það var boðað að það kæmi ítarlegri málefnaskrá til viðbótar við þessa fáorðu stefnuyfirlýsingu. Ég hef hana ekki undir höndum. Kannski var verið að vísa til væntanlegra lagafrumvarpa sem fylgdu með stefnuræðu forsrh. Að minnsta kosti hefur þetta verið látið nægja sem sérútgáfa varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar.

Þessar fyrirætlanir varðandi endurskoðun vinnulöggjafarinnar og hér eru nú til umræðu hafa fengið algeran forgang á Alþingi að undanförnu. Allt annað er látið víkja fyrir þeirri hugsjón að draga tennurnar úr samtökum launafólks, lama þau sem verða má með breytingum á löggjöf og um leið og reynt er að ýta undir sérhyggju innan raða verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er gömul og þekkt herkænska, kennd við eitt meginleiðarljós sem uppi var þegar í Rómaríki hinu forna að deila og drottna, divide et impera. Til að stýra vinnunni við þann þátt sem snýr að starfsmönnum ríkisins var fenginn prófessor í lögum, Eiríkur Tómasson, og ýmsir minni spámenn eins og Haukur Ingibergsson, forstöðumaður Hagsýslu ríkisins. Gæta varð þess auðvitað að hafa framsóknartengslin í lagi úr því að Sjálfstfl. lagði til húsbóndann, þ.e. hæstv. fjmrh.

Starfið hófst með nefndarskipan 23. ágúst 1995 og 12. des. var samtökum ríkisstarfsmanna tilkynnt um að fyrir dyrum stæði heildarendurskoðun á lögum frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Nú skyldu forustumenn þessara samtaka makka rétt eða hafa verra af ella. Hér voru höfð hröð handtök því að í byrjun febrúar á þessu ári, aðeins fimm mánuðum eftir að nefnd Eiríks Tómassonar hóf störf, lá fyrir fullbúið frv., í aðalatriðum það sama og skilaði sér hingað inn í mars sl. Vinna að þessu máli á vegum ríkisvaldsins hefur þannig verið í leiftursóknarstíl þó að eitthvað hafi hægt á síðustu vikurnar en það er ekki allt sjálfrátt ríkisstjórninni eða hennar vilja og hennar liðsmanna á Alþingi.

Hæstv. forseti. Hugmyndafræðin að baki frv. er sett fram í knöppu formi í greinargerð með því. Það er nauðsynlegt að draga hana fram til að reyna að skilja þetta annars fremur torræða frv. Í athugasemdum á bls. 14–15 stendur m.a. í kaflanum um markmið nýrrar starfsmannastefnu og leiðir til að ná þeim markmiðum, með leyfi forseta:

„Öllum sem láta sig fjármál ríkisins einhverju skipta er það hins vegar ljóst að eina leiðin til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum, án þess að hækka skatta, er að lækka ríkisútgjöld og það verður ekki gert að neinu ráði nema

með því að draga úr kostnaði við starfsmannahald á vegum ríkisins, eins og ofangreindar upplýsingar sýna.

Að dómi okkar nefndarmanna er eina ráðið til að bregðast við þessum vanda að breyta núverandi starfsmannastefnu hins opinbera, a.m.k. eins og sú stefna hefur birst í framkvæmd. Hér á Íslandi verður, á sama hátt og gert hefur verið í nær öllum öðrum aðildarríkjum OECD, að ráðast gegn þeim hugsunarhætti sem endurspeglast í setningum á borð við: Þjónustan verður ekki aukin eða hún bætt nema með fleira starfsfólki." Þetta er orðrétt tilvitnun felld inn í greinargerð.

„Einkafyrirtæki, ekki aðeins framleiðslufyrirtæki heldur einnig þjónustufyrirtæki, hafa þurft að bregðast við vaxandi samkeppni með því að draga úr kostnaði við starfsmannahald og jafnframt að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Þannig hefur sumum fyrirtækjum tekist að standast samkeppnina með því að gjörbreyta skipulagi sínu og starfsháttum meðan önnur hafa setið eftir í sama gamla farinu og þar af leiðandi orðið undir á markaðnum."

Áfram segir: „Ríkið minnir að ýmsu leyti á fyrirtæki sem hefur orðið undir á samkeppni á frjálsum markaði. Rekstrarútgjöldin eru meiri en tekjurnar, þjónustu við „viðskiptavinina", þ.e. fólkið í landinu, þyrfti að bæta á mörgum sviðum, en svigrúmið til að breyta skipulagi og starfsháttum er harla lítið. Þessu verður að breyta, ekki með neikvæðum heldur jákvæðum formerkjum þar sem höfuðáherslan er lögð á að skapa möguleika til að mæta nýjum þörfum í rekstri hins opinbera og bæta opinbera þjónustu um leið og gripið er til hagræðingar til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálunum án þess að skattar eða aðrar álögur verði hækkaðar."

Enn segir í greinargerðinni um þessa hugmyndafræði: „Meginmarkmiðin með þeirri endurskoðun á starfsmannastefnu ríkisins sem nú stendur fyrir dyrum eru, eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar, „að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum, stuðla að bættri þjónustu hins opinbera og gera starfsmannastefnu ríkisins skýrari en nú er"."

Tilvitnun lýkur í skipunarbréf og síðan heldur greinargerðin áfram með því að reifaðar eru nokkrar leiðir sem að áliti nefndarmanna stefna að þessum markmiðum og ég vísa til greinargerðar með frv. þar að lútandi.

Eins og hér kemur fram er uppi m.a. töfraorðið hagræðing. Draga skuli úr starfsmannahaldi. Takið eftir að hér stóð: Ríkið minnir að ýmsu leyti á fyrirtæki sem hefur orðið undir í samkeppni á frjálsum markaði. Forskriftin að þessari hugmyndafræði er sótt í hugmyndabanka Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem svo er kölluð, oft skammstöfuð OECD, enda beinlínis til hennar vitnað. Þann sama aðila og miðlað hefur hugmyndum til aðila í einkarekstri og til aðila ríkisstjórna aðildarríkja að OECD en í þeim hópi er m.a. Nýja-Sjáland sem oft er nefnt í umræðu um þessi frumvörp ríkisstjórnarinnar.

Það er nauðsynlegt, virðulegur forseti, að athuga svolítið til hvers þessi ráðgjöf hefur leitt á síðustu árum í iðnvæddum ríkjum, hver er árangur þessarar stefnu, m.a. að því er varðar baráttuna við atvinnuleysi sem stjórnmálamenn í orði tala um sem eitt mesta böl síðari ára og út af fyrir sig gott að fá játningu af því tagi þó að sumir dragi í efa að þar fylgi hugur máli en það er nauðsynlegt að sjá til hvers hefur þessi stefna leitt, þessi ráðgjöf, þetta forrit sem OECD hefur m.a. stýrt. Auðvitað eru það margir aðrir eins og ég mun koma að í þessu sambandi.

Ég vil nefna það, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. hefur það ég veit fylgst með þessum málum á erlendum vettvangi, lagt sig fram um að ræða við starfsbræður sína og taka þátt í ráðstefnum og öðru þar sem fjallað hefur verið um þennan grundvöll og ég ætla hæstv. ráðherra út af fyrir sig ekkert nema gott til að taka við þessu mynstri út frá sjónarhóli ráðherrans. En það breytir ekki því að þessi hugmyndafræði er ekki að skila þjóðfélögum, aðildarríkjum OECD-ríkjanna, fram á við til lausnar á gífurlegum vanda sem þar er uppi og mætti nefna aðaldrættina í þeim stóru vandamálum sem þar er við að fást og sem setja reyndar mark sitt í vaxandi mæli á heimsbyggð alla. Það er umhverfisfylling, það er sem sagt eyðing umhverfis, vaxandi mengun af mörgu tagi og ágengni á auðlindir jarðar. Það er sívaxandi misskipting milli þjóða og milli hópa innan þjóðríkja og það er ekki síst sívaxandi atvinnuleysi sem er meðal stærstu vandamála samtímans eins og ég hef þegar nefnt. Öll þessi stóru vandamál eru tengd ríkjandi efnahagskerfi og þróun þess. Ég staðhæfi það hér, virðulegur forseti, og mun leiða að því nokkrar líkur í máli mínu að það sér ekkert fyrir endann á þessari þróun. Það sér ekkert fyrir endann á lausn þessara stóru vandamála og þeir aðilar, sem bundið hafa sig við formúlur sem fella má undir ráðgjöf OECD en er stýrt með miklu meiri ákveðni á einstökum svæðum eins og innan Evrópusambandsins, eru í rauninni að ýta undir þessi vandamál, að magna upp þessi vandamál í stað þess að leita lausnar á þeim. Ég dreg ekki í efa að það er í raun vilji þeirra góðu manna, þeirra stjórnmálamanna sem í hlut eiga, þar á meðal hæstv. fjmrh. — Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, ef frsm. nefndarinnar væri sem oftast viðstaddur umræðuna og vænti þess að hann sé ekki langt undan. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tekur vissulega þátt í athugun þessara mála á alþjóðavettvangi og hefur vafalaust sínar skoðanir á þeim og mun áreiðanlega taka þátt í umræðu um það í framhaldi.

Ég staðhæfi, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. fylgir að því er varðar efnahagsstefnu og þar með kjaramálastefnu ráðleggingum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Það er raunar skýrt tekið fram í greinargerð. Þess utan erum við Íslendingar bundnir meginreglum Evrópusambandsins um efnahagsmál eftir að við gerðumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þar er á kerfisbundinn hátt leitast við að framkvæma þá markaðsstýringu eða markaðsfrelsi sem hefur verið leiðarljós innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar og þátttökuríkja hennar frá því á 6. áratugnum og bar að því er ýmsir töldu árangur í mjög miklum hagvexti um skeið en er nú kominn í þá sjálfheldu sem raun ber vitni og er að leiða mannkyn allt fram á hengiflug sem alls er óvíst hvort menn geta forðað sér frá í tæka tíð, verði ekki spyrnt við fótum og breytt um stefnu.

Einnig fjármálastefna ríkisins verður með vissum hætti að taka mið af fjórfrelsinu sem eru boðorðin fjögur, grundvallarboðorð innri markaðarins sem er megininnihald samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og auðvitað innri markaðar Evrópusambandsins. Og þó að fjármálastefna ríkjanna og skattlagning sé ekki beinn hluti fjórfrelsisins komast aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis, að ekki sé talað um aðildarríki Evrópusambandsins sjálfs, ekki hjá því að taka mið af því sem gerist hjá öflugustu ríkjunum innan þessa svæðis, innan þessa bandalags. Og þess sér auðvitað stað hér þannig að í raun eru áhrifin af þátttöku okkar í innri markaði Evrópusambandsins mun djúptækari en regluverkið sjálft og eitt segir til um.

Aðildarríki Evrópusambandsins fá sannarlega að kynnast þessum málum þessi missirin, hvernig þau eru knúin

til þess að breyta stefnu sinni á mörgum sviðum að því er varðar fjármálastefnu, að því er varðar skuldsetningu og annað það sem tengist kröfunum um væntanlegt myntbandalag eða Efnahags- og myntbandalag sem gengur á enskunni undir skammstöfuninni EMU sem á að setja á samkvæmt Maastricht-sáttmálanum frá 1992. Uppgjörið um það hverjir komast í gegnum þetta þrönga nálarauga myntbandalagsins fer fram í raun þegar á næsta ári, þ.e. í byrjun árs 1998 verður lagt mat á árangurinn eins og hann skilar sér í þessum 4–5 stærðum sem ríkin verða að standast varðandi sína efnahags- og fjármálastefnu til þess að vera tæk inn í hinn heilaga klúbb frá 1. janúar 1999. Og menn hafa verið að heyra hvernig forustumaður stærsta og öflugasta efnahagsveldis Evrópusambandsins, Helmut Kohl Þýskalandsforseti, telur nauðsynlegt að taka á málum þar í landi til þess að komast hjá því, sem einhverjir mundu kalla hneyksli, að sjálft Þýskaland komist ekki í gegnum nálaraugað sem það átti hvað mestan þátt í að þrengja sjálft og ákvarða mælikvarðana.

Ég held að menn verði að ræða þessi mál, virðulegur forseti, á Alþingi í því samhengi sem þeim ber. Ég sé að hæstv. fjmrh. er með alþjóðlegt tímarit sem fjallar um þessi mál og einmitt erfiðleika Þýskalands til að standast þessa mælikvarða. Við höfum heyrt boðskap Kohls kanslara sem lýtur að því að þrengja verði um útgjöld ríkisins, mig minnir það vera 2 þús. milljarðar þýskra marka, en 2.000 var talan en ég segi þetta með fyrirvara. Hæstv. fjmrh. hefur það vafalaust þarna í ritinu sem hann er að fletta, virðulegur forseti, og getur þá komið nánar að þessu á eftir. (**Fjmrh.:** 70 milljarðar þýskra marka.) 70 milljarðar þýskra marka já, ætli það hafi ekki verið umreikningur yfir í íslenskar tölur, þessi 2.000 sem ég var að nefna, en alla vega eru það háar tölur og svo mikið er víst að mörgum þarlendis hefur blöskrað. Og eftir er að sjá, virðulegur forseti, hvað gerist í þessu forusturíki kapítalsins innan Evrópusambandsins. Hver verða viðbrögðin, hin pólitísku viðbrögð, við þeim fagnaðarboðskap sem þarna er fram reiddur eða hitt þó heldur fyrir vinnandi fólk í ríki sem telur nú yfir 4 milljónir atvinnuleysingja formlega skráða innan sinna vébanda? Minna var það ekki og hefur aldrei verið meira síðan í kreppunni miklu á árunum fyrir stríð sem var gróðrarstían fyrir nasistana sem brutust til valda í byrjun þess áratugar eða snemma á þeim áratug.

Virðulegur forseti. Við getum líka litið til Frakklands. Þar fengu menn kannski fyrsta varnaðarskotið fyrir bógin og þá á ég við, virðulegur forseti, sem ríkjum ráða og eru að fylgja þessu spori hins frjálsa kapítals, hinna frjálsu fjármagnshreyfinga og allra þeirra boðorða sem innsigluð eru í fjórfrelsinu þegar verkalýður í Frakklandi, opinberir starfsmenn vel að merkja, reis upp í nóvember sl. og það fór hrollur um þá sem sitja í fílabeinsturnum fjármagnsins, ekki bara þar í landi heldur um alla Vestur-Evrópu trúi ég. Það fór hins vegar ekki svo að það skapaðist nýtt ástand svipað og 1968 í Frakklandi, ekki í þetta skipti. En það fóru af stað þjóðfélagslegar hræringar sem hljóta að gera vart við sig, sem hljóta að endurtaka sig fyrr en síðar, ef menn ætla blint að fylgja því spori sem hér er markað.

Er ekki alveg ástæðulaust, virðulegur forseti, að ræða þessi mál hér í þessum ræðustóli? Kemur þetta Íslandi eitthvað við? Hæstv. fjmrh. hristir höfuðið. Hann er léttlyndur maður, virðulegur forseti, hæstv. fjmrh. Það er ágætt að hæstv. ráðherra heldur gleði sinni. Ég veit ekki hvort ráðherrann hefur lesið Reykjavíkurbréf fyrir tveimur til þremur vikum þar sem vikið var að myntbandalagi Evrópu og ráðamenn einnig hér beinlínis hvattir til þess að fara að leggja við hlustir og athuga sinn gang. Kannski kæmi sá tími að við þyrftum að skoða það hvort við ættum ekki að kasta þeim leifum af stjórntækjunum sem felast í því að vera með eigin gjaldmiðil, kasta þeim fyrir róða og stökkva um borð. Þetta var til umræðu í því málgagni sem nátengdast er Sjálfstfl. og ég held að hæstv. fjmrh. eigi ekki að vísa því frá með brosi á vör að þessi efni séu til umræðu þar sem stefnan í fjármálum og efnahagsmálum landsins er rædd í þeim turnherbergjum og bakherbergjum þar sem menn eru að spá í framtíðina í sambandi við þessi efni.

Það er nefnilega þannig, virðulegur forseti, að stefna og umsvif íslenska ríkisins og sveitarfélaga ríkja, tekjuöflun þeirra og útgjöld, varðar sannarlega vinnumarkaðinn í hverju landi og einnig vinnumarkaðinn hér á landi. Hagræðing og samdráttur í störfum á vegum opinberra aðila eykur í mörgum tilvikum með beinum hætti á það atvinnuleysi sem fyrir er og með óbeinum hætti verkar það á marga lund þó að að sumu leyti sé verið að afhenda einkaframtakinu verkefnin með sölu á ríkisfyrirtækjum, bæði framleiðslufyrirtækja og þó einkum þjónustufyrirtækja, sem nú er verið að boða m.a. varðandi Póst og síma. Enda er það til umræðu á Alþingi þessa dagana og mikið lagt undir til að koma því máli í höfn.

Virðulegur forseti. Innri markaður Evrópusambandsins átti að vera töfralausn í mörgum skilningi. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hv. alþingismenn og hæstv. ráðherra að lesa ritgerðirnar og bækurnar sem skrifaðar voru um hina töfrandi tölu ártalið 1992 og var í rekkum í sjoppum og bókabúðum álfunnar með tilheyrandi gyllingu á því sem mundi gerast þegar búið væri að taka lokurnar og hömlurnar úr hinum frjálsa markaði og innleiða stefnuna sem hafði legið í skúffum hjá Evrópusambandinu um lengri tíma. Dustað var af þessu rykið 1985 og kúrsinn settur á töfralausnina: Innri markaður kominn í gagnið á árinu 1992. Þessi innri markaður átti að auka stórkostlega hagvöxt á öllu Evrópusambandssvæðinu og draga úr atvinnuleysi. Ef ég man rétt var það á þeim tíma eitthvað nálægt 8–9%, þ.e. í kringum 1990. Það er hins vegar óhjákvæmilegt, virðulegur forseti, að virða fyrir sér veruleikann eins og hann blasir við hálfum áratug síðar. Ég veit að hæstv. forsrh. þekkir það efni nokkuð vel af kynnum sínum af þessum málum á alþjóðlegum vettvangi fyrir utan það að lesa sér til meðan við erum að tala yfir hæstv. ráðherra í þingsölum. Ég ætla ekki að lasta það að hann líti í blöð. En það er sannarlega fróðlegt að virða fyrir sér hvað hefur verið að gerast í þessum efnum.

Ef við lítum til Evrópusambandsins sérstaklega, virðulegur forseti, þá hefur þetta ekki gengið eftir. Minnkun atvinnuleysis átti að skila sér með tiltölulega skjótum hætti eftir að allt var smollið saman varðandi innri markaðinn. En það hefur haldið áfram að vaxa stig af stigi og hefur aldrei komist í þær hæðir sem nú er og er nú komið upp í um 20 milljónir manna í Vestur-Evrópu eða jafnvel rúmlega það með þeim hrikalegu afleiðingum sem því fylgja fyrir fólk í álfunni sem við þetta býr, atvinnuleysi sem snertir nær allar fjölskyldur. Það eru fáar fjölskyldur sem ekki verða varar við þetta með einhverjum hætti, atvinnuleysi sem komið er yfir 20% í sumum landanna, atvinnuleysi sem snertir ungt fólk öllum öðrum fremur og þar sem atvinnuleysi í röðum fólks á milli tvítugs og þrítugs er komið upp í nærfellt þriðjung þar sem ástandið er verst. Atvinnuleysi hefur einnig gert vart við sig hér á landi í vaxandi mæli og hefur fest sig í sessi, að vísu ekki í þeim hæðum sem menn búa við í nágrannalöndum,

bæði á Norðurlöndunum og að ekki sé talað um lönd eins og Spán og Finnland, þar sem ástandið er hrikalegt í þessum efnum.

Það var athyglisvert að sjá það nýlega í skýrslu sem kom frá vinnumálaskrifstofu félmrn. sem fylgist með atvinnuleysinu, hver þróunin er í þessum efnum, hvernig langtímaatvinnuleysi hefur verið að festast í sessi, hvernig atvinnuleysi hefur grafið um sig í vaxandi mæli á höfuðborgarsvæðinu, sumpart vegna þess að fólk er að flytjast af landsbyggðinni vegna stefnu ríkisstjórnarinnar á mörgum sviðum. Það kýs þá frekar jafnvel að deila kjörum með atvinnuleysingjum á höfuðborgarsvæðinu, auðvitað komið hingað í von um það að fá úrlausn sinna mála. Þetta er að gerast á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn er að leggja fram tillögur og heldur fram efnahagsstefnu sem ljóslega leiðir til þess að atvinnuleysi mun fara vaxandi, einnig hér á landi á komandi árum vegna þess að við erum búin að njörva okkur niður með efnahagsstefnu annarra ríkja og erum nátengd henni.

Vissulega eru hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn að vonast til þess öðru hverju að fá happdrættisvinninga. Einn slíkur happdrættisvinningur til að lina skammtímaþjáningar þjóðarinnar í þessum efnum var samningurinn um stækkun álbræðslunnar í Stramsvík. Og hæstv. ráðherrar Framsfl. rembast við það eins og rjúpa við staur að draga inn aukna fjárfestingu af þessu tagi og eru úti um allar koppagrundir í þeim efnum komnir alla leið til Kína til þess að reyna að lokka til sín álbræðslurnar sem eiga að rísa. Hvar? Hér við Faxaflóa, þar sem á að varða ströndina með stóriðjuverum.

Hvað varðar áhrifin á umhverfið sem ég minnti á sem eitt af mestu vandamálum okkar tíma, þá fer ekki mikið fyrir áhyggjunum af því. Og hvað varðar spurninguna um það að útlendingar nái tökum á orkuverunum og auðlindunum og geti skammtað sér aðgang að þeim úr hnefa með því að fjárfesta þar sjálfir, þá fer ekki mikið, virðulegur forseti, fyrir áhyggjum af þeim tíðindum þegar hæstv. iðnrh. á í hlut. Því er bara tekið sem fagnaðarefni að hér sé von á tilskipun frá Evrópusambandinu sem opni fyrir fjárfestingar útlendinga í orkulindum landsins, bæði í virkjunum og dreifiveitum sem verði að aðskilja og að innleiða hér frjálsa samkeppni í orkumálum. Það er ekki svo að forusta Framsfl. bregðist við þessum tíðindum með því að slá varnagla. Ónei. „Við höfum reiknað með þessu. Við höfum verið að búa okkur undir þetta. Þetta er allt í besta lagi." Þetta eru viðhorfin sem þarna eru uppi og tengjast stefnu Framsfl. Með þessu er væntanlega verið að reyna að öngla eitthvað upp í að standa við kosningaloforðin um fjölgun starfa í landinu. Voru það ekki 12 þúsund sem átti að skaffa til aldamóta? Mig minnir það vera eitthvað í þá veru. (**VE:** Hækka þau í 15 þúsund.) Já, fulltrúi Sjálfstfl., virðulegur forseti, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, upplýsir um að það sé búið að hækka þessa tölu í 15 þúsund nú nýverið. Það er sjálfsagt út á álbræðsluna frá Kína, álbræðslu Kínverja trúlega, fyrir utan þessa gömlu sem á að reisa upp á Grundartanga og ættuð er frá Þýskalandi. Það er búið að taka hana niður og bara er eftir að velja henni stað. Við öllu er tekið. Það er engin spurning. Við öllu er tekið bara til að öngla upp í kosningaloforðin. Skítt veri með umhverfið á höfuðborgarsvæðinu. Það er algert aukaatriði rétt eins og spurningin um atvinnu eða atvinnuleysi þegar rætt er um stefnu í umsvifum og þjónustu ríkisins og hvernig staðið er að þeim málum gagnvart starfsmönnum ríkisins.

Virðulegur forseti. Ég hef þegar sagt að ég veit að hæstv. fjmrh. er talsvert sokkinn niður í OECD-fræði. Ég held að hæstv. ráðherra sé bara nokkuð vel að sér í þeim fræðum. Ég hef hitt hæstv. ráðherra á erlendri grund og rætt við hann og hans starfsbræður um þessi fræði á árum áður. Ég var t.d. á fundi með hæstv. fjmrh. í Lyngby í Danmörku sem Norðurlandaráð stóð fyrir í apríl 1994, þar sem viðfangsefnið var hið ógnvekjandi atvinnuleysi í álfunni og hvernig ætti að bregðast við því. Skýrsluna hef ég á borðinu hjá mér. Ég tók hana ekki með upp í ræðustólinn. Þar er að finna m.a. ræðu hæstv. fjmrh. sem hann flutti. Ég er reyndar með hana í danskri útgáfu, ekki á íslensku. Hún heitir á dönskunni: Vigtige forudsætninger på øged beskæftigelse i Norden, april 1994. Þetta flutti hæstv. fjmrh. yfir okkur þarna úti í Danmörku. Mér fannst þetta allt saman virðingarvert því að hæstv. ráðherra hefur ákveðinn vilja en hins vegar skortir hann sýn á það hvernig á að taka á málum. Hann er bara að kópíera það sem er forskrifað hjá hagfræðingaveldinu sem er að ryðja brautina fyrir fjármagnið um víða veröld. Hann er bara að kópíera það og þetta gengur eftir í þessum frumvörpum.

Ég hlýt að nefna það, virðulegur forseti, að einmitt á þessari ráðstefnu í Lyngby kom finnskur ráðherra sem ég kann ekki að nefna hér og því miður var ræðu hans ekki haldið til haga í þeim samantektum sem við fengum eftir ráðstefnuna. Hann hafði séð ljósið og flutti fyrir okkur sem þarna vorum — það var mjög fríður hópur og blandaður eins og vera ber á svona fundi, — flutti fyrir okkur fregnir af þessu ljósi í myrkri atvinnuleysisins. Og hvaðan ætli það hafi verið ættað? Ó jú, það var komið alla leið um hnöttinn þveran. Hæstv. fjmrh. man eftir því. Það var komið frá Nýja-Sjálandi. Ég leyfði mér á þessum fundi, virðulegur forseti, að spyrja þennan öfluga ráðherra sem líklega var atvinnumálaráðherra Finna, ekki var það hvalveiðiráðherra Finna — ég held að það hafi verið atvinnumálaráðherra Finna sem þarna var á ferðinni — og spyrja hann svona nánar út í stefnuna. Og hvað haldið þið að hafi komið í ljós? Ráðherrann hafði fengið fagnaðarerindið sent í pósti. Til Nýja-Sjálands hafði hann aldrei komið en hann var að undirbúa ferð sína þangað. Þetta hefði ekki upplýsts nema vegna fyrirspurnar á fundinum. Allir héldu að ráðherrann væri búinn að kanna á vettvangi hvernig þessi mikla frelsun hefði virkað, þessi inngjöf í hagkerfið á Nýja-Sjálandi, þessi svipting, þessi opnun allra gátta og lokur teknar frá. O nei, hann var að búa sig undir ferðina og hafði fengið einhvern pappír í hendurar og flutti þetta bara blygðunarlaust yfir fólki sem fagnaðarerindi. Ég veit að hæstv. fjmrh. man enn þá mjög vel eftir þessu því að sannfæringin fór ekki alveg nógu vel í fólk. (Gripið fram í.) Já, og ég hlýt að geta þess að það var athyglisvert að það komu öflug viðbrögð og þau voru einmitt frá íslenskum fulltrúa á þessari ráðstefnu, fulltrúa Kvennalistans sem flutti sérstakt erindi á ráðstefnunni, Kristínu Einarsdóttur, sem gat rekið allbærilega ofan í ráðherrann upplýsingar og rakið upplýsingar um hvernig þetta hafði reynst á Nýja-Sjálandi. (**VE:** Hefur Kristín verið ...?) Hún hafði kynnt sér það og því var ekki mótmælt á þessum fundi. En nú kannski skortir nokkuð á. Það væri ekki úr vegi að skjóta saman í farareyri handa hæstv. fjmrh. og fleirum, kannski hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, til þess að þeir geti nú komist á vettvang. (**Fjmrh.:** Alþb. gæti útvegað fararstjórann, Steingrím J. Sigfússon.) Til þess að kynna sér á vettvangi — gjarnan með fararstjóra frá Alþb. Ég hef ekkert á móti því — kynna sér á vettvangi árangurinn mikla í þessu landi, láta sér ekki nægja sendiboða eins og hér hefur verið rakið og við þekkjum að hafa komið

hingað til lands, hvort sem það er greitt undir þá eða ekki af Íslendingum. Það skal ósagt látið.

Það er óhjákvæmilegt, virðulegur forseti, að nefna öll þessi atriði vegna þess að þetta er grunnurinn sem verið er að starfa á. Það er ekki viðleitni til þess að fjölga störfum, bæta úr atvinnuleysinu með því að auka umsvif ríkisins eins og auðvitað getur komið fyllilega til greina á ákveðnum sviðum. Nei, það er fyrir fram útilokað, virðulegur forseti, vegna þess að það má ekki safna meira í sameiginlegan sjóð. Það er komið hámark á skattana. Það er bara ekki til umræðu. Það þarf ekki einu sinni að skoða það. Og formaður Framsfl. tók undir mjög eindregið og kröftugt vorið 1994 að það *stæði ekki til af hálfu Framsfl. að fara að auka skattheimtu í* landinu.

Nú er mér ljóst að það er ekkert sérstaklega vinsælt að mæla fyrir auknum sköttum. En ég tek það mjög skýrt fram að ég er ekki í hópi þeirra sem ... (**VE:** Skattahækkanir fækka störfum.) *Ég er ekki í hópi þeirra sem telja að það* sé komið að einhverjum endimörkum í að jafna kjörin í landinu með því að taka meira frá þeim sem betur mega í landinu í sameiginlegan sjóð, með því að leggja meira á þá sem eru aflögufærir, m.a. í því skyni að geta bætt við, bæði *að gæðum og einnig að mannafla ef ástæða er til, nýjum* kröftum á vegum hins opinbera.

Eitt svið, virðulegur forseti, hefur verið nefnt bæði í hinni alþjóðlegu umræðu og einnig hér af Alþb. og fleirum, sem full ástæða er til að skoða í ljósi þess atvinnuleysis sem hér *hefur haldið innreið sína og er til umræðu víða um lönd.* Það er að reyna að ráðast gegn umhverfisspillingunni. Það er viðleitni til að bæta umhverfi okkar, girða fyrir mengun og annað af þeim toga með því að fjölga störfum á því sviði, með því að glíma við það til þess að bæta umhverfi okkar.

Það er ljóst að þörfin á því að bæta þjónustu af ýmsum toga, m.a. í heilbrigðismálum, blasir víða við. Þetta er spurningin um það, hvernig menn vilja forgangsraða. En það er bara ekki til umræðu hjá ráðandi öflum hér eða víðast hvar annars staðar innan hins Evrópska efnahagssvæðis að halda *þannig á málum. Þar gefa menn sér:* Ekki hærri skatta. Það þýðir ekkert um það að tala og hagræðing er meginkrafan gagnvart starfsemi hins opinbera. Það er margt sem getur falist í hugtakinu „hagræðing" annað en mat á gæðum þjónustunnar sem verið er að veita og þeirrar starfsemi sem rekin *er af ríkinu.*

Ég þarf ekki hér, virðulegi forseti, að víkja að þeirri hringekju sem felst í því að halda uppi fólki á atvinnuleysisbótum með opinberum stuðningi eins og eðlilegt er annars vegar og hins vegar kröfu fjármagnsins, kröfunni um hagræðingu með fækkun starfa. Það þýðir ekkert að vísa því frá sem einhverju sem ekki sé umræðuvert að taka verði á þessum málum á annan hátt en gerist sjálfkrafa, ef menn ætla að láta markaðinn ráða ferðinni á öllum sviðum. Menn eru farnir að hafa áhyggjur af þessu, einnig þeir sem hafa ekki tekið mikið undir með þeim málflutningi sem hér er uppi hafður. Ég minni m.a. á mann sem var býsna öflugur innan Evrópusambandsins til skamms tíma, Jacques Delors. Hann setti m.a. fram hvítbók í þeirri viðleitni í orði að bæta stöðuna og andæfa gegn atvinnuleysinu innan Evrópusambandsins. Hann setti fram hvítbók árið 1993 um að nú skyldi farið í mikla sókn og nú skyldi þetta milljónatuga atvinnuleysi helmingað fram til aldamóta. En það sér ekki högg á vatni. Það er eins og með eikina í sögunni um Tuma Þumal sem ég veit að hæstv. fjmrh. þekkir. Eikin óx svo mjög framan við kóngshöllina að það varð almyrkt. Menn fengu ekkert við ráðið því þegar ein grein var af höggvin þá uxu tvær í staðinn. Það er nákvæmlega þetta sem er að gerast. Myrkviðurinn þéttist í krafti þeirrar stefnu og aðgerðarleysis sem ráðandi öfl í löndunum láta yfir þjóðirnar ganga. Og það er ekki fyrr en einhver kemur úr kotinu, einhver Tumi Þumall sem vísar á nýjar leiðir að eitthvað rofar í gegnum þetta svartnætti vaxandi atvinnuleysis sem er að byrgja og eyðileggja lífshamingju milljóna manna, milljóna tuga í Vestur-Evrópu.

Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að dusta rykið af ýmsu. Ég var að tala um Jacques Delors og ætla ekki að gleyma því, virðulegur forseti, að nefna samhengið því að sami Jacques Delors er einmitt nú upp á síðkastið farinn að vara við afleiðingum — ég vil ekki segja eigin stefnu því að auðvitað var hann bara þægur þjónn og var tyllt upp sem forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, auðvitað enginn gerandi í þessum málum því að fjármálaöflin ráða þar ferðinni. En sami Jacques Delors er núna farinn að vara við að þjóðfélagslegar afleiðingar þessarar stefnu kunni að valda slíkum óróa, uppreisn þolendanna í löndunum að fjármagnseigendurnir, hvort sem það eru eigendur fyrirtækja eða hvort það liggur í bankahólfunum, þurfi að fara að vara sig, þurfi að átta sig á því að undirstöðurnar séu kannski ekki jafnstyrkar og skyldi. Ég get fundið þessum varnaðarorðum stað einhvers staðar í því safni, virðulegur forseti, sem ég hef nálægt mér. (**Fjmrh.:** Sem flutti ræðuna í Kaupmannahöfn.) Og ræðan úr Kaupmannahöfn í marsbyrjun hefur vafalaust haft svipaðan boðskap þannig að hæstv. fjmrh. kannast við þessi varnaðarorð. Það gerist ekki með því að ganga götuna blindandi áfram. Þannig gerist það ekki. Þar sem einn étur eftir öðrum vitleysuna, leiðsögnina sem er að færa þjóðirnar fram á bjargbrún. Það nægir ekki fréttabréf úr fjmrn. þó að þau séu ágæt eins og hæstv. fjmrh. gaf út. Ég er með eitt frá 30. mars 1994, ágætis fréttabréf upp á fjórar síður. Atvinnuleysisvandinn — hvað er til ráða? Hæstv. fjmrh. birti þar ýmsar tölur og er þar að reyna að klóra í bakkann. Það eru meira að segja nefndar aðgerðir sem kenndar eru við krata sem eru nákvæmlega í sömu sporum þó að þeir séu því miður búnir að skrifa upp á leiðsögnina víða. Þá á ég ekki við alla sem raða sér í þær fylkingar heldur þá sem leiða hjörðina og hafa slegist í hópinn með hægri öflunum í Vestur-Evrópu og þar með Norðurlöndunum til að draga þjóðirnar inn á þá villuslóð sem hér er fylgt og þurfti mikið til að forða Norðmönnum frá því að vera girtir þar af.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að vekja athygli fjmrh. á grein sem ég hef í höndum og er skrifuð af manni sem heitir Kåre Willoch. (**Fjmrh.:** Er það um frv.?) Greinin varðar frv. sem er til umræðu. Hún er undir fyrirsögninni Miljøpolitik og højere sysselsetning og varðar einmitt það sem ég var að vísa til að í öflugum aðgerðum til úrbóta á umhverfissviði er að finna einhvern vísi til lausnar á þeim mikla og hrikalega vanda sem við er að fást og þá um leið verið að glíma við þá váboða sem varða eyðingu umhverfis. Kåre Willoch var formaður norska hægri flokksins, nú lénsmaður í Noregi, og hann er einn af þessum eldri mönnum sem voru þátttakendur í þessari pólitík fyrir nokkru og sem trúðu á forskriftina frá OECD en eru farnir að efast og eru farnir að leita. Þeir eru farnir að endurskoða málin, eru ekki lengur þátttakendur í hinni hörðu pólitík, eru svolítið til hlés og geta leyft sér að hugsa upphátt. Þetta er ekki eina dæmið um það. Ég á margar greinar eftir þennan ágæta mann sem var uppi á sama tíma og Olof Palme í Svíþjóð og tókst á við hann á þingum

Norðurlandaráðs á þeim tíma. Marga hildi háði hann þar. Þá var tekist á um raunveruleg vinstri sjónarmið borin fram af krötum, borin fram af Olof Palme en ekki þeim einstaklingum sem hafa verið kjörnir til forustu í Jafnaðarmannaflokki Svíþjóðar eftir daga Olofs Palme. Við skulum hafa sem lægst um þau efni í bili. En það er nefnilega þannig og það veit ég að hæstv. fjmrh. vill ræða við þann sem hér talar, það er nefnilega þannig að töfralausnin, aukinn hagvöxtur og atvinna fellur ekki lengur hvort að öðru. Það sem talið var óyggjandi töfraráð hér á árum áður að auka hagvöxt, ná upp efnahagsstarfseminni, fá inngjöf í hagkerfið til þess að draga úr atvinnuleysi. Það er jafnvel viðurkennt af hörðum frjálshyggjupostulum sem við köllum svo. Þetta skilar sér ekki. Það eru önnur öfl að verki. Það er komið eitthvert hikst í gagnverkið, þetta gangverk sem menn voru farnir að trúa á vegna þess hverju það skilaði á sjöunda og áttunda áratugnum. Ég veit að hv. formaður efh.- og viðskn. þekkir þetta.

Hér er ég með fjármálasíðu úr Dagens Nyheter frá því í júní 1993. Þá þegar er það komið upp sem hefur sýnt sig æ betur síðan að vöxtur gefur ekki fleiri störf og þar stendur sem undirfyrirsögn: Evrópusambandsráðherrarnir fálma í myrkri. Þar eru þeir staddir enn, fálmandi í myrkri. En enn eru menn uppi á Íslandi að éta tugguna eftir þessum ágætu mönnum og lítil ef nokkur viðleitni til þess að svipast um eftir einhverjum öðrum og skaplegri siglingaljósum. (**VE:** Getur þingmaðurinn þá gert okkur grein fyrir þróuninni í Bandaríkjunum?) Nú kemur hv. þm., formaður efh.- og viðskn., með fróma ósk um það að þingmaðurinn geri grein fyrir þróuninni í Bandaríkjunum og það er sjálfsagt að bregðast við því fyrst um er beðið.

Það er nefnilega svo að þar er enn þá eftir, virðulegur forseti, strá, ég vil segja hálmstrá sem gripið er í þegar horft er framan í veruleikann á því svæði sem við erum stödd efnahagslega, Vestur-Evrópu, Evrópusambandið, hið Evrópska efnahagssvæði. Þar sér hv. formaður efh.- og viðskn. svolítið ljós, vestur í Bandaríkjunum, því að þar hefur atvinnuleysið ekki farið upp með sama hætti og í Evrópusambandinu sem hv. þm. hefur átt drjúgan þátt í að tengja okkur við og vill ólmastur manna á Alþingi keyra okkur inn í þar sem atvinnuleysið er núna um 11%, 20 millj. en af einhverjum ástæðum horfir hann samt vestur um haf. Þar er smáglæta. Þar er atvinnuleysi núna tæp 6% sem telst bara ósköp skaplegt á bandarískan mælikvarða. Þegar farið er að gá undir yfirborðið kemur náttúrlega margt í ljós.

Ef litið er til tekjudreifingar í Bandaríkjunum liggur það fyrir að bilið milli ríkra og fátækra þar í landi hefur aukist stórkostlega og fer vaxandi með hverju árinu sem líður. Þar eru yfirleitt engar lágmarkstryggingar á vinnumarkaði, þar er ekkert öryggisnet, þar er ekkert sem við kennum við velferð. Það er nákvæmlega það sem nú er komið upp svo að hv. þm. tók smávegis forskot á sæluna því að það er nákvæmlega forskriftin sem nú á að fara að grípa til til þess að ráða bót á vandanum í Vestur-Evrópu. Það er að taka burtu öryggisnetin, það er að greiða fyrir frjálsri tekjudreifingu eins og það mundi vera kallað í samfélaginu, lofa þeim að éta það sem úti frýs sem verða sér ekki úti um atvinnu og sem hafa ekki efni á því að leita að heilbrigðisþjónustu og annað þess háttar, hvað þá að sjá börnum sínum farborða eða koma þeim til mennta. Láta þá bara um þetta og láta menn glíma í kapphlaupi um störf með því að bjóða niður hver fyrir öðrum þar sem verkalýðshreyfingin er komin á kné og var reyndar aldrei uppistandandi á evrópskan mælikvarða vestur í Bandaríkjunum en hefur misst máttinn með þeim hætti að forustumenn atvinnurekenda hér munu horfa til þess með öfundaraugum. Ég vil ekki segja að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins sé í þeim hópi. Ég trúi því ekki satt að segja, virðulegur forseti, að það sé það sem hv. þm. hefur haft í huga að ætti að leiða yfir okkur, þ.e. hinar bandarísku aðstæður, til þess að gangverkið skrimti svolítið lengur.

Virðulegur forseti. Ég var svolítið að víkja að Framsfl. snemma í ræðu minni. Veðrabrigðin í Framsfl. eru satt að segja tíðindi og það eru stærstu pólitísk tíðindi allra síðustu ára. Ég veit að hæstv. forseti er þeim málum gjörkunnugur. Hann þekkir þau jafnvel betur en sá sem hér talar og var vel kunnugur innan húss í Framsfl. í æsku. Ég hef fylgst með honum lengi síðan, oft átt samleið með þeim flokki á árum fyrr en finn nú til æ minni samkenndar með þeirri stefnu sem þar er uppi og þarf þá ekki til málamiðlun sem gerð er innan ríkisstjórnar með Sjálfstfl. Það hefur nefnilega ekki gengið eftir, hæstv. forseti, sem Morgunblaðið í leiðara þann 6. maí 1994 var að geta sér til um með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Yfirlýsingar hins nýja formanns flokksins vekja upp áleitnar spurningar um, hvort Framsóknarflokkurinn eigi eftir að færast til í hinu pólitíska litrófi á næstu árum. En jafnframt er ekki ólíklegt að viðleitni nýrrar forustu að því marki muni kalla fram sterka andstöðu innan flokksins, andstöðu, sem nú þegar bryddir á."

En við hljótum að spyrja: Hvað hefur orðið um þessa andstöðu? Hvar sjást hennar merki? Krosstré sem önnur tré falla, hafa brugðist þannig að ég veit satt að segja ekki í hvaða áttir það fólk lítur sem veðjaði á Framsfl. í síðustu kosningum. Ég held að það geti a.m.k. ekki stöðvast við þá forustu sem nú er og þá andstöðu sem hvergi bryddir á. Einn af þeim málsvörum sem studdu fyrrv. formann þar í flokki er settur á bás í félmrn., bundinn á bás í félmrn. og má sig hvergi hræra og annað eftir því. Hann ber hér fram frv. fyrir atvinnurekendasamtökin í landinu um stéttarfélög og vinnudeilur sem við eigum eftir að ræða við annað tækifæri. Hann er einn af þeim sem Morgunblaðið vafalaust hefur haft í huga þegar það var að tala um væntanlega sterka andstöðu við þá stefnubreytingu sem ný forusta í Framsfl. boðaði þegar hún braust til valda vorið 1994.

Virðulegur forseti. Við skulum þá líta til einstakra greina frv. Ég hef verið að fjalla um greinargerð og stefnumið frv. og hvernig það tengist þeirri efnahagsstefnu sem uppi er hjá íslenskum stjórnvöldum og sem við höfum verið tjóðruð við með þátttöku í alþjóðlegum samtökum, svæðisbundnum samtökum eins og hinu Evrópska efnahagssvæði. Ef litið er til efnisgreina þessa frv., virðulegur forseti, þá komumst við ekki hjá því að telja að þetta sé afar illa samið frv., bara tæknilega séð. Það er satt að segja alveg ótrúlegt að formaður nefndarinnar sem samdi frv. skuli bera prófessorsnafnbót, skuli vera prófessor í lögum og að fleiri lærðir menn skuli vera höfundar frv., (**VE:** Á að segja þeim upp?) að það sé nú ekki talað um sjálfa ríkisstjórnina. Formaður efh.- og viðskn. ber fram spurningu og er greinilega ofarlega í huga að það verði bara að segja manninum upp. Hugverkið fær svo slæma dóma á Alþingi að hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni er það efst í huga að það verði bara að segja þessum manni upp. Enda dregur kannski að því ef innihaldið gengur eftir að það þurfi að fækka eitthvað þarna í háskólanum vestur á Melum og að það dragi til einhverra uppsagna þar. Það er svo sem

viðbúið. En ríkisstjórnin kom auðvitað að málinu. A.m.k. verðum við að ætla að hún hafi prófarkalesið frv., eitthvað skoðað innihaldið, enda lagði hún blessun yfir forskriftina sem það var samið eftir.

Ég heyri það á nefndarmönnum í efh.- og viðskn., ekki bara hjá formanninum eins og nú má nema með innleggi hans í umræðuna, að nefndin þurfti að fá sérstaka tilsögn frá flutningsmönnum, frá höfundum frv. til að skilja hvert verið væri að fara. Lýsandi dæmi um flókna framsetningu í þessu frv. er t.d. 12. gr. Ég kem aðeins að henni seinna.

Með þessu frv., virðulegur forseti, er stefnt að því að svipta starfsmenn ríkisins margháttuðum réttindum sem fram að þessu hafa verið talin réttlæta lægri laun þeim til handa. Þetta er gert á tíma þegar kjarasamningar eru ekki lausir. Þessi aðferðafræði er það sem mestur ágreiningur er um og sem fordæmt er af öllum samtökum launafólks og af okkur stjórnarandstæðingum á Alþingi. Þegar ég segi af öllum samtökum launafólks, þá eru það ekki aðeins samtök opinberra starfsmanna eða starfsmanna ríkisins sem kveða upp harða dóma um þetta frv. heldur einnig þeir sem ganga undir merkjum Alþýðusambands Íslands og átta sig að sjálfsögðu á því að þau efni, þau frumvörp bæði sem hér liggja fyrir þinginu eru nátengd, eru hluti af sömu sóknarlotunni af hálfu ríkisstjórnarinnar gegn samtökum launafólks.

Virðulegur forseti. Ég fer að sakna hæstv. fjmrh. Ég veit að hæstv. ráðherra ætlaði að bregða sér frá, mér var sagt í 10 mínútur. Þær eru liðnar og vel það.

(**Forseti** (GÁ): Forseti gerir ráðstafanir til þess að kalla ráðherra inn.)

Ég vona að hæstv. ráðherra komi fljótlega því að við hann þarf ég að eiga nokkur orð jafnframt því sem ég veit að hv. formaður nefndarinnar sem mælir fyrir meiri hluta þar leggur við hlustir. Báðir þessir frammámenn ríkisstjórnar segja að á þessu sem ég hef nefnt hér, því sem hallar á starfsmenn ríkisins, því sem tekið verður af þeim með þessari lagasetningu, verði tekið í næstu kjarasamningum. Ég heyrði hv. þm. Vilhjálm Egilsson orða þetta eitthvað á þá leið að það mætti vinna þetta upp. Þeir gætu sennilega unnið þetta upp á tveimur samningstímabilum. Þess vegna eigi menn allir að geta verið þokkalega ánægðir og eigi ekki að tortryggja það mál sem hér á að lögfesta. Það verður að hafa hins vegar vel í huga, virðulegur forseti, þann ójafna leik og þá ójöfnu stöðu sem samningsaðilar hafa þegar um opinbera starfsmenn er að ræða. Ríkið og samtök starfsmanna þess eru við kjarasamningagerð á mjög svo ólíkum vígstöðvum. Ríkisvaldið hefur löggjafann stundum jafnvel í hendi sér til að setja leikreglur ef það telur sér henta og meiri hluti er fyrir slíku hér á Alþingi þannig að það er ekki svo að hér sé völlurinn hasladur með jafnræði á milli aðila. Því miður er það ekki svo.

Við þurfum líka að hafa í huga, virðulegur forseti, að ýmis almenn réttindi launafólks hérlendis standa langt að baki því sem er víða og víðast hvar á Norðurlöndum, í Mið-Evrópu, Þýskalandi t.d. og þó víðar væri leitað. Þar er t.d. ekki um það að ræða að starfsmönnum verði sagt upp bara svona án gildra ástæðna eins og stendur til að lögfesta með þessu frv.

Lítum á nokkrar greinar, virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að velja úr örfáar. Við skulum staldra við 9. gr. frv. Ég ætla samhengisins vegna að vitna til hennar vegna þess að henni hefur líka verið breytt af meiri hluta nefndarinnar eða gerð tillaga um breytingu. Hún virðist vera svona, ef ég rata rétt á vaðið, með leyfi forseta:

„Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun Kjaradóms eða kjaranefndar, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47. gr.

Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er, en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar, sbr. 46. gr.

Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur, þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna.“ Síðan er viðbót að tillögu meiri hluta nefndarinnar. „Þar á meðal getur hann [þ.e. fjmrh.] að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.“

Hvar er nú hæstv. fjmrh., virðulegi forseti? Hér er verið að vitna til reglna sem hæstv. ráðherra er ætlað að setja samkvæmt forskrift meiri hluta efh.- og viðskn. og við grípum í tómt. Ég bið um upplýsingar hvort þess er að vænta að hæstv. ráðherra komi.

(**Forseti** (GÁ): Forseti er að leita hans.)

Það mun ekki auðvelt að ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að hæstv. fjmrh. kemur innan skamms.)

Já. Ég þakka fyrir upplýsingarnar, virðulegur forseti.

Um efni þessarar greinar mætti sannarlega margt segja. Samkvæmt þessari grein fá forstöðumenn stofnana heimild til að umbuna starfsmönnum fyrir hæfni, sérstakt álag eða árangur í starfi. Mér datt í hug þegar ég las þessa grein, launahvetjandi kerfi sem þeir höfðu uppi í Sovét í þá sælu daga. Það var kennt við Stakkanovs. Það er verið að innleiða hér einhvers konar stakkanovéts-kerfi í launamálum að sovéskri fyrirmynd að ég best fæ séð, virðulegur forseti, ef fara á eftir reglunum sem fjmrh. setur. Það á að fara eftir reglum sem honum er ætlað að setja og ráðherrann á að hafa stöðugt eftirlit með reglunum. Hann á að vaka yfir þessum árangri, yfir þessum hæfnismælikvarða en hann hefur jafnframt skömmtunarvaldið í hendi sér þar sem eru framlögin til viðkomandi stofnana. Ef þau hrökkva ekki til, þá er hægt að kippa allri umbuninni til baka umyrðalaust því að það má breyta þessum ákvörðunum hvenær sem er og fjmrh. getur að eigin frumkvæði eins og það er orðað breytt þessum ákvörðunum um viðbótarlaun og svona í leiðinni tugtað til forstöðumenn stofnananna. Þetta er satt að segja, virðulegur forseti, alveg ótrúlegt kerfi sem hér á að innleiða og það er sannarlega jafngott fyrir viðkomandi að þeir séu í náðinni. Ég veit ekki hvort einhverjum hefur dottið í hug hugtakið miðstýring þegar þeir lesa þessa grein. Kannski er þetta bara eðlilegur sveigjanleiki, virðulegur forseti, og svona pedagógísk aðferðafræði til að sundra starfsmönnum viðkomandi stofnunar. Í því skyni eru þessi ákvæði alveg prýðilega fallin að fylgja eftir hugmyndafræðinni divide et impera, að deila og drottna, en það skín raunar víða í gegn í þessu frv.

Þá er hæstv. ráðherra kominn í þingsal og ég ætla þá að leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra frekar. Ég hef verið að fara yfir 9. gr. frv. með þeim breytingum sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til og þar er gert ráð fyrir að fjmrh. setji reglur um framkvæmd þessarar greinar að eigin frumkvæði. Ég spyr hæstv. ráðherra að því: Liggja þessar reglur fyrir? Hvað hefur hæstv. ráðherra í huga? Er búið að móta þessar reglur? Það væri vafalaust fróðlegt fyrir fleiri en þann sem hér talar að fá upplýsingar um það.

Í þessari grein og skýringum með henni er látið að því liggja að hér sé verið að tryggja sérstaka jafnlaunastefnu að því er kynin varðar. Um langt skeið, a.m.k. frá áttunda áratugnum og sennilega fyrr höfum við haft ákvæði í lögum sem kveða á um sömu laun fyrir sömu vinnu. Hvers konar reglur eru það — og það er spurning, virðulegur forseti, sem beint er til hæstv. fjmrh. — hvers konar reglur eru það sem hæstv. fjmrh. hyggst setja sem eru til þess fallnar að tryggja betur jöfnuð á þessu sviði en lagafyrirmæli? Í þessu sambandi, virðulegur forseti, vísa ég til umsagnar Jafnréttisráðs sem hefur fjallað um þetta, skrifstofa jafnréttismála, en í umsögn Jafnréttisráðs er einmitt að þessu vikið og þar er í raun sama spurning borin fram. Tímans vegna vitna ég ekki beint í umsögnina en hún er dagsett 16. apríl sl. (**VE:** Var það karlanefndin?) Það er Jafnréttisráð. (**VE:** Ekki karlanefnd Jafnréttisráðs?) Ekki karlanefnd Jafnréttisráðs. Mér sýnist nú satt að segja, að þó að víða halli á konurnar að það þurfi einnig að kalla karlanefndina saman út af þessu frv. Ég kem að því síðar, virðulegur forseti. (**Fjmrh.:** Hefur ... komið saman og ályktað um frv.) Virðulegur forseti. Nú er hæstv. fjmrh. greinilega kominn í þingsal og orðinn þátttakandi í umræðuni.

(**Forseti** (GÁ)**:** Samræður eru bannaðar í þingsal.)

Er hægt að ganga eftir því við hæstv. ráðherra hvað hann sagði? (**Fjmrh.:** Karlanefnd Jafnréttisráðs hefur komið saman og ályktað um vissa hluti frv.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Samræður eru bannaðar í þingsal.)

Hefur ályktað. Hæstv. fjmrh. upplýsir að svonefnd karlanefnd Jafnréttisráðs hafi þegar ályktað og ég vænti þess að ráðherrann upplýsi okkur um það á eftir hvað þar var á ferðinni. Kannski kemur sú nefnd hæstv. ráðherra eitthvað til aðstoðar í vandasömu hlutverki við að bæta úr því sem á skortir í lögum um þetta efni. Við spyrjum ráðherrann um reglurnar og jafnframt hvers vegna þær hafi ekki verið lögleiddar fyrir löngu, þær reglur, þau töfraráð sem hæstv. ráðherra greinilega býr yfir.

Það hefur raunar komið fram og það í sérstökum greinargerðum hvernig kynbundin mismunun ríkir víða hjá hinu opinbera og ef ég man rétt, einnig innan veggja fjmrn. Ég man ekki betur en skýrslur hafi verið reiddar fram um það fyrir ári eða svo sem létu liggja að því að ekki væri allt með felldu í sambandi við jöfnuð kynja í launamálum. Ég skil satt að segja, virðulegur forseti, ekki í því hvers vegna hæstv. ráðherra hefur setið í fimm ár í ráðuneytinu án þess að kippa þessu máli í liðinn. Við skulum ekki staldra lengur við þetta þó af mörgu sé að taka ef litið er til umsagna um 9. gr. frv. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér þær, en þær eru margar athugasemdirnar sem fyrir liggja um það efni.

Við skulum næst líta á 12. gr. sem ég gat um að væri dæmi um dálítið sérkennilega lagasmíð. Sjálf er 12. gr. stutt. Hún er ekki nema ein málsgrein á mælikvarða setningarfræði Björns Guðfinnssonar sem er svolítið annar en sá sem notaður er á þingmálinu. Með leyfi forseta, 12. gr.:

„Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr. "

Ég les kommusetninguna með vegna þess að hún er vafalaust hluti af þessari væntanlegu löggjöf og veitir nú ekki af að nota greinarmerkin einnig. Samt er erfitt að lesa í innihaldið.

Þá er að grípa til lögskýringanna og þar er að finna athugasemdir við greinina sem lýsa ögn betur upp sviðið. Hvað er það nú sem stendur þar á bls. 26 í frumvarpinu um þessa 12. gr.? Það er nauðsynlegt að draga það fram, með leyfi forseta:

„Nú byggist rétturinn til greiðslu launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi á mismunandi forsendum." Svo er það rakið nánar með tilvitnun fram og aftur í löggjöf. Síðan segir, því að ég reyni að stytta þessa yfirferð eftir föngum, virðulegur forseti:

„Í 1. mgr. segir að sömu aðilar og fjalla um laun og önnur kjör skuli fjalla um rétt starfsmanna til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi. Fyrir þá starfsmenn, sem nú falla undir lög nr. 38/1954 og ekki eru skilgreindir sem embættismenn samkvæmt þessu frumvarpi, myndi þetta þýða að um réttindi þeirra færi með sama hætti og annarra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. að þeim væri tryggður lágmarksréttur til greiðslna í veikindaforföllum, en um frekari rétt yrði viðkomandi stéttarfélag að semja. Hvað varðar greiðslur í fæðingarorlofi þá færi það eftir 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993. Hér er um töluverða breytingu að ræða en í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir sem falli undir núgildandi reglur haldi þeim réttindum eins og í ákvæðinu greinir."

Ég vænti þess að menn séu einhverju nær. En það er ekki allt sem sýnist í þessum texta, virðulegur forseti, þannig að það er eðlilegt að það hefði þurft tilsögn í hv. þingnefnd til þess að menn næðu einhverjum áttum eða fengju eitthvað efnislegt út úr þessum samsetningi. Við tökum eftir því að hér er kveðið á um að þeim verði tryggður lágmarksréttur eftir að þessu hefur verið komið í kring og að þeir sem falli undir núgildandi reglur haldi þeim réttindum eins og í ákvæðinu greinir. Þetta eru kannski ákveðin lykilorð til að skilja innihaldið.

Það ber að hafa í huga, virðulegur forseti, og tengist það öðru ráðuneyti sem Framsfl. stýrir, að hæstv. heilbrrh. hefur haft í smíðum frv. um fæðingarorlof. En því frv. hefur að því er okkur er sagt verið í bili stungið niður í skúffu. Vafalaust kemur það upp á ný með haustinu ef ríkisstjórnin lögfestir þetta frv. fyrir þinglok, en það þótti að mér skilst ekki skynsamlegt að hafa það uppi á borðum mönnum til aflestrar meðan umfjöllun færi fram um þetta mál sem á að tengjast þessu væntanlega frv.

Í skýringum með greininni kemur m.a. fram að fella eigi alla starfsmenn ríkisins undir almannatryggingalög. Þetta þýðir m.a. að karlar fá ekki laun í fæðingarorlofi eins og konur fá nú, heldur falla þeir undir ákvæði laga um almannatryggingar og fá þá fæðingarorlof í formi fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga, en það eru mun lægri greiðslur en gilt hafa um ríkisstarfsmenn. Kemur þar kannski að karlanefndinni sem hæstv. ráðherra var að vitna til að hefði ályktað um málið.

Vissulega er það svo að konur hjá ríkinu hafa notið fram að þessu vissra forréttinda. Maður spyr sig hvort það sé

kannski réttmætt í ljósi móðurhlutverks þeirra. Ég ætla ekki að ræða það hér og nú. En um leið og afnema á þetta kynbundna misrétti, þá er tækifærið notað og það er aðalatriðið í þessu máli, í samhengi frv., til að jafna greiðslurnar niður á við. Þetta er raunar stefna sem glittir í víðar í þessu frv. en í sambandi við þessa umræddu grein.

Það er ekki einfalt mál, virðulegur forseti, að halda þræði í gegnum þessa flækju sem er afrakstur nefndar lagaprófessorsins. Það væri freistandi að rekja umsagnir BHMR og Félags íslenskra háskólakennara um þessa grein. Ég vísa til þeirra umsagna því að þær lýsa enn þá betur inn í þetta samhengi því að það hefur ekki farið fram hjá neinum, a.m.k. ekki þeim samtökum sem í hlut eiga, hvað dylst undir þessum stuttorða texta 12. gr.

Þá skulum við, virðulegur forseti, líta næst á 20. gr. Þar er fjallað um rétt opinberra starfsmanna til að sinna öðru launuðu starfi og réttinn til að taka sæti í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar. Hvað segir greinin? Með leyfi forseta vil ég fá að vitna í greinina:

„Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áfrýjunarnefnd starfsmála telst ósamrýmanleg starfi hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 1. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins."

Þetta er 20. gr. og engin breytingartillaga er að mig minnir við ákvæði hennar frá meiri hluta nefndarinnar þannig að hún stendur sem tillaga. Þetta er sannarlega merkilegur texti, virðulegur forseti. Margt er þar heldur óljóst. Hvað er átt við með: „starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans", þ.e. starfsmannsins? Það er heldur óljóst hvað þar er á ferðinni og væri út af fyrir sig gott að fá nánari skýringar ef einhverjar eru hjá þeim sem ábyrgð bera á þessum texta. „Rétt er að banna ...", það er ekkert verið að skafa af hlutunum í orðalagi greinarinnar. Út af fyrir sig, virðulegur forseti, er það stefna sem kemur fram í þessari grein, en þessa stefnu ætti þá kannski að innleiða víðar í samfélaginu. Hvernig fellur þessi tillaga, þessi væntanlega lagagrein hér, að jafnræðisreglu sem tryggð á að vera í stjórnarskrá? Og hvað er um alþingismenn að segja svo dæmi sé tekið í sambandi við ákvæði þessarar greinar? (**Fjmrh.:** Lögin ná ekki til þeirra.) Ég vænti að hv. formaður efh.- og viðskn. leggi við hlustir. Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. segir réttilega að þessi ákvæði nái ekki til alþingismanna. Það er mér fyllilega ljóst. En ég er að vekja athygli á því út frá eðli máls að hér er sérkennilega að lagasetningu staðið því að við hljótum að spyrja: Væri það óeðlilegt að gera svipaða kröfu og hér er verið að gera, setja og lögfesta gagnvart alþingismönnum, jafnvel gagnvart ráðherrum að því er þetta varðar. (**Fjmrh.:** Þetta hefur verið í lögum í 40 ár. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum.) Þetta er í gildandi lögum, segir hæstv. ráðherra, og ekkert er það betri texti til endurákvörðunar nú, ekkert betri texti. Við hljótum að skoða þetta í ljósi þess sem verið er að lögfesta á öðrum sviðum í þessu frv. Ég held að það væri þörf á því að innleiða siðvæðinguna víðar en gagnvart starfsmönnum ríkisins. Ég held að hv. formaður efh.- og viðskn. sem er djúpt sokkinn í blaðalestur í hliðarsal ætti aðeins að spyrja eigin samvisku að því hvort það væri ekki skynsamlegt að taka þessi mál upp til eftirbreytni.

Virðulegur forseti. Mér finnst ástæða til þess að nefna þetta hér. Ástæða þess að opinberir starfsmenn, starfsmenn ríkisins, hafa stundað starfsemi sem gæti fallið undir ákvæði þessarar greinar og kannski ekki verið refsað fyrir og henni kannski ekki beitt af fullri hörku, ég þekki það ekki í reynd, er auðvitað bág launakjör í mörgum tilvikum og viðleitni til þess að bæta þau upp, en viðleitni einstaklinganna til þess að notfæra sér slíkt er afar misjöfn.

Við skulum líta næst til 22. gr. frv. sem er nokkuð breytt í meðförum nefndar samkvæmt tillögum meiri hluta en hún er með ákvæðum um hverjir skuli teljast embættismenn. Það er nauðsynlegt, virðulegur forseti, að fara aðeins yfir greinina ásamt þeim breytingartillögum sem fyrir liggja frá meiri hluta efh.- og viðskn. á efni hennar.

Virðulegur forseti. Ég vitna til þessa þannig að heillegt sé, með leyfi forseta:

„Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir og skipaðir eru í starf skv. 23. gr.:

Starfsmenn Alþingis og stofnana þess.

Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands.

Starfsmenn Stjórnarráðs, þar með taldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar.

Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar, svo og aðrir starfsmenn Hæstaréttar og héraðsdómstóla.

Biskup Íslands og vígslubiskupar." Samkvæmt brtt. nefndar bætist við: Prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.

„Ríkissaksóknari, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna, svo og aðrir starfsmenn við embætti þeirra.

Sýslumenn og aðrir starfsmenn sýslumannsembætta, svo og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, ríkistollstjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík, tollstjórinn í Reykjavík og aðrir starfsmenn lögreglu- og tollstjóraembættanna.

Starfsmenn Fangelsismálastofnunar.

Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Þeir aðrir, sem skipaðir eru í störf samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið.

Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir 8. og 10. tölulið þessarar greinar og skal hann fyrir 1. febr. ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn."

Þetta er tilvitnuð 22. gr. með þeim breytingum sem gerðar eru á meiri hluta efh.- og viðskn. og vona ég að mér hafi tekist að ráða í textann þannig að rétt sé að staðið en sumt af breytingartillögunum vekur vissulega athygli.

Síðan er að finna, virðulegur forseti, nánari skýringar á greininni á bls. 21 í greinargerð sem rétt er að líta aðeins til en þar er vikið að spurningum hvort það sem varðar skiptingu starfsmanna ríkisins í embættismenn annars vegar og óbreytta hins vegar samrýmist m.a. ákvæðum stjórnarskrár og fleira. Hér segir, með leyfi forseta, í greinargerð á bls. 21:

„Frumvarpinu er ætlað að ráða bót á þessu misrétti, auk þess sem stefnt er að því að réttindi hvers og eins starfsmanns samsvari þeim skyldum, sem honum eru lagðar á herðar, á sama hátt og gert var á sínum tíma þegar lög nr. 38/1954 voru sett. Samkvæmt því gerir frumvarpið ráð fyrir að mismunandi reglur gildi um starfsmenn ríkisins eftir því hver réttarstaða þeirra er. Þannig er lagt til að starfsöryggi þeirra starfsmanna, er njóta hvorki samnings- né verkfallsréttar, verði tryggt nokkru betur en venja er meðan aðrir starfsmenn

ríkisins, er njóta almennt samnings- og verkfallsréttar, búi við svipað öryggi í starfi og launþegar á hinum almenna vinnumarkaði. Þó er rétt að leggja áherslu á að samkvæmt frumvarpinu er ríkisstarfsmönnum tryggt meira réttaröryggi í samskiptum sínum við ríkið en launþegar búa við almennt í skiptum við vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði. "

Þetta er úr greinargerð og nánar segir á sömu síðu, með leyfi forseta: „Í öðrum hluta frv., sem aðeins tekur til embættismanna, er skilgreint hverjir af starfsmönnum ríkisins teljist embættismenn í skilningi laganna. Hugtakið „embættismaður" er fyrst og fremst notað í frumvarpinu vegna þess að það kemur fyrir í 20. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem stefnt er að því að embættismenn teljist þeir einir sem fást við æðstu stjórn ríkisins og sinna öryggisgæslu, svo sem lýst er nánar í athugasemdum með 22. gr. frv."

Þetta læt ég nægja, virðulegur forseti, sem tilvitnun og skýringar greinargerðar um þessa tvískiptingu í embættismenn og óbreytta svo ég leyfi mér að nota þau hugtök. Það vekur vissulega athygli þegar borinn er saman kvarðinn sem hér er settur um að embættismenn séu fyrst og fremst þeir einir sem fást við æðstu stjórn ríkisins og sinna öryggisgæslu, að bera það saman við skrána sem er að finna í lagagreininni sjálfri.

Virðulegur forseti. Það geta verið einhver rök fyrir því að um vel skilgreindan hóp manna í æðstu stjórn ríkisins og því sem kallað er öryggisvarsla gildi sérstök ákvæði, m.a. að því er varðar verkfallsrétt og þá kjör viðkomandi vegna skertra réttinda. En mér virðist að hér sé farið langt út fyrir eðlilegan ramma að þessu leyti. Hvers á t.d. biskupinn yfir Íslandi að gjalda og prestar landsins að geta ekki farið í verkfall rétt eins og t.d. starfslið heilbrigðisþjónustu? Ég spyr. Eru þeir hluti af sérstakri öryggisgæslu ríkis með þeim hætti að það sé nauðsynlegt að gera þá að embættismönnum eða viðhalda slíku kerfi? (**Fjmrh.:** Þeir báðu sjálfir um það.) Þeir báðu sjálfir um það, segir hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Að eigin beiðni.) Að eigin beiðni. Þá kemur náttúrlega að því, hvar eru dyrnar? Hvar er hin þrönga gata sem þræða ber til þess að komast inn í hin helgu vé embættismanna ef þetta er bara gert eftir beiðni? Það getur vel verið að það séu rök, það getur vel verið að mati manna að það séu gild rök fyrir því að hafa hina geistlegu stétt (**Fjmrh.:** Það er svona í dag.) í hópi embættismanna. — Það er svona í dag og nú eru það orðin helstu rök fjmrh., sem tekur drjúgan þátt í umræðunni og ég fagna því, að þetta er svona í dag. Þá förum við að spyrja: Hvað um ýmis ákvæði sem eru svona í dag í lögum en verið er að breyta? Það er nú bara svona, segir hæstv. fjmrh. trekk í trekk, það er bara svona í dag, sem rök fyrir því að tillögur ráðherrans og ríkisstjórnarinnar skuli vera með þeim hætti sem hér eru.

Svo tekið sé annað dæmi — ekki úr geistlegri stétt, þá spyr ég t.d. um umboðsmann barna. Hvernig í ósköpunum stendur á því að umboðsmaður barna er settur undir embættismenn öryggisþjónustu ríkisins og fleiri sem gegna svipuðu kerfi? (**VE:** Ertu á móti börnum?) Ertu á móti börnum, spyr hv. formaður efh.- og viðskn.? Ertu á móti börnum? Það er nú það, virðulegur forseti. Ég held að ég hafi átt hlut að því með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur á einum fjórum þingum að bera fram frv. til laga um umboðsmann barna, að því yrði komið á. (**VE:** Er þingmaðurinn að sýna embættinu tilhlýðilega virðingu?) Og hér kemur hver lagaskýringin annarri betri frá ábyrgðarmönnum frv. (Gripið fram í.) Þetta er ekki spurning, virðulegur forseti. (**Fjmrh.:** Ég held að þingmaðurinn ætti að kynna sér gildandi lög.)

(**Forseti** (GÁS): Við skulum halda samtölum í hófi í þingsalnum.)

Virðulegur forseti. Nú er ég hvattur lögeggjan um að kynna mér gildandi lög því að það eru orðin rök af hálfu hæstv. fjmrh. að sá texti sé öðrum æðri, hann blífur, sá texti og sýnist mér þá ekki langt í að orðið verði ljúflega við þeirri meginkröfu samtaka launafólks að taka þessi mál út af borði sem lagasmíð og hefja þegar í stað samninga við samtök launafólks um málin og fyrirkomulagið. Það er einboðið og ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. fjmrh. skuli víkja að því.

Þá er einnig komið í ljós, virðulegur forseti, eða upplýst af formanni efh.- og viðskn. að það sé ekki bara spurningin um öryggisgæslu hins opinbera eða æðstu embættismenn hverjir eigi að flokkast undir því heiti og þær skilgreiningar skv. 22. gr. heldur sé þetta ekki síst virðingaratriði. Ég er spurður að því utan úr sal, virðulegur forseti, hvort ég beri ekki virðingu fyrir embætti umboðsmanns barna og ég fullyrði það að ég tel mig eiga nokkuð í því að það embætti er til orðið og vona sannarlega að það verði að gagni. En ég sé ekki að það þurfi til að koma sérstök lagaumgerð um embættið þannig að það sé tekið út úr mörgum öðrum góðum störfum sem falla ekki undir öryggisgæslu ríkisins eða æðstu stjórn þess samkvæmt skilgreiningu höfunda frv. (**Gripið fram í:** En hvað með prófessora við háskólann?) Hér er spurt utan úr sal hvað ég segi um prófessora við Háskóla Íslands og það er skylt að víkja svolítið að því efni því mér sýnist að það sé full þörf á því að ræða það mál svolítið. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill árétta að það er hv. 4. þm. Austurl. sem hefur orðið.)

(**Fjmrh.:** Hann er búinn að hafa það í allan dag.) Virðulegur forseti. Það er rétt að koma að spurningunni um prófessorana við Háskóla Íslands. Í því sambandi vaknar spurningin hvers vegna stefnt sé að því úr ólíklegustu áttum að ætla að brjóta niður sjálfstæði háskóla landsins, með litlum staf, því að eitt skal yfir alla ganga, með því að gera prófessora sem nú starfa að embættismönnum? Það er vissulega svo, herra forseti, að nú eru allir mögulegir aðilar skipaðir í störf samkvæmt öðrum lögum eins og vikið er að í greininni og það liggur fyrir sérstakt frv. um breytingar á sérákvæðum. Einhvers staðar á ég nærliggjandi, virðulegur forseti, frv., sem er 503. mál þingsins, frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það hefur verið kallað bandormur vegna líkinga við frumvörp með málum óskylds eðlis sem tengjast gjarnan afgreiðslu fjárlaga í þinginu.

Það hefur raunar komið fram, ef ég hef tekið rétt eftir, ég held að það sé upplýst af formanni efh.- og viðskn. að lögfesting þessa frv. sé ekki sérstakt kappsmál ríkisstjórnarinnar nú á yfirstandandi þingi og það megi bíða. Það er mál út af fyrir sig hvernig því verður hagað en það tengist óneitanlega efni frv. sem við erum að fjalla um hér. Við spyrjum: Hvaða réttarstaða kemur upp varðandi fjölmennar stéttir í landinu ef þetta bíður næsta þings og ekki er búið að skilgreina ýmis efni sem er að finna tillögur um í ófáum greinum þessa frv., þar á meðal í 148. gr. þar sem gert er ráð fyrir að breyta lögum um Háskóla Íslands að því er varðar prófessora og dósenta eins og ég kem að á eftir?

Virðulegur forseti. Stór hluti kennara, bæði framhaldsskólakennara og jafnvel grunnskólakennara hefur skipun frá fyrri tíð og mundi falla undir ákvæði 22. gr. að óbreyttu að

mér sýnist. Sama gildir um háskólakennara, prófessora, lektora og fleiri sem verða embættismenn í skilningi frv. ef þetta frv. eitt er lögfest svo dæmi séu tekin. Samspilið á milli 502. máls og þess frv. sem hér er til umræðu, er auðvitað nokkuð augljóst en þá er aðeins að víkja frekar að spurningunni um prófessorana og örlög þeirra í samhengi þessa frv. að samþykktum vel að merkja bandormi því að hópurinn verður miklu stærri sem fellur undir skilgreininguna embættismenn ef 503. mál er ekki lögleitt.

Það gerðist rétt upp úr jafndægrum að vori að svonefnt prófessorafélag Háskóla Íslands kom saman til fundar, nánar tiltekið 25. mars 1996, og gerði ályktun. Vegna þess að hér var óskað eftir að reynt yrði að varpa ljósi á þessa stöðu rifja ég upp tillöguna frá stjórn félagsins, með góðfúslegu leyfi forseta. Hún var svohljóðandi:

„Fundur í Prófessorafélagi Háskóla Íslands, haldinn 25. mars 1996, felur stjórn félagsins að vinna að eftirfarandi breytingu á frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Prófessorum í Háskóla Íslands verði bætt inn í upptalningu á embættismönnum skv. 22. gr. frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Til vara skal stjórn félagsins hlutast til um að fá yfirlýsingu ráðherra menntamála og fjármála um að prófessorar verði áfram embættismenn ríkisins eins og þeir hafa verið allar götur frá því að Háskóli Íslands var stofnaður 1911."

Greinargerð að tillögunni: „Árangur af starfi Háskóla Íslands ræðst af því hvernig að honum er búið. Verði prófessorar settir skör lægra en aðrir embættismenn ríkisins má búast við því að háskólanum reynist erfitt að laða til sín hæfustu menn á hverju fræðasviði. Vegsemd Háskóla Íslands og laun prófessora eru vitnisburður um þá menntastefnu sem yfirvöld ætla að halda uppi í íslensku samfélagi. Laun og staða prófessora eru því ekkert einkamál þeirra. Þess vegna er nauðsynlegt að tekin séu af öll tvímæli um stöðu prófessora sem embættismanna. Launakjör prófessora eins og raunar annarra háskólakennara hafa hríðversnað undanfarna tvo áratugi miðað við stéttir embættismanna sem prófessorar stóðu áður jafnfætis við. Vænlegasta leiðin til að bæta úr þessu er að kaup þeirra og kjör ákvarðist af kjaranefnd. Jafnframt verður háskólaráð að tryggja prófessorum áunnin réttindi svo sem rannsóknaleyfi samkvæmt gildandi reglum og greiðslur úr vinnumatssjóði. Prófessorar vilja vera áfram sem deild í Félagi háskólakennara og vinna að sameiginlegum málefnum starfsmanna skólans á þeim vettvangi. Ætlunin er að óska eftir fulltingi háskólaráðs við tillöguna og koma henni á framfæri við ráðherra strax og færi gefst."

Þetta var tillaga félagsfundar í Prófessorafélagi Háskóla Íslands 25. mars og liggur fyrir og það er leitað ásjár háskólaráðs. Mig minnir að í því háskólaráði sitji að vísu eitthvað af prófessorum en það er önnur saga. 28. mars 1996 kemur háskólaráð Háskóla Íslands saman og þar er bókað í bréfi til menntmrh., með leyfi forseta:

„Á fundi háskólaráðs í dag var lagt fram bréf frá prófessor Guðmundi Magnússyni, formanni Prófessorafélags Háskóla Íslands, þar sem hann greinir frá fundi í félaginu 25. mars sl. og samþykkt sem þar var gerð og kynnt hefur verið ráðherra. Háskólaráð gerði svofellda bókun:

„Háskólaráð telur stöðu prófessora háskólans sem embættismanna skipta sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknastofnunar. Ráðið felur rektor að vinna að því að prófessorar teljist embættismenn samkvæmt frv. **til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**"

Þessari bókun er hér komið á framfæri við menntmrh. með von um stuðning við þennan vilja háskólaráðs. — Virðingarfyllst, Sveinbjörn Björnsson rektor."

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig tæpast með glöðu geði sem þessi texti er hafður yfir. Ég verð að segja að mér finnst það afar leitt að sú staða skuli liggja fyrir sem fram kemur í þessum ályktunum, þessum tilskrifum sem hér var vitnað til því að þessari afstöðu frá þessu félagi eða klúbbi háskólaprófessora eins og hún birtist alþjóð í þessu samhengi verður tæplega jafnað við annað en meiri háttar hneyksli að mínu mati. Það er óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir þetta mál frekar.

Ég hef þegar rakið bréfin, ályktanirnar, þar á meðal í háskólaráði en eins og hv. alþingismenn vita eru í háskólaráði prófessorar, þeir einu sem þar eru kjörgengir, og hér eru þeir að framvísa eigin samþykkt með stimpli háskólaráðs. Þetta verður satt að segja að teljast þröng eiginhagsmunagæsla sem getur tæpast talist taka mið af heildarhagsmunum Háskóla Íslands. Það er ekkert einkennilegt að viðbrögð og samþykktir kennara við Háskóla Íslands og starfsmanna Háskóla Íslands við þessu úthlaupi þeirra sem skipa nú prófessorsembætti við háskólann hefur verið mætt af Félagi háskólakennara með nokkurri hörku.

17. apríl 1996 skrifar Félag háskólakennara þingnefndinni, efh.- og viðskn., erindi þar sem fjallað er um þessi mál og kemur þar fram sú eindregna krafa af hálfu Félags háskólakennara að frv. verði dregið til baka í fullum samhljómi við kröfur annarra samtaka launafólks en þar er jafnframt þó vikið að þessu máli sem ég gerði að umtalsefni því að þar segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Ýmsum réttindum opinberra starfsmanna hefur verið jafnað til launa og því er óeðlilegt að fjalla um breytingar á réttindum án þess að um leið sé samið um laun og önnur kjör. Mikilvægt er að áunnin réttindi séu ekki tekin af fólki með einhliða ákvörðunum. Þótt frv. geri aðallega ráð fyrir að fólk sé svipt réttindum án bóta er þó gert ráð fyrir að það haldi sumum af þeim réttindum sem það nú hefur, svo sem skipun í starf en þeir sem ráðnir verða eftir breytingu hafi ekki slík réttindi. Þar eð frv. gerir ráð fyrir að starfsmenn hins opinbera séu með mismunandi ráðningarréttindi ætti einnig að vera gert ráð fyrir að launakjör séu mismunandi."

Síðar í þessu erindi varðandi 22. gr. segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags háskólakennara telur ekki þann mun á störfum prófessora og dósenta og lektora að staða þeirra sé svo mismunandi sem ætla mætti af samþykktinni." Þar er vitnað til samþykktar háskólaráðs frá 28. mars sem ég hef þegar lesið. „Í ályktun prófessora er fyrst og fremst lögð áhersla á léleg launakjör og þá vissu að kjaranefnd muni bæta kjör þeirra. Það er umhugsunarvert að launastefna ríkisins skuli vera með þeim hætti að launamenn telji hag sínum betur borgið með því að afsala sér samningsrétti en láta nefnd án aðildar launamanna ákvarða laun sín." Síðar segir í erindinu: „Meginsjónarmið félagsins er að við allar þær breytingar sem gerðar kunna að verða á stöðu háskólakennara verður að horfa til sameiginlegra hagsmuna allra félagsmanna. Í því sambandi má benda á að við núverandi aðstæður er ekki munur á starfsskyldum lektora, dósenta og prófessora við Háskóla Íslands þótt prófessorar einir séu kjörgengir til æðstu stjórnar háskólans. Því er áhorfsmál hvort það samræmist **orðalagi laganna að prófessorar einir verði embættismenn**

í framtíðinni, samanber orðalagið „störfum sem öldungis verður jafnað til embætta".

Í lögum um Háskóla Íslands eru ákvæði sem heimila að lektor geti fengið framgang í stöðu dósents og dósent geti fengið framgang í prófessorsembætti eftir ákveðnum reglum sem háskólaráð setur. Ekki er ljóst hvort slík ákvæði geta staðið áfram og dósentar geti orðið prófessorar og þar með embættismenn með sama hætti og nú er eða hvort settar verði einhverjar hömlur á fjölgun prófessora."

Þetta segir í erindi frá Félagi háskólakennara. Það er talað kurteislega af hálfu þessa félags sem hefur innan vébanda sinna einnig hinn virðulega klúbb Prófessorafélag við Háskóla Íslands eins og það mun vera kallað en mér er ekki kunnugt um að það sé stéttarfélag í þeim skilningi sem við leggjum í það orð heldur séu prófessorarnir varðandi sín kjör og annað þátttakendur í Félagi háskólakennara.

Þetta mál hefur síðan orðið tilefni til þess að við alþingismenn fengum sérstakt erindi frá Félagi háskólakennara 8. maí sl. þar sem verið er að varpa ljósi á hvað felst í svonefndu framgangskerfi háskólakennara og hversu alvarleg áhrif það hefði að stía sundur prófessorum sem embættismönnum, þeim sem nú eru annars vegar og öðrum kennurum háskólans og starfsmönnum á þetta framgangskerfi. Ég ætla tímans vegna, virðulegur forseti, ekki að fara yfir efni þessa bréfs þótt það sé ágætt og varpi ljósi á mál sem vafalaust hefur ekki verið nógu skýrt í hugum ýmissa og væntanlega ekki í hugum þeirra sem bera þetta mál fram því að tæpast vill maður ætla frumvarpshöfundum að vilja rústa það kerfi sem reynst hefur mjög þokkalega í sambandi við störf innan háskólans og að byggja þar múra með þeim hætti að setja núverandi prófessora í sérstaka stöðu gagnvart öðrum kennurum og starfsmönnum við háskólann.

Það hafa borist fleiri erindi sem tengjast þessu efni og ég vitna hér til, virðulegur forseti, þess erindis sem sent var menntmrh., dags. 8. maí 1996, undirritað af um 40 starfskonum, sem eru starfsmenn háskólans, kennarar og sérfræðingar, og fjalla um stöðu kvenna almennt innan háskólans og hvaða áhrif það hefði á möguleika kvenna til framgangs í störfum ef sú stefna yrði ofan á sem mörkuð er með þessu frv. og ákvæðum í svonefndum bandormi, sérákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta eru, virðulegu forseti, háalvarleg mál sem hér eru á ferðinni og því mikil ástæða til að þau verði gaumgæfð. Ég spyr bæði hæstv. fjmrh. og formann efh.- og viðskn.: Er það ætlun þeirra að færa í lög þau ákvæði sem hér um ræðir undir tölulið 10 í 22. gr. og þau efni sem er að finna jafnframt í breytingu á sérlögum um einstakar starfsstéttir? Þar á meðal í 148. gr. að því er varðar prófessora og reyndar dósenta sem verið er að setja á annan bás og koma í veg fyrir þeirra framgang með því kerfi. Það er alveg nauðsynlegt áður en þessi umræða heldur áfram að þetta liggi skýrt fyrir, virðulegur forseti. Ég er viss um að það getur greitt fyrir umræðunni ef það kemur fram skýr afstaða í þessu máli sem felur það þá í sér að ekki sé hugmyndin að raska framgangskerfi við Háskóla Íslands með þeim hætti sem lagt hefur verið til af fámennum sérhagsmunahópi innan háskólans sem hefur með ótrúlegum vinnubrögðum leitast við að fá sig flokkaðan undir æðstu stjórnsýslu ríkisins eða öryggisgæslu með því að teljast embættismenn.

Mér finnst þessi sérkjarabarátta prófessoranna svo langt fyrir neðan allt sem tengja má við eðlileg vinnubrögð, svo ekki sé notað hugtakið virðing sem hv. formaður efh.- og viðskn. nefndi í þessu sambandi. Ég vek athygli á að það eru ekki allir háskólakennarar undir sömu sök seldir í þessu máli og ekki prófessorar. Til dæmis hafa prófessorar við Kennaraháskóla Íslands andmælt þeirri stefnu sem hér er verið að leggja mikla áherslu á og er með þeim hætti sem vitnað hefur verið til og með ekki minni orðum af háskólaráði en það skipti sköpum fyrir þróun háskólans að halda þeim prófessorum sem nú eru í embættum vel að merkja á sérstökum básum embættismanna.

Það má vera að þetta falli undir þá viðleitni sem kemur fram í frv. á ýmsum stöðum að skipta starfshópum upp, að deila og drottna og koma fram þeim markmiðum sem leynast á bak við frumvarpsgreinarnar mörgu í þessu máli þegar grannt er skoðað. Mér sýnist að með þeirri stefnu sem þarna liggja tillögur fyrir um sé verið að vega að sjálfstæði háskólans og það ætti miklu frekar að setja allar ráðningar innan skólans í hendur skólans sjálfs. Það væri a.m.k. í meira samræmi við það sem er viðleitni víða annars staðar í þessum efnum og þar sem áhersla er lögð á það að hver háskólakennari og rannsóknarmenn við háskóla búi við akademískt frelsi en séu ekki settir undir hæl annarra, hvað þá undir þær reglur sem embættismenn eru flokkaðir samkvæmt þessu máli. Það er skylt að líta til málsbóta í þessu efni þegar svona tillögur eru fram bornar af Prófessorafélagi háskólans. Þeir búa við lág launakjör miðað við margar aðrar starfsstéttir og þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. En það ber jafnframt að líta til þess að raunverulegur munur á starfi prófessora annars vegar og hins vegar lektora og dósenta við háskólann er kannski oft og tíðum aðallega form og virðing sem hér er nefnd af formanni efh.- og viðskn. og skiptir greinilega mjög miklu máli í mælikvarðanum hverja á að draga í dilkinn, embættismenn annars vegar og hins vegar óbreytta.

Við hljótum, virðulegur forseti, einnig að spyrja: Hvers eiga þeir prófessorar að gjalda sem á eftir koma? Mér sýnist ekki neitt einboðið að þeir gangi þessa greiðu götu. Hvers konar starfsmannastefnu væru menn að innleiða með því að lögfesta þessi ákvæði? Ég held að hér sé mjög stórt mál á ferðinni í samhengi þessa frv. Það er ekki aðeins spurning um stefnu og þróun Háskóla Íslands. Þetta er auðvitað um leið spurning um jafnræði og jafnrétti bæði kynja og þeirra sem nú eru að störfum og þeirra sem á eftir koma. Það mætti búast við því líka að um leið og svona kerfi er innleitt, væru á ný settar upp girðingar varðandi fjölda prófessora við háskólann. Það er því ekki allt sem sýnist í þessu máli, virðulegur forseti.

Hér barst inn á borð mitt nýtt erindi sem tengist þessu máli. Hæstv. fjmrh. sagði að það hefði komið fram við umræðuna. Ég þekki það ekki. En ástæða gæti verið til að nefna það í samhengi þessarar umræðu. Vísindanefnd háskólaráðs sendir erindi 8. maí 1996 til rektors og háskólaráðs. Þar er fjallað um þetta mál og ég ætla, með leyfi forseta, aðeins að grípa niður í þetta álit sem vísindanefnd háskólaráðs kýs að láta í ljós. Það hefst þannig:

„Nefndin telur að tillögurnar um breytingar innan háskólans einkennist af fljótræði í meðferð viðkvæms máls sem kallar á ígrundun og athugun ýmissa aðila, ekki síst innan skólans sjálfs. Ljóst er að ef af þessum breytingum verður munu þær hafa víðtæk áhrif á starfsemi háskólans. Nauðsynlegt er að reyna að sjá þau áhrif fyrir og taka mið af þeim við endanlegar ákvarðanir. Reikna má með að þeim breytingum sem tillögurnar gera ráð fyrir muni fylgja grunnlaunahækkanir prófessora og hugsanlega annarra háskólakennara í kjölfarið. Lofsvert er að þannig skuli reynt að bregðast við

óviðunandi kjörum íslenskra háskólakennara. Hinar breyttu forsendur sem í tillögunum felast geta hins vegar einnig leitt til lakari kjara og aðstæðna háskólakennara, prófessora jafnt sem annarra, einkum með löskun framgangskerfis og hugsanlegra breytinga á vinnumatssjóði. Ef allt þykir benda til að prófessorar verði embættismenn samkvæmt hinu nýja skipulagi telur vísindanefnd algert forgangsatriði að framgangskerfinu verði ekki lokað við dósentmörkin eins og tillögurnar gera ráð fyrir."

Þetta erindi er mun ítarlegra en tímans vegna, virðulegur forseti, læt ég tilvitnun í þetta erindi, sem undirritað er af formanni vísindanefndar háskólaráðs, Ástráði Eysteinssyni, nægja að sinni.

Þetta, virðulegur forseti, taldi ég ástæðu til að draga fram vegna 22. gr. og ég vænti þess að hér komi skýr svör af hálfu ráðherra og formanns efh.- og viðskn. um þá stefnu sem hér er mörkuð af þeirra hálfu.

Þá ætla ég að víkja aðeins að 26.–35. gr., virðulegur forseti, án þess að fara þó ítarlega í þau efni svo sem vert væri. Þær greinar fjalla aðallega um mögulega brottvikningu starfsmanna ríkisins úr starfi um lengri eða skemmri tíma og þar er sannarlega að finna ýmis sérkennileg ákvæði sem eru ekki öll nútímaleg miðað við notkun þess orðs sem er kannski ekki alltaf nákvæm, m.a. í samhengi eðlilegrar starfsmannastefnu, mannréttinda og fleira sem þar mætti til taka. Jafnvel mætti líta á efni þessara greina í samhengi stjórnarskrár Íslands. En ég ætla ekki að fara út í svo víðtækan samanburð. Ég vek athygli, virðulegur forseti, á ákvæði 26. gr. með stuttri tilvitnun. Þar segir:

„Stjórnvald er skipar í embætti veitir og lausn frá því um stundarsakir.

Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir."

Virðulegur forseti. Þetta eru mælikvarðar sem hér eru fram reiddir en mætti jafnframt spyrja hið gamalkveðna: Það höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það. Mætti kannski nefna það í sambandi við það sem hér er uppi haft í þessum tillögum að lagatexta.

Í 27. gr. er síðan að finna tillögur varðandi lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og þá nefnd sem ætlað er að leggja mat á það. Í 30. gr. er enn frekar um sama efni fjallað með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfellt í eitt ár eða sem svarar $^{1}/_{18}$ af samfelldum starfsstíma hans hjá ríkinu, ef sá tími er lengri en eitt ár, skal veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þetta gildir þó ekki ef læknir vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu þriggja mánaða enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef hann er enn óvinnufær."

Þetta eru ákvæði þar sem talað er um „skal". Ég vek athygli á því, það er ekkert verið að skera það við nögl. Og margt fleira í texta þessara lagagreina er með þeim hætti að ég undrast að hv. þingnefnd skuli ekki hafa haldið vöku sinni betur en hv. formaður virðist gera nú um stundir við yfirferð þessara greina. **(VE: Ég er svo djúpt sokkinn í að hlýða.)** Það er ágætt ef hv. formaður er vaknaður. Betra væri þó ef hann vaknaði til vitundar um efni þessara greina og bætti þar eitthvað um betur. Það sama gildir raunar, virðulegur forseti, um 44. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að breyttu orðalagi. Upphaf hennar hljóðaði svo: „Ekki er skylt að veita starfsmanni áminningu áður en honum er sagt upp störfum." En aðeins hefur meiri hluti hv. nefndar rumskað því að nú er tillaga um að greinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Skylt er að veita starfsmanni áminningu samkvæmt 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar." — Þetta kallar að sjálfsögðu á samanburð við 21. gr., virðulegur forseti. — „Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar."

Virðulegur forseti. Það fer að sjást blóð á þeirri öxi sem hér er reidd upp. Ég fæ ekki betur séð en það sé komið blóð á öxina. Að minnsta kosti er alveg ljóst að það mun renna ef hún verður látin falla, ef hv. formaður efh.- og viðskn. lætur ekki við bindast og fer að hætti Þorgeirs Hávarssonar og lætur öxina ríða af því að ríkisstarfsmenn liggja svo vel við höggi. Þetta er satt að segja texti sem er með ólíkindum sem hér er uppi hafður. Ég fæ ekki séð, virðulegur forseti, hvernig svona málabúnaður getur samrýmst eðlilegri stjórnsýslu. Hér eins og annars staðar í þessu frv. er ljóslega verið að gera stjórnsýslulögin óvirk að mestu varðandi starfsmenn ríkisins. Kann sá um að véla sem hefur skrifað saman þetta frv. sem telst vera einn helsti höfundur stjórnsýslulaga en telur sér henta að leggja nafn sitt við þessar tillögur sem hér eru. Fer nú, finnst mér, að falla á virðingu prófessorsembættanna þegar allt er lesið.

Og svo að öllu sé til haga haldið. Ég gleymdi síðustu málsgrein, virðulegur forseti, 44. gr., því að þar segir: „Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega." Það þarf að ganga eftir því. „Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra." Náðarsamlegast.

Virðulegur forseti. Ég vísa kostgæfnu fólki að lesa 21. gr. og bera hana saman við þau ákvæði sem ég vitnaði hér til, en ég ætla að snúa mér að 47. gr. frv. Þar er að finna heimild til starfsmanna ríkisins til þess að standa utan stéttarfélaga. Þar glittir í áhugaefnið mikla sem skýrast hefur verið talað um af hv. þm. Pétri Blöndal að því er varðar samtök launafólks almennt, þ.e. að greiða götu þeirra sem kjósa að standa utan stéttarfélaga með hvetjandi ákvæðum lögfestum og tryggja það þannig að enginn vafi sé á að þeir gjaldi þess í engu ef þeir kjósa að standa utan stéttarfélaga. Í orðanna hljóðan er þetta þannig, með leyfi forseta:

„Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf."

Þannig er um það búið. Þetta er svona einhvers konar kóróna, virðulegur forseti, á þetta sköpunarverk hæstv. fjmrh. og hans hjálparmanna. Ef litið er til 49. gr., þá segir þar með berum orðum, með leyfi forseta:

„Ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðri stjórnvalda, nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna."

Stjórnsýslulögunum er kippt úr sambandi að því er varðar þessi ákvæði nema sérstaklega sé til tekið. Það fer ekki mikið

fyrir rökunum fyrir því hvers vegna á að undanþiggja starfsmenn ríkisins, þann fjölmenna hóp frá því að njóta þess sem teljast verða eðlileg mannréttindi í samhengi stjórnsýslu. Það er ljóst að hér er ekki haldið á penna með réttindi starfsmanna í huga. Það er m.a. vert að lesa þessi ákvæði í ljósi þeirra greina sem ég vitnaði til, frá 26. gr. og alla götu aftur í 44., í sambandi við möguleika til að vísa starfsmönnum úr starfi. Það er bara svona stöku sinnum sem ástæða er til að gera þeim viðvart eða gera þeim kleift að koma við einhverjum andmælum.

Virðulegur forseti. Ég setti í upphafi ræðu minnar málið í samhengi við almenna stefnu sem íslensk stjórnvöld fylgja og étin er upp eftir því hagfræðingaliði sem mestu ræður í alþjóðasamtökum og vinnur þar fyrir þá sem yfir fjármagni ráða. Þeir hafa beitt sér að því að taka þar úr allar lokur til þess að tryggja að atvinnuleysi fari ekki í hæstu hæðir, verði kannski ekki mikið meira en er í Bandaríkjum Norður-Ameríku nú um stundir, og því verði að brjóta niður stéttarfélög, það verði að láta hvern einstakan starfsmann keppa við hinn næsta, láta starfsmennina keppa innbyrðis og bjóða niður launakjörin hver fyrir öðrum og tryggja þar með gangverk hagkerfisins. Það er þetta ómannlega, ótæka kerfi í efnahagsstjórn heimsins sem við sjáum afleiðingarnar af þó í litlu sé í þeirri stefnu sem fram er borin með þeim frumvörpum sem varða breytingu á vinnulöggjöfinni hér á landi, þar á meðal í því frv. sem við ræðum um.

Þetta efnahagskerfi, virðulegur forseti, er eins og ég hef nefnt áður að leiða heimsbyggðina fram á hengiflug vegna áhrifa þess á umhverfi jarðar, vegna áhrifa þess möguleika fólks til starfa og þau sjálfsögðu mannréttindi að geta notið krafta sinna og lagt fram krafta sína til samfélagsins. Spurningin er hvort haldið sé uppi einhverju lágmarksjafnræði meðal þegnanna í hinum ýmsu þjóðfélögum jarðar, jafnræði sem þarf að nást í allt öðrum mæli en nú er milli ríkra þjóða og fátækra, jafnræði innan samfélaga þar sem allt stefnir til annarrar áttar, á báðum þessum svæðum, jafnt milli ríkra þjóða og fátækra og innan þjóðfélaga þar sem munurinn milli ríkra og fátækra heldur sífellt áfram að vaxa.

Algert grundvallarskilyrði fyrir því að hægt sé að stöðva þessa þróun er að innleiddir verði aðrir mælikvarðar í sambandi við það hvað eigi að verða lágmarkstillit til jöfnunar milli einstaklinga og milli þjóðfélagshópa og einstakra svæða á jörðinni. Það er að mínu viti alger nauðsyn, ef það á að stöðva þessa vegferð sem nú er í fullum gangi.

Ég get, virðulegur forseti, leitt fram ýmsa mæta menn þessum sjónarmiðum til stuðnings. Ég ætla ekki að hafa þar uppi langar tilvitnanir, en það er freistandi að nefna í þessu sambandi menn eins og John Kenneth Galbraith sem er frjálslyndur hagfræðingur sem allir þekkja og er nú líklega á 87. aldursári. Hann hefur í erindum og greinum nú að undanförnu lagt á það mikla áherslu að fylgni við þessa stefnu sem ég hef dregið upp og gert að umtalsefni leiði ekki nema til einnar niðurstöðu og hefur varað mjög alvarlega við henni. Ég hefði gjarnan viljað vitna til greinar sem hann ritaði í tímarit og ég átti einhvers staðar í mínu safni. En ég get rifjað það upp við annað tækifæri, virðulegur forseti, og dregið fram þau sjónarmið sem ég tek þar undir mjög eindregið.

Ég bendi líka á viðvaranir sem fram hafa komið í öðru samhengi, þar á meðal í málgagni sem kennt er við Framsfl. Vegna þess að ég hef beint allhörðum orðum til forustu **þess flokks þá bæti ég kannski ögn um betur með því að** vitna í málgagn flokksins, grein sem kom fram alveg nýlega og varðar það efni sem við ræðum hér. En þar sem ég er með handa á milli, grein um John Kenneth Galbraith og tilvitnanir í hann, þá vil ég a.m.k. nefna það að hún birtist í The Guardian Weekly 6. febrúar 1994. Þar er að finna varnaðarorð sem eru í ætt við það sem ég hef rakið. Hann segir m.a. í þessari grein að eitt allra þýðingarmesta skrefið sé að tryggja meiri tekjujöfnuð en markaðskerfið leiðir til, að það sé algert grundvallaratriði. Hann hvetur til þess að menn beiti sér að því verkefni. M.a. segir hann: „Á tíma samdráttar þurfa ríkisstjórnir að beita sér af afli fyrir því að ráða fólk til starfa og koma í veg fyrir efnahagslega mismunun og atvinnuleysi."

Greinin sem ég nefndi og er að finna í málgagni framsóknarmanna, Tímanum, varðar aukin tök alþjóðafyrirtækja, auðhringanna, í heiminum. Það fer ekki fram hjá neinum að þeir ráða afar miklu og í sívaxandi mæli eru ráðandi um þá þróun sem nú er uppi. Greinin birtist fyrir fáeinum dögum þannig að þeir sem vilja kynna sér efni hennar geta lesið sér þar til. Hún er reyndar sótt í erlent rit, Die Woche, og þar er um að ræða endursögn. Þar er dregið fram á mjög skýran hátt og að ég tel með réttum rökum, hvernig fjármálavald heimsins hefur tekið valdið af stjórmálamönnum varðandi öll meginatriði stefnunnar í efnahagskerfinu. Þar er dregið fram hvernig alþjóðavæðingin sem svo er kölluð virkar og hvernig hún er að deila upp þjóðfélögunum, kljúfa þjóðfélögin, kljúfa löndin og kljúfa einstök svæði í heiminum með aukinni misskiptingu. Það er nefnilega þannig, virðulegur forseti, að fátt bendir til þess ef nokkuð að þessi alþjóðavæðing fjármagnsins færi fjöldanum gull eða græna skóga. Fylgifiskar hennar virðist mér að stefni að því að auka misskiptingu lífsgæða, leiða til vaxandi atvinnuleysis, leiða til áður óþekktrar sviptingar á mörkuðum með vörur og fjármagn, vaxandi mengunar og verri nýtingar náttúruauðlinda. Það er þessi ríkjandi stefna sem ég hef reynt að varpa nokkru ljósi á í samhengi við þetta frv. sem við þurfum að snúa baki við. Og við þurfum leita leiða til þess að reisa skorður við blindum lögmálum markaðarins sem eru langt komin með að taka völdin innan þjóðríkja, af þjóðríkjum og um leið á heimsmælikvarða. Það nægir ekki að ákalla ráðamenn þjóðanna og biðja um aðra og betri stefnu nema þar ríki pólitískur vilji til þess að leita annarra siglingaljósa.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. og aðrir góðviljaðir menn hafi áhuga á því að leita eftir öðrum siglingaljósum en þeim sem eru að bera okkur fram á þessa brún. Og það skulu vera mín síðustu orð að þessu sinni við 2. umr. að ég hvet menn til þess að leita eftir öðrum leiðum til þess m.a. að tryggja viðunandi jöfnuð, lágmarksöryggi þegnanna og starfsfúsum höndum verk að vinna.

[18:31]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sinni ítarlegu ræðu spurði þingmaðurinn m.a. að því hvers vegna prestar væru komnir í þennan virðulega hóp embættismanna. Mig langaði til að fá að skýra aðeins fyrir honum að það á sér nokkuð sérstakar skýringar vegna þess að í þeim deilum sem BHMR gekk í gegnum á árunum 1987–1989 gerðist það að prestar komust að því að þeir voru í rauninni í óþolandi stöðu með sinn samningsrétt og verkfallsrétt. Í fyrsta lagi fannst þeim ekki tekið tillit til sinnar sérstöðu í kjarasamningum og í öðru lagi sáu þeir að í rauninni gátu þeir ekki notað verkfallsréttinn vegna **þeirrar miklu sérstöðu og þeirrar þjónustu sem þeir veita fólki.**

Þess vegna varð það niðurstaða þeirra að fara þess á leit að komast undir þáverandi kjaradóm sem síðan var skipt upp í Kjaradóm og kjaranefnd.

Ég vildi fá að skýra þetta fyrir þingmanninum. En það er annað vandamál hér á ferð varðandi prestana vegna þess að í því lagafrv. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir því að skipan embættismanna verði einungis til fimm ára. Og í bandorminum margnefnda er ein grein, þ.e. 24. gr., um veitingu prestakalla, breyting á lögum um veitingu prestakalla, þar sem gert er ráð fyrir því að embætti presta verði veitt til fimm ára.

Nú er það svo að formaður Prestafélagsins hefur skrifað hv. efh.- og viðskn. ítarlegt bréf þar sem hann bendir á að slík skipan sé í andstöðu við Ágsborgarjátninguna og kirkjuskipan Kristjáns III sem hefur verið við lýði í Skálholtsumdæmi frá árinu 1541, svo ég upplýsi hv. þm. um hinar sögulegu staðreyndir. Það er sem sagt álit Prestafélagsins að þetta komi ekki heim og saman. Annars vegar vilja þeir vera í hópi embættismanna en hins vegar kemur sú grundvallarregla sem þar er miðað við ekki heim og saman við köllun presta og þeirra skilning á sínu hlutverki og embætti.

[18:33]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki ætla ég að fara að níðast á prestastéttinni, hinni geistlegu stétt. Það stendur ekki til af minni hálfu að gera það. En ég á mjög erfitt með að sjá rökin fyrir því að prestarnir séu teknir sérstaklega út úr umfram t.d. heilbrigðisstéttir sem rækja vissulega mjög þýðingarmikil störf en njóta þó ákveðinna réttinda, m.a. varðandi verkfallsrétt þó að takmarkanir megi þar á setja eins og við þekkjum. Ég vek athygli á því að það kemur fyrir að messufall verður og menn lifa það jafnvel af. Það er ekki talin nein goðgá þótt það gerist stöku sinnum eða í sambandi við önnur þau vissulega þýðingarmiklu störf sem prestastéttin vinnur. En ég hef séð umsögn frá Prestafélagi Íslands um þetta efni og kynnt mér hana og ég tók eftir því að í henni var ákveðinn ótti við að lenda enn frekar undir biskupsvald, ef ég hef skilið umsögnina rétt. Það kunna auðvitað að vera í ljósi umræðu undanfarinna mánaða einhver sjónarmið þar uppi sem ég þekki ekki. Ég taldi bara ekki ljóst að prestastéttin fremur en ýmsir aðrir féllu með eðlilegum hætti undir meginskilgreiningu samkvæmt greinargerð frv. um æðstu stjórn ríkisins og öryggisgæslu.

[18:35]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ein af meginspurningunum sem við höfum verið að glíma við í þessari umræðu allri hvort slík skipting ríkisstarfsmanna í embættismenn og aðra eigi við einhver skynsamleg rök að styðjast. Það hefur einmitt verið gagnrýnt. En það sem ég er fyrst og fremst að vekja athygli þingmannsins á er að hvort sem litið er á störf presta eða stöðu kirkjunnar, þá er hún býsna sérstök. Og hún kemur ekki heim og saman við meginhugsun þessa frv.

Hv. þm. vék að því að það gerðist að það yrði messufall í ýmsum sóknum og af ýmsum orsökum. Ég get ekki annað en rifjað upp að því miður hafa samskipti ríkisins og ríkisstarfsmanna verið með þeim hætti að BHMR gekk í gegnum tvö verkföll 1987 og 1989, annað þeirra varði í þrjár vikur og hitt sex vikur. Það gefur auðvitað auga leið þjónusta sú sem prestar veita getur varla beðið þó að ýmislegt annað megi kannski bíða á meðan. Hið sama gildir auðvitað um ýmsar aðrar stéttir, en mergurinn málsins er sá að þetta var þeirra mat. Þeir fóru fram á það að komast undir Kjaradóm. Ríkisvaldið varð við þeim óskum og prestar hafa reyndar fengið nokkra leiðréttingu á sínum kjörum, einn þeirra hópa sem hafa verið nokkuð leiðréttir þótt betur megi gera. Og það er ástæðan fyrir því að m.a. prófessorar halda að þeir sæki gull í greipar kjaranefndar. En það á eftir að koma í ljós hvernig þau mál þróast.

[18:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. flutti snarpa, stutta ræðu, tvo og hálfan klukkutíma og kom víða við. Í síðasta hluta ræðu sinnar kom hann að þessu frv. sem er til umræðu, réðist þar m.a. á 20. gr. frv. sem er samhljóða og 34. gr. gildandi laga. Þá ræddi hann um 12. gr. frv. um veikinda- og barnsburðarleyfi og taldi að þar mundu gerast miklar breytingar yrði þetta frv. samþykkt. Ég vil láta það koma fram enn á ný, sem ég hef reyndar gert líklega fjórum sinnum í þessari umræðu, að svo er ekki. Það er held ég alveg skýrt fyrir þá sem lesa frv. En það er kannski ástæða að geta þess að í núgildandi lögum segir einungis í 17. gr. og það er allt og sumt:

„Ákveða skal með reglugerð hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum, svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar." Þetta er það eina sem segir í núgildandi lögum þannig að þetta hangir á reglugerð og sú reglugerð mun gilda þar til annað verður ákveðið, annaðhvort í kjarasamningum eða með lögum. Og þetta hefur þá þýðingu að lög gilda framar reglugerðum og það er minnst á kjarasamninga og varla geta menn verið á móti því að semja um sín kjör. Þetta ætti því að vera alveg skýrt.

Varðandi framgangskerfið, þá er það alveg sérstakt mál. Það hangir ekkert á þessu frv. sem við erum að ræða hér, tel ég. Það verður hlustað á háskólamenn. Það er hins vegar rétt sem kom fram að þeir hafa ekki talað mjög skýrt í þessu máli og einni röddu. En ég tel að það sé engin ástæða til annars en að viðhalda framgangskerfinu, þar á meðal á milli dósents og prófessors, ef háskólinn vill gera það. Þá þarf það að gerast í sérstökum lögum og ég efast um að bandormurinn verði afgreiddur á þessu þingi.

Þótt ég eigi ekki að vera að verja OECD vil ég minna hv. þm. á að lífskjörin eru þó best í þeim löndum sem eru í OECD og í vaxandi mæli hefur verið hlustað á umhverfisboðskap þessara samtaka, sérsaklega DAC eða Developement Assistance Committee hjá þessum samtökum sem við eigum reyndar ekki aðild að. Það er sívaxandi skilningur í heiminum, einkum á meðal fátækustu þjóðanna, að það ber að reyna að ná og nýta einkaframtakið meira en gert hefur verið, einkafjármagnið, einkafjárfestingar til þess að byggja upp atvinnulíf og bæta lífskjör. Og grundvallaratriðin eru frjáls viðskipti milli þjóða, svo að ég tali tungumál sem gamall sósíalisti hlýtur að skilja.

[18:40]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Merkustu tíðindin í andsvari hæstv. fjmrh. varða, að ég tel, að hann dregur í raun frv. um sérlög, breytingu á sérlögum til baka. Það er ekki lengur uppi á borði. Það stendur ekki til að lögfesta það á þessu þingi, segir hæstv. ráðherra, sem þýðir að sú óvissa er uppi á meðan það hefur ekki verið lögfest að sá hópur sem fellur undir tölulið 10 í 22. gr., sem varðar flokkunina á milli embættismanna óbreyttra, er langtum stærri en markað er í þessum tveimur frumvörpum.

Varðandi framgangsmálið innan háskólans er það svo að stefnan er alveg skýr. En mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara skýrt um það hvort hann ætlaði að fylgja fram þeirri stefnu sem liggur í núverandi 22. gr. og 148. gr. frv. um sérkjör. Ætli hann ekki að fylgja því fram, er breytt staða uppi og þarf þá að taka tillit til þess. Einfaldast og eðlilegast er að sjálfsögðu að taka ekki mark á séróskum núverandi prófessora við Háskóla Íslands sem í rauninni hafa ekkert efnislega til síns máls annað en það að þeir búa við bág kjör út frá sanngirnissjónarmiðum litið.

Síðan kom þetta með OECD, einkaframtakið og umhverfismálin. Við þurfum alveg sérstaka umræðu í það, virðulegur forseti. Aðeins þetta: Frjáls viðskipti og þetta kerfi sem nú er innsiglað innan World Trade Organisation innan GATT-kerfisins sem við kölluðum svo, Alþjóðaviðskiptastofnunin heitir hún, er að bæta við vanda umhverfis jarðar í stórfelldum mæli. Það kerfi, ef það gengur eftir, mun gera út af við a.m.k. allt mannlíf á jörðinni ef það fær að mala áfram. Innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ekki verið tekið undir kröfuna um það að taka umhverfismálin sérstaklega til umræðu hliðstætt því sem gerðist í Úrúgvæ-lotunni. Það er ekkert sem er í undirbúningi þar að lútandi. Það er vörudreifingin sem hefur forgang með þeirri mengun sem tilheyrir, með þeirri umhverfiseyðingu sem til heyrir.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna á að hér erum við í andsvörum en ekki almennum ræðuhöldum.)

[18:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það þannig að það skiljist fullkomlega hvað ég segi um framgangskerfið, ég er einungis að tala um framgangskerfið. Ég tel að framgangskerfið sé sérstakt úrlausnarefni sem eðlilegt er að skoða þegar bandormur ríkisstjórnarinnar verður til umræðu, hvenær sem það verður. Það er alveg sjálfstætt úrlausnarefni og það á að hlusta á rödd háskólans, eða raddir háskólans ef menn vilja hafa það svo, þegar að því kemur að ganga endanlega frá því ákvæði sem er í lagafrv. sem liggur fyrir þessu þingi og er flutt af forsrh. en ekki mér.

Í öðru lagi varðandi OECD, var einungis að tala um OECD. Þótt stofnanirnar séu nokkuð skyldar vil ég láta það koma skýrt fram að í vaxandi mæli, og það þekki ég vel sjálfur því að ég hef tekið þátt í slíkum ráðstefnum, þar á meðal núna nýlega í New York þar sem rætt var um þessi mál, er hlustað á OECD. Það er tiltölulega nýtt því að fátækustu þjóðirnar höfðu ekki alltaf mikið álit á OECD. En nú er í vaxandi mæli hlustað á OECD vegna þess að innan OECD hafa líka þróast hugmyndir um umhverfisskatta. Þar hafa þeir verið sem hafa leitt starf á vegum Sameinuðu þjóðanna eins og t.d. Gro Harlem Brundtland og þar hafa verið uppi hugmyndir um það hvernig hægt er að efla, bæta og auka samskipti fátækustu þjóðanna og hinna ríkustu. Þar á ég við þær fátækustu hvað snertir tekjur og laun, ekki endilega þær fátækustu þegar litið er á eignir og auðlindir þessara ríkja, eins og t.d. Mósambík.

Í vaxandi mæli sem betur fer eru menn að skilja að það er hægt að tengja þessar þjóðir saman í gegnum viðskipti, eðlileg viðskipti og nýta nýtt fjármagn umfram það fjármagn sem kemur frá opinberum aðilum. Ég tel þetta fagnaðarefni og ég hygg að gamlir sósíalistar og heiðarlegir sósíalistar eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eigi að gefa því gaum, þótt mér sýnist stundum að hann eigi mjög erfitt með að komast upp úr sínu gamla hjólfari. Ég tek hins vegar ofan fyrir hv. þm. vegna þess að hann er trúr sínum gömlu hugsjónum og á ákaflega erfitt með að breyta þeim. Það er út af fyrir sig virðingarverð íhaldssemi.

[18:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð og vandamanna frá hæstv. fjmrh. og ég vildi svo gjarnan eiga orðastað við hann um umhverfismálin og það sem þau varðar. Það eru bindandi reglur sem þarna skipta máli og þær eru njörvaðar innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þar sem vöruframleiðslan og frjáls vörudreifing hafa forgang og umhverfið er á þriðja farrými. Það er veruleikinn.

En aðeins af því að ég tók ekki á því áðan að því er varðar fyrra andsvar hæstv. ráðherra. Fæðingarorlofið, sem hæstv. ráðherra sagði að féll undir reglugerð, á að binda að lögum. Þau lög eru ekki fullmótuð en ég vék að því að hjá heilbrrh. væri frv. í gangi þar að lútandi. Það virðist sem þarna sé stefnt í jöfnun niður á við og það sé ekki nema tiltekið fjármagn sem er ætlað til þess, samanber umsögn Félags hjúkrunarfræðinga um frv.

Það alveg ljóst að hæstv. ráðherra hefur ekki gert upp hug sinn varðandi framgangskerfið. Hann talar um axarskaft að þessu leyti.

[18:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég saknaði eins kafla úr ræðu hv. þm. Það var að rifja upp sex vikna verkfall BHMR árið 1989, þá samninga sem þá voru gerðir og afskipti hv. þm. af þeim samningum á löggjafarsamkomunni í framhaldi af því og þann lærdóm sem hv. þm. dró af þeim afskiptum.

Ég vil síðan rifja það upp með hv. þm. að á árinu 1992 stóð hann að mig minnir að lagasetningu um Kjaradóm og kjaranefnd þar sem biskup og prestar féllu undir Kjaradóm og kjaranefnd að eigin ósk. Að minnsta kosti var hann ekki á móti þeirri lagasetningu. Mig minnir að hann hafi greitt atkvæði með því á sínum tíma en spurning er hvort hann sé farinn að snúa baki við biskupi sínum.

Varðandi stjórnsýslureglurnar vegna uppsagnanna er farið eftir stjórnsýslulögunum og þau höfð til fyrirmyndar þar sem það á við eðli máls samkvæmt, þ.e. ef uppsögn á rætur að rekja til einhverra persónulegra ástæðna sem snerta viðkomandi starfsmann er að sjálfsögðu bæði andmælaréttur og málskotsréttur, en þar sem uppsögnin á rætur að rekja sem ekki snerta viðkomandi starfsmann persónulega, svo sem vegna hagræðingar, er eðli málsins samkvæmt ekki um málskotsrétt eða andmælarétt að ræða.

Það er rétt hjá hv. þm. að tekjur íslensku þjóðarinnar þurfa að sjálfsögðu að vera með því sem best gerist og þetta mál er því mikið framfaramál vegna þess að það gerir ríkiskerfi okkar hagkvæmara og öflugra þannig að það sé betur í stakk búið til þess að ná viðhlítandi árangri. Undir ræðu hv. þm., sem kom víða við, verð ég að viðurkenna það að ég lét mig dreyma um þá björtu framtíð sem við eigum í vændum ef við samþykkjum þetta og fleiri góð mál sem frá ríkisstjórninni koma þessa dagana.

[18:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var efnismikil ræða hjá hv. formanni efh.- og viðskn. og tekið á stórum málum. Mér sýnist hv. þm. vera á leiðinni að blanda sér í forsetakosningarnar, vildi upphefja eitthvað sem tengist þeim. Ég ætla ekki að

fara út á þær brautir. Ég gæti alveg rifjað upp afskipti mín af þeim efnum sem hann vék að, verkfalli BHMR á sínum tíma og allt liggur það fyrir og er í mínu minni líka.

Varðandi kjaradóm 1992 vil ég ekki taka af um það efni. Ég sé ekki að það sé stórt mál í þessu samhengi sem við ræðum hér. Varðandi andmælaréttinn finnst mér ansi þröngur mælikvarði hafður uppi í frv. og skortir mjög mikið á að þar sé farið að eðlilegum leikreglum hvað hann snertir. Hitt er alveg dagljóst að réttur starfsmannsins til að halda starfinu, til þess að verjast hagræðingaraðgerum stjórnvalds, er ekki mikill og málskotsrétturinn kann að gilda í þrengstu merkingum þess orðs í vissum tilvikum.

Varðandi afleiðingar þessa frv. er ljóst að mat okkar hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er mjög ólíkt á því. Ég ætlaðist ekki til þess að hann breytti sjónarmiðum sínum eða málflutningi róttækt vegna orða minna. Ég var ekki það bjartsýnn í þeim efnum en ég lít þessi mál talsvert öðrum augum en hv. þm. gerir.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 18:53.

136. FUNDUR

mánudaginn 13. maí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945. — Frh. 2. umr.
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 896. — 3. umr.
4. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 897. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Húsbréfalán, 380. mál, svar félmrh., þskj. 946.

Varnir gegn mengun sjávar, 385. mál, nál. umhvn., þskj. 947; brtt. umhvn., þskj. 948.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Tölvuskráning símtala.

[15:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við lesum í blöðum að tölvunefnd hafi heimilað Pósti og síma að koma upp einni skránni enn í sambandi við skráningu símtala og nú sé um ekkert minna að ræða en það að heimild sé veitt og hafi verið veitt af tölvunefnd til þess að Póstur og sími skrái öll símtöl sem fram fara í landinu, bæði viðtöku og hvaðan hringt er, þannig að fyrir liggi á þessari skrá hvernig samtöl fara fram innan símkerfisins. Í grein í Morgunblaðinu í gær er um þetta fjallað af blaðamanni, með leyfi forseta:

„Þessa dagana er ein „skráin" enn að verða til og það í fórum Pósts og síma. Áformað er að skrá framvegis öll símtöl sem fram fara í landinu, þ.e. hver hringir í hvern, á hvaða tíma sólarhrings og hve lengi símtalið hafi staðið." Síðar segir: „Allt fram á síðustu ár voru upplýsingar um símtöl sem fram færu alls ekki skráðar." Síðan er rakið hvernig nýjar heimildir hafi verið veittar í þessu sambandi og svo segir hér, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd taldi í úrskurði sínum að skráning sú sem farið var fram á væri eðlilegur þáttur í starfsemi Pósts og síma. Heimilaði hún að öll símtöl í almenna símakerfinu og farsímakerfinu væru skráð, jafnt úr hvaða númeri sé hringt, í hvaða númer og hversu lengi símtalið hafi staðið. Hins vegar mælti nefndin fyrir um að ströng leynd yrði að hvíla yfir þessum skráðu upplýsingum og einungis örfáir menn á fjarskiptasviði Pósts og síma, er undirrituðu þagnareið, mættu hafa aðgang að þeim. Ekki mætti prenta upplýsingarnar út nema í undantekningartilvikum."

Eins og hér kemur fram er verið að vinna að þessari heildarskrásetningu og hér kemur þetta auðvitað inn á fjölmörg álitaefni sem varða lagafyrirmæli í meðferð opinberra mála í fjarskiptalögum og víðar. Ég spyr dómsmrh. hvort hann hafi engar áhyggjur af því sem þarna er að gerast og hvort ekki sé ástæða til þess að mati ráðherra að fara yfir þessi efni, m.a. með tilliti til friðhelgi einkalífs og allra þeirra stóru álitamála sem þessu tengjast.

[15:05]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ugglaust er það rétt hjá hv. þm. að skrá eins og þessari sem hér var gerð að umtalsefni fylgja ýmis álitaefni en það er einmitt hlutverk tölvunefndar að taka þau álitaefni til skoðunar og kveða upp úrskurði sína einmitt í þeim tilgangi að slá skjaldborg um verndun persónuupplýsinga á slíkum skrám í samræmi við lög. Í þessu tilviki hefur nefndin komist að skýrri niðurstöðu að teknu tilliti til þeirra hagsmuna sem í húfi eru.

[15:06]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu gott að hafa vökula nefnd sem setur reglur og tekur afstöðu til umsókna um skráningu. Það er allt á réttum stað. Hitt hlýtur að vera jafnnauðsynlegt að Alþingi yfirfari þessi mál og breyti settum reglum ef nauðsynlegt er talið til þess að tryggja vernd einkalífsins. Mér sýnist að hér sé á ferðinni svo víðtæk skráning sem fari um hendur einstaklinga og auk þess liggja fyrir úrskurðir af hálfu tölvunefndar sem snerta möguleika lögreglu til þess að komast í skrár, þá skráningu sem þegar liggur fyrir, hvað þá þegar svona heildarskráning er til staðar. Menn þurfa ekki annað en líta á hvað lesa má út úr slíkum tölvuskráningum og hvernig má misnota það og þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra eindregið til þess að fara yfir þessi efni og þau stóru álitamál sem hér eru. Stóri bróðir er satt að segja býsna nærri.

Úrvinnsla úr skattskrám.

[15:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Um miðjan sl. mánuð fór fram utandagskrárumræða að frumkvæði hv. þm. Svavars Gestssonar vegna reglugerðar sem fjmrh. hafði gefið út sem takmarkaði mjög birtingu, útgáfu og meðferð upplýsinga úr álagningar- og skattskrám. Í umræðunni var ráðherrann krafinn svara um hvort reglugerðin yrði dregin til baka. Við þá umræðu upplýsti fjmrh. að hann ætlaði að láta starfsmenn ráðuneytisins, skattstjóraembættið og tölvunefnd skoða málið áður en hann tæki ákvörðun um hvort umrædd reglugerð yrði afnumin. Niðurstaða í þetta mál verður að fást áður en þing fer heim enda liggur frv. fyrir hv. Alþingi um þetta efni. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort ákvörðun liggi fyrir um hvort reglugerðin verði dregin til baka og einnig hvort ráðherra telji að það dugi til að tryggja eðlilegan aðgang að álagningar- og skattskrám að reglugerðin verði dregin til baka eða telur ráðherra að til þurfi að koma lagabreyting?

[15:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að fyrir nokkru urðu umræður vegna reglugerðar sem sett hafði verið á grundvelli niðurstöðu tölvunefndar sem fer með þessi mál samkvæmt lögum.

Ég get upplýst hér að sú skoðun sem þá var lofað er á lokastigi og ég á von á því að á allra næstu dögum, hugsanlega á morgun eða hinn daginn, ætti að vera hægt að gera þinginu grein fyrir því hver afstaða ráðueytisins verður.

Í fyrsta lagi er gengið eftir því hvort tölvunefnd hefur breytt afstöðu sinni. Í öðru lagi kemur til greina að breyta reglugerðinni og ég á fremur von á því að það verði gert. Ég get hins vegar ekki hér og nú svarað því mjög skýrt hvort nauðsynlegt er að breyta lögunum til þess að eðlileg birting geti átt sér stað því að þá þarf ég auðvitað að geta svarað þeirri spurningu hvað sé eðlileg birting. Ég vil því gjarnan fá að bíða með það að lýsa yfir afstöðu minni þar til niðurstaða liggur fyrir í málinu en það á að geta orðið á allra næstu dögum.

[15:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég met það svo af hans svörum að hann telji líklegt að reglugerðin verði dregin til baka og því fagna ég. Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að ráðherrann geri þinginu líka grein fyrir því hvort það dugi eða hvort það þurfi að breyta lögum eða hvort við getum átt von á því að eftir að hæstv. ráðherra hefur dregið reglugerðina til baka að tölvunefnd gefi þá út einhverjar reglur sem banni aðgang að þessum skrám eða eðlilega meðferð á upplýsingum úr skránni.

Þess vegna óska ég eftir því að þegar hæstv. ráðherra gerir þinginu grein fyrir niðurstöðu sinni, sem ég skildi á máli hans, þá hafi hann látið kanna hvort það dugi eða hvort til þurfi að koma lagabreyting.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hafi ég ekki orðað það skýrt, þá skal ég orða það skýrar nú. Ég sagði ekki að það lægi fyrir að reglugerðin yrði dregin til baka. Hins vegar tel ég líklegt að henni verði breytt. Reglugerðin fjallar um fleiri atriði en nákvæmlega þau sem voru til umræðu á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum vikum.

Í öðru lagi finnst mér skipta miklu máli hver niðurstaða tölvunefndar er nú því að tölvunefndin hefur með þessi mál að gera og upplýsingar úr þessum skrám eru persónulegar upplýsingar í skilningi þeirra laga sem tölvunefnd vinnur eftir.

Að allra síðustu vil ég láta það koma fram að mér finnst eðlilegt að að fenginni þeirri niðurstöðu sem væntanlega kemur fram á allra næstu dögum þá verði það kannað hvort breyta þarf lögum en það hlýtur að vera mat hvers og eins hvernig sú breyting á að vera og það er ekki alveg víst að ég og hv. þm. séum nákvæmlega samála um það hvernig sú breyting eigi að eiga sér stað ef hennar er þörf.

Orkustofnun.

[15:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Snemma á þessu ári lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að hann vildi hlutafélagavæða Orkustofnun. Það mál hefur hins vegar aldrei verið rætt í þessari stofnun og ég vildi leyfa mér að byrja á því að spyrja hæstv. iðnrh. hvaða rök eru fyrir því að það sé nauðsynlegt að gera Orkustofnun að hlutafélagi?

Þegar hæstv. iðnrh. hafði komist að þessari niðurstöðu skrifaði hann bréf og hótaði því að ríkið mundi hætta þátttöku í orkurannsóknum ef þau fyrirtæki sem í hlut áttu samþykktu ekki tafarlaust að stofna hlutafélag. Þessi hótun var auðvitað alveg með ólíkindum og varð til þess að það varð uppnám hjá þessum stofnunum og sérstaklega Orkustofnun og hefur m.a. haft það í för með sér að vaxandi fjöldi fóks þar leitar sér nú að vinnu annars staðar og stefnir þannig í tvísýnu með þær mikilvægu rannsóknir, grunnrannsóknir, bæði í vatnamælingum og jarðhitarannsóknum sem þar hafa verið stundaðar.

Það er alveg ljóst að framganga hæstv. iðnrh. í Orkustofnunarmálinu hefur veikt Orkustofnun og þar með orkurannsóknir í landinu. Nú liggur hins vegar fyrir að þrátt fyrir sterkan vilja ráðherra verður ekki á þessu þingi afgreitt frv. til laga einkavæðingu Orkustofnunar þó að það væri ekki nema vegna þess að frv. er ekki komið fram.

Ég vil þá spyrja hæstv. iðnrh. í öðru lagi: Er einhver hætta á því að hann haldi áfram að sauma að Orkustofnun í sumar án þess að Alþingi hafi fengið ráðrúm til að fjalla frekar um málið?

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Eitthvað hefur sá skilningur sem hann leggur í þær formbreytingar og þá fyrirkomulagsbreytingu sem stendur til að gera á Orkustofnun farið skakkt ofan í hv. þm. Staðreyndin er sú að það eru hvorki hugmyndir uppi um það að gera Orkustofnun að hlutafélagi né einkavæða hana þannig að ég bið hv. þm. að hafa þetta í huga. Það sem hins vegar hefur gerst er þetta: Í samstarfi við orkufyrirtækin og fulltrúa starfsmanna Orkustofnunar hefur verið leitað leið til þess að breyta því fyrirkomulagi á Orkustofnun sem verið hefur um langan tíma að Orkustofnun nýti eingöngu starfskrafta sína til að framkvæma öll þau verk á sviði grunnrannsókna. Ef þetta gengur fram mun Orkustofnun eftir sem áður halda utan um allar grunnsóknir í landinu en hún hefur tækifæri til þess að kaupa þjónustuna af starfandi verkfræðistofum eða starfandi hlutafélögum sem væru í eigu orkufyrirtækjanna, þ.e. fá orkufyrirtækin sem hafa verulega hagsmuni af því að vel sé staðið að rannsóknum til þess að vera virkari þátttakendur í þessum kaupum.

Nú veit ég að hv. þm. situr í stjórn Landsvirkjunar og auðvitað veit hann miklu betur en það sem hann er að segja úr þessum ræðustóli á hinu háa Alþingi vegna þess að hann hefur fengið allar upplýsingar um framgang málsins, þ.e. þær hugmyndir sem iðnrn. hefur. Hann fékk þær síðast norður á Akureyri á fundi í síðustu viku þar sem málið var nákvæmlega kynnt fyrir hv. þm. Ekkert annað stendur til í sumar en að leita eftir samstarfi við orkufyrirtækin og Orkustofnun og það starfsfólk sem þar er starfandi um þessa fyrirkomulagsbreytingu. Megintilgangurinn er sá að ná fram aukinni hagkvæmni með þessu starfi og að hafa meiri fjármuni þrátt fyrir hugsanlegan samdrátt í fjárveitingum á næsta ári, að þá verði meiri fjármunir til ráðstöfunar, til beinna orkurannsókna en núna eru og það er megintilgangurinn með breytingunni.

[15:16]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja eftirfarandi: Hæstv. ráðherra er ekki að segja satt. Málið er að það hefur verið tekin um það stefnumótandi ákvörðun af honum að breyta Orkustofnun þannig að hún verði annars vegar stjórnsýslustofnun á sviði orkumála en hins vegar verði orkurannsóknirnar allar

einkavæddar eða gerðar að hlutafélagi í samvinnu við aðra aðila. Þetta er málið. Svona blasir málið við starfsmönnum Orkustofnunar og þetta mál hefur aldrei verið borið undir þessa stofnun. Það er því nauðsynlegt að hv. alþingismenn átti sig líka á því að hæstv. ráðherra sagði til viðbótar núna áðan að áfram yrði leitað samkomulags við önnur fyrirtæki um orkurannsóknir. Þetta þýðir nákvæmlega það sem ég var að spyrja um áðan, þ.e. að hætta sé á því að haldið verði áfram að sauma að Orkustofnun í sumar til skaða og tjóns fyrir rannsóknir í orkumálum sem þó eru vissulega undirstöðuþáttur fyrir okkar atvinnulíf og framkvæmdir á orkusviðinu.

[15:17]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það kom einmitt fram í þessari ræðu hv. þm. að hann vissi betur vegna þess að þar kom fram að það stóð ekki til að einkavæða Orkustofnun. Það á að gera hana að stjórnsýslustofnun. Þessu hefði þingmaðurinn þurft að halda líka til haga í fyrri spurningu sinni.

Hins vegar er þetta mál í ákveðnum farvegi. Það hefur verið leitað til orkufyrirtækjanna eftir svari við því hvort þau vildu vera þátttakendur í þessu samstarfi. Flest þeirra hafa svarað. Flest þeirra hafa svarað frekar jákvætt. Eitt fyrirtæki og það stærsta sem er Landsvirkjun hefur enn ekki svarað vegna þess að það var óskað eftir því eins og hv. þm. veit að þetta erindi færi til skipulagsnefndar fyrirtækisins. Ég á von á svari þaðan um þetta sem allra fyrst. Á grundvelli þessara svara mun þetta samstarf halda áfram við orkufyrirtækin og við starfsmenn Orkustofnunar til þess einfaldlega, hv. þm., að leita leiða til að auka þá fjármuni sem verða til beinna rannsókna á þessu sviði.

[15:18]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan, hótaði hæstv. iðnrh. því að taka út úr orkurannsóknunum þá fjármuni sem hið opinbera hefur lagt til orkurannsókna. Hvað sögðu þá orkufyrirtækin? Þau sögðu: Já, frekar viljum við stofna hlutafélag en að láta taka af okkur alla peningana því að annars eru allar orkurannsóknir í landinu í uppnámi. Hæstv. iðnrh. sagði því í raun og veru við þessi fyrirtæki: „Hvort viljið þið heldur að ég hengi ykkur eða skjóti, vegna þess að þið eigið engra annarra kosta völ en að hlýða mér?“

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Í þessum bréfaskriftum eins og hv. þm. veit og í því samstarfi sem verið hefur milli iðnrn., orkufyrirtækjanna og starfsfólks Orkustofnunar hafa ekki falist neinar hótanir. Ég vonast til þess að í sumar nái menn lendingu og meginmarkmiðið á að vera þetta: Að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar, aflétta þeirri óvissu sem hefur ekki bara ríkt í fáa mánuði heldur allt síðan 1987. Það hefur sífellt verið talað um að gera ákveðnar breytingar í rekstri stofnunarinnar. Þær hafa ekki náð fram að ganga og ég legg áherslu á að það verði hægt að fá eins fljótt og nokkur kostur er skýr svör um það hver verði framtíð þessarar stofnunar, með það að meginmarkmiði að auknir fjármunir verði settir til beinna rannsókna en ekki í að reka stjórnsýslustofnun og eyða peningum í utanlandsferðir og ég leyfi mér að segja nokkurt bruðl í rekstri.

Atvinnuleysisbætur til bænda o.fl.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sný enn máli mínu til hæstv. félmrh. út af máli sem ég hef áður átt orðastað við hæstv. ráðherra um, þ.e. hvað líður endurskoðun á lögum og reglum um greiðslu atvinnuleysisbóta. Svo er mál með vexti að mér sýnist ekki veita af að halda hæstv. félmrh. við efnið í þessu sambandi. Hæstv. ráðherra fór mikinn í umræðum um þessi mál sem stjórnarandstæðingur á síðasta kjörtímabili. Hann hafði um það orð í upphafi síns ráðherraferils að það væri eitt af forgangsverkefnum hjá sér að aflétta því óþolandi óréttlæti sem gilti í sumum tilvikum hjá ýmsum sjálfstætt starfandi einyrkjum í rekstri, svo sem bændum, sjómönnum, bílstjórum og fleirum. Almennt má segja mjög margir einyrkjar í atvinnurekstri, greiði nú tryggingagjald og þar með talið til Atvinnuleysistryggingasjóðs en njóti takmarkaðs og jafnvel einskis réttar úr sjóðnum. Þessu hugðist hæstv. ráðherra breyta og hafði uppi góð orð um að vinna vasklega að því máli, en lítið hefur gerst.

Nú eru enn liðnir einhverjir mánuðir síðan hæstv. ráðherra svaraði okkur síðast til um stöðu málsins. Ekki bólar á lagafrv. eða endurskoðun að því leyti til og reglugerðarvaldið sem er í höndum hæstv. ráðherra virðist ekki heldur hafa verið notað til þess að lagfæra þó ágalla eins og hægt væri að gera. Það flokkast undir framkvæmdaatriði eða framkvæmdareglur og ekki þyrfti lagabreytingar til. Herra forseti, áður en þinginu lýkur, vil ég því enn gefa hæstv. félmrh. kost á því að koma og færa okkur einhverjar góðar fréttir af þessu máli. (**Gripið fram í:** Á þetta að vera mánaðarleg ræða hjá þér?) (**SJS:** Já. Þangað til eitthvað gerist.)

[15:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er alveg rétt munað hjá hv. þm. að við höfum átt orðastað um þetta efni áður. Það stóð til að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar og ég hinkraði við með reglugerðarbreytingu ef lagabreyting kæmist á.

Nú gerðist það að fyrir liggur að lagabreyting verður ekki á þessu þingi og breyting á lögunum bíður betri tíma. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að taka á þessu máli innan ramma þess sem í gildandi lögum felst og ég hef það í undirbúningi.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er viss framþróun í málinu. Nú hefur hæstv. ráðherra viðurkennt að hann muni ekki ná fram breytingum á lögum á þessum vetri þannig að honum endist ekki fyrsta árið í embætti til að koma þessu brýna forgangsmáli sínu fram og er það auðvitað dapurt. Þá stendur eftir að hæstv. ráðherra getur gert þarna lagfæringar með reglugerð. Ég sé enn síður ástæðu til að það vefjist mánuðum saman fyrir hæstv. félmrh., jafnvaskur maður og hann vill vera láta að hann sé, að drífa þá reglugerð fram. Ég vona að ég þurfi ekki að koma hingað fleiri ferðir til þess að inna eftir henni.

[15:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla að vona að hv. þm. þurfi ekki að ómaka sig í ræðustól oftar af þessu tilefni. En það hefur reyndar legið fyrir í nokkrar vikur að frv. til breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar verður ekki flutt á þessu

þingi og reglugerð verður að breyta. (**Gripið fram í:** Og ráðherra getur breytt henni.)

Lækkun húshitunarkostnaðar.

[15:24]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að unnið skuli að lækkun húshitunarkostnaðar í landinu. Það eru ekki höfð fleiri orð um þetta í stefnuyfirlýsingunni en öllum er auðvitað ljóst að hverju þarna er verið að huga. Þetta er mjög mikið hagsmunamál mjög margra byggða í landinu og hefur oft verið rætt í þingsölum.

Það vita allir að húshitunarkostnaður er víða mjög íþyngjandi fyrir heimilin og heimilisreksturinn. Það voru gerðar nokkrar tilraunir á síðasta kjörtímabili til þess að lækka húshitunarkostnað, bæði með því að fá Landsvirkjun til þess að auka afslátt og einnig með því að auka framlög ríkisins til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði. Þrátt fyrir það miðaði ótrúlega lítið áleiðis í því að lækka þennan mikla kostnaðarlið sem er eins og ég sagði íþyngjandi fyrir mörg heimili í landinu.

Ákaflega lítið hefur gerst í þessum málum á þessu kjörtímabili, mér vitanlega, og nýleg verðhækkun Landsvirkjunar leiddi til þess að orkukostnaður heimilanna eða húshitunarkostnaður heimilanna hækkaði umtalsvert af þeim sökum. Lausleg áætlun sem ég hafði undir höndum gerði ráð fyrir því að til þess að lækka orkukostnað þar sem hann er núna dýrastur niður í álíka mikið og hann er í Reykjavík gæti þýtt svona 800 millj. kr. útgjöld. Því langar mig til þess að spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort þessi vinna sem talað er um í stjórnarsáttmálanum, í stefnuyfirlýsingunni, sé hafin og þá með hvaða hætti, að hverju sé stefnt í þeirri vinnu að lækka húshitunarkostnaðinn, hvert sé markmiðið og hver sé áfanginn sem menn ætli sér að reyna að ná með þessari vinnu.

[15:26]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að fyrirheit eru gefin um það í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar að unnið skuli að lækkun orkukostnaðar fyrir heimilin í landinu. Ákvörðun var tekin þegar menn settu sér það markmið að ná fjárlagahalla niður í 4 milljarða kr. á árinu 1996 að halda þessum lið, þ.e. niðurgreiðslu til húshitunar, með sömu upphæð og var í fjárlögum ársins 1995. Þegar hins vegar breyting var gerð á gjaldskrám orkufyrirtækjanna, Landsvirkjun óskaði eftir hækkun og hækkaði sína gjaldskrá um 3%, þá lá það fyrir að orkufyrirtækin þyrftu líka að hækka um sambærilega upphæð. Sú hækkun hefði leitt til þess að raunhækkun á gjaldskrá heimilanna hefði þá orðið um 5%. En í samstarfi við Rafmagnsveitur ríkisins og í samstarfi við Orkubú Vestfjarða og fyrir beina tilstuðlan iðnrn. tóku þessi tvö fyrirtæki þátt í því að leggja fram aukna fjármuni til þess að halda þessari hækkun eins lítilli og nokkur kostur var. Hún fór ekki upp fyrir 3%.

Það sem hefur síðan gerst er þetta: Nefnd skipuð af iðnrn. hefur verið komið á fót til þess að leita leiða til orkusparandi aðgerða. Sú nefnd er farin af stað. Einnig hefur verið skipuð nefnd til þess að fara yfir skipulag orkumálanna. Sú nefnd er líka farin á stað. Megintilgangurinn og meginmarkmiðið með báðum nefndunum er einmitt að ná því fram sem hv. þm. var að spyrja um, þ.e. að draga úr þeim kostnaði sem heimilin verða fyrir vegna mikils orkukostnaðar.

[15:28]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég get sagt um þetta að mjór er mikils vísir skulum við vona. Ég verð að játa það að mér finnst þetta svar ekki mjög uppörvandi fyrir þau okkar sem búa á landsvæðum þar sem orkukostnaðurinn er hvað mestur. Það er ljóst að orkukostnaður er sligandi á mörgum heimilum úti um landið þar sem hann er hvað mestur. Það þarf ekki að telja upp einstök dæmi í því sambandi. Þó að ég viðurkenni að það sé e.t.v. hægt að ná einhverjum árangri með orkusparandi aðgerðum, þá minni ég á að það hefur auðvitað verið gert mjög mikið í þessum efnum og fólk er að draga úr orkunotkun sinni vegna þess hvað orkukostnaðurinn er mikill.

Mér finnst líka mjög óljóst hvað breyting á skipulagi orkumála hefur í för með sér. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé fyrirhugað t.d. að Landsvirkjun auki afslátt sinn til húshitunarmála, hvort ekki sé ætlunin með einhverjum slíkum aðgerðum að reyna að draga úr orkukostnaði heimilanna og hvort ekki komi til greina í tengslum við samninga um hugsanlega stóriðju að gera átak í því að lækka orkukostnað heimilanna.

[15:29]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Varðandi þær spurningar sem núna komu um Landsvirkjun, þá er það stjórnar þess fyrirtækis að taka ákvörðun um það hvort fyrirtækið vilji nota þá fjármuni sem það hefur til þess að greiða niður orkuna. Eftir því hefur ekki verið óskað af hálfu iðnrn. En bein ósk frá iðnrn. kom bæði til Orkubús Vestfjarða og til Rafmagnsveitu ríkisins um að þetta skyldi gert og var orðið við þeirri ósk. Það er alveg rétt, og ég tek undir það, að það hefur ekkert mikið verið gert í þessum efnum. Það hefur þó verið reynt, þrátt fyrir hækkanir, að koma í veg fyrir að þær yrðu meiri en raun bar vitni.

Varðandi skipulag orkumálanna gerir maður sér vonir um að með aukinni hagkvæmni í dreifingu, vinnslu og flutningi orkunnar sé hægt að ná fram sparnaði sem eigi að geta skilað sér til neytenda. Stórir orkusamningar hafa verið gerðir og það hefur komið fram nokkuð glöggt við þessa umræðu varðandi stækkunarsamninginn um Ísal að gert er ráð fyrir því að um aldamót geti raunverð raforkunnar farið lækkandi um 3% á ári.

[15:31]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að ítreka að þessi svör eru mér mikil vonbrigði. Mér finnst að það sé ekki verið að vinna eins og ætti að gera að því að lækka orkukostnað heimilanna þar sem hann er hæstur. Það er út af fyrir sig ánægjulegt til þess að vita að það muni verða lækkun á raunkostnaði orkunnar um aldamót. En þá verður farið að ganga nokkuð á nýtt kjörtímabil þannig að það uppfyllir ekki þær væntingar sem við höfðum margir, við myndun þessarar ríkisstjórnar, um að það tækist að lækka orkukostnaðinn í landinu. Ég verð því að ítreka það til hæstv. iðnrh. sem ég veit að er maður sem vill taka á málum og ég ber fyllsta traust til hans, að hann geri gangskör að því að finna leiðir til þess sem fyrst að lækka orkukostnaðinn svo að um munar. Ég held nefnilega að bið til aldamóta geti orðið ýmsum býsna erfið og ekki

síst þeim byggðum sem þurfa að búa við þetta háa og erfiða orkuverð.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Vitaskuld er langfljótvirkasta leiðin að taka fjármuni úr ríkissjóði og greiða niður húshitunarkostnaðinn. Hins vegar, hv. þm., var sú ákvörðun tekin af þessari ríkisstjórn við fjárlagagerð fyrir árið 1996 til þess að hafa hallann eins lítinn á ríkissjóði og nokkur kostur væri, að auka ekki þessar niðurgreiðslur á árinu 1996. Bæði ég og hv. þm. tókum þátt í þessu með því að við greiddum atkvæði með fjárlagafrv. eins og það var.

Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála.

[15:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Á Skrifstofu jafnréttismála er gefið út blað sem heitir Vogin og í 1. tölublaði þess sem kom út í mars sl. er dálkur á baksíðu undir fyrirsögninni „Frá stjórnvöldum." Þar segir, með leyfi forseta:

„Ætla má að nú hafi félmrh. kynnt ríkisstjórn og Alþingi mat á árangri gildandi framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum auk tillögu til þingsályktunar. Þar eru gerðar tillögur um breytingar sem fela í sér að ákveðnum verkefnum verður frestað eða þau felld niður og öðrum nýjum bætt við. Mikilvægustu breytingarnar eru að gerðar eru tillögur um að fram fari athugun á stöðu jafnréttismála hjá öllum ráðuneytum og opinberum stofnunum með tíu starfsmönnum eða fleiri og að farið verði út í tilraunaverkefni þar sem starfsmati verði beitt í einni eða tveimur stofnunum á vegum ríkisins."

Í þessari frétt sem ég ítreka að kom í blaði sem var gefið út af Skrifstofu jafnréttismála í mars sl. er væntanlega verið að vitna til þess sem kveðið er á um í 17. gr. jafnréttislaga. Þar segir að félmrh. skuli leggja fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn og jafnframt að áætlunina skuli endurskoða á tveggja ára fresti og að í tengslum við það skuli félmrh. leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Þar sem Jafnréttisráð hefur ákveðið hlutverk í þessum efnum samkvæmt 16. gr. jafnréttislaganna, spurðist ég fyrir um þetta á Skrifstofu jafnréttismála. Þar var mér sagt að Skrifstofa jafnréttismála hafi fyrir nokkru lokið sinni vinnu til undirbúnings skýrslunnar. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari vinnu í félmrn.? Og kannski ekki síður: Hvað tefur?

[15:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá fyrirspyrjanda að það eru nokkar vikur síðan skýrsla um jafnréttismál eða uppkast að skýrslu um jafnréttismál kom í félmrn. frá Jafnréttisráði. Þessi skýrsla hefur verið þar til yfirferðar og það þurfti að gera á henni ofurlitlar breytingar, þ.e. fyrst og fremst málfarsbreytingar. Hún er farin úr félmrn. og komin til Alþingis. Ég hefði átt von á því að hún væri á borðum okkar í dag eða næstu daga. En hún er eftir því sem ég best veit farin úr ráðuneytinu og kemur til með að liggja fyrir innan örstutts tíma.

Hvað varðar starfsmatið, þá skilaði nefnd áliti um starfsmat, eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt. Það mál var tekið til meðferðar í ríkisstjórn og við fengum, hæstv. fjmrh. og ég, umboð til þess að meðhöndla málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Bréf barst frá starfshópnum um starfsmatið. Því var svarað 2. apríl sl. þegar fram voru lagðar tillögur um framvindu tilraunaverkefnis um starfsmat. Bréfinu var svarað á föstudaginn var og í svarinu segir m.a.:

„Ráðuneytið fellst á aðalatriði tillagnanna og mun í framhaldi af því ráða starfsmann í samráði við starfshópinn til að vinna við verkefnið. Jafnframt mun ráðuneytið leita eftir vinnuframlagi frá Reykjavíkurborg og Skrifstofu jafnréttismála."

Málið er því í sæmilegum gangi og ég vonast eftir því að vinna við hið raunverulega starfsmat hefjist innan fárra vikna.

[15:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst kannski þakka hæstv. ráðherranum svörin. Ég lýsi yfir ánægju með að nú loksins skuli vera að þessu komið því að ég er búin að bíða spennt, í nokkrar vikur sagði ráðherrann, en þær eru orðnar líklega um það bil átta því að blaðið sem flutti fréttina kom út í mars. En ég fagna því að þetta sé á leiðinni og vænti þess þá að sjá þetta næstu daga hér á borðum.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit hafa verið miklar annir í félmrn. og sérstaklega hjá þeim starfsmanni sem annast þessi mál. En ég vænti þess að við getum andað rólega og innan fárra daga verði skýrsla á borðum þingmanna.

Sala hlutabréfa í Pósti og síma hf.

[15:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina spurningu til hæstv. fjmrh. Telur hann eðlilegt og æskilegt að hlutabréf í Pósti og síma yrðu seld, færi svo að stofnuninni yrði breytt í hlutafélag eins og frv. sem liggur fyrir þinginu gerir ráð fyrir? Nú er mér ljóst að ríkisstjórnin segist ekki munu selja fyrirtækið eða stofnunina á þessu kjörtímabili. Mér er einnig ljóst að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að ef af sölu yrði, þá færi það áður fyrir þingið. Þetta er vitað.

Hins vegar er ástæða til að ætla og ég hef rökstuddan grun um það að þetta sé fyrst og fremst sett fram til þess að friða þá sem eru andvígir einkavæðingu Pósts og síma. Þess vegna er mjög mikilvægt að þekkja og vita hverjar skoðanir einstakra ráðamanna eru og ekki síst hæstv. fjmrh. Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Telur hann æskilegt að hlutabréf í Pósti og síma yrðu seld á markaði eða yrðu seld, ef stofnuninni yrði breytt í hlutafélag, á næsta kjörtímabili ef þingmeirihluti væri fyrir hendi?

[15:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð óvenjulegt að fá fyrirspurn af þessu tagi því að auðvitað er hv. þm. það ljóst að sá sem hér stendur ræður því ekki og allra síst einn, hvaða stefna verður tekin í þessu máli síðar ef einhver stefnubreyting verður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. sagði reyndar að hann vissi að ríkisstjórnin ætlaði sér ekki að selja hlutabréf í Pósti og síma, ef það frv. nær fram að ganga sem er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi og það væri sérstök ákvörðun

sem borin yrði undir Alþingi ef hugmyndir yrðu uppi þar að lútandi. Þetta get ég staðfest.

Ég vil hins vegar segja hv. þm. sem kemur honum sjálfsagt ekki mikið á óvart að ég tel fulla ástæðu til þess með þetta fyrirtæki, eins og svo fjölmörg önnur, að kannað sé hvort aðrir gætu tekið reksturinn yfir, aðrir en ríkisvaldið. Mér finnst sjálfsagt að kanna það. Það þarf auðvitað aðdraganda og það gildir ekki einungis um Póst og síma heldur ýmislegt fleira í opinberum rekstri.

Ég vil segja hv. þm. það jafnframt að það er ekki á mínu valdi að gefa neinar bindandi yfirlýsingar um það. Það er ríkisstjórnin öll sem ræður og þó sérstaklega sá ráðherra sem fer með þennan málaflokk, þ.e. samgrh. Hann hefur ekki að því er ég best veit gengið eins langt í hugmyndum sínum eins og ég vildi gjarnan að gengið yrði. Ég vona að það komi hv. þm. ekki á óvart sem ég segi hér. Ég hef reyndar sagt honum áður, a.m.k. tvisvar svo að ég muni, hver mín persónulega afstaða er. En það er auðvitað ríkisstjórnin og síðast en ekki síst, aðallega og fyrst og fremst Alþingi sem á síðasta orðið í þessu efni.

[15:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort þessi fyrirspurn var eitthvað óvenjuleg. En það á a.m.k. ekki að vera óvenjulegt á Alþingi að menn óski eftir því að ráðamenn þjóðarinnar komi til dyranna eins og þeir eru klæddir og segi hvert raunverulega er stefnt. Nú vitum við að formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu sem starfar á vegum ríkisstjórnarinnar hefur sagt, með leyfi forseta:

„Það er í mörgum tilvikum skynsamlegt að breyta rekstrarformi fyrirtækja fyrst og gera þau að góðri söluvöru áður en þau eru seld. Nokkur ár geta liðið þarna á milli. Menn eiga að hafa þetta í huga. Reynsla erlendra sérfræðinga er eindregið sú að það sé einungis skynsamlegt að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag sé ætlunin að selja það. Hlutafélagavæðingin er bara fyrsta skrefið að mínu áliti."

Nú er þess skammt að bíða að við ræðum á Alþingi einkavæðingu Pósts og síma eða breytingu fyrirtækisins í hlutafélag. Hæstv. ráðherrar hafa þann hátt á við þessar umræður að þeir forða sér úr þingsalnum þegar málefni annarra ráðherra eru til umræðu. En það er mjög mikilvægt að við þekkjum hvert hugur hæstv. fjmrh. stendur í þessum efnum og reyndar ráðherranna allra og ríkisstjórnarinnar allrar svo að ekki sé hætta á því að menn séu að blekkja þjóðina með þeim skrefum sem verið er að stíga.

[15:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það getur varla talist fréttnæmt sem ég hef sagt í þessari umræðu því að hv. þm. þekkir það mjög gjörla. Ég vil segja það sem mína skoðun að mér finnast hugmyndir formanns einkavæðingarnefndar nokkuð skynsamlegar út frá mínum persónulega sjónarhóli séð. En ég ítreka að það er auðvitað ríkisstjórnin sem ræður.

Það ber hins vegar að undirstrika það mjög rækilega að það geta staðið rök til þess að breyta fyrirtækinu í hlutafélag án þess að selja fyrirtækið nokkurn tíma og ég ætla að nefna ástæður fyrir því. Þær eru m.a. að fyrirtæki sem starfar í hlutafélagsformi getur eignast hlut í öðrum fyrirtækjum. Það kann að vera mikilvægt fyrir þetta fyrirtæki sem innan tíðar mun þurfa að stunda sína starfsemi í mikilli samkeppni við önnur fyrirtæki erlend, að geta þróað ýmsan búnað í samvinnu við íslenska tæknimenn og hugvitsmenn til þess að Póstur og sími hf., þótt alfarið í eigu ríkisins sé, geti tekið þátt í samkeppninni eins og sterkt og það fyrirtæki getur orðið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Tíminn sem ætlaður var fyrir þennan dagskrárlið er í raun og veru liðinn, en forseti ætlaði að gefa síðasta þingmanninum sem bað um orðið, tækifæri. Telur þingmaður sig nauðsynlega þurfa að koma fleiru að? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei.)

Tóbaksverð í vísitölu.

[15:45]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. og ég spyr: Hvaða möguleika höfum við á því að taka tóbak út úr vísitölunni þannig að hægt sé að hækka verð á tóbaki verulega í forvarnaskyni?

Það er alveg ljóst að skaðsemi tóbaks er gífurlega mikil og það er *trú mín að það verði bannað í framtíðinni að reykja* tóbak. Beinn útlagður kostnaður heilbrigðiskerfisins er 450 millj., óbeinn trúlega upp á milljarða fyrir þjóðfélagið. Það er ljóst að reykingar eru að aukast, sérstaklega hjá ungu fólki. Við í heilbrigðisnefndinni skoðuðum að hækka tóbakið í forvarnaskyni, töldum okkur ekki fært vegna tæknilegra erfiðleika fyrir okkur að gera það. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða annmarka sér hann á því að taka tóbakið út úr vísitölunni þannig að hægt verði að hækka tóbakið í forvarnaskyni? Er það tæknilega ómögulegt að mati ráðherrans?

[15:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég er ekki sérfræðingur í þessum málum en ég skal gera mitt besta til þess að skýra sjónarmið mín.

Ég vil í fyrsta lagi benda á að vísitala framfærslukostnaðar eða vísitala neysluvöruverðs á samkvæmt kenningunni að vera *hlutlaus mælikvarði*, þ.e. *mæla allt sem heil fjölskylda* eða meðalfjölskylda eyðir í hvað sem er, það geti enginn lagt dóm á það hvað sé slæmt eða gott. Þannig mælist tóbak, vín, bíóferðir og hvað eina og það er ekki ætlunin að gera mun á þessari eyðslu hvort hún er góð eða slæm.

Við verðum einnig að muna eftir því að slíkar vísitölur eru notaðar sem mælikvarði. Lán taka t.d. breytingum ef vísitölur breytast. Fyrir vikið hlýtur að vera mikið hagsmunamál bæði fyrir lánardrottna og skuldunauta að þessi mælikvarði sé ekki *breytilegur þannig að það er eins og við byggjum við* sentimetramál þar sem 1 sm væri stundum 8 mm og stundum 12 mm. Ég er ansi hræddur um að smiðir sem eru að byggja hús vildu ekki hafa slíkt sentimetramál. Þess vegna held ég að það sé úrelt að fara þá leið sem hv. þm. er að stinga upp á. Ef menn vilja nota tóbaksverð til þess að koma í veg fyrir reykingar eiga menn bara að verðleggja tóbakið með þeim hætti sem þeim sýnist og sætta sig þá við að það hefur áhrif á vísitöluna því að auðvitað er annað óskynsamegt vegna áhrifa vísitölunnar á aðrar stærðir í þjóðfélaginu.

[15:48]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur ríkisvaldið ekki tekið tóbakið út úr vísitölunni og lækkað eitthvað annað í staðinn þannig að það yrðu engar breytingar á lánunum?

Ég vil fá svar við því. Er það tæknilega ómögulegt? Já eða nei.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég get bara ekki svarað því. Ég hugsa að það sé tæknilega hugsanlegt að gera þetta en þar með mundu t.d. skuldabréf, sem eru miðuð við þessa sömu vísitölu, breytast í verði og eitt er alveg ljóst að jafnvel þótt íslenskir lánardrottnar eða íslenskir skuldunautar mundu sætta sig við að ríkisstjórnin breytti málinu með þessum hætti er ég sannfærður um það að engin önnur þjóð, sem við erum að reyna að koma spariskírteinum inn á, mundi nokkurn tíma eiga viðskipti við aðila sem upp á sitt einsdæmi mundi breyta mælikvarðanum með þessum hætti. En ég held að það sé hægt kannski að segja það að þetta sé tæknilega hægt en þetta er efnahagslega algerlega útilokað.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945.

[15:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Við stjórnarandstæðingar ræðum nú af kappi um frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hvers vegna er vonandi öllum sem á hlusta ljóst. Ástæðan er bæði þau ótrúlegu vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð og hins vegar sjálft innihald tilvonandi laga.

Það er mjög athyglisvert að sitja á Alþingi þessa dagana og upplifa þá ókurteisi, skort á almennum mannasiðum og hroka sem vinnubrögð ríkisstjórnarinnar endurspegla. Ég sat á nefndarfundi í einni af starfsnefndum þingsins í fyrri viku þar sem aðstoðarmaður eins hæstv. ráðherrans sagði: „Það var að sjálfsögðu haft samráð við þá hagsmunaaðila sem málið varða. Það hafa átt sér stað margra mánaða samningaviðræður.“ Ég velti því fyrir mér hvort aðstoðarmaðurinn væri staddur á einhverri annarri plánetu, hvort hann áttaði sig ekki á því að sú sjálfsagða kurteisi að hafa samráð við viðkomandi aðila við lagabreytingar er ekki vinnuaðferð þessarar ríkisstjórnar, að minnsta kosti ekki ef hagsmunaaðilarnir eru launþegar þessa lands.

Hér er t.d. til meðferðar í þinginu frv. um framhaldsskólann þar sem samtök kennara voru gersamlega hunsuð við samningu þess. Við erum að ræða um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem fjmrh. sjálfur segist hafa haft samráð og útskýrir í ræðu sem hann flutti hér 19. mars með eftirfarandi orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 23. ágúst sl. var nefndin um endurskoðun starfsmannastefnu ríkisins sett á laggirnar. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að endurskoða núgildandi lög, nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hinn 12. des. sl. var BSRB, BHMR og KÍ sent bréf þar sem m.a. var skýrt frá því að heildarendurskoðun á lögunum stæði fyrir dyrum og yrði henni hraðað. Jafnframt var óskað eftir hugmyndum frá samtökunum þremur að breytingum á lögunum. Svarbréf barst frá BSRB en ekki hinum samtökunum.

Hinn 6. febrúar sl. var samtökunum þremur kynnt meginmarkmið og meginefni þess frv. sem nú hefur verið lagt fram. Hinn 12. febr. sl. voru samtökunum send frumdrög að frv. eftir að þau höfðu verið kynnt ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna.“ Því miður, segir fjmrh., vildu samtökin ekki þiggja samráð eftir að frumvarpsdrögin höfðu verið lögð fram í ríkisstjórninni. — Hvílík samráðstilboð. Krafa ríkisstarfsmanna er nefnilega alveg skýr, nefnilega að frv. verði vísað frá og ný endurskoðun eigi sér stað með aðild þeirra.

Sama samráðsleysið hefur einkennt vinnuna í kringum önnur umdeild mál sem hér eru til meðferðar og ber þar fyrst að nefna frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar var samráðsvinnan rofin í miðju kafi þannig að klippt var á samráð við öll verkalýðsfélögin í landinu. Nýjasta frv., sem er til meðferðar í allshn., er frv. til lögreglulaga og það er einnig brennt þessu marki. Nefnd var í gangi sem fékk ekki að ljúka störfum því að það lá svo mikið á að koma hálfköruðu, umdeildu frv. fram og inn í þingið.

Vissulega þekkjum við líka dæmi þess þar sem samráð hefur verið haft eins og í úthafsveiðinefndinni sem nú er rétt að ljúka störfum. Þar eru hagsmunaaðilarnir aðrir. Þar eru hagsmunaaðilarnir sjávarútvegurinn og þeir sem núna þykjast eiga fiskimið landsins.

Hvað er eiginlega að ríkisstjórninni? Nýlega var til umræðu á Alþingi frumvarp eða skýrsla menntmrh. um útvarpslögin og hún var búin til án samráðs við samstarfsflokkinn í ríkisstjórn, þ.e. Framsfl. Ég velti því fyrir mér hvort valdahroki sjálfstæðismanna og ríkisstjórnarinnar sé orðinn svo mikill að það er talið í lagi að hunsa allar reglur um manneskjuleg samskipti. Þetta eru hættumerki valdsins og vísbending um að nú sé nóg komið og að Sjálfstfl. þurfi að fá hvíld frá valdastólum. Þetta er valdahroki að mínu mati af verstu tegund.

Þessi framgangsmáti fær mig til að spyrja: Hvað gengur ríkisstjórninni eiginlega til? Hvers eiga launþegar að gjalda? Er ekki nóg að þessir launþegar búi við ein verstu kjör sem þekkjast í nágrannalöndunum, þ.e. mjög lág grunnlaun og allt of mikið yfirvinnuböl? Þarf einnig að sliga launþegana með því óöryggi og óvissu sem þessi framgangsmáti ríkisstjórnarinnar hefur valdið? Það liggur við byltingarástandi í þjóðfélaginu nú þegar allir eru sammála um að ytri aðstæður séu með skásta móti í langan tíma þrátt fyrir ríkisstjórnina.

Þetta frv. hefur verið sent út til fjölmargra aðila og það hefur þegar komið fram í umræðunni að aðeins einn umsagnaraðili er ánægður með frv., nefnilega Vinnuveitendasambandið. Vinnuveitendasambandið sem ásamt ríkinu borgar landsmönnum lúsarlaun, Vinnuveitendasambandið vill hrifsa æ meira til sín og vill nú herða ólina að launþegum þannig að möguleikar þeirra til baráttu og betri kjara verði skertir. Velflestar opinberar stofnanir eru í uppnámi, ef ekki út af þessu lagafrv., þá út af öðrum frv. sem hér eru til meðferðar og ég vil bara nefna nokkrar þessara stofnana. Ég get t.d. nefnt Ríkisútvarpið, alla grunnskóla landsins, alla framhaldsskóla landsins, Háskóla Íslands svo og aðra háskóla landsins, Póst og síma, ríkisbankana, lögregluna, sjávarútveginn í heild sinni, hvort sem litið er á smábátaeigendur eða „kvótaeigendur,“ Ríkisspítalana, heilsugæsluna, verkalýðshreyfinguna og svo mætti lengi telja. Við þessa upptalningu mætti að sjálfsögðu bæta kirkjunni en vandamál hennar verða varla skýrð með þessu frv. Fyrirhugar ríkisstjórnin kannski að koma af stað byltingu í þjóðfélaginu? Eða er hún kannski að gera eitthvað gott sem hagsmunaaðilarnir hanga bara á eins og fiskur á roði?

Þrátt fyrir efnislega gagnrýni mína á frv. svo og á annað það sem ríkisstjórnin er að gera skal fúslega viðurkennt að sumar af þeim breytingum sem hér eru lagðar til eiga rétt á sér. Þær eru ekki allar alfarið vondar. En þær breytingar á hins vegar að semja um og vil ég þar t.d. nefna afnám æviráðningar.

Það sem er verst og hleypir illu blóði í allt og alla eru fyrst og síðast vinnubrögðin. Félagsmálafræðsluna í lagadeild Háskóla Íslands þarf e.t.v. að endurskoða til að þetta skáni, að minnsta kosti á meðan velflestir ráðherrar Sjálfstfl. eru lögfræðingar. Kannski þarf að koma fram með tillögu um fræðslu til ráðherra í mannlegum samskiptum. Eitthvað verður að gera. Þessi vinnubrögð, hæstv. forseti, eru að mínu mati ekki bjóðandi, hvorki Alþingi né vinnandi fólki í landinu.

Snúum okkur þá að efni frv. Það vantar ekki faguryrðin hjá hæstv. fjmrh. um tilgang þessa frv. Í ræðu sinni 19. mars sagði hann m.a. um markmið frv. og það hljómar allt mjög vel og ég ætla að gera honum það til tekna að lesa upp hvað hæstv. fjmrh. sagði: Markmiðið segir hann vera fjórþætt:

1. Að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði.

2. Að auka sjálfstæði en um leið ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana, og vald, bæti ég við.

3. Að gefa starfsfólki tækifæri til að vera umbunað eftir ábyrgð og hæfni í starfi.

4. Að færa ýmis ákvæði laganna frá árinu 1954 eins og um vinnutíma í nútímalegra horf.

Þetta hljómar kannski ekki allt mjög illa en þegar betur er að gáð er verið að gera ýmislegt annað og fleira. Það eitt að auka vald forstöðumanna á eftir, eins og ég kem að þegar ég ræði um 9. gr., að opna á geðþóttaákvarðanir varðandi laun og kjör.

Hvernig á að hvetja fólk til þess að gera betur í starfi sínu? Þar er nefnt sérstaklega að fólki verði boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Þar er vissulega gott mál á ferðinni en þetta er fyrir löngu orðið kjarasamningsatriði eins og ég bendi á nánar á eftir og lítið hefur miðað í þá átt að koma þessu á þrátt fyrir áratuga gömul markmið.

Þá er talað um að jafna réttindi ríkisstarfsmanna og annarra starfsmanna og þar er auðvitað fyrst og fremst farin sú leið að jafna réttindin niður á við. Það á að taka réttindi af ríkisstarfsmönnum til þess að þau jafnist á við starfsmenn hins almenna vinnumarkaðar þrátt fyrir að þessi réttindi hafi hingað til verið reiknuð inn í kjör og laun ríkisstarfsmanna. Ég kem nánar að þessu á eftir. Þetta á bæði við um fæðingarorlofið og fleiri atriði.

Þessi markmið og fyrirhugaðar leiðir til að ná þeim munu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir réttarstöðu opinberra starfsmanna. Ég trúi þó ekki öðru jafnvel þótt þetta verði að lögum en að það verði tekið mið af því við gerð næstu kjarasamninga. En þó að svo verði gert er ég alls ekki sannfærð um að við Íslendingar viljum sjá það þjóðfélag sem ríkisstjórnin með Sjálfstfl. sem húsbónda og Framsfl. sem hjú eru að reyna að koma á, þjóðfélag þar sem þeim sterku er umbunað og þeim miður sterku er sturtað, samfélag þar sem þeir sem hafa valdið eru yfirmenn, geta drottnað yfir öðrum á duttlungafullan hátt.

Hæstv. fjmrh. viðurkennir að réttindi núverandi ríkisstarfsmanna verði ekki skert nema með samningum. En hvers eiga allir hinir að gjalda, þeir sem hafa ekki valdið, þeir sem eru ekki komnir í yfirmannsstöður, þeir sem ekki eru þegar komnir í stöðu hjá ríkinu? Er allt í lagi að láta þá, ungu kynslóðina, fá minna? Er ekki nóg komið varðandi álag á ungt fólk í þessu þjóðfélagi? Þetta unga fólk þarf nú að greiða námslánin sín að fullu. Unga fólkið þarf að greiða húsnæðislánin sín að fullu. Unga fólkið getur gert sér að góðu samkvæmt þessu frv. að fá skert biðlaun og óvissu og að öllum líkindum skert fæðingarorlof. Ég kem að þessu atriði nánar á eftir. Það er ekki alveg ljóst hvort þetta frv. þýðir skert fæðingarorlof en það er mjög mikil óvissa sem ríkir á því sviði.

Eiga ungu háskólakennararnir í Háskóla Íslands að gera sér að góðu að komast ekki upp í framgangskerfinu? Eru prófessorarnir ánægðir með að loka því af því að þeir sjálfir eru komnir í skjólið? Mér virðist eins og það sé fyrst og fremst ungt fólk og konur sem munu verða fyrir mestri kjaraskerðingu, þeir aðilar sem eru ekki við völd og eru því háðir duttlungum valdsherranna, hvort sem það er fjmrh. eða forstöðumenn ríkisstofnana en þar eru því miður of fáar konur.

Það væri að æra óstöðugan að telja upp alla þá efnislegu gagnrýni sem hefur komið fram á frv. Ég ætla þó að grípa niður í upptalningu á helstu áhrifum frv. sem kemur fram í einni umsögn, þ.e. í umsögn Bandalags háskólamanna sem ég tel vera ákaflega vandaða umsögn. Ég mun koma að henni nokkrum sinnum, ekki síst vegna þess að Bandalag háskólamanna, BHMR, er annað af tveimur verkalýðsfélögum sem þetta frv. kemur helst við. En í þessari umsögn segir á bls. 5 frá helstu áhrifum á réttindi starfsmanna. Þeir vekja einnig athygli á því í umsögn sinni að frumvarpshöfundar sjá fyrir sér fimm tegundir starfsmanna ríkisins. Það er sem sagt í fyrsta lagi embættismenn með tímabundna skipun í fimm ár í senn. Í öðru lagi starfsmenn með réttarstöðu embættismanna „eftir því sem við á" án þess að vera embættismenn. Í þriðja lagi er talað um almenna starfsmenn með ótímabundna ráðningu án flestra núgildandi réttinda. Í fjórða lagi verða það svo starfsmenn hlutafélaga í eigu ríkisins með óskilgreind réttindi og í fimmta lagi skipaðir starfsmenn samkvæmt bráðabirgðaákvæðum frv. með skert réttindi.

Um helstu áhrif frv. á þessa mismunandi hópa starfsmanna segir svo í umsögn Bandalags háskólamanna. Þá er það fyrst helstu áhrif á réttindi almennra starfsmanna. Starfsöryggi (ráðningarfesta) að mestu afnumið. Skipun sem ráðningarform er afnumin. Réttur nýrra starfsmanna til biðlauna er afnuminn. Réttur annarra starfsmanna til biðlauna skertur verulega. Réttur til forgangs að sama starfi ef stofnað aftur afnuminn. Réttur til fyrirframgreiddra launa er afnuminn. Réttur til yfirborgana skertur. Veikindaréttur settur í uppnám. Fæðingarorlofsréttur settur í uppnám. Réttur til maka- og lausnarlauna settur í uppnám.

Helstu áhrif á réttindi embættismanna. Starfsöryggi að mestu afnumið. Ótímabundin skipun sem ráðningarform afnumin. Kjör ákveðin utan kjarasamninga. Aðild að stéttarfélögum og þátttaka í starfi þeirra bönnuð. Réttur til biðlauna skertur verulega. Réttur til forgangs að sama starfi ef stofnað aftur er afnuminn. Réttur til yfirborgana er skertur.

Helstu áhrif á skyldur starfsmanna. Skylda að sæta framlengingu á uppsagnarfresti er aukin. Hverjum starfsmanni sett ný skylda: leiðbeiningarskylda. Skylt að hlíta breytingu á starfi og sæta kjaraskerðingu eftir uppsagnarfrest. Skylda starfsmanna að hlíta breytingum á starfi og þola skert starfskjör. Skylda embættismanns að hlíta flutningum á milli embætta. Skylda embættismanns að inna vinnuskyldu á bótatíma

vegna stöðumissis. Sérstakar skyldur forstöðumanna vegna rekstrar og verkefna stofnunar.

Um þessa túlkun er víðtæk samstaða. Það má finna þessi atriði í mörgum þeirra umsagna sem okkur þingmönnum hafa borist um frv. og liggja hjá okkur í bunkum. Þrátt fyrir tilburði flutningsmanna og ekki síður hv. formanns efh.- og viðskn. sem heldur því öðru hverju fram í umræðunni að umræða um þetta mál og ræður okkar stjórnarandstæðinga hjálpi ríkisstjórninni. Ef sú fullyrðing er sönn er umhugsunarvert hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi. Virðir fólk ekki lengur almennar kurteisisreglur í mannlegum samskiptum eða vill þjóðin valdasjúka durta við stjórnvölinn sem troða á launþegum landsins, ekki síst ungu fólki og konum? Það getur vel verið að langar ræður séu fólki ekki að skapi. En því miður eru langar ræður eina vopnið sem stjórnarandstaðan hefur þegar réttlætiskennd hennar er misboðið. Það er von mín og trú að þjóðinni sé misboðið líka, jafnt opinberum starfsmönnum sem öðrum.

Það er ekki ætlun mín að fara í allar greinar þessa frv. en þó verð ég að vekja athygli á nokkrum greinum enda þótt fleiri hafi komið inn á þær í umræðunni. Þá vil ég fyrst nefna 9. gr. frv. en þar segir m.a., og ég styðst við textann í brtt. meiri hlutans:

„Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um samkvæmt 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar."

Þarna er eins og ég sagði áðan verið að opna á gerræðislegar ákvarðanir forstöðumanna og maður veltir þess vegna fyrir sér: Er þetta þá kerfið sem hæstv. fjmrh. talaði um á síðasta vorþingi, þegar við ræddum um launajöfnun kynjanna, og einnig fyrr í vetur, að það ætti að koma á kerfi þar sem sporslurnar svokölluðu mundu hverfa, þar sem allt væri á yfirborðinu? Með þessu móti virðist vera ætlunin að lögfesta núverandi fyrirkomulag, en það er að mínu mati þveröfugt við það sem hæstv. fjmrh. hefur haldið fram og þveröfugt við kröfu okkar kvennalistakvenna sem við höfum sett fram m.a. í þeim tveim tillögum á Alþingi sem þingkona Kvennalistans, Kristín Halldórsdóttir, las upp í ræðu sinni um þetta mál fyrr í umræðunni. Ég mun því ekki endurtaka þá ræðu eða fara í þau þingskjöl hér en ég tel að það sé virkilega umhugsunarvert hvað ríkisstjórnin er að gera að þessu leyti. Við höfum lagt áherslu á að allt eigi að vera uppi á yfirborðinu, sýnilegt og einfalt. Að öðrum kosti þori ég að fullyrða að þessi 9. gr. mun enn auka launamuninn á milli karla og kvenna í þjóðfélaginu. Ég fullyrði þetta þrátt fyrir það að í greininni standi svart á hvítu í niðurlagi 9. gr.: „Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjmrh. setur þar sem m.a. skal kveðið á um að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun." Ég vil segja þetta vegna þess að ég er sammála álitsgerð BHMR um þetta atriði en þar segir m.a.: „Alls ekki verður séð að heimildir til ráðherra og forstöðumanna til að yfirborga eftir reglum sem fjmrh. setur muni leiða til meira launajafnréttis milli kvenna og karla. Yfirborganir og hvers kyns aukagreiðslur eru í dag greiddar í ráðuneytum og stofnunum ríkisins. Heimildirnar eru fyrir hendi en ekkert virðist koma í veg fyrir að geðþótti, duttlungar og klíkuskapur ráði ferðinni. Virkur samningsréttur og virkir kjarasamningar sem báðir aðilar virða eru lykillinn að því að útrýma launamisrétti og láglaunastefnunni."

Ráðherrann virðist sem sagt sjá hættuna á því að þessar yfirborganir fari í þennan hefðbundna farveg og setur þessa klausu inn. En hvers vegna skyldi hún virka frekar en jafnréttislögin hafa gert hingað til? Og hvernig er þessu ætlað að virka og hver á að hafa eftirlit með þessu, hæstv. fjmrh.? Að mínu mati er þessi aðferð alger sýndarmennska og ég vil í þessu sambandi minna á að nýlega bað Kristín Ástgeirsdóttir, hv. þingkona Kvennalistans, um upplýsingar um það hvaða athugasemdir voru gerðar af nefnd Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslendinga á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda voru kallaðir á fund hennar í janúar í New York. Þá kom fram margs konar brýning til stjórnvalda sem þeir ættu að taka til sín betur en þetta frv. bendir til. Ég vil aðeins nefna þrjú atriði sem þar voru nefnd, fyrst hæstv. fjmrh. situr hér og heyrir vonandi til mín.

Í fyrsta lagi hvetur nefndin íslensk stjórnvöld til þess að halda áfram skilgreindum aðgerðum sínum varðandi launajöfnuð kynjanna fyrir sambærileg störf og að stuðla að launajöfnuði á öllum sviðum atvinnulífs samkvæmt tilmælum nr. 13. Jafnframt fer nefndin fram á að í skýrslum sem sendar verða hér eftir verði upplýsingar um þetta atriði þegar fjallað er um niðurstöður yfirstandandi starfsmats. Á það legg ég mjög mikla áherslu þar sem starfsmat er nú að fara í gang að þetta verði haft í huga og að gerð verði grein fyrir þessum niðurstöðum í næstu skýrslugerð.

Í öðru lagi leggur nefndin til að aðgerðum verði hrint í framkvæmd svo fljótt sem verða má, t.d. með því að samþykktar verði skýrar starfsáætlanir er tryggi að konur verði tilnefndar í stöður þar sem ákvarðanir eru teknar og sem stuðli að því að þær gegni leiðandi hlutverkum á öllum sviðum atvinnulífs. Ég get ekki séð að ef það á að fara að búa til margs konar stéttir embættismanna og loka þar á milli að það verði konum til mikillar hvatningar.

Í þriðja lagi telur nefndin að ekki sé nægjanlegt að endurskoða lög um fæðingarorlof til þess að ná markmiðum um jafnara vægi fjölskylduábyrgðar milli karla og kvenna. Nefndin leggur því til að stjórnvöld grípi til annarra ráðstafana til þess að auka þátttöku karla í heimilisstörfum og umsjón barna og tillit sé tekið til eðlis launaðra starfa, bæði karla og kvenna innan og utan veggja heimilisins. Það verður ekki séð af þessu þar sem bæði virðist eiga að fara að skerða fæðingarorlof og ekki á að koma neitt sem bendir til að vinnutími verði sveigjanlegri þar sem það er þegar kjarasamningsatriði og virðist ekki hafa virkað. Það verður því ekki séð að hæstv. ríkisstjórn taki þessi tilmæli alvarlega og ég skora því á hann að endurskoða þessa 9. gr., bæði með tilliti til þessara duttlungafullu greiðslna sem eiga að verða í höndum forstöðumanna og ekki síst með tilliti til jafnréttis kynjanna.

Þá vil ég næst vekja athygli á 12. gr. frv. sem varðar veikindaforföll og fæðingarorlof. Þótt nokkuð sé deilt um túlkun á þessari grein virðist ljóst að bæði rétturinn til fæðingarorlofs og veikindaforfalla eru settir í uppnám. Fólk veit ekki nákvæmlega hver réttarstaðan er og það hefur skapað verulega óvissu.

Varðandi 12. gr. frv. ætla ég að taka mér það bessaleyfi, herra forseti, að vitna stuttlega í umsögn Félags háskólakennara um þá grein. Þar segir m.a.:

„Í 12. gr. frv. er tekið fram að starfsmenn eigi rétt til launa í fæðingarorlofi, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og eftir atvikum, ákveðið eða umsamið. Í athugasemdum við greinina segir að þetta muni þýða að réttindi þeirra fari með sama hætti og annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði og greiðslur í fæðingarorlofi fari því samkvæmt lögum um almannatryggingar. Hér er því um töluverðar breytingar að ræða. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir sem falla undir núgildandi ákvæði haldi þeim réttindum uns laun í veikindaforföllum eða fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið."

Væntanlega er þarna verið að vísa til þeirrar endurskoðunar í lögunum um fæðingarorlof sem nú er í gangi. Það litla sem heyrst hefur af því starfi bendir ekki til þess að réttindi þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði muni batna, heldur virðist það vera ætlunin að jafna niður á við eins og það hefur verið kallað. Þessi grein boðar því mikla afturför. Opinberlega hefur því verið haldið fram af hálfu fulltrúa fjmrn. að ekki sé ætlunin að breyta núgildandi fyrirkomulagi um fæðingarorlof. Ef það er rétt er eðlilegra að segja það skýrt í lögum hver lágmarksrétturinn er og heimilt sé að semja um betri rétt. Óeðlilegt er að kveða á um það í bráðabirgðaákvæði að greinin gildi ekki. Á sama hátt þyrfti að mínu mati að taka á veikindaréttindum.

Af þessu tilefni hefur Kristín Ástgeirdóttir, þingkona Kvennalistans, lagt fram brtt. um þetta mál og hún mun gera grein fyrir henni sjálf í umræðunni síðar. Brtt. miðar að því að lágmarksrétti til fæðingarorlofs sé gefin lagastoð.

Í sambandi við fæðingarorlof vil ég einnig vekja athygli á því að fyrir þinginu eru nú til meðferðar tvær þingsályktunartillögur um fæðingarorlof sem þegar hafa verið sendar til umsagnar og til framfara horfa. Og það væri vissulega skemmtilegra eða viðkunnanlegra ef hægt væri að vera viss um að það væri á þeim nótum sem ríkisstjórnin er að hugsa fremur en á þeim að jafna niður á við. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að vitna fyrst í till. til þál. sem ég flutti ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans á þskj. 307 fyrr í vetur, en þar segir m.a.:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að láta semja frumvarp til laga um fæðingarorlof sem byggist á eftirfarandi markmiðum:

Að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði.

Að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði í áföngum.

Að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlofið á lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali.

Að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu.

Að tryggja feðrum sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns sem ekki skerðir fæðingarorlof móður.

Að fæðingarorlof verði lengra eftir fjölburafæðingu.

Að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra.

Að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs þannig að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri, greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald." — Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að leggja vel við eyrun því að það gæti komið ríkinu mjög vel ef slíkur sjóður yrði stofnaður.

Að síðustu leggjum við til að markmiðið verði: „Að bæta kjör foreldra í fæðingarorlofi þannig að launþegar haldi sínum launum úr fæðingarorlofssjóði. Að auki greiði Tryggingastofnun ríkisins áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér. Þetta eigi við um fæðingar allra barna."

Þetta eru skref fram á við. Ég hef lokið við að vitna í þessa þáltill. og ef við hefðum fæðingarorlofslög í þessum dúr væri það skref fram á við. En að skerða rétt til fæðingarorlofs nú yrði að mínu mati mjög alvarlegt mál. Það mundi annaðhvort hafa áhrif til hins verra á samskipti og tengsl foreldra og barna hjá þeim sem áfram eignast börn en jafnframt er ég hrædd um að skerðing á fæðingarorlofi mundi hreinlega hafa áhrif á viðkomu þjóðarinnar eins og gerst hefur bæði á Ítalíu og Frakklandi. Þar eru konur næstum því hættar að eignast börn.

Hin þáltill. sem ég vil líka nefna er flutt af Ögmundi Jónassyni og Steingrími J. Sigfússyni og fjallar um fæðingarorlof feðra. Þótt hún taki í raun og veru aðeins á einum þætti af þeim sem þáltill. okkar kvennalistakvenna gerir sýnir það að það skuli koma fram tvær þáltill. á þessu þingi um þessi mál að hér er um brýnt hagsmunamál ungs fólks í dag að ræða, mál sem verður að taka réttum tökum. Það má alls ekki skerða fæðingarorlof eins og mér virðist að ætlunin sé að gera með þessu frv.

Þá vil ég næst koma að 13. gr. frv. þó að ég hafi komið stuttlega að henni áðan. Hún fjallar um að fólki sé gert kleift að fá sveigjanlegan vinnutíma. Orðrétt:

„Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt ákvörðun forstöðumanns stofnunar enda verði slíku við komið að skaðlausu." Það er kannski þess vegna sem ekkert hefur gerst í vissum málum. Eða mjög lítið. Að minnsta kosti vil ég taka undir það sem Bandalag háskólamanna segir í umsögn sinni um þetta mál. Það er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að starfsmenn eigi rétt á sveigjanlegum vinnutíma verði því við komið en hliðstætt ívilnandi ákvæði er í 25. gr. gildandi laga fyrir konur og heilsuveila. Fyrir um 20 árum var ákveðið að færa á svið kjarasamninga ákvæði varðandi vinnutíma starfsmanna og má því segja að 25. gr. hafi í raun dagað uppi og 13. gr. frv. sýni fortíðaráráttu höfundanna á sama hátt og t.d. 11. gr."

Ég vil í þessu sambandi taka undir þetta en vil benda á að í framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er talað um að það sé stefnan að í sem flestum ríkisstofnunum komist á sveigjanlegur vinnutími. Og ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að ég lagði fram skriflega fyrirspurn um þetta atriði fyrir nokkrum mánuðum og það er ekki enn komið svar. Ég velti því fyrir mér hvers vegna ekki er enn komið svar. Er ekkert að gerast í þessum málum? Er það þess vegna sem ráðherrann telur nauðsynlegt að setja ákvæði um þetta í lög? Kannski er það svo. Ég vil endilega gefa honum tækifæri hér á eftir til að svara því hvað þarna er á ferðinni.

Hæstv. forseti. Ég vil þá halda áfram að gera grein fyrir einstökum greinum þessa frv. og athugasemdum mínum við þær. Er ég þá komin að 22. gr. frv. sem fjallar um embættismenn. Ég vek um leið athygli á því að það eru mjög margir sem hafa gert þessa grein að umtalsefni í umræðunni. Í þessari grein er talið upp hverjir verða embættismenn og hverjir ekki. Af því að ég vil að ræða mín verði sem styst af tillitssemi við þingheim og þjóðina ætla ég ekki að lesa upp alla greinina. Ég vek aðeins athygli á henni af því að

upptalningin varðar þá starfsmenn sem örugglega eiga að verða embættismenn. Það er einkum tíundi liðurinn sem mesti styrinn stendur um eins og er. Þar segir að þeir aðrir verði embættismenn sem skipaðir eru í störf samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið.

Ég vitna hér í brtt. meiri hlutans þar sem út hafa verið tekin orðin „þeir sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands". Þessi grein eins og hún hljómar nú samkvæmt brtt. meiri hlutans er mjög óljós. Ég vil sérstaklega gera hér að umtalsefni hvernig þessi óvissa snýr að Háskóla Íslands eins og fleiri hafa gert í þessari umræðu og reyndar háskólunum yfirleitt. Ég vil nefna Háskóla Íslands sérstaklega vegna þess að hann er stærsta menningarstofnun þjóðarinnar og jafnframt einn stærsti vinnustaður landsins. Hann er því að mínu mati enginn venjulegur vinnustaður. Það að háskólinn skuli vera klofinn í herðar niður út af einni grein í frv. er í raun og veru mjög athyglisvert og mjög alvarlegt. Mér sýnist að í uppsiglingu séu núna meiri háttar átök sem á ekki að sæma stofnun af þessu tagi. Stofnun sem fyrir einum til tveimur mánuðum kom fram með þá yfirlýsingu að hún vildi gerast sjálfseignarstofnun, þ.e. stofnun sem vill vera sem óháðust ríkisvaldinu.

Hér í umræðunni hefur verið vitnað í ýmis bréf sem hafa borist í hendur okkar alþingismanna síðustu daga. Ég ætla að leyfa mér að endurtaka eitthvað af efni þeirra bréfa því þarna er um mjög athyglisverða atburðarás að ræða sem lýsir kannski vel þeim vanda sem þetta frv. kallar á í ýmsum stofnunum þjóðfélagsins. Ég vil í fyrsta lagi nefna bréf það sem kannski allt írafárið varð út af en það er bréf sem stílað var á Björn Bjarnason menntmrh., dags. 28. mars 1996, og er frá Sveinbirni Björnssyni rektor. Þar er vísað til fundar háskólaráðs þar sem lagt var fram bréf frá prófessor Guðmundi Magnússyni, formanni Prófessorafélags Íslands við Háskóla Íslands. Hann greinir þar frá fundi í félaginu þann 25. mars þar sem þetta prófessorafélag óskar eftir því að prófessorar teljist embættismenn og verði taldir upp í þessu frv. sem slíkir. Rektor segir: „Þessari bókun er hér með komið á framfæri við menntmrh. með von um stuðning við þennan vilja háskólaráðs."

Þann 6. maí barst hins vegar bréf frá Félagi háskólakennara. Tilefnið er þetta umdeilda frv. Ég ætla að leyfa mér að lesa það bréf svo til í heild sinni því það skýrir stöðu málsins að verulegu leyti, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ásamt frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem fylgir því óbreytt að lögum mun framgangskerfi háskólakennara verða lagt í rúst. En slík einhliða breyting á lögum háskólans mun hafa víðtæk áhrif á kjör háskólakennara til hins verra en fullyrt hefur verið að ný lög eigi eftir að breyta kjörum ríkisstarfsmanna.

Í lögum um Háskóla Íslands eru ákvæði þess efnis að lektor með þriggja ára starfsreynslu geti fengið framgang í stöðu dósents hafi hann til þess hæfi að áliti dómnefndar og að dósent með fimm ára starfsreynslu geti fengið framgang í embætti prófessors hafi hann til þess hæfi að áliti dómnefndar.

Nú er gert ráð fyrir að prófessorar verði embættismenn í skilningi áðurnefnds frv. og jafnframt að dósent geti ekki fengið framgang til embættis prófessors sbr. 147.–148. gr. fyrrnefnds fylgifrv. Félag háskólakennara er stéttarfélag allra kennara við Háskóla Íslands og annarra háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans og stjórn þess mótmælir því að framgangskerfið verði eyðilagt. Stjórnin telur að eyðilegging þess valdi háskólanum ómældum erfiðleikum og mótmælir því harkalega að þessi réttindi séu tekin af félagsmönnum.

Sérstaklega finnst stjórninni ámælisvert að framgangskerfi háskólakennara verði eyðilagt með einu pennastriki án þess að nokkur umræða hafi farið fram um framtíð þess innan háskólans eða utan. Frumvarpið, ef að lögum verður, sviptir starfsmenn ríkisins víðtækum réttindum bótalaust. Auk þess koma ofangreindar breytingar sem viðbótarskerðing á félagsmenn Félags háskólakennara. Stjórn Félags háskólakennara skorar á ríkisstjórnina að draga fyrrnefnd frumvörp til baka og ef hún gerir það ekki skorar stjórnin á hv. alþingismenn að greiða atkvæði gegn því að þau verði að lögum."

Þarna virðist vera átt við frumvarpstextann eins og hljómaði í upphafi þar sem skýrt kemur fram að það eru fyrst og fremst forsetaskipaðir starfsmenn ríkisins sem áttu að vera embættismenn en það kemur ekki að sök vegna þess að það er einnig vitnað í fylgifrv. þar sem skýrt kemur fram að framgangur milli dósents og prófessors verði ekki heimilaður.

En sagan er ekki búin og það er ekki síður næsta bréf sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Það barst menntmrh. þann 8. maí 1996. Það bréf undirritar 41 kona sem vinna við Háskóla Íslands. Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta bréf upp í heild sinni og vekja athygli á hvað þær eru að segja.

„Á fundi í Prófessorafélagi Háskóla Íslands þann 25. mars var samþykkt með einu mótatkvæði að vinna að þeirri breytingu á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að prófessorum yrði bætt inn í upptalningu á embættismönnum eða með öðrum orðum að þeir yrðu embættismenn. Aðeins þriðjungur prófessora við háskólann var á þessum fundi og margir sem ekki voru þar telja sig ekki félagsmenn í samtökum sem ekki eru formlegt félag innan Félags háskólakennara. Engu að síður var þessi samþykkt gerð og henni síðan fylgt eftir af miklum skörungsskap eins og alþjóð hefur orðið vitni að síðustu vikur.

Félag háskólakennara er enn þá stéttarfélag prófessoranna og gangi þeir úr því hefur það eftirfarandi afleiðingar fyrir þá sem eftir eru:

a. Félag háskólakennara er í raun svipt verkfallsvopni sínu þar sem stór hópur félagsmanna má ekki fara í verkfall og mun starfa áfram ef til verkfalls kæmi.

b. Framgangskerfið sem metið hefur verið til launaprósentna í kjarasamningum háskólakennara undanfarin ár er lagt í rúst.

c. Afnám framgangskerfisins mun bitna á öllum yngri starfsmönnum háskólans þar sem konur eru fjölmennastar."

Síðan kemur atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á og ég mun gera hér að umtalsefni.

„Háskólaráð, þar sem aðeins prófessorar mega sitja sem fulltrúar deilda, hefur ályktað að staða prófessora við Háskóla Íslands sem embættismanna skipti sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknastofnunar. Félag háskólakennara hefur borið á móti þessu opinberlega og við undirritaðar teljum okkur skylt að benda á afleiðingar þessara breytinga fyrir jafnréttismál innan háskólans."

Síðan koma nokkrar mikilvægar upplýsingar sem ég vil vekja athygli á því ég hef verið að flytja um þetta fyrirlestra sl. tíu ár og hérna eru tölur til staðfestingar því vandamáli

sem ég mun gera hér að sérstöku umtalsefni sem er valdakerfi háskólans. En áfram segir í bréfi umræddra háskólakvenna:

„Konur hafa verið vaxandi meiri hluti stúdenta einkum í hug- og félagsvísindum síðustu árin. Síðasta áratuginn hefur konum sömuleiðis fjölgað í hópi kennara og sérfræðinga Háskóla Íslands. En það hefur gengið hægt. Sem dæmi má nefna að af 72 lektorum við Háskóla Íslands eru konur 35 eða 48,6%, af 134 dósendum eru 24 konur eða 17,9% og af 148 prófessorum eru aðeins níu konur eða 6,1%. Það verður að segjast eins og er að konur hafa átt örðugt uppdráttar innan Háskóla Íslands. Prófessorar einir eiga rétt til setu í æðstu valdastofnun háskólans og þeir skipa í valdamiklar nefndir þar sem ýmist situr engin kona eða konur eru í miklum minni hluta. Sjónarmið kvenna, bæði hvað varðar stefnumótun háskólans almennt og mótun hans sem vinnustaðar, koma lítið fram og jafnréttisumræða hefur verið lítil."

Þá segir að lokum í þessu bréfi:

„Framgangskerfið við Háskóla Íslands er aðeins níu ára og síðan það var tekið upp hafa 38 karlar orðið prófessorar í krafti þess en þrjár konur. Ef prófessorarnir verða embættismenn núna er valdakerfi háskólans lokað í núverandi mynd og áhrifaleysi kvenna í stjórnun og mótun vinnustaðarins staðfest. Við teljum þessar breytingar eitt hið mesta bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum innan háskólans. Við skorum á háskólayfirvöld að endurskoða afstöðu sína og Alþingi að taka þetta til alvarlegrar athugunar. Það getur ekki verið ábyrgt að rétta hlut eins hóps í Félagi háskólakennara með því móti að skertir séu möguleikar fjölda annarra félagsmanna samtímis."

Það er hérna eitt bréf enn sem væri virði þess að lesa upp í heild sinni. Það er bréf frá vísindanefnd háskólaráðs, dagsett 8. maí 1996. Ég ætla að spara tíma og koma aðeins að einum þætti þessa máls því ég mun gera hann að umtalsefni í fyrirspurnum mínum til fjmrh. á eftir. Í fyrsta lagi vil ég nefna eina setningu þar sem stendur: „Nefndin telur" — og þar er ég að tala um vísindanefnd háskólaráðs — „að tillögurnar um breytingar innan háskólans einkennist af fljótræði í meðferð viðkvæms máls sem kallar á ígrundun og athugun ýmissa aðila, ekki síst innan skólans sjálfs. Ljóst er að ef af þessum breytingum verður munu þær hafa víðtæk áhrif á starfsemi háskólans. Nauðsynlegt er að reyna að sjá þau áhrif fyrir og taka mið af þeim við endanlegar ákvarðanir." Ég ítreka þetta.

Þá segir enn fremur í bréfi vísindanefndar: „Ef allt þykir benda til að prófessorar verði embættismenn samkvæmt hinu nýja skipulagi telur vísindanefnd algert forgangsatriði að framgangskerfinu verði ekki lokað við dósentmörkin eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Nefndin telur að reynslan af framgangskerfinu á síðustu árum sé góð og kerfið hafi ekki verið misnotað til að veita mönnum starfsframgang umfram það sem þeir hafa unnið til. Framgangur hefur fyrst og fremst byggst á mati á rannsóknarafköstum háskólakennara og sérfræðinga og hefur tvímælalaust virkað sem hvati til framsóknar og aukinna afkasta í rannsóknum.

Eigi háskólinn að geta laðað til sín nýja starfsmenn sem líklegir eru til afreka í komandi tíð og haldið í þá lektora og dósenta sem standa sig hvað best í starfi hljóta það að teljast nöturleg skilaboð að þeir eigi ekki möguleika að komast í þær stöður sem eftirsóknarverðastar eru við skólann."

Síðar segir það sem ég tel mjög mikilvægt. Þá er verið að tala um — ég er að reyna að stytta mál mitt — hvað það sé vont mál að leggja niður framgangskerfið. Þá segir: „Skal jafnframt í því efni annars vegar bent á að ýmsir hafa beinlínis ráðið sig til lektors- og dósentsstarfa í fullvissu um að þeir ættu eftir að geta sótt um framgang til prófessorsembættis og hins vegar er vakin athygli á að þessi breyting mundi sérstaklega bitna á konum sem hafa gert sér vonir um að bætast senn í afar fámennan hóp kvenprófessora skólans. Benda má á að meðal yngri kennara og sérfræðinga eru allmargar konur."

Síðan er atriði um vinnumatssjóð sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. sérstaklega um á eftir. Ég sé að hann situr í hliðarsal og ég vil að hann hlusti nú vel. Það segir í þessu bréfi vísindanefndar: „Jafnframt leggur vísindanefnd áherslu á að allir kennarar og sérfræðingar hafi sama aðgang í vinnumatssjóð og verið hefur. Sé hugmyndin sú að skerða kjaratengdan rétt prófessora til að sækja um rannsóknarlaun úr vinnumatssjóði má gera ráð fyrir að ýmsir afkastamiklir prófessorar lækki í heildarlaunum allt eins þótt þeir kynnu að hljóta talsverða hækkun grunnlauna. Ljóst má vera að í hópi prófessora ekki síður en meðal annarra starfsmanna er þörf á þeim rannsóknarhvata sem í vinnumatssjóðum felst."

Ég ætla ekki að vitna meira í þetta bréf vísindanefndar háskólans, en vek athygli á því að hér er allt í uppnámi um það í fyrsta lagi hverjir verða embættismenn, ekki bara af háskólakennurum heldur öllum skipuðum kennurum jafnt í grunnskólum sem framhaldsskólum og í öðru lagi virðist ljóst að framgangskerfið er í uppnámi. Sem betur fer virðist sú hreyfing hafa orðið innan háskólans að allir háskólakennarar eru að átta sig á því hvað er í þessu frv. og nú eru viðbrögðin að streyma inn. Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni það sem kom fram í bréfi kvennanna og það er hið karlstýrða valdakerfi háskólans. Ef þessi viðbrögð og þetta frv. endurspeglar ekki að það sé þörf á að endurskipuleggja valdakerfi háskólans, þá veit ég ekki hvað gerir það. Við höfum á undanförnum dögum verið að afgreiða úr hv. menntmn. frv. til laga um framhaldsskóla þar sem kippa á fulltrúum kennara og nemenda út úr skólanefndum á þeirri forsendu að þeir eigi ekki að ákvarða um eigin kjör eða um starf sitt. Hér höfum við aftur háskólaráð sem í raun og veru væri sambærilegt við það að í skólanefndum sætu bara skólastjóri og yfirkennarar því að ekki sitja kennararnir þarna og stjórna stofnuninni, heldur aðeins toppur ísjakans, þeir háskólaprófessorar sem eru deildarforsetar. Eins og ég sagði áðan hef ég verið að vekja athygli á þessu allt frá árinu 1986 og reyna að hvetja til lýðræðislegri stjórnunar á háskólanum. En það má kannski segja um háskólann eins og aðrar stofnanir að þeir sem hafa völdin, sitja í valdastöðunum, munu ekki hvetja til breytinga. Því vil ég hvetja hæstv. fjmrh. og Alþingi að hugsa um hvað hér er að gerast og að það taki skipan háskólaráðs til gagngerðrar endurskoðunar um leið og fylgifrv. sem á að taka upp í sumar verður lagt fram. Og einnig að þá verði tryggt að framgangskerfið verði til áfram. Ég tel að það verði aldrei eining innan háskólans nema það gerist þó að það sé ljóst að það er hægt að gera það með ýmsu móti. Ég nefni að framgangskerfið getur verið til áfram með því að allir háskólakennarar verði embættismenn, að engir háskólakennarar verði embættismenn eða það verði bara prófessorarnir og það verði opnað á milli dósents og framgangs í prófessor.

En ég vil aftur vekja athygli á því að þó að frv. eins og það stendur núna hafi þær afleiðingar að allir skipaðir kennarar háskólans verði embættismenn, þá er nokkuð ljóst að það er ekki ætlunin að hafa hið endanlega ástand þannig

ef marka má fylgifrv. Ég vil einnig vekja athygli á því að þó að þetta frv. yrði veruleikinn, að þetta sé raunverulega það sem ríkisstjórnin og fjmrh. vill hafa og mun keyra í gegn, þá eru við háskólann einnig ýmsir starfsmenn sem ekki eru skipaðir en heita samt lektorar og prófessorar. Þá er mín spurning: Hvernig á að tryggja stöðu þessara starfsmanna? Munu þeir eiga rétt á framgangi eins og aðrir? Á kannski að gera þá að embættismönnum líka? Þetta er mjög óljóst eins og frv. er núna. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. þó að það hafi aðrir gert í umræðunni á undan: Hvernig sér hann fyrir sér lausn þessa máls? Hyggst hann láta háskólann sjálfan í sumar eða hvenær það svo sem verður, koma með breytingartillögur á háskólalögum sem eiga að fara inn í bandorminn eða fylgifrv. eða ætlar hann að afgreiða þetta frv. núna þó að það sé ekki ætlunin að sú skipan verði varanleg sem það í raun og veru lögfestir? Þetta er eitt dæmi um þá lausu enda sem eru í þessu frv. Ég fagna því að það virðist vera hugmynd fjmrh. að lögfesta ekki fylgifrv. á þessu þingi, en það er samt mjög einkennilegt hvers vegna hann er að lögfesta þetta frv. á þennan hátt ef það er ekki ætlunin að láta þessa skipan verða þá endanlegu. Það væri einnig mjög fróðlegt að fá fram til samanburðar í þeirri vinnu sem á sér stað í tengslum við fylgifrv. hvernig nágrannalöndin skipa þessum málum, ekki síst háskólar á Norðurlöndum.

Það er eitt atriði enn sem ég vil vekja athygli á í sambandi við embættismenn og með tilvísun í ályktun vísindanefndar háskólaráðs, það bréf sem ég nefndi áðan. Í 39. gr. frv. er fjallað um að laun og önnur starfskjör embættismanna, séu ákvörðuð af kjaranefnd. Þýðir þetta að háskólaprófessorar eða háskólakennarar sem verði embættismenn ef einhverjir verða það — þetta er því miður svona óljóst — þýðir þetta að þeir háskólakennarar sem verða embættismenn geti áfram sótt um í vinnumatssjóð eða ekki? Þetta skiptir verulegu máli því að eins og kom fram í bréfi vísindanefndar er ljóst að að öðrum kosti mundu að minnsta kosti þeir prófessorar sem eru afkastamestir í rannsóknum verða fyrir verulegum launaskerðingum eða skerðingum á heildartekjum. Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að þessi atriði verði alveg skýr áður en hafist er handa við þá vinnu sem fram undan hlýtur að vera í Háskóla Íslands varðandi tillögur að breytingu á fylgifrv.

Einnig vil ég nefna í þessu sambandi umsögn sem kemur fram um 39. gr. frv. hjá Bandalagi háskólamanna, þar sem það er dregið í efa að þær aukagreiðslur sem eigi að koma til embættismanna standist. Það er vitnað í núverandi lög um kjaranefnd og það er sagt á bls. 11 í umsögn Bandalags háskólamanna, með leyfi forseta:

„Þess vegna virðist hugmyndin um heimildir ráðherra til að yfirborga forstöðumenn/embættismenn stríða gegn meginhugsuninni að baki laga nr. 120/1992, og gengur frv. raunar í berhögg við þau lög.“ (**Fjmrh.:** Hefur hv. þm. skoðað breytingartillögu meiri hlutans?) Um þetta atriði? Um 39. gr.? Ég hélt mig vera búna að því, hæstv. fjmrh., en ég skal athuga á eftir hvort þar er eitthvað markvert á ferðinni. (**VE:** Það er ekki hægt að greiða viðbótarlaun til embættismanna.) Það er ekki hægt að greiða viðbótarlaun til embættismanna, segir hv. formaður efh.- og viðskn. Þýðir það þá ekki, hæstv. fjmrh., að vinnumatssjóðurinn verður lokaður fyrir embættismenn? Ég vil gjarnan fá svar við þessu. Þetta skiptir verulegu máli því ég get ekki litið á vinnumatssjóðinn sem annað en einhvers konar viðbótarlaun. Ég held að þetta skipti háskólaprófessora verulegu máli varðandi afstöðu þeirra til þess hvort þeir vilja vera embættismenn eða ekki.

Hæstv. forseti. Ég hef gert að sérstöku umtalsefni hvernig þetta óljósa, illa samda frv. kemur við eina ríkisstofnun, nefnilega Háskóla Íslands, sem ég þekki sjálf mjög vel. Í ljós kemur að frv. tekur ekki á málum þessarar stofnunar á viðunandi hátt og reyndar er stefnuleysið alls ráðandi þar sem svo virðist sem allir skipaðir háskólakennarar verði embættismenn án þess að það sé ætlunin. Eða er það ætlunin? Það er ekki á hreinu og hefur ekki verið upplýst í þessari umræðu. Ef það er ekki ætlunin, þá spyr ég enn og aftur: Hvers vegna á að lögfesta það eins og það er núna?

Einnig tek ég undir það sem kemur fram í umsögn Bandalags háskólamanna að alls ekki er glöggt af frv. hver tilgangurinn er með því að tímabinda skipun embættismanna. Er raunverulega um tímabundnar ráðningar að ræða eða verður það reglan að framlenging komi til eins og gefið er í skyn? Ég vísa nú beint í umsögn Bandalags háskólamanna, en þar segir á bls. 18, með leyfi forseta:

„Ekki verður séð að þessi tilhögun sé í samræmi við yfirlýstan tilgang frv. um að „samkvæmt frv. [verði] ríkisstarfsmönnum tryggt meira réttaröryggi í samskiptum sínum við ríkið en launþegar búa við almennt í skiptum við vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði.“ Telja verður að ákvæði frv. feli í sér óþolandi óvissu fyrir embættismenn þegar dregur að lokum skipunartíma um áframhaldandi skipun. Einkum á þetta við um fólk á síðasta hluta starfsævi sinnar. Í því sambandi er rétt að taka fram að samkvæmt drögum að frv. til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem kynnt voru í febrúar sl., er gert ráð fyrir að fólk sem hættir störfum fyrir 65 ára aldur missi hluta lífeyrisréttinda sinna, en þeir sem starfi eftir 65 ára aldur fái sérstaka umbun. Þessi breyting mundi setja stöðufestu embættismanna í sérstakt uppnám eftir 60 ára aldur og auka umtalsvert líkur á því að þeir misstu starfið vegna kostnaðar við lífeyrisréttindi.“

Þetta atriði þarf einnig að vera skýrt áður en stéttir eins og háskólakennarar segja álit sitt endanlega á því hvort þeir vilja vera embættismenn eða ekki.

Þá vil ég að lokum spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji eðlilegt að flytja frv. sem gerir alla skipaða kennara að embættismönnum, ekki bara við Háskóla Íslands heldur alla skipaða kennara almennt í skólakerfinu, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem á sér stað í háskólanum um að gera háskólann að sjálfseignarstofnun. Hlýtur ekki slík stofnun að vilja vera sem óháðust ríkisvaldinu í launalegum efnum sem öðrum? Það er ekki síst í þessu ljósi sem yfirlýsing rektors og prófessorafélagsins um að prófessorar verði embættismenn vekur furðu.

Herra forseti. Það er alveg ljóst í mínum huga hvers vegna ríkisstjórnin keyrir þetta mál fram með því offorsi sem þjóðin hefur orðið vitni að. Skýringin kemur reyndar fram í minnihlutaáliti efh.- og viðskn. en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Augljóst er af öllum málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar í þessu máli að eitt aðalatriði frumvarpsins er að afnema biðlaunarétt. Ástæða þess að ríkisstjórnin leggur svo mikla áherslu á afnám þess réttar er fyrirhuguð hlutafjárvæðing ríkisstofnana. Hér ber hæst Póst og síma, en frumvarp um það efni er nú í meðförum Alþingis. Samkvæmt því frumvarpi fer um biðlaunarétt samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Verði þetta frumvarp að lögum, sem afnemur biðlaunaréttinn, þýðir það að starfsmenn Pósts og síma missa þann rétt, en gildistaka þess frumvarps er síðar en frumvarps um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Afnám biðlaunaréttarins er einnig mikilvægt fyrir ríkisstjórnina vegna fyrirhugaðra breytinga á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög en komið hefur fram í dómum að biðlaunaréttur telst lögverndaður réttur og hafa dómsmál unnist af því tilefni við formbreytingu ríkisstofnana. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða og skýrir þetta m.a. hörku ríkisstjórnarinnar við að keyra málið í gegn með þeim hætti sem hún stefnir að."

Herra forseti. Ég gæti farið í mun fleiri greinar þessa frv. til að sýna fram á að hér er um hálfkarað frv. að ræða sem hefur marga lausa enda og að í þessum vinnubrögðum birtist bæði hroki og ögrun eins og ég hef sagt áður. Ég ætla að sleppa því að fara í fleiri einstakar greinar, en benda í lokin á lokaorðin í umsögn BHM um frv. þar sem ég tel mjög mikilvægt að þetta álit BHM sé skjalfest í þingtíðindi á sama hátt og álit BSRB sem hér hefur þegar verið gerð grein fyrir því að þessi tvö félög eru eins og ég sagði áðan stærstu verkalýðsfélögin sem hér eiga hlut að máli. Ég mun nú lesa lokaorð í umsögn BHM um þetta frv., með leyfi forseta:

„Bandalag háskólamanna bendir efh.- og viðskn. Alþingis á eftirfarandi meginatriði varðandi þetta frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

1. Samráð um endurskoðun laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur ekki verið virt.

2. Frv. miðar einhliða að því að skerða ráðningarréttindi starfsmanna ríkisins og samningsrétt stéttarfélaga þeirra án þess að bæta þá skerðingu með nokkrum hætti. Þvert á móti eru boðuð áform um enn meiri skerðingu á réttindum ríkisstarfsmanna með drögum að frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. Frv. miðar að því að afnema ráðningarfestu og biðlaun ríkisstarfsmanna, þrátt fyrir að laun þeirra hafi um áratuga skeið verið þeim mun lakari til að greiða fyrir þessi og önnur réttindi starfsmanna.

4. Með frv. er gengið á mikilvæg grundvallarmannréttindi starfsmanna ríkisins sem bæði eru varin af stjórnarskrá og alþjóðlegum samþykktum sem Ísland á aðild að."

Ég vek athygli á þessu: Gengið á réttindi sem eru varin af stjórnarskrá og alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að.

„5. Frv. viðheldur flestum skyldum starfsmanna ríkisins umfram aðra launamenn og eykur þær í sumum tilvikum.

6. Með frv. er ýmist beint eða óbeint ýtt til hliðar ákvæðum stjórnsýsluréttar þegar ákvarðanir eru teknar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ríkisstarfsmönnum ekki tryggð sama vernd gegn misbeitingu valds og öðrum landsmönnum."

Einnig segir í lokaorðum, með leyfi forseta:

„Bandalag háskólamanna telur brýnt:

að setja almenna löggjöf um ráðningarréttindi allra launamanna sem tryggi þeim sambærileg ráðningarréttindi og gilda á Norðurlöndum,

að endurskoða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna með það fyrir augum að efla samnings- og verkfallsrétt opinberra starfsmanna og aðlaga að þeim almenna samningsrétti sem nú gildir í landinu,

að endurskoða að þessu gerðu lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í samstarfi við heildarsamtök starfsmanna ríkisins og koma fram með frv. til laga um þau atriði sem aðilar ná sátt um.

Bandalag háskólamanna leggur eindregið til að frv. þetta verði dregið til baka. Bandalagið vill enn ítreka mikilvægi samráðs milli heildarsamtakanna og ríkisvaldsins um allar breytingar á réttindum starfsmanna ríkisins og lítur svo á að ríkisvaldið verði að una því að gera engar aðrar breytingar en þær sem báðir aðilar geta unað sæmilega sáttir við. Ánægðir starfsmenn eru forsenda öflugrar starfsemi ríkisins."

Undir þetta álit ritar Marta Ásdís Hjálmarsdóttir fyrir hönd stjórnar og miðstjórnar Bandalags háskólamanna.

Ég vil, hæstv. forseti, vekja athygli á því að af þeim 26 aðilum sem undirrita þessa umsögn eru 15 konur. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu og fagna um leið að konum innan BHM virðist vera að vaxa fiskur um hrygg. Þær eru komnar til valda þar og ég vona að þetta sé merki um að eitthvað sé að gerast í verkalýðshreyfingunni almennt. Að minnsta kosti virðist eitthvað vera að gerast innan BHM.

Herra forseti. Ég hef ekki mjög langa þingreynslu að baki. Því er ég kannski ekki dómbær á það hvort þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð eiga sér mörg fordæmi eða ekki. Hitt er þó kýrskýrt að þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og í raun varla samboðin stjórnvöldum í siðmenntuðu lýðræðisþjóðfélagi. Það þykir sjálfsagt að hafa náið samráð við aðila í sjávarútvegi til að breytingar á fiskveiðistjórnuninni komi aldrei aftan að fólki jafnvel þó að stefna stjórnvalda virðist hverfa æ lengra frá 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, nefnilega þeirri sem segir að það sé þjóðin sem á fiskimiðin en ekki þeir sem voru með veiðireynslu vorið 1984 þegar aflamarkskerfið komst á. Þarna skulu vinnubrögðin vera kurteisleg og samskiptin kurteisleg jafnvel þó að þessar nýju ákvarðanir leiði til þess að skóguinn týnist fyrir trjánum. En gagnvart starfsmönnum ríkisins hvort sem það eru kennarar eða ríkisstarfsmenn almennt, þá þarf enga kurteisi. Samráð er í algeru lágmarki og farið er fram með hvert málið á fætur öðru í algerri ósátt við viðkomandi stéttir.

Ég velti því fyrir mér enn einu sinni hvað það er sem rekur stjórnvöld út í þessi vinnubrögð. Er þetta skortur á þolinmæði og vissan um öruggan meiri hluta? Skýrir öryggi valdsins þetta eða er sannfæring herranna í Sjálfstfl. svo sterk að það skuli gera allt sem mögulegt er til að frjálshyggjubreytingarnar á stjórnkerfi ríkisins nái fram að ganga? Eða er þetta kannski bara óhjákvæmilegt viðnám hjá þessum starfsmönnum, kennurum og ríkisstarfsmönnum af því að þeir vilja ekki láta skerða sín kjör fremur en nokkrir aðrir? Ég tel að það sé alveg ljóst að það er fyrri skýringin sem hér á við og ef það er eitthvað til í seinni skýringunni, þá er mjög eðlilegt að um breytingar á kjörum verði samið. Löggjafa ber vissulega að setja lagarammann utan um slíka samninga en auðvitað er æskilegast að slíkur lagarammi sé saminn í samráði við viðkomandi aðila. Að öðrum kosti er hætta á að viðkomandi félög hafi veikari stöðu til að semja eða til að selja réttindaskerðingar sem er þegar búið að taka af þeim með lögum.

Það sem verra er, réttindaskerðingin sem frv. hefur í för með sér er mest hjá þeim sem í framtíðinni koma til með að vera kennarar eða ríkisstarfsmenn, þeirra sem ekki eru þegar orðnir stjórar, forstöðumenn, háskólaprófessorar eða yfirmenn. Þetta er því ekki síst aðför að ungu fólki og konum sem af einhverjum undarlegum ástæðum eru síður í yfirmannsstöðum hjá ríkinu sem annars staðar á vinnumarkaði þrátt fyrir að þær séu meiri hluti ríkisstarfsmanna. Virk mótspyrna unga fólksins á Funklistanum á Vestfjörðum, mótmæli og virk mótspyrna kvenkennara við Háskóla Íslands, svo og mótmæli framkvæmdastjórnar BHM með sinn

fríða flokk kvenna í forustu, eru táknræn um það sem er að gerast að mínu mati í þessu þjóðfélagi. (**VE:** Kvennalistinn hefði átt að bjóða fram með Funklistanum en ekki á móti honum.) Það er aldrei að vita hvort við náum ekki saman um stjórn, bíddu bara rólegur. (Gripið fram í.) (**VE:** Eða það hefur verið mæðrahyggja.) Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan fá frið til þess að halda áfram ræðu minni.

(**Forseti** (RA)**:** Hv. 19. þm. Reykv. hefur orðið.)

Að mínu mati er eins og ég sagði áðan unga fólkið og konur í landinu loksins að vakna til vitundar um að það er ekki hægt að ganga lengra á þessari braut, það verður að sýna virka mótspyrnu. Þetta frv. er að mínu mati eitt skrefið enn sem hrokafullir valdhafar Sjálfstfl. og Framsfl. ganga gegn launþegum þessa lands, ekki síst konum og ungu fólki, og þessa þróun verður að stöðva.

Herra forseti. Það er mér verulegt áhyggjuefni hvert þetta þjóðfélag stefnir undir forustu núv. stjórnvalda. Hinn harði heimur frjálshyggjunnar blasir við en mannleg gildi samhjálpar og samvinnu verða undir á æ fleiri sviðum. Við kvennalistakonur komum inn á vettvang íslenskra stjórnmála fyrir 13 árum m.a. til þess að gera þjóðfélagið manneskjulegra og jafnréttissinnaðra, setja mannréttindi og samábyrgð í öndvegi. Kvennalistinn vill nýta reynslu og krafta kvenna til jafns við karla í þágu samfélagsins alls. Það er alveg ljóst að þetta frv. er ekki skref í þá átt. Þetta frv. treður á opinberum starfsmönnum, ekki síst þeim sem ekki eru stjórar og þar eru konur í meiri hluta. Ég tek því undir orð fulltrúa stjórnarandstöðunnar á Alþingi, svo og talsmanna BHM, BSRB og verkalýðshreyfingarinnar almennt um að vísa eigi frv. frá.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, vil ég vekja athygli á enn einu atriði sem frv. hefur fengið mig til þess að hugsa um. Hvers vegna hlustar ríkisstjórnin á álit Lagastofnunar háskólans en ekki á gjörvalla verkalýðshreyfinguna eða lögfræðinga hennar, t.d. um það hvort frv. brýtur stjórnarskrána, alþjóðasamninga eða mannréttindasáttmála? Jú, væntanlega er það vegna þess að það er ekki sama hvaða álit er fengið, túlkun hvers á stjórnarskránni eða mannréttindasáttmálum er lögð til grundvallar? Samkvæmt stjórnskipan okkar er það hlutverk dómstóla að skera úr um ágreining af þessu tagi en væntanlega er ekki hægt að vísa frv. til dómstóla. Ég vek samt sem áður athygli á því að það er viðurkennt meðal hæstaréttardómara að þeir geti verið — hvað á ég að segja — frjálslyndir eða íhaldssamir samanber t.d. það hvernig hæstaréttardómarar eru ráðnir í Bandaríkjunum. Þar tíðkast opinberar yfirheyrslur og farið er í gegnum skoðanir viðkomandi dómara á hinum ýmsu málum því að vitað er að það skiptir máli hvaða hæstaréttardómarar dæma í ýmsum málum. Þó að ég sjái ekki hvað réttlæti það að meiri hluti félmn. leitaði álits Lagastofnunar háskólans um þessi frumvörp, þá er vert að ítreka að ég er alls ekki að andmæla því áliti sem fram kom hjá Lagastofnun háskólans. Ég er aðeins að vekja athygli á því að það eru gerðar athugasemdir bæði við þetta frv. og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur um að þarna er verið að brjóta mannréttindi og alþjóðasamninga og það er mjög alvarlegt mál. Að mínu mati eru það fyrst og fremst dómstólar og Hæstiréttur sem hafa umboð umfram aðra til þess að túlka stjórnarskrána í þessu ljósi. Ég tel að þarna sé atriði á ferðinni sem formlega er ekki viðurkennt að skipti máli, en samt sem áður vita allir að það skiptir máli. Ég vil í þessu máli vísa sérstaklega til nýútkominnar bókar eftir Donald Dworkin sem heitir The Moral Reading of the Constitution eða siðferðislegur lestur á stjórnarskránni, þar sem þessi mál eru tekin til mjög alvarlegrar umfjöllunar. Ég tel að Alþingi Íslendinga þurfi verulega að hugsa sig um hvaða áliti það tekur mark á og hvenær og hvers vegna.

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í sambandi við frv. á ekki að þola og því munum við stjórnarandstæðingar nota rétt okkar til að mótmæla með löngum og ítarlegum ræðum á Alþingi í þeirri von að fólkið í landinu átti sig á því hvað er að gerast og að ríkisstjórnin neyðist til að draga þessi frumvörp til baka og vinna þau betur í samráði við viðkomandi aðila.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[17:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að langar ræður sem hafa verið fluttar nú væru vörn minni hlutans. Ég hef kannað hver meðaltími er á viku hverri til ræðuhalda á Alþingi á þessu þingi og það mun vera 17 klukkustundir. 2. umr. í þessu máli sem er aðeins ein af þremur hefur þegar staðið í 25 klukkutíma. Hver maður hefur talað að meðaltali 100 mínútur og ef þeir fimm sem eru á mælendaskrá tala jafnlengi og hinir, þá jafngildir það því að 2. umr. taki tvær vikur af tíma þingsins. (**Gripið fram í:** Stórt mál.) Þegar hafa öll efnisatriði þessa máls komið fram. Í minnihlutaálitinu er að finna allar umsagnir sem komið hafa til nefndarinnar. Þess vegna er greinilegt, virðulegi forseti, að það er verið að tefja málið til að reyna að koma í veg fyrir að meirihlutaviljinn komi fram á löggjafarsamkomunni þrátt fyrir að það liggi fyrir að málið fari til nefndar að lokinni þessari umræðu.

Ég held að ég hafi þegar svarað öllum þeim spurningum sem til mín var beint nema kannski einni sem snertir vinnumatssjóð. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að kjaranefnd taki til úrskurðar laun prófessora og jafnvel annarra háskólakennara sem njóta fjármuna úr vinnumatssjóði. Það kæmi þá bara fram í úrskurði nefndarinnar sem þarf að úrskurða samkvæmt lögum. Hitt er svo annað mál eins og ég hef margoft sagt, það hefur líklega fjórum sinnum komið fram í þessari umræðu, að varðandi framgangskerfið og vinnumatssjóðinn, þá eru það mál sem fyrst og fremst er fjallað um í bandorminum sem ekki er til umræðu hér og nú. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að þetta mál verði síðan aftur til umræðu í nefndinni á milli umræðna þannig að ljóst verði fyrir 3. umr. hvernig 22. gr. lítur endanlega út ef bandormurinn fær ekki afgreiðslu.

[17:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð að láta í ljós vonbrigði mín með svör hæstv. fjmrh. Ég held að ég hafi lagt fyrir hann einar 20 spurningar og hann svarar einni varðandi vinnumatssjóð og hann heldur að kjaranefnd geti gert hitt eða þetta. Það er ekki nógu skýrt að fá svona svör.

Ég vil ítreka enn einu sinni ef það hefur farið fram hjá mér: Er ætlunin að allir háskólakennarar verði embættismenn eins og frv. gerir ráð fyrir? Ég hef alls ekki fengið það á hreint. Það virðist vera sem svo sé ekki samkvæmt fylgifrv. Síðan er gefið til kynna að það verði endurskoðað. En þetta frv. stendur þannig að allir skipaðir háskólakennarar eigi að vera embættismenn. Er þá ætlunin að breyta 22. gr. ef það kemur einhver nýr texti í fylgifrv.?

Ég vil einnig ítreka það að ég tel mig alls ekki hafa verið með neitt málþóf. Ég fór málefnalega yfir öll atriði og sparaði oft tímann með því að telja upp einstakar setningar úr bréfum eða annað slíkt.

[17:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að ef ekki verður tekinn í gegnum þingið núna sá bandormur sem fylgir þessu frv. þarf að gera breytingar á 22. gr. Ég hef margoft sagt í þessari umræðu að framgangskerfið á milli dósents og prófessors er mál sem háskólinn hlýtur að hafa mest að segja um og það mál tilheyrir bandorminum. Þetta hefur margoft komið fram.

Hv. þm. lagði fyrir mig fjöldann allan af spurningum. Ég tel að svör við þeim hafi þegar komið fram í þessari umræðu. Ég hef setið hér í 25 klukkutíma og hlustað á umræður um þetta mál og reynt að svara nýjum spurningum sem fram hafa komið. Hafi komið fram 20 spurningar hjá hv. þm. þá man ég ekki eftir neinni til viðbótar við vinnumatssjóðinn sem ekki hefur þegar verið svarað. Svo segir hv. þm. að þetta sé ekki málþóf af því að hún hafi ekki lesið upp öll bréfin. Ég get upplýst hv. þm. um að þetta er í fjórða skiptið sem lesið er upp bréf til að mynda frá Félagi háskólakennara, það er í fjórða skiptið sem þetta bréf er lesið upp hérna. Þetta veit hins vegar hv. þm. ekki af þeirri einföldu ástæðu að hv. stjórnarandstæðingar sitja í salnum þrír til fjórir í senn af því að umræðan er síbylja og nánast sama ræðan er flutt aftur og aftur. Hins vegar hef ég setið hérna nánast allan tímann og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Við getum alveg upplýst að þetta eru yfirleitt alltaf sömu ræðurnar aftur og aftur ef undanskilinn er fyrri partur ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. En aðfaraorð hans sem tóku einn og hálfan klukkutíma í gær voru um sögu evrópskra efnahagsmála. Það var út af fyrir sig ágætis innlegg en hafði ekkert með þetta frv. að gera.

[17:29]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli aftur því sem fjmrh. segir og ég vil ítreka enn eina spurningu. Mér er fyllilega kunnugt um að sum af þessum bréfum hafa verið lesin áður, t.d. bréfið frá konum við Háskóla Íslands en mér fannst það svo mikilvægt að það væri alveg ástæða til þess að lesa það upp aftur, ekki síst vegna þeirrar meginspurningar sem það kallar á að mínu mati og ég spurði þig um, þ.e. hvað varðar stjórnkerfi Háskóla Íslands. Megum við búast við því að við endurskoðun laganna um Háskóla Íslands í sumar verði það tekið til gagngerðrar endurskoðunar? Munt þú beita þér fyrir því eða ert þú hlynntur því að háskólinn verði ... **(Gripið fram í:** Hæstv. ráðherra.) hæstv. ráðherra — fyrirgefðu hæstv. ráðherra — ertu hlynntur því að stjórnkerfið verði óbreytt og að fámennur hópur starfsmanna háskólans, þ.e. prófessorarnir sitji þar einir og drottni?

(**Forseti** (RA)**:** Eins og oft hefur komið fram er ekki ætlast til þess að 2. persónu fornöfn séu notuð í þessari umræðu og minni ég á það enn og aftur.)

[17:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. gat þess áðan að hún hefði ekki verið með málþóf þrátt fyrir ræðu sem stóð líklega á þriðja klukkutíma. Ég velti því fyrir mér hversu löng ræða hv. þm. mundi hafa verið ef hún hefði verið í málþófi. (**SvG:** Hefur þingmaðurinn komist að niðurstöðu um þetta rannsóknarefni?) Ég kem m.a. í andsvar til þess að fá innlegg um þetta frá hv. þm.

Hv. þm. gerði líka að umtalsefni þá fullyrðingu mína og vissu sem styrkist reyndar með hverri mínútunni að þessi ræðuhöld hv. stjórnarandstæðinga hjálpi ríkisstjórninni. Ekki bara það að fólk telji að þessi ræðuhöld séu ekki notkun á rétti hv. þingmanna til að tjá sig hér, heldur misnotkun líka. Menn velta þessu líka fyrir sér þegar hv. þingmenn koma hér með þessar bábiljur út af því frv. sem hér liggur fyrir um að það sé verið að hraða fólk með réttindamissi og ég veit ekki hvað og hvað. Ég velti því fyrir mér ekki síst á þessum sumardegi þegar flestir eru í góðu skapi og sumir hverjir úti í góða veðrinu að það kemur sumar væntanlega þegar þessari umræðu er lokið og þá fer fólk út um þjóðfélagið að hugsa hver öll þessi gífurlega réttindaskerðing var nú sem stjórnarandstæðingar voru að boða. Og svo komast menn að því að það er nú bara eiginlega engin réttindaskerðing nema að því er varðar helst takmörkunina á biðlaununum. Fólk fær möguleika á viðbótarlaunum og fólk mun bara hrista hausinn yfir þessum stjórnarandstæðingum og byrja að njóta sumarsins fyrir alvöru og dásama ríkisstjórnina. (**SvG:** Eru kauphækkanir í þessu sem sagt?)

[17:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var þá aldeilis að áhyggjur ríkisstjórnarinnar birtust hér í síðustu orðum hæstv. fjmrh. og hv. formanns efh.- og viðskn. Hér liggur fyrir hver umsögnin á fætur annarri þar sem fram kemur að það frv. sem hér er til umræðu sé brot á mannréttindaákvæðum, alþjóðasáttmálum o.s.frv. og þeir koma og kvarta yfir því að þurfa að sitja yfir slíkri umræðu í um það bil 25 tíma. Í því birtast þeirra áhyggjur. Að menn skuli vilja mannréttindaákvæði og alþjóðasáttmála og það skuli taka eins og 25 tíma, ja, það er meira en á þá verður lagt. Og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lýsti því yfir að þetta væru nú allt saman bölvaðar bábiljur. Brot á mannréttindaákvæðum og alþjóðasáttmálum eru bara bábiljur. Þetta er bara eitthvað sem menn hafa fundið upp, eitthvað sem menn vilja skemmta sér yfir í því veðri sem nú er á þessum bjarta sumardegi.

Virðulegi forseti. Líkt og sá ræðumaður sem flutti mjög svo innihaldsríka ræðu hér á undan mér sem var langt frá því að vera eitthvert málþóf því það mál sem hér er til umræðu er nauðsynlegt að ræða vel og ítarlega, ... (Gripið fram í.) Já. Ekki veitir af miðað við efnið. Ég hef líkt og sá hv. þm. litla þingreynslu en það verð ég að viðurkenna að áður en ég kom inn á þing, átti ég ekki von á því að helstu þröskuldar ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili skyldu verða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, alþjóðasáttmálar og fleiri slíkir sáttmálar. Ég átti von á því að ríkisstjórnin þyrfti að komast yfir aðra þröskulda en þessa. Ég held því að það sé nauðsynlegt í þessu sambandi, virðulegi forseti, að taka það hér aðeins til umræðu hverjir þessir stórkostlegu þröskuldar eru, þessi svokölluðu mannréttindi, því nú þegar á þessu þingi, nú í vetur, eru a.m.k. komin fram sex frv. sem helstu stjórnlagafræðingar og stjórnskipunarfræðingar hafa hver um sig komist að því að þau séu meira og minna brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég get til gamans og upprifjunar vakið athygli á því að nú á haustdögum kom fram frv. til breytinga á búvörusamningi og þar sem ég átti sæti í hv. landbn. var ég nokkuð var við þá vinnu sem þar fór fram. Hún gekk nánast öll út á það að reyna að smeygja ákvæðum búvörusamningsins fram hjá ákvæðum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Í því var nú falinn helsti þröskuldur þess frv.

Nú liggur fyrir þinginu — virðulegi forseti, væri hægt að fá hv. formann efh.- og viðskn. til að fylgjast með umræð-

unni? (**Gripið fram í:** Fylgstu með.) Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hann noti athyglisgáfu sína.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti gerir ráð fyrir því að hv. þm. leggi við hlustir.)

(**VE:** Hv. þm. Össur Skarphéðinsson heldur mér vakandi.) Virðulegi forseti. Ég vil nú ekki hlusta á klögumál hérna.

(**Forseti** (GÁS)**:** Hv. 6. þm. Suðurlands hefur orðið og athyglina væntanlega.)

(**Gripið fram í:** Ég tel að viðkomandi þingmaður hafi enga athyglisgáfu.) (**KÁ:** Honum finnst hann alltaf vera að heyra sömu ræðuna.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill árétta að það er hv. 6. þm. Suðurlands sem hefur orðið.)

Virðulegi forseti. Ég var áður en ég gerði hlé á máli mínu að rekja hver þau frv. væru sem ekki hefðu náð að komast yfir þá stórkostlegu þröskulda sem mannréttindaákvæði eru. Ég ætla að halda áfram þeirri upptalningu til að halda við athyglisgáfu hv. formanns efh.- og viðskn.

Fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingu á Pósti og síma. Líkt og önnur frv. er það undir smásjá hjá stjórnlagafræðingum og stjórnskipunarfræðingum og er ekki séð fyrir endann á því. Frv. til laga um breytingu á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna var nú dregið til baka þar sem menn komust að því að enn og aftur væru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar brotin. Hæstv. fjmrh. bar þó gæfu til þess að draga það frv. til baka. Frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur hefur fengið skoðun og ekki er nú niðurstaðan úr þeirri skoðun betri en niðurstöður við skoðun á öðrum frv. Ég held það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, aðeins að nefna það helsta sem þar kemur fram. En í niðurstöðum stjórnskipunarfræðinganna Sigurðar Líndals og Tryggva Gunnarssonar kemur m.a. fram að bann við því að félagssvæði stéttarfélags sé minna en eitt sveitarfélag samrýmist vart alþjóðasáttmálanum um félagafrelsi eins og þeir eru túlkaðir. Óljóst er samkvæmt frv. hver sé staða annarra stéttarfélaga þar sem vinnustaðarfélag hefur verið stofnað. Þá er jafnframt vísað til þess að samkvæmt túlkun sérfræðinganefndar Evrópuráðsins á félagsmálasáttmála Evrópu er óheimilt að binda verkfallsrétt við stéttarfélög. Í 9. tölulið taka þeir skýrt fram að ef víkja á frá hefðbundnum skilningi samanber dóm Félagsdóms á boðun og framkvæmd samúðarvinnustöðvunar, þá verður að fara að réttum reglum o.s.frv.

Það er eiginlega alveg sama hvar er borið niður í frv. hæstv. ríkisstjórnar, ætíð verða sömu þröskuldarnir á vegi hennar. Í þessu ljósi, virðulegi forseti, held ég að nauðsynlegt sé að það sé farið aðeins yfir það hvað felst í þessum óskaplega þröskuldi sem mannréttindi eru. Ég held að það sé nauðsynlegt svo að menn viti hvað um er verið að ræða. Þess vegna hef ég tekið hér saman örstutta skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu mannréttindi. Ég ætla að lesa hana upp, virðulegi forseti.

„Mannréttindi eru óháð öllu öðru en því að við erum menn. Við eigum öll rétt á að lifa. Ekki má loka okkur inni eða hindra ferðafrelsi okkar að ástæðulausu. Allir mega tjá skoðanir sínar og ekki er hægt að banna fólki að vinna eða læra það sem það vill og getur. Ekkert okkar á að þurfa að búa við hungur eða húsnæðisleysi. Mannréttindi eru óháð stétt, stöðu, fjölskyldu, atvinnu, trú og menningu fólks. Mannréttindi fylgja öllum frá vöggu til grafar. Litarháttur, kynferði, þjóðerni, tunga eða stjórnmálaskoðun fólks breytir þar engu um. Tilvist manneskju veitir henni rétt til að njóta mannréttinda til jafns við alla aðra. Þeim rétti má ekki svipta fólk og það getur ekki afsalað sér þessum grundvallarréttindum. Mannréttindi eiga að koma í veg fyrir að yfirvöld ráðskist með fólk að geðþótta og skapi því óbærileg lífskjör."

Virðulegi forseti. Þetta er nú sá stórkostlegi þröskuldur sem ríkisstjórnin hefur átt í hvað mestum erfiðleikum með að komast yfir. Það eru þessi réttindi sem hefur tekið margar aldir að fá viðurkennt sem almenn mannréttindi sem hæstv. ríkisstjórn hefur gengið hvað erfiðast að komast fram hjá. Það segir okkur talsvert um hvaða hugmyndafræði liggur að baki þeirri ríkisstjórn sem nú situr, að nákvæmlega þessi atriði skuli verða henni hvað óþægastur ljár í þúfu.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að ég haldi áfram við að reyna að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn og fjalli örlítið um tengsl laga, siðferðis og mannréttinda. Þar sem flest þeirra eru sett fram á bindandi hátt í alþjóðalögum eða þjóðarrétti geta þau talist til grundvallaréttinda í landsrétti þótt þau séu ekki skráð sem slík í lagasafni. Öll viljum við njóta þessara réttinda — virðulegi forseti, ég er að fjalla um mannréttindi — og okkur á því að vera ljóst að það sama hlýtur að eiga við um aðra menn. Við getum ekki búist við að réttur okkar til mannsæmandi lífs sé virtur ef við virðum ekki þann rétt hjá öðrum. Til að tryggja sem best að allir fái notið mannréttinda þurfa þau að vera bundin í lögum.

Virðulegi forseti. Í inngangi mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna segir: „Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi." Víðast hvar eru einhver mannréttindi vernduð með stjórnarskrárákvæðum eða í lögum og það færist í vöxt að ríki lögfesti hluta úr alþjóðasáttmálum um mannréttindi. Þar sem mannréttindi eru í lögum getur hver sem er leitað réttar síns fyrir dómstólum. Samkvæmt 8. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar átt þú rétt á að fá hlut þinn réttan af dómstólum ef þú hefur sætt meðferð sem brýtur í bága við grundvallarréttindi sem þér eru tryggð í stjórnarskrá og lögum landsins þar sem þú ert búsettur. Ef einhver telur sig ekki ná fram mannréttindum sínum fyrir dómstólum heima fyrir er sá möguleiki fyrir hendi að leita eftir stuðningi mannréttindasamtaka heima eða erlendis eða fara fram á úrskurð alþjóðadómstóla.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að það liggi nokkuð skýrt fyrir hvað felst í hugtakinu mannréttindi áður en lengra er haldið í að fara yfir þetta frv. Það er nánast uppfullt af alls konar mannréttindabrotum og því nauðsynlegt að fólk átti sig á því um hvað er verið að ræða.

Það er nú einu sinni svo með mannréttindi, virðulegi forseti, að þau voru ekki fundin upp í gær heldur er saga þeirra bæði löng og skrykkjótt. Á forsögulegum tímum var ekkert sambærilegt við það réttarfyrirkomulag sem við þekkjum nú. Í árdaga mannkyns hafa siðir og venjur eflaust verið svipaðar og hjá æðri dýrategundum. Ef menn urðu ósáttir var fátt annað til ráða en að beita hnefaréttinum til að fá skorið úr deilunni. Þetta fyrirkomulag er í daglegu tali kallað frumskógarlögmálið og táknar að sá sterkari hafi sitt fram í skjóli aflsmunar óháð því hvort honum beri að réttu það sem sóst er eftir. Með því að kenna lögmálið við frumskóg er vísað til þess að það á fremur við í ríki dýra en manna.

Frá því sögur hófust hafa menn velt réttindum sínum fyrir sér. Heimspekingar fornaldar könnuðu þá hugmynd hvort allir menn ættu tilkall til einhvers konar grundvallarréttinda. Dæmi um þetta er að finna í ritum Kínverja, Grikkja og Indverja. Í raun var það svo að flestir spekinganna tengdu

réttindi aðeins við frjálsa karlmenn en ekki konur, ófrjálsa karla og börn. Vangaveltur um réttindi mannsins voru oftast bundnar við karlmenn sem máttu sín einhvers og var svo allt fram á þessa öld. Efnamenn og aðall gátu yfirleitt komið sínu fram hvernig sem málum var háttað. Í fornöld var réttur almúgans ekki mikill. Hugmyndin um jafnrétti allra manna má þó finna hjá stóuspekingum sem voru þeirrar skoðunar að allir menn væru fæddir jafnir og væru sömu náttúru og skynsemi gæddir. Þeir töldu því mannkynið í grundvallaratriðum jafnrétthátt.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið á hraðferð yfir hugtakið mannréttindi sem ég held að sé nauðsynlegt að liggi fyrir í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Hér hafa þá gerst tíðindi. Í salinn er mættur framsóknarmaður, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Þetta er sennilega í fyrsta skipti, virðulegi forseti, við þessa umræðu að framsóknarmaður lætur sjá sig. Ég býð hann velkominn. (**VE:** Hann vildi hlýða á ræðumanninn fjalla um mannréttindi.) Virðulegi forseti. Ég held að það hafi vissulega verið nauðsynlegt að fara yfir hvað felst í mannréttindum því að ef mið er tekið af frv. sem hér liggur frammi þá hefði átt að flytja þessa ræðu miklu fyrr. (**KÁ:** Ræðumaður á eftir að fara yfir miðaldir og síðustu ...) Hv. þm. bendir ræðumanni á að hann eigi nú talsvert eftir óyfirfarið í þessu efni en þar sem hann vill reyna að stytta mál sitt eins og kostur er þá (**VE:** Sérstaklega á fyrri hluta 17. aldar.) verður nú að koma að þessu frv.

Virðulegi forseti. Af því að í salinn er nú mættur framsóknarmaður þá er rétt að rifja upp að í kosningabaráttunni fyrir u.þ.b. ári man ég sérstaklega eftir fundi þar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason lýsti því yfir að þær fimm mínútur sem við hefðum til að halda framsögu dygðu honum alls ekki. Hann hefði það miklu að lofa þjóðinni að fimm mínútur dygðu honum engan veginn. Til þess að bjarga málinu í það skiptið var ákveðið að láta hann hafa myndvarpa þannig að hann gæti talað og varpað loforðum sínum á vegginn um leið þannig að tími hans nýttist vel. Ég man ekki eftir því að það hafi komið eitthvað sérstaklega fram að hann ætlaði að ráðast að mannréttindum, það kom ekki fram í þeirri ræðu, ekki á þeim fundi, virðulegi forseti. Ég kem þessu á framfæri af því að framsóknarmaður er mættur í salinn og það telst til sérstakra tíðinda en þeir hafa nú ekki tjáð sig mikið í þessu máli.

Virðulegi forseti. Það kemur ekkert á óvart að sjálfstæðismenn standi að baki þessu frv. enda hafa helstu talsmenn þeirra í þessu verið hæstv. fjmrh., hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. Það er ein af grunnsetningum Sjálfstfl. að tilgangur vor með arki á þessari jörð eða tilgangur mannsins með þessu lífi sé fyrst og fremst að hagræða og græða. Það eru gildin sem eru sett ofar manngildum þannig að það kemur ekki á óvart að sjálfstæðismenn standi að þessu. En að flokkur sem hefur verið kenndur við samvinnuhugsjónina og félagshyggju skuli standa að frv. kemur verulega á óvart. Þar sem ég var áðan að ræða um hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason, sem jafnt því að koma loforðum sínum fram í mæltu máli varð að varpa þeim með myndvarpa á vegg, þá man ég að ég heyrði af því, virðulegi forseti, því ég sat nefnilega ekki á þingi á síðasta kjörtímabili, að hv. þm. Guðni Ágústsson, oddviti framsóknarmanna í Suðurl., lýsti því yfir í ræðu að svo illa væri komið fyrir bændum á Suðurlandi að þeir væru farnir að naga girðingarstaura. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ef tekið er mið af þeim frv. sem nú liggja frammi, þ.e. annars vegar frv. til laga um réttindi og skyldur og hins vegar frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, held ég að hv. þm. Guðni Ágústsson hljóti að hafa komist að því að bændum þyki girðingarstaurar góðir. Ella hefði hann ekki staðið að baki þessu frv. Þetta verður varla skýrt öðruvísi, virðulegi forseti, en að eftir rannsókn hafi hann komist að því að girðingarstaurar væru alls ekki svo slæmir. (**VE:** Þú veist að þeir naga blýanta í Seðlabankanum.)

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei starfað í Seðlabankanum og þori því ekki að fullyrða um hvort þeir naga þar blýanta eða ekki. (**VE:** Það sagði Jón Baldvin.) Þetta var nú athyglisverð yfirlýsing frá formanni efh.- og viðskn. að starfsmenn Seðlabanka Íslands nagi blýanta. (**VE:** Það sagði Jón Baldvin.) Ég heyrði hv. formann efh.- og viðskn. að lýsa þessu yfir. Þetta er kannski markmið. Það er kannski markmið að þjóðin fari að naga blýanta og girðingarstaura. Það er kannski markmiðið með þessu frv., ég skal ekki um segja. Það eru alltaf að koma nýir fletir upp í málinu. (**VE:** Hvar er mannréttindakaflinn í ræðu hv. þm.?) (**Gripið fram í:** Blýanta fyrir alla!) Virðulegi forseti. Ef þessi ríkisstjórn situr alveg út kjörtímabilið getur vel verið að krafa verðalýðshreyfingarinnar verði ekki önnur en sú að þeir fái að naga blýanta.

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að ræðumaður fari að snúa sér meira að þessu skelfilega frv. Ég tek það fram enn og aftur að ég er mjög ánægður með að það skuli vera kominn framsóknarmaður í salinn.

Virðulegi forseti. Það er ekki langt síðan svokölluð jafnræðisregla var lögfest í stjórnarskrá Íslendinga. En að það skyldi felast í jafnræðisreglunni að það ætti að jafna réttindi manna niður á við kemur hvergi nokkurs staðar fram.

Virðulegi forseti. Mig langar að vitna í grein sem ritað hafa Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna og Gunnar Ármannsson lögfræðingur, sem situr í stjórn Bandalags háskólamanna, með leyfi forseta, þar sem þeir vilja vekja sérstaka athygli á að ríkisstjórnin leggur nú fram frv. til laga sem skerðir umsamin réttindi starfsmanna ríkisins og ríkisstjórnin neyti þannig valdboðs í stað samninga við stéttarfélög starfsmanna til að knýja á um bótalausa sviptingu réttinda starfsmanna. Sá framgangsmáti ríkisins gagnvart starfsmönnum sínum vekur spurningar um hvort frv. stríði gegn jafnræðisákvæðum sem víða er að finna í stjórnarskrá. Frv. felur í sér skerðingu á réttindum starfsmanna ríkisins og aukningu á skyldum þeirra. Tilgangurinn mun vera sá að afnema meint misrétti milli ríkisstarfsmanna og annarra launamanna. Þetta er réttlætt með tilvísun í jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Fráleitt er að halda því fram að 65. gr. feli í sér að skylt sé að skerða samkvæmt stjórnarskránni umsamin réttindi eins hóps ef þau réttindi eru meiri en aðrir njóta, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það er ekki skylt samkvæmt stjórnarskránni að jafna réttindi niður á við, þ.e. ef einn tiltekinn hópur hefur einhver tiltekin réttindi er ekki skylt ef annar hópurinn nær ekki þeim réttindum að jafna þann hóp sem meiri réttindin hefur við þann sem minni réttindin hefur. (**VE:** Þingmaðurinn skilur þetta fullkomlega.) Virðulegi forseti. Þingmaðurinn er þá væntanlega ekki að keyra fram ákvæði stjórnarskrárinnar í þessum efnum. Eðlilegra væri að bæta réttindi annarra á sambærilegan hátt með samningum. Það er einmitt krafa aðildarfélaga Bandalags háskólamanna þessu til viðbótar að

rökstuðningur höfunda frv. fyrir meintu misrétti er fullur af rangfærslum.

Virðulegi forseti, einmitt í þessu sem ég hef hér rakið kemur fram að stjórnskipun okkar byggir á því að hér situr þingbundin ríkisstjórn, þ.e. ríkisstjórn sem situr hverju sinni verður að njóta trausts meiri hluta Alþingis. Um leið og hæstv. fjmrh. er þingmaður er hann yfirmaður eða vinnuveitandi opinberra starfsmanna. Það er dálítið hjákátlegt að vinnuveitandi skuli setja saman einhliða reglur sem eiga að gilda á vinnumarkaði, einhliða reglur sem eru samdar í ráðuneytinu en um leið og hann yfirgefur ráðuneytið fer út í bíl sinn og fer niður í þing, um leið og hann kemur hér í þingið þá er hann allt í einu orðinn löggjafi sem ætlar að setja einhliða reglur sem eiga að gilda gagnvart opinberum starfsmönnum. Í því fyrirkomulagi sem hér ríkir hvað varðar stjórnskipun sést hvað best hve nauðsynlegt er að samráð sé haft við þessa aðila. Um leið og hæstv. fjmrh. gegnir störfum þingmanns þá er hann vinnuveitandi þeirra aðila sem við er að semja.

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda örlítið áfram og fjalla örlítið áfram og fjalla hér um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar því að ekki veitir af. Ég hef fjallað talsvert um það hvað felst í hugtakinu mannréttindi og mér virðist að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi náð því fullkomlega. En ég ætla að halda örlítið áfram þar sem frá var horfið.

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram þar sem frá var horfið og fjalla örlítið um félagafrelsi. Ég byggi það að miklu leyti á þeirri grein sem ég vitnaði til áðan. 74. gr. stjórnarskrárinnar fjallar um félagafrelsi og hefst þannig:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds."

Frv. gengur á þennan stjórnarskrárbundna rétt með því að gera ráð fyrir að svipta stóran hóp félagsmanna bandalagsins og jafnvel þorra félagsmanna í sumum stéttarfélögum réttinum til að vera í stéttarfélagi. Svo langt er gengið í frv. að ákvarðanir um það hverjir verða þannig sviptir grundvallarmannréttindum getur verið geðþóttaákvörðun forstöðumanns í stofnun eða fjmrh. — Virðulegi forseti. Þá hefur nú yfirgefið salinn sá eini framsóknarmaður sem hér hefur sést í þá fjóra til fimm daga sem umræður hafa staðið yfir. (**Gripið fram í:** Farið hefur fé betra.) Virðulegur forseti. Það má taka undir þá yfirlýsingu.

Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og með aðild að 87. og 98. samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að hafa ekki afskipti af innri málefnum stéttarfélaga og virða samnings- og verkfallsrétt þeirra án óeðlilegra og ónauðsynlegra afskipta. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að stórum hópi félagsmanna í stéttarfélögum ríkisstarfsmanna verði meinað að taka þátt í starfi stéttarfélaga í framtíðinni. Þessi hópur verður sviptur félagafrelsi og um leið rétti til að taka þátt í verkföllum til að knýja á um bætur á kjörum sínum í félagslegum aðgerðum. Þetta stríðir gegn félagsmálasáttmála Evrópu.

Virðulegi forseti. Ekki er hér látið staðar numið við brot á þeim mannréttindaákvæðum sem er að finna í stjórnarskrá lýðveldisins því líkt og flest önnur mannréttindi má nú ekki minna vera en að tjáningarfrelsið sé nú aðeins tekið til meðferðar. En um það má m.a. segja að þeir sem heyra undir embættismannaskilgreininguna eru einnig sviptir tjáningarfrelsi a.m.k. að hluta þegar deilur og aðgerðir standa um kaup og kjör launamanna. Þetta stenst ekki ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Sérstakt ákvæði í 53. frv. þar sem kveðið er á um að brot á þessum takmörkunum á tjáningarfrelsi geti varðað fésektum eða þyngri refsingu kórónar vanvirðingu á tjáningarfrelsinu, virðulegi forseti, og ekki er eignarréttarákvæðið látið í friði frekar en önnur.

Breytingar sem frv. felur í sér á ýmsum þegar ákveðnum réttindum starfsmanna eru verulega hæpnar og standast ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttar, sbr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. Augljóst dæmi um þetta er áform um skerðingu á biðlaunaréttindum þeirra sem eru í starfi við gildistöku laganna samanber bráðabirgðaákvæði með frv.

Virðulegi forseti. Ég mun fjalla mjög ítarlega síðar í ræðu minni um biðlaunaréttinn og vernd eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar og mun því halda örlítið áfram með mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega þar sem hv. formaður efh.- og viðskn. er enn í salnum og fullur áhuga þannig að það er rétt að uppfræða hann enn frekar á þessu sviði því ekki virðist af veita.

Frv. fjmrh. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins varðar grundvöll samningsréttar starfsmanna og félagafrelsi. Ákvæði í stjórnarskrá um félagafrelsi var endurskoðað nýlega og niðurstaðan varð 74. gr. sem orðast þannig:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. (**VE:** Nú gekk hv. þm. Jón Kristjánsson í sæti sitt.) Virðulegi forseti, ég er ánægður með að formaður efh.- og viðskn. skuli á það benda því hér er sennilega kominn í salinn annar framsóknarmaðurinn. Virðulegi forseti. Ég fagna mjög komu hv. formanns fjárln. (**Gripið fram í:** Hann staldrar ekki lengi við.) Staldrar ekki lengi við enda hafa framsóknarmenn lítinn áhuga á þessu máli. (**Gripið fram í:** Honum er haldið í láginni.)

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki nema von að ég hafi lýst yfir undrun minni með hvernig með mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar hefur verið farið í frv. Það er ekki lengra síðan en u.þ.b. ár síðan hér var samþykktur nýr kafli um mannréttindi í stjórnarskránni. Og í nefnd sem lagði fram breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins sátu m.a. hv. þm. Geir H. Haarde og hv. þm. Finnur Ingólfsson. Ég hefði því haldið að það hefði verið full ástæða til að virða þessi ákvæði a.m.k. ár eða svo áður en menn færu að reyna að smeygja sér fram hjá því. En menn hafa ekki talið ástæðu til þess. Ég held að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að ég fjalli aðeins um þá greinargerð sem þeir sömdu með þessum brtt. og ég ætla að leyfa mér að vitna til þeirra. Það er kannski rétt að byrja hér á sögulegu yfirliti. (**VE:** Frá 1600.) Ætli ég byrji ekki á síðari hluta 19. aldar.

Virðulegi forseti. Ég vitna til álits nefndar sem lagði fram frv. til breytinga á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Ég vil að það sé alveg á hreinu að hér sé um beina tilvitnun að ræða:

„Mannréttindaákvæði eru mikilvægur hluti stjórnarskráa í vestrænum ríkum og eru óumdeilanlega álitin ein af undirstöðum hvers lýðræðisþjóðfélags. Allt frá því að Íslendingum var fyrst sett stjórnarskrá sérstaklega um málefni Íslands frá 5. jan. 1874 hafa mannréttindi verið stjórnarskrárbundin réttindi borgaranna hér á landi. Mannréttindaákvæði birtust annars vegar í V. kafla stjórnarskrárinnar sem fjallaði um skipan kirkjunnar og trúfrelsi og hins vegar í VI. kafla hennar sem fjallar um ýmis réttindi borgaranna.

Fyrirmynd mannréttindaákvæðanna í stjórnarskránni eru frá 1874 sem voru nánast samhljóða ákvæði í grundvallarlögum Dana frá 1849. Réttindum sem vernduð voru í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar frá 1874 má lýsa í stórum dráttum með eftirfarandi upptalningu:

Trúfrelsi.

Réttindum handtekins manns.

Friðhelgi heimilisins." — Svo er sérstaklega tekið fram, virðulegi forseti, friðhelgi eignarréttarins. Ég sé að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kippir sér lítt upp við það.

„Atvinnufrelsi.

Réttur til framfærslustyrks.

Réttur til menntunar.

Prentfrelsi.

Félagafrelsi.

Fundafrelsi.

Skylda vopnfærra manna til að taka þátt í vörn landsins." — Ekki veit ég hvort það hefur verið hæstv. menntmrh. sem kom þessu inn en þetta liggur a.m.k. fyrir hér.

„Réttindi sveitarfélaga.

Skylda til þess að skipa skattamálum með lögum.

Afnám laga sem binda sérréttindi við aðal, nafnbætur eða tign."

Virðulegi forseti. Ég ætla að vitna örlítið til uppruna mannréttinda í öðrum ríkjum. Sérstaklega til fróðleiks fyrir hv. formann efh.- og viðskn.

„Uppruna stjórnarskrárákvæða um mannréttindi á Íslandi og í öðrum ríkjum á Norðurlöndum má rekja til mikillar vakningar um þessi málefni á meginlandi Evrópu á síðari hluta átjándu aldar og fyrri hluta nítjándu aldar. Hugmyndir um mannréttindi og frelsishugsjónir áttu ekki síst rætur sínar í frelsisbaráttu nýlendubúa í fylkjum Norður-Ameríku sem lýstu yfir sjálfstæði sínu árið 1776. Bandaríkjamenn settu sér stjórnarskrá árið 1787 og í sérstökum viðaukum við hana, sem tók gildi árið 1791, var sett mannréttindaskrá þar sem talin voru helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi borgaranna. Frelsishugsjónir Bandaríkjamanna, sem birtust í sjálfstæðisyfirlýsingunni og stjórnarskrám, sem einstök fylki settu sér um svipað leyti, þar sem tryggð voru réttindi borgaranna, höfðu mikil áhrif á meginlandi Evrópu. Í umróti frönsku stjórnarbyltingarinnar varð til franska réttindayfirlýsingin frá 1789 þar sem var skýrlega lýst yfir að ákveðin réttindi væru náttúruleg og óafsalanleg réttindi mannsins. Þar voru síðan talin helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindin sem enn í dag eru kjarninn í mannréttindaákvæðum flestra stjórnarskráa í lýðræðisþjóðfélögum þótt ýmis önnur réttindi hafi síðan bæst við. Á meðal réttinda, sem talin eru í frönsku mannréttindayfirlýsingunni, er grundvallarreglan um að allir menn séu fæddir jafnir og frjálsir, jafnræði fyrir lögunum, réttur til að þurfa ekki að þola handtöku nema samkvæmt lagaheimild, að menn séu álitnir saklausir í refsimáli þar til sekt er sönnuð, vernd gegn afturvirkni refsilaga, skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi og friðhelgi eignarréttar."

Virðulegi forseti. Ég hef lokið tilvitnun minni í greinargerð þessarar nefndar og ég er ekki frá því að þessi kennslustund í mannréttindum hafi verið hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni mjög til góða. Ég held að hann geti talið sér það til tekna þegar fram líða stundir.

Virðulegi forseti. Ég held að nóg sé komið af þessum inngangsorðum og því er kannski rétt að fara að fjalla frekar um frv. Ég er ekki frá því að það sé svona ögn léttara yfir formanni efh.- og viðskn. eftir að ég fór með þessi inngangsorð um mannréttindi.

Virðulegi forseti. Ef framsóknarmenn sæjust nú annað slagið hér í salnum þá þyrfti ekki að tvítaka umræðuna. Það þyrfti ekki að fjalla aftur og aftur um sömu atriðin sem hefur þegar verið fjallað um. Ég vil því hvetja hv. formann fjárln. til að hvetja samþingmenn sína og flokksfélaga til að sitja meira í salnum. Það er ábyrgðarhlutur að standa að löggjöf sem fer í mörgum atriðum gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum og gegn alþjóðaskuldbindingum sem Íslendingar hafa gengist undir. (**VE:** Þingmaðurinn mundi nú útvega Framsfl. sérprent úr þingtíðindum.) Ef það dygði að útvega framsóknarmönnum það þá mundi ég gera það með glöðu geði. En ég er hræddur um að fleiri þyrftu að fá þau tíðindi. (**Gripið fram í:** Kenna þeim að lesa fyrst.) Ekki ætla ég að væna framsóknarmenn um að vera ólæsa.

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að fjalla örlítið um þetta frv. sem nú liggur fyrir. Ég hef farið í gegnum helstu þröskulda sem frv. hefur ekki tekist að fara yfir nú þegar sem eru mannréttindi. En ég mun fjalla örlítið um hina svokölluðu nýju starfsmannastefnu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill eilítið grípa inn í ræðu hv. þm. Um það hafði verið talað að ljúka þessum fundi svona 10–20 mín. yfir sex. Ég heyri að nú eru kaflaskipti í ræðu hv. þm. Standa vonir til að henni ljúki fyrir þann tíma?)

Virðulegi forseti. Ég hef rétt lokið inngangsorðum mínum.

(**Forseti** (GÁS): Vildi hv. þm. gaumgæfa það á næstu mínútum hvort einhver slík kaflaskipti væru í ræðu hans að hægt væri að gera hlé á ræðunni en halda henni áfram eftir matarhlé?)

Virðulegi forseti. Eftir að hafa lokið inngangskaflanum held ég að það sé vel við hæfi að gera hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (GÁS): Forseti ræddi um að halda áfram fundi til kl. tuttugu mín. yfir sex. Hv. þm. hefur enn fimm mín.)

Virðulegi forseti. Mér virðist svo sem ræðan gæti orðið dálítið sundurlaus ef hún yrði skilin í sundur núna þannig að ég mælist til þess að nú verði gert hlé og framhald ræðunnar yrði eftir hlé. Sérstaklega í því ljósi að reyna að halda samhengi.

(**Forseti** (GÁS): Forseti áréttar að enn höfum við fimm mín. til fundahalda. Hv. þm. hefur orðið.)

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að fara nokkrum orðum um hina nýju starfsmannastefnu hæstv. ríkisstjórnar sem birtist í þessu frv. Þar segir m.a. í greinargerð á bls. 14, með leyfi forseta:

„Það er alkunna að fólk gerir sífellt kröfur um aukna og bætta þjónustu hins opinbera, sér til handa. Sumum þessum kröfum verður að mæta, m.a. vegna síbreytilegra aðstæðna í þjóðfélaginu. Öllum sem láta sig fjármál ríkisins einhverju skipta er það hins vegar ljóst að eina leiðin til að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum, án þess að hækka skatta, er að lækka ríkisútgjöld og það verður ekki gert að neinu ráði nema með því að draga úr kostnaði við starfsmannahald á vegum ríkisins, eins og ofangreindar upplýsingar sýna."

Virðulegi forseti. Í þessu birtist starfsmannastefnan. En það að lækka ríkisútgjöld verður ekki gert að neinu ráði nema að draga úr kostnaði við starfsmannahald á vegum ríkisins og getur því ekki þýtt nema eitt, að fækka eigi starfsmönnum ríkisins. Annars verður ekki dregið úr kostnaði þannig að það er sennilega alfa og ómega þessarar starfsmannastefnu að undirbúa einkavæðingu sem flestra ríkisstofnana. Ég get

ekki skilið þetta öðruvísi. Virðulegi forseti, ég vonast a.m.k. til þess að hér sé ekki á ferðinni tilraun til enn einnar einkavinavæðingarinnar því þá væri verra af stað farið en heima setið. Ég fæ ekki skilið þessi orð öðruvísi en svo að í bígerð sé að fækka starfsmönnum eins og kostur er og að það verði þá gert með því að „háeffa" fyrirtæki eða stofnanir sem nú eru í ríkiseigu og rekin sem slík eins og hv. þm. Guðni Ágústsson hefði orðað það. Þau verða „háeffuð" og á síðari stigum komið í hendur markaðarins.

Ég vil gera að umtalsefni þær helstu athugasemdir sem fram koma í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. sem sennilega hefur ekki verið farið yfir áður í þessari umræðu. Ég held það sé nauðsynlegt að eyða nokkrum orðum í það. Þar segir m.a.:

„Í frumvarpinu er skertur möguleiki starfsmanna til að tala máli sínu og skjóta ákvörðun yfirmanns til æðra stjórnsýslustigs."

Virðulegi forseti. Það er grundvallarregla í stjórnsýslurétti að menn eigi þess kost að skjóta ákvörðun lægra setts stjórnvalds til æðra setts stjórnvalds og í raun og veru grundvallarstefnubreyting ef menn ætla að þrengja þessa reglu sem hefur verið meginregla í íslenskum rétti núna um langt skeið þó hún hafi lengi verið ólögfest. En með þessari útfærslu eru ákvæði nýsettra stjórnsýslulaga gerð óvirk. Þetta er mjög alvarlegt og full ástæða er til að mótmæla þessum vinnubrögðum og þeirri fyrirætlun að þrengja að eðlilegum lýðræðislegum rétti starfsmanna sem hefur verið tryggður með sérstökum hætti í öðrum lögum.

Í hinni nýju starfsmannastefnu kemur einnig fram, virðulegi forseti: „... að starfsmanni verður samkvæmt frumvarpinu skylt að vinna yfirvinnu, en engin slík ákvæði gilda um almenna markaðinn sem frumvarpshöfundar bera sig saman við. Hér er um að ræða íþyngjandi ákvæði fyrir starfsmenn ríkisins án þess að gefinn sé kostur á að taka þau mál upp í kjarasamningum. Ef menn telja rétt að hafa slík íþyngjandi ákvæði ...", í lögum er eðlilegt að mati þess sem hér stendur „... að það endurspeglist í hærri launum."

Þá segir í áliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Ámælisvert er að í frumvarpinu er kveðið á um að verði um langvarandi veikindi starfsmanns að ræða sé skylt að leysa hann frá störfum. Þetta ákvæði lýsir vel hugsunarhætti frumvarpshöfunda, þ.e. að ganga skuli á rétt starfsmanna alls staðar þar sem kostur er.

Áberandi er í frumvarpinu að fjármálaráðuneytið sankar að sér eins miklum völdum og hægt er í stjórnsýslu ríkisins með útfærslu einstakra greina þess í stað þess að byggja upp fagráðuneytin sem hina eðlilegu eftirlitsaðila.

Einnig er ámælisvert að í frumvarpinu er kveðið á um vald til að framlengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef margir leita lausnar samtímis. Þetta ákvæði þekkist ekki á almennum vinnumarkaði og hefði vitaskuld átt að taka það upp í kjarasamningum. Ef menn telja nauðsyn á að hafa slíkt ákvæði vegna sérstöðu ýmissa starfa á vegum ríkisins á það jafnframt að koma fram í hærri launum."

Virðulegi forseti. Ég held það væri mjög heppilegt fyrir ræðumann að gera hlé því það er komið að kaflaskiptum í ræðu minni, virðulegi forseti.

(**Forseti** (GÁS): Forseti áréttar það sem hann sagði áðan. Við það var miðað að ljúka þessum fundi um þetta leyti þannig að ef hv. ræðumaður er sáttur við það að hér verði gert hlé á ræðu hans þá mun henni frestað.)

Ræðumaður er sáttur við það.

(**Forseti** (GÁS): Í ljósi þess er ræðu hv. þm. frestað. Enn fremur er fundinum frestað til kl. 20.30.)

[Fundarhlé. — 18:21]

[20:32]

Lúðvík Bergvinsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn ræðu minni að ég hafði farið yfir og veitt hv. formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni, kennslustund í mannréttindum og slíkum fræðum og var þar kominn í máli mínu sem ég var að byrja að fjalla um hina nýju starfsmannastefnu.

Virðulegi forseti. Það verður að vekja athygli á því að hvorki hæstv. fjmrh. né hv. formaður efh.- og viðskn. eru í salnum. (**Gripið fram í:** Við hvern er maður að tala?) Virðulegi forseti. Ef maður ætlar að snúa einhverjum af þessum hv. þm. á sitt band getur það reynst mjög erfitt ef enginn þeirra er viðstaddur.

(**Forseti** (RA): Forseti mun láta vita að óskað er eftir nærveru þessa ráðherra og þingmanns.)

Ég þakka hæstv. forseta. Ég verð að rifja það upp þar til hv. formaður efh.- og viðskn. mætir í salinn og hæstv. fjmrh., að ég vakti athygli á því hér áðan að í salinn mætti einn framsóknarmaður en það hafði ekki gerst fyrr í þessari umræðu. Ég man eftir því að á haustdögum var auglýst eftir Framsfl. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi auglýst eftir Framsfl. einhvern veginn með þeim orðum að hann hafi síðast sést í selskinnsjakka. Ég get upplýst það að ég er búinn að finna einn hér í salnum. Um sexleytið var einn framsóknarmaður í salnum. Ég get því komið þeim upplýsingum til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að a.m.k. einn hv. framsóknarmaður er fundinn.

Virðulegi forseti. Er eitthvað að frétta af ferðum formanns efh.- og viðskn.?

(**Forseti** (RA): Nei, það er ekkert að frétta frekar.)

Hæstv. fjmrh. er ekki í salnum og ekki heldur formaður efh.- og viðskn., svo það er spurning hvort það sé ástæða til að halda áfram þessari umræðu á meðan svo er.

(**Forseti** (RA): Forseti hefur von um að hv. formaður efh.- og viðskn. komi senn.)

Það þykir mér vænt um að heyra. Hins vegar má kannski reikna með að þó að stjórnarmeirihlutinn hafi kannski ekki stúderað þetta frv. mjög mikið þá þekki formaður efh.- og viðskn. eitthvað til málsins og þannig að ég gæti farið yfir hina nýju starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar þar til hv. þm. kemur.

Virðulegi forseti. Hin nýja leiðsögn úr fjmrn. birtist hér á bls. 15 í greinargerð með margumræddu frv. og er hin nýja starfsmannastefna tilgreind í sex liðum. Ég ætla að drepa aðeins niður í lið nr. tvö. Þar segir m.a., með leyfi forseta, undir kaflaheitinu „Aukinn sveigjanleiki í starfsmannahaldi":

„Stjórnendum ríkisstofnana verði gert það auðveldara en nú er að miða fjölda starfsmanna við raunverulega starfsmannaþörf stofnunar. Það verður tæpast gert nema með því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Slíkt kallar m.a. á endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá verði stuðlað að aukinni tilfærslu á fólki í störfum, bæði á milli einstakra stofnana ríkisins og á milli ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja."

Kemur þá í salinn hv. formaður efh.- og viðskn. og hv. þm. Pétur H. Blöndal, helstir talsmenn peningastefnu Sjálfstfl.

En ég verð enn og aftur að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að hér finnst ekki frekar en fyrr framsóknarmaður. En það sást til eins um sexleytið í dag. (**VE:** Veist þú eitthvað um það hverjir eru framsóknarmenn ...?) (**Gripið fram í:** Þarna er nú einn.) Ég kann vel að meta athugasemd hv. þm.

Ég var þar kominn, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, í máli mínu að ég var að vekja athygli á 2. tölulið á bls. 15 í greinargerð með frv. en þar segir meðal annars að það „verði stuðlað að aukinni tilfærslu á fólki í störfum, bæði á milli einstakra stofnana ríkisins og á milli ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja."

Þetta verður vart skilið öðruvísi en svo að fela eigi hinum og þessum aðilum verkefni sem nú eru í höndum ríkisins. Það má ljóst vera að í þessu birtist m.a. sú hugsun sem hvílir að baki því frv. sem hér er til umræðu. Fyrst og fremst er markmið frv. að taka til endurskoðunar þann biðlaunarétt sem opinberir starfsmenn hafa nú. Það birtist sérstaklega skýrt hér því það er verið að tala um að færa til fólk í störfum bæði á milli einstakra stofnana ríkisins og á milli ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja. Ef starfsfólk verður *fært til sveitarfélaga eða einkafyrirtækja þá mundi* það þýða samkvæmt núgildandi reglum að hinn svokallaði biðlaunaréttur yrði virkur svo það er ljóst hvað felst í þessum lið starfsmannastefnunnar.

Í 3. lið á bls. 15 er verið að tala um einföldun á launakerfi og aukinn sveigjanleika í launakjörum. Það á að einfalda launakerfi ríkisins ef marka má það sem hér kemur fram, með leyfi forseta, „t.d. á þann hátt að aðeins verði samið um *tiltekin grunnlaun og lágmarksréttindi starfsmanna í kjara*samningum, jafnframt því sem afnumdar verði sumar þær uppbætur á laun er nú tíðkast, svo sem laun fyrir „ómælda yfirvinnu"."

Með öðrum á að afnema þau réttindi sem felast í ómældri yfirvinnu.

„Í staðinn fái stjórnendur ríkisstofnana svigrúm til að ákvarða einstökum starfsmönnum laun eftir sérhæfni og *menntun sem nýtist í starfi*, svo og eftir ábyrgð og frammistöðu hvers og eins."

Þessi makalausa málsgrein hefur nú fengið talsverða umfjöllun á hinu háa Alþingi en það liggur ekkert fyrir um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að útfæra þessa stefnu sína. Það er kannski ekki ástæða til að orðlengja það frekar en þessi 3. tölul. segir kannski meira en margt annað um þessa stefnu. Það á að afnema þau réttindi sem nú eru í gildi og svo eftir einhverjum geðþóttaákvörðunum þá skal nú reynt að koma til móts við a.m.k. einstaka menn eftir „sérhæfni og menntun" og svo eftir „ábyrgð og frammistöðu" hvers og eins.

Einhver hv. þm. hafði orð á því fyrr í umræðunni að hann þakkaði sínum sæla fyrir að þetta ætti ekki við um þingmenn. Ef það ætti að meta þá eftir frammistöðu hvers og eins, gæti myndin tekið að breytast verulega hér í þinginu. (**PHB:** Það er gert á fjögurra ára fresti.) Það eru kosningar á fjögurra ára fresti, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Reyndar er eftirfarandi tekið fram svona til að reyna að réttlæta þessa gjörð, með leyfi forseta:

„Þessar ákvarðanir styðjist við almennar reglur og málefnaleg sjónarmið þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt, t.d. milli karla og kvenna, við ákvörðun slíkra viðbótarlauna."

Það er gott til þess að vita að ætlunin sé að eitthvað í þessu frv. skuli byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Það er nauðsynlegt að taka það fram í frv.

Ég ætla að vitna aðeins, herra forseti, í 5. tölulið. Þar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnrétti milli karla og kvenna sem starfa hjá ríkinu verði aukið með því m.a. að jafna launakjör þeirra. Nauðsynlegt er og að tryggja að breytingar þær, sem lýst er hér að framan, bitni ekki á konum fremur en körlum ..."

Ég held það rétt að lesa þetta aftur: „Nauðsynlegt er og að tryggja að breytingar þær, sem lýst er hér að framan, bitni ekki á konum fremur en körlum." Það er alveg ljóst að þessar breytingar munu bitna á konum og körlum en það er reynt að tryggja að skerðingin verði þó ekki áberandi meiri hjá konum. Það er náttúrlega alveg makalaus hugsunarháttur sem hér birtist. En það virðist ekki skerða ró hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt verði stefnt að því að vinnutími verði sveigjanlegri en nú er og dregið verði úr óhóflegri yfirvinnu ..."

Síðan segir, virðulegi forseti, í 6. tölul.:

„Ríkið og stofnanir þess verði „fyrsta flokks" vinnuveitendur."

Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en að frv. komi úr smiðju hæstv. fjmrh. sem er væntanlega vinnuveitandi þeirra opinberu starfsmanna sem nú starfa hjá ríkinu. Þetta er því væntanlega einhvers konar yfirlýsing um það að hæstv. fjmrh. sé í dag ekki fyrsta flokks vinnuveitandi, því að hann ætlar að taka sig saman í andlitinu og gera betur en hann hefur gert hingað til. Það er varla hægt að skilja þetta öðruvísi ef markmiðið er að gera ríki og stofnanir þess að fyrsta flokks vinnuveitanda. Reyndar er þessi starfsmannastefna þess eðlis að það væri öllum fyrir bestu að menn sæju sóma sinn í því að draga frv. til baka og að snúa sér að því að koma saman einhverri vitrænni starfsmannastefnu. Sennilega er kannski það skásta sem er að finna í þessu frv. á bls. 14. Þar segir m.a. að endurskoðun starfsmannastefnu ríkisins í heild sé í sjálfu sér risavaxið verkefni. Það er nákvæmlega málið. Menn hefðu átt að gefa sér meiri tíma til að endurskoða starfsmannastefnu sem tekur til u.þ.b. 25 þús. manns og hefðu átt að taka meira mark á þessari málsgrein sem þó er þarna að finna.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er mættur í salinn. Ég var að segja frá því áðan að um sexleytið kom í salinn framsóknarmaður af því að ég var að rifja það upp að á haustdögum auglýsti hv. þm. eftir framsóknarmönnum. Um sexleytið var hér einn og ég sé ekki betur en hér sé kominn annar. Ég held að það sé rétt að halda til haga því sem rétt er. Hér er kominn hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson úr Framsfl. Það skyldi þó ekki vera að hann ætli að taka til máls í þessu máli. (**VE:** Ég hélt að hv. þm. ætlaði að telja Steingrím J. Sigfússon með framsóknarmönnum.) (**SJS:** Í guðs bænum ekki.) Ég var að upplýsa hv. þm. um að í dag hefði sést til framsóknarmanna þar sem ég vissi af þeirri auglýsingu sem hann hafði sent frá sér.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þessa starfsmannastefnu, heldur snúa mér að einstaka greinum. Reyndar er frv. þannig uppbyggt að ef taka ætti hverja grein fyrir sig mundi sumarið sennilega ekki duga til þess að fara yfir þetta svo eitthvert vit væri í. En ég ætla að bera niður, virðulegi forseti, í 10. gr. breytingartillagnanna. Í breytingartillögum frá meiri hluta efh.- og viðskn. er að finna nýja skilgreiningu á hugtakinu „föst laun". Með hugtakinu föst laun segir svo, með leyfi virðulegs forseta, í brtt. á þskj. 887:

„Með hugtakinu föst laun er í þessum lögum átt við föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna samkvæmt 2. mgr. 9. gr.“ Þessi breyting er kúvending frá því sem verið hefur og skilgreining á föstum launum allt önnur en hingað til hefur tíðkast og byggir á dómi í svokölluðu Landssmiðjumáli. Þessi skilgreining er breyting frá því sem var í upphaflegu útgáfunni. Þar var að mestu leyti byggt á þeirri skilgreiningu sem er að finna í umræddum dómi, en í umræddum Landssmiðjudómi segir m.a., með leyfi forseta:

„Stefnandi var forstjóri Landssmiðjunnar og verður að telja að með samkomulagi hans við iðnrn. hafi sú fasta greiðsla sem hann fékk í mánaðarlaun fyrir yfirvinnu, hvort sem vinna hans reyndist meiri eða minni í tímum talið, orðið hluti af þeim föstu launum sem starfanum fylgdu.“

Þar kemur fram að að baki fastra launa stendur ekki bara dagvinna án viðbótarlauna, heldur einnig yfirtíð og sú óunna yfirtíð sem hugsanlega hafði verið samið um að hann fengi greidda. Þetta ákvæði hefur áhrif á 34. og 35. gr. frv. því þar er að finna notkun á hugtakinu föst laun sem hefur þá allt annað innihald en það hafði í upphafi. Í 34. gr. segir svo, með leyfi forseta, og er þar fjallað um biðlaunaréttinn:

„Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í 12 mánuð, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.“

Hugtakið föst laun í 34. gr. hefur því allt annað efnisinnihald en það hafði þegar frv. var lagt fram. Þegar frv. var lagt fram var byggt á þeirri skilgreiningu sem fram kemur í Landssmiðjudómnum svokallaða, en í 10. gr. segir svo í upphaflega frv.:

„Með hugtakinu „föst laun“ er átt við föst laun fyrir dagvinnu, ásamt viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9 gr.“ Fellt hefur verið út ákvæðið um viðbótarlaun þannig að biðlaunaréttur er enn frekar skertur en ætlunin var í upphafi. Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er ekki til fyrirmyndar þegar frasar koma frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. á við þessa: „Réttur til biðlauna verður sá sami og í núverandi lögum. En þó verður gerð sú breyting að frá þeim dragast önnur laun sem starfsmaðurinn kann að öðlast á biðlaunatímanum.“ Það er búið að fara svo oft yfir þetta að allir gera sér grein fyrir því að biðlaunarétturinn getur ekki verið sá sami ef síðan á að draga frá þau laun sem viðkomandi starfsmaður, sem ætti rétt á biðlaunum, fengi frá öðrum vinnuveitanda. Það er engum til framdráttar að svona texti skuli fylgja með í frv.

Virðulegi forseti. Þótt ég hafi ekki hugsað mér að rekja hverja einustu grein er nauðsynlegt að bera niður annað slagið í þessu frv. Ég ætla að bera næst niður í 27. gr. Þar er að finna ég segi ekki skondið ákvæði, en það er mjög erfitt að átta sig á því hvaða hugsun liggur að baki því. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu.

Í nefnd, sem rannsaka skal mál embættismannsins skv. 1 mgr., skulu eiga sæti þrír menn, sérfróðir um stjórnsýslu. Fjármálaráðherra skipar nefndina, þar af formann hennar og varamann hans til fjögurra ára í senn. Aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Ef samtökin koma sér ekki saman skal fjármálaráðherra skipa nefndarmanninn án tilnefningar. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir.“

Virðulegi forseti. Hér er að finna það merkilega ákvæði að fjmrh., vinnuveitandi, ætlar að skipa formann og varaformann þeirrar nefndar sem á að rannsaka mál embættismanns sem vikið er frá eða veitt lausn um stundarsakir. Aðili málsins ætlar með öðrum orðum að hafa það hlutverk að skipa nefnd sem ætlar að fjalla um aðgerðir hæstv. fjmrh. eða starfsmanna hans. Slíkt fyrirkomulag þekkist varla nokkurs staðar á byggðu bóli og er varla til í nokkurri hugmyndafræði nema þá hjá þeirri ríkisstjórn sem nú situr.

Virðulegi forseti. Þetta ákvæði verður ekki skilið nema í samhengi við 29. gr. en þar segir m.a. í 2. mgr.:

„Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir.“ Sem sagt, ef sú nefnd sem ráðherra skipar kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja embættismanni frá starfi um stundarsakir skal víkja honum úr embætti að fullu. Það má líkja þessu við það að ef kærumál berst lögreglu og hún tekur þá ákvörðun að taka málið til rannsóknar, skuli dómari a.m.k. gera manninum sekt í viðkomandi dæmi. Í þessu tilviki dugar ákvörðun um það hvort rétt hafi verið að veita manni lausn frá embætti um stundarsakir til þess að veita honum lausn frá embætti að fullu. Slík hugmyndafræði er þess eðlis að í raun og veru er það með ólíkindum að menn skuli setja þetta í opinbert plagg. Ef þetta væri geymt einhvers staðar í skúmaskotum fjmrn. myndu menn kannski skilja þetta. En þetta er opinbert, þetta geta allir lesið. Hér er að finna þessa stjórnarstefnu.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að halda áfram að bera niður í þessu einstaka plaggi, þ.e. frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í 19. gr. er að finna ekki síður merkilegt ákvæði sem vísað hefur verið til, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann þó halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.“

Virðulegi forseti. Mig langar að bera aðeins niður í umsögn um frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá Stéttarfélagi lögfræðinga og þá sérstaklega um 19. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Félagið varar við þeirri veigamiklu breytingu frá gildandi lögum sem lögð er til í frumvarpinu um að mögulegt verði að skipa starfsmanni að vinna verk sem eru utan verksviðs hans og leitt getur til skerðingar á launakjörum og réttindum hans. Hér er um dulbúna brottvikningarheimild að ræða fyrir forstöðumenn. Ótvírætt er, samkvæmt gildandi lögum, að starfsmanni er ekki skylt að þola breytingar á verksviði sínu, t.d. verður lögfræðingi ekki gert skylt að sjá um ræstingar. Þá telur félagið að 19. gr. frumvarpsins geri ákvæði 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins marklausa.“

Virðulegi forseti. Mig langar að beina þeirri spurningu til formanns efh.- og viðskn. hvort erindisbréf sem veitt eru á grundvelli 2. mgr. 8. gr. hafi í sjálfu sér ekkert gildi. Samkvæmt 19. gr. er hægt að breyta þessu eftir því hvernig vindar blása hverju sinni. Mér þætti vænt um að heyra skýringu hv. formanns efh.- og viðskn. Ég verð að játa að ég sé ekki að þetta fari saman. Ef menn verða að hlíta því að taka við störfum sem víkja frá verksviði þeirra og hægt er að breyta þessu sisvona með einfaldri ákvörðun er svo sem alveg tilgangslaust að vera að standa í því að gefa út erindisbréf. Því hefur 2. mgr. 8. gr. lítið vægi ef hún er borin saman við 19. gr.

Virðulegi forseti. Ég fór í dag örlítið yfir mannréttindaákvæði og helstu sjónarmið sem liggja að baki því að þjóðir, a.m.k. hins vestræna heims, hafa almennt viðurkennt mannréttindi og líta svo á að þar sé um að ræða reglu sem ekki verður breytt með einfaldri löggjöf ef undan er skilin sú ríkisstjórn sem nú situr. Mér er því bæði ljúft og skylt að bera aðeins niður í litla grein sem er merkt nr. 40. Í henni kemur fram að embættismönnum er óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Ég fæ ekki séð annað en að skýring á þessu ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan hljóti að leiða til þess að tjáningarfrelsi embættismanna sé skert verulega. Sé þeim óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli og að stuðla að eða taka þátt í öðrum sambærilegum aðgerðum hlýtur að felast í ákvæðinu að þeim sé óheimilt að tjá sig sérstaklega um slíkar aðgerðir. Ástæða þess að ég fjalla frekar um þessa grein en aðrar er sú að það er ekki nema ár síðan hér var endanlega lögfest í stjórnarskrá regla um skoðana- og tjáningarfrelsi. Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort það er ástæða til að lesa allt saman upp sem kemur fram í greinargerð. En ég held að þeim tíma sem fer í að upplýsa hv. formann efh.- og viðskn. um mannréttindi og skýringu á þeim, sé mjög vel eytt.

Grunnreglan um tjáningarfrelsi kemur fram í upphafi 2. mgr. 11. gr. breytingarlaganna við stjórnarskrána. Ég er að lesa hér upp úr grg. með síðustu stjórnarskrárbreytingu. Þar er mælt fyrir um að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þetta orðalag er það sama og kemur í upphafi núgildandi 72. gr. stjórnarskrárinnar ef frá er talið að þar er tekið fram að þessi réttur til að láta í ljós hugsanir sínar eigi við að það sé gert á prenti. Með orðalagi grunnreglunnar í frv. er þannig ekki aðeins ætlast til að frelsi til að tjá sig nái til prentaðs máls í bókstaflegum skilningi heldur einnig til annars ritmáls, t.d. í rafrænu formi og jafnframt mælts máls hvort sem er í sjónvarpi, útvarpi, fundum eða annars á almannafæri. Þetta frelsi er þó ekki unnt að binda við tjáningu í rituðu eða mæltu máli heldur nær það allt eins til tjáningar án orða t.d. í formi listrænnar tjáningar eða látbragðs. Þegar hugað er að orðalagi grunnreglunnar í 2. mgr. 11. gr. frv. sem fjallar um tjáningarfrelsi má sjá að þar er aðeins mælt fyrir um rétt manns til að tjá hugsanir sínar en ekki minnst berum orðum á hvort ákvæðið verndi einnig rétt til að taka við tjáningu frá öðrum eða miðla skoðunum þeirra áfram ef þær verða ekki taldar hugsanir hans sjálfs í bókstaflegum skilningi.

Í 3. mgr. 11. gr. frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögum. segir svo: „Er gengið út frá því að grunnreglan um rétt manna til að tjá sig í þeim skilningi sem um ræðir að framan geti sætt ýmiss konar undantekningum.“ Í síðari málslið 2. mgr. 11. gr. er þó tekið af skarið um að undantekningar megi ekki vera af þeim toga að þær feli í sér ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi. Meginreglan sem hér birtist, virðulegi forseti, er sú að tjáningarfrelsi beri að skýra rúmt og að með banni við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum er hér nánar tiltekið átt við að ekki megi lögfesta reglur sem fela í sér að maður verði knúinn til þess að leita opinbers leyfis fyrir fram til að tjá skoðun sína við aðra. Er þannig gengið út frá að almennt verði þær takmarkanir á tjáningarfrelsi sem geti talist heimilar eftir 11. gr. frv. að koma fram á þann hátt að þeim verði fyrst og fremst beitt eftir að tjáning hefur átt sér stað líkt og gerist við málsókn, til að koma fram viðurlögum vegna meiðyrða sem felast í þegar föllnum ummælum.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða fyrir efh.- og viðskn. að láta kanna hvort að þetta ákvæði fái samrýmst þessu tiltekna ákvæði stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir hin ýmsu mál hvað þetta varðar en hef þó kannski ekki komið að því hvað felst í biðlaunaréttinum svokallaða og hvort að það sé heimilt að afnema hann með frv. sem hér er lagt fram, verði það að lögum.

Mig langar í lokin að vísa örlítið í einn okkar fremsta sérfræðing á sviði Um eignarréttar. Gaukur Jörundsson segir á bls. 77. í bók sinni Um eignarnám — þetta er útgáfa frá 1969 — með leyfi forseta: „... aflahæfi og atvinnuréttindi manna, en á þau verður að líta svo að rök standi til að aflahæfi manna og atvinnuréttindi njóti verndar sem eign skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar.“ Ef þessi kenning prófessorsins fær staðfestingu hjá dómstólum þá er ljóst að einföld lagabreyting eins og sú sem hér er stefnt að mun ekki duga til að breyta þeim biðlaunarétti sem að er stefnt. Því hefði ég haldið, virðulegi forseti, að það hefði verið meiri manndómsbragur í að freista þess ná einhverri sátt við opinbera starfsmenn um biðlaunaréttinn heldur en að reyna með einhvers konar tilraun að afnema biðlaunaréttinn í þeirri von að dómstólar muni á síðari stigum viðurkenna að það hafi verið heimilt.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu en vil ítreka þær áskoranir sem nú þegar hafa komið fram hjá flestum ræðumönnum og flestum stjórnarandstæðingum sem hafa talað í þessu máli, um að ríkisstjórnin dragi þetta blessaða frv. til baka og reyni að móta vitræna starfsmannastefnu.

[21:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, 6. þm. Suðurl. fyrir kjarnyrta og hnitmiðaða ræðu. Ég hef þrjár spurningar til hv. þm.:

1. Er hv. þm. ánægður með núgildandi reglur um biðlaunarétt, þ.e. að fólk geti verið á tvöföldum launum eins og dæmi eru um og valdið hefur hneykslan almennings?

2. Er hv. þm. ánægður með núverandi launakerfi ríkisstarfsmanna með óunninni yfirvinnu, utanlandsreisum með dagpeningum o.s.frv.?

3. Getur hv. þm. dregið saman í örfáum orðum megininntak ræðu sinnar?

[21:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem tala markvisst í einn og hálfan tíma eiga nú mjög erfitt með að draga saman ræðu sína í örstuttu máli.

Hvað spurningu hv. þm. Péturs Blöndals um biðlaunaréttinn, þá snýst þetta ekki um það hvort sá sem hér stendur

sé ánægður með biðlaunaréttinn eða ekki. Þetta snýst fyrst og fremst um það hvort að í biðlaunaréttinum felist réttindi sem séu varin af stjórnarskrá, réttindi sem ekki verða af tekin nema fullar bætur komi fyrir og það er nákvæmlega það sem hefði átt að skoða í þessu máli. En það hefur ekki verið gert. Það á ekki að skoða hvort ég er ánægður með núgildandi biðlaunarétt.

Hvort ég er ánægður með launakerfi opinberra starfsmanna? Ég verð að taka undir það með hv. þm. Pétri Blöndal að ég er enginn sérstakur talsmaður þess að því launakerfi sem nú er við lýði verði viðhaldið. En á hitt er að líta að það er ekki eðlilegt að því kerfi verði breytt einhliða heldur þarf að koma þar til samráð. Í því ljósi tel ég að það sé afturför að fara í þann farveg sem frv. ætlar launastefnu ríkisins.

[21:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem fram hefur komið er að hv. þm. er óánægður með biðlaunaréttinn eins og hann er nú og er væntanlega sáttur við það sem er verið að breyta. Og þar sem hann er óánægður með núverandi launakerfi opinberra starfsmanna og þar sem hann getur ekki dregið saman í örfáum orðum hnitmiðaða ræðu sína þá óska ég eftir að hann lýsi svo sem eins og þremur atriðum sem hann er óánægður með í þessu frv.

[21:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í einn og hálfan tíma talaði ég um það hversu gersamlega galið þetta frv. væri. Hér kemur síðan hv. þm. Pétur Blöndal og heldur því fram að ég sé mjög sáttur við frv. eftir að hafa hlustað á mig í einn og hálfan tíma.

Virðulegi forseti. Það er ekki mitt að sjá um andlega sálarheill sjálfstæðismanna.

[21:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af erindisbréfum og breytingu á þeim. Þetta er spurning um ákveðna festu í starfi viðkomandi starfsmanns. Yfirleitt er það nú þannig að viðkomandi starfsmenn kjósa frekar að fá erindisbréf heldur en hitt, jafnvel þótt að starfssvið þeirra geti breyst í tímans rás.

Ákvæði 40. gr. hefur verið í lögum frá 1915 og ekki verið talið andstætt mannréttindum sem samkvæmt ræðu hv. þm. eru nú töluvert eldri uppfinning en lögin sem hafa gengið hingað til.

Varðandi biðlaunaréttinn ... (**ÖJ:** Eruð þið ekki að nútímavæða?) hvort hann væri stjórnarskrárvarinn eignarréttur, þá kom dálítið spánskt fyrir sjónir að stéttarfélög gætu samið stjórnarskrárvarinn eignarrétt frá einstaklingum. Ég skil nú ekki hvernig hv. þm. kemst að þeirri niðurstöðu. Ekki síst vegna þess að hv. þm. er löglærður maður og ræða hans um mannréttindi og brot á stjórnarskránni og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar vekja reyndar upp ákveðnar spurningar varðandi hv. þm. vegna þess, eins og hv. þm. veit sem háskólamenntaður maður, að þá er það nú einu sinni þannig að í háskóla lærir maður hvað maður veit lítið og lærir líka að bera virðingu fyrir því litla sem maður veit. (Gripið fram í.) Það var ekki alveg að heyra á hv. þm. að hann bæri mikla virðingu fyrir því sem hann veit.

[21:11]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þessi ræða var merki um það hvað hv. þm. Vilhjálmur Egilsson veit, þá þarf nú ekki að eyða löngum orðum í andsvari í þessu máli.

[21:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kemur hér og talar í löngu máli um það að frv. brjóti hvorki meira né minna en í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og að það brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hv. þm. er ekkert að tala hér sem bara einn hv. þm. heldur líka sem útlærður lögfræðingur og væntanlega fræðimaður á þessu sviði. Það hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu til hv. þm. að hann leggi að einhverju leyti fræðimannsheiður sinn undir í þessu máli. Ef einhverjir eru nú sammála hv. þm. og þessi ákvæði þegar þau eru orðin að lögum verða til þess að vekja upp málaferli og þegar upp verður kveðinn dómur, þá getum við hin sem hlýddum á hv. þm. hugsað með okkur: Ja, var hv. þm. með þessu að staðfesta að hann væri góður lögmaður eða lögfræðingur og fræðimaður eða fræðimaður sem ekki bar hina minnstu virðingu fyrir því sem hann hefur lært í sínum fræðum? (**Gripið fram í:** Þetta var auðskiljanlegt.)

[21:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór í ræðu minni ágætlega yfir það sem ég taldi að þyrfti nauðsynlega að skoða frekar. Vissulega er það rétt hjá hv. þm. að þegar deilt er og menn bera fram sín rök og bera þau undir dómstóla, þá getur dómur vitaskuld fallið á báða vegu. Eins og þetta mál liggur fyrir mér er ég nokkuð sannfærður um að verði stofnað til málaferla vegna sumra ákvæðanna kæmi mér ekki á óvart að ríkið yrði dæmt til þess að greiða bætur í a.m.k. einhverjum tilvikum. Ég get m.a. nefnt fund sem ég sótti í samgn. þar sem fyrir svörum var prófessor sá er samdi þetta frv. að mestu leyti, Eiríkur Tómasson. Þar gat hann ekki fullyrt að biðlaunarétturinn væri ekki varinn af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það er því hægt að vísa til merkra manna sem eru ekki vissir eða sömu skoðunar.

[21:14]

Útbýting þingskjals:

Framboð og kjör forseta Íslands, 518. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 951.

[21:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er fróðlegt að fylgjast með þingmönnum stjórnarliðsins sem koma hér galvaskir og taka menn upp eins og þeir séu skyndilega orðnir lærimeistarar og við hinir séum lærisveinarnir. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. kemur til að mynda og spyr hv. þm. Lúðvík Bergvinsson út úr hans fræðigreinum og segir að hann verði að verja fræðimannsheiður sinn. Ég lýsi því yfir að ég er reiðubúinn til þess að sitja fyrir svörum um mína eigin fræðigrein og verja fræðimannsheiður minn en þá verður það auðvitað að fylgja því, herra forseti, að fræðigrein mín lýtur að kynlífi laxa og það er kannski akkúrat vegna þess að ég kann svolítið fyrir mér í þeim fræðum sem lúta að stórlöxum og ég vona að mér takist að verða vel við þeim áskorunum sem ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson beinir til mín á eftir.

Herra forseti. Það er lýsandi fyrir stjórnarliða að sjá hér hv. þm. Pétur H. Blöndal koma og ég get ekki annað en sagt að það er vitsmunaleg frekja af hv. þm. sem hefur hvorki sést í salnum í dag né síðustu daga að koma hingað og voga sér að fara fram á það að góður og gegn þingmaður stjórnarandstöðunnar sem hér hefur flutt lærða og vel undirbúna ræðu „súmmeri" hana upp á tveimur mínútum. Ég veit að vísu ekki mætavel hvernig vitsmunum hv. þm. Péturs H. Blöndals er háttað en það sem ég hef séð til þeirra þá gerir það að verkum að ég ber virðingu fyrir þeim. Ég skil ekki hvers vegna hann kemur hingað og heimtar að þetta sé sett í einhvers konar hraðsoðnar neytendaumbúðir í þeirri veiku von um að hann geti skilið þetta. Hv. þm. á að gera meiri kröfur til sjálfs sín. Ég geri kröfur til hans og þær kröfur sem ég geri til hv. þm. Péturs H. Blöndals eru þær að hann hafi a.m.k. eirð í afturendanum til þess að sitja og hlusta á svona góða ræðu. Ég segi það t.d. að hv. þm. hefði haft gott af því að hlusta hér á mjög gott yfirlit um mannréttindi og mannréttindaákvæði. Ég tel til að mynda, herra forseti, að þá hefði hv. þm. skilið það af hverju það jaðrar a.m.k. við skerðingu mannréttinda að vera skyndilega sviptur parti af kjaraumhverfi sínu þegar biðlaunin eru skert með þeim hætti sem hv. þm. ætlar að bersýnilega að fylgja. Ég hef stundum í gamni, herra forseti, af því að það kemur fyrir að ég bregð fyrir mig kímni og sjaldan séð eftir því eftir því sem árin færast yfir mig, sagt það við hv. þm. Pétur H. Blöndal að atvinnutæki hans séu skærin því hann hafi atvinnu af því að klippa „kúpona". Við getum ímyndað okkur, herra forseti, að það yrði skyndilega gjörbreyting á atvinnuumhverfi hv. þm. Péturs H. Blöndal og skærin yrðu tekin af honum og hann þyrfti að krafsa fram úr þessu með naglaþjöl, skera kúponana þannig. Auðvitað ætti hann þá einhverja heimtingu á því að hann fengi einhverjar bætur í staðinn, er það ekki? Eru það ekki fémæt réttindi, herra forseti, ef menn hafa atvinnu af því að klippa kúpona fá þeir a.m.k. almennileg skæri? (**JónK:** Alvöru skæri.) Ritstjóri Tímans hefur bersýnilega skoðun á því hvernig menn eiga að bera sig að við það að klippa kúpona. Það gleður mig sannarlega að sjá ritstjóra þessa virðulega blaðs — hann hefur ekki verið tíður gestur í þessum sölum þó hann hafi að vísu rekið hér inn nefið af og til og það gleður mig jafnan. Það ber meira að segja svo vel í veiði að tveir hv. þm. Framsfl. eru staddir hér og annar sefur fagurlega í stóli sínum. Þingmaðurinn er vel að manni og tekur sig vel út í stólnum og satt að segja vildi ég gjarnan þegar samningar og réttindi launafólks eru annars vegar að gervallur Framsfl. svæfi því staðreyndin er auðvitað sú að Framsfl. hefur komið öllum á óvart. Menn áttu ekki von á því að Framsfl. mundi ganga fram með þeim hætti sem hann hefur gert núna á þessum vetri.

Herra forseti. Það vill svo til að ég hef skrýtin áhugamál eins og ýmsir þingmenn. Það er ekki bara urðin í Þingvallavatni og kynlíf laxa. Ég hef líka lagt ákveðna stund á rannsóknir á sögu Framsfl. í náinni fortíð. Eitt af því sem ég læt stundum fyrir sjónir mínar í þann mund sem Óli lokbrá er að veifa væng sínum yfir höfuð mitt og fjölskyldu minnar smárrar er þetta plagg sem heitir „Fólk í fyrirrúmi" og ég sé að hið mikilúðlega höfuð hv. þm. Jóns Kristjánssonar, ritstjóra Tímans, hneigist til samþykkis. Einhvers staðar í bakgrunni höfuðs hans, sennilega þar sem vitsmunalífið á sér bólfestu, rekur hann minni til þess að hafa séð þetta. (**JónK:** Það er ekki til þar.) Er það ekki til þar? Herra forseti, mér heyrist að hv. þm. beri á móti því að slíkt sé að finna í höfði hans en ég verð þó að segja að miðað við kynni mín af þingmanninum og hina ágætu pistla sem hann stundum skrifar um lífríki í Tímann get ég ekki annað en mótmælt þessari sjálfsásökun þó að hún sé að vissu marki sjálfsgagnrýni í anda hins löngu gengna leiðtoga Maós formanns.

Herra forseti. Það kom fram að hv. þm. Jón Kristjánsson hneigði höfuð í einhvers konar samþykki við því að hann hefur áður séð þetta. Það gleður mig að hv. þm. skuli kannast við þetta plagg vegna þess að því miður er það svo að það er sjaldgæft að hér sé nokkur þingmaður sem tilheyrir Framsfl. sem man eftir þessu plaggi. (**Gripið fram í:** Það er ekki von til þess.) Það er liðið nokkuð á kvöld, herra forseti, og menn eru komnir í þá stöðu að vilja falla fram og gera játningar og hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson lýsir því hér yfir og ég vona að það sé sjálfrátt en ekki ósjálfrátt að fyrir vestan þá notuðu menn ekki kosningaloforð Framsóknar vegna þess að plaggið „Fólk í fyrirrúmi" er stefna Framsfl. Það er ályktun 23. flokksþings framsóknarmanna og hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson lýsir því yfir að menn á Vestfjörðum hafi ekki notað stefnu Framsfl. í kosningabaráttu Framsfl. Má það e.t.v. vera, herra forseti, að hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson hafi farið flokkavillt? Kann að vera að skýringin á því að hv. þm. finnur sig á ókunnum slóðum sem hann kann bersýnilega ekki mjög vel við sig á, samanber það að hann hefur a.m.k. tvisvar hér á þessum örstutta fundartíma kvöldsins hnigið í ómegin og sofnað? Kann að vera, herra forseti, að skýringarinnar sé að leita í þeirri staðreynd að á morgun, stundvíslega kl. 20.30, er hv. þm. frummælandi á fundi á Hótel Scandic Loftleiðum sem er haldinn á vegum stjórnmálaflokks, að vísu ekki Framsfl. heldur Alþfl.? Kann það að vera að skýringin á því að hv. þm. lýsi því yfir að hann hvorki þekki né fylgi stefnu Framsfl.? Ég segi bara, komdu fagnandi, vinur, í náðarfaðm sósíaldemókrata hvenær sem þú vilt.

Herra forseti. (**Gripið fram í:** Okkur vantar bráðum formann.) (**Gripið fram í:** Mér var boðið það um daginn af formanni Alþfl.) Það er bersýnilegt, herra forseti, að í kjölfar hins nýja liðsmanns jafnaðarstefnunnar fer óvígur her sem vill ganga í Alþfl. og við verðum bara að reyna að setja upp biðlista, þeir eru vanir því í stjórnarliðinu.

Herra forseti. Það vill svo til að hv. þm. Jón Kristjánsson situr hér við hlið sposks hæstv. heilbrrh. Hún er sennilega sposk á svipinn vegna þess að hún veit hvað ég ætla að lesa upp. Það var þannig, herra forseti, að Framsfl. kom saman rétt fyrir kosningar og samþykkti stefnuskrá. Ég held að hvert einasta loforð, sem menn hafa rekist á úr kosningabaráttu Framsfl. hafi verið svikið. Nánast hvert einasta loforð. Ef einhver getur bent mér á loforð sem búið er að efna þá er ég reiðubúinn til þess að taka þann hinn sama og gæða honum á því sem er að finna í skápnum í bókaherberginu mínu. En förum ekki nánar út í það. Herra forseti. Í stefnuskrá Framsfl. er rætt um það með hvaða hætti Framsfl. ætlar sér að eiga samráð og samstarf við verkalýðshreyfinguna um nákvæmlega þá hluti sem við höfum verið að ræða í 27 klukkustundir. Það er um samráð um breytingar á samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Þar segir, með leyfi forseta: „Framsfl. mun leita samstarfs við aðila vinnumarkaðar um endurskoðun allra laga og reglugerða sem um vinnumarkaðinn gilda."

Herra forseti. Við þekkjum mætavel hvernig þetta samráð og samstarf hefur verið efnt. Við vitum hvernig þetta loforð hefur verið svikið vegna þess að það sem stendur upp úr varðandi það starf sem var unnið af hálfu þessarar

ríkisstjórnar gagnvart frv. sem við erum að ræða hér núna, gagnvart frv. um Póst og síma, gagnvart frv. um vinnudeilur og stéttarfélög. Þar er ekkert samráð. Ef það er eitthvað sem skortir á þá er það nefnilega samráð. Framsfl. gekk til kosninga og hann lofaði og lofaði hlutum og það var líka Framsfl., sem bauð þessum hv. þm. sem hér er í dyragættinni og heitir Ögmundur Jónasson og er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fyrir örfáum árum, ég man ekki hvenær, til þess að ávarpa flokksþing Framsfl. Hvers vegna var það gert? Það var skýrt þannig af þáv. formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, að það væri gert til þess að undirstrika tengslin við félagshyggjuna og verkalýðshreyfinguna. Á tímum fyrrv. formanns Framsfl., hv. þm. Gunnlaugs M. Sigmundssonar var lögð áhersla á þetta nána samráð og það hefði aldrei gerst á þeim tímum að Framsfl. færi fram með þeim hætti sem hann hefur gert núna. Ég nefni sérstaklega frv. um vinnudeilur og stéttarfélög. Auðvitað er það svo að það er hæstv. fjmrh. sem leggur fram frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en hann gerir það ekki fyrr en eftir að hann er búinn að fá samþykki ekki bara ráðherra Framsfl. heldur líka gervalls þingflokks Framsfl. þannig að Framsfl. ber fulla ábyrgð á þessu frv. En það verð ég að segja hv. þm. Framsfl. til hróss, ekki síst þeim ráðherra sem nú gengur úr salnum, að þeir kunna að skammast sín, þessir heiðursmenn. Þeir hafa sektarkennd og það sér á að þeir hafa samvisku og það sér á þessari samvisku, hún er löskuð. Það er auðvitað rétt sem ég les af vörum hæstv. ráðherra, það sér ekki á svörtu. Það er rétt. Það sem áður var þó a.m.k. grátt er orðið svart í samstarfinu við Sjálfstfl. En þegar ég segi það að hv. þm. Framsfl. kunni að skammast sín dreg ég þá ályktun af þeirri staðreynd sem æpir auðvitað á þingheim allan og alla þá sem hafa undanfarna daga fylgst með umræðunni. Hver er þessi staðreynd? Hún er sú að það hefur ekki einn framsóknarmaður kveðið sér hljóðs, það hefur enginn framsóknarmaður haldið ræðu, það hefur enginn framsóknarmaður veitt andsvar, það hefur enginn framsóknarmaður sagt eitt einasta orð hvorki af viti né án vits. Þeir hafa misst málið, þeir hafa skotist hérna inn en jafnóðum hrokkið burt eins og lauf fyrir vindi. Þegar hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson villtist hér inn eins og einmana barn fauk hann út undan hinum skynsama lestri hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um mannréttindi. Hv. þm. Lúðvík Bervinsson reyndi ekki einu sinni að rifja upp kosningaloforðin sem þeir gáfu. Hann nefndi það að vísu að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefði lofað ýmsu sem ekki væri komið í leitirnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að dvelja miklu lengur við Framsfl. en hins vegar ef það er einhver manndómur í reyndum þingmönnum Framsfl. eins og hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln., standa þeir auðvitað upp og lýsa yfir skoðun sinni eða á hún ekki að koma í ljós fyrr en menn ganga hér til atkvæðagreiðslu? Ég spyr, herra forseti: Er það sanngarnt af heilum stjórnmálaflokki að hafa hugleysið í fyrirrúmi en ekki fólkið og þora ekki að standa upp og segja eitt einasta orð? Er það virkilega svo að hv. þm. Jón Kristjánsson, sem hefur um árabil verið í félagshyggjuarmi Framsfl., ætli að sitja hérna eins og dökkhærð barbídúkka í allt kvöld og þegja? Er það svo að hv. þm. Jón Kristjánsson sé búinn að gleyma rótum sínum? Er hann búinn að gleyma rótum Framsfl.? Er hann búinn að gleyma félaganum í hásetafélagi Reykjavíkur sem á sínum tíma hratt ekki einungis jafnaðarmannaflokknum, Alþfl., úr vör heldur líka Framsfl.? Sama árið. Er hann búinn að gleyma því að það var Jónas frá Hriflu sem skapaði íslenskt flokkalandslag, pólitísk kennileiti okkar í dag og vildi að verkalýður til sjávar og sveita reyndi að vinna saman? Ég veit það að hv. þm. Jón Kristjánsson er vaskur maður og hann er reyndur maður og ég veit það að hann er nógu reyndur til þess að hann ber sennilega ekki djúp sár í hjarta yfir samstarfinu við Sjálfstfl. en ég veit að honum líður illa. Ég veit það að mönnum eins og hv. þm. Guðna Ágústssyni líður líka illa vegna þess að þeim mönnum sem hafa allt sitt líf, a.m.k. frá því ég kynntist þeim alltaf reynt að rétta hlut lítilmagnans, reynt að rétta hlut þeirra sem eru að vinna fyrir launamenn á Íslandi, þeim hlýtur að líða illa núna að vera skyndilega orðnir aðilar að ríkisstjórn sem leggur fram ekki eitt, ekki tvö, ekki þrjú og ekki fjögur, heldur fimm frv. í beit sem öll vega að rótum þeirrar félagshyggju sem þessir hv. þm. hafa unnið fyrir allt sitt líf. Ég segi það af því að mér er hlýtt til þessara hv. þm. að ég líð önn fyrir þeirra hönd. (**Gripið fram í:** Þetta hefur aldrei verið nema í nösunum á þeim.) Þeir hafa nú stórar nasir sumir.

Virðulegi forseti. Það sem hefur vakið athygli í máli hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa haft nennu til að koma og fara í andsvör er auðvitað að aftur og aftur ráðast þeir að fulltrúum stjórnarandstöðunnar fyrir það sem þeir kalla málþóf. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur t.d. sagt að búið sé að flytja sömu ræðuna sjö eða átta sinnum. Því miður virðist ekki vera búið að flytja hana nógu oft því ekki hefur hún náð inn fyrir höfuðskeljarnar á hv. þm., sem eru að vísu býsna þykkar, en staðreyndin er sú að hér er um sérstakt mál að ræða. Ég veit að vitsmunir hv. þm. Vilhjálms Egilssonar eru af þeirri stærðargráðu að hann skilur, herra forseti, að það mál sem við ræðum núna er ekkert venjulegt mál. Það varðar ekki hvort við ætlum að hækka tolla eða lækka tolla, hækka skatta eða lækka skatta. Nei, virðulegi forseti, þetta varðar allt starfsumhverfi opinberra starfsmanna á Íslandi. Það hefur komið fram í máli fjölmargra fulltrúa stjórnarandstöðunnar að þeir telja a.m.k. að það stappi nærri því að alþjóðlegir sáttmálar séu brotnir. Sumir hafa haldið því fram að það jaðri við að einstök ákvæði stjórnarskrár séu brotin. Það er þess vegna auðvelt að skilja að mönnum sé heitt í hamsi og þeim sé mikið niðri fyrir. Það er ekkert skrýtið, virðulegi forseti, að stjórnarandstaðan skuli verja verulega miklum tíma í umræður um þetta mál vegna þess að það snertir grundvallaratriði. Það er ekki voðalega oft sem á fjörur okkar rekur mál sem varða beinlínis grundvallaratriði. Varða það hvernig menn andstæðrar skoðunar í stjórnmálum upplifa viðhorf til þessara hluta eins og biðlauna, eins og kjarasamninga og eins og mannréttinda. Þess vegna þýðir ekki að koma hér upp, virðulegi forseti, og brúka munn yfir því að menn séu í málþófi. Það gengur ekki þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og sá sem heldur í strengina, hæstv. fjmrh., koma aftur og aftur og kvarta yfir því að menn séu að tefja málin þegar þeir sjálfir hafa hvorki nennu eða a.m.k. ekki sinnu til að skýra ákveðin mál. Hér hefur aftur og aftur verið spurt út í tiltekin mál. Menn vilja fá ákveðin svör. Þessi svör af hálfu stjórnarliðsins liggja t.d. fyrir í meirihlutaáliti efh.- og viðskn. Ég hefði gjarnan viljað sjá hv. þm. Vilhjálm Egilsson og lið hans skýra betur út einstök atriði í því áliti. Ég vek t.d. athygli á því að í málefnalegri ræðu sinni fyrr í dag spurði hv. þingkona, Guðný Guðbjörnsdóttir, hæstv. fjmrh., ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur a.m.k. þrisvar hvort það mætti gera ráð fyrir að við endurskoðun háskólalaga, sem mér skildist að ætti að fara fram í sumar, yrði með einhverjum hætti sett bytta undir þann leka sem nú er komin

á framgangskerfið í háskólanum þannig að það mundi ekki rofna. Þetta var þráspurt og það kom aldrei neitt svar. Að lokum gat hún kreist hæstv. fjmrh. þannig að svarið kom. Hvernig var svarið? Það var svona: Þetta er mál sem verður að gera ráð fyrir að háskólinn leysi innbyrðis, þ.e. háskólinn leysi innbyrðis tengslin milli prófessora og dósenta.

Herra forseti. Hv. þingkona hafði í löngu og ítarlegu rökstuddu máli sýnt fram á að þetta vó að rótum þeirrar jafnréttisbaráttu sem hefur farið fram í háskólanum. Hún er fulltrúi Kvennalistans sem hefur barist fyrir þessum málum og hefur þess vegna frumburðarrétt á því að koma hér upp og spyrja um þessa hluti. Það er eðlilegasti hlutur í heimi að einmitt Kvennalistinn leiti svara við spurningum af þessu tagi. Svarið var ekki ítarlegra en þetta. Að þetta mál, sem tók sennilega hálftíma í ræðu hv. þm., fékk ekkert svar. Við sem erum hér og höfum áhyggjur og áhuga á þessu kerfi verðum að gera ráð fyrir því að e.t.v. kunni að koma til þess að háskólinn leysi þetta mál innan sinna eigin vébanda en við vitum ekkert um það. Herra forseti, svona vinnur ekki Alþingi Íslendinga. Þetta er „hippsumhapps"-aðferðin sem enginn leggur nafn sitt við og svona eiga menn ekki að vinna. Svona á Alþingi ekki að taka upp, jafnvel ekki á þessum síðustu og verstu tímum. En svona væri hægt að taka miklu fleiri dæmi. Af því að ég sé að hér er standandi í salnum einn maður úr hinni geistlegu sveit þá nefni ég t.d. að staða presta og prófasta er mjög ótrygg, að vísu ekki staða þessa hv. þm., Hjálmars Jónssonar, því hann hefur komið sér makindalega fyrir í sínu sæti. En staða presta er ótrygg eins og ég mun koma að síðar þegar ég ræði hvernig mælt er fyrir um það í Ágsborgarjátningunni og þegar ég kem í 16. gr. Ágsborgarjátningarinnar, sem hefur verið reifuð af hálfu Prestafélagsins, og ég er viss um að hv. þm. séra Hjálmar Jónsson hann mun sennilega (**HjálmJ:** Fara í andsvar við þig.) fara í andsvar um hana. En það er í lagi, virðulegi forseti, því við erum öll hér á bandi hins góða og erum biblíuföst. En þetta, virðulegi forseti, fannst mér nauðsynlegt að segja vegna þess að mér finnst hv. þm. Sjálfstfl. hafa komið af nokkru stærilæti. Þeir deila a.m.k. hart á það að menn skuli taka drjúgan tíma í að ræða þessi mál. En stjórnarandstaðan hefur sinn rétt og hún hefur rétt til þess að nota tjáningarfrelsið til að ræða út í hörgul og í þaula hvert einasta smáatriði. Ástandið upp í háskóla í kjölfar gerræðisverknaðar efh.- og viðskn. er auðvitað lýsandi dæmi um þessi vinnubrögð. Þau eru öll slæm, því miður. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hefur um árabil átt virðingu mína fyrir dugnað sinn og útsjónarsemi og á það reyndar enn þá vegna þess að ég er til í það í kristilegum anda að fyrirgefa eina og eina misgjörð. En, virðulegi forseti, þær misgjörðir sem eru saman safnaðar hér í þessu plaggi hv. þm., reyna jafnvel á jafnaðargeð mitt til fullnustu.

Herra forseti. Ég held að við þurfum að velta því aðeins fyrir okkur í hvaða umhverfi frv. kemur fram. Það kemur fram við þær aðstæður að á hinu háa Alþingi er gríðarlega sterkur meiri hluti og vald mikils meiri hluta er alltaf vandmeðfarið. Það þarf mikinn þroska til að bera til að fara vel með það vald. Menn þurfa að búa að nokkrum andlegum styrk til að láta ekki kné fylgja kviði við slíkar aðstæður. Ég verð að segja að mér finnst sem nokkuð vanti á það hjá meiri hlutanum sem ræður í þessum sal. Mér finnst að það sé verið að beita valdi hins sterka gagnvart hinum smáa. (**Gripið fram í:** Er þá Alþýðuflokkurinn hinn smái?) Það er við hæfi, virðulegi forseti, að þingmenn stjórnarliðsins hafi uppi gáska á þessu kvöldi vegna þess að þeir vita að tímanum vindur fram og stjórnarandstaðan mun ekki beita málþófi til að drepa mál sem meiri hlutinn vill koma fram. Það er ekki þannig. En hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem er sennilega að reikna út vextina á kúponunum á borði sínu, er hlátur í huga. Honum er hlátur í huga vegna þess að hann veit að það verður ekki hann sem sætir þeim þrengingum sem er að finna í stöku ákvæði þessa frv., það verður ekki hann sem verður í gervi starfsmanns Pósts og síma sviptur biðlaunum með því að gera viðkomandi ríkisfyrirtæki að hlutafélagi í eigu ríkisins. En hann er hins vegar búinn að sjá til þess með starfi sínu í efh.- og viðskn. að allir þeir, sem starfa hjá ríkisfyrirtækjum sem verða í framtíðinni gerð að hlutafélögum, jafnvel þótt þau verði 100% í eigu ríkisins, hafa ekki biðlaunaréttinn sem þeir hafa í dag. Ef hv. þm. tekur mig upp í sams konar spurningatíma og hann tók hv. þm. Lúðvík Bergvinsson áðan þá mun hann e.t.v. spyrja mig um afstöðu mína til biðlaunanna. Þá mun hún koma fram, hv. þm., ef hún verður ekki þegar reifuð í mínu örstutta máli sem eftir lifir ræðu minnar. (**PHB:** Gott.)

Herra forseti. Ég sé að ákveðin eftirvænting speglast í augum hv. þm. Péturs H. Blöndals, hann vill ræða biðlaunin. Ég held að það sé eitt af því sem er allra verst í þessu frv. og þó að ég sé þeirrar skoðunar að hv. þm. efh.- og viðskn. hafi mjög lagfært frv. frá því sem fyrir var tel ég auðvitað að það sé út af harðri andstöðu en þó málefnalegri hjá stjórnarandstöðunni í þessum sölum og í nefndinni og það sýnir auðvitað að lýðræðið fúnkerar að vissu marki. (**PHB:** Heyrði ég rétt?) Ég verð samt sem áður að segja það að eins og ákvæðin voru upphaflega lýsir það skelfilegri og villimannslegri hugsun gagnvart vinnandi fólki á Íslandi. Það er auðvitað ekki hlutur sem ég get í sjálfu sér skammað þessa hv. þm. fyrir sem eru innan efh.- og viðskn., en þar var bókstaflega gert ráð fyrir því að biðlaunarétturinn væri „halveraður". En sökum kröftugrar stjórnarandstöðu innan nefndarinnar hafa þessir ágætu þingmenn auðvitað breytt því. Eftir sem áður er það alveg ljóst samkvæmt frv. að ef menn fara út í það sem búið er að lýsa yfir, sem liggur jafnvel fyrir í formi afgreiddra frv. á borðum þingmanna, að farið verði í það að búa til hlutafélög úr opinberum fyrirtækjum sem eru í eigu ríkisins í dag verða viðkomandi starfsmenn algjörlega sviptir biðlaunaréttinum.

Þá skulum við velta fyrir okkur eðli þessa biðlaunaréttar. Hæstv. fjmrh. hefur nánast sagt að biðlaunaréttur feli ekki í sér áunnin réttindi. Ég tel að ekki sé með nokkrum rökum hægt að halda því fram. Í fyrsta lagi er hægt að segja að hann er áunnin réttindi að því leyti til að hann varð að veruleika fyrir sameiginlega baráttu verkalýðshreyfingarinnar um mjög langa hríð. En hann er líka áunnin réttindi vegna þess að hann er fall af tíma, þ.e. hann breytist með tíma. Þeir sem hafa unnið skemur en 15 ár hafa ákveðinn biðlaunarétt, þeir sem hafa unnið lengur en 15 ár hafa virkari og meiri biðlaunarétt. Ég viðurkenni það fúslega að ég er bara þingmaður með slaka meðalgreind en ég get ekki fallist á það þegar hv. þm. halda því fram í ljósi þessa að biðlaunin séu ekki áunninn réttur. Auðvitað eru þau áunninn réttur. Svo koma þingmenn hér og sérstaklega hæstv. fjmrh. og halda því fram að biðlaunin séu ekkert annað en aðferð til að borga mönnum tvöföld laun vegna þess að menn fá biðlaun þegar þeir tapa starfinu jafnvel þó þeir séu áfram í starfi sem ríkið útvegar þeim þá hjá hinu nýja hlutafélagi, tökum sem dæmi Póst og síma.

Herra forseti. Það var skelfilegt þegar hæstv. samgrh.

anaði út í það forað að setja fram frv. um Póst og síma vegna þess að það var svo gersamlega vanhugsað að það stóð ekki steinn yfir steini þegar kom að réttindaákvæðunum. Réttindaákvæðin sýndu bara að hæstv. ráðherrar höfðu ekki meiri faglegan metnað en svo að þeir höfðu ekki einu sinni lesið nýfallna dóma vegna þess að réttindaákvæði frv. um Póst og síma braut algjörlega í bága við nýfallinn dóm í svokölluðu SR-máli. Það er þarflegt, herra forseti, að velta því máli örlítið fyrir sér. Það mál, virðulegi forseti, var tvenns konar. Annars vegar féll sá dómur vegna þess að gert var ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður SR-mjöls, sem áður hafði verið starfsmaður Síldarverksmiðja ríkins, fengi sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi. Vegna þess að lögin tóku einungis til þeirra 50 starfsmanna, sem unnu hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, þá taldi héraðsdómur að þetta væri brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulaga. En jafnframt kom það líka fram, virðulegi forseti, að um var að ræða starf og það sagði í niðurstöðuorðum dómsins „sem var ekki sambærilegt".

Það lá fyrir að ef opinberu fyrirtæki er breytt í hlutafélag, sem er 100% í eigu ríkisins, þá er starfið ekki sambærilegt. Nú skulum við ályktа út frá þessum staðreyndum. Viðkomandi starfsmanneskja hafði nákvæmlega sömu laun, hún hélt nákvæmlega sama áunna lífeyrisrétti, hún hafði sama síma, sama herbergi, sama skrifborð. En hvað var það sem hún hafði ekki? Hún hafði ekki lengur möguleika til að byggja ofan á þau réttindi sem fyrir voru. Hún gat ekki áunnið sér frekari réttindi. Hvað þýðir þetta ef menn gagnálykta? Það þýðir bara það eitt að biðlaunin eru ekki hugsuð sem laun heldur sem bætur fyrir það að tapa möguleikunum til ávinnslunnar. Ef þetta er rétt rökleiðsla hjá mér er alveg klárt að eins og frv. um Póst og síma kom fram var það bara tómt rugl. Þá er það líka klárt að jafnvel þó þessar breytingar, sem liggja núna fyrir standist samkæmt stjórnarskrá og öllum alþjóðlegum sáttmálum þá eru þau samt sem áður í blóra við lögmál sem búið er að setja og það eru orð hæstv. forsrh. Vegna þess að hæstv. forsrh. hefur úr þeim stóli sem ég stend í núna, virðulegi forseti, lýst því yfir að ekki verði farin sú leið að taka aftur slík réttindi. Þá er spurningin, virðulegi forseti, hvort muni vega þyngra vilji hæstv. fjmrh. og stjórnarliðsins, sem hann hefur í eftirdragi, eða orð hæstv. forsrh. Ég hef af nokkrum kynnum mínum af hæstv. forsrh. aldrei staðið hann að öðru en því að orð hans eru þyngri en gull. Ætla hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem geispar hér í sæti sínu og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem lítur jafngáfulega út núna og í dag, að verða til þess að orð hæstv. forsrh. liggi tætt og brotin á gólfinu? Herra forseti. Ég held að þessir hv. þm. eigi að hafa meiri metnað fyrir hönd flokks síns og formanns en svo og ég hirði þá ekki um afstöðu Framsfl. vegna þess að hann er horfinn héðan úr salnum og þykir mér lítil tíðindi.

Herra forseti. Sú starfsmannastefna sem liggur fyrir í frv. er partur af uppstokkun í ríkisrekstrinum sem hæstv. fjmrh. hefur staðið fyrir um nokkurra ára skeið. Það er margt gott um það að segja og hæstv. ráðherra hefur t.d. haldið fjórar merkilegar ráðstefnur um þetta og þær eru ekki hvað síst merkilegar fyrir það að þær hafa allar verið skemmtilegar og allar endað með skemmtilegri samdrykkju, má vera að það séu e.t.v. áhrif frá stjórnarsamstarfinu á síðasta kjörtímabili. En, virðulegi forseti, (**Gripið fram í:** Nú?) ja, Alþfl. hefur alltaf haft orð á sér fyrir að kunna að lifa lífinu (**Gripið fram í:** Létt.) létt. Er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, herra forseti. Nú er ég kominn út á það svell sem hálast er og hygg ég að rétt sé að reyna að krafla sig aðeins til baka.

Herra forseti. Ég var að ræða hér um biðlaunaréttinn og orð forsrh. Ég er þeirrar skoðunar og tel að ég hafi fært sæmileg rök að því hér áðan að biðlaunin séu bætur fyrir tap á réttindum sem viðkomandi starfsmaður hafði í þjónustu ríkisins en missir þegar viðkomandi starf flyst yfir í hlutafélag jafnvel þó það sé 100% í eigu ríkisins. Ég er algerlega ósammála því sem menn eru að segja um biðlaunin að þau séu ekkert annað en tvöföldun launa. Úr þessum örfáu ræðum hv. stjórnarliða og ekki síst hæstv. ráðherra er hægt að finna dæmi um það að þeir hafa þrátt fyrir allt gott skyn og stundum missa þeir út úr sér það sem þeir eru að hugsa. Nú mundi ég aldrei segja um hv. þm. Vilhjálm Egilsson að hann næði ekki að hugsa jafnhratt og hann talaði, því það gerir hann sannarlega, en hv. þm. sagði í andsvari einhverja síðustu daga þegar verið var að væna hann og stjórnarliðana um að það væri verið að taka burt ákveðin réttindi sem væru fémæt og hefði þess vegna þurft að semja um. Ég man ekki hvernig hv. þm. orðaði það en efnislega sagði hann að auðvitað hlyti að koma til einhverrar umræðu um bætur í tengslum við næstu kjarasamninga. Með öðrum orðum fannst mér sem hv. þm. væri þarna a.m.k. í andófi sínu kominn niður á annað hnéð, að hann væri farinn að fallast á það að ef til vill kynni að vera búið að taka einhver réttindi sem væru fémæt og sem þyrfti að greiða fyrir.

Virðulegi forseti. Hafi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson verið kominn a.m.k. niður á annað hnéð þá fór hæstv. fjmrh. í andsvari sínu fyrr í umræðunni niður á þau bæði. Það var raunar við 1. umr., herra forseti. Þá vorum við að ræða um áunnin réttindi og ég hafði haldið því fram við hæstv. ráðherra þegar við vorum að ræða um hina nýju stétt, embættismennina, að þeir væru í sjálfu sér sviptir verkfallsrétti og samningsrétti sem hvort tveggja væru fémæt réttindi og þyrfti þess vegna með einhverju móti að greiða fyrir. Ég dró þá ályktun að það þyrfti að semja um þau áður en þau voru með þessum hætti tekin af viðkomandi starfsmönnum. Þá sagði hæstv. ráðherra að fyrir þessi réttindi væri greitt vegna þess að þeir héldu biðlaunarétti. Hann orðaði þetta efnislega með þessum hætti. Ég get þess vegna ekki dregið aðra ályktun en þá að hann hafi með þessum orðum fallist á að samningsrettur og verkfallsréttur þessara hópa feli í sér fémæt réttindi. Þá finnst mér, herra forseti, sem þarna sé komin ansi athyglisverð veila í röksemdafærslu hæstv. ráðherra.

Þá kem ég að því, virðulegi forseti, að allt sem er í þessu frv. er þess eðlis að það mætti breyta því. Ég er auðvitað ekki forustumaður í BSRB þannig að það er ódýrt fyrir mig að segja þetta en nánast hvert og eitt einasta atriði er þess eðlis að ég gæti fallist á að því yrði breytt, biðlaunaréttinum líka, ef fyrir það kæmi einhvers konar greiðsla. Við megum ekki gleyma því, virðulegi forseti, að það má segja að opinberir starfsmenn hafi búið við það sem kallað er aukna ráðningarfestu miðað við almenna vinnumarkaðinn og þeir hafa búið við ýmiss konar skilyrði sem eru talsvert betri en tíðkast á hinum almenna markaði. Þeir hafa, herra forseti, miklu víðtækari réttindi. En þetta eru ekki réttindi sem þeir hafa fengið í jólapakka frá ríkisstjórninni í gegnum árin. Nei, virðulegi forseti, þetta eru réttindi sem þeir hafa í rauninni staðgreitt hverju sinni. Ég fullyrði að ég þekki ekki dæmi þess að það hafi gerst að ríkisvaldið hafi að eigin frumkvæði breytt lögum til að auka réttindi opinberra starfsmanna. Það hefur alltaf verið þannig að það hefur gerst fyrir þrýsting við-

komandi samtaka. Og það hefur alltaf verið þannig, virðulegi forseti, að fyrir það hefur verið greitt með því að opinberir starfsmenn hafa sætt sig við lægri laun en tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði.

Herra forseti. Ég minnist þess að það eru ekki nema nokkur ár síðan opinberir starfsmenn, kennarar og BSRB, fóru í mikla herferð til að reyna að ná jafnstöðu gagnvart almenna markaðnum. Gerðar voru miklar skýrslur og þær sýndu að engum blöðum var um það að fletta að munurinn á launakjörum opinberra starfsmanna og þeirra sem störfuðu á almennum vinnumarkaði var talsvert mikill. Hvert var svarið þegar forusta opinberra starfsmanna gekk fyrir dyr ríkisvaldsins og óskaði eftir því að þessi munur yrði leiðréttur? Svarið var að það væri sanngjarnt að þeir starfsmenn sem væru innan vébanda þessara samtaka hefðu lægri laun vegna þess að þeir byggju við miklu öruggara og traustara réttindaumhverfi. Réttindi þeirra voru með öðrum orðum miklu betri. Ég er að verulegu leyti sammála þessu, virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að réttindin sem opinberir starfsmenn hafa haft í gegnum árin séu þess eðlis að þau skapi ákveðið öryggi sem er ekki að finna á hinum almenna markaði og það réttlætir að það sé einhver munur þarna á milli almenna vinnumarkaðarins og opinbera markaðarins vegna þess að í þessum réttindum er að finna fémæti. En þá verður líka að gagnálykta að þegar þessi réttindi eru skert með einhverjum hætti, þegar þau eru tekin til baka, þá verður að greiða fyrir þau. Ég hef skilið mál hv. þm. Vilhjálms Egilssonar þannig að það sé ekki útilokað að það verði gert en það þurfi að koma fram í samningum og þá væntanlega næstu samningum.

Herra forseti. Það er ekki hægt að semja eftir á. Sá sem er settur í þvílíka stöðu getur aldrei vænst þess að ná rétti sínum. Þess vegna er þetta í meginandstöðu við það sem sanngjarnt er. Þetta er a.m.k. í andstöðu við stefnu annars stjórnarflokksins vegna þess að Framsfl. hefur lýst því yfir að engar breytingar eigi að gera nema í góðu samráði við vinnumarkaðinn. Þetta kemur fram í stefnuskrá Framsfl. En það sem er mun verra er að ég tel að þetta sé líka í andstöðu við gildandi lög. Þegar lögin sem við búum við núna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett 1954 þá fólst í þeim ákveðin þjóðarsátt, það fólst í þeim ákveðin sátt milli framkvæmdarvaldsins og starfsmanna þess. Þessi kjarasátt kemur fram í einni af greinum laganna frá 1954. Ég held að ekki sé hægt að túlka 37. gr. laganna frá 1954 öðruvísi en svo að þar sé a.m.k. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja lofað lögum samkvæmt að það fái að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði sem kunni að koma upp við endurskoðun laganna. Það hafa heldur betur komið upp ágreiningsefni við endurskoðun þessara laga. Það er hins vegar rakið afskaplega vel í ýmsum umsögnum sem efh.- og viðskn. hefur borist hvernig opinberir starfsmenn fengu að fylgjast með þessu.

Herra forseti. Ég tel að lög hafi verið brotin þegar menn fóru í viðræður milli hins opinbera og samtaka opinberra starfsmanna. Að vísu hefur hæstv. fjmrh. gefið út áróðursrit á kostnað skattborgaranna þar sem það kemur fram að haft hafi verið fullt samráð milli hæstv. fjmrh. annars vegar og opinberra starfsmanna hins vegar. Nú er ég búinn, herra forseti, að lesa og rekja efni 36. gr. gildandi laga þar sem segir að samtökum opinberra starfsmanna eigi að gefast kostur á því að fjalla um ágreiningsefni sem koma upp við endurskoðun þessara laga. Það er samt sem áður þannig að það var ekki bara í skötulíki sem þetta samráð fór fram, það var nánast ekki til. Það var þannig að hæstv. fjmrh. fékk einfaldlega lögfræðing út í bæ til að búa til þetta frv. Ég fæ ekki betur séð af lestri málsatvika en að þessi frumvarpssmíð hafi farið fram án þess að samtökum opinberra starfsmanna hafi verið gefinn kostur á því að fylgjast með heldur hafi þau bókstaflega verið dulinn verknaðarins. Þau hafi ekki fengið að vita af því að í bígerð var að kollvarpa því réttindaumhverfi sem opinberir starfsmenn búa við. Það kemur fram í minnisblaði frá Bandalagi háskólamanna til fjmrh. að 4. okt. hafi frumvarpshöfundurinn óskað eftir fundi með samtökunum. Þar var honum gerð ítarleg grein fyrir sjónarmiðum opinberra starfsmanna, a.m.k. Bandalags háskólamanna. Síðan eru menn á einhverjum málamyndarfundum en það er ekki fyrr en eftir áramót, þ.e. nokkrum mánuðum síðar, þegar bersýnilega er búið að láta í veðri vaka að verið sé að taka tillit til sjónarmiða Bandalags háskólamanna og opinberir starfsmenn höfðu enga ástæðu til að ætla annað en að farið yrði í eðlilegt samráð samkvæmt hefð, samkvæmt gildandi lögum, þá gerist það allt í einu að mönnum berst bréf þar sem liggur fyrir að það er verið að gjörbreyta öllu réttindaumhverfinu, það er verið að gjörbreyta lögunum. Það var ekki fyrr en um miðjan febrúar sem forustu Bandalags háskólamanna og þá væntanlega BSRB líka varð ljóst að ekki var verið að gera neinar smávægilegar breytingar á lögunum og þar með þeim réttindum sem í þeim eru fólgin heldur var um allsherjaruppstokkun að ræða.

Herra forseti. Mig langar aðeins að gera að umræðuefni þau markmið sem kemur fram í frv. að eigi að nást með þessum lögum sem væntanlega spretta upp úr frv. hér. Þar kemur fram, m.a. að það eigi að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Ef það væri svo að það væri einlægur vilji hins opinbera, þ.e. hæstv. ráðherra, til að jafna þennan aðstöðumun þá hefði maður getað gert ráð fyrir því að jafnað yrði í báðar áttir. Það var ekki einungis um það að ræða að þar sem fyndust betri réttindi til handa opinberum starfsmönnum væru þau skert til að ná þeim niður á sama svið og þeir búa við sem eru á almennum vinnumarkaði og þiggja hærri laun út á óvissara umhverfi. Nei, herra forseti, maður hefði gert ráð fyrir því að sú leið yrði farin líka að þar sem einhvers konar ákvæði er að finna sem eru miklu verri fyrir opinbera starfsmenn þá yrði einnig breytt á hinn veginn. Ég, herra forseti, verð hins vegar að segja að þegar maður les t.d. IV. kafla frv. um skyldur opinberra starfsmanna þá kemur í ljós að víða eru í gildi ákvæði sem má með sanni segja að séu úrelt og mjög til baga fyrir opinbera starfsmenn. Af hverju er sú leið ekki farin að breyta þessum lögum, herra forseti?

Ég ætla að nefna nokkur dæmi. Ég nefni sem dæmi að í 30. gr. gildandi laga eru ákvæði sem kveða á um að ef opinberir starfsmenn eru fjarverandi án sérstakra gildra forfalla þá þurfa þeir að greiða tvöfalt fyrir hverja stund sem þeir eru í burtu. Þetta er úrelt ákvæði, fornfálegt refsiákvæði. Ef það er svo að hæstv. fjmrh. er að reyna að byggja upp eins og hann segir sjálfur, nútímalega starfsmannastjórnun a.m.k. jafnnútímalega og er hjá einkafyrirtækjum, hvers vegna fóru menn þá ekki í það að taka þetta úrelta ákvæði burtu? Þetta skiptir litlu máli en sýnir hugarfarið vegna þess að það afhjúpar þann tilgang sem liggur raunverulega að baki frv. og hann er sá að jafna aðstöðumuninn bara í eina átt. Það þykir mér auðvitað nöturlegt, herra forseti. Það er hægt að fara í fleiri ákvæði sem eru í sama farvegi. T.d. má ráða þegar

maður les frv. að þar er verið að breyta núgildandi 31. gr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega."

Síðar segir í greininni að engum sé skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma. Í frv. er þessu breytt með tvennum hætti:

„Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega."

Síðar segir að það sé ekki skylt að vinna meiri yfirvinnu en sem nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma. Þegar ég las þetta fyrst þá hugsaði ég, jæja þarna er þá verið að draga úr skyldum opinberra starfsmanna. Ég gladdist yfir þessu og taldi að þetta bæri vott um hið upprunalega hjartalag skátans sem situr í stóli hæstv. fjmrh. og hann væri þarna að létta ákveðinni kvöð af sínum starfsmönnum. En auðvitað kemur í ljós að þetta eins og svo margt anand sem til betri vegar horfir á vinnumarkaði á rætur að rekja til vinnutilskipana frá ESB sem hafa þjóðréttarlega skuldbindingu hér á landi. Þannig að það var ekki bara hinn góði vilji hv. þm. Vilhjálms Egilssonar sem þó er einlægur í sínum ásetningi, hver sem hann er, né heldur hugarfar skátans. Það var einfaldlega verið að fara eftir því sem ESB keyrir í hausinn á hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum. Ef það hefði verið raunverulegur tilgangur að jafna aðstöðumuninn þá hefði þessu ákvæði um að starfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu sem forstöðumaðurinn telur nauðsynlega, verið breytt vegna þess að á hinum almenna vinnumarkaði er þetta ekki svona. Þar fer vinnutími eftir einstaklingsbundnum ráðningarsamningi eða eftir kjarasamningum hverju sinni. Þetta er í sjálfu sér kannski ekkert voðalega erfitt ákvæði. En ég tel að ef þetta hefði verið hinn einlægi vilji ríkisstjórnarinnar þá hefði þessu verið breytt. Þegar maður les þetta hins vegar í tengslum við ýmislegt annað sem er að finna í þessu frv., sérstaklega í hinni upprunalegu gerð þess þar sem bókstaflega var gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður hefði lítinn eða nánast engan málskotsrétt, mætti auðvitað með vondum vilja álíta sem svo að hér væri að verulegu leyti eins konar dulin uppsagnarheimild. Það hefði mátt álykta það. Ég verð hins vegar að segja hv. efh.- og viðskn. til hróss að hún hefur í ýmsum efnum sem varða málskotsrétt, sem varða skyldu yfirmanna til að gefa starfsmönnum kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri ef það er verið að veita þeim áminningu eða jafnvel að segja þeim upp, að ýmsu leyti tekið tillit til ábendinga sem hafa komið fram hjá stjórnarandstöðunni.

Herra forseti. Ég verð að segja að það er ýmislegt í þessu frv. sem mér finnst ekki alvont. Sumt finnst mér gott. En ég mótmæli alfarið þeirri aðferð sem er notuð af hálfu ríkisstjórnarinnar til að koma vilja sínum fram. Ég tel að það hefði verið hægt að ná sáttum um nánast hvert einasta atriði ef menn hefðu reynt. Ég held að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., geti ekki haldið því fram miðað við þau gögn sem liggja fyrir, að það hafi verið reynt að fara málamiðlunarleiðina eða samráðsleiðina. Ég er alveg sannfærður um að það hefði verið hægt að ná samkomulagi um öll þessi atriði. Það hefði e.t.v. þýtt að það hefði þurft að meta þessi réttindi sem verið er að skerða að einhverju leyti til fjár. Ég minnist þess að reikningshausinn hér í þessum sal, hv. þm. Pétur H. Blöndal, spurði mig hvatskeyttur að vanda við 1. umr. þegar ég var einmitt að reifa þetta með biðlaunin. „Ja, hvað reiknarðu dýrt?" Ég hef auðvitað hvorki vit né þroska til að reikna af jafnmikilli kúnst og hv. þm. og ég gat ekki svarað því. En ef ég settist niður með hv. þm. Pétri H. Blöndal, þá gæti ég með hans aðstoð væntanlega reiknað út hvað við erum í krónum að svipta t.d. hina tilvonandi starfsmenn Pósts og síma hf. mörgum krónum með þeim breytingum á biðlaunaákvæðinu sem gert er hérna. Ætli það hlaupi ekki á gríðarlega háum upphæðum. Og ég veit það, af því að hv. þm. Pétri H. Blöndal leiðist stundum í þessum sal, hugurinn fer svo víða og hann er kannski eirðarlausari en meðalþingmaðurinn og af því að hann er fljótur að reikna þá kannski gerir hann mér það til geðs að reikna þetta út á þeim örfáu mínútum sem eftir lifa af minni ræðu.

Herra forseti. Ég vil segja það hér að þó ég sé algjörlega mótfallinn þessari aðferð sem stjórnarliðið hefur við það að koma hér ýmsum hlutum fram þá eru þarna hlutir sem ég hef margoft lýst yfir að ég hefði viljað sjá. Það er eitt sem ég vil sérstaklega taka fram. Ég er fyrir löngu kominn á þá skoðun að það sé eðlilegt og að það sé hluti af bættum stjórnarháttum ríkisins að fá yfirmönnum ríkisfyrirtækja í hendur meira vald. Vegna þess hvað ráðuneytin eru veikar einingar og eiga oft erfitt með að vinna vel með þeim stofnunum sem undir þau heyra þá hef ég margoft sagt það þegar þessi mál hefur borið á góma hér í þessum stól að það sé algjörlega nauðsynlegt að setja stjórn yfir öll fyrirtæki sem eru í eigu ríkisins og allar stofnanir. Ég hef fundið það oft á máli hv. þm. stjórnarliðsins að þeir hafa tekið undir þetta að því marki að ég held að það sé almenn skoðun meðal hv. þingmanna stjórnarliðsins að allar stofnanir sem fara með einhvers konar eftirlitshlutverk eigi að hafa stjórn yfir sér. Ég er þeirrar skoðunar að allar stofnanir ríkisins eigi að hafa stjórn yfir sér og í öllum stjórnunum eiga starfsmenn að hafa fulltrúa. Ég tel að við þessar aðstæður þar sem starfsmenn hefðu líka málskotsrétt til þessarar stjórnar þá eigi viðkomandi yfirmaður kost á því að hafa mikið svigrúm. Ég t.d. deili ekki þeim varhug sem goldinn er af hálfu stjórnarandstöðunnar við því svigrúmi sem forstöðumönnum stofnana er veitt með frv. til að ákveða viðbótarlaun. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að það er hægt að misnota þetta. Það er hægt að setja upp vildarvinakerfi. Þess vegna er svo nauðsynlegt að hafa aðhaldið sem felst í stjórninni yfir þessum fyrirtækjum. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að á næstunni ... (**Gripið fram í:** Hver á að velja stjórnina?) Eftir atvikum þá gæti það verið Alþingi. Það færi eftir eðli stofnananna. En ég held eins og ég sagði áðan að starfsmenn eigi að hafa fulltrúa þar. Ég skal ekki liggja á þeirri skoðun minni að ég tel að það eigi að vera mikið pólitískt vald yfir þessum stofnunum. Það þýðir ekki að það eigi að skikka yfirmenn viðkomandi stofnunar frá starfi ef þeir fara eitthvað lítillega út af línunni. Það má ekki misskilja orð mín þannig. Ég t.d. deili ekki skoðun sem kemur fram í umsögn Bandalags háskólamanna varðandi erindisbréf yfirmanna stofnana þar sem talað er um að í þessu geti falist leið fyrir óvæginn ráðherra að segja ekki bara gleðileg jól við sitt fólk heldur bókstaflega reka það. Ég deili ekki þeim ótta og tel að ef þannig stjórn væri yfir stofnun þá væri það ekki hægt.

Ég er þeirrar skoðunar að á næstu árum muni nýjar aðferðir ryðja sér til rúms innan ríkiskerfisins. Ég er t.d. alveg sannfærður um að við munum á næstu árum í verulegum mæli sjá samningsstjórnun tekna upp. Ég er hlynntur því. En þá verðum við líka að veita viðkomandi stofnun og yfirmanni hennar og yfirstjórn, möguleika til að umbuna einstökum deildum innan stofnunarinnar eða einstökum starfsmönnum

eftir framlagi þeirra. Ég tel að það sé nauðsynlegt. Við getum til að mynda tekið dæmi af samningsstjórnunarkerfi sem nú er verið að reyna í Kvennaskólanum í Reykjavík. Það virkar vel. Það virkar þannig að gæðastjórnun er líka innifalin í því. Þar er hver einasti kennari spurður í þaula um starf sitt, nemendur spurðir um kennarana o.s.frv. Í þessu felst ákveðin innri hvatning en jafnframt hvati fyrir viðkomandi stofnanir til að aga sjálfar sig og endurmeta sín eigin markmið. Ég verð að segja, eftir tiltölulega skammvinna reynslu sem ráðherra, að það var oft og tíðum skelfilegt að finna hvernig sumar stofnanir hafði borið langt af leið. Þær voru komnar víðs fjarri hinum upprunalegu markmiðum sínum. Og okkur sem trúað er til þess að fara vel með peninga skattborgaranna, við eigum ekki að vera hrædd við að taka ákvarðanir sem gætu leitt til þess að þær stofnanir starfi betur.

Ég ætlaði aðeins að nefna þetta með Kvennaskólann vegna þess að ég hlustaði á erindi um hvernig það verkefni er rekið. Þar er öllum innan skólans settur hvati til að bæta ráð sitt, til að verða betri starfsmenn. Starfsmenn taka því fagnandi. En ég velti einu fyrir mér þegar ég heyrði þetta ágæta erindi. Hver var hvatinn fyrir viðkomandi starfsmenn? Hver var hvatinn? Hann var ekki í kerfinu. Þá varð mér hugsað til minnar eigin skammvinnu reynslu af því að kenna góðu fólki. Ég eyddi einu sinni heilu ári sem lektor við Háskóla Íslands og kenndi við margar deildir. Það var alveg sama hvar ég bar niður ég fann alltaf einn skelfilegan hlut. Það var óskaplegur munur á nemendum eftir því frá hvaða skólum þeir komu, jafnvel nemendur sem voru valdir í krafti þess hvað þeir höfðu háar einkunnir eins og í tannlæknadeild, en mér veittist sá heiður að kenna þar einu sinni. Það var alveg ljóst að það var mikill munur á þeirra þjálfun sem námsmönnum. Það verður að segjast eins og er. Hvernig getum við eytt þessum mun sem getur haft mikil áhrif á þroska þessara námsmanna og mikil áhrif á möguleika þeirra innbyrðis til að hasla sér völl í lífinu? Við getum það auðvitað með því að útvega þeim góða kennara. Og hvernig förum við að því að útvega þeim góða kennara? Ég held, herra forseti, að eitt af því sem við þurfum að geta gert sé að viðkomandi skólastjóra sé leyfilegt að fara fram úr einhverju miðstýrðu launakerfi fjmrn.

Herra forseti. Hv. stjórnarliðar sem hér hafa talað, menn á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Vilhjálm Egilsson, hafa getið sér orð fyrir það hvað þeir eru frjálshuga. Samt er ekki að finna neitt í þessum tillögum sem frá þeim koma sem gerir ráð fyrir því að með einhverju móti sé dregið úr þessari gríðarlegu miðstýringu hjá ríkinu. Og það þykir mér afskaplega merkilegt, herra forseti. Ég get ekki annað en dregið þá ályktun að þessir menn séu að fylgja einhverju allt öðru heldur en eigin sannfæringu. Mér þykir illt að segja það, herra forseti, en ég hef það stundum á tilfinningunni að þegar þessir hv. stjórnarliðar koma hér upp í ræðustólinn og halda sínar innblásnu ræður og skammast yfir málþófi stjórnarandstöðunnar sé það ekkert annað heldur en Baldur og Konni. Baldur er áfram uppi í ráðuneyti og situr þar en Konnarnir eru allir hér.

Herra forseti. Ég tel að ef þessir hv. þm. ætla að vera samkvæmir sjálfum sér þá eigi þeir að iðka sjálfstæða hugsun og hætta að láta ráðherrann skipa sér fyrir í öllum málum. Sér í lagi líð ég önn fyrir það að sjá hinn vaska nýgræðing í okkar hópi, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem kom hingað eins og stormsveipur. Það gustaði af honum og ég sé að hann er að falla í sama farið. Hann er að verða partur af þessum nafnlausa skara sem hættir að hafa sjálfstæðar skoðanir en kemur hingað endrum og eins, rýkur upp í andsvar þegar menn eru búnir að halda ræðu í einn og hálfan tíma og biður um að fá útdrátt í neytendapakkningu í tveggja mínútna formi. Herra forseti. Hvar eru hugsjónir hv. þm. sem ætlaði að brjóta upp kerfið? Hann er orðinn partur af hinum nafnlausa skara sem gerir ekkert nema rétta upp hendurnar þegar kemur að því að greiða atkvæði. Hvar eru hinar sjálfstæðu skoðanir?

[22:19]

Útbýting þingskjala:

Tollalög, 441. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 952; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 953.

Tæknifrjóvgun, 154. mál, brtt. HG o.fl., þskj. 949; brtt. allshn., þskj. 950.

[22:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Félagi Össur hefur farið mikinn í málflutningi sínum eins og honum er tamt.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að ávarpa ber þingmenn hv. þm.)

Hv. þm. er allra manna skemmtilegastur og minnir hann á menn frá fyrri tíð sem gátu í senn verið skemmtilegir og alvarlegir í hugsun. Ég hygg að hv. þm. sé einmitt þannig. Hann lætur fljúga brandarana en meinar örugglega mjög mikið með þeim. Mig langaði til þess að rifja upp ljóð eftir Grím Thomsen sem hann orti um Goðmund á Glæsivöllum.

Goðmundur kóngur er kurteis og hýr,
yfir köldu býr;
fránar eru sjónir, en fölur er hans hlýr,
og feiknstafir svigna í brosi.

Hann fór fljótt yfir sögu og minntist aðeins á Póst og síma hf. sem væntanlega kemur hér til umræðu fljótlega. Hann talaði um að verið væri að taka öll réttindi af því fólki sem flyttist yfir til þess nýja fyrirtækis. Ég vildi aðeins leiðrétta það í stuttu andsvari að samkvæmt þeim tillögum sem frá okkur koma í samgn. verða áunnin réttindi ekki tekin af þessu fólki heldur munu þau fylgja með og réttindi þeirra tryggð í nýju félagi eins og t.d. lífeyrisréttindi. Ég ætla aðeins að lesa hér úr lögum sem eru lög um réttindastöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Það hljóðar svo, með leyfi forseta: „Frá og með þeim degi sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr. skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eiganda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið á almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu hjá fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.“ Í mínum huga er ljóst að starfsmenn Pósts og síma munu einskis missa af lífeyrisréttindum sínum þegar flutningur verður. (**KÁ:** En biðlaunin?)

[22:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt af því sem ég hef haft á móti hinum nýju kynslóðum sjálfstæðismanna hér í þingsölum er hvað þeir eru lítt bókmenntalega sinnaðir. En nú er risinn hér upp silfurhærður og grásprengdur en bersýnilega afar greindur hv. þm. af Suðurnesjum sem kann Grím Thomsen utan að. Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma. Hann er úr kjördæminu en minnist þess þó að einu sinni átti ég í blaðadeilu í Morgunblaðinu um fyrrv. ráðherra Alþfl. Ég var þá í öðrum stjórnmálaflokki sem ég man ekki svo glöggt hver var en

þetta hafði skelfilegar afleiðingar enda býr nú viðkomandi ráðherra erlendis.

Herra forseti. Hv. þm. getur þess að búið sé að breyta frv. um Póst og síma. Það er að vísu rétt að það er búið að breyta frv. en það stendur eftir sem áður að ef og þegar Póstur og sími verður gerður að hlutafélagi og starfsmennirnir færast þar með úr störfum hjá ríkinu og verða starfsmenn hlutafélagsins þá fá þeir ekki biðlaunin greidd. Ég færði hér rök fyrir því að það megi gagnálykta út frá dóminum sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í svokölluðu SR-máli að biðlaunin séu bætur fyrir það að geta ekki lengur bætt við réttindum ofan á þau sem búið var að ávinna sér. Ég er þeirrar skoðunar og vek athygli á því að hæstv. ríkisstjórn hefur nú áfrýjað málinu. Ef hún tapar því máli mundi þessi breyting, sem hv. þm. greindi frá að búið væri að gera á frv., brjóta gegn sama dómi nema því aðeins að það frv. sem hér er verið er verið að fjalla um í kvöld sé orðið að lögum. Og það er auðvitað galdurinn, herra forseti. Allt þetta streð okkar hér í 600 sumur miðar að því einu að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson getur dundað sér við það næsta vetur að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög, eins og Pósti og síma verður breytt í hlutafélag núna, án þess að þurfa borga milljarða króna í biðlaun fyrir þessar bætur. Þetta er auðvitað það sem allt snýst um. Það er verið að færa umtalsverð verðmæti frá launafólki hjá þessum stofnunum yfir til ríkisins.

[22:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að lesa upp úr lögum um réttindastöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum sem eru síðan 1993. Ég tel að í þeim lögum hafi verið tryggður þessi réttur sem ég var að minnast á áðan. Hv. þm. talaði um biðlaun, að þau yrðu ekki greidd. Það er ljóst að biðlaunaréttur þessa starfsfólks mun flytjast með þeim til nýja félagsins en það mun ekki öðlast tvöfaldan biðlaunarétt. Starfsmennirnir geta því ekki fengið biðlaun þegar þeir fara yfir til nýja félagsins og svo aftur ef þau missa stöðuna hjá nýja félaginu. Það er því tryggt að þeir fá biðlaun ef þeir tapa starfi sínu hjá Pósti og síma hf. Í því er grundvallarmunur og ég held að ekki sé mikill ágreiningur um að tvöfaldur biðlaunaréttur getur varla talist eðlilegur þegar um er að ræða störf sem flytjast með þessum hætti og sami vinnuveitandi er til staðar. Í rauninni er aldrei hægt að réttlæta það að borga tvöföld biðlaun, sama hver í hlut á.

[22:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að reyna að skýra áðan í mínu stutta máli var það að ég er algjörlega ósammála þessu viðhorfi sem kemur fram hjá hv. þm. og reyndar hæstv. ráðherra sem kallaði það hér í ræðu bull að greiða mönnum tvöföld laun. Ég tel að hér sé ekki um tvöföldun á launagreiðslum að ræða heldur tel ég að biðlaunin séu hugsuð sem bætur fyrir réttindi sem tapast. Ég tel að þessi SR-dómur sýni það. Ég tel sem sagt, eins og ég sagði í mínu svari áðan, að þetta snúist allt um að breyta biðlaunaákvæðinu. Það er í rauninni það eina sem ríkisstjórnin vill fá fram vegna þess að það verður að liggja fyrir áður en hún hefst handa um að breyta ríkisbönkum, breyta Pósti og síma og öðru í hlutafélög. Ef hv. þm. læsi t.d. andsvör hæstv. samgrh. þegar við deildum um þetta mál í umræðunum um Póst og síma, 1. umr., sæi hann að hæstv. samgrh. komst eiginlega að sömu niðurstöðu og ég og þess vegna hafa menn þessa röð á. Fyrst á að afgreiða þetta frv. hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og svo verður vaðið í Póst og síma.

[22:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat í upphafi ræðu sinnar um þekkingu sína á kynlífi laxa. Síðan fjallaði hann um það að sá sem hér stendur hafi þykkar höfuðskeljar og ég var að velta fyrir mér samhenginu, hvort það væri eitthvað við líkamsbyggingu mína sem hann hefði lært á af reynslu sinni af kynlífi laxa. Reyndar kom nú þekking hans og dýrkun á laxinum vel í ljós þegar hv. þm. fór að berjast eins og laxinn sem syndir á móti straumnum gegn þeim takmörkunum sem verið er að setja í frv. á biðlaunaréttinn. Ég hygg að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna telji ekki eðlilegt að við formbreytingu á ríkisfyrirtæki yfir í hlutafélag fái fólk greidd út bæði laun og biðlaun á sama tíma. Ég hygg að það sé mikill meiri hluti þjóðarinnar sem stendur með því. Að minnsta kosti hef ég fundið það í samtölum mínum við fólk og mína kjósendur. Ég hygg að sú stefna ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessu frv. eigi sér marga fylgismenn.

Hv. þm. notaði gjarnan kaflaskipti í ræðu sinni til þess að ræða um málþóf og rétt stjórnarandstöðunnar til þess að beita eða nota eða misnota sér þá aðstöðu sem hún hefur hér til þess að tala um málin vel og lengi. Hann sagði að hann mætti nota tímann til þess að ræða smáatriði út í hörgul og tók sem dæmi framgangskerfið í háskólanum. Ég dró þá ályktun af ræðu hans að það væri eitt af dæmunum um smáatriðin sem þyrfti að ræða í sambandi við þetta mál. En varðandi framgangskerfið hefur margkomið fram það sama og kom fram hjá rektor á fundi efh.- og viðskn. Hann sá í sjálfu sér ekkert ósamrýmanlegt á milli þeirra ákvæða sem verið er að samþykkja í frv. og framgangskerfisins.

[22:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég byrji á að svara því sem kom fram í upphafi máls hv. þm. þá eru ákveðin tengsl á milli þykkra höfuðskelja og kynlífs hjá löxunum. Það er einfaldlega þannig að þeir sem hafa þykkar höfuðskeljar eru yfirleitt stærri og þeir hafa meiri sjens. En hjá laxinum þekkist það líka að þeir sem eru afskaplega smávaxnir eiga líka sinn sjens. Þeir eru kallaðir „sneakers" og hv. þm. veit þetta auðvitað. Á sínum tíma vorum við báðir í þeim hópi. Við vorum „sneakers" og gekk bara vel. En það er nú önnur saga, herra forseti. Ég vildi aðeins segja um það sem hv. þm. sagði að ég dreg mjög í efa að meiri hluti þjóðarinnar sé þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að fara með þessum hætti gegn biðlaunaréttinum. Hv. þm. orðaði það svo: „Eftir því sem mér hefur skilist á samtölum mínum við fólk." Þá vil ég spyrja hv. þm. hvenær hann náði því að tala við 100 þús. Íslendinga. Satt að segja hef ég ekki orðið var við að stjórnarliðar séu í miklu sambandi við kjósendur. Og því miður virðist það t.d. ekki hafa komist inn fyrir höfuðskeljar hvorki hv. þm. Vilhjálms Egilssonar eða annarra stjórnarliða að það er ekki til eitt einasta verkalýðsfélag og ekki einn umsagnaraðili í gervöllu landinu fyrir utan Vinnuveitendasamband Íslands sem hefur lostið upp fagnaðarópi yfir þeim smánarfrumvörpum sem nú liggja fyrir í kistu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Ég þakka honum því fyrir að upplýsa mig um þetta. En fyrst hann hefur svona í samtölum sínum við þjóðina verið að kanna

hitt og þetta — veit hann nokkuð um fylgi við væntanlegan forsetaframbjóðanda í röðum Alþfl.?

[22:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit, jafnmikill vísindamaður og hann er, þá gera menn nú stundum úrtaksrannsóknir þegar þeir eru að kynna sér ákveðna hluti. Ég veit að hv. þm. hefur ekki skoðað upp í þá laxa alla sem hann hefur verið að rannsaka en veit samt býsna mikið um þá.

Varðandi eitt sem kom fram hjá hv. þm. og mér þótti mikið til koma var það að honum þótti að mér virtist vænna og meira koma til orða hæstv. forsrh. en stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra samninga ef einhver misfella væri þar á milli. Ég vil gjarnan þakka honum fyrir að hafa jafnmikið álit á hæstv. forsrh. og þarna kom fram og fullvissa hann um að forsrh. stendur heill að baki frv. og telur að það sé ekki flísin á milli þess sem þar kemur fram og stjórnarskrár og alþjóðlegra samninga.

Varðandi það þegar hann fjallaði um verðmiða á biðlaunaréttindin og annað það sem menn telja að hér sé verið að ganga með til baka í réttindum eða kjörum, þá er það að sjálfsögðu þannig að kjarasamningar eiga eftir að koma og ekki bara næsta vetur heldur margir þar á eftir. Ef opinberir starfsmenn verðleggja þessi réttindi sem þeir telja að sé verið að taka af þeim, sem er nú ansi léttvægt að mér finnst, þá mun það að sjálfsögðu koma fram í kjarasamningum og um það verður rætt og oftar en einu sinni væntanlega.

[22:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir langa vist í björgum Sjálfstfl. er þrátt fyrir allt svo mikil ærleiki til í hjarta hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að hann getur ekki komið hingað upp og haldið því fram að þetta séu ónýt réttindi. Hann segir: „Þau eru einhvers virði.“ Hann er að lýsa því yfir að það sé hægt að ræða um þetta í kjarasamningum. Honum finnst þau að vísu léttvæg en hann segir ekki: „Þau eru einskis virði.“ Það er nokkurs virði fyrir mig.

Að því er varðar orð hæstv. forsrh. þá er ég þeirrar skoðunar að þau séu gulls ígildi. Það er mín reynsla og ég að því leytinu til tek miklu meira mark á hæstv. forsrh. en stjórnarliða. En hv. þm. skyldi vara sig á því að vera að tala um það hér að hæstv. forsrh. standi fast að baki þessu frv. Það sagði líka hæstv. ráðherrann þegar hann stóð hér í stólnum og sagði: „Ríkisstjórnin er einhuga að baki mér.“ En þá var hæstv. forsrh. uppi í Stjórnarráði að tæta í sundur lífeyrisfrumvarpið sem er dautt.

[22:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir kjarnyrta en ekki mjög stuttorða ræðu. Í fyrsta lagi var byrjunin ansi laus í reipunum og ekkert mjög hnitmiðuð. Það var rætt um drykkjusiði fyrrv. ríkisstjórnar o.s.frv. Síðan varð hann eitthvað ákveðnari og hann ræddi t.d. um það að margar stofnanir væru komnar langt af leið. Hann hefði kynnst því í ráðherratíð sinni sem var því miður að hans mati of stutt. Mín spurning er sú: Er hv. þm. þá ánægður með æviráðninguna sem nú er í gildi sem gerir það ókleift að losa þessar stofnanir við forsvarsmenn þeirra? Önnur spurning til hv. þm.: Mig langar svo mikið til að heyra hv. þm. lýsa því yfir enn einu sinni að hann sé ánægður með biðlaunakerfið eins og það er núna praktíserað. Mig langar til að heyra hann segja að það sé eðlilegt og sanngjarnt að fólk sé með tvöföld laun. Þjóðina langar til að heyra hv. þm. lýsa því yfir og mig langar til að hv. þm. segi mér rökstuðninginn fyrir því að þeir opinberir starfsmenn sem af tilviljun vinna hjá Pósti og síma, eigi að fá hálfs árs laun eða eins árs laun gefin, en hinir sem vinna ekki hjá Pósti og síma fái engin biðlaun og engin tvöföld laun. Þetta er spurning til hv. þm. En aðalatriðið er að hann segi mér að hann sé ánægður með núverandi biðlaunakerfi og það sé eðlilegt að fólk sé með tvöföld laun.

[22:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist ágætra orða núverandi útvarpsstjóra sem sagði: „Það blundar í mér svolítið fól.“ Ég sé það að í rauninni var hv. þm. að koma hér upp í stól til þess að segja: ‚Mig langaði alltaf til þess að verða bókmenntagagnrýnandi“, því hann tók ræðu mína fyrir og skipti henni í ýmsa kafla og gaf þeim síðan einkunnir. En hann átti eftir að taka lokakaflann þegar ég var að tala um hann sjálfan.

Herra forseti. Ég lýsi því þá hér yfir að ég er á móti æviráðningunni og ég er þeirrar skoðunar að hún eigi að hverfa en ég er þeirrar skoðunar að hún sé partur af réttindum sem opinberir starfsmenn hafa unnið sér í gegnum samninga við ríkið og þeir hafa greitt fyrir þetta. Þeir hafa staðgreitt æviráðninguna. Ef hún er af þeim tekin þá á að greiða þeim til baka það sem þeir hafa greitt fyrir hana. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sérstaklega þörf á því að hægt sé að hnika til forstöðumönnum stofnana og æðstu embættismönnum ráðuneytanna en það eru nákvæmlega þeir sem mér sýnast vera grjótfastastir í þessu kerfi sem hv. þm. er greinilega hreykinn af að vera að byggja hér upp.

Að því er biðlaunaréttinn varðar þá er ég búinn að lýsa því hvaða skoðun dómstólarnir eða a.m.k. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur á honum. Þar er um það að ræða, herra forseti, að maður flyst úr starfi hjá hinu opinbera yfir í hlutafélag sem er alfarið í eigu hins opinbera. (**Gripið fram í:** Sama starf.) Það er sama starf, sama skrifborð, sami sími, sömu laun og sömu áunnin réttindi en hann hefur ekki möguleika til þess að byggja ofan á þessi réttindi. Og hvað segir dómarinn? „Það á að borga honum biðlaun fyrir það.“ Með öðrum orðum, ekki deili ég við þennan dómara. Hvað sem mér finnst um biðlaun eða ekki, þá er ég þeirrar skoðunar að þetta sé partur af því sem opinberir starfsmenn hafa unnið sér í samningum við ríkið og það verður að greiða fyrir það. Ég tek ekki gleraugun af hv. þm. Pétri Blöndal og brýt þau án þess að ég þurfi að borga þau.

[22:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Dómarinn dæmir samkvæmt lögum og hv. þm. setur þessi lög þannig að hann getur ráðið því hvort að fólk sé með tvöföld laun eða ekki. Hann talaði áðan um Baldur og Konna og að allir séu að falla í sama farið og þar með mín persóna. Ég ætla að vona að ég lendi aldrei í þeirri stöðu að þurfa að mala hérna klukkutímum saman til þess að stunda málþóf. Fjórir hv. þm. hafa talað meira en í tvo tíma og þar á hv. þm. Ögmundur Jónasson metið, 2 tímar og 52 mín. Það var ég að reikna út áðan, nr. tvö er Hjörleifur Guttormsson hv. með 2 tíma og 31 mínútu, nr. þrjú er Steingrímur J. Sigfússon með 2 tíma og 17 mín. og nr. 4 er Guðmundur Árni Stefánsson með 2 tíma og 5 mín. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er því miður léttvægur og léttur

á þessum mælikvarða því hann talaði bara í einn klukkutíma og fimm mín.

[22:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er að stíga í ræðustólinn öðru sinni í þessari umræðu og fyrir því liggja ýmsar brýnar ástæður sem ég mun koma að í máli mínu. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. er mættur en ég hefði viljað sjá hæstv. forsrh. við þessa umræðu. En mér er tjáð að hann hafi varamann hér inni þannig að líklega hef ég ekki rétt á því að kalla hann til umræðunnar. Inntak ræðu minnar er það að mér finnst nauðsynlegt að ræða við hæstv. ráðherra afleiðingar þessa frv. og fá að heyra það frá hæstv. forsrh. hvort að hann geri sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta frv. mun hafa og einnig það frv. sem í kvöld var tekið út úr félmn., þ.e. frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem væntanlega mun koma til umræðu á hinu háa Alþingi á allra næstu dögum, rétt í þann mund sem þing Alþýðusambandsins, m.a. í tilefni af 80 ára afmæli ASÍ, er að hefjast. Þannig standa málin hér, hæstv. forseti.

Hv. þm. Pétur Blöndal lýsti því yfir rétt áðan að hann vonaðist til þess að hann þyrfti aldrei að standa í þeim sporum að þurfa að halda tveggja tíma ræður. Þegar ég kom hingað í sali fyrir einum fimm árum, var það mjög í minnum haft hvernig Sjálfstfl. hagaði sér þegar hann var í stjórnarandstöðu á tímabilinu 1987–1989. Það var talið að fáir hefðu staðið sig með öðrum eins glæsibrag og þeir í að halda langar ræður og þó einkum að leika sér með þingsköp því að m.a. þeir sem nú gegna ráðherraembættum voru algjörir sérfræðingar í því að teygja umræður mjög á langinn og nýta þingsköpin til hins ýtrasta. Hv. þm. ætti því að tala varlega um framtíðina. Enginn veit í hvaða stöðu hann verður á næstu árum eða á næsta kjörtímabili. Ef sú stund rennur upp að eitthvert frv. verði á ferð, t.d. um breytingar á Vinnuveitendasambandinu og lögum þess eða eitthvað sem snertir fyrirtækin í landinu þá er nú aldrei að vita nema hann vilji snúast til varnar. (Gripið fram í.) Það á eftir að koma í ljós. Þingmaðurinn er á góðri leið.

Hæstv. forseti. Áður en ég kem að efninu verð ég líka að beina orðum til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar því hann er ekki nógu vel að sér í sögu Alþfl. sem á nú 80 ára afmæli á þessu ári. (**ÖS:** Ég er vel að mér í sögu Alþb.) (**Gripið fram í:** Það er skiljanlegt.) Já, en hann er nú búinn að vera nokkur ár í Alþfl. og á auðvitað að þekkja sögu þess mæta flokks. Þegar hann er að tala um það hve Alþfl. sé hallur undir hið ljúfa líf þá verður að rifja það upp fyrir honum að fyrsta kynslóð alþýðuflokksmanna var meðal helstu bindindismanna í landinu og ef ég man rétt þá er í fyrstu stefnuskrám Alþfl. að finna miklar heitstrengingar um það að ... (**Gripið fram í:** Varaformaðurinn er enn í þeim hópi.) Nei, það ... (**Gripið fram í:** Nei!) Mörgu fer aftur hér í heimi. Heimur versnandi fer. Það eru breyttir tímar en þingmaðurinn ætti að kynna sér þessa sögu betur áður en hann kemur með sögulegar fullyrðingar.

Áður en ég kem að meginefni minnar ræðu vil ég líka nefna þessi tvö atriði sem menn eru sífellt að þræta um hérna. Það eru annars vegar biðlaunin og hins vegar ... Já, hér fæ ég sögulega leiðréttingu frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sem bendir mér á að Sjálfstfl. hafi verið í stjórnarandstöðu 1988–1991. Ég þakka henni fyrir þessa leiðréttingu. Þetta mun rétt vera. Það voru kosningar einmitt 1991 og fundum við nú svo sannarlega fyrir því þegar nokkrir ráðherrar misstu stólana og voru hér alveg trylltir en ætla nú að ná sér í enn hærri embætti í okkar samfélagi.

Aðeins um biðlaun og æviráðningu. Ég ítreka það enn einu sinni að hér er um réttindi að ræða sem samtök opinberra starfsmanna vildu fá að semja um. Hvað sem menn segja þá eru þetta réttindi, sum hver umsamin réttindi, önnur hafa verið tekin upp á fyrri árum í lögum af ýmsum ástæðum og opinberir starfsmenn vildu fá að semja um þessi réttindi en ekki að upplifa að þau væru afnumin einhliða eins og hér á að fara að gera. Um það snýst málið fyrir utan það að biðlaun, eins og fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, tengjast því þegar breyting verður á högum manna hvernig sem hún verður. Þeir sem þegar hafa gengið í gegnum breytingar á ríkisstofnunum yfir í einkafyrirtæki hafa orðið fyrir réttindamissi. Þeir starfsmenn hafa orðið að hverfa í önnur verkalýðsfélög. Það hafa orðið breytingar á lífeyrismálum þó menn hafi reyndar rekið sig á varðandi biðlaunin og eru nú einmitt að koma hér í gegn lagabreytingum m.a. vegna þess dóms sem vitnað var til í umræðunni. Það verður því ekki fram hjá því horft að hér er um réttindi að ræða. Réttindi sem verið er að breyta. Það mergur málsins.

Hæstv. forseti. Meginástæðan fyrir því að ég stíg hér í stól að nýju er að mér finnst einn þáttur þessa stóra máls alls ekki hafa komist nægilega vel til skila og það hafa engin svör fengist hvað þann þátt varðar. Ég hef ekki orðið vör við að fjölmiðlar í landinu hafi beint sjónum að þeim þætti en það er sá réttindamissir og þau mannréttindabrot og brot á alþjóðlegum sáttmálum sem er að finna í frv. Það verður ekki fram hjá því horft. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að 22. gr. þessa frv. brýtur í bága við mannréttindasáttmála. Það felst í því að hér er verið að breyta högum starfsmanna ríkisins, allnokkurs hóps, í þá veru að jafnvel heilu stéttarfélögin eru svipt samningsrétti og verkfallsrétti án þess að hafa verið spurð, án þess að um það hafi verið samið. Þetta brýtur í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og þá mannréttindasáttmála sem við erum aðilar að. Ég skil ekki hvers vegna menn beina ekki sjónum að þessu atriði. Ég krefst þess að þetta verði kannað sérstaklega í efh.- og viðskn. á milli 2. og 3. umr. Ég get tekið á mig þá sök með öðrum þeim sem eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. að hafa ekki kveikt almennilega á þessu atriði nógu snemma til að kalla eftir lögfræðilegum álitum. En þetta verður að kanna. Þessar breytingar og ýmsar aðrar kalla á málaferli og kærur, það getur ekki annað gerst. Til að rökstyðja mál mitt, hæstv. forseti vil ég vísa til mannréttindasáttmála Evrópu. Þar segir í 11. gr.:

„Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum. Þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum. Eigi skulu réttindi þessi háð öðrum takmörkunum en þeim sem mælt er um í lögum og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings eða ríkis, til að koma í veg fyrir óspektir eða glæpi, til verndar heilbrigði eða siðgæði eða til að vernda réttindi og frelsi annarra. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að herliðar, lögreglumenn eða stjórnarstarfsmenn njóti þessara réttinda."

Í 22. gr. frv. er verið að taka þau réttindi að starfa í stéttarfélagi, að njóta félagafrelsis, að hafa samningsrétt og verkfallsrétt sem eru vernduð réttindi — þau eru vernduð réttindi samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og

samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum — það er verið að taka þessi réttindi af ákveðnum hópi fólks án þess að þeir hafi verið spurðir. Ég get nefnt t.d. stéttarfélag lögfræðinga. Það má nefna hóp prófessora við Háskóla Íslands sem hefur aldrei verið spurður að því hvort hann vildi gangast undir það að vera embættismaður o.s.frv. Það segir einnig, hæstv. forseti, í alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, í 6. gr.:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt manna til vinnu sem felur í sér rétt sérhvers manns til þess að hafa tækifæri til þess að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér eða tekur að sér af frjálsum vilja og munu ríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja þennan rétt."

Þessi grein, hæstv. forseti, tengist öðru broti sem er að finna hér í þessum lögum og það er í 36. gr. Þar er stjórnvaldi heimilað að flytja menn úr einu embætti í annað. Ég dreg stórlega í efa að þessi grein standist stjórnarskrá íslenska lýðveldisins þar sem kveðið er á um rétt manna til að stunda atvinnu. Þar segir í 75. gr.:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa."

Samt sem áður er löggjafinn hér að taka sér það vald að færa menn á milli embætta. Og það er vísað til 20. gr. stjórnarskrárinnar þar sem forseta landsins, sem þeir náttúrlega segja hér í skýringum að í raun þýði ráðherra, í 20. gr. segir, með leyfi forseta:

„Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk."

Hvernig kemur þetta allt heim og saman? Hvað er það sem gildir? Í fyrsta lagi kveður stjórnarskráin á um frelsi manna til að velja sér atvinnu. Síðan er hér grein sem er mjög gömul að stofni til sem kveður á um rétt til að færa menn milli embætta. Síðan er alþjóðasáttmálinn um félagsleg og efnahagsleg réttindi sem kveður á um að menn eigi að velja sér embætti eða starf af frjálsum vilja. Hvernig kemur þetta heim og saman? Þetta er einn hrærigrautur og það sem verið er að gera í þessari grein er að veita ráðherra eða stjórnvaldi heimild til að færa menn milli embætta og lækka þá í launum. Það er ekki verið að gera það sem 20. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir, að menn skuli einskis í missa af réttindum sínum, heldur segir hér, með leyfi forseta, í 36. gr.:

„Flytjist maður í annað embætti skv. 1. mgr., sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu."

Það þarf sem sagt að greiða honum sömu laun þessi fimm ár eða það sem eftir er af fimm ára skipunartímanum, en svo má lækka hann í launum. Hvernig kemur þetta nú heim og saman við það sem var verið að vitna til hér áðan í lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum sem eru almennar vinnureglur sem ber að fara eftir á hinu Evrópska efnahagssvæði? Þar er einmitt gert ráð fyrir því að menn haldi sömu réttindum og skyldum og sömu launum. Ég fæ ekki betur séð, hæstv. forseti, en að það sé verið að þverbrjóta þetta allt saman. Úr þessu verður að fást skorið. Hver er meining löggjafans og hvernig stenst þetta stjórnarskrána og alþjóðasáttmála? Það er sem sagt vísað í 20. gr. en síðan er inntak sjálfrar greinarinnar og það sem verið er að gera allt annað en það sem þar stendur.

Ég sé mig knúna til að vekja sérstaka athygli á þessu. Ég tek bara þessar tvær greinar en ég efast ekki um að það sé í fleiri greinum sem það orkar tvímælis hvort þær standast lög og rétt, hvort þar sé ekki um óeðlileg afskipti af málefnum stéttarfélaga að ræða. Þar má t.d. nefna þá grein sem snýr að þeim sem standa utan stéttarfélaga og fleira og fleira sem kallar á miklu betri skoðun. Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni er þessi löggjöf einfaldlega svo hraðsoðin og illa unnin, enda bera brtt. það með sér, að þetta eru alveg óþolandi vinnubrögð.

Hæstv. forseti. Þar kem ég aftur að því sem ég nefndi áðan að það var verið að afgreiða í kvöld í félmn. frv. um stéttarfélög og vinnudeilur með það algjörlega á hreinu að það fer allt á annan endann á vinnumarkaðnum í haust og í vetur. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það eru handónýt ákvæði í því frv. um vinnustaðarsamninga sem var auðvitað ætlað að ýta undir að menn geri vinnustaðarsamninga sem er eitthvert fyrirbæri sem menn eru afskaplega hrifnir af í augnablikinu, hver sem ástæðan er fyrir því. Þeir geta eflaust oft skilað ýmsu og raunin virðist vera sú frá öðrum löndum að þar sem vinnustaðarsamningar eru í gildi þar er t.d. minni launamismunur innan fyrirtækja. Það má því eflaust eitthvað á þeim græða og þau geta gefið góða raun. En það að lögbinda þá með þeim hætti sem til stendur gerir það að verkum að minni stéttarfélög geta varla tekið þá áhættu að fara út í slíka samninga nema það sé búið að semja um allt fyrir fram í bak og fyrir þannig að réttur þeirra sé tryggður. Það sama má segja um önnur ákvæði þessa frv. Það sem hér er verið að gera er einfaldlega það að verið er að setja allan vinnumarkaðinn eins og hann leggur sig á annan endann.

Ég spyr, hæstv. forseti: Er það allt til að koma þessu biðlaunaákvæði í gegn? Er það virkilega svo mikils virði fyrir einkavæðingu framtíðarinnar að það sé bara í lagi að setja allan vinnumarkaðinn á annan endann? Eða er stolt og æra ráðherra orðin svo ofboðsleg og mikils virði að það sé öllu tilkostandi til að keyra í gegn einhver vitlaus frv.? Hvað er þetta eiginlega sem menn eru að gera? Hafi verið einhver heil brú í þeirri hugsun sem var að finna í frv. um stéttarfélög og vinnudeilur þá er hún öll komin út í veður og vind. Það er ekki heil brú í því máli. En það er töluvert sterk bygging í þessu frv. Það er nokkuð ljóst hvað verið er að gera. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu alla aftur en það vekur miklar áhyggjur varðandi komandi vetur hver áhrif þessara tveggja frv. verða.

Hæstv. forseti. Þá ætla ég að koma að einu atriði sem hefur heldur ekki verið minnst á hér. Það er hvernig staðið er að gerð þessa frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég kemst ekki hjá því að nefna þetta. Það er eins og allt verði að víkja fyrir yfirgangi ríkisstjórnarinnar. Og þá er ég að nefna að einn meginhöfundur þessa frv. heitir Eiríkur Tómasson og er prófessor við Háskóla Íslands. Eftir því sem ég best veit hefur hann gegnt því embætti í allan vetur á meðan hann var að vinna í þessu frv. Hann vinnur við Háskóla Íslands og þetta frv. og m.a. það mál hvort prófessorar við Háskóla Íslands eigi að teljast embættismenn eða eitthvað annað hefur mjög fléttast inn í þessa sögu. Prófessorinn, hinn opinberi starfsmaður, hefur unnið í því hér í vetur að semja þetta frv. og það sem meira er í þessu frv. og þessari 22. gr. sem ég hef gert hér að umtalsefni er líka minnst á stöðu konu hans. Þetta er hið ágætasta fólk en ég spyr: Eru

þetta eðlileg vinnubrögð? Stenst þetta stjórnsýslulög? Það var skipuð nefnd til að semja þetta frv. Þar segir í 3. gr. 2. kafla um sérstakt hæfi:

„Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.

2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul. (Gripið fram í.) — Ég er að vitna í stjórnslýslulögin, hv. þm., um hæfi eða óhæfi nefndarmanna. (**VE:** Samning á lagafrv. er ekki stjórnsýsluákvörðun.) Það er verið að tala um nefndarmenn. Nefndarmenn sem eru í vinnu fyrir stjórnvöld. (**VE:** ... sem taka stjórnsýslulegar ákvarðanir.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Ekki samtöl í þingsal.)

Spurningin er sú, hv. formaður efh.- og viðskn.: Hvað er við hæfi? Hvar á að draga mörkin og hvenær eiga menn að víkja þegar t.d. nefndarstarf snertir þá sjálfa? Eitt er það að menn séu skipaðir sem fulltrúar fyrir opinbera starfsmenn t.d. til að breyta lögum en annað er það þegar lagagreinar snerta þá sjálfa. Ég vísa til þess að m.a. við þingmenn höfum stuðst við stjórnsýslulögin þegar við höfum verið að meta hvort mál snerta okkur á hinu háa Alþingi. Ég hef nefnt það sem dæmi að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefur stundum vikið af vettvangi þegar til umræðu hafa verið frv. sem snerta fyrirtæki sem tengjast fjölskyldu hennar og þá vísar hún til stjórnsýslulaga. Það eru sú viðmiðun sem menn hafa hér tekið upp. Ég vek athygli á því að mér finnst ekki eðlilegt að menn séu að semja frv. og að setja inn ákvæði sem snerta þá sjálfa og fjölskyldur þeirra. Mér finnst það ekki eðlileg vinnubrögð. Spurningin er sú hvað er stjórnsýsla. Í 1. gr. stjórnsýslulaganna um gildissvið segir, með leyfi forseta:

„Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla."

Spurningin er: Hver er viðmiðunin? Hvar draga menn hinar siðferðilegu línur. Er rétt að menn séu að semja lög sem snerta þá sjálfa? Ég vildi vekja máls á þessu, herra forseti, þótt hér sé um hinn mætasta mann að ræða. Þetta beinir bara sjónum að því hvernig vinnubrögðin eru í kringum þessi mál hér. Það mætti hafa um það mörg orð.

Hæstv. forseti. Ég ætla að lokum að víkja aðeins að því sem fram kemur í nál minni hluta efh.- og viðskn. og enn snerta þessi vinnubrögð afskipti af málum jafnt opinberra starfsmanna sem annarra. Í nál. minni hluta efh.- og viðskn., þar sem verið er að vitna í álit Lagastofnunar vegna frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem þeir voru reyndar að fjalla um það hvenær afskipti af stéttarfélögum eru heimil eða óheimil, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Rétt er þó að taka fram að Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur lagt áherslu á mikilvægi reglulegs samráðs stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja frið í þjóðfélaginu, þar á meðal samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá."

Síðar segir: „Þó að réttur einstakra launþega til að stofna stéttarfélög séu mannréttindi hvers launþega og sá réttur verndi ekki þau stéttarfélög sem þegar eru til staðar er ljóst að bæði stjórnarskrá og alþjóðasáttmálar á þessu sviði gera ráð fyrir því að íhlutun ríkisvalds með lagasetningu um málefni stéttarfélaga sé mjög takmörkuð og hindri ekki lögmæta og eðlilega starfsemi stéttarfélaga. Þá er það einnig mjög mikilvægt hlutverk ríkisvaldsins að stuðla hverju sinni að því að friður ríki á vinnumarkaði án þess þó að grípa inn í starfsemi og baráttu stéttarfélaga."

Þetta kemur fram, hæstv. forseti, í áliti Lagastofnunar um þær almennu reglur sem gilda í samskiptum ríkisvalds og stéttarfélaga. Ég tel að hér hafi ríkisvaldið teygt sig til hins ýtrasta og reyndar farið fram úr því sem eðlilegt getur talist. Tilgangurinn í þessu máli er ljós, hæstv. forseti, hér er verið að ryðja braut fyrir einkavæðingu, hér er verið að breyta leikreglum á almennum vinnumarkaði, hér er verið að stefna mjög í tvísýnu og að sjálfsögðu verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð á gerðum sínum. En við stjórnarandstæðingar höfum tekið okkur þann rétt að mótmæla þessu frv. og þeirri umræðu er engan veginn lokið. Næsta lota, sem mun væntanlega snúast um stéttarfélög og vinnudeilur, er fram undan. Það er auðvitað svo að meiri hlutinn mun ráða þó að reynt hafi verið að benda á það inn á hversu hættulega braut er verið að fara hér og hversu hæpin þessi frv. eru í þeim skilningi hvernig þau standast íslensku stjórnarskrána og þá alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að. Þetta er afar sorglegt að horfa upp á. Ég get ekki notað önnur orð. Það er sorglegt að horfa upp á þessa stefnu og það er illskiljanlegt að ríkisstjórn skuli tefla þeim árangri í tvísýnu sem hér hefur náðst í efnahagsmálum, þeim vinnureglum sem menn hafa verið að þróa smátt og smátt, aðallega á almennum vinnumarkaði, því að það gildir alls ekki um opinbera starfsmenn, þar hefur allt verið í háa lofti svo árum skiptir og því miður mun þetta frv. verða til þess að viðhalda því ástandi.

[23:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér þótti afspyrnuléttvæg gagnrýni hv. þm. á Eirík Tómasson, fyrrv. hæstaréttarlögmann og núv. prófessor, sem var formaður þeirrar nefndar sem undirbjó þetta frv. Nú er það svo að fagvinna í samningu lagafrv. sem eiga eftir að koma til afgreiðslu á Alþingi getur með engum hætti talist stjórnsýsluákvörðun í því skyni þar sem verið er að taka ákvarðanir um það hvort einhverjir aðilar eigi rétt eða ekki rétt eða þar sem verið er að úrskurða um einhverja hluti. Það kemur því máli bara nákvæmlega ekkert við. Athugasemdir um að þessi ágæti maður og lagaprófessor, sem hefur mikið vit á því máli sem um er að ræða og er líklega einn af hæfari mönnum til að fást við það, að láta að því liggja að hann eigi ekki að fá að koma nálægt því, finnst mér nálgast að vera mannréttindabrot, að meina slíkum aðila á þessum forsendum að koma nálægt þessu. Má maðurinn hugsa?

[23:11]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég nefndi það í ræðu minni að stjórnsýslulögin hafa verið notuð sem viðmiðun við það hvað er við hæfi. Það er einu sinni þannig að þegar menn jafnvel eru að semja lagafrv. sem snerta þá sjálfa og fjölskyldu þeirra er ekki eðlilegt að þeir komi þar mikið nærri hvað þá að fylgja málum eftir til síðustu stundar. Ég dreg í efa að það sé rétt að málum staðið. Ég ítreka að Eiríkur Tómasson prófessor er hinn mætasti maður og á margt gott skilið og hefur staðið sig mjög vel sem lögmaður. Mér vitanlega hefur ekki fallið nokkur blettur á feril hans sem lögmanns en ég dreg í efa

að hér hafi verið rétt að málum staðið af hálfu ráðherra sem skipaði þessa nefnd. En að vísu eiga menn náttúrlega að hafa dómgreind til að átta sig á því hvenær mál snerta þá sjálfa. Mér finnst alltaf óþægilegt þegar við komum að slíkum málum þar sem menn eru að fjalla um sín eigin hagsmunamál. Það snertir t.d. höfund frv. hver verða örlög prófessora og staða prófessora. Það er að mínum dómi ekki eðlilegt að menn standi þannig að málum.

[23:13]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast um að hv. þm. geti fengið marga löglærða menn til að ganga í lið með sér í þessari gagnrýni. Ég efast t.d. um að hv. þm. gæti fengið hinn vaska löglærða alþingismann Lúðvík Bergvinsson til að taka undir með sér í þessu máli jafnvel þótt hann taki ýmislegt að sér í þessum ræðustól.

[23:13]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú varla svaravert. Við erum að ræða hér um háalvarlegt mál sem snýr að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Hér er til umræðu hver er tilgangur þessa frv. og hvernig er að því staðið. Ég að vekja máls á ákveðnu siðferði, þ.e. hvort stjórnvaldið, í þessu tilviki hæstv. fjmrh., stendur rétt að málum. Stjórnsýslulögin, sem ég er að vitna til, eru einmitt sett til þess að kveða upp úr um svona tilvik, til að setja einhverjar reglur í stjórnsýslunni hvar skilið er á milli einkahagsmuna og almennra hagsmuna. Þetta eru einu lögin eftir því sem mér er kunnugt um sem koma nálægt þessu sviði og það eiga menn að hafa til hliðsjónar hvort sem það erum við á hinu háa Alþingi eða aðrir embættismenn ríkisins. Þetta eru góð lög, það þarf reyndar að kynna þau betur, en þetta eru góð lög sem við eigum öll að taka okkur til fyrirmyndar.

[23:15]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á því að sú umræða sem hér fer fram um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur staðið í nærri 30 klukkustundir. Það er ástæða til að vekja athygli á því að nær allir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið til máls í þessum umræðum. Það er ástæða til að vekja athygli á því að þeir hafa í raun og veru aðeins nýtt ræðutíma sinn að hluta. Það er vert að geta þess að allir þessir þingmenn gætu talað aftur nema einn þeirra sem hefur fullnýtt ræðutíma sinn, það er sá ræðumaður sem fór hér síðast úr stólnum. Með öðrum orðum það eru aðstæður til að tala allmikið lengur enn um þetta mál ef menn væru í málþófi. Ef menn væru í því að nýta ræðurétt sinn til hins ýtrasta eins og gert er þegar menn eru í málþófi. En það er ekki um það að ræða. Það sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa fyrst og fremst gert er það að þeir hafa með ræðum sínum vakið athygli á því hvað þetta mál er sérstakt og alvarlegt. Þess vegna er ástæða til að mótmæla ítrekuðum áburði hæstv. fjmrh. um að stjórnarandstaðan hafi verið að beita ofbeldi í þessu máli og hafi gert það sem hún hafi getað til að koma í veg fyrir að málið verði afgreitt. Málið liggur auðvitað ekkert þannig. Stjórnarandstaðan hefur nýtt sinn rétt af því hvernig þetta mál er vaxið. Af hverju hafa menn talað? Í fyrsta lagi vegna efnis málsins, þess efnis að hér er um það að ræða að það er verið að þrengja mjög alvarlega að starfssviði verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Þessi lög fyrir verkalýðshreyfinguna eru hliðstæð kosningalögum fyrir kjósendur eða stjórnarskrá fyrir þjóðina. Þessi lög eru þess vegna ekki eins og hver önnur lög ef ég má leyfa mér að flokka lög úr þessum virðulega ræðustóli, hæstv. forseti. Hér er um að ræða mál sem snertir öll starfsskilyrði, allan starfsramma verkalýðssamtakanna í landinu og þess vegna er það sem ákveðið er af öllum stjórnarandstöðuflokkunum að taka myndarlega þátt í umræðum um þetta mál við þær aðstæður sem nú eru.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á að mótmæla vinnubrögðum í málinu vegna þess hvernig er komið fram við alla verkalýðshreyfinguna í landinu. Ekki aðeins opinbera starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og BHMR og önnur samtök opinberra starfsmanna sem þetta frv. snertir heldur líka heildarsamtökin öll með frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur með öðrum orðum tekið um það ákvörðun með aðstoð Framsfl. að gera heildaratlögu að þessum samtökum með þeim frv. sem verið er að ræða. Vinnubrögðin eru með þeim hætti að þau brjóta í bága við hefð, sem ég mun rekja hér á eftir, með þeim hætti að við hljótum að mótmæla af öllum kröftum í málinu. En við viðurkennum, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin hefur því miður enn þá meiri hluta hér í þessari stofnun hvað sem verður í næstu alþingiskosningum. Auðvitað mun vilji ríkisstjórnarinnar ráða úrslitum ef hún kýs að beita honum. Því miður bendir allt til þess þrátt fyrir þann málflutning sem við höfum haft uppi og þrátt fyrir myndarlegar ábendingar stéttarsamtakanna í landinu að ríkisstjórnin ætli sér að knýja þessi mál í gegn.

Það er líka ástæða til þess, hæstv. forseti, að vekja á því athygli að mótmæli stjórnarandstöðunnar, sem hæstv. fjmrh. gerir lítið úr og kallar málþóf, eru samkvæmt þingsköpum og þingsköpin eru sett með lögum. Hér er með öðrum orðum ekki verið að brjóta á neinn hátt þær reglur sem gilda um þessa stofnun í einu og öllu. Hér er öllum leikreglum þingræðisins fylgt til hlítar af okkur. Við teljum hins vegar að þegar meiri hlutinn tók t.d. þetta mál út úr efh.- og viðskn. hafi hann reynt á þanþol þingræðisins meira en góðu hófi gegnir. Þar hafi menn komið fram og beitt valdi gagnvart minni hluta efh.- og viðskn. Það virðist reyndar vera landlægt í efh.- viðskn. af meiri hluta hennar um þessar mundir að gera lítið úr minni hlutanum, að taka lítið mark á því sem frá minni hlutanum kemur ef nokkur kostur er á slíku af hálfu meiri hlutans. Það ber að harma að þingmenn stjórnarflokkanna skuli haga sér með þeim hætti. En loks hefur það komið í ljós, herra forseti, í þessum umræðum sem hér hafa farið fram, gagnstætt því sem stjórnarliðið hefur verið að halda fram í allan vetur, gagnstætt því sem var haldið fram t.d. sl. vetur fyrir hátíðarnar, að stjórnarandstöðusveitin hér á þinginu er sterk og samstæð þegar kemur að málum af þessu tagi. Það er mikilvægt að undirstrika það atriði vegna þess að það hefur pólitískt inntak og pólitíska tilvísun sem getur skipt miklu máli, ekki aðeins fyrir stjórnarandstöðuna og stjórnarflokkana að taka tillit til á Alþingi heldur skiptir það máli líka úti í þjóðfélaginu og skiptir kannski sérstaklega máli fyrir samtök launafólks í landinu að vita að það er til samstæð og sterk stjórnarandstaða þegar kemur að því að taka á málum og verja mál sem verkalýðshreyfingin í landinu hefur borið fyrir brjósti. Þess vegna er ljóst, hæstv. forseti, að hér er ekki um að ræða neitt sem heitir málþóf, hér er um að ræða miklar umræður þar sem menn nýta rétt sinn samkvæmt lögum. Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ríkisstjórnin ætlar að beita valdi hins sterka. Hún

ætlar að efna til atkvæðagreiðslu sem fer væntanlega fram um þetta frv. á miðvikudaginn kemur og þá mun koma í ljós hvernig menn skipa sér en það er ætlun ríkisstjórnarinnar að knýja málið til enda. Við munum hins vegar að sjálfsögðu beita því afli sem okkur er gefið samkvæmt lögum í þessum efnum bæði við 2. og 3. umr. málsins.

Virðulegi forseti. Þetta mál á sér sérkennilegan aðdraganda. Það á sér aðdraganda sem er hægt að rekja allt aftur í tíð síðustu ríkisstjórnar og ég mun ekki fara nánar út í hér. Málið er lagt fram seint og það kemur inn í þingið með þeim hætti að fylgifrv. upp á 100–200 greinar kemur svo seint fram að jafnvel stjórnarliðið sjálft ákveður án sérstakra leiðbeininga að draga það til baka. Stjórnarliðið og hæstv. fjmrh. viðurkenna þannig að málið er illa undirbúið. Með því að leggja ekki áherslu á bandorminn um stöðu opinberra starfsmanna hefur hæstv. fjmrh. viðurkennt að málið er illa undirbúið og ótækt. Auðvitað væri eðlilegt, hæstv. forseti, að á þessum grundvelli tæki hæstv. fjmrh. ákvörðun um það að draga frv. eins og það liggur hér fyrir út af borðinu. Það gefur líka tilefni til þess, hæstv. forseti, að benda á að rétt hefði verið að taka þetta frv. út af borðinu að fyrir þinginu liggur frv. til laga um réttindi kennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Þar er gert ráð fyrir því að festa í sessi þau lagaákvæði sem eru nú í gildi varðandi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um leið og grunnskólinn verður fluttur til sveitarfélaganna. Þar með er verið að segja við kennarana í landinu að samþykkt á þessu frv. verði hugsanlega til einskis því að hún verður öll tekin til baka með þeim samþykktum sem hér verða gerðar ef svo fer fram sem horfir um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna almennt.

Hæstv. forseti. Við höfum gert mjög ákveðnar kröfur í málinu um að þessi frv. verði tekin til baka, verði tekin hér út af borðum Alþingis. Við höfum gert um það kröfur að frv. um stéttarfélög og vinnudeilur verði líka tekið út af borðum Alþingis. Þannig höfum við tekið undir þau sjónarmið sem fram hafa komið frá stéttarfélögunum í landinu í þeim umsögnum sem þau hafa sett hér inn. Það er ekki þannig að bara tveir eða þrír menn á Lækjartorgi, hjáróma raddir eins og hæstv. félmrh. sagði, hafi látið þessi sjónarmið heyrast, þau hafa heyrst frá öllum hinum stóra fjölda stéttarfélaganna í landinu. Þess vegna endurtek ég enn þá kröfu þó það virðist örvænt um að menn hlusti á hana að frv. verði tekin út af borðinu. Af hverju vill ríkisstjórnin afgreiða þessi frv. núna í stríði við stjórnarandstöðuna og verkalýðshreyfinguna? Hvernig stendur á því? Hvaða rök eru fyrir því að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. leggja ofurkapp á að afgreiða málin og gera þau að lögum í bullandi stríði við stéttarsamtökin í landinu og stjórnarandstöðuna á Alþingi? Af hverju er það? Ég held, hæstv. forseti, að það sé fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin ætli sér að knýja fram heildarniðurstöðu í kjarasamningum í haust á grundvelli þessara laga, á grundvelli þeirra fjötra sem menn eru að gera tillögur um í þessum frv. Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því í öðru lagi að verði þessi frv. að lögum þá mun sú ríkisstjórn sem nú situr halda áfram á sömu braut gegn verkalýðshreyfingunni í landinu og gegn stéttarsamtökunum í landinu. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þingheim og þjóðina að gera sér grein fyrir því að sú hætta er yfirvofandi af því að núverandi ríkisstjórn er svo ósvífin, er svo frek til valda, er svo tillitslaus við stéttarsamtökin í landinu, gerir sér svo litla grein fyrir þýðingu þeirra, að hún gæti átt það til að reyna að halda áfram á þessari braut eftir að þessi frv. væru orðin að lögum. Þetta er stórhættulegt mál í augum allra launamanna á Íslandi af því að með því er verið að gefa tóninn um framhaldið sem getur verið varasamt svo ekki sé fastara að orði kveðið fyrir hinn almenna launamann og réttindabaráttu fólks í landinu.

Í umræðum um þetta mál hefur líka komið ákaflega skýrt fram, hæstv. forseti, að í þessari stofnun er pólitískur grundvallarágreiningur uppi. Sá ágreiningur er mjög fróðlegur og merkilegt að velta því fyrir sér að oft á tíðum er það svo að menn telja að allir séu í grófum dráttum sammála um það sem heitir launamál. Sammála um að menn eigi að hafa laun og hafa það sæmilegt og búa við sæmilegt félagslegt öryggi og annað eftir því og að búa við sæmilegt atvinnuöryggi og þess háttar. Þegar þessi mál eru hins vegar skoðuð ofan í kjölinn kemur greinilega í ljós að í þessum efnum eru uppi verulega ólík sjónarmið í þessari stofnun. Verulega ólík sjónarmið. Það eru annars vegar þeir sem telja að vinnuaflið sé undirstaða alls, allra verðmæta sem við eigum í þessu þjóðfélagi, afl hins vinnandi manns. Hins vegar eru þeir sem telja að það sé fjármagnið eitt sem á að ráða og ráði úrslitum í þróun og framþróun samfélagsins. Á grundvelli þessara sjónarmiða eru menn að takast á þó menn geri sér ekki alltaf grein fyrir því hér í þessum umræðum að það eru einmitt grundvallarsjónarmiðin sem er tekist á um. Menn hafa þess vegna mismunandi sjónarmið gagnvart því hvernig á að taka á eignarréttinum, þ.e. annars vegar eignarrétti á fjármagni og hins vegar eignarrétti á vinnuafli. Það eru greinilega til aðilar í þessari stofnun sem telja að mismunandi sjónarmið eigi að gilda eftir því hvort fólk er að fjalla um fjármagn eða landareignir eða því um líkt eða hvort verið er að fjalla um vinnuaflið eða aflahæfið eins og það heitir á lagamáli.

Það er nokkuð merkilegt að velta því fyrir sér að t.d. Sjálfstfl. leggst ævinlega í mjög harða vörn fyrir því að það megi ekki snerta á eignarréttinum gagnvart eignum eins og landareignum eða fjármagni. Hins vegar telur hann engu máli skipta hvernig farið er með aflahæfið, þ.e. vinnuaflið og þann eignarrétt sem hver maður hefur yfir því. Þetta kemur ágætlega fram þessa dagana, hæstv. forseti, einmitt í þessari stofnun hér vegna þess að fyrir ríkisstjórninni liggur frv. til laga um vernd og þjóðareign á auðlindum í jörðu og virkjanir. Það hefur verið skoðun okkar alþýðubandalagsmanna mjög lengi að jarðhiti og virkjun fallvatna eigi að vera á vegum þjóðarinnar og fallvötnin eigi að vera hennar eign. Við höfum viljað setja um þetta miklu skýrari löggjöf en hefur verið til. Við höfum flutt frv. um þetta. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur flutt um þetta frv. hér á Alþingi árum saman, aftur og aftur og við endurflytjum þessi frv., m.a. nú á yfirstandandi þingi. Þessi frv. hafa alltaf strandað í þessari stofnun. Af hverju hafa þau strandað? Það er ekki vegna þess að menn geri sér ekki grein fyrir því að það þarf að vera til einhver lagarammi af þessu tagi heldur er það vegna þess að í núverandi stjórnarflokkum, og ekki síður í Framsfl. en í Sjálfstfl., eru mjög sterk öfl sem vilja verja einkaeignarréttinn í öllum tilvikum. Þeir eru ekki tilbúnir til að leggja á hann neinar hömlur í neinu tilviki. Þetta er þeim mun athyglisverðara í ljósi þess að á sama þingi hefur hæstv. iðnrh. lýst því yfir að hann ætli að flytja frv. þar sem gert er ráð fyrir því að ríkisstjórnin geri tillögur um það hvernig eigi að takmarka eignarrétt á jarðhita og að því er varðar virkjun fallvatna. En hæstv. iðnrh. kemur málinu ekki fram. Af hverju er það? Það er vegna þess að í Framsfl. og Sjálfstfl. er svo sterk landeigendaandstaða við þau sjónarmið sem fram

koma í þessum tveimur frv. Þannig á einkaeignarrétturinn á fjármagni og landi svo að segja algjörlega skothelda talsmenn í stjórnarflokkunum. Þegar hins vegar kemur að því að skerða eða takmarka gildi eignarréttarins á vinnuafli þá er allt annað uppi.

Nú kunna menn að halda því fram að það sé álitamál hvort hægt sé að líta á eignarrétt á vinnuafli eins og um sé að ræða eignarrétt á landi. Í því sambandi hafa fræðimenn haft mjög deildar meiningar. Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis og fyrrv. lektor og prófessor, hefur fjallað um þetta í ítarlegri grein í Úlfljóti, tímariti laganema, þar sem hann segir m.a. um aflahæfið og eignarrétt á aflahæfi manna á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fræðimenn eru ekki á einu máli hvort telja beri aflahæfi manna til eignar í skilningi eignarnámsákvæða í stjórnarskrá. Paul Andersen segir t.d. að vinnuhæfið verði sennilega að teljast eign í skilningi dönsku stjórnarskrárinnar samanber Dansk statsforfatningsret 1954, bls. 700, 23–724. Alf Ross er á annarri skoðun og virðist reisa hana á því að hinn persónulegi þáttur sé hér yfirgnæfandi samanber Dansk statsforfatningsret II 1960, bls. 541. Kastberg telur aftur á móti aflahæfið njóta verndar eignarnámsákvæða norsku stjórnarskrárinnar. En fyrir lögjöfnun, samanber Norges statsforfatning nr. II er málið talið líta þannig út."

Síðan segir umboðsmaður Alþingis og það er merkilegt.

„Bjarni Benediktsson virðist hins vegar þeirrar skoðunar að afla- eða vinnuhæfi manna falli undir hugtakið eign í íslensku stjórnarskránni samanber ágrip af íslenskri stjórnlagafræði II 1948, bls. 106."

Gaukur Jörundsson fjallar mjög ítarlega um þetta mál og telur sig sýna fram á það, m.a. með þessari tilvitnun í Bjarna Benediktsson, að það verði að líta þannig á að aflaeða vinnuhæfi manna falli undir hugtakið eign eins og það er í íslensku stjórnarskránni. Það er mjög merkilegt, hæstv. forseti, að minna á þetta þegar þess er gætt hversu lítils aflahæfið eða vinnuaflið er metið af núverandi hæstv. ríkisstjórn sem telur að frelsi peninganna sé úrslitaþáttur í framþróun þjóðfélagsins en minna máli skipti hvernig farið er með vinnuaflið. Þetta er grundvallaratriði, hæstv. forseti. Það er grundvallaratriði líka að velta því fyrir sér hvernig stendur á því að flokkur eins og t.d. Framsfl., án þess að ég ætli að fara að skattyrðast sérstaklega við hann eins og er nú í tísku í þessari stofnun, tekur afstöðu í þessu máli núna algjörlega fjármagnsmegin. Ef við gerum upp hugmyndafræðilegan grunn þeirra mála sem hér eru uppi, annars vegar þessa frv. og hins vegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, þá er það ljóst að þetta er fyrst og fremst flutt og sett á blað til þess að straumlínulaga þjóðfélagið eftir hinum almennu þörfum fjármagnsins frekar en vinnuaflsins. Ég hef ekki heyrt einn einasta framsóknarmann rökstyðja af hverju hann stendur að flutningi þessara frv. eins og þau eru. Það væri mjög fróðlegt að heyra hvaða rök eru fyrir því og fróðlegt að heyra að hve miklu leyti þetta passar við hinn félagslega þátt í stefnu Framsfl. sem er grunnþáttur eða var, í stefnu Framsfl. eins og hún var skrifuð 1916. Ég hef engin rök heyrt af því tagi.

Ég hlýt þess vegna, hæstv. forseti, að lýsa því yfir að ég harma að í umræðunni sem hér hefur farið fram hefur okkur ekki auðnast að setja þessi mál sem skyldi í almennt hugmyndafræðilegt samhengi. Auðvitað eru menn uppteknir af innihaldi málsins og einstökum atriðum þess en það er fróðlegt hins vegar að rifja upp og glöggva sig á því að hér er um að ræða mál þar sem vatnaskilin milli hægri og vinstri í stjórnmálum koma að mörgu leyti, ekki að öllu leyti, en að mörgu leyti nokkuð glöggt fram.

Um þessi mál er einnig fróðlegt í þessu sambandi að velta því fyrir sér hvernig þetta er með opinbera starfsmenn. Eru þeir eitthvað afbrigðilegur þjóðflokkur? Er hægt að hugsa sér að það sé farið með þá allt öðruvísi en aðra í þjóðfélaginu? Það hefur verið skoðun hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar. Mér heyrist oft að það sé talað heldur niður til opinberra starfsmanna. Það er nokkuð sérkennilegt því þeir eru að mörgu leyti undirstaða velferðarkerfisins og alveg jafnmikilvægir og allir aðrir Íslendingar þegar upp er staðið. Ég geri ráð fyrir því að þegar menn fjölluðu um kjör opinberra starfsmanna hér fyrr á þessari öld eða á síðustu öld, þá hafi menn yfirleitt verið að tala um embættismenn í mjög þröngri merkingu þess orðs. Það var reyndar ekki fyrr en á miðri síðustu öld að til urðu lagaákvæði um opinbera starfsmenn. Þau voru reyndar ekki um kjör opinberra starfsmanna beinlínis heldur var það konungsbréf og úrskurðir frá því um miðja 19. öld þar sem fjallað var um önnur atriði sem snertu embættismenn á Íslandi og reyndar ekki síst íslenskukunnáttu embættismanna. Það var ekki fyrr en kom fram á árið 1919 að fjallað var um launamál opinberra starfsmanna. Síðan voru sett lög 1935 og 1947 um aldurshámark, 1915 um verkfall opinberra starfsmanna, 1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og í 14. kafla hegningarlaganna voru ákvæði um brot í opinberu starfi. Það var þess vegna ekki fyrr en um miðja þessa öld, það er nú ekki lengra síðan, að menn tóku ákvörðun um að reyna að semja frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það frv. var lagt fram á Alþingi 1953. Það var mælt fyrir því af þáv. fjmrh., Eysteini Jónssyni. Í aðdraganda frv. og greinargerð þess er dálítið merkilegt að sjá hverjar aðalundirstöðuheimildir þessara laga voru eins og þau voru samin á sínum tíma. Það er talið upp í þskj. 148 á þinginu 1953–1954 og þar segir, m.a. með leyfi hæstv. forseta, að þetta frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna 1953 „... sé byggt á ályktunum og tillögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja." Þannig að fyrir liðlega 40 árum töldu menn ástæðu til að fara sérstaklega eftir þeim tillögum sem fluttar voru og lagðar höfðu verið fram af Bandalagi starfsmanna ríks og bæja. Í framsögu Eysteins Jónssonar fjmrh. er þetta rakið mjög rækilega. Ég ætla ekki tímans vegna að fara yfir það í einstökum atriðum en ég ætla að lesa upp það sem ráðherrann segir um 14. gr. þessa frv. vegna þess að það snertir nákvæmlega það sem við erum að tala um hér núna. Þar er verið að tala um svokölluð biðlaun, en núv. fjmrh. hefur verið alveg sérstaklega flinkur við að úthúða biðlaunum eins og kunnugt er. Í ræðu forvera hans 6. nóv. 1953 segir svo, með leyfi forseta:

„Í 14. gr. frv. er þess vegna mælt svo fyrir að sé opinber staða lögð niður skuli starfsmaður jafnan fá föst laun er starfanum fylgja, greidd í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár en í 12 mánuði eigi hann að baki lengri þjónustualdur. Þykir sanngjarnt að mismuna mönnum nokkuð eftir starfsaldri enda rosknum mönnum ógreiðara oft um útvegun nýrra starfa en þeim sem yngri eru. Þá þykir og sanngjarnt að opinber starfsmaður eigi að öðru jöfnu rétt til sömu stöðu ef hún er sett á fót aftur innan skamms tíma og hníga að því ákvæði 2. mgr. 14. gr. sem mæla svo fyrir að sé staðan aftur stofnuð innan fimm ára eigi starfsmaðurinn að öðru jöfnu rétt til hennar."

Finnst mönnum tónninn í þessari ræðu Eysteins Jónssonar, 1953, kannski eitthvað öðruvísi í garð opinberra

starfsmanna en tónninn í þeim ræðum sem fram koma frá núv. hæstv. fjmrh.? Það er alveg ótrúlega lærdómsríkt að lesa umræðuna frá 1953 og 1954 um þessi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, vegna þess að það er svo lærdómsríkt að sjá hvað andinn er annar að því er varðar þessa lagasetningu sem slíka en menn hafa tamið sér að undanförnu af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þó verður ekki sagt að menn hafi á þessum árum að öllu leyti gengið fram á þann hátt að veruleg ánægja hafi verið með það af hálfu opinberra starfsmanna og langur tími leið frá því þessi lög voru sett og þangað til Bandalag starfsmanna ríkis og bæja öðlaðist þá burði sem síðar varð í stéttarbaráttu.

En það er líka fróðlegt að rifja það upp, því að almörgum árum seinna eða um það bil 30 árum síðar var til meðferðar í þessari stofnun frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Fyrsta umræða fór fram 1986, þann 3. desember og hæstv. fjmrh. mælti fyrir frv. Hver var hann? Hann heitir Þorsteinn Pálsson. Hvað sagði hann í ræðu sinni? Ég ætla að rifja það upp, hæstv. forseti. En ég ætla að geta þess áður að þá höfðu nýlega verið gerðir kjarasamningar um m.a. leikreglur á vinnumarkaði opinberra starfsmanna og það er nokkuð merkilegt að velta því fyrir sér að þá tóku menn leikreglurnar inn í kjarasamninga. Það er alveg gagnstætt því sem mér finnst að núverandi fjmrh. hæstv. sé alltaf að segja, þ.e. að eitt sé kaupið og allt annað lögin sem séu þar með ekki kjör. Ég tel að lögin séu kjör og það viðurkenndi t.d. þáverandi hæstv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, árið 1986 þegar hann mælti fyrir frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég ætla að lesa aðeins úr þeirri ræðu, með leyfi forseta:

„Miklu skiptir að samskipti og samningar um kaup og kjör milli ríkis og sveitarfélaga og starfsmanna þeirra geti farið fram með eðlilegum hætti og samkvæmt leikreglum sem báðir aðilar viðurkenna. En svo er ekki eins og nú standa sakir. Með hliðsjón af því að samningstímabil núgildandi samninga er senn á enda er brýnt að hið háa Alþingi afgreiði mál þetta hið fyrsta og áður en gert verður þinghlé vegna jóla.“ — Þetta var 3. desember. — „Ég mælist því til þess við hv. þingdeild að hún fyrir sitt leyti greiði fyrir afgreiðslu málsins.

Að samningu þessa frv.“ — segir hæstv. páv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson — „unnu með fjmrn. öll heildarsamtök opinberra starfsmanna en innan þeirra eru næstum allir þeir starfsmenn sem lögin munu taka til, ef samþykkt verða.“

Er ekki einhver munur á þessu og núverandi vinnubrögðum, hæstv. forseti? Og síðan segir:

„Fulltrúar þessara aðila hafa lagt fram mikið starf og sýnt mikinn samstarfsvilja í þeim tilgangi að tryggja málinu brautargengi. Fullkomin samstaða er milli þeirra og fjmrn. um frv. þetta og ágreiningur um einstök atriði var lagður til hliðar í stað þess að láta hann spilla öðrum málum brýnni og mikilvægari sem full samstaða er um.“

Er ekki dálítill munur á þessu, hæstv. forseti, og vinnubrögðum núverandi ríkisstjórnar gagnvart samtökum opinberra starfsmanna? Það má kannski velta því fyrir sér hvernig standi á því að núverandi ríkisstjórn hefur fyllst þessum ótrúlega hroka. Hvað er það sem hefur gerst í millitíðinni sem gerir það að verkum að ríkisstjórnin hefur fyllst þessum hroka gagnvart samtökum launamanna í landinu? Það er dálítið umhugsunarvert. Það er ekki bara umhugsunarvert fyrir okkur sem hér erum heldur líka stéttarsamtökin í landinu. Hvað er það sem gerir það að verkum að verkalýðsfélögin lenda í þeirri stöðu að ríkisvaldið þorir á móti þeim eins og hér er verið að gera? Hvað hefur komið upp? Hvað hefur komið upp sem gerir það að verkum að stéttarsamtökin hafa ekki það agavald gagnvart viðsemjanda sínum sem þau höfðu lengi áður? Hvað er það sem hefur gerst? Ég hef út af fyrir sig oft giskað á það, hæstv. forseti, að ein ástæðan fyrir því hvernig komið er og fyrir þessum hroka gagnvart stéttarsamtökunum, sé sú að menn hafa að sumu leyti ofreynt sig við að sitja á samtakamætti launafólks vegna hinnar svokölluðu þjóðarsáttar. Ég held að að sumu leyti hafi menn gengið kannski skrefinu lengra en góðu hófi gegnir og gengið á baráttuinnistæður stéttasamtakanna og þar með skapað möguleika fyrir að stjórnvöld til að leyfa sér að sýna hroka eins og þann sem kemur fram núna og á sér enga hliðstæðu í samskiptum ríkisstjórnar við opinbera starfsmenn um heildarreglurnar á vinnumarkaði. Hér er verið að tala um heildarreglurnar á vinnumarkaði, stjórnarskrá opinberra starfsmanna, kosningalög opinberra starfsmanna, grundvallarlög þeirra og ekkert minna. Ég vitnaði þessu máli til stuðnings, hæstv. forseti, í fyrrverandi hæstv. fjmrh., Þorstein Pálsson, og vil láta það koma fram að stjórnarandstaðan á þessum tíma, þó að hún hefði hvergi komið að þessum málum, taldi engu að síður sjálfsagt að afgreiða málin í þinginu eins og þau lágu fyrir — það átti a.m.k. við um okkur alþýðubandalagsmenn — vegna þess að um þessi mál hafði náðst samstaða milli þáverandi ríkisstjórnar annars vegar og opinberra starfsmanna hins vegar.

Eitt af því sem var spurt um í umræðunni var: Er ætlunin með þessum frv., sögðum við, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að hafa áhrif á uppbyggingu félagslegrar skipunar opinberra starfsmanna? Er það tilgangurinn með þessum frv.? Þar vitnuðum við m.a. til 5. gr. frumvarpanna eins og þau lágu þá fyrir. Um þetta atriði, til að undirstrika hvað hæstv. páv. fjmrh. fannst fráleitt að setja lög í blóra við þá samninga sem höfðu gengið yfir um þessi efni, segir hæstv. fjmrh. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. um 5. gr. frv. og spurningar um hvort henni væri ætlað að hafa áhrif á félagslega uppbyggingu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þá er því til að svara að það er ekki stefnt að því með frv. að hafa nein áhrif á uppbyggingu félagslegrar skipunar opinberra starfsmanna. Það hefur frá öndverðu í þessu starfi verið afstaða fjmrn. að opinberir starfsmenn ættu að ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir haga skipulagi og uppbyggingu félagsstarfs síns.“

Hér er um að ræða gífurlega merkilega yfirlýsingu frá páv. hæstv. fjmrh. Og alveg nákvæmlega eins og fram kom hér áðan í tilvitnun minni í fyrrverandi hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson, er hér um að ræða allt annað viðhorf og allt annan tón gagnvart opinberum starfsmönnum en kemur fram í tíð núv. hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar.

Það er kannski rétt að geta þess líka, hæstv. forseti, að frá umræðunum á Alþingi um kjarasamninga opinberra starfsmanna 1986, ríkti mjög góð samstaða um þessi mál. Það tóku allir undir þau sjónarmið sem fram höfðu komið frá hæstv. ráðherra og frá stéttarsamtökunum eins og þau lágu þá fyrir.

Af einhverjum ástæðum hef ég gaman af að lesa eina tilvitnun, hæstv. forseti, úr efri deild Alþingis fyrir hæstv. fjmrh. sem er á þessa leið:

„Virðulegi forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að fagna þessu máli og því víðtæka samkomulagi sem náðst

hefur milli fjölmargra aðila um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hér eiga margir aðilar hlut að máli, samstaðan er mjög víðtæk og henni vil ég fagna hér." sagði þingmaður Kvennalistans, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Það má því segja að það hafi verið mjög víðtæk ánægja með það hvernig að þessum málum var staðið á sínum tíma, 1986 eins og hafði verið 1954. Allir flokkar tóku undir þessi sjónarmið og það er satt að segja dálítið umhugsunarefni hvað það er ólíkt þeim aðstæðum sem nú eru uppi í þjóðfélaginu og hér í þessari stofnun þegar ríkisstjórnin kýs að segja í sundur friðinn í landinu með því að knýja í gegnum þingið frv. eins og það sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Það er náttúrlega alveg ljóst að ríkisstjórnin vill frekar stríð um málið. Það er greinilegt að hún kýs frekar stríð en frið um málið. Hún vill átök. Hún vill sýna hver hefur valdið. Þeir vilja sýna hver hefur meiri hluta á Alþingi. Þeir vilja sýna hnefann og láta hlýða sér. Það er greinilegt. Þetta mál var t.d. tekið út úr efh.- viðskn. — var það ekki? — daginn fyrir 1. maí. Það var auðvitað til að storka. Það var enginn annar tilgangur með því. Það er alveg augljóst mál. Það var tekið út til að storka, sýna hver valdið hefur. Og það var fróðlegt að hlusta svo á hæstv. blessaðan félmrh. sem sá ekki nema tvo menn á Lækjartorgi þar sem voru þúsundir að mótmæla þessu. Þetta segir okkur auðvitað dálítið um ríkisstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl., þessar helmingaskiptastjórnir, þar sem menn eru algjörlega blindir á verkalýðshreyfinguna þegar þeir leggja saman og má ekki á milli sjá hvor þeirra er blindari þegar að því máli kemur.

Hæstv. forseti. Ég hef tekið eftir því að í umræðum um þessi mál hefur fjmrh. og stjórnarliðið kvartað undan öllum umsögnunum. Ég man ekki betur en það væri jafnvel talað um að þetta væri hið versta mál því það væri svo mikið pappírsflóð og pappírseyðsla í þessum málum. Og hæstv. fjmrh. hefur aftur og aftur sagt: „Ég hef nú setið hérna undir öllum þessum ræðum", segir hann, aumingja blessaður kallinn, með leyfi forseta, og kvartar undan því að hann sé orðinn svo gasalega þreyttur og þetta séu 30 tímar og 100 mín. að meðaltali — það er örugglega alveg rétt því þær eru dýrar tölvurnar í fjmrn. — og hann sé orðinn lúinn á þessu og þessum óskaplegu umsögnum sem menn eru alltaf að lesa hérna og alltaf sömu umsagnirnar. Og svo eru menn alltaf að lesa þetta sama prófessorabréf, „fjórum sinnum", sagði ráðherrann, gasalega þreyttur og toginleitur, með leyfi forseta, eftir allt þetta. Það er kannski ekki á það bætandi en ég ætla að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, ég ætla að leyfa mér úr þessum stól að lýsa því yfir að ég er þakklátur því fólki sem hefur fyrir því að hafa skoðanir á málum á Alþingi. Ég er þakklátur því fólki sem sendir umsagnir. Ég er þakklátur því fólki. Og ég er þakklátur því fólki sem sendir ítarlegar umsagnir um þingmál. Ég verð hins vegar að játa það að ég óttast að það sé ekki farið nægilega vel yfir þessar umsagnir. Það er mér nokkurt umhugsunarefni þegar Alþingi sendir út beiðni um að einhver stofnun eða félag geri athugasemdir við frv. Svo koma athugasemdirnar. Þetta eru kannski ítarlega plögg sem menn hafa vandað sig við, legið yfir langtímum saman og svo kemst fólk að því að það er eiginlega ekkert með þetta gert. Er þetta ekki dálítill dónaskapur við þetta fólk? Og svo er auk þess talað illa um þessa pappírshauga ofan í kaupið eins og hæstv. fjmrh. og hans liðsmenn gera hér. Ég er ekki viss um að hv. formaður efh.- og viðskn. hafi náð að fara mjög nákvæmlega yfir þessar umsagnir. Ég er ekki viss um það. (**VE:** Lesið þetta upphátt.) Ég er ekki viss um það. Ég held að það sé alveg augljóst mál að þeir sem hafa lagt í þetta verulega vinnu, hljóta að hafa það á tilfinningunni að það hafi kannski ekki verið nægilega mikið með þetta gert. Þetta eru alvarlegir pappírar. Þetta er ekki eitthvað sem fólk kastar höndunum til við í fljótræði. Það er alveg greinilegt að hér er um að ræða alveg þrautunnar umsagnir. Eru menn svo miklar mannvitsbrekkur í efh.- og viðskn. og á Alþingi Íslendinga og í fjmrn. að það sé bara hægt eiginlega að lesa þetta upphátt og inn um annað eyrað og út um hitt? Er það tilfellið? Ég ber mikla virðingu fyrir lestrarhæfileikum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar en ég verð að segja alveg eins og er að ég dreg gríðarlega í efa að hann hafi haft öll móttökutæki mjög vel opin á sama tíma og hann las upp textana. Þetta er ekki eitthvað sem menn kasta höndunum til við eins og stundum gerist, eins og t.d. með ályktanir og svona fljótræði. Hér er greinilega um að ræða alveg þrautvandaðar umsagnir.

Ég tel ástæðu til þess af því að hv. formaður efh.- og viðskn. hefur ekki gert það, að þakka fyrir þessar umsagnir. Ég vil þakka t.d. fyrir umsögnina frá Bandalagi háskólamanna sem er ákaflega ítarlegt plagg og alveg þrautunnið, þar sem farið er mjög ítarlega yfir þessi mál og t.d. eru ákvæðin um opinbera starfsmenn hér á landi borin saman við það sem gerist í löggjöf annars staðar, m.a. í Þýskalandi og í Evrópusambandinu. Hér er um að ræða umsögn sem er upp á fleiri tugi síðna. Ég hef ekki orðið var við það, þó að menn hafi hreyft ýmsum þáttum í þessu skjali, að menn hafi lyft því upp að auga sér og sagt: „Við fulltrúar ríkisstjórnarinnar ætlum að taka mark á þessu." Alveg þvert á móti hef ég upplifað tilfinninguna þannig að þessum mönnum þætti heldur verra að fá þessa pappíra, heldur verra. (**VE:** Nei. Mjög gott.) Þegar menn ekki þakka fyrir sig (**VE:** Ég þakka fyrir mig.) þá dreg ég þá ályktun að menn hafi helst ekki viljað fá þetta. A.m.k. voru þær þakkir ákaflega hljóðar, hæstv. forseti, hjá hv. þm. (**VE:** Þú hefur ekki hlýtt á ræðuna.) Ég hlýddi einmitt á ræðu hv. þm. Hún var ákaflega athyglisverð. (**VE:** Það hefur farið inn um annað og út um hitt.) Það er að vísu nokkuð til í því, já.

Ég nefni líka, hæstv. forseti, fjölmargar umsagnir frá samtökum starfsmanna hins opinbera sem ég tel að hafi allar verið býsna fróðlegar og ótrúlega sterkar. Ég bendi t.d. á þann texta sem kemur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þar er farið mjög ítarlega yfir efnisatriði þessa frv. Hér er hreyft rökum í ýmsum málum sem ég sé ekki að menn hafi tekið nægilega mikið tillit til. Þar með tel ég að menn hafi gert heldur lítið úr þessu. Af hverju tekur ekki hæstv. fjmrh. meira mark á samtökum opinberra starfsmanna í þessu máli? Af hverju vill hann vera í stríði við opinbera starfsmenn? Nú þekki ég hæstv. fjmrh. vel frá fyrri árum og veit að honum er ekki illa við fólk af fyrra bragði. Og hann sofnar örugglega ágætlega á kvöldin án þess að vera vondur við fólk og ég er viss um að hann er oft góður við börn og gamalt fólk. Það er ekki vafi á því. En af hverju er það þá sem hæstv. fjmrh. þarf endilega að vera í þessu geðvonskustríði við opinbera starfsmenn? Og við launamarkaðinn eins og hann leggur sig því það er allt það sem er undir í þessu. Af hverju er það? Ég held að það hafi ekkert með innrætið að gera hjá hæstv. ráðherra. Ég held að það sé fyrst og fremst það að hann er fangi tiltekinna ofstækissjónarmiða markaðarins og fjármagnsins. Frelsi fjármagnsins er uppspretta alls að hans mati, jafnvel þó það þýði fjötrar á fólkið. Ég tel að þetta sé

hans vandi og komi fram í þessum málum og birtist með þeim hætti sem menn sjá hér. Meðal annars með þeim hætti að ég sé ekki að þessir menn geri í raun og veru neitt eða a.m.k. sáralítið með það sem opinberir starfsmenn hafa að segja.

Ég ætla ekki að fara yfir allar þessar umsagnir í einstökum atriðum þótt margt í þeim sé ákaflega fróðlegt. Ég tel t.d. fulla ástæðu til að fara nokkuð rækilega yfir umsögn Kennarasambands Íslands svo ég nefni dæmi. Og ég tel að hér séu einnig alveg sérstaklega skemmtilegar bókmenntaperlur svo ég segi ekki annað um það af því ég get ekki neitað mér um það að nefna þetta með stjórn Prestafélagsins þó ég ætli ekki að fara að lesa það upp. Mér fannst það skemmtilegt því ég hef miklar mætur á þeim texta sem kemur frá formanni Prestafélagsins sem skrifar í Reykholti á kyndilmessu 1996 alveg unaðslegan texta um köllun presta til embættis sem ég vona að allir þingmenn þaullesi. Ég ætla ekki að fara yfir það hér en ég ætla að lesa eina umsögn í heild. Hún er nokkuð löng en ég ætla að lesa hana. Hún er ekki um Ágsborgarjátninguna ef hæstv. fjmrh. óttast það. Ég ætla ekki að segja orð um þessa umsögn annað en það að ég ætla að lesa hana. Hún er þrjár síður, A4. Umsögn Félags starfsmanna Alþingis og starfsmanna Ríkisendurskoðunar er dags. 17. apríl 1996. Með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfa efh.- og viðskn. Alþingis þar sem óskað er eftir umsögnum Félags starfsmanna Alþingis og Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar um frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Félögin hafa ákveðið að skila sameiginlegri umsögn um málið.

Gildandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru frá árinu 1954. Miklar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið frá þeim tíma og má fallast á að nauðsynlegt sé að færa margt í lögunum til nútímalegra horfs. Mikilvægt er að ríkið móti skýra starfsmannastefnu og kynni hana rækilega. Að svo miklu leyti sem þetta er gert í umræddu frv. er það í sjálfu sér fagnaðarefni. Sé á hinn bóginn litið á þetta frá sjónarhóli stéttarfélaga ríkisstarfsmanna er margt sem stingur í augun. Verður hér á eftir vikið nánar að þeim atriðum sem félögunum þykja aðfinnsulverð.

Í V. kafla athugasemda með frv. er greint frá því að eitt meginmarkmið þess sé að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Í frv. er hins vegar hvergi gerð nákvæm grein fyrir í hverju meintur ójöfnuður er fólginn eða útskýrt hvernig ná á fram jöfnuði þarna á milli. Þeim jöfnunaráformum frv. sem lúta að því að skerða fyrirliggjandi réttindi ríkisstarfsmanna er mótmælt. Í þessu sambandi má benda á ýmis þau atriði sem forsvarsmenn BHMR, BSRB og KÍ hafa haldið á lofti og varða m.a. breytingu á ráðningarformi, skerðingu á ráðningarfestu, afnám eða skerðingu á biðlaunarétti og almenna skerðingu málskotsréttar. Til viðbótar þessu vilja Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar sérstaklega benda á eftirfarandi atriði:

1. Mismunandi tegundir starfsmanna. Frv. gerir ráð fyrir að starfsmönnum ríkisins verði skipt í tvo flokka, þ.e. embættismenn og aðra starfsmenn. Í grg. með frv. á bls. 21 þar sem færð eru rök að þessari skiptingu segir m.a.

„Samkvæmt því gerir frv. ráð fyrir að mismunandi reglur gildi um starfsmenn ríkisins eftir því hver réttarstaða þeirra er. Þannig er lagt til að starfsöryggi þeirra starfsmanna, er hvorki njóta samnings- eða verkfallsréttar, verði tryggt nokkuð betur en venja er meðan aðrir starfsmenn ríkisins, er njóta almennt samnings- og verkfallsréttar, búi við svipað öryggi í starfi og launþegar á hinum almenna vinnumarkaði."

Starfsmenn Alþingis og stofnana þess hafa ekki verkfallsrétt og er í 56. gr. frv. gert ráð fyrir að svo verði áfram. Samningsréttur þessara starfsmanna er því takmarkaður. Þrátt fyrir óljóst orðalag 22. gr. virðist af athugasemdum mega ráða að örfáum starfsmönnum Alþingis og Ríkisendurskoðunar sé ætlað að falla í flokk embættismanna. Meginþorri starfsmanna Alþingis mun því búa við skert starfsöryggi þrátt fyrir sín takmörkuðu réttindi. Þar er því í raun um þriðja flokkinn að ræða, þ.e. starfsmenn með samningsrétt, en án verkfallsréttar. Ekki virðist frv. gera ráð fyrir að koma að neinu leyti til móts við þessa starfsmenn heldur eiga þeir að hafa alveg sömu réttindi og skyldur og sá stóri hópur ríkisstarfsmanna sem hefur bæði samnings- og verkfallsrétt.

2. Staða Alþingis. Íslensk stjórnskipun byggist á þrískiptingu ríkisvaldsins, í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Gengið hefur verið út frá því að sjálfstæði hvers þáttar fyrir sig skuli vera sem mest. Því er mikilvægt að Alþingi og þær stofnanir sem starfa í skjóli þess séu eins óháðar framkvæmdarvaldinu og kostur er. Með lögum nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna, var þeirri skipan komið á að forsetar Alþingis gera kjarasamninga við starfsmenn Alþingis, en fram til þess tíma hafði fjmrh. verið viðsemjandi starfsmanna þingsins. Knúið var á um þessa breytingu til að skerpa á sjálfstæði þingsins. Samkvæmt frv. virðist hins vegar eiga að stíga skref aftur á bak í þessum efnum. Þannig er gert ráð fyrir að fjmrh. setji eða staðfesti reglur til frekari útfærslu á lögunum, sbr. 7., 8., 9. og 42. gr., sem forsetum Alþingis ber að taka mið af á sama hátt og æðstu stjórnendur framkvæmdarvaldsins, skv. 51. gr., m.a. við ákvarðanir á viðbótarlaunum til starfsmanna. Þá gerir 4. gr. ráð fyrir að fjmrh. skeri úr ágreiningi um gildissvið laganna og skv. 47. gr. ákveður fjmrh. laun og launakjör þeirra starfsmanna sem kjósa að standa utan stéttarfélaga. Ekki virðist ætlunin að forsetar þingsins komi nálægt þessum ákvörðunum þegar í hlut eiga starfsmenn þingsins. Nauðsynlegt er að frv. verði yfirfarið í ljósi þessara athugasemda.

3. Reglur fjármálaráðherra. Margt er óljóst eins og málið horfir við í dag í sambandi við þau ákvæði frv. sem fjmrh. er ætlað að setja nánari reglur um framkvæmd á. Ekkert segir t.d. um það í 9. gr. hvort „launaaukinn" verður sýnilegur eða einkamál forstöðumanns og hlutaðeigandi starfsmanns. Þannig er erfitt að sjá hvort ákvæðið feli í sér raunveruleg réttindi starfsmanna eða ekki. Því er mikilvægt að fjmrh. kynni í hverju það regluverk sem honum er ætlað að setja verði fólgið áður en frv. verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

4. Uppsagnir starfsmanna. Alls ekki er ljóst hvaða tilgangi áminning skv. 21. gr. er ætlað að þjóna því samkvæmt skýru ákvæði 44. gr. er hún ekki nauðsynlegur undanfari uppsagnar. Uppsagnir hljóta ávallt að þurfa að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum. Það ætti að vera lítið mál fyrir forstöðumann að gefa starfsmanni upp ástæður fyrir uppsögn, svo sem að fækka þurfi starfsfólki vegna samdráttar í rekstri eða einfaldlega að hlutaðeigandi starfsmaður sé óhæfur til að gegna því starfi sem hann var ráðinn í. Eðlilegt er að lögin kveði á um slíka skyldu. Loks skal bent á að ekki er gert ráð fyrir að starfsmaður sem sagt er upp geti skotið máli sínu til æðra stjórnvalds en slík heimild er fyrir hendi í dag samkvæmt stjórnsýslulögum.

5. Tilflutningur embættismanna. Í 36. gr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa embættismann úr einu embætti

í annað og jafnvel í embætti er lýtur öðru stjórnvaldi. Ef nýja embættið er lægra launað skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu. Ákvæði þetta er sagt sett með stoð í 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir:

„Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk."

Vart verður ákvæðið skilið öðruvísi en svo að það sé órjúfanlegt skilyrði að embættismanni sem fluttur er til í starfi gefist kostur á lausn frá embættinu með hinum lögmæltu ellilaunum eða ellistyrk. Lífeyrisgreiðslur hafa leyst af hólmi eldri greiðslur í formi eftirlauna eða ellistyrks. Íslenskir lífeyrisþegar byrja hins vegar ekki að fá lífeyri fyrr en við örorku eða eftir að hafa náð tilteknum aldri. Í Danmörku, þar sem sambærilegt ákvæði er til staðar, öðlast menn hins vegar rétt til greiðslu fulls lífeyris ef þeim er sagt upp starfi af ástæðum sem ekki eru þeim sjálfum að kenna. Er þar litið svo á að það sama eigi við ef embættismaður er fluttur til í starfi. Ef ætlunin er að lögfesta framangreitt ákvæði frv. óbreytt þarf a.m.k. að skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í svipað horf og gildir í Danmörku.

Benda má á að Hæstiréttur hefur kveðið upp dóma þar sem embættismönnum voru dæmdar bætur vegna frávikningar á grundvelli 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar.

6. Starfsmenn utan stéttarfélaga. Í 2. mgr. 47. gr. er mælt fyrir um að starfsmenn geti staðið utan stéttarfélaga og er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn njóti sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Nauðsynlegt er að það liggi fyrir meðan frv. er til umfjöllunar á þinginu hvort ætlunin sé að 7. gr. laga nr. 94/1981, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, haldi gildi sínu, en þar er kveðið á um að starfsmenn sem standa utan stéttarfélaga greiði gjald til þess stéttarfélags sem þeir ættu að tilheyra, eða hvort ætlunin sé að gera einhverjar breytingar þar á. Ekki verður annað séð af orðalagi framangreinds ákvæðis en að það verði í raun og veru stéttarfélögin sem semji fyrir hönd þessara starfsmanna líka þótt óbeint sé.

Það skal að lokum tekið fram að sökum sérstöðu þeirra félaga sem standa að þessari umsögn hvað varðar tengsl þeirra við þingið er þess óskað að félögin verði ekki kölluð sérstaklega fyrir nefndina vegna málsins."

Þetta vildi ég lesa upp, hæstv. forseti, vegna þess að hér er m.a. um það fólk að ræða sem við leitum oft til sem hér erum og erum að fjalla um ýmis mál. Einnig vegna þess að að nokkru leyti hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem ég hef lesið upp. Það er þakkarvert og ég geri engar athugasemdir við það. En mér finnst að þessar athugasemdir séu þannig að þær ættu að gefa mönnum tilefni til að staldra við og fresta afgreiðslu þessa máls.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, víkja aðeins að umsögn Alþýðusambands Íslands sem sendir ítarlega umsögn um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég tel pólitískt mikilvægt að undirstrika að Alþýðusamband Íslands tekur mjög afdráttarlaust undir þær kröfur að þetta frv. sem hér liggur fyrir verði ekki að lögum á yfirstandandi þingi. Ég hugsa satt að segja að það sé orðið nokkuð langt síðan að Alþýðusambandið hefur tekið jafnákveðið til orða að því er varðar réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og gert er í þessu frv. Því held ég að það sé ástæða til þess, m.a. vegna þess að ég fjallaði áðan sérstaklega um samstöðuna í stjórnarandstöðunni og samstöðu verkalýðssamtakanna um þessi mál þá held ég að ástæða sé til að undirstrika þá samstöðu með því að lesa nokkrar línur upp úr umsögn Alþýðusambands Íslands um fyrirliggjandi frv. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„ASÍ ætlast til þess af Alþingi að frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði ekki að lögum í því formi sem það liggur nú fyrir þinginu. Miðstjórnin væntir þess að á næstu mánuðum verði þetta mál til umræðu ásamt þeim öðrum frv. og hugmyndum sem fram hafa komið um réttarstöðu launafólks á Íslandi á sameiginlegum vettvangi ríkisvalds og verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda. Samráð á slíkum vettvangi er eina aðferðin sem einhver von er til að leiði til samkomulags um niðurstöður er til farsældar horfa."

Þetta segir Alþýðusamband Íslands, hæstv. forseti, um það mál sem við erum hér að ræða og má segja að hæstv. félmrh. hafi svarað þeirri spurningu sem mér kemur oft í hug þessa daga í þinginu: Af hverju er ríkisstjórnin að reyna að pressa þetta mál í gegn í stríði við allt og alla? Er það út af kjarasamningunum í haust? Það sagði hæstv. félmrh. vegna þess að hann virðist vera þeirrar skoðunar að þessi frv. eigi að nota, ef þau verða að lögum, eins og svipu til að láta hvína yfir hausunum á launafólki í landinu. Hvert er hið einfalda svar hæstv. fjmrh. við þessu? Af hverju er verið að knýja á um það að þessi mál verði að lögum í stríði við alla? Hvað er það sem rekur á eftir? Nákvæmlega hvað er það? Væri ekki venjulegra og heppilegra út frá launastefnu ríkisins og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að það væri sest yfir þessi mál og reynt að semja um þessi mál í pakka? Ég tek eftir því að hæstv. fjmrh. orðar það þannig að ekki sé verið að taka neitt af fólki sem er umsamið. Mig minnir að hann orði það þannig. Ég er algerlega ósammála þeim sjónarmiðum. Ég tel að hann sé að taka kjör af fólki með þessum breytingum á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hann er að skerða kjör. Menn hafa sætt sig við það á undanförnum árum og áratugum að laun opinberra starfsmanna væru ákveðin að einhverju leyti með hliðsjón af þeim aðstæðum sem þeir búa við að ýmsu leyti sem sumar hafa verið taldar til kjarabóta. Þess vegna er augljóst mál að um leið og þessum lögum er breytt í blóra við opinbera starfsmenn eins og á að gera þá er náttúrlega verið að lækka hjá þeim kaupið. Það jafngildir kauplækkun það er alveg augljóst mál en ekki kauphækkun eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilssin virðist halda. Það er verið að taka ákvörðun um kauplækkun á þessu fólki. Það er ekki nokkur leið að halda öðru fram. En fróðlegt væri að vita hvert væri hið einfalda svar hæstv. fjmrh. við þessari spurningi því nóg er nóttin og væri hægt að ræða þetta mál enn frekar.

Ég hef farið yfir þó nokkrar umsagnir og þykir satt að segja leitt að hafa ekki farið yfir þær allar því þeir sem hafa sent þetta inn eiga skilið að farið sé rækilega yfir málin úr þessum ræðustól. En ég ætla aðeins, hæstv. forseti, að víkja að öðrum hópi ráðgjafa okkar hér. Við höfum talað um starfsmenn Alþingis og Ríkisendurskoðunar og ég ætla að víkja að öðrum hópi sem fær kaup fyrir að veita ríkisstjórninni og framkvæmdarvaldinu ráð og það er Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Það er afar ítarleg umsögn, sem kom inn 17. apríl og er allmargar síður, þannig að tímans vegna er ekki kostur að fara að lesa það upp í einstökum atriðum. En hér er bent á mjög mikilvæg

atriði, m.a. varðandi ráðningarfestuna en það er eins og enginn þori að tala um hana. Bent er á það undirstöðuatriði að störf embættismanna hafa mikla stjórnskipulega þýðingu og farið er mjög nákvæmlega yfir þær brtt. sem gerðar eru við lögin um þetta fólk. Ég held satt að segja að það sé dálítið skrýtið að sjá þessa ítarlegu athugasemd frá háskólamenntuðum starfsmönnum Stjórnarráðsins þegar þess er gætt að væntanlega kemur frv. ofan úr Stjórnarráði en það er eins og enginn af þessum embættismönnum hafi komið nálægt þessu frv. Það virðist vera algjörlega víst. Hvar var frv. samið, hæstv. ráðherra? Það var verið að tala um að það hefði verið samið aðallega úti í bæ. Væntanlega hafa þessir venjulegu embættismenn Stjórnarráðsins ekki komið mikið nálægt þessum textum — eða er það? Það virðist ekki vera þannig. Mér sýnist að málið liggi þannig að einhverjir allt aðrir hafi verið kallaðir til. Það er ástæða til að harma það því að þarna er um að ræða fólk sem kann til verka. Þó að menn áskilji sér allan rétt til að fara misjafnlega eftir því sem sagt er og frá þessu fólki kemur finnst mér full ástæða til að ætlast til þess að það sé a.m.k. haft með í ráðum þegar verið er að semja svona texta vegna þess að mér liggur við að segja að það sé fag þessa fólks að setja saman texta af þessu tagi.

Eins og fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. og hv. formanni efh.- og viðskn. eru þeir báðir orðnir mjög þreyttir menn þannig að ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að fara yfir einstök atriði í frv. vegna þess að það hefur verið gert oft áður eins og hæstv. ráðherra hefur sagt. Hann segist hafa svarað öllum hugsanlegum spurningum um þetta frv. Ég ætla svo sem ekki að spyrja hann að neinu en ég ætla að halda til haga nokkrum atriðum sem mér finnast skrýtin í þessu frv. Það kann út af fyrir sig vel að vera að það hafi áður verið fjallað um þau, ég ætla ekki að fara ítarlega yfir málið. Ég ætla að segja alveg eins og er að mér finnst ákvæði í 4. gr. skrýtin um það að fjmrh. hafi þetta algjöra úrskurðarvald um að skera úr um gildissvið laganna. Mér finnst nokkuð langt gengið eins og þetta er sett upp þarna. Mér finnst líka auglýsingagreinin afar tætingsleg, jafnvel eftir breytinguna. Mér finnst það ekki vönduð lagasetning sem þar er í uppsiglingu. Ég held að menn hefðu átt að skoða það mál aðeins betur. Ég tel að eins og reglurnar eru settar upp sé hætta á tilviljunarkenndum geðþóttaákvörðunum vegna þess að forstöðumönnum stofnana er heimilt að haga þessum málum nokkurn veginn eins og þeim sýnist. Það eru því ekki skýrar reglur um það hvernig eigi að fara með málin þó að búið sé að fella út síðasta málslið 2. mgr. 7. gr. um minni háttar og meiri háttar skrifstofustörf eins og við þekkjum. Ástæða er til að þakka fyrir það. En ég óttast að framkvæmd skv. 2. mgr. gæti orðið tilviljunarkennd vegna þess að sá rammi sem setja á um starfsemi forstöðumannanna liggur ekki fyrir að því er mér er kunnugt um.

Að því er varðar 13. gr. þá fannst mér orðalagið á henni í upphafi lítillækkandi. Mér fannst nálgunin sýna ákveðna tilhneigingu til að tala að ofan til opinberra starfsmanna alveg eins og með „minni háttar skrifstofustörf". Hérna segir:

„Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt ákvörðun forstöðumanns enda verði slíku við komið að skaðlausu."

Nú er búið að laga þetta aðeins en þetta var dæmi um lítillækkandi ákvæði. Ég tel einnig að í ákvæðunum eins og þau voru í 21. gr. og eru að nokkru leyti enn sé svipaður tónn. Ef menn vilja gera þetta að lögum og bera ábyrgð á því er það svo sem þeirra mál og ekki mitt að benda þeim á hluti en mér finnst samt ósmekklegt að tala að ofan til starfsmanna sinna eins og mér finnst vera gert í þessari grein.

Varðandi takmarkaðan ráðningartíma í 23. gr. þá hafa menn talsvert talað um það. Ég get út af fyrir sig játað að ég er sennilega í hópi þeirra stjórnmálamanna sem hef talað einna mest um að það eigi að ráða menn til takmarkaðs tíma. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það væri lýðræðislegt, veitti aðhald, það tryggði jafnvel frískari stýringu á hlutunum ef þannig væri að málum staðið. Ég tel t.d. að æviráðning útvarpsstjóra sé ekki skynsamleg svo ég taki dæmi. Það eigi að ráða slíka menn til takmarkaðs tíma í senn. Sérstaklega þegar um er að ræða stofnanir sem eru á samkeppnissviði finnst mér að það eigi að velta því fyrir sér. Aftur á móti þegar um er að ræða aðra starfsmenn ríkisins þá finnst mér að þessi tímabundna ráðning þurfi ekki alltaf endilega að vera af hinu góða. Ég held að stjórnkerfið eigi að temja sér faglega og vandaða festu líka. Ég tek að vísu eftir því að núv. ríkisstjórn tekur ekkert mark á því sem kalla má faglega eða vandaða festu í stjórnkerfinu eins og kemur m.a. fram í því að einhverjir aðrir en embættismenn eða starfsmenn í ráðuneytunum fá að semja frv. eins og þetta. En ég held að menn eigi ekki að ganga of langt í því að kollvarpa því að til sé tiltekin samkvæmni í embættisathöfnum og ákvörðunum hjá okkur. Þess vegna finnst mér að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að það sem hefur verið kallað festa í þessum efnum er ekkert skemmtiatriði heldur er um að ræða tiltekna alvöru sem getur m.a. stuðlað að því að treysta það sem er stundum kallað kjölfestan í okkar þjóðfélagi.

Mig langar í sjötta lagi varðandi einstök ákvæði í frv. líka að nefna 47. gr. Hún er satt að segja alveg ótrúleg þar sem kveðið er á um rétt starfsmanna til að standa utan stéttarfélaga eins og það er orðað í frv. Um það hafa félagar mínir í stjórnarandstöðunni sagt margt og ég ætla ekki að þreyta hinn langþreytta hæstv. fjmrh. á því að endurtaka það. En ég get ekki farið úr ræðustólnum án þess að nefna það vegna þess að mér finnst þetta eitt af ljótustu atriðum þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir nokkur atriði, bæði almennt og ég hef reynt að setja málið í almennt pólitískt samhengi. Ég hef bent á það og viðurkennt að við stjórnarandstæðingar höfum ekki sparað ræðuhöld, við höfum haldið hér eins og eina ræðu á mann hver. Hæstv. fjmrh. hefur ekki reiknað það út í kvöld eftir kvöldfréttirnar eða svo hvað þetta eru margar mínútur á mann en menn hafa talað dálítið. Það er alveg ljóst að menn gætu talað meira, menn hafa ekki fullnýtt rétt sinn samkvæmt þingsköpum. Menn eru þar með ekki í neinu málþófi þó að þessar ræður hafi verið fluttar, það er svo langt frá því. Það er beinlínis ósmekklegt þegar hæstv. fjmrh. er að halda því fram að við séum að reyna að hindra lýðræðið og framgang þess. Við hörmum ef ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar í gegn með mál af þessu tagi, okkur þykir það leitt. Við bendum á það og við eigum málskotsrétt, bæði út í þjóðfélagið og til næstu alþingiskosninga. Við getum líka bent á í þessu samhengi að í haust verða allir kjarasamningar lausir. Það er væntanlega ljóst mál að þau kjör sem eru ákveðin í þessum lögum eða öðrum munu hafa áhrif á þá kjarasamninga og aðkomuna að þeim kjarasamningum. Það getur ekki hjá því farið. Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin sé svo skyni skroppin að hún haldi að hún sé að greiða fyrir kjarasamningum með þessum vinnubrögðum með því að slíta sundur friðinn hér í þessari stofnun og úti í þjóðfélaginu líka.

Ég held að ástæða sé til að ítreka þess vegna þrátt fyrir allt þá áskorun okkar að ríkisstjórnin dragi þessi frv. til baka og hefji eðlilegar viðræður við stéttarsamtökin í landinu. Það er vont fyrir Ísland ef ríkisstjórnin heldur áfram með þessi mál. Það er vont fyrir þjóðina. Það hefur ekki bara með að gera innihald þessara frv., það hefur með að gera hið almenna umhverfi í samfélaginu. Ég held að það væri skynsamlegt ef greindir og réttsýnir menn eins og hæstv. fjmrh. á til að vera velti því fyrir sér hvort það er ekki leið til að hætta þessari vitleysu eins og þetta lítur út hér vegna þess að það bætir ekki neitt. Það er alveg ljóst að ef stjórnarandstaðan nýtti sér allan þann rétt sem hún hefur samkvæmt þingsköpum gætum við verið hér fram á forsetakosningar, svo ég nefni nú dagsetningu sem hefur stundum verið nefnd, vegna þess að menn eiga talsverðan rétt til að tala ef menn t.d notuðu sams konar aðferðir og Sjálfstfl. notaði þegar hann var að tala á móti frv. um stofnun umhvrn. En það eru 115 dálkar í Alþingistíðindum. Þá yrðum við náttúrlega fram á 29. júní en núverandi stjórnarandstaða er svo ábyrg að hún hagar sér ekki þannig. Ábyrgðarlausasta stjórnarandstaða sem er til á Íslandi er þegar Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu. Þá er einskis svifist eins og kom fram þegar þeir ætluðu að koma í veg fyrir að stofnað yrði umhvrn. og töluðu 115 dálka í Alþingistíðindum. Núv. stjórnarandstaða er ekki með neinar hugmyndir uppi en hún hefur samt sem áður sýnt í þeirri umræðu sem hefur farið fram til þessa styrk sinn og samstöðu. Það er mjög mikilvægt, ekki bara innbyrðis í sinn hóp á milli flokkanna sem hér eiga fulltrúa sem er mjög mikilvægt heldur líka styrk sinn og samstöðu með stéttarsamtökunum í landinu. Kannski er það tilvísun til pólitísks framtíðarverueika sem gæti orðið þannig að svona hrokaframkoma við stéttarsamtök eins og sýnd hefur verið að undanförnu verði ekki reynd aftur.

[00:31]

Útbýting þingskjals:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 519. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 956.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4. mál.

Fundi slitið kl. 00:32.

---

137. FUNDUR

þriðjudaginn 14. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

2. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945. — Frh. 2. umr.

3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 896. — 3. umr.

4. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 897. — 3. umr.

5. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 906, brtt. 842, 949 og 950. — 3. umr.

6. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 363. mál, þskj. 632. — 1. umr.

7. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 368. mál, þskj. 645. — 1. umr.

8. Lögræðislög, frv., 456. mál, þskj. 789. — 1. umr.

9. Lögræðislög, frv., 457. mál, þskj. 790. — 1. umr.

10. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 518. mál, þskj. 951. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Minning Þórarins Þórarinssonar.

[13:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þórarinn Þórarinsson, fyrrverandi ritstjóri og alþingismaður, andaðist í gærmorgun, 13. maí, áttatíu og eins árs að aldri.

Þórarinn Þórarinsson var fæddur í Ólafsvík 19. sept. 1914. Foreldrar hans voru hjónin Þórarinn Þórðarson sjómaður og Kristjana Magnúsdóttir húsmóðir. Hann hóf nám í Samvinnuskólanum 1931 og lauk þar burtfararprófi vorið 1933. Árin 1933–1936 var hann blaðamaður við Tímann og Nýja dagblaðið, blöð Framsóknarflokksins. Hann var ritstjóri Nýja dagblaðsins 1936–1938 og ritstjóri Tímans 1938–1984.

Þórarinn Þórarinsson var formaður Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík 1936–1938 og formaður Sambands ungra framsóknarmanna 1938–1944. Í stjórn Fiskimálasjóðs var hann 1947–1953 og í útvarpsráði 1953–1971 og 1975–1978, formaður þess síðara tímabilið. Hann var kosinn í kosningalaganefnd 1954 og í endurskoðunarnefnd laga um þingsköp Alþingis 1966. Árið 1972 var hann skipaður formaður þingmannanefndar til að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkisins. Hann sat á mörgum þingum Sameinuðu þjóðanna á tímabilinu 1954–1974 og var fulltrúi í undirbúningsnefnd hafréttarráðstefnunnar 1971–1973, síðan fulltrúi á hafréttarráðstefnunni 1973–1982. Hann átti sæti í fjölda nefnda á vegum Framsóknarflokksins, meðal annars í sendinefndum þingmanna vegna samninga um landhelgismál við Þjóðverja 1975 og við Breta 1976. Árið 1978 var hann skipaður í stjórnarskrárnefnd.

Í alþingiskosningunum haustið 1959 var hann kosinn þingmaður Reykvíkinga og sat á Alþingi til vors 1978, á 20 þingum alls. Hann var formaður þingflokks Framsóknarflokksins 1971–1978.

Þórarinn Þórarinsson fékk ungur að árum mikinn áhuga á stjórnmálum og fylgdist vel með umræðum og skrifum um þjóðmál. Hann gekk til fylgis við Framsóknarflokkinn, varð ungur málsvari hans í ræðu og riti. Um tvítugt hóf hann starf við málgagn flokksins og á þrítugsta árinu var hann kjörinn í miðstjórn hans. Meginstarf hans í þágu flokksins var þó ritstjórn fram til sjötugs og stjórnmálaskrif henni samfara.

Þórarinn Þórarinsson naut ekki langrar skólagöngu en bjó að meðfæddri fýsn til fróðleiks og skrifta. Jafnframt víðtækri þekkingu á stjórnmálum innan lands kynnti hann sér gjörla stjórnmál víða um lönd. Hann kom til Alþingis vel búinn þekkingu sem nýtist alþingismanni. Hann átti sæti í utanríkismálanefnd allan þingtíma sinn og var formaður hennar síðustu átta árin. Í umræðum á Alþingi fjallaði hann mest um utanríkismál og talsvert um iðnaðarmál auk þátttöku í almennum stjórnmálaumræðum. Honum var létt um mál og hann var traustur málsvari flokks síns. Auk skrifa um stjórnmál og blaðagreina margs konar efnis samdi hann þriggja binda rit um sögu Framsóknarflokksins. Nokkur síðustu æviárin átti hann við sjúkleika að stríða en hélt þó áfram skriftum fram undir ævilok.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Þórarins Þórarinssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[13:36]

Útbýting þingskjala:

Stéttarfélög og vinnudeilur, 415. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 954; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 955.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945.

[13:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðum um frv. frá því að þær hófust fyrir nokkrum dögum. Mér sýnist að þær séu staðfesting á því sem fram kemur í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. að málið er hroðvirknislega og illa unnið, að búið er að slíta í sundur friðinn á milli ríkisvaldsins og starfsmanna þess og að hér er um enn eina atlögu að launafólki í landinu að ræða, að frv. sýnir ótrúlegan hroka og lítilsvirðingu ríkisstjórnarinnar í garð starfsmanna ríkisins og að ekki hefur í neinu verið svarað gagnrýni sem kemur fram í umsögnum þeirra fjölmörgu aðila sem sendu efh.- og viðskn. umsagnir og komu á fund nefndarinnar og hér er ríkisstjórnin að fórna meiri hagsmunum fyrir minni verði frv. að lögum.

Upphaflegur tilgangur hæstv. ríkisstjórnar, að marka nýja starfsmannastefnu, auka valddreifingu og sveigjanleika í starfsmannahaldi, einfalda launakerfið og auka jafnrétti jafnframt því markmiði að ríkið verði fyrsta flokks vinnuveitandi mun ekki nást. Að vísu getur það farið eftir því hvernig við teljum að fyrsta flokks vinnueitandi eigi að vera en ég fullyrði að þær breytingar sem hér eru lagðar til munu ekki verða til þess að auðvelda stjórnum stofnana ríkisins og valddreifing er engin. Þvert á móti er miðstýring aukin og er ætlunin að stjórna með hótunum. Starfsumhverfi starfsmanna ríkisins mun verða þeim fjandsamlegt. Það er einkennilegt að sjá þessa tilhneigingu á tímum þegar flestir viðurkenna að besta árangri má ná í stjórnun fyrirtækja og stofnana með því að auka lýðræði og samábyrgðartilfinningu starfsfólks.

Hér á landi sem annars staðar í heiminum eru haldin sérstök námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja til þess að efla þessa samvinnu. Það er viðurkennd staðreynd að líði starfsfólki vel á vinnustað skilar það betri árangri. Þessi staðreynd er þó ekki höfð til hliðsjónar við samningu þessa frv. Hér eiga menn að búa við hræðslu, aga, undirgefni við yfirboðara, fulltrúa ríkisstjórnarinnar, sama hvort um er að ræða stjórnendur stofnana eða annað starfsfólk. Skilaboðin eru: Framkvæmdu það sem við segjum á hraða sem þú ræður varla við fyrir lægri laun og minni réttindi en áður. Ef þú tekur þessu þegjandi og sýnir undirgefni í starfi muntu umbun hljóta. Ef yfirmaður svíkst um að fylgja þeirri reglu skilar hann ekki viðunandi árangri og verður látinn fara. Þetta sýnist mér vera megintilgangurinn með frv. undir yfirskini þess að við viljum bæta ríkisreksturinn.

Æskilegur ríkisstarfsmaður verður á besta aldri, þ.e. þann tíma sem starfsorkan er mest. Það mun verða hagur forstöðumanna að láta hann fara þegar starfsorkan minnkar. Að öðrum kosti kemur það niður á heildarafköstum stofnunar og þá sýnir forstöðumaðurinn ekki lengur viðunandi árangur. Ef starfsorkan dvínar vegna veikinda, aldurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum verður starfsmönnum vikið úr starfi.

Annar megintilgangur frv. er svo að afnema biðlaunaréttinn svo að hægt sé að einkavæða ríkisfyrirtæki. Lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna eru gömul, því neitar enginn og vissulega er þörf á að endurskoða ýmis ákvæði þeirra. Það er hins vegar nauðsynlegt að að þeirri endurskoðun komi allir sem málið varðar. Við umræður um lög er varða réttindi og skyldur skólastjórnenda og kennara grunnskóla vegna yfirtöku sveitarfélaga á þessum málaflokki var lögð sérstök áhersla á að niðurstaða þess máls fékkst í samstarfi við aðila máls, kennara, skólastjórnenda, fulltrúa sveitarfélaga og ríkis. Áhersla var lögð á trúnaðartraust, samvinnu og gagnkvæma virðingu allra sem hlut áttu að máli. Þannig á að vinna. Þannig hefði átt að vinna þetta frv. og önnur þau er snerta launafólk í landinu. Mér er spurn: Var haft samráð við fulltrúa sveitarfélaga þegar þetta frv. var á vinnslustigi? Komu þeir að málinu? Ef svo er, með hvaða hætti og hver var afstaða þeirra? Sveitarfélögunum og viðsemjendum þeirra kemur nefnilega málið við. Um langan tíma hefur verið viðhöfð sú regla að starfsmenn sveitarfélaganna hafa sömu réttindi, skyldur og kjaraumhverfi og starfsmenn ríkisins. Þetta þekkja a.m.k. þeir hv. þingmenn sem hafa verið í sveitarstjórnum eða sinnt vinnu fyrir sveitarstjórnir.

Í kjarasamningum sem gerðir eru við starfsmenn sveitarfélaga er vísað í lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna eins og segir í texta sem er í nær öllum kjarasamningum þeirra, en þar segir, með leyfi forseta:

„Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með áorðnum breytingum og reglugerðum, settum á grundvelli þeirra, skulu gilda fyrir starfsmenn sveitarfélaganna.“ Undantekningar frá þessari reglu eru kjarasamningar hjá fjórum sveitarfélögum, að vísu stórum sveitarfélögum en þau eru aðeins fjögur. En þar eru þó í gildi reglur sem byggja á sömu lögum. Það var því fullkomlega eðlilegt að réttindi starfsmanna eins og grunnskólakennara og skólastjórnenda sem varða starfsmenn sveitarfélaga færðust óbreytt yfir. Þarna hefur verið samræmi á milli og því spyr ég: Komu fulltrúar sveitarfélaganna að verki þegar þetta frv. var samið? Var þeim ljóst þegar samið var um réttindi og skyldur grunnskólakennara að annað frv. yrði lagt fram samhliða þar sem þessum lögum um réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur ríkisstarfsmanna, sem frv. byggir á, yrði verulega breytt og að það geti orkað tvímælis að þau geti gilt samtímis? Var fulltrúum

sveitarfélaganna kunnugt um þetta eða var samráð við sveitarfélögin með svipuðum hætti og við stéttarfélögin, sem sagt ekki neitt? Að minnsta kosti hafa talsmenn sveitarfélaganna lítið tjáð sig um málið.

Af þeim ráðningarsamningum sem ég hef séð og gerðir hafa verið við starfsmenn sveitarfélaga er skýrt kveðið á um það hvað varðar félaga BSRB og BHMR að um réttindi og skyldur starfsmanna fari á hverjum tíma samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Það segir okkur að verði breyting á þeim lögum gildi hún einnig fyrir þá starfsmenn. Niðurstaða þessa máls er þá ekki síður mikilvæg fyrir sveitarfélög og starfsmenn þeirra. Það var e.t.v. í ljósi þeirrar staðreyndar og slæmrar samvisku vegna frv. um stéttarfélög og vinnudeilur að hæstv. félmrh., ráðherra sveitarstjórnarmála, lét þau orð falla af fullkominni lítilsvirðingu við launafólk í landinu á baráttudegi þeirra 1. maí þar sem þúsundir verkafólks voru saman komnar til þess að mótmæla verkum þessarar ríkisstjórnar. Um þau mótmæli sagði hæstv. félmrh. að einhverjir tveir eða þrír verkalýðsforingjar tali ekki fyrir munn allrar verkalýðshreyfingarinnar. Þetta leyfði hæstv. félmrh. sér að segja þrátt fyrir að honum væri fullkunnugt um hörð mótmæli launafólks um land allt. Verkafólkið er ekki lengur í fyrirrúmi hjá Framsókn. Þar ráða allt önnur sjónarmið ferðinni, enda eru þeir ekki hér á mælendaskrá hvorki til að verja frv. né gagnrýna. Það er lítið um efnislega umræðu af þeirra hálfu þegar kjör fólksins í landinu eru annars vegar.

Virðulegi forseti. Ég hef oft velt því fyrir mér frá því þetta frv. og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur voru lögð fram og ljóst var að ekkert samráð var haft við verkalýðshreyfinguna, hvernig á því stæði. Undirbúningurinn að breytingum í ríkisrekstri hófst fyrir þó nokkrum árum og umræðan um þörfina á því að endurskoða lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna hefur verið í gangi um langan tíma. Ég hef fylgst vel með umræðunni um umbætur og nýskipan í ríkisrekstri í tíð þessarar og síðustu ríkisstjórnar því það er löngu ljóst að það þarf uppstokkun og verulegar breytingar í ríkisrekstri. Og eftir að hafa starfað í fjárln. í átta ár, séð þessa þörf og horft á sjálfvirkan vöxt kerfisins vegna þess að skipulag þess er í molum, verkefni stofnana lítt skilgreind og í mörgum í tilvikum óljós markmið, þá fannst mér það ánægjuefni að skipulega yrði unnið að því að endurskoða rekstur ríkisins og fá fram skýrari skilgreiningu á hlutverki þess. Ég hef sótt flesta þá fundi sem fjmrh. hefur haldið um nýskipan í ríkisrekstri og hlustað af athygli á hugmyndir um breytingar og hugleiðingar um það hverjar orsakir þess eru að ekki hefur betur tekist en raun ber vitni að ná utan um rekstur ríkisins. En ekki datt mér í hug eftir fyrstu fundina að niðurstaða ráðuneytis yrði sú að helst væri um að kenna starfsmönnum ríkisins sem sinntu verkefnum sínum slaklega vegna þess að þeir hefðu of mikil réttindi, of góð kjör og hvati til góðra verka væri því enginn.

Það var ekki fyrr en ég hlustað á ræðu prófessors Sigurðar Líndals á ráðstefnu sem haldin var 20. okt. 1994 og síðan ræðu fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands í nóv. 1995 að ég áttaði mig á því hvert stefndi, hvert viðhorfið er gagnvart ríkisstarfsmönnum og að til þess að ná tökum á ríkisrekstrinum yrði fyrst að ná tökum á starfsmönnunum. Það gerist með því að þeir sýni yfirvaldinu óttablandna virðingu og undirgefni og taki því sem að þeim er rétt. Að það mætti sem minnst samráð hafa við þá um réttindi þeirra og skyldur. Þeir eru jú bara vinnuhjú. Þetta er eins og ég hef áður sagt einkennilegt sjónarmið í ljósi þeirrar reynslu að besti árangur fyrirtækja og stofnana hefur náðst í samráði og samvinnu við starfsfólk. Kúgunarstjórnaraðferðir hélt ég að væru úreltar og í engu samræmi við það gæðastjórnunarkerfi sem boðað hefur verið. En vegna þess að ákvörðun um að breyta lögum um réttindi og skyldur starfsmanna er í beinum tengslum við og reyndar afleiðing hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar um það hvernig staðið skuli að nýskipan í ríkisrekstri, þá tel ég nauðsynlegt að fara aðeins yfir þá umræðu og þær hugmyndir sem í gangi eru og tengjast beint starfsumhverfi starfsmanna ríkisins.

Ég ítreka þá skoðun mína að það er þörf á að breyta ríkisrekstrinum en það á að fara varlega. Það á að stíga skrefin eitt og eitt í einu og það allra mikilvægasta er að breytingarnar séu unnar í samráði við það starfsfólk sem hlut á að máli hverju sinni. Mér finnst reyndar að hæstv. fjmrh. hafi byrjað á öfugum enda. Það á að byrja á því að skilgreina eðli og markmið þjónustu ríkisins, skoða og skilgreina hlutverk hverrar einustu stofnunar og skilgreina á skýran hátt hver verkefnin eru sem við teljum að eðlilegt sé að greidd skuli úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Verkefna- og markmiðslýsingar þurfa að vera skýrar og liggja fyrir hjá hverri einustu stofnun. Á því hefur verið misbrestur. En þar er ekki um að kenna starfsmönnum stofnana heldur ráðuneytunum sjálfum. Það hefði því e.t.v. frekar átt að skoða afköst einstakra ráðherra í gegnum tíðina heldur en að gefa sífellt í skyn að flest sem miður hefur farið sé starfsmönnum ríkisins að kenna sem hafa allir metnað til að bera fyrir hönd þeirra stofnana sem þeir starfa hjá. Það vantar mikið á að ríkið sé eða hafi verið fyrsta flokks vinnuveitandi. Hvort sem horft er til skipulags í ríkisrekstri eða framkomu í garð starfsmanna. Fyrsta flokks vinnuveitandi, eins og það er orðað í frv., ætti að skilja að góður árangur næst í góðri samvinnu við starfsmenn þar sem gagnkvæm virðing er til staðar. Við skulum skoða aðeins þær hugmyndir sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin reyndar öll hefur sett fram á undanförnum árum og mér fannst til að byrja með vera einkar ánægjulegar og hafði þá skoðun að nú ætti að fara að vinna markvisst og af ábyrgð í reksri ríkisfjármála og þá að skoða rekstur einstakra stofnana.

Fyrsta ritið sem gefið hefur verið út af hálfu fjmrn. sem ég hef fengið í hendur eða á, e.t.v. er ég búin að tapa einhverju af þessu, er rit sem gefið var út í maí 1993 og heitir „Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri". Þar er lýst hugmyndum þáverandi ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Reyndar segir í formála þess rits að fyrsta skrefið hafi verið stigið 19. mars sama ár með ráðstefnu um ríkisreksturinn þar sem tæplega 300 manns víðs vegar úr þjóðfélaginu var boðið til. Eftir þá ráðstefnu voru 40 menn skipaðir í 7 vinnuhópa sem fjölluðu um afmörkuð atriði ríkisrekstrar. Kjarninn þessarar stefnu átti að vera að dreifa valdi, auka ábyrgð og flytja ákvarðanir sem næst vettvangi og ná með því hagkvæmari rekstri og betri þjónustu. En hæstv. fjmrh. sagði 1993: „Það getur tekið nokkur ár að fylgja þessari stefnu fram enda er útfærsla hennar margþætt."

Á þeim tíma trúði ég því að fyrsta skrefið yrði að fara yfir hlutverk ríkisins og skilgreina hlutverk hverrar einustu stofnunar til framtíðar.

Nýjar áherslur í ríkisrekstri með yfirskriftinni „Þörf fyrir breytingar". Þar segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa augu manna í auknum mæli beinst að umfangi, gæðum og tilkostnaði í opinberum rekstri

og hvernig þróa megi hann og bæta. Ástæðan er m.a. aukinn fjárlagahalli, skuldasöfnun hins opinbera og lítill hagvöxtur. Samtímis hafa kröfur um opinbera þjónustu orðið háværari, m.a. vegna viðvarandi atvinnuleysis og margs konar þjóðfélagsvandamála. Umræðan hefur einnig einkennst af vaxandi skilningi á því að vel skipulögð og virk stjórnsýsla sé mikilvæg til að skapa þjóðum og fyrirtækjum þeirra samkeppnisforskot á alþjóðamarkaði og auðvelda þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi."

Undir þessi markmið get ég heils hugar tekið. Það á að auka gæðin án aukinna útgjalda. Og í riti hæstv. fjmrh. segir:

„Þau verkefni sem ríkið annast eru þýðingarmikil fyrir velferð almennings. Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil aukning í opinberum útgjöldum. Staða ríkissjóðs virðist ekki leyfa frekari aukningu. Því er mikilvægt að gæðin aukist án þess að útgjöldin vaxi.

Góð starfsskilyrði starfsmanna.

Ríkið er stór vinnuveitandi og skipulag ríkisrekstrarins hefur því mikla þýðingu fyrir starfsskilyrði fjölda fólks. Sjaldan skortir vilja starfsmanna til að veita almenningi góða þjónustu."

Síðan kemur þessi punktur sem ég er fullkomlega sammála, með leyfi hæstv. forseta:

„Vandamálin felast miklu frekar í skipulagi ríkisrekstrarins og ýmiss konar reglum sem standa í vegi fyrir því að frumkvæði starfsmanna og stjórnenda stofnana fái notið sín. Nauðsynlegt er að saman fari gott skipulag og góð starfsskilyrði."

Þetta er sagt í maí 1993. Síðan er nánari útfærsla á því hvernig hæstv. ráðherra hyggst nú standa að þessum breytingum en allt skal það gert í samstarfi við ríkisstarfsmenn. Það kemur fram mjög skýrt varðandi þær breytingar sem hæstv. ráðherra fyrirhugaði að gera í ríkisrekstri, að hann lagði á þessum tíma, árið 1993 í maí, mikið upp úr því að gott samstarf tækist milli starfsmanna, ráðuneyta, stofnana og Alþingis vegna þess að hér segir í þessu riti á bls. 14 um næstu skref sem hæstv. ráðherra ætlar að taka í maí 1993:

„Mikilvægt er að gott samstarf takist milli Alþingis, ráðuneyta, stofnana og starfsmanna ríkisins og allar nýjungar sem hér eru settar fram verði kynntar fyrir viðkomandi aðilum."

Þetta, virðulegi forseti, er í engu samræmi við þau vinnubrögð sem síðar hafa verið viðhöfð af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar. Hann er svo sem ekkert einn um þetta, hæstv. ráðherrann.

En það verður mjög fljótt breyting á þessum viðhorfum. 20. okt. 1994 hefur hæstv. ráðherra gefið út a.m.k. tvö rit um framhald stefnunnar, á meðan hann er enn að kynna hvert skulið haldið fyrir þeim sem eiga síðan að halda á málunum með hæstv. ráðherra. Þar er fyrst rit um útboðsstefnu ríkisins. Annað rit er gefið er út í mars 1994 um samningsstjórnun og er mjög merkileg tilraun sem hæstv. ráðherra hefur sett í gang en þó ekki skilað okkur þeim niðurstöðum sem til þarf til þess að meta árangurinn og gera breytingar í ljósi þess. Það hafa aðeins verið gerðir samningar við örfáar ríkisstofnanir og það sem vantaði inn í þá samningagerð á sínum tíma var að þó að yfirlýsingar fjmrn. um að verkefnavísar þar sem verkefni hverrar einustu stofnunar væru skilgreind, lægju fyrir var nú byrjað á því að gera samninga í anda þessarar samningsstjórnunar við nokkur fyrirtæki áður en verkefnavísarnir lágu fyrir. Þannig að á engum tíma, áður en samningar voru gerðir við stofnanir ríkisins um samningsstjórnun, var skoðað hvort verkefni þeirra sköruðust við verkefni annarra stofnana samkvæmt lögum og reglugerðum og það kom berlega í ljós á ráðstefnu sem hæstv. fjmrh. stóð fyrir í nóv. 1995. En þetta er samt sem áður virðingarverð tilraun og ein af þeim tilraunum sem ég tel að hafi þurft að gera áður en menn fóru í nokkrar aðrar breytingar varðandi ríkisreksturinn.

En 20. okt. 1994 heldur hæstv. ráðherra ráðstefnu á Hótel Loftleiðum sem ber yfirskriftina „Hvert skal halda í launa- og starfsmannamálum ríkisins?" Þetta var ein af þessum fróðlegu ráðstefnum sem hæstv. ráðherra hefur staðið fyrir. Og það verð ég að segja honum til hróss að þetta hafa að mörgu leyti verið mjög góðar ráðstefnur, fundir og kynningar og umræður og ég hef álitið að þær væru undanfari þess að teknar yrðu skynsamlegar ákvarðanir um nýskipan í ríkisrekstri.

En hæstv. ráðherra flytur erindi um þróun í launa- og starfsmannamálum ríkisins og stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er eins og ég segi 1994 þannig að þá er enn um að ræða ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Þar leggur hann m.a. áherslu á að verkefni starfsmannaskrifstofu ríkisins eigi nú að breytast. Í stað launaútreiknings komi fræðsla og ráðgjöf um túlkun kjarasamninga og lagaákvæða. Á verksviði hennar verði einnig rekstur og almennt eftirlit með launakerfinu sem og dreifing upplýsinga til stjórnvalda, þingmanna og stéttarfélaga. Þetta er fyrir tæpum tveimur árum síðan og lítið hefur nú farið fyrir þessu breytta hlutverki starfsmannaskrifstofunnar enn þá eins og ég á eftir að koma betur að seinna í ræðu minni, því enn þann dag í dag er starfsmannaskrifstofan með eftirlit og athugasemdir um hvern einasta starfssamning sem gerður er við starfsmann ríkisins og fettir þar fingur út í hin smávægilegustu atriði, virðist manni vera.

Hæstv. fjmrh. rekur líka í þessu erindi sínu hvernig farið hefur verið með þessi mál í grannlöndum okkar og hvernig þróunin hefur verið þar og að þar hafi kjör opinberra starfsmanna verið færð nær því sem gerist á almenna markaðnum. En í flestum tilvikum sem við höfum nú skoðað hefur frekar verið um það að ræða að jafna upp á við en ekki niður á við eins og gert er hér á landi. Eins og raun ber vitni og hefur komið fram mjög oft á undanförnum mánuðum, þá hafa kjör verkafólks hér verið mun lakari en annars staðar, a.m.k. í samanburði við þau lönd sem við erum aðallega að miða okkur við. Það hefði því kannski verið nær fyrir hæstv. ráðherra að skoða það fyrst hvernig við gætum náð þeim kjörum sem tíðkast í nágrannalöndum okkar sem við miðum okkur svo gjarnan við.

Á þessari ráðstefnu talaði framkvæmdastjóri vinnuveitendasambands sænska ríkisins og síðan talaði þar Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ. Ræða hans var svo sem ekkert mjög merkileg. Hún var eingöngu staðfesting á þeim viðhorfum sem koma fram hjá framkvæmdastjóra VSÍ og hafa iðulega komið fram í hans máli og koma mjög skýrt fram í afstöðu Vinnuveitendasambandsins til þess frv. sem við erum að ræða hér og reyndar annarra verka ríkisstjórnarinnar þar sem um er að ræða skerðingu á kjörum verkafólks. Eitt þótti mér þó merkilegt þegar ég hlustaði á þessa ræðu og einnig las hana yfir núna til þess að rifja þetta allt saman upp fyrir þessa umræðu og skoða aðdraganda þeirra breytinga sem liggja nú fyrir í frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Það er að Þórarinn V. Þórarinsson ásamt mörgum öðrum sem tala á þessum fundum og ráðstefnum talar alltaf um kjarasamninga sem eitthvert sjálfstætt fyrirbæri, þ.e. að kjarasamningar hafi alltaf verið til hins verra og að þeir hafi

aldrei komið nálægt þeim og viti svo sem lítið um hvað þar gerist. Að kjarasamningar hafi bara sjálfstæða tilveru og þróist svona upp og niður án þess að menn komi þar nálægt. Eins og Þórarinn setur þetta fram á þessari ráðstefnu þá talar hann um kjarasamningana og verkfallsréttinn sem fjandskap við vinnumarkaðinn til þess að draga úr þróunarmöguleikum atvinnustarfsemi hér á landi. En um nýjungar sem eiga sér stað í grannlöndum okkar og svo þær sem boðaðar hafa verið af þáverandi ríkisstjórn og þær nýjungar sem hann vildi helst sjá í ríkisrekstri, segir hann, með leyfi forseta: „Nýjungarnar fælust í að færa endanlega ábyrgð á rekstri stofnana á herðar þeirra sem reka þær." Þeir sem reka þær eru þá forstöðumenn stofnana og stjórnir stofnana en ekki ráðuneytin eða ríkið sjálft og þeir sem bera ábyrgð í heildina á ríkisrekstrinum. „Skili þeir ekki verki fær stofnunin ekki greiðslu. Ég er sannfærður um," segir Þórarinn, „að sá agi örvar til dáða og starfsfólk og stjórnendur leysi viðfangsefni af öryggi og fagmennsku langt umfram það sem nú gerist. Ég efast ekki um það eitt andartak að starfsfólk heilbrigðisstofnana vinnur vel og af mikilli fagmennsku en ég er jafnsannfærður um það að frammistöðutenging launa," það er starfsfólk heilbrigðisstofnana sem Þórarinn er að tala um, „ríkari kostnaðarvitund og skipulegur ávinningur starfsmanna af hagræðingu og sparnaði getur skilað sjúklingum, skattgreiðendum og síðast en ekki síst starfsmönnum umtalsverðum ávinningi. En staða stjórnandans hlýtur að breytast í grundvallaratriðum," segir Þórarinn, með leyfi forseta. „Hann verður ekki lengur næsta hlutlaus áhorfandi að deilum um kaup og kjör. Hann mundi eins og hver annar atvinnurekandi kappkosta með öllum tiltækum ráðum að halda uppi starfsemi og tekjuöflun þrátt fyrir truflanir, t.d. af völdum verkfalla. Þeir felldu ekki niður helminginn af þjónustu við almenning um sjö vikna skeið þótt lítill hluti starfsmanna legði niður störf eins og gerðist sl. vor. Þeir hefðu reynt að komast hjá átökum fyrr, dreift áhættunni með því að kaupa hluta af þjónustunni annars staðar og yfir höfuð slegist fyrir því að halda uppi rekstri.

Þetta er eðlisbreyting, eðlisbreyting sem kallar t.d. á það að stjórnendur í skólum verði ekki valdir í vinsældakosningum á kennarastofum af væntanlegum undirmönnum sínum, að þeir þurfi ekki að vera í stéttarfélagi undirmanna sinna, að kjör þeirra verði ekki ákveðin í kjarasamningum þeirra. Að því er skólastjórana varðar sérstaklega þá fullyrða margir að þessi skipan hafi leitt til þess að stjórnendur skólanna séu í hópi lægst launuðu starfsmanna þeirra þótt aðeins sé litið til vinnutíma af því þeir hafa orðið að undirgangast kjarasamninga. Þeir mega m.a. ekki eiga allt sitt undir undirmönnum sínum og verða að hafa möguleika á að beita launum til að hvetja og laða fram betri árangur starfseminnar."

Það sem Þórarinn V. Þórarinsson segir þarna árið 1994, er síðan að birtast okkur í frumvörpum og það er ekki nema von að Vinnuveitendasamband Íslands sé jákvætt gagnvart þessu.

En merkilegasta ræðan á þessari ráðstefnu, „Hvert skal stefna í launa- og starfsmannamálum ríkisins?", var þó haldin af prófessor Sigurði Líndal og það verð ég að segja að allar ræður sem ég hef hlustað á um nýsköpun í ríkisrekstri og hvernig skuli farið með starfsmannahald ríkisins og hvernig eigi að meðhöndla starfsmenn ríkisins, allar ræður, þar með talin ræða fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands, eru ekkert miðað við þann boðskap sem birtist í þessari ræðu. Prófessor Sigurður Líndal byrjaði á því að rekja söguna um opinbera starfsmenn, hvernig þessi starfshópur varð nú til. Það má vera að það hafi verið farið yfir það hér áður í umræðunni. Því miður hef ég misst af einni og einni ræðu sem hér hefur verið flutt en þær hafa allar verið mjög merkilegar og málefnalegar. Prófessor Sigurður Líndal segir í upphafi ræðu sinnar, með leyfi forseta:

„Hér hefur verið rætt um hvert stefna skuli í launa- og starfsmannamálum ríkisins. Bent hefur verið á að ríkt krafa sé gerð um árangur í starfi ríkisins og vel sé hugað að stöðugu hlutverki starfsmanna. Einnig hefur verið bent á að meginákvæði um starfsmannahald sé að finna í lögum og reglugerðum og kjarasamningum. Þessi ákvæði eru sett á ólíkum tímum og við breytilegar aðstæður og í ýmsum veigamiklum atriðum víkja lög og reglur frá ríkjandi viðhorfum til starfsmanna ríkisins.

Ef skyggnst er í söguna kemur í ljós að sá hópur manna sem kallast ríkisstarfsmenn á rót að rekja til hirðar konungs sem hlaut fast skipulag á hámiðöldum, bundið sérstökum lögum og hins vegar til hersins. Í Noregi nefndust lög hirðarinnar hirðskrá og var hún sett 1276. Innan hirðar og hers festi riddarahugsjónin rætur og mótaði það hugarfar að sýna bæri konungi og kirkju hollustu og rækja bæri skyldur við þjóðfélagsþegnana. Þar liggja rætur embættishugsjóna Evrópu sem áttu drjúgan þátt í að styrkja starfshæft stjórnkerfi þótt auðvitað yrði einatt skil milli hugsjónar og veruleika eins og jafnan vill verða.

Margir Íslendingar gengu í hirð Noregskonungs og á 13. öld voru flestir íslenskir höfðingjar hirðmenn hans og lutu hirðlögum. Eftir að Ísland gekk undir Noregskonung voru sýslumenn kjarni hirðarinnar og jafnframt embættiskerfisins. Þeir sinntu þeim grunnskyldum ríkisins að halda uppi lögum og reglu, tryggja öryggi þjóðfélagsþegnanna og innheimta skatta. Síðar, eða nánar tiltekið á 18. öld, tók ríkið að hafa meiri afskipti en ella af atvinnuvegum og ýmiss konar þjónustu í anda þeirrar stefnu sem kölluð var kameralismi. Og þá má segja að allmjög hafi rýmkað um starfsmannahald ríkisins.

Ekki er ástæða til þess að rekja þessa sögu frekar" segir prófessor Sigurður Líndal „.... en því minnist ég á þetta að í hollustu- og agahugsjónum hirðlaganna liggja rætur þeirrar löggjafar sem lengst af hefur gilt um embættismenn hér á landi. Áhersla hefur legið á hollustu þeirra við ríkið og skyldur við þegnana."

Prófessor Sigurður Líndal rekur síðan mjög margt í þessari ræðu sinni þar sem hann fer yfir lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. En hann segir síðan eftir að hafa farið yfir einstakar greinar laga um ríkisstarfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, með leyfi forseta:

„Innan einnar og sömu stofnunar vinna menn eftir mörgum kjarasamningum og eru í mörgum stéttarfélögum. Svo ég nefni einungis Háskóla Íslands, þar sem ég vinn, þar vinna menn sem starfa í 13 stéttarfélögum, þá skarast ákvæði laga nr. 38/1954 og laga nr. 94/1986 í ýmsum greinum eins og reyndar hefur verið minnt á hér fyrr og í þriðja lagi sýnist sem ákvæði kjarasamninga og laga nr. 38/1954 skarist einnig í ýmsum greinum. Af þessu sýnist mér sem áhorfanda að það sem stefna beri að í launa- og starfsmannamálum ríkisins, til að ná þeim markmiðum að gera starfsemi ríkisins sem skilvirkasta og ódýrasta, hljóti að vera að einfalda löggjöfina. Fátt getur staðið skilvirkri framkvæmd og hagræðingu meira fyrir þrifum en flókin og óljós löggjöf og þá sýnist mér þetta einna helst koma til álits.

Í fyrsta lagi að skilgreina hlutverk ríkisins betur en gert er og þá um leið auðvitað ríkisstofnana. Hvert á að vera hlutverk þess? Nú sýnist nokkuð víðtæk samstaða um að efla markaðsbúskap og einkavæða margvíslega starfsemi sem áður þótti eðlilegt að ríkið annaðist þannig að um þetta málefni, hvert eigi að vera hlutverk ríkisins, ætti að vera auðveldara að ná samstöðu um en áður var.

Í öðru lagi þá felur einkavæðing í sér að starfsmönnum ríkisins hlýtur að fækka.

Í þriðja lagi, þar sem ríkið kann að reka þjónustustarfsemi áfram þá taki það vinnuafl einfaldlega á frjálsum markaði.

Í fjórða lagi þá yrðu afleiðingar veruleg breyting á skipulagi stéttarfélaga og stéttarsambanda. Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna sameinast eða leggast niður eða gjörbreytast. Einhvers konar vinnustaðafélög eða starfsgreinasambönd koma í staðinn.

Mér hefur eiginlega alltaf verið það óskiljanlegt af hverju háskólamenn, af því að þessir tveir stafir, „há", skuli vera í nafni skólans, þurfi að vera í sérstökum stéttarfélögum ekki síst þegar flestir skólar á Íslandi eru nú að verða háskólar.

Í fimmta lagi. Þeir sem gegndu þeirri starfsemi ríkisins sem samstaða næðist um að það gegndi, eiga að sæta einhliða ákvörðun ríkisins um kjaramál og hafa engan verkfallsrétt. Það er ekki í neinna þágu að lama þá starfsemi sem menn eru almennt sammála um að ríkið skuli halda uppi. Þá starfsemi á ríkið að rækja vel. Andi kjaradeilna á þar ekki heima. Hann lamar starfsemi, þyngir ríkisbáknið, eykur útgjöld ríkisins og bitnar á skattgreiðendum að lokum og skerðir lífskjör þjóðarinnar. Hvað kostar sú kjarabarátta sem er að verða ein helsti atvinnuvegur þjóðarinnar?" spyr prófessorinn, rétt eins og menn fari í verkföll og berjist fyrir bættum kjörum að ástæðulausu. Það er hrein hörmung að svona sjónarmið skuli vera uppi í okkar litla þjóðfélagi. Í niðurlagi ræðunnar segir, virðulegi forseti, það er lokaniðurstaða prófessors Sigurðar Líndals: „Meðal ríkisstarfsmanna þeirra sem eftir verða þarf að kveða niður þann kjaradeilu- og fjandskaparanda sem nú um skeið hefur verið ríkjandi og endurvekja og efla þann hollustu- og þjónustuanda sem lagður var grunnur að innan ríkis og kirkju á miðöldum og hefur þrátt fyrir allt löngum fylgt embættishugsjónum Vesturlanda."

Þetta voru lokaorðin og lokaerindið á þessari ráðstefnu, Hvert skal stefna í launa- og starfsmannamálum ríkisins, 20. október 1994. Þetta er alveg með ólíkindum. Eitt er að hlusta á sjónarmið eins manns sem flytur erindi á ráðstefnu en annað að fá síðan afraksturinn og innihald erindisins hér sem frv. til laga á hv. Alþingi. Það hefur nú gerst. Nákvæmlega það sem prófessor Sigurður Líndal sagði í sínu erindi er að rætast. Það á að ná fram þessum aga og þessari þjónustulund hjá starfsmönnum ríkisins og það á að gerast með hótunum.

En það er ekki allt vont sem gert hefur verið í tíð þessarar ríkisstjórnar og tillögum um breytingu á ríkisrekstri eins og ég nefndi hér áðan. Tveir bæklingar til viðbótar við þá sem ég hef þegar kynnt hafa komið út. Það er Verkefnavísir, ríkið hefur látið gera hann, og bæklingur um fjárreiður ríkisins og endurskipulagningu. Hvort tveggja mjög þarft, virðulegi forseti, og allt í lagi að hrósa hæstv. fjmrh. úr því að hann er fjarstaddur fyrir að hafa komi þessu í verk. En þetta tvennt er undirstaðan að því sem á eftir átti að koma. Það er endurskipulagningin. Vegna þess að endurskipulagning í ríkisrekstri, segi ég enn og aftur, verður aldrei markviss nema grunnupplýsingarnar um verkefni hverrar stofnunar liggi fyrir. Þær eru hér, þetta er grunnurinn að því að fara nú í þessar breytingar hægt og sígandi í samráði við starfsmenn en ekki með því að byrja á því að traðka á þeim með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Það er enn ein ráðstefnan sem ég ætla að vitna hér til, þar á meðal erindi sem oft hefur verið farið yfir sem fyrrv. fjmrh. Nýja-Sjálands hélt, en hún kemst ekki í hálfkvisti við prófessor Sigurð Líndal hvað hugsjónir og boðskap varðar. Þarna var flutt erindi frá OECD, Derry Ormond hélt mjög gott erindi sem við gátum margt lært af og síðan flutti hæstv. fjmrh. sitt erindi. Að vísu er komin ný ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., þótt ekki hafi orðið mikil breyting á. Áfram er haldið á þeirri braut sem mörkuð var 1992 og 1993 og framsóknarmenn hafa svo sem lítið skipt sér af því eins og við sjáum að er að gerast varðandi starfsmenn ríkisins. Og ekki hafa þeir dregið úr vilja Sjálfstfl. til þeirra breytinga sem þeir hafa boðað. En í erindi hæstv. fjmrh. fór hann yfir umbætur síðustu ára, útboðin og útboðsstefnuna og þær breytingar sem á að gera á fjárlögum og ríkisreikningi. Hann nefnir einkavæðinguna og talar þar um þessi góðu dæmi sem er sala ríkisins til að mynda á Lyfjaverslun Íslands og lokun og sala Ríkisskipa. Hvergi í ræðunni nefndi hann SR-mjöl. Í fjórða lagi nefndi hann áhersluna á aukna samkeppnisvitund hjá hinu opinbera. Síðan nefndi hann verkefnavísana sem ég tel að séu af hinu góða og breytingar í eignaumsýslu ríkisins. Eftir að hafa farið yfir þetta eyddi hann nokkrum tíma í ábyrgð og afrakstur og svo kom þriðji þátturinn sem fjallaði um sjálfstæði og sveigjanleika í starfsmannamálum sem ég fór í hér í upphafi ræðu minnar og var boðaður strax 1992–1993 og þá sérstaklega tekið á því að draga ætti úr völdum starfsmannaskrifstofu ríkisins og fjmrn. ætti að hætta að vera með puttana í hverjum einasta samningi sem gerður væri við starfsmenn ríkisins innan stofnana. Hvernig hefur þetta verið í framkvæmd? Ef maður skoðar framkvæmdina trúir maður því þá að það liggi eitthvað á bak við þessar fullyrðingar hæstv. ráðherra um að sjálfstæði og sjálfsforræði stofnana í eigin málum verði aukið? Ef horft er á efndirnar frá því 1992 og 1993? En í þessum þriðja þætti ræðu hæstv. fjmrh. á þessari ráðstefnu fyrir tæpu ári sagði hann: „Ábyrgð stjórnanda verður aukin, sjálfstæði stofnana við gerð launasamninga ber að efla og gera launakerfið sveigjanlegra." Áður hefur þeirri skoðun hans verið lýst að draga ætti úr valdi starfsmannaskrifstofunnar og vangaveltum um hlutverk hennar. Maður skyldi ætla að frá 1992 eða 1993 hefði verið færi á að stíga a.m.k. eitt skref í þessa átt. En hefur það verið gert? Nei, það hefur ekki verið gert. Þvert á móti hafa þau mál sem hefur verið farið með inn til hæstv. ráðherra til hans ráðuneytis og á þessa skrifstofu verið afgreidd með afar neikvæðum hætti. Við gerð gildandi kjarasamninga voru uppsagnarákvæði sett inn þar sem hvor aðili fyrir sig gat sagt samningum upp héldi hann að forsendur samningsins hefðu breyst á samningstímanum. Eða eins og segir í síðustu grein samninganna, með leyfi forseta, þ.e. samningum opinberra starfsmanna: „Forsenda samnings þessa er að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekkt því sem gerðist í helstu samkeppnislöndunum þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Á samningstímanum munu fulltrúar fjmrh. og félaganna, eða sá aðili sem það tilnefnir, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðarfyrirvara ef verulega og marktæk frávik hafa orðið að samningsforsendum samkvæmt

þessari grein. Komi til uppsagnar samkvæmt framanskráðu tekur hún gildi 31. des. 1995.“ Á grundvelli þessa ákvæðis ákvað Starfsmannafélag ríkisstofnana SFR, eitt fjölmennasta aðildarfélag BSRB, að segja upp gildandi kjarasamningi þar sem félagið taldi að forsendur samningsins hefðu ekki haldið og launaþróun hefði ekki verið með þeim hætti sem ætla mætti miðað við gefnar forsendur. Nú mætti halda að miðað við allt talið um aukið frelsi og svigrúm stofnana ríkisins og að láta reyna á hæfni stofnana til samningsgerðar hefði hæstv. fjmrh. gripið tækifærið fegins hendi og vísað samningum til þeirra stofnana sem hlut áttu að máli, trúr sínum eigin yfirlýsingum þess efnis að samningar séu betur komnir hjá stjórnendum sem eru í beinnum tengslum við þá sem störfin vinna. Aftur og aftur síðan 1992 hefur áherslan verið lögð á aukið sjálfstæði og sjálfsforræði stofnana í eigin málum. En þetta tækifæri var látið ónotað. Þess í stað var uppsögn samninganna vísað til Félagsdóms og dæmd ógild. Það er reyndar annað sláandi dæmi frá þessu sama félagi, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, dæmi sem sýnir svo ekki verður um villst að sjálfstæði stofnana er ekki neitt þrátt fyrir miklar yfirlýsingar. Í kjarasamningum eru ákvæði um samstarfsnefndir. Hlutverk þessara samstarfsnefnda er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnustöðum. Samstarfsnefndin skal m.a. fjalla um röðun í launaflokka og um samninga við fólk sem færist á milli starfa innan stofnunar eða á milli stofnana. Nefndinni er einnig falið að jafna ágreining sem upp kann að koma eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram. Til upplýsingar fyrir hv. þm. Sjálfstfl. sem hér er einn frá stjórnarliðum auk hæstv. ráðherra og virðulegs forseta er ég núna rétt í ræðu minni búin að fara yfir ýmis markmið sem ráðherrann hefur sett sér í því að endurskipuleggja ríkisstofnanir og margt af því er mjög gott. Ég hef einnig rakið hvernig farið hefur verið og ætlunin er að fara með starfsmenn og hvernig framkvæmdin á yfirlýsingum Sjálfstfl. síðan 1992–1993 um aukið sjálfstæði og sjálfsforræði stofnana hefur verið og þá sérstaklega ef við horfum til þess að það átti að færa vald til stofnana í samningsgerð. Ég er hér að rekja störf samningsnefnda sem samið var um í kjarasamningum opinberra starfsmanna og hvernig farið hefur verið með þau.

Í kjarasamningi SFR, eins og allra opinberra starfsmanna, er ákvæði um þessar samstarfsnefndir. Í grein 11.2 í kjarasamningi SFR segir svo til um hlutverk nefndanna, með leyfi forseta:

„Það er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnustöðum og vinnumarkaði SFR hvað varðar röðun í launaflokka. Einnig gildir þetta um fólk sem færist á milli starfa innan tiltekinnar stofnunar eða á milli stofnana. Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining er upp kann að koma eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram.“

SFR gerði samkomulag við starfsmannaskrifstofu ríkisins um að samstarfsnefndum yrði komið á í einstökum stofnunum. Ein þeirra stofnana er Ríkisspítalar. Þar á að fara fram endurskoðun á launaflokkaröðun, breytingar á starfsheitum og öðrum þeim klögumálum sem upp kunna að koma milli verkalýðsfélagsins og stofnunar. Það skal rætt í þessum samstarfsnefndum. Í starfi nefndarinnar hefur æ ofan í æ komið í ljós að Ríkisspítalar virðast hafa afar lítinn rétt til ákvarðanatöku hvað varðar launamálin. Flestar ákvarðanir samstarfsnefndar eru bornar undir starfsmannaskrifstofu fjmrn. til samþykktar eða synjunar. Er þá lítið orðið eftir af sjálfstæðinu sem mikið hefur verið gumað af. Eitt af þeim málum sem var tekið upp af hálfu samráðsnefndar Ríkisspítalanna og SFR voru launamál læknaritara. Þeir töldu sig hafa dregist aftur úr miðað við umfang og breytingar á störfum þeirra, aukna menntun og meira vinnuálag. Síðast þegar læknaritarar fengu breytingar á launaflokkaröðun var það fyrir tilstilli samstarfsnefndar en ekki í samningum þannig að það var komið fordæmi fyrir vinnubrögðunum. Kjör stórra hópa eins og læknaritara og fangavarða hafa hreyfst á milli samninga á þennan hátt og reyndar margra annarra hópa sem væri of langt mál að telja upp hér. Vinna þessi við leiðréttingu á kjörum læknaritaranna hófst um leið og samráðsnefndin tók til starfa 1993 og var unnið með læknariturum að skilgreiningu á störfum þeirra og umfangi. Það var gert með starfsmannastjóra Ríkisspítala sem var fulltrúi fyrir Ríkisspítalana í samráðsnefndinni. Fulltrúar frá SFR störfuðu einnig að þessu máli. Að sögn fulltrúa í samráðsnefndinni kom aldrei fram hjá fulltrúa Ríkisspítala að hann hefði ekki umboð til að vinna þessa vinnu, hvorki á fundum með læknariturunum né í samráðsnefndinni. Í maí árið 1995 var síðan gert samkomulag um að læknaritarar hækkuðu um tvo launaflokka og að áframhaldandi vinna yrði varðandi launakjör þessa hóps sem er langt frá því að vera eðlilega launaður miðað við vinnuframlag og ábyrgð. Launin eru e.t.v. í samræmi við það að hér er um dæmigerða kvennastétt að ræða.

Skemmst er frá því að segja að þessi samningur gekk aldrei í gildi því nú töldu yfirmenn Ríkisspítala og einnig formaður samninganefndar ríkisins að fulltrúi Ríkisspítalanna hafi ekki haft umboð til að hækka þennan tiltekna hóp, það ætti að gerast í kjarasamningum. Þá var bent á að í kjarasamningaviðræðum hefði fengist staðfesting á þessu samkomulagi varðandi læknaritarana. Það fékkst frá fulltrúa Ríkisspítala í nefndinni sem m.a. varð grundvöllur þess að tekin var ákvörðun um það í SFR að ganga frá kjarasamningi 12. apríl 1995 í þeirri góðu trú að samkomulagið við samráðsnefnd Ríkisspítalanna stæði. En því var ekki að heilsa. Orð og undirskrift fulltrúa Ríkisspítala í samráðsnefndinni voru gerð ómerk og sagt að hann hefði farið út fyrir sitt umboð. SFR fór með málið í Félagsdóm og fór fram á að fá viðurkennt með dómi Félagsdóms að ákvörðunin á samráðsnefndarfundi Ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11.5. 1995 um kjör læknaritara væru bindandi fyrir stefnda, sem var hæstv. fjmrh. fyrir hönd fyrir ríkisins, og að stefnda yrði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms. „Við þá ákvörðun verði gætt skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannsþjónustu sem stefnandi njóti ekki frádráttarréttar vegna,“ eins og segir í málsskjölum. Aðalkrafa stefnda, þ.e. hæstv. fjmrh., var hins vegar að málinu yrði vísað frá Félagsdómi og að stefnda yrði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms. Úrskurðurinn varð síðan sá að frávísunarkröfu stefnda, hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, var hrundið og málskostnaður dæmdist ekki í þessum þætti málsins. Hæstv. fjmrh. sem talar mikið um að færa völd til stofnana, kjarasamningana til stofnana, lætur hins vegar ekki staðar numið þarna. Hann hefur vísað málinu til Hæstaréttar. Þannig fara alls ekki ekki saman orð og efndir.

(**Forseti** (ÓE): Það er fullmikill kliður í salnum. Gefið ræðumanni hljóð.)

Þetta sýnir svo ekki verður um villst að menn skulu taka allt tal um ábyrgð og að færa ábyrgð út til stofnana með

fyrirvara og skoða hvernig verkin hafa verið á undanförnum árum.

Hæstv. ráðherra lagði sem sagt áherslu á í þessari ræðu sinni á yfirlýsingar um að launasamningar yrðu gerðir hjá stofnununum og forstöðumönnum stofnana væri gert mögulegt að umbuna fyrir sérstaklega vel unnin verk. Það hefur komið fram æ ofan í æ í ræðum hæstv. ráðherra. Jafnframt sagði hæstv. ráðherra á þessari ráðstefnu að ríkið ætlaði að verða fyrsta flokks vinnuveitandi. Og þessi fyrsta flokks vinnuveitandi segir í 9. gr. frv. að forstöðumenn geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum vegna sérstakrar hæfni, sérstaks álags í starfi og fyrir árangur í starfi. Reynsla annarra þjóða sem nýverið hafa farið út í svipaðar breytingar er nokkuð einsleit.

Í fyrsta lagi: Þau viðmið sem forstöðumenn nota við ákvörðun á umbun til starfsmanna byggja oftar en ekki óháð því hvaða lög og reglur gilda þar um á huglægu mati forstöðumannanna á frammistöðu starfsmannanna. Mat þeirra er ókerfisbundið og háð geðþótta viðkomandi forstöðumanns. Það eru einnig mörg dæmi þess þar sem þetta hefur verið reynt að forstöðumenn umbuni starfsmönnum sínum fyrir að stuðla að frama forstöðumannsins sjálfs og framlengingu ráðningarsamnings forstöðumanns. Breytingin hefur einnig haft í för með sér að launamunur milli karla og kvenna hefur aukist. Vegna þessarar reynslu annarra þjóða hafa opinberir starfsmenn mótmælt því að láta forstöðumenn umbuna starfsmönnum með þessum hætti. Það er veruleg ástæða til að mótmæla þessum breytingum og hafa áhyggjur af því hvert stefnir verði þetta frv. samþykkt. Hæstv. fjmrh. hefur engar áhyggjur af því að þessi breyting hafi í för með sér að launamunur kynja aukist eins og reynsla erlendis sýnir. Dæmi innan lands sýna reyndar það sama. Hann hefur óbilandi trú á mætti sínum. Hann ætlar að setja reglur sem tryggja að konur hafi sömu möguleika á að fá umbun og karlar hafa nú þegar. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að það eru sömu forstöðumenn sem nú eiga að fá þessi völd til að umbuna starfsmönnum sínum sem voru í nýlegri launakönnun Jafnréttisráðs staðnir að því að mismuna gróflega konum og körlum hvað varðar einmitt þessar sporslur. Forstöðumenn voru staðnir að því að mæla frammistöðu starfsmanna eftir því hve mikil viðvera þeirra var en ekki eftir frammistöðu í starfi. Forstöðumenn sem voru svo fornir í hugsun að þeir töldu enn nauðsynlegt að umbuna körlum sérstaklega þar sem þeir væru fyrirvinnur. Þetta kom fram í þessari launakönnun. En þá talaði hæstv. fjmrh. um viðhorfsbreytingu, það væri þörf á viðhorfsbreytingu. Því spyr ég hvort þessi viðhorfsbreyting hafi átt sér stað fyrst þessum mönnum er nú rúmu ári seinna treyst til að ákveða sporslur upp á eindæmi og án allrar íhlutunar stéttarfélaga þeirra.

Vegna þeirra breytinga á valdi forstöðumanna til að ákveða umbun til starfsmanna sem lagt er til í frv. finnst mér að hæstv. fjmrh. verði að svara þeim spurningum sem hafa komið fram í umræðunni aftur og aftur, nánast hjá hverjum einasta hv. ræðumanni sem hér hefur talað. Þær eru hvort þingið fær ekki að sjá þessar reglur sem tryggja eiga konum og körlum sama rétt til aukagreiðslna áður en frv. kemur til afgreiðslu. Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að tryggja að hægt sé að fylgjast með því, ef reglurnar eru nú svona góðar eins og hæstv. ráðherra hefur trú á, hvort forstöðumenn framfylgi reglunum? Eins og hæstv. fjmrh. veit þá er málum þannig háttað nú með þær upplýsingar sem við höfum úr launakerfi opinberra starfsmanna að ekki er hægt að sjá hvort sporslur hafni á réttlátan hátt hjá starfsmönnum hins opinbera. Það var einmitt ein af ástæðunum fyrir því að farið var út í að gera þessa könnun sem ég hef nefnt áður á vegum Jafnréttisráðs. Það varð sem sagt að framkvæma dýra spurningakönnun til að kanna m.a. hvort ákvæðum jafnréttislaganna um að greiða beri konum og körlum sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé framfylgt. Það voru engin gögn til sem hægt var að vinna út frá. Þessum spurningum verður hæstv. fjmrh. að svara áður en umræðunni lýkur. Hv. þm. verða að velta þessu fyrir sér. En þar sem tvær hliðar eru á öllum málum verðum við jafnframt að velta fyrir okkur sjónarhorni stjórnenda stofnana sem mér sýnist að hafi bara alls ekkert verið kallað eftir. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvort ekki er með þessum breytingum verið að skerða rétt þeirra og stöðu eða a.m.k. að stilla þeim upp við vegg. Í raun verði þeim alltaf og ævinlega miðstýrt frá fjmrn. En eins og segir í 9. gr. frv. geta forstöðumenn stofnana ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum vegna sérstakrar hæfni sem nýtist í starfi svo og fyrir árangur í starfi. Ákvarðanir þessar skulu fara eftir reglum, þessum títtnefndu sem hæstv. fjmrh. setur, og tryggir konum og körlum sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Í skýringum með greininni kemur fram að það tíðkast hjá ríkinu að greiða starfsmönnum uppbætur á laun. Meðal annars í formi ómældrar yfirvinnu vegna sérstakst álags í starfi. Og sumar stofnanir hafa farið þá leið að greiða öllum starfsmönnum þessa óunnu yfirvinnu svokölluðu. Einstaka ríkisstofnun hefur gert það. Það er mér kunnugt um bara eftir að hafa starfað í fjárln. Þessar greiðslur á að afnema og þessar sporslur eiga að koma í staðinn. Ástæðan fyrir því að þessar reglur eru settar er að þessar launauppbætur, óunnin yfirvinna, hafa að mati fjmrn. verið ósamræmdar og tilviljanakenndar. Ég get ekki séð að ákvæði 9. gr. breyti neinu um það ógagnsæja launakerfi sem viðgengist hefur hjá ríkinu eða auki samræmi í launagreiðslum. Greiðslur fyrir svokallaða óunna yfirvinnu eru algengar en ekki samræmdar á nokkurn hátt þrátt fyrir að starfsmannaskrifstofa fjmrn. hefur haft heljartök á öllum samningum við starfsmenn og launagreiðslur til þeirra. Ég get ekki séð að greiðslurnar verði samræmdari með því að fela forstöðumönnum að ákveða þær hverjum í sinni stofnun óháð því sem gerist annars staðar. Það verður að hafa í huga að möguleikar forstöðumanna til að greiða þessar launauppbætur munu fara eftir heimildum í fjárlögum sem veita nú ekki mikið svigrúm og taka ekki alltaf mið af raunverulegum þörfum stofnana. Og hvað á forstöðumaðurinn að gera ef fjárlagaheimildir hrökkva ekki fyrir grunnlaunum og þeim lágmarksverkefnum sem honum ber að sinna samkvæmt lögum? Ekki getur hann látið útgjöldin fara fram úr fjárlagaheimildum því þá fær hann áminningu eða lausn frá störfum samkvæmt 38. gr. Og ekki getur hann heldur dregið saman í verkefnum eða þjónustu því þá bíða hans sömu örlög samkvæmt 38. gr., áminning eða lausn frá störfum.

Annað sem skiptir máli í þessu sambandi er að forstöðumenn hafa ekki vitneskju um fjárheimildir sínar nema til skamms tíma í einu. Og þó að gerðir hafi verið samningar við nokkrar stofnanir ríkisins, samningsstjórnun, og menn séu að boða áætlanagerð fram í tímann þá er það ekkert sem liggur fyrir í dag. Þeir hafa því enga tryggingu fyrir launagreiðslum sem þeir hafa þó í dag þegar fjmrn. ábyrgist samninga og veitir stofnunum aukafjármagn vegna launasamninga sem fela í sér hækkanir. Það sama gildir um starfsmennina. Sama óöryggið gildir fyrir starfsmennina í launagreiðslum. Öryggi

starfsmannsins verður ekki mikið ef ekki verða breytingar á fjárlagagerð ríkisins þar sem gerðar eru áætlanir til nokkurra ára. Þetta ber í raun allt að sama brunni. Það er kannski ekki verið að færa svo mikið vald til forstöðumanna ríkisstofnana í raun nema því fylgi aukafjárveitingar sem ég á alls ekki von á. Það er hins vegar verið að gera forstöðumennina að blórabögglum fyrir þá lækkun á launakostnaði stofnana og fækkun starfsmanna sem þessi ríkisstjórn stefnir að. Og forstöðumennirnir munu ekki komast undan því að vinna þessi verk nema þeir láti af störfum samkvæmt 38. gr. frv. Vilji hæstv. fjmrh. í raun samræma launauppbætur og gera þær markvissar ætti hann að líta sér nær. Það þarf engar lagabreytingar til að bæta þau vinnubrögð sem tíðkast í fjmrn. og á starfsmannaskrifstofunni. Þeirri samræmingu má ná með kjarasamningum sem miða að opnu og gagnsæju launakerfi þar sem mið er tekið af álagi í starfi og árangri. En það verður ekki gert með þessu frv. Réttur forstöðumanna er í raun ekki mikill þegar vel er að gáð. Samkvæmt 26. gr. þykir rétt að veita embættismanni lausn frá störfum um stundarsakir ef hann hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi samanber ákvæði 38. gr. og er ekki einu sinni skylt að vara hann við með áminningu. Mikið skal vald ráðherra vera. Það má reka forstöðumanninn ef verkefnum stofnunarinnar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi. Einnig ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum. Þeir sem hafa lengi starfað í fjárln. vita að það eru ekki margar stofnanir ríkisins sem hafa bolmagn til að sinna þeim verkefnum öllum sem þeim er falið að sinna samkvæmt lögum. Sama má í raun segja um þá þjónustu sem stofnanirnar veita og eiga að veita samkvæmt lögum. Ofan á það bætist að það er ekkert óalgengt að hæstv. ráðherrar og ráðuneyti feli stofnunum ýmis verkefni án þess að tryggja að þær standi undir kostnaði af þessum verkefnum. Hæstv. ráðherra mun því ekki þurfa að leita lengi eftir ástæðu til að reka forstöðumanninn eftir að forstöðumanninum hefur verið gert að reka nánast alla starfsmennina vilji hann losna við starfsfólk ríkisins. Hæstv. ráðherra hefur svipu sem hann getur beitt til að fá forstöðumann til að lækka launakostnað, fækka starfsfólki eða sinna öðrum þeim verkum sem óþægileg eru og ráðherrar vilja losna undan ábyrgð á.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að fara yfir þá stefnu sem núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn boðuðu í breytingum á rekstri ríkisins og enn og aftur vísa ég til þess að margt þar er jákvætt. Hins vegar finnst mér að það sé verið að byrja á öfugum enda og þetta frv. sem hér er lagt fram án nokkurs samráðs við starfsmenn ríkisins þar sem þeir munu búa við mikið óöryggi, ekki bara vegna frv. heldur vegna allra annarra breytinga sem eru fyrirhugaðar á ríkisrekstrinum, þá hefði mér þótt eðlilegt að staldra við og byrja á því að skilgreina markmið og þjónustustig hverrar stofnunar og í raun markmið með þjónustu ríkisins alls og taka út þau verkefni sem við erum sammála um og viljum sjá áfram að séu greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Í þessari umræðu hefur einnig verið lögð á það áhersla af hálfu hæstv. ráðherra að ríkið og stofnanir þess verði fyrsta flokks vinnuveitendur. Þessi umræða hefur ekki bara verið í gangi hér. Hún hefur verið í gangi erlendis og í umræðunni erlendis, t.d. á Norðurlöndum, er mikið lagt upp úr hlutverki hins opinbera sem fyrirmyndar atvinnurekanda, fyrsta flokks atvinnurekanda heitir það í frv., frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En það er mikill munur á hvað átt er við með hugtakinu eftir því hvort umræðan er hérlendis eða erlendis. Þegar Norðurlandabúar, þar á meðal t.d. fjármálaráðherra Dana, Mogens Lykketoft, ræða um hlutverk hins opinbera sem fyrsta flokks vinnuveitanda, þá eru þeir að tala um hið opinbera sem framsýnan atvinnurekanda sem mótar starfsmannastefnu með það að markmiði að starfsmennirnir séu hafðir með í ráðum þar sem það séu þeir sem veita þjónustuna og vinna verkin. En með hugtakinu fyrirmyndaratvinnurekandi er einnig átt við í þeirri umræðu að leitast sé við að gera starfsmönnum kleift að vinna, að samræma vinnu utan heimilis, ábyrgð á heimili og uppeldi barna. Að lokum er litið svo á að hið opinbera gegni miklu hlutverki við að stuðla að jafnrétti kynja á vinnumarkaði. Hið opinbera á sem sagt að vera fyrirmyndaratvinnurekandi og móta starfsmannastefnu, fara óhefðbundnar leiðir og vera framsýnt.

Þegar hæstv. fjmrh. talar um hlutverk hins opinbera hér á landi sem fyrsta flokks atvinnurekanda, þá telur hann að gera þurfi betri grein fyrir því til hvers er ætlast af stjórnendum og starfsmönnum stofnana, þ.e. að vera fyrsta flokks atvinnurekandi, að það sé gerð betri grein fyrir því til hvers er ætlast af starfsmönnum ríkisins á meðan Norðurlandabúar tala um að prófa hið opinbera í samráði við starfsmenn. En til að gæta fyllstu sanngirni verður þó að geta þess að talað er um í frv. að við mótun starfsmannastefnu hins opinbera eigi að byggja á því að auka jafnrétti milli karla og kvenna og í 13. gr. er talað um rétt starfsmanna til sveigjanlegs vinnutíma með þeim fyrirvara þó að yfirmenn samþykki. Fyrir utan það að kveða á um rétt til sveigjanlegs vinnutíma er ekkert í frv. sem bendir til þess að hugmyndir hæstv. fjmrh. um hið opinbera sem fyrsta flokks atvinnurekanda eigi nokkuð skylt við hugmyndir nágrannaþjóða okkar þar um. Þar er ekki að finna framsækna hugsun við mótun starfsmannastefnu. Þvert á móti virðist markmiðið vera að taka upp starfsmannastefnu sem byggir á öllu því afturhaldssama, sem tíðkast á almennum vinnumarkaði: Forstjóraveldið, skipunum að ofan eða eins og það heitir í greinargerð með frv. starfsmönnunum sé gerð betri grein fyrir því til hvers þeir ætlast af þeim og umbunakerfi sem byggir á mati yfirmanna og svo auðvitað reglum sem hæstv. fjmrh. hefur lofað og það verið margauglýst eftir hér, en ekkert hefur til spurst.

Í frv. kemur hin afturhaldssama hugsun einnig fram í því að gert er ráð fyrir því að réttindi opinberra starfsmanna verði samræmd við réttindi starfsmanna á almennum vinnumarkaði og það verði gert með því að jafna réttindin niður á við. Þó að þeir sem frv. sömdu hafi bjargað sér fyrir horn á elleftu stund með því að setja inn bráðabirgðaákvæði, að réttindi starfsmanna haldist þar til um annað hefur verið samið, þá kemur hugsunin skýrt fram í athugasemd með 12. gr. frv. þar sem fjallað er um réttinn til greiðslna í fæðingarorlofi og veikindum. En þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir þá starfsmenn sem nú falla undir lög nr. 38/1954 og ekki eru skilgreindir sem embættismenn samkvæmt þessu frv., mundi þetta þýða að með réttindi þeirra færi með sama hætti og annarra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. að tryggður yrði lágmarksréttur."

Til að kóróna yfirferðina ætla ég að lokum að nefna að hið afturhaldssama sköpunarverk hæstv. fjmrh. að gera hið opinbera að fyrsta flokks vinnuveitanda er ekki einungis tekið upp það afturhaldssamasta úr samtímanum, heldur er leitað aftur í aldir að hugmyndum. Frv. gerir nefnilega ráð fyrir því að starfsmenn hins opinbera skiptist annars vegar í yfirboðara, embættismenn, út úr kansellíi fyrri alda eins og

prófessor Sigurður Líndal lagði til, og hins vegar almenna starfsmenn með lágmarksréttindi og þeim starfsmönnum þarf að gera grein fyrir til hvers er ætlast af þeim. Hin nýja starfsmannastefna hæstv. fjmrh. á því lítið skylt við það sem er að gerast í þeim löndum sem við teljum okkur eiga mesta samleið með. Í þeim löndum er haft að leiðarljósi við mótun starfsmannastefnu að hið opinbera sé framsýnt, taki ekki upp hið neikvæða á almennum vinnumarkaði og það sem hefur dagað uppi úr starfsmannastefnu fyrri alda.

Það er einnig veigamikill hluti af hinni framsæknu starfsmannastefnu að starfsmennirnir séu hafðir með í ráðum en ekki litið á starfsmenn sem einhverja sem þurfi að gera grein fyrir því sem ætlast er til af þeim án þess að þeim sé kannski gerð grein fyrir því hvert markmiðið sé yfir höfuð með því að reka þá stofnun sem þeir starfa við. Framsýnn fyrirmyndaratvinnurekandi er í hugum nágrannaþjóða okkar atvinnurekandi sem leitast við að gera starfsmönnum kleift að samræma vinnu utan heimilis, ábyrgð á heimili og uppeldi barna eins og ég sagði áðan. Opinberir starfsmenn sinna mikilvægri samfélagslegri þjónustu, flestir við menntun og umönnun og eiga betra skilið af hendi hæstv. fjmrh. og okkar, hv. alþm. en þann afturhaldssama fyrsta flokks vinnuveitanda sem boðaður er í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur staðið í nokkuð marga klukkutíma. Ein og ein rödd hefur heyrst í þá veru að stjórnarandstaðan standi fyrir málþófi og það eru helst þeir hv. þingmenn sem hafa tekið sér frí frá störfum á Alþingi meðan umræðan hefur staðið yfir. Það eitt sýnir hversu lítinn skilning fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa á þessu máli. Hér er verið að skerða kjör fjölda launþega í landinu eins og fram hefur komið hjá þingmönnum Alþfl., Kvennalista, Þjóðvaka og okkur þingmönnum Alþb. Allar umsagnir sem bárust efh.- og viðskn. utan ein eru neikvæðar og þar er bent á fjölmörg atriði sem skerða kjör starfsmanna ríkisins.

Það má lesa lista yfir þetta í upptalningu í umsögn BSRB, með leyfi forseta, en þar segir:

Helstu áhrif á réttindi almennra starfsmanna: Starfsöryggi að mestu afnumið, skipun sem ráðningarform afnumin, réttur nýrra starfsmanna til biðlauna afnuminn, réttur annarra starfsmanna til biðlauna skertur verulega, réttur til forgangs að sama starfi ef stofnað er aftur afnuminn, réttur til fyrirframgreiddra launa afnuminn, réttur til yfirborgunar skertur, veikindaréttur settur í uppnám, fæðingarorlofsréttur settur í uppnám, réttur til launalausra leyfa settur í uppnám.

Helstu áhrif á réttindi embættismanna: Starfsöryggi að mestu afnumið, ótímabundin skipun sem ráðningarform afnumin, kjör ákveðin utan kjarasamninga, aðild að stéttarfélögum og þátttaka í starfi þeirra bönnuð, réttur til biðlauna skertur verulega, réttur til forgangs að sama starfi ef stofnað aftur afnuminn, réttur til yfirborgunar skertur.

Helstu áhrif á skyldur starfsmanna. Skyldi það sæta framlengingu á uppsagnarfresti — og það er eitt atriði sem hæstv. ráðherra þyrfti að skoða aðeins betur og hv. nefnd á milli fyrst formaður efh.- og viðskn. er kominn í salinn. Það er þetta með að sæta framlengingu á uppsagnarfresti. Að vísu getur starfsmaðurinn gert grein fyrir því af sérstökum ástæðum sem yrðu til þess að hann þyrfti ekki að sæta því. En í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram og átt sér stað hér á þingi og töluvert hefur verið undanfarið um áreiti, kynferðislegt áreiti á vinnustöðum. Haldið þið að starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir áreiti á vinnustað og segir upp starfi sínu, muni gera grein fyrir ástæðu uppsagnar á þann máta? Og það eru áreiðanlega ýmis fleiri tilfinningaleg vandamál sem þarna kunna að koma upp.

Síðan segir: Hverjum starfsmanni sett ný skylda, leiðbeiningaskylda. Skylt að hlíta breytingu á starfi og sæta kjaraskerðingu eftir uppsagnarfrest. Skylda starfsmanna að hlíta breytingum á starfi og þola skert starfskjör. Skylda embættismanna að flýta flutningum á milli embætta. Skylda embættismanns að vinna vinnuskyldu á bótatíma vegna stöðumissis. Sérstakar skyldur forstöðumanna vegna rekstrar og verkefna stofnana svo ekki sé talað um eins og ég benti á áðan að forstöðumenn stofnana geta haft þá skyldu og hafa þá skyldu að segja upp starfsfólki, fækka ríkisstarfsmönnum. Það er skylda þeirra nr. eitt, tvö og þrjú verði þetta samþykkt. Fækka ríkisstarfsmönnum. Þeir eiga að taka það að sér fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Öll þessi atriði sem hér hafa verið talin upp breytast verulega, verða ef þetta frv. verður að lögum. Það hefur verið nefnt að stjórnarandstaðan komi með málflutningi sínum í veg fyrir eðlilega, lýðræðislega afgreiðslu þessa máls. Hvaða merkingu leggja hv. stjórnarliðar í orðin „eðlileg afgreiðsla, lýðræðisleg afgreiðsla“. Er það eðlileg og lýðræðisleg afgreiðsla þegar samráð og samstarf við samtök allra ríkisstarfsmanna í landinu eru hunsuð? Er það lýðræði þegar ganga skal á rétt starfsmanna ríkisins með þessum hætti og svara ekki tilmælum þeirra eða ábendingum? Kjarasamningar gilda út þetta ár og það er rétt að bíða með breytingar þar til eðlilegar samningaviðræður hefjast milli ríkis og starfsmanna þess. Það eru eðlileg vinnubrögð og lýðræðisleg. Þetta er lítilsvirðing við ríkisstarfsmenn og réttindi þeirra og réttur til þess að fjalla um sín mál við samningaborðið er einskis virtur. Það eitt er næg ástæða til þess að krefjast þess að frv. verði dregin til baka. Og ofan á það bætist síðan að það er verið að skerða kjarabundin réttindi eins og margoft hefur komið fram í umræðunni. Samninga eftir samninga hafa ríkisstarfsmenn gefið eftir af beinum launakröfum sínum gegn því að þessi réttindi verði aukin og menn vita að laun ríkisstarfsmanna fyrir sambærileg störf á almenna markaðnum hafa verið lægri vegna þess að menn *hafa verið að meta þessi réttindi í beinhörðum peningum.* Þrátt fyrir þetta hafa stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar og þá um leið miklir stuðningsmenn þessa frv. og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, haldið því fram að engin samningsbundin réttindi séu skert. Það er slæmt hvað þessir hv. stuðningsmenn frv. hafa lítið látið sjá sig við umræðuna því hún hefur verið málefnaleg og góð. Umræðan hefur snúist um vinnubrögð og um efnisinnihald frv. Í frv. felst ekki að ríkið verði fyrsta flokks vinnuveitandi. Ef menn samþykkja frv. undir þeim formerkjum hefðu þeir átt að hlusta betur á umræðuna og kynna sér umsagnir. Það er mat hv. þingmanna Alþb., Alþfl., Kvennalista og Þjóðvaka og alls launafólks í landinu að þið, hv. stjórnarliðar, séuð á rangri leið.

[15:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði, annað getur beðið þangað til ég tek þátt í umræðunum enda ekki hægt að koma öllu að í andsvari.

Ég vil fyrst segja að ég met það mjög mikils og hef sagt það áður að hv. þm. hefur sýnt mikinn áhuga í verki og sótt ráðstefnu fjmrn. um nýskipan í ríkisrekstri. Ég vil enn fremur láta koma fram varðandi launakerfið, sem hún talaði

um í ræðu sinni og hversu miðstýrt það er, að fjmrn. er ekki horfið frá þeirri hugmynd að breyta þessu launakerfi og valddreifa því. Til skoðunar hafa verið hugmyndir sem færðar hafa verið í búning í Svíþjóð. Það þarf sjálfsagt að staðfæra þær hér en þá mundi það gerast að starfsmannaskrifstofan breyttist í eins konar vinnuveitendasamband ríkisins eða þá í þjónustuskrifstofu fyrir þá aðila sem semdu um kaup og kjör við starfsmenn. Við töldum hins vegar eðlilegra að fara í þessa hluti í þeirri röð sem þeir hafa nú raðast, ekki síst vegna þess að nauðsynlegt er að taka á réttindum, ekki síst biðlaunaréttindum. Það hef ég aldrei falið að ég tel mjög mikilvægt að breyta þessum réttindum sem ég tel að hægt sé að gera með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir bótalaust.

Varðandi viðhorfsbreytingu vegna jafnréttis karla og kvenna skal ég viðurkenna það að ég tel að hún sé ekki komin fram en ég geri mér vonir um að það sé a.m.k. skárra að fara þá leið sem er farin í frv. en búa við það kerfi eða réttara sagt það kerfisleysi sem nú tíðkast í þessum málum þar sem enginn veit hvað snýr upp og niður í launum starfsmanna.

[15:03]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur boðað frá árinu 1992 í fjármálaráðherratíð sinni að það beri að auka sjálfstæði og sjálfsforræði stofnana og m.a. gera stjórnendum stofnana kleift að gera launasamninga eða kjarasamninga við starfsmenn sína þó að þeir séu á grundvelli félagslegra samninga sem gerðir hafa verið. Það er svigrúm innan gildandi laga til þess að auka þetta sjálfstæði. Það er svigrúm til þess og það veit hæstv. ráðherra og hefði getað framfylgt þessari stefnu sinni frá því að hann boðaði hana 1992–1993.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að það sé svo en ég held að þegar grannt er skoðað séu hugmyndir okkar um það hvert stefna skuli ekki svo ólíkar, mínar og hv. þm. Ég vona að ég sé ekki að kasta rýrð á hv. þm. með því að segja þetta þótt ég viti það vel að hann vilji gagnrýna mig fyrir þær aðferðir sem ég hef beitt í málinu því að hv. þm. hefur gert svo lítið að flytja ræðu á ráðstefnu sem hér var haldin og þar sagði hv. þm. m.a. og ég vitna orðrétt í hann, með leyfi forseta:

„Og ýmislegt af þeirri nýskipan í ríkisrekstrinum sem fjmrh. hefur talað fyrir á síðustu árum er af hinu góða. Þar vil ég benda á aukin útboð á vörum og þjónustu, samningsstjórnun sem þó nær ekki tilgangi sínum að fullu nema forstöðumenn fái meiri völd.“ Ég get fullvissað hv. þm. um að við viljum stefna að þessu. Það getur vel verið að hv. þm. telji að við gerum það ekki í þeirri röð sem hann hefði helst kosið en ég held að meginstefnan, markmiðið sem við erum að stefna að, sé ekkert ólíkt hvort sem við erum í Sjálfstfl. eða Alþb. Þó viðurkenni ég að sjálfsögðu það sem hv. þm. hefur sagt í ræðu sinni og að hann hefði ugglaust viljað fara öðruvísi að en við höfum gert en við erum að vinna að þessu verki í góðri trú til þess að ná fram árangursríkari og skilvirkari ríkisrekstri. Enda þótt það skipti mjög miklu máli að starfsmenn ríkisins séu ánægðir hjá vinnuveitanda sínum og það sé undirstöðuatriði til þess að ná árangri megum við ekki gleyma því að ríkisreksturinn er fyrir alla landsmenn.

[15:06]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór einmitt yfir þetta með að færa völdin til forstöðumanna eða út til stofnana, ekki bara forstöðumanna heldur starfsmanna líka í ræðu minni rétt á meðan hæstv. ráðherra var í símanum. Hann hefur misst af þessum kafla ræðu minnar en ég fæ kannski tækifæri til þess að endurflytja hann á eftir þegar aðrir þeir sem eru á mælendaskrá hafa lokið máli sínu. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að markmiðin okkar varðandi ríkisreksturinn, hvert skuli stefna, eru alveg hin sömu en leiðirnar eru allt aðrar sem hæstv. fjmrh. hefur valið sér. Þegar ég tala um að færa aukin völd út til stofnana eða forstöðumanna stofnana er ég m.a. að ræða það að þegar forstöðumenn stofnana koma fyrir fjárln. Alþingis á hverju ári til að biðja um peninga til þess að geta sinnt lögboðnum verkefnum og fjárlaganefnd Alþingis, sem veit kannski ekki nokkurn skapaðan hlut um viðkomandi rekstur og ekki nema hluti þeirra sem þar starfa nennir að kynna sér hann og fara djúpt ofan í reksturinn, ákveður og forgangsraðar verkefnum hjá einstökum stofnunum ríkisins. Þetta er engin hemja. Það á að skilgreina hlutverk stofnunar og síðan eru forstöðumenn og starfsmenn sem eiga að fara í þau verkefni og þeir hafa vit á því.

[15:08]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Það fer að líða að lokum umræðunnar. Hún er búin að standa nokkuð lengi. Af hálfu stjórnarandstæðinga hafa verið fluttar fjölmargar ræður og frv. hefur verið gagnrýnt. Það er hins vegar mjög athyglisvert í umræðunni að enginn stjórnarliði hefur kvatt sér hljóðs fyrir utan formann efh.- og viðskn. sem talaði fyrir meirihlutaáliti og síðan eru nokkur andsvör í allri umræðunni. Þetta sýnir e.t.v. betur en margt annað þá málefnafátækt sem býr að baki frv. og það virðingarleysi gagnvart þeim einstaklingum sem þetta frv. snertir.

Stjórnarliðar sem hafa mikinn meiri hluta sjá enga ástæðu til að koma upp í ræðustól, verja frv. sitt, tala um hugsjónir sínar og þær hugmyndir sem frv. byggist á. Með þessari framgöngu lítilsvirða þeir Alþingi sem löggjafarsamkomu. Það er lagt fram stjfrv., það er keyrt í gegn án þess að þingmenn stjórnarliðsins sýni því þá virðingu við 2. umr. málsins sem er oft sú umræða sem er hvað efnismest því að þá liggja breytingartillögur fyrir, þeir taka á engan hátt þátt í þessu. Það verður einn stjórnarþingmaður sem talar í umræðunni fyrir utan hv. formann efh.- og viðskn., þ.e. fjmrh. sem mun tala á eftir.

Það er sem er e.t.v. mest gagnrýnisvert varðandi þetta frv. er ekki innihaldið, það er formið, það er hvernig þetta ber að, að það skuli vera sett löggjöf með þessum hætti án þess að reynt sé að leita samráðs og samstarfs um breytingar á löggjöf sem er 40 ára gömul. Með þessu athæfi hefur ríkisstjórnin brotið áratuga hefð í íslensku þjóðfélagi. Það er engin tilviljun að lögin eru 40 ára gömul og það er engin tilviljun að lögin á almenna vinnumarkaðinum eru 60 ára gömul. Menn hafa alveg þangað til þessi ríkisstjórn tók við völdum verið sammála um það hvaða ríkisstjórn sem var að þessum lagabálkum yrði ekki breytt nema gefið yrði nauðsynlegt ráðrúm til samstarfs og samráðs við þá vinnu. Það er enginn að segja með þessu að stéttarfélögin skrifi þann lagatexta sem endanlega verði að lögum. Alþingi hefur löggjafarvaldið og stéttarfélögin og verkalýðsfélögin vita það ósköp vel. En þau eiga skýlausan rétt á því að koma

að undirbúningi lagasetningar sem varðar þau. Þetta gerir andstöðuna gagnvart þessu frv. einstaka því að gegn frv. hafa ekki einungis snúist allir stjórnarandstöðuþingmenn heldur gervöll verkalýðshreyfingin. Það eru vinnubrögðin, það er að setja löggjöf með þessum hætti sem eru fordæmanleg.

Annar gagnrýnisþátturinn í þessu frv. er vitaskuld efni þess. Það er vitað að með breytingum á löggjöf eins og þessum er verið að breyta samningsumgjörð og samningsumgjörðin markar vitaskuld niðurstöðu kjarasamninga. Í þessu frv. hefur ekki tekist að búa til það sem má kalla góða eða nýja starfsmannastefnu. Það er langt í frá. Ýmis atriði eru beinlínis bundin í kjarasamningum sem hefði átt að ræða við kjarasamninga. Þau hafa verið nefnd í umræðunni eins og um tímabundna ráðningu. Það er stefna frv. um hina lélegri ráðningarfestu og síðan ákvæðið um biðlaun og hæstv. fjmrh. hefur verið tíðrætt um hvílík ósanngirni það sé að menn séu á tvöföldum launum eins og kallað er, þ.e. við formbreytingu verði menn með biðlaun og njóti líka sinna eigin launakjara. Í umræðunni hefur verið rifjað upp að þetta er réttur sem er bundinn í kjarasamningum og verður vitaskuld ekki tekinn af án bóta. En það má velta fyrir sér hvort það sé betra eins og útfærsla frv. er að fólk getur verið á einföldum launum fyrir enga vinnu, hvort það sé betri aðferðafræði en þegar fjmrh. talar um tvöföld laun fyrir eina vinnu. Þetta vandamál er að koma upp í sambandi við fræðslustjóra víðs vegar um land eins og e.t.v. einhverjir kannast við. Vitaskuld þarf að skoða það og taka á þessum málum en það verður þá gert við samningaborðið.

Sömuleiðis hefur verið bent á að með þessu frv. er sköpuð óvissa um veikindarétt og fæðingarorlof, og hvort tveggja skiptir launþega mjög miklu máli. Það hefur verið nefnt að málskotsréttur er að hluta til tekinn úr sambandi gagnvart stjórnsýslulögum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hafa verið gagnrýnd harðlega. Starfsöryggi er rýrt og starfsöryggi hefur hingað til verið metið til launa. Þess vegna segjum við að mörg af efnisatriðum frv. eiga ekki heima í slíkri löggjöf eins og hér er heldur við samningaborðið fyrir utan aðkomuna að málinu upphaflega. Það sem er hins vegar mjög alvarlegt efnislega í umræðunni er 47. gr. frv. þar sem að okkar mati og ýmissa virtra lögmanna er vegið að rótum stéttarfélaganna þar sem þeim sem eru utan stéttarfélaga er gefinn sérstakur réttur gagnvart viðsemjanda sínum. Í þessari grein endurspeglast sú hugsun sem býr að baki þessu frv. því að það er eitt, herra forseti, sem menn verða að hafa í huga, það er hugsun á bak við þetta frv. Þó að það sé illa unnið, hroðvirknislegt og ætti að setja margt út á efnistökin í frv., er ákveðin hugsun á bak við það. Þessi hugsun sem endurspeglast í stefnu ríkisstjórnarinnar á öðrum vígstöðvum kemur fram í því að setja einhliða löggjöf sem rýrir möguleika stéttarfélaga. Þessi löggjöf tekur á ýmsum kjarasamningsatriðum og hún vegur að starfsemi stéttarfélaganna eins og þau hafa starfað undanfarna áratugi. Ákveðin hugsun er fólgin í þessari stefnu og síðan geta menn gert upp við sig hvort þeir fylgja stefnunni eða ekki.

Það eru ýmis úrelt atriði sem eru lögfest í frv., sem eiga ekki heima lengur í lögum og þekkjast ekki á almennum vinnumarkaði. Þar má nefna yfirvinnuskyldu, skyldu að segja upp fólki í veikindum, framlengingu uppsagna um tiltekinn tíma. Allt eru þetta ákvæði sem eiga ekki heima í nútímalöggjöf. Sú umgerð sem er gerð um hina nýju stjórnun ríkisins í frv. hefur verið gagnrýnd mjög harðlega í umræðunni, sem gamaldags stjórnarhættir. Það eina sem er raunverulega gert í þessu frv. er að forstöðumönnum er falið meira vald varðandi yfirborganir en án eftirlits. Engin tilraun er gerð til að fagráðuneyti komi að með virkari hætti í stjórnsýslu ríkisins.

Yfirborgunarvald forstöðumanna hefur verið gagnrýnt harðlega í umræðunni. Engar reglur hafa verið settar um þetta mál og ég ætlast til þess að hæstv. fjmrh. gefi þá yfirlýsingu í umræðunni á eftir að hann muni leggja útlínur að þeim reglum sem ætlunin er að starfa eftir, ekki síðar en við 3. umr., best væri í nefndinni milli umræðna.

Í frv. er sömuleiðis gert ráð fyrir mikilli miðstýringu af hálfu fjmrn. varðandi alla stjórnarhætti í stað þess að reyna að byggja upp dreifstýrt fyrirkomulag. Breytingartillögur við frv. skila litlu. Þær breyta frv. í engum grundvallaratriðum og margoft hefur verið bent á í umræðunni að nær allar umsagnir eru mjög neikvæðar gagnvart frv. Ekki eitt einasta stéttarfélag sér eitthvað jákvætt við frv. eins og það er lagt upp af hálfu hæstv. fjmrh.

Það er ósátt um afgreiðslu málsins. Það var tekið út með ofbeldi daginn fyrir 1. maí. Þrátt fyrir að minni hluti efh.- og viðskn. gerði hvað hann gat til að fá meiri hlutann til að skoða málið eilítið betur og reyna að finna vissum þáttum annan og árangursríkari farveg var ekki neitt gert með þá hugmyndafræði og niðurstaðan er sú að hér verður væntanlega lögfest mjög hrátt frv. til að vinna eftir fyrir utan að þá er búið í fyrsta skipti í áratugi að breyta samningsumgerðinni einhliða. Ég vil vekja aftur upp hugmynd sem kom fram í 1. umr. málsins ef mönnum er svo annt um að fólkið fái að koma að þessari hugmyndafræði. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vakti máls á því hvort ekki gæti verið skynsamlegt að efni frv. eða frv. sjálft færi í ráðgefandi atkvæðagreiðslu hjá öllum félögum stéttarfélaga og öðrum samningsaðilum sem þetta mál varðar.

Það hefur komið fram og kom fram strax í upphafi hjá hv. formanni efh.- og viðskn. að hann óskaði eftir því að málið kæmi aftur til efh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. Það er ekki almennt að svo sé. Það er stundum gert, hvort hér búi undir sú hugun að menn vilji endurskipuleggja efni frv., taka e.t.v. ýmsa þætti út úr því eða hvort menn eru einungis að tala um að gera einhverjar smávægilegar breytingar á frv., t.d. hvað varðar gildistöku. Það er hlutur sem ég veit ekki. Hins vegar er rétt að vonast eftir því að sú harða gagnrýni sem hefur komið fram á þetta frv. hafi á einhvern hátt fest rætur hjá stjórnarliðum. Ég er ekki sérstaklega trúaður á það en ég held að það sé nauðsynlegt að menn sjái þá til hvernig málið komi frá nefndinni.

Herra forseti. Þetta frv. snýst ekki um tækni. Það snýst um pólitík og það endurspeglar stefnu ríkisstjórnar sem hefur mjög mikinn meiri hluta á Alþingi. Það er oft sagt að sérhver þjóð fái þá ríkisstjórn sem hún á skilið og það verður ekkert á móti mælt að á bak við þessa ríkisstjórn stendur mikill meiri hluti alþingismanna og við vitum einnig að samkvæmt könnunum nýtur ríkisstjórnin mikils fylgis meðal þjóðarinnar. Þetta eru leikreglur lýðræðisins sem við verðum að horfa til. Valdið er þeirra við að knýja fram frumvörp en þegar verið er að brjóta óskráð lög sem gilt hafa um áratuga skeið í sambandi við samskipti á vinnumarkaði gegnir öðru máli.

Það er auðséð af þessu frv. og af frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem var tekið út úr nefnd, einnig í ósætti í gærkvöldi, þá út úr félmn., að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir eru að ganga erinda vinnuveitenda í landinu. Stuðningur við þessa hugmyndafræði kemur einungis frá samtökum vinnuveitenda og það á við bæði þessi frum-

vörp, bæði þetta frv. sem við erum að ræða hér og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nú voru það ekki bara vinnuveitendur sem kusu þessa stjórnarflokka, Framsfl. og Sjálfstfl. Vafalítið kusu langflestir þeirra annan hvorn þessara flokka en það voru fjölmargir launamenn sem kusu þessa flokka. Hvort þetta leiðir til breytinga á næstu árum þegar menn sjá hve grímulaust þessir tveir flokkar koma núna fram fyrir alþjóð í útfærslu á stefnu sinni er óvíst. Það sem ég óska mér er að það renni upp fyrir þeim sem studdu og styðja Sjálfstfl. og Framsfl. hverra hagsmuna þeir gæta. Með þessu frv. eða frv. um stéttarfélög og vinnudeilur eru þeir ekki að gæta hagsmuna launafólks.

Heildarmyndin er líka nokkuð skýr því það eru ekki bara þessi tvö frumvörp sem við erum að ræða hér. Við sáum þetta við afgreiðslu fjárlaga í haust þegar margvíslega var gengið á réttindi og möguleika manna innan velferðarkerfisins og heilbrigðiskerfisins. Þar birtist einnig stefna ríkisstjórnarinnar. Við sjáum líka hvernig stefna ríkisstjórnarinnar hefur birst í skattamálum. Við erum einmitt að útfæra eða ræða mál með fjármagnstekjuskatt en útfærsla ríkisstjórnarinnar gengur fyrst og fremst út á það að opna mun betri möguleika til lægri skattlagninga fyrir hlutafjáreigendur í landinu. Það er því samræmi í stefnu ríkisstjórnarflokkanna. Hins vegar er athyglisvert í þessu að Framsfl., sem kenndi sig stundum á árum áður við vinstri stefnu og það að gæta hagsmuna launafólks, hefur gersamlega gleymt þessari stefnu af ásettu ráði. Það hefur oft komið fyrir að flokkar selji stefnu sína fyrir völd og þetta er e.t.v. það skýrasta dæmi sem maður man eftir hin síðari ár hvernig einn flokkur hefur kúvent í afstöðu sinni frá því fyrir kosningar og síðan eftir kosningar.

Afstaða Sjálfstfl. á ekki að koma mönnum á óvart þó svo honum hafi tekist að halda yfirbragði breiðs milliflokks. Það hefur og er að koma enn skýrar í ljós einmitt þessa dagana að þegar á reynir eru það fyrst og fremst einir hagsmunir sem hann ver með kjafti og klóm og það eru hagsmunir vinnuveitenda og það eru hagsmunir þeirra sem betur mega sín í þjóðfélaginu. Þetta á ekki í sjálfu sér að koma neinum á óvart ef menn skoða vandlega hvernig Sjálfstfl. hefur útfært stefnu sína. Hins vegar talar hann oft á mannamótum með öðrum hljóm og hefur gengið býsna vel í þeirri framsetningu gagnvart almenningi í landinu.

Herra forseti. Samþykkt þessa frv. er ávísun á átök. Ég minni á yfirlýsingu Ara Skúlasonar, framkvæmdastjóra ASÍ, í Morgunblaðinu í morgun þar sem hann er spurður um það þegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur var tekið út úr nefnd og hann sagði einfaldlega það sem hann hefur margsagt og verkalýðshreyfingin öll. Það verður reynt til hins ýtrasta að brjóta þessi lög á bak aftur við næstu kjarasamningagerð. Það er alveg sama sjónarmið og heyrst hefur frá öllum opinberum starfsmönnum varðandi þessa lagasetningu. Það er því augljóst að ríkisstjórnin hlustar ekki neitt á þau varnaðarorð sem bæði stjórnarandstæðingar og forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar hafa látið falla að hér sé verið að kveikja elda sem menn munu e.t.v. ekki kunna að slökkva í upphafi næsta árs. Það er e.t.v. það átakanlegasta varðandi allt þetta mál að með þessum frumvörpum og með þessari keyrslu ríkisstjórnarinnar gegn öllum félagsbundnum þegnum í verkalýðshreyfingunni erum við mjög líklega að stefna þeim stöðugleika í hættu sem við höfum búið við undanfarin ár. Þetta mál hefur dregið skýrar línur bæði í þingsölum og úti í þjóðfélaginu. Þetta snýst um þá pólitík hvort menn vilja breyta löggjöf sem varðar launafólk, hvort menn vilja breyta þeim í samráði við aðila eða ekki. Stjórnarandstaðan hefur sagt: Það er grundvallaratriði að menn setja ekki lög eins og hér á að fara að gera. Ríkisstjórnin segir: Við ætlum að beita þeim meiri hluta sem við vorum kosnir til fyrir rétt rúmu ári. Stjórnarandstæðingar og verkalýðshreyfingin segja: Það er ekki hægt að setja löggjöf á miðju samningstímabili sem varða atriði sem tengjast kjarasamningum beint. Stjórnarflokkarnir segja: Okkur er nákvæmlega saman um þetta. Við skulum lögfesta það sem við viljum varðandi kjarasamningana og komið þið síðan og eigið þið við okkur þegar samningar eru lausir.

Stjórnarandstöðuflokkarnir og verkalýðshreyfingin hafa bent á að með þessum vinnubrögðum er verið að efna til stríðs í landinu og það er víst það síðasta sem við þurfum á að halda. Ríkisstjórnarflokkunum er nákvæmlega sama um þetta og þeir segja: Ef það verður stríð þá höfum við mátt til þess með vinnuveitendum sem hafa núna betri möguleika til útfærslu stefnu sinnar, þá höfum við alla burði til að vinna það stríð.

Herra forseti. Það eru mjög skýrar pólitískar línur í þessu máli. Þær hafa dregið fram hina raunverulegu stefnu Sjálfstfl. í útfærslu sem Framsfl. drattast til að fylgja vegna valdanna sem hann fékk fyrir tæpu ári. Hið óvanalega er að allir stjórnarandstöðuflokkarnir eru algerlega samstiga í mati á þessari stöðu og á þeim aðgerðum og tillögum og áherslum sem ber að grípa til í kjölfar þessa. Það má vera, herra forseti, að samþykkt þessa frv. og sú aðferðafræði, sú stríðsyfirlýsing sem ríkisstjórnin leggur upp með, muni skerpa pólitískar línur enn frekar á næstu mánuðum og næstu tveimur árum þannig að úr þessu verði pólitískar breytingar næst þegar verður kosið til Alþingis. Það má vera að verið sé að búa til nýja mynd af stjórnmálum framtíðarinnar.

Herra forseti. Mitt mat er það að við höfum ekki á þessu þingi rætt mál sem snúast um meiri grundvallaratriði en þetta frv. og það frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem við eigum eftir að taka til umræðu. Þegar málin snúast um stjórnmál þá taka menn afstöðu samkvæmt hugsjónum sínum og lífsskoðun. Þeir sem fylgja aðferðafræði ríkisstjórnarinnar varðandi yfirgang og misbeitingu á þeim meiri hluta og þá hagsmuni sem hún vill verja fylgja henni þá. Og almenningur verður þá að fylgja þeirri stefnu þegar hann hefur tækifæri til þess og það tækifæri fær almenningur ekki fyrr en í kosningum. Þetta mál skapar því skil á milli stjórnar og stjórnarandstöðu þannig að ekki verður betur gert og það er sannfæring okkar varðandi þetta mál ef ríkisstjórnin dregur það ekki til baka sé hún búin að efna til óvinafagnaðar um næstu áramót og að þar verða veitt sár sem gróa hugsanlega seint.

[15:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. gengur í þingsalinn (**Fjmrh.:** Ég hef hlýtt á umræðuna.) — hann hefur hlýtt á umræðuna, segir hæstv. fjmrh. og ég leyfi mér að óska eftir því að formaður efh.- og viðskn. hv. þm., Vilhjálmur Egilsson, verði einnig viðstaddur umræðuna. (**Gripið fram í:** Hann er að hlýða líka.)

(**Forseti** (SB)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson komi í salinn.)

(**Fjmrh.:** Þetta er nú bara besta ræða sem ég hef hlustað á lengi.) Þessi orð hæstv. fjmrh. sem segir að þögnin sé það besta og ljúfasta í eyrum sínum segja kannski meira en flest annað. Auðvitað er það einkennandi fyrir það samráð sem

hann hefur viljað viðhafa um þessi frv., það er að menn kunni að þegja, kunni að skammast sín og þegja. Þess vegna er það besta ræða sem hæstv. fjmrh. hefur heyrt þegar þingmaður kemur í ræðustólinn og þegir en ég ætlast til þess að þeir þingmenn sem eru ábyrgir fyrir því að flytja þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í þinginu séu viðstaddir umræðuna. Þess vegna mun ég ekki hefja mál mitt fyrr en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er kominn í þingsalinn. Og hér gengur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson inn í þingsalinn. Mig langar til að byrja á því að segja að nú fer senn að ljúka 2. umr. um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta hefur verið mjög fróðleg umræða. Frv. er flókið á ýmsa lund. Það er tæknilega flókið og þeir þingmenn sem hafa tjáð sig um þetta frv., margir í löngu máli, hafa þurft að fara mjög rækilega í saumana á því og hefur það kostað mikla vinnu. Sú vinna hefur verið þeim mjög lærdómsrík. Það er samdóma álit þeirra eftir yfirlestur og athuganir í sambandi við frv. að þeir trúi vart sínum augum og eyrum, svo slæmt sé þetta frv. Í fyrsta lagi er þetta hrákasmíð hin versta. Það sést m.a. á þeim breytingum sem frv. hefur tekið frá því það kom fyrst fram fyrir fáeinum vikum og síðan á milli 1. og 2. umr. hér í þinginu. Þar hefur verið hringlað með réttindakerfi opinberra starfsmanna. Einn daginn var veikindaréttur ekki til, fæðingarorlofið var ekki fyrir hendi, stórir hópar, þúsundir einstaklinga höfðu verið sviptir samningsrétti. Annan daginn var búið að kippa þessu í liðinn, fæðingarorlof, veikindaréttur voru komin inn bráðabirgðaákvæði í frv. Það hefur verið sýnt fram á í umræðunni á hvern hátt þetta lagafrv. stangast á við samninga. Það raskar kjörum sem kjarasamningar hvíla á. Málsmetandi aðilar í þjóðfélaginu hafa sýnt fram á að ýmis atriði í þessu frv. stangast á við stjórnarskrá landsins og ýmsar þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa gefið á erlendum vettvangi. Reyndar hefur mér sýnst það vera einna helst til þess að raska sálarró ráðamanna hér, eitthvað sem stríðir gegn alþjóðlegum skuldbindingum, því að við þekkjum það vel úr sálarlífi þeirra að það er líklegast til að valda þeim áhyggjum sem gæti komið upp á fínum fundum í útlandinu.

Í umræðunni hefur verið sýnt fram á það að verið er að hafa réttindi af fólki. Það er verið að hafa af mönnum áunnin réttindi. Við skulum minnast þess að það var hæstv. forsrh. sem lýsti því yfir í umræðum um lífeyrismálin að ekki kæmi til greina að skerða áunnin réttindi. Það er gert með þessu frv. sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram fyrir hönd ríkisstjórnar sama forsrh. (**Gripið fram í:** Er þetta satt?) Biðlaunaréttur eru áunnin réttindi. Biðlaunaréttur fyrir starfsmann sem starfað hefur í fimm ár er ekki sá sami og fyrir starfsmann sem starfað hefur í 20 ár. Hvers vegna? Vegna þess að hinn síðari hefur áunnið sér meiri réttindi og fyrir hæstv. forsrh., sem vill að þjóðin trúi því að orð hans séu dýr, standast yfirlýsingar hans ekki ef þetta frv. verður gert að lögum vegna þess að með þessu frv. er verið að hafa af fólki áunnin réttindi. Hins vegar hefur verið reynt að blekkja fólk í umræðunni. Það hefur komið fram í máli hæstv. fjmrh. og einnig í máli hv. þm., formanns efh.- og viðskn., að ekki sé verið að skerða biðlaunaréttinn svo dæmi sé tekið, það er ýmsu af öðru að taka. Staðreyndin er sú að nýráðnir starfsmenn njóta ekki þessara réttinda og þeir sem eru þegar ráðnir munu búa við rýrð réttindi. Nýráðnir starfsmenn, aðrir en embættismenn, koma ekki til með að njóta þessara réttinda og þeir sem þegar eru í starfi munu búa við rýrð réttindi. Það er verið að hafa af fólki þessi réttindi.

Hæstv. fjmrh. hefur sagt að það sé ekki réttlætanlegt að greiða tvöföld laun fyrir eina vinnu. Honum virðist e.t.v. betra að greiða einföld laun fyrir enga vinnu. Hvað þýðir breytingin á biðlaunareglunum? Nú fá ríkisstarfsmenn biðlaun sem bætur fyrir þá röskun sem hlýst af því að missa stöðu hjá ríkinu vegna þess að ríkið ákvað að leggja viðkomandi stöðu niður enda fái viðkomandi starfsmaður ekki sambærilegt starf hjá ríkinu. Biðlaunin nema föstum launum í sex eða tólf mánuði eftir starfstíma. Biðlaun skerðast ekki þótt ríkisstarfsmenn fái vinnu annars staðar á biðlaunatímanum. Þannig eru reglurnar núna. Ætlunin er að breyta þessu. Ætlunin er að biðlaunarétturinn skerðist þannig að hver króna sem viðkomandi starfsmaður kann að afla hjá öðrum á biðlaunatímanum komi að fullu til frádráttar biðlaununum. Með öðrum orðum á að setja fólk í þá stöðu að afsala sér biðlaunarétti sínum ef það þiggur laun annars staðar á biðlaunatímanum. Tökum dæmi af ríkisstarfsmanni sem hefur 120 þús. heildarmánaðarlaun, þar af 80 þús. kr. í föst laun. Þessi maður á að fá 80 þús. kr. biðlaun á mánuði. Ef þessi maður fær aðra vinnu með 80 þús. kr. heildarlaun á mánuði eftir að hafa misst starf sitt hjá ríkinu þá missir hann öll biðlaunin. Þetta gerist þótt hann tapi þriðjungi launa sinna við að taka við nýju starfi. En hvernig á að framkvæma þetta í reynd? Biðlaun eru greidd mánaðarlega fyrir fram. Þau á að skerða um tekjur sem fást annars staðar. Á að láta þetta fólk senda launaskrifstofu ríkisins mánaðarlegar upplýsingar um tekjur sínar hjá öðrum í hverjum mánuði? Hvað ef viðkomandi er atvinnulaus hálfan biðlaunatímann en nær tvöföldum tekjum hinn hluta tímans? Augljóst er að allar reglur vantar um hvernig biðlaunauppgjörin skuli framkvæmd og líka augljóst að launaskrifstofa ríkisins hefur enga möguleika til að afgreiða þessi mál eðlilega. En þá verður því eflaust svarað hér á eftir að reglurnar verði settar síðar. Það verði gengið frá þessu síðar. Það má færa rök fyrir því að þessi breyting gæti verkað vinnuletjandi. Að þjóðfélagið missti af starfsorku einstaklinga sem fara ekki út á vinnumarkaðinn til þess að missa ekki biðlaunaréttinn. Fólk sem missir vinnu sína við kerfisbreytingar hjá ríkinu á kost á biðlaunum en mundi missa af þeim ella ef það fengi hugsanlega einhverja ótrygga vinnu. Skynsamlegar reglur hvetja menn til þess að vinna en ekki hið gagnstæða.

Það er hætt við því að þessi breyting gæti orðið til þess að menn reyni að fara fram hjá reglunum. Að reynt yrði að skrá laun á aðra, svört vinna yrði meira freistandi og þar fram eftir götunum. Ég vil einvörðungu vekja athygli á þessum þáttum. Ég vil vekja athygli á því að hér eru ófrágengnir hlutir. Reglurnar eru ekki til, óhnýttir endar.

Ég vil vekja athygli á öðru í þessu sambandi vegna þess að hér hefur hver þingmaðurinn komið upp á fætur öðrum og sagt að þeim finnist þetta ranglátt kerfi. Menn hafa reynt að slá ryki í augun á fólki og sagt að þetta sé svo ranglátt kerfi að það verði að afnema það. Við kunnum öll að hafa hugmyndir um hvað er réttlátt og hvað er ranglátt. Við kunnum öll að hafa hugmyndir um hvað er réttlátt og hvað er ranglátt varðandi biðlaun. En það sem við ættum að geta sameinast um hér er að það er ranglátt að vanvirða samninga. Það er ranglátt að hafa réttindi af fólki einhliða með stjórnvaldsaðgerð eða lagasmíð með þeim hætti sem verið er að reyna að keyra í gegnum þingið. Eins og ég hef vakið athygli á áður ef við ætlum að fara út í þá umræðu hér á annað borð að tala um réttlæti og ranglæti þá skulum við tala um SR-mjöl. Þá skulum við tala um hálfan milljarð

sem vildarvinum ríkisstjórnarinnar var færður á silfurfati. Þá skulum við líka tala um fyrirhugaða einkavæðingu Pósts og síma, ég held að hann sé kominn á dagskrá hér í næstu viku, eftir að búið er að hafa réttindin af starfsmönnum þar. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa leyft sér að fullyrða að ekki sé verið að breyta þessum réttindum. Það eru ósannindi og menn eiga ekki að leyfa sér slíkt úr ræðustól á Alþingi Íslendinga.

Enda þótt þetta lagafrv. sé hin versta hrákasmíð þá er það því miður svo að það er ekki vanhugsað að öllu leyti, síður en svo. Vegna þess að markmiðin eru mjög skýr. Markmiðin með þessari lagasmíð eru mjög skýr. Það er þess vegna engin tilviljun að fæðingarorlofið og veikindarétturinn datt út í fyrstu umferð. Það er engin tilviljun vegna þess að hugmyndafræðin, sem þetta byggir á, gerir ráð fyrir að réttindi starfsfólks séu í samningum. Þau séu samningsbundin, hvorki lögbundin né í reglugerðum. Að vissu leyti er þetta rökrétt. Ef á annað borð farið er með kjarasamninga inn í einstakar stofnanir er það að vissu leyti rökrétt ef gefa á tiltekinni stofnun svigrúm til að semja við starfsfólkið með því að færa valdið og ákvarðanir þangað inn er rökrétt að þær fái ekki jafnframt leyfi til að skuldbinda þriðja aðila sem væri ríkið. Þetta er rökrétt hugsun að vissu leyti. En þessi hugsun felur í sér miklar hættur þegar við búum við ríkisstjórn sem hefur það yfirlýsta pólitíska markmið að skerða þessi sömu réttindi. — Ég skal gera hlé á máli mínu þangað til hæstv. fjmrh. kemur hingað og hlýðir á mitt mál. Ég skal uppfræða hæstv. fjmrh. en rök koma mönnum kannski ekki við eða skipta kannski ekki máli. (**Fjmrh.:** Ég hlustaði.) Skipta ekki nokkru máli. Ég hef það mikla trú á þingræðinu og á manneskjunni að dropinn komi til með að hola steininn. Jafnvel harðasta grjót. Þótt hæstv. fjmrh. muni takast að keyra þetta í gegnum þingið er sú barátta nú að hefjast. Ég segi hefjast vegna þess að þetta markar upphaf en ekki endi. Menn skulu ekki ofmetnast af því eða draga af því rangar ályktanir þótt mönnum takist að keyra með valdboði og þingmeirihluta frv. og breytingar sem ganga gegn yfirlýstum vilja þeirra sem þessi lög eiga að taka til.

Ég var kominn þar í röksemdafærslunni sem ég sagði að sú ákvörðun að færa réttindi starfsmanna inn í kjarasamninga væri rökrétt á vissan hátt ef menn ætla að valddreifa öllum samningum. Hún felur hins vegar í sér mjög miklar hættur þegar menn búa við ríkisvald og ríkisstjórn sem hefur það yfirlýsta markmið að rýra þessi réttindi. Hæstv. fjmrh. hefur þannig lýst því yfir, og aðrir fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar, að til standi að samræma réttindi til fæðingarorlofs. Við höfum öll tekið undir það einum rómi, hvar sem við stöndum, að þetta sé gott markmið svo fremi sem menn samræma upp á við. Svo fremi sem þetta sé gert til að bæta réttindi en ekki hafa af réttindi. En það hefur fylgt með yfirlýsingum hæstv. fjmrh. að það eigi að samræma en það eigi ekki að koma fleiri krónur til sögunnar. Hvað þýðir það? Það þýðir réttindaskerðingu. Það er ávísun á réttindaskerðingu. Þess vegna óttast menn þessar kerfisbreytingar undir handarjaðri ríkisstjórnar sem hefur það yfirlýsta pólitíska markmið að skerða þessi réttindi.

Ég hef fylgst mjög vel með þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Sérstaklega hef ég hlustað eftir yfirlýsingum hæstv. fjmrh. og lagt mig sérstaklega eftir andsvörum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn. Ég er búinn að bíða lengi og því miður árangurslítið eftir að heyra röksemdir. Það er kannski það erfiðasta við þessa lagasmíð alla og þá umræðu sem fer fram að við fáum ekki rökin. Við fáum bara að vita hverjar ákvarðanir þeir hafa tekið. Annað er líka slæmt í þessari umræðu. Það verður að segjast eins og er að hún er óheiðarleg. Ég er búin að taka dæmið um biðlaunin og réttindin. Nú langar mig að taka dæmið um það sem er þungamiðjan í þessum kerfisbreytingum, það er forstjóravaldið. Þar hafa samtök launafólks einum rómi og allir þeir sem hafa tjáð sig um þetta mál af hálfu stjórnarandstöðunnar á þingi lýst áhyggjum yfir því að kjarasamningar sem settir eru inn í einstakar stofnanir án þess að tryggt sé að samið sé um kjörin á félagslegum grunni muni leiða til aukins kjaramisréttis. Það hefur verið vísað til kannana sem hafa verið gerðar um þetta efni. Menn hafa fetað sig inn á þessa braut í Svíþjóð, þeir gerðu það fyrir nokkrum árum þegar hægri stjórnin sat þar við völd. Þá voru gerðar kannanir, það var skoðað hvaða afleiðingar þetta hefði haft í för með sér. Launamunur jókst, munur milli hárra og lágra varð meiri. Munur milli karla og kvenna varð meiri vegna þess að það sem gerðist var að menn hleyptu markaðslögmálunum inn í stofnanirnar og markaðurinn mismunar. Ef maður ætlar að draga úr þeirri mismunun þá mega menn ekki afsala sér tækjunum til þess. Þannig þarf að taka ákvörðun um að draga úr launamun karla og kvenna. Það verður að taka ákvörðun um það. Síðan þarf að taka ákvörðun um að laga það eftir tilteknum reglum. Og það er þar sem þessi tiltekna umræða verður svo óheiðarleg því að sagt er: Við munum setja reglur sem koma til með að tryggja þetta. Hvar eru þessar reglur? Þessi umræða getur ekki haldið áfram fyrr en við þekkjum þessar reglur. Við verðum að fá að vita hverjar þessar reglur eru. Það er vísað í einhverjar almennar reglur um að það megi ekki mismuna kynjunum, körlum og konum. Það er þegar í landslögum. En hverjar eru reglurnar? Hvers vegna fáum við ekki að sjá reglurnar? Auðvitað fáum við ekki að sjá reglurnar vegna þess að hugmyndafræðin byggir á því að forstjórinn ráði og hann fái vald yfir fólki sínu og stofnun sinni og ráðstöfun þeirra fjármuna sem hann fær í hendur. Eitt þeirra tækja sem hann á að fá í hendur er launakerfið. Það er mergurinn málsins. Þetta er hugsun og hugmynd út af fyrir sig en hið óheiðarlega í umræðunni er það að menn láta í veðri vaka að settar verði reglur sem tryggi að þessi munur komi ekki til með að aukast. Það er hið óheiðarlega í umræðunni. Hæstv. fjmrh. sagði hér fyrr í dag í andsvari við mjög góðri, fróðlegri og yfirgripsmikilli ræðu sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir flutti að launakerfið væri afar slæmt og það þyrfti að finna leiðir til að bæta það. Ég held að við séum öll sammála því að launakjör á Íslandi eru bágborin og slæm og það þarf að bæta þau. En við þurfum að vita hvert skal halda svo við gerum ekki eitthvað út í loftið. Og þetta „eitthvað" sem menn eru að gera undir forustu hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur sannarlega annars staðar leitt til þess að launamunur hefur aukist milli karla og kvenna, hárra og lágra. Á þá ekki að staldra við? Það er þess vegna sem fylgst verður með atkvæðagreiðslu um frv. á morgun. Það er þess vegna sem þjóðin öll mun fylgjast með atkvæðagreiðslu um þetta frv. á morgun. Vegna þess að það er ábyrgðarhluti að innleiða hér kerfi sem sannanlega hefur skapað mismunun og ranglæti alls staðar þar sem það hefur verið reynt.

Nú mun hæstv. fjmrh. vafalaust koma í ræðustól á eftir og endurtaka fyrir okkur að það hafi aldrei staðið á ríkisstjórninni að hafa samráð. Eflaust munum við heyra það. Við því vil ég aðeins segja eitt. Ef henni er þar einhver

alvara þá tekur hún þetta frv. út úr þinginu og sest niður með hlutaðeigandi aðilum og hefur samráð. En ég skal trúa mönnum fyrir því að til að taka slíka ákvörðun þarf stóra stjórnmálamenn með sterk bein. Það þarf stóra menn til að bakka. Það þarf stærð til að sýna víðsýni. Það er auðvelt að vera þröngsýnn og smár. Það er auðvelt að nota valdið. Það er auðvelt. En það er ekki til farsældar. Og þegar menn síðan hamra á klisjunum um nútímavæðingu þá spyrja menn: Er það nútímavæðing að viðhalda í lögum ákvæði sem skyldar fólk til að vinna yfirvinnu? Er það nútímavæðing? Nú bregður svo við náttúrlega þegar komið er upp með þessi efni að þá segja þeir að þetta hafi verið í einhverjum gömlum lögum, sömu menn og segjast vera að nútímavæða allan lagabálkinn. Er það nútímavæðing að svipta einstaklinga og hópa samningsrétti og kefla þá síðan á höndum og fótum og múlbinda, svipta þá málfrelsinu, að setja í lög að brot á 40. gr. frv. geti varðað alvarlegum viðurlögum, þar sem segir að embættismönnum sé óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum? Þetta er hópur sem hefur fjölgað í og það er samkvæmt geðþóttaákvörðun stjórnvalda hverjir lenda þar. Er það nútímavæðing að setja menn í þennan flokk og segja síðan að brot á þessum ákvæðum um að hafa afskipti af kjaradeilum eða taka þátt í umræðu um kjaramál, varði fésektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum? Er þetta nútímavæðing? Er það nútímavæðing að setja í lög sérstakt ákvæði sem styrkir stöðu þeirra sem kjósa að standa utan verkalýðsfélaga? Er það nútímavæðing? Þeir sem þannig hugsa hafa ekki farið dagavillt, þeir hafa ekki farið áravillt, þeir hafa farið aldavillt. Þetta eru menn og ríkisstjórn sem ætlar að halda aftur í aldir. Þess vegna hafa menn talað um leiftursókn til fortíðar. Þeirri leiftursókn hefur verkalýðshreyfingin á Íslandi hafnað. Ég segi að sú samstaða sem er að myndast í samfélaginu á meðal launafólks og hér í þingsal, markar upphaf en ekki endi.

[16:03]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vakti athygli á því að það hefðu verið gerðar allmargar breytingar á frv. í meðförum þingnefndarinnar. Frv. hefur þess vegna farið batnandi eins og alvanalegt er um stjfrv. Ég álít að þeim breytingum gerðum sem búið er að ákveða eða leggja til af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. og síðan það sem fyrirhugað er, muni leiða til þess að með þessu frv. hafi verið myndaður góður grunnur að framtíðarsamskiptum milli ríkisvaldsins og stéttarfélaga starfsmanna. Ég hygg að ekki sé verið að breyta neinu sem verið stríðir gegn stjórnarskrá eða skuldbindingum samkvæmt samningum við önnur ríki. Að sjálfsögðu er hverjum sem er heimilt að láta á það reyna fyrir dómi en ég hygg að þeim fjármunum sem í það mundu fara yrði á glæ kastað.

Þingmaðurinn rakti hér í nokkru máli skoðanir sínar á þeim takmörkunum sem verið er að gera á biðlaunaréttinum. Það var í sjálfu sér rétt með farið hvaða breytingar verið er að gera. Ég tel að þessar breytingar séu skynsamlegar. Ég tel líka að þær séu þess eðlis að þær eigi mikinn hljómgrunn meðal mikils meiri hluta þjóðarinnar.

Ég ætla ekki að halda því fram að hv. þm. sé að reyna að blekkja fólk með sínum ræðuhöldum. Hins vegar held ég að hann sé að vekja upp óþarfa tortryggni og hann sé að hræða fólk að óþörfu. Ég held líka að þegar sumarið er nú komið fyrir alvöru og þegar búið er að samþykkja þessi frv. hér og menn fara að líta fram á veginn, að þá muni upplitið á hv. þm. batna og fólk muni telja þetta hið besta mál.

[16:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Hér er um það bil að ljúka tel ég a.m.k. í dag eða á næstu mínútum nokkuð langri umræðu. Mig langar til gamans kannski meira og þó til fróðleiks í upphafi að nefna það að þessi umræða hefur líklega verið ein sú ef ekki sú allengsta sem hefur átt sér stað í þingsölum. Hv. þm. Svavar Gestsson talaði fyrripart þessa dags, upp úr miðnætti í gærkvöldi og minnti okkur sjálfstæðismenn á að við hefðum í stjórnarandstöðu slegið öll met með málþófsumræðu um umhverfismál. (**ÖS:** Það var sjálfsagt mál.) Nú fletti ég upp í þingtíðindum og taldi mínúturnar sem þá var talað. Það voru sex umræður í því máli, (**Gripið fram í:** Páll sá bara tvo á Lækjartorgi.) þrjár umræður í efri deild og þrjár umræður í neðri deild. Samtals töluðu menn í 26 klukkutíma og 50 mínútur. (**SvG:** Í því því máli. Að stofna umhvrn.) Þegar það var verið að stofna umhvrn. Það var þetta málþóf sem þá var talað um. (**SvG:** Þegar þið fóruð aldavillt.) Í 2. umr. einni (**Gripið fram í:** Hvað þá hefði það verið annað mál?) Í einni umræðu nú, 2. umr. hafa menn talað í rúma 34 klukkutíma. En eins og ég hef sagt áður í umræðunni er talið að ræðuhöld á viku hverri að meðaltali í þinginu séu 17 klukkutímar. Þannig að þessi 2. umr. jafngildir tveggja vikna umræðum í þinginu að meðaltali. Þetta er sagt hér ... (**Gripið fram í:** Bíddu eftir 3. umr.) (Forseti hringir) Ég bið nú hv. stjórnarandstæðinga (**SvG:** Viltu meira?) aðeins að róa sig vegna þess að þetta er sagt að því gefna tilefni að hv. þm. í gærkvöldi, kannski meira til gamans og fróðleiks, var að benda mér á að þessi ræðuhöld núna væru smámunir miðað við það hvernig staðið var að umræðunum um umhvrn. á sínum tíma. Ég bið menn að taka þetta ekki öðruvísi en þetta er sagt. Þetta er sagt kannski til gamans af því að stundum muna menn ekki nákvæmlega mælikvarðan þegar þeir eru að bera saman hluti.

Í þessari umræðu hafa mörg ólík sjónarmið komið fram eðlilega. Umsagnir sem eru óvenjulega margar í þessu máli hafa verið kynntar mjög rækilega af hálfu hv. stjórnarandstæðinga sem margir hafa tekið til máls í umræðunum. Formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og sá sem hér stendur hafa reynt að svara í andsvörum nokkrum spurningum sem til okkar hefur verið beint. En sjálfsagt er það nú svo að ekki hefur öllu verið svarað. Það er ljóst og því hefur verið lýst yfir af formanni nefndarinnar að málið gengur nú til nefndar á milli 2. og 3. umr. Ég tel afar eðlilegt að nefndin kanni rækilega fram komin sjónarmið sem hefur verið lýst í umræðunni. Það er augljóst að breyta þarf frv. umfram það sem gert er ráð fyrir í þeim breytingartillögum sem fluttar hafa verið við 2. umr. málsins. Af þeirri ástæðu að ég tel að varla gefist tími til að afgreiða frv., svokallaðan bandorm, sem er fylgifrv. með þessu frv. Það þýðir að sjálfsögðu að breyta þarf frv., ekki síst 22. gr. sem fjallar um embættismenn, hverjir skulu verða embættismenn og afmarka það betur þannig að það sé alveg kristaltært hverjir teljist til embættismanna þar til svokallaður bandormur hefur fengið endanlega afgreiðslu en það verður varla fyrr en á næsta þingi. Þetta segi ég hér vegna þess að það mun áreiðanlega skýrast betur í nefndarstarfinu á milli funda hvernig að þessu verður staðið.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram í lok umræðunnar vegna þess að ég hygg að það sé eðlilegra að loknu því starfi sem nefndin á eftir að láta fara fram, að í 3. umr. komi þau viðhorf fram og þá er hægt að svara þeim fyrirspurnum betur sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu enda kunna mál að skýrast ef gefið er út framhaldsnefndarálit. Og nýjar breytingartillögur koma fram sem skýra munu sumt af því sem hv. stjórnarandstæðingum hefur leikið forvitni á að vita.

Virðulegur forseti. Ég held að það sé ástæðulaust þess vegna fyrir mig á þessari stundu að hafa fleiri orð um þetta mál. En mér er ljóst að 3. umr. er eftir og þá gefst að sjálfsögðu enn á ný tækifæri til þess að fjalla um málið og skýra efni þessa frv. umfram það sem tekist hefur í 2. umr. málsins.

[16:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. á einstakt lof skilið fyrir alveg sérstaka ósérhlífni við að verja alveg einstaklega vondan málstað. Hér hefur hann setið samfleytt í 35 klukkustundir að því er hann hefur sjálfur reiknað út og haft engan sér til liðsinnis nema hinn vaska þingmann, hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Eitt hefur vakið athygli mína og annarra þingmanna. Þessir tveir þingmenn stjórnarliðsins hafa staðið algerlega einir í vörninni. Það hefur ekki einn einasti þingmaður samstarfsflokksins látið sjá sig í ræðustól en núna hafa þau sögulegu tíðindi gerst að þrír þingmenn Framsfl. eru komnir í salinn. Enginn þingmaður Framsfl. hefur lýst skoðun sinni úr þessum ræðustóli. Enginn þingmaður Framsfl. hefur kvatt sér hljóðs til andsvars. Enginn þingmaður Framsfl. hefur lýst skoðun sinni á málinu. Enginn þingmaður Framsfl. hefur sýnt að hann er maður til að segja hér í stólnum það sem þeim bersýnilega finnst öllum, þ.e. að þeir dauðskammast sín fyrir aðild að þessu máli. Og ég spyr hinn vaska hæstv. fjmrh. Þykir honum það ekki nokkuð sárt og talsverður áfellisdómur, ekki yfir honum heldur yfir samstarfsflokknum, Framsfl., að hann hefur engan stuðning fengið af honum við að verja þetta mál?

[16:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. því ég fagna afskaplega mikið að sjá svona marga framsóknarmenn í salnum. Mér þykir alltaf gaman að sjá sem flesta samstarfsmenn mína í ríkisstjórn. Ég vil bæta því við að þegar við áttum samleið í síðustu ríkisstjórn, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þá fannst mér alltaf fögnuður að því að sjá hann. Hann sést nú vel eins og allir vita og það er mikið af honum (**ÖS:** Fer minnkandi, viðurkenndu það.) þótt hann í allri sinni hógværð að reyna að draga úr því eins og hann kallar hér fram í.

En ég vil segja honum að í nefndinni sem hefur unnið að þessu máli hefur skýrt komið í ljós að það er full samstaða milli þessara tveggja flokka sem nú fara með stjórn landsins. Það kemur fram í nefndaráliti og ég á ekki von á öðru en að það samstarf eigi eftir að haldast í þessu máli sem og öðrum góðum málum.

[16:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að sennilega mun þetta samstarf haldast næsta vel vegna þess að ég sé ekki betur en að samstarf og sambúð Sjálfstfl. og Framsfl. sé að þróast upp í samband þrælsins og herrans. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að það er alveg sama hvaða mál það er. Framsfl. beygir sig alltaf fyrir Sjálfstfl. Það vill svo til að í þessu efni hafa þeir alveg sérstaka ástæðu til þess að skammast sín vegna þess að það liggur fyrir loforð af þeirra hálfu gagnvart kjósendum og gagnvart verkalýðshreyfingunni. Það loforð hef ég áður rakið hér, en það kemur fram í stefnunni sem var samþykkt af hálfu Framsfl. fyrir síðustu kosningar um það hvernig ætti að haga því vinnuferli sem átti að leiða að nýrri lagasmíð. Það var svona, virðulegi forseti, með þínu leyfi. (**Gripið fram í:** Ertu í andsvari við fjmrh.?) Það stendur:

„3. Löggjöf. Framsfl. mun leita samstarfs við aðila vinnumarkaðar um endurskoðun allra laga og reglugerða sem um vinnumarkaðinn gilda."

Það getur verið að Framsfl. hafi viljað samstarf, en hann gat þá ekki komið því við sökum ofríkis hæstv. fjmrh. því það hefur aldrei gerst fyrr að svona lagabálkur hafi orðið til án nokkurs samstarfs. Þetta, herra forseti, vildi ég segja hæstv. fjmrh. vegna þess að þetta er skýringin á því af hverju hann hefur ekki séð nánast einn einasta framsóknarmann í þessum sölum meðan umræðan hefur staðið vegna þess, herra forseti, að Framsfl. skammast sín fyrir það að hér er enn eitt kosningaloforðið svikið sem sett var niður á prent. Það kann vel að vera að einhverjum framsóknarmönnum eins og t.d. hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur þyki þetta ekki málefnalegt. Það er ekki málefnalegt í dag að minna menn á það sem þeir lofuðu fyrir kosningar.

(**Forseti** (StB): Forseti minnir hv. þm. á að hann er í andsvari.)

Þetta kemur aftur og aftur fram hjá hv. þingmönnum Framsfl.

[16:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er heiður að svara fyrir Framsfl. Hins vegar vil ég taka undir það sem hér hefur verið kallað fram í að það er auðvitað ekki eðlilegt að beina þessu til mín, að nota tímann til þess að skamma aðra hv. þingmenn sem ekki geta veitt andsvar í þessari umræðu. (**ÖS:** Þeir geta komið sér á mælendaskrá. Menn eru búnir að bíða eftir því sólarhringum saman.) Þá á hv. þm. eins og ég veit að hann hefur gert fyrr að vekja athygli á því í sinni ræðu. Það hefur hann gert og ekki fengið önnur svör en þau að hv. þingmenn Framsfl. eins og þingmenn Sjálfstfl. virðast vera harla ánægðir með það að fjmrh. og formaður efh.- og viðskn. sitji fyrir svörum fyrir hönd ríkisstjórnarflokkanna.

Ég vil einungis segja að það hefur reyndar komið fram og mun koma betur fram þegar hæstv. félmrh. ræðir hér sín mál að það hefur auðvitað verið haft samráð og samstarf við verkalýðshreyfinguna um þessi mál. Það er hins vegar (Gripið fram í.) ljóst og það liggur fyrir að það er ekki samstaða á milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar í þessum málum. (**ÖJ:** Það hefur ekkert samráð verið haft.)

Varðandi þetta mál sem hér er til umræðu vegna framkvæmdakallsins, þá vil ég bara enn einu sinni — af því að hv. þm. bað nú eiginlega um það í sinni ræðu áðan — þá skal ég enn þá einu sinni (**ÖS:** ... í andsvari.) Ég veit það. Ég er ekki í andsvari við hann en hann kallar fram í og þess vegna er ástæða fyrir mig að ítreka það enn á ný að það var farið af stað með samráð. Því miður var það ekki eins mikið og ég hafði ætlað vegna þess að hv. þm. og samtök hans kusu að fara þá leið að fara gegn frumvarpsdrögunum. (**ÖJ:** Kusum lýðræði gegn einræði.) Hv. þm. getur kallað fram í. Það verður væntanlega

fært til bókar. En þetta átti nú að vera andsvar við andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að hefja ekki efnislegar umræður í andsvari.)

[16:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afskaplega klén ræða hjá hæstv. fjmrh. Það er búið að ræða eitt erfiðasta mál þingsins. Hann talar í lok 2. umr. í fimm mínútur en hann hefur verið að telja saman klukkutíma í umræðu. Mér finnst þetta hlálegt. Mér finnst þetta léleg afstaða sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra. Hann bar hins vegar fram að hann mundi hugsanlega gera tillögur um breytingar á 22. gr., þ.e. um embættismennina. Ég vil minna á orð Davíðs Oddssonar sem ræddi um að bandormurinn yrði ræddur í tengslum við þetta frv. og það styður enn frekar að menn ættu að fresta málinu. Hæstv. fjmrh. svaraði engum af þeim mörgu málefnalegu spurningum sem hafa komið fram í þessari umræðu. Það virðist vera að honum sé nákvæmlega sama um þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

Ég vil hins vegar fá að vita hjá hæstv. fjmrh.: Hverju hyggst hann breyta í þessu frv. öðru en 22. gr.? Hann er skuldbundinn að gefa þingheimi upplýsingar um hvað hann ætlar að leggja áherslu á milli umræðna. Ég vil einnig fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvaða gagnrýnisatriði eru það í umsögnum sem hafa borist og í málflutningi stjórnarandstæðinga sem hann telur að séu skoðunarverð. Hvaða ábendingar telur hann að hafi verið sérstaklega þannig rökstuddar að það þyrfti að skoða þau mál betur? Er ekkert í öllum þessum umsögnum og öllum málflutningi okkar stjórnarandstæðinga sem hann telur vera þess virði að líta á milli umræðna?

[16:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem þarf að koma fram við lok þessarar umræðu er að málið mun verða rætt í nefndinni á milli umræðna. Það þýðir að tækifæri gefst til að fara yfir þau sjónarmið sem hafa komið fram í umræðunni. Ég hef áður sagt það að mér sýnist augljóst að það þurfi að breyta 22. gr. og hugsanlega gera aðrar smávægilegar breytingar vegna þess sem hér hefur komið fram og einnig í viðtölum við fólk sem lætur þetta mál sig varða, fyrst og fremst forustumenn úr röðum opinberra starfsmanna. Þessar breytingar verða sjálfsagt ekki miklar efnislega að vöxtum, en þær eiga fyrst og fremst skýringar í því að ekki verður um það að ræða að bandormurinn verði afgreiddur á þessu þingi, að maður best geti séð, nema þá að þingið verði langt fram á sumar.

Ég tel ástæðulaust að fara nákvæmlega ofan í það í lok umræðunnar hvaða atriði þetta eru. Það kemur að sjálfsögðu í ljós í nefndarstarfinu og þær breytingartillögur sem þá koma fram verða að sjálfsögðu til umræðu við 3. umr. málsins. Þær eiga fyrst og fremst að skýra betur en gert er í frv. hverjir séu embættismenn og hverjir ekki, ekki síst vegna þess að ekki verður hægt að breyta þeim sérlögum sem ætlunin var að breyta með bandorminum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þessi orð dugi hv. þm. En ég bendi honum á að hann getur fylgst betur með málinu en aðrir þar sem hann á sæti í nefndinni.

[16:23]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom skýrt fram í svari hæstv. ráðherra að hann telur engar ábendingar sem við höfum verið að gera varðandi frv. né ábendingar stéttarfélaganna þess virði að það eigi að skoða þær á milli umræðna. Þetta var alveg skýrt og klárt hjá hæstv. ráðherra. Það eina sem hann ætlaði að gera milli umræðna er að beita sér fyrir tæknilegum breytingum á einni grein sem leiðir af bandorminum.

Ég harma þessa niðurstöðu. Mér finnst það vera ámælisvert að eftir þessa miklu umræðu og þann mikla þunga sem hefur verið í afstöðu fólks bæði innan þings og utan varðandi þetta efni, skuli ekki vera farið í efnislega umræðu um margar af þeim spurningum sem hér hafa verið vaktar upp heldur einungis gefinn ádráttur um tæknilegar breytingar. Mér finnst þessi framkoma lýsa ákveðinni lítilsvirðingu á sjónarmiðum okkar stjórnarandstæðinga og ekki hvað síst á sjónarmiðum stéttarfélaganna eins og þau hafa birst í fjölmörgum umsögnum í sambandi við þetta mál.

[16:24]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 442. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 958.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 520. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 957.

[16:25]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði bara að kvitta fyrir nokkur orð, nokkrar kveðjur sem hæstv. fjmrh. flutti mér í svokallaðri svarræðu sinni áðan og láta það koma fram að það er auðvitað nokkuð ljóst að það fer hér fram atkvæðagreiðsla um þetta mál á morgun. Um tvöleytið á morgun verður atkvæðagreiðsla og eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á, verður fylgst með henni. Það verður fylgst með því hvernig menn greiða atkvæði, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu og það skiptir auðvitað miklu máli.

Þegar sú atkvæðagreiðsla hefur farið fram og þegar það hefur komið fram hvernig t.d. hv. framsóknarmenn greiða atkvæði, en þeir hafa þagað alla umræðuna, fer málið til 3. umr. Eins og kunnugt er er meiningin að það fari til nefndar á ný. Það hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh., sem er mjög merkilegt að hann viðurkennir, að málið sé svo illa á vegi statt að ekki sé hægt að halda því áfram óbreyttu. Það er mjög mikil viðurkenning og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá hreinskilni að láta það koma fram að hann viðurkennir að ekki sé hægt að halda málinu áfram öðruvísi en að breyta því verulega.

Þau rök sem hæstv. fjmrh. flytur í þessu máli eru auðvitað alveg nægileg til þess að taka málið út af borðinu á þessu þingi og hefjast síðan handa á nýjan leik næsta haust eftir að fram hafa farið viðræður um samtök launafólks, þau sem hlut eiga að máli. Í því sambandi vil ég sérstaklega nota þetta tækifæri til að taka undir hugmynd sem var hreyft af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Ágústi Einarssyni í þessari umræðu, um að það verði látið á það reyna hvort menn vilja standa saman um að þessi lög taki þá fyrst gildi, ef þau verða samþykkt, eftir að fram hafi farið allsherjaratkvæðagreiðsla í stéttarfélögum opinberra starfsmanna um málið að undangengnum viðræðum og í tengslum við kjarasamninga þá sem gera verður á næsta vetri.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, vekja athygli á mjög alvarlegum ummælum sem fram komu í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem jafnframt er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hann sagði: „Hér er verið að skerða áunnin réttindi." Hann vitnaði til þess að hæstv. forsrh. hefði sagt: „Það á ekki að skerða áunnin réttindi." Og það var athyglisvert sem fram kom í máli hans þegar hann sagði: „Yfirlýsingar forsrh. standast ekki ef þetta frv. verður að lögum."

Margt má segja um samskipti manna í íslenska þjóðfélaginu, en eitt undirstöðuatriðið er það að á milli forustumanna í verkalýðshreyfingunni og stjórnvalda á hverjum tíma ríki eins góður trúnaður og mögulegt er. Ég held að það verði að láta það koma mjög skýrt fram að ef forustumenn verkalýðshreyfingarinnar almennt meta það þannig að orð hæstv. forsrh. að því er þetta mál varðar standist ekki, ef málið liggur þannig, þá er komið að mjög viðkvæmum og flóknum kaflaskilum í samskiptum verkafólks, launamanna á Íslandi annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar.

Það er nauðsynlegt í tilefni af því að undirstrika, hæstv. forseti, það sem fram kom einnig í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að sú umræða sem hér hefur farið fram þó löng sé, er upphaf en ekki endir. Fari svo að stjórnarflokkarnir knýi þetta mál í gegnum þingið eins og margt virðist benda til, er alveg ljóst að baráttunni um innihald þessara mála verður haldið áfram úti í þjóðfélaginu. Það tel ég að hafi komið mjög skýrt fram í ræðu formanns BSRB áðan og það tel ég að hafi komið mjög skýrt fram í yfirlýsingum frá forseta Alþýðusambandsins og frá framkvæmdastjóra Alþýðusambandsins í viðtölum við fjölmiðla í dag. Það er mikilvægt að undirstrika það og skora á hæstv. fjmrh. að gera sér grein fyrir því að baráttunni sem hér hefur farið fram lýkur ekki með einhverjum atkvæðagreiðslum í þessu herbergi. Henni verður vísað út í þjóðfélagið. Þar munu hin endanlegu átök jafnvel fara fram. Og með hliðsjón af því er það umhugsunarefni að jafnreyndir stjórnmálamenn og hæstv. fjmrh. skuli láta sig hafa það að efna til illinda við gjörvöll samtök launafólks í landinu út á það sem hér liggur fyrir. Ég spyr eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson fyrr í dag og ég gerði í ræðu minni í upphafi þessa sólarhrings: Hver eru rökin? Til hvers? Af hverju að slíta í sundur friðinn? Hvað er það sem menn ætla að vinna með þessu? Eru rökin þau að menn ætla að reyra verkalýðshreyfinguna í landinu í þessa fjötra þegar samningar eru lausir í haust og vetur? Hvað er það, hæstv. forseti? Því hefur hæstv. fjmrh. enn ekki svarað en það er alveg augljóst mál að þó að umræðunni ljúki fljótlega og atkvæðagreiðsla verði á morgun og 3. umr. í næstu viku heldur umræðan áfram á hverjum einasta vinnustað og hverju einasta heimili í landinu allt þetta ár.

[16:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. um orð hæstv. forsrh. sem hann lét falla um lífeyrisréttindi, þ.e. að áunnin lífeyrisréttindi verði ekki skert, þá vil ég láta það koma fram að það er skoðun mín að biðlaun séu ekki áunnin réttindi eins og lífeyrisréttindi og að mínu áliti eru þau ekki bótaskyld eins og lögvarin eignarréttindi sem eru vernduð í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ég veit að hv. þm. hefur lesið dr. Gauk Jörundsson. Það hef ég að sjálfsögðu gert líka og þeir sem hafa unnið að frumvarpssmíðinni með mér. Niðurstaða okkar er eindregið sú að ekki sé hægt að jafna saman biðlaunaréttinum og síðan lífeyrisréttindum. Að vísu munu dómstólar í landinu væntanlega taka af skarið í þessum málum og ég á von á því og það hefur orðið samkomulag um það milli ríkisins og BSRB að reyna að flýta niðurstöðu Hæstaréttar í máli sem þar liggur. Ég hef kynnt mér þetta mál og ég tel hverfandi líkur á því að niðurstaða dómsins verði á þann veg að dæmt verði á grundvelli þess að þarna sé um bótaskylda eignaupptöku að ræða á grundvelli 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í reynd held ég að það sé það mikill munur á þessum réttindum að óþarfi sé að jafna þeim saman eins og mér heyrðist hv. þm. gera þegar hann vitnaði til ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

[16:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frá því að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett 1954 hefur verið samið um kaup og kjör opinberra starfsmanna á grundvelli margra þátta í þeim lögum, m.a. ákvæða um biðlaunaréttindi. Þar með eru þau réttindi orðin óvefengjanlegur hluti af kjörum opinberra starfsmanna. Það er ekki nokkur leið annað en horfa þannig á það. Þess vegna er ekki hægt að setja málið þannig upp að menn geti tekið þessi réttindi af opinberum starfsmönnum eða rýrt þessi réttindi hjá opinberum starfsmönnum óðruvísi en bætur komi fyrir. Þess vegna er ég algerlega sammála þeirri uppsetningu um þessi mál sem kemur að nokkru leyti fram hjá Gauki Jörundssyni í þeirri grein sem ég vitnaði til í ræðu minni fyrr á þessum sólarhring. Ég tel þess vegna að þessi réttindi séu bótaskyld og kaupígildi. Ég bendi á að ef þessi réttindi væru ekki til væri auðvitað til sá möguleiki að opinberir starfsmenn eða stéttarfélög þeirra eða einstaklingar í hópi opinberra starfsmanna eða annarra launamanna keyptu sér slík réttindi og þá yrðu þau verðlögð.

Þetta segi ég, hæstv. forseti, vegna þess að það er útilokað fyrir hæstv. fjmrh. að neita að horfast í augu við þennan veruleika. Hér stendur málið þannig að formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sagði áðan að þau orð sem hæstv. forsrh. lét falla virðast ekki standast. Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, það eru mikil tíðindi ef upp kemur trúnaðarbrestur af þessu tagi.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt sem þarf að koma fram. Ég breyti ekki skoðunum hv. þm., enda engin ástæða til þess að ætlast til þess að svo mikill sé máttur minn. En ég vil láta það koma mjög skýrt fram og það er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. lét þessi orð falla um áunnin lífeyrisréttindi að ákveðnu gefnu tilefni.

[16:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að við bætum okkur neitt á því að halda þessu karpi áfram okkar í milli. Við erum lóðrétt ósammála um málið, ég og hæstv. fjmrh., og til þess að fá niðurstöðu í málið mætti hugsa sér að kveðja hæstv. forsrh. til við tækifæri til að ræða þessi mál. En hér er komið að úrslitamáli sem sýnir kannski betur en margt annað að frv. er ekki aðeins slæmt og illa unnið. Það er líka að mörgu leyti lögfræðilega byggt á sandi. Það er nokkuð alvarleg niðurstaða eftir þessa 35 tíma umræðu sem hæstv. fjmrh. er alltaf að kvarta undan og orðinn þreyttur á.

[16:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með fleiri ræðumönnum og láta í ljós vonbrigði mín yfir síðustu ræðu hæstv. fjmrh. um þetta mál. Vonbrigðin eru ekki aðallega vegna þess hvað hann sagði heldur hvað hann sagði fátt og svaraði fáum af þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar í þessari umræðu.

Ég vil þó fagna sérstaklega að hæstv. fjmrh. ætlar að taka 22. gr. laganna til endurskoðunar í haust. Það er algerlega óhjákvæmilegt að gera það og hefði verið nær að bíða með afgreiðslu frv. þangað til það væri tilbúið. Þó að háskólinn verði að þola að vera í hálfgerðu tómarúmi lagalega séð að þessu leyti í sumar vona ég að aðilar háskólans noti tímann til að útkljá þau gífurlegu deilumál sem þetta frv. hefur skapað í þeirri stofnun.

Ég tel t.d. í því sambandi þó að það sé ekki endilega nauðsynlegt vegna þessa frv. að umræðan sem hefur orðið í tengslum við þetta frv. um Háskóla Íslands sýni mjög glöggt nauðsyn þess að skipan háskólaráðs verði tekin til endurskoðunar. Ég ályktaði sem svo að ekki verði þolað að það híerarkíska kerfi sem þar tíðkast verði lengur við lýði þannig að konur, sem þó eru orðnar meiri hluti háskólanema og þeim fer fjölgandi sem háskólakennurum, eru svo til útilokaðar frá stjórnkerfi háskólans og núna er eingöngu annar nemendafulltrúinn kona. Ég vona að þetta verði til þess að vekja athygli á því að stjórnkerfi háskólans er ólýðræðislegt og það er löngu tímabært að breyta því.

Til þess að háskólinn geti tekið almennilega á sínum málum í sumar er samt sem áður ýmislegt í frv. óskýrt og ég hef ekki fengið svör við né aðrir sem hér hafa spurt um. Ég spurði hæstv. fjmrh. um vinnumatssjóðinn í gær og ég fékk ekki skýr svör. Einnig vantar alfarið að útskýra og ég og fleiri höfum spurt um það í umræðunni hvað er átt við með því að embættismenn verði ráðnir til fimm ára. Í frv. segir að ætlunin sé að þeir séu ráðnir til fimm ára nema annað sé tekið fram í lögum. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Er þetta alfarið sýndarmennska? Á að auglýsa störf biskups, hæstaréttardómara, starfsmanna Alþingis, háskólaprófessora, ef þeir verða embættismenn, á fimm ára fresti eða hvaða störf verða það í raun sem verða auglýst á fimm ára fresti? Þetta er mjög óskýrt og ég tel að það mundi vera innlegg í umræðuna, t.d. í háskólanum í sumar ef fólk vissi hvað þarna ætti að standa, hvað þetta þýðir. Þess vil ég spyrja hæstv. fjmrh. enn og einu sinni: Á að auglýsa þessi störf á fimm ára fresti eða eru ákvæði í sérlögum eða verða þau sett þannig að þetta verður markleysa?

Einnig vil ég freista þess að spyrja hæstv. fjmrh. enn og einu sinni, hvernig hann hyggst tryggja það að 9. gr. um yfirborganir til starfsmanna nái jafnt til beggja kynja og einnig hvernig og hvað hann telur að vinnist við það að setja inn í þetta frv. ákvæði um sveigjanlegan vinnutíma, hvað vinnst við það umfram það sem nú er í kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Ég verð að segja að lokum, hæstv. forseti, að þetta er búin að vera ákaflega fróðleg umræða. Þrátt fyrir að hún hafi tekið langan tíma vek ég athygli á því að ekki hafa nærri því allir stjórnarandstöðuþingmenn talað og fæstir þeirra hafa talað nema einu sinni en samkvæmt þingsköpum mega þeir tala tvisvar. Ég vísa því algerlega á bug að hér hafi verið um óþarflega langa umræðu að ræða. Hún gæti hreinlega tekið hálfan mánuð í viðbót ef vilji væri fyrir því.

Að lokum vil ég geta þess að á aðalfundi Vinnuveitendasambandsins í hádeginu hlustaði ég á ræðu formanns um hvernig þessi frumvörp eru séð og túlkuð í þeim herbúðum. Það er alveg augljóst mál að þar er hinn eini og sanni bandamaður Sjálfstfl. Það er ekki Framsfl., það er Vinnuveitendasambandið.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi sé ég ekkert því til fyrirstöðu að embættismenn eins og prófessorar, falli þeir undir það að vera embættismenn, geti tekið við fjármunum úr vinnumatssjóði, enda væri það þá tekið fram í úrskurði kjaranefndarinnar.

Í öðru lagi eru embættismenn skv. 23. gr. ráðnir til fimm ára. Það er aðalreglan fyrir þá sem ráðnir verða eftir gildistöku laganna en sé annað tekið fram í sérlögum gilda sérlögin framar frv. sem við erum að fjalla um í dag.

Varðandi yfirborganir eða hvað menn vilja kalla þær sérstöku þóknanir, sem fjallað er um í þessu frv., þá get ég ekki svarað því nákvæmlega hér og nú hvernig reglugerðin lítur út. Það hef ég sagt áður í umræðunni. Ég bendi hins vegar á að í 52. gr. er gert ráð fyrir því að samtök opinberra starfsmanna eigi þess kost að fylgjast með og fjalla um stjórnvaldsfyrirmæli en reglugerð á borð við þessa flokkast undir stjórnvaldsfyrirmæli í þessum lögum.

Loks vegna sveigjanlega vinnutímans vil ég að það komi fram að í gildandi lögum er einungis minnst á húsmæður í því sambandi en hérna er verið að opna fyrir starfsmenn ríkisins og reyndar er það einnig gert í sambandi við fæðingarorlofið. Þar kemur hugtakið „starfsmaður" í staðinn fyrir konuna og ég hef trú á að það ætti að geta leitt til einhverrar breytingar.

[16:45]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ákvæði um sveigjanlegan vinnutíma í kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að ég lagði fram fsp. fyrir um tveimur mánuðum um það hvernig ákvæði um sveigjanlegan vinnutíma væri framkvæmt núna hjá stofnunum ríkisins og ég hef ekki enn þá fengið svar. Ég bað um skriflegt svar. Ber að skilja svar hæstv. fjmrh. þannig að það séu eingöngu konur sem fái nú möguleika á sveigjanlegum vinnutíma ef þær fá það yfir höfuð af því það stendur í lögunum frá 1954 „þrátt fyrir gildandi kjarasamninga"?

[16:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, það ber ekki að skilja orð mín þannig. Vonandi kemur svar við fsp. hv. þm. en það hefur nokkuð tafið svarið að það þarf að senda þetta út til margra stofnana og safna síðan svörunum saman til þess að hægt sé að gefa heildarmynd af þessu. Ég er að reyna að segja að í gildandi lögum er orðalagið hvað snertir hlutastörf sem kannski má ekki segja að falli undir sveigjanlegan vinnutíma sérstaklega en þó breytilegan vinnutíma getum við kallað. Þar er sagt að það gildi fyrir konur sem veiti heimilum forstöðu og í fæðingarorlofsgreininni er jafnframt notað hugtakið konur. Í þessu frv. er þessum hugtökum breytt í starfsmenn. Vegna hvers? Vegna þess að við teljum að það þjóni betur tilgangi sínum í dag að nota hugtakið starfsmenn og geti leitt til frekari og rýmri breytinga á grundvelli þessara laga. Það er fyrst og fremst það sem ég var að reyna að koma að í andsvari mínu áðan.

[16:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó að hæstv. ráðherra sé nú staddur í salnum er lukkan ekki með mér í dag því nú er ég búinn að missa alla framsóknarmennina. Staðreyndin er sú, herra forseti, að í andsvari áðan gerði ég það að umtalsefni að það væri ekki nokkur einasti framsóknarmaður sem hefði haft rænu eða uppburði í sér til þess að taka til máls og lýsa afstöðu sinni til þessa frv. Hæstv. ráðherra, með því jákvæða hugarfari sem honum fárra ráðherra er gefið, benti mér þó á að e.t.v. væri réttara að ég kæmi hér upp til þess að viðra þetta í ræðu. Ég leit á þetta sem áskorun af hálfu hæstv. fjmrh. til að taka enn einu sinni til máls og er ég þakklátur fyrir þá áskorun vegna þess að hún sýnir að honum hefur líkað vel fyrri ræða mín undir þessum málslið.

Herra forseti. Fyrst ég er kominn hingað ætla ég eigi að að lýsa eftir viðhorfum framsóknarmanna til þessa frv. Hér er um að ræða frv. sem brýtur í blað og m.a. vegna þess að þar er vegið að því sem við margir stjórnarandstæðingar teljum undirstöðu frjálsrar verkalýðshreyfingar á Íslandi. Við viljum mjög gjarnan fá að vita viðhorf Framsfl. til þeirra mála, ekki síst vegna þess að sá flokkur hefur í gegnum áratugi siglt undir því flaggi að hann vilji efla samstarf vinnandi fólks til sjávar og sveita. En það má vel vera að það flagg hafi verið falskt, herra forseti, svo ég hefði viljað inna hv. þm. Framsfl. eftir því hver er afstaða Framsfl. til þessa máls. Nú þegar dregur að lokum umræðunnar er ekki einn einasti þingmaður Framsfl. í þessum sölum. Enginn hv. þm. Framsfl. treystir sér til þess að ræða þetta frv. og það er bersýnilegt að Framsfl. skammast sín fyrir aðildina að málinu. Ég skil það vel, herra forseti. Ég hef rakið áður að skömm Framsfl. stafar af því að hann lofaði því í skjali sem hann samþykkti á miðstjórnarfundi 24.–27. nóvember á síðasta ári að ekki yrði ráðist í þessar breytingar sem liggja hér fyrir í frumvarpsformi óðruvísi en svo að haft yrði fullt samráð við verkalýðshreyfinguna, ekki bara um breytingar á lögum heldur líka um breytingar á öllum reglugerðum sem tengjast samskiptum á vinnumarkaði. Þessu lofaði Framsfl. og hvar er hann núna? Hér er ekkert sem minnir á Framsfl. nema ef vera skyldi hinn ágæti hv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon og þá er ég náttúrlega að vísa til bernskubreka hans norðan úr landi. (**SJS:** Ég hef aldrei komið nálægt Framsfl.) Herra forseti. Það undrar mig ekki að hinn vammlausi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sver af sér öll tengsl við Framsfl. og ég virði það honum til fremdar að hann skuli taka af skarið í þessum efnum og hefði kannski mátt gera það nokkru fyrr.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. fjmrh. hafi farið skuggalega nærri því að brjóta gildandi lög þegar hann fór í endurskoðun á þeim lagabálk sem gildir nú um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Af því að hæstv. fjmrh. kann bæði vel að lesa og er minnugur vel þá veit hann að í 36. gr. gildandi laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem eru orðin fertug að aldri, segir skýrt og skorinort að við endurskoðun þessara laga og reglugerða beri að hafa samráð við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hins vegar er alveg ljóst eins og hér hefur verið rakið í umræðunum að samráðsskyldan var að engu höfð. Það var að vísu þannig að hæstv. ráðherra fékk virtan lögfræðing úti í bæ til þess að spjalla við forustumenn launþegasamtakanna fyrir síðustu áramót en það var ekki fyrr en dró fram um miðjan febrúar sem launþegasamtökunum varð ljóst að ekki var verið að velta fyrir sér smávægilegum breytingum heldur allsherjaruppstokkun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég held að hérna hafi verið farið með mikilli slægð ef ekki lævísi af hálfu hæstv. fjmrh. og finnst mér nú að hann bregðist uppruna sínum sem má rekja allt til skátahreyfingarinnar í gamla daga. Þar unnu menn ekki með þessum hætti, herra forseti.

Ég vil segja að það kemur mér á óvart þegar hæstv. fjmrh. telur eftir sér að sitja sem svarar tæpri vinnuviku og taka þátt í málefnalegum umræðum um sennilegasta afdrifaríkasta lagafrv. sem liggur fyrir þessu þingi. Ég segi fyrir mig, herra forseti, að miklu betra er að hafa hæstv. ráðherra hér í þessum sölum yfir okkur þingmönnum fremur en uppi í ráðuneyti. Hann gerir þá að minnsta kosti ekkert af sér á meðan. Mér finnst hins vegar merkilegt að hæstv. ráðherra kvartar undan því að menn ræði út í hörgul þær grundvallarbreytingar sem lagðar eru fyrir í þessu frv. og hann segir að þetta sé ekkert annað en málþóf og hélt fram í sumum andsvörum sínum að búið væri að flytja sömu ræðurnar sex og sjö sinnum. Mér sýnist að það þyrfti að fara nokkrum sinnum yfir þessar sömu ræður aftur til þess að hæstv. ráðherra skildi það sem stendur í þeim. En hæstv. ráðherra hefur sjálfur ekki lagt nægilega mikið af mörkum til að skýra umræðurnar. Hv. þm. Svavar Gestsson benti á áðan að hæstv. ráðherra hefur viðurkennt að frv. eins og það kom frá hv. efh.- og viðskn. til þingsins var ekki betur unnið en svo að það er nauðsynlegt að kalla málið þangað aftur milli 2. og 3. umr. til þess að reyna að skjóta byttu undir þann leka sem er á frv. Hæstv. ráðherra hefur m.a. fallist á það að það sé mjög óljóst hvernig fer um tengsl framgangskerfisins svokallaða uppi í háskóla við þær breytingar sem gerðar eru með 22. gr. frv. Það hefur verið bent á það mjög skelegglega að framgangskerfið uppi í háskóla er sett í uppnám með þessum breytingum. Við vitum það báðir, hæstv. ráðherra og ég, að uppi í háskóla er að finna óvígan her vaskra kvenna sem hafa sent frá sér mótmæli og má vera að við hæstv. ráðherra þekkjum ýmsar góðar konur í þeim hópi, a.m.k. tvær. Ég hjó hins vegar eftir því þegar hæstv. ráðherra var að svara í andsvari í gær — hann var spurður út í þetta af hv. þingkonu Guðnýju Guðbjörnsdóttur í þaula, ekki einu sinni heldur þremur sinnum — þá sagði hæstv. ráðherra að ynnist ekki tími til þess að ljúka þeim bandormi sem fylgir þessu frv. þá yrði háskólinn að leysa það innan sinna vébanda í sumar. Ég gat ekki fengið annan skilning úr þessu svari hæstv. ráðherra. En hvað lá þá í þessu svari? Efnislega var hann að segja og taka undir það að ekki væri nægilega vel frá þessu máli gengið. Staða prófessora væri þannig skv. 22. gr. að allt framgangskerfið sem launakerfi háskólastarfsmanna byggist að verulegu leyti á væri þess vegna í uppnámi. Mér þótti hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir færa mjög sannfærandi rök fyrir því að með þessu væri verið að svipta stoðum undan jafnréttisbaráttu innan háskólans sem hefði skilað nokkrum árangri á síðustu árum og væri í þann veginn að leiða til þess að fjöldi kvenna væri í krafti framgangskerfisins að þokast upp í fremdarstiganum, þokast úr því að vera lektorar í dósenta og dósentar í prófessora. Það skiptir máli. Ekki síst vegna þess að eitt af því sem hæstv. ráðherra hefur sagt að náist með þessu frv. er aukið jafnrétti, þ.e. minni munur á launum milli kynjanna. Hæstv. ráðherra hefur tíðkað að hafa uppi stór orð um góðan vilja sinn til þess að auka jafnrétti í launamálum. Ég efast ekkert um góðan ásetning hæstv. ráðherra í þeim efnum en hann verður að sannfæra þingheim betur um að efndir fylgi þessum orðum. Ég hef lýst því hvernig hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sýndi

fram á að því er varðar háskólann þá er ekki hægt að segja á þessari stundu að hæstv. ráðherra geti staðið við þau orð sem hann hafði hér í framsögu sinni við 1. umr. málsins að hér væri verið að treysta jafnrétti milli kynjanna. Ýmislegt fleira má taka í þessum efnum þar sem ráðherrann hefur verið spurður sérstaklega út í og hann hefur ekki svarað.

Það hafa risið úfar með mönnum í þingsalnum, jafnvel innan stjórnarandstöðunnar, um það hvort kerfið, sem gert er ráð fyrir í frv. þar sem mælt er fyrir um það að forstöðumenn stofnana eigi að hafa aukið svigrúm til þess að umbuna starfsmönnum sínum, minnki eða auki launabilið milli kynjanna. Það kemur fram í ræðum ýmissa hv. þm. að þeir telja að þetta muni ótvírætt auka launabilið á milli kynjanna. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur haldið ekki eina heldur tvær mjög ítarlegar ræður þar sem hann færir rök að þessu. Ég er einn af þeim þingmönnum sem hallast að því að það eigi að auka svigrúm forstöðumanna stofnana til þess að umbuna starfsmönnum sínum og þeir eiga að hafa ákveðið frelsi til þess að greiða hærri laun en samið er um í kjarasamningum. En ég vil ekki gera það ef það verður til þess að launabilið milli kynjanna aukist. Ég hef fyrir framan mig ítarlegar ræður hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hins vegar hef ég fyrir framan mig það sem hæstv. ráðherra hefur sagt í ræðum sínum og andsvörum. Ef ég veg þau rök þá get ég því miður ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi rétt fyrir sér. Hver er þá kjarni máls míns að því er þetta varðar? Hann er sá að hæstv. ráðherra hefur setið hérna og hann hefur staðið hér í stólnum og hann hefur flutt andsvör sín en hann hefur ekki svarað því sem máli skiptir. Hann hefur ekki einu sinni hirt um það að veita rökföst andsvör við þeim spurningum sem eru lagðar málefnalega fyrir hann. Ég hef ekki bara í umræðum um þetta mál heldur við önnur tækifæri lýst því yfir að ég er að mörgu leyti hallur undir ýmsar nýjungar sem hæstv. ráðherra þykist hafa bryddað upp á í sinni nýju starfsmannastefnu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að auka sjálfstæði stofnana frá ráðuneytum, það eigi að setja stjórnir yfir þær en það eigi líka að auka vald forstöðumannanna en ég vil ekki, herra forseti, að það verði til þess, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson segir, að auka launabilið á milli kynjanna. Verðum við ekki að taka mark á þeim rökum sem fyrir okkur eru lögð? Það getur vel verið að hæstv. ráðherra svipti burt öllum rökum hv. þm. Ögmundar Jónassonar hreinlega af því að hæstv. ráðherra er alinn upp í stjórnmálum og hann er alinn upp við það viðhorf að menn eigi ekki að virða viðhorf andstæðinga sinna. Að því leyti til hefur hann gleymt því veganesti sem hann lærði í skátahreyfingunni forðum tíð.

En það eru fleiri rök sem varða einmitt þennan punkt en bara það sem formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur flutt fram. Það er til opinber stofnun sem er að vísu ekki á forræði hæstv. fjmrh. heldur félaga hans og vinar, hæstv. félmrh., Páls Péturssonar. Það er Jafnréttisráð. Ég held að óhætt sé að segja að Jafnréttisráð sé hlutlaus stofnun. Ég man ekki betur en að í stjórn þeirrar stofnunar sé að finna lögfræðing Vinnuveitendasambands Íslands og ég spyr: Tekur hæstv. fjmrh. mark á umsögnum Jafnréttisráðs? Ég verð að segja með fullri virðingu fyrir Jafnréttisráði að miðað við það sem ég ólst upp við á sokkabandsárum rauðra sokka hefði umsögn Jafnréttisráðs að því er þetta frv. varðar sennilega ekki þótt giska róttæk. En þar kemur eigi að síður fram að Jafnréttisráð tekur að vissu marki undir röksemdir hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Þar er ekki farin sú leið að leggjast gegn því að forsvarsmenn stofnananna fái aukið svigrúm. En það er bent á að það sé ákveðin hætta á því að þetta svigrúm verði nýtt til þess að búa til vildarvinakerfi í kringum forstöðumennina. Reynslan sýnir að það kemur niður á konum, þ.e. þær eiga ekki jafninnangengt í vildarvinahópinn og við karlarnir. Jafnréttisráð lagði þess vegna til ákveðna breytingu á frv., að það yrðu settar einhvers konar reglur og það yrðu settar einhvers konar matsnefndir til þess að fylgjast með þessu. Ég sjálfur mælti fyrir því í ræðu minni í gær að það yrðu settar stjórnir yfir öll fyrirtæki ríkisins og starfsfólkið hefði fulltrúa í þeim stjórnum og starfsfólkið hefði allt saman málskotsrétt til þeirrar stjórnar gagnvart launamálum sínum. Hæstv. ráðherra hefur ekki virt þessar röksemdir viðlits. Það er allt í lagi. Ég geri ekki kröfu til þess að hæstv. ráðherra komi og svari með rökrænum hætti rökum andstæðinga sinna vegna þess að ég á því ekki að venjast af hálfu ríkisstjórnarliðsins. En mér finnst að hæstv. ráðherra skuldi ríkisstofnuninni Jafnréttisráði svör við þeim ábendingum, athugasemdum og áhyggjum sem túlkaðar eru í umsögn Jafnréttisráðs. Svo kemur hæstv. ráðherra hér og segir: Málþóf. Hvers vegna kem ég, herra forseti, og tek dýrmætan tíma þingsins og virðulegs forseta til þess að fara aftur með svipaða ræðu um þetta efni og ég fór með í gær? Það er vegna þess að ég er þolinmóður maður, herra forseti, og ég veit að þolinmæði vinnur allar þrautir. Hún sigrast jafnvel á þeim þröskuldum sem er að sjá í gervi hæstv. ráðherra. Ég kem hingað og flyt þetta mál vegna þess að það komu engin svör við ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það komu engin svör við þeim lítilmótlegu rökum sem sá flutti sem hér stendur. En það sem mér þykir verra og það sem mér þykir dónaskapur af hálfu hæstv. ráðherra er að það komu engar rökfræðilegar mótbárur við þeirri hógværu athugasemd sem kom fram í umsögn Jafnréttisráðs. Og ég spyr, herra forseti: Í Jafnréttisráði koma saman fulltrúar ólíkra viðhorfa og ólíkra hreyfinga. Eiga þeir ágætu fulltrúar það ekki skilið að fagráðherrann gefi skýringar eða a.m.k. svari þeim röksemdum sem þar koma fram? Ég mundi sofna miklu rórri í kvöld ef hæstv. fjmrh. gæti sýnt mér fram á að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefði haft rangt fyrir sér. Þá gæti ég sofnað í kvöld og sigið undir væng þess sem hvíldina veitir, Óla lokbrá sem áður hefur komið til tals í þessari umræðu, fullviss um að ég gæti stutt hæstv. ráðherra að því er varðar þessa nýjung hans. En hæstv. ráðherra kýs frekar að vera á skrafi í hliðarherbergjum, horfa út um gluggann, jafnvel geispa eða drekka kaffi heldur en að leggja við hlustir og hlusta á röksemdir mínar, hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hv. þingkonu Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og ígrundað hógvært mat Jafnréttisráðs.

Svo kemur stjórnarliðið og sýnir af sér þá vitsmunalegu frekju og yfirgang að halda því fram að menn séu í málþófi þegar það eina sem þeir gera er, eins ég er að gera núna, að koma í þriðja skiptið með sömu spurninguna.

Herra forseti. Nú ber svo við að hæstv. ráðherra er búinn að taka sér sæti. Ég get þá komið að því sem ég þarf endilega að ræða áður en þessari umræðu lýkur og það er auðvitað staða kirkjunnar á Íslandi í dag. Þó ætla ég ekki að fara að ræða þær deilur sem hafa komið upp innan kirkjunnar og ég ætla ekki einu sinni að hlaupa á Ágsborgarjátningunni sem er uppistaðan í mjög gáfulegri og vitrænni athugasemd sem Geir H. Waage hefur skrifað í Reykholti á kyndilmessu 1996. En mig langar eigi að síður, herra forseti, að reifa lítillega stöðu prestanna og prófastanna. Það vill nefnilega

svo til að ég er alinn upp á kristilegu heimili og tel mig kristinn mann og mér er annt um kirkjuna. Það vill líka svo til að mér hefur á þessum vetri lærst að bera virðingu fyrir rökum Geirs Waage, formanns Prestafélagsins. Ég veit að stjórnmálaskoðanir hans standa miklu nær stjórnmálaskoðunum hæstv. ráðherra en mínum. Ég sé það hér þegar ég les umsögn Geirs Waage, formanns Prestafélagsins, að hann telur að hér hafi meiri hlutanum orðið á gríðarleg mistök þegar búið er að gera tillögu um það að prestar og prófastar verði embættismenn án þess að það sé nokkuð sérstaklega tekið á þeirra högum að öðru leyti. Samkvæmt því hlýtur veiting þess starfs sem þeir gegna að vera endurtekin á fimm ára fresti. Og ég spyr, herra forseti: Er ætlast til þess samkvæmt þessu að það eigi að endurskipa presta á fimm ára fresti? Gerir hæstv. fjmrh. sér grein fyrir því hvað hann er að leiða yfir prestastéttina? Og það sem enn alvarlegra er: Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir því hvað hann er að leiða yfir íslensku þjóðina ef það á að hafa prestskosningar á fimm ára fresti? Ég held að hér sé efnt til svo stórkostlegs óvinafagnaðar að hæstv. ráðherra geti ekki annað en látið endurskoða þetta. Og mig langar, herra forseti, að lesa upp þá ályktun sem Geir Waage, formaður Prestafélagsins, dregur af þessu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að hamla frelsi prests til boðunarinnar og gegn því stendur öll guðfræði kirkju vorrar."

Með öðrum orðum má draga þá ályktun að formaður Prestafélagsins telji að gegn þessu frv. eða afmörkuðum þætti þess standi öll guðfræði kirkju vorrar. Var það ekki Sjálfstfl. sem gekk til kosninga 1991 með tvennt að leiðarljósi? Að selja Rás 2 og efla guðskristni í landinu? Telur hæstv. ráðherra að það sé stefnt að því að treysta kirkjuna í landinu þegar lagt er fram frv. sem formaður Prestafélagsins segir að gegn því standi öll guðfræði kirkju vorrar? Herra forseti. Ég ætla að lesa upp, með leyfi forseta, hvað formaður Prestafélagsins segir um fimm ára ráðningu sóknarprests:

„Í fyrsta lagi gengur þetta fyrirkomulag gegn guðfræði kirkjunnar og þar með gegn allri grundvallarskipan sem verið hefur. Það brýtur um leið alla hefð í samskiptum ríkis og kirkju, en kirkjan hefur kennt að allir menn skulu hlýða ríkisvaldinu á meðan það setur sig ekki á móti frelsi fagnaðarerindisins.

Í öðru lagi er hið kirkjulega embætti sett í uppnám. Tímanlegu öryggi prestakallanna og prestsembættisins er stefnt í hættu, ekki síst úti um landið."

Herra forseti. Ég held að það þurfi ekki að hafa frekari orð um þetta. Það er alveg ljóst að þetta staðfestir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan. Frv. eins og það kemur frá hv. efh.- og viðskn. er með þeim hætti unnið að það er ekki annað hægt en að kalla það á köflum hrákasmíð. Það er ekki hægt að kalla ákvæði sem leiðir af sér þessar ályktanir mektarstoða innan kirkjunnar annað en því orði.

Að lokum hefur, herra forseti, hefur verið rætt talsvert um yfirlýsingar hæstv. forsrh. á fyrri stigum umræðu um þetta og skyld frumvörp. Mig langar að rifja upp hvað það var sem hæstv. forsrh. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá verður jafnframt að gæta að hinu sem ég hafði áður lýst yfir að ekki væri verið að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hefðu áunnið sér."

Þetta er lykilsetning í allri þessari umræðu. Það liggur fyrir að hæstv. forsrh. hefur sagt, að vísu í umræðu um annað frv., að það ætti ekki að svipta menn bótalaust rétti sem þeir hefðu áunnið sér. Þá hljóta menn að vega það og meta og deila um það hvaða réttindi það eru sem menn hafa áunnið sér. Þá vil ég vísa til þess, herra forseti, að á fyrri stigum umræðu um þetta frv. deildum við hæstv. fjmrh. einmitt um þetta efni. Ég skaut því að hæstv. ráðherra að með því að taka samningsrétt og verkfallsrétt af embættismönnum væri verið að svipta þá bótalaust áunnum réttindum. Þá sagði hæstv. ráðherra að þeim væri bættur skaðinn með því að þeir fengu biðlaunarétt. Hvaða ályktun er hægt að draga af þessu? Hún er þrenns konar, herra forseti.

1. Að verkfallsrétturinn sé fémæti.

2. Að samningsrétturinn sé fémæti.

3. Það sem á að greiða fyrir þennan rétt hljóta að vera fémæti líka og það er biðlaunarétturinn. Það er e.t.v. mikilvægast.

Þarna tel ég, herra forseti, að hæstv. fjmrh. hafi í rauninni fallist á það með þessum orðum sínum að samningsrétturinn, verkfallsrétturinn og biðlaunarétturinn feli í sér fémæti sem ekki er hægt að svipta menn bótalaust. Það er afskaplega mikilvægt að menn hafi þetta á hreinu við lok þessarar umræðu. Hæstv. forsrh. hefur sagt: Menn verða ekki bótalaust sviptir áunnum réttindum, og ég er að rifja upp orð hæstv. fjmrh. sem er ekki hægt að túlka öðruvísi en svo að samningsrétturinn, verkfallsrétturinn og biðlaunarétturinn séu bótaskyld réttindi. Það er verið að skerða öll þessi þrenn réttindi og samkvæmt því sem hæstv. ráðherrar eru þá sammála um þegar menn skoða þetta með smásjá rökfræðinnar er að það á að greiða bætur fyrir þessa skerðingu.

[17:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af biðlaunaréttinum. Ég vil enn á ný segja að ég tel ekki að biðlaunarétturinn sé áunnin eignarréttindi eins og lífeyrisréttindi. Ég vil enn fremur benda á að æviráðningin hvarf fyrir um það bil tíu árum síðan. Það eru líklega um 10% af ríkisstarfsmönnum, ef kennarar eru undanskildir, sem eru æviráðnir og þeir vinna sömu störf og hinir sem eru með gagnkvæman uppsagnarfrest og það er enginn launamunur á þessum aðilum.

Þegar hæstv. forsrh. flutti ræðu sína var hann að tala um lífeyrisréttindi. Það liggur alveg fyrir og það veit auðvitað hv. þm. Ég sá að hann hafði þetta skrifað. Það gildir ekki það sama um lífeyrisréttindi og biðlaunaréttinn. Það hef ég margoft sagt.

Aðalreglan í þessu frv. er að nýir starfsmenn, þ.e. nýir embættismenn, verða ráðnir til fimm ára en sérlög geta breytt frá því. Í bandorminum er gert ráð fyrir að veiting prestakalla verði miðuð við fimm ár. Það er ekki fyrr en við afgreiðslu þess frv., sem verður væntanlega ekki fyrr en á næsta hausti, sem endanleg afstaða verður tekin til þess á hv. Alþingi.

Virðulegi forseti. Hv. þm. dró uppeldi vort inn í þessa umræðu. Ég skammast mín ekki fyrir það. Ég er hreykinn og upp með mér að hafa verið skáti, var það lengst af sem strákur. Ég starfaði þar með miklum ágætismönnum. Ég vil rifja það upp af þessu tilefni að skátahöfðingi Íslands var Jónas B. Jónsson og einn af aðalskátaforingjum í bænum var Skarphéðinn Össurarson sem ól viðkomandi þingmann upp og hefur tekist nokkuð vel miðað við efniviðinn.

[17:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn á ný sýnir þetta andsvar hæstv. ráðherra að honum er jafnrétti kynjanna ekki ofarlega í huga. Hann getur þess réttilega að faðir minn hafi verið einn af

skátaforingjum í Reykjavík en hann gat þess ekki að móðir mín náði miklu lengra innan skátahreyfingarinnar en nokkru sinni pabbi.

Herra forseti. Varðandi þau ummæli sem við höfum verið að rifja upp að hæstv. forsrh. hafi látið út úr sér í umræðum um lífeyrissjóðsmálin er alveg rétt að það var þegar verið var að tala um lífeyrissjóðsfrv. Ég gat þess í ræðu minni að það hefði verið svo. En hæstv. forsrh. sagði „sérstaklega" varðandi lífeyrissjóðamálið, hann sagði ekki „eingöngu" varðandi lífeyrissjóðamálið.

Hæstv. fjmrh. hefur orðað það svo, að vísu ekki í dag, að það væri tómt bull að ætla að biðlaunarétturinn væri áunninn. En það er samt sem áður þannig að hann er hlutfall af tíma, þ.e. menn fá ákveðin réttindi ef þeir hafa verið í starfi meira en 15 ár hjá ríkinu og þessi réttindi eru minni ef þeir starfa innan við 15 ár þannig að þetta eru áunnin réttindi.

Herra forseti. Hvað má maður álykta út frá dóminum um SR-mjölið sem hæstv. fjmrh. segir alltaf að tengist þessu máli ekki neitt? Þar kom m.a. fram að staðan hjá hlutafélagi er ekki sambærileg stöðu hjá ríkinu. Að hvaða leyti var það mál þannig að það var ekki sambærilegt? Viðkomandi starfsmaður var í sama starfi í sama herbergi við sama síma með sömu kjör og hélt áunnum réttindum en hvað vantaði hann? Hann vantaði möguleikann til að byggja ofan á þessi réttindi og það eru þau réttindi sem verið er að svipta menn með þessu lagafrv. og í þeim felst fémæti. Auðvitað er verið að gera þessar breytingar til þess að hæstv. ráðherra getið búið til hlutafélög úr fjölda ríkisfyrirtækja án þess að borga mönnum fyrir missi þessa möguleika.

[17:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi dóm undirréttarins í Reykjavík í SR-málinu þannig að það byggðist á jafnræðisreglunni og því sem kom ekki fram í ræðu hv. þm. að í biðlaunaréttinum felst forgangur til starfs hjá ríkinu ef staða er lögð niður. Þetta er ekki eingöngu biðlaunaréttur heldur líka réttur til þess að vera ráðinn innan ákveðins frests í tiltekin störf, þ.e. þetta er forgangsréttarákvæði. Hins vegar kannast ég ekki við að það hafi komið fram í neinum dómi að það sé álit dómara að biðlaunarétturinn sé eignarréttindi sem séu lögvarin af stjórnarskránni og þess vegna skuli koma bætur fyrir ef hann er tekinn af.

[17:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi dóminn ekki alveg þannig. Ég tek alveg skýrt fram að ég er ekki nógu mikill lagarefur til þess að geta velt fyrir mér hvort biðlaunarétturinn sé stjórnarskrárvarin eignarréttindi. En eitt veit ég. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að dómurinn gekk annars vegar út á jafnræðisregluna. Hins vegar gekk hann út á það að hér væri ekki um að ræða neitt sambærilegt starf. Það segir í niðurlagi dómsorðs, herra forseti: „Ljóst er að stefnanda var ekki boðið neitt sambærilegt starf hjá ríkinu (**Fjmrh.:** Hjá ríkinu ...) er staða hennar hjá Síldarverksmiðju ríkisins var lögð niður við breytingu fyrirtækisins í almennt hlutafélag. Nýtur stefnandi þar af leiðandi ekki stöðu ríkisstarfsmanns nú sem áður var með þeim réttindum sem því fylgir."

Hvað er það sem vantar upp á? Viðkomandi starfsmaður hefur nákvæmlega sömu skilyrði, sömu kjör, heldur réttindunum. Það eina sem vantar upp á er að hann geti ekki bætt ofan á réttindi sem fyrir eru. Ég tek fram að þetta stendur ekki í dómnum en ég er að gagnálykta út frá dómnum. Hvað er þá verið að bæta fyrir? Það er verið að bæta fyrir missi þeirra réttinda sem felst í ávinnslunni. (Gripið fram í.) Nei, nei, nei. Það þarf ekki annað en um það bil normal sjálfstæðismann til þess að skilja þetta enda hefur hæstv. ráðherra fyrir hönd ríkisins áfrýjað þessu máli. Ég er að segja það að út af þessum dómi mundi hæstv. fjmrh. með hjálp annarra góðra eða slæmra manna í stjórnarliðinu aldrei geta t.d. breytt Pósti og síma yfir í hlutafélag nema borga biðlaunin. Þess vegna stöndum við í því að togast á um þetta frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna vegna þess að hæstv. fjmrh. er að breyta biðlaunaréttinum til þess að geta svo að segja að kostnaðarlausu breytt ýmsum opinberum stofnunum yfir í hlutafélög og það á hæstv. fjmrh. að vera maður til þess að segja hreint út.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 896.

[17:22]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Þetta mál sem er í síðustu umræðu er stjfrv. um að heimila fjárfestingu útlendinga í íslensku atvinnulífi. Ágreiningsefnin hafa verið fjárfestingar í sjávarútvegi. Forsaga málsins var sú að ég komst ekki til að fara yfir málið í lok 2. umr. en umræðan hefur verið dálítið sundurtætt í tíma.

Ég ætla aðeins að fara yfir nokkur atriði um málið. Stjfrv. gerir ráð fyrir óbeinni fjárfestingu í sjávarútvegi sem þýðir að útlendir aðilar geta náð allt að 62% með óbeinum hætti í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það tel ég ekki vera góða aðferðafræði og ég minni enn og aftur á að við þingmenn Þjóðvaka lögðum fram frv. sem heimilaði 20% beina fjárfestingu og síðan komu fjórir sjálfstæðisþingmenn sem vildu 49% beina fjárfestingu.

Þingmenn Sjálfstfl. urðu að bakka með öll sjónarmið sín vegna þess að málflutningur þeirra fékk ekki hljómgrunn innan stjórnarmeirihlutans.

Umsagnir sem bárust um frv. voru þess eðlis að ýmsir studdu frumvörpin um beina fjárfestingu. Má þar nefna Alþýðusambandið, Samtök iðnaðarins og Verslunarráðið svo nokkrir séu nefndir. Ýmsir lögðust gegn slíkri heimild til fjárfestingar en mjög margir töldu ástæðu til að heimila beina fjárfestingu erlendra aðila, þó þannig að einungis væri um vinnsluþáttinn að ræða. Það er þessi viðkvæmni sem menn þekkja vel, þ.e. að veiðarnar eru nokkuð næmar fyrir tilfinningum okkar Íslendinga og á það sínar eðlilegu skýringar.

Að áliti minni hluta nefndarinnar stendur auk mín hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Við töldum rétt að breyta uppsetningu á útfærslu málsins, þó þannig að heimila erlendar fjárfestingar í fiskvinnslu og láta þá ákvæði stjfrv. um fjárfestingar í veiðum gilda eins og það er lagt upp. Með þessari útfærslu værum við ekki að gera neitt annað en að setja sjávarútveg eða fiskvinnslu sem jafnsetta iðnaði og öðrum atvinnugreinum. Við höfðum talið að þetta væri heppileg útfærsla, þ.e. millileið í þessum hugmyndum að heimila beina fjárfestingu í útgerð og vinnslu. Frv. okkar

gengur út á það að heimila einungis erlendar fjárfestingar í fiskvinnslu.

Rökin fyrir þessu eru m.a. að slík ný bein tengsl geta skapað ýmsa nýja markaðsmöguleika. Við Íslendingar höfum reynslu af fjárfestingum í sjávarútvegi erlendis. Þetta geti styrkt íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og í sjálfu sér höfum við Íslendingar ekkert annað en góða reynslu af þátttöku útlendinga með okkur í íslenskum atvinnufyrirtækjum.

Því miður tókst ekki í nefndinni að vinna málinu fylgi við þá málamiðlun sem við lögðum til. Greidd voru atkvæði um þessa útfærslu við 2. umræðu málsins og brtt. okkar var felld en síðan var stjfrv. samþykkt með lítils háttar brtt. meiri hluta nefndarinnar sem breyttu í engu grundvallaratriðum.

Ég harma þessa niðurstöðu. Það er greinilegt að það tekur lengri tíma að breyta atvinnuháttum okkar í átt til þess sem horfir til framfara hvað viðvíkur þessum þætti. Við því er ekkert að gera. Það hefur verið tekist málefnalega á í umræðunni og ég held að þetta sé ljósara í hugum manna eftir þá umræðu. Ég tel að útfærsla ríkisstjórnarinnar sé með marga galla og það hefur verið farið ítarlega yfir það, bæði við 1. og 2. umr. málsins og ég mun ekki gera það frekar að umtalsefni.

Ég kýs hins vegar að lokum að vekja athygli á svokölluðu Olís-ákvæði sem var sett inn í frv. af hálfu meiri hluta nefndarinnar sem er íþyngjandi gagnvart einu fyrirtæki hérlendis. Ég tel þetta vera ámælisverða lagasetningu að útfæra hana eins og gert er í frv. Það var hægt að finna aðrar leiðir til að gæta jafnræðis milli aðila án þess að raska í nokkru þeim grundvallaratriðum sem menn hafa verið að ræða um. Ég er hins vegar fullviss varðandi málatilbúnað okkar minnihlutamanna um það að heimila beinar fjárfestingar í fiskvinnslu hér á landi að þetta mun koma. Hvort það verður á þessu ári eða næsta ári skal ég ekki fullyrða en ég er sannfærður um að þarna var lagt inn á braut sem hefði orðið okkur happadrjúg. Því miður snerist meiri hlutinn gegn okkur í því máli en ég á von á því að málið verði endurvakið á hinu háa Alþingi síðar.

[17:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Einn er sá þáttur þessa máls sem ég hlýt að gera að umræðuefni við 3. umr. en það er 2. tölul. í 1. gr. frv. þar sem fjallað er um fjárfestingarheimildir í orkufyrirtækjum varðandi virkjanir vatnsfalla og jarðhita og þau atriði sem koma þar fram þess efnis að einstaklingar, búsettir innan Evrópska efnahagssvæðisins í öðrum ríkjum en hér, og lögaðilar, sem heimilisfastir eru í öðru ríki, hafa jafnan rétt á við Íslendinga til fjárfestingar.

Þegar þessi mál voru rædd fyrir áramót, líklega í nóvembermánuði, gaf hæstv. iðnrh. yfirlýsingu um að frv. mundu koma fram, hæstv. ráðherra vænti að þau kæmu um miðjan desember inn í þingið, fyrir áramót, sem tækju á þessum efnum og tryggðu eðlilegan rétt Íslendinga yfir virkjanaheimildum. Sem kunnugt er þá liggja hér fyrir þinginu frv., þingmannafrumvörp, um þetta efni og eru búin að gera sum hver árum saman. Það hafa komið fram á undanförnum mörgum árum yfirlýsingar frá hverjum iðnaðarráðherranum á fætur öðrum þess efnis að það yrðu sett lög sem tryggðu réttindi okkar Íslendinga yfir virkjunum, þ.e. yfir fallvötnunum. Þannig að við hefðum þar trygg réttindi sem eðlilegt er. Í því frv. sem ég er 1. flm. að er gert ráð fyrir því að virkjunarréttur fallvatna verði ótvírætt þjóðareign og það er sú leið sem eðlileg er í þessu sambandi. Er málið þá annars eðlis en það sem hér liggur fyrir. Þar er allt galopið um þau efni. Þegar gengið var á hæstv. ráðherrann nokkru síðar um þetta efni þá var frv. enn skammt undan. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er staða þessa máls af hálfu ráðuneytisins? Er það virkilega svo að hæstv. iðnrh. ætli að feta í slóð forvera síns í embætti, Jóns Sigurðssonar, sem hafði það að viðkvæði þegar spurt var snemma á þingi að frv. væri að koma og kæmi fyrir áramót og þegar spurt var seint á þingi var von á því næsta haust. Þetta endurtók sig ár eftir ár. Ég man ekki betur en hæstv. iðnrh. hafi greint frá því að það lægi mikið fyrir um þessi efni í ráðuneytinu. Það var sett niður nefnd í októbermánuði, gott ef ekki 17. október, án þess að ég vilji fara með dagsetninguna, nefnd manna sem átti að skila samkvæmt skipunarbréfi tillögu um málið inn í þingið um miðjan desember í síðasta lagi. Þetta er ekki forsvaranlegt, virðulegur forseti. Sá tímabundni fyrirvari sem Íslendingar höfðu, að því er þetta varðaði rann út um sl. áramót. Þannig að yfir okkur er skollinn Evrópurétturinn að þessu leyti.

Formaður nefndarinnar sem um ræðir er úr þingflokki framsóknarmanna ef ég man rétt, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Annar þm., líklega hv. þm. Sturla Böðvarsson, er þar einnig sem ábyrgðaraðili af hálfu sjálfstæðismanna. Þetta er því allt á ábyrgð stjórnarflokkanna, staðan í þessu máli. Og ég verð að hafa nokkuð sterk orð um þessa stöðu, virðulegur forseti. Það er að mínu mati óafsakanlegt að setja þjóðréttindi í þá stöðu sem nú er að þessu leyti og aldeilis stórfurðulegt að hæstv. ríkisstjórn skuli halda þannig á máli. Menn þekkja þessa raunasögu.

Ég gat um þátt ríkisstjórnarinnar með aðild Alþfl. á sínum tíma þar sem Jón Sigurðsson var iðnrh. en það má líka minna á stjórnina sem mynduð var 1991 og sá ráðherra var einnig aðili að í byrjun þar sem var njörvað niður í stjórnarsáttmála að lög sem tryggðu réttindi okkar að þessu leyti kæmu fram á 115. þingi. Það var nærri því dagsett hvenær það gerðist. Ég vænti þess að það komi hér fram glöggar upplýsingar af hálfu hæstv. ráðherra um stöðu málsins. Ég hvet til þess að menn láti það ekki dragast lengur og það verði reynt að ganga frá þessum málum fyrir lok þessa þings. Annað er með öllu óforsvaranlegt. Það er verið að knýja hér á um afgreiðslu mála sem varða réttindi fjöldasamtaka í landinu og lögð öll áhersla á það af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að beita sér í málum af þessum toga sem auðvelt er að skapa samstöðu um ef eðlilegar tillögur koma fram um þetta efni í þinginu og bætt verði úr þeirri algerlega óviðunandi stöðu sem þing og þjóð eru sett í hvað þetta snertir.

[17:35]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spurði hér um væntanleg frumvörp um eignarrétt á auðlindum í jörðu og frv. um virkjunarrétt fallvatna. Það er rétt hjá hv. þm. að það voru gefin fyrirheit á haustdögum um að hægt yrði að koma slíkum málum inn í þingið fyrir áramót. Nefnd var skipuð til þess að fara yfir þessa hluti og ég tók þá fram að það væri mikið til af efni um þetta mál. Það veit hv. þm. mjög vel. Hann hefur lagt mikið af mörkum í þeim efnum og nefndin sem hóf störf í byrjun nóvember átti samkvæmt skipunarbréfi að hafa lokið störfum fyrir miðjan desember þannig að hægt yrði að koma þessum hlutum hér fram. Staðreyndin er hins vegar sú að málið er erfiðara en menn gerðu sér í hugarlund í fyrstu og það lá fljótlega fyrir í desember að það væri ekki hægt að koma málinu inn á þeim tíma sem þá hafði verið áætlaður.

Nefndin er enn að störfum og er býsna langt komin eftir því sem ég veit best. Það eru ekki nema fáir dagar síðan ég lét kanna hvað nefndarstarfinu liði. Það er hins vegar svo að þótt mikið liggi fyrir af efni þá er ekki alveg víst að allir séu nákvæmlega sammála um það efni sem þarna skuli lagt til grundvallar og hvað skuli lögfest. Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veit þá hefur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson líka lagt hér fram í þinginu frv. sem taka til þessara sömu hluta. Það eru frv. og efni sem að miklu leyti var unnið í tíð hans sem iðnrh. Efnislega er ég ekki sammála öllu því og ég er ekki efnislega sammála heldur þeim frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt hér fram. Og það má kannski segja að þessi mál skilji svolítið að um það hvaða viðhorf menn hafa til eignarréttarins í þessum efnum. Og það er það sem við þurfum að ná hinni pólitísku samstöðu um, ekki bara á milli stjórnarflokkanna. Ég tel þó að það sé fyrsta skrefið vegna þess að á milli þessara tveggja stóru flokka geta auðvitað verið mismunandi áherslur á það hvernig menn horfa á eignarréttinn. Ég geri mér hins vegar vonir um og veit að menn eru býsna langt komnir í þessari vinnu. En það er líka alveg ljóst að þessi frv. munu ekki verða lögð fram á þessu þingi og þá er ég að einhverju leyti kominn í sömu spor og forveri minn í starfi, þáverandi iðnrh. Jón Sigurðsson, sem lofaði, eftir því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir, á haustin að frv. kæmi fram fljótlega og síðan á vorin að frv. kæmi næsta haust. Ég vonast til þess að þurfa ekki að lenda í þessum sporum og hægt verði að koma þessum frv. hér inn í þingið næsta haust þannig að maður standi ekki frammi fyrir því. En eins og ég segi, það hefur mikið verið útbúið af efni um þetta en það eru auðvitað mjög miklar pólitískar deilur um það hvernig eigi að líta á eignarréttinn, hvaða augum eigi að líta hann í þessu sambandi. Og þar held ég t.d. að ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson séum kannski ekki alveg sammála.

[17:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mikil raun er á að hlýða. Það hafa ýmsir undrast það að við alþýðubandalagsmenn skulum hafa enst til þess að endurflytja hér þingmál á fjölmörgum þingum um þetta efni. Það skýrist hins vegar m.a. af því að við höfum viljað minna þingið á þetta verkefni, þetta óleysta verkefni. Jafnframt hefur það verið tekið fram af okkar hálfu, ég held mörgum sinnum við flutning málsins, að við séum reiðubúnir, flutningsmenn og raunar allur þingflokkur Alþb., til þess að skoða tillögur sem gengju eitthvað í aðra átt en lytu að því að tryggja þau réttindi sem þarna er um að ræða, þjóðréttindi, svo sem frekast má verða. Við höfum rétt fram okkar tillögur en um leið sáttahönd í málinu. Það verður ekki við okkur sakast um þá stöðu sem hér er uppi og ríkisstjórnin getur ekki skotið sér á bak við það að aðrir flokkar hafi ekki akkúrat hitt á þann nagla sem ríkisstjórnin hugsanlega kysi að slegið væri á. Enda kemur í ljós hjá hæstv. ráðherra að stjórnarflokkarnir eru ekki búnir að ná pólitískri niðurstöðu í málinu. Það er það sem hér kemur fram. Þeir eru ekki búnir að því og það var nákvæmlega staðan sem olli því að frv. kom ekki fram um þetta efni þing eftir þing eftir þing á síðasta kjörtímabili. Málið var ekki unnið til enda af stjórnarflokkum sem þá sátu og það sama er að endurtaka sig hér. Svona vinnubrögð eru ábyrgðarlaus með öllu, virðulegur forseti. Það væri fróðlegt að heyra frekar um það af hálfu hæstv. ráðherra hvar hnífurinn stendur í kúnni. Hvaða atriði eru það eignarréttarlegs eðlis, ég skildi hæstv. ráðherra þannig að það væru eignarréttarviðhorf sem þarna stæðu í vegi, sem koma í veg fyrir að niðurstaða hafi náðst málinu? Við alþýðubandalagsmenn sem viljum lýsa virkjunarrétt fallvatna þjóðareign röktum það í okkar þingmáli hvernig á þetta var litið af lögfræðingum fyrri tíða sem um þessi mál fjölluðu. Í þeim hópi voru ekki minni menn en formenn þeirra flokka sem nú skipa ríkisstjórn, kannski ekki nákvæmlega samtímis því sem þeir skrifuðu greinargerðirnar, dr. Bjarni Benediktsson og síðar prófessor Ólafur Jóhannesson. Þeir töldu að lögfesting sem tryggði almannaeign í þessum málum gengi ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Er það virkilega svo að á þeim árum sem síðan eru liðin hafi komið upp gildar túlkanir sem renni stoðum undir það að túlka beri stjórnarskrána þröngt að þessu leyti, einkaeignarréttinum í hag, einkaeignarréttinum í vil? Ég tel að allar slíkar túlkanir gangi gegn því sem hefur verið að gerast í alþjóðarétti varðandi náttúruauðlindir. Ég vísa í því samhengi til lagasetninga af hálfu grannþjóða okkar um auðlindir í jörðu eins og olíu, bæði að því er varðar Noreg og Danmörk. Ég minni á þá dóma eða þær niðurstöður eftir langa umræðu sem varð í sambandi við olíuauð Dana í Norðursjó. Ég get ekki gert annað en hvatt hv. iðnrh. til þess að leiða þetta mál í höfn hið fyrsta. Ef það er ekki gert hlýtur sú krafa að vera uppi að það komi fram hvar ágreiningurinn liggur þannig að hægt sé að taka málið hér inn í þingið út frá því sjónarmiði. Og að þingviljinn komi í ljós í þessu máli. Ég held að það liggi nokkuð skýrt fyrir út frá þeim þingmálum sem hér eru. Mér er ekki kunnugt um að það sé ágreiningur t.d. Alþb. og Alþfl. við þingflokk Þjóðvaka eða þingflokk Kvennalista án þess að ég hafi kynnt mér það eitthvað sérstaklega nýverið. Ég veit ekki um neinn ágreining við þessa flokka um að túlka rúmt gagnvart þessum málum ákvæði stjórnarskrárinnar, þ.e. að það megi ganga langt í því að lögfesta þjóðareign á náttúruauðæfum eins og hér er um að ræða, þar á meðal virkjunarrétt fallvatna. Ég tel nauðsynlegt að ef stjfrv. um málið kemur ekki fram áður en þingi lýkur verði það rætt þannig að svar fáist við því hvar hnífurinn stendur í kúnni í þessu gífurlega þýðingarmikla hagsmunamáli þjóðarinnar.

[17:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú bara svo, hv. þm. að það hefur enginn verið að ásaka eða kenna stjórnarandstöðunni um að þetta frv. væri ekki komið fram. Ég sagði einfaldlega áðan málið er ekki tilbúið. Það er ekki fullrætt milli stjórnarflokkanna hvernig skuli tekið á þessum eignarréttarákvæðum sem ég fullyrði hiklaust að eru flókin. Ef hv. þm. lítur á frv. alþýðuflokksmanna sem hér liggur fyrir og ber það saman við það frv. sem hv. þm. sjálfur hefur flutt ásamt fulltrúum Alþb. þá er nokkur munur á þeim. Ekki trúi ég því að hv. þm. ætlist til þess ef það á að fara hér að lögfesta eignarrétt á náttúruauðæfum í jörðu, að þar sem náttúruauðæfi finnast í skilgreindu einkaeignarlandi í dag verði það gert að þjóðareign. Er hv. þm. að tala um að taka stóran hluta landsins jafnvel og þjóðnýta? Ég hélt að þau sjónarmið væru ekki lengur til í Alþb. en ég heyri að svo er.

[17:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er hv. þm. kominn á framsóknarslóðina í þessum efnum heldur betur. Hv. þm. er farinn að gera heilum þingflokkum upp skoðanir. Hann er að rugla saman sem ber nú vott um það að hæstv. ráðherra hefur ekki

sett sig inn í málið eins og ég taldi þó víst að hæstv. ráðherra hefði gert. Hann verður að átta sig á því að það er munur á að taka tiltekin skilgreind náttúruauðæfi og lýsa þau þjóðareign hvort sem þar er um að ræða rennandi vatn eða jarðhita, og því að slá eign sinni á lendur þar sem álitaefni eru uppi um hvar mörk skuli dregin. Þó er hitt ljóst að dómar hafa gengið í þá átt — að því er varðar almenninga í landinu og lönd utan einkaeignarlanda — að hæstiréttur landsins hefur vísað því til Alþingis að skera úr um málið og þar með lýst því yfir að það sé réttur Alþingis að setja lög um það. Árið 1981 féll þessi dómur þar sem þessu máli var í raun vísað til löggjafans til þess að skera úr um eignarheimildina á landi utan heimalanda, jarðeigna sem skilgreindar voru þannig að meðtöldum afrétti. Hæstv. ráðherra getur ekki boðið okkur upp á umræðu af þessum toga. Að ætla að fara að snúa málinu sem stendur óafgreitt í hans ráðuneyti upp á stjórnarandstöðuna sem vilji þjóðnýta hér einkaeignarlendur í landinu. Um það snýst málið ekki.

Ég ætla að greina hæstv. ráðherra frá einu heilræði sem forveri hans Jón Sigurðsson notaði sem viðkvæði í ræðum sínum haust og vor um þessi efni þing eftir þing. Það skal vanda sem lengi skal standa.

[17:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta heilræði fyrrv. hæstv. iðnrh. hafi í sjálfu sér verið ágætt og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ætti að vinna að einhverju leyti eftir því. En það að hugsa bara um náttúruauðlindir í jörðu út frá rennandi vatni og jarðgufu eða heitu vatni í jörðu, er að hugsa þröngt um hlutina. Það er akkúrat þannig sem stjórnarflokkarnir ætla ekki að taka á þessu máli vegna þess að mörg önnur jarðefni eru nýtanleg og eru oft á tíðum á einkalandi. Menn verða því, hv. þm. að horfa aðeins út fyrir túngarðinn hjá sér og líta á þessa hluti í dálítið öðru samhengi. Þessi jarðefni höfum við mörg til staðar í dag og erum að nýta. Ég tek sem dæmi vikurinn sem bæði er á landi í opinberri eigu og einnig í einkaeigu.

[17:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út frá því sjónarhorni að það skuli vanda sem lengi skal standa sem Alþb. hefur lagt þá vinnu í þetta mál sem um er að ræða undir minni forustu á sínum tíma í iðnrn. og síðar með því að flytja þetta mál jafnoft inn í þingið og raun ber vitni. Það kann að vera ágætt að setja víðtækari ákvæði varðandi jarðefni og annað af þeim toga inn í löggjöf og ekki skal standa á okkur um það efni ef hæstv. ráðherra kemur með tillögur þar að lútandi. Við höfum takmarkað okkur við orkuauðlindir landsins. Virkjunarrétt fallvatna og jarðhitaréttindi í okkar frumvörpum. Ég held að ríkisstjórninni væri sómi að ef hún tæki undir þau frv. Kannski er ástæðan fyrir því að það hefur dregist jafnlengi að koma með einhverjar tillögur í þessum málum að ríkisstjórnin er að fara yfir stærra svið en hún ræður við. Það kann að vera. Ég spyr þá hæstv. ráðherra: Hvers vegna í ósköpunum tekur hann ekki á því sem brýnast er í þessum efnum, þ.e. það sem varðar frumvörpin sem hér liggja fyrir, m.a. vegna þess að Evrópurétturinn er skollinn á í þessum málum? Hann er skollinn á í þessum málum bæði varðandi kaup á jarðnæði og eins möguleikana á því að taka þau auðæfi sem því fylgja, þar á meðal virkjunarréttinn. Hvaða einstaklingur í Vestur-Evrópu sem er og lögaðili getur komið hér og keppt við innlenda aðila að komast yfir þessi auðæfi.

[17:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hreyfir hér vissulega mjög mikilvægu máli og það var fróðlegt að hlusta á svör hæstv. ráðherra við fyrirspurn hans um hvort von væri á frv. varðandi virkjunarrétt fallvatna. Hv. þm. upplýsti að hann hefur ár eftir ár flutt frv. um þetta efni í þinginu og þau hafa vægast sagt fengið mjög litla umfjöllun í nefnd og ekki þá umfjöllun sem þau eiga skilið. Það er sjálfsagt í ljósi þess að í iðnrn. er verið að skoða þetta mál ár eftir ár án þess að það komi niðurstaða. Nú finnst mér tímabært að iðnn. sem hefur frumvörp hv. þm. til umfjöllunar skoði þessi mál sérstaklega. Ég held að það sé tími til kominn að iðnn. fái upplýst, af því að hún er árlega með þessi frv. til umfjöllunar, hver þessi ágreiningur er varðandi það stjfrv. sem ávallt er verið að boða um þetta efni. Ágreiningurinn virðist liggja bæði milli stjórnarflokkanna og annarra sem um þetta mál fjalla. Ég vil því spyrja ráðherrann af því nú veit ég að iðnn. er ekki með svo mörg mál til umfjöllunar á þessum lokavikum þingsins, hvort hann telji ekki rétt, og ég mun sjálfsagt leita eftir því í nefndinni, að formaður nefndarinnar komi á fund iðnn. til að greina iðnn. frá stöðu þessara mála. Þannig er hægt að upplýsa iðnn. um hvar menn greinir á í þessu efni og þá getur hún frekar metið frv. tvö sem liggja hér fyrir hv. iðnn. frá þingmönnum Alþb. og virðast lítið fást rædd þar. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki eðlilegt, verði eftir því leitað að formaður nefndarinnar komi á fund hennar og greini henni frá stöðu mála og hvar ágreiningsmálin liggja varðandi þessi mikilvægu mál.

[17:55]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eiga nú að vera hæg heimatökin hjá formanni nefndarinnar að upplýsa iðnn. um stöðu málsins vegna þess að formaður hv. iðnn. Alþingis er líka formaður nefndarinnar sem er að endurskoða ákvæðin sem snúa að eignarréttarákvæðunum í jörðu og virkjunarrétti fallvatna. Ég hef síður en svo á móti því að þetta verði kynnt. Ég held að það væri eðlilegt að það verði kynnt fyrir nefndinni á hvaða stigi þessi mál eru núna í vinnslu hjá vinnuhópnum sem þarna er að verki. Ég er tilbúinn til þess en mér finnst eðlilegt, að stjórnarflokkarnir komi sér fyrst saman um grundvallaratriðin. Þegar stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um þau þá tel ég einboðið að rætt verði við aðra flokka um framhald málsins og hvernig að því skuli staðið og þá látið á það reyna hvort aðrir stjórnmálaflokkar verða tilbúnir til þess að vera með í tillöguflutningi í þá veru sem ríkisstjórnarflokkarnir munu koma sér saman um.

[17:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Já, já, það má vissulega til sanns vegar færa að það er ákveðið grundvallaratriði að stjórnarflokkarnir komi sér saman um þetta mál áður en það verður lagt fyrir þingið. Engu að síður tel ég það mikilvægt sem hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. að nefndinni verði kynnt formlega á hvaða stigi vinnslan er og hvar ágreiningsefnin helst liggja vegna þess að ef stjórnarandstaðan fær upplýst um á hvaða stigi vinnslan er í þessu máli að þá getur hún hugsanlega greitt götu þess og greitt úr

þeim málum sem þarna er ágreiningur um. Það er vissulega mikilvægt að um málið geti skapast nokkuð breið samstaða. Það er einnig mikilvægt að fá fram hjá ráðherra að hann telur rétt að iðnn. fái á þessu stigi málsins allar upplýsingar um stöðu mála.

[17:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég vil láta það koma fram að á fundi iðnn. í morgun óskaði ég eftir því að formaður nefndarinnar gerði nefndinni grein fyrir þessu máli sem hér hefur borið á góma. Hv. þm. sem stýrir nefndinni og jafnframt þeirri nefnd sem er að undirbúa þessi frv. treysti sér ekki til að taka af skarið um stöðu málanna á fundinum í morgun. Þeim mun mikilvægara er þá yfirlýsing hæstv. iðnrh. og ég geng þá út frá því að það verði hægt að taka þessi mál fyrir í iðnn. næstkomandi þriðjudag á reglulegum fundi nefndarinnar sem ákveðið hefur verið að halda til þess að hún geti þá afgreitt frumvörp um iðnþróunarsjóð og iðnaðarmálagjald. Ég vil því þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hafa ýtt á þessi mál því það er bersýnilegt að það á að vera hægt að ná lendingu í málinu fyrir þinglokin því eins og staðan er núna þá eru augljóslega tvær eða þrjár vikur eftir af þinghaldinu ef menn ætla að afgreiða öll þau ósköp sem virðast liggja hér fyrir.

[17:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að hér sé enginn misskilningur á ferð. Mér fannst hv. þm. Svavar Gestsson tala eins og hann vildi láta misskilja það sem hann var að tala um. Ég tel eðlilegt að sú nefnd sem er að störfum og er að vinna fyrir stjórnarflokkana að undirbúningi þessa máls, geri iðnaðarnefnd grein fyrir því hvernig verkinu miðar áfram. Það var það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að ganga eftir en ekki að mál þau sem Alþb. hefur lagt fram hér á þingi og eru til meðferðar í iðnn. yrðu afgreidd frá nefndinni og á því er mikill munur.

[18:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er nú ekki svo þroskaður húmoristi að ég láti mér detta í hug að núverandi ríkisstjórn afgreiði nokkurt mál sem kemur frá stjórnarandstöðunni. Hæstv. iðnrh. getur verið algjörlega rólegur með það. Mér datt það nú bara ekki í hug. Hins vegar datt mér í hug að núv. ríkisstjórn léti kannski afgreiða mál frá sjálfri sér. Það var það sem ég átti við. Ég lýsti því yfir að ég væri fyrir mitt leyti tilbúinn að beita mér fyrir því í iðnn. að ríkisstjórnin afgreiddi sín eigin mál um leið og þau verða kynnt af formanni nefndarinnar sem er jafnframt formaður undirbúningsnefndarinnar á þriðjudaginn kemur. En það hvarflaði ekki að mér að ríkisstjórnin vildi afgreiða frv. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Sighvats Björgvinssonar. Þann rausnarskap sýnir núv. ríkisstjórn ekki hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 368. mál. — Þskj. 645.

[18:01]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Frv. er flutt af mér og öðrum þingmönnum Alþb. og óháðra hér á Alþingi. Gert er ráð fyrir því að stofnaður verði sérstakur áhættu- og nýsköpunarlánasjóður fyrir atvinnulífið.

Í greinargerð segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Enn einn sjóðurinn — til hvers? Eru ekki nægilega margir sjóðir til? Og bankar? Svarið er bæði já og nei. Vissulega eru til nægilega margir sjóðir til þess að sinna margvíslegum verkefnum. Hins vegar er ekki til nein stofnun sem getur veitt fyrirtækjum og einstaklingum áhættulán — jafnvel án þess að venjuleg veðsetning sé fyrir hendi. Þingmenn Alþýðubandalagsins heimsóttu í jólaleyfi Alþingis nokkur fyrirtæki sem glíma við nýjungar. Hér er um að ræða fyrirtæki sem hafa sprottið af hugviti en ekki eignum. Forráðamenn þeirra hafa ekki fengið fjárhagslegan stuðning, en samt hefur þessum fyrirtækjum tekist á undraverðum hraða að rífa sig upp. Dæmi um slík fyrirtæki eru Tæknival og Oz en það síðarnefnda hefur vakið athygli víða um heim og hefur reyndar þegar stofnað útibú í tveimur öðrum heimsálfum.

Þær þjóðir, sem hafa náð mestum árangri í efnahagsmálum á síðustu árum, hafa einmitt lagt áherslu á fyrirtæki sem byggjast á hugviti og það er athyglisvert að nokkur þeirra landa sem fátækust eru af auðlindum hafa náð einna lengst í því að byggja upp hagvöxt. Margt bendir til þess að möguleikar Íslendinga liggi einnig þarna; auk þess að leggja áherslu á nýtingu hefðbundinna auðlinda til lands og sjávar.

Um þessi mál var fjallað á fundi miðstjórnar Alþýðubandalagsins 17. og 18. febrúar í tengslum við umræður um kjaramál. Þar var bent á hróplegan mun á launum fólks á Íslandi og í grannlöndunum og jafnframt minnt á nauðsyn þess að efla Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá var minnt á áhættulánasjóðinn sem gerðar hafa verið samþykktir um á vegum Alþýðubandalagsins.

Miklar umræður hafa verið um áhættulánasjóð á undanförum árum. Hafa þær ekki farið fram á Alþingi heldur fremur í fjölmiðlum.

Íslensk stjórnvöld hafa reyndar verið ótrúlega treg til að skapa aðstæður í þjóðfélaginu sem styrkja nýsköpunarstarf. Endalausar kröfur um steinsteypuveð hafa dregið mátt úr hugvitsmönnum sem hafa viljað þróa nýjungar í atvinnulífinu hér á landi. Aðrar þjóðir, svo sem aðrar Norðurlandaþjóðir, verja til dæmis miklu fé til hugvitsmanna, t.d. Danir. Fullyrða þeir sem til þekkja að hver króna sem þeir verja til þessa skili sér sjötugföld til baka! Hugvitsmenn á Íslandi hafa stofnað með sér félag og hefur það haldið fram nauðsyn þess að hér á landi yrði stofnaður áhættulánasjóður.

Alþýðubandalagið fjallaði sérstaklega um áhættulánasjóð í útflutningsleið sinni. Útflutningsleiðin byggðist á samþykktum landsfundar 1993 og varð hún undirstaða kosningastefnuskrár Alþýðubandalagsins 1995. Í útflutningsleiðinni er fjallað um fjölmarga þætti atvinnumála, auk velferðarmála og efnahagsmála almennt. Þar sagði m.a. á bls. 82:

„Nýsköpun í hagkerfinu verður aldrei án þess að opnaður sé aðgangur að verulegu áhættufjármagni fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja fara inn á nýjar brautir. Skortur á

slíku áhættufjármagni hindrar verulega þróunarmöguleika íslensks atvinnulífs.

Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum áhættulánasjóði sem fjármagnaður yrði með árlegum greiðslum frá bönkum, stórfyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum. Með starfsemi slíks sérstaks áhættulánasjóðs mundi staða bankanna styrkjast og því væri eðlilegt að þeir tækju þátt í því að koma honum á fót.

Áhættulánasjóðurinn fæli í sér:

5.1 Árlega yrðu veittar 500–700 millj. kr. til fyrirtækja og einstaklinga til að greiða fyrir nýjungum í atvinnulífi.

5.2 Hámark yrði á hverri lánveitingu, t.d. 20 millj. kr. Leitast yrði við að sem flestir fengju aðgang að áhættufjármagni. Miðað yrði við að 40–100 aðilar fengju árlega aðstoð til nýrra verkefna.

5.3 Hugvit, nýjar hugmyndir, hæfileikar einstaklinga, frumleiki og aðrir slíkir eiginleikar nýsköpunar yrðu ráðandi þættir við ákvarðanir sjóðstjórnar.

5.4 Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð settu svip á störf sjóðsins. Árlega yrði birt skrá yfir ákvarðanir sjóðstjórnar og jafnframt birt lýsing á þeim árangri sem fyrri ákvarðanir hefðu skilað.

5.5 Engra veða yrði krafist því hér yrði um áhættufjármagn en ekki venjuleg lán að ræða.

5.6 Nái einstaklingar og fyrirtæki árangri og hljóti verulegan tekjuauka verði áhættustyrkurinn greiddur til baka á tíu árum.

5.7 Þeir sem einu sinni hafa fengið áhættufjármagn úr sjóðnum en ekki náð árangri gætu ekki komið til greina aftur fyrr en að tíu árum liðnum.""

Þetta frv., herra forseti, er í átta greinum. Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að það verði stofnaður áhættu- og nýsköpunarlánasjóður sem taki til starfa frá næstu áramótum og hann starfi í tilraunaskyni ef svo má að orði komast til loka ársins 2000. Sjóðurinn yrði sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og yrði vistaður í forsrn. Stjórn sjóðsins á að vera heimilt að semja við banka eða lánastofnanir um vistun hans og að annast stjórnsýslu fyrir hann. Fyrir lok ársins 2000 tekur Alþingi ákvörðun um framlengingu eða breytingu á starfseminni með hliðsjón af þeirri reynslu sem þá liggur fyrir.

Í 2. gr. er fjallað um stjórn sjóðsins. Gert er ráð fyrir að hún verði fimm manna. Einn verði tilnefndur af samtökum launafólks sameiginlega, annar af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þriðji af samtökum atvinnurekenda sameiginlega en forsrh. skipar tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnarinnar.

Við skipan stjórnarinnar skal þess gætt að valdir séu menn sem hafa sérstaka þekkingu og/eða reynslu af nýsköpun í atvinnulífi.

Í 3. gr. er fjallað um tilgang sjóðsins og þar segir:

„Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar nýsköpun í atvinnulífi, en einnig þróunar- og tilraunastarfi og nýjum verkefnum sem virðast geta orðið arðsöm. Sjóðurinn skal sérstaklega sinna þörfum þeirra sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að öðrum sjóðum né hefðbundnum lánastofnunum sem þó starfa í þágu atvinnulífsins. Sjóðurinn beinist ekki síst að því að styrkja þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem ekki geta uppfyllt hefðbundar kröfur um venjulega veðsetningu fyrir lánum eða skortir áhættufé í formi hlutafjár til að ráðast í ný verkefni.

Til þess að fundur sé lögmætur þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnar. Ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um vanhæfi gilda um meðferð mála hjá sjóðstjórn."

Í 4. gr. er fjallað um tekjustofna sjóðsins.

5. gr. er um skyldur og verkefni sjóðstjórnar og sjóðsins. Þar er gert ráð fyrir því að sjóðurinn verði notaður til að kaupa hlut eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða í eldri fyrirtækjum vegna nýrra verkefna sem efnt er til innan lands eða erlendis, enda selji sjóðurinn hlut sinn strax og viðkomandi fyrirtæki ræður eitt við verkefnið að mati sjóðstjórnar. Við frágang á kaupum sjóðsins á hluta í fyrirtæki skal frá því gengið hvenær sjóðurinn hverfur úr rekstri þess.

Þá er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði heimilt að veita óendurkræfan styrk, víkjandi lán eða vaxtalaus lán úr sjóðnum, enda séu gerðar strangar faglegar kröfur til fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að veita lán úr sjóðnum, jafnvel þótt fyrirtækið geti ekki veðsett eignir á móti lánunum með hefðbundnum hætti.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki.

Gert er ráð fyrir því að heimilt verði að veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Síðan er fjallað um reglugerðarheimildir. Í 6. gr. segir: „Stjórn sjóðsins er skylt að gera strangar faglegar kröfur til stjórnenda fyrirtækis sem fær lán eða stuðning frá sjóðnum. Óheimilt er að veita stuðning úr sjóðnum til fyrirtækja sem sérstaklega tengjast stjórnarmönnum."

Ég hef þannig gert grein fyrir þessu frv. okkar þingflokks, hæstv. forseti. Í sjálfu sér má segja að frv. af þessu tagi tengi saman fleiri en eina atvinnugrein og væri því kannski eðlilegt að það færi til hv. efh.- og viðskn. sem hefur með ýmsa sjóði að gera. En það er líka hugsanlegt að málið fari til hv. iðnn. sem er núna t.d. að fjalla um breytingar á lögum um Iðnþróunarsjóð þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt verði að lána til áhættuverkefna og að það verði lagt inn á sérstakan afskriftareikning í hvert skipti sem stjórn Iðnþróunarsjóðs metur það svo að um áhættulánveitingar sé að ræða.

Það hefur einnig komi til tals að það er í gangi endurskoðun á þessu sjóðakerfi. Meðal annars iðnaðarsjóðunum og nýsköpunarsjóðunum, því litla sem til er af því tagi. Sú endurskoðun er undir forustu viðskrn. og iðnrn. og ég tel með hliðsjón af því, hæstv. forseti, að það væri ekki úr vegi að þessu frv. yrði þrátt fyrir allt vísað til hv. iðnn. þannig að hún gæti aflað nauðsynlegra umsagna um málið svo að það megi þróa enn betur áfram.

Ég legg til að málinu verði vísað til iðnn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 897.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:12]

Tæknifrjóvgun, 3. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 906, brtt. 842, 949 og 950.

[20:32]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er á dagskrá var tekið til nefndar á milli 2. og 3. umr. og ég mæli fyrir brtt. sem flutt er af hv. allshn. Þar náðist samkomulag um málsmeðferð sem felur í sér að hv. þm. Hjálmar Jónsson dregur brtt. sína til baka en hann mun eflaust gera grein fyrir því á eftir. Síðan flytur nefndin í heild sinni þá brtt. sem er á þskj. 950. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á sviði læknisfræði, lögfræði og siðfræði til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Nefndin skal hafa hliðsjón af laga- og tækniþróun á sviði tæknifrjóvgunar, m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna."

Það er von mín að þessi lending geti verið sem flestum að skapi og að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá 2. umr. með þeirri breytingartillögu sem ég hef gert grein fyrir.

[20:34]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um tæknifrjóvgun, tillögu sem við fjórir hv. alþm. flytjum við 3. umr. málsins. Meðflm. að tillögunni ásamt mér eru hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Við leggjum til að 4. gr. frv. orðist svo:

„Læknir sem annast meðferð, velur viðeigandi gjafa.

Upplýsingar um gjafa skulu skráðar og varðveittar samkvæmt reglum er ráðherra setur þannig að barn getur við 18 ára aldur fengið aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegt foreldri sitt."

Samkvæmt þessari tillögu ætlumst við til þess að 2., 3. og 4. efnisgrein 4. gr. falli niður, en varðandi 1. efnisgreinina er aðeins um smávegis orðalagsbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu. Tillaga okkar felur það í sér ef samþykkt verður að sú krafa er gerð varðandi upplýsingar til barns að það hafi aðgang að þeim þegar það hefur náð 18 ára aldri en að öðru leyti setji ráðherra reglur um málið sem takmarkist við þessa kröfu eina að barnið eigi þennan rétt. Þetta felur m.a. í sér að ráðherra getur gengið frá upplýsingaskyldu eða banni við upplýsingum eftir atvikum að öðru leyti en því að reglurnar sem settar verða þurfa að standast þennan mælikvarða. Barnið hefur réttinn. Við teljum að með því að breyta 4. gr. laganna með þessum hætti komi þetta meginatriði skýrt fram en önnur atriði sem varða málsmeðferð sé á valdi ráðherra að kveða á um í reglum. Þær reglur geta verið mismunandi, innan þeirra er ákveðið svigrúm. En með þessu er ljósum beint að meginatriðum málsins sem til umræðu hefur verið allt frá því að frv. þetta kom til umræðu í þinginu, það sjónarmið að eðlilegt sé að barn eigi rétt á því að fá vitneskju um erfðafræðilegt foreldri sitt, hafi það fengið frá foreldrum um það vitneskju og kjósi að nota sér réttinn. Hér er ekki kveðið á um að foreldri beri að veita barni þær upplýsingar. Það er á valdi foreldris að gera það. Það er ekki gert af neinni skyldu, það er ekki kveðið á um það samkvæmt frv. Það verður foreldri að gera upp við sig. En barnið, hvort sem það fær slíka vitneskju frá foreldri eða foreldrum eða kýs að grennslast fyrir um það að eigin frumkvæði, á þennan rétt.

Ég tel nauðsynlegt að rökstyðja þessa tillögu frekar þó að málið hafi verið ítarlega rætt við 2. umr. málsins. Ég vil fyrst minna á að ég flutti við þá umræðu tillögu sem gekk mun lengra en þessi tillaga að því er varðar tæknifrjóvgun, þ.e. í þeirri tillögu sem ég flutti og ekki fékk framgang við 2. umr. málsins var gert ráð fyrir því að við tæknifrjóvgun kæmu aðeins við sögu kynfrumur frá erfðafræðilegu foreldri. Hefði sú tillaga náð fram að ganga hefði að sjálfsögðu ekki komið upp það álitaefni sem þessi brtt. fjallar um. Það sjónarmið kom hins vegar fram hjá allmörgum hv. þingmönnum við umræðuna að þeir teldu að hér væri um grundvallaratriði að ræða og við flutningsmenn fylgjum því eftir með flutningi þessarar brtt. en væntum þess að það sjónarmið sem við leggjum áherslu á eigi stuðning fleiri hv. þingmanna.

Þegar við notum hugtakið „erfðafræðilegt foreldri" er þar fylgt skilgreiningum eins og m.a. koma fram í ritinu Barnaréttur eftir Davíð Þór Björgvinsson, gefið út á síðasta ári. Þar eru slíkar skilgreiningar og okkur sýnist ótvíræðara að nota þetta hugtak fremur en líffræðilegt foreldri, það lýsir betur því sem um er að ræða. Við höfum því valið þann kost að nota það hugtak.

Fjölmargar umsagnir sem bárust til allshn. styðja það sjónarmið sem hér er gerð tillaga um að lögleidd verði. Ég vil minna á nokkrar af þessum umsögnum. Það á við um nær alla aðila sem veittu umsögn, a.m.k. um Siðfræðistofnun og barnaverndarráð, aðila sem töldu að ekki ætti að heimila aðfengnar gjafakynfrumur. Þessir aðilar gerðu til vara tillögu um að væri það lögleitt, væri a.m.k. næsti varnagli sleginn, sá sem hér er til umræðu, að upplýsingamöguleiki til að veita barni upplýsingar um þetta efni væri tryggður. Siðfræðistofnun segir þannig 20. janúar 1995 í umsögn sinni nær það sama og kom fram í síðari umsögn, en þar ítrekaði hún sitt viðhorf. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef farin verður sú leið að leyfa notkun gjafasæðis sem við erum andvíg leggjum við til að þannig verði búið um hnútana að barnið eigi þess kost að leita tiltekinna upplýsinga um uppruna sinn. Það kann hins vegar að orka tvímælis að veita upplýsingar um nafn sæðisgjafa því útilokað verður að telja að barnið geti myndað nokkuð tengsl við líffræðilegan föður. Síðan er vitnað í breskar reglur. Meginrökin fyrir þessari afstöðu eru að rangt sé með lagasetningu eða leynd að girða fyrir þann möguleika að einstaklingur geti leitað upplýsinga um sjálfan sig sem aðrir búa yfir. Slíkar upplýsingar geta verið mikilvægar fyrir einstaklinginn, jafnvel þótt nafnleyndar sæðisgjafa sé gætt. T.d. getur verið brýnt fyrir einstaklinga að þekkja erfðafræðilegan uppruna sinn vegna arfgengra sjúkdóma. Ef dönsk lög sem ná yfir þann sæðisbanka sem nú skipta við heimila ekki slíkar upplýsingar leggjum við til að samið verði við sæðisbanka í öðru landi.

Við vekjum athygli á því að verði sæðisgjöf leyfð, rísa óhjákvæmilega upp erfið siðfræðileg vandamál. T.d. getur verið erfitt að segja barni sannleikann um tilurð sína, en það teljum við að sé siðferðilega mikilvægt. Við teljum því rétt að einstaklingar sem getnir eru með tæknifrjóvgun verði upplýstir um það. Til að auðvelda foreldrum að leysa þau vandkvæði er því kann að fylgja mælum við með að þeim verði gefinn kostur á foreldraráðgjöf."

Í umsögn barnaverndarráðs kemur fram sama sjónarmið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi mætti hugsa sér að barnið ætti rétt á ákveðn-

um upplýsingum um kynfrumugjafa, þó þannig að nafnleyndar væri gætt. Kosturinn við þessa ráðstöfun er sá að barninu er sagt hið sanna um tilurð sína. Það gæfi barninu einnig færi á að leita t.d. erfðafræðilegra upplýsinga sem gætu verið mikilvægar m.a. vegna arfgengra sjúkdóma, en þessi kostur útilokar að hægt væri að mæta fyllilega þeirri þörf barnsins að þekkja uppruna sinn sem sumir telja vera mannréttindamál. Því verður ekki neitað að oft er þessi þörf mjög sterk og verði henni ekki fullnægt getur það ógnað sjálfsmynd barnsins. Enn fremur má minna á áðurnefnda athugasemd frumvarpshöfunda um tilfinningaflækjur í fjölskyldunni sem barnið kynni að skaðast af."

Umboðsmaður barna sendi umsögn, alllanga og ítarlega. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að stytta tilvitnun í umsögnina og víkja að því aðalatriði sem hér er um að ræða en þarna er vísað í alþjóðlega samninga, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og leiddar líkur að því að til þess að uppfylla hann þá þurfi að gæta þessa möguleika að upplýsa barn um uppruna sinn. Síðan segir umboðsmaður barna:

„Mín skoðun er sú að þar sem ættleitt barn á rétt á að vita um uppruna sinn, þekkja foreldra sína eftir því sem framast er unnt, þá eigi barn sem getið er með gjafakynfrumu sama rétt. Annað gengur að mínu áliti í berhögg við 1. mgr. 2. gr. fyrrnefnds samnings og hina almennu jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sem er að finna í 1. mgr. 65. gr. hennar, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 97/1995.

Með skírskotun til alls þess sem að framar greinir og þá ekki síst til ákvæða 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 97/1995, er það mín afdráttarlausa skoðun að með lögum eigi að tryggja barni sem getið er með gjafakynfrumu ótvíræðan rétt til að fá að vita hver raunverulegur uppruni þess er, eftir því sem framast er unnt. Þannig verður velferð barnsins best tryggð til frambúðar.

Réttur barns til að vita hvaðan það kemur, hver er líffræðilegur faðir þess eða móðir á að mínum dómi að ganga framar rétti foreldra til að halda slíku leyndu fyrir barninu. Skylduna til að upplýsa barnið um raunverulegan uppruna þess verður að leggja á herðar foreldrum þegar þeir telja barnið hafa öðlast nægilegan þroska til að skilja þessar aðstæður.

Ég legg því til" segir umboðsmaður barna „að 4. gr. frv. til laga um tæknifrjóvgun verði breytt á þann veg að ákvæði 2. mgr., sem ætlað er að tryggja kynfrumugjafa nafnleynd, verði fellt brott. Í stað þess verði réttur barns sem getið er með gjafakynfrumu til að vita um uppruna sinn virtur og lögfestur."

Þá ber að geta umsagnar landlæknis sem segir svo, með leyfi forseta, í erindi til allshn., 17. janúar 1996:

„Í greinargerð um 4. gr. er skrifað: „Nauðsynlegt þykir að tryggja að nafnleynd ríki milli gefenda kynfrumna og þiggjenda ..." er ekki í takt nútímaviðhorfs. Áður fyrr var það álitið „eðlilegt" að samfélagið (m.a. læknar og stjórnmálamenn) gætu sagt fyrir um reglur um getnað. Álitið var að þessir aðilar skildu betur en venjulegir borgarar þessi mál. Dæmi um slíkar reglur eru m.a. ákvæði í lögum er takmarka sölu á getnaðarvörnum og reglur um „geldingar" afbrotamanna.

Landlæknir leggur til að greininni verði breytt og hún hljóði svo:

Læknir sem annast meðferð skal velja viðeigandi gjafa.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að tryggja nafnleynd ef gefandi eða þiggjandi óskar þess. Eftir að barnið hefur náð sjálfræðisaldri ber að gefa barninu allar upplýsingar um gefanda, þar með talið nafn, sé þess óskað."

Hér er að tillögu landlæknis nákvæmlega sama krafa og gerð er samkvæmt breytingartillögu okkar fjögurra. Í erindi frá siðaráði landlæknis segir 10. janúar 1995, með leyfi forseta:

„Annað meginsjónarmið sem siðaráð landlæknis vill leggja áherslu á er að einstaklingi sem til verður með þessum hætti, verði heimilaðar allar upplýsingar, þar með talið nafn, um sæðis-/eggfrumugjafa eftir að viðkomandi hefur náð 16 ára aldri. Upplýsingarnar skulu vera vel varðveittar og ekki aðgengilegar öðrum. Jafnframt telur siðaráð nauðsynlegt að foreldrum verði veitt ráðgjöf til að takast á við þann vanda sem upplýsingagjöfinni og vitneskjunni gætu fylgt."

Í erindi Kvenréttindafélags Íslands frá 15. febrúar 1995 segir svo, með leyfi forseta. Það er tilvitnun í frv. þar sem stendur:

„Hvorki má veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur né um barnið." Um þetta segir Kvenréttindafélag Íslands: „Barn sem getið er með gjafakynfrumum á að eiga rétt á upplýsingum um kynforeldra þegar það hefur þroska til og óskar þess, þó þannig að nafnleynd sé virt (sbr. Bretland). Allir eiga skilyrðislausan rétt til að geta vitað um uppruna sinn.

Spurning er hvort setja ætti þak á þann sæðisfjölda sem nýttur er frá sama aðila."

Það er nú annað mál. Þetta var tilvitnun í umsögn Kvenréttindafélags Íslands.

Þá er að geta umsagnar frá Mannréttindaskrifstofu Íslands sem er löng og ítarleg. Þar er tekið á og fjallað um fjölmörg álitaefni sem frv. tengjast en þó ekki síst þá spurningu sem hér er til umræðu. Eftir að hafa farið yfir ýmsa sáttmála, m.a. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem áður er getið og viðhorf barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna — raunar er fróðlegt að grípa niður í það atriði frá Mannréttindaskrifstofunni og vitna til þess, með leyfi forseta:

„Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (United Nations Committee on the Right of the Child) gerði athugasemd við aðildarskýrslur Noregs og Danmerkur um rétt barns til að þekkja uppruna sinn. Þar segir að hugsanlega sé ósamræmi milli barnasamningsins og þeirrar stefnu stjórnvalda í Noregi og Danmörku að viðhafa nafnleynd sæðisgjafa. Barn fái því ekki að þekkja raunverulegan uppruna sinn. Ekki er ólíklegt að síðar meir verði gerð sambærileg athugasemd við löggjöfina hér á landi verði 2. mgr. 4. gr. frv. ekki breytt."

Það viðhorf sem túlkað er af Mannréttindaskrifstofu Íslands kemur fram í kafla sem heitir: „Önnur rök fyrir nafnleynd haldlítil" og ég leyfi mér að vitna til hans, með leyfi forseta:.

„Sé litið fram hjá niðurstöðum dómstóla og löggjöf flestra nágrannalandanna sem virðist grundvöllur greinargerðar með frv., standa eftir haldlítil rök fyrir nafnleynd kynfrumugjafa. Reynist erfitt að fá kynfrumugjafa án nafnleyndar er það sjálfstætt vandamál sem getur með engu móti talist vega upp á móti hagsmunum barsins sem geta vart verið aðrir en þeir að eiga þess kost að fá vitneskju um uppruna sinn. Það er erfitt að sjá hvernig löggjafinn getur útilokað fjölda barna frá rétti sem hann hefur tryggt öðrum börnum með í lögum.

Þess ber og að gæta að gert er ráð fyrir að upplýsingar um gjafa séu varðveittar og því ávallt hætta á því að vitneskja um þá geti borist barninu fyrr eða síðar. Frv. gerir

þannig ráð fyrir að réttur heilbrigðisyfirvalda sé sterkari en réttur barnsins og er sú afstaða byggð á læknisfræðilegum þörfum. Þessu hlýtur stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands að mótmæla."

Kaflinn er lengri en ég tel mig hafa komið aðalhugsun stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands á framfæri með þessari tilvitnun þó að þann lestur mætti lengja til frekari rökstuðnings.

Þá vil ég nefna, vegna umræðu sem fram hefur farið, hina svonefndu bresku leið sem virðist vera þannig að kynfrumugjafa sé tryggð nafnleynd að vissu marki a.m.k. Það segir í sérstakri greinargerð sem ég kann ekki að leggja út af fyrir sig mat á — ég hef ekki farið djúpt í málið, en ég tel rétt að halda því til haga vegna þess að það hefur komið fram í umræðunni og verið minnst á það í umsögnum. — Þetta er samantekt frá Dögg Pálsdóttur sem mun hafa verið í nefnd sem undirbjó frv. og ráðgjafi stjórnvalda í þessu máli.

„Warnock-skýrslan [þ.e. hin breska skýrsla] taldi að börn gætu haft þörf fyrir lágmarksupplýsingar um erfðafræðilegt efni (basic genetic information) til verndar eigin heilsu eða barna þeirra. Auk þess þyrfti að tryggja að systkini gengju ekki í ógáti í hjúskap. Málamiðlun laganna er sú að tæknifrjóvgunarstofnunin heldur skrá yfir notkun kynfrumna. Þegar einstaklingur nær 18 ára aldri á hann rétt á að fá upplýsingar um hvort hann hafi orðið til við tæknifrjóvgun og hvort viðkomandi og annar sem er tilnefndur sem væntanlegur maki séu skyld. Jafnframt á hann rétt á þeim upplýsingum um gjafann sem reglur bjóða stofnuninni að veita. Orðalag ákvæðisis útilokar ekki ...", ég vek athygli á þessu, „... orðalag ákvæðisins útilokar ekki að settar verði reglur um afnám nafnleyndar, en lögin útiloka þó að slíkar reglur verði settar í framtíðinni með afturvirkum ákvæðum."

Ég hef, virðulegur forseti, tekið á nokkrum þeirra umsagna sem um ræðir. Vissulega tek ég þær umsagnir sem taka sterkast undir það sjónarmið sem hér er um að ræða, en kann þó að hafa hlaupið yfir einhverjar sem fjalla um málið að þessu leyti. Ég get vitnað einnig til ritsins Barnaréttar eftir Davíð Þór Björgvinsson þar sem ítarlega er fjallað um þessi álitaefni og m.a. það sem hér um ræðir. Ég læt nægja að vísa á það til frekari athugunar fyrir þá sem áhuga hafa. Þar er um að ræða bls. 143 og raunar allar götur til 167 í þessu riti, Barnarétti. Einnig er það fyrr í ritinu, frá bls. 31 þar sem fjallað er um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og til bls. 39. Á bls. 107 er sérstaklega fjallað um ákvörðun faðernis og álitaefna sem því tengjast. Víðar kann að vera fjallað um þessi efni í ritinu en ég hef farið yfir þessa þætti ritsins með tilliti til þess sem hér um ræðir og leyfi mér að vísa til þess.

Ég nefni það, virðulegur forseti, að í Svíþjóð er sem kunnugt er ekki lögleidd leynd fyrir kynfrumugjafa yfirleitt eins og hér hefur komið fram við umræðuna. Í Noregi þar sem fallist var á leynd með vissum ákvæðum í lögum voru afar greindar meiningar um það mál. Meiri hluti í norska Stórþinginu tryggði þeim ákvæðum framgang sem þar gilda, en mjög sterkur minni hluti gekk gegn því ákvæði. Og til að koma aðeins nánar að því hvaða flokkar þar voru á ferð — ég held að það sé fróðlegt m.a. fyrir þann hv. þm. sem mælti fyrir áliti allshn. nú um að sættast á það að gera þetta mál ekki upp en viðhalda nafnleyndarákvæðunum þó að þar sé gert ráð fyrir endurskoðun að vissum tíma liðnum — þá var norski Miðflokkurinn eindregið á þeirri sömu skoðun og hér er lögð til og Kristilegi þjóðarflokkurinn og Sósíalíski vinstri flokkurinn í Noregi. Ég hef undir höndum alla umræðuna sem fram fór í norska þinginu, hún er löng, um þessi efni og allar tillögur þar að lútandi. Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir hv. þingmenn að kynna sér þau efni því að þar eru sannarlega dregin fram mörg sjónarmið sem varða þetta mál og ekki aðeins það sem við höfum fjallað um heldur einnig það sem ég vakti athygli á við 2. umr. málsins, þ.e. það sem varðar rannsóknir. Það er alveg nauðsynlegt, virðulegur forseti, þó að það snerti ekki þessa tillögu að tekið verði á því svo að menn ani ekki út í þokuna eins og raunverulega er gert með þessu frv. Sum ákvæðin eru jákvæð eða hægt að taka undir þau. Ég greiddi þeim atkvæði við 2. umr. frekar en að hafa engin ákvæði í gildi varðandi ýmis atriði sem varða rannsóknir á kynfrumum og fósturvísum. Ég tel að það þurfi að setja á fót vettvang til þess að fara vel ofan í þau efni, til þess að móta skýrar reglur af hálfu löggjafans um hversu langt eigi að heimila að ganga í sambandi við rannsóknir á þessum efnum. Ég vil nefna það hér, virðulegur forseti, að mér sýnist að það væri ekki óskynsamlegt að fara svipaða leið og Norðmenn hafa valið og reyndar fleiri ríki, ég má segja bæði Svíþjóð og Finnland og eru það nú lönd sem standa okkur nærri um margt. Í öllum þessum þremur ríkjum var sett á fót sérstök líftækninefnd eða ráð sem fjallar um öll þessi efni, öll álitaefni sem koma upp hjá stjórnvöldum og öðrum sem snúa sér til nefndarinnar sem varða breytingar á erfðavísum og einnig tæknifrjóvgun.

Við vorum á dögunum að lögfesta sérstaka ráðgjafarnefnd í lögunum um erfðabreyttar lífverur. Hún er minnir mig níu manna og á að vera umhverfisráðherra til leiðbeiningar en getur líka að eigin frumkvæði tekið mál upp. Mér sýnist í raun, og má nú segja eftir á að hyggja, að það væri skynsamlegt að lögfesta einn vettvang sem taki á þessum málum í heild af opinberri hálfu, fjalli um þau og vakti þau mál. Það er tiltölulega auðvelt að koma því við með einfaldri breytingu á lögunum um erfðabreyttar lífverur eftir athugun máls, ef það verður talið réttmætt, sem og að innleiða það að því er varðar lögin um tæknifrjóvgun. Ég hef í hyggju að ýta við því að ofan í þessi efni verði farið ekki síðar en á næsta þingi.

Virðulegur forseti. Allshn. hefur gert að tillögu sinni eins og hér hefur verið rætt að skipuð skuli þriggja manna nefnd við gildistöku þessara laga sérfróðra aðila á þremur sviðum, læknisfræði, lögfræði og siðfræði, til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra og hafi hún til hliðsjónar laga- og tækniþróun á sviði tæknifrjóvgunar m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna eins og segir þar. Ég er að sjálfsögðu ekki á móti því að slík nefnd sé á fót sett, það er ágætt mál og auðvitað miklu betra en ekki. Ég mun því styðja þessa tillögu allshn. Hún tekur hins vegar ekki á því grundvallarmáli sem við flutningsmenn teljum réttmætt að þingið taki hér afstöðu til við 3. umr. málsins, hún ýtir því út í óvissa framtíð. Ég tel að það sé mikil þörf á því að Alþingi horfi á þessi efni, fari yfir þau og taki afstöðu til þeirra. Alþingi á að taka á grundvallarmálum og það getur ekki verið annað en til bóta að það sé gert. Það er óvíða brýnna en á sviðum sem þessum því spurningarnar sem við stöndum frammi fyrir hér og reyndar á ýmsum fleiri sviðum sem tengjast tækniþróun á okkar tíð eru að leiða okkur út í svo mikla óvissu að menn þurfa að svara því hvort þeir ætli að fara í þá vegferð eða ekki. Ég held að menn þurfi frekar að gera það upp við sig áður en lengra er haldið inn í

myrkviðinn hvað þetta mál snertir en mörg önnur. Við ræddum hér í gær einn þátt þessa máls sem varðar tölvutæknina og skráningu upplýsinga um einstaklinga og samskipti þeirra. Það er önnur saga en af svipuðum toga. Og menn mega ekki láta tæknina bera sig af leið endalaust. Það getur ekki endað nema á einn hátt. Til þess erum við hér á Alþingi Íslendinga að setja upp vegvísa að þessu leyti. Ég met mikils alla þá viðleitni sem fram hefur komið í þessum efnum hér og ég er ekki að kveða upp neina dóma yfir þeim þingmönnum sem hafa aðrar skoðanir, alls ekki. En jafnbrýnt er að menn svari samviskuspurningum af þeim toga sem hér um ræðir.

Ég vil taka það fram í þessu samhengi að ég mat mikils þá viðleitni sem hv. þm. Hjálmar Jónsson hafði uppi í sambandi við málið við 2. umr. og þau sjónarmið sem fram komu í nál. hans. Hann hefur valið að ganga til samkomulags í þingnefndinni og það er að sjálfsögðu hans val sem ég virði. Ég sé enga ástæðu til að ætla að hann hafi breytt um sjónarmið í málinu frá því sem var og komið hefur fram.

Virðulegur forseti. Það var sagt hér af formanni allshn., sem því miður er ekki viðstaddur þessa umræðu hér og nú, eitthvað á þá leið við 2. umr. málsins að Ísland hafi þótt standa einstaklega góðan vörð um mannréttindamál, ekki síst réttindi barna. Það má vera að við höfum margt vel gert í þeim efnum og ég vona að sá dómur sé réttur. En mér sýnist hins vegar að við séum að víkja af þeirri leið með allalvarlegum hætti. Við eigum tæplega skilið svo góða einkunn að settum lögum samkvæmt tillögu allshn. og meiri hluta allshn. eins og hún lá fyrir við 2. umr. Það mál er ekki leyst með þeirri tillögu sem hér er flutt af hálfu nefndarinnar þó ég muni greiða þeirri tillögu atkvæði þegar hún kemur til atkvæða. Ég treysti öðrum hv. meðflutningsmönnum til að skýra þau viðhorf til málsins sem ég hef ekki komið hér að eða kunna að vera með öðrum áherslum. Við höfum auðvitað ekki samræmt okkar sjónarmið í öllum greinum varðandi þetta mál en við stöndum saman að þeirri tillögu sem hér er flutt og ég vænti þess að hún fái nokkurn hljómgrunn í þinginu.

[21:08]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að brtt. sú sem hv. allshn. flytur taki ekki á því grundvallarmáli sem hans tillaga og fleiri hv. þm. geri. Ég verð að segja og vil að það komist strax að í þessari umræðu að sú tillaga gerir það ekki. Hún er einhver einkennileg samsuða af nafnleyndarákvæðum og því að barnið geti fengið upplýsingar um erfðafræðilegt foreldri sitt. Þetta gengur ekki upp, annað hvort verður að víkja. Annað hvort verður að víkja, nafnleyndin eða aðgangur barnsins að upplýsingum. Gefi kynfrumugjafi sæði eða egg án þess að vita að það geti komið upp sú staða að hann verði leitaður uppi þá finnst mér það bara ekki ganga upp. Ég undrast að þessi tillaga skuli koma fram eins og hún er flutt hér.

Ég get alveg skilið þau sjónarmið að hv. þm. geti verið á móti nafnleyndinni og þá verður að flytja tillögu sem gengur út á það. En þessi tillaga gerir það ekki. Hún gengur ekki upp að því leyti til að hún gengur bæði út á nafnleynd og upplýsingar. Annað hvort verður að víkja. (**Gripið fram í:** Þú ert með vitlausa tillögu, hv. þm.) Það held ég ekki. (**Gripið fram í:** Alveg örugglega.)

Af því að hv. þm. minntist á hvernig mál voru afgreidd í Noregi þá hef ég þær upplýsingar frá umræðunni í Noregi að þar taldi meiri hlutinn að hagsmuna barnsins væri best gætt með því að viðhalda nafnleynd. Ef nafnleynd yrði aflétt gæti það haft í för með sér breytingar á sambandi barns og félagslegs föður með afleiðingum sem ekki væri hægt að sjá fyrir endann á.

[21:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki fullyrða hvort um misskilning er að ræða hjá hv. talsmanni allshn. Sú tillaga sem við flytjum hér og er á þskj. sem prentað var upp og ég kynnti hér við umræðuna gerir ráð fyrir því að um gjafakynfrumur geti verið að ræða því að 1. mgr. 4. gr. er ekki breytt efnislega. Í öðru lagi gerir tillagan ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um upplýsingar um gjafa. Þær skulu skráðar og varðveittar samkvæmt reglum sem ráðherra setur þannig að barn geti við 18 ára aldur fengið aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegt foreldri sitt. Þetta er sá mælikvarði sem reglur ráðherra eiga að taka mið af og þær eru mjög skýrar. Hér er enginn misskilningur á ferðinni og ekkert óskýrt í þessari tillögu þannig að það er á algjörum misskilningi byggt hjá hv. þm. að hér sé um einhverjar eyður að ræða í þeim tillöguflutningi sem hér um ræðir. Hér er dregið fram aðalatriði málsins. Hvernig frá því er gengið gagnvart gjafa og foreldri er ráðherrans að setja reglur um. Það er minni háttar atriði. Það er framkvæmdaatriði til að ná því markmiði, hann verður að lúta því markmiði sem hér um ræðir. Hann verður að lúta því ákvæði. Þannig er með skýrum hætti tekið á þessu efni. En það er ekki gert í brtt. frá allshn. um ákvæði til bráðabirgða þannig að þar er á mikill munur.

[21:13]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mun rétt vera að ég hafi ekki verið með rétta brtt. í höndunum hér áðan. Hún mun hafa verði prentuð upp. En engu að síður geri ég mér ekki grein fyrir þegar ég les þá tillögu hvort um nafnleynd er að ræða eða ekki. Þannig að ég bið hv. þm. að ljóstra því upp í sínu síðara svari hvort hann mæli með nafnleynd eða ekki.

[21:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég undrast að hv. þm. skuli ekki geta lesið í málið. Það er mjög einkennilegt. Hér er í rauninni gerð hliðstæð tillaga við tillögu þriggja flokka í norska Stórþinginu varðandi þessi efni eftir ítarlega umfjöllun. Og þó ég telji nú ekki sjálfsagt að taka upp mál þannig án nánari skoðunar þá sýndist okkur að það væri út af fyrir sig góður vegvísir. Það skilyrði sem við erum að setja hér er að barn geti leitað upplýsinga, geti fengið aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegt foreldri sitt. Það ætti nú að vera út af fyrir sig framkvæmdarvaldinu og ráðherra fagnaðarefni að geta samkvæmt þessari tillögu mótað reglur að öðru leyti enda uppfylli þær þetta skilyrði.

[21:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. um tæknifrjóvgun og breytingartillaga sem lögð hefur verið fram af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöversdóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Vil ég aðeins gera að umtalsefni breytingartillögu þeirra hv. fjögurra þm. sem mælt hefur verið fyrir af 1. flm. Í tillögunni er gert ráð fyrir því í einföldu máli, á mannamáli ef svo má segja að nafnleynd verði aflétt, að það eigi að vera á valdi foreldris hvort barninu verði sagt frá kynfrumugjafa eða ekki. Það er engin önnur kvöð í tillögunni en sú hvort foreldrar telja sig bundin

því að segja barninu frá uppruna sínum. Í hv. allshn. kom að sjálfsögðu mjög til umræðu hvort þeirri breytingu sem hér um ræðir ætti að koma á í einni svipan, þ.e. að aflétta alfarið þeirri nafnleynd sem hefur ríkt á þessu sviði síðan 1980 er tæknifrjóvgun hófst.

Frá því að þessi aðferð við að aðstoða fólk í vandamálum sínum hvað varðaði barneignir hófst þá er búið að beita henni með góðum árangri og eftir því sem mér er sagt þá hafa orðið til á þriðja hundrað börn þannig. Samkvæmt upplýsingum lækna sem hafa séð um þessi mál undir lögum að um nafnleynd sé að ræða hefur aldrei komið upp neitt í huga þeirra foreldra sem hafa samband við læknana sem vita einir um gjafann, —við skulum segja vita einir eitthvað um gjafann. Þeir vita reyndar ekki hver hann er en vita þó eitthvað um hann — þá hefur aldrei komið upp nein efasemd hjá foreldrunum eftir því sem læknar segja, um að þessi aðferð við að leysa þetta vandamál sé röng, þ.e. að það hefði átt að vera heimilt að þessir foreldrar fengju uppgefið nafnið á gjafanum einhvern tímann síðar. Þessi spurning hefur aldrei vaknað hjá því fólki sem hefur fengið þessa þjónustu. Það hefur aldrei talið það nauðsynlegt að opna fyrir þennan möguleika. Það er kannski af einföldum ástæðum. Ef nafnleynd hefði verið aflétt þá hefði ekki verið hægt að fá neitt gjafasæði. Það hefði ekki verið hægt að fá neitt gjafasæði frá Danmörku sem er það land sem hefur þjónað skulum við segja þeim pörum sem hafa á þessu þurft að halda.

Það er oft búið að rifja það upp hér að í Svíþjóð var nafnleynd aflétt sem leiddi til þess að sæðisgjafar urðu mun færri en áður. Frá Svíþjóð var ekki hægt að fá sæði einfaldlega vegna þess að það voru svo fáir sem vildu gefa undir þeim ákvæðum að upp gæti komið sú staða að þeir þyrftu að gangast við börnum sem hefðu orðið til með þessari aðferð. Það er því ljóst að aflétting nafnleyndar þýði einfaldlega að þjónustan leggst niður á Íslandi.

Það má vera eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að norska Stórþingið geti talað um þetta þannig að það sé allt í lagi að aflétta nafnleynd. Ég tel að það sé fyrst og fremst vegna þess að Noregur er stórt land miðað við Ísland. Þar búa nokkrar milljónir en á Íslandi búa 250 þús. manns. Það er ljóst að Ísland getur ekki staðið undir því að halda uppi svokölluðum sæðisbönkum sem er talið mjög dýrt, okkar þjónusta á þessu sviði verður í öllum tilfellum að koma að utan.

Ég vil einnig benda á, þegar verið er að tala um að aflétta alfarið nafnleyndinni, að það er heilmikil siðfræði á bak við það sem gerist þegar nafnleyndinni verður aflétt, fyrir utan það að við erum hreinlega að koma í veg fyrir að þessi þjónusta verði veitt. Siðfræðin byggist á því fyrir það fyrsta að með afléttingu nafnleyndarinnar er konu leyfilegt að gefa systur sinni egg og móðir getur gefið dóttur sinni egg, faðir getur gefið syni sínum sæði og þannig er hægt að ímynda sér þá möguleika að þessar gjafir geti verið þvers og kruss. Spurningin er einmitt hvort þessi siðfræði geti samrýmst hinum almennu siðfræðikröfum sem Íslendingar hafa gert sér hingað til. Þess vegna var um það rætt í allshn. að veita þeim ráðgjöf sem vildu aflétta nafnleyndinni svo þeir áttuðu sig betur á því hvaða hugmyndir fólk yfirleitt hefði og það gerði sér grein fyrir því hverjar afleiðingarnar yrðu. Í nefndinni var tekið mjög vel á þessu máli að mínu viti enda nauðsynlegt þar sem verið er að opna til hálfs að þessu leyti. Það er verið að opna til hálfs þannig að fólk getur valið um nafnleynd eða sleppt nafnleynd. Það þarf eflaust líka að velta því fyrir sér ef við ætlum að halda áfram eða þurfum áfram að fá gjafasæði hvort menn öðlist ekki nægjanlega reynslu til að nálgast þau siðfræðivandamál sem koma upp innan fjölskyldna sem hafa verið með egggjafir á milli nákominna ættingja.

Það er svo annað sem mér finnst skipta mjög miklu máli og um leið gera gera tillögu þeirra fjórmenninganna óþarfa. Eins og kemur fram í bréfi frá kvennadeild Landspítalans þá mun með smjásjárfrjóvgunaraðgerðum verða mögulegt innan hugsanlega tveggja ára eða við skulum segja innan nokkurra ára, að nota aðeins eina sæðisfrumu til þess að frjóvga egg en það er tækni sem ekki er mögulegt að brúka í dag. Þá má því segja að í nærri 90%–100% tilvika þar sem fólk þarf aðstoðar við, að það sé hægt að gera það með glasafrjóvgun og eggfrumum parsins en ekki fengnum annars staðar frá. Í þessu felst náttúrlega sú lausn sem allir eru að bíða eftir, þ.e. að parið geti átt barn saman í orðsins fyllstu merkingu.

Ég held að það væri mjög mikið slys ef breytingartillaga þessara fjórmenninga, hv. þingmanna, yrði samþykkt vegna þess að það mun einungis leiða til þess að það fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda fær enga úrlausn sinna mála á meðan tæknin er ekki betri en nú er, öðruvísi en að fara til útlanda á eigin kostnað og þá er það ekki samfélagið sem er að reyna að leysa þeirra vandamál heldur verða þau að gera það sjálf. Við aftur á móti veitum öðrum þjónustu eins og við glasafrjóvgun sem þykir sjálfsagt og þess vegna finnst mér alveg fráleitt að við reynum með einhverjum aðgerðum á Alþingi að ýta þessum hópi frá þessari þjónustu með aðgerðum sem eru alls ekki tímabærar því eins og ég sagði áðan sjáum við fram á það innan örfárra ára að gjafasæði og gjafaeggfrumur eiga að geta heyrt sögunni til.

[21:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað verður hver og einn að leita fanga til að rökstyðja sína niðurstöðu. Mér fannst hv. þm. seilast býsna langt í upphafi síns máls þegar hann kvað upp úr um það og bar við umsögn lækna, mér skildist bara á heildina litið sem að þessum málum hefðu komið, sem væri þess efnis að aldrei hefði komið neitt upp í huga foreldranna um að þessi aðferð væri röng. „Þessi spurning hefur aldrei vaknað hjá því fólki sem fengið hefur þessa þjónustu“ segir hv. þm. Hvernig í lifandis ósköpunum geta menn komið fram með slíkar staðhæfingar hér á Alþingi. Ég bið hv. þm. að vísa á hvaða rannsóknir hafa farið fram á viðhorfi og tilfinningalífi foreldranna. En það er ekki meginkjarni málsins. Spurningin er um rétt barnsins. Um það snýst þetta mál. Um það snýst þessi tillaga. Um það fjallaði hv. þm. ekki. Það er greinilega í öðru sæti í hans málsmeðferð. Það er sjónarmið sem við flutningsmenn þessarar tillögu tökum ekki undir. Ég vil jafnframt benda hv. þm. vegna orða hans um þessi efni, á upplýsingar sem ég veit að fóru inn í allshn. Það er blaðagrein úr Sænska Dagblaðinu frá 2. mars 1996 sem var þýdd að hluta fyrir allshn. Ég vil nú ekki fara að lesa upp úr þeirri þýðingu hér en hv. þm. hefur hana undir höndum. Þar er dregin fram gagnrýni margra aðila, samtaka, sálfræðinga og barnalækna sem mæla gegn þessari notkun og beitingu tækninnar sem hér er um að ræða. Og mér finnst hv. þm. skulda okkur upplýsingar um hvaðan hann hefur þessa niðurstöðu varðandi sjónarmið foreldranna.

[21:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr hvaðan komi þær rannsóknir sem ég hafi vitnað til um að aldrei hafi komið upp efi í huga þessa fólks. Það komu læknar á fund allshn. og upplýstu okkur um hverjar þær aðferðir væru sem beitt er til að velja sæði, þ.e. fengnar eru upplýsingar um útlit, augnalit og fleira. Fólkið sem hefur þegið þessa þjónustu hefur haft samband við læknana sem hafa framkvæmt tæknisæðingar. Og upplýsingarnar um að það hafi aldrei komið upp efi hjá þeim sem hafa haft samband við þessa lækna koma frá læknunum sjálfum. Auðvitað er ég ekkert að nafngreina þá. Það er ástæðulaust. En það kemur samt fram í áliti allshn. hverjir hafa komið á fund nefndarinnar. Það hefur einnig verið vitnað í bréf frá kvennadeild Landspítalans og þar eru sérfræðingar sem þekkja þetta og leggja einmitt til eins og gert er hér af hv. allshn. að halda nafnleyndinni og láta skoða málið á næstu einum til tveimur árum.

Varðandi sjónarmið barnsins þá tek ég að sjálfsögðu undir það að sjónarmið barnsins skiptir miklu máli. En það er náttúrlega samt ljóst að í þeirri stöðu sem við erum nú þá verður ekki til neitt barn ef við fáum ekkert gjafasæði. Það hlýtur alltaf að vera ákvörðun foreldranna hvort þau vilja eignast barn eða ekki með þessum aðferðum. Þau verða að eiga það við sig á meðan ekki er annað hægt hvort þau óska nafnleyndar eða ekki. Á meðan við búum við þetta ástand þá verðum við að lúta því.

[21:32]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki kom nú neitt nýtt fram í þessu svari frá hv. þm. Læknar sem komu á fund allshn. eru bornir fyrir þessu. Ekki ætla ég að vefengja það. En að þeir séu einhver stóridómur eða hæstiréttur í þessu — og ef það er ekki stutt þeim mun ítarlegri rannsóknum þá er þetta auðvitað ekki marktækt sem hér er haldið fram. Ég hef við yfirferð málsins einmitt heyrt andstæð sjónarmið um erfiðleika sálræns eðlis má kannski segja, hjá þeim sem standa í því að undirgangast tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum. En ég ætla ekki að hafa uppi stór orð eða réttara sagt kveða fast að orði um það vegna þess að ég hef ekki niðurstöður rannsókna um það efni. Það þyrftu menn að hafa til að fullyrða eins og hv. þm. gerir.

Það er einkennileg röksemdafærsla sem kemur fram hjá hv. þm. og við höfum heyrt frá fleirum, þ.e. að ef ekki verði heimiluð tæknifrjóvgun þá verði ekkert barn til og þess vegna eigum við ekki að vera að leggjast gegn því að setja reglur þar að lútandi. Þetta er slík endileysa séð frá rétti barna, að þetta er tæpast svaravert. En það er einmitt réttur barnsins sem er hér settur í öndvegi og er það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi. Varðandi það hvað tæknin gerir kleift skulum við vona að læknar sem eru að gera ráð fyrir því að möguleikarnir á frjóvgun frá sambúðarfólki eða foreldrum með kynfrumum þeirra eigi eftir að bera mjög aukinn ávöxt. Það skulum við vona en það eru hins vegar spádómar sem menn vita ekki hvort ganga upp og munu aldrei ganga 100% upp frekar en aðrar tæknilegar aðferðir í þessum málum.

[21:34]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað víðtæka rannsókn þarf til þess að hægt sé að styðjast við álit lækna að þessu leyti, hver hugur þeirra foreldra er sem hafa fengið þessa þjónustu? Ég veit ekki hversu víðtæk hún þarf að vera til þess að hv. þm. trúi henni. En við erum einfaldlega í mjög litlu landi. Á þriðja hundrað börn hafa orðið til með þessum hætti og sárafáir læknar hafa komið nálægt þessu eftir því sem okkur er sagt. Ég tel því að þær rannsóknir séu nægjanlegar að þessu leytinu til að læknar fylgist með því fólki sem hefur fengið þessa þjónustu. Að vera sífellt að miða við lönd sem telja milljónir og milljónatugi manna er bara ekkert sambærilegt. Það er ekki sambærilegt að tala um Frakkland og stórþjóðir sem geta haldið uppi sæðisbönkum eða rannsóknum á þessu sviði sem eru nauðsynlegar í þeim stóru löndum og gefa út skýrslur. Þess hefur ekki þurft hingað til hér á landi í fámenninu og ég held að það hljóti að vera fullgilt sjónarmið að við erum fyrst og fremst að leita eftir því að lina þjáningar fólks sem hefur ekki getað átt börn og hefur ekki haft annað að leita en að fá gjafasæði frá öðrum þjóðum. Ef hv. þingmenn vilja koma í veg fyrir þennan möguleika þá eru þeir að sjálfsögðu að koma í veg fyrir að það verði til einhver börn með þessum aðferðum, það gefur auga leið. Það eru hv. þingmenn sem taka ákvörðun um það.

[21:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ótrúlega þokukenndur skilningur og málflutningur stjórnarliða í málinu í kvöld og það er kannski vegna þess að það er aðeins farið að líða á kvöldið og menn hafa verið að síðan í morgun. Þetta kemur ákaflega á óvart.

Ég hef t.d. ekki fengið á hreint hvort hv. síðasti ræðumaður vill hafa í fyrirrúmi hagsmuni parsins eða hagsmuni barnsins. Við spyrjum náttúrlega ekki um sjónarmið einhverra sem ekki eru til. Annars finnst mér kannski dæmigert um skilning manna og skynjun á þessu máli þegar hv. þm. dregur fram plagg frá læknum á Landspítalanum um að í nánustu framtíð þurfi ekki nema eitt sæði til að frjóvga egg. Þetta er alveg dæmigert fyrir skilning hv. þm. á málinu. Ég veit ekki annað en það hafi verið frá upphafi þannig að það þyrfti eitt sæði til að frjóvga egg þannig að barn yrði til. Og vera að nefna að það sé eitthvað sem muni gerast í framtíðinni, ég veit ekki betur en þetta hafi verið alla tíð á þennan hátt.

Ég vildi gjarnan fá skýringu hjá hv. þm. á því hvort hann vill hafa í fyrirrúmi hagsmuni barnsins eða hagsmuni parsins. Að opna til hálfs eins og tillaga allshn. felur í sér er í raun að vera að brjóta á réttindum þeirra barna sem verða til og fá ekki upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn. Það er verið að brjóta réttindi á þessum börnum verði þessi lagagrein samþykkt eins og hún kemur frá allshn.

[21:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir talar um þokukenndan skilning. Ég veit ekki hvers vegna hún hefur ekki getað skilið það að ég hef fyrst og fremst hag parsins í huga og er margbúinn að segja að ég telji að verði nafnleyndinni aflétt þá verður ekkert barn til í þessu tilfelli. Meðan svo er þá verðum við að lúta þeim reglum sem þarna eru.

Það er mjög skýr afstaða í frv. sem er verið að leggja fram af hálfu hv. allshn. Parinu er gefinn kostur á hvoru tveggja, annars vegar nafnleynd og hins vegar án nafnleyndar þannig að það er parið sem í öllum tilfellum tekur af skarið í því efni.

Ég ætla ekki að fara að rökræða hversu mikið þarf af sæði til þess að frjóvga eitt egg og hvernig getnaður hefur orðið til á undanförnum árþúsundum, það veit hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir jafn vel og ég. En ég ráðlegg henni einvörðungu að ræða um þetta við lækna á þessu sviði sem hafa upplýst hv. allshn. um þessi mál.

[21:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög sérkennilegt hjá hv. þm. ef hann hefur hagsmuni barnsins í fyrirrúmi eins og hann segir en ætlar síðan parinu að ákveða hvort barnið fái upplýsingar um uppruna sinn. Þar með er hann auðvitað með hagsmuni parsins í fyrirrúmi. Þetta stangast því algerlega á við annað sem hv. þm. hefur sagt í málinu.

Varðandi upplýsingar frá allshn. um gang lífsins gerði ég bara athugasemdir við orð hv. þm. áðan að það væri einhver nýr sannleikur hvernig barn verður til og það þyrfti að vitna í einhver læknabréf til allshn. um það. Það þótti mér sérkennileg tilvitnun og segja að þetta yrði eitthvað sem yrði svo í framtíðinni. Það fannst mér enn þá sérkennilegra.

[21:41]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að það væru hagsmunir parsins sem væru efstir í mínum huga að þessu leyti, og hagsmunir parsins eru þeir að geta valið í þessu tilfelli. Þess vegna get ég ekkert sagt annað um þessa umræðu en það að mér finnst að þeir hv. þm. sem eru að flytja þessa brtt. séu ekki enn búnir að átta sig á því að allur sá hópur sem þarf á þessari þjónustu að halda, mun líða fyrir það ef nafnleyndinni verður aflétt. Það eru ekki hv. þingmenn sjálfir eða þeir opinberu aðilar sem hafa verið að gefa ályktanir um það að það eigi að aflétta þessari nafnleynd barnsins vegna vegna. Þeir hafa ekki bent á neina lausn aðra fyrir þetta fólk sem þarf á þessum aðferðum að halda. Ættleiðing hefur ekki verið möguleg fyrir marga af þessum aðilum vegna þess einfaldlega að börnin hafa ekki verið til og síðan er líka önnur spurning sem mér finnst að fólk geti velt fyrir sér en hún er fólgin í því að í þessum tilfellum er annar aðilinn lífforeldri og getum því sagt að það sé nær því að vera barn beggja foreldra. Annað foreldrið er lífforeldri. Ég tel þetta spurningu sem fólk verði að velta fyrir sér og þá sérstaklega þeir hv. þm. sem eru að reyna að koma fram með þessa brtt.

[21:43]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Hér var hafin 3. umr. máls og hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, mælti fyrir tillögu frá allshn. um málið og tók þar með að sér forræði málsins af hálfu þingnefndarinnar í fjarveru hv. 5. þm. Reykv., Sólveigar Pétursdóttur. Nú er hv. þm. ekki við í þingsal og ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því um leið og ég óska að sjálfsögðu eftir því að tryggt sé að sá sem er í forsvari fyrir allshn. sé viðstaddur umræðuna. Það er algert lágmark og þarf ekki að hafa mörg orð um það efni, virðulegur forseti, og ég treysti því að úr verði bætt áður en umræðan heldur áfram.

[21:44]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemd hv. þm. en rétt er að vekja athygli á því að í þingsalnum eru aðrir fulltrúar allshn. (**ÁRJ:** Hvaða þingmaður er í forsvari?) Forseti hefur ekki upplýsingar um það.

[21:45]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Mér skildist á hæstv. forseta að honum þættu það ekki góðir siðir að standa þannig að umræðunni. En það er ekki við hæstv. forseta að sakast. Allshn. ber að sjálfsögðu að hafa tilgreindan málsvara fyrir sína hönd, ef ekki formann nefndarinnar þá a.m.k. varaformann. Það er með öllu útilokað að báðir þessir aðilar séu fjarverandi. Ég hef það ekki skráð hér hvort hv. 3. þm. Norðurl. e. sé varaformaður nefndarinnar, það kann að vera. (**Gripið fram í:** Hún er varaformaður nefndarinnar.) Það er upplýst og tekið undir það af hv. þm. að hún sé varaformaður. Hæstv. forseti, það er lágmarkskrafa að annar hvor þessara aðila sé viðstaddur umræðuna.

[21:46]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti mun kanna viðveru hv. þm. sem í allshn. sitja og hefur hlýtt á athugasemd hv. þm.

[21:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um að enginn forsvarsmaður allshn. sé viðstaddur. Það var réttilega tekið fram af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ekki er við forseta að sakast. Eigi að síður tel ég nauðsynlegt að eigi að fara fram umræða sem geti skilað einhverju inn í allshn. sé mjög mikilvægt að einhver hv. nefndarmanna í allshn. sé í forsvari fyrir nefndina og komi þeim skilaboðum annaðhvort til formanns eða varaformanns ef hvorugur þeirra er á staðnum. Ella tel ég nauðsynlegt að umræðunni sé frestað á meðan verið er að ná til þeirra. Mér þykir mjög undarlegt að standa í þessum umræðum ef ekki er einhver forsvarsmaður nefndarinnar og fyrirsvarsmaður nefndarálitsins til þess að svara fyrir það.

[21:47]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég sit í hv. allshn. en get með engu móti litið á mig sem talsmann nefndarinnar í þessu máli þar sem ég hef verið mjög á öndverðum meiði við meiri hlutann í veigamiklum atriðum. Meðal annars varðandi það atriði sem hér er til umræðu. Þess vegna verð ég að taka undir það að mér finnst það mjög réttmæt krafa sem fram hefur komið að ákveðinn talsmaður meiri hluta allshn. sé viðstaddur. Ég geri það að tillögu minni að þessari umræðu verði frestað ef ekki verður hægt að bæta þar úr.

[21:48]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir og óskir hv. þingmanna og hefur gert ráðstafanir til þess að kanna hvort hv. 3. þm. Norðurl. e. getur komið hingað í salinn. Vegna óska hv. þm. verður umræðu um 5. dagskrármálið frestað um sinn.

Umræðu frestað.

Lögræðislög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 456. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 789. [21:48]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögræðislögum sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Margréti Frímannsdóttur. Í frv. leggjum við til að sjálfræðisaldur barna verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár.

Það er alveg ljóst að umræðan um hækkun á sjálfræðisaldri hefur verið töluvert mikið til umræðu, bæði innan þings og utan. Margir hafa látið í sér heyra um það efni og þeir sem hafa ályktað um þetta hafa allir ályktað um að hækka beri sjálfræðisaldurinn.

Það má í þessu sambandi nefna að fagfólk sem um þetta mál hefur fjallað er á einu máli um að hækka beri sjálfræðisaldurinn. Það sama gildir um Samband ísl. sveitarfélaga sem hefur ályktað um málið. Það má nefna tillögu starfshóps á vegum borgarstjóra um úrbætur í miðbæ Reykjavíkur og það má nefna tillögur samráðsnefndar um málefni barna og ungmenna sem skilaði skýrslu til mín sem félmrh. 1992. Þar var eindregið var mælt með því að sjálfræðisaldurinn yrði hækkaður, en á þeim tíma, á árinu 1993 beindi ég því sem félmrh. til hæstv. dómsmrh. að hann beitti sér fyrir því að leggja fram frv. um hækkun á sjálfræðisaldrinum. Eftir því sem ég best veit hefur það mál verið til skoðunar í dómsmrn. í nefnd síðan 1993 og á ráðstefnu sem haldin var um hækkun sjálfræðisaldursins á vegum Barnaheilla kom fram hjá fulltrúa dómsmrn., sem fjallaði um þetta mál, að vinna nefndarinnar væri á lokastigi og stefnt væri að því að leggja fram frv. um málið á komandi hausti. Þess ber að geta að á þessu þingi Barnaheilla var ályktað í þessu máli, en um var að ræða málþing á vegum Barnaheilla sem haldið var samhliða því að Barnaheill hélt landsþing sitt. Í ályktun landsþingsins segir um þetta efni:

„Landsþing Barnaheilla skorar á Alþingi að samþykkja breytingu á lögræðislögum í þá veru að maður er sjálfráða 18 ára gamall nema sviptur sé sjálfræði og fjárræði 18 ára gamall nema sviptur sé fjárræði. Landsþing Barnaheilla samþykkir að skora á Alþingi að hækka sjálfræðisaldur barna úr 16 árum í 18 ár. Barnaheill bendir á að barn á rétt á umsjá foreldra sinna til 18 ára aldurs samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim sáttmála frá 1989 segir í 1. gr.: „Börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára." Meginmarkmiðið með þessu ákvæði barnasáttmálans er að slá skjaldborg um börn til 18 ára aldurs og leggja þannig ábyrgð á hendur foreldrum og samfélagi á uppeldi barna til 18 ára aldurs. Barnasáttmálinn gerir þá kröfu til samfélagsins að barnið eigi rétt á umsjá foreldra sinna til 18 ára aldurs."

Í áðurnefndri skýrslu sem ég vitnaði til, skýrslu um málefni barna og ungmenna sem unnin var á vegum samráðsnefndar um málefni barna og ungmenna, segir um hækkun á sjálfræðisaldrinum eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er álit samráðsnefndarinnar að fyrst á annað borð var farið að framkvæma víðtæka endurskoðun á barnaverndarlögum hefði verið eðlilegt að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Nú á tímum dveljast langflestir unglingar á Íslandi í heimahúsum fram að og jafnvel fram yfir tvítugt og lúta þar almennum húsaga og handleiðslu foreldra sinna og sjálfræði þeirra hefur því einungis táknrænt gildi. Einu tilvikin þar sem sjálfræðisaldurinn hefur einhverja verulega þýðingu er gagnvart unglingum í alvarlegum vanda. Þegar skjólstæðingurinn verður 16 ára og þar af leiðandi sjálfráða standa þeir sem starfa að meðferðarmálum unglinga oft frammi fyrir því að það meðferðarstarf sem hafið er ónýtist."

Ég hef vitnað til þess, virðulegi forseti, að það virðist vera víðtækur stuðningur hjá þeim sem hafa fjallað um þetta mál að hækka beri sjálfræðisaldurinn. Ég legg áherslu á að það að hækka sjálfræðisaldurinn er ekki bara gert vegna unglinga sem hafa lent í miklum vandamálum og þurfa á meðferðarúrræðum að halda þannig að nauðsynlegt er að vista þá á meðferðarstofnunum jafnvel gegn vilja þeirra. Það er ekki ein og sér ástæðan fyrir því að þetta mál er flutt eða ástæðan fyrir því að hækka ber sjálfræðisaldur og vil ég rökstyðja það nánar.

Við verðum að horfa til þess að inntak forsjárskyldu er uppeldisskyldan og ég tel að það gangi gegn ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna að sjálfræðisaldurinn sé 16 ára en markmið þeirra er að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar börnum þegar við á. Ég held að einmitt það að sjálfræðisaldurinn er 16 ára gangi gegn þessu markmiði og komi í veg fyrir að foreldrar geti sinnt því uppeldishlutverki sem lög um vernd barna og unglinga kveður á um. Við verðum að líta til þess að árin 16–18 hjá ungmennum eru mikilsverð ár í þroska- og félagsmótun barna og því er mikil mótsögn í því að sjálfræðisaldurinn sé 16 ár.

Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram verið sé að gera ungmenni ábyrgðarlausari með því að hækka sjálfræðisaldurinn heldur er fyrst og fremst með þessari breytingu verið að undirstrika sameiginlega ábyrgð barnsins, foreldranna og samfélagsins alls og ég vil halda því fram að með þessu ákvæði sé hreinlega verið að auka réttaröryggi barnanna. Ég held að flestum ungmennum sé það fyrir bestu að búa við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs. Rökin eru mörg sem haldið hefur verið fram til stuðnings því að hækka sjálfræðisaldurinn. Í mínum huga eru þau mikilvægust að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst mjög á umliðnum árum og áratugum. Ég tel hreinlega að það leiði til þess að ungmenni þurfa lengri tíma til þess að aðlagast sjálfræðisaldri en til 16 ára.

Til eru tölur um það að ungmenni búa mikið lengur í foreldrahúsum en áður tíðkaðist. Talað er um að 80% barna eða ungmenna 16–18 ára búi enn í foreldrahúsum. Síðan hefur ýmislegt breyst í þjóðfélaginu. Áður fyrr gátu ungmenni fengið vinnu þegar þau svo óskuðu þannig að við þekkjum það að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst mjög mikið í þessu efni. Ákvæðið um 16 ára sjálfræðisaldur kemur líka í veg fyrir aga, vil ég segja. Það kemur í veg fyrir aðhald og eftirlit foreldra t.d. með útivist og skólagöngu ungmenna. Það kemur líka í veg fyrir að foreldrar geti haldið uppi eðlilegum aga á því sem ég vil kalla mótþróaskeiðið, þ.e. aldurinn 16–18 ára. Ungmenni eru oft í uppreisn gegn þjóðfélaginu, gegn foreldrum sínum og geta því notað það sem vopn og hótun við foreldra sína, t.d. ef foreldrar vilja halda uppi ákveðnum aga varðandi útivist barna 15 ára o.s.frv. Maður heyrir að börn á þessum aldri segja stundum við foreldra sína að þau skuli svo sannarlega nýta sér það þegar þau verða 16 ára og sjálfráða. Þá hafi foreldrarnir ekkert yfir þeim að segja og þau verði úti eins lengi og þau vilja o.s.frv. Þau hóta að flytja að heiman og þar fram eftir götunum.

Ég held því, virðulegi forseti, að þegar allt á litið séu kostirnir miklu fleiri en gallarnir við það að hækka sjálfræðisaldurinn. Gallarnir hafa líka verið tíundaðir í þessu efni og var það gert á málþingi Barnaheilla sem ég vitnaði til í upphafi máls míns. Af þeim sem mæla gegn hækkun sjálfræðisaldurs, en ég held að sá hópur sé í miklum minni hluta, er því haldið fram að það sé verið að svipta stóran hóp unglinga réttindum sem sjálfræðisaldurinn veitir og það sé rétt að sjálfræðisaldur og skólaskyldualdur fari saman, það sé jákvætt, stuðli að aukinni ábyrgð barna og réttara sé að ungmenni öðlist réttindi í þrepum en ekki öll í einum áfanga við 18 ára aldur. Þarna sé verið að taka réttindi af ungmennum 16 ára gömlum til að vernda fámennan hóp ungmenna sem hafa lent í vandamálum á kostnað annarra miklu stærri hópa ungmenna í þjóðfélaginu sem eigi rétt á að fá sjálfræði við 16 ára aldur. Mér finnst öll þessi rök lítilvæg á móti þeim kostum sem ég hef greint frá og fleira væri hægt að tína til fyrir því að það eigi að hækka sjálfræðisaldur.

Ég held að það verði aldrei nógsamlega undirstrikað að þetta er ekki fyrst og fremst úrræði til að beita gegn börnum sem búa við vandamál heldur til að tryggja öryggi og vernd allra barna til 18 ára aldurs. Raunverulega erum við að tala um framlengingu á forsjárskyldu foreldra. Við vitum að það er töluvert ósamræmi í því að sjálfræðisaldurinn sé 16 ár en síðan verða ungmenni fjárráða og lögráða 18 ára. Þessu er öðruvísi háttað í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þar er sjálfræðisaldurinn 18 ár og þróunin í nágrannalöndum okkar hefur orðið allt önnur en hér. Annars staðar á Norðurlöndum var sjálfræðisaldurinn víða orðinn 20–21 árs en var lækkaður aftur í 18 ár á þessari öld en nú er sjálfræðisaldurinn í öllum löndunum 18 ár enda er til þess vitnað í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1989 en þar segir í 1. gr.: „Börn eru allt fólk í heiminum yngri en 18 ára.“ En þessi samningur var fullgiltur af hálfu Íslands á árinu 1992.

Það er svo sérstakt að Ísland virðist alltaf skera sig úr frá öðrum þjóðum hvenær ungmennum er veitt réttindi. Við getum tekið ökuleyfisaldurinn sem dæmi. Hér er hann 17 ár en í löndum mjög víða í kringum okkur er hann 18 ár og það hefur alltaf annað slagið komið upp umræða um að hvort hækka eigi ökuleyfisaldurinn í 18 ár enda þekkjum við það að því miður eru flestir sem lenda í bílslysum og umferðarlagabrotum 17 ára. En það eru líka margir sem telja að það sé erfitt að snúa til baka þegar við erum búin að búa svo lengi við 17 ára ökuleyfisaldurinn eða hækka hann í 18 ár og hafa fært til þess ýmis rök sem vissulega ber að hlusta á.

Síðan má taka eitt sem er ósamræmi líka hér miðað við önnur lönd og það eru aldursmörkin vegna kaupa á áfengi. Hann er víðast í löndunum sem við berum okkur saman við 18 ár meðan hann er 20 ár hér. Mér skilst að tillaga liggi fyrir frá heilbrrn. um að hækka aldursmörkin vegna kaupa á tóbaki úr 16 ára til 18 ára aldurs. Jafnvel þó að ungmennin séu sjálfráða er þeim ekki treyst fyrir því. Með tilliti til alls þessa ósamræmis sem er í aldursmörkunum, virðulegi forseti, er ástæða til þess að samræma réttindi varðandi ábyrgð og skyldur ungmenna.

Ég nefndi áðan að einn hluti þess sem margir tefla fram sem hækkun á sjálfræðisaldri sé að hann sé ákveðin vernd gegn vandamálum, þ.e. það sé frekar hægt að beita ákveðnum meðferðarúrræðum gagnvart ungmenni sem er í vandamálum, t.d. vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Meðferðarúrræði fyrir þessa hópa eru oft erfiðari. Við horfum fram á að í því þjóðfélagi sem við búum við núna er fíkniefnaneysla hjá ungmennum á aldrinum 14–15 ára ekki óþekkt, að ekki sé talað um neyslu á aldrinum 16–18 ára og þegar unglingarnir eru orðnir 16 ára geta þeir, ef þeir hafa verið í meðferð áður, ráðið því hvort þeir hætti meðferð sem þeir eru í nema það sé þá um að ræða tímabundna sviptingu á sjálfræði sem er erfitt ferli að ganga í gegnum og fáir mæla með. Sumir halda því fram að einu tilvikin þar sem sjálfræðisaldurinn hafi einhverja þýðingu sé einmitt gagnvart unglingum í alvarlegum vanda. Þegar unglingur sem á við vandamál að glíma verður 16 ára standa þeir sem vinna að meðferðarmálum frammi fyrir því að meðferðarstarfið getur orðið ónýtt. Ég verð að segja að það kom ný sýn á þetta mál á málþingi Barnaheilla sem kom mér vægast sagt mjög á óvart þegar fulltrúi dómsmrn., sem hélt þar erindi, upplýsti það að nefndin sem er að vinna í þessu máli á vegum dómsmrh. teldi hugsanlegt að ákvæði í manréttindasáttmálanum kæmi í veg fyrir að hægt væri að vista viðkomandi á sjúkrahúsi jafnvel þó að sjálfræðisaldurinn væri hækkaður til lengri eða skemmri tíma án heimildar yfirvalda eða dómstóla og bar þar fyrir sig ákvæði mannréttindasáttmálans. Þetta er nýtt innlegg inn í umræðuna og þarf auðvitað að skoða sérstaklega hvort þessi persónulegu réttindi ýmiss konar sem mannréttindasáttmálinn kveður á um komi í veg fyrir að það sé hægt að beita þessu úrræði varðandi meðferð t.d. vegna áfengis- og vímuefnaneyslu hjá þeim sem eru innan sjálfræðisaldurs. Þetta kom mér satt að segja mjög á óvart, virðulegi forseti, og sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar hlýtur að skoða þann þáttinn alveg sérstaklega.

Ég nefndi áðan barnasáttmálann og gerði ráð fyrir því að eðlilegt sé að miða aldursmörkin við 18 ár en við þau mörk taki börnin yfir réttinn til að ráða sér alfarið sjálf og séu þau jafnvel tilbúin til að axla þá ábyrgð sem frelsinu fylgja. Í barnalögunum er mælt fyrir um að foreldrar skuli hafa samráð við barn sitt áður en persónulegum málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem gerlegt er, þar á meðal með tilliti til þroska barnsins. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að ungmennið getur ráðið sér sjálft 16 ára gamalt en engu að síður hafa foreldrar framfærsluskyldu þar til barn er 18 ára. Barnið þarf ekki að hlíta neinum húsaga en engu að síður hafa foreldrarnir þessa framfærsluskylda. Það eitt út af fyrir sig mælir með því að saman fari sjálfræðisaldurinn og framfærsluskylda foreldra.

Ég sé út af fyrir sig, virðulegi forseti, ekki ástæðu til þess að fjalla ítarlegar um frv. og vænti þess að hv. allshn. sem fær þetta mál til meðferðar og reyndar annað sem hér er á dagskrá sama efnis sem kemur væntanlega til umræðu á eftir sem lýsir þeim áhuga sem þingmenn hafa á málinu. Ég vænti þess að allshn. muni skoða málið ítarlega og mér segir svo hugur að það sé meirihlutavilji á Alþingi fyrir því að hækka sjálfræðisaldurinn. Nái þetta frv. fram að ganga koma önnur lög til endurskoðunar, svo sem lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerð og lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt.

Þó það sé kannski ekki í tengslum við þetta mál getur þetta þó haft áhrif á barnabætur og barnabótaauka. Sumir halda því fram ef sjálfræðisaldurinn verði hækkaður í 18 ár þurfi líka að framlengja barnabætur og greiða þær til 18 ára aldurs sem mér finnst vera visst samhengi í en það eru líka

aðrir sem halda því fram að þetta sé alveg óháð og sjálfstæð ákvörðun ríkisstjórnar hvort barnabætur framlengist til 18 ára jafnvel þó sjálfræðisaldrinum væri breytt. Vissulega þarf að skoða þetta allt í samhengi og ég vænti þess að allshn. taki málið til ítarlegrar umfjöllunar. Það er ýmislegt sem þarf að skoða tengt þessu máli, einmitt það sem ég nefndi hvort þetta muni engu breyta um meðferðarúrræði hjá ungmennum sem ná sjálfræðisaldri. Ég held að það sé kannski of mikil bjartsýni að ætla það að Alþingi samþykki á þessu þingi hækkun á sjalfræðisaldrinum en engu að síður tel ég mikilvægt að þetta frv. fari til umsagnar og verði skoðað ítarlega í nefndinni. Ég held að það sé einboðið að frv. um breytingu á lögræðislögum verði lagt fram aftur strax á haustþingi ef ekkert sést frá dómsmrn. í þessu efni en þeir hafa haft þetta mál óvenjulengi til skoðunar. Maður skilur vart af hverju þeir þurfa að taka sér svona langan tíma í þetta mál sem virðist þó vera nokkuð augljóst en það hefur verið til skoðunar í dómsmrn. frá 1993 þegar félmrn. beindi því til dómsmrn. að beita sér fyrir því að sjálfræðisaldurinn yrði hækkaður.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[22:14]

Útbýting þingskjala:

Póstlög, 364. mál, nál. meiri hl. samgn., þskj. 962.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 331. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 960; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 961.

[22:14]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fara örfáum orðum um þetta þingmál sem hér hefur verið mælt fyrir, frv. til laga um breytingu á lögræðislögum. Eins og fram kom í máli 1. flm. áðan eru þrír þingmenn úr jafnmörgum þingflokkum sem standa að málinu, þar á meðal hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður Alþb., sem er 3. flm. málsins. Ég vil að fram komi að mér finnst að hér sé tillaga á ferðinni sem sé bæði eðlileg að efni til og auk þess mjög þörf. En eins og fram kemur í grg. og hv. 1. flm. tók fram í ræðu sinni hefur þetta mál verið mjög lengi til athugunar án þess að niðurstaða sé fengin og í grg. er rökstuðning að finna fyrir tillögunni að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár, úr 16 árum í 18 ár. Mér sýnist að þar séu svo mörg atriði sem styðji þessa aðgerð að það sé í alla staði eðlilegt að þessi breyting eigi sér stað. Eins og fram kemur í grg. og flm. gat um hafa orðið verulegar breytingar hér á landi á aðstæðum ungs fólks á þessum aldri, 16 ára til 18 ára. Það var hér lengi vel svo að einstaklingar fóru að glíma við tilveruna sem fullveðja 16 ára gamlir, sem þátttakendur í atvinnulífi og öxluðu ábyrgð sem slíkir. Þessar aðstæður eru mjög verulega breyttar þar sem fólk á þessum aldri er yfirleitt í skólum og hefur auk þess ekki þær aðstæður sem jafnaldrar þeirra áður fyrr, 16 ára fólk, hafði sem var þá orðið þátttakendur í vinnumarkaði, búið að ljúka sinni skólagöngu og farið að lifa lífi fullorðinna í flestum greinum. Það er réttilega á það bent að ekki er verið að taka rétt af fólki til að sjá sér farborða eða ráða sér sjálft en skylda foreldranna er framlengd til 18 ára aldurs. Ég get því ekki séð annað en að hér sé um að ræða jákvæða breytingu fyrir börnin með því sem hér er lagt til. Auk þess blasir við, eins og fram kemur í grg., að hin almenna regla í nágrannalöndum kveður á um 18 ára aldur og var um tíma hærri annars staðar á Norðurlöndum. Einnig virðist miðað við sömu aldursmörk í alþjóðasáttmálum eins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég sé ekki ástæðu til þess að leiða fleiri vitni til stuðnings þeirri skoðun minni sem fer saman við það sjónarmið sem fram kemur í frv. að það sé eðlilegt að lögfesta þessa breytingu. Mér finnst mjög jákvætt að þessu máli hefur verið hreyft hér með þessum hætti þó að trúlega þurfi að hreyfa við því á næsta þingi til þess að það fái þinglega lokameðferð af hálfu Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögræðislög, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 457. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 790.

[22:19]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til breytingu á lögræðislögum nr. 68/1984, með síðari breytingum, sem flutt er af þingkonum Kvennalistans, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Efni frv. er merkingarlega svo til samhljóma því frv. sem hér var mælt fyrir rétt áðan af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ég vil taka undir hennar sjónarmið. Ég tel það vera merki um þá þróun sem er að eiga sér stað í þjóðfélaginu að tvö nær samhljóða frv. koma fram á sama tíma. Þessi mál eru núna rædd mjög víða bæði meðal lærðra og leikra.

Frv. gerir ráð fyrir að 1. gr. laganna orðist svo:

Einstaklingur er sjálfráða og fjárráða 18 ára, nema sviptur sé sjálfræði eða fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

Síðan er gert ráð fyrir að lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég mun, herra forseti, fara að nokkru yfir í þá grg. sem er á þskj. 790 með nokkrum viðbótum og breytingum. Samkvæmt þessu frv. er sjálfræðisaldurinn hækkaður úr 16 árum í 18 og ég vil aftur vitna í 1. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 sem Ísland fullgilti árið 1992. Þar segir: „Börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára.“ Skv. 1. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, eru íslensk börn einstaklingar innan 16 ára aldurs en 16–18 ára einstaklingar kallast ungmenni. Í vinnuverndarlögunum er barn einstaklingur innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldrinum 16 og 17 ára. Þessi aðgreining og frávikið frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skýrast að hluta til af því að samkvæmt núgildandi lögræðislögum, nr. 68/1984, verða íslensk börn sjálfráða 16 ára en fjárráða og lögráða 18 ára. Í 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, segir hins vegar að framfærsluskyldu ljúki er barn verður 18 ára. Þetta sýnir að í íslenskum lögum er ekki samræmi í því hvort hugtakið barn nær til 18 ára aldurs, eins og í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða aðeins til 16 ára aldurs. Til samanburðar má benda á að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna (ESB 94/33) merkir ungmenni einstaklingur undir 18 ára aldri, barn merkir einstaklingur sem er undir 15 ára aldri eða í skyldunámi og unglingur merkir einstaklingur sem er minnst 15 ára en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að þessi tilskipun er nú til umræðu í félmrn. og því þurfum við greinilega að laga okkur bæði að alþjóðasáttmálum og því sem er að gerast á

evrópskum vettvangi að þessu leyti. En svo virðist sem mismunandi skólaskyldualdur í Evrópusambandinu hafi áhrif á hve lengi börn kallast börn og hugtakið unglingur hefur lagalega skilgreiningu sem skarast við hugtakið ungmenni.

Í langflestum nágrannalanda okkar er sjálfræðisaldurinn nú 18 ár. Eftir lok miðalda var sjálfræðisaldur annars staðar á Norðurlöndunum hækkaður úr 12 árum í 25 og á seinni hluta 19. aldar var hann lækkaður í 21 ár. Á árunum 1968–1976 var sjálfræðisaldurinn á Norðurlöndum og í Englandi lækkaður úr 21 ári í 18 ár. Í Bandaríkjunum verða einstaklingar sjálfráða 18 ára. Það er löngu orðið tímabært að mati flutningsmanna að sjálfræðisaldurinn á Íslandi verði hækkaður í 18 ár, til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Sjálfræðisaldur hefur haldist óbreyttur á Íslandi síðan árið 1281, þegar Jónsbók var lögfest. Og það mun reyndar eingöngu hafa átt við pilta, er mér tjáð. Síðan hafa þjóðfélagsaðstæður breyst mikið, ekki síst á undanförnum áratugum. Um leið hefur staða ungmenna innan fjölskyldunnar einnig breyst. Þetta kom skýrt fram í ræðum þingmanna um það mál sem rætt var á undan þessu. Aðstæður eru hreinlega allt aðrar nú en áður. Það er mjög erfitt fyrir 16–18 ára ungmenni að sjá fyrir sér sjálf í nútímaþjóðfélagi.

Í fyrstu lögræðislögunum sem sett voru hér á landi árið 1917 var 16 ára sjálfræðisaldrinum haldið frá ákvæðum Jónsbókar og þá var ekki gerður greinarmunur á kynjunum. Samkvæmt núgildandi lögræðislögum frá árinu 1985 er enn miðað við 16 ár. Ungmenni eru nú háðari foreldrum sínum efnahagslega en áður var raunin, með auknum kröfum um menntun og færni í nútímasamfélagi. Lengri skólaganga hefur almennt þýtt að ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Einnig hefur aukið atvinnuleysi á undanförnum árum gert það að verkum að atvinnuleysi meðal ungmenna hefur aukist verulega. Fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá á aldrinum 15–19 ára hefur rúmlega tífaldast á árunum 1987–1994, þ.e. fjölgað úr 44 í 531. Þetta hefur haft þær afleiðingar að möguleikar barna og ungmenna til að standa á eigin fótum og vera efnahagslega sjálfstæð hafa minnkað. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár kemur til móts við þessar breytingar og tryggir réttarstöðu ungmenna á aldrinum 16–18 ára.

Ég vil einnig eins og flm. fyrra frv., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, minna á áskorun Barnaheilla sem einmitt ræddi þessi frv. eða þessar tillögur á sínu þingi fyrir skömmu þar sem eindregið var lagt til að tillögur sem þessi frv. taka á verði samþykkt.

Auk þess að samræma íslenska löggjöf og nágrannalandanna á þessu sviði og koma til móts við þjóðfélagsbreytingar eru helstu rök fyrir þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til þrenns konar:

Í fyrsta lagi skal vísað í 12. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, en þar segir um sjálfráða mann: „Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.“ Þessi lagagrein gerir foreldrum erfitt að halda 16–18 ára ungmennum heima, ef þau vilja flytja burt eða vera úti að nóttu til. Þetta er misskilið frelsi að mati flutningsmanna þegar ungmenni getur ekki unnið fyrir sér eða fengið vinnu. Því þykir eðlilegra að foreldrar beri ríkari ábyrgð en þá að framfæra ungmennið og geti komið í veg fyrir að það flytji eða dveljist langdvölum að heiman án samþykkis foreldra. Þetta mundi einnig auðvelda allt eftirlit með skólagöngu 16–18 ára ungmenna þar sem kennurum bæri að hafa annars konar samskipti við foreldra þessa aldurshóps ef sjálfræði kæmi ekki til fyrr en við 18 ára aldur. Með hækkun sjálfræðisaldurs er réttarstaða ungmenna gagnvart foreldrum sínum gerð mun skýrari. Foreldrar fá meira vald til þess að setja unglingum takmörk, svo sem um útivistartíma o.fl. sem getur skipt sköpum í viðleitni þjóðfélagsins til að sporna gegn „unglingavandamálum“, m.a. fíkniefnaneyslu og almennu agaleysi.

Í öðru lagi segir um sjálfráða mann í 13. gr. sömu laga: „Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.“ Þetta hefur þær afleiðingar að meðferð á ungum fíkniefnaneytendum reynist erfiðari en ella þar sem ungmennin geta útskrifað sig sjálf án samþykkis foreldra nema til forræðissviptingar komi. Af þessum sökum mun sú lagabreyting sem hér er lögð til auðvelda meðferð á ungum fíkniefnaneytendum, enda hafa meðferðaraðilar mælt með henni.“

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hv. allshn. athugi hvort eitthvað sé til í því að ákvæði barnasáttmálans komi í veg fyrir að þetta geti orðið. Ég á mjög erfitt með að sjá það sjálf ... (**Gripið fram í:** Mannréttindasáttmálans.) — Mannréttindasáttmálans, ekki barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. En ég mæli með því að hv. allshn. athugi það.

Í þriðja lagi öðlast ungt fólk á aldrinum 16–18 ára betri tryggingu fyrir því að geta verið í foreldrahúsum til a.m.k. 18 ára aldurs, enda gerist æ erfiðara að standa á eigin fótum á þessum aldri. Þessi breytta réttarstaða ungs fólks ætti einnig að gera stöðu þeirra skýrari gagnvart þjónustu ríkis og sveitarfélaga, t.d. á skemmtanasviðinu og varðandi skatta. Ef um erfiðar heimilisaðstæður er að ræða tryggja lögin um vernd barna og ungmenna að barn og ungmenni geti komist af heimili sé það talið því fyrir bestu. Og ég vil taka fram að þetta atriði kom einmitt til sérstakrar umræðu á áðurnefndu málþingi Barnaheilla og væri kannski rétt að huga að barnalögunum sérstaklega í þessu samhengi í hv. allshn.

Að mati flutningsmanna er það sjálfstæð ákvörðun, óháð lagabreytingunni sem hér er lögð til, hvort hækkun sjálfræðisaldurs hefur áhrif á skráð atvinnuleysi 16–18 ára ungmenna, það að hafa persónufrádrátt frá 16 ára aldri eða á það hvort barnabætur skulu greiddar til 18 ára aldurs. Þetta er vert að ítreka ekki síst vegna þess að þetta var töluvert rætt á þessu þingi. Fólk var að velta þessu fyrir sér og taldi rétt að athuga sjónarmið fleiri lögfræðinga. Ég hef þegar kynnt mér sjónarmið lögfræðinga sem telja að þetta séu óháðar ákvarðanir.

Lögleiðing tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna getur skipt máli í þessu sambandi þar sem hið almenna bann tilskipunarinnar tekur til ráðningar barna 16 ára og yngri í vinnu. Vinnuverndarákvæði tilskipunarinnar eiga við einstaklinga undir 18 ára aldri.

Flutningsmönnum frv. er ljóst að hækkun sjálfræðisaldurs hefur áhrif á merkingu annarra laga þar sem miðað er við að sjálfræðisaldurinn sé 16 ár. Í 29. gr. barnalaga segir að barn eigi rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Þrátt fyrir þetta lýkur framfærsluskyldu við barn ekki fyrr en við 18 ára aldur skv. 13. gr. sömu laga. Þetta sýnir fyrst og fremst innbyrðis ósamræmi og tvískinnung í gildandi lögum sem hyrfi með lagabreytingunni sem hér er lögð til. Önnur lög sem snerta sjálfræðisaldurinn eru almenn hegningarlög, nr. 19/1940, lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, og lög

um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977. Ekki er tekin afstaða til í þessu frv. hvort æskilegt sé að breyta þessum lögum en merking þeirra mun breytast. Þar sem nú er átt við 16 ára aldur mun þá væntanlega breytast í 18 ára aldur.

Herra forseti. Samantekið eru helstu rök fyrir þessari lagabreytingu þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Lögin verði í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, tryggi betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og þau auðveldi meðferð á ungum fíkniefnaneytendum. Það er sannfæring okkar flutningsmanna að sú breyting sem hér er lögð til styrki réttarstöðu ungs fólks á aldrinum 16–18 ára og þessi styrking sé mun meira virði en sú „frelsisskerðing" sem stundum er vitnað til. Það er ekki bara mat okkar flutningsmanna heldur almennt skoðun fólks í þjóðfélaginu að það sé mun og æ erfiðara fyrir ungt fólk á þessum aldri að standa á eigin fótum og það sé orðið tímabært að þjóðfélagið viðurkenni það og veiti þessum aldurshópi aukið aðhald og leiðsögn, bæði foreldrar og opinberir aðilar.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tæknifrjóvgun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 906, brtt. 842, 949 og 950. [22:36]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það hefur verið farið fram á að frsm. allshn. væri viðstaddur umræðuna. Er hún í húsinu?

(**Forseti** (GÁ)**:** Þá á hv. þm. við Valgerði Sverrisdóttur. Forseti skal gera ráðstafanir.)

Ég mun bíða þangað til hún kemur.

Herra forseti. Ég sé að nú er hv. þm. Valerður Sverrisdóttir, frsm. allshn., komin í salinn. Ég vil geta þess í upphafi að ég tel nauðsynlegt að talsmaður nefndarinnar sé til staðar í þessari umræðu, ella væri hún til lítils að mínu mati. Öðruvísi er ekki tryggt að þau sjónarmið sem hér koma fram og í umræðunni í kvöld komist til skila til nefndarinnar og til hv. talsmanns hennar. (**VS:** Nefndin er búin að afgreiða málið.) Ég tel eigi að síður nauðsynlegt, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, að hér sé til staðar einhver til að svara fyrir tillögu nefndarinnar.

Áðan kom hv. þm. Kristján Pálsson í ræðustól og fjallaði um nafnleyndina og um þá tillögu sem ég ásamt fleirum hef lagt fram um að nafnleynd verði afnumin. Hann hélt því m.a. fram að reglan eins og hún lítur út núna þyddi að það væri hægt að velja sér kynfrumur til gjafar. Ég ákvað í stað þess að koma upp í andsvari við hv. þm. að bíða með þetta þangað til kæmi að mér þar sem ég var búin að setja mig á mælendaskrá. Ég vil því byrja á því að leiðrétta þennan misskilning hv. þm. því að að sjálfsögðu er það þannig áfram að það er læknir eða forstöðumaður viðkomandi heilbrigðisstofnunar sem velur frumugjafann. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að tillagan eins og hún liggur fyrir nú þurfi að breyta því og tel það í raun og veru fráleita ályktun. Hið sama á við varðandi það sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir minntist á áðan í andsvari við hv. þm. Hjörleif Guttormsson þar sem hún taldi að með tillögunni, eins og við höfum lagt hana fram, væri réttur gjafans fyrir borð borinn og ekki væri tryggt hver hans réttur væri. Ég tel það alveg skýrt eins og tillagan liggur fyrir. Að sjálfsögðu hefur heilbrigðisstofnunin sem óskar eftir kynfrumum þá skyldu að veita upplýsingar um þessa hluti. Öðruvísi væri ekki hægt að ganga að öðrum kynfrumum en þeim sem væru þessu marki brenndar, ef svo má að orði komast.

Ég vil líka mótmæla því harðlega sem mér fannst mega marka af orðum hv. þm. Kristjáns Pálssonar, þ.e. að þeir sem væru á móti nafnleyndinni væru á móti því að lina þjáningar fólks sem gæti ekki átt börn, ófrjórra einstaklinga. Mér finnst þetta vera málflutningur sem er ekki við hæfi og gersamlega út í hött. Ég vísa honum algerlega á bug. Ég gat því miður ekki verið við 2. umr. málsins en ef eitthvað er sýnist mér frekar að þeir sem eru á móti nafnleyndinni hafi fyrir því rök í fjölda umsagna fyrir sínu máli og mér finnst þess vegna fráleitt að vísa í þá hluti sem hv. þm. var aðýja að áðan.

Það mál sem er hér til umfjöllunar er á sviði sem nokkuð lengi hefur skort lagareglur á. Það er líklega svo að allflestir sem um málið hafa fjallað, a.m.k. í þingsölum, eru sammála um mikilvægi þess að setja löggjöf eða a.m.k. einhverjar reglur um það. Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. hefur tæknisæðing verið framkvæmd síðan 1980 án löggjafar að sjálfsögðu og frá árinu 1991 hefur glasafrjóvgun verið framkvæmd hér. Gjafasæði hefur verið notað í fjölda tilvika. Að mínu mati verður að taka tillit til þessa við lagasetningu um málið og þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar að það sé ekki rétt að ganga svo langt að banna gjöf kynfrumna. Ég tel hitt öllu mikilvægara að þeir sem verða til með hjálp slíkrar tækni í framtíðinni séu ekki settir skör lægra öðrum þegnum samfélagsins. Þá er ég fyrst og fremst að vísa til mannréttinda svo sem þeirra að hafa aðgang að upplýsingum um uppruna sinn þegar þessir einstaklingar hafa aldur og þroska til. Ég lýsti þessari skoðun minni við 1. umr. og síðan hef ég reyndar gert enn frekari könnun á þessu máli og lesið mér nokkuð til um það, m.a. með tilliti til þeirrar reglu sem gildir í Svíþjóð. Eins og oft hefur komið fram í þessum umræðum er ekki ríkjandi nafnleynd í Svíþjóð. Mér þótti mjög forvitnilegt að grafast fyrir um ástæður þess og að sjálfsögðu voru fyrir því ákveðnar ástæður, ákveðið dómsmál, svokallað Haparanda-mál, sem varð í raun og veru kveikjan að því og þrýsti á það að Svíar settu sér lög sem bönnuðu nafnleynd. Ég geri ekki ráð fyrir því að Svíar, frekar en við sem erum á móti nafnleyndinni, hafi haft það fyrst og fremst að leiðarljósi að vera vondir við þá sem ekki geta átt börn, heldur hafi eitthvað annað búið að baki. Og það eru fyrst og fremst þau rök sem ég ætla mér að reyna að gera grein fyrir að einhverju leyti til viðbótar því sem þegar hefur komið fram.

Ég tel ófært að við Íslendingar séum núna árið 1996 að setja lög sem að mati allflestra ef ekki allra mannréttindasamtaka og þeirra sem fjallað hafa um siðfræði brjóta í bága við mannréttindi þeirra barna sem verða til við tæknifrjóvgun. Við getum nefnt umboðsmann barna, við getum nefnt Mannréttindaskrifstofu Íslands, við getum nefnt Siðfræðistofnun háskólans, Kvenréttindafélag Íslands, landlækni, barnaverndarráð o.fl.

Í umsögn Mannréttindaskrifstofunnar eru rakin nokkuð ítarlega rök fyrir þessu og reyndar er það einnig gert í umsögn umboðsmanns barna en það má segja að það sé farið mun ítarlegar ofan í þessi rök í umsögn Mannréttindaskrifstofunn-

ar. Þar er vitnað í 8. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem segir að aðildarríki skuldbindi sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling og það má segja að það sé grunnurinn að röksemdafærslu Mannréttindaskrifstofunnar. En þeir vitna einnig í það, sem er stórt atriði í málinu og gerir það að verkum að sú löggjöf sem við erum að fara að setja og löggjöf líka annars staðar þar sem nafnleynd ríkir, t.d. á Norðurlöndunum brýtur hún í bága við þá réttaþróun sem hefur verið á undanförnum áratugum varðandi réttindi barna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem er gerður 1989 ef ég man rétt og fullgiltur 1991 frekar en 1992, er ákveðin staðfesting á þeirri réttarþróun sem hefur verið að eiga sér stað síðustu áratugi og byggir fyrst og fremst á því að barn hafi sjálfstæð mannréttindi. En það var lengi vel þannig að það var ekki litið svo á að börn hefðu sjálfstæðan rétt. Það var nánast litið á þau sem eign foreldra sinna og það var nánast einkamál foreldranna hvernig þau höguðu ýmsum hlutum sem vörðuðu barnið og sem gátu komið því mjög illa þegar fram í sækir.

Það má nefna sem dæmi að ættleiðingarlöggjöf á Íslandi er frá 1978 og þar er ekki minnst orði á rétt barnsins til að vita um líffræðilegan uppruna sinn. Hins vegar er það þannig í dag að eftir munnlegum upplýsingum, sem ég hef úr dómsmrn., er það sjálfsögð framkvæmdaregla að það barn sem hefur öðlast sjálfræði, ég man ekki hvort það er miðað við sjálfræðisaldur eða við 18 ára aldurinn, og kemur þangað og spyr um gögn er varða uppruna þess hefur rétt til aðgangs að þeim gögnum. Síðan er það ekki alltaf þannig að þau gögn veiti vísbendingu um það hver uppruni barnsins sé, en í þeim tilvikum sem það er, þá hefur barnið rétt til þess. Þar erum við komin með enn eina röksemdina. Það er þróun sem hefur líka verið að eiga sér stað síðustu ár og áratugi sem snýr að auknum rétti fólks til að vita og hafa aðgang að persónulegum upplýsingum um sjálft sig, ekki síst þegar þannig háttar eins og í þessu dæmi að einhver annar hefur mögulegan aðgang að þeim upplýsingum vegna þess að ef upplýsingar eru einhvers staðar til þá hefur væntanlega einhver aðgang að þeim og í þessu tilviki eru það heilbrigðisstofnanir sem er falið að geyma þær. Þessar röksemdir hafa líka verið margítrekaðar í þeim umsögnum sem lágu fyrir hv. allshn. En allt að einu hefur hún kosið að taka ekki mark á þessum umsögnum og ég tel það vera mjög miður fyrir mannréttindaumræðu á Íslandi að ekki skuli hafa verið tekið meira mark á nákvæmlega þeim umsögnum sem snúa að þessum rökum.

Mér sýnist fyrst og fremst tvenns konar sjónarmið rekast á í umræðu um nafnleyndina. Ég tek fram að bæði þessi sjónarmið eiga að sjálfsögðu einhvern rétt á sér. Annars vegar erum við að tala um framþróun tækni og vísinda og jafnvel er talað um mannréttindi eða rétt einstaklinga til að geta átt afkvæmi með aðstoð þeirrar tækni sem möguleg er í heilbrigðiskerfinu hverju sinni. Fremstir kannski í flokki fyrir þessum rökum eru að sjálfsögðu þeir sem vilja hafa aðgang að þeirri tækni, það er eðlilegt og hins vegar eru það þeir sem framkvæma hana. Það sá ég líka þegar ég var að skoða það sem gerðist í Svíþjóð á sínum tíma og þegar nafnleyndarreglan var numin úr gildi 1984 voru langsterkustu þrýstihóparnir læknar og þeir sem framkvæma rannsóknir á þessu sviði og það sama virðist eiga við hér.

Rök gegn nafnleyndinni eru mannréttindi barnsins, sem fæðist við aðstoð tækninnar, og það er vitnað í siðferðileg rök. Þau siðferðilegu rök byggjast á mörgum forsendum og ekki síst kannski þeirri forsendu að það sé ekki rétt að lögleiða einhvern sýndarveruleika utan um einhvern hlut og tæknin eigi að ná það langt að hún megi vera sýnileg. Ég fékk ekki upp úr hv. þm. Kristjáni Pálssyni áðan hvaða siðferðilegu rök það væru fyrst og fremst sem hann bæri fyrir sig og talsmenn hans, þ.e. þeir sem vilja viðhalda nafnleyndinni. Ég hef ekki heyrt þau enn þá. Ég mundi gjarnan vilja fá nánari útskýringar á því ef hv. þm. hefur einhver frekari rök fyrir því máli sínu en ég hef alla vega ekki heyrt siðferðileg rök fyrir þeim málstað lengur. Ég heyri mjög oft talað um að ekki megi hamla tækninni. Ég heyri frekar mannúðarsjónarmið, það eigi að hjálpa fólki sem ekki getur átt börn og með þeirri skoðun hef ég fyllilega samúð.

Ég er þeirrar skoðunar að tækniþróun á þessu sviði er stórkostleg. Henni á ekki að aftra nema nauðsyn beri til. En sú nauðsyn sem hér um ræðir, og er að mínu mati sjálfstæður réttur barnsins til að vita um uppruna sinn við fullorðinsaldur, er til staðar. Mér finnst það vera gersamlega óhugsandi og mér finnst það hreinlega líta þannig út að það sé verið að fórna mannréttindum á altari tækniþróunar og það finnst mér ekki vera réttlætanlegt undir nokkrum kringumstæðum jafnvel þó að fyrir því séu mannúðarrök sem ég vil kalla þau rök að það eigi að reyna að hjálpa fólki til þess að eignast börn. Ég tel að það eigi að gera það en það verður að gera það þannig að það þoli dagsljósið. Það felur á engan hátt í sér lítilsvirðingu fyrir því fólki sem vill nýta sér þessa tækni. Þvert á móti hef ég fullan skilning á málstað þess og tilfinningum. Það er bara svo einfalt að málið snýst ekki um tilfinningar þeirra og rétt þess. Það sem snýr að nafnleyndinni. Það snýr fyrst og fremst um rétt þessa einstaklings sem er verið að búa til með aðstoð tækninnar.

Sú breyting sem var gerð á nafnleyndarákvæðunum á milli 2. og 3. umr. er ekki til bóta að mínu mati. Mig minnir að 4. gr. hafi fjallað um þetta. Það sem mér þykir miður er að þar endurspeglast enn það sjónarmið sem endurspeglaðist í fyrsta frv. Þar er meginhersla lögð á rétt og hagsmuni gjafans. Gjafinn er sá sem á að geta tryggt rétt sinn undir öllum kringumstæðum. Hv. þm. Kristján Pálsson talaði mjög í þessa veru áðan þar sem hann talaði um gjafann og rétt hans. Gjafinn hefur einu sinni alltaf það val að ákveða hvað hann gerir, hvort hann ákveði að gefa eða ekki og hans réttur byggist á því umhverfi og þeim reglum sem eru til staðar þegar hann tekur þá ákvörðun. Mér þykja það vera haldlítil rök að tala um rétt gjafans í þessu skyni. Eins og ákvæði 4. gr. er í dag finnst mér það einkennast af því að verið sé að reyna að tryggja rétt gjafans á alla kanta.

Hv. þm. Kristján Pálsson minntist á það áðan að við værum að tala um rétt parsins og hagsmuni parsins. Ég hef ekki enn þá séð það skilgreint nokkurs staðar í mannréttindasamningum að slíkur réttur sem þessar röksemdir eru byggðar á, þ.e. rétturinn til að eignast barn, sé skilgreint sem mannréttindi. Ég hef lesið mjög margar greinar um að það sé rangt að tala um mannréttindi í þessu skyni en það er önnur saga.

Hins vegar bendir ákveðin réttarþróun til þess að sjálfstæður réttur barns til að vita upruna sinn sé skilgreindur sem mannréttindi. Eins og málið snýr núna við mér eftir þessar lagfæringar á 4. gr. er í raun og veru verið að búa til tvo hópa barna sem verða til við tæknifrjóvgun. Annars vegar þá sem eru svo heppnir, ég vil segja svo heppnir, að eiga líffræðilegt foreldri sem vill gefa upplýsingar og hina sem verða fyrir því þegar upplýsinga er neitað að fá svarið:

Nei því miður, þú átt ekki réttinn. Það getur verið að bróðir þinn eigi það eða systir sem hefur verið svo heppin að vera getin með sæði frá gjafa sem vill gefa upplýsingarnar og vill að það sé ekki nafnleynd. Mér finnst þetta vera alger hundalógík og hún gengur ekki upp. Ég sakna þess virkilega að sjá ekki rökstuðning frá hv. allshn. um þessi mál frá því að líta fram hjá ráðum allra mannréttindasamtaka hér á landi og ráðgjöfum og ráðleggingum og að því er virðist þrælvel ígrunduðum álitum án þess að ég heyri nokkurn rökstuðning. Það er ekki síst þess vegna sem ég óskaði mjög stíft eftir því að hv. frsm. allshn. væri til staðar og gæti gert mér grein fyrir því í umræðunum hver rökstuðningurinn er fyrir því að litið er fram hjá þessum ákvæðum. Ef ég fæ fyrir því sannfærandi rök, sem eru byggð á einhverju öðru en því að það sé svo margt fólk sem vilji eignast börn sem ég er ekki að gera lítið úr, ef ég heyri einhver önnur rök og einhver önnur rök en þau að við megum ekki hamla tæknibrúninni, þá getur vel verið að ég sjái ljósið eins og hinir. En ég hef ekki séð það enn þá og ég sakna þess hreint og beint mjög að það skuli ekki að vera a.m.k. gerð tilraun til þess í þá nefndaráliti eða í framsögu frá hv. allshn. að gera grein fyrir því hvers vegna er ekki tekið mark á þessum rökum.

Ég vil geta þess að ég tel bráðabirgðaákvæðið, sem liggur fyrir, vera mjög til bóta. Þó að gerð verði einhver endurskoðun á þessum lögum og þó að við séum líklega öll sammála um að það þurfi að setja um þetta reglur eru efasemdirnar um það eins og þær líta út í dag til staðar. Ég fagna því samt sem áður að þetta ákvæði skuli vera komið fram og ég mun styðja það því að það girðir a.m.k. fyrir það að þessar reglur verði festar í sessi. Það er alla vega möguleiki á að taka þær upp ef eitthvað kemur í ljós og ég hef reyndar grun um að það séu ýmis mál í gangi í uppsiglinu ef ekki nú þegar komin af stað í dómskerfinu sem geti bent til þess að það þurfi að skoða þessar reglur eitthvað verulega. Ég styð því bráðabirgðaákvæðið og tel það mjög æskilegt ef það fær framgang. En það breytir því ekki að eftir stendur að nafnleyndin á að vera með þessu móti og ef eitthvað er hefur hún ekki tekið framförum í meðförum nefndarinnar.

Ég ítreka enn og aftur að ég tel að það eigi að leyfa gjöf kynfrumna. Það á að gera það fyrir opnum tjöldum í stað þess að búa til löggjöf í kringum einhvern sýndarveruleika sem kemur niður á mannréttindum ákveðinna einstaklinga. Það eru ekki nægileg rök að mínu mati eins og haldið er fram í athugasemdum og greinargerð með frv. þar sem er sagt að ekkert bendi til þess enn að þessi börn hafi orðið fyrir einhverjum skaða, það sé ekkert sem bendir til þess. Það er reyndar þannig orðað í frv. að það er jafnskýrt við lestur athugasemdanna að það hafa að sjálfsögðu engar rannsóknir farið fram á því. Ég krefst þess að frsm. hv. allshn. og þeir aðrir sem eru fylgjandi því að nafnleyndarreglan verði hér fest í sessi, færi fyrir því rök hvers vegna litið sé fram hjá ráðgjöf og áliti allra mannréttindasamtaka sem eru starfandi á landinu og reyndar líka allra þeirra samtaka sem hafa starfað sérstaklega og unnið að réttindum og hagsmunum barna og ekki síst nú nýskipaðs embættis umboðsmanns barna sem tekur mjög skýra afstöðu í þessu máli.

[23:01]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvaða ákvæði þingskapa hv. þm. vitnar til þegar hún krefst þess að þingmenn komi hér upp og tali. En ég ætla nú engu að síður fara í stutt andsvar við hv. þm. Ég er hrædd um að hún hafi verið erlendis eða ekki viðstödd 2. umr. ef hún hefur ekki heyrt rök (**BH:** Ég er búin að lesa hana.) fyrir því að viðhafa nafnleynd. Staðreyndin er sú að ef við lítum bara til þeirrar réttarþróunar sem átt hefur sér stað í Evrópu þá er nafnleyndin nánast regla þar. (**Gripið fram í:** Nei, nei. Hvaða vitleysa.) Ég ætla aðeins að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hægt er að segja eitthvað um réttarþróun í Evrópu þá er hún ekki í þá veru að aflétta nafnleynd samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum heldur þvert á móti að viðhalda nafnleynd og í einhverjum tilvikum að heimila bæði meðferð með kynfrumum frá þekktum og óþekktum gjöfum. Málamiðlunartillaga hv. allshn. sem samþykkt var við 2. umr. virðist því í einna besta samræmi við réttarþróun í Evrópu."

Ég vitnaði fyrr í kvöld þegar ég var í andsvari við hv. þm. Hjörleif Guttormsson í umræðuna eins og hún átti sér stað í Noregi fyrir nokkrum árum. Þar taldi meiri hluti þingsins að hagsmuna barnsins væri best gætt með því að viðhalda nafnleynd. Ef nafnleynd yrði aflétt gæti það haft í för með sér breytingar í sambandi barns og félagslegs föður með afleiðingum sem ekki væri hægt að sjá fyrir endann á. Þetta eru í örstuttu máli rök inn í þá umræðu sem hér fer fram. Hins vegar vil ég segja það, hæstv. forseti, að þessari umræðu í sjálfu sér er lokið að mínu mati. (Gripið fram í.) Nefndin hefur skilað af sér og hún var sammála um breytingartillögur. Það sem málið snýst um við þessa umræðu er að hv. þm. eru að reyna að sannfæra aðra þingmenn um að fylgja sinni breytingartillögu. Ég a.m.k. læt ekki sannfærast.

[23:03]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja það að hver sem ákvæði þingskapa eru þá getur það ekki verið til of mikils mælst að hv. þm. stjórnarinnar og framsögumenn nefnda séu hér til staðar í umræðum og til þess að svara fyrir sína eigin framsögu. Ég verð að segja að ég er hneyksluð á því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir skuli telja það eftir sér að vera hér og svara fyrirspurnum frá hv. þm. Ef þessi umræða er á þeim nótum að það sé ekkert til að tala um lengur, til hvers erum við þá að hafa 3. umr.? Ég verð að segja það eins og er að þó hv. þm. Össur Skarphéðinsson geri sér enn þá vonir um að ég snúist í þessu máli þá hef ég nú ekki snúist enn og það er ekki af eintómri þrjósku, (**Gripið fram í:** Í 4. umr.) hv. þm. Össur Skarphéðinsson, heldur þvert á móti af því að ég hef ekki enn þá heyrt rökin fyrir því og út af hverju gengið sé fram hjá þessum rökum íslenskra mannréttindasamtaka. Hvers vegna er litið fram hjá þeim? Það nægir mér ekki, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, að það sé vitnað í það — ég reyndar náði nú ekki í hvern hv. þm. var að vitna — þegar hún las upp þau orð að eftir þeim upplýsingum sem hún hefði fengið væri réttarþróunin þvert á móti í aðra átt Evrópu, þ.e. að það væri verið að tryggja nafnleyndina í sessi. Það er ekki að sjá a.m.k. af þeim umsögnum sem liggja fyrir hv. allshn. Ég hef þá lesið einhverjar aðrar umsagnir en hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og ég vil þá bara spyrja: Eru íslensk mannréttindasamtök á villigötum?

[23:05]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vonast nú til að þetta verði mín síðasta ræða um þetta mikilvæga mál sem er hér komið í lokabúning. En það er nú bara þannig að staðreyndirnar segja okkur og þær upplýsingar sem nefndin hefur fengið, að ef við ætlum að framkvæma tæknifrjóvgun á Íslandi þá er ekkert um það

að ræða að við fáum sæðiskynfrumur ef við viðhöfum ekki nafnleynd. Þetta er það stórt mál að mér finnst að það hljóti að skipta máli í þessari umræðu. Auk þess er ég alveg sammála því sem kom fram og ég endurflutti hér frá umræðunni í Noregi þess efnis að það er ekkert hægt að halda því fram að hag barnsins sé best borgið með því að nafnleynd sé ekki viðhöfð. Það er ekkert hægt að halda því fram. Ég er bara ekki þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að viðhafa nafnleynd og það hefur verið gert í þann eina og hálfa áratug sem þessar læknisaðgerðir hafa verið framkvæmdar hér á landi með ágætum árangri. Þannig er best að halda þessu áfram að mínu mati. Það hafa ekki komið upp nein vandamál því samfara að hér hefur verið viðhöfð nafnleynd. Um það höfum við upplýsingar í hv. allshn.

[23:07]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má kannski segja að í þessari stuttu ræðu hafi hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir einmitt svarað hreint út á hverju hún byggir sína skoðun: „mér finnst". Annars vegar „mér finnst" og hins vegar því að ella sé ekki hægt að framkvæma þessar aðgerðir hér á landi. Ég ítreka það enn og aftur að ég hef heyrt þessi rök og ég held ég hafi gert nægilega grein fyrir því í ræðu minni að ég var ekki að óska eftir því að fá að heyra þau einu sinni enn. Ég óskaði eftir því að fá að heyra rök fyrir því hvers vegna litið væri fram hjá rökstuðningi mannréttindasamtaka sem eru starfandi hér á landi. Ég vona að a.m.k. að það sé byggt á einhverju öðru en „mér finnst". Ég ætla líka að vona að það sé byggt á einhverju öðru en því að ella sé ekki hægt að gera tilteknar læknisaðgerðir. Ég vil í því sambandi benda á að nú eru fram undan hér gífurlega miklar framfarir í tæknibróun á sviði læknisfræði og vísindarannsókna sem krefjast ítarlegrar lagaumgjarðar. Ég get bent þar á sem dæmi genabanka svokallaða sem eru að byrja að fara af stað hér á landi. Ég ætla rétt að vona að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir leggi í það eitthvað meiri vinnu en virðist hafa verið lögð í þennan rökstuðning hér ef það á að segja að ella, ef við ekki höfum þetta svona, þá fari þessar rannsóknir ekki fram hér á landi. Ef það eru helstu rökin. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur ekki enn þá svarað þeirri spurningu minni hvort hún telji íslensk mannréttindasamtök og gjörvalla mannréttindahreyfinguna vera á villigötum.

[23:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir var að spyrja um rök þeirra sem vilja halda nafnleyndinni. En jafnframt brtt. hv. allshn. er gert ráð fyrir því að líka sé hægt að velja það að hafa ekki nafnleynd. Aftur á móti var í umsögnum sem komu fram frá ýmsum mannréttindasamtökum og embættismönnum í íslenska stjórnkerfinu, hvergi minnst á það hvernig ætti að leysa vandamál fólks sem hefur þurft á þessari þjónustu að halda. Það er hvergi drepið á það að þetta fólk sé í vandræðum og það þurfi að leysa þessi vandamál með þessu móti sem er þekkt aðferð og viðurkennd. Auðvitað er í þessu tilfelli verið að hugsa um hagsmuni parsins. Mér finnst mótrök ykkar vera þau að mæla frekar með því að barnið verði ekki til. Í þessu tilfelli eru engin önnur rök sem geta í rauninni mælt með ykkar tillögu önnur en þau að segja það að það fólk sem á þessu þarf að halda,verði einfaldlega að bíða þar til tæknin hefur leyst vandamálið og hægt verður að gera þetta allt með glasafrjóvgunum framkvæmdum með smásjáraðgerðum.

[23:11]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er líklega hárrétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að það er ekki gerð grein fyrir því í öllum þeim umsögnum sem fyrir allshn. liggja hvernig eigi að leysa vandamál þessa fólks ef nafnleyndin verður afnumin. Það er örugglega alveg hárrétt hjá honum þó ég hafi ekki sérstaklega leitað að þessu í umsögnunum. Þrátt fyrir það að ég vilji alls ekki gera lítið úr vandamálum þessa fólks eins og ég margítrekaði áðan, hv. þm., þá er það nú svo að það eru til önnur úrræði og þau hafa í mörgum tilvikum reynst ágætlega. Þó að vissulega sé mjög æskilegt að ganga með barn sitt sjálfur eða að eiga barn sem er líffræðilegt afkvæmi annars foreldris þá getur bara verið að það sé ekki alltaf hægt. Ég tel ekki, hæstv. forseti, að ég sé með þessum orðum að gera á nokkurn hátt lítið úr vanda þessa fólks. Ég vil ítreka það enn og aftur. Við verðum einfaldlega að horfa á það að málið snýst ekki um það. Málið snýst um rétt þess barns sem við erum með aðstoð tækninnar að búa til.

[23:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur með réttu að það séu til fleiri úrræði sem hafa verið reynd með góðum árangri sem betur fer og því er engin ástæða til þess að vera að teygja þessa umræðu mikið meira. Það er bara einfaldlega verið að tala hér um fleiri úrræði, úrræði sem hafa líka reynst mjög góð og hafa leyst vanda fjölda fólks. Það hafa ekki komið upp nein vandamál sem vitað er um hjá því fólki sem hefur notað þessar aðferðir. Ég lít á það sem réttindi foreldra að geta átt barn. Það eru mikil mannréttindi í mínum huga að geta átt barn og þetta er ein aðferðin til þess sem er viðurkennd um allan heim. Við vitum um annmarkana með þessari aðferð varðandi nöfn líffræðilega foreldra. En við sjáum fyrir endann á því vandamáli og meðan svo er þá verðum við að viðhafa þær viðurkenndu aðferðir sem eru nú notaðar og viðurkenna rétt parsins sem er þarna í fyrsta sæti. En við vitum að þetta verður aldrei fullkomið fyrr en við erum búin að opna þetta svið, að allir viti af því sem gerst hefur.

[23:15]

Útbýting þingskjala:

Meðferð brunasjúklinga, 521. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 965.

Veiting ríkisborgararéttar, 334. mál, nál. allshn., þskj. 963; brtt. allshn., þskj. 964.

[23:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Ég sé að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er sest í hliðarherbergi. Mig langaði aðeins til að koma inn í umræðuna þó svo ég telji að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hafi gert brtt. okkar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, Bryndísar Hlöðversdóttur og Kristínar Halldórsdóttur mjög góð skil áðan þá vildi ég vegna þess hversu þokukenndur skilningur hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur var á tillögunni, a.m.k. kom það fram fyrr í kvöld þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mælti fyrir henni og hv. þm. kom inn í þá umræðu, þá virtist mér hv. þm. ekki skilja í hverju tillagan væri fólgin. Þess vegna hugðist ég aðeins skýra það út fyrir hv. þm.

Með þessari tillögu okkar fjórmenninganna er verið að tryggja rétt barnsins — er hv. þm. að fylgjast með? Ég er að eiga orðastað við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. (**VS:** Ég heyri hvert orð.) Það er gott. Þingmaðurinn hlustar. — Eins og komið hefur fram margoft í umræðunni og einnig ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti biður hv. þingmenn að halda ekki aðra fundi í salnum meðan hv. þm. talar.)

Eins og komið hefur fram í umræðunni, bæði við 2. umr. og í kvöld, teljum við að það séu grundvallarmannréttindi að einstaklingur geti átt þess kost að þekkja uppruna sinn. Það kom einmitt mjög skýrt fram í áliti 2. minni hluta allshn. í 2. umr. en í því áliti segir, með leyfi forseta:

„Það eru mannréttindi að eiga þess kost að þekkja uppruna sinn, hluti af sjálfsagðri vitund fólks um sjálft sig, og meðal íslenskrar þjóðar er rík hefð og vilji til þess. Löggjafinn má ekki taka þennan rétt af einstaklingum. Ófrjósemi er vandamál sem ekki má leysa á kostnað mannréttinda þess sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu. Sé þess óskað er sjálfsagt og eðlilegt að tryggð sé nafnleynd gagnvart öllum öðrum en þeim einstaklingi, sem þannig er til kominn."

Þetta er kjarni málsins og þetta er í rauninni það sem við erum að tryggja með brtt. nema hvað ráðherra er gefinn mun meiri réttur til að koma að málinu og setja reglur hvað þetta varðar. Aftur á móti vil ég minnast á atriði sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom inn á í andsvari við Bryndísi Hlöðversdóttur áðan þar sem hún talar um að réttarþróun í Evrópu sé nafnleyndinni í vil. Það er þvert á þær upplýsingar sem ég hef um málið og einnig þvert á þær upplýsingar sem koma fram í nefndaráliti 2. minni hluta allshn. í 2. umr. Þar segir að réttarþróun í Evrópu sé tvímælalaust sú að nafnleyndinni gagnvart viðkomandi einstaklingi sé aflétt og þess vegna teljum við að í nýrri íslenskri löggjöf um tæknifrjóvgun eigi skilyrðislaust að taka tillit til þeirrar þróunar.

Aftur á móti varðandi nafnleyndina og það mannréttindabrot sem felst í því að setja nafnleynd gagnvart þeim einstaklingi sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu stendur sá einstaklingur ekki eins vel að vígi eins og ættleidd börn og það er mjög erfitt að sætta sig við það. Á fund hv. heilbr.- og trn. í morgun þar sem var verið að ræða réttindi sjúklinga og aðgang að sjúkraskýrslum eða sjúkraskrám kom Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður og talaði um náttúrlega þörf einstaklinga til að fá upplýsingar um ákveðna þætti um sjálfa sig. Þar kom fram hjá hæstaréttarlögmanninum ef réttindi eru tíunduð í alþjóðasáttmálum sem við erum aðilar að og höfum samþykkt gangi það lengra en lög í landinu. *Þetta tel ég mjög mikilvægt að komi fram.* Þess vegna spyr ég hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, frummælanda fyrir hv. allshn., hvort það hafi komið fram í umræðunni í allshn. Ef þetta er rétt hjá lögmanninum að 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem segir að barn skuli eftir því sem unnt er eiga rétt á að þekkja kynforeldra sína og það að aðildarríki skuldbindi sig til að virða rétt barnsins til að viðhalda því sem auðkenni það sem einstakling, þ.e. í 8. gr., gengur það framar þeim lögum sem sett verða þegar þetta frv. verður samþykkt, verði lagagreinin samþykkt eins og hv. allshn. leggur til. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur hvort þetta hafi verið rætt í nefndinni varðandi alþjóðasáttmálana og það að þeir gangi lengra en íslensk lög.

Ég óska eftir því að hv. þm. upplýsi okkur um þetta atriði.

[23:24]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Þar sem enginn flutningsmaður tillögunnar situr í hv. allshn. þar sem þessi mál hafa svo sannarlega verið ítarlega til umræðu tel ég rétt sem nefndarmaður í allshn. að segja nokkur orð, einnig vegna þess að einn flutningsmaður tillögunnar er hv. þingkona Kvennalistans, Kristín Halldórsdóttir, sem gat því miður ekki verið viðstödd hér í kvöld. Ég tek efnislega undir hvert einasta orð sem hv. flm. Hjörleifur Guttormsson las upp úr umsögnum sem nefndinni bárust og færði rök fyrir réttmæti þess að barn, sem verður til við tæknifrjóvgun, eigi að fá upplýsingar um erfðafræðilega foreldra sína við 18 ára aldur. Ég talaði ákveðið fyrir þessari afstöðu í allshn. en fékk þá æ ofan í æ að heyra að þetta þýddi í reynd að tæknisæðing legðist af nema í þeim tilfellum sem það væri á milli hjóna. Ástæðan eins og hér hefur komið fram í kvöld er sögð sú og ég undirstrika það, er sögð sú, af því að mér finnst það sjálfri ekki sannfærandi rök, að þá muni ekki vera hægt að fá sæði frá sæðisbönkum þar sem nafnleynd er aflétt, t.d. frá Svíþjóð.

Þó að ég telji sjálf að eingöngu reynslan geti sýnt okkur það hvort það muni koma í ljós að ekkert sæði fáist þá fannst mér ábyrgðarhluti eftir að vera búinn að hlusta á öll sjónarmið í allshn. að ganga það langt í brtt. minni sem ég flutti sem minni hluti allshn. að taka alfarið fyrir það að nafnleynd væri viðhöfð ef sérstakar aðstæður kölluðu á. Ég vil því leyfa mér að vitna, hæstv. forseti, í ítarlegt álit 1. minni hluta allshn. um þetta mál sem Guðný Guðbjörnsdóttir skrifar ein undir, m.a. til þess að skýra afstöðu mína til þeirrar tillögu sem nú er komin fram og ég ætla þá að vitna beint í nefndarálitið, hæstv. forseti:

„... þótt ákveðin kvenfrelsisrök mæli með því að sem flestir fái aðgang að tæknisæðingu eða glasafrjóvgun geti þessi *réttur kvenna eða foreldra varla talist æðri en sú* skoðun að þessi börn hafi eins og önnur börn þörf fyrir og rétt á að fá að vita um líffræðilegan uppruna sinn og rétt á þroskavænlegum uppeldisskilyrðum. Þó að hvorki barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna né mannréttindasáttmáli Evrópu verði túlkaðir þannig að barnið eigi skýlausan rétt á að vita um uppruna sinn er ljóst að a.m.k. í þeim síðarnefnda hefur þessari kröfu ekki verið hafnað." Ég vil nefna þetta sérstaklega vegna þess að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði um þetta og þessir samningar voru mikið ræddir.

„Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands er bent á að frá 1987 hafi átt sér stað ákveðin réttarþróun á túlkun mannréttindasamnings Evrópu um skyldu stjórnvalda til að veita barni upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn.

Í ljósi þessara meginviðhorfa sótti undirrituð mjög fast að 4. gr. frumvarpsins yrði breytt í þá veru að nafnleynd verði aflétt til að þau börn, sem verða til við tæknifrjóvgun, geti fengið upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur. Helstu mótrökin, sem fram komu gegn því að heimila tæknifrjóvganir eingöngu ef nafnleynd er aflétt, voru þau að erfitt yrði að fá kynfrumur, einkum sæði, ef nafnleynd yrði aflétt. Í nefndinni náðist fram málamiðlun sem birtist í breytingartillögum meiri hlutans. 1. minni hluti getur sætt sig efnislega við þá málamiðlun í ljósi aðstæðna þó að æskilegra væri að aflétta nafnleynd alfarið ef það væri hægt án þess að tæknifrjóvganir legðust af. Orðalagið á breytingartillögu meiri hlutans miðast of mikið við gjafa kynfrumna í stað þiggjanda sem að mati 1. minni hluta á að vera sá sem ákveður hvort hann velur nafnleynd eftir faglega ráðgjöf.

Fyrsti minni hluti leggur því til breytingu á 4. gr. þar sem upprðun efnisgreina og orðalag breytir áherslum þannig að fyrst er rætt um þau tilvik þar sem nafnleynd er aflétt og lögð áhersla á að það er val kynfrumuþiggjandans sem ræður

úrslitum um það hvort reynt verður að fá kynfrumur frá gjafa sem er tilbúinn að aflétta nafnleynd."

Þessi lausn er að því leyti ófullnægjandi að það eru væntanlegir foreldrar sem hafa valið það hvort barnið geti fengið upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur í stað þess að það verði opið val fyrir öll börn sem fæðast vegna tæknifrjóvgunar.

Hin leiðin er að útiloka alfarið tæknifrjóvganir með nafnleynd. Síðan segir og ég vil vekja athygli á því: „Ef fram kemur breytingartillaga í þá veru [að nafnleynd verði aflétt] munu þingkonur Kvennalistans taka sjálfstæða afstöðu til hennar sem einstaklingar."

Nú ætla ég ekki að vitna frekar í þetta nefndarálit þar sem ég hef lokið umfjöllun um þennan þátt málsins, en það er skemmst frá að segja að mín brtt., sem gekk þó lengra í þessa átt en brtt. meiri hlutans, var felld og brtt. hv. þm. Hjálmars Jónssonar sem er efnislega mjög svipuð þeirri sem hér er flutt var því miður dregin til baka við 2. umr. og hefur nú verið breytt í samráði við hann í nokkurs konar endurskoðunarákvæði. Lögð er áhersla á að skipuð verði nefnd sem endurskoði framkvæmd á þessum lögum eftir tvö ár, eða fylgist með framkvæmdinni og endurskoði þau eftir tvö ár. Þar með finnst mér núna vera komnar þær aðstæður að það sé rétt að styðja tillögu sem tryggir að barnið fái skýlausan rétt til að fá að vita um erfðafræðilegt foreldri sitt. Það er mín afstaða að fyrst ekki var hægt að ganga að minni tillögu, sem þó opnaði á þessi rök sem mjög voru höfð í frammi í nefndinni, að ég er tilbúin til að styðja þessa tillögu. Ég vil þó vekja athygli hv. flm. á því að hér var dreift tveimur afbrigðum af tillögunni og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var í upphafi umræðunnar í kvöld með fyrra afbrigðið, ef svo má segja. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég er ekki alveg ánægð með orðalagið á þeirri tillögu sem nú er til umræðu þó að efnislega sé ég sammála því sem hún segir. Hún hefur einn annmarka að mínu mati. Ég ætla að leyfa mér að lesa tillöguna því að ég er ekki viss um að hv. áheyrendur hafi allir fylgst með því um hvað hún fjallar, en tillagan er orðuð svona:

„Upplýsingar um gjafa skulu skráðar og varðveittar samkvæmt reglum er ráðherra setur þannig að barn getur við 18 ára aldur fengið aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegt foreldri sitt."

Annmarkinn við þessa tillögu er að mínu mati sá að það er ekkert sagt um það hver er réttur gjafans til að vita eitthvað um tilvist barnsins, hvort það hafi orðið til barn eða ekki, fram að 18 ára aldri eða þess vegna eftir 18 ára aldur. Ég tel að þetta skipti máli ekki síst, og það er mjög mikilvægt, fyrir uppeldi viðkomandi barns og samskiptin í þeirri fjölskyldu. Því tel ég alls ekki rétt að skilja þetta eftir í því tómarúmi sem mér finnst þessi tillaga benda til.

Það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig að segja að það sé fyrst og fremst eða eingöngu réttur barnsins sem skiptir máli og ég er sammála því að það er auðvitað fyrst og fremst réttur barnsins sem á að ráða. En að mínu mati er ekki nóg að segja bara að hitt verði ákveðið í reglum sem ráðherra setji. Ég hefði kosið að þessi tillaga væri skýrari um hvaða rétt foreldrar barnsins og gjafinn, kynfrumugjafinn hafa. Því vil ég hvetja hv. flm. þessarar tillögu til að kanna hvort þetta telst lagalega nógu skýr tillaga. Ef svo er er ég tilbúin til að styðja hana.

[23:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til skýringar vegna ábendinga frá hv. 19. þm. Reykv. þá er það aðeins ein tillaga sem hér er til umræðu. Það voru mistök að út fór texti sem var á vinnslustigi í dreifingu, en hann var að sjálfsögðu prentaður upp og dreift þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og mælt hefur verið fyrir. Þannig að allur samanburður milli einhverra texta að því leyti skiptir ekki máli gagnvart tillöguflutningi við þessa umræðu.

Í sambandi við spurninguna um gildi eða stöðu þeirrar tillögu sem hér um ræðir með tilliti til þess að hún fáist staðist tel ég að það sé alveg ótvírætt. Það er sagt skýrum stöfum í tillögunni að ráðherra setji reglur og skilyrðið er dregið fram með ljósum hætti. Ráðherra verður hins vegar að útfæra það hvernig þessar reglur skuli vera að því er varðar gjafann og foreldrið að öðru leyti en þessu sem hér kemur fram. — Virðulegur forseti, ég er í andsvari við hv. þm., mér sýnist hún ekki hlýða á það. — Ég tel alveg ljóst að sú stofnun sem ber ábyrgð á tæknifrjóvgun og fær leyfi til slíks þarf að sjálfsögðu að taka tillit til þessa meginákvæðis þegar gengið er frá notkun sæðis gagnvart gjafa. Það segir sig sjálft. En það er útfærsluatriði. Ráðherra mun að sjálfsögðu meta með hvaða hætti það er sett fram.

Ég ítreka að ég held að það séu engir meinbugir á þessari tillögu þannig að hún fær fyllilega staðist. En það er rétt að framkvæmdarvaldinu er ætlað ákveðið hlutverk sem af sumum hefur verið reynt að útfæra á ákveðinn hátt.

[23:39]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefni þessi ákvæði með gjafann og þiggjandann ekki síst vegna þess að það var talað um það alveg skýrt í þeirri tillögu sem hér er til umræðu að það verður að skipta við sæðisbanka þar sem nafnleynd er aflétt, það er alveg skýrt. En samkvæmt þeirri umræðu sem fór fram í allshn. gilda þær reglur að þá á viðkomandi aðili sem gefur sæði, t.d. til sæðisbanka í Svíþjóð, líka rétt á að fá að vita um tilvist barns. Einnig tel ég mjög mikilvægt að löggjafinn kveði alveg skýrt á um það hvort foreldri á að fá upplýsingar um gjafann eða kannski jafnvel að fá að velja, sumir halda því fram. Þessi tillaga segir ekkert um það. Þessi tillaga er mjög góð varðandi rétt barnsins en hún er ekki nógu skýr að mínu mati um rétt þiggjandans og gjafans. Ég er alls ekki að segja að þar með sé hún ótæk, en ég vildi gjarnan að hv. þm. léti kanna það lögfræðilega.

[23:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel mig ekki þurfa neina könnun á því lögfræðilega. Ég tel mig alveg bæran um það að móta og flytja tillögu sem studd er af þremur hv. þm. og þarf ekki neina sérstaka lögfræðilega könnun á því efni. Tillagan er alveg ljós og ljósar heimildir sem ráðherra fær til að móta þetta að þessu skilyrði uppfylltu sem er meginefni tillögunnar.

Varðandi spurninguna um nafnleynd er alveg ljóst að sæðisbanki og sæðisgjafi verður að undirgangast eða hann verður að taka við þeirri kröfu sem í því felst að barnið á rétt á upplýsingum við 18 ára aldur. Fram að þeim tíma getur verið um að ræða nafnleynd og sú nafnleynd getur varað lengur, þ.e. ef barnið fær ekki upplýsingar eða gengur eftir því, sínum rétti. En þessi staða er uppi og fyrir henni hlýtur

að verða gerð grein og settar reglur í samræmi við það þannig að þeir aðilar sem við sögu koma geri sér þetta ljóst.

Að því er varðar foreldri er það auðvitað val foreldranna eftir sem áður hvort þeir greina afkvæmi sínu frá þessu eða ekki. Sá réttur er ekki af foreldri tekinn. En rétturinn er eftir sem áður barnsins að leita upplýsinganna hvort sem það telur sig hafa haft ástæðu til þess eða án þess, sem sagt að eigin frumkvæði.

[23:42]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vera að hv. þm. treysti ráðherrum til þess að setja reglur sem eru viðunandi að þessu leyti. En ég tel að fyrra afbrigðið af tillögunni hafi verið skýrara. Þegar þessi tillaga kemur til atkvæðagreiðslu mun ég greiða henni atkvæði mitt ef engir meinbugir koma upp í millitíðinni. Minn skilningur mun þá verða sá sem er í þessari fyrri tillögu að nafnleynd gildir um gjafa, sbr. 3. mgr., en upplýsingar um hann skulu samt skráðar og varðveittar samkvæmt reglum sem ráðherra setur, þ.e. ég tel að það væri langákjósanlegasta fyrirkomulagið að hvorki gjafi né þiggjandi fengju að vita hver gjafinn er fyrr en við 18 ára aldur. Það væri skilningur sem ég mundi sætta mig við, en mér fyndist mun erfiðara að rökstyðja annað fyrirkomulag uppeldislega séð.

[23:44]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu var tekið til skoðunar í hv. allshn. aftur milli 2. og 3. umr. að minni ósk og breytingar gerðar á málinu með bráðabirgðaákvæði eða brtt. sem liggur fyrir frá allshn. Nefndin stendur öll að því. Ég ætla að lesa það í upphafi. Það er að við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

„Dómsmálaráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á sviði læknisfræði, lögfræði og siðfræði til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Nefndin skal hafa hliðsjón af laga- og tæknibróun á sviði tæknifrjóvgunar, m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna."

Ég met það svo að frv. hvort sem þessi tillaga hefði komið fram eða ekki hefði orðið að lögum með nafnleyndarákvæði. Ég vil hins vegar að nafnleynd verði ekki viðhöfð í framtíðinni og lýsti því ítarlega við 2. umr. í þinginu. Ég hef rakið það að ég er andvígur nafnleyndarákvæðum 4. gr. frv. Við þau rök hefur fátt bæst þó vissulega hafi umræðan á þessu kvöldi verið upplýsandi og ekkert hefur komið fram að mínum dómi sem hnekkir þeim rökum sem hér hafa verið borin fram. Ég hef því sömu og eindregnu skoðunina á því að laumuspil með réttindi einstaklinga, að leyna þá skráðri varðveittri vitneskju um sjálfa sig sé óeðlileg og í vissum tilfellum hættuleg, að ekki sé talað um hvernig slíkt gengur gegn lagabróun. Ég hef þá skoðun að lygi sé lygi í hvaða búningi svo sem hún er og tilreidd og lygi megi ekki réttlæta. Leynd og yfirvarp, það að dylja sannleikann, getur aldrei verið heilbrigður grunnur að fjölskyldulífi.

Mér er þó ljóst að þessi skoðun mín er ekki einhlít. Mér er orðið það fullkomlega ljóst að margir trúa því í alvöru að nafnleyndin sé dæmi sem ganga muni upp, að það felist ekki í því mismunun og alls ekki grimmd eða neitt óeðlilegt eða afbrigðilegt í garð fullveðja einstaklinga, borgara í landinu þótt upplýsingum sem þá varða beint sé haldið leyndum fyrir þeim sjálfum og það jafnvel þótt aðrir fái síðar aðgang að þeim upplýsingum. Sérlög munu gilda um þá aðra einstaklinga sem verða til með gjafakynfrumum með nafnleynd. Þeir fái aldrei að vita neitt um uppruna sinn, þótt það liggi fyrir samkvæmt því frv. til upplýsingalaga sem er í vinnslu í hv. allshn., að það má ekki halda neinum upplýsingum lengur leyndum fyrir nokkrum einstaklingi en í 80 ár. Sérlög gengju lengra ... (**Gripið fram í:** Sagðirðu 80 ár?) Sérlög gengju lengra. Þá fengi viðkomandi — það er rétt sem hv. þm. kveikti á akkúrat núna. (**Gripið fram í:** Þá ertu löngu dauður.) Það er rétt að gamalmennið á elliheimilinu fengi kannski að sjá það í dagblöðum hverra manna hann væri 80 ára, 81 árs gamall eða gömul. Ég vil geta þess að þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þróunina í lögum og tækni telja menn að nafnleyndin muni ganga upp.

Ég vek athygli á því eins og reyndar í 2. umr. að danska þingið er að vinna með þetta sama mál og vonast til að það nái fram að ganga því að þar er þörfin einnig orðin brýn á að setja lög um þessa starfsemi. Það getur meira að segja svo farið að danska þingið afnemi nafnleyndina hjá sér á næstunni.

Ég benti í umræðunni á hliðstæðu við ættleiðingar. Þær voru feimnismál í okkar landi og við höfum ótal sögur af því að fólk, uppkomið eða næstum því, frétti það utan að sér að það væri ættleitt. Slíkt hefur í mörgum tilfellum valdið tilfinningalegu umróti og jafnvel ógæfu og markað sín djúpu spor í líf þeirra einstaklinga sem meira að segja hafa skýrt frá því opinberlega sjálfir. Reynslan af ættleiðingum bendir einmitt til mikilvægis þess að vera heiðarlegur við barnið, annars getur verið hætta á að það fái upplýsingarnar á miklu verri hátt en að þeir sem næstir því standa félagslega og á allan hátt annan en erfðafræðilega, segi nákvæmlega til um hvernig í pottinn er búið.

Herra forseti. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. til laga um tæknifrjóvgun eru gerðar til samkomulags. Ég hélt því fram við 2. umr. að frv. væri hvergi nærri fullkomin smíð og stend við það. Margt hefði þurft betri yfirvegun, annað er vel gert og úrslitum ræður að nauðsynlegt er að setja lög um tæknifrjóvgun. Við lifum ekki í þeim heimi að geta fengið allt fram eins og við helst kjósum, að allt sé eftir okkar höfði einna. Það lærist að við lifum í heimi þar sem nauðsyn er á sífelldum málamiðlunum milli ólíkra sjónarmiða þannig að okkur takist að láta okkur semja. Þess vegna var gert samkomulag í hv. allshn. og nú stendur nefndin öll að frv. eins og það liggur fyrir með þessu bráðabirgðaákvæði. Það bráðabirgðaákvæði tryggir að við munum aftur taka þetta mál til umfjöllunar innan tveggja ára og setja í framhaldi af því lög um tæknifrjóvgun. Ég tel víst að nefndin sem skipuð verður til þess að endurskoða lögin og fylgjast með framkvæmd þeirra muni lesa á prenti þær umræður og röksemdir sem hér hafa komið fram við lagasetninguna á hinu háa Alþingi. Því er þessi umræða öll á þessu kvöldi fjarri því að vera til einskis. Það er einmitt mikilvægt að tefla fram sjónarmiðunum til þess að þeim sé öllum haldið til haga þegar farið verður að endurskoða á næsta ári þessi lög sem sannarlega er nauðsynlegt að setja þessari starfsemi.

Það er frekar að ég finni að því að allt of margir veigri sér við því að kynna sér málið til hlítar og að taka afstöðu í þessu siðferðilega álitamáli. Ég deili þeirri skoðun með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að æ fleiri slík viðfangsefni muni koma upp á næstu árum og hv. þingmenn verði knúnir til þess af umbjóðendum sínum að kynna sér slík mál og hafa

skýra afstöðu til þeirra. Þá þýðir ekki að vera einhvers staðar á gráu svæði. Þessi mál eru það en við eigum að skýra þau skynsamlega og ákveða og tryggja leikreglur í samfélaginu eftir því sem kostur er.

Herra forseti. Ég met því þannig málið og stöðu þess núna: Án þess samkomulags í hv. allshn. sem hér hefur verið kynnt hefði endurskoðunarákvæðið verið miðað við fimm ár ef það hefði þá verið inni á annað borð. Þá var heldur engin trygging fyrir því að breytingar yrðu, heldur hefðu ákvæði um nafnleynd illu heilli fest sig í sessi. Þess í stað kveður hæstv. dómsmrh. saman nefnd sérfróðra aðila á sviði lögfræði, læknisfræði og siðfræði strax og lögin hafa verið sett eða við gildistöku þeirra. Hingað til hefur þetta svið verið eins konar adíafóra, utan seilingar þjóðfélagsins og utan þess að menn hafi haft á því skoðun, verið nánast einkamál nokkurra útvalinna í heilbrigðisstétt, enda hefur ekki alveg leynt sér tónninn frá þeim hinum sömu að þeim þyki sér misboðið undanfarið með því að annað fólk og fræðigreinar blandi sér í það sem þeim finnst að hafi hingað til verið þeirra einkamál. Slíkt getur ekki gengið. Hippókrates hefur vissulega dugað vel og siðareglur settar innan læknastéttar, en þjóðfélagið þarf að svara siðferðisspurningum. Það er ekki gert nema spurningarnar komi fram, þær séu vaktar. Í þessu máli sem hér hefur verið til umræðu hafa þær sannarlega verið vaktar og það er vel. Hið háa Alþingi þarf að taka á slíkum álitaefum þótt það sé ekki tilbúið í öllu til þess núna, en þó eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði: „Það er óvíða brýnna en á sviðum sem þessum."

Þess hefur verið getið við fyrri umræður málsins að þróunin sé ör bæði viðvíkjandi tækni við frjóvganir með tilgerðum ráðum og lagaþróun. Hið síðarnefnda, laga- og réttarþróunin er ör. Þannig er það varðandi mannréttindaákvæði og mannréttindaumræðu innan Evrópuráðsins og innan gjörvallra Sameinuðu þjóðanna. Íslensk laga- og réttarþróun stendur líka til þess að eðlilegt sé að hafa bráðabirgðaákvæðið svo skýrt og eindregið sem það er í breytingartillögu hv. allshn. Innan skamms verða sett upplýsingalög svo sem ég áður vék lítillega að, sem banna að halda leyndum nokkrum upplýsingum lengur en 80 ár og stjórnsýslulög banna að upplýsingum, heimildum, sé haldið leyndum fyrir þeim sem þær varðar. Það er óeðlilegt að ganga í þveröfuga átt við þessa einu lagasetningu.

Að lokum þetta, herra forseti. Breytingartillaga þeirra hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, Bryndísar Hlöðversdóttur og Kristínar Halldórsdóttur er sama efnis og breytingartillaga mín við 2. umr. málsins. Ég hef skýrt það hvers vegna mín breytingartillaga kemur ekki fram við 3. umr. Hún hefði fallið. Hún hefði legið óbætt hjá garði. Þess í stað er tryggt að áfram verði unnið að lagasetningunni af þeim sem gerst til þekkja og aftur muni þingið fá málið til umfjöllunar. Ég heiti á hv. þm. að tryggja að svo verði og málið fái meiri umræðu næst þegar það kemur til hv. þings eftir endurskoðun. Það er tekið upp úr þeim farvegi að aðeins lítill hópur innvígðra annist frumvarpsgerðina því fleiri fræðigreinar koma þar inn sem nauðsynlegt er og skylt.

Það er ótvíræður árangur að fá þetta bráðabirgðaákvæði inn sem kveður á um endurskoðunarnefnd. Ég tel það miklu betri kost að tími sé tekinn til þess næstu tvö árin að ljúka lagasetningu um tæknifrjóvgun og þá muni eiga við málshátturinn sem vitnað var í fyrr í kvöld: Það skal vel vanda sem lengi á að standa. Þá munu væntanlega verða sett lög sem verða stórum vandaðri en þau sem hafa þessa gloppu viðvíkjandi nafnleynd.

[23:57]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það dregur að lokum þessarar umræðu. Ég ætla að bæta við örfáum orðum, þar á meðal smávegis athugasemd sem ég kom ekki að í andsvari. En ég vil þó í upphafi segja að ég held að þessi umræða í kvöld hafi verið á marga lund mjög gagnleg, þau skoðanaskipti sem hér hafa farið fram milli þingmanna. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, þá geta þau viðhorf sem hér hafa komið fram verið til athugunar fyrir endurmat á þessum lögum að samþykktri viðbótartillögu eða fram kominni tillögu allshn. um nýtt ákvæði til bráðabirgða. Allt er þetta væntanlega af hinu góða. Við erum að ræða mál sem hefur margar hliðar, má segja, og þar sem menn vega og meta þær reglur sem setja ber og það er mjög nauðsynlegt.

Það er jafnframt mjög nauðsynlegt að talað sé skýrt í þessum efnum þannig að ljóst sé út frá hverju er gengið þegar reglur eru settar. Ég ætla ekki að fara að ræða frekar sjónarmið þeirra sem hafa verið andstæð mínum málflutningi og þeirra sem að breytingartillögu standa við 3. umr. ásamt mér.

Ég vil vekja athygli á því sem mér finnst vanta í umræðuna oft og tíðum þegar um þetta er fjallað. Það er talað um tæknifrjóvgun sem nokkurn veginn örugga leið ef öllum möguleikum sem tæknin leyfir er beitt, þar á meðal gjafakynfrumum án hindrana og með nafnleynd. Það er auðvitað víðs fjarri að svo sé og óvíst með öllu og reyndar útilokað að það geti orðið þrátt fyrir tækniframfarir, um nokkra allsherjarlausn að ræða. Samkvæmt upplýsingum um tæknisæðingu sem hér hefur verið stunduð, þá er það eitthvað nálægt því helmingur af þeim pörum, af því fólki sem hefur undirgengist slíka meðferð sem fær árangur, eitthvað nálægt því helmingur. Hinn helmingurinn fær þrátt fyrir allt sem fólk leggur á sig í þessu sambandi ekki þá niðurstöðu sem vænst var.

Varðandi glasafrjóvgun er þetta mun lægra hlutfall eða nærri þriðjungur og er þar þó um að ræða enn erfiðari aðgerð fyrir þá sem í hlut eiga. Þetta finnst mér að menn þurfi að hafa vel bak við eyrað þegar talað er um möguleikana til þess að leysa vanda einstaklinganna sem hefur orðið svo fyrirferðarmikill í umræðunni. Ég tel rétt að nefna það vegna þess sem hér hefur komið fram um hversu auðvelt þetta sé allt saman, en ég held að það sé vissara að slá þar varnagla. Ég held að álagið á einstaklingana sem í hlut eiga sé mjög mikið oft og tíðum, margar tilraunir sem fólk gengur í gegnum og fyrir fjölmarga eru lyktirnar þær að enginn árangur næst. Yfir þetta má auðvitað ekki draga fjöður þótt jafnframt sé nauðsynlegt að reyna að létta þessa meðferð eftir því sem fært er samkvæmt settum reglum.

Ég held einnig að hið andlega álag sem þessu tengist sé verulegt og það sé engan veginn hægt að halda því fram að þar sé í rauninni um auðvelda hluti að ræða. Ég held að það sé a.m.k. betra að það sé vel fylgst með þeirri hlið, enda af mjög mörgum hvatt til ráðgjafar í sambandi við þessi mál og að auka ráðgjöf við viðkomandi hjón eða sambúðarfólk sem leitar eftir tæknifrjóvgun til þess að létta því gönguna. Sama gildir síðar að því er varðar barnið.

Ég vil að lokum ítreka að ég tel enga lagatæknilega meinbugi á brtt. okkar fjögurra sem hér hefur verið til umræðu. Ég nefndi þegar ég mælti fyrir tillögunni að mjög hliðstæð tillaga hefði verið mótuð af þremur þingflokkum norska

Stórþingsins. Hún er örstutt og náði ekki samþykki. Ég hef hana fyrir framan mig og get lesið hana yfir ef menn vilja á hlýða, en á norskunni er hún þannig:

„Helsepersonell er pliktet til å sørge for at sædgivers indentitet blir registrert og lagret slik at barnet ved fylte atten år kan ha anlending til å få kjennskap til biologisk fars identitet."

Í lauslegri þýðingu á íslensku: Heilbrigðisstarfsfólk er skuldbundið til að sjá til þess að upplýsingar um sæðisgjafa séu skráðar og varðveittar þannig að barnið við 18 ára aldur eigi þess kost að fá vitneskju um líffræðilegan föður. Sú tillaga sem samþykkt var gerði hins vegar ráð fyrir nafnleynd og var mjög einföld í sniðum og gildir þannig sem lög. Með vísan til þessa og ef menn vilja bera saman held ég að það sé öllum ljóst að hér er ekki teflt á neitt tæpt vað að þessu leyti og þarf þó ekki neinna sérstakra vitna við.

Síðan vil ég taka það skýrt fram að það liggur ekki nema ein tillaga frá okkur fjórum fyrir. Það er ekki um neina aðra útgáfu að ræða þó að af tæknilegum mistökum hafi annar texti farið í dreifingu. Því er tómt mál að vera að tala um samanburð þar á milli. Ég vek á því athygli og bið menn að ganga út frá þeim tillögum sem fyrir liggja en ekki einhverjum textum sem ekkert gildi hafa.

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram hefur komið hjá mörgum við umræðuna. Við erum að fjalla um svið sem mun stækka og þar sem spurningarmerkjunum mun fjölga, þar sem menn munu vafalaust verða fyrir því að knúið verður á um að fá sem rýmstan rétt til nýrra tilrauna og rýmri löggjafar en gildir nú. Ég held að löggjafarsamkoman, bæði hér sem annars staðar, þurfi að búa sig undir að geta svarað þeim spurningum í vaxandi mæli. Það skiptir afskaplega miklu jafnframt að löggjafinn sé ekki alltaf á eftir í mótun á reglum, alltaf á eftir tækninni, eins og er í þessu tilviki má segja, sem veldur því að erfiðara er að marka þær reglur sem menn gætu hafa verið sammála um fyrir fram að væru eðlilegar viðmiðanir. Þarna hlýtur þó alltaf að vera um ákveðið samspil að ræða og ég bið engan að skilja orð mín þannig að ég vilji útiloka rannsóknir og þróun á þessu sviði eða öðrum. En ég er jafnsannfærður um það að öllum er fyrir bestu að menn finni þar ákveðin takmörk, setji þau mörk og virði þau.

[00:06]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi þýðing sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson las upp á norskunni áðan sýni vissulega að þetta orðalag hefur talist eðlilegt í norska þinginu. Og því ekki hér? Kannski það hafi einmitt verið ástæðan fyrir því að tillagan var felld að það er ekki tekið nógu skýrt fram hver réttarstaða gjafans og þiggjandans er.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er eingöngu þessi tillaga sem hér er til umræðu og það er einmitt þess vegna sem ég lagði mikla áherslu á að lesa upp hina tillöguna. Ef þessi tillaga verður samþykkt vil ég að það komi skýrt fram hvaða merkingu ég legg í réttarstöðu þiggjanda og gjafa, nefnilega þann að nafnleynd eigi að ríkja hjá þessum aðilum þangað til barnið verður 18 ára, en þá verði réttur barnsins og gjafans gagnvirkur.

[00:08]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi umræður í norska þinginu er það svo að það var ekki deilt þar um orðalag viðkomandi tillagna, hvorki meiri hluta né minni hluta. Ekki fékk ég séð að það væru þar uppi neinar sérstakar efasemdir. Málin voru vegin og metin út frá öðrum rökum, meiri hluti og minni hluti var til staðar og uppgjör fór fram á grundvelli þess. Ég tel því ekki að það hafi verið nein hindrun í vegi tillögu Miðflokksins, Kristilega þjóðarflokksins og Sósíalíska vinstri flokksins hvernig tillagan var orðuð.

Varðandi skilning hv. þm. er það að sjálfsögðu góður réttur þingmannsins að leggja sínar túlkanir í mál og koma því á framfæri og ekki neitt við það að athuga. Ég ætla ekki að hafa þar uppi neinar leiðbeiningar. Tillagan liggur fyrir og er auðvitað eins og annar lagatexti til túlkunar fallin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 00:10.

---

138. FUNDUR

miðvikudaginn 15. maí,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 254. mál, þskj. 896. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 308. mál, þskj. 897. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 368. mál, þskj. 645. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 154. mál, þskj. 906, brtt. 842, 949 og 950. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Lögræðislög, frv., 456. mál, þskj. 789. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Lögræðislög, frv., 457. mál, þskj. 790. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 518. mál, þskj. 951. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 334. mál, þskj. 587, nál. 963, brtt. 964. — 2. umr.
10. Upplýsingalög, stjfrv., 361. mál, þskj. 630, nál. 899, brtt. 900. — 2. umr.
11. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 536, nál. 927, brtt. 928. — 2. umr.
12. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 363. mál, þskj. 632. — 1. umr.
13. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
14. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 371, nál. 924, brtt. 925, 929 og 972. — 2. umr.
15. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554, nál. 941, brtt. 942. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

[14:02]

Útbýting þingskjals:
Umgengni um auðlindir sjávar, 249. mál, brtt. VE, þskj. 972.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 650, nál. 886 og 912, brtt. 887, 930 og 945.

[14:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Forseti vill geta þess áður en atkvæðagreiðslan hefst að hann hefur ráðfært sig við fulltrúa meiri og minni hluta í efh.- og viðskn. um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar og verður henni hagað í samræmi við þær óskir sem settar hafa verið fram um atkvæðagreiðsluna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Till. í nál. 912 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 33:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, SJóh, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH.

nei: EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, KF, ÓE.

11 þm. (GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ, ÁRÁ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:06]

Jón Baldvin Hannibalsson:
Herra forseti. Minni hluti efh.- og viðskn. leggur til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ástæðurnar eru eftirfarandi: Laun opinberra starfsmanna eru sannanlega lægri en ella væri vegna þess að þeim eru talin tryggð margvísleg réttindi umfram það sem gerist og gengur á almenna vinnumarkaðnum, ýmist með lögum eða kjarasamningum og í sumum tilvikum með lögum sem byggð eru á niðurstöðum kjarasamninga. Með þessu frv. leggur hæstv. ríkisstjórn til að ýmist afnema eða skerða einhliða þessi lögbundnu og umsömdu réttindi án þess að verða við einróma tilmælum um að ganga þá til samninga um það annars vegar hverju skuli breyta og hins vegar um að bæta skerðingu réttinda með samningum um hærri laun.

Þetta er grundvallaratriði. Ríkisstjórnin er með þessum hætti einhliða og með lögum án eðlilegra samninga að hlutast til um þessi málefni. Við erum andvígir því. Ég segi þess vegna já við þessari tillögu.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Við í þingflokki Alþb. og óháðra stöndum að þessari frávísunartillögu ásamt með öðrum stjórnarandstöðuflokkum. Við teljum vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í öllu þessu máli vera óverjandi. Með þessu máli, bæði vinnubrögðunum og innihaldi þess, er hæstv. ríkisstjórn að segja í sundur friðinn og efna til ófriðar á vinnumarkaði sem engin leið er að sjá fyrir endann á hvaða afleiðingar hefur.

Síðast en ekki síst er einhliða verið að raska lögbundnum réttindum launamanna á gildistíma kjarasamnings. Slíkt er óverjandi framkoma og getur ekki leitt til annars en ófarnaðar. Það er því öllum fyrir bestu og sérstaklega hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar á Alþingi að þetta mál verði tekið af dagskrá þingsins. Við segjum því já við tillögu um að vísa því aftur til föðurhúsanna, þ.e. ríkisstjórnarinnar.

[14:09]

Vilhjálmur Egilsson:
Hæstv. forseti. Ég vil mæla gegn frávísunartillögunni. Þetta frv. er vel samið, málið er viðamikið. Frv. hefur fengið ítarlega umfjöllun í þingnefndinni. Frv. hefur fengið óvenjuítarlega umræðu á hinu háa Alþingi. Það hefur verið reynt að gera ýmis atriði í frv. tortryggileg og hræða fólk en að þessu frv. samþykktu mun koma í ljós að ekki eru skert nein réttindi sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Þar sem réttindi eru takmörkuð í frv. er verið að gera sjálfsagða hluti. Ég segi því nei við þessari frávísunartillögu.

[14:10]

Ögmundur Jónasson:
Hæstv. forseti. Þingflokkur Alþb. og óháðra er andvígur frv. Frv. skerðir samningsbundin kjör og áunnin réttindi. Frv. stangast á við alþjóðlegar skuldbindingar. Frv. stangast á við stjórnarskrá landsins. Frv. skerðir félagafrelsi. Frv. býr í haginn fyrir neðanjarðarlaunakerfi. Frv. er ávísun á aukið launamisrétti. Frv. eykur forstjóravald á kostnað almennra starfsmanna. Þetta er frv. um húsbændur og hjú. Þetta er vitnisburður um ríkisstjórn sem vinnur ólýðræðislega. Frv. er vitnisburður um ríkisstjórn sem í einu og öllu hlýðir fyrirskipunum atvinnurekenda. Frv. er siðlaust. Þessi vinnubrögð eru siðlaus. Þessi ríkisstjórn er siðlaus. Við höfnum frv. en styðjum tillögu um að frv. verði vísað til föðurhúsanna. Ég segi já.

[14:12]

Ágúst Einarsson:
Herra forseti. Tillaga stjórnarandstöðuflokkanna um að vísa málinu til ríkisstjórnarinar er eina rétta og rökrétta niðurstaðan í þessu máli. Frv. er ein alvarlegasta atlaga að réttindum opinberra starfsmanna í áratugi. Það er unnið án samráðs við stéttarfélög. Það er illa unnið. Samþykkt þess mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Með samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er verið að greiða atkvæði um, er gefinn kostur á því að finna málinu betri farveg en ríkisstjórnin hefur valið. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til efnislegrar atkvæðagreiðslu um 1. gr. þessa frv. Eins og fram hefur komið og rækilega hefur verið rökstutt af okkar hálfu sem því erum andvíg teljum við að lögleiðing þess með þeim hætti sem hér stendur til sé ógæfuspor og við greiðum því atkvæði gegn greininni eins og venja er þegar um frv. er að ræða sem menn eru andvígir og fyrst kemur til atkvæða 1. gr. þess.

Ég mótmæli sérstaklega því sem formaður efh.- og viðskn. sagði áðan að hér sé um vel samið og vel unnið frv. að ræða. Það er öðru nær. Það liggur fyrir m.a. í fjölda breytingartillagna frá meiri hlutanum sjálfum að frv. var hrákasmíð eins og það kom inn í þingið og er enn stórgallað og illa unnið. Það liggur enn fremur fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur sjálf viðurkennt að óhjákvæmilegt sé að taka málið til nefndar milli 2. og 3. umr. vegna þess að enn eru á því augljósir gallar og fingurbrjótar sem á að reyna að lagfæra. Það eru því öll rök, bæði efnisleg og pólitísk, fyrir því að fella þetta frv. úr því að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar féllst ekki á að taka það til sín eins og greidd voru atkvæði um áðan. Ég segi nei, herra forseti.

[14:15]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. sem verið er að greiða atkvæði um er um skerðingu á réttindum starfsmanna ríkisins. Það felur í sér óeðlileg og óviðunandi afskipti af innri málefnum stéttarfélaganna og verulega skerðingu á samningsrétti þeirra. Þetta er frv. sem setur í uppnám ýmis grundvallarréttindi starfsmanna ríkisins, svo sem að því er tekur til fæðingarorlofs og veikindadaga, það afnemur fyrirframgreiðslu og biðlaunarétt nýrra starfsmanna, færir forstöðumönnum óeðlilegt vald til að ráðgast með undirmenn og þannig mætti áfram telja.

Þetta frv. er andstætt hagsmunum kvenna sem eru meiri hluti starfsmanna ríkisins. Þetta er frv. um breytingar á réttindum sem hafa verið metin ígildi launa og starfsmenn ríkisins hafa goldið fyrir með lægri launum en ella. Þess vegna á að tengja breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frjálsum samningum um kaup og kjör. Ég segi nei við þessari grein og frv. í heild.

[14:16]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ein meginrök hæstv. fjmrh. og talsmanna hæstv. ríkisstjórnar til stuðnings þessu frv. hafa verið þau að það sé til þess að koma í staðinn fyrir úrelta löggjöf og það sé sett fram í anda nútímalegrar stjórnunarstefnu. Nútímaleg stjórnunarstefna byggir á þeim grundvallarhugmyndum að draga úr miðstjórnarvaldi og boðvaldi og leita eftir því að setja samskipti vinnuveitenda og starfsmanna í farveg samráðs og samvinnu. Sú málsmeðferð, sem hæstv. ríkisstjórn beitir í þessu máli, þverbrýtur þessa grundvallarreglu og þegar af þeirri ástæðu er ástæða til þess í atkvæðagreiðslu um 1. gr. frv. að hafna því og vísa því til ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei, herra forseti.

[14:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er bersýnilegt að ríkisstjórnin hyggst knýja þetta mál áfram núna á þessum þingfundi í óþökk allra stjórnarandstöðuþingmanna. Þetta frv. er einhliða inngrip í samningaumgerð opinberra starfsmanna og kjarasamninga þeirra og afnemur réttindi þeirra að hluta. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan öll og verkalýðshreyfingin er eindregið á móti frv. Þingflokkur Þjóðvaka er algerlega á móti þessu frv. Ég segi nei.

[14:18]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi því yfir að ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með frv. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um áðan fékk þetta mál góða og málefnalega umfjöllun í efh.- og viðskn. þar sem tekið var tillit til fjölmargra ábendinga og athugasemda sem komu fram í málinu. Eins og hv. þm. veit starfar efh.- og viðskn. undir kjörorðinu „Lengi getur gott mál batnað".

Brtt. 887,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða 1. tölul. breytingartillagna á þskj. 887 frá meiri hluta efh.- og viðskn. Við í þingflokki Alþb. og óháðra og minni hlutinn almennt munum sitja hjá um þessar breytingartillögur, fyrst og fremst vegna þess að þær breyta engu um eðli málsins eins og fram hefur komið og breyta engu um andstöðu stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar við málið. Flestar eru breytingartillögurnar minni háttar tæknilegar lagfæringar, tilraunir til að lappa upp á þetta illa unna og hroðvirknislega gerða frv. og er þó langt frá því að þar sé róið fyrir hverja vík.

Með vísan til þessa eru breytingartillögurnar miklu fremur staðfesting á því að hér er ótækt mál á ferðinni, þær endurspegla ekki vilja til þess að ná samkomulagi um málið þar sem ekki er hróflað við þeim efnisatriðum í frv. sem mestur ágreiningur er um. Við sjáum því ekki ástæðu til þess að vera að taka efnislega afstöðu til einstakra breytingartillagna þar sem þær breyta ekki neinu um andstöðu okkar við málið í heild.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HjálmJ*, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

3.–6. gr. frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

7. gr., 1. mgr. og 1.–2. málsl. 2. mgr., samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:22]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið afnema fortakslausa skyldu til þess að auglýsa stöður á vegum ríkisins og auk þess er verið að binda þær auglýsingar sem um ræðir við Lögbirtingablaðið sem fáir hafa aðgang að. Ég tel rétt að allar lausar stöður séu auglýstar opinberlega á annan hátt til þess að tryggja sem flestum möguleika á að sækja um þær. Ég segi því nei við þessari grein.

Brtt. 887,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

7. gr., 3. málsl. 2. mgr., svo breyttur, og 3. mgr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,3.a samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StG, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,3.b samþ. með 32:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, KF, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÓE.

nei: KH, LB, MF, SJóh, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH.

3 þm. (KHG, ÖS, ÍGP) greiddu ekki atkv.

11 þm. (KÁ, RG, SP, StB, SvanJ, ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með þessu ákvæði er horfið frá félagslegum samningum hjá hinu opinbera og tekið upp fyrirkomulag einstaklingsbundinna samninga á forsendum forstjóranna. Ég bið menn um að taka rækilega eftir því hvernig menn greiða atkvæði um þetta ákvæði vegna þess að hér erum við að tala um grundvallaratriði. Alls staðar þar sem farið hefur verið inn á þessa braut hefur það leitt til aukins launamisréttis, til aukins launamunar á milli hárra og lágra, aukins launamisréttis á milli karla og kvenna og ég vek athygli á því að í umræðum hér hafa hæstv. fjmrh. og hv. formaður efh.- og viðskn. aldrei rætt málefnalega um þetta ákvæði. Þeir segjast ætla að tryggja jafnrétti með reglum. Þeir hafa aldrei komið fram með upplýsingar um hverjar þær reglur skulu vera. Þetta ákvæði er ávísun á aukið launamisrétti. Ég segi nei.

[14:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Samkvæmt þessari grein sem hér eru greidd atkvæði um fá forstöðumenn stofnana heimild til að umbuna fyrir það sem kallað er hæfni, sérstakt álag eða árangur í starfi. Í Sovét forðum tíð kenndu þeir svona kerfi við Stakanov. Hæstv. fjmrh. er að ganga í gervi Stakanovs að sovéskri fyrirmynd með þessu ákvæði og það er hann sem á að setja reglur um það hvernig útfært skuli og hefur auk

þess stöðugt eftirlit með þessum reglum samkvæmt orðanna hljóðan. Síðan má breyta þessu ákvæði hvenær sem er og fjmrh. getur sjálfur að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun og tuktað forstöðumennina til í leiðinni. Þetta er ótrúlegt kerfi sem hér á að innleiða og það er jafngott að menn séu í náðinni. Ég segi nei.

[14:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að festa í sessi neðanjarðarlaunakerfið og auka því enn á misréttið í launamálum í landinu. Þetta ákvæði mun líka stuðla enn frekar að launamisrétti kynjanna en nýleg launakönnun sýnir að tvo þriðju hluta launamunar milli kvenna og karla megi skýra í mismunun í greiðslum sem ákvarðaðar eru eftir geðþótta yfirmanna. Þetta ákvæði sýnir vel siðleysið í hinni nýju starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei við þessu eftirlitslausa geðþóttalaunakerfi forstjóranna.

[14:32]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Rök talsmanna stjórnarliðsins fyrir þessu ákvæði eru m.a. þau að færa opinbera stjórnsýslu til samræmis við það sem tíðkast á almennum vinnumarkaði, þar með að færa forstjórum völd til þess að umbuna þeim starfsmönnum sem fram úr skara í nafni sveigjanlegra launakerfa. Því miður er ekki hægt að styðja þetta í þessari mynd af þeirri einföldu ástæðu að starfsmenn hafa mjög óttast það að hér sé boðið heim geðþóttavaldi forstjóra. Við lögðum til í efh.- og viðskn. að skrefið yrði stigið til fulls, þ.e. að eins og á almenna vinnumarkaðnum yrði komið upp stjórnum við hlið forstjóra í opinberum stofnunum þannig að bæði væri um að ræða eftirlitsvald og ábyrgð með framkvæmd auk þess sem við höfum ekki enn fengið að sjá reglur fjmrh. Af þessum ástæðum er því miður ekki hægt að greiða atkvæði með þessu og ég segi því nei.

Brtt. 887,3.c samþ. með 33:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

2 þm. (KHG, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að opna heimildir til að afnema viðbótarlaun starfsmanna ef farið er fram úr fjárlögum. Fjárlög eru háð vilja Alþingis. Það er til að mynda kunnugt að heilbrigðisstofnanir fara oft fram úr óraunhæfum fjárlögum ríkisstjórnar hverju sinni. Svar ríkisstjórnarinnar með þessu ákvæði er að refsa starfsfólki með launalækkunum. Ég segi nei.

[14:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því hvað hér er verið að greiða atkvæði um. Hér er verið að greiða atkvæði um heimild til fjmrh. til að breyta ákvörðunum einstakra forstjóra um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar eins og segir orðrétt í þessu ákvæði og afnumin heimild einstakra forstöðumanna til að ákveða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög. Hvaða stofnanir skyldu þetta vera? Þetta eru sjúkrastofnanir, þetta eru skólarnir, þetta eru stóru, fjölmennu láglaunavinnustaðirnir sem á að vera heimilað samkvæmt þessari grein að afnema þessar viðbótargreiðslur hjá. Ég vek sérstaklega athygli á því að talað er um „reglurnar". Þingmenn hafa aldrei fengið að sjá þessar reglur. Þessar reglur eru ekki til og það hefur margoft verið farið fram á það við þessa umræðu að hæstv. fjmrh. og hv. formaður efh.- og viðskn. geri grein fyrir þessum reglum. Þær eru ekki til. Þetta er marklaust tal. Ég segi nei.

9. gr., svo breytt, samþ. með 32:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

2 þm. (KHG, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,4 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,5 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 930 kölluð aftur til 3. umr.

12. gr. samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. 12. gr. frv. fjallar um rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og eftir atvikum ákveðið eða um samið, svo vitnað sé beint til texta frv. Greinin ásamt athugasemdum í greinargerð og bráðabirgðaákvæði frv. gefa misvísandi upplýsingar þannig að með samþykki þessarar greinar er það almennt mat að veikinda- og fæðingarorlofsréttur starfsmanna ríkisins sé settur í uppnám. Ef það er ætlun fjmrh. eða ríkisstjórnarinnar að halda óbreyttu fyrirkomulagi eins og haldið hefur verið fram í umræðunni væri eðlilegt að segja skýrt í lögum hver lágmarksrétturinn er og semja megi um betri rétt. Það er ekki gert hér og því munum við þingkonur Kvennalistans greiða atkvæði gegn þessari grein og koma með brtt. við 3. umr. sem kveður á um skýra lagastoð fyrir fæðingarorlofi starfsmanna ríkisins. Ég segi nei.

[14:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að með þessu ákvæði er ríkisstjórnin að undirbúa jarðveginn fyrir það að geta skert rétt opinberra starfsmanna í veikindaforföllum og fæðingarorlofsréttinn. Ég segi nei.

[14:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með þessu ákvæði er veikindaréttur og réttur til fæðingarorlofs settur í fullkomið uppnám sérstaklega í ljósi yfirlýsinga einstakra hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar sem gefa fullt tilefni til að ætla að skerða eigi þessi réttindi. Yfirlýsingar hafa komið frá ráðherrum í ríkisstjórn um að til standi að skerða þessi réttindi. Þess vegna segi ég nei.

[14:41]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt að hafa hlutina í lagi báðum megin Tröllaskagans. Ég lýsi því yfir að ég greiði atkvæði með þessari tillögu. Eitt af því sem hefur verið mjög umtalað í þessari umræðu hefur verið að reyna að sá tortryggni þess efnis að veikindaréttur og fæðingarorlofsréttur væri í uppnámi. Það mun hins vegar koma í ljós við samþykkt þessa frv. að það mun enginn við samþykkt þess missa nokkurs hlutar í fæðingarorlofi né heldur í veikindarétti og ég hygg að málið muni þá fá enn meira fylgi en það hefur nú.

Brtt. 887,6 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

14.–16. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessari grein er verið að skylda starfsmenn til að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þetta er dæmi um ákvæði sem á ekki að vera í nútímalöggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta gildir ekki á almennum markaði sem ríkisstjórnin ber sig saman við þegar henni hentar. Ég mótmæli þessu ákvæði sem er úrelt. Ég segi nei.

18.–19. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÖS.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þessari lagagrein er ríkisstarfsmönnum gert að tilkynna um launuð störf önnur en þau sem þeir gegna í þjónustu ríkisins. Ef þeir eiga sæti í stjórnum atvinnufyrirtækja eða stofna til atvinnurekstrar ber þeim að greina stjórnvaldi frá slíku. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því í þessum sal að einn hópur opinberra starfsmanna, ef svo má að orði komast, er undanþeginn þessu ákvæði og sá hópur situr í þessum sal og það eru alþingismenn. Ég vil beina því til hv. formanns efh.- og viðskn. hvort sú nefnd kanni ekki sérstaklega hvort ástæða sé til að setja sérstakar reglur um alþingismenn hvað þetta snertir þannig að þeir hlutir séu allir uppi á borðinu.

[14:47]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi því yfir að ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með þessari grein. Hér er um sjálfsagt ákvæði að ræða og ekki síst fyrir viðkomandi starfsmann þannig að það sé fljótt og vel hægt að leysa úr því hvort það starf sem hann hefur með höndum auk aðalstarfs síns samræmist því sem hann er að gera fyrir ríkið.

Varðandi það sem hv. þm. fjallaði um um alþingismenn vek ég athygli á því að hv. kjósendur vissu það mjög vel og hann fór ekkert í launkofa með það að hann væri formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þeir kusu hann þrátt fyrir það og ég treysti honum mjög vel í hvort tveggja.

[14:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta ákvæði er nánast óbreytt frá gildandi lögum og auðvitað er ekki nema eðlilegt á vinnustað ef menn taka að sér aukastörf annað en um það sé vitað. Þar sem ég hef unnið, hvort sem það hefur verið sem alþingismaður eða t.d. blaðamaður eða kennari, þá hefur stundum verið reynt að taka tillit til þess.

Hitt féll mér ekki hvernig hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði til annarra þingmanna og gerði það í einhverjum sérstökum tón eins og hann væri að færa sig upp á einhvern sérstakan sess ofar okkur hinum, ugglaust vegna þess að menn eru að hlusta á sölum uppi og kann ég ekki við slíkan málflutning. Ég segi já.

21. gr., að orðunum: „hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi“, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

21. gr., „hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi“, samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni satt best að segja alveg ótrúlegt ákvæði þar sem ætlunin er að taka inn í lagatexta matsatriði af þessu tagi og búa um það með þeim hætti sem lagagreinin kveður á um. Að það skuli sett í vald yfirmanns að meta hvort tiltekinn starfsmaður hafi náð fullnægjandi árangri í starfi og án nokkurra leiðbeininga skal síðan beita viðurlögum ef svo telst ekki vera af hálfu viðkomandi yfirmanns. Hér er verið að fela yfirmönnum og ráðherra geðþóttavald án nokkurra takmarkana og án nokkurra verklagsreglna sem fyrir lægju um það hvernig með skuli fara. Þetta er hluti af þeirri ógeðfelldu breytingu sem er að verða á þessum lögum að annars vegar hafa forstöðumenn og ráðherrar heimildir til persónubundinna launauppbóta en á hina hliðina hafa þeir vald til að reka menn eins og þeim sýnist ef þeir teljast ekki hafa náð fullnægjandi árangri í starfi að þeirra mati, að mati forstöðumannanna. Þetta er ósæmilegur umbúnaður að öllu leyti og mun gerbreyta andrúmslofti á opinberum vinnustöðum til hins verra og er eitt af því versta við þetta frv. og er þá mikið sagt.

[14:52]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Það er eitt af grundvallarverkefnum hvers stjórnanda að meta það hvort starfsmenn hans eru að ná fullnægjandi árangri í starfi eða ekki. Þess vegna er afar undarlegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli láta þetta ákvæði fara svo mikið fyrir brjóstið á sér sem hann gerir.

Það liggur líka fyrir að það er ekki hægt að segja starfsmanni upp vegna þess að hann hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi án þess að forstöðumaður veiti honum skriflega áminningu og það sé farið yfir það hvort hægt sé að bæta þar úr. Þetta er grundvallaratriði í því að ná góðri stjórnun í ríkisstofnunum. Ef þetta er versta málið í frv. að mati hv.

þm., þá staðfestir það enn þá einu sinni að málið er harla gott.

Brtt. 887,7 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

21. gr., frá orðunum: „hefur verið ölvaður ...“, til loka greinarinnar, svo breyttrar, samþ. með 32:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁRÁ, FI, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,8 kölluð aftur til 3. umr.

22. gr. samþ. með 33:16 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (JBH, KHG, LB) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er að finna í frv. einhvern skringilegasta umbúnað um störf manna á vegum ríkisins sem um getur í þessu frv. Hér er flokkunin í embættismenn og óbreytta uppi og í greinargerð með frv. er sagt: „Hugtakið „embættismaður“ er fyrst og fremst notað í frv. vegna þess að það kemur fyrir í 20. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem stefnt er að því að embættismenn teljist þeir einir sem fást við æðstu stjórn ríkisins og sinna öryggisgæslu.“ Það er farinn að stækka þessi bekkur samkvæmt 22. gr. sem hér er verið að greiða atkvæði um og það eru orðnir ótrúlegustu aðilar sem eru að smeygja sér upp í þennan bekk allt frá mönnum sem sinna geistlegum störfum yfir í prófessora uppi á Melum við Háskóla Íslands sem hafa sent sérstaka bænaskrá til nefndarinnar um það að verða teknir með á bekkinn, þeir sem nú gegna störfum.

Virðulegur forseti. Það er ekki að undra þótt meiri hlutinn kalli nú brtt. til baka og við skulum vona að það verði einhver annar umbúnaður sem kemur þegar málið kemur til atkvæða. Ég segi nei við greininni.

Brtt. 887,9 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 34:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JBH) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:57]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi grein fjallar um tímabundna skipun embættismanna. Með þessari grein og 41. gr. er í reynd afnumin svokölluð æviráðning sem hefur verið við lýði víða í ríkiskerfinu. Þetta hefur hins vegar verið samningsmál í fjölmörgum tilfellum. Með útfærslunni í þessari grein og öðrum eru fjölmargar stéttir sviptar samnings- og verkfallsrétti án þess að talað sé við þær á réttum vettvangi. Þetta eru óhæf vinnubrögð að mínu mati. Ég segi nei.

[14:58]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Eitt af grundvallaratriðum í því að ná auknum sveigjanleika í ríkisrekstrinum og eitt af þeim málum sem hefur hvað mestan almennan stuðning er að afnema sjálfkrafa æviráðningu embættismanna þannig að það fari ekki eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði í umræðum um þetta mál að embættismenn hafi ekki embætti að léni fyrir lífstíð. Ég segi því já við þessari grein, hæstv. forseti.

24.–25. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,10 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

26. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKG, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,11 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SJS, StB, SvanJ) fjarstaddir.

27. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

28.–29. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

30. gr., 1. mgr., samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:01]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í þessari grein er því lýst hvernig við skuli bregðast ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa og skal þá veita honum lausn frá störfum. Í 2. mgr. sömu greinar er því hins vegar lýst að ef um er að ræða langtímaveikindi er heimilt að veita honum lausn frá störfum. Hér er í raun spurningin um það hversu mannúðleg sjónarmið eiga að ráða eða ekki að ráða út frá sjónarmiði vinnuveitenda. Ég felli mig ekki við þetta orðalag um skyldu í slíkum tilvikum vegna þess að hér getur verið um mjög svo viðkvæm, persónubundin, einstaklingsbundin tilvik. Þarna hefði átt að vera heimildarákvæði. Þess vegna get ég ekki annað en lýst andstöðu minni við þessa grein.

[15:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að lögfesta að reka megi opinbera starfsmenn úr vinnu vegna heilsubrests. Þetta er eitt af ljótustu ákvæðum frv. og eitt af mörgum dæmum á þessu fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar um hvernig stjórnarflokkarnir eru sífellt að skerða kjör og aðbúnað sjúkra í þjóðfélaginu. Ég segi nei.

Brtt. 887,12 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

30. gr., 2. mgr. og 3. mgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

31.–33. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

34.–35. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með 34. og 35. gr. frv. er afnuminn svonefndur biðlaunaréttur. Fyrir utan það sem almennt á við um málatilbúnaðinn í þessu frv. er tvennt sérlega ámælisvert eins og hér er ætlunin að standa að verki. Það fyrra er að þessi breyting er gerð á gildistíma gildandi kjarasamnings og það síðara er að eins og hér er gengið frá málinu ríkir fullkomin óvissa um stjórnarskrárbundinn rétt eða einstaklingsbundinn rétt manna að þessu leyti og hvað um hann verður.

Það er næsta víst að þessi frágangur málsins mun kalla á málaferli og bjóða því heim að hér standi linnulaus málaferli og óvissa ríki á komandi missirum um áhrifin af þessum lagabreytingum. Hvort tveggja er fráleitt að raska réttarumhverfi kjarasamninga á gildistíma þeirra með þeim hætti sem hér er gert en hitt er enn verra að stofna til óvissu um jafnvíðtækan, almennan rétt eins og biðlaunaréttur opinberra starfsmanna hefur verið. Af þessum tveimur ástæðum er með öllu óásættanlegt að afgreiða málið eins og hér er lagt til og við í þingflokki Alþb. og óháðra greiðum því atkvæði gegn þessu ákvæði eins og það er fram borið.

[15:06]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Það er mjög eðlilegt að takmarka biðlaunarétt með þeim hætti sem gert er í þessu frv. Það þýðir að starfsfólk sem er í vinnu hjá ríkinu og verður fyrir því að starf þess er lagt niður nýtur raunverulegra biðlauna ef það heldur ekki áfram störfum, annaðhvort hjá sama vinnuveitanda eða þá í öðru starfi, og réttindin sem slík eru því ekki takmörkuð þannig að tjóni valdi svo heitið geti.

Varðandi það að ekki skuli samið um þetta í kjarasamningum fer það einfaldlega ekki saman að halda því fram að eitthvað sé stjórnarskrárvarinn eignarréttur einstaklings og síðan að hægt sé að semja um það í kjarasamningum. Að sjálfsögðu er ekki hægt í kjarasamningum að taka stjórnarskrárvarinn eignarrétt af einstaklingum. Ég hygg að engin óvissa sé um að það stenst stjórnarskrá að takmarka biðlaunaréttinn með þessum hætti og þeim peningum, sem færu í málaferli af því tagi, væri kastað á glæ.

[15:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég stóð í þeirri trú að hér á landi væri enn þá hægt að semja um réttindi og þar með eignir sem síðan heyrðu undir stjórnarskrána og væru varin af henni þannig að þetta er harla undarleg röksemdafærsla. Ég vil benda á að hér er verið að skerða áunnin réttindi gagnstætt því sem hæstv. forsrh. sagði á sínum tíma fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hann tók það sérstaklega fram í umræðu um lífeyrisréttindi en hér er verið að skerða áunnin réttindi og stangast þetta því á við fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um það sem hún er að gera í reynd.

Við umræðuna um frv. var bent á að auki að þessi lagaklásúla væri mjög illa framkvæmanleg og voru færð mjög ítarleg rök fyrir því máli. Eins og um aðrar greinar fengust engin gagnrök að sjálfsögðu, engin umræða af hálfu hæstv. fjmrh. eða formanns efh.- og viðskn. þingsins. Ég segi nei.

36. gr., fyrri mgr., samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því að með þessu ákvæði er verið að færa afar óeðlilegt vald í hendur yfirvaldi þar sem stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, getur flutt hann úr einu embætti í annað án þess að hann hafi nokkuð um það að segja. Þetta ákvæði er tengt við og rökstutt með tilvísun í 20. gr. stjórnarskrárinnar en sú grein hefur alltaf verið túlkuð mjög þröngt og aðeins gilt um örfáa æðstu embættismenn. Með þeirri tillögu sem hér um ræðir gæti þetta ákvæði náð til fjölda starfsmanna og gerbreytt starfsumhverfi þeirra eins og svo margt annað í frv. Það felur í raun í sér möguleika á nauðungarflutningi starfsmanna í þjónustu ríkisins án þess að tryggja þeim nokkur áhrif á slíka ráðstöfun. Þetta er enn eitt dæmið um lítilsvirðingu stjórnvalda gagnvart starfsmönnum ríkisins sem birtist í þessu frv. Ég segi nei, herra forseti, við þessari málsgrein 36. gr.

36. gr., síðari mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

37. gr., fyrri mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,13 samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StB, SvanJ) fjarstaddir.

37. gr., síðari mgr., svo breytt, samþ. með 34:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er kveðið á um að hægt sé að lengja uppsagnarfrest opinberra starfsmanna í allt að sex mánuði og sama á við í ákvæðum 46. gr. frv. Þetta er óþolandi valdníðsla og brot á mannréttindum fólks. Þetta er líka frekleg íhlutun í ákvörðun fólks um að ráða sjálft hverjum það selur starfskrafta sína. Ákvæðið gengur líka gegn markmiðum frv. um að samræma réttindi og skyldur á almennum vinnumarkaði og hjá opinberum starfsmönnum. Það er einkennandi fyrir frv. að því sem er íþyngjandi umfram almennan vinnumarkað er annaðhvort haldið áfram í lögunum eða bætt við íþyngjandi ákvæði í þessu frv. En þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa haft umfram almenna vinnumarkaðinn og þeir hafa fengið með lægri launum eru af þeim tekin. Húsbóndavaldið og hroki ríkisvaldsins gagnvart launafólki er á sínum stað í þessu ákvæði sem öðrum í frv. Ég segi nei.

38. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,14 (ný 39. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

40. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. 40. gr. frv. hljóðar svo: „Embættismönnum er óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.“ Það liggur svo sem í hlutarins eðli að embættismenn, sem hafa ekki verkfallsrétt, skuli ekki fara í verkfall en þeir skulu ekki heldur hafa neitt það athæfi í frammi sem mætti hugsanlega flokka undir að þeir væru að stuðla að einhverri kjarabaráttu annarra launamanna. Hér er verið að takmarka tjáningarfrelsi og í raun að svipta þúsundir manna mannréttindum sem falla undir þetta nýja embættismannahugtak frv. með aldeilis ótrúlegum og tilefnislausum hætti. Það verður ekki séð að þetta ákvæði, sem leidd hafa verið sterk rök fyrir að brjóti m.a. í bága við alþjóðlega mannréttindasáttmála og skerði tjáningarfrelsi sem er varið af stjórnarskrá, þjóni neinum tilgangi. Svo kalla menn þetta nútímalega löggjöf.

Ég hélt, herra forseti, að hugsunarháttur af þessu tagi væri frekar kenndur við hinar myrku miðaldir. Ég segi nei.

Brtt. 887,15 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KPál, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

41. gr., svo breytt, samþ. með 34:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KPál, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

42.–43. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KPál, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,16 (ný 44. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KPál, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

45. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KPál, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

46. gr., fyrri mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KPál, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

46. gr., síðari mgr., samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

47. gr., fyrri mgr., samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

47. gr., síðari mgr., samþ. með 34:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, KF, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, ÓE.

nei: LB, MF, SJóh, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH.

10 þm. (RG, SP, SvanJ, ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi dæmalausa málsgrein felur það í sér að þeim sem standa utan stéttarfélaga eru færð réttindi umfram hina og í raun á kostnað hinna. Með öðrum orðum er þeim sem fara út úr verkalýðsfélögum tryggð sérstök forréttindi með þessari grein. Þeir skulu njóta allra þeirra kjarabóta sem stéttarfélög þeirra sem eru áfram félagsmenn semja um. Jafnframt leikur vafi á því að unnt sé að skylda þá eins og hér er um málin búið til þess að taka þátt í þeim eðlilega kostnaði sem af þeim hlýst.

Þetta er að sjálfsögðu stóralvarlegt ákvæði eins og það er sett fram. Þetta er fallið til þess að grafa undan skipulagðri kjarabaráttu launafólks og veikja verkalýðshreyfinguna og er hluti af margþættum ráðstöfunum sem koma víðar fyrir í þessu frv. sem falla allar í sama farveg. Þetta er því að okkar mati eitt alvarlegasta og hættulegasta ákvæði þessa frv. og ég segi nei.

[15:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í gærdag tilkynnti Vinnuveitendasamband Íslands að það ætti 730 millj. kr. í vinnudeilusjóði. Í gær tilkynnti Vinnuveitendasamband Íslands að það mætti ekki semja um það sem misfarast kann í kjaradeilum. Ríkisstjórnin ákvað að taka mál út úr þingnefnd til þess að afhenda Vinnuveitendasambandinu í eins konar aðalfundargjöf. Þetta mál var tekið út úr nefnd daginn fyrir 1. maí. Hér er Framsfl. ásamt íhaldinu að innleiða atlögu að verkalýðshreyfingunni sem er einhver grófasti og ljótasti thatcherismi sem hefur sést á Íslandi. Ég segi nei, hæstv. forseti, um leið og ég get ekki látið það vera af því að ég sé hæstv. félmrh. út undan mér að velta því fyrir mér hvort hann hefur ekki slæma samvisku yfir þessum hrottaskap í garð verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

[15:24]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég segi að sjálfsögðu já við þessari grein. Eitt helsta áhyggjuefni stéttarfélaga vegna fólks sem stendur utan þeirra hefur verið að launakjör þessa fólks væru of lág og vinnuveitendur væru þar með að fá þessa starfskrafta á útsölu. Með því að gera það að skyldu að það þurfi að greiða þessu fólki, sem kýs af einhverjum ástæðum að standa utan stéttarfélaganna, ekki síðri laun en er gert gagnvart kjarasamningunum er verið að styrkja stéttarfélögin frekar en hitt. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gefa þeim einstaklingum sem það vilja kost á því að standa utan stéttarfélaganna. Það veikir ekki stéttarfélögin eins og að þessu máli er gengið og ég minni á þá umræðu sem var í kringum EES-samninginn þegar menn héldu að fólk gæti komið erlendis frá og farið að vinna hér á landi, verið ekki í stéttarfélögum og selt vinnu sína á útsölu. Gegn þessu er stefnt í þessari grein. Ég segi því já.

[15:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er myndin að skýrast. Fyrst er búið til launakerfi á forsendum forstjóranna. Nú er sett í lög ákvæði þess efnis að þeir sem standa utan stéttarfélaga skuli í engu fara á mis við þau réttindi og þau kjör sem fólk hefur fengið eða áunnið sér eða barist fyrir í félagslegri réttindabaráttu. Þetta er gert til þess að lokka fólk út úr stéttarfélögum, til að grafa undan félagslegri réttindabaráttu og tryggja sérstaklega hag þeirra sem kjósa að hvíla í vinarklóm íslenska forstjóraveldisins sem þetta frv. gengur allt út á að styrkja og treysta í sessi. Ég segi nei.

[15:27]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um eina mikilvægustu grein frv. þar sem þessi grein skapar sérréttindi fyrir þá sem standa utan stéttarfélaga miðað við það sem áður hefur verið. Þessi grein sýnir hina pólitísku stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er algerlega ljóst hver hugsunin er að baki þessari grein. Það er að þrengja stöðu stéttarfélaganna við samningsgerð. Það er ótvírætt vilji ríkisstjórnarinnar að hér verði tekið upp húsbóndavald sem úthlutar peningum eftir eigin geðþótta og stéttarfélögin komi sem allra minnst nálægt kjarasamningsgerð. Skipulag verkalýðshreyfingarinnar eins og við þekkjum í áratugi er brotið á bak aftur og það með löggjöf án þess að við fáum tekist á um það við kjarasamningsgerð. Þetta er siðlaus lagasetning sem kemur fram í 47. gr. frv. Ég segi nei.

[15:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég segi að sjálfsögðu já við þessu ákvæði. Ég tek fram vegna þess að hér er reynt að koma öðru til skila að fólk sem kýs að standa utan við stéttarfélög hefur að sjálfsögðu rétt til þess samkvæmt íslenskum lögum, sem betur fer, en það þarf að greiða fyrir þá þjónustu að fá að taka laun samkvæmt þessum samningum og fyrir því sér í lögum sem er ekki verið að fjalla um hér heldur í lögum frá 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nánar tiltekið í 7. gr. þeirra laga. Þetta þarf að koma fram og ég segi já.

[15:30]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þetta ákvæði hefur verið mjög umdeilt. Við heyrðum skýringu hæstv. fjmrh. áðan sem var á þá leið að skyldan til þess að greiða fyrir veitta þjónustu væri tryggð með öðrum lögum frá 1986. Það kom fram í efh.- og viðskn. af hálfu lögfræðings BSRB að svo væri ekki vegna þess að þau lagaákvæði eiga eingöngu við félagsbundna menn. Þess vegna varaði hann sérstaklega við þessu, taldi þetta að kippa grundvellinum undan starfsemi stéttarfélaga og taldi reyndar mjög líklegt að þetta yrði uppspretta mikils málavafsturs fyrir dómstólum. Ég tek því ekki skýringu hæstv. fjmrh. gilda og segi þess vegna nei.

48. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SighB, SJóh, SP, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 945 kölluð aftur til 3. umr.

49. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SighB, SP, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur lengi verið viðurkennd meginregla í íslenskum stjórnsýslurétti að hægt sé að fá endurskoðaða ákvörðun lægra setts stjórnvalds hjá æðra settu stjórnvaldi. Rökin eru þau að kæruleiðin er ódýr, skilvirk og síðast en ekki síst tryggir hún réttaröryggi borgaranna. Það að ríkisstjórnin hafi ákveðið að brjóta þessa meginreglu stjórnsýsluréttar á bak aftur með frv. segir meira en mörg orð um þá hugmyndafræði sem býr að baki frv. Því segi ég nei.

50. gr., fyrri mgr., samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:34]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í greininni er kveðið á um að forstöðumenn geti framselt vald það sem þeim er veitt í þessum lögum til annarra stjórnenda í stofnunum enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunarinnar. Löggjöfin gengur út á að stórauka vald forstöðumanna í ríkisrekstri. Það er ekki nóg með að þetta vald er mikið til eftirlitslaust eins og komið hefur fram í umræðunni og við atkvæðagreiðsluna heldur er gert ráð fyrir því í þessu ákvæði að hægt sé að framselja þetta vald til næstu stjórnenda. Það er óeðlileg afgreiðsla að svona mikið eftirlitslaust vald skuli vera framselt á þennan hátt án nokkurra takmarkana nema þeirra sem ég gat um áðan. Þetta er dæmi um slök vinnubrögð og vonda útfærslu á lagatexta. Ég segi nei.

50. gr., síðari mgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,17 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessu eina tilviki höfum við í minni hlutanum ákveðið að styðja brtt. frá meiri hlutanum. Hún lýtur að því að taka af öll tvímæli um það að forseti Alþingis fari gagnvart starfsmönnum þingsins með sama vald og fjmrh. er fengið í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 27. gr. gagnvart opinberum starfsmönnum svo og í b-lið að skrifstofustjóri Alþingis sé á sama hátt í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins og ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis gagnvart starfsmönnum þeirra embætta. Við teljum að það sé tvímælalaust rétt efnisregla sem hér er verið að staðfesta og það sé ástæða til að taka af skarið með þannig að engin óvissa ríki í þessum efnum. Einnig hefur borið við að hæstv. fjmrh. hafi sýnt tilburði til þess að seilast til áhrifa um innri málefni Alþingis og að sjálfsögðu er rétt að Alþingi taki af skarið í þeim efnum og setji hæstv. ráðherra einu sinni á réttan bekk.

51. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

52. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

53. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í 40. gr. þessa frv. segir að embættismönnum sé óheimilt að efna til stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Hér voru færð rök fyrir því áðan að verið væri að skerða málfrelsi manna. Í þeirri grein sem hér er verið að greiða atkvæði um er vísað til þessarar lagagreinar og segir að það varði fésektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum að brjóta 40. gr. laganna. Það hefur verið fjölgað í þeim hópi sem þetta ákvæði tekur til. Ég tel þetta vera mannréttindabrot og það er umhugsunarefni að ríkisstjórn sem segist vera að nútímavæða skuli vera að herða refsingar, fésektir og hóta fólki þyngri refsingu sem segir hug sinn um kjaramál. Það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir Alþingi Íslendinga. Ég segi nei.

54. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

55. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,18 kölluð aftur til 3. umr.

56. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 887,19 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, KF, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, ÓE.

nei: KHG, KH, LB, MF, SJóh, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH.

10 þm. (KÁ, RG, SP, SvanJ, ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK) fjarstaddir.

10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:45]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta þingmál sem hér er lagt til að verði vísað til 3. umr. ætti með réttu að vera umræðugrundvöllur um breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins en ekki einhliða breytingar á kjörum þeirra. Þetta eru hugmyndir sem hæstv. fjmrh. og menn hans áttu að fara með til starfsmanna ríkisins og óska eftir alvöruviðræðum um endurskoðun laganna á jafnréttisgrundvelli eins og kveðið er á um í 36. gr. núgildandi laga. Ég er andvíg einhliða breytingum á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og greiði atkvæði gegn því að vísa þessu þingmáli til frekari meðferðar þingsins. Ég segi nei.

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er komið að lokum atkvæðagreiðslu eftir 2. umr., og ég held að Alþingi Íslendinga sé þegar búið að eyða meira en nógum tíma í það á þessu vori, það sé ekki ástæða til að greiða fyrir frekari vegaferð þess í gegnum þingið.

Þrátt fyrir það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á að annar stjórnarflokkurinn hefur gufað upp í málinu. Nú er lokið 1. og 2. umr. um málið sem og skýringum manna við atkvæðgreiðslu hér sem hefur tekið hátt í tvo tíma. Ekki í eitt einasta skipti hefur einn einasti þingmaður eða hæstv. ráðherra Framsfl. séð ástæðu til þess að gefa upp afstöðu sína í málinu eða rökstyðja ábyrgð sína á þessu frv. Það er ástæða til að undirstrika þessa snöfurmannlegu og rismiklu framgöngu Framsfl. sem ætlaði að setja fólk í fyrirrúm fyrir kosningarnar í sambandi við þetta mál.

Herra forseti. Það er von mín að þetta mál fái náðuga hvíld og menn beri síðan gæfu til þess að koma á viðræðum um efni þess í sumar milli verkalýðshreyfingarinnar, vinnuveitenda og stjórnvalda og geti gert það í sæmilegu andrúmslofti þannig að ekki stofnist til þeirra stórfelldu átaka og ófriðar á vinnumarkaði sem ella er verið að efna til fyrir forgöngu hæstv. ríkisstjórnar, svo ótrúlegt sem það er. Ég segi nei, herra forseti. Þetta mál hefur ekkert lengra að gera.

[15:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hin almenna pólitíska mynd er að skýrast. Það liggur fyrir frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem kemur til umræðu næstu daga. Það er verið að ljúka afgreiðslunni á þessu máli sem verður að kallast endemismál af mörgum ástæðum. Það hefur verið haldinn aðalfundur Vinnuveitendasambands Íslands. Það er verið að brýna kutana alls staðar. Það er verið að lýsa því yfir að það eigi að stofna til almennra átaka í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin er að slíta sundur friðinn bæði á Alþingi og úti á vinnumarkaðnum.

Það sem verra er, hæstv. forseti, er að það einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar hefur fullyrt að með þessu frv. sé verið að taka af launafólki áunnin réttindi. Það er allt annað en hæstv. forsrh. lýsti yfir fyrir nokkrum vikum og það er alvarlegt mál þegar trúnaðarbil skapast á milli forsrh. landsins og forustumanna í verkalýðshreyfingunni. Þess vegna á auðvitað ekki að ræða þetta mál stundinni lengur heldur vísa því á almennan vettvang og ég segi nei við því að málið fái þinglega meðferð.

[15:49]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki að neitt þurfi að stoppa málið á þessu stigi og segi því já við því að málið haldi áfram milli umræðna. Málið fer aftur í efh.- og viðskn. milli umræðna og þá getur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hlýtt á málefnaleg innlegg af hálfu framsóknarfulltrúanna þar eins og þeir hafa starfað hingað til og tekið góðan þátt í umræðum og lagt þar margt gott til málanna eins og hv. þm. veit. Ég tel að það séu ákveðin hyggindi af hálfu framsóknarmanna að taka ekki þátt í málþófi við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon.

[15:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. forsrh. skuli vera kominn til að vera viðstaddur lokin á atkvæðagreiðslu um frv. sem rífur réttindakerfi opinberra starfsmanna upp með rótum og afnemur áunnin réttindi gagnstætt því sem hæstv. forsrh. hafði heitið þingi og þjóð að yrði gert og það verður fróðlegt að heyra hvort hæstv. forsrh. gerir grein fyrir atkvæði sínu á eftir. Ég tek fram að stéttarfélög allra þeirra starfsmanna sem þessi lög taka til hafa mótmælt þessum lögum og ég vek athygli á því að öll stéttarfélög í landinu hafa mótmælt þessum lögum. Ég vek athygli á því að hér á þingpöllum og út úr húsinu eru fulltrúar verkalýðsfélaga frá BSRB, BHM, Alþýðusambandi Íslands, bankamönnum, öllum samtökum launafólks á Íslandi sem hafa mótmælt þessum lögum.

Þingflokkur Alþb. og óháðra vill virða almannavilja í landinu, vill virða vilja íslensku verkalýðshreyfingarinnar. Þess vegna leggjum við til að frv. verði tekið út úr þingsalnum og menn setjist niður og reyni að ná samkomulagi í samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Þess vegna segi ég nei.

[15:52]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti upplýsa að hæstv. forsrh. greiðir ekki atkvæði í dag vegna þess að hann hefur varamann á þingi.

[15:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Allt frá því að Jónas frá Hriflu stofnaði bæði Alþfl. og Framsfl. á einu og sama árinu hefur það verið yfirlýst stefna Framsfl. að efla samstarf verkafólks til sjávar og sveita. Meðal annars af þeim sökum lýsti Framsfl. því yfir í stefnuskrá sinni, sem samþykkt var í nóvember 1994, að ekki einum einasta lagabálki og ekki einni einustu reglugerð yrði breytt án þess að haft yrði samráð við verkalýðshreyfinguna, án þess að haft yrði samráð við opinbera starfsmenn. Þetta hefur verið svikið eins og hvert einasta skriflega kosningaloforð Framsfl. sem gefið var. Þess vegna segi ég, herra forseti, það er rétt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að það er hyggilegt af Framsfl. að þegja í dag og í allri umræðunni. Raunar væri líka hyggilegast af Framsfl. að ganga með hauspoka.

Herra forseti. Við því að láta frv. ganga áfram segi ég að Framsfl. skammast sín fyrir frv. Ég deili þeirri skömm og ég segi nei.

[15:53]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. sá ekkert að málinu og greiddi því atkvæði að málið gengi áfram í þingsölum. Það verður að spyrja sig við slíkar aðstæður hvar hann og aðrir stjórnarþingmenn hafa verið. Það liggja fyrir mótmæli gegn þessu frv., ekki einungis frá okkur stjórnarandstöðuþingmönnum heldur allri launþegahreyfingunni. Það er ekkert gert með þessi sjónarmið. Það er ekkert tillit tekið til umsagna allra stéttarfélaganna sem sendu þær til nefndarinnar. Stefna stjórnvalda með frv. liggur hins vegar ljós fyrir. Hún liggur einnig ljós fyrir með frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er augljóst hverra erinda ríkisstjórnin er að ganga við þessa löggjöf. Hún er að ganga erinda vinnuveitenda til að skapa þeim betri tækifæri við næstu kjarasamninga. Það er augljóst að samþykkt þessa frv. kallar á stríð í þjóðfélagi okkar. Það er miður en það er brýnt að barátta gegn frumvörpunum haldi áfram. Það er að tapast orrusta í dag. Það er augljóst. Við urðum undir með málflutning okkar en stríðið er ekki tapað. Ég segi nei.

[15:55]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í umræðum um frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins lýsti ég andstöðu við vinnubrögð Sjálfstfl. og Framsfl. og ég krafðist þess að málinu yrði vísað frá eða til föðurhúsanna. Ríkisstjórnin, hæstv. forsrh., á að fara samningaleið í málinu en ekki beita valdi. Stjórnvöld, hæstv. fjmrh., ættu að vera í góðu samstarfi við starfsmenn ríkisins um á hvern hátt megi gera þessi lög úr garði á ásættanlegan máta í stað þess að efna til ófriðar og beita ofbeldi. Ég hafna því að málið fari til 3. umr., herra forseti, og segi nei.

[15:56]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Frv. skerðir réttindi opinberra starfsmanna. Þetta frv. treður ekki síst á konum og ungu fólki, mögguleikum þeirra í starfi og setur fæðingarorlofsrétt í uppnám. Þetta frv. verðskuldar ekki framgang og því væri réttast að vísa því beint í eðlilegan samningafarveg til félaga opinberra starfsmanna. Ég segi nei.

[15:58]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þingfundurinn hófst með atkvæðagreiðslu um þá tillögu stjórnarandstöðunnar að vísa málinu til ríkisstjórnar. Hvers vegna var sú tillaga flutt? Ekki vegna þess að allar þær hugmyndir, sem hér eru fram bornar, séu einskis nýtar eða þeim hafnað að fullu. Hvers vegna þá? Það er einfaldlega vegna þess að með frv. hefur ríkisstjórnin ákveðið fyrir fram að svipta starfsmenn hins opinbera umsömdum og lögbundnum réttindum án þess að sýna þeim þá virðingu og þá sanngirni í samskiptum að leita eftir samráði og samningum við þá.

Það er ekki vegna þess að starfsmennirnir og samtök þeirra hafi hafnað samningaviðræðum. Nei. Þetta er einhliða aðgerð og hún er framkvæmd án þess að sýna þá hyggilegu stjórnunarhætti að bjóða upp á samninga um að bæta í launum það sem tekið er í réttindum. Þess vegna lögðum við til í upphafi að þessu yrði vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Það var von okkar að ríkisstjórnin þæði góð ráð vegna þess að við óttumst og vörum við að afleiðingarnar af þessu, bæði gagnvart opinberum starfsmönnum og því frv. félmrh. sem fjallar um almenna vinnumarkaðinn muni verða slæmar, ekki aðeins fyrir ríkisstjórnina, látum það vera, heldur fyrir íslensku þjóðina. Þess vegna segi ég nei.

[Fundarhlé. — 16:00]

[16:17]

Útbýting þingskjals:

Staða og þróun jafnréttismála, 523. mál, skýrsla félmrh., þskj. 971.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (EES-reglur, fiskveiðar og fiskvinnsla). — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, MF, RG, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:18]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að heimila að takmörkuðu leyti erlendar fjárfestingar eða fjárfestingar útlendinga í íslensku atvinnulífi, þar á meðal óbeinar fjárfestingar í sjávarútvegi. Minni hluti efh.- og viðskn., ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, lagði til meiri opnun í þessum málaflokki gagnvart fiskvinnslunni. En þrátt fyrir að sú tillaga væri málamiðlun milli ýmissa sjónarmiða sem höfðu komið fram varðandi þetta mál, var okkar tillaga felld við 2. umr. málsins. Útfærsla í þessu stjfrv. er ekki góð né heppileg sé litið til framtíðar og ég kýs þess vegna að sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[16:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þau eru mörg álitaefnin sem tengjast þessu frv. Hér var af minni hluta til lagt til meiri opnun varðandi fjárfestingu erlendra aðila en frv. gerði ráð fyrir og í þeim búningi sem það nú er. Alþb. var á móti slíku og við styðjum afgreiðslu málsins þrátt fyrir marga meinbugi sem á því eru. Ég vek athygli á því atriði sem varðar fjárfestingarheimildir erlendra aðila í orkulindum landsins. Það hefur komið fram að þar eru algerlega ófrágengin stór atriði sem varða þjóðarhagsmuni. Hæstv. iðnrh. upplýsti í gær að ekkert gengi í að ganga frá málum milli stjórnaraðila varðandi lagasetningu til að tryggja íslenska hagsmuni.

Ég styð sem sagt framgang þessa máls hér en ég vek athygli á þessari hroðalegu stöðu sem við erum bundin í vegna aðildar að EES-samningi.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 978).

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 308. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRÁ, BH, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, KH, MF, RG, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 979).

Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 368. mál. — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Tæknifrjóvgun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 154. mál. — Þskj. 906, brtt. 842, 949 og 950.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]

Brtt. 842 kölluð aftur.

Brtt. 949 felld með 37:9 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, MF, SJS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JBH, KF, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (HjálmJ, RA, SF, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú breytingartillaga sem hér eru greidd atkvæði um felur það í sér að verði hún samþykkt, þá er notkun gjafakynfrumna bundin því skilyrði að tryggt sé að barn geti við 18 ára aldur fengið aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegt foreldri sitt. Þessi stefna sem í tillögunni felst er studd umsögnum frá mörgum aðilum sem veittu umsögn til allshn. Ég nefni Siðfræðistofnun háskólans, Barnaverndarráð Íslands, umboðsmann barna, Mannréttinaskrifstofu Íslands, landlæknisembættið og siðaráð landlæknis, Kvenréttindafélag Íslands. Að öðru leyti er ráðherra ætlað að setja reglur er varða gjafakynfrumur.

[16:24]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram byggjast sumar þessara umsagna á misskilningi. En mergurinn málsins er sá að verði þessi tillaga hv. þm. og meðflutningsmanna hans samþykkt, þá mun tæknifrjóvgun því sem næst leggjast niður á Íslandi og fjölmargar fjölskyldur sem bíða eftir úrlausn sinna mála munu bíða án árangurs. Ég tel það stórt og mikilvægt atriði í þessu máli og ráðandi um mína afstöðu. Ég segi nei.

Brtt. 950 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁE, ÁRÁ, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:25]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að breytingartillaga allshn. eins og hún liggur hér fyrir sé til bóta. Þar er þó gert ráð fyrir að innan tveggja ára verði farið yfir þetta efni og unnið að endurskoðun laganna. Við skulum vona að það færi þetta mál til þeirrar áttar sem eðlilegt væri. Ég mun því styðja þessa breytingartillögu en sitja hjá við afgreiðslu frv. í heild því að ég get ekki ljáð því stuðning minn eða borið ábyrgð á því eins og það er hér frágengið.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁRJ, BH, HG, MF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁRÁ, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, JónK, KÁ, RG, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 981).

Lögræðislög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 456. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögræðislög, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 457. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]

8. og 13. dagskrármál voru of seint fram komin. — Samþ. með 49 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar.

Framboð og kjör forseta Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 518. mál (meðmælendur). — Þskj. 951.

[16:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands sem æskilegt er að samþykkt verði hið allra fyrsta.

Við undirbúning komandi forsetakjörs hefur komið í ljós að meinbugir eru á að framfylgja ákvæði 4. gr. laga þessara að óbreyttu að því er varðar vottun yfirkjörstjórnar á meðmælendalistum væntanlegra frambjóðenda. Þar er gert ráð fyrir að yfirkjörstjórnir votti að meðmælendur séu á kjörskrá, en um það fer samkvæmt 1. gr. sömu laga á sama hátt og við kosningar til Alþingis. Vegna nýorðinna breytinga á lögum um slíkar kosningar verða kjörskrár ekki lagðar fram fyrr en 10 dögum fyrir kjördag. Framboði til forsetakjörs á hins vegar að skila ásamt nefndum vottorðum yfirkjörstjórna eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag eða fyrir lok næstu viku. Yfirkjörstjórn verður þess vegna ómögulegt að votta að meðmælendur væntanlegra frambjóðenda séu á kjörskrá. Af þessum sökum verður í frv. þessu lagt til að ákvæði 4. gr. laga verði breytt þannig að yfirkjörstjórnin votti að meðmælendur séu kosningabærir svo sem segir í 5. gr. stjórnarskrárinnar eða tækir á kjörskrá. Skilyrði kosningarréttar eru nú orðin mjög einföld, fyrst og fremst íslenskt ríkisfang og 18 ára aldur auk ákvæðis sem varðar lögheimili sem tengist þannig áskilnaði um að væntanlegir frambjóðendur njóti ákveðins stuðnings í öllum landsfjórðungum. Allar þessar upplýsingar eru auðsóttar í þjóðskrá Hagstofunnar og verður hún yfirkjörstjórnum innan handar um öflun þeirra.

Þá er einnig lagt til að úrelt tilvísun í greinarnúmer kosningalaga um frestun kosninga verði uppfærð.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að breyting sú sem hér er lögð til er eingöngu tæknilegs eðlis. Engin eðlisbreyting verður á hæfisskilyrðum meðmælenda eða atriðum sem væntanlegir frambjóðendur eða stuðningsmenn þeirra hafa þurft að gæta við söfnun meðmælanna að undanförnu. Breytingin snýr einvörðungu að störfum yfirkjörstjórna og felur þeim að staðreyna hvort meðmælendur séu tækir á kjörskrá í stað þess að fletta þeim upp í kjörskránum sjálfum. Er það og í samræmi við þá niðurstöðu sem túlkun laga til samræmis fyrir nýju lagaviðhorfi í kosningalögum um samantekt kjörskrár mundi leiða til kæmi breyting þessi ekki fram.

Ég vænti þess að málið fái greiðan framgang á hinu háa Alþingi og geri ekki sérstaka tillögu um að málinu verði vísað til nefndar á milli umræðna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 334. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 587, nál. 963, brtt. 964.

[16:32]

Frsm. allshn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar síðara frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þessu þingi. Vinna allshn. var með hefðbundnum hætti. Formaður allshn.

og einn nefndarmanna, sá sem hér stendur, fóru yfir allar umsóknir sem bárust til að kanna hvort þær uppfylltu skilyrði starfsreglna nefndarinnar um veitingu ríkisborgararéttar, en þessar starfsreglur voru upphaflega settar árið 1955 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan, síðast í febrúarmánuði árið 1995. Nefndin tók síðan málið fyrir á fundi sínum og mælir hún með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

[16:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ein stutt fyrirspurn til framsögumanns nefndarinnar. Hún varðar 2. gr. frv. en í henni er tekið fram að þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn frá 27. mars 1991 skuli ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. þeirra laga.

Nú er eins og þingheimur veit búið að setja ný lög um mannanöfn. Ég vildi spyrja framsögumann nefndarinnar að því hvort það væri ekki ásetningur nefndarinnar að flytja breytingartillögu um 2. gr. þessa frv. til samræmis við ný mannanafnalög. Það hefur áhrif á stöðu þeirra útlendinga sem hér er lagt til að verði íslenskir ríkisborgarar því að þeim verður þá ekki lengur gert skylt að kasta frá sér nafni sínu.

[16:35]

Frsm. allshn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar ábendingar. Það verða gerðar nauðsynlegar breytingar, fluttar um þær tillögur á milli 2. og 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]

Brtt. 964 (ný 1. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Upplýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 630, nál. 899, brtt. 900.

[16:38]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 899 frá hv. allshn. um frv. til upplýsingalaga.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og fengið Eirík Tómasson prófessor og Pál Hreinsson, aðstoðarmann umboðsmanns Alþingis, til að fara yfir frumvarpið með sér. Einnig komu á fund nefndarinnar Lúðvík Geirsson, Pétur Gunnarsson og Þór Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neytendasamtökunum og Vinnumálasambandinu.

Með frumvarpinu er stefnt að því að lögleiða almennar reglur um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Gert er ráð fyrir að aðgangur almennings að gögnum verði rýmkaður frá því sem nú er þar sem tekin verði upp sú meginregla í íslensk lög að stjórnvöldum sé skylt, sé þess óskað, að veita aðgang að gögnum sem varða tiltekið mál.

Í umsögn Blaðamannafélags Íslands er gerð athugasemd við það að lögunum sé ekki ætlað að ná til rannsóknar eða saksóknar í opinberum málum. Nefndin telur eðlilegra að lög um meðferð opinberra mála hafi að geyma sérreglur í þessu sambandi og leggur áherslu á að sú endurskoðun sem dómsmálaráðherra hefur boðað á þeim lögum verði hraðað eins og kostur er. Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að upplýsingaréttinum þar.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, þar með talið vegna fjárhagslegra hagsmuna einstaklinga. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði greinarinnar standi ekki í vegi fyrir því að almenningur fái aðgang að gögnum um föst laun og önnur föst launakjör opinberra starfsmanna. Að því leyti sem slík upplýsingagjöf fellur undir ákvæði frumvarps þessa en ekki ákvæða laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, leggur nefndin sérstaka áherslu á að skýra beri ákvæði 5. gr. svo að með lögum þessum sé ekki aðeins tryggður aðgangur að upplýsingum um föst laun opinberra starfsmanna heldur einnig að þeim einstaklingsbundnu samningum sem gerðir hafa verið við starfsmenn um önnur föst kjör þeirra, svo sem fasta (ómælda) yfirvinnu, akstursgjald o.fl.

Miklar umræður urðu í nefndinni um 8. gr. frumvarpsins. Skv. 2. mgr. 8. gr. á almenningur að fá aðgang að upplýsingum um einkamálefni einstaklinga 80 árum eftir að þær upplýsingar urðu til. Nefndin leggur til, sbr. breytingartillögu á sérstöku þingskjali, að sjúkraskrár og skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa verði undanþegnar slíkum aðgangi. Það er mat nefndarinnar að hér sé um að ræða svo viðkvæmar persónuupplýsingar að rétt sé að undanþiggja þær óheftum aðgangi almennings. Aftur á móti er kveðið á um að úrskurðarnefnd um upplýsingamál sé heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskrám til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Veiti nefndin slíkt leyfi er henni heimilt að binda það þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, svo sem að gætt sé þagmælsku og að niðurstöður séu ekki birtar undir nafni þeirra einstaklinga er upplýsingar varða eða á annan sambærilegan hátt.

Það er skilningur nefndarinnar á ákvæði 11. gr. að meginreglan hljóti að verða sú að gögn séu afhent samdægurs eða a.m.k. sem allra fyrst. Sjö daga fresturinn eigi því fyrst og fremst við í vafatilvikum, þ.e. þegar ekki er ljóst hvort afhenda megi gögnin og stjórnvald þarf lengri frest til að leita af sér allan grun í því sambandi.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði afgreitt með þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Ljóst er að hér er á ferðinni mál sem mikilvægt er að kynnt verði sem rækilegast áður en lögin taka gildi. Í því sambandi er ekki síst mikilvægt að forsætisráðuneytið beiti sér fyrir því að haldin verði námskeið fyrir þá sem ætlað er að starfa eftir lögunum, þ.e. starfsfólk stjórnsýslunnar, þar sem farið verði vandlega yfir efni laganna og tilgang þeirra.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita auk þeirrar sem hér stendur Sólveig Pétursdóttir formaður, Sighvatur Björgvinsson, Hjálmar Jónsson, Árni R. Árnason, Jón Kristjánsson og Kristján Pálsson. Ögmundur Jónasson ritar undir með fyrirvara og Guðný Guðbjörnsdóttir einnig með fyrirvara.

[16:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til upplýsingalaga, mjög tímabær og að mörgu leyti mjög merk lagasmíð sem er fagnað af flestum þeim sem láta sig þessi mál varða. Það er tímabært að setja skýrari reglur en gilt hafa um þessi efni.

Ég vil gjarnan að það komi fram að allshn. hefur unnið mjög mikla vinnu í tengslum við þetta frv. og það hefur verið leitað eftir því að ná þar sem bestri samstöðu. Að mínum dómi er niðurstaðan þegar á heildina er litið afar góð.

Ég vildi koma hingað í ræðustól til að skýra hvers vegna ég taldi ástæðu til að skrifa undir nefndarálit og standa að þessu frv. með fyrirvara, en þar horfði ég ekki síst til 5. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila."

Síðan segir í greinargerð um 5. gr. m.a., með leyfi forseta, um þetta efni:

„Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um fjárhagsmálefni einstaklinga. Þannig er t.d. almennt óheimilt að veita upplýsingar um tekjur og fjárhagsstöðu einstaklinga nema það byggist á sérstakri lagaheimild. Að því er snertir laun opinberra starfsmanna þá eru upplýsingar um föst laun og önnur föst kjör opinberra starfsmanna ekki undanþegnar aðgangi almennings. Á grundvelli 5. gr. er það aftur á móti undanþegið aðgangi almennings hver heildarlaun hver opinber starfsmaður hefur haft, hvort sem laun hans eru hærri en föst laun og kjör, sem stöðu hans fylgja, sökum unninnar yfirvinnu, eða þá lægri vegna launafrádráttar sökum fjarvista eða annarra atvika."

Þetta segir m.a. í greinargerð um 5. gr. frv.

Í því samhengi að verið er að samþykkja lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem launasamningar eru færðir inn á einstakar stofnanir og búið í haginn fyrir nýju launakerfi þar sem einstaklingunum er umbunað á forsendum forstjórans og í ljósi þess að við núveradi aðstæður tíðkast það einkum í efri geira launakerfisins hjá þeim sem hæst eru launaðir, að þeir njóti margvíslegra greiðslna umfram taxtalaun eða föst laun, er mjög brýnt að upplýsingar um þennan þátt launanna verði öllum ljósar. Eins og sýnt hefur verið fram á í könnunum á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins t.d., hefur komið í ljós að launamisrétti er að finna fyrst og fremst í þessum hluta launakerfisins, þeim hlutanum sem er ofan á hinum föstu launum. Ég lýsti þeim áhyggjum í nefndinni að með þessu lagaákvæði væri verið að setja þennan hluta launakerfisins niður í jörðina, niður í skúffu. Þess vegna gæti ég ekki fellt mig við þessa lagagrein. Það sjónarmið var hins vegar uppi í nefndinni þegar þetta var rætt að lögin ættu ekki að verða til þess að fela kjör af þessu tagi. Þess vegna var sett í álit frá allshn. sérstakt paragraf um þetta efni þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, þar með talið vegna fjárhagslegra hagsmuna einstaklinga. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði greinarinnar standi ekki í vegi fyrir því að almenningur fái aðgang að gögnum um föst laun og önnur föst launakjör opinberra starfsmanna. Að því leyti sem slík upplýsingagjöf fellur undir ákvæði frumvarps þessa en ekki ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, leggur nefndin sérstaka áherslu á að skýra beri ákvæði 5. gr. svo að með lögum þessum sé ekki aðeins tryggður aðgangur að upplýsingum um föst laun opinberra starfsmanna heldur einnig að þeim einstaklingsbundnu samningum sem gerðir hafa verið við starfsmenn um önnur föst kjör þeirra, svo sem fasta (ómælda) yfirvinnu, akstursgjald o.fl."

Þetta finnst mér mjög mikilvæg yfirlýsing sem kemur frá allshn. og endurspeglar í rauninni þá umræðu sem fram fór í allshn. um nauðsyn þess að lögin yrðu ekki til þess að auka á launaleynd og ég vil sérstaklega fagna þessari áherslu sem hér kemur fram. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að öll launakjör eigi að vera opin og öllum aðgengileg. Þau eiga ekki að vera felumál en ég lýsi jafnframt yfir því og ítreka það sjónarmið að með þessu móti er allshn. að lýsa því yfir að hún telur rétt að ganga langt í þá átt að launakerfið skuli vera sem allra opnast og ég vil sérstaklega fagna því. En ég kom hingað í ræðustól til þess að gera grein fyrir því hvers vegna ég skrifaði undir álitið og stend að þessu frv. með fyrirvara.

[16:50]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil einnig segja örfá orð til skýringar á því að ég er einnig með fyrirvara á nefndaráliti allshn. Reyndar þarf ég ekki að hafa um það mörg orð þar sem minn fyrirvari snertir sömu grein og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir.

Ég vil taka undir með honum að þetta frv. er að mörgu leyti mjög merkilegt og fékk ítarlega umræðu í nefndinni og ég vil fagna sérstaklega þeirri breytingu sem hefur verið gerð á 8. gr. frv. um að upplýsingar um einstaklinga úr sjúkraskrám og skýrslum sálfræðinga og félagsráðgjafa verði ekki gerðar opinberar eftir 80 ár. Ég tel að þarna geti verið um svo mikil einkamál að ræða að það sé ekki forsvaranlegt og ég fagna því að það náðist samstaða um þá breytingu á 8. gr.

Ég er ekki alveg jafnsannfærð og hv. þm. Ögmundur Jónasson um það hvort nefndarálitið dugar í þeim tilgangi að öll kjör komi upp á yfirborðið. Þarna er talað um að það verði opinn aðgangur að upplýsingum um launakjör einstaklinga, launakjör opinberra starfsmanna og þar með taldir einstaklingsbundnir samningar. Ég vil bara benda á að samkvæmt því frv. sem við vorum að ræða rétt áðan verður yfirmönnum heimilað að umbuna einstökum starfsmönnum. Um það spunnust mjög miklar umræður í nefndinni hvort allt það sem gerðist í slíkum samningum, sem eru einstaklingsbundnir, mundi falla undir þetta ákvæði. Mér sýnist því eins og ákvæði 5. gr. séu enn þannig að það verði ekki möguleiki að komast að því hver raunveruleg kjör opinberra starfsmanna verða og þar með t.d. að fylgjast með því hvort þessi nýju ákvæði, sem á að fara að lögfesta samkvæmt því frv. sem við ræddum áðan, muni t.d. auka launamun kynjanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárreiður ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 297. mál. — Þskj. 536, nál. 927, brtt. 928.
[16:54]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. frá sérnefnd sem kjörin var til þess að fjalla um frv. til laga um fjárreiður ríkisins, 297. mál á þskj. 536. Sérnefndin var kosin, eins og kom fram hjá hæstv. forseta, til þess að fjalla um frv. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir.

„Nefndin hefur farið ítarlega yfir frv. og fengið á fund sinn fulltrúa úr ríkisreikningsnefnd, þá Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjmrn., Gunnar H. Hall ríkisbókara, Markús Möller, deildarstjóra í Seðlabanka Íslands, Eyjólf Sverrisson, forstöðumann hjá Þjóðhagsstofnun, og Hallgrím Snorrason hagstofustjóra. Einnig mætti á fund nefndarinnar Lárus Ögmundsson, lögfræðingur Ríkisendurskoðunar, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjmrn. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Ríkisendurskoðun og Verslunarráði Íslands en auk þess fékk nefndin erindi frá forseta Alþingis.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali og mun ég gera nánari grein fyrir þeim brtt. á eftir.

Á fundum nefndarinnar kom fram vilji til þess að gera nánari grein fyrir nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi ber að nefna 15. gr. frv. Samkvæmt þeirri grein skulu ríkisstofnanir í A-hluta halda og uppfæra árlega sérstaka eignaskrá þar sem færðar verða inn allar eigur ríkisins sem ekki eru taldar upp í efnahagsreikningi. Nefndin leggur áherslu á að slík skrá liggi fyrir þegar á þessu ári.

Í öðru lagi komu fram hugmyndir í nefndinni varðandi færslu vaxta og verðbóta í reikningsskilum, þ.e. um að færa alla vexti til gjalda án leiðréttingar vegna verðþátta. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar um málið kemur fram að nefndin hafi velt fyrir sér hvort rétt væri að huga að því að beita sömu reglum í reikningsskilum ríkissjóðs og almennt tíðkast erlendis. Niðurstaðan hafi orðið sú að ríkið ætti ekki að gera tillögur um breytingar á þessu stigi. Ekki eru hér lagðar til breytingar hvað þetta varðar, en þó er full ástæða til fyrir ríkisreikningsnefnd að fylgjast náið með þróun mála í þessu efni á næstu missirum.

Loks var mikið rætt um hina svokölluðu heimildargrein fjárlaga, þ.e. núverandi 6. gr. fjárlaga, þar sem veittar eru ýmsar heimildir, m.a. til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar og fasteignakaupa. Nefndin leggur áherslu á að um slíkar heimildir eigi það sama við og um önnur ákvæði fjárlagafrumvarps, þ.e. að þær gildi aðeins út fjárlagaárið. Brýnt er að í reglugerð, sem í 51. gr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji um nánari framkvæmd laganna, sé skýrt kveðið á um hvaða efnisþættir komi til álita í slíkum heimildargreinum og um meðferð þeirra.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk mín Jón Kristjánsson, Ágúst Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Kristinn H. Gunnarsson, Pétur H. Blöndal, Kristín Ástgeirsdóttir, Árni M. Mathiesen, Vilhjálmur Egilsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Frá því að gildandi lög um gerð fjárlaga og ríkisreiknings voru sett fyrir hartnær 30 árum hafa kröfur til færslu ríkisreiknings og uppsetningu fjárlaga breyst mikið. Þetta stafar einkum af breyttum kröfum til fjármálastjórnunar hins opinbera, tæknibreytingum og eftirspurn alþjóðastofnana eftir samræmdum talnagögnum um búskap hins opinbera. Meiri kröfur en áður eru gerðar til þess að reikningshald hins opinbera lýsi samhengi efnahagsmála og áhrifum opinberrar fjármálastjórnar, t.d. á peningamál. Þá hafa afskipti Alþingis af fjárlögum og ríkissjóðsuppgjöri breyst í tímans rás.

Markmið þess frv. sem hv. sérnefnd hefur haft til umfjöllunar er að fjárlög og ríkisreikningur verði þannig úr garði gerð að þau þjóni sem best þörfum fjárveitingavalds og fjármálastjórnar almennrar stjórnsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga — og hagsýslugerð yfirleitt. Jafnframt er stefnt að því í frv. að reikningskerfið verði svo einfalt og aðgengilegt sem unnt er miðað við þann tilgang sem því er settur. Markmiði frv. er reynt að ná með því að kveða skýrar á en gert er í núgildandi lögum um það svið sem fjárlög og ríkisreikningur ná yfir, um form þeirra og sundurliðun og um ýmis reikningsleg hugtök. Jafnframt er stefnt að því að meiri festa skapist en verið hefur í skráningu á fjárreiðum ríkisins og meira samræmi verði á milli reikninga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja innbyrðis sem er geysilega mikilvægt.

Ríkisreikningsnefnd hefur unnið frá árinu 1990 eins og glöggt kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh., að heildarendurskoðun á reglum um bókhald, reikningsskilum og gerð ríkisreiknings. Um starf ríkisreikningsnefndar er kveðið á í XIV. kafla laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þar segir að ríkisreikningsnefnd sé fjmrn. til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi er lögunum er ætlað að tryggja.

Ríkisreikningsnefnd gerði veigamiklar tillögur um breytingar og telur að heildarsamræmi í endurskoðun reikningsskila ríkissjóðs verði best tryggt með nýrri löggjöf. Sú löggjöf verður byggð á því frv. sem hér hefur verið til umfjöllunar og byggir á mjög ítarlegri og vandaðri vinnu ríkisreikningsnefndar sem kemur fram í skýrslu sem liggur frammi og sérnefnd hafði meðal annarra gagna til umfjöllunar. Öll bókhaldsákvæði verða þó seint skrifuð í lög, enda ekki skynsamlegt því lögum er ætlað að gilda um langan tíma en þarfir og óskir stjórnvalda um upplýsingar um ríkisfjármál eru breytilegar frá einum tíma til annars. Ríkisreikningsnefnd telur og það kemur fram í skýrslu hennar, að marka eigi meginreglur í löggjöf en beita heimildum til setningar reglugerða og fyrirmæla í bókhaldsmálum ríkisins í frekari mæli en nú er.

Helstu áhrif og markmið frv. sem hér er til umfjöllunar eru eftirfarandi:

Reikningshald ríkisins verður eftir því sem unnt er fellt að alþjóðlegum stöðlum um skilgreiningar, flokkanir, aðferðir og framsetningu. Höfð verði hliðsjón af þeim aðferðum sem gilda um reikningsskil fyrirtækja þar sem það á við, ekki síst til að auðveldara verði að meta árangur af rekstri og fjárnotkun ríkisstofnana sem er mjög mikilvægt með vaxandi umsvifum hins opinbera.

Vikið er frá reikningsskilum fyrirtækja með því að fjárfesting verði áfram færð að fullu til gjalda hjá ríkissjóði á því ári sem til hennar er stofnað og eru engar athugasemdir gerðar við þá megingrundvallarstefnu sem fram kemur í frv. af hálfu sérnefndarinnar.

Ríkisreikningur og fjárlög verði færð á rekstrargrunni með tilteknu fráviki, en jafnframt verði greiðsluhreyfingar sýndar eins og verið hefur. Tekjur, gjöld og skuldbindingar

verði bókfærðar um leið og þær myndast en ekki einungis þegar til greiðslu kemur.

Ríkisaðilar verði skilgreindir í samræmi við alþjóðastaðla þannig að átt sé við þá sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir ákvörðunarvald stjórnvalda vegna eignarhalds ríkisins á starfseminni og lögþvingunar eða vegna þess að ríkið kostar starfsemina að miklu eða öllu leyti.

Ríkisaðilum verði skipt í fimm hluta eins og fram kemur í frv.:

A-hluti, ríkissjóður og ríkisstofnanir.

B-hluti, ríkisfyrirtæki.

C-hluti, lánastofnanir ríkisins.

D-hluti, fjármálastofnanir ríkisins.

E-hluti, sameignar- og hlutafélög í meirihlutaeign ríkisins.

Ríkistekjur verði skilgreindar að fyrirmynd alþjóðastaðla sem miðast við að þær séu tæmandi taldar og flokkaðar á samræmdan hátt. Ríkistekjur teljast allir skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga og allar aukatekjur, rekstrartekjur og þjónustutekjur A-hluta.

Skýrar reglur gilda um meðferð afsláttar og frádráttarliða í tekjuhlið sem skiptir mjög miklu. Þeir liðir sem ekki verða greiddir út, t.d. persónuafsláttur, komi til lækkunar tekna, en liðir sem greiða má út eða eru óháðir eiginlegri skattkröfu, t.d. barnabætur og vaxtabætur, verði færðar sem gjöld. Gjöld ríkissjóðs verði sundurliðuð eftir ráðuneytum og tegundum eins og verið hefur en vextir verði aðgreindir sérstaklega. Jafnframt verði tekin upp sama sundurliðun á gjalddaga málaflokka og tíðkast við alþjóðlega skýrslugerð um fjármál hins opinbera.

Samkvæmt frv. er aukin áhersla lögð á efnahagsreikning ríkissjóðs til viðbótar þeim liðum sem nú eru færðir í efnahagsreikningi A-hluta og sýnd verði fjárframlög til aðila utan A-hlutans sem mynda eign þar. Gert er ráð fyrir að með slík framlög verði farið á svipaðan hátt og í reikningsskilum fyrirtækja á almennum markaði. Jafnframt er lagt til að núverandi eignarhlutar í fyrirtækjum verði endurmetnir.

Reikningsskil ríkisfyrirtækja og stofnana verði með sama hætti og tíðkast hjá fyrirtækjum á þeim markaði þar sem þessir aðilar starfa. Ríkisreikningur geymir m.a. eftirtalin efnisatriði:

Reikningurinn taki til allra efnisatriða fjárlaga og fjáraukalaga og sé gerður upp á sama hátt og þau. Hann sýni endanlegt uppgjör tekna og gjalda í samanburði við tekjuáætlun og fjárheimildir.

Efnahagsreikningur A-hluta nái til peningalegra eigna og skulda, eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum. Birt verði yfirlit um gjaldfærðan stofnkostnað úr eignaskrá ríkissjóðs. Sérstök yfirlit verði um lántökur, skuldbindandi samninga og ábyrgðir utan efnahagsreiknings ríkissjóðs. Þessi þáttur er mikilvægur til þess að sýna betri og gleggri mynd af þeim skuldbindingum sem ríkissjóður hefur hverju sinni gengist í.

Sýndar verði lykiltölur af ársreikningum stofnana og fyrirtækja í D- og E-hluta. Um það fjallaði nefndin sérstaklega og gerir breytingartillögur eins og ég mun mæla fyrir og skýra á eftir.

Birtir verði ársreikningar sjálfseignarstofnana sem reknar eru að miklu leyti fyrir ríkisfé.

Uppbygging og framsetning fjárlaga verði breytt í veigamiklum atriðum. Fjárlög verði á rekstrargrunni sem er grundvallarbreyting en sýni jafnframt greiðsluhreyfingar og með fjárlögum verði teknar ákvarðanir um lántökur ríkisins og ábyrgðir. Í þessu felst að lánsfjárlög verði felld inn í fjárlög og falli niður í núverandi mynd. Efni sjálfra fjárlaganna taki til A-, B- og C-hluta. Það verði mun samþjappaðra og styttra en nú er en meiri áhersla lögð á sundurliðun í séryfirlitum sem verði hluti laganna.

Fjárreiður einstakra ráðuneyta og stofnana verði sýndar í séryfirlitum sundurliðaðar eftir viðfangsefnum en flokkun eftir tegundum útgjalda komi fram í fylgiriti.

Stöðugt verði fylgst með framvindu ríkisfjármála á grundvelli mánaðaruppgjörs greiðsluhreyfinga.

Fjárheimildir verði einvörðungu veittar með fjárlögum og fjáraukalögum. Í fjáraukalögum verði kveðið á um breytingar á heimildum fjárlaga og flutning fjárheimilda milli ára. Þegar uppgjöri hvers árs er lokið við gerð ríkisreiknings verði lagt fram á Alþingi frv. til fjáraukalaga sem feli í sér samþykkt hans. Með því sé leitað staðfestingar á mismun fjárheimilda og ríkisreiknings, þ.e. leitað heimilda til umframútgjalda og flutnings eða niðurfellingar óhafinna fjárveitinga. Með þessu verði reikningsárinu lokað með efnislegri umræðu um ríkisreikninginn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem lagðar eru til á þskj. 928. Er þar bæði um orðalags- og efnisbreytingar að ræða. Ég vil ítreka það að nefndin komst að sameiginlegri niðurstöðu um þær breytingar sem lagðar eru til. Hinar efnislegu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. Fyrri breytingin snýr að því að æðsta stjórn ríkisins verði sérstaklega tiltekin í ákvæðinu. Þykir það nauðsynlegt vegna sérstöðu þeirra aðila sem teljast til hennar. Breyta þarf nokkrum öðrum ákvæðum frv. til samræmis. Með síðari breytingunni er lögð til sú leiðrétting á frv. að til ríkisaðila teljist einnig þeir aðilar sem ríkið á að helmingshluta í. Er þetta til samræmis við ákvæði 3. gr. Þess ber að geta að sú breyting sem hér er lögð til á 2. gr. er m.a. í samræmi við þær athugasemdir sem fram komu frá hæstv. forseta Alþingis.

2. Lögð er til breyting á 8. gr., um A-hluta ríkisreiknings, svo ekki leiki vafi á að yfirlit yfir samninga vegna rekstrar og framkvæmda sé birt í skýringum með ríkisreikningi. Nefndin telur orðalagið „Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar" ekki nægilega skýrt í þessu sambandi. Þess vegna er þessi breytingartillaga flutt.

3. Lagt er til að hægt sé að gera kröfu til ítarlegri upplýsinga í D- og E-hluta ríkisreiknings en 17. gr. gerir ráð fyrir. Er það til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru í 16. gr. til B- og C-hluta ríkisreiknings.

4. Í 20. gr. er gert ráð fyrir að stofnanir sem falla undir A-hluta ríkisreiknings skuli senda ársreikning og eignaskrá til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Alþingi og stofnanir þess hafa að mati nefndarinnar sérstöðu í þessu sambandi og er því lagt til að þeim sé nægilegt að senda ársreikning og eignaskrá til ríkisbókhalds, en að sjálfsögðu að undangenginni endurskoðun af hálfu Ríkisendurskoðunar.

5. Lagt er til að til viðbótar þeim upplýsingum sem fjmrh. er samkvæmt 28. gr. gert að birta samhliða framlagningu fjárlagafrv. komi upplýsingar um greiðslubyrði lána. Það skiptir mjög miklu máli þegar horft er til lengri tíma og þegar fjárlög fyrir hvert ár eru afgreidd að Alþingi geri sér grein fyrir þeirri greiðslubyrði sem hvílir á ríkissjóði þannig að ákvarðanir sem tengjast fjárlögum hverju sinni

séu teknar eftir að fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um greiðslubyrði lána á vegum ríkisins.

6. Lagt er til að gerðar séu auknar kröfur til ráðherra um samráð áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Þannig er í fyrsta lagi lögð til sú breyting á 30. gr. að hlutaðeigandi ráðherrum verði, auk kröfu um samþykki fjmrh., skylt að hafa samráð við fjárln. Alþingis áður en gerðir eru verksamningar eða samningar um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs. Í öðru lagi er lagt til að fjmrh. verði skylt að hafa samráð við hlutaðeigandi ráðherra og fjárln. Alþingis áður en hann innir af hendi greiðslu úr ríkissjóði samkvæmt 33. gr. vegna ófyrirséðra atvika, án heimildar í fjárlögum. Loks er gerð sú krafa til forstöðumanna ríkisstofnana sem falla undir A-hluta ríkisreiknings að þeir leiti samþykkis þess ráðherra sem þeir heyra undir sem og fjmrh. áður en tekin er ákvörðun um að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs eða draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins, samanber 32. gr.

7. Lögð er til sú breyting á 46. gr. að með ríkisreikningi fylgi jafnframt skýringar á frávikum milli fjárlaga og ríkisreiknings í einstökum atriðum. Það er mjög mikilvægt gert sé ráð fyrir því að glöggar skýringar komi fram um frávik þannig að þeir sem um fjalla geti áttað sig á því hvers vegna frávikin eru.

8. Loks er auk nokkurra orðalagsbreytinga lagt til að frv. öðlist gildi 1. janúar 1997 en láðst hafði að setja gildistökuákvæði inn í frumvarpstextann.

Á fundum nefndarinnar kom fram vilji til að gera nánari grein fyrir nokkrum atriðum eins og fram kemur í nefndarálitinu. Í fyrsta lagi ber að nefna 15. gr. frv. Samkvæmt þeirri grein skulu ríkisstofnanir í A-hluta halda og uppfæra árlega sérstaka eignaskrá, eins og fram kom og ég las upp áður í nefndarálitinu, þar sem færðar verði inn allar eigur ríkisins sem ekki eru taldar upp í efnahagsreikningi. Í athugasemdum með þessum ákvæðum frv. kemur fram að undirbúningur að slíkri skrá sé þegar hafinn og leggur nefndin og vil ég undirstrika það sérstaklega, áherslu á að eignaskráin liggi fyrir þegar á þessu ári, sé þess nokkur kostur.

Í öðru lagi komu fram sjónarmið í nefndinni varðandi færslu vaxta og verðbóta í reikningsskilum. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar um málið kemur fram að nefndin hafi velt fyrir sér hvort rétt væri að huga að því að beita skuli sömu reglum í reikningsskilum ríkissjóðs og almennt tíðkast erlendis. Niðurstaðan hafi orðið sú að ríkið ætti að sitja hjá í bili eins og þar segir og láta almenna markaðinn hafa forustu um slíkar breytingar. Ekki eru hér lagðar til breytingar hvað þetta varðar en þó er full ástæða fyrir ríkisreikningsnefnd að mati sérnefndarinnar, að fylgjast náið með þróun mála í þessu efni á næstu missirum þannig að hægt verði að taka afstöðu til þess hvort þarna þurfi fljótlega að gera á breytingar í ljósi þess stöðugleika sem hér ríkir sem betur fer.

Í þriðja lagi töldu sumir nefndarmanna hugtakið „rekstrarhagsmunir“ í 45. gr. ekki nægilega skýrt, en þar segir að ríkisaðilar í B- og C-hluta geti að fengnu samþykki fjmrn. og þess ráðuneytis er þeir heyra undir stofnað til umframskuldbindinga ef það sé gert til að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins. Nefndin telur ljóst að með þessu sé t.d. átt við ef verið er að tryggja að hagnaður af starfsemi fyrirtækisins verði í samræmi við það sem fjárlög stefna að. Um fyrirtæki í eigu ríkisins sem ætlað er að standa straum af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vöru og þjónustu gilda í meginatriðum sömu lögmál og hjá einkaaðilum. Því verður að ætla slíkum fyrirtækum nokkurt svigrúm til athafna ef þau eiga að standa sig í samkeppni við einkaaðila.

Loks var nokkuð rætt um hina svokölluðu heimildargrein fjárlaga, þ.e. núverandi 6. gr. fjárlaga sem verður skv. frv. 7. gr. þar sem veittar eru ýmsar heimildir, m.a. til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar og fasteignakaupa. Nefndin leggur áherslu á og það vil ég undirstrika að um slíkar heimildir eigi það sama við og um önnur ákvæði fjárlagafrv., þ.e. að þær gildi aðeins út fjárlagaárið. Það er nauðsynlegt að það sé skýrt. Brýnt er að í reglugerð, sem gert er ráð fyrir í 51. gr., að fjmrh. setji ákvæði um nánari framkvæmd laganna þar sem skýrt sé kveðið á um meðferð slíkra heimilda.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir nefndaráliti og brtt. sérnefndarinnar. Að lokum þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Það var nokkuð stórt og mikið verkefni sem við fengum í hendur. Nefndin fjallaði á nokkuð mörgum fundum um frv. og þar tókst samstaða um þær breytingartillögur sem hér hefur verið mælt fyrir og liggja fyrir. Ég vænti þess að okkur takist að ljúka afgreiðslu þessa mikilvæga frv. áður en þing er úti á þessu vori þannig að hægt verði taka til höndum í fjmrn. og ráðuneytunum við það að koma fjárlögum í það horf sem frv. gerir ráð fyrir og ríkisreikningi og það sem er ekki síður mikilvægt að fjárreiðum ríkisins megi stýra sem best. Það tel ég að megi gera enn betur en hefur verið gert á grundvelli þess frv. sem hér er til afgreiðslu.

[17:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er býsna merkilegt mál, þ.e. fjallar um heildarlöggjöf um fjárreiður ríkisins. Það er kannski við hæfi þegar fjallað er um svo mikilvægan málaflokk, að þá er eiginlega enginn í salnum nema nokkrir hv. stjórnarandstæðingar eins og oft áður, en ég sé satt best að segja engan stjórnarliða nema hv. formann sérnefndarinnar á tali við forseta. Það er eftir öðru að fjmrh., sjálfur flutningsmaðurinn, sem við höfum hvatt oft til að vera viðstaddan í umræðu undanfarna daga, skuli ekki hafa fundið sér tíma til að vera við 2. umr. málsins. Við því er svo sem ekkert að gera. Ég ætla a.m.k. ekki í þetta sinn að gera neina kröfu til þess að hann hlusti á 2. umr. málsins. Þess hefur verið gætt að halda allri vinnu varðandi þetta mál á mjög svo faglegum grunni og sú löggjöf sem er að líta dagsins ljós hefur hlotið mjög vandaðan undirbúning.

Þegar undirbúningur hófst við löggjöfina var markmiðið ekki einungis að setja heildarlög um fjárreiður ríkisins heldur að laga þessi mál að alþjóðlegri þróun. Það var m.a. lagt upp með það að gera ákvæði sem skýrðu efnahag betur og færa ýmislegt í ríkisbókhaldi og ríkisreikningi nær því sem viðgengst í fyrirtækjaumhverfi og þá til glöggvunar og bætts eftirlits. Það er sömuleiðis gert ráð fyrir í frv. að draga saman helstu stærðir í stofnunum ríkisins, ríkisaðila, þ.e. bæði fyrirtæki, stofnanir, lánastofnanir og eru margir fleiri aðilar sem tengjast opinberum rekstri sem fá rúm í hinum nýju fjárlögum og ríkisreikningi. Í fjárlagafrv. er aðilum skipt í eina fjóra hluta, A, B, C, D sem sýnir betri yfirsýn yfir þau mál sem verið er að fjalla um hverju sinni.

Jafnframt eru í frv. lánsfjárlög tekin inn í fjárlagafrv. og það er mjög til bóta. Einnig má geta þess að fjárlagafrv. verður umfangsmeira og þannig úr garði gert að eftirlit og stjórnun í kjölfar þessarar lagasetningar verður mun einfaldari. Ég átti sæti í sérnefndinni og það er mat mitt að hér hafi vel tekist til við vinnu. Það var faglega farið yfir málið og

þær breytingartillögur sem nefndin leggur til sem hún varð sammála um eru allar til bóta. Ýmis ákvæði voru skýrð betur og tekið tillit til ábendinga sem komu frá nefndarmönnum um þá þætti sem betur mættu fara.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson, formaður sérnefndar, hefur skýrt breytingartillögur sérnefndarinnar og ég sé ekki ástæðu til að fara yfir þær neitt frekar. Hins vegar vek ég athygli eins og hann gerði reyndar líka á teimur atriðum í nefndaráliti varðandi það að knúið er á um að eignaskrá verði færð upp og það sem ekki er fært til eignar í eigu ríkisins verði þá gert með skilvirkum hætti. Þetta er mjög nauðsynlegt til að menn geti lagt enn betur til atlögu við það að stilla upp efnahagsreikningi ríkisins eftir því sem hægt verður og er það í samræmi við þróun víða erlendis að ná betri tökum á þeim þætti ríkisfjármála.

Í öðru lagi varð nokkur umræða í nefndinni um færslu á vöxtum en eins og þingmenn vita búum við hér á landi við svokölluð verðbólgureikningsskil sem er einsdæmi í heiminum. Við erum að taka tillit til verðbólgu í reikningsskilum okkar sem var vitaskuld nauðsynleg aðferðafræði þegar við bjuggum við verulega verðbólgu og langt umfram aðrar þjóðir. Nú er þessi aðferðafræði hins vegar að verða býsna úrelt. Þótt fræðilega megi færa rök fyrir því að til bóta sé að taka tillit til verðbólgu þótt lítil sé gerir þetta það að verkum að alþjóðlegur samanburður getur reynst býsna erfiður og það torveldar okkur í pólitískri umræðu um umsvif ríkisins með þessari útfærslu.

Sú hugmynd var rædd í nefndinni hvort ríkið ætti að ganga á undan að fara út úr verðbólgureikningsskilum. Það er hægt á tiltölulega auðveldan hátt. Það hefði þá knúið á um að á almenna markaðnum yrðu þau mál skoðuð ítarlega en það hefði útheimt flókna lagasetningu sem vitaskuld hefði ekki verið hægt að gera nema að lokinni nákvæmari skoðun. Niðurstaðan í nefndinni varð hins vegar sú að leggja ekki til breytingar á færslu vaxta hjá ríkinu. Hins vegar er óskað eftir að ríkisreikningsnefnd, sem er sá aðili sem hefur umsjón með þessum þáttum, muni fylgjast náið með þróun mála á næstu missirum. Þetta er einungis ábending til aðila um að vera viðbúnir því að breyta þessum færslum ef menn telja ástæðu til en á þessu stigi er ekki tekin nein stefnumarkandi ákvörðun í því efni en það má búast við að sú umræða verði vaxandi á næstu missirum eftir því sem okkar lága verðbólga festist í sessi.

Ég held að meginniðurstaða úr þessu nefndarstarfi sé sú að hér sé komin heildarlöggjöf sem bæti áætlunargerð í ríkisrekstri. Það eru fjölmörg ákvæði sem gera það að verkum að það verði bæði faglegri vinnubrögð við fjárlagagerðina og við eftirlit á ríkisumsvifum þar sem við kemur bæði Ríkisendurskoðun og þeirri umræðu um ríkisfjármál sem fer alltaf fram á hinu háa Alþingi. Það þarf hins vegar að íhuga í kjölfar á samþykkt þessa frv. hvernig Alþingi sjálft ætlar að breyta starfsháttum sínum því að það er ljóst að lánsfjárlög og tekjuöflunarfrumvörp hafa hingað til fengið meðhöndlun í efh.- og viðskn. á meðan fjárlagafrv. sjálft er í meðförum fjárln., en reyndar sent til umsagnar einstakra fagnefnda. Það er full ástæða til þess, í kjölfar samþykktar frv., sem ég vænti fastlega að verði núna á vorþingi, að forsætisnefnd Alþingis taki til skoðunar breytingar á starfsháttum nefnda sem leiða af breyttri uppsetningu fjárlagafrv. Ég tel í heildina að um sé að ræða bæði merka löggjöf, góða löggjöf og vel undirbúna löggjöf. Ég hefði kosið að fleiri mál frá hæstv. fjmrh. væru jafn vel undirbúin og þetta frv. en það verður ekki á allt kosið í þeim efnum.

Ég get þess sérstaklega að sérnefndin sem starfaði með þátttöku allra þingflokka vann vel. Umfjöllun var fagleg um þennan flókna málaflokk í nefndinni og það ber að þakka sérstaklega formanni sérnefndarinnar, hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, fyrir góða stjórn á þessari vinnu og að út úr nefndarstarfinu skyldi ekki einungis nást samstaða allra þingmanna heldur einnig breytingartillögur sem horfa allar til bóta við þá löggjöf sem við erum að ræða.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég fagna því að málið sé komið til 2. umr. og ég tel að með lögfestingu þessa máls á vorþingi sé stigið stórt skref fram á við til að bæta áætlunargerð, fjárlagafrv. og eftirlit í ríkisrekstri og þá er vel.

[17:28]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem kom til umræðu á haustdögum og umræðan var sérstaklega að til umfjöllunar á þessu frv. yrði skipuð sérstök nefnd. Venjuleg meðferð hefði verið að vísa frv. til umfjöllunar í fjárln. og að hún hefði vísað ákveðnum liðum til hv. efh.- og viðskn. Ég lét það skýrt í ljós að skilningur minn væri sá að það mundi flýta fyrir málinu að setja upp sérnefnd þar sem allir stjórnmálaflokkar Alþingis ættu aðild að og á þann hátt var farið með málið.

Skoðun mín var sú að það ætti að vera unnt að ljúka umfjöllun og afgreiðslu núna fyrir þinglok í vor og mér sýnist að það muni rætast, herra forseti, og ég lýsi yfir ánægju með það. Ég vil vekja athygli á því að Ríkisendurskoðun hefur ekki hvað síst lagt sitt lóð á vogarskálar með umfjöllun og ábendingum um breytta og skilvirkari meðferð í fjárreiðum ríkisins.

Það er nauðsynlegt að breyta vinnulagi við framsetningu reikningsskila ríkisins og laga hana að nútímalegum háttum. Atriði eins og að setja upp reikninga á sama hátt og tíðkast hjá fyrirtækjum á almennum markaði. Ríkisreikningur, fjárlög og fjáraukalög eru verkfæri sem eru til notkunar fyrir þá aðila sem stýra fjárreiðum ríkisins. Samlíkingin um verkfæri í tösku á hér sannarlega við því hvert verkfæri þarf til síns brúks. Uppsetning og framkvæmd þessara atriða hafa verið að smábreytast undanfarin ár til hins betra. Það er nú unnt með góðum skýringum þó að komast nokkurn veginn til botns í frumvörpum, uppsetningu og reikningsskilum.

Nú hafa menn meiningar um að færa þessi mál til nútímahátta og vinna gögn þannig að skil séu ljós um ráðstöfun og fjáröflun og hver má og á að gera hvað. Í meginatriðum miðar frv. að því að aðlaga ríkisreikning og fjárlög betur að breyttum kröfum um upplýsingar varðandi samhengi ríkisfjármála og efnahagsmála, árangur í ríkisstarfseminni og fjármálastjórn hins opinbera eins og rakið er í athugasemdum með frv. En til þess að ná fram markmiðum frv. þarf að sjálfsögðu að ráðast í nokkuð viðamiklar endurbætur á gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Það þarf að gera miklar breytingar á uppsetningu eða uppbyggingu og framsetningu þingskjala, fjárlaga og fjáraukalaga. Það þarf að færa þau að mínu mati að öllu leyti í nýjan búning því að umbæturnar sem ætlunin er að lögfesta með frv. hafa ekki verið teknar upp í fjárlagaritum fram til þessa.

Ég vil sérstaklega lýsa ánægju með þann áfanga sem ég tel að hafi verið náð og ég lít reyndar til þess björtum augum að fjárreiður ríkisins verði skiljanlegri fyrir þá sem hafa áhuga á að skilja fjármunameðferð ríkisins.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum fjmrn. fyrir þeirra störf að þessu máli og eins þeirri sérnefnd sem undir stjórn hv. þm. Sturlu Böðvarssonar hefur skilað inn markverðum tillögum í málinu og gert á því breytingar til bóta í tölusettum liðum. Sérstaklega vil ég þó tilnefna 6. tölul. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lagt er til að gerðar séu auknar kröfur til ráðherra um samráð áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Þannig er í fyrsta lagi lögð til sú breyting á 30. gr. að hlutaðeigandi ráðherrum verði, auk kröfu um samþykki fjmrh., gert skylt að hafa samráð við fjárlaganefnd Alþingis áður en gerðir eru verksamningar eða samningar um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs.“ Þetta m.a. er eitt af því mikilvægasta sem hefur náðst að lagfæra í annars að mínu mati vel framsettu frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar en ég ítreka ánægju mína með frv. og lít til þess að það verði mjög til bóta í vinnu fjárln. og þingsins og fjárreiður ríkisins verði skiljanlegri fyrir þá sem á þeim hafa áhuga.

[17:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum að fjalla um gott mál og þarft eins og fram hefur komið. Þetta frv. um fjárreiður ríkissjóðs var mjög vel undirbúið af hendi ráðuneytisins og í sérnefndinni sem um það fjallaði var mjög gott og málefnalegt samstarf. Það skýrir eflaust hve lítil þátttaka er í umræðunum að mönnum finnst málið vera orðið býsna gott.

Það sem að mínu mati stendur helst upp úr í þessu frv. er það að fjárlögin fara að nálgast ríkisreikninginn, þ.e. við erum ekki að samþykkja fjárlög eins og hingað til sem eru kerfisbundið vitlaus, þar sem alltaf mun koma í ljós mismunur til aukningar á halla ríkissjóðs vegna þess að það vantar inn í það alls konar skuldbindingar vegna lífeyrismála og vaxta.

Það var nokkuð mikið rætt í nefndinni um verðbólgureikningsskil sem Ísland eitt landa eða eitt fárra landa í heiminum hefur tekið upp og ég tjáði þá skoðun mína að ekki ætti að hvika af þeirri braut vegna þess að verðbólgureikningsskil eru miklu betri til að sýna raunverulega stöðu fyrirtækja, jafnvel þegar verðbólgan er lítil. Það náðist ekki alveg fram endanleg afstaða í þessu máli en ríkisreikningur og fjárlögin verða áfram færð með svona blöndu af hreinum verðbólgureikningsskilum og án verðbólgureikningsskila.

Í frv. var gert ráð fyrir að færð yrði eignaskrá yfir allar eignir ríkisins og ég lagði áherslu á að þessi eignaskrá yrði metin til fjár, þ.e. reynt að setja verð á hverja einustu eign til þess að hægt sé að sjá hverjar eigur ríkisins raunverulega eru. Það var ekki talið að það mundi nást fram og bent á vegarspotta einhvers staðar uppi í afdal og virði hans. En auðvitað er hann einhvers virði.

Það kom fram áðan í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að hann kvartaði undan því að hér væri léleg mæting, þar á meðal af nefndarmönnum í þessari sérnefnd. Ég sat úti á skrifstofu og hlustaði á þetta í tækinu mínu og skundaði á staðinn að sjálfsögðu til þess að verða við óskum hv. þm. og taka þátt í umræðunni. En þá víkur svo við að hann er horfinn á braut og það er kannski að vonum.

Undanfarna daga höfum við upplifað málþóf eitt feiknamikið. Það er búið að ræða um eitt mál, sem er ekkert voðalega flókið, í 36,5 tíma. (**Gripið fram í:** Merkar umræður.) Merkar umræður, já. Á köflum. Eftir fjórðu ræðuna fóru rökin að endurtaka sig og síðan varð sífellt erfiðara og erfiðara að fylgjast með því að þetta var alltaf sama tuggan. Ég fór að efast um hvort vitsmunaleg heilsa mín stæðist þessar umræður. Það varð til þess að ég hætti að taka eins stífan þátt í umræðunni. Ég hlustaði frekar úti á skrifstofu vegna þess að maður getur hreinlega beðið tjón á andlegri heilsu sinni. Það er kannski skýringin á því að þegar menn loksins fara að ræða af alvöru um mál er þátttakan svona lítil. Menn ættu kannski að reyna að temja sér að tala hnitmiðað þegar þeir eru að tala en ekki að tala út og suður um einhver allt önnur mál. En þar sem þetta kemur ekki þessu máli við, nema hvað varðar athugasemdir hv. þm. Ágústs Einarssonar, ætla ég hér með að ljúka umræðunni en vil endurtaka það að vinnan í nefndinni var mjög góð og málefnaleg. Ég tel að þetta frv. sé einstaklega vel úr garði gert og muni bæta samspil ríkisreiknings og fjárlaga.

[17:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarna fá hv. þm. sem var að ljúka máli sínu inn í sal ef mögulegt er.

(**Forseti** (ÓE)**:** Við gerum ráðstafanir til þess.)

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal þarf ekki að doka lengi við. Aðeins á meðan ég segi að allir þeir sem tóku þátt í umræðu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ræddu málið af fullri alvöru og lögðu mikla vinnu í þær ræður sem hér voru fluttar. Það var hins vegar ekki lögð mikil vinna í það af hálfu stjórnarliða, kannski af ótta við að missa geðheilsu sína. Hún er kannski tæp, kannski er það ástæðan. Það var a.m.k. ekki lögð mikil vinna í það af hálfu stjórnarliða að hlusta á þau rök sem hér voru fram færð. Og að sitja undir svona yfirlýsingum er alveg fráleitt. Við skulum ætla að þeir þingmenn sem hér tala skoði þau mál sem þeir eru að ræða hverju sinni og ræði um þau af fullri alvöru. Í það minnsta gerði ég það og lagði mikla vinnu í að skoða það mál sem við vorum að ræða um, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

En það var ekki ástæðan til þess að ég bað um orðið í upphafi. Ástæðan var einfaldlega sú að ég er komin til þess að fagna því að þetta frv. um fjárreiður ríkisins er nú komast í lokaafgreiðslu vegna þess að það vill svo til að það er töluvert langt síðan undirbúningur var hafinn. Þá hét þetta mál reyndar frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði og var flutt af þáv. fjárveitinganefnd, síðar fjárln. Ég sé að það frv. sem hér er til umræðu er að hluta til byggt á þeirri vinnu sem þar var unnin. Enda kannski eðlilegt því að það frv. var unnið í samráði við starfsmenn Ríkisendurskoðunar og fjmrn. og búið að hljóta þó nokkuð mikla umfjöllun í fjárln.

Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal. Það var virkilega ástæða til að taka á og breyta uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og samræma hana þannig að við værum ekki ár eftir ár að afgreiða kerfisbundið vitlaust fjarlög, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það. Það er töluvert mikið til í því.

Ég er einnig sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að það ætti og væri æskilegast að hægt væri að meta eignaskrá ríkisins til fjár. Það er nauðsynlegt til þess að við vitum hver staðan er hjá ríkinu alveg á sama hátt og þeir sem reka sinn eigin reikning vilja gjarna sjá hvert mat eignanna er. Það ætti auðvitað að fara í þá vinnu af hálfu ríkisins og þó fyrr hefði verið. En það sem við erum með hér, frv. um fjárreiður ríkisins, og sú tilraun sem uppi hefur verið um samningsstjórnun og verkefnavísa plús það að gera þessa eignaskrá ríkisins þó ófullkomin sé því hún er ekki nógu vel unnin og

reyndar heldur ekki verkefnavísarnir. Það má vanda betur til þeirra verka. En þegar við höfum þennan grunn, þá fyrst getum við farið að setja fram fjárlög af einhverju viti. Þess vegna fagna ég sérstaklega þessari vinnu og ef hv. þm. Pétur Blöndal hefði hlustað á ræðu mína um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefði hann heyrt að hluti af ræðunni fjallaði einmitt um þessa vinnu vegna þess að þetta er allt saman samtengt. Þetta er nefnilega allt saman nátengt og það veit hv. þm. alveg jafn vel og ég. En ég neita því, þegar stjórnarliðar mæta loksins í salinn, þó ekki séu þeir margir því að ekki hafa þeir meira en svo almennan áhuga á fjárreiðum ríkisins frekar en hv. stjórnarandstæðingar, að sitja þá undir því að 35 klukkutímar hafi farið nánast í bull og orðið til þess að hv. þm. óttast um geðheilsu sína. Það er auðvitað slæmt. En það er örugglega ekki stjórnarandstæðingum að kenna að geðheilsa hv. stjórnarliða er í tæpu ástandi þessa dagana. Orsakirnar má örugglega rekja eitthvað annað en til okkar.

En ég fagna þessu frv. og vona að þetta sé komið á lokasprettinn svo hægt sé að koma skikki á fjárreiður ríkisins með þeim hætti að hv. þingmenn geti á hverju hausti fjallað um þær af viti og tekið stöðuna eins og hún raunverulega er. Ég fagna líka tilurð verkefnavísa sem og eignaskrá ríkisins og hvet til áframhaldandi vinnu í þessum efnum.

[17:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess að það hefði verið mjög gott að hlusta á fyrstu ræðurnar. Það komu fram rök sem maður hlustaði á að sjálfsögðu. En þegar haldnar eru 40 ræður að meðaltali tæpur klukkutími á lengd, þá fara rökin að endurtaka sig aftur og aftur og aftur og þá fer athyglin að dofna. Það var það sem ég átti við. Ég sagðist ekkert hafa óttast um neina geðheilsu. Ég sagðist hafa óttast um mína vitsmunalegu heilsu að vera að hlusta aftur og aftur á sömu rökin. Mér finnst það alveg óþarfi. Menn geta bara vísað í það að einhver annar þingmaður hafi komið með áður í stað þess að vera að tyggja þau aftur og aftur. Það þarf ekki að segja þetta svona oft nema menn búist við því að enginn hlusti. Það er það sem ég átti við.

Í 40 ræðum voru kannski svona 10–20 atriði sem menn voru að ræða. Það er óþarfi að tala um það í 40 ræðum. Það er það sem ég átti við. Menn geta ekki búist við því að fólk fjölmenni á fund til þess að hlusta á svona útþynntar ræður. Sumar ræðurnar voru virkilega útþynntar. Það liðu kannski tíu mínútur eða kortér áður en einhver punktur kom í ræðuna hjá sumum hv. þm. Ég get bara farið með hv. þm. í gegnum þær ræður sem þannig er ástatt með. Aðrar voru virkilega góðar og ég geri ráð fyrir að flestir hafi lagt mikla vinnu í þetta. En það er óþarfi að koma í 40 ræðum alltaf með sömu rökin. Það er óþarfi. Það er það sem ég átti við.

[17:46]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi alls ekki verið óþarfi að fara yfir þetta mál í 40 ræðum og jafnvel þó svo einhver rök hafi endurtekið sig þar sem ég býst við að hafi verið. Við höfum séð þetta á mjög svipaðan máta. Að vísu veit ég að í síðustu ræðunum sem voru fluttar hér komu fram ýmsir nýir fletir á þessum málum, t.d. hvað varðar sveitarstjórnarstarfsmenn og hvernig kjör þeirra tengjast kjörum ríkisstarfsmanna og það var fjallað um margt annað á svolítið annan hátt en hafði verið gert áður. En 40 ræður á þessum tíma var alls ekkert of mikið vegna þess að ég er sannfærð um það — af því að maður sá hv. stjórnarliða vera hér að tipla á tánum og einn og einn stakk inn höfði til að vita hvað væri að gerast og hvað væri verið að segja — að fyrir þeim hv. þingmönnum voru rökin ný í hvert sinn sem þeir létu svo lítið að sjá sig.

Og vitsmunaleg heilsa og geðheilsa fer oft saman.

[17:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hitti akkúrat naglann á höfuðið. Hún sagði að menn hefðu rekið inn hausinn öðru hverju til þess að hlusta á ein og ein rök sem þeir hefðu ekki heyrt áður. Það er vegna þess hvað umræðan var útþynnt. Ef þingmenn hefðu ekki verið að tyggja sömu rökin aftur og aftur og þau komið bara snyrtilega á kannski einum tíu tímum eða jafnvel sjö tímum, ef þessi rök hefðu komið fram á sjö tímum, þá hefðu menn enst til að hlusta á þetta og umræðan hefði orðið miklu markvissari. Ég segi það eins og er að margt gott kom fram í ræðunum, mjög margt. Og ég varð líka var við það undir lokin þegar ég hlustaði á þessar ræður úti í herbergi með því að vinna annað með af því að þetta var svo útþynnt, að það komu alltaf út öðru hverju ný sjónarhorn sem var gott að heyra. En þetta var bara svo útþynnt og það er það sem ég á við að með því að tala svona mikið, þá eru menn að þynna út málstaðinn. Þeir koma sínum rökum ekki að. Það er miklu betra að segja: Eins og þessi og þessi hv. þm. sagði, þá tek ég undir það og svo vil ég bæta þessu við. Þá hefðu ræðurnar orðið mjög stuttar og við hefðum enst til að hlusta á þær.

[17:48]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér skilst að hv. þm. Pétur Blöndal hafi átt sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um fjárreiður ríkisins og var núna að skila af sér. Telur hv. þm. að ástæðan fyrir því að hér eru ekki fleiri í þingsalnum til þess að hlusta á ræðu hv. þm., mína og fleiri, sé vegna þess að menn álíti að umræða um fjárreiður ríkisins sé útþynnt, að þar hafi ekkert nýtt komið fram og muni ekkert nýtt koma fram? Telur hv. þm. að það sé ástæðan fyrir því að þingmenn láta ekki sjá sig í sölunum? Hrædd er ég um að ástæðan sé einhver önnur.

[17:49]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Umræðan í andsvörum hefur vikið nokkuð frá efni dagsins, en það er eins og verkast vill og eðlilegt er að margt beri á góma þegar verið er að ræða um mikilvæg frv.

Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls um frv. um fjárreiður ríkisins. Þar hafa komið fram nokkur atriði sem ég vil gera að umtalsefni í lokin.

Hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi það sem fram kom í ræðu minni þegar ég mælti fyrir nefndarálitinu, að í sérnefndinni var nokkuð fjallað um vaxtafærslurnar. Hann nefndi réttilega að e.t.v. væri meðferð og verðbólgureikningsskil okkar Íslendinga einsdæmi í veröldinni. Ég náttúrlega þori ekki að fullyrða um að svo sé. En ég vil að það komi fram að um þetta voru nokkrar umræður og niðurstaðan varð sú að gera ekki tillögu um neinar breytingar frá því sem er.

Ég vil geta þess sem fram kom í umræðum í nefndinni að þar var því m.a. haldið fram að e.t.v. hefðum við ekki komist klakklaust í gegnum verðbólguholskefluna sem yfir

þjóðina reið á sínum tíma ef ekki hefði verið gripið til þessara verðbólgureikningsskila til þess að verja m.a. þá sem þurfti að verja í verðbólguskriðunni, þ.e. eigendur sparifjár m.a. Þetta vil ég að komi fram en ég vil engu að síður segja að ég tel að þó að ekki séu gerðar hér breytingar, þá er engin hætta á ferðum. Það er eðlilegt að við nýtum okkur stöðugleikann til þess að gera þær breytingar í rólegheitum sem við teljum að þurfi að gera á þessum reikningsskilum ef okkur sýnist svo. En ég tel að reikningsskilin skaði ekki á nokkurn hátt fjárreiður ríkisins eða þær færslur sem þar er um að ræða.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Ágúst Einarssyni einnig, að frv. um fjárreiður ríkisins fjallar m.a. um áætlunargerð og eftirlit og eftirlitshlutverk löggjafarvaldsins og annarra sem þurfa að fara með það. Ég tel að frv., ef að lögum verður sem ég vona að verði, sé mjög mikilvægt og gott tæki til þess að vinna vel að fjármálum ríkisins, handavinnuna ef svo mætti segja. Frv. skapar mjög góð skilyrði til þess að öll áætlanagerð og síðan eftirlit geti farið fram á skikkanlegan og skaplegan hátt.

Ég tel að ríkið þurfi að ganga á undan með góðu fordæmi og til þess að svo sé hægt þarf löggjöfin að vera í lagi. Ríkisfyrirtæki þurfa bæði að standa þannig að sínum reikningsskilum að til fyrirmyndar sé og öryggið sé þar í fyrirrúmi.

Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi og ræddi nokkuð um eignaskrá og uppfærslu hennar. Ég tek undir það með hv. þm. að það er mjög mikilvægt að eignaskráin sé vönduð og hún sé til og verði til og að það verði reynt að leggja mat á eignirnar hverju sinni og þær uppfærðar hverju sinni þannig að eignaskráin verði rétt á milli ára og reynt að færa eignirnar til verðs eins og nokkur kostur er.

Með frv. er skerpt á skyldum framkvæmdarvaldsins. Það fer ekki á milli mála. Það er skerpt á skyldum framkvæmdarvaldsins hvað varðar fjárreiðurnar og það er einnig skerpt á skyldum löggjafarvaldsins hvað varðar eftirlitshlutverk þess. Það er einnig reynt að skýra og skilgreina hina æðstu yfirstjórn hvað varðar fjárreiður ríkisins og þá sérstaklega Alþingi þannig að það fari ekki á milli mála hvert hlutverk löggjafarvaldsins er og þeirrar umsýslu sem á vegum löggjafarvaldsins er og svo hins vegar framkvæmdarvaldsins. Þetta er alveg nauðsynlegt að komi fram.

Vegna þess sem hv. 5. þm. Suðurl. nefndi um þau frv. sem áður hafa komið fram, þá vil ég rifja það upp. Það er rétt sem hv. þm. sagði að fjárveitinganefnd Alþingis, eins og hún hét áður, flutti á sinni tíð frv. um greiðslur úr ríkissjóði. Það voru lögð fram nokkur frv. á vegum fjárveitinganefndarinnar. En mér sýnist að það frv. sem hér var lagt fram á sínum tíma af hv. páv. þingmönnum, Geir H. Haarde og Pálma Jónssyni og hét frv. til laga um meðferð greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir, sé e.t.v. það frv. sem hefur velt þessu af stað. Það er ánægjulegt að geta þess að Pálmi Jónsson, sem þá var þingmaður, var mjög mikill áhugamaður um að á þessum málum væri tekið og það hefði svo sannarlega verið skemmtilegt ef hann hefði getað tekið þátt í þessari umræðu, svo mikill áhugamaður um skýrar reglur hvað varðar fjármál ríkisins væru í gildi. Ég minnist þess þegar ég byrjaði í þinginu að hann hélt margar áminningarræður um það að þessum hlutum þyrfti að koma í gott lag og ég vil nota tækifærið og nefna það hér.

Virðulegi forseti. Ég vil þá ljúka máli mínu með því að þakka umræðurnar sem hafa farið fram. Ég tel að starfið í sérnefndinni hafi borið ágætan ávöxt með því að okkur tókst að ná samstöðu um þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir. Ég tel að allar upplýsingar um fjármál séu mjög mikilvægt stjórntæki hvað snýr að ríkisfjármálum og það sé mjög mikilvægt að samræma sjónarmið þeirra aðila sem koma að framkvæmd ríkisfjármálanna þannig að menn tali sama tungumál þegar verið er að tala um fjárreiður ríkisins, þ.e. fjárlög, ríkisreikning, fjáraukalög o.s.frv., að þetta séu samanburðarhæfir hlutir og menn séu að tala um sömu hlutina. En með þessu frv., ef að lögum verður, þá tel ég að þessum hlutum verði komið í eins gott horf og mannanna verk geta verið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en vona að frv. nái fram að ganga fyrir þinglok.

[17:58]

Útbýting þingskjala:

Forsenda vistvænna landbúnaðarafurða, 525. mál, fsp. HG, þskj. 977.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 469. mál, nál. sjútvn., þskj. 982.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–15. mál.

Fundi slitið kl. 17:59.

---

139. FUNDUR

föstudaginn 17. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Upplýsingalög, stjfrv., 361. mál, þskj. 630, nál. 899, brtt. 900. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 536, nál. 927, brtt. 928. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 518. mál, þskj. 951. — 2. umr.

4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 334. mál, þskj. 980. — 3. umr.

5. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 371, nál. 924, brtt. 925, 929 og 972. — 2. umr.

6. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957. — 1. umr.

7. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 677, nál. 947, brtt. 948. — 2. umr.

8. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554, nál. 941, brtt. 942. — 2. umr.

9. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739, nál. 954, brtt. 955. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Davíð Oddsson forsrh.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Geir H. Haarde,
formaður þingflokks Sjálfstfl.

Katrín Fjeldsted hefur áður setið á þessu þingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður ríkissjóðs af gjaldþrotum einstaklinga, 438. mál, svar fjmrh., þskj. 976.

Tekjuskattur og eignarskattur, 522. mál, frv. StB o.fl., þskj. 966.

Úthlutun veiðiheimilda, 485. mál, svar forsrh., þskj. 970.

Veiting ríkisborgararéttar, 334. mál, þskj. 980.

Þungaskattur af almenningsvögnum, 513. mál, svar fjmrh., þskj. 975.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um fundahaldið að þegar afgreidd hafa verið fjögur fyrstu dagskrármálin verður settur nýr fundur. Þá verður 3. dagskrármálið tekið fyrir til 3. umr. ef leyft verður og síðan 5.–9. dagskrármál. Forseti biður þingmenn jafnframt að vera viðbúna atkvæðagreiðslum eftir því sem fram vindur málunum á dagskránni, að minnsta kosti fram að hádegi.

Upplýsingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 630, nál. 899, brtt. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, FI, GÁ, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, LB, RA, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:35]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í umræðum í gær þá er ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson með fyrirvara á nefndaráliti vegna þess að okkur fannst ekki alveg skýrt að upplýsingar um laun yrðu tiltækar, þ.e. um persónulega kjarasamninga. Það er reyndar nokkuð hnykkt á þessu í nefndaráliti en ég er ekki alveg sannfærð um að upplýsingar um laun verði gefnar upp svo að ég hef kosið að sitja hjá við þessa grein.

[10:35]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg skýrt að þessi grein á bæði við grunnlaun og viðbótarlaun ef frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verður samþykkt á Alþingi á þessu vori. Ég segi því já við þessari grein.

6.–7. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 900 samþ. með 43 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
9.–25. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fjárreiður ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 297. mál. — Þskj. 536, nál. 927, brtt. 928.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 928,1 (ný 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 928,2–21 samþ. með 45 shlj. atkv.
3.–52. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Framboð og kjör forseta Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 518. mál (meðmælendur). — Þskj. 951.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 334. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 980.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FI, GÁ, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, LB, RA, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 988).

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 10:43.

---

140. FUNDUR

föstudaginn 17. maí,
að loknum 139. fundi.

Dagskrá:

1. Upplýsingalög, stjfrv., 361. mál, þskj. 630 (með áorðn. breyt. á þskj. 900). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 536 (með áorðn. breyt. á þskj. 928). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 518. mál, þskj. 951. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 371, nál. 924, brtt. 925, 929 og 972. — 2. umr.
5. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957. — 1. umr.
6. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 677, nál. 947, brtt. 948. — 2. umr.
7. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554, nál. 941, brtt. 942. — 2. umr.
8. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739, nál. 954, brtt. 955. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Upplýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 986 (sbr. 630).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:46]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FI, GÁ, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, LB, RA, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 989).

Framboð og kjör forseta Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 518. mál (meðmælendur). — Þskj. 951.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FI, GÁ, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, LB, RA, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 990).

Umgengni um auðlindir sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 371, nál. 924, brtt. 925, 929 og 972.

[10:48]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjútvn. við frv. til laga um umgengni um auðlindir sjávar. Þetta er á þskj. 924.

Nefndin fjallaði mikið um þetta frv. og fékk fjölmarga aðila til fundar við sig og umsagnir frá öðrum. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson og Snorri Rúnar Pálmason frá sjútvrn., Árni Múli Jónasson frá Fiskistofu, Kristján Þórarinsson frá LÍÚ, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, en þessir tveir síðasttöldu áttu báðir sæti í nefnd sem undirbjó frv. Einnig komu Grétar Már Jónsson, Sæmundur Halldórsson og Örn Einarsson frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi og Ingólfur Karlsson, Dagur Brynjólfsson,

Friðrik Magnússon, Hermann Ólafsson og Jón Sigurðsson, allt útgerðarmenn netabáta undir 20 tonn að stærð. Þá bárust umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi, Fiskmarkaði Vestmannaeyja, Hafnarsjóði Þorlákshafnar, Íslenskum sjávarafurðum, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Náttúruverndarráði, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurði Gunnarssyni, sjómanni á Húsavík, Sjómannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Verkamannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands. Þá bárust einnig áskoranir frá ýmsum aðilum um að felld yrði brott tiltekin grein frv., bæði frá eigendum og áhöfn vertíðarbáta og fleiri aðilum.

Frv. þetta er samið af sérstakri samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar sem sjútvrh. skipaði á árinu 1994 og hefur starfað síðan og starfar enn.

Sjútvn. hefur orðið sammála um að leggja til allmargar breytingar á frv. en rétt er þó að taka fram að hluti nefndarmanna í sjútvn. skrifar undir nefndarálit þetta með fyrirvara og mun ég gera grein fyrir því síðar.

Í fyrsta lagi er lagt til að heiti frv. verði breytt og verði: Lög um umgengni um nytjastofna sjávar. Sú athugasemd barst m.a. frá Náttúruverndarráði að heiti frv. eins og það er væri of víðtækt, gæfi ekki rétta mynd af hinu raunverulega innihaldi frv. sem fyrst og fremst snýr að nýtingu nytjastofna, en frumvarpsheitið eins og það er gæfi tilefni til að ætla að um væri að ræða löggjöf sem tæki til allra auðlinda sjávarins jafnt lifandi og dauðra en svo er að sjálfsögðu ekki. Innihald frv. snýr fyrst og fremst að lifandi nytjastofnum.

Í öðru lagi leggur sjútvn. til að gerð verði breyting á 2. mgr. 2. gr. Hún lýtur að því að snúa yfir í heimildarákvæði til handa ráðherra því sem sett er sem almenn regla í 3. málsl. 2. mgr. 2. gr. Greinin fjallar um það, og hefst á því í 1. mgr., að skylt skuli vera að hirða og koma með að landi allan afla. Síðan eru taldar upp þær aðstæður þar sem heimilt er að víkja frá þessu og er það í fyrsta lagi þegar ráðherra getur heimilað í reglugerð að sleppt skuli lifandi fiski sem er undir tiltekinni lengd og fæst í ákveðin veiðarfæri og er þá fyrst og fremst átt við undirmálsfisk sem kemur á færi. En í 2. mgr. eru enn fremur veittar undanþágur fyrir því að varpa fyrir borð t.d. sýktum og skemmdum afla, selbitnum fiski og öðru slíku og tegundum sem sæta ekki takmörkunum á leyfilegum heildarafla, þ.e. tegundir sem eru utan kvóta, enda hafi þær ekki verðgildi, verði ekki fénýttar með neinum hætti.

3. málsl. 2. mgr. fjallar svo um atriði sem mikið hefur verið til umfjöllunar á undanförnum árum og það varðar þær kvaðir sem lagðar eru á vinnsluskip að hirða það sem til fellur, innyfli, hausa afskurð og annað. Eins og kunnugt er hafa verið í gildi lög um fullvinnsluskip og í þeim lögum sem sett voru 1992 var gert ráð fyrir að skipin skyldu koma með allt að landi, allan úrgang. Þó var veitt frá þessu undanþága til 1. september 1996. Það er rétt að taka fram að frumvörp um þessi vinnsluskip eru sömuleiðis til umfjöllunar á Alþingi á þessum vetri. Í frv. þessu til laga um umgengni um auðlindir sjávar var gert ráð fyrir að veitt yrði varanleg og almenn undanþága fyrir vinnsluskip til að fleygja fiskúrgangi, enda yrði hann ekki nýttur með arðbærum hætti. Eftir allmiklar umræður í sjútvn. varð það niðurstaðan að leggja til að þessu yrði snúið við og þetta yrði útfært sem heimildarákvæði til handa ráðherra, enda væri það í vissri mótsögn við upphafsmálsgrein 2. gr. sem hefst á þeim orðum að skylt skuli vera að hirða og koma með að landi allan afla að hafa almennt orðaða undanþágu af þessu tagi í lögum. Nefndin leggur því til að þetta orðist svo:

„Einnig getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru sem til fellur við verkun eða vinnslu, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti."

Sömuleiðis er lagt til að síðasti málsliður 2. gr. falli niður en þar var vísað yfir í lög um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. En í þeim lögum eða öllu heldur frv. til breytinga á þeim lögum var hins vegar vísað í frv. til laga um umgengni um auðlindir sjávar og var þá í raun verið að vísa í kross milli þessra lagaákvæða og gat tæplega talist eðlilegt.

Í þriðja lagi er lagt til að 3. gr. frv. falli brott. Það kom fram mjög mikil andstaða hjá fjölmörgum umsagnaraðilum og gestum nefndarinnar við þetta ákvæði 3. gr., en það fjallar eins og kunnugt er um það að bátum undir 20 brúttótonnum að stærð skuli vera óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum frá 1. nóvember til febrúarloka. Fyrir þessu voru færð þau rök að ástæða væri til að óttast að meðferð hráefnis í þessum tilvikum væri ábótavant, þessir bátar næðu ekki að draga net sín nógu reglubundið og hætta væri á því að þau kynnu að liggja í sjó vegna veðurs o.s.frv. Það er skemmst frá því að segja að í allri umfjöllun um þetta komu í raun aldrei fram nein haldbær rök fyrir því að þarna væri um sérstakt vandamál að ræða sem réttlætti það að beita svona sérstökum og íþyngjandi takmörkunum gagnvart þessum eina hópi. Þvert á móti komu fram fullyrðingar um að hráefni frá þessari útgerð væri sérlega gott og jafnvel eitt af því besta sem t.d. fiskverkendur og fiskmarkaðir fengju. Útgerðarhættir væru orðnir gerbreyttir hvað þetta snertir og þessir bátar hefðu úr takmörkuðum veiðiheimildum að spila þannig að mönnum væri það sjálfum mikið hagsmunamál að nýta þær sem best og gera sem mest verðmæti úr því hráefni sem þeir kæmu með að landi. Og aðrir þættir eins og það að verða ekki fyrir veiðarfæratjóni o.s.frv. leiddu til þess sjálfkrafa að menn legðu ekki net nema nokkuð víst væri að þau væri hægt að draga og ná þeim í land aftur. Það mun einnig vera svo að það heyri nokkurn veginn liðinni tíð að þessi veiðarfæri liggi í sjó yfir helgar o.s.frv. Það er því niðurstaða sjútvn. að engin efnisleg rök eða fullnægjandi rök hafi komið fram sem réttlæti það að þetta ákvæði sé haft inni.

Í fjórða lagi er gerð brtt. við 2. mgr. 4. gr. en sú málsgrein fjallar um að skipi sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki sé óheimilt að hefja veiðiferð nema það hafi aflaheimildir, eins og stendur í frv., með leyfi forseta, sem telja megi líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni, jafnt þeirri tegund eða þeim tegundum sem veiði beinist sérstaklega að sem og líklegum meðafla af öðrum tegundum.

Um þetta mál sem og allt sem lýtur að því að fiski sé fleygt urðu mjög miklar umræður í sjútvn. Nefndarmenn voru og eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að skoða úrræði og möguleika til að draga úr úrkasti og í nefndinni komu m.a. fram hugmyndir og tillögur um að heimila skyldi einhverja löndun meðafla umfram kvóta. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að ekki liggi fyrir á þessu stigi málsins kannski fullnægjandi upplýsingar um það hversu stórt og víðtækt þetta vandamál sé, enda afar erfitt að sannreyna upplýsingar eða ummæli eða ásakanir um að slíkt eigi sér stað og liggur nokkuð í hlutarins eðli. Það má segja að aðstaðan hvað það varðar að sanna og slá máli á líklegt úrkast fiskjar sé ekki ólík því að sannreyna skattalagabrot og reyna að átta

sig á því hversu víðtæk skattsvik séu. Flestir viðurkenna að í einhverjum mæli sé um slíkt að ræða, en það er afar erfitt að fá menn til að viðurkenna það að þeir hafi a.m.k. persónulega og sjálfir tekið þátt í slíku og liggur í hlutarins eðli.

Eftir sem áður þótti mönnum að 2. mgr. 4. gr. yrði nokkuð torsótt í framkvæmd og sérstaklega það sem snýr að því að áætla við upphaf veiðiferðar hver gæti orðið líklegur meðafli tegunda og þá með tilliti til hinna einstöku veiðarfæra o.s.frv. Niðurstaða sjútvn. er að leggja til breytingar á orðalagi þessarar greinar þannig að málsgreinin orðist svo:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru."

Væntanlega er frekar unnt að ná utan um það að útfæra þarna einhverjar reglur sem sanngjarnar geta talist og framkvæmanlegar gagnvart því að veiðiheimildir skips séu með tilliti til þeirra veiðarfæra sem notuð eru, líklegar til þess að duga fyrir veiðiferð sem verið er að hefja. Enn eru þó efasemdir um að reglur sem ná utan um þetta atriði verði auðveldar í framkvæmd en það verður verkefni framkvæmdarvaldsins að reyna að útfæra þær og hrinda þeim í framkvæmd. Sú hugsun sem að baki liggur, að menn þurfi að eiga veiðiheimildir fyrir þeim veiðum sem verið er að hefja er að sjálfsögðu eðlileg og til þess er ætlast að menn reyni að skipuleggja veiðar sínar þannig að þetta gangi eftir. Um það er í sjálfu sér enginn ágreiningur að ef aflamarkskerfi er notað til þess að stýra veiðum verður að byggja á þeirri hugsun.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjalla frekar um þetta en það er rétt að minna á og undirstrika að sjútvn. er þeirrar skoðunar að þarna sé um vandamál að ræða sem full ástæða er til að taka mjög alvarlega. Nefndin fékk á sinn fund m.a. gesti sem sögðu nokkuð hrollvekjandi sögur af því sem gerðist við aðstæður eins og þær sem við upplifum á Íslandsmiðum í dag, þ.e. að þorskveiðiheimildir hafa verið skornar mjög verulega niður og eru í sögulegu lágmarki, ef svo má að orði komast, miðað við útgerð á Íslandsmiðum og það leiðir til þess að afar erfitt er að ná ýmsum öðrum tegundum án þess að skip sem það eru að reyna fari þá fram úr þeim veiðiheimildum sem þau hafa í þorski. Þetta hefur leitt til þess að á síðustu árum, eftir að þorskveiðiheimildir urðu svo mjög takmarkaðar sem raun ber vitni, þá eru þorskveiðar í reynd fyrst og fremst stundaðar þannig að þorskaflinn er meðafli í viðleitni skipanna til þess að ná öðrum tegundum. Skipstjórnarmenn fara gjarnan á sjó með þau fyrirmæli að reyna allt sem hægt er til að ná öðrum tegundum með eins litlum meðafla í þorski og kostur er. Það liggur í hlutarins eðli að þetta er nokkuð breytt staða miðað við það sem menn eiga að venjast og það er ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af þessu úrkastsvandamáli einmitt í þessu ljósi.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að að þessu máli þurfi áfram að vinna og það er hvatt til þess að samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar, sem m.a. vann að undirbúningi þessa frv., haldi áfram að skoða þetta mál sérstaklega og sjútvn. ætlar sér að fylgjast með því starfi og hef ég þá ekki fleiri orð um það.

Í fimmta lagi er lagt til að breyta nokkuð ákvæðum 7. gr. sem fjalla um vigtun afla og aðstöðu í höfnum o.s.frv. Nefndinni þótti nokkuð afdráttarlaust að orði kveðið einkum í 3. mgr. 7. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fiskiskipum skal óheimilt að landa sjávarafla í öðrum höfnum en þeim sem sjávarútvegsráðuneytið heimilar og uppfylla kröfur um aðstöðu og eftirlit sem nánar skal kveðið á um í reglugerð. Sjávarútvegsráðherra er heimilt að veita aðlögunartíma að þessu ákvæði til allt að tveggja ára."

Þetta mætti túlka svo að innan tveggja ára yrði þá óheimilt að landa afla annars staðar en í viðurkenndum höfnum sem hefðu tiltekna aðstöðu varðandi vigtun og til að framkvæma eftirlit. Þá vöknuðu spurningar um hvað yrði þá um útróðra frá t.d. afskekktum bændabýlum og öðrum þeim stöðum þar sem ekki er um neinar eiginlegar hafnir að ræða. Það getur varla verið ætlunin að ganga svo langt að banna slíka útgerð, að hún skuli leggjast af og það innan ekki lengri tíma en tveggja ára. Vitað er um dæmi þess að menn stunda sjóróðra og jafnvel í þó nokkrum mæli þar sem alls ekki er um neinar eiginlegar hafnir að ræða, t.d. frá nokkrum afskekktum bændabýlum eða útróðrarstöðum. Það varð því niðurstaða sjútvn. að leggja til að þetta orðalag verði rýmkað og í staðinn fyrir 3. mgr. 7. gr. komi tvær nýjar nálsgreinar sem orðist svo:

„Hafnir skulu uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð. Sjávarútvegsráðuneyti getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur sjávarútvegsráðuneytið við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir þessari undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi."

Með öðrum orðum, eftir sem áður er ekki slegið af kröfum um það að afli sé veginn á fullnægjandi hátt og skýrslum skilað um aflann þannig að unnt sé að hafa eftirlit með nýtingu aflaheimilda og öðru sem menn vilja þarna hafa hönd í bagga með. Það er þó rétt að taka fram að sjútvn. lítur svo á að skilyrði 2. mgr. 7. gr. um að vigtun skuli framkvæmd af löggiltum vigtunarmanni eigi ekki við í þessum tilvikum. Það liggur í hlutarins eðli að það hefði lítið upp á sig að veita þessa undanþágu ef eftir sem áður ætti að áskilja löggiltan vigtunarmann á staðnum til að vega aflann í hvert einstakt skipti. Ætli yrði þá ekki lítið um útróðra frá ónefndum stöðum á Skaga og Melrakkasléttu og víðar þar sem þeir tíðkast þrátt fyrir allt og að okkar mati eiga að fá að gera það áfram. Menn þurfa ósköp einfaldlega að leysa þau mál öðruvísi eins og reyndar er gert og það er engin sérstök ástæða til að ætla að ekki sé unnt að tryggja að hvort tveggja verði, menn geti áfram aukið tekjur sínar eða haft framfæri af því að stunda sjó við slíkar aðstæður en unnt sé á fullnægjandi hátt að sjá fyrir vigtun afla og skýrsluskilum.

Í sjötta lagi er lagt til að orðalag 11. gr. verði lagfært. Það var nokkuð tormelt, herra forseti, satt best að segja. En svona til gamans má lesa 11. gr. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Ökumaður flutningstækis er flytur afla frá skipshlið skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann. Ökumanni er óheimill annar akstur með óveginn afla en stystu leið frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 7. gr."

Þessu þótti ástæða til að snúa við og færa aðeins til betri vegar að okkar mati. Það hefur vonandi tekist og orðist þá svo, með leyfi forseta:

„Ökumaður sem flytur óveginn afla skal aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr. Ökumaðurinn skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann."

Í sjöunda lagi er orðalag 1. málsl. 12. gr. lagfært. Það komu athugasemdir við þær ríku skyldur sem m.a. 12. gr. óbreytt hefði lagt á starfsmenn hafnarvoga og það vöknuðu jafnvel efasemdir um að unnt væri öðruvísi en með stórauknum útgjöldum fyrir hafnir landsins að uppfylla þetta ákvæði. Þær þyrftu í raun og veru að ráða sér viðbótarmannskap í það eftirlit sem 12. gr. óbreytt mundi leggja þeim á herðar. Að athuguðu máli varð það niðurstaða sjútvn. að rétt væri að milda orðalag þessarar greinar nokkuð því ekki væri hægt að horfa fram hjá því að þetta gæti haft í för með sér talsverðan viðbótarkostnað ef bókstaflega væri eftir lagagreininni farið. Við leggjum því til að 1. málsl. 12. gr. orðist svo:

„Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við getur átt."

Þetta vísar m.a. til þess að stundum er afli fluttur í lokuðum bílum eða lokuðum körum og það geta fleiri aðferðir verið gagnlegar eða brúklegar til þess að reyna að sannreyna samsetningu farmsins en úrtakskönnun ein. Það er líka rétt að geta þess að þessar skyldur sem lagðar eru á alla þá sem koma við sögu þegar afli kemur úr veiðiskipi — honum er ekið til vigtunar, hann veginn og síðan fluttur í vinnslustöð eða seldur — að þarna er um að ræða ákveðna keðju sem öll þarf að leggja sitt af mörkum til þess að hvergi verði veikur hlekkur í því eftirliti sem þarna er reynt að koma á, því samfellda og samræmda eftirliti með afla frá skipi allt þar til framleiðslan hefur verið endanlega seld. En það er út af fyrir sig ljóst að með þessu er verið að gera alla sem við sögu koma samábyrga með vissum hætti fyrir þessu eftirliti.

Þá er í áttunda og síðasta lagi í breytingartillögum frá sjútvn. á þskj. 925 lagt til að orðalag 15. gr. verði lagfært. Það lýtur í fyrsta lagi að því að í stað orðsins „aflamark" komi „aflaheimildir" á viðeigandi stöðum þannig að ljóst sé að þetta tekur ekki aðeins til aflamarks heldur til aflaheimilda svo sem eins og þorskaflahámarks eða annarra fiskveiðiréttinda sem sambærileg eru og að ákvæði greinarinnar um sviptingu veiðileyfa o.s.frv. séu ekki of þröngt skilgreind eða bundin eingöngu við aflamark. Einnig er orðalag lagfært hvað varðar ítrekuð brot o.s.frv.

Að lokum er svo aftur í samræmi við breytingar á 1. gr. frv. lagt til að fyrirsögn eða heiti frv., eins og áður sagði, breytist og verði: Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingkjali, þskj. 925. Undir þetta rita ræðumaður, Árni R. Árnason, Stefán Guðmundsson, Hjálmar Árnason og Guðmundur Hallvarðsson, allir án fyrirvara, en hv. stjórnarþingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Vilhjálmur Egilsson skrifa undir með fyrirvara og sömuleiðis stjórnarandstæðingar Sighvatur Björgvinsson og Svanfríður Jónasdóttir, hv. þm. Reyndar flytja hv. þm. síðan breytingartillögur sem þeir munu væntanlega gera grein fyrir hér á eftir.

Ég sé þá ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Það má sjálfsagt um það deila hversu stórt framfaraspor frv. þetta í sjálfu sér er eða hversu mikil áhrif það muni hafa til bættrar umgengni um nytjastofna sjávar. Reynslan ein getur skorið úr um það. En ég held að hitt sé óumdeilt að það er tvímælalaust rétt og skylt að reyna að stefna með löggjöf og öðrum hætti að bættri umgengni að þessu leyti og kemur margt til. Það er mjög mikilvægt í sjálfu sér og í þágu okkar eigin hagsmuna, Íslendinga, að þessi umgengni sé góð og að við ástundum hófsamlega og sjálfbæra auðlindanýtingu. Það er að líkindum einnig svo að það kann að reynast á næstu árum í vaxandi mæli mikilvægt fyrir okkur út frá markaðsaðstæðum að geta vísað til þess að slíkt ástand sé á okkar miðum og gagnvart okkar auðlindanýtingu. Kastljósið beinist í ríkari mæli en áður að því hvernig framleiðsluferli vara sem komnar eru á markað er og hvort það samrýmist nútímalegum viðhorfum um vernd umhverfis og umgengni um lífrænar auðlindir. Af þeim sökum er okkur einnig mikilvægt að huga að þessum málum. Vonandi verður það frv. sem hér er til umræðu liður í slíkri viðleitni. Það er ekki óeðlilegt að hugsa til þess að það komi til endurskoðunar eftir að nokkur reynsla hefur komist á framkvæmdina, en ég vona sem sagt að það verði afgreitt og lögfest og að vel takist til um framkvæmdina.

[11:16]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir nál. sjútvn. með fyrirvara. Ég er sáttur við allar þær brtt. sem hv. formaður rakti áðan og tel að málið hafi batnað mikið við þær. Síðan er þarna eitt mál sem mér finnst að standi út af sem ég flyt hér brtt. um. Það er að í 6. gr. frv. er það fyrirkomulag sett fram varðandi landanir úr vinnsluskipum að „þegar sérstaklega stendur á t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis. Skal slíkt leyfi bundið því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða kostnað vegna annarra sambærilegra eftirlitsaðgerða sem Fiskistofa telur nauðsynlegar."

Þetta ákvæði hefur verið túlkað mjög þröngt og staðan er sú að frystitogari hefur nánast þurft að vera í því ástandi að hann sé dreginn til hafnar erlendis í viðgerð til þess að það væri hægt að landa úr honum þar. Þegar öðruvísi hefur staðið á hefur það verið algjörlega fortakslaust að frystitogari hefur þurft að landa afla sínum hér heima. Ég hefði talið eðlilegt ef frystitogari hefur t.d. samið um það að fara í slipp erlendis að hann þyrfti ekki að landa hér heima. Hann ætti að geta farið með fiskinn og landað honum erlendis þar sem hann er t.d. að fara í slipp og gert það eðlilega. Það getur ekki verið neinum í hag að frystitogarinn þurfi fyrst að landa hér heima og kosta síðan eitthvað á aðra milljón í frakt undir farminn og fraktskipið er jafnvel að sigla rétt á undan eða rétt á eftir togaranum í þessu tilviki. Mér finnst einfaldlega ekki eðlilegt að þannig sé gengið frá löggjöf og mér finnst að ekki hægt að láta það spyrjast um mig að ég samþykki þetta þannig að minnsta kosti án þess að gera heiðarlega tilraun til þess að fá því breytt á hinu háa Alþingi.

[11:19]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ástæðurnar fyrir því að ég skrifa undir þetta nál. með fyrivara eru nokkrar. Í fyrsta lagi skal ég geta þess að ég styð brtt. Vilhjálms Egilssonar. Hann er búinn að gera grein fyrir henni og þarf ég ekki að endurtaka það. Í öðru lagi flyt ég sjálfur litla brtt. sem er bara til þess gerð að vekja athygli manna á hlut sem ég fæ ekki alveg samhengi í en það er þetta atriði um að setja inn í lögin sex ára fangelsi um þá

skipstjórnarmenn sem gerast brotlegir við lögin. Ég verð var við það að í aðra lagasmíð og aðra lagaendurskoðun í nefndum er verið að setja þetta á fleiri stöðum. Núna erum við t.d. með lög um þungaskatt til umræðu og þar var verið að koma með þá tillögu að setja inn sex ára fangelsisrefsingu til þeirra bílstjóra sem kynnu að brjóta lögin um þungaskatt. Vinir mínir í dómsmrn. segja mér að það sé engin önnur meining í þessu en sú að lagaramminn sé í samræmi. Kann það allt rétt að vera. En frá mínum sjónarhóli séð held ég að það sé mjög nauðsynlegt að Alþingi líti á þessa refsilöggjöf í heild. Ég fæ ekkert samræmi milli þess sem við erum að samþykkja og þess sem er að gerast hjá dómstólunum. Ég held að mikil þörf sé á því að hið háa Alþingi skoði refsilöggjöfina í heild, framkvæmd þeirra og stöðu fangelsismála. Ég þykist vita að það sé erfiðleikum bundið að koma þeim í fangelsi eins og dæmdum mönnum og meðan svo er sé ég ekki samræmið og nauðsynina á því að setja inn í lagarammann að þangað megi stinga bílstjórum og skipstjórum þegar mikið liggur við. Enda þótt það sé kannski rétt hjá ráðuneytinu að reyna að samræma löggjöfina á þessu sviði held ég að hitt sé miklu nauðsynlegra fyrir okkur að á Alþingi að líta á þessi mál í heild, taka þau upp í heild og ræða þau af kostgæfni því að mikið liggur við að þetta sé í samræmi í þjóðfélaginu. Ég kem með þessa tillögu fyrst og fremst til þess að vekja athygli á þessum hlutum.

Um þetta frv. vildi ég þó fyrst og fremst segja að með flutningi þess er verið að reyna að gera góða hluti. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir að sóun verði í meðferð auðlindarinnar. Það er rétt og skylt og allra góðra gjalda vert. Í mínum huga er enginn vafi á því að það fiskveiðistjórnunarkerfi sem við störfum eftir hefur stuðlað að mjög auknu brottkasti á fiski. Nú deila menn mjög um það hversu mikið það er. Nýlega sá ég í blaðagrein að maður nokkur hélt því fram að 150 þús. tonnum af fiski væri hent. Ég tek fram, herra forseti, að ég trúi ekki svoleiðis sögum. En ég þykist þó viss um að verulegu magni er hent, því miður. Ég þykist viss um að það sé verulegt magn og verulegir fjármunir sem þar eru í húfi sem við megum síst við að missa.

Ég hef verið mjög óánægður með það hvernig sumir aðilar hafa tekið umræðunni í þjóðfélaginu um þetta brottkast. Fyrir nokkrum árum var t.d. gerð skoðanakönnun meðal sjómanna. Þar kom fram að brottkastið var verulegt en viðbrögð aðila eins og LÍÚ voru þau að hér væru bara vondir menn á ferðinni sem vildu rægja núverandi kerfi og koma á það höggi. Svona viðhorf getum við ekki látið henda okkur. Þetta er mikið vandamál og úr því við erum með þetta stjórnunarkerfi á fiskveiðunum er umfram allt nauðsynlegt að við einbeitum okkur að því að finna og reyna að finna á hvern veg við getum stöðvað þetta. Það er alveg tilgangslaust að berja hausnum við steininn og neita að horfast í augu við þetta vandamál sem er gert af sumum. Ef við ætlum að halda þessu fiskveiðistjórnunarkerfi áfram er lífsnauðsynlegt að gera allt til þess að sjá hver vandinn er, reyna að skilgreina hann og þannig reyna að finna hvernig við getum komið í veg fyrir að þetta haldi áfram.

Í frv. eru mörg góð atriði en ég hef t.d. efast um atriði eins og 2. mgr. 4. gr. eins og formaður sjútvn., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, gat áðan um. Þótt þessi texti eins og hann er í frv. hljómi vel, en hann hljóðar svo: „Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni, jafnt þeirri tegund eða þeim tegundum sem veiði beinist sérstaklega að sem og líklegum meðafla af öðrum tegundum.“ Þó að sú breyting á þessum texta sé til bóta sem er á þskj. 925 er ég sannfærður um að það góða og samviskusama fólk sem á að líta eftir þessu hjá Fiskistofu og mun reyna það getur það ekki. Það er óframkvæmanlegt og þó að svona texti sé góður og komi ekki að sök verðum við að horfast í augu við það að þetta eru hlutir sem við verðum að finna einhver önnur ráð við en að reyna að búa eingöngu til fallega texta sem hljóma vel.

Ég trúi því að minnsta kosti ekki að aðferðin sé sú við brottkastið að efla lögregluna því að þá getur farið svo fyrir okkur að eftirlitsmennirnir verði jafnmargir eða fleiri en sjómennirnir og þá held ég að arðsemi íslenskrar útgerðar verði orðin lítil fyrir rest. Ég held því að það sé mjög nauðsynlegt þrátt fyrir það að Alþingi geri þetta frv. að lögum á þessu vori að horfa til þess að brottkastið er hlutur sem er svo brýnt að gera allt til að koma í veg fyrir að við megum ekki þar við sitja að samþykkja þessi lög heldur verðum við að halda áfram að líta til þessara hluta. Fyrst að reyna að skilgreina hvað þetta sé. Ekki endilega að taka þátt í deilum um það. Sumir menn segja: Þetta er lygi og ósannindi, það er engu hent. Aðrir segja: Það er hent 150 þús. tonnum og aðrir nefna einhverjar aðrar tölur. Það er alveg ástæðulaust að taka þátt í þessum deilum en það er lífsnauðsynlegt að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að skilgreina það svo að við vitum hvert vandamálið er raunverulega. Á þessu vil ég vekja athygli núna þegar frv. kemur til 2. umr.

[11:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í 1. umr. um þetta mál vakti ég athygli á 4. gr. frv. sem er mjög slæm en hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni, jafnt þeirri tegund eða þeim tegundum sem veiði beinist sérstaklega að sem og líklegum meðafla af öðrum tegundum.“

Ef embættismenn túlka þetta mjög þröngt þá segir þetta mér að það getur orðið mjög mismunandi meðhöndlun á skipi. Einn gæti bannað og sagt: Þú veiðir örugglega síld, vinurinn, þegar hann ætlar að fara að veiða rækju o.s.frv. Þetta er því galopið fyrir alls konar slíkum túlkunum embættismanna.

Í öðru lagi skulum við segja að skipið eigi kvóta, tvö eða þrjú tonn af þorski, og fái að fara út. Svo er hálft tonn af þorski veitt. Þeir henda honum að sjálfsögðu vegna þess að þegar þeir kæmu í land ættu þeir hálfu tonni minna af kvóta og þá geta þeir ekki farið næst út. Ákvæðið breytir í rauninni sáralitlu.

Þetta ákvæði var mildað nokkuð í meðhöndlun hv. sjútvn. þannig að núna hljómar það, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.“

Þetta er dálítið mildara og óljósara en býður engu að síður þeirri hættu heim, sem ég nefndi áðan, um að embættismenn verði misgóðir í framkvæmdinni og einnig því að þegar menn eru komnir með þrjú tonnin sín af þorski, eiga þá aflaheimild, og veiða hálft tonn, henda þeir honum að sjálfsögðu í sjóinn. Það sem er við þetta ákvæði að athuga er það, og það benti ég á í 1. umr., að menn eru settir í ómögulega stöðu.

Samkvæmt 2. gr. laganna er skylt að hirða og koma með allan afla að landi. Menn eiga sem sagt að koma með allan afla að landi þó að það sé þeim sjálfum ákaflega óhagkvæmt og gæti hugsanlega leitt til þess að þeir megi ekki veiða meir. Sjómenn og skipstjórnarmenn eru settir í þá stöðu að verða í raun að brjóta lögin. Það finnst mér alveg ótækt.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gat þess að talað væri um að menn hentu allt að 150 þús. tonnum. Ég tek undir með honum að það er næsta ólíklegt, næstum jafnólíklegt og að menn hendi ekki einum einasta fiski. Ég geri ráð fyrir að brottkastið sé einhvers staðar á milli, svona 30–50 þús. tonn. Það eru samt gífurleg verðmæti sem þjóðin þarf á að halda. Fiskifræðingar þurfa líka að hafa þessa tölu til að vita hve mikið er veitt.

Á grundvelli þessa kom ég eftirfarandi hugmynd á framfæri við hv. sjútvn.:

4. gr. hljóði svo: Skipstjóri skal ákveða við löndun hvaða afla skips skal telja með kvóta þess og er útgerðinni frjálst að ráðstafa þeim afla.

Allur afli skips annar en sá sem fellur undir 4. gr. telst eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Það þýðir að skipstjórinn ákveður hvaða fiskur á að falla undir kvóta skipsins en annað er eign rannsóknastofnana. Útgerðin skal sjá um að selja aflann og greiða til rannsóknastofnana söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, löndun aflans og geymslu. Ég stakk upp á að þetta gjald yrði lægst 5% og hæst 15% af söluandvirði afla. Það skal ákveða með reglugerð með hliðsjón af tegund, veiðum og framboði slíks afla. Það sem um er að ræða er að það á að borga mönnum fyrir að koma með afla að landi.

Hugmyndin er sú að skipstjórinn ákvarði hvaða afli skips teljist til kvóta skipsins og að allur annar afli teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Þetta er bein afleiðing af 1. mgr. 2. gr., sem ég nefndi hér áðan, því ekki er hægt að skylda sjómenn til að koma með allan afla að landi nema að taka á því hvað um þann afla verður. Hér er gert ráð fyrir að útgerðinni verði greitt upp í kostnað við að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans. Með þessu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir að afla verði hent. Fólki finnst alltaf slæmt að henda góðum fiski sem slæðist eðlilega með í mismiklu magni. Sá fiskur mundi með þessari hugmynd, ef hún yrði framkvæmd, skila sér í land, fiskur sem nú er veiddur og hent vegna þess að það er beinlínis refsivert að koma með hann að landi og það er skaðlegt fyrir sjómennina að koma með hann að landi. Það á ekki að koma fólki í þá stöðu að neyðast til að brjóta lög.

Herra forseti. Samkvæmt hugmyndinni fær útgerðin gjald fyrir að flytja aflann að landi, landa honum og sjá um sölu hans sem er á bilinu 5–15% af verðmæti aflans. Mikilvægt er að gjaldið sé nægilega hátt til að hvetja sjómenn til að koma með aflann að landi en þó ekki svo hátt að sjómenn fari að gera út á þann afla. Útgerðin og sjómenn eiga að tapa nokkuð á slíkum veiðum.

Fernt mun hvetja sjómenn til að koma með utankvótaafla að landi. Þeir fara að lögum, það er fyrsta atriðið. Þeir fá auk þess nokkurt verð fyrir aflann, það er annað atriði. Þriðja atriðið er að fólki finnst leitt að henda verðmætum. Fjórða atriðið er að verðmæti aflans rennur til rannsókna fyrir sjávarútveginn, þ.e. til hagsbóta fyrir sjómenn.

Þessi aðferð hefur kosti og galla. Það er við því að búast að mun meiri afli berist að landi. Einnig mun allur afli berast að landi sem nú er hent sem er að sjálfsögðu mikill kostur því þessi fiskur er jú deyddur hvort sem er. Jafnframt munu útgerðir ekki forðast eins og núna þau mið sem gefa mest af bönnuðum meðafla, t.d. af þorski. Þannig munu utankvótaveiðar aukast eitthvað. Það er að sjálfsögðu galli en á móti kemur að allur þessi afli kemur þjóðfélaginu til góða. Auk þess verður vitað með meiri vissu hve mikið er veitt. Það liggur ekki fyrir núna. Það er mikilvægt fyrir fiskifræðinga að vita nákvæmlega hvað veitt er. Verðmæti utankvótaaflans mun auk þess verða lyftistöng fyrir sjávarrannsóknir og létta byrðum af ríkissjóði.

Herra forseti. Þessi hugmynd hefur að sjálfsögðu ekki verið rædd nægilega til að hægt sé að sjá fyrir allar afleiðingar af samþykkt hennar. Því legg ég ekki fram breytingartillögu um breytingu á 4. gr. en vænti þess að þessi hugmynd verði skoðuð frekar af samstarfsnefndinni sem samdi frv. En hv. sjútvn. lagði til að hún mundi starfa áfram að frekari skoðun þessara mála.

[11:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vildi segja hér örfá orð vegna þeirra tveggja breytingartillagna sem tveir hv. þm. hafa mælt hér fyrir, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Norðurl. v.

Að því er varðar þá tillögu sem lýtur að því að rýmka heimildir frystiskipa til að landa erlendis vil ég að það álit mitt komi fram að ég sé ekki rök fyrir því að rýmka heimildir frystiskipanna til að landa erlendis. Ég tel að ákvæðið eins og það er nú og gert er ráð fyrir að það verði í lögunum gefi eðlilegt svigrúm þegar um er að ræða alvarlegar vélarbilanir en það hljóti að vera eðlilegt keppikefli að frystiskipin landi sínum afla hér heima og ekki síst með tilliti til þeirrar nauðsynjar að koma fram skilvirku eftirliti sem ekki verður vefengt.

Varðandi tillögu hv. 3. þm. Vestf. um að fella niður refsirammann í sektarákvæðunum er það mín skoðun að það sé mjög mikilvægt að refsiákvæði í þessum lögum séu með svipuðum hætti og gildir um önnur efnahagsbrot. Það væru mjög alvarleg skilaboð frá Alþingi ef það teldi að refsirammar varðandi þessi efnahagsbrot ættu að vera á annan veg og mildari en um önnur brot. Ekki síst með tilliti til þess að ég lít svo á að þau efnahagsbrot sem hér er verið að fjalla um séu með allra alvarlegustu efnahagsbrotum sem framin eru í landinu. Auðvitað má fella niður slíka ramma og þá hafa dómstólar frjálst val, þeir geta kveðið upp dóma með hærri sektargreiðslum en frv. gerir ráð fyrir og einnig lægri. En með hliðsjón af öllum aðstæðum hefur mér þótt eðlilegt að sektarramminn væri afmarkaður fyrir dómstólana. Menn verða að gera sér grein fyrir því að hér er um að ræða refsiramma og það er síðan hlutverk dómstóla að meta brot í einstökum tilvikum hversu alvarleg þau eru og hvaða ástæður geta leitt til refsiþyngingar og hvaða ástæður til refsilækkunar á grundvelli almennra refsiréttarlegra sjónarmiða. Við munum aldrei setja svo nákvæm refsilög að við getum ákveðið sektarfjárhæðir eða frelsissviptingu sem gilda á fyrir hver einstök brot því þau verður auðvitað að meta í hverju tilviki. Þess vegna er það mitt sjónarmið að það sé eðlilegt að hafa þessa refsiramma í lögunum. Ég skil á hinn bóginn vel þau sjónarmið sem hér koma fram frá hv. þm. Það getur verið nauðsynlegt að fara almennt í gegnum þau sjónarmið sem liggja að baki refsiúrræðum og refsirömmum bæði í almennum hegningarlögum og ýmsum sérlögum og fá um það glöggt yfirlit og almenna umræðu. Undir þau almennu sjónarmið hv. þm. get ég tekið.

[11:39]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hlýt að segja hér nokkur orð út af þeim breytingartillögum sem hér eru fluttar af tveimur hv. þm. Ég kýs að gera það í sérstakri ræðu en ekki í framsöguræðu minni sem talsmaður sjútvn. eða formaður hennar.

Ég vil fyrst segja að það kom nokkuð á óvart þegar tveir hv. stjórnarliðar boðuðu eftir yfirferð um málið og eftir að samstaða hafði tekist í grófum dráttum um breytingartillögur við frv. að þeir mundu skrifa undir nál. með fyrirvara. Hér er á ferðinni stjfrv. og ég hafði frekar búist við því þegar búið var að leggja þetta mikla vinnu í að ná samkomulagi um breytingartillögur að þá næði nefndin að verða samferða um það. Þetta hafði síðan aftur áhrif á það að aðrir og þá þingmenn stjórnarandstöðu töldu sig enn síður bundna af því að standa að málinu án fyrirvara en ella. Það er að vísu rétt að taka fram að báðir hv. þm., Vilhjálmur Egilsson og Einar Oddur Kristjánsson, höfðu gert skilmerkilega grein fyrir afstöðu sinni til viðkomandi efnisatriða sem hér eiga við. Að því leyti lá málið ljóst fyrir í nefndinni en mér hafði ekki verið ljóst að von væri á því að tveir hv. stjórnarþingmenn mundu hverfa frá fyrirvaralausum stuðningi við málið. En það liggur nú fyrir.

Þá vil ég segja um breytingartillögurnar sjálfar og þá fyrst um breytingartillögu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að ég er á móti henni. Ég tel þá reglu sem er í 6. gr. frv. fyrst og fremst staðfestingu á þeirri reglu sem í gildi hefur verið hér lengi að öllum afla af Íslandsmiðum sé, nema annað sé sérstaklega heimilað af ástæðum sem menn þekkja svo sem þegar verið er að nýta ferskfiskmarkaði í nágrannalöndunum, landað á Íslandi og hann veginn hér. Ég vek athygli á því að hér er verið að nýta fiskstofna úr efnahagslögsögu Íslands, sameiginlegri auðlind landsmanna. Það er ekki einkamál viðkomandi útgerða eða veiðiréttarhafa hvernig þeir fara með þann afla. Ég tel einnig að það væru nokkuð sérkennileg skilaboð til t.d. íslensks skipasmíðaiðnaðar og þjónustuaðila við sjávarútveginn ef við færum að rýmka að þessu leyti okkar löggjöf umfram það sem við værum þá samningsbundin til. Ég tel það að sjálfsögðu eðlilega hugsun að beina afla af Íslandsmiðum í land hér. Hér á hann að auka umsvif og skapa störf og tekjur á Íslandi. Ég er líka á móti því að gera nokkrar þær breytingar sem mundu enn skekkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og íslenskra þjónustuaðila gagnvart þeim sem í nágrannalöndunum eru. Ætli það sé ekki öllu meiri hneisa á hina hliðina að íslenskur skipasmíðaiðnaður t.d. hefur án nokkurs teljandi stuðnings verið látinn glíma við niðurgreiddan og verulega ríkisstyrktan iðnað í nágrannalöndunum. Með þeirri einu undantekningu að um tíma á síðasta kjörtímabili komust á minni háttar framlög, hefur í raun ekkert verið gert til þess að bæta íslenskum skipasmíðaiðnaði upp þessa ósanngjörnu samkeppnisaðstöðu. Ég held þess vegna að það væru heldur slök skilaboð ef við vildum auðvelda mönnum að sigla með afla beint til löndunar erlendis ef þeir hygðust fara t.d. í einhvers konar viðhald eða viðgerðir á sínum skipum þar. Er hér um að ræða kvöð og íþyngjandi aðgerð gagnvart viðkomandi útgerð í slíkum tilvikum? Já, að sjálfsögðu getur það verið þannig. Og ég segi á móti hvað með það? Erum við að komast inn á þá braut í sambandi við nýtingu fiskimiðanna að eingöngu sértæk hagsmunasjónarmið viðkomandi útgerða skuli ráða gagnvart slíkum þáttum? Er orðið óleyfilegt að leggja nokkrar kvaðir á menn sem vissulega geta bitnað á þeim með íþyngjandi hætti í einstökum tilvikum? Ég er ósammála því sjónarmiði. Ég held að menn verði verulega að vara sig ef lagt er út á slíka braut. Eru menn þá jafnvel tibúnir til að halda áfram og ganga svo langt að lokum að útgerð frá Íslandsmiðum geti þess vegna að stærstum hluta til verið í því formi að senda stór verksmiðjuskip frá erlendum höfnum hingað sem fari aftur þangað með aflann? Eða hvar ætla menn að láta staðar numið? Ég veit að vísu að hér er ekki verið að leggja slíkt til en mér finnst hugsunin sem að baki liggur vera af þessum toga og ég vara við því að menn fari umhugsunarlaust og gagnrýnislaust í þessa átt. Ég er alls ekki sammála því að þarna geti ekki verið og sé ekki réttlætanlegt að leggja á menn kvaðir af þessu tagi. Auk þess er eftirliti og allri skoðun af okkar hálfu best fyrir komið í þeim tilvikum þegar aflanum er landað samkvæmt okkar eftirlitskerfi og ekki þarf að treysta þar á að viðurkenna vigtun eða eftirlit á erlendri grund.

Ég tel líka að orðalag greinarinnar eins og það er í frv. sé alveg fullnægjandi þannig að við einstökum tilvikum sem upp koma og þá fyrst og fremst tengjast vélarbilunum, sé hægt að bregðast. Ég held að ef farið væri út á þá braut t.d. að ætla að fara að túlka það hvað skyldu teljast meiri háttar viðgerðir og hvað minni háttar, ef breytingartillaga hv. þm. yrði samþykkt, þá gæti orðið býsna erfitt að draga mörkin. Ætli það yrði þá ekki þannig að það gæti orðið mjög vaxandi þrýstingur á að berja í gegn að minni og minni verk teldust falla undir þessa undanþágu. Við vitum að það getur verið mönnum hagstætt af öðrum ástæðum, a.m.k. af og til, að geta landað afla sínum erlendis. Þar er stundum í boði ódýrari olía eða ódýrari þjónusta af einhverju tagi. Spurningin er þá sú hvort við ætlum að ýta undir slíkt. Ég, herra forseti, legg til að þessi breytingartillaga hv. þm. verði felld.

Þá kem ég að seinni brtt. á þskj. 929 frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Hún er af nokkuð öðrum toga. Ég segi að ég skil að mörgu leyti hvað hv. þm. er að fara. Það má auðvitað spyrja sig að því hvort þessi refsiákvæði eigi að vera á þennan hátt upp sett í hverjum einstökum lögum. Menn geta líka spurt: Er ástæða til að hafa fyrir utan þau fjölþættu refsiákvæði eða viðurlög sem lögin búa yfir og lög um stjórn fiskveiða og veiðar í landhelginni o.s.frv., þar sem úir og grúir af möguleikum til að beita menn fésektum, gera afla upptækan svipta menn veiðileyfi o.s.frv., að til viðbótar komi þá tugthúsvist og viðurlög af því tagi sem fjallað er um í 24. gr.? Um þetta má að sjálfsögðu alveg ræða. Ég segi á móti að ef okkar refsilöggjöf er þannig upp byggð á annað borð að gagnvart stórfelldum og ítrekuðum afbrotum eins og hér eiga við, þá sé refsiramminn slíkur að það geti varðað allt að sex ára fangelsi, þá á það auðvitað ekkert síður að eiga við um afbrot gagnvart þessari löggjöf en annarri. Menn verða náttúrlega að gæta sín líka í því að búa ekki til misræmi á þá hlið að það komi út eins og menn telji afbrot gagnvart þessari löggjöf eitthvað léttvægari en annarri. Nú veit ég að það vakir ekkert slíkt fyrir hv. þm. með breytingartillögunni og hann hefur útskýrt það. En þau svör sem við fengum í sjútvn. voru að hér væri um algerlega sambærilegan frágang á refsi- eða viðurlagaákvæðunum að ræða eins og í mörgum sambærilegum og helstu sambærilegum tilvikum þar sem sérstök refsiákvæði eru tekin upp. Það var meira að segja upplýst að alveg sérstakur spesíalisti í svona refsiákvæðum hefði verið settur í það að útbúa þennan hluta frv. Þar af leiðandi er það niðurstaða mín að það sé þá ekki ástæða til þess að ganga öðruvísi frá þeim málum í þessu frv. sérstaklega eða þessum

lögum en almennt tíðkast. Ég er því þeirrar skoðunar að það sé rétt að láta þessi ákvæði halda sér. Um það getur svo að sjálfsögðu verið ágreiningur hvort yfirleitt eigi að ganga frá löggjöfinni svona og svo geta menn sjálfsagt líka lengi rætt um sjálf viðurlögin, hvað sé hæfilegt í þessum efnum. En ég minni aftur á að hér er fyrst og fremst um það að ræða að hámarksrefsing, refsiramminn er stilltur af miðað við sex ár fyrir stórfellda og ítrekuð ásetningsbrot. Það hefur jafnframt verið upplýst að um það eru engin fordæmi að gengið hafi verið svo langt í viðurlögum. Það er nánast frekar um að ræða svona fræðilegan möguleika að refsing gæti orðið af þessum toga. Það er afar fátítt að um varðhaldsdóma eða fangelsi sé yfir höfuð að ræða gagnvart þessari löggjöf eða löggjöf okkar á sviði sjávarútvegs. Ég legg því til, herra forseti, sömuleiðis að þessi brtt. á þskj. 929 verði felld og frv. afgreitt með því að samþykkja breytingartillögur sjútvn. en á því verði ekki gerðar frekari breytingar.

Vegna þess sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði síðan um úrkastsmálin og stærð þess vandamáls, þá get ég út af fyrir sig tekið undir margt af því sem þar kom fram. Það liggur þannig að allt frá því að þeir hörðustu segja að þetta sé allt saman lygi og rógur og það sé engum fiski hent og upp í hitt að það heyrast næstum því stjarnfræðilegar tölur í þeim efnum. Það er afar líklegt að sannleikurinn liggi einhvers staðar þarna á milli. Ég held að það sé alveg borin von, það sé hið mesta óraunsæi að neita því að eitthvað hljóti að vera til í rökstuddum fullyrðingum, könnunum og öðru slíku sem liggja fyrir og benda eindregið til þess, því miður, að talsvert sé um það að fiski sé hent og að vissar aðstæður, aflamarkskerfið þar með talið, geti haft á það áhrif. Þá er spurningin: Hvernig er hægt að nálgast þetta vandamál? Er hægt að átta sig á stærð þess og hvaða úrræðum er hægt að beita? Ég held að það væri tilraunarinnar virði að reyna með viðurkenndum könnunaraðferðum að fara í mjög vandaða könnun þar sem menn að sjálfsögðu nytu trúnaðar og nafnleyndar, að það væri reynt að fá menn til samstarfs um það að reyna að greina þetta vandamál og slá á stærð þess. Ég tel að sjútvn. hafi t.d. fengið mjög heiðarlegar heimsóknir þar sem menn voru að reyna að segja hluti sem þeim líður illa yfir að búa yfir vitneskju um. Það var gert í góðri trú og góðri meiningu. Og það er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess að skjóta sendiboðann þó að hann sé boðberi válegra tíðinda ef hann er að gera skyldu sína. Þvert á móti ber að virða það ef menn eru að koma slíkum upplýsingum á framfæri.

Spurningin er þá fyrst og fremst: Hvað er til ráða? Eru til einhver úrræði innan ramma núgildandi stjórnkerfis fiskveiða og löggjafar sem gætu a.m.k. dregið úr þessu vandamáli? Ég er þeirrar skoðunar að það væri a.m.k. tilraunarinnar virði að prófa ákveðið fyrirkomulag með aflaheimildir þó ekki væri nema til reynslu og sjá hvort menn hefðu ástæðu til að ætla að það mundi skila tilætluðum árangri, að það kæmi að landi afli sem ella væri fleygt í sjóinn.

Þá kem ég að hugmyndum hv. þm. Péturs H. Blöndals sem hann reifaði í sjútvn. og eru reyndar gamalkunnar. Staðreyndin er sú að sú hugsun sem þar er á ferðinni er nánast nákvæmlega hin sama og hefur oft verið hreyft á Alþingi og fluttar tillögur um, þ.e. að þegar eða ef eða svo lengi sem menn búi við aflamarkskerfi, takmarki ásókn í fiskstofnana í því formi að magn þess afla sem landað er sé takmarkað, þá verði að sjá við þeirri hættu að það geti hvatt til úrkasts með því að opna mönnum einhverja möguleika fyrir löndun afla fram hjá aflamarki. Að sjálfsögðu má það þó ekki vera svo að það sé mönnum beinlínis hagstætt að nýta sér þá möguleika möguleikanna vegna og það verður að sjá fyrir því þannig að þetta sé frekar íþyngjandi en hitt fyrir menn eftir sem áður og treysta þá á að með því að opna slíka möguleika takist að rækta upp í ríkari mæli en nú er það hugarfar að það skuli hirða allan afla. Ég held að þetta snúist að sjálfsögðu ekki síst um það að reyna, mér liggur við að segja, að varðveita það hugarfar sem ég held að sé fyrir hendi, að menn vilji að sjálfsögðu reyna að gera verðmæti úr öllu sem í veiðarfærin kemur og um borð í skipin kemur. Mér fannst hv. þm. Pétur H. Blöndal reyndar taka dálítið glannalega til orða í tvígang áðan þegar hann tók dæmið sitt af hálfa tonninu af þorski og sagði svo: „Að sjálfsögðu henda þeir því. Að sjálfsögðu henda þeir því svo.“ Ég held að það sé þannig að það geri enginn nema nauðugur að henda fiski í sjóinn eins og hv. þm. reyndar sagði og spurningin snúist frekar um það að mönnum séu skapaðar aðstæður til þess.

Menn segja gjarnan að kvótakerfið sé ekki sökudólgurinn og ætla sér síðan að sanna það með því að það heyrist ljótar sögur af umgengni um fiskstofna t.d. uppi í Barentshafi þar sem enginn kvóti er og fiski hafi verið hent í sjóinn áður en kvóti kom til sögunnar og hvort tveggja er rétt. Ég hef t.d. upplýst það að ég hef staðið að því að moka tonnum af fiski í sjóinn á Halamiðum um áramótin 1976/1977. Það var ekki kvótanum að kenna heldur því að það veiddist bara meira en réðist við að hafa undan. Staðreyndin er sú að menn stjórna því ekki alltaf upp á kíló hvað fer inn í veiðarfærin og hvað kemur upp og vantar reyndar mikið upp á. Enn síður var það náttúrlega í þá daga þegar ekki voru jafnfullkomin mælitæki og nú eru.

Við skulum þá aðeins líta á aðstæðurnar í heild sinni sem eru fyrir hendi í dag því það er meira en bara aflamarkið eitt og takmarkaður kvóti og takmarkaðar veiðiheimildir í þorski sem hér koma til sögunnar. Það eru líka þær efnahagslegu aðstæður og það efnahagslega umhverfi sem menn eru í. Það er auðvitað þannig að þeir sem minnstan hafa kvótann búa gjarnan við lökustu afkomuna, er það ekki? (**Gripið fram í:** Jú.) Jú, það er trúlegt, þannig að menn eru þá jafnframt að fjalla um þá sem eru í erfiðastri aðstöðu eða veikasta hafa stöðuna til þess að bæta sér upp skort á veiðiheimildum með því að kaupa meira. Þá benda menn á að það sé hægt að leigja þær. Já, það er hægt að leigja þær. En hvað kostar það? Það kostar iðulega meira að leigja kíló af þorski heldur en fæst fyrir þann sama þorsk þegar hann er lagður upp á markað. Hversu hvetjandi er það þá fyrir menn að leysa vandamálið þannig eða hitt þó heldur ef þeir standa frammi fyrir því að þeir eru óvart komnir með nokkur tonn af þorski í snurvoðina og upp á dekk og þeir hafa samband í land og spyrja: „Hvað mundi kosta mig að leigja fimm tonn af þorski til að landa þessu kasti sem ég óvart fékk í morgun? Ég ætlaði að taka kola eða ýsu, en þetta reyndist bara því miður vera þorskur. Ég er hérna með fimm tonn af þorski en ég á ekki nema 500 kg eftir af kvóta.“ Jú, þeir fengju kannski það svar að það kosti svona um 100 kr. kg. Þar á ofan leggst svo viss kostnaður sem menn hafa af því að koma aflanum í land, setja hann á markað o.s.frv. Þeir geta vænst þess að fá 90 kall. Þessi afli verður að koma til skipta til áhafnar ef hann á annað borð kemur í land. Hvernig lítur dæmið þá út? Það lítur þannig út að viðkomandi útgerðarmaður er kannski að spara sér í beinhörðum útgjöldum tugi króna á hvert einasta kíló sem hann hendir í staðinn fyrir að koma með að landi. Þetta eru aðstæðurnar. (Gripið fram í.) Ja, ég ætla ekki að

reyna að forðast að nota það orð. Ég er að reyna að draga upp þá mynd sem sannanlega er fyrir hendi og má helst aldrei ræða um því þetta er allt saman feimnismál. En þetta er svona og ég hef algerlega borðleggjandi dæmi um að svona aðstæður hafa komið upp. Ég var t.d. staddur á fiskmarkaði ekkert óskaplega langt í burtu í fyrrasumar og fékk þessi dæmi beint inn á borð þar sem snurvoðarbátar höfðu lent í því að kasta á þorsk. Þeir höfðu ætlað sér að ná öðrum tegundum en farið fram yfir kvóta. Þeir höfðu samband við viðkomandi fiskmarkað og spurðu: „Hvað kostar að leigja kílóið af þorski?" Svo reiknuðu þeir dæmið út. Það vildi reyndar svo til að einn bátanna kom með þetta í land og tók á sig kostnaðinn með þeim orðum að þetta væri svo fallegur fiskur. „Ég gat bara ekki hent honum." Aðrir gerðu þetta ekki, töldu sig ekki hafa efni á því. Menn þurfa að borga með þeirri hugsun stórfé að þeir vilji ekki henda fiski.

Ég held og reikna með að það væri hægt að gera ríkar kröfur til þess að menn gerðu þetta í anda góðrar umgengni og þess að sóa ekki verðmætum ef þeim væri það kleift, mér liggur við að segja án þess að taka á sig stórkostleg útgjöld vegna þess. En dæmið eins og það snýr að mönnum í þessum tilvikum er auðvitað þannig að það er beinlínis hvetjandi, það er beinlínis efnahagslegur hvati fyrir hendi fyrir menn að henda. Þetta er oft og tíðum þannig að það hefur gengið mjög á veiðiheimildirnar þegar líður á kvótaárið og menn eru þá að reyna að drýgja tekjurnar og halda uppi verkefnum fyrir sína útgerð með því að sækja í aðrar tegundir. Dagskipunin er auðvitað eins og ég sagði áðan að stunda útgerð meira og minna þannig á Íslandi í dag að nota þorskinn sem meðafla með öðrum tegundum. En þá eru aðstæðurnar oft og tíðum þessar.

Svo geta menn spurt: Hvernig stendur á því að leigukvótinn er svona dýr? Hvers konar ástand er það? Það kemur til af öðrum ástæðum. Þetta er jaðarkostnaðarverð sem er algerlega óraunhæft og er borið uppi af allt öðrum ástæðum en þeim að menn leigi þorskkvóta til þess að landa þorski. Verðið myndast við allt aðrar aðstæður en þær. Þetta háa leiguverð myndast t.d. að hluta til í gegnum línutvöföldunarkerfi þegar hvert leigt tonn af þorski í viðskiptum við annan aðila sem leggur til tonn á móti og tvöfaldast síðan í línuútgerð mánuðina nóvember–febrúar, er orðið að fjórum. Auðvitað er allt annað mál að leigja eitt tonn af þorski á 100 kr./kg ef þú mátt veiða fjögur þegar þannig er ástatt orðið. Þetta er t.d. dæmi um það að kerfið eins og það er úr garði gert getur myndað algerlega óraunhæfar viðmiðanir af þessu tagi. Síðan lenti ég í rökræðum við lærðan mann ofan úr háskóla sem ætlaði að fara að sanna fyrir mér heilmmikla hluti um arðsemismöguleika og umfang eða upphæðir í auðlindaskatti út frá leigukvótaverði. Hann sagði að ef maður lítur á verðið á leigukvótanum, 100 kr. á kg og skoðar svo hvert verðið í langtímaviðskiptum með veiðiheimildir ætti þá að vera og hvað þetta segir um rentuna sem ætti að vera hægt að taka út úr sjávarútveginum, þá er það svona og svona. Þessi lærði maður virðist ekki hafa áttað sig á því hvernig leiguverð á fiskveiðiheimildum myndast á Íslandi í dag. Það er algerlega óraunhæft út frá því sjónarmiði séð að maður leigi til þess að landa viðkomandi afla. Það er út í hött. Það er stórt tap á því, enda myndast það með öðrum hætti. Rækjutogari sem fyrst og fremst er að stunda veiðar á úthafsrækju en fær einhver kíló af þorski af og til með getur auðvitað leigt sér nokkur tonn til þess að það líti betur út og allt það. Ef 98% af aflaverðmætinu er eftir sem áður einhver önnur tegund, þá er það orðinn hverfandi jaðarkostnaður sem hann tekur á sig við það. Þannig eru ýmis dæmi um slíkt.

Það getur verið réttlætanlegt hugsanlega við tilteknar veiðar að leigja þorsk ef þú ert að fá kannski níu tonn af einhverjum öðrum afla á móti hverju einu af þorski sem þú þarft með í þær veiðar og að sjálfsögðu getur kerfið virkað þannig. En við aðrar aðstæður á það ekki við og þá held ég að menn eigi að horfast í augu við það og vera menn til þess að reyna að taka á því.

Menn óttast gjarnan að ef opnað yrði fyrir einhverja jafnvel þó um væri að ræða mjög takmarkaða löndun meðafla, þá mundi allt fara á hvolf og menn mundu sækja í að gera út á þá möguleika o.s.frv., o.s.frv. Í skýrslu nýtingarnefndarinnar er dregin upp ægileg hryllingsmynd af einhverjum vítahring sem færi í gang. Að sjálfsögðu held ég að engum heilvita manni hafi dottið í hug annað en um yrði að ræða einhvern veginn mjög takmarkaða möguleika. Maður gæti hugsað sér að þetta yrði t.d. prófað þannig að meðaflamöguleikinn væri 10% í viðbót ofan á veiðiheimildir viðkomandi skips í þorski og punktur þannig að menn hefðu þetta svigrúm til að koma með að landi umfram sinn afla kannski eitthvert slíkt magn. Síðan yrði séð fyrir því að þessi afli yrði tekinn og seldur og fénýttur, einungist tæplega beinum útgjöldum viðkomandi útgerðar yrði skilað til baka, þannig að menn fengju svona rétt rúmlega fyrir ís og löndunarkostnaði og öðru slíku og tækju eftir sem áður á sig nokkurt óhagræði. Fjármunirnir sem hið opinbera fengi hins vegar við sölu á aflanum rynnu t.d. til öryggismála sjómanna. Þá mundi þar skapast mjög mikið aðhald um borð í skipunum um að þessir möguleikar væru nýttir. Ég get vel séð það fyrir mér t.d. að ef annaðhvort þyrlusjóður Landhelgisgæslunnar eða rekstur Öryggisskóla sjómanna nyti þessara fjármuna, þá mundi verða býsna vel fyrir því séð af sjómönnum um borð í íslenskum fiskiskipum að komið yrði með fisk að landi sem hægt væri að landa á þessum grundvelli og nýta í þágu slíkra verkefna. Og ég er ekki viss um að menn mundu telja það sérstaklega eftir sér umfram önnur viðvik um borð að sjá fyrir því.

Ein röksemdin enn sem síðan er oft notuð gegn þessu er sú að þetta þýði ekki neitt því að menn munu nota þessi 10% og henda svo áfram. En hvað gerist þá? Hvað eru menn að segja þá? Það sem gerist er að þessi 10% koma þó að landi í staðinn fyrir að fara í hafið. Menn geta nefnilega ekki hvort tveggja reynt að skjóta þessar hugmyndir annars vegar með því að neita vandamálinu og segja að það sé engu hent, en hins vegar segja að það þýði ekkert að gera svona ráðstafanir af því að menn muni henda samt. Það gengur ekki upp. Og ég segi: Ef við vinnum það með einhverjum ákvæðum af þessu tagi að það kæmi þó að landi nokkurra þúsunda tonna afli sem ella færi í hafið og þó að allt annað yrði óbreytt, þá erum við þó því betur stödd. Og einu öðru til: Við fengjum upplýsingarnar um þetta sem tekið er úr stofninum og ekki er talað um í dag, því í reynd er ekki gert ráð fyrir því í fiskveiðiráðgjöfinni að nokkru sé hent og af skiljanlegum ástæðum kannski. Ætli það yrði ekki býsna erfitt fyrir þá ágætu vísindamenn að fara og reyna að skjóta eitthvað á það hvaða prósenta það ætti að vera. Ég er því og hef lengi verið þeirrar skoðunar að menn ættu að þora að horfast í augu við þetta mál eins og það liggur og hafa kjark til þess að gera, við getum þess vegna kallað það ákveðnar tilraunir til þess að glíma við það. Ég fullyrði að það færi ekki neitt á hvolf í fiskveiðistjórnkerfinu þó að menn prófuðu að útfæra einhverja reglu af þessu tagi. 10% meðafli miðað

við þorskkvótann væru þá um 15 þúsund tonn og væntanlega yrði hann aldrei neitt nálægt því allur nýttur. Ýmsir mundu alls ekki sækjast eftir því nema síður væri. Ég sé því ekki að það stórkostleg áhætta yrði tekin. Það er langt innan við þær teygjur sem verið hafa í stjórnkerfinu á undanförnum árum og oft hafa leitt til þess að aflinn hefur farið tugi þúsunda tonna fram úr ráðgjöfinni þó að eitthvað slíkt væri prófað.

Ég er þeirrar skoðunar, a.m.k. hvað stærri fiskiskipin áhrærir, að við eigum að reikna með því að sókninni verði stjórnað á grundvelli aflamarks á næstu árum. Ég sé ekki að neitt annað sé raunsætt en að reikna með því að svo verði og þeir sem vilja og ég tala ekki um sérstaklega þeir sem eru eindregnastir stuðningsmenn þess kerfis, ættu að hafa forgöngu um að reyna að glíma við þá ágalla og þá vankanta sem því eru samfara í staðinn fyrir að vera yfirleitt í þeim hópi sem neitar að ræða og neitar jafnvel tilvist hluta af þessu tagi. En það hefur því miður verið þannig að hörðustu talsmenn kvótakerfisins hafa yfirleitt jafnframt verið þeir sem hafa algerlega neitað að horfast í augu við það að nokkuð af þessu tagi væru fylgifiskar þess. Það er að mínu mati ekki mjög víðsýn eða hyggileg afstaða. Þvert á móti held ég að einmitt þeir menn ættu að leggja mest af mörkum til þess að reyna að lagfæra þá ágalla sem á kerfinu eru ef þeir vilja viðhalda því og tryggja það í sessi.

Þess vegna er ég sammála því að með þetta mál þurfi að vinna áfram og reyna að skoða hvort ekki er unnt að grípa til einhverra ráðstafana. Ég er að vísu ekki viss um að blessuð umgengnisnefndin sé líkleg til þess að gera stóra hluti í þessum efnum miðað við röksemdafærslu hennar í skýrslunni og hefði jafnvel talið að heppilegra væri að setja til þess að skoða þetta einhverja aðra menn með opnari huga en þar er. Ég vil jafnframt taka fram vegna þeirra hugmynda sem hv. þm. Pétur Blöndal reifaði í sjútvn. að ég mundi ekki treysta mér til að standa að samþykkt þeirra eins og þær eru þar fram settar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að hafa þessar heimildir á vissan hátt takmarkaðar og afmarkaðar, a.m.k. fyrst um sinn meðan látið yrði á það reyna í hve miklum mæli þær yrðu nýttar. Ég hef hugsað mér að þetta yrði útfært á þann veg að um yrði að ræða takmarkaðar hlutfallslegar heimildir sem tengdust veiðiheimildum viðkomandi aðila. Væntanlega væri fyrst og fremst ástæða til og fyrst og fremst raunsætt að þetta tæki til þorsks, sérstaklega eins og nú er ástatt á Íslandsmiðum, þ.e. að kvóti þar er jafnlítill í hlutfalli við aðrar tegundir og raun ber vitni. Það kann að breytast á næstu árum. E.t.v. kunna að verða aðrar aðstæður uppi innan fárra ára og aðrar tegundir í sambærilegri stöðu og þorskurinn nú og þá mundu menn taka á því.

Þetta ætla ég, herra forseti, að láta duga um þá þætti málsins sem ég hef gert að umtalsefni, en hvet að lokum hv. þingmenn til þess að fella brtt. á þskj. 972 og 929.

[12:11]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. og formanni sjútvn. að efni þeirrar breytingartillögu sem ég lagði fram var rædd í nefndinni og fékkst ekki fylgi við hana þar. Það kemur hins vegar mjög skýrt fram hjá hv. þm. sem lýsir líka þeim umræðum sem áttu sér stað að þessi löndunarkvöð sem er sett á íslensk fiskiskip snýst ekki um umgengni um nytjastofna sjávar. Hún snýst kannski meira um umgengni við aðrar atvinnugreinar. Mér finnst það vera mjög umhugsunarvert að kvaðir skuli vera lagðar á íslenskan sjávarútveg sem eru þess eðlis. Það liggur að sjálfsögðu fyrir að þetta er einungis eitt form eða ígildi auðlindaskatts á íslenskan sjávarútveg. Það getur að sjálfsögðu verið að það hafi einhvern tíma verið þörf á því að vera með slíkar kvaðir en ég hygg að eftir því sem árin hafi liðið hafi fiskvinnslan orðið samkeppnishæfari, eins skipasmíðaiðnaðurinn, og þjónustuaðilar við sjávarútveginn hafi orðið samkeppnishæfari en þessar greinar voru áður. Þörfin fyrir þessa kvöð fer því minnkandi. Varðandi frystitogarana og það hvort þeir megi landa erlendis þegar þeir eru búnir að semja um það að fara í slipp þá sé ekki að nein sérstök hætta sé af því búin fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Mér finnst hins vegar það viðhorf ekki gott sem kemur fram í því að ef hagnaður er í þessari grein, þá sé sjálfsagt að setja alls konar pinkla og kvaðir á starfsemina sem eykur kostnað hennar.

[12:14]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil algerlega mótmæla þessum málflutningi sem hér fer fram. Það er verið að gera mönnum upp alls konar skoðanir. Þó að þeir séu á móti breytingartillögu hv. þm. og færi fyrir því rök, þá verðskuldar það ekki að það sé komið hér upp og sagt að menn séu í raun og veru að styðja þarna ígildi auðlindaskatts og enn megi hvergi sjá hagnað í sjávarútveginum því þá vilji menn koma og hengja á hann einhverja pinkla og kvaðir. Ég mótmæli þessu. Þetta er ekki svona. Hv. þm. hefur engin efni til þess að koma og gera mönnum upp skoðanir af því tagi þó honum kunni að sárna að breytiningartillaga hv. þm. hafði ekki fylgi í sjútvn. og hefur það vonandi ekki heldur í þingsalnum.

Það er víst þannig að þetta mál tengist umgengni um auðlindir sjávar. Í frv. er verið að fjalla um vigtunar- og eftirlitsþáttinn í málinu og fyrir honum er séð með tilteknum hætti, með því að almenna reglan er að öllum afla skuli landað hér og hann veginn. En síðan eru undanþágurnar skilgreindar og þær eru bundnar við tilteknar forsendur, þ.e. að landað sé á viðurkenndum markaði sem íslenskir eftirlitsaðilar hafa samþykkt o.s.frv. þannig að það eru fullkomin efnisrök líka út frá þessu frv. að hafa ákvæðið hér inni.

Það er hins vegar rétt og var ekki dregin nein dul á það af minni hálfu að þetta mál á sér samhengi víðar. Auðvitað á það við aðrar atvinnugreinar og stöðu þeirra. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að keppa að því að gera Ísland ekki bara að löndunarmiðstöð og þjónustu- og umskipunarmiðstöð fyrir íslenskan sjávarútveg heldur í eins miklum mæli og við getum allan sjávarútveg í þessum heimshluta. En það þýðir ekki að við eigum að afsala okkur einhliða réttinum til þess að setja að mínu mati eðlilegar reglur af þessu tagi. Það er verið að nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Það er ekki einkamál útgerðarinnar hvernig það er gert. Hér er m.a. verið að kveða á um ýmislegt sem menn þurfa að undirgangast til þess, svo sem það er lýtur að eftirliti og öðru slíku. Og það að aflanum er landað hér er ósköp einfaldlega ein af slíkum forsendum og eðlilegum að mínu mati. Ég mótmæli því þessum málflutningi og harðast því að með því að leggjast gegnst tillögu hv. þm. þá séu menn í reynd óbeint að skrifa upp á einhvern auðlindaskatt. Það er náttúrlega fjarstæða að halda slíku fram.

[12:16]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið snýst að mínu áliti um það að í frv. til laga um nytjastofna eigi fyrst og fremst að tryggja að rétt sé talið upp úr viðkomandi skipum. Ég álít að það

sé alveg hægt að ganga svo frá að það sé rétt talið upp úr frystitogurum hvort sem landað er hér á Íslandi eða erlendis. Ég kalla það vera ígildi auðlindaskatts þegar frystitogari er skyldugur til þess að borga frakt upp á aðra milljón og sigla svo sjálfur rétt á undan eða eftir fraktskipi nákvæmlega sömu leið. Ég kalla það ígildi auðlindaskatts að setja slíka kvöð á einn frystitogara og það getur vel verið að hv. þm. sé ósammála um það. Við verðum að fá að vera ósammála um eitthvað, ég og hv. þm.

[12:17]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn skortur á því að við getum orðið ósammála, ég og hv. þm. og það verður auðveldara með hverjum deginum að vera ósammála hv. þm. eins og hann lætur nota sig í skítverkin á hinu háa Alþingi. En ég mótmæli þessu bara aftur. Ég var m.a. að draga athyglina að því út á hvaða braut er verið að halda með röksemdafærslu af þessu tagi, að um sé að ræða óeðlilega kvöð og íþyngingu og það sé einhvers konar ígildi auðlindaskatts. Ég bið hv. þm. að staldra við og átta sig á því hvar hann endar. Það getur auðvitað ekki endað öðruvísi en þannig að hv. þm. verði á móti löndunarskyldunni almennt. Það er afleiðingin af röksemdafærslu af þessu tagi því auðvitað má segja að það sé með vissum hætti takmörkun og þá með vissum hætti auðlindaskattur að menn skuli yfir höfuð þurfa nokkuð að vera að landa eða koma við á þessu skeri. Það getur vel verið framtíðarsýn hv. þm. Ég tel að ég sé ekki að gera honum upp meiri skoðanir en hann var að gefa mér að það sé þá kannski framtíðarsýn hv. þm. að hægt sé að sækja þennan afla meira og minna á Íslandsmið með stórum frystiskipum sem landi bara þar sem þeim sýnist og séu í reynd gerð út þaðan sem þeim sýnist og þaðan sem ódýrast er eða er það það sem menn eru að hugsa? Ég held að menn verði að draga einhver mjög skýr mörk. Ég tel að það sé gert í lögunum og hafi verið gert í lögunum um stjórn fiskveiða og öðrum þeim ákvæðum sem gilt hafa um þetta efni. Staðreyndin er auðvitað sú að það eitt og sér að breyta þessu mundi náttúrlega ekki leysa málið því að fleiri ákvæði koma þarna við sögu sem hv. þm. þyrfti þá líka að fara í að breyta. En ég, herra forseti, tel að engin rök séu fyrir því að breyta frv. í þessa veru og enn síður eftir að hafa heyrt röksemdafærslu hv. þm. Það væri enn hættulegra og vitlausara að breyta þessu eftir að hv. þm. Vihjálmur Egilsson er búinn að reyna að rökstyðja að svo eigi að gera.

[12:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég taldi hafa komið mjög skýrt fram í ræðu minni áðan var tilgangur minn með flutningi þessarar litlu brtt. einn, þ.e. að vekja athygli á því að þarna væri um mikið ósamræmi að ræða. Enda þó að ég styðji þetta frv. heils hugar og viti að það er mjög til bóta vil ég vekja athygli á því að það tekur ekki á aðalvandamálinu sem verið er að fást við en það er sóunin sem kerfið hefur í för með sér. Það er sóunin sem við vitum öll að er gríðarleg. Ástæðan fyrir brottkasti fisks er kannski ekki ein, kannski ekki tvær heldur margar. Eigi að síður er ég sannfærður um að aflamarkskerfið er einn af hinum stóru þáttum, ég veit að kerfið sjálft er að orsaka þessa sóun. Ég ætla ekki að taka undir með hæstv. sjútvrh. að þessi brot á fiskveiðistjórnunarkerfinu séu með allra alvarlegustu efnahagsglæpum. Ég er samt alveg viss um að brottkastið, sem á sér nú stað á Íslandsmiðum, er allra alvarlegasta sóun sem við nokkurn tíma höfum komist í tæri við. Eins og ég lít á málið er hér um sóun að ræða sem getur numið þó nokkrum milljörðum króna í útflutningsverðmæti á ári og þess vegna er höfuðnauðsyn að allir komi að því máli að finna hvernig við megum breyta þessu og hvernig við getum komið í veg fyrir það. Þá er fyrst og fremst um að ræða sjútvrn. og hæstv. sjútvrh., Alþingi Íslendinga og sjútvn., svo og aðilana sem fást við þetta, sjómenn landsins og þá útvegsmenn landsins ef þeir eru þá tilbúnir til þess að horfast í augu við að þetta er staðreynd. Ég ætla að vonast til þess að þrátt fyrir það að við samþykkjum þetta ágæta frv. verði öllum mönnum ljóst að það verður ekki hjá því hvikað að við verðum að takast á við þetta vandamál, verðum að leggja okkur öll fram um það. Það er meira atriði að gera þetta en að einbeita sér að refsingum. Það er röng áhersla, herra forseti.

[12:22]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum held ég í aðalatriðum alveg sammála um þetta, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Bæði er það að vandamálið er stórt og til staðar, og það höfum við rætt, og eins hitt að þetta verður ekki leyst með einhverjum refsiákvæðum og einhverjum hótunum um fangelsisvist. Ég hef ekki trú á því og er almennt ekki mjög trúaður á það að menn leysi vandamál af því tagi með því einu að innleiða eitthvert lögregluríki og strangari refsingar. En í samræmi við röksemdafærslu hv. þm. um að hann hafi fyrst og fremst flutt brtt. sína til að vekja athygli á málinu vil ég leyfa mér að segja að ég held að það hafi tekist og bara bærilega og þess vegna gæti hv. þm. kallað hana til baka. Hún hefur þegar þjónað tilgangi sínum og ekki ástæða til þess endilega að hún verði felld hér sem ég reikna nú með að ella muni verða. Um það er ekki meira að segja. Ég held að ekki sé neinn efniságreiningur á ferð, ekki á milli mín og hv. þm., um að það þarf að taka á vandamálinu og vinna með það á næstu mánuðum og missirum. Vonandi verður mönnum eitthvað ágengt í þeim efnum en með vísan til þess sem ég sagði í ræðu minni legg ég samt sem áður til að ef hv. þm. kallar ekki tillögu sína til baka þá verði hún felld.

[12:24]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Frv. um umgengni um auðlindir sjávar er til 2. umr. og tók ég þátt í þeirri umræðu sem fór fram við framlagningu frv. og gagnrýndi þá 2. gr. frv. og óskaði eftir því við hv. sjútvn. að það yrði skoðað sérstaklega hvernig bæta mætti þá grein með tilliti til þess að herða á þeim ákvæðum sem þar eru og reyna með lögum að koma í veg fyrir það að menn hentu fiski fyrir borð. Mér sýnist að hv. sjútvn. hafi að sumu leyti skoðað þessa grein með þeirri hugsun að takmarka að afla væri hent fyrir borð og tekið sérstaklega fyrir það sem varðar 3. og 4. málsl. 2. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta, í brtt. „Einnig getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru sem til fellur við verkun eða vinnslu, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti."

Ég get út af fyrir sig fallist á að ráðherra geti sett reglugerð um þetta og treysti því að þar verði ekki hleypt of lausum taumnum. Ég veit að meðan þetta ákvæði hefur verið í gildi eru menn skyldugir til að koma með allt að landi. Stöðug tilraun til þess að koma aflanum í verð er í gangi og ég þekki það frá stórum úthafsveiðiskipum sem hafa verið að reyna að koma karfaafskurði í verð að þeir hafa reynt að ná samningum við erlenda hringa sem fyrst og fremst er

ætlað að nýta þetta í dýragarða og til stórra búa sem nýta sér úrkast. Þar hafa að því er mér skilst náðst nokkuð viðunandi samningar þó svo að menn telji sig ekki hafa náð því sem þarf til að hægt sé að segja að þetta skili hagnaði. Eigi að síður er að nást árangur í því að gera karfaafskurðinn að verðmæti. Flestum sem hafa kynnt sér þessi mál er kunnugt um að afskurður í þessum tilliti er helmingurinn af karfanum. Það er 50% af karfanum sem fer fyrir borð með því ákvæði sem var í frv. að heimila að henda öllum afskurði og úrkasti fyrir borð. Þar erum við fyrst og fremst að tala um vinnslu um borð í fullvinnsluskipum.

Önnur ákvæði í þessari grein — og þá er ég fyrst og fremst að tala um 2. mgr. en þar stendur í 1. málsl. „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um er að ræða."

Maður verður að geta treyst því að sjómenn hendi ekki neinum afla fyrir borð sem er ekki skemmdur þannig að ég tel að ég geti fallist á að þetta standi áfram en þegar kemur að 2. málsl. 2. mgr. skilja leiðir því að ég get ekki áttað mig á því sem stendur í þessum málsl., með leyfi forseta: „Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi."

Ég held að flestum sé í fersku minni að tegundir eins og grálúða voru fyrir nokkrum árum, við skulum segja fyrir um 20 árum, aukaafli sem menn hentu vegna þess að þeir töldu hana verðlausa. Síðan er farið að veiða þennan fisk á línu fyrir austan og hann fer að koma meira í troll en áður. Þá er farið að gera úr þessu verðmæti enda sjómenn skyldugir að koma með allan afla að landi. Í dag er þetta með eftirsóttari fisktegundum og erfitt að afla upp í þann kvóta sem menn hafa vegna ofveiði.

Það eru mörg dæmi um það að aukategundir hafa orðið að miklum verðmætum vegna þess að menn hafa sett sig í þá vinnu að reyna að gera þær að verðmætum. Þess vegna tel ég að þetta ákvæði í greininni, að lögfesta þá heimild að menn geti hent fiski fyrir borð, sé mjög skaðlegt. Við eigum ekki að láta slíkt ákvæði fara í gegnum þingið og ég mun því leggja til að þessi setning í þessum málsl. í 2. mgr. verði felld brott.

Í 3. málsl. 2. mgr. 2. gr. frv. stendur: „Loks er heimilt að varpa fyrir borð innyflum og hausum." En það er búið að gera breytingar við 3. málsl. af hálfu sjútvn. og ég get svo sem fallist á þær og reynt að treysta því að þarna verði farið varlega með heimildir.

Ég ætla ekki að fjalla meira um 2. gr. en vonast til að sjútvn. skoði sérstaklega þetta ákvæði sem lýtur að 2. málsl. 2. mgr. Ég vil bara minna á að með tilkomu fiskmarkaða er óþarfi að setja sjómenn í þá aðstöðu að þeir hafi leyfi til að henda fiski fyrir borð eins og þeim sýnist ef hann er ekki kvótasettur á íslenska kvótamarkaðnum. Fiskmarkaðir hafa með ótrúlegum hætti komið ýmsum fisktegundum í verð sem var hent hér áður fyrr. Má þar nefna keilu, hlýra og ýmsar tegundir sem margar fiskvinnslustöðvar í dag sérhæfa sig í að vinna. Það er því „lapsus" í þessum lögum að vera að setja svona ákvæði inn og skora ég á hv. sjútvn. að fella þetta ákvæði út. Annars mun ég flytja við það brtt.

Varðandi 6. gr., um vigtun sjávarafla, vil ég minna á umræðu sem hefur farið fram víða í sjávarútveginum. Margir telja að þar sem heimildir útgerða til veiða í íslenskri landhelgi eru án endurgjalds eigi að vera hægt með rökum að skikka þær útgerðir sem veiða í lögsögunni til að sæta ýmsum sérreglum sem aðrir ættu ekki að þurfa að lúta. Þar á ég við að útgerðir sem fá úthlutað úr íslenskri lögsögu ættu t.d. að taka þátt í því að þróa íslenskan skipasmíðaiðnað og halda uppi eðlilegri afkastagetu þar. Auðvitað byggist þetta á því að íslenskur skipasmíðaiðnaður sé samkeppnisfær við erlendan. Ég tel að hann sé það, og meginmarkmið að hann njóti þeirrar vinnu sem skapast af viðhaldi flotans. Mér finnst það verðugt markmið að stefna að. Þess vegna get ég tekið undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er varhugavert að opna þær heimildir sem gefa útgerðinni kost á að nýta sér erlenda möguleika á þessu sviði án þess að nokkur geti skipt sér af því. Ég virði að sjálfsögðu þau sjónarmið að það eigi að leita hámarksafraksturs af þessari grein eins og öðrum, en ég held samt að menn geti viðurkennt að hún nýtur ákveðinna sérkjara í íslenskri lögsögu í umgengni um þessa sameiginlegu auðlind landsmanna, fiskstofnana, og útgerðir verða þá einnig að lúta öðrum sérákvæðum sem hefta þá að einhverju öðru leyti.

[12:34]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ákvæði 2. gr. má viðurkenna að hún er nokkuð vandasöm í framsetningu af því að almenna reglan þar er sú, eins og fram hefur komið, að það skuli hirða og koma með að landi allan afla. En veruleikinn er sá að það er óhjákvæmilegt að veita frá þessu ákveðnar undanþágur og beinlínis í allra þágu í því tilviki t.d. að unnt sé að sleppa undirmálsfiski af færum sem ætla má að geti lifað af og haldið áfram á beit.

Varðandi tegundir sem ekki sæta takmörkunum og hafa ekkert verðgildi er ekki hægt að horfa fram hjá því að enn er slíku til að dreifa í einhverjum mæli. Ég get þó verið sammála hv. þm. um að menn verða að passa sig á því að taka ekki í burtu þann hvata sem þarf að vera fyrir hendi til þess að leita stanslaust að nýtingarmöguleikum. Reynslan hefur sýnt, einkum og sér í lagi seinni árin, að fyrir nánast allar tegundir finnst markaður ef eftir því er leitað. Þá vil ég leggja áherslu á að það er ekki ætlunin með þessu orðalagi að slaka á nokkurn hátt á þeirri framkvæmd. Ef t.d. aðili eins og aflakaupabankinn eða fiskmarkaður býður þó ekki sé nema fáeinar krónur í kg af einhverri tegund eða einhverju kvikindi verða umsvifalaust virk ákvæði laganna um að allan slíka afla skuli hirða.

Í breytingum sjútvn. felst einmitt viðurkenning á þessu orðalagi. Við vildum ekki láta greinina gagnvart vinnsluskipunum vera orðaða eins og frv. er til þess að vera ekki að setja þann svip að það væri almenn opin heimild fyrir því að henda hlutum, ég tala ekki um t.d. afskurði en hann var talinn upp eða er talinn upp í 2. gr. frv. eins og það er úr garði gert. Ég vek athygli hv. þm. á að t.d. afskurður er felldur niður í upptalningunni þegar kemur að því hvað ráðherra geti heimilað með reglugerð. Ég tel því að sjútvn hafi snúið málinu talsvert í þá átt og vil fyrir mitt leyti undirstrika að það ber ekki að túlka þetta svo að það sé verið að slaka í neinu á í þeim efnum. Það ber að sjálfsögðu að reyna að leita markaða fyrir allar tegundir sem nýtanlegar eru og um leið og eitthvert verðgildi er fáanlegt eða finnanlegt fyrir tegund, verða ákvæði laganna um að hún skuli koma að landi virk.

[12:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það hefur verið leitast við að hluta til að leiðrétta frv. Til dæmis með því að hafa ekki fortakslaust ákvæði um að það sé leyfilegt að henda afskurði heldur sé það sett með reglugerð og farið varlega með þær heimildir.

Varðandi það ákvæði að heimilt sé að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum í leyfilegum heildarafla get ég ekki séð neinar forsendur fyrir því að hafa það þarna inni. Í flestum tilfellum er um frekar lítinn hluta af heildarveiðinni að ræða. Þær tegundir sem menn eru að fá aukalega þvælast venjulega inn á slóðir þar sem þær eru ekki venjulega. Menn geta sótt sértegundir eða aukategundir á aðrar veiðislóðir þar sem þær eru frekar. Menn vita nokkurn veginn hvað þeir eru að veiða þar sem þeir eru hverju sinni. Það er því alger óþarfi að hafa þetta ákvæði þarna inni enda eru fiskmarkaðir í dag mjög þróaðir í því að hafa samband og koma tegundum í verð sem ekki hafa verið nýttar áður. Ég tel að það sé full ástæða til að treysta fiskmörkuðunum til að koma þessum fisktegundum á framfæri og hvetja frekar en letja veiðimenn til að koma með þær að landi. Það kemur ekki til með að eyðileggja neitt. Það pláss sem fer í þetta er sáralítið hjá skipunum og þess vegna þeim ekki til trafala. Þetta er þeim frekar til framdráttar og mun auka þróun í vinnslu og nýtingu þess afla sem fæst á Íslandsmiðum.

[12:40]

Útbýting þingskjala:

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat á sláturafurðum, 526. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 994.

Ferðakostnaður ráðuneyta, 484. mál, svar forsrh., þskj. 969.

Fjárveitingar til stjórnmálaflokka, 481. mál, svar fjmrh., þskj. 959.

Grunnskóli, 501. mál, nál. menntmn., þskj. 992; brtt. menntmn., þskj. 993.

Lífeyrisréttur öryrkja, 400. mál, svar forsrh., þskj. 967.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, þskj. 973.

Spilliefnagjald, 252. mál, nál. umhvn., þskj. 983; brtt. umhvn., þskj. 984.

Tóbaksvarnir, 313. mál, brtt. ÖS, þskj. 991.

[12:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess ræða hér aðeins frv. til laga um umgengni um auðlindir sjávar. Ég vil taka það fram að ég er fylgjandi þessu frv. og tel nauðsynlegt að setja um það reglur. Ég tek undir þau markmið sem koma fram í 1. gr. um að stuðlað verði að því að auðlindir sjávar verði nýttar með sjálfbærum hætti til að tryggja til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina. Mig langar þó aðeins að vekja athygli á tveimur eða þremur greinum. Það hefur þó verið gert. Hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafa þegar gert það. En mig langar að vísa aðeins í 2. mgr. 4. gr. og benda á að það mat sem er sett í hendur embættismanna. Þeir þurfa að meta það hvort það líklegt sé að þær aflaheimildir sem eru til staðar dugi fyrir þeirri sjóferð sem fyrirhuguð er. En þetta er þannig úr garði gert að það er ljóst að þetta ákvæði muni ekki á nokkurn hátt verða virt. Það mun ekki nýtast og er gersamlega tilgangslaust að vera að lögfesta ákvæði með þessum hætti. Það er aðeins til þess fallið að setja embættismenn í þá aðstöðu að þeir eigi þess ekki kost að fylgja þessu ákvæði fram.

Megintilefni þess að ég kveð mér hljóðs er að mig langar að fjalla örlítið um refsiákvæði þessa frv. sem er um margt mjög merkilegt og greinilegt að menn ætla að leggja mikið á sig í því skyni að ná til viðkomandi sjómanna. Mér sýnist nauðsynlegt að þeir fái a.m.k. einhverja hvíld á vegum hins opinbera. (**Gripið fram í:** Byggja eitt fangelsi í kjördæminu.) Ekki veit ég hvort fangelsisbygging á Litla-Hrauni sé liður í sjávarútvegsstefnu sjútvrh. en a.m.k. er búið að byggja við fangelsið á Litla-Hrauni.

Ég vil reyndar taka fram að ég er hlynntur þeirri tillögu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson bar fram áðan um að það sé ekki nauðsynlegt að setja í lög að ítrekuð brot skuli varða fangelsi allt að sex árum. Það er einu sinni þannig með blessaða fiskana að þeir hafa ekki nákvæmar upplýsingar um það hverjir hafa aflaheimildir og hverjir ekki. Í ljósi þess geta þeir álpast í veiðarfæri sem tilheyra skipum sem ekki eiga aflaheimildir og að setja menn jafnvel í steininn fyrir vikið gengur einhvern veginn ekki upp.

Í öðru lagi vil ég benda á að í 2. mgr. 24. gr. er kveðið á um ákveðna lágmarksfjárhæð sem sekt skuli nema við fyrsta brot. Þær reglur sem hér er vitnað til eru annars vegar ákvæði laga þessara og hins vegar ákvæði sem ráðuneytið eða sjútvrh. setur með reglugerð. Lágmarkssekt skal vera 400 þús. kr., alveg sama hvaða regla er brotin. Þetta er óvenjugróft að svona ákvæði skuli sett í lög.

Ég vil einnig benda á merkilega reglu í 25. gr. Þar er kveðið á um að sekt megi jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 24. gr. megi ákvarða lögaðila sekt þótt sök hans verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem starfa í þágu hans enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðila.

Með öðrum orðum þarf ekki að sanna að viðkomandi einstaklingar hafi brotið af sér. Það þarf aðeins að sýna fram á brot og mér virðist sem svo að í kjölfarið megi velja þá einstaklinga sem sektir skuli leggja á. Að minnsta kosti er ekkert í þessum lögum sem kemur í veg fyrir að þeir megi nánast velja þann aðila sem er gert að sæta sektum, hvort það er eistaklingur, lögaðili eða einhver annar. Ég sé að hv. formaður sjútvn. var að ræða við starfsmenn þingsins en ég er að tala um 25. gr., tala um þá hlutlægu reglu sem þar kemur fram og ég er að benda á að eins og hún lítur út nú þá sé sjútvrn. nánast í sjálfsvald sett hverjum skuli refsað og hverjum ekki. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að kokknum skuli refsað, ég sé ekkert sem kemur í veg fyrir það. (Gripið fram í.) Það má vel vera að kokkurinn eigi skilið að fá einhverja sekt en að það skuli vera fært á vald ráðherra að ákveða hvort honum skuli gerð sekt eða ekki er vægast sagt mjög óeðlilegt. Í raun og veru hélt ég að slíkar reglur, sem birtast í 21. gr., heyrðu til liðinni tíð, þ.e. menn væru ekki að setja slíkar reglur í lög að ekki þyrfti einu sinni að sýna fram á að einhver hefði brotið af sér. Ég hélt að þetta tilheyrði löngu liðinni tíð en svo virðist ekki vera.

Síðan vek ég athygli á því að í greininni kemur einnig fram að það er engin skylda að brotið hafi nýst nokkrum einasta manni og það hafi ekki verið neinum til hagsbóta enda kemur fram að forsenda þess að mönnum sé gerð sekt á grundvelli þessa ákvæðis sé það að brotið hafi orðið eða getað orðið lögaðilum til hagsbóta. Þarf að sýna fram á brot, hv. formaður sjútvn.? Það er spurning? En ef það hefði verið

framið brot þá hefði það getað orðið til hagsbóta fyrir þann sem hefði hugsanlega framið brotið. Ég sé ekki hvernig hægt er að lesa þetta öðruvísi og ekki nema hæstv. sjútvrh. verði svolítið á bryggjunni og bendi á þá sem hann telji æskilegt að sekta hverju sinni. En til þess að bæta gráu ofan á svart í þessu frv. þá segir svo í athugasemdum með þessari 25. gr. að hún þarfnist ekki frekari skýringar. Ég veit ekki hvort sá sem hér stendur nái ekki lágmarksgreind eða meðalgreind en a.m.k. þarf ég einhverjar skýringar á þessu. Mér þætti vænt um það að formaður sjútvn. kæmi upp á eftir og upplýsti okkur um það hvort þetta ákvæði þurfi ekki skýringar við og ég vænti þess að hann geri það. Það er ljóst, virðulegi forseti, að það má ná til þessara sjómanna með öllum tiltækum ráðum og ef ekki tekst að sýna fram á að þeir hafi brotið af sér og sýna fram á sök verði þeir bara teknir á einhvern annan hátt.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Eins vildi ég vekja athygli á því, þrátt fyrir að ég muni styðja frv., að þetta frv. tekur ekki á þeim raunverulega vanda sem er uppi sem er brottkast afla. Þetta frv. gerir það alls ekki. Þegar menn setja í lög ákvæði eins og þau sem er að finna í 24. og 25. gr. fæ ég ekki betur séð en það hvetji frekar til þess en hitt að afla skuli hent. Að minnsta kosti í sumum tilvikum er verr af stað farið en heima setið.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það þar sem ég átta mig ekki alveg á því hvað verið er að fara þarna í 25. gr. að mér þætti vænt um að formaður sjútvn. kæmi upp og útskýrði þetta fyrir mér því það kemur líka fram í greinargerðinni að greinin þarfnist ekki skýringar en ég held það sé nauðsynlegt að að minnsta kosti einhverjar skýringar komi fram.

[12:50]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við tilmælum um að reyna að skýra ákvæði 25. gr. eftir því sem ég er í færum til þess. Það að þetta skuli vera svona orðað í frv. að greinin þarfnist ekki skýringa vísar kannski meira til þess að það er fjallað um refsiákvæðin í umsögn um 24. gr. og síðan er væntanlega litið svo á að fullnægjandi skýringar hafi verið gefnar þar gagnvart 25. og 26. gr. Í umsögn um frumvarpsdrögin sem komu frá nefndinni á sínum tíma voru gefnar skýringar á einstökum greinum. Þar segir um 26. gr. í því frv., sem er sambærileg við 25. gr. í þessu ef ég hef farið rétt yfir, að sektir megi gera jafnt lögaðila sem einstaklingi og þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. megi ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra einstaklinga. Hugsunin sem gengur í gegnum þessi refsiákvæði er sú að unnt sé að sekta hvoru tveggja, lögaðilann sem slíkan og síðan einstakling ef einstaklingur brýtur af sér en það sé jafnframt hægt að sekta lögaðilann þó að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann, hvorki forsvarsmenn eða einhvern tiltekinn starfsmann. Þetta lýtur kannski að nokkru leyti að því hvers eðlis þessi brot eru. Ef tilraunir eru í gangi til auðgunarbrota eða til þess að hagnast t.d. á því að vigta ekki afla eða eitthvað því um líkt getur verið afar erfitt að sanna hver var nákvæmlega sökudólgurinn í hverju einstöku tilviki en brotið getur falið það í sér að lögaðilinn hagnist og honum er þá gerð sektin. (**LB:** Já, það er skýringin.) Þannig er væntanlega hugsunin og að öðru leyti verð ég að vísa til þess að sérstakir sérfræðingar í refsiákvæðum sömdu þessi ákvæði frv. að beiðni nefndarinnar á sínum tíma. Sjútvn. fór yfir þessi ákvæði en treysti því að öðru leyti að það væru réttar upplýsingar að þarna væri á ferðinni sambærilegur frágangur á málinu og við ætti í hliðstæðum tilvikum.

Ég er ekki í færum til að gefa á þessu frekari skýringar, því miður, og yrði þá að afla þeirra sérstaklega ef óskað er eftir.

[12:53]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka formanni sjútvn. tilraun hans til þess að reyna að upplýsa mig um hvað mönnum gangi þarna til en í 25. gr. er að finna nýja reglu sem er ekki að finna í 24. gr. og því dugir ekki að vísa til athugasemda sem er að finna við þá grein.

Það kom líka fram hjá hv. formanni sjútvn. að ef enginn finnst eða ef ekki er hægt að sýna fram á að einhver hafi brotið af sér verði þrátt fyrir það að finna einhvern til þess að refsa og það sé hugunin sem þarna er að finna og kom skýrt fram í svari formanns sjútvn. Það er þá komið fram að einhverjum verður að refsa ef brot hefur hugsanlega verið framið sem gæti orðið einhverjum til hagsbóta en markmiðið sé fyrst og síðast það að í einhvern verði að ná.

[12:54]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við verðum að treysta því að með þessi ákvæði verði farið af skynsemi af stjórnvöldum og dómstólum ef til kæmi. Ég held að reglan sé ekki hugsuð þannig að menn verði teknir og sektaðir fyrir brot sem hugsanlega hafi orðið heldur sé um það að ræða ef brot sannast. En takist á hinn bóginn ekki að rekja það til neins einstaks starfsmanns, hvorki forsvarsmanns viðkomandi fyrirtækis (**LB:** Þá verður að ná í einhvern.) né einstaks starfsmanns, þá má gera lögaðilanum sem slíkum sem hagnast á brotinu sekt. (Gripið fram í.) Ég held að það sé alveg augljóst mál að í framkvæmdinni yrði enginn einstaklingur sektaður eða engum einstaklingi refsað (**LB:** Það er kveðið á um það í lögunum.) Nei, ég er ósammála þeirri túlkun. Ég held að það liggi alveg gersamlega í hlutarins eðli að afleiðigin yrði sú að þá fengi viðkomandi lögaðili sekt sem hagnaðist á brotinu. Ég er að segja að það liggur svolítið í eðli þessara mála að ef sannað þykir að fyrirtækið sé að selja meiri afurðir eða eitthvað en nemur þeim afla sem þar var inn veginn og sannað að um brot er að ræða og nokkuð ljóst hvað það er umfangsmikið o.s.frv., en hins vegar ekki hægt að sanna þátttöku í brotinu á neinn einstakan starfsmann sérstaklega eða draga einhvern einn öðrum fremur til ábyrgðar á því, þá falli málið ekki niður heldur sé þá hægt að gera lögaðilanum sektina. Þannig hef ég skilið þetta og vona að það sé rétt.

[12:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. þm. að hann teldi að þrátt fyrir að þessi regla yrði lögfest yrði henni beitt þannig að ekki þyrfti að óttast atriði eins og ég benti áðan á en ég held að fáir hv. þingmenn hafi einmitt bent á í umræðum að þeir óttist það mjög að stjórnvöldum sé falið vald umfram það sem nauðsyn krefur og hann hefur ítrekað haldið því fram héðan úr ræðustól að sporin hræði í þessum efnum ef löggjafinn er að fela stjórnvöldum mjög víðtækar heimildir. Þess vegna vildi ég ítreka og benda á að þegar verið er að lögfesta ákvæði um hlutlæga ábyrgð, þ.e. það þurfi ekki að sanna sök, sé það ekki í samræmi við þann hugsunarhátt sem tíðkast í nútímaréttarríkjum. Ég óska eftir að sjútvn. tæki

það aftur til skoðunar hvort það liggi svo mikið við að ná að minnsta kosti einhverjum ef ekki tekst að sýna fram á sök. Ég held að það sé nauðsynlegt að skoða þetta ákvæði frekar.

[12:57]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um umgengni við auðlindir sjávar og vil ég sem áheyrnaraðili í hv. sjútvn. segja nokkur orð um frv. Ég vil byrja á því að vekja athygli á upphafi greinargerðarinnar með frv. en þar segir:

„Auðlindir sjávar eru sameign þjóðarinnar sem verður að nýta þannig að þær gefi sem mestan arð. Tæp 80% af útflutningstekjum Íslendinga eru af sjávarafurðum."

Undir þetta ákvæði og þessi orð í greinargerðinni tek ég að sjálfsögðu heils hugar. Ég vek athygli á þessu vegna þess að þegar lögunum um stjórn fiskveiða hefur verið breytt að undanförnu, bæði á þessu þingi og á síðasta vorþingi er eins og þetta ákvæði sé ekki til og sama á við um frv. um úthafsveiðar sem hefur nýlega verið lagt fram. Af þessum frumvörpum og af þessum breytingum á fiskveiðistjórnunarlögunum mætti ætla að það væri ekki þjóðin sem ætti veiðiheimildirnar heldur þeir sem hafa veiðireynslu og fá árlega úthlutað aflakvóta.

Lögð er áhersla á þessi orð í greinargerðinni á meðan það eru ekki hagsmunir kvótaeigenda sem eru í húfi. Það á ekkert að skerða þá með þessu, nei, ef eitthvað er, er útlit fyrir að þetta frv. hafi í för með sér aukinn kostnað sem gæti fallið í ríkissjóð og þá er auðvitað sjálfsagt að minna þjóðina á að það er hún sem á auðlindina en ekki kvótakóngarnir.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson benti áðan í umræðunni jafnframt á að það væri varla réttlætanlegt að hvetja útgerðina til að landa afla hér á landi. Kannski er réttlætanlegt að ganga svo langt að gefa kvótaeigendunum nytjastofnana og leyfa þeim að fara með þá úr landi! Þessu er ég að sjálfsögðu gjörsamlega ósammála og vildi vekja á því athygli áður en ég kem að umræðu um efni frv.

Þetta frv. er tilraun til að bæta umgengni við nytjastofna sjávarins. Hún er í sjálfu sér virðingarverð en mun þó alls ekki koma í veg fyrir einn alvarlegasta fylgifisk aflamarkskerfisins, nefnilega brottkastið, eins og vel hefur komið fram í þessari umræðu. Brottkastið er ekki bara sóun eins og hér hefur komið fram heldur er það einnig vandamál sem kemur í veg fyrir að það sé hægt að nota þetta kerfi við skynsamlega stjórnun fiskveiða. Að mínu mati er brottkast einn alvarlegasti fylgifiskur aflamarkskerfisins og það er mjög erfitt að taka á því. Ég get alls ekki séð að hér sé nein alvarleg tilraun gerð til að taka á brottkasti.

Við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu styðja þetta frv. (**Gripið fram í:** Af hverju að sjálfsögðu?) Vegna þess að það er margt mjög jákvætt í því og ég mun auðvitað hvetja til góðrar umgengni um auðlindir sjávar (**Gripið fram í:** Er það femínismi?) Ég tel að langflestar breytingartillögur hv. sjútvn. séu til bóta en ég vil þó undanþiggja breytingartillöguna sem meiri hluti nefndarinnar gerir varðandi 4. gr. frv. Mér virðist birtast ákveðin tilslökun í breytingartillögu sjútvn. varðandi þá grein. Þó get ég tekið undir það að líklega er greinin framkvæmanleg eins og hún er orðuð samkvæmt þeirri breytingartillögu. Og hún hefði varla verið það eins og hún var orðuð í upphaflega frv.

Ég tel þær hugmyndir sem Pétur H. Blöndal setti fram varðandi breytingu á 4. gr. vera athyglisverðar, ekki síst vegna hugsunarinnar sem þar kom fram, nefnilega að tilgangurinn var að ef allur afli kæmi að landi þá væri hægt að upplýsa um allan veiddan afla. Það tel ég ákaflega mikilvægt til að við getum stjórnað þessu kerfi almennilega og einnig síðara markmiðið að þar með mætti líta á þetta sem tekjuöflun fyrir Hafrannsóknastofnun eða til sjávarrannsókna. Hins vegar tel ég mjög ólíklegt að tillaga hans sé framkvæmanleg af þeirri einföldu ástæðu að ekki átti að umbuna viðkomandi skipum fyrir að koma með þennan afla að landi. Ég er alls ekki fylgjandi því. En í því liggur meginmótsögnin. Þar með verður þetta brottkast aldrei lagað eða mjög seint lagað. Ég tel að þetta frv. muni alls ekki duga til þess og að þetta vandamál sé í raun og veru svo til óleysanlegt eins og ég sé það núna á meðan aflamarkskerfið er við lýði.

Ég tel að það ríki mjög mikill tvískinnungur varðandi það hvernig á að taka á brottkasti. Það er t.d. mjög umhugsunarvert hvers vegna ekki liggja fyrir nú þegar ítarlegar rannsóknir á brottkasti. Hvers vegna hefur ekki Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa eða jafnvel frjálsir vísindamenn reynt að beita aðferðum þar sem trúnaðar yrði að sjálfsögðu gætt til að rannsaka þetta fyrirbæri alvarlega? Við höfum í sjútvn. fengið upplýsingar sem eru mjög ískyggilegar um hvað brottkast er mikið. Reyndar stangast upplýsingar á. Ég vil eindregið hvetja þá sem stunda rannsóknir í sjávarútvegi til að taka þetta vandamál alvarlega og rannsaka það til hlítar.

Ég vil aðeins stuttlega koma að breytingartillögum þeim sem hér hafa verið lagðar fram. Ég legg til að tillaga hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar verði felld þar sem ég tel mjög mikilvægt að brot á þessum lögum séu talin jafnalvarleg og önnur efnahagsbrot eins og fram hefur komið í þessari umræðu. Einnig legg ég til að breytingartillaga frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni verði felld og tek undir röksemdafærslu formanns sjútvn. varðandi það mál.

[13:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir ágætt innlegg í þetta mál. Hún sagði að mín hugmynd gengi út á það að menn fengju ekkert greitt fyrir þetta. Ég gat þess einmitt að menn fengju greitt fyrir þetta. Það er gert ráð fyrir því í mínum hugmyndum að menn fái greitt lægst 5% en hæst 15% af vergu söluandvirði aflans til þess að þeir hafi hvata til að koma með aflann að landi og líka til að þeir fái borgað fyrir flutninginn til lands, löndun og sölu á aflanum því það er ætlast til að þeir selji. Þannig að það gætti ákveðins misskilning um þetta atriði.

Nú er það svo að margur sjómaðurinn og skipstjórinn mundi koma með afla að landi þótt hann fengi ekkert greitt fyrir hann bara af því að honum leiðist að henda fallegum fiski. En aðrir þurfa hvatningu. Það er spurningin um að stilla þessa hvatningu þannig af að hún sé nægilega mikil til að menn komi með aflann að landi en ekki of mikil þannig að menn geri út á hann.

[13:07]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að leiðrétta þennan misskilning. Þetta var rétt hjá honum. Ég vil bara hvetja hv. þm. til að flytja slíka breytingartillögu og láta á það reyna hvort þingið er tilbúið að samþykkja hana.

[13:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó ekki sé við hæfi að ég blandi mér hér inn í orðaskipti hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og Péturs

H. Blöndals þá get ég ekki annað en tekið undir þá tillögu sem hv. þm. Guðný Guðmundsdóttir kemur fram með gagnvart hv. kollega sínum Pétri H. Blöndal um að hann leggi fram slíka tillögu. Ég get lýst því yfir að Alþfl. mundi styðja slíka tillögu og hefur reyndar rætt það. Maður spyr eiginlega hvað dvelur hinn langa orm sem situr nú hljóður í sæti sínu?

En að því er varðar mál hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um aflamarkskerfið og tengsl þess við úrkastið þá sagði hún að hún teldi að þær tillögur sem væri að finna í þessu frv. mundu alls ekki leysa vandann sem tengist úrkastinu. Hún sagði meira. Hún sagðist telja að það vandamál væri óleysanlegt á meðan aflamarkskerfið væri við lýði. Ber að skilja það svo að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að aflamarkskerfið eigi að leggja af? Ég spyr vegna þess að ég hef alltaf litið svo á að í stefnuskrá Kvennalistans væri að finna ákveðinn stuðning við aflamarkskerfið og ég hef skilið mál hv. þingkvenna samtakanna þannig. Hvernig ætlar hv. þm. að leysa þetta vandamál ef það er óleysanlegt að hennar sögn innan vébanda núverandi stjórnunarkerfis? Er þá nokkur leið önnur en að leggja það kerfi af?

[13:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að fyrsta skrefið sé að reyna að átta sig á því hvert umfangið er. Þess vegna hvet ég til rannsókna á þessu fyrirbæri. Í öðru lagi má reyna eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að koma með alvarlegar tilraunir til að reyna að taka á þessu. Á grundvelli þess má meta hvort vandamálið sé það alvarlegt að það beri að leggja kvótakerfið af. Ég tel að þetta verði að skoðast í samhengi. Það er alveg rétt að það má skilja fiskveiðistefnu Kvennalistans þannig að hún sé stuðningur við aflamarkskerfið. En okkar hugmyndir eru allt annars konar útfærsla eins og alþjóð veit, m.a. byggðakvótar og annað slíkt. Einnig teljum við að það sé mikill ágalli á kerfinu að 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna sé ekki virt eins og þetta kerfi er framkvæmt í dag. Við teljum að að öllu þessu samanlögðu verði að endurskoða þessa stefnu og það höfum við margoft sagt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:10]

[13:45]

Útbýting þingskjals:

Stéttarfélög og vinnudeilur, 415. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 985.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (forvarnagjald, lántökur). — Þskj. 957.

[13:46]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Frv. þetta til laga um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 957 og er 520. mál þingsins, er flutt í því skyni að afla ofanflóðasjóði, sem starfar samkvæmt þessum lögum, annars vegar fastra tekna til frambúðar og hins vegar heimildar til lántöku. Enn fremur eru lagðar til aðrar breytingar á lögunum svo sem að nafni sjóðsins verði breytt í forvarnasjóð og að rekstur sjóðsins sem og svokallaðrar ofanflóðanefndar sem starfar samkvæmt lögunum verði greiddur úr sjóðnum.

Í sjálfu sér þarf ekki að fara mörgum orðum um ástæður þess að lagðar eru til ofangreindar breytingar á lögunum. Hinir hörmulegu atburðir sem urðu á norðanverðum Vestfjörðum á sl. ári vörpuðu ljósi á þá staðreynd að snjóflóðavarnir eru víða um land í miklu óefni. Hér er því leitast við að bregðast við þeim vanda sem við blasir þó augljóst sé að hann verði ekki leystur nema á lengri tíma. Ofanflóðasjóður þarf í fyrsta lagi að standa við þær væntingar og fyrirheit sem gefin voru sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík í janúar og á Flateyri í október á sl. ári og í öðru lagi að mæta fyrirsjáanlegri þörf á stuðningi ofanflóðasjóðs við önnur sveitarfélög til að verja þær byggðir sem taldar eru í hættu. Að undanförnu hefur farið fram veigamikil vinna við að meta snjóflóðahættu í þeim byggðarlögum sem búa við þessa náttúruvá og hefur þeirri vinnu þegar miðað nokkuð fram á veg.

Á undanförnum vikum hefur skýrst hver verður kostnaður ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðavarna í Súðavík og á Hnífsdal sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um að styðja sl. haust. Einnig liggja fyrir niðurstöður forathugunar á gerð varnarvirkja á Flateyri sem gefa vísbendingu um kostnað sjóðsins vegna snjóflóðavarna þar. Kostnaður ofanflóðasjóðs vegna stuðnings við húsakaup á Súðavík er áætlaður um 420 millj. kr., vegna stuðnings við húsakaup í Hnífsdal er kostnaður áætlaður um 150 millj. kr. og við gerð varnarvirkja á Flateyri um 360 millj. kr. í samræmi við niðurstöður á forathugun á gerð varnarvirkja á Flateyri.

Nú er verið að vinna að undirbúningi útboðs á því verki og mun raunkostnaður ráðast af tilboði í verkið sem reiknað er með að geti ekki hafist nú í sumar. Þess má geta að ákveðið hefur verið að Ofanflóðasjóður muni gera þá kröfu að allar framkvæmdir á vegum sveitarfélaga sem sjóðurinn mun taka þátt í að fjármagna verði unnar í samræmi við lög nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir.

Á vegum Ísafjarðarkaupstaðar er nú verið að ljúka gerð forathugunar á gerð varnarvirkja við svonefnt Seljalandshverfi í Skutulsfirði. Fyrstu upplýsingar benda til þess að heildarkostnaður við þá framkvæmd geti orðið á bilinu 300–350 milljónir króna. Auk þess hafa hreppsnefndir Súðavíkur og Flateyrar óskað eftir stuðningi ofanflóðasjóðs við greiðslu svokallaðra mismunabóta til þeirra húseigenda sem fengu ekki fullnægjandi bætur hjá Viðlagatryggingu í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1995 og má reikna með að sá kostnaður geti numið allt að 100 millj. kr. Aðrar skuldbindingar sjóðsins á yfirstandandi ári eru kostnaður við rekstur snjóaathugunarmanna á snjóflóðasvæðum, kostnaður við gerð rýmingaráætlana kaup á athugunarbúnaði og kostnaður við frumúttekt á kostnaði við varnarvirkin í þeim sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu og er heildarkostnaður vegna allra þessara þátta áætlaður um 45 millj. kr. Samkvæmt þessu gæti heildarkostnaður vegna fasteignakaupa og snjóflóðavarna umræddra sveitarfélaga því numið allt að 1.500 millj. kr. verði farið í gerð varnarvirkja á Flateyri og á Ísafirði. Þar af er áætlað að tæpur helmingur upphæðarinnar eða um 730 millj. í kaup á húsnæði og greiðslu bóta vegna húsnæðis sem ekki fékkst að fullu bætt af Viðlagatryggingu Íslands.

Af heildarupphæðinni yrði hlutur viðkomandi sveitarfélags 10% eða um 150 millj. kr. og ofanflóðasjóðs um 1.350 millj. kr. miðað við að fullnýta heimild laganna um stuðninginn.

Í sjóðnum eru um 300 millj. kr. þannig að á vantar um 1.050 millj. kr. til að sjóðurinn geti staðið við kostnaðarhlutdeild sína samkvæmt framansögðu. Til þess að mæta brýnustu fjárþörf ofanflóðasjóðs er hér lagt til að lögum um hann verði breytt þannig að honum verði heimiluð lántaka til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdir sumarsins. Hér er um að ræða allt að 1.050 milljónir króna ef ráðist verður í framkvæmdir á Flateyri og Ísafirði á þessu ári. Þó má gera ráð fyrir að allt að 250 milljónum kr. þessarar upphæðar komi ekki til greiðslu úr sjóðnum fyrr en á næsta ári þar sem greiðslur vegna framkvæmda verða greiddar samhliða framgangi framkvæmda. Lántökuheimildin er því miðuð við 800 millj. kr. Þá er lagt til að sjóðnum verði skapaður sjálfstæður tekjustofn með álagningu sérstaks gjalds á brunatryggðar fasteignir í landinu og eru áætlaðar árlegar tekjur vegna þessa tæpar 400 millj. kr.

Þessi tekjustofn komi til með að bera uppi hluta umræddra framkvæmda og framtíðaraðgerðir á þessu sviði svo og aðrar forvarnir gegn náttúrvá í byggðum landsins. Í tengslum við þetta frv. er nauðsynlegt að velta fyrir sér fjárþörf ofanflóðasjóðs á næstu árum en sem stendur er á vegum umhvrn. í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög að hefjast heildarúttekt á mögulegum varnarvirkjum í byggðarlögum á snjóflóðasvæðum. Er áætlað að þessari úttekt ljúki í haust og að tillögur um varnaraðgerðir í einstökum byggðarlögum liggi fyrir um það leyti. Á grundvelli þessarar úttektar ættu að gefast betri möguleikar til þess að móta stefnu um framkvæmdir þessara sveitarfélaga til snjóflóðavarna og meta fjármögnun þeirra til næstu ára. Eins og áður hefur komið fram liggja ekki fyrir endanlegar niðurstöður varðandi framkvæmdir að snjóflóðavörnum en þeirra er að vænta í haust og verður þá unnið að því að skilgreina að nýju hlutverk sjóðsins þannig að hlutverk hans verði að efla forvarnir í víðari skilningi en nú er. Þegar er hafinn undirbúningur að heildarendurskoðun laganna um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem og laga um Viðlagatryggingu Íslands með það að markmiði að skilgreina betur hlutverk sjóðsins og tryggingarinnar og enn fremur að tryggja betur fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Er stefnt að því að frv. þessa efnis verði lögð fram til afgreiðslu á Alþingi fyrir næstu áramót í samræmi við ákvæði laganna um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem samþykkt var á Alþingi skömmu fyrir síðustu áramót.

Á vegum viðskrn. var að hefjast athugun á því hvort skynsamlegt sé að breyta þeim ákvæðum sem gilda um vátryggingar Viðlagatryggingar Íslands þannig að tryggingarfyrirtækinu verði einnig gert skylt að vátryggja gegn afleiddu tjóni vegna náttúruhamfara. Einnig er ætlunin að kanna hvort auknar forvarnir á vegum ofanflóðasjóðs geti mögulega lækkað tryggingar Viðlagatryggingar Íslands og hver sé eðlileg sjóðsmyndun Viðlagatryggingar Íslands sem kynni einnig að leiða til lækkunar iðgjaldsins til hennar, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið.

Á vegum ráðuneytisstjóranefndarinnar, sem var sett á laggirnar eftir snjóflóðin í Súðavík á sl. ári, hafa verið kannaðir kostir þess og gallar að sameina Viðlagatryggingu Íslands og ofanflóðasjóð og er niðurstaðan ótvírætt sú að fjárhagslegur aðskilnaður sé æskilegur enda þótt reka megi stofnanirnar sameiginlega og notast við sameiginlegt innheimtukerfi til að spara innheimtukostnað. Þykir slíkt hagkvæmt sem flest rök mæla með.

Eðli Viðlagatryggingar Íslands, sem er rekin sem tryggingafélag samkvæmt sérstökum lögum, og ofanflóðasjóðs er að ýmsu leyti verulega ólíkt. Viðlagatrygging Íslands er rekin á viðskiptalegum grundvelli og hefur það hlutverk eitt að bæta vátryggingartökum tjón sem þeir kunna að verða fyrir. Hlutverk ofanflóðasjóð er á hinn bóginn fyrst og fremst forvarna- og styrktarstarf. Ég tek fram að frv. því sem ég mæli fyrir er fyrst og fremst ætlað að bregðast við þörfum ofanflóðasjóðs fyrir fjármuni á yfirstandandi ári þannig að hann geti látið hrinda í framkvæmd þeim brýnustu aðgerðum sem nauðsynlegar eru taldar til að tryggja öryggi íbúa á snjóflóðahættusvæðum á norðanverðum Vestfjörðum.

Eins og áður hefur komið fram er þegar hafin vinna við heildarendurskoðun laganna. Ef innheimta á væntanlegt forvarnagjald samhliða iðgjaldi Viðlagatryggingar er hins vegar ekki unnt að bíða þess frv. þar sem álagning iðgjalds Viðlagatryggingar er ákveðin og send til innheimtu á tímabilinu 1. okt. til 1. des. ár hvert. Álagðar tekjur á árinu 1996 eru þannig ekki til ráðstöfunar hjá ofanflóðasjóði fyrr en á árinu 1997.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til samanber 1. tölul. að hér eftir nefndur forvarnasjóður skuli hafa sérstakan tekjustofn sem nemi 0,2 promill af vátryggingarverðmæti þeirra húseigna sem brunatryggðar eru hér á landi. Samsvarar þessi upphæð 80% af iðgjaldi Viðlagatryggingar Íslands vegna þessara eigna.

Ef reikna má með að meðalverðmæti íbúðarfasteigna sé um 8 millj. kr. yrði um að ræða viðbótarálagningu sem nemur 1.600 kr. á ári en viðlagatryggingargjald á slíka meðalíbúð er 2.000 kr. ári. Ekki er gert ráð fyrir að lagt verði í forvarnasjóð vegna veitumannvirkja, hafnamannrvirkja og annarra sambærilegra eigna í opinberri eigu jafnvel þótt forvarnir sem forvarnasjóður kemur til með að fjármagna geti í einhverjum tilfellum varið þessi mannvirki. Ákveðið hefur verið að bíða heildarendurskoðunar laganna varðandi slík mannvirki.

Í 5. tölul. 2. gr. er gert ráð fyrir því að forvarnasjóður uppfæri sérstaklega vaxtatekjur vegna þeirra lána sem sjóðurinn kann að veita sveitarfélögum og í 7. tölul. er sjóðnum veitt heimild til lántöku og er gert ráð fyrir því að hægt sé að velja milli þess hvort gefin skuli út markaðsverðbréf sem seld verði á almennum markaði eða að ríkissjóður hafi milligöngu með útvegun lánsfjár. Fjmrn. skal samþykkja tilhögun lántöku hverju sinni enda verða lántökur sjóðsins með ríkisábyrgð.

Í 1. mgr. 3. gr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um að forvarnasjóður greiði fyrir störf nefndar sem starfar samkvæmt 8. gr. laganna og nefnt hefur verið ofanflóðanefnd. Lagt er til að kostnaður við störf nefndarinnar sem og kostnaður vegna reksturs forvarnasjóðs verði greiddur af forvarnasjóðnum. Þetta verður að telja eðlilega breytingu þar sem störf nefndarinnar og sérfræðingar sem vinna á hennar vegum eru eingöngu bundin við framkvæmd laganna svo sem við mat á verkefnum þar með talið kaup á íbúðarhúsnæði og eftir atvikum öðrum mannvirkjum vegna snjóflóðavarna og gerð varnarvirkja. Í 2. mgr. er m.a. lagt til að sjóðnum verði óheimilt að lána með lægri kjörum en þeim sem honum standa til boða á markaði hverju sinni.

Um ákvæði til bráðabirgða vil ég segja að þar sem ljóst er að nýr gjaldstofn forvarnasjóðs mun ekki skila tekjum til sjóðsins fyrr en á árinu 1997 er nauðsynlegt að heimila

sjóðnum þegar á yfirstandandi ári að taka lán að upphæð allt að 800 millj. kr. vegna fyrirsjáanlegra verkefna og ég hef áður talið upp og vinna þarf að á árinu. Að sjálfsögðu er ekki víst að sjóðurinn þurfi að nýta alla heimildina á þessu ári.

Ég hef hér á undan farið nokkrum orðum um frv. til laga um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Eins og glögglega má ráða af máli mínu er um að ræða nauðsynlega breytingu á lögunum til að tryggja viðunandi snjóflóðavarnir á komandi árum. Til slíkra varna verður að grípa sem allra fyrst og helst þyrfti að ljúka því verkefni á e.t.v. næstu fimm árum án þess að hægt sé að fullyrða um tímaáætlun í því sambandi á þessu stigi. Eins og áður hefur komið fram er ekki ljóst hver heildarkostnaður verður við framkvæmd þessara varnarmála en þær niðurstöður munu liggja fyrir í haust. Hins vegar virðist nokkuð ljóst að heildarkostnaður gæti vel numið 5–10 milljörðum kr. Það er því mikið verk að vinna og bráðnauðsynlegt að afla fjár til þess að verkið verði unnið bæði hratt og vel en óhugsandi er að búa íbúum snjóflóðahættusvæða það óöryggi sem þeir lifa við í dag.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um frv. en legg áherslu á að það verði afgreitt á þessu þingi. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn. þegar að lokinni umræðunni, fullviss um að nefndin muni vinna vel og hratt enda er um að ræða mál sem ég trúi að góð samstaða sé um bæði innan hv. nefndar svo og á Alþingi yfirleitt og að málið fái afgreiðslu áður en þinginu lýkur.

Umræðu frestað.

Umgengni um auðlindir sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 371, nál. 924, brtt. 925, 929 og 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Brtt. 925,1 (ný 1. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 925,2–3 (2. gr. breytist, 3. gr. falli brott) samþ. með 38 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 925,4 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, FI, FrS, GÁS, GMS, HBl, IP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ) fjarstaddir.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, FI, FrS, GÁS, GMS, HBl, IP, JóhS, JBH, JónK, LB, MF, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ) fjarstaddir.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 972 felld með 30:7 atkv. og sögðu

já: ÁJ, BH, EKG, EOK, KF*, PHB, VE.

nei: ArnbS, ÁMM, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HG, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (EgJ, GE, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, FI, FrS, GÁS, GMS, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JBH, JónK, LB, MF, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 925,5–8 samþ. með 41 shlj. atkv.

7.–15. gr. (verða 6.–14. gr.), svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv.

16.–23. gr. (verða 15.–22. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 929 kölluð aftur.

24. gr., 1. málsl. 1. mgr. (verður 23. gr., 1. málsl. 1. mgr.), samþ. með 41 shlj. atkv.

24. gr., 2. málsl. 1. mgr. (verður 23. gr., 2. málsl. 1. mgr.), samþ. með 31:9 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BH, EgJ, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

nei: ArnbS, EKG, EOK, GE, GuðjG, KHG, PHB, VE, ÖS.

1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, FI, FrS, GÁS, GMS, HBl, IP, JóhS, JBH, JónK, LB, MF, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ) fjarstaddir.

24. gr., 2.–3. mgr. (verður 23. gr., 2.–3. mgr.), samþ. með 41 shlj. atkv.

25.–32. gr. (verða 24.–31. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 925,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955.

[14:11]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta félmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Nefndarálitið er á þskj. 954 og meðfylgjandi breytingartillögur á þskj. 955.

Markmið frv. er að setja reglur um verklag og vinnubrögð við gerð kjarasamninga þar sem höfuðáhersla er lögð á sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð samningsaðila en þess jafnframt freistað að færa í skipulegra horf það viðræðuferli sem óhjákvæmilega verður að eiga sér stað sem undanfari hverra kjarasamninga.

Við það er miðað að samningsferlið hefjist fyrr og því ljúki fyrr en tíðkast hefur miðað við lausn samninga. Stefnt er þannig að samtímalausn kjarasamninga.

Félmn. hefur fjallað ítarlega um málið á alls 15 fundum sem einungis voru um þetta frv. Nefndinni bárust um 300 umsagnir um málið aðallega frá stéttarfélögunum og fékk hún á sinn fund upp undir 40 gesti, aðallega talsmenn stéttarfélaga, þ.e. samtaka aðila vinnumarkaðarins, sérfræðinga og hlutaðeigandi embættismenn til að fjalla um frv. Til að auðvelda umfjöllun málsins fékk nefndin Lagastofnun Háskóla Íslands til að semja lögfræðilegt álit á því hvort ákvæði frv. og framlagning þess bryti í bága við stjórnarskrá og þá þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að.

Áður en vikið verður að breytingartillögum sem meiri hluti félmn. flytur við frv. er ástæða til þess að víkja almennt í upphafsorðum að nokkrum þáttum þessa máls. Varðandi þá gagnrýni að framlagning frv. brjóti í bága við stjórnarskrá og alþjóðasamninga er niðurstaða Lagastofnunar skýr. Höfundar álitsgerðar stofnunarinnar eru afdráttarlausir um þetta atriði. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Niðurstaða okkar er sú að með framlagningu frv. hafi ekki verið brotið gegn ákvæðum stjórnarskrár eða alþjóðasáttmála."

Í áliti Lagastofnunar koma fram nokkrar athugasemdir og ábendingar sem nefndin hefur fjallað um og tekið afstöðu til. Skipta má ábendingum Lagastofnunar í fernt. Lagastofnun gerir athugasemd við eitt atriði frv. og telur að það kunni að brjóta í bága við alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 98, um samningafrelsi. Þetta atriði snertir miðlunartillögu ríkissáttasemjara og heimild hans til að láta hana ná til fleiri hópa sem eiga í kjaradeilu. Að þessu atriði verður komið síðar.

Í öðru lagi er um að ræða athugasemdir þar sem Lagastofnun tekur ekki undir með gagnrýnendum sem hafa haldið því fram að með tilteknum ákvæðum sé með ólögmætum hætti verið að hlutast til um innri mál stéttarfélaganna og það brjóti í bága við alþjóðasamþykktir. Þetta gildir t.d. um ákvæði frv. um samningsumboð og viðræðuáætlun.

Í þriðja lagi bendir Lagastofnun á efnistriði í frv. þar sem hún telur að ekki sé nægilega langt gengið í að fjölga kostum á myndun nýrra tegunda stéttarfélaga eða auka rétt einstaklinga gagnvart þeim. Þetta á við um ákvæði um vinnustaðarfélög og rétt til að standa utan stéttarfélaga.

Fjórða atriðið snertir ákvæði gildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur og laga um sáttastörf í vinnudeilum. Lagastofnun vekur á því athygli að nokkur atriði í gildandi lögum hafa verið gagnrýnd af stofnunum sem fylgjast með framkvæmd Íslands á alþjóðlegum skuldbindingum á sviði félags- og vinnumála. Þetta á við t.d. um einkarétt stéttarfélaga til að boða til verkfalls. Í öðru lagi vekur Lagastofnun athygli á því að skipan Félagsdóms kunni að brjóta í bága við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í framhaldi af síðastnefndu ábendingum Lagastofnunar hefur meiri hluti félmn. orðið sammála um að ekki sé rétt að hrófla við venjum sem gilt hafa í samskiptum aðila vinnumarkaðarins á undanförnum áratugum eða breyta ákvæðum í gildandi lögum sem ekki var fjallað um í áfangaskýrslu samráðshóps félmrn. og helstu samtaka á vinnumarkaði sem birt er sem fskj. með frv. Þetta á eins og áður sagði við félagssvæði stéttarfélaga, forgangsrétt félagsmanna stéttarfélaga til vinnu og réttar til að standa utan stéttarfélaga og skipan Félagsdóms. Sum þessara atriða hafa staðið óbreytt í lögum án þess að fram hafi komið gagnrýni frá innlendum aðilum eða hlutaðeigandi alþjóðlegum stofnunum.

Skýrslan sem samráðshópur félmrn. gerði og skilaði 22. nóv. 1995 er grundvöllur þess lagafrv. sem hér er til umfjöllunar. Að þessu verður vikið nánar síðar.

Í umræðum á Alþingi og í þjóðfélaginu hefur því verið haldið fram að ekki hafi verið haft samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins og þá einkum og sér í lagi við samtök launafólks við samningu frv. Þar sem mikið hefur verið gert úr þessu atriði er rétt að upplýsa um það samráð sem átti sér stað og það nokkuð ítarlega.

Hinn 4. október 1994 skipaði þáv. félmrh. vinnuhóp um samskiptareglur á vinnumarkaði. Í vinnuhópnum áttu sæti tveir fulltrúar ASÍ og einn fulltrúi frá eftirtöldum aðilum: Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjmrn., Vinnumálasambandinu og Vinnuveitendasambandi Íslands. Fjmrh. skipaði vinnuhópnum formann. Í skipunarbréfi kemur fram að vinnuhópnum er falið að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðu mála hérlendis. Fyrir hópinn var lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Ef í ljós kæmi að breyta þyrfti íslenskri löggjöf var hópnum falið að setja fram tillögur um það efni.

Á fyrstu fundum vinnuhópsins áttu sér stað almennar umræður um samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins á Íslandi. Í framhaldi af þeim var talin ástæða til að taka til sérstakrar athugunar reglur um gerð kjarasamninga og vinnustöðvun. Hefur víða verið leitað fanga um heimildir til samanburðar í þessu efni. Meðal annars áttu fulltrúar félmrn. og ASÍ og VSÍ fund með fulltrúum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf sl. sumar. Fram hefur komið að samræming á reglum sem gilda á almennum og opinberum vinnumarkaði var meðal markmiða sem að var stefnt.

Hinn 22. nóvember 1995 skilaði vinnuhópurinn félmrh. áfangaskýrslu sem ber heitið Samskiptareglur á vinnumarkaði. Með skýrslunni gerir hópurinn grein fyrir nýjum hugmyndum í sambandi við undirbúning og gerð kjarasamninga og leggur áherslu á umfjöllun um leiðir til þess að kjaraviðræður verði markvissari og styttri. Hópurinn telur mikilvægt að hugmyndirnar fái sem fyrst umfjöllun í hlutaðeigandi samtökum. Í áfangaskýrslunni er einkum til þess litið hvort setja megi nánari reglur um verklag og vinnubrögð við gerð kjarasamninga þar sem höfuðábyrgð verði þó lögð á sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð samningsaðila en þess jafnframt freistað að færa í skipulegra horf það viðræðuferli sem óhjákvæmilega verður að eiga sér stað sem undanfari hverra kjarasamninga. Hefur m.a. verið unnið út frá því sjónarmiði að samningsferlið hefjist fyrr og því ljúki fyrr en tíðkast hefur.

Í áfangaskýrslunni eru settar fram hugmyndir um viðræðuáætlun, miðlunartillögu og tengingarreglu sem sáttasemjari geti beitt til lausnar kjaradeilu, samningsumboð og fjallað um aðgerðir í kjaradeilum. Áfangaskýrsla vinnuhópsins var lögð fram til kynningar í ríkisstjórn 23. nóvember 1995. Hún var um svipað leyti tekin til umræðu á fundum hjá ASÍ og BSRB. Fulltrúar þessara samtaka kynntu á 35.

fundi vinnuhópsins sem haldinn var 14. desember 1995 þær undirtektir sem áfangaskýrslan fékk á fundunum. Á þessum fundi vinnuhópsins fengu starfsmenn hans heimild til að semja texta um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og á lögum um sáttastörf í vinnudeilum sem leiddu að hugmyndum í áfangaskýrslunni. Í samræmi við ákvörðun 35. fundar voru vinnuhópnum sendar 3. janúar sl. tillögur um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og á lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Þessar tillögur voru fyrst teknar til umræðu í vinnuhópnum á 38. fundi 4. janúar sl.

Í framhaldi af umræðum sem áttu sér stað á fundinum, m.a. vegna ábendingar fulltrúa ASÍ, var ákveðið að freista þess að hrinda tillögum vinnuhópsins í framkvæmd með breytingum á lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Í frumvarpstillögum var fjallað um ákvæði um umboð samningsnefnda, breytinga á 15. gr. gildandi laga um vinnustöðvun, breytingar á ákvæðum um sáttastörf í vinnudeilum, ákvæði um viðræðuáætlun og ákvæði um miðlunartillögu og tengingarreglu. Þess ber að geta að ýmsir höfðu efasemdir um að þetta væri fær leið þar sem margir af forustumönnum launafólks væru þeirrar skoðunar að ekki mætti hreyfa við stafkrók í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nýjar tillögur voru samdar og kynntar á 40. fundi vinnuhópsins 15. janúar sl. Nýju tillögurnar byggðu á því að tillögum vinnuhópsins yrði hrundið í framkvæmd með breytingum á lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Þessum nýju tillögum var fylgt úr hlaði með þeim orðum að um væri að ræða fyrstu drög og umræðugrundvöll. Formaður vinnuhópsins hvatti fulltrúa í vinnuhópnum til að koma fram með breytingar og ábendingar um það sem betur mætti fara. Í þessari tillögu að frv. var gert ráð fyrir að heildarsamtök á vinnumarkaði gegndu mikilvægu hlutverki í sambandi við skipulag samningaviðræðna. Drögin voru því samin með samþykki allra í vinnuhópnum. Um það var rætt á nokkrum fundum vinnuhópsins í janúar.

Þessi frumvarpsdrög voru tekin til umfjöllunar á fundi formanna landssambanda Alþýðusambands Íslands sem haldinn var 8. og 9. febr. sl. í Ölfusborgum. Á þeim formannafundi var samþykkt að hafna drögunum en í staðinn taka upp beinar viðræður við samtök atvinnurekenda með það að markmiði að hrinda tillögum vinnuhópsins í framkvæmd með kjarasamningi. Þessi tillaga var tilkynnt félmrh. en á þeim tíma hafði vinnuhópur ráðherra haldið 47 fundi. Í tillögunni fólst að málið var sett í allt annan farveg og samráði hafnað við fulltrúa ríkisvaldsins um framvindu málsins. Af hálfu félmrh. komu fram efasemdir um að hægt væri að hrinda tillögunum í framkvæmd með kjarasamningi með þeim hætti að það væri bindandi fyrir vinnumarkaðinn í heild. Einnig var aðilum gert ljóst að ríkisstjórnin vildi að yfirstandandi Alþingi lyki umfjöllun um málið og ráðherra hygðist halda áfram vinnu við samningu frv. samhliða samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins. Atvinnurekendur lýstu strax yfir vilja til viðræðna um málið en kröfðust þess að þar sem ASÍ hefði ákveðið að setja málið í þennan óvænta farveg væri það hlutverk þess að setja fram tillögur um það hvernig samkomulag aðilanna um efni áfangaskýrslunnar gæti litið út.

Fyrsti fundur aðilanna var haldinn um 16. febrúar án þess að tillögur kæmu fram. Þær komu fyrst fram 8. mars og var þá ljóst að þýðingarlaust var að halda áfram viðræðum. Frv. félmrh. var síðan kynnt aðilum sem áttu fulltrúa í vinnuhópnum 19. mars. Af framangreindu má ljóst vera að frá upphafi hafa helstu samtök á vinnumarkaði átt aðild að þessu máli. Að halda öðru fram stenst ekki. Þau hafa átt þess kost að fjalla um frumvarpsdrög og koma athugasemdum sínum á framfæri. Það var hins vegar ákvörðun formanna landssambanda ASÍ að söðla um, taka málið upp á öðrum vettvangi og hætta samstarfi við stjórnvöld. Þetta eru staðreyndir sem ekki er hægt að horfa fram hjá.

Víkur nú að umfjöllun um breytingar á einstökum ákvæðum frv. Í fyrsta lagi breytingar á 1. gr. frv. Það ákvæði frv. sem hvað mesta athygli hefur vakið er heimild til stofnunar stéttarfélaga á stórum vinnustöðum. Þorri starfandi stéttarfélaga hafa lýst andstöðu við þetta ákvæði og talið að það veiki skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Stéttarfélögin hafa því sérstaklega andmælt breytingum á lögmæltum skilyrðum fyrir stofnun og starfrækslu stéttarfélaga eins og þau eru samkvæmt 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og hafa verið allt frá 1938. Í áliti Lagastofnunar koma hins vegar fram efasemdir um að gildandi skipan sé fyllilega í samræmi við ákvæði samþykkta ILO nr. 87, og að mikilvægt sé að tryggja launafólki rétt til að velja hvort það kýs starfsgreinafélag eða vinnustaðarfélag sem grunneiningu. Í áliti stofnunarinnar kemur enn fremur fram að tillaga frv. um að heimila vinnustaðarfélög verði með engu móti talin brjóta gegn alþjóðasáttmálum. Þvert á móti sé spurningin fremur sú hvort heimildin sé of takmörkuð. Athugasemdir stéttarfélaganna og Lagastofnunar ganga þannig til sitt hvorrar áttar.

Meiri hluti félmn. telur æskilegt að samningar taki í meira mæli tillit til aðstæðna í hlutaðeigandi fyrirtæki og því sé sameiginlegur kjarasamningur allra starfsmanna og fyrirtækis æskilegur. Með þeim hætti geta starfsmenn af eigin reynslu og þekkingu á viðfangsefnum fyrirtækis komið til móts við sérstakar þarfir þess og tryggt sér eðlilega hlutdeild í ávinningi þess. Sameiginlegir hagsmunir fyrirtækisins og starfsmanna þess verða sýnilegri og líkur eru á hagfelldari launaþróun og minni launamun en ella væri. Meiri hluti nefndarinnar telur hins vegar varhugavert að lögfesta ákvæði um vinnustaðarfélög við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu, einkum með tilliti til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu stéttarfélaganna. Því leggur meiri hluti félmn. til að 1. gr. frv. falli út. Meiri hluti nefndarinnar telur að hluti af markmiðum með vinnustaðarfélagum megi í raun ná með svonefndum vinnustaðarsamningum þar sem stéttarfélög og hlutaðeigandi starfsmenn standa sameiginlega að gerð eins kjarasamnings fyrir alla sína félagsmenn. Þar skortir þó á skýr ákvæði sem mæla fyrir um afgreiðslu slíkra samninga og tryggja að meirihlutavilji starfsmanna í heild ráði niðurstöðu við atkvæðagreiðslu um samninginn.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. frv. Í fyrsta lagi er lagt til að orðin „sé ekki á annan veg samið" verði flutt til í 1. málsl. 2. mgr. Við þá breytingu mun kjarasamningur, sem undirritaður hefur verið af til þess bærum fulltrúum samningsaðila, gilda frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er verið að taka af tvímæli um það að einungis sé átt við að hægt sé að semja um gildistökudaginn.

Í öðru lagi er lagt til að niðurstaða leynilegrar póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildi óháð þátttöku.

Í þriðja lagi hefur orðalag í 3. málsl. 2. mgr. verið gagnrýnt. Í því skyni að gera orðalag skýrara er lagt til að í stað orðanna: „að ákveða í kjarasamningi" komi orðin „að

ákveða í samningnum." Með þessu eru tekin af öll tvímæli um heimild aðila til að kveða á um í nýjum kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir sem hann tekur til.

Í fjórða lagi er fellt brott ákvæði sem byggði á skilyrði um hærri hlutfallstölur þegar atkvæðagreiðslur um samninga næðu til hluta af félagi. Það er gert til einföldunar og samræmingar vegna gagnrýni stéttarfélaga og fleiri á fjölbreyttar reglur um atkvæðagreiðslur sem fram koma í frv.

Að því er varðar reglur 2. og 4. gr. um samninga og vinnustöðvanir liggur fyrir það álit Lagastofnunar að þröskuldarnir séu í góðu samræmi við alþjóðasamninga og stríði hvergi gegn stjórnarskrá. Þrátt fyrir það þykir rétt að taka nokkurt tillit til athugasemda og einfalda reglur um þessar atkvæðagreiðslur. Því er lagt til að í stað mismunandi skilyrða um þátttöku, stuðning eða andstöðu komi almenn krafa fram um fimmtungs þátttöku. Samkvæmt því verði löglega gerður samningur því aðeins felldur að fimmtungur atkvæðisbærra taki þátt í atkvæðagreiðslu og meira en helmingur þeirra greiði atkvæði gegn samningi. Á sama máta verði það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um vinnustöðvun að þátttaka í atkvæðagreiðslu nái fullum fimmtungi af atkvæða- eða félagaskrá en meiri hluti greiddra atkvæða ráði niðurstöðu.

Í fimmta lagi er að finna ákvæði um vinnustaðarsamninga og er það nýmæli. Hér er um að ræða kost sem að ýmsu leyti kemur í stað vinnustaðarfélags sem mætti mikilli gagnrýni stéttarfélaga og launafólks, eins og áður hefur verið vikið að. Þetta form tíðkast nú þegar á ýmsum vinnustöðum. Hins vegar hafa ýmsir orðið til þess að benda á þann ókost sem felst í rétti einstakra félaga til að fella slíkan samning enda þótt mikill meiri hluti starfsmanna sé hlynntur samningsniðurstöðu. Þar af leiðandi er kveðið á um það að slíkur samningur skuli borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ráði meiri hlutinn niðurstöðu. Stéttarfélögin sem ganga af fúsum og frjálsum vilja til samningaviðræðna um vinnustaðarsamning bera þannig sameiginlega ábyrgð á samningsniðurstöðunni. Þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að starfsmenn taki sameiginlega afstöðu til hennar.

Í þessu sambandi má vekja athygli á drögum að stefnu ASÍ sem tekin verður til umfjöllunar á þingi þess eftir helgi, en þar er lögð áhersla á vinnustaðarsamninga sem leiðir til kjarabóta.

Breytingar á 4. gr. frv. Í fyrsta lagi er lagt til að sé vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað þurfi einungis fimmtungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu í stað helmings áður. Breytingar þessar eru gerðar til samræmis og einföldunar samanber umfjöllun um 2. gr. hér að framan.

Í öðru lagi er í fyrri málslið 3. mgr. bætt við orðinu „einkum". Með breytingunni er textinn færður til samræmis við ákvæði 16. gr. gildandi laga, nr. 80/1938, þar sem notað er orðið „aðallega." Einnig er verið að koma til móts við ábendingar, en þær hafa miðað að því að of strangar kröfur séu gerðar um skilgreiningu á því til hverra vinnustöðvun sé ætlað að taka.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á 4. mgr. 4. gr. Ástæðan eru umræður í félmn. og ábendingar í umsögnum og frá einstökum aðilum. Þetta gildir fyrst og fremst um ákvæðið um frestun boðaðrar vinnustöðvunar. Sérstök ástæða er til þess að leggja áherslu á að heimildin til að fresta boðaðri vinnustöðvun án samþykkis gagnaðila tekur eingöngu til vinnustöðvunar sem ekki er hafin. Hún tekur þannig ekki til yfirstandandi vinnustöðvunar. Í þessu felst að einungis er heimilt að fresta vinnustöðvun áður en hún hefst og þá með þeim fyrirvara sem kveðið er á um í 4. mgr. Meiri hlutinn leggur til að heimildin til frestunar verði rýmkuð þannig að heimilt verði að fresta boðaðri vinnustöðvun einu sinni eða oftar, um allt að 28 sólarhringa í stað 14 áður. Í þessu felst að hafi vinnustöðvun verið boðuð 1. janúar er heimilt að fresta henni til 29. janúar. Þann dag tekur vinnustöðvunin gildi hafi samningar ekki tekist en fellur niður að öðrum kosti. Heimildin til frestunar í 28 sólarhringa miðast þannig við upphafsdag boðaðs verkfalls.

Sú ábending hefur komið fram að með ákvæðum 4. gr. séu stéttarfélögum settar óeðlilegar skorður við beitingu vinnustöðvunar. Atvinnurekendur hafa á hinn bóginn haldið því fram að tjóni af völdum boðaðrar vinnustöðvunar verði yfirleitt ekki afstýrt með minna en þriggja sólarhringa fyrirvara og því sé óæskilegt að fresta megi verkfalli án samþykkis gagnaðila með minni fyrirvara. Þótt Lagastofnun telji ákvæði frv. um þessi efni í góðu samræmi við alþjóðasamninga og aðra löggjöf þykir rétt að taka mið af athugasemdum aðila vinnumarkaðarins og rýmka heimildir til frestunar vinnustöðvana sem áður hefur verið gerð grein fyrir jafnframt því sem fyrirvari fyrir einhliða frestun er lengdur.

Loks er lagt til að niðurlagsmálsliður verði þannig að ljóst verði að aðilum sé sameiginlega ávallt heimilt að fresta boðaðri eða yfirstandandi vinnustöðvun. Hér er verið að festa í sessi verklagsreglur sem í raun hafa gilt við lok kjaradeilu.

Ákvæði 5. gr. um skilgreiningu á vinnustöðvun. Lögð er til sú breyting á 5. gr. frv. að felld verði brott tilvísun til fjöldauppsagna. Hér er þó ekki lagt til að fjöldauppsögnum verði aldrei unnt að jafna til vinnustöðvunar, enda geta slíkar uppsagnir fallið undir aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar. Það reynir þá á sönnun þess hvort slíkum aðgerðum sé ætlað að hafa hliðstæð áhrif og formleg vinnustöðvun, þ.e. að fella niður störf eða torvelda tiltekna starfsemi í þeim tilgangi að knýja á um sameiginlegar kröfur í þágu þeirra sem að aðgerðum standa.

Breytingar á a-lið 6. gr. Lagt er til að ákvæði stafliðarins um skipun ríkissáttasemjara verði breytt. Í gildandi lögum og í frv. er tekið fram að ríkissáttasemjari skuli skipaður til fjögurra ára í senn. Samkvæmt frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir breytingum á skipunartíma ýmissa opinberra starfsmanna. Samkvæmt því frv. er m.a. gert ráð fyrir fimm ára skipunartíma. Lagt er til að þessi regla verði tekin upp að því er varðar skipun ríkissáttasemjara.

Breytingar á i-lið 6. gr. um heimild ríkissáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögu til að tengja ólíka hópa saman við lausn kjaradeilna. Fram hafa komið gagnrýnisraddir á tillögur frv. um heimildarákvæði sáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögur. Hefur Lagastofnun m.a. bent á athugasemdir sérfræðinganefndar ILO á framkvæmd hliðstæðra ákvæða í Danmörku. Í ákvæði frv. og ákvæði hliðstæðra danskra laga er sá munur að ríkissáttasemjara verður ekki heimilt að setja fram miðlunartillögu samkvæmt þessum staflið nema í raunverulegum kjaradeilum þar sem sættir hafa verið reyndar án árangurs og aðilum hafi gefist færi á að þrýsta á um kröfur sínar. Leggja ber áherslu á þennan mun á ákvæðum frv. og danskra laga. Samkvæmt 9. gr. gildandi laga um sáttastörf í vinnudeilum, nr. 33/1978, hefur sáttasemjari ríkar heimildir til að leggja fram miðl-

unartillögur sem taka samtímis eða sameiginlega á deilum fleiri félaga. Hann getur lagt fram eina eða fleiri tillögur í deilum félaga sem samtímis eiga saman í kjaradeilum og jafnframt ákveðið sameiginlega atkvæðagreiðslu um slíka tillögu. Áður en til þess kemur ber honum þó að hafa samráð við hlutaðeigandi samninganefndir. Lagt er til að efni 3. mgr. 9. gr. gildandi laga um sáttastörf í vinnudeilum komi í stað i-liðar 6. gr. frv. Rétt þykir að halda inni þeim skilyrðum fyrir framlagningu miðlunartillögu samkvæmt framanskráðu sem fram koma í stafliðum a–e í áður töldum i-lið 6. gr. en þeir eru eftirfarandi:

a. Að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun.

b. Að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist.

c. Að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli.

d. Að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samnningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar.

e. Að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Enda þótt heimild sáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögu sé tekin upp óbreytt úr gildandi lögum eru skilyrðin fyrir framlagningu nýmæli sem koma fram í frv. og meiri hluti félmn. leggur til að verði tekin upp í ákvæði greinarinnar.

Breytingar á l-lið 6. gr. Loks hefur ákvæði um tilskilið vægi mótatkvæða til að fella miðlunartillögu orðið tilefni til gagnrýni. Frv. tekur í þessu efni mið af dönskum reglum sem gera kröfu um 35% mótatkvæða til að fella miðlunartillögu þótt samkvæmt frv. sé miðað við einn þriðja atkvæðisbærra. Á það má minna að miðlunartillaga er neyðarúrræði til lausnar kjaradeilu. Þess vegna er eðlilegt að gera nokkrar kröfur um lágmarkshlutfall mótatkvæða. Í þeim tilgangi að skapa sátt um málið leggur meiri hlutinn til að verulega verði dregið úr kröfum frv. um hlutfall mótatkvæða og leggur til að miðað verði við að fjórðungur af atkvæða- eða félagaskrá þurfi að vera andvígur miðlunartillögu til að hún teljist felld í stað þriðjungs áður.

Breytingar á 8. gr. frv. Lagt er til að við 8. gr. frv. bætist tilvísun í 1. mgr. 66. gr. þar sem orðinu „atvinnumálaráðherra“ er breytt í „félagsmálaráðherra“.

Breytingar á 9. gr. frv. Greinin fellur brott vegna breytinga sem tengjast því að ákvæði frv. um vinnustaðarfélög fellur niður.

Ákvæði 11. gr. frv. Rétt er að geta þess vegna athugasemda frá Sambandi íslenskra bankamanna, en sérstök lög eru í gildi um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, nr. 34/1977, að ekki er með þessu frv. ætlunin að fella brott eða breyta ákvæðum þessara laga. Í greinargerð með frv. er sérstaklega tekið fram að reglum þess er ekki ætlað að hafa áhrif á stöðu og valdsvið ríkissáttasemjara eða starfsmanna hans, samkvæmt öðrum lögum og eru fyrrgreind lög nefnd þar sem dæmi. Því má ljóst vera að lögin gilda áfram sem hingað til og ekki er verið að breyta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samkomulag á grundvelli þeirra laga.

Meiri hluti félmn. leggur til að frv. verði samþykkt með framangreindum breytingum og telur að frv. sé til mikilla bóta fyrir framtíðarskipulag vinnumarkaðarins.

[14:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. frsm. félmn. greindi frá niðurstöðum Lagastofnunar háskólans sem leitað var eftir áliti til af hálfu nefndarinnar. Ég vil af því tilefni koma því að að Lagastofnun háskólans er að sjálfsögðu enginn hæstiréttur í málum, mjög langt frá því. Álit Lagastofnunar háskólans sem og annarra svonefndra stofnana háskólans nær ekki lengra en undirskrift þeirra manna sem upp á það álit skrifa. Undir þessu áliti eru nöfn tveggja hv. lögfræðinga, Sigurðar Líndals og Tryggva Gunnarssonar, og ég tel að þeirra álitsgerð sé á þeirra ábyrgð. Ég veit að vísu ekki nákvæmlega hvernig Lagastofnun fjallar um álitsgerð af þessu tagi en ekkert kemur fram um það að fleiri en þessir hv. aðilar og einn aðstoðarmaður sem þeir kvöddu til hafi um þetta fjallað.

Þessar stofnanir háskólans sem til eru komnar á seinni árum eru í rauninni ekkert annað en tæki starfsmanna háskólans, kennara fyrst og fremst, til þess að geta selt út vinnu sína. Þannig eru þær tilkomnar. Þetta hefur ekkert með álit lagadeildar háskólans að gera. Hún hefur hvergi nærri þessu komið, lagadeildin. Ég tek þetta einfaldlega fram vegna þess að það er verið að leggja þessar álitsgerðir stofnana háskólans fram sem eitthvað sérstaklega gildar álitsgerðir sem taki fram álitum annarra lögfræðinga. Það gera þær í rauninni ekki. Þetta er einfaldlega lögfræðiálit tilgreindra lögfræðinga sem segja ekkert meira. Ég er með þessum orðum ekkert að lítilsvirða þetta álit sem slíkt. En ég tel náttúrlega að það beri að líta með sama hætti á álit annarra lögfræðinga eins og Atla Gíslasonar, Ástráðs Haraldssonar, Gunnars Ármannssonar og fleiri sem hafa tjáð sig um þessi efni sem lögfræðingar.

[14:44]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er svo sannarlega rétt að Lagastofnun Háskóla Íslands er enginn hæstiréttur. Hins vegar var það sameiginleg ákvörðun félmn. að beina ákveðnum spurningum til Lagastofnunar Háskóla Íslands um hvort framlagning frv. og ákvæði í því brytu stjórnarskrá og alþjóðasáttmála og því byggjum við mjög mikið á þessu áliti eða meiri hluti félmn. Við teljum að þetta sé skásta og ábyggilegasta plaggið sem við getum stuðst við.

[14:44]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er ákveðinn kjarni máls sem spurningin stendur um, þ.e. að líta á þetta álit sem eitthvað sérstaklega gilt og kenna það við Háskóla Íslands. Það er í rauninni ekki réttmætt. Þessar stofnanir háskólans eru tæki viðkomandi kennara eða starfsmanna við deildir til þess að selja út vinnu sína. Háskóli Íslands getur tæplega haft mikið með þetta að gera. Lagadeild háskólans hefur ekkert um þetta fjallað. Þar fyrir utan getur þessi álitsgerð alveg staðið fyrir sínu sem álit viðkomandi tveggja hv. lögfræðinga sem undir það skrifa og er ekkert á móti því að sjálfsögðu. Það er margt vafalaust nýtilegt sem þar kemur fram í einstökum efnum.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að það hefur verið leitað til lögfræðinga. Til dæmis fékk fyrrv. utanrrh. mikla doðranta frá Hagfræðistofnun háskólans um kosti þess að

sækja um aðild að Evrópusambandinu. Og í sambandi við EES-málið var leitað eftir áliti tilgreindra prófessora um það hvort EES-samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána. Einn hv. prófessor við lagadeild háskólans hafði snarsúist um 180 gráður um þetta efni á tæpu ári. Þetta er ekki merkilegra en svo í mörgum tilvikum.

[14:46]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var aðferð nefndarinnar. Hún var sammála um það að leita til Lagastofnunar Háskóla Íslands og það skal tekið fram að nefndin valdi ekki lögfræðingana. Það var stofnunin sjálf sem valdi þá og það var beðið með mikilli eftirvæntingu eftir þessu áliti.

Vegna spurningar hv. þm. um það hvort ekki hafi verið tekið tillit til annarra lögmanna get ég nefnt sem dæmi að í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að vinnustaðarfélögin hafa ekki brotið í bága við ákvæði alþjóðasáttmála. Hins vegar kusum við að taka það ákvæði út og það var m.a. vegna ábendinga frá lögfræðingum stéttarfélaganna. Það var svo sannarlega hlustað á þá líka.

[14:47]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar með álit Lagastofnunar og gildi þess. Það var ekki nefndin sem slík sem samþykkti að biðja um þetta álit. Þótt vissulega hafi ekki komið fram nein mótmæli frá minni hlutanum var það ósk meiri hlutans að beðið yrði um þetta álit.

En það sem ég ætlaði fyrst og fremst að gera athugasemd við eru aðferðirnar sem hæstv. ríkisstjórn notar til þess að réttlæta vinnubrögð sín í tengslum við þetta mál og þá fyrst og fremst forsöguna. Það er í raun og veru með ólíkindum hvað það er sem hægt er að draga upp. Ekki nóg með að að skoðanakannanir séu gerðar sem vægast sagt eru túlkaðar á mjög frjálslegan hátt, heldur vitnar hv. frsm., ef ég tók rétt eftir, í samráðsfund með fulltrúum á Alþjóðavinnumálaþinginu sl. sumar. Þegar hún talaði um samráðið og aðdraganda lagasetningarinnar vitnaði hún í einhvern fund með fulltrúum á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Mér er kunnugt um þennan fund en eftir því sem mér er sagt var þar aðeins um óformlegan spjallfund að ræða og engar samþykktir gerðar. Nú má vel vera að ég rugli þessum fundum saman, en ég vil spyrja hv. frsm. hvaða þýðingu þessi fundur hefur varðandi vinnubrögðin í tengslum við þetta frv. Hvaða samþykktir voru gerðar þar? Telur hv. frsm. slíkan fund vera lið í því sem við köllum samráð á vinnumarkaði?

[14:49]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er víst um einhvern misskilning að ræða. Ég skal með ánægju lesa þennan kafla aftur upp. Hann hljómar svo, með leyfi forseta:

„Á fyrstu fundum vinnuhópsins áttu sér stað almennar umræður um samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins á Íslandi. Í framhaldi af þeim var talin ástæða til þess að taka til sérstakrar athugunar reglur um gerð kjarasamninga á vinnustöðum. Hefur víða verið leitað fanga um heimildir til samanburðar í þessu efni. Meðal annars áttu fulltrúar félmrn., ASÍ og VSÍ fund með fulltrúum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf sl. sumar.

Varðandi það sem fram kom um álit Lagastofnunar skal það tekið skýrt fram hér að það var ákveðið í nefndinni að leita eftir áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands. Það komu ekki fram nein mótmæli frá aðilum sem sátu þar á þeim fundi. Textinn sem var sendur upp í Lagastofnun Háskóla Íslands var saminn sameiginlega af mér og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem er formaður félmn. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir skrifaði undir bréfið þannig að þetta var ekki hugmynd sem kom einungis frá okkur. Þetta var sameiginlegt í nefndinni. Það er alveg skýrt.

[14:50]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ákvörðun var ekki tekin á fundi félmn. Það má vel vera að hún hafi verið tekin í samráði formanns og varaformanns nefndarinnar. Í raun og veru skiptir þetta ekki öllu máli. Ég hefði aldrei mótmælt því að málið væri sent Lagastofnun til skoðunar. Það er alls ekki það sem hér um ræðir. Það er einungis verið að segja að álit Lagastofnunar er ekki óskeikult. Þetta er einungis álit tveggja lögmanna. Lagastofnun tekur það fram í áliti sínu að hún felur þessum tveimur einstaklingum að gera úttekt á málinu og skoða það. Auk þess eru þessir tveir einstaklingar með allan fyrirvara á niðurstöðu sinni, sérstaklega með vísan til þess að þeir hafi fengið mjög skamman tíma til að gera grein fyrir málinu og gera álitið. Í álitinu sjálfu settu lögmennirnir tveir fyrirvara fyrir því og sá lögmannanna sem kom fyrir nefndina ítrekaði hann.

[14:51]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að álit Lagastofnunar er ekkert heilagt plagg. Það er hins vegar það skásta sem við höfum fengið að áliti meiri hlutans í nefndinni. Við byggjum okkar breytingartillögur að miklu leyti á þeirra athugasemdum.

Það má einnig taka fram að undir þetta álit skrifar t.d. Sigurður Líndal, prófessor við Háskóla Íslands, sem mér skilst að hafi kennt vinnurétt til fjölda ára.

[14:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla mjög harðlega og eindregið málflutningi hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Það er ekki stórmannlegt að beita ósannindum um meint samráð sem röksemdum fyrir þessu óvinsæla frv. Það sem meginmáli skiptir er það að hvert einasta verkalýðsfélag á Íslandi, öll verkalýðshreyfingin á Íslandi, hefur sent hv. Alþingi mótmæli gegn þessu frv. Það er mergurinn málsins.

Að sönnu voru haldnir margir fundir þar sem ríkisstjórnin leitaði eftir samráði og þótti mörgum lofa góðu lengi vel. Þetta samráð, þetta samtal og þessi samvinna leiddi til ákveðinnar niðurstöðu. Annars vegar óskuðu fulltrúar Samtaka launafólks eftir því að reynt yrði að ná niðurstöðu í frjálsum samningum og reynt yrði að ná samkomulagi um þær breytingar sem menn kynnu að verða sammála um eftir frekari umræður. Á hinn bóginn kom fram krafa af hálfu atvinnurekenda, bæði Vinnumálasambandsins og VSÍ, um að ekki yrði hlustað á þær raddir heldur yrði farið að vilja atvinnurekenda og frv. af því tagi sem við höfum hér fyrir Alþingi yrði keyrt gegnum þingið.

Ég kem hér upp, hæstv. forseti, til að mótmæla óheiðarlegum málflutningi.

[14:54]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að á 35. fundi vinnuhópsins fengu starfsmenn hans heimild til að semja texta um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og lögum um sáttastörf í vinnudeilum sem leiddu af hugmyndum í áfangaskýrslunni. Á 40. fundi vinnuhópsins var nýjum tillögum fylgt úr hlaði með þeim orðum að hér væri um fyrstu drög og umræðugrundvöll að ræða.

Það var síðan á formannafundi landssambanda Alþýðusambands Íslands sem ákveðið var að hafna þeim drögum og taka upp beinar viðræður við samtök atvinnurekenda með það að markmiði að hrinda tillögum vinnuhópsins í framkvæmd með kjarasamningi. Þess vegna er það hárrétt sem hér er sagt að það voru formenn landssambanda ASÍ sem settu málið í allt annan farveg og höfnuðu samráði við fulltrúa ríkisvaldsins um framvindu málsins.

Varðandi ábendingar stéttarfélaganna þá hef ég útskýrt í ítarlegu máli að það er búið að taka mjög mikið tillit til þeirra. Það er búið að taka út 1. greinina, það er búið að lækka þröskuldana og það er búið að breyta ákvæðum um það hvernig ríkissáttasemjari á að leggja fram miðlunartillögur. Frv. hefur því tekið miklum breytingum og það er vegna ábendinga stéttarfélaganna og Lagastofnunar Háskóla Íslands.

[14:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvernig skyldi standa á því að samtök atvinnurekenda lýsa ítrekað yfir ánægju með þetta frv. á sama tíma og hvert einasta verkalýðsfélag í landinu, öll heildarsamtök launafólks á Íslandi, lýsa andstöðu við frv.? Sannleikurinn er sá að í nóvembermánuði árið 1995 var send út áfangaskýrsla sem viðræðuplagg út í hreyfingu launafólks. Þær viðræður fóru fram og þær viðræður skiluðu ákveðinni niðurstöðu. Það er sú niðurstaða sem ríkisstjórnin er að hunsa. Það er mergurinn málsins. Það eru allir sammála um að það kunni að þurfa að gera ýmsar breytingar á þessum lögum. En þær á ekki að gera með þessu móti. Þess vegna mun það koma fram í þessum umræðum, ekki einvörðungu af minni hálfu heldur flerstra þeirra, spái ég, sem koma til með að tjá sig um þetta mál að þetta frv. eigi að draga til baka og setja í þann farveg sem samtök launafólks hafa krafist.

[14:57]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það var samráð um þetta mál. Hins vegar kusu formenn landssambanda ASÍ að taka málið úr þeim farvegi. Þeir höfnuðu þessum drögum og tóku málið upp í viðræðum milli sín og atvinnurekenda. Það er allt samráðið sem þeir vildu hafa. Þar var klippt á ríkisvaldið. Þessu breytir þú ekki hér, hv. þm.

[14:57]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var talað fyrir nefndaráliti sem felur í sér einhliða aðgerð til að breyta samningsstöðu við kjarasamninga einum aðila í hag, þ.e. vinnuveitendum. Þetta er ógeðfelld aðferðafræði og ég er andsnúinn þessum vinnubrögðum. Stuðningur við frv. er einungis frá samtökum vinnuveitenda.

Ég vil spyrja hv. þm. hvenær Framsfl. gat þess í kosningabaráttunni að hann hygðist standa að nýrri löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur í algerri andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Framsfl. var mjög óspar á loforð í kosningabaráttunni. En hvenær gaf hann fyrirheit um þessi frumvörp og þá aðferðafræði sem liggur á bak við þau?

[14:58]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er reyndar ekki með ályktanir flokksþings framsóknarmanna en þar kemur skýrt fram að það er vilji flokksins að taka á vinnulöggjöfinni. Ég get reynt að hafa uppi á þeim ef hv. þm. óskar þess, en því miður hef ég þær ekki handbærar.

[14:59]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að upplýsa hv. þm. betur um kosningastefnuskrá Framsfl. Þótt þar væri getið um endurskoðun á ýmsum þáttum var hvergi getið um að það yrði gert í algerri andstöðu við verkalýðshreyfinguna í landinu, aldrei. Þetta er eitt skýrasta dæmið um hvernig Framsfl. hegðaði sér fyrir síðustu kosningar. Hann gaf út loforð í allar áttir og náði þar með miklu kjörfylgi. En hann hefur gengið á bak allra sinna orða í kosningabaráttunni. Það er e.t.v. það svívirðilegasta varðandi öll þessi frumvörp.

[14:59]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. sem við fjöllum um hér er vegna ákvæðis í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Það skal alveg tekið skýrt fram. Ég vil lesa upp eina litla klausu úr áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands vegna þess að hér er gert mikið úr því að ríkisvaldið sé að koma fram með frv. af þessu tagi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu verndar stjórnarskrárákvæði sérstaklega rétt manna til að stofna félög, en girðir ekki fyrir að settar séu almennar reglur um starfsemi þeirra, enda brjóta þeir ekki í bága við megintilgang stjórnarskrárákvæðisins."

Það er alveg ljóst að meiri hluti félmn. hefur lagt fram breytingartillögur sem koma mjög til móts við ábendingar stéttarfélaga. Frv. hefur breyst frá því að það kom upphaflega fyrir þingið. Það er búið að laga það mjög mikið. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það. (**ÖJ:** Af hverju eru þá allir á móti því?)

[15:01]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun mæla fyrir áliti minni hluta hv. félmn. en í lok ræðu minnar mun ég víkja að ýmsum þeim atriðum sem hér hafa komið fram í andsvörum og ýmsu því sem svara þarf í máli hv. talsmanns meiri hluta félmn.

„Í þann mund sem fulltrúar streyma til borgarinnar til að sitja 38. þing Alþýðusambands Íslands á 80. afmælisári sambandsins kýs meiri hluti félagsmálanefndar Alþingis að hefja 2. umræðu í þingsölum um mjög svo umdeilt frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem nefndin hefur tekið til rækilegrar skoðunar undanfarnar vikur. Frá því að frv. var vísað til nefndarinnar hefur það tekið svo miklum breytingum að segja má að ekki standi steinn yfir steini miðað við upphaflegt frv. verði þær samþykktar. Við 1. umræðu um málið var bent á að frv. stæðist ekki þá alþjóðasáttmála og samþykktir um félagafrelsi sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest og varin eru í stjórnarskránni og einnig að með slíkum einhliða árásum stjórnvalda á skipulag og starfshætti stéttarfélaganna

væri verið að setja allan vinnumarkaðinn á annan endann. Vegna þessarar gagnrýni var beðið um álit Lagastofnunar Háskóla Íslands sem að hluta til staðfesti gagnrýnina en var að öðru leyti ekki sammála því sem fram kemur í umsögnum og álitum sem bárust nefndinni frá lögmönnum sem hafa um árabil unnið fyrir stéttarfélögin í landinu. Eftir að álit Lagastofnunar Háskóla Íslands kom fram, svo og afar hörð gagnrýni stéttarfélaganna sem leggjast gegn samþykkt frv., öll sem eitt, var ekki um annað að ræða en að berja í verstu brestina þótt reyndar væri aðeins hlustað á rök sumra sérfræðinga sem kallaðir voru til en ekki annarra. Þrátt fyrir væntanlegar breytingar á frv. leggst minni hluti nefndarinnar eindregið gegn samþykkt þess af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi er um að ræða óeðlileg og óæskileg afskipti stjórnvalda af innra skipulagi og innri málum stéttarfélaga sem við drögum í efa að standist stjórnarskrá, alþjóðasáttmála og alþjóðasamþykktir um félagafrelsi.

Í öðru lagi er ljóst að lagafrumvarp þetta er flutt algjörlega í óþökk stéttarfélaganna í landinu sem vilja þróa samskiptareglur á vinnumarkaði með samráði og samkomulagi við viðsemjendur sína, líkt og gert hefur verið í Skandinavíu um áratuga skeið."

Hér má skjóta því inn í að BHM, Bandalag háskólamanna, hefur þá stefnu að ein lög eigi að gilda um allan vinnumarkaðinn en þessi lög gera í raun áfram ráð fyrir tvískiptingu, þ.e. opinberir starfsmenn annars vegar og hinn almenni vinnumarkaður hins vegar.

„Í þriðja lagi er ljóst að frv. dregur taum annars samningsaðila á vinnumarkaði en samtök atvinnurekenda eru hæstánægð með það sem sýnir best hverra hagsmuna er gætt og á hvern er hallað.

Í fjórða lagi gagnrýnir minni hlutinn harðlega mörg efnisatriði frv. þrátt fyrir væntanlegar breytingar, svo sem lögboðið vald samninganefnda, fyrirkomulag atkvæðagreiðslna, ákvæði um vinnustaðarsamninga, vald sáttasemjara, viðræðuáætlanir og loks að ekki er tekið á ýmsum atriðum í lögunum, t.d. um stöðu trúnaðarmanna o.fl. sem hefði þurft að skoða. Þá hefur ítrekað verið bent á að kanna þurfi hvort það standist að binda félagssvæði við minnst eitt sveitarfélag og hvort skipan Félagsdóms standist mannréttindasáttmála hvað varðar óhlutdrægni dómstóla, en svo mikið liggur á að afgreiða þennan hrærigraut að þau mál verða ekki til lykta leidd að sinni. Við sumum atriðum, sem kunna að varða alþjóðasáttmála, er brugðist en öðrum ekki sem sýnir best þá hroðvirkni sem einkennir frv.

Í fimmta lagi er ljóst að verði frv. að lögum mun það kalla á mikil átök á vinnumarkaði næsta vetur og hugsanlega málaferli og kærur til mannréttindadómstóla og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í sjötta lagi skal bent á að upphaflegur tilgangur frv., að einfalda og auðvelda gerð kjarasamninga og stýra þeim í einn farveg, þ.e. að lögfesta „samflotin" og ýta undir vinnustaðarsamninga, er fokinn út í veður og vind og þar af leiðandi er spurning hvaða tilgangi frv. þjónar og hvaða stefnu það boðar í vinnumarkaðsmálum þar sem það þýðir í raun að samningaumleitanir verða þyngri í vöfum. Búast má við að gera þurfi hundruð eða þúsundir viðræðuáætlana og jafnframt að það dragi úr vinnustaðarsamningum vegna þess að lítil stéttarfélög taki ekki þá áhættu að vera með í samningum sem þau eiga ekki möguleika á að fella í atkvæðagreiðslu."

Skal þá vikið að sögu málsins. (**Gripið fram í:** Hvar eru ráðherrarnir?) Já, það er nú lágmark, hæstv. forseti, að ætlast til þess að hæstv. félmrh. sitji hér og hlýði á umræðuna.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að svo verði.)

„Árið 1938 voru samþykkt lög um stéttarfélög og vinnudeilur, reyndar gegn vilja stéttarfélaganna í landinu sem kölluðu þau þrælalög og óttuðust að ríkisvaldið væri að setja stéttarfélögunum óeðlilegar skorður. Reyndin varð þó sú að lögin staðfestu þær venjur sem myndast höfðu á vinnumarkaði og treystu stéttarfélögin í sessi, enda hefur lítið verið við þeim hreyft í 58 ár. Lögin settu þó aðeins ramma um starfsemi stéttarfélaganna og kváðu á um hvernig staðið skyldi að verkföllum og vinnudeilum. Í lögunum nr. 80/1938 er einnig að finna nýrri kafla um Félagsdóm, skipan hans og hlutverk. Frá árinu 1938 hefur margt orðið til að styrkja stöðu stéttarfélaganna og takmarka afskipti ríkisvaldsins, ekki síst mannréttindasáttmálar og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sú stofnun hefur reyndar oftsinnis gert athugasemdir við afskipti íslenskra stjórnvalda af stéttarfélögum og vinnudeilum, einkum þó lagasetningum sem stöðvað hafa verkföll eða komið í veg fyrir verkföll án þess að eðlilegir kjarasamningar hafi verið gerðir.

Lög nr. 80/1938 komu ekki í veg fyrir margar, harðar og langvinnar vinnudeilur á almennum vinnumarkaði á tímabilinu 1938–1980. Má þar t.d. minnast skæruverkfallanna árið 1942 sem færðu launafólki miklar kjarabætur, verkfallið 1955 sem leiddi til laga um atvinnuleysistryggingar, verkföllin 1968–1970 þegar verkalýðshreyfingin átti í harðvítugum deilum við viðreisnarstjórnina á tímum gengisfellinga og atvinnuleysis og þannig mætti áfram telja. Eftir 1980 eru það fyrst og fremst stéttarfélög opinberra starfsmanna sem átt hafa í langvinnum verkföllum og vinnudeilum þótt dæmi séu um annað, t.d. verkföll sjómanna. Þegar á heildina er litið hefur dregið úr tíðni verkfalla og töpuðum vinnustundum hér á landi miðað við aðrar þjóðir.

Frá 1990 hefur miðstýring kjarasamninga og „samflot" undir forustu ASÍ og VSÍ, í náinni samvinnu við ríkisstjórnir á hverjum tíma, ráðið ríkjum. Reynt hefur verið að halda launahækkunum innan vissra marka og var yfirlýstur tilgangur sá að koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum landsins sem hefur tekist. Þessi stefna hefur þó ekki verið óumdeild. T.d. er hún í andstöðu við kjarastefnu Bandalags háskólamanna og leiddi til þess að lög voru sett árið 1990 sem afnámu kjarasamninga BHMR. Þá voru kjarasamningar á síðasta ári ekki í takt við þessa stefnu. Einnig er ljóst að ýmsir hópar launafólks eru mjög óánægðir með stöðu sína, ekki síst kvennastéttir meðal opinberra starfsmanna sem farið hafa í hvert verkfallið á fætur öðru á undanförnum árum. Í ljósi þess hvernig samskiptareglur milli aðila á almennum vinnumarkaði hafa þróast á undanförnum árum, í samvinnu og samráði, hljóta menn að spyrja hvaða nauðsyn knýr á um það að lögfesta breytingar á vinnulöggjöfinni, hvað þá breytingar sem annar aðili málsins er mjög ósáttur við. Hver er tilgangurinn?

Þáverandi félagsmálaráðherra, Guðmundur Árni Stefánsson, skipaði árið 1994 vinnuhóp til að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði í þeim tilgangi að aðilar kæmu sér saman um verklag og vinnureglur sem síðan yrðu hugsanlega lögfestar." — Þ.e. væri um það samkomulag. — „Í hópinn voru skipaðir fulltrúar VSÍ, Vinnumálasambandsins, ASÍ, BSRB og fjármála- og félagsmálaráðuneytisins, en t.d. bankamenn og BHM áttu ekki fulltrúa í hópnum. Eftir að

haldnir höfðu verið 34 fundir var tekin saman skýrsla í nóvember 1995 um starf hópsins og tíundaðar ýmsar tillögur sem til umræðu voru. Áréttað var að aðeins væri um áfangaskýrslu að ræða og að enn væri margt órætt og ófrágengið. Samt sem áður unnu starfsmenn félagsmálaráðuneytisins drög að frv. á grundvelli áfangaskýrslunnar sem kynnt var í janúar en þau kölluðu á hörð viðbrögð formanna landssambanda ASÍ eins og segir í ályktun samþykktri 9. febrúar 1996: „Þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir fela í sér takmörkun á réttindum launafólks eins og samnings- og verkfallsrétti og umboði og hlutverki einstakra stéttarfélaga í kjaramálum umbjóðenda sinna. Formenn landssambanda innan ASÍ vilja að aðilar vinnumarkaðarins semji á breiðum grundvelli um samskiptareglur og vinnubrögð við gerð kjarasamninga og fleiri atriði líkt og aðilar vinnumarkaðarins í nágrannalöndunum hafa gert til fjölda ára. Þá er einnig mikilvægt að stærstu samtök á vinnumarkaðnum hugi að innra skipulagi sínu og á það jafnt við um samtök atvinnurekenda og launafólks.““

Hér kemur það fram, hæstv. forseti, að þau atriði sem formannafundurinn gagnrýndi á sínum tíma eru ekkert smáræði. Hér er verið að gagnrýna það að í frumvarpsdrögunum var þrengt að stéttarfélögunum líkt og gert er í frv. enn þá.

„Ekki ber fulltrúum í vinnuhópi félagsmálaráðherra saman um hvernig slitnaði upp úr vinnu hópsins, en svo mikið er víst að ekki var samkomulag um að leggja fram frv. á Alþingi, hvað þá um innihald þess.“ — Það hefur verið merkilegt, hæstv. forseti, að fylgjast með því hvernig þeir sem komu að málinu hafa reynt að skýra þessa þróun vinnubragða og segir þar hver sína sögu. En það er alveg ljóst að þau frumvarpsdrög sem fram komu í janúar voru þannig að formenn landssambanda Alþýðusambandsins gátu ekki sætt sig við þau og ég er ekki hissa á því. Þróunin varð sú að: „Félmrh. tók einstök atriði út úr frv.,“ — atriði sem höfðu verið harðlega gagnrýnd, — „hunsaði allt samráð, samvinnu og samstöðu um málið og ákvað að leggja frv. fram þvert gegn vilja allra stéttarfélaganna. Fram var lagt frv. sem var svo vanhugsað og illa unnið að það reyndist við nánari skoðun Lagastofnunar Háskóla Íslands ekki standast samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, auk þess sem aðrir lögmenn töldu það brot á alþjóðasamþykktum í mun fleiri atriðum en Lagastofnun vildi samþykkja. Þá voru gerðar svo miklar efnislegar athugasemdir við frv. að búið er að breyta nánast hverri einustu grein, hækka eða lækka atkvæðaþröskulda margsinnis, taka út ákvæði um vinnustaðarfélög en setja í staðinn inn handónýtt ákvæði um vinnustaðarsamninga, afnema svokallaða tengingarreglu sem gaf sáttasemjara óhugnanlega mikið vald og gat afnumið samningsfrelsi stéttarfélaga með lausa samninga o.s.frv.“ Og einnig þetta síðasta kom fram í áliti Lagastofnunar Háskólans. „Niðurstaðan er samt sem áður frv. sem stéttarfélögin í landinu vilja ekki sjá, enda er enn að finna í því mörg atriði sem orka vægast sagt tvímælis. Andstaða stéttarfélaganna byggist þó fyrst og fremst á því að ríkisstjórnin hefur með framlagningu frv. ráðist að rótum þess fyrirkomulags sem einkennt hefur samskipti aðila vinnumarkaðar hér á landi og í nágrannalöndunum, hins þríhliða samráðs, þar sem málefni aðila vinnumarkaðar eru til lykta leidd í sátt og samráði.“

Víkur þá sögunni að vinnumarkaðnum almennt og þeim hugmyndum sem nú eru uppi um vinnumarkaðshagfræði sem auðvitað vekur upp spurningar um stefnu þessa frv.

„Þrátt fyrir þá „þjóðarsátt“ sem verið hefur við lýði í kjarasamningum nú um nokkurra ára skeið er auðvitað ástæða til að hafa áhyggjur af samskiptum stéttarfélaga og atvinnurekenda hér á landi og á það ekki síst við um ríkisvaldið sem átt hefur í endalausum deilum við starfsmenn sína. Nú síðast virðist meiri hlutinn á Alþingi ætla að samþykkja ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem svipta hópa ríkisstarfsmanna samningsrétti og verkfallsrétti án þess að þeir hafi svo mikið sem verið spurðir álits! Þá vekur furðu andstaða VSÍ við lögfestingu tilskipana ESB og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, svo sem um vinnutíma barna, réttindi foreldra í veikindum barna, starfsöryggi o.fl., sem tvímælalaust er til bóta fyrir launafólk. Svona samskipti ganga auðvitað ekki til lengdar. Það er sorglegt að atvinnurekendur og ríkisstjórnin skuli ekki skilja mikilvægi þess að starfsfólk sé ánægt og búi við öryggi. Þess í stað er sífellt verið að storka því. Svo virðist sem eldgamlar og úreltar hugmyndir um vinnumarkaðinn ráði hér ríkjum, meðan hagfræðingar sem sinna vinnumarkaðsmálum leggja mikla áherslu á góðan vinnuanda, umbun og áhrif starfsmanna á daglegan rekstur, gott vinnuumhverfi og skilning á hlutverki fjölskyldunnar.

Á undanförnum árum hafa einkum verið ríkjandi tvö form samskiptareglna á vinnumarkaði OECD-ríkjanna sem hafa það að markmiði að auka sveigjanleika á vinnumarkaði. Annars vegar er það sem kallað hefur verið norræna módelið sem einkennist af mikilli miðstýringu, hins vegar það form sem ruddi sér til rúms á Nýja-Sjálandi eftir að verulegar breytingar voru gerðar á skipulagi vinnumarkaðar þar undir lok síðasta áratugs. Í Englandi hefur verið farin eins konar millileið sem þykir ekki hafa reynst vel, en í Bandaríkjunum er áhersla lögð á vinnustaðarsamninga. Sérfræðingar OECD leggja mikla áherslu á sveigjanleika á vinnumarkaði en spurningin er hvernig honum verður náð.

Nýsjálenska leiðin gengur veg „sveigjanleikans“ á enda því að hún felur í sér mikinn aragrúa samninga, yfirleitt beint við einstaklinga, og byggist á því að vinnuaflið sé á markaði þar sem mesta frelsi ríkir. Þessi leið hefur þann galla að samstaða og sameiginleg réttindi eru illa tryggð og því hægt að brjóta á fólki að vild. Samkvæmt nýjustu upplýsingum eru Nýsjálendingar að gefast upp á þessu fyrirkomulagi, enda mikið um vinnudeilur og ljóst að 125 þús. kjarasamningar“ — og þessar upplýsingar um fjölda kjarasamninga komu fram í viðtali við Ruth Richardson, fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands, sem hæstv. fjmrh. bauð hingað til lands í nóvember á síðasta ári og viðtal birtist við í Morgunblaðinu — „kallar á mikla vinnu og togstreitu milli fólks.

Norræna módelið byggist á miðstýrðum samningum þar sem reynt er að ná yfir sem stærstan hluta vinnumarkaðarins. Í Skandinavíu, þar sem flokkar sósíaldemókrata nátengdir verkalýðshreyfingunni eru mjög öflugir og hafa setið jafnvel svo áratugum nemur við stjórnvölinn, hafa þróast samskiptareglur sem fyrst og fremst byggjast á samráði og samningum. Þar hafa verið náin tengsl milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins sem séð hefur til þess að samningar gangi upp, m.a. með því að byggja upp öflugt velferðarkerfi. Í Danmörku eru reglur um vinnumarkaðsmál ekki lögfestar nema að um þær ríki sátt enda vita menn að annað býður upp á deilur. Í þessum löndum mundu afskipti af vinnudeilum og einhliða lagasetning á borð við þá sem felst í frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur aldrei verða liðin!

Í Bandaríkjunum hafa vinnustaðarsamningar verið mjög algengir og hafa þeir orðið til að draga úr launamun kynjanna

sem er mun minni en hér á landi, en gæta verður þess að bandarískir vinnustaðir eru að jafnaði miklu stærri en hér og því öflugri í samningum við eigendur fyrirtækjanna."

Samt sem áður er stefna Alþýðusambandsins sú, eins og kemur fram í undirbúningi að 38. þingi Alþýðusambandsins, að stefna beri að auknum vinnustaðarsamningum og beinum samningum við einstaka atvinnurekendur en þar stendur skipulag VSÍ náttúrlega í veginum.

„Samskiptaform og samningar á vinnumarkaði geta þannig verið með ýmsu móti. Það á að vera í valdi stéttarfélaga og atvinnurekenda að þróa mismunandi form samninga eftir því hvað hentar í einstökum starfsgreinum eða fyrirtækjum. Því er ekki að leyna að miðstýring Vinnuveitendasambandsins sem fer með alla kjarasamninga fyrir hönd atvinnurekenda sem eru innan þess er ljón í vegi aukins sveigjanleika. Enda virðist það ríkjandi hugmynd á þeim bæ að viðhalda launakerfinu eins og það er nú, þrátt fyrir mikið launamisrétti kynjanna og reyndar mikinn launamun í landinu og að einungis þurfi að bæta ofan á það nokkrum prósentum við og við!"

Þá víkur sögunni að félagafrelsinu sem er eitt megininntak þessa máls:

„Í 74. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins er kveðið á um félagafrelsi og þar er rétturinn til að stofna stéttarfélög varinn sérstaklega. Í 75. gr. er kveðið á um rétt manna til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa, svo og að í lögum skuli kveðið á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Í skýringum með þessum greinum, sem er að finna í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389 á 118. löggjafarþingi, er vísað til mannréttindasáttmála sem Íslendingar hafa staðfest, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Við þessa sáttmála má bæta mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 87 og 98., sem íslensk stjórnvöld eru bundin af.

Í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu segir:

„1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti."

Í 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu segir: „Réttur til að stofna félög. Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög, skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um, að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það."

Í 6. gr. segir um réttinn til að semja sameiginlega að aðilar skuldbindi sig til:

1. að stuðla að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og vinnuveitenda,

2. að stuðla að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda eða vinnuveitendafélaga og verkalýðsfélaga, þegar nauðsynlegt er eða við á, í þeim tilgangi að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum,

3. að stuðla að stofnun og notkun viðeigandi sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna,

4. að viðurkenna rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða, þar á meðal verkfallsrétti, með þeim takmörkunum, sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga.

Í samþykktum ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar) nr. 87 segir að félög verkamanna skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur og vera algerlega óháð við að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Þar er tekið af skarið um að opinber stjórnvöld skuli forðast alla íhlutun er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.

Í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands segir: „Rétt er þó að taka fram að Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur lagt áherslu á mikilvægi reglulegs samráðs stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja frið í þjóðfélaginu, þar á meðal samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá."

Af framansögðu má ráða að réttur stéttarfélaga er vel varinn af lögum og alþjóðlegum samningum og að gengið er út frá því að stjórnvöld eigi ekki að skipta sér af innri málefnumum stéttarfélaga nema brýna nauðsyn beri til. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að þær reglur sem ætlunin er að lögfesta nú í óþökk annars samningsaðilans feli í sér óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af innri málefnum stéttarfélaga í landinu. Þar er vísað til þess að skylda á stéttarfélög með lögum til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu um vinnustaðarsamning, skylda á stéttarfélög til að greiða atkvæði með ákveðnum hætti, það vald sem félög hafa hingað til getað falið trúnaðarmannaráðum eða öðrum þar til bærum aðilum er afnumið og samninganefndum er falið mjög mikið vald. Allt eru þetta atriði sem verkalýðsfélögin hafa hingað til ákveðið sjálf á lýðræðislegan hátt með samþykktum sínum. Réttur löggjafans til að setja lög er takmarkaður af stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum þegar stéttarfélög eiga í hlut og þar breyta skoðanakannanir engu um. Það er ekkert sem kallar á lagasetningu af þessu tagi, nema ef vera kynni vilji til að gera stéttarfélögunum erfitt fyrir, takmarka vald þeirra og áhrif og koma í veg fyrir frjálsa samninga og frjálsan samningsrétt. Sé nauðsynlegt að breyta lögum um samskiptareglur á vinnumarkaði þarf að undirbúa slíka löggjöf og setja hana í fullri sátt beggja samningsaðila, ella er hætta á að hún snúist gegn markmiðum sínum og verði til þess að gera samningsumleitanir enn erfiðari."

Kemur þá að upphaflegu frv. sem lagt var fram á hinu háa Alþingi.

Þegar frumvarpið var lagt fram kallaði það á gífurleg mótmæli. Þingmönnum bárust áskoranir frá fjölda stéttarfélaga um að leggja málið til hliðar og þegar frumvarpið var sent til umsagnar barst svar frá nánast hverju einasta stéttarfélagi í landinu sem mótmælti því harðlega og gagnrýndi innihald þess.

Þau atriði, sem mættu hvað mestri mótspyrnu, fyrir utan vinnubrögð félagsmálaráðherra og þau afskipti af stéttarfélögunum sem í þeim felast, voru mörg. Þar er fyrst að nefna ákvæði um vinnustaðarfélög sem gengu þvert á það skipulag verkalýðshreyfingarinnar sem þróast hefur í áratugi. Þar var um að ræða ákvæði sem fól vægast sagt í sér óeðlileg afskipti af innri málum verkalýðshreyfingarinnar, enda félaganna og félagsmanna að ákveða skipulag sitt, auk

þess sem umsamin forgangsréttarákvæði standa í vegi fyrir slíku ákvæði. Nokkrir lögmenn tóku undir þessa gagnrýni en Lagastofnun var ekki á þeirri skoðun og benti á að réttur manna til að stofna félög væri tryggður í lögum. Það sem orkaði ekki síst tvímælis í tillögu félagsmálaráðherra var það að vinnustaðarfélagið skyldi fara með samninga fyrir alla á vinnustaðnum, jafnvel þá sem kysu að standa utan félagsins og tilheyra öðrum stéttarfélögum. Málið var fullkomlega vanhugsað, enda var ákveðið að taka ákvæðið út.

Annað atriði sem var gagnrýnt hvað harðast kvað á um rétt sáttasemjara til að leggja miðlunartillögu fyrir félög með lausa samninga þótt þau ættu ekki í vinnudeilu, en þar með hefði í raun verið hægt að svipta félög samningsrétti. Lagastofnun Háskóla Íslands komst að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði, ásamt því hvernig greiða skyldi atkvæði um miðlunartillögu, bryti í bága við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, eins og hún hefur verið túlkuð af félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þessi ákvæði voru tekin út og haldið í texta núgildandi laga nema hvað ákveðin skilyrði þurfa að vera til staðar svo að sáttasemjari geti lagt fram miðlunartillögu.

Þá var lögþvingað vald samninganefnda gagnrýnt harðlega og spurt hvers vegna væri verið að rústa því lýðræðislega kerfi sem þróast hefur í áranna rás. Samkvæmt frumvarpinu hefur samninganefnd umboð til að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Einnig getur sameiginleg samninganefnd ákveðið að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu fleiri félaga eða sambanda. Hér er um að ræða vald sem samninganefndir hafa ekki haft hingað til og þar sem lög munu kveða á um vald samninganefnda munu félagsfundir, þ.e. hinir lýðræðislegu fundir í einstökum félögum þar sem allir geta tekið þátt, ekki hafa vald til þess að skerða umboð samninganefnda. Þetta telur ASÍ grófa íhlutun í innri mál stéttarfélaga og síst til að auka lýðræði, sem er þó yfirlýstur tilgangur frumvarpshöfunda. Varðandi þetta atriði er vísað til umsagnar ASÍ, bls. 27. Enn eitt atriði sem gagnrýnt er harðlega er boðun vinnustöðvana og atkvæðagreiðslur um þær. Hingað til hefur félagsfundur veitt trúnaðarmannaráði eða öðrum þar til bærum aðila heimild til að boða til vinnustöðvunar og þar með að vega og meta hvenær rétt sé að boða hana. Nú hafa slíkar heimildir verið afnumdar og tekið upp svipað fyrirkomulag og verið hefur í gildi meðal opinberra starfsmanna, nema hvað þar er kveðið á um mun meiri þátttöku. Með þessari lagasetningu er verið að afnema þann sveigjanleika sem hingað til hefur verið til staðar og telja má nánast ómögulegt að grípa til samúðarverkfalls eða skyndiverkfalla vegna þess hve þungt verður í vöfum að ákveða þau. Þarna er að dómi minni hlutans um óeðlilegar hindranir að ræða sem kunna að valda löngum verkföllum, rétt eins og raunin hefur orðið meðal opinberra starfsmanna.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að Tryggvi Gunnarsson lögmaður benti einmitt á að það yrði að gæta þess að ekki væri verið að skerða heimildir til þess að stofna til samúðarverkfalla en það gildir auðvitað um þau sama reglan að það verður að boða þau með þessum þunglamalega hætti.

Síðasta atriðið, sem minni hlutinn gagnrýnir og stendur enn eftir í frumvarpinu varðar viðræðuáætlanir. Upphafleg hugmynd starfshóps félagsmálaráðherra var sú að heildarsamtök gerðu viðræðuáætlun til þess að gera samningaviðræður skilvirkari. Þetta atriði var einn megintilgangur frv. Þar sem lögfesting „samflotsins" er fokin út í veður og vind er samningsrétturinn sem fyrr hjá einstökum félögum. Sú lögþvingun, sem á sér stað verði frumvarpið samþykkt, mun leiða til þess að gera þarf hundruð ef ekki þúsundir viðræðuáætlana. Einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar sagði á fundi nefndarinnar að í næstu samningalotu yrði að gera 5.000–8.000 viðræðuáætlanir sem eflaust kæmi í hlut sáttasemjara vegna þess hvernig málið er vaxið.

Við spyrjum: Hvernig er embætti sáttasemjara undir það búið að vinna slíkan fjölda áætlana? Því miður, hæstv. forseti, er búið að eyðileggja þessa hugmynd sem var eitt af fáu sem telja mátti kosti í upphaflegu frv.

Þá ætla ég að fjalla um þær brtt. sem meiri hlutinn leggur fram.

1. gr. Ákvæðið um vinnustaðarfélögin er fellt út, en ekki er tekið á því hvort rétt er að breyta ákvæðum um að félagssvæði skuli vera minnst eitt sveitarfélag. Lagastofnun benti á að þetta stæðist vart gagnrýni félagafrelsisnefndar Alþjóðavinnumálasambandsins, en samhljóða ákvæði er í núgildandi lögum. Þetta atriði hefði þurft að kanna nánar."

2. gr. Í vinnu nefndarinnar hefur verið hringlað mikið með svokallaða atkvæðaþröskulda en hvað varðar atkvæðagreiðslur um kjarasamninga fór meiri hlutinn í hring og endaði aftur í 20% þátttöku. Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir að í kjarasamningi, sem næði aðeins til hluta félagsmanna, sem ekki væri búið að samþykkja væri ákveðið hvernig greiða ætti atkvæði um þann samning. Þessu er nú breytt þannig að hægt er að semja um það hverjir greiða skuli atkvæði þegar samningur nær til hluta félagsmanna. Ég skil þetta þannig að það er þá bara hluti af samkomulagi en er ekki í sjálfum kjarasamningnum eins og ráð var fyrir gert í upphaflegu frv. Þá er lagt til nýtt ákvæði um vinnustaðarsamninga en þá skal bera sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til.

Vinnustaðarsamningar hafa tíðkast um árabil hér á landi en það gefur augaleið að til þess að þeir gangi upp verða allir að vera sáttir við þá. Í flestum tilvikum hefur hvert félag greitt atkvæði um vinnustaðarsamninginn en því fylgir að sjálfsögðu mikil ábyrgð. Á síðasta ári var gerður vinnustaðarsamningur í álverinu í Straumsvík og heyrði þá til tíðinda að atkvæði voru greidd sameiginlega um hann en um það náðist samkomulag á meðal samningsaðila. Hætt er við að með því að lögbinda sameiginlega atkvæðagreiðslu taki lítil stéttarfélög ekki þá áhættu að fara út í vinnustaðarsamninga ef þau geta ekki varið rétt sinn gagnvart mun stærri félögum sem hugsanlega tækju ekki tillit til sérmála sem kynnu að snerta lítinn hóp. Verði þetta ákvæði samþykkt svona kann það að koma í veg fyrir frekari vinnustaðarsamninga. Það er alveg áreiðanlega ekki tilgangur þessa frv. eða hinnar upprunalegu hugsunar.

4. gr. Í greininni er fjallað um boðun vinnustöðvunar og er lagt til að þátttaka í atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun verði að vera 20%, hvort sem um er að ræða heilt félag eða hluta félagsmanna. Þrátt fyrir verulega slökun á skilyrðum frá upphaflegu frumvarpi er minni hlutinn andvígur afskiptum löggjafans af því hvernig félög skuli greiða atkvæði um vinnustöðvun og telja að það eigi að vera á valdi félaganna að ákveða það eða semja um slíkt í frjálsum samningum. Þá er lagt til að heimilt verði að fresta boðaðri vinnustöðvun einu sinni eða oftar um allt að 28 daga með þriggja sólarhringa fyrirvara. ASÍ telur að einmitt þetta ákvæði muni leiða til þess að verkfallsvopninu verði fremur beitt en ella. Í umsögn

Alþýðusambandsins segir að um slíkt muni verkalýðsfélögin aldrei semja nema því aðeins að kjarasamningur sé í burðarliðnum og við núverandi aðstæður sé verkfalli ævinlega frestað ef svo stendur á. Að okkar mati má einu gilda hvort um er að ræða 14 daga eða 28 daga. Spurningin er hvort þetta ákvæði hefur einhver áhrif þó að það geti að sjálfsögðu komið sér vel fyrir vinnuveitendur að verkfalli sé frestað en hver er tilgangurinn með þessu ákvæði ef verkalýðshreyfingin telur að það muni alls ekki virka?

5. gr. Í umsögnum og umræðum var margsinnis bent á ákvæði 5. gr. frumvarpsins þar sem fjöldauppsögn var líkt við vinnustöðvun, en að sjálfsögðu geta verið gildar ástæður fyrir því að hópur starfsmanna ákveður að segja upp störfum. Þar má t.d. hugsa sér heila skipshöfn sem segði upp vegna óánægju með framkomu skipstjóra, en fráleitt væri að líta á slíkt sem ólöglega vinnustöðvun. Meiri hlutinn féllst á að breyta þessu, enda mátti leiða að því rök að ákvæðið, eins og það var upphaflega orðað, bryti í bága við 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.

6. gr. Lagðar eru til breytingar á greininni í samræmi við gagnrýni Lagastofnunar sem eins og áður sagði taldi ákvæði i-liðar brjóta í bága við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98. Þar með stendur eftir regla núgildandi laga um miðlunartillögur nema hvað kveðið er á um þau skilyrði sem verða að vera til staðar til að sáttasemjari megi leggja fram slíka tillögu. Í l-lið er lagt til hvaða reglur skuli gilda til að fella miðlunartillögu. Þar er gert ráð fyrir að meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði verði að vera á móti og að nei-atkvæðin verði að vera fleiri en fjórðungur þeirra sem eru á atkvæðaeða félagaskrá. Í áliti Lagastofnunar segir um þennan lið eins og hann var í upphaflegu frumvarpi: „Sú atkvæðaregla sem þarna er sett er sérstök að því leyti að miðlunartillaga gildir nema þriðjungur atkvæðisbærra felli hana. Vikið er sem sagt frá einfaldri meirihlutareglu um samþykki. Þetta veldur því að mjög torvelt verður að fella miðlunartillögu og er hætta á að það teljist ekki samrýmast rétti manna til frjálsra samninga samkvæmt alþjóðasáttmálum. Hliðstæð regla gildir í Danmörku þar sem að vísu er áskilið að 35% atkvæðisbærra manna þurfi til að fella tillögu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 599/1971, um sáttastörf í vinnudeilum. Regla þessi hefur sætt nokkurri gagnrýni í Danmörku og hefur því m.a. verið haldið fram að samkvæmt henni sé nær ógjörningur að fella miðlunartillögu."

Hæstv. forseti. Nokkur umræða á sér núna stað í Danmörku um miðlunartillögur og atkvæðagreiðslur um þær og þar er krafa danska alþýðusambandsins að einfaldur meiri hluti gildi þegar miðlunartillagan er lögð fyrir félagsmenn stéttarfélaga. Við spyrjum: Hver er munurinn á 33% og 25% út frá þeirri röksemdafærslu að meiri hlutinn eigi að ráða og að virða skuli frjálsan samningsrétt samkvæmt alþjóðasáttmálum?

Kem ég þá loks að niðurstöðum minni hluta félmn. Eins og fram kemur hér að framan hafa verið gerðar miklar breytingar á frumvarpinu þótt enn standi margt eftir sem verkalýðshreyfingin hefur gagnrýnt og getur ekki sætt sig við fremur en minni hluti félagsmálanefndar. Breytingarnar, sem boðaðar eru á frumvarpinu, sýna betur en flest annað hve frumvarpið var illa unnið og vanhugsað. Breytingarnar eru til lítilla bóta því eftir stendur að heildarhugsun er engin og markmiðin löngu glötuð. Um er að ræða lagasetningu sem varðar innra skipulag stéttarfélaga og það hvernig þau taka á samningamálum og boðun vinnustöðvunar. Ekki hefur verið hlustað á aðvörunarorð opinberra starfsmanna sem hafa reynslu af því að nota skriflegar atkvæðagreiðslur og boða vinnustöðvarnir á ákveðnum degi sem erfitt hefur reynst að breyta vegna þess hve þungar atkvæðagreiðslur eru í vöfum. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert athugasemdir við það hve réttur opinberra starfsmanna er takmarkaður og verður fróðlegt að sjá hvaða dóm stofnunin fellir um þessi lög, því að afar líklegt er að þau verði kærð til hennar. Því miður munu þessi afskipti ríkisvaldisins af innri málum verkalýðshreyfingarinnar, vinnubrögðin og þær takmarkanir sem verið er að setja verkalýðsfélögunum verða til þess að setja vinnumarkaðinn á annan endann og ógna þeim stöðugleika sem hér hefur ríkt um árabil. Hvert einasta verkalýðsfélag mun verða að breyta samþykktum sínum og skipulagi til samræmis við þessi lög án þess að hafa haft neitt um breytingarnar að segja.

Í fyrsta sinn um árabil ákveður ríkisstjórn að rjúfa það þríhliða samstarf sem ríkt hefur milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisvalds með einhliða lagasetningu sem er því og atvinnurekendum þóknanleg.

Hæstv. forseti. Árið 1992 lýsti þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, því yfir fyrir hönd þáverandi ríkisstjórnar í bréfi til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að ríkisstjórnin hefði „ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin 50 ár." Þetta bréf var dómsgagn í máli sem rekið var fyrir Mannréttindadómstóli Evrópuráðsins gegn íslenska ríkinu og er yfirlýsing til aðila sem vildu kanna hvort íslenska ríkið væri brotlegt við mannréttindasáttmála Evrópu. Við hljótum að líta svo á að slík yfirlýsing hafi mikið gildi þegar horft er á stöðu verkalýðshreyfingarinnar og samskipti á vinnumarkaði. Ný ríkisstjórn getur ekki breytt um stefnu nema innan ramma laga og alþjóðasáttmála. Því hljóta ríkar ástæður að þurfa að liggja til grundvallar breytingum á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Hvaða ástæður ógna öryggi almennings eða ríkis? Þarf að koma í veg fyrir óspektir og glæpi? Þarf að vernda heilbrigði og siðgæði landsmanna eða vernda frelsi og réttindi annarra? Þetta eru þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar þannig að heimilt sé að takmarka félagafrelsi og þau eru alls ekki fyrir hendi í dag. Hér er ríkisstjórnin einfaldlega komin á ystu nöf. Hún ætlar sér að setja lög sem ótvírætt fela í sér afskipti af innri málum og innra skipulagi verkalýðshreyfingarinnar. Ekki er hægt að skoða þetta mál öðruvísi en með því að tengja það við aðgerðir núverandi ríkisstjórnar gegn opinberum starfsmönnum, einkavæðingu ríkisfyrirtækja með tilheyrandi réttindaskerðingu starfsmanna, skertum áhrifum framhaldsskólakennara o.s.frv. sem allt ber með sér það hugarfar og hugmyndafræði valdsins sem við höfnum.

Samskipti stéttarfélaga og viðsemjenda þeirra eiga að ráðast í frjálsum samningum og án óþarfrar íhlutunar stjórnvalds. Þar er samráð og samvinna, ásamt virðingu við réttindi og skyldur aðila, besta leiðin til að tryggja frið, bætt kjör og betri rekstur jafnt almennra fyrirtækja sem ríkisstofnana.

Minni hlutinn hafnar þeirri leið sem farin er í þessu frumvarpi og ítrekar að hér er um brot að ræða á þeim heföum sem ríkt hafa á íslenskum vinnumarkaði jafnframt því sem verið er að brjóta alþjóðasamþykktir um félagafrelsi sem Íslendingar eru aðilar að. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. rita ásamt mér þær Bryndís Hlöðversdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir en Ágúst Einarsson sat fundi

nefndarinnar að hluta til og Svanfríður Jónasdóttir einnig að hluta meðan málið var til meðferðar og eru þau samþykk áliti þessu.

Þar með lýkur þessu nál., hæstv. forseti, en við þetta er nokkru að bæta í ljósi þeirrar framsögu sem fór áðan fram. Það verður ekki hjá því komist að víkja aðeins að þessari umræðu um samráð. Eins og ég nefndi áðan er afar sérkennilegt hve illa aðilum þessa máls ber saman um þróun mála en að það sé hægt að segja að þetta frv. sé flutt eftir samráð við Alþýðusambandið er algjörlega út í hött. Það var sett í gang vinna sem leiddi til þess að tekin var saman skýrsla þar sem sagt var frá umræðum og ýmsu því sem til umræðu var, ýmsum hugmyndum sem þar voru á ferð. Síðan verður þróun mála ekki skilin á annan veg en að farið var að semja frv. upp úr þessum drögum án þess að menn væru búnir að komast að samkomulagi um einstök atriði. Og þegar það frv. var lagt fram ætlaði hreinlega allt um koll að keyra innan Alþýðusambandsins. Þegar menn sáu útfærslu félmrn. á ýmsum hugmyndum sem höfðu verið til umræðu voru þær með þeim hætti að það varð alls ekki á þær fallist. Þetta er niðurstaða málsins. Um þessi mál var ekkert samkomulag og það er grundvallaratriði í þessu máli öllu að ætli menn að bæta samskipti á vinnumarkaði verða menn að komast að samkomulagi og ná saman um þær breytingar sem menn vilja gera. Það er spurning út af fyrir sig hvort yfir höfuð sé þörf á einhverjum lögum um samskipti á vinnumarkaði, hvort ekki eigi einfaldlega að kveða á um þær reglur í samningum. Hugsanlega er eðlilegt að í gildi sé lagarammi sem nær utan um vinnumarkaðinn allan til þess einmitt að tryggja réttindi. Það hefur verið lögð áhersla á það að að tryggja t.d. félagafrelsi í lögum, að tryggja verkfallsrétt í lögum. Eins og ég tel að rækilega komi fram í nál. okkar er það svo að réttindi stéttarfélaga eru tryggð alveg sérstaklega. Eins og ég rakti og kom fram í ýmsum alþjóðasamþykktum er vísað til þess að það beri að hafa samráð og að ná samkomulagi um þær lagabreytingar sem gerðar eru. Því er það niðurstaða okkar að þessi einhliða lagasetning og þessi einhliða árás á réttindi stéttarfélaganna standist ekki þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Þar erum við einfaldlega ósammála Lagastofnun háskólans og lögfræðingum hennar. Ég gæti tíundað hér og eflaust verður það gert í þessari umræðu að fara rækilega ofan í röksemdir annarra lögmanna. En samkvæmt því sem ég las upp úr samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmálans skil ég einfaldlega ekki hvernig Lagastofnun háskólans kemst að sinni niðurstöðu. Mér finnst þeir teygja sig til hins ýtrasta og þeir eru ekki að túlka regluna vafanum í vil, þ.e. vafanum eða stéttarfélögunum í vil, heldur ríkisvaldinu. Þessi lög og reyndar önnur lög sem sett eru eiga auðvitað fyrst og fremst að taka mið af rétti og réttindum einstaklinganna en ekki hagsmunum ríkisvaldsins. Hér er því um afar sérkennilegan skilning að ræða.

Það kom fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að með þessu frv. væri stefnt að samtímalausn kjarasamninga. Ég vísa aftur til þess að það var sagt á síðasta fundi félmn. um þetta mál að tilgangurinn með þessu væri að gera samningaviðræður skilvirkari eins og það heitir. Ég get ekki séð að það sé neitt í þessu frv. sem ýtir undir samtímalausn kjarasamninga eða að kjarasamningar og umræða um þá verði gerð skilvirkari vegna þess í fyrsta lagi hvernig málið er vaxið og vegna þess að hugmyndirnar um samflot eru þotnar út í veður og vind. Ég ítreka þá spurningu sem einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar kom fram með þegar hann spurði um þessar viðræðuáætlanir sem einmitt áttu að reyna að stilla þessa kjarasamninga saman. Um hvað eiga menn að tala? Um hvað á að tala í þessum viðræðuáætlunum? Ef menn ætla sér að stilla saman kjarasamninga er þá ætlast til þess að fyrst geri Sjómannasambandið sína viðræðuáætlun, svo Alþýðusambandið, síðan Farmanna- og fiskimannasambandið og jafnvel hvert einasta stéttarfélag innan Alþýðusambandsins? Hvernig ætla menn að stuðla að einhverri samtímalausn með þessu? Þetta gekk meðan hugsunin var sú að samningaumræður væru leiddar af ASÍ og VSÍ. Þessi *minni sambönd* segja auðvitað: Það er Alþýðusambandið sem mótar för og meðan Alþýðusambandið er í viðræðum og er að vinna að kjarasamningum sitja auðvitað hinir og bíða. En þeir eiga samt að vera búnir að gera viðræðuáætlun. Tíu vikum áður en samningar renna út eiga menn að vera komnir með viðræðuáætlun. Og um hvað á að tala? Menn geta auðvitað spjallað saman lengi en hafa menn áttað sig á því hvílík gífurleg vinna felst í þessu? Þessi ágæta hugmynd sem hefði gengið vel upp og gengi auðvitað vel upp ef samningar væru jafnmiðstýrðir og hæstv. félmrh. og fleiri vilja. Þá gengi þetta vel upp en svona gengur þetta einfaldlega ekki upp.

Þar kem ég að atriði sem er mitt sérstaka áhugamál í þessu og það varðar hugmyndirnar um vinnumarkaðinn og hvaða stefna skuli vera þar uppi. Það kemur fram í nál. okkar að einkum er um tvö ríkjandi módel að ræða á vinnumarkaði, þ.e. norræna módelið og nýsjálenska módelið. Reyndar eru ýmis afbrigði af því en norræna módelið er að breytast. Það er að breytast. Menn segja að á meðan allt lék í lyndi t.d. í Svíþjóð, meðan þar var uppgangur, gekk þetta vel. Þá gekk mjög vel að samræma samninga. En með þeim breytingum sem nú hafa orðið bæði ýmsum efnahagserfiðleikum, atvinnuleysi og ekki síst það að Svíar eru komnir inn í Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið virkar, eru aðstæður á vinnumarkaði orðnar allt aðrar. Menn eru komnir í allt annað umhverfi og þar er í raun stefnt að því sem Alþýðusambandið talar um en Vinnuveitendasambandið má ekki heyra minnst á og ekki Vinnumálasambandið heldur, þ.e. vinnustaðarsamningum og samningum innan atvinnugreinar eða starfsgreinar. Þetta er sú stefna sem Alþýðusambandið vill fara og þetta er einmitt í takt við þá þróun sem nú á sér stað úti í Evrópu. En ég sé ekki að þessi löggjöf verði á nokkurn hátt til þess að auka sveigjanleika. Ég held að þetta verði eitt allsherjarkaos.

Það kom einnig fram í framsöguræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að menn hefðu verið sammála um að hrófla ekki við ríkjandi venjum í samskiptum á vinnumarkaði. Ég veit ekki betur en með þessu frv. sé verið að kollvarpa þeim venjum. Það er einfaldlega verið að kollvarpa þeim og raska því samskiptaformi sem hér hefur verið ríkjandi. Það er alveg ljóst að Alþýðusambandið hefur lýst því yfir að það muni nánast hvert einstasta stéttarfélag fara fram á viðræðuáætlun. Þeir hafa lýst því yfir að þeir muni jafnvel skipta verkalýðsfélögunum upp í deildir og fara að semja hvert um sig til þess að svara þessu mikla valdi samninganefndanna. Þeir munu setja margar samninganefndir á laggirnar til þess að svara þessum breytingum. Fullyrðingar um að það sé ekki verið að hrófla við venjum eru því algjörlega út í hött.

Menn spyrja sig að því hvort það megi einfaldlega ekki hreyfa þessi lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Þótt menn séu nokkuð sammála um að ramminn hafi reynst vel, hann

hafi dugað og í raun hafi menn verið að þróa samskiptareglur í framhaldi af lögunum og út fyrir lögin, þá er ýmislegt í þessum lögum sem þarf að breyta og má breyta. Ekki síst þarf að styrkja stöðu stéttarfélaganna. Það þarf að taka á ákvæðum um trúnaðarmenn og ýmislegt fleira en lög af þessu tagi eiga auðvitað fyrst og fremst að vera rammi.

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu en ég get ekki látið hjá líða að víkja hér aðeins að þeirri skoðanakönnun sem hæstv. félmrh. lét gera fyrir sig til að átta sig á afstöðu þjóðarinnar til þessa merkilega máls. Auðvitað fékk hann þá niðurstöðu að menn væru fremur óánægðir með kjarasamninga og vildu auka lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar. Hver vill það ekki? Hver vill ekki auka lýðræði og áhrif félagsmanna? Sjá aukna virkni í verkalýðshreyfingunni eða hvaða stéttarfélögum sem er? Þó það nú væri. En það kemur þessu máli ekkert við vegna þess að stéttarfélögin í landinu eru varin af stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum og réttur ríkisvaldsins til þess að grípa þar inn í er mjög takmarkaður. Þess vegna kemur það í raun málinu ekkert við hvort almenningur úti í bæ er ánægður með frv. eða ekki. Þetta frv. bara stenst ekki. Það stenst ekki þá alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að eins og Lagastofnun háskólans kvað upp úr með. Aðrir lögmenn telja reyndar líka að frv. brjóti í bága við alþjóðasamninga í miklu fleiri atriðum. Þetta er mál af því tagi sem hefði auðvitað þurft að taka til mun nánari skoðunar þrátt fyrir mjög ítarlega vinnu í nefndinni. Ég get sagt hæstv. félmrh. að ég vildi auka lýðræði í íþróttahreyfingunni, ég vildi auka áhrif kvenna í íþróttahreyfingunni og breyta því þar hvernig peningunum er skipt milli karla og kvenna. Eigum við ekki bara að koma með frv. um það? Eigum við ekki að koma með frv. og gjörbreyta skipulagi íþróttahreyfingarinnar? Íþróttahreyfingin er ekki varin af stjórnarskránni, ekki á sama hátt og stéttarfélögin þótt auðvitað ætti að gilda um hana ákveðið félagafrelsi. Það er bara ekki málið. Ef ég, sem hér stend, vil gera breytingar á íþróttahreyfingunni á ég auðvitað að ganga í hana og reyna að beita mér þar. Það er hinn eðlilegi gangur mála og ef fólk vill auka lýðræðið í verkalýðshreyfingunni væri það afskaplega gott ef meðlimir í stéttarfélögum færu að mæta á fundi og beita sér. Það væri hið besta mál.

En þetta hangir þannig saman, hæstv. forseti, að verkalýðsfélögin eru einfaldlega varin af lögum. Hér erum við að fjalla um innri málefni þeirra og það verður aldrei nógsamlega undirstrikað að þau vinnubrögð sem hér hafa verið höfð í frammi eru á þann veg að þau kunna ekki góðri lukku að stýra. Væntanlegt þing Alþýðusambandsins verður að vísu haldið í Kópavogi þótt hér í nál. segi að fulltrúar séu að streyma til borgarinnar. Þeir munu væntanlega allir gista í borginni en fundurinn verður í Kópavogi. Það er búið að auglýsa hann rækilega í Digranesi. (**Gripið fram í:** Annað kemur fram í minni hluta álitinu.) Þeir streyma til borgarinnar í dag. Eins og ég segi munu þeir væntanlega gista hér í borginni en fundurinn, þingið, verður haldið haldið í Kópavogi. Það kemur svo sem ekki þessu máli við en í fréttum af undirbúningi þessa þings kemur fram að það eru bullandi umræður innan Alþýðusambandsins um skipulagsmál, um það hvar valdið skuli liggja, hvernig eigi að velja stjórnir o.s.frv. Það er bullandi umræða og þar á hún að fara fram. Hún á að fara fram innan BSRB og innan BHM. Hvert félag og hvert samband á að ráða því hvernig það skipuleggur sitt starf, hvernig það tekur sínar lýðræðislegu ákvarðanir. Það er félagafrelsi og þetta félagafrelsi er varið, eins og ég hef svo margoft sagt.

Því vil ég að lokum segja það, hæstv. forseti, að enn er tækifæri til að stöðva göngu þessa frv. Það er alveg ljóst að það er flutt í óþökk stéttarfélaganna í landinu. Vinnuveitendasamtökin tvö, sem eru aðaltalsmenn atvinnurekenda í landinu, eru hins vegar afar ánægð með þetta mál og það segir auðvitað sína sögu. Ég hlýt að spyrja: Trúir hæstv. félmrh. því enn að hann sé að gera rétt með því að knýja þetta mál áfram? Hvað segir hann um afleiðingar málsins, um afleiðingar þess ef þetta frv. verður samþykkt? Það er alveg ljóst að hér er verið að setja vinnumarkaðinn allan í uppnám. Ríkisstjórnin og þjóðfélagið allt á eftir að súpa seyðið af þessum vitlausa hrærigraut sem felur ekki lengur í sér neina stefnu eða nein markmið vegna þess hvernig búið er að hringla og hræra í þessu öllu saman og þeirrar furðulegu þrjósku að geta ekki viðurkennt að þetta mál er allt þannig vaxið að það á einfaldlega ekki rétt á sér hér í sölum Alþingis. Þess vegna á að draga frv. til baka.

[16:01]

Útbýting þingskjals:

Vegáætlun 1995–1998, 295. mál, brtt. SvG o.fl., þskj. 995.

[16:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka félmn. og sérstaklega þá meiri hlutanum fyrir góða vinnu. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka formanni nefndarinnar alveg sérstaklega fyrir vönduð vinnubrögð sem hún hefur viðhaft í þessu máli. Eins og hv. þingmenn hafa heyrt er hún mjög andvíg málinu og ég er svo sem ekkert að þakka henni fyrir þá ræðu sem hún var að flytja áðan, en á sínum tíma þegar breyting var gerð á þingsköpum og þinghefðum sem hér hafa viðgengist lengi, þá átti ég töluvert mikinn þátt í þessum breytingum m.a. vegna þess að þá var ég formaður þingflokks framsóknarmanna.

Það var baráttumál mitt að stjórnarandstaða fengi tækifæri til þess að stýra einhverjum af nefndum þingsins. Þetta vakti í fyrstu verulega hörð viðbrögð hjá stjórnarflokkum eða hjá sumum aðilum í stjórnarflokkum og einstökum ráðherrum sem töldu að með þessu væri verið að skerða áhrifavald stjórnarmeirihluta og hugsanlega koma í veg fyrir það að meirihlutavilji Alþingis kæmi fram. Það var veruleg andstaða við þetta. Það var talað um að frv. yrðu tafin og fæti brugðið fyrir meirihlutaviljann en ég tel að hér einmitt höfum við ágætt dæmi um það að þetta hefur verið afsannað. Ég vona að aðrir formenn nefnda úr stjórnarandstöðunni og í framtíðinni taki þessi vinnubrögð sér til fyrirmyndar. Mér virðist hv. formaður félmn., Kristín Ástgeirsdóttir, hafa unnið samviskusamlega að þessu máli þó að hún sé á móti því. Það hefur fengið vandlega afgreiðslu, vandlega umfjöllun og eðlilega afgreiðslu undir stjórn þessa hv. formanns. Og eins og skáldið sagði: „Ég hef ekkert upp á hann að klaga."

Frv. hefur tekið talsverðum breytingum í meðförum félmn. og í framsögu minni benti ég á atriði sem ég taldi að vel gæti komið til með að þurfa að breyta eða að eðlilegt væri að breyta. Það eru mörg álitamál í svona löggjöf og það hefur verið reynt eftir því sem mögulegt hefur verið að koma til móts við gagnrýni, efnislega gagnrýni sérstaklega frá launamönnum eða fulltrúum launamanna. Það hefur að vísu verið einskis metið opinberlega og verkalýðshreyfingin hefur haldið sig formlega við þessa hina nýju línu frá því

í janúar að ekki megi breyta lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þeir hafa þó ekki krafist þess enn að þrælalögin frá 1938 verði afnumin. Það var aðeins að mér fannst að síðasti hv. ræðumaður væri að ýja að því að kannski væri rétt að afnema þau líka því þetta ætti allt að vera samningsatriði og það hefði út af fyrir sig verið rökrétt miðað við málflutninginn hjá mörgu af þessu fólki. En ég er ekki sammála þeim málflutningi. Ég tel nefnilega að kjarasamningar og samskipti á vinnumarkaði séu ekkert einkamál launamanna og atvinnurekenda. Þetta eru málefni sem varða þjóðfélagið allt og almannaheill bókstaflega krefst þess að um þessi samskipti séu lögfestar reglur. Samningar eru góðir svo langt sem þeir ná en þeir binda ekki nema þá sem eru aðilar að samningnum og nóg um það. Þar af leiðandi tel ég að það sé óhjákvæmilegt að hafa lög um þessi atriði eða rammalöggjöf og það sé eðlilegt og þær breytingar sem hér eru lagðar til séu allar til bóta á þeim lögum sem nú eru í gildi.

Þróun kjaramála undanfarin ár er svo sem ekkert sérstaklega fagur vitnisburður um gildandi starfshætti. Það má vafalaust gagnrýna ríkið með réttu. En kjaramál hafa ekki þróast með nógu heppilegum hætti að mínum dómi. Launamunur hefur farið sívaxandi og ég held að við þurfum ekki að deila um það að lægstu laun í landinu séu verulega lægri en þau þyrftu að vera. Þó hefur fólk orðið að búa við gildandi reglur sem nú má ekki breyta.

Frv. tekur fyrst og fremst á kannski fimm atriðum sem eru nýmæli.

Í fyrsta lagi fá vinnustaðarsamningar stoð í lögum. Vinnustaðarsamningar hafa verið gerðir en þeir hafa ekki haft neina stoð í lögum. (**Gripið fram í:** Af hverju þurfa þeir stoð í lögum?) Ég tel að það sé heppilegt að þeir hafi stoð í lögum og ég tel eðlilegt að greidd séu um þá atkvæði úr einum potti, þ.e. starfsfólkið á vinnustaðnum greiði atkvæði og þau séu talin í sameiningu. Ég vitna til hremminga sem urðu varðandi vinnustaðarsamning hjá Slippstöðinni Odda síðasta vetur.

Eftir því sem ég best veit mun þing ASÍ í næstu viku leggja sérstaka áherslu á gildi vinnustaðarsamninga sem heppilegs tækis til að fá fram kjarabætur. Vinnustaðarsamningar eiga ekki að geta neytt launamenn í því formi sem þeir eru settir fram. Hitt er annað mál og ég tók mark á þeirri gagnrýni sem kom fram frá ASÍ, að vinnustaðarfélög gætu orðið til þess að koma meira losi á verkalýðshreyfinguna og fjölga verkalýðsfélögum og stéttarfélögum óhóflega og þess vegna var bakkað með það atriði sem reyndar margir hv. þm. voru mjög hrifnir af.

Varðandi viðræðuáætlun eru í sjálfu sér allir jákvæðir fyrir því að tíminn sé notaður til að undirbúa nýja kjarasamninga áður en samningar eru lausir og á þessu hefur verið mikill misbrestur. Það nægir að nefna sjómannadeiluna þar sem samningar voru lausir í 10 mánuði áður en sjómenn gátu dregið viðsemjendur að viðræðuborði. Í upphaflegum drögum var gert ráð fyrir því eins og hv. síðasti ræðumaður kom rækilega inn á að heildarsamtök verkalýðsins mótuðu viðræðuáætlun fyrir sitt leyti. Þessu hefur verið breytt og það var vegna þess að það vakti mjög hörð viðbrögð landssambandanna sem ekki vildu fela ASÍ umboð. Ég verð að játa það, herra forseti, að ég sé eftir upphaflegum hugmyndum með nokkrum trega vegna þess að ég tel að það sé mjög brýnt að styrkja ASÍ og að það komi fram og sé í öflugu og trúverðugu fyrirsvari fyrir launamenn í landinu. Þetta ákvæði er búið að taka þessum breytingum. Viðræðuáætlun getur ekki neytt launamenn. Menn hafa verið að ímynda sér og fara með furðuleg dæmi um það hvað viðræðuáætlanir gætu orðið margar. Auðvitað verða viðræðuáætlanir ekki nema örfáar þó að mörg félög standi að þeim. Væntanlega mótast viðræðuáætlun sem mörg félög verða aðilar að.

Það eru lagðar auknar skyldur á ríkissáttasemjara áður en hann leggur fram miðlunartillögu. Ekki getur það meitt launamenn þótt ríkissáttasemjari reyni til þrautar að koma á frjálsum samningum áður en hann leggur fram miðlunartillögu. Miðlunartillaga er þrautaráð en það er þó betra en lagasetning sem því miður hefur verið gripið til 12 sinnum á undanförnum 12 árum hér á landi. Ég tel að það sé óheppilegt að Alþingi sé að grípa inn í kjaradeilur með lagasetningu. Þó hef ég átt þátt í því sjálfsagt í 10 skipti af þessum 12 eða ég geri ráð fyrir því. Ég tala ekki um að grípa inn í kjaradeilur með bráðabirgðalögum sem er náttúrlega ómögulega aðferð. (**ÖJ:** Er bara um þessa tvo valkosti að ræða?) Valkosturinn númer eitt er að sjálfsögðu frjálsir kjarasamningar og ég er að reyna að segja að það á ekki að grípa til miðlunartillögu nema sem þrautalendingar. En hún er þó skárri en að fara í lagasetningu. Að sjálfsögðu ber ævinlega að stefna að frjálsum kjarasamningum en miðlunartillaga getur verið þrautalending ef eðlilegir kjarasamningar nást ekki og það er þó skárri lending en lagasetning.

Varðandi tengiregluna varðandi afgreiðslu miðlunartillögu, þá er hún óbreytt frá lögunum frá 1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Ekki getur það meitt launamenn.

Þá er, herra forseti, komið að rétti almennra félagsmanna til að hafa bein áhrif á meginákvarðanir um kjaramál: Verkfallsákvörðun, verkbanni, samþykkt kjarasamninga og afgreiðslu miðlunartillögu bæði meðal atvinnurekenda og launamanna. Það er rétt að leggja áherslu á að gagnkvæmni ríkir og hliðstæðar skyldur eru lagðar á atvinnurekendur og launamenn í þessu efni. Breytingin er út af fyrir sig miklu meiri hjá atvinnurekendum en hjá launamönnum því að hingað til hafa 21 fulltrúi hjá Vinnuveitendasambandi Íslands afgreitt meginákvarðanir um kjaramál, en nú eiga 2.600 ef ég man rétt, rétt á því að blanda sér í þessa afgreiðslu. En óneitanlega er umboð stjórnar og trúnaðarmannaráðs nokkuð skert og það er e.t.v. skýringin á mjög harðri andstöðu sumra forustumanna verkalýðsfélaga. Vald stjórnar og trúnaðarmanna er ofurlítið skert og fært til almennra félagsmanna, eða hluti af því. Ég tel þetta vera í lýðræðisátt. Lagastofnun telur það reyndar líka. Og ég vænti þess að svona tveir þriðju þjóðarinnar líti sömu augum á málið.

Ég held að það sé rétt að staldra við í þessu tilefni og athuga hvernig stjórnir og trúnaðarmannaráð í stéttarfélögunum, a.m.k. allmörgum eða jafnvel flestum eru valin. Einfaldur meiri hluti ræður öllum fulltrúunum. Minni hlutinn hefur enga fulltrúa í stjórn eða trúnaðarmannaráði. Listi stjórnar og trúnaðarmannaráðs í félaginu fær meiri hluta atkvæða sem fer með stjórnina og skipar trúnaðarmannaráðin. Ég minni á harðar kosningar í Dagsbrún sem fóru fram í vetur. Listi stjórnar og trúnaðarmannaráðs hlaut eftir því sem ég veit best alla fulltrúana. Þó kom í ljós að þarna var ótrúlega stór minni hluti en hann hefur engin völd í því virðulega félagi. Ég tel að þetta sé óeðlilegt fyrirkomulag og það er ekki í takt við þau vinnubrögð eða þann hugsanagang sem við alþingismenn höfum tamið okkur. (**Gripið fram í:** Fulltrúalýðræði?) Þetta er ekki fulltrúalýðræði. Þetta er nefnilega ekki fulltrúalýðræði, hvað þá að almenningur hafi nokkur áhrif og jafnvel þó að 49,9% séu andvíg stjórn og trúnaðarmannaráði hafa þau enga tryggingu fyrir neinum

rétti. Það er hægt að valta alveg gersamlega yfir 49,9% í verkalýðsfélagi. (Gripið fram í.) Já, það er rétt að þetta er ekki svona í öllum félögum en þetta er til í allmörgum af stóru félögunum og reyndar í litlum félögum líka. Þess vegna sé ég ekki að stjórnir og trúnaðarmannaráð séu endilega sá aðili sem sjálfkjörinn sé til að vera eingöngu með ákvörðunarvaldið. Auðvitað hefur stjórn og trúnaðarmannaráð eðli málsins samkvæmt alltaf mikil áhrif. Þetta eru aðalatriðin í frv. og þau standa. Ég þakka meiri hlutanum fyrir þær breytingartillögur sem hann hefur gert. Ég er prýðilega ánægður með frv. og ég tel að það hafi batnað í meðförum félmn.

Lagastofnun hefur orðið fyrir gagnrýni. Félmn. ákvað að vísa málinu til Lagastofnunar og það var Lagastofnun eftir því sem ég veit best sem valdi menn til að vinna þetta verk í umboði sínu og það er gert á ábyrgð Lagastofnunar. (Gripið fram í.) — Það var ekki ég sem vísaði málinu til Lagastofnunar heldur gerði hv. félmn. það. Niðurstaða Lagastofnunar varð náttúrlega sú að þær fullyrðingar sem hér höfðu verið settar fram voru að hér um bil öllu leyti bornar til baka. Það var bent á ákvæði í gildandi lögum sem Lagastofnun taldi orka tvímælis, t.d. um skipan Félagsdóms og mörk stéttarfélaga en það er ekki tekið á því í þessu frv. Varðandi skipan Félagsdóms tel ég að við eigum ekki að róta við skipan hans nema við endilega þurfum. Ég tel að það sé heppilegt, öndvert við það sem Lagastofnun telur, að aðilar vinnumarkaðarins geti komið þar sínum sjónarmiðum á framfæri.

Á síðasta kjörtímabili, herra forseti, flutti ég í tvígang frv. um lagaráð Alþingis. Það var hugmyndin að koma upp nefnd þriggja tilnefndra lögfræðinga sem hefði ekki dómsvald heldur gæti fellt úrskurði eða sent frá sér álitsgerðir um mál sem þingmenn teldu annaðhvort geta varðað stjórnarskrá, lagasamræmingu og álitamál sem upp koma og hljóta sífellt að koma upp í daglegu starfi á Alþingi. Því miður náði frv. ekki fram að ganga en ég tel að það hefði verið mjög gott að hafa það í tilviki eins og þessu. Ég vænti þess að í framtíðinni beri Alþingi gæfu til að koma upp svona lagaráði. Menn hafa verið að halda því fram að þetta frv. sé skraddarasaumað handa VSÍ. En það er sannarlega ekki tilfellið. VSÍ hefur gagnrýnt mörg ákvæði í frv. og viðbrögð þeirra við málinu hafa hins vegar verið hófsamlegri en sumra forustumanna verkalýðshreyfingarinnar. VSÍ vildi t.d. endilega að kveðið væri á í frv. um rétt manna til þess að standa utan stéttarfélaganna. Ég tók það ekki í mál. Það er ekkert í lögum sem skyldar menn til þess að vera aðilar að stéttarfélagi. Í stjórnarskrá okkar eins og hún er nú er tryggður réttur manna til þess að standa utan stéttarfélaga. Það er einungis á einum stað sem ég veit um þar sem menn eru skyldaðir að vera í stéttarfélagi og það er meðal lögfræðinga og í undirbúningi er breyting á lögum um lögfræðinga. Ég vænti þess að tekið verði á þessu þar. Alls staðar þar sem svokölluð skylduaðild er viðhöfð er hún samningsatriði á milli VSÍ og launamanna eða milli atvinnurekenda og launamanna og ég tel alveg ástæðulaust að löggjafinn sé að blanda sér í það mál. Það er heimilt samkvæmt stjórnarskrá að vera utan stéttarfélaga. Það er félagafrelsi og ég hefði talið mjög misráðið að taka á því máli í þessari lagasetningu.

Það eru mörg fleiri atriði sem VSÍ hefur gagnrýnt í þessu frv. en ég mun ekki, herra forseti, tefja tímann á því að fara út í það. Ég tel að þrátt fyrir hrakspár sumra forustumanna verkalýðshreyfingar og ýmissa talsmanna hv. stjórnarandstöðu um að þetta sé vont frv. og verið sé að breyta lögunum til einhverra óbóta munu menn komast að því þegar þeir fara að búa við þessi lög að hér sé um framfarir og úrbætur að ræða. Ef reynslan kennir okkur að það sé eitthvað sem betur má fara í þessari lagasetningu sem við ekki komum auga á eða ég ekki kem auga á í dag, þá er tækifæri til að breyta því. Ég vænti þess að það þurfi ekki að líða 58 ár þangað til vinnulöggjöf verður endurskoðuð næst.

Erindi mitt hingað var fyrst og fremst að þakka hv. félmn. og formanni hennar fyrir góð störf og ég vænti þess að hér sé verið að breyta löggjöf til bóta.

[16:25]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður virðist hæstv. ráðherra vera í eins litlum tengslum við veruleikann nú og hann var við 1. umr. málsins og það að hæstv. ráðherra skuli fara fram og hefja sína ræðu á því að frv. hafi milli 1. og 2. umr. tekið þeim breytingum sem það hefur tekið vegna þess að hann hafi tekið tillit til efnislegrar gagnrýni verkalýðshreyfingar er slík öfugmæli að ekki er hægt að sitja þegjandi undir þeim. Auðvitað eru ástæðurnar allt aðrar eins og hér hefur komið rækilega fram bæði af hálfu frsm. meiri hluta og minni hluta nefndarinnar. Það var eingöngu um það að ræða að lögfróðir aðilar sem og alþjóðasamningar sögðu einfaldlega fyrir um það þannig að hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórn hefur þvert á móti í engu komið til móts við ábendingar og athugasemdir af efnislegum toga frá verkalýðshreyfingunni. Þar situr allt við það sama og hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra þar í fararbroddi eru fullkomlega sambandslaus þegar kemur að þeim nauðsynlegu samskiptum sem við erum að fjalla um efnislega.

Það að standa fyrir framan hv. þingmenn í heilan hálftíma og dásama lýðræðið og (**Gripið fram í:** Sjálfan sig.) sjálfan sig, svo ég gleymi því ekki, honum finnist þetta og honum finnist hitt í nafni lýðræðisins, eru enn og aftur slík öfugmæli að það er sárara en tárum taki að hlusta á þetta allt saman þegar menn eru að fjalla um 58 ára gamla löggjöf sem er tætt sundur og saman og er auðvitað ekkert annað en hrein og klár aðför, virðulegi forseti, gegn þessu sama lýðræði þannig að hafi menn endaskipti á hlutunum þá er hæstv. ráðherra alger sérfræðingur á þeim vettvangi.

[16:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég að hv. þm. fari að skæla en hann telur að þetta sé þyngra en tárum taki að hafa mig í ræðustólnum. En ég held að hv. þm. ætti ekki að saka mig sérstaklega um sambandsleysi.

Breytingartillögur þær sem meiri hluti nefndarinnar flytur hafa þróast svona í gegnum tíðina og eftir umræðunni. Ég hreyfði reyndar hugmyndum að sumum þeirra strax í framsögu og það hafði verið tekið tillit til efnislegrar málefnalegrar gagnrýni frá verkalýðshreyfingunni á ákvæði í frv. eins og vinnustaðarfélög og þröskulda sem hvort tveggja breyttist, eins tengireglunni í frv. Öllu þessu var breytt til að koma til móts við efnislega gagnrýni. Hins vegar hef ég ekki ljáð máls á því að draga frv. til baka eins og hefur verið þrástagast á.

Áður en Lagastofnun kom með úrskurð sinn um að tengireglan kynni að vera ekki nógu góð var ég búinn að marglýsa því yfir að það væri velkomið mín vegna að hafa gildandi ákvæði um tengireglu ef Alþingi kysi svo.

[16:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess og vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra haldi áfram í þessum tóninum. Hann minntist þess réttilega að í framsöguræðu fyrir þessu skelfilega frv. hefði hann lofað því að standa ekki fast á tilteknum þáttum þess sem hefur nú komið á daginn. Það hefur skánað vegna þess að það er orðið miklu rýrara í roðinu nú en í upphafi. Ef svo fer fram sem horfir gæti þetta orðið prýðilegt og hæstv. ráðherra gæti skilið eftir plagg sem væri lítið annað en fyrirsögnin þá gætum við sennilega náð um þetta ágætis samkomulagi. Ég hvet því hæstv. ráðherra til dáða í þessa veruna.

[16:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið eftir því að frv. er betra en það var. En meginatriði frv. standa og það eru einmitt þau sem mér er í mun að verði lögfest, meginatriðin varðandi viðræðuáætlunina, auknar skyldur sáttasemjara og vinnustaðarfélögin eru orðin að vinnustaðarsamningum að ósk ASÍ. Síðan fá vinnustaðarfélögin stoð í lögum og síðan er aukið lýðræði bæði meðal atvinnurekenda og launamanna um meginákvarðanir.

[16:31]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki að spyrja að því þegar hæstv. félmrh. fer að tjá sig um þetta ágæta þingmál. Það örlar á misskilningi í öðru hverju orði. Hann er enn að tala um úrskurð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Enn og aftur er talað um úrskurð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Ég má til með enn einu sinni að benda hæstv. ráðherra á að hér er ekki um úrskurð að ræða heldur einungis lauslega álitsgerð tveggja lögfræðinga.

En það var ekki það sem hvatti mig til að fara í andsvar við hæstv. ráðherra heldur fyrst og fremst fullyrðingar hans og alhæfingar um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar sem hreint og beint eru ekki alls kostar réttar, herra forseti. Það er mjög mismunandi skipulag hjá stéttarfélögunum í landinu og ég get nefnt sem dæmi að innan raða ASÍ eru u.þ.b. 200 stéttarfélög ef ég man rétt. Þau hafa mjög mismunandi reglur um sitt skipulag þó að þær byggi flestar á sama grunninum. Hæstv. ráðherra hneykslaðist á því að það þyrfti einungis einfaldan meiri hluta til þess að taka ákvarðanir í verkalýðshreyfingunni. Einfaldur meiri hluti hefur hingað til þótt ágætis lýðræðisleg aðferð í flestum tegundum af félagsskap sem ég þekki til (**KÁ:** Í alþingiskosningum.) Til dæmis í alþingiskosningum, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir bendir á. Mér finnst alger óþarfi að vera að tala um þær aðferðir af þessum óvirðuleika sem hér hefur verið gert, herra forseti, og ekki síður að hæstv. félmrh. skuli láta standa sig að því að fullyrða og alhæfa svona um innri skipulagsmál hreyfingarinnar.

Ég vil líka benda á að félagarnir í stéttarfélögunum hafa ekki sérstaklega, a.m.k. ekki mjög margir, mótmælt því skipulagi sem ríkir í þeirra félögum. Þeir eiga þar aðkomu að félagsfundi til þess að leggja fram breytingartillögur á lögum sínum. Ég vil bara segja það hreint út, herra forseti, að hæstv. ráðherra kemur þetta ekkert við frekar en mér kemur það við hvernig Framsókn fer að því að velja skósveina sína til hinna ýmsu trúnaðarstarfa í flokknum.

[16:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að hafi ég notað orðið „úrskurður" um álitsgerð Lagastofnunar, hefur mér orðið fótaskortur á tungunni. Ég veit mætavel að Lagastofnun er ekki dómstóll eða úrskurðaraðili. Hún var beðin um að gefa félmn. álit og það gerði hún.

Varðandi skipulagsmálin. Nú hef ég ekki nákvæma skrá um hvernig kosningum er háttað eða hverjar kosningavenjur eru í hinum einstöku félögum. Ég er heldur ekki að leggja til að breyta þeim, enda væri það hugsanlega inngrip í innri málefni stéttarfélaganna. Ég hef ekki alhæft nokkurn skapaðan hlut en ég veit að í a.m.k. sumum stéttarfélögum er sá háttur hafður á að stærri hópurinn eða stærsti hópurinn hefur alla stjórnina og alla trúnaðarmennina. Það tel ég ekki heppilegt fyrirkomulag, alls ekki. Ég hygg að ef hv. þm. hugsuðu sig um þætti þeim það ekki bermilegt skipulag á Alþingi ef stærsti flokkurinn ætti t.d. að eiga alla þingmennina og alla ríkisstjórnina. (**Gripið fram í:** Og ráða stefnunni?) Það er eðlilegt að það myndist meiri hluti í fulltrúalýðræði en það er engin ástæða til þess að sterkasti aðilinn hafi öll völd. Ég held að það sé mikið atriði í okkar lýðræðisskipulagi að minni hlutinn hafi líka möguleika til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

[16:35]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er hæstv. ráðherra kominn algerlega í hring með mál sitt. Hann sagði áðan að hann væri einmitt ekki að leggja til íhlutun í innri málefni stéttarfélaga með þessu frv. Það er einmitt verið að gera það með því að kveða á um það hvernig reglur skuli gilda um atkvæðagreiðslur. Og ekki aðeins það heldur gerir hæstv. ráðherra að umtalsefni hvernig það væri ef stærsti flokkurinn á Alþingi ætti að ráða öllu. Það er einmitt það sem er verið að leggja til með þeim tillögum sem voru lagðar fram um atkvæðagreiðslu varðandi miðlunartillögur. Stærsti flokkurinn á að ráða öllu og hann á að ráða stefnunni. Það er einmitt það sem hæstv. ráðherra leggur til.

[16:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta séu hártoganir og þar að auki hef ég ekki farið í neinn hring. Verkalýðsfélögin mega skipa stjórnir sínar og trúnaðarmannaráð eftir þeim reglum sem þau setja sér. Hitt er annað mál að þetta frv. skerðir ofurlítið alræðisvald stjórnar og trúnaðarmanna og almennum félagsmönnum, bæði hvað varðar vinnuveitendur og launamenn, er hleypt að. Þeim er gefið tækifæri til að taka þátt í meginákvörðunum sem varða lífsafkomu þeirra.

[16:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir að flytja ræðu við upphaf þessarar umræðu. Það er meira en sagt verður um ýmsa aðra hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni að menn setji fram sín sjónarmið og reyni að taka þátt í málefnalegri umræðu.

Eitt vil ég gagnrýna í ræðu hæstv. ráðherra og óska eftir því að hann geri nánari grein fyrir. Það er þegar hann ýjar að því að verkalýðshreyfingin hafi lagt blessun sína yfir það frv. sem hér er. Hæstv. ráðherra segir að menn hafi ekki opinberlega fallist á þetta frv. og ekki formlega samþykkt

það. Hið sanna í þessu máli er að hvert einasta verkalýðsfélag á Íslandi og öll heildarsamtök launamanna á Íslandi hafa krafist þess að frv. verði tekið út af borðinu.

Hæstv. ráðherra segir enn fremur í anda Birtings forðum að allt þetta sé til betri vegar. Á sama tíma er öll verkalýðshreyfingin að mótmæla frv. Öll verkalýðshreyfingin er að óska eftir því að það verði tekið út af borðinu og sett inn í annan farveg. Mér finnst hæstv. ráðherra líka kominn út á mjög hálan ís þegar hann vill fara að skipta sér af innra skipulagi verkalýðshreyfingarinnar. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá að engin almannasamtök í landinu eru lýðræðislegri en verkalýðshreyfingin á Íslandi. Hvergi koma eins margir einstaklingar að ákvarðanatöku og einmitt innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er mjög vafasamt, eins og hæstv. ráðherra gerði, að alhæfa um skipulag þar á bæ því að þar gilda mjög mismunandi reglur.

Að lokum vil ég segja þetta: Hæstv. ráðherra hefur sagt í ræðustóli og einnig í fjölmiðlum að verkalýðshreyfingin eigi að snúa sér að því að hækka kaupið og að laun séu of lág og það þurfi að hækka þau. Það þarf tvo til, hæstv. ráðherra, og það vill svo til að hæstv. ráðherra er í aðstöðu til þess að hækka kaupið því að hann ásamt öðrum ráðherrum í hæstv. ríkisstjórn heldur um pyngjuna og stýrir streyminu þaðan út.

[16:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekkert verið að alhæfa í þessari umfjöllun minni og ég hef heldur ekki sagt að verkalýðsfélögin hafi lagt blessun sína yfir frv. eins og það liggur fyrir núna eða þær breytingartillögur sem á því voru gerðar. En ég vek athygli hv. þm. á því að verkalýðsfélögin voru fyrst og fremst að mótmæla upphaflegu frv. og gagnrýndu sum ákvæði þess. Sum sögðu bara: Burt með þetta og létu þar við sitja. Það var reynt að koma til móts við rökstuddar ábendingar, rökstudda gagnrýni á einstaka efnisþætti málsins í nefndarstarfinu og ég vonast til þess að verkalýðshreyfingin sjái ekki í þessu frv. atriði sem meiða hana eða verða henni til tjóns. Ég tel meiri líkur á aukinni launajöfnun. Ég tel meiri líkur á að verkalýðshreyfingin nái vopnum sínum og árangri í kjarasamningum samkvæmt breyttum lögum en reynslan hefur sýnt að hún hefur gert samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru.

[16:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem hæstv. félmrh. á vonandi eftir að koma oftar í ræðustólinn hér eftir mitt tal, óska ég eftir að hann greini okkur frá því hvort eitt einasta verkalýðsfélag í landinu leggi blessun sína yfir frv. eins og það er nú. Ég er sannfærður um að svo er ekki.

Á sama tíma og hæstv. ráðherra talar um leiðir til að ná fram launajöfnuði er verið að samþykkja á þingi ekki einvörðungu þetta frv. heldur frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem sannanlega, og fyrir því hafa verið færð ítarleg rök, mun leiða til aukins ójafnaðar í launakerfinu. Hér stangast því sitthvað á.

[16:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Hitt frv. var rætt fyrir skemmstu í mjög ítarlegum umræðum og ég ætla ekki að fara að vekja þær upp aftur.

Það er rétt að það komi fram að ég hef ekki spurt eitt einasta verkalýðsfélag um það hvort það vilji leggja blessun sína yfir þær breytingartillögur sem nú liggja fyrir. Mér fyndist til of mikils mæls eftir allt sem á undan er gengið að óska eftir því að þau legðu blessun sína yfir það. Ég tel eðlilegt að menn fari í þetta mál af yfirvegun og kynni sér hvernig frv. er útbúið og hvernig þessi lög koma til með að verða. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta er ekki fullkomin lagasetning frekar en önnur lagasetning sem við vinnum að hér og vinnum þó yfirleitt eftir bestu samvisku. (**ÖJ:** Er þetta ekki lagasetning í anda Thatcher?) Þetta er ekkert lagasetning í anda Thatcher. (**ÖJ:** Og aðferðafræði hennar.) Hreint ekki. Það er fjarri lagi. Kannski hefur hv. þm. fundið einhvern thatcherisma í frv. fjmrh. en hann er ekki í þessu.

[16:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er þó ánægjulegt að heyra að hæstv. félmrh. gerir sér grein fyrir því að thatcherismi sé við lýði hjá ríkisstjórninni þó að hann viðurkenni ekki að hann sé við lýði í því frv. sem hann er að leggja fram.

Þegar frv. um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur kom fyrst til umræðu í þinginu var strax bent á ýmsa vankanta á því af hálfu stjórnarandstöðunnar. Þar var bæði um að ræða efnislega vankanta en ekki síður var þunginn í gagnrýninni fólginn í gagnrýni á þær aðferðir sem hæstv. félmrh. hefur beitt við undirbúning frv. Misskilningur um það hvað felst í hugtakinu samráð, skilningsskortur á hlutverki stjórnvalda í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins, skortur á skilningi á hagsmunum launafólks og samtaka þess, hlutdrægni gagnvart aðilum vinnumarkaðarins þar sem taumur annars er dreginn mjög verulega á kostnað hins og svo mætti lengi telja er dæmi um þetta. Gagnrýnin beindist ekki síst að því klaufalega framtaki hæstv. ríkisstjórnar að ætla að þröngva Frónbúum með löggjöf inn í áratuga gamalt skipulag hins danska vinnumarkaðar sem umfram allt hefur byggt á þeirri grundvallarreglu að aðilar vinnumarkaðarins semja sjálfir um samskiptareglur sínar. Grunntónninn í allri aðkomu stjórnvalda að málefnum þeirra er samráð og það á líka við um það þegar verið er að setja löggjöf um málefni þeirra. Á þessu hefur hæstv. ríkisstjórn ekki skilning og hver hæstv. ráðherrann á fætur öðrum hefur í forundran lýst yfir hneykslan sinni á því hversu óforskömmuð íslensk verkalýðshreyfing sé að vilja ekki lúta vilja löggjafans. Hún skuli læra hér og nú hver það er sem ræður á þessum bæ.

En er þetta svona einfalt? Er íslensk verkalýðshreyfing óforskömmuð að vilja ekki lúta lögum sem hinn þungi meiri hluti á hinu háa Alþingi ætlar að láta ganga yfir þjóðina? Það er þess virði að skoða þann þátt örlítið betur, ekki síst fyrir þær sakir að í fljótu bragði er auðvelt að telja fólki trú einmitt um þessa hluti. En þegar betur er að gáð, þá er veruleikinn annar og það vita þeir sem hafa komið nálægt kjarasamningagerð eða þeir sem hafa yfirleitt kynnst því hvernig samskiptum hinna tveggja meginafla á vinnumarkaði er farið, þ.e. atvinnurekenda annars vegar og samtaka launafólks hins vegar. En það er rétt minna á það hér og er sérstök ástæða til þess að gera það og helst svo að hæstv. ráðherrann heyri, að stéttarfélög eru löglega ákveðnir og alþjóðlega viðurkenndir aðilar til að semja fyrir hönd launafólks um kaup þeirra og kjör. Það er kannski kominn tími til þess að hæstv. ráðherrann átti sig á því áður en lengra er haldið. Og það veitir ekki af því að minna á þetta stöðugt vegna þess að

áróður ríkisstjórnarinnar gegn samtökum launafólks hefur verið þvílíkur að undir honum verður ekki setið þegjandi. Það að ætla að auka frelsi einstaklinganna í stéttarfélögunum eins og það heitir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar felur í sér þá staðhæfingu að einstaklingarnir í stéttarfélögunum séu ekki frjálsir. Ríkisstjórnin talaði ekki um að auka lýðræðið í samtökum atvinnurekenda í stefnuyfirlýsingunni, enda er hún ekkert í stríði við samtök atvinnurekenda. Ég verð hins vegar sannfærðari um það með hverjum deginum sem líður hér í þinginu og þessi mál eru til umfjöllunar að það er leynt og ljóst stefna þessarar ríkisstjórnar að segja verkalýðshreyfingunni skýrt og skortinort hverjir það eru sem ráða og henni er ögrað vísvitandi í hverju málinu á fætur öðru.

Allt tal forustumanna þeirra tveggja flokka sem nú sitja við stjórnvölinn um óskir um gott samstarf við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðar í því skyni að tryggja áframhaldandi stöðugleika var því ekkert annað en innantómt skraf fyrir kosningar og lýsir engu öðru en óskammfeilni þeirra sem höfðu þau orð í frammi. Hvað hefur gerst síðan fyrir kosningar, herra forseti, sem breytir þessum skýra vilja forustumanna stjórnarflokkanna? Hvað breyttist frá því að hæstv. forsrh. var fyrir kosningar að lýsa yfir þakklæti til verkalýðshreyfingarinnar og launafólksins í landinu sem hafði fært fórnir í nafni þjóðarsáttar? Hvað hefur breyst frá því að hann lýsti því yfir og þar til atlagan að verkalýðshreyfingunni hófst? Og dylgjurnar og fullyrðingarnar um alla ófrjálsu einstaklingana sem eru bundnir á klafa verkalýðshreyfingarinnar sem ríkisstjórnin ætlar að bjarga úr ánauð. Af hverju heyrðust þessar fullyrðingar ekki fyrir kosningar? Af hverju sýndu menn ekki sitt rétta andlit þá og lofuðu þjóðinni því að þeir mundu svínbeygja verkalýðshreyfinguna og hunsa vilja hennar við fyrsta tækifæri sem byðist? Af hverju höfðu stjórnarflokkarnir það ekki á stefnuskrá sinni að þeir ætluðu að draga taum atvinnurekenda en ekki launafólks í samskiptum aðila vinnumarkaðar á kjörtímabilinu og að þeir ætluðu að sjá til þess með góðu eða illu að hinum efnahagslega stöðugleika sem launafólk hafði hert sultarólina fyrir yrði ekki ógnað með því að borga yrði þeim fyrir viðvikið?

Hæstv. forsrh. kallaði það í hópi aðdáenda sinna á aðalfundi VSÍ að það yrði að koma í veg fyrir þenslu í þjóðfélaginu. Á hæstv. ráðherra kannski við með öðrum orðum að það verði að koma í veg fyrir að verkalýðshreyfingin verði í stakk búin til þess að krefjast þess að fá bita af kökunni ef góðærið gefur eitthvað í aðra hönd? Er hann kannski með þessu að réttlæta það eða gera tilraun til að réttlæta það hvers vegna ríkisstjórnin er tilbúin að sýna samtökum launafólks og launafólki öllu fullkomna vanvirðu og draga taum atvinnurekenda í þessu máli? Svo mikið er alla vega víst að atvinnurekendur kvarta ekki sáran undan stefnu ríkisstjórnarinnar í vinnumarkaðsmálum. Þeir mættu skælbrostandi til aðalfundar samtaka sinna nú nýverið, enda er ekki verið að þröngva upp á þá lögum um þeirra eigin málefni. Þeir lögðu leiftursókn ríkisstjórnarinnar gegn verkalýðshreyfingunni lið með því að upplýsa alþjóð um innihald digurs verkfallssjóðs svona til að minna á það hver á peninga í dag og hver hefur efni á því að fara í langar vinnustöðvanir þegar þar að kemur, enda sýna ársreikningar fyrirtækja að staða fyrirtækjanna batnar sífellt. Það er gott og blessað út af fyrir sig. En á hinn bóginn fjölgar gjaldþrotum heimilanna á meðan. Þeim fjölgar á meðan gjaldþrotum fyrirtækjanna hefur stórlega fækkað. Þannig er vígstaðan á vinnumarkaði nú. Þannig verður vígstaðan á vinnumarkaðnum þegar kjarasamningar losna og ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar geri sér kannski einhverja grein fyrir þessu.

Hæstv. ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um það hvernig hún ætlar að vinna á þessu sviði og hún ætlar enn að skerpa á andstæðunum á komandi árum. En atvinnurekendur gerðu meira á aðalfundi sínum en að gorta af digrum verkfallssjóðum. Þeir samþykktu líka að nýta sér miðstýringuna sem þeir búa við til hins ýtrasta og þeir afsöluðu sér rétti til þess að geta samið um sakaruppgjöf að loknum vinnudeilum, en eins og flestir vita hefur það oft og tíðum verið hluti af samningum aðila í kjölfar vinnudeilna. Nei, nú hafa atvinnurekendur í VSÍ fallist á að ef slíkt kemur upp þá geti þeir vitnað í VSÍ og sagt: „Því miður, þetta leyfir Þórarinn ekki." Með þessu eru þeir að auka enn á miðstýringuna hjá sér og ef maður ber þennan aðalfund og skilaboð hans saman við yfirlýsingar framkvæmdastjóra VSÍ sem hefur verið ötull stuðningsmaður þeirra breytinga sem nú liggja fyrir í þessu frv. og ef maður ber það saman við yfirlýsingar hans um það hvers vegna eigi að breyta lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, þá er þar eitthvað sem ekki passar, herra forseti, því að auk þess sem framkvæmdastjórinn virðist vera á móti gömlum lögum út af fyrir sig og það er reyndar umdeilanlegt hvort hægt sé að kalla það gömul lög sem eru frá 1938, þá er það meginröksemd fyrir breytingunum að það þurfi að greiða fyrir samningsgerð á vinnumarkaði og stytta samningsferlið.

Ég er reyndar sammála framkvæmdastjóra VSÍ um gildi þessa. Það er nauðsynlegt að greiða fyrir samningsgerð á vinnumarkaði og það er nauðsynlegt að stytta samningsferlið. En við erum greinilega ekki sammála um það hvernig þetta skuli gert og ekki heldur sammála um það hvort þetta sé yfirleitt gerlegt og það veltur á mjög mörgum þáttum. Mér er a.m.k. algerlega fyrirmunað að skilja að stríðsyfirlýsingar aðalfundar VSÍ gagnvart samtökum launafólks geti talist líklegar til að greiða fyrir samningsgerð og stytta samningsferlið. Mér er líka fyrirmunað að skilja að löggjöf sem sett er á svo viðkvæmu samningssviði eins og á vinnumarkaðnum, í algerri andstöðu við annan samningsaðilann en svo til samkvæmt pöntun hins, geti nokkurn tíma orðið annað en ólög og mér er algerlega fyrirmunað að skilja að hún sé til þess fallin að greiða fyrir samningsgerð og stytta samningsferlið. Það er nefnilega svo að löggjöf á þessu sviði er um margt gerólík öllum öðrum. Hún krefst annars konar undirbúnings og annars konar aðkomu á allan hátt.

Það hefur reyndar verið farið um þetta mjög mörgum orðum í sölum hins háa Alþingis á undanförnum vikum, en þrátt fyrir allt virðist sem a.m.k. hæstv. félmrh. og reyndar líklega ríkisstjórnin í heild hafi ekki enn þá áttað sig á þessum hlutum, þessum einföldu hlutum sem var bent á strax í upphafi 1. umr. um frv. Ekki síst er sérstakur undirbúningur og sérstök aðkoma að löggjöf á vinnumarkaði einkenni hins norræna módels sem svo er kallað. Við Íslendingar höfum byggt að mestu leyti á því módeli en norræna módelið er á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og víðs vegar margrómað fyrir það hversu vel þar hefur tekist til með þríhliða samskipti og skipulag á vinnumarkaði sem þykir hvað best í heiminum. Þetta vita allir sem hafa kynnt sér starf Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á einhvern hátt og ég tala nú ekki um þá sem hafa sótt þing þeirrar stofnunar ár eftir ár. En sumir sem þekkja þetta vel virðast ekki vilja af því vita.

Íslenskir atvinnurekendur gera sér líklega heldur ekki grein fyrir því að fulltrúar samtaka þeirra eru ekki að tala

í nafni allra atvinnurekenda Evrópu þegar þeir veifa nýsjálensku leiðinni og lofa hana í hverju orði því staðreyndin er sú að þær þjóðir heims sem hafa valið þá leið að keyra yfir verkalýðshreyfinguna við breytingar á vinnumarkaðsreglum njóta langt í frá virðingar á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar heldur þvert á móti skipa þær svolítið sérstakan sess. Ég vil nefna sem dæmi þá Nýsjálendinga og Breta. Og nú virðist sem Íslendingar ætli að fara að skipa sér í þann hóp.

Það er kannski ekki heldur alls kostar rétt að kenna íslenskum atvinnurekendum alfarið um þá stöðu sem komin er upp núna þótt íslenskir atvinnurekendur eigi að sjálfsögðu sinn þátt í öllu saman. Atvinnurekendasamtökin hafa hins vegar hagsmuna að gæta. Þeir eru gæslumenn ákveðinna hagsmuna og þessir hagsmunir fara oft og tíðum ekki saman við hagsmuni launafólks eða við hagsmuni samtaka launafólks. Það er hins vegar hlutverk ríkisstjórnar hverju sinni að gera sitt besta til þess að auðvelda nálgun þessara tveggja öndverðu póla á vinnumarkaði. Það er hennar hlutverk að tryggja að tekið sé tillit til beggja aðila við lagasetningu af því tagi sem hér er til umræðu eða þegar settar eru aðrar reglur um samskipti þessara tveggja aðila. Það er hennar hlutverk að hvetja menn til að ná saman í stað þess að skerpa andstæðurnar á milli þeirra. Í stað þess að ríkisstjórnin skili þessu hlutverki sínu skilmerkilega búum við nú við gífurlega ólgu í gervallri verkalýðshreyfingunni og það er sýnt að þeirri þróun sem þar er hafin verður ekki við snúið nema mikið komi til. Að mínu mati er það aðeins eitt sem verkalýðshreyfingin getur sæst á sem málalok miðað við málflutning hennar í þessu máli og það er að frv. sé dregið til baka og sett í farveg samráðs og samvinnu sem hefði verið meginkrafa allra stéttarfélaganna í landinu og samtaka þeirra.

Verði raunin sú að verkalýðshreyfingin setjist niður við samningaborðið án skilyrða með ríkisstjórn sem aftur og aftur hefur sýnt henni lítilsvirðingu og misnotað samvinnuvilja hennar hvað eftir annað, þá hefur ætlunarverk stjórnarinnar og atvinnurekendasamtakanna tekist, en það virðist vera að veikja verkalýðshreyfinguna, draga úr henni allan mátt svo að hún þvælist ekki fyrir við ráðstöfun á hugsanlegum efnahagsbata.

Ég sagði áðan að löggjöf sem sett er á vinnumarkaði í óþökk annars samningsaðilans væri ólög. Eftir henni er ekki farið og hún er jafnvel verri en engin lög. Ég vil nefna sem dæmi ákvæði núgildandi laga um sáttastörf í vinnudeilum um tengingarheimildir sáttasemjara, en ákvæði þeirrar greinar hefur nú verið tekið upp að nýju í frv. sem hér liggur fyrir. Samkvæmt því ákvæði skal sameiginleg miðlunartillaga sem nær yfir fleiri en einn deiluaðila borin sameiginlega undir atkvæði þeirra og skal sameiginlegt atkvæðamagn ráða úrslitum. Ákvæði þessu hefur mér vitanlega aldrei verið beitt. Ég hef verið að gera sérstaka athugun á því núna upp á síðkastið og mér er sagt að það sé möguleiki að einhvern tíma hafi þessu verið beitt í tengslum við tiltekinn samning vegna svokallaðrar Búrfellsdeilu, en þar hafi það verið gert í sátt aðila. En heimild sáttasemjara eða við skulum segja skylda samkvæmt lagaákvæðinu til að bera svona tillögu sameiginlega undir atkvæði þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ráði úrslitum hefur ekki verið virt í reynd. Samt ætla menn að reyna að setja samskiptareglur á vinnumarkaði núna í óþökk allrar verkalýðshreyfingarinnar í landinu og telja sér trú um að það muni verða henni til farsældar.

Ég vil benda á í þessu samhengi að umrætt ákvæði var til umræðu í félmn. á sínum tíma. Ríkissáttasemjari kom fyrir nefndina og hann var spurður hvers vegna ekki hafi verið farið eftir þessu skýra ákvæði laganna. Hann staðfesti að a.m.k. mætti rekja hluta skýringarinnar til þess að menn hafi ekki verið sáttir um það að beita þessu ákvæði og umhverfið er einfaldlega þannig á vinnumarkaði að það er ekki hægt að setja lög sem menn eru ekki sammála um að fara eftir. Allur árangur kjarasamningaviðræðna byggir á því að það sé vilji þeirra sem semja að koma ákvæðunum í gegn og það sé sátt um málið. Þetta er bara eitt dæmi um að nú á að fara að bæta enn við lagaákvæði í íslenskum lögum sem menn eru ósáttir við og nánast vitað að það verður aldrei farið eftir þeim. Í stað þess að opna augun fyrir því að það þýðir ekki á þessu réttarsviði að setja reglur sem menn vilja ekki fara eftir. Ég er ekki að tala um að menn þurfi beinlínis að samþykkja allar reglur þótt vissulega sé það þannig í öðrum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. En það er lágmarkið að menn séu tiltölulega sáttir við reglurnar, að um þær sé einhver sátt.

Lagasetning sú sem hér er verið að setja í algjörri andstöðu við annan samningsaðilann býður einungis heim hættunni á því að innihald kjaraviðræðna snúist á næstunni og jafnvel til lengri tíma um formreglur en ekki innihald. Og þá er kannski lítið eftir af hinum upphaflegu markmiðum með blessaðri lagasetningunni sem átti að vera það að greiða fyrir samningsgerð.

En hverju spá forustumenn verkalýðshreyfingarinnar um andrúmsloftið í komandi kjarasamningum eftir að ríkisstjórnin verður búin, ef fram fer sem horfir, að gera að lögum frv. sem á að greiða fyrir kjarasamningum, fyrir samningagerð? Ég hef farið yfir stríðsyfirlýsingar sem ég vil kalla svo frá aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands sem hefur sýnt mjög hversu skörp skilin eru að verða á milli þessara tveggja aðila. Ég vil reyndar fullyrða að það sé nokkuð langt síðan svo skörp skil hafi verið þar á milli og það getur varla boðað mikinn samningsvilja í komandi kjarasamningum. En hvað segja forustumenn verkalýðshreyfingarinnar? Hverju spá þeir um andrúmsloftið í komandi kjarasamningum ef frv. verður að lögum? Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vitna hér í viðtöl í nýútkomnu Vikublaði við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar. (**ÖS:** Lestu leiðarann.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur sjálfur lesið leiðarann ef hann hefur áhuga. Ég ætla hins vega að vitna hér, herra forseti, í viðtöl við nokkra forustumenn í verkalýðshreyfingunni um það hverju þeir spá um andrúmsloftið í komandi kjarasamningum. Hér vil ég fyrst grípa niður í viðtal við Hervar Gunnarsson, formann Verkalýðsfélags Akraness og varaforseta Alþýðusambandsins, en hann er spurður um það hvaða sess hann reikni með að vinnulöggjafarmálið eða frv. til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og skyld stjórnvaldsmál hafi á komandi þingi Alþýðusambandsins. Og Hervar segir, með leyfi forseta: „Afstaða okkar er skýr. Við höfum viljað semja um þessi mál við viðsemjendur okkar og við teljum okkur vera fullburðug til þess og minnum í því sambandi á að það var þessi verkalýðshreyfing sem skóp þjóðarsáttina á sínum tíma. Því má ekki gleyma. Hafi hreyfingin þá verið þess megnug að skapa þjóðarsátt þá hlýtur hún að vera þess megnug nú að semja um hvernig eigi að halda á málum milli aðila vinnumarkaðarins." Hervar er síðan spurður um það hvernig hann reikni með því að staða kjaramála verði í lok árs þegar samningar losna. Og hann segir, með leyfi forseta:

„Að því gefnu að frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur nái fram að ganga sé ég fyrir mér að upphaf kjaraviðræðna snúist um allt annað en kjarasamninga, heldur snúist það um það hvernig menn eigi að vinna samkvæmt þessum lögum og deilum þar að lútandi. Ég hef virkilega miklar áhyggjur af því að þetta muni leiða til einhvers sem við kærum okkur ekki um," segir Hervar.

Hér er líka viðtal við Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann Landssambands verslunarmanna, og hún er spurð að því hvaða áhrif hún haldi að frv. ríkisstjórnarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur hafi á þinghaldið á Alþýðusambandsþinginu. Hún segir, með leyfi forseta: „Það hlýtur auðvitað að hafa mjög mikil áhrif. Þetta er mál sem lýtur að grundvallaratriðum fyrir alla verkalýðshreyfinguna og ég er sannfærð um að það verði látið fá forgang fram yfir allt annað á dagskránni." Og síðar segir hún, með leyfi forseta: „Ég er viss um að ef þetta frumvarp yrði að lögum mundi það setja kjaraviðræður í miklu erfiðari stöðu en annars kæmi upp. Ég er viss um að það verði þá miklu harðari deilur á vinnumarkaðnum og ábyggilega miklu meira af verkföllum en við höfum séð í mjög langan tíma. Það er verið að setja þarna af stað maskínu sem er allt önnur en við höfum starfað við og þetta skapar mikla spennu. Kjörin hafa verið afar lök og fólk hefur væntingar um betri tíð með blóm í haga."

Að endingu vil ég vitna í Benedikt Davíðsson, forseta ASÍ, en hann er einnig spurður að því hvort það megi ekki búast við því að frv. ríkisstjórnarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur komi eins og sprenging inn í umræðuna á þinginu. Og hann segir, með leyfi forseta: „Ég tel fyrst og fremst ef þetta frumvarp verður ekki að lögum séu allar líkur til þess að hægt sé að koma að málefnalegri vinnu að gerð kjarasamninga mjög snemma á hausti." — Ég ítreka ef frv. verður ekki að lögum. — „Ég held hins vegar að það sé mikilvægt að gera það. Miðað við stöðuna í dag og horfur fram undan tel ég að það sé staða til að ná verulegum árangri í næstu kjarasamningum í því að bæta kjörin. Ef þetta verður hins vegar að lögum sé ég fyrir mér mikla erfiðleika við að koma á raunverulegum viðræðum um kjara- og efnahagsmálin og mikla annmarka á því að menn fáist til að gera áætlanir langt fram í tímann. Þess vegna tel ég mikilvægast fyrir þjóðfélagið allt að hægt yrði að stöðva þetta mál og aðilar fengju sjálfir að koma að gerð samskiptaáætlana í sumar þannig að samkomulag aðila liggi fyrir um það í haust. Ef menn yrðu sammála mætti lögfesta eitthvað af því. Við höfum oft farið þess á leit við stjórnvöld að einhver hluti þessa umhverfis verði lögfestur með góðu samkomulagi, málið yrði þá frá og hægt að snúa sér að framtíðarlausn efnahagsvandans til lengri tíma."

Það er alveg ljóst af þeim viðtölum sem hér hefur verið gripið niður í við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar að þar kveður við allt annan tón en hjá þeim sem mættu á aðalfund VSÍ fyrir skömmu. En hæstv. félmrh. þverskallast við og vitnar í skoðanakannanir og er sá málflutningur hreinlega til skammar. Að túlka þær tvíræðu spurningar sem spurt var á þann veg að þjóðin hafi lýst yfir stuðingi við frv. ríkisstjórnarinnar er ályktunarfærni sem fáum er gefin. Og undir þetta hefur reyndar hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og frsm. meiri hluta félmn. tekið undir og nú er svo að skilja að búið sé að sækja um leyfi hjá þjóðinni fyrir frv. og innihaldi þess. Sé það einlægur vilji ríkisstjórnarinnar að láta launafólk sjálft ráða um þessi mál eins og hún hefur nú verið að ýja að, ætti hún að hafa jafnvel ákveði þess efnis í frv., eins og einhver nefndi hér í umræðum við 1. umr., að það skuli fara fram atkvæðagreiðsla í öllum stéttarfélögum í landinu um það hvort frv. eigi að taka gildi. Það var einhver sem minntist á það við 1. umr. Mig minnir að það hafi verið hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ef það er einlægur vilji ríkisstjórnarinnar að auka veg einstaklinganna, þessara ófrjálsu einstaklinga í stéttarfélögum, væri það kannski eina leiðin. Og ekki síður, ef þetta væri einlægur vilji ríkisstjórnarinnar, hefði hún átt í samráði við verkalýðshreyfinguna að standa fyrir ítarlegri kynningu á efni frv. þannig að almenningur í landinu ætti þess kost að kynna sér virkilega hvað það þýddi og hvaða þýðingu samþykkt þessa frv. hefði fyrir starfsemi stéttarfélaganna í landinu og þar á meðal fyrir launafólk sjálft. Það væru vinnubrögð sem bragð væri að og meira í anda þess félagslega anda sem hingað til hefur ríkt á vinnumarkaði mestmegnis hér á landi. Það væri eitthvað meira bragð af slíkum vinnubrögðum heldur en innihaldslausum skoðanakönnunum með tvíræðum spurningum sem eru síðan túlkaðar á mjög vafasaman hátt. En Framsfl. virðist hafa fengið ofurtrú á slíkum fyrirbrigðum en það er hins vegar ekki til farsældar að nota svoleiðis skrum þegar verið er að tala um grundvallarmannréttindi eins og við erum að fjalla um í þessu frv.

Ég verð að viðurkenna að ég er farin að þreytast örlítið á því að reyna að koma einhverjum örlitlum skilningi inn í kollinn á hæstv. ríkisstjórn í þessum málum. Þó vil ég nú gera enn eina tilraunina til þess að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn og því ætla ég að fara nokkrum orðum um einkenni hins norræna módels og gildi samráðsins og sáttarinnar á vinnumarkaði ef ske kynni að framganga ríkisstjórnarinnar byggðist kannski að einhverju leyti á misskilningi eins og mér finnst örla fyrir hjá talsmönnum meiri hlutans í þessum málum. Mér finnst alltaf vanta einhvern grundvallarskilning á því hvernig hið norræna módel virkar í raun og veru. Norræna módelið eða norræna líkanið einkennist af nokkrum þáttum. Frumþáttur þess er að samvinna í stað átaka er lögð til grundvallar í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og félagsaðild er almenn að stéttarfélögum. Og það að samvinna í stað átaka sé lögð til grundvallar, er einmitt öfugt við það sem ríkisstjórnin er — ég vil beinlínis segja — að efna til með framlagningu þessa frv. og annarra frv. sem hér hafa verið og hafa verið líkt við thatcheríska tilburði. Lagareglur um lágmarksvernd fyrir einstaka starfsmenn eru fáar samkvæmt norræna líkaninu og þær geta tekið breytingum og gera það mjög oft með almennum kjarasamningum. Samtök launafólks koma að jafnaði fram fyrir einstaklingsins hönd í ágreiningsmálum við atvinnurekendur en þannig njóta í raun og veru starfsmennirnir verndar gegn beinum þrýstingi frá atvinnurekanda í tengslum við réttindaágreining. Þannig er í raun og veru ekki sértaklega litið á það sem eftirsóknarverðan hlut að einstaklingarnir eigi að fá að semja sem mest sjálfir fyrir sína hönd. Það hefur hingað til ekki gefist mjög vel, herra forseti. Verkfallsréttur er frjáls þegar kjarasamningar eru ekki í gildi en friðarskylda er alger eða svo til alger á meðan kjarasamningur gildir. Rammalöggjöf eða aðalkjarasamningar ákvarða samkvæmt norræna módelinu hvernig haga eigi kjarasamningum aðildarsamtaka en kjarasamningar ásamt vinnulöggjöfinni eru grundvallarreglur vinnuréttarins.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að því stefnt að auka áhrif einstaklinganna í stéttarfélögunum eins og ég hef komið inn á hér áður í ræðu minni. En hvað þýðir þessi boðskap-

ur í reynd? Hvað býr að baki hjá frjálshyggjumönnum eða framsóknarmönnum sem flagga einstaklingsfrelsinu gegn stéttarfélögunum? Er það tóm frelsisást og tóm velvild í garð hins vinnandi manns? Því miður segir mér svo hugur að svo sé ekki. Hér býr að baki vísvitandi viðleitni til að veikja stöðu verkalýðshreyfingarinnar og við þeirri atlögu verður hreyfingin og launafólk að bregðast af fullri hörku.

Sá grundvallarmunur, ef við víkjum aftur að norræna módelinu, er á miðevrópskum vinnurétti og norrænum vinnurétti að sá norræni byggir fyrst og fremst á samtökum eða hópum en sá síðarnefndi á einstaklingum. Norræna kerfið hefur þá hugsun að leiðarljósi að samskipti atvinnurekenda og launamanna á einstaklingsgrunni hljóti að fela í sér sterkari stöðu þess fyrrnefnda, þ.e. atvinnurekandans. Reynslan sýnir að í slíkum viðskiptum er launamaðurinn sá veikari og besta trygging hans gegn ofurvaldi atvinnurekandans eru sterk verkalýðssamtök sem verja grundvallarrétt hans. Grundvöllur sterkra samtaka launafólks er almenn félagsaðild að stéttarfélögum. Það er á þessum grunni sem stéttarfélögum er fengið svo mikið vald og mikil ábyrgð líka, herra forseti, sem reyndin er á Norðurlöndum. Það má eiginlega segja að félagsleg réttindi og félagslegar skyldur séu styrkt á kostnað þeirra einstaklingsbundnu að nokkru leyti. Einmitt þess vegna er það að oft stangast á álit ýmissa, t.d. alþjóðastofnana um þessi mál, um mannréttindamál, um annars vegar mannréttindi einstaklinga og hins vegar mannréttindi félagslegs eðlis. Það er vegna þess að þessi tvö sjónarmið koma oft og tíðum hvort úr sinni áttinni. En einhverja millileið verðum við jú að reyna að fara.

Sú skipan sem ríkir á Norðurlöndunum um fyrirkomulag á vinnumarkaði og ég hef verið að lýsa hér og hefur verið kölluð hið norræna módel, er komin til vegna óska launafólks, sem kom þessu fyrirkomulagi á á sínum tíma og um hana hefur ríkt sátt hingað til. Það er nauðsynlegt að skoða hina svokölluðu leiftursókn ríkisstjórnarinnar sem hefur verið nefnd svo í því ljósi sem hér hefur verið lýst og snúast jafnframt til varnar gegn þeirri bábilju að flokkarnir tveir sem nú sitja við stjórnartaumana séu að vinna sérstaklega í þágu launamannsins. Því er alltaf stillt upp þannig að þessir ríkisstjórnarflokkar séu að vinna sérstaklega í þágu launamannsins, að þeir séu að auka lýðræðið í stéttarfélögunum fyrir launafólk. Það er raunar mjög undarlegt að það skuli svo koma í ljós að þeir sem hrópa hvað hæst húrra yfir því eru atvinnurekendur, samtök atvinnurekenda. Það er orðið eitthvað undarlegt hagsmunanet á milli samtaka atvinnurekenda og litla mannsins í stéttarfélögunum. Það hefur komið í ljós í umræðunum um þessi svokölluðu skerðingarfrv. að ríkisstjórnin hefur ekki mjög mikinn skilning á samskiptum á vinnumarkaði og réttindum launafólks og ekki fyrir því hvernig slíkar reglur eigi að vera eða hvernig þær virka í framkvæmd. Ég vil nefna sem dæmi um vanvirðu ríkisstjórnarinnar fyrir samráðinu sem ég hef hingað til viljað kalla misskilning en ég held að það sé ekki lengur hægt að tala um misskilning heldur hreint og beint um ásetning, að það á ekki að fara eftir þeim reglum sem hafa tíðkast á Norðurlöndunum um samráð heldur eigi að búa til einhvers konar platsamráð, einhvers konar málamyndasamráð. En samráðið er einmitt ein af þeim grundvallarreglum sem norræna líkanið byggir á. Samráð ríkisstjórnarinnar felst í því að hafa samtök launafólks með í nefndarstarfi til undirbúnings löggjöfinni en notar hins vegar aðeins það sem hentar í endanlegum tillögum. Slík vinnubrögð eru ekki samráð og þau eru ekki samvinna. Það má frekar segja að hér sé um að ræða álitsumleitan til þessara aðila. Hún uppfyllir, herra forseti, alls ekki skilyrði norræna líkansins um samvinnu aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda og samráð. Það er langt því frá. Hún er ekkert í ætt við það einu sinni. Vilji ríkisstjórnin vinna í þágu launamanna þá ætti hún að virða þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið á norrænum vinnumarkaði í stað þess að hvetja til annarra vinnubragða sem einungis eru til þess fallin að skerpa andstæðurnar á milli aðila vinnumarkaðarins.

Það er rétt að ítreka það eina ferðina enn að lögþvinguninn ein og sér er hættuleg verkalýðshreyfingunni og það er því lykilatriði fyrir verkalýðshreyfinguna og fyrir launafólk að láta hana ekki yfir sig ganga hljóðalaust. Ég tel reyndar að með lögþvinguninni, ef hún fer hér í gegnum þingið, þá sé beinlínis verið að snúa frá norræna líkaninu á vinnumarkaði að vissu marki og þeim grundvallarlögmálum sem þar hafa gilt um samráð, samvinnu og frjálsan samningsrétt aðila vinnumarkaðar. Slíkt spor væri, herra forseti, íslensku launafólki alls ekki til heilla. Það er fjarstæða að halda því fram að það væri því til heilla.

Hvað einstök atriði frv. varðar þá hefur framsögumaður minni hluta félmn. þegar gert grein fyrir áliti okkar, þ.e. fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í félmn., í þeim efnum. Eins og þar var tekið fram þá er því nú svo komið að allt sem orkar til bóta í frv. hefur verið skemmt auk þess sem ýmsar hugmyndir sem lýst var í áfangaskýrslu vinnuhópsins hafa tekið verulegum breytingum síðan þá. Innihaldið er því kannski annað en til stóð, a.m.k. af hálfu einhverra í vinnuhópnum. Nokkrum ákvæðum hefur verið breytt í meðförum félmn. eins og fram kom í framsögu bæði meiri hluta og minni hluta hér áðan og sumt er að ábendingu Lagastofnunar Háskóla Íslands sem hefur greinilega mun meira vægi hjá hæstv. ríkisstjórn en álit okkar færustu sérfræðina á sviði vinnuréttar. Það er svolítið undarlegt. Á þessa sérfræðinga er ekki hlustað og meginástæðan sem er gefin fyrir því er sú að þeir séu of tengdir aðilum vinnumarkaðarins. En ég vil upplýsa það hér að því miður er það svo að í vinnurétti öðlast enginn mikla visku öðruvísi en að sjá reglurnar framkvæmdar í raun, að sjá lagareglurnar og þær reglur sem þar gilda framkvæmdar í raun, auk þess sem túlkun samninga og reglna byggir að miklu leyti á hefðum og venjum. Það er kannski pínulítið öðruvísi en er um mörg önnur svið lögfræðinnar.

Tryggvi Gunnarsson, annar höfundur álits Lagastofnunar Íslands, hafði t.d. fyrirvara á máli sínu er hann ávarpaði félmn. og gerði grein fyrir áliti stofnunarinnar. Hann byrjaði á því að segja að hann hefði áttað sig mjög fljótt á því að það var ekki jafnauðvelt á þessu réttarsviði og á mörgum öðrum að setjast bara niður og lesa sér til eins og venjan er þegar lögfræðingar gera lögfræðiálit. Þá bara ráðast þeir á þær heimildir sem til eru og þær eru yfirleitt mjög aðgengilegar. En það er öðruvísi á sviði vinnuréttarins. Það er ekki aðeins það að lesefnið er af skornum skammti heldur er það einnig svo að réttarsviðið er mjög sérstakt og um það gilda um margt öðruvísi reglur varðandi túlkun. Það er mikið byggt á hefðum og venjum, miklu meira heldur en annars staðar auk þess sem tiltölulega lítið er um íslenskar heimildir og vinnumarkaður í öðrum löndum er kannski ólíkur okkar að mjög mörgu leyti. Þó að byggt sé á sömu grundvallarreglum þá er ekki hægt að færa vísvitandi beint yfir túlkanir frá öðrum löndum. Ég er alls ekki með þessu að gera lítið úr áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands. Ég vil taka undir það sem

kom fram hér áðan í umræðunum að hún er hins vegar enginn Hæstiréttur eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það. Það skýtur að mínu mati mjög skökku við að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki taka meira mark á þeim sérfræðingum sem helst hafa kynnt sér sviðið. Þá er ég bæði að tala um þá sérfræðinga sem hafa starfað hjá ASÍ og VSÍ, hvoru megin borðs sem er eða hjá BSRB, eða þá fjölmörgu, eða alla vega nokkru, þeir eru kannski ekki fjölmargir, sem eru sjálfstætt starfandi lögmenn út í bæ og hafa sérhæft sig sérstaklega á sviði vinnuréttarins. En að þeirra ráðum hefur alls ekki verið farið. Hæstv. félmrh. eða hvort það var hv. framsögumaður meiri hlutans, Siv Friðleifsdóttir, talaði um það áðan að annar þessara manna sem Lagastofnun felur að semja álitsgerðina sé prófessor í vinnurétti og hafi verið það til margra ára. Það er vissulega rétt. Hann hefur góða akademíska þekkingu á því sviði. En án þess að það sé kannski ástæða til að fara mjög ítarlega ofan í það hér þá vitum við það líka að sá hinn sami er mjög þekktur fyrir að vera mjög hlutdrægur á því sviði og fyrir bein afskipti og blaðagreinar af einstökum deilumálum á milli aðila vinnumarkaðarins þar sem hann hefur ekki farið dult með skoðanir sínar á íslenskri verkalýðshreyfingu. Í dagblöðum og víðar hefur hann líkt henni við ótemju sem þurfi að koma böndum yfir. Ekki að það eigi í sjálfu sér að rýra hans álit sem slíkt en af því að hér er verið að segja að aðrir sérfræðingar sem tiltækir eru séu á einhvern veginn háðir eða bundnir öðrum samningsaðilanum, þá vil ég vekja athygli á þessu. Álit Lagastofnunar Háskóla Íslands á því alls ekki að vera neinn stærri dómur en álit annarra lögmanna sem jafnvel hafa meiri reynslu af þessum málum.

Örlítið aðeins um álit Lagastofnunar. Það er náttúrlega ekki óskeikult í sjálfu sér heldur eru nokkur atriði í því sem ekki er tekin í raun og veru skýr afstaða til. Það er gert vísvitandi og m.a. eftir að hafa spurt annan höfunda álitsins sem kom fyrir hv. félmn., Tryggva Gunnarsson, þá viðurkenndi hann að það er margt í þessu sem er ekki hægt að segja um að sé alveg ótvírætt. Ég vil nefna dæmi. Lagastofnun komst að raun um að: „Ákvæði i-liðar 6. gr. frv. um sameiginlega miðlunartillögu ríkissáttasemjara og atkvæðagreiðsla um hana fer í bága við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98 eins og félagafrelsisnefnd ILO hefur túlkað sáttmálann."

Síðan er farin sú leið sem kemur fram hér í nefndaráliti meiri hluta félmn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er loks lögð til breyting á reglu l-liðar (31. gr.) um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu en sú regla hefur sætt gagnrýni. Á það má minna að miðlunartillaga er neyðarúrræði til lausnar kjaradeilu. Þess vegna er eðlilegt að gera nokkrar kröfur um lágmarkshlutfall mótatkvæða. Lagt er til að dregið verði verulegu úr kröfum frv. um hlutfall mótatkvæða og miðað verði við að fjórðungur samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá þurfi að vera andvígur miðlunartillögu til þess að hún teljist felld í stað þriðjungs áður."

Nú var annar höfunda álits Lagastofnunar spurður að því fyrir hv. félmn. hvort þessi rýmkun mundi teljast fullnægjandi og hvort hann teldi að hún mundi brjóta í bága við ákvæði samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það kom svona eiginlega jamm og já, eða í raun og veru ekkert svar. Af hverju er það, herra forseti, að lögmaðurinn gat ekki kveðið skýrt á um þetta? Það er einmitt vegna þess að hæstv. félmrh. er á svo gráu svæði með þessu ákvæði því að það er einfaldlega komið út á svo grátt svæði um leið og settar eru reglur um það sem getur flokkast undir innri málefni stéttarfélaga. Hvort það dugi að hlutfallið sé 25%, 30% eða 35%? Um það er mjög erfitt að segja. Það kemur væntanlega ekki í ljós fyrr en einhver kærir til félagafrelsisnefndar ILO eða einhverra annarra alþjóðasamtaka hvort það standist að víkja svona frá almennum reglum um atkvæðagreiðslur. Meira að segja hin óskeikula Lagastofnun Háskóla Íslands eða þeir sem sömdu það álit geta ekki sagt til um það fullkomlega hvort frv. hæstv. félmrh. standist ákvæði þessara samþykkta, jafnvel eftir að breytingarnar eru gerðar. Það á að vera hæstv. félmrh. nægilega mikil lexía til að draga frv. til baka í stað þess að vera að ögra friði á vinnumarkaði með framlagningu þess.

Ég vil í lokin, herra forseti, lýsa þeirri skoðun minni og ítreka það sem þegar hefur komið fram hjá framsögumanni minni hluta félmn. að frv. sem hér er til umræðu er þannig til komið að þrátt fyrir efnisbreytingar á því í meðförum félmn. stenst það ekki enn þær kröfur sem verður að gera til slíkrar löggjafar. Vegna aðferðanna við setningu þess verður markmiðunum ekki náð. Í stað þess að greiða fyrir kjarasamningum og auðvelda samningsgerð eins og markmið frv. var upphaflega þá mun samþykkt frv. þvert á móti leiða til skarpari skila milli hinna tveggja aðila vinnumarkaðarins og skapa vaxandi ólgu á vinnumarkaði. Þess vegna er aðeins ein leið skynsamleg um meðferð þessa frv., herra forseti, þ.e. að ríkisstjórnin dragi það til baka og setji endurskoðun samskiptareglna á vinnumarkaði í farveg sanngjarns samráðs í anda hins norræna líkans. Þrjóska og þvermóðska, herra forseti, er fulldýru verði keypt ef hér verður allt logandi í ófriði þegar samningar verða lausir í haust.

[17:30]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Önnur umræða um þetta mál er býsna alvarlegur hlutur þegar það er haft í huga að ráðleggingar stjórnarandstöðunnar við 1. umr. um að finna þessu máli annan farveg hafa ekki verið aktaðar á nokkurn máta af hálfu stjórnarliða.

Það verður að rifja upp í því sambandi að í vetur var einstakt tækifæri í uppsiglingu. Það var í fyrsta skipti í 10–20 ár sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu sest niður og ætluðu sér að breyta skipulagi á vinnumarkaði. Þetta hafði aldrei tekist áður því löggjöfin, sem við erum að eiga við, er 60 ára gömul eins og við þekkjum og er einn viðkvæmasti lagabálkur í löggjöf okkar. Þarna var í uppsiglingu hugsanleg niðurstaða sem hefði breytt samskiptareglum á vinnumarkaði. Það má benda á að þarna vorum við ekki að finna upp hjólið, aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi, heldur var þetta raunverulega sú aðferðafræði sem best hefur gefist á Norðurlöndunum sem við höfum oft og tíðum sótt fyrirmynd okkar til bæði í löggjöf og stjórnkerfi okkar. Óþolinmæði félmrh. er alkunn í þessu máli, þ.e. að rífa málið með þessum hætti út úr þeim farvegi, setja fram frv., talandi fyrir því og stuðla síðan að breytingum á frv. frá 1. umr. til þess nál. sem við erum að ræða hér.

Reyndar er samræmi í þessu frv. við annað frv. sem við höfum rætt undanfarna daga, þ.e. frv. um réttindi og skyldur. Það er augljóst að ríkisstjórnin hefur sett sér það að markmiði á fyrsta starfsári sínu að breyta leikreglum á vinnumarkaði. Á það bæði við almenna markaðinn og hinn opinbera markað. Líklega hefur það verið niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna að segja sem svo að því sem við breytum ekki í grundvallaratriðum á fyrsta ári okkar eigum við líklega mjög erfitt með síðar á kjörtímabilinu. Það er alkunn regla í stjórnkerfi

okkar að ríkisstjórnir reyni á fyrsta ári að ná fram ákveðnum grundvallarhugmyndum og taka þá þann slag sem því fylgir. Margt bendir til þess að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar og það sé raunverulega sú eina skynsamlega skýring sem ég hef fundið á hegðun hæstv. ríkisstjórnar því að ég ætla það og veit að þeir ráðherrar sem standa að málinu eru síður en svo nokkrir kjánar í því að meta pólitíska stöðu.

Það sem er alvarlegt í þessu efni er sú aðferðafræði sem þeir leggja upp með að breyta leikreglunum á vinnumarkaði einhliða án þess að leita til þess nauðsynlegs samráðs og hafa þann farveg nógu ítarlegan þó svo að málin hefðu vitaskuld getað komið út úr þeim farvegi, byggðan á pólitískri niðurstöðu. Það hefði vel mátt vera. Reyndar enn verr farið af stað í málinu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna því þar var ekkert samráð og engin undirbúningsvinna milli aðila í gangi en það verður ekki sagt um þetta frv. vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins voru þó að ræðast við. Það var reyndar ekki að frumkvæði núv. ríkisstjórnar heldur að frumkvæði fyrrv. félmrh. sem setti það mál í þann farveg.

Frv. það sem við ræðum er lögþvingun og inngrip inn í skipulag verkalýðshreyfingarinnar og markar lagaumgjörð kjarasamninga á mjög ótvíræðan hátt. Það er e.t.v. sú aðkoma sem er mest aðfinnsluverð varðandi þetta mál. Ekki efni frv. hvorki upphaflegt né eins og það kemur út úr 2. umr. heldur það að löggjafinn skuli ætla sér með þessum hætti að grípa inn með einhliða frv. eða einhliða lagasetningu í einn viðkvæmasta þátt lagakerfis okkar. Þessi aðferðafræði hefur ekki verið viðhöfð nokkurs staðar í kringum okkur. Einu fordæmin sem voru upplýst, m.a. í félmn., þar sem menn leituðu fordæma í Evrópa um þessa aðferðafræði, þ.e. að ríkisstjórnarmeirihluti knúði fram breytingar í ósamkomulagi og án þess að spyrja þá aðila sem málið varðar nokkuð. Eina dæmið um þetta er frá stjórnartíð Margrétar Thatcher eða Íhaldsflokksins í Bretlandi. Reyndar má finna vísi að slíku inngripi á Ítalíu en að öðru leyti þekkjast þessi vinnubrögð ekki í Evrópu.

Það er ekki að ástæðulausu, herra forseti, að í Vestur-Evrópu þar sem verkalýðshreyfingin hefur þróast sem mjög sterkt afl um áratuga skeið og mótað bæði hina faglegu vinnu verkalýðshreyfingarinnar og það samningsumhverfi sem blasir bæði hjá verkalýðshreyfingunni og hjá vinnuveitendum heldur er einnig vert að hafa í huga að einmitt þessi aðferðafræði við lagasetningu hefur haft geysilega víðtæk pólitísk áhrif. Við megum ekki gleyma því að mjög víða í nágrannalöndunum, sérstaklega á Norðurlöndum og reyndar bæði í Frakklandi og Þýskalandi og Benelúxlöndunum, svo við nefnum þau ríki sem eru nálæg okkur, eru tengsl stjórnmálaflokka og skipulagðra verkalýðshreyfinga mjög sterk. Þau eru nokkur hér á landi en til að mynda mun minni en við þekkjum frá Norðurlöndunum. Það er eiginlega miklu alvarlegri hlutur þegar ríkisstjórnin gerir það með þessum hætti að nýta sér þann mikla meiri hluta sem hún hefur á Alþingi að grípa inn með því frv. eins og hún gerir.

Varðandi innihald frv. er hægt að hafa mörg orð. Frv. gengur út á það eins og það lítur út núna að sett er upp sérstakt form við atkvæðagreiðslu við samþykkt samninga og boðun verkfalls. Þar er ný aðferðafræði. Þetta er að mati ekki einungis stéttarfélaga heldur einnig flestra sem lesa þann texta vitaskuld inngrip inn í skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Nú hafa aðilar á vinnumarkaði samkvæmt almennu félagafrelsi alltaf heimild til þess að skipuleggja starfsemi sína á þann hátt sem þeir kjósa, vitaskuld innan þess lagaramma sem löggjafinn býður þeim. Hins vegar er með frv. lagarammanum breytt og verkalýðshryfingin þvinguð inn í skipulag sem hún kærir sig ekki um og sem hún hefur ekki fengið tækifæri til að takast á um við viðsemjanda sinn. Það er mikilvægt í þessu sambandi að einhliða inngrip af hálfu þriðja aðila í samningsumgjörð eða umgjörð sem varða deilumál tveggja annarra aðila, þ.e. verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda, er vitaskuld mjög alvarlegt mál. Þetta vegur að mínu mati mjög harkalega að ákveðnu grundvallarfyrirkomulagi í tiltölulegu ungu lýðveldi okkar. Ég man ekki til þess að menn hafi nokkurn tímann farið fram með svona aðferðafræði, nýtt sér sinn sterka meiri hluta á Alþingi til að breyta leikreglunum með almennum hætti eins og hér er gert. Við þekkjum inngrip ríkisvaldsins við kjarasamninga eins og hér hefur verið rakið. Hæstv. félmrh. gat um það að oft hefði komið fyrir að menn hefðu t.d. sett bráðabirgðalög í sambandi við kjaradeilur og allir þingmenn geta verið sammála um að vitaskuld er það ekki góð aðferðafræði en velflestir stjórnmálaflokkar hér á landi hafa einhvern tímann tekið þátt í slíkri aðgerð. Þetta er hins vegar miklu alvarlegri hlutur sem hér er að eiga sér stað þar sem sett er heildarlöggjöf í algjörri andstöðu við annan aðilann. Það er augljóst að ekki er verið að breyta leikreglunum til jafnræðis. Það er ekki gætt jafnræðis í breytingum á þessum leikreglum. Við skulum vera hreinskilin, herra forseti, og vissulega gætum við séð fyrir okkur slíka pattstöðu að hið opinbera eða löggjafarvaldið yrði að lögfesta einhverjar sanngjarnar leikreglur þótt það væri ekki með meira en þegjandi samkomulagi þeirra aðila sem standa að málinu. Það er vel hægt að hugsa sér slíka stöðu en það er langt því frá að nokkuð slíkt væri uppi á borðinu í aðdraganda þessa máls. Í stað þess er leikreglunum breytt einhliða til hagsbóta fyrir annan aðilann sem eru vinnuveitendur í landinu. Þetta er samræmi því að ríkisstjórnin hefur visst samræmi í stefnu sinni og þó að hún geri sér ekki alltaf grein fyrir því þá er ákveðin heildarsýn í þessu. Þetta á bæði við frv. um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem ómótmælanlega annar aðilinn er tekinn fram yfir hinn en þetta kemur einnig mjög skýrt fram í frv. um réttindi og skyldur þar sem staða ríkisvaldsins sem vinnuveitanda er styrkt mjög verulega. Þar er sömuleiðis sama aðferðafræðin notuð. Einhliða löggjöf án þess að hinn aðilinn fái nokkra rönd við reist.

Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir vinnustaðarfélögum sem nýju formi við samningsgerð. Ég lýsti því yfir við 1. umr. að það væri eina ákvæðið og eina hugsunin í frv. félmrh., þ.e. hugmyndin sem ég styddi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að fyrirkomulag vinnustaðarfélaga gæti hentað mjög vel hér á landi þó svo að það breyti ekki því að vitaskuld setja menn ekki um það einhliða löggjöf heldur er það hugmyndafræði sem þarf að ræðast ítarlega við þá aðila sem málið varðar. Það mál fór út enda gagnrýnt mjög verulega bæði af vinnuveitendum og verkalýðshreyfingum. Og eins og þar kom fram var um að ræða verulega alvarleg inngrip inn í þá umgjörð sem menn hafa búið við.

Þær breytingartillögur hins vegar sem meiri hluti nefndarinnar gerir að öðru leyti eru smásnyrtingar á frv. en engar grundvallarbreytingar eru gerðar í því. Þó er einn hlutur sem er mjög alvarlegur og það er að hæstv. ríkisstjórn tókst að eyðileggja vinnustaðarsamninga. Það finnst mér mjög alvarlegt vegna þessa að þó svo að ég sé fylgjandi vinnustaðarfélögum þá gæti ég vel séð fyrir mér þá þróun gerast með

virkari hætti en verið hefur, þ.e. að vinnustaðarsamningar mundu verða umfangsmeiri og víðtækari en raun ber vitni.

Hvernig gerir hæstv. ríkisstjórn eða meiri hluti hennar í nefndinni þetta? Hún gerir það með því að hún ætlar sér að lögbinda fyrirkomulag við vinnustaðarsamninga og sameiginlega atkvæðagreiðslu, kveðandi nákvæmlega á um ferilinn við þá vinnustaðarsamninga. Það er augljóst hvað þetta leiðir af sér. Verkalýðshreyfingin hefur sagt okkur það vegna þess að það eru mjög margir innan verkalýðshreyfingarinnar sem tala fyrir vinnustaðarsamningum þótt svo að Alþýðusambandið hafi ekki verið mikill frumkvöðull í þeim efnum undanfarin ár og áratugi. Vinnustaðarsamningar eru tiltölulega fáséðir hér, m.a. í samanburði við nágrannalöndin. Látum það vera. En þetta er eyðilagt með lögfestingu í 2. gr. frv. með því að kveða upp úr um nákvæma útfærslu við vinnustaðarsamninga og þar á meðal atkvæðagreiðsluna. Í félmn. var m.a. tekið dæmi af Flugleiðum og það hefur oft verið tekið dæmi af Flugleiðum sem heppilegs fyrirtækis fyrir vinnustaðarsamning. Það eru a.m.k. á annan tug stéttarfélaga hjá Flugleiðum og ekkert af því fólki mun vilja gera vinnustaðarsamning undir þessari löggjöf sem kveður skýrt á um að það fer fram heildaratkvæðagreiðsla milli allra félagsmanna.

Smærri stéttarfélög vita nákvæmlega hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að ef gerður er vinnustaðarsamningur ráða félagsmenn VR öllu um niðurstöðu hans. Hin stéttarfélögin fá ekkert tækfæri. Þau mundu kannski vilja gera vinnustaðarsamning og þau vildu kannski semja um tiltekið form atkvæðagreiðslu þar sem þeim væri e.t.v. tryggður einhver réttur. Kannski yrði það sameiginleg atkvæðagreiðsla í einum potti eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég veit það ekki. En ég veit hins vegar ósköp vel að þessi grein þýðir það að smærri verkalýðsfélög munu aldrei ganga inn í vinnustaðarsamning vegna þess að þau eru þá borin ofurliði af félagsmönnum stóra félagsins. Ég tel eitt alvarlegasta efnisatriðið, úr því að ríkisstjórnin var að breyta þessu á annað borð, að hún skyldi klúðra þessum málum. Það er eftir öðru að vilja ekki hlusta á ein einustu rök eða ábendingar sem margar hverjar eru bornar fram af hógværð og vissri þekkingu á málinu eins og hefur komið fram í athugsemdum frá verkalýðsfélögunum. Það má einnig benda á að það eru þó nokkrir þingmenn hér sem bera nokkurt skynbragð á kjarasamningagerð. En það virðist vera alveg brennt fyrir það að hæstv. ríkisstjórn eða ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi hlusti á nokkuð af þeim ráðum sem m.a. við stjórnandstöðuþingmenn höfum verið að reyna að veita. Að einhverju leyti er það vegna þess að það ríkir vanþekking á málinu, það ríkir vanþekking hjá ríkisstjórnarmeirihlutanum að nokkru leyti varðandi kjarasamninga og það umhverfi sem kjarasamningar eru í. En það var mjög slæmt að þeir skyldu með þessu ákveði ganga af vinnustaðarsamningunum dauðum. Hæstv. félmrh. þarf svo sem ekkert að trúa mér, en þetta er mitt mat á þeirri stöðu. Hann getur spurt hvern sem er úti í hreyfingunni og hann fær alltaf sama svarið. Þarna var sett vitlaust ákveði sem mun drepa þessa annars ágætu hugmynd, þótt hugmyndin sé í sjálfu sér ekkert ný. Það hefur margoft verið talað um það og það var eitt af aðalatriðunum í nefndinni að menn vildu, a.m.k. af hálfu verkalýðsfélaganna, fara með kjarasamninga meira inn á einstaka vinnustaði.

Tengireglan var afnumin, danska tengireglan, og ég ætla ekki að fara nánar út í það. Að mati Lagastofnunar var hún talin brjóta í bága við alþjóðasamninga. Það var eitt af þeim atriðum sem fundið var að. Í áliti Lagastofnunar, og þá ekki síður þegar Tryggvi Gunnarsson hæstarréttarlögmaður kom á fund nefndarinnar, kom mjög skýrt fram að frv., jafnvel í þessu formi, er línudans. Hér er verið að dansa á línu. Hvort við erum innan alþjóðasamninga og alþjóðareglna er mikið matsatriði. Ein af afleiðingum samþykktar þessa frv. ef það verður knúið fram, og ég hef ekki neina ástæðu til að halda annað en að ríkisstjórnin ætli að halda fast við það að knýja málið fram, mun líklega verða sú að hún kallar yfir sig málaferli og hugsanlega kæru gagnvart alþjóðastofnunum. Við því er ekkert að segja. Það er hins vegar ámælisvert að menn gátu ekki gefið sér betri tíma til að kanna nákvæmlega hina lagalegu stöðu. Vitaskuld er ekkert gaman, hvorki fyrir hæstv. félmrh. eða Íslendinga almennt, hvort sem þeir eru í stjórn, stjórnarandstöðu eða stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, ef við verðum kallaðir til dóms á erlendum vettvangi. Það er eitt sem er áberandi við þetta frv. Öll verkalýðshreyfingin hefur mótmælt því mjög harðlega. Það finnst enginn talsmaður slíkrar aðferðafræði og innihaldið er harðlega gagnrýnt af öllum verkalýðsfélögum á landinu. Það er hins vegar stuðningur við frv. eins og ég hef getið um áður. Hann kemur frá vinnuveitendum og það endurspeglar það sem ég hef sagt. Hér var leikreglunum breytt einhliða.

Ríkisstjórnin hugsaði þetta mál ekki til enda og það gafst ekki tækifæri til að skoða það í víðara samhengi. Ég hef trú á að vinnuhópurinn hafi einmitt verið að vinna að því og verið að reyna að brjótast út úr miðstýrðu umhverfi kjarasamningsgerðar. Ég tel mjög til bóta ef það væri hægt. Hluti af því eru t.d. vinnustaðarsamningar í einhverju skipulögðu formi. En einn hlutur í þessu máli gleymist algerlega og hefur verið bent á það hér í umræðunni. Það er skipulag vinnuveitenda. Það er miðstýrt skipulag eins og menn vita og nú verðum við að vera sannsgjörn, herra forseti. Vitaskuld gildir félagafrelsi líka gagnvart vinnuveitendum. Þeir hafa rétt til að skipuleggja sig með þeim hætti sem þeir kjósa. Þeir hafa kosið að skipuleggja sig þannig að það er einungis einn aðili sem fer með samningsumboð Vinnuveitendasambandsins. Einstök fyrirtæki gera það ekki og heldur ekki einstaka starfsgreinasambönd. Vinnuveitendasambandið er skipulagt eins og Alþýðusambandið í starfsgreinasambönd. Menn þekkja þau, Samtök iðnaðarins, Samtök fiskvinnslustöðva, Landssamband íslenskra útvegsmanna, svo nokkur séu nefnd. Þetta eru starfsgreinasambönd Vinnuveitendasambandsins. Þau fara hins vegar ekki með samningsumboð og þau mega ekki gera kjarasamninga, hvað þá að einstök fyrirtæki megi gera kjarasamninga. Hampiðjan má ekki gera einn einasta kjarasamning. Samtök iðnaðarins, sem Hampiðjan er í, má ekki gera einn einasta kjarasamning. Samningurinn verður að vera gerður af heildarsamtökunum, Vinnuveitendasambandinu, og samþykktur þar í æðstu stjórn þess. Það hefur komið fyrir menn hafi viljað komast hjá kjarasamningi. Eitt dæmi er a.m.k. til um undirritaðan kjarasamning, sem var reyndar undirritaður að því er ég best veit af framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, en hann var ekki staðfestur formlega í framkvæmdastjórn eða af sambandsstjórn Vinnuveitendasambandsins. Þegar kom í ljós að menn vildu bakka út úr þeim samningi þótt þeir hefðu skrifað nafnið sitt undir hann var farið í mál og vinnuveitendur unnu málið vegna þess að það vantaði samþykki æðstu stjórnar Vinnuveitendasambandsins á hann. Undirskrift framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins dugði ekki. Þetta sýnir kannski betur en margt annað hvernig at-

vinnurekendur hér á landi hafa verið að breyta skipulagi sínu. Þeir hafa verið að breyta skipulagi sínu sl. 10 ár í átt til miðstýringar.

Innan Vinnuveitendasambandsins koma landssamböndin vitaskuld að kjarasamningsgerð. Þegar gerðir eru kjarasamningar t.d. við iðnaðarmenn koma vitaskuld forsvarsmenn iðnfyrirtækja að þeim samningum en það er alltaf undir forustu aðalskrifstofu Vinnuveitendasambandsins í Garðastræti. Nákvæmlega það sama gerist í kjarasamningum sjómanna. Þar er uppistaðan samninganefnd Vinnuveitendasambandsins sem í eru vitaskuld fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna. En það breytir engu. Kjarasamningsgerðin er líka miðstýrð á þessum vettvangi og þess er vandlega gætt að sú miðstýring haldi út í gegn. Menn mega ekki, ef þeir eru aðilar að Vinnuveitendasambandinu, gera kjarasamning. Það er réttur vinnuveitenda að skipuleggja sig með þessum hætti. Þeir hafa hins vegar á undanförnum áratug verið að færast meira yfir til miðstýringar í beitingu á þessu skipulagsformi sínu. Við sáum síðasta dæmið nú um daginn, eins og hér hefur verið vakin athygli á í umræðunni, að oft eru eftirmál vegna kjarasamninga látin eiga sig. Hér er rangt að tala um einhverja sakaruppgjöf. Það er enginn að tala um að einhverjir hlutir hafi verið saknæmir í þessu sambandi. En menn hafa oft rætt um að atburðir sem gerast kannski í harðvítugri kjaradeilu ættu ekki að verða að dómsmáli. Eftir breytingar Vinnuveitendasambandsins á lögum sínum núna í vikunni eða í síðustu viku er þetta óheimilt. Það er enn og aftur verið að tryggja miðstýringuna. Og þetta, herra forseti, er raunverulega eitt það alvarlegasta í skipulagi á okkar vinnumarkaði.

Þótt stéttarfélögin séu með svipaða uppbyggingu og Vinnuveitendasambandið, þ.e. verkalýðsfélögin fara með samningsumboðið en síðan koma starfsgreinasambönd, hvort sem það er Verkamannasambandið, Rafiðnaðarsambandið eða önnur sambönd sem sameinast í Alþýðusambandinu, er samningsrétturinn ótvíræður hjá einstöku verkalýðsfélagi. Þar er sömuleiðis kveðið skýrt á um í lögum og reyndar tryggt í alþjóðasamningum og í stjórnarskrá að verkalýðsfélögin geta samþykkt að framselja samningsumboð sitt til starfsgreinasambands, landshlutasambands eða til heildarsamtakanna, Alþýðusambandsins. Það fer þá með samningana fyrir þeirra hönd eins og oft hefur gerst. Þetta skipulag er ekki fyrir hendi vinnuveitendamegin og það skapar strax ójafna stöðu. Ef menn eru að reyna að setja löggjöf sem á að reyna að færa samningsgerðina meira út í fyrirtækin og auka lýðræðið, eins og stundum er notað sem röksemd í þessu máli, verða menn vitaskuld að skoða báðar hliðarnar. Það er ekki gert í þessu frv. Og þegar við erum að mótmæla inngripi í skipulag verkalýðshreyfingarinnar má alveg með sömu rökum segja: Á löggjafinn að setja lög um það hvernig Vinnuveitendasambandið skipuleggur sig? Ég segi nei. Það er ekki hlutverk löggjafans að takmarka félagafrelsi og skipulagsfrelsi þeim megin, enda á það ekki að vera tilgangur endurskipulagningar á vinnumarkaði.

Við skulum hafa í huga að við höfum t.d. sótt fyrirmynd okkar til Danmerkur og upprunalega er frv. byggt á danskri fyrirmynd. Þó ekki þá aðferðafræði að lögfesta það með þessum hætti, sem er alveg fráleit hugsun. Það hefur verið rakið hér mjög ítarlega, nú síðast af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, að þótt Vinnuveitendasambandið þar séu líka heildarsamtök þá er samningagerðin sjálf af hálfu vinnuveitenda úti á vinnustöðunum. Þetta er ákveðinn hugsunarháttur sem þar ríkir við kjarasamningsgerðina. Sá hugsunarháttur er ekki til hjá vinnuveitendum hér á landi, því miður. Við þessa endurskoðun á leikreglum á vinnumarkaði hefði hugur þurft að fylgja máli, þ.e. að báðir aðilar hefðu með skipulögðum hætti og í sátt breytt sínum leikreglum. Það má taka sem dæmi að Útgerðarfélag Akureyringa vildi gera kjarasamning og starfsfólkið líka. Jafnvel þótt öll stéttarfélögin, verkalýðsfélögin sem vinna hjá Útgerðarfélagi Akureyringa vildu gera slíkan samning, mætti Útgerðarfélag Akureyringa ekki gera hann samkvæmt lögum VSÍ. Sá samningur yrði að vera gerður af hálfu Vinnuveitendasambandsins þótt ég gerði fastlega ráð fyrir að í þeirri samninganefnd mundu forsvarsmenn Útgerðarfélags Akureyringa skipa mjög stóran sess. En það breytir ekki því að þessi samningsgerð yrði undir miðstýrðri forustu Garðastrætisins eins og oft er sagt.

Það er eiginlega það átakanlega varðandi alla umræðuna að vinnuveitendamegin, þetta á við ríkisvaldið líka því frv. fjmrh. endurspeglar sömu miðstýringarhugsunina, skuli ekki örla á breytingum í hugsunarhætti gagnvart skipulagi á vinnumarkaði sem gæti m.a. falist í því að fyrirtækin kæmu með virkari hætti inn í samningsgerðina. Það segir sig náttúrlega sjálft að ef miðstýrður aðili gerir vinnustaðarsamningana þá passa menn að gera það sem oft er gert í kjarasamningum, þ.e. að semja um lágmarkið og leyfa starfsfólkinu ekki að njóta til að mynda góðrar stöðu fyrirtækisins eins og er mjög algengt annars staðar og raunverulega alls staðar í kringum okkur.

Þessi galli á löggjöfinni að fara inn í löggjöfina með einhliða breytingu í þágu annars aðilans, sem ætlar engu að breyta starfsháttum sínum, gerir þessa atlögu að verkalýðshreyfingunni enn þá alvarlegri. Hendur verkalýðshreyfingarinnar eru bundnar við samningsgerð með þessu frv. á sama tíma og mótaðilinn eflir miðstýringu sína til að geta mætt af enn þá meiri hörku þeim aðilum þegar að kjarasamningsgerð kemur. Það kemur skýrt fram í umsögnum með þessu frv., t.d. frá Alþýðusambandinu, miðstjórn Alþýðusambandsins, sem lýsir yfir fullkominni andstöðu við frekari þinglega meðferð framkomins frv. um breytingar á vinnulöggjöfinni og krefst þess að samningsaðilar vinnumarkaðarins fái svigrúm til að gera frjálsa samninga um samskiptareglur sín á milli. Alþýðusambandið er ekki að neita því að sest verði að vinnu við að endurskipuleggja vinnumarkaðinn. Alþýðusambandið er ekki að segja að allt eigi að vera óbreytt eins og það hefur verið síðustu 60 árin. Síður en svo. Alþýðusambandið sem er að hefja þing eftir næstu helgi er með mikið af tillögum sem varða skipulag á vinnumarkaði sem mundi hugsanlega kalla á breytingar á löggjöf ef þær næðu allar fram að ganga. Það eina sem Alþýðusambandið er að biðja um er að fá að tala við viðsemjanda sinn á jafnréttisgrundvelli til að gera frjálsa samninga um samskiptareglur sín á milli. Þetta er aðalatriðið í málinu.

Mig langar til að vitna í ályktun sem barst félmn., sem er frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Verkamannafélaginu Dagsbrún og Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, ég held að þær hafi verið meira og minna samhljóða, eða þau skiluðu sameiginlegu áliti. Þetta er a.m.k. svona í samantekt nefndadeildar þingsins. Í umsögn um frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarpið stefnir þeirri þróun í voða og er afturhvarf" — það er verið að tala um kjarasamninga sem skapa festu í efnahagsmálum — „til fyrri áratugar þessarar aldar þegar stéttarfélög höfu baráttu fyrir frumréttindum sínum. Frv. er

vægast sagt vanhugsað og lagalega götótt þannig að samningsaðilum verður í lófa lagið með löglegum aðferðum að sniðganga tilgang frv. og riðla framkvæmd laganna með þeim afleiðingum að núgildandi lög verði aftur óskabarn ríkisvalds og samtaka atvinnurekenda. Meint réttindi og frelsi annarra eða almannahagsmunir réttlæta alls ekki þau fjandsamlegu afskipti ríkisvaldsins með frv. af innri málum og skipulagi stéttarfélaga. Frv. hefur þegar skapað mikla ólgu sem ekki sér fyrir endann á. Lögfesting þess gegn vilja félaganna mun á engan hátt leysa þau vandamál sem frumvarpshöfundar telja að blasi við. Þvert á móti mun það í bráð og lengd torvelda gerð kjarasamninga og leggja grunn að harðvítugum og langvinnum kjaradeilum og verkföllum, málaferlum og öðrum skærum. Vilji ríkisvaldið í skjóli þingmeirihluta víkja af braut núgildandi vinnulöggjafar og samskipta og afskipta af innri málum og skipulagi félaganna í anda frv. felur það í sér stríðsyfirlýsingu. Þeirri stríðsyfirlýsingu munu undirrituð félög svara með öllum tiltækum ráðum á næstu missirum og árum. Félögin krefjast þess að frv. verði dregið til baka nú þegar og að samningsaðilar semji sjálfir um samskiptareglur sín á milli."

Herra forseti. Þetta var úr álitsgerð Dagsbrúnar, Sjómannafélags Reykjavíkur og Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Ég held að í ummælunum hafi verið komist nokkuð skýrt að orði og alveg ljóst hvernig verkalýðshreyfingin metur þessa einhliða aðgerð. Nú eigum við væntanlega að ræða eitthvað um afleiðingarnar því það er greinilegt að frv. er að verða að lögum. Ég nefndi áðan að það er mjög líklegt að það kalli á málaferli. En það sem er e.t.v. mikil hætta á og margir hafa bent á er að þjóðarsáttinni, sem var sameiginlegt átak verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda, ríkisvaldið kom ekki þar að fyrr en búið var að teikna allar útlínur þeirrar efnahagsstefnu, verði stefnt í hættu. Enginn stjórnmálaflokkur getur þakkað sér þjóðarsáttina, það voru aðilar vinnumarkaðarins sem útfærðu þá hugsun og hún náði fram að ganga í kjarasamningum 1990. Það eru sex ár síðan. Þessi þjóðarsátt, við getum kannski kallað það afurhvarf frá verðbólgu frekar en þjóðarsátt, þ.e. að hverfa frá verðbólgunni eins og við þekktum, margfaldri verðbólgu á við nágrannalöndin, þeirri verðbólgu sem var að eta upp allt efnahagskerfi okkar og þjóðfélag. Með framgöngu ríkisstjórnarinnar er hætta á að þjóðarsáttinni sé stefnt í voða. Það er mjög líklegt og verkalýðshreyfingin hefur sagt alveg skýrum orðum að hún ætlar sér að reyna að brjóta þessi lög á bak aftur í næstu kjarasamningum. Það er líklegt að það komi til verkfalla, ekki einungis í þeirri kjarabaráttu, þ.e. baráttu fyrir hærri launum og meiri kaupmætti, því sem menn venjulega takast á um í kjarasamningum, heldur einnig til viðbótar kemur það að reyna að hrinda þessari löggjöf sem verður þá líklega komin í gildi.

Annar þáttur í þessu, sem mun líka hafa afleiðingar mörg ár fram í tímann, er að það hefur orðið trúnaðarbrestur milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. Það hefur oft gerst áður. En það hefur orðið trúnaðarbrestur milli aðila vinnumarkaðarins. Það er orðið býsna langt síðan það hefur gerst. Ég nefndin árið 1990 sem dæmi um að menn gátu náð saman um ákveðna efnahagsstefnu sem hefur komið okkur vel áleiðis þótt svo menn hafi raunverulega allan þann tíma einnig verið að takast á um kaup og kjör.

Það er augljóst að þegar ríkisvaldið breytir einhliða leikreglum á kostnað annars aðilans og fær einungis stuðning frá hinum aðilanum, þ.e. vinnuveitendum, er orðinn trúnaðarbrestur milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda í landinu. Sá trúnaðarbrestur sem menn þekkja síðast varð 1989 þegar opinberir starfsmenn gerðu kjarasamning við ríkið og hann var afnumin með lögum ári seinna. Þá var trúnaðarbrestur milli ríkisins, vinnveitenda og stéttarfélaga á opinberum markaði. Varla er gróið yfir þau sár sem fylgdu í kjölfar þess trúnaðarbrests enn þann dag í dag. Sú atlaga og sú löggjöf sem hér er verið að leggja upp með mun líklega hafa víðtækari afleiðingar en það inngrip sem voru kjarasamningar sem gerðir voru á sínum tíma og var það nógu alvarlegt út af fyrir sig. Þessu virðist ríkisstjórnin ekki gera sér neina grein fyrir og hvað þá meiri hluti félmn. sem hefur e.t.v. ekki þá sýn á kjarasamningsumhverfi sem nauðsynlegt er.

Ríkisstjórnarflokkunum virðist vera sama um þetta. Úr því að þeir hafa þetta mikla kjörfylgi og þetta góða fylgi í skoðanakönnunum halda þeir að þeir geti gert allt. Þeir halda að þeir geti gengið yfir skipulagða verkalýðshreyfingu í landinu með þessum hætti eins og þeir gera og segja sem svo, það eru nokkrir formenn að mótmæla. Hæstv. félmrh. sá ekki marga menn 1. maí sem mótmæltu þessu og þeir halda eins og komið hefur skýrt fram hjá þeim fáu stjórnarþingmanna sem hafa talað í þessum málum að þessir hlutir gleymist og það verði fennt yfir þá þegar kemur að næstu kjarasamningum. Spá mín er að svo verði ekki og það séu mjög harkalegir kjarasamningar fram undan. Engin tilraun er gerð í þessu frv. til að auka atvinnulýðræði á íslenskum vinnumarkaði. Vakin var athygli á því við 1. umr. málsins hvort ekki væri athugandi að binda í lög hluti sem þekkjast mjög vel í nágrannalöndum okkar að starfsmenn fái með ákveðnum hætti aðild að stjórnun fyrirtækja. Það er líka hægt að sjá það gerast í opinberri þjónustu að stéttarfélög komi meira að ákvarðanatöku þar en nú er gert. Það örlar ekki á slíkri hugsun í umræðunni af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í Asíu er t.d. skipulögð verkalýðshreyfing á nokkru undanhaldi á meðan einstaklingsbundnir kjarasamningar hafa rutt sér þar mjög til rúms. Það er svipað fyrirkomulag og menn þekkja í Nýja-Sjálandi, það hefur verið rakið í umræðunni og hefur ekki reynst neitt sérstaklega vel og er þar að auki í andstöðu við hefð á vinnumarkaði okkar og þróunina í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur saman við.

Athygli hefur verið vakin á því — og það væri mjög fróðlegt ef hæstv. félmrh., sem ég sé að er nú gufaður upp, annars er hann nú býsna duglegur að fylgjast með umræðunni. (**Gripið fram í:** Það þarf nú nokkuð til.) Ég sé að það er enginn stjórnarliði, jú, hv. þm. Magnús Stefánsson er í salnum og hann getur þá borið skilaboð okkar til hæstv. ríkisstjórnar. Ég geri þá ráð fyrir að hann svari líka fyrir Sjálfstfl. Það er merkilegt að í umræðunni um réttindi og skyldur sást ekki nokkur framsóknarmaður og við umræður um stéttarfélög og vinnudeilur þá sést enginn sjálfstæðismaður. Það sýnir þá virðingu sem þessir þingmenn bera gagnvart bæði málinu og Alþingi.

Það hefur verið nefnt hvort ekki ætti að útfæra þetta í anda lýðræðis sem menn vilja auka, hvort ekki ætti að vera atkvæðagreiðsla milli allra félagsmanna Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins áður en þessi mál tækju gildi. Ég held að það væri mjög athyglisvert að fá að vita frá hæstv. félmrh. hvort hann mundi ekki vilja beita sér fyrir því fyrst honum er annt um lýðræðið að það sé meiri þátttaka í samningaferli eins og gert er ráð fyrir í tillögugreinum frv. Þetta mál er vitaskuld hápólitískt. Mér kemur ekki á óvart að

Sjálfstfl. gangi fram fyrir skjöldu með einhliða breytingum á leikreglum á vinnumarkaði. Það kemur mér ekki á óvart. Mat mitt á Sjálfstfl. hefur verið það þrátt fyrir að hann sé líklega stærsti launþegaflokkur landsins. Alltaf þegar skerst í odda hefur hann tekið ákveðna hagsmuni fram yfir aðra og það hafa verið hagsmunir vinnuveitenda og hagsmunir fyrirtækja. Menn geta skoðað hvernig Sjálfstfl. hefur tekið afstöðu á undanförnum árum, hann tekur að vísu mjög sjaldan afstöðu, þó kemur það fyrir, þá hefur hann aldrei gengið á hagsmuni þessa hóps. Við erum að sjá stefnu Sjálfstfl. mjög skýrt í þessu frv., um stéttarfélög og vinnudeilur og reyndar í öðrum frv. Það sem er hins vegar athyglisvert er Framsfl., sem er með Sjálfstfl. í framkvæmd stefnu sinnar, miðað við þau kosningaloforð sem Framsfl. gaf. Nú eigum við stjórnarandstæðingar ágætan sérfræðing í málefnum og stefnuskrá Framsfl., gott ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson er ekki á mælendaskrá á eftir mér og hann kann betur að lýsa loforðum og efndum Framsfl. (**ÖS:** Sálarlífi þeirra.)

En það er eitt sem Framsfl. er að gera, kannski ekki með þessu ríkisstjórnarsamstarfi því hann hefur starfað áður með Sjálfstfl. En með þessum frv. og með þessari stefnu segir hann skilið við að geta kallað sig launþegaflokk og hann segir skilið við að geta kallað sig vinstri flokk. Það er dálítið merkilegt vegna þess að hæstv. félmrh., sem á nokkuð langan pólitískan feril að baki, var alltaf vinstri maðurinn í Framsfl. Hann var sá aðili í Framsfl. sem kunni hvað best þegar á reyndi að gæta þess að hagsmunir launþegahreyfingarinnar væru ekki fyrir borð bornir. Nú hefur hann kúvent enda orðinn ráðherra. Þó hann hafi verið valdamaður nokkuð lengi eru þessar gömlu hugsjónir og hugmyndir og ræður allar gleymdar. Vinstri hliðin á Framsfl. er kalin. Ég veit ekki hvort hún kemur einhvern tímann aftur. Þeir hafa oft kúvent rétt fyrir kosningar og náð árangri með því. Kannski gera þeir það aftur í von um að menn gleymi loforðunum þegar kemur aftur að kosningum eftir fjögur ár. Oft hafa kjósendur ekki langtímaminni. Ég ætla ekki að spá um það. Það er skýrt í þessu máli að frv. er einhliða aðgerð sem hefur ekki þekkst um áratuga skeið til að rétta hlut eins aðila á kostnað annars. En það er samræmi í þessu, þetta endurspeglast í frv. á opinberum vinnumarkaði. Mér finnst þetta endurspeglast í afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á fjárlögum í haust, í stjórn Framsfl. á heilbrigðismálum og velferðarmálum hvað þeir bera skarðan hlut frá borði sem minnst mega sín í þeim málaflokki. Mér finnst þetta líka endurspeglast í þeim aðgerðum sem verið er að ræða á öðrum vettvangi sem tengist fjármagnstekjuskatti þar sem veittar eru geysilega miklar ívilnanir til þeirra sem meira mega sín.

Mér kemur hlutverk Sjálfstfl. í þessari stefnumótun ekki á óvart. Hann hefur oft og tíðum talað þannig og hann hefur alltaf tekið þá afstöðu sem ég lýsti áðan þegar á reyndi. Nú hefur hann tækifæri með miklum meiri hluta og stuðningi Framsfl. að knýja fram stefnu sína. Hreyfing eins og Sjálfstfl. nýtur erlendis um 20–30% fylgis en hér á landi um 40% og það er m.a. vegna launþegafylgis flokksins. Spá mín er hins vegar sú að launþegar uppgötvi smátt og smátt hið rétta andlit Sjálfstfl. og e.t.v. fær þá Sjálfstfl. aðra niðurstöðu í næstu kosningum. Ég ætla ekki að spá um það, það kæmi mér svo sem ekki á óvart. Hins vegar finnst mér að í þessu máli hafi myndast mjög merkileg samstaða allra stjórnarandstöðuflokkanna því oft hafa þeir rifist, a.m.k. fyrir kosningar. Mér finnst mjög merkileg samstaða hafa myndast á Alþingi milli allra þessara stjórnarandstöðuflokka sem hér starfa og verkalýðshreyfingarinnar í andstöðu við þá sýn sem og framtíðarsýn sem ríkisstjórnin er að lögfesta því að hér er auðvitað verið að marka stefnu. Það er ekki nein tækniumræða sem hér á sér stað. Hér er verið að marka pólitíska stefnu langt fram á næstu öld með afgreiðslu þessara frv. því lögin eru býsna gömul og með þessari aðferðafræði er verið að lögfesta stefnu langt fram á næstu öld. Þess vegna finnst mér mjög merkileg sú samstaða sem stjórnarandstöðuflokkarnir og verkalýðshreyfingin hafa náð í málflutningi. Þeir eru einróma andsnúnir þessari stefnu. Við bjóðum upp á aðra möguleika, aðrar leiðir og um það snýst pólitík að fólk fái tækifæri til að velja milli skýrt afmarkaðra leiða. Ég held að þessi slæmu frv. ríkisstjórnarinnar geri það að verkum að pólitísk skil í landinu verða miklu skarpari og gleggri á næstu árum.

[18:21]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykn. barmaði sér undan því að þingmenn Sjálfstfl. væru ekki í hópi þeirrar fjölmennu sveitar sem setið hefur í þingsalnum undir ræðu hv. þm. Það var þó þannig að ég var staddur í húsinu ásamt fjölda annarra þingmanna Sjálfstfl., hlýddi á hluta af máli hv. þm. og var mætavel ljóst hvað hér fór fram. Þar fyrir utan hefði hv. þm. mátt vita ef hann hefði fylgst með að a.m.k. tveir þingmenn Sjálfstfl. eru á mælendaskrá við umræðuna og munu þess vegna hafa tækifæri til þess að tjá hug sinn til frv. sem við höfum unnið að í félmn. Mér fannst því að skeyti hv. þm. væru algjörlega út í loftið. Í máli hv. þm. komu fram gamlar og myglaðar lummur um að Sjálfstfl. væri flokkur sem tæki ævinlega afstöðu gegn launþegum, tæki ævinlega afstöðu með atvinnurekendum. Þetta eru gamlar lummur úr stéttarbaráttunni sem ég hélt satt að segja, virðulegi forseti, að heyrðu sögunni til. Ekki síst hjá þeim mönnum sem tala mjög þegar það á við um nauðsyn þess að menn séu nútímalegir í umræðunni. Nú hefur það gerst að hv. þm. hefur plokkað upp úr fortíðinni nokkra orðaleppa sem hann hefur kosið að beita fyrir sig í umræðunni til að hafa eins konar aðdraganda að þeim pirringi sem kom fram í máli hans yfir því að Sjálfstfl. væri svo sterkur í íslenskum þjóðmálum sem raun bar vitni og hann rakti reyndar í máli sínu.

[18:23]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er afskaplega ánægður með að hv. þm. hefur setið fyrir framan sjónvarpið og fylgst með ræðunni og nú eru þrír sjálfstæðismenn hér en framsóknarmennirnir eru hins vegar allir horfnir. Ég vissi ekki að sjálfstæðismenn væru búnir að setja sig á mælendaskrá en ég fagna því. Mér finnst að menn eigi að taka dálítið á í umræðunni því að hún snýst um grundvallaratriði.

Hv. þm. sagði að ég væri með klisjur úr fortíðinni þegar ég er að tala um hagsmuni vinnuveitenda, verkalýðshreyfingar eða launþega en það er ekki svo. Í kjarasamningum er vitaskuld verið að takast á um hagsmuni. Það er verið að takast á um kaup og kjör. Það er verið að skipta ákveðnum verðmætum í þjóðfélaginu og ég get flutt langar ræður um það hvernig sú skipting er hér á landi miðað við önnur lönd, þ.e. launþegar og fyrirtæki en ég ætla ekki að gera það. Við erum hins vegar að ræða um hvort þessi löggjöf taki annan aðilann fram yfir hinn. Þingmaðurinn veit mætavel að ég er fyrir blómlegt atvinnulíf og öfluga og mikla verðmætasköpun og get aftur flutt mikla ræðu um það. Hins vegar er það mjög mikilvægt í því sambandi að staðið sé skynsamlega að

skipulagi á vinnumarkaði þegar menn reyna að endurmeta 60 ára gömul lög. Það hefur ekki verið gert skynsamlega, hv. þm., hvorki aðferðin, hvernig menn gerðu það, né heldur innihaldið. Það ber að harma að svo skuli hafa farið. Sjálfstfl. er stór flokkur og ég sagði meira að segja að hann væri kannski stærsti launþegaflokkur á Íslandi. Spá mín er hins vegar sú að eitthvað kvarnist af honum launþegafylgið á þessu kjörtímabili. Það má vel vera að hv. þm. geti snúið því við. Ég held að besta leiðin fyrir hv. þm. væri að leggja til við ríkisstjórn sína að draga þessi frv. til baka. Þá mundi hann halda í launþegana.

[18:26]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst tónninn í þessari ræðu hv. þm. ólíkt gæfulegri en tónninn í fyrri ræðu hans. Nú sagði hv. þm. það sem ég hef alltaf viljað ímynda mér að einlæg skoðun hans væri að hann væri stuðningsmaður blómlegs atvinnulífs og vildi verja blómlegt atvinnulíf og teldi það mjög mikils virði. Ég hef ævinlega trúað því þegar hv. þm. hefur talað með þeim hætti. Ég hef líka viljað trúa því þegar hann leggur áherslu á að menn séu nútímalegir þá hafi hann meint það. Þess vegna hnaut ég um þessi ummæli hans í fyrri ræðu hans sem voru úr þessari marxísku glatkistu sem ég hélt satt að segja að menn væru hættir að leita í nema kannski með örfáum undantekningum, virðulegi forseti. Þess vegna lít ég þannig á að síðari ræðan hafi verið tilkynning hv. þm. um að það sem hann sagði í fyrri ræðu sinni bæri ekki að taka allt of hátíðlega að þessu leytinu.

Ummæli hv. þm. um að launþegar í landinu og að þau 40% þjóðarinnar, sem hafa að jafnaði stutt Sjálfstfl., séu haldnir einhverri gríðarlegri blekkingu, átti sig ekki á því að Sjálfstfl. sé hinn mikli óvinur eins og hv. þm. var að ýja að og að kjósendurnir skilji þetta ekki finnst mér allt að því að vera hroki og forsjárhyggja af hálfu hv. þm. gagnvart þessu fólki. Auðvitað hafa þeir kjósendur, sem hafa komist að þessari niðurstöðu áratugum saman á Íslandi, eðlilegar ástæður fyrir því. Mér finnst menn ekki geta talað með þeim hætti að þetta sé allt einhver gríðarleg blekking sem enginn hafi séð í gegnum nema einhverjir örfáir einstaklingar.

[18:28]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þyrfti að flytja langa ræðu um Marx og kenningar hans hér því ég heyri greinilega að þingmaðurinn er ekki vel kunnugur þeim fræðum en látum það nú vera. En þegar ég tala um blómlegt atvinnulíf er ég að benda á það að þetta frv. hefur ekkert með eflingu atvinnulífs að gera. Einu afleiðingarnar sem þetta frv. mun hafa er að setja samskipti á vinnumarkaði í uppnám og hugsanlega að rústa þeim árangri sem við höfum náð á undanförnum árum. Þetta frv. er andstætt þeirri hugmyndafræði að byggja upp blómlegt atvinnulíf, hv. þm.

Við þurfum að hafa í huga að Sjálfstfl. er kannski ekki stjórnmálaflokkur með stórar og miklar hugsjónir. Hann er laustengt hagsmunabandalag, stór flokkur sem hefur valdastöðu sína fyrst og fremst vegna þess mikla fylgis sem hann nýtur. Ég er fyrsti maður til að viðurkenna það að kjósendur vilja þetta. Kjósendur hafa alltaf rétt fyrir sér. Ég geri ekki athugasemdir við að kjósendur velji Sjálfstfl. eins og hann er og hefur verið í málflutningi sínum. Í mínum huga er niðurstaða kosninga alltaf heilög. Ég hef hins vegar spáð því, herra forseti, að smám saman renni upp fyrir fleirum að e.t.v. standi ekki mjög mikið á bak við þá hugmyndafræði sem tengist launafólki í hinni praktísku stefnu Sjálfstfl.

[18:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir ágæta ræðu. Hann kom inn á mjög mörg atriði og ég hlýddi á hana í herbergi mínu. En ég er með eina spurningu til hv. þm. Að mínu mati er vandi verkalýðshreyfingarinnar sá að félagsmenn hennar eru ákaflega óvirkir. Þeir mæta ekki á fundi og þeir sækja ekki kosningar hjá félögunum. Þetta stafar vafalaust að einhverju leyti af „skylduaðildinni" sem aftur á móti stafar af því að ef menn voga sér að segja sig úr stéttarfélagi þá missa þeir vinnuna. (**Gripið fram í:** Sums staðar er 90% þátttaka.) Fyrirspurninni er beint til hv. þm. en ekki til þingmanna hér úti í sal. Getur hv. þm. bent á eitthvert dæmi um að frv. hafi áhrif á sæmilega virk félög sem geta vænst þess að rúmur helmingur félagsmanna taki þátt í starfi þeirra og taki þar af leiðandi þátt í kosningum og öðru slíku? Hv. þm. kvartar undan því að sjálfstæðismenn láti ekki sjá sig. Við erum að sinna ýmsum störfum og ég var í mínu herbergi og hef hlustað á alla umræðuna hingað til. Fyrir nokkrum dögum var hér umræða þar sem haldnar voru 40 ræður á 36 tímum um u.þ.b. 20 atriði. Ég byrjaði að hlusta á þá umræðu og það sem gerist þegar ræðutími er svo yfirþyrmandi er það að góð rök, sem menn hafa undirbúið vel og vendilega, týnast. Þau komast hreinlega ekki til skila. Ég ætla að biðja hv. þm. um að hugleiða hvort það sé ekki betra að menn séu gagnorðari og séu ekki að tyggja upp rökin hver eftir öðrum aftur og aftur.

[18:32]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir koma nú hér hver sjálfstæðismaðurinn og fætur öðrum og lýsa því yfir að þeir hafi verið að horfa á mig og væntanlega fleiri stjórnarandstöðuþingmenn hér í sjónvarpi og það er vel. Þingmaðurinn spurði hvort ég gæti bent á dæmi um áhrif á virk félög varðandi atkvæðagreiðslur. Málið snýst ekki um þetta. Það sem ég hef verið að ræða hér er lögbinding með lögþvingun á verklagsreglur eða kjarasamningaumgjörð eins og gert er í þessu frv. Það er aðalóhæfan í þessu máli. Ég hef líka gagnrýnt marga efnisþætti í þessum málum. Það er hægt að deila endalaust um prósentur til og frá. Mér finnst alltaf til bóta að sem flestir komi að ákvarðanatöku hvort sem það er í stéttarfélögum eða á öðrum vettvangi. Ég hef bent á það í mínu máli að því er algjörlega þveröfugt farið í sambandi við skipulag vinnuveitenda. Ég hef einmitt gert að umtalsefni að sama hugsun verður þá að gilda fyrir báða aðila. Það er það sem ég dró mjög skýrt fram í mínum málflutningi. Hv. þm. spurði einnig hvort menn gætu verið gagnorðari í sínum málflutningi. Hann talaði um 40 ræður, um 20 atriði. Ég held að menn reyni yfirleitt að vera eins gagnorðir og hægt er. Hér er geysilega mikilvægt mál á ferðinni og ég fullyrði að hér komi hjá hverjum einasta ræðumanni fram einhver nýr flötur á málinu. Lýðræðið er nú þannig að menn vilja oft koma að málinu með sínum hætti. Það verða menn að búa við. Það hefur ekki ríkt af neins hálfu í þessari umræðu né hinni fyrri umræðu, sem hv. þm. vitnaði til, svokallað málþóf sem er aðferðafræði sem menn beita til að tefja þingstörf. Svo hefur ekki verið og sést það einna best á því að einungis hluti stjórnarandstæðinga talaði og flestir einungis einu sinni.

Málið er hins vegar geysilega mikilvægt, eins og ég hef reynt að draga fram í ræðu minni. Það er fullkomlega eðlilegt að það sé rætt ítarlega á hinu háa Alþingi. Þannig eru leikreglur lýðræðisins.

[18:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svör hans. Hann svaraði reyndar ekki spurningunni og sagði að það væri aukaatriði hvort þetta hefði nokkur áhrif á félög sem eru sæmilega virk. Í hans huga virðist formið það sem skiptir mestu máli, það að menn höfðu ekki nægilega mikið samráð við verkalýðshreyfinguna. Nú ætla ég ekki að blanda mér í deilur um það hvort að samráð hafi verið haft eða ekki. Ég var ekki viðstaddur og veit ekki hvernig það fór fram. En ég get ekki séð að það sé aðalhlutverk verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi að berjast fyrir einhverju formi. Ég hélt að hún væri að berjast fyrir hærri launum en ekki því að réttir menn hafi talað við rétta menn á réttum tíma. Ég held að aðalatriðið sé það að menn nái sæmilegri sátt um hækkun launakjara.

Varðandi ást hv. þm. á lýðræðinu kemst ég ekki hjá því eftir að hafa hlustað á u.þ.b. helminginn af þessum 40 ræðum, ég entist nú ekki til að hlusta á þær allar, að telja þetta málþóf. Oft tók það hv. þm. u.þ.b. 10 mín. eða kortér að koma sér að efnisatriðum. Þeir ræddu bara út og suður, vítt og breitt. Ef þetta er málþóf, sem mér sýnist allt benda til og stefna í núna, fer maður að spyrja sig um lýðræðið. Getur það verið að þessir 23 þingmenn sem eru í stjórnarandstöðu sætti sig hreinlega ekki við úrslit kosninganna? Getur verið að þeir séu að gefa kjósendum langt nef sem þó kusu þessa 40 þingmenn til þess að fara með stjórn landsins? Þetta er spurning. Og ef menn ætla að beita málþófi svona þá er það ekki lýðræði. (**Gripið fram í:** Þetta er mjög málefnaleg umræða um frv.)

[18:36]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki verið haft samráð við gerð þessa frv. Þetta frv. var í öðrum farvegi eins og menn vita. Það þarf að stafa ofan í hv. þm. eina ferðina enn að hér er verið að lögfesta samningsumgjörð sem ómótmælanlega gengur á annan samningsaðilann til hagsbóta fyrir hinn aðilann. Það er það sem hér er verið að gagnrýna. Þetta er ekki lítilvæg spurning eins og hv. þm. gaf í skyn, einhver formspurning, eitthvað ómerkilegt. Við erum kosnir til að fara með þetta löggjafarvald og grundvallaratriði hvernig við beitum því. Ég hef margoft bent á að ef menn hugsa sér að gera breytingar á vinnulöggjöf, sem vafalítið þarf að gera, þá verða menn að finna því bæði pólitíska og faglegan farveg þótt endanleg ákvörðun sé pólitísk. Þessi aðferðafræði ríkisstjórnarinnar hlýtur að teljast harkaleg og fruntaleg árás á skipulagða verkalýðshreyfingu í landinu. Það er ekki hægt að túlka þessi frv. á neinn annan máta. Ég fullyrði að verkalýðshreyfingin þarf vitaskuld að búa við góða samningsumgjörð, heiðarlega og rétt setta samningsumgjörð sem hún getur m.a. komið að til að ná fram hækkun launa. En ég vil benda hv. þm. á að það hefur ekki ríkt neitt málþóf í sambandi við þá umræðu sem vísað var til um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Menn voru þar að lýsa skoðunum sínum. Hér eru þingmenn fulltrúar margra kjósenda, menn eru ekki að blekkja sína kjósendur á neinn máta með því að tala ítarlega og af tilfinningahita um mikilvæg mál. Ef hv. þm. lítur svo á, held ég að hann hafi ekki áttað sig á ákveðnum grundvallarreglum í lýðræðinu. En það verður að bíða betri tíma að skiptast á skoðunum um það.

[18:39]

Útbýting þingskjala:

Rannsókn flugslysa, 191. mál, nál. samgn., þskj. 1000; brtt. samgn., þskj. 1001.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:40.

---

141. FUNDUR

laugardaginn 18. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 519. mál, þskj. 956. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 987. — 3. umr.
3. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 996, brtt. 1002. — 3. umr.
4. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 677, nál. 947, brtt. 948. — 2. umr.
5. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957. — Frh. 1. umr.
6. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554, nál. 941, brtt. 942 og 991. — 2. umr.
7. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 191. mál, þskj. 239, nál. 1000, brtt. 1001. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Bandalagi háskólamanna.

[10:05]

Útbýting þingskjala:

Fjárreiður ríkisins, 297. mál, þskj. 987; brtt. sérn., þskj. 1003.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 249. mál, þskj. 996; brtt. SJS, þskj. 1002.

Upplýsingalög, 361. mál, þskj. 986.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:07]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1002. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrsta dagskrármál var of seint fram komið. — Samþ. með 38 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 956.

[10:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Gildandi lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eru fábrotin. Þau voru sett árið 1976. Í raun fela þau ekki í sér nein efnisákvæði um það hvernig stjórna skuli veiðunum utan lögsögu Íslands. Í þeim er fyrst og fremst fólgið framsal til ráðherra til þess að ákveða eins og þurfa þykir hvernig slíkum veiðum skuli stjórnað og m.a. með hliðsjón af veiðistjórnarreglum innan íslenskrar landhelgi.

Það er ljóst að nútímaviðhorf um lagasetningu er á allt annan veg en var þegar þessi löggjöf var sett. Jafnframt hafa orðið mjög miklar breytingar. Í fyrsta lagi hafa fiskveiðistjórnunrreglur innan íslensku lögsögunnar tekið miklum breytingum. Í öðru lagi sækjum við í stórum stíl á mið utan landhelginnar sem við gerðum í mjög takmörkuðum mæli þegar lögin voru sett. Í þriðja lagi hefur orðið mikið framþróun í hafrétti á þeim tíma sem liðinn er frá því að lögin voru sett. Af öllum þessum ástæðum var orðið mjög brýnt að undirbúa og koma fram frv. til laga um nýja löggjöf varðandi fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Það er einnig ljóst að með hliðsjón af öllum aðstæðum er mikilvægt að fyrir liggi með góðum tíma þær reglur sem gilda eiga áður en veiðiheimildum er skipt á milli skipa. Fyrir þá sök er mjög brýnt að Alþingi geti fjallað um og afgreitt svo fljótt sem verða má nýja löggjöf um þetta efni.

Ég skipaði haustið 1993 nefnd til að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í nefndinni áttu sæti þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum auk þess sem nokkrir helstu forustumenn hagsmunaaðila í sjávarútvegi áttu þar sæti. Geir H. Haarde alþingismaður var skipaður formaður nefndarinnar. Snemma í starfi nefndarinnar ákvað hún að bíða niðurstöðu úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna áður en samið yrði nýtt lagafrv. um veiðar utan lögsögu. Var nefndin mjög mikilvægur samráðs- og umræðuvettvangur varðandi þau mál sem tengjast úthafsveiðum og efst hafa verið á baugi hverju sinni. Frá því að úthafsveiðiráðstefnunni lauk í ágústmánuði sl. hefur nefndin unnið að frumvarpsgerðinni og skilaði hún drögum að frv. til ráðherra 7. þessa mánaðar. Í skilabréfi sínu með frv. tekur formaður nefndarinnar fram að í henni hafi ekki náðst samkomulag um öll atriði málsins og hafi einstakir nefndarmenn fyrirvara, ýmist um frv. í heild eða um einstakar greinar þess. Jafnframt kemur það fram í skilabréfi formannsins að það sé mat hans að frv. endurspegli þær skoðanir sem mestan stuðning hafa í nefndinni. Er það frv. sem ég mæli fyrir samhljóða þeim frumvarpsdrögum sem nefndin skilaði með þessum hætti.

Eins og fram hefur komið var ákveðið að láta mótun endanlegra tillagna bíða niðurstöðu úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þeirri ráðstefnu lauk með undirskrift úthafsveiðisamningsins 4. des. sl. Úthafsveiðisamningurinn er ákvæðum hafréttarsáttmálans frá 1982 til fyllingar enda hafa þau ákvæði ekki verið talin nægjanlega ítarleg til þess að byggja megi á þeim við úrlausn sífjölgandi álitaefna og deilumála er tengjast veiðum á úthafinu. Þótt úthafsveiðisamningurinn hafi ekki tekið gildi má fullyrða að áhrifa hans sé þegar farið að gæta og vísast um það m.a. til tveggja mikilvægra samninga um tvo íslenska deilistofna á síðustu vikum og mánuðum.

Núgildandi lög um stjórn veiða á úthafinu eru lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976. Eins og ég hef áður greint eru þau mjög almennt orðuð og það sem einkum einkennir þau er hversu víðtækt vald er framselt til ráðherra til stjórnunar veiða utan lögsögunnar. Er fullljóst að þau eru alls ekki viðhlítandi grundvöllur til að byggja stjórn úthafsveiða á eftir að þær eru orðnar jafnveigamikill þáttur í fiskveiðum Íslendinga og raun ber vitni. Er eðlilegt að löggjafinn setji meginreglur um stjórn þessara veiða eins og ráð er fyrir gert með því frv. sem hér liggur fyrir. Ætlunin er að frv. þetta taki til veiða allra íslenskra skipa utan lögsögu Íslands. Jafnframt er ljóst að frv. hefur áhrif á veiðar innan íslensku lögsögunnar, bæði vegna þess að íslenskir deilistofnar fyrirfinnast bæði innan lögsögumarka og utan og einnig vegna þess að með hagfelldu skipulagi á veiðum fiskiskipaflotans á fjarlægum miðum getur skapast meira svigrúm fyrir þá sem veiða innan lögsögunnar.

Með frv. er valin sú leið að leggja ekki hömlur á veiðar íslenskra skipa á úthafinu á meðan slíkar veiðar ógna ekki lifandi auðlindum hafsins, brjóta ekki í bága við alþjóðlegar samningsskuldbindingar Íslands eða stofna ekki hagsmunum Íslands í hættu hvað varðar stofna sem fyrirfinnast bæði í íslenskri lögsögu og utan hennar, t.d. í lögsögu nágrannaríkja. Því er þess ekki krafist við útgerðir skipa að aflað sé sérstakra leyfa til veiða á úthafinu nema í þeim undantekningartilvikum sem ég hef nefnt. Um þetta eru ákvæði í 4. gr. frv.

Annað mikilvægt atriði í 4. gr. eru niðurlagsákvæði 2. mgr. hennar þar sem sérstaklega kemur fram að í þeim tilfellum þar sem veiðarnar eru leyfisbundnar megi einungis veita skipum leyfi að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands til þess að stunda veiðar í efnahagslögsögunni. Þetta ákvæði er mikilvægt til þess að taka af allan vafa um að erlendar útgerðir geti ekki skráð skip sín hér á landi með það fyrir augum að veiða úr íslenskum kvótum á úthafinu hvort sem það er úr karfakvóta Íslands á Reykjaneshrygg eða kvóta Íslands í norsk/íslenska síldarstofninum. Með þessu ákvæði er ætlunin að koma í veg fyrir það sem nefnt hefur verið kvótahopp erlendis. M.a. vegna þess atriðis er mikilvægt að löggjöf þessi verði samþykkt sem allra fyrst.

Hvað varðar íslenska deilistofna, þ.e. stofna sem bæði veiðast innan íslensku lögsögunnar og á úthafinu eða bæði innan íslensku lögsögunnar í lögsögum nágrannaríkjanna, þá er valin sú leið að láta gildandi lög um stjórn fiskveiða ná til þessara veiða svo sem frekast er kostur. Í 5. gr. frv. eru mikilvæg ákvæði er varða stjórn veiða úr þessum íslensku deilistofnum. Þar sem þeir tengjast svo mjög íslensku lögsögunni er eðlilegast talið að um stjórn þeirra fari samkvæmt

þeim lögum sem almennt gilda um stjórn fiskveiða í hafinu umhverfis Ísland. Á þessu er í 5. gr. frv. gerð frávik sem rétt er að gera hér grein fyrir.

Ljóst er að á undanförnum árum hefur náðst að tryggja gífurlega hagsmuni hvað varðar veiðar úr íslenskum deilistofnum sem koma til viðbótar þeim takmörkuðu aflaheimildum sem íslenski fiskveiðiflotinn hefur mátt deila með sér á undanförnum árum. Til þess að bæta stöðu fiskveiðiflotans í heild með tilkomu þessara auknu heimilda er í frv. gert ráð fyrir að ráðherra sé veitt takmörkuð heimild til að veita öðrum en þeim sem beinlínis geta aflað sér veiðireynslu úr viðskomandi stofnum hlutdeild í þessari aukningu þótt með óbeinum hætti verði. Hins vegar hlýtur ráðherra við beitingu slíkra heimildar að þurfa að fara varlega með vald sitt til þess að ekki sé eyðilagður hvati útgerðarmanna að sækja sér aflareynslu úr viðkomandi stofnum. Þrátt fyrir þessar heimildir er engu að síður ljóst að úthlutun veiðiheimilda fer fyrst og fremst fram á grundvelli veiðireynslu í þeim tilvikum sem hún er fyrir hendi. Hvað telst veiðireynsla í þessum lögum sem hér er gerð tillaga um er skilgreint nánar í 2. mgr. 5. gr. frv.

Í 6. gr. frv. er svo fjallað um stjórn veiða úr stofnum sem veiðast á fjarlægari miðum, þ.e. eru ekki íslenskir deilistofnar. Er í frv. gert ráð fyrir að málum sé skipað með líkum hætti og hvað varðar stjórn veiða úr íslenskum deilistofnum. Í þessu tilviki er þó ekki gert ráð fyrir að gildandi lög um stjórn fiskveiða nái til veiðanna svo sem er í fyrra tilvikinu. Er því ekki sjálfgefið að á fjarlægum hafsvæðum gildi ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda. Er ráðherra ætlað að ákveða hverju sinni hvort slíkt framsal verði leyft. Þá eru heimildir ráðherra til miðla heimildum til annarra en þeirra sem veiðireynslu hafa í viðkomandi stofnum hér takmarkaðri. Ástæða þess er sú að veiðar á fjarlægum miðum eru áhættusamar og hætt er við að dragi úr hvata útgerða til að sækja þau mið uppskeri þeir ekki veiðiheimildir í samræmi við þá veiðireynslu. En kröfur Íslands til veiðiheimilda á fjarlægum miðum hljóta fyrst og fremst að byggja á slíkri veiðireynslu. Af sömu ástæðu er ráðherra í niðurlagsákvæði 6. gr. veitt rýmri heimild en í sambærilegu ákvæði 5. gr. um íslenska deilistofna til þess að verðlauna sérstaklega þær útgerðir sem sýnt hafa frumkvæði í veiðum á fjarlægum miðum.

Í 8. gr. frv. er mikilvægt ákvæði um eftirlit með íslenskum skipum utan íslensku lögsögunnar. Hvað varðar íslenska deilistofna er gert ráð fyrir því sem meginreglu að ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum gildi um þessa stofna eftir því sem við á og verður þetta eftirlit því hluti af því eftirlitskerfi sem gildir innan lögsögunnar.

Hvað varðar stofna sem veiddir eru á fjarlægari miðum er aðstaðan hins vegar önnur. Er þess ekki að vænta að hægt verði að fella eftirlit á þeim miðum að hinu almenna eftirlitskerfi sem í gildi er innan íslensku lögsögunnar. Nefna má tvær ástæður fyrir þessu. Í fyrsta lagi byggist núverandi eftirlit í íslensku lögsögunni m.a. á nálægð fiskimiðanna við landið. Í öðru lagi má búast við að á fjarlægari miðum verði eftirliti háttað með mismunandi hætti allt eftir ólíkum kröfum og höftum að því er varðar hefðir ríkja á viðkomandi hafsvæðum. Er við því að búast að eftirlitið dragi dám af því eftirliti sem gildir innan fiskveiðilögsögu nálægra ríkja. Má í þessu sambandi benda á að víða í Norður-Ameríku er ríkari hefð fyrir því að eftirlitsmenn séu almennt um borð í fiskiskipum en við eigum að venjast á heimamiðum. Á Flæmingjagrunni þar sem fjöldi íslenskra skipa stundar rækjuveiðar austur af Nýfundnalandi ber t.d. hverju skipi sem þar stundar veiðar árið 1996 og 1997 að hafa um borð eftirlitsmenn á grundvelli reglna sem samþykktar hafa verið á vettvangi NAFO. Því er ekki að leyna að þetta eftirlit er kostnaðarsamt og ekki að skapi Íslendinga. Við höfum ekki talið þörf á svo ríku eftirliti við þessar veiðar þó það hafi orðið niðurstaðan innan NAFO og má fyrst og fremst rekja ástæður þess til niðurstöðu deilna Kanada og Evrópusambandsins um grálúðustofninn á sínum tíma. En eins og staðan er nú greiða þær útgerðir sem veiðarnar stunda á þessu svæði ekki fyrir þetta eftirlit heldur er það kostað af almennu skattfé. Það er afar brýnt að lagafrv. þetta nái fram að ganga svo þessu verði breytt. Hér er gert ráð fyrir því að þeirri meginreglu verði haldið að útgerðir einstakra skipa standi undir eftirlitskostnaði og er eðlilegt að sú meginregla gildi bæði innan og utan lögsögunnar.

Það er einnig mikilvægt að efnisreglum þessa frv. verði komið í lög sem fyrst svo ljóst megi verða við hvaða reglur verður stuðst þegar úthluta þarf veiðiheimildum. Það er mikilvægt að þær hafi legið fyrir í nokkurn tíma áður en slíkar ákvarðanir hafa verið teknar. Það má öllum ljóst vera hversu örðugt það er að setja efnisreglur í sama mund og ákvarðanir eru teknar um að skipta veiðiheimildum niður á skip. Þá koma upp hagsmunaárekstrar og tilhneiging til að sníða reglur að hagsmunum einstakra aðila sem á síðustu stundu eru að hefja þátttöku í viðkomandi veiðum. Þess vegna er mjög brýnt að lagareglur liggi fyrir með sæmilega góðum fyrirvara. Fyrir þá sök er það mín ósk að þingið freisti þess að afgreiða þetta frv. svo fljótt sem verða má.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka nefndinni sem vann að undirbúningi frv. fyrir gott starf og það framlag sem hún hefur lagt til þeirrar mikilvægu þróunar í íslenskum sjávarútvegi sem við fjöllum hér um.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[10:23]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Fyrir svo sem tveimur áratugum hefði það þótt heldur ósennilegt að fyrir Alþingi Íslendinga ætti eftir að liggja frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögunnar. Þá voru Íslendingar að koma úr nokkuð löngu tímabili þar sem gnótt var fiskjar innan efnahagslögsögu þjóðarinnar og þjóðin þurfti því í raun lítið annað að hugsa um en að veiða fisk og gjarnan að flytja hann út að miklu leyti sem lítt unnið hráefni. Síðan urðu miklar breytingar eins og kunnugt er og Íslendingar fóru í gegnum mikið samdráttarskeið sem byggðist fyrst og síðast á hruni veiðistofna. Til allrar hamingju hefur þjóðin getað lagað sig að slíkum aðstæðum og hefur borið gæfu til að læra af neyðinni. Eins og margítrekað hefur komið fram m.a. í umræðum hér á Alþingi, þá er hin aukna sókn okkar í fullvinnslu sjávarafangs einn liður í viðbrögðum og leið til að vinna sig út úr þeim þrengingartíma sem yfir þjóðina gekk. Þar eru verulega skemmtilegir hlutir að gerast þar sem Íslendingar eru farnir að fullvinna sjávarfang í miklum mæli og auka þar með verðmætasköpun sína. Það er ein af þeim leiðum sem þjóðin hefur kosið sér í þrengingunum.

Í annan stað má nefna hina gífurlega miklu útrás þjóðarinnar til veiða á alþjóðlegu hafsvæði sem áður var í rauninni óþekkt. Það er vert að hafa í huga að veiðar okkar á al-

þjóðlegu hafsvæði hafa fært milljarða inn í þjóðarbúið og er fróðlegt að velta fyrir sér hver staðan í efnahagslífi okkar hefði verið ef ekki hefði komið til kjarkur og áræði einstakra útgerðarmanna og sjómanna við að leita nýrra fiskimiða á alþjóðlegu hafsvæði.

Ég nefni í þriðja lagi útrás okkar til fjarlægra landa og nefni þar sérstaklega samninga Íslenskra sjávarafurða á Kamtsjatka. Ég nefni útflutning okkar á veiðarfærum og fiskvinnslubúnaði og þannig má áfram telja.

Í fjórða lagi nefni ég þær breytingar sem orðið hafa varðandi löndun erlendra fiskiskipa hér á landi. Nýjasta dæmið er af Samherja við Eyjafjörð sem nú mun standa í samningum við Norðmenn um að kaupa af þeim ísfisk. Það er ef til vill tímanna tákn og má segja þegar allt þetta er skoðað að íslenska þjóðin hefur verið að breytast úr því að vera tiltölulega frumstæð veiðimannaþjóð í að verða iðnaðarþjóð, þ.e. þjóð sem stundar fullvinnslu á sjávarfangi og er núna farin að flytja inn hráefnið fisk í stað þess að flytja það út.

Allt hefur þetta gerst m.a. vegna þeirra ytri skilyrða sem hér voru nefnd áðan, vegna tækniframfara, vegna þess að á Íslendingum sem og þjóðum heimsins hvílir sú krafa að sýna ábyrgð gagnvart fiskveiðistjórnun og vegna þeirra alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið á síðustu árum. Ég nefni í því sambandi að nú liggur fyrir þingi Evrópuráðsins tillaga um að aðildarþjóðirnar, um 40 að tölu, sýni mun ábyrgari afstöðu í fiskveiðistjórnun en verið hefur. Þessi tillaga verður afgreidd að öllum líkindum á næsta þingi Evrópuráðsins í lok júní á þessu ári og er ekki annað séð en að hún verði samþykkt. Það er einmitt dæmi um þá ábyrgð og þá festu sem einkennir orðið alþjóðaumræðu um fiskveiðistjórnun. Það sem er hins vegar hið ánægjulega fyrir okkur Íslendinga er að við erum að rísa úr því sem kalla má krepputímabil þar sem allt bendir til þess að fiskveiðistofnar okkar séu nú vaxandi en meginatriðið er að við komum nú reynslunni ríkari úr því þrengingarskeiði sem við höfum verið í nú um hríð. Við komum reynslunni ríkari þegar fiskstofnar fara vaxandi. Við munum hafa þá reynslu núna og geta haft getu og vilja til að fullvinna þann afla sem mun veiðast innan efnahagslögsögunnar sem og utan. Við munum hafa þá reynslu sem við höfum aflað okkur síðustu tíu árin eða svo með úthafsveiði og af þeim atriðum sem ég nefndi hér að framan.

Að þessu sögðu hlýtur að vera full ástæða til bjartsýni hvað varðar fiskveiðar, fiskvinnslu og þá um leið efnahagslíf okkar nú á næstu árum. En vissulega er okkur nokkur vandi á höndum. Það er alltaf vandi að stíga ný skref. Við erum núna að sumu leyti að breyta um atvinnuhætti. Við erum að færast yfir á annað og breytt atvinnustig en við erum líka að feta okkur inn á alþjóðlega samkeppni og inn á alþjóðleg veiðisvæði. Þar eru hagsmunir ólíkir. Þar af leiðandi kemur upp vandi. Hagsmunir eru ólíkir þjóða í millum eins og við höfum séð í erfiðum samningum Íslendinga við Norðmenn, Rússa og fleiri þjóðir á þeim hafsvæðum sem um er að ræða. En hagsmunir eru líka ólíkir hér innan lands eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh. og eins og fram kemur í þeirri staðreynd að einungis formaður þeirrar ágætu nefndar sem lagði í rauninni þetta frv. til, vann það fyrir hæstv. sjútvrh., skrifaði þar undir. Ég hygg að það breyti í rauninni engu um niðurstöðuna því aldrei hefði fullkomin samstaða náðst um hvaða leiðir skyldi fara, svo ólíkir eru þessir hagsmunir.

Hagsmunirnir koma til af því að það eru margir aðilar innan lands sem erlendis sem koma að. Vandinn byggist e.t.v. fyrst og fremst á því hvar má veiða. Við erum aðallega að ræða þar um fjögur hafsvæði. Það er Reykjaneshryggur og á Alþingi og í fjölmiðlum hefur einmitt verið greint frá þeim vandasömu samningum sem hafa átt sér stað þar og stóra atriðið að samningar hafa náðst.

Eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh. erum við einnig að ræða svonefnda síldarsmugu, jafnteygjanleg og hún er, þ.e. norsk-íslenska síldarstofninn. Ég held að það sé rétt að við gerum okkur grein fyrir því að hefðu ekki náðst samningar værum við að stefna uppbyggingu norsk-íslenska síldarstofnsins í hættu og engin þjóð á jafnmikilla hagsmuna að gæta um að sá stofn stækki og við Íslendingar. Því stærri og eldri sem stofninn er því meiri líkur á að hann gangi inn í íslenska efnahagslögsögu. Þar að auki má nefna að vinnulag Íslendinga í þeim samningum mun örugglega styrkja þá í þeim samningum sem við eigum enn eftir að ná um Smuguna í Barentshafi.

Að lokum má svo nefna Flæmska hattinn. Þegar samningum við grannþjóðir okkar hefur verið náð er rökrétt næsta spurning: Hver má veiða og hvernig? Eigum við að gefa veiðar þarna algjörlega frjálsar, viljum við hafa stjórn á þessum veiðum og þá hvernig stjórn? Þar koma líka ýmis ólík sjónarmið til eins og hæstv. sjútvrh. kynnti hér. Hvað með frumherjaréttinn? Okkur ber að virða það áræði og þann kjark og þann kostnað sem útgerðir og sjómenn sýndu við að leita nýrra miða í þeim þrengingum sem gengu yfir þjóðina á síðustu árum. Karfaveiðar á Reykjaneshrygg voru ekkert sjálfgefnar. Menn þurftu að leita að stofnum og menn þurftu jafnframt að þróa með ærnum tilkostnaði aðferðir til að veiða karfann á Reykjaneshrygg. Það er réttur sem ber auðvitað að hafa í huga og frv. tekur mið af því.

Við þurfum líka að hafa í huga að bátafloti okkar, þ.e. hinir hefðbundnu vertíðarbátar og ísfisktogarar, hefur átt óbeinan þátt í að úthafsveiði okkar Íslendinga hefur getað farið fram með því að mörg úthafsveiðiskip, útgerðir þeirra, hafa leigt til bátaflotans og þar með treyst grundvöll sinn til þess að geta farið í óvissu á fjarlægari mið. Að auki má hafa í huga að hinn hefðbundni bátafloti á aldrei möguleika á því að sækja á fjarlægari mið á alþjóðlegu hafsvæði. Þar koma hagsmunir sem ber einnig að hafa í huga. Með öðrum orðum við hvert það skref sem við stígum í fiskveiðum okkar og fiskvinnslu þá þurfum við að skoða flotann okkar í heild sinni en ekki einungis einn afmarkaðan bás þess eða skoða þetta út um kýraugu sérhagsmunanna.

Ég tel að frv., sem hér liggur fyrir, sé tilraun til að koma á festu og vinnuramma utan um það umhverfi sem við höfum verið að sækja á og eigum eftir að sækja í vaxandi mæli. Ég tel afskaplega mikilvægt fyrir okkur sem ábyrga þjóð að sýna þá festu að við viljum setja lagaramma og taka þar með ábyrga afstöðu og taka af ábyrgð á þeim samningum sem við höfum skuldbundið okkur til á alþjóðlegu hafsvæði. Sú staðreynd mun skapa okkur enn frekari sóknarfæri á því sviði. En við megum ekki láta þar staðar numið. Ég hygg að það sé alveg ljóst að verði frv. þetta að lögum muni reynslan sýna innan einhverra ára að frv. þarf endurskoðunar við. Við því er ekkert að segja, það eru eðlilegir hlutir því við erum að stíga að sumu leyti út í óvissuna. Meginatriðið er að setja okkur þann lagaramma sem sýnir að Íslendingar eru viljugir til að mæta þessum nýju svæðum af ábyrgð og festu. En við megum samt ekki láta staðar numið. Við megum ekki láta þá velgengni blinda okkur sýn sem nú um hríð einkennir íslenskt efnahagslíf, ekki síst í fiskvinnslu og veiðum. Við megum ekki falla í sömu gryfju og við vorum í á meðan

fiskveiðar voru nægar og áhyggjulausar hér um margra ára skeið. Við þurfum að halda sókninni áfram. Ég bendi sérstaklega á að eitt mikilvægasta verkefni fyrir okkur á þessu sviði er að efla sérstaklega tengsl okkar við Grænlendinga því að engar tvær þjóðir hafa meiri hagsmuna að gæta hvað varðar Reykjaneshrygginn en Grænlendingar og Íslendingar. Þar hljóta að vera mikil sóknarfæri og mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að efla til muna samstarf okkar við Grænlendinga. Ég tel reyndar að við höfum misst af ákveðnum sóknarfærum með því að hafa ekki tekist að ná fullu samkomulagi við Grænlendinga. Þetta er atriði sem við þurfum að hyggja vel að.

Ég bendi jafnframt á að þegar við tölum um veiðar á Reykjaneshrygg þá erum við aðeins að tala um örlítið brot af því mikla hafsvæði sem Reykjaneshryggurinn er. Við erum aðeins að tala um karfaveiðar. En ég vek athygli á því að Reykjaneshryggurinn, það gífurlega mikla hafsvæði, hefur nánast ekkert verið kannað. Má segja að það sé í rauninni af tilviljun sem við höfum fundið þar þennan gífurlega stóra karfastofn sem við vitum þó ekki einu sinni hversu stór er. En það er mikilvægt fyrir okkur að láta ekki deigan síga og halda áfram að kanna þetta hafsvæði með skipulögðum rannsóknum þar sem einstakar útgerðir og hið opinbera þurfa að koma að. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur því þar tel ég vera eitt mesta sóknarfærið fyrir Íslendinga á alþjóðlegu hafsvæði.

Ég nefni líka stöðu Íslands í Norður-Atlantshafi nú þegar veiðar ýmissa þjóða eru að aukast jafnmikið og raun ber vitni, hér á Reykjaneshrygg, við Grænland og þannig má áfram telja. Það er alveg ljóst að Ísland á að geta og mun ugglaust ef rétt er á haldið gegna lykilhlutverki í þjónustu og dreifingu á fiski og jafnvel fullvinnslu á fiski, m.a. vegna stöðu okkar gagnvart þessum miðum sem hér hafa verið nefnd og vegna stöðu okkar milli Evrópu, Ameríku og flugsins til Asíu.

En það sem mest er um vert, herra forseti, er að þjóðin haldi reisn sinni og sýni á alþjóðavettvangi að hún er reiðubúin að axla ábyrgð, hún er reiðubúin að sækja fram, gera alþjóðasamninga og standa við þá á grundvelli laga, vinnureglna sem þetta frv. er óneitanlega. Því hlýt ég að láta í ljós þá von að frv. megi renna nokkuð hratt í gegnum þingið því að hróður Íslands er í veði.

[10:39]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mál sem þarf að ræða vandlega. Ég ætla að byrja á að vitna í nokkur orð úr stefnuskrá Kvennalistans. Þar segir að Íslendingar eigi að hafa forustu um að settar verði reglur um veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum og að samningum verði náð milli þeirra þjóða sem nýta sameiginlega þau svæði. Það þótti því mjög eðlilegt að taka þátt í starfi úthafsveiðinefndar sem samdi þetta frv. Fyrst sat í nefndinni, þáv. þingkona Kvennalistans, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, en eftir kosningarnar vorið 1995 tók ég sæti í nefndinni. Auk fulltrúa stjórnmálaflokkanna sátu í nefndinni fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi ásamt embættismönnum sjútvrn. eins og komið hefur fram. Nefndarstarfið var um margt mjög fróðlegt og var gagnlegur samráðsvettvangur þingflokka og hagsmunaaðila um úthafsveiðimál og samningaviðræður við erlend ríki um þau efni.

Frumvarpsvinnan sjálf hófst ekki fyrr en eftir að úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk með samkomulagi um nýjan alþjóðasamning í ágúst sl. Fljótlega var ljóst að ekki næðist samkomulag um þetta frv. og að einstakir nefndarmenn hefðu fyrirvara við einstakar greinar frv. og jafnvel frv. í heild eins og segir reyndar í skilabréfi nefndarinnar. Ég vil því undirstrika að það frv. sem hér liggur fyrir er alls ekki sameiginleg niðurstaða nefndarinnar. Fljótlega kom í ljós að í raun var enginn vilji í nefndinni til að ræða um grundvallarforsendur. Hvaða grundvallarforsendum eigi að ganga út frá og því fór í raun ekki nein grundvallarumræða fram í nefndinni eða að minnsta kosti ekki sú grundvallarumræða sem ég hefði talið nauðsynlega.

Stefna ríkisstjórnarinnar og flestra hagsmunaaðila fór saman og því fór sem fór. Greinargerðin birtist t.d. alsköpuð á einum af síðustu fundum nefndarinnar. Ég fór þá fram á að bæta inn eins og einni setningu um forsendur nefndarinnar en það fékkst ekki samþykkt. Bent var á að við þingmenn gætum gert athugasemdir í þingsölum.

Í greinargerð frv., þessari sem ég ætlaði að gera athugasemdir við stendur á bls. 9, með leyfi forseta:

„Frumvarpið byggir að miklu leyti, þar sem við getur átt, á þeim meginsjónarmiðum sem gilt hafa um stjórn fiskveiða innan efnahagslögsögu Íslands hin síðari ár. Þar sem í núgildandi lögum um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 34/1976, er gert ráð fyrir því að ráðherra geti sett þær reglur sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur í fiskveiðilandhelgi Íslands er því, að þessu leyti, ekki um neina byltingu að ræða."

Þarna vildi ég vekja athygli á því að nokkrir nefndarmanna, einkum fulltrúar Kvennalistans og Alþfl., töldu alls ekki sjálfgefið að fara þær leiðir sem farnar eru í þessu frv. Ég tel t.d. að meira tillit hefði átt að taka til 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna frá árinu 1990, þ.e. sameignarákvæðinu um nytjastofnana og til þeirrar grundvallarreglu að úthafsveiðar séu frjálsar í stað þess að hlaða enn frekar undir þá sem fengu kvótann gefins árið 1984. Þetta er grundvallaratriði sem verður að koma skýrt fram. Það er að mínum dómi nógu mikið misrétti sem felst í því hvernig núverandi lög um stjórn fiskveiða eru útfærð, þ.e. þessi mikla mótsögn á milli 1. gr. og annarra greina, þó ekki sé það einnig ætlunin að færa úthöfin og allar úthafsveiðarnar í hendur sömu aðila og nú eiga kvótann í fiskveiðilögsögunni. Kvótann sem samkvæmt lögum er sameign þjóðarinnar allrar en ekki bara þeirra sem „eiga" núverandi kvóta.

Hvernig hafa úthafsveiðarnar, sem hafa vissulega verið mjög merkilegt innlegg í og merkileg viðbót við okkar fiskveiðar á undanförnum árum, verið fjármagnaðar? Þær hafa verið fjármagnaðar með því að núverandi kvótaeigendur hafa leigt út fiskveiðiheimildir sínar og gert alla aðra að leiguliðum til þess að ná veiðireynslu og ná undir sig úthafsveiðunum á grundvelli kvótans frá 1984. Nú á þessi veiðireynsla þeirra á úthöfunum að færa þeim sérstakan rétt til úthafsveiða umfram alla aðra.

Ég vil taka fram að vissulega hefur í mörgum tilvikum verið um áhættusamar frumkvöðulsveiðar að ræða. Ég tel fullkomlega réttlætanlegt í frv. að ráðherra sé heimilt að láta þessa frumkvöðla fá, eins og þarna er ætlunin, 3% heildaraflans úr flökkustofnum svokölluðum eins og síld og loðnu og 5% heildaraflans úr öðrum stofnum, sbr. 5. og 6. gr. frv. Slíkt getur vel átt við enda geri ég ekki athugasemdir við það atriði sem slíkt.

Það má segja að ég geti að miklu leyti sætt mig við ákvæði fyrstu fjögurra greina frv. þótt það sé t.d. ekki alveg ljóst við hvað er átt í 4. gr., þar sem segir að veita eigi leyfi til

skipa sem fullnægja skilyrðum laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Því vil ég spyrja hæstv. sjútvrh., hvort þarna er eingöngu átt við þau skip sem eiga aflahlutdeild í efnahagslögsögu Íslands eða hvort þarna er átt við skip sem sigla undir íslenskum fána. Mér er ekki alveg ljóst þegar ég les þetta yfir hvað átt er við með þessu ákvæði.

7.–16. gr. frv. eru að mínu mati einnig nokkuð ásættanlegar. Enda alls ekki mikill ágreiningur um þær innan nefndarinnar. Ég tel að margt það sem þar er sagt um nauðsynlegt veiðieftirlit sé mjög mikilvægt.

Þó 1. mrg. 10. gr. sé umdeild, þ.e. hvort banna eigi erlendum skipum sem veiða í trássi við alþjóðasamninga í hafinu í kringum Ísland að landa hér afla eða fá þjónustu, virðist alveg ljóst að það hentar íslenskum fiskihagsmunum að hafa þetta ákvæði svona á meðan veiðireynsla vegur þungt í alþjóðasamningum og það virðist vera sjónarmið t.d. þeirra úthafsútgerða sem stunda veiðar á Flæmingjagrunni og víðar. Það virðist vera að fólk sé að keppast við að afla sér veiðireynslu og því getur verið varhugavert að við heimilum slíkar landanir því þá auðveldum við öðrum þjóðum t.d. veiðar á Reykjaneshrygg. Frá þessu sjónarmiði finnst mér því 1. mgr. 10. gr. mjög eðlileg þó talsmenn samtaka iðnaðarins og Útflutningsráðs og fleiri hafi bent á að við þetta hafi tapast mjög mikil viðskipti sem beinist til nágrannalandanna í staðinn, t.d. Færeyja. Þarna þyrfti að nást samstaða við nágrannalöndin því það þjónar litlum tilgangi að loka einir á erlend skip. Hins vegar er ljóst að þegar úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna tekur gildi verða Íslendingar samningsbundnir til að veita ekki þjónustu skipum sem veiða í trássi við samkomulagið. Því tel ég að ákvæði 1. mgr. 10. gr. séu eðlileg þótt orðalagið mætti vera jákvæðara, þ.e. að heimilt væri að koma og fá þjónustu nema þegar þeir brjóta í bága við alþjóða samninga.

Að þessu sögðu má ljóst vera að aðalóánægja mín með þetta frv. beinist að 5. og 6. gr. frv. sem reyndar voru þær greinar sem fengu langmesta umfjöllun í nefndinni.

5. gr. fjallar um stofna sem veiðast bæði innan og utan lögsögunnar eins og t.d. síld og loðnu. Þar á að byggja á sömu reglum og gilda um veiðar innan lögsögunnar eftir því sem við getur átt þótt skipum sem ekki eiga veiðirétt innan lögsögunnar sé heimilt að veiða þessa stofna utan lögsögunnar, það skal tekið fram. Þá er í þessari grein mikilvægt heimildarákvæði að mínu mati til ráðherra þess efnis að skip sem fær leyfti til þessara úthafsveiða verði á móti að afsala sér allt að 20% sinna aflaheimilda innan lögsögunnar. Þetta finnst mér mjög mikið réttlætismál. þ.e. að minni skipin sem ekki fara til úthafsveiða fái aukinn rétt til veiða innan lögsögunnar en hinir verði þá meira fyrir utan. Sú prósenta sem þarna er var á tímabili í frv. 30% en hagsmunaaðilum tókst að fá hana niður í 20% og þetta er eingöngu heimildarákvæði. Í þokkabót hefur Kristján Ragnarsson, sem sat í nefndinni fyrir LÍÚ, séð ástæðu til að mótmæla þessu heimildarákvæði. Ég vil vekja sérstaka athygli á mótmælum hans sem hafa borist þingmönnum sem og öðrum. Í ályktun hans eftir starf nefndarinnar segir m.a.:

„Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsdraga er fylgdu fyrrgreindu bréfi er ákvæði um að ráðherra geti bundið leyfi til veiða úr stofnum er ganga inn og út úr lögsögu því skilyrði að útgerð afsali sér heimildum innan lögsögu sem nemi allt að 20% af aflaheimildum þeim er hún fær.

Ég leyfi mér að vara við að þessi ákvæði veki væntingar um að þær útgerðir sem veiðar stunda utan lögsögu séu færar um að greiða fyrir rétt til veiða með þeim hætti er hér greinir".

Áfram ætla ég að vitna í þetta bréf:

„Uppboð á veiðiheimildum með þessum hætti tel ég óframkvæmanlegt og óréttlátt og verði því beitt er hætt á að veiðiheimildir á úthafinu falli niður öllum til tjóns."

Herra forseti. Það verður því að mínu mati mjög fróðlegt að fylgjast með því, ef þetta frv. verður einhvern tímann að lögum, hvort núv. sjútvrh. eða sjútvrh. framtíðarinnar koma til með að nota þessa heimild í trássi við LÍÚ.

6. gr. frv. gildir um aðra stofna, t.d. rækjuveiðar á Flæmingjagrunni eða veiðarnar í Barentshafi. Í þeirri grein á að byggja að stórum hluta á veiðireynslu þannig að kappið á Flæmingjagrunni og í Smugunni mun skila þessum útgerðum árangri. Að minnsta kosti þeim sem byrjuðu nógu snemma því það á að miða við bestu þrjú veiðitímabil undangenginna sex tímabila. Sé samfelld veiðireynsla ekki fyrir hendi má ráðherra ákveða þetta einn og það eru nefndir ýmsir þættir sem hann á að taka mið af. En þetta er mjög laust í reipunum allt saman þannig að í raun er það ekki mikil framför miðað við þær heimildir sem nú eru í lögunum frá 1976. Prósentuhlutfallið sem úthafsútgerðir eiga að afsala sér af fiskveiðiheimildum innan lögsögunnar var 15% á tímabili en lokatalan er 10%.

Í stuttu máli tel ég mjög mikilvægt að Íslendingar eigi frumkvæði að því að settar verði reglur um veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum og að við setjum íslenska löggjöf um þessi mál svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna alþjóðasamninga og til að koma í veg fyrir ofveiði og að ýta undir skynsamlega stjórnun, eftirlit og verndun fiskstofna á úthöfum. Þetta frv. fullnægir þessum markmiðum að mörgu leyti en að auki, vegna ákvæða 5. og 6. gr., færa þau réttinn til veiða á úthöfum meira og minna í hendur tiltekins hóps sem er að stórum hluta sami hópurinn og hefur haft einokun á veiðum innan fiskveiðilögsögunnar samkvæmt núv. aflamarkskerfi. Þessar greinar auka því enn meira á þá óánægju sem nú ríkir vegna stefnunnar um stjórnun fiskveiða og auka enn á misræmið sem er á milli 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem kveður á um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum og því hvernig lögin frá 1990 eru útfærð að öðru leyti.

Það er ekki verið að segja í þessu frv. að allir Íslendingar sem hafa til þess leyfi geti veitt á úthöfunum, bara að stórum hluta þeir sem hafa veiðiheimildir í lögsögunni eða verulega reynslu á úthöfunum. Eins og ég sagði eru það að stórum hluta eru þeir sömu og fengu kvótann gefins árið 1984. Þetta er að mínu mati mikið óréttlæti sem þjóðin má ekki sætta sig við og þjóðin verður að átta sig á. LÍÚ-forustan ætlar með þessu frv. að leggja kló sína yfir úthöfin líka út á „eign" sína á aflahlutdeild innan lögsögunnar og veiðireynsluna á úthöfum sem þeir hafa fjármagnað, eins og ég sagði hér fyrr í minni ræðu, með því að gera aðra sjómenn og útgerðir að leiguliðum. Þessir leiguliðar berjast nú fyrir tilvist sinni og halda uppi vinnu í frystihúsum út um landið sem flest hver eru rekin með halla. Þessari einokun LÍÚ verður að linna.

Hæstv. forseti. Þessi ríkisstjórn, eins og við höfum séð undanfarna daga, er ekki þekkt fyrir samráð almennt við aðra. Hún er ekki þekkt fyrir samráð við hagsmunaaðila þegar annars vegar eru kennarar eða launþegar eða opinberir starfsmenn. En þegar kemur að sjávarútvegi þá ráða hagsmunaaðilar ferðinni. Þá fá þeir að sitja í öllum nefndum og það er svo sannarlega á þá hlustað. Það er svo mikið hlustað á þá að minni réttlætistilfinningu er gróflega misboðið.

Það er von mín að þetta frv. fái víðtæka umfjöllun þannig að réttlætiskennd þjóðarinnar verði einnig misboðið. Ekkert annað getur komið í veg fyrir að það verði lögfest á meðan núverandi valdhafar og LÍÚ ráða ferðinni. Það getur aldrei orðið sátt um að stjórnvöld úthluti gæðum sem samkvæmt lögum eru í eigu allra landsmanna jafnt til fárra útvalinna án endurgjalds. Flestir sjá að þetta kerfi er a.m.k. siðferðilega í dauðateygjunum nema þeir sem eiga hagsmuna að gæta. Það væri því mjög mikill skaði ef það yrði lögfest svona. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég á eftir hálfa mínútu af ræðu minni og óska eftir að fá að ljúka henni.

(**Forseti** (GÁ)**:** Tíminn er búinn.)

Herra forseti. Hugmyndin um að setja veiðiheimildir á uppboð var mjög mikið rædd í þessari nefnd en hún fór ávallt út af borðinu og þess vegna sitjum við uppi með það frv. sem hér er á borðum. Ég á eftir örlítið brot af ræðu minni og kem því nánar að þessu hér á eftir.

[11:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það voru talsvert skiptar skoðanir í úthafsveiðinefnd um ýmis atriði þessa máls. Jafnvel lá þar fyrir beinn ágreiningur um einstaka þætti eins og gengur. Undir það get ég tekið en ekki skrifað upp á hitt að í nefndinni hafi alls ekki farið fram nein grundvallarumræða um verkefni nefndarinnar og þau frumvarpsdrög sem hér eru til umræðu. Þetta starf er búið að taka yfir tvö ár eða á þriðja ár og af og til hefur verið gert áhlaup að samningu þessa frv. á tveggja ára tímabili. Hv. þm. sat að vísu ekki í nefndinni allan þann tíma en ég leyfi mér að fullyrða að oft og tíðum hafi farið fram innan nefndarinnar hin mesta umræða sem ég hef tekið þátt í á síðari árum um ýmis grundvallaratriði, t.d. varðandi þróun hafréttarins og úthafsveiðimál, samninga við önnur ríki og fyrirkomulag þessara mála hjá okkur. Og tel ég mig þó hafa verið á vettvangi yfirleitt þar sem þessi mál hafa verið til umræðu þannig að ég mótmæli því. Það er ekki sanngjörn lýsing á starfi nefndarinnar sem hefur haldið tugi funda og eytt miklum tíma í þessi mál, að sakast um að ekki hafi farið þar fram mikil umræða, grundvallarumræða þess vegna. En hitt er rétt að það leiddi eftir sem áður ekki til samkomulags.

Ég bið hv. þm. að láta ekki áhuga sinn á því að koma á auðlindaskatti villa sér sýn í þessum efnum þó ekki hafi orðið um það samkomulag í nefndinni. Það er ekki þar með sagt að það sé við það að sakast að þau mál hafi ekki verið rædd. Ég held reyndar að meiri umræður um það tiltekna atriði hefðu ekki skilað annarri niðurstöðu. Það lá einfaldlega og liggur fyrir ágreiningur sem við þurfum að horfast í augu við.

[11:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Varðandi grundvallarumræðu og það að undirrituð var ekki með í starfi nefndarinnar frá upphafi, þá hefur mér ávallt verið sagt og það kemur skýrt fram í greinargerðinni að raunveruleg vinna að frv. átti sér ekki stað fyrr en eftir að ég kom í nefndina. En ef einhver grundvallarumræða átti sér stað áður, þá er þessi gagnrýni réttmæt. Ég get ekki deilt við hv. þm. um það.

En það komu alltaf átök upp þegar grundvallarumræða hófst eins og um það hvort ganga bæri út frá núverandi lögum um stjórn fiskveiða og að hve miklu leyti og þá hvaða greinum þar. Það var aldrei í raun og veru tekin grundvallarumræða um það. Það voru bara átök og hver og einn lýsti sínum sjónarmiðum og það var ljóst að það var ekki leyft að rökræða það til neinnar hlítar. Það er mitt mat.

Hugmyndir mínar eða áhugi á auðlindaskatti kemur þessu máli ekkert við, ekki neitt. Það eina sem ég hef verið að tala um er að það særir réttlætiskennd mína að sameignarákvæðið um nytjastofnana skuli ekki vera virkt. Það eina sem ég er að biðja um er að það verði virkt hvort sem það verður með því að koma á auðlindaskatti eða einhverri annarri aðferð.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við getum sjálfsagt lengi deilt um hvað eigi að teljast grundvallarumræða og hvað ekki. En hv. þm. lýsti því einmitt ágætlega að menn hefðu rætt ólík viðhorf í þessum efnum og það hefðu orðið um það miklar umræður og ég kannast ekki við að þeim hafi verið slitið eða settar óeðlilega þröngar skorður af fundarstjóra.

Ég minni á að varðandi einmitt þessi grundvallaratriði um meðferð veiðiheimildanna í 5. og 6. gr. frv. var á mörgum fundum til umræðu uppkast þar sem allt upp í fjórar mismunandi útgáfur af grundvallarleikreglum voru ræddar og settar á blað og reynt var að átta sig á því hvort samstaða gæti orðið um það í nefndinni að velja eitthvað þar á milli. Ég tel því að það hafi verið eytt þó nokkrum tíma í að reyna að nálgast þetta frá þeim sjónarhóli að takast á um ákveðin ólík grundvallarviðhorf í nefndinni. Það leiddi ekki til sameiginlegrar niðurstöðu. Það er rétt. En það er ekki þar með sagt að það hafi verið vegna þess að menn hafi ekki reynt og glímt við það mál.

Varðandi þetta með skattlagninguna, þá þarf meiri tíma í að ræða það og fyrirkomulagið að því leyti. Ég minni á að það er sameignarákvæði í þessu frv. sem er einmitt sniðið að lögunum um stjórn fiskveiða, 2. gr. þess frv. Ég beitti mér ekkert síður fyrir því en aðrir að það kæmi einmitt þarna inn.

Svo vil ég að lokum mótmæla einu sem kom fram í ræðu hv. þm., þ.e. að það hafi í öllum tilvikum eða yfirleitt verið svo að þær útgerðir sem aflað hafa veiðireynslu á úthafinu undanfarin ár hafi gert það með því að leigja veiðiheimildir inn í íslenskri lögsögu. Þetta er oft sagt, en þegar betur er að gáð og þetta mál er skoðað, þá kemur í ljós að það eru einmitt þær útgerðir sem gjarnan hafa mjög litlar veiðiheimildir eða engar innan íslenskrar lögsögu sem hafa verið brautryðjendur í því að afla veiðireynslu á úthafinu af eðlilegum ástæðum. Þær hafa ekki haft verkefni innan landhelginnar. Þær hafa ekki leigt neinar veiðiheimildir öðrum. Þær hafa fyrst og fremst með sinni sókn á úthafinu fært Íslendingum algerlega viðbótarréttindi þannig að mér líkar ekki alltaf sá tónn tónn sem er í þessari umræðu, að menn hafi verið þarna á einhverjum styrkjum eða aðrir hafi greitt herkostnaðinn af því að íslenskar útgerðir hafi fært okkur veiðiréttindi á úthafinu. Það er ekki svo nema í einstökum tilvikum og frekar í minni hluta þeirra sem ég þekki til.

[11:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get tekið undir þetta síðasta hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Það er vissulega rétt að svokallað félag úthafsútgerða hefur átt þarna hlut að máli og ég er ekki að mótmæla því, alls ekki og ég virði það sem þeir hafa verið að gera. Það sem ég vek hins vegar athygli á er að LÍÚ er ekkert hrifið af því sem þeir eru að gera. Réttur hinna sem hafa leigt sínar veiðiheimildir innan lögsögunnar er einmitt

styrktur að mjög miklu leyti. Þeirra réttur er styrktur í þessu frv. umfram hina eins og kemur fram í því að hinir mótmæla líka þessu frv. og ekki síður.

[11:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ekki alls fyrir löngu öðlaðist hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna gildi þegar nægilega mörg ríki höfðu staðfest samninginn til þess að hann teldist vera skuldbindandi að alþjóðalögum. Eitt af meginatriðum þess sáttmála er rétturinn til frjálsra veiða á úthafinu sem nú er orðinn alþjóðalög. Í krafti þess réttar höfum við Íslendingar verið í auknum mæli að sækja út á hið opna haf til þess að stunda þar veiðar og höfum á nokkrum árum breyst úr dæmigerðri strandveiðiþjóð í strandveiðiþjóð og úthafsveiðiþjóð í senn. Almenna reglan sem nú er viðurkennd að þjóðarétti er fullt frelsi til veiða á úthafi. Í krafti þeirrar reglu höfum við Íslendingar m.a. Smuguveiðarnar sem hafa fært okkur björg í bú á umliðnum árum og lagt grundvöll að veiðireynslu sem mun án efa nýtast okkur í framtíðinni.

Ég vil aðeins minna á það, herra forseti, að það var ekki sátt um að við nýttum þau réttindi vegna þess að hæstv. sjútvrh. hafði tilbúna reglugerð á borði sínu sem hann átti aðeins eftir að undirrita, um að meina íslenskum fiskiskipum að nýta þennan rétt samkvæmt hafréttarsáttmálanum, að nýta réttinn til frjálsra veiða á úthafinu. Það var ekki fyrr en lagt var á borðið fyrir hann í þáverandi ríkisstjórn að hann hefði ekki leyfi til þess að gefa út slíka reglugerð, að hann féllst á að gera það ekki og á því byggjast nú veiðar okkar á þessum slóðum sem lögðu grundvöllinn að frekari sókn Íslendinga út á hafið. Við skulum því ekki líta fram hjá því að samkvæmt gildandi þjóðarétti er okkur frjálst að veiða hvar sem er á úthafinu utan fiskveiðilögsögu ríkja og að með þeim tillögum sem hér eru lagðar fram er verið að leggja til að því ástandi verði breytt. Það er því ekkert smámál sem við erum að ræða hér og nú.

Vissulega byggja þessar tillögur sem hér eru gerðar á úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var tilbúinn af þeirra hálfu þann 4. ágúst 1995. En engin einasta þjóð, ekki einu sinni við Íslendingar sjálfir, hefur fullgilt þennan sáttmála þannig að það munu efalaust líða mörg ár, ef marka má hvað tók mörg ár að staðfesta hafréttarsáttmálann uns hann varð að alþjóðalögum, þangað til úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið fullgiltur af nægilega mörgum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna til þess að teljast vera skuldbindandi alþjóðalög og á meðan gildir 87. gr. hafréttarsáttmálans að alþjóðalögum um frelsi til veiða á úthafinu. Þess vegna er það spurning, virðulegi forseti, hvort við séum á réttum tíma að afgreiða þetta mikilvæga mál, þ.e. að svipta íslenskar útgerðir rétti til frjálsra veiða á úthafinu sem þær hafa samkvæmt alþjóðalögum, í trausti þess að úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði einhvern tíma í framtíðinni fullgiltur af nægilega mörgum ríkjum til þess að hann taki við sem alþjóðalög af 87. gr. hafréttarsáttmálans.

Það er líka umhugsunarvert hvort það er rétt af okkur að takmarka þannig okkar eigin rétt til þess að veiða á úthafinu þegar engin önnur þjóð er að vinna það sama verk og Alþingi Íslendinga er ætlað hér að gera. Við erum að stíga fram fyrir skjöldu til þess að takmarka rétt íslenskra útgerða til frjálsra veiða á úthafinu þó svo það séu alþjóðalög og muni gilda sem alþjóðalög í næstu framtíð að slíkur réttur liggi fyrir hjá öllum öðrum þjóðum en okkur. Við erum þarna að ganga fram fyrir skjöldu til þess að takmarka rétt íslenskra útgerða til veiða á úthafinu mörgum árum áður en slíkt mun teljast alþjóðalög og mörgum árum áður en aðrar þjóðir munu grípa til sömu úrræða. Þrátt fyrir að ýmislegt sé gott í frv., þá erum við með þessum hætti að takmarka rétt íslenskra útgerða sem verða einu útgerðirnar í heiminum sem ekki mega nýta sér réttindi 87. gr. hafréttarsáttmálans um frelsi úthafsins. Það er umhugsunarefni fyrir okkur hvort við séum að stíga hér ótímabært skref eða hvort ástæða hefði verið fyrir okkur að hafa um þetta samráð, a.m.k. við þjóðir sem við eigum mest samstarf við í sjávarútvegsmálum og verða þeim samferða um slíkar lagasetningar þannig að það verði sambærilegar reglur sem gilda fyrir þær og okkur. Ég vildi aðeins varpa þessu fram, virðulegi forseti, til umhugsunar. Úthafsveiðisáttmálinn kveður á um þjóðaréttarlega byltingu hvað varðar veiðar á úthöfunum en sú bylting hefur ekki náð fram að ganga og mun ekki gera það fyrr en nægilega margar þjóðir hafa staðfest þann sáttmála til þess að hann öðlist gildi sem alþjóðalög. Og ég ítreka það enn, virðulegi forseti, að sáttmálinn hefur ekki enn verið lagður fyrir Alþingi Íslendinga til staðfestingar þannig að við erum að búa til innlenda lagasetningu á grundvelli ákvæða í sáttmála sem Alþingi Íslendinga hefur ekki einu sinni staðfest.

En hvað sem því líður, þá er ýmislegt í þessu frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem gæti horft til heilla, ekki síst ef aðrir fylgdu fordæmi okkar Íslendinga. Ég vil sérstaklega geta þess að frv. hefur tekið miklum breytingum í þeirri tveggja ára vinnu sem liggur að baki því frv. sem nú er lagt fram. Frv. var upphaflega t.d. þannig úr garði gert að hæstv. sjútvrh. hefði nánast fengið leyfi til þess að stjórna allri útgerð íslenskra skipa, bæði á úthafinu og í lögsögum annarra ríkja hvar sem er í heiminum eftir geðþótta. Það hefur nú verið afnumið. Þær tillögur voru ekki samþykktar þannig að frv. byggist nú fyrst og fremst á því að hæstv. sjútvrh. fær heimild til veiðistjórnunar með þeim takmörkunum sem frv. þó setur honum til þess að uppfylla þá fjölþjóðlegu samninga sem Ísland hefur gert um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum.

Það er orðið meginefni frv., þ.e. réttur hans byggist á því til afskipta af veiðum íslenskra fiskiskipa að Ísland hafi gert samkomulag um veiðarnar við önnur ríki. Þó er það ekki alveg einhlítt vegna þess að á einstaka stað í frv. virðast menn vera að veita sjútvrh. nokkru meiri heimildir en þær sem ég nefndi, eins og í 3. gr. þar sem segir, með leyfi forseta, að ráðherra skuli setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins o.s.frv. þannig að þessa grein væri hægt að túlka þannig að Alþingi væri að veita hæstv. sjútvrh. heimildir til þess að setja reglur um veiðar íslenskra skipa á svæðum þar sem Ísland er ekki aðili að neinum alþjóðlegum samþykktum um veiðistjórnun eða veiðikvóta eða umgengni um fiskstofna þó svo meginefni frv. lúti að því að slík stjórnun sé ráðherra aðeins heimiluð á þeim svæðum þar sem Ísland er aðili að slíku samkomulagi. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telur að þessi grein veiti sjútvrh., ekki endilega honum persónulega heldur sjútvrh., heimild til þess að setja reglur um veiðar íslenskra skipa t.d. í lögsögu annarra ríkja sem liggja fjarri hefðbundnum veiðislóðum íslenskra fiskiskipa, jafnvel þó svo ekkert samkomulag sé milli Íslendinga og viðkomandi ríkis um samstarf í fiskveiðimálum. Telur hæstv. ráðherra að 3. gr. veiti honum heimild

til þess að setja reglur um veiði íslenskra skipa undir slíkum kringumstæðum?

Þá vil ég einnig í þessu sambandi vísa til ákvæða í 6. gr. Í næstsíðustu mgr. 6. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar."

Telur hæstv. ráðherra að þetta opni honum heimild til þess að setja íslenskum skipum sem veiða á fjarlægum slóðum veiðireglur eða veiðitakmarkanir þó svo ekki liggi fyrir samkomulag um veiðistjórnun á þeim svæðum sem Ísland er aðili að?

Ég lýsi yfir sérstakri ánægju minni með 2. gr. þessa frv. þar sem rætt er um að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þetta er að sjálfsögðu til þess að styrkja það sem kemur fram í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, að það sé ekki heldur í úthafsveiðum, jafnvel ekki í veiðum í landhelgi annarra ríkja sem samkomulag hefur náðst um hægt að ná eignarrétti eða óafturkallanlegu forræði yfir veiðiheimildum sem úthlutað er samkvæmt samkomulagi sem Ísland hefur gert um veiðistjórnun við önnur ríki. Þó langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra um 3. mgr. 4. gr. þar sem segir:

„Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr."

Þá langar mig til að spyrja: Ef svo væri að í fiskveiðilögsögu annarra ríkja væri veittur eignarréttur að kvóta, þ.e. skip sem þar veiddu gætu talið sér þann kvóta sem þau hefðu til eignar, kemur þá 2. gr. frv. í veg fyrir það að íslensk skip sem hefðu leyfi til að veiða þarna og fengju úthlutaðan kvóta til jafns við skip heimalandsins gætu litið svo á að sá kvóti sem þau hafa fengið úthlutaðan með þessum hætti væri þeirra eign eða ná ákvæði 2. gr. einnig yfir þessi tilvik?

Í 5. gr. eru ákvæði um að skip sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt ákvæðum greinarinnar á veiðum utan lögsögu Íslands úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan hennar skuli afsala sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands um allt að 20% af þeim aflaheimildum sem ákveðin eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Ég vil aðeins taka fram án þess að hafa um það mörg orð að ég styð þetta ákvæði og tel það vera skynsamlegt og tel ekki óeðlilegt að svona ákvæði sé sett inn í frv. eins og það sem hér er til umræðu. Auðvitað geta menn endalaust deilt um það hver hlutfallstalan eigi að vera, hvort hún eigi að vera 20, 25, 30, 15 eða 10 en um það ætla ég aðeins að hafa þau orð sem einn mætur þingmaður Framsfl. fyrr á öldinni hafði gjarnan við slík tilvik þegar hlutfallstölur voru nefndar í lögum, hv. páv. þm. Sveinn í Firði, sem sagði um hlutfallstölur almennt að þær væru alltaf óhagstæðar fyrir bændur. Prósentan er alltaf óhagstæð fyrir bændur. Ég tel að það sama gildi um þessar prósentur, að það sé alveg sama hvaða prósentutala væri nefnd, virðulegi forseti, hún teldist ávallt vera mjög óhagstæð fyrir bændur, í þessu tilviki að sjálfsögðu fyrir útvegsbændur þannig að menn geta deilt endalaust um þessa prósentu en út af fyrir sig set ég ekki fyrir mig þá tillögu sem þarna er gerð.

Ég vildi enn fremur spyrja um 5. mgr. 6. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt."

Nú langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig eigi að skilja þetta. Ber að skilja þetta svo að framsal veiðiheimilda samkvæmt þeim úthlutunum, sem gerðar verða samkvæmt frv., verði undantekning frá aðalreglunni? Þ.e. aðalreglan verði sú að ekki sé unnt að framselja þær veiðiheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessu frv. og er það þá öðruvísi framkvæmd en framkvæmdin er og verður samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða? Það mætti skilja þessa setningu svo að hér væri um undantekningu að ræða, að framsal veiðiheimilda yrði leyft en ekki aðalregla en ég verð að lýsa því yfir að ég tel það ekki eðlilegt. Ef á að halda þannig á málum að úthafsveiðiskipum sem hafa aflareynslu innan fiskveiðilögsögunnar sé gert að afsala hluta aflaheimilda sinna fyrir að fá aflaheimildir utan lögsögunnar samkvæmt samningum sem Íslendingar hafi gert er í fyllsta máta eðlilegt að þau séu sambærilegar vinnureglur sem gildi um meðferð þessara aflaheimilda og þar sem aðalreglan í aflaheimildum innan fiskveiðilögsögunnar er frjáls framsalsréttur finnst mér eðlilegt að það sé sama aðalregla sem gildi um kvótaúthlutanir sem frv. fjallar um.

Þá vildi ég að lokum segja nokkur orð um 8. gr. frv. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir sjútvn. að skoða þá grein alveg sérstaklega og vísa í því sambandi til athugasemda félags úthafsútgerða sem þingmönnum hefur borist, en þar er reiknað út hver kostnaðurinn yrði við það sem kallað er veiðieftirlit í þessari 8. gr. en félag úthafsútgerða leyfir sér að kalla veru sjónarvotta um borð í íslenskum fiskveiðiskipum og vitnar þá sérstaklega til samnings sem gerður var við Kanadamenn þar sem talað er um observers sem ekki verður betur þýtt á íslensku máli en sem sjónarvottur en ekki eftirlitsaðili. Félag úthafsveiðimanna færir rök fyrir því að kostnaður við þetta eftirlit sé mjög verulegur eða samtals á skip í sex mánuði 4 millj. 178 þús. kr. og í 12 mánuði 8 millj. 356 þús. kr. Ef þessar upplýsingar eru réttar er að sjálfsögðu verið að leggja mjög hátt gjald á útgerðir þessara skipa fyrir ekki merkara eftirlit en gert er ráð fyrir að veitt verði í þessari grein. Vissulega er verið að setja veiðigjald bakdyramegin á útgerðir sem nægir til þess að kosta hluta af þeirri þjónustu, ef þjónusta getur nefnst, sem hið opinbera veitir þessum útgerðum.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál þurfi að skoða sérstaklega í meðferð sjútvn. en endurtek í lokin það sem ég sagði í upphafi að það er líka spurning hvort það er rétti tíminn núna til að setja lög af þessu tagi þegar sá alþjóðasamningur sem þau byggjast að verulegu leyti á hefur ekki hlotið staðfestingu, ekki einu sinni okkar sjálfra og við rennum algerlega blint í sjóinn með það hvort aðrar þjóðir, sem sækja úthafið til jafns við okkur Íslendinga, munu setja sambærilegar reglur gagnvart sínum útgerðum, sambærilegar takmarkanir og hömlur eins og við erum að setja á íslenska útgerð í þessu frv.

[11:27]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki setið lengi eða samfellt í þeirri nefnd sem vann að frv. Ég hef komið inn í nefndina á seinni stigum, fyrst og fremst varðandi umfjöllun þessa máls. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur jafnframt mér setið sem fulltrúi Þjóðvaka í nefndinni og við höfum jöfnum höndum tekið þátt í þeirri vinnu sem þar hefur farið fram.

Ég er á þeirri skoðun að það hefði almennt verið til bóta

ef lengur hefði verið unnið með frv. og sum ákvæði þess séu e.t.v. ótímabær og það hefði verið rétt að við hefðum tekið okkur betri tíma til yfirferðar þeirra. Ég tek undir ýmislegt af því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði en ég er jafnframt með efnislega fyrirvara við frv. sem fram munu koma í máli mínu.

Að öðru leyti vil ég segja almennt um þetta frv., herra forseti, að það er býsna merkilegt, fyrst og fremst fyrir þær sakir að það staðsetur okkur á ákveðnum stað og í tíma í atvinnusögu þjóðarinnar. Í fyrsta lagi vegna þess að það fjallar um samskipti okkar við útlönd hvað varðar fiskveiðisamninga og það segir okkur ákveðna sögu. Í öðru lagi eru líka ákvæði um viðskipti okkar við útlönd. Í báðum þessum tilvikum, herra forseti, þar sem fjallað er um samskipti okkar við útlönd, hvort sem um er að ræða fiskveiðisamninga eða viðskipti, er verið að takmarka rétt frá því sem nú er. Með frv., ef að lögum verður, er vissulega verið að takmarka rétt til veiða frá því sem nú er og jafnframt er í II. kafla frv. verið að takmarka rétt til viðskipta frá því sem nú er. Þetta er athyglisvert og ætti að verða okkur umhugsunarefni, ekki síst fyrir þær sakir að við höfum talað fjálglega um útrás, ekki bara íslenskra útgerða heldur hugvitsmanna og þeirra sem selja þekkingu og þjónustu á erlenda grund með þá þekkingu sem þessir aðilar hafa öðlast af þjónustu við íslenskan sjávarútveg. Við erum að tala um alþjóðleg viðskipti, ekki bara með fisk heldur líka með hugvit og þekkingu.

Herra forseti. Ég vil alltaf setja spurningarmerki við það hvort eðlilegra sé að við seljum þessa hluti alla erlendis og ítreka þá spurningu sem ég hef áður varpað fram úr þessum stóli: Af hverju ekki hér?

Í II. kafla frv., þar sem fjallað er um landanir erlendra fiskiskipa og viðskipti við þau, ætti það auðvitað að vera okkur íhugunarefni að á sama tíma og við viljum meina þjónustuaðilum okkar að eiga viðskipti við tiltekin skip ákveðinna þjóða eru Íslendingar að hasla sér völl í þeim sömu löndum seljandi það hugvit, þá þekkingu og þjónustu sem má ekki selja hérlendis. En að þessu mun ég koma betur á eftir.

Ef litið er á frv. eins og það liggur fyrir skipta að mínu mati mestu máli I. og II. kafli frv. Fyrsti kaflinn fjallar fyrst og fremst um veiðar íslenskra skipa í erlendri lögsögu eða á úthafinu og þar finnast mér athyglisverðust og jafnframt helst gagnrýniverð þau ákvæði sem fram koma í 5. og 6. gr. og síðan í 8. gr. Í 5. gr. frv. sem og í 6. gr. er heimildarákvæði þess eðlis að ráðherra geti bundið úthlutun veiðileyfa á úthafinu, hvort sem heldur er varðandi deilistofna eða aðrar fisktegundir því að skip afsali sér aflaheimildum í lögsögu Íslands. Er þá mismunandi hversu miklu viðkomandi aðilar verða að afsala sér til þess að fá veiðileyfi. Ef þannig háttar til eins og er með býsna marga að menn eiga ekki heimildir innan lögsögu, verða þeir skertir til samræmis. Mér finnst þetta ákvæði býsna athyglisvert fyrir þær sakir að hér er verið að taka upp, herra forseti, veiðileyfi. Hér er þessum tilteknu aðilum gert að greiða fyrir það leyfi sem þeir fá til þess að veiða á úthafinu. Þetta er auðvitað merkilegt fyrir þær sakir að menn hafa ekki verið fáanlegir til þess að taka upp veiðileyfi hvað varðar veiðar innan lögsögu þar sem við erum þó sannanlega að tala um veiðar úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. En þegar kemur að úthafinu þar sem við erum ekki að tala um sameiginlega auðlind þjóðarinnar, þá ætlum við að láta menn greiða veiðileyfagjald.

Sú sem hér stendur hefur talað fyrir því að sjávarútvegurinn greiddi fyrir sínar veiðiheimildir. Ég er meðflm. að þáltill. þess efnis og í umræðum um síldina fyrir fáeinum dögum gerði ég það að minni tillögu að síldarkvótarnir yrðu boðnir upp. Með þeim hætti væri líklegast að við næðum einhverju sem kalla mætti réttlæti í þeirri úthlutun. Á það er ekki fallist en á sama tíma er komið fram með veiðileyfagjald í þessum geira veiðanna. Þá er það ekki svo, herra forseti, að þetta gjald sé greitt íslenskum stjórnvöldum sem eins konar þóknun fyrir umsýslu eða samninga sem gerðir eru um veiðarnar. Nei, þetta gjald er greitt þeim sem eiga fyrir heimildir innan lögsögunnar. Það eru þeir sem eiga að fá greiðsluna vegna þess að þær heimildir sem afsalað er, er úthlutað jafnharðan ókeypis til þeirra sem eiga fyrir eða hafa fengið úthlutað heimildum innan lögsögu. Þeir mega síðan samkvæmt gildandi lögum versla með þessar heimildir sín í millum.

Það kann vel að vera að einhverjum finnist þetta réttlæti og þetta sé, eins og hæstv. ráðherra gat um áðan, til að bæta stöðu flotans í heild. En ég verð að segja, herra forseti, að ef menn ætla að bæta stöðu flotans í heild með því að taka af einum til að færa öðrum hafa gefist ótal tilefni til þess á undanförnum árum. Þegar veiðiheimildum var úthlutað í innfjarðarrækjuna á Skjálfandaflóa fyrir nokkrum árum var þeim sem þau veiðileyfi fengu gert að afsala sér á móti veiðiheimildum í þorski. Það er síðasta dæmið um að slíkt hafi verið gert innan lögsögu. Eigi að síður hefur orðið býsna mikil breyting á högum ýmissa útgerða, ekki hvað síst vegna þess hvað rækjan hefur aukist. En ég hef ekki séð að fram hafi verið farið innan núgildandi laga, laganna frá 1990, með ákvæði þess efnis að ráðherra, með svo sértækum hætti eins og hér er gert ráð fyrir, láti menn gjalda fyrir veiðiheimildir í tilteknum stofnum eða aukningu við þá veiði sem þeir höfðu fyrir.

Ég ætla að endurtaka, herra forseti, svo það valdi engum misskilningi að ég er ekki á móti því að útgerðin greiði fyrir sínar veiðiheimildir. Ég gagnrýni einungis að hér skuli eiga að heimila að aðeins þeir sem veiða á úthafinu skuli borga og að þeir skuli borga þeim sem eiga fyrir eða hafa fyrir veiðiheimildir innan lögsögu. Í því er einfaldlega ekki það jafnræði sem við ættum að hafa við úthlutun þeirra gæða sem rétturinn til veiða vissulega er. Spá mín er sú að ef þetta ákvæði verður nýtt, þá leiði það okkur út í slíkt fen að það fer eins og fór með þær tilfærslur sem menn voru með æfingar í áður en lögin 1990 voru sett, að það endi í feni sem menn ráða ekki við og snúið verði af þeirri braut.

Af því að áðan kom fram það mat formanns nefndarinnar að efni þessa frv. væri það sem mestan stuðning hefði í nefndinni, er kannski rétt að bæta því við að sá stuðningur gat verið breytilegur eftir einstaka greinum og jafnvel ákvæðum innan greina. Ég er ekki alveg viss um að það hafi verið meirihlutastuðningur við öll atriði en ég virði þá niðurstöðu formanns að líta svo á að lengra hafi e.t.v. ekki verið komist hvað varðar þá hluti sem hér um ræðir, heldur hafi Alþingi einfaldlega borið í framhaldi af þessari vinnu að taka á því máli. Hér er um slíkt stórmál að ræða og grundvallarmál að ég held að það sé rétt að sú umræða fari fram hér í sölum Alþingis. En þessi ákvæði, herra forseti, snúast að mínu mati fyrst og fremst um jafnræði þeirra sem fá úthlutað veiðiheimildum hvort sem er innan lögsögu eða utan. Ég sé ekki alveg rökin fyrir því að þeir sem veiða innan lögsögu njóti þess mikla forgangs sem hér er verið að leggja til.

Hvað varðar 8. gr., fyrir utan smávægilegar orðalagsbreytingar sem ég mun koma á framfæri í nefnd, vil ég líka vekja athygli á því að þar er gert ráð fyrir að hluti þeirra sömu útgerða og gert er að greiða fyrir sínar veiðiheimildir eiga skyndilega að standa algerlega á eigin fótum, þ.e. þær eiga að standa undir kostnaði við það veiðieftirlit sem verður á viðkomandi svæði og eftir þeim samningum sem takast. Í öðru orðinu er því í rauninni sagt: „Jæja greyin mín, svo eruð þið þarna á eigin vegum og sjáið um ykkur sjálfir með því að greiða fyrir alla þá þjónustu sem þið fáið.“ En á hinn bóginn er sagt: „Svo skuluð þið gjalda klúbbnum sem er með heimildirnar innan lögsögu fyrir að fá að fara.“ Þarna finnst mér gæta ákveðins ósamræmis og mér finnst hálfpartinn, herra forseti, að hér eimi eftir af þeim fordómum, ótta eða kannski vanþekkingu á því fyrirkomulagi veiðanna sem við núna köllum úthafsveiðar. Þetta eru veiðar sem eru settar hér á einhvers konar annars flokks bás sem að mínu mati er ekki réttmætt. Ég vil ítreka það sem bæði hefur komið fram hjá mér og öðrum að það efnahagsjafnvægi og sá bati sem hefur verið á undanförnum árum er ekki hvað síst því að þakka að við höfum átt skipstjórnarmenn og útgerðarmenn, fullhuga sem hafa haft kjark til þess að fara í þessa útgerð, hafa þorað að taka þá áhættu sem því fylgir og hafa með framgöngu sinni dregið mikla björg í bú. En ég geri ráð fyrir því að um þessi mál náist framhaldsumræða, ekki bara í þingsölum heldur einnig í nefndinni og síðan áfram í þinginu eftir að menn eru búnir að fara nákvæmar ofan í saumana á ýmsum þeim atriðum sem nefndin hefði, ef betri tími hefði gefist til farið nánar í.

Hvað varðar II. kafla frv. vil ég, herra forseti, víkja að þeim ákvæðum sem eru íþyngjandi fyrir íslenska viðskiptaaðila fram yfir það sem er í lögunum frá 1992. Mér finnst, herra forseti, að hér séum við að upplifa ákveðinn núning sem er á milli þess framleiðsluþjóðfélags sem við þekkjum og þess þjónustu- og upplýsingasamfélags sem við stefnum inn í og nútíminn kallar á og er okkur lífsauðsynlegt ef við ætlum að bjóða upp á þá fjölbreytni í atvinnu og möguleikum á Íslandi sem eru þess megnugir að laða að og halda hér menntuðu hæfileikafólki. Við hljótum að velta því fyrir okkur um leið og við skoðum þau ákvæði sem eru í frv. um fiskveiðar erlendra skipa í II. kaflanum hvernig best sé að standa að viðskiptabanni. Í því sambandi er rétt að skoða hvernig lögin frá 1992 hafa gagnast okkur. Hafa þau leitt til þess sem við væntum eða hafa þau e.t.v. fyrst og fremst skaðað okkur?

Ég held að það hljóti alltaf að vera álitamál hvenær við setjum lög þessa efnis, hvernig í það er farið. Ef niðurstaðan er sú að við erum ein í því að halda uppi viðskiptabanni og það að banna landanir erlendra fiskiskipa sem eins og stendur í 10. gr. brjóti í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins ásamt því sem stendur í lögunum frá 1992, ef við erum ein um það, ef þau skip sem ella hefðu sótt hingað þjónustu sækja til Færeyja, til Írlands, til Nýfundnalands og þar verða til viðskiptahagsmunir, þá hljótum við að velta því fyrir okkur hvort ekki séu aðrar leiðir betur færar en þær að lögbinda þessa hluti á þann hátt sem hér liggur fyrir. Nú er ég ekki að mæla með því að við galopnum alla hluti heldur einungis að við veltum fyrir okkur í fullri alvöru þeim hagsmunum sem um er að ræða.

Annars vegar eru vissulega þeir fiskveiðihagsmunir sem um er að tefla, þ.e. að reyna að bægja frá þeim skipum sem ekki eru með samning til viðkomandi veiða. Það eru þeir hagsmunir sem við þekkjum svo vel — frumvinnslusamfélagið — þeir hagsmunir sem felast í nýtingu auðlindanna, þ.e. fyrst og fremst þeirrar auðlindar sem hafið er. Hins vegar eru þeir möguleikar sem felast í þjónustu og í upplýsingu, sem felast í nýtingu þeirrar auðlindar sem er í þekkingu og reynslu þessarar þjóðar. Og, herra forseti, ég held að þeir hagsmunir og sú atvinna sem skapast við nýtingu þeirrar auðlindar sé svo mikilvæg að við verðum að horfa til þeirra í mun ríkari mæli en mér virðist gert í þessu frv.

[11:47]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, vegna orða hv. þm. um 5. gr. frv. þar sem kveðið er á um heimildir til hæstv. ráðherra um að það megi skerða að hluta til aflaheimildir þeirra skipa sem fá úthlutaðan kvóta í úthafinu, að mér sýnist ef maður lítur til baka að það hafi verið sú meginregla sem alltaf hefur verið í gildi þegar menn voru að kvótasetja nýjar tegundir. Þá var það gert þannig að útgerðarmenn þeirra skipa þurftu að láta af sínu í þessum efnum. Ég vek t.d. athygli á því að frumherjunum sem áunnu sér rækjukvóta á síðasta áratug og öfluðu hans með því að leggja í áhættu, því að þessi atvinnugrein var á þeim tíma ákaflega áhættusöm og það þurfti að leggja í miklar fjárfestingar, þá var sagt: „Nú hafið þið tvo kosti. Annars vegar að vera í meginatriðum með úthafsrækjuskip og afsala ykkur þá“, að mig minnir „tveimur þriðju hlutum bolfiskskvótans ellegar að vera bolfiskveiðiskip og afsala ykkur þá um leið tveimur þriðju hlutum rækjukvótans“ að mig minnir, sem reynsla þeirra hafði gefið tilefni til að ætla að þeir ættu að fá. Svipaða sögu væri hægt að segja um grálúðuna og svipaða sögu væri auðvitað hægt að segja um innfjarðarrækjuna og ýmsa sérveiði. Ég tel því, virðulegi forseti, að það væri mjög sérkennilegt stílbrot ef ekki væri fylgt þeirri reglu sem hér er lögð til í 5. gr. frv. Ég tel þess vegna að það sé mjög í samræmi við þær hefðir, þær venjur, þá reynslu og þá háttu sem hafa verið hafðir á því að úthluta kvóta í nýjum tegundum sem ekki voru kvótasettar áður.

[11:49]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í minni ræðu að mér var kunnugt um að þetta hefði verið gert áður en þó ekki síðan rækjukvótanum var úthlutað á Skjálfanda. Frá því að lögin voru sett 1990 hafa menn ekki unnið með þessum hætti eftir þeim upplýsingum sem ég hef.

Ég get hins vegar verið sammála hv. þm. um að það er eðlilegt að menn greiði fyrir veiðiheimildir sínar. Ég vil bara að það gerist öðruvísi. Ég vil að menn greiði fyrir veiðiheimildir sínar með þeim gjaldmiðli sem þeir nota í viðskiptum sín í milli, þ.e. með peningum og að þegar sú aðferð að láta menn gjalda fyrir sínar veiðiheimildir er tekin upp, þá eigi hún við um alla, ekki bara suma. Það er á því sem ég byggi mína gagnrýni. Það er fyrst og fremst á því að mér finnst það ekki réttlátt að sumir séu látnir greiða á meðan aðrir eru ekki látnir gera það og að greiðslan fari fram í veiðiheimildum til þeirra sem síðan mega selja þær fyrir peninga. Það er einfaldlega það ósamræmi og það óréttlæti sem í þessu felst sem ég er að gagnrýna.

[11:51]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ósamræmið í þessu máli hefði einungis falist í því ef ekki hefði verið farin sú leið sem lögð er til í frv. vegna þess að eins og ég rakti hérna áðan, þá hefur reglan

ævinlega verið sú í þeim tilvikum sem ég þekki til og man eftir, að stuðst hefur verið við það að þegar ný tegund hefur verið sett inn í kvóta, hefur verið kvótasett, þá hefur þeirri aðferð verið beitt að viðkomandi útgerð hefur afsalað sér í einhverjum mæli hluta af þeirri veiðireynslu sem hún hafði í öðrum tegundum. Það er meginreglan þannig að það hefði verið ósamræmi í því ef ekki hefði verið með svipuðum hætti tekið á þessu máli núna. Síðan má auðvitað deila um það hversu há þessi prósenta á að vera o.s.frv. Um það geta menn auðvitað deilt. En mér finnst að menn geti ekki vikið sér undan í þessari umræðu að fjalla um þetta í samhengi. Hvað sem menn segja um spurninguna um stjórnkerfi fiskveiða, þá held ég að menn séu almennt sammála um að það verður að ríkja tiltekið samræmi í þessu á milli áranna þannig að ef mönnum hafa verið búnir þeir kostir á árum áður sem þeir hafa orðið að búa við æ síðan við úthlutun nýrra kvótategunda, þá er náttúrlega ekkert óeðlilegt að eitthvert svipað fyrirkomulag gildi í framtíðinni um þær tegundir sem verið er að kvótasetja. Í öðru væri falið hrópandi ósamræmi sem gæti að sjálfsögðu skekkt mjög samkeppnisstöðu einstakra byggðarlaga, einstakra útgerða, einstakra skipa og þar með þeirra sjómanna sem þar starfa.

[11:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér velja menn sér auðvitað þau sjónarhorn sem henta og ég get svo sem skilið hv. þm. að hann reyni með þessum hætti að verja það frv. sem hér er komið fram eða þessi ákvæði sem ég hef verið að gagnrýna. En það má allt eins segja og það má allt eins túlka það sem hefur verið að gerast í úthafsveiðunum sem framhald af því sem þessi sömu skip hafa verið að gera innan lögsögu. Það eru skip með reynslu í rækjuveiði innan lögsögu sem hafa farið á Flæmska hattinn. Það eru sömuleiðis bolfiskveiðiskip sem hafa haft veiðireynslu innan lögsögu sem hafa farið í Smuguna eða Barentshafið þannig að það má allt eins líta svo á að hér séu skip að bæta við sig, að auka við sig í þeim veiðum sem þau eru vön að stunda, rétt eins og rækjuskipin sem hafa verið að veiða innan lögsögunnar undanfarin ár og hafa verið að bæta við sig ár frá ári vegna þess að rækjuaflinn hefur verið að aukast. Það hefur ekki komið fram á hinu háa Alþingi hugmynd þess efnis að þau væru skert nú á síðari árum, enda hefur þessari reglu ekki verið beitt á síðari árum, ekki fyrr en nú er komin fram hugmynd um að gera það. (Gripið fram í.) En það má líta á þetta svona, hv. þm. Það fer eftir því hvaða sjónarhorn menn velja sér. Ég lít ekki svo á að hér sé verið að kvótasetja nýjar tegundir, enda kemur ekkert fram um að það sé verið að kvótasetja nýjar tegundir. Það má allt eins líta svo á að hér sé um framhaldsveiðar eða viðbótarveiðar þeirra skipa að ræða sem hafa verið að veiða nákvæmlega sömu tegundir fyrir.

[11:55]

Útbýting þingskjals:

Umgengni um nytjastofna sjávar, 249. mál, brtt. SighB, þskj. 1004.

[11:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mín skoðun að við séum að ræða mjög svo tímabæra lagasetningu. Það hefði verið æskilegra að þessi löggjöf hefði verið sett áður en Íslendingar fóru í stórum stíl að sækja á úthafsmið og afla sér þar veiðireynslu, þannig að menn hefðu gert það í ljósi tiltekinna lagareglna sem mundu gilda um meðferð þeirra réttinda sem þannig mynduðust. En það er betra seint en ekki og það er tvímælalaust tímabært að endurskoða lögin frá 1976 sem af eðlilegum ástæðum ná engan veginn utan um þá miklu þróun sem orðið hefur í hafréttinum og úthafsveiðunum síðan.

Það er líka ljóst að stjórnvöld voru að ýmsu leyti vanbúin að takast á við útrás íslenskra veiðiskipa út fyrir landhelgina sem hófst í nágrenni við 1990 með veiðum á Reykjaneshrygg og síðan í Smugu, í Barentshafi, á Flæmingjagrunni og víðar. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í þá sögu. Hún er þekkt. En batnandi mönnum er best að lifa, segi ég gjarnan og ég held að það sé ljóst að núna er ekki lengur uppi neinn ágreiningur um mikilvægi þessara veiða né réttmæti þess að við Íslendingar gerumst fullgildir þátttakendur í nýtingu auðlindanna á úthafssvæðunum eftir því sem það er enn okkur opið.

Það er líka rétt sem hér var nefnt að auðvitað eru í þessu máli heilmikil tímamót séð í sögulegu samhengi við réttndabaráttu okkar, baráttu fyrir útfærslu landhelginnar og því að breikka grundvöll sjávarútvegsins sem atvinnugreinar í landinu og þar með auðvitað efnahagslegrar undirstöðu þjóðarinnar. Mér finnst við hæfi, herra forseti, að nefna til sögunnar nöfn tveggja manna sem mér koma sérstaklega í hug við þessar aðstæður, þ.e. þeirra Lúðvíks Jósepssonar, fyrrv. sjútvrh., sem að öðrum mönnum ólöstuðum á kannski stærstan hlut í útfærslu okkar réttinda á þessari öld og Eyjólfs Konráðs Jónssonar, fyrrv. alþingismanns, sem var óþreytandi baráttumaður fyrir því að við Íslendingar afsöluðum okkur í engu möguleikum til réttinda á aðliggjandi hafsvæðum okkar lögsögu. Ég leyfi mér, herra forseti, að nota þetta tækifæri og færa þessum tveimur heiðursmönnum þakkir fyrir þeirra framlag á þessu sviði.

Það er kannski við hæfi, herra forseti, einnig að fara aðeins yfir það hversu stór þáttur verðmætasköpunar af úthafsveiðum er orðinn í íslenskum sjávarútvegi og þjóðarbúskap. Ég hef nýlega verið að líta á tölur í því sambandi og taka þær aðeins saman. Reyndar birtust þær í fjölmiðlum fyrir nokkru unnar af einum af starfsmönnum Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ef litið er til heildarverðmæta sem úthafsveiðar hafa fært inn í þjóðarbúið og færa væntanlega á þessu ári og tekið árabilið 1993 til og með 1996, þá liggur það þannig að á árinu 1993, fyrsta stóra árinu ef svo má segja í úthafsveiðunum — en á því ári hófust bæði veiðar í Smugunni og á Flæmingjagrunni — þá skiluðu úthafsveiðar 33 þús. tonnum rúmum í afla upp á verðmæti 2,2 milljarða. Það ár, 1993, var hlutfall úthafsafla af heildaraflaverðmæti íslenska flotans 4,3%. Á árinu 1994 var magnið 86.500 tonn að verðmæti 5,2 milljarðar kr. tæpir. Þá þegar var aflaverðmæti úthafsaflans orðið 10% af heildaraflaverðmæti íslenska flotans. Á árinu 1995, á síðasta ári, öfluðust 245.441 tonn. Þá er norsk/íslenska síldveiðin komin inn í miklu magni og aflaverðmætið 6 milljarðar rúmir eða 11,4% af heildaraflaverðmæti íslenska flotans. Samkvæmt áætlun sem nú er hægt að gera í kjölfar samninganna um norsk/íslenska síldarstofninn og 190 þús. tonna veiðiheimilda þar má ætla að þetta verðmæti verði einhvers staðar á bilinu 7,5–8 milljarðar kr. og aflinn gæti orðið nálægt 280 þús. tonnum sem þýðir að líklega verða um 12–14% jafnvel allt að 15% af heildaraflaverðmæti íslenska flotans vegna úthafsveiðanna á yfirstandandi ári.

Ef notuð er talan 7,6 milljarðar fyrir árið 1996 myndi það þýða að á fjögurra ára tímabili hefði 21 milljarður kr. rúmur komið inn í íslenska þjóðarbúið frá þessum veiðum. 21 milljarður í aflaverðmæti og nánast samsvarandi í beinum

útflutningstekjum og rúmlega það þó vegna þeirrar verðmætaaukningar sem hér verður í landi t.d. í bræðslu eða vinnslu síldarinnar. Með öðrum orðum, herra forseti, hér eru á ferðinni gífurlega mikilvægir hagsmunir. Og það hefur gerst sem ýmsir spáðu, þar á meðal undirritaður fyrir um tveimur til fjórum árum, að þess væri skammt að bíða að hagsmunir Íslendinga yrðu í verulegum mæli blandaðir en ekki hreinir strandríkjahagsmunir eins og iðulega var haldið fram þegar úthafsveiðarnar voru að hefjast og jafnvel notað sem röksemdir gegn því að Íslendingar nýttu sér möguleika á þessu sviði að það myndi koma niður á okkur og verða okkur til tjóns af því að okkar hagsmunir lægju eingöngu í því að tefla fram hagsmunum strandríkja. Sem betur fer held ég að skilningur manna á þessu máli hafi aukist og menn átta sig á því að Ísland, rétt eins og flestar aðrar þjóðir sem stunda fiskveiðar í einhverjum umtalsverðum mæli, hefur þarna blandaða hagsmuni að verja. Við eigum orðið glettilega mikið undir því að sú verðmætasköpun sem sprettur upp úr úthafsveiðunum haldi áfram. Eða ætli það sé ekki farið að muna talsvert um það hvað verkefni fiskiskipaflotans snertir þegar svo er komið að aflaverðmætið sem frá úthafinu kemur er af þessari stærðargráðu, 12–15 af hundraði? Og verkefnin þar af leiðandi komin í að vera um einn og hálfur og jafnvel upp undir tveir mánuðir að meðaltali fyrir flotann sem þannig eru sprottin.

Um efni frv., herra forseti, ætla ég að fara hratt yfir sögu. Það gefst ekki tími til að ræða það í einstökum atriðum. Ég minni á, eins og hér hefur þegar verið gert, ákvæði 2. gr. sem eru sambærileg að mestu leyti við ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða til þess að tryggja það að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þessum lögum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þetta er að sjálfsögðu eðlilegt ákvæði og í samræmi við þá grundvallarhugsun sem við viljum leggja í okkar löggjöf að menn eignist ekki í einkaeignarréttarlegum skilningi þau hlunnindi eða þann afnotarétt sem þeir fá í gegnum veiðar inni í efnahagslögsögunni eða í gegnum veiðar sem koma til á grundvelli samninga sem íslenska ríkið gerir við önnur ríki eða samtök um slíkt.

Ég tel mikilvægt að niðurstaðan varð sú í úthafsveiðinefndinni sem hér eru lögð til óbreytt að upphafsmálsgrein 4. gr. yrði eins og hún er orðuð: „Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.“ Sem sagt, grundvallarreglan er áfram sú að veiðar á úthafinu eru frjálsar. Það er að mínu mati sjálfsagt að ganga þannig frá málinu og hafa það jafnan svo að þær veiðar sem við erum ekki vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga skyldugir til að takmarka séu frjálsar á meðan það er þjóðarétturinn. Hitt er jafnljóst að vegna takmarkananna sem síðar eru lagðar til í 4. gr. og að nokkru leyti í 10. gr. stefnir í að þessar veiðar verði leyfisbundnar og það verði samningar um nýtingu úthafsins, sambærilegir við þá sem má segja að gildi innan lögsögu ríkja. Það er markmiðið. Það er takmarkið sem menn hafa sett sér með útahafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna, með starfi Alþjóðamatvælastofnunarinnar FAO og annars staðar þar sem verið er að fjalla um þessa hluti að ná utan um þessar stjórnlausu veiðar sem frelsi úthafsins hefur hingað til leitt af sér. Almenna reglan er eftir sem áður sú í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, sbr. t.d. 116. gr., að veiðarnar séu frjálsar. Þeirri reglu hafa menn ekki snúið við þrátt fyrir það að úthafsveiðisamningurinn hafi verið gerður enda er úthafsveiðisamningurinn að stofni til viðbót við hafréttarsamninginn frá 1982. Það er rétt að menn hafi það í huga.

Ég tel þess vegna að sumt af því sem sagt hefur verið hér um heimildirnar í 4. gr. og ákvæði 10. gr. byggi á þeim misskilningi að menn hafa ekki áttað sig á því að við Íslendingar verðum á komandi árum væntanlega, eins og allar aðrar ábyrgar þjóðir í okkar heimshluta og um allan heim, samningsbundnir og skuldbundnir til þess að stjórna þessum veiðum og leyfisbinda sókn okkar fiskiskipa á úthafið, alls staðar þar sem samningar hafa tekist um nýtinguna. Og ég á von á því að það muni verða almenn regla þannig að ég óttast ekki þá stöðu sem hér var tæpt á af hálfu einstakra ræðumanna að það sé líklegt að Ísland skeri sig úr í þessum efnum, að við séum þarna að beita takmörkunum sem aðrar þjóðir muni koma sér hjá og þar af leiðandi færist verkefni og umsvif og þjónusta við fiskiskip til annarra landa. Að sjálfsögðu eigum við ekki að afsala okkur möguleikum í þessum efnum sem aðrar þjóðir ætla þá að hremma frá okkur og það er eðlilegt að við beitum þessum heimildum þannig að þær verði í takt við þróunina og í takt við það sem gerist í nálægum ríkjum og hér í okkar heimshluta, einkum á því hafsvæði sem við tilheyrum, norðanverðu Atlantshafinu.

Varðandi ákvæði 5. og 6. gr. um meðferð veiðiheimilda og ákvarðana sem tengjast deilistofnum annars vegar og hreinum úthafsveiðistofnum eða víðförlum stofnum hins vegar er aðalefnisreglan sú, og hún er eðlileg, að veiðireynslan er lögð til grundvallar þeirri réttindamyndun, réttindaávinnslu sem þar er í gangi. Það er þó heimilt að grípa til annarra ráða þegar ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla og það er eðlilegt að svo sé. Það er að mínu mati einnig rétt að draga athygli sérstaklega að því frumherjaákvæði sem fjallað er um í síðustu málsgrein bæði 5. og 6. gr. og er að mínu mati mjög mikilsverð hugsun sem endurspeglast í þeim ákvæðum, sem sagt sú að menn vilja hafa fyrir hendi hvatningu til þess að menn leiti nýrra verkefna eins og þess er kostur á úthafinu og það sé heimilt að umbuna þeim aðilum sérstaklega sem leggja í kostnað og taka áhættu af því að reyna fyrir sér á nýjum miðum. Ég tel t.d. að þetta ákvæði eigi sérlega vel við hvað varðar brautryðjendastarf íslensku frumherjanna við veiðar á Reykjaneshrygg. Það liggur alveg fyrir að þær útgerðir sem þar brutu ísinn lögðu í mikinn kostnað og tóku verulega áhættu. Það var þróuð hér í landinu ný kynslóð veiðarfæra og því fylgdi umtalsverður kostnaður. Mér er það líka vel kunnugt að á köflum stóð það býsna glöggt að síðustu útgerðirnar gæfust upp á þeim veiðum og létu þær lönd og leið. Svo erfiðlega gekk og svo mikill kostnaður var samfara því að læra á þessar veiðar og þessi mið og þróa ný veiðarfæri. Ég tel því að þeir sem þraukuðu og héldu út og brutu ísinn og öfluðu þeirrar þekkingar sem nú er grundvöllur gífurlega mikilvægrar verðmætasköpunar á þessum slóðum eigi það sannarlega skilið að fá það í einhverju metið. Þessi regla skiptir líka máli í samhengi við þau skerðingarákvæði sem er að finna í 5. og 6. gr., þ.e. að heimilt sé að skerða allt að 20% vegna varanlegra veiðiréttinda þegar deilistofnar eiga í hlut og allt að 10% þegar hreinir úthafsstofnar frá okkur séð eiga í hlut. Til mótvægis kemur þessi frumherjaregla sem verkar sem hvatning fyrir þær útgerðir sem eru að reyna fyrir sér á nýjum slóðum.

Í framhaldi af þeirri umræðu sem hér varð um réttmæti þess að beitt sé þeim skerðingarákvæðum að menn leggi eitthvað af mörkum þegar þeir fá varanlega úthlutað nýj-

um réttindum sem koma til sögunnar þegar eða ef þessari reglu yrði beitt held ég að þar hafi til viðbótar vantað eina veigamikla röksemd í umræðunni áðan. Hún er sú að þessi réttindi eru að hluta til að myndast á grundvelli íslensks ríkisfangs. Það er augljóst til að mynda þegar deilistofnar eiga í hlut að það er vegna réttinda íslenska strandríkisins sem veiðiheimildir myndast að hluta til handa okkur Íslendingum á Reykjaneshrygg. Nú liggur fyrir samkomulag þar sem einmitt Ísland sem slíkt fær umtalsverð réttindi. Til viðbótar koma svo réttindi sem við fáum á grundvelli aflareynslu sem þátttakendur í úthafsveiðunum á Reykjaneshrygg og sannast þá enn sem margir sögðu að það væri misskilningur að í því væri fólgin mótsögn. Annars vegar að halda fram réttindum strandríkjanna en hins vegar því að gerast þátttakendur í úthafsveiðunum. Niðurstaðan varðandi samningana um skiptingu veiðiheimilda á Reykjaneshrygg sannar einmitt hið gagnstæða. Hún sannar gildi þess að Íslendingar hafa gert hvort tveggja, haldið fram rétti sínum sem strandríki en líka verið þátttakendur í veiðunum. Og fá fyrir vikið jafnframt úr þeim potti sem skipt er á grundvelli aflareynslu á úthafinu. En það er sem sagt alveg ljóst að veiðiheimildir íslenskra skipa á Reykjaneshrygg í framtíðinni, þar verður með varanlegum hætti skipt upp aflahlutdeild, samanstanda af tveimur þáttum. Annars vegar veiðireynslu okkar, hins vegar af þeim hlut sem strandríkið Ísland fær vegna legu sinnar og vegna þess að hér er um deilistofna að ræða. Þá er að sjálfsögðu eðlilegt að þeir ávinningar komi að einhverju leyti öllum til góða sem veiðiréttindi hafa á grundvelli íslensks ríkisfangs. Af þeim sökum og þó ekkert annað kæmi til er eðlilegt að menn leggi að einhverju leyti til baka veiðiheimildir í sameiginlegan pott. Þessar röksemdir eiga að sjálfsögðu síður við þegar um hreina úthafsveiðistofna er að ræða eins og t.d. upp í Barentshafssmugunni og engum íslenskum strandríkjarétti er til að dreifa. Þar fáum við hvert einasta kíló sem við vonandi fáum á grundvelli samninga vegna þess að við brutumst þar til veiða, náðum þar aflareynslu og sýndum fram á að veiðimöguleikar á hinu alþjóðlega hafsvæði voru fyrir hendi. En verði gerðir um það samningar þá verða þeir samningar eftir sem áður gerðir af íslenska ríkinu. Það má því segja að þar sé eftir sem áður viss röksemd fyrir því að ákveðin sameiginleg réttindaávinnsla er að eiga sér stað sem eðlilegt er að komi í einhverjum mæli öðrum til góða. Það er þó að sjálfsögðu rétt að fara þar mun vægar í sakirnar og e.t.v. væri hyggilegra að reikna ekki með að beita þeirri heimild nema að hluta til.

Ég tek svo undir það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði. Það að menn láti að einhverju leyti á móti veiðiheimildir í öðrum tegundum þegar úthlutað er nýjum réttindum, þegar búin eru t.d. ný sérveiðiréttindi, er sú regla sem almennt hefur verið notuð í aflamarkskerfinu og þess vegna er það í samræmi við þá meðferð sem hér er lögð til. Ég minni á að það er grundvallarmunur á því hvort til sögunnar eru að koma ný réttindi sem eru að verða samningsbundin og kvótasett eða þegar aflamark var sett á á sínum sínum tíma 1983. Menn tala alltaf eins og þá hafi menn fengið eitthvað nýtt á silfurfati. En hvað fékk útgerðin á Íslandi þegar aflamarkið var sett á 1983? Hún fékk á sig takmarkanir. Hún fékk á sig niðurskurð frá þeim veiðum sem hún hafði verið að stunda og gert um áratuga skeið. Hvers vegna áttu menn endilega að fara að borga fyrir það þá að fá að gera það sem þeir höfðu verið að gera, þ.e. að sækja sjó? Ég spyr. Mér finnst oft grundvallarmisskilningur uppi í röksemdafærslunni í þessu máli sem virðist stafa af því að menn muna ekki nema aftur til 1985 eða 1990. Upphaf þessa máls er það að kvótinn er settur á 1983 og þá gerist það í formi þess að möguleikar manna eru takmarkaðir. Menn fengu þar ekki neitt ókeypis á silfurfati annað en að fá að hluta til að halda áfram að gera það sem þeir höfðu verið að gera.

Um 8. gr. um eftirlit hef ég ekki mörg orð. Það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að hafa heimildir til gjaldtöku vegna kostnaðar af eftirlitinu. Það er búið að færa kostnað af veiðieftirliti að mestu leyti yfir á herðar íslenskrar útgerðar innan lögsögunnar. Það var gert í tveimur áföngum á síðasta kjörtímabili þegar kostnaður af svokölluðu veiðieftirlitsgjaldi var settur á útgerðina í tveimur þrepum og kostnaður upp á eitthvað á annað hundrað milljónir valt í tveimur skrefum yfir á útgerðina. Það er því til samræmis við það að úthafsútgerðin standi í sjálfu sér undir sínu eftirliti. En ég segi: Það er afar mikilvægt að samningamenn Íslands standi sig betur í þeim efnum en t.d. gerðist í samningunum um eftirlitið á Flæmingjagrunni. Þar er það sem slagurinn stendur, ekki í sjálfu sér í löggjöf okkar hér heima heldur í hinu að við náum samningum um hófsamlegt eftirlit sem ekki verði sligandi með óbærilegum útgjöldum fyrir útgerðirnar sem stunda veiðar á úthafinu. Það er það sem við þurfum að sameinast um en ekki hitt að deila um að óhjákvæmilegt er að einhverjar heimildir til gjaldtöku verði að vera í löggjöfinni. Vonandi verður svo farið skynsamlega með þær.

Að síðustu, herra forseti, hafði ég ætlað mér að nefna hér þá staðreynd að því miður er ekki búið að leggja fram á þingi tillögur til fullgildingar úthafsveiðisamningnum. Ég gagnrýni það, mér finnst það miður að hér skuli ekki á þessum vetri hafa verið unnin fullgildingarvinna af hálfu Íslendinga. Það er augljóst mál að úthafsveiðisamningurinn er á leiðinni sem þjóðaréttur varðandi veiðar á úthafinu. Mér hefði fundist við hæfi að við Íslendingar yrðum fyrsta þjóðin til þess að fullgilda að okkar leyti þennan samning. Það er ekki eftir neinu að bíða með það þannig að ég skora á hæstv. ríkisstjórn að drífa þau skjöl fram til meðferðar á þinginu í síðasta lagi þá í upphafi þings næsta haust úr því að tæplega verður við því séð á þessu vori. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[12:16]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við mál mitt en þó vil ég segja örfá orð, ekki síst vegna þess að mér tókst ekki að ljúka við ræðu mína áðan. Í fyrsta lagi vil ég taka undir ábendingar sem komu fram frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að það liggur ekki mjög mikið á að lögfesta þetta frv. núna. Ef á að taka frv. í gegnum þingið núna með hálfgerðri flýtimeðferð finnst mér að það væri merki þess að það eigi að festa hagsmuni þeirra sem fyrir eru í sjávarútvegi. Það er mjög mikilvægt að þetta frv. fái að liggja og þjóðin geti áttað sig á hvað felst í því.

Ég tek undir sjónarmið hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að það er ekki eðlilegt að þær greiðslur, sem ég er þó sammála henni að eigi að inna af hendi, þ.e. að fólk gjaldi fyrir heimildir til þess að veiða utan lögsögunnar með heimildum innan til þess að koma þeim að sem hafa ekki möguleika á að veiða fyrir utan, að gefa þeim aukna möguleika innan lögsögunnar. Mér finnst alls ekki eðlilegt að það fari til þeirra sem kvótann eiga fyrir, samanber gagnrýni á það að 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna er ekki virt. Ég tel að það

sé mjög óeðlilegt að færa þessum aðilum þennan kvóta á silfurfati sem versla síðan með hann sín á milli.

Að öðru leyti tek ég undir það sem ég var að ljúka við að segja fyrr í ræðu minni að ég er mjög ósátt við 5. og 6. gr. eins og þær eru orðaðar núna þó að það sé kannski ekkert skárra að hafa það eins og þetta er núna samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. að gefa ráðherra alfarið heimildir til þess að ráða þessu eins og lögin frá 1976 gera ráð fyrir. Ef marka má vinnu hans hingað til þá virðist eilíflega vera passað að særa ekki þá hagsmunaaðila sem eru til staðar eða skerða ekki hagsmuni þeirra á kostnað sameignarákvæðis fiskveiðistjórnunarlaganna. Ég tel að ríkisstjórnin sé að missa sjónar af skóginum fyrir trjánum og það sé mjög mikilvægt að þjóðin fái þetta frv. til umfjöllunar og átti sig á og komi þeirri leiðréttingu á framfæri. Ég fagna því þess vegna að þetta frv. er lagt fram núna en ég vona að það verði ekki afgreitt á þessu þingi.

[12:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka þær málefnalegu umræður sem hafa farið fram um þetta frv. Auðvitað var við því að búast að um það yrðu nokkuð skiptar skoðanir. Hér er um að ræða mál sem lýtur að mjög breytilegum hagsmunum og það er eðlilegt að þeir endurspeglist í umræðum um mál sem þetta. Þar að auki eins og fram hefur komið eru líka mismunandi grundvallarviðhorf til ýmissa afbrigða eins og skattheimtu af auðlindinni og gildir um það efni það sama og fram kemur í umræðum um veiðar innan íslenskrar lögsögu og ég geri ráð fyrir að gæti einnig skotið upp kolli í umræðum um nýtingu annarra náttúruauðlinda. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau grundvallarviðhorf varðandi skattlagningu. Það eru atriði sem eiga jafnt við um nýtingu auðlinda innan sem utan lögsögunnar og er ekki sérstaklega bundin við þetta frv.

Hér hafa líka komið fram sjónarmið um það hvort við ættum í þessum lögum og öðrum að fylgja þeim reglum eftir sem hafa verið í gildi um bann við löndun og þjónustu þegar um er að ræða veiðar úr stofnum sem ágreiningur er um. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á að flest nágrannaríki okkar hafa slík ákvæði í löggjöf sinni, Kanadamenn, Færeyingar og Norðmenn. Við erum með þessu að reyna að taka meiri hagsmuni umfram minni og væntum þess að koma sem skjótast eðlilegri skipan á veiðarnar þannig að sjóræningjaveiðarnar líði undir lok og þá er ekkert sem hindrar viðskipti til þeirra sem stunda löglegar veiðar. Við erum fyrst og fremst að reyna með ákvæðum sem þessum að koma í veg fyrir að þeir sem stunda sjóræningjaveiðar, þeir sem eru að stela af okkar hlut í úthafinu, eigi auðveldara með það á grundvelli landana og viðskipta. Ég tek hins vegar undir að það er mjög mikilvægt að þær þjóðir sem hafa slíkar heimildir í löggjöf sinni að þær standi fast við að framfylgja þeim þannig að hér verði um samræmdar reglur að ræða því það mun flýta fyrir því að við komum skynsamlegri stjórn á úthafinu.

Það var að því spurt hvort 4. gr. næði til allra íslenskra skipa og um það þarf ekki að hafa mörg orð. Eins og fram kemur segir þar: „Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.“ Þarna er verið að vísa til skipa undir íslenskum fána.

Þá hefur verið vikið að því að ótímabært sé að setja þessa löggjöf vegna þess að hafréttarsáttmálinn hafi ekki enn tekið gildi og við sjálfir ekki fullgilt úthafsveiðisamning Sameinuðu þjóðanna sem er viðbót við hafréttarsamninginn. Á vegum utanrrn. hefur verið unnið að því að undirbúa fullgildingu hans og ég veit að ráðuneytið hefur stefnt að því að geta kynnt það mál á þinginu nú í vor en afgreiða það í byrjun næsta þings. Við verðum í þessu sambandi að hafa í huga að meginefni frv. er ekki í beinum tengslum við úthafsveiðisamninginn. Ákvarðanir um það hvernig við skiptum aflaheimildum eru okkar mál. Það eru ekki atriði sem lúta ákvæðum hafréttarsamningsins heldur eru það algjörlega atriði sem skipta okkur sjálfa máli og við ráðum. Sama má segja um það hvernig við deilum niður eftirlitskostnaði. Það er okkar mál hvort við berum slíkan kostnað með greiðslum úr ríkissjóði eða deilum honum niður á þau skip sem í hlut eiga. Í þessu ljósi eru ekki rök í málinu að segja að úthafsveiðisáttmálinn hafi ekki verið fullgiltur. Við verðum að horfa á þær aðstæður sem við búum við. Við erum og höfum verið að sækja fram á þessu sviði. Við höfum verið að gera samninga sem kalla á að komið sé á veiðistjórnun og við höfum verið að taka á okkur skuldbindingar um eftirlit. Þess vegna erum við miklu fremur of seinir á ferðinni og ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að það má frekar halda því fram að við séum of seinir en of fljótir með að koma frv. eins og þessu fram. Það er mikilvægt að lagareglur liggi fyrir í einhvern tíma, nokkra mánuði, áður en ákvarðanir eru teknar um skiptingu. Þess vegna er brýnt er að frv. verði samþykkt sem allra fyrst og það er mikilvægt út af því að við þurfum að fá lagaheimildir til þess að framfylgja eftirliti og koma kostnaði yfir á skipin eftir sömu grundvallarreglum og við höfum innan landhelginnar. Það er líka nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að erlendir útgerðaraðilar skrái skip sín á Íslandi og veiði úr íslenskum kvótum og rýri okkar hlut í raun. Þetta eru þrjú atriði sem gera það að verkum að það er mjög brýnt að koma þessum lögum fram sem allra fyrst og við erum frekar á eftir áætlun en á undan í þeim efnum.

Þá var spurt að því hvort í 3. gr. fælust heimildir til þess að setja reglur um veiðar í lögsögu annarra ríkja. Frv. gerir auðvitað ráð fyrir því að í ákveðnum tilvikum þurfi þær reglur sem settar eru að gilda um veiðar innan lögsögu annarra ríkja. Slíkar reglur byggjast þá á samningum sem við gerum um skiptingu stofna. Í öðrum tilvikum getur verið um það að ræða að íslensk skip fái veiðiheimildir innan lögsögu annarra ríkja án þess að íslensk stjórnvöld geri þar um samninga og í þeim tilvikum lúta þær veiðar þeim skilmálum sem viðkomandi ríki setja en ef um er að ræða samninga þar sem við undirgöngumst að setja ákveðnar reglur varðandi veiðar okkar skipa eru þær settar á grundvelli þessara laga.

Varðandi þau ákvæði 6. gr. þar sem segir að ráðherra sé einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar. Hér er verið að vísa til 3. gr. þar sem heimilt er að setja reglur ef almennar skuldbindingar gera slíkt nauðsynlegt og þær lúta þeim takmörkunum að þær séu almennar skuldbindingar og þarf vísindaleg ráðgjöf að liggja fyrir áður en slíkum heimildum yrði beitt.

Þá var að því spurt hvort 5. gr. kæmi í veg fyrir það að sameignarákvæði þessara laga á ákvæðum íslensku fiskveiðistjórnunarlaganna yrði framkvæmt ef um væri að ræða veiðiheimildir innan lögsögu ríkis sem viðurkenndi ótakmarkaðan eignarrétt þeirra sem stunda veiðarnar stunda. Þetta frv. breytir í engu þeirri aðstöðu að séu íslensk skip að

veiða innan lögsögu annars ríkis á grundvelli veiðiheimilda sem ákveðnar eru á grundvelli þessara laga gilda þessi lög þar um og þær takmarkanir sem þau kveða á um en ekki sérlög viðkomandi ríkis.

Varðandi fsp. um það hvort framsal sé undantekning vegna orðalags í 6. gr. er fyrst og fremst nauðsynlegt að hafa nokkuð annan hátt á í 5. og 6. gr. vegna þess að í ýmsum tilvikum getur verið um það að ræða að við fáum á grundvelli samninga oft takmarkaðar og litlar veiðiheimildir. Hér er bent á veiðiheimildir sem við höfum fengið í færeyskri lögsögu upp á 1 þús. lestir af makríl. Í svo takmörkuðum mæli getur verið nauðsynlegt að setja veiðireglur sem lúta öðrum lögmálum en hinar almennu reglur. Hér getur líka verið um að ræða tímabundnar veiðiheimildir á grundvelli samninga og þar fram eftir götunum. Að því leyti þarf löggjöfin að vera nægjanlega almenn til þess að taka á ólíkum viðfangsefnum sem upp kunna að koma. Það er engan veginn svo að þau viðfangsefni sem við sjáum fyrir í úthafsveiðum séu einhver endanlegur sannleikur og einhver endanlegur rammi um veiðiheimildir okkar en almenna reglan um framsal veiðiheimilda þegar veiðirétti hefur verið skipt niður gildir í þessu efni sem annars staðar.

Ég held, herra forseti, að ég hafi vikið að flestum þeim atriðum sem fram hafa komið í umræðunni eða verið varpað hér fram í spurnarformi. Ég vil aðeins ítreka mikilvægi þess að við setjum þessa löggjöf sem allra skjótast og sköpum þannig lagagrundvöll fyrir þeirri mjög mikilvægu þróun sem hér er að eiga sér stað í íslenskum sjávarútvegi og réttilega hefur verið vakin athygli á hér í umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 677, nál. 947, brtt. 948. [12:31]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. vegna frv. til laga um varnir gegn mengun sjávar. Umhvn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, og Helga Jensson frá mengunarvörnum sjávar hjá Hollustuvernd ríkisins.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar sem nauðsynlegar eru vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu er snýr að því að taka af öll tvímæli um að íslensk lög um mengunarvarnir nái ekki einungis til íslensku efnahagslögsögunnar heldur einnig til starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu. Í öðru lagi er um að ræða atriði sem nauðsynlegt er að breyta til að unnt sé að staðfesta OSPAR-samninginn um varnir gegn mengun hafrýmis Norður-Atlantshafsins. Einnig er um að ræða breytingar er lúta að því að tryggð verði samræmd viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó, svo og notkun mengunarvarnabúnaðar. Þá felur frumvarpið einnig í sér heimild fyrir ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir mengunarvarnabúnaðinn. Loks er um að ræða breytingar sem rekja má til flutnings mengunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins til Hollustuverndar ríkisins.

Umhvn. leggur til ákveðnar breytingar sem gerð er tillaga um á þskj. 948. Annars vegar er um að ræða breytingar sem gerðar eru með hliðsjón af breytingum sem nýsett lög um Siglingastofnun Íslands hafa í för með sér. Hins vegar er lagt til að felld verði niður heimild Hollustuverndar til að veita leyfi til að skipum eða loftförum verði varpað í hafið, en í frumvarpinu var lagt til að heimilt yrði að veita slíkt leyfi fram til 31. desember 2004.

Umhvn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (forvarnagjald, lántökur). — Þskj. 957. [12:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. er flutt til þess að mæta afleiðingum þeirra hörmunga sem yfir Vestfirðinga hafa dunið. Það er sjálfsagt mál og þarft. Þannig var brugðist við vanda Vestmannaeyinga á sinni tíð og þannig eiga borgarar þessa lands von á hjálp ef þeir lenda í skakkaföllum og hörmungum af völdum náttúrunnar. Einkenni þessarar lagasetningar er forvörnin, þ.e. ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjón, hindra missi eigna og mannslífa. Það er mjög skynsamlegt. Með þessu frv. er hlutverk forvarna enn fremur víkkað og ná þær nú yfir sérhverja náttúruvá en ekki bara ofanflóð. Það er til bóta og við það breytist eðli gjaldsins sem myndar forvarnasjóðinn. Það er nær því að vera tryggingagjald en ekki hreinn skattur þar sem flestir landsmenn geta orðið fyrir náttúruvá í víðasta skilningi.

Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir nýjum álögum á landsmenn. Það eru 400 millj. kr. álögur á húsnæði. Til samanburðar vil ég geta þess að sá fjármagnsskattur sem miklar umræður hafa snúist um á að gefa 800 millj. Þessi skattur er um 2.000 kr. á hverja íbúð, meðalíbúð, sem er brunatryggð fyrir 10 millj. kr. Það virðist ekki mikið en það kemur til viðbótar alls konar öðrum og vaxandi sköttum og öðrum álögum á íbúðarhúsnæði. Ég nefni holræsagjald í því sambandi. Þetta kann að virðast lítið en fólk sem er að basla við að greiða þungar afborganir af íbúðinni sinni, fasteignagjöld og skatta af launum, munar um það. Oft er ansi lítið eftir í buddunni til þess að standa straum af rekstri heimilisins, kostnaði við skólagöngu barna, fatnað og annað slíkt.

Herra forseti. Að sjálfsögðu þarf að skoða nákvæmlega hvað bæta skal. Gæta þarf fyllstu hagsýni og sparsemi við þær forvarnir sem gripið er til. Það er auk þess spurning hvort eigandi eignanna sem vernda skal eigi engan þátt að taka í kostnaðinum við að verja eigur sínar. Þá þarf einnig að kanna áhrif framkvæmdanna í sambandi við forvarnirnar á hag sveitarfélaganna sem væntanlega batnar að einhverju leyti þegar svo miklar framkvæmdir koma í plássið.

Herra forseti. Enn einu sinni mætum við sömu aðferð. Það er gott mál sem á að fara að fjármagna og enn á ný er gripið til skattálagna. Þetta er mjög hættulegt. Í hvert einasta skipti sem við stöndum frammi fyrir góðu máli þá er aukin skattheimta á landslýð og atvinnuvegina. Og svo reynist erfitt og nánast ómögulegt að aflétta þessum sköttum. Afleiðingin er sú að það er stöðugt þyngri og þyngri skattáþján

á landslýð vegna þess að alltaf koma upp einhver góð mál með reglubundnum hætti. Við horfum á að samkeppnisstaða þjóðarinnar hefur beðið mikla hnekki og við erum í vandræðum með að halda fólki í vinnu hér á landi vegna of lágra launa og of mikillar skattáþjánar sem hvort tveggja hangir saman.

Herra forseti. Ég hef miklar efasemdir um þessa aðferðafræði. Vandinn liggur kannski í því að starfsemi þingsins er klofin í tvennt. Við erum annars vegar með fjárln. sem sér um útgjöldin og dælir út peningum í alls konar góð verkefni. Hins vegar erum við með efh.- og viðskn. sem sér um að afla tekna og mismunurinn á tekjunum og gjöldunum er halli á ríkissjóði sem hefur verið geigvænlega mikill, svo mikill að við borgum núna 50 millj. á dag. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, við borgum 50 millj. á dag í vexti af lánum ríkissjóðs vegna skuldasöfnunar ríkissjóðs. Þetta er þróun sem við megum ekki láta ganga lengra. Við verðum að spyrna við fótum og skera niður útgjöldin og líta á þau verkefni sem ríkið hefur tekið að sér. Hvort þau séu öll jafnbráðnauðsynleg og þau sýnast vera, hvort einhvers staðar sé kannski um að ræða oftryggingu eða vannýtingu á fjármunum eða misferli við notkun fjármuna. Þetta þarf að fara að skoða. Ég batt miklar vonir við þá endurskoðun á Atvinnuleysistryggingasjóði sem boðuð var en hefur ekki náð fram að ganga. Þar erum við að greiða gífurlega fjármuni. Við greiðum 4 milljarða á ári, 10 millj. á dag í atvinnuleysisbætur og það er talið að eitthvað af þessu fé sé bæði misnotað og ofnotað, þ.e. að fólk þiggi atvinnuleysisbætur sem ekki er raunverulega á vinnumarkaði og hins vegar fólk sem er í vinnu. Þetta þarf að koma í veg fyrir og það sem þarf að fara að gera núna er að horfa á útgjöld ríkissjóðs nákvæmlega og athuga hvort ekki megi í stað þess að leggja stöðugt á nýjar skattálögur í sambandi við góðu málin skera niður einhver önnur mál sem eru hætt að vera góð og mæta fjármögnuninni þannig. (**Gripið fram í:** Með landbúnaðinum?) Til dæmis, já. Eða þá Atvinnuleysistryggingasjóði eins og ég nefndi áðan og hv. þm. hefur þá ekki tekið eftir. Við verðum að fara að snúa við blaðinu og ég verð að segja að mér finnst það mjög hættuleg þróun að í hvert skipti sem við komum með gott mál inn í þingið sjá menn engin önnur úrræði en að bæta við skattlagninguna í stað þess að skera niður á móti. Það virðist alveg óhugsandi.

[12:42]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta frv. sem við erum að ræða sé eitt hið brýnasta mál sem við stöndum frammi fyrir. Vandinn sem við er að glíma varðandi snjóflóðavarnirnar er gríðarlega mikill. Hann snertir íbúa ýmissa byggðarlaga og snertir auðvitað afkomu sveitarfélaganna sjálfra. Þetta er með öðrum orðum mál sem þolir ekki mikla bið og þess vegna er nauðsynlegt að þetta frv. sé flutt. Ég vil sérstaklega varðandi orð hv. þm. Péturs Blöndals segja að hér er í raun og veru verið að auka möguleikana á því að bæta forvarnirnar og draga úr hættu, ekki bara fyrir fólkið sem auðvitað er grundvallaratriði, heldur líka það að með því að forvarnirnar séu auknar er verið að reyna að koma í veg fyrir slys og tjón sem væntanlega mun á komandi árum draga úr útgjaldaþörf Viðlagatryggingar og lækka þar með þegar til lengri tíma er litið útgjöld heimilanna. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að ræða hv. þm., sem sumpart var þó athyglisverð, hafi líka verið á misskilningi byggð. Það sem hér er með öðrum orðum verið að leggja til er að reyna að koma í veg fyrir tjón þegar til lengri tíma er litið og draga þar með úr þeirri framtíðarskattlagningu sem ella hefði komið til. Þannig að ég tel, virðulegi forseti, að þessi umræða hafi á suman hátt verið á misskilningi byggð.

[12:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er vissulega gott mál, eins og ég undirstrikaði líka sjálfur. Það er bara spurningin um skattálögurnar sem endalaust og stöðugt er bætt við. Það er alltaf verið að auka í þann pott. Það er ekki spurning að þetta er gott mál. Ég efa það ekki og það er eflaust hagkvæmt svo maður tali nú ekki um mannslífin sem eru óbætanleg. Það er eflaust hagkvæmt að fara í þessar forvarnir eins og á mörgum öðrum sviðum. Við getum líka farið í forvarnir í sambandi við reykingar og vímuefni og áfengisneyslu og annað slíkt. Erum að gera það. En það sem ég set spurningarmerki við er sú aðferðafræði að vera stöðugt að auka skattana. Af hverju er ekki litið á skattlagningu húsnæðis og athugað hvort ekki megi taka eitthvað af þeim sköttum og gjöldum af sem búið er að hlaða þar á til þess að minnka skattáþjánina á fólki? Allt er þetta náttúrlega spurningin um það að ná inn tekjum til þess að standa undir þessum miklu útgjöldum og þá þarf að fara að spyrja sig að því: Eru öll þessi útgjöld sem ríkissjóður stendur undir bráðnauðsynleg? Ég vil setja stórt spurningarmerki við það og þá sérstaklega varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn.

[12:45]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hugleiðingar hv. þm. eru út af fyrir sig allrar athygli verðar. Ég verð þó að vekja athygli á því að sú skattlagning húsnæðis sem hv. þm. nefndi er skattlagning sem fram fer af hálfu sveitarfélaganna almennt, gatnagerðargjöld, fasteignagjöld og gjaldtaka af þeim toga önnur þannig að við erum auðvitað að tala um tvo mismunandi þætti. Þar fyrir utan skulum við ekki gleyma því að þegar kemur til þess að byggja upp þessar forvarnir, varnarvirkin t.d. við Flateyri, uppkaup húsanna í Hnífsdal svo ég taki tvö dæmi, þá munu sveitarfélögin þurfa að koma þar að. Og það er alveg ljóst mál t.d. að hið nýja sveitarfélag Ísafjarðarbær verður fyrir gríðarlegum útgjöldum af þessum ástæðum en við erum ekki farin að sjá endanlega núna hvernig við ætlum að mæta þeim. 400 millj. kr. varnarvirki við Flateyri þýða 40 millj. kr. útgjöld fyrir hið nýja sveitarfélag Ísafjarðarbæ þannig að við verðum auðvitað að horfa á þetta í þessu samhengi.

Ég fagna svo því sem ég veit að er einlæg skoðun hv. þm. að þetta er auðvitað gríðarlega mikið og stórt hagsmunamál, fyrst og síðast vegna öryggis þess fólks sem býr við þá vá sem snjóflóðin eru og hafa verið og við því miður áþreifanlega verið minnt á, en líka vegna þess sem ég sagði áðan að við erum með því að auka forvarnir af einu tagi eða öðru að draga úr framtíðarútgjöldum viðlagatryggingar sem væntanlega getur þýtt það þegar til lengri tíma er litið að hægt verður að lækka iðgjöldin sem standa undir fjármögnun viðlagatryggingar.

[12:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég á sæti í þeirri þingnefnd sem mun fá þetta mál til meðferðar. Ég ætla ekki að ræða mikið einstök efnisatriði þessa frv. en koma að nokkrum almennum þáttum sem það snerta. Ég vil þó nefna varðandi 2. gr. frv., þ.e. nýja nafngift á þann sjóð sem hér um ræðir að ég er ekki alveg sannfærður um að það sé rétt að gefa sjóði af þessum

toga nafnið Forvarnasjóður vegna þess að forvarnir eru víða viðhafðar og þurfa víða við að koma, t.d. á heilbrigðissviði og gæti hugsanlega leitt til misskilnings. Þó að það þurfi ekki að vera til baga þá nefni ég þetta nú sem álitaefni en ekki er ástæða að ræða það svo frekar af minni hálfu við þessa umræðu.

Það sem mér er aðallega í huga er hvernig ákvörðun verður tekin í sambandi við aðgerðir á þeim mörgu þéttbýlisstöðum þar sem bregðast þarf við hættu af snjóflóðum sérstaklega og í hvaða röð slíkar ákvarðanir verða teknar.

Mér hefur lengi fundist að meðferð þessara mála hafi sætt heldur litlum skilningi hjá stjórnvöldum þrátt fyrir að þetta ástand hafi verið ljóst um fleiri áratugi og alveg ótrúlegur sofandaháttur hjá hinu opinbera kerfi þar að lútandi að tryggja aðgerðir. Þetta hef ég sagt áður og ætla svo sem ekki að gera hér frekar að umtalsefni. En síðan gerist það að á síðasta ári fyrst og fremst og þessu ári að við fáum mikið högg á Vestfjörðum og það verður til þess að gripið er til skipulegra aðgerða og þetta frv. er m.a. afleiðing af því. Sannarlega ætla ég ekki að draga úr því að brugðist verði við m.a. með gerð varnarvirkja á stöðum sem hafa orðið fyrir miklu áfalli vegna snjóflóða og þar sem menn hafa verið að athuga þessi mál og vonandi komist að góðri niðurstöðu, án þess að ég hafi athugað nokkuð sérstaklega þær tillögur sem liggja fyrir um varnarvirki. Það er sérfróðra aðila í samvinnu við heimamenn að taka ákvarðanir þar að lútandi þó að auðvitað sé um að ræða gífurlega mikla fjármuni sem jafnframt er eðlilegt að fjallað sé almennt um af hálfu þingsins.

Ég vil minna á að það eru mun víðar en á Vestfjörðum byggðarlög sem búa við snjóflóðahættu, t.d. í minni heimabyggð þar sem menn fengu skell mikinn fyrir röskum 20 árum. Þar voru gerðar tillögur um varnarvirki fljótlega á eftir. Fyrstu tillögur að gerð varnravirkja lágu fyrir 1976. En ekkert hefur verið aðhafst í þeim efnum í framhaldi af því, m.a. vegna þess að lagaramminn og fjárhagsramminn um ofanflóðasjóð var ekki með þeim hætti að það hvetti til aðgerða. Bæði var sveitarfélagi ætlaður mjög stór hlutur en þess utan var mikið tómahljóð í ofanflóðasjóði lengst af á þessu tímabili sem m.a. varð þess valdandi að menn ekki horfðu til slíkra aðgerða eins og ella hefði verið.

Nú veit ég að víða um land er unnið að mótun tillagna um þessi efni. Ég tel að þinginu og framkvæmdarvaldinu beri að sjá til þess að á eðlilegan hátt sé tekið á aðgerðum og það sé vandlega athugað og metið í hvaða röð brugðist skuli við í þessum efnum. Ég hefði talið að frv. af þessum toga hefði þurft að koma fram fyrr á þinginu þannig að meira ráðrúm væri til en líklegt er að verði til þess að fjalla um ýmsa þætti sem því tengjast. Það blasti við þegar í haust að mjög aukin fjárveiting þyrfti að koma til í einhverju formi vegna þessara mála og það er heldur slæmt að við skulum um miðjan maímánuð vera að fjalla um þetta þegar fáir dagar eða fáar vikur a.m.k. lifa af þessu þinghaldi. Það er ekki til fyrirmyndar. Ég hefði talið að eðlilegast væri að taka á þessum málum þegar fyrir lægju tillögur um aðgerðir sem víðast þó að hitt sé jafnljóst að einhvers staðar þarf að byrja. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við þær framkvæmdahugmyndir sem hér liggja fyrir en ég vek samt athygli á því að ýmsum spurningum er ósvarað um framhaldið. Ég vil spyrja í sambandi við þessi efni: Hvernig sér hæstv. umhvrh. að tekið verði á þessum málum? Gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir því að lánsheimilda verði aflað fyrir þennan eflda sjóð bara eftir þörfum þannig að það verði hægt að ráðast í framkvæmdir þegar undirbúningur liggur fyrir eða safnast þarna upp biðröð? Og þá vandast málið. Á þessu vildi ég vekja athygli, virðulegur forseti. En ég mun auðvitað leitast við að stuðla að því að þetta mál fái eðlilega meðhöndlun í nefnd og afgreiðslu af hálfu þingsins þó ég neiti því ekki að mér finnst málið vera óþægilega seint fram komið og að æskilegt hefði verið að það lægi fyrir jafnvel skýrari mynd og þá einnig að því er varðar fleiri staði sem eru að vinna að þessum málum, áður en menn færu að binda sig í aðgerðir.

[12:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að mál þetta er fullseint fram komið. Hins vegar vil ég segja fyrir hönd míns flokks að Alþfl. mun gera það sem hann getur til þess að málið verði afgreitt á þessu þingi. Við teljum að það sé brýnt að farið verði í þessar aðgerðir.

Hins vegar vil ég, sérstaklega vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals, segja að mér finnst það ekki nægilega gott hjá hv. þm. að koma upp og vera neikvæður út í að menn séu að leggja í auknar skattbyrðar. Hann segir að það eigi frekar að reyna að spara annars staðar og hann nefndi í frammíkalli og í ræðu tvo flokka sérstaklega, landbúnað annars vegar og hins vegar Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég tel ekki að hv. þm. geti komið hingað upp og kastað einhverju svona fram eins og er að verða hans plagsiður. Hv. þm. verður, ef hann er þessarar skoðunar, að fylgja þessu eftir með því að leggja fram einhvers konar þingmál. Mér er kunnugt um að afstaða þingmannsins hefur komið fram til landbúnaðargeirans að einhverju leyti í gegnum þingmál fyrr á þessum vetri. En mér finnst ekki hægt að þingmaður stjórnarliðsins komi hingað og ráðist gegn Atvinnuleysistryggingasjóði og tali eins og hann sé meira og minna óþarfur sjóður eða að þar sé hægt að spara verulegar upphæðir án þess að efndir fylgi slíkum orðum. Ég tel rétt að hv. þm. leggi þá fram þingmál og það komi fram hver er afstaða hans eigin flokks og stjórnarliðsins til slíkra tillagna.

Það sem mig langaði til að reifa lítillega, herra forseti, er að ég er þeirrar skoðunar að þegar menn fara út í svona gríðarlega miklar framkvæmdir, þá þurfi ákveðnir hlutir að liggja fyrir. Heildarumfang þessara framkvæmda þarf t.d. að liggja fyrir. Ég hjó eftir því og brá svolítið þegar hinn varkári hæstv. umhvrh. sagði í framsögu fyrir þessu frv. að kostnaðurinn við allar aðgerðir á sviði snjóflóðavarna mundi hlaupa á 5–10 milljörðum. Ég hefði gjarnan viljað að svo nákvæmur ráðherra hæstv. hefði þetta niðurnjörvaðra.

Maður veltir fyrir sér, hvers vegna þörf er á því að þetta frv. verði samþykkt núna. Ég tek fram að ef það er vilji ríkisstjórnarinnar að það verði gert, þá mun Alþfl. stuðla að því. En þegar ég les þetta í gegn, þá kemur fram að þessi fjárþörf mun vera fast að 1.500 millj. kr. Það skiptist þannig að vegna varna í Súðavík og Hnífsdal sem þegar er búið að taka ákvörðun um, a.m.k. af hálfu ríkisstjórnarinnar, mun heildarkostnaður vegna húsakaupa í Súðavík vera röskar 400 millj. og hálft annað hundrað millj. kr. vegna stuðnings við húsakaup í Hnífsdal. Þetta er frágengið að ég tel og búið að taka ákvarðanir um þetta. Það er alveg ljóst að það þarf fjármagn til þessara hluta. Þetta eru tæpar 600 millj. Síðan eru skuldbindingar ofanflóðasjóðs vegna kostnaðar við rekstur snjóathugunarmanna sem er áætlaður um hálft hundrað millj. En afgangurinn af þeim kostnaði sem vantar upp í þessar

1.500 millj., þ.e. um 800 millj., eru hlutir sem er ekki búið að taka ákvarðanir um.

Ég sé t.d. að það er tekið svo til orða á bls. 3 í greinargerðinni að heildarkostnaður vegna varna á þessu ári gæti numið allt að 1.500 millj. kr. ef farið yrði í gerð varnarvirkja á Flateyri og á Ísafirði. Samtals nema þessar tvær framkvæmdir um 700 millj. kr. Það er talað um að hlutdeild ofanflóðasjóðs t.d. við greiðslu mismunabóta til húseigenda sem ekki fengu fullnægjandi bætur hjá Viðlagatryggingu, gæti numið allt að 100 millj. kr. Ég les út úr þessu að þarna sé um að ræða eitthvað sem ekki er búið að taka ákvarðanir um. Það kemur reyndar líka fram í greinargerðinni að það sé ekki búið að fallast á þátttöku ofanflóðasjóðs við varnarvirki við Seljalandshverfið á Ísafirði.

Ég ætla alls ekki, herra forseti, að leggjast gegn því að farið verði í þessar framkvæmdir. Ég tel þær nauðsynlegar. En ég velti því fyrir mér, af hverju ekki er búið að ganga frá þessum hlutum áður en hæstv. ríkisstjórn leggur fram þetta frv.

Ég tel líka að það sé nauðsynlegt að allir íbúar landsins sem búa við snjóflóðahættu búi við sama rétt. Og ef menn ætla að fara í þessar miklu framkvæmdir á Vestfjörðum, er þá ekki alveg ljóst að því muni fylgja samsvarandi framkvæmdir t.d. á Austfjörðum þar sem snjóflóðahætta er að ég hygg ekki minni?

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram við þessa umræðu. Þótt ég og minn flokkur styðji þetta mál finnst mér það fulllaust í reipunum og of margt sem á eftir að ákvarða. Ég spyr hæstv. umhvrh.: Þær framkvæmdir sem ég taldi upp áðan og ekki virðist samkvæmt greinargerðinni búið að taka ákvarðanir um, hvenær munu þær liggja fullmótaðar og fullákveðnar á borði hæstv. ríkisstjórnar? Hvenær jafnframt mun lokið þeirri heildarúttekt á þeim framkvæmdum sem nauðsynlegt verður að ráðast í til varnar byggðarlögum sem eru á snjóflóðasvæðum? Og hvenær telur hæstv. ráðherra að það muni liggja fyrir?

Síðan vil ég líka segja, þótt ég ætli ekki að inna hæstv. ráðherra eftir skoðunum hans á því, að mér finnst mögueleg sameining Viðlagatryggingar og ofanflóðasjóðs vera afgreidd heldur lauslega. Ég hefði viljað sjá betri útskýringu á því hvers vegna það er ekki fýsilegt til frambúðar að sameina þessar tvær stofnanir.

[13:01]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um frv. og ítreka það sem kom fram í máli mínu í framsöguræðu í gær. Reyndar vannst ekki tími til að klára umræðuna, en það skiptir kannski ekki öllu máli. Ég vil ítreka að hér er um að ræða afar brýnt mál sem nauðsynlegt er að taka á þótt vissulega megi taka undir gagnrýni hv. þingmanna tveggja sem tekið hafa þátt í umræðunni. Málið hefði mátt vera fyrr fram komið og e.t.v. betur unnið. Í því sambandi langar mig þó að minna á að það er ekki fyrr en um sl. áramót sem málaflokknum er í raun stjórnskipulega komið undir umhvrn. með lögum sem við samþykktum rétt fyrir jól á hinu háa Alþingi. Þá var umhvrn. fengið það verkefni að fjalla um þessi mál.

Auðvitað hafði ráðuneytið fylgst með því áður og ráðuneytisstjóri í umhvrn. er einn af fulltrúum í svokallaðri ráðuneytisstjóranefnd sem hefur meira og minna fjallað um þetta mál allt sl. ár, alveg frá því að áföllin urðu í Súðavík.

Síðan um áramót hefur verið unnið mikið starf í þessum málum af hálfu ráðuneytisins og hinnar svokölluðu ofanflóðanefndar, sem hefur hlotið það nafn þótt hún heiti ekki svo í löggjöfinni. Og því verður auðvitað haldið áfram, því starfi er ekki nándar nærri lokið. Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta, en hún svarar að hluta til spurningum hv. þm.:

„Á vegum umhvrn. og í samráði við viðkomandi sveitarfélög er nú að hefjast heildarúttekt á mögulegum varnarvirkjum í byggðarlögum á snjóflóðasvæðum. Áætlað er að þessari úttekt ljúki í byrjun ágúst þar sem fram komi tillögur um varnaraðgerðir í einstökum byggðarlögum ásamt mati á kostnaði."

Þessi vinna er nú í fullum gangi. Við höfum ráðið til þess verkfræðiskrifstofur og fengið til þess tilstyrk erlendra aðila vegna þess að því miður er þekkingin ekki nægjanleg hjá okkur Íslendingum á því hvernig bregðast skuli við þessari vá og hvernig varnarvirki skuli sem best úr garði gerð. Við höfum átt góða samvinnu við bæði Norðmenn og Svisslendinga í þessu sambandi og þessi vinna er í fullum gangi. Við vonumst til þess að þá verði síðla sumars komin betri heildarmynd á málið en nú er. Hins vegar hafa mál verið, ef svo má segja, fyrst unnin á Flateyri og á Ísafirði þar sem tillögur liggja þegar fyrir. Hv. 15. þm. Reykv. spurði hvenær þessar ákvarðanir gætu legið fyrir. Reyndar spurði hv. 4. þm. Austurl. líka hvernig forgangsröðun ætti að fara fram og hvenær ákvarðanir yrðu teknar um einstaka staði og gerð hinna ýmsu varnarvirkja. Ég get aðeins svarað því til að á þessum tveimur stöðum, á Flateyri og Ísafirði, hafa verið unnar tillögur sem væri hægt að ráðast í. Það er þegar ákveðið að halda áfram þessum undirbúningsframkvæmdum á Flateyri svo hægt verði að bjóða verkið út og það verður vonandi hægt að hefjast handa við það í sumar og þá a.m.k. er þessi vinna hafin.

Forgangsröðun er alltaf erfitt verkefni. Undirbúningsvinnan verður að vinnast í ofanflóðanefndinni. Þar liggja síðan endanlegar tillögur fyrir á komandi sumri og þá verður að fara yfir það með sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum sveitarfélaganna hversu fljótt er hægt að fara í þessi verkefni og ræða það síðan í ríkisstjórn hvernig hægt sé að ákveða forgangsröðunina.

Ég nefndi í gær í framsögu minni sem hugsanlegan framkvæmdatíma fimm ár. Það er þó sett fram með öllum fyrirvörum og það er erfitt að segja við aðila sem þurfa að bíða allt að fimm árum að þeir eigi einhverra hluta vegna að bíða lengur en aðrir. En þetta eru gríðarlega miklar framkvæmdir. Þetta eru gríðarlega kostnaðarsöm verkefni og þess vegna þurfa menn einnig að átta sig á því hversu hratt við getum farið í verkið.

Við höfum ekki tölur eða upplýsingar um það hvað þetta gæti kostað nákvæmlega en ég vona að það skýrist á sumrinu eða á næstu vikum og mánuðum. Auðvitað er talan sem nefnd var í framsöguræðu minni í gær ónákvæm, 5–10 milljarðar. Auðvitað er þar um að ræða stórt bil og skiptir miklu hvort hér er um að ræða 5 milljarða eða 10 milljarða. Þetta eru gríðarlega háar tölur. Gerðar hafa verið grófar kostnaðaráætlanir um að byggja varnargarða á Flateyri fyrir 400 millj. og hugsanlega Ísafirði fyrir 300 millj. Þetta er fljótt að hlaupa á stórum upphæðum fyrir svo utan þær upphæðir sem við þurfum að nota til þess að bæta það tjón sem þegar er orðið. Við skulum vona að það þurfi ekki að verða meira af slíkum áföllum.

Það er sem sagt verið að taka fyrstu skrefin. Þegar hv. þingmenn spyrja hvort hefði ekki mátt liggja fyrir betri niðurstöður og upplýsingar vil ég undirstrika að auðvitað hefði verið hægt að fara bara fram með heimild um lántöku upp á þessar 800 millj. og láta annað bíða. Það sem skiptir máli núna er að gera upp þær skuldbindingar sem þegar hafa verið gerðar varðandi bætur á fasteignum og hefja framkvæmdir við þau varnarvirki sem bíða nú nokkurn veginn hönnuð og tilbúin til að hefjast megi handa.

Niðurstaða ríkisstjórnarinnar varð sú að leggja til að fjárhagur sjóðsins yrði styrktur. Það er ljóst að þær upphæðir sem til sjóðsins renna sem hluti af viðlagatryggingariðgjaldinu eru hvergi nærri nógar til að standa undir þeim miklu framkvæmdum sem fram undan eru. Auðvitað getur ýmislegt komið til á framkvæmdartímanum við gerð varnarvirkjanna, hvort sem hann verður eitt, þrjú eða fimm ár. Hann hlýtur að verða lengri en eitt ár því að við höfum ekki möguleika á að framkvæma það sem þarf að gera á svo skömmum tíma. Auk þess veit ég ekki hversu vel tillögurnar eru undirbúnar þó svo það kæmi fram í máli hv. 4. þm. Austurl. að á Neskaupstað hefðu verið settar fram tillögur 1976. Því máli hefði þurft að fylgja betur eftir. En það er þá kannski auðveldara að hraða skoðunum og athugunum á þeim varnarvirkjum sem þar þarf að byggja.

Aðalmálið var sem sagt að fá lántökuheimildina til að geta brugðist við því sem nú liggur fyrir hjá sjóðnum og síðan að vinna af fullum krafti áfram að málunum á næstu vikum og mánuðum. Ég leyfi mér að fullvissa hv. þm. um að þar verður ekki slegið slöku við. Menn halda áfram þeirri vinnu sem nú þegar er í gangi og það verður lögð á það áhersla að hægt verði að leggja tillögur og hugmyndir fyrir hv. Alþingi á hausti komanda. Ég minni á það og það kemur líka fram í greinargerðinni að talað er um að endurskoða bæði lögin um ofanflóðasjóð eða forvarnasjóðinn ef frv. þetta verður að lögum. Eins og það lítur út í dag verða lögin um þetta mál endurskoðuð og koma aftur til umfjöllunar á þinginu í haust ásamt lögum um viðlagatryggingu sem nú þegar er hafin vinna við endurskoðun á í viðskrn. Hér er því fyrst og fremst um bráðabirgða- eða neyðaraðgerð að ræða og menn geta haft sína skoðun á því hvort það hefði þurft að vera fyrr á ferðinni. Það má vissulega til sanns vegar færa. En við erum ekki að tala um heildarmyndina, það munum við gera næsta haust. Á næsta þingi verða þessi mál lögð fyrir hv. þing aftur með nýju frv. þar sem tekið er á heildarendurskoðun laganna.

Aðeins ein setning um forvarnasjóðinn, þ.e. orðið eða heitið. Það skiptir kannski ekki öllu máli en það er rétt ábending hjá hv. 4. þm. Austurl. að við ræðum gjarna um forvarnir í sambandi við heilbrigðismál, ekki síst mál sem tengjast ávana- og fíkniefnum. Þess vegna fer kannski ekki vel á því að nota þetta orð um þennan sjóð eða þær breytingar sem hér er verið að gera á lögunum. Ég er tilbúinn til að hlusta á tillögur, hugmyndir eða ábendingar í því efni. En hér var sem sagt verið að taka á því eða undirstrika að sjóður þessi nær ekki eingöngu yfir ofanflóð eða snjóflóð. Það er gert ráð fyrir því að hann taki á fleiri áhættuþáttum.

Hv. 4. þm. Austurl. spurði líka hvort ég sæi það svo að það þyrfti að sjá áfram fyrir fjárþörf sjóðsins með lánveitingum. Ég ímynda mér að þess þurfi. Ég ímynda mér að eftir að þetta frv. verður að lögum, verði það samþykkt nú á hv. þingi, muni áfram þurfa að mæta stórum og kostnaðarsömum framkvæmdum sem blasa við okkur á næstu missirum með tímabundnum lántökum. Sjóðnum er þá gert mögulegt með föstum tekjustofni að standa undir þeirri greiðslubyrði á eitthvað lengri tíma. Það ætti þá líka að geta leitt til þess að við þyrftum ekki að safna upp í biðröð þeim framkvæmdum sem úttekt í sumar gerir ráð fyrir að liggi fyrir. Við getum þá fjallað um málið í heilsteyptari mynd.

Ég ítreka, hæstv. forseti, að hér er fyrst og fremst verið að fjalla um að styrkja tekjugrunn sjóðsins, fá honum fastan tekjustofn. Í öðru lagi, sem var kannski það sem vakti umræðuna núna og gerði nauðsynlegt að fá þetta mál afgreitt á þessu þingi en ekki í haust, er brýnt að fá heimild til lántöku. Hv. þingmönnum finnst kannski ástæða til að skoða aðra þætti betur, en þetta er nauðsynlegt að fá afgreitt núna. Ég tel að það eigi líka að leggja áherslu á að styrkja tekjur sjóðsins.

Þá langar mig aðeins að lokum að segja fáein orð um þá þætti sem komu fram í máli hv. 16. þm. Reykv. Hér er vissulega verið að leggja nýjar álögur á húseigendur. Það má auðvitað hugsa sér aðra skattstofna en þetta er sá skattstofn sem ofanflóðasjóðurinn hefur haft í gegnum viðlagatrygginguna. Það er einfaldasta aðferðin til þessarar tekjuöflunar. Sá farvegur er fyrir hendi og það er m.a. ástæðan fyrir því að það er líka nauðsynlegt, ef menn ætla að halda sig við þann tekjustofn að fá þetta frv. samþykkt núna, þ.e. hækkunina á gjaldinu til sjóðsins eða fastan tekjustofn til sjóðsins vegna þess að tryggingaiðgjöldin eru lögð á á haustin. 1. október er a.m.k. gjalddagi iðgjalda hjá einhverjum tryggingafélögunum og þess vegna er nauðsynlegt að fá þessa breytingu inn núna. Við getum svo alltaf velt fyrir okkur hvenær á að hækka skatta og hvort það er réttlætanlegt í þessu tilfelli eða öðrum. Ég held að það sé nauðsynlegt í þessu tilfelli. Ég minni á að við erum þar að auki að glíma við að ná niður ríkissjóðshallanum með ýmiss konar öðrum aðgerðum. En sú umræða verður að bíða betri tíma. En í viðbót við þá glímu alla var mjög erfitt að takast á við þessar kostnaðarsömu framkvæmdir öðruvísi en að fá til þess viðbótartekjur.

Allra seinast vil ég nefna að í endurskoðun laganna um viðlagatryggingu kemur auðvitað til greina eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að endurskoða tekjuöflun til viðlagatryggingar þegar okkur hefur tekist að byggja upp varnarvirki á þann hátt að það megi gera ráð fyrir að þau dragi úr áföllum og helst þannig að hægt sé að koma í veg fyrir svipleg og stóralvarleg áföll eins og við urðum fyrir á seinasta ári.

[13:16]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst það sem hæstv. ráðherra sagði, að ekki hefði verið unnið að málum eftir áföllin í Neskaupstað og þar til nú með varnarvirkjum. Ég fór yfir þessa sögu líklega á 118. þingi nokkuð rækilega og nefndi í því sambandi m.a. þá hnökra sem orðið höfðu í meðferð þessara mála, m.a. það að félmrh. þeirrar ríkisstjórnar sem tók við á árinu 1983, sló striki yfir vinnu sem þá hafi farið fram að þessum málum, það seinkaði málsmeðferð verulega, en einnig þann fjárskort sem síðan var í ofanflóðasjóði fram undir þetta og það háa hlutfall sem sveitarfélögum var ætlað að greiða til að standa skil á sínum hlut.

Tilefni þess að ég bið um orðið í andsvari er þó sérstaklega að spyrja hæstv. ráðherra — það kom nú reyndar fram undir lok hans máls — að því hvort það væri í rauninni nokkuð við þá málsmeðferð að athuga að fjárheimildin yrði veitt, sem gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða, en efnisþættir frv. að öðru leyti biðu vinnu að hausti þegar e.t.v. lægi fyrir skýrari

heildarmynd. Ég segi þetta einfaldlega til að það gæti orðið ljóst fyrir þingnefndina hvort hæstv. ráðherra mundi sætta sig við slíka málsmeðferð ef athugun mála í þingnefndinni leiddi til þess að þær spurningar kæmu.

[13:18]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að rekja þessa sögu frekar um Neskaupstaðarmálið. Ég veit að hana þekkir hv. þm. mikið betur en ég og ástæðulaust er að fjalla um það frekar hér og nú. En auðvitað minnir það okkur á að við verðum að fylgja málunum eftir núna af fullri festu og megum ekki láta það henda okkur sem því miður gerðist þá og kannski vill gerast oftar, að rokið er til og hrint í gang einhverju átaki fyrst eftir alvarleg áföll. Að tveimur, þremur eða fjórum árum liðnum virðist hafa fjarað undan því og kannski að einhverju leyti málið gleymst og svo stöndum við uppi með ný alvarleg áföll sem eru auðvitað algjörlega óásættanleg, það má kannski segja óafsakanleg og hefðu ekki þurft að henda ef það hefði verið unnið að málum og þeim fylgt betur eftir en á árum áður. Þessi saga frá Neskaupstað ætti kannski fyrst og fremst að vera okkur víti til varnaðar og hvatning til að halda áfram af fullri festu með þetta mál sem nú er til umræðu.

Varðandi frv. eins og það liggur hér fyrir þá vil ég ítreka að ég tel að lántökuheimildin sé brýnust. Hún er númer eitt. Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á að sjóðnum verði tryggður fastur tekjustofn. Ég held að það sé mjög brýnt og það er brýnt að gera það núna fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem ég þó nefndi ekki fyrr en rétt í lok ræðu minnar, þ.e. gjalddagar tryggingaiðgjaldanna. Ef haldið er við þennan tekjustofn sem hér er lagður til sem tekjur til ofanflóðasjóðsins og að þær séu af svipuðum toga og til Viðlagatryggingarinnar, þá eru gjalddagar a.m.k. hjá sumum tryggingarfélögunum 1. október. Þess vegna er mjög brýnt að fá það mál einnig afgreitt nú. Með aðra þætti eins og nafngift og kannski útvíkkun á verksviði sjóðsins og slíkt tel ég að séu auðvitað ekki aðalmálin sem við erum að fjalla um núna þó það hafi verið talið rétt í ráðuneytinu að koma því fram núna til lagfæringar ef það mætti takast. En hitt eru aðalatriðin.

[13:21]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra upplýsingarnar að því er varðar frv. Aðeins um hið sögulega þá er auðvitað rétt að nefna að það sem ég var að víkja að varðar fyrst og fremst málafylgju af hálfu stjórnvalda á liðnum árum, liðnum mörgum árum, en ekki það sem snýr að heimamönnum t.d. í Neskaupstað sem gerðu sitt til að bregðast við þeim áföllum sem um var að ræða og settu upp á sínum vegum með samþykki stjórnvalda, viðvörunar- og varnarkerfi til þess að fylgjast með og bregðast við hættu ef hún skapaðist að bestu manna yfirsýn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn flugslysa, 2. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 239, nál. 1000, brtt. 1001.

[13:23]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. samgn. um frv. til laga um rannsókn flugslysa ásamt breytingartillögu við sama frv.

Meginefni þess frv. sem hér um ræðir er að það er gert ráð fyrir breytingum á rannsóknum flugslysa þannig að rannsóknarheimildir og skyldur Flugmálastjórnar eru algerlega felldar niður og rannsókn lögð í hendur eins sjálfstæðs og óháðs aðila, rannsóknarnefndar flugslysa. Þessi stefna að aðskilja flugslysarannsóknir frá starfsemi Flugmálastjórnar er mjög í samræmi við þá þróun sem hefur orðið í löndunum í kringum okkur, t.d. í Evrópu, og er framhald af skrefum sem þegar hafa verið stigin hér á landi. Ég nefni í þessu sambandi tilskipun Evrópusambandsins frá 21. nóv. 1994 sem varðar grundvallaratriði í rannsóknum flugslysa og flugatvika. Samkvæmt þeirri tilskipun skulu aðildarríki Evrópusambandsins hafa komið á þeirri skipan sem tilskipunin mælir fyrir um ekki síðar en 21. nóvember nk. Það sem verið er að gera með þessu frv. hér er í raun og veru að stíga enn eitt skrefið í þessa átt, þ.e. að skilja að rannsóknir flugslysa annars vegar og skyldur Flugmálastjórnar hins vegar.

Samgn. gerir nokkrar breytingartillögur á frv. sem allar lúta að því að styrkja þessa grundvallarhugsun.

Í fyrsta lagi er lagt til í 3. gr. frv. að gerðar verði sömu kröfur til varaformanns rannsóknarnefndar flugslysa og formanns, þ.e. um hæfi, reynslu og þekkingu enda er gert ráð fyrir því að varaformaður sé staðgengill formanns.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 7. gr. frv. að flugmálayfirvöldum beri að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndarinnar í flugöryggismálum verði teknar til formlegrar afgreiðslu þannig að það liggi fyrir með hvaða hætti þessar tillögur verði afgreiddar og úr þeim skorið.

Síðan er lögð til sú breyting á 12. gr. frv. að gögn úr svokölluðum flugritum beri að varðveita varanlega þannig að grípa megi til þessa mikilvæga rannsóknargagns ef ástæða þykir til síðar.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 14. gr. frv. sem snertir birtingu lokaskýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þessi breyting er gerð í samræmi við breytingu sem lögð er til á 16. gr. frv. Samkvæmt henni ber nefndinni að senda aðilum máls lokaskýrslu rannsóknar og síðan hæfilegan eintakafjölda til Flugmálastjórnar sem afhendir eintök af skýrslunni þeim sem þess óska. Þar er einnig kveðið á um að nefndin skuli taka saman heildarskýrslu um störf sín ár hvert og að þær skýrslur megi selja á kostnaðarverði.

Loks er lagt til að bætt verði inn nýju ákvæði í frv. þess efnis að drög að skýrslu rannsóknarnefndarinnar um slys skuli send hlutaðeigandi aðilum til umsagnar. Þetta er talið mjög mikilvægt atriði. Þessum aðilum skal gefinn tilskilinn frestur til þess að koma að athugasemdum sínum áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, enda liggi afstaða þeirra ekki þegar fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Virðulegi forseti. Þetta er nál. samgn. Þetta mál hefur fengið eðlilega umfjöllun í nefndinni. Við höfum kallað á okkar fund fulltrúa flugslysanefndar og Flugmálastjórnar og fengið umsagnir frá fjölmörgum aðilum. Nefndin stendur öll að afgreiðslu frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Brtt. 1001,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 1001,2–11 samþ. með 32 shlj. atkv.
3.–18. gr. og ákv. til brb. (verða 3.–19. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 956.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Varnir gegn mengun sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 677, nál. 947, brtt. 948.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 948,1–3 samþ. með 33 shlj. atkv.
3.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 957.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 996, brtt. 1002 og 1004.

[13:41]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Á þskj. 1002 er brtt. frá þeim sem hér stendur. Hún varðar 26. gr. frv., nú eftir atkvæðagreiðslu í lok 2. umr. Þá var felld brott 3. gr. frv. og röð annarra greina breyttist í samræmi við það þannig að 27. gr. frv. er orðin 26. gr. Við hana flyt ég brtt. sem er afleiðing af breytingum sem gerðar voru á frv., þ.e. að frv. skuli heita: Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar. Því miður láðist í breytingartillöguskjalinu við 2. umr. að taka alls staðar inn sambærilega lagfæringu og í 26. gr., sem er reyndar breyting á lögum um stjórn fiskveiða, og er hluti af efni þessa frv. sem þar með er í reynd bandormur að eðli eða uppbyggingu því það setur hvort tveggja, þessa löggjöf um umgengni um nytjastofna sjávar en breytir í leiðinni ýmsum ákvæðum um stjórn fiskveiða sem þurfa að breytast til samræmis við þær reglur sem ætlunin er að lögfesta.

Eins og fram kom í umræðum við 2. umr. málsins var lögð til og síðan samþykkt sú breyting á heiti frv. að tala um nytjastofna sjávar alls staðar þar sem áður var talað um auðlindir sjávar. Það heiti þótti of víðtækt og þess vegna þarf að gera þessa lagfæringu á 26. gr. þar sem vísað er úr lögunum um stjórn fiskveiða yfir í lög um umgengni við nytjastofna sjávar að þar sé rétt heiti fært inn. Um það fjallar þessi litla brtt. á þskj. 1002 sem ég hef leyft mér að flytja og hlýtur að flokkast undir sjálfsagða lagfæringu á málinu í ljósi afgreiðslunnar við 2. umr.

[13:44]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í umræðum um mál þetta í hv. sjútvn. kom m.a. fram frá ýmsum sem þar mættu sem gestir að ástæða væri til að ætla að verulegum afla væri hent í sjóinn. Ekki síst meðafla þegar stunduð væri veiði á utankvótategundum eða sérveiði og aflakvóti viðkomandi skips, t.d. á þorski væri að mestu uppurinn. Þá ættu menn aðeins um tvo kosti að velja. Annaðhvort að koma með meðaflann sem væri umfram kvóta að landi og eiga þá á hættu að missa veiðileyfi eða að láta aflann fara í sjóinn og brjóta þannig gegn ákvæðum frv. þess sem hér er til umræðu um að skylda sjósóknara til að koma með allan afla að landi.

Það má segja að frv., eins og það er úr garði gert, stefni í gagnstæðar áttir. Annars vegar að skylda alla sjómenn sem sækja fisk til að koma með afla að landi hvort sem þeir eiga kvóta fyrir honum eða ekki og á hvaða verði sem hann kann að seljast. Hvort það er fyrir neðan það verð t.d. sem þeir hafa leigt kvóta á ef um leigukvóta er að ræða eða hvort það að koma með meðafla að landi gæti kostað þá veiðileyfi ef þeir væru búnir með þorskaflakvóta sinn eins og ég rakti áðan. Um þetta urðu miklar umræður í sjútvn. eins og ég sagði frá og hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem átti þar sæti um hríð í forföllum annars, kynnti m.a. skynsamlega lausn á þessu máli sem byggir á því að hægt sé að koma með allan afla að landi og standa þannig við ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar eða frv. þess sem væntanlega verður að lögum en jafnframt að gera kleift að hægt væri að koma með afla að landi án þess að það kostaði sviptingu veiðileyfis þó svo að kvóti væri að mestu leyti uppurinn. Um þetta urðu nokkrar umræður í gær. Ég gat því miður ekki verið viðlátinn, ég hafði veikindaleyfi í gær. Mér er tjáð að nokkrar umræður hafi verið um þetta í gær og þar á meðal umræður um þá hugmynd sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lagði fram í nefndinni. Sú hugmynd hefur verið ofarlega á baugi í umræðum margra annarra þingmanna, m.a. þess sem hér stendur. Ég lýsti því á fundi nefndarinnar að ég gæti mætavel fallist á tillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem væri ein aðferð sem hægt væri að nota til að taka á þessu mikla vandamáli, þ.e. að gera mönnum kleift að koma með afla að landi umfram þann kvóta sem þeim er úthlutaður hverju sinni en þó þannig að þeir hefðu ekki fjárhagslega hagsmuni af því að sækja sér afla umfram þann aflakvóta, sem þeim hefði verið úthlutað,

heldur rynni þá afraksturinn af þeim veiðiskap til þjóðþrifamála sem gætu komið sjávarútveginum að gagni. Auðvitað má hugsa sér ýmsar aðferðir á útfærslu á þessum atriðum svo sem að menn gætu keypt sér viðbótaraflakvóta áður en þeir héldu úr höfn ef þeir væru búnir með aflakvóta sinn, t.d. í þorski, og væru að stunda aðrar veiðar þar sem hætta væri á að þorskur kæmi í veiðarfærin og borga þá fyrir það eitthvert ákveðið gjald sem gengi til ríkissjóðs eða til sérstakra þarfa. Eða þá í slíku tilviki rynni ekki nema tiltölulega óverulegur hluti aflaverðmætisins til útgerðar, áhafnar og skipstjóra en meginhluti aflaverðmætisins rynni til þjóðþrifaverka sem gætu komið útgerðinni vel. Það er sú tillaga sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsti m.a. á fundi sjútvn. og ég lýsti fylgi mínu við.

Virðulegi forseti. Ef ég hefði getað verið hér við 2. umr. hefði ég að sjálfsögðu flutt þá breytingartillögu sem ég nú flyt við 3. umr. á þskj. 1004 en ég gat það ekki af óviðráðanlegum ástæðum. Ég flyt þessa breytingartillögu ekki vegna þess að ég telji að hún hafi nægilegan stuðning á hinu háa Alþingi Íslendinga til að fá meirihlutasamþykkt heldur fyrst og fremst til að vekja athygli á málinu og sýna m.a. hvernig hægt er að framkvæma þessa hugmynd og finna henni stað í lögum. Auðvitað mætti hugsa sér aðrar framkvæmdaleiðir en meginatriðið er að koma þeirri hugmynd á framfæri sem hér er lögð fram og ég tel vera mjög jákvæða því hún gerir það að verkum að menn geta staðið við þau fortakslausu fyrirmæli væntanlegra laga um umgengni um nytjastofna sjávar að koma með allan afla að landi án þess að eiga á hættu að það að virða lögin geti kostað þá veiðileyfissviptingu vegna þess að þeir hafi ekki átt fyrir þeim afla í kvóta sem þeir hafa fengið þegar þeir hafa stundað veiðar á öðrum fiski en t.d. kvótasettum fiski og ekki getað átt von á því að sá afli kæmi í veiðarfærin sem þó kom. Slíkt getur oft komið fyrir. Við Vestfirðingar þekkjum það vel t.d. í línuútgerð að það getur iðulega komið fyrir þegar róið er með línu í þeirri von að fá steinbít að þá komi þorskur upp með veiðarfærinu og jafnvel verulega mikill þorskur þó að reynt sé að hafa stjórn á því, m.a. eins og hefur verið gert á þeirri línuvertíð sem hefur staðið yfir í vetur að menn hafa reynt að beita fyrir steinbítinn með beitu sem þeir telja að laði ekki þorsk sérstaklega þó það kosti þá að fá minni steinbítsafla en ella. Jafnvel þó menn beiti slíkum aðferðum getur verið mjög erfitt að áætla fyrir fram hvernig aflasamsetningin í línuróðrinum verður. Hún getur orðið með þeim hætti sem enginn átti von á og þá er búið að koma skipstjórum og sjómönnum í þá stöðu að verða að velja á milli þess annars vegar að brjóta lög og láta aflann fara í sjóinn eða hins vegar að koma með hann að landi og missa veiðileyfið.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa breytingartillögu sem hér er flutt. Hún er flutt eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal kynnti hana að öðru leyti en því að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir því að verðmæti slíks umframafla renni allt til rannsóknastofnana sjávarútvegsins heldur að hann skiptist á milli rannsóknastofnana og Landhelgissjóðs. Ekki er vanþörf á að bæta landhelgissjóði þar við því hæstv. dómsmrh., sem er sjútvrh. jafnframt, hefur lýst yfir ríkum vilja til að stuðla að eflingu Landhelgisgæslunnar án þess að nokkur sérstök tillaga hafi verið flutt um hvernig það skuli gert. Tel ég því eðlilegt að Landhelgissjóður geti notið einhvers hags af því að fá hlutdeild í verðmætum þess afla sem þannig yrði veiddur.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki meira um þessa breytingartillögu að segja en vek athygli á því að þarna er bent á leið sem að mínu viti er skynsamleg og æskilegt að fara til að koma til móts við þau vandamál sem ég hef reynt að lýsa án þess að ætla sér að leysa það allt með lögregluaðgerðum og hörðu eftirliti.

[13:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Varðandi þá tillögu sem ég kom með sem hugmynd inn hjá hv. sjútvn. er það að segja að hún hefur að sjálfsögðu ekki verið rædd hjá þeim hagsmunaaðilum sem hún varðar. Ég tel þess vegna ekki við hæfi að hún sé samþykkt á hinu háa Alþingi vegna þess að ekki er hægt að sjá afleiðingar hennar fyrir. Ég tel hins vegar mjög brýnt að þessi hugmynd verði rædd sem og aðrar hugmyndir, sem kynnu að koma upp, um það hvað gera skuli í vandanum með aflann sem er hent í sjóinn að því talið er.

Ég taldi að í 2. umr., þar sem ég tók til máls og reifaði þessa hugmynd, væri nægilegt til að koma hugmyndinni á framfæri og að hún yrði síðan rædd í sumar og í framhaldinu af þeirri nefnd sem samdi frv. sem við erum að ræða.

Um það til hvaða stofnana fjármunirnir skuli renna þá verð ég að segja að ég er ekki alveg sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að gjaldið eigi að renna jafnframt í Landhelgissjóð. Landhelgissjóður er til að hafa eftirlit með sjómönnum og ég er ekki viss um að vilji þeirra sé til að styrkja hann mjög mikið þó að sjálfsögðu standi vilji annarra til þess. En það er mjög mikilvægt að sjómenn og skipstjórnarmenn sjái þessa fjármuni renna til verkefna sem þeir eru hlynntir. Þá sá ég sérstaklega rannsóknastofnanir sjávarútvegsins. Það mætti hugsanlega ræða líka um slysavarnafélög eða björgunarstofnanir, þyrlusjóð eða eitthvað slíkt sem sjómenn hafa beinan hag af að fjármunirnir renni til þannig að þeir finni enn frekar hjá sér hvatningu til að koma með aflann að landi og láta andvirði hans renna til þessara stofnana.

Að öðru leyti finnst mér þessi tillaga ekki vera þess eðlis að hægt sé að samþykkja hana vegna þess sem ég gat um áðan að það hefur ekki verið haft samráð, hvorki við sjómenn né útgerðarmenn um það hvernig hún komi til með að virka og vinna. Ég tel aftur á móti mjög brýnt að einhver slík hugmynd verði rædd til lausnar á þessum vanda.

[13:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt meginhlutverk Landhelgissjóðs er að fjármagna uppbyggingu Landhelgisgæslunnar sem hefur ekki bara því hlutverki að gegna að vera lögregla á miðunum heldur einnig að veita sjómönnum mjög mikilsverða björgunar- og aðstoðarþjónustu. Ég er alveg sannfærður um að svo mikill áhugi er hjá sjómönnum um að byggja upp Landhelgisgæsluna sem þjónustustofnun að þeir mundu síður en svo hafa neitt á móti því að Landhelgissjóður yrði studdur með þessum hætti. Hins vegar kom mér á óvart að heyra að ekki væri viðeigandi að samþykkja tillögu sem ættuð er beint frá hv. þm. vegna þess að hún hefði ekki verið rædd nógu mikið við hagsmunaaðila. Ég hélt að hv. þm. Pétur H. Blöndal væri nú einmitt þeirrar gerðarinnar að hann teldi skynsamlegar tillögur skynsamlegar án tillits til þess hvort einhverjir hagsmunaaðilar hefðu fjallað um þær. Ég finn heldur ekki að það sé óviðeigandi að flytja tillögu á Alþingi sem hv. þm. hefur sannfærst um að væri rétt og skynsamleg. Það vandamál sem ég var að lýsa áðan hefur lengi verið til umræðu meðal sjómanna og útvegsmanna og margir útvegsmenn og sjómenn hafa látið í ljós þá skoðun að

einmitt svona bæri að leysa þessi vandamál, með sambærilegum hætti og tillagan leggur til og á sambærilegum nótum eins og við höfum talað ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Þannig að hann veit ósköp vel að þetta hefur verið rætt meðal sjómanna og útvegsmanna og að mörgum lýst vel á þessar hugmyndir. Að færa þau rök fram á Alþingi gegn sinni eigin tillögu að ekki sé við hæfi að tillaga frá honum sé samþykkt er að mínum viti ekki hv. þm. til mikils sóma.

[13:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila um það hvað er við hæfi og hver aðferðafræðin er. En þetta var lagt fram sem hugmynd og það er mikill munur á hugmynd og tillögu. Þegar menn leggja fram hugmynd eða jafnvel tillögu þurfa menn að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Hvað gerist? Þar tel ég mig ekki vera dómbæran. Ég tel mig ekki geta dæmt um það hvort þetta muni leiða til þess að menn muni stunda miklu meiri veiðar, t.d. á þorski. Mér líður ekki vel með að hugmynd sem fæðist í mínum kolli og er lögð fram sem hugmynd verði samþykkt án þess að menn sjái fyrir afleiðingarnar. Það má vel vera að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi það yfirgripsmikla þekkingu á sjávarútvegi að hann sjái strax í hendi sér allar hugsanlegar afleiðingar af samþykkt þessarar tillögu. Það er vel. Ég er ekki þeirrar gerðar að ég sjái það fyrir og ég er ekki það gagnrýnislaus á sjálfan mig að ég átti mig ekki á því að það kunni að vera hnökrar á þessari hugmynd. Allar hugmyndir hafa bæði kosti og galla og það á eftir að fara í gegnum það með þeim aðilum sem best til þekkja.

[13:58]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði verið betra að hv. þm. hefði haft þessa afstöðu þegar hann sat í nefndinni um fjármagnstekjuskattinn að betra hefði verið að skoða afleiðingarnar áður en hugmyndirnar voru settar fram. Hins vegar hefur hv. þm. auðheyrilega lært af því og tileinkað sér ný vinnubrögð. Það er auðvitað alveg ljóst að hugmyndin hefur verið svo mikið rætt bæði í sjútvn. og meðal sjómanna og útvegsmanna að menn eru reiðubúnir til að gera þá tilraun að leysa málið með þeim hætti sem hv. þm. hefur lagt hugmynd sína fram um. Ég tel í ljósi þeirrar umræðu sé ekkert við það að athuga að við sjáum hvaða niðurstaða verður af þeirri framkvæmd sem hér er lögð til. Útvegurinn og sjómenn eru reiðubúnir til að reyna þetta. Þeir hafa ekki það mikið á móti þessum hugmyndum að þeir séu ekki reiðubúnir til að reyna þetta. Margir þeirra eru þessu fylgjandi. Ég tel að málið sé svo miklu verra ef gera á þá tilraun sem gerð er í frv. um lausn málsins, þ.e. að beita lögregluvaldi og eftirlitsvaldi og knýja menn raunverulega til þess að gera upp á milli þess að hlýða lögum og þar með að missa veiðileyfi eða hlýða lögum ekki og halda veiðileyfi sínu. Ég held að reynslan sem menn eru þar að gera upp á milli um, annaðhvort á þessari lausn eða þeirri sem í frv. felst, muni sýna svo ekki verður um villst að hugmynd hv. þm. er betri en leið frv. Ég tel að reynslan muni leiða það í ljós og af því að ég er sannfærður um það lét ég í ljós stuðning við hugmynd hv. þm. og hef flutt hana hér í tillöguformi.

[14:01]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það sem hér er rætt undir fyrirsögninni hugmyndir hv. þm. Péturs Blöndals og flutt um brtt. af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni er nú reyndar gamalkunnug hugsun. Ég tel hæpið að eigna hv. þm., alls góðs maklegur sem hann er, einhvern höfundarrétt að þessum hlutum þar sem það liggur fyrir og er skjalfest að þetta hefur verið iðulega rætt á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu sem og hefur þetta verið efni tillöguflutnings á Alþingi á undanförnum árum þannig að menn hefðu gert rétt í því að kynna sér aðeins fyrri hugmyndir um útfærslu ákvæða af þessu tagi og sögulegt samhengi málsins. Ég ætla ekki að blanda mér neitt í spurningu um það hvort sé við hæfi eða rétt að taka þetta til efnislegrar afgreiðslu hér og nú eða ekki. Út af fyrir sig á Alþingi ætíð að vera óbundið af öðru en eigin sannfæringu fyrir málum og skiptir þá í sjálfu sér engu hvort málin eiga lengri eða skemmri aðdraganda sem slíkan. Hitt er annað mál að hér er á ferðinni viðfangsefni sem er þannig í eðli sínu að það kallar á talsverða tæknivinnu og talsverða útfærslu til þess að framkvæmdin geti farið vel. Ég vil því láta það álit mitt í ljós, herra forseti, að eins og þessi tillaga er úr garði gerð mun ég ekki treysta mér til að greiða henni atkvæði, einfaldlega vegna þess að ég hef haft nokkuð aðrar hugmyndir um það hvernig þessi ákvæði skyldu útfærð og þá fyrst og fremst þannig að ég held að það samrýmist ekki að öðru leyti mjög stífum takmörkunum sem beitt er varðandi sókn í fiskstofnana að meðaflamöguleikar, jafnskynsamlegt og ég tel að það væri að hafa þá fyrir hendi, séu ekki um leið takmarkaðir og afmarkaðir með tilteknum hætti. Í mínum huga hefur það ætíð verið svo að það hlyti að verða um að ræða ákveðna, skilgreinda og takmarkaða möguleika sem væru í eðlilegu samhengi við umfang þeirra veiða sem hver og einn útgerðarmaður væri að stunda. Það er fyrst og fremst það sem ég mundi ekki treysta mér til að standa að að afgreiða. Í þessari tillögu felst, þ.e. í staflið a, að skipstjóri skuli einfaldlega ákveða við löndun hvað af afla skips skuli telja af kvóta þess o.s.frv. Með öðrum orðum, ég legg þann skilning í þetta ákvæði að þetta væri opin heimild til handa skipstjórnarmanni að velja í hverri einstakri veiðiferð hvað af afla skyldi teljast til kvóta og hvað ekki. Að sjálfsögðu gilda þá þau ákvæði um ráðstöfun þess afla sem lendir utan kvóta sem hér er fjallað um í framhaldi tillögunnar. En þá held ég að ástæða væri til þess að hafa áhyggjur og þá mundu eiga við að mínu mati að einhverju leyti þær röksemdir sem fyrst og fremst hafa verið notaðar gegn þessari hugmynd að hún gæti leitt til vissrar keðjuverkunar sem þýddi óhóflega sókn. Ef þetta væri hins vegar úr garði gert eins og þær hugmyndir sem ég hef varpað fram, þ.e. að um væri að ræða tiltekna, skilgreinda og takmarkaða meðaflamöguleika, t.d. í fyrstu tilraun eða fyrstu umferð, 10% álag á aflahlutdeild viðkomandi skips í þorski, þá væri orðið um takmarkaða og skilgreinda möguleika að ræða. Það væri orðið þak á því hvert magnið gæti mest orðið. Það væri hægt að taka ef mönnum sýndist svo í ljósi reynslunnar tillit til slíks við fiskveiðiráðgjöfina o.s.frv. Ég verð því að segja það, herra forseti, þó að ég hafi lengi verið talsmaður þessarar hugsunar og reynt að koma henni á dagskrá í umræðum um fiskveiðistjórnunarmál undanfarin ár liggur það nú samt þannig að ég mundi ekki treysta mér og mun ekki treysta mér til að greiða þeirri útfærslu hugmyndarinnar atkvæði sem liggur fyrir á brtt. á þskj. 1004. Mér hefði þess vegna að mörgu leyti þótt betra að sú tillaga yrði kölluð til baka þannig að hún þyrfti ekki að koma til atkvæða hér og falla og sjálfum er mér óljúft að greiða atkvæði gegn henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.). — Þskj. 554, nál. 941, brtt. 942 og 991.

[14:06]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Eins og þingheimi er kunnugt hefur frv. sem lýtur að hertum tóbaksvörnum verið að þvælast fyrir þinginu síðustu árin. Illu heilli hefur ekki tekist að afgreiða frv. fyrr en núna að heilbr.- og trn. hefur lagt geysilega mikla vinnu í að vinna þetta frv. sem hér liggur fyrir. Hér liggja fyrir ítarlegar brtt. á þskj. 942 og allir nefndarmenn skrifa undir álit nefndarinnar en þó nokkrir með fyrirvara, m.a. sá sem hér stendur, en fyrir þeim fyrirvara mun ég gera grein í annarri ræðu. Þessa ræðu, herra forseti, kýs ég að nota einvörðungu til þess að greina frá meginatriðum þeirra breytinga sem nefndin varð sammála um.

Eins og rakið er í nál. á þskj. 941 fékk nefndin fjölmarga aðila til þess að ræða málið við sig og hún leitaði jafnframt skriflegra ráða hjá mörgum aðilum sem sendu umsagnir. Þessir aðilar eru allir raktir í aðdraganda álitsins. Eins og fram kom við 1. umr. málsins er efni frv. talsvert umdeilt. Það er svo, herra forseti, að nefndin taldi rétt að gera allnokkrar breytingar á 2. gr. laganna. Þar er fjallað um auglýsingar og bann við auglýsingum á tóbaksvörum. Ég vek sérstaklega eftirtekt á því að í C-lið gerði upphaflega gerð frv. ráð fyrir því að það mætti ekki vera með neins konar söluhvetjandi tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa. Við urðum þess áskynja í nefndinni að orðið söluhvetjandi var af ýmsum aðilum sem tengdust málinu túlkað þannig að þetta mundi valda því að þeim sem selja tóbaksvörur væri ekki í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir stilltu upp þessari vöru. Þó að nefndin sé þeirrar skoðunar að það eigi að gera allt sem hægt er til þess að draga úr kaupum og neyslu tóbaks taldi hún samt sem áður að ekki væri mögulegt að setja sérstakar reglur sem aðgreindu tóbaksvöru frá öðrum vörum sem eru til sölu í tilteknum verslunum. Við breyttum þess vegna ákvæðinu í því skyni að gera alveg ljóst hvað kaupmönnum er leyfilegt og hvað þeim er bannað. Því er ákvæði 1. tölul. breytt þannig að lagt er til að það séu ekki neinar lagalegar skorður við því hvar tóbaksvörum er raðað í hillur verslana. Að þessu leyti ganga fyrirmæli greinarinnar nokkuð skemmra en upphafleg gerð frv. var túlkuð af ýmsum. Kaupmenn hafa þess vegna algert sjálfdæmi um það hvernig þeir stilla upp vörum sem tengjast tóbaki innan verslana sinna.

Jafnframt er 2. málsl. breytt þannig að það eru tekin af tvímæli um að það má selja varning sem er framleiddur undir tóbaksvörumerkjum. Hina upphaflegu gr. frv. mátti skilja sem svo að ýmiss konar varning sem væri seldur undir hefðbundnum tóbaksvörumerkjum mætti ekki selja. Sem dæmi um þetta var tekið Camel-skór. Camel-skór eru vandaðir skór sem seldir eru hér á landi u.þ.b. 600–1.500 pör á hverju ári. Brtt. felur í sér að áfram verður heimilt að selja skóna. Það verður áfram heimilt að selja vörur sem eru markaðssettar undir vörumerkjum hefðbundinna tóbaksframleiðenda. Hins vegar felur brtt. líka í sér að það verður útilokað að auglýsa vöruna með þeim hætti að vörumerkið eða einhver hluti af nafninu eða auðkenni tóbaksvörunnar komi fram í auglýsingum eða tilkynningum. Ef ég held áfram með dæmið af Camel-skónum þýðir þetta að slíka skó mætti flytja inn, þá mætti selja en það mætti ekki auglýsa þá sem Camel-skó og vörumerki Camel eða heitið Camel mætti hvergi koma fram innan eða utan verslunarinnar nema á skónum sjálfum og umbúðum þeirra. Það sama myndi að sjálfsögðu gilda um allar vörur sem væru seldar undir hefðbundnum tóbaksvörumerkjum. Ég vil upplýsa það líka, herra forseti, að við fengum til fundar við okkur verslunarmenn sem flytja inn og selja slíkar vörur, m.a. Steinar og Snorra Waage frá Skóverslun Steinars Waage en þeir hafa einmitt flutt inn og selt téða skótegund. Þeir greindu okkur frá því að þeir hefðu sjálfir lagt af þann sig að auglýsa þessa skó þannig að Camel-vöruheitið kæmi fram. Þeir hefðu t.d. látið sér nægja um stund að stilla einungis vörumerkinu út í glugga en það hefðu verið gerðar það miklar athugasemdir við það af hálfu kaupenda og viðskiptavina þeirra að þeir hefðu hætt því þannig að það kom fram í máli þeirra að þeir gætu áfram selt varning sinn án þess að þurfa að nota vörumerkið Camel.

Í tengslum við þetta var því haldið fram og greinin í hinu upphaflega frv. túlkuð með þeim hætti að það mætti ekki selja tóbaksvörur undir notkun vörumerkja sem eru þekkt fyrir allt aðra og óskylda framleiðslu en tóbak. Dæmi um það eru t.d. Cartier og Yves St. Laurent. En við höfum tekið af tvímæli um þetta með því að brtt. okkar gera ráð fyrir því að þar sé notað orðalagið „hefðbundin tóbaksvörumerki“. Þannig er alveg klárt að samkvæmt þessu orðalagi verður heimil óheft notkun vörumerkja sem eru þekkt fyrir framleiðslu óskylda tóbaki. Við erum þeirrar skoðunar að takmarkanirnar sem eru nú þegar á auglýsingum á tóbaki samkvæmt þessum lögum komi tryggilega í veg fyrir að nýjar tegundir af tóbaksvarningi geti numið hér land. Við teljum að með þessum breytingum séum við búin að setja mjög skýr fyrirmæli til kaupmanna um það hvað þeir mega og hvað þeir mega ekki.

Í 3. tölul. 1. brtt. er lagt til að umfjöllun um einstaka tóbakstegundir verði óheimil nema ljóst sé að með henni sé beinlínis verið að koma á framfæri upplýsingum sem eru fallnar til þess að minnka skaðsemi tóbaksneyslu. Við nefnum sem dæmi að ef kæmu á markað tóbakstegundir sem hefðu sannanlega minna af skaðlegum efnum en þær sem eru fyrir væri heimilt að fjalla um það í fjölmiðlum en það væri hins vegar áfram í gildi allar sömu takmarkanir sem tengjast auglýsingum um slíkar hættuminni tegundir.

Ég minni einnig á það, herra forseti, að hér spunnust talsverðar deilur við 1. umr. vegna ákvæðis er laut að því að banna skyldi að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi. Frá því er skemmst að segja að nefndin var einróma sammála um að leggja til að þetta ákvæði færi úr frv.

Það er líka vert að upplýsa að við umfjöllun nefndarinnar komu fram margar ábendingar frá aðilum sem tengjst tóbaksvörnum hér á landi um að það væri nauðsynlegt að setja lög sem bönnuðu auglýsingar á tóbaksvörum í fríhöfnum landsins og jafnframt lög sem kvæðu á um að það bæri einnig að skrá viðvaranir á varning sem tóbaki tengist og seldur er í fríhöfnunum alveg eins og í öðrum verslunum landsins. Við gerum engar tillögur um slík lagaákvæði, herra forseti, af þeirri einföldu ástæðu að þegar nefndin rannsakaði þetta mál kom í ljós að slíkt bann er þegar í gildi við auglýsingum sem tengjast tóbaksvörum í fríhöfnunum og jafnframt eiga fríhafnirnar líka að sjá um að skrá viðvaranir

á þær tóbaksvörur sem þar eru seldar. Því miður er mikill misbrestur á því eins og allir vita sem fara um fríhafnirnar. Þar er það plagsiður að varningur sem menn kaupa er settur í plastpoka sem er merktur ýmsum vel þekktum tóbaksframleiðendum. Við teljum það miður og við teljum að það sé brot á lögum. Við teljum að það sé alveg ljóst að ákvæði tóbaksvarnalaga um skráningu viðvarana á tóbaksvarning eiga að gilda líka í fríhöfnum landsins og það er nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið með einhverjum hætti hlutist til um að þessum lögum verði framfylgt. Það hefur ekki verið gert til þessa og það er slæmt, herra forseti. Það skapar líka misvægi að því er varðar samkeppnisstöðu þeirra sem selja þennan varning innan lands og í þessum fríhöfnum.

Ýmsar aðrar breytingar höfum við lagt til sem við teljum að brjóti í blað. Ég vek sérstaka eftirtekt á því að við 3. gr. frv. leggur nefndin til að gerðar verði tvær breytingar. Annars vegar leggjum við til að aldursmörk til kaupa á tóbaki verði hækkuð úr 17 árum eins og er í frv. í 18 ár. Ástæðan fyrir þessu er sú að rannsóknir sem hafa verið gerðar sýna það án nokkura tvímæla að reykingamönnum er því hættara við að deyja af völdum reykinga sem þeir byrja yngri að reykja. Okkur voru kynntar upplýsingar af gestum sem komu til fundar við nefndina og sýndu fram á verulega mikinn mun jafnvel á því fólki sem byrjar að reykja 16 ára og hins vegar þeim sem byrjar að reykja í kringum tvítugt. Það skiptir því miklu máli ef hægt er bara að fresta því að menn hefji neyslu tóbaks um örfá ár.

Það er rétt að upplýsa að nú eru aldursmörkin til tóbakskaupa 16 ár. Hæstv. ríkisstjórn lagði til 17 ár en við ákváðum í nefndinni að stíga skrefi lengra og hækka þetta upp í 18 ár.

Önnur breyting sem er lögð til á greininni er í 4. efnismálsgrein þar sem lagt er til að numið verði brott ákvæði sem bannar að selja vindla í stykkjatali nema á vínveitingastöðunum. Röksemdir hæstv. ríkisstjórnar fyrir þessu voru augljósar, þ.e. eðli vindlareykinga væri slíkt að það mætti ætla að ef hægt væri að kaupa vindla í stykkjatali, ýtti það undir reykingar vindla. Við teljum að þetta séu vafasöm rök og það megi raunar færa rök að hinu gagnstæða. Auk þess vek ég eftirtekt á því, herra forseti, að ef það hefði verið heimilt að selja vindla í stykkjatali á vínveitingastöðum, þá hefði mátt ætla að menn færu á vínveitingastaði beinlínis til þess að kaupa sér vindla í stykkjatali og hefðu þá jafnvel keypt sér eitt og eitt glas líka. Við töldum að þetta kynni að ýta einnig undir drykkjuskap. Þess vegna varð mikil samstaða um að fella þetta brott þannig að nú er einungis samkvæmt greininni óheimilt að selja sígarettur í minna mæli en heilum pakkningum.

Að því er varðar 5. tölulið 8. gr., herra forseti, þá er það sú grein sem sá er hér flytur framsögu hefur afar sterkan fyrirvara við eins og síðar verður gerð grein fyrir.

Við 5. gr. frv. leggur nefndin til tvær breytingar. Til fundar við nefndina komu forráðamenn íþróttafélaga og lögðu til að bætt verði við 1. tölul. ákvæði þess efnis að reykingar verði einnig með öllu óheimilar í húsakynnum sem eru einkum ætluð til íþróttastarfs barna og unglinga. Hæstv. forseta rekur e.t.v. minni til þess að við 1. umr. málsins óskaði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eftir því að nefndin kannaði hvort ekki væri rétt að breyta 5. gr. þannig að reykingar yrðu ekki aðeins með öllu óheimilar í framhaldsskólum og sérskólum, heldur einnig Háskóla Íslands. Mönnum sýndist sitt hvað um þessa tillögu. Í nefndinni urðu hins vegar talsverðar umræður um það hvernig væri hægt að beita stofnunum hins opinbera til þess að draga úr reykingum þegar fram í sækti og þess vegna leggur nefndin til eftirfarandi málsgrein sem bætist við 5. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar."

Herra forseti. Ég tel að í þessu ákvæði sem nefndin leggur til séu fólgin vatnaskil. Ég tel að þetta sé langmikilvægasta breytingin sem nefndin leggur til og hún sé í rauninni mun veigameiri en öll önnur ákvæði frv. sjálfs. Hérna er nefnilega ekki aðeins komið til móts við þá ósk sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fram, heldur er beinlínis sagt fyrir um það að áður en þessi öld er úti verði allar opinberar stofnanir búnar að gera áætlun um það í samráði við starfsfólkið hvernig hægt er að hætta öllum reykingum innan viðkomandi stofnunar. Þetta, herra forseti, tel ég afskaplega mikilvæga grein og ég tel að hún muni valda því að þessi lagabreyting verði lengi í minnum höfð.

Í síðasta lagi, herra forseti, leggur nefndin til að 7. gr. breytist allverulega. Í þeirri grein er gert ráð fyrir, samkvæmt hinni upphaflegu greð frv., að skylt sé að verja a.m.k. 0,4% af bróttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að boð og bönn eins og jafnvel þetta góða frv. felur í sér, nái mjög skammt til þess að takmarka reykingar, sér í lagi þeirra sem yngri eru og það er einkum sá hópur sem við erum að reyna að ná til. Ég er þeirrar skoðunar að það sem skipti langmestu máli sé áróður og forvarnir sem felast í áróðri. En við vitum að hann kostar peninga. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra við upphaf málsins að beinn útlagður kostnaður ríkisins vegna sjúkdóma sem tengjast reykingum sé nánast hálfur milljarður kr. Stundum er það haft á orði að hið opinbera hafi miklar tekjur af innflutningi og sölu tóbaks en hv. þm. Pétur Blöndal flutti mjög merkilegt erindi á ráðstefnu um tóbaksvarnir sem haldin var í Háskólabíói fyrir nokkrum vikum þar sem hann sýndi fram á að þeir rösku 3 milljarðar sem ríkið með einum eða öðrum hætti hefur í tekjur vegna sölu tóbaksvarnings innan lands, hverfa allir einhvern veginn vegna útgjalda hins opinbera sem þessu tengjast. Þess vegna er alveg ljóst að það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur að reyna að draga úr neyslu tóbaks. Við þurfum að fá fjármagn til forvarna. Áður en þetta frv. kom fram var skylt að verja einungis 0,2% af bróttósölu tóbaks til forvarna. Þetta frv. gerir ráð fyrir 0,4% en nefndin bætti heldur um betur því að hún jók þetta hlutfall úr 0,4% upp í 0,7%. Það þýðir það að í stað þess að 20 millj. kr. verði varið til forvarnastarfsins sérstaklega, þá verði 35 millj. kr. varið til þess. Þessu fé á tóbaksvarnanefnd að ráðstafa í samráði við ráðherrann.

Herra forseti. Þetta eru í stuttu máli þær breytingar sem heilbr.- og trn. leggur til á þessu gagnmerka frv. Ég tel að ég hafi mælt fyrir þeim í ítarlegu máli og það ætti ekki að velkjast fyrir neinum að hér er um að ræða breytingar sem mönnum er auðvitað rétt og skylt að samþykkja ef þeir vilja hafa það sem betra er og sannara.

[14:25]

Útbýting þingskjala:

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 394. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1005; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1006.

Tekjuskattur og eignarskattur, 344. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1007.

[14:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað í ræðustól til að vekja athygli á fjórum atriðum í tengslum við þetta frv. og þær brtt. sem hér hefur verið talað fyrir. Í fyrsta lagi vil ég segja að heilbr.- og trn. hefur unnið mjög vel að þessu máli að mínu mati undir mjög góðri verkstjórn hv. þm. sem hér talaði, Össurar Skarphéðinssonar, og þær breytingar sem hér hefur verið talað fyrir eru að mínum dómi til þess fallnar að gera lögin í senn sanngjörn, skýr og auðveldlega framkvæmanleg. Það á ekki síst við um reglur sem kaupmönnum eru settar varðandi auglýsingar.

Í annan stað langar mig til að vekja athygli á því sem einnig kom fram í framsöguræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að ég tel það vera mjög mikilvæga nýjung sem hér er lagt til að allar opinberar stofnanir skulu gerðar reyklausar fyrir lok ársins 2000. Lagt er til að forstöðumenn opinberra stofnana í samráði við starfsfólk geri áætlun um hvernig útrýma eigi reykingum innan opinberra stofnana fyrir lok ársins 2000. Þó skal í áætlunum þessum heimilt að gera ráð fyrir afdrepi innan hverrar stofnunar þar sem reykingar eru heimilar.

Þá má geta þess að sú breyting er mikilvæg sem hér er lögð til varðandi skatt á tóbak sem á að fara í forvarnastarf. Í frv. var gert ráð fyrir 0,4% en hér er lögð til breyting um að þessi hlutfallstala verði færð upp í 0,7%. Hvert prósentubrot er ávísun á 5 millj. kr. og mér finnst ástæða til þess að fram komi að í nefndinni komu fram tillögur um að þessi upphæð yrði hærri. Við vildum sum hver færa þessa prósentu upp í 1% a.m.k. en ekki reyndist meiri hluti í nefndinni fyrir þeirri tillögu þótt formaður nefndarinnar og sá sem hér stendur vildu gjarnan hafa farið þá leið og reyndar fleiri fulltrúar í nefndinni.

Annað sem ég hefði viljað að væri á annan veg í frv. snertir bann á munntóbaki. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að bann verði lagt við sölu á munntóbaki á Íslandi. Ég hef trú á því að ástæðan fyrir þessu sé sú að einhvern renni í grun að þetta sé ekki að skapi miðstjórnarvaldsins í Evrópu, að Brusselbúar hafi eitthvað út á þetta að setja. Ég þekki ekki þær reglur, skal ég játa, innan EES hversu víðtækt þetta bann við munntóbaki er, hversu algilt það er. Mér er kunnugt um að Svíar fengu einhverja undanþágu í þessu efni. En það kom fram í gögnum sem nefndinni bárust að neysla á munntóbaki hefur stórminnkað á síðustu árum. Hún mun hafa verið um 50 kg að ég held fyrir einum 10 árum en er komin niður í helminginn af þeirri tölu, 25 kg, ef ég man það rétt þannig að þetta er neysluvenja sem er greinilega á útleið. Mér finnst þarna gæta nokkurs ósamræmis í því að leggja sérstakt bann við munntóbaki og hefði talið að það ætti að falla frá þeirri tillögu og reyndar höfum við sett fram breytingartillögu um þetta efni, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Að öðru leyti vil ég lýsa stuðningi við þetta frv. Ég tel hér vera stigin stór og mikilvæg framfaraskref.

[14:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil satt að segja þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir það hvernig hún hefur fjallað um þetta mál. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál og um margra ára skeið hafa satt að segja verið nokkuð deildar meiningar um það hversu langt ætti að ganga í tóbaksvörnum. Við fluttum um þetta frv. í þinginu fyrst fyrir líklega einum 13–14 árum. Það varð að lögum veturinn 1983–1984 og þá starfaði tóbaksvarnanefnd á grundvelli þeirra laga undir forustu Árna Johnsens alþingismanns. Hún stóð sig vel og náði miklum árangri og satt best að segja varð veruleg minnkun á notkun reyktóbaks á fyrstu árum þeirra laga. Það er talað um að tóbaksnotkun hafi farið úr því að vera hjá um 60% landsmanna sem komnir eru til þeirra ára að þeir á annað borð geti fengist við þessa iðju niður í um 30%. Veruleikinn er hins vegar sá að á seinni árum hefur tóbaksnotkun ekki minnkað neitt og það er dálítið umhugsunarefni að tilteknum botni virðist hafa verið náð þarna miðað við þær aðferðir í kynningu, fræðslu og áróðri sem við kunnum. Ég held að það þurfi í tengslum við þetta frv. ef það verður að lögum, að fara í þessi mál að nýju og reyna að skoða aðeins betur hvernig hægt er að ná þessu enn þá frekar niður úr 30% sem notkun á reyktóbaki og sígarettum virðist vera nokkurn veginn föst í nú.

Ég vil einnig þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Össuri Skarphéðinssyni fyrir athyglisverða tillögu um munntóbak. Mér sýnist að þar ætli þeir að leggja á það áherslu að ekki sé verið að hefta umdeildan en þjóðlegan sið í landinu. Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar hvernig hann sæi hins vegar framkvæmd þessa lagaákvæðis ef þetta yrði að lögum, ef þeim tækist ekki þeim félögum að stöðva það sem hér er uppi. Hvað er munntóbak? Er munntóbak það tóbak sem er sérstaklega framleitt til að setja upp í sig? Eða er munntóbak í öðru lagi rjól t.d. sem er framleitt í skömmtum og menn skera niður upp í sig í bútum? Eða í þriðja lagi sem er einnig umhugsunarvert, er munntóbak neftóbak sem menn láta upp í sig? En eins og menn þekkja til sem hafa alist upp til sveita á Íslandi a.m.k. og reyndar víðar í þessu landi, þá er það þannig að menn gerðu engan mun á þessu tvennu, neftóbaki og munntóbaki og úðuðu upp í sig neftóbakinu í stórum stíl, auðvitað við litla hrifningu sumra. En því verður ekki haldið fram hins vegar að sú iðrótt mengi umhverfið eða trufli það á neinn hátt ef menn bara líta undan og horfa ekki á ósköpin á meðan þau ganga yfir. Ég vil því spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvernig hann ímyndar sér sem formaður heilbrn. að þetta bann verði framkvæmt. Yrði maður með neftóbak uppi í sér óðara handtekinn og settur í „fængsel“ eða hvað? Hvernig sér hv. þm. þetta fyrir sér? Ég ætlast ekki til að hann kunni þetta í einstökum atriðum því að ég lít ekki á hann sem brautryðjanda í þessu máli heldur virðast það vera aðrir. En það væri fróðlegt að vita hvort hann hefur hugsað út í þennan augljósa vanda sem uppi er ef menn reyna að framkvæma þessi furðulegu lagaákvæði.

Ég vænti þess líka og sakna auðvitað margra vina í stað í þessum sal einmitt núna sem hefði kannski verið gaman að ræða við alveg sérstaklega um þetta mál, menn sem hafa ekki alltaf talið það gott sem kemur frá þeim frændum í Brussel en virðast vilja ganga býsna langt í því núna. Ég beini sem sagt þessari fyrirspurn til hv. þm. bæði í gamni og alvöru en í alvöru vil ég þakka nefndinni fyrir skörulega meðferð á þessu máli.

[14:36]

Útbýting þingskjals:

Heilbrigðisþjónusta, 524. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 974.

[14:36]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson kom hingað og talaði með ljóma hins frelsaða í augum sínum því eins og þingheimur veit, þá kom hann inn á þing 1978 sem stórnautnamaður á sviði tóbaks en hefur tekist með ærnu erfiði og miklum svitaköstum að varpa því oki af sínum grönnu herðum. Ég óska honum til hamingju með það. Ég vissi hins vegar ekki að hv. þm. hefði svona mikla þekkingu sem stappar nærri því að vera djúp reynsla, af neyslu munntóbaks.

Nú veit ég að vísu að hann er í þeim stjórnmálaflokki sem stundum er kenndur við vaðmál og sauðskinn en ég taldi að þeir væru löngu hættir að skera rjól upp í sig þó að þeir taki að vísu upp í sig stundum og allt of mikið oft.

Hann benti hins vegar á mjög augljósa vankanta á þeirri grein sem ég hef sérstakan fyrirvara við í þessu frv., þ.e. grein 8.5., en þar er lagt bann við því að flutt verði inn, framleitt og selt fínkornótt neftóbak og reyndar munntóbak líka. Ég er á móti hvoru tveggja, herra forseti. Ég tel að það sé engum blöðum um að fletta að þetta svokallaða fínkornótta neftóbak og reyndar fínkornótt munntóbak líka sé mun hættuminna en reyktóbak. Enginn sem kom til fundar við nefndina og enginn vísindamaður sem ég hafði samband við og enginn læknir heldur gat fært rök að hinu gagnstæða. Ég tel að það sé alveg ljóst að fínkornótt neftóbak og munntóbak sé ekki eins hættumikið og reyktóbak. Ég tel að það fylgi einhver hætta neyslu þessa tóbaks, sérstaklega fínkornótta neftóbaksins en vek athygli á því að þegar formaður nefndarinnar sem af vísindalegum aga ætlaði sér að komast til botns í þessu máli reyndi eins og hann gat að róa fyrir allar vísindalegar víkur, reyndi að fá fram fræðileg gögn sem sýndu fram á skaðsemi þess að taka tóbak í nef eða munn, þá hafði hann ekki erindi sem erfiði. Þeir fulltrúar Hjartaverndar og Krabbameinsfélagsins sem fengu þessi tilmæli sérstaklega gátu ekki bent á slíkar rannsóknir.

Þegar upp var staðið stóð eftir að það var talið að neysla tóbaks af þessu tagi væri sérstök tíska hjá ungu fólki og gæti þar af leiðandi fengið menn til þess síðar að fara að neyta reyktóbaks. Ég get alveg fallist á að það eru viss rök. En ef menn ætla hins vegar að fylgja rökfræðinni út í ystu æsar, þá liggur þessi staðreynd fyrir: Reyklausa tóbakið er hættuminna en reyktóbakið. Ef menn ætla að fara að banna það sem er hættuminna, hvers vegna banna þeir ekki það sem er hættumest, sjálft reyktóbakið? Ef menn ætla að banna fínkornótt neftóbak, þá ættu þeir líka að banna sígaretturnar, banna reyktóbakið. Ég tel að hér sé ákveðin rökvilla á ferðinni. En ég skil vel að menn hafa fært þessa kröfu fram af nokkurri hörku um að fínkornótta neftóbakið verði bannað. Ég vek hins vegar athygli á því að sala þess hefur aukist úr 50–60 kg þegar byrjað var að flytja það inn fyrir 10 árum og hún náði mest held ég 1.700 eða 1.800 kg. fyrir nokkrum árum en nú er hún aftur á niðurleið.

Hv. þm. Svavar Gestsson varpaði til mín nokkrum greindarlegum spurningum um munntóbakið. Það er sjálfsagt að ég svari því. Það er þannig að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson og reyndar kollegar okkar, þeir Guðni Ágústsson og Guðmundur Hallvarðsson, þ.e. allur karlpeningurinn í heilbr.- og trn. er með fyrirvara að því er varðar munntóbakið og við hv. þm. Ögmundur Jónasson höfum lagt fram tillögu þar sem gert er ráð fyrir því að ekki verði bannað að framleiða eða selja munntóbak hér á Íslandi, hvað þá að flytja það inn.

Hv. þm. Svavar Gestsson spyr: Hvað er munntóbak? Hann bendir á augljósan veikleika á frv. eins og það kemur fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Munntóbak er ekkert sérstaklega skilgreint þar og hann varpar til mín þessari spurningu: Hvað ef Íslendingur vildi t.d. taka það sem við köllum stundum gamla íslenska ruddann, þ.e. gamla íslenska neftóbakið og setja það í vörina eins og hundruð manna gera núna til sjávar og sveita? Og hann spyr: Eru þeir þá ekki að brjóta lögin? Nei, herra forseti. Þeir eru ekki að brjóta lögin og þarf ekki að nýta hið nýja fangelsi að Litla-Hrauni fyrir slíka menn. Ef þeir hins vegar selja það eða framleiða það eða flytja það inn sem neftóbak en í þeim tilgangi að taka það í vörina, þá er alveg ljóst að þeir eru að brjóta lögin. (**SvG:** Ef þeir gera það.) Nei, sennilega ekki. En þarna er augljós veikleiki á lögunum vegna þess að það er auðvitað þannig að ef neftóbakið verður bannað eins og liggur fyrir í frv. þá munu menn bara fara þá leið að nota neftóbakið gamla. Hvers vegna, herra forseti, er þá verið að fara þá leið að banna munntóbak og fínkornótt neftóbak en ekki gamla íslenska ruddann sem nú er framleiddur og seldur í miklu magni? Ég held að yfir 10 þús. kg séu seld af honum. Ástæðan er sú að það er hefðbundið íslenskt tóbak sem fjöldi manna neytir í dag og það er ekki hægt að banna það. Það er einfaldlega ekki hægt að banna það.

Veltum þá aðeins fyrir okkur munntóbakinu. Hvers vegna er verið að banna munntóbakið? Eini rökstuðningurinn er sá að það sé tilskipun frá Evrópusambandinu um að banna slíkt. Tilskipunun er hins vegar ekki þannig að það eigi fortakslaust að banna allt munntóbak heldur einungis hið finkornótta. En frumvarpshöfundar fara ekki þá leið heldur banna þeir allt munntóbak, líka rjólið því að það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en svo en að allt munntóbak sé bannað. Hvað eru þetta margir einstaklingar? Samkvæmt innflutningstölum eru þeir sárafáir. Það er deyjandi hópur virðist manni sem er að nota munntóbakið. Fyrir 10 árum voru flutt inn 50 kg af munntóbaki. Á síðasta ári voru flutt inn 25 kg af munntóbaki. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvaða máli þetta örlitla magn sem er að verða að engu skiptir. Þessi hópur er að hverfa. Hann skiptir engu máli. Ég læt hvorki Evrópusambandið né nokkurn annan taka þetta frá slíku fólki, sér í lagi þegar við höfum jafnframt þá röksemdafærslu að það á að að leyfa gamla hefðbundna íslenska neftóbakið. Það eru svo margir sem nota það að það yrði ókleift að banna það.

Veltum því þá fyrir okkur. Er þetta tóbak verulega hættulegt? Ég gerði það sem heiðarlegum þingmanni sæmir. Ég lagðist í rannsóknir og ég varð mér úti um tiltölulega nýleg vísindaleg gögn bæði frá Svíþjóð og frá Bandaríkjunum. Í tímaritinu Nature eru birtar merkar vísindalegar ritgerðir og einungis þær ritgerðir sem með einhverju móti eru verulega góðar eða brjóta í blað. Þar birtu nýlega þeir Philip Cole og Brad Rotu sem eru sérfræðingar og þekktir vísindamenn við munnsjúkdómafræðiskor tannlæknadeildar heilsufræðideildar háskólans í Alabama í Bandaríkjunum. Þeir benda á að það sé talið að eina hættulega afleiðing reyklauss tóbaks — og þeir eiga við munntóbak — sé krabbamein í munnholi. Þeir reiknuðu út lífslíkur þriggja hópa 35 ára gamalla hvítra karlmanna. Einn hópurinn notaði ekkert tóbak, einn hóp-

urinn reykti sígarettur og þriðji hópurinn notaði reyklaust tóbak, þ.e. munntóbak. Niðurstaða þeirra sem er byggð á viðamiklum rannsóknum er sú að þeir sem reykja lifa átta árum skemur en þeir sem neyta einskis tóbaks. En þeir sem nota munntóbakið lifa jafnlengi og þeir sem neyta einskis tóbaks, þ.e. 15 dögum skemur. Þannig að hættan sem hefur verið talin tengjast þessu er a.m.k. ekki líkt því eins mikil og menn hafa talið.

Ég fékk líka upplýsingar, herra forseti, um að í Svíþjóð hefðu farið fram nokkrar rannsóknir á þessu. Þar hefur munntóbak verið pólitískt deiluefni og það lá við borð að það sprengdi sjálft Evrópusambandið því það kom náttúrlega ekki til mála að Svíar gengu í Evrópusambandið ef þar yrði bannað munntóbak eða snúss eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Menn fengu þá undanþágu á þeirri forsendu að þar væri um að ræða einhvers konar hefðbundið munntóbak. Það munntóbak sem ég hef séð í Svíþjóð er nákvæmlega munntóbakið sem menn ætluðu að fara að banna hérna, þ.e. í þessu sem heitir á máli stofnananna grobbrev, þ.e. bréf með munntóbakinu í. Þessar rannsóknir sem fóru fram við krabbameinsdeildina í Södersjukhuset í Stokkhólmi eru svo nýjar að það er ekki búið að birta þær að öllu leyti. Við höfðum því samband við Freddy Lewin sem er yfirlæknir og er umsjónamaður þessara rannsókna. Hann segir að þessar rannsóknir hafi miðað við svonefnt sænskt snúss (munntóbak). Hann greinir frá því að 15% karlmanna í Svíþjóð noti eða hafi notað snúss. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það hefur lengstum verið álit lækna að slíkt hafi ekki valdið aukinni hættu á krabbameini. Þrátt fyrir það hafa komið fram verulegar áhyggjur af krabbameinsvaldandi áhrifum snúss einkum með tilliti til þeirra krabbameinsvaldandi efna sem í því eru þrátt fyrir allt. Af þessu tilefni höfum við gert viðamikla rannsókn á tveim aðskildum svæðum í Svíþjóð (í Stokkhólmi og syðra sjúkrahúsaumdæminu). Niðurstaðan er sú að ekki er talið víst að um sé að ræða marktækt aukna áhættu á snússnotkun ólíkt því sem á við um reyktóbak og/eða áfengi."

Hann segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Þótt efnið leyfi ekki viðamikla greiningu á undirhópum höfum við samt skoðað undirhópa án þess að finna nokkuð sem bendir til aukinnar áhættu hvort sem er varðandi það magn af snússi sem neytt er, hve oft þess er neytt, á hvaða aldri snússnotkun hófst eða í hve mörg ár sjúklingarnir hafa neytt þess. Þessar niðurstöður koma heim og saman við aðra rannsókn sem Jonas Hardel á héraðssjúkrahúsinu í Örebro gerði á sjúklingum í nyrðra sjúkrahúsumdæminu. Það svæði er afar athyglisvert þar eð snússnotkun er þar verulega miklu tíðari en í öðrum hlutum Svíþjóðar."

Þetta, herra forseti, þykja mér vera rök fyrir því að það sé ekki hægt fyrir hið háa Alþingi að fara að banna þeim sem að nú neyta 25 kg samanlagt af munntóbaki. Ég tel það fráleitt og þess vegna lýsi ég yfir andstöðu minni við þann hluta frv. og mun greiða atkvæði gegn bæði því að munntóbakið sé haft inn í greininni og síðan gegn greininni í heild.

[14:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði svo sem ekki að halda hér neina ræðu að öðru leyti en því að bæta því við að mér finnst sjálfsagt að vera með góð tóbaksvarnalög en mér finnst hins vegar að þetta munntóbaksmál beri keim af ákveðinni forræðishyggju, ég segi það alveg eins og er. Það kemur ekki við neinum viðhorfum til þess hvort menn telja að þetta sé gamall og góður eða gamall og vondur siður eftir atvikum. Það skiptir ekki máli. En mér finnst að menn eigi í tóbaksvarnalögum að fjalla um heilsu viðkomandi einstaklinga en líka náttúrlega umhverfið, m.a. mengunina sem reykurinn veldur. En þegar komið er að því að menn eru að taka á þessum munntóbaksmálum eins og hér er gert ráð fyrir þá er það nokkuð langt gengið. Það er auðvitað fyndið að ekki sé meira sagt að þessi fyrirskipun um forræðishyggju skuli koma frá Brussel. Það er satt að segja nokkuð athyglisvert, hæstv. forseti. En mér sýnist hins vegar út af því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að þetta ákvæði sé líka óframkvæmanlegt þannig að ég mundi telja skynsamlegt að líta aðeins á þetta betur af hv. þingnefnd en alls ekki að láta þetta mál samt stöðva frv. því ég óttast það. Og mér þætti það slæmt ef frv. yrði stöðvað því þetta er hið mesta þjóðþrifamál eins og það liggur hér fyrir.

[14:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ræddi þetta mál eitthvað við 1. umr. og vil aðeins koma að því hér við 2. umr. enda heyrði ég að hv. framsögumaður heilbr.- og trn. vék að því að tekið hefði verið á vissum atriðum sem ég vakti athygli á þegar málið var hér til 1. umr. Ég get gjarnan slegist í hóp þeirra sem þakka nefndinni fyrir störfin þó að það séu fáeinar athugasemdir eða ábendingar sem ég ætla að leyfa mér að koma fram með. Á það ekki að skyggja á það að nefndin á þakkir skildar fyrir að koma með þetta mál hér til afgreiðslu til 2. umr.

Það eru viss efnisatriði sem ég vildi spyrja hv. formann nefndarinnar svolítið nánar um og sem ég sannarlega sakna af þeim tillögum sem lágu fyrir af hálfu tóbaksvarnanefndar en felld voru niður af hæstv. ráðherra áður en málið var lagt fyrir þingið sem stjfrv. og að mér er tjáð fyrir forgöngu sérstaklega þingflokks Sjálfstfl. eða athugasemda sem komu úr þeirri átt. Þar á ég við þá tillögu sem hafði legið fyrir af hálfu þeirra sem mótuðu frv. upphaflega að hækkað skyldi verð á tóbaki í áföngum allverulega sem lið í forvarnastarfi. Að þessu er vikið í nál. heilbr.- og trn. Það er í framhaldi af því að gerð er tillaga um að verja 0,7% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs í stað 0,4%. Ef ég man rétt þá held ég að upphaflega hafi verið lögð til hærri upphæð af hálfu tóbaksvarnanefndar. Ég tel hins vegar að þessi tillaga hér um hækkun sé mjög góðra gjalda verð af hálfu nefndarinnar og þakka fyrir það. En síðan segir varðandi það atriði sem ég var að minnast á, með leyfi forseta:

„Einnig var rætt um það í nefndinni hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni en tæknilega er það mjög erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs. Engin tillaga er því flutt af nefndinni um það."

Virðulegur forseti. Mér finnst þessi afgreiðsla af hálfu nefndarinnar og rökstuðningur í frv. ansi léttvæg, að það sé stiklað mjög létt á þessu sem er geysilega þýðingarmikið atriði. Það breytir engu á hvern er vísað af hálfu formanns heilbr.- og trn. í því sambandi. Það er, virðulegur forseti, ekki hægt að stökkva yfir það svo auðveldlega að ekki sé hægt að breyta gjaldtöku eða álagningu eða verði á vörum vegna þess að það komi inn í vísitölu neysluverðs. Hvernig ætla menn að halda á þeim málum, t.d. í sambandi við gjöld sem eiga að vera liður í umhverfisstefnu ef hægt er að vísa því frá með tilvísun til þess að þetta hækki neysluverð og breyti vísitölu. Mér finnst það vera hliðstætt því sem hér er um að ræða að

haga álagningarstefnu með tilliti til þess sem æskilegt er talið vegna forvarna. Ég tel að þessi verðlagningarstefna sé það atriði sem mest eftirsjá er að af því sem á vantar að fylgt sé tillögum tóbaksvarnanefndar. Ég heyri það ekki aðeins hér heldur mjög víða í umræðunni um þetta að það er tekið undir þetta sjónarmið, þ.e. að það sé mjög eðlilegt að hækka verð á þessu fíkniefni sem tóbakið er. Ég bið um nánari skýringar á þessu atriði.

Nú þekki ég þessa lönguvitleysu varðandi áhrif verðlags á tóbaki og reyndar áfengi líka á vísitölu. Þetta varð notadrjúgt umræðuefni í tíð ríkisstjórna á árunum 1978–1983. Þá var vísitölubindingin iðulega til umræðu vegna áforma sem uppi voru um að hækka raunverð á þessum vörum og í sambandi við uppbyggingu vísitölunnar. Upp komu hugmyndir um það á þeim tíma að kippa þessu út. En þær mættu mikilli andstöðu af hálfu þeirra sem voru neytendamegin í þessu máli, verkalýðshreyfingarnar ef ég man rétt á þessum tíma. Það voru fáir sem botnuðu í þeirri speki sem þarna var haldið á lofti. Ég tel að þetta séu ekki næg rök. Ef málið liggur þannig að ekki er hægt að breyta verðlagningarákvæðum verður að taka á grunninum og þá væntanlega að taka með öllu þessar vörutegundir út úr viðmiðuninni í útreikningi, sem er ákvörðun út af fyrir sig. En það þarf auðvitað að taka sjálfstæða ákvörðun um það. Mér er það fyllilega ljóst.

Þetta finnst mér vera eitthvað sem verulegu máli skiptir í þessu sambandi. Það er ekki hægt að afgreiða þetta, virðulegur forseti, með því að þetta sé tæknilega mjög erfitt. Þetta er stefnumarkandi atriði. Þá þyrfti nefndin að fjalla um það ef henni fyndist réttmætt að afnema þessa tæknilegu hindrun. Er það álit manna að ekki megi beita verðlagningarákvæðum, hækka raunverð á ákveðnum vörutegundum? Hæstv. heilbrrh. er kominn hér og ég spyr hæstv. ráðherra jafnframt um hans álit á þessu. Er það skoðun manna að það sé ekki kleift ef það snertir þennan vísitöluútreikning? Þetta var á góðu máli hér fyrr á tíð, virðulegur forseti, kallaður var óþarfi. Tóbak, áfengi og svoleiðis var gjarnan kallaður óþarfi á kurteislegu máli til sveita þar sem ég ólst upp. Er það virkilega þannig að það eigi bara að setja það til hliðar og útiloka að hægt sé að breyta verðlagningu á þessum óþarfa vegna þessara tæknilegu hindrana? Hvernig ætla menn að halda á málum í sambandi við umhverfismálin og umhverfisgjöld sem svo eru kölluð? Formaður heilbr.- og trn., framsögumaður nál. og tillagna nefndarinnar, þekkir nú þau mál sem fyrrverandi ráðherra umhverfismála. Mér finnst þetta í rauninni vera náskylt.

Þetta er það veigamesta sem ég kem að hér, virðulegur forseti. En ég kemst ekki hjá því að víkja aðeins að öðrum þáttum og þá því sem framsögumaður nefndarinnar tengdi við minn málflutning sem varðar brtt. við 5. gr. og er sett fram undir b-lið, tölul. 3 í breytingartillögu nefndarinnar varðandi þá áætlun sem forstöðumönnum annarra stofnana en upp eru taldar í 5. gr. er ætlað að gera. Ég lýsi ánægju minni með það að þetta er hér fram sett og það skiptir mjög miklu máli. Ég skal ekki taka afstöðu til þess eða vera að agnúast út í það þó gert sé ráð fyrir því hér að heimilt sé að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar innan stofnana. En ég vil aðeins nefna það að mér finnst þetta afdrep viss ljóður á tillögunni. Það er nú svo að menn láta sig hafa það í löndum og ég held að það hafi verið nefnt við 1. umr. málsins, að vera ekki með þannig tilhliðranir heldur leyfa mönnum að fara þá út fyrir dyr, út fyrir hús, til að reykja. Svona svipað og gert var að skyldu þegar ég kom í Menntaskólann á Akureyri. Þar fóru menn ekki aðeins út fyrir hússins dyr heldur út fyrir lóðarmörk þeir sem stunduðu það í harðviðrum þar norður á Akureyri. Var það auðvitað gert með það í huga að gera mönnum þetta erfiðara þó einnig kæmu eldvarnarrök inn í það mál.

Vestur í New York eru mjög þekkt dæmi þar sem menn sjá á köldum vetrardögum sem hlýjum sumardögum að menn standa þar á Manhattan norpandi í kulda á gangstéttum utan við skýjakljúfa vegna þess að það er ekki heimilt að reykja þar innan dyra. Ég nefni þetta hér en ég mun ekki flytja breytingartillögu við þetta og tel að það sé fengur að megintillögu nefndarinnar um þetta efni.

En eitt vil ég síðan nefna, virðulegur forseti, að mér finnst nokkuð á skorta búning bæði nál. og brtt. af hálfu nefndarinnar, þ.e. hvernig það er fram sett á máli sem á að teljast íslenskt væntanlega. Ég kemst ekki hjá því, virðulegur forseti, að vekja aðeins athygli á því og vona að það verði ekki talin meinbægni af minni hálfu að gera það. Þar kem ég þá að nál. fyrst og tölul. 1 í nál. þar sem fjallað er um auglýsingar í skilningi laganna og eru hafðar uppi útskýringar í talsverðu máli á þeim efnum. Ég verð að segja það bæði varðandi nál. og eins breytingartillöguna hvað það snertir þá finnst mér þetta vera sett fram á heldur flóknu og um leið óskýru máli þannig að bæði nál. sem og breytingartillögurnar verða svona heldur óskýrar nema leggjast þeim mun dýpra í að rýna í textann. Þá kann að vera að hægt sé að fá vit út úr þessu.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að nefna hér dæmi. Það segir hér í þriðju línu að neðan eftir að vikið hefur verið að vörumerkjum, Camel, með leyfi forseta:

„Sama gilti um allar vörur sem seldar væru undir auðkennum hefðbundinna tóbaksvörumerkja."

Notkun sagnarinnar að gilda er þarna svona með tvíræðum hætti en látum það nú vera. Framhaldið er:

„Með orðalaginu „hefðbundin tóbaksvörumerki" eru einnig tekin af tvímæli um að heimil skuli óheft notkun vörumerkja sem þekkt eru fyrir óskylda framleiðslu en tóbak er nú selt undir."

Mér finnst þetta afskaplega óljós texti svo ekki sé meira sagt. Síðan segir: „Dæmi um slík vörumerki eru Cartier og Yves St. Laurent. Sérstök athygli er vakin á því að þær takmarkanir sem eru á auglýsingum á tóbaki samkvæmt lögunum ættu að koma tryggilega í veg fyrir landnám nýrra tegunda af tóbaksvörum undir vörumerkjum sem þekkt eru fyrir annað en tóbaksvörur, eins og þeirra tveggja sem áður eru nefnd."

Það þarf aldeilis að leggjast djúpt til að átta sig á hvert hér er verið að fara. Það getur verið að þeim sem hafa unnið að málinu í nefndinni sé þetta dagljóst en fyrir þann sem hér talar var þetta ekki alveg skýrt þegar lesið var. Ég stansaði í miðri málsgrein en síðan kemur:

„Í 3. tölul. er lagt til að umfjöllun um einstakar tóbakstegundir verði óheimil nema ljóst sé að hún verði beinlínis til þess að koma á framfæri upplýsingum sem eru fallnar til þess að minnka skaðsemi tóbaksneyslu."

Ég skal ekki þreyta viðstadda með því að vitna frekar í nál. en mér finnst hér ekki vel á penna haldið. Ég vil hins vegar taka undir það sem segir í lok þessa töluliðar í nál. þar sem segir: „Loks vill nefndin minna á að ákvæði tóbaksvarnalaga um bann við auglýsingum á tóbaksvörum og skráningu viðvarana á þær gilda einnig í fríhöfnum landsins og ber að framfylgja þeim." Þetta er atriði þar sem greinilega

er ekki farið að eðlilegum reglum og ég held að ég hafi vakið athygli á því við umræðuna.

Síðan vil ég vekja athygli á síðustu málsgreininni á bls. 2 í nál. sem fellur undir þessar málfarslegu athugasemdir. Ég kann því heldur illa að enda málsgreinina á smáorðinu „að". Ég tel að því hefði gjarnan mátt öðruvísi fyrirkoma. En ég skal ekki bæta þar við. Þetta er aðeins hvatning til þess að reyna að ganga þannig frá texta að sem ljósast sé þeim sem ekki eru alveg inn í málinu a.m.k. hvert verið er að fara. En síðan koma brtt. sjálfar, virðulegur forseti. Ég hefði átt að vera búinn að fletta upp í orðabók orðinu „útstilling" en einhvern veginn hnýt ég svolítið við þegar ég sé það í lagatexta. En það kann að vera að það sé viðtekið og þyki ekki stílbrot að nota það hér eins og gert er undir tölul. 1 í brtt. við 2. gr. Síðan segir í tölul. 2: „alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmarkanir laganna um þær að öðru leyti."

Þarna eru tillögumenn að stytta sér leið með því að vísa í auglýsingatakmarkanir. Það kann að vera að þetta verði ljóst þegar farið er yfir greinina í heild en mér fannst þetta ekki mjög skýrt. Síðan vil ég benda á, virðulegur forseti, að í brtt. við 5. gr. segir um b-liðinn sem er að efnisinnihaldi ágætur:

„Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar."

Virðulegur forseti. Ég sé að hv. formanni heilbr.- og trn. þykir þetta heldur leiður lestur á að hlýða en ég hlýt að gera athugasemd við það að setja tillöguna upp með þessum hætti og vil hvetja nefndina til að endurskoða það einfaldlega út frá málfari. Því tilvísunin þarna „stofnunar sem kemur til framkvæmda" vísar til stofnunar en ekki áætlunar sem efnislega er þó ljóst að það ætti að taka til. Þegar talað er um fyrir lok ársins 2000 hefði ég talið betur fara að tala um í lok ársins 2000 eða nota sem sagt aðra forsetningu. Þetta voru fáeinar athugasemdir sem varða framsetningu á tillögum og ég bið forláts að ég hef tekið tíma til að vekja athygli á þessu. En mér finnst það skipta miklu að fá þessi álit með sem skýrustum hætti að ekki sé talað um beinar breytingartillögur við lögin. Síðan íteka ég það sem ég sagði varðandi verðlagningarstefnuna og vænti þess að framsögumaður nefndar og eftir atvikum hæstv. ráðherra tjái sig um það efni.

[15:12]

Útbýting þingskjals:

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 527. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1010.

[15:12]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir efnislega jákvæðar undirtektir við þær breytingartillögur sem liggja fyrir af hendi nefndarinnar. Ég vil segja það strax að ég lít alls ekki á það sem meinbægni af hans hálfu þótt hann finni hér að málfari. Ég mundi satt að segja telja að eitthvað væri að ef það gerðist ekki því að ég man í fljótu bragði ekki eftir neinum meiri háttar frv. sem hér hafa farið í gegn öðruvísi en hv. þm. hafi gert slíkar athugasemdir og er nú rétt að það komi fram að það eru eiginlega fastir liðir eins og venjulega að hv. þm. hefur gert athugasemd við málfar hvort heldur það kemur frá einstökum þingmönnum, einstökum ráðherrum, jafnvel þótt það hafi verið lesið yfir af viðurkenndum rithöfundum og jafnvel af Íslenskri málstöð líka. Um það get ég borið vitni. Þannig að það er afskaplega erfitt að gera hv. þm. til hæfis en ég tel að menn eins og hann séu virði þyngdar sinnar í gulli því við þurfum auðvitað alltaf Fjölnismenn uppi á hverjum einasta tíma til að reyna að ryðja brott hnökrum í orðalagi og halda okkur hinum við efnið. Að því leyti til á hann virðingu og þökk skilda.

Ég ætla ekki að fara út í einstakar orðalagsathugasemdir hv. þm. En í breytingartillögu okkar sem merkt er tölul. 3 þar sem rætt er um bann sem á að koma til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000 telur hann að í staðinn fyrir orðið „fyrir" eigi að koma „í". Ég er t.d. ekki alveg sammála því, herra forseti, þótt ýmislegt megi undir taka sem hv. þm. færði hér fram. Allt er þetta spurning um smekk og hvernig menn vilja að ástkæra ylhýra málið sé fram sett.

Hv. þm. veltir því fyrir sér hvort ekki hefði mátt af hálfu nefndarinnar taka sterkar á möguleikum til þess að hækka verð á tóbaki. Hann vísaði til þess að upphaflega hefði það verið inni í tillögu tóbaksvarnanefndar að hækka árlega verð fyrir tóbak. Það var sett fram á þeim grundvelli að vitað er að verðlag skiptir mjög miklu máli. Hv. þm. gat þess að þetta hefði verið tekið út úr frv. af hæstv. ráðherra fyrst og fremst fyrir þrýsting af hálfu Sjálfstfl. Ég er þeim hnútum ekki svo kunnugur að ég geti alfarið um það vitnað. En ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að annar stjórnarflokkurinn hafi óskað eftir allverulegum breytingum. Hæstv. ráðherra getur auðvitað greint frá því sjálf hér á eftir.

Ég vil segja það strax að ég er þeirrar skoðunar að það skipti afar miklu máli að hafa möguleika á að hækka verð á tóbaki. Ég held að verðlagið sé það sem langmestu máli skiptir, sérstaklega þegar verið er að reyna að koma í veg fyrir að ungt fólk, börn og unglingar, hefji tóbaksneyslu. Það hefur verið sýnt fram á að verðlagið skiptir þennan hóp mjög miklu máli. Það hefur verið sýnt fram á það líka að ef það tekst að koma í veg fyrir að börn og unglingar byrji að reykja er um leið verið að verjast því að sami aldurshópur nokkrum árum síðan muni hefja neyslu annarra fíkniefna. Þetta skiptir því miklu máli. Ég er sammála hv. þm. um það. Ég er honum algjörlega sammála um að það á að beita verðlagningu til þess að draga úr neyslu þessa varnings. Ég er reiðubúinn t.d. að fara í það verk að flytja með honum tillögur sem gera það að verkum að það væri hægt. Innan nefndarinnar var þetta rætt og það var bent á að upphaflegar tillögur frá tóbaksvarnanefnd hefðu gert ráð fyrir því að árleg hækkun á tóbaksvarningi ætti að vera 5%–10%. Það er mikil hækkun en ég er samt sammála því. Nú stóð ég, sem formaður nefndarinnar, frammi fyrir því að þurfa annaðhvort að afgreiða þetta frv. eins og það lá fyrir með einhverjum breytingum sem hægt væri að gera á því til að bæta það eða láta það daga uppi þriðja eða fjórða árið í röð. Ég tel að það hefði verði hneisa ef Alþingi hefði ekki tekist að afgreiða þetta frv. og lagði þess vegna ríka áherslu á að hægt væri að afgreiða frv. Það kom alveg skýrt fram í nefndinni að menn töldu að það væri ekki á þessu stigi rétt að nefndin sem slík flytti frv. til breytinga á öðrum lögum sem klipptu á tengsl tóbaksins við vísitölu neysluverðs. Í dag er staðan einfaldlega þannig að ef við hækkum verð á tóbaki þá erum við um leið að hækka skuldabyrði allra landsmanna. Það er viðurhlutamikið. Ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til að

breyta því, þ.e. að skerða hvernig tóbak kemur inn í vísitölu neysluverðs og fara síðan í hækkanir á tóbaki. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það eigi að beita verðhækkun á tóbaki til að draga úr neyslu tóbaks, jafnvel þótt það verði til þess að skerða kaupmátt launafólks á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar. Það er langtímaaðgerð og þegar fram í sækir miðar hún að því að bæta heilsu þessa sama launafólks. Hún mun þegar fram líða stundir leiða til þess að þetta sama fólk mun búa að öðruvísi lífsgæðum, betri heilsu og þar af leiðandi hafa meira umleikis af peningum. Ég er reiðubúinn til að gera þetta með hv. þm.

Ég komst hins vegar að þeirri niðurstöðu innan nefndarinnar eftir svolitlar umræður að það væri enginn hljómgrunnur fyrir því að nefndin gæti náð samstöðu um það mál. Segjum að við hefðum farið þá leið að afgreiða þetta án þeirrar samstöðu sem ríkir um frv. Ég er hræddur um, herra forseti, að það hefði leitt til þess eins að hér í þingsalnum hefðu úfar risið með mönnum út af frv. og hér hefðu skapast deilur og langvinnar umræður sem hefðu e.t.v. í því ati sem því miður einkennir oft lyktir þingsins orðið til þess að frv. um málið allt hefði lent í útideyfu og ekki náð samþykkt hér á þinginu. Þess vegna taldi ég að það væri hyggilegast að fara í megindráttum eftir frv. eins og það kom frá hæstv. ráðherra. Það má vel vera að það sé ekki tekið nægilega fast á þessu í nál. en þá skal ég játa það hreinskilnislega og ærlega fyrir hv. þm. að það stóðu líka miklar deilur um það hvernig orðalagið ætti að vera á þessum tengslum tóbaks og vísitölunnar í nál. og þeir voru jafnvel og fleiri en einn innan nefndarinnar sem lögðust alfarið gegn því að með nokkru móti yrði drepið á þessi tengsl.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að tóbaksvarnir á Íslandi séu að mörgu leyti á villigötum. Ég held að sú mikla áhersla sem kemur t.d. fram í lagasetningu af hálfu þeirra samtaka sem vinna að tóbaksvörnum sé röng. Ég er ekki þeirrar skoðunar að lög af þessu tagi skipti verulega miklu máli. Þau skipta einhverju máli en ekki verulega miklu máli. Það sem skiptir langmestu máli er tvennt. Það er verðlag á tóbaksvarningi annars vegar og hins vegar er það áróður og hann kostar fjármagn. Við reyndum að bregðast við því í nefndinni með því að stórhækka það fjármagn sem fer til forvarnastarfa og þá miða ég við hið upphaflega frv. hæstv. ráðherra og þó var í frv. upphæðin tvöfölduð frá því sem er samkvæmt gildandi lögum. Það er því alveg ljóst að við tókum á þessu máli eins og hægt er. Ég held að í framtíðinni ætti að reyna að leita leiða til að ná með betri hætti til ungs fólks á Íslandi. Við sjáum að um árabil hefur forvarnastarf tekist svo vel að dregið hefur úr reykingum hjá Íslendingum og það hefur verið mjög jákvæð þróun meðal yngra fólks, meðal barna og unglinga. En á allra síðustu árum sjáum við að sú þróun hefur verið að snúast við. Við þurfum að reyna að grafast fyrir um orsakir þessa. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að þessi þróun haldi áfram og reyningar aukist hjá ungu fólk, börnum og unglingum? Þetta skiptir verulega miklu máli ekki síst þegar horft er til þess sem ég hef þegar nefnt að það eru mjög augljós tengsl á milli reykinga hjá börnum og unglingum annars vegar og hins vegar neyslu harðari fíkniefna hjá sömu hópum þegar þeir eru orðnir nokkrum árum eldri.

Með öðrum orðum erum við að tala um að það sé nauðsynlegt að kosta fé til þess að draga úr neyslu harðra fíkniefna á Íslandi. En besta forvörnin felst í rauninni í því að veita fjármagn til þess að höggva að rótum tóbaksneyslunnar vegna þess að tengslin þar á milli eru alveg augljós. Hvað hefur farið úrskeiðis? Ég get ekki svarað því en það stakk mig óneitanlega illa þegar á fund nefndarinnar kom prófessor úr Háskóla Íslands, Þórólfur Þórlindsson, sem hefur um þriggja eða fjögurra ára skeið unnið að rannsóknum á tóbaksneyslu á Íslandi og hann sagði okkur frá niðurstöðum sem voru mjög fróðlegar en tilfinning okkar í nefndinni var sú að þessi ágæti fræðimaður starfaði meira og minna einangraður og einn. Hann greindi okkur frá því að honum hefði ekki einu sinni tekist að verða sér úti um fjármagn til að gefa út þessar merku rannsóknir.

Ég held, herra forseti, og læt það verða mín lokaorð, að það sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra og ýmsar stofnanir sem með einhverjum hætti koma að tóbaksvörnum gefi sér tíma til að leggja saman höfuð sín og kanna hvað hefur farið úrskeiðis og hvort ekki þurfi með einhverjum hætti að beita nýjum ráðum og veita fjármagn e.t.v. til öðruvísi aðgerða heldur en menn hafa staðið fyrir á síðustu árum.

[15:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir viðbrögð hans við mínu máli. Ég skal ekki vega frekar í málfarið sem slíkt. Ég nefni bara vegna lagatextans að það eru ábendingar af minni hálfu hvort ekki væri rétt fyrir nefndina að láta endurskoða framsetninguna í b-lið 3. tölul. til að gera hana skýrari. Ég læt mér koma til hugar að þetta mætti orða þannig: Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar og kemur áætlunin til framkvæmda í síðasta lagi árið 2000. Þetta er tilraun til að gera þetta ljósara og nýta með þeim hætti sem eðlilegur gæti talist tilvísunina sem þarna er fyrir í þessu.

Þetta átti, virðulegur forseti, að vera andsvar af minni hálfu, var hugsað sem slíkt. Ég mun nota það form þótt klukkan tifi ekki. Ég ætlaði mér ekki að halda hér fleiri ræður um þetta mál og síst af öllu að tefja afgreiðslu þess því ég ber mjög fyrir brjósti að málið fái nú loks lögfestingu hér í þinginu. En ég vildi spyrja um eitt atriði sem varðar í raun 5. gr. og ákvæði hennar en kann þó að leynast í öðrum greinum, ég hef ekki varið yfir frv. í heild. Það varðar reykingar í almenningsfarartækjum, þ.e. í rútum sem svo eru kallaðar eða langferðabifreiðum og í leigubílum. Ég hef veitt því athygli að það virðist vera háð vilja viðkomandi bifreiðastjóra, t.d. í leigubílum, hvort hann heimilar reykingar í bifreið sinni eða ekki. En það er til verulegs angurs fyrir notendur vegna lyktar. Ég hefði talið að á þessu atriði þyrfti að taka einfaldlega til eðlilegs samræmis við þá stefnu sem í lögunum felst. Mætti e.t.v. athuga þetta mál ef nefndinni fyndist ástæða til að líta á þetta atriði milli umræðna.

[15:26]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að þessi ábending muni að notum koma hjá nefndinni ef hún kýs að taka málið aftur til umræðu. Ég skildi mál hv. þm. þannig að hann væri að inna eftir því hvaða ákvæði giltu um reykingar í bifreiðum.

Í opinberum almenningsfarartækjum, þ.e. langferðabílum eru lög sem banna reykingar. Ég hygg líka í leigubíl. Ég þori ekki að svara því. En þetta er atriði sem er sjálfsagt að kanna. Það er líka annað sem menn ættu að kanna í framtíðinni.

Mér finnst að það ætti sums staðar að banna reykingar líka utan dyra þar sem menn koma saman. Ég nefni sem dæmi að nánast hvern einasta sunnudag fer ég niður á tjarnarbakka og gef öndum sem þar eiga heimkynni brauð ásamt nokkrum parti af fjölskyldu minni. Mér finnst það sárgrætilegt að stéttin þar er oft stráð sígarettustubbum. Mér finnst það alveg skelfilegt. Alveg finnst mér það jafnskelfilegt þegar ég er að koma úr mínum daglega sundspretti í laugunum að þar hímir oft fólk fyrir utan reykjandi. Mér finnst þetta alveg skelfilegt. Mér finnst líka alveg skelfilegt þegar ég er að koma úr mínum reglulega hlaupaspretti og er að teygja mig þegar því er lokið, herra forseti, fyrir utan skýlið í laugunum að þar eru sígarettustubbar stráðir um grasflötina. Mér finnst þetta alveg skelfilegt. Þess vegna segi ég út frá orðum hv. þm. hér fyrr þegar hann var að ræða um heimildina til að hafa afdrep fyrir reykingamenn innan húss. Er það ekki betra heldur en að hafa þetta lið norpandi fyrir utan og hendandi sígarettustubbunum á götuna öllum til ama og leiðinda? Sér í lagi litlum börnum sem koma og halda að það sé brauð.

[15:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir við að athuga stöðuna varðandi leigubifreiðar. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er að ég þykist hafa orðið var við að þessu sé misjafnlega háttað í leigubifreiðum og þarna sé eðlilegt að bæta úr ef það skortir á lagareglur. Varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi hér í lokin, þ.e. hvernig reykingamenn margir hverjir kasta frá sér stubbum þá er það vissulega umhugsunarefni hvernig úr skuli bæta. Þetta þekkja menn og það er með fádæmum hvernig umgengni reykingamanna er að þessu leyti. Það er eins og um þetta gildi eitthvað annað en um annað rusl á víðavangi. Við þekkjum þess mörg dæmi. Meðal annars er ekki óalgeng sjón að sjá fólk kasta logandi sígarettu út úr bifreiðum á akstri um götur borgarinnar og sjálfsagt mjög víða. Það nær auðvitað engir átt. Ég nefni það að í Bandaríkjunum og sjálfsagt víðar eru mjög hörð viðurlög við slíku, háar fjársektir við slíku athæfi. Ég bið hv. þm. að íhuga hvort ekki væri skynsamlegt að taka alveg sérstaklega á því atriði í sambandi við afgreiðslu þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 15:31.

142. FUNDUR

mánudaginn 20. maí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 249. mál, þskj. 996, brtt. 1002 og 1004. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 554, nál. 941, brtt. 942 og 991. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis, skýrsla, 65. mál, þskj. 869. — Ein umr.
4. Spilliefnagjald, stjfrv., 252. mál, þskj. 392, nál. 983, brtt. 984. — 2. umr.
5. Þjóðminjalög, stjfrv., 285. mál, þskj. 524, nál. 943, brtt. 944. — 2. umr.
6. Sálfræðingar, stjfrv., 371. mál, þskj. 649, nál. 926. — 2. umr.
7. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 297. mál, þskj. 987, brtt. 1003. — 3. umr.
8. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 191. mál, þskj. 1009. — 3. umr.
9. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 1008. — 3. umr.
10. Tollalög, stjfrv., 441. mál, þskj. 773, nál. 952, brtt. 953. — 2. umr.
11. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 469. mál, þskj. 804, nál. 982. — 2. umr.
12. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 295. mál, þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Póstlög, 364. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 999.
Rannsókn flugslysa, 191. mál, þskj. 1009.
Spilliefnagjald, 252. mál, brtt. HG o.fl., þskj. 1011.
Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 331. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 997; brtt. minni hluta samgn., þskj. 998.
Varnir gegn mengun sjávar, 385. mál, þskj. 1008.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, Arnþrúður Karlsdóttir fréttamaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv."

Arnþrúður Karlsdóttir hefur áður tekið sæti á þingi og er hún boðin velkomin til starfa að nýju.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 996, brtt. 1002 og 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Brtt. 1004 felld með 37:8 atkv. og sögðu

já: GE, GÁS, GGuðbj, JBH, LB, RG, SighB, ÖS.

nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, KF, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, JóhS, KH, PHB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, HÁs, HBl, JónK, KPál, SP, StG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi tillaga sem er frá mér runnin og ég lagði fram sem hugmynd í sjútvn. er langt frá því að vera fullrædd og hefur ekki verið borin undir þá aðila sem eftir henni skulu starfa. Því mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Brtt. 1002 samþ. með 55 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, HÁs, JónK, SP, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1014).

Tóbaksvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.). — Þskj. 554, nál. 941, brtt. 942 og 991.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JBH) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, HÁs, JónK, SP, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 942,1 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, HÁs, JónK, RG, SP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég styð þessa tillögu efnislega eins og annað sem er á þessu þskj. frá heilbr.- og trn. En ég vildi koma því að að mér finnst ekki alveg nógu vel staðið að málfari í þessum breytingartillögum og vildi að það kæmi hér fram. Ég vakti athygli á þessu í lok 2. umr. og henni lauk án þess að ráðrúm gæfist til að gera orðalagsbreytingar af minni hálfu þannig að það kann að vera, ef nefndin ekki hreyfir því fyrir sitt leyti, að ég geri það við 3. umr. Þetta varðar m.a. orðalagið „útstillingar í gluggum verslana" en mér finnst einnig að orðalag á 3. tölul. b sem ekki er til atkvæðagreiðslu núna þyrfti að færast til betri vegar.

2. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 942,2 samþ. með 55 shlj. atkv.

3. gr., 2.–3. efnismgr. og 1. og 4. efnismgr., svo breyttar, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 991 felld með 28:24 atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, JBH, KHG, KPál, MF, ÓÖH, RA, RG, SJóh, SJS, SvG, VE, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, AK, ÁJ, BBj, FrS, GHH, GB, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KF, KÁ, KH, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

2 þm. (ÁE, SighB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, HÁs, JónK, LB, PP, SP, StG) fjarstaddir.

3. gr., 5. efnismgr., samþ. með 42:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GB, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

nei: BH, GE, JBH, LB, RG, VE, ÖS.

6 þm. (ÁRJ, EKG, GuðjG, GÁS, GÁ, SvanJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, HÁs, JónK, PP, SP, StG) fjarstaddir.

3. gr., 6. efnismgr., samþ. með 54 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 942,3 samþ. með 55 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 942,4 samþ. með 56 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 942,5 samþ. með 56 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 942,6 samþ. með 56 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 942,7 samþ. með 56 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 15:22]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1011. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis, ein umr.

Skýrsla forsrh., 65. mál. — Þskj. 869.

[15:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Skýrsla sú sem embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur tekið saman að beiðni forsrn. og upprunalega að beiðni hv. þm. undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og er hér til umræðu fjallar sem kunnugt er annars vegar um útbreiðslu fíkniefna og ýmis málefni er tengjast neyslu þeirra og hins vegar um ofbeldi og ýmis atriði er því tengjast. Ég vil byrja á að þakka lögreglustjóra og þeim er að gerð skýrslunnar komu fyrir að bregðast skjótt við beiðni um samantekt skýrslunnar sem er fróðleg þrátt fyrir að hún kunni að bera þess merki að vera unnin á skemmri tíma en æskilegt hefði verið.

Það einkennir alla umræðu um fíkniefnamál að erfitt er að afla traustra upplýsinga um innflutning fíkniefna, sölu þeirra og neyslu. Líkt og fram kemur í skýrslunni byggja áætlanir um fjölda neytenda, umfang neyslu, aldurskiptingu neytendahópsins og fleira oft á afar takmörkuðum upplýsingum en þrátt fyrir það er það álit þeirra sem starfa að fíkniefnamálum, jafnt lögreglu sem þeirra er sinna forvörnum og meðferðarstarfi, að neysla fíkniefna hafi almennt aukist á undanförnum árum. Á sama tíma hefur það gerst sem hlýtur að telja sérstakt áhyggjuefni að aldur þeirra sem efnanna neyta hefur farið lækkandi og er að líkindum mest um slíkt hjá ungu fólki á aldrinum 20–24 ára. Þessar niðurstöður renna stoðum undir umræðu sem mikið bar á í vetur um stóraukna neyslu ungs fólks á fíkniefnum m.a. með tilkomu áður óþekktra efna sem virðast hafa höfðað sérstaklega til ungs fólks og unglinga á aldrinum 16–20 ára sem ekki höfðu áður neytt slíkra efna. Sem betur fer hafa fjölmiðlar birt fréttir af því að þeir aðilar sem gerst til þekkja telja að nú á vormánuðum hafi dregið mikið úr neyslu þessara efna á ný og vonandi veldur þar aukin opinber umræða og breytt hugarfar unglinganna sjálfra.

Berlega kemur fram í skýrslunni að fíkniefnaneysla er ekki einangrað vandamál þeirra sem fíkniefnanna neyta og áhrif neyslunnar eru víðtæk. Víst er að neytendur bíða bæði andlegt og líkamlegt heilsutjón af neyslunni og hún veldur

þeim vanlíðan, aðstandendur neytenda líða fyrir neysluna og viðbúnaður samfélagsins til að bregðast við henni og afleiðingum hennar er verulegur.

Eins og tíundað er í skýrslunni fylgja fíkniefnaneyslu margs konar neikvæð félagsleg áhrif og í henni kemur fram að allar líkur séu á að margir standi undir kostnaði við neyslu fíkniefna með auðgunarbrotum. Eins og fram kemur í síðari hluta skýrslunnar hvetur neysla fíkniefna til ofbeldis og þá ekki eingöngu í auðgunarskyni. Menn eru einhuga um að mikið megi til vinna að draga úr neyslu fíkniefna og ríkisstjórnin hefur rætt um það með hvaða hætti beri að stefna að því að stemma stigu við fíkniefnavandanum. Vandinn er auðvitað ekki nýr af nálinni og það er rétt að geta þess að um árabil hefur farið fram ágætt forvarnastarf í grunn- og framhaldsskólum landsins og aðrir aðilar svo sem sveitarfélög, lögreglan og félagasamtök margvísleg hafa með ýmsum hætti tekið þátt í forvarnastarfi sem ótvírætt er að hefur skilað árangri.

Það er hins vegar ljóst að enn þarf að leggja áherslu á þetta starf og vil ég stuttlega gera grein fyrir því hvað ríkisstjórnin hefur gert til að svo megi verða. Það er fyrst til að nefna að ríkisstjórnin ákvað á sl. ári að veita 50 millj. kr. í sérstakan forvarnasjóð en markmiðið með stofnun hans var að ná betri yfirsýn yfir fjárveitingar til forvarnamála og tryggja þar með betri nýtingu þess fjár sem til þeirra rennur. Verður fé ráðstafað úr sjóðnum í fyrsta skipti á allra næstu dögum.

Líkt og fram kemur í 24. tölulið fyrri hluta skýrslunnar ákvað ríkisstjórnin í byrjun þessa árs að skipa nefnd til að skoða ýmsa þætti er að forvarna- og meðferðarmálum lúta. Hlutverk þessarar nefndar sem starfar á vegum dóms- og kirkjumrn. er m.a. að athuga eftirtalda þætti:

Hvort herða beri viðurlög við dreifingu ávana- og fíkniefna. Hvort endurskoða þurfi meðferð ákæruvalds og dómstóla á brotum vegna ávana- og fíkniefna. Hvernig efla megi löggæslu og önnur úrræði gegn dreifingu neyslu ávana- og fíkniefna. Hvernig efla megi forvarnir á sviði ávana- og fíkniefna, þar á meðal með fræðslu í skólum. Hvernig bæta megi úrræði og leita nýrra leiða til að endurhæfa ungmenni sem leiðst hafa út í neyslu ávana- og fíkniefna og einnig að skoða meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem í tengslum við ávana- og fíkniefnaneyslu hafa leiðst út í afbrot og fengið refsidóma vegna þeirra.

Þessi nefnd hefur verið að störfum undanfarna mánuði og hefur þeim miðað vel. Stefnir nefndin að því að skila ráðherra tillögum sínum um næstu mánaðamót og verða þær þá kynntar í ríkisstjórn og síðan opinberlega.

Í umræðu um fíkniefnamál á undanförnum árum hefur komið til tals að endurskoða þurfi verkaskiptingu ráðuneyta á sviði forvarna og meðferðarmála. Um árabil var þörf á samstarfi og samráði milli ráðuneytanna svarað með því að starfrækja sérstaka samstarfsnefnd ráðuneytanna um ávana- og fíkniefnamál og gafst það ágætlega. Á liðnu ári þótti hins vegar ástæða til að endurskoða þessa skipan mála og leiddi það til þess að í byrjun þessa árs var skipuð sérstök yfirnefnd fjögurra ráðuneyta sem að forvarna- og meðferðarmálum koma, þ.e. heilbr.- og trmrn., menntmrn., dóms- og kirkjumrn. og félmrn. Verkefni þeirrar nefndar er að fylgjast með vinnu sem hvert þessara ráðuneyta hefur með höndum og samræma verkefni og aðgerðir þeirra á sviði ávana- og fíkniefnamála og að koma í veg fyrir skörun viðfangsefna. Jafnframt er nefndinni ætlað að skoða verkaskiptingu milli ráðuneyta og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um framtíðarfyrirkomulag hennar. Þess er jafnframt að vænta að skerpt verði á framangreindum markmiðum eftir að ríkisstjórnin hefur fengið til umfjöllunar tillögur nefndar þeirrar sem áður var minnst á og starfar á vegum dóms- og kirkjumrn. Skýrslubeiðendur spurðu sérstaklega um það hvort uppi væru áform um að fela einu ráðuneyti ábyrgð þessa málaflokks en ef litið er til hefðbundinna verkaskiptinga ráðuneytanna og þeirra verkefna sem þau sinna má ljóst vera að forvörnum og meðferðarmálum verður ekki sinnt af einu ráðuneyti svo að vel geti verið.

Hins vegar er mikilvægt og að því er unnið eins og áður sagði, að verklag verði svo skýrt sem auðið verði og að samvinna milli ráðuneyta styrki þau í að ná sameiginlegum markmiðum. Ég tel mikilvægt að vandað sé til þessa starfs og að í því geti falist vísir að skýrari stefnumótun stjórnvalda á þessum vettvangi þar sem jafnframt verði lagður grundvöllur fyrir samstarf við sveitarfélög, frjáls félagasamtök og aðra er að þessum málum vinna. Reynslan af slíku samstarfi er jákvæð og má þar sem dæmi nefna að ríkisvaldið hefur síðan í mars sl. unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg að málefnum vímuefnavarnaskóla sem er farandskóli sem heimsótt hefur alla grunnskóla Reykjavíkurborgar og haldið dagnámskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn um áfengis- og vímuefnavarnir og annað forvarnastarf í skólum. Að þessu starfi kom auk Reykjavíkurborgar og ríkisins, lögreglustjóraembættið í Reykjavík, Barnaverndarstofa, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, SÁÁ og Rauði krossinn. Fyrirhugað er að nefnd fjögurra ráðuneyta sem áður er vikið að beiti sér fyrir því að vímuefnavarnaskólinn heimsæki alla grunnskóla landsbyggðarinnar þegar á næsta skólaári. Er skólanum einungis ætlað að vera fyrsta skrefið í frekari vinnu innan grunnskólans á þessu sviði með það fyrir augum að hér verði vímuefnalaus grunnskóli árið 2000.

Herra forseti. Neysla fíkniefna er alvarlegt vandamál og væntanlega eru flestir mér sammála um að fíkniefnaneysla sé ein alvarlegasta meinsemdin í okkar þjóðfélagi. Ég tel með tilliti til þess sem á undan er rakið að stjórnvöld hafi fyrir sitt leyti brugðist við þeim vanda sem menn standa frammi fyrir og markað ákveðinn farveg fyrir það starf sem ég hef hér lýst. Ástæða er til þess að ætla að þetta starf muni skila sér í betra og víðtækara forvarnastarfi en verið hefur og að meiri festa skapist varðandi meðferðarúrræði og aðstoð við fíkniefnaneytendur. Það er hins vegar alveg ljóst að það er ógerningur að vinna bug á þessum vanda nema um það náist mjög víðtæk samvinna milli stjórnvalda, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, skóla og samtaka nemenda og síðast en ekki síst gegna heimilin sjálf hér lykilhlutverki. Það er hægt að veita ráð og aðstoð af hvers kyns tagi af hálfu hins opinbera en hætt er við að fátt verði til varna ef athygli og áhugi heimila og forráðamanna ungs fólks á mótunarstigi er ekki fyrir hendi.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem hér er lögð fram en af skýrslunni er ljóst að viðskipti með fíkniefni eru mun skipulagðari nú en áður og aðgengi að efnunum orðið greiðara. Að auki hefur fíkniefnaneytendum fjölgað og aldur neytenda hefur lækkað og ekki óalgengt að fíkniefnaneyslan nái niður í 14–15 ára aldurshópinn. Það er líka athyglisvert í skýrslunni hve margir í aldurshópnum 15–19 ára hafa fengið dóma vegna

neyslu fíkniefna sem sýnir okkur glöggt hversu alvarlegur þessi vandi er.

Það sem vakti sérstaka athygli mína í þessari skýrslu var hversu áhætta fíkniefnasala virðist lítil við að flytja inn og dreifa fíkniefnum þar sem refsingar og sektir sem beitt er ef þeir nást eru vægar. Þetta tel ég mikla brotalöm og standa raunar í vegi fyrir árangursríkum aðgerðum til að sporna við innflutningi, sölu og dreifingu fíkniefna. Þannig kemur í ljós samkvæmt þessari skýrslu að fyrir innflutning á 1 kg af hassi megi vænta þriggja mánaða fangelsisvistar en hámarksrefsingu sem er 10 ára fangelsi hefur aldrei verið beitt. Þannig virðist áhættan vera lítil sem engin þegar sá sem flytur inn 1 kg af hassi á einungis von á því að fá þriggja mánaða dóm verði hann gripinn með fíkniefnin, en verulegan ágóða ef hann sleppur. Söluverðmæti 1 kg af hassi er 1,5 millj. kr.

Það vakti líka athygli mína að í yfirliti yfir uppkveðna dóma kemur fram að á árunum 1991–1995 voru kveðnir upp 84 dómar þar sem einnig var kveðið á um sektargreiðslu og námu þær alls aðeins 6 millj. kr. 6 millj. í sektargreiðslur á fimm árum en á tíu ára tímabili var heildarverðmæti upptækra fíkniefna 350 millj. kr. sem áætlað er að sé aðeins 10% af því sem er í umferð. 6 millj. í sektargreiðslur á fimm ára tímabili vegna 84 dóma, herra forseti. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort að hann telji ekki að endurskoða þurfi refsirammann og beita þyngri refsingum og viðurlögum við innflutning, dreifingu og neyslu fíkniefna. Það segir sig sjálft að gífurlegar fjárhæðir fara hjá neytendum í kaup á fíkniefnum en áætlað er að meðalneytandi neyti fíkniefna fyrir um 500 þús. kr. á ári eða um 40 þús. kr. að meðaltali á mánuði. Þegar haft er í huga að stór hluti neytenda hefur framfærslu sína eingöngu af ýmiss konar bótum og er lítið á vinnumarkaðnum og margir alveg atvinnulausir þá sjá allir að bein tengsl eru á milli þjófnaða, innbrota og annars ofbeldis í þjóðfélaginu og fíkniefna. Margt sem kemur fram í þessari skýrslu sem staðfestir það. Dökku hliðar fíkniefnaneyslunnar eru vissulega líka fleiri en hér hefur verið lýst og m.a. kemur glögglega fram í þessari skýrslu að fjöldi þeirra sem bíða varanlegt heilsutjón vegna ávana- og fíkniefnaneyslu skiptir a.m.k. nokkrum hundruðum. Alls voru 396 bráðalegur á Ríkisspítölunum árið 1994 vegna ávana- og fíkniefnaneyslu. Hlutfall kvenna sem lagðar eru inn á slysadeild hefur einnig hækkað mjög en þær eru nú um helmingur þeirra sem lagðar eru inn vegna alvarlegustu áverkanna.

Þessi skýrsla sýnir því ljóslega að þróun fíkniefnaneyslu og ofbeldis í þjóðfélaginu hefur farið á verri veg á umliðnum árum sem sýnir að við verðum saman, stjórn og stjórnaraandstaða og þeir sem að málum þessum vinna, að gera nú þegar sérstakt og skipulagt átak gegn þessum mesta bölvaldi þjóðarinnar. Samhliða er mikilvægt að hafa í huga að of mikið hefur verið gert af því að heimfæra fíkniefna- og ofbeldisvandamálin yfir á ungmennin upp til hópa sem er vitaskuld rangt því alvarlegt ofbeldi og fíkniefnaneysla er einungis bundin við mikinn minni hluta ungmenna.

Herra forseti. Alvarlegasta og hörmulegasta hlið fíkniefnaneyslunnar eins og fram kemur í þessari skýrslu er að þeir sem neyta fíkniefna hafa sterka tilhneigingu til sjálfsvíga en alls höfðu 30% þeirra sem handteknir voru vegna fíkniefnamála fyrstu fjóra mánuði ársins 1995 gert tilraun til sjálfsvígs. Vissulega er þessi sorglega og dökka hlið fíkniefnaneyslunnar afar vandmeðfarin í umræðunni en við getum varla leitt hana hjá okkur. Við komumst heldur ekki hjá því að líta til orsaka þess vanda að börn og ungmenni í vaxandi mæli ánetjast fíkniefnum. Það er vafalaust efni í aðra umræðu hér á hv. Alþingi því orsakasamhengi milli vaxandi fíkniefnaneyslu og ofbeldis í þjóðfélaginu og mikilla þjóðfélagsbreytinga á sl. einum til tveimur áratugum er augljós. Áberandi er upplausn fjölskyldna, vaxandi erfiðleikar og álag við framfærslu heimila og þyngri framfærslubyrði svo og vaxandi atvinnuleysi og aukin gjaldþrot heimila í landinu. Má í þessu sambandi nefna að í könnun sem gerð var 1994 kemur fram að 75% aðspurðra sögðu að ástæða aukins ofbeldis og fíkniefnaneyslu væru erfiðar heimilisaðstæður. Við sjáum líka nær daglega í blöðum hvernig innbrot, þjófnaður og ofbeldi vex dag hvern í þjóðfélaginu og ofbeldi virðist oft beitt af litlu tilefni. Auk þess hafa aðferðir og áverkar vegna ofbeldis orðið alvarlegri en áður. Þessi þróun hefur ekki bara orðið samfélaginu dýr í aukinni félags- og heilsufarslegri þjónustu heldur kostað heill og hamingju þúsunda fjölskyldna í landinu.

Herra forseti. Það sem vekur sérstakan óhug í þessari skýrslu er yfirlit yfir haldlögð fíkniefni sl. 10 ár sem metin eru alls að verðmætum á rúmar 350 millj. kr. Sé notuð sama viðmiðun og erlendis eins og segir í skýrslunni að hald sé lagt á um 10% þeirra efna sem koma inn í landið þá má ætla að áætlað verðmæti fíkniefna sem flutt hafi verið til landsins sl. 10 ár sé um 3,5 milljarðar kr. Þetta vekur vissulega upp áleitnar spurningar sem engin svör fást við í þessari skýrslu. Hvaðan kemur allt þetta fé til að fjármagna fíkniefnaneysluna? Hefur það verið sérstaklega og markvisst kannað og farið ofan í saumana á því hvort fjársterkir einstaklingar standa að baki ólöglegum innflutningi fíkniefna og noti hin svokölluðu burðardýr til að koma þeim til landsins? Er ástæða til að ætla með tilliti til þess sem haldið er fram í skýrslunni að hér hafi þróast skipulagður fíkniefnamarkaður, að net fíkniefnamarkaðarins sé svo þrautskipulagt hér á landi að hér hafi að einhverju leyti fest rætur einhverjir mafíuhringir sem skipuleggja innflutning á fíkniefnum til landsins? Miðað við hve fíkniefnamarkaðurinn er orðinn skipulagður og hve neyslan hefur aukist er varla hægt að útiloka að við séum flækt inn í net erlendra fíkniefnahringa sem tengist hér á landi fjársterkum aðilum sem hvergi koma sjálfir nærri innflutningi eða dreifingu á efnunum en nota til þess svokölluð burðardýr eða fíkniefnaneytendur til að flytja þau til landsins og dreifa. Hvernig er rannsókn mála háttað þegar hin svokölluðu burðardýr eru gripin sem kannski eru fórnarlömb fjársterkra aðila sem hugsanlega fjármagna innflutninginn? Hvaða aðferðum beitir fíkniefnalögreglan til að rekja slóðir peningamanna sem hugsanlega standa að baki þessum innflutningi? Er eingöngu látið nægja að sakfella burðardýrin eða er reynt að kafa dýpra ofan í málin og rekja slóðina hvaðan fjármagn kemur til þessarar gífurlegu neyslu? Er tollgæslan og fíkniefnalögreglan kannski ekki búin þeim mannafla, tækjakosti og rannsóknaraðstöðu til að ná til þeirra sem raunverulega skipuleggja gífurlegan innflutning fíkniefna til landsins? Spyrja má líka: Er til skipulagt og samræmt net um allt land til að koma í veg fyrir innflutning með skipum til landsins? Því er einmitt haldið fram í blaði núna um helgina af fíkniefnaneytenda að innflutningur ætti sér að mestu leyti stað með skipum en ekki í gegnum Keflavíkurflugvöll. Höfum við allt það samstarf við erlend toll- og löggæsluyfirvöld sem hugsanlegt er til að fá vitneskju um það þegar grunur leikur á um áform um fíkniefnainnflutning til landsins? Þannig mætti lengi spyrja, virðulegi forseti, en engin svör fást við þessu í skýrslunni.

Stærsti hluti fíkniefnaneytenda hefur flosnað úr námi eða eru á einhvers konar bótum frá hinu opinbera. Stór hluti er í stopulli eða engri vinnu. Varla hafa þessir einstaklingar mikið fjármagn til neyslunnar eða standa í miklum innflutningi á fíkniefnum. Vissulega ber hér að geta fyrirvara í skýrslunni um að ekki sé víst að 10% viðmiðun við haldlögð fíkniefni eigi við hér á landi. En það eru heldur ekki færð nein rök fyrir því að fíkniefnamarkaðurinn sé minni hér á landi en annars staðar. Í skýrslunni er þess getið að mikilvægt sé að afla vitneskju um hversu mikið af fíkniefnum er á markaði hér á landi og það hefði verið fróðlegt að fá fram svör hæstv. forsrh. við því hvort eitthvað sé á döfinni í því efni en það kemur ekki fram í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin boðar í þessari skýrslu.

Einnig hefði verið ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvort að hann telji að skipulagning og samræming aðgerða hjá tollgæslu og fíkniefnalögreglunni hér á landi sé með þeim hætti að tryggt sé að um allt land sé skipulagt öryggisnet og samvinna milli eftirslitsaðila þannig að innflytjendur hafi hvergi óhindraðan aðgang við innflutning efnanna. Þar vísa ég til þess sem haft var eftir fíkniefnaneytanda í DV nú um helgina að skipin séu helsta leiðin fyrir fíkniefni inn í landið.

Herra forseti. Við höfum séð á undanförnum dögum hve okkar lögregla og tollgæsla sem fæst við fíkniefnavandann er í mikilli hættu og hve öryggi þeirra er ógnað þegar þeir reyna að koma í veg fyrir innflutning og dreifingu fíkniefna og hve harðsnúinn fíkniefnaheimurinn er orðinn. Okkur ber skylda til að búa þessu fólki allt það öryggi sem í okkar valdi stendur bæði að því er varðar mannafla og tækjakost en viðurkennd er í skýrslunni brotalöm í þessu efni. Meðal annars er nefnt að ekki liggi fyrir nein áætlun um nauðsynlegan starfsmannafjölda við ávana- og fíkniefnarannsóknir og vegna þess hve fíkniefnaviðskipti eru orðin skipulögð hér á landi sé mun erfiðara og flóknara að stunda nauðsynlegar rannsóknir sem sífellt kalla á endurnýjun tækja- og tæknibúnaðar sem fjárskortur hefur hamlað að hægt sé að endurnýja með eðlilegum hætti.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort atburðir síðustu daga hafi ekki gefið tilefni til að skoða þennan öryggisþátt betur sem snýr að fíkniefnalögreglu og tollgæslunni, þ.e. tækjabúnað, mannafla og rannsóknaraðstöðu. Úrbætur í því efni mundu ekki einungis tryggja betur öryggi þessa fólks heldur einnig gera okkur betur í stakk búin til aðgerða gegn fíkniefnum sem margfalt munu skila sér aftur til þjóðfélagsins hvernig sem á málið er litið.

Ég tel líka mikilvægt að samræma allar aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu og innflutningi fíkniefna. Ekki bara á vegum toll- og löggæslu heldur einnig á sviði ráðuneyta en nú eru það mörg ráðuneyti sem bera ábyrgð á þessum málaflokki eins og dómsmrn., menntmrn., félmrn., heilbr.- og trmrn. Einnig þarf að tryggja að samræmi sé í aðgerðum milli sveitarfélaga og ríkis en úrræði, t.d. meðferðarúrræði, eru mjög misjöfn eftir sveitarfélögum. Ég tel að það verði best gert með því að fela einu ráðuneyti ábyrgð og yfirstjórn þessa málaflokks en síðan gæti sérstök stjórn á vegum þessa ráðuneytis með fulltrúa viðkomandi ráðuneyta haft með höndum heildarsamræmingu milli ráðuneyta. Það olli mér því vonbrigðum það sem fram kom í máli hæstv. forsrh. Mér fundust undirtektir við það að fela einu ráðuneyti yfirstjórn þessara mála daufar og tíndi hæstv. forsrh. fram rök sín í þessu efni. Ég held að ef einu ráðuneyti væri falin yfirstjórnin en síðan væri sérstök stjórn þar sem í ættu sæti fulltrúar allra ráðuneyta væri best til þess fallið að koma á markvissum vinnubrögðum í þessu efni. Ég minni á í því sambandi að málaflokki fatlaðra var hér á árum áður skipt á milli fjögurra eða fimm ráðuneyta. Þá var mikil brotalöm á þeim málaflokki vegna þess að hvert ráðuneyti vísaði á annað og það komst ekki gott skipulag á þann málaflokk fyrr en einu ráðuneyti var falin yfirstjórn hans og sérstakri stjórnskipaðri nefnd var falið að hafa samræminguna með höndum. Þess vegna veldur þetta svar hæstv. forsrh. mér vonbrigðum.

Ég vil víkja nokkuð að umfjöllun um kynferðisbrot sem fjallað er um í þessari skýrslu. Það vekur undrun mína þar líkt og um sektir við fíkniefnabrotum að dómar eru svo vægir að undrun sætir. Í skýrslunni kemur fram að á sl. 10 árum hafa verið kveðnir upp 179 dómar vegna kynferðisbrota og einungis kveðið á um sektargreiðslur í 6 dómum af þessum 179 að upphæð 424 þús. kr. Maður spyr hvaða aðhald sé í slíkum dómum, 6 dómar af 179 og heildarfjárhæð sekta 424 þús. kr. á 10 ára tímabili. Það veldur mér vissulega vonbrigðum sem fram kemur í skýrslunni að ekki eru nein áform uppi um að þyngja refsingu vegna kynferðisbrota eða gera ráðstafanir til að refsirammanum verði beitt þannig að hann hafi meiri varnaðaráhrif, t.d. að dómurum verði ekki heimilt að fara niður fyrir lögákveðna refsingu fyrir tiltekið brot.

Herra forseti. Það var spurt í þessari skýrslu um hve mikill upptækur hagnaður hafi verið af sölu ávana- og fíkniefna sl. tíu ár og að hve miklu leyti honum hafi verið ráðstafað til forvarna gegn fíkniefnum. Því er haldið fram í skýrslunni að fjárhæðir vegna þessa séu óverulegar en fjármunir vegna upptæks hagnaðar sem til fellur renni í ríkissjóð. Þetta kemur mér nokkuð á óvart. Þar vísa ég til þess að á árinu 1984 beitti ég mér fyrir því hér á þingi að samþykkt var heimildarákvæði í 6. gr. fjárlaganna að þessum fjármunum yrði varið til fyrirbyggjandi aðgerða í fíkniefnamálum en á því ári kom 1 millj. til ráðstöfunar vegna upptæks hagnaðar af sölu ólöglegra fíkniefna. Hélt ég satt að segja að þessi heimild væri enn til staðar og fjármunir rynnu til forvarnaaðgerða í fíkniefnamálum. Ég tel því þetta svar ófullnægjandi og tel ástæðu til að skoða þetta mál nánar. Sé þessi heimild ekki enn til staðar þá þarf að endurvekja hana við næstu fjárlagagerð.

Ég vil fagna því sem fram kemur í þessari skýrslu og í máli hæstv. forsrh. hér áðan að til ýmissa aðgerða hefur verið gripið ekki síst á sviði fræðslu til að draga úr notkun fíkniefna. Einnig er í skýrslunni kveðið á um, það er að vísu vægt tekið til orða en það er kveðið á um að það þurfi að skoða að herða viðurlög við dreifingu fíkniefna og að efla löggæslu og forvarnir á sviði ávana- og fíkniefna og fagna ég því mjög. Vissulega þarf einnig að bæta úrræði og leita nýrra leiða til að endurhæfa ungmenni sem leiðst hafa út í neyslu ávana- og fíkniefna svo og að skoða meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem í tengslum við ávana- og fíkniefnaneyslu hafa leiðst út í afbrot og fengið á sig refsidóma vegna þeirra. Ég skil mál hæstv. forsrh. svo að það mál sé líka í skoðun.

Virðulegi forseti. Ég ítreka í lokin þakklæti til forsrh. fyrir þá skýrslu sem hér er til umræðu og vænti þess að stjórn og stjórnarandstaða taki höndum saman um árangursríkar aðgerðir til að sporna við fíkniefnaneyslunni, þessum mesta bölvaldi í þjóðfélaginu.

[16:02]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra þá skýrslu sem hér er til umræðu. Og einnig þeim

hv. þm. sem báðu um skýrsluna. 12. des. sl. fór fram hér á Alþingi utandagskrárumræða sem bar svipaða yfirskrift og skýrsla hæstv. forsrh. sem hér er til umræðu, þ.e. fíkniefna- og ofbeldisvandinn. Það má segja að skýrslan staðfesti allt sem fram kom í þeirri umræðu. Þar vitnuðu flestir ræðumenn í skýrslu sem unnin var á vegum lögregluembættisins í Reykjavík. Það er heldur lítið um nýjar upplýsingar í skýrslu hæstv. forsrh. Þar er frekar staðfest að lítið er um rannsóknir á orsökum og afleiðingum stóraukinnar fíkniefnaneyslu og þá sérstaklega hjá unglingum. Það vekur óneitanlega athygli og vekur mann til umhugsunar að það eru ansi margir kaflar eða svör við spurningum sem settar voru fram í skýrslubeiðninni sem byrja á þessa leið:

Því miður er erfitt að gera nákvæma úttekt á heildarstærð fíkniefnamarkaðar á Íslandi. Mjög erfitt er að segja til um magn þeirra fíkniefna sem flutt hafa verið til landsins. Í raun er ekki hægt að áætla hve margir hafa beðið varanlegt heilsutjón af völdum áfengis- og fíkniefnaneyslu sl. tíu ár. Því miður liggja ekki fyrir nægjanlegar rannsóknir á þessum málum til að geta sagt til um heildarkostnað samfélagsins vegna fíkniefnaneyslu. Mjög eru skiptar skoðanir. Ekki liggur fyrir nein áætlun um starfsmannafjölda við ávana- og fíkniefnarannsóknir. Það hafa alltaf heyrst raddir um ... Telja má að þessar tölur ... Ekki liggja fyrir traustar upplýsingar ... Telja verður frekar ólíklegt ... Þannig er hægt að halda áfram út í gegnum skýrsluna. Engar rannsóknir liggja fyrir um þetta atriði ... Þar er átt við það hvort afbrot séu hlutfallslega tíðari í þéttbýli eða dreifbýli og hvort það liggi fyrir einhverjar rannsóknir þar um. Síðan er spurning sem er á bls. 21, spurning nr. 6: Hefur verið gerð rannsókna á því hvort aukið atvinnuleysi hér á landi undanfarin ár hafi tengst fjölgun afbrota? Ef svo er, hvaða afbrotum helst? Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessum málum? Svarið við því byrjar þannig: Ekki er vitað um að neinar rannsóknir hafi verið gerðar hérlendis sem beinlínis hafi tekið á þessu máli.

Áttunda spurningin er: Hver er tíðni ofbeldisverka hér á landi og samanburður við önnur lönd? Svarið er: Lítið fer fyrir rannsóknum af þessu tagi hér á landi. Því miður byrja flest svörin á þessa leið. Skýrslan er í raun sorgleg staðreynd en sýnir svo ekki verður um villst hversu lítið við vitum um þróun og afleiðingar aukinnar fíkniefnaneyslu í þjóðfélaginu. Þrátt fyrr alla þá umræðu sem fram hefur farið hér á Alþingi og kröfur um aukið fjármagn til að sinna forvarnastarfi og meðferðarúrræðum ýmiss konar og þótt öllum sé fullljóst að neysla fíkniefna hefur stóraukist sýnir hún að stefnumörkun vantar. Forvarnastarf er ekki samræmt undir einni yfirstjórn, störf og sameiginleg stefnumörkun þeirra ráðuneyta sem koma að þessum málaflokki er ekki fyrir hendi. Þetta sýnir okkur að við höfum í mörg ár sofið á verðinum og ekki viljað viðurkenna þær staðreyndir sem hafa blasað við. Þótt fjöldi foreldra um allt land standi ráðþrota frammi fyrir því að barn hefur ánetjast eiturlyfjum hefur í raun sáralítið gerst frá því að málin voru rædd á Alþingi síðast og reyndar þar áður líka.

Umræðan á Alþingi hefur verið málefnaleg og það hafa allir lýst vilja sínum til að taka á vandanum en það hefur sáralítið gerst. Nýjar nefndir hafa verið settar á laggirnar. Þar sitja hinir ýmsu sérfræðingar sem sumir hverjir hafa starfað við forvarnafræðslu eða við meðferð fíkniefnaneytenda. Það vekur athygli að á bls. 18 er sagt frá nýrri nefnd, hæstv. forsrh. gat líka um hana í skýslu sinni, sem hefur verið sett á laggirnar núna en hana skipa fulltrúar dómsmrn., menntmrn., félmrn. og heilbr.- og trmrn. Hlutverk þessarar nefndar er að samræma aðgerðir vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum og jafnframt var ákveðið að stofna nefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum. Síðan er farið yfir verkefni nefndarinnar. En á bls. 24 í þessari skýrslu stendur, með leyfi forseta:

„Eins og áður er getið sætir heildarskipulag í forvarnamálum nú endurskoðun af nefnd sem ríkisstjórnin ákvað að skipa að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra og starfar á vegum þess ráðuneytis. Bent er á að um áratug og þar til á síðasta ári starfaði á vegum forsætisráðuneysti sérstök samstarfsnefnd ráðuneyta um fíkniefni, en í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Hlutverk nefndarinnar var m.a. að samræma störf ráðuneyta og stofnana að fíkniefnavörnum."

Hvað skyldi nú hafa komið út úr þessu áratugastarfi og hvar er skýrslan sem þessi nefnd hlýtur að hafa skilað um sitt starf? Munurinn á verkefni þeirrar nefndar og þeirrar sem getið er um í skýrslunni að hafi verði stofnuð núna á þessu ári virðist vera sá að fjmrn., sem vissulega hlýtur að koma að þessum málum í umræðunni þegar ákveðnar eru fjárveitingar, er tekið út. Það væri líka fróðlegt að vita hvort sú nefnd sem starfaði þarna um áratuga skeið hefur haft samvinnu eða samráð við þá sem málið snertir hvað helst. En það er oft heldur lítið leitað til þeirra sem fást við vandamálið í návígi. Það eru foreldrar og aðstandendur fíkniefnaneytenda sem aftur og aftur hafa vitnað um það í samtölum og fjölmiðlum að þegar leitað er á náðir yfirvalda vegna fíkniefnaneyslu ungs fólks þá reki foreldrar sig á veggi. Verst er ástandið hjá foreldrum ungra fíkniefnaneytenda. Þar eru úrræðin fá og smá. Ljóst er að við þá endurskipulagningu og þær breytingar sem gerðar voru á málaflokki barna og unglinga þegar ákveðið var að leggja niður nokkrar stofnanir sem áður sinntu meðferðarmálum og ráðgjöf vegna ungs fólks hefur ástandið ekki batnað, e.t.v. vegna þess að þær stofnanir sem ákveðið var að setja á fót hafa enn ekki tekið að fullu til starfa.

Yfirlýst markmið þeirra breytinga var að laga þjónustuna sem best að eftirspurninni og styrkja stjórnsýslueftirlit og ráðgjöf í barnaverndarmálum. Enn fremur að aðskilja rekstur meðferðarheimila og eftirlit og ná fram betri nýtingu á meðferðarrýmum og auka hagræðingu í rekstrinum yfirleitt. Loka átti móttökudeildinni í Efstasundi 86, meðferðarheimilinu Sólheimum 7, Tindum og unglingaráðgjöfin var lögð niður í ársbyrjun 1995. Þessar deildir á síðan að sameina í meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga sem hefur fengið nafnið Stuðlar. Aðrar deildir yrðu gerðar að sjálfstæðum rekstrareiningum undir eftirliti Barnaverndarstofu. Þessar skipulagsbreytingar eiga að spara okkur u.þ.b. 40–45 millj. kr. á ári. Tindum hefur verið lokað og meðferðarstarfinu var haldið áfram á dagdeild. Upphaflega var jafnvel reiknað með að dagdeildin yrði rekin áfram eftir að nýja stofnunin, Stuðlar, yrði tekin í notkun í sumar. Nú hefur hins vegar verið ákveðið eftir því sem mér er sagt að dagdeildinni verði lokað 1. júlí nk. án þess að séð verði hvað kemur í staðinn. Meðferðarrými á Stuðlum verða tíu auk neyðarvistunar. Þar á einnig að vera viðamikil eftirmeðferð. Það verður ekki séð annað en að þessar breytingar hafi í för með sér enn færri meðferðarrými en verið hefur og auk þess er mjög hæpið að stærð húsnæðisins og staðsetning geti komið að fullu í stað þeirrar meðferðar sem í dag er rekin á dagdeildinni. Eftir því

sem ég best veit er ekki enn komin heimild frá hæstv. félmrh. til að ganga frá ráðningu starfsfólks að Stuðlum þannig að lítið er hægt að segja um það hvert umfang starfseminnar verður.

Ég hefði viljað sá í skýrslu hæstv. forsrh. að í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru kæmi framsækin og djörf stefnumörkun út frá því sjónarmiði að hér er um að ræða nauðsynlega þjónustu við fjölskyldur og þá vitneskju okkar að sá hópur barna og unglinga sem ánetjast fíkniefnum er því miður orðinn mjög stór. En mörgum spurningum er enn ósvarað þrátt fyrir þessa skýrslu sem opinberar svo illilega að við höfum enga heildarsýn yfir vandamálið og að stefnumörkunin er engin. Ég beini spurningum mínum, virðulegi forseti, e.t.v. fyrst og fremst til hæstv. félmrh. og vil þá gjarnan fá að vita hver er niðurstaða þeirrar endurskoðunar og þeirra breytinga á málefnum barna og unglinga sem staðið hefur yfir undanfarin ár og hvaða breytingar hafa átt sér stað í þjónustu hins opinbera varðandi þá starfsemi sem áður heyrði undir Unglingaheimili ríkisins. Hvaða aðrar breytingar eru fyrirhugaðar og hvenær er áætlað að starfsemi hefjist í meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga á Stuðlum í Grafarvogi? Hve mörg vistunarrými verða í þessari nýju byggingu? Hve mörg vistunarrými leggjast niður á öðrum heimilum? Hversu mörg verða stöðugildin á meðferðarstöðinni? Er það mat hæstv. ráðherra að Stuðlar komi að fullu í stað Tinda og þeirra stofnana sem voru lagðar af? Hve mörg pláss verða þá í heildina fyrir börn og unglinga sem hafa ánetjast vímuefnum? Jafnframt væri fróðlegt að fá að vita það hjá hæstv. ráðherra hvort ráðgert er að starfrækja dagdeildarþjónustu fyrir unglinga í vímuefnavanda. Hvar verður þá sú starfsemi og hvað verður um það fé sem sparaðist við þessa breytingu, þessar 40–45 millj. kr.? Mun það verða notað í þágu barna og unglinga og þá með hvaða hætti?

Það er, svo ekki sé meira sagt, löngu tímabært að tekið sé á þessum málum í heild sinni og samræmd verði starfsemi allra þeirra ráðuneyta sem koma að þeim. Það er löngu tímabært að við beitum sérstökum úrræðum varðandi refsingu ungra fíkniefnaneytenda sem leiðst hafa út á braut afbrota. Það er vitað að þeir sem eru í harðri neyslu lenda flestir í því að brjóta af sér þó að í skýrslunni séu ekki tekin af öll tvímæli um það. Þar segir á bls. 11 við spurningunni sem beint var til hæstv. ráðherra í skýrslunni: „Eru fíkniefnaneytendur líklegri en aðrir til að frema afbrot? Ef svo er, hvaða afbrot helst?“ Í svarinu segir, með leyfi forseta: „Með neyslu sinni á fíkniefnum brjóta menn lög landsins. Hvort fíkniefnaneytendur séu líklegri en almennir borgarar til að brjóta aðrar reglur samfélagsins er erfitt að svara. Það er ljóst að mikið fjármagn þarf til að neyta fíkniefna. Sumir sem neyta þessara efna hafa ekki launaða vinnu og má því spyrja hvernig hægt sé að vera í neyslu dýrra efna og hafa ekki neina launaða vinnu. Af þeim ástæðum hefur verið bent á að neytendur fíkniefna neyðast til að fremja afbrot til að fullnægja fíkn sinni.“ Síðar segir í þessu sama svari: „Ef tekið er mið af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið virðist sem neysla fíkniefna sé hvati að frekari brotastarfsemi. Rétt er að geta þess að aukning hefur einnig verið á framboði fíkniefna sem oft tengjast ofbeldisverkum. Er hér einkum átt við amfetamín.“ Það eru ekki tekin af öll tvímæli þess efnis að aukin neysla fíkniefna leiði til aukinna afbrota en þó segir á bls. 25 og það kemur fyrir að maður rekst á mótsagnir í þessari skýrslu þar sem spurningarnar eru, með leyfi forseta: „Hvernig hefur ofbeldi breyst á undanförnum árum með tilliti til alvarleika og þess hvar því er beitt?“ Og: „Hvaða aðferðum er algengast að beitt sé við ofbeldisverk og hverjar eru helstu orsakir ofbeldis?“

Hér byrjar auðvitað svarið á því að það liggi fáar rannsóknir til grundvallar því sem á eftir kemur. En það er samt sem áður bent á að önnur fíkniefni en áfengi eru ekki eingöngu ofbeldishvetjandi heldur verða neytendur oft haldnir ofsóknarbrjálæði. Það segir okkur það og bendir okkur á að það eykur verulega líkurnar á því að afbrot aukist frá því sem áður var hjá þeim sem neyta fíkniefna. En unglingar sem hafa leiðst inn á þessa braut afbrota eiga margir hverjir ekkert erindi inn í fangelsi landsins þrátt fyrir þær skipulagsbreytingar sem þar er verið að gera. Þeir þurfa í sérstaka meðferð og möguleiki til slíkrar starfsemi er fyrir hendi. Það á ekki einungis að refsa þessum unglingum. Það þarf að aðstoða þá við að byrja lífið að nýju. Ríkið á fasteignir sem gætu hentað til slíkrar starfsemi. Ég nefni t.d. Gunnarsholt í Rangárvallasýslu þar sem aðstaða er til vistunar, til meðferðar, til skólastarfs og til vinnu. En það er einnig vitað og það vita allir sem eitthvað hafa fylgst með þessum málum að neysla fíkniefna hefur veruleg áhrif á fjölskyldulíf og verður jafnvel til þess að splundra fjölskyldum. En um það segir hins vegar í skýrslu hæstv. forsrh. á bls. 17 þegar eftirfarandi spurningu er beint til ráðherrans: „Hafa verið gerðar athuganir á áhrifum fíkniefnaneyslu á fjölskyldur fíkniefnaneytenda? Ef svo er, hverjar voru niðurstöður og hvernig á að bregðast við þeim?“ Og þá kemur svarið, með leyfi forseta: „Ein rannsókn er í gangi á vegum lögreglustjórans í Reykjavík þar sem þessi mál eru könnuð. Vænta má niðurstaðna úr henni á árinu 1996. Erlendar rannsóknir eru margar og flestar komast að þeirri niðurstöðu að neysla fíkniefna hafi mjög slæm áhrif á allt fjölskyldulíf. Á það jafnt við hvort heldur er neysla hjá foreldrum eða börnum. Oft ríkir mikil upplausn á heimilum þar sem foreldrar eru í neyslu fíkniefna og eru dæmi þessa mjög mörg. Sömu sögu er að segja um áhrif þess á fjölskyldulíf ef börn hefja neyslu fíkniefna. Foreldrar standa ráðþrota frammi fyrir vanda sem þeir þekkja lítið til og eiga oft erfitt með að bregðast við.“ Og síðan kemur það sem maður gæti ætlað að væri svarið við spurningunni um áhrif á fjölskyldulíf eftir að einstaklingurinn hefur hafið neyslu, en þá kemur niðurlag svarsins: „Þegar metið er hvað skynsamlegt sé að gera í forvörnum í fíkniefnamálum verður að taka mið af því að fræðslan má ekki vera bundin við börnin og unglingana heldur þarf einnig að miðla fræðslu til foreldra.“ Þarna er verið að spyrja um allt aðra hluti og biðja um svör við því hvernig við viljum bregðast við og aðstoða þær fjölskyldur þar sem fíkniefnaneysla er til staðar á heimilum nú þegar. En vægara getur svarið ekki verið. Staðreyndirnar blasa við og allir sem hafa kynnt sér þessi mál vita hver áhrifin eru á fjölskyldulíf.

En það er heldur ekki úr vegi að spyrja hæstv. heilbrrh., úr því að forvarnastarfið var nú nefnt í þessu svari, um úthlutun úr svokölluðum Forvarnasjóði þar sem munu vera um 29 millj. kr. til úthlutunar. Hefur hæstv. ráðherra haft í huga við þá ákvarðanatöku að samræma þarf alla forvarnastarfsemi svo fari saman góð nýting fjármuna og árangursríkt starf? Nú þegar er búið að úthluta úr þessum sjóði. Ég held að það hafi verið um 50 millj. sem voru áætlaðar á fjárlögum og við þá úthlutun, þegar tekin var ákvörðun um það hér á Alþingi í vetur, fannst mér skorta mikið á að það væri lögð áhersla á að samræma forvarnastarfið og beina fjármagninu þannig að það hefði áhrif til þessara samræmingar. Og ég spyr einnig

hvort fjármunum þessa sjóðs hafi eingöngu verið úthlutað til forvarnastarfsemi vegna áfengisneyslu, eins og reyndar segir í lögum um sjóðinn, eða var úthlutað til forvarna vegna aukinnar neyslu annarra vímuefna? Hvar er þá lagaheimildin fyrir þeirri úthlutun ef svo hefur verið? Við getum ekki setið aðgerðalaus eða aðgerðalítil í þessum málum og það gengur ekki að tala um vandann. Hann er einfaldlega af þeirri stærðargráðu að grípa verður til aðgerða strax.

Á hverju ári og jafnvel oftar en einu sinni á ári höfum við ákveðið aukafjárveitingar til ýmissa verkefna sem hafa verið talin bráðaðkallandi eins og dæmin sanna. Ef fjárvöntun er það sem kemur í veg fyrir að þessum málum verði tekið þá legg ég til að Alþingi verði gerð grein fyrir því um hvaða upphæðir er að ræða á sviði löggæslu, tollgæslu, forvarna, meðferðarstarfsemi og til meðferðarstarfsemi vegna ungra fíkniefnaneytenda sem sitja í fangelsum landsins. Það verði síðan lagt í hendur alþingismanna að taka á þeim málum. Að öðru leyti hlýtur það að vera krafa okkar að hæstv. ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum þess nefndarstarfs sem í gangi er sem og starfi þeirrar nefndar sem hefur starfað undanfarinn áratug eins og ég nefndi hér áður.

[16:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt mál sem við erum að ræða núna, fíkniefnavandinn, og það er líka nauðsynlegt að sú umræða beri árangur. Ég nefndi hér í desember þegar við höfðum mjög góða umræðu um þessi mál að Alþingi ætti ekki að láta fjölmiðla stjórna umfjöllun sinni um þessi afdrifaríku mál heldur ættu þingmenn virkilega að vinna að því saman að finna úrlausn. Ég held því fram að umræðan í desember hafi verið mjög góð og við fengum þá upplýsingar sem eru margar hverjar í þessari skýrslu þannig að í henni er kannski ekki svo mjög margt nýtt. Seinna við umfjöllun um þingmál lagði ég til að félmn. og heilbrn. og vonandi allshn. líka héldu sameiginlegan fund og fengju þá aðila sem boðað var að væru að vinna í þessu máli fyrir hönd stjórnvalda á sinn fund svo við gætum, stjórn og stjórnarandstaða, sýnt viljann í verki með því að fylgjast með framvindu í þessum málaflokki, fylgjast með því sem stjórnvöld hygðust gera og leggja okkar af mörkum. Til að fylgja þessari tillögu eftir ritaði ég bréf þessa efnis til formanna beggja nefndanna og þetta hefur verið rætt í báðum nefndunum en annir í þinginu í öðrum „mikilvægari málum" hafa verið slíkar að það hefur þurft að fresta slíkum fundi. Af honum getur ekki orðið fyrr en í þinglok eða a.m.k. eftir að nefndir ljúka störfum. Ég mun leggja mikla áherslu á að halda áfram að fylgja því eftir í minni nefnd að slíkur fundur komist á því ég tel að það sé hagur allra að við reynum að vinna saman að þeim málum sem geta horft til góðs í þessum hrikalega vandamálaflokki, ef ég get orðað það svo.

Þessi skýrsla sem við fengum og höfum ákveðið að ræða er mjög viðamikil, þ.e. spurningarnar eru mjög margar sem settar eru fram en svörin eru ekki mjög ítarleg og sums staðar eru reyndar engin svör, virðulegi forseti. Það kemur mér ekki á óvart að ekki kemur margt nýtt fram í skýrslunni en engu að síður er mjög gagnlegt að í skýrslunni eru tekin saman svör og upplýsingar sem eru þá tiltæk á einum stað. Áður en ég vík að skýrslunni sem slíkri ætla ég aðeins að koma inn á það sem mér finnst mikilvægt í henni og það er þá helst eins og hér hefur verið nefnt að áætlað verðmæti haldlagðra fíkniefna á 10 árum eru 350 millj. Nú erum við að tala um forvarnir og að verja auknu fé til forvarna en það eru 50 millj. samtals sem á að verja til þessa og í Forvarnasjóð sem í raun samkvæmt lögum á eingöngu að vinna að áfengisvörnum. Þá má nefna af því við erum að tala um tölur, 350 millj. haldlagt efni, 50 millj. til forvarna að götuverðmæti þeirra efna sem hald var lagt á á árinu 1995 er áætlað um 40 millj. ef eingöngu eru skoðuð þau efni sem mest eru í dreifingu um þessar mundir, þ.e. hass, amfetamín og E-töflur. Það sem mér finnst líka merkilegt og vil árétta áður en ég vík að skýrslunni er að það er ekki vitað hvort efni kemur aðallega með flugi eða skipum. Hvort það er flutt til landsins með burðardýrum eða í öðrum flutningi. Það er ekki vitað hvort efni kemur til höfuborgarsvæðisins og er dreift út á landsbyggðina eða öfugt. En það er vitað að neyslu er nú til að dreifa á flestum þéttbýlisstöðum landsins og það er vitað að foreldrar leita örvinglaðir leiða til að fylgjast með og fyrirbyggja og að í mörgum bæjum eru gönguhópar skipulagðir, svokallað foreldrarölt, á svæðin sem sögur fara af. Og þetta, virðulegi forseti, er mjög mikilvægt að staldra við.

Ég ætla að leyfa mér að fletta skýrslunni örlítið og staldra við það sem þar kemur fram og mér hefur þótt merkilegt. Ég legg áherslu á að við höfum fjallað um þetta allt áður í hverri einustu umræðu hér. Fíkniefnaneytendum hefur verið að fjölga, aldur neytenda lækkar, dómar í fíkniefnamálum eru vægir og sektir hrikalega lágar. Þetta kemur fram í skýrslunni. Dómar vegna eins kg af hassi eru þriggja til fimm mánaða fangelsisvistir. Umfang hefur aukist mjög mikið. Viðskipti með fíkniefni eru orðin mjög skipulögð, haldlögð fíkniefni mjög mismunandi frá ári til árs og mjög mismunandi hvort það er þetta efnið eða hitt sem lagt er hald á hverju sinni. Ekki er vitað hvort haldlagt efni endurspeglar magn efnis í umferð eða hvort það er tilviljun hvaða efni hefur náðst hverju sinni. En ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að yfirlit yfir haldlögð fíkniefni á sl. 10 árum sem er hér á bls. 5 sýnir t.d. að á árinu 1995 var hald lagt á 1820 E-töflur, sem valda nú einmitt svo miklum óróa. Götuverðmæti er áætlað u.þ.b. 6–9 millj. kr.

Slíkar upplýsingar getum við fengið í skýrslu. En í svona skýrslu stendur ekki það sem er miklu hrikalegra eins og það sem var rætt manna á meðal í vetur að á ákveðnum skemmtistöðum í Reykjavík væri vatnsglasið selt á 100 kr., vatnsglas selt á 100 kr. á skemmtistað. Vegna hvers? Jú, vegna þess að ungmennin urðu svo þyrst af E-töflunum og þau keyptu ekkert á skemmtistaðnum en báðu stöðugt um vatn. Og hvað gerir maður þá? Þá selur maður vatnið. Svona staðreyndir er ekki hægt að setja í skýrslu, en slíkar staðreyndir verða að koma í umræðuna líka.

Það kemur líka fram í skýrslunni að það megi telja líklegt að það verði mikið heilsutjón af neyslunni, en það liggja engar rannsóknir fyrir um það. Það kemur einnig fram að þau séu aðeins þrjú skráð dauðsföll vegna áfengisneyslu 1989 og það sé aðeins hægt að rekja fáein dauðsföll beinlínis til ofneyslu ávana- og fíkniefna, en bara það sem komið hefur fram í fjölmiðlum á allra síðustu árum segir okkur að þessi tala er ábyggilega alveg skuggalega há í litlu landi eins og okkar.

Það er líka spurt um afbrotin og líkum er aðeins leitt að því hver þáttur vímuefna sé í aukningu afbrota, en flestir telja að enginn vafi leiki á því að afbrot til þess að fjármagna ávana- og fíkniefnaneyslu hafi aukist. Það kemur líka fram að það er mjög gott aðgengi ungmenna að efnum. Það kemur fram á bls. 12.

Hins vegar, virðulegi forseti, langar mig að beina ákveðnum atriðum til dómsmrh. sem hér situr. Ég fagna því sérstaklega að ráðherrarnir hafa svo margir gefið sér tíma til að sitja hér og hlýða á þessa umræðu vegna þess að það skiptir máli fyrir okkur. Það er spurt í skýrslunni hvernig sérþjálfun starfsfólks sé háttað á sviði fíkniefnamála og varðandi toll- og löggæslu. Mér finnst satt að segja að frásögur af því hvernig staðið er að þessari sérþjálfun sé veikleiki í þessari umfjöllun. Það er eiginlega ekkert sagt um sérþjálfunina. Það er bara sagt að flestir tollgæslumenn hafi numið við Tollskóla ríkisins og þar hafi verið kennt til verka varðandi fíkniefnamál og að þessir menn hafi allir langa og víðtæka starfsreynslu. Mig langar að beina því til dómsmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því að tekið verði á í þessum efnum vegna þess að það er tilfinning mín að þarna þurfi að gera sérstakt átak og þjálfa verulega fólk það sem vinnur við þessi verk.

Mér finnst að við verðum að horfast í augu við það að þó að margt jákvætt hafi gerst í baráttunni á liðnum árum og það hafi verið tekið á á ýmsum sviðum, þá hefur okkur mistekist að vinna bug á fíkniefnavandanum. Við erum best í eftirvörninni. Þegar ég segi þetta er ég ekki að draga fram stjórn og stjórnarandstöðu. Það er ljóst að næstum allir flokkar hafa komið að landsstjórninni á þeim tíma sem fíkniefnavandamálið hefur orðið sýnilegt sem vandamál. Þess vegna hljótum við hvert um sig að horfa á það að þó að við höfum verið að hreyfa þessum málum, flytja tillögur, jafnvel frumvörp og náð því að koma þeim hingað inn á borð þó að þau hafi ekki orðið að lögum, þá hefur þetta engan veginn dugað og eins og kom fram í umræðunni áðan þá hefur samstarfsnefnd ráðuneyta ekki reynst öflugt tæki í þessari baráttu.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði eftir skýrslu samstarfsnefndar. Ég var með tillögur þessarar nefndar undir höndum í umræðunni í desember. Ég er ekki með hana hér á borðum nú. Það voru nokkrar tillögur. En þessi nefnd hefur ekki verið öflugt tæki og við höfum ekki gert ýmislegt sem hefði hjálpað til í baráttunni svo sem að staðfesta sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn ávana- og fíkniefnum. Ég hef nokkrum sinnum borið fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um það. En nú þegar við fjöllum um Schengen-skýrsluna, þá kom fram að stjórnvöld munu ætla að staðfesta þennan sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki seinna vænna vegna þess að þar eru ýmis ákvæði sem bæði auðvelda lögreglunni í hennar störfum og væntanlega tollinum líka og það er ýmislegt sem gerist í okkar löggjöf við að staðfesta þennan sáttmála sem skort hefur á.

Mér finnst það mjög alvarleg og reyndar ný staðreynd að ofbeldi er meira en áður í okkar samfélagi og það virðist fjölbreyttara ef hægt er að nota það orð. Yngra fólk á hlut að máli og þetta eru eins og maður segir orðin afar ómerkileg afbrot eins og t.d. að ganga eftir fólki sem er á leið heim til sín í vesturbænum og hrinda því um koll til að hirða af því veskin. Þetta hlýtur að segja okkur á hvaða leið við erum.

Niðurstaða mín er að ef okkur hefur mistekist í forvörnunum af því að við erum best í eftirvörnunum þrátt fyrir góðan vilja, þá verður að kosta öllu til núna. Ég tel að stjórnvöld eigi að nota þá stöðu að stjórnarandstaða er mjög jákvæð til þeirra aðgerða sem gripið verður til og vill koma að málunum með stjórnarliðum til þess að taka á í þessum efnum. Þegar við erum að tala um aðgerðir, þá erum við að tala um að afstýra því að efni komist inn í landið. Ef þau komast inn í landið, þá viljum við afstýra því að efni komist í hendur neytenda og ef það tekst ekki að afstýra því að efni sé í boði fyrir neytendur, þá verðum við að vera með öfluga fræðslu fyrir börn og unglinga og áróður um að vímuefni og neysla vímuefna sé ekki flott. Í engum af þessum atriðum hefur okkur tekist upp.

Ég hef áður hrósað því að menntmrh. hafi stutt við og komið á samstarfi við framhaldsskólann um jafningjafræðsluna, en í fyrirspurn til menntmrh. í síðustu viku kom það fram að það er mjög óljóst hver þáttur ríkisins er í fræðslu í grunnskólunum og að sum sveitarfélög kosta nokkru til að ákveðnir bekkir fái fræðslu um vímuefnavarnir en fræðsla um vímuvarnir er ekki skylda í grunnskólunum þó að nokkrir kennarar hafi sótt námskeið til þess að geta kennt þessi fræði. Það er sannfæring mín að við getum gert miklu meira með jákvæðum áróðri en við gerum nú.

Á sínum tíma, skömmu áður en ég hætti í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs, þá var þar einmitt til umfjöllunar tillaga. Áformað var að nýta sér það að í nýjum áherslum Norðurlandaráðs var samþykkt að leggja áherslu á börn, unglinga, tungumál, tungumálasamstarf og fjölmiðla. Við í menningarmálanefndinni sem vorum að fjalla um það hvernig ætti að nýta þessar áherslur vorum að vinna tillögur til að leggja fyrir norræna kvikmyndasjóðinn um að þessar áherslur yrðu nýttar til þess að annars vegar yrði unnið fræðsluefni fyrir bæði börn og ungmenni til að nota við tungumálakennslu í skólunum og einnig skemmtiefni fyrir sjónvarp sem í fælist jákvæður áróður um að það er ekki fínt að nota vímuefni. Að vísu var tekið inn í þetta að vinna gegn ofbeldinu samhliða því að vera með vímuefnin og þessi tillaga var sett fram. En því miður veit ég ekki afdrif hennar. Þarna væri t.d. hægt að nota tæki sem þegar væri búið að ákveða að sé nýtt á ákveðinn hátt. Það á að nota það í tungumálasamstarfi. Það á að nota það til þess að styðja við Norðurlandasamstarf varðandi börn og ungmenni og það á að leggja áherslu á fjölmiðla. Þarna er því hægt að nota fjármagn sem kemur annars staðar frá í baráttunni sem við eigum hér í án þess beinlínis að það sé verið að nota það sem vímuefnavörn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að nýta allan minn tíma í þessari fyrri umferð. Ég ætla að nýta mér það að mega hlýða á fleiri þingmenn og geta þá komið með athugasemdir í síðari umræðu.

[16:40]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir þessa skýrslu og þakka hv. þingkonu Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir frumkvæði hennar við að óska eftir skýrsunni, en við kvennalistakonur vorum í hópi þeirra sem bárum þessa ósk fram í upphafi þings og hefur reyndar orðið nokkuð löng bið eftir skýrslunni.

Helsti kostur þessarar skýrslu er að hér eru dregnar saman á einn stað haldbærar upplýsingar um sitthvað sem varðar þessi mál, enda spurningarnar ítarlegar og víðtækar. Flest hefur reyndar áður komið fram eins og hér hefur verið drepið á, en annað ekki. Ég hef t.d. ekki fyrr séð þær upplýsingar sem fram koma á bls. 12 í svari við spurningu um reynsluna af lögleiðingu fíkniefna, t.d. í Hollandi með tilliti til afbrotamálefna og ég vil benda hv. þingmönnum á að skoða það. Niðurstaða af þeirri reynslu er að viðskipti með fíkniefni hafa aukist mikið í Hollandi og afbrotum fjölgað og eru nú afbrot

nær hvergi fleiri í Evrópu og þá sérstaklega í Amsterdam. Þarna fylgir tafla þar sem hægt er að bera saman tíðni ýmissa afbrota miðað við 100 þús. íbúa í nokkrum borgum þar sem Reykjavík er meðtalin og þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar. Það hefur ekki verið hávær krafa hér á landi um að fíkniefni verði lögleidd en þessar upplýsingar eru þó allténT ekki hvetjandi til þess.

Því miður situr það helst eftir í huganum að lestri loknum hversu mikið skortir á að hægt sé að gera sér grein fyrir umfangi vandans, hversu mikið skortir á rannsóknir og kannanir og hversu lítið við vitum yfirleitt um neysluna, um innflutning efnanna og dreifingu þeirra og ekki síst hversu fátækleg og ósamhæfð viðbrögð eru gagnvart þessum voða. Á ég þá fyrst og fremst við tollgæslu og löggæslu sem varða þennan þátt glæpastarfsemi í landinu. Með öllum þeim fyrirvörum sem tíundaðir eru í þessari úttekt má þó ályktа ýmislegt, m.a. það að innflutningur og neysla fíkniefna hefur farið vaxandi. Það má líka fullyrða um breytta samsetningu á fíkniefnamarkaðnum þar sem hefur orðið beinlínis sprenging í notkun amfetamíns, E-taflna og steralyfja. Þessi breyting er mikið áhyggjuefni. Ég vil leyfa mér að benda á viðtal við Þórarin Tyrfingsson lækni sem birtist í nýútkomnum Skinfaxa, tímariti Ungmennafélags Íslands sem ég hygg að þingmenn fái almennt á sín borð. Þar er hann spurður um þetta vandamál og hann hefur sérstakar áhyggjur af vaxandi amfetmínneyslu unglinga. Mig langar til að vitna, með leyfi forseta, stuttlega í þetta viðtal. Hann segir m.a.:

„Það hefur orðið mikil aukning á amfetamíni á síðasta einu og hálfu ári og við höfum ekki séð ástandið verra en núna. Ég er búin að vera í þessum bransa síðan 1979 og ég man ekki eftir verra ástandi þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum margar kynslóðir af fíkniefnum." Hann segir enn fremur litlu síðar: „Hættulegast er auðvitað amfetamín og til amfetamíns telst E-pillan. Hún er sama og amfetamín og þeir sem nota E-pilluna í örfá skipti eru strax orðnir reglulegir amfetamínneytendur. Þetta er langhættulegasta efnið sem krakkarnir komast í tæri við og við sjáum krakka á þessum aldri sem við vorum að tala um sem eru komnir í reglulega neyslu. Það er svo þannig að helmingur af þeim sem nota amfetamín reglulega fer að sprauta sig svo að þetta er mjög mikið vandamál."

Enn vil ég vitna örstutt litlu síðar í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Við finnum mun á þeim sem koma inn vegna amfetamínneyslu og þeirra sem koma t.d. inn vegna kannabisneyslu. Þeim unglingum sem hafan notað amfetamín líður miklu verr og eru miklu órólegri og það er miklu erfiðara að eiga við þá."

Þetta viðtal við Þórarin Tyrfingsson er aðeins eitt af mörgum í þessu tölublaði Skinfaxa sem er raunar sérrit um fíkniefnaforvarnir. Í þeim viðtölum er lögð áhersla á tilveruna án vímuefna og er vonandi að sú fræðsla og það fordæmi rati ekki síður til almennings en þau dæmi ömurleikans sem fjölmiðlar flytja okkur fréttir af með jöfnu millibili. Slíkar fréttir eru vissulega nauðsynlegar til að opna augu manna. Þær ýta við fólki og minna á vandann. En hitt er ekki síður nauðsynlegt að minna á hina hliðina sem er gleði, árangur og ánægjulegt líf án vímuefna.

Það er einnig athyglisvert að ekki hefur aðeins orðið breyting á hlutfalli einstakra efna á fíkniefnamarkaðnum, heldur hefur líka orðið umtalsverð breyting á neytendum efnanna. Þannig hefur hlutur kvenna farið mjög vaxandi á meðferðarstofnunum og einnig hefur hlutur yngra fólks, þ.e. innan við 20 ára sem kemur til meðferðar hjá SÁÁ tvöfaldast á sl. tveimur fimm ára tímabilum. Það er vitanlega skelfileg staðreynd. Þetta eru afar slæmar fréttir og sýna okkur auðvitað að hér verður að spyrna við fótum með öllum ráðum.

Vissulega er margt verið að gera og margir sem koma þar að verki og kannski skortir ekki beinlínis þar á heldur miklu fremur að kraftarnir séu lagðir saman og samhæfðir. Hæstv. forsrh. minntist á Forvarnasjóðinn í máli sínu áðan og þar er vissulega um aukið framlag að ræða til forvarnamála. Við höfum verið að reyna að nálgast þessi mál t.d. í fjárln. en þangað leita fulltrúar hinna ýmsu aðila og hópa sem vinna að forvarnastarfi á þessu sviði og virðist hver um sig sannfærður um að hann sé boðberi sannleikans og hinnar einu réttu aðferðar við að ná til þeirra sem á fræðslu og forvörnum þurfa að halda. Þó eru þeir sannast sagna með ákaflega svipaðar áherslur og leiðir og staðreyndin er auðvitað sú að í þessu máli er ekki til neitt sem heitir það eina rétta, enda neytendur fíkniefna fjarri því að vera einhver stöðluð stærð. Svo eitthvað sé nefnt, hefur hefðbundið starf félagsmiðstöðvanna áhrif á sinn hátt. Óhefðbundið starf Mótorsmiðjunnar t.d. nær hins vegar til margra sem ekki laðast að félagsmiðstöðvunum og þannig mætti áfram telja.

Í rauninni er margt gert fyrir ungt fólk, margt reynt til þess að ná til þess með fræðslu og forvarnir, skapa því heilbrigð viðfangsefni í tómstundum og nálgast þarfir þess á margvíslegan hátt. Það sem helst hefur skort á er almenn þekking foreldra og annarra leiðtoga barna og unglinga á þessum vanda og hvernig helst er að bregðast við honum. Það er t.d. alvarlegt sem kemur fram bæði í þeirri skýrslu sem við ræðum og í skýrslu samstarfsnefndar ráðuneytanna um ávana- og fíkniefnamál sem kom út í mars 1995 hversu ómarkviss fræðslan hefur verið í skólum landsins og hve foreldrar hafa verið afskiptir í því efni en þeir þurfa ekki síst á fræðslu að halda. Þessum málum hefur ekki verið fundinn nægilega verðugur staður í skólakerfinu og kennarar hafa ekki haft nægilegan stuðning stjórnvalda til þess að inna nauðsynlega fræðslu af hendi. Reyndar er ýmislegt til í þessu efni og margt er talið upp í þessari skýrslu, en það vekur undrun að í henni er ekki minnst á gagnmerkt framtak Reykjavíkurborgar. Úr því bætti reyndar hæstv. forsrh. í máli sínu áðan, en hjá Reykjavíkurborg er einmitt hafin vinna að stefnumótun í vímuefnavörnum og var unnið mjög markvisst í þeim málum sl. vetur. Þar m.a. rekinn svonefndur vímuvarnaskóli sem hefur nýlokið störfum. Þar er um að ræða eins konar farskóla sem fór á milli grunnskólanna í borginni með umfangsmikla fræðsludagskrá. Einn dagur í hverjum skóla var þannig helgaður fræðslustarfi í vímuvörnum, þ.e. fræðslu fyrir kennara og aðra starfsmenn skólans og foreldra. Þann sama dag var svo á boðstólum fjölbreytt dagskrá fyrir nemendur skólans þannig að þeir voru ekki afskiptir, þeir fóru ekki á mis við handleiðslu meðan foreldrar, kennarar og starfsmenn skólanna sátu á skólabekk og undu allir glaðir við sitt. Vímuvarnaskólinn var og er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, ríkisins og fjölmargra samtaka sem tóku höndum saman um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins. Má þar nefna Barnaverndarstofu SÁÁ, fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Rauða krossinn og forvarnadeild lögreglunnar auk íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar, skólaskrifstofu og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Þetta starf þótti takast með miklum ágætum og mun ætlunin að

halda því áfram á einn veg eða annan. Er ástæða til að ætla að það geti orðið fyrirmynd að svipuðu starfi um land allt.

Ég vil líka nefna lýðskólann sem gerð var tilraun með í vetur. Hann þótti gefast vel og vera markverð og árangursrík tilraun til þess að koma til aðstoðar unglingum sem hafa hrakist frá námi, sjálfsagt af ýmsum orsökum en m.a. þessum, og vísa þeim veginn aftur inn í skólakerfið. Margt er því verið að gera á sviði fræðslu og forvarna og ekki beinlínis ástæða til að hafa þungar áhyggjur af þeirri hlið þessara mála. Í því efni má auðvitað ekki gleyma hlut SÁÁ sem er stór á þessu sviði þótt meðferðarþátturinn sé kannski umfangsmestur á þeim bæ. Hvað þann sérstaka þátt varðar er ánægjulegt að vita til þess hversu ráðgjöf og meðferðarstarf SÁÁ nýtur mikils álits og virðingar meðal erlendra sérfræðinga. Nýlega var t.d. á ferðinni hér á landi bandarískur ráðgjafi frá Chicago, Jake Efferly að nafni, sem farið hefur víða um heim og starfað með ráðgjöfum og lagt mat á ráðgjöf og meðferðarstarf í fjölmörgum löndum. Að hans mati er það meðferðarstarf sem unnið er undir merkjum SÁÁ með því albesta sem þekkist í heiminum og er það ekki ónýtur vitnisburður frá manni með hans þekkingu og reynslu. Ég held þess vegna að við getum ályktað sem svo að þessir þættir séu að miklu leyti í góðu lagi eða á góðri leið, margir að gera góða hluti og ýmislegt í bígerð sem ætla má að skili árangri. Það er miklu fremur löggæslu- og tollgæsluþátturinn sem ástæða er til að taka miklu fastar á.

Í skýrslubeiðninni var farið fram á upplýsingar um þróun ofbeldis. Af fréttum má ætla að það hafi ekki einungis færst í aukana heldur einnig verið að breytast, verða illvígara og skaðlegra. Það kom mér því nokkuð á óvart hvernig á ýmsan hátt er í skýrslunni dregið úr því sem þar er á ferðinni. Reyndar er viðurkennt ítrekað að mjög skorti á viðhlítandi rannsóknir og upplýsingar til þess að undirbyggja ályktanir og fullyrðingar um þessi mál. Það er því ljóst að hvað þann þátt varðar er afar nauðsynlegt að skoða hann miklu nánar til þess að hægt sé að bregðast við þeim þætti vandans á árangursríkan hátt. Bæði hvað það varðar svo og markvisst starf til varnar innflutningi og dreifingu fíkniefna er ljóst að hér er sú stóra spurning á ferðinni hvort við ætlum að verja einhverju fjármagni sem dugir til þessara mála.

Við getum talað og talað á Alþingi og í sveitarstjórnum. Við getum talað á fundum og ráðstefnum en það leysir ekki vandann þótt orð séu vitanlega til alls fyrst eins og venjan er að segja. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að takast á við þennan sívaxandi innflutningsstraum og dreifingu fíkniefna með tilheyrandi neðanjarðarkerfi og skipulögðu ofbeldi þá þarf að stórefla löggæslu og tollgæslu í landinu. Þróunin í þessum málum er skelfileg þegar svo er komið að sölumenn dauðans eru farnir að ógna tollvörðum, eyðileggja eigur þeirra, ráðast inn á heimili þeirra og misþyrma þeim í hefndarskyni fyrir árvekni þeirra. Í rauninni ætti þessi þáttur málsins að vera viðráðanlegri hjá okkur en flestum öðrum þjóðum. Aðstæður hér eru að flestu leyti kjörnar til þess að sporna við innflutningi og dreifingu. Við eigum ekki landamæri með öðrum ríkjum og flugumferð er ekki meiri og flóknari en svo að fíkniefnaleit á þeim vettvangi ætti að vera tiltölulega auðveld. En til þess þarf að sjálfsögðu aukinn mannskap, betri búnað og vafalaust fleiri leitarhunda sem hafa reynst mjög vel, ekki síst til að leita í sendingum á tollstöðvum.

Stærsta gatið í kerfinu er þó hvað varðar skipaumferð eins og kom fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur held ég, ef marka má upplýsingar í viðtölum við fíkniefnaneytendur. Þar skortir nánast algerlega allt eftirlit og er hvað brýnast að bæta úr þeim skorti ef nokkur árangur á að nást. Það vantar ekki að settar hafa verið fram tillögur um úrbætur við hin og þessi tækifæri, en úrræðin sem nefnd eru í skýrslunni varðandi þetta mál eru ekki mjög hvetjandi. Hér stendur neðst á bls. 18, með leyfi forseta:

„Varðandi áform um að styrkja toll- og löggæslu þá er efling löggæslu meðal þess sem verkefnisstjórnin mun skoða í sinni vinnu sem og hlutverk tollgæslu og samvinna þessara aðila.“ Sem sagt, einu sinni enn á að skoða málin í nefnd.

Ég hlýt að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort eitthvað sé fast í hendi um úrræði í þessum efnum, hvort þess sé að vænta að tillögur komi frá hæstv. ríkisstjórn um eflingu löggæslu og tollgæslu hvað þessi mál varðar.

Herra forseti. Við sem stóðum sameiginlega að því að óska eftir þessari skýrslu þökkum fyrir hana þótt mikið vanti upp á að hún svari öllu sem um var beðið. Þessi mál eru greinilega langt frá því útrædd og nauðsynlegt að fylgja þessari skýrslu eftir og ýta á eftir þeim úrbótum sem nauðsynlegar eru til þess að takast á við þann hrikalega vanda sem fylgir fíkniefnaneyslu hér á landi sem annars staðar.

[16:57]

Útbýting þingskjals:

Nefndir á vegum ráðuneyta, 404. mál, svar forsrh., þskj. 968.

[16:57]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem hér er rædd í dag um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis. Þessi skýrsla er sannarlega svört og gefur mynd af því hvaða þróun á sér stað í okkar þjóðfélagi og hvernig þessi mál hafa þróast til verri vegar á undanförnum árum. Skýrslan staðfestir það sem margir hafa haldið fram að ástandið í þessum efnum er mjög alvarlegt og við sjáum mjög sorglega þróun eiga sér stað þar sem hin unga og efnilega æska þessa lands ánetjast fíkniefnunum í sífellt ríkari mæli.

Það er mitt álit að við séum að ræða eitt alvarlegasta vandamál sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir. Sífellt koma fram fleiri dæmi og frásagnir um það hve fíkniefnavandinn hefur aukist mikið og hve alvarlegar og oft sorglegar afleiðingar fylgja honum.

Það er einnig ljóst að samfara aukinni fíkniefnaneyslu eykst ofbeldi og gripdeildum af ýmsu tagi fjölgar. Allt þetta veldur þjóðfélaginu tjóni og samfélagslegum kostnaði á ýmsum sviðum.

Það kemur fram í skýrslunni að mjög miklir fjármunir tengjast viðskiptum með fíkniefni. Í mörgum tilvikum afla fíkniefnaneytendur fjármuna til neyslu á vafasaman hátt og með glæpum. Það er jafnvel svo að fíkniefnaneytendur stunda vændi til þess að fjármagna neyslu sína. Það er skemmst að minnast þess að í DV í liðinni viku birtust tvær frásagnir og viðtöl við tvö ungmenni sem sögðu frá reynslu sinni úr heimi fíkniefnanna. Þar komu m.a. fram lýsingar á því hve slæmar og alvarlegar afleiðingar neyslan og það sem henni fylgir hefur á sálarlegar og líkamlegar tilfinningar viðkomandi einstaklinga. Það fékk sannarlega á mig að lesa þessi viðtöl og þau sýna betur en margt annað við hvað er að glíma.

Þessi viðtöl ásamt mörgu öðru sem fram hefur komið um þessi mál, þar á meðal sú skýrsla sem Alþingi fjallar nú um, undirstrika um hve mikið samfélagslegt vandamál er að ræða og hve miklar samfélagslegar breytingar fylgja í kjölfar fíkniefnanna. Íslensk ungmenni og æska landsins eiga mikla framtíðarmöguleika. Við búum við eitt besta menntakerfi í heiminum þar sem allir eiga kost á menntun og við rekum eitt fullkomnasta heilbrigðiskerfi í heimi þar sem um margvísleg úrræði er að ræða í þessum efnum sem og öðrum. Íslenska þjóðin byggir á auðugri arfleið á ýmsum sviðum og ef okkur tekst að halda rétt á okkar málum sjáum við fram á það að á allra næstu árum verið mikil framþróun og uppbygging á ýmsum sviðum atvinnulífs og menningar.

Íslensk ungmenni eru upp til hópa efnilegt og reglusamt fólk. Það væri sorgleg og mikil harmasaga ef æska landsins villtist af þessari braut og út í aukna áfengis- og vímuefnaneyslu sem dæmin sanna að leggur líf allt of margra einstaklinga og fjölskyldna í rúst.

Herra forseti. Það er mikilvægt og nauðsynlegt að Alþingi ræði þessi mál af fullri alvöru og það er einmitt svo í dag. En það er ekki nóg að ræða málin af og til. Það er verðugt og mjög nauðsynlegt verkefni fyrir þingið og stjórnvöld að taka saman höndum um að gera átak í að móta markvissa stefnu til framtíðar til þess að berjast gegn þeim vágesti sem fíkniefnin eru. Við skulum hafa það í huga að til þess að árangur náist verður sífellt og stöðugt að vinna að forvörnum, fræðslu og öðru sem gefur árangur. Það dugar skammt að gera eitt og eitt átak af og til og taka eina og eina umræðu um málin af og til. Til þess að árangur náist verðum við að halda uppi stöðugri virkni með langtímamarkmið í huga. Þetta kostar mikla og þrotlausa vinnu og mikið fjármagn.

Þrátt fyrir allt er þó ljóst að ýmislegt hefur verið að gerast að undanförnu sem miðar að því að berjast gegn fíkniefnavandanum og því sem honum fylgir. Ýmis samtök, stofnanir og einstaklingar hafa haldið uppi áróðri og baráttu gegn þessum vágesti og eiga viðkomandi aðilar skilið þakkir og heiður fyrir það. Það er sérstaklega athyglisvert og ánægjulegt að ungt fólk hefur tekið höndum saman um að miðla upplýsingum og áróðri til jafnaldra sinna og jafnvel miðla af sinni bitru reynslu af fíkniefnaneyslu. Þetta er nefnt jafningjafræðsla. Ég tel að þetta sé afar jákvætt. Ungmenni finna til ábyrgðar gagnvart samfélaginu og víst er að þau eiga greiðan aðgang að jafnöldrum sínum með sinn boðskap. Það hlýtur að vera vænlegt til árangurs og ber að styrkja.

Stjórnvöld hafa einnig verið að vinna að þessum málum og má nefna að á vegum ríkisstjórnarinnr og ráðuneyta er hafin samhæfing ýmissa aðgerða og samkvæmt því eru einstök ráðuneyti að vinna að sérstökum aðgerðum eins og hæstv. forsrh. kom inn á í upphafi. Sem dæmi má nefna að á vegum heilbrrn. er nú unnið að eflingu forvarna. Heilbrrh. hefur nýverið sent öllum fermingarbörnum í landinu forvarnarit sem ber nafnið Framtíð án fíknar og það er til upplýsinga fyrir fermingarbörn og foreldra þeirra. Eins og fram hefur komið er á vegum ráðuneytisins sérstakur forvarnasjóður sem hefur nú til ráðstöfunar um 30 millj. kr. og er verið að ráðstafa þessum fjármunum nú þessa dagana eins og reyndar hæstv. forsrh. nefndi í upphafi.

Þessi forvarnasjóður kom til við breytingu á lögum varðandi innflutning og sölu áfengis á síðasta ári, en hæstv. heilbrrh. hafði frumkvæði að því að hann var myndaður. Þessi sjóður breytir mjög öllum forsendum fyrir því að mögulegt verði að efla forvarnir frá því sem verið hefur en forvarnastarf er ein mikilvægasta forsenda þess að árangur náist við að draga úr fíkniefnaneyslu.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði fyrr í minni ræðu tel ég að við séum að ræða eitt allra mesta samfélagslega vandamál þjóðarinnar. Til þess að ná árangri í baráttunni gegn fíkniefnavandanum verður þjóðin öll að taka höndum saman og beita öllum tiltækum ráðum í þeirri baráttu. Stjórnvöld og Alþingi verða að sýna ákveðið frumkvæði í þessum efnum, m.a. með því að móta skýra og markvissa stefnu til þess að sem mestur árangur náist og ekki síst til þess að það fjármagn sem notað er í þessu skyni nýtist sem allra best.

Sú skýrsla sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram í dag og er rædd á þessum fundi undirstrikar og staðfestir að við verðum að blása til markvissrar sóknar, reka burt þann vágest sem knúð hefur dyra og er kominn inn á gafl á allt of mörgum íslenskum heimilum. Ég hvet til að svo verði og okkur takist að forða efnilegri íslenskri æsku frá villu vegar, frá ógninni sem býr í vímuefnunum.

[17:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. beindi til mín nokkrum spurningum. Það er verið að byggja móttöku- og meðferðarstöð í Grafarvogi og henni er ætlað að koma í stað neyðarvistunar í Efstasundi og meðferðarvistunar í Sólheimum 7 og dagdeildarinnar. Af þessu á að verða allverulegur peningalegur sparnaður, en það er ekki aðalatriðið. Takmarkið er að koma upp árangursríkari og öflugri þjónustu, auka fjölbreytni í úrræðum og má þar nefna t.d. eftirmeðferð. Stuðlar eiga að taka til starfa 1. ágúst og eftir þeim bestu upplýsingum sem ég hef, þá mun sú dagsetning standast. Það er ekki búið að ráða þar starfsfólk en það er gert ráð fyrir 23–24 stöðugildum á Stuðlum. Ég geri ráð fyrir að uppistaðan af því verði starfsfólk sem hefur verið á stofnunum sem lagðar verða niður og starfsfólk sem hefur sannað þar hæfni sína og öðlast dýrmæta reynslu. En það er sem sagt ekki búið að ráða starfsfólkið, enda eru þarna rúmir tveir mánuðir til stefnu.

Hv. þm. spurði hvað yrði um féð sem sparast. Ég sé fyrir mér að svigrúm skapist til að bæta við úrræðum og vildi gjarnan nota peningana sem sparast kunna til þess að bæta við úrræðum. Sparnaðurinn er að vísu ekki kominn fram og það er kannski of snemmt að fullyrða hvað hann verður mikill. Aðsókn að dagdeildinni hefur ekki verið nægilega mikil, þ.e. því miður hefur maður grun um að þangað þyrftu fleiri að leita ásjár en hafa gert.

Þegar Stuðlar verða komnir í notkun, þá verða á vegum Barnaverndarstofu um það bil 44 rými, þ.e. 14 pláss á Stuðlum. Fimm verða lögð niður í Sólheimum 7 og fjögur í Efstasundi. Þar að auki eru í Árbót í Þingeyjarsýslu fimm, Bakkaflöt í Skagafirði sex, Laugamýri í Skagafirði tvö, Geldingalæk sex, Torfastöðum sex og Sólheimum 17 eru fimm.

Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín.

[17:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram mjög góð umræða um þetta viðkvæma málefni sem er fíkniefnavandinn og það hefur komið fram í umræðunni að það eru ekki meðferðarúrræði kannski sem vantar heldur hið fyrirbyggjandi starf. Ég vil minna á að fyrir fáum vikum síðan var hér evrópsk ráðstefna og hingað komu sérfræðingar, læknar, sálfræðingar

og vísindamenn á þessu sviði. Þeir völdu Ísland vegna þess að hér hefur náðst meiri árangur í meðferð en víðast annars staðar í heiminum. Það er rétt að geta þess því þetta má ekki gleymast í umræðunni.

Ég fékk eina fyrirspurn áðan frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur varðandi Forvarnarsjóð. Hún spyr að því hvort það náist samræming milli þeirra sem eru að vinna að fíkniefnavörnum. Ég tel að á þessu ári náist ekki samræming, ekki á þessu fyrsta ári sjóðsins. Ég tel að það taki lengri tíma vegna þess að það eru mjög mörg frjáls félagasamtök sem eru að vinna að þessu málefni. En við fáum þá heildarsýn sem við þurfum að hafa.

Hún spurði einnig að því hvort það væri einungis úthlutað til áfengisvarna. Það er úthlutað til vímuefnavarna almennt.

[17:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar ég las þessa um margt svo athyglisverðu skýrslu, þá vöknuðu hjá mér ýmsar spurningar og fyrst þessi: Er sá vandi sem við erum að glíma við í fíkniefnamálum og ofbeldismálum í okkar samfélagi í raun meiri en hann var t.d. á 19. öldinni? Á 19. öldinni var áfengisdrykkja skilgreind sem mikið þjóðfélagsvandamál, reyndar um allan hinn vestræna heim, og það kallaði á stofnun mikillar félagshreyfingar fólks sem sameinaðist í baráttu gegn þeim vágesti. Það má líka minnast þess að í kringum síðustu aldamót og á fyrstu áratugum þessarar aldar var aðgengi að ópíum og ópíumdropum afar auðvelt án þess að menn færu að skilgreina það sem einhvern sérsakan vanda þó að menn áttuðu sig á því síðar hversu hættuleg efni þarna voru á ferð. Við megum því auðvitað alltaf vara okkur á því að draga ekki upp of dökka mynd. Ég minnist þess í umræðum sem áttu sér stað í fyrravetur um ofbeldi í samfélaginu, þá lagði lögreglan mikla áherslu á það í sínum upplýsingum að þetta væri vandmeðfarið vegna þess að menn verða að miða við fjölgun t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu og þegar hún væri skoðuð eins og reyndar kemur fram í skýrslunni, þá væri ekki um mikla fjölgun á ofbeldisglæpum að ræða, jafnvel miklu minni en við mætti búast. Þetta mál er því vandmeðfarið og þar kemur reyndar að því sem ég vil gera að meginefni míns máls og það er hvað það er augljóst af þessari skýrslu hve okkur skortir upplýsingar á þessu sviði og rannsóknir.

Ég vil leggja það til, hæstv. forseti, að þegar við erum að horfa á forvarnir og fræðslu, þá byrjum við á því að efla rannsóknir, reynum að skoða hver er vandinn í raun og veru og í framhaldi af því að finna leiðir til þess að taka á honum. Það er sem sagt spurning um það að greina vandann, greina það hverjir eru í áhættuhópum og hverjar eru félagslegar aðstæður unglinga. Er hægt að sjá eitthvert mynstur í okkar samfélagi sem leiðir ungt fólk út í neyslu fíkniefna? Það vekur reyndar athygli mína hversu margir það eru yfir þrítugt sem koma nálægt þessum fíkniefnamálum. Það vekur auðvitað líka athygli hversu miklir peningar eru þarna í spilinu og einnig það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðradóttur og er auðvitað ein meginspurningin þegar við erum að fást við þennan vanda, þ.e.: Er það leið að herða refsingar? Eru refsingar og réttara sagt, dómsmferð, þeir dómar sem hér eru felldir, eru þeir svo vægir að mönnum finnist það hreinlega borga sig að taka út sinn þriggja mánaða dóm eða kannski örlítið lengri og halda svo áfram vegna þess hversu gríðarlega mikill gróðinn er?

Hæstv. forseti. Það sem skiptir mestu máli til þess að ná tökum á þessum vanda er í fyrsta lagi að greina hann og síðan að skipuleggja forvarnir og fræðslu. En það þarf líka að auka samstarf við almenning, efla löggæslu og að vega það og meta hvort ástæða er til þess að þyngja refsingar eða kannski ekki síst að fræða dómara og þá sem koma nálægt þessum málum um það hversu alvarleg mál eru hér á ferðinni. Við hljótum að spyrja okkur: Hvers vegna eru dómar hér á landi svona vægir? Er þar um einhvers konar vanþekkingu að ræða? En þá kemur á móti spurningin: Hafa þeir eitthvert forvarnagildi? Koma þeir nokkuð í veg fyrir þennan mikla vanda?

[17:13]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Í skýrslu þeirra sem hér er til umræðu eru dregnar saman ýmsar mikilvægar upplýsingar er varða með einum eða öðrum hætti fíkniefnaneyslu. Í skýrslunni kemur fram að víða hefur verið unnið gott starf á þessum vettvangi og sífellt er unnið að því að finna nýjar leiðir til að sporna við vandanum. Í skýrslunni koma fram ýmsar upplýsingar sem gefa til kynna að efla þarf starf á þessum vettvangi enn frekar og á það m.a. við um samhæfða forvarnastarfsemi, meðferðarúrræði og rannsóknir. Það samhæfingarstarf er þegar hafið á milli þeirra ráðuneyta sem að þessum málum koma.

Alvarlegar eru upplýsingar um að ungum fíkniefnaneytendum fari fjölgandi og að hópur harðra ofbeldishneigðra neytenda stækki. Fréttir af skuggahliðum fíkniefnaneyslu sem verið hafa fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum undanfarið vekja með okkur ugg en um leið baráttuvilja til að ráðast gegn vágestinum. Möguleikar okkar Íslendinga í þeim efnum eru meiri en víðast hvar annars staðar vegna legu landsins og fámennis þjóðarinnar. Það eigum við að nýta okkur. Ég tel þó vart raunhæft að tala um að Ísland geti orðið fíkniefnalaust land. Okkur ber að sporna við fótum og leggja áherslu á að heilbrigðisyfirvöld komi í auknum mæli að forvörnum og stuðningi á þeim vettvangi. Heilbr.- og trmrn. og landlæknisembættið koma þegar að þessum málum með ýmsum hætti.

Nýlega var veitt aukafjárveiting til barna- og unglingageðdeildar Landspítalans sem nota á til stuðnings þeim einstaklingum sem kljást við fíkniefnavandann. Forvarnasjóður, sem er nýr sjóður og starfar undir forustu heilbr.- og trmrn., hefur verið til umræðu í dag. Hann hefur á þessu ári til ráðstöfunar 29 millj. kr. til að veita styrki til verkefna á sviði forvarna. Þessa dagana er verið að veita styrki úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins hefur að leiðarljósi að styrkja forvarnaverkefni er beinast að börnum og unglingum og við úthlutun er lögð sérstök áhersla á að styrkja verkefni sem tengjast forvörnum gegn vímuefnaneyslu barna og unglinga auk áfengisneyslu og þess má geta vegna umræðu áðan að það er einnig veitt fjármagn til rannsókna.

Landlæknisembættið hóf á sl. ári samstarf við framhaldsskóla um sérstakt fræðsluátak á þessu sviði og um áramótin var hrundið af stað umfangsmiklu verkefni sem beinist gegn neyslu E-taflna. Þá taka heilbrigðisyfirvöld þátt í jafningjafræðslu framhaldsskólanna og skólalæknar og hjúkrunarfræðingar hafa haldið uppi mikilli fræðslu um þessi mál í skólum landsins.

Heilbr.- og trmrn. er nú að hefja þátttöku í öflugu samstarfi Evrópuríkja á sviði heilbrigðismála sem m.a. mun beinast að forvarnaverkefnum á sviði vímuefnamála. Ótal atriði mætti nefna þegar rætt er um hugsanlegar leiðir til úrbóta. En það er þrennt sem ég legg áherslu á:

1. Okkur ber að beina sjónum að rótum vandans og tryggja aðstoð við fjölskyldur landsins og heimili. Okkur ber að ræða af alvöru með hvaða hætti við getum tekið höndum saman og tryggt börnum okkar mannvænlegt umhverfi allt frá fyrstu tíð. Rætur vandans eru brestir sem komnir eru til löngu áður en alvarleg vímuefnavandamál blasa við. Við þurfum að efla forvarnir, stuðning og fræðslu og síðan tæki til að grípa í taumana og aðstoða þá sem eru í áhættuhópi sem fyrst.

2. Okkur ber að samhæfa enn frekar en nú er gert það starf sem unnið er á vettvangi áfengis- og vímuefnavarna. Það samhæfingarstarf er reyndar eins og áður sagði þegar hafið á vegum ríkisstjórnarinnar. Heilbr.- og trmrh. hefur hafið undirbúning að því að allt forvarnastarf er fellur undir ráðuneytið verði eflt til muna, það samhæft og blásið í það nýju lífi. Í því sambandi er rætt um að koma á fót öflugri forvarnamiðstöð. Þeir sem árlega leita aðstoðar heilbrigðisstofnana vegna áfengis- og vímuefnaneyslu skipta hundruðum eða jafnvel þúsundum ef öll samskipti eru talin.

3. Þriðja atriðið sem ég vil leggja sérstaka áherslu á hefur ekki hlotið mikla umfjöllun í umræðum um þessi mál hér á landi en það eru meðferðarúrræði tengd afplánun refsinga. Ég tel afar mikilvægt að skoðað verði markvisst hvort efla megi meðferðarúrræði sem lið í afplánun ungra vímuefnaneytenda. Þegar er vísir að slíku þar sem Fangelsismálastofnun hefur boðið föngum að ljúka afplánun í vímuefnameðferð á stofnunum SÁÁ. Það sem ég hef í huga eru möguleikar á langri meðferð fyrir langt leidda fíkniefnaneytendur, jafnvel 2–3 ára meðferð. Slík meðferð beindist að einstaklingum sem verið hafa í harðri langvarandi neyslu og sem jafnframt eiga oftar en ekki við alvarleg geðræn vandamál að etja. Hér er um að ræða mál sem ég varpa fram til umræðu en hugmyndir í þessu efni yrði að sjálfsögðu að vinna á vettvangi dómsmrn., ríkisstjórnarinnar sem slíkrar og löggjafans.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja að ég lýsi ánægju með það að sú ríkisstjórn sem tók við stjórnartaumum á sl. ári hefur þegar hafið baráttu gegn neyslu áfengis og vímuefna og mun af allri einurð ráðast að rótum vandans og styðja einstaklinga og fjölskyldur í því efni. Þar er ekki um að ræða skammtímalausnir heldur starf sem fyrst og fremst mun beinast að rótum vandans.

[17:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst af þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta mikla vandamál sem fíkniefnaneyslan er að áherslur fara mjög saman hjá þingmönnum sem hafa talað í þessu máli um hvað beri að gera til þess að hægt sé að sporna eins og hægt er við innflutningi, sölu, dreifingu og neyslu fíkniefna. Markmiðið hjá okkur tíu þingmönnum úr þremur flokkum stjórnarandstöðunnar sem lögðu fram þessa skýrslu var einmitt að fá heildaryfirlit um stöðu og þróun þessara mála til þess að geta auðveldað ákvarðanatöku um það hvernig er best að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir þennan vágest. Ég hygg að slík samantekt eins og hér er þar sem bæði er fjallað um fíkniefnavandann sem slíkan og eins sérstakur kafli um ofbeldi eigi eftir að gagnast okkur í umræðunni áfram. Ég get vissulega tekið undir það sem fram kom áðan og reyndar hjá nokkrum þingmönnum að þessi skýrsla sýnir nokkuð vel að rannsóknarþættinum og könnunum ýmiss konar sem nauðsynlegt er að geta framkvæmd er í nokkru ábótavant. Sérstaklega kemur þetta í ljós í kaflanum um þróun ofbeldis og er mjög brýnt að bæta þar úr.

Ég vil líka segja að mér finnst hafa verið til fyrirmyndar í þessari umræðu að þeir ráðherrar sem þessi málaflokkur fellur undir með einum eða öðrum hætti hafa setið undir mestallri þessari umræðu. Það sýnir náttúrlega vel þá samstöðu sem er á Alþingi um að taka á þessum málum.

Ég hefði talið mjög æskilegt ef niðurstaðan af þeirri vinnu sem er í gangi hjá ráðuneytinum hefði getað birst áður en þingi lýkur. Hæstv. forsrh. upplýsti það að niðurstöðu væri að vænta í lok maí. Mér fannst góð sú hugmynd sem hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, var með um að þær nefndir sem þetta mál fellur undir ættu að hittast og fara yfir stöðu þessara mála. Það er ekki nægjanlegt að við ræðum þetta í þingsölum. Ég tek undir að það er nauðsynlegt að ræða þetta í nefndum einnig. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því þegar þessi skýrsla kemur fram að hún verði sérstaklega kynnt og þá af þeim sem best þekkja til fyrir þeim nefndum sem um þetta mál fjalla þannig að við fáum þá betra yfirlit yfir hvaða aðgerða er að vænta frá ríkisstjórninni heldur en að hlusta á það einungis í fjölmiðlum. Ég vil spyrja sérstaklega um það.

Ég held að ýmislegt af því sem hefur verið gert af hálfu þessarar ríkisstjórnar og reyndar fyrri ríkisstjórnar líka hafi vissulega skilað okkur eitthvað áleiðis í að uppræta þennan vanda, en það er margt ógert. Það sjáum við á þessari svörtu skýrslu. Ég held að það sé mjög mikilvægt sem hæstv. menntmrh. hefur beitt sér fyrir sem er mikil fræðsla í sambandi við vímuefnavarnir. Vímuvarnaskólinn sem er líka á vegum Reykjavíkurborgar er kannski eitt öflugasta tæki sem við höfum til forvarnaaðgerða vegna þess að könnun lögregluyfirvalda sem gerð var sýnir að 90% aðspurðra sem viðriðnir voru fíkniefnaneyslu á einhvern hátt höfðu ekki lokið grunnskólaprófi eða höfðu eingöngu grunnskólamenntun.

Ég vil ítreka í lokin fyrirspurnir mínar til hæstv. ráðherra varðandi tollgæslu og löggæslu. Upplýst er að fíkniefni koma einkum til landsins með skipum. Hvernig telur hann að við séum í stakk búin til að mæta því ef svo er? Það kemur ekki fram í þessari skýrslu. Ég vil einnig ítreka hvort ekki sé eitthvað fyrirhugað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að öryggismálum tollgæslumanna og fíkniefnalögreglu er verulega áfátt þegar tekið er af hörku á þessum vanda. Það þarf að vinna vel að skipulagningu og samræmingu aðgerða einmitt hjá tollgæslunni og fíkniefnalögreglunni. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja öryggi þess fólks sem vinnur að því að koma í veg fyrir innflutning og dreifingu á fíkniefnum.

Ég vænti þess að í lok þessarar umræðu fáum við svör frá hæstv. ráðherra varðandi það sem hér hefur verið fram borið og ég þakka fyrir þessa umræðu.

[17:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og þessa ágætu umræðu til þess að greina frá starfi því sem unnið hefur verið að tilhlutun menntmrn. og nefnt hefur verið jafningjafræðsla. Hún hefur almennt mælst vel fyrir og ég þakka þau orð sem um þau störf hafa fallið í þessum umræðum. Í blaði sem ég er með í höndunum og er frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er lýst hvernig að þessu er staðið í þeim skóla. Þar kemur m.a. fram, með leyfi herra forseta, að í hverjum framhaldsskóla landsins hafi verið settir á laggirnar nemendahópar sem sjá um að veita öðrum nemendum

fræðslu og koma af stað umræðum. Slíkur hópur hefur verið stofnsettur í Fjölbrautaskóla Vesturlands og hefur honum þegar tekist að gera marga góða hluti þótt enn sé stutt síðan jafningjafræðslan byrjaði.

Fulltrúar frá þessum hópi fóru t.d. í alla leikfimihópa í fjölbrautaskólanum og sýndu þar mynd sem gerð var á vegum þeirra og stjórnuðu svo hópumræðum á eftir. Þóttu þessir tímar takast mjög vel og hafa vonandi vakið marga til umhugsunar. Skoðanakönnun á fíkniefnanotkun var einnig lögð fyrir alla nemendur skólans og unnið úr niðurstöðum hennar. Veitti það hópnum góða innsýn í hvað hann er að fást við hér í skólanum eins og orðað er í þessu blaði. Loks hefur hópurinn unnið veggspjöld, dreift fræðsluefni og reynt að stuðla að breyttu viðhorfi gagnvart fíkniefnum. Starfið er þó eins og fyrr sagði nýhafið og enn á eftir að hrinda mörgum hugmyndum í framkvæmd, segir í blaðinu. Síðan segir: „Jafningjafræðslan er verkefni sem er komið til að vera og til að hafa áhrif til betri vegar."

Ég tel einnig mjög mikilvægt að þessa er getið í kynningarblaði skólans sem er að kynna það sem hann hefur í boði og það er augljóst, finnst mér, að fjölbrautaskólarnir og framhaldsskólarnir líta á það sem styrk sinn, þegar þeir eru að bjóða nemendum aðgang að skólunum, að innan veggja þeirra fari fram fræðsla um hættuna af fíkniefnum með þátttöku nemenda sjálfra eins og til hefur tekist með jafningjafræðslunni og hefur farið af stað núna á undanförnum mánuðum. Ætlunin er að því verði fram haldið á næsta hausti og verði framvegis hluti af eðlilegu skólastarfi í landinu.

[17:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka þær umræður sem hafa átt sér stað um þetta víðfeðma efni. Að vísu má segja að umræðurnar hafi beinst aðallega að einum þætti þessarar skýrslu sem tengist vímuefnamálum og ofbeldismálum í tengslum við þau.

Áður en ég svara einstökum spurningum sem til mín hefur verið beint vil ég gera eitt atriði sérstaklega að umtalsefni sem ekki hefur verið rætt hér. Það er samhengið við aðra vegna þess að þessi mál tengjast auðvitað alþjóðlegri glæpastarfsemi. Á meðan slík starfsemi þrífst og er vaxandi, ekki í blóma, ég vil ekki nota það orð yfir starfsemi af þessu tagi, í nágrenni við okkur er ljóst að auðveldara verður um vik að beina slíkri starfsemi og afleiðingum hennar hingað.

Á nýlegri ráðstefnu í Visby þar sem voru staddir forustumenn ríkisstjórna við Eystrasaltið og þjóða þar í námunda var þetta mál eitt hið stærsta í umræðunni, stærra en gert hafði verið ráð fyrir í dagskrárkynningu. Það má segja að meginniðurstaða manna þar og inntakið hafi verið að hin opnu landamæri sem nú eru staðreynd í Evrópu hafi nýst glæpaklíkum og slíkum öflum miklu fyrr en öðrum aðilum. Þannig hafi lögregluyfirvöld grautað áfram hvert í sínu horni og verið mjög ósamstarfsfús milli landa og svæða á meðan glæpahringirnir höfu fljótt samstarf langt yfir landamæri og tóku í sína þjónustu tæknibúnað sem var miklu fremri en sá búnaður sem lögregluyfirvöldin höfðu yfir að ráða. Það var ljóst að í hugum þessara forustumanna var þetta einn mesti meinvaldur sem þeir þóttust sjá að þeirra þjóðfélag stæði frammi fyrir. Þeirra svör voru ekki að það ætti að loka landamærum heldur ætti á hinn bóginn að efla samstarfið á milli lögregluyfirvalda og slíkra aðila þvert yfir landamærin, auðvelda rannsóknir og láta það ekki stöðvast við landamæri þannig að glæpaklíkur og hringir gætu komist undan löggæslu með því að færa sig eins og þau geta núna auðveldlega á milli ríkja og yfir landamærin.

Það er enginn vafi á því að skipulögð glæpastarfsemi eins og nú á sér stað til að mynda í Evrópu auðveldar þeim misindismönnum sem vilja koma slíkum efnum á framfæri hér sinn leik með sama hætti og öflug löggæsla og nánari samvinna á því sviði væri einnig til þess fallin að hjálpa okkur. Ég vil geta þessa svona í framhjáhlaupi þar sem þetta var mjög ofarlega á þeim umræðuvettvangi sem ég tók þátt í þar á dögunum.

Svona almennt varðandi það sem nefnt hefur verið þá hafa margir ræðumenn getið þess að svör í skýrslunni væru á sumum sviðum óljós. Það mátti nú búast við því fyrir fram vegna eðlis málsins til að mynda. Auðvitað er það svo að svör um það hversu miklu efni sé smyglað inn og hversu mikið sé á markaði verða ætíð ágiskunarefni meðan menn hafa ekki komið yfir þau höndum og þá hætta þau að vera vandamál eftir það og jafnframt þess vegna allar afleiddar spurningar af slíku svo sem eins og verðmæti á markaði. Það hlýtur að vera um ágiskun að ræða, að vísu ágiskun manna sem vel þekkja til. En hvernig sem þær sérstöku tölur eru og þó að þær séu kannski ekki nógu markvissar þá er hafið yfir vafa að innflutningur, sala og neysla er hér í slíku magni að um verulegt vandamál er að ræða.

Það var spurt sérstaklega um það hvort það væri mat ríkisvaldsins að herða bæri viðurlög við þessum afbrotum og stuðla að því að felldir yrðu þyngri dómar en hingað til hafa tíðkast. Þetta er eitt af því sem sú nefnd sem ég nefndi áðan skal athuga og einnig hvort málsmeðferðin þurfi að endurskoðast. Ég vek athygli þó á því að það er ekki víst að refsirammi okkar sé mjög frábrugðinn því sem gerist annars staðar, a.m.k. hér næst okkur. Það er ekki vafi á því að refsiramminn er þyngri í Bandaríkjunum en hér og á Norðurlöndum, mun þyngri, en þar hefur nú sá refsirammi ekki dugað til þess að stöðva starfsemi af þessu tagi. Auðvitað eru refsingar margvíslegs eðlis. Að sumu leyti eru þær refsingar notaðar í friðþægingarskyni af þjóðfélaginu vegna þess að menn stunda ólögmæta starfsemi sem þjóðfélagið vill refsa fyrir. Í annan stað er refsingum ætlað að vera fyrirbyggjandi. Menn geta deilt um það hversu virk þau úrræði eru en þó má frekar búast við því að harðari refsingar séu til þess fallnar að fæla menn frá því að grípa til úrræða eins og um er að ræða í þessu dæmi. En ég á frekar von á því að menn muni hneigjast í átt til þyngri viðurlaga í framhaldinu en nú er gert.

Það er sérstaklega spurt um samstarfið milli lögregluyfirvalda og tollyfirvalda. Í sjálfu sér á ekkert að vera því til fyrirstöðu að það samstarf geti verið markvisst. Sé þar pottur brotinn þá er sennilega um skort á hæfni í mannlegum samskiptum frekar en að reglurnar séu til þess fallnar að koma í veg fyrir slík samskipti og ef svo er eins og orðrómur hefur verið um þá þarf auðvitað að taka á því en til þess þarf ekki neinar nýjar reglur eða ný lagafyrirmæli. Þó er rétt að vekja athygli á því að í lögreglulögum sem liggja fyrir þinginu til meðferðar er gert ráð fyrir markvissari aðgerðum og markvissara meðferðarferli og rannsóknarferli en nú er þannig að verði það frv. að lögum þá er líklegt að þar standi íslensk lögregluyfirvöld með þægilegri vopn í höndum og með skýrari heimildir til samstarfs og fyrirmæli um samstarf en nú er.

Þá var spurt um skýrslur sem eiga að koma í lok þessa mánaðar eða byrjun hins næsta. Mér finnst sjálfsagt, vegna

þess sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi, að skýrslan verði sérstaklega kynnt þeim nefndum þingsins sem um þetta mál eiga að véla. Það er til þess fallið að færa þingmennina nær ákvörðunum og fyrr og mundi þá auðvelda mönnum ákvarðanir í haust þegar þingið kemur saman á nýjan leik. Ég tel rétt að þetta verði gert og vil gjarnan beita mér fyrir því að svo verði.

Það er út af fyrir sig einn galli í skýrslunni sem ekki er hægt að koma í veg fyrir, þ.e. að það er nokkuð blandað saman löglegum og ólöglegum fíkniefnum en staðreyndin er jú sú eins og menn hafa vakið athygli á að flest ofbeldisverk hér á landi tengjast því sem við köllum löglegum fíkniefnum, þ.e. áfengi og öðrum slíkum efnum, þó mönnum sé tíðrætt um afleiðingar af notkun og sölu sterkari efna. Tíma mínum er nú lokið og læt þetta duga.

Spilliefnagjald, 2. umr.

Stjfrv., 252. mál. — Þskj. 392, nál. 983, brtt. 984 og 1011.

[17:36]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frv. til laga um spilliefnagjald. Fjöldi gesta kom fyrir umhvn. og ræddi við nefndina og umsagnir voru sömuleiðis skoðaðar, metnar og teknar til ítarlegrar skoðunar og umfjöllunar. Frv. fjallar um spilliefnagjald, þ.e. sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Hér verður gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum sem lagðar eru til:

Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í 1. gr. laganna að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn mála þeirra er frv. fjallar um.

Í öðru lagi telur nefndin mikilvægt að helstu sjónarmið atvinnulífsins og almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni og verði það best tryggt með nefndarskipaninni. Til að þessu markmiði verði náð þykir nauðsynlegt að fjölga nefndarmönnum um einn. Því er lagt til að ráðherra skipi tvo nefndarmenn í stað eins áður.

Í þriðja lagi leggur nefndin til þá breytingu á 4. gr. að ráðherra skuli staðfesta samninga sem gerðir eru á grundvelli ákvæðisins að fengnum umsögnum spilliefnanefndar og Hollustuverndar ríkisins.

Í fjórða lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á 7. gr. Lúta þær að því hvernig framkvæmd innheimtu spilliefnagjalds skal háttað. Þá er lagt til að bætt verði við frv. ákvæði sem hefur að geyma reglur um viðurlög.

Í fimmta lagi: Einnig er lagt til að bætt verði við frv. ákvæði um að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku. Er sú tillaga gerð í ljósi þess að hér er um að ræða nýja gjaldtöku sem þarf að endurskoða í ljósi reynslunnar innan nokkurra ára. Þá er lagt til að ákvæði það sem mælir fyrir um skipan spilliefnanefndar skuli endurskoða að tveimur árum liðnum frá gildistöku laganna. Er tillagan lögð fram þar sem um nýja skipan er að ræða sem rétt þykir að meta að fenginni reynslu.

Í sjötta lagi: Loks er lögð til breyting varðandi gildistöku og framkvæmd laganna. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1997. Tímann fram að áramótum á að nota til undirbúnings og þannig er lagt til að spilliefnanefnd verði skipuð strax og lögin hafa öðlast gildi og skal nefndin hefja undirbúning að framkvæmd laganna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera grein fyrir afstöðu sinni við umræður um málið og flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu.

Nefndarmenn skrifa undir með þeim fyrirvara sem getið var um áðan og Hjörleifur Guttormsson með fyrirvara.

[17:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um spilliefnagjald sem er að finna á þskj. 1011 en það er brtt. við 3. gr. Flutningsmenn ásamt mér að þessari tillögu eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Kristín Halldórsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir. Við leggjum til þá breytingu á 3. gr. frv. að í stað orðanna „sex menn" í 2. málsl. komi: sjö menn, og að á eftir orðunum „Alþýðusambandi Íslands" í 2. málsl. komi: einn af Neytendasamtökunum.

Við gerum sem sagt ráð fyrir að sá fulltrúi sem bætt er við í nefndina verði tilnefndur af Neytendasamtökunum. En í breytingartillögum sem hv. formaður nefndarinnar og framsögumaður málsins hefur gert hér grein fyrir, er gert ráð fyrir að hann verði skipaður án tilnefningar af umhvrh.

Nefndin fjallaði eins og fram hefur komið ítarlega um málið og gerir á því margar breytingartillögur sem liggja fyrir á þskj. 984 og um það er samstaða að öðru leyti en því að ágreiningur var í nefndinni um samsetningu svonefndrar spilliefnanefndar og því er þessi breytingartillaga flutt.

Það mál sem hér er um að ræða er mikilsvert og við tökum undir það sem í nefndinni sitjum og erum aðilar að þessari breytingartillögu ásamt áheyrnarfulltrúa sem er einnig aðili að tillögunni til breytinga. Ég ætla að gera nokkra grein fyrir ástæðum þess að við flytjum þessa tillögu. Það var búið að ná samkomulagi um frv. í nefndinni. Líklega var það fyrir páska og við töldum að málið væri að fá lokaafgreiðslu og fara inn í þingið. En þá kom skyndilega upp ágreiningur milli stjórnarflokkanna eða fulltrúa þeirra í nefndinni um málið sem varð það harðvítugur að málið hreyfðist ekki í nefndinni í meira en mánuð og sat þar fast. Það var fyrst í þessum mánuði sem málið var tekið fyrir á ný og afgreitt út úr nefndinni þann 15. maí með nefndaráliti. Þá höfðu stjórnarliðar í nefndinni komið sér saman um að leysa þennan ágreining sín á milli með því að fjölga fulltrúum um einn og ætla umhvrh. hæstv. að skipa þann fulltrúa. Sá fleinn sem stóð á milli flokkanna virtist snúast um það að fulltrúar framsóknarmanna í nefndinni lögðu það til að fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaga yrði bætt inn í nefndina en fulltrúar sjálfstæðismanna gátu ekki með nokkru móti á það fallist. Við sem stöndum hér að breytingartillögu vorum alveg opin fyrir því að það yrði skoðað, enda yrði fjölgað í nefndinni með því að bætt yrði við fulltrúa frá Neytendasamtökunum. Þau höfðu sent nefndinni umsögn og fundið ýmislegt að skipun þessarar spilliefnanefndar og talið að það ætti að haga meðferð málsins, þ.e. stýringu á þessu starfi, með öðrum hætti. Færi hins vegar svo að fast yrði haldið við þessa skipan, þá segir í niðurlagi umsagnar Neytendasamtakanna, með leyfi forseta:

„Verði það, andstætt heilbrigðri skynsemi, niðurstaðan að skipa sérstaka spilliefnanefnd telja Neytendasamtökin nauðsynlegt að skipan nefndarinnar verði breytt. Þannig telja samtökin nauðsynlegt að í nefndina verði skipað án tilnefninga hagsmunaaðila en þess gætt að aðilar með fagþekkingu, fulltrúar neytenda og framleiðenda, sitji þá í nefndinni."

Þetta er undirritað af formanni samtakanna. Það er vissulega mjög æskilegt að fulltrúar Neytendasamtakanna eða þeirra sem hafa auga með þeim sjónarmiðum geti fylgst með þessu máli og geri það með þátttöku í þessari spilliefnanefnd. Það er auðvitað með þeim hætti sem kostur verður á því að fylgjast með framkvæmdinni og líka til þess að koma í veg fyrir tortryggni á málsmeðferð sem við út af fyrir sig teljum ekki fyrir fram ástæðu til ætla að þurfi að koma upp, en það verður best tryggt með því að Neytendasamtökin eigi fulltrúa í nefndinni. Við höfum kynnt þetta sjónarmið. Ég hafði samband við nýkjörinn formann Neytendasamtakanna, Drífu Sigfúsdóttur. Ég kynnti henni þá ætlun okkar að flytja brtt. við málið í þessa veru og ég tel mig geta fullyrt að það féll í góðan jarðveg einnig hjá þessum nýja formanni að Neytendasatökin fengju þannig aðgang að þessum vettvangi. Ég tel að það væri til bóta, þessi samtök vinna gagnmerkt starf, mættu vissulega hafa meiri og víðtækari stuðning á landsmælikvarða en raun ber vitni og í ákveðnum málum, m.a. eins og hér um ræðir, tel ég eðlilegt að þau fái aðgang að vettvangi þar sem fjallað er um mál sem varða almannaheill og það verði gert með þessum hætti.

Í nefndaráliti kemur fram undir tölul. 2 eftirfarandi sjónarmið: „Nefndin telur mikilvægt að helstu sjónarmið atvinnulífsins og almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni og verði það best tryggt með nefndaskipaninni. Til að þessu markmiði verði náð þykir nauðsynlegt að fjölga nefndarmönnum um einn. Því er lagt til að ráðherra skipi tvo nefndarmenn í stað eins áður."

Það er fyrirvari við þetta atriði sem ég gerði og auðvitað höfðum við öll eins og venja er rétt til þess að flytja eða styðja brtt. við frv. Við gerum það með þessari tillögu sem ég hef gert grein fyrir. Það er vandséð hvernig á að koma þessu fyrir, að tryggja af hálfu þingsins að sjónarmið almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni ef þannig færi, sem ekki er ólíklegt eftir þann harða hnút sem upp kom á milli stjórnarliða um þetta efni, að ráðherra telji sig skuldbundinn með einhverjum hætti að skipa í nefndina fulltrúa sem tengist eða sem er beint kominn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Ekki finnst mér líklegt að hæstv. ráðherra kjósi að velja slíkan aðila formann. Það er þá hætt við að það fari að fara um sjálfstæðismenn og þá sem eru þeim skyldir að viðhorfum. Ég ætla ekki að fara að rekja hvaða aðilar það gætu verið sem eiga tilnefningarrétt í nefndina, en ég efast um að hæstv. ráðherra treysti sér til þess að gera fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaganna formann í nefndinni. Ef hæstv. ráðherra velur síðan þann kost að taka mann nr. tvö, sem hann hefur vald til samkvæmt breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar, og skipa þann aðila frá Vinnumálasambandinu er ekkert pláss eftir fyrir fulltrúa frá Neytendasamtökunum eða þessa fulltrúa almennings sem um getur í nefndaráliti.

Ég tel að þetta sé mikilsvert efni sem við erum að ræða og sem við leggjum áherslu á með flutningi þessarar brtt. okkar. Ég vænti þess og hafði raunar vænst þess að það yrði komið til móts við þessi sjónarmið af hálfu nefndarmanna allra og meiri hlutans í nefndinni þannig að ekki þyrfti að koma til sérstaks tillöguflutnings. Mér finnst þetta satt að segja heldur vandræðalegt af hálfu meiri hlutans að halda svona á máli. Ég sá hins vegar ekki ástæðu til að fara að taka upp þeirra mál með okkar tillöguflutningi, heldur leggja fyrst og fremst áherslu á það sjónarmið að fulltrúi Neytendasamtakanna fái aðgang að nefndinni með þessum hætti. Hér er uppi alveg dæmigert deiluefni þeirra aðila sem að ríkisstjórn standa og einhvern tíma var kennt við helmingaskipti, þ.e. það verður að vera jafnt á merinni að því er varðar þá aðila sem standa að atvinnurekendasamtökum í landinu, Vinnuveitendasambandinu annars vegar og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna hins vegar. Það hefur hins vegar farið svo að veldi hins síðartalda hefur orðið miklu minna, sumpart því miður í seinni tíð, vegna þess hvernig fór fyrir Sambandi ísl. samvinnufélaga sem þarna var mikill burðarás áður fyrr. Það er liðin tíð en eftir stendur þessi gamli rígur og kemur fram með þessum hætti í sambandi við frv. til laga um spilliefnagjald.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vænti þess að mönnum sé ljóst hvað hér um ræðir og hvað fyrir okkur vakir sem berum fram þessa brtt. Það kann að vera að það rofi til í þessu efni þegar menn fara að skoða þetta betur og ég á von á því að við eigum talsvert fylgi við þetta sjónarmið. Mér finnst að Neytendasamtökin eigi það alveg inni að fá aðgang að þessari nefnd og það geti orðið til að koma í veg fyrir tortryggni á málsmeðferð á máli sem er jákvætt og þarflegt að verði lögfest, þ.e. þetta frv. Sá vilji sem þar hefur komið fram hjá samtökum atvinnulífsins m.a. er allra góðra gjalda verður og sjálfsagt að láta á hann reyna og virkja þá krafta. Undir það vil ég taka.

[17:54]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra breytingartillagna sem fluttar eru af nefndarmönnum í umhvn. vil ég láta koma fram að þau sjónarmið sem hér eru gerð að umtalsefni eru tekin til umfjöllunar og afgreiðslu með þeirri brtt. sem ég gerði grein fyrir í framsögu minni. Aðilar atvinnulífsins, neytenda og almennings eru býsna margir og með því ákvæði sem sett hefur verið fram um að ráðherra gæti þeirra hagsmuna, sem eru vissulega margra aðila, teljum við að þeim tilgangi sem stefnt er að sé náð.

Mál þetta var rætt í nefndinni og meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu sem skýrir sig og lýsir sér best í þeirri brtt. sem ég flutti áður.

[17:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má til sanns vegar færa að aðilar atvinnulífs, neytenda og almennings eru býsna margir. En það er þó takmarkaður hópur þeirra sem kemst að í þessari nefnd og eftir er að skýra með hvaða hætti hæstv. umhvrh. muni tryggja það að gætt verði hagsmuna þeirra sem eru kannski minnst fyrirferðar í sambandi við nefndina sem fulltrúar almennings. Auðvitað treysti ég hæstv. umhvrh. til þess að vilja gæta almannasjónarmiða sem slíku en hitt er alveg óskýrt. Ég tel að stjórnarliðar og þar á meðal hæstv. umhvrh. fyrir utan formann nefndarinnar verði að tala miklu skýrar um þetta efni. Það mundi greiða fyrir ef hæstv. ráðherra mundi lýsa sínum sjónarmium í þessu máli og viðhorfum til málsins. Satt að segja hafði ég vænst þess að þau sjónarmið endurómuðu með einhverjum hætti í máli formanns nefndarinnar, frsm. málsins af hálfu nefndarinnar, en sú von hefur því miður brugðist.

[17:57]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er dálítið sérstakt að það skuli ekki vera hægt að fá frekari viðbrögð af hálfu stjórnarliða í þessu máli. Þeir eru búnir innan umhvn. að kljást um þetta í heilan mánuð og reyndar vel það, deila um þetta sín á milli svo harkalega sem raun ber vitni. Málið var fast í nefndinni þótt þar væri komin á að við héldum full sátt. Og nú er ekki hægt að toga eitt einasta orð upp úr mönnum um það hvernig þeir ætli að höggva á þarna gordíonshnút sem þarna var riðinn á milli aðila. Ég trúi ekki öðru, virðulegi forseti, en hæstv. umhvrh. taki til máls við umræðuna. Hæstv. ráðherra sem situr í hliðarsal og fylgist með virðist vera ófáanlegur til að láta heyra frá sér um það hvernig hæstv. ráðherra ætlar að halda á þessu máli.

Ég átta mig á því að hæstv. ráðherra er í talsverðum vanda í þessu efni og við ætluðum satt að segja með þessari tillögu okkar í minni hluta umhvn. og þeir fjórir sem að tillögunni standa að aðstoða hæstv. ráðherra þannig að hann sæti ekki uppi með þennan kaleik. Það er hins vegar alveg ljóst að stjórnarflokknum, sem ræður ferðinni í flestum greinum í stjórnarsamstarfinu, Sjálfstfl., hefur tekist að koma því þannig fyrir að það má alls ekki nefna í sambandi við þetta mál nafn Vinnumálasambands samvinnufélaga. Það er algert bannorð að það fái að heyrast, hvað þá heldur sjást á prenti. Hæstv. ráðherra gæti kannski átt einhvern stuðning fyrir því sjónarmiði að það væri ekki algert bannorð hjá öðrum fulltrúum í nefndinni. Enda væri þá á það fallist að Neytendasamtökin fengju einnig pláss við þetta borð. Ég tel útilokað að við ljúkum þessari umræðu án þess að hæstv. ráðherra taki til máls og lýsi sínum viðhorfum til málsins.

Það vekur hins vegar athygli að flokkurinn sem ræður ferðinni í stjórnarsamstarfinu, Sjálfstfl., og fer með Framsfl. eins og honum hentar í flestum málum, sér ekki ástæðu til þess að hafa neinn fulltrúa sinn úr umhvn. viðstaddan í þessari umræðu, ekki einu sinni þann öfluga talsmann Sjálfstfl. í nefndinni, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, sem hefur komið inn í umhvn. að ég held þrívegis í vetur og sést í nefndinni. Hann þurfti ekki að koma nema í þriðja sinn til að múlbinda framsóknarmenn þannig að þeim hefur ekki dottið í hug að bera sér í mun nafn Vinnumálasambands samvinnufélaga eftir að hv. þm. kom þar í þriðja sinn og upplýsti að það væri algert bannorð í sambandi við þetta mál og þó að fleira kæmi þar upp á borðið, ef það tengdist þeim samtökum þá væri hann ekki lengur til viðtals. Og þetta nægði alveg. Nú bíðum við eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. fái málið og greini þinginu frá því sem hæstv. ráðherra hlýtur að vera búinn að móta með sjálfum sér, þ.e. hvernig hann hyggst nota vald sitt í tengslum við stjfrv. ef það gengur fram eins og tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra bregði sér hingað í stólinn og greini þingheimi frá þessu. Það er alveg óhjákvæmilegt að þingheimur viti hvað hæstv. ráðherra hefur í huga áður en gengið er til atkvæða í þessu mikilvæga máli.

[18:02]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Mér er það auðvitað bæði ljúft og skylt að koma í þennan ræðustól ef það má verða til þess að greiða fyrir framgangi málsins. Ég tel að hér sé á ferðinni afar mikilvægt mál, þ.e. að fá samþykkt lög um spilliefnagjald eða gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Ég tel að þetta sé svo stórt mál að það verði þingi mikill sómi að því að hafa lögfest það frv. sem hér er til umræðu, ef og ég segi nú, þegar að því kemur. Ég gef mér auðvitað að það verði. Það er líka sjálfsagt af minni hálfu að þakka nefndinni fyrir ágæt störf að þessu máli eins og reyndar fleirum sem hafa verið til umfjöllunar hjá umhvn. í vetur, en að þessu sinni fyrir afgreiðslu þessa máls svo langt sem það er þegar komið og þeim tillögum sem hér liggja fyrir frá meiri hluta nefndarinnar.

Þar er gert ráð fyrir því m.a., ásamt fleiri breytingartillögum sem lagðar eru fram, að fjölga um einn fulltrúa í þessari nefnd sem kölluð hefur verið spilliefnanefnd, en það er nefnd sem á að fjalla um málefnin. Það gefur ráðherra vissulega svigrúm til þess að gæta að þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í nefndarstarfinu og í þeim umsögnum sem nefndinni hafa borist um að fá að tilnefna fulltrúa í nefndina.

Hins vegar er það ljóst að við vinnu að þessu frv. komu aðilar vinnumarkaðar, sérstaklega fulltrúar frá Vinnuveitendasambandinu og lögðu því mjög eindregið lið að frv. komst í þann búning sem það er og er nú komið í 2. umr. Ég hef talið að það sé eðlilegt að við gefum málinu nokkurn tíma til þess að þróast, að sjá hvernig því vindur fram og hvernig úr þessu mikilvæga máli vinnst. Það er gert ráð fyrir því í breytingartillögu nefndarinnar að einstakir þættir frv. eða laganna verði teknir til endurskoðunar fljótlega aftur að fenginni ákveðinni reynslu. Ég tel að það sé ásættanlegt mjög og lýsi stuðningi mínum við þessa tillögu meiri hluta nefndarinnar að fjölgað verði um einn mann í nefndinni, enda gefur það ráðherra þá svigrúm til þess að tilnefna tvo fulltrúa, annan sem formann og hinn sem óbreyttan liðsmann. Á þessu stigi, af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði að því hvort ráðherra gæti gefið um það upplýsingar hér hvernig hann hygðist nota þessar tilnefningar eða nýta sér þetta svigrúm ef það verður samþykkt eða gert að lögum eins og ég vona sannarlega að verði gert, þá hef ég ekki tekið enn þá neina endanlega ákvörðun um það. Það liggur sem sagt ekki fyrir nú af minni hálfu hverjir verða fulltrúar í þessari nefnd, enda væri óeðlilegt að vera búinn að setja fram hugmyndir eða tillögur í því efni meðan ekki er enn þá vitað hvernig Alþingi endanlega samþykkir frv. og hverjar niðurstöðurnar verða. Ég lýsi ánægju minni með það að fá þetta svigrúm m.a. til þess að geta hugsanlega orðið við þeim óskum sem hafa komið fram í nefndinni og ég tel að þá sé möguleiki til þess út af fyrir sig að verða við ef svo fer. En á þessu stigi er ég ekki tilbúinn til þess að kveða upp úr með það fyrr en ég sé hvernig frv. verður afgreitt.

[18:06]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er greinilega um eitthvert allra erfiðasta mál að ræða sem upp hefur komið í ríkisstjórnarsamstarfinu. Það er ekki aðeins að stjfrv. um spilliefnagjald hefur setið í nær fimm vikur fast í umhvn. vegna deilna um það hvernig þessi nefnd eigi að vera samsett, heldur líka að loksins þegar tillögur koma um að hæstv. umhvrh. fái heimild til að skipa án tilnefningar tvo í nefndina, þá er hæstv. ráðherra svo hógvær og bljúgur þegar hér kemur að því að málið er til 2. umr. og tekur svo ríkulegt tillit til krafna Sjálfstfl. í sambandi við málið að ráðherrann telur það óeðlilegt gagnvart þinginu að ljóstra því upp hvernig hann mundi nota heimild sína ef frv. gengi eins og meiri hluti umhvn. leggur til. Mér finnst það ekki beinlínis siðlegt af hálfu hæstv. ráðherra að ætla að leyna þingið, eftir svo harða deilu, því hvernig hæstv. ráðherra hyggst fara með

skipunarvald sitt að þessu leyti. Það er meiri leyndardómurinn, meiri leyndarhjúpurinn sem yfir þessu hvílir. Það er mjög erfitt fyrir þingið að taka afstöðu til málsins þegar hæstv. ráðherra og framsögumaður nefndarinnar hafa ekki verið fáanlegir til þess með nokkru móti að greina frá því hvorum megin þeir munu liggja þegar að því kemur að nýta þetta aukna svigrúm um fjölda í spilliefnanefnd, þ.e. hvort það verði Vinnumálasambandsmegin sem skipunin falli eða Neytendasamtakamegin eins og við viljum tryggja sem flytjum hér breytingartillögu þannig að ekkert fari á milli mála.

[18:08]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til þess að fullvissa hv. þm. Hjörleif Guttormsson og þingheim um það að mér finnst þetta ekki vera svo stórt mál og síður en svo að það sé erfitt eða ég hafi af því miklar áhyggjur eins og hv. þm. reyndi þó að draga fram, þ.e. að málið væri afar erfitt í stjórnarsamstarfinu. Ég fullvissa hann um að svo er ekki. Það ríkir alger samstaða um það í meiri hlutanum, um þær breytingartillögur sem hér hafa verið lagðar fram, hvernig þær líta út. Hitt veit hv. þm. auðvitað að ráðherrann er alla jafnan bæði bljúgur og hógvær þannig að hann reynir að fara fram með mál á þann hátt að leita samkomulags um efni sem kann að vera ágreiningur um. En hafi svo verið í þessu tilfelli, þá held ég að um málið sé fullkomin samstaða orðin og sátt.

Oft er það að ráðherra er fengið vald til þess að tilnefna fulltrúa í stjórnir og oftar en ekki fleiri en tvo. Ég minnist t.d. þess að nýlega er landbrh. búinn að tilnefna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar sem er hlutafélag þar sem landbrh. fer með öll hlutabréfin. Þar þarf hann að tilnefna fimm menn í stjórn og það er án nokkurra tilnefninga og hann tilnefnir þá alla. Nú man ég auðvitað ekki hvernig sú umræða fór fram í hv. þingi þegar verið var að afgreiða það frv., hvort þar var tilskilið að stjórnin skyldi skipuð með einhverjum ákveðnum hætti og að ráðherra hafi gefið einhverjar yfirlýsingar um það fyrir fram. En ég er þess alveg fullviss að það eru fjölmörg dæmi um það að ráðherrar hafa þurft að taka það á sig að leita að mönnum í stjórnir og nefndir og ráð án þess að þinginu hafi verið gerð ítarleg grein fyrir því fyrir fram.

[18:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það skýrist smám saman hver staðan er í málinu. Hæstv. ráðherra greinir okkur frá því að um málið hafi skapast fullkomin samstaða og sátt. Spurningin er bara milli hverra. Ekki hefur umhvn. verið kynnt þessi fullkomna samstaða og sátt, ekki einu einasta orði. Hún hlýtur að hafa verið kynnt einhverjum öðrum en umhvn. þingsins. Ég hlýt að lesa þannig í málið að það hafi verið gert leynisamkomulag á milli stjórnarliða, samkomulag sem útilokað sé að fá upplýst um hér í þinginu, í hverju liggur efnislega, þessi fullkomna samstaða og sátt í sambandi við málið, skipan nefndarinnar. En sáttin var ekki meiri en svo um þetta efni þegar við töldum að ætti að afgreiða málið út úr umhvn., ekki ágreiningur við minni hlutann í nefndinni heldur milli stjórnarliðanna, að það hrikti í því trausta húsi Þórshamri þannig að það voru allir meira og minna þátttakendur í því sem fram fór, ekki bara á 2. hæð heldur á milli hæða. Svo mikill var atgangurinn í þessu máli sem hæstv. ráðherra upplýsir okkur nú um að í hafi tekist fullkomin samstaða og sátt. Það má bara ekki segja frá því í hverju hún er fólgin. Þingið á að ganga til atkvæða um breytingartillögur sem varða málið. Hæstv. ráðherra er algerlega ófáanlegur til að greina frá því hvernig hann hyggst nota skipunarvald sitt. Þetta er afskaplega sérkennilegt mál og greinilegt að það liggur dýpra hjá stjórnarliðinu en maður hafði ætlað. Hitt er auðvitað jafnljóst að Framsfl. hefur bljúgur kysst á vöndinn hjá Sjálfstfl. í málinu. Það er það sem við blasir.

[18:13]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins ein setning. Þegar lesin verður eða yfirfarin ræða sú eða það svar við andsvari sem ég veitti áðan, þá held ég að setningin hafi hljóðað svo að það hafi náðst fullkomin samstaða eða sátt milli stjórnarliðanna um þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir. Ég vona að það sé alveg skýrt og ljóst hvernig setningin hljóðaði og um hvað hún snerist. Þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir eru samþykktar af stjórnarliðinu í það minnsta og ég vona að þær eigi stuðning reyndar fleiri, helst allra hv. þingmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (flutningur menningarverðmæta). — Þskj. 524, nál. 943, brtt. 944.

[18:14]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum við frv. til laga um breytingar á þjóðminjalögum frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá menntmrn. Einnig hefur nefndin stuðst við umsagnir ýmissa aðila í vinnu sinni um málið.

Frv. er m.a. byggt á tilskipun Evrópusambandsins sem hefur að geyma reglur um skil menningarminja sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og reglum ráðs Evrópusambandsins um útflutning menningarminja. Þá er einnig að finna í frv. stefnumörkun varðandi útflutning menningarminja sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu og almennt bann við innflutningi erlendra menningarminja fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem minjarnar eru fluttar frá. Í núgildandi lögum er ekki að finna skýrar reglur um útflutning eða innflutning menningarminja en ljóst er að mikilvægt er að skýrar lagareglur gildi á þessu sviði. Í frv. er lagt til að 28. gr. gildandi þjóðminjalaga verði felld úr gildi en í staðinn komi í sérstökum kafla laganna mun ítarlegri ákvæði um útflutning menningarminja auk nýrra ákvæða um hömlur við innflutningi menningarminja þegar sérstaklega stendur á.

Þjóðminjasafni Íslands er samkvæmt frv. ætlað að fara með daglega og almenna framkvæmd ákvæða frv. og er gert ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar kunnáttumanna sem verði safninu til ráðuneytis. Menntmn. mælir með því að frv. verði samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sálfræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (stjórnskipuleg meðferð leyfisveitinga). — Þskj. 649, nál. 926.

[18:17]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976. Nefndarálitið er frá hv. allshn. Nefndin hefur fjallað um frv. og farið yfir umsagnir sem bárust frá Sálfræðingafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Nefndin leggur áherslu á að með þeirri breytingu sem frv. mælir fyrir um sé engin afstaða tekin til þess hvort Tryggingastofnun ríkisins skuli semja við sálfræðinga um sálfræðiþjónustu til sjúkratryggðra eða ekki.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Við bætist ný grein sem hljóðar svo: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita auk þeirrar sem þetta mælir Sólveig Pétursdóttir formaður, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristján Pálsson, Sighvatur Björgvinsson, Ögmundur Jónasson og Árni R. Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn flugslysa, 3. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 1009.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 1008.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (yfirstjórn, málsmeðferð, tollskjöl). — Þskj. 773, nál. 952, brtt. 953.

[18:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. vegna frv. til laga um breytingu á tollalögum. Efh.- og viðskn. sendir frá sér þetta álit og stendur að þessum brtt. en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur fyrirvara sem hann mun væntanlega grein fyrir síðar við umræðuna.

Brtt. efh.- og viðskn. eru í 11 liðum. Í 1. lið brtt. er gerð tillaga um nýja skilgreiningu sem er á leyndarkóðun svokallaðri, en hún felst í því að skeyti sem sent er frá tölvu í tölvu getur ekki misfarist á leiðinni vegna þess að sendandi og móttakandi hafa lykla til að leysa úr þessari leyndarkóðun.

Í 2. lið er gerð brtt. við 6. gr. og snýr hún að því að skipta upp ábyrgð á milli rekstraraðila frísvæðis og almennra tollvörugeymslna sem og umboðsaðila annars vegar og hins vegar þeirra sem slíkir aðilar eru að vinna fyrir. Í frv. var gert ráð fyrir því að það væri þarna á ferðinni sólídarísk ábyrgð en samkvæmt frv. er leitast við að skilgreina ábyrgðarsviðið þannig að hver um sig beri ábyrgð á sínum upplýsingum með venjulegum hætti.

Í 2. lið er enn fremur gert ráð fyrir 10. mgr. 6. gr. falli brott og að bætist við ný málsgrein sem samsvarar þessari leyndarkóðun. 10. mgr. sem ég gat um áðan snýr að því að tollstjórar geti boðið innflytjendum aðstoð við útyllingu á aðflutningsskýrslu gegn gjaldi. Þetta er lagt til að falli niður.

Í 3. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 8. gr. Hún snýr enn fremur að því að skipta upp ábyrgð á röngum upplýsingum.

Í 4. lið brtt. er gerð brtt. við 12. gr. Hún snýr að upplýsingagjöf tollyfirvalda og kveður á um að þeim sé skylt að veita almennar upplýsingar og leiðbeiningar um tollflutta vöru, ákvörðun tollverðs, gjaldtöku, útfyllingu á aðflutningsskýrslum, kæruleiðir og hvað eina sem lýtur að tollafgreiðslu. Það er sem sé ekki gert ráð fyrir því að í því felist þjónusta sem tekið er gjald fyrir, heldur er þarna fyrst og fremst á ferðinni tillaga um að tollyfirvöldum sé skylt að veita sjálfsagða þjónustu þeim sem leita til þeirra um leiðréttingar og annað slíkt. Á því hefur verið nokkur misbrestur hingað til.

Í 5. lið brtt. er lögð til breyting á 17. gr. Hún snýr að því að ríkistollstjóri geti falið tollvörðum við embætti sitt að annast eftirlits- og rannsóknarstörf hvar sem er á landinu og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstöðu við framkvæmd starfanna. Hann getur á sama hátt falið öðrum starfsmönnum störf á sínu eftirlitssviði hvar sem er á landinu. Hér er rétt að hafa í huga að tollverðir hafa lögregluvald og ekki er reiknað með því að aðrir starfsmenn ríkistollstjóra geti farið með slíkt vald en aðrir starfsmenn geta annast eftirlits- eða rannsóknarstörf hjá einstökum tollembættum eða einstökum aðilum án þess þó að geta beitt slíku lögregluvaldi. Um þetta er nánar fjallað í nefndarálitinu.

Síðan er í 5. lið brtt. fjallað um að tollskólinn skuli starfræktur áfram. Enn fremur er tillaga sem um að þegar ríkistollstjóri endurákvarðar gjöld séu þau sambærileg og þegar um er að ræða ákvörðun tollstjóra. Þá er lagt til að það gildi sömu ákvæði um embættisgengi tollstjórans í Reykjavík og gilda um skipun sýslumanna eins og verið hefur. Lagt er til að orðalagsbreyting verði gerð á ákvæðinu varðandi ráðningu tollvarða og síðast en ekki síst er lagt til að það verði sérstaklega kveðið á um við skipun í ríkistollanefnd að nefndarmenn séu hvorki háðir tollyfirvöldum né þeim sem hafa samskipti við tollyfirvöld.

Í 6. lið brtt. er lagt til að fjmrh. verði veitt sambærileg heimild til reksturs tollfrjálsra verslana í höfnum og hann hefur í sambandi við flugstöðvar.

Í 7. lið er lögð til breyting á 25. gr. þar sem gert er ráð fyrir að frestur tollstjóra til að senda inn tilkynningu um hugsanlega endurákvörðun á gjöldum verði styttur og miðar tillagan að því að innflytjandi hafi jafnan nægan tíma til andsvara ef tollyfirvöld telja vöru ekki rétt tollafgreidda.

Í 8. lið er gerð brtt. við 26. gr. Þar er verið að skýra ákvæðið málskot til ríkisskattanefndar og kærufrestur lengdur um 3–6 daga.

Í 9. lið eru lagðar til breytingar á 30. gr. frv. þar sem kveðið er á um að ekki verði heimilt að framselja tollgæsluvald sem eingöngu er falið tollyfirvöldum til einkaaðila. Eðlilegt þykir að tollyfirvöldum verði heimilað að fela öðrum ákveðna þætti tollafgreiðslu eins og nú er gert.

Í 10. lið brtt. er gert ráð fyrir að refsiákvæði laganna breytist og í 11. lið er gert ráð fyrir að sektarheimild verði lækkuð til samræmis við það sem gildir um sektargerðir lögreglu.

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um í upphafi er þetta samkomulagsmál efh.- og viðskn. Hér er á ferðinni mikið framfaramál og ég vona að þingheimur geti samþykkt þetta mál.

[18:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifa undir nefndarálit efh.- og viðskn. með fyrirvara eins og fram kom í máli hv. frsm. og formanns áðan. Fyrirvari minn lýtur einkum að einum þætti þessa máls, þ.e. það sem tengist fyrirkomulagi eða uppbyggingu tollamálanna í landinu. Á því eru gerðar með þessu frv. nokkrar breytingar og um það er ekki deilt að þar sé í sjálfu sér þörf á að taka á málum sem valdið hafa vandkvæðum á undanförnum árum, m.a. allnokkrum ágreiningi um verksvið einstakra aðila innan tollþjónustunnar og þá fyrst og fremst kannski um verksvið og mörk milli ríkistollstjóraembættisins eftir að það kom til sögunnar annars vegar og tollgæslustjóra hins vegar. Þá hluti þarf að setja niður með skýrum hætti en úr því að farið er út í breytingar á stjórnsýslulegri uppbyggingu eða skipulagi tollgæslunnar á annað borð er það mín skoðun að ástæða hefði verið til að skoða mikið betur en gert hefur verið aðrar mögulegar leiðir í þeim efnum. Og að því lýtur fyrst og fremst minn fyrirvari að ég er ekki alls kostar sáttur við að ekki skuli hafa verið lögð meiri vinna og betur farið ofan í saumana á mögulegum breytingum í aðra veru. Á ég þá m.a. við að ég tel að æskilegt hefði verið að hv. Alþingi og efh.- og viðskn. hefði getað gefið sér betri tíma til að kanna til hlítar þá þætti mála.

Í stuttu máli er það svo, herra forseti, að við höfum búið við nokkuð gamlan arf hvað varðar skipulag þessara mála sem m.a. lýsa sér í því að tollstjórinn í Reykjavík var jafnframt eins konar yfirmaður annarra tollgæslumanna. Þetta fyrirkomulag er að sjálfsögðu barn síns tíma og ekki um það deilt að það var æskilegt að hverfa frá því þannig að það sem kallað er á fínu tæknimáli hliðsett stjórnvald fær ekki jafnframt með yfirumsjón með verkum annarra sem ættu að vera sambærilega settir í stjórnkerfinu. Í raun var það svo að tollstjórinn í Reykjavík hafði bæði eftirlit með eigin verkum og síðan annarra tollstjóra á sínum tíma. Síðan var ríkistollstjóraembættið stofnað og þá var horft til embættis ríkisskattstjóra og í raun og veru sambærileg hugsun að baki í báðum tilvikum, að verða þyrfti til eitt embætti yfirmanns þessara mála yfir landið allt sem væri ekki beinn framkvæmdaaðili, væri ekki jafnframt með tollgæslu sem slíka í einhverju einu umdæmi á hendi.

Nú er valin önnur leið í þessum skipulagsbreytingum en síðan hefur verið farin hvað varðar uppbyggingu skatteftirlitsins og skattamálanna. Þar er eins og kunnugt er búið að aðskilja rannsóknarþáttinn og álagningarþáttinn í embætti ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Hér er ekki valin sú leið heldur eru þvert á móti öll þessi verkefni sameinuð undir einu opinberu embætti, embætti ríkistollstjóra. Ég leyfi mér að segja að úr því að menn töldu svo ríka ástæðu vera til þessarar aðgreiningar á sínum tíma að stofna algerlega sjálfstætt embætti skattrannsóknarstjóra hljóta mörg hin sömu rök að eiga við hvað varðar rannsókn tollamála og spurning hvort ekki hefði átt að verða til embætti tollrannsóknarstjóra.

Á hinn bóginn má spyrja: Er umfang tollanna og tollgæslunnar slíkt í okkar litla þjóðfélagi að það réttlæti tilvist slíkra sjálfstæðra embætta? Um það má vissulega deila. Þá er eftir sú leið í þessum efnum sem t.d. Danir hafa farið og ég tel að hefði átt að skoða mjög vandlega miðað við okkar aðstæður uppi á Íslandi og það er ósköp einfaldlega að sameina yfirstjórn tolla- og skattamála undir einu embætti, deildaskiptu embætti þar sem væri tolladeild og skattadeild og þá hefði legið á borðinu að sameina síðan rannsóknarþáttinn undir öðru embætti skattrannsóknar- og tollarannsóknarstjóra. Þar með náðu menn hvoru tveggja fram að vera ekki með óþarfa yfirbyggingu og óþarflega mörg embætti í þessum efnum en halda eftir sem áður aðskildum þessum tveimur meginþáttum sem vissulega eru ærin rök fyrir að gera, leitast við að gera eins og kostur er, þ.e. annars vegar framkvæmdahliðinni og álagningu skatta og tolla og hins vegar rannsókn deilumála og úrskurðarmála sem upp koma. Sérstaklega held ég, herra forseti, að það hefði átt að gaumgæfa vel þennan seinni kost sem frændur vorir Danir sem þó eru með mikið meira umleikis í þessum efnum hafa valið, þ.e. að reka ekki sjálfstæða yfirbyggingu á tollgæslunni sem slíkri heldur sameina hana yfirstjórn skattamála.

Það er líka rétt að hafa í huga að umfang tollanna og sú fjáröflun sem tollar eru ríkissjóði nú orðið er á undanhaldi og tollgæslan er því í ríkari mæli en áður var fyrst og fremst að verða eftirlitsstörf í okkar þjóðfélagi en ekki fjáröflunaraðgerð með sama hætti og áður var þegar beinir tollar námu mun hærra hlutfalli af tekjum ríkissjóðs. Gæsluhlutinn er hins vegar mjög mikilvægur og þarf ekki að fara mörgum orðum um það hversu nauðsynlegt það er að reyna að halda uppi öflugri tollgæslu. Nægir þar að nefna mál sem bar á góma fyrr í dag, herra forseti, á dagskrá fundarins, þ.e. fíkniefnin og ólöglegan innflutning á þeim í því sambandi.

Ég vonast til þess, herra forseti, að þótt þetta verði niðurstaðan hér, sem ég út af fyrir sig get prýðilega sætt mig við hafandi þó á því þennan fyrirvara, þýði það ekki að þessi mál sofni svefninum langa til langs tíma því að ég er sannfærður um að það er þörf á því að skoða þarna ýmsa hluti áfram og huga að skipulagi þessara mála til frambúðar.

Fáein orð er rétt að hafa um framkvæmd þessara mála að undanförnu. Mér finnst ekki við hæfi annað en að það sé nefnt í umræðunni að það er vissulega rík þörf á því að lagfæra hluti sem úrskeiðis hafa hafa farið í framkvæmd þessara mála undanfarin ár. Fyrir liggur m.a. álit umboðsmanns Alþingis í framhaldi af erindi sem tollgæslustjóri vísaði þangað þar sem býsna alvarlegar athugasemdir koma fram um framkvæmd þessara mála á undanförnum nokkrum síðustu árum. Mér finnst ekki hægt annað en það sé a.m.k. nefnt í þessari umræðu að í efh.- og viðskn. var farið yfir þessi mál og þar lágu fyrir gögn um hluti sem hafa bersýnilega ekki verið sem skyldi. Á ég þá við þann ágreining og þær deilur sem verið hafa um verksvið og fleira annars vegar en líka athugasemdir og ummæli umboðsmanns Alþingis varðandi þætti sem beinlínis hafa ekki verið sem skyldi með hliðsjón af lögum. Sem dæmi má taka að verkefni hafa verið færð undir ríkistollstjóraembættið umfram það sem lögin gera ráð fyrir eins og þau hafa verið og að ráðning tollvarða

og fleira því um líkt hefur ekki verið strangt tekið í samræmi við lagafyrirmæli. Þar er gengið beinlínis svo langt í áliti umboðsmanns að tala um að nauðsynlegt sé að koma á lögmætu ástandi hvað meðferð þeirra mála varðar og það er auðvitað býsna mikið sagt.

Herra forseti. Að lokum örfá orð um frv. og breytingartillögur sem hér eru fluttar af efh.- og viðskn. Ég tel að frv. eins og það var fram borið hafi verið langt frá því nógu vandað og vel unnið. Það kom mjög fljótlega í ljós þegar efh.- og viðskn. fór að fara í saumana á því að í því voru fingurbrjótar sem ekki fá staðist. Þar vil ég alveg sérstaklega nefna að mjög óskýr mörk voru dregin um það hvar í raun og veru tollgæsluvaldinu sem slíku væri fyrir komið. Í reynd var það svo að frv., hefði það náð fram að ganga óbreytt, fól í sér að mörk tollgæsluvalds, og þá á ég sérstaklega við lögregluvaldið sem tollverðir hafa, vald til að framkvæma tollgæsluna með valdboði ef svo ber undir, voru mjög óljós og framsal á því valdi hefði getað átt sér stað á grundvelli laganna til annarra en tollvarða. Auðvitað samrýmist það ekki þeirri hugsun sem á bak við liggur. Ætlunin hlýtur að vera að starf tollvarðanna sé fólgið í því eða þeir einir hafi vald til þessara löggæsluþátta sem starfinu tengjast.

Hitt er allt annað mál að ákveðnir þættir afgreiðslunnar sem slíkrar og ákveðin innheimta geta verið í höndum annarra aðila. Það er til hægðarauka og í raun og veru tíðkað að aðilar eins og Póstur og sími, jafnvel bankar og fjármálastofnanir geti í vissum skilningi verið afgreiðsluaðilar eða innheimtuaðilar. En það ber að draga skýr mörk á milli annars vegar slíkra þátta og hins vegar tollgæslunnar sjálfrar og löggæsluþáttar hennar.

Annað dæmi um þætti sem ekki voru þarna sem skyldi var til að mynda það að frv. gerði ráð fyrir að tollskólinn yrði lagður niður en í ljós kom að tollskólinn er hluti af ekki bara menntun og starfsþjálfun þeirra sem við tollgæsluna starfa heldur er hann líka bundinn í kjarasamninga þeirra sem að þessum málum vinna með þeim hætti að það fær ekki staðist að leggja hann niður miðað við gildandi kjarasamninga og uppbyggingu kjaramála starfsmanna í tollinum. Þessu er sem betur fer kippt í liðinn með breytingartillögum efh.- og viðskn.

Þá vil ég nefna líka að löngu tímabærar heimildir til þess a setja á fót tollfrjálsar verslanir í helstu millilandahöfnum landsins eru settar inn í 24. gr. frv. Þetta hefur reyndar verið á dagskrá á undanförnum þingum og fluttar hafa verið breytingartillögur um þetta eða í þessa veru sem ekki hafa náð fram að ganga. Hér er lagt til varðandi helstu tollhafnirnar eða þær hafnir þar sem millilandasiglingar eru í einhverjum mæli svo sem eins og Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn að það verði sjálfkrafa í hendi fjmrh. að heimila rekstur eða reka verslanir með tollfrjálsar vörur á þessum stöðum. Þarna eru inni eftir sem áður helstu flugvellir þaðan sem millilandaflug er stundað. Ég vek sérstaka athygli Vestfirðinga á því að þeir færast nú í þennan göfuga hóp bæði hvað hafnir og flugvelli snerta þar sem heimilt er að leyfa rekstur fríhafna.

Sömuleiðis hef ég gert að umtalsefni 9. tölul. brtt. sem varða 30. gr. frv. og þau álitamál sem tengjast framsali á tollgæsluvaldi. Ég tel að á því sé enginn vafi að breytingartillögurnar færa málið til betri vegar. Ég er því eftir atvikum ágætlega sáttur við að afgreiða frv. eins og það verður úr garði gert að brtt. efh.- og viðskn. samþykktum, en með þeim fyrirvara um uppbyggingu og stjórnsýsluþáttinn sem ég hef gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 2. umr.

Stjfrv., 469. mál (nýting afla o.fl.). — Þskj. 804, nál. 982. [18:42]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 982 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54 frá 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum frá sjútvn.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta mál og fékk m.a. á fund sinn Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjútvrn. Þá komu Kristján Ragnarsson og Eiríkur Tómasson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Umsagnir bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Íslenskum sjávarafurðum, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum sem fluttar eru í nefndarálitinu, þ.e. í 1. gr. komi í stað orðsins „auðlindir" orðið: nytjastofnar. Þetta varðar breytingu til samræmis við nýsamþykkt lög um umgengni um nytjastofna sjávar sem nú heita svo en frv. var upphaflega lagt fram undir heitinu frumvarp til laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Þannig háttar til að í frv. þessu um ákvæði um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum er vísað í áðurnefnd nýsamþykkt lög um umgengni um nytjastofna sjávar og gilda efnisreglur þeirra laga varðandi kvaðir á vinnsluskipum um úrgang sem til fellur við vinnsluna.

Seinni töluliður breytingartillagnanna er við 2. málsl. 1. efnismgr. 4. gr. Hann hljóðar svo í frv.:

„Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips, eða útgerðarháttum þess, að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu." Hér er vísað til þeirra tilvika þegar eftirlitsmaður er um borð í veiðiskipi fyrst eftir að það fær vinnsluleyfi og sagt að sama skuli gilda ef slík breyting verður á áhöfn eða útgerðarháttum að ástæða þyki til. Sjútvn. leggur til að á þessu verði gerð svofelld orðalagsbreyting og þetta hljóði svo:

„Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips, útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu."

Það þótti sem sagt rétt að taka þarna inn orðið „búnað" því ljóst má vera að einn af þeim þáttum sem gjörbreytt geta aðstæðum til vinnslu um borð í skipunum er nýr búnaður af einhverju tagi sem m.a. gæti tengst breyttri vinnslu. Hugsunin er fyrst og fremst sú að ákvæðin um eftirlitsmenn um borð geti orðið virk verði einhverjar þær breytingar á vinnslunni um borð sem leitt geti af sér nýjar aðstæður sem ástæða sé til að hafa eftirlit með. Hér er það auðvitað fyrst og fremst nýtingarhlutfallið sem menn hafa í huga vegna þess að nýting vinnsluskipanna á sínum aflaheimildum byggir á tilteknum nýtingarstuðlum sem eru nánast einstaklingsbundnir eða persónulega bundnir við hvert vinnsluskip ef svo má að

orði komast. Með því er auðvitað nauðsynlegt að fylgjast að þar séu ekki að verða neinar breytingar á sem skekkja þetta fína kerfi.

Síðan urðu nokkrar umræður í nefndinni um 2. mgr. 2. gr. en þar er kveðið á um að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að um borð í fullvinnsluskipum skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla. En slíkur búnaður hefur ekki verið fullþróaður. Hann er ekki fyrir hendi að okkur var tjáð, a.m.k. ekki þannig að menn hafi ráðist í að setja hann upp. Sjútvn. telur ástæðu til að leggja á það áherslu að þessi heimild verði ekki nýtt fyrr en fullnægjandi tækjabúnaður hefur verið þróaður og aðstæður eru orðnar þannig að það sé unnt að koma honum fyrir um borð í skipunum án umtalsverðs kostnaðar þannig að hann falli eðlilega inn í þá vinnslurás sem þar er, með öðrum orðum að undirstrika að þessi heimild verði nýtt hófsamlega þó að út af fyrir sig sé ekki ástæða til að ætla að neitt annað standi til. Forsvarsmenn útgerðarmanna höfðu af þessu ákvæði nokkrar áhyggjur. Þeir töldu það óþarft og óskuðu eftir því að það yrði fellt brott úr frv. En niðurstaða sjútvn. er samt að leggja til að það haldi sér vegna þess að því er ekki að neita að komi slíkur búnaður til sögunnar, verði hann þróaður þannig að hann verði sem sagt sæmilega viðráðanlegur hvað kostnað snertir og auðveldur í uppsetningu, þá væru því samfara miklir kostir að geta þannig sjálfvirkt fylgst með og skráð innveginn afla í skipið. Það yrði þá nothæf viðmiðun til eftirlits og útreiknings á því hvernig hvert og eitt skip væri að nýta sínar aflaheimildir. Þá þyrfti ekki eingöngu að styðjast við og jafnvel alls ekki það flókna fyrirkomulag, nýtingarstuðla, sem nú er notað til þess að umreikna landaðan afla vinnsluskipanna yfir í veiddan fisk.

Þá viljum við að lokum taka fram, vegna annarrar athugasemdar sem sjútvn. barst út af þessu máli, að með þessu frv. stendur ekki til að gera neina breytingu á því fyrirkomulagi sem gilt hefur gagnvart smábátum. Menn höfðu af því áhyggjur á sínum tíma þegar fullvinnsluskipalögin voru sett 1992, að hugsanlega gætu ákvæði þeirra tekið til tilvika þegar smábátar eru að fletja fisk og salta um borð og þeir teldust í þeim skilningi vinnsluskip eða verksmiðjutogarar. En það var aldrei ætlunin og er ekki frekar nú en var þá. Það var tekið fram á sínum tíma við afgreiðslu málsins 1992 að ekki stæði til að breyta neitt högum minnstu skipanna sem kynnu í þessum skilningi að stunda tiltekna vinnslu um borð sem oftast og sjálfsagt alltaf er þá undanfari frekari vinnslu í landi. Sjútvn. telur rétt að undirstrika að það er áfram óbreyttur skilningur hennar á þessum lögum og þó þetta frv. verði afgreitt, að ekki sé með því hróflað við stöðu smábátanna, að þeir skuli ekki teljast fullvinnsluskip í skilningi laganna. Í því sambandi má einnig vísa í reglugerð nr. 304/1992, sem gefin var út í kjölfar laganna um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum frá 1992 og undanþiggur smábáta.

Undir þetta skrifa svo allir viðstaddir nefndarmenn í sjútvn. Ágúst Einarsson sem sat fund sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi var einnig samþykkur áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:51]

Vegáætlun 1995–1998, síðari umr.

Stjtill., 295. mál (endurskoðun fyrir 1996). — Þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995.

[20:31]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hluta samgn. um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998 ásamt meðfylgjandi breytingartillögum á þskj. 891 frá meiri hluta samgn.

Nefndin fjallaði um málið með hefðbundnum hætti og fékk á sinn fund fulltrúa Vegagerðarinnar og fór yfir þágildandi vegáætlun sem samþykkt var á liðnu ári fyrir árin 1995–1998. Það var fyrsta vegáætlunin sem var samþykkt eftir að ný vegalög tóku gildi vorið 1994. Við afgreiðslu fjárlaga á síðastliðnu ári var ákveðið að útgjöld til vegamála yrðu lægri en vegáætlun gerði ráð fyrir. Samkvæmt þingsályktunartillögunni eins og hún liggur hér fyrir er einungis tekin til endurskoðunar áætlun yfirstandandi árs en nefndin leggur að auki til breytingar á flokkun vega í vegáætlun. Vinnutilhögun við afgreiðslu tillögunnar var með hefðbundnu sniði.

Nefndin hefur fjallað um skiptingu fjár á milli kjördæma og á milli einstakra verkefna undir liðnum Stórverkefni. Fjárveitingar til kjördæma lækka hlutfallslega í samræmi við forsendur tillögunnar. Við skiptingu fjár til stórverkefna var sömu aðferð beitt og áður, þ.e. allar fjárveitingar til þeirra lækka hlutfallslega.

Þingmannahópar kjördæmanna hafa unnið tillögur til breytinga á skiptingu fjármagns til einstakra verkefna innan almennra verkefna og framkvæmdaátaks á stofnvegum svo og til verkefna á tengivegum. Meiri hluti nefndarinnar tekur upp tillögur þingmannahópanna og fellir þær inn í sínar breytingartillögur.

Tvær breytingar eru gerðar á tekjuáætlun tillögunnar og hækka áætlaðar tekjur samtals um 84 millj. kr. vegna breytinganna á þessu ári.

Fyrri breytingin er sú að nýr liður, 1.1.5. Innheimtuátak í þungaskatti, 50 millj. kr., bætist við markaðar tekjur. Í tengslum við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 endurskoðaði ríkisstjórnin forsendur fyrir framlögum til Vegagerðarinnar. Þar kom fram að eftirlit með innheimtu og skilum þungaskatts hefur verið aukið að undanförnu og til stendur að auka það enn árið 1996. Þessar tekjur eru áætlaðar 50 millj. kr. og er sú upphæð tekin inn í tekjuáætlunina.

Í skiptingu útgjalda er þessum 50 millj. kr. bætt við lið 2.2.3.6. Vatnaskemmdir. Þar sem þetta viðbótarfjármagn er háð því að tekjurnar skili sér er Vegagerðinni óheimilt að ráðstafa þessu fé fyrr en ljóst er að svo verði.

Seinni breytingin varðar nýjan lið, 1.1.6. Hækkun á þungaskatti, 34 millj. kr. Þungaskattur var hækkaður um 3,2% við síðustu áramót en ekki hafði verið gert ráð fyrir því við mat á mörkuðum tekjum. Sú hækkun ætti að gefa um 60 millj. kr. í tekjuauka. Á móti kemur að 98 oktana blýbensín verður ekki lengur á markaði. Við það lækka tekjur af bensíngjaldi nokkuð og er sú lækkun metin á um 26 millj. kr. Mismunurinn, 34 millj. kr., er tekinn inn í tekjuáætlun vegáætlunar.

Í skiptingu útgjalda er þessari upphæð bætt við lið 2.2.3.5. Öryggisaðgerðir, en mikil þörf er á auknum aðgerðum til að draga úr umferðarslysum. Þar sem hér er verið að auka verulega framlög til þessa verkefnis og ljóst að stórauka má

aðgerðir á þessu sviði er eðlilegt að skipting fjár til öryggisaðgerða verði lögð fyrir í samgn. áður en framkvæmdir hefjast.

Loks eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á flokkun vega eins og fram kemur í breytingartillögunni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Undir þetta rita auk undirritaðs Kristján Pálsson, Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen.

Til viðbótar við þetta sem lýtur sérstaklega að þeim breytingartillögum sem ég hef nú þegar gert grein fyrir er kannski ástæða til að fara örfáum almennum orðum um stöðu þessara mála, stöðu vegáætlunar og stöðu þeirra framkvæmda sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

Það er auðvitað ljóst að um er að ræða niðurskurð frá vegáætluninni eins og hún var samþykkt á síðasta ári. Niðurskurðurinn nemur tæpum 800 millj. kr. og hefur auðvitað nokkur áhrif þó ég leyfi mér að fullyrða að í öllum meginatriðum helst sú framkvæmdaröðun sem hafði verið áætluð og gengið frá í vegáætluninni sem nú er í gildi fyrir árin 1995–1998.

Það er líka fróðlegt að skoða sérstaklega, vegna þess að nokkuð hefur verið gert úr því að verið sé að skera þetta óhóflega niður, að ef við lítum á framlög til nýrra þjóðvega á síðustu tíu árum þá blasir við að ef undan eru skilin fjögur síðustu ár, þ.e. 1992–1995, þá verður það þannig þrátt fyrir þennan niðurskurð, að ársins 1996 verður minnst sem talsvert mikils vegagerðarárs. Framlög til framkvæmda við nýja þjóðvegi á þessu ári eru viðlíka og árið 1991 og talsvert meiri heldur en á öllum árunum 1986 til og með ársins 1990. Það eru með öðrum orðum aðeins árin fjögur þegar við lögðum í sérstakt framkvæmdaátak á árinu 1992 til ársins 1995 sem framlög til nýrra þjóðvega eru meiri en þau verða á þessu ári miðað við þá niðurskornu vegáætlun sem við erum hér að ræða um. Það er líka fróðlegt og nauðsynlegt að við áttum okkur aðeins á þeirri útgjaldaþróun til einstakra málaflokka sem orðið hefur á undanförnum árum. Það er t.d. ljóst að við höfum verið til viðbótar við almenna aukningu í vegaframkvæmdum að auka framlög til sumarviðhalds og vetrarviðhalds á undanförnum árum og jafnvel þrátt fyrir þann niðurskurð sem við þurfum að búa við á þessu ári þá eru eftir sem áður framlög t.d. til sumarviðhalds með því mesta sem við höfum dæmi um á undanförnum tíu árum. Svipaða sögu er raunar að segja líka um vetrarviðhaldið, þ.e. snjómoksturinn, sem hefur vaxið jöfnum skrefum á undanförnum árum. Þetta er dálítið athyglisvert vegna þess að mjög margir hafa ímyndað sér að með batnandi vegasamgöngum dragi úr snjómoksturskostnaði. En sannleikurinn er auðvitað sá að við höfum á undanförnum árum verið að mæta aukinni eftirspurn eftir bættum snjómokstri, aukinni tíðni snjómoksturs sem hefur auðvitað leitt til þess að við erum að verja talsvert meira fé til þess þáttar vegáætlunar en við höfum gert á undanförnum árum.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur á þessu. Ég ítreka að það er ljóst að við erum að draga saman seglin í vegamálum miðað við það sem best gerðist á velmektarárunum þegar við vorum að framkvæma verulega undir nafni framkvæmdaátaksins, hins sérstaka framkvæmdaátaks sem var í gildi á árunum 1992–1995. Engu að síður verður þessa árs minnst fyrir það að hér eru á ferðinni verulegar framkvæmdir sem munu skipta miklu máli.

Ég get nefnt í því sambandi að á þessu ári verður unnið af fullum krafti við þverun Gilsfjarðar. Það standa yfir stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, m.a. í Ártúnsbrekkunni. Og af því að hér liggja m.a. fyrir breytingartillögur sem lúta sérstaklega að því svæði landsins þá er nauðsynlegt að því máli sé til haga haldið að framlög til höfuðborgarsvæðisins vegna nýrra þjóðvega eru óvenjulega mikil á þessu ári, um 808 millj. kr. þrátt fyrir allt. Þau voru um 1.100 millj. kr. í fyrra. Samanlagt eru þetta tæplega 2 milljarðar kr. sem varið er til nýrra þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu á þessum tveimur árum. Sé þetta enn skoðað í sögulegu samhengi þá er það auðvitað alveg ljóst mál að þetta eru miklu hærri tölur en við höfum átt að venjast. Ég get tekið sem dæmi að árið 1994 nam þessi upphæð 580 millj. kr., 1986 svo ég taki fyrsta árið í viðmiðuninni, 144 millj. kr. til samanburðar við 808 millj. kr. á þessu ári. Ég held því að þegar menn skoða málin af mikilli sanngirni og í sögulegu samhengi þá auðvitað ljóst að það er verið að leggja veruleg framlög að gefnu tilefni í vegamál hér á höfuðborgarsvæðinu og að ég hygg, virðulegur forseti, að þegar öllu er til haga haldið þá sé ljóst mál að það er ósanngjarnt sem hefur komið fram í áliti manna að sérstaklega sé verið að ráðast á höfuðborgarsvæðið varðandi vegamálin.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég segja sem inngang að þeirri umræðu sem hér á eftir að fara fram um vegáætlun. Ég þakka um leið samgn. fyrir ágæta samvinnu í þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni um málið.

[20:41]

Útbýting þingskjala:

Starfsþjálfun í fyrirtækjum, 210. mál, nál. menntmn., þskj. 1013.

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, 61. mál, nál. menntmn., þskj. 1012.

[20:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mundi gleðja geð mitt snöggtum meira ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mundi hlýða á mál mitt. En nú sé ég að hann hefur þegar komið hér inn í salinn.

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ef málin væru skoðuð af mikilli sanngirni þá kæmi í ljós að ekki væri hægt að fetta fingur út í þá hraksmánarlegu meðferð sem mér sýnist höfuðborgarsvæðið fá í þeim tillögum sem hv. þm. hefur leyft sér að kynna hér í kvöld.

Herra forseti. Nú veit þingheimur að ég er fullur sanngirni, sér í lagi til þessa hv. þm. En ég get samt sem áður ekki fallist á að framlögin til höfuðborgarsvæðisins séu slík að það sé hægt að koma hingað og hrósa sér af þeim eins og hv. þm. gerði. Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að sú staðhæfing þingmanns að framlög til þjóðvegagerðar á höfuðborgarsvæðinu séu óvenjuhá, standist alls ekki þá skoðun sem hlýtur að fara fram á þessu máli. Ég veit ekki betur en að sá niðurskurður sem hv. þm. hefur verið að kynna hér valdi því að dregið er úr framlögum til þjóðvegagerðar á höfuðborgarsvæðinu um 36% en aðeins 17% annars staðar á landinu. Ég spyr hv. þm.: Er þetta rétt eða rangt? Er það rétt að verið sé að draga allverulega mikið meira úr framlögum til þjóðvegagerðar á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar? Það er nauðsynlegt að þetta komi fram, herra forseti.

[20:43]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég gat ekki hlustað á fyrstu 10 sekúndurnar í máli hv. þm. var sú að ég vék mér hér til hliðar í því skyni að reyna að nálgast tillögu þá sem hann ásamt nokkrum öðrum þingmönnum flutti, sem við annað tækifæri mundi væntanlega vera kallað kjördæmapot, tillögu sem mig minnir að hafi gengið eitthvað út á það að rétta sérstaklega hlut þess kjördæmis sem hv. þm. er þingmaður fyrir. En því miður vegna kveinstafa hv. þm. þá gat ég ekki gefið mér tíma til að finna tillöguna og get því miður ekki lesið upp úr henni hér.

Það er hins vegar rangt hjá hv. þm. að niðurskurðurinn til höfuðborgarsvæðisins sé 35%. Þannig er mál með vexti að það er verið að lækka framlög til framkvæmdaátaksins, svokallaðs höfðatöluátaks, um þessi 35% eða 36%, en það hefur með öðrum orðum auðvitað áhrif á framlögin alls staðar þar sem menn nutu þessa framkvæmdaátaks. Það er hins vegar ljóst að vegna þess að hér er mannfjöldinn mestur þá naut höfuðborgarsvæðið þess sérstaklega þegar ákveðið var að leggja í sérstakt átak á grundvelli höfðatölureglunnar. Síðan var pólitísk ákvörðun tekin um að lækka framlagið um 35% eða 36%. En að öðru leyti hefur höfuðborgarsvæðið fengið alveg sambærilega meðhöndlun og önnur verkefni að því undanskildu að sjálfsögðu að það er fullkomlega í heiðri haft það samkomulag sem gert var á sínum tíma milli þáv. hæstv. fjmrh. og þáv. borgarstjóra um sérstök skuldaskil milli Reykjavíkurborgar og ríkisins. Því er sem sagt haldið til hliðar. Það er gert upp að fullu og síðan er það sem eftir stóð skert um 17% eða þar um bil.

[20:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er svo ærlegur og vel gerður að hann getur ekki komið í þennan stól og farið með fals og svik. Þess vegna mátti finna í máli hans staðfestingu á því sem ég var að segja hér rétt áðan. Það er einfaldlega staðreynd að það er verið að skera niður framlög til þjóðvegagerðar á höfuðborgarsvæðinu og það nemur einhvers staðar á bilinu 33%–36%, þ.e. miklu meiri niðurskurður heldur en annars staðar á landinu. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort það geti stafað af því að aðeins einn af níu nefndarmönnum í samgn. kemur úr Reykjavíkurkjördæmi. Svo kemur hv. þm. og kvartar undan því að ég standi hér í kjördæmapoti vegna þess að ég legg fram þá sanngjörnu tillögu ásamt ýmsum öðrum hv. þm. að stórhækkun á bensíngjaldi renni ekki fortakslaust í hít fjmrn. heldur verði varið til þeirrar réttmætu framkvæmdar sem felst í því að tvöfalda akbrautir í Ártúnsbrekku.

Herra forseti. Ég er viss um að hinn ágæti formaður samgn. gerir sér grein fyrir því að niðurskurðurinn sem felst í þessu bitnar ekki aðeins á Reykvíkingum heldur öllum þeim sem þurfa að sækja til Reykjavíkur. Hann veit auðvitað að vegna þessa niðurskurðar sem hann illu heilli hefur lagt sína blessun yfir treystir Vegagerðin sér ekki til að ljúka framkvæmdum í Ártúnsbrekku í einum áfanga. Það myndast því flöskuháls í brekkunni sem felur í sér slysahættu því þarna fara tugir þúsunda bíla um á hverjum einasta degi.

Herra forseti. Ég held að það sé með engum móti hægt að kalla það kjördæmapot af einum vesælum þingmanni Reykjavíkurkjördæmis þó hann komi hingað og velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að taka þessar 200–300 millj. kr. sem eru aukalega tekjur til ríkissjóðs vegna hækkunar bensíngjalds til að fjármagna þessa framkvæmd. Er ekki hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mér sammála um að það væri sanngjarnt að þetta fjármagn sem kemur af hækkun bensíngjalds færi í þessa arðbæru framkvæmd? Þá mundi hann eiga miklu auðveldara með að komast til og frá höfuðstaðnum á tíðum ferðalögum sínum til síns eigin kjördæmis vestast og nyrst á landinu.

[20:48]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sama hversu lengi hv. þm. hamast í þessu máli. Hann kemst ekki fram hjá því að framlög til vegamála á höfuðborgarsvæðinu hafa aldrei verið meiri en á tveimur síðustu árum. Þau voru í fyrra eins og ég sagði yfir 1.100 millj. kr. Þau eru rúmlega 800 millj. kr. á þessu ári og það er augljóst mál ef við skoðum þetta yfir eitthvert tímabil að hér er um að ræða margföldun. Ég nefndi árin 1986–1988 þegar framlögin til vegamála voru á bilinu 140–170 millj. kr. Nú erum við að tala um framlög á tveimur árum upp á u.þ.b. einn milljarð á ári. Svo tala menn um að það sé einhver hraksmánarleg meðferð á höfuðborgarsvæðinu þegar það blasir við að verið er að áttfalda eða nífalda framlögin frá þessum árum sem ég nefndi til viðmiðunar. Þetta er því alveg fráleitt mál. En í þessu lenda menn sem horfa á málin út frá óskaplega þröngum sjónarhóli. Þeir nota aðferð kjördæmapotaranna með gamla laginu, horfa aldrei vítt um landið og skoða málin bara út frá þröngu sjónarhorni kjördæmapotarans. Þá lenda menn í því að geta aldrei nokkurn tíma borið saman hluti á sanngjarnan hátt. Það er þannig málflutningur sem hv. þm. tileinkaði sér. Ég vil minna hv. þm. á að hæstv. fjmrh. greip til þess ráðs að lækka bensíngjaldið til þess að koma til móts við bíleigendur í stað þess að setja þetta í ríkishítina eins og hv. þm. hefði örugglega gert. Enda er hann sósíalisti að upplagi.

[20:50]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta samgn. um till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Undir þetta minnihlutaálit rita auk mín hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og hv. þm. Ragnar Arnalds. Auk þess sat hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk því áliti sem ég mun nú gera grein fyrir.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir harðlega þann niðurskurð á fjármagni til vegamála sem gert er ráð fyrir á gildandi vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Aðeins ári eftir að samþykkt er vegáætlun til fjögurra ára, 1995–1998, er fjárhagslegum forsendum hennar gjörbreytt. Bæði hefðbundin framlög og framlög til framkvæmdaátaks eru skorin verulega niður með fjárlögum þannig að vegáætlunin er öll úr skorðum.

Áætlunargerð til lengri tíma, samanber vegáætlun sem gildir fjögur ár fram í tímann, er vinnubrögð sem hljóta að teljast skynsamleg. Á þann hátt er unnt að hafa heildaryfirsýn yfir brýnustu verkefni auk þess sem allir hlutaðeigandi aðilar geta lagað sig að þeirri framtíðaráætlun. Hins vegar er grundvallaratriði að slík áætlunargerð standist og sé þannig marktæk. Allar breytingar í niðurskurðarátt á áætlunartímabilinu gera það að verkum að trúverðugleiki áætlunarinnar verður að engu.

Því er ekki eingöngu verið að breyta áætlun yfirstandandi árs heldur er í raun verið að gefa til kynna að vænta megi svipaðra vinnubragða á seinni hluta tímabilsins, á árunum 1997 og 1998. Með öðrum orðum, vegáætlun er ekki lengur marktækt plagg og ljóst að heildarendurskoðunar er þörf.

Minni hlutinn lýsir yfir vonbrigðum með almennan niðurskurð á framlagi til vegamála sem er að meðaltali um 18,2%. Atvinnuleysi er enn mikið um allt land og niðurskurður framkvæmda kemur sér víða mjög illa, ekki síst utan Faxaflóasvæðisins þar sem ekki er um neinar stóriðjuframkvæmdir að ræða, en þar að auki lækka framlög til svokallaðs framkvæmdaátaks um heil 36%. Framkvæmdaátakinu var eins og kunnugt er skipt eftir höfðatölureglunni þannig að loks urðu til fjármunir til brýnna framkvæmda sem skila hámarksarði, m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Niðurskurðurinn mun því seinka verulega að langþráðum markmiðum um vegabætur á suðvesturhorni landsins verði náð. Má þar nefna niðurskurð á löngu tímabæru verkefni í Ártúnsbrekku, en breytt áætlun fyrir það verkefni eykur mjög slysahættu. Einnig verða brýn og hagkvæm verkefni á landsbyggðinni fyrir niðurskurðarhnífnum.

Samanlagt vantar um 800 millj. kr. á þessu ári til að unnt sé að standa við fyrirheit og áform í gildandi vegáætlun. Það eru óþolandi vinnubrögð.

Undirritaðir nefndarmenn gera á hinn bóginn ekki athugasemdir við skiptingu fjármuna til einstakra verkefna enda hafa kjördæmahópar þingmanna fjallað um það mál og náð um það samkomulagi. Í því ljósi munu undirritaðir nefndarmenn greiða þingsályktunartillögu um skiptingu fjármuna á einstök verkefni atkvæði sitt en vísa að öðru leyti allri ábyrgð á hendur þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna sem með afgreiðslu fjárlaga í desember sl. kipptu fjárhagslegum stoðum undan gildandi vegáætlun.

Þannig hljóðaði álit minni hluta samgn., virðulegi forseti. Ég held að hér við upphaf þessarar umræðu verði ekki hjá því komist að fara til viðbótar nokkrum orðum um ræðu hv. framsögumanns, Einars K. Guðfinnssonar og einnig þau tíðindi sem gerst hafa frá því nefndin afgreiddi þetta mál frá sér fyrir einhverjum dögum síðan. Ég hygg að það sé kannski allt að hálfur mánuður. Það er í raun hálfbroslegt að heyra hv. formann nefndarinnar reyna að telja sjálfum sér trú um að allt sé þetta nú býsna gott og blessað þegar á heildina er litið. Hann orðaði það á þann veg að allar helstu forsendur gildandi vegáætlunar stæðust þrátt fyrir að heilar 800 millj. kr. vantar í þessa áætlun. Með öðrum orðum, þær eru léttvægar fundnar þessar 800 millj. kr. sem samkvæmt gildandi þingsályktun átti að ráðstafa á yfirstandandi ári. Það er alveg sama hvernig tölum er velt til og frá og hvort sem fundnir eru einstakir minni háttar liðir sem breytast eitthvað til bóta milli ára, jafnvel frá gildandi vegáætlun. Fram hjá því verður ekki horft að gatið í ár er upp á heilar 800 millj. kr. Það eru tölur sem þarf ekkert að deila um og enginn deilir í raun um. Virðulegur forseti, eftir því var tekið að hæstv. ráðherra kom seint til þessarar umræðu og helst illa við hana. Það er eðlilegt. Honum líður vitaskuld illa undir þessu. Það mátti heyra hér í framsögu hans með þessari þáltill. sem var afskaplega hógvær og allsendis ólík því sem gerist og gengur þegar hæstv. samgrh. á í hlut. Til upprifjunar vil ég með leyfi forseta lesa hér stuttan kafla úr ræðu hæstv. ráðherra frá því hann mælti fyrir þessari tillögu. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir því að vegáætlun var skorin niður og sömuleiðis hafnaáætlun og flugmálaáætlun var sú að ríkisstjórnin hafði einsett sér að afgreiða fjárlög svo að halli á þessu ári yrði ekki meiri en 4 milljarðar kr. Þó svo að menn einbeittu sér að því að reyna að ná rekstrargjöldum niður og draga úr eyðslu ríkissjóðs fundu menn ekki ráð til þess umfram það sem í fjárlögum segir og af þeim sökum voru framlög til framkvæmda skorin niður og þar á meðal framlög til vegamála."

Það er því ljóst að hæstv. ráðherra er tæpast mönnum sinnandi vegna þeirrar meðferðar sem hann hefur orðið fyrir af hálfu hæstv. fjmrh. en það virðist ekki nóg að gert. Ekki eingöngu var hann tekinn á hné hæstv. fjmrh. hér í desember sl. við afgreiðslu fjárlaga heldur liggur það líka fyrir núna á síðustu dögum að hækkun á bensíni eykur tekjur og hefði átt við eðlilegar aðstæður að auka tekjur til vegamála. Hæstv. fjmrh. greip til þess ráðs að lækka hlutfallið í bensíngjaldinu en þrátt fyrir þá lækkun er sýnt að tekjuáætlun sú sem hér er mælt fyrir er ekki raunhæf. Tekjurnar verða með öðrum orðum meiri. Ég hygg að það séu fjármunir í hendi og miklu líklegra að þeir fjármunir muni skila sér og tekjurnar aukast en til að mynda þeir fjármunir sem meiri hluti samgn. telur sér til tekna varðandi herta innheimtu af þungaskattinum upp á 50 millj. kr. sem varið er hér til tiltekinna verkefna en þó með þeim skilyrðum að þeim megi ekki eyða nema peningarnir komi. Ég hlýt því eðlilega að spyrja hæstv. ráðherra og sömuleiðis hv. formann samgn., til þess hefur ekki gefist tóm í nefndinni þar sem þessi tíðindi gerðust ekki fyrr en eftir að málið var þaðan út tekið, hvort þeir séu sammála því ráðslagi hæstv. fjmrh. að fullyrða strax í viðtölum við fjölmiðla að þessar aukatekjur rynnu ekki til vegagerðar eins og lög segja til um því hér er um markaðan tekjustofn að ræða heldur, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það í einhverju sjónvarpsviðtalinu, væri gott að fá þetta í ríkiskassann. Ég undirstrika enn og aftur, virðulegi forseti, að mér er fullkunnugt um að hlutfallið var lækkað á bensíngjaldinu. En eftir sem áður vegna þróunar verðs á bensíni er sýnt og um það þarf ekki að deila að það koma til auknar tekjur.

Ég spyr: Er hæstv. ráðherra sammála því að þessir peningar verði gerðir upptækir af hálfu hæstv. fjmrh. og renni til annarra verkefna en vegamála? Nákvæmlega sömu spurningar hlýt ég að spyrja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formann samgn., og ég tek fram algerlega óháð því í hvaða tilteknu verkefnum þeim yrði ráðstafað. Ég hygg að þrátt fyrir allt mætti ná um það viðunandi samkomulagi í nefndinni og hinum einstöku þingmannahópum. En mikilvægi þess að fjármunirnir renni til þeirra hluta sem tekjustofnarnir segja til er auðvitað óumdeilt að minni hyggju og þess vegna hlýt ég að knýja á um svör við þessari lykilspurningu í málinu.

Ég sagði áðan, virðulegur forseti, og vil árétta það að það var býsna aumlegt fannst mér yfirklórið hjá hv. formanni samgn. þegar hann reyndi að bera því við að þrátt fyrir allt væri hann býsna ánægður ef frá væru talin eins og hann orðaði það sjálfur, síðustu fjögur ár sem vissulega voru mjög framsækin ár í þessu sambandi og menn stigu veigamikil skref í áttina til þess að ráðast í stórverkefni og ljúka þeim. Því hlýt ég að gagnálykta og spyrja: Er þessu átaki þar með lokið? Eru menn að blása af þá sókn sem sannarlega var hafin á síðustu fjórum árum í vegamálum og endurbótum á þeim vettvangi? Ber að líta svo á að nú sé að hefjast ný tíð sem menn eru að marka með þessari breytingu á yfirstandandi ári á gildandi vegáætlun? Jafnframt hljóta spurningar að vakna sem er á engan hátt svarað í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir

en minni hluti nefndarinnar kallar mjög ákveðið eftir. Er ekki hægt að ályktа sem svo að menn séu í raun ekkert eingöngu að breyta framlagi til vegamála á yfirstandandi ári heldur stefni ýmislegt í það að vegáætlun í tvö ár, þ.e 1997 og 1998 verði sama markinu brennd? Eða er hægt að fá yfirlýsingu hér hjá hæstv. samgrh. í þá veruna að hann hyggist leggja höfuð sitt að veði fyrir því að vegáætlun 1997 og 1998 sem enn þá er ekki hreyft við, standist? Eða megum við eiga von á því, virðulegi forseti, að þurfa að hefja þennan sama leik, þ.e. krukka enn á ný í gildandi vegáætlun eftir að fjárlög fyrir árið 1997 hafa verið afgreidd í desember næstkomandi? Með öðrum orðum, er þessi vegáætlun þá fullkomlega marklaust plagg?

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að taka upp. Við í minni hluta samgn. höfðum það á orði að auðvitað væri langheiðarlegast að skoða málin í heild því ég árétta það enn og aftur, virðulegur forseti, að það eru mjög skynsamleg vinnubrögð að reyna að marka stefnu til lengri tíma með þeim hætti sem vegáætlun gerir ráð fyrir. En það er verra en ekki að gera það ef menn ætla síðan um leið og blekið þornar af undirskriftinni að taka slíkar áætlanir upp og gjörbreyta þeim eins og nú hefur verið gert.

Virðulegi forseti. Ég vil hins vegar segja það að minni hluti nefndarinnar telur úr af fyrir sig samstarfið í nefndinni hafa gengið prýðilega og undir sanngjarni forustu formanns hennar. Skiptingin á þeim takmörkuðu fjármunum sem til ráðstöfunar voru gekk býsna vel. Það komu auðvitað þingmannahópar að venju að því máli og minni hluti nefndarinnar gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá skiptingu, hvorki milli kjördæma né á einstök verkefni innan kjördæma. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að undirstrika enn og aftur að niðurskurðurinn er mismunandi eftir flokkum. Hann er langmestur á framkvæmdaátakinu eins og hér hefur fram komið upp á 36% og það þýðir bara eitt sama hvernig menn velta því til og frá að hann verður hvað harðastur hér á þessu svæði sem gerir það að verkum eins og hér hefur verið bent á fyrr í þessari umræðu að stórverkefni sem mikilvægt er einmitt að taka á skömmum tíma og heildstætt verður að brjóta niður í tvær eða fleiri einingar. Það eru vond vinnubrögð, það eru smáskammtalækningar sem ég hygg að flestir hafi bundið vonir við að tilheyrðu liðinni tíð. Þannig var ekki staðið að verki á átaksárunum, síðustu fjórum árum, og ég trúi því ekki að núv. stjórnarflokkar ætli að fara að taka upp gömlu vinnubrögðin. En allar vísbendingar eru auðvitað í þá átt að átakinu í vegamálunum sé lokið og nú hefjist ný tíð í þeim efnum. Þegar góðærið gengur í garð þá fara menn fyrst að skera svo um munar í hinum arðbæru og eftirsóknarverðu framkvæmdum sem vegamálin annars eru.

[21:06]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara við þeim fyrirspurnum sem fram komu. Það er misskilningur hjá hv. þm. að hér sé gert ráð fyrir því að fella niður það sem kallað hefur verið framkvæmdaátak. Eins og honum er jafnkunnugt og mér var gert ráð fyrir því að flýta heldur framkvæmdum vegna atvinnuástandsins þannig að tekjum fjögurra ára yrði ráðstafað einkum á árunum 1995 og 1996 og lítillega á árinu 1997 en tekjur kæmu síðan inn á árinu 1999. Þannig að það yrðu tekin lán á þessum árum til framkvæmda sem yrðu endurgreidd af þessu sérstaka fé á árinu 1999. Nú veit ég að hv. þm. er þetta jafnkunnugt og mér.

Með þeirri þingsályktun sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að ekki komi til þessarar 350 millj. kr. lántöku en í staðinn verði unnið fyrir þá fjármuni á árinu 1999. Að því leyti sem þetta snertir höfuðborgina sérstaklega umfram önnur kjördæmi er auðvitað rétt að hér er um frestun að ræða, ekki niðurskurð heldur frestun eins og upplýst var við fyrri umræðu þessa máls og eins og gengið var frá í hinni sérstöku tekjuöflun sem er á bak við framkvæmdaátakið. En það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. að Reykjavík fer verst út úr því að þessi háttur var upp tekinn, Norðurland eystra næstverst. Mig minnir raunar að einn af þeim flutningsmönnum sem eru með hv. þm. á sérstakri breytingartillögu um 200 millj. kr. til Reykjavíkur hafi greitt atkvæði gegn framkvæmdaátakinu á síðasta Alþingi, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, og er auðvitað gott til þess að vita ef heldur hefur birt yfir henni í sambandi við það sem ég er að gera í vegamálum.

[21:08]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mínar spurningar lutu ekki að því að fá útskýringar hjá hæstv. ráðherra tæknilegs eðlis hvernig að þessum niðurskurði væri staðið. Það er mér löngu ljóst og það liggur fyrir í öllum forsendum máls. Mín spurning snerist eingöngu um það hvort það væri rétt mat af hálfu formanns nefndarinnar að því átaki í vegamálum, framkvæmdaátaki og þessum hefðbundnu framlögum sem hefur birst í háum framlögum til þessa mikilvæga málaflokks, væri lokið. (**Gripið fram í:** Formaðurinn sagði það aldrei.) Formaðurinn sagði hins vegar að núna eftir fjögur ár drægi mjög úr framlögum og um það þarf ekki að deila. Ég gagnályktaði og spurði: Er þá þessu átaki í vegamálum sem sannarlega hefur verið til staðar og ég hældi hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir það við 1. umr. málsins, er því lokið? Erum við að renna inn í nýja tíð? Er það Framsfl. sem hefur þessi áhrif? Eða er það vegna þess að hæstv. ráðherra hefur misst áhugann skyndilega? Eða er það vegna þess að hæstv. ráðherra hefur orðið að lúffa fyrir hæstv. fjmrh.?

Ég veit nákvæmlega allt um það hvernig að þessum sparnaði á að standa með lánveitingum og öðru. Það er ekki lykilatriði þessa máls. Ég spurði enn fremur: Má vænta þess að einhverjar ámóta upphæðir, 800 millj. kr. eða þar um bil, komi til með að vanta inn í þær forsendur sem vegáætlun byggir á fyrir árin 1997 og 1988?

[21:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er til lítils að svara fyrirspurnum ef ekki er tekið eftir svarinu. Ég sagði skýrt hér áðan að framkvæmdaátakið mundi halda áfram. Hér væri einungis um frestun á framkvæmdum að ræða. Það yrði ekki tekin lán til framkvæmda eins og áður hafði verið gert ráð fyrir heldur mundu framkvæmdirnar falla á það ár sem tekjurnar koma inn og þá erum við að tala um árið 1999. Ef hv. þm. vill fara rétt með það.

Hv. þm. gerði því skóna að verðhækkun á bensíni mundi sjálfkrafa auka tekjur til vegagerðar. Þetta er misskilningur. Fast gjald af bensíni rennur til vegamála en hins vegar munu þau gjöld sem tengjast verði til hækkunar eða lækkunar á bensíni falla í ríkissjóð og er auðvitað virðisaukaskatturinn dæmigerðastur af þeim gjöldum.

Í sambandi við þá lækkun sem var gerð á tekjum til ríkissjóðs nú á dögunum var það ákveðið að ríkissjóður tæki minna til sín en áður en Vegasjóður héldi sínu og er gert

ráð fyrir því að við það verði staðið í samræmi við þá vegáætlun sem hér liggur fyrir. Það er því ekki um að ræða að til rýmkunar eða minnkunar á tekjum Vegasjóðs komi en á hinn bóginn er það misskilningur að þessar tekjur aukist eða minnki með verði á bensíni.

[21:11]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef á því fullan skilning að hæstv. ráðherra vilji ekki tala um yfirstandandi ár né heldur þau ár sem gildandi vegáætlun segir til um, árin 1997 og 1998. Hann vill aðeins tala um árið 1999. Það er bara ekki á dagskrá hér, virðulegi forseti. Mín spurning snerist ekki tæknilega um það hvernig menn hefðu fjármagnað framkvæmdaátakið sérstaklega. Mín spurning laut einfaldlega að þeim 800 millj. kr. niðurskurði í framkvæmdaátaki og hefðbundnum framlögum sem þessi breytingartillaga og þetta verkefni okkar hér snýst um. Við værum ekkert að ræða um þessi mál hér og nú ef menn hefðu einfaldlega staðið sína plikt og staðið vörð um gildandi vegáætlun. Það er auðvitað lykillinn að þessu máli og þarf ekkert um það að deila.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra skyldi þetta a.m.k. sjálfur í sinni framsögu fyrir þessu frv. þar sem hann endurtók það margsinnis gráti næst að hér væri um að ræða verulegan niðurskurð til framkvæmda í vegamálum og ekki eingöngu í vegamálum heldur einnig í hafnaáætlun og flugmálaáætlun. Ég veit því ekki um hvað við erum hér að deila. Við þurfum ekki að deila um það mínútunni lengur.

Hvað varðar síðan hinn markaða tekjustofn þá má það að sönnu vera hárrétt að hér mörkuðu menn vegamálunum tilteknar tekjur við afgreiðslu fjárlga á þessu ári. En það sem fyrir liggur er að auknar tekjur koma af þessum markaða tekjustofni og auðvitað var ríkisstjórninni hæstv. í lófa lagið að gera um það sérstakar samþykktir sem síðan yrðu teknar upp með formlegum hætti í fjáraukalögum og verja þessum peningum til þeirra verkefna sem þeim er auðvitað fyrst og síðast ætlað að renna til. Spurning mín var ekki tæknilegs eðlis. Hún var efnislegs eðlis. Sóttist hæstv. ráðherra virkilega ekki eftir því við ríkisstjórnarborðið að hann fengi þessa peninga til ráðstöfunar eins og eðlilegt hefði verið eða lúffaði hann enn og aftur eins og hann gerði við afgreiðslu fjárlaga? Um það snýst málið. (**Samgrh.**: Við fáum þá peninga til vegamála. Þetta er misskilningur hjá þingmanninum.) Árið 1999? (**Samgrh.**: Já.)

(**Forseti** (RA): Ég bið um hljóð í salnum.)

[21:14]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alrangt hjá hv. 9. þm. Reykn. að ég hafi verið harla kátur yfir þeirri niðurstöðu að við blasir að niðurskurðurinn í vegamálum er um 800 millj. kr. frá vegáætlun. Því fer víðs fjarri að ég sé harla kátur yfir því. Ég var hins vegar að vekja athygli á því að séu þessi mál skoðuð í sögulegu samhengi, svo sem 10 ár aftur í tímann, þá er það þannig að við erum samt sem áður með álíka framlög til uppbyggingar í vegamálum á þessu ári og á árinu 1991 og meiri framlög en á árunum þar á undan. Það var það sem ég var að vekja athygli á. Mér finnst alveg rétt að þessu sé til haga haldið og til skila komið vegna þess að þetta skiptir máli í þessari umræðu.

Hv. þm. spurði hvort ég væri sérstaklega sáttur við þá ákvörðun hæstv. fjmrh. að lækka bensíngjaldið til þess að vega upp á móti þeirri bensínhækkun sem var yfirvofandi vegna hækkunar á bensínverði á heimsmarkaði. Ég svara því afdráttarlaust játandi. Ég er mjög ánægður yfir því að hæstv. ráðherra skyldi taka þessa ákvörðun vegna þess að það hefði verið mjög illþolanlegt fyrir bílaeigendur í landinu að fá á sig óbætta alla þá miklu verðhækkun sem lá í loftinu á bensínverði hér í landinu vegna hækkunar á heimsmarkaði. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég held að það yrði mjög sérkennilegur gjaldstofn ef við ættum að láta framlög til vegamála algjörlega ráðast af því hvernig heimsmarkaðsverð á olíu og bensíni rokkar til og frá. Hvernig ættu menn að bregðast við því ef heimsmarkaðsverð bensíns og olíu lækkaði allt í einu á næstu mánuðum? Það yrði þá væntanlega til þess að þessi gjaldstofn hryndi. Ættu menn þá á miðju ári að taka upp vegaáætlunina og hefjast handa við niðurskurð? Hætta við stórar framkvæmdir í miðjum klíðum o.s.frv.? Ég held að það sé miklu eðlilega að hafa þetta eins og þetta er, þ.e. að þessi rammi er ákveðinn í upphafi. Við styðjumst að sjálfsögðu við tekjurnar af bensíngjaldinu en við getum ekki fylgt hverri einustu verðhækkun eða verðlækkun á bensíni eða olíu í heiminum. Það sjá allir til hvers ósóma það mundi leiða.

[21:16]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég reyndi ekki eitt andartak að halda því fram að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi verið tiltakanlega kátur í ræðustól í framsögu sinni. Ég sagði að hann hefði reynt að vera það og reynt að sýnast harla brattur með tilvísan til samanburðar við fyrri ár. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um að vissulega má finna samanburðarár sem sýna mun lægri framlög til vegamála en yfirstandandi ár. Ég spurði einfaldlega: Er þessu átaki í vegamálum, sem enginn deilir um, stórhækkuðum framlögum til vegamála sem við höfum séð sl. fjögur ár og vegáætlun, gildandi vegáætlun, lokið? Er að renna upp ný tíð sem á sér frekar samsvörun fyrr á tímum? Það var mín lykilspurning. Hvað varðar síðan tekjustofna og framlög til vegamála og breytingar á bensínverði í því sambandi held ég að enginn deili um þá tengingu sem auðvitað er þrauthugsuð og skynsamleg að mínu áliti að tekjur af bensíni og framlög til vegamála eigi eðlilega að haldast í hendur. Þar er auðvitað rík og klár samsvörun á milli. Þess vegna köllum við þetta markaðan tekjustofn. Hér er því um siðferðilega og pólitíska spurningu að ræða þegar ljóst er að þrátt fyrir lækkun hæstv. fjmrh. á bensíngjaldinu þá munu tekjur af bensíngjaldinu verða hærri en forsendur fjárlaga sögðu fyrir um. Þá er það einfaldlega pólitískt álitamál og pólitísk spurning sem ég varpa fram á þessum tímapunkti hvort hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sé sáttur við það, jafnvel kátur með það, að þeir fjármunir renni til almenns rekstrar í ríkiskerfinu og fari með öðrum orðum í hendur hæstv. fjmrh. en ekki hæstv. samgrh. Hér er því fyrst og fremst um að ræða pólitíska spurningu og siðferðilega spurningu og að því marki lúta mínar spurningar.

[21:19]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði mig hvort sókn í vegamálum væri lokið. Hvort búið væri að stöðva framkvæmdaátakið. Því fer víðs fjarri. Hæstv. samgrh. lýsti því mjög rækilega í andsvari áðan hvernig þessum málum er varið,

hvernig farið verður með þessi mál, hvernig niðurskurði var háttað á þessu ári og hvernig farið verður með málið að öðru leyti. Það sem við erum einfaldlega að ræða í dag er vegáætlun fyrir árið 1996. Það er ekki önnur breyting sem verið er að kynna eða ræða um en fyrir árið 1996. Við erum ekki að taka til heildarendurskoðunar vegáætlanirnar fyrir árin 1995–1998 að öðru leyti en því að við erum að taka til meðhöndlunar árið 1996. Framlögin á árinu 1997 og 1998 munu auðvitað ráðast af þeim fjárhagslega ramma sem fjárlögin munu setja okkur. Við getum því ekki á þessari stundu svarað því með nokkrum hætti hvernig þeim málum verður háttað í framtíðinni.

Ég vil hins vegar segja að það er einhver misskilningur á ferðinni varðandi bensíngjaldið. Ég held að þetta mál snúist m.a. um það að eftir því sem bensínsalan eykst, þeim mun meiri möguleika höfum við á því að bæta þennan tekjustofn okkar sem bensíngjaldið er. En ég ítreka að ég tel mjög óskynsamlegt að ætla sér að tengja tekjur Vegasjóðs algjörlega við þær sveiflur sem eiga sér stað á bensínverði úti í heimi. Ég held að það sé röng hugsun, virðulegi forseti. Auðvitað gæti farið svo að síðar á þessu ári mundi bensínverð eða olíuverð lækka og ætlum við þá að vera undirorpnir því að lækka framlög til vegamála? Mér finnst þessi hugsun ekki rétt.

[21:21]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. hafi með vilja misskilið vangaveltur mínar. Ég var ekki að tala um neina hreina og klára beintengingu í þessum efnum, ekki einu orði. Það sem ég var að færa í tal var það hvort áhugamenn um bættar samgöngur hefðu ekki talið eðlilegt og sjálfsagt að koma að þessu álitamáli sem upp kom hér í opinberri og almennri umræðu fyrir ekki mörgum vikum og hæstv. fjmrh. lét sig varða en minna heyrðist í hæstv. samgrh. Um það snerist málið. En nú ætla ég að breyta um hugtak því ég heyri að hv. stjórnarsinnar misskilja með vilja þegar ég nefni átak og fara sífellt að tala um þetta einstaka framkvæmdaátak. Ég ætla að tala um sóknina í vegamálum á umliðnum fjórum árum og undirstrika það að hér er viðurkennt að hún er stöðvuð. Það er komið hlé í þá sókn. Pólitískar forsendur fyrir því hef ég ekki fengið skýrðar af hálfu stjórnarsinna og hlýt að draga þá ályktun að annaðhvort hafi hæstv. ráðherra misst áhugann ellegar að tilkoma framsóknarmanna í ríkisstjórn hafi gert þetta að verkum. Hitt er auðvitað lykilatriði sem hv. þm. sagði áðan. Hann getur ekki slegið neinu föstu um það á þessum tímapunkti hvernig fjárlögin fyrir 1997–1998 komi til með að líta út hvað vegáætlunina varðar. Með öðrum orðum, það er í fullkominni óvissu hvort vegáætlun fyrir 1997–1998 komi til með að standast. Það er bara seinni tíma mál. Virðulegi forseti, til hvers erum við þá að samþykkja áætlun til fjögurra ára ef það á hreinlega að vera mál sem rætt er í desember hverju sinni? Og allt leiki lausum hala og sé háð tiktúrum hæstv. fjmrh. hverju sinni? Ég er ósammála slíkum vinnubrögðum. Ég lít þannig á að vegáætlun sé plagg sem eigi að taka mark á. En ég á greinilega ekki samherja í þeim efnum.

[21:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Að þessu sinni er verið að ræða mjög óreglubundna endurskoðun á vegáætlun sem samþykkt var á sl. ári fyrir síðustu alþingiskosningar. Eins og þingheimi er kunnugt er vegáætlun gerð til fjögurra ára senn og er síðan endurskoðuð annað hvort ár. Það er því ekki fyrr en á næsta vetri, veturinn 1996–1997, sem endurskoða á vegáætlunina með reglubundnum hætti og endurákvarða framlög fyrir 1997 og 1998 og bæta svo við framlögum og skiptingum þeirra framlaga á einstök verkefni fyrir árið 1998 og 1999.

Þessi óreglubundna endurskoðun sem nú er eftir einungis eitt ár er tilkomin vegna þess að ríkisstjórnin stendur ekki við áætlun eða ákvörðun þingsins frá sl. vetri, m.a. með því að skera niður sérstaklega á þessu ári, 1996, verulegan hluta af því fé sem menn höfðu annars ætlað til framkvæmda. En eins og fram kemur í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir og brtt. meiri hluta samgn. á að færa í ríkissjóð á sjöunda hundrað millj. kr. af því fé sem annars hefði verið ráðstafað til vegamála. Tekjur af umferðinni eru árlega nú um 19 þús. millj. kr. og af þeim tekjum rennur einungis u.þ.b. $^1/_3$ til vegamála undir formerkjum svokallaðra markaðra tekjustofna. U.þ.b. $^2/_3$ af öllum tekjum af umferðinni renna beint í ríkissjóð til almennra útgjalda hans. Það er því einungis um $^1/_3$ hluti af sköttum á umferðina sem varið er til þess að halda við samgönguvegakerfi landsins og bæta það jafnt og þétt. Það er að mínu viti afar óskynsamleg leið að draga mjög við sig að koma á góðu samgöngukerfi um allt land. Þess sér stað á margan hátt þar sem komnar eru góðar og greiðar samgöngur á milli staða og svæða í minni kostnaði á mörgum öðrum sviðum sem ríkið sér um rekstur á. Það hygg ég að megi segja að sé almenn samgöngustefna annarra þjóða, t.d. í Evrópu, að leggja mjög mikið upp úr góðum samgöngum. Má þar t.d. vísa til Noregs þar sem varið er árlega miklu hærri fjárhæðum til samgöngubóta jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að Norðmenn eru fleiri að tölunni til. Það er vegna þess að menn hafa komið auga á það hversu mjög það dregur úr kostnaði á öðrum sviðum að búa við gott samgöngukerfi. Hér á landi eigum við enn nokkuð langt í land með það að vegakerfið geti talist viðunandi á stórum hluta landsins þótt rétt sé að taka fram að verulega mikið hefur áunnist á síðustu 20 árum eða svo. Ef við horfum á það tímabil og berum saman ástandið nú miðað við það sem var þá fyrir u.þ.b. tveimur áratugum er orðin gríðarleg breyting á. Engu að síður er mjög mikið eftir og má telja í mörgum milljörðum króna þær framkvæmdir, stofnframkvæmdir, sem á eftir að ráðast í til þess að við getum sagt að komið sé viðunandi ástand á þjóðvegum landsins og helstu tengivegum. Það er því mjög óskynsamlegt að draga úr því knappa fé sem við höfum ætlað okkur til uppbyggingar á þessu vegakerfi með þeirri leið sem ríkisstjórnin hefur gripið til nú að skerða þann litla hluta sem við höfum og taka af honum fé í ríkissjóð eins og lagt er til í þessari þáltill. Miklu fremur eiga menn að standa við þau framlög sem ætluð eru til samgöngumála með mörkuðum tekjustofnum og glíma við vanda ríkissjóðs með því að taka á honum sjálfum í stað þess að draga inn í þann vanda tekjur sem ætlaðar eru til annarra mála eins og markaða tekjustofna til vegamála. Líka má nefna til markaðar tekjur til flugmála og fleiri dæmi eru um sjálfstæðar tekjur til afmarkaðra verkefna sem menn hafa lagt til hliðar og ætlað sér að byggja upp viðkomandi mannvirki á einhverjum tilteknum tíma sem þingið hefur sett sér.

Ég tel það almennt skynsamlega stefnu sem menn eiga að standa við. Menn eiga að standa við það en vandi ríkissjóðs er hins vegar annað verkefni sem menn eiga að glíma við þar en ekki með því að taka inn í ríkissjóð þær tekjur sem við höfum þannig eins og ég hef rakið ætlað til annarra verkefna.

Með því móti erum við einfaldlega að flytja vandann á milli verkefna en vinnum ekkert á því í reynd. Ég legg því mikla áherslu á að menn haldi þessum málum aðskildum því við erum einfaldlega að skapa nýjan vanda á öðrum stað eins og ég rakti.

Ég vil svo segja um þær tillögur sem meiri hlutinn hefur lagt fram um hvernig eigi að útdeila þessum niðurskurði að auðvitað er ekki óeðlilegt að horft sé til þess að láta þennan niðurskurð koma niður að mestu leyti á svonefndu framkvæmdaátaki, ekki þegar við horfum til aðdraganda málsins. Við skulum minnast umræðna sem hér voru í haust um framkvæmdir á öðrum sviðum. Þar á ég við framkvæmdir í stóriðjumálum, álver á suðvesturhorni landsins. Þá voru býsna margir þingmenn á þeirri skoðun og héldu henni fram m.a. í þessum ræðustól að á móti miklum framkvæmdum og því sem þeim fylgdi á höfuðborgarsvæðinu ættu menn til þess að gæta samræmis og jafnræðis við aðra hluta landsins að draga úr öðrum framkvæmdum ríkisins hér á þessu svæði en hlífa þeim fremur annars staðar eins og úti á landi þar sem ekki er um að ræða sambærilega stórar framkvæmdir og hér eru með stækkun álversins í Straumsvík. Þannig að miðað við þennan málflutning sem átti sér talsmenn í flestum flokkum ef ekki öllum, þá er eðlilegt að draga meira úr þessum framkvæmdum hér á þessu svæði en á landsbyggðinni. Í öðru lagi er það líka ekki óeðlilegt að menn láti framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sæta meiri niðurskurði en annars staðar í ljósi þess hvernig framkvæmdaátakið var búið til. Það var búið til á þann hátt að tekinn var hluti af því fé sem annars hefði runnið í framkvæmdir um allt land eftir hefðbundinni skiptingu fjárins milli einstakra kjördæma, og því skipt öðruvísi. Því var skipt ekki eftir þörf og ástandi vega heldur eftir höfðatölu. En það er alveg nýtt hugtak í samgöngumálum að menn dreifi ekki peningunum á verkefni eftir þörf heldur eftir öðrum mælikvörðum eins og höfðatölu. Þessi breyting sem knúin var hér í gegn í andstöðu við alla þáverandi stjórnarandstöðu þýddi að það var verið að skerða hlut landsbyggðakjördæma sérstaklega, alveg sérstaklega til þess að það væri hægt að auka framkvæmdir í fólksfleiri kjördæmunum, Reykv. og Norðurl. e. þannig að það var alveg sérstakur niðurskurður á framkvæmdagetu fjárins annars staðar á landsbyggðinni. (**GÁS:** Sérstaklega á Vestfjörðum, í göngunum.) Þegar þetta er haft í huga þá er ekki óeðlilegt að þegar þarf að skerða peningana til framkvæmda að einhverju leyti þá skerði menn þetta fyrst. Það er ekki óeðlilegt því þá kemur í heildina jafnari dreifing á niðurskurðinum en annars hefði orðið. Og ég vil nú segja við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem hér er órólegur undir þessum útskýringum, sem út af fyrir sig er ekkert undarlegt af því hann átti þátt í að búa til þessa vitlausu reglu að taka sérstaklega peninga frá strjálbýlli kjördæmunum og flytja í þéttbýliskjördæmin, að við sem vorum þá á móti þessu máli erum enn andvíg þessari leið að dreifa peningum eftir höfðatölu. Við erum andvíg því. (**GÁS:** Ert þú að tala um göngin hjá þér? Er það ekki?) Þingmaðurinn spyr um jarðgöngin á Vestfjörðum. Þá vil ég segja við þingmanninn að það er dæmi um þá stefnu okkar að það eigi að ráðast í verkefni eftir þörf en ekki eftir höfðatölu. Ef sjónarmið hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hefðu ráðið á þeim tíma sem jarðgöngin voru ákveðin þá hefði aldrei verið ráðist í það verkefni og það kemur mér svo sem ekki á óvart að ef þau sjónarmið sem hv. þm. Guðmundur Árni talar hér fyrir úr ræðustól og með frammíköllum þá er það alveg greinilegt að hann er á móti því að ráðast í stórframkvæmdir í dreifbýlli kjördæmunum. (**Gripið fram í:** Hefur ekki verið gaman að grafa göng í kjördæmi hv. þm.?) Það kemur mér kannski ekki svo mikið á óvart en ég tel að hann ætti að tala fyrir þessari stefnu sinni skýrt og greinilega þannig að flokksbræður hans annars staðar en hér á höfuðborgarsvæðinu megi vita alveg hvar þeir hafa flokkinn sem hann talar fyrir í þessum málaflokki.

Ég vil nú segja um þennan niðurskurð sem ég auðvitað gagnrýni að skuli verða ráðist í eins og ég rakti í upphafi, að ég tel ekki óeðlilegt að menn láti hann koma meira niður á framkvæmdaátakinu en öðrum þáttum framkvæmdanna eins og hér er lagt til. Það er í fullu samræmi við þann málflutning sem við alþýðubandalagsmenn höfum haft uppi í samgöngumálum og í þeim málflutningi sem við höfðum uppi þegar rætt var hér í þingsölum um stækkun álversins í Straumsvík þannig að ég vænti þess að engum komi á óvart þessi afstaða né heldur að mönnum þyki nokkuð hafa verið sveigt af leið frá fyrri málflutningi. Þvert á móti, þetta er í fullu samræmi við okkar fyrri áherslur.

Ég vil svo, virðulegi forseti, víkja örlítið að framkvæmdum í Vestfjarðakjördæmi og vil þar fyrst leggja áherslu á að þingmenn kjördæmisins urðu sammála í öllum meginatriðum um hvernig ætti að dreifa niðurskurðinum á einstakar framkvæmdir í kjördæminu. Það ber auðvitað ekki að skilja sem svo að þingmenn hafi verið sammála því að ætla að skera niður — það var einfaldlega ákvörðun sem við stóðum frammi fyrir. Hún hafði verið tekin — heldur urðum við í meginatriðum sammála um hvernig við létum niðurskurðinn koma niður á einstökum framkvæmdum. Við urðum einnig sammála um að ráðast í framkvæmdir við þverun Gilsfjarðar að höfðu samráði við þingmenn í Vesturl. sem einnig komu að þessu máli. Við ákváðum að láta það verkefni hafa forgang yfir önnur verkefni í fjórðungnum þannig að við vörðum það verkefni fyrir niðurskurði. (**ÖS:** Það var bara af því að það var svo góður umhvrh.) Við vörðum það verkefni fyrir niðurskurði. Ég er nú ekki viss um það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það hafi verið vegna þess að það hafi verið sérstaklega góður umhvrh. En við kvörtum ekkert undan þeim umhvrh. sem var í síðustu ríkisstjórn varðandi þetta verkefni. Við vitum að hann bar góðan hug til verkefnisins og hjálpaði okkur við það að reyna að koma því áfram og er síður svo að við löstum hans þátt í því máli.

Ein ástæðan fyrir því að við ákváðum að taka þetta dýra verkefni fram yfir önnur er auðvitað sú — og það er kannski sá þáttur sem vegur hvað þyngst þegar við erum að reyna að raða framkvæmdum innbyrðis í kjördæminu þar sem þær eru margar fjárfrekar en ekki mikið fé til skiptanna — að íbúum sveitarfélagsins sem þessi framkvæmd á fyrst að gagnast og síðar auðvitað öðrum sem búa lengra frá, var í reynd lofað við sameiningu sveitarfélaga í Austur-Barðastrandasýslu árið 1987 að ráðist yrði strax í að búa brúa Gilsfjörð. Ég hygg, þó ég segi lofað, að orðalag yfirlýsingar þáv. ráðherra, en þá sat ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., hafi verið á þá lund að það var ekki hægt að segja að þeir hefðu beinlínis lofað því. En íbúarnir skildu orð þeirra þannig og þau bréf sem lögð voru fram að þeir töldu sig hafa loforð fyrir framkvæmdunum og hafa gengið mjög stíft eftir efndum og verið ákaflega sárir í garð stjórnmálamanna fyrir það að þetta loforð sem þeir töldu vera frá þessum tíma skyldi ekki verða efnt. Það var því að okkar mati ekki verjandi að draga málið lengur úr því að það var orðið samstaða um, bæði við þingmenn Vesturl. og eins var áhugi hjá því hjá hæstv. samgrh., að ráðast

í þetta verkefni. Við ákváðum því að láta til skarar skríða jafnvel þótt að það þýddi að öðrum framkvæmdum miðaði eitthvað hægar fyrir vikið. Þetta vildi ég leggja áherslu á, virðulegi forseti, þannig að það lægi fyrir a.m.k. af minni hálfu hvernig ég lít á aðdraganda þessa máls.

Að öðru leyti vil ég nefna aðra framkvæmd sem ákveðin var á vegáætlun í fyrra og var þá ákveðið að ráðast í en það er svonefndur Djúpvegur. Ákveðið var að leggja á hilluna öll áform um að þjóna umferð frá norðanverðum Vestfjörðum til Strandasýslu og þar með talið í tengingu við aðalakvegakerfi landsins með bílferju en í staðinn leggja alla áherslu á að byggja upp veginn sem fyrir er og hefur verið til í u.þ.b. 20 ár og reyna að ljúka þeirri framkvæmd á skaplegum tíma. Til að ná þessu fram var gert samkomulag við hæstv. samgrh. um afdrif Djúpbátsins og ætla ég ekki að rekja það mál í einstökum atriðum enda hefur því verið gerð skil á öðrum vettvangi. Í því samkomulagi fylgdi að fé sem annars hefði farið til þess að styrkja bílaferjurekstur og byggja upp bryggjur fyrir hana mundi renna til vegagerðar í svonefndan Djúpveg til viðbótar því fjármagni sem er í vegáætlun, u.þ.b. 320 millj. á þessu áætlunartímabili.

Ég vil láta koma fram þá skoðun mína vegna þess að þetta mál hefur verið nokkuð í deiglunni á undanförnum mánuðum, að ég tel að þær óskir eða þau áform sem uppi hafa verið um að halda úti bílferju í Djúpinu jafnhliða því sem byggður yrði upp vegur vera draumóra sem ekki eigi að styðja við bakið á. Í sem stystu máli þýða þessi áform að það er verið að gera Djúpveginn dýrari sem nemur um 300 millj. kr. því það er sá kostnaður sem verja þarf til þess að byggja viðunandi bryggju og reka ferjuna í u.þ.b. þau tíu ár sem væntanlega mun þá taka að byggja upp veginn. En við mundum spara okkur fé ef við stæðum við það samkomulag sem er í gildi og við mundum þá líka vera mun fljótari að koma Djúpveginum í viðunandi horf og nokkuð gott horf á stærstum hluta þess vegakafla. Það að reka bílferjuna þýðir að mínu mati að menn verða u.þ.b. tíu ár að byggja upp þennan veg í stað þess að gera það á u.þ.b. fimm árum og verkefnið verður um 300 millj. kr. dýrara. Séð frá hagsmunum þeirra sem borga veginn, skattgreiðendanna er óverjandi af hálfu Vestfirðinga að gera kröfu um að vegagerð sé þetta miklu dýrari en hún þarf að vera. Við getum hvorki varið það fyrir almennum skattgreiðendum né heldur fyrir íbúum í öðrum kjördæmum sem bíða með sínar vegaframkvæmdir að við gerum kröfu til þess að vegagerð verði þetta miklu dýrari en nauðsyn krefur. Þannig að ég óttast að verði farið út í það að reka bílaferju í Djúpinu þá muni niðurstaðan einfaldlega verða sú að það verður hætt við að byggja upp Djúpveginn. Í mínum huga er valið bara um annað af tvennu, hvort það eigi að byggja upp veginn eða hvort það eigi ekki að gera það. Ég er í engum vafa um afstöðu mína í því máli. Ég tel það eigi að byggja upp veginn. Það þjónar hagsmunum tveggja þriðju hluta Vestfirðinga, þeirra sem búa á norðanverðum Vestfjörðum og tengir þá örugglega við aðalakvegakerfi landsins þannig að það verða daglega öruggar samgöngur við það akvegakerfi. Við getum ekki boðið neinum landsfjórðungi eða landshluta upp á annað en öruggar samgöngur við aðalakvegakerfi landsins. Hraðinn í flutningum er orðinn það mikill. Það eru vöruflutningar daglega til og frá þessu svæði og til þess að byggja upp ferðamannaþjónustu þarf að vera fyrir hendi örugg leið til svæðisins og frá svæðinu líka þegar flugið bregst eins og stundum vill verða á þessu svæði. Almenn afstaða mín til málsins er því á þessum nótum. Ég tel að hagsmunum Vestfirðinga sé best borgið með því að leggja alla áherslu á uppbyggingu Djúpvegar og ég tel að það séu hagsmunir þjóðarinnar í heild sem gera þá kröfu líka að festa verði valin eins og ég lagði til.

Ég vil svo í lokin, virðulegi forseti, aðeins árétta og færa rök fyrir því hvers vegna ég segi að valið standi um að ljúka þessum vegi að mestu á fimm árum eða kannski tíu árum með þeirri áhættu sem ég gat um að menn gætu einfaldlega fallið frá framkvæmdinni. Í vegáætluninni eru nú um 300 millj. kr. til þessara framkvæmda sem eru að mestu á þessu ári og tveimur næstu. Til viðbótar eiga síðan að renna í þessar framkvæmdir það fé sem annars fer í að styrkja rekstur Djúpbátsins og koma upp ferjubryggjum sem eru í dag um 75 millj. kr. Velji menn þá leiðina að taka strikið á uppbyggingu vegarins eiga menn að hafa u.þ.b. 375 millj. kr. til framkvæmda á þessu ári og næstu tveimur. Ef við gefum okkur síðan það að við næstu endurskoðun á vegáætlun þegar bætt er við tveimur árum verði á þeim tveimur árum varið svipaðri fjárhæð hvort ár um sig til framkvæmdanna og er á árunum næstu tveimur 1997 og 1998, má ætla að við séum með 600 millj. kr. til framkvæmda á þessum vegi sem talið er að kosti milli 800 og 1.000 millj. kr. Með því að geyma dýrasta kaflann sem er tiltölulega stuttur í km talið og taka hann kannski á 2–3 árum þar á eftir erum við í lok ársins 2000 búnir með um 80–85% af Djúpveginum. Það er gríðarlega mikil framför. Það er nákvæmlega það sem þarf á þessu svæði. Menn þurfa að hafa vissu fyrir því að það verði mjög hraðar úrbætur í vegamálum. Það sem fer verst í fólk á þessu svæði, norðanverðum Vestfjörðum, er öryggisleysið. Menn telja sig ekki geta treyst því að staðið verði við það að gera veginn sómasamlegan á næstu árum. Það ríður því mikið á því að þingmenn kjördæmisins og ráðherra standi við þá stefnumörkun sem menn tóku í fyrra.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vil ég ljúka ræðu minni. Ég vænti þess að þingmenn kjördæmisins og hæstv. ráðherra standi við þá stefnu sem var mörkuð í þessu máli á síðasta ári.

[21:50]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma hér upp vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann lét í veðri vaka að ég væri sérstakur andstæðingur vegabóta úti í hinum dreifðari byggðum. Það er auðvitað alrangt. Einnig hélt hann því fram að þessi sérstaka skipting á framkvæmdaátaki sem miðast við höfðatöluregluna væri andstæða við þá hefðbundnu skiptingu sem miðaði við arðsemi og gaf þar með til kynna að þeir fjármunir sem renna til framkvæmdaátaks og fara eðlilega að stærstum hluta til þéttbýlli byggða á suðvesturhorninu rynnu þar með til óarðbærra framkvæmd. Ég vildi taka af öll tvímæli í því sambandi. Þegar maður horfir til arðbærari þátta málsins hygg ég að í krónum og aurum talið séu það hvað arðbærustu framkvæmdirnar. Hins vegar vitum við báðir, ég og hv. þm., að hin hefðbundna skiptiregla byggir á ákveðinni þríhliðu þar sem kostnaður, ástand og umferð, þ.e. umferðarþungi, eru vegin og metin. Þetta er því alröng uppsetning. Til að árétta það og halda því til haga hér þá hygg ég að hv. þm. þurfi ekki að bera sig sérstaklega illa undan framlögum til vegamála í hans kjördæmi ef horft er til þess að á árinu 1988, svo dæmi sé tekið, runnu 320 millj. til vegabóta í hans kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi. Árið 1993 var það 1 milljarður og 69 millj., árið 1994 voru

það 1.349 millj. og árið 1995 voru það 855 millj. Ég held því að hv. þm. þurfi ekki að bera sig sérstaklega aumlega hvað varðar áhuga þingmanna í fráfarandi ríkisstjórn á vegabótum úti í hinum dreifðari byggðum.

[21:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frammíkall hv. þm. áðan um jarðgöngin bentu til þess að hann væri að nefna þá framkvæmd sem dæmi um framkvæmd sem honum þætti kannski ekki vera á *réttum tíma eða réttum stað. Það var mín ályktun og ég fagna* því ef það hefur verið röng ályktun, en ég skildi andsvar þingmannsins þannig að hann styddi þá framkvæmd. Ég vil minna hann á, eins og hann kom inn á að nokkru leyti í sínu andsvari, að skipting vegafjár hefur ekki farið eftir höfðatölu heldur eftir mati á þremur þáttum sem er ástand vega, kostnaður framkvæmda og arðsemi. Það er því ekki bara arðsemin ein sem hefur ráðið skiptingunni. Því er það breyting frá ríkjandi ástandi þegar á tímabili síðustu ríkisstjórnar er ákveðið að taka stóran hluta af framkvæmdafénu og skipta því öðruvísi, skipta því einvörðungu eftir höfðatölu þannig að menn taka alveg út fyrir sviga þörfina og kostnaðinn. Það er bara höfðatalan sem er notuð sem skiptiregla. Það er fullkomlega óeðlileg aðferð og ætti að vera jafnaðarmönnum alveg sérstaklega ógeðfelld. Eins og kunnugt er hafa þeir það að stefnu að það eigi að skipta eftir þörf en ekki eftir hæð eða fjölda. Ég vænti þess að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson geti verið sammála mér í því að þetta er alveg sérstaklega óviðfelldin skipting á peningum.

[21:54]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er vegáætlun fyrir árið 1996 skorin niður um 800 millj. kr. Það þýðir að sú áætlun sem var samþykkt í fyrra fyrir árin 1995–1998 er í raun og veru hrunin. Það segir sig sjálft að þegar verið er að skera niður um allt land framkvæmdir sem átti að framkvæma á árinu 1996 og þær eru dregnar verulegar saman þá hefur það veruleg áhrif á það sem á eftir kemur og hlýtur að breyta þeim framkvæmdum í mjög mörgum greinum. Ég er satt að segja undrandi á því að þegar gildandi vegáætlun er rifin upp með rótum eins og hér er gert af hverju menn taka þá ekki til við að endurskoða þau ár sem eftir eru af áætluninni, þ.e. í þessu tilviki árin 1997 og 1998. Núna þegar við erum búin að breyta vegáætluninni fyrir árið 1996 er alveg ljóst að afgangurinn af vegáætlun sem við samþykktum í fyrra er einskisnýtt plagg sem enginn tekur lengur mark á. Og það er illt. Mér finnst þetta vera vinnubrögð sem ekki ættu ekki að vera við lýði. *Ég veit að svona hefur þetta* löngum verið en þessu þarf að breyta. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð. Menn geta vissulega deilt um það lengi á hverju niðurskurðurinn átti að bitna úr því ákvörðun var tekin um að hann færi fram. Og vissulega geta menn annars vegar sagt sem svo að það sé framkvæmdaátakið sem verði fyrir mestri skerðingu þar sem það er skorið niður um 36% á meðan almennar framkvæmdir eru aftur á móti skornar niður um 18%. En menn geta líka sagt sem svo að framkvæmdaátakið var viðbót við þær vegaframkvæmdir sem áformaðar höfðu verið. Það var ákveðið að auka fé til vegamála með þessu sérstaka framkvæmdaátaki og þegar svo í ljós kemur að menn treysta sér ekki til að standa við þetta áform er auðvitað á margan hátt eðlilegast að byrja á því að skera fyrst niður það sem menn treystu sér ekki til að framkvæma þegar á reyndi. Þessi deila er hins vegar þess eðlis að ég veit ekki hvort að ástæða er til að gefa sér allt of mikið í hana. Ég held að kjarni málsins sé einfaldlega sá að framlög til vegamála eru bersýnilega allt of lág. Þarfirnar eru svo gríðarlega miklar bæði á höfuðborgarsvæðinu og víðs vegar um land að við getum alls ekki litið svo á að framlög til vegamála séu ásættanleg. Ég er ekkert að gera lítið úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu sem áformuð eru. Ég veit vel að það er brýn þörf á þeim og mjög gott að fá þær endurbætur á vegakerfinu hér í kringum höfuðborgina sem áformaðar eru. En þarfirnar eru bara svo gríðarlegar víðs vegar um land. Staðreyndin er sú að við Íslendingar erum einfaldlega frumstæðari en nær allar Evrópuþjóðir í vegamálum. Við erum lengra á eftir öðrum þjóðum í vegamálum en á flestum öðrum sviðum. Við erum þriðja flokks þjóð í vegamálum og við gerum of litlar kröfur til okkar sjálfra hvað vegina snertir. Ríkið hefur að sjálfsögðu geysilegar tekjur af umferðinni. Það fær bæði virðisaukaskatt og vörugjöld og það kannski í ríkari mæli hér á landi en víðast hvar annars staðar vegna þess að bílar eru hér dýrari en víðast hvar annars staðar, bensínverð óvenjulega hátt og bílafjöldi miðað við íbúafjölda er óvenjulega mikill. Tekjur samfélagsins af umferð eru því áreiðanlega óvenjulega háar miðað við íbúa. En við teljum okkur hafa efni á því hvað vegamálin snertir að nota ekki allt bensíngjaldið og þungaskattinn til framkvæmda í vegamálum. Nú á þessu ári er ætlunin að 637 millj. kr. verði teknar í ríkissjóð af bensíngjaldi og þungaskatti og það er mjög slæmt.

Þegar litið er á verkefni sem við stöndum frammi fyrir æpa þau alls staðar á okkur. Ég fór t.d. tvívegis á Vestfirði í sumar. Þá keyrir maður frá Reykjavík til Stykkishólms og tekur ferju þar. Mig rak satt að segja í rogastans að sjá hvað vegurinn til Stykkishólms var ömurlegur. Þetta er moldarvegur með óteljandi holum og þarna er þó mikil ferðamannaleið eins og allir vita, um Breiðafjarðareyjar og um Snæfellsnes. Þessi vegur er auðvitað langt, langt á eftir tímanum og hæfir ekki sem aðkeyrsluleið að mikilvægum þéttbýlisstað eins og Stykkishólmur er. Ég nefni vegina á Vestfjörðum um Djúpið og um Barðaströndina. Þeir eru alveg skelfilegir og furðulegt að við skulum sætta okkur við slíkt ástand.

Ég get farið til Siglufjarðar í mínu kjördæmi. Vegurinn til þess stóra og mikilvæga þéttbýlisstaðar er afar vondur og lengi hefur staðið til að leggja slitlag á hann. Það gengur mjög hægt. Það kemur einfaldlega svo lítið í hlut þessa kjördæmis á hverju ári að við tommum áhaflega lítið áfram þar og þar eru mjög stór verkefni enn óunnin. (**Samgrh.:** Þetta er *nú að klárast.*) Nei, það er nefnilega ekki að klárast, hæstv. samgrh. Því miður. Það mun ekki klárast á þessu ári, það mun ekki klárast á árinu 1997, heldur ekki á árinu 1998. Ég efast um að það klárist fyrir aldamót með þessu áframhaldi.

Ég nefni veginn til Raufarhafnar, Kópaskers og Þórshafnar sem er í mjög vondu ástandi og alls ekki sæmandi á nokkurn hátt. Síðan komum við að Austfjörðunum þar sem ástandið er auðvitað mjög slæmt. Norðausturleiðin er mestöll eftir og það eru mjög langir kaflar enn eftir af leiðinni til Austfjarða, líka á suðurleiðinni. (**Gripið fram í:** Það er fínt í Norðurl. v.) Nei, það er nefnilega ekki nógu gott á Norðurl. v. Hv. þm. hefur víst ekki haft eyrun opin, ég var að enda við að renna mér í gegnum það kjördæmi. Þar eru þar ansi mikil og stór og dýr óunnin verkefni. (**Gripið fram í:** Össur hætti við að keyra þar um, hann ætlaði sér það.) Ég hygg að skýringin sé kannski einfaldlega sú eins og hér

var bent á að hv. þm. hefur bara ekki treyst sér á verstu vegina á Norðurlandi vestra. Hann hefði sennilega þurft að fara í framboð þar til þess að skilja ástandið. (**ÖS:** Er þetta áskorun?)

Ég hef eytt tíma Alþingis nokkuð til að vekja athygli á því að á hringveginum eru ærið margar einbreiðar brýr sem eru mikil slysagildra. Það kom fram í fyrirspurnatíma á Alþingi þegar ég varpaði fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. að það eru 23 brýr á hringveginum og stofnvegum út frá hringveginum þar sem hafa orðið fleiri en tvö slys á undanförnum sex árum. Þar af eru níu af þessum brúm á Norðurlandi vestra og á átta brúm hafa orðið 5–17 slys, hvorki meira né minna. Þarna er um að ræða gríðarlegt verkefni sem er afleitt að láta liggja óhreyfð árum saman. Þetta er að vísu dýrt verkefni. Ég reikna með að þarna sé um að ræða verkefni sem kostar aldrei minna en rúman milljarð að ráða bót á. En þessar einbreiðu brýr eru svo fráleitur slysavaldur og slysagildrur að það tekur engu tali að láta þær standa eins og þær eru. Þarna er stórt og mikið verkefni sem við verðum að ráðast í.

Ég sagði áðan að aðalatriðið væri auðvitað að okkur vantaði meira fé í vegakerfið og síðan má deila hart og lengi um það hvernig á að skipta því. Ég vil láta þá skoðun í ljós að skipting vegafjár sé orðin mjög sérkennileg og ég er mjög óánægður með hana. Upphaflega var reglan sú og gilti um áratuga skeið að það var settur upp listi yfir alla helstu þjóðvegi landsins og þeir voru metnir út frá því hver væri kostnaður við að gera þá upp, hvert væri ástand veganna og hver væri umferðin um vegina og síðan var deilt í með þremur. Þetta var formúla sem byggði á kostnaðinum, ástandinu, umferðinni og síðan deilt í með þremur. Þar sem fjölmenni var mikið, þar sem höfðatalan var há, voru auðvitað miklar vegaframkvæmdir vegna þess að umferðin var þá mjög mikil þar. Þetta taldi ég mjög sanngjarna reglu sem eðlilegt hefði verið að standa við. Þróunin hefur hins vegar verið sú að taka ný og ný verkefni út fyrir sviga. Jarðgöng eru tekin út fyrir sviga, þau eru greidd af óskiptu 80%, stórbrýr og vegir þvert yfir firði eru tekin út fyrir sviga og til þeirra er greitt af óskiptu 64%, áfangar á hringvegi milli kjördæma eru teknir út fyrir sviga og það er greitt af óskiptu 70%, enda sé lágmarksframkvæmdakostnaður talinn vera 800 millj. kr. í hverju tilviki. Tenging þéttbýlisstaða í eitt atvinnu- og þjónustusvæði er enn eitt verkefnið og er greitt af óskiptu 70%, enda sé lágmarksframkvæmdakostnaður talinn a.m.k. 400 millj. kr. Loks er það talið sérverkefni að tengja byggðasvæði með fleiri en 5.000 íbúa við meginvegakerfi landsins, enda sé framkvæmdakostnaður að lágmarki 600 millj. kr. Þannig hafa menn sem sagt verið að finna nýjar og nýjar formúlur. Svona formúlur voru ekki til fyrir 10–15 árum, alls ekki til. En svo fóru menn að búa til svona formúlur, það komu nýir og nýir samgönguráðherrar og þeir fundu nýjar og nýjar formúlur. Og þær eru orðnar núna ansi margar eins og menn heyra. Niðurstaðan hefur orðið sú að nú eru 60% af vegafé tekin til þessara sérstöku verkefna, til höfuðborgarsvæðisins, framkvæmdaátaksins, stórverkefnanna og annarra þessara verkefna sem falla undir þessar formúlur. 60% eru tekin til þeirra verkefna en til hinna almennu verkefna 40%. Ég er ekki að ræða um það hverjir hafa komið þessari skipan mála á. (**Gripið fram í:** En það er gott fyrir Alþb.) Ég er að ræða það að sú þróun hefur átt sér stað á seinustu tíu árum sem leitt hefur til þessarar niðurstöðu. Þar hafa allir flokkar átt hlut að máli og ég er ekki að saka neinn einn sérstaklega um það. En þetta er þróun sem ég tel að hafi gengið allt of langt. Ég tel sem sagt að miðað við það vegafé sem er til skiptanna, þá séum við með of mörg rándýr stórverkefni í gangi og það er of litlu fé varið til hinna almennu vegaframkvæmda. Ef við værum t.d. með 3 milljarða til viðbótar sem við gætum látið til vegaframkvæmda víðs vegar um land getur vel verið að eðlilegt væri að vera með öll þessi miklu stórverkefni í gangi. En meðan vegaféð er ekki meira til skiptanna en raun ber vitni tel ég að það eigi að vera meira til skiptanna fyrir hin almennu verkefni sem er skipt með tilliti til umferðar og þar með að nokkru leyti með tilliti til höfðatölu á viðkomandi svæðum.

[22:11]

Útbýting þingskjals:

Höfundalög, 86. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1016.

[22:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er af nógu að taka þegar rætt er um vegamál, ekki síst nú upp á síðkastið eins og að þeim málum er staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Nokkuð ræddi ég þessi efni af tilefni frv. til fjáröflunar í vegamálum og ekki var allt glæsilegt sem þar kom fram af hálfu stjórnarinnar. Nú erum við í síðari umræðu um endurskoðun á vegáætlun fyrir yfirstandandi ár sem felur í sér lækkun á framlagi til vegamála, framkvæmdafé um 800 millj. kr., hvorki meira né minna. Það kemur niður á öllum kjördæmum landsins, almennum framkvæmdum og svokölluðu framkvæmdaátaki sem skerðist þó meira. Um þetta hafa þingmannahópar kjördæma fjallað og tekið á sig það leiðindaverk að jafna þessum niðurskurði niður á einstaka vegakafla eða framkvæmdakafla í vegakerfi kjördæmanna. Ég hef átt þátt í því ásamt öðrum þingmönnum á Austurlandi að fást við þetta lítt skemmtilega verkefni að því er snertir vegáætlun yfirstandandi árs. En ég hef að jafnaði og reyndar alltaf reynt að taka á verkefnum hvort sem dapurleg eru eða gleðileg. Oftar eru þau með hinum fyrra hætti sem ég nefndi, fremur dapurleg í formi niðurskurðar. En ég hef ekki skorist þar úr leik eins og því miður hefur stundum borið við, jafnvel af stjórnarþingmönnum. Þeir hafa hlaupið undan merkjum þegar um það er að ræða og tel ég það engan veginn til fyrirmyndar.

Þá gerðist það á síðasta kjörtímabili að ríkisstjórnin í rauninni afþakkaði að þingmenn kjördæmanna tækju að sér þau hefðbundnu verkefni að fjalla um vegaframkvæmdir í sínum kjördæmum. Hún tók upp á sitt eindæmi að úthluta vegafé án þess að spyrja kóng eða prest nema þá helst stjórnarþingmenn sem eitthvað voru kallaðir til. Sá háttur var ekki hafður á nú sem betur fer og ég vona að aldrei verði endurtekið það sem gert var með svokölluðu átaki. Ég man ekki við hvað það var kennt, en líklega var það 1992 sem bætt var við framkvæmdir m.a. með tilliti til atvinnusköpunar. Þá sá ríkisstjórnin og meiri hluti hennar um verkið og þurfti ekki á aðstoð þingmanna að halda. Þetta ruglaði þá áætlun sem fyrir lá, bæði breyttar áherslur og þær afleiðingar sem þessar ákvarðanir höfðu.

Svo dæmi sé tekið af Austurlandi þá er sá niðurskurður sem kemur á framkvæmdir í kjördæminu á milli 60 og 70 millj. kr. Það er ekki minna og það í kjördæmi sem stendur verst hvað snertir þörfina á uppbyggingu vega, lagningu bundins slitlags, kannski að tiltölu ekkert þó verr sett en Vestfirðir án þess að ég hafi lagst í sérstakan samanburð. En ljóst er að þessi kjördæmi landsins eru þau þar sem vegakerf-

ið á lengst í land með að teljast viðunandi. En vegalengdir eru hins vegar meiri á Austurlandi.

Þegar litið er á fjárveitingar eins og þær eru flokkaðar í yfirliti meiri hluta samgn. þar sem fram kemur bæði hlutfallsleg skipting á því sem kallaðir eru stofnvegir nú að nýju tali — það er eitt ruglið sem fyrrv. ríkisstjórn stóð að. Við kláruðum fyrir síðustu kosningar í lok síðasta kjörtímabils að endurskíra vegina þannig nöfnin urðu enn þá fjarstæðukenndari en þau sem fyrir voru þannig að það tekur okkur allnokkur ár að venja okkur við það, hvað þá hv. kjósendur sem við ræðum við um þessi efni, að skilja þann hringlanda sem þar var upp tekinn. Loksins þegar menn voru nú farnir að botna í skiptingunni í stofnvegi og þjóðbrautir nokkurn veginn, þá voru fundin upp ný nöfn. En ég ætla ekki að gera það að frekara umtalsefni. — Varðandi skiptitölur hlutfallslega, t.d. á stofnvegi, þá er Austurland að vísu með hæstu skiptiprósentuna en samt vantar mjög mikið á að við teljum að fyrir okkar hlut sé séð í þessum efnum. Og þó að hún sé 21,6% á stofnvegum, þá er hún þaðan af minni á tengivegum sem svo eru kallaðir, það eru hinar gömlu þjóðbrautir, aðeins 11,5% og sýnir það hlutfallið m.a. milli þessara vegaflokka í kjördæminu þar sem stofnvegirnir eru mjög fyrirferðarmiklir hjá okkur á Austurlandi og mjög mikið skortir á að þeir hafi verið byggðir upp miðað við lágmarkskröfur eins og þær nú eru orðnar.

Ef litið er á skrá um fjárveitingar síðustu tíu ára til nýrra þjóðvega eins og hún er í nefndaráliti meiri hlutans, þá blasir við nokkuð sérkennileg mynd að því er Austurland varðar á árinu 1996 samkvæmt þessari tillögu því að þá er heildarframkvæmdafjárveitingin 258 millj. kr. sem er lægsta tala til nýrra þjóðvega eins og þetta er flokkað í þessu yfirliti, lægsta tala á tíu ára tímabili í krónum talið miðað við samræmda vísitölu. Ég hafði ekki veitt þessu yfirliti athygli fyrr en ég fór að fletta nefndarálitinu, enda kannski ekki legið fyrir, en þetta kallar á athugun tvímælalaust. Það er mjög sérkennilegt hvernig þetta hefur hrapað. Ég held að hluti af skýringunni hvað varðar Austurland sé að þar eru stórverkefni mjög fyrirferðarlítil eins og stendur og hafa verið lítil undanfarin ár. Þar eru fyrst og fremst nokkrar brúarframkvæmdir sem flokkast undir stórverkefni og síðan framkvæmd sem snertir tengingu milli Norður- og Austurlands sem er varla farin að mælast inn í Austurlandskjördæmi sem sérstakt verkefni. En við erum sem sagt með lægri tölu miðað við samræmdan grunn á tíu ára tímabili til nýrra þjóðvega og munar þar geysimiklu þar sem þessi tala fór hæst í 609 millj. kr. árið 1993 en er nú komin niður í 258 millj. og var fyrir tíu árum tæpar 400 millj. eða 396 millj. kr.

Framsögumaður minni hlutans gerði grein fyrir nefndaráliti minni hluta samgn. Ég tek undir það sem þar kom fram og þau almennu orð sem fylgdu af hálfu hv. þm. Ragnars Arnalds um þörfina í þessum efnum og hvað við værum í raun metnaðarlítil. Þá er verið að tala almennt og ekki í hefðbundnum barningi stjórnar og stjórnarandstöðu í sambandi við fjármagn til vegagerðar í landinu. Ég hef rætt áður í þessum umræðum um m.a. það hversu langt hefur verið seilst af hálfu ríkisvaldsins að undanförnu í mjög vaxandi mæli í að taka vegafé eða fjármagn sem fæst af mörkuðum tekjustofnum, lækka það hlutfallslega og færa inn í ríkissjóð. Það er háttur sem er verulega gagnrýniverður. Þetta hefur fyrst og fremst gerst í tíð hæstv. núv. samgrh. Þetta gerðist einu sinni má ég segja á fjárlagaárinu 1989 þegar um var að ræða mjög almennan og mikinn niðurskurð á fjármagni að dálítið var höggvið í vegaféð. En það var ekki endurtekið á því kjörtímabili. En síðan er þessi háttur upp tekinn eftir 1991 í síauknum mæli af þeirri ríkisstjórn sem þá var við völd og þetta er mjög gagnrýnivert.

Ef farið væri yfir vegakerfi landsins og menn reyndu að vega það og meta eins og það blasir við vegfaranda, t.d. ef maður fer hringveginn, þá stingur það sannarlega í augu þegar kemur í Austurlandskjördæmi hvernig staðan er, hversu mikið vantar á að meginleiðir, hringvegurinn þar á meðal, séu uppbyggðir. Þar eru geysilangir kaflar sem eru malarvegir, lítt uppbyggðir á köflum og er þar auðvitað lengstur spottinn frá Egilsstöðum eða Fellabæ og alla leið norður á kjördæmismörk þar sem hvergi er að finna bundið slitlag. En þetta er síðan þar á milli eins og á veginum sem telst til hringvegarins frá Egilsstöðum eða frá vegamótum á Völlum eða frá Gilsá um það bil, sem skiptir Völlum á Skriðdal og síðan alveg yfir til Breiðdalsvíkur um Breiðdalsheiði þar sem vegurinn er í mjög bágu ástandi víða. Það er eingöngu malarvegur á þeim langa kafla. Í fjörðum eru stórir kaflar sem eru óuppbyggðir malarvegir eins og í Berufirði og í sunnanverðum Reyðarfirði svo að dæmi séu tekin. Við hljótum að fá heldur bága einkunn sem erum að reyna að berjast fyrir hlut Austurlands hjá þeim sem aka þarna um veginn enda oft á orði haft að við hljótum að standa okkur heldur illa í því verkefni að draga til okkar eðlilegan hlut af vegafé. En ég held að það verði þó ekki með sanni sagt að talsmenn Austurlands, hvort sem hefur verið í stjórn eða stjórnarandstöðu, hafi reynt að ráða þarna bót á. Verkefnið er einfaldlega svo stórt vegna þess hve vegakerfið er langt og hvað t.d. arðsemisprósentan færir okkur lítið í hlut þegar vegafé er skipt. Þetta er sannarlega tilfinnanlegt, virðulegur forseti, og munar því um niðurskurð á Austurlandi þó að hann sé ekki stór hluti af heildarvegafé þegar skorið er niður um hátt í 70 millj. kr. Það munar mikið um það.

Það er undirstrikað og ég heyrði ekki betur en hæstv. samgrh. hefði gert það í andsvörum að við værum aðeins að endurskoða þessa vegáætlun. Um væri að ræða tilfærslu á fjármagni o.s.frv. En ég hlýt að geta þess að af hálfu Vegagerðarinnar féllu varnaðarorð þegar við vorum að fara yfir þessa endurskoðun á vegáætlun nú miðað við framtíðina. Ég ætla ekki að fara að gerast sérstakur spámaður í þeim efnum heldur einfaldlega vísa til þess sem fram kom hjá Vegagerðinni sem er að reyna að horfa með raunsæi frá sínum bæjardyrum á hlutina. Þar blöstu við varnaglar af þeirra hálfu um áframhaldandi niðurskurð á næstu árum miðað við fjögurra ára vegáætlun, ekkert minna heldur en á þessu ári. Nú veit ég ekkert hvað er verið að kokka við ríkisstjórnarborðið, frammi fyrir hvaða óskum hæstv. samgrh. stendur varðandi fjárveitingar til næsta árs en vafalaust er að hefjast vinna ef ekki hafin að þeim málum. Hvort hæstv. ráðherra hefur einhverjar fréttir að færa um það hér þá læt ég honum eftir, virðulegur forseti, hvort hann vill eitthvað upplýsa okkur um hvert stefnir í þeim málum. Það þykir kannski nokkuð snemmt. En fróðlegt væri að vita hvert horfir að mati hæstv. ráðherra, hvort við megum treysta því að vegáætlun fái að standa lítt eða óhreyfð á næsta ári, jafnvel að þar væri um aukningu að ræða til þess að bæta fyrir það sem gerist í niðurskurði á þessu ári. Það á auðvitað eftir að koma í ljós, í síðasta lagi á næsta þingi hvernig fer um það, en þá þarf að fara fram reglubundin endurskoðun vegáætlunar.

Eitt af því sem bætist í verkefnin vegna ákvarðana um breytingar sem tengjast vegáætlun eru þjóðvegirnir í þétt-

býli. Þar er komin inn aukin skuldbinding af hálfu ríkisins frá því sem áður var sem tekur til sín núna á næstu árum óhjákvæmilega meiri hlut af vegafénu en áður. Þetta þýðir talsvert á mælikvarða t.d. Austurlandskjördæmis þar sem þjóðvegir liggja víða í gegnum þéttbýli og þar sem ríkið hefur tekið á sig auknar skuldbindingar sem munu taka aukinn hlut af vegafénu á næstu árum og um er að ræða í mörgum tilvikum alldýr verkefni.

Ég nefni líka verkefni eins og að koma á tvíbreiðu slitlagi, þar sem lagt hefur verið einbreitt í viðleitninni við að teygja bundið slitlag sem lengst sem er auðvitað eðlileg viðleitni út frá sjónarhóli vegfarandans en þó hefur í för með sér verulegar hættur, aukna slysahættu eins og dæmin sanna í vegakerfinu. Á Austurlandi er um að ræða talsvert langar vegalengdir með einbreiðu slitlagi og verður að bæta þar úr á allra næstu árum með því að breikka það bæði vegna umferðarinnar almennt og vegna slysahættu. Eitt af því sem brugðist er við á þessu ári í þessu sambandi er breikun á slitlaginu á Skeiðarársandi austan kjördæmismarka sem er nýtt verkefni og kallar þá á tilfærslu og hefur gert það við yfirferð málsins við endurskoðun vegáætlunar nú.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. minntist á einbreiðar brýr og dró fram upplýsingar með fyrirspurn til hæstv. samgrh. um það efni og þökk sé þingmanninum fyrir, út frá sjónarhóli m.a. slysahættu. Ég ætla ekki að endurtaka það sem þar kom fram um þá miklu slysahættu sem tengist einbreiðum brúm í vegakerfinu. Þar á meðal eru brýr í Austurlandskjördæmi og það öflugar og stórar brýr eins og á Jökulsá á Breiðamerkursandi, Hoffellsá í Hornafirði og Hornafjarðarfljóti en um er að ræða slys langt umfram meðaltal við þær brýr. En síðan ef litið er til fjölda einbreiðra brúa, þá var ég að fara yfir lista sem fylgdi um einbreiðar brýr í vegakerfinu og ég vil ekki segja að ég hafi talið kannski hárrétt. En ég gerði það í fljótheitum og ég fékk ekki betur séð en að einbreiðar brýr á vegakerfinu á Austurlandi sem taldar væru á þessari skrá sem ég hef undir höndum væru 59 talsins. (**Gripið fram í:** 139 á hringveginum.) 139 á hringveginum, segir hv. þm. Og á vegakerfinu á Austurlandi, ekki aðeins á hringveginum, 59 talsins. Þetta mun ég athuga betur og nefni þetta með fyrirvara. Þetta sýnir hvað þarna er við geysilega mikið verkefni að fást.

Ég hef gagnrýnt það í umræðu um vegamál á undanförnum árum, líka í hópi þingmanna kjördæmisins þar sem ég hef kannski haft aðra afstöðu en hópurinn að öðru leyti, hvað menn hafa hneigst til að seinka brúarframkvæmdum út frá því eðlilega sjónarhorni að bæta vegina af því að vegfarandinn finnur mikið fyrir því að keyra á mölinni. Menn eru að reyna að teygja uppbygginguna og bundna slitlagið á kostnað brúarframkvæmda. Þannig hafa menn verið að leika sér að því, t.d. í mínu kjördæmi, að nota fjárveitingar til einstakra brúa sem eins konar banka til þess að leita í og mylgra úr til vegarspotta víðs fjarri í kjördæminu. Sá banki sem frægastur hefur orðið í þessum efnum á undanförnum árum er brú yfir Fjallsá eða Hrútá, ein eða tvær sem var lengi vel óljóst, en nú er loksins verið að vinna í þessari framkvæmd. Það er búið að loka bankanum við Fjallsá en úr honum hefur verið veitt alla leið norður í Bakkafjörð út og suður. Þetta er það sem menn grípa til í hallærinu og ég tel það engan veginn til fyrirmyndar. Ég tel að við þurfum að tryggja að brýrnar fái eðlilegan hlut af framkvæmdafé og það verði ekkert undan því vikist. Ég segi það við formann samgn., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, að mér er ofarlega í huga að það ætti kannski að marka ákveðið hlutfall eða binda það hlutfall sem má fara til brúagerðar þannig að menn séu ekki að leika sér að því að fresta þeim framkvæmdum út frá öðrum sjónarmiðum. Þannig safnast upp mikill vandi og það safnast upp slysagildrur sem þessu tengjast. Þetta er vinsamleg ábending sem ég kem á framfæri því að ég held að þetta gangi ekki svona. Síst af öllu með þeim auknu þungaflutningum sem nú eru orðnir á þjóðvegakerfi landsins.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að tengja þann þátt, þ.e. þungaflutningana, við þessa umræðu um vegáætlunina í tilefni svara sem ég hef fengið bæði frá hæstv. samgrh. og hæstv. dómsmrh. við fyrirspurnum mínum varðandi stöðuna að því er snertir þungaflutninga í þjóðvegakerfinu. Fyrst vil ég aðeins koma að upplýsingum sem komu frá dómsmrh. við fyrirspurn minni um öryggi við þungaflutninga á þjóðvegunum og upplýsingum um slys sem tengjast þungaflutningunum. Skráning þar að lútandi náði aðeins til fjögurra ára en ekki fimm eins og um var beðið. Það er því fyrst frá árinu 1992 sem skráning liggur fyrir. Þar kom í ljós í þeim tölum sem fram voru reiddar að fjöldi slysa sem tengjast þungaflutningum reyndust árið 1992 vera sautján, ekkert dauðaslys það ár. 1993 voru þau nítján, tvö dauðaslys, 1994 tuttugu og sex, þar af eitt dauðaslys og 1995 tuttugu og fjögur, þar af fjögur dauðaslys. Fjöldi slasaðra og látinna þessi ár allt talið reyndist mestur 1994 eða fimmtíu og einn, en sem betur fer minni 1995, þrjátíu og þrír talsins.

Ég held að það blandist engum hugur um hvað sem líður þessum upplýsingum talnalegum að auknir þungaflutningar á þjóðvegakerfinu, stórauknir þungaflutningar, auka áhættuna í umferðinni alveg geysilega mikið fyrir utan þörfina á endurbótum á vegunum. Malarvegirnir verða enn tilfinnanlegri þegar þungaumferðin er tekin með í dæmið með því gífurlega aurkasti og þeirri rykmengun sem henni fylgir, þeim sviptingum í formi vindhviða og annað sem á vegfaranda skellur sem kannski mætir þessum flutningadrekum á fólksbílum. Menn þurfa að bíta á jaxlinn þegar þeir fara fram hjá og geta talist góðir að sleppa hverju sinni. Ég þekki bæði af sjálfum mér og frá nákomnum dæmi um fólk sem slapp með skrekkinn bókstaflega frá því að vera keyrðir niður svo að þörfin á aðgerðum í þessum efni, bæði auðvitað með bættum vegum en líka með auknum kröfum til þungaumferðarinnar, er mikil. Ég tek eindregið undir þær aðgerðir sem verið er að gera þar þótt þær hafi verið gagnrýndar til að tryggja að þeir sem eru undir stýri á þessum stóru tækjum séu a.m.k. sæmilega úthvíldir og þeir reyni að halda sig við löglegan hraða. Það er höfuðnauðsyn á því að reynt sé að fylgjast með því og tekið hart á ef út af er brugðið því að hér liggur lífið við og limir fólks í umferðinni. Í svari hæstv. dómsmrh. var gefið yfirlit um þær ráðstafnir sem verið er að grípa til í þessu sambandi sem talið er að kosti dómsmrn. 16 millj. kr. á ári fyrir utan stofnkostnað lítils háttar og það eru upphæðir sem ekki á að spara. En þarna er ætlunin að Vegagerð og ráðuneyti eða löggæsla vinni saman og leggi saman í þessum efnum.

Þá ætla ég, virðulegur forseti, að koma að hinu sem varðar svar hæstv. samgrh. við fyrirspurn minni um þungaflutninga á þjóðvegunum. Meðal annars var spurt um hvaða áhrif auknir flutningar hefðu haft á slit á vegum og viðhaldsþörf. Svarið var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aukin umferð og þó einkum þungaumferð veldur auknu sliti á vegakerfinu. Burðarlög eru víða veikburða og bundna slitlagið eða klæðningin er mjög þunn og þolir illa þennan

þunga nema burðarlög séu sterk. Af þessum ástæðum" — og það tel ég vera þýðingarmikið í þessu samhengi hér — „mun viðhaldsþörf aukast hratt á næstu árum." Það þýðir að vegna aukinna þungaflutninga eykst viðhaldsþörfin og tekur þar með til sín aukinn hluta af vegafénu. Það er alveg ljóst. Ef menn ráðast ekki í verkefnin eykst slysahætta og allt það sem fylgir og þá auðvitað það óhagræði sem þeir sem eru í þungaflutningum verða fyrir vegna aksturs á lélegum vegum.

Spurt var hvort ráðuneytið teldi að umfang þungaflutninga á vegum landsins muni aukast. Það er líkast til, var svar ráðuneytisins efnislega. Eftirfarandi er bein tilvitnun: „Þrátt fyrir styrkingu þola stórir hlutar vegakerfisins ekki umræddan þunga. Meiri þungaflutningar auka einnig þörfina á breikkun einbreiðra brúa og vega sem eru mjórri en staðlar mæla fyrir um." Tölur vantar, rannsóknir vantar, en í gangi er umfangsmikil könnun sem samgrn. fól hvorki meira né minna en Hagfræðistofnun háskólans að vinna svo þeir komust þar í feitt samanber þá umræðu sem hér hefur farið fram um Lögfræðistofnun háskólans svokallaða. (**Gripið fram í:** Lagastofnun.) Lagastofnun, ég þakka ábendinguna. Lagastofnun háskólans. Þetta er svona nútímafyrirkomulag háskólamanna til þess að drýgja tekjur sínar og geta selt út sína vinnu, ekki síst í ýmsu formi.

Spurt var, virðulegur forseti, og það tel ég hafa þýðingu að nefna í þessari umræðu: Hver er stefna ráðuneytisins um tekjuöflun til fjármögnunar framkvæmda sem telja verður fyrst og fremst til komnar vegna þungaflutninga? Ráðuneytið svarar, með leyfi forseta: „Af tækjum til þungaflutninga er almennt greiddur þungaskattur í formi kílómetragjalds sem fer stighækkandi með flutningsgetu tækisins. Stighækkandi kílómetragjald er að mati ráðuneytisins réttlát skattheimta þó að færa megi rök að því að gjaldið ætti að hækka örar en það gerir ef taka á tillit til aukins álags á vegina með þyngri umferð." Mitt innskot um þetta er að það vantar sem sagt mikið á að þungaflutningarnir beri þann kostnað sem svarar til álagsins á vegakerfinu jafnvel þótt kílómetragjaldinu sé haldið. Síðan segir:

„Sama tilhögun var í mörgum nágrannalöndum okkar en vegna áhrifa frá Evrópusambandinu hefur kílómetragjald nú verið lagt niður í öllum nálægum löndum og olíugjald tekið upp í staðinn. Til stóð einnig að taka slíkt gjald upp hér á landi um síðustu áramót en breytingunni var frestað til 1. janúar 1998. Til lengdar verður erfitt að hafa skattheimtukerfi hér sem er verulega frábrugðið kerfi annarra Evrópulanda" segir ráðuneytið. „Slíkt mundi leiða til ójafnrar samkeppnisstöðu og ýmissa annarra vandamála. Ef haldið verður fast við olíugjald í þessum löndum verður fljótlega að taka það upp hér á landi. Helsti galli við olíugjaldið er að það kemur enn léttar niður á þyngstu ökutækjunum en kílómetragjaldið gerir nú. Verður því um meira ósamræmi að ræða milli álags á vegina og þess afgjalds sem greitt er fyrir notkun þeirra."

En það er kannski ekki víst að það þurfi að fara svona því hér segir í lokin á þessu svari:

„Á síðustu mánuðum hefur umræða hafist á Evrópska efnahagssvæðinu um skattheimtu þungaflutninga. Hún lýtur að því að kílómetragjald sé réttlátari gjaldtaka en olíugjald og í meira samræmi við álag á vegina. Beri því að skoða ítarlega hvort það skuli tekið upp á svæðinu. Verði það ofan á mun væntanlega lögð áhersla á framfarir í tækjabúnaði og vinnuaðferðir við eftirlit til að gera skattheimtuna skilvirkari og réttlátari en hún er nú. Slík þróun væri að mörgu leyti æskileg. Með því móti yrði best tryggt samræmi milli nota og afgjalds. Sérstök skattlagning á þungaflutninga hér á landi umfram það sem gerist í Evrópu getur ekki gengið til frambúðar."

Þetta var úr svari hæstv. samgrh. varðandi þennan þátt sem ég tel alveg nauðsynlegt að taka með inn í þessa umræðu þegar við erum að athuga framtíðarstefnuna í sambandi við vegamálin, þann sem sagt mjög aukna kostnað sem við hljótum að þurfa að taka á okkur vegna þeirrar stefnu sem hefur verið leidd yfir okkur með góðu og illu og réttmæti þess að færa vöruflutninga í mjög auknum mæli yfir á vegakerfi landsins, frá sjóflutningum yfir á vegakerfi. Þarna var m.a. riðið á vaðið með því að vega að strandsiglingunum og leggja af Skipaútgerðina sem núv. hæstv. samgrh. gekkst fyrir snemma í sinni ráðherratíð illu heilli og síðan með ákvörðunum sem aðrir hafa tekið eins og Eimskipafélag Íslands og skipafélögin sem hafa tekið sér vald til þess að fækka viðkomustöðum við ströndina í flutningum sem leiðir til þess að það er verið að endasendast, m.a. með útflutningsvarning, um vegi og það um fjallvegi svo dæmi sé tekið. Eftir að ákvörðun var tekin um Eskifjörð sem aðalviðkomuhöfn á miðsvæðinu eystra er verið að keyra útflutningsvörunni þangað yfir 600 metra hæð í jarðgöngum í Oddsskarði og svona er þetta víðar. Þarna koma til ákvarðanir sem ríkið hefur ekki tekið sem leiða af sér mjög aukna flutninga fyrir utan svo hitt að vegna miðlunar á afla og vinnslu á afla er verið að keyra fiskafla landshlutanna á milli á vörubílum með öllu því álagi sem fylgir.

Ég held að það verði að leggja á atvinnulífið í landinu allverulegan hluta af þessu þó að ég taki undir það sem kom fram í svari hæstv. samgrh. að það eru auðvitað takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt í þeim efnum vegna þeirrar samkeppnisstöðu sem upp kemur. En hér er við verulegan vanda að fást og þetta er satt að segja svolítið sérkennilegt fyrir eyþjóð sem býr við þær aðstæður að vera búsett við ströndina að mestum hluta og með miðju landsins óbyggða, að nýta ekki kosti sjóflutninganna. Það mundi tæplega flokkast undir sjálfbæra stefnu í vegagerð eins og hún er skilgreind út frá umhverfisforsendum, sannarlega ekki og væri það athugunarefni fyrir þá ríkisstjórn sem er runnin á rassinn með alþjóðlegar skuldbindingar að því er varðar mengun vegna olíunotkunar í sambandi við útblástur á koltvísýringi, hvort þar hefði ekki verið betur haldið öðruvísi á málum að þessu leyti til þess að standast þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist. En ríkisstjórnin stendur algerlega ráðlaus frammi fyrir því, hvernig við á að bregðast og er að finna sér undanskotsleiðir af hinu kynlegasta tagi til þess að afsaka sig á erlendri grund m.a. þó að hitt skipti ekki minna máli fyrir hana að hafa sæmilega samvisku gagnvart sjálfri sér og þegnum sem henni er ætlað að starfa fyrir í okkar landi. En það er önnur saga, virðulegur forseti.

Það væri ástæða til að ræða margt fleira um þessi efni en þar sem ég geri ráð fyrir að margir hv. þingmenn ætli að taka til máls við umræðuna, þá ætla ég ekki að gera að sinni fleira að umtalsefni sem tengist samgöngumálum okkar. Það hefði auðvitað verið ástæða til þess að ræða það sem snýr að ferðaþjónustunni í þessu sambandi því að þar er við margan vanda að fást og þar er margt álitaefnið sem tengist stefnu okkar í þeim málum og þar er þörfin víða brýn á úrbótum en einnig í stefnumörkum. Á hvað ber að leggja áherslu með tilliti til ferðaþjónustunnar sem er einn þáttur í þessu þýðingarmikla samfélagsmálefni sem við erum að ræða?

Ég læt lokið máli mínu, virðulegur forseti.

[22:50]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins víkja að hugleiðingum hv. 4. þm. Austurl. um öryggismál á vegum úti sem ég held að hafi verið alveg hárréttar. Hann vakti athygli á því sem ljóst er að þungaflutningar um vegina hafa verið að aukast með tilheyrandi breytingum og tilheyrandi röskun sem hefur m.a. haft það í för með sér að hætta úti á þjóðvegunum hefur farið vaxandi og það hefur líka haft áhrif á slitið á vegunum.

Ég vil aðeins í þessu sambandi vekja athygli á því að í meðferð samgn. á vegáætlun var tekin ákvörðun um það að hækka liðinn „öryggisaðgerðir" vegna þess að ljóst er að tekjur af þungaskatti munu aukast og þó að dregið sé frá það bensíngjald sem mun lækka vegna þess að hætt er við sölu á 98 oktana bensíni, þá er það engu að síður svo að nettótekjuaukning Vegasjóðs af þessum tilfæringum er milli 30 og 40 millj. Það gaf tilefni til þess að hækka liðinn „öryggisaðgerðir" í vegáætlun um 50% eða þar um bil. Þar er að því leyti komið til móts við það sjónarmið að núna þurfi að gera eitthvað vegna breyttra aðstæðna og vegna vaxandi umferðar og þessarar hættu sem hefur verið að blasa við m.a. vegna einbreiðra brúa. Það er gert ráð fyrir því við afgreiðslu vegáætlunar að þessi fjárveiting verði síðan kynnt samgn. þannig að það liggi fyrir hvernig henni verður ráðstafað. En af nógu er að taka, ekki bara einbreiðum brúm heldur mörgum öðrum hættumerkjum sem eru úti á þjóðvegunum sem nauðsynlegt er að ráða bót á.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, virðulegi forseti.

[22:52]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir þessum þætti sem kemur fram í nefndaráliti meiri hluta samgn. og þetta er vissulega góðra gjalda vert þó að í litlu sé. Eru þetta ekki 34 millj. kr.? Það sýndist mér liðurinn vera. Þar er í mörg horn að líta sannarlega. Ég fagna því að þetta er gert í tengslum við þessa vegáætlun og vona að það verði framhald á og meira fjármagn geti þá runnið í þessar brýnu séraðgerðir. Hitt skiptir ekki síður máli að það verði almennur þáttur í framkvæmdum í vegamálum að hyggja að öryggisatriðunum þannig að okkur miði skaplega áfram í þeim efnum.

Eins vil ég hvetja hv. samgn. þegar farið er að búa sig í endurskoðun vegáætlunar til lengri tíma og við stöndum frammi fyrir endurskoðun langtímaáætlunar líka, að þá verði reynt að taka með þau atriði sem varða aukinn kostnað, bæði vegna öryggismála og eins vegna vaxandi þungaumferðar sérstaklega þannig að við getum tekið raunhæfari ákvarðanir í tengslum við langtímaáætlun og síðan undiráætlanir að því er þessa kostnaðarþætti varðar.

[22:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Eins og við fyrri umræðu um vegamál, þá lýsi ég enn yfir því að hann er illásættanlegur sá samdráttur fjármuna til vegamála sem er um það bil 850 millj. kr. frá því sem áður var áætlað. Það er ekki hægt að leyna því að stjórnarliðar reyna að dylja eða hylja aðgerðir sínar með því að vitna aftur í tímann hvað varðar fjármuni til vegamála. Það er auðvitað verið að klóra yfir verkin, en það gera kettirnir líka.

Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á niðurskurð framkvæmda á Reykjavíkursvæðinu þar sem um er að ræða, eftir því hvernig það er reiknað, allt að 35% niðurskurð frá því sem áætlað var og síðan 17–19% samdráttur í öðrum kjördæmum landsins. Það er auðvitað hægt að teygja og toga þessar prósentutölur til með því að vitna í höfðatölureglur eða með einhverjum öðrum aðferðum.

Ég vil geta þess hér að af minni hálfu er engin ósátt um hvernig skiptingu vegafjár er háttað í Vesturl. En ég harma það auðvitað að það sem áætlað var á tímabilinu 1995–1998 til framkvæmda er a.m.k. á þessu ári um það bil 17% minna en gert var ráð fyrir. Ég hefði viljað gera mér vonir um að þær auknu tekjur sem núna verða til vegna eldsneytisgjalda gætu skilað sér í framkvæmdir sem eru að mínu mati nauðsynlegar frá öryggissjónarmiði og það er nauðsynlegt að flýta þeim svo sem kostur er.

Ég vil þá ræða það sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi um einbreiðar brýr á fjölförnum leiðum, t.d. á Norðurl. v. og Vesturl. svo eitthvað sé nefnt til viðbótar við það sem getið var um áðan. Þar hafa orðið mjög alvarleg óhöpp. Á hringveginum einum eru 139 einbreiðar brýr þar sem um fara frá 100 og upp í 2.000 bifreiðar á dag. Á 23 einbreiðum brúm hafa orðið 108 alvarleg slys sem skráð eru.

Ég vil minna á að við þessa umræðu er flutt tillaga um aukið fjárframlag til framkvæmda í Ártúnsbrekku. Ég lýsi því yfir að ég mun styðja þá tillögu vegna þess að frá öryggissjónarmiði tel ég þá framkvæmd hvað besta.

Ég tel að á næsta ári og jafnvel næstu árum þurfi að verja sérstaklega 200–300 millj. kr. til tvöföldunar hættulegustu einbreiðra brúa á landinu. Því tek ég enn undir gagnrýni hv. 4. þm. Austurl. um þessi efni. Ég get að sjálfsögðu hér og nú tekið undir þá gagnrýni sem kom fram í máli hans hvað varðar þungaflutninga um landið og það að færa flutninga á varningi af sjóleiðinni og á landleiðina. Það skapar auðvitað þörf fyrir það að bæta vegakerfið okkar verulega.

Ég vil hér og nú fagna því að áætlað er að breikka brúna yfir Botnsá í Hvalfirði og breyta legu hennar. Það hafa orðið fjölmörg og alvarleg slys sem vonandi heyra með því sögunni til.

Ég vil beina þessari hugmynd um breikkun einbreiðra brúa sérstaklega til hæstv. samgrh. sem ég vona að heyri til mín eða þá fái skilaboð frá hv. formann samgn. um þetta sem ég gat um áðan, þ.e. að gera ráð fyrir auknu fjármagni til þessara verkefna frá því sem nú er um rætt í öryggissjónarmiði, þ.e. sérstakar 35 millj. sem um er talað. Ég er að tala um að það þurfi að gera sérstakt átak til að fækka slysum og auka öryggi. Það þarf að setja 200–300 millj. kr. í þetta verkefni á næsta og þarnæsta ári a.m.k. til að sníða af stærstu agnúana. Ég er sannfærður um að þessar aðgerðir eru líklega þær hagkvæmustu í samgöngumálum hvað varðar vegagerð.

Það er rétt að minna á að það sem e.t.v. bjargar vinnuframkvæmdum, þ.e. verktökum, er sú gífurlega og stóra framkvæmd sem nú er hafin við veggöng undir Hvalfjörð sem reyndar er á vegum Spalar hf. Sú framkvæmd er fjármögnuð að stórum hluta af erlendum aðilum sem hafa séð þessa framkvæmd sem verulega arðbæra aðgerð. Þessi umrædda framkvæmd er sennilega það sem bjargar stórverktökum í landinu frá verkefnaskorti. Ég held að það sé sérstök ástæða til að geta þess að verkefnið Hvalfjarðargöng er unnið samkvæmt ströngustu gæðakröfum og bestu stöðlum sem þekkjast.

Mig langar, herra forseti, að nota þetta tækifæri til þess að fara nokkrum orðum um þáltill. sem undirritaður hefur flutt. Ég hef nokkra vissu um að hún verður afgreidd á þessu þingi, en hún fjallar um notkun steinsteypu til vegagerðar. Án þess að farið sé í sérstakan samanburð á slitlagsefnum á vegi hefur sýnt sig með rannsóknum að steinsteypa er verulega umhverfisvænni og hún er sambærileg eða ódýrari við ákveðnar aðstæður en þau efni sem mest hafa verið notuð.

Í þungri borgarumferð, t.d. í lítt loftræstum veggöngum og þar sem umferð er 3–5 þús. bifreiðar á dag eða meira á steinsteypa rétt á sér frá öryggis-, heilsufars- og hagkvæmnisjónarmiðum. Ég vil, með leyfi forseta, enn vitna til blaðagreinar sem ég vitnaði til við fyrri umræðu. Fyrirsögn greinarinnar hljóðar svo: „Ryk fjölgar dauðatilvikum." Meginefni þessarar greinar fjallar um þá hættu sem stafar af mengun frá malbiksryki. Hún birtist í norsku blaði, Addressavisen, 25. nóvember 1994 og þar koma fram eftirfarandi efnisatriði:

Asfaltrykið í Þrándheimi er hættulegt heilsu gamalmenna og smábarna að sögn Rannsóknastofnunar norska ríkisins um þjóðarheilbrigði. Í greininni segir: „Aldrað og veiklað fólk á að halda sig innan dyra þá daga sem mikið malbiksryk er í lofti." Þetta er haft eftir Hans Blystad yfirlækni í Þrándheimi. Rykið veldur alvarlegum erfiðleikum astmasjúklinga og þeirra sem búa við öndunarsjúkdóma. Í þessari grein er einnig vitnað í tölur frá SINTEF Borgteknikk um að a.m.k. 10–11% af malbiki losni úr slitlagi vega Þrándheimi á ári hverju. Það verður að svifryki sem þýðir að um 1.000 tonn af malbiksryki losna á hverju nagladekkjatímabili á þessu svæði í Noregi. Þar er því um að ræða slit sem nemur allt að 10 þúsund tonnum í Þrándheimi. Þetta eru engar smátölur. Að baki þeim liggja vísindalegar rannsóknir svo það fer ekki á milli mála að þær eru réttar. Sérstaklega er t.d. vitnað til þess að í smágöngum sem kölluð eru Væretunellen slitna upp 700 kg af ryki á viku. Lausnin er fyrst og fremst talin sú að leggja niður notkun nagladekkja.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hef slæma reynslu af öllu því ryki og tjöru sem losnar upp af götum Reykjavíkur. Ég trúi því ekki að menn verði ekki varir við tjöruryksmengun í lofti, t.d. nú á þessum kyrru og heitu vorsólardögum. Ég tel að það þurfi að gera sérstakt átak í þessum efnum, hætta t.d. notkun salts og nagladekkja hér í höfuðborginni. Ég vil minna á að uppfinningamaðurinn Einar S. Einarsson hefur baslað í mörg ár við að finna upp nagla sem valda minna sliti á götum og í gatnakrefi og það virðist núna loksins vera að koma í ljós árangur af hans vinnu. Ég held að það sé ástæða til að beina þeim tilmælum til samgn. og samgrh. að það verði fylgst með og stutt við bakið á þeim aðila enn frekar en verið hefur. Ég held að hann sé í rauninni að nálgast það mark sem við höfum verið að leita eftir, þ.e. að minnka slit á götunum og ryk og mengun í loft.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um minnkað framlag til vegaframkvæmda. En ég held að við verðum að gæta þess að það gerist ekki aftur.

Um framkvæmdir á Vesturlandi vísa ég til þess sem ég sagði áðan um skiptingu framlaga til verkefna, þar er sátt á milli þingmanna. Við beittum okkur sameiginlega fyrir Gilsfjarðarbrú og lausn fékkst í því máli með tilstuðlan hæstv. samgrh. þótt tæpt stæði á tímabili um upphaf og lok framkvæmdanna. Stórverkefnið Búlandshöfði er næsta meginverkefnið á Vesturlandi og ég treysti því að sú framkvæmd verði unnin samvæmt áætlun. Þar er um að ræða einhverja bestu framkvæmd til styrktar byggðarlögunum á utanverðu Snæfellsnesi og atvinnuuppbyggingu. Við Vestlendingar lítum með sanngirni til annarra kjördæma út frá jafnræðisreglu.

Einhver mesta sameining sveitarfélaga átti sér stað á Vesturlandi í upphafi þess ferils þegar sameiningarnar fóru af stað. Íbúar þeirra sveitarfélaga eiga skýlausa kröfu á aðstoð ríkisvaldsins við að koma á samgöngum innan sveitarfélaganna eða koma þeim í viðunandi horf. Ég beini þeim tilmælum til hv. samgn. og hæstv. samgrh. að leggja þessum sveitarfélögum verulegt lið svo þau geti veitt íbúum innan sveitarfélaganna sambærilega aðstöðu og aðgengi að skólum, stjórnsýslubyggingum og öðru sem þeir þurfa að sækja til sveitarfélaganna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með tilvitnunum í álit frá meiri eða minni hluta samgn. Ég læt þessu lokið, en ég harma að svo mjög hefur verið dregið svo úr fjárframlögum til vegamála. Ég vona að það gerist ekki aftur því þar er um er að ræða einhverja þá bestu og arðbærastu fjárfestingu sem við getum lagt í.

[23:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær áhyggjur sem hér hafa komið fram vegna þess hversu margar einbreiðar brýr eru á þeim vegum þar sem búið er að leggja bundið slitlag. Reynslan sýnir okkur að slysahætta er þar meiri. En við skulum heldur ekki gleyma hinu að samkvæmt vegáætlun er ekki gerður greinarmunur á því hvort fénu skuli varið til veganna eða brúnna og geta þingmenn auðvitað hver í sínu kjördæmi haft áhrif á það að fénu sé varið til þess að breikka brýrnar og með þeim hætti dregið úr slysahættunni. Auðvitað hefur verið veitt fé af vegáætlun til þessara mála. En menn hafa hins vegar freistast til þess að láta bundna slitlagið sitja fyrir vegna þess mikla hagræðis sem það veitir og vegna þess hversu mikinn sparnað það hefur í för með sér fyrir alla aðila að vegir séu lagðir bundnu slitlagi.

Ég var svolítið undrandi á því hjá hv. þm. þegar hann talaði um að næsta stórverkefni á Vesturlandi á eftir Gilsfirðinum væri Búlandshöfði. Ég hafði satt að segja haldið að það þyrfti að koma einhverjum vegum að jarðgöngunum þegar þau koma upp hjá Akrafjallinu og ég man ekki betur en það kosti svona 700 millj. kr. eða svo. En það má vera að þeir telji það ekki mikið þarna fyrir vestan.

[23:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að við hæstv. samgrh. höfum báðir áhyggjur af einbreiðum brúm. Það sem ég kom að í mínu máli var að ég taldi að það væri eðlilegt að setja 200–300 millj. í verkefnið tvöföldun einbreiðra brúa. Ég held að það hafist best áfram með því að setja það upp sem sérstakt verkefni og það þarf að gera úttekt á því hvaða einbreiðar brýr eru hættulegastar og hvar hafa orðið flest slysin. Þar hlýtur að koma frekar til kasta samgn. að leggja til um framkvæmdirnar en þingmanna einstakra kjördæma. Ég veit að við erum sammála um þetta efni eins og svo mörg önnur, ég og hæstv. samgrh. Við munum ná samkomulagi um þetta mál og fleiri.

Varðandi vegtengingar að Hvalfjarðargöngum lít ég svo á að það mál sé til lykta leitt og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því. Búlandshöfði er að mínu mati næsta stórverkefni á Vesturlandi og ég held mig við það að það sé einhver besta samgöngubót og atvinnuuppbygging á utanverðu Snæfellsnesi sem hægt er að fara í. Ég trúi og treysti

á að það verði fjármagnað af stórverkefnasjóði. Ég hygg að við verðum sammála um það, ég og hæstv. samgrh.

[23:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan minna á það í framhaldi af því sem ég hef áður sagt að samkvæmt breytingartillögum samgn. nú og vegna meiri umferðar en áður hafði verið talið er svigrúm til þess að auka fé til öryggismála úr 60 millj. í 94 sem er töluvert og kemur auðvitað að góðu haldi.

[23:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er með herkjum að maður hafi sig upp í ræðustólinn til að ræða þessa niðurskurðaráætlun hæstv. samgrh. sem hefur því miður ekkert batnað í meðförum samgn. Til þess hafa væntanlega ekki verið sköpuð nein efni, þ.e. niðurskurðurinn stendur óbreyttur. Þetta er þeim mun hrapallegra sem vonirnar voru glæstari og upp var lagt með metnaðarfyllri vegáætlun, að vísu fyrir kosningar. Þannig háttar til, herra forseti, að hér er verið að skera niður dæmigerða kosningavegáætlun hjá hæstv. ráðherra. Það er auðvitað mjög bagalegt þegar menn ríða um héruð og lofa þjóð sinni gullöld og gleðitíð, t.d. í marsmánuði þegar á að kjósa í byrjun apríl, en svo rennur upp sá kaldi og dimmi veruleiki strax á haustmánuðum eða síðsumars við fjárlagagerðina að þetta voru allt innstæðulaus orð. Það þarf að skera það niður sem lofað var nokkrum mánuðum áður í kosningahitanum um hartnær einn milljarð kr. En þannig eru aðstæðurnar nákvæmlega núna í þessari sérátlun, þessari aukaáætlun hæstv. samgrh. um niðurskurð í vegamálum.

Það er reyndar skemmtilegt að rifja það upp að hæstv. ráðherra fór mikinn þegar hann var að ræða um vegamál á sínum upphafsmánuðum í embætti. Eitt af því sem hann gagnrýndi forvera sinn í starfi fyrir, sem er fyrir tilviljun sá sem hér stendur, var sú ósvinna að hafa afgreitt vegáætlun veturinn 1991 rétt fyrir kosningar, það væri hið mesta siðleysi og ekki við hæfi að binda þannig hendur eftirmanna sinna. Síðan afgreiddi hæstv. samgrh. núverandi sjálfur vegáætlun rétt fyrir kosningar. Það tókst að vísu ekki svo vel til að annar maður tæki við því embætti, en á hinn bóginn svo hrapallega að hæstv. ráðherra tók sig til og samþykkti niðurskurð á sinni eigin áætlun um 800–900 millj. kr. Við þessu var reyndar varað vegna þess að til samgönguframkvæmdanna á síðasta kjörtímabili var að verulegu leyti stofnað með lántökum í gegnum svonefnt framkvæmdaátak og nú er veislunni sem sagt að nokkru leyti lokið. Það er verulega farið að draga af og veisluföngin að mestu þorrin, borðin hroðin og komið að skuldadögunum. Nú hefur hæstv. fjmrh. vinninginn, yfirhúsbóndinn sjálfur, og krefur nú skuldanna. Hæstv. samgrh. er settur í það heldur dapurlega hlutskipti að leggja fram sérstakar millivegáætlanir um niðurskurð í vegamálum.

Það er reyndar einnig, herra forseti, ástæða til að rifja það upp og minna á það að meðferð vegaframkvæmdanna og vegafjárins hefur verið nokkuð sérkennileg og skrautleg í tíð hæstv. núv. ráðherra sem gekk nú úr salnum akkúrat í þessum töluðum orðum og mátti ekki lengur við bindast, eins og segir í einum texta. Þetta hefur í raun verið þannig að hæstv. samgrh. hefur alls ekki farið að vegalögum. Nú vill svo til að óvenju skýr löggjöf ríkir um framkvæmdir í vegamálum, þ.e. vegalögin eins og við köllum þau. Þar er t.d. mjög skýrt kveðið á um það hvernig fjárveitingum skuli skipt og framkvæmdir ákveðnar í vegamálum. Ráðherra skal samkvæmt því sem a.m.k. einu sinni var 10. gr. vegalaga, leggja fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdir í vegamálum til fjögurra ára í senn sem síðan endurskoðast á tveggja ára fresti. Alþingi skiptir síðan vegafé niður á einstakar framkvæmdir og gengur frá þeim í meðhöndlun sinni á áætluninni. Þetta hefur ekki verið virt. Á starfstíma núv. hæstv. ráðherra hefur þetta meira og minna verið hunsað og sú ótrúlega venja upp tekin að ríkisstjórn eða ráðherra skipti vegafé á knjám sér, t.d. strax haustið 1991. Til þess að finna formúlur fyrir þessu var tekið upp nýtt hugtak „framkvæmdaáætlun í vegamálum" og „flýting framkvæmda" og annað því um líkt og það er notað sem afsökun til þess að brjóta vegalög eða framkvæma þau a.m.k. ekki.

Í öðru lagi hefur hæstv. ráðherra t.d. svikist um þá embættisskyldu sína að leggja fyrir langtímastefnumótun í vegamálum. Hæstv. ráðherra hefur nú gegnt embætti í meira en fimm ár og hann hefur aldrei svo mikið sem sýnt í þinginu það plagg sem ber að gera samkvæmt vegalögum, þ.e. langtímaáætlun sem á að liggja fyrir jafnframt vegáætlun til tólf ára í senn og endurskoðast með reglubundnu millibili.

Herra forseti. Af því ég sé að sjálfur aðalforseti er líka að ráðgast við starfandi forseta þá vil ég spyrja hvort að hæstv. samgrh. sé farinn að sofa því ég sá að hann hvarf þreytulegur héðan úr salnum. Ef hæstv. ráðherra hefur tekið á sig náðir þá skal ég gera hlé á ...

(**Forseti** (GÁS): Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé ekki fjarri og ég mun gera ráðstafanir til að ...)

Ég vona að hann sé ekki sofnaður. Ég held að hæstv. ráðherra verði að leggja það á sig að vaka hérna með okkur eina stund á meðan við ræðum þau málefni sem undir hann heyra. Það er ekki til siðs að ráðherrar leggi sig meðan mál á þeirra málasviði eru til umræðu og afgreiðslu á þinginu.

Ég vil einnig, herra forseti, gera að umtalsefni alveg kostulegan hlut sem er nú að mínu mati bráðfyndinn. Ég veit ekki hvaða húmor aðrir hafa fyrir slíkum hlutum en ég bið menn að líta á breytingartillögur á þskj. 891 og hvernig þungaskattur er orðinn bókfærður þar í þessu merka ríkisbókhaldi sem hér er. En það er þannig að þungaskatturinn er þar orðinn í ekki færri en fimm mismunandi liðum. Það dugar ekki minna en fimm mismunandi flokkar af þungaskatti þegar verið er að tíunda tekjurnar af þessari miklu lind og uppsprettu. Það er þungaskattur, árgjald upp á 685 millj. Það er þungaskattur, km-gjald upp á 1.560 millj. og látum þetta nú vera. Þetta er nú hefðbundin skipting eftir þessum tveimur innheimtuformum eða því hvort menn velja að greiða eftir km-gjaldi eða fastagjaldi. En bíðum nú við, svo kemur í þriðja lagi: Bætt innheimta þungaskatts 100 millj. Það eru alveg sérstakir peningar úr þungaskattinum sem koma af bættri innheimtu þungaskatts í þriðja lagi. Í fjórða lagi: Innheimtuátak í þungaskatti. (**Gripið fram í:** Er þetta annað?) Það er allt annað, 50 millj. Og í fimmta lagi: Hækkun á þungaskatti 34 millj. Þetta er nú orðið nokkuð sundurliðað og nákvæmt. Nú óska ég eftir því að þetta verði nákvæmlega sundurliðað hér og gefnar skýringar á hverjum einstökum lið. Hver er t.d. munurinn á bættri innheimtu þungaskatts og innheimtuátaki í þungaskatti? Þessi grundvallarmunur sem gerir það að verkum að það er nauðsynlegt að tilgreina tekjurnar sérstaklega undir hvorum lið, 100 millj. í öðru tilvikinu og 50 millj. í hinu. Það var eins gott að það var ekki 51 millj. og 300 þús. eða eitthvað svoleiðis. Þetta er nokkuð skrautlegt, herra forseti.

Hitt sem er athyglisvert við þessar bókhaldsæfingar eru tekjurnar sem fara út og inn úr ríkissjóði í þessu bókhaldi hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh. Ég veit ekki hvaða einkunn hann fengi á prófi í endurskoðunarskóla. Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Hvað á þetta að þýða? Í tölul. 1.2. er fært í ríkissjóð 637 millj. en í tölul. 1.3. undirlið 2, er framlag úr ríkissjóði 350 millj. Hvaða rök standa fyrir því að vera með svona æfingar í þessum efnum, að margsundurliða þungaskattinn svona og vera svo með færslur fram og til baka inn og út úr ríkissjóði? Auðvitað er þetta vegna þess að það er búið að grauta þarna saman hlutum þannig að það botnar varla nokkur heilvita maður orðið í því. Þetta er náttúrlega í og með afleiðing af því að ríkissjóður, fjmrh. með frekju sinni, er að seilast til æ stærri hluta af hinum mörkuðu tekjum og þá standa menn í svona hundakúnstum og æfingum til að reyna að fela það og afsaka eða útskýra í staðinn fyrir að hafa þarna hrein skipti milli ríkissjóðs annars vegar og Vegasjóðs hins vegar og alveg afmarkað og skýrt hver hluti skatttekna af umferðinni rennur í Vegasjóð og hver í ríkissjóð en ekki svona fíflalæti ef ég má leyfa mér að orða það svo, herra forseti, með tilliti til þess að klukkan er að verða hálftólf. Ég kann ekki mjög að meta þetta og tel að það sé heldur til vansa hvernig menn eru komnir út í ógöngur í þessum efnum, t.d. þessi skrautlegheit með bókfærslu þungaskattsteknanna.

Að öðru leyti, herra forseti, þá hefur flest verið sagt um þennan niðurskurð sem ég held að segja þurfi í sjálfu sér. Hann liggur fyrir og er auðvitað afar bagalegur upp á 800–900 millj. í vegamálunum og talsvert á annan milljarð kr. þegar niðurskurður til samgönguframkvæmda í heild sinni er tekinn og flugvellir og hafnir eru hafðar þar með. Það sem ég tel einna verst við þetta fyrir utan hin efnislegu áhrif af því að draga úr vegaframkvæmdum sem flestir hafa nú talið að væru með brýnni og þarfari framkvæmdum yfirleitt í þjóðfélaginu, er að þetta skapar leiðindaandrúmsloft og ástand pólitískt séð. Þá á ég við sambúð stjórnvalda og almennings í landinu, fólksins í hinum einstöku kjördæmum og byggðarlögum sem væntir mikils af samgöngubótum og framkvæmdum á þessu sviði. Það er að mínu mati fátt verra og leiðinlegra sem menn gera í þessum efnum en að leggja upp með montáætlanir af því tagi sem greinilega var gert síðast og skera þær svo niður við trog. Af hverju? Það er af því að það skapast væntingar um framkvæmdir og um úrbætur sem menn horfa til og gleðjast yfir að séu nú loksins í sjónmáli og svo er það óðar tekið til baka með niðurskurði af þessu tagi. Það verður með vissum hætti trúnaðarbrestur milli almennings og stjórnvalda og þá á ég ekki við að það bitni á einum frekar en öðrum. Ég held að menn séu í sjálfu sér fljótir að gleyma því hver sat nákvæmlega í ríkisstjórn eða ráðherrastól á hverjum tíma. En almennt talað dregur þetta úr trúnaðartrausti sem ríkir milli stjórnvalda og almennings og sú tilfinning skapast í þjóðfélaginu að það sé ekkert mark takandi á áætlunum af þessu tagi. Það er grafið undan þeim og það er vont vegna þess að skipulögð áætlanagerð um svona framkvæmdir er tvímælalaust mikilvæg og hefur gefist vel þegar menn hafa verið menn til þess að fylgja henni sæmilega eftir. Það eru örg skítverk að standa í niðurskurði af þessu tagi á áður samþykktum áætlunum og ber að reyna að forðast slíkt. Af tvennu illu er þó betra að hafa áætlanirnar sem menn leggja upp með aðeins hógværari en raunsærri þannig að þær standist.

Ég vil svo aðeins nefna hér, herra forseti, þátt sem mér finnst of lítið vera tekinn inn í umræður um þessi mál. Menn eru hér mikið að ræða þetta næstum að segja út frá einstökum vegaspottum og falla í þá gryfju að ræða þetta jafnvel út frá vegamálum á sínum heimaslóðum en horfa fram hjá hinum almennu og stóru grundvallaratriðum í þessum málum sem eru uppbygging samgöngukerfisins í landinu og hvernig okkur er að miða í þeim efnum og hvaða breytingar eru að verða á samgönguháttum sem taka þarf mið af þegar verið er að ræða þessa hluti. Hvað skyldi það nú vera, herra forseti, sem alveg sérstaklega hefur verið að breytast og ástæða er til að gefa gaum þegar við erum að ræða vegamál og áætlanagerð á því sviði og fjárveitingar til vegamála? Það eru m.a. hlutir sem hafa verið að breytast í flutningatækni og samgöngum í landinu í stórfelldum mæli á síðustu árum. Þar á ég t.d. við það að þungaflutningar hafa í stórauknum mæli færst af sjó upp á land þannig að það er orðin gjörbreytt mynd í þeim efnum bara núna á síðustu fimm til tíu árum, gjörbreytt mynd. Það gerist æ algengara að þungaflutningar fari fram með landflutningabílum, jafnvel stórum gámum sem fylltir eru vörum og ekið er milli staða og landshluta í veg fyrir skip sem áður sigldu inn á svo gott sem hverja höfn og tóku þungavörurnar þar. Hluti af þessum breytingum er auðvitað afleiðing pólitískra ákvarðana eins og t.d. að leggja niður Ríkisskip. Það var ákvörðun sem hæstv. samgrh. var a.m.k. í eina tíð ákaflega hreykinn af og hann var gerður að manni ársins hjá Heimdalli eða einhverjum slíkum stórmerkum samtökum fyrir hetjuskapinn fyrir að leggja niður Ríkisskip. Það var svo mikill garpsskapur í því að skera niður opinber umsvif. En það var nú bara ekki þannig að þau mál leystust sisona og það yrðu engar afleiðingar af þessu. Staðreyndin er auðvitað sú að það hefur haft heilmikil áhrif gagnvart vegasamgöngum að leggja niður Ríkisskip sem þjónustuðu hafnirnar hringinn í kringum landið. Það sem eftir er núna eru siglingar skipafélaganna, fyrst og fremst tveggja þeirra, með mjög stopulum viðkomum á öllum nema allra stærstu höfnum landsbyggðarinnar. Í grófum dráttum er það orðið þannig að það er ekki nema ein til tvær hafnir í hverju kjördæmi sem hafa reglulegar viðkomur fraktskipa og þá er vörunni safnað inn á þær hafnir eða jafnvel þær fluttar milli landshluta vegna þess að skipakomurnar eru orðnar svona. Þegar búið er að setja vöru í gám og setja hann upp á bíl þá munar kannski ekki öllu hvort eknir eru með hann 200–300 km til einhverrar safnhafnar á landsbyggðinni eða hvort hann fer alla leið til Reykjavíkur og það er það sem gerist orðið í stórum stíl. Það mætti margt um þetta segja t.d. út frá viðhorfum sem mikið eru skoðuð núna og rædd erlendis um umhverfismál og annað því um líkt þar sem menn ganga jafnvel svo langt að skattleggja mjög harkalega flutninga á bílum til þess að beina þeim yfir á járnbrautir og skip af umhverfisástæðum. Við erum ekki langt komin á veg að ræða slíka hluti hér uppi á Íslandi, því miður. En þó að við lítum ekki til neins annars en þess að þetta hefur haft í för með sér gjörbreytta stöðu hvað varðar álag á vegakerfið og sérstaklega þá hluta þess sem verst eru undir það búnir að taka við þungaflutningum af þessu tagi, þá er þar uppi gjörbreytt mynd sem við verðum að taka mið af í umræðum okkar um vegamál. Ég fullyrði, herra forseti, að það er að skapast nánast neyðarástand á ákveðnum landsvæðum þar sem þungaflutningar hafa lent upp á land á vegakerfi sem ekki er á nokkurn hátt undir það búið að taka við þeim. Það væri gaman fyrir menn að lenda í því t.d. eins og við gerðum, þingmenn Norðurl. e., að vera á ferðinni í rigningartíð á norðausturhorni landsins og mæta sex til tíu stórum þungaflutningabílum í rigningu á mal-

arvegunum í Norður-Þingeyjarsýslu með 30 tonna hleðslu á dráttarvögnunum aftan í. Og í bókstaflegri merkingu að horfa á vegina sprautast svona 50 m á báðar hendur þegar bílarnir aka yfir forarsvaðið. Í hvers konar ástandi halda menn að vegirnir séu til að taka við slíkum flutningum, bráðónýtir malarvegir eða moldarvegir sem eru orðnir lægri en umhverfið í rigningu á haustin? Staðreyndin er sú að það ríkir hreint neyðarástand, svo ekki sé nú rætt t.d. um sex vikurnar á vorin í venjulegu árferði þegar þungatakmarkanir eru á þessum vegum. En hvaða hlutverki eiga þessir vegir að þjóna eftir að Ríkisskip voru lögð niður og ekkert skipafélag hefur lengur reglulega viðkomu að heita má á svæðinu frá Húsavík til Seyðisfjarðar?

Menn eru á svipuðu róli á Raufarhöfn og þeir voru fyrir 50–100 árum hvað skipakomur snertir. Það kemur kannski á mánaðarfresti eða tveggja mánaða fresti skip óreglubundið, tilviljanakennt til þess að taka framleiðsluvörur þegar þær hafa safnast upp. Menn eru komnir í þá stöðu að allir þungaflutningar til og frá svæðinu verða að fara eftir vegunum. Þar á meðal öll framleiðsla frá þessum stöðum. Og það er ekki eins og verið sé að tala um eitthvert smáræði. Nei, þarna eru t.d. framleidd útflutningsverðmæti. Ef við tökum svæðið frá Húsavík til Vopnafjarðar eru þau líklega upp á 4–5 milljarða kr. Hundruð og þúsundir tonna af framleiðsluvörum til útflutnings þurfa að fara eftir þessum vegum ef þær þá komast það. Það er ekki eins og þetta sé mál sem snýr bara að því fólki sem þarna býr. Þetta er spurning um stórkostlega þjóðhagslega hagsmuni. Nákvæmlega sömu sögu má segja t.d. af vegakerfinu á Vestfjörðum. Þar er að verulegu leyti að verða uppi sama staða. Mikilvæg útflutningsframleiðsla þarf að fara eftir landi til þess að komast á markað eftir algjörlega ónýtum vegum. Ég verð að segja þótt mér sé málið að nokkru leyti skylt að ég held að það sé að skapast annars vegar á Vestfjarðakjálkanum og hins vegar á norðausturhorni landsins algjört neyðarástand í þessum efnum sem verði ekki undan vikist að fara að taka á. Þetta eru þau tvö landsvæði sem eru langverst sett hvað það varðar að tengjast með eðlilegum hætti inn á meginþjóðvegakerfi landsins, þann hluta vegakerfisins sem búið er að byggja sæmilega upp t.d. miðað við burðarþol veganna. Ástandið er þannig að þessir vegir eru víðs fjarri því að standast þá evrópsku staðla sem við erum að rembast við að reyna að taka upp í okkar vegakerfi þannig að flutningatæki, bílar og vagnar sem eru byggð miðað við það burðarþol sem þar er séu nýtanleg á Íslandi. Staðreyndin er sú að svo er ekki í dag. Í raun og veru eru ekki forsendur til þess horft frá sjónarhóli vegakerfisins að kaupa hingað til landsins flutningatæki sem eru samkvæmt þeim stöðlum því umtalsverður hluti vegakerfisins í landinu og margar brýr leyfa ekki slíkan þunga.

Þessa hluti, herra forseti, væir gaman að heyra hér einhvern tíma rætt um, t.d. af hæstv. ráðherra. Ef hér væri í landinu metnaðarfullur framsýnn hæstv. samgrh. sem legði sig eitthvað eftir því að reyna að horfa inn í framtíðina í þessum efnum, vera með einhverja vinnu í gangi, einhverja stefnumótun á þessu sviði ætti hann auðvitað að vera að fjalla um þessa hluti og leggja þá upp en ekki flytja hérna þriggja mín. framsöguræðu fyrir niðurskurðaráætlunum af því tagi sem hæstv. ráðherra gerði við 1. umr. þessa máls. Og var ekki hátt á honum risið.

Ég sakna þess alveg sérstaklega í þessu ljósi t.d. að það skuli ekki vera nein vinna í gangi hér eða ekkert hafi verið lagt fyrir þingið sl. rúm fimm ár sem snýr að langtímastefnumótun í þessum efnum. Ég hef þá trú og þá skoðun að það sé eitt af því allra brýnasta í þessum efnum að horfa til heildarmyndarinnar, hvernig viljum við að samgöngukerfið samþætt byggist upp á landi, í lofti og á legi og hvaða áherslur viljum við leggja í einstökum efnum. Er þetta t.d. þjóðhagslega hagkvæmt og æskileg þróun að öllu leyti sem er að gerast að sjósamgöngurnar eru á undanhaldi og eru að taka stórstígum breytingum? Þungaflutningar eru að færast upp á land og á vegi og vegakerfi sem samt er á engan hátt í stakk búið til að taka við þeim. Hefði ekki verið ástæða til þess t.d. þó ekki væri nema að skoða þann möguleika að styðja við bakið á sjósamgöngum í t.d. 5–10 ár í viðbót? Á meðan hefði mátt ljúka bráðnauðsynlegustu uppbyggingu vegakerfisins í þeim landshlutum sem hafa þannig samgöngur að vandi þeirra er ekki á nokkurn hátt leystur með forsvaranlegum hætti í ljósi ástandsins eins og það er í dag.

Þessi hæstv. ríkisstjórn stærir sig stundum mikið af því að hún sé alveg sérstaklega hliðholl og vinveitt atvinnulífinu og hafi gert mikið til þess að bæta starfsskilyrði þess og búa því betri aðstæður og forsendur. Það er allt rétt, segir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hreykinn. Hann er þar sjálfsagt að vísa til Vestfjarðaaðstoðarinnar og svona snilldarbragða sem hann á lengi eftir að minnast með hlýhug að hafa staðið að. En skyldi þetta eiga við t.d. um samgöngusviðið? Ætli það sé hægt að segja að það sé búið vel að atvinnufyrirtækjunum í Norður-Þingeyjarsýslu að þessu leyti til? Hvernig halda menn að sé að reka t.d. fyrirtæki eins og Silfurstjörnuna í Öxarfirði sem þarf reglubundið í hverju einustu viku ársins og helst tvisvar til þrisvar að koma ferskri framleiðslu með takmarkað geymsluþol norðan úr Öxarfirði og suður til Keflavíkurflugvallar í veg fyrir áætlunarflug og á markað innan sólarhrings? Þar sem á kannski að fara að elda laxinn og bleikjuna í veitingahúsum í París eða New York helst ekki mikið lengur en 35 klst. eftir að varan leggur af stað frá Núpsmýrum í Öxarfirði. Hvernig halda menn að sé þá að búa við það að kannski 6–8 vikur á hverju vori séu þannig þungatakmarkanir á leiðinni til Húsavíkur að það þurfi helst að læðast með þetta á skíðum eða ég veit ekki hvað? Eða jeppum á túttudekkjum til þess að þetta megi vera meira en nokkur kíló. Þannig er ástandið. Það þarf þrjár, fjórar ferðir á léttum bílum með vöruna til þess að hægt sé að fylla einn bíl þegar komið er á bundið slitlag á Húsavík með tilheyrandi kostnaði og óþægindum. Hvaða öryggi er þetta? Hvers konar aðstæður eru þetta til að stunda framleiðslustarfsemi af þessu tagi? Nei, ég held að menn geti auðvitað haldið hólræður um sjálfa sig og verið ánægðir með sinn hlut bæði á síðasta kjörtímabili og þessu eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. En hann er vonandi ekki að hrósa frammistöðu okkar allra saman að við séum búin að búa mönnum góð starfsskilyrði hvað samgöngur snertir í atvinnulífinu vítt og breitt um landið. Það er nú ekki svo.

Hér bar líka aðeins á góma, herra forseti, Vestfjarðagöng og ákvarðanatöku í því sambandi. Hér kom til orðaskipta á milli hv. þm., reyndar þess sem var í forsetastóli fyrir skömmu síðan, Guðmundar Árna Stefánssonar annars vegar og hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, hins vegar um bakgrunn slíkra ákvarðana eins og þeirra að ráðast í Vestfjarðagöng. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er dálítið undrandi á því ef það er nýtt fyrir einhverjum þingmönum eins og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að samgöngupólitískar ákvarðanir séu pólitík. Að þetta sé ekki bara eitthvert sjálfvirkt lögmál eftir höfðatölureglu eða öðru

slíku, að menn bara fari út og reki puttann upp í loftið og finni hvernig vindurinn blæs eða fari út og telji bíla og þá sé vandinn leystur. Út frá því ráðist þessir hlutir. Auðvitað er það ekki svo. Það er kannski fátt meiri pólitík þegar allt kemur til alls en einmitt ákvarðanataka um uppbyggingu innviða samfélagsins, sem á erlendu máli kallast infrastrúktúr og erfitt er að þýða. Ég nota oftast orðið innviði. Þessar efnislegu undirstöður sem samfélagið í raun og veru byggist upp utan um eins og samgöngur, undirstöðuþættir opinberrar þjónustu og annað því um líkt í landinu. Auðvitað er það pólitík hvernig ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun sameiginlegra fjármuna í slíku sambandi. Það eru engin vélræn lögmál sem eiga né geta ráðið þar ein niðurstöðunni. Og þá getum við alveg eins hætt að hugsa ef við förum út á þá braut. Við ætlum ekki að gera það, er það? Við ætlum ekki að hætta að hugsa um það hvernig þjóðfélagi við viljum búa í og hvernig við viljum að það byggist upp og þróist inn í framtíðina. Við höfum einhverja meðvitund um það, er það ekki? Og þá snýst málið um pólitík. Þora menn, geta menn tekið ákvarðanir sem eru pólitísks eðlis hvort sem við köllum það samgöngupólitísks eðlis eða byggðapólitísks eðlis eða bara hreina pólitík og fela í sér einhverjar áherslur um hluti sem við viljum ná fram eða viljum láta gerast og hafa auðvitað áhrif á þróun samfélagsins? Vestfjarðagöngin eru stór samgöngu/byggðapólitísk ákvörðun af þeim toga. Ákvörðun um að gefast ekki upp í baráttunni við erfiðleika í byggðaþróun í þeim landshluta og þora að hafa meðvitund, kjark og hugsun á því að grípa til aðgerða jafnvel þótt þær væru býsna stórar í sniðum og þýddu vissulega, ef menn vilja endilega orða það svo, ákveðna tilfærslu fjármuna í okkar þjóðfélagi o.s.frv. Mér finnst satt best að segja merkilegt ef menn eru að koma hér í ræðustól eða yfirleitt á þessum dögum að undra sig á því að svona sé þetta. Auðvitað er þetta svona og hefur alltaf verið svona. Það er líka mjög stór pólitísk ákvörðun að ákveða að það skuli vera höfuðborg í landi og hvar skuli verða sú sameiginlega uppbygging allra landsmanna sem þangað fer. Íslendingar hafa verið svo gæfusamir að það römbuðu hér á land einhverjar súlur að sögn fyrir 1100 árum eða hvað það nú er og síðan þurfti ekki að hugsa meira um það mál. Við höfum sem sagt átakalítið a.m.k. alveg frá því Skúli kom hér upp innréttingunum í raun og veru vaxið upp við þá hugsun að hér yrði höfuðstaður landsins. Það er ekki svo hjá öllum öðrum þjóðum. Sumar þjóðir hafa gengið svo langt að þær hafa tekið ákvarðanir um að færa sínar höfuðborgar og byggja upp nýjar. Meðal annars með svona pólitískar ákvarðanir í huga að þeir vildu búa til eitthvert annað munstur í samfélaginu en var, byggja upp nýja innviði sem snerust um aðra hluti en þá sem áður voru. Sumir hafa gert þetta út úr vandræðum af því að þeir hafa ekki getað komið sér saman um hvar ætti að vera höfuðborg. Ætli vinir mínir, Ástralíumenn, hafi ekki lent í því að það var erfitt að velja á milli stórborganna í Ástralíu þannig að það var sniðugast að byggja bara nýja. Þetta er ákaflega fallega og vel skipulögð borg eins og hægt er að gera þegar menn byggja heila borg frá grunni, sérstaklega með það í huga að hún skuli verða höfuðborg. Þá geta menn hannað sérstakt svæði fyrir ráðuneytin og annað fyrir sendiráðin og það þriðja fyrir bústaðina o.s.frv., allt mjög snyrtilegt. Hvað sem um það má segja að öðru leyti er það pólitísk ákvörðun um uppbyggingu innviða samfélagsins af því tagi sem samgönguframkvæmdir og samgöngupólitískar ákvarðanir auðvitað eru. Þannig er nú það. Þetta var smá skógarferð um innviðina og ákvarðanatöku í þessum efnum af því að mér finnst nauðsynlegt að menn átti sig á því að við erum ekki að tala um einhverjar þurrar tölur. Sumir eru góðir í formúlum, eins og t.d. hv. þm. Ragnar Arnalds, sem hélt hér mjög fróðlegt erindi um formúlur sem hefðu leitt af sér aðrar formúlur og enn fleiri formúlur og fyrr en varði var allt komið í formúlur nema einhverjar leifar sem ganga til almennra vegaframkvæmda. Þetta var mjög skemmtileg uppsetning en auðvitað eru þetta ekki formúlur heldur pólitískar ákvarðanir sem menn eiga að taka með meðvitund um það hvað þeir eru að gera og ekki að skýla sér á bak við nein vélræn lögmál eða formúlur eða tölur í þeim efnum.

Herra forseti. Þá er ég að hugsa um að fara að draga þetta saman og því miður verður það að vera með svipuðum hætti og við fyrri umræðu þessa máls. Manni verður kannski aðallega hugsað til hæstv. ráðherra og hvernig hann fer út úr þessu, blessaður hæstv. ráðherrann. Honum daprast heldur flugið. Hann er heldur að lækka flugið eins og sagt er og þarf svo sem ekki að vera svo slæmt ef lendingin tekst þokkalega en það er verra ef í vændum er brotlending. Ég hygg að það hafi verið rifjað upp við fyrri umr. að um það leyti var í útvarpinu þáttur grínfréttamannsins Hauks Haukssonar og hann spilaði og endurtók í sífellu ummæli sem hæstv. ráðherra á að hafa haft um það að hann væri að skreyta sig með stolnum fjöðrum Framsóknar. Mér kom þetta í hug þegar ég var að velta fyrir mér þessu lágflugi hæstv. ráðherra að þær reyndust ekki vel til flugsins, hinar stolnu fjaðrir frá Framsókn. Spurning er hvort að fjaðrirnar eða fiðrið frá krötum hefur þá jafnvel verið af tvennu illu skárra en þessar lánsfjaðrir frá Framsókn. Út af fyrir sig var hæstv. ráðherra heldur hærra á lofti á því kjörtímabili þegar hann var að fljúga með fjöðrum frá krötum. Út af þessu öllu saman varð hagyrðingi nokkrum á Norðurlandi það á að yrkja vísu. Og af því hæstv. ráðherra er nú gefinn fyrir vísur og varpar stundum fram kviðlingum þá er ég að hugsa um að enda þetta, herra forseti, með því að fara með vísu þessa eftir hinn ónefnda hagyrðing af Norðurlandi. Hún er sem sagt þannig til komin að hagyrðingurinn var að velta fyrir sér þessari sambúð hæstv. ráðherra fyrst við krata og síðan Framsókn og hvernig flugið er nú mjög að daprast hjá hæstv. ráðherranum. Vísan er svona:

Ill með krötum vistin var
og vesælt þeirra fiður.
Á stolnum fjöðrum Framsóknar
flýgur Halldór niður.

[23:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti hér prýðisræðu að vanda og fór nokkuð yfir sviðið. Rifjaðist þá upp fyrir mér að hann á sinni tíð lét skrifa lærðan texta um lífæðar lands og þjóðar sem hann einmitt fjallaði hér um og velti fyrir sér að ýmislegt væri nú ógert í vegamálum. Hann vakti athygli á þeirri breytingu sem hefur orðið og gæti m.a. stafað af þeim línum sem lagðar voru með því rauða kveri, Lífæðar lands og þjóðar, þar sem reynt var að spá fyrir um á hvaða hátt ætti að skipuleggja samgöngukerfi landsins og leggja meiri áherslu á uppbyggingu hafna á einum stað og vega á öðrum stöðum. Ég held að vilji hans og e.t.v. vilji þeirra sem síðar tóku völdin í samgöngumálum hafi að ýmsu leyti gengið saman að mínu mati. En það hefur auðvitað gerst að dregið hefur úr flutningum á sjó á tilteknum svæðum en landflutningar aukist. Þá kemur að því sem ég vildi nefna við

hv. þm. Kemur til greina að hans mati að þar sem mjög hefur dregið úr sjóflutningum en landflutningar aukist að það sé þá talið eðlilegt að tilflutningur verði milli kjördæma svo hægt sé að leggja meiri áherslu á vegagerð? Er mér þá sérstaklega hugsað til Vesturl. þar sem sjóflutningar hafa næstum því lagst af, t.d. á Snæfellsnesi. Er eðlilegt að þar með séu þess vegna aukin framlög til samgöngumála í Vesturl.? Það væri fróðlegt að heyra afstöðu þingmannsins til þessa sjónarmiðs.

[23:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hreyfir hér ákaflega athyglisverðum þætti þessa máls. Það er alveg hárrétt að menn reyndu að sjá og töldu sig auðvitað sjá að nokkru leyti fyrir breytingar sem væru í farvatninu og út af fyrir sig eðlilegar og óumflýjanlegar varðandi t.d. sjósamgöngurnar. Einfaldlega breytt flutningatækni, gámavæðing, stærri skip og rekstrarsjónarmið og margt fleira kallaði á margt af því sem við höfum séð vera að gerast. Það er vissulega rétt. Sjóflutningar hafa lagst af á Vesturlandi. Er þá skynsamlegt að þarna verði einhver tilfærsla eða áherslubreyting? Ég svara því hiklaust játandi. Ég held að menn eigi að vera opnir fyrir því að það geti verið skynsamlegt, annaðhvort innan landshluta eða beinlínis bara á á landsvísu, að hafa möguleika á ákveðinni tilfærslu fjármuna, á áherslubreytingum getum við kallað það sem tækju jafnvel mið af að einhverju leyti staðbundnum aðstæðum. Ég nefndi einmitt þau svæði þar sem menn voru bara alls ekki í stakk búnir til að taka við þessum breytingum svo ágætar sem þær geta verið og eðlilegar, eins og þær að Akureyri, Ísafjörður, Reyðarfjörður eða Eskifjörður eða hvað það nú verður, verði svona safnhafnir í sínum landshlutum þá verður vegakerfið sem að þeim liggur að vera tilbúið til að taka við því hlutverki að flytja vöruna sem áður fór um hafnir á ströndinni til stærri safnhafna. Það getur vel verið að réttlætanlegt væri að fara í ákveðnar breytingar í þeim efnum. Ég hef oft hugsað hvort við ættum kannski að leysa þetta mál með því að hafa tiltölulega sjálfstæð samgöngufjárlög sem væru með ákveðnum möguleikum til að færa fjármuni á milli þátta, milli hafnamála, flugmála og vegamála þannig að það væri á vissan hátt eftir aðstæðum og í takt við þróun sem væri að verða hægt að draga þar til fjármuni. Þá hefðu t.d. Vestlendingar þegar áætlunarflug lagðist af úr þeim merka fjórðungi ekki misst allt flugfé burt úr kjördæminu og fengið núll eins og nú er ár eftir ár heldur hefðu þeir getað flutt einhverja sambærilega fjármuni yfir í aðra þætti samgöngumálanna sem var þá orðin meiri þörf fyrir að bæta. Það sama gæti að einhverju leyti átt við um hafnirnar. En auðvitað er aðalvandinn sá að við höfum of litla peninga í þetta eiginlega allt saman, herra forseti, og við þyrftum að hafa meira.

[23:50]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað aðalatriði sem hv. þm. kom að síðast, þ.e. þessi takmörkuðu gæði sem við höfum úr að spila. Vissulega höfum við of litla fjármuni til að byggja upp samgöngukerfið. Engu að síður hefur það nú verið þannig á síðasta kjörtímabili og vonandi tekst að halda því nokkuð til haga á þessu sem nú er hafið, að framkvæmdir í samgöngumálum og þá sérstaklega hafna- og vegamálum hafa verið með því allra mesta sem hefur gerst.

Mér þóttu undirtektir hv. þm. mjög athyglisverðar vegna þess sem hann sagði, þ.e. að það þarf auðvitað að líta á samgöngufjárveitingarnar og framlögin og framkvæmdirnar heildstætt þannig að reynt sé að vega saman framlög til vega-, hafna- og flugmála. Ég held að þegar við lítum á framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og hið næsta höfuðborgarsvæðinu þá fari ekkert milli mála að vegna þeirra breytinga sem hv. þm. viðurkenndi að hefði orðið á flutningatækni og áherslum í flutningum á sjó og landi, er eðlilegt að aukin áhersla sé lögð á uppbyggingu vegakerfis þar sem mesta álagið er. Þar nefni ég aftur hið ágæta kjördæmi, Vesturl. Sérstaklega eru miklir fiskflutningar út um allar jarðir á Snæfellsnesi að og frá sem hefur leitt til þess að álagið á vegakerfið þar hefur orðið mjög mikið. En ég fagna þeim undirtektum sem hv. þm. sýndi hér og ég heyri að við erum býsna sammála.

[23:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er meginvandinn. Um það getum við örugglega öll orðið sammála hérna að við vildum hafa meiri fjármuni í þetta. Við erum einu sinni fámenn þjóð í stóru landi og verkefnin eru ærin. En mín skoðun er eindregið sú að við eigum ekkert val. Við verðum að byggja upp þróað samgöngukerfi sem stenst nútímakröfur ef við eigum að geta bætt hér lífskjörin og horft sæmilega hnarreist til framtíðarinnar. Án þess verður hún ekki beysin framtíðin sem við búum okkur hér í landinu, a.m.k. ekki í stórum hlutum þess. Ef við ekki getum byggt upp þróað og rekið nútímalegt samgöngu- og fjarskiptakerfi þá verðum við ekki þátttakendur í tæknisamfélagi 21. aldarinnar, það er alveg á hreinu, ekki með mannsæmandi lífskjörum. Það er þvílík undirstaða alls sem maður sér í þeim efnum að hafa samgöngurnar og fjarskiptin þannig að þau geti verið grundvöllur atvinnustarfsemi og mannlegra samskipta eins og þau blasa við okkur á komandi tímum. Við munum ekki ná að byggja hér upp farsælt velmegunarþjóðfélag á næstu öld nema við leggjum vel í þennan málaflokk. Það er alveg öruggt mál. Ég held líka að við megum heldur ekki vorkenna sjálfum okkur um of. Vissulega eru verkefnin mörg og vandi ríkisfjármálanna mikill en þjóðin var enn þá fátækari þegar hún lét ekki standa fyrir sér að lyfta grettistökum eins og t.d. að byggja Ölfusárbrú eða reisa Alþýðuskólann eða hvað það nú var. Úr því að það var hægt þá þá hljótum við að geta þetta núna.

Að lokum, þá tók ég það einmitt fram í minni ræðu áður en hv. þm. fór í andsvör, að ég teldi tvö svæði í landinu vera alveg sérstaklega í þörf fyrir átak vegna þessara breyttu samgöngu- og flutningahátta, þ.e. vestanvert landið, hluti af Vesturl. og Vestf. sem þurfa að tengjast inn á meginþjóðvegakerfi landsins og það er strandlengjan á norðausturhorninu. Þessir tveir landshlutar standa algjörlega upp úr hvað varðar langt malarvegakerfi sem ekki hefur burðarþol eða er í ástandi til þess að taka við þessum miklu flutningum sem á það eru þó komnir. Þeir eru að hverfa ofan í jörðina eða spýtast úr um allar mýrar þessir svokölluðu vegir á norðausturhorninu og á Vesturl.

[23:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við höfum nú verið að ræða vegáætlun fyrir árið 1996 frá því kl. hálfníu í kvöld og margt fróðlegt hefur komið hér fram. Allt frá því hvernig ástandi vega er háttað á landinu og að því hvaða reglum er beitt við úthlutun og skiptingu vegafjár. Það verður að segjast eins og er að það er ákaflega sérstök reynsla að kynnast því hvaða vinnubrögð eru viðhöfð. Reyndar kem ég að þessari vinnu þar sem verið

er að skera niður eins og komið hefur fram í umræðunni. Vegáætlun sem gerð var árið 1994 og gilda átti í fjögur ár, 1995–1998, hefur verið skorin niður um rúmar 800 millj. kr. Það má segja að ríkisstjórnin hafi skorið það mikið niður, bæði hefðbundin framlög til vegafjár og einnig til framkvæmdaátaksins, að það stendur ekki steinn yfir steini. Þess vegna tek ég undir það sem hefur komið fram hjá ýmsum fyrri ræðumönnum hér í kvöld að það hefði frekar átt að fara í áætlun um framtíðina því það er eins og kom fram hér hjá hv. formanni samgn. allt óvisst um vegáætlun á næsta ári og þarnæsta. Sú vegáætlun sem unnin var árið 1994 er því gjörsamlega brostin. Auðvitað bitnar þessi niðurskurður illa á öllum. Hann er mismikill og mestur er hann á höfuðborgarsvæðinu, því svæði sem hefur verið nokkuð afskipt á undanförnum árum þegar vegafé úr ríkissjóði er annars vegar.

Almennur niðurskurður á framlagi til vegamála er nú rúm 18% eins og kemur fram í minnihlutaáliti okkar í samgn. En fé til framkvæmdaátaksins er skorið mun meira niður eða um 36%. Það, eins og ég sagði áðan, kemur verst niður og harkalegast á höfuðborgarsvæðinu en framkvæmdaátaksféð sem skipt er eftir höfðatölu hefur farið að miklum hluta til framkvæmda þar. Þær framkvæmdir hafa skilað yfirleitt hámarksarði. Mönnum hefur orðið tíðrætt um einbreiðar brýr og slysahættu vegna þeirra. Ég get tekið undir að auðvitað er það bagalegt ástand að vera með 139 einbreiðar brýr á hringveginum sem valda mikilli slysahættu. En það skapast ekki síður slysahætta hér á höfuðborgarsvæðinu við þennan mikla niðurskurð á framkvæmdaátaksfénu um 36%. Það gerir það að verkum að framkvæmdir tefjast sem fyrirhugaðar voru í Ártúnsbrekku í ár og því mun bráðabirgðaástand ríkja á þessari fjölförnu leið hér í borginni mun lengur en áætlað var. Borgaryfirvöld, umferðanefnd Reykjavíkur og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessarar frestunar á tvöföldun akbrautar neðan Ártúnsbrekku og raunar varað við henni. Einnig verið hefur gagnrýnt hvað höfuðborgarsvæðið hefur farið illa út úr skiptingu vegafjár undanfarin ár.

Mig langar til að vitna hér í grein í Morgunblaðinu sem borgarfulltrúi Sjálfstfl. hér í Reykjavík skrifaði í síðustu viku. Þar hvetur hann stjórnvöld til að endurskoða þennan mikla niðurskurð hér á höfuðborgarsvæðinu. Hann, og það hafa aðrir borgarfulltrúar einnig gert, bendir á að höfuðborgarsvæðið hefur hvað vegaframkvæmdir varðar verið mjög afskipt. Hann segir hér, með leyfi forseta:.

„Þetta kemur í ljós þegar skoðað er hver hlutur höfuðborgarsvæðisins hefur verið af heildarfjármagni nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun undanfarin 10 ár."

Það er borgarfulltrúi Sjálfstfl. Gunnar Jóhann Birgisson sem skrifar þessa grein og birtir hér töflu sem sýnir svo ekki verður um villst hve höfuðborgarsvæðið hefur farið varhluta af fé til nýrra þjóðvega. Hann bendir einnig á þá hættu sem skapast af frestun framkvæmda í Ártúnsbrekkunni. Einnig höfum við þingmenn Reykv. og Reykn. fengið bréf sem mig langar til að vitna hér í frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir vara eindregið við þessum niðurskurði á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega hvað varðar Ártúnsbrekku. Ég ætla að fá að lesa úr þessu bréfi. Í bréfi til þingmanna segir stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, með leyfi forseta:

„Stjórn SSH tekur undir áhyggjur umferðanefndar Reykjavíkurborgar vegna áætlana um frestun framkvæmda við tvöföldun akbrauta neðan Ártúnsbrekku. Vegna niðurskurðar á fé til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu hefur verið ákveðið að fresta framkvæmdum við breikkun Vesturlandsvegar frá Elliðaám vestur að Réttarholtsvegi. Það hefur margsinnis komið í ljós arðsemi framkvæmda af þessu tagi. Slysahættan er slík við aðstæður sem þarna skapast að ekki er réttlætanlegt með nokkrum hætti að fresta framkvæmdum. Frestun framkvæmda býður heim aukinni slysahættu og getur kostnaður vegna þess orðið meiri en sparnaður vegna frestunar framkvæmda.

Stjórn SSH beinir því til stjórnvalda að tryggja að nægilegt fé verði veitt til þessara framkvæmda þannig að hægt verði að ljúka framkvæmdum sem fyrst. Með því að ljúka þessum framkvæmdum í ár er ljóst að draga megi stórlega úr hættu á árekstrum og slysum."

Ég sá hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, ganga hér í salinn áðan en hann stoppaði ekki lengi við, enda ekki sést mikið til hans undanfarið. Hann rak hér inn nefið áðan og þá rifjaðist upp fyrir mér að eitt aðalkosningaloforð Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar var að ekki skyldi skorið niður fé til vegaframkvæmda. Ég hélt satt best að segja að hæstv. forsrh. væri kominn til að staðfesta það hér við þessa umræðu um vegáætlun. En því miður virðist svo ekki vera.

Ég var að benda á slysahættuna við frestun framkvæmda við Ártúnsbrekkuna sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vara hér eindregið við. En nú hefur komið í ljós að hækkanir á bensínverði hafa skilað mun meiri tekjum og munu skila meiri tekjum í ríkissjóð en áætlað var á fjárlögum. Samkvæmt áætlunum FÍB, Félags íslenskra bifreiðaeigenda, frá því 6. maí sl. er tekjuaukinn áætlaður um 300 millj. kr. á þessu ári. Síðan hefur bensínverð enn hækkað jafnvel þótt hlutur ríkissjóðs í bensínverðinu hafi lækkað. FÍB var reyndar með tillögur um hvernig þessum viðbótartekjum í ríkissjóð af bensínverði skyldi ráðstafað. En þar sem bent hefur verið á hina miklu slysahættu og óhagræði af frestun framkvæmda í Ártúnsbrekku þar sem mun myndast flöskuháls og mikil hætta skapast höfum við fimm þingmenn lagt fram brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, höfum við lagt til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Á árinu 1996 skal verja 200 millj. kr. af vörugjaldi af eldsneyti til að flýta vegaframkvæmdum í Ártúnsbrekku í Reykjavík."

Vegagerðin telur að um 200 millj. kr. vanti til að upphafleg áætlun um framkvæmdir í Ártúnsbrekku standist. Þessar 200 millj. kr. eru ekki nema hluti af þeim viðbótartekjum sem FÍB hefur reiknað út að ríkissjóður muni fá vegna hækkana á bensínverði. Við munum mæla fyrir þessari brtt. þegar umrætt frv. kemur hér á dagskrá. En breyting þarf að verða á þeim lögum þannig að hægt verði að nýta þessar viðbótartekjur til þessara framkvæmda. Þetta er sem sagt nýr tekjustofn til vegaframkvæmda í Ártúnsbrekku.

Það ætti að vera öllum ljóst mikilvægi þess að nægt fé fáist til að ljúka sem fyrst framkvæmdum í Ártúnsbrekkunni svo draga megi úr hættu á árekstrum og slysum. Það hefur líka komið fram að tekjurnar eru til staðar svo það er aðeins viljann sem vantar. Ef marka má kosningaloforð Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. fyrir síðustu kosningar þar sem hann lofaði hverjum sem heyra vildi að ekki yrði skorið niður fé til vegagerðar ætti að vera auðvelt fyrir meiri hluta Alþingis að samþykkja að þarna komi þessar viðbótartekjur til þess að klára þessar framkvæmdir.

Herra forseti. Ég sé að það er liðið á kvöldið. Klukkan er farin að ganga eitt og umræðan hér í þinginu um vegáætlunina hefur verið góð til þessa. Ég held ég fari því senn að ljúka máli mínu. En ég vil mótmæla þeim mikla niðurskurði á vegafé sem fram kemur í þessari vegáætlun og tek undir að það er nauðsynlegt að fara út í áætlanagerð og þá ekki eingöngu í vegáætlun heldur þarf að fara í samgönguáætlun þar sem tekin eru inn í flugmál og hafnamál, eins og kom fram hér hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og ég reyndar kom inn á í fyrri umr. um vegáætlun, sérstök áætlun í samgöngumálum. Það þarf að horfa til framtíðar og vera með stefnumörkun því hana vantar gjörsamlega. (**ÖS:** Hvaða kjördæmapot er þetta?) Það þarf að taka heildstætt á þessum málum. Ekki út frá sérstökum kjördæmum heldur út frá þeim verkefnum sem brýnust eru hverju sinni.

[00:09]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur orðið framhald á kveinstöfum vegna frestunar á vegaframkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu. Hv. þm. las upp úr grein eftir borgarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykjavík, Gunnar Jóhann Birgisson, sem sannar einmitt allan þann málflutning sem ég hafði við hér í upphafi þessarar umræðu. Í máli Gunnars Jóhanns Birgissonar koma fram tölur, hlutfallstölur, um framlög til vegamála hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessar tölur leiða einmitt í ljós það sem ég var að reyna að halda fram hér í upphafi þessarar umræðu að framlögin til höfuðborgarsvæðisins hafa verið að vaxa ár frá ári hægt og örugglega frá því að vera 4,8% af heildarframlögum til nýrra þjóðvega á árinu 1986 upp í það að vera 32,8%. Við sjáum hér í hnotskurn einmitt í þessari umræddu grein Gunnars Jóhanns Birgissonar hvernig þessi framlög hafa verið að vaxa gagnstætt því sem hér hefur verið haldið fram af ýmsum talsmönnum fyrr í kvöld.

Það er augljóst að það eru gríðarlega mörg verkefni sem blasa við í vegamálum í landinu. Ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu. Hér hefur gríðarlega margt verið gert og hér standa menn mikið betur að vígi en víðast hvar út um landið þar sem svo háttar til, eins og fram kom í hinni dramatísku lýsingu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þar sem menn fá nánast heilu vegina yfir bílana þegar þannig viðrar. Menn verða að reyna að sýna örlitla viðsýni og horfa víðar um en bara næst sér eins og mér fannst koma fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sem var veikur endurómur af því sem við heyrðum hér fyrr í umræðunni.

[00:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilvitnun mín í grein borgarfulltrúa Sjálfstfl. sýnir að höfuðborgarsvæðið hefur farið varhluta af vegafé undanfarin tíu ár. Það er líka rétt hjá hv. formanni samgn. að fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins hafa farið stighækkandi. Engu að síður kemur greinilega fram í þessari töflu með greininni að höfuðborgarsvæðið hefur farið varhluta af vegafé. Fyrir utan að nú er niðurskurðurinn mestur á þessu svæði þar sem er annars vegar almennur niðurskurður og síðan framkvæmdaátakið sem er 36% niðurskurður. Það er mun meiri niðurskurður en önnur svæði þurfa að búa við. (**Gripið fram í:** Var ekki verið að tala um sérstaka framkvæmd?) Það er ekki hægt að tala um framkvæmdaátakið sem sérstaka framkvæmd. Ég veit ekki betur, og það kom greinilega fram í máli hv. þm. Ragnars Arnalds fyrr í kvöld, en að búið sé að setja upp svo margar formúlur og reglur, sérstakt átak og framkvæmdaátak að ég hlusta ekki á svona athugasemdir. Það er verið að skera hér mun meira niður en annars staðar.

[00:13]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málflutningur hv. þm. breytir ekki staðreyndum. Staðreyndirnar eru þessar: Framlögin til höfuðborgarsvæðisins í vegamálum hafa aldrei verið meiri en í ár og á síðasta ári. Ég rakti í ræðu minni fyrr í kvöld að þessi framlög nema um 2 milljörðum kr. á þessu og síðasta ári til höfuðborgarsvæðisins og samkvæmt þeim upplýsingum sem hér birtast í Morgunblaðsgrein borgarfulltrúa Sjálfstfl. hefur þetta vaxið úr því að vera 4,8% í að vera 32,8%. Mér sýnist að eftir því sem líður á þessa umræðu staðfestist allt sem ég sagði í ræðu minni fyrr í kvöld. Það er ekki ástæða til þess að taka höfuðborgarsvæðið sérstaklega út úr þegar verið er að ræða um niðurskurð í vegamálum. Ég held að það væri ekki síður nauðsynlegt að horfa til þeirra kjördæma og þeirra landsvæða þar sem menn eru í mestum vandræðum, þar sem menn eru komnir styst áleiðis í uppbyggingu vegamála og það bókstaflega háir byggðinni víða um landið.

[00:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á að það kom mjög skýrt fram í máli mínu að ég tel niðurskurðinn ekkert síður koma illa úti á landsbyggðinni en í Reykjavík. Ég bendi bara sérstaklega á framkvæmd sem skorin er harkalega niður þar sem Ártúnsbrekkan, sú fjölfarna leið hér í borginni, á í hlut. Þar er niðurskurðurinn 36% miðað við 18% niðurskurð annars staðar. Þeim staðreyndum verður ekki breytt, hv. þm., hvað sem hver tautar og raular hér í þingsölum.

[00:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög undarlegt að þingmaður eftir þingmann skuli standa hér upp og reyna að gera því skóna að ekki sé vel staðið á bak við framkvæmdir hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er hvorki horft til fortíðar í þeim efnum né heldur horft til þeirrar þarfar sem blasir við. Það liggur fyrir mat sem gert var á framkvæmdaþörf á höfuðborgarsvæðinu til tíu ára. Miðað við þær fjárveitingar sem voru til Reykjavíkur á liðnu ári var fyllilega staðið við það sem þar var talið nauðsynlegt. Og þó nokkuð sé skorið niður á þessu ári til Reykjavíkur eins og til annarra staða á landinu þá eru framlögin til Reykjavíkur samt sem áður miklu, miklu meiri en hafa nokkru sinni verið áður en ég varð samgrh. Það er hálfundarlegt að heyra þingmenn stjórnarandstöðunnar halda því fram að hallað sé á Reykvíkinga í þessum efnum. Svo þegar nauðsynlegt er að mýkja svolítið andlitið, gera á sér andlitslyftingu fyrir dreifbýlið, þá er á hinn bóginn ráðist að hinum sama manni fyrir það hversu mikið fé er dregið hingað til Reykjavíkursvæðisins. Ég held að það væri sæmra að reyna að viðurkenna að betur er gert við Reykjavík en áður. Það er sannleikur málsins. Það væri satt að segja fróðlegt að spyrja þá ágætu kjósendur Þjóðvaka fyrir norðan hvað þeir segja um þá frammistöðu hér við afgreiðslu vegamála að það eitt skipti máli ef 200 millj. yrðu nú afgangs, að þær rynnu allar til Reykjavíkursvæðisins. Liggur þó fyrir að flest dauðaslysin hafa orðið á leiðinni frá Reykjavík til Norðurlands ef lesnar eru skýrslur um það. Það liggur raunar líka fyrir að dauðaslysum í umferðinni hefur fjölgað meira úti á landi en hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er ekki gott

þegar menn eru að draga slys inn í umræðuna með þeim hætti að gera lítið úr hættunni þar sem hún er mest.

[00:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hver var að draga slys inn í umræðuna annar en hæstv. ráðherra. Tillagan um 200 millj. kr. til framkvæmda í Ártúnsbrekku er ekki nema hluti af þeim viðbótartekjum sem koma af hækkun bensínverðs þannig að það ættu að vera hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðherra að koma hlutum í lag á Norðurlandi einnig fyrir þessa upphæð. Ég mótmæli því að það sé ekki horft bæði til fortíðar og framtíðar í máli mínu því ég benti á að höfuðborgarsvæðið fór varhluta af vegafé undanfarin tíu ár þó svo að þetta hafi batnað. Það er mjög gott. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hann skuli þó hafa bætt ráð sitt og lagað stöðuna. Engu að síður er niðurskurðurinn mestur hér nú.

[00:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hið sérstaka framkvæmdaátak sem efnt var til á síðastliðnu ári gerði ráð fyrir sérstakri lántöku á þessu ári til framkvæmda sem síðan átti að endurgreiðast á árinu 1999 af þeim sérstöku tekjustofnum sem til þess voru ætlaðir. Með þessari vegáætlun er gert ráð fyrir að ekki komi til lántökunnar en á hinn bóginn verði féð notað til framkvæmda á árinu 1999. Það er þess vegna ekki um það að ræða að verið sé að skera niður vegafé með því að fresta þessum framkvæmdum. Það er verið að fresta framkvæmdum um tvö ár en það er ekki verið að skera niður vegafé. Á því er mikill munur.

Ef við hins vegar lítum á skerðinguna á vegáætlun varðandi hið almenna vegafé þá er þar um varanlega skerðingu að ræða. En um framkvæmdaátakið gildir hitt að það er frestun en ekki skerðing. Það hefur verið margtekið fram og ættu menn að vera farnir að skilja það ef þeir á annað borð hafa vilja til að reyna að skilja það sem fram fer.

[00:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Kemur nú þessi söngur eina ferðina enn, þ.e. að það sé ekki verið að skera niður heldur að fresta. Hvernig væri þá að hæstv. ráðherra svaraði þeirri spurningu sem hann var spurður í upphafi umræðunnar í kvöld. Hvað ætlar hann að gera á næsta ári? Hverju verður frestað þá og hvar verður skorið niður þá? Það hafa ekki komið fram nokkur svör um það í þessari umræðu hvað hæstv. ráðherra hyggst fyrir næsta ár og þarnæsta, árin fyrir 1999. Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra.

[00:20]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum nú löngum sagt það úti á landsbyggðinni um höfuðborgarbúana sem ekkert sjá nema eigin garð að þeir hafi aldrei komið né séð austur fyrir Elliðaár. Mér finnst það eiga nokkuð við um hv. þm. sem hér hefur talað. Þó er henni ekki alls varnað því hún sér jú alla leið upp í Ártúnsbrekku. En ég er kominn hér til að spyrja hana einnar spurningar í tilefni af því að hún lýsti tillögu sem fram mun koma vegna aukinna tekna af bensínsölu. Tillagan snýst um að þessar auknu tekjur verði nýttar til að flýta framkvæmdum í Ártúnsbrekku. (**ÖS:** Til þess að þú komist suður.) Til að ég komist vestur, já. Ég spyr því: Ef bensín lækkar nú og tekjur minnka af bensínsölu má þá reikna með því að hv. þm. geri tillögu um að draga úr fjárveitingum til vegaframkvæmda, jafnvel í Ártúnsbrekku? Í því sambandi vil ég benda á að samkvæmt fréttum sjónvarpsins í kvöld þá gera menn ráð fyrir því að olíuverð fari jafnvel að lækka á heimsmarkaði. Nú er skilst mér búið að aflétta viðskiptabanni á Írak og menn spá því að olíuverð fari lækkandi og þess vegna eru full rök fyrir þessari spurningu.

[00:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á að nú þegar hefur þó nokkuð af þessum tekjum komið í ríkissjóð þannig að ég held að hann þurfi ekki að hafa áhyggjur af því. Aftur á móti furða ég mig á þessum málflutningi sem er álíka og hjá formanni samgn. hér fyrr í kvöld sem fannst svo óskaplega slæmt að miða framkvæmdir til vegagerðar við tekjur af bensíngjaldi. Ég get ekki séð að það sé neitt verra en að menn þurfi að búa við niðurskurð eins og við þurfum að búa við núna frá hæstv. ríkisstjórn, þar sem 800 millj. er kippt af þeirri áætlun sem menn voru búnir að setja upp fyrir kosningar. Mér finnst næstum því verra að búa við það en það að e.t.v. mundi bensínverð lækka því það mundi þá koma bifreiðaeigendum og þeim sem nota samgöngukerfið til góða.

[00:23]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú bara ítreka spurningu mína. Ég fékk ekki svar við henni. Ef ekki kemur skýrt svar þá verð ég að líta svo á að hér sé, ja, við getum kallað það „popp" á ferðinni til þess að ganga í augun á borgarbúum.

[00:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög skýrt svar, mjög skýrt svar. Ég sagði hv. þm. að megnið af þessum tekjum væru nú þegar komnar í ríkissjóð þannig að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að það þyrfti að fara að draga saman vegna þess að þær kæmu e.t.v. ekki. Enda hefur bensínverð verið að hækka því miður þannig að það lítur allt út fyrir að þessar tekjur muni aukast enn meir.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 00:24.

---

143. FUNDUR

þriðjudaginn 21. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Spilliefnagjald, stjfrv., 252. mál, þskj. 392, nál. 983, brtt. 984 og 1011. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Þjóðminjalög, stjfrv., 285. mál, þskj. 524, nál. 943, brtt. 944. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Sálfræðingar, stjfrv., 371. mál, þskj. 649, nál. 926. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 191. mál, þskj. 1009. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv., 385. mál, þskj. 1008. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Tollalög, stjfrv., 441. mál, þskj. 773, nál. 952, brtt. 953. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 469. mál, þskj. 804, nál. 982. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:33]

Útbýting þingskjals:
Tóbaksvarnir, 313. mál, þskj. 1015.

Spilliefnagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 252. mál. — Þskj. 392, nál. 983, brtt. 984 og 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Brtt. 984,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 984,2 (ný 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1011 felld með 30:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, GHall, GMS, HBl, JBH, JónK, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á þskj. 1011 flyt ég ásamt þremur öðrum þingmönnum úr jafnmörgum þingflokkum tillögu um breytingu þar sem tiltekið verði að inn í svonefnda spilliefnanefnd komi fulltrúi frá Neytendasamtökunum í stað fulltrúa númer tvö sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að ráðherra skipi. Við umræðu um málið tókst ekki að toga upp úr hæstv. umhvrh. hvernig hann hygðist fara með skipunarvald sitt í þessum efnum, en honum var bannað ásamt öðrum framsóknarmönnum að nefna Vinnumálasamband samvinnufélaganna í þessu sambandi og rákust á skýrar takmarkanir á helmingaskiptareglu sem annars er meginviðmiðun hjá stjórnarflokkunum í flestum málum. Hér blasir því við hin pólitíska spilling í þessu stjórnarsamstarfi. Við leggjum til að Neytendasamtökin fái fulltrúa.

Brtt. 984,3 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, MF, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, DO, EgJ, EOK, GHall, GMS, HBl, JBH, JónK, KHG, LB, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, MF, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, GHall, GMS, HBl, JBH, JónK, SP, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 984,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 984,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 984,6 samþ. með 49 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 984,7 samþ. með 48 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, svo og 8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 984,8 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 984,9 samþ. með 49 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, svo og 10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 984,10 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 984,11 samþ. með 49 shlj. atkv.
11. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 984,12 samþ. með 47 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (flutningur menningarverðmæta). — Þskj. 524, nál. 943, brtt. 944.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 944 samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Sálfræðingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (stjórnskipuleg meðferð leyfisveitinga). — Þskj. 649, nál. 926.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 926 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Rannsókn flugslysa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 1009.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, GHall, GÁS, GMS, HBl, JBH, JónK, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1020).

Varnir gegn mengun sjávar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, GHall, GÁS, GMS, HBl, JBH, JónK, SP, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1021).

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (yfirstjórn, málsmeðferð, tollskjöl). — Þskj. 773, nál. 952, brtt. 953.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Brtt. 953,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 953,2–11 (breyttar greinar og nýjar) samþ. með 47 shlj. atkv.
6.–39. gr. (verða 6.–40. gr.), svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
40.–45. gr. (verða 41.–46. gr.) svo og ákv. til brb. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 469. mál (nýting afla o.fl.). — Þskj. 804, nál. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Brtt. í nál. 982,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 982,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955.

[13:57]
Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau skilaboð hafa verið send til þjóðarinnar að búið sé að lagfæra þetta frv. á þann veg að það sé harla gott og að ekki sé lengur ástæða til ótta fyrir launþega. En þetta er rangt. Að vísu hefur vinna okkar og málflutningur skilað árangri inn í félmn. og tennurnar hafa verið dregnar úr frv. svo að þar ríkir reyndar engin stefna lengur. En eftir stendur að þessi lagasetning sem hér er áformuð er íhlutun og ríkisstjórn hefur hrakist undan staðreyndum, m.a. þeim að hér hafi verið um brot á alþjóðasamþykktum að ræða.

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur er mér efst í huga gjörbreytt viðhorf ríkisstjórnar til samskiptahátta við launþegasamtök og hún er áleitin spurningin um hvert ríkisstjórnin stefnir með hinni nýju stefnu í vinnumarkaðsmálum. Bæði frv. sem hér hafa verið til umræðu hafa vakið hörð viðbrögð allra þeirra sem valdir hafa verið til forsvars í stéttarfélögum og samtökum launafólks og furðu reyndar flestra sem gefið hafa sér tíma til að skyggnast inn í þann heim valdatafls sem stjórnmálin virðast fyrir augliti venjulegs fólks. Sjálfri býður mér ekki í grun hvað fær ríkisstjórn til að fara þá leið valdboðs og yfirgangs sem birst hefur í framlagningu og

allri meðferð frumvarpanna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur, né heldur geri ég mér grein fyrir hvaða dilk þessi vinnubrögð eiga eftir að draga á eftir sér. Ég þykist vita að ríkisstjórnin fari svona fram í skjóli þess að þetta líði hjá, að sumarið breiði yfir ósætti og óánægju og þegar frá líði verði samtök launafólks bara fegin að málum er ráðið á þennan hátt og ráðið með lögum fyrir þau, að þegar haustar verði eitthvað annað sem vegi þyngra svo að þessi lagasetning lukkist.

Í mörg ár hefur þróast þríhliða samstarf á vinnumarkaði og skilað ágætum árangri, a.m.k. hvað varðar samninga og sátt. Ég undanskil samstarf samstarfsnefndar félmrn. um vinnumarkaðsmál því mér finnst það ekki góður árangur að samþykktir ILO hafa aldrei fengið afgreiðslu út úr þeirri nefnd og það hefur bundið hendur margra félmrh. með að leggja til staðfestingu þeirra. Ég get vísað til ILO-samþykkta svokallaðra, nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, ILO-samþykkt nr. 158, um uppsögn af hálfu atvinnurekenda, sem reyndar hafa báðar verið fluttar inn á þingið sem þingmannamál í trausti þess að hægt sé að vekja þingmenn til umhugsunar um mikilvægi þess að þessar samþykktir séu staðfestar hér og vegna þeirra áhrifa sem staðfesting þeirra mundi hafa varðandi samvinnu á vinnumarkaði og rétt launþega gagnvart atvinnurekendum. En því miður, hvað varðar réttindi launþega er hvergi farið með valdi, það er ekki brotið gegn vilja VSÍ sem ekki hefur viljað sættast á að þessar samþykktir væru staðfestar t.d. út af 8. gr. ILO-samþykktar nr. 156, þar sem tryggður er réttur fólks með fjölskylduábyrgð gagnvart uppsögnum. Ég hef reyndar nefnt hér í þessum ræðustól og ætla að gera það aftur, virðulegi forseti, hvernig það virkaði á mig þegar ég fyrr á árinu sótti fund jafnaðarmannaflokka Norðurlanda þar sem verið var að fjalla um samstarf þeirra. Eitt aðalmál á dagskránni var með hvaða hætti þessir flokkar mundu beita sér fyrir því að inn í alla viðskiptasamninga sem þeir stæðu að sem forráðamenn sinna ríkisstjórna á evrópskum vettvangi yrði sett ákvæði um rétt launþega í löndum þar sem engin réttindi eru svo sem í löndum Eystrasaltsríkjanna, austantjaldslöndum og öðrum sem eru að undirbjóða gagnvart vinnumarkaði hérlendis. Samhliða því sem slík ákvæði mundu skapa réttindi launþega þar sem engin eru fyrir mundi það líka skapa jafnvægi gagnvart okkur sem erum að stuðla að því að uppbygging verði fyrir austan hið gamla fyrrverandi járntjald.

Það var undarlegt að koma frá Íslandi, þessu lýðræðisríki og verða að horfast í augu við og viðurkenna fyrir þeim sem þennan fund sátu að hér á Íslandi hefur ekki verið staðfest ILO-samþykkt af þessum toga sem tryggir réttindi launþega vegna þess að hér er borin svo mikil virðing fyrir þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytis að ekki má taka nokkurn hlut út úr þeirri samvinnu sem VSÍ eða annar aðili beitir sér gegn.

Virðulegi forseti. Það verður fróðlegt að vita hvernig verður brugðist við í framtíðinni í samskiptum við launþegahreyfingar. Ég hef leyft mér að halda því fram að með framlagningu þessara frv. og vinnubragðanna varðandi þau sem eru í svo mikilli ósátt við launþegasamtökin sé verið að brjóta í blað hvað varðar hefðbundið vinnulag á Norðurlöndunum. Ég minnist þess á Norðurlandaráðsþingi fyrir tveimur árum þegar verðlaunahafi bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs sagði svo skemmtilega: „Norden er i orden." Verði það niðurstaðan að þau lýðræðislegu vinnubrögð og samvinna ríkisvalds og þegnanna í þjóðfélaginu, sem hafa verið aðalsmerki þjóðfélagsgerðarinnar á öllum Norðurlöndum, verði brotin upp verð ég að segja að þá höfum við gert þær breytingar sem e.t.v. verða til þess að Norden er ekki í orden.

Það er söguleg staðreynd að árangursríkt samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins var forsenda þeirrar jákvæðu þróunar í efnahagsmálum sem margir eru nú farnir að líta á sem sjálfsagðan hlut en kostaði mikla þrautseigju allra sem að málinu komu og unnu slíku átaki fylgi meðal umbjóðenda sinna. Það er ekki hægt að ræða samskiptareglur á vinnumarkaði öðruvísi en að rifja það upp hverju gott samstarf á jafnréttisgrundvelli skilaði á mjög erfiðum tímum. Það var ekki verið að semja um stöðugleika og svo til óbreytt ástand launalega af því að mikið væri aflögu. Nei, það var ekkert aflögu en þó náðist sú þjóðarsátt sem nú er greinilega stefnt í voða. Menn féllust á að búa áfram við lág laun og rýr kjör til að vinna bug á verðbólgu. Þannig tóku launþegar höndum saman við ríkisvaldið og VSÍ og hörð og erfið varnarbarátta hefur skilað þjóðfélaginu bættri afkomu og dágóðum efnahagshorfum. Loks rofar til í efnahagsmálum en það er þá sem menn virðast fá þær hugmyndir að nú þurfi að koma böndum á hina frjálsu samvinnu aðila vinnumarkaðarins. Það er mikill munur á því að koma á nefndarstarfi til að stuðla að samkomulagi aðila um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði í sátt og samlyndi og innbyrðis og því að taka mál sem ekki er útrætt hvað þá fullþroskað, skella því í frumvarpsform og senda það inn á Alþingi í fullkomnu ósætti þeirra sem hlut eiga að máli. Þegar frv. kom fram var gefin yfirlýsing af hálfu stjórnvalda aftur og aftur í fjölmiðlum um að frv. væri sett inn til Alþingis til þess að Alþingi hefði málið undir höndum af því að áköf þjóðfélagsumræða væri komin í gang, m.a. vegna umfjöllunar fjölmiðla. Það væri því eðlilegt að Alþingi gæti séð þau mál sjálft sem þarna væru til umfjöllunar. Og þá var fullvissað um að vinna ætti áfram að því að ná sátt um á hvern hátt þessi frv. mundu breytast og yrði áfram unnið með þau en á engan veg gefið til kynna að nú yrði keyrt áfram hverju sem tautaði og raulaði til þess að keyra þessi mál í lög í fullkominni ósátt við verkalýðshreyfinguna.

Frv. sem flutt var á Alþingi fyrir nokkrum vikum er gjörólíkt þeim lögum sem lagður er grunnur að með brtt. nú við 2. umr. Það er út af fyrir sig mjög gott mál því flestar breytingarnar eru til batnaðar og breytingarnar eru ótrúlega miklar frá því fyrstu drög voru sett fram. Það er þýðingarmikið að það komi fram hvernig stjórnarandstaðan kom að málinu, það um álit Lagastofnunar, kallaði eftir umsögnum frá ótrúlegum fjölda aðila út um allt land þannig að umsagnirnar sem hafa borist félmn. fylla möppu. Sjálfsagt er bunkinn ekki minni en 10 sm hár og sjálfsagt nokkuð mörg kíló. Hún kallaði eftir sjónarmiðum með viðræðum og tók málefnalega umræðu sem knúði það fram að meiri hlutinn varð að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem þarna komu fram, varð að hlusta á Lagastofnun háskólans og horfast í augu við að þetta var illa unnið frv. sem var skelfilegt að fram var komið. En þráinn var svo mikill að ekki var fallist á að gera það sem lagt var til, þ.e. að draga frv. til baka. Eftir stendur afstaðan til íhlutunar. Þótt við höfum fengið því áorkað að málið hefur lagast, að verstu tennurnar eru dregnar úr þessu að mínu mati ljóta frv., þá er íhlutun í málefni verkalýðshreyfingarinnar það sem gerir það óframkvæmanlegt fyrir stjórnarandstöðuna að standa að þessu máli.

Ég get ekki stillt mig um það að þessum orðum töluðum

að nefna skoðanakönnunina um viðhorf fólks til breytinga við samningagerð. Félmrh. kannaði hug þjóðarinnar til frv. og vinnubragða, og vinnubragða verkalýðshreyfingarinnar. Þegar ég heyrði hvaða spurning var lögð fyrir í skoðanakönnun Gallups varð mér að orði: Ósköp var þetta eitthvað leiðandi spurning. Ætli nokkur taki mark á því svari sem kemur fram í Gallup við henni? Vissulega var tekið mark á henni, henni var veifað og því haldið fram að þarna væri vilji þjóðarinnar og viðurkenning þjóðarinnar á því að það væri bara rétt af ríkisstjórninni að setja lög á launþega og að öll vinnubrögð verkalýðshreyfingarinnar hefðu verið vond, þess vegna væru launin svona lág. Það var túlkunin eins og ég hef skilið hana. En í gærkveldi hlustaði ég svo á kvöldfréttir sjónvarps. Þá ber svo við að þar er viðtal við formann Rafiðnaðarsambandsins sem hefur óskað eftir því við Gallup að fá að nota sömu spurningu og félmrh. en snúa meiningunni við. Honum var synjað. Þetta var mjög athyglisverð frétt og ástæða til að skoða þetta mál nánar en mér gafst ekki tími til þess á þessum morgni.

Virðulegi forseti. Þetta er búinn að vera undarlegur vetur. Ágreiningsmálin hafa verið mörg og meiri hlutinn á Alþingi hefur farið í umfjöllun mála á sérstaklega yfirlætislegan hátt. Ég hef verið að velta fyrir mér stöðunni aftur og aftur. Og aftur og aftur hefur sótt á mig næstum ljóðrænn texti sem ég hef einhvern tíma heyrt þótt hann hafi þá átt við annað. Ég get ekki munað hvað en hann er eitthvað á þessa leið:

Litla Framsókn,
litla, litla Framsókn,
litla, litla, litla Framsókn,
litla, litla, litla, litla Framsókn ...

o.s.frv., o.s.frv. Ég veit ekki af hverju mér finnst Framsfl. orðinn svona undursmár í atferli og hugsun. Það skorti ekkert á atyrðingarnar af Framsfl. hálfu þegar Alþfl. var í ríkisstjórn og spyrja má hvort þetta sé þá sama staðan. Aldeilis ekki. Pólitísku málin sem Alþfl. stóð í voru allt annars eðlis. Breytingar í alþjóðasamskiptum, breytingar í viðskiptaháttum, kerfisbreytingar, m.a. í heilbrigðiskerfinu sem að vísu náðu ekki allar fram að ganga, og ýmsar félagslegar umbætur sem við höfum reyndar ekki séð mikið af hjá Framsfl. En þetta mál er allt annars eðlis. Þetta er grundvallarbreyting í samskiptum við launþega sem enginn hefði átt von á úr þessari átt. Ég hef svo sem aldrei haft miklar væntingar til Framsfl. en ég verð að viðurkenna að ég hef alltaf haft pólitíska trú á formanni hans og kynni mín af vinnubrögðum hans hafa verið á þann veg að ég ímyndaði mér að hann mundi í flestum tilfellum leita leiða til að vinna mál af þessu tagi til lykta með samkomulagi. Aðallega þess vegna hef ég verið undrandi á Framsfl., litla, litla Framsfl. En í þessu máli ætla ég hins vegar ekki að festa mig við Framsfl. Við höfum í vetur talsvert veist að honum í forundran yfir ýmsu sem hann hefur látið yfir sig ganga í pólitíkinni um leið og hann komst í valdastöðu. En það er full ástæða til að líta til Sjálfstfl.

Það er reyndar gaman að velta fyrir sér skoðanakönnunum um fylgi flokkanna. Þar tapar Framsfl. samkvæmt skoðanakönnun sem birt var í morgun en Sjálfstfl. vinnur á. Ef til vill af því að enginn tengir hann við þetta frv. Sjálfstfl. hefur notið mikils stuðnings hjá hinum vinnandi stéttum. Hann hefur átt innan sinnan raða fólk í trúnaðarstörfum í verkalýðshreyfingunni, hann hefur á einhverju skeiði átt innan sinna raða varaformann ASÍ. Hann hefur gefið mynd af því að innan flokksins vinni stétt með stétt. Hann hefur líka ávallt gefið sjálfum sér ákveðna yfirskrift: Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur allra stétta. Og ég spyr: Hvaða stétta? Skrifstofufólksins, verkafólksins, opinberu starfsmannanna? Hvaða viðbrögð fær hann frá trúnaðarmannaliði sínu í dag? Lætur flokkur allra stétta sig það einhverju varða? Ef hægt er að sjá eitthvað gott við vinnumarkaðsfrumvörpin tvö sem við höfum verið að ræða að undanförnu þá er það einmitt sú staðreynd sem á eftir að ná til fjöldans þótt síðar verði að þegar á reynir lætur Sjálfstfl. það lönd og leið að vera flokkur allra stétta. Ef setja þarf bönd á baráttuaðferðir verkalýðsins þá setur maður bara lög. Maður setur lög á liðið sem verður vonandi búið að gleyma því fyrir næstu kosningar. Ég held hins vegar að þessi leikur eigi eftir að draga dilk á eftir sér og það sem lagt er upp með sem markmið, þ.e. að halda utan um samningamálin í haust, eigi fremur eftir að snúast upp í andhverfu sína og að breyting á þessum lögum verði samningskrafa númer eitt þegar kröfur verða settar fram í haust.

Sjálfstfl. hefur sýnt af sér talsverða pólitíska slægð í ríkisstjórn. Í forustuhlutverki hefur hann ráðið málum þannig að t.d. við fjárlagagerð eru það aðrir sem verða fullkomlega ábyrgir fyrir niðurskurði. Það verða fagráðherrar í hinum ýmsu ráðuneytum, félmrn., heilbrrn. o.s.frv. sem eru vondu karlarnir eða vondu konurnar og skera niður af því að ramminn er þröngur. Fjmrh. er stikkfrí og það er löngu hætt að leita til fjmrh. með áleitnar kröfur um hvers vegna og hvers vegna. Fjmrh. vísar yfir á fagráðherrana sem eru í fullkominni vörn í þröngum römmum sínum og eiga enga kosti aðra en að skera niður og höggva í velferðarkerfið. Þetta er athyglisvert vegna þess að Sjálfstfl. er hið ráðandi afl í landsstjórninni þegar hann fer með forsrn. Hann er sléttur og felldur. Hann er ósýnilegur meðan samstarfsflokkarnir puða í niðurskurði og nú í máli af þessum toga.

Nú á greinilega að keyra vondu málin í gegn á fyrsta ári kjörtímabils, kerfisbreytingar til að hafa undirtökin á sínum stað þegar málum vindur fram í haust. Erum við ekki núna virkilega að finna hvað hægri flokkur þýðir? Það þýðir ekki flokkur allra stétta heldur flokkur hagsmuna, í þessu tilfelli atvinnurekenda.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í félmn. hafa reynt að hafa mikil áhrif í umræðunni þar eins og ég hef áður getið. Þeir hafa tekið fullan þátt í allri umfjöllun um frv. félmrh. um stéttarfélög og vinnudeilur og komið með góðar ábendingar samhliða harðri gagnrýni. Við erum sammála um að í frv. felist íhlutun í innri málefni og skipulag stéttarfélaga sem gerir það að verkum að við getum ekki staðið að málinu þó það hafi tekið stakkaskiptum og allar breytingartillögurnar út af fyrir sig séu til bóta. Við erum mjög ósátt við að frv. er flutt í óþökk stéttarfélaganna og að það var tekið út úr vinnuferli sem hefði getað leitt til sameiginlegrar niðurstöðu ef málið hefði fengið að þróast áfram milli aðila. Og það er athyglisvert að samtök atvinnurekenda lýsa fullum stuðningi við málið og eru tilbúin að blessa allar breytingar sem fram hafa komið en það bendir til að þeim sé í mun að lög séu sett um samskiptareglur og samningaferli. Hins vegar leggst hver einasti aðili sem á fund félmn. hefur komið úr röðum launþegasamtaka gegn lagasetningu og hafnar því að eiga hlut í breytingartillögum vegna þess að allir sem einn hafa þeir óskað þess að frv. verði dregið til baka og hafa varað við lagasetningu við þessar kringumstæður. Allir sem einn hafa óskað þess, sama hvar í flokki þeir standa, enda verður hvert einasta félag að breyta félagareglum sínum verði frv.

að lögum og ég veit ekki hvað telst íhlutun í innri málefni ef ekki það.

Virðulegi forseti. Skoðum nú hvaða breytingum frv. hefur tekið. Í fyrsta lagi er lagt til að 1. gr. frv. um heimild til stofnunar vinnustaðarfélaga verði felld brott. Mikil andstaða var við þetta ákvæði eins og fram kemur í áliti meiri hluta og það talið veikja skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Í þessu tilfelli var tekið tillit til gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og einmitt sú gagnrýni um að þessi íhlutun veikti skipulag verkalýðshreyfingarinnar er tekin gild þarna þó hún sé ekki tekin gild á öðrum sviðum þar sem jafnhart var gagnrýnt. Þess ber að geta að við það að þessi grein er felld brott úr frv., þá stendur eftir óbreytt 2. gr. laganna um að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna og að félagssvæði megi aldrei verið minna en eitt sveitarfélag. Þetta hefur m.a. verið gagnrýnt og er talið brjóta í bága við ákvæði alþjóðasamþykkta og Lagastofnun lagði áherslu á að þetta yrði skoðað í umsögn sinni um frv. og breytingartillögur þess. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa eina klausuna sem Lagastofnun setti fram. Hún er á bls. 9 í umsögn þeirra:

„Ekki er hægt að útiloka að ákvæði um að félagssvæði stéttarfélags skuli aldrei vera minna en eitt sveitarfélag kunni að sæta aðfinnslum af hálfu félagafrelsisnefndar ILO ef á reyndi. Einnig er rétt að minna á að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi mundi reyna sérstaklega á það hvers vegna nauðsyn væri á slíkri takmörkun í „lýðræðislegu þjóðfélagi". Hin athugasemdalausa framkvæmd til þessa, núverandi uppbygging stéttarfélaga og skipulag á vinnumarkaði, þar sem vinnustaðarfélög eru óþekkt, yrðu þar væntanlega færð fram sem rök og telja verður líkur á ...", þarna er ég reyndar komin út í vinnustaðarfélögin þannig að ekki þarf að lesa lengra.

Athugasemd kom um ... (Gripið fram í.) Ég geri ekki athugasemd við vinnustaðarfélög sem eru felld út, virðulegi forseti. Það kom ábending frá Lagastofnun um að þetta yrði skoðað þó þetta væri lagaákvæði í upphaflegu lögunum og það er full ástæða til að staldra við og skoða ábendingar vegna þess að það er svo margt sem hefur verið að breytast frá því að þessi lög voru sett. Nýjasta dæmið er sameining sveitarfélaga á norðursvæðum Vestfjarða og við skulum bara horfast í augu við hvað þessi lög kveða á um strax, bara beinlínis gagnvart þeim. Meiri hlutinn gaf sér ekki tíma til að skoða þetta vegna þess að vinnubrögð meiri hlutans snerust um að flýta sér að koma með breytingartillögur og þegar þær voru hraktar, þá var bara breytingartillögunum breytt aftur.

Varðandi 2. gr. vil ég láta það koma fram eins og meiri hlutinn reyndar tekur fram að með samninganefnd er átt við nefnd sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamninga hvort sem hún er fastanefnd eða skipuð í hverju tilviki og ákvæðið getur einnig átt við um stjórn samningsaðila. Fast er haldið við að ákveðið hlutfall þurfi í þátttöku í atkvæðagreiðslu. Kjarasamningur gildir frá undirskriftardegi nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt félagaskrá. Þarna hefur verið fallið frá því að breyta fimmtungi atkvæða í fjórðung atkvæða eins og fólst í breytingartillögum sem fram komu á tímabili í nefndinni. Eftir umfjöllun nefndarinnar var horfið frá því og varðandi leynilega póstatkvæðagreiðslu gildir nú meirihlutaniðurstaða óháð þátttökunni. Fellt er brott ákvæði sem byggði á skilyrði um hærri hlutfallstölur þegar greidd voru atkvæði um samninga eða vinnustöðvanir sem ná til hluta af félagi. Sama regla gildir því um höfnun kjarasamninga og boðun vinnustöðvana. Það eru tekin af tvímæli um heimild aðila til að kveða á um í nýjum kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir sem samningurinn tekur til. Tekið er inn nýtt ákvæði um vinnustaðarsamninga þar sem frumvarpsgreinin um vinnustaðarfélög er felld brott og í því ákvæði felst að vinnustaðarsamningur skuli borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann nær til og að meiri hluti ráði niðurstöðu.

Nú skulum við koma að vinnustaðarsamningum. Er þá málið ekki harla gott úr því að búið er að falla frá því að setja lög um vinnustaðarfélög og úr því að nú á að setja lög um vinnustaðarsamninga sem hafa viðgengist? Þeir hafa viðgengist hérlendis í áraraðir og til að þeir gangi upp verður að nást sátt um þá. Hingað til hefur hvert félag yfirleitt greitt atkvæði um vinnustaðarsamning þó það hafi gerst á síðasta ári að gerður var vinnustaðarsamningur í álverinu í Straumsvík þar sem atkvæði voru greidd sameiginlega, en um það, takið eftir, náðist samkomulag milli samningsaðila. Engan veginn er ljóst hvaða afleiðingar það hefur að lögbinda sameiginlega atkvæðagreiðslu, en talið er að lítil stéttarfélög taki ekki áhættu við að fara út í vinnustaðarsamninga og viðmælendur nefndarinnar fleiri en einn tóku þannig til orða að með þessari lögbindingu mundi ekki nokkurt einasta félag þora að gera vinnustaðarsamning með VR. Menn verða bara að horfast í augu við þetta. Stórt félag mun ráða niðurstöðu vinnustaðarsamnings ef það er ráðand afl innan hópsins, hóps félaganna sem er að gera vinnustaðarsamning.

Í 4. gr. er lögð til sú breyting að sé vinnustöðvun ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eingöngu eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað þurfi einungis fimmtungur atkvæðisbærra manna að taka þátt í atkvæðagreiðslunni í stað helmings áður. Þessar breytingar á hlutföllum eru gerðar eftir kröftuga gagnrýni, m.a. um að mjög ólík atkvæðaform séu búin að gera samningsferli ruglingslegt. Nokkrar tillögur voru búnar að koma fram í nefndinni frá meiri hlutanum til samræmingar eins og sagt var, en tóku breytingum í takt við umræður í nefndinni. Þó þarna sé talsverð tilslökun á skilyrðum frá upphaflegu frv. er það afstaða okkar, alveg eins og ég hef áður sagt og tek af öll tvímæli um, að við erum andvíg afskiptum löggjafans af því hvernig félög greiða atkvæði um vinnustöðvun og teljum að það eigi að vera á valdi félaganna að ákveða slíkt eða semja um það í frjálsum samningum. Ákvæði um að fresta boðaðri vinnustöðvun var óljóst og það var gert skýrara, en heimildin tekur ekki til yfirstandandi vinnustöðvunar hverju sinni heldur eingöngu til vinnustöðvunar sem ekki er hafin. Samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa vinnustöðvun samkvæmt frv. Þeim er jafnframt heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun einu sinni eða oftar um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, takið eftir, án samþykkis gagnaðila, enda sé það gert með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þarna er búið að breyta 14 sólarhringum í 28 og eins sólarhrings fyrirvara í þriggja sólarhringa fyrirvara.

Eins og fyrr segir er með frv. búið að gefa samninganefnd eða forsvarsmönnum samningsaðila mikið vald og þarna er komið nýtt ákvæði inn. Þess má geta að ASÍ telur að einmitt þetta ákvæði muni leiða til þess að verkfallsvopninu verði

fremur beitt en ella og að um slíkt muni verkalýðsfélögin aldrei semja nema því aðeins að kjarasamningar séu í burðarliðnum og við núverandi aðstæður væri verkfalli ævinlega frestað ef þannig stæði á.

Virðulegi forseti. Ég hef hug á því, með leyfi forseta, að vísa í athugasemd ASÍ einmitt varðandi þetta mál. En um þetta atriði segir að gert sé ráð fyrir að:

„... settar verði nýjar reglur sem gjörbreyta í raun eðli verkfallsheimilda almennu stéttarfélaganna. Í niðurlagsákvæði er lagt til að samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila sé jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun eins og ég hef þegar getið um. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að verkalýðsfélögin semji um það við atvinnurekendasamböndin ef ætlunin er að fresta verkfalli lengur en í 14 sólarhringa, nú 28 sólarhringa. Tillagan lýsir þvílíku þekkingarleysi á eðli samskipta á vinnumarkaði að undrun sætir. Um slíkt munu verkalýðsfélögin aldrei semja nema því aðeins að kjarasamningur sé í burðarliðnum og við núverandi aðstæður er verkfalli ævinlega frestað ef svo stendur á. Með þessu eru félögin einfaldlega neydd til að beita verkfallsvopninu fyrr en hugsanlega hefði orðið."

Virðulegi forseti. Til að taka af allan vafa er bætt við nýju ákvæði um að aðilum sé ávallt heimilt sameiginlega að fresta boðaðri eða yfirstandandi vinnustöðvun og það á við það sem þeir eru að gera sameiginlega.

Brtt. við 5. gr. frv. lýtur að því að fella brott tilvísun til fjöldauppsagna sem áður var að finna í frv. en þar sagði í síðasta málslið:

„Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Í umsögnum og af hálfu aðila sem komu á fund nefndarinnar var ítrekað bent á að í 5. gr. væri fjöldauppsögn líkt við vinnustöðvun, en gildar ástæður geta verið fyrir því að hópur starfsmanna ákveður að segja upp störfum. Ekki síst getur slíkt átt við varðandi sjómenn og hefur verið bent á að í lögum um hópuppsagnir er undanþáguákvæði varðandi sjómennina. Meiri hlutinn féllst á að breyta þessari grein, enda væri hægt að leiða rök að því að ákvæðið eins og það var í frv. bryti í bága við 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.

Með 6. gr. er verið að færa sérlög um sáttastörf í vinnudeilum inn í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur og felast í kaflanum 18 nýjar greinar. Nokkrar breytingar eru gerðar á upphaflegri tillögu í frv. Gert er ráð fyrir því samkvæmt lögum og samkvæmt frv. að ríkissáttasemjari sé skipaður til fjögurra ára. En í frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem gert er ráð fyrir breytingum á skipunartíma ýmissa opinberra starfsmanna og kveðið er á um fimm ára skipunartíma er lagt til að skipun ríkissáttasemjara sé til fimm ára. Í i-lið sem á við 28. gr. laganna er ákvæði sem gefur ríkissáttasemjara heimild til að leggja fram miðlunartillögu. Hann getur lagt fram eina eða fleiri tillögur í deildum félaga sem saman eiga í kjaradeilum og hann getur ákveðið sameiginlega atkvæðagreiðslu um slíka tillögu en áður en til þess kemur ber honum að hafa samráð við hlutaðeigandi samninganefndir. Haldið er fast við skilyrði frv. sem eru ný ákvæði og þau lúta að framangreindri 28. gr. laganna.

Ég vel það, virðulegi forseti, að gera grein fyrir þessum tillögum m.a. með eigin athugasemdum vegna þess að ég geri mér grein fyrir hvað það er flókið oft og tíðum fyrir þingmenn og aðra sem á hlýða að heyra nefndarálit meiri hluta og nefndarálit minni hluta án nokkurs samhengis um hvað þetta þýðir í raun. Þess vegna hef ég valið að fara efnislega í hverja einustu grein, gera grein fyrir því hvað tillögur meiri hlutans þýða og koma svo sjálf með þær athugasemdir sem ég tel brýnt að fram komi varðandi þessar greinar. Þetta vil ég gera vegna þess að ég tel það góð vinnubrögð í svo umdeildu máli.

En aftur til 28. gr. Þar er haldið fast við skilyrði sem eru þessi:

a. Að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun.

b. Að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist.

c. Að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli.

d. Að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar.

e. Að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Breytingar eru gerðar á þessari grein í samræmi við gagnrýni Lagastofnunar sem taldi að ákvæði e-liðar frv. bryti í bága við samþykkt ILO nr. 98, þ.e. ákvæði e-liðar um sameiginlega miðlunartillögu. Eftir breytinguna stendur regla núgildandi laga eftir um miðlunartillögur nema hvað kveðið er á um að þau skilyrði sem verða að vera til staðar til að sáttasemjari megi leggja slíka tillögu fram,

Þá er einnig lögð til breyting á 31. gr. Hún hljóðar svo í frv.:

Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða, og þá minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá, er mótatkvæði.

Þarna er aftur farið í það að láta mótatkvæðin verða ráðandi.

Í brtt. meiri hlutans felst að minnst fjórðungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá verða að vera mótatkvæði til að tillagan teljist felld í stað þriðjungs samkvæmt frv. Það eru í raun engin frekari rök bak við ákvörðun meiri hlutans um að nú skuli það vera fjórðungur í stað þriðjungs fremur en farin hefði verið sú leið að segja fimmtungur eins og í hinum breytingrtillögunum úr því að verið var að hverfa frá þessari óreglu með fjölda breytilegra atkvæðagreiðslna. Ég gerði sérstaka fyrirspurn um það hvort einhver sérstök rök væru að baki úr því að verið væri að gera þessa samræmingu. Svo er ekki. Það er bara úr þriðjungi í fjórðung. Hitt er komið niður í fimmtung.

Í þessum sama lið þar sem lagt er til hvaða reglur skuli gilda til að fella miðlunartillögu er gert ráð fyrir að meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði verði að vera á móti og að nei-atkvæði verði að vera fleiri en fjórðungur þeirra sem eru á atkvæðaskrá eða félagaskrá í stað þriðjungs áður. Í áliti Lagastofnunar segir um þennan lið eins og hann var í upphaflegu frv.:

„Sú atkvæðaregla, sem þarna er sett, er sérstök að því leyti að miðlunartillaga gildir nema þriðjungur atkvæðisbærra felli hana. Vikið er sem sagt frá einfaldri meirihlutareglu um samþykki. Þetta veldur því að mjög torvelt verður að fella

miðlunartillögu og er hætta á að það teljist ekki samrýmast rétti manna til frjálsra samninga samkvæmt alþjóðasáttmálum. Hliðstæð regla gildir í Danmörku þar sem að vísu er áskilið að 35% atkvæðisbærra manna þurfi að fella tillögu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 599/1971, um sáttastörf í vinnudeilum. Regla þessi hefur sætt nokkuð mikilli gagnrýni í Danmörku og hefur því m.a. verið haldið fram að samkvæmt henni sé nær ógerningur að fella miðlunartillögu."

Hver er þá munurinn á 33% og 25% út frá þeirri röksemdafærslu að meiri hlutinn eigi að ráða og virða skuli frjálsan samningsrétt? Hver er þá munurinn með tilliti til athugasemdar Lagastofnunar háskólans? Álit Lagastofnunar var um þriðjung og hver segir að það sé í lagi með fjórðung? Hvenær er í lagi að hverfa frá einföldum meiri hluta? Hvenær er í lagi að mótatkvæði fái þyngra vægi en meðatkvæði?

Í áliti meiri hluta félmn. er tekið fram að vegna athugasemdar frá Lagastofnun Háskóla Íslands hafi sérstaklega verið rætt um samúðarverkföll og þess vegna þykir rétt að fram komi að ekki sé verið að breyta neinu um skilning Félagsdóms sem lagður er til grundvallar nú um slík verkföll. Þetta eru meginatriði breytingartillagnanna og ótvírætt eru breytingartillögur þessar til bóta og ótvírætt að það var mikils virði að breytingartillögur sem áður komu fram í nefndinni voru dregnar til baka og nýjar breytingartillögur settar fram eftir umfjöllun. Þótt frv. hafi þannig skánað til muna stendur eftir með hvaða hætti það var lagt fram. Það stendur eftir að það er íhlutun í starfsemi stéttarfélaganna og það er eftir sem áður brotið í blað í 60 ára sögu góðra samskipta á vinnumarkaði með lagasetningu settri í blóra við vilja verkalýðsfélaganna.

Virðulegi forseti. Eftir að hafa farið yfir breytingartillögur meiri hlutans hef ég hug á að víkja nokkuð að athugasemdum þeirra aðila sem komu á fund nefndarinnar. Ég mun á engan hátt gera þeim athugasemdum tæmandi skil heldur miklu fremur stikla á ýmsu sem fram hefur komið sem mér finnst eiga erindi inn í þessa umræðu. Má þar nefna athugasemdir frá Vélstjórafélagi Íslands. Þeim finnst ákvæði um boðun vinnustöðvunar vera mjög slæmt ákvæði og það sé ekki til þess fallið að draga úr verkföllum. Þeir benda á að þeir séu með 2000 félaga og þeir hafi fjórum sinnum boðað vinnustöðvun. Þeir bera sig saman við kennarafélögin sem hafa verið með allt að árleg verkföll eins og þeir orða það, en þau ákvæði sem verið er að setja í lög með þessu frv. eru einmitt ákvæði úr opinbera geiranum sem ekki hafa reynst vel.

Það kom einnig fram hjá fulltrúum sem mættu á fund félmn. að menn mundu verða með heimild til verkfalls undir koddanum. Þeir bentu á að samninganefnd geti framselt samningsréttinn en það sé ekkert kveðið á um hvernig samninganefndir séu samsettar. Þeir benda á dæmi um að félag gæti verið með 30 kröfur, verið með verkfallsheimild. Þeir fá tvær kröfur sínar uppfylltar og nýta auðvitað heimildina sem þeir liggja með.

Það er bent á að samningar séu lausir um áramót. Þar með ætti að setja viðræðufundi á um miðjan nóvember miðað við gerð viðræðuáætlana og það mun ekki hvarfla að nokkrum manni að byrja samninga á undan ASÍ.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti minni hlutans er fjallað um félagafrelsið og ég hef hug á því að fara nokkrum orðum um 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um rétt til að stofna félög. „Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í 6. gr. segir um réttinn til að semja sameiginlega að aðilar skuldbindi sig til:

1. að stuðla að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og vinnuveitenda,

2. að stuðla að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda eða vinnuveitendafélaga og verkalýðsfélaga, þegar nauðsynlegt er eða við á, í þeim tilgangi að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum,

3. að stuðla að stofnun og notkun viðeigandi sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna, og viðurkenna

4. rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum, þegar hagsmunaárekstrar verða, þar á meðal verkfallsrétti, með þeim takmörkunum sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga.

Í samþykktum ILO nr. 87 segir að félög verkamanna skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur og vera algerlega óháð við að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Þar er tekið af skarið um að opinber stjórnvöld skuli forðast alla íhlutun er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans."

Virðulegi forseti. Í umræðum um þessa lagasetningu hefur mjög verið vísað til Danmerkur og til umræðu hérlendis um góð kjör í Danmörku. Þess vegna hljóti markmiðið að vera að setja lög samkvæmt þarlendum vinnubrögðum og bæta kjör á Íslandi. Hins vegar setur Alþýðusambandið fram harða gagnrýni á ýmislegt í frv. sem lýtur að svipuðum ákvæðum og gilda í Danmörku. Reyndar er það svo að í Danmörku eru bara lög um sáttasemjara, ekkert annað. En þau lög eru lög vinnumarkaðarins. Menn hafa leitað þar lausna án þess að löggjafinn hafi blandað sér í málin. Umræða í Danmörku er hins vegar á þann veg nú að atkvæðagreiðslur um miðlunartillögur þykja ólýðræðislegar og það er mikil óánægja þar með að 70% meðatkvæðaþátttöku þurfi til að fella.

Virðulegi forseti. Á sl. hausti var rætt um að færa hlutfall í 40% meðatkvæða, en danska alþýðusambandið gerði þá samþykkt á þingi sínu í október að einfaldur meiri hluti eigi að ráða og var ekki tilbúið til að fallast á breytingar. Hvers vegna treysti danska Alþýðusambandið sér til að standa gegn 40% gólfi sem samningsniðurstöðu? Það er vegna þess að á danska þinginu og í ríkisstjórninni er stuðningur við að einfaldur meiri hluti eigi að ríkja í slíkum atkvæðagreiðslum. Aftur og aftur hefur verið bent á að allt í Danmörku sé byggt á sátt, meira að segja lögin um sáttasemjara og þess vegna sé út í hött að álykta að lagasetning hérlendis geti haft sömu áhrif og þróaðar vinnureglur þar.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu viðhorfum mínum varðandi frv., breytingartillögur og vinnu félmn. við það frv. sem hér er til umræðu. Margt fleira liggur mér á hjarta svo sem eins og fara nánar í ýmsar alþjóðasamþykktir. Ég ætla ekki að gera það að sinni. Ég mun skoða það hvort ég mun koma að þessu máli síðar í umræðunni. En ég vil gera lokaorðin í nefndaráliti okkar að mínum lokaorðum en þau eru þessi:

„Samskipti stéttarfélaga og viðsemjenda þeirra eiga að ráðast í frjálsum samningum og án óþarfrar íhlutunar stjórnvalds. Þar er samráð og samvinna ásamt virðingu við réttindi og skyldur aðila besta leiðin til að tryggja frið, bætt kjör og

betri rekstur jafnt almennra fyrirtækja sem ríkisstofnana."

[14:44]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Það var unnið af miklum heilindum í félmn. að þessu máli, bæði stjórnarandstaða og stjórnarsinnar. Ég vil líka taka undir og undirstrika það sem kom fram að breytingartillögur voru margar og til bóta. Frv. skánaði til muna eins og hv. þm. sagði.

Í þessu sambandi má minna á furðulegar yfirlýsingar stéttarfélaganna sem birtast m.a. á baksíðu Morgunblaðsins 14. maí. Þar segir talsmaður ASÍ að ekki hafi verið komið á neinn hátt til móts við sjónarmið stéttarfélaga. Þetta er alrangt og það staðfesti hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir einmitt í sinni ræðu.

Mig langaði til að leiðrétta eitt atriði sem kom fram hjá hv. þm. Það er varðandi Lagastofnun Háskóla Íslands. Það er ekki rétt sem mér heyrðist hv. þm. segja að stjórnarandstaðan hafi beðið um þetta álit. Það er heldur ekki rétt sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir lét liggja að fyrr í umræðunni að stjórnarmeirihlutinn hefði beðið um þetta álit. Það er heldur ekki rétt. Hið sanna er að félmn. öll bað um þetta álit Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þetta var rætt í nefndinni og ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sömdum textann að beiðni til Lagasofnunar Háskóla Íslands og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir skrifaði undir það bréf sem fór til Lagastofnunar sem formaður félmn. Þetta var hvorki beiðni frá stjórnarandstöðu né stjórnarmeirihluta. Þetta var sameiginleg beiðni. Ég vil að það sé alveg skýrt.

[14:46]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór mjög ítarlega í gegnum þær greinar frv. sem tóku breytingum og það eru allar megingreinar frv. Ég fór ítarlega í gegnum brtt. meiri hlutans og ég gerði mjög vel grein fyrir hvernig tilurð breytinganna verður. Og ég tel að það hafi komið áþreifanlega fram að það var ekki verið að taka tillit til sjónarmiða verkalýðshreyfingarinnar þó ég kannski í vissu háði dræg það fram að meiri hlutinn notar eiginlega þá skýringu við eina brtt. í upphafi brtt. Þar sem fór saman, gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og áþreifanleg og skýr álit um að þarna væri annaðhvort brot á alþjóðasamþykktum eða jaðraði við það, var fremur vikið undan því. Í nokkrum tilfellum er búið að gera orðalagsbreytingar til þess að lagfæra texta því það hlýtur nú að vera viðurkennt af öllum að frv. var ekki gott eins og það lá fyrir. Það var hroðvirknislegt, illa unnið og félmn. er sannarlega öll búin að fara yfir það. Ég lagði það á mig að fara svo ítarlega yfir þessar greinar sem er óvanalegt af stjórnarandstæðingi einmitt til þess að efnið kæmi fram, ekki með einhverjum gífuryrðum af minni hálfu, heldur efnislega við umfjöllun. Í öðru lagi skiptir mig einu hver bað um álit Lagastofnunar, hitt er hins vegar staðreynd að í 1. umr. og áður en málinu var vísað til nefndar þá orðuðum við það saman, formaður félmn. og ég, að fyrstu viðbrögð okkar mundu verða að biðja um þetta álit. En ég sat ekki fund félmn. þar sem kallað var eftir því svo ég gekk út frá því að það væri að beiðni okkar stjórnarandstöðunnar sem það hefði komið fram.

[14:48]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hv. þm. sat ekki þennan fund. En það var nú einu sinni þannig að þetta var sameiginleg beiðni allrar nefndarinnar. Hér hafa stjórnarandstæðingar bæði haldið því fram að meiri hlutinn hafi beðið um þetta álit og svo að minni hlutinn hafi beðið um það. Við báðum sem sagt sameiginlega um álitið. Og það er vert að halda því til haga að það er búið að taka mjög mikið tillit til ábendinga stéttarfélaga og Lagastofnunar í brtt. m.a. varðandi vinnustaðarfélögin, þau eru felld út, þátttökuskilyrði eru lækkuð og það er búið að færa ákvæði um hvernig ríkissáttasemjari á að bera sig að við að færa fram miðlunartillögu í upprunalegt horf. Það er því búið að taka geysilega mikið tillit til sjónarmiða stéttarfélaga.

[14:49]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. staðfesti það sem ég var að gera athugasemdir við. Ég geri nú ekki mikið með það og klappa ekki saman höndum hér í ræðustól þó brtt. séu unnar út frá beinhörðum athugasemdum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Ég get hreinlega ekki ímyndað mér að ekki sé tillit tekið til slíkra athugasemda sé eftir þeim kallað. Við erum því sammála um það, ég og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, að það hafi verið hið besta mál að kalla eftir umsögn Lagastofnunar Íslands, enda hafi ekki verið vanþörf á.

[14:50]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti Alþingis vill geta þess að honum hefur verið afhent ályktun 38. þings Alþýðusambands Íslands um réttindamál launafólks. Í ályktuninni felst áskorun til alþingismanna að stöðva framgang frumvarpa ríkisstjórnarinnar svo ráðrúm gefist til þess að fullreyna hvort samkomulag náist milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur sín á milli.

[14:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum í dag ákaflega mikilvægt mál sem er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum. Þessi lög eru býsna gömul, tæplega 60 ára, og mjög margt hefur breyst á þeim tíma frá því að þau voru sett. Á undanförnum árum hefur farið fram vaxandi umræða um að það sé nauðsynlegt að huga að breytingum á þessari lagasetningu í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í okkar þjóðfélagi bæði í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og af eðlilegum ástæðum vegna þess að þjóðfélagið sjálft hefur verið að breytast. Þetta þarf í sjálfu sér engan að undra og þess vegna hygg ég að fáum hefði átt að koma það á óvart að niðurstaðan yrði sú á einum tíma eða öðrum og það fyrr en síðar að gerð yrði tilraun til þess að gera breytingar á þessum gömlu lögum sem þó hafa að flestu leyti reynst vel í tímans rás. Breyttir tímar einfaldlega krefjast þess að við endurskoðum þessa löggjöf eins og svo margar aðrar og auðvitað ekkert við því að segja í sjálfu sér. Menn eiga þess vegna ekki, finnst mér, að ræða þetta út frá þeim forsendum hvort að æskilegt sé að gera breytingar á vinnulöggjöfinni af hálfu Alþingis heldur fyrst og fremst að reyna að ræða þetta mál efnislega, fjalla efnislega um það sem í frv. stendur og þær tillögur sem uppi eru og komast þannig að einhverri niðurstöðu um þetta mál og takast þannig á um þetta mál pólitískt. Við getum

auðvitað rætt það endalaust hér í dag hvort fundirnir hefðu átt að vera 49 eða eitthvað aðeins fleiri en það, í stað 48. Við getum auðvitað rætt það alveg endalaust hvort haft hafi verið nægjanlegt samráð um þessi mál. En við munum örugglega aldrei komast að neinni niðurstöðu um það hvað sé nægilegt samráð.

Fyrsta spurningin sem við þurfum að spyrja okkur er einfaldlega þessi: Á að setja lög um samskipti aðila vinnumarkaðarins? Ef við svörum því játandi þurfum við næst að svara þeirri spurningu hversu langt eigi að ganga í þeirri lagasetningu, hversu ítarleg hún eigi að vera og til hvers hún eigi að taka. Ég svara fyrstu spurningunni hiklaust játandi. Það á að setja lög um samskiptareglur á vinnumarkaði vegna þess að hér er um að ræða mjög þýðingarmikinn þátt í okkar þjóðfélagi. Þar er mjög mikilvægum ráðum ráðið sem geta haft áhrif, ekki bara á lífskjörin í landinu, heldur á nánast allt í okkar þjóðlífi vegna þess að það er verið að takast á um gríðarlegar stærðir, þ.e. launaþáttinn í þjóðarframleiðslu eins lands. Þannig að mín niðurstaða er hiklaust sú að það eigi að setja slík lög og það eigi að reyna að hafa þau lög skýr þannig að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru nefndir, viti að hverju þeir ganga þegar þeir setjast að nauðsynlegum samningaviðræðum.

Stóra spurningin sem við hljótum hins vegar að reyna að svara er sú spurning sem oft hefur verið orðuð á síðustu dögum með misjafnlega skýrum hætti. Hún er þessi: Er lagasetningin þess eðlis að hún gangi á svig við hugmyndir okkar um félagafrelsi í landinu? Fyrri hlutinn af þessu máli er auðvitað spurningin um rétt manna til að stofna félög. Ég held að hvernig sem menn leita í því frv. sem hér liggur fyrir með brtt. frá meiri hluta félmn. sé ekki hægt að halda því fram að það sé verið að ganga á rétt manna til þess að stofna félög. Alls ekki. Í þeim efnum erum við einfaldlega að innsigla í meginatriðum þau skilyrði sem hafa ríkt í okkar þjóðfélagi á þessari öld og engar raunverulegar meginbreytingar verða þar á. Hin spurningin er sú hvort hægt sé að halda því fram að verið sé með þessari lagasetningu að troða á rétti félagsmanna verkalýðsfélaganna innan þeirra.

Í áliti títtnefndrar Lagastofnunar Háskóla Íslands er einmitt vikið að þessu á bls. 17 og 18 og rætt um þau mál, m.a. í samhengi við álit félagafrelsisnefndar ILO og samþykkta ILO þar sem m.a. er vikið að þeirri meginspurningu sem ég vakti hér máls á. Með leyfi virðulegs forseta, segir svo í áliti Lagastofnunar á bls. 18:

„Félagafrelsisnefnd ILO hefur lagt áherslu á að takmarkanir á þeim réttindum sem samtökum á vinnumarkaði séu tryggð í 3. gr. ILO 87 eigi einvörðungu að tryggja að lýðræði sé virt innan launþegahreyfingarinnar. Enn fremur" — og eftirfarandi er byggt á tilvitnun í kafla 425 í ritinu Freedom of Association — „hefur verið tekið fram að fallast megi á að sett séu lög í þeim tilgangi að styrkja meginreglur lýðræðis innan stéttarfélaga. Leynileg og bein kosning falli vissulega undir lýðræðislega stjórnarhætti og verði ekki gagnrýnd sem slík." — Og enn er vitnað í sama rit, kafla 339: „Félagafrelsisnefndin hefur þó talið of langt gengið þegar mælt er fyrir um skyldu félagasmanna til að taka þátt í atkvæðagreiðslum." Síðar segir, með leyfi virðulegs forseta, og er það niðurstaða Lagastofnunar:

„Samkvæmt þessu verður að telja að framangreindar breytingar á frumvarpinu" — þ.e. því frv. sem lá fyrir í upphaflegri mynd — „séu í lýðræðisátt og séu að því leyti í samræmi við ákvæði þeirra alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að." Hér er mjög skýrt talað. Hér er svarað þeirri meginspurningu sem hefur verið uppi dögum saman hvort verið sé að brjóta prinsippið um félagafrelsið í verkalýðshreyfingunni. Ég tel mjög þýðingarmikið að við ræðum þetta og komumst að niðurstöðu vegna þess að þetta eru grundvallaratriði. Þetta er það sem við þurfum að komast að niðurstöðu um, þetta er það sem við þurfum að vera nokkuð sátt um og sannfærð um áður en við göngum til atkvæða um þetta frv. Niðurstaða mín er því sú sama og niðurstaða Lagastofnunar að hér er ekki um að ræða brot á félagafrelsinu.

Í umræðum manna að undanförnu hefur verið vikið að þætti Lagastofnunar Háskóla Íslands í þessu máli. Og það hefur komið mér dálítið á óvart að einstaka þingmenn hafa talið sér það sæma að reyna að koma höggi á Lagastofnun og gera lítið úr hennar hlut á allan hátt. Ég vil þess vegna aðeins reyna að rekja þessi mál frá mínum sjónarhóli. Þegar félmn. settist niður við að fara yfir frv. var henni auðvitað á margan hátt vandi á höndum. Þetta er flókið mál, þetta er viðkvæmt mál, það snertir mjög marga þætti. Það er auðvitað ljóst að það er alls ekki sama hvert við leitum eftir upplýsingum. Niðurstaða nefndarinnar var þess vegna sú að reyna að leita mjög víða fanga, senda frv. nokkuð víða til umsagnar. Spurningin var hins vegar þessi: Hvar getum við leitað „sérfræðilegrar" ráðgjafar sem ekki, ef svo má segja, er hlaðin gildismati annars hvors aðila vinnumarkaðarins? Hvert getum leitað eftir einhverju sem við getum kallað hlutlægt sérfræðiálit? Auðvitað geta menn endalaust deilt um það. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leita til Lagastofnunar háskólans og fá þar álit eins og oft er gert. Vitaskuld er Lagastofnun Háskóla Íslands enginn dómstóll og enginn hæstiréttur. En það er fullkomlega eðlilegt að leita þangað. Þar er sérfræðiþekking samankomin undir nafni Háskóla Íslands.

Þetta er nú öll sagan á bak við málið. Ég tel að þetta hafi verið ákaflega eðlilegt og ég man ekki betur en það hafi komið reyndar á daginn þegar álit Lagastofnunar háskólans kom fram að hér í þingsölum hafi ýmsir fagnað því að álit Lagastofnunar væri staðfesting á tiltekinni gagnrýni sem hefði komið fram á frv.

Mér finnst, virðulegi forseti, ástæða til þess að vekja athygli á því að frv. hefur tekið umtalsverðum og ég vil segja á margan hátt grundvallarbreytingum í meðförum þingsins og í meðförum hv. félmn. Nefndin lagði sig mjög fram um það að leita eftir upplýsingum eins og fram hefur komið og hún lagði sig mjög fram um það að finna á þessu máli lausn sem talist gæti eðlileg og sanngjörn þannig að hún stæðist a.m.k. kröfur manna varðandi stjórnarskrána, varðandi alþjóðlegar skuldbindingar, alþjóðlega samninga o.s.frv. Auðvitað var niðurstaðan pólitísk í lokin. Það gefur auga leið. Hún var pólitísk í lokin. En engu að síður mega menn ekki horfa fram hjá því að það voru gerðar grundvallarbreytingar á þessu frv., miklar breytingar a.m.k. Við skulum ekki gleyma því að það reis einna hæst í gagnrýninni í upphafi málsins að það væri gert ráð fyrir því að menn gætu stofnað vinnustaðarfélög. Gagnrýnin sem kom fram á það mál var sú að það væri verið að vega að sjálfum rótum verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin væri byggð upp eins og menn þekktu og með því að ætla að heimila stofnun vinnustaðarfélaga væri verið að vega að grundvallaruppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar í landinu og það töldu ýmsir, ekki síst fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðusambandsins t.d., að væri kannski hvað veigamesti ágallinn á þessu frv. vegna þess að

hann fæli í sér aðför að uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar með réttu eða röngu. Niðurstaða félmn. var sú að fella burtu þennan kafla, þetta stóra gagnrýnisatriði.

Annað atriði sem mjög var líka gagnrýnt og mjög vísað til þess að verið væri að brjóta skuldbindandi alþjóðlega samninga, var spurningin um tengingarregluna. Tengingarreglan fer út úr frv. Í staðinn er sett inn ákvæði, gamall kunningi úr núgildandi lögum sem auðvitað gjörbreytir þessu máli. Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, rifja það upp vegna þess að mjög hefur verið rætt um Danmörku sem sérstakt fyrirmyndarland í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og vekja athygli á því að í frægri áfangaskýrslu félmrh. um samskiptareglur á vinnumarkaði, sem samin var og má kalla eins konar undanfara þessa frv., er einmitt vikið að hefðinni í Danmörku. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Í Danmörku er löng hefð fyrir því að tengja saman réttaráhrif viðræðuáætlunar og formlegra afskipta sáttasemjara. Með löggjöf er þar tryggt að sáttasemjari geti haft frumkvæði að því að allir þeir hópar sem tengst hafa kjaradeilum vegna endurnýjunar samninga taki sameiginlega afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem fæst í samningaviðræðum. Þannig hefur verið algengast að sáttasemjari leggi fram eina allsherjartillögu til lausnar öllum yfirstandandi kjaradeilum. Tillaga sáttasemjara byggir að jafnaði á höfuðlínum sem verða til í kjarasamningum en samningarnir eru felldir inn í tillöguna og skoðast hluti hennar. Eiginleg miðlun nær aðeins til þeirra hópa sem ekki hafa lokið samningum meðan á viðræðum stóð þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara. Tillaga sáttasemjara að heildarlausn kjaradeilna hefur því næst verið lögð fyrir alla sem hafa átt aðild að félögum sem að deilunni stóðu með sameiginlegri atkvæðagreiðslu."

Þetta er auðvitað fróðleg lesning um það hvernig þessum málum er fyrirkomið í Danmörku.

Þriðja atriðið sem líka var mjög mikið gagnrýnt í þessari umræðu var spurningin um mismunandi kerfi atkvæðagreiðslna. Því var haldið mjög stíft á lofti að það skapaði ákveðna óvissu þegar atkvæðagreiðslukerfið væri mismunandi frá einni ákvörðun til annarrar. Þannig væri eitt kerfi fyrir miðlunartillögu, annað fyrir verkfallsboðun, þriðja fyrir samþykkt samninga og mismunandi raunar fyrir verkfallsboðanir eftir því hvaða tegund verkfallsboðunar um væri að ræða. Félmn. tók líka undir þessa gagnrýni og breytti frv. í þessa veru, samræmdi þröskuldana svokölluðu og lækkaði þá og kom þannig fullkomlega til móts við þá gagnrýni sem hafði verið sett fram um það að þetta væri flókið og ruglingslegt kerfi. Það má auðvitað deila um það hvort þetta hafi verið sanngjörn gagnrýni. Engu að síður komu menn fullkomlega til móts við hana.

Fjórða gagnrýnisatriðið sem ég vil nefna og tekið var tillit til var spurningin um þröskulda, þ.e. kröfuna um tiltekna þátttöku í allsherjaratkvæðagreiðslu þegar ekki væri um að ræða póstatkvæðagreiðslu. Menn fundu að því að gerðar væru of miklar kröfur um þátttöku varðandi miðlunartillögu. Menn fundu að því að gerðar væru of miklar kröfur varðandi verkfallsboðunina. Menn fundu að því að gerðar væru of miklar kröfur varðandi samþykkt samninga. Í öllum þessum tilvikum var tekið tillit til þessarar gagnrýni. Þröskuldarnir voru lækkaðir og það umtalsvert. Krafan um verkfallsboðunina fól í sér um 50% þröskuld í upphafi eða 20% eftir því hvort um væri að ræða heilu hópana eða allsherjaratkvæðagreiðslu. Það var ákveðið í félmn. af meiri hlutanum að lækka þennan þröskuld niður í 20%. Sama var með samþykkt samninga og miðlunartillögu en þar var líka um að ræða lækkun úr 33% í 25%. Í öllum þessum tilvikum, virðulegi forseti, var því komið til móts við þessi sjónarmið og ég spyr: Finnst mönnum það óeðlilegt, við skulum segja í 100 manna verkalýðsfélagi, að gerð sé krafa um að 20 menn, að 20 einstaklingar, taki þátt í atkvæðagreiðslunni? Finnst mönnum óeðlileg krafa að ætlast til þess að 11 manns úr 100 manna félagi þurfi a.m.k. að bera ábyrgð á því þegar boðað er til verkfalls? Boðun verkfalls er grafalvarlegt mál eins og margoft hefur komið fram og það er alls ekki vilji verkalýðshreyfingarinnar að standa í verkföllum út af fyrir sig. Þess vegna hefði ég haldið það, virðulegi forseti, að það væri ekkert óeðlilegt og gæti tæplega talist slæmt í sjálfu sér að á bak við kröfuna um verkfall og á bak við samþykkt samninga og á bak við afstöðuna til miðlunartillögu lægi fyrir raunverulegur, skýr vilji hreyfingar fólksins. Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég held að menn verði líka að ræða um af fullkominni sanngirni og hafa í huga að síðan eru möguleikar á póstatkvæðagreiðslu.

Loks vil ég nefna viðræðuáætlunina sem sumir hafa talið sér henta að reyna að gera tortryggilega. Ég held hins vegar að eitt af því athyglisverðasta sem hefur komið fram í þessari umræðu og í þessu frv. sé hugsunin á bak við viðræðuáætlanir. Ég vek líka sérstaka athygli á því að í áfangaskýrslunni sem ég nefndi áðan, áfangaskýrslu starfshóps félmrh. um samskiptareglur á vinnumarkaði er vikið að þessu með mjög jákvæðum orðum á bls. 37. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Svo sem fyrr segir telur vinnuhópurinn það kappsmál að kjaraviðræður allra stétta og starfshópa fari að mestu fram samtímis bæði til þess að tryggja öllum aðild að viðræðum og stefnumótun og eins til þess að stuðla að því að kjaraviðræður einstakra hópa dragist ekki úr hömlu. Viðræðuáætlun sú sem áður er gerð að umtalsefni miðar að þessu og er þá gert ráð fyrir að áætlunin setji viðmið fyrir því hvenær samningum skuli lokið."

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Ég hef þegar reynt að fjalla um það sem mér finnst vera grundvallaratriði í þessu, þ.e. spurningunni um það hvort setja eigi lög um samskipti á vinnumarkaði svara ég játandi. Spurningunni um það hvort verið sé með þessari lagasetningu að ganga inn á og rjúfa og brjóta það félagafrelsi sem við viljum öll í heiðri hafa svara ég þannig að ég hef komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Og í þriðja lagi hef ég bent á að umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á frv. sem skipta máli. Ég tel að með þessari vinnu hafi verið gengið mjög til móts við gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og ég held að það sé rétt að menn hafi það í huga þegar þessi mál verða afgreidd.

[15:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Vestf. að frv. sem við erum með í höndunum hefur gjörbreyst frá því það var sett fram. Ég vil minna á og geta þess að það var lagt fram í upphaflegri mynd án athugasemda af hálfu nokkurs stjórnarþingsmanns þó nú sé það orðið óþekkjanlegt. Það er líka rétt að það er búið að draga úr frv. illvígustu eiturbroddana vegna mótmæla stjórnarandstöðunnar og vegna athugasemda allra stéttarfélaga í landinu um einstakar greinar frv. Eftir stendur að helmingastjórn íhalds og Framsóknar ætlar að keyra frv. í gegn með illu og efna til ófriðar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þessu til staðfestingar les ég,

með leyfi forseta, hluta af ályktun um réttindamál launafólks sem er þingskjal nr. 23 af ASÍ-þinginu sem nú stendur yfir. Hún er svohljóðandi:

„Ef ríkisstjórnarflokkarnir beita meiri hluta sínum á Alþingi með þeim hætti sem nú er fyrirhugað að hunsa sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar en styðja sjónarmið atvinnurekenda er ljóst að þeir valda miklu uppnámi í öllum samskiptum aðila á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin telur að með samþykkt frumvarpanna muni ríkisstjórnin koma í veg fyrir að efnahagsbatinn nýtist til að efla atvinnulífið, bæta kjörin og tryggja stöðugleika. 38. þing Alþýðusambands Íslands skorar því á alþingismenn að stöðva framgang frumvarpa ríkisstjórnarinnar svo ráðrúm gefist til þess að fullreyna hvort samkomulag náist milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur sín á milli."

Mér finnst með ólíkindum að hv. 1. þm. Vestf. skuli geta komið hér upp og sagt að frv. sé komið í ásættanlegt form. Ég trúi því ekki að menn skynji ekki og skilji ekki hvað verið er að gera með þessum vinnubrögðum, að keyra í gegn með illu frv. sem er í andstöðu við allan verkalýð í landinu.

[15:12]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá hefur það a.m.k. gerst að einn fulltrúi stjórnarandstöðunnar hefur viðurkennt að það hafi orðið verulegar breytingar á frv. og komið hafi verið til móts við athugasemdir verkalýðshreyfingarinnar. Ég hlustaði á einn þingmann fyrr í dag fyrst og fremst að reyna að halda því fram að þær athugasemdir sem hafa verið gerðar við frv. og þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. hafi allar lotið að því að gera breytingar í samræmi við vilja Lagastofnunar en lítið tillit tekið í raun til athugasemda verkalýðshreyfingarinnar nema í þeim tilvikum þar sem þessar athugasemdir hafa farið saman. Nú hins vegar liggur það þó alla vega fyrir að hv. þm. Gísli S. Einarsson hefur séð það sem öllum átti auðvitað að vera ljóst að það hafa verið gerðar efnislegar breytingar á frv. eins og eðlilegt er. Það er mjög eðlilegt þegar verið er að fjalla um stór og viðurhlutamikil og viðkvæm mál að þau taki breytingum í þinginu. Skárra væri það nú. Til hvers halda þingmenn að við séum hér? Er það ekki m.a. til þess að fara yfir mál og reyna að gera á þeim þær breytingar sem við teljum skynsamlegastar. Það er kjarni okkar þingræðislega kerfis. Ráðherrar gera sér ævinlega ljóst og þingflokkar stjórnarflokkanna að mál geta tekið breytingum í meðförum þingsins og þannig á auðvitað þingið að vinna af sjálfstæði og heiðarleika.

[15:14]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka fyrri orð mín um að náðst hefur fram fyrir atbeina stjórnarandstöðu og fyrir tilstuðlan verkalýðsfélaganna að draga verstu eiturbroddana úr frv. eins og það var, eins og það var samþykkt af ríkisstjórnarflokkunum er þeir lögðu það inn og ætluðu að keyra það í gegn helst á einni viku. Það er breytingin sem hefur orðið. Eftir stendur að þetta er gert án samráðs við verkalýðshreyfinguna og það er óþolandi að mál sem varðar kjör þjóðarinnar eins og þetta frv. gerir sé unnið á þennan hátt. Ég vil taka undir áskorun ASÍ-þingsins um að frv. verði dregið af borðum Alþingis og reynt að ná sáttum meðal aðila vinnumarkaðarins um hvernig með þessi mál verði farið.

[15:15]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að mér finnst þetta óskaplega sérkennilegur málflutningur. Það hefur legið fyrir og ég held komið fram í öllum fjölmiðlum að þetta þingmál hefur verið unnið í miklu samráði við verkalýðshreyfinguna. Það hefur verið sent verkalýðshreyfingunni til umsagnar og fengið eðlilega meðhöndlun og umfjöllun í félmn. Það hefur verið kallað eftir álitum manna, en auðvitað er það í lok dagsins þannig að þingið tekur sína lokaákvörðun, sína pólitísku ákvörðun. Það er auðvitað fráleitt og mótsagnarkennt að tala um það að við séum að keyra frv. í gegn með illu. Það er verið að takast á um þetta mál í þinginu með þeim hætti sem menn takast á um mál af þessu tagi, þar sem menn eru ósammála í ýmsum atriðum (**Gripið fram í:** Í krafti meiri hluta.) Og í krafti meiri hluta verður auðvitað niðurstaðan til. Það er einhvern veginn þannig sem þingræðið hefur virkað um aldaraðir, hv. þm. Ég veit ekki hvort það hefur ekki skilað sér alls staðar eða hvort félagsþroskinn er svo sérkennilegur í Alþfl. að menn skilja ekki að á endanum taka menn ákvörðun í krafti meiri hlutans. Ég fullyrði að í starfi félmn. Alþingis hefur þess verið gætt að hlýða á ýmis sjónarmið og þess sér stað í þeim breytingartillögum sem félmn. hefur þegar lagt fram og eru til umfjöllunar í dag.

[15:17]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eitt og annað sem fram kom í ræðu hv. þm. sem ástæða væri til að gera athugasemd við, en ég get ekki látið hjá líða að minna enn einu sinni á það sem fram kom varðandi atkvæðagreiðslur og þá þröskulda sem verið er að setja í lögin.

Ég get verið þingmanninum innilega sammála um að það væri gaman að sjá mikla og virka þátttöku í öllum verkalýðsfélögum landsins. Það væri mikið ánægjuefni. En það er félaganna sjálfra að ákveða hvernig þau fara með sín innri mál og það er kjarni þessa máls sem við erum að ræða að hér er um óeðlileg og óæskileg afskipti stjórnvalda af frjálsum félagasamtökum að ræða. Það er meginágreiningurinn í þessu máli. Hér eru stjórnvöld að skipta sér af félagasamtökum sem eru varin af stjórnarskrá, sem eru varin af erlendum sáttmálum og það er auðvitað okkar megingagnrýni að hér er verið að ganga mun lengra en þessir alþjóðasáttmálar leyfa. Þetta er kjarni málsins. Frjáls félagasamtök eiga sjálf að ákveða hvernig þau haga sínum innri málum.

Ég get heldur ekki látið hjá líða, hæstv. forseti, að ræða það sem hv. þm. nefndi áðan í andsvari um samráð. Ég get ekki kallað það samráð þegar verið er að vinna mál í hróplegri andstöðu við þá sem eiga að fylgja lögunum eftir. Þeir sem eiga að vinna samkvæmt þessum lögum eru algerlega á móti þessari lagasetningu. Þótt ýmislegt hafi verið tekið út úr upphaflegu frv. sem augljóslega braut í bága við alþjóðasáttmála er því miður margt eftir sem gerir það að verkum að þetta frv. er ekki hægt að samþykkja, enda er það innri íhlutun í málefni frjálsra félagasamtaka í landinu.

[15:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þyrfti eiginlega að flytja stuttan útdrátt úr fyrri hluta ræðu minnar til að svara þessu. Í fyrri hluta ræðu minnar rökstuddi ég að það væri efni til þess að setja lög um samskipti aðila vinnumarkaðarins. Ég svaraði

líka þeirri spurningu hvort við værum að ganga of langt í því með þessari lagasetningu og hvort verið væri að brjóta á prinsippinu um félagafrelsið.

Það sem ég hafði mér til leiðsagnar í þeim efnum var það sem menn hafa oftast verið að vitna í þegar þessi mál hafa verið rædd hér. Það eru samþykktir ILO og aðrar slíkar alþjóðlegar samþykktir og raunar sáttmálar þar sem það hefur átt við. Ég vakti athygli á því að í umfjöllun Lagastofnunar Háskóla Íslands er sérstaklega vikið að þessu atriði og hver afstaða ILO er til þess. Niðurstaða Lagastofnunar Háskóla Íslands er sú sem ég rakti áðan. Þar er sagt að ILO hafi lagt áherslu á að takmarkanir á þeim réttindum sem samtökum á vinnumarkaði séu tryggð í 3. gr. ILO 87 eigi einvörðungu að tryggja að lýðræði sé virt innan launþegahreyfingarinnar. Enn fremur hafi verið tekið fram að fallast megi á að sett séu lög í þeim tilgangi að styrkja meginreglur lýðræðis innan stéttarfélaga, leynileg og bein kosning falli vissulega undir lýðræðislega stjórnarþætti og verði ekki gagnrýnd sem slík. Félagafrelsisnefndin hafi þó talið of langt gengið þegar mælt er fyrir um skyldur félagsmanna til að taka þátt í atkvæðagreiðslu og síðan kemur niðurstaða Lagastofnunar: „Samkvæmt þessu verður að telja að framangreindar breytingar á frv. séu í lýðræðisátt og séu að því leyti í samræmi við ákvæði þeirra alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að."

Við getum auðvitað deilt endalaust um það á einhvern huglægan hátt hvernig við skilgreinum félagafrelsi. En er ekki hollt fyrir okkur, sem í öðru orðinu a.m.k. erum að vitna til alþjóðlegra samninga, sáttmála og skuldbindinga, að viðurkenna a.m.k. þá skilgreiningu sem ILO hefur uppi og vitnað er til í athugasemdum og yfirliti Lagastofnunar.

[15:21]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lagastofnun er að túlka alþjóðasáttmála og samþykktir og þar voru að verki tveir lögmenn eða þrír. Síðan koma aðrir lögmenn og túlka þessa sömu sáttmála og þessar sömu samþykktir á annan veg. Megingagnrýnin á túlkun Lagastofnunar lýtur að því að þeir túlki ætíð ríkisvaldinu í hag í stað þess að túlka verkalýðsfélögunum í hag eða vinnandi fólki sem er auðvitað það sem verið er að verja með lagasetningunni. Það er ekki verið að verja stjórnvöld. Það er ekki verið að tryggja rétt stjórnvalda. Þessar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ganga meira og minna út á það að tryggja mannréttindi, að tryggja það að verkalýðsfélög geti starfað í hinum ýmsu löndum.

Við höfum talið okkur vera í röð lýðræðisríkja og hér hafa verkalýðsfélög fengið að starfa með sæmilega frjálsum hætti. En það sem hér er að gerast er það að ríkisvaldið er að grípa inn í með lagasetningu gegn vilja annars aðilans. Og það eitt út af fyrir sig segir mér að hér er ekki um eðlileg vinnubrögð að ræða, enda sýna þau mótmæli sem okkur hafa borist það. En mergurinn málsins er þessi. Það er verið að túlka og menn túlka á mismunandi hátt. Það sem mér finnst gagnrýnivert í áliti Lagastofnunar er einmitt túlkun hennar á því sem hún kallar lýðræði, það sé lýðræðislegt að setja þröskulda í félögum þar sem menn hafa haft einfaldar samþykktir um vilja meiri hlutans. Þeir sem taka þátt, þeir sem eru virkir, það eru þeir sem ráða.

[15:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að það sem Lagastofnun hefur haldið fram frá eigin brjósti eru auðvitað hlutir sem menn geta deilt um. Það er sjálfsagt opið fyrir túlkun eins og flest það sem lögfræðingar setja frá sér um lögfræðileg álitaefni. Við vitum að lögfræðinga greinir oft á. Við í félmn. töldum að lögfræðingar þeirra stéttarfélaga sem eðlilegt væri að senda þessi mál til umsagnar væru á vissan hátt hlaðnir gildismati sinna umbjóðenda og því væri eðlilegt að reyna að kalla eftir áliti Lagastofnunar. Það gerðum við.

Ég skal viðurkenna að eðlilega er ýmislegt af því sem Lagastofnun segir þess eðlis að menn getur greint á um það. En tæplega vefengja menn þó að rétt sé frá sagt þegar verið er að vitna í álit Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO. Ég a.m.k. hef ekki orðið var við það hingað til að menn hafi haldið því fram að Lagastofnun hafi verið að rangtúlka eða segja rangt frá þegar hún er að rekja efnislega athugasemdir og niðurstöður ILO. Það var það sem ég var að segja áðan. Ég vitnaði til þess að samkvæmt tilvitnun Lagastofnunar Háskóla Íslands hefði þessi ágæta, alþjóðlega stofnun haldið því fram að fallast megi á að sett séu lög í þeim tilgangi að styrkja meginreglur lýðræðis innan stéttarfélaga. Leynileg og bein kosning falli vissulega undir lýðræðislega stjórnarhætti og verði ekki gagnrýnd sem slík. Mér finnst þessi setning vera ákaflega skýr.

[15:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mér liggur við að segja að ég sé furðu lostinn yfir því að hér virðist vera að hefjast umræða um þetta frv. sem er meira en hægt var að segja um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem nánast engin umræða fór fram í þingsölum. Menn einfaldlega gerðu sína skyldu. En það má þó hæstv. félmrh. eiga og það má hv. þm. Einar Guðfinnsson eiga að af þeirra hálfu hefur verið haldið fram málefnalegum rökum í þessu máli. Það hafa að vísu fallið nokkrir sleggjudómar og sumir allþungir og þá ekki síst af hálfu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem ræddi fyrr í dag um furðulegar yfirlýsingar verkalýðshreyfingarinnar um þetta frv. um stéttarfélög og vinnudeilur án þess að færa nánari rök fyrir sínu máli. En þetta vildi ég engu að síður segja í upphafi máls og tel það til góðs að málsvarar ríkisstjórnarinnar hafi uppi málflutning í þessu máli.

Fyrir rúmum klukkutíma var hæstv. félmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands afhent ályktun sem samþykkt hafði verið á 38. þingi Alþýðusambands Íslands. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkalýðshreyfingin ítrekar andstöðu sína við þau frumvörp ríkisstjórnarinnar um árásir á réttindi launafólks sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Sameinuð íslensk verkalýðshreyfing hefur varað stjórnvöld við þeim yfirgangi sem viðhafður er til þess að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin hefur einnig öll varað eindregið við þeim breytingum á réttarstöðu verkafólks og samtaka þeirra sem samþykkt frumvarpanna hefði í för með sér. Ef ríkisstjórnarflokkarnir beita meiri hluta sínum á Alþingi með þeim hætti sem nú er fyrirhugað og hunsa sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar en styðja sjónarmið atvinnurekenda er ljóst að þeir valda miklu uppnámi í öllum samskiptum aðila á vinnmarkaði. Verkalýðshreyfingin telur að með samþykkt

frumvarpanna muni ríkisstjórnin koma í veg fyrir að efnahagsbatinn nýtist til að efla atvinnulífið, bæta kjörin og tryggja stöðugleika.

38. þing Alþýðusambands Íslands skorar því á alþingismenn að stöðva framgang frumvarpa ríkisstjórnarinnar svo ráðrúm gefist til þess að fullreyna hvort samkomulag náist milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur sín á milli."

Svo mörg voru þau orð í þessari ályktun frá þingi Alþýðusambands Íslands.

Hæstv. félmrh. mun hafa ávarpað þingfulltrúa þegar þeir afhentu honum þessa ályktun og haft á orði að hann vildi að hann hefði menn með sér í þessu efni. En ef svo væri ekki, yrði bara að hafa það. Ég held að það „verði bara ekkert að hafa það" vegna þess að þessum ákvörðunum er hægt að breyta. Þessar ályktanir Alþýðusambands Íslands og ályktanir sem fram hafa komið frá hverju einasta verkalýðsfélagi á Íslandi, öllum heildarsamtökum launafólks á Íslandi, eru á sömu lund, þ.e. að frumvörpin og þar á meðal þetta frv. verði tekin út af borðum Alþingis og beint inn í farveg umræðu í sumar og freistað að ná fram samkomulagi um það sem þörf kann að vera á að breyta í lögunum.

Ég mun víkja að því síðar sem hv. þm. Einar Guðfinnsson vék að í sínu máli áðan um nauðsyn þess að gera breytingar á lögunum. Ég er honum hjartanlega sammála um það. Spurningin stendur um hitt, hvernig menn eigi að bera sig að við slíkar lagabreytingar. Um það stendur deilan.

Fyrst vil ég í fáeinum orðum víkja að því sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom inn á í sínu máli þegar hún mælti fyrir áliti meiri hluta félmn. við upphaf 2. umr. Þar sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir m.a., með leyfi forseta:

„Félmn. hefur fjallað ítarlega um málið á alls 15 fundum sem einungis voru um þetta frv. Nefndinni bárust um 300 umsagnir um málið, aðallega frá stéttarfélögunum og fékk hún á sinn fund upp undir 40 gesti, aðallega talsmenn stéttarfélaga, þ.e. samtaka aðila vinnumarkaðarins, sérfræðinga og hlutaðeigandi embættismenn til að fjalla um frv."

Þetta sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir m.a. í framsögu sinni um daginn. Hér kveður við gamalkunnan tón. Við þekkjum það úr 1. umr. þar sem helstu rök hæstv. félmrh. voru á þá lund að telja upp hversu margir fundir hefðu verið haldnir í undirbúningsnefndum um frv. En hvergi vikið að því hvað sagt hefði verið á þessum fundum eða hver niðurstaða manna hefði verið. Hér kveður við þennan sama tón. Það voru 300 umsagnir um málið og gestir voru 40. Hvað skyldu þessir gestir hafa sagt á þessum fundum? Og hvað skyldi hafa staðið í öllum þessum 300 umsögnum? (**Gripið fram í:** Það var farið yfir það á 30 klukkustundum.) Sem var farið yfir á 30 klukkustundum. Á 30 klukkustundum var farið yfir þessar 300 umsagnir (**MF:** Og tekið á móti gestum.) Og tekið á móti gestum þar að auki. Skyldi það hafa verið gert í kurteisisskyni? Skyldi það hafa verið gert til þess að hlusta á rök manna? Nei, þetta eru sem sagt rökin sem fram eru reidd af hálfu ríkisstjórnarinnar að telja upp hversu margir fundir hafi verið haldnir, hversu margar umsagnir hafi borist og síðan er okkur sagt og fullyrt af hálfu hv. þm. Einars Guðfinnssonar í hans ræðu áðan að ríkisstjórninni sé umhugað um að skapa hér lög sem geri mönnum kleift að lúta hreyfingu fólksins. Var það ekki hreyfing fólksins sem á að vera í fyrirrúmi? Hreyfing fólksins í þessum frumvörpum, við vitum hvert hún liggur. Hún liggur frá Garðastræti og upp í Stjórnarráð. Einu samtökin sem hafa mælt með þessum frumvörpum og þessu frv. sérstaklega eru samtök atvinnurekenda. Það er VSÍ og það er Vinnumálasambandið. Það er hreyfing þessa fólks sem menn vilja tryggja.

Þegar hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafði sagt okkur frá því í upphafi 2. umr. hversu margir fundir hefðu verið haldnir í félmn. og hversu margar umsagnir nefndinni hefðu borist, var vikið að réttlætingu nr. 2. Það er að sjálfsögðu hin margrómaða áfangaskýrsla. Við vitum allt um það hversu margir fundir lágu þar að baki líka. Okkur er sagt að skýrslan, sem samráðshópur félmrh. gerði og skilaði 22. nóvember 1995, væri grundvöllur þess lagafrv. sem hér er til umfjöllunar. Hver skyldi vera aðdragandi þessa máls? Aðdraganda málsins má rekja langt aftur í tímann. Hann má rekja til vilja manna innan verkalýðshreyfingarinnar, innan samtaka atvinnurekenda, innan stjórnmálanna um að taka samskiptareglur á vinnumarkaði til endurskoðunar.

Hinn 4. október árið 1994 ákvað þáv. félmrh. að skipa nefnd manna til að leggja drög að þessari vinnu. Í erindisbréfinu segir m.a., með leyfi forseta, um störf þessa hóps:

„Hann skal taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Leiði hún í ljós nauðsyn breytinga á íslenskri löggjöf í þessu sambandi skal hópurinn setja fram tillögur um það efni." Hópurinn skal setja fram tillögur, leiði niðurstaðan í ljós að þörf sé á slíku.

Það varð um það samkomulag í þessari nefnd í nóvembermánuði að senda áfangaskýrslu til umræðu í hlutaðeigandi samtökum, samtökum atvinnurekenda og samtökum launafólks. Um þetta var samstaða. Menn urðu sammála um það og hér tala ég af eigin reynslu vegna þess að ég sat þessa fundi og átti sæti í þessari nefnd. Menn voru sammála um að setja hugmyndir í skýrslu þannig að við gætum fengið umræðu um málið. Í lok skýrslunnar var reyndar tíundað rækilega hvað það væri sem ætti eftir að ræða miklu betur, hvaða hugmyndir þyrfti að útfæra nánar og þar fram eftir götunum. Að ekki sé minnst á að menn áttu eftir að fjalla um það hvort yfirleitt væri ástæða til að festa slíkt í lög eða með hvaða hætti ætti að ná þeim markmiðum sem menn vildu ná. Undir lok nóvembermánaðar er þessi skýrsla send til umfjöllunar í samtökum launafólks og hjá atvinnurekendum. Í herbúðum atvinnurekenda var mikil ánægja með skýrsluna og vilji til þess að festa í lög ýmsar hugmyndir sem þar voru settar á blað.

Hjá samtökum launafólks var annað upp á teningnum. Þar kom fram mjög hörð gagnrýni á ýmsa þætti. En meginagnrýnin, meginþunginn í gagnrýninni var á þá lund að það sem menn vildu færa til betri vegar, þau markmið sem menn settu sér að ná, ætti ekki að þvinga fram með lögum. Það ætti að reyna að leita leiða til þess að ná um þessi efni samkomulagi. Þannig er það t.d. með svokallaða viðræðuáætlun og tengingarreglu og þar fram eftir götunum að eitt af því sem menn höfðu vilja til að skoða var með hvaða hætti hægt væri að gera samningana markvissari og hvernig menn gætu þá tryggt að þeir kæmust að samningaborði. Þess vegna væri æskilegt að gera slíka viðræðuáætlun. Svo ég vitni í samþykktir frá þessum tíma, þ.e. í byrjun þessa árs, segir t.d. í samþykkt frá formönnum landssambanda innan ASÍ, með leyfi forseta:

„Formenn landssambanda innan ASÍ leggja eftirfarandi til: Að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér rammasamning um gerð áætlunar þar sem kveðið verði á um hvernig standa skuli að viðræðum um gerð kjarasamninga. Landssambönd innan ASÍ fari með málið að fengnu umboði aðildarfélaga

sinna. Eðlilegt er að starfsgreinasamtök atvinnurekenda komi fram fyrir þeirra hönd með fullt samningsumboð. Í slíkum rammasamningi verði settar reglur um verkföll þar sem kveðið yrði á um að þau megi ekki boða fyrr en viðræðuáætlun hefði verið gerð og kjarakröfur lagðar fyrir viðsemjendur og kynntar ríkissáttasemjara. Formenn landssambanda innan ASÍ munu enn fremur beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur innan samtakanna um boðun verkfalla og afgreiðslu kjarasamninga. Jafnframt er eðlilegt að samtök atvinnurekenda endurskoði reglur um hliðstæðar ákvarðanir innan sinna raða og geri þær skýrari og gegnsærri." Þetta var 9. febrúar. En í byrjun mánaðarins, 2. febr., hafði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ályktað og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Margt jákvætt er að finna í skýrslunni" — hér er vísað til áfangaskýrslunnar — „einkum það sem varðar markvissari vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Þannig er æskilegt að hefja viðræður um kjarasamninga áður en gildandi samningar renna út og stuðla að skipulagðari vinnubrögðum. BSRB er þannig meðmælt því að tekin verði upp viðræðuáætlun um gerð kjarasamninga og hvetur til þess að strax 1. september í ár, fjórum mánuðum áður en kjarasamningar renna út, verði gengið til viðræðna um hana."

Þetta eru menn að álykta. Þetta er það sem menn vilja gera, en af fúsum og frjálsum vilja. Síðan segir, með leyfi forseta: „Enda þótt BSRB sé tilbúið til áframhaldandi viðræðna um bætt vinnubrögð og leikreglur við gerð kjarasamninga leggst bandalagið alfarið gegn því að áfangaskýrsla þessi verði gerð að uppistöðu í lagafrumvarpi. Standi hugur manna til víðtæks samflots við samninga verður það að gerast af fúsum og frjálsum vilja." Því er hafnað að þessi markmið sem menn eru þarna að vinna að verði sett í lög. Og reyndar er það svo að þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið núna á lögunum, eru ýmis óljós álitamál hvað snertir þessa viðræðuáætlun og tengingarreglur.

Nú hefur kaflinn um tengingarreglurnar verið endurskoðaður. Engu að síður erum við enn inni með lögþvingaða viðræðuáætlun. Þá vaknar sú spurning hvert vald sáttasemjara er til að láta sáttatillögu ganga yfir vinnumarkaðinn. Í lögunum segir að hann geti gert það svo fremi sem félög eigi í deilum. Um hvað er deilt? Hefur það verið skoðað? Ég velti því fyrir mér hvort þær breytingar sem þarna hafa verið gerðar séu eins víðtækar og menn vilja vera láta. Alla vega eru þarna uppi ýmis álitamál þannig að það sem þarna kemur fram er að stærstu samtök á vinnumarkaði, Alþýðusamband Íslands og BSRB, eru að lýsa í ályktunum yfir því að þau vilji leita leiða til að gera kjarasamninga markvissari með viðræðuáætlun og leita leiða til að gera vinnubrögðin betri, en af fúsum og frjálsum vilja. Það er grundvallarmunur á þessu og því að keyra hlutina fram með lögþvingun. Ég veit ekki hvernig mun ganga þegar ríkissáttasemjari fer að knýja menn með lagasvipuna á lofti inn í viðræðuáætlun í haust. Ég fullyrði það að starf af því tagi gengur miklu betur þegar menn ganga óþvingaðir til slíkra verka vegna þess að þeir vilji gera það.

Eitt af því sem stóð út af í þessum umræðum sem fram fóru hjá hópnum sem starfaði á vegum félmrn. voru vinnustaðarsamningar. Eins og hv. þm. Einar Guðfinnsson vék að í sínu máli var þetta eitt af þeim atriðum sem mætti einna mestri gagnrýni frá verkalýðshreyfingunni. Það er mjög skiljanlegt vegna þess að þarna er verið að takast á um skipulagsform og grundvöll verkalýðshreyfingarinnar. Hitt er annað mál að í þessari nefnd komu einnig fram önnur sjónarmið. Það var t.d. bent á það sjónarmið sem síðar kom fram í álitsgerð BSRB um frv. þar sem segir m.a., nákvæmlega um þetta efni, með leyfi forseta. (**KÁ:** Vinnustaðarfélög.) Um vinnustaðarfélög og vinnustaðarsamninga. (**KÁ:** Það er tvennt ólíkt.) Það þarf ekki að vera tvennt ólíkt. Um vinnustaðarfélög og vinnustaðarsamninga. Þetta var hlutur sem var ræddur í þessari nefnd.

„Sú tillaga að starfsmönnum fyrirtækis sé veitt heimild til að stofna stéttarfélag hefur sætt gagnrýni. Hjá opinberum starfsmönnum eru hins vegar víða félög skipulögð á stofnanagrundvelli og er nauðsynlegt að tryggja að lýðræðislegur vilji starfsmanna sé virtur gangi hann í þá átt að viðhalda óbreyttri félagsskipan þegar stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkis og sveitarfélaga er formbreytt, t.d. með því að gera þau að hlutafélögum."

Þetta segir m.a. í álitsgerð BSRB og við vitum að þetta er eitt af þeim atriðum sem hefur verið mjög umdeilt. Þegar Strætisvagnar Reykjavíkur t.d. voru gerðir að hlutafélagi á sínum tíma risu miklar deilur um þetta atriði sem enduðu fyrir Félagsdómi. Þar stóð vilji starfsmannanna til þess að viðhalda vinnustaðarfélagi. Það stangaðist síðan á við lög um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem kveðið er á um starfsgreinafélög. Þannig að þar var verið að hlutast til um innra skipulag verkalýðsfélags. Ég segi þetta líka að gefnu tilefni þar sem hv. þm. Einar Guðfinnsson taldi að nú væru menn lausir allra mála í þeim efnum. Það er aldeilis ekki. En þetta segir okkur eitt. Þetta segir okkur einmitt það að maður vinnur ekki svona að lagabreytingum um þetta efni. Maður gerir það ekki. Það væri hægur vandinn fyrir þá sem eru á þessari skoðun að segja: „Er ekki best að afnema öll lög? Er ekki bara best að láta fólk um það sjálft hvað það gerir? Er það ekki hið algera frelsi?" Það er sjónarmið sem hefur heyrst, vissulega. En svo grunnhyggnir eru menn vonandi ekki. Vegna þess að það er ekki hægt að horfa fram hjá því hvar það er sem valdið liggur. Valdið liggur hjá þeim sem eiga peninga og fyrirtæki og geta sett þeim sem þeir ráða til vinnu stólinn fyrir dyrnar ef þeim svo líkar.

Ég hef vikið að því áður í mínu máli um þessi stéttarfélagsmál að það hefur færst í vöxt í þeim ríkjum þar sem vinnulöggjöf hefur verið breytt eða hún veikt, að atvinnurekendur, t.d. með neikvæðu félagafrelsi svokölluðu, hafa sagt sem svo: „Ég skal ráða þig í vinnu að því tilskildu að þú standir utan félags, að þú sért ekki í verkalýðsfélagi." Og hið sama mundi að sjálfsögðu geta gilt um litla vinnustaðarfélagið þar sem kæmi fram skipun hjá vinnuveitandanum um að ganga út úr hinu öfluga stóra verkalýðsfélagi og stofna lítið félag sem væri tannlaust og hefði engin áhrif. Ég er að segja þetta til að sýna fram á að afnám alls lagaramma að þessu leyti getur líka verið varasamt og snúist upp í andhverfu sína. Það sem við leggjum upp með til að tryggja frelsi einstaklinganna getur orðið til þess að veikja undirstöður frelsisins. Þess vegna höfum við sagt að við skyldum reyna að ná samkomulagi um þessi efni og í þessari margrómuðu nefnd var þetta eitt af þeim málum sem við vorum að reyna að ná samkomulagi um. Við ætluðum ekkert að flýta okkur óskaplega mikið; við ætluðum að vinna eins og við gætum en ætluðum að reyna að ná samkomulagi. Það er ekki auðveldur hlutur en það er hægt að sjálfsögðu. Þetta er ekkert annað en skipulag og auðvitað geta menn komist að samkomulagi um skipulag en þá verða menn líka að reyna það. Þess vegna segi ég að þegar menn eru að telja upp allar þessar 300 eða 400

ályktanir og alla þessa 50, 100 fundi, að það er búið að búa til andrúmsloft fyrir umræðu sem er svo bæld að opinská, lýðræðisleg, vitiborin umræða getur ekki farið fram. Og þess vegna er það rangt sem hæstv. félmrh. segir: „Það verður bara að hafa það.“ Hann segir: „Það verður bara að hafa það ef verkalýðshreyfingin er á móti mér.“ Nei, það verður ekkert bara að hafa það vegna þess að þessu er hægt að breyta. Það er hægt að taka þetta út af borðinu og setja þetta inn í annan farveg þar sem málin eru rædd af skynsemi og velvilja. Þar sem við reynum í sameiningu að ná samkomulagi um það fyrirkomulag sem best er og tryggir réttindi launafólks sem ég vona að við séum öll að reyna að gera. Að vísu leyfi ég mér að efast um góðan vilja Vinnuveitendasambandsins í því efni. Ég held að þeir ágætu menn séu nefnilega komnir út á afar hálan ís. Það þarf ekki annað en að lesa ályktanir þeirra sem hafa gengið út á það t.d. að nú kunni að vera kominn sá tími að fyrirtækin semji við einstaklinginn milliliðalaust án milligöngu verkalýðsfélagsins. Þeir álykta líka í byrjun árs um að nú sé kominn tími til að tryggja fyrirtækjum sams konar vinnulöggjöf og tíðkast á erlendri grundu. Það er ekki til þess að auka áhrif verkafólksins heldur þvert á móti til að draga úr þeim áhrifum. Hins vegar, og það er það sorglega við þetta allt saman, held ég að það hafi aldrei vakað fyrir hæstv. félmrh. Það held ég ekki. Ég held að þetta mál sé á góðri leið með að komast inn í mjög slæmt öngstræti sem þarf að komast út úr og ég held að það verði gert á þann veg einan að taka málið núna úr umferð, taka það upp úr þessum farvegi sem það er í núna og setja það inn í viðræðuferlið.

Hver er líkleg þróun á næstu árum? Ég segi þetta með tilliti til þess sem ég var að segja um vinnustaðarformið og stofnanasamninga eins og tíðkast hjá meginþorra opinberra starfsmanna. Það er ekkert einhlítt. Þar eru líka starfsgreinafélög. Í BHMR t.d. Að uppistöðu til er BHMR starfsgreinasamtök. Innan BSRB eru starfsgreinasamtök einnig. En þar er líka hið blandaða form. En hver er líkleg þróun í þessum efnum á komandi árum? Það var mat þessarar nefndar sem menn hafa vitnað til fyrst og fremst til að segja hversu marga fundi hún hefur setið, að framtíðin feli í sér að lög og reglur sem gilda um kjarasamninga í landinu komi til með að verða samræmdar þegar fram líða stundir. Ég er sannfærður um það sjálfur að það mun gilda um réttindamálin almennt líka. Þar verður um samræmingu að ræða. Það er enginn innan verkalýðshreyfingarinnar andvígur þeirri þróun. Menn hafa hins vegar verið að berjast í því að standa vaktina til að tryggja að sú samræming verði upp á við en ekki niður á við. Út á það hefur baráttan gengið fyrst og fremst. En ég er sannfærður um að þróunin á næstu árum verður í þá átt, hún er í þá átt núna og hefur verið, að réttindakerfin og vinnulöggjöfin muni verða samræmd. Þetta verður samræmt. Það á að samræma hana upp á við en ekki niður á við en þetta verður samræmt smám saman held ég. Ég spái því að þess sé skammt að bíða að menn taki lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna líka til endurskoðunar með það fyrir augum. Ég held það. Þá verðum við að skoða hvernig þessi lög koma til með að hafa áhrif á það fyrirkomulag sem þar er við lýði, t.d. með tilliti til stofnanafyrirkomulagsins. Sú umræða kostar og kallar á miklu ítarlegri umfjöllun og viðræður. Þetta er ein röksemdin í viðbót til að sýna fram á hversu vafasamt er að fara svona fram. Þó ég sé að lýsa þessum sjónarmiðum þá hef ég fyrst og fremst viljað varðveita rétt launafólks til að skipuleggja félagslega réttindabaráttu. Þess vegna hef ég viljað fara mjög varlega í sakirnar þegar þessi löggjöf er opnuð þannig að hún verði ekki opnuð á forsendum atvinnurekendavaldsins líka hvað þetta snertir. Þess vegna hefur okkur auðnast innan samtaka launafólks að ná mjög traustri samstöðu um þessi efni. Þó sjónarmið séu ólík um ýmis skipulagsform og áherslupætti þá eru menn algerlega á einum báti hvað þetta snertir og tala einum rómi hvað þetta snertir.

Víkjum aðeins að atriðum sem fram komu í máli hæstv. félmrh. þegar hann ræddi þessi mál í upphafi 2. umr. Hann fjallaði þar m.a. um markmið með þessari lagabreytingu. Hann talaði þar um valkosti sem menn hefðu í þessum efnum. Menn stæðu frammi fyrir tveimur valkostum. Annars vegar væri sá kostur að knýja fram lög á þennan hátt. Hinn valkosturinn væri bráðabirgðalög, og spurðu menn hvernig það gæti komið heim og saman við yfirlýsingar sama hæstv. ráðherra um að nú væri kominn tími til að hækka kaupið hjá almennu taxtavinnufólki? Þær eru til umhugsunar þessar yfirlýsingar hæstv. félmrh. frá fyrri umræðu um þessi mál. Hæstv. félmrh. sagði líka annað. Hann sagðist vilja draga úr kjaramisrétti og launamun. Ég efast ekkert um að hann vilji gera það. En ég efast um að hann sé að beita réttu ráðunum til að ná fram þessum markmiðum. Og ég geri meira en að efast um það. Ég fullyrði að þær aðferðir sem ríkisstjórnin er núna að beita í umsköpun réttindakerfisins og samningakerfis hjá hinu opinbera og síðan með þessum lögum. Ég fullyrði að þetta verði til að auka þennan launamun.

Hæstv. fjmrh. hefur talað í sömu veru og haft uppi sömu röksemdir. Hann er að knýja fram í gegnum þingið lög sem heimila forstjóra ríkisfyrirtækis að greiða starfsmönnum að eigin geðþótta. Núna getur útvarpsstjóri þess vegna, eða framkvæmdastjórar útvarps og sjónvarps svo dæmi sé tekið, ákveðið upp á sitt eindæmi eftir 1. júlí að greiða tilteknum starfsmönnum eigum við að segja 50–70 þús. kr. hærri laun en hinum? Hvers vegna? Vegna þess að þeim finnst þeir betri. Og þegar skattgreiðandinn spyr: Já, en ertu ekki að mismuna fólki? Þá svara þeir: Nei. Ríkisstjórn Páls Péturssonar og Friðriks Sophussonar hefur sett í lög ákvæði sem skyldar mig til að gera þetta. En hæstv. fjmrh. segist ætla að koma í veg fyrir alla mismunun sem kunni að hljótast af þessu með því að setja reglur. Hann ætlar að setja reglur. Við höfum aldrei fengið að sjá þær reglur og vitum að þær koma ekki og verða ekki afgerandi einfaldlega vegna þess að leikurinn er til þess gerður að láta markaðslögmálin leika frjáls um launakerfið. En hafa menn leitt hugann að því að þessar reglur sem hæstv. fjmrh. ætlar að setja hafa gengið undir öðru vinnuheiti fram til þessa. Hvað skyldi það vinnuheiti hafa verið? Samningar. Það eru kjarasamningar. Það er verið að afnema kjarasamninga. Það á að setja kjarasamninga eins og hverjar aðrar reglur. Það er með slíkum ólíkindum að ein ríkisstjórn skuli láta sér koma til hugar á Íslandi árið 1996 að ganga svo langt aftur í tímann í átt til forstjóraveldis og mismununar eins og þessi lagasetning ber vott um. Það er með ólíkindum. Trúir hæstv. félmrh. því virkilega að þessar breytingar komi til með að draga úr launamun? En ég ætla heldur ekki að snúa út úr fyrir hæstv. félmrh. vegna þess að hann átti ekki við lögin um réttindi og skyldur þegar hann vék að þessu, heldur þann lagabálk sem hann er ábyrgur fyrir.

Ég held að það sem hefur vakað fyrir hæstv. félmrh. sé að finna leið til að hemja hinn óstýriláta hátekjuhóp, keyra hann á einhvern hátt inn í eitthvert lögþvingað samflot. Það held ég að hafi verið hugsunin. Þannig að hinn óstýriláti há-

tekjuhópur komi ekki á eftir láglaunamönnum og taki meira til sín. En nú er tvennt að gerast. Bæði er þessi tengingaregla úr sögunni og einnig á hitt að líta að lögþvingun af þessu tagi til að tryggja kjarajöfnuð í þjóðfélaginu gengur að mínum dómi ekki upp. Við þekkjum öll dæmi þess úr sögunni fyrr og síðar að mikilvægir lykilhópar fá illilega í magann eða veikjast á sama tíma. Mér finnst það ekki sniðug aðferð til kjarabaráttu, alls ekki. En þetta segir okkur eitt. Þetta segir okkur að það verður að vera sátt um þær reglur sem við setjum. Menn verða að ganga til leiks og til viðræðna af fúsum og frjálsum vilja. Annars leita menn annarra leiða. Það hefur sýnt sig t.d. að mjög ströng löggjöf sem hefur verið við lýði hjá opinberum starfsmönnum varðandi boðun verkfalla, mjög ströng ósveigjanleg löggjöf, hefur leitt til þess að hópar hafa farið aðrar leiðir, uppsangir og þar fram eftir götunum. Þess vegna skiptir öllu máli hvernig staðið er að þessari reglusmíði.

Hv. þm. Einar Guðfinnsson, í annars ágætri og málefnalegri ræðu sem ég var þó mjög ósammála, vék að því að félmn. hefði fengið prófessora og óvilhalla menn til að koma að málum, til að skoða þessi mál. En ég vil fullyrða að þetta snýst fyrst og fremst um gildismat, um afstöðu, um vilja, um samkomulag, um lýðræði. Það er alveg sama hversu margir fundir eru haldnir, hvort sem það er í undirbúningsnefnd undir áfangaskýrslu eða í félmn. Ef vilji er ekki fyrir hendi hjá þeim aðilum sem lögin eiga að taka til að sætta sig við þau sem samskiptareglur á vinnumarkaði, eru þau harla lítils virði. Staðreyndin er sú að við höfum um nokkurt skeið í íslensku þjóðfélagi haft, mér liggur við að segja, óskráðan sáttmála um þessi samskipti á vinnumarkaði. Sáttmála sem byggir á því að viðurkenna samkeppnisþjóðfélag þar sem menn standa ekki jafnir að vígi. Annars vegar erum við með eigendur fyrirtækja og fjármagns og hins vegar launamenn sem hafa reynt að vega upp þetta ójafnvægi sem þeirra eignastaða hefur í för með sér með því að mynda með sér samtök. Hinn óskráði sáttmáli byggist á því að þarna ríki gagnkvæm virðing á milli, styrkleikahlutföllum sé ekki raskað, að það sé jafnræði með mönnum. Og það sem er að gerast með þessum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar er að það er verið að rifta þessum sáttmála, segja honum upp. Þess vegna er ömurlegt þegar talsmenn ríkisstjórnarinnar koma fram og spyrja: Já, en erum við ekki búnir að breyta svo miklu? Skilja menninrnir ekki að þessi umræða hefur ekki farið fram? Það er búið að búa til andrúm bældrar ómálefnalegrar umræðu. Það er mergurinn málsins, alveg sama hvað menn fá marga lagaprófessora til að líta yfir plaggið. Alveg sama hvað þeir koma oft til fundar og alveg sama hvað þessi áfanganefnd sagði. Það sem máli skiptir er þetta: Verkalýðshreyfingin, hvert einasta verkalýðsfélag í landinu, öll samtök launafólks, nú síðast þing Alþýðusambands Íslands, er að óska eftir því við ríkisstjórnina að fram fari viðræður og umræður um þetta mál. Ekki bæld, ómálefnaleg og einhliða umræða eins og hér er boðið upp á, heldur alvöruviðræður. Að ríkisstjórnin virði þann sáttmála, þann óskráða samskiptasáttmála sem hefur verið við lýði í landinu í langan tíma og nú er verið að rifta. Það er mergurinn málsins. Þetta snýst ekki bara um það hvort þröskuldarnir eru 10 sm hærri eða lægri. Að sjálfsögðu skiptir það máli, en það er ekki mergurinn málsins. Ég hef t.d. verið að benda á atriði í löggjöf um réttindi og skyldur sem er mjög brýnt að taka á og skoða. En þau fá enga málefnalega umfjöllun vegna þess að ríkisstjórnin hefur kosið að keyra þetta inn í öngstræti.

Síðan hlýtur maður að spyrja sig þeirrar spurningar hvað það er sem raunverulega vakir fyrir ríkisstjórninni með því að fá þetta fram. Getur það verið að menn komist ekki frá þessu máli? Að menn telji sig vera búna að keyra það inn í þann farveg sem þeir ná því ekki upp úr? Ég verð að segja fyrir mitt leyti að menn eru menn að meiri ef þeir breyta um skoðun og ef þeir hlusta á almannavilja. Mér finnst það styrkleikamerki að geta tekið rökum og farið að óskum verkalýðssamtakanna þegar þær eru allar svo eindregið á einn veg. Þess vegna spyr maður sjálfan sig og við hljótum að óska eftir svari við þeirri spurningu: Hvað er það nákvæmlega sem knýr á um það að þessi lög verði samþykkt núna? Hvað er það nákvæmlega? Telja menn sig vera að tryggja markvissari kjarasamninga núna í haust? Það held ég að engum heilvita manni geti dottið í hug. Það er augljóst að það er verið að skapa hér upplausnarástand. Telja menn sig vera að koma í veg fyrir verkföll með þessu móti? Það getur varla verið að nokkur maður láti sér koma til hugar að svo geti verið. Og þegar öllu er á botninn hvolft, hvar er það sem verkföll hafa orðið núna á liðnum árum? Hvar skyldi það vera? Skyldi það hafa verið hjá hundraðmannafélaginu hans Einars Guðfinnssonar, hv. þm., þar sem hann vildi tryggja lýðræðið?

Tíðust hafa verkföllin verið á liðnum árum hjá hinu opinbera. Það hafa verið sjómannaverkföll, öflug og kraftmikil sjómannaverkföll. Ég veit ekki hvort menn telja að þeir geti með þessum lögum dregið tennurnar úr sjómönnum, þ.e. með því að gera þeim erfiðara að taka ákvarðanir um verkföll. Tíðust hafa verkföllin verið í opinbera geiranum þar sem reglur hafa verið mjög stífar og strangar. Þess vegna hljótum við núna að bíða þess í ofvæni að heyra röksemdir ríkisstjórnarinnar. Röksemdirnar hafa verið á þá lund að það eigi að draga úr launamun með þessum lögum. Ég er búinn að færa rök fyrir því að þær breytingar sem verið er að gera eru líklega til að auka launamun. Það er talað um að það eigi að gera vinnubrögðin við kjarasamningana markvissari. Öll rök ganga í gagnstæða átt. Þessi vinnubrögð leiða til ómarkvissari kjarasamninga, það verður erfiðara að ganga til kjarasamninga eftir að þessi lög hafa öðlast gildi í andstöðu við launafólk.

Hvað er það sem knýr hæstv. félmrh. til þess að keyra þessa lagasetningu í gegnum þingið? Við þurfum að fá að heyra þau rök því að það er hæstv. félmrh. og það er ríkisstjórnin sem er að breyta lögunum. Og sönnunarbyrðin hlýtur að sjálfsögðu að hvíla á ríkisstjórninni, þeim aðila sem vill breyta lögunum. Ég lýsi því enn og aftur yfir að öllum þessum lagabálkum þarf að breyta. Það hefur enginn, ekki nokkur einasti maður andæft því. Enginn. Um það er mjög víðtæk sátt og víðtæk skoðun í hreyfingu launafólks að þetta séu lög sem þurfi að taka á og breyta. En ekki með þessum hætti. Við þurfum því að heyra röksemdir hæstv. félmrh. sem hefur sýnt þinginu þá virðingu að vilja ræða þessi mál, eins og augljóst er að honum ber að gera, en verkalýðshreyfingunni þá vanvirðu að virða hennar sjónarmið að vettugi. Og þegar fulltrúar á alþýðusambandsþingi koma og afhenda ríkisstjórninni ályktun sem gengur í þá átt að þessi lög verði tekin út af borðinu er svarið: Ég vildi að ég væri með ykkur. Ef ekki, verður bara að hafa það.

Telur hæstv. félmrh. að hann sé að stuðla að markvissari vinnubrögðum við næstu kjarasamninga með yfirlýsingum af þessu tagi? Telja menn að það sé til að bæta andrúmsloft á vinnumarkaði almennt að ganga fram með þessum hætti? Ég

hefði haldið ekki. En nú bíðum við þess að heyra röksemdir hæstv. félmrh. vegna þess að mér er kunnugt um að hann hefur beðið um orðið í andsvari.

[16:17]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði um þróun vinnumarkaðar á næstu árum vakti athygli mína. Mig langar til þess að biðja hann að skýra það nánar. Þá á ég við það sem hann sagði um það að hann teldi að þróun á vinnumarkaði yrði í þá átt að samræma réttindi fólks og það upp á við. Nú kemur þetta ekki heim og saman við þá umræðu sem á sér stað úti í Evrópu um þróun vinnumarkaðar þar sem menn telja að sundurleitni, ef ég má kalla það svo, verði æ algengari og að sú mikla opnun sem þar hefur átt sér stað á vinnumarkaði, alþjóðlegur vinnumarkaður, aukin samkeppni o.fl. verði einmitt til þess að auka launamun, ýta fólki út úr stéttarfélögum og ýta undir einstaklingsbundna samninga o.s.frv. Mig langar því til að biðja hv. þm. að skýra það hvort hann er hér að tala um það sem hann vonast til að sjá eða hvort hann hefur eitthvað fyrir sér varðandi það að þróunin verði í þá átt að samræma og draga úr launamun og mismunandi réttindum. Hvað hafði hv. þm. fyrir sér þegar hann fullyrti þetta?

[16:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég á við með þessari fullyrðingu, eða þessum getgátum skulum við kannski segja, er að mér finnst margt benda til þess að hinar almennu reglur og hin almennu lög sem eru umgerð vinnumarkaðar og réttindakerfanna verði einsleitari, verði hin sömu yfir vinnumarkaðinn. Þannig hefur það t.d. verið sjónarmið innan samtaka opinberra starfsmanna og á það við bæði um BHMR, BSRB og Kennarasamtökin, að það sé eðlilegt að svipaðar reglur gildi um verkfallsrétt, boðun verkfalla og þar fram eftir götunum í opinbera kerfinu og á opnum launamarkaði. Einnig hafa þessi samtök öll haft það sjónarmið að það eigi að leita leiða til að tryggja að allir landsmenn búi við svipuð réttindi varðandi fæðingarorlof, veikindaréttindi og réttindamál almennt, lífeyrisréttindi, en slagurinn hefur staðið um það á hvern hátt þessi samræming eigi sér stað. Og þar standa menn fast í því ístaðinu að vilja tryggja að þessi samræming verði ekki til þess að skerða réttindi hjá þeim sem hafa þau ívið skárri, heldur bæta þau hjá þeim sem lakar standa.

Hitt vil ég taka undir með hv. þm., Kristínu Ástgeirsdóttur, að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að þær breytingar sem verið er að gera bæði hér á landi og víðar samkvæmt nýsjálenskri fyrirmynd leiði því miður til aukins launamunar. Ég tek undir það.

[16:21]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil það svo að hér var hv. þm. að segja frá trú sinni og von hvað varðar framtíðina. Ég hygg því miður að bæði sú lagasetning sem við erum að ræða hér og hitt frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna stefni einmitt í þveröfuga átt og að þau tíðindi sem m.a. hafa borist af endurskoðun laga um fæðingarorlof bendi einmitt til þess að það eigi að jafna niður á við en ekki að jafna réttindi. Menn mega því heldur betur taka sig á ef það á að takast að stefna í þá átt sem hv. þm. var að lýsa.

Ég ætla að koma að því í annari ræðu. Ég rakst á glænýja og mjög athyglisverða grein sem heitir Workers and the world economy þar sem bandarískur hagfræðingur er að lýsa þróun á vinnumarkaði bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. (**Gripið fram í:** Hún er ekki í anda Páls Péturssonar.) Nei, ekkert í hans anda, ég get fullvissað þingmanninn um það. Þetta eru mjög athyglisverðar hugmyndir þar sem meginniðurstaðan er sú að ef ríki Vesturlanda taki sig ekki stórlega á hvað varðar félagsleg réttindi og það að taka á atvinnuleysi og launamun, standi Vesturlönd frammi fyrir geigvænlegum vandamálum og jafnvel ákveðinni endurtekningu á því sem gerðist á þriðja og fjórða áratugnum í sögu okkar og menn eru auðvitað búnir að gleyma fyrir lifandi lögnu. Þetta er mjög athyglisverð grein og kemur einmitt inn á þessa umræðu vegna þess að hér er einmitt verið að ganga í þá átt að skerða réttindi, gera verkalýðshreyfinguna valdaminni en hún hefur verið, ganga inn á þessar nýsjálensku brautir sem Nýsjálendingar sjálfir eru að gefast upp á þannig að hér er auðvitað verið að stefna í svo þveröfuga átt að maður getur varla annað en tárast yfir þessum ósköpum.

[16:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Veldur, hver á heldur segir einhvers staðar. Ég held að við eigum að forðast nauðhyggjuhugsun. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. að þær breytingar sem verið er að keyra í gegnum þingið ganga í átt til mismununar og misréttis. Það var einmitt grunntónninn í máli mínu. Hins vegar eru gleðileg tíðindi að gerast á sama tíma og þau ganga í gagnstæða átt.

Samtök launafólks fylkja saman liði. Á Alþingi talar stjórnarandstaðan einum rómi. Ég held að þetta hafi verið okkur öllum og ekki síður þjóðinni mjög lærdómsríkt að fara í saumana á þessari hugmyndafræði sem ríkisstjórnin er að reyna að þröngva upp á íslenska þjóð. Mér segir svo hugur að þegar fleiri fara að okkar dæmi og kynna sér þessi frumvörp, kynna sér þær breytingar sem verið er að reyna að keyra yfir þjóðina, taki skoðanakannanir mjög miklum breytingum. Ég held að það sem muni gerast á næstu misserum og árum, kannski áratugum því að við skulum gæta þess að hugsa ekki of skammt fram í tímann, sé að það verði vakning í gagnstæða átt, gegn misréttisstefnunni og með samhjálparstefnunni. Við eigum að vísa allri nauðhyggju á dyr og reyna fremur í sameiningu að vinna að því að efla samstöðu með mönnum sem vilja verja íslenskt velferðar- og jafnaðarsamfélag.

[16:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. málefnalega og hófsamari ræðu en ég satt að segja bjóst við. En það er allt í lagi að tala á þessum nótum og mér er sérstök ánægja að því að koma í ræðustól og eiga orðaskipti við hv. þm. eins og reyndar alltaf.

Vinnustaðarfélögin sem hér voru töluvert rædd eru farin út úr frv. og það þarf ekki að orðlengja meira um þau í bili. Við getum rætt þá hugmynd síðar en þau eru ekki lengur á dagskrá og þar af leiðir að ég ætla að spara mér að fara vandlega yfir það. Ég tel hins vegar að vinnustaðarsamningar eigi rétt á sér og það sé heppilegt að þeir fái stoð í lögum. Það eru mörg álitamál í vinnustaðarsamningum og vinnustaðarsamningar hafa verið gerðir og menn hafa prófað sig áfram með þá. En ég tel að stoð í lögum sé skref í rétta átt til jákvæðrar þróunar á vinnustaðarsamningunum. Það

er að vísu hugsanlegt að fámennir hópar innan vinnustaðar, fámennir hálaunahópar, þori ekki að ganga til vinnustaðarsamninga. Það er röksemd sem mér finnst lítandi á og hún kemur í veg fyrir það að vinnustaðarsamningur verði gerður. Ég viðurkenni það, ef hv. þm. mætti vera að því að hlusta á mig, að ég vildi sjá í þessu frv. fastari tök á hálaunahópum. En það er hægara sagt en gert. Í upphaflegu frv. var talað um heildarsamflot. Þar var lagt meira upp úr forustu Alþýðusambands Íslands heldur en gert er hér. Því var mjög illa tekið af formannafundi landssambandanna og þess vegna er það úti.

Ég tel að viðræðuáætlunin sé báðum aðilum til góðs og þá ekki síður launamönnum. Það er alls ekki verið að lögþvinga menn. Það er verið að búa til umferðarreglur sem menn geta komið sér saman um. Það er verið að búa til starfsramma og það er ekki verið að þvinga einn eða neinn. Ef menn koma sér saman á skikkanlegum tíma um gerð viðræðuáætlunar sem uppfyllir þau skilyrði eða þær útlínur sem dregnar eru í frv. er það hið æskilega. Ef menn koma sér hins vegar ekki saman, er þó möguleiki fyrir sáttasemjara að gera viðræðuáætlun sem viðkomandi samninganefndir verða að hlíta.

Ég tel að það sé óþolandi ástand þegar vinnuveitendur t.d. neita eða draga á langinn að fara að tala við viðsemjendur sína. Það hefur margsinnis komið fram í þessari umræðu að Sjómannafélag Reykjavíkur er búið að vera með samninga lausa í tíu mánuði áður en hægt var að draga viðsemjendur að samningaborði. Þetta er náttúrlega ekkert fyrirkomulag. Sjómannafélagið hafði engin önnur ráð en þau að rjúka til og drífa bara á verkfall til að fá þá til viðræðu. Ég tel að líka sé ávinningur af vinnustaðarsamningunum eins og ég sagði áðan og að þeir fái lagastoð. Ég tel líka að í þessu frv. sé ávinningur af því að sáttasemjari þurfi sannanlega að hafa reynt til þrautar að koma á frjálsum samningum áður en hann leggur fram miðlunartillögu. Það er ávinningur fyrir alla aðila að sáttasemjari undirbúi málið sem allra best áður en hann leggur fram miðlunartillögu og ég legg áherslu á að miðlunartillaga er þrautalending ef samningar hafa ekki tekist með öðrum hætti. Auðvitað er meginreglan sú að samningar eigi að vera frjálsir og ekki þurfi til að koma nein miðlunartillaga.

Varðandi tengingarregluna þá er hún óbreytt frá gildandi lögum. Menn þurfa út af fyrir sig ekkert sérstaklega að vera að reka hornin í hana. Þeir hafa lifað við hana síðan 1978 og ég sé ekki ástæðu til að menn þurfi neitt að vera sérstaklega að krítisera hana hér og nú.

Ég tel líka að ávinningur sé af því bæði fyrir líflegt starf í verkalýðsfélögum og fyrir alla starfsemi og vinnumóral og móralinn í verkalýðshreyfingunni, að almennir félagsmenn, bæði á vinnuveitendahliðinni og launamannahliðinni hafi tækifæri og forustu til að taka þátt í meginákvörðunum á lýðræðislegan hátt.

Það vill nú svo til að hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, býr við það í sínum samtökum að lýðræðislegar ákvarðanir eru teknar með svipuðum hætti, að vísu með miklu meiri þátttökukröfu en hér. Ég er alveg sannfærður um að þessi krafa um þátttöku, þessi þátttaka hins almenna félagsmanns í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja í meginákvörðunum hefur orðið til þess að styrkja þau samtök en ekki til þess að veikja þau. Þar af leiðandi finnst mér óeðlilegt hvað sumir verkalýðsforkólfar hafa andmælt þessari skipan. Líka ber á hitt að líta að stjórnir og trúnaðarmannaráð eru í sumum félögum ekki valin með þeim hætti sem ég vil kalla lýðræðislegan. Ég tel t.d. að það sé óeðlilegt þegar meiri hluti eða stærsti hluti ræður öllu. Það er andstætt þeim vinnureglum eða þeim vinnubrögðum sem við temjum okkur hér á Alþingi. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að minni hlutinn sé með í ráðum. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að hlusta á stjórnarandstöðuna og ég tel að hennar hlutverk megi ekki vanmeta. (**ÖS:** Enda ertu allur eitt eyra.) Ég náði ekki því sem hv. þm. sagði. (**ÖS:** Þú sagðist hafa gaman af að hlusta á stjórnarandstöðuna og ég sagði: Þú ert allur eitt eyra.) Já ég hef nú að vísu misgaman af að hlusta á stjórnarandstæðingana en þegar þeir eru skynsamir eins og síðasti ræðumaður var og hófsamir og málefnalegir, þá hef ég gaman af að hlusta á þá og er tilbúinn að taka mikið mark á því sem þeir segja. (**SJS:** Á þetta ekki við frammíkallandann?) Við skulum sleppa því í bili. Ég held sem sagt að það sé ávinningur fyrir verkalýðsfélögin og fyrir vinnuveitendur að hleypa almennum félagsmönnum að meginákvörðunum.

Hv. þm. spurði hverja ég teldi verða líklega þróun á vinnumarkaði í kjölfar þessarar lagasetningar. Ég held að þessi lagasetning hafi jákvæð áhrif. Ef ég stæði ekki í þeirri meiningu þá hefði ég aldrei farið af stað með þetta. Þá hefði ég aldrei farið af stað með þetta mál. (**Gripið fram í:** Ætlar ráðherrann að rökstyðja það?) Ég tel að þær umferðarreglur sem hér er verið að setja verði til þess að kjarasamningar gangi greiðar og réttlátar fyrir sig. Ég tel að þessar reglur stuðli fremur en gildandi reglur að launajafnrétti og ég vænti þess að vinnumarkaður geti þrifist friðsamlega undir þessum lögum. Það er hins vegar rétt að halda því til haga að það eru ekki allir sammála mér í þessu efni. Samtök launamanna hafa komið sér saman um að fela fulltrúum Alþýðusambands Íslands að klaga þessa lagasetningu í útlöndum, þ.e. hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni í Genf nú í næstkomandi júní. Það er úr af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja að þessi lagasetning sé kynnt. Það kom mér hins vegar nokkuð á óvart þegar átti að kynna eins og sagði í tilkynningunni, afleiðingar lagasetningarinnar. Það átti að kynna afleiðingar lagasetningarinnar. Ég vissi ekki að ASÍ hefði prófeta sem gætu sagt fyrir um óorðna hluti. Við getum velt vöngum yfir líklegri þróun en við getum ekki kynnt óorðna hluti. Félmrn. mun að sjálfsögðu kosta þennan sendimann til Genfar og ég vænti þess að hann fái bæði sinn farseðil borgaðan og dagpeninga á meðan hann stundar þessa kynningarstarfsemi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. eins og ég sagði áðan að það hefði verið betra að taka fastar á hálaunahópunum. Upphafleg hugmynd um stóru samflotin gat leitt til þess. Þar af leiðandi er nokkur skaði að missa út þá hugmynd sem var í upphaflegu uppkasti að frv. um sáttastörf í vinnudeilum sem við vorum að bauka með í janúar. En formenn landssambanda voru ákaflega andvígir því ákvæði að hafa stórsamflot og því er komið sem komið er. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að reyna að vinna eftir því sem við mögulega getum að auknum kjarajöfnuði, í öllu falli að reyna að sporna gegn auknum ójöfnuði en hann hefur verið sívaxandi á undanförnum árum. Ég held líka að núverandi fyrirkomulag kjarasamninga hafi sannað það að í kjölfar þess fylgir sívaxandi launamisrétti. Þetta er ekki einhver djöfulskapur sem samninganefndirnar finna upp, heldur er þetta fyrirkomulag sem er gallað. Það hefur sýnt sig að vera gallað. Stóru hóparnir semja fyrst. Litlu hóparnir, hálaunahóparnir klifra upp eftir bakinu á stóru hópunum, fá allt sem þeir hafa fengið og síðan meira til. Þess vegna finnst mér tilvinnandi að reyna að laga þessa löggjöf. Það hefur eitthvað skolast til hjá hv. 17. þm. Reykv. þegar

hann var að tala um bráðabirgðalagasetninguna og vitna í ræðu mína fyrr í þessari umræðu. Það sem ég var að reyna að segja var það að frjálsir kjarasamningar eiga að vera regla og viðræðuáætlun á að stuðla að því að frjálsir kjarasamningar takist. Miðlunartillagan er þrautaráð ef frjálsir kjarasamningar takast ekki. Miðlunartillaga, þó hún sé ekki æskileg þá er hún miklu betri en lagasetning. Það var ég að reyna að segja í ræðu minni í fyrradag eða hvenær það nú var. Við höfum gripið til lagasetningar tólf sinnum á undanförnum tólf árum og bráðabirgðalagasetning er forkastanlegust af öllum lagasetningum. Ég hef að vísu eins og ég lét koma þar fram átt þátt í að ganga að bráðabirgðalagasetningu til lausnar á kjaradeilu en það er sannarlega ekki aðferð sem er til fyrirmyndar.

Ég kvíði því ekki að við komum ekki til með að geta varið þessa lagasetningu fyrir Alþjóðavinnumálastofnuninni ef reynt verður að fá hana til að fara ofan í hana. Sú gagnrýni sem við þurfum kannski fyrst og fremst að svara til saka með er að við höfum nokkrum sinnum á undanförnum árum beitt lagasetningu til lausnar kjaradeilum og einnig höfum við ekki leitt í lög neikvætt félagafrelsi.

Hv. þm. sagði að það væri alveg sama hvað margir fundir færu haldnir ef það væri ekki vilji til að semja. Ég held ég hafi rétt eftir honum. Ég er honum hjartanlega sammála. Fundatalan segir ekki allt. Ef mál er komið í pattstöðu þá þýðir ekkert að vera að þinga yfir því meira. Þá verður bara að höggva á hnútinn. Ég tel að um samskipti á vinnumarkaði eigi að gilda löggjöf. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. um að núgildandi löggjöf er ekki nógu góð og henni verður að breyta. En það er bara ekkert samningsatriði á milli aðila vinnumarkaðarins. Samskiptareglur á vinnumarkaði varða fleiri en atvinnurekendur og launamenn. Þær varða gjörsamlega allt þjóðfélagið. Það hefur áhrif á allt þjóðfélagið hvernig kjarasamningar takast og hver niðurstaða þeirra verður og hvernig að þeim er staðið. Þar af leiðir að löggjafarvaldið verður að gegna þeirri skyldu sinni að setja skynsamlegar reglur um hvernig að þeim skuli staðið. Almannaheill beinlínis krefst þess.

Hv. þm. kvartaði undan því að ég ætti bágt með að taka rökum. Ég vil ekki viðurkenna það. Ég er tilbúinn að taka rökum sem mér finnast skynsamleg. Þess vegna hefur nú m.a. frv. verið breytt. Okkur hefur verið bent á, af stjórnarandstöðu, af verkalýðshreyfingu, af Lagastofnun og mörgum fleiri aðilum, atriði sem í upphaflegu frv. stóðu en betur mættu fara og þess vegna er frv. komið í þá útgáfu sem það er núna. Ég tel að það sé ástæða til að breyta gildandi lögum. Ég tel að það sé vonlaust að um það takist samningar á milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins og þess vegna sé ekki um annað að gera en að höggva á hnútinn.

Hv. þm. spurði af hverju mér lægi vona á? Það skal ég segja honum. Ég ætla mér að vera félmrh. í þrjú ár til viðbótar. (**Gripið fram í:** Er þetta loforð?) Ég reikna með að í síðasta lagi eftir þrjú ár verði kosningar í landinu. Það er svo sem ekkert víst að ég verði þingmaður og þaðan af síður víst að ég verði ráðherra eftir þær kosningar. Ég á reyndar ekki vís þessi þrjú ár. Það hefur nú skeð að ríkisstjórnir falli á Íslandi þó að þær hafi í upphafi verið myndaðar til að standa heilt kjörtímabil. Í öllu falli þá hef ég þetta verkefni að vera félmrh. nú um stundir og mér sýnist að það sé skynsamlegt að nota tímann. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er beinlínis kveðið á um að vinnulöggjöfin skuli endurskoðuð. Því ákvæði ætla ég að koma í framkvæmd. Ef, á móti minni von, það kemur í ljós að agnúar reynist á þessari lagasetningu og að menn geti ekki samið sig fram hjá þeim í framhaldinu, þá gefst mér hugsanlega tækifæri til að hafa forustu um að laga þá agnúa síðar á kjörtímabilinu. Ég vænti þess að geta haft betra samkomulag við verkalýðshreyfinguna en tókst í þessari lotu nú upp á síðkastið.

Ég virði sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar en ég vil ekki gera allt fyrir hana. Ég virði sjónarmið vinnuveitenda en ég vil ekki gera allt fyrir þá. Ég hef ekki tekið á neikvæðu félagafrelsi í þessu frv. eins og vinnuveitendur hafa lagt ríka áherslu á. Það eru mörg fleiri atriði sem þeir hefðu viljað hafa þarna inni sem ekki eru þarna inni sem ég ætla ekki að telja hér upp. Það er mjög fjarri lagi að þetta frv. sé samið í Garðastrætinu. Hins vegar hafði Vinnuveitendasambandið það vinnulag að vera ekki að troða illsakir við mig á meðan þessi lagasmíð stóð yfir.

Ég verð út af fyrir sig ekkert uppnæmur, hv. þm., þó að gert sé hróp að mér eða baulað hér á Austurvelli eins og gert var hér í dag. Það verður bara að hafa það. Ég vona að menn jafni sig og við verðum allir vinir aftur. (**ÖS:** Var baulað eins og í fjósinu heima?) Nei, kýrnar baula miklu betur. Það er vinalegur hljómur í því. En það var ekki vinalegur hljómur í öllum þessum börkum sem bauluðu á mig hér áðan. En það verður bara að hafa það. Ég tel að verkalýðsforkólfarnir hafi ekki nýtt sér sem skyldi þau tækifæri sem þeir höfðu til að hafa enn þá meiri áhrif á þessa lagasetningu. Þeir slitu samræðum við okkur í félmrn., þeir heimtuðu frv. út af borðinu. Það lá fyrir að ég gat ekki fallist á það. Ég bauð hins vegar upp á að hlusta á málefnalegar tillögur og bað um þær. Ég fékk það ekki. Ég verð að elta þetta uppi eftir krítik frá einstökum verkalýðsfélögum. Ef þessari herför hefðu stjórnað einhverjir real-pólitíkusar hefðu þeir sætt sig við að frv. yrði ekki stoppað en reynt að hafa áhrif á endanlega lagasetningu með góðu. En það er þreytandi að vera að eltast við gagnrýnisatriði og reyna að laga þau og það er út af fyrir sig einskis metið. Ég vænti þess að þegar þetta frv. er orðið að lögum og farið að kólna í mönnum komi þeir til með að sjá að þær breytingar sem verið er að gera á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur eru skynsamlegar og þær eru fjarri því að vera íslensku launafólki fjötur um fót eða þrengja kosti þess á nokkurn hátt.

[16:50]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvör við ræðu hæstv. ráðherra. Því aðeins komast þeir allir að að þeir gæti tímamarka. Fyrri andsvör og svör verða tvær mínútur en síðari andsvör ein mínúta.

[16:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Staðreyndin er sú að tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eru samkvæmt forskrift úr Garðastræti. Það er engin tilviljun að bæði Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasambandið hafa ítrekað lýst yfir stuðningi við ríkisstjórnina í þessu efni. Hæstv. ráðherra sagði áðan að það kæmi öllum við hvernig málum væri skipað á þessum vettvangi, hvaða leikreglur og hvaða lög væru við lýði. Það kemur líka öllum við, hæstv. félmrh. þegar ríkisstjórn Íslands klúðrar þessum málum með þeim hætti sem hér er verið að gera og hleypir öllu í uppnám á vinnumarkaði.

Hæstv. ráðherra sagði í máli sínu áðan að með þessum lagabreytingum væri verið að tryggja félögum í verkalýðshreyfingunni áhrif á samninga og ákvarðanatöku. Það er öllum frjálst að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Það sem verið er að gera með þessari lagasetningu er að það er verið að þvinga fólk til að gera það með tilteknum hætti. Það er t.d. verið að leggja bann við því að fjölmennir fundir verkamanna í Austurbæjarbíói, hinir fjölmennu Dagsbrúnarfundir, taki þar ákvörðun um að veita sinni forustu heimild til að lýsa yfir verkfalli. Hæstv. ráðherra skýrir ekki fyrir okkur á hvern hátt nákvæmlega þær tillögur sem hér er verið að setja fram eða þær lagabreytingar muni stuðla að launajöfnuði eins og hann hefur ítrekað sagt. Hann hefur líka sagt héðan úr ræðustól að launakjör séu of slök á Íslandi og verkalýðshreyfingin eigi að snúa sér að því að fá þar úr bætt. Nú vil ég beina spurningu til hæstv. ráðherra: Á hvern hátt munu þessar lagabreytingar sem hann talar hér fyrir bæta launakjörin?

[16:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillögur ríkisstjórnarinnar eru ekki samkvæmt forskrift úr Garðastrætinu. Ég leyfi mér að fullyrða það. Ég veit líka að hv. þm. þekkir þá það vel í Garðastrætinu og þeirra hugmyndir að hann sér að þetta er ekki rétt. Hins vegar eru ýmsir hlutir í frv. sem þeir eru ánægðir með. Þess vegna hafa þeir tekið þá afstöðu að vera ekkert að andskotast á mér enda er nú nóg að hafa ASÍ-hliðina. Ég tel að ríkisstjórnin sé ekkert að klúðra þessu máli. Við erum að leiða þetta mál til farsælla lykta. Það er ekki verið að þvinga fólk. Ég ansa því ekki að það sé verið að þvinga fólk til að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Mér finnst það eðlilegur réttur fólks að því gefist kostur á að taka þátt í meginákvörðunum um kjaramál. Mér finnst það ekkert ofboðslegur þröskuldur fyrir stjórn og trúnaðarmannaráð sem vill koma á verkfalli eða vill fara í verkfall þótt 10,1% af félagsmönnum þurfi að samþykkja að fara í verkfall. Svona mætti lengi telja.

Varðandi fundina í Austurbæjarbíói er það út af fyrir sig myndarlegt að hafa stemmningarfundi og baráttufundi í Austurbæjarbíói. Stundum hafa verið þar jafnvel 600–800 manns. En það eru fáir fundir svo fjölsóttir. (Gripið fram í.) Hv. þm., þegar við hv. 3. þm. Norðurl. v. keppum í prófkjöri er það gert með lýðræðislegum hætti og mikilli þátttöku. (Forseti hringir.) Herra forseti. Á ég að skilja það svo að tími minn sé búinn?

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er búinn.)

[16:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Forskriftin úr Garðastræti, fyrirskipun atvinnurekendasamtakanna til ríkisstjórnarinnar var sú að þetta frv. yrði keyrt í gegnum þingið. Það er alveg rétt sem hæstv. félmrh. segir að þar á bæ hefðu menn viljað strangari reglur og meiri réttindaskerðingu. En krafa númer eitt var þessi: Keyrið yfir verkalýðshreyfinguna, fáið þessi lög samþykkt í þinginu, sýnið hverjir eru húsbændur á þessum bæ. Meðal annarra orða vil ég benda hæstv. félmrh. á það að með þessum lögum er verið að banna Dagsbrúnarfundinum í Austurbæjarbíói að taka ákvörðun um að veita sinni forustu heimild til að boða til verkfalla. Hvernig skyldi standa á því að þær reglur og þau lög sem verið er að keyra hér í gegnum þingið eru af nákvæmlega sama toga og voru kynnt og keyrð í gegnum þing gegn þjóðinni á Nýja-Sjálandi og í Bretlandi Thatcher? Og ég vil spyrja hæstv. félmrh. sem hefur sagt að laun séu of lág á Íslandi: Verður þetta til að bæta launakjör á Íslandi?

[16:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti óskaði eftir því í upphafi að ræðumenn gættu tímamarka. Því aðeins komast þeir að sem hafa óskað eftir að veita andsvör.

[16:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að takmarka mig. Tengingarreglan getur stuðlað að launajafnrétti eða minnkandi launamun. Vinnustaðarsamningar geta gert það líka. Fyrirskipanir úr Garðastrætinu, sagði hv. þm. Ég get upplýst hv. þm. um það að ég tek ekki við fyrirskipunum hvorki af Grensásveginum né úr Garðastrætinu. Það er tómt mál að tala um það. Ég tek ekki við nokkurri ráðgjöf frá Nýja-Sjálandi heldur. Það er ekki hugmynd mín að keyra yfir verkalýðshreyfinguna. Ég þykist hafa reynt að taka tillit til hennar við þessa frumvarpsgerð. Ég sé ekki neina ástæðu til að vorkenna Dagsbrúnarmönnum þó þeim gefist kostur á að taka ákvörðun við leynilega almenna atkvæðagreiðslu.

[16:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að vandi þessa máls sé að nokkru leyti sá að í grundvallaratriðum gerir hæstv. félmrh. sér ekki grein fyrir því af hverju andstaðan er svona mikil við þessi frv. Hann virðist ekki gera sér grein fyrir því að andstaðan byggist fyrst og fremst á því að menn telja að það sé verið að hlutast til um innri mál stéttarfélaganna í landinu með aðferðum sem eru ólíðandi með öllu. Hann virðist ekki gera gera sér grein fyrir því, sem er mun verra, að það hefði verið skynsamlegra fyrir hann og fyrir ríkisstjórnina og fyrir alla aðila málsins og fyrir þjóðina að taka þessi frv. og þetta frv. út af borðinu og stuðla síðan að eðlilegum samningaviðræðum um leikreglurnar og um kaup og kjör í landinu í framhaldi af því. Það er ótrúlegt að jafnreyndur stjórnmálamaður og hæstv. félmrh. skuli ekki gera sér grein fyrir því að hann er að tefja fyrir árangri, hann er að tefja fyrir efnahagsbata, hann er að trufla eðlilega þróun í samfélaginu með þessari uppsetningu mála sem hann beitir sér fyrir. Það er nauðsynlegt líka að hafa það í huga fyrir hann að með þessum aðferðum er verið að skapa hættulegt fordæmi. Það er verið að raska pólitísku jafnvægi á Íslandi sem hefur verið til um 50 ára skeið. Ég skora á ráðherrann að gera sér grein fyrir því að hann er á rangri braut. Þetta er hættuleg braut, þetta er vond braut fyrir þjóðina og fyrir verkalýðshreyfinguna í þessu landi og fyrir kjör hins almenna launamanns. Spurningin er þessi: Er hann að fara eftir því sem kemur úr Garðastræti eða einhvers staðar annars staðar að? Ég trúi því ekki að hæstv. núv. félmrh. meini illt með því sem hann er að gera. Spurningin er þá sú: Hver er að plata Pál? Það er einhver, hæstv. forseti.

[17:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér miklu merkari stjórnmálamenn hafa nú verið plataðir. En ég sé ekki að ég sé neitt sérstaklega plataður í þessu máli. Hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, hefur hvað eftir annað á ferli sínum reynt að hafa vit fyrir mér og sagt mér hvað væri skynsamlegast. Stundum hefur það verið rétt og vel ráðið hjá honum en ekki er það nú alltaf. Honum getur missýnst eins og okkur hinum.

Ég sé ekki að það sé verið að raska hér einhverju pólitísku jafnvægi. Ef ég væri sammála hv. þm. um áhrif þessarar lagasetningar, hefði ég að sjálfsögðu aldrei farið af stað með hana. Ég geri mér grein fyrir því að það er andstaða við þetta mál, veruleg og marktæk andstaða. En ég geri mér líka grein fyrir því að það er mjög mikill stuðningur við það. Og við verðum að spyrja að leikslokum.

[17:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað verður að spyrja að leikslokum. En það er samt harmsefni þegar menn lenda í stöðu eins og hæstv. félmrh. í þessu alvarlega máli sem hér er uppi. Það er eins og hann sé sleginn blindu. Þar sem eru þúsundir þar sér hann tvo eða þrjá menn. Þar sem verið er að beita fólk kúgunarbrögðum, segir hann: „Það er verið að auka lýðræðið." Þegar hann leggur spurningar fyrir skoðanakönnunarstofnanir þá eru spurningarnar: „Er ekki fólk ánægt með mig af því að ég er svo góður?" Á alþýðusambandsþinginu í dag var frv. hæstv. félmrh. ekki kallað aukið lýðræði heldur sérkennileg tegund af lýðræði, gangnakofalýðræði, og sagt að hér væri verið að innleiða þá tegund af lýðræði sem ríkti í gangnakofum. Ég þekki það ekki en ég er fullviss um það, hæstv. forseti, og ég harma það, að hæstv. félmrh. er á rangri leið. Hann er að villast inni á þessum heiðum inn í þessa gangnakofa sem hann virðist vilja fara í um þessar mundir. Spurningin er: Er hann með öllu þessu, hæstv. forseti, þegar upp er staðið, að borga fyrir ráðherrastólinn?

[17:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég keypti mér engan ráðherrastól. Ég þarf heldur ekkert að borga hann út af fyrir sig þar af leiðandi. Hv. þm. var harmi lostinn yfir því hvernig væri komið fyrir mér. Ég verð að játa að ég gleðst yfir því að hann ber góðar tilfinningar til mín. En ég vil segja eins og frelsarinn: Grátið ekki yfir mér o.s.frv. Varðandi gangnakofalýðræði þá vill nú svo til að ég hef iðulega átt góðar stundir í gangnakofum og ég veit ekki betur en að þar þrífist lýðræðið ekkert síður en á Grensásveginum eða í Garðastrætinu.

[17:04]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Alltaf bætist í fúkyrðaflaum hæstv. félmrh. um verkalýðshreyfinguna og fulltrúa hennar. Í ræðu hans hér áðan fór hann í nokkrum niðrunartóni orðum um það að fulltrúi launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf í sumar kæmi væntanlega til með að bera þar fram mótmæli sín, nánast vera með ólæti, á kostnað félmrn. sem mundi væntanlega greiða fyrir hann ferðakostnað sem og dvalarkostnað. Ég má til með að svara þessu og benda hæstv. félmrh. á að fara nú að kynna sér örlítið betur það sem viðkemur Vinnumálastofnuninni og starfi hennar. Samkvæmt stjórnarskrá stofnunarinnar sem íslenska ríkið er skuldbundið af þá er það skylda hæstv. félmrh. að sjá til þess að fulltrúi launafólks sem og atvinnurekenda og ráðuneytisins fari á þingið. Það gildir jafnt, herra forseti, hvort sem hæstv. félmrh. líkar málstaðurinn sem fulltrúi launafólks ætlar að flytja þar eða ekki.

Hann sagði líka hér áðan að ja — ég vil segja að hann hafi nánast haft frammi einu sinni sem oftar hótanir um að það væri hægt að fara að kíkja örlítið á neikvæða félagafrelsið, það hefði ekki verið lögleitt enn þá. Má ég benda hæstv. félmrh. á að það var bundið í stjórnarskrá í fyrra, fyrir u.þ.b. ári síðan og þar var jafnframt tekið fram í skýringum í umræðum í tengslum við setningu þessa ákvæðis að núverandi skipulag á vinnumarkaði stæðist þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstv. félmrh. getur því örlítið sparað sér að vera hér með hótanir og endalausan fúkyrðaflaum í garð launafólks og samtaka þess.

[17:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig undrar hvað hv. þm. er hörundsár ef hún finnur fúkyrði í mínu máli. Ég beið bara eftir því að hv. þm. afþakkaði það að félmrn. greiddi kostnað af för þessa sendimanns til Genfar. Það er sjálfsagður hlutur og félmrn. mun verða við því að borga undir hann og greiða honum dagpeninga eins og gert hefur verið við aðra fulltrúa verkalýðshreyfingar og VSÍ á undanförnum árum. Ég hef gengið frá tilkynningu til Alþjóðavinnumálasambandsins um það efni, þ.e. um sendinefndina.

Hv. þm. var að bera upp að ég hefði verið með hótanir. Ég hef ekki verið með hótanir og tem mér þær ekki.

[17:07]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum huga eru það hótanir þegar látið er að því liggja að menn eigi nú bara að vera ánægðir með það sem þeir fá vegna þess að þeir hefðu getað fengið miklu verra. Það fylgir jafnan þessum orðum hæstv. ráðherra eitthvað sem snýst um skyldugreiðslur, neikvætt félagafrelsi og um forgangsréttarákvæði kjarasamninga. Það vita allir að hverju er verið að ýja með þessum orðum, herra forseti.

Ég er ekki hörundsár, herra forseti, það er langt því frá. Það eru hins vegar takmörk fyrir því undir hverju er hægt að sitja hér þegjandi. Mér þykir tónninn í ræðu hæstv. ráðherrans hér áðan sem og kannski oft áður og jafnvel meir nú en oft áður, vera þannig að ég tel fyllilega vera ástæðu til að svara því og það á ekkert skylt við það að vera hörundsár.

Ég vil enn og aftur ítreka að hæstv. félmrh. talaði um að það yrði orðið við því að greiða undir fulltrúa launafólks á Alþjóðavinnumálaþingið. Það er ekkert að verða við, það er skylda. Þessi fulltrúi launafólks og samtaka þeirra er þar af leiðandi ekki að þiggja neina ölmusu af hæstv. ráðherranum.

[17:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir, hv. þm., sem ekki er hörundsár að það verður greitt undir þennan æruverðuga sendimann. Hann getur flutt sínar ræður eins og hann lystir í Genf.

Varðandi þetta með neikvæða félagafrelsið þá er það alveg rétt hjá hv. þm. og hún þarf ekkert að segja mér um það hvernig síðasta stjórnarskrárbreyting var unnin því ég kom að því máli á sínum tíma. Hins vegar hefur Alþjóðavinnumálastofnunin fundið að því og nefndin í Strassborg að hér væri skylduaðild að verkalýðsfélögum ekki bönnuð í lögum. Hér væri það ekki bannað í lögum. En það er hvergi skylda í lögum eftir því sem ég veit best nema í Lögfræðingafélaginu að menn séu aðilar að stéttarfélagi. (**BH:** Það þarf ekkert að banna þetta sérstaklega.)

[17:09]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg um þetta stóra mál. Ég tel að við séum að ræða hér eitt af stærstu málum þessa þings, stéttarfélög og vinnudeilur. Við höfum verið með annað stórt mál sem snýr að verkalýðshreyfingunni fyrir

þinginu í vetur um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hvort tveggja eru þetta viðamikil mál og viðkvæm og þess vegna vandmeðfarin að mínu viti í þinginu.

Þetta mál sem við ræðum í dag hefur haft lengri aðdraganda og búið er að sitja yfir því lengur með þeim aðilum sem málið varðar þó því miður væri höggvið á þær viðræður. Stéttarfélög launafólks eru í mínum huga mikilvægustu félög í landinu, svona á eftir stjórnmálaflokkunum, og þau eiga stærstan þátt í því jafnræðis- og velmegunarþjóðfélagi sem hér hefur verið byggt upp á lýðveldistímanum. Ég virði verkalýðshreyfinguna mikils og tel reyndar að hún megi ekki vera veik eða vanmáttug. Hún þarf að hafa fullan styrk á við atvinnurekendavaldið í landinu, annars er hætta á ferðum. Því miður ríkir nú um sinn nokkur sundrung innan verkalýðshreyfingarinnar sem vonandi heyrir skjótt sögunni til. Verkalýðshreyfingin á stærstan þátt í þeim stöðugleika sem ríkt hefur hér á landi síðustu fimm til sex ár. Þjóðarsáttarsamningarnir hefðu aldrei verið gerðir nema af því að þá tókst að mynda það mikilvæga samstarf sem allir aðilar komu að, þ.e. ríkisvaldið, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendasamtökin svo og forustumenn bænda. Ég tel að hér verði erfitt að stjórna ef þessir stóru aðilar ekki eiga með sér gott samstarf og trúnaður ríki. Ég óttast t.d. að VSÍ megi gæta sín og að sú ákvörðun aðalfundar á dögunum að fara allt öðruvísi með ágreiningsatriði við lok kjarasamninga en gert hefur verið hingað til, boði ekki gott, eins og farið hefur verið með það í sátt eftir að kjarasamningum hefur verið lokið á undanförnum, ja ég vil segja, áratugum. Mér heyri þarna harðnandi tón sem ég óttast og svo hitt að þeir boða enn fremur að þeir muni safna peningum í sjóði. Það er eins og menn séu hér að boða það að verkföll séu fram undan sem ég teldi að væri stórslys fyrir íslenska þjóð miðað við þær aðstæður sem nú ríkja í landinu. Ég er sannfærður um að út úr slíkum átökum mundi enginn fara verr en láglaunamaðurinn á Íslandi. Ég tel brýnna en fyrr að sátt ríki og nýir þjóðarsáttarsamningar náist og þá um kjarabætur þeim til handa sem við lökustu kjörin búa. Ég vildi sannarlega að þau orð hæstv. félmrh. rættust að þetta frv. hefði það í för með sér að það næðust fram kjarabætur handa lægst launaða fólkinu.

Hér eru lægstu laun allt of lág og langt undir framfærslu. Því verður ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins að vera í góðu samstarfi um þetta mikla verkefni. Ég tel þær hugmyndir sem nú heyrast frá ASÍ um fimm ára áætlun þar sem íslenskir launþegar næðu kjörum starfssystkina í nálægum löndum mjög skynsamlegar. Sannleikurinn er sá að íslensk verkalýðshreyfing er þannig stödd að hún á erfitt með að beita verkfallsvopninu. Fáir hafa efni á vinnutapi. Þar eiga skuldir heimilanna hlut að máli sem eru eitt mesta áhyggjuefni seinni tíma. Svo má segja, og það er mín skoðun, að með tilkomu kreditkortanna þar sem menn skuldsetja meira og meira inn á framtíðina hafi verkalýðshreyfingin á vissan hátt fórnað verkfallsvopninu. Hún á erfiðara með að beita því eftir að þetta kom til hér í landinu.

Þetta mál sem við ræðum í dag hefur því miður valdið róti og boðar deilur milli ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar. Þó er það ljóst að þegar menn settust yfir þetta stóra mál haustið 1994 þá voru aðilar sammála um að það þyrfti að endurskoða vinnulöggjöfina. Eins og hér hefur margkomið fram hafa verið haldnir margir fundir um þetta mál. En ég vil samt sem áður harma málsmeðferðina og hvernig þetta mál hefur þróast á síðustu mánuðum. Ég ætla ekki að kenna einum aðila um það. Stjórnarandstaðan á sinn hlut að því máli því hún vill deilur og átök. Hún vill pólitískt fjör í landinu. Ég veit að hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin eiga sinn hlut að þessu máli. En ég tel líka að verkalýðshreyfingin eigi sinn hlut að því hvernig þetta mál þróaðist. Allir aðilar bera þar því nokkra ábyrgð.

Ég fagna því að hæstv. félmrh. lýsti því strax yfir þegar hann sýndi þetta frv. að hann væri tilbúinn bæði til viðræðna og að hlusta á rök um breytingar. Ég heyrði ekki betur en hv. 5. þm. Vesturl. hafi verið að segja frá því hér í dag að margar góðar breytingartillögur væru komnar fram við frv., alla vega að verstu eiturbroddarnir væru farnir úr frv. eins og hv. þm. orðaði það. Mér heyrðist að hv. þm. berði sjálfum sér á brjóst og þakkaði sér og stjórnarandstöðunni það. (**Gripið fram í:** Er það þér að þakka?) Já, ég á minn hluta af því. Við gagnrýndum þetta mál eðlilega í Framsfl. við hæstv. félmrh. Ég tel að þær breytingartillögur sem komnar eru fram við málið geri það betra, a.m.k. styð ég þessar breytingartillögur sem eru komnar fram. Ég vil nefna t.d. um vinnustaðarfélögin að í stað þeirra er nú kveðið á um vinnustaðarsamninga. Ég óttaðist vinnustaðarfélögin. Ég óttaðist að verkalýðshreyfingin á Íslandi yrði veikt ef þessi leið yrði farin þannig að þetta tel ég til bóta. Eins er búið að fara yfir lækkun þátttökulágmarks, þröskuldana svonefndu. Ég tel það einnig til bóta. Ég vil líka taka fram að ég óttaðist það mikla vald sem ríkissáttasemjara var gefið í upphaflegu frv. Nú hefur verið horfið til fyrra fyrirkomulags. Þetta tel ég einnig til bóta. Eigi að síður var ég talsmaður þess í Framsfl. að menn reyndu til þrautar að ná samkomulagi um málið, t.d. í sumar með aðilum vinnumarkaðarins því mig grunar að það sé nú svo að það sé fyrst og fremst málsmeðferðin, hraðinn, sem skilur okkur að í þessu máli.

Örfá atriði til viðbótar, hv. þm., enda er ég sannfærður um að ef menn hefðu ekki lokað sig af hver í sínu horni og viljað ræða þetta mál áfram hefði það verið lagað meira til. Ef hæstv. félmrh. hefði fengið verkalýðshreyfinguna til samstarfs við sig áfram til loka þessa máls, er ég viss um að það hefði enn batnað og ýmsir þeir hnökrar sem menn eru ósáttir við horfið úr frv.

Ég vil nefna eitt atriði sem mína skoðun. Ég er ekki sannfærður um að það atriði sem snýr að verkfallsboðun og trúnaðarmannaráðunum, að veikja þau, sé rétt leið. Ég hefði talið rétt að kanna eða gera samanburð á þeirri leið að halda áfram valdi trúnaðarmannaráða og þau færu með verkfallsréttinn eftir að þau hefðu fengið hann, að bera það saman við hina leiðina þar sem menn fá samþykktan verkfallsdag og ganga svo hiklaust til verkfalls. Ég held að það hefði verið skynsamlegra að halda trúnaðarmannaráðunum áfram inni.

Ég ætla ekki að lengja mitt mál meira. Ég lýsi því yfir að mér finnst málið hafi batnað í meðförum þingsins. Ég harma að menn skyldu fælast með þessum hætti í allar áttir í svo mikilvægu máli. Ég óttast að þetta mundi hafa einhverjar afleiðingar í för með sér. Það tel ég skaða því að sannleikurinn er sá að við núverandi aðstæður í íslensku þjóðfélagi blasa við nýir og betri tímar. Við sjáum að atvinnuauglýsingarnar sjást orðið í blöðunum á ný og mig minnir að ég hafi séð eitt Morgunblað á dögunum með 140 auglýsingum í einu blaði. Hagvöxtur er kominn og fyrirtækin eru að byrja að fjárfesta þannig að ég tel að við eigum möguleika um næstu áramót ef friður ríkir á Íslandi að ganga ekki síst til þess að bæta kjör þess fólks sem hér býr við óafsakanleg kjör. Þetta skulu vera mín lokaorð, hæstv. forseti.

[17:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Suðurl. ágæta ræðu. Ég tel að hún hafi í raun og veru í öllum meginatriðum tekið undir þau sjónarmið sem við höfum verið að reyna að tala fyrir.

Það er ekki alveg rétt hjá hv. þm. að stjórnarandstaðan eða stjórnarandstöðuþingmenn yfirleitt hafi verið að reyna að ýta undir illindi í þessu máli eða öðrum málum. Þetta er reyndar miklu alvarlegra mál en svo. Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur eru eins og stjórnarskrá fyrir verkalýðsfélögin í landinu og það er eðlilegt þess vegna að þau séu úrslitaaðilinn um það hvernig lögunum er breytt á hverjum tíma og um það sé samið. Ég bendi hv. þm. á að tillögur um breytingar á vinnulöggjöfinni hafa ekki verið fluttar á undanförnum árum nema í örfáum tilfellum af einstökum þingmönnum, t.d. aldrei af þingmönnum Alþb. svo ég nefni dæmi. Það er ekki vegna þess að við höfum ekki talið ástæðu til að breyta þeim, heldur vegna þess að við höfum viljað að frumkvæðisrétturinn væri úti í þjóðfélaginu. Mér heyrist að í grundvallaratriðum sé hv. 2. þm. Suðurl. algerlega sammála okkur um það og ég fagna því. Spurningin er þess vegna hvort hann gæti hugsað sér að standa að því að fresta þessu máli, að taka sumarið í umræðu um þetta mál og um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þannig að þessi mál verði tekin út og sett inn í nýjan farveg. Að minnsta kosti hlýtur hv. þm. að styðja brtt. sem gengur út á það að halda áfram þeirri stöðu sem trúnaðarmannaráðin hafa haft. Og um það vil ég spyrja hv. þm. í þessu andsvari, hæstv. forseti.

[17:24]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna spurningar hv. þm. vil ég segja það að ég sagði í ræðu minni að ég hefði verið talsmaður þess í mínum þingflokki að sú leið væri farin sem hann nefndi í báðum tilvikum. En í lýðræðislegri baráttu verður maður oft undir. Ég varð undir í þessu máli og hér stendur til að afgreiða það í vor. Um það fékk ég engu ráðið.

Hins vegar heyrði ég að hæstv. félmrh. boðaði í dag að heimsendir væri ekki í nánd. Hæstv. ráðherra sagði að jafnvel gæti hann og ætti hann það eftir í ráðherratíð sinni að standa að breytingum á þessu frv. eða þeim lögum sem hér verða sett, kannski á næsta þingi. Eða ég skildi hann svo í dag.

Ég held reyndar að það sé ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að standa í illindum, en í íslenska þinginu hefur þetta tíðkast nokkuð. Ég hef tekið þátt í því í fjögur ár.

[17:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. orð hans en hann svaraði ekki spurningu minni, þ.e. hvort hann mun styðja brtt. við þetta frv. sem gengur út á það að halda áfram að treysta þá stöðu sem trúnaðarmannaráðin hafa haft. Síðan vil ég benda honum á að segi samviskan honum í þessu máli að það eigi að fresta því, ber honum að fara eftir samvisku sinni samkvæmt stjórnarskrá landsins hvað svo sem líður meiri hluta þingflokks Framsfl. Og ég skora á hann að rífa sig lausan úr þeim faðmlögum.

[17:26]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar trúnaðarmannaráðin, þá fór ég yfir málið. Ég hefði viljað sjá það borið vel saman hvernig það gengur fyrir sig eða hefur gengið fyrir sig. Önnur samtök búa við hitt kerfið. Hvor leiðin kallar á fleiri eða færri verkföll eða átök? Ég hef þess vegna verið fylgjandi trúnaðarmannaráðunum. En samvisku mína verð ég að eiga við sjálfan mig en ekki hv. þm. Svavar Gestsson.

[17:27]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar að hann óttast afleiðingar þessa frv. Ég vil taka undir það með honum. Það er mikil ástæða til þess að hafa áhyggjur af afleiðingum þessa frv. og þær verða margvíslegar. Í fyrsta lagi munu væntanlegir kjarasamningar í haust og vetur snúast um þessi lög og þessa lagasetningu, þ.e. að breyta henni eða afnema með öllu.

Í öðru lagi er fyrirsjáanlegt að sáttasemjari ríkisins og hans starfslið mun sitja yfir því svo vikum skiptir að semja hundruð ef ekki þúsundir viðræðuáætlana. Þannig liggur einfaldlega í málinu.

Í þriðja lagi er mikil hætta á því að komi til verkfalla og vinnustöðvana, verði illmögulegt að stöðva þær vegna þess hversu þunglamalegt þetta kerfi er sem hér er verið að koma á og opinberir starfsmenn hafa vonda reynslu af slíku. En það er ekki hlustað á nein slík rök heldur er bara keyrt áfram.

Staðreyndin er sú, hv. þm., að það var ákveðin stefna í þessu upphaflega frv. En það er búið að grauta svoleiðis í þessu fram og aftur að stefnan er nákvæmlega engin, Þetta er orðin tóm vitleysa, þunglamalegt og mun gera verkalýðsfélögunum erfitt fyrir. Fyrir utan það grundvallaratriði sem hér hefur verið margítrekað að hér er um innri íhlutun um málefni verkalýðsfélaga og stéttarfélaga í landinu að ræða sem á ekki að eiga sér stað.

[17:29]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði í ræðu minni að ég óttaðist það andrúmsloft sem ríkti við þessar aðstæður. Ég sagði enn fremur að jafnvel stjórnarandstæðingar hér í þinginu og margir úr verkalýðshreyfingunni teldu breytingartillögurnar sem fram væru komnar mjög til bóta fyrir frv. Það er mitt mat að í þessu frv. er ekkert mjög margt sem stendur orðið út af ef til samninga kæmi. Það eru nokkur atriði. Þess vegna var ég þeirrar skoðunar að það ætti að taka sumarið í málið.

En hvað innri íhlutun varðar, vil ég segja að ég hygg að verkalýðshreyfingin hafi verið því sammála að það þyrfti að breyta vinnulöggjöfinni þegar hún settist að borðinu 1994 í viðræður um þetta stóra mál. Auðvitað ber Alþingi að breyta henni. Ég hefði að vísu kosið að enginn hefði farið frá því borði fyrr en því starfi væri lokið.

[17:30]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað grundvallarmunur á því hvort menn eru samála um að breyta einhverju eða hvort stjórnvöld, hvað þá í lýðræðisríki, taka sér það vald að breyta leikreglum á vinnumarkaði einhliða því að það er nákvæmlega það sem er verið að gera. Ég get tekið undir að það er búið að breyta þessu frv. mikið og það er búið að taka út þau atriði sem Lagastofnun sem var einn hluti þeirra lögfræðinga sem komu að þessu máli, áleit vera brot á alþjóðasamningum. Aðrir lögfræðingar eru þeirrar skoðunar að það sé fleira í frv. sem brýtur á bága við alþjóðasamninga, en á það er ekki hlustað.

Ég tek undir með þingmanninum að það á að taka þetta mál af dagskrá og taka sumarið í að ná sáttum í þessu máli.

[17:31]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja það að þetta er ekki allt einhliða í málinu því að sannarlega voru menn búnir að sitja og ná saman um mörg atriði á tveimur árum sem ríkir engin ósátt um. (**KÁ:** Ekki þetta sem er í þessu frv.) Ýmislegt sem er í þessu frv. og ég hygg að það sé sátt um breytingartillögur sem hér eru komnar fram. Ég ætla ekkert að deila um það. En ég vona bara að það verði ekki örlög íslensku þjóðarinnar — skítt með ríkisstjórnina. Ef hún fer þá kemur bara ný — það bitni ekki á henni þó að þetta verði gert að lögum heldur að menn reyni á vinnumarkaði að ganga til þjóðarsáttasamninga á nýjan leik, ég vil segja, í þeim anda sem ASÍ talar um núna með fimm ára áætlun og með það að markmiði að bæta lægstu kjörin á Íslandi.

[17:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Guðna Ágústssyni að það sé hlutverk stjórnarandstöðu að standa fyrir deilum á Alþingi eins og skilja mátti á hans máli og reyndar er það svo að hér er verið að samþykkja hvert frv. á fætur öðru án þess að um það ríki nokkrar illdeilur. Við deildum að vísu um það við 2. umr. hvort það ætti að meina landsmönnum að setja tóbakskorn í vörina og ég held að við höfum verið á sama máli þar, ég og hv. þm. Guðni Ágústsson.

Ég kem upp til að lýsa því yfir að ég er mjög sáttur við þann tón sem var í hans ræðu. Hins vegar er það rangt sem fram kom í máli hans að í þessu atriði varðandi frv. um stéttarfélög og vinnudeilur hafi menn fælst í allar áttir. Menn vildu fara í tvær ólíkar áttir. Annars vegar var það verkalýðshreyfingin sem var sammála hv. þm. Guðna Ágústssyni um að taka bæri frv. út af borðinu og ræða það í sumar og freista þess að ná sáttum um málið. Hins vegar voru það samtök atvinnurekenda sem kröfðust þess að ríkisstjórnin keyrði frv. í gegn. Hv. þm. Guðni Ágústsson harmaði það að menn hefðu rokið upp frá þessu borði. Hver var það sem rauk upp frá þessu borði? Það var hæstv. félmrh., Páll Pétursson, sem stóð upp frá viðræðuborðinu og er að reyna að þröngva frv. í gegnum þingið að boði atvinnurekenda. Þetta er staðreynd málsins.

[17:34]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað deilurnar og illindin varðar, þá hef ég haft heldur gaman af þessum nýliða sem hér var að tala í þinginu því að hann hefur í rauninni sagt nei frá morgni til kvölds og höggvið á báða bóga í allan vetur þó að ég kunni vel við hann og telji hann gagnlegan þinginu því að andsvör ber að hafa uppi í mörgum málum.

En ég vil segja að ég er ekki viss um, ég hef ekki alveg sannanir fyrir því að það hafi verið hæstv. félmrh. sem rauk upp frá borðinu. Um það eru skiptar skoðanir hvað hafi gerst í herbúðunum. En einhver ber ábyrgð á því og kannski bera tveir aðilar ábyrgð á því að það slitnaði upp úr því. En ég hef harmað þá niðurstöðu.

[17:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þetta með nýliðana og hina gagnlegu menn. Það var kannski gagnlegt og nytsamlegt að fá allt þing Alþýðusambandsins hingað að Alþingishúsinu þar sem hæstv. félmrh. sagði að hann vildi gjarnan hafa þá með sér en þeir væru það nú ekki og það yrði bara að hafa það. Eru þetta vinnubrögð sem menn telja líkleg til að stuðla að friði á vinnumarkaði á Íslandi? Þegar menn eru að hafa uppi alvarlegan, málefnalegan málflutning þá eru þeir kallaðir gagnlegir nýliðar. Það verður bara að hafa það þó að allt alþýðusambandsþingið komi að Alþingi Íslendinga og afhendi ríkisstjórninni mótmæli. Það verður kannski líka bara að hafa það þótt hvert einasta verkalýðsfélag í landinu og öll samtök launafólks óski eftir því og krefjist þess að ríkisstjórnin taki þetta frv. út af borðinu og setjist niður til alvarlegrar viðræðu. Það verður bara að hafa það. Mér finnst kveða við svolítið annan tón í þessum orðum hv. þm. Guðna Ágústssonar en í hans ágætu upphafsorðum í sinni ræðu.

[17:37]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég viðhafði aldrei þau orð að það yrði að hafa það. (**ÖJ:** Þá var það ráðherrann.)

[17:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er sólskin og sunnanvindur og Sörli ríður í garð. Og Sörli Framsfl. sem hefur riðið í hlað þingheims í dag er auðvitað, herra forseti, hv. þm. Guðni Ágústsson. Sörli kom hér, prjónaði og frýsaði og lét öllum gleðilátum yfir því að hann sá þrátt fyrir allt ljós í því sem stjórnarandstaðan sagði í þessum ræðustóli í dag og í gær. Hv. þm. tók undir flestu alvarlegustu hlutina í okkar gagnrýni vegna þess að hann hafði kjark og einurð í sér til þess að rísa upp og prjóna gegn ofurveldi Framsfl. og segja það skorinort að honum þyki sem hér sé flasað að verki og hann veit það eins og aðrir góðir Sunnlendingar að flas er ekki til fagnaðar.

Hv. þm. lýsti því skorinort yfir að hann teldi að hæstv. félmrh. hefði í óðagoti sínu framið vondan gerning vegna þess að hann upplýsti það hér að innan vébanda þingflokks framsóknarmanna hefði hv. þm. Guðni Ágústsson fundið að vinnubrögðum hæstv. félmrh. Ég spyr, herra forseti: Eru það ekki nokkur tíðindi þegar merkisberi andstöðunnar innan Framsfl. hefur uppi slíkan málflutning innan þingflokks framsóknarmanna? Það hlýtur að skipta miklu máli. Það sýnir hins vegar eins og fyrr að hv. þm. Guðni Ágústsson er merkisberi hinnar sönnu arfleifðar Framsfl. Það er hann sem minnist þess að einu sinni var í landinu stjórn hinna vinnandi stétta sem ríkti frá árinu 1934–1937, en ef ég man rétt, þá var það einmitt það ár sem hæstv. félmrh. var í þennan heim borinn þannig að saga félmrh. og samstarfs Framsfl. og verkalýðshreyfingarinnar er nokkuð samofin þó að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi að vísu hvergi að því verki komið.

Herra forseti. Mál hv. þm. Guðna Ágústssonar speglar í hnotskurn hinn innri ágreining Framsfl. og þau sár sem Framsfl. hlýtur óneitanlega að bera núna í hjartastað. Framsfl. gleymir ekki svo auðveldlega sinni glæstu sögu og hæstv. félmrh. gleymir því heldur ekki að árum saman var það hann sem reisti flagg andstöðunnar, reisti flagg félagshyggjunnar innan Framsfl. Oft og tíðum kostaði hann nokkru til þess því að árum saman var hann á jaðri Framsfl. vegna þess að sökum skoðana sinna þótti hann lengi vel ekki tækur til stórra og mikilla verka. Og eins og menn e.t.v. muna, þá er það hæstv. félmrh. sem einmitt tókst á við hv. framsögumann meiri hlutans í þessu máli, Siv Friðleifsdóttur, um það hvort þeirra ætti að verða ráðherra Framsfl. Mörgum þótti vel til

fundið að láta hina vösku hv. þingkonu, Siv Friðleifsdóttur, bíða svolitla stund en ég hygg að fáir séu þeirrar skoðunar sem sjá verkin núna vegna þess að á dauða sínum áttu margir von en enginn held ég að hafi átt von á því að það yrði hæstv. félmrh., Páll Pétursson, sá sem alltaf fór fyrir vinstri armin um innan Framsfl. sem yrði til þess að fara með þessum hætti í verkalýðshreyfinguna og bókstaflega beita sér fyrir því að það yrði valsað inn í gangverk hennar með lagasetningu. Ég hygg að það hafi einmitt verið maður á borð við hæstv. félmrh. sem oftsinnis á undangengnum árum og áratugum hefur einmitt gengið í þennan ræðustól og trampað niður fæti svo stundum hefur minnt á sterkbyggðan fíl í myrkviðum Afríku til varnar einmitt hagsmunum verkalýðshreyfingar og vinnandi fólks í þessu landi.

Hv. þm. og virðulegi forseti, Guðni Ágústsson, kom og fann að við hæstv. félmrh. Hann rifjaði eilítið upp kosningaloforð Framsfl. og sagði að það sem skipti máli væri það að vinnandi fólk í landinu bæri réttlátan hlut frá borði. Og hann sagði: „Það sem við þurfum að gera er að taka höndum saman um að auka hlut vinnandi manna Íslandi og bægja frá þeim voða húsnæðisskuldanna" og ýmislegt fleira sagði hann. Þetta var ekki vel til fundið hjá þeim annars glöggskyggna hv. þm. Guðna Ágústssyni. Ég veit það vel að hann hefur margsinnis í þessum sölum farið geyst og mælt fyrir því að undinn yrði bráður bugur að því að greiða úr vanda þeirra sem eiga í erfiðleikum vegna húsnæðisskulda. Það vildi svo til að lengi vel töldu menn að hann ætti hauk í horni þar sem er hæstv. félmrh. sem fer einmitt með þau mál. En við sjáum það eins og svo margt annað, herra forseti, að ekkert var gert í því. Öll loforð Framsfl. um húsnæðismál, um að frysta skuldir, um að jafnvel lækka skuldir, lækka vexti, þau hafa öll gufað upp og frv. sem hæstv. núv. félmrh. bar fram með flokki vaskra stjórnarandstöðuþingmanna úr Framsfl. á síðasta kjörtímabili hefur gufað upp líka eins og svo margt sem hefur gufað upp hjá hæstv. félmrh. Og þá þýðir ekkert fyrir hv. þm. Guðna Ágústsson að koma og troða marvaðann vegna þess að hann er að sökkva, vegna þess að lóðið sem hangir í fótum hans er auðvitað hæstv. félmrh. og öll brostnu kosningaloforðin. Þau draga hann með sér niður í djúpið, illu heilli. Það skiptir engu máli hversu oft við reynum að koma hv. þm. til hjálpar. Við megnum það ekki vegna þess að hann hefur kosið sér þetta helsi sjálfur og brugðið því um fætur sér.

En lengi er von á einum, herra forseti. Ég hygg að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi gefið afskaplega mikilvæga yfirlýsingu sem ég er viss um að þessi umræða hlýtur að verulegu marki að snúast um. Hann hefur í fyrsta lagi upplýst það að innan þingflokks Framsfl. komu menn og gerðu athugasemdir við frv. hæstv. félmrh. Það kom fram í máli hv. þm. Hann sagði jafnframt að það væri hans skoðun að það væri betra að reyna að ná sáttum í verkalýðshreyfingunni og láta þetta frv. bíða af sumarið og reyna að ná sáttum við forustu verkalýðshreyfingainnar. Ég var honum hjartanlega sammála.

En það er meira sem í þessum orðum hv. þm. býr. Hann er maður sem flíkar ekki auðveldlega viðkvæmum viðhorfum og skoðunum sem þessum, en hann hefur eigi að síður kosið að bera þetta fyrir þingheim. Hvað þýðir það, herra forseti? Það getur ekki þýtt annað en að hv. þm. muni fylgja sinni sannfæringu í þingsölum og hann muni leggjast á sveif með stjórnarandstöðunni þegar til atkvæðagreiðslu kemur og láta þetta mál bíða. Annað getur hv. þm. tæpast gert eftir að hann hefur upplýst að það er sannfæring hans að það eigi að láta málið bíða. Við vitum að þessi hv. þm. hefur oft í þessum ræðustóli bent þingmönnum yngri og óreyndari honum sjálfum á að það er skylda þeirra samkvæmt stjórnarskrá að fylgja sannfæringu sinni. Og nú veit ég, herra forseti, að hv. þm. Guðni Ágústsson mun fylgja sinni sannfæringu og leggjast á sveif með þeim sem vilja að hæstv. félmrh. fari sér eilítið hægar.

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. hefur þegar haldið ýmsar ræður og margar þeirra hafa verið að mörgu leyti merkar. Ég vil segja það strax, herra forseti, að ég tel ekki hægt af grundvallarástæðum að fylgja þessu frv. og það gildir þá einu hvað mönnum finnst um þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir. Ég tel að frv. eins og það liggur fyrir feli í sér brot á þeirri grundvallarreglu sem ég og minn flokkur og þeir sem fylgja svipaðri sannfæringu geta aldrei annað en fylgt, þ.e. við getum ekki fallist á að að sé hlutast til um innri mál verkalýðsfélaga eins og gert er í frv. Og ég vil segja, herra forseti, að það er einungis í algerum undantekningartilvikum sem slíkt væri hægt að fallast á, þó að það sé hægt að hugsa sér vissar aðstæður þar sem ekki er hægt annað en gera það.

Ég vil líka segja, herra forseti, að ég hef farið yfir þetta frv. mjög grannt og það var algerlega út í hött finnst mér eins og það kom fyrir fyrst. Nú hefur það verið lengi að velkjast í umræðunni í þinginu og auðvitað gerist það jafnan að hér vegast menn á með skoðunum og röksemdum. Og það hefur aldrei gerst eða mjög sjaldan tel ég að þegar frumvörp koma sem stjórnarandstaðan með rökum telur að séu afskaplega vond, þá sé ekki að einhverju leyti tekið tillit til þess.

Það er mín skoðun að obbi þeirra breytingartillagna sem koma fram á þskj. 955 séu til bóta. Ég tel að langflestar breytingartillögurnar séu til mikilla bóta. Ég tel raunar að niðurstaða þessa máls eins og það liggur fyrir af hendi hv. félmn. sýni að sameinuð verkalýðshreyfing og sameinuð stjórnarandstaða fær ýmsu áorkað vegna þess að ég tel að þó að ekki sé með nokkru móti hægt að fallast á frv., jafnvel að samþykktum þessum breytingartillögum, vegna þess að það grípur inn í þetta grundvallarprinsipp, það breytir innri gangi stéttarfélaga, þá tel ég eigi að síður að þessar tillögur séu til bóta. Það sem gerst hefur þegar maður lítur yfir þetta svið, þá er það aðallega þrennt sem verkalýðsfélögin mæltu í gegn í upphafi þessarar lotu. Það var í fyrsta lagi að þau voru algerlega ósammála því að í 1. gr. frv. var gert ráð fyrir því að það væri mögulegt að vissum skilyrðum uppfylltum að stofna stéttarfélög á vinnustað. Nú er það svo, herra forseti, að þetta ákvæði fellur brott eins og það kom fyrir af skepnunni.

Í öðru lagi var líka gert ráð fyrir því, herra forseti, að þarna væru inni tengingarreglur þegar kom að afgreiðslu málamiðlunartillögu frá ríkissáttasemjara sem voru með þeim hætti að verkalýðshreyfingin og stjórnarandstaðan töldu að það væri ekki hægt að fallast á slíka reglu. Það er líka farið út, herra forseti.

Í þriðja lagi. Það sem skiptir líka mjög miklu málli er að svokallaðir atkvæðaþröskuldar sem var að finna í frv., hafa verið samræmdir og þeir hafa verið lækkaðir og mjög til bóta tel ég. En ég ítreka það eigi að síður og mun fara betur í þetta síðar í mínu máli, ég ítreka það að eftir stendur að frv. hlutast mjög grimmúðlega til um innri mál stéttarfélaga. Mér sýnist og vildi gjarnan heyra frá hæstv. félmrh. hvort sú skoðun er röng að eftir að frv. hefur verið samþykkt, þá þurfi velflest ef ekki allur obbi verkalýðsfélaga á Íslandi að breyta sínum

samþykktum, lögum og reglum. Ég tel það í sjálfu sér vera afskaplega slæmt mál.

Herra forseti. Ég segi það líka að ég hef ýmsar sérskoðanir á þessum málum sem eru kannski ekki allra í mínum flokki, en ég er þeirrar skoðunar, ég nefndi það áðan, að við vissar aðstæður væri e.t.v. ekki hægt að leysa málið öðruvísi en hlutast til með einhvers konar inngripum framkvæmdarvaldsins í formi löggjafar. Ég er þeirrar skoðunar t.d. að það sé nauðsynlegt í framtíðinni að búa svo um hnúta að það sé ekki hægt fyrir einstaka, litla, mjög valdamikla hópa innan verkalýðshreyfingarinnar að koma eftir að heildarsamningum er lokið og bókstaflega talað klifra upp eftir þakinu á láglaunafólkinu og krefjast hærri launa í krafti þess að þau búa við aðstöðu sem gefur þeim mikinn slagkraft, mikið afl. Ég tel að það sé ekki hægt. Ég spurði við 1. umr. þessa máls hæstv. félmrh. hvernig hann teldi að frv. eins og það lá fyrir þá tæki á þessu máli. Hæstv. ráðherra gerði að vísu tilraun til þess að svara þessu. Hann vísaði til tengingarreglu o.s.frv., en þegar ég skoðaði hið upphaflega frv., þá var ég þeirrar skoðunar að það tæki ekki á þessu máli. Og enn er þetta vandamál sem ég tel vera eitt af verstu vandamálunum sem menn eiga við að glíma í samskiptum aðila vinnumarkaðarins.

Nú vil ég taka það alveg skýrt fram, herra forseti, að ég tel nauðsynlegt að þegar menn reyna að leysa mál af þessu tagi, þá verði þeir fyrst að reyna til þrautar að ná sáttum og málamiðlunum milli aðila vinnumarkaðarins í máli sem þessu. En ef það gengur ekki, þá hlýtur að koma að því einhvern tíma að löggjafinn yrði að grípa inn í við tilvik eins og þessi sem ég hef hérna lýst. Ég tek það fram að það er þetta sem ég átti við í upphafi ræðu minnar þegar ég taldi að það væri mögulegt við vissar aðstæður að löggjafinn gripi inn í mál. En þetta er undantekningin á þeirri reglu sem ég ella fylgi. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé mest um vert að aðilar vinnumarkaðarins sjálfir komi sér saman um þessar samskiptareglur. Þarna er ég, herra forseti, að gagnrýna mjög harkalega óðagotið hjá hæstv. félmrh. Við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að hæstv. félmrh. hefur einungis setið í örfáa mánuði. Nú er það að vísu svo að um dvöl sína í ráðherrastóli hefur hæstv. félmrh. í senn hótað þingheimi og lofað. Hann hefur hótað því að hann ætli að sitja í þrjú ár, en hann hefur nánast lofað að hætta eftir það. Hvað sem því líður, herra forseti, á hann samt sem áður eftir a.m.k. þrjú ár samkvæmt hótun sinni. Hann á eftir þrjú ár. Það voru ekki liðnir nema nokkrir mánuðir — hæstv. félmrh. leiðréttir mig þá ef ég fer með rangt mál — en ég hygg að það hafi ekki verið nema fimm eða sex mánuðir liðnir af veru hans í ráðherrastóli þegar hann tók málið úr höndum samskiptanefndarinnar og lagði fram fullburða frv. Það, herra forseti, er ekki hægt að fallast á og alls ekki með þeim rökum sem hæstv. félmrh. flutti, sem sagt þeim að reynt væri til þrautar. Það kann vel að vera bæði kostur og löstur hæstv. félmrh. að hann vill að verkin gangi hratt fyrir sig. En eigi að síður er um að ræða svo viðkvæm mál að hæstv. ráðherra bar mórölsk skylda, sökum þess merka hlutverks sem hann gegnir í samskiptum aðila vinnumarkaðarins, að láta á það reyna til þrautar. Ég tek ekkert mark á því þó að hæstv. ráðherra komi og segi: „Það var búið að ræða málið á 48 fundum", vegna þess að í áfangaskýrslunni sem skilað var og mig minnir að hafi verið dagsett 22. nóvember, eru talin upp þau atriði sem búið var að ræða. Sum var vissulega búið að ræða ... (**Félmrh.:** Upp í 35. nærri því.) Já, sum var vissulega búið að ræða kannski út í hörgul og það var komið að þeim tímapunkti að það var kannski hægt að afgreiða þau. En í þeirri skýrslu sem er eina skýrslan sem ég hef a.m.k. lesið eða séð úrdrátt úr, kom líka fram að ýmis mál og það eru líklegast umdeildustu málin sem hérna eru til umræðu, m.a. boðun verkfalls og hvernig á að borða verkfall, atkvæðaþröskuldur o.fl., höfðu ekki verið rædd. Það hafði verið reifað. Það hefur verið bent á að þau þyrfti að ræða millum aðila vinnumarkaðarins, en það var engin ítarleg umræða og það var fjarri því að það væri komin nokkur niðurstaða. Þetta, herra forseti, tel ég að sé ólíkt verklagi hæstv. félmrh. Ég skil ekki hvað knúði hann til þess sér í lagi þegar maður horfir til þess að hann gaf sjálfur kosningaloforð sem ég hef aldrei áður lesið upp fyrir hann. Mér er sannkallaður sómi að því að rifja það upp fyrir honum. Þegar hæstv. félmrh. var bara óbreyttur hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þá sat hann fund miðstjórnar Framsfl. 24.–27. nóv. árið 1994 og þar var samþykkt sú stefna sem til grundvallar skyldi lögð í kosningabaráttu flokksins og þar var tekið á vinnumarkaðsmálum. Það var engin spurning um það að Framsfl. hafði mótaða stefnu um það hvað ætti að gera og sú stefna var af tveimur ástæðum hrósverð.

Í fyrsta lagi sagði Framsfl. að það ætti að fara í það að skoða ekki bara hverja einustu lagasetningu, heldur hverja einustu reglugerð sem tengdist vinnumarkaðnum og það er jákvætt. En í öðru lagi lofaði líka flokkurinn því að það yrði gert í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins. En hvað blasir við, herra forseti? Það blasir við að við höfum hér frv. sem í upphafi var skreðarasaumað fyrir Vinnuveitendasamband Íslands, sem hvert einasta verkalýðsfélag í gervöllu landinu var á móti. Það er með engu móti hægt að segja að þetta sé í samræmi við stefnu Framsfl. sem sagði það skýrt og skorinort og gaf það út í fjölrituðu plaggi að það skyldi haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hverja einustu breytingu, reglugerð eða lög. Það átti að ræða málið við aðila vinnumarkaðarins.

Hvað er samráð, herra forseti? Það getur vel verið að hæstv. félmrh. hafi einhvern fílósófískan skilning á því hvað er samráð. En samráð að mínu viti er það þegar aðilar ræða mál, leggja fram rök og gagnrök, takast á, ræða málið og ná síðan sameiginlegri niðurstöðu þar sem báðir aðilar slaka á og úr því verður málamiðlun. Það er eðli samráðs. Það er samráðið sem hinir ágætu flokksmenn Framsfl. höfðu í huga sér þegar þeir vestur á Hótel Sögu samþykktu það að sá sem e.t.v. mundi gegna embætti félmrh. í ríkisstjórn fyrir Framsfl. ætti að hafa samráð af þessum toga við aðila vinnumarkaðarins.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur vísað því á bug að frv. sem hér liggur fyrir sé skreðarasaumað fyrir Vinnuveitendasamband Íslands og það er alveg hárrétt hjá honum eins og staðan er í dag. En þegar hann lagði frv. fyrir þingið, þá var það auðvitað þannig að forustumenn Vinnuveitendasambands Íslands réðu sér ekki fyrir fögnuði. Þeir voru þeirrar skoðunar að þetta væri afskaplega gott frv. En einmitt vegna skeleggrar andstöðu verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar, þá er í þremur greinum búið að deyfa svo höggkraft frv. að Vinnuveitendasambandið er eðlilega ekki líkt því eins ánægt með frv. og það var áður þannig að það leyti til hefur hæstv. félmrh. rétt fyrir sér. Frv. er ekki lengur bókstaflega skreðarasaumað fyrir Vinnuveitendasambandið, en það var það þegar það var lagt fram.

Mér þótti hæstv. félmrh. flytja skynsamlega tölu þegar

hann á föstudag eða laugardaginn var að ræða um lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég er honum alveg sammála um það að lýðræðinu innan verkalýðshreyfingarinnar er áfátt. Sums staðar er því verulega áfátt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að sú deyfð sem sums staðar er áberandi einkenni verkalýðshreyfingarinnar stafi af því að það er ákveðinn skortur á lýðræði innan hennar. Hæstv. fémrh. kastaði upp boltanum og sagði: „Lítið á Dagsbrún." Hann benti réttilega á það að innan Dagsbrúnar hafa orðið átök. Þar er staðan þannig að annar listinn, sem hafði að vísu ágætan meiri hluta, er með alla fulltrúa í stjórn og trúnaðarmannaráði. En minni hluti sem hafði þó verulegt fylgi innan félagsins er nánast áhrifalaus á stjórn þess. Ég er hæstv. félmrh. algerlega sammála um að þetta er ótækt fyrirkomulag. Ég tel að ef þarna væri hlutfallskosning, þá væru menn með fulltrúa andstæðra sjónarmiða sem vægjust á innan stjórnar og innan trúnaðarmannaráðs. Það mundi gera að verkum að samkeppni og barátta hugmyndanna vekti miklu meira líf innan félagsins, gerði menn miklu meðvitaðri fyrir kröfur þess á hverjum tíma og mundi að öllu leyti styrkja undirstöður viðkomandi verkalýðsfélags. Dagsbrún rær ekki ein á báti í þessum efnum. Fjölmörg verkalýðsfélög önnur eru seld undir sömu sök. En ég held að mig greini á við hæstv. félmrh. um það að mér dettur ekki í hug að fara fram með frv. og leggja til að Alþingi hlutist til um það hvernig félagar okkar í Dagsbrún haga kosningum til stjórnar og trúnaðarmannaráðs. Það kemur mér ekki til hugar (**PP:** Mér ekki heldur.) vegna þess að það brýtur í bága við grundvallarsannfæringu mína um það hvernig verkalýðsfélög eiga að starfa. Þau eiga að fá að starfa óhlult fyrir misvitrum mönnum sem kunna þá og þá stundina að sitja á stóli ráðherra.

En ég segi hins vegar: Þarna er hæstv. félmrh. á réttu róli í hugsun sinni, á sama róli og félagi Lev Trotskíj og á á sama róli og sá sem hér stendur. Að þessu leyti virðist sem við allir þrír séum þessarar skoðunar. Ég veit ekki um afstöðu Trotskíjs til lagasetningar um verkalýðsfélög, en það er bersýnilegt að hæstv. félmrh., þótt hann hafi í frammíkalli sagt að honum kæmi ekki til hugar að hlutast til um innri mál Dagsbrúnar, er samt að gera það með því frv. sem hér liggur fyrir. Ég er þeirrar skoðunar nema hann sýni mér fram á annað. Ég held að þegar frv. er samþykkt illu heilli eftir umræðuna hér, þurfi jafnvel Dagsbrún að hlutast til um að lögum félagsins verði breytt.

Hæstv. félmrh. ræddi líka í nokkru máli nauðsyn þess að jafna atkvæðisrétt innan verkalýðsfélaganna, einmitt í umræðu sinni um Dagsbrún. Mér hló hugur í brjósti þegar ég heyrði þennan framsýna hæstv. ráðherra segja þetta vegna þess að hæstv. félmrh. hefur af öðru tilefni aftur og aftur lagst gegn því að menn reyndu að vinda sér í það að jafna atkvæðisrétt í landinu. Það vill svo til að hæstv. félmrh. er kosinn þingmaður með miklu færri atkvæðum en t.d. hv. þm. Kristján Pálsson. Nú er ég ekki að segja að hv. þm. Kristján Pálsson sé honum þyngri enda sér það hver maður að það er ekki rétt. Eigi að síður vildi ég gjarnan að hæstv. félmrh. hefði það sem heitir á ensku „lateral thinking" og hann hugsaði svolítið út frá því sem hann er að segja. Telji hann nauðsynlegt að jafna atkvæðisréttinn innan verkalýðshreyfingarinnar og auka lýðræðið þar, hvað með að gera það þá á landsvísu líka, hæstv. félmrh.? (**Félmrh.:** Ég hef borið fram tillögu þar um.) Ég hygg að hæstv. félmrh. ætti þegar stund gefst milli stríða að ráðfæra sig við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um það hvort það kynni að vera gert í nánustu framtíð. Ég get lofað honum því að það verður ekki gert af Alþfl. á þessu kjörtímabili vegna þess að Alþfl. hefur þegar gert það. Sú tillaga hefur því miður ekki komist til atkvæða.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur aftur og aftur, og gerði það í fyrrnefndri ræðu sem ég er að vitna í þegar hann var að tala um nauðsyn þess að jafna atkvæðisréttinn, talað um nauðsyn þess að flytja vald frá forustumönnum verkalýðsfélaganna til hins almenna félagsmanns. Þótt hæstv. félmrh. sé með skynugri mönnum í Framsfl., hefur honum samt sem áður tekist að glepja sjálfan sig svo svakalega að hann bersýnilega trúir því þegar hann kemur hingað aftur og aftur í þennan stól og heldur því fram með barnslegri einlægni að frv. hans flytji vald frá forustumönnum verkalýðsfélaganna til hinna einstöku félaga. Ég er honum algerlega ósammála, herra forseti. Og það sem meira er, það eru fleiri en ég sem sjá allt annað frv. liggja frammi fyrir sér en hæstv. félmrh. Hverjir skyldu vera þeir sem hægt er að segja að séu hlutlausir? Ég skil það vel að hæstv. félmrh. og jafnvel hinn skynugi herra forseti mundu komast að þeirri niðurstöðu að ég er ekki hlutlaus aðili. Ég er partur af stjórnarandstöðunni og það hefur komið skýrt fram að hún er afskaplega mikið á móti þessu frv. En það eru ýmsir umsagnaraðilar, jafnvel þeir sem hv. félmn. leitaði til, sem er hægt að segja að séu hlutlausir. Og hvað segir t.d. Þjóðhagsstofnun, hlutlaus aðili, um miðstýringuna og hið aukna frelsi sem felst í frv. sem hæstv. félmrh. telur eins konar flutningsfrv. vegna þess að það flytji valdið frá forustu verkalýðsfélaganna til hinna einstöku félagsmanna? Með leyfi forseta, segir Þjóðhagsstofnun:

„Með frv. er miðstýrð kjarasamningagerð fest í sessi." Herra forseti. Mér sýnist einboðið samkvæmt þessu að Þjóðhagsstofnun er ekki þeirrar skoðunar að það sé hér að veruleyti verið að flytja vald frá forustunni til hinna einstöku félagsmanna.

Herra forseti. Þetta frv. kemur fram við sérstakar aðstæður og þessar aðstæður hafa auðvitað vakið angur, gremju og reiði stéttarfélaganna. Veltum því aðeins fyrir okkur hvernig þessar aðstæður eru og hvernig ótímabær orð hæstv. félmrh. hafa fremur verkað sem eldsneyti á eldinn en sem olía á öldu. Í fyrsta lagi hafa komið fram slag í slag fjölmörg frumvörp sem öll virðast brennd því marki að þau eiga að skerða rétt launamanna. Ég nefni t.d. frv. sem kom fram og var sett fram í miklu óðagoti af hæstv. samgrh. um að gera hlutafélag úr Pósti og síma. Nú var það sennilega enginn þingmaður sem flutti jafnhnitmiðuð rök fyrir því hvers vegna það væri stundum skynsamlegt að gera hlutafélag úr ríkisfyrirtækjum eins og sá sem hér stendur. En ég lýsti algerri andstöðu minni við það frv. vegna þess að réttindaákvæðin væru gersamlega út úr kú. Þar var frv. svo illa úr garði gert að það braut algerlega í bága við nýfallinn dóm sem fallinn var, að vísu í undirrétti, um bíðlaunarétt starfsmanna hins opinbera. Eigi að síður kom þetta frv. fram. Það er væntanlega búið að gerbreyta því vegna þess að í hita umræðunnar kom það fram frá hæstv. samgrh. að líkast til væri það rétt að frv. væri ekki í samræmi við fallinn dóm, hinn svokallaða SR-dóm. Síðan kom fram frv. sem við eyddum fleiri tugum klukkustunda í að ræða, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það var auðvitað engum blöðum um það að fletta að þar var verið að ganga á áunnin réttindi opinberra starfsmanna. Það sem vakti eftirtekt við umfjöllun þess frv. var að hvorki sást tangur né tetur, haus né sporður af Framsfl. vegna þess að þá voru allir þingmenn Framsfl. í gervi Sörla, þá voru þeir allir

með heiðríkju hugans yfir sér og skömmuðust sín fyrir aðild að frv. Hv. þm. Guðni Ágústsson hafði þá ekki sannfæringu og kjark til þess að koma og lýsa yfir skoðunum sínu á því frv., enda má kannski segja að honum rann blóðið fremur til skyldunnar þegar hér var komið fram frv. sem runnið var undan rifjum hans eigin flokks

En þar var frv. sem var sannarlega slæmt. Ég nefni líka frv. sem var deytt í fæðingu, að menn a.m.k. vona, um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Þar átti bókstaflega að skerða lífeyrisréttindin með íhlutun löggjafans. Og það eru fleiri frumvörp sem hægt er að nefna. Ég nefni t.d. frv. um réttindi og skyldur skólastjórnenda og kennara þar sem í greinargerðinni sjálfri voru bókstaflega tekin aftur loforð sem kennurum höfðu verið gefin. Það þurfti hæstv. forsrh. til þess að taka í afturendann á hæstv. fjmrh. og kippa honum niður úr þeim loftfimleikum sem hann var kominn í þá. Hann var á góðri leið með að spólera þeim ágætu samningum sem lutu að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Þetta er umhverfið sem þetta frv. kemur fram í og það er ekki nema von, herra forseti, að í hópi fulltrúa á alþýðusambandsþinginu gangi það undir heitinu stéttarfélög og vinnudellur því að frv. er della. Þarna er ég búinn að telja upp fimm frumvörp sem öll virðast miða að því að þrengja með einhverjum hætti að rétti hins vinnandi manns. Þetta vekur mótblástur, andstöðu og reiði sérhvers þeirra sem er virtur í hópi verkalýðshreyfingarinnar. En það vekur angur í hjarta þeirra líka vegna þess að sá sem er flytjandinn í þessu tilviki er maður sem jafnan var litið á sem hauk í horni. Hæstv. félmrh. hefur unnið sér það ágæta orð um árabil að vera einn af þeim sem hefur borið hag verkalýðshreyfingarinnar og hins vinnandi manns fyrir brjósti. Þegar ég sé hv. þm. Steingrím J. Sigfússon ganga snöfurmannlega eins og hann á vanda til í salinn, minnist ég þess að þegar hann saumaði að hæstv. félmrh. við 1. umr. málsins og spurði hvaða nauður það væri sem ræki hæstv. félmrh. til þess að leggja fram frv. Þá svaraði hæstv. ráðherra því til að frv. væri orðið svo gamalt, það væri síðan 1938. Hv. þm. benti þá á þá staðreynd að hæstv. félmrh. er árinu eldri og hefur frekar batnað með árunum alveg fram undir hið síðasta. Þannig að aldur er í sjálfu sér engin rök.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ekki hægt að halda því lengur fram að þetta frv. sé algerlega skreðarasaumað fyrir VSÍ vegna þess að í meðferð þingsins hefur það rýrnað í roðinu. Það er ekki hægt að segja hið sama um hæstv. félmrh. eins og hver maður sér sem rennir augunum yfir ráðherrabekkina, a.m.k. ekki í efnislegum skilningi. En í andlegum og pólitískum og tilfinningalegum skilningi hefur hæstv. félmrh. auðvitað rýrnað allverulega í augum þeirra sem árum saman litu á hann sem stuðningsmann sinn og bandamann vegna þess að hann er auðvitað genginn í björg.

Ég sagði áðan að þetta frv., herra forseti, væri sett fram við sérstakar aðstæður og það var einungis við þá björtu sýn sem bar fyrir augu mín þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon brokkaði í salinn að ég fór aðeins í smálautarferð. En ég hef skýrt hvernig þetta frv. er í hópi fimm frumvarpa sem öll miða að því að þrengja hag og kjör verkalýðshreyfingarinnar. En það er annað sem líka skiptir máli þegar menn eru að ræða um forsendur frv. og aðstæðurnar sem það er lagt fram við. Við búum við góðæri. Þjóðhagsstofnun hefur tímasett það að góðærið fæddist í nóvember 1994 og af kurteisi og tillitssemi við hæstv. félmrh. ætla ég ekki að rifja upp fyrir honum hverjir voru í ríkisstjórn þá, enda sé ég að hann er farinn að geispa.

Við þessar aðstæður, herra forseti, sjáum við á hverjum einasta degi að íslensk stórfyrirtæki eru að velta fram ársreikningum sínum og hvert einasta fyrirtæki sýnir aukinn hagnað, meiri gróða. Og það er við þessar aðstæður sem eðlilegt væri að vinnandi fólk í landinu, sem hefur í gegnum þjóðarsátt, sem hefur í gegnum ábyrga þátttöku sína á landsstjórninni lagt sitt af mörkum til þess að ná niður verðbólgu og skapa þetta góðæri, gæti gert réttmætar kröfur um að fá nú í sinn skerf einhvern hluta af þessu góðæri. En það er þá sem hæstv. félmrh. leggur fram þetta frv. Ég hef áður misst það út úr mér, herra forseti, að þó hæstv. félmrh. sé hægur til máls talar hann eigi að síður hraðar en hann hugsar. Stundum hefur hann misst út úr sér sínar innstu hugsanir og það gerði hann einmitt við 1. umr. þessa máls. Í þeirri setningu sem þá skaust út úr munnvikjum hæstv. félmrh. er fólginn lykillinn að nauðsyn þess að þetta frv. er komið fram og nauðsyn þess að ríkisstjórnin og Vinnuveitendasambandið telja brýnt að það verði samþykkt. Hæstv. félmrh. sagði þá:

„Það eru kjarasamningar í lok þessa árs og það verður að vera búið að samþykkja þetta áður."

Það var það sem hæstv. félmrh. sagði við 1. umr. og þá var frv. auðvitað í miklu verri búningi en það er núna. Þá var frv. í þannig búningi að það hefði ekki verið nokkur vegur fyrir verkalýðsfélögin að fella miðlunartillögu. Og þegar menn horfa framan í þann blákalda veruleika að núverandi ríkissáttasemjari hefur lagt fram ekki eina og ekki þrjár heldur fjórar miðlunartillögur sem allar hafa verið felldar, þá erum við ekki bara að tala um hugsanlega kjararýrnun, þá erum við að tala um krónur og aura í vösum launafólks. Ef þetta frv. hefði verið samþykkt eins og það var upphaflega hefði það bókstaflega haft í för með sér beinharða kjaraskerðingu. Það hefði gert það að verkum að það hefði ekki verið hægt að fella miðlunartillögur og miðað við þann feril sem núv. ríkissáttasemjari hefur, hefði mátt búast við miðlunartillögum sem hefðu mætt mikilli andstöðu verkalýðshreyfingarinnar og verið samþykktar engum til gleði nema Vinnuveitendasambandinu. En góðu heilli er alla vega búið að breyta þröskuldunum í þessu.

Hæstv. félmrh. hefur sennilega af nokkru fljótræði gripið upp þá stefnu og áætlanir forustu Alþýðusambandsins að á næstu fimm árum gætu menn ef vilji væri fyrir hendi hjá forustu verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar náð sáttum um að stórbæta kjör, nota góðærið á Íslandi og stórbæta kjör landsmanna, hækka kjörin upp í það sem gerist einmitt á Norðurlöndunum. Og ASÍ sagði: Þetta getum við gert með því að auka vinnustaðarsamninga og fjölga vinnustaðarsamningum. Þá kemur fram brtt. frá hæstv. félmrh. sem einmitt lýtur að vinnustaðarsamningum. Þegar menn gagnrýna allar breytingartillögurnar og frv. í heild segir hæstv. félmrh. til stuðnings frv.: „Það er þá a.m.k. verið að skapa lagastoð fyrir vinnustaðarsamningana." Þá spyr ég, hæstv. félmrh.: Er það svo að skortur á lagastoð fyrir vinnustaðarsamningum hafi komið í veg fyrir að þeir hafi verið gerðir á fjölmörgum stærri vinnustaða síðustu ár? Svarið er að sjálfsögðu nei. Það hafa verið gerðir vinnustaðarsamningar á Grundartanga, í álverinu og vafalítið víðar öllum til hagsbóta og það er ekkert sem segir að það sé nauðsynlegt að bæta einhverri stoð inn í lögin til þess að það sé hægt að efla vinnustaðarsamninga. Ég er hæstv. félmrh. sammála um að þeir eru tæki sem nauðsynlegt er að efla eins og hægt er. Ég tel að þeir gætu, sérstaklega á tímum góðæris, auðeldað

starfsmönnum og þá einkum hjá stórfyrirtækjum að ná til sín auknum hluta góðærisins.

Ég óttast að hæstv. félmrh. hafi í óðagoti sínu eiginlega reist þröskulda gegn því að menn geti í auknum mæli farið í vinnustaðarsamninga vegna þess að sá háttur sem hafður er á atkvæðagreiðslu þar gerir það að verkum að lítil stéttarfélög sem samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans þyrftu að lúta meirihlutaákvörðun allra þeirra sem samningurinn varðar, mundu sennilega ekki í jafnríkum mæli og e.t.v. í dag ganga inn í samflot slíkra stórra vinnustaðarsamninga. Ég óttast sem sagt og spyr hæstv. félmrh., ef hann má vera að því að svara einhvern tímann síðar í þessari umræðu þegar hann kýs, hvort hann sé ekki hræddur við það að einmitt þessi takmörkun sem mér sýnist vera lögð á svigrúm lítilla stéttarfélaga sem verða aðilar að vinnustaðarsamningum, dragi ekki úr líkunum á því að slíkir samningar verði að veruleika. Þetta tel ég slæmt, herra forseti. Ég nefni líka að eitt er að leggja fram frv. af þessu tagi og annað er að geta og kunna rökin til að styðja það. Ég sé mér til nokkurrar furðu að meiri hluti félmn. leggur hér fram margvíslegar breytingartillögur og m.a. við 6. gr. þar sem verið er að tala um þröskuld við samþykkt eða fall miðlunartillögu. Þar kemst Lagastofnun að þeirri niðurstöðu að þröskuldurinn sem var í hinu upphaflega frv. sé að öllum líkindum í andstöðu við alþjóðasamþykktir og samninga sem Íslendingar hafa skrifað undir. Þá er þröskuldurinn lækkaður úr 35% niður í 25%. Ég dreg í efa að þessi þröskuldur, 25%, sé eitthvað frekar í samræmi við alþjóðasamþykktir en 35%. Ég er reiðubúinn til að hlusta á rökin en ég spyr hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem er framsögumaður fyrir áliti meiri hlutans: Hvers vegna telur hún að það sé í samræmi við alþjóðasamþykktir að hafa 25% þegar 35% ganga ekki? Hvar eru rökin fyrir þessu? Ég veit að hv. þm. verður ekki skotaskuld úr því að útskýra þetta fyrir mér.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur komið hingað með þetta frv. sitt að mér finnst í tætlum miðað við hvernig það var upphaflega. Það er búið að ryðja úr því eins og hv. þm. Gísli Einarsson sagði, verstu eiturbroddunum. Ég tel að verkalýðshreyfingin og stjórnarandstaðan hafi náð miklum árangri þegar búið er að taka út 1. gr. um vinnustaðarstéttarfélögin, þegar búið er að ryðja burt þröskuldunum í atkvæðagreiðslunum og þegar búið er að taka burt tengingarregluna eða breyta henni. Þetta tel ég vera mikilvægt. En samt sem áður er það alveg ljóst að frv. er fljótræði vegna þess að það er lagt fram einungis nokkrum mánuðum eftir að hæstv. félmrh. er orðinn ráðherra og hann telur útrætt og útséð með að ekki náist samstaða í nefndinni. Það er fráleitt. Ég er þeirrar skoðunar að inngrip af þessu tagi sé brot á grundvallarreglu.

Hæstv. félmrh. hefur sagt í umræðum að það sé búið að signa þetta frv. í bak og fyrir af Lagastofnun. Það þótti mér fróðleg og merkileg yfirlýsing ekki síst vegna þess að hæstv. félmrh. á öðrum tíma og við aðrar aðstæður var þeirrar skoðunar að menn ættu nú ekki að gefa túskilding fyrir álit háskólans á ýmsum efnum en förum nú ekki nánar út í það. En hvaða rök eru það fyrir einn ráðherra hæstv. að koma og segja: „Það er búið að blessa mig af Lagastofnun háskólans", þegar Lagastofnun háskólans tekur fyrir fjórtán atriði, fjögur eru álitaefni, og hún ræðst harkalega gegn tveimur. Er Framsfl. virkilega stoltur af því að þurfa að senda verk ráðherra síns til umsagnar færustu lagaprófessora landsins og þau koma til baka með falleinkunn? Ég er ekki stoltur af því að vera hluti af Alþingi sem finnst slíkt vera góðar og gildar vinnureglur.

[18:20]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur setti ég fram fyrirvara um fyrirliggjandi frv. og tók þá þar til sérstaklega ákvæði í 1. gr. að heimila vinnustaðarfélög á vinnustöðum með 250 starfsmönum eða fleiri ef $^{3}/_{4}$ starfsmanna samþykktu slíkt. Einnig taldi ég ástæðu til að skoða þessa svokölluðu þröskulda sem hafa oft verið nefndir í þeim ræðum sem fluttar hafa verið hér í dag.

Að þessu leyti hafa ýmsar breytingar orðið á frv. sem ég ásamt fleirum töluðum um í upphafi að þyrfti að breyta til betri vegar eða til meiri sáttaáttar til verkalýðshreyfingarinnar en sýndist vera. M.a. hefur heimild til stofnunar vinnustaðarfélaga verið felld úr frv. Ekki tel ég þó að sú tillaga hafi verið alslæm. Það bendir einmitt margt til þess að réttur starfsmanna til slíkra félaga og samtaka auki félagafrelsi sem hefur verið í hávegum haft af verkalýðsforustunni og öðrum aðilum vinnumarkaðarins og er að áliti Lagastofnunar mjög í rétta átt. Það er einnig í takt við þau viðhorf sem alþjóðastofnanir hafa sett fram um rétt einstaklinga til að stofna félög hvar sem er. Það var fyrst og fremst vegna þess að verkalýðshreyfingin setti sig gegn þessu máli sem ég og fleiri töldum nauðsynlegt að þetta ákvæði færi út úr frv. og fengi frekari umræðu innan verkalýðshreyfingarinnar og víðar því það er að mati flestra sem um þetta mál fjölluðu í félmn. ekki hægt að setja inn slík ákvæði sem í raun hafa aldrei fengið neina umræðu án þess að það verði gefinn tími til þess að aðlaga hana verkalýðshreyfingunni og hennar hugsunarhætti. Þetta er því eitt af þeim málum sem ég tel að þurfi að ræða frekar í þeirri umræðu sem verkalýðshreyfingin ásamt öðrum, vinnuveitendum og ríkinu, mun taka þátt í á næstu mánuðum og árum.

Þeir þröskuldar sem við töluðum um í upphafi þessarar umræðu hafa með ýmsum móti breyst. Er þá kannski fyrst og fremst að nefna þann þröskuld sem var varðandi miðlunartillögur, að þröskuldurinn sem var í frv. 33% af félagaskrá og atkvæðaskrá er færður niður í 25%. Fleiri atriði voru tekin út eins og títtnefnd tengiregla sem hafði valdið mönnum miklu hugarangri þannig og ekki ástæða til að halda henni til streitu. Það sem stendur síðan upp úr er að við höfum með þessu frv. þegar það verður að lögum lögfest ákveðnar samskiptareglur á vinnumarkaðnum sem af allflestum eru taldar munu auðvelda mjög kjarasamninga og skýra þær leikreglur sem þeir munu fara eftir. Að áliti óháðra aðila, og ætla ég ekki að taka fram allan þann fjölda mótmæla sem hafa komið frá verkalýðsfélögum, en að mati óháðra aðila mun þetta einfalda leikreglur á vinnumarkaðnum. Vil ég nefna sérstaklega álit Þjóðhagsstofnunar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Skipulag vinnumarkaðar hefur verið ofarlega á baugi í hagfræði undanfarin ár. Vaxandi atvinnuleysi hefur beint sjónum hagfræðinga að sveigjanleika vinnumarkaðarins. Hugmyndin er sú að við skilyrði frjálsrar samkeppni og verðmyndunar hljóti verðaðlögun að sjá til þess að framboð og eftirspurn mætist og því megi einfaldlega rekja atvinnuleysið að hluta til stirðleika á vinnumarkaði. Hluti þessa ósveigjanleika liggi í stofnunum á vinnumarkaði og þeim reglum sem þar gilda. Þessi niðurstaða er ein meginforsenda í umfjöllun OECD um atvinnumál. Víða um lönd hafa

stjórnvöld einmitt valið þá leið að setja valdi stéttarfélaganna skorður og draga úr miðstýringu á vinnumarkaði."

Annars staðar í áliti Þjóðhagsstofnunar segir svo:

„Með frv. er miðstýrð kjarasamningagerð fest í sessi og lögfest útfærsla á samningsformi sem lengst af hefur einkennt íslenskan vinnumarkað. Það er því í aðalatriðum byggt á þeim grunni sem fyrir er, hefðum og venjum í þessum efnum, en skýrar kveðið á um leikreglur."

Með öðrum orðum er verið að segja í þessu áliti að það sé verið að festa í sessi þá miðstýringu sem hefur verið við lýði. Það ætti í sjálfu sér ekki að vera keppikefli okkar sjálfstæðismanna að auka þá miðstýringu en að þessu leyti hefur hún virkað vel á almennan vinnumarkað og náðst með góðu samkomulagi að halda niðri verðbólgu og stýra launum í hófsemisátt. Það ætti frekar að vera keppikefli verkalýðshreyfingarinnar að auka miðstýringuna. Þannig að einmitt sú vinnuregla er fest í sessi að verkalýðshreyfingin sé ávallt höfð með í ráðum og að verkalýðsforustan og vinnuveitendur standi saman að málum á þann hátt sem lagafrv. gerir ráð fyrir með viðræðuáætlunum.

Vinnustaðarsamningar eru núna í fyrsta sinn teknir upp samkvæmt þessum lögum og að áliti flestra hefur mjög góð þróun átt sér stað á því sviði á undanförnum árum þó að margra áliti hafi hún farið mjög hægt. Gagnrýni á að þetta sé lögfest tel ég ekki á rökum reist enda ljóst að verkalýðsfélög og hópar sem taka sig saman um vinnustaðarsamninga munu ekki binda sig með atkvæðagreiðslu óðruvísi en að menn hafi náð samkomulagi áður. Því held ég að ef kemur að því að menn eru óánægðir með sinn hlut þegar kemur að atkvæðagreiðslunni þá sé þetta einfaldlega ekki vinnustaðarsamningur og menn neita að taka þátt í atkvæðagreiðslu um hann. Ég tel því að með þessu ákvæði sé ekki verið að eyðileggja að neinu leyti heldur sé verið að beina ákveðnum atriðum inn á réttar brautir.

Með því að styrkja völd sáttasemjara í þessu frv. tel ég að það sé í rauninni verið að færa með ýmsu móti þær umræður sem hafa verið á vinnumarkaðnum í réttan farveg. Það er t.d. ljóst að verkalýðsfélög geta ekki lengur hangið með verkfallsheimildir í óákveðinn tíma. Atkvæðagreiðslur um miðlunartillögur eru einnig mjög stífar og stífari en áður, en eigi að síður eru þær ekki eins stífar og t.d. í Danmörku sem hefur verið talin Mekka þeirra verkalýðsforustumanna sem talað hafa við okkur í hv. félmn. að undanförnu.

Ég tel því, herra forseti, að gagnrýni á frv. sé ekki á rökum reist því að að mörgu leyti er hér einungis verið að lögfesta það sem menn hafa tamið sér hingað til á vinnumarkaði. Það eina sem stendur eftir að mínu viti í þessu og má segja að sé gagnrýni vert er að það nauðsynlega samráð sem átti að vera á milli ríkisvaldsins, verkalýðsforustunnar og vinnuveitenda, entist ekki. Þetta svokallaða þríhliða samráð brast á síðustu stundu og það var verkalýðsforustan sem fór frá samningaborðinu. Vinnuveitendur og ríkið ákváðu síðan að fara með þetta mál áfram og að mörgu leyti tel ég miður að svo skyldi hafa farið. Ég tel samt sem áður að með þessari lögfestingu sé ekki verið að gera neitt sem geti skaðað verkalýðsfélögin eða verkalýðshreyfinguna á neinn hátt og tel því að hún geti tekið gleði sína á ný. Ég tel að það sé vilji flestra að verkalýðsfélögin séu öflug og að verkalýðshreyfingin hafi þann mátt sem henni er nauðsynlegur til að vera einn af hornsteinum lýðræðisins.

[18:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er satt best að segja mjög merkilegt að sjá inn í þann hugarheim sem birtist hér hjá mörgum stjórnarliðum, hverjum á fætur öðrum, þeim sem á annað borð fara að tala hér í umræðunum loksins þegar komast í gang einhverjar efnislegar umræður. Má þá ekki á milli sjá hver er vaskari í yfirlýsingum, hæstv. félmrh. sjálfur, eða einstakir hv. þm. stjórnarliðsins eins og sá sem talaði hér síðast. Það stendur ekki á ásökununum í garð verkalýðshreyfingarinnar, þetta er allt henni að kenna. Það er t.d. algjörlega henni að kenna að það skuli vera ágreiningur um þessi mál. Málin eru svo einföld í hugum hv. stjórnarsinna sem hér eru að reyna að þröngva þessari löggjöf í gegnum Alþingi og yfir verkalýðshreyfinguna í andstöðu við hana. Henni er nær, þetta er allt henni að kenna. Hún sleit samráðinu o.s.frv. Einnig, herra forseti, er mjög merkilegt að hlusta á ræður af því tagi sem hér var flutt síðast og reyna að leita svara við því hvernig þessir menn upplifa eða skilja hlutverk verkalýðshreyfingarinnar. Hver halda menn að sé tilgangur verkalýðsfélaga og markmiðið með því að launafólk skipuleggi sig yfirleitt í verkalýðsfélögum? Það kom fram hér í máli síðasta ræðumanns að verkalýðshreyfingin hefði m.a. dugað vel í því að halda niðri launum. Það voru notuð þau orð „að halda niðri launum". Er það virkilega svo að stjórnarsinnar telji það megintilganginn með skipulagðri verkalýðsbaráttu að halda niðri launum? Hafa þeir ekki áttað sig á því að það er alveg öfugt? Grundvallarhugsunin á bak við það að verkafólk skipar sér saman í félög er til þess að efla samtakamátt sinn til að berjast fyrir bættum kjörum. Í hinu orðinu eru menn svo fljótir að kenna verkalýðshreyfingunni um að lífskjörin séu ekki nógu góð á Íslandi, eins og hæstv. félmrh. hreytti út úr sér í sjónvarpsviðtali þegar hann sagði að þessum mönnum væri nær að snúa sér að því að bæta kjörin. Ég held, herra forseti, að það þurfi að fara í allmiklu ítarlegri umræður um þessi mál og ræða þetta betur við hv. stjórnarsinna til að reyna að leiða þeim fyrir sjónir hver er grundvallartilgangurinn með verkalýðsbaráttu í landinu.

[18:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast nú ekki við að hafa verið með neinar ásakanir á hendur verkalýðshreyfingunni. Ég einfaldlega upplýsti, eins og margoft hefur komið hér fram, að þetta hófst með því að hæstv. páv. félmrh., Guðmundur Árni Stefánsson, skipaði nefnd sem átti að fara yfir vinnureglur markaðarins. Þar að borði komu þessir þrír aðilar í svonefndum þríhliða viðræðum. Þær viðræður höfðu staðið yfir í tvö ár þangað til verkalýðshreyfingin hætti að taka þátt í viðræðunum. Ég ætla ekkert að segja nákvæmlega hvers vegna þeir hættu, en þetta er samt sem áður staðreynd.

Ég sagði jafnframt að ég harmaði að það skyldi hafa þurft að fara svo. Ég hefði talið mun æskilegra að það hefði orðið samráð um þessi mál heldur en að það hefði þurft að fara í einhvern hnút. En eins og hv. þm. kom inn á er það auðvitað markmið aðila vinnumarkaðarins að halda jafnvægi og stöðugleika þannig að hægt sé að halda uppi kaupmætti launa. Ég lít á það sem eitt af hlutverkum verkalýðshreyfingarinnar að reyna það. Það hefur verkalýðshreyfingin gert með hóflegum launakröfum þegar á þurfti að halda. En að sjálfsögðu er það síðan meginmarkmið verkalýðshreyfingarinnar að halda

uppi launum og góðum kaupmætti sem helst náttúrlega í hendur.

[18:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel eiginlega að það sé nánast neðan við virðingu manna að ræða þessa hluti með þeim hætti sem hér hefur verið gert t.d. af hæstv. félmrh. endurtekið og að nokkru leyti af fleiri talsmönnum stjórnarliðsins hér. Að stilla málum þannig upp að af því að verkalýðshreyfingin hafi slitið einhverjum viðtölum eða samtölum um þessi mál eftir tveggja ára ferli, sem er reyndar ekki rétt, sé þetta allt þeim að kenna og ekki verði við neinu gert. Það verði bara að hafa það, eins og hæstv. félmrh. sagði hér í dag. Ég tel að í fyrsta lagi sé þetta ákaflega mikil einföldun á atburðarásinni eins og ég þekki til hennar og hún hefur verið rakin af öðrum. Það liggur fyrir að það var hæstv. ríkisstjórn sem ákvað að bíða ekki lengur og gefa þessu starfi ekki lengri tíma. Hún tók málið í einhliða vinnslu af sinni hálfu og fór að undirbúa frv. og hvaðeina eftir sínu höfði. Þá sleit verkalýðshreyfingin auðvitað frekari fundarhöldum. Hún sá ekki ástæðu til að láta traktera sig þannig. En jafnvel þótt stjórnarliðar hefðu rétt fyrir sig mundi það ekki breyta þeirri stöðu sem málin eru nú í. Verkalýðshreyfingin er á móti þessu og vill ekki una því að svona sé með hana farið og að þröngvað sé upp á hana samskiptareglum um hennar eigin mál, samskiptareglum á vinnumarkaði, með þessum aðferðum. Og það vita allir sem lent hafa í deilum, hvers konar deilur sem það eru, átök milli manna, félagasamtaka eða styrjaldir milli þjóðarbrota eða hvað það nú er, að það þýðir ekkert þegar út í deilurnar er komið að eyða öllu púðrinu í að þrátta um upphafið. Menn verða að horfa á aðstæðurnar eins og þær eru og reyna að leysa þær. Verkefnið núna er ekki að rífast um það hverjum um er að kenna heldur hitt að reyna að ná aftur upp stjórnmálasambandi milli þessara mikilvægu aðila í þjóðfélaginu. Og stjórnarliðar og hæstv. ráðherra ættu að hafa vit á því að eyða orku sinni í það en ekki þex um það sem liðið er.

[18:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er nauðsynlegt að halda uppi góðu samráði við verkalýðshreyfinguna og reyna að ná sáttum við hana með einhverju móti. Og ég treysti ríkisstjórninni fyllilega til þess. Varðandi það að ekki hafi mátt taka þetta mál frá nefndinni af því að hún var ekki endanlega sammála vil ég bara minna á, herra forseti, að það varð mörgum undrunarefni á sínum tíma þegar ákveðið 2.000 manna verkalýðsfélag boðaði verkfall með 30 mönnum úr sama félagi. Það kallar enginn í dag lýðræði. Það var í raun skemmdarverk af hálfu viðkomandi verkalýðsforustumanna. Ég held að það sé ein meginástæðan fyrir því að menn töldu nauðsynlegt að koma á skýrari reglum á vinnumarkaðnum þannig að enginn einn verkalýðsforingi gæti leyft sér að kalla til sín ákveðinn hóp manna sem hann sjálfur jafnvel gat valið. Að því leytinu til er búið að taka á því máli með því að hafa þröskuld. Að flestra mati var nauðsynlegt að gera slíkt. Það kalla ég ekki að fara að garfa í innri málum verkalýðshreyfingarinnar heldur lít ég svo á að með þessu móti hafi lýðræði verið aukið innan verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðsforingjar eru nánast neyddir til að reyna að ná þessum hópi inn til þess að ákveða vinnustöðvanir.

[18:39]

Útbýting þingskjala:

Afnám vísitölubindingar lána, 528. mál, fsp. HjÁ, þskj. 1025.

Almannatryggingar, 529. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1026.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, 492. mál, nál. utanrmn., þskj. 1024.

[Fundarhlé. — 20:50]

[21:28]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir er hluti af heildarstefnu hæstv. ríkisstjórnar gagnvart samtökum launafólks í landinu. Eimitt þessa stundina var að ljúka fundi í efh.- og viðskn. þar sem þrjú lögfræðiálit um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna lágu fyrir og það átti að taka málið út úr nefndinni án þess að mönnum gæfist tóm til að lesa þau. Þessu mótmælti stjórnarandstaðan og þess vegna var fundinum frestað í klukkutíma. Þetta sýnir betur en margt annað við hvaða aðstæður stjórnarandstaðan býr í þessari virðulegu stofnun að það var ekki fyrr en við gerðum kröfu um veruleg fundarhöld að menn féllust á að halda málinu áfram í viðkomandi nefnd. Þannig hafa málin verið rekin í þinginu af stjórnarmeirihlutanum og alveg sérstaklega í efh.- og viðskn., reyndar af ótrúlegu offorsi. Ég tek reyndar fram að ég tel eftir því sem mér sýnist að þessi nefnd sé verri en aðrar nefndir vegna þess að maður heyrir ekki svipaða sagnfræði úr öðrum þingnefndum eins og um er að ræða í hv. efh.- og viðskn. undir forustu hv. 5. þm. Norðurl. v. Vilhjálms Egilssonar.

Þetta mál hefur reyndar verið á döfinni um nokkurt skeið. Það eru tveir mánuðir síðan við fórum að ræða þetta í þessari stofnun. Það er tveir mánuðir síðan umræður hófust um það að kannski væri þetta mál að koma. Miklar umræður voru um fundarstjórn forseta, utandagskrárumræður og fleira um að þessi mál væru að fara af stað. Það var ekki fyrr en í febrúar eða mars sem ríkisstjórnin áttaði sig á því að hún yrði að taka þessi mál í gegnum þingið. Það var ekki fyrr en þá að hún sá ljósið. Þá var ákveðið að kýla þessi mál í gegnum þingið með góðu eða illu, illu alveg eins og góðu. Þá var náttúrlega byrjað á því eins og venjulega hjá hæstv. ríkisstjórn að leggja málið ekki fyrir þessa virðulegu stofnun sem þó er löggjafarþing þjóðarinnar heldur fyrir blaðamannafund. Hæstv. félmrh. lagði málið fyrir blaðamannafund. Það gerðist 19. mars sl. þar sem hann gerði grein fyrir þeim mikla fögnuði sem væri nú búinn verkalýðshreyfingunni í landinu. Í framhaldi af því og kynningu hans af málinu í hæstv. ríkisstjórn tókum við málið upp í hv. Alþingi. Á fundi Alþingis 20. mars sl. kvöddum við okkur hljóðs utan dagskrár í umræðum um störf þingsins, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri þingmenn. Þar komst ég þannig að orði að með því að það ætti að taka þetta mál í gegnum þingið þá væri verið að segja í sundur friðinn á Alþingi. Segja í sundur friðinn í þjóðfélaginu með þessum málum. Ég tók eftir því að margir mætir menn höfðu nákvæmlega sömu setningu fljótlega upp úr því þannig að mjög kvað þarna við einn róm af hálfu stjórnarandstöðunnar eins og hefur reyndar jafnan verið í málinu. Kannski er rétt að rifja það upp að þegar umræðurnar um þessi mál hófust

sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson: Ja, hann er mikill afreksmaður, hann hæstv. félmrh., hann Páll Pétursson, sá ágæti bóndi og þingmaður. Þetta þótti fyndið og satt að segja hefur Sighvatur verið með allra skemmtilegustu mönnum í seinni tíð en þó aðallega eftir að hann hætti að vera ráðherra í síðustu ríkisstjórn. Sighvatur sagði: Hæstv. ráðherra, Páli Péturssyni, hefur tekist að sameina stjórnarandstöðuna og sameina verkalýðshreyfinguna. Þetta fannst mönnum fyndið. Þetta er nefnilega veruleikinn. Staðreyndin er auðvitað sú að andspænis þessum árásum á kjör alþýðunnar í landinu sem hafa birst frá hæstv. ríkisstjórn á undanförnum vikum og mánuðum hefur verið betri samstaða í stjórnarandstöðuliðinu en áður hefur verið. Það er út af fyrir sig athyglisvert því að þetta eru ólíkir stjórnmálaflokkar. Það hefur líka verið betri samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar. Það kveður svo rammt að því að við setningu alþýðusambandsþingsins í gærkvöldi sögðu bæði forseti ASÍ og BSRB að nú væri sennilega skynsamlegast að láta þessar hreyfingar einhvern tímann í fyllingu tímans renna saman. Hefðu satt best að segja fáir látið sér detta það í hug að það yrði nefnt í upphafi þings Alþýðusambands Íslands fyrir nokkrum árum svo ég tiltaki enga nákvæma tölu í þeim efnum. Það er því tilfellið að menn hafa brugðist við af mikilli hörku og mjög sterkri samstöðu. Verkalýðshreyfingin í landinu og stjórnarandstaðan líka.

Þegar stéttarfélagsfrv. var vísað til nefndar urðu heldur betur söguleg tíðindi í þessari stofnun vegna þess að þá var því vísað til nefndar með öllum atkvæðum viðstaddra hér gegn einu. Það var hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hann var skilinn eftir á vakt til að tryggja að menn fylgdu almennilega þingsköpum og réttum reglum í þessari stofnun. Stjórnarandstæðingar gengu á dyr og sögðu sem svo: Það er best að stjórnarliðið beri ábyrgð á þessari ófreskju, dragi sinn skratta sjálft. Niðurstaðan varð með öðrum orðum sú að strax í upphafi, bæði þegar málið var kynnt á blaðamannafundi og þegar málið var kynnt í ríkisstjórn og þegar málið var tekið fyrir hér mættu þessu máli óvenjulega harðar viðtökur. Ég er nokkurn veginn viss um það, hæstv. forseti, að hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn veltu því fyrir sér hvort þessar viðtökur væru með þeim hætti að ástæða væri til að hlusta á þær að einhverju leyti. Niðurstaða þeirra var sú að gera það ekki. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar var sú þrátt fyrir skýrar viðvaranir okkar að taka ekki mark á stjórnarandstöðunni. Niðurstaða hæstv. félmrh. hefur verið sú að taka ekki mark á verkalýðshreyfingunni. Hann talar með lítilsvirðingu um verkalýðsforkólfana sem máli sig út í horn og þar sem eru þúsundir manna saman komnar á Lækjatorgi segir hann að tveir, þrír menn séu að umla á Lækjartorgi. Það er ótrúlegt hvað hæstv. núv. félmrh. hefur sýnt verkalýðshreyfingunni mikið virðingarleysi sem er örugglega vegna þess að hann metur hana lítils. Hann gerir sér að vísu grein fyrir því eins og góðum bónda sæmir að vinnufólk er til einhvers, það þarf að vera til í heyskapinn, í slátrunina í sauðburðinn, í hirðinguna að vetrinum. En það á hins vegar ekki að ráða mjög miklu, þar er það bóndinn sjálfur sem ræður. Þar er það bóndinn sjálfur sem ræður því hvernig háttað er einstökum atriðum í rekstri búskaparins. Mér finnst satt að segja að það komi mjög greinilega fram hjá hæstv. félmrh. skortur á skilningi á þýðingu og mér liggur við að segja á tilfinningum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Það er að vísu ekki nýtt þegar Framsfl. og Sjálfstfl. hittast. Það hefur reyndar alltaf verið þannig að þegar þeir hafa runnið saman hafa einlægt farið af stað illindi gagnvart verkalýðshreyfingunni á Íslandi.

Ég hélt að hæstv. ráðherra Páll Pétursson væri ekki búinn að gleyma útreiðinni sem Framsfl. fékk vorið 1978. En þar var fyrst og fremst um það að ræða að Framsfl. var að súpa seyðið af árásum og atlögu að verkalýðshreyfingunni í landinu mjög hörðum árásum á verkalýðshreyfinguna í landinu og Framsfl. varð þá minni en hann hefur nokkurn tímann áður orðið eftir að hann komst á blað að einhverju marki í íslenskum stjórnmálum. En það virðist vera þannig að hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh., sem ræður sennilega þessari för því ég vil ekki ætla hæstv. félmrh. að móta þessi ósköp, þennan hroða, hafi algjörlega gleymt þessum tíma. Framsfl. var svo að segja afskrifaður í íslenskum stjórnmálum vorið 1978 eftir það hvernig hann hagaði sér ásamt íhaldinu gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu. Það er fróðlegt til umhugsunar að staðan skuli vera þannig að menn skuli aftur vera lagðir af stað inn á þessa braut á móti samtökum launafólks. Ég átti á árunum 1978 til 1983 mjög gott samstarf og ágætar viðræður við ýmsa forustumenn Framsfl. sem ég mat og met mikils. Þeir voru allir sammála um það að það hefði orðið Framsfl. fyrst og fremst fjötur um fót í kosningunum 1978 að menn hefðu ekki sýnt verkalýðshreyfingunni nægilega ræktarsemi. Ég bendi á það, hæstv. forseti, að í lögunum, Ólafslögum sem voru kennd við formann Framsfl. og voru sett 1979, er einstæður kafli um samráð og samvinnu við samtök launafólks í landinu. Hver ætli hafi beitt sér fyrir því að sá kafli kom inn í þessi lög um efnahagslög? Hver ætli hafi beitt sér fyrir því nema Ólafur Jóhannesson, þáverandi formaður Framsfl.? Það er því augljóst mál að þáverandi forustumenn Framsfl. töldu að þarna hefði flokknum orðið á, þeim sjálfum. Nú er kominn hópur af nýjum þingmönnum Framsfl. inn í þessa stofnun. Þeir voru ekki með í stríðinu á þeim tíma og þekkja það sjálfsagt ekki. Þó er einn og einn maður eins og hæstv. félmrh. og hæstv. forseti, Guðni Ágústsson sem þekkja þessa hörmungarsögu og eru örugglega innst inni í vandræðum með að samsama veruleikann, sem þeir standa í í dag, við eigin tilfinningar. Örugglega hvað sem þeir segja þá er það þannig. Ég segi það af því að ég þekki þessa menn báða að góðu.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð man ég eftir því að forustumenn flokkanna voru allir beðnir um að segja hvað þeir segðu um þessa stjórn. Ég man vel eftir því hvað menn sögðu. Menn sögðu hluti sem lágu flestir eiginlega í augum uppi. Flestir forustumenn Alþfl. sögðu nánast að þeir væru spældir yfir að hafa tapað ráðherrastólum. En ég man þó eftir að varaformaður Alþfl., Guðmundur Árni Stefánsson, hv. þm., fyrrv. hæstv. ráðherra, sagði að það hættulega við þessa stjórn væri það að hún mundi lenda upp á kant við verkalýðshreyfinguna mjög fljótt. Ég man þegar hann sagði þetta vegna þess að mér fannst að þetta væri eins og hljómur aftan úr liðnum tíma sem kæmi kannski ekki aftur og að Framsfl. hefði væntanlega lært eitthvað á hruninu 1978. En þessi setning hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hefur aftur og aftur rifjast upp fyrir mér á undanförnum dögum þegar það er að koma í ljós að Framsfl. og Sjálfstfl. lenda í nákvæmlega sömu hremmingunum gagnvart verkalýðshreyfingunni á Íslandi og þeir gerðu 1978. Nákvæmlega sömu hremmingunum. Í ummælum þeirra um verkalýðsforustuna kemur fram nákvæmlega sama skilningsleysið. Verkalýðsforkólfarnir mála sig út í horn. Tveir, þrír á Lækjartorgi.

Það var táknrænn og eftirminnilegur viðburður sem átti

sér stað í dag. Það var ákveðið að þing Alþýðusamband Íslands kæmi saman á Austurvelli. (Gripið fram í.) (**SF:** Ég var einmitt að hugsa um að sleppa þessu.) Hv. þm. áttar sig greinilega ekki á því til hvers þessi gleraugu eru notuð. Hélt fund, alþýðusambandsþing, hér út á Austurvelli. Það hefur aldrei verið gert áður. Mér verður þessi atburður örugglega mjög lengi í minni. Það var mjög sterk samstaðan í fulltrúaliði alþýðusambandsþingsins. Þar var einróma gerð samþykkt sem var komið með hingað og forseti Alþýðusambandsins, Benedikt Davíðsson, sagði hér við útidyrnar að það yrði meiri háttar slys ef þetta yrði samþykkt. Hann, eins og allir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu, bauð upp á hvorki meira né minna en það að farið yrði í viðræður um þessi mál. Eins og hv. 2. þm. Suðurl. vill að verði gert en má sig hvergi hræra fyrir ofureflinu í þingflokki Framsfl. Forseti Alþýðusambandsins, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og aðrir forustumenn í stéttarfélögunum hafa boðið upp á viðræður um starfsrammann. Þeir segja: Lögin eru gölluð og þau má skoða. Formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gengur meira að segja svo langt að segja það þurfi að fara í þá vinnu að samræma þann lagaramma sem gildir um opinbera vinnumarkaðinn og einkavinnumarkaðinn. Ég tel að þarna sé um að ræða rausnarlegt tilboð af hálfu leiðtoga þessara fjölmennu samtaka. Þegar við sendum frá okkur viðvaranir var ákveðið að hlusta ekki á okkur. Alveg eins er það núna, það er ákveðið að hlusta ekki á verkalýðsforustuna, hlusta ekki á verkalýðshreyfinguna og taka ekki mark á því sem hún er að segja. Forseti Alþýðusambandsins sagði reyndar hér í dag að ef þessi frv. yrðu samþykkt væri það meiri háttar móðgun við þjóðina í heild ef Alþingi tæki ekki mark á þeim ákvörðunum og áskorunum sem komu frá Alþýðusambandinu. Ég er því miður nokkurn veginn sannfærður um að hæstv. félmrh. hyggst ekki taka mark á þessu heldur í verki, a.m.k. ekki strax. Þó verð ég að viðurkenna að hann sýndi lit í dag þegar hann sagði að hann ætlaði sér að vera félmrh. í þrjú ár í viðbót til að geta lagað frv. sem á að fara að samþykkja núna. Mér finnst það vera mikil viðurkenning á því að honum sé bersýnilega að fatast og hann þurfi þrjú ár í viðbót til að laga vitleysurnar sem þeir ætla að samþykkja nú í vor. Það finnst mér höfðinglegt af hæstv. félmrh. að viðurkenna að það sé þriggja ára starf að laga það sem þeir ætla að samþykkja núna. Þó væri hitt mikið skemmtilegra ef menn færu í viðræður um málin með skipulegum hætti í samræmi við óskir stéttarfélaganna í landinu. Og í samræmi við óskir og stefnu Framsfl. 23. flokksþing Framsfl. sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Framsóknarflokkurinn mun leita samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun allra laga og reglugerða sem um vinnumarkaðinn gilda. Halda menn að kjósendur Framsfl. fyrir síðustu kosningar hafi skilið þetta þannig að það ætti að samþykkja lög um stéttarfélög og vinnudeilur og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í blóra við alla verkalýðshreyfinguna í landinu, öll stéttarfélög í landinu, eins og er að gerast núna? Andstaðan við þessar breytingar núna er miklu meiri en var 1938. Það er nefnilega misskilningur sem ég tek eftir t.d. í áliti minni hluta félmn. um þetta mál þar sem segir að verkalýðshreyfingin hafi verið á móti lögunum 1938. Það er ekki rétt. Alþýðusambandið var í raun og veru meira og minna fylgjandi lögunum 1938. Það voru hins vegar allmörg verkalýðsfélög á móti þeim. En Alþýðusambandið sem slíkt studdi þau lög og stefnur laganna frá 1938. Ég segi það fyrir mitt leyti að það tel ég að hafi verið skynsamleg afstaða. Af hverju var það skynsamleg afstaða að setja lögin 1938? Það var skynsamleg afstaða vegna þess að það var búið að reyna að halda þannig á málum að verkafólkið í landinu gæti ekki stofnað félög til að semja um kaup og kjör. Öll stéttabarátta á árunum 1925–1935 snerist um það að verkalýðsfélögin vildu fá sig viðurkennd. Deilurnar miklu á Akureyri, Borðeyrardeilan, Nóvudeilan, Torfunesslagurinn, allt snerist þetta um það að verkalýðsfélögin vildu fá að semja um kaupið fyrir fólkið sitt. Þess vegna var skynsamlegt að setja þessi lög á sínum tíma að mínu mati. En nú er það ekki einn, það er enginn. Það er ekki eitt einasta stéttarfélag á Íslandi sem styður ríkisstjórnina í þessu máli. Nú er ég ekkert að segja að í öllum tilvikum þurfi það að vera þannig að slík bylgja sé þannig að menn eigi að hlýða henni í einu og öllu. Ég er ekki að segja það. En ég segi alveg eins og er að ég tel að miðað við allar aðstæður og framtíðina þá væri það skynsamlegra að taka á þessum málum með þeim hætti að fara í samninga við verkalýðshreyfinguna.

Hæstv. félmrh. kom hér í dag og gerði ítarlega grein fyrir sínum sjónarmiðum um einstök atriði. Ég vil segja það um hann að ég fagna því að hann hefur tekið myndarlegan þátt í umræðunum hér. Mér finnst hann hafa reynt að gera það af einlægni og ég met hann mikils fyrir það. Mér finnst það skipta miklu máli fyrir þingræðið að hérna fari fram alvarlegar umræður þó svo að menn endi með því að vera lóðrétt ósammála um svo að segja alla hluti. Við umræður um þetta mál hefur margt fróðlegt komið fram bæði hjá honum og öðrum eins og t.d. ýmsum hv. þm. Sjálfstfl. Hvar er hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson? (**Gripið fram í:** Hann hefur ekki sést hér.) Hvar er hann? (**Gripið fram í:** ASÍ.) Ætli hann sé á ASÍ-þinginu. (**Gripið fram í:** Já, já.) Ætli hann hafi samþykkt mótmæli gegn sjálfum sér í dag, hv. 10. þm. Reykv. Hann sagði um daginn að þetta væri vont frv. Hann vildi hafa meira samráð við verkalýðshreyfinguna um þetta mál en verið hafði. Hann hafði hér mikil ræðuhöld við 1. umr. málsins og sagði: Þetta er ólýðræðislegt, þetta gengur ekki, þetta mál þarf að skoða miklu betur. Þó kvað hann nú ekki eins sterkt að orði og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem kom öndvert að málinu og sagði að þetta væri fínt mál. Ég get ekki sagt að ég óski hæstv. félmrh., vini mínum, til hamingju með þann meðreiðarsvein, Pétur H. Blöndal. En í frásögn Morgunblaðsins af ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals, segir svo, með leyfi forseta:

„Pétur sagði að upphlaupið í þjóðfélaginu minnti á baráttu forréttindastétta gegn breytingum á stöðu sinni. Reginmunur væri á verkalýðnum og verkalýðsfélögum sem notuðu verkalýðinn sem eins konar verkalýðsiðnað. Þá hefðu þessir aðilar ægivald gegnum lífeyrisstjóði.“ — Síðan eru þessi snjöllu orð höfð eftir hv. þm. sem ég hygg að séu einstök í sögunni: „Ólýðræðisleysi í verkalýðshreyfingunni kallaði á sams konar ólýðræðisleysi hjá atvinnurekendum og saman færu þessi samtök með fjöregg þjóðarinnar, lífeyrissjóðina, sem í væru 260 milljarðar kr.“ Hv. þingmenn geta svo velt því fyrir sér hvað ólýðræðisleysi er en samkvæmt gömlum reikningsformúlum er það þannig að tveir mínusar gera plús. En þetta ólýðræðisleysi var mikið vandamál og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði að upphlaupið minnti á baráttu forréttindastéttanna. „Talsmenn verkalýðsfélaga, sjálfskipaðir fulltrúar almennings, tala um aðför að þessum sama almenningi,“ sagði hv. þm. í ræðu við 1. umr. þessa máls. „Og fólkið er gjörsamlega varnarlaust. Svo er tekinn orlofsheimilasjóð-

ur, félagsheimilasjóður og sjúkrasjóður og allt rennur þetta til þessarar verkalýðshreyfingar, til verkalýðsrekendanna og fjármagnar verkalýðsiðnaðinn.“ Jafnvel í hinum prentaða þurra texta Alþingistíðinda leynir fyrirlitningin sér ekki. Og allt þetta fer til að fjármagna verkalýðsiðnaðinn! Þetta er einn af helstu máttarstólpum hæstv. félmrh. Þetta er undirstaðan, einn hugmyndafræðilegur máttarstólpi undir þessu frv. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki skjaldsveinninn?) Þetta er skjaldsveinninn sem fremstur fer. Hæstv. félmrh. hlustar ekki á stjórnarandstöðuna, það er rétt. Hann hlustar ekki á verkalýðsforustuna, það er rétt. Hann hlustar ekki á alþýðusambandsþingin, það er rétt. Og ekki á mótmælin 1. maí. En hann ætti að vara sig þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal fer að hæla honum. Þá ætti hann að vara sig og velta því fyrir sér hvort hann er ekki örugglega á vitlausri leið. Þegar í þokkabót kemur leiðari í Viðskiptablaðinu sem hvetur hann til dáða finnst mér að hæstv. ráðherra ætti að vara sig og skoða málin betur því þessi selskapur er ekki skemmtilegur. Það hefði enginn spáð því um þetta pláss sem við erum í og enn síður Blöndudal að það ætti nokkurn tímann fyrir þessum góða manni að liggja að vera með aðra eins skjaldsveina í verkunum fyrir sig.

Hæstv. félmrh. hefur síðan tekið nokkurn þátt sjálfur í umræðum um þetta mál og ég ætla aðeins að víkja að því sem hann nefndi hér í dag. Hann sagði aftur og aftur: Þetta frv. hefur breyst, það er verra en það var. Ég vildi sjá í þessu frv. fastari tök á hálaunahópum. Hann sagði þetta oft. Út af fyrir sig get ég alveg ímyndað mér hvað hann er að fara. Ég hugsa að hann eigi við að sumir hálaunahópar sem hafa haft mjög sterka markaðsstöðu, t.d. flugumferðarstjórar og flugmenn, hafi getað keyrt upp sín laun. Ákveðinn hluti læknastéttarinnar hefur iðulega getað gert þetta. Tannlæknar hafa getað gert þetta. Hann saknar þess að hafa ekki í þessu frv. ákvæði til að taka á þessu fólki. Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig ættu þau ákvæði að vera? Ég get vel deilt þeim áhyggjum með honum að þessir aðilar sprengi sig upp úr öllu og veki úlfúð og erfiðleika í samfélaginu. Vandinn er hins vegar sá að samningsaðilar þessa fólks á Íslandi eru, fyrir utan flugmenn, í nær öllum tilvikum ríkið sjálft. Með öðrum orðum, til að semja við tannlækna og til að semja við sjúkrahúslækna og til að semja við flugumferðarstjóra þarf ríkið að taka á sér og fara yfir sína eigin framkvæmd launastefnunnar m.a. í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og fleiri slíka aðila. Mér liggur við að segja að það sé hreinn barnaskapur að ímynda sér að hægt sé að setja lagaákvæði inn í lög af þessu tagi sem leysi þann vanda sem hæstv. félmrh. er að tala um.

Hann lagði á það mikla áherslu í ræðu sinni í dag að það hefði margt breyst í þessu frv. eins og t.d. það að vinnustaðarfélögin væru úti, að tengireglan væri veikari og óbreytt frá gildandi lögum o.s.frv. Út af fyrir sig er ekki nokkur leið að mótmæla þessu. Gallinn við málið felst hins vegar ekki bara í þessu. Það er svo ótrúlegt að það er eins og hæstv. ráðherra geri sér ekki grein fyrir því að aðalatriði málsins liggur ekki þarna. Það liggur fyrst og fremst í því hvernig að málinu er staðið. Ríkisstjórnin ákveður að hlutast til um innri mál verkalýðsfélaganna án þess að gera tilraun til að ljúka samningum við þau. Þess vegna er vonlaust, a.m.k. fyrir mig, að líta þannig á að þessi frv. séu margfalt betri en þau voru af því að margt hefur verið tekið út úr þeim. Hinn stóri veruleiki er sá að þau eru í umfangi sínu og formi storkun við tilveru verkalýðshreyfingarinnar. Af hverju? Vegna þess að ef menn halda áfram á þessari braut og ef þetta verður samþykkt er verið að opna fyrir fleiri atlögur, fleiri skref, öflugri árásir á verkalýðshreyfinguna á næstu árum. Menn skulu ekki ímynda sér að þetta yrði síðasta lotan. Eða hvað? Og ég spyr hæstv. félmrh.: Er þetta síðasta lotan? Er það þannig að hann vilji gefa yfirlýsingu um að hann muni ekki sem félmrh., sitjandi út kjörtímabilið að öðru óbreyttu, beita sér fyrir nýjum breytingum á vinnulöggjöfinni? Það er mjög mikilvægt að fá upplýsingar um það. Eða er hann sömu skoðunar og hv. þm. Pétur H. Blöndal um að það þurfi að breyta þessu enn þá meira? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá um þetta upplýsingar frá hæstv. ráðherra. Það verður að segja eins og er, hæstv. forseti, að margt af því sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra í þessu máli hefur verið óljóst. Hann hefur ekki svarað því af hverju hann er að þessu. Hefur hann svarað því? Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Ögmundur Jónasson væri aftur og aftur í dag að reyna að slíta það út úr ráðherranum af hverju verið er að flytja þetta frv. Hver er ástæðan? Hvert er markmiðið með þessu? Hvað er það? Ekki er það til að minnka launamuninn. Það er alveg ljóst og var mjög skýrt rakið í ræðu hv. 17. þm. Reykv. í dag. Ekki er það til að stuðla að betri sátt á vinnumarkaðnum. Það sjá allir að það geta orðið mikil átök í haust út af þessu frv. Það er ekki út af því. Af hverju er þetta? Ekki er það vegna þess að hæstv. ráðherra sé annt um Framsfl. því það er greinilegt að hann fer hraðminnkandi á meðan þetta er hér til meðferðar. Hvað veldur því að ráðherrann leggur þessar sjálfspyndingar á sig og Framsfl. og mér liggur við að segja þjóðina með því að taka þetta mál í gegn á þennan hátt? Hvaða hugmyndafræði og hvaða hugsun er á bak við þetta mál allt saman?

Ég held að við verðum, hæstv. forseti, að gera okkur grein fyrir því að þessi tvö mál eru hugmyndafræðilegur fáni frjálshyggjunnar og markaðshyggjunnar. Það er nokkuð hart fyrir hæstv. félmrh. að bera uppi þennan fána thatcherismans á Íslandi en það er það sem er að gerast. Á síðasta kjörtímabili var það þannig að menn voru að klóra talsvert í velferðarkerfið eins og kunnugt er. Á þessu kjörtímabili er verið að breyta vinnulöggjöfinni og breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Til hvers? Til að auka svigrúm þeirra sem eiga fjármagn. Til þess að gera vinnumarkaðinn sveigjanlegri svo það sé hægt að beita fólki í þá vinnu sem mestan arð gefur á hverjum tíma burt séð frá því hvernig það hentar fólkinu sem um er að ræða. Þannig er það og hæstv. félmrh. getur auðvitað alveg haldið því fram að ekki sé um það að ræða í þessu frv. að menn séu að innleiða hér thatcherisma á öllum sviðum. En ég segi: Hér er verið að stíga nákvæmlega sömu skrefin á móti verkalýðshreyfingunni og Margrét Thatcher steig gegn verkalýðshreyfingunni í Bretlandi á sínum tíma, nákvæmlega sömu skrefin. Þetta sést á öllum sviðum, t.d. í 47. gr. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og í fleiri málum af því tagi. Margrét Thatcher er endurborin upp á Íslandi og birtist okkur í þessum frv. Það er býsna dapurlegt að ekki sé meira sagt, hæstv. forseti. Eða hvaða framtíðarsýn er í þessu? Hvaða framtíðarsýn er verið að draga upp fyrir íslensku þjóðina? Að losa um þessa hluti alla eins og hægt er, að hafa hlutina þannig að það sé sem mest frelsi fyrir markaðinn. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði fyrr í dag í umræðunni að í Evrópu er stefnt að því að sundra, að búa til margar einingar og sundra. Það er rétt. Það liggur í eðli markaðarins að sundra, að stuðla að samkeppni á öllum

sviðum milli allra um allt, eins og svarta bókin frá hæstv. fjmrh. segir, samkeppnisbókin um skólakerfið sem hv. þm. hafa vonandi lesið. Gegn þessari framtíðarsýn hefur verið teflt framtíðarsýn félagshyggjunnar sem er sú að fólk reyni að standa saman, að þeir sem eiga ekkert að selja nema vinnuafl sitt læsi sér saman í krafti samstöðunnar í þágu þeirra sem minnst hafa í þjóðfélaginu vegna þess að það er vitað að þeir sem minnst hafa og veikastir eru, tryggja ekki kjör sín öðruvísi en með samstöðunni. Þarna skilur á milli félagshyggjunnar og fjármagnshyggjunnar. Það er leiðinlegt ef það er þannig að Framsókn ætlar, með leyfi forseta, að asnast til að fara með íhaldinu þessa braut. Það er leiðinlegt til þess að vita.

Ég vil í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, nota þetta tækifæri sem ég hef hér við 2. umr. til að flytja úr þessum ræðustól sérstakar þakkir til allra þeirra sem hafa sent umsagnir um þessi mál. Ég vil einnig festa það í þingtíðindi af minni hálfu að ég vil þakka þessu fólki fyrir þá miklu vinnu sem fjöldinn allur af stéttarsamtökum, verkalýðsfélögum í landinu, hefur lagt í það að fara yfir þessi mál og gera athugasemdir í einstökum atriðum. Það kom nú í ljós, hæstv. forseti, að það var ekki vanþörf á því að fara yfir þetta.

Í inngangi að almennum athugasemdum Alþýðusambands Íslands um alþjóðlegar skuldbindingar um félagafrelsi og starfsemi stéttarfélaga er bent á sex megingögn, meginskjöl, sem við erum aðilar að, sem talið er að hafi verið brotin með frv. eins og það var í upphafi og sem hæstv. félmrh. hefur reyndar viðurkennt að nokkru að hafi verið brotin. Hvaða sneplar eru það nú? Það er nú fyrst stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 74. gr. nr. 33/1944, með áorðnum breytingum, varðandi rétt stéttarfélaganna. Það eru sérstaklega þær breytingar sem voru gerðar í febrúar 1995 og við samþykktum á Þingvöllum það ár. Sumir sem eru hér í þessum sal greiddu því atkvæði á Þingvöllum. Einn sem er hér í þessum sal hélt fína ræðu á Þingvöllum. Í öðru lagi er það mannréttindasáttmáli Evrópu. Í þriðja lagi félagsmálasáttmáli Evrópu. Í fjórða lagi er það alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem fullgiltur var af Íslands hálfu 22. ágúst 1979. Í fimmta lagi er það 2. gr. ILO-samþykktar nr. 98, þar sem segir að félög atvinnurekenda og verkamenn skuli njóta nægilegrar verndar vegna afskipta hverra af öðrum hvort sem þau afskipti eru bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga. Í sjötta lagi er það 3. gr. samþykktar ILO nr. 87, um félagafrelsi, þar sem segir að félög verkamanna og atvinnurekenda skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur og vera algerlega óháð í vali á fyrirsvarsmönnum sínum og við að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Það var skoðun lögfræðinga Alþýðusambands Íslands, sem þekkja þessi mál held ég allvel, að þarna væri um það að ræða að ef þetta yrði samþykkt eins og það var þá væri það brot á öllum þessum lögum og öllum þessum sáttmálum.

Alþýðusamband Íslands sendi síðan frá sér mjög ítarlega greinargerð. Því miður hef ég ekki tök á því að fara yfir hana í einstökum atriðum. En ég vil nefna hana því hún er vönduð þessi greinargerð. Ég vil einnig í þessu sambandi, hæstv. forseti, vekja athygli þingheims á umsögn Þjóðhagsstofnunar. Getur verið að hún hafi farið fram hjá mönnum til þessa eða hefur verið sagt frá henni hér í ræðustól, þar sem sagt er til dæmis, með leyfi forseta:

„Með frv. er miðstýrð kjarasamningagerð fest í sessi og lögfest útfærsla á samningsformi sem lengst af hefur einkennt íslenskan vinnumarkað."

Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er hann sammála umsögn Þjóðhagsstofnunar um að það sé verið að festa í sessi miðstýrða kjarasamningagerð með þessum tillögum eins og þær eru?

Ég vil einnig, hæstv. forseti, tímans vegna bara láta mér nægja rétt að benda á ítarlegar umsagnir einstakra félaga um hina almennu stefnu þessa frv. Það koma afar fróðlegir hlutir fram en ég hef ekki tök á að fara yfir þá í einstökum atriðum. En ég ætla aðeins hins vegar að fara hér yfir breytingartillögur meiri hluta félmn. Ég verð að segja það í fyrsta lagi að ég tel þær ekki duga mér til að fagna þessu frv. Mér finnst að sumt af þessu sé harla lítilsiglt og breyti alveg ótrúlega litlu. Í sjálfu sér er ástæðulaust að rekja það hér nánar. En ég sé ekki betur en að það sé villa í þessum breytingartillögum sem verður að skoða betur, þ.e. brtt. við 4. gr. þar sem segir í a.-lið: „Í stað orðsins „helmingur" í síðari málslið 2. efnismgr. komi: fimmtungur." Síðan segir í d-lið: „Í stað síðari málsliðar 4. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:" Ég sé ekki betur en að menn séu í tveimur breytingartillögum að breyta sama málsliðnum með mismunandi hætti. Ég vil fara fram á það ef menn ætla að afgreiða þessi ósköp, ég vil nú helst að þessu verði bara hafnað og hent í ruslakörfuna, að þá sé þetta skoðað því nóg er nú vitleysan samt. Ég sé ekki betur en þarna sé um það að ræða að menn þurfi að skoða málið talsvert betur. Ég vil einnig, hæstv. forseti, endurtaka að ég tel að það sé ekki um það að ræða að þessar breytingartillögur breyti neinu í grundvallaratriðum um málið. Málið er þannig háttað að það er í raun og veru ekki hægt að gera neitt annað en að hafna þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vil þá ljúka máli mínu, herra forseti, með því að segja að ég tel einboðið að eðlilegast væri að hæstv. félmrh. tæki sér far með sinni góðu ráðherrabifreið í Kópavog, í íþróttahús Digranesskóla og lýsti því þar yfir að frumvarpssnepill þessi yrði dreginn til baka og yrði ekki til frekari meðferðar á þessu þingi. Jafnframt að hann óskaði eftir því að það hæfust viðræður við Alþýðusamband Íslands um leikreglur á vinnumarkaði og um kjarasamninga til næstu ára, m.a. með hliðsjón af þeim ályktunum sem koma fram á alþýðusambandsþinginu þar sem gert er ráð fyrir að stefnt verði að því að Íslendingar verði með svipað kaup og gerist í Danmörku eftir tiltekinn árafjölda. Og að við færum saman í þetta verk, þjóðin öll og hæstv. félmrh. væri með í þeirri för eftir að hann hefði dregið þetta til baka og tilkynnt það í íþróttahúsi Digranesskóla núna á eftir.

Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt á það áherslu í okkar málflutningi á undanförnum árum. m.a, á miðstjórnarfundi fyrir nokkru, að þessa stefnu ættum við að hafa. Nú væri það þannig að við hefðum á undanförnum árum verið að gera margt til þess að samræma aðstæður fyrirtækjanna því sem gerist í grannlöndum okkar, alls konar gjöld sem verið er að létta hér af fyrirtækjunum til að gera þau samkeppnisfær eins og það heitir við fyrirtæki í öðrum löndum. Aðstöðugjaldið var fellt niður t.d. hér í Reykjavík af forríkum fyrirtækjum sem borga síðan enga skatta, því miður, eða sama og enga. Ég sé eftir þeim peningum frá samneyslunni, ég segi alveg eins og er. En látum það vera. Það er verið að samræma þessa hluti og menn hafa staðið saman um það, verkalýðshreyfingin, ætli meira að segja BSRB hafi ekki verið með í því að samræma þessi starfsskilyrði atvinnufyrirtækjanna í landinu. Ég man ekki betur. Allir hafa tekið undir þann söng.

En nú er komið að því að samræma starfsskilyrði heimilanna í landinu. Það er komið að því. Nú er komið að því að samræma starfsskilyrði fjölskyldnanna á Íslandi þannig að þeir sem búa við venjulega vinnu og venjulegar aðstæður í þessu landi geti búist við svipuðum kjörum í meginatriðum og gerist í grannlöndum okkar. Það er náttúrlega sjálfsagt mál af ýmsum ástæðum. Það er líka mannúðarmál og það er líka sjálfstæðismál. Það er sjálfstæðismál til þess að koma í veg fyrir að fólk flýi Ísland í stórum stíl. Það er m.a. til að koma í veg fyrir að fólk fari með búslóðirnar sínar í gámum á Jótlandsheiðar í stórum stíl og að menn sjái enga aðra lausn en að vinna í fiski í Danmörku.

Einhver hótfyndinn maður sagði það um daginn þegar Eimskipafélagið fékk útflutningsverðlaunin: „Ætli það sé fyrir að flytja út gámana með búslóðunum." Staðreyndin er sú að það hafa aldrei fleiri farið út með búslóðirnar sínar en á undanförnum missirum, aldrei fleiri. Og við alþýðubandalagsmenn höfum mótað þá stefnu að við eigum að setja okkur það meginverkefni á næstu árum að samræma starfsskilyrði heimilanna hér og annars staðar. M.a. af þeirri ástæðu höfum við óskað eftir því að hæstv. forsrh. gefi Alþingi skýrslu um muninn á lífskjörum á Íslandi og í grannlöndum okkar, einkum í Danmörku, því það er margt missagt í þeim fræðum eins og kunnugt er og menn þekkja sem hafa skoðað þessa hluti. Því er skynsamlegt að fá um það skýrslu til þess að byggja á henni áætlanagerð um betri lífskjör fyrir þjóðina í framtíðinni þar sem menn standa saman. Og hæstv. félmrh. gæti opnað fyrir þá för ef hann drægi þessa marglyttu út af borðinu, tæki hana héðan út, færi í íþróttahús Digranesskóla og segði: Er ekki kominn tími til þess að fólkið í landinu með félagslegar hugsjónir og félagsleg viðhorf snúi bökum saman? Er ekki kominn tími til þess að við hættum að leyfa íhaldinu að skemmta skrattanum og hættum að láta íhaldið fitna á skítverkunum sem aðrir eru að vinna fyrir það? Eins og hefur gerst í t.d. síðustu ríkisstjórn og aftur og aftur hjá þeim flokkum sem hafa verið í stjórn með Sjálfstfl. Er ekki kominn tími til að staldra við, hæstv. félmrh. og hæstv. forseti? Ég skora á hæstv. félmrh. að draga þetta frv. til baka.

[22:16]

Útbýting þingskjala:

Iðnaðarmálagjald, 483. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1028.

Iðnþróunarsjóður, 487. mál, nál. iðnn., þskj. 1029.

[22:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vona að hæstv. félmrh. sé — hann er úti í salnum, já. Ég sé hans göfugu ásjónu birtast þegar hann snýr sér við.

Herra forseti. Eftir að hafa fylgst með þessari umræðu hér í dag og reyndar öllum þessum málum á undanförnum sólarhringum og tveimur vikum eða svo eru mér efst í huga þær miklu ógöngur sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. einkum og sér í lagi er kominn í í þessu máli. Staðreyndin er auðvitað sú að hæstv. félmrh. er kominn út í horn. Hæstv. ráðherra hefur látið nota sig til verka sem menn hafa enga sannfæringu um að séu honum að skapi. Í raun birtist þetta manni þannig að hæstv. ráðherra sé orðinn handbendi eða verkfæri afla og sjónarmiða í landinu í pólitík sem eru auðvitað mjög kuldaleg örlög þessum ágæta manni, hæstv. félmrh. Eins og stundum gerist þegar menn eru komnir út í horn og eru orðnir rökþrota hreyta þeir ýmsu út úr sér sem er þeim ekki til framdráttar. Og það hefur trekk í trekk hent hæstv. félmrh. á undanförnum dögum, t.d. í hvefsnislegum viðtölum við fjölmiðla, að segja hluti sem betur væru ósagðir.

Ég varð satt best að segja, herra forseti, alveg furðu lostinn þegar ég heyrði og sá í sjónvarpsfréttum eitt kvöldið fyrir nokkru síðan hæstv. félmrh. hreyta því út úr sér að forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar væri nær að snúa sér að því að bæta lífskjörin í landinu. Voru þá loksins fundnir sökudólgarnir sem lengi er búið að leita að sem valda því að lífskjörin eru ekki nógu góð. Það er ekki ríkisstjórnin sem Framsfl. hefur meira og minna setið í sl. þrjá áratugi eða önnur slík öfl, það eru ekki vinnuveitendur í landinu, óstjórn í efnahagsmálum eða óáran í náttúrunni eða annað því um líkt sem gerir það að verkum að lífskjörin eru ekki nógu góð á Íslandi. Nei, það eru þessir verkalýðsforkólfar sem eru að brúka kjaft við hæstv. ráðherra. Þeir hafa ekki staðið sig í stykkinu að hækka launin. Og þegar þeir leyfa sér t.d. þau ósköp að gagnrýna það hvernig hæstv. félmrh. lætur gera skoðanakannanir um þeirra mál og túlkar þær svo að vild sinni í fjölmiðlum, þá eru þetta svörin. Þetta, herra forseti, er til marks um rökþrota mann sem er úti í horni og er farinn að hreyta út úr sér hlutum sem betur væru ósagðir.

Annað kostulegt tilvik af þessu tagi var þegar hæstv. ráðherra var spurður að því hvað honum þætti um áform verkalýðshreyfingarinnar um að leita réttar síns hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Hæstv. ráðherra fagnaði því alveg sérstaklega. Hann var hreykinn af því, hæstv. ráðherra, að nú stæði til að stefna honum fyrir alþjóðlegan dómstól eða samtök og talaði um að það væri fínt ef verkalýðshreyfingin vildi gera sér þann greiða að gera frumvörpin sín heimsfræg.

Þriðja dæmið af þessu tagi var þegar hæstv. ráðherra var spurður álits á áliti Lagastofnunar háskólans. Þá kom hæstv. ráðherra með einhverja þá kostulegustu tölfræði sem ég hef lengi heyrt. Hann taldi að það hefðu verið tólf atriði sem Lagastofnun hefði verið að fjalla sérstaklega um og af því að ekki nema tvö af tólf hefðu verið talin ólögleg eða brot á alþjóðlegum skuldbindingum eða stjórnarskrá, þá væri þetta bara mjög fínt, þetta væri mjög gott hlutfall. Hæstv. ráðherra var mjög hreykinn, taldi þetta fína útkomu, góða einkunn. Ef lagabrotin eru bara í nægilega lágu hlutfalli, ef stjórnarskráin eða alþjóðlegir samningar eru ekki brotnir nema í svona 12–20% tilvika, er það mjög gott. Það er vel sloppið að mati hæstv. ráðherra og hann er hreykinn af því að standa þannig að málum. Gaman væri að vita hvað hæstv. ráðherra miðar við sem falleinkunn. Hefðu það verið fjögur eða fimm af tólf væri það þá orðið krítiskt? Hæstv. ráðherra er kominn út í ógöngur af þessu tagi og hefur látið ýmislegt flakka, þar á meðal í umræðunum í dag. Ýmsir af skjaldsveinum hæstv. ráðherra, þeir stjórnarliðar sem hafa tjáð sig, með einni undantekningu þó og situr sá í forsetastóli nú, hafa verið í svona málflutningi eins og t.d. hv. stuðningsmaður hæstv. félmrh., hv. þm. Kristján Pálsson, sem kom og hældist um hvað verkalýðshreyfingin hefði staðið sig vel á undanförnum árum í þjóðarsáttarsamningum að halda niðri launum eins og það væri alveg sérstakt hlutskipti og verkefni verkalýðshreyfingarinnar og það sem helst væri hægt að hrósa henni fyrir ef hún stæði sig vel í því. Er hæstv. ráðherra hreykinn af svona liðsmönnum?

Nei. Auðvitað er, herra forseti, harla dapurlegt hvernig þessum málum er komið. Röksemdafærsla hæstv. félmrh.

fyrir þessu máli, þ.e. að þröngva málinu í gegn í andstöðu við allt og alla, hefur ekki verið lítið kostuleg. Eitt af því fyrsta sem ráðherranum datt í hug þegar verið var að ræða málið við 1. umr. var að lögin væru svo gömul. Þau væru frá 1938 og því yrði að breyta þeim. Það þótti honum fullgild röksemd. Það hlyti að þurfa að breyta þessum lögum af því að þau væru frá 1938.

Síðan hefur hæstv. ráðherra flúið yfir í ýmis önnur misburðug vígi í tilraunum sínum til að reyna að rökstyðja afstöðu sína í þessu máli og þá stöðu sem er komin upp. Þótt öllum skynsömum mönnum sé ljóst að hér eru menn komnir út í ófærur og ógöngur, finna menn ekki leiðina til baka. Einhvern veginn hefur það hent hæstv. félmrh. að lenda í villu, í þoku og finna enga leið til baka eða enga leið til lands eins og stundum er sagt.

Það er líka, herra forseti, ekki hægt annað en að staldra aðeins við hlut Framsfl. í þessu máli og spurninguna um það hvað er að gerast með þann flokk þegar meira að segja sá af þingmönnum hans sem fyrir utan kannski forseta, hæstv. félmrh. hefur helst verið talinn standa fyrir einhverjum leifum af félagshyggju í Framsókn, svona einhverjum gamaldags, sveitalegum samvinnufélagshyggjuleifum eða dreggjum, ef svo má að orði komast. Það hefur helst verið talið að hæstv. félmrh. væri þó á þeim kantinum ef kant skyldi kalla. En hvað er þá orðið um afganginn? Hvað má þá segja um hina sem liggja lengra til hægri í Framsfl. ef við eigum að dæma hæstv. félmrh. nú og verk hans og leggja á þau einhvern slíkan mælikvarða? Hvar eru þeir þá staddir hinir sem eru lengst í Framsfl. ef menn taka þennan thatcherisma sem hæstv. félmrh. er að beita sér fyrir?

Eins og frægt er orðið, herra forseti, hét kosningastefnuskrá Framsfl. „Fólk í fyrirrúmi" Það er mál manna sem voru vel að sér að þetta hafi verið tiltölulega vel hönnuð, að vísu geysilega dýr en vel hönnuð, amerísk kosningabarátta sem Framsfl. háði, m.a. með því að kaupa upp öll helstu auglýsingaskilti í borginni og víðar og detta ofan á þetta skemmtilega og notalega slagorð: Fólk í fyrirrúmi. Og hvaða fólk var þetta? Það var m.a. unga fólkið sem Framsókn notaði í auglýsingunum, en það var líka fólkið í landinu almennt, var það ekki? Það voru t.d. félagsmenn ASÍ. Þeir eru aldeilis fólkið í landinu, 70 þúsund stykki eða eitthvað því um líkt. Og BSRB og BHM. Er þetta ekki fólkið í landinu, er það ekki, hv. þm. Ísólfur Gylfi? Jú, þetta er einmitt fólkið í landinu. Og hvað var svo Framsókn að reyna að segja við fólkið í landinu undir þessari fyrirsögn, fyrir utan allt það sem hún lofaði unga fólkinu í auglýsingunum? Við skulum aðeins staldra við einn kafla í kosningaloforðunum sem fjallar um lífskjarajöfnun. Veltum aðeins fyrir okkur andanum og inntakinu í þessum fögru fyrirheitum sem Framsókn gaf undir þessum fyrirsögnum. Þar segir m.a., vonandi með góðfúslegu leyfi forseta, sem varla hefur sem mikill framsóknarmaður á móti því að í þennan texta sé vitnað:

„Framsfl. fagnar því að kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði skuli hafa náðst." En bíðum nú við: „Lýsir vonbrigðum með að efnahagsbatinn skuli ekki hafa verið nýttur að þessu sinni til lífskjarajöfnunar." Slík er ást og góðvild framsóknarmanna, þeir harma sérstaklega að menn skuli ekki hafa notað efnahagsbatann þá þegar fyrir síðustu kosningar til lífskjarajöfnunar. Svo kemur mjög mikilvæg setning: „Samstarf verkalýðshreyfingar, vinnuveitenda og ríkisstjórnar hefur skapað þjóðarsátt í kjaramálum." Þarna er ekki lítið sagt. Það er einmitt sagt að hið góða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar hafi skapað þetta þjóðarsáttarástand, batann og allt það. „Ljóst er að til lengdar helst sáttin ekki nema launafólk og fyrirtæki beri sanngjarnar byrðar og njóti ávinnings af auknum þjóðartekjum."

Það er ekki verið að boða það þarna að til standi að slíta þessu, rjúfa þetta einhliða. Nei. Það er þvert á móti verið að lýsa áhyggjum yfir því ef þetta góða samstarf og þetta jákvæða andrúmsloft skyldi rofna. Þetta var boðskapur Framsóknar fyrir kosningar.

Enn fremur segir: „Á næsta kjörtímabili þarf ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins" — væntanlega saman — „að vinna að lífskjarajöfnun og framsækinni atvinnustefnu. Það eru sameiginlegir hagsmunir atvinnulífsins, launþeganna og ríkisvaldsins að öflugt atvinnulíf blómstri svo að heimilin og fyrirtækin geti greitt niður skuldir sínar." Svo komu loforðin eins og alls staðar í annarri hverri setningu. Á hverri blaðsíðu voru mikil og stórfengleg kosningaloforð eins og kunnugt er sem síðan hafa öll verið svikin nema hugsanlega eitt, er mér sagt.

„Á síðari hluta kjörtímabilsins verði 2–3 milljörðum kr. varið til lífskjarajöfnunar með því að draga úr skattaálögum á meðaltekjufólk, með hækkun skattleysismarka, vaxtabóta, barnabóta og barnabótaauka." Það átti aldeilis að gera vel, en að vísu á síðari hluta kjörtímabilsins. „Ávinningi af batnandi ytri aðstæðum þjóðarbúsins verði breytt í ytri varanlega kaupmáttaraukningu launafólks án þess að auka verðbólgu. Launastefnan í landinu verði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda launakerfið og leiða í ljós raunveruleg kjör einstakra stétta og hópa."

Þetta er svo fallegt, herra forseti, að það liggur við að maður tárist. Andinn í þessu er svo góður og þar er þvílík mildi, hlýja, væntumþykja og umhyggja fyrir blessuðu láglaunafólkinu og verkalýðshreyfingunni og þá einkum og sér í lagi samstarfi og samvinnu þessara aðila. En þetta var að vísu fyrir kosningar. Þetta var á meðan þetta var fólk í fyrirrúmi. Hér hefur verið vitnað í flokkssamþykktir þar sem Framsfl. lofaði mjög hátíðlega alveg sérstöku samráði við verkalýðshreyfinguna um endurskoðun þessara mála.

Svo erum við í þeim sporum að hæstv. félmrh. er að þröngva í gegnum þingið með tilstyrk skjaldsveina sinna frv. þessu sem hann ber ábyrgð á í samvinnu við hæstv. fjmrh. sem flytur hitt meginskerðingarfrv., þvert ofan í þessi gefnu loforð. Í andstöðu við hvað? Við fólkið í landinu. Við kjörna umbjóðendur heildarsamtaka launamanna sem í eru um það bil 110–120 þús. félagsmenn. Ég veit ekki hver getur sagt með einhverjum rétti að hann sé í þessum skilningi umbjóðandi fólksins í landinu ef það er ekki það fólk sem hefur verið kosið til trúnaðarstarfa í verkalýðshreyfingunni til að semja um kaup og kjör og gæta hagsmuna sinna umbjóðenda. Svo kemur hæstv. félmrh. og segir: „Það verður bara að hafa það." Og í dag voru röksemdirnar orðnar þær að hann þyrfti að koma þessum frumvörpum í gegn vegna þess að hann ætti ekki nema þrjú ár eftir í ráðherraembætti í mesta lagi, ráðherraembætti félagsmála.

Nei, herra forseti. Þetta er alveg ótrúleg uppákoma. Hér er ekki verið að tala um hluti sem eru hversdagslegir. Þetta er ekki eitthvað sem hefur borið upp á svona reglubundið með nokkurra ára millibili eða mér liggur við að segja áratuga. Hér er verið að rjúfa samskiptaheiður sem eru helgaðar af meira en hálfrar aldar sambúð þessara aðila í þjóðfélaginu, í raun allt frá því að skipulögð verkalýðshreyfing á Íslandi komst á legg og fékk þá stöðu sem hún náði fljótlega upp

úr kreppunni miklu. Það hefur ekki gerst að það hafi verið reynt að valta einhliða yfir heildarsamtök launamanna eins og nú er lagt til.

Herra forseti. Mér finnst ekki hægt að þessi umræða fari fram eða henni ljúki a.m.k. öðruvísi en forustumenn stjórnarflokkanna komi og taki þátt í henni. Ég spyr t.d.: Hvar er hæstv. utanrrh.? Á hæstv. utanrrh. að komast upp með það að þegja í gegnum allar umræður um bæði þessi mál, koma hér hvergi nærri, sjást yfirleitt ekki í þingsalnum? Herra forseti. Enn sem komið er hafa tveir framsóknarmenn talað í öllum umræðunum um þessi mál. Það er hæstv. félmrh. eðlilega og það er hv. þm. Guðni Ágústsson. Enginn framsóknarmaður tók til máls eða hefur enn tekið til máls um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er að vísu athyglisvert að eini óbreytti þingmaður Framsfl. sem hér hefur talað, hv. þm. Guðni Ágústsson, er einn af forsetum þingsins, og það kvað mjög við annan tón í hans máli. Í raun sagði hv. þm. að það ætti að fresta þessu frv. Er það kannski þess vegna sem allir framsóknarmenn eru hér fjarverandi, þ.e. af því að þeir eru fleiri sama sinnis og baklandið hjá hæstv. félmrh. sé e.t.v. eitthvað vakurt og þess vegna hafi verið settur plástur fyrir munninn á þingmönnum Framsfl., og þeir hafi ekki málfrelsi? Sama er mér um það. En ég tel, herra forseti, að það sé réttmæt krafa að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., komi og standi fyrir máli Framsfl. í þessari umræðu áður en henni lýkur. Hann rökstyðji það m.a. hvernig þetta samrýmist kosningaloforðum Framsfl., ítrekuðum fjálglegum yfirlýsingum um hið mikla samstarf sem Framsfl. ætlaði að eiga við verkalýðshreyfinguna og alla umhyggjuna sem hann bar fyrir launafólki fyrir kosningar, með fólk í fyrirrúmi.

Auðvitað ætti hæstv. forsrh. einnig að koma til umræðunnar. Hann ber ábyrgð á þessum málum í heild sem pólitískur oddiviti og talsmaður ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki, herra forseti, hvort það eru aðstæður til að fá þessa ágætu höfðingja í hús á þessu kvöldi, en í öllu falli vil ég að sú ósk verði borin þeim að áður en umræðunni ljúki þá verði þeir hér til svara fyrir hönd sinna flokka. Ég tel að af minna tilefni hafi verið farið fram á það að forustumenn stjórnarflokka mæti til leiks auk þess sem þeim er ekki vandara um en öðrum að sinna sínum þingskyldum og vera á svæðinu.

Herra forseti. Hugsandi menn í þjóðfélaginu og það á bara ekki bara við um forustumenn í verkalýðshreyfingu og stjórnarandstöðu og aðra slíka, heldur verð ég þess var æ oftar þessa dagana að t.d. forsvarsmenn í atvinnulífinu og þeir sem fara með efnahagsmál þjóðarinnar hafa orðið miklar áhyggjur af þessu ástandi. Við mig talaði m.a. einn af helstu hagfræðingum þjóðarinnar í ábyrgðarstöðu í dag og hans erindi var að spyrja hvernig ég mæti andrúmsloftið og ástandið í þessum efnum gagnvart haustinu og því sem fram undan væri. Það þarf að reyna að gera einhverjar þjóðhagsspár og horfa fram í tímann um það hvernig þetta er að þróast. Seðlabanki, Þjóðhagsstofnun og aðrir slíkir aðilar eru að reyna að átta sig á því hvernig landið liggur. Og hvað er það sem gjarnan stendur í textunum sem ein helsta óvissan þegar verið er að vinna slíka hluti? Jú, það er staðan í kjaramálum. Það er andrúmsloftið í samskiptum aðila vinnumarkaðarins eins og það heitir á löggiltu stofnanamáli. Og þeir sem með þessi mál fara, aðrir en hæstv. ríkisstjórn sem virðist ekki hafa af þessu neinar áhyggjur, hafa auðvitað dagvaxandi áhyggjur af því til hvers sé verið að stofna í þjóðfélaginu, að kannski sé nú verið að klúðra fimm til sex ára stöðugleika sem tókst að innleiða með þó nokkrum fórnum á árabilinu 1989–1991, glata honum, fórna honum á altari þessarar þrjósku sem hæstv. félmrh. er annar aðalfulltrúinn fyrir. Það er dapurlegt og ömurlegt til þess að hugsa ef það á að verða hlutskipti okkar að klúðra því út úr höndunum á okkur aftur vegna þvermóðsku af því tagi sem ein stendur eftir í þessu máli, því að hæstv. ráðherra hefur auðvitað ekki tekist að færa fram nein haldbær rök fyrir því að neina sérstaka nauðsyn beri til að þröngva þessu í gegn nú á þessu vori, enga. Ég bið hæstv. ráðherra þá að reyna betur. Hvaða einstök efnisatriði í þessum frv. eru þannig vaxin að það skipti einhverju máli í einhverju tilliti að þau séu nú sett í lög í andstöðu við allt og alla? Hverju á það að breyta nema því einu sem er til hins verra upp á þetta andrúmsloft og þessi samskipti?

Auðvitað hafa ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu af þessu miklar áhyggjur. Það hefur verið reynt ítrekað að vara við, benda á þá hættu sem hér er fyrir dyrum og það er langt síðan það kom fram að tilvist þessara frv. sem slík var farin að spilla andrúmsloftinu milli aðila. Það eru blindir menn sem horfast ekki í augu við það sem þarna er að gerast. Þó það væri ekkert annað en það að öll verkalýðshreyfingin í landinu er í fyrsta skipti um langt árabil algerlega að sameinast. Það er að mínu mati hið besta mál og fagnaðarefni. En það er kannski ekki alveg víst að allir aðrir líti eins á það. Þá hélt ég að menn hefðu kannski ástæðu til þess að hugsa aðeins sinn gang í þeim efnum því að auðvitað er samtakamáttur launamanna, ef þeir ná að stilla saman strengi í allsherjarsamstöðu, þvert yfir öll sambönd og félög, margfaldur á við það sem er ef hvert og eitt samband eða félag er að heyja sína kjarabaráttu sér.

Kannski er það þannig, herra forseti, eins og segir í máltækinu að ekki verðið feigum forðað og hæstv. ríkisstjórn verði bara að fá að ganga þessa feigðargötu sína á enda og sitja þá uppi með allt í logandi verkföllum og átökum í þjóðfélaginu undir næstu áramót og við því sé í sjálfu sér ekkert frekar að gera. Það fara að nálgast þau tímamót í þessum málum að a.m.k. af okkar hálfu í stjórnarandstöðunni verður ekkert frekar að gert. Hæstv. ríkisstjórn verður bara að bergja af þessum beiska bikar sínum og axla af því ábyrgð að hafa kveikt þetta ófriðarbál í þjóðfélaginu.

Vissulega er búið að þynna frv. dálítið út og tína út úr því hluti sem í því voru í byrjun og voru náttúrlega fráleitustu þættirnir sem menn hafa áttað sig á og ráðherra þar með talinn að gengu ekki upp. Eftir standa ákveðin efnisatriði en þó kannski fyrst og fremst vitnisburðurinn um þessi samskipti og það andrúmsloft sem búið er að eitra með þessum vinnubrögðum sem ekki verður svo auðveldlega afmáð og er hið versta mál. Ég verð að segja alveg eins og er að ég batt við það vissar vonir, t.d. að í þessari viku mundi hæstv. félmrh. finna leið í land, t.d. í tengslum við þing Alþýðusambands Íslands.

Hæstv. forseti. Ég efast um að hæstv. félmrh. veiti nokkuð af að einbeita sér að því einu að hlusta og það er ekki víst að það dugi einu sinni. Það hefur ekki sýnt sig undanfarna daga að það nægi jafnvel til þess að skilningsljósið tendrist í huga hæstv. ráðherra.

En það stendur þannig á að nú halda stærstu heildarsamtök launamanna í landinu, Alþýðusamband Íslands, þing sitt. Þessi atburður og þessi vika hefði að mínu mati getað gefið félmrh. kjörið tækifæri til að bjarga sér í land og rúmlega það. Ég held að hæstv. félmrh. hefði getað slegið sér veru-

lega upp og lyft Framsókn pínulítið upp úr forarvilpunni sem hún er komin ofan í, sýnt ofurlítinn manndóm, skorað prik gagnvart samstarfsflokknum í stað þess að láta hann nota sig eins og gólftusku ef hæstv. félmrh. hefði mannað sig upp í að fara á alþýðusambandsþing, ávarpa þar þingfulltrúa og bjóða Alþýðusambandinu sættir og setja málið í endurskoðun þar í sumar. Það er auðvitað alveg augljóst mál hvað hefði gerst. Hæstv. félmrh. hefði orðið maður dagsins. Hann hefði fengið dúndrandi lófatak í staðinn fyrir að í dag var púað á hann. Skyldi það ekki vera vænlegra fyrir hæstv. félmrh. inn í framtíðina og þessi tæpu þrjú ár sem hann í mesta lagi á eftir í ráðherrastóli að eigin sögn, að leggja upp með það veganesti? Og ætli sjálfstæðismenn hefðu þá átt annan kost en velja sömu leið og bjóða fyrir sitt leyti upp á sams konar samkomulag með það frv. sem þeir bera ábyrgð á, þ.e. hæstv. fjmrh. og frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Nú kann að vera að hæstv. félmrh. eigi enn eftir að halda á alþýðusambandsþing og hann eigi enn eftir þennan kost. Ég skora á hæstv. félmrh. — það er sagt stundum að sofa á hlutunum — að hann sofi þá á þessu í nótt eða vaki yfir því ef svo ber undir og velti þessu alvarlega fyrir sér. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra eigi oft á því sem eftir er af hans pólitísku ævi a.m.k. eftir að standa á afdrifaríkari vegamótum en hann að mörgu leyti gerir nú. Ég er sannfærður um það að gangi hæstv. félmrh. þessa feigðargötu á enda, þá mun það hvíla eins og pólitískur skuggi yfir ferli hans það sem eftir er (**Gripið fram í:** Það verður engin ferill.) að hafa látið nota sig í þessi skítverk í nafni frjálshyggjunnar, að þjösnast svona á launamönnum í landinu og samtökum þeirra sem ég veit að er tungutak sem hæstv. ráðherra skilur, „að þjösnast á einhverjum".

Almennt um þessi mál og stöðu hæstv. ríkisstjórnar gagnvart þeim, herra forseti, þá er manni líka náttúrlega býsna brugðið þegar maður veltir því fyrir sér hvers konar vitnisburð, vinnubrögð á vegum ríkisstjórnar og ráðuneyta, frumvörpin tvö hafa í raun og veru dregið fram. Er það svo að það sé mönnum ekkert umhugsunarefni að við höfum fengið tvö stjórnarfrumvörp um afar mikilvæga löggjöf í okkar landi, grundvallarlöggjöf, undirstöðulöggjöf um samskipti aðila, sem bæði hafa fengið þann harkalega dóm að vera ónothæf eins og þau voru lögð fram og væntanlega mjög líklega vera brot á stjórnarskrá og alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands, bæði tvö? Að vísu er verið að reyna að lagfæra þau, þynna þau út, draga út úr þeim það versta en það dugar ekki einu sinni til.

Í efh.- og viðskn. í kvöld, herra forseti, voru lagðar fram þrjár lögfræðilegar álitsgerðir um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Og hvað fólst í þeim? Það fólst í þeim algerlega ótvíræður dómur um það að frv. eins og það var lagt fram var út úr öllu korti miðað við ákvæði stjórnarskrár Íslands, ákvæði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og fleiri slíkra samþykkta. Það er að vísu sagt að eftir þær breytingartillögur sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur verið að vinna að og voru að hluta til gerðar við 2. umr. en hafa nú verið kynntar á nýjan leik, 15 tölusettar tillögur fyrir 3. umr. málsins, þá sé að vísu búið að sneiða hjá vissum brotum sem þarna voru í uppsiglingu gagnvart stjórnarskrá og samþykktum en þó ekki öllum. Kannski er hæstv. félmrh. líka hreykinn af því að sitja í ríkisstjórn sem leggur fram ekki eitt heldur tvö eða fleiri frv. sem eru þannig úr garði gerð, eins og þau eru lögð fyrir þingið, að þau standast ekki (**Gripið fram í:** Fimm.) — eða hvað þau eru mörg — og koma svo og segja að það sé búið að laga þetta, að það sé búið að taka af þessu það versta og þetta sé nú að verða í lagi, að verða okkuð gott. Er það nokkuð til að hrósa sér af, þ.e. að sennilega verði búið að bjarga þessu þannig í horn að þetta sleppi? Mér finnst það satt best að segja ekki vera mikill metnaður sem menn hafa fyrir hönd sjálfra sín og vinnubragða sinna. Það er auðvitað aldrei gott þegar menn hlaupa á bak við embættismenn sína í þessum efnum. En ég trúi eiginlega ekki öðru en eitthvað af þessu lögfræðingaliði sem er í vinnu í ráðuneytunum við að unga út þessum pappírum sem ráðherrarnir taka svo höfundarábyrgð á, líði svolítið illa yfir þeim dómi sem þeir hafa fengið. Eru það ekki hálaunaðir og sprenglærðir prófessorar og alls konar lögfræðiséní sem hafa verið á góðum launum í aukagetu við það hjá ríkinu að semja þessa pappíra en eru svo tættir sundur, teknir í nefið af þeim lögfræðilegu ráðgjöfum sem nefndir þingsins hafa leitað til? (**Gripið fram í:** Í vörina.) Það er bannað. Eða verður senn bannað.

Mér finnst, herra forseti, þetta vera þvílíkur dómur sem þessi vinnubrögð eru öll að fá. Að vonum, því að svona á auðvitað ekki að standa að hlutunum. Hversu gæfulegt er það t.d. að ætla að setja löggjöf um vinnumarkaðinn á Íslandi, bæði almenna vinnumarkaðinn, stéttarfélög og vinnudeilur, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og ganga algerlega fram hjá samráði við helstu sérfræðinga landsins í vinnurétti? Hverju eru helstu sérfræðingar landsins í vinnurétti? Það eru t.d. þeir lögfræðingar í landinu sem starfa fyrir verkalýðshreyfinguna. Af hverju eru þeir það? Vegna þess að þeir sérhæfa sig í þeim rétti, að túlka þann rétt, að skýra þann rétt, að fara með ágreiningsmál á grundvelli þeirra laga, að sækja mál fyrir hönd launamanna fyrir dómstólum landsins og jafnvel fyrir alþjóðlegum dómstólum. Og er það þá trúverðugt eða gæfuleg vinnubrögð að ganga algerlega fram hjá þeirri sérfræðiþekkingu sem þar er í landinu og er einstök? Það liggur auðvitað í hlutarins eðli að það eru engir aðrir sérfræðingar í landinu til sem búa yfir og sameina á einum stað meiri þekkingu um þessi mál heldur en einmitt lögfræðingar og lögfræðilegir ráðunautar launamannasamtakanna í landinu. En hæstv. ríkisstjórn gefur ekkert fyrir það. Henni kemur það ekki við. Hún kemur svellköld með frumvörp sem reynast svo gersamlega ónothæf, sem reynast púra brot á samþykktum ILO og væntanlega á stjórnarskránni eins og þau eru fram borin. Hún huggar sig svo við að hún sé að reyna að bjarga þessu í horn og nefndarmenn meiri hlutans eru á handahlaupum með breytingartillögur milli umræðna með málið allt meira og minna í höndunum fram á síðustu stundu að reyna að sigta út það versta.

Samt er t.d. 22. gr. frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna mjög sennilega hæpin eins og hún er þrátt fyrir allar breytingarnar, bæði gagnvart 74. gr. stjórnarskrárinnar og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Meðal annars af þeim sökum að allir prestar í landinu eru allt í einu komnir þarna inn sem embættismenn eða eiga að gera það samkvæmt brtt. Og er þó hæpið að færa það undir sérstakt öryggi ríkisins að þeir geti messað á sunnudögum þótt það sé gott í sjálfu sér. En á því hálmstrái eru menn að hanga að það sé réttlætanlegt að taka samningsrétt, verkfallsrétt og tjáningarfrelsi af embættismönnum af því að þeir séu nauðsynlegir vegna öryggis ríkisins eða þeir séu æðstu menn stjórnsýslunnar í landinu eða eitthvað þar fram eftir götunum. Og gangi svo hverjum sem vill það vel að teygja það yfir alla presta.

Nei, herra forseti. Auðvitað er það þannig að hæstv. ríkisstjórn á að sjá að sér og forða sér í land með þessi mál. Ég vil leyfa mér að trúa því að það standi enn opið af allra hálfu sem að málinu koma að reyna að finna einhverja brú í land fyrir hæstv. ríkisstjórn og náttúrlega grátt leikna menn og fótsára eins og hæstv. félmrh., reyna einhvern veginn að búa til þannig lausn að allir geti haldið andlitinu eins og sagt er. Góðir menn verða að leggjast undir feld og hugsa upp einhverja góða lendingu þannig að menn komist út úr þessum ógöngum. Öll þjóðin horfir upp á það að þessi mál eru komin í endemis klúður og það verður að reyna einhvern veginn að gera gott úr því ef hægt er. Mönnum ber sú skylda skynseminnar vegna og í þágu farsælla málalykta almennt og ekki síst í stórmálum af þessu tagi að leita alveg til hinstu stundar að einhverri færri landtöku fyrir alla viðkomandi aðila.

Ég er alveg viss um að afdrifaríkustu sólarhringarnir í þessu máli standa yfir eða fara í hönd. Og ég er alveg viss um það að ef hæstv. félmrh. tekst ekki að finna þessa landgönguleið í þessari viku áður en þingi Alþýðusambandsins lýkur, missir hann af gullnu tækifæri til að bjarga sínu skinni. Þó skiptir það ekki mestu máli í þessu sambandi heldur hitt að efnisleg niðurstaða í málinu verði farsæl.

Ég ætla því að lokum, herra forseti, af því að ég ætla ekki að teygja þessar umræður lengra fram á kvöldið að enda þetta með því að skora á hæstv. félmrh. að vera hófstilltan, segja ekki í andsvari neina vitleysu sem hann á eftir að sjá eftir og væri betur ósögð, fara frekar heim og hugsa málið.

[22:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og minn er vandi er ég hófstilltur í ræðustól og vonast eftir að verða það, ætla ekki að bregða út af þeirri venju. En það hafa komið fram nokkur atriði í ræðum þeirra tveggja hv. þingmanna sem hér hafa talað í kvöld sem mig langar til að fjalla ofurlítið um og spurningum hefur verið beint til mín sem ég ætla að reyna að svara.

Hv. þm. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv., deildi á það að þetta mál væri seint fram komið. Af hverju er það seint komið fyrir þingið? Jú, það er vegna þess að ég beið í tvo mánuði eftir að Alþýðusambandið sleit viðræðum við mig eða félmrn. Ég beið í tvo mánuði samkvæmt þeirra beiðni meðan þeir væru að reyna að koma sér saman um samskiptareglur á vinnumarkaði við vinnuveitendur. Það bar engan árangur. (**ÖJ:** Alþýðusambandið sleit ekki viðræðum. Alþýðusambandið óskaði eftir viðræðum.) Alþýðusambandið heimtaði frv. út af borðinu. (**ÖJ:** Alþýðusambandið heimtaði ...) Hv. þm. fær orðið á eftir og getur tjáð sig þá. Það var ekki félmrn. sem sleit þessum viðræðum, það er fjarri lagi. Ég gerði ekkert sem sprengdi þessar viðræður í loft upp. Það var Alþýðusambandið sem neitaði að ræða lagasetningu. Og af hverju neitaði Alþýðusambandið að ræða lagasetningu? Það var vegna þess að Alþýðusambandið vissi um sinn innri veikleika og þeir gætu ekki komið sér saman um hvernig lagasetningu ætti að hátta.

Hv. þm. spurði hvort þetta væri í síðasta skipti sem ég bæri fram frv. um breytingu á vinnulöggjöfinni. Þessa ræðu eða spretti úr þessari ræðu hv. þm. Svavar Gestssonar las ég reyndar í gömlum Alþingistíðindum. Sömu röksemdirnar komu fram hjá páv. hv. þm. Ísleifi Högnasyni. Eitt af því sem hann hafði á móti þrælalögunum var það að ef þrælalögin væru einu sinni komin á mundi vera hægt að breyta þeim. Það liðu að vísu 58 ár þangað til tilraun var gerð til þess eða þangað til það var gert, en marga sömu orðaleppana notaði hv. þm. Svavar Gestsson.

Ég hef ekki uppi, svo að ég reyni að svara spurningunni, áform um að bera fram annað frv. eða önnur frumvörp um breytingar á vinnulöggjöfinni. Ég tel að með þeirri endurskoðun á vinnulöggjöfinni sem nú fer fram hafi ég staðið við það ákvæði stjórnarsáttmálans sem fjallar um þetta efni.

Hv. þm. spurði af hverju ég flytti þetta mál. Það er af því að ég held að þetta sé gott mál. Menn hafa, og þá sérstaklega hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., haft uppi digrar fullyrðingar. Það var erfitt að fylgja honum reyndar á fluginu því að stundum var hann að tala um dagskrármálið og stundum var hann að tala um mál sem var á dagskrá í hv. efh.- og viðskn. Ég er að tala um dagskrármálið og ætla að einbeita mér að því að tala um það. (**SJS:** Skilur ráðherrann ekki samhengi málanna?) Ég er að tala um það mál sem hér er á dagskrá. Hann vildi meina að það væri brot á alþjóðasamningum og ekki nóg með það, heldur væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Þessar fullyrðingar komu fram strax við 1. umr. Lagastofnun sem hv. félmn. leitaði til fann ekki að þarna væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Ég var reyndar búinn að ganga úr skugga um það með mínum mönnum að svo væri ekki.

Hér er ekki heldur um að ræða brot á alþjóðasamningum sem við erum aðilar að. Lagastofnun taldi vafa geta leikið á um tvö atriði. Bæði var reyndar búið að ákveða að fella út úr frv. og eftir því sem mér skilst hefur hv. félmn. gengið úr skugga um að hin nýju atriði standast prýðilega og þetta frv. er skothelt að þessu leyti. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort ég væri sammála því að hér væri verið að festa í sessi miðstýrða kjarasamningagerð. Hann las þetta upp úr áliti Þjóðhagsstofnunar. Ég tel að hér sé ekki verið að festa í sessi miðstýrða kjarasamningagerð. Hitt er annað mál að ég tel eða ég ímynda mér að Þjóðhagsstofnun hafi verið að hugleiða hin stóru samflot sem ég tel að séu heppilegri og árangursríkari fyrir verkalýðshreyfinguna og þjóðfélagið allt heldur en að hver sé að semja í sínu horni.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði um lífskjörin. Við getum verið sammála um það að lífskjör þeirra sem minna hafa á Íslandi eru of bágborin. Þjóðarkökunni er ekki réttlátlega skipt og við þurfum að reyna að finna aðferðir til þess að skipta henni með réttlátari hætti en gert hefur verið. Þjóðarkökunni hefur verið skipt að hluta til samkvæmt gildandi vinnulöggjöf og einmitt af þeirri ástæðu sýnist mér eðlilegt að breyta vinnulöggjöfinni vegna þess að sú kjarabarátta sem hefur verið rekin samkvæmt þessari vinnulöggjöf, þeirri vinnulöggjöf sem gilt hefur hingað til, hefur ekki skilað nægilegum árangri.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vildi trufla hæstv. ráðherra og spyrja hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni vegna þess að nú er liðinn sá tími sem gert er ráð fyrir að umræður yrðu hér.)

Herra forseti. Ég gæti talað í alla nótt en ég ætla ekki að gera það. Ég skal reyna að stytta mál mitt eins og ég mögulega get þannig að staðið verði við það samkomulag sem gert var. Ég hygg að ef allt væri reiknað liði kannski hálftími af þeim tíma sem um var samið

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill taka fram að forseti hafði ekki gert ráð fyrir að það yrði fundað fram yfir ellefu.)

Ég mun ljúka máli mínu á örfáum mínútum til viðbótar, herra forseti.

Ég tel að samstarf og samráð hafi verið reynt til þrautar samkvæmt því sem fyrirheit voru gefin um í kosningastefnuskrá Framsfl.

Hv. þm. spurði hvað væri til bóta í frv. Ég skal svara því í örstuttu máli. Það er viðræðuáætlun, auknar skyldur á sáttasemjara og aukið lýðræði í samtökum atvinnurekenda og launamanna. — Hv. þm. mætti kannski vera að því að doka við eins og 2–3 mínútur í viðbót. — Ég sækist ekki eftir lófataki, ég sækist ekki eftir klappi og mér ógnar það ekkert þó að það sé púað á mig öðru hverju. Ef ég tel að ég sé að gera rétt, geri ég það hvort sem öðrum líkar betur eða verr svo framarlega sem ég hef möguleika til þess. Ég vil standa og falla með verkum mínum. Ég hef lent í mörgum orrustum, stundum haft sigur og stundum ekki. Ég er ekki í pólitík til þess að sníkja einhverjar stundarvinsældir ef hv. þm. heldur það. Ég er í pólitík til að fylgja málum sem ég tel vera rétt og marka stefnu sem ég tel að þjóðinni sé til farsældar.

[23:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjaldgæft að heyra hæstv. félmrh. flytja þvílíka lofræðu um sjálfan sig eins og hann gerði síðustu fjórar mínúturnar. En það er allt í lagi. Ef hæstv. ráðherra kýs að verja tíma sínum sérstaklega til að hrósa sjálfum sér, er ég reiðubúinn til þess að hlusta á það hrós lengi nætur.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hélt því fram að hann hefði ekki svikið nein af loforðum Framsfl. Þess vegna er óhjákvæmilegt að rifja það upp að Framsfl. lofaði því í stefnuskrá sem var samþykkt á miðstjórnarfundi að breyta engu án þess að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Auðvitað sveik hæstv. félmrh. það.

Herra forseti. Ég kem hérna upp vegna þess að ég vildi gera athugasemdir og það mjög sterkar við þá staðhæfingu hæstv. ráðherra að það hafi verið Alþýðusambandið og verkalýðshreyfingin sem sleit samráðinu. Hæstv. ráðherra getur ekki horft fram hjá því undir hvaða formerkjum fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar tóku sæti í samskiptanefndinni. Þegar þeir voru beðnir um að tilnefna fólk í hópinn voru menn ekki á eitt sáttir um það eins og hér hefur verið rakið. Og þegar leitað var til samtaka launamanna um tilnefningarnar var fallist á það með því skýra og klára skilyrði að nefndinni væri ekki ætlað að fjalla um breytingar á vinnulöggjöfinni nema að því leyti sem samtök launafólks töldu æskilegt og innan þeirra marka að sjálfsögðu sem íslenskur vinnuréttur, stjórnarskrá og alþjóðlegar samþykktir settu starfssviði nefndarinnar. Það var því alveg klárt að þótt samtök launafólks setti sig í prinsippinu ekki upp á móti breytingum á vinnulöggjöfinni, var það einungis með því fororði að þau teldu þær til bóta og samþykki þeirra fengist fyrir þeim. Hæstv. ráðherra varpaði hins vegar nánast allri þessari vinnu út af borðinu og hann lagði sjálfur fram frv. sem var í grundvallaratriðum frábrugðið því sem samþykkt hafði verið og vilji var fyrir innan raða þeirra sem komu frá verkalýðshreyfingunni í þennan hóp hans.

[23:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki svikið nein loforð. Ég reyndi samráð til þrautar og ég vil biðja hv. þm. að kynna sér betur hvernig slitnaði upp úr þessum viðræðum. Það gerðist með fundi formanna landssambandanna í Ölfusborgum. Ég var ekki á þeim fundi og það var ekki gert í félmrn. Ef hv. þm. læsi erindisbréf nefndarinnar sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson setti henni á sínum tíma 1994, kæmist hann að því að þeirri nefnd var falið að setja í lagafrv. úrbótatillögur.

[23:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki deila við hæstv. félmrh. um þetta. Ég tel að við ættum bara að slá einu blóðrauðu náðarstriki yfir þetta syndaregistur sem honum fylgir í þessu máli.

Það kom fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að hann telur ráðlegast að þessu máli verði frestað til haustsins og menn reyni að ná samningum og samráði yfir sumarið. Benedikt Davíðsson, forseti Alþýðusambandsins, bar fram sömu ósk af tröppum Alþingishússins fyrr í dag. Ég spyr því, herra forseti: Er ekki hæstv. félmrh. reiðubúinn til þess að taka í hina útréttu sáttahönd sem forseti Alþýðusambandsins rétti fram fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar í landinu og láta á það reyna, svo að ég noti orð forseta Alþýðusambandsins, hvort ekki tekst að ná samningum í sumar og koma svo hingað aftur í haust með afrakstur þess eða, ef hann telur að það sé ekki hægt, að koma þá fram með frv. í haust en láta reyna á samningsviljann sem forseti Alþýðusambandsins tjáði á tröppum hússins fyrr í dag? Ef hæstv. félmrh. í rauninni vill ná samningum og ef honum þykir það miður að það tókst ekki í aðdraganda þessa máls, er tækifærið núna. Er hann ekki maður til þess að taka í útrétta sáttahönd forseta Alþýðusambandsins?

[23:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil alltaf leysa mál með samningum ef það er hægt. En í þessu tilfelli er það gersamlega vonlaust. Það er mitt mat að það sé gersamlega vonlaust. Ímyndar hv. þm. sér, ef ég kæmi fram með þetta lagafrv. í haust, að hann þyrfti þá ekki að flytja sömu ræðurnar upp aftur og aftur eins og áður? Ég er vonlaus um að verkalýðshreyfingin, vinnuveitendur og ríkisvaldið nái samhljóða samkomulagi um þetta mál.

[23:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að mótmæla þeirri staðhæfingu og fullyrðingu hæstv. félmrh. að Alþýðusamband Íslands hafi slitið viðræðum um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er rangt. Þessum viðræðum lauk þegar hæstv. félmrh. tók ákvörðun um að fara að vilja samtaka atvinnurekenda og keyra fram þessar lagabreytingar í gegnum þingið.

Hér hafa verið gefnar mjög mótsagnakenndar yfirlýsingar. Annars vegar segir hæstv. félmrh. að hann hlusti ekki á lófatak, láti ekki stjórnast af lófataki, hann geri það sem honum finnst rétt. Það sem menn hins vegar furða sig á í þjóðfélaginu öllu er að einum hæstv. ráðherra geti fundist það yfirleitt vera rétt að gera grundvallarbreytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði þvert á vilja allrar verkalýðshreyfingarinnar. Enn mótsagnakenndari verða þessar yfirlýsingar þegar þær eru síðan kórónaðar með þeirri staðhæfingu að sami ráðherrann sé gefinn fyrir samninga, hann vilji fara samningaleið. Hæstv. ráðherra verður að gefa okkur nánari skýringar á þessu, annars vegar þeirri yfirlýsingu sinni að hann sé reiðubúinn að fara samningaleiðina og hins vegar hinni: að hann hlusti aðeins á eigin sannfæringu, honum

finnist hann vera að gera rétt í þessu efni og við það muni sitja.

[23:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef margtekið fram og er afar auðvelt að sanna slitu hvorki félmrn. né ég þessum viðræðum. Það var ákvörðun formannafundar í Ölfusborgum sem haldinn var síðla í janúar á þessu ári. Ég væri ekki, herra forseti, að leggja til breytingar á þessum lögum ef ég teldi þær ekki til bóta.

[23:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. sleit þessum viðræðum þegar hann ruddist fram með þetta frv. Svo einfalt er það mál. Í umræðum í dag hefur ítrekað verið vitnað í þær yfirlýsingar og þær samþykktir sem Alþýðusambandið, BSRB og fleiri samtök hafa sent frá sér. Meðal annars frá þessum fundi í Ölfusborgum þar sem Alþýðusambandið og þau samtök sem vitnað er til voru reiðubúin að ganga til samninga og leita eftir samningum um þessi efni og gera breytingar á sínum innri málum á sínum eigin forsendum. En hæstv. félmrh. kýs að fara að vilja atvinnurekendasamtakanna sem eru svo yfir sig hrifin af þessari framvindu að þar á bæ ná menn ekki brosinu af andlitinu frá morgni og fram á kvöldið. Þar er kominn hæstv. ráðherra sem er að skapi VSÍ og Vinnumálasambandsins og þarf ekki annað en lesa þær ályktanir sem koma af þeim bænum.

[23:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ruddist ekki fram með neitt frv. Fyrir mína hönd voru sýnd af mestu hógværð drög eða umræðugrundvöllur að frv. um sáttastörf í vinnudeilum. Það var von okkar að málsaðilar aðrir, vinnuveitendur og verkalýðshreyfing, vildu gera svo vel að taka þátt í því með okkur að þróa málið og endurbæta frv. En þá hlupu menn bara í fýlu í Ölfusborgum og sögðu: Frumvörpin burt! Frumvörpin burt!

[23:12]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ýmislegt í orðum hæstv. félmrh. sem ástæða er til að taka fyrir en tíminn er naumur. Þó er ein setning sem hæstv. ráðherra lét út úr sér sem ég er yfir mig gáttuð á og er þó ýmislegt sem manni hefur verið boðið upp á að hlusta á undanfarna daga. Hæstv. ráðherra sagði að kjarabaráttan eins og hún hefur verið rekin hingað til hefði ekki skilað nægjanlegum árangri. Og þá eru ráðin helst að fara að skipta sér af innri málum verkalýðshreyfingarinnar.

Hvað er það sem hæstv. ráðherra á við þegar hann segir: Hefur ekki skilað nægjanlegum árangri? Fyrir hvern? Þjóðarsáttarsamningarnir hafa aldeilis skilað árangri. Hér hefur hæstv. ríkisstjórn raupað af því aftur og aftur að hafa náð stöðugleika í efnahagslífi landsins. Hverjum er það að þakka? Fórnum hæstv. ráðherra eða mínum fórnum? Nei, verkalýðshreyfingarinnar. Á 20 árum hafa laun hækkað um 24.000%. En stjórnvaldsaðgerðir hafa hirt þennan ágóða af launamönnum jafnóðum. Og frv. til fjárlaga og fjáraukalaga fyrir árið 1996 og lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum skertu kjör fólks í landinu enn frekar en var.

[23:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Suðurl., formanni Alþb., er sannarlega ekki of gott að hæla þeirri þróun sem verið hefur í kjarabaráttunni. Launamunur hefur aukist og ég staðhæfi að kjarabaráttan hefur ekki skilað nægilegum árangri fyrir láglaunafólkið í landinu. Nú horfum við fram á betri tíð og það er hárrétt hjá henni að þjóðarsáttin lagði grundvöllinn að því að tíðin er að batna.

Það er tími til kominn að reyna að skipta með réttlátari hætti þjóðarkökunni og ég tel að þetta frv. og þær vinnureglur sem hægt er að þróa í framhaldi af því verði til þess.

[23:14]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hafði tækifæri til þess í haust að sýna þennan vilja sinn við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 og við afgreiðslu á frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það gerði hæstv. ráðherra ekki. Þvert á móti voru kjör fólks í landinu skert verulega, launamunurinn jókst og frumvörpin sem hæstv. ráðherra stendur að, því við þetta bætist frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, munu aldeilis ekki hafa það í för með sér að launamunur í landinu minnki. Það má vera á meðan fólk hefur fulla starfsorku að þá verði launamunurinn eitthvað minni svona á ákveðnu tímabili ævinnar á meðan það fær að njóta þess að hafa starf. En þessi frumvörp eru ekki til þess, það er ekki tilgangurinn með þeim. Ef hæstv. ráðherra og ef þessi hæstv. ríkisstjórn hefði haft vilja til að jafna kjörin í landinu hefðuð þið getað sýnt það í verkum ykkar allt frá því að þið tókuð við. En það hafið þið ekki gert. Þið hafið svikið öll loforð um fólk í fyrirrúmi. Öll.

[23:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varla að ég nenni að elta ólar við svona málflutning. Þetta getur hv. 17. þm. Reykv. leyft sér að segja, en ekki formaður Alþb.

Það er ósatt að Framsfl. hafi svikið kosningaloforð sín. Við vinnum undir því kjörorði sem við gengum til kosninga með, fólk í fyrirrúmi. Fjárlög þessa árs voru skynsamleg og við erum að ná árangri í efnahagslífinu með aðhaldssömum fjárlögum.

[23:17]

Útbýting þingskjala:

Tóbaksvarnir, 313. mál, brtt. ÖS o.fl., þskj. 1032.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 520. mál, nál. umhvn., þskj. 1030; brtt. umhvn., þskj. 1031.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:17.

---

144. FUNDUR

miðvikudaginn 22. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955. — Frh. 2. umr.

2. Spilliefnagjald, stjfrv., 252. mál, þskj. 1017. — 3. umr.

3. Þjóðminjalög, stjfrv., 285. mál, þskj. 1018 (sbr. 524). — 3. umr.

4. Sálfræðingar, stjfrv., 371. mál, þskj. 1019. — 3. umr.

5. Tollalög, stjfrv., 441. mál, þskj. 1022. — 3. umr.

6. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 469. mál, þskj. 1023. — 3. umr.

7. Evrópusamningur um forsjá barna, stjtill., 471. mál, þskj. 806, nál. 937. — Síðari umr.

8. Fullgilding samnings gegn pyndingum, stjtill., 475. mál, þskj. 811, nál. 938. — Síðari umr.

9. Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, stjtill., 491. mál, þskj. 850, nál. 939. — Síðari umr.

10. Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, stjfrv., 493. mál, þskj. 852, nál. 940. — 2. umr.

11. Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, stjfrv., 492. mál, þskj. 851, nál. 1024. — 2. umr.

12. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 1015, brtt. 1032. — 3. umr.

13. Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, stjfrv., 376. mál, þskj. 664, nál. 898. — 2. umr.

14. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599, nál. 1007. — 2. umr.

15. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 1. umr.

16. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 527. mál, þskj. 1010. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

17. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 295. mál, þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995. — Frh. síðari umr.

18. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957, nál. 1030, brtt. 1031. — 2. umr.

19. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 487. mál, þskj. 845, nál. 1029. — 2. umr.

20. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 363. mál, þskj. 632. — 1. umr.

21. Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, frv., 411. mál, þskj. 730. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 469. mál, þskj. 1023.

Sálfræðingar, 371. mál, þskj. 1019.

Spilliefnagjald, 252. mál, þskj. 1017.

Tollalög, 441. mál, þskj. 1022.

Þjóðminjalög, 285. mál, þskj. 1018.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:02]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 22. maí 1996:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavík, Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.“

Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955.

[10:03]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

(**SJS:** Forseti ætti nú bara að sjá sóma sinn í að fresta þessu.) Hæstv. forseti. Það er kallað utan úr sal að forseti ætti að sjá sóma sinn í að fresta þessu máli og ég tek undir það. En ef forseti tekur ekki þá ákvörðun, þá mun ég að sjálfsögðu halda ræðu mína.

Hér hefur átt sér stað allmikil umræða um þetta mál svo sem við mátti búast, enda er það afar stórt og þó einkum mjög umdeilt. Við urðum vitni að því í efh.- og viðskn. í gærkvöldi að umræðan hvort sem hún á sér stað hér í sölum eða úti í þjóðfélaginu hefur áhrif. Þegar menn fara að skoða hlutina betur og hlusta á það sem sagt er og skoða þær athugasemdir sem koma fram, þá eru gerðar breytingar á þessum stóru frv. En þær breytingar sem voru gerðar á frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og jafnframt breytingarnar á frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, hafa vakið hjá mér miklar og stórar spurningar um vinnubrögð og þá ekki síst vinnubrögð í ráðuneytunum. Maður spyr sig hvernig stendur á því að það koma fram frv. sem greinilega brjóta í bága við alþjóðasamninga og jaðra við brot á íslensku stjórnarskránni. Hvernig stendur á því að ráðuneytin senda frá sér svona illa unnin frv.? Þetta kallar á mikla skoðun á þessum málum á Alþingi, en það á að keyra þetta allt í gegn og átti að keyra þetta allt í gegn án þess að skoða nánar. Ég veit ekki hvar ljósið kviknaði og menn áttuðu sig loksins á því að t.d. frv. um réttindi og skyldur var þverbrot á bæði stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum, enda er búið að breyta því allverulega þó að sjálf hugamyndafræðin, hugmyndafræði valdsins sé eftir í því máli. (**SJS:** Það er spurning hvort þetta er fullnægjandi árangur í starfi.) Það þurfa ráðherrarnir að meta þegar og ef þessi lög verða samþykkt þá þurfa embættismenn held ég að fara að vanda sig betur. Það er mjög umhugsunarvert að frumvörp skuli koma með þessum hætti inn á þing og það væri gaman að vita hvort þetta hafi gerst oft á árum áður að frumvörp kæmu svona. Eða hvað er hér eiginlega á ferð?

Hæstv. forseti. Meginástæðan fyrir því að ég kýs að koma aftur í ræðustólinn er að mig langar til þess að beina sjónum aftur og betur að þeirri grunnumræðu sem liggur á bak við þetta frv. og reyndar frv. líka um réttindi og skyldur því að þessi tvö mál eru nátengd og það eru hugmyndir og sú stefna sem menn vilja taka á vinnumarkaði í vinnumarkaðshagfræði, stjórn vinnumarkaðarins, starfsmannamálum og slíku, hver sé stefnan. Hvað eru menn að gera með þessum málum? Eins og ég kom að í andsvari í gær, þá rakst ég á mjög athyglisverða grein í tímaritinu Foreign Affairs, glænýja grein eftir Ethan B. Kapstein sem ég veit nú svo sem engin deili á en það kemur fram að hann er eins og segir hér Director of Studies at the Council on Foreign Relations í Bandaríkjunum. Hann

hefur skrifað bækur og er væntanlega þekktur á þessu sviði fyrst það birtist grein eftir hann í þessu tímariti. Í þessari grein er hann að setja ýmis félagsleg vandamál og stöðu á vinnumarkaði í samhengi við pólitíkina á vinnumarkaði. Hann segir svo sem að það sé tvennt sem einkum — Herra forseti. Mér þykir vera mikill kliður í salnum.

(**Forseti** (GÁ): Ég bið hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Þessi ágæti hagfræðingur bendir á að það sé einkum tvennt sem einkennir vinnumarkaðinn í hinum vestrænu löndum. Það er annars vegar gífurlegt atvinnuleysi í Evrópu sem fer stöðugt vaxandi og menn virðast alls ekki hafa náð tökum á. Það rifjar upp fyrir mér að í Tímanum í morgun er bent á að þrátt fyrir þann uppgang sem hér virðist kominn í efnahagslífið þá fækkar atvinnulausum ekki. Þarna er verið að benda á að það eru einfaldlega aðrar orsakir fyrir þessu. Það er ekki bara samdráttur í efnahagslífinu sem veldur atvinnuleysinu heldur eru þar ýmsar aðrar skýringar, m.a. miklar tæknibreytingar. Það er annars vegar atvinnuleysið í Evrópu og hins vegar það að launafólk í Bandaríkjunum hefur upplifað mikla lækkun launa og vaxandi launabil. Þessi tvö einkenni sér hann á vinnumarkaðinum.

Hann rifjar upp að eftir síðari heimsstyrjöldina var gerður eins konar félagsmálasáttmáli milli stjórnvalda annars vegar og vinnandi fólks hins vegar. Menn þurftu að taka á alveg gífurlegum félagslegum vandamálum bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Menn stóðu uppi með mikinn fjölda ekkna. Hermenn voru margir limlestir og fatlaðir og mikið var af munaðarlausum börnum. Annars vegar voru það þau vandamál. Hins vegar veltu menn því fyrir sér af mikilli alvöru hvernig væri hægt að koma í veg fyrir hugmyndaþróun og pólitíska þróun af því tagi sem menn horfðu upp á á millistríðsárunum þegar milljónir manna gengu fasisma og nasisma á vald. Sem svar við þessu var tekin stefna sem m.a. byggðist á kenningum Bretans Beveridge sem oft hefur verið vitnað til í þessum ræðustóli. Okkar félagslega kerfi byggir að miklu leyti á hans hugmyndum eða byggði áður en byrjað var að hræra í því öllu saman. Menn fóru í það að byggja upp gott félagslegt velferðarkerfi og tryggingakerfi. Þá var reynt að skapa vinnu til þess að koma í veg fyrir það að atvinnuleysi færi aftur af stað og það var komið upp alþjóðastofnunum til þess að tryggja samskipti milli þjóða, til þess að auðvelda viðskipti og til þess að menn hefðu yfirsýn yfir efnahagslíf heimsins. Það má t.d. nefna Alþjóðagjaldeyrisstofnunina, Alþjóðabankann og síðan samkomulagið um GATT. Allt var þetta hluti af því kerfi sem menn byggðu upp eftir síðari heimsstyrjöldina.

Kapstein bendir á að á undanförnum 15–20 árum hefur orðið mikil breyting á þessu. Hann segir: „Menn eru að rjúfa félagsmálasáttmálann." Það er verið að rjúfa þann sáttmála sem gerður var. Það lýsir sér í því að menn hafa verið að ráðast á félagsleg réttindi. Menn hafa verið að ráðast á verkalýðshreyfinguna. Menn hafa ekki hlustað á verkalýðshreyfinguna og hann segir einfaldlega: „Hin pólitíska rödd verkalýðsins eða vinnandi fólks hefur verið þögguð niður" Það er ekki hlustað á þennan hluta samfélagsins. Þetta gerist allt samfara því að störfum hefur fækkað gífurlega. Það hefur verið fjárfest geysilega mikið í tækni og tæknin hefur tekið við störfunum og orðið til þess að fækka þeim. Það er ekki tekið á félagslegum vandamálum sem eru alveg gífurleg. Hann bendir m.a. á að 2% vinnandi karlmanna í Bandaríkjunum eru á bak við lás og slá, 2% vinnandi karlmanna. En það er ekki tekið á þessum vandamálum. (**Gripið fram í:** Þeir eru nú varla vinnandi á meðan.) Þ.e. karlmanna á vinnualdri, þ.e. hluti af því sem menn skilgreina sem vinnuaflið. Ég þakka fyrir leiðréttinguna hjá þingmanninum svo að það sé skiljanlegt.

Hann bendir á að þetta sé allt saman að valda mikilli og vaxandi félagslegri óánægju, félagslegu róti og það sé verið að grafa undan samfélaginu. Menn taka ekki á þessum vandamálum. Hagsmunum vinnandi fólks er ýtt til hliðar og hann telur að ef menn ekki snúa við blaðinu, þá geti orðið mikil hætta á vaxandi einangrunarstefnu. Stjórnmálamenn í Bandaríkjunum, m.a. Buchanan sem var frambjóðandi repúblikana á tímabili eða ætlaði sér í forsetaframboð, predikaði þessa einangrunarstefnu. Hann bendir á að það sé vaxandi hætta á fasisma og útlendingahatri sem m.a. hefur mikið orðið vart við í Þýskalandi og að hin félagslegu vandamál fari vaxandi og geti orðið þessum þjóðfélögum okkar stórhættuleg ef menn ekki taka á þeim. Hann tengir þetta reyndar líka þeirri þróun sem hefur átt sér stað í efnahagsmálum sem hefur gengið út á það að opna heimsmarkaðinn, að auðvelda flæði milli landa og að menn leggja áherslu á útflutning. En breytingin sem hefur átt sér stað varðandi útflutning er sú að fyrir aðeins nokkrum árum voru Vesturlönd ráðandi í allri framleiðslu en núna er þetta að snúast við. Samkeppnin frá Asíulöndum eykst alveg gífurlega og Vesturlönd hafa brugðist við með því að lækka laun og með því að draga úr áhrifum verkalýðsfélaga. Hann bendir á að fólki sem stendur utan verkalýðsfélaga hefur fjölgað gífurlega. Það er ekki bara Nýja-Sjáland og sú stefna sem þar hefur verið rekin, heldur í Evrópu og jafnvel í Bandaríkjunum þar sem þátttaka fólks í verkalýðsmálum hefur nú aldrei verið mikil. Öll þessi þróun hefur verið að eiga sér stað jafnframt því að félagsleg vandamál hafa vaxið svona gríðarlega. Niðurstaða hans er sú að ætli menn ekki að sigla inn í ástand eða hugsanlega geta lent inni í ástandi líku því sem menn stóðu frammi fyrir á tímabilinu milli 1920–1940, þá verði menn einfaldlega að snúa við blaðinu og að ríki heims verði að gera eins og gert var í lok síðari heimsstyrjaldarinnar, að sameinast um aðgerðir til þess að draga úr félagslegum vandamálum og að bæta stöðu launafólks, það sé algert grundvallaratriði að bæta stöðu launafólks, draga úr launamismun og tryggja réttindi vinnandi fólks.

Ég vildi vekja athygli á þessari grein, þessari umfjöllun hérna og benda þingmönnum á að það er hægt að fá þessa grein úti á bókasafni Alþingis. Mér finnst þetta mjög athyglisvert sjónarmið og þarna er verið að benda á þróun sem hefur átt sér stað. Ég minnist þess að fyrir nokkrum vikum var sagt frá því að ríki Evrópusambandsins væru að reyna að koma sér saman um aðgerðir gegn atvinnuleysi þar vegna þess að menn eru smátt og smátt að gera sér grein fyrir því að þarna er um gífurlegan vanda að ræða. Í Evrópu eru atvinnulausir á milli 30 og 40 millj. Þar af er ungt fólk í meiri hluta. Ríki eins og Spánn eru með atvinnuleysi upp á hátt í 20%. Það er fyrst og fremst ungt fólk á aldrinum 17–25 ára. Við höfum heyrt hrollvekjur frá Finnlandi og fleiri ríkjum sem eru að glíma við þennan gífurlega vanda. Það verður ekki fram hjá því horft að þetta er vandamál sem menn verða að taka á og við stöndum frammi fyrir þessu líka. Hér er atvinnuleysi. Þó að það sé ekki mikið á mælikvarða Evrópusambandsins, þá er það töluvert og 4–5% atvinnuleysi í jafnfámennu landi og okkar verður miklu áþreifanlegra en annars staðar og á þessum málum verður að taka. Þau leysast ekki af sjálfu sér.

Það er kannski mergurinn málsins að þessi mál verða ekki leyst af sjálfu sér vegna þess að orsakirnar eru ekki bara samdráttur. Þó að efnahagslífið taki við sér, þá munu þessi vandamál ekki leysast af sjálfu sér.

Ráðin sem menn hafa verið að grípa til jafnt hér sem annars staðar eru fyrst og fremst að reyna að bæta menntun og bjóða upp á starfsþjálfun. En þessi hagfræðingur sem ég hef verið að benda á nefnir leið sem er vel þekkt hér á landi, þ.e. að beita sköttum til jöfnunar. Hann víkur að þeirri miklu umræðu sem hefur átt sér stað í Bandaríkjunum um skatta. Þeir eru með öðruvísi kerfi en við. Hann nefnir líka að það þurfi að bæta stöðu atvinnulífsins. Það er kannski mál sem menn hafa mikið hamrað á hér og það hefur auðvitað verið gert. En það verður að samhæfa þessar aðgerðir. Ef við reynum að horfa til framtíðar og skoða hver er staðan í okkar samfélagi, hver er staðan á vinnumarkaði, þá er ljóst að vandi okkar er af sama toga og í öðrum iðnríkjum. En hvað er verið að gera? Það er verið að feta í þessi spor sem ýmis ríki, England, Nýja-Sjáland og fleiri ríki stigu fyrir 10–15 árum, þ.e. að skerða réttindi, að auka launabilið, að draga úr lýðræði, að draga úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar og hreyfinga launþega yfirleitt. Það er nákvæmlega umfjöllunin sem er í þessu frv. sem við erum að ræða. Hæstv. félmrh. segist aftur og aftur í sínum ræðum vilja draga úr launabilinu og auka lýðræðið, en það er auðvitað verið að gera þvert á móti. Það sem hefur gerst í vinnunni við þetta frv. er að þó að menn hafi tekið þar út þau atriði sem eins og hv. þm. Gísli Einarsson nefndi voru verstu eiturbroddarnir, þá eru samt ýmsar pöddur þarna skríðandi um sem ekki gefa frá sér beinlínis hollnæma safa. Þarna eru mjög alvarleg atriði. Það er verið að draga úr lýðræði. Það er verið að svipta verkalýðsfélögin þeim rétti að fela trúnaðarmannaráðum að fara með umboð fyrir félögin. Það er verið að eyðileggja þetta ágæta tæki sem vinnustaðarsamningar hafa verið. Þeim hefur verið beitt svo áratugum skiptir í ýmsum fyrirtækjum, en það þarf endilega að eyðileggja þá í þessu frv. Það er nákvæmlega það sem er verið að gera.

Eins og hugmyndin var í upphafi — menn ganga að þessu verki með ákveðnar hugmyndir — það er sú hugmynd að reyna að ýta undir samflot, reyna að styrkja hina stóru samningsaðila, þá sem hafa verið leiðandi í samningum. Það má auðvitað setja stórt spurningarmerki við þá stefnu. Það var meiningin að styrkja vald sáttasemjara ríkisins þannig að hann gæti tekið minni hópa undir samninga og séð til þess að það mundi draga úr verkföllum. En niðurstaðan verður þveröfug. Hún lendir á allt öðrum enda og upp í loft miðað við það sem upphaflega var hugmyndin. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu alla aftur. Að hæstv. félmrh. skuli geta komið upp í stólinn aftur og aftur og haldið því fram að það sé verið að auka lýðræði í verkalýðshreyfingunni þegar einmitt er verið að setja skorður, það er verið að setja þröskulda og skorður. Hvaða rannsókn gerði hæstv. félmrh. á þátttöku í atkvæðagreiðslum í verkalýðsfélögunum? Hvaða niðurstöður hefur hæstv. félmrh. um það hvernig hefur verið staðið að atkvæðagreiðslum? Hefur félmrh. og ráðuneytið þær upplýsingar að geta fullyrt að það þurfi að setja þröskulda varðandi atkvæðagreiðslur í stéttarfélögum?

Svo að ég nefni það enn og einu sinni sem er svo furðulegt í þessu máli öllu, á hvað er hlustað og á hverjum er tekið mark. Það var margbent á það í umsögnum frá samtökum opinberra starfsmanna að það fyrirkomulag sem þar er við lýði og gerir reyndar ráð fyrir miklu meiri þátttöku í atkvæðagreiðslum en þetta frv. gerir, hefur gefist illa, enda hafa verkföll opinberra starfsmanna verið miklu tíðari en á almennum vinnumarkaði. Þetta er þungt í vöfum, það er erfitt að hætta við verkfall þegar einu sinni er búið að boða það og það kallar á ákveðið ferli að greiða atkvæði um samninga. Þetta er þungt í vöfum og hefur ekki gefið góða raun fyrir utan það að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert athugasemdir við það hversu þröngar skorður lögin setja opinberum starfsmönnum. Nei, það er ekki hlustað á þetta. Þröskuldar skulu koma.

Það er reyndar rétt að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sagt í sínum yfirlýsingum að hún geri ekki athugasemdir við að það séu atkvæðaþröskuldar í félögum. En að Alþjóðavinnumálastofnunin leggi blessun sína yfir að það séu stjórnvöld sem ákveða hvernig verkalýðsfélög greiða atkvæði um annaðhvort samninga eða verkfallsboðun, ég kannast ekki við slík. Ég kannast ekki við að það sé viðurkennt hlutverk stjórnvalda að setja slíkar reglur þannig að það er afar sérkennilegt í þessu máli til hvaða atriða er tekið tillit. Eins og ég hef margnefnt er þetta náttúrlega orðinn einn allsherjarhrærigrautur í stað þess að það sé einhver stefna í málinu. Ég vil ítreka þá skoðun mína enn og aftur, fyrir nú utan það að málið fari til skoðunar hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni og jafnframt fyrir mannréttindadómstóla, að stóra spurningin alþingismenn þurfa að svara er: Ætla menn að taka þá áhættu að setja þetta frv. hér í gegn, láta það renna í gegn og verða að lögum og taka þar með þá áhættu að hér fari allt í bál og brand á vinnumarkaði næsta vetur? Ætla menn virkilega að taka þá áhættu? Það er alveg ljóst að með þessari lagasetningu er búið að storka samtökum launafólks svo hrikalega að þau geta ekki annað en svarað þessu. Þau hljóta að bregðast við og reyna að verja lýðræðislegan rétt sinn sem hefur verið að mótast í 100 ár, ekki bara í þau 80 ár sem Alþýðusambandið hefur lifað, heldur í 100 ár því að elstu verkalýðsfélög hér á landi eru í þann mund að verða 100 ára gömul. Menn voru ekkert að taka það upp að gamni sínu. Þær reglur sem menn settu sér í upphafi byggðu líka á hefðum, hefðum sem reyndar voru komnar frá bindindishreyfingunni þar sem margir verkalýðsleiðtogar og forkólfar, karlar og konur, fengu sína fyrstu félagslegu þjálfun. Þetta byggir allt á lýðræðislegum hefðum og ákvörðunum sem fólk hefur tekið sjálft og þannig á það að vera. Það á ekki að vera með þeim hætti að stjórnvöld séu að setja reglur um það hvernig frjáls félagasamtök eigi að starfa.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst þessi hugsun svo hættuleg sem hér er verið að ganga fram með, bæði í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og í þessu frv., þ.e. að stjórnvöld skuli líta á það sem sálfsagðan hlut að gripa inn í innra starf frjálsra félagasamtaka, frjálsra stéttarfélaga eða stéttarfélaga sem eiga að vera frjáls, eiga auðvitað að lúta lögmálum lýðræðislegum samfélagsins, stjórnarskránni og öðru slíku. En á hvaða leið eru stjórnvöld? Hvaða hugmyndafræði er þetta, hæstv. félmrh.? Ég veit reyndar að ég fæ lítil svör því að ráðherrann kemur upp aftur og aftur og segist vera að auka lýðræðið og draga úr launamun. Hvað er það í þessum lögum, hvað er það í þessu frv. sem mun verða til þess að draga úr launamun? Það hefði hugsanlega stefnt í þá átt ef frv. hefði verið innan þess ramma að einhvers konar tengiregla hefði staðist alþjóðasáttmála, sem ekki var. Ef menn hefðu komist að samkomulagi, staðið frammi fyrir því að vera með samkomulag um að setja nýjar leikreglur í samskiptum á vinnumarkaði, þá hefði hugsanlega

verið hægt að stefna í einhverja slíka átt. En það er ekkert í þessu frv. sem tryggir neina slíka þróun, ekkert. Þó að menn sitji vikum saman og ræði samkvæmt einhverjum viðræðuáætlunum, hundruðum eða þúsundum viðræðuáætlana og þó að menn þurfi að standa í miklu stríði hugsanlega til að tryggja þátttöku í atkvæðagreiðslum sem ég hygg að muni yfirleitt ekki þurfa og þó að menn muni hætta við að fara út í vinnustaðarsamninga vegna þess að litlu félögin munu ekki treysta því að þeirra hagsmuna verði gætt og ekki taka þá áhættu, þá er ekkert sem mun stuðla að því að draga úr launamun, ekkert.

Þar kannski tengi ég að lokum, hæstv. forseti, aftur inn á þessa grein sem ég nefndi í upphafi vegna þess að öll þróun í vinnumarkaðsmálum er að breytast. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá er að eiga sér stað gífurleg breyting sem felst í því að vinnumarkaðurinn er að verða svo alþjóðlegur. Það er búið að opna vinnumarkaðinn innan Evrópu og við Íslendingar erum hluti af honum. Fyrirtæki eru ekki bara í samkeppni á innanlandsmarkaði. Þau eru í samkeppni við fyrirtæki í öðrum löndum og menn verða að taka mið af þeirri þróun og menn verða að standa sig í samkeppninni.

Eins og ég nefndi áðan hafa fyrirtækin brugðist við með því að lækka laun. Ekki hækka þau, heldur lækka þau. En þau borga líka sérmenntuðu fólki vel. Þeir sem eru virkilega vel menntaðir og standa sig í samkeppninni eru fengur fyrir fyrirtækin í samkeppni við önnur fyrirtæki, þeim er borgað vel. Þróunin virðist því sú að þeir sem hafa minnstu menntunina hafa áfram lægstu launin og þau fara lækkandi miðað við aðra á meðan það sérmenntaða vinnuafl sem fyrirtækin eru að keppa um virðist stöðugt bæta stöðu sína. Þetta er allt spurning um pólitík. Hættan er sú að samfélögin haldi áfram að gliðna og félagsleg vandamál að aukast. Við ræddum eitt þeirra hér fyrir tveimur dögum, vaxandi fíkniefnanotkun sem auðvitað á sér félagslegar skýringar. Ef við tökum ekki á þessum málum heldur þessi gliðnun áfram, launabilið heldur áfram að vaxa og við getum spurt okkur hverjir verða fórnarlömb þeirrar þróunar. Það verða þeir sem hafa minnsta menntun, það verða konurnar sem ekki hafa tækifæri til að afla sér meiri menntunar og sitja eilíflega uppi með margfalda ábyrgð. Þetta, hæstv. forseti, er þróun sem ég vil ekki sjá í okkar samfélagi. Hér þarf að grípa í taumana og það gerist ekki nema um það náist breið samstaða og samvinna. Þar kemur auðvitað enn og aftur að því grundvallaratriði sem snertir þetta frv. að það gengur ekki að ganga fram með þeim hætti sem hér er gert og storka vinnandi fólki, storka þeim samtökum sem vinnandi fólk hefur stofnað og draga úr þeirra valdi. Þetta gengur ekki. Samráð og samvinna eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar hlýtur að vera það sem við stefnum að. Ég skora enn og aftur á hæstv. félmrh. að hleypa nú skynseminni að og hugsa um hagsmuni samfélagsins og það sem fram undan er en víkja til hliðar þeirri bjargföstu sannfæringu sinni að það sé ekkert að þessu frv., hann er því nær einn um þá skoðun þótt hann og Vinnuveitendasambandið séu að vísu saman um þá skoðun. (**Gripið fram í:** Og stjórnarflokkarnir.) Reyndar ekki allir. Það kom í ljós hér í gær að það líður ýmsum illa yfir þessu frv. (**SvG:** Hvar er Guðmundur Hallvarðsson?) Já, enn hafa ekki allir tekið þátt í þessari umræðu. En þessu, hæstv. forseti, ber að víkja til hliðar. Það er samfélaginu og framtíðinni fyrir bestu að við stefnum að auknu samráði og það sé ekki verið að traðka á vinnandi fólki og réttindum þess með þeim hætti sem hér er verið að gera. Þetta hlýtur að kalla á átök. Ég vona svo sannarlega að verði þetta að lögum, verði stjórnarflokkarnir látnir gjalda þess síðar meir.

[10:34]

Útbýting þingskjals:

Einkaleyfi, 530. mál, frv. iðnn., þskj. 1027.

[10:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til 2. umr. frv. um stéttarfélög og vinnudeildur sem er eitt þeirra frv. sem hæstv. ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi á þessu vori sem lið í leifturssókn sinni gegn möguleikum stéttarfélaga til að skipuleggja vinnustöðvanir. Það lá nefnilega í loftinu að launþegasamtökin hygðust um næstu áramót freista þess við samningaborðið að ná til baka einhverju af þeirri kaupmáttarrýrnun sem launþegar hafa tekið á sig á undanförnum árum til að ná fram svonefndum stöðugleika í verðlagi. Það lá ljóst fyrir að nú væri búið að bjarga því sem á annað borð væri hægt að bjarga hjá atvinnuvegum landsins og lengur gætu launamenn í landinu ekki hert sultarólina og hygðu nú á harðar aðgerðir til að nálgast aftur þau lífskjör sem almenningur býr við í nálægum löndum. Þetta frv. sem hér liggur fyrir og er að vísu vart orðið svipur hjá sjón miðað við upphaflega frv. felur í sér dæmalaus afskipti af innri málum stéttarfélaga og liggja fyrir umsagnir fjölmargra stéttarfélaga sem skora á félmrh. að leggja frv. til hliðar. Eru það einkum þau vinnubrögð að leggja frv. fram í trássi við verkalýðshreyfinguna sem fordæmd eru í umsögnum.

Þótt frv. sé flutt í óþökk stéttarfélaganna í landinu eru þau ekki þar með að segja að þau séu andsnúin öllum breytingum á núverandi vinnulöggjöf. En þau hafa alltaf litið svo á að hér, eins og reyndin er annars staðar á Norðurlöndum, yrði ekki sett löggjöf um samskiptareglur á vinnumarkaði nema um hana næðist samstaða í þríhliða viðræðum atvinnurekenda, stéttarfélaga og ráðuneytis.

Það er reyndar svo að þótt þetta frv. verði samþykkt liggja fyrir fjölmörg mál sem þarf að leysa bæði milli einstakra verkalýðsfélaga og í þríhliða viðræðum. Eitt af því sem við sem berum hag launþegahreyfingarinnar fyrir brjósti óttumst er að þetta lagafrv. sem hér liggur fyrir muni heldur verða til að seinka þeirri þróun sem þó var hafin og er virkilega brýnt að hafi sinn gang.

Það hefur verið vitnað hér í að það hafi verið haldnir of margir fundir um málið í vinnuhópi sem fyrrv. félmrh. skipaði og skilaði áfangaskýrslu að mig minnir í september sl. og málinu ekki miðað nógu hratt. Ég tel að þeir sem þannig tala tali ekki af mikilli þekkingu um það hversu flókið og umfangsmikið málið er í reynd og hversu óendanlega mikilvægt er að ná sátt um þær breytingar sem gera á. Slíkt tekur tíma og það er ekki óeðlilegt. Lögin frá 1938 eru í fullu gildi og það hefur hingað til verið hægt að vinna samkvæmt þeim og hefði vel verið hægt enn um stund á meðan verið var að ná sátt um annað. Þetta frv. sem hér liggur fyrir dregur hins vegar taum atvinnurekenda á kostnað stéttarfélaga enda eru umsagnir Vinnuveitendasambandsins hagstæðar og sýnir það kannski best hver ber skarðan hlut frá borði í þessu máli.

Að áliti margra lögfræðinga sem hafa sérhæft sig í vinnurétti stangast frv. í mörgum greinum á við stjórnarskrá, alþjóðasáttmála og alþjóðasamþykktir um félagafrelsi þótt ýmsar þær breytingar sem gerðar voru á frv. milli 1. og 2. umr. hafi dregið úr verstu hnökrunum sem voru á upphaflegu frv.

Það hefur verið talið þessu frv. mjög til tekna að í því væri gert ráð fyrir að einstök verkalýðsfélög yrðu skyld til að gera viðræðuáætlun og leggja hana fram tíu vikum áður en samningar væru lausir. Viðræðuáætlun gæti í sjálfu sér verið af hinu góða ef um hana væri samið með eðlilegum hætti. En þegar slíkt er lögbundið án samráðs er hætt við að það verði aðeins formleg skylda sem verður uppfyllt til málamynda og hefur ekki það efnislega innihald eða þann alvöruþunga sem slíkar viðræður þyrftu að hafa.

Í frv. er gert ráð fyrir að samninganefndum sé veitt vald langt umfram það sem þær hafa haft til þessa. Virðist það vera á kostnað trúnaðarmannaráða sem stéttarfélögin hafa hingað til á lýðræðislegan hátt getað falið ákveðið vald við samningagerð. Verður ekki betur séð en þar sé strax fallinn um sjálfan sig sá yfirlýsti tilgangur frv. að auka vald hins almenna launamanns til að hafa áhrif á samninga. Ég tel mig tala af reynslu þegar ég segi að slíkt vald samninganefnar muni valda óþarfa tortryggni og úlfúð meðal félaganna. Enda kemur það fram í fjölmörgum umsögnum sem samtök launþega sendu um þetta frv. að þetta atriði telja þeir ólýðræðislegt, þarna sé verið að vega að innri málum stéttarfélaga auk þess sem hér sé á ferðinni skerðing á rétti félagsmanna til að hafa áhrif á samningagerðina. Hér virðist vera verið að keyra launþegahreyfinguna inn í mjög miðstýrt fyrirkomulag svipað og gildir í samningagerð hjá Vinnuveitendasambandinu. En þar á bæ virðist engum ráðum mega ráða nema á rúmstokknum hjá Þórarni Viðari. Meira að segja vinnustaðarsamninga gera menn nú ekki aldeilis hér eftir við vinnuveitanda sinn. Hann gæti hugsanlega verið launþegum of hagstæður og gæti eyðilagt heildarsvipinn á kjarasamningunum. Slíka samninga á að gera í Garðastrætinu undir stjórn Þórarins Viðars og gæti þá viðkomandi vinnuveitandi hugsanlega fengið að vera þar fluga á vegg. Svona er nú lýðræðisástin á þeim bæ.

Eitt er það ákvæði í lögum varðandi kjarasamningagerð opinberra starfsmanna sem hefur verið sérstaklega til óþurftar síðan það var sett. Það er að þegar greidd eru atkvæði um verkfallsboðun skal greiða atkvæði um hvort vinnustöðvun eigi að hefjast ákveðinn dag í stað þess að veita heimild til að boða verkfall. Er þá, ef samþykkt er, ekki hægt að fresta vinnustöðvun nema efna til annarrar atkvæðagreiðslu. Þetta ákvæði sem ég hélt að yrði lagað þegar næst yrði hugað að lögum um kjarasamningagerð opinberra starfsmanna birtist nú hér í þessu lýðræðisfrv. ríkisstjórnarinnar. Ég get fullvissað hæstv. ríkisstjórn um að þetta ákvæði á ekki eftir að fækka verkfallsdögum hér á landi ef að lögum verður. Það er að vísu gert ráð fyrir því í þessu frv. að hægt verði að fresta verkfalli mest þrisvar í alls 28 daga en það gefur auga leið að verkfalli verður ekki frestað við þessar aðstæður nema á borðinu liggi drög að nánast fullbúnum kjarasamningi sem rík ástæða er til að ætla að verði samþykktur. Við slíkar aðstæður hefur verkfalli ævinlega verið frestað hingað til. Það þarf ekki nýja lagasetningu á Alþingi þess vegna. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sennilega að koma í veg fyrir samúðarverkföll eða skyndiverkföll en samkvæmt minni reynslu hefur ekki verið það mikið um slíkt hér á landi á undanförnum árum að það réttlæti að verið sé að knýja fram nýja lagasetningu á hinu háa Alþingi þvert gegn vilja launþegahreyfingarinnar í landinu þess vegna. Það er raunar svo, hæstv. forseti, að hér á Íslandi hefur ekki verið mikið um verkföll á undanförnum árum þvert á það sem vinnuveitendur hafa haldið fram. Meira að segja ekki þó við miðum okkur við aðrar nágrannaþjóðir og hafa þó lífskjör almennings gefið næg tilefni til að hér væri nánast allt í báli og brandi. En verkalýðshreyfingin hefur farið mjög varlega og haft það í fyrirrúmi að reyna að leysa málið með friðsamlegum hætti og þetta eru þakkirnar sem hér eru á borð bornar í formi frumvarpa sem stórskerða möguleika launafólks til að ná fram kjarabótum. Það kæmi mér ekki á óvart þótt þetta frv., ef að lögum verður, ætti eftir að fjölga mjög hörðum vinnudeilum hér á landinu á næstunni.

Í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir að svokölluð dönsk tengiregla gilti um miðlunartillögur en ríkið hörfaði frá þeirri ætlun sinni vegna álits Lagastofnunar og gildir þar með í staðinn núverandi regla um miðlunartillögur. Þó er kveðið á um nýjar reglur um hvernig afgreiða skuli miðlunartillögu og er þar kveðið á um að meiri hluti þeirra er greiða atkvæði þurfi að vera á móti og nei-atkvæðin fleiri en fjórðungur þeirra sem eru á félagaskrá til að tillagan verði felld. Þetta gerir það að verkum að mjög torvelt getur reynst að fella miðlunartillögu jafnvel þótt mjög mikil óánægja sé með hana innan sterkra hópa sem hún tekur til.

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í þessari umræðu að þetta frv. hafi tekið miklum breytingum til hins betra í meðförum Alþingis. Úr því hafi verið dregnar verstu vígtennurnar. Eftir stendur þó að hér er um að ræða íhlutun um innri mál launþegahreyfingarinnar. Þarna er verið að setja lög um mál sem voru óútrædd innan hreyfingarinnar, að ég tali nú ekki um í þríhliða viðræðum sem áttu auðvitað að eiga sér stað áður en nokkurt frv. var lagt fram. Þarna er verið að auka miðstýringu í kjarasamningum þvert ofan í það sem er yfirlýstur tilgangur frv. Frv. er lagt fram í óþökk allra launþegasamtaka í landinu sem hafa sum gengið svo langt að kalla það skemmdarverk á íslenskum vinnumarkaði. Þau hafa í hundruðum umsagna svo og með mótmælaaðgerðum hér við Alþingishúsið í gær ítrekað þá kröfu sína að þetta mál verði hér með tekið út af þinginu. Ég vil í einlægni ráðleggja hæstv. félmrh. að verða við þeim kröfum og vinna áfram að gerð skynsamlegrar vinnulöggjafar í landinu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, eins og raunar átti að gera frá upphafi.

[10:45]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ráð nú á lokaspretti þessarar 2. umr. um það vægast sagt umdeilda frv. sem hæstv. félmrh. og hans fylgifiskar í röðum stjórnarliða eru hér að knýja í gegnum þingið, að fara til upphafsins og rifja upp þær tilraunir sem gerðar voru þann 4. okt. 1994. Þá sat sá sem hér stendur í sæti félmrh. og vildi freista þess að kalla aðila vinnumarkaðarins að viðræðuborði og freista þess þannig að þessir hópar tækju tal saman. Og eins og segir í skipunarbréfi þeirrar nefndar sem þá var skipuð: „... kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðuna hérlendis.“ Einnig var ráð fyrir því gert að þessi hópur tæki saman skýrslu um niðurstöðuna af þessum athugunum sínum og ef í ljós kæmi að breyta þyrfti íslenskri löggjöf var hópnum falið að setja fram tillögur um það efni. Þetta voru markmiðin í upphafi, virðulegi forseti. Undir lá sá sannarlega almenni vilji að ég hygg allra þeirra aðila sem þarna komu að máli til þess að yfirfara þessi mál, til að freista þess að ná gagnkvæmu trúnaðartrausti um meðferð mála í viðkvæmum vinnudeilum. Ég rifjaði það hins vegar upp við 1. umr. þessa máls að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar voru að sumu

leyti tregir til. Það þurfti að eiga við þá orðastað oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Hver var ástæðan? Hún var ekki sú að þeir vildu ekki ræða þessi mál. Nei, hún var sú að þeir höfðu ótta af því að ríkisvaldið á einhverju stigi málsins mundi rjúka til með liðstyrk vinnuveitenda, nýta einhvern hluta af þeirri vinnu sem viðræðuhópurinn hefði þá unnið og fara af stað með málið inn í löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Ég átti af þeim sökum sem félmrh. orðastað við núv. og þáv. formann BSRB, núv. og þáv. formann Alþýðusambands Íslands til að fullvissa þá um að ríkisstjórnin og félmrh. mundi ekki undir nokkrum kringumstæðum taka einn punkt eða prik út úr þessu nefndarstarfi nema í fullri sátt og í fullu samráði og samkomulagi við alla aðila í þessum hópi. Enda var það grundvöllur þessarar vinnu að efla skilning milli þessara aðila en ekki stefna til ófriðar. Það var einmitt á þessum grundvelli sem aðilar alþýðusamtakanna hér á landi gengu til þessa leiks. Er það furða, virðulegi forseti, að þeim þyki komið í bak sér. Sá sem hér stendur neitar því ekki að hann hefur eilítið samviskubit yfir því að hafa kallað þessa aðila að þessu borði. En hann átti satt að segja ekki von á því að við fengjum annað eins í hið æruverðuga ráðuneyti og hæstv. félmrh. og í slíkum ham sem hann hefur verið frá því að hann settist þar inn. Það átti satt að segja enginn von á því. Enda hefur hann með sínum vinnubrögðum og með fulltingi stjórnarliðsins gjörsamlega snúið á hvolf upphaflegum markmiðum þeirrar vinnu sem ég lýsti áðan.

Virðulegi forseti. Það er meira í þessu sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því hópurinn sjálfur, allur þessi hópur, þar með taldir fulltrúar Alþýðusambandsins og sérlegra vina hæstv. ráðherra í Vinnumálasambandinu, komst að þeirri niðurstöðu í sinni áfangaskýrslu sem hér hefur verið umrædd að það væri mikilvægt að breytingar á samskiptareglum væru gerðar í sem mestri sátt. Orðrétt segir í þessari áfangaskýrslu, með leyfi forseta:

„Með þessari áfangaskýrslu vill vinnuhópurinn greina ráðherra frá umfjöllun hópsins og athugunum fram til dagsetningar þessarar áfangaskýrslu. Engar endanlegar niðurstöður liggja fyrir en stefnt er að því að kynna málið á vettvangi þeirra samtaka sem að málinu koma." Og svo þetta: „Hópurinn telur mikilvægt að breytingar á samskiptareglum séu gerðar í sem mestri sátt."

Annaðhvort hefur hæstv. ráðherra ekki lesið niðurstöður hópsins eða verið staðráðinn í því allt frá byrjun að láta þær sig engu varða og fara sínu fram. En auðvitað er ráðherrann með þessu ekki síður að ganga á skítugum skónum yfir fulltrúa sína í þessari nefnd, t.d. ágætan starfsmann félmrn. og formann þessarar nefndar, Gylfa Kristinsson. Ég þekki það vel til innviða þessa ráðuneytis að ég veit að það hefur ekki verið að tillögu hæfra og góðra manna sem þekkja til vinnumarkaðsmála að svona skuli farið fram og allra síst formanns nefndarinnar. Ábyrgðin er ein og sér í upphafinu á hendi ráðherra og síðar með liðstyrk Framsfl. og Sjálfstfl.

Það er líka rétt að undirstrika að í þessari áfangaskýrslu sem hæstv. ráðherra hefur tínt úr eftir hendinni eins og honum hefur sýnst, eins og krækiber á hausti, er sagt að lyktum:

„Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf víðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess enn ekki verið rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag."

Getur þetta verið sagt nokkuð skýrar? Er þetta ekki eins kristaltært og frekast getur verið? En hvernig í veröldinni getur hæstv. ráðherra í fararbroddi hæstv. ríkisstjórnar dregið þær ályktanir af andanum í upphafinu í vinnu hópsins sem verða til þess að hann kemur hér askvaðandi og æðandi liggur mér við að segja með það frv. sem við í þinginu höfum verið að fjalla um á umliðnum vikum og mánuðum? Mér er spurn og það eru fleiri sem spyrja. Svörin eru mörg en vafalaust ekkert þeirra alveg hárrétt. Menn hafa haldið því fram að hæstv. ráðherra hafi talið það mjög brýnt og mikilvægt að setja mark sitt á pólitíkina strax á fyrstu mánuðum ráðherratíðar sinnar. Það kann að vera ein skýringin. Önnur tilgáta er að hann hafi ekki viljað vera minni maður en hæstv. fjmrh. í því að láta til sín taka í vinnumarkaðsmálum. Auðvitað hefur hann fylgst gaumgæfilega með því hvernig hæstv. fjmrh. ætlaði fram með sín mál gagnvart opinberum starfsmönnum með skerðingu á lífeyrisréttindum þeirra, með skerðingu á réttindum þeirra sem við höfum einnig verið að fjalla um í þinginu á umliðnum dögum, vikum og mánuðum. Það hefur kannski verið eins konar minnimáttarkennd af þessum toga, að litli stjórnarflokkurinn vildi ekki verða minni en sá stóri þegar kæmi að því að ráðast að verkalýðshreyfingunni. Ekki skal ég fullyrða um það. En það er hins vegar algjörlega ljóst að hæstv. ráðherra hefur náð því markmiði sínu að láta taka eftir sér í hinu háa ráðuneyti. Það fer enginn í grafgötur með hver situr þar á bekk. Það er hæstv. félmrh. Páll Pétursson sem þar lætur til sín taka. Það er sami hæstv. ráðherra og þingmaður sem gjarnan hefur farið hér mikinn í ræðustóli, þá oftast í stjórnarandstöðu og talað hátt og stundum snjallt um mikilvægi lýðræðisins og mikilvægi sterkrar verkalýðsforustu og þar með talið bændasamtakanna.

Stundum hefur þessi sami þingmaður einnig haft áhyggjur af friði í heiminum. Það er að vísu ekki hluti af þessari umræðu hér en hluti af þessari heildarmynd, þessari umpólun á ráðherranum sem nauðsynlegt er að nefna hér í framhjáhlaupi. Þessi sérstaki áhugi hans á friðarmálunum sem hefur verið mjög áberandi á umliðnum árum hefur nú skyndilega fölnað og dvínað svo um munar. Þá er ég auðvitað að vísa til þess að með nýjum foringja Framsfl., Halldóri Ásgrímssyni eru friðarmálin eitthvert rassvasadæmi. Hæstv. ráðherra, Páll Pétursson, þá hv. þm. var flutningsmaður að tillögu um kjarnorkuafvopnun fyrir örfáum árum í tíð síðustu ríkisstjórnar situr nú undir því þegjandi að Halldór Ásgrímsson, nýi foringinn komi og rasskelli nánast þá aðila sem láta sér til hugar koma þann barnaskap sem hæstv. félmrh. varð uppvís að fyrir tveimur árum, þ.e. að hægt sé að kjarnorkuafvopna heimsálfuna. Þetta stríðir hreinlega gegn tilgangi og markmiðum Atlantshafsbandalagsins og undir þessu situr hinn vaski ráðherra, hinn kraftmikli ráðherra sem æðir áfram og lætur ekkert koma sér úr jafnvægi þegar verkalýðshreyfingin er annars vegar, en situr kyrr og prúður sem fermingardrengur undir þessum lestri foringja síns.

Umpólunin á sér því stað á ýmsum sviðum, virðulegi forseti. Það er ekki eingöngu í þessu máli hér. Það er líka eftirtektarvert að fylgjast með því sérstaklega hvernig stuðningsmenn hans í þingmannaliði Framsfl. fara fram í þessu máli. Það rifjast upp fyrir mér, virðulegi forseti, að hv. varaformaður félmn. sem hefur farið fram með þetta mál í 2. umr., þetta vinnulöggjafarfrv. — ég er auðvitað að ræða um hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem vann glæstan sigur fyrir réttu

ári síðan í sínu kjördæmi þá á grundvelli nýrra hugmynda og nýrra loforða jafnvel — ég hins vegar minnist þess ekki eitt andartak, virðulegi forseti, að þessi sami þingmaður hafi sérstaklega lofað þingmönnum Reykjaneskjördæmis því að hún ætlaði sér að vera í fararbroddi fyrir því að rústa innviði verkalýðshreyfingarinnar, að það þyrfti nú eitthvað að taka á þessu liði í verkalýðshreyfingunni. Ég hef farið í gegn um plögg í mínum huga og einnig ýmsar yfirlýsingar hennar sem voru býsna margar þannig að það kann að vera að þær hafi farið fram hjá mér í öllum vaðlinum. En ég man það ekki. Ég bið hv. þm. að leiðrétta mig þá og að hún rifji það upp með mér á hvaða fundi það var eða í hvaða blaði það var eða í hvaða sjónvarpsþætti það var sem hún lofaði því sérstaklega að vera í fararbroddi um það að rústa innviði verkalýðshreyfingarinnar, að gjörbreyta vinnulöggjöfinni í þessu landi. Á hvaða loforðalista var það og númer hvað var það loforð? Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir ætlar að rifja það upp með mér hér á eftir.

Framsfl. er skrýtinn flokkur og hefur verið það lengi. Hann er gjarnan talinn opinn í báða enda. Það varð opnun aldeilis skyndilega í annan endann í gær. Hún birtist í ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Margir höfðu beðið eftir þeirri ræðu. Þá opnaðist nefnilega hinn endinn, þessi endi sem segir nei. Það er þessi já, já, nei, nei, flokkur. Guðni Ágústsson lýsti því nefnilega yfir að honum fyndist hér óskynsamlega staðið að verki. Með mildilegum hætti eins og honum einum er lagið rassskellti hann ráðherra sinn. Hann sagði hér eins og honum er einum lagið og ekki er hægt að hafa eftir að auðvitað hefðu menn átt að standa öðruvísi að þessu verki. Auðvitað væri það þannig að fjölmargt efnislegt í þessu frv. væri fullkomlega óásættanlegt. Síðan kom framsóknarmennskan upp í honum, já, já, nei, nei. Þrátt fyrir það ætla ég nú að styðja þetta. Hann varð nefnilega undir að hans eigin sögn í atkvæðagreiðslu innan þingflokks Framsfl. Þegar hann var þaulspurður rifjaði hann upp að hér ætti hann við samvisku sína í þessum sal en ekki við flokksræði félaga síns hæstv. ráðherra, Páls Péturssonar. Hann svaraði því til að hann ætti hér við sína samvisku. Við bíðum spennt eftir því hér á morgun hvort ræður, svört samviska hæstv. ráðherra eða hrein og tær samviska hv. þm. Guðna Ágústssonar sem ætlar að láta eigin sannfæringu ráða ferð en ekki meint flokksræði. Það er hins vegar í þessu sambandi mjög mikilvægt að fá það upplýst og ég kalla hér eftir því sérstaklega hverjir aðrir voru í liðsveit Guðna Ágústssonar í þingflokki Framsfl. Hann orðaði það einhvern veginn þannig efnislega að hann hefði orðið undir og hans sjónarmið. Mér fannst það gefa til kynna að það hefði verið einhver sveit í þessum 14 eða 16 manna þingflokki Framsfl. sem hefði fylgt honum að máli. Ég kalla sérstaklega eftir þeim þingmönnum Framsfl. sem eru með óbragð í munninum eins og hv. þm. Guðni Ágústsson þegar þessi mál ber á góma. Hefur hann einn efasemdir um ágæti verka hæstv. ráðherra og framgang hans í þessu máli? Er hann aleinn eða á hann sér hugsanlega einhverja stuðningsmenn sem hafa skilning á hans viðhorfum? Ég trúi að svo sé. En á meðan það kemur ekki fram hlýt ég að ætla að hann sé einríðandi í þessu máli, hann vaði þennan elg aleinn gegn öllum hinum sem vilja ganga í björg með íhaldinu og rústa innviðum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Að minnsta kosti er það alveg kýrskýrt að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur gengið í björg með ráðherranum. Um það þarf ekki að deila. Aðrir hv. þm. Framsfl. hafa látið sig málið tiltölulega lítið varða hér. Kannski er það vegna þess að þeir hafa sama óbragðið í munninum og hv. þm. Guðni Ágústsson en vilja ekki láta á því bera neitt sérstaklega hér að þeir séu aðilar að þessu máli og ætla hér í kyrrþey að ýta á græna takkann þegar kemur að endanlegri afgreiðslu þessa máls. Ég skal ekkert um það fullyrða en mér býður í grun að svo sé. (**KÁ:** Það verður fylgst með því.) Það verður fylgst mjög gaumgæfilega með því, virðulegi forseti, hverjir verða í liðssveit hv. þm. Guðna Ágústssonar og hverjir í liðssveit hæstv. ráðherra, Páls Péturssonar. Svo verður fylgst með samviskunni mjög gaumgæfilega. (**Gripið fram í:** Guðni verður farinn.) Hv. þm. Guðni Ágústsson fer auðvitað ekki hænufet fyrr en búið er að ganga frá þessu máli. Það veit hann sjálfur. Hans samviska er svo hrein og tær í þeim efnum að hann hleypur ekki frá þessu stóra verkefni sínu.

Virðulegi forseti. Ég hef af eðlilegum orsökum staldrað örlítið við þessar flokkspólitísku kringumstæður og velt dálítið vöngum yfir því hvað hér sé í raun á ferð og hvaða skýringar kunni að vera á þessum sinnaskiptum hæstv. ráðherra og Framsfl. Ég hef ekki nennu til þess hér á þessum vettvangi og ekki tíma til að fara yfir allar þær umpólanir sem átt hafa sér stað í þessum flokki, já, já, nei, nei, flokki opnum í báða enda í hverju málinu á fætur öðru. Verkin sýna merkin í þeim efnum og óþarfi að vera að rekja það. En hér eru þeir í fararbroddi, hér eru þeir ekki taglhnýtingar íhaldsins eins og í árásinni gegn opinberum starfsmönnum. Hér eru þeir í fararbroddi, hér ryðja þeir brautina og íhaldið tifar léttstígt á eftir og lætur sér vel líka, brosir út að báðum eyrum og draumurinn gamli hefur hér ræst. Hæstv. ráðherra Páll Pétursson leiðir liðið.

Virðulegi forseti. Ég fór orðum um það í upphafi hver tilgangurinn var með því að setja af stað þá vinnu sem hófst á haustdögum 1994. Hér hefur því verið haldið fram að ekki hefði verið unnt að bíða lengur og ljóst hafi verið eftir 35 eða 40 fundi að þessi viðræðuhópur hefði ekki komist að niðurstöðu. Það er búið að afsanna hér margsinnis og yfirlýsingar einstaklinga í þessum sama hópi segja einfaldlega hið gagnstæða. Hópurinn var langt í frá kominn á leiðarenda og tilraun var langt í frá ólokið með að ná einhvers konar niðurstöðu um einstök atriði í þessum efnum sem til gagns mættu verða í framtíðarsamskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ég spyr og hlýt að ganga eftir því: Hvers vegna lá svona lífið á, hæstv. ráðherra? Hvað var það í tímanum nákvæmlega sem gerði það að verkum að ekki seinna en nú þurfti að rífa þetta mál úr höndum þessa vinnuhóps og fara með það fram með þeim hætti sem hér um ræðir? Hvað er það nákvæmlega í augnablikinu sem kallar á að það þurfi að rífa upp alla vinnulöggjöfina frá 1938, rúmlega 50 ára gamla löggjöf? Það hafa engin svör fengist við þessu. Ekki af neinum toga. Það er auðvitað ekkert í augnablikinu sem gerir það að verkum að það þurfi að fara fram með þeim hætti sem hér um ræðir. En mér er til efs að hæstv. ráðherra, hvað þá hans lið í Framsfl., átti sig í raun á því hvaða verk hér er verið að vinna. Hér er ekki um neitt venjubundið löggjafarstarf að ræða. Það er engin tilviljun að við búum við vinnulöggjöf frá 1938. Það er vegna þess að hér er um eins konar gullið plagg að ræða fyrir verkalýðshreyfinguna í þessu landi, fyrir þessi samskipti sem eru jafnmikilvæg og þau eru viðkvæm. Menn hafa áttað sig á því allar götur síðan 1938 að menn vaða ekkert í verk af þessum toga. Menn ráðast ekkert fram með ofboðslegum látum. Auðvitað hafa ýmsir ráðherrar látið sér það til hugar koma að gera gangskör að því og fara fram í þá veruna. Ég hef rifjað það upp að fyrrv. félmrh., Gunnar

heitinn Thoroddsen, bar fram hugmyndir af þeim toga árið 1975, ef ég man rétt. Hann hvarf frá því ráði og áttaði sig á því mjög fljótlega að svona gengju menn ekki um dyr í jafnmikilvægu og viðkvæmu máli og hér um ræðir. Mikil lifandis skelfing held ég að það hefði verið hyggilegt fyrir Framsfl. að lesa sér til um sögu þessara mála. Ekki síst held ég að það sé þörf á því að hæstv. ráðherra geri það því hér hefur hann ítrekað í þessum sama ræðustóli farið fram með ósannindi eða a.m.k. misskilning. Hann hefur haldið því fram að vinnulöggjöfin frá 1938, sem stundum með rangnefni hefur verið nefnd þrælalög, hafi verði samin á nákvæmlega sama hátt og hér. Það er bara alrangt. Vinnulöggjöfin frá 1938 var nefnilega samin í fullu samráði við verkalýðshreyfinguna í landinu. Raunar var það sérstök nefnd tveggja flokka, þáv. stjórnarflokka, flokka vinnandi stétta, míns flokks og flokks hæstv. ráðherra sem samdi það frv. Og fékk það raunar frá kommúnistum þeirrar tíðar þá einkunn að það væru þrælalög. En Alþýðusamband Íslands, við skulum bara hafa það eins og það var, lýsti yfir sérstakri ánægju sinni með það frv. í kjölfarið. (**Gripið fram í:** Og meiri hluti verkalýðsfélaganna í landinu.) Og meiri hluti verkalýðsfélaganna í landinu. Haldi menn því hér fram eitt andartak að eitthvað sé líkt með gangi mála nú og þá er það fráleitt, fullkomlega fráleitt. Nema ráðherrann hafi ekki orðið var við mótmælin sem átt hafa sér stað. Að minnsta kosti tók hann á móti skjali í gær og átti orðastað við fulltrúa á alþýðusambandsþingi hér fyrir utan þetta hús. Hvílík lítilsvirðing. Kæru félagar! Það væri nú gott og gaman að eiga við ykkur samráð en ef það gengur ekki þá verður bara að hafa það. Kæru félagar! Ég vildi hins vegar gjarnan eiga við ykkur gott samstarf í framtíðinni, en bara ekki núna. Hvílík lítilsvirðing, og þetta er vinnumálaráðherrann okkar hæstv.

Nei, virðulegi forseti, þetta er ekki eingöngu mikilvæg löggjöf fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu þetta er líka mikilvæg löggjöf sem lýtur að rótum okkar samfélagskerfis, lýðræðinu í þessu landi. Halda menn til að mynda að deilurnar í Póllandi á sínum tíma, frelsi verkalýðshreyfingarinnar, Solidarnost, hafi eingöngu snúist um einhver tæknileg atriði? Nei, þau snerust um grundvöll mannréttinda og urðu til þess að hægt var að koma bévítans kommunum af höndum pólskrar alþýðu. Halda menn að það sé einhver tilviljun að lýðræðisbarátta flestra þjóða sem hafa orðið að búa við ofríki hvort heldur er frá ... Ég skil ósköp vel, virðulegi forseti, að ráðherra skuli rjúka á dyr. Það er erfitt að sitja undir þessari lýsingu en ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að hann heyri hana engu að síður. Telur ráðherrann það virkilega hafa verið einhverja tilviljun að frelsisbarátta þjóða á sér gjarnan stað einmitt í gegnum þennan kanal? Þurfi þær að koma af höndum sér ofríki hvort heldur er til vinstri frá kommúnistum eða slíkum eða frá hægri, frá fasistum eða herstjórnum þá fer það í gegnum alþýðusamtök viðkomandi ríkja. Þar er grasrótin í viðkomandi ríkjum, sú lýðræðisást sem þar er er hið mikilvæga hreyfiafl. Mér er snarlega til efs að nokkrar ríkisstjórnir aðrar en þær sem hafa þessi öfgasjónarmið í heiðri til vinstri eða hægri láti sér til hugar koma að fara fram með ámóta hætti og hér er gert. Að ráðast hér fram með heildstæða löggjöf sem er meira en 50 ára gömul, umpóla henni og gjörbreyta eftir eigin geðþótta gegn vilja 60 þús. vinnandi fólks í þessu landi. Ég veit ekki hvar þetta mundi gerast nema einhvers staðar í Suður-Ameríku hjá herstjórnunum þar. Eða í einhverjum kommúnistaríkjum sem eru nú flest liðin undir lok. Það yrði nú tímanna tákn hér á árinu 1996 ef verkalýðshreyfingin í landinu þyrfti að stofna hér Solidarnost, frjálsa verkalýðshreyfingu á Íslandi, til að verjast ofríki þessarar ríkisstjórnar sem við búum við. Það yrði aldeilis sending frá lýðræðisríkinu Íslandi út til Evrópu og út um heim allan. Það er auðvitað það í grófum dráttum, virðulegi forseti, sem hér blasir við. Það er ekkert minna en það. Og ég held að það sé nauðsynlegt og mikilvægt að menn átti sig á því hvers konar fjöregg við erum hér með í höndum.

Ég nefndi hér áðan einhvers konar leyniatkvæðagreiðslur í Framsfl. Mér kom til hugar hvort það sé ekki mikilvægara verk fyrir þessa löggjafarsamkundu að setja lög á Framsfl. og setja einhverjar reglur um það hvernig hann hagar sinni atkvæðagreiðslu innan þings eða utan. Að minnsta kosti þannig að við fáum að vita hvernig þessi kaup gerast á eyrinni hér á neðri hæðinni í þingflokksherbergi Framsfl. Ég held að það væri brýnna og mikilvægara mál að setja einhverjar leikreglur lýðræðis um það. Ég er handviss um að þessar tugþúsundir kjósenda sem létu ginnast til að kjósa Framsfl. í apríl sl. og eru bara býsna margir í hópi þeirra 66 þúsunda sem eru innan verkalýðssamtaka hefðu ekki greitt atkvæði með því að fara svona fram í þingflokksherbergi Framsfl. Þeir hefðu hugsanlega verið í liði með hv. þm. Guðna Ágústsyni. En öndvert við hann munu þeir ekki láta plata sig tvisvar. Þeir munu láta samviskuna ráða en ekki flokksræðið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja ræðu mína míkið meira. Forseti hefur kannski tekið eftir því að ég hef hér með vilja varla vikið aukateknu orði að innihaldi þessa frv. Það er vegna þess að ég ætla ekki að láta hafa mig til þeirra verka hér að ræða efnislega það mál sem kemur inn með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Þetta frv. á ekki að vera á borðum okkar þingmanna. Málið er ekki flóknara en það. Þetta frv. átti aldrei að koma inn í þing og enn þá er möguleiki til þess að hæstv. ráðherra, með liðstyrk hv. þm. Guðna Ágústssonar, stefni til nýs fundar í þingflokksherbergi Framsfl. og sjái að sér og hætti við allt saman, setjist aftur að þessu samningaborði sem er enn til staðar og taki upp þráðinn, ekki frá núverandi frv. eða breyttu frv. heldur frá þeim stað sem hópurinn lauk einhvern tíma í upphafi þessa árs. Það er enn þá möguleiki en tíminn líður.

Auðvitað er undarlegt í ljósi pólitískrar umræðu hér á landi og sérstaklega er það undarlegt þegar horft er á hæstv. ráðherra Pál Pétursson sem hefur farið mikinn í þessum ræðustóli gegn aðild okkar að hverjum alþjóðasamtökunum á fætur öðrum. Allir þekkja baráttu hans gegn ESB, EES. Hann vill bara ekkert útlönd, í mesta lagi kannski Norðurlönd. Nú skuli það vera einasta bjargráðið gegn þessum sama manni að við höfum skuldbindingar gagnvart þessum alþjóðlegu stofnunum, EES, Alþjóðavinnumálastofnuninni og fleiri aðilum. Og guði sé lof. Hvar stæðum við annars ef hæstv. ráðherra hefði lausan tauminn og við værum ekki bundin af þessum samningum? En hann greiddi vissulega atkvæði gegn þeim sumum hverjum. En nú eru einustu böndin sem lýðræðiselskandi Íslendingar hafa til þess að stöðva hæstv. ráðherra í frumhlaupi hans í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki vilja til þess að fara efnislega í umræðuna. Hér er búið að gera það mjög rækilega. Ég segi það eitt að það segir í raun alla sögu um það hversu þessi mál eru illa ígrunduð og hugsuð, bæði formlega og efnislega, að hér skuli vera á ferðinni til 2. umr. allt annað frv. en ráðherra kom glaðhlakkalegur inn með í upphafi og

er enn þá býsna glaður að því er sýnist vegna þess eins að alþjóðlegir samningar stöðvuðu það, vegna þess eins að lögfræðilegir ráðunautar bentu á að svona gerðu menn ekki. Hæstv. ráðherra hefur sagt oftar en einu sinni að hann tæki mark á lögfræðilegum ráðunautum en hann tekur ekkert mark á fólkinu í landinu, tekur ekkert mark á þeim efnislegu og siðferðilegu viðhorfum sem fólkið í landinu vill koma á framfæri við hann en hann tekur mark á lögfræðingum. Hann verður að taka mark á EES og hann verður að taka mark á vinnumálalöggjöfinni í alþjóðlegum samningum sem við höfum undirgengist þannig að það er ekki alveg sama hver á í hlut þegar hæstv. ráðherra tekur mark á sjónarmiðum og viðhorfum manna og samtaka.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka ræðu minni. Það er ekki undarlegt að íhaldið brosi breitt, Garðastrætið brosir breitt og Framsókn setur undir sig hausinn og vinnur skítverkin. Ég er hins vegar sannfærður um það að þessir aðilar eiga eftir að komast að því fullkeyptu áður en varir að hér er verið að vinna vond verk og vond verk koma í bakið á mönnum fyrr en síðar. Ég held að það líði ekki margir mánuðir þar til hæstv. ráðherra félagsmála og hæstv. ríkisstjórn átti sig á því hvers konar frumhlaup hér er á ferð og hvers konar arfavitleysa það er í raun sem menn eru að fremja verði þetta skelfilega frv. nokkru sinni að lögum.

[11:19]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni sérstaklega fyrir það að gera svo glögglega grein fyrir því hvernig farið var upphaflega af stað í hinum svokallaða samráðshópi aðila vinnumarkaðarins og félmrn. vegna þess að það skipti grundvallarmáli fyrir allt starf þessa hóps og fyrir allt málið eins og það liggur fyrir í dag, hvernig af stað var farið. Þó að þetta hafi verið margítrekað í ræðum virðist því miður sem hæstv. félmrh. hafi ekki enn áttað sig á þessu. Ég ætla a.m.k. ekki að trúa því að hann hafi vísvitandi misnotað það góða traust sem hæstv. fyrrv. félmrh. tókst að byggja upp með því að fá þennan hóp saman til starfa.

Eins og hv. þm. minntist á áðan, þá var það aldrei meiningin að setja lög, breyta vinnulöggjöfinni í andstöðu við einhvern þann aðila sem hlut á að máli. Það sem hæstv. félmrh. hefur nú afrekað hins vegar er að klúðra málinu svo gersamlega að hann hefur fengið gervalla verkalýðshreyfinguna upp á móti sér og ekki aðeins það heldur hefur hann með því ógnað algerlega þeim friði, hann hefur ógnað mjög því umhverfi sem við búum við á vinnumarkaði í dag. Hann verður að fara að átta sig á því að það er ekki aðeins einkamál hans. Við erum að tala um mikla hagsmuni sem varða alla íslensku þjóðina.

Herra forseti. Ég harma að þetta góða starf sem hæstv. fyrrv. félmrh. fór af stað með í góðri trú allra aðila skuli nú vera komið í það stand sem það er í dag og ég tek undir með hv. þm. sem talaði áðan að ég geri mér enn vonir um að hæstv. félmrh. eða a.m.k. einhverjir af flokksfélögum hans átti sig á því hversu alvarlegt þetta mál er og dragi frv. til baka.

[11:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Frá því árið 1990 hefur miðstýring kjarasamninga og samflot undir forustu ASÍ og VSÍ ráðið ríkjum, reyndar í náinni samvinnu við ríkisstjórnir á hverjum tíma. Reynt hefur verið að halda launahækkunum innan ákveðinna marka og yfirlýstur tilgangur hefur allan tímann verið sá að hér þyrfti að ná ákveðnum stöðugleika í atvinnu- og efnahagslífi og einnig að varðveita þyrfti þann stöðugleika sem náðst hefði. Þetta hefur tekist. Þetta hefur tekist vegna þess að menn hafa náð saman með frjálsum hætti, með ákveðið markmið í huga og unnið að því af heilindum.

Þegar hinir svokölluðu þjóðarsáttasamningar voru gerðir árið 1990 náðust þeir vegna þess að menn höfðu verulegar áhyggjur af því ástandi sem skapast hafði í efnahagslífi þjóðarinnar, í atvinnulífinu, og voru þess vegna tilbúnir til að fara nýjar leiðir.

Menn voru meira að segja tilbúnir til þess að frysta það óréttlæti sem vissulega var til staðar hvað varðaði þau skipti sem orðið höfðu á vinnumarkaðnum í kjölfar óðaverðbólgu og launaskriðs. Þess vegna er ekki óeðlilegt að nú, þegar menn sjá að hagur fyrirtækjanna fer batnandi og ráðamenn mæra uppgang efnahags- og atvinnulífs og tala um batnandi hag, skuli menn vilja sækja til baka eitthvað af því sem þeir töldu sig eiga, eitthvað af því sem þeir brunnu inni með þegar ákveðið var að fara í hina svokölluðu þjóðarsáttasamninga.

Það er yfirlýst markmið og hefur margoft komið fram í umræðunni, síðast í gærkvöldi af hálfu hæstv. ráðherra, að þetta frv. sem við fjöllum um nú sé fram komið ekki hvað síst vegna óánægju með niðurstöðu kjarasamninga undanfarinna ára.

Þegar við horfðum á það ástand sem verið hefur og það ástand sem hefur skapast andspænis þessari yfirlýsingu eru mótsagnirnar svo merkilegar að okkur finnst í rauninni að ráðherrann lifi í ákveðnum sýndarveruleika sem hefur sáralitla snertingu við þann veruleika sem almennt launafólk í landinu býr við. Við erum alveg klár á því að stóra verkefnið í dag er að bæta lífskjörin, ekki einungis vegna þess að lífskjör alþýðu hér á landi eru mun lakari en annars staðar og þess vegna hneisa út af fyrir sig fyrir okkur, heldur líka vegna þess að við höfum verið að horfa upp á vaxandi fólksflótta úr landinu. Við höfum þurft að fylgjast með því að fólk sem er með sérþekkingu, fólk sem hefur ekki fundið kröftum sínum viðnám heima hefur farið til útlanda þar sem aðstæður hafa verið betri. Það er stóra verkefnið að bæta lífskjörin. Auðvitað eru menn óánægðir með niðurstöður kjarasamninga undanfarinna ára og menn verða æ óánægðari, þeim mun frekar sem ráðamenn lýsa því hvað allt sé að verða gott og hve uppgangurinn sé mikill í efnahags- og atvinnulífinu. En það er þeim mun merkilegra að frv. stefnir fyrst og fremst til þess að viðhalda óbreyttu ástandi, að lögfesta samflot, að lögfesta að hér verði ekki um breytingar að ræða hvað varðar aðkomuna að samningum um kaup og kjör.

Það er vilji atvinnurekendasamtakanna að málum sé skipað þannig að unnt sé að ná einni samræmdri stefnu, að allir semji á sama tíma um það sama. Ríkisvaldið tekur undir þessa stefnu með því að koma fram með það frv. sem við ræðum um og þannig á að reyna að lögþvinga samflotin og það á þeirri forsendu eða með þeirri réttlætingu að launamenn hafi verið svo óánægðir með niðurstöðu kjarasamninga undanfarinna ára. Það verður að segjast rétt eins og er, herra forseti, að þessi röksemd hæstv. ráðherra andspænis veruleikanum er eiginlega fyrir ofan skilning minn og okkar flestra hygg ég.

Menn vita það almennt að heildarkaupmátturinn ræðst ekki við samningaborðið. Þar eru hins vegar teknar ákvarðanir um ákveðin innbyrðis skipti. Menn vita að sú frysting óréttlætisins sem fólst í þjóðarsáttarsamningunum hafði ekkert að gera með hið almenna kaupmáttarstig, sem verið

hefur á undanförnum árum, nema að því leyti sem það er í samhengi við þann efnahagslega stöðugleika sem þjóðarsáttarsamningarnir sköpuðu. Það er auðvitað afkoma fyrirtækjanna eða atvinnulífsins í landinu sem mestu ræður hér um. Það er því þangað sem menn eiga að beina sjónum sínum vilji þeir að launafólk verði sáttara við hlut sinn, bæði hvað varðar skiptin og kaupmáttinn.

Herra forseti. Atvinnurekendasamtökin eru andsnúin því að samið sé á grundvelli afkomu eða möguleika einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina. Hvernig á þá verkalýðshreyfingin að sækja aukna hagsæld til handa sínum félagsmönnum í greipar atvinnurekenda? Hver eru skilaboðin til fyrirtækjanna í landinu þegar ríkisvaldið tekur undir þennan vilja atvinnurekendasamtakanna, þann vilja að málum sé skipað þannig að hægt sé að ná einni samræmdri stefnu, að allir semji um það sama á sama tíma og óréttlætið sé þannig fryst til eilífðar? Hver eru skilaboðin? Hvert er aðhaldið að atvinnurekstrinum í landinu þegar hugsanagangurinn er sá að semja beri eins fyrir alla á grundvelli meðaltalsafkomu fyrirtækjanna, þó öllu heldur slakri meðaltalsafkomu því ryðkláfar atvinnulífsins þola ekki nema þriðja heims launagreiðslur. Þessi fyrirtæki njóta verndar Vinnuveitendasambandsins og ríkisvaldsins. Ríkisvaldið og atvinnurekendasamtökin sameinast í þeirri yfirlýstu stefnu að það beri að semja á grundvelli hinnar slöku meðaltalsafkomu fyrirtækjanna í landinu fyrir alla.

Herra forseti. Í Morgunblaðinu síðasta laugardag birtist tafla um meðaltímakaup í nokkrum löndum. Það er ýmislegt sem gerir það að verkum að maður hrekkur við þessa dagana og það er ýmislegt sem heldur fyrir fólki vöku, en ég verð að segja að þessi tafla er eiginlega það svartasta sem ég hef séð nú um hríð. Ég er alin upp við það eins og við kannski flest að lífskjör á Ítalíu, ekki síst þegar við komum suður fyrir Pósléttuna, séu svo sem ekkert sérstök. Mannkynssagan segir okkur miklar sögur af fólksflutningum þaðan til Ameríku eða norður á bóginn í Evrópu. Samt er Ítalía er næsta land við Ísland, reyndar fyrir neðan en næsta land við Ísland. Hún er okkar granni þegar við tölum um meðaltímakaup í nokkrum löndum.

Mér hefur líka skilist eins og okkur líklega flestum að lífskjörin í hinum kaþólska hluta Írlands væru svo sem ekkert eftirsóknarverð eða sérstök. Einnig þaðan hefur fólksflóttinn verið mikill. Írland, herra forseti, er samt sem áður fyrir ofan Ísland í þessari töflu. En þetta eru grannarnir, Írland og Ítalía. Þau lönd sem við viljum bera okkur saman við hvað varðar velferð, hvað varðar lífskjör eru svo óralangt í burtu. Þau eru á allt öðrum stað. Þetta eru grannarnir í þessum efnum, Írland og Ítalía. Við skulum hafa þetta hugfast þegar við erum að fjalla um frv. sem á að setja ramma um samskipti á vinnumarkaði. Við skulum hafa það í huga vegna þess að í raun stefnir frv., og þess vegna er ánægja Vinnuveitendasambandsins svona mikil með það, þá stefnir að því að viðhalda óbreyttu ástandi. Það stefnir ekki að þeim breytingum sem þurfa að verða til þess að lífskjör á Íslandi geti batnað.

Ég vil, herra forseti, vitna örlítið í það sem fram kemur í greininni sem fylgdi með þessari töflu. Þar kemur fram að að sumu leyti tengist þessi staða hagvexti, þjóðartekjum, viðskiptajöfnuði og verðbólgu. Allt eru þetta hugtök sem við þekkjum úr umræðunni. Það er líka tekið fram að sumt tengist ákveðnum starfsgreinum. Það er nefnilega ekki sama hvaða starfsgreinar við leggjum alúð við. Við vitum það vel að það er misjafnt hversu góð kjör hinar mismunandi starfsgreinar geta skapað okkur. Líka ættum við að hafa í huga hvaða starfsramma við höfum skapað ýmsum starfsgreinum sem hér eru undirstaðan. En það kemur líka fram að sá munur sem hér er um að ræða getur stafað af öðru eins og ákvæðisvinnukerfum, bónuskerfum í fiskvinnslu og ýmsu fleiru. Síðan verður verulegur hluti launasvigrúmsins til í einstaka fyrirtækjum af því eins og hér segir og margoft hefur komið fram í umræðu um kjaramál í vetur, að framleiðnin er ekki sú sama. Menn hafa talað hver upp í annan um það að framleiðni íslenskra fyrirtækja sé hreint ekki nógu góð. Ég kem betur að því síðar.

Vegna þessa er talið mikilvægt að trúnaðarmenn í fyrirtækjunum geti gert vinnustaðarsamninga, að þeir geti átt aðgang að sínum vinnuveitanda. Það er hins vegar svo á Íslandi að menn semja bara við einn aðila. Hér semja menn ekki við sinn vinnuveitanda nema þá í privatsamningum þannig að það er ekki möguleiki á því að gera samninga sem byggja á því að eitt fyrirtæki geti gert betur við starfsmenn sína en önnur og að þannig sé sköpuð ákveðin samkeppni á milli fyrirtækjanna í landinu. Þá má ekki. Það kemur hins vegar fram í þessari grein að það er ekki einungis leiðin að semja beint innan fyrirtækjanna um það launasvigrúm sem fyrir hendi er, heldur væri einnig mögulegt að finna ýmsar leiðir til hagræðingar og til framleiðni sem gæti skilað sér í ábataskiptum milli fyrirtækis og starfsmanna. Ég tek það fram að þannig hefur aukinn kaupmáttur orðið að veruleika, t.d. í Danmörku sem allir vilja bera sig saman við.

Það kemur líka fram að skipulag Vinnuveitendasambandsins er þrándur í götu, ekki skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Þess vegna hljótum við að spyrja enn og aftur: Hvernig stendur á því þegar verkefnið er að bæta lífskjörin í þessu landi að hæstv. félmrh. beinir sjónum sínum eingöngu að skipulagi verkalýðshreyfingarinnar en lætur vinnuveitendur vera?

Nei, herra forseti, það má ekki efna til samkeppni á milli fyrirtækja eða atvinnugreina um það hver séu best rekin eða geti gert best við sína starfsmenn. Ekki fyrir löngu kom út skýrsla sem unnin var á vegum fjmrn. um samkeppni í íslensku atvinnulífi eða öllu heldur um skort á samkeppni í íslensku atvinnulífi. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig unnið verður úr þeirri skýrslu, ekki síst af þeirri ríkisstjórn sem nú situr og hefur það helst að leiðarljósi að vernda sérhagsmuni ákveðinna hópa.

Það kom líka fram þegar var verið að kynna þessa skýrslu að mest virtist vera lagt upp úr því að samkeppnin ætti að fara fram annars staðar en á milli fyrirtækjanna. Þau mega ekki keppa, nei. Samkeppnin þarf að fara fram á milli nemenda í skólum. Hún þarf að fara fram á milli barnanna okkar og samkeppnin á að fara fram á milli einstakra starfsmanna sjúkrahúsanna. Hún á að fara fram við sjúkrabeðin. Á ýmsum sviðum velferðarinnar má samkeppnin fara fram en hún má ekki fara fram á milli fyrirtækja eða atvinnugreina. Um það sér þessi ríkisstjórn í góðu samstarfi við vinnuveitendasamtökin.

Svo er það nú svo, herra forseti, að fyrirtækin eru misvel rekin, framleiðni þeirra er mismikil og þegar einlægt eru gerðir svokallaðir skítasamningar þá geta auðvitað mjög mörg fyrirtækið gert mun betur við sitt starfsfólk en lágmarkssamningarnir gefa til kynna og þau gera það. En það eru þá samningar sem við höfum stundum kallað samninga undir borðið. Þar eru mismunandi greiðslur. Og hverjir njóta

þeirra? Það hafa ýmsar kannanir farið fram á því. Launamunur kynjanna í landinu er mikill og nákvæmlega þetta fyrirkomulag ýtir undir þann launamun, nákvæmlega þetta fyrirkomulag er andstætt konum sérstaklega. En þetta er það fyrirkomulag sem menn vilja vernda.

Eitt af því sem hæstv. ráðherra hefur veifað í kringum sig sem rökum fyrir því að farið væri fram með þetta frv. er að það þyrfti að auka vald launamanna til að hafa áhrif. Það er hins vegar ekkert í þessu frv. um atvinnulýðræði. Það er ekkert í frv. um það hvernig launamenn geta haft áhrif innan sinna fyrirtækja, hvernig þeir geti sótt rétt sinn þar. Það er ekkert í frv. sem snýr að því að möguleikar launamanna séu bættir til þess að sækja aukinn kaupmátt. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í greinargerð sem Atli Gíslason lögmaður vann fyrir Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur af því tilefni að þetta frv. var lagt fram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vilji ríkisvaldið af umhyggju fyrir starfsmönnum stærri fyrirtækja í raun gera þeim kleift að hafa áhrif á og bæta afkomu sína er ríkisvaldinu rétt að tryggja þeim aðild að stjórnum fyrirtækjanna. Það er unnt að lögbinda jafnræði starfsmanna og eigenda og koma á jafnræði með starfsfólki og fjármagni með lögbundnum jöfnum áhrifum á stjórnun hvers fyrirtækis. Það er brýnna að huga að setningu laga um atvinnulýðræði en hafa afskipti af innri málum stéttarfélaga."

Það væri fróðlegt, herra forseti, að hæstv. ráðherrann segði okkur örlítið um hug sinn gagnvart því sem kallað hefur verið atvinnulýðræði, ekki síst þar sem hann hefur eins og ég gat um áðan sérstaklega nefnt aukið vald launamanna sem rök fyrir því að verið væri að breyta um eða lögfesta samskipti á vinnumarkaði.

Þær voru býsna margar og yfirgripsmiklar, umsagnirnar sem bárust um þetta frv. Það var samt sem áður sorglega rétt sem fram kom hjá einum ágætum forustumanni í stéttarfélagi að það var sáralítið eða er sáralítið með það gert sem þar kemur fram eða þær ábendingar sem fram hafa komið. Menn eru látnir skilja það þannig að það sé mikilvægt að fá fram skoðanir þeirra eða viðhorf. Þegar á hólminn er komið, virtist nokkuð ljóst að ekki stóð til að taka mark á nokkrum manni. En loks kom álit sem hreyfði við hæstv. ráðherranum. Það var álit Lagastofnunar. Reyndar voru fyrstu viðbrögð hæstv. ráðherra þau að hann var afar ánægður með álit Lagastofnunar af því að hann taldi að það breytti í sjálfu sér engu um þann vilja sinn að fara fram með þær breytingar sem hann hafði kynnt. En það kom síðan í ljós að þetta álit hreyfði við ýmsu fleiru og opnaði e.t.v. augu ýmissa nefndarmanna fyrir því að eitt og annað af því sem stéttarfélögin höfðu verið að gagnrýna var á rökum reist og það gildum rökum að fram hjá þeim varð ekki horft. Enda er það niðurstaðan, herra forseti, að það frv. sem hér liggur fyrir er í stórum dráttum allt annar pappír en sá sem upphaflega var kynntur.

Það er athyglisvert að fara yfir nefndarálit meiri hlutans og skoða hvernig þar er rakið í rauninni það undanhald sem hófst með áliti Lagastofnunar. Á 1. gr. er gerð tillaga um breytingar af eftirfarandi ástæðu: „Fjöldi starfandi stéttarfélaga lýsti mikilli andstöðu við þetta ákvæði og taldi það til þess fallið að veikja skipulag verkalýðshreyfingarinnar." Lagastofnun gagnrýndi þetta einnig. Út með það.

Varðandi 2. gr. frv. eru líka gerðar breytingar og skýringin er, með leyfi herra forseta: Það er gert til einföldunar og samræmingar vegna gagnrýni stéttarfélaga og fleiri á fjölbreyttar reglur um atkvæðagreiðslur sem fram koma í frumvarpinu. Á 4. gr. frv. eru líka gerðar breytingar: „Einnig er verið að koma til móts við gagnrýni sem hefur beinst að því að of strangar kröfur séu gerðar um skilgreiningu á því til hverra vinnustöðvun sé ætlað að taka." Og enn varðandi 4. gr.: „Þá er lagt til að komið verði til móts við þá gagnrýni..." o.s.frv.

Síðan er það 6. gr. frv. Þar er lagt til að gerðar verði breytingar og það rökstutt með þeirri gagnrýni sem fram hefur komið. Og í 5. gr. frv. eru lagðar til breytingar. Meiri hlutinn tíundar ekki gagnrýnina sem fram hefur komið, en það kemur hins vegar fram í áliti minni hlutans samandregið að í umsögnum og umræðum hafi margsinnis verið bent á ákvæði 5. gr. frv. þar sem fjöldauppsögnum var líkt við vinnustöðvun. Að sjálfsögðu geta verið gildar ástæður fyrir því að hópur starfsmanna ákveður að segja upp störfum aðrar en þær að hægt sé að líkja því við vinnustöðvun.

Loks er einnig vikið að frekari breytingum sem gerðar eru vegna athugasemda frá Lagastofnun og þess getið að skilningur sé þessi eða hinn vegna þeirrar gagnrýni sem þar kemur fram.

Þannig má segja, herra forseti, að það hafi hafist allmikið undanhald eftir að Lagastofnun opnaði augu hæstv. ráðherra og nefndarmanna meiri hluta félmn. fyrir því að það kynni sitthvað að eiga sér raunverulegar stoðir í þeirri gagnrýni sem fram hafði verið borin. En eins og ég rakti hér er hún í áliti meiri hlutans látin heita eitt og annað en allt ber þó að sama brunni.

Frv. heitir áfram: Frumvarp um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. En innihaldið er að stórum hluta annað og það var í samræmi við þær spár manna að ráðherrann ætlaði sér fram með breytingar, það væri aðalatriðið. Aukaatriði væri hverjar þessar breytingar væru. Það er samt alveg ljóst að aldrei hefur verið hvikað það langt frá því sem upphaflega var lagt upp með að Vinnuveitendasambandið er áfram ánægt og verkalýðshreyfingin er áfram óánægð.

Herra forseti. Stéttarfélögin hafa eytt miklum tíma í að gagnrýna málefnalega það frv. sem verið hefur á borðum nefndarmanna hv. félmn. og á borðum þingmanna. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað bent á þær hættur sem í frv. leynast. Það hefur verið gert af fullum heilindum. Það hefur verið gert ekki síst af ótta við það ástand sem kann að skapast á vinnumarkaðnum vegna ákvæða frv. og þau áhrif sem frv. kann að hafa, beint og óbeint. Menn hafa auðvitað áhyggjur af því þegar verið er að hræra í hlutum með þessum hætti og hindra þannig e.t.v. möguleika félaganna til þess að sækja aukinn kaupmátt og bætt lífskjör fyrir hönd sinna félagsmanna.

Ég fjallaði áðan um að það hefðu ýmsar breytingar verið gerðar á frv. og þótt hæstv. ráðherrann hafi í sumum tilvikum hrakist undan áliti Lagastofnunar eru breytingarnar ekki allar til bóta. Það verður seint um of ítrekað að inni í frv. eru enn ýmis vafasöm ákvæði og hættulegir hortittir. Vinnustaðarsamningar hafa verið að þróast. Og í áður nefndri Morgunblaðsgrein voru þeir m.a. taldir fram sem ein mikilvæg forsenda þess að hægt væri að bæta lífskjörin. Vinnustaðarsamningar hafa verið að þróast, jafnvel sameiginlegar atkvæðagreiðslur. En nú á með því frv. sem hér liggur fyrir að lögþvinga þátttöku í slíkri atkvæðagreiðslu og það er alveg ljóst að slík lögþvingun mun fæla minni félögin frá þátttöku. Þau munu óttast það alræði sem með slíkri lögþvingun er fært stærri félögunum. Það er verið að hoppa yfir það tímabil þróunar á þessu fyrirkomulagi sem

var að fara í gang, það er verið að hoppa yfir það tímabil sem félögin hafa þurft til þess að byggja upp með sér traust og þróa með sér samskiptareglur. Þannig er málið allt sett í hættu og það er eitt af því sem er í þessu frv.

Af hverju ætli Vinnuveitendasambandið sé ánægt með þetta frv.? Það skyldi þó ekki vera að það væri vegna þess að í raun er verið að eyðileggja vinnustaðarsamningaákvæði?

Það eru líka enn inni í frv., herra forseti, þau ákvæði um boðun verkfalls sem nánast eru spegluð úr lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Reyndar hafa átt sér stað örlitlar breytingar hvað varðar fresti og daga, en efnislega stendur greinin óbreytt þrátt fyrir allar þær aðvaranir sem fram hafa komið varðandi það hvernig lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa reynst. Og jafnvel þrátt fyrir það að allir sem hafa tekið þátt í þessari umræðu hvort sem er á vettvangi nefndarinnar, í þingsölum eða annars staðar hafa samþykkt það og viðurkennt að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ónýt. Samt er áfram ákvæði inni í þessu frv. sem er speglun úr þeim lögum, speglun á því hvernig skuli boðað til verkfalla. En það eru einmitt hin erfiðu verkföll opinberra starfsmanna á undanförnum árum sem hafa fært mönnum heim sanninn um það að þetta ákvæði í kjarasamningum opinberra starfsmanna er ónýtt. Það vekur því furðu að það skuli enn vera hér inni og ég satt að segja skil það ekki. Það hefur enn ekki verið útskýrt þannig að nokkurt okkar sem hér er inni geti skilið það, enda eru hér ekki stjórnarliðar. Þeir hafa hins vegar á þessu einhvern þann skilning sem mér er hulinn og þeir hafa satt að segja ekki fjölmennt í stólinn til að útskýra hann.

Herra forseti. Það eru líka enn þá inni í frv. ákvæðin um viðræðuáætlanir eins og þau voru orðin þegar frv. var fyrst lagt fram, þ.e. þess efnis að það má gera ráð fyrir því að sáttasemjari þurfi að taka þátt í að semja á eigin spýtur hundruð ef ekki þúsund viðræðuáætlana nú strax í haust. Það er alveg ljóst að þegar um nýjan lagaramma er að ræða munu stéttarfélögin láta reyna á rétt sinn í þessum efnum. Það eru býsna mörg stéttarfélög á Íslandi og þau gera hvert um sig mörg hver marga samninga. Viðræðuáætlanir gætu því skipt nokkrum þúsundum verði þær gerðar af hverju félagi við alla þá viðsemjendur sem hvert félag semur við. Þannig er ákvæðið um viðræðuáætlanir inni í þessu frv. Það er enn þarna inni jafnvel þótt bent hafi verið á þær hættur sem af því kunni að leiða. Það er því svo, herra forseti, að þrátt fyrir þær breytingar sem lagðar hafa verið til eru enn inni ýmis ákvæði sem eru mjög hættuleg og til þess fallin að skapa óróa á vinnumarkaði og auka á óréttlæti frekar en hitt.

Það er þó ekki gagnrýni á þessi atriði eða önnur efnisatriði sem hefur verið þungi þeirrar gagnrýni sem fram hefur verið borin á þetta frv. Megingagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar hefur beinst að því að lög skuli sett um innri málefni stéttarfélaga og um samskipti á vinnumarkaði í fullri andstöðu við þá sem við eiga að búa. Það er hið stóra, alvarlega í málinu. Víst er það stóralvarlegt að lögin skuli sett og að ekki skuli hlustað á aðvaranir þeirra sem til þekkja og benda á að ekki aðeins beinar og óbeinar verkanir þeirra ákvæða sem ég var að rekja áðan eru slæmar, svo sem eins og eyðileggingin á vinnustaðarsamningunum, verkfallsboðun eins og hjá opinberum starfsmönnum eða ákvæðin um viðræðuáætlanirnar að ég tali ekki um lögverndað vald samninganefnda. Verri eru þó almennt þær afleiðingar sem það hefur í för með sér að reglur séu lögfestar sem aðilar eru ekki sammála um túlkun á og sem verulegur ágreiningur er um. Það er alveg ljóst, herra forseti, að á meðan réttaróvissa ríkir, á meðan ekki er ljóst hvar ramminn raunverulega er, sá rammi sem stéttarfélögin eiga að starfa innan, verður óróleiki á vinnumarkaði, jafnvel óeirðir. Eftir að lögin voru sett um kjarasamninga opinberra starfsmanna árið 1986 upphófst mikill órói á þeim vinnumarkaði. Það tók stéttarfélögin innan sambanda opinberra starfsmanna mörg ár að eyða þeirri réttaróvissu sem þau lög sköpuðu jafnvel þótt þau væru sett í fullu samráði og með samþykki aðila. Menn þurftu samt sem áður að láta á það reyna hver hinn raunverulegi réttur var. Hvernig halda menn þá að ástandið verði núna þegar ekki er einu sinni samkomulag um lagasetninguna, hvað þá innihaldið? Það er svo merkilegt að horfa á þessa staðreynd vegna þess að hinn yfirlýsti tilgangur þessarar lagasetningar var ekki beinlínis að efna til ófriðar, eða hvað? Í inngangi að athugasemdum við lagafrv. þar sem fjallað er um tilganginn kemur fyrst í áhersluröð, með leyfi forseta:

„Þannig yrði stuðlað að friðsamlegum samningum og dregið úr átökum á vinnumarkaði og oft langvinnum vinnustöðvunum."

Þetta er hið fyrsta sem talið er upp í inngangi að greinargerð með frv. sem markmið þessarar lagasetningar, að stuðla að friðsamlegum samningum, að draga úr átökum á vinnumarkaði og oft langvinnum vinnustöðvunum. Það hyggjast menn gera með því að efna til þess ófriðar sem sannarlega er verið að efna til með því að setja lög um þær reglur sem eiga að gilda, lög sem eru í fullkominni andstöðu við þá sem við eiga að búa, lög sem á eftir að finna alla túlkun á og sem munu valda óróa á næstu missirum og árum langt umfram það sem við mátti búast vegna þess að menn ætla sér að sækja bætt kjör í kjarasamningum.

Herra forseti. Það stóð ekki til í upphafi að fara fram með löggjöf sem stefndi öllu í bál og brand, ekki ef við lesum það sem stendur í greinargerð frv. Það hefur líka komið fram að efnisinnihald þessa frv. hefur breyst býsna mikið á þeirri vegferð sem það hefur átt frá því að það varð til í ráðuneyti félagsmála og þar til það kemur hér með breytingartillögum á borð hæstv. Alþingis. Við hljótum þess vegna að spyrja okkur enn einu sinni: Til hvers er farið fram með þessum hætti? Hver er hinn raunverulegi tilgangur? Er hann ekki löngu gleymdur? Er ekki einungis um þráhyggju að ræða, þráhyggju ráðherra sem ætlar sér að berja í gegn frv. um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og er fyrir löngu orðið sama um bæði innihald og afleiðingar? Ég óttast, herra forseti, að svo sé og þess vegna verður sú löggjöf sem hér á að fara fram og afleiðingar hennar enn hættulegri en ella hefði verið.

[12:04]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í þingsögu síðustu ára eru nokkur mál sem standa upp úr eða málaflokkar sem hafa vakið meiri deilur en annað í þessari stofnun. Eitt af þeim málum þekkir t.d. hæstv. félmrh. mjög vel. Það er spurningin um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það voru mjög miklar umræður í þessari stofnun og menn ræddu það mjög ítarlega og þáv. stjórnarflokkar kölluðu það málþóf eins og gengur.

Nú hef ég látið kanna það á skrifstofu Alþingis hvernig umræðan hefur þróast um þau mál sem hér eru til meðferðar. Ég tel að þau séu samferða. Það er annars vegar frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hins vegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það kemur í ljós að umræðan um þessi mál samtals er einhver sú mesta sem sögur

fara af um langt árabil í þessari stofnun. Það er kannski sérstaklega umhugsunarvert í samanburði við EES-málið að stjórnarandstaðan núna er mikið fáliðaðri en hún var á síðasta kjörtímabili. Það munaði um Framsfl. í stjórnarandstöðunni, því verður ekki neitað.

Núna liggur þetta hins vegar þannig að umræðan um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, tvær umræður, hefur staðið í 46 klukkustundir og umræðan um stéttarfélög og vinnudeilur hefur núna staðið í um það bil 33 klukkustundir. Samtals er um að ræða umræðu sem hefur staðið í um 80 klukkustundir um þessi mál. Þetta sýnir ekkert annað en það að þingmönnum stjórnarandstöðunnar er mikið niðri fyrir og þeir telja ástæðu til að gera allt sem þeir geta og í þeirra valdi stendur til þess að breyta frumvörpunum og til þess að koma þeim út úr þinginu.

Ég veit að hæstv. félmrh. hefur gert það upp við sig að taka ekki mark á neinu. Hann hefur gert það upp við sig að hlusta ekki á stjórnarandstöðuna. Hann hefur gert það upp við sig að hlusta ekki á verkalýðshreyfinguna. Hann hefur gert það upp við sig að hlusta ekki á útifundi eða samþykktir sem gerðar eru og svarar þeim eins og hann gerði í gær með orðunum: „Það verður að hafa það." Með leyfi forseta, þetta er orðrétt tilvitnun í síðustu útifundarræðu hæstv. félmrh. „Það verður að hafa það." Samt höfum við sagt í þessum umræðum, það hefur verið sagt aftur og aftur og aftur: Það frv. sem hér liggur fyrir þýðir ekki aukna launajöfnun. Hæstv. félmrh. segir: „Það verður að hafa það." Og við höfum sagt aftur og aftur eins og síðasti hv. ræðumaður: Þetta þýðir ekki frið á vinnumarkaði heldur ófrið á vinnumarkaði. Hæstv. félmrh. segir: „Það verður að hafa það." Við höfum bent á að þessi frv. eins og þau eru og framkvæmd þeirra muni ekki hafa það í för með sér að menn sæki batnandi lífskjör eins fljótt og ella væri, þ.e. ef við stilltum saman strengi þjóðarinnar til að ná þeim. Hæstv. félmrh. hlustar ekki á það. Og hæstv. félmrh. hlustar ekki á þá ábendingu sem fram kom t.d. hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem er í raun og veru mjög alvarlegt umhugsunarefni, að aðferð ríkisstjórnarinnar í sambandi við þessi mál, stéttarfélög og vinnudeilur og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, stíflar eðlilega umræðu um mál af þessu tagi, umræðu sem þarf að fara fram, málefnalega umræðu, díalóg þar sem tveir eða þrír jafnréttháir aðilar takast á og bera sig saman um málið. Það er því alveg sama hvernig þetta mál er skoðað. Það eru mistök.

Það hefur verið sýnt fram á það í meðferð málsins að í því voru í upphafi alveg ótal beinar villur. Það var sýnt fram á það að frv. bryti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það var sýnt fram á það að frv. bryti í bága við sex alþjóðasáttmála sem Íslendingar hafa verið aðilar að um langan tíma. En hæstv. félmrh. gerir ekkert með það. Það er greinilegt að hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda áfram á þessari braut. Við sögðum í upphafi þegar þessar umræður hófust utan dagskrár 20. mars, fyrir réttum tveimur mánuðum: Með þessum vinnubrögðum er verið að slíta sundur friðinn á Alþingi og í þjóðfélaginu líka. Ég held að það liggi alveg fyrir að það var rétt. Það var þannig að með þessu var ríkisstjórnin að slíta sundur friðinn. Hún var að taka í gegnum þingið á aðeins tveimur mánuðum grundvallarlöggjöf um verkalýðshreyfinguna í landinu og burt séð frá öllu öðru er það fráleitt. Með því er Alþingi ofboðið. Löggjöf af þessu tagi hefur oft verið fyrir Alþingi í tvö þing þar sem að menn hafa rækilega farið yfir hlutina. Hér er ákveðið að keyra í gegn þessa grundvallarlöggjöf aðeins á tveimur mánuðum en ekki á tveimur þingum. Þannig kemur líka fram í þessu ekki bara tillitsleysi við stjórnarandstöðuna og verkalýðshreyfinguna heldur tillitsleysi og virðingarleysi við Alþingi. Það er kannski ekki að undra þó að sumum forsetanna a.m.k. sé ofboðið, t.d. þeim sem situr ekki fjarri mér.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa gert allt sem þeir geta til þess að benda ríkisstjórninni á það hvað hún er að gera í þessu máli og það er athyglisvert hve sterk samstaða þeirra hefur verið og viðnám. Atkvæðagreiðsla um þetta mál fer væntanlega fram eftir 2. umr. á fimmtudaginn kemur að óbreyttu, á morgun. Þá geri ég ráð fyrir því að stjórnarflokkarnir dragi þingmennina á atkvæðabásinn, þetta blessað fólk sem hefur ekki látið sjá sig hér í þingsölum. Þá kemur það, atkvæðapeningurinn er það stundum kallað þegar fólk streymir inn samanber orðið búpeningur. Þetta heitir á dönsku stemmekvæg. Það kemur hér inn og greiðir atkvæði og gegnir, stemmekvæg. Það er ömurlegt að sjá þetta góða fólk lenda í þessum ósköpum, en svona er hinn pólitíski veruleiki sem þetta fólk hefur því miður búið sér.

Eftir umræðuna sem hér fer fram núna við 2. umr. og svo 3. umr. um bæði málin, sem er eftir, þá náttúrlega lýkur ekki umræðu um þessi mál. Henni verður vísað út í þjóðfélagið. Hún mun fara fram annars staðar og eins og síðasti ræðumaður og allir sem hér hafa talað hafa bent á þá verða þessi mál á dagskrá í tengslum við næstu kjarasamninga eins og aftur og aftur hefur komið fram af hálfu verkalýðshreyfingarinnar líka, m.a. í því ávarpi sem forseti Alþýðusambandsins flutti við Austurvöll í gær þegar hann sagði: „Afgreiðsla þessara mála ef hún verður svona yrði stórslys." Það er móðgun við verkalýðshreyfinguna og móðgun við þjóðina að fara með málin eins og hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera. En hún virðist ætla að gera þessa hluti svona og þá hefur það sinn gang á grundvelli úrslita síðustu kosninga. Það hefur sinn gang. En það þýðir ekki það að umræðunni verði lokið. Henni verður bersýnilega haldið áfram úti í þjóðfélaginu þangað til ríkisstjórnin kemst að því fullkeyptu að þetta eru mistök.

[12:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þess samkomulags um að ljúka þessari umræðu á tilteknum tíma ætla ég aðeins að segja örfá orð.

Eins og fram kom í ræðu minni við 1. umr. þá er ég sannfærð um að þetta frv. er mikið óheillaspor og mikil mistök og er það fyrst og fremst vegna þess að hér er einhliða verið að skipta sér af því hvernig verkalýðshreyfingin í landinu skipuleggur sig og hvernig samskipti á vinnumarkaði eiga að vera. Að mínu mati og flestra í stjórnarandstöðu, sem hér hafa talað, á að semja um þetta og hafa samráð eins og margoft hefur komið fram. Ég ætla því ekki að ræða þetta mál efnislega að sinni því ég tel að öll efnisatriði málsins hafi í raun komið fram. Ég vil þó nota tækifærið og ítreka þá afstöðu mína sem kom fram í 1. umr. að ég tel að núverandi skipan og áherslur verkalýðshreyfingarinnar hafi ekki verið konum til framdráttar.

Í ritinu Konur og karlar frá árinu 1994 kemur fram m.a. að tímakaup kvenna sem hlutfall af tímakaupi karla hefur farið lækkandi á tímabilinu 1982–1995. Afgreiðslukonur fengu t.d. 79% af tímakaupi afgreiðslukarla að meðaltali árið 1982 en það hlutfall er komið niður í 70% árið 1993. Hvernig stendur á því að verkalýðshreyfingin horfir upp á þetta gerast? Þetta er þó munur sem er uppi á yfirborðinu

og flestir vita af og er aðgengilegt að fá upplýsingar um í andstöðu við allar duldu sporslugreiðslurnar sem vitað er að fara mun meira til karla en kvenna, samanber t.d. könnunina á kynbundnum launamun sem hér var kynnt fyrir ári. Ég hef því verið þeirrar skoðunar að verkalýðshreyfingin þurfi að taka þessi mál um kynbundinn launamun mun fastari tökum en hún hefur gert hingað til. Til að það gerist þarf staða kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar að styrkjast og það svo um munar, ekki síst í forustu samtakana. Ég vil í því sambandi enn og aftur láta í ljós ánægju mína með þá þróun sem átt hefur sér stað innan BHM þar sem forusta þeirra samtaka er farin að endurspegla þá staðreynd að konur eru mjög fjölmennar innan BHM.

Í þessum sama bæklingi kemur einnig fram að konur eru mun fjölmennari en karlar í sumum verkalýðsfélögum. Ég nefni t.d. Samband ísl. bankamanna en þær eru aftur á móti mun færri í stjórn félagsins. Innan ASÍ og BSRB eru konur einnig hlutfallslega færri í stjórn en félagafjöldi þeirra segir til um. Ég tel því að þarna verði að eiga sér stað breyting en hún hlýtur að gerast á lýðræðislegan hátt innan verkalýðshreyfingarinnar en ekki með því að veikja þessi samtök launafólks með lögum eins og hér er lagt til.

Um leið og ég ítreka þá afstöðu mína og stjórnarandstöðunnar í heild að rétt sé að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar þannig að hún setjist að samningaborði við verkalýðshreyfinguna vil ég láta í ljós þá ósk að verkalýðshreyfingin starfi á lýðræðislegan hátt þannig að staða kvenna í stjórn og forustunni styrkist almennt og verkalýðshreyfingin leggist á eitt um að útrýma launamisrétti kynjanna.

Þá vil ég taka undir orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur áðan í ræðu hennar um að það sé verulegt áhyggjuefni hvert stefni í þjóðfélaginu og á ég þá ekki síst við andvaraleysi fólks sem virðist taka félagsleg réttindi sem sjálfgefin. Margt bendir til að nú ríki sá tíðarandi að fólk sé tilbúið að horfa fram hjá þessum félagslegu réttindum fyrir hærri laun sem er þó skiljanlegt því að ekki eru laun launafólks í landinu eitthvað sem hægt er að hrópa húrra fyrir.

Auðvitað þarf að hækka laun launafólks í landinu til samræmis við það sem þekkist í löndum við sambærilega þjóðarframleiðslu en það má ekki gerast á kostnað þess að fólk standi uppi án félagslegra réttinda því þá er verr af stað farið en heima setið. Því þurfum við á sterkri, jafnréttissynjaðri verkalýðshreyfingu að halda sem starfar í takt við tímann eftir þeim leiðum sem hún ákveður sjálf. Þetta frv. stuðlar ekki að því og þetta frv. brýtur fjölmarga alþjóðasáttmála og mannréttindaákvæði eins og hér hefur margítrekað komið fram og því ber að vísa því aftur til föðurhúsanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:19]

[14:03]

Útbýting þingskjals:

Átak í jafnréttismálum hjá Ríkisútvarpinu, 531. mál, fsp. SF, þskj. 1033.

Þjóðminjalög, 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (flutningur menningarverðmæta). — Þskj. 1018 (sbr. 524).

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Sálfræðingar, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (stjórnskipuleg meðferð leyfisveitinga). — Þskj. 1019.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (yfirstjórn, málsmeðferð, tollskjöl). — Þskj. 1022.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 3. umr.

Stjfrv., 469. mál (nýting afla o.fl.). — Þskj. 1023.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópusamningur um forsjá barna, síðari umr.

Stjtill., 471. mál. — Þskj. 806, nál. 937.

[14:09]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Utanrmn. leggur samhljóða til að þeir samningar sem hér um ræðir verði staðfestir, þ.e. Evrópusamningur um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna og samningur um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Hér er um að ræða samninga sem eru nokkurra ára gamlir en hafa ekki enn hlotið fullgildingu af Íslands hálfu. Það er skoðun nefndarinnar að það sé meira en tímabært að svo verði gert.

Nefndin leggur til að fullgildingarheimildin verði veitt með því að samþykkja þessa þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings gegn pyndingum, síðari umr.

Stjtill., 475. mál. — Þskj. 811, nál. 938.

[14:10]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það gegnir sama máli um þessa tillögu og hina fyrri. Utanrmn. hefur fjallað um þetta mál sem varðar fullgildingu samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nefndin leggur samhljóða til að málið verði samþykkt og samningurinn fullgiltur. Í nefndaráliti eru smávægilegar athugasemdir að því er varðar þýðingu á einu tilteknu orði í heiti tillögunnar og samningsins sem ég hyggst ekki nefna í umræðum hér en vek athygli þingheims á. Það er nauðsynlegt að samræma þýðingu enska orðsins „inhuman" annars vegar í þessum samningi og hins vegar í íslenskri þýðingu á mannréttindasáttmála Evrópu.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál og við leggjum til í utanrmn. að það verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, síðari umr.

Stjtill., 491. mál. — Þskj. 850, nál. 939.

[14:12]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þáltill. sem til er komin vegna inngöngu Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis í Evrópusambandið. Hér er um að ræða aðlögun að breyttum veruleika gagnvart samningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem var upphaflega gerður 1972.

Hér er um að ræða eðlilegar og sjálfsagðar breytingar og nefndin leggur til að tillaga þessi verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, 2. umr.

Stjfrv., 493. mál. — Þskj. 852, nál. 940.

[14:13]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér liggur fyrir til 2. umr. frv. til laga um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta breytingar á Norðurlandasamningnum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Þessar breytingar eru kenndar við Arendal í Noregi þar sem þær voru staðfestar af ráðherrum landanna 14. júní 1994.

Nefndin hefur kynnt sér málið og fengið til fundar við sig meðal annarra sérfræðinga úr félmrn. Það er skoðun nefndarmanna að eðlilegt sé að staðfesta þær breytingar sem hér er gerð tillaga um. Hér er um að ræða einn af grundvallarsáttmálunum í hinu norræna samstarfi, félagsmálasáttmála Norðurlandanna og verið að aðlaga hann breyttum tímum. Við í utanrmn. teljum að eðlilegt sé og sjálfsagt að staðfesta samninginn og leggjum til að frv. verði samþykkt.

[14:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég styð heils hugar það mál sem hér um ræðir. Hér er eins og hv. frsm. gerði grein fyrir um að ræða einn hornsteininn í virku og góðu samstarfi Norðurlandaþjóðanna. Ástæður þess að ég kveð mér hljóðs eru þær að fyrir liggur að samningur þessi var gerður í Arendal 14. júní 1994. Núna þann 22. maí 1996 erum við að staðfesta þennan samning. Ég hlýt að gera mjög alvarlegar athugasemdir við það að gangverkið hjá framkvæmdarvaldinu sé ekki skilvirkara en hér um ræðir. Ég hef aðeins kynnt mér þetta mál og veit að viðkomandi fagráðuneyti, félmrn., hefur ítrekað sent erindi þess efnis í utanrrn. sem er hinn formlegi aðili málsins en eftir sem áður erum við tveimur árum síðar að staðfesta samninginn. Mér er einnig kunnugt um að þetta hefur valdið nokkrum vandkvæðum í einstaka tilvikum því að hér er um réttarbót að ræða og það liggur fyrir að aðrar Norðurlandaþjóðir hafa fyrir alllöngu staðfest samninginn fyrir sitt leyti. Ég vil því árétta það, virðulegur forseti, að við lærum af þessum mistökum og gætum okkur á því að það gerist ekki aftur heldur göngum röskar til verks en hefur verið gert.

[14:15]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel að þetta sé þörf ábending hjá hv. þm. Reyndar er það svo að við í utanrmn. höfum nokkuð rætt þetta hversu mjög það dregst iðulega að samningar sem hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu berist til þingsins. Við gerum okkur grein fyrir því að það er mikið vinnuálag í utanrrn. Eigi að síður er það svo að oft hefur dregist úr hömlu að leita eftir staðfestingu Alþingis og þetta dæmi sem hv. þm. tekur er ekki eina dæmið sem við erum að afgreiða í dag því að fyrr á fundinum lauk umræðu um samning sem var samþykktur 1984 og næsta mál á dagskrá eru samningar frá 1980. Það er því nokkuð vel að verki staðið við það mál sem er einmitt núna til umræðu miðað við ýmislegt annað.

Aðalatriðið er að sjálfsögðu að þingið og framkvæmdarvaldið bæti sig í þessum efnum og ekki séu undirritaðir samningar sem ekki er ætlunin að leggja fyrir þingið en ef þeir eru undirritaðir þá séu þeir lagðir fyrir þingið til umfjöllunar svo fljótt sem verða má þannig að efni þeirra geti komið íslenskum ríkisborgurum að gagni svo fljótt sem hægt er.

[14:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæðulaust að orðlengja það en vegna þess að hv. þm. Geir Haarde nefndi að þetta væri ekki versta dæmið er hins vegar ástæða til þess að vekja athygli á því sérstaklega að þessi samningur, án þess að ég sé að fara í neinn samjöfnuð í því sambandi, tekur til fjölmargra íslenskra einstaklinga. Þeir eru ófáir sem þurfa nánast daglega að leita réttar síns á grundvelli samkomulags af þessum toga.

Nú veit ég vel að kerfið hefur verið býsna liðlegt. Enda þótt Alþingi hafi ekki staðfest þetta nýja fyrirkomulag og við byggjum á gömlum samningum sem eru ábót eru engu

að síður ákvæði á þessum nýja samningi sem eru umtalsverð réttarbót í ljósi þess að hér er um að ræða samkomulag sem íslenskir þegnar í útlöndum og norrænir þegnar heima á Íslandi þurfa að hafa gagn af, nánast á daglegum grundvelli. Þess vegna er málið kannski sýnu alvarlegra.

Ég ætla ekki að orðlengja það, virðulegi forseti. Ég skil hv. þm. Geir H. Haarde, formann utanrmn., þannig að það sé vilji nefndarinnar og væntanlega framkvæmdarvaldsins að gera bragarbót á.

[14:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er góð samstaða í utanrmn. um afgreiðslu þessara mála sem mörg hver hafa vissulega legið allt of lengi hjá stjórnvöldum eftir að þau voru undirrituð þangað til þau berast til þingsins og svo mun vera um fleiri mál. Það hefur verið rætt um það í nefndinni að fá yfirlit yfir slíka samninga til nefndarinnar þannig að hægt sé af hennar hálfu að ýta á eftir málum sem þörf er á að staðfesta og áhugi er á að staðfesta. Auðvitað verður maður að gera ráð fyrir því sem reglu að framkvæmdarvaldið kynni þinginu þá samninga sem verið er að skuldbinda Ísland með og leiti staðfestingar á þeim þannig að þetta safnist ekki upp.

Auðvitað geta verið þær aðstæður sem kalla á það að mál séu í skoðun um einhvern tíma. Það er ljóst að það tekur tíma að fara yfir mál, þýða mál o.s.frv. Við höfum lagt áherslu á að líka verði vandað til þeirra verka eins og hefur m.a. komið fram í sambandi við eitt tiltekið efni en vonandi verður á þessu bót. Það er hins vegar í rauninni ekkert nýtt að dráttur verði á. Það hefur iðulega verið minnst á þetta á fyrri þingum og gengið eftir því varðandi alþjóðasamninga, m.a. í umhverfismálum, svo að þetta er því miður ekki einsdæmi.

Hitt væri einnig til bóta að svona samningar kæmu til þingsins með fyrra fallinu á hverju þingi þannig að tími gæfist til að fjalla eðlilega um þá og þannig að ekki sé um tímaþröng að ræða en þetta eru fyrirkomulagsatriði sem með góðri samvinnu við utanrmn. verður væntanlega ráðin bót á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, 2. umr.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 851, nál. 1024.

[14:21]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem ætlað er að veita lagagildi alþjóðlegum samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum. Við höfum rætt þetta mál í utanrmn. og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. enda teljum við að í því geti falist auknir möguleikar fyrir íslensk stjórnvöld til þess að hafa eðlilegt eftirlit á vettvangi skattamála út fyrir landsteinana. Óskað var eftir áliti efh.- og viðskn. um málið en engar athugasemdir bárust.

Frv. gerði ráð fyrir því að ákvæði samningsins um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum öðlist lagagildi en slíkt fyrirkomulag hefur færst í vöxt með auknu samstarfi milli þjóða. Í fskj. með frv. er ákvæði samningsins sett upp á íslensku og ensku á greinargóðan hátt. Hins vegar telur nefndin nægjanlegt og eðlilegt með tilliti til íslenskra laga og meðferðar mála á Alþingi, samanber nefndarálit allshn. á þskj. 715, um frv. til laga um mannréttindasáttmála Evrópu á 117. löggjafarþingi, að alþjóðasamningar séu lögfestir á íslensku eingöngu. Hin enska gerð samningsins er birt í frv. og er eðlilegt skýringargagn en að mati nefndarinnar á hún ekki erindi í Stjórnartíðindi eða lagasafn. Nefndin vill þó leggja áherslu á að opinber tungumál samningsins, sem eru enska og franska, og enda þótt einungis íslenski textinn verði lögtekinn geta enski og franski textinn verið mikilvægir, m.a. til túlkunar á vafaatriðum um merkingu orða samningsins. Þess vegna er mikilvægt að sérfræðingar og allur almenningur eigi greiðan aðgang að samningnum á frummálum hans jafnt sem íslensku þótt einungis hin íslenska þýðing birtist í Stjórnartíðindum og lagasafni.

Með þessum skýringum leggur nefndin til að frv. verði samþykkt, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 510. mál (sérfæði). — Þskj. 913.

[14:23]

Frsm. heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir hönd heilbr.- og trn. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Í 1. gr. kemur fram að breytingin að veita styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er frv. þetta flutt þar sem nauðsynlegt er talið að lögfesta heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að veita styrki til að kaupa næringarefni og sérfæði. Í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, er ekki að finna heimild til slíkra greiðslna og hafa Tryggingastofnun ríkisins og tryggingaráð óskað eftir því við heilbr.- og trmrh. að hann beiti sér fyrir lagabreytingu þessa efnis. Heilbr.- og trn. hefur að ósk ráðherra ákveðið að flytja slíkt frv.

Það er fullt samkomulag í nefndinni um að flytja þetta mál og þarfnast þetta ekki fleiri skýringa við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnþróunarsjóður, 2. umr.

Stjfrv., 487. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 845, nál. 1029.

[14:25]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á fund sinn Þorkel Helgason, ráðuneytisstjóra iðnrn., og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins. Auk þess barst erindi frá Iðnþróunarsjóði. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga. Árni R. Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins en undir þetta nefndarálit rita Stefán Guðmundsson, Guðjón

Guðmundsson, Svavar Gestsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Guðmundur Árni Stefánsson og Pétur H. Blöndal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (forvarnagjald, lántökur). — Þskj. 957, nál. 1030, brtt. 1031.

[14:27]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Umhvn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund allmarga gesti, en nefndinni barst þar að auki erindi frá Sambandi ísl. sveitarfelaga varðandi kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga.

Í frv. er í fyrsta lagi lagt til að ofanflóðasjóði verði heimiluð lántaka, að upphæð 800 milljónir króna, til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir sumarsins. Í öðru lagi er lagt til að ofanflóðasjóði verði skapaður sjálfstæður tekjustofn með álagningu sérstaks gjalds á brunatryggðar fasteignir í landinu. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að nafni sjóðsins verði breytt í Forvarnasjóð og er stefnt að því að hann gegni víðtækara hlutverki í framtíðinni.

Umhverfisnefnd mælir með samþykki frumvarpsins með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Fela þær í sér að horfið verði frá nafnbreytingu á ofanflóðasjóði en nefndin telur að breytingar á hlutverki og nafni sjóðsins eigi að bíða heildarendurskoðunar laganna sem nú er unnið að. Þó er nauðsynlegt að sjóðurinn hafi heimild til lántöku.

Nefndin vill benda á að við heildarendurskoðun laganna þarf að huga sérstaklega að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í gerð og viðhaldi varnarvirkja en samkvæmt gildandi lögum eiga viðkomandi sveitarfélög að greiða a.m.k. 10% kostnaðar við gerð varnarvirkja og 40% kostnaðar við viðhald þeirra.

Þá leggur nefndin áherslu á að mótaðar verði hið fyrsta skýrar starfsreglur um framtíðaruthlutanir úr ofanflóðasjóði og þær felldar að áætluðum framkvæmdatíma til að ljúka gerð varnarvirkja og öðrum öryggisráðstöfunum.

Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu. Undir nál. rita allir nefndarmenn umhvn.

[14:28]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Vegna fram komins frv. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum tek ég fram að ég er hlynntur því að þjóðin taki sameiginlega á þeim gríðarlega vanda sem einstök byggðarlög standa frammi fyrir vegna náttúruhamfara. Það er samfélagsleg skylda þótt ljóst sé að hér er um verulega skattlagningu að ræða á húseigendur hvar sem er á landinu.

Það sem rekur mig aftur á móti upp í ræðustól er hvernig þessum fjármunum er ráðstafað. Þegar lögin um ofanflóðasjóð voru tekin til umræðu í vetur varaði ég við því að hættumat á byggðarlögum gengi of langt og útfærslur þess gætu leitt til þess að byggðir, sem hafa aldrei verið taldar í hættu, væru flokkaðar innan hættusvæða. Mér sýnist því miður að hér hafi farið á versta veg eins og í byggðarlagi vestur við Djúp sem heitir Hnífsdalur. Samkvæmt því mati sem þar er búið að gera er allt byggðarlagið nú undirlagt og á hættusvæði að mati Veðurstofu og Almannavarna ríkisins.

Mér sýnist að með þessu áframhaldi verði að kaupa upp öll hús á þessum stað því það er búið að skjóta rótum efans hjá öllum íbúum svæðisins sem eiga í raun samkvæmt þessu mati það undir ákvörðunum Veðurstofu og Almannavarna hvort það er í húsunum sínum á vetrum eða hvort það þarf í tíma og ótíma að fara úr þeim. Það er ekki eitt einasta hús í þessu byggðarlagi undanþegið þessu mati.

Með þessu er verið að leggja í eyði byggð sem hefur staðið í hundruð ára. Ég vek sérstaka athygli á þessu hér og beini þeim varnaðarorðum til hæstv. umhvrh. og ríkisstjórnar. Með sama áframhaldi verður vart byggilegt undir fjallshlíðum á Íslandi að mínu mati. Ég tel að miklu frekar eigi að leita af hálfu Veðurstofu og annarra aðila eftir leiðum sem geta verndað byggðirnar, fundið leiðir til þess að beina snjóflóðum í ákveðnar áttir en gera hættumat sem leiða til þess að fólk getur ekki sjálfs sín vegna og fjölskyldu sinnar haldist við á þessum svæðum þrátt fyrir það að engar sögur fari af því að þar hafi nokkru sinni fallið snjóflóð þrátt fyrir árhundruða samfellda byggð á viðkomandi stöðum.

[14:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég stend að þeirri afgreiðslu sem mælt hefur verið fyrir fyrir hönd umhvn., brtt. við frv. og nefndaráliti. Það voru örfá orð sem ég vildi koma að um vissa þætti málsins við 2. umr. og af tilefni þeirra orða sem fellu áðan hjá hv. síðasta ræðumanni segja það að hér er sannarlega um vandasamt mál að ræða í mörgum greinum og gæti það verið tilefni allmikillar umræðu ef út í það væri farið. Hjá því verður hins vegar ekki komist að mínu mati að á þessum málum verði tekið með samræmdum og mjög ákveðnum hætti og með tilliti til öryggis íbúa alveg án tillits til þess hvað það þýðir varðandi stöðu byggða og byggðarlaga. Fyrst og fremst verða menn að setja öryggi fólks í öndvegi og hafa það í huga út frá bestu þekkingu mála. Hitt er svo rétt að það má ekki ganga of langt í þeim efnum að skapa ugg og ótta fólks umfram efni. Það er jafnnauðsynlegt og sjálfur hef ég slegið varnagla varðandi þá stefnu sem kennd er við uppkaup húsa að þar hafi menn kannski verið helst til fljótir á sér að setja það fram áður en athuganir lægju fyrir um það við hvaða efni var að fást í því máli, hversu stórt málið var og hvaða kostir aðrir væru uppi.

Hins vegar er reynt að vega þetta og meta samkvæmt gildandi lögum eins og ákvæði eru um þar sem afgreidd hafa verið á Alþingi og það verður auðvitað að koma í ljós hvernig úr þeim málum verður unnið.

Í sambandi við framhald málsins er afar þýðingarmikið að sú nefnd sem vinnur á vegum stjórnvalda að því að fara yfir snjóflóðavarnir leggi alúð við störf sín og ég ætla nefndinni ekki annað en gera það. Við erum líklega að fá þriðja frv. á skömmum tíma sem varðar breytingu á lögum um snjóflóðavarnir og það er auðvitað ekki æskilegt að þurfa að vera að grípa inn í löggjöf með stuttu millibili. Fyrir þessu eru ákveðin rök og þess vegna er samstaða um að breyta lögunum eins og tillaga er um af hálfu umhvn. Heildarendurskoðun laganna er afar brýn og þýðingarmikil og ætlunin

eins og fram hefur komið að tillaga um það liggi fyrir í haust eða á haustþingi um það mál.

Þegar litið er á samsetningu nefndarinnar neita ég því ekki að mér finnst kannski að það skorti dálítið á að tryggð séu tengsl t.d. við þingið í sambandi við það. Ég vil af því tilefni hvetja hæstv. umhvrh. til þess að hafa samband við þingflokkana um málið með einhverjum hætti á mótunarstigi áður en kemur fullbúið frv. inn í þingið. Ég held að það væri skynsamlegt vegna þess hve stórt málið er og mikilvægt að rækta samstöðu meðal þingsins um úrlausnir en þessi tengsl eru ekki fyrir hendi innan nefndarinnar sem slíkrar. Þarna er um mjög stór álitaefni að ræða sem koma upp í umræðu núna af tilefni þessa frv. á mjög knöppum tíma, sem við höfðum til umráða til að ræða málið í nefndinni, en fengum þó nokkra viðmælendur á okkar fund.

Minnt er á nokkur álitaefni í nefndaráliti umhvn., þar á meðal spurninguna um kostnaðarhlut sveitarfélaga en eins og kemur fram í nefndaráliti barst mjög eindregið álit frá Sambandi ísl. sveitarfélaga að innihaldi til þess efnis að sveitarfélögin verði leyst undan því að taka beinan þátt í kostnaði vegna þessara mála að því er varðar stofnkostnað varnarvirkja og e.t.v. einnig viðhald. Segja má að hér sé vissulega um um prinsippmál að ræða en jafnframt mál sem tengist þessum efnum og afar þýðingarmikið að þar finnist eðlileg lausn í því efni. Ég held að það blasi alveg við að það skiptihlutfall sem þar liggur fyrir er a.m.k. mjög mörgum sveitarfélögunum ofviða sem í hlut eiga. Þarna þarf auðvitað að draga líka rökréttar línur og finna botn í málið.

Annað sem ég vil nefna í þessu sambandi er umhverfisþáttur þeirra varnarvirkja sem er ráðgert að reisa og koma til með að verða reist víða þar sem snjóflóðahætta er til staðar. Til þess þarf auðvitað að vanda þó að menn séu ekki að vefengja að ráðist verði í aðgerðir og mannvirki. Ég hefði talið skynsamlegt og beini því til hæstv. umhvrh. að meginregla um þau efni verði að umhverfismat fari fram, hugsanlega með einhverjum takmörkunum eðli samkvæmt vegna þess að menn eru væntanlega ekki að fjalla um umhverfismat í þeim tilgangi að útiloka varnarvirki heldur að leita leiða til að gera þau sem best úr garði með tilliti til umhverfissjónarmiða og skiptir auðvitað byggðarlögin sem í hlut eiga mjög miklu að vel takist til.

Í sambandi við umhverfismat og vinnu af því tagi koma oft mörg atriði upp á yfirborðið sem ella vilja gleymast sem nauðsynlegt er að taka tillit til, m.a. samræming á aðgerðum sem varða ýmsar stofnanir sem tengjast þessu máli ekki beint en verða knúnar til þess að koma fram með sjónarmið sín í slíku ferli sem umhverfismatið er og síðan hitt að reyna að gera þetta sem best úr garði. Lögum samkvæmt þarf að fara fram umhverfismat í ýmsum tilvikum vegna efnisnáms sem tengist slíkum varnarvirkjum. Það er eðlilegt að fella þetta í heild sinni undir ákvæði 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem er heimild fyrir ráðherra til þess að láta fara fram slíkt mat.

Ég vildi koma þeirri hvatningu í tilefni þessa máls á framfæri við hæstv. ráðherra og aðra sem eiga í hlut.

Umræðu frestað.

Þjóðminjalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (flutningur menningarverðmæta). — Þskj. 1018 (sbr. 524).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IP, ÍGP, LB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1036).

Sálfræðingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (stjórnskipuleg meðferð leyfisveitinga). — Þskj. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IP, ÍGP, LB, RG, SighB, SF, StG, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1037).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (yfirstjórn, málsmeðferð, tollskjöl). — Þskj. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, IP, ÍGP, LB, RG, SighB, SF, StG, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1038).

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 469. mál (nýting afla o.fl.). — Þskj. 1023.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IP, ÍGP, LB, RG, SighB, SF, StG, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1039).

Evrópusamningur um forsjá barna, frh. síðari umr.

Stjtill., 471. mál. — Þskj. 806, nál. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, HBl, IP, LB, RG, SighB, SF, StG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1040).

Fullgilding samnings gegn pyndingum, frh. síðari umr.

Stjtill., 475. mál. — Þskj. 811, nál. 938.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
11 þm. (GHall, GÁS, HBl, IP, LB, RG, SighB, StG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1041).

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, frh. síðari umr.

Stjtill., 491. mál. — Þskj. 850, nál. 939.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
11 þm. (GHall, GÁS, HBl, IP, LB, RG, SighB, StG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1042).

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 493. mál. — Þskj. 852, nál. 940.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 851, nál. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 510. mál (sérfæði). — Þskj. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 487. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 845, nál. 1029.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
16. dagskrármál var of seint fram komið. — Samþ. með 38 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Út af dagskrá voru tekin 2., 12.–14., 16.–17. og 20.–21. mál.

Fundi slitið kl. 14:53.

---

145. FUNDUR

miðvikudaginn 22. maí,
að loknum 144. fundi.

Dagskrá:

1. Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, stjfrv., 493. mál, þskj. 852. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, stjfrv., 492. mál, þskj. 851. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 487. mál, þskj. 845. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957, nál. 1030, brtt. 1031. — Frh. 2. umr.
6. Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, stjfrv., 376. mál, þskj. 664, nál. 898. — 2. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599, nál. 1007. — 2. umr.
8. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 527. mál, þskj. 1010. — Fyrri umr.
9. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 295. mál, þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995. — Frh. síðari umr.
10. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 363. mál, þskj. 632. — 1. umr.
11. Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, frv., 411. mál, þskj. 730. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Of skammt var liðið frá síðustu umræðu 1.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, 3. umr.

Stjfrv., 493. mál. — Þskj. 852.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, 3. umr.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 851.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 510. mál (sérfæði). — Þskj. 913. [14:55]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í hv. heilbr.- og trn. sem flytur þetta frv. hefur legið um nokkurra mánaða skeið frv. um það að heimilt verði við sérstakar aðstæður að fjármagna kaup á farsímum í öryrkjabíla. Farsímar eru orðinn sjálfsagður og viðurkenndur hluti af öryggisbúnaði þess fólks sem fær stuðning til að kaupa þessa bíla. Nokkrir aðilar sem hafa sótt um þessi lán til Tryggingastofnunar ríkisins hafa greint mér frá því að þeir hafi fengið synjun á beiðni við þessum stuðningi þar sem ekki sé til þess lagaheimild. Þess vegna flutti ég þetta frv. fyrir nokkrum mánuðum og það hefur legið lengi fyrir nefndinni. Mér finnst það nokkuð athyglisvert að nefndin skuli afgreiða þennan hluta málsins án þess að geta þess

hvernig þessi þáttur hefur verið afgreiddur í nefndinni sem ég nefni hér sérstaklega. Ég vil spyrja hv. talsmann nefndarinnar frá því áðan, sem ég hygg að hafi verið hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, hverju það sætir að þetta mál hefur ekki verið afgreitt og hvort um það er ágreiningur vegna þess að ég hlýt að áskilja mér rétt til að flytja breytingartillögu við frv. við 3. umr. og láta á það reyna hvort hægt er að koma jafnsjálfsögðum og einföldum hlut í gegnum þingið eins og þessu litla máli sem ég lagði fyrir í frumvarpsformi fyrir nokkrum mánuðum.

[14:57]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að taka þetta mál fyrir í nefndinni og mun ég biðja hv. formann að gera það á næsta fundi. Að vísu skilst mér að farsímar séu túlkaðir sem hjálpartæki og það gildi mismunandi reglur um heimildir til þess að afgreiða slík tæki. Það gæti verið tekjutengt eða eitthvað slíkt. Ég get ekki útskýrt það nánar í stuttu máli.

[14:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Er hv. þm. að segja mér að þetta mál hafi ekki verið tekið fyrir í nefndinni? Það finnst mér mjög sérkennilegt. Hvaða reglur gilda um það hvaða mál eru tekin fyrir í nefndum? Þetta mál hefur legið fyrir í marga mánuði. Það er mjög sérkennilegt ef þetta mál hefur ekki verið tekið fyrir og ég endurtek það að ég áskil mér rétt til að flytja við 3. umr. breytingartillögu um þetta litla mál. Ég er sannfærður um að meiri hluti þingheims þó að menn skiptist yfirleitt í stjórn og stjórnarandstöðu, mun samþykkja þetta litla leiðréttingarmál á tryggingalögunum.

[14:58]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Við höfum verið að bera okkur saman tveir aðilar úr heilbr.- og trn. Við munum ekki eftir því að frv. hv. þm. hafi verið tekið fyrir enn þá. En ég mun beina því til formanns ef það er rétt, að það verði tekið fyrir en vísa til þessara útskýringa sem ég var með áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnþróunarsjóður, 3. umr.

Stjfrv., 487. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 845.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 493. mál. — Þskj. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, StG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1043).

Samningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, StG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1044).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 510. mál (sérfæði). — Þskj. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 487. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, StG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1045).

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (forvarnagjald, lántökur). — Þskj. 957, nál. 1030, brtt. 1031.

[15:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér erum við að ræða um ákaflega viðkvæmt mál og erfitt þar sem það tengist þeim miklu áföllum sem Vestfirðingar urðu fyrir á síðasta vetri. Ég held að það sé einhugur um að það eigi að bæta mönnum það fjárhagslega tjón sem varð. En það er gert með skattahækkun. Þetta er ferli sem við sjáum mjög oft. Það þarf að leysa einhver góð og brýn mál og þá er gripið til þess ráðs að hækka skatta.

Í þetta sinn á að hækka skatta á allt íbúðarhúsnæði í landinu um 400 millj. kr. á ári. Þetta er til viðmiðunar helmingurinn af þeim skatti sem ætlað er að ná inn með fjármagnstekjuskattinum. Bara til að menn sjái stærðargráðuna. Þetta eru um 2.000 kr. á hverja 10 millj. kr. íbúð og kemur til viðbótar alls konar öðrum sköttum og álögum sem hafa verið lagðar á þessar íbúðir. Ég benti á það við 1. umr. að þetta væri ákaflega vafasamt ferli vegna þess að það tekst aldrei aftur að lækka þessa skatta. Þeir eru sífellt hækkaðir og hækkaðir og þetta er að valda mikilli áþján á landslýð.

Ég heyri mjög mikið kvartað undan sköttum og alls konar gjöldum á húseigendur og launamenn yfirleitt. Ég vara við því að taka enn einu sinni upp slíka aðferð í stað þess að leita að málum þar sem hægt er að spara í útgjöldum ríkissjóðs, einhverjum málum þar sem ekki er lengur þörf á að tryggja eða hugsanlega er verið að oftryggja.

Ég sé í þessu máli ákveðna hættu. Í fyrsta lagi á ofanflóðasjóður að greiða 90% af þeim kostnaði sem til fellur við varnir eigna og sveitarfélagið á að borga 10%. Ég spyr: Hversu mikinn hag hefur sveitarfélagið af þeim framkvæmdum sem verða í plássinu? Það fær útsvar og skatta af fyrirtækjum og einstaklingum sem fá vinnu við þessar framkvæmdir og ég hygg að það muni fá fullt upp í þessi 10% sem það greiðir og jafnvel meira. Þetta þarf að skoða því annars kemur hvati fyrir sveitarfélögin til að fara að framkvæma forvarnir sem kannski er ekki alveg þörf á.

Síðan er það svo að eigendum fasteigna sem er verið að verja er ekki ætlað að borga neitt fyrir það að verja sínar eignir á meðan öðrum er þó alla vega gert að borga iðgjald af alls konar tryggingum sem þeir taka til að verja sínar eignir. Þetta finnst mér líka vera nokkuð óeðlilegt.

Við erum að byrja að sjá þann hluta ísjakans sem leynist undir yfirborðinu. Við erum að byrja að sjá hann á Vestfjörðum þar sem menn hafa metið kostnaðinn allt upp í einn og hálfan milljarð í fyrstu atrennu. Síðan vantar Siglufjörð og Neskaupstað þar sem eru ómældar fjárhæðir. Hæstv. ráðherra gat þess í framsögu að kostnaður gæti verið 5–10 milljarðar í heildina. Hann var þó ekki kominn að Selfossi en þar er nefnilega áhætta vegna jarðskjálfta sem er nokkuð fyrirsjáanlegri að því að talið er en áhættan af snjóflóðunum. Ég spyr: Hvert ætla menn að flytja Selfoss? Og hvað kostar það?

Hér er um að ræða mjög stórt mál og ég vil að menn sjái strax hvert stefnir og hvað mikið er hægt að bæta en ekki þannig að það sé byrjað að bæta mjög rausnarlega og myndarlega en síðan þegar vandinn kemur í ljós og málið verður skoðað í heild sinni þá verði reyndin sú að ekki er hægt að bæta. Það er mjög nauðsynlegt að það sé bætt strax eins og menn sjá fyrir sér að bæta allt dæmið.

Það er annað í sambandi við þessar forvarnir sem ætlað er að fara út í á Vestfjörðum að þar virðast öryggiskröfur vera mjög miklar. Mér skilst að þær séu með mesta móti. Spurningin er hvort þjóð sem býr við jafnhættulegt umhverfi og Íslendingar geti sett svona háar öryggiskröfur. Við búum við jarðskjálftahættu og eldgosahættu. Við búum við snjóflóðahættu o.s.frv. Við höfum lifað í þessu landi í þúsund ár við þessa hættu án þess að vera tryggðir sem er svo sem ekkert til eftirbreytni.

Ég vil benda mönnum á að hér er verið að fara út í mjög stórt dæmi og það á að gera enn einu sinni með skattálögum á almenning. Við erum alltaf í öðru orðinu að tala um samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og Íslands á alþjóðlegum vettvangi en inn í það koma að sjálfsögðu allir þeir skattar og kvaðir sem eru á einstaklingum og fyrirtækjum. Þannig að ef við ekki kunnum okkur hóf í skattlagningunni þá munum við stuðla að lægri launum og atvinnuleysi og fólksflótta. Menn þurfa að sjálfsögðu að finna hinn gullna meðalveg í skattheimtunni og menn þurfa að skoða í hverju einstöku máli hvað þarf að bæta, hvað menn ætla að bæta og hvað er sanngjarnt að bæta.

Mér finnst t.d. ekki óeðlilegt að ef það er verið að verja eign einhvers einstaklings eða fyrirtækis að sá sem eignina á taki einhvern lítinn þátt í því að verja hana. Það finnst mér ekki óeðlilegt. Það mun auk þess gera menn kannski kröfuharðari eða það minnkar þá eftirspurnin eftir því að það verði farið að verja. Svo hafa menn að sjálfsögðu verið að tala líka um umhverfisspillingu sem verður af þessum feiknalegu mannvirkjum sem á að byggja og eru nánast skemmd á umhverfinu eins og málið hefur verið dregið upp. En það er svo sem önnur saga.

Ég vil eindregið benda á þessa miklu skattheimtu sem á að fara út í og ég lýsi því yfir að ég get ekki staðið að því að samþykkja slíka skattheimtu án þess að það sé séð fyrir endann á öllu dæminu, hvað það muni kosta og hvort það sé nauðsynlegt að hafa svona miklar öryggiskröfur.

[15:10]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vekja athygli þegar sjónarmið af þeim toga koma fram sem hér voru túlkuð, m.a. þegar um stuðningsmann ríkisstjórnar er að ræða, en það er ríkisstjórnin sem ber málið fram. Ég hef auðvitað margt við þennan málflutning að athuga. Mér finnst að það skorti þá samkennd og þann samhjálparanda sem þarf að vera þegar aðstæður skapast eins og þær sem nú blasa við. Við getum auðvitað litið til baka og kennt okkur um að hafa ekki vaknað fyrr til vitundar um þá vá sem snjóflóðin eru sérstaklega. Ekki ætla ég að hafa á móti því að menn leiti leiða til sparnaðar á öðrum sviðum ef það eru skynsamlegar tillögur. En ég vil andmæla nokkrum staðhæfingum hjá hv. síðasta ræðumanni. Hann lét að því liggja að framkvæmdir

til snjóflóðavarna gætu orðið meiri en þörf væri á vegna þess að sveitarfélögin fyndu sérstakan hvata vegna aukinna tekna. Þetta er alger fjarstæða. Það er alger fjarstæða að ímynda sér að menn fari að gera það nánast í fjáröflunarskyni að byggja snjóflóðavarnir. Auk þess verður í mörgum tilvikum um útboð að ræða og sjálfsagt í flestum tilvikum um að ræða sérhæfða vinnu sem reynir á útboð og það eru aðilar utan sveitarfélags. Eins það viðhorf að ætla eigendum viðkomandi fasteigna sem hafa verið svo óheppnir að fá úthlutað lóðum á svæðum sem síðan kemur í ljós að eru hættusvæði, hafa byggt í góðri trú samkvæmt skipulagi, að ætla þeim að bera viðbótariðgjöld finnst mér satt að segja ósanngjarnt og það er mjög langt seilst í röksemdafærslu af þessu tagi. Ég tel að hér sé brugðist eðlilega við í öllum aðalatriðum. Auðvitað þurfa menn að meta þetta í ljósi reynslu og fylgjast glöggt með framvindu mála og draga að fyllstu þekkingu í þessum málum. En ég tel skynsamlegt að reyna þá leið sem víðast að reisa varnarvirki til að verja byggð áður en farið er í að kaupa upp fasteignir í stórum stíl og ég met þá stefnu sem fram hefur komið af ríkisstjórnarinnar hálfu í þessum málum og sem góð samstaða hefur verið um í þinginu.

[15:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að veita andsvar við ræðu Hjörleifs Guttormssonar, hv. 4. þm. Austurl., en það fór fram hjá forseta þannig að ég ætla í fáum orðum að fjalla lítillega um það sem hv. þm. ræddi um eftir mína stuttu ræðu. Eins og hv. þm. sagði þá telur hann reyndar eins og ég og ég held allir aðrir, að öryggi íbúanna í viðkomandi byggðarlögum þurfi ávallt að vera tryggt. Ég taldi mig nú hafa tekið það fram, en að sjálfsögðu er það efst í huga allra þegar um slíkar varnir og aðgerðir er að ræða.

Mjög margt kemur upp í hugann þegar verið er að tala um svæði sem sumir hafa talið hættulaus. Þeir sem lengra muna, muna að þarna var einhvern tímann hætta en heimamenn hafa því miður ekki reynst óbrigðulir hvað þetta varðar. Þeir hafa teygt byggðir inn á hættusvæði þrátt fyrir að ritaðar heimildir hafi verið til um þau. Ég veit að slíkt hefur gerst því miður. Eigi að síður þá er samt núna að mér sýnist varðandi það byggðarlag sem ég talaði sérstaklega um, þ.e. Hnífsdal, verið að setja byggð svæði undir hættusvæði sem sannanlega hafa aldrei verið talin í hættu fyrir snjóflóðum. Þennan veg milli öryggis íbúanna og verndar byggðanna verður náttúrlega að reyna að feta þannig að sæmileg sátt ríki. En það er ljóst að í mörgum tilfellum eftir því sem mér sýnist varðandi það dæmi sem ég hef tekið hafa tilfinningarnar verið látnar ráða því hvernig farið var með þessi öryggismál. Það hef ég eftir íbúum sem búnir eru að eiga heima þarna áratugum saman. Ég tel því að í þessu tilfelli sé full ástæða til að skoða málið frekar.

Ég vil ítreka að varðandi margt af því sem hefur gerst hjá okkur og valdið hefur stóralvarlegum slysum og tjóni hafa verið til heimildir sem hefðu átt að vera mönnum til viðvörunar. Ég skora á menn að skoða enn frekar ritaðar heimildir sem varða snjóflóð í aldagömlum byggðarlögum. Með því að skoða þessar rituðu heimildir komast menn að hinu sanna. Í þessu tilfelli tel ég að það sé nauðsynlegt og þegar kemur að byggðasvæðum sem sannanlega eru í snjóflóðahættu eins og gildir um ákveðin byggðasvæði í Hnífsdal þá er hægt að beita vörnum sem gætu dugað. Þar hefur ekki verið farið inn á neinar aðrar aðgerðir en að kaupa upp hús. Þau svæði sem ekki eru keypt upp eru síðan undir snjóflóðasvæði eða hættusvæði II eins og kallað er. Önnur hús sem eru þar fyrir utan, restin af húsunum, eru innan hættusvæðis III. Ég held að því miður sé búið að sá í þessu tilfelli gríðarlega miklum ótta sem er ástæðulaus að mati þeirra heimamanna sem lengst hafa búið þar.

Með alls konar leiðigörðum sem hafa nú verið skoðaðir og reyndir víða um heim er hægt að beina snjóflóðum frá sannanlegum hættusvæðum þannig að þau beinist lengra frá byggðinni en í dag. Það er þá spurning með þau svæði sem þegar hafa verið keypt upp hvort gera megi tilraunir í hlíðunum þannig að einhvern tíma síðar gætu menn sagt með vissu að búið sé að verja svæðið og þar megi byggja aftur.

[15:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla alls ekki að ræða þetta mál út frá staðháttum í Hnífsdal. Ég hef of litla staðarþekkingu eða þekkingu á snjóflóðasögu þess staðar til að segja neitt um það. Ég vil hins vegar gera athugasemd við þá staðhæfingu hv. ræðumanns að það megi með nokkuð tryggum hætti fá vitneskju um snjóflóð liðinnar tíðar, ég veit ekki hversu langt aftur ræðumaður hafði í huga, út frá rituðum heimildum. Það er mikið traust sett á ritaðar heimildir. Ég hef allt aðra sögu að segja um þetta þar sem ég þekki til, t.d. á Austfjörðum. Þar eru ritaðar heimildir mjög gloppóttar. Þær ná kannski aftur á síðari hluta fyrri aldar, þ.e. til snjóflóðanna á níunda tug nítjándu aldar. Þar hafa menn upplýsingar bæði frá Norðfirði og Seyðisfirði um þessi efni. En lengra til baka voru þarna náttúrlega bara einstök bændabýli og þéttbýli ekki farið að skapast. Lengra ná heimildirnar ekki. Ég held að það sé mjög eðlilegt að menn reyni að nýta allar upplýsingar í rituðu máli en dragi einnig að mat á landfræðilegum aðstæðum og þá þekkingu sem sérfróðir aðilar hafa á þessum málum hvar hættuástand geti skapast. Við verðum að hafa í huga að það er ekkert endanlegt svar um snjóflóðahættu þó ekki hafi fallið snjóflóð niður undir sjávarmál í tvö hundruð ár. Það er ekkert endanlegt svar. Það segir okkur aðeins að það skeður sjaldan. En það er hægt að komast nær hinu sanna með því að athuga landslagið og meta aðstæður.

Hins vegar vil ég að svo miklu leyti taka undir svona aðvaranir hv. þm. að yfirdrífa ekki hættu. Það er auðvitað jafnnauðsynlegt. Menn verða að hafa þar hina bestu þekkingu til að ganga út frá og draga hana að.

[15:21]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fellst á það með hv. þm. að ritaðar heimildir eru að sjálfsögðu ekki svo fullnægjandi að það hægt sé að treysta einvörðungu á þær. En auðvitað þarf að skrá niður þá reynslu sem elstu íbúar á viðkomandi svæðum muna eða annarra sem vel til þekkja. Slíkt má ekki glatast.

En það sem ég hafði kannski frekar í huga var að t.d. eru til ritaðar heimildir í Jarðabók Árna Magnússonar sem m.a. komu fram í umræðu um hið hörmulega slys í Súðavík. Þar er sagt frá því að snjóflóð hafi fallið á svipuðum slóðum á fjárhús en þar er um mjög gamla ritaða heimild að ræða sem ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir að er til.

Ég geri mér líka grein fyrir því, herra forseti, að þótt ekki séu til heimildir fyrir einhverjum ákveðnum aðstæðum sem gætu kannski skapast á 500 ára fresti eða jafnvel fleiri þúsund ára fresti verður aldrei hægt að tryggja slíkt. Og á

meðan við eigum heima á landi sem Íslandi verðum við aldrei svo tryggðir að við getum sagt fyrir um alla hluti eða þær náttúruhamfarir sem menn hafa þurft að lifa við í þessu landi frá upphafi byggðar. En í grófum dráttum held ég að við hv. þm. séum sammála um þetta mál, herra forseti. Ég vona bara að það verði farið ítarlegar yfir þetta og hv. umhvrh. taki tillit til þessarar umræðu.

[15:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allar ritaðar heimildir sem snerta svona mál á að draga að. Það á að kemba rit eins og bækur Árna Magnússonar og Bjarna Pálssonar, jarðabækurnar, í von um að þar kunni eitthvað að leynast. Einnig dagbækur sem hægt er að fá aðgang að frá einstaklingum fyrr og síðar sem eru varðveittar. Um þetta þarf ekki að deila. Ég fór ofan í snjóflóðasögu minnar heimabyggðar eftir 1974 á vegum bæjaryfirvalda og reyndi að draga fram vitneskju bæði munnlega og ritaða varðandi þau efni. Þá komst maður auðvitað að því að menn vissu eitt og annað. En mín niðurstaða úr því öllu saman svona eftir á er sú að yfir snjóflóð sem ekki hafa skemmt mannvirki fennir í minni manna nánast á stundinni. Á meðan menn voru ekki meira vakandi almennt fyrir þessum málum og skráðu þau beinlínis niður höfðu slík snjóflóð einfaldlega ekki fallið. Menn átta sig almennt ekki á þeim ógnarkröftum sem þarna eru á ferðinni og eru ekki að halda því til haga þó það hafi komið snjóflóð yfir óbyggt landsvæði sem ekki hefur valdið neinum skaða. Þannig er ekki hægt að treysta minni manna um þau efni einu sinni, þar verður að draga inn fleiri forsendur. Þetta held ég að við þurfum að hafa í huga. Hins vegar tek ég skýrt fram að ég vil síst af öllu gera of mikið úr þeirri hættu sem hér er um að ræða. Og það er mjög langt frá því að öllum byggðum undir fjallshlíðum fylgi snjóflóðahætta almennt séð. Það eru sérstakar aðstæður í landslagi sem framkalla hana sem menn þurfa að fara yfir og meta. Svæði sem standa hlið við hlið undir sama fjalli geta verið í mjög mismunandi aðstöðu hvað þetta snertir. Þetta þurfa menn að greina eftir bestu getu.

[15:25]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. umhvn. fyrir hversu fljótt og vel hún hefur unnið að þessu máli. Um málið er samstaða í nefndinni eins og fram kemur í nál. Ég vil líka þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um málið af hálfu nokkurra hv. þm. og vil fullvissa þá um að þær athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið verða að sjálfsögðu skoðaðar í þeirri vinnu sem fram undan er á vegum umhvrn. með aðstoð annarra sem nauðsynlegt er að kalla að þeirri vinnu. Ég minni á að í gildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem við erum hér að fjalla um breytingar á eru ákvæði um að það skuli endurskoða þessi lög á árinu 1996 og frv. skal leggja fram á hinu háa Alþingi eigi síðar en í desember 1996, eins og segir í lögunum. Ég vona sannarlega að það geti orðið fyrr því ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram bæði við 1. umr. og þessa umræðu nú að það er slæmt að þurfa að vera að margbreyta þessum lögum og búa hvorki við vissu né festu í þessum efnum. Menn verða að reyna að koma málunum fram í tíma en ekki bíða þar til í óefni er komið. Þingið hefur knappan tíma til að vinna að málinu sem er bæði viðkvæmt og mikilvægt eins og hér hefur komið fram í umræðum manna. Það er líka nauðsynlegt að þannig sé haldið á málum þegar um vandasamt og viðkvæmt mál er að ræða eins og þetta hér að skapa ekki óþarfa ótta meðal íbúa byggðarlaga sem kunna að vera í hættu. Menn verða að vanda allan undirbúning mála hvort heldur sem um er að ræða rýmingaráætlanir, útreikning á hættusvæðum eða útreikning á áætlanagerðum um varnarvirki og kalla til þess hæfustu menn. Ég minni á að við höfum m.a. leitað aðstoðar og þekkingar erlendis í þessu sambandi. Þótt við eigum marga færa verkfræðinga og tæknimenn og kunnáttumenn á þessum sviðum, veðurfræðinga, jarðfræðinga og aðra sem að þessu koma, veitir okkur ekki af að læra líka af reynslu annarra. Við höfum leitað bæði til Norðmanna, Svisslendinga, Frakka og fleiri þjóða í því efni.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, hæstv. forseti, eða tefja umræðuna. Ég ætla þó að víkja aðeins að örfáum atriðum sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Ég læt mér nægja það sem ég hef þegar sagt varðandi þau orð hv. 10. þm. Reykn., að fara þurfi varlega í þessu efni og vanda vinnuna. Vegna þeirrar umræðu sem spannst hér núna í andsvörum vil ég bæta því við að auðvitað verður að leita allra upplýsinga og það hefur þegar verið gert. Það hefur verið farið ofan í gamlar heimildir ritaðar og það hefur verið rætt við aldraða íbúa byggðarlaga til þess að afla þeirrar þekkingar sem þeir kunna að búa yfir og dregnar fram allar hugsanlegar upplýsingar. Vafalaust þarf að gera enn betur í því efni en þar að auki þurfum við að sjálfsögðu að nýta þá tækniþekkingu sem afla má frá okkar færustu sérfræðingum. Allt þetta þarf síðan að leggja saman til að við getum vandað sem best til þessa vandasama verks.

Hv. 4. þm. Austurl. nefndi m.a. nokkur atriði sem getið er um í nál. sem hér liggur fyrir frá hv. umhvn. Til dæmis að huga þurfi sérstaklega að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna. Ég tek undir það með honum að eðlilegt er að það verði gert við þessa endurskoðun sem fram undan er og verður unnin í sumar og fram á haustið. Það hafa þegar komið fram athugasemdir frá einstökum sveitarfélögum um erfiðleika þeirra við að standa við það sem lögin nú gera ráð fyrir, þ.e. að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði bæði við uppkaup eigna og eins við gerð varnarvirkja. Þetta er sjálfsagt að skoða. Ég veit að sveitarfélögin sem um ræðir eru misjafnlega í stakk búinn til að takast á við háar fjárhæðir. 10% af varnarvirkjum sem kosta kannski 200–400 millj. kr. eru há tala fyrir lítil sveitarfélög sem ekki hafa burðugan fjárhag. Mín skoðun er þó sú að sveitarfélögunum beri að hafa nokkra ábyrgð í þessu efni og það þarf þá að leita leiða til að finna hvernig skuli að því standa að þau hafi nokkra ábyrgð. Eins og lögin hljóða nú er sveitarfélögunum ætlað að hafa frumkvæði í málum. Ég leyfi mér að vitna til 7. gr. laganna, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Sveitarstjórn lætur, að fengnu samþykki nefndar skv. 8. gr., gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa eða flytja húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum."

Það var hér vísað í 8. gr. og ég leyfi mér aðeins að grípa niður í 8. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tillaga sveitarstjórnar skv. 7. gr. ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skal lögð fyrir þriggja manna nefnd, skipaða fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og

Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fallist nefndin á tillöguna öðlast sú ákvörðun gildi að fenginni staðfestingu umhverfisráðherra."

Þetta nefni ég nú bara til að undirstrika að lögin gera ráð fyrir að sveitarfélögin hafi ákveðið frumkvæði og ákveðna ábyrgð og skyldur í þessu efni og ég tel að svo eigi að vera áfram. Þá er ekki heldur óeðlilegt að sveitarfélögin taki á einhvern hátt þátt í kostnaði. Ég tek að öðru leyti undir það sem komið hefur fram hjá hv. þm., sérstaklega hv. 4. þm. Austurl., og síðan auðvitað líka í nál., að þetta mál verði skoðað ítarlega við þessa vinnu. Hugsanlegt er að miða við annaðhvort efnahag sveitarfélaganna, við íbúafjölda eða eitthvað slíkt, þegar hlutfall er valið. Þessu slæ ég nú fram án þess að það sé tillaga af minni hálfu á þessu stigi en lít svo á að þessi mál þurfi öll að fara yfir þegar málin koma til þessarar umræddu endurskoðunar.

Hv. 4. þm. Austurl. nefndi líka umhverfismatið. Vissulega getur hér verið um að ræða miklar framkvæmdir sem vissulega breyta umhverfinu, breyta því landslagi sem verið er að vinna á og má t.d. nefna fyrirhugaðar framkvæmdir við Flateyri sem eru gríðarlega miklir varnargarðar, mjög umfangsmiklir, bæði langir og háir þannig að þeir breyta umhverfinu. Hins vegar varð það niðurstaða umhvrh. eða okkar í ráðuneytinu við umfjöllun um málið að brýnt væri að hraða undirbúningnum til að geta hafið framkvæmdir við þennan garð á sumri komanda og að hér væri um svo stórt öryggismál að ræða að við yrðum að leggja áherslu á að öryggismál yrðu látin sitja í fyrirrúmi við þá vinnu sem unnin er af verkfræðistofunni og þeim aðilum sem unnu að hönnun og undirbúningi varnarvirkja sem þar er fyrirhugað að ráðast í. Ég hef hins vegar hlýtt á þessar athugasemdir hv. þm. og vissulega getur þetta verið álitamál. Við erum þá ekki að tala um það eins og hann réttilega benti á að umhverfismat eigi að fjalla um öryggismálin. Þau eru útreiknuð af öðrum aðilum. En það geta verið þarna aðrir þættir inni sem þarf að skoða ítarlega og það þarf að velta því fyrir sér hvernig þessi varnarvirki geta hugsanlega litið út þegar þau hafa verið reist. Það þarf að hafa áhrif á það eða koma með athugasemdir sem gætu komið fram í umhverfismati og aðrir þeir þættir sem þar er að öðru leyti fjallað um. Ég hef hlýtt á þessar athugasemdir og finnst sjálfsagt að taka þær til frekari skoðunar.

Hv. þm. nefndi líka það að hafa samráð við þingið í þeirri endurskoðun sem fyrirhuguð er til þess að áfram geti verið gott samstarf í þinginu eins og verið hefur alla jafnan um þá lagasetningu sem við höfum nú farið í gegnum aftur og aftur á undanförnum missirum. Að það verði áfram gott samkomulag í þinginu varðandi það og þau vandasömu verk sem fram undan eru eins og að takast á við tímasetningu og forgangsröðun verkefna og að ákveða tímaáætlun fyrir þau mannvirki sem ákveðið verður að ráðast í, að þá sé nauðsynlegt að hafa gott samstarf við þingið. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því og fellst á þá ábendingu.

Að lokum, hæstv. forseti, örfá orð um athugasemdir hv. 16. þm. Reykv., þar sem hann fjallar um skattálögur. Það er rétt að hér er lögð til viðbótargjaldheimta til að standa undir þessum mikla kostnaði sem fram undan er varðandi gerð varnarvirkjanna sem ég tel alveg óhjákvæmilegt að gera, nauðsynlegt að ráðast í. Og það er nauðsynlegt að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins. Vil ég nú aftur ítreka það sem ég þó gerði held ég við 1. umr. um málið að kostnaðarhugmyndum er hér slegið fram af minni hálfu mjög gróft og auðvitað ekki með útreikninga eða áætlanir á bak við heldur aðeins af þeirri tilfinningu sem ég hef og þeir ráðuneytismenn sem hafa unnið að málinu eftir það sem yfir okkur hefur dunið og það sem við höfum þegar horfst í augu við, en þarna kunna að vera á döfinni framkvæmdir sem geta skipt milljörðum kr. Ég vil þó aftur setja fram alla fyrirvara í sambandi við þessa tölu en ljóst er að þetta munu verða mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. Það þarf að styrkja sjóðinn til að geta staðið undir þeim þó það yrði gert með lántökum til að hraða framkvæmdum en síðan endurgreiðast á lengri tíma með tekjuöflun þeirri sem sjóðnum verður vonandi tryggð með því að þetta frv. verði lögfest. Ég vil minna á það sem ég held að hafi komið fram að það er að hefjast endurskoðun á lögum um Viðlagatryggingu af hálfu viðskrn. Þar þarf líka að fara yfir tekjustofna Viðlagatryggingar og endurmeta hvað Viðlagatrygging á að leggja mikið fé til ofanflóðasjóðsins og síðan hugsanlega hvort varnarvirki sem byggð verða munu ekki geta haft áhrif á áhættumat eða áhættuspá Viðlagatryggingar þannig að hugsanlegt sé að lækka tryggingariðgjaldið til hennar á móti. En þetta er mál sem verður auðvitað að skoða líka í tengslum við vinnuna sem fram undan er varðandi endurskoðun á lögunum og þá er hugsanlegt að eitthvað megi draga úr skattheimtunni á því sviði á móti því sem hér er lagt til að ofanflóðasjóður fái.

[15:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi varðandi kostnaðarþátttöku sveitarfélaga þá bárust til umhvn. tvö erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hið fyrra dagsett 2. maí 1996 en hið síðara 21. maí 1996. Bæði eru mjög eindregin að því er varðar það atriði að létta beri beina kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í gerð varnarvirkja og kostnaði vegna þeirra aðgerða sem lög gera ráð fyrir að ráðist verði í til varnar öryggis gegn snjóflóðum. Þetta er mjög eindregið og um þetta hlýtur að verða umræða. Það kemur jafnframt fram það álit að ef menn bera fyrir sig að þetta sé frumkvæðisatriði sveitarfélaganna þá komi til greina af þeirra hálfu að aflétta eða afsala sér því frumkvæði. Ég ætla ekki að fara út í þetta hér. Það er ekki tími til þess. En þetta eru mjög eindregin sjónarmið sem koma þarna fram og hlýtur að þurfa að meta.

Í öðru lagi vildi ég ítreka hvatningu mína til hæstv. ráðherra um að fella framkvæmdir við snjóflóðavarnir undir mat á umhverfisáhrifum. Það eru ýmis rök fyrir því. Ef af tímanlegum ástæðum ekki er talin ástæða til þess að því er varðar Flateyri þá verður ráðuneytið að meta hvort þar er gerð undantekning af þeim sökum, en það á ekki að leiða til þess að í framtíðinni verði þetta undanþegið.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna er sú spurning sem uppi er varðandi atvinnuhúsnæði annars vegar og hins vegar og íbúðarhúsnæði hins vegar sem mér finnst ekki hafa legið skýrt fyrir, en upplýsingar hafa nú borist um og ég hefði sjálfsagt átt að vita það frá umræðum um málið. En það hafði farið fram hjá mér þar til vitneskja kom um það inn í umhvn. að atvinnuhúsnæði væri í rauninni alveg utan við þær aðgerðir sem nú er verið að ræða um að því er varðar öryggisráðstafanir í formi varnarvirkja.

[15:41]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er aðeins út af þessum þremur athugasemdum sem komu frá hv. 4. þm. Austurl. Mér er

kunnugt um, eins og ég nefndi, þær athugasemdir sem komið hafa frá bæði einstökum sveitarfélögum og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku sveitarfélaganna í kostnaði við varnarvirkin. Ég ætla ekki að bæta við það sem ég sagði áðan. Mér finnst sjálfsagt að taka þetta mál til ítarlegrar umfjöllunar og skoðunar og velta fyrir sér fyrst hvort þátttaka sveitarfélaganna á að vera einhver. Mín skoðun er sú að hún eigi að vera einhver og að sveitarfélögin eigi að hafa þarna ákveðið frumkvæði eða ábyrgð en auðvitað tökum við umræðu um það mál. Hitt er vandasamara ef menn binda sig ekki við ákveðið hlutfall eða ákveðna prósentu í því efni, hver hin nýja prósenta eigi þá hugsanlega að vera eða kostnaðarhlutfallið eða hlutdeildin ef menn leita einhverra annarra leiða í því efni.

Í öðru lagi með umhverfismatið þá var það svo með Flateyrarmálið að við töldum nauðsynlegt að hraða þeim undirbúning svo sem kostur væri af því að það var greinilega það sem komið var lengst og það sem hægt væri að bjóða út fljótlega og hefja framkvæmdir við. Ég minni þá á það, af því að það kom aðeins fram áðan, hvernig á að standa að framkvæmdunum um kostnaðinn og hugsanlega tekjur sveitarfélaga af honum, að það er auðvitað gert ráð fyrir að framkvæmdir fari eftir lögum um opinberar framkvæmdir, en það þýðir útboð á varnarmannvirkjunum. Til að stytta mál mitt vil ég bara lýsa því að ég er sammála þeim athugasemdum sem komu fram hjá hv. 4. þm. Austurl. í andsvari áðan hvað það mál varðar, út af öðru. En ég segi aftur að ég er tilbúinn til að skoða nánar hvernig staðið verður að umhverfismati á þeim varnarvirkjum sem síðar verður lagt upp með.

Í þriðja lagi og að lokum því nú er tíminn alveg að hlaupa frá mér, hæstv. forseti, varðandi íbúðarhúsnæðið og atvinnuhúsnæðið. Þegar ég ég tók við þessum málaflokki eða þegar málið var flutt til umhvrn. formlega með lagabreytingunni í lok seinasta árs þá var það í febrúarbyrjun að ég fór með málið fyrir ríkisstjórn til að fá það staðfest af hálfu ríkisstjórnarinnar hver hefði verið skilningur þeirra sem áður höfðu meðhöndlað málið og að undirbúningur að bótum og öðru hefði verið byggður á þeirri forsendu að fyrst og fremst ætti að hugsa um íbúðarhúsnæði og aðaláherslu skyldi leggja á varnarmannvirki vegna íbúðarbyggða, hitt yrði þá að vera númer tvö á dagskránni. Ég fékk það staðfest og er hér með afrit úr fundargerðabók ríkisstjórnarinnar að það væri réttur skilningur minn að þannig hefðu þeir að málinu staðið sem áður höfðu sýslað með þetta.

[15:44]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þetta síðasta atriði sem hæstv. ráðherra vék að, þ.e. atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði, þá ætla ég ekkert að deila um það hvað ákveðið hafði verið á sínum tíma. En ég tel mjög brýnt að það verði farið yfir þau efni einnig með tilliti til þess að það sé samfella í mati á nauðsynlegum aðgerðum og að staða atvinnuhúsnæðis verði ekki látin bara liggja til hliðar vegna þess að þetta tengist auðvitað öryggi íbúanna hvort sem það er í svefnstað eða við vinnu. Það tengist náið saman. Ef menn undanskilja atvinnuhúsnæði sem er á hættusvæði þá gerir það náttúrlega enn meiri kröfur að því er varðar öryggismat, vöktun og rýmingu ef hættuástand skapast eða einhver hætta kann að vera á ferðum, fyrir utan svo hin efnislegu verðmæti sem þarna eru í húfi. Ég óska eindregið eftir því að farið verði yfir þessi efni í þeirri endurskoðun mála sem nú er unnið að vegna þess að ekki er hægt að skipta þessu einfaldlega í tvö hólf og geyma hitt til einhverrar lengri framtíðar.

Auðvitað skiptir máli varðandi framkvæmd umhverfismatsins hver er hugur heimaaðila almennt til málsins að því er varðar ákvörðun hæstv. ráðherra að undanþiggja þetta. Hins vegar hef ég afrit af erindi sem hæstv. ráðherra hefur borist frá einum tilteknum aðila sem hefur verulegar áhyggjur af þessu, bréf frá Önundi Ásgeirssyni frá 8. maí 1996 sem hefur einnig komið því á framfæri við umhvn. Ég held að það sé tvímælalaust farsælt að setja mat á umhverfisáhrifum í farveginn, einnig vegna þeirra upplýsinga sem berast með því til íbúanna hvað sé í vændum. Svo geta verið markatilvik út frá þessum sjónarhóli hvort eigi að fara í framkvæmdina eða ekki.

[15:46]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af þessu með íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Það er vissulega svo að í lögum er ekki kveðið skýrt á um þetta og þess vegna var þetta nokkurt álitaefni. Þegar ég kom að málinu vildi ég vera nokkuð viss um það hvernig hefði verið unnið að því áður og hvaða megináherslur menn hefðu lagt í því efni. Þegar við ræðum um varnarvirkin tölum við um að það sé a.m.k. fyrst um sinn lögð megináherslan á það af hálfu ofanflóðasjóðs að taka þátt í varnarvirkjum sem verja íbúðarbyggðina.

Nú er það svo að í mörgum tilfellum getur það farið saman og hlýtur að gera það og þá er það auðvitað vel. Rökin fyrir því eru líka þau að alla jafnan er hægt að fylgjast betur með veru íbúa í atvinnuhúsnæði þannig að ekki sé verið að stofna lífi fólks í hættu, þ.e. þegar um er að ræða vinnutíma og fólk er að degi til við störf sín, en þetta er þó ekki algilt. Við getum tekið sjúkrastofnanir sem dæmi um undantekningu á því þar sem fólk er við vinnu allan sólarhringinn og kannski ekki sami andvari eða sama öfluga vakt á einum tíma sólarhrings eins og öðrum þó auðvitað verði reynt að styrkja öryggisgæsluna og vaktirnar og hvernig boð um hættu berast. Það hefur verið farið ítarlega yfir það mál allt saman. En þetta er sú áhersla sem menn töldu rétt að leggja fyrst um sinn, í það minnsta meðan verið er að móta reglurnar skýrari og auðvitað þá að skapa traustari fjárhagsgrundvöll undir þær framkvæmdir sem þarf að ráðast í.

[15:49]

Útbýting þingskjala:

Átak í jafnréttismálum hjá Ríkisútvarpinu, 531. mál, fsp. SF, þskj. 1033.

Fjáraukalög 1995, 443. mál, nál. fjárln., þskj. 1035.

Ríkisreikningur 1994, 129. mál, nál. fjárln., þskj. 1034.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 376. mál. — Þskj. 664, nál. 898.

[15:49]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 898 um frv. til laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga fyrir hönd allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið gesti á fund til sín og eins bárust umsagnir sem nefndin fór yfir.

Eins og heiti frumvarpsins ber með sér miðar það að því að auðvelda einstaklingum sem eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum að leita nauðasamninga. Í því felst að ríkið greiðir kostnað af aðstoð við að leita nauðasamnings, fyrst og fremst lögmannsþóknun, ásamt greiðslu tryggingar fyrir kostnaði við undirbúning og gerð nauðasamnings. Þó er miðað við að slík aðstoð nemi að hámarki 250.000 kr.

Samkvæmt frumvarpinu verður það í höndum þriggja manna nefndar sem dómsmálaráðherra skipar að yfirfara umsóknir og meta þörfina á réttaraðstoð í hverju tilviki fyrir sig. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að fjárhagsaðstoð nemi aldrei hærri fjárhæð en sem svarar til raunverulegs kostnaðar í hverju tilviki fyrir sig. Skv. 5. gr. getur ráðherra sett reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um framkvæmd laganna. Nefndin telur brýnt að slík reglugerð verði sett og þar verði m.a. tekið á þessu atriði.

Með hliðsjón af framansögðu mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Allir nefndarmenn allsh. undirrita nefndarálitið, en tveir nefndarmenn eru þó með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, fyrri umr.

Stjtill., 527. mál. — Þskj. 1010.

[15:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þál. þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem gerðir voru í Ósló 6. maí 1996:

1. Bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi.

2. Samningi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.

3. Samningi milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Aðilar að bókuninni eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Samkvæmt lið 2.1. í bókuninni verður heildarafli landanna fjögurra á árinu 1996 1.107 þús. lestir og skiptist hann þannig að í hlut Íslands og Færeyja koma samtals 256 þús. lestir, í hlut Noregs 695 þús. lestir og 156 þús. lestir í hlut Rússlands.

Ísland og Færeyjar höfðu með tvíhliða samningi um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum frá 2. febr. 1996 ákveðið að afli íslenskra skipa á árinu 1996 yrði ekki meiri en 244 þús. lestir og afli færeyskra skipa ekki meiri en 86 þús. lestir. Til samræmis við ákvæði áðurnefndrar bókunar frá 6. maí 1996 um 256 þús. lesta sameiginlegan hámarksafla landanna tveggja var staðfest með orðsendingaskiptum utanríkisráðherra Íslands og lögmanns Færeyja sama dag að hámarksafli íslenskra skipa verði 190 þús. lestir og hámarksafli færeyskra skipa 66 þús. lestir.

Í bókuninni er gert ráð fyrir að aðilar komi sér tvíhliða saman um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars og önnur skilyrði fyrir veiðum þar. Samkvæmt áðurnefndum samningi milli Íslands og Færeyja er skipum hvors aðila heimilt að veiða í lögsögu hins á árinu 1996. Samhliða gerð bókunarinnar var gengið frá samningi milli Íslands og Noregs með orðsendingaskiptum sjávarútvegsráðherra ríkjanna. Samkvæmt honum fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og norsk skip heimild til að veiða allt að 127 þús. lestir í íslenskri lögsögu á árinu 1996 sem litlar líkur eru til að norsk skip muni nýta sér. Jafnframt var gerður samningur milli Íslands og Rússlands þar sem rússneskum skipum er veitt heimild til að veiða allt að 5 þús. lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta íslensku lögsögunnar. Gert er ráð fyrir því í tveimur síðastnefndu samningunum að aðilar semji um nánari skilyrði varðandi veiðarnar. Að því er samninginn við Noreg snertir hefur verið gengið frá þessum formsatriðum eins og þingmönnum er kunnugt um en formsatriði sem snúa að Rússlandi eru ófrágengin.

Íslensk stjórnvöld hafa í samningaviðræðunum lagt áherslu á sameiginlega hagsmuni aðila af því að gerðar yrðu ráðstafanir til að ná sem bestri nýtingu síldarinnar. Með ótakmörkuðum aðgangi að lögsögunni við Jan Mayen er líklegt að veiðitími síldarinnar lengist og að síldin verði aðgengileg íslenska flotanum þegar hún hefur náð því fituinnihaldi sem gerir hana eftirsóknarverða til manneldisvinnslu og verðmætari til lýsisvinnslu.

Samkvæmt svonefndu þróunarákvæði bókunarinnar skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Komið verður á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Svo sem kunnugt er hefur síld úr stofninum lítið sem ekkert gengið í íslenska lögsögu fyrr en nú á þessu ári að nokkurt magn hefur gengið inn í lögsöguna en lítillega á síðasta ári en þetta er í fyrsta skipti sem það gerist frá hruni hans í lok 6. áratugarins.

Ef tekst að ná markmiðum samningsins um verndun og uppbyggingu stofnsins og hann gengur í auknum mæli í íslensku lögsöguna er gengið út frá því að aflahlutdeild Íslands muni aukast á komandi árum. Talið er að sá hluti síldarstofnsins sem leitaði á Íslandsmið fyrir hrunið hafi að uppistöðu verið eldri árgangar, sjö ára síld og eldri. Yfirgnæfandi hluti núverandi síldarstofns er hins vegar fjögurra og fimm ára síld. Það eru árgangarnir frá 1991 og 1992. Af þessu má ráða að hagsmunir Íslendinga af því að koma í veg í ofveiði eru sérstaklega brýnir og að markvissar veiðitakmarkanir nú eru forsenda þess að dreifing stofnsins geti orðið eins og áður var.

Í bókuninni eru ákvæði sem snerta hagsmuni strandríkjanna fjögurra við aðra aðila. Samningsaðilar skulu m.a. beita sér fyrir því að ná samkomulagi við aðra um að þeir takmarki sínar veiðar til að koma á heildarstjórn veiða úr stofninum. Hér er fyrst og fremst átt við Evrópusambandið. Fulltrúar strandríkjanna fjögurra hafa þegar gengið á fund fulltrúa Evrópusambandsins og farið þess á leit að samningaviðræður verði hafnar milli aðila. Jafnframt hefur einhliða ákvörðun Evrópusambandsins um 150 þúsund lesta kvóta verið mótmælt.

Tekið er sérstaklega fram í bókuninni að hún hafi ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni, einkum að því er varðar aflahlutdeild fyrir þetta ár. Bókuninni skal beitt til bráðabirgða frá undirritunardegi hennar. Hún öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið í viðkomandi löndum.

Að lokum, herra forseti, vil ég leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn. sem eftir atvikum getur að sjálfsögðu haft samráð við aðrar nefndir um málið og þá sérstaklega hv. sjútvn.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. gat um áðan fór fram umræða um þetta mál fyrir nokkru síðan í kjölfar þess að samningar voru undirritaðir í Ósló. Ég get eins og hæstv. ráðherra að nokkru leyti vísað til þeirra umræðna um mína afstöðu til málsins. Ég gagnrýndi þá og endurtek hér gagnrýni á ákveðin vinnubrögð sem þessu máli tengjast. Ég hélt því þá fram að í raun hefðu atburðir helgarinnar og undirskriftin í Ósló verið sýndarmennska og leiksýning í ljósi þess að efnislega hefði samkomulagið verið klappað og klárt og frá gegnið þá allnokkru áður.

Það sem ég taldi og tel enn sérstaklega gagnrýnisvert í þeim efnum er að stofnanir eins og utanrmn., Alþingi og jafnvel hagsmunaaðilar séu þar með í raun gerð að ómerkingum eða höfð að fíflum með því að telja þeim trú um að við slíka aðila sé verið að eiga eiginlegt samráð ef í reynd er svo í pottinn búið að búið er að ganga frá öllu þannig að litlu verði um þokað.

Það kom síðan á daginn og var staðfest í viðtölum fjölmiðla við hæstv. ráðherra sólarhring eftir að ég lét þessi ummæli falla að í reynd var efnislega í aðalatriðum gengið frá þessu samkomulagi á leynifundi í London allnokkru áður og staðfestust þar þær upplýsingar sem ég hafði fengið að í reynd hafi til að mynda þær tölur sem síðan gengu inn í samninginn að mestu leyti legið fyrir, enda voru þær komnar á flot hér heima. Þessi vinnubrögð gagnrýni ég og vona að þau eigi ekki eftir að endurtaka sig í mikilvægum málum af þessu tagi í komandi framtíð.

Að sjálfsögðu er öllum ljóst sem eitthvað til þessara mála þekkja að nauðsynlegt getur verið að vinna að slíkum málum í skjóli trúnaðar og í friði fyrir fjölmiðlum. Um slíkt er ekki að ræða hér enda svo um hnútana búið að viðkomandi stofnanir og þá einkum og sér í lagi utanrmn. Alþingis eru bundnar trúnaði og mér er ekki kunnugt um að sá trúnaður hafi verið brotinn þannig að það hafi nokkurn tíma skaðað íslenska hagsmuni í tilvikum sem þessum, ekki heldur þó haft hafi verið samráð við aðila eins og helstu hagsmunasamtök eða viðkomandi fagnefnd þingsins, í þessu tilviki sjútvn. Ég tel því að þessi vinnubrögð eigi sér ekki skjól í því að mönnum hafi verið nauðugur sá kostur að ganga fram hjá slíkum aðilum sökum þess að málið þyrfti að fara leynt.

Ég tel, herra forseti, í öðru lagi að ákveðnir efnisþættir þessa samkomulags séu okkur Íslendingum óhagstæðir. Það er einkum tvennt sem ég læt tímans vegna nægja að ræða hér. Það er í fyrsta lagi hin lága upphafshlutdeild sem Íslendingar bera úr býtum, aðeins liðlega 17% af stofni sem ég tel að við getum, bæði á líffræðilegum og sögulegum grunni, gert fulla og réttmæta kröfu til að vera með a.m.k. nálægt þriðjungs hlutdeild í miðað við veiðar á fullvöxnum fiski. Ég óttast og kem betur að því síðar að þessi lága upphafsprósenta eigi eftir að fylgja okkur sem erfiður baggi inn í framtíðina í þessum samskiptum.

Seinna atriðið er 6. gr. bókunarinnar, prótokollsins, sem er I. fskj. með þessari tillögu. Eftir að hafa haft næði til að athuga orðalag þeirrar greinar betur er ég enn óánægðari með hana nú en ég var eftir fyrsta yfirlestur á fyrsta degi eftir að samningarnir voru gerðir opinberir. Ég undrast satt best að segja að samningamenn Íslands skyldu nokkurn tíma fallast á orðalag af því tagi sem er í 2. tölul. 6. gr. bókunarinnar. Fyrri töluliðurinn kveður á um að aðilar skuli koma á fót vinnuhópi vísindamanna og er allt gott um það að segja, það er sjálfsagt mál. Seinni töluliðurinn, sá sem langmestu máli skiptir hér og er í raun og veru það afdrifaríka í þessu samkomulagi varðandi framtíðina er þannig orðaður, herra forseti, að veiklulegra orðalag gagnvart íslenskum hagsmunum er erfitt að hugsa sér. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðilar skulu nota niðurstöður vinnuhópsins sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni um verndun stofnsins, skynsamlega nýtingu hans og stjórnun veiða úr honum, m.a. vegna hugsanlegra breytinga á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á gildandi fyrirkomulagi [þ.e. gildandi fyrirkomulagi samkvæmt þessum samningi]. Við sérhverja endurskoðun skal tekið tilhlýðilegt tillit til dreifingar allra hluta stofnsins."

Þrennt í þessu orðalagi er afar veikt fyrir íslenska hagsmuni. Það er í fyrsta lagi að það er ekki kveðið fastar að orði um endurskoðunarferlið sem slíkt en svo að tala um hugsanlega endurskoðun og breytingu á hlutföllum, „possible" á ensku.

Í öðru lagi er í sömu málsgrein nefnt gildandi fyrirkomulag, þ.e. sú skipting sem samningurinn festir niður, þar með talin 17,2% til Íslands. Í þriðja lagi er vísað til dreifingar allra hluta stofnsins. Hvað þýðir það á mannamáli? Það þýðir að Rússar munu segja: Já, en það verður að taka tillit til þess að við höfum alla ungsíldina, og það þýðir að Norðmenn munu segja: Við höfum allan hrygningarstofninn og hann er svona og svona mikilvægur og það er ekki forsenda til að vera að breyta þessu mikið, drengir góðir eða dömur mínar og herrar. Herra forseti, ég er ákaflega vonsvikinn yfir þessu veiklulega orðalagi 6. gr. svo ekki sé talað um miðað við það hvernig hún var kynnt á fyrstu fundum hæstv. ráðherra í raun sem einhver sigur fyrir íslenskan málstað í þessum efnum. Það er öðru nær, því miður. Staða Íslands jafnvel þótt síldin breyti verulega um göngumynstur á næstu árum og fari að vera meira inni í lögsögunni verður sú að standa frammi fyrir því annaðhvort að segja einhliða upp samkomulaginu eða leita leiða innan ramma samkomulagsins til að fá þessari skiptingu breytt. Og mér segir svo hugur að menn muni verða ákaflega kjarklitlir gagnvart því að segja samkomulaginu upp og það geti staðið í áralöngu þrefi um það að fá að hreyfa við þessari prósentu. Þetta er að mínu mati það langveikasta og alvarlegasta við samninginn, herra forseti, eins og hann er úr garði gerður.

Að öðru leyti er ekki margt um þetta mál að segja. Einhverjir kunna að hafa, eins og maður hefur séð í blaðafréttum að undanförnu, tilhneigingu til þess að lesa inn í þennan samning kosti og galla út frá því nákvæmlega hvað gerist á þessari vertíð varðandi dreifingu síldarinnar, hvað gerðist í fyrra eða hvað kann að gerast á næsta ári. Ég held að það sé ekki merkilegur málflutningur satt best að segja. Það eru langtímahagsmunirnir sem hér skipta máli, áratuga

hlutdeild þjóðanna í þessum mikilvæga stofni sem vonandi nær fullri stærð og verður við lýði sem einn mikilvægasti nytjastofn í norðanverðu Atlantshafinu á komandi áratugum eins og hann á að vera. Þá verður hver prósenta dýr og þá skiptir ekki miklu máli hvort t.d. frjálsar veiðar í sumar og ólympískar veiðar sem við hefðum getað hafið mun fyrr en við gerðum hefðu hugsanlega, vegna þess að síldin gengur nú óvenjusnemma norður á bóginn, þýtt eitthvað minni veiði til okkar í ár. Ég leyfi mér að segja að það eru það smámunir. Það eru líka smámunir hvort eitthvað feitari síld næst að einhverju leyti út á þennan samning borið saman við hitt hver verður langtímahlutdeild okkar í þessum stofni. Um það er að sjálfsögðu enginn spámaður, hvorki ég frekar en aðrir, hvernig best hefði ræst úr hagsmunum okkar í þeim efnum. En eitt veit ég og það er það að upphafið veldur miklu. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur og það er alveg borin von að horfa fram hjá því að hlutdeild Íslands í þessu upphafi samningaviðræðna um þennan stofn er lélegt.

[16:10]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Efnisatriði þessarar þáltill., þ.e. samningurinn sjálfur, hafa áður verið rædd á Alþingi og því ástæðulaust að hafa um málið mörg orð. Ég vil aðeins taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e. sem kvartaði yfir því að eðlilegt samráð skyldi ekki hafa verið haft við nefndir þingsins, þ.e. utanrmn. og sjútvn. Það var nákvæmlega ekkert samráð haft við sjútvn. Utanrmn. var greint var frá efnisatriðum hugsanlegs samkomulags skömmu áður en samningarnir voru formlega undirritaðir en þótt í ljós hafi komið að efnisatriðin hafi verið kunn um nokkurn tíma áður en undirritunin fór fram var utanrmn. t.d. ekki upplýst um það og er það auðvitað mjög veigamikið mál í þessu sambandi að til stæði að opna íslensku fiskveiðilögsöguna fyrir veiðum Rússa og Norðmanna án þess að fá gagnkvæmnisrétt til veiða í rússneskri og norskri landhelgi. Þetta er að sjálfsögðu stórmál því að þarna er verið að setja fordæmi sem getur orðið okkur Íslendingum mjög hættulegt. Mér finnst satt að segja mjög óeðlilegt að ef vitneskja um að þetta kæmi til greina lá fyrir hafi það ekki verið rætt við utanrmn. því að oft var þörf en þarna virkileg nauðsyn.

Ég vil aðeins í örfáum atriðum og stuttu máli gera efnislegar athugasemdir við þann samning sem hér er gerður. Ég vil taka það skýrt fram að mér finnst ekki vafasamast við þennan samning það samkomulag sem gert var um skipti veiðanna á milli þjóðanna á yfirstandandi veiðitímabili. Út af fyrir sig er hægt að gagnrýna það, en það er ekki það alvarlegasta í samkomulaginu. Það sem mér finnst alvarlegt í samkomulaginu eru einkum fjögur atriði: Í fyrsta lagi er í grein 2.1. í bókuninni samþykkt af hálfu Íslendinga og Norðmanna að opna fyrir veiðar í efnahagslögsögu Rússlands. Með þeirri undirritun er raunverulega verið að fallast á að Rússar geti stundað síldveiðar innan efnahagslögsögu sinnar, en eins og hv. þingmenn vita er þar eingöngu um smásíld að ræða sem hingað til hefur verið lögð mjög mikil áhersla á af hálfu bæði Norðmanna og Íslendinga að Rússar létu óveidda og hafa þeir fallist á það undanfarin ár. Það er rétt að Rússar hyggjast ekki nota þennan rétt sinn á yfirstandandi ári, en engu að síður eru Norðmenn og Íslendingar með þessu samkomulagi búnir að viðurkenna og skrifa undir að Rússar geti stundað slíkar veiðar og það gæti orðið afdrifaríkt upp á framtíðina.

Í öðru lagi finnst mér líka geta verið alvarlegt upp á framtíðina það ákvæði sem er í grein 6.2. í bókuninni, þ.e. þar sem ákveðið er vinnuferli um framtíðarákvörðun heildarsíldveiðikvóta á þessu svæði og skiptingu heildarkvótans á milli samningsþjóðanna þriggja. Ástæðan er sú að þessi bókun er ekki tímabundin eins og skiptingin er á árinu 1996 heldur er þarna um að ræða ótímabundið samkomulag um vinnuferli sem á að vera ákvarðandi um heildaraflakvóta í framtíðinni og skiptingu milli þjóðanna. Þar sem Íslendingar eru búnir að skrifa undir hvernig að þessum ákvörðunum á að standa yrði mjög erfitt, nánast útilokað fyrir Íslendinga, að brjótast undan því vinnuferli jafnvel þó þeir væru mjög ósáttir með niðurstöðuna. Ég hef því vissulega áhyggjur af því að þarna séu menn búnir að fjötra sig meira en ástæða væri til til næstu framtíðar. Það er hins vegar að sjálfsögðu reynslan sem á eftir að skera úr um hvort svo verður eða ekki.

Í þriðja lagi geri ég athugasemdir við nótuskipti milli Íslands og Noregs eins og fram kemur í svarbréfi sjútvrh. Íslands á bls. 7 og 8. Þar eru Íslendingar að opna fiskveiðilögsögu sína fyrir Norðmönnum til veiða á 127 þús. lestum af síld í íslenskri efnahagslögsögu án þess að Norðmenn með sama hætti opni fiskveiðilögsögu sína fyrir íslenskum skipum á gagnkvæmnisgrundvelli því fiskveiðilögsagan við Jan Mayen er ekki norsk fiskveiðilögsaga og loðnuveiðisamningurinn við Norðmenn frá að mig minnir árinu 1980 gerir ráð fyrir að Íslendingar hafi heimild til að veiða í lögsögu Jan Mayen sanngjarnan hlut af deilistofnum takist á annað borð samkomulag um skiptingu veiða á milli ríkjanna. Hin eðlilega gagnkvæmnisregla ef Íslendingar opna fiskveiðilögsögu sína fyrir veiðum Norðmanna væri því að sjálfsögðu sú að Norðmenn opnuðu sína fiskveiðilögsögu, fiskveiðilögsögu Noregs á sama hátt fyrir veiðum íslenskra fiskiskipa. Það er ekki gert þarna.

Fjórða efnisatriðið, virðulegi forseti, sem ég vildi gera athugasemdir við er í samningi milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996 þar sem Íslendingar fallast á að opna fiskveiðilögsögu sína fyrir Rússum án þess að fá nokkur sambærileg veiðihlunnindi eða aðgang að veiðum innan rússnesku fiskveiðilögsögunnar.

Ég held að þessi fjögur atriði séu mun alvarlegri og geti reynst okkur alvarlegri í framtíðinni en endilega sú skipting á heildaraflakvóta sem samkomulag náðist um fyrir árið 1996 eitt og sér. Ég er ansi hræddur um að þarna sé bæði verið að setja vinnureglur sem geti orðið okkur erfiðar í framtíðinni og einnig verið að setja fordæmi varðandi opnun íslensku fiskveiðilögsögunnar sem gæti gert stöðu okkar í framtíðarsamningum bæði við þessar tvær þjóðir, Norðmenn og Rússa og e.t.v. aðrar þjóðir, verri en efni standa til.

[16:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er mjög sammála því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Það eru langtímahagsmunirnir sem skipta máli í þessu sambandi. En menn geta haft misjafnt mat á því hvernig best er að því staðið. Það hefur verið tilhneiging til þess að gera heldur lítið úr þeirri grein sem er númer 6.2. Ég tel þvert á móti að hún sé mjög til styrktar í þessu máli og skipti afar miklu máli í framtíðinni. Þar segir að aðilar skuli nota niðurstöður vinnuhópsins sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni sem er náttúrlega aðalatriðið. Það er hins vegar alveg ljóst að þessar breytingar gerast ekki sjálfkrafa. Við Íslendingar erum heldur ekki tilbúnir til að ganga frá alveg nákvæmum reglum um það hvernig

breytingin eigi að eiga sér stað. Það mun þurfa að semja um hana. En þessi atriði verða höfð þar að leiðarljósi. Ég tel að hér sé ekki um neitt veiklulegt orðalag að ræða, þvert á móti. Hins vegar verður að skoða það í því ljósi að aðilar þurfa að semja um hlutina og komast að samkomulagi. En sá vilji liggur fyrir að leggja framtíðardreifinguna til grundvallar og byggja stofninn upp. Það er mikilvægasta hagsmunamál okkar Íslendinga að byggja stofninn upp. Það er þess vegna sem við gerum þennan samning og viljum leggja mikið á okkur til að hann geti orðið að veruleika. Í því liggja okkar hagsmunir. Þegar hann hefur verið byggður upp og síldin verður komin í mun meira mæli inn í okkar lögsögu þá er ég ekki í nokkrum vafa um að staða okkar samkvæmt þessum samningi er sterk.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gagnrýndi nokkur atriði. Í fyrsta lagi það að rússneskum skipum væri í reynd heimilað að veiða í rússneskri lögsögu 10.000 lestir. Hann gagnrýndi jafnframt að við fengjum engar heimildir til að veiða í rússneskri lögsögu. Hann hefur nú trúlega ekki átt við síld heldur væntanlega einhverjar aðrar tegundir því annars mundi það nú stangast á. Ég ætla nú ekki neitt að reyna að snúa út úr því. Ég leyfi mér að skilja það þannig að hann sé að vísa til þess þó svo kunni nú að fara vonandi að þegar samið verður um Barentshafið að þá munum við fá veiðiheimildir í rússneskri lögsögu. Það er a.m.k. það sem við vonumst eftir ef þar næst samningar. En hér er þvert á móti gengið út frá því að þessi síld verði ekki veidd. Ég leyfi mér að skilja þetta öðruvísi en hv. þm., þ.e. að hér sé einmitt verið að leggja á það áherslu að það verði ekki veitt í rússneskri lögsögu. Það er mjög mikilvægt. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að Rússar hafa lagt mjög mikið á sig í sambandi við uppbyggingu þessa stofns. Það er ekki hægt að ganga út frá því, þó okkur finnist það, að þjóð eins og Rússland muni aldrei veiða smásíld ef þeir fá engan rétt í sambandi við veiðar úr þessum stofnum. Þess vegna hlýtur það að vera eðlilegt að við viðurkennum þeirra mikla framlag í sambandi við uppbyggingu þessa stofns með því að veita þeim takmarkaða heimild til veiða í okkar lögsögu. Það er mitt mat. Líka til þess að efla skilning og samvinnu milli þessara þjóða. Við þurfum á því að halda að ná góðri samstöðu við Rússa eins og aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf um fiskveiðimál. Það mun ekki gerast nema með gagnkvæmni og gagnkvæmum skilningi milli þjóðanna. Ég tel að þessi samningur sem hér hefur verið gerður muni gera það að verkum að samskipti þjóðanna geti orðið eðlileg í framtíðinni. Ef við hins vegar hefðum engan skilning viljað sýna þá hefðu Rússar tekið það sem tákn um að við vildum ekki vinna með þeim á gagnkvæmnisgrundvelli í sambandi við þetta mál. Rússar veiddu síld áður fyrr hér við land í verulegum mæli. Það þekkja allir sem fylgdust með veiðunum á sínum tíma. Hins vegar kemur hér fram að þetta muni verða á takmörkuðu svæði og það liggur ekkert fyrir um það hvort þessi heimild verði notuð nú á þessu ári. Um það get ég ekki fullyrt á þessu stigi.

Síðan hefur því verið haldið fram að við séum að opna okkar lögsögu fyrir Norðmönnum án þess að fá samhliða heimild í norskri lögsögu. Það er rétt að það er ekki heimild til að veiða í efnahagslögsögu Noregs við Noregsstrendur enda hefur það ekki verið keppikefli Íslendinga fram til þessa. En ég get fullvissað hv. þm. um það að ekki mun standa á því af Norðmanna hálfu að við fengjum einhverjar heimildir í norskri lögsögu til að veiða þar síld ef við viljum það. En eigum við að stefna að því að veiða síldina við Noregsstrendur og landa henni þá í Noregi og Danmörku? Ég er þeirrar skoðunar að við eigum einmitt að keppa að því að vinna þessa síld hér á landi, vinna upp okkar fyrri markaði og standa að málum líkt og hér var áður gert. Hins vegar er það nú því miður svo að lögsagan við Jan Mayen lýtur norskum yfirráðum. Þó það sé ákvæði í Jan Mayen samkomulaginu um að við fáum heimild til að veiða þar sanngjarnan hlut þá er það háð samningum. Það er ekki algjörlega afdráttarlaust og sjálfkrafa ákvæði. En það ákvæði hefur fengið þá viðurkenningu í þessum samningi að við fáum ótakmarkaðan aðgang að Jan Mayen lögsögunni en Norðmenn aðeins takmarkaðan aðgang að okkar. Norðmenn fá ekki heimild til að veiða allt sitt magn í íslenskri lögsögu, aðeins takmarkað magn. Við fáum heimild til að veiða þess vegna allt sem við viljum í Jan Mayen lögsögunni. Þannig hefur þetta ákvæði hlotið viðurkenningu í þessum samningum í sambandi við þetta mál.

Á þetta vildi ég leggja áherslu til að skýra minn skilning á þessum ákvæðum sem ég tel vera mjög mikilvæg og að hér hafi mikilvæg réttindi verið viðurkennd af hálfu Noregs í þessum samningum.

[16:26]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu meginatriði í þessu máli hvernig reynslan mun dæma þau atriði í samningnum sem hér er verið að gagnrýna. Ég hef aðeins sagt að ég óttast að annars vegar það vinnuferli sem búið er að samþykkja og hins vegar sú ákvörðun að opna íslenska fiskveiðilögsögu fyrir öðrum þjóðum án fullrar gagnkvæmni geti reynst okkur þungt í skauti í framtíðinni vegna þess fordæmis sem gefið er með því að opna íslensku fiskveiðilögsöguna án gagnkvæms veiðiréttar. Það fordæmi fer varla fram hjá þeim þjóðum sem eiga viðskipti og samskipti við Ísland í sjávarútvegsmálum. Og að menn eru búnir að samþykkja vinnuferli sem menn hafa ekki hugmynd um hvort muni leiða til breytinga á hlutfallaskiptingunni eins og hún er á árinu 1996 eða ekki. Við getum að sjálfsögðu vonað hið besta en úr þessu sker reynslan. Ég er ansi hræddur um það miðað við þá reynslu sem við höfum haft af samskiptum við Norðmenn að þessi reynsla geti orðið okkur erfið. En framtíðin verður að skera úr um það.

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er ekki við öðru að búast en hæstv. utanrrh. reyni að bera blak af þessu samkomulagi. Reyndar er vandasamt að ræða um viðkvæm hagsmunamál af þessu tagi fyrir opnum tjöldum. Menn reyna væntanlega að haga orðum sínum þannig að það skaði ekki samningsstöðu eða framtíðarhagsmuni Íslands að þessu leyti. Þar af leiðandi segi ég kannski ekki að öllu leyti það sem mér er efst í huga gagnvart orðalagi þessarar 6. gr. af því að ég er ekki viss um að það væri skynsamlegt að þingmenn á Alþingi Íslendinga væru beinlínis að tjá sig þannig um hana eins og væri skapi mínu næst. En ég get bara ekki undir nokkrum kringumstæðum, herra forseti, gefið þeim samningamönnum mjög háa einkunn sem ekki reyna að hnýta svolítið betur fyrir pokann en þarna er gert. Samkvæmt minni máltilfinningu hvort heldur sem er á íslenskri tungu sem ég tel að sé sæmileg eða enskri, þá er þetta afar veiklulegt orðalag sem þarna var sett á blað. Til þess að reyna að ramma það af að úr því að upphafsprósenta okkar í þessari skiptingu er svona

lág, langt undir því sem söguleg og líffræðileg rök ættu að veita okkur miðað við stofninn í sæmilegri stærð, þá hefði úr því að þetta var orðað á annað borð þurft að vera mjög vel valið orðalag gagnvart því að við ættum helst, liggur mér við að segja, sjálfkrafa leiðréttingu vísa á grundvelli breyttrar hegðunar stofnsins. Ef þarna hefðu verið fest í sessi tiltekin líffræðileg módel með afgerandi orðalagi um að þau leiddu sjálfkrafa til leiðréttinga í okkar þágu þá hefði verið öðru til að dreifa. Auðvitað er það út af fyrir sig þannig að þegar semja þarf um deilumál milli þjóða eða samskipti þá gerist ekkert sjálfkrafa í þeim efnum. Það þarf að semja. Að því leyti til hefði líka mátt spyrja sig hvort bókunin hefði ekki betur öll verið tímabundin, t.d. til reynslu í þrjú ár á meðan þjóðirnar ræddust áfram við um framtíðarfyrirkomulag þessara mála.

Um aðra hluti, herra forseti, verð ég bæði tímans vegna og eins vegna hins að það er kannski viðkvæmt að ræða þá að öllu leyti hér, að geyma mér til betri tíma að ræða við hæstv. ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (nauðasamningar). — Þskj. 599, nál. 1007.

[16:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. á þskj. 1007. Með þessu frv. mun fjmrh. öðlast heimild til að mæla með nauðasamningum að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Þá mun þessi heimild hafa þau áhrif að skattheimta ríkissjóðs verði ekki sú hindrun sem verið hefur hingað til fyrir því að nauðasamningar gætu tekist við skuldheimtumenn.

Fjallað var um þetta mál í efh.- og viðskn. og komu á fund nefndarinnar Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðanda og Lárus Ögmundsson, lögfræðingur Ríkisendurskoðunar. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Lögmannafélagi Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Uppistaðan í umsögnum var jákvæð gagnvart þessum breytingum þannig að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Orðin „sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt“ í 1. tölul. 3. efnismgr. 1. gr. falli brott.

Skilyrði sem sett eru fyrir nauðasamningum eru m.a. að gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjalds og vörugjaldi, sem og öðrum sköttum. Í frv. stóð „sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt“. Nefndin taldi að ekki ætti að gera það með þessum hætti í útfærslu frv. og gerir því tillögu um það að fella þessi orð niður, „sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt“. Að öðru leyti mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt og öll hv. efh.- og viðskn. stendur að þessu nál.

[16:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég stend að nál. efh.- og viðskn. um þetta mál. En með nokkrum efasemdum þó. Satt best að segja velti ég því fyrir mér hvort ég ætti að standa að nál. með fyrirvara. Ekki vegna þess að ég sé ósáttur við málið sem slíkt svo langt sem það nær, þvert á móti, heldur fyrst og fremst vegna hins að ég óttast að það eigi eftir að koma á daginn að hér sé um svo afar takmarkað úrræði að ræða sem svo litlu máli muni skipta fyrir þá sem úti í þjóðfélaginu hafa væntingar um að verði þeim að liði að það jaðri við að fólk sé afvegaleitt eins og umfjöllunin hefur verið um þessi mál.

Þetta er eitt af nokkrum frv. eins og kunnugt er sem þessi ríkisstjórn er að leggja fram og eiga að taka á brýnasta greiðsluvanda fólks sem er í erfiðleikum og hefur þá ekki síst verið til umræðu vandi fólks vegna vanskila út af húsnæðisskuldbindingum. Hér er því um það að ræða að auðvelda einstaklingum að gera nauðasamninga um mál sín eða semja með frjálsum hætti um að koma málum sínum í skil án þess að ganga í gegnum gjaldþrot. Angi þessa máls teygir sig inn í skattkerfið eins og hér er dæmi um í frv. þessu til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ég hef orðið var við að fólk telur almennt að í þessum frv. sé verið að lögleiða og lögfesta einhvers konar almenna heimild til skuldaeftirgjafar og samninga fyrir fólk um vanskil sín. Þess vegna held ég að það sé óhjákvæmilegt því miður að vekja athygli á því t.d. að það sem í raun er verið að gera hér er afar takmarkað úrræði umfram það sem út af fyrir sig hefur þó verið heimilt hvort sem er. Ég bendi mönnum á að lesa 4. málsgr. í 1. gr. frv. Í fyrri málsgreinum koma þær heimildir sem stofnað er til til að tryggja kröfur ef innheimtumaður ríkissjóðs telur að hagsmunum sé betur borgið með slíkum samningum. Þar segir m.a., herra forseti:

„Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi, sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt.“

Þá var náttúrlega spurt í efh.- og viðskn. Hvað er þá eftir? Hvaða vanskil eru það þá hjá einstaklingunum sem er verið að opna fyrir heimildir til að semja um? Þú er ekki í vanskilum ef þú ert skuldlaus við guð og menn, gagnvart virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Reyndar er svo frv. þannig að bætt er við: sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt. Það átti því meira að segja að ganga svo langt samkvæmt frv. að allar þær vanskilaskuldir sem vekja upp heimildir til innheimtuaðgerða og lokunaraðgerða væru sjálfkrafa undanþegnar. Það komu hinar mestu vöflur á talsmenn t.d. fjmrn. þegar þeir voru beðnir að telja þá upp það sem eftir væri. Mig minnir að það hafi helst fundist einhver hluti bifreiðagjalda eða barnsmeðlaga sem gætu hugsanlega verið í vanskilum án þess að til slíkrar lokunarheimilda væri

unnt að grípa. Þetta er að vísu verið að lagfæra með breytingartillögu nefndarinnar þar sem segir að orðin „sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt“ skuli falla brott. Þar með koma hugsanlega ein eða tvær tegundir gjalda undir nauðasamninga eða samningsákvæðin sem ekki hefðu orðið það ella með þessari breytingu á frv. Það vegur satt best að segja ekki þungt, þessar algengustu skuldir sem menn eiga auðvitað eðlilega langoftast í við innheimtumenn ríkissjóðs sem allt venjulegt fólk þarf að greiða, alla staðgreiðsluna, virðisaukaskattinn o.s.frv. Þær er ekki heimilt að semja um vegna þess að forsenda þess að menn geti farið í þessa samninga er að menn séu skuldlausir.

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að draga hér fram vegna þess að ég óttast að ella verði uppi og sé jafnvel í gangi talsverður misskilningur um það hversu langt þessar heimildir nái. Mér finnst umræðan á Alþingi sem og umfjöllun um þetta mál almennt út í þjóðfélaginu alls ekki hafa verið nógu efnisleg hvað það snertir að reyna að draga skýrt upp fyrir fólki hvað hér er á ferðinni þannig að ekki sé verið að gefa fölsk merki út í þjóðfélagið og vonir og væntingar um að eitthvað annað og meira standi til en raun ber vitni um.

Það er nú kannski að æra óstöðugan, herra forseti, að fara að rifja hér upp kosningaloforð en af því að það hefur borið á góma á undanförnum dögum þá er manni það ofarlega í huga. Þannig háttar til að það var einmitt farið býsna glannalegum orðum yfir sviðið í þessum efnum í aðdraganda síðustu alþingiskosninga og jafnvel gefið í skyn ef tilteknir flokkar kæmust til valda í þjóðfélaginu yrði farið í mjög víðtæka skuldaeftirgjöf. Almenningur trúði því. Fjöldi manna sem ég hef haft samband við, t.d. fólk sem hefur átt í miklum greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðisskuldbindinga, trúði því að nú væri bara að bíða þangað til að þetta yrði opnað. Það hringdi í mann fólk á fyrstu mánuðum eftir að þessi ríkisstjórn tók við og spurði: Hvenær kemur að því? Fólk stóð í þeirri meiningu að það gæti farið í almenna skuldbreytingaaðgerð. Tekið lausaskuldir sínar, hvar sem þær lægju og breytt þeim í löng lán, fengið niðurfellingu á vöxtum og gjaldföllnum afborgunum og öðru slíku. En hver er svo útkoman? Hún er sú að í húsnæðiskerfinu hefur nánast ekkert gerst. Greiðsluerfiðleikalán og annað því um líkt sem þar hefur áður verið við lýði eru síst burðugri úrræði nú en þau sem áður hafa verið. Greiðsluaðlögunin eða jöfnunin, sem talað var um, hefur ekki komist á og þau úrræði sem verið er að opna að einhverju leyti í tengslum við ráðgjafarstofnunina þar sem eitthvað á þriðja hundrað manns bíða nú eftir viðtölum og mér er sagt að enginn hafi enn fengið úrlausn í gegnum. Fjöldinn allur komist í viðtöl en það hefur ekkert gerst meira. Nú er ég ekki að segja að það sé auðvelt að fara í einhverjar almennar skuldbreytingaaðgerðir svo ekki sé nú talað um niðurfellingu almennt á skuldum fólks. Hver á þá að borga þær? Að sjálfsögðu er það ekki svo en þá eiga menn ekki að segja það og gefa í skyn fyrir kosningar að það sé eitthvað sem komi til tals og geti verið á dagskrá. En það stendur nú samt í kosningaloforðum Framsfl. að niðurfelling skulda geti verið eitt af þeim úrræðum sem menn muni beita sér fyrir. Það er beinlínis talað þar um niðurfellingu skulda. Hér er að sjálfsögðu ekkert slíkt á ferðinni.

Rétt er að vekja athygli á því að þessi ákvæði taka bæði til lögaðila og einstaklinga eins og þau eru hér úr garði gerð þannig að ekki er gerður greinarmunur á gagnvart þessum einstöku gjaldflokkum eða tegundum skatta. Þar af leiðandi er ekki um það að ræða að í þessu frv. felist einhver sérstök aðstoð við einstaklinga eins og ég held að margir hafi haldið að stæði til að fara í og að búið yrði um þau mál með sérstökum hætti, annars vegar gagnvart einstaklingum en hins vegar yrðu fjallað sérstaklega um lögaðila, þ.e. fyrirtæki og slíka aðila. Það gegnir auðvitað allt öðru máli með hvaða hætti ríkið gætir hagsmuna sinna gagnvart slíkum mjög stórum aðilum. En aðalatriðið er þetta, herra forseti, sem ég taldi óhjákvæmilegt að draga hér athygli manna, að ekki er gert ráð fyrir að þetta stofni heimildir til ráðuneytisins til að mæla með nauðasamningum sem taki til skulda gagnvart virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi eða vörugjaldi.

Reyndar var ekki í upphaflegri útgáfu reiknað með að það gilti almennt gagnvart skatttegundum sem lögum samkvæmt fylgir lokunarheimild fyrst og fremst gagnvart atvinnurekstrinum, enda eru þau mál afar vandasöm, og menn lendi ekki út á þá braut að um mismunun eða brot á jafnræðisreglu við meðferð mála sé að ræða, þannig að ekki sé verið að semja um lækkun krafna hjá einum aðila á sama tíma og aðrir borga sína hluti að fullu. Þetta er mergurinn málsins sem menn verða að átta sig á. Það er afar vandasamt að fara í svona aðgerðir. Það er heldur ekki gert ráð fyrir því að þeir sem hafa lent í því að skattyfirvöld hafa endurákvarðað á þá gjöld geti samið um sín mál. Hverjir skyldu það nú vera sem lenda helst í vanskilum með sína skatta? Það eru einmitt þeir sem t.d. verða fyrir því að hafa vantalið fram eða að einhver skekkja hefur orðið í þeirra skattskilum þannig að þeir hafa greitt lægri skatta á einhverju tilteknu tímabili en síðan reyndust samsvara þeirra rauntekjum. Síðan er endurákvarðað á þá og kannski myndast allt í einu stórfelld skuld hjá viðkomandi aðila við skattyfirvöld. Það er einmitt í slíkum tilvikum sem vanskil hefjast. Síðan ráða menn ekki við greiðsluna og byrja að spóla. Það er lokað fyrir það í 2. lið 1. gr. Þetta tekur ekki heldur til heimilda í slíkum tilvikum. Ef um endurákvörðun er að ræða, alveg sama af hvaða toga hún er, þá verður heimildin ekki virk.

Að síðustu er það svo að það er alltaf háð mati ríkissjóðs á því hvað sé hagsmunum ríkissjóðs fyrir bestu. Þetta er ekki heimild af því tagi að hún snúi að skuldaranum sem slík og myndi sjálfstæðan rétt hans. Nei, þetta er heimild sem ríkissjóður eða ráðherra hefur til að meta hvernig hans hagsmunum sé best borgið, en ekki einstaklingsins eða lögaðilans. Með öðrum orðum er ráðherra þetta algjörlega í sjálfsvald sett og í raun og veru meira en það. Það er ekki ætlast til að hann nýti heimildina í þeim tilvikum að ætla megi að hagsmunum ríkissjóðs væri betur borgið með því að ganga að viðkomandi aðila hvað sem hans hagsmunum líður. Það er ekki verið að horfa til þess. Þetta, herra forseti, held ég að sé alveg nauðsynlegt að menn hafi allt í huga áður en menn hlaupa upp og hrópa húrra fyrir því að hér sé á ferðinni eitthvert stórfellt bjargræði í þessu sambandi. Það er vissulega svo að það litla sem það er þá er það í rétta átt að opna þessa heimild. En hún er hins vegar afar takmörkuð og ég óttast því miður að reynslan muni leiða í ljós að hún skipti litlu máli og verði fáum að liði eins og hún er hér úr garði gerð.

Þessum athugasemdum, herra forseti, taldi ég nauðsynlegt að koma á framfæri þó að þær yrðu í sjálfu sér ekki til þess að ég kysi að fara að leggjast gegn þessu máli, að sjálfsögðu ekki. Jafnvel sé ég ekki ástæðu til að hafa við það fyrirvara. En ég hef hér gert grein fyrir þeim sjónarmiðum

sem ég tel óhjákvæmilegt að fylgi meðferð þessa máls af minni hálfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun 1995–1998, frh. síðari umr.

Stjtill., 295. mál (endurskoðun fyrir 1996). — Þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995.

[16:49]

Magnús Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu eins og fram kom í kynningu hæstv. forseta, vegáætlun fyrir árið 1996. Vegamál eru eitt af stóru málunum í huga þjóðarinnar ekki síst út um landsbyggðina. Mikilvægi samgangna fyrir þjóð eins og Íslendinga í landi eins og við byggjum er mjög mikið.

Ég hef gjarnan sagt sem svo að vegamálin séu eitt stærsta byggðamálið og því horfa landsmenn sérstaklega til þeirra mála. Það er ljóst að framkvæmd og fjárþörf er mikil víða um land og stór og smá verkefni bíða og hafa beðið árum saman og því er horft mjög til þessara mála. Því má ekki gleyma þrátt fyrir allt að mikið hefur áunnist á síðustu árum og er það vel.

Ástæða þess að við erum að fjalla um vegáætlun er sú að vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar þótti nauðsynlegt að taka á útgjöldum til vegamála og lækka þau heldur frá því sem gert var ráð fyrir. En það hefði hins vegar verið óskastaða fyrir okkur alla hv. þm., tel ég, að fjármagn til vegagerðar væri meira en raun ber vitni í þeim tillögum sem liggja fyrir. En eins og ég sagði er ástæða þess að við erum hér að fjalla um vegáætlun að samkvæmt markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar þá er unnið að því að ná afkomu ríkissjóðs í jafnvægi. Fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir því í fjárlögum að halda útgjaldaþenslu ríkissjóðs í skefjum og ná þar með áfanga í því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Þess vegna þurfum við að skera niður vegaframkvæmdir ef við viljum orða það þannig eins og ég sagði áðan.

Þessi markmið og stefna sem birtist m.a. í þessu máli er ekki að ástæðulausu svo ég fari nú í nokkrum orðum yfir það því ef við hefðum haldið áfram á þeirri braut sem verið hefur undanfarin ár þá er ljóst að mjög mundi halla á verri veg fyrir fjárhag ríkisins og er ekki á það bætandi. Það mundi einnig valda því þegar fram í sækti að fjármagn til vegagerðar mundi væntanlega minnka allverulega vegna þess að við þyrftum að eyða meiri fjármunum í að greiða vexti og annað slíkt sem fylgir skuldasöfnun sem menn þyrftu að fara út í til að halda uppi rekstri og starfsemi ríkisins.

En eins og ég sagði áðan eru auðvitað viss vonbrigði að standa frammi fyrir þessu máli en við höfum tekið þá ákvörðun að vinna að þessu markmiði og stjórnarflokkarnir standa saman að því og þetta er meginskýringin á því af *hverju við erum að ræða þessi mál hér og nú á þennan hátt.*

Herra forseti. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, sem er formaður samgn., gerði grein fyrir nál. meiri hluta samgn. og ég ætla ekki að fara frekar yfir það. Ég vitna til þess. Ég vil hins vegar aðeins leggja áherslu á tvö atriði sem komu fram í nál. Í fyrsta lagi er þar um að ræða að gert er ráð fyrir sérstökum fjármunum til öryggismála sem er mjög brýnt til að koma í veg fyrir umferðarslys víða á þjóðvegum landsins. Hér fyrr í þessari umræðu hafa menn m.a. rætt um vandamál sem víða eru í sambandi við þjóðvegakerfið sökum þess hve ýmsar brýr eru vanbúnar til að taka við þeirri umferð sem fer um þjóðvegina. Ég tel að þarna sé um mjög mikilvægt atriði *að ræða og því beri verulega að fagna að við skulum geta* farið út í þessar aðgerðir.

Í öðru lagi er þarna um að ræða að í tengslum við framkvæmdir við Hvalfjarðargöng eru gerðar nokkrar breytingar á flokkun vega í vegáætluninni. Þar á meðal eru nokkrir vegir í Vesturl. sem tengjast Hvalfjarðargöngunum. Ég ætla ekki að rekja það nánar en vildi vekja athygli á þessu máli.

Samgn. birtir breytingartillögu varðandi skiptingu fjármagns til einstakra verkefna í kjördæmum landsins. Eins og fram kemur í nál. byggir það á samkomulagi þingmannahópa í öllum kjördæmum. Mig langar aðeins af því tilefni að fara yfir helstu framkvæmdir í Vesturl. og um leið að taka undir það sem hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði fyrr í umræðunni að þar var full samstaða meðal þingmanna kjördæmisins um skiptingu vegafjár á þessu ári.

Helstu framkvæmdir í Vesturl. eru við Gilsfjarðarbrú en það er framkvæmd sem menn hafa mjög horft til undanfarin ár og hafa beðið í nokkurn tíma. Þær eru mjög mikilvægar fyrir bæði Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu á Vestfjörðum. Þessar framkvæmdir eru sem sagt hafnar og er það ánægjuefni. Vil ég geta þess að það var full samstaða meðal þingmanna bæði Vesturl. og Vestf. um að hleypa þessu verkefni af stokkunum.

Einnig vil ég nefna áframhald framkvæmda verkefnisins Búlandshöfði. Það verkefni er skilgreint allt frá Mýrum í *Eyrarsveit yfir í svokallaðan Leyning í hinum forna Fróð*árhreppi sem nú heitir Snæfellsbær. Þarna er um mjög mikilvægar framkvæmdir að ræða og í ár er gert ráð fyrir því að byggja upp veginn frá Mýrum rétt utan við Grundarfjörð og að Búlandi. Það sem er mikilvægast við þetta verkefni er að með þessu er verið að styrkja allverulega atvinnu- og þjónustusvæði á norðanverðu Snæfellsnesi og er það mjög mikilvægt mál. Þarna er um að ræða fulla samstöðu sveitarstjórnarmanna á svæðinu en það sýnir mikilvægi þessa máls. Það er mikið ánægjuefni að þessi framkvæmd skuli vera komin þetta af stað.

Í þriðja lagi vil ég nefna að eins og þjóðin veit eru hafnar framkvæmdir við Hvalfjarðargöng. Í tengslum við þau verður farið í vegagerð bæði undir Akrafjalli og einnig verður byggð ný brú í botni Hvalfjarðar og kemur hún í stað gamallar og ófullkominnar brúar sem nú er í Hvalfjarðarbotni og verður þar einnig um mjög mikla framför að ræða hvað varðar öryggismál.

Næst vil ég nefna verkefni við Borgarfjarðarbraut sem einnig er mjög mikilvægt að sjálfsögðu eins og öll önnur verkefni í vegagerð. Það lýtur að því að styrkja og byggja upp samgöngur í uppsveitum Borgarfjarðar. Borgarfjarðarbraut, svo ég skýri það nánar, er skilgreind frá Kleppjárnsreykjum niður í Andakíl. Það er gert ráð fyrir því að hefja framkvæmdir við þetta verkefni á þessu ári.

Einnig má nefna framkvæmdir við vegagerð á sunnanverðu Snæfellsnesi í hinum nýja Snæfellsbæ og það er áframhald vegagerðar vestur undir Fróðárheiði. Auk þessara verkefna er um að ræða ýmis smærri verkefni sem ég ætla ekki að tíunda frekar að þessu sinni. Ég vildi nefna þau helstu og stærstu á þessu ári. Í Vesturl. eins og annars staðar bíða mörg og stór verkefni og íbúar kjördæmisins bíða með óþreyju eftir því að ráðist verði í þau.

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu um vegáætlun hefur komið fram nokkur gagnrýni frá stjórnarandstöðunni og lýtur hún aðallega að tveimur þáttum. Í fyrsta lagi er um að ræða gagnrýni á þennan niðurskurð sem rætt er um og telur stjórnarandstaðan algjörlega óásættanlegt að standa frammi fyrir honum. Ég hef útskýrt það mál og ætla ekki að orðlengja um það. Hins vegar er þessi málflutningur stjórnarandstöðu að mörgu leyti skiljanlegur og út af fyrir sig gæti maður tekið undir hann en ég hef nú rakið ástæður hans að framan.

Þá hefur stjórnarandstaðan, einkum og sér í lagi hér á höfuðborgarsvæðinu, gagnrýnt að meiri niðurskurður sé á framkvæmdum á höfuðborarsvæðinu en annars staðar á landinu. Þetta get ég ekki tekið undir. Ég vil nefna það að þegar vegáætlun var útfærð þá laut höfuðborgarsvæðið nákvæmlega sömu lögmálum og öll önnur kjördæmi í landinu. Hins vegar liggur þessi gagnrýni í því að hér er um að ræða sérstakt framkvæmdaátak sem ákveðið var fyrir líklega tveimur árum eða svo. Telja nokkrir stjórnarandstæðingar að verulega sé gengið á hlut höfuðborgarsvæðisins í þessum málum. En ég ítreka að höfuðborgarsvæðið var látið lúta nákvæmlega sömu lögmálum og önnur kjördæmi varðandi endurskoðun vegáætlunar að þessu sinni.

Í tengslum við þetta mál liggja fyrir þinginu breytingartillögur og vil ég aðeins geta um aðra þeirra sérstaklega. Það er tillaga sem kom til umræðu fyrr við þessa umræðu og lýtur að því að auknar tekjur af vörugjaldi á eldsneyti verði nýttar til vegaframkvæmda í Ártúnsbrekku, sérstaklega. Það sem vekur athygli kannski fyrst í þessu sambandi er að þessi tillaga er ekki við vegáætlun heldur við lög um fjáröflun til vegagerðar og mér finnst afar sérkennilegt að í þeirri breytingartillögu við þau lög sé sérstaklega tekið fram í nákvæmlega hvaða verkefni slíkir fjármunir ættu að nýtast.

Þessi tillaga vekur einnig þá spurningu hvort flutningsmenn gætu t.d. hugsað sér það ef tekjur af vörugjaldi vegna eldsneytis á næsta ári yrðu lægri en áætlað er að bera þá fram tillögu um að draga sambærilega úr fjármagni til vegagerðar.

Í umræðunni hefur einnig vakið athygli mína að einn hv. þm. úr landsbyggðarkjördæmi, Gísli S. Einarsson, tók undir þessa tillögu. Það vekur athygli vegna þess að ég þykist vita að hv. þm. viti eins og ég að víða er þörf á framkvæmdum vegna öryggismála. Hann taldi einmitt meginrökin fyrir þessu öryggissjónarmið, en úti um allt land eru víða mikilvæg verkefni hvað lýtur að öryggismálum og vil ég þar sérstaklega nefna einbreiðar brýr víða á þjóðvegakerfinu. Ég vildi sérstaklega nefna þetta, virðulegi forseti, vegna þess að þetta vakti athygli mína í umræðunni hér fyrr.

Það liggur einnig fyrir brtt. af svipuðum toga en hún er við vegáætlun frá nokkrum þingmönnum þar sem 1. flm. er hv. þm. Svavar Gestsson. Hún gerir einnig ráð fyrir því að nýta þetta fjármagn sem áður er greint, auknar tekjur af vörugjaldi af eldsneyti. Ég verð að segja að mér finnst miklu eðlilegri hugsun á bak við þá tillögu vegna þess að þar er um að ræða að þessu fjármagni verði dreift út á vegáætlun eins og öðru vegafé. Þessi tillaga er miklu eðlilegri ef menn á annað borð vilja fara þá leið að taka þetta fjármagn á þennan hátt. Ég tel hins vegar að miðað við stöðuna sé ekki efni til þess að fara að þessum tillögum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um vegáætlun að þessu sinni. Víða um landið er mikil þörf á framkvæmdum í vegamálum. Eins og ég sagði í upphafi tel ég þær eitt brýnasta byggðamálið sem við stöndum frammi fyrir og auknar samgöngur styrkja mjög byggð um allt land, ekki síður en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil einnig nefna að á síðustu árum hafa aukist mjög þungaflutningar á þjóðvegunum og kemur það til vegna breytinga í flutningatækni þar sem m.a. sjávarafurðir eru í æ ríkara mæli fluttar með stórum flutningabílum um þjóðvegi landsins í stað strandflutninga sem áður tíðkuðust. Þetta er athugunarefni og tel ég að samgönguyfirvöld þurfi að skoða þessi mál sérstaklega í ljósi þessarar þróunar. Ég geri ráð fyrir því að á komandi hausti verði farið í að endurskoða vegáætlun til lengri tíma og ætla ég þess vegna ekki að ræða meira um verkefni sem liggja fyrir og þörf er á, en vísa til þeirrar umræðu.

Ég vil einnig að lokum varpa fram þeirri hugmynd, sem reyndar er ekki ný, hvort ekki sé rétt að skoða samgöngumálin í heild sinni. Við erum að tala um vegáætlun og skiptingu fjármagns til vegaframkvæmda. Við munum væntanlega síðar á þessu þingi fjalla um flugmálaáætlun til uppbyggingar flugvalla o.s.frv. Svo er annað sem heitir hafnaáætlun þar sem um er að ræða skiptingu fjármagns til hafnaframkvæmda út um allt land. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki úr vegi að menn ræði það hvort ekki sé rétt að skoða þessar áætlanir allar í heild þannig að menn hafi heildstæða yfirsýn yfir samgöngufframkvæmdir um landið í heild sinni og hvort menn gætu hugsanlega séð út úr því leiðir til hagkvæmni og betri nýtingar fjármagns.

[17:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ótrúlegt að hlusta á hv. þm. fjalla um vegáætlun eftir þá umræðu sem fram fór fyrr um þetta mál. Að halda því fram að niðurskurður á höfuðborgarsvæðinu sé ekki meiri en annars staðar er náttúrlega reginfirra. 36% niðurskurður á framkvæmdafé sem einnig er vegafé, hv. þm., er auðvitað meiri niðurskurður en 18% niðurskurður. Það er eins og hver önnur hundalógík að halda öðru fram.

Varðandi þá brtt. sem ég ásamt fjórum öðrum hv. þingmönnum lagði fram, reyndar ekki brtt. við vegáætlun eins og fram kom, heldur við lög um fjáröflun til vegagerðar, má segja að þar sé um ákveðna slysavörn að ræða. Það hefur komið fram í máli manna, m.a. frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að slysahættan sem verður við það að draga framkvæmdir í Ártúnsbrekku gæti orðið ríkissjóði útgjaldameiri en sparnaður vegna niðurskurðar í vegamálum. Vegna gagnrýni hv. þm. á þá brtt. við frv. um fjáröflun til vegagerðar að fé fari til þessarar framkvæmdar til að halda áætlun í Ártúnsbrekkunni vil ég segja að það vantar lagastoð til þess að nota þetta aukna fé vegna hækkaðs bensínverðs til vegagerðar. Það vantar lagastoðina og þess vegna er lagabreytingin sett fram í þessu formi. Breyting hv. þm. Svavars Gestssonar er auðvitað góð og gild og er í sömu veru. En lagastoðina til nýtingar þessa fjármagns til framkvæmdanna vantar. Það er hún sem við viljum tryggja með okkar brtt. Ég vil því mótmæla þessum orðum hv. þm. Magnúsar Stefánssonar.

[17:07]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði í ræðu minni var að það sem við köllum niðurskurð á höfuðborgarsvæðinu lýtur nákvæmlega sömu lögmálum í öðrum kjördæmum. Hins vegar vill þannig til að það sem vegur þyngra í þessu máli er að hér er um að ræða framkvæmdaátak sem lýtur öðrum lögmálum en almenn vegáætlun. Þess vegna kemur þetta

þannig út og það er svo sem hægt að færa rök fyrir því að niðurskurður sé meiri hér. Hann felst í þessu og ég breyti í engu orðum mínum og afstöðu vegna þessa.

[17:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. viðurkennir það hér með að það er meiri niðurskurður á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu. Enda er það staðreynd og ég ætla því ekki að orðlengja það frekar. Þetta er bara staðfesting á orðum mínum.

[17:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni ræðuna. Hann kom vissulega inn á það sem skiptir mjög miklu máli í allri þessari umræðu hve vegamál eru brýn byggðamál. Mér er mjög illa við að stilla vegamálum þannig upp að annars vegar sé Reykjavík og svo landsbyggðin eða aðrir landshlutar hins vegar. Allt eru þetta brýn mál. Það er alveg ljóst að það skortir fjármagn til vegamála eins og í alla aðra málaflokka hjá okkur. Hv. þm. Magnús Stefánsson benti á stóraukna landflutninga og minntist þar á fisk í því sambandi. Ég vil minna á að á Suðurlandi búum við við það að þar eru miklir vikurflutningar og vegaslóðir og vegir í Landssveitinni eru nánast ófærir vegna þessara miklu flutninga. Mér finnst full ástæða til þess að nýta t.d. námugjöld og önnur gjöld sem fást af þessum flutningum í hinn svokallaða Landveg vegna þess að það eru býli í Landssveitinni þar sem nánast er ekki búandi vegna vegaryks sem kemur af þessum flutningum.

Þetta vildi ég taka fram í framhaldi af ræðu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar.

[17:11]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði. Við eigum ekki að stilla upp málum þannig að við séum með annars vegar höfuðborgina og hins vegar önnur svæði eins og kemur reyndar fram ef maður skoðar þessar breytingartillögur. Sú brtt. sem flutt er af hv. þm. Svavari Gestssyni og fleirum er einmitt ekki hugsuð svona. Þess vegna met ég hana mikils að því leyti að hugsunin er rökrétt þar á bak við. Ég vil taka undir það að menn eiga ekki að stilla málum svona upp og skapa einhvers konar stríðsástand á milli manna. Ég held að það sé ekki heppilegt.

[17:13]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem flutt er af okkur þremur þingmönnum Alþb. og óháðra í Reykjavík og er á þskj. 995. Tillagan byggist á því að vegna aukinna tekna af almennu vörugjaldi af bensíni eigi að vera unnt að verja nokkru meira fé til vegamála á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir. Hér er sett upp talan 350 millj. kr. sem hugsanlegur möguleiki í þeim efnum og síðan er miðað við að þessum fjármunum verði varið til þess að standa við þau kosningaloforð sem gefin voru fyrir síðustu kosningar í vegamálum, sérstaklega af Sjálfstfl. og alveg sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu, þéttbýlissvæðinu, varðandi framkvæmdaátak í vegamálum.

Hv. þingmenn muna sjálfsagt að í tengslum við kjarasamninga fyrir nokkrum árum gaf þáv. ríkisstjórn út yfirlýsingu um að varið skyldi tilteknum fjármunum, mig minnir samtals um 3 milljörðum kr., til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum, m.a. vegna þeirra erfiðleika sem þá voru uppi í atvinnulífinu. Það varð fljótlega ljóst að hluti af þessum fjármunum eða talsverður hluti af þessum fjármunum mundi renna í verkefni á höfuðborgarsvæðinu og á þeim forsendum byggðu menn áætlanir sínar. Vegagerðin byggði áætlanir sínar á því, borgarstjórn Reykjavíkur byggði áætlanir sínar á því og bæjarfélögin í kring byggðu sínar áætlanir á því að það yrðu tilteknir fjármunir í þessi verkefni. Þegar hins vegar skipt var um ríkisstjórn varð niðurstaðan sú að skera vegáætlunina verulega mikið niður og sérstaklega þetta framkvæmdaátak sem þýðir að framlög til vegamála og vegaframkvæmda í Reykjavík eru skorin meira niður hlutfallslega en víða annars staðar af því að Reykjavík hafði auðvitað haft meira hlutfallslega út úr framkvæmdaátaksupphæðinni af því að henni er deilt út eftir höfðatölu en ekki hinni almennu reglu vegáætlunarinnar.

Nú getur það alltaf gerst að ríkisstjórnir taki ákvörðun um það að skera niður framlög til vegamála eða framlög til einhverra verkefna og það er yfirleitt erfitt. Það er sársaukafullt fyrir alla sem að því standa og á því bera ábyrgð. Hins vegar þegar um er að ræða tiltekin stór verkefni getur slíkur niðurskurður verið afbrigðilega erfiður og flókinn og það á við um það verkefni sem hefur verið nefnt í þessari umræðu og byrjað var á í Reykjavík snemma á þessu ári og seint á því síðasta, þ.e. Ártúnsbrekkubreytingarnar. Þar er um að ræða gríðarlega mikla og dýra framkvæmd. Allir sem þekkja eitthvað til þessara mála eru þakklátir fyrir að landsbyggðin yfirleitt og landsbyggðarþingmenn hafi stutt þær framkvæmdir myndarlega sem hefur verið farið í samkvæmt vegáætlun í Reykjavík. Við drögum ekkert af okkur í þeim efnum. Við teljum að það sé mikilvægt framlag allra landsbyggðarmanna til sátta um vegamálin hvernig á þessu máli hefur verið haldið en þá biðjum við um leið fólk um að skoða þann veruleika að það að fresta þessari framkvæmd eða að helminga hana eins og menn eru að gera er mjög vont mál vegna þess að framkvæmdin kemur ekki að þeim notum sem gert var ráð fyrir. Sérstaklega er þessi framkvæmd mikilvæg af því að hún er mikilvægur öryggisþáttur í umferðinni. Hún er ekki aðallega mikilvæg vegna þess að menn komist miklu hraðar ofan úr Grafarvogi og vestur í bæ. Það er út af fyrir sig eitt atriði en það skiptir engu máli í mínum huga í þessu samhengi. Aðalatriðið er það að slysahættan, sem menn ætluðu sér að reyna að fyrirbyggja með þessari framkvæmd, minnkar ekki eins og menn höfðu gert ráð fyrir. En slysin sem þarna er verið að tala um að draga úr eru ekki fyrst og fremst á Ártúnsbrekkunni sjálfri, heldur eru þau vegna keyrslu inn á Ártúnsbrekkuna af hliðargötum eða út af henni inn á hliðargötu. Þess vegna höfum við þingmenn Reykjavíkur lagt gríðarlega mikla áherslu á þetta og ég er sannfærður um að það á við um þingmenn allra flokka.

Það er líka rétt að nefna það að þingmenn Reyknesinga hafa átt mjög gott samstarf við Reykvíkinga í þessum málum. Það er svo merkilegt og það er ástæða til þess að halda því sérstaklega til haga úr þessum virðulega ræðustól að þingmenn Reykvíkinga og Reyknesinga hafa fulla samstöðu um úthlutun á þessu framkvæmdafé til vegamála á höfuðborgarsvæðinu. Hv. þingmenn Reyknesinga líta þeir þannig á að þeir beri nokkra ábyrgð á því hvernig fjármunum er ráðstafað í einstakar framkvæmdir í Reykjavík eins og í göngubrýr svo að ég nefni dæmi. Eins teljum við að við berum nokkra ábyrgð á því hvernig fjármunum er ráðstafað í einstakar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi og á höfuðborgarsvæðinu eins og þær miklu framkvæmdir sem óhjákvæmilegar

eru á allra næstu árum og missirum í Mosfellsbæ en hefur orðið að fresta vegna þess að peningar hafa verið of litlir.

Þannig hefur tekist góð sátt um þessa hluti og auðvitað er það þannig að það hlaut að vera nokkurt álitamál fyrir Vegagerðina og alla aðila og m.a. borgaryfirvöld hvort það væri í sjálfu sér rétt að byrja framkvæmdina í Ártúnsbrekku, hvort það væri ekki skynsamlegra að taka hana seinna í einni lotu þegar fjármunir væru til. En því miður var enginn kostur á því að setja málið upp þannig heldur urðum við að taka ákvörðun um að fara í þessa framkvæmd og það er ljóst að þrátt fyrir allt er hún til bóta. Hún er ekki til bölvunar þó að hitt hefði verið til miklu meiri bóta á vegakerfinu og aðallega umferðaröryggismálum ef framkvæmdinni hefði verið lokið. Þess vegna tel ég að tillaga hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og fleiri þingmanna Reykjavíkur og Reykjaness sé ekki á neinn hátt óeðlileg. Hún er flutt vegna þess samhengis sem málið er í og hv. þm. gat þess áðan að það þyrfti sérstaka lagabreytingu í þessu sambandi til að tryggja fjármunina. Það er rétt, fjármunir til Vegasjóðs eru ákveðnir í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum nú orðið, áður í lánsfjárlögum, og sjálfsagt þarf að breyta því. Ef svo vel vildi til að þessi tillaga yrði samþykkt þá breytti maður náttúrlega lögunum undir eins en tillagan frá þeim hv. þingmönnum er allra góðra gjalda verð. Þar er gerð tillaga um sérstaka fjármuni um framkvæmdir í Ártúnsbrekkunni.

Við hins vegar kusum að fara dálítið aðra leið þar sem við segjum að við tökum þessa heildarupphæð og segjum sem svo að þessum fjármunum eigi að skipta eftir sömu reglum og hlutföllum og fjárveitingum var skipt til framkvæmdaátaksins áður. Þetta þýðir það ef okkar tillaga yrði samþykkt þá færu þessir fjármunir nokkuð mikið í Ártúnsbrekkuna en líka í ýmis önnur verkefni, bæði t.d. í Reykjaneskjördæmi og ég hygg jafnvel í Norðurl. e. og e.t.v. fleiri kjördæmi en ég hef ekki gáð að því því mér finnst kannski að það sé ekki hlutverk okkar í einstaka atriðum að streða um það í því samhengi sem þetta mál er sett fram. Þess vegna finnst okkur, sem flytjum tillöguna, að það ætti a.m.k. að vera útlátalaust fyrir þingmenn stjórnarandstöðunnar úr dreifbýlinu að styðja tillögu af þessu tagi því að hér er verið að tryggja að staðið sé við framkvæmdaátak sem ákveðið hafði verið fyrir löngu. Ég geri mér grein fyrir því að það er flóknara fyrir þingmenn stjórnarflokkana að styðja þessa tillögu. Það mundi sæta meiri tíðindum ef hv. þm. Egill Jónsson, stórvinur minn, mundi styðja þessa tillögu eða Jón Kristjánsson. En það breytir ekki því að ég höfða til skynsemi þeirra eins og annarra þingmanna og bið þá um að hugleiða málið með mér í þeirri stöðu sem nú er uppi og vænti þess að við fáum góðar undirtektir við þessa tillögu. Ég lít ekki þannig á að við Reykvíkingarnir séum að taka á þessu máli sem afmörkuðu Reykjavíkurmáli. Ég tel að það sé landsmál hvernig þetta er. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er svo óheyrileg umferð sem fer í gegn sem tilheyrir landsmönnum öllum og þess vegna er það sem ríkissjóður, landssjóðurinn, hefur ákveðið að standa að framkvæmdum á þessu svæði. Við metum hins vegar mikils þann stuðning sem við höfum fengið úr öðrum byggðarlögum við þarfir okkar Reykvíkinga sérstaklega í þessu efni en bendum á að það eru jafnframt að miklu leyti þarfir landsmanna allra og þess vegna er þessi tillaga flutt, hæstv. forseti.

[17:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir málefnalegt innlegg í umræðu um tillögu hans. Hann rakti réttilega hvernig þessu framkvæmdaátaki var háttað þannig að því er komið á framfæri.

Ég vil einnig taka undir að það er nauðsynlegt að það ríki sátt í vegamálum milli dreifbýlis og landsbyggðar og við eigum ekki að takast á um þau efni enda hefur það ekki verið gert. Landsbyggðarmenn hafa lagt mikla áherslu á vegamál en ég man ekki til að það hafi verið hörð átök um vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu enda hafa þær verið miklar á undanförnum árum. Hins vegar vil ég tek ég fram varðandi tillöguna að í mínum huga er betra að nota þennan ávinning í tekjunum til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og skapa grunn fyrir traustari og meiri framkvæmdir í vegamálum á næstu árum. Það er einu sinni þannig með þennan tekjustofn að hann er sveiflukenndur og sem betur fer berast nú fréttir af því að það er útlit fyrir lækkanir á eldsneyti þannig að mér finnst að við ættum að nota þennan ávinning til þess að treysta grunninn og það muni koma vegamálunum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni til góða jafnvel strax á næsta ári. Við landsbyggðarmenn erum ekki óvanir því að horfa upp á einhverja frestun framkvæmda en ég geri hvorki lítið úr slysahættu né mikilvægi þeirra framkvæmda sem hér um ræðir, síður en svo, og ég ítreka þá skoðun mína að við eigum að hafa heildarsýn í vegamálum.

[17:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér enginn munur á mínum viðhorfum og hv. þm. í þessu efni. Ég tel að ríkissjóður sé sjóður sjóðanna og hann eigi að eiga sem flesta vini. Það situr síst á mér eftir margar skýrslur um þau mál og margar ræður að finna að þeim viðhorfum sem hv. þm. hafði í þeim efnum.

En það er dálítið sérkennileg staða sem er með þessi verkefni eins og ég rakti áðan þannig að mér finnst kannski réttlætanlegra en venjulegra að skoða þessa hluti. Svo er hitt líka að mér sýnist satt að segja að staða ríkissjóðs á þessu ári eigi ekki að hafa versnað. Mér sýnist að miðað við allar aðstæður geti staða ríkissjóðs batnað dálítið á þessu ári, sem betur fer, frá því sem menn höfðu gert ráð fyrir þegar gengið var frá fjárlögunum. Það á m.a. rætur til verulegrar innflutningsaukningar hvort sem það er af góðu eða illu. Það er samt sem áður veruleiki að það hefur áhrif á stöðu ríkissjóðs. Mér finnst þess vegna að það sé kannski réttlætanlegra en ella væri að hreyfa máli af því tagi sem hér er um að ræða.

Það er líka alveg rétt hjá hv. þm. að sú tala sem hér er nefnd í þál. sé að einhverju leyti óraunsæ. Hún er jafnvel of há, ég skal ekki um það segja. Það er hugsanlegur hlutur m.a. vegna þess að olíuverð geti farið lækkandi vegna þess að nú er farið aftur að framleiða og selja olíu í Írak. Ég bendi þá á að sjónarmið af því tagi sem hér eru uppi hafa mjög oft áður komið fram á Alþingi þegar breytingar hafa orðið á olíuverði, alveg sérstaklega hjá þingmönnum Framsfl. fyrr á árum og Sjálfstfl. Ég man t.d. mjög vel eftir því á þeim tíma þegar ég var viðskrh. og bensínverð erlendis hækkaði um 200% voru þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. þeirrar skoðunar að það væri mjög nauðsynlegt að setja þak á þessa hluti áður en miklu lengra væri haldið og ríkissjóður græddi of mikið á því.

[17:28]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 407. mál, nál. félmn., þskj. 1048.

Þjónustusamningar og hagræðing í ríkisrekstri, 423. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1046; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1047.

[17:29]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að sem betur fer árar þannig að það er útlit fyrir einhverja tekjuaukningu hjá ríkissjóði, það er ljóst. En það er jafnljóst að fjárlögin eru með einhverjum veikleikum og það er ætíð svo að það þarf að endurmeta fjárþörf á árinu með fjáraukalögum. Það er ljóst að það verður einhver útgjaldaauki af þeim sökum í ýmsum erfiðum málaflokkum þó að ég ætli ekki að fara að ræða það nánar í andsvari.

Við vitum að varðandi sjúkrahúsarekstur og fleira eru vissir veikleikar í fjárlögum og staðreyndin er sú að fjárlög voru gerð með 4 milljarða kr. halla. Þetta er nefnt til þess að draga upp heildarmyndina af þessu máli. Ég held því að allur sé varinn góður í þessu þó sem betur fer ári þannig að efnahagslífið er í vissri uppsveiflu og ríkissjóður fær auknar tekjur af þeim sökum. Það er náttúrlega grundvallaratriðið. Það er grundvallaratriðið undir því að við getum sinnt ýmsum góðum málum sem við berum fyrir brjósti, vegamálum og öðrum velferðarmálum sem ég vil kalla svo.

[17:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Framkvæmdaátakið í vegamálum var ákveðið m.a. vegna ástandsins í atvinnumálum. Þegar þær ákvarðanir voru teknar var það mikið áherslumál af hálfu verkalýðshreyfingarinnar.

Ástandið í atvinnumálum hefur að ýmsu leyti batnað. En þó voru þær tölur sem birtust um atvinnuleysið í aprílmánuði fyrir nokkru ekkert sérstaklega jákvæðar. Ég bendi á að þegar dregið er úr atvinnuframkvæmd eins og gert hafði verið ráð fyrir í Reykjavík í þessu máli hefur það keðjuverkandi áhrif, ekki síst núna þegar um það er að ræða að þúsundir og aftur þúsundir ungmenna eru að koma út á vinnumarkaðinn og það verður erfiðara að fá venjulega launavinnu í Reykjavík í sumar en verið hefur um mjög langt skeið.

Ég ætla líka að segja það að ég tel að ef fjárln. og samgn. hefðu séð þegar þær gengu frá fjárlögunum fram úr því hvaða áhrif niðurskurðurinn hefði á þessa tilteknu framkvæmd og hefðu líka vitað að staða ríkissjóðs mundi fara eins og hún er að fara þá hefðu menn staðið að því að framkvæmdin hefði verið tekin í einni lotu. Ég er alveg sannfærður um það og þess vegna tel ég mig vera í fullum rétti og okkur til þess að flytja þá tillögu sem við höfum mælt fyrir um leið og ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir að hafa tekið þátt í umræðunni því að mér finnst sjónarmið hans út af fyrir sig réttlætanleg en ég bið hann engu að síður að skoða hug sinn í smáatriðum áður en til atkvæðagreiðslu kemur.

[17:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir allt af því sem hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan. Það er rétt sem hann segir. Þetta er ekki kjördæmamál því að innkeyrslan í höfuðborg allra landsmanna er hagsmunamál okkar allra og hvernig þar er staðið að málum.

Vegna orða hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., þar sem hann minntist á fjárlagahallann og sjúkrahúsin, vil ég benda á að í því landi sem þessi ríkisstjórn hefur svolítið sótt tillögur sínar til, þ.e. á Nýja-Sjálandi, þá er það hluti af forgangsröðun í heilbrigðismálum að standa vel að slysavörnum. Það er þriðja aðalverkefnið í forgangsröðun í heilbrigðismálum næstu fimm árin hjá þeim á Nýja-Sjálandi. Það væri ekki óeðlilegt að menn settu viðbótarfé sem kemur í ríkissjóð í það að flýta framkvæmdinni í Ártúnsbrekku sem mun ef allt verður að óbreyttu verða hættulegt umferðinni, ekki kannski keyrslan niður Ártúnsbrekkuna eins og hv. þm. Svavar Gestsson minntist á, heldur keyrslan inn á Ártúnsbrekkuna og Miklubrautina.

Hv. þm. Jón Kristjánsson talar um að tekjustofninn sé sveiflukenndur. Ég minni á að ákvarðanir hv. stjórnarþingmanna eru líka sveiflukenndar. Það voru settar 800 millj. meira í vegáætlun fyrir kosningar. Þeim var kippt í burtu um það bil ári síðar. Það eru líka miklar sveiflur. (**JónK:** Það var önnur ríkisstjórn.) Já, það var önnur ríkisstjórn, það er alveg rétt hjá hv. þm. En engu að síður eru minni sveiflur á bensínverði en ákvörðunum stjórnarþingmanna og ég minni á kosningaloforð Sjálfstfl. um það og þar með Davíðs Oddssonar að ekki yrði skorið niður af vegafé. Svona er staðið við það.

Umræðu frestað.

Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, 1. umr.

Frv. RG o.fl., 411. mál. — Þskj. 730.

[17:36]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka fram hvað mér finnst mikils virði að fá tækifæri til að mæla fyrir þessu mikilvæga frv. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að umræða um það hefði farið fram við aðrar aðstæður og að þingmenn almennt hefðu gefið sér gaum til þess að eiga viðræður hver við annan um þörfina á úrræðum fyrir þá sem eru atvinnulausir og að ræða almennt atvinnuleysið og hvernig bregðast skuli við því.

Stundum hefur verið haft mjög hátt um stöðuna í atvinnumálum okkar og margar harðar og grimmar ræður fluttar í þessum þingsal á undanförnum vetrum. Það hversu lítið hefur verið rætt um þessi mál gæti virkað á fólk eins og nú sé allt orðið gott, ekki sé þörf á neinum úrræðum, enda hefur það sýnt sig að þrátt fyrir boðskap um annað hafa engar beinar tillögur komið frá Framsfl. um aðgerðir í þágu atvinnulausra. Um þau mál á hagvöxturinn einn að sjá. En staðeyndin er sú að í apríl voru 144 þús. atvinnuleysisdagar og það var aukning frá því í mars. Þetta þýðir 5,1% atvinnuleysi en það er meira atvinnuleysi hjá konum en körlum og má áætla að atvinnuleysi kvenna sé um það bil eða yfir 7%.

Í frv. því sem ég mæli fyrir, virðulegi forseti, felst tillaga um að í eitt ár á tímabilinu frá 1. ágúst 1996 til ágúst 1997 fái þau fyrirtæki, sem ráða til sín fólk af atvinnuleysisskrá og óska að taka þátt í slíku átaki eða slíkri aðgerð, afslátt eða endurgreiðslu á tryggingar- og ábyrgðargjaldi sem nemi 30 þús. kr. á mánuði eða um það bil helming af almennum lágmarkslaunum. Miðað er við að slík lög væru sett nú í maí en tækju gildi 1. ágúst. Mikilvægt að líta á þessar dagsetningar vegna þess að miðað er við að viðkomandi hafi verið á atvinnuleysisskrá þegar hann er ráðinn en jafnframt hafi hann verið atvinnulaus a.m.k. fjórar vikur á tímabilinu mars til apríl 1996. Þetta er sett þannig fram svo að ljóst sé að fyrirtæki sé vissulega að ráða þann sem búið hefur við

atvinnuleysi um þriggja mánaða skeið. Líka að ekki sé hægt að spila með slíka lagasetningu heldur séu þarna lög sett á ákveðnum tíma, fyrir liggi hverjir hafi verið á atvinnuleysisskrá í apríl og maí og fyrirtækin að sækja um núna í júní og júlí eða þar til væri lokað fyrir það og síðan taki gildi afslátturinn eða þátttakan frá 1. ágúst.

Það sem skiptir máli í þessu frv., virðulegi forseti, er að um er að ræða úrræði fyrir atvinnulaust fólk sem nú hlýtur atvinnuleysisbætur sem eru mun hærri en þessi 30 þúsund. Þess vegna væri ekki verið að kosta til nýju fé en þarna væri verið að bregaðst við því að ástand hefur batnað og einhver vöxtur í augsýn.

Staðreyndin er sú að núna að undanförnu hefur verið talað um að það hafi mjög birt til á vinnumarkaði, að fyrirtæki hafi verið að eflast, meiri umsvif séu hjá flestum fyrirtækjum. Þegar ég talaði við Hagstofuna, aðila hjá verkalýðsfélögum og öðrum, það er ekki til töluleg úttekt á því, en það virðist svo, virðulegi forseti, að það góðæri sem sé að ganga í garð skili sér ekki í fjölgun starfa hjá hverju fyrirtæki. Það sé fremur þannig að það aukist vinna hjá þeim sem eru í vinnu og meiri yfirvinna þannig að þau umsvif sem hafa aukist skili sér ekki í fjölgun starfa heldur fyrst og fremst í því að það er meira að gera í hverju fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Í frv. kemur fram til hverra þessi lög taka ekki, svo sem eins og Alþingi, fyrirtæki ríkisins og félagasamtök, að skilyrði fyrir endurgreiðslunni séu að vottorð komi frá vinnumálaskrifstofu sem sýni að einstaklingurinn hafi verið atvinnulaus og að engum hafi verið sagt upp hjá fyrirtæki á síðustu þremur mánuðum. Ef einhverjum starfsmanni yrði sagt upp á gildistíma laganna, þessu eina ári, þá félli niður rétturinn til frekari endurgreiðslu. Þarna kemur mjög vel fram að greiðslurnar, þessar 30 þús., eru fyrir nýjan starfsmann sem yrði ráðinn þannig að fyrirtæki væri að fá afslátt og t.d. fyrirtæki með 10 einstaklingum væri kannski að fá afslátt sem næmi tryggingagjaldinu af tveimur starfsmönnum. Þetta er veruleg umbun fyrir lítil fyrirtæki. Tillagan er um að þau fyrirtæki sem eru með 10 manns eða fleiri geti ráðið einstaklinga upp á þennan stuðning. Vegna hvers er verið að taka til 10 starfsmenn í fyrirtækjum? Það er vegna þess að markmiðið með þessu lágmarki byggist á nauðsyn þess að mynda ákveðinn hvata fyrir stækkun lítilla fyrirtækja. Ef litið er á stærðardreifingu fyrirtækja hér á landi miðað við fjölda starfsmanna sést að fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn eru mjög algeng. Það er langstærsta hlutfallið. Ef litið er á súluritin sem fylgja frv. þá kemur það fram að langflest fyrirtæki hafa færri en 5 starfsmenn, þar á eftir koma fyrirtæki með 5–10 starfsmenn en það er eins og það verði einhver þröskuldur þarna og ákveðin tregða til þess að fara yfir þennan 10 starfsmanna þröskuld. Það er mat mjög margra sem skoða vinnumarkaðinn að ástæða sé til að reyna að vera með stuðning til þess að fyrirtæki fari upp fyrir þennan þröskuld. Ef frv. verður samþykkt verður það ekki aðeins úrræði fyrir atvinnulausa heldur jafnframt hvati til þess að fyrirtækið fari frekar í stækkun en að bólgna alltaf út innan starfsmannafjöldans og stuðningur við það að lítið fyrirtæki fjölgi við sig og reyni að stækka og komast örlítið upp á við.

Virðulegi forseti. Ég hef fallist á að nota ekki eins langan tíma og ég hefði annars gert í framsögu fyrir þessu máli til þess að fá tækifæri til að mæla fyrir þessu góða máli þannig að það komist til félmn. og fái þar umfjöllun. Í greinargerð með frv. kemur fram að í nýlegri skýrslu iðnrn. um tengsl sjávarútvegs og iðnaðar kom fram að ein af ástæðum þess að viðskiptaleg tengsl sjávarútvegs og iðnaðar eru ekki meiri en raun ber vitni er að fyrirtæki í iðnaði hafi ekki burði m.a. vegna smæðar sinnar til að taka við öllum þeim jákvæðu tækifærum sem öflugur sjávarútvegur býður upp á. Þetta er mjög athyglisvert. Þau eru of smá, þau eru of fámenn og við höfum kannski ekki verið að gera nægilegt þó að ég viti að Iðntæknistofnun og fleiri eru með ýmislegt í gangi til þess að vera hvetjandi í þessum efnum er ekki beinum stjórnvaldsaðgerðum til að dreifa í þessu efni.

Tilraun sem þetta frv. gerir ráð fyrir og gilda á í eitt ár gæti haft mikil og víðtæk áhrif ef vel er staðið að málum en eðlilegt að stjórnvöld og Alþingi hugi að fleiri slíkum vaxtahvötum til eflingar smærri fyrirtækjum. Ég get tekið fram, virðulegi forseti, að ég hef skoðað þetta mál alveg frá því fyrir einu ári þegar ég átti viðræður við kollega mína á Norðurlöndum þegar ég sinnti starfi vinnumálaráðherra. Mér er kunnugt um það að aðgerð af þessum toga var reynd á sl. vori í Svíþjóð, að sjálfsögðu með nokkuð öðru sniði því að eðlilega verður maður að taka mið af innlendum aðstæðum þegar maður smíðar mál af þessum toga. Hvetjandi aðgerð til að fyrirtæki fjölgi starfsmönnum gaf hátt í 30 þúsund manns störf sl. vor í Svíþjóð. Þeir sem hafa skoðað þessi mál í grannlöndum okkar, sem hafa farið út í ýmsar slíkar aðgerðir, telja að þetta sé með bestu aðgerðum sem þar hafa verið reyndar.

Virðulegi forseti. Ég ætla að standa við það sem ég hef lofað og þó að mér liggi miklu meira á hjarta í þessu máli ætla ég að láta staðar numið og legg til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:48.

---

146. FUNDUR

fimmtudaginn 23. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957, nál. 1030, brtt. 1031. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, stjfrv., 376. mál, þskj. 664, nál. 898. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599, nál. 1007. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 527. mál, þskj. 1010. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, frv., 411. mál, þskj. 730. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998. — 2. umr.

8. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639, nál. 962 og 999. — 2. umr.

9. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 973, brtt. 887,8 og 18, 930 og 945. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Iðnaðarmálagjald, 483. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1049.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 389. mál, nál. landbn., þskj. 1050; brtt. landbn., þskj. 1051.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 739, nál. 954 og 985, brtt. 955.

[10:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill geta þess áður en atkvæðagreiðslan hefst að hann hefur ráðfært sig við fulltrúa meiri og minni hluta í félmn. um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar og verður henni hagað í samræmi við þær óskir sem settar hafa verið fram um hana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]

Till. í nál. 985 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 36:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, ÁÞ, KHG, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, RA.

nei: SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, AK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, KF, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB.

4 þm. (StG, VE, GHall, IP) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum gagnrýnt harðlega vinnubrögð ráðherra og tilurð þessa frv. sem er nýr og framandi þáttur í samskiptum ríkisstjórnar við launþegasamtökin í landinu. Við teljum að með þessum vinnubrögðum sé varpað fyrir róða grundvelli þeirrar samvinnu sem skapaði þjóðarsátt og efnahagsbata. Sameinuð íslensk verkalýðshreyfing hefur varað stjórnvöld við að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði með slíkum yfirgangi og varar eindregið við þeim breytingum á réttarstöðu launþega og samtaka þeirra sem felast í frv. Þrátt fyrir að hörð andstaða í þingsal, andstaða verkalýðshreyfingarinnar og málefnaleg umfjöllun félmn. hafi gerbreytt frv. frá upprunalegri mynd þannig að nú má segja að það sé stefnu- og markmiðslaust plagg, þá hafnar þingflokkur Alþfl. þessari lagasetningu og íhlutun í innri málefni stéttarfélags sem í henni felst.

Virðulegi forseti. Við styðjum að málinu verði vísað til ríkisstjórnar en munum að öðrum kosti sitja hjá við breytingartillögur og greiða atkvæði gegn frumvarpsgreinum. Ég segi já.

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með frumvörpum sínum er hæstv. ríkisstjórn að rjúfa áratuga hefð sem skapast hefur um samskipti aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Hæstv. ríkisstjórn á því að velja nú heppilegasta kostinn og draga þetta frv. til baka. Frv. er þannig til komið og það er þannig að innihaldi að afleiðingar af lögfestingu þess verða ófyrirséðar. Hæstv. ríkisstjórn er að stofna til ófriðar, safna glóðum elds að höfði sér með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Að vísu hefur frv. tekið miklum breytingum og er orðið að verulegu leyti útþynnt frá því sem upphaflega var en enn standa eftir efnisþættir sem eru ekki viðunandi og enn eru óuppgerðar sakir vegna þeirra vinnubragða sem hæstv. ríkisstjórn hefur ástundað. Það er því langhyggilegast fyrir alla aðila að þetta frv. hverfi af borðum þingmanna og því rétt að segja já við þeirri tillögu í nefndaráliti á þskj. 985 að vísa því til ríkisstjórnar. Ég segi já.

[10:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ef ríkisstjórnarflokkarnir beita meiri hluta sínum á Alþingi með þeim hætti sem nú er fyrirhugað, hunsa vilja verkalýðshreyfingarinnar og daufheyrast við öllum viðvörunum stjórnarandstöðunnar en styðja hins vegar sjónarmið atvinnurekenda er ljóst að þeir munu valda miklu uppnámi í öllum samskiptum aðila á vinnumarkaði.

Herra forseti. Ég tel að þessu frv. eigi að vísa aftur til föðurhúsanna því með samþykkt þess mun ríkisstjórnin koma í veg fyrir að efnahagsbatinn nýtist til að efla atvinnulífið, til að bæta kjörin og til að tryggja áfram stöðugleika. Ég segi því já.

[10:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggja tvö frumvörp, það sem við fjöllum um hér og annað til, sem gera ráð fyrir verulegri skerðingu á frelsi og umsvifamöguleikum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Við höfum reynt allt sem unnt er í þessari stofnun til þess að stöðva framgang þessara mála og hvetja ríkisstjórnina til þess að draga þau til baka. Umræður um þessi mál hafa þegar tekið samtals í kringum 90 klukkustundir og það eru ekki dæmi um annað eins í umræðum á hv. Alþingi.

Það er augljóst, hæstv. forseti, miðað við þær yfirlýsingar sem liggja fyrir að þó að meiri hlutinn hafi sitt fram í þessari stofnun verður meðferð málsins eftir Alþingi vísað út til fólksins, út til samfélagsins. Það byggi ég m.a. á þeirri staðreynd að yfirlýsingar liggja fyrir frá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar sem heiðra okkur með nærveru sinni, forustumenn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hyggilegast er engu að síður að hafna þessu máli og þess vegna styð ég frávísunartillögu minni hluta félmn.

[10:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það var og er rík þörf á því að bæta samskipti á vinnumarkaði. Það var og er nauðsynlegt að

gera ýmsar breytingar á vinnulöggjöf. Um þetta voru allir sammála. Ágreiningur reis milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda um aðferðir og innihald. Ríkisstjórnin tók afstöðu með atvinnurekendum, hún tók afstöðu gegn launafólki. Þetta frv. er unnið samkvæmt fyrirmælum Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins. Þetta frv. er unnið af einsýni. Þetta frv. er unnið af þröngsýni. Þetta frv. er unnið með fádæma yfirgangi. Þetta frv. er hneyksli. Þessi ríkisstjórn er hneyksli. Þessi vinnubrögð munu torvelda nauðsynlegar breytingar á vinnumarkaði. Ég segi já við því að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar.

[10:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta frv. var hrákasmíð þegar það kom af hendi hæstv. félmrh. eins og sést best á því að það var rist sundur og saman af Lagastofnun Háskóla Íslands. En sameinuð verkalýðshreyfing og stjórnarandstaða hefur eigi að síður náð mikilvægum áföngum vegna þess að það er búið að brjóta verstu rántennurnar úr frv. Enn er það eigi að síður þannig úr garði gert að það er með engu móti hægt að samþykkja það vegna þess að það er íhlutun í innri mál verkalýðsfélaga.

Herra forseti. Ég mun þess vegna styðja það að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar en einhvers staðar í breiðu brjósti hæstv. félmrh. blundar á sáttfýsi. Hann sagði undir lok umræðunnar að hann vildi ná sáttum, vildi samráð og fyrrv. forseti Alþýðusambands Íslands sagði á tröppum þessa húss að hann vildi reyna að ná sáttum yfir sumar. Þess vegna á að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar og freista þess að ná samkomulagi í sumar. Ég segi já.

[10:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Verði frv. sem hér er til umræðu samþykkt sem lög frá Alþingi, þá yrðu það söguleg tíðindi því með því verður í fyrsta sinn tekið það skref að setja lög um samskipti aðila vinnumarkaðarins fullkomlega í andstöðu við gervalla verkalýðshreyfinguna í landinu. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tekur sér það hlutverk að hlutast freklega til um innri málefni stéttarfélaga. Hún tekur sér það hlutverk að nýta sér þann meiri hluta sem hún hefur á hinu háa Alþingi og valtra yfir verkalýðshreyfinguna. Hún hefur rofið grið við verkalýðshreyfinguna og þar með ógnað friði á vinnumarkaði. Hún hefur valið að þjónusta atvinnurekendur og hunsa launafólk og samtök þess. Stjórnarandstaðan hefur haldið þeirri kröfu stíft á lofti að frv. skuli vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem því verði komið í eðlilegan samráðsfarveg. Það er eina skynsamlega lausnin út úr þessu ótrúlega klúðri hæstv. ríkisstjórnar. Ég segi já.

[10:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég segi já við þessari tillögu um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir að lagfæring hafi orðið á frv. vegna skeleggra mótmæla verkalýðshreyfingar og stjórnarandstöðu. Ég segi já vegna þess að grundvallarágreiningurinn stendur eftir. Hér er á ferðinni eitt mesta stórslys hvað varðar samskipti löggjafarvaldsins við vinnumarkaðinn sem stefnir til harðra átaka við að brjóta lögin á bak aftur. Ég skora á hæstv. forsrh. að hann sjái til þess að málið hverfi úr sölum Alþingis og samstarf verði tekið upp við aðila vinnumarkaðarins að nýju. Ég treysti því að svo verði gert og segi já.

[10:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er ríkisstjórn íhalds og Framsóknar að setja mark sitt á skuggasíður sögunnar. Hér er verið að efna til ófriðar í landinu, verið að vega að sjálfu frelsi verkalýðshreyfingar í landinu og í raun að lýðræði í samfélagi okkar. Frv. á vitaskuld að fara veg allrar veraldar en næstbesti kosturinn er að það fari í saltpækil hjá ríkisstjórninni. Ég segi já.

[10:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. var í sinni upphaflegu mynd ein grófasta atlaga gegn verkalýðshreyfingunni í landinu og mannréttindum vinnandi fólks sem fram hefur komið á Alþingi Íslendinga. Þó að frv. sé nú nokkuð breytt vegur það enn að rétti vinnandi fólks. Það er kaldhæðnislegt að hinn lýðræðislegi kjörni meiri hluti Alþingis vegi að lýðræðislegum rétti þegnanna til að ráða sjálfir umboði samningamanna sinna og fyrirkomulagi á ákvarðanatöku um samþykkt kjarasamninga. Vafalaust má bæta lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar ef marka má stöðu kvenna innan samtakanna, ekki síst stjórnar ASÍ, en þetta frv. er ekki leiðin til þess. Á hvaða braut er lýðræðið í landinu?

Frv. vegur að ákvæðum alþjóðlegra sáttmála um félagafrelsi og samningsrétt stéttarfélaga. Við kvennalistakonur höfnum þessu frv. og ég segi því já við því að vísa frv. til föðurhúsanna.

[10:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í aðdraganda myndunar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar gerði formaður Framsfl. tilboð til Sjálfstfl. um það að breyta vinnulöggjöfinni. Við erum nú að sjá niðurstöðuna úr þessu samstarfi þessara tveggja flokka sem ætla að keyra yfir fjöldasamtökin, alþýðusamtökin í landinu, með þeirri lagasetningu sem er verið að færa fram á Alþingi. Þetta er mikill ógerningur sem hér er unnið að. Að vísu er frv. orðið heldur ræfilslegt og ríkisstjórnin heldur lotleg eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram. En það er því miður ekki útlit fyrir að við náum að hrinda þessari löggjöf enda skortir afl og það er skynsamlegt á slíkum stundum að velta því fyrir sér af öllum fjöldanum hvernig menn nota kosningarrétt sinn.

Þetta mál verður áfram í höndum alþýðusamtakanna í landinu til að hrinda því sem ekki tekst á Alþingi sem ekki er afl til á Alþingi. Ég segi já við þessari tillögu.

[10:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. fer ríkisstjórnin með fullkomnu offorsi gegn launafólki og eðlilegum samskiptum við verkalýðshreyfinguna í landinu. Hér er verið að knýja í gegn með gerræðislegum vinnubrögðum mjög umdeildar breytingar í fullkominni andstöðu við launþegahreyfinguna í landinu en í þökk atvinnurekenda. Þannig vinnur þessi ríkisstjórn gegn launafólki og gegn stöðugleikanum í landinu og stefnir með því friði á vinnumarkaðnum í algert uppnám. Þetta er mesta ögrun við launafólk í landinu sem við höfum séð um langan tíma. Ég segi já við því að vísa þessu máli frá.

[10:52]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt í óþökk allra stéttarfélaganna í landinu. Í upphaflegri mynd braut það í bága við

alþjóðasamninga sem við erum aðilar að og höfum staðfest og það gerir það enn. Hér er um óeðlilega og óæskilega íhlutun um innri mál stéttarfélaganna að ræða. Hér er verið að eyðileggja góðar hugmyndir sem hafa verið í þróun á undanförnum árum, svo sem um vinnustaðarsamninga og um viðræðuáætlanir. Ef frv. verður að lögum mun það skapa óróa og átök á vinnumarkaði. Er það æskilegt, hæstv. forseti? Ég svara því neitandi og því segi ég já við tillögunni.

[10:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vísa því á bug að óeðlilega hafi verið staðið að samningu þessa frv. Meðferð málsins hefur verið eðlileg og reynt hefur verið að taka tillit til efnislega rökstuddra athugasemda. Hér er um að ræða skynsamlega endurbót á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þess vegna segi ég nei við þessari frávísunartillögu.

[10:55]

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel tíðindum sæta að þrátt fyrir þverpólitíska samstöðu allra stéttarfélaga í landinu liggur fyrir að sú afstaða hefur ekki haft áhrif á einn einasta þingmann í Framsfl. eða Sjálfstfl. Mér finnst líka athyglisvert að eini fulltrúinn á þingi Alþýðusambands Íslands, sem jafnframt á atkvæðisrétt á Alþingi Íslendinga, skuli ekki hafa séð ástæðu til að nota atkvæðisrétt sinn við þessar aðstæður.

Brtt. 955,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GHall, IP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem tillaga okkar stjórnarandstæðinga um að vísa málinu frá til ríkisstjórnarinnar hefur verið felld stöndum við frammi fyrir því að greiða atkvæði um einstakar breytingartillögur og einstakar greinar. Við stjórnarandstæðingar munum sitja hjá við breytingartillögur við frv. enda breyta þær litlu um innihald og inntak þessa máls. Við munum hins vegar greiða atkvæði gegn einstökum greinum, þó ekki þeim sem teknar eru óbreyttar upp úr eldri lögum um sáttastörf í vinnudeilum eða þær greinar sem breyta ekki þeim leikreglum sem hafa verið í gildi á vinnumarkaði.

[10:58]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um þá tillögu að fella brott úr frv. þá grein þess sem kveður á um að heimila stofnun vinnustaðarstéttarfélaga. Ég er mjög andvígur því að tekið verði upp í löggjöf hér á landi að heimila stofnun stéttarfélaga á einstökum vinnustöðum og tel að slík ákvæði geti reynst samtakamætti verkalýðshreyfingarinnar afar skeinuhætt. Hins vegar tel ég ekki eðlilegt að stjórnarandstæðingar fari að greiða atkvæði með eða móti einstökum breytingartillögum eða tillögum í frv. ríkisstjórnarinnar og eigi að leggja aðaláherslu á að það beri að vísa málinu frá og ríkisstjórnin eigi ekki að koma með það inn í andstöðu við stéttarfélögin. Ég mun því ekki greiða atkvæði við þessa tillögu eða aðrar.

[10:59]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Þessi grein sem hér um ræðir er ein þeirra sem hvað mestum breytingum hafa tekið og er reyndar ný grein í frv. Hún er sett án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Í framkvæmd geta ákvæði greinarinnar lagt niður verkalýðsfélög í minni byggðarlögum og veikt stéttarfélögin í núverandi mynd í stærri byggðarlögum. Ég styð ekki slíkar aðgerðir og greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 955,2.a–d samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GHall, HjálmJ, IP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. eru gerðar kröfur um meðferð mála hjá stéttarfélögum sem fela í sér harkalega íhlutun í innri málefni þeirra og brýtur í bága við anda alþjóðasamþykkta um frelsi stéttarfélaga. Lögbundin eru ýmis mikilvæg atriði sem hafa áður verið afgreidd með beinum og frjálsum hætti af hálfu félaga í stéttarfélögum fyrir utan að takmarkað er með lögum hvaða málefni samninganefndir þurfa að leggja fyrir félagsmenn er fest í lög afgreiðsla kjarasamninga með lágmarksþátttökuákvæðum sem telja verður grófa íhlutun um málefni stéttarfélaga nema þar sem ákvæðin eru sett í fullri andstöðu við launþegasamtökin.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að með frv. þessu eigi að afstýra því að litlir hópar geti klifrað upp eftir bakinu á stórum hópum sem þegar hafi samið og náð sér í betri kjör og stærri hlut af kökunni sem á að skipta. Þessi málflutningur hefur náð til margra en ekkert slíkt ákvæði er að finna í þessum lögum. Við höfnum þessari íhlutun og höfum ekki afskipti af breytingartillögum. Ég greiði ekki atkvæði.

[11:02]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér eru á ferðinni mikil ágreiningsefni. Það voru hugmyndir um að líkja eftir dönskum lögum almennt hvað varðar efnisatriði. Danir eru núna að hverfa til þess að einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ráði miðað við ákveðið lágmark greiddra atkvæða. Lagagreinin gerir ráð fyrir stefnu í þveröfuga átt. Um þessi atriði, þ.e. atkvæðagreiðslur, verður að ríkja sátt milli aðila vinnumarkaðarins. Ég greiði ekki atkvæði um þessa grein.

[11:03]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég sit hjá við þessa grein til að fylgja eftir skoðunum mínum um að ég hefði kosið aðra málsmeðferð. Þrátt fyrir það tel ég að frv. hafi tekið miklum breytingum í þinginu sem eru allar til bóta og er viðurkennt af stjórnarandstöðu á þessum morgni og ég hygg að sé einnig viðurkennt

af verkalýðshreyfingunni. Ekkert er jafnmikilvægt og gott samstarf ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar. Því ber báðum aðilum nú að jafna þann ágreining sem uppi er. Ég trúi því að sá vilji verði fyrir hendi. Ég sit því hjá við þessa grein frv.

Brtt. 955,2.e samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

24 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, GHall, IP, ÓÖH, StG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Um nokkurt skeið hefur sú þróun verið að eiga sér stað á vinnumarkaði að í auknum mæli hefur sú leið verið farin að gerðir eru vinnustaðarsamningar. Á síðasta ári var einn slíkur samningur gerður hjá Íslenska álfélaginu þar sem samningsaðilar komu sér saman um að greiða sameiginlega atkvæði um samninginn. Nú ætlar hæstv. ríkisstjórn að lögfesta slíkt fyrirkomulag þannig að ef vinnustaðarsamningur er gerður skuli hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna og meiri hlutinn ræður niðurstöðu. Hér sjást merki þess misskilnings sem einkennir frv. hæstv. ríkisstjórnar og felst í því að verið er að reyna að lögfesta reglur sem hafa verið byggðar upp í sátt. Sáttin er grundvöllur góðs árangurs á vinnumarkaði. Það næst ekki með lögþvingun. Ákvæði þessa eðlis í lögum mun hafa í för með sér að lítil stéttarfélög munu forðast að gera vinnustaðarsamninga vegna skilyrðisins um sameiginlega atkvæðagreiðslu og þannig mun ákvæðið geta staðið í vegi fyrir gerð frekari vinnustaðarsamninga og um leið mun ákvæðið snúast gegn markmiði sínu. Á þetta hefur stjórnarandstaðan margsinnis bent í umræðum og með þessum rökum get ég ekki greitt þessu ákvæði atkvæði mitt og greiði því ekki atkvæði.

[11:05]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Sama gildir um e-lið 2. gr. og greinarinnar í heild. Þrátt fyrir almenna samstöðu um að slaka á ólýðræðislegum reglum um atkvæðagreiðsu hefur ekki náðst samstaða um hvernig farið verður með atkvæðagreiðslu vinnustaðarsamninga þar sem mörg stéttarfélög eru á sama vinnustað. Um þessi atriði verður að ríkja sátt við stéttarfélögin. Þessi atriði þekki ég persónulega af eigin reynslu sem fyrrv. aðaltrúnaðarmaður á vinnustað sem var með vinnustaðarsamninga með fjölmörgum stéttarfélögum. Ég greiði ekki atkvæði.

2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 34:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, IP, ÓÖH, StG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fátt er brýnna á Íslandi í dag en að lífskjörin batni og tímakaup hækki. Þeir sem gerst þekkja telja að vinnustaðarsamningar séu mikilvægt tæki til þess og verkalýðshreyfingin hefur verið að þróa slíka samninga enda er svigrúm til þess innan núgildandi laga. Með þessari lagasetningu á hins vegar að þjösna inn ákvæði til að lögfesta nýja aðferðafræði við slíka samningsgerð sem setur alla vinnustaðarsamninga í stórhættu. Herra forseti. Greinin er öll með endemum. Ég segi nei.

[11:08]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni grein sem er a.m.k. í andstöðu við verkalýðsfélögin sem aðila vinnumarkaðarins. Ég hafna henni og segi nei.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GHall, IP, KF, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 955,3 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GHall, IP, ÓÖH, StG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessum breytingartillögum er verið að hlutast til um innri mál stéttarfélaganna. Hér er löggjafinn að skipta sér af því hvernig stéttarfélög greiði atkvæði um verkfallsboðun og frestun vinnustöðvana. Hér er verið að taka upp reglur í anda þeirra sem ríkt hafa meðal opinberra starfsmanna og hafa gefist afar misvel. Hér er einnig um þá spurningu að ræða hvort þessi afskipti standist samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Með þessum atriðum sem hér er um að ræða er verið að draga úr sveigjanleika og það er mikil hætta á því, hæstv. forseti, að verkföllum fjölgi og þau verði langvinnari verði þetta samþykkt.

[11:10]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér hafa menn nálgast sjónarmið sem verkalýðsfélögin hafa sett fram ásamt stjórnarandstöðu en það vantar upp á að samkomulag hafi náðst. Hér er samt verið að stefna í þveröfuga átt við það sem ætlað var, nefnilega að líkja eftir dönskum vinnubrögðum sem eru að þróast í æ meira jafnræði milli aðila. Ríkisstjórnin virðist ekki skilja að

hún er að eyðileggja samskipti á vinnumarkaði með þessari lagasetningu. Ætlar hæstv. ríkisstjórn að taka undir peningaglamur í vinnudeilubauk vinnuveitenda, sem 800 millj. eru í, og hrista framan í íslenska alþýðu með þessu frv.? Ég greiði ekki atkvæði, herra forseti.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 34:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DO, EOK, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 955,4 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 35:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að lögfesta nýjan skilning á hugtakinu vinnustöðvun. Hingað til hefur skilgreining á þessu hugtaki ekki verið í lögum en ákveðinn skilningur verið ríkjandi á því hvenær um slíkt sé að ræða og hvenær ekki en ólögmæt vinnustöðvun getur valdið þeim sem hana boðar miklum fjárhagslegum afleiðingum.

Með síðari málslið greinarinnar er verið að bjóða upp á verulegan túlkunarvafa um þetta og bent hefur verið á það í fjölda umsagna frá ýmsum sérfræðingum á þessu sviði að ákvæðið muni hafa í för með sér fjölda dómsmála þar sem tekist verður á um mörk verkfallsréttarins. Ákvæðið er því einungis til óþurftar. Ég segi nei.

Brtt. 955,5.a samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÞ, DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

6. gr. (verður 5. gr.), a–c-liðir, svo breyttir, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GHall, IP, SP, StG, VE) fjarstaddir.

6. gr. (verður 5. gr.), d-liður, samþ. með 35:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum um þetta frv. varð mörgum að orði að sennilega væri það skásta hugmyndin í frv. að hafa viðræðuáætlanir. Ég er sannfærð um að með öðruvísi vinnubrögðum hefði tekist að ná samkomulagi um framgang þessarar góðu hugmyndar en ríkisstjórnin ákvað að keyra frv. fram með valdi og hefur kallað fram hörð viðbrögð sem komu berlega í ljós í umsögnum sem félmn. bárust og í málflutningi gesta. Upphafleg hugmynd starfshóps var að heildarsamtök gerðu viðræðuáætlun til að gera samningaviðræður skilvirkari. Lögfesting samflotsins er rokin út í veður og vind og eftir stendur að réttur til að gera viðræðuáætlun er eftir sem áður hjá einstökum félögum. Lögþvingun mun leiða til þess að gerðar verða hundruð eða þúsundir viðræðuáætlana á þessu hausti. Með þessu hefur góðri hugmynd verið snúið upp í andhverfu sína með klúðurslegum vinnubrögðum. Ég segi nei.

Brtt. 955,5.b–c samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

6. gr. (verður 5. gr.), e–k-liðir, svo breyttir, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 955,5.d (nýr l-liður) samþ. með 35:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GE, KHG, RG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það hefur ekki verið sýnt fram á að nein sérstök þörf væri á því að hækka þann þröskuld sem er að finna í núgildandi lögum vegna atkvæðagreiðslu um miðlunartillögur og raunar ekki verið algengt að miðlunartillögur væru felldar. Í áliti Lagastofnunar kom fram að hætta væri á því að það teldist ekki samrýmast rétti manna til frjálsra samninga samkvæmt alþjóðsáttmálum að torveldað væri með hækkun þröskulda að fella miðlunartillögu.

Herra forseti. Sú nýja efnisgrein sem hér er farið fram með svarar ekki þeirri grundvallargagnrýni. Ég segi því nei.

6. gr. (verður 5. gr.), m–r-liðir, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
7 þm. (DO, GE, GHall, IP, KH, StG, VE) fjarstaddir.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að taka grein óbreytta úr gildandi lögum en hér er um að ræða eitt af þeim atriðum sem Lagastofnun benti á að hugsanlega væri brot á mannréttindasáttmálum. Meiri hlutanum á hinu háa Alþingi þótti rétt að hlusta á sumt sem Lagastofnun sagði en ekki annað. Þetta er mál sem hefði þurft skoðunar við. Þar með er ekki sagt að Lagastofnun hafi haft rétt fyrir sér en svona eru vinnubrögðin. Þingmaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Brtt. 955,6 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 955,7 (9. gr. falli brott) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

10. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.

11. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 35:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
5 þm. (DO, GHall, IP, StG, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:26]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Gervöll stjórnarandstaðan ásamt allri verkalýðshreyfingunni í landinu hefur eindregið lagst gegn frv. af ástæðum sem hafa margsinnis verið raktar í umræðunum. Verði frv. að lögum mun það valda ófriði á vinnumarkaði, stórri gjá á milli atvinnurekenda og samtaka launafólks sem stöðugt verður stærri. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ber ábyrgð á afleiðingum á lögfestingu frv. ef af verður. Frv. er vont og ég leggst gegn samþykkt þess. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, AK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, KF, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ.

nei: SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, ÁÞ, KHG, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, RG, SighB, RA.

5 þm. (StG, VE, DO, GHall, IP) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin segist vera að efla lýðræði með þessu frv. Hún er þvert á móti að grafa undan lýðræðislegri réttindabaráttu launafólks. Ríkisstjórnin hefur stundað ósvífnar blekkingar til að vinna þessu máli brautargengi, m.a. með því að misnota skoðanakannanir. Ríkisstjórnin kveðst vera með lýðræðinu en starfar í reynd í anda einræðis, fámennisvalds, þeirra sem hafa aðeins eitt auga, þeirra sem hafa aðeins eitt auga í miðju enni og horfa til hvorugrar áttar. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra og veit ekki á gott.

Það er enn hægt að forða slysi með því að vísa frv. frá og senda það ekki til 3. umr. Ég segi nei.

[11:29]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það eru forkastanleg vinnubrögð að gera breytingar með þessum hætti á miðjum samningstíma. Afgreiðsla stjórnarmeirihlutans kallar á mikil átök við næstu kjarasamninga. Þetta eru mjög ámælisverð vinnubrögð af hálfu stjórnvalda og munu hafa mikil eftirmál. Ég segi nei.

[11:30]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég mótmæli vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og skora enn á fjarstaddan hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að sjá til þess að frv. þetta komi ekki frekar til umfjöllunar á þessu þingi. Framsfl., hæstv. utanrrh., fer gegn þeim loforðum sem hann gaf fyrir síðustu kosningar um samstarf og samvinnu við fólkið í landinu. Þau loforð eru svikin með vinnubrögðum um þetta frv. 7–10 þúsund manna mótmæli í Reykjavík og þúsunda úti um land 1. maí eru sögð marklaus og fárra manna hjal. Andmæli forustumanna stéttarfélaganna sem í eru meira en 60 þúsund félagsmenn eru að engu höfð. Frv. og afleiðingar þess stefna íslensku efnahagslífi í stórhættu og eru aðför að þeirri sátt sem hefur ríkt þó þjóðin hafi orðið að búa við þröngan kost í efnahagskreppu síðustu ára. Ég segi nei, herra forseti og ég segi aftur nei.

[11:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þeir brosa breitt í Garðastrætinu þessar mínúturnar. Það eru meira að segja brosviprur í andliti stjórnarherranna en óbragð í munnum þeirra margra þrátt fyrir allt. Hér er um sannarlegan Pyrrhosarsigur að ræða og þessu stríði sem í hönd fer mun ríkisstjórnin svo sannarlega tapa. Þetta frv. vil ég norður og niður og alls ekki til 3. umr. og segi því nei.

[11:33]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei á þingferli mínum gengið út úr þinghúsinu þegar verið er að vísa máli á milli umræðna og ég tel að það sé þingleg meðferð að vísa máli áfram til betri vinnu í nefndum þingsins. Ég segi því já.

[11:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að það er afar óvenjulegt að það séu greidd atkvæði um það svona sérstaklega og með þessum hætti hvort vísa eigi máli til 3. umr. og að menn leggist gegn því. En hér er um afar sérstakt mál að ræða sem reyndar er nokkurn veginn fullunnið úr nefndinni. Það er alveg ljóst að það er ekki vilji til þess að gera það sem gera þarf, þ.e. að draga þetta mál til baka. Þess vegna gerum við lokahrinu að því að lýsa því yfir enn og aftur að við stjórnarandstæðingar viljum að þetta mál verði tekið út af borðinu, að leitað verði samstarfs, samráðs og samstöðu um það hvernig reglur verði þróaðar í samskiptum á vinnumarkaði því að hér er því miður verið að ana út í fenið. Ég segi nei.

[11:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu, þá felur frv. í sér grófa íhlutun í innri málefni verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin öll hefur mótmælt harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar sem og efni frv. Ekki var haft samráð við verkalýðshreyfinguna og það teljum við vera fullkomlega óásættanleg vinnubrögð. Þetta er enn ein tilraun ríkisstjórnarinnar hæstv. — og virðulegi forseti, það hefur sjaldan verið eins erfitt að taka sér þetta orð í munn, hæstv. ríkisstjórnar — enn ein tilraun hennar til þess að brjóta niður samtakamátt verkalýðshreyfingarinnar. Alþb. tekur ekki þátt í slíkum vinnubrögðum. Ábyrgðin er hæstv. ríkisstjórnar og hennar liðsmanna og því skorum við á ríkisstjórnina að hætta nú þegar umfjöllun um málið og taka upp samráð og samvinnu við verkalýðshreyfinguna þannig að málið fari ekki til 3. umr. Ég segi nei.

[11:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á hve skýr skilaboð birtast í atkvæðaskýringum þingmanna í dag. Þær hafa leitt afdráttarlaust í ljós að ríkisstjórnin er á rangri braut með að setja lög með valdbeitingu um málefni sem eflaust hefði í mörgum tilfellum náðst samkomulag um með samvinnu og með virðingu fyrir launþegum þessa lands. Í samræmi við þann vilja okkar að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og að frv. fari út af borðum þingmanna leggst ég gegn því að frv. fari til 3. umr. Ég skora á ríkisstjórnina að láta staðar numið og segi nei.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 376. mál. — Þskj. 664, nál. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:42]

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

8 þm. (BBj, DO, GHall, HBl, IP, MF, StG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég styð þetta frv. en hafði þar á fyrirvara og vil gera grein fyrir honum. Hann liggur í því að þetta er ekki sú allsherjarlausn sem ríkisstjórnin hefur viljað láta í veðri vaka og kemur engan veginn í stað frv. um greiðsluaðlögun sem Framsfl. lofaði á sínum tíma fyrir kosningar. Hér er hins vegar um mikilvægt framfaramál að ræða og mun gagnast mörgu skuldugu fólki. Ég segi já.

[11:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Ég tel, virðulegi forseti, að það frv. sem hér er greitt atkvæði um komi engan veginn í staðinn fyrir það frv. sem framsóknarmenn lofuðu fyrir kosningar um greiðsluaðlögun til þess að hjálpa skuldugum heimilum í landinu og þeir hafa nú svikið. Það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um felur einungis í sér að í einstaka tilvikum er heimilt að greiða lögfræðiþókun vegna nauðasamninga og mun gagnast mjög fáum. Þetta er enn eitt dæmið um það hvernig sjálfstæðismenn beygja framsóknarmenn í hverju málinu á fætur öðru. Hér eru framsóknarmenn einungis að klóra í bakkann og það er sjálfsagt að aðstoða þá við það og ég segi já.

2.–6. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁMM, BBj, DO, EOK, GHall, HÁs, HBl, IP, MF, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég styð að sjálfsögðu þetta mál eins og það liggur fyrir en kvaddi mér hljóðs til að taka undir þær atkvæðaskýringar sem komu fram fyrr í atkvæðagreiðslunni um að þessi afgreiðsla er auðvitað hvergi nærri fullnægjandi miðað við þau hátimbruðu fyrirheit sem Framsfl. gaf fyrir síðustu kosningar varðandi greiðsluaðlögun og greiðsluvanda húsbyggjenda og skuldugra einstaklinga á Íslandi. Það er nauðsynlegt að draga það fram að með þessari afgreiðslu hefur Framsfl. ekki kvittað fyrir þau loforð sem hann gaf kjósendum í síðustu kosningum.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (nauðasamningar). — Þskj. 599, nál. 1007.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]

Brtt. í nál. 1007 samþ. með 53 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

11 þm. (BBj, DO, EOK, GHall, HBl, IP, JóhS, LB, MF, StG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. tengist því máli sem var til afgreiðslu áðan og varðar heimildir til að koma til móts við einstaklinga og lögaðila í greiðsluerfiðleikum og að þessu leytinu til gagnvart skuldum þeirra við innheimtumenn ríkissjóðs eða hið opinbera.

Ég tel rétt að það komi fram að þó ég styðji þetta frv. er ég sömu skoðunar og fram kom í atkvæðaskýringum við síðasta mál að hér sé um afar takmarkað úrræði að ræða og í reynd er það svo að flestar venjulegar skattskuldir sem myndast, hvort heldur sem er hjá einstaklingum eða lögaðilum, eru undanþegnar því að um þær megi semja í nauðasamningum. Þótt sú brtt. sem afgreidd var áðan sé að vísu til bóta og rýmki aðeins heimildir fjmrh. til að semja um þessa hluti, er þar að mínu mati hvergi nærri nógu langt gengið til þess að um raunveruleg úrræði yrði að ræða sem komið gæti öllum þorra almennings til góða. Ég óttast því að margir verði fyrir miklum vonbrigðum þegar í framkvæmd reynir á þau frumvörp sem hér eru til umfjöllunar og í raun sé búið að vekja falskar vonir um úrlausn úti í þjóðfélaginu sem ekki gangi eftir.

2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. fyrri umr.

Stjtill., 527. mál. — Þskj. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:48]

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk, frh. 1. umr.

Frv. RG o.fl., 411. mál. — Þskj. 730.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (forvarnagjald, lántökur). — Þskj. 957, nál. 1030, brtt. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]
Brtt. 1031,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1031,2 samþ. með 54 shlj. atkv.

2. gr., 1. tölul. (verður 1. gr., 1. tölul.), samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

3 þm. (ÁE, ÁRJ, SvanJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BBj, DO, EOK, GHall, HBl, IP, StG, VE) fjarstaddir.

2. gr., 2.–7. tölul. (verður 1. gr., 2.–7. tölul.), samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BBj, DO, EOK, GHall, HBl, IP, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1031,3 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EOK, GHall, HBl, IP, StG, SvanJ, VE) fjarstaddir.

3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1031,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
4.–6. gr. (verða 3.–5. gr.), svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 11:55]

[13:02]

Útbýting þingskjala:
Fjarskipti, 408. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1052; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1053; nál. minni hluta samgn., þskj. 1054; brtt. minni hluta samgn., þskj. 1062.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 13:02.

---

147. FUNDUR

fimmtudaginn 23. maí,
að loknum 146. fundi.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 520. mál, þskj. 957 (með áorðn. breyt. á þskj. 1031). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, stjfrv., 376. mál, þskj. 664. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 344. mál, þskj. 599 (með áorðn. breyt. á þskj. 1007). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Spilliefnagjald, stjfrv., 252. mál, þskj. 1017. — 3. umr.
5. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998. — 2. umr.
6. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639, nál. 962 og 999. — 2. umr.
7. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
8. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 973, brtt. 887,8 og 18, 930 og 945. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:05]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–3. dagskrármáls og frá útbýtingu nál. og brtt. í 7. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (forvarnagjald, lántökur). — Þskj. 1059.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:06]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS.

26 þm. (BBj, BH, DO, GE, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KF, KÁ, KPál, MS, MF, RG, SighB, SJóh, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1063).

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 376. mál. — Þskj. 664.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:07]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS.

26 þm. (BBj, BH, DO, GE, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KF, KÁ, KPál, MS, MF, RG, SighB, SJóh, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1064).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (nauðasamningar). — Þskj. 1060.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:08]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS.

25 þm. (BBj, BH, DO, GE, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, KF, KÁ, KPál, MS, MF, RG, SighB, SJóh, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1065).

Spilliefnagjald, 3. umr.

Stjfrv., 252. mál. — Þskj. 1017.

[13:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að vera skilningsríkur í þessu máli og bregðast fljótt við að veita mér orðið. Hér er um að ræða frv. sem hefur verið með erfiðari málum ríkisstjórnarinnar á þessu þingi, frv. til laga um spilliefnagjald, en eins og kom fram við 2. umr. málsins þá lá þetta mál óafgreitt hjá meiri hluta umhvn. þingsins eftir að við í minni hluta eða stjórnarandstöðufulltrúar töldum að umfjöllun væri lokið um málið. En eftir miklar og langvinnar fæðingarhríðir á nefndaráliti hjá stjórnarliðum þar sem málið snerist um það mikla vandamál að ekki mátti sjást nefnt á prenti nafn Vinnumálasambands samvinnufélaga að kröfu annars stjórnarflokksins, þá beygði að vanda hinn stjórnarflokkurinn, Framsfl., sig mjúklega fyrir samstarfsflokknum og lagði niður skottið, tillöguflutning og hugmyndir um tillögur um það að Vinnumálasamband samvinnufélaga fengi fulltrúa í spilliefnanefnd.

Við 2. umr. fluttum við fulltrúar stjórnarandstöðu og áheyrnarfulltrúi í nefndinni, fjórir þingmenn, tillögu um að 7. fulltrúi í nefndinni — lagt hafði verið til af meiri hlutanum að fjölga í nefndinni. Við tókum undir það að fjölga í nefndinni um sjö — en við gerðum tillögu um að Neytendasamtökin fengju þar fulltrúa. Þessi tillaga fékk stuðning 20 hv. þingmanna við atkvæðagreiðslu við 2. umr. málsins en var felld af stjórnarliðum svo að hún er ekki lengur hér á borði og ekki tekin upp sérstaklega. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er nefndarálit umhvn. varðandi nefndarskipunina en samkvæmt frv. eins og það nú lítur út er hæstv. umhvrh. ætlað að tilnefna tvo fulltrúa, formann og einn að auki. Um það segir í nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Nefndin telur mikilvægt að helstu sjónarmið atvinnulífsins og almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni og verði það best tryggt með nefndarskipaninni. Til að þessu markmiði verði náð þykir nauðsynlegt að fjölga nefndarmönnum um einn. Því er lagt til að ráðherra skipi tvo nefndarmenn í stað eins áður."

Það er sem sagt að tryggja það að sjónarmið atvinnulífsins og almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni.

Þegar ég spurði hæstv. umhvrh. við 2. umr. málsins um það hvernig hann hygðist beita skipunarvaldi sínu í þessu máli, þá vékst hæstv. umhvrh. undan því að svara með vísan til þess að það væri ekki búið að ákvarða um málið, það væri ekki búið að greiða atkvæði um þetta efni. Nú liggur hins vegar fyrir að samþykktir hafa verið að tillögu meiri hlutans sjö fulltrúar og að hæstv. ráðherra skipi þar tvo, en leiðsögnin fylgir frá nefndinni um það að helstu sjónarmið atvinnulífsins og almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni. Nú spyr ég hæstv. umhvrh. að því hvernig hann hyggst verða við þessum tilmælum umhvn. samkvæmt nefndaráliti þar sem fyrir liggur að hæstv. ráðherra hefur

vald til þess að skipa tvo í nefndina og bið um upplýsingar um það áður en umfjöllun um þetta mál lýkur í þinginu.

[13:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom við 2. umr. um málið, þá er það rétt tilvitnað hjá hv. 4. þm. Austurl. það sem hann sagði áðan að við áttum nokkur orðaskipti um þessa væntanlegu nefndarskipan. Tillagan liggur fyrir eins og hún er á þingskjölum eftir 2. umr. Það liggur líka fyrir eins og ég reyndar gat um við 2. umr. að ef þetta verður samþykkt eins og þá lá fyrir á breytingartillögum frá hv. umhvn. að ráðherra hefur alla möguleika á því að verða við þeim tilmælum sem sett eru fram í nefndarálitinu og leita leiða til að sjá til þess að þau sjónarmið sem hér eru sett fram og sem vitnað er til, sjónarmið fulltrúa atvinnulífs og almennings geti heyrst í nefndinni með þeim fulltrúum sem þar verða skipaðir samkvæmt umboði ráðherra til að tilnefna tvo menn í staðinn fyrir einn áður. Ég hef ekki valið þessa menn enn þá þannig að það liggja ekki fyrir nein nöfn í því efni, þ.e. hvaða einstaklingar þetta verða. Ég er því ekki tilbúinn til þess að kveða upp úr með það hér og nú. En ég vonast til þess að geta farið að tilmælum og ábendingum hv. nefndar í nefndaráliti.

[13:15]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki gekk rófan. Ekki fékkst það upp úr hæstv. ráðherra hverja hann hygðist tilnefna í þessa nefnd og er ég auðvitað að leita eftir því hvernig hæstv. ráðherra ætlar að velja á milli almenningssjónarmiðanna, hugsanlega bornum fram af Neytendasamtökunum og hins vegar sjónarmiða atvinnulífsins þar sem það hefur legið fyrir að ósk væri um að fulltrúar kæmu frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. En það hlaut ekki náð af hálfu samstarfsflokksins þannig að hæstv. ráðherra lagði það til hliðar og hans stuðningsmenn og fulltrúar í nefndinni lögðu það til hliðar þannig að væntanlega verður það ekki upp tekið eða hvað? Mér sýnist að hæstv. ráðherra eigi allerfitt val fyrir höndum, þ.e. að velja á milli fulltrúa tengdum Vinnumálasambandi samvinnufélaga og hins vegar fulltrúa sem getur verið fulltrúi almennings í nefndinni. Um það snýst málið. Hvorum megin ætlar hæstv. ráðherra að halla sér í þessu máli? Það vil ég fá upplýst áður en umræðu um frv. lýkur.

[13:17]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi ekki alveg þetta seinasta hjá hv. þm., því að með því að ráðherra hefur nú tvo í stað eins áður, þá hlýtur honum að vera miklu auðveldara að sinna þeim sjónarmiðum sem hv. nefnd setur fram, þ.e. þessum sjónarmiðum sem hv. þm. ítrekaði um að það skyldi gæta sjónarmiða atvinnulífs og almennings. Ég hef ekki neinar áhyggjur af því að vandasamt verði fyrir ráðherra að fara í gegnum það mál.

[13:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki skýrðist málið mikið við þetta svar. Nú er eftir að sjá hvort spilliefnanefndinni er ætlað að sitja undir forsæti fulltrúa frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Þá getur farið að súrna í stjórnarsamstarfinu, a.m.k. samkomulaginu innan hv. umhvn. ef svo fer því að sem kunnugt er og fram hefur komið, þá er það slíkt eitur í beinum annars stjórnarflokksins, Sjálfstfl., að Vinnumálasamband samvinnufélaga komi einhvern veginn við sögu í þessu máli að að hlýtur að hrikta allverulega í, svo að ekki sé meira sagt, ef til þess kemur að hæstv. ráðherra leggst á þá sveifina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:20]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, KHG, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS.

27 þm. (ÁÞ, BBj, BH, DO, GE, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KÁ, MS, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1066).

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998.

og

Póstlög, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639, nál. 962 og 999.

og

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062.

[13:21]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Formaður hv. samgn. leggur til að umræður fari sameiginlega fram um 5.–7. dagskrármálin, þ.e. um að stofna hlutafélag um rekstur Pósts og síma, póstlög og fjarskipti, með hliðsjón af 3. mgr. 63. gr. þingskapa. Ef enginn hreyfir andmælum við þessari tilhögun skoðast það samþykkt. Eru þá þessi þrjú mál tekin fyrir.

[13:21]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgn. á þskj. 960 um frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar ásamt breytingartillögum við sama frv. á þskj. 961.

Umræður um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar hafa staðið yfir í allmörg ár. Vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið skipaði hæstv. samgrh. nefnd þann 12. ágúst

1991 til þess að endurskoða lög þessi. Nefndin skilaði áliti í apríl 1993 og komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast væri að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag. Síðan hefur verið unnið að þeim undirbúningi með margvíslegum hætti.

Það er ekki óeðlilegt að menn spyrji hvers vegna nauðsyn sé á því að breyta gróinni stofnun eins og Póst- og símamálastofnun í hlutafélag. Ég hygg að mörgum sé þannig farið að þeir telji að það þurfi býsna veigamikil rök til þess að breyta stofnun sem í meginatriðum hefur staðið sig vel og hefur t.d. tryggt hér lág afnotagjöld Pósts og síma. Hver eru þessi rök? Þau fyrstu eru þessi:

Miklar breytingar eru núna að verða á skipan fjarskiptamála í sem breiðustum skilningi þess hugtaks í heiminum. Hin gamla vernd og þröskuldur okkar Íslendinga, fjarlægðin, á ekki við þegar kemur að fjarskiptamálum. Póstur og sími, sem fyrrum gat starfað í tiltölulega vernduðu umhverfi án afskipta eða íhlutunar erlendra aðila, stendur nú frammi fyrir því að tæknin hefur gert það að verkum að þessi samkeppni er orðin staðreynd. Það er ljóst að þessi mál hafa þróast mun hraðar en menn almennt óraði fyrir. Póstþjónusta og fjarskiptastarfsemi af öllu tagi verður ekki lengur rekin sem einkaréttarlegt svið. Samkeppni er þegar orðin að staðreynd og mun verða á fleiri sviðum en áður. Við þessu þarf að bregðast með margvíslegum hætti til þess að tryggja að hér á landi verði til staðar öfugt íslenskt fjarskiptafyrirtæki sem getur tekið þátt í þeirri miklu byltingu á fjarskiptasviðinu sem er að verða og mun verða einn af hornsteinum framtíðarþjóðfélagsins á Íslandi.

Þegar fyrirtæki eins og Póstur og sími er kominn í nýtt umhverfi, umhverfi samkeppninnar, þá hljótum við að rökstyðja það sérstaklega ef við förum ekki svipaða leið formbreytingar og farin hefur verið í löndunum í kringum okkur þar sem álíka hefur staðið á. Það er tæplega tilviljun að fyrirtæki á sviði fjarskipta á öðrum Norðurlöndum hafa undantekningarlaust farið leið formbreytingar, hlutafélagaleiðina. Til marks um það hversu ör þróunin hefur verið er það að segja að árið 1990 höfðu einungis tvö lönd á hinu Evrópska efnahagssvæði breytt rekstrarformi hinna opinberu fyrirtækja á starfssviði Pósts og síma.

Nú standa hins vegar mál þannig að Póstur og sími er eina símastofnunin á Evrópska efnahagssvæðinu sem enn hefur ekki verið breytt í hlutafélag. Öll hafa þessi lönd með öðrum orðum kosið þessa leið til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Það var líka mjög athyglisvert sem fram kom við 1. umr. um þetta mál á Alþingi að almennt voru menn þeirrar skoðunar að það rekstrarform sem nú væri til staðar væri alls ekki heilagt og það kæmi fyllilega til álita að skoða önnur form. Þá liggur auðvitað langsamlega beinast við að við nýtum hlutafélagaformið því að það er það sem við þekkjum best í atvinnurekstri hér á landi. Það hefur almennt gefist vel og þetta er það form sem við höfum þróað mest, m.a. með löggjöf. Stefán Már Stefánsson prófessor bendir á það í bók sinni um hlutafélög að hér hafi orðið til ítarleg og viðamikil lagasetning um hlutafélög með þarfir viðskiptalífsins að leiðarljósi þar sem markmiðið hefur einkum verið að skapa þannig öryggi í viðskiptum að viðskiptamenn og hluthafar njóti nægilegrar verndar.

Nauðsynlegt er að tryggja að Póstur og sími geti farið að taka þátt í skyldum rekstri. Smám saman eru skilyrðin á milli þjónustusviða síma, fjarskipta og tölvu að verða mjög óljós. Það eru því að verða mjög vandfundin rök fyrir því að fyrirtæki á einu þessara sviða hasli sér ekki völl á öðru. Enginn vafi er á því að að núverandi rekstrarform Póst- og símamálastofnunar virkar hamlandi á þessa þróun og er því þrándur í götu þeirrar uppbyggingar sem Póstur og sími þarf að geta tekið þátt í, m.a. á alþjóðlegum vettvangi. Því er jafnvel haldið fram að þetta rekstrarform standist tæplega í ljósi þeirra breytinga sem fram undan eru í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga.

Virðulegi forseti. Í starfi sínu að undirbúningi leitaði samgn. mjög víða fanga. Við kölluðum m.a. á fund til okkar fulltrúa stéttarfélaganna sem starfa innan Pósts og síma. Við fengum enn fremur á okkar fund ýmsa sérfræðinga og fórum mjög rækilega yfir lögfræðileg álitamál og þær grundvallarspurningar er lutu að réttarstöðu starfsmanna Pósts og síma.

Grundvallaratriði í þessu sambandi er það sem kemur fram í greinargerð með því frv. sem við ræðum í dag, þ.e. að ætlunin er að tryggja starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar störf hjá nýju félagi Pósts og síma hf. á kjörum sambærilegum þeim sem þeir nutu áður hjá Póst- og símamálastofnun. Þetta er nauðsynlegt að menn hafi í huga. Þær breytingartillögur sem meiri hluti hv. samgn. leggur hér fram eru í allnokkrum liðum.

Allnokkrar breytingar eru gerðar á þeim þætti frv. er lýtur að vinnunni að sjálfri formbreytingunni. Breytingartillögur meiri hluta samgn. snúa í fyrsta lagi að því að hlutafélagið Póstur og sími hf. taki til starfa 1. janúar 1997 í stað 1. október 1996. Kemur þar hvort tveggja til að heppilegast er talið að starfsemi félagsins hefjist í upphafi almanaksárs og einnig hitt að ekki skipti síður máli að betri tími gefst þá til nauðsynlegs undirbúnings vegna stofnunar félagsins. Þá er gerð tillaga um að lögin taki gildi 1. september nk. í stað 15. júlí, en að lögin um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, nr. 35/1977, með síðari breytingum, falli úr gildi þegar Póstur og sími hf. tekur til starfa, þ.e. frá 1. janúar 1997. Með því að gildistaka laganna verður síðar en gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. þykir rétt að við endanlegt mat á stofnhlutafé skuli sérstaklega höfð hliðsjón af áhrifum verðbreytinga og rekstrar á efnahag stofnunarinnar á árinu 1996 og er það áréttað með breytingartillögu við frv. þar að lútandi.

Í öðru lagi er ákvæði um stofndag sett inn í bráðabirgðaákvæði. Þá er kveðið skýrt á um skipan sérstakrar þriggja manna undirbúningsnefndar til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna formbreytingarinnar. Þessi nefnd fær skýrt afmarkað hlutverk. Heimildir hennar ná aðeins til þess að gera löggerninga sem nauðsynlegir eru vegna undirbúnings að stofnun félagsins og vegna fyrirhugaðrar starfrækslu. Skal félagið bundið af umræddum löggerningum.

Það mál sem mest hefur verið rætt í tengslum við formbreytingu á Póst- og símamálastofnun eru þau sem lúta sérstaklega að réttindum starfsmanna. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að hafa í huga það ákvæði 1. mgr. 8. gr. frv. að fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá þeim sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni enda haldi þeir þeim réttindum sem þeir þegar hafa áunnið sér hjá stofnuninni.

Við 1. umr. þessa máls var allmikið rætt um það hver væri staða starfsmanna varðandi biðlaunaréttinn. Um þetta

var nokkur ágreiningur og þessi mál voru ennfremur rækilega reifuð í athugasemdum sem samgn. bárust jafnt munnlega sem skriflega af fulltrúum starfsmanna og stéttarfélaga og lögfræðinga sem kallaðir voru til verksins. Niðurstaða meiri hluta samgn. var sú að leggja til nokkrar breytingar á 8. gr. frv. þar sem sérstaklega er fjallað um þessi mál.

Við 1. mgr. bætist þannig við ákvæði þar sem sérstaklega er tekið fram að um rétt fastráðinna starfsmanna til biðlauna skuli farið eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem eru í gildi við gildistöku frv. Þá var nokkuð gagnrýnt það ákvæði frv. að starfsmenn Póst- og símamálastofnunar yrðu að hafa fallist á tilboð um sambærilegt starf hjá Pósti og síma hf. innan hálfs mánaðar frá því að þeim bærist það. Því er hér lagt til að fresturinn verði lengdur í sex vikur.

Í 3. mgr. frv. var gert ráð fyrir því að fastráðinn starfsmaður missti biðlaunarétt sinn ef hann höfðaði mál til greiðslu biðlauna. Frá þessu er fallið með breytingartillögu meiri hlutans en þess í stað er byggt á því að ef fastráðinn starfsmaður, þrátt fyrir að taka sambærilegri stöðu hjá Pósti og síma hf., fái greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingarinnar, þá falli sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um að menn geti ekki átt tvöfaldan biðlaunarétt. Með öðrum orðum, menn geta ekki í senn flutt með sér biðlaunarétt yfir í hið nýja félag og átt rétt á biðlaunum frá Póst- og símamálastofnun.

Um önnur réttindi en biðlaunarétt fer ýmist samkvæmt kjarasamningum sem í gildi eru eða almennum lögum. Ef sérstaklega er litið til lífeyrisréttinda þá er í 17. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kveðið á um þetta í 2. mgr. þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram."

Það er þýðingarmikið að hafa þetta í huga vegna þess að það svarar í raun spurningunni um það hvort menn geti haldið áfram að vinna sér rétt í Lífyrissjóði starfsmanna ríkisins þó svo að formbreyting Póst- og símamálastofnunar eigi sér stað og hvernig sú ávinnsla á sér stað. Þetta svarar líka spurningum manna sem svo stendur á um að hafa verið að vinna sér rétt og hafa stefnt að því að nýta sér t.d. hina svokölluðu 95 ára reglu. Möguleikarnir eru til staðar líkt og gildandi lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kveða á um.

Ástæða er til þess að vekja athygli á því að umsagnaraðilar gerðu engar skriflegar athugasemdir við 4. mgr. 8. gr. frv. þar sem kveðið er á um lífeyrisréttindi, enda er þar einfaldlega vísað til gildandi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Það er enn fremur rétt að minna á nú þegar við erum að ræða formbreytingu á ríkisfyrirtæki að sérstök lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum voru samþykkt á Alþingi á árinu 1993, lög nr. 77 frá því ári. Þar er gert ráð fyrir því í 2. gr. laganna að nýr eigandi, og það er ljóst mál að þetta á við í tilviki Pósts og síma, skuli takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eiganda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningum með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda eins og segir í 2. gr. þeirra laga. Þetta þýðir að þrátt fyrir formbreytingu á Póst- og símamálastofnun er ljóst að núverandi kjarasamningar starfsmanna munu halda gildi sínu þar til öðruvísi er um samið. Þau réttindi sem fjallað er um í kjarasamningum halda sér óhögguð þar til nýr kjarasamningur hefur verið gerður. Það kemur þannig til umfjöllunar í frjálsum samningum aðila hvernig áframhaldandi ávinnslurétti, sem svo er kallaður, verður háttað. Það hlýtur að teljast óeðlilegt að binda það í lögum um tiltekið hlutafélag að áframhaldandi ávinnsluréttur skuli fara eftir öðru en því sem samið er um milli starfsmanna og stofnunar.

Um skipan orlofsmála er fjallað í orlofslögum nr. 30/1987 og kjarasamningum. Um áframhaldandi ávinnslurétt í orlofsmálum yrði að sjálfsögðu samið í komandi kjarasamningum en á meðan nýir samningar eru ekki undirritaðir gilda að sjálfsögðu þeir samningar sem nú eru í gildi milli Póst- og símamálastofnunar og starfsmanna hennar. Svipað er að segja um fæðingarorlof. Um fæðingarorlof gilda sérstök lög, nr. 57/1987, og reglugerð enn fremur.

Um sértæk fæðingarorlofsréttindi verður að fjalla í komandi kjarasamningum, þ.e. þau réttindi sem eru umfram lögin þar sem reglugerð er bundin við opinbera starfsmenn. Það er hins vegar ástæða til þess að árétta að núverandi reglugerð um fæðingarorlof mun gilda fyrir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar og Pósts og síma hf. þar til um annað verður sérstaklega samið.

Um veikindarétt opinberra starfsmanna gildir nú reglugerð nr. 411/1989. Áunnin veikindaréttindi sem starfsmenn hafa hlotið þegar formbreytingin á sér stað munu vitaskuld fylgja inn í hið nýja félag.

Virðulegi forseti. Sú breyting sem hér er verið að leggja til á að geta orðið til þess að efla stöðu Pósts og síma enn frekar og tryggja betur stöðu félagsins í framtíðinni. Það er mikið í húfi því að hér er um að ræða mjög þýðingarmikla starfsemi. Engu að síður er verið að leggja til breytingu sem er á margan hátt flókin. Fyrirtækið sem hér um ræðir er stór vinnuveitandi og hver einasti íbúi landsins hefur bein samskipti við Póst- og símamálastofnun. Þess vegna er ekki óeðlilegt að menn vilji vanda sem best þennan undirbúning. Það hefur verið gert með lagasetningunni með því að málið hefur átt langan aðdraganda eða allt frá árinu 1991 að sett var á laggirnar nefnd, eins og áður sagði, til þess að fjalla um breytingar á réttarstöðu Pósts og síma. Það hefur jafnframt verið gert í vinnu samgn. sem kallað hefur til sín fjölda fólks og leitað eftir skriflegum og munnlegum umsögnum víða að. Engu að síður er það svo að fjölmörg álitamál hljóta að koma upp í vinnunni sem fram fer á þessu ári að frekari undirbúningi formbreytingarinnar. Þess vegna kaus meiri hluti hv. samgn. að lengja þann tíma sem til undirbúnings væri áður en hið nýja félag tæki til starfa.

Það er skoðun mín að það sé eðlilegt að þegar mál skýrast er lengra líður á árið verði samgn. Alþingis gerð grein fyrir stöðu málsins og hún fái þannig tækifæri til að fylgjast með þessari mikilsverðu vinnu.

Ég vil svo að lokum í umfjöllun um þetta frv. þakka meðnefndarmönnum mínum jafnt í meiri hluta sem í minni hluta ágætt samstarf og góða vinnu við undirbúning þessa máls. Við sem stöndum að þessu nefndaráliti höfum hlýtt á margvísleg og ólík viðhorf og reynt að taka ákvörðun okkar á grundvelli þess sem við vissum best fyrir starfsemi Póst-

og símamálastofnunar og til hagsbóta fyrir það starfsfólk sem þar vinnur og fyrir notendur Pósts og síma.

Undir nefndarálit meiri hluta samgn. ritar sá sem hér stendur sem er formaður og frsm., Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen, Egill Jónsson og Kristján Pálsson hv. þingmenn.

Varðandi frv. til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993, er það að segja að hér liggur enn fremur fyrir nefndarálit ásamt brtt. frá meiri hluta samgn. varðandi það.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fulltrúa Fjarskiptaeftirlitsins, Guðmund Ólafsson, Sigurgeir H. Sigurgeirsson frá samgrn. og Andra Árnason hæstaréttarlögmann. Frv. var lagt fram sem fylgifrv. með frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, en gert er ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa 1. janúar 1997. Með frv. er ekki gert ráð fyrir að frv. afsali sér einkarétti á því að veita talsímaþjónustu, en miðað er við að samgrh. geti falið sérstökum aðila að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á og skal sá aðili nefnast rekstrarleyfishafi. Núgildandi fjarskiptalög gera ráð fyrir að opinberir aðilar annist framkvæmdir varðandi fjarskiptakerfið, viðhald þess og annað sem því viðkemur. Með frv. er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafi taki að sér þessar framkvæmdir og hann hafi þær skyldur og réttindi sem nauðsynleg eru til þess að rækja það hlutverk. Þá er lagt til að lögfest verði almenn takmörkun á bótaábyrgð rekstrarleyfishafa. Ábyrgðartakmörkunin nær eingöngu til meints tjóns sem rekja má til sambandsleysis og rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem rekja má slíkt til línubilana, bilana í sambandsstöðvum eða annarra ástæðna. Ákvæði um ábyrgðartakmörkun er að finna í reglugerð, en rétt þykir að veita henni ótvíræða lagastoð.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali og lúta að framangreindum atriðum, m.a. er miðað við að frv. verði að lögum í samræmi við frv. um Póst og síma þann 1. janúar nk. Þá leggur meiri hlutinn til að lögfest verði að eigi síðar en 1. júlí 1998 skuli notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skuli innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil frá þeim tíma. Þessi breyting er talin möguleg með hliðsjón af tækniframförum og í ljósi þeirra. Rétt þykir að veita nokkurn aðlögunartíma svo að sem minnst röskun hljótist af.

Þá mæli ég að lokum fyrir nefndaráliti á þskj. 962 um frv. til laga um breytingu á póstlögum nr. 33/1986, frá meiri hluta hv. samgn. Nefndin fjallaði um viðkomandi mál og fékk á sinn fund Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn. Frv. var lagt fram sem fylgifrv. með 331. máli sem fjallar um formbreyting Pósts og síma. Með frv. eru aðeins lagðar fram breytingar sem eru nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar formbreytingar á Pósti og síma. Þar sem gert er ráð fyrir að Póstur og sími hf. taki til starfa um áramótin 1996–1997 en ekki 1. október 1996 eins og upphaflega var gengið út frá í frv. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Í stað orðanna „1. október 1996“ í 6. gr. komi: 1. janúar 1997.

Undir þetta nefndarálit rita Einar K. Guðfinnsson formaður og frsm., Egill Jónsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen.

[13:38]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Hér hygg ég að við ræðum eitt af stóru málum þessa þings, enda ekkert smámál þegar hið háa Alþingi leggur drög að og að óbreyttu afgreiðir frá sér ný lög sem lúta að rekstri Póst- og símamálastofnunar og ekki síður þeirri mikilvægu þjónustu sem hún hefur haft með höndum um langt, langt árabil. Á íslenskan mælikvarða erum við ekki að tala um neina smásjoppu, smástofnun. Við erum að ræða um fyrirtæki sem á eigið fé upp á 13 milljarða kr. miðað við efnahagsreikninga um síðustu áramót og til viðbótar er talið að ótaldar eignir umfram það og viðskiptavild telji í kringum 8 milljarða kr. eða fyrirtæki samtals í dag sem væri á markaði upp á rúma 20 milljarða kr. Það eru engir smápeningar á íslenskan mælikvarða og nauðsynlegt að hv. þingmenn geri sér glögga grein fyrir því hvaða fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. Og þess vegna er mikilvægara en ella að vel til takist þegar framtíðarmálum þess er skipað með löggjöf á hinu háa Alþingi.

Í þessu frv. er ráð fyrir því gert, verði fyrirtækið að hlutafélagi, að það standi sjálft undir skuldbindingum vegna lífeyrisuppbóta og er það metið að þær lífeyrisskuldbindingar liggi nær 8 milljörðum kr. þannig að heimanmundur þessa fyrirtækis þegar lífeyrisskuldbindingar eru frá dregnar er u.þ.b. 13 milljarðar kr. Og svona sem innskot, ég kem nánar að því á eftir, virðulegi forseti, þykir mér margt benda til þess að blankur fjmrh. sjái ekki lengi þetta fyrirtæki í friði með þessa fjármuni annars vegar og komi til með fyrr en síðar að reyna að koma fyrirtækinu í verð og ná þessum fjármunum eða hluta þeirra inn í ríkissjóð, þ.e. hlutafélagið verði selt, það verði einkavætt. En nánar um það síðar.

Eilítið fleira um stærð og umfang þessa fyrirtækis í krónum og aurum, þá eru það ekki færri en 2.500 starfsmenn sem þiggja laun og framfærslu þar með frá þessu fyrirtæki og 3,8 milljarðar kr. runnu í formi launagreiðslna til þessarar starfsmanna á síðasta ári og fyrirtækið veltir ekki minna en 12 milljörðum kr. á hverju einasta ári, þ.e. um það bil einum tíunda af fjárlögum ríkisins ef það er borið saman.

Samkvæmt fjárlagafrv. 1996 er áætlaður hagnaður þessa fyrirtækis u.þ.b. bil tæpar 1.600 millj kr., 1 milljarður 581 millj. nákvæmlega. Og til viðbótar er hagnaður söludeildar sem er sjálfstætt fært fyrirtæki upp á 225 millj. eða samtals er hagnaður þessa fyrirtækis í ár upp á 1.806 millj. Hér er því greinilega um arðbært fyrirtæki að ræða sem skilar hagnaði og enn og aftur vísa ég til þess að það vekur upp þær spurningar hversu lengi hæstv. fjmrh. getur og þorir að láta þetta fyrirtæki í friði þegar það er orðið að hlutafélagi.

Ég nefni einnig að beinar greiðslur í ríkissjóð frá fyrirtækinu munu á þessu yfirstandandi ári verða um 860 millj., þ.e. svonefndar arðgreiðslur eða beinar greiðslur þessa ríkisfyrirtækis í ríkissjóð nema 860 millj. kr. Raunar er ráð fyrir því gert og það fullyrt, þótt ekki hafi verið lögð fram nein nákvæm tölfræði í því sambandi, að skattar á hlutafélagi í eigu ríkisins mundi nema einhverjum svipuðum upphæðum þannig að ríkissjóður ætti að standa í sömu sporum þegar kemur að þeim fjármunum sem hann hefur hirt frá þessu mikilvæga þjónustufyrirtæki.

Það frv. sem við ræðum hér og raunar þau frumvörp þrjú, þ.e. frv. um stofnun hlutafélags um rekstur Pósts og síma, frv. til laga um breytingar á póstlögum og frv. til laga um breytingar á lögum um fjarskipti bera það öll með sér, þ.e.

tvö hin síðarnefndu eru í raun lítið annað en fylgifrumvörp með móðurskipinu sjálfu, þ.e. hlutafélagsfrv., að þrátt fyrir alldrjúgan undirbúningstíma og langan aðdraganda að þessu máli, eins og hv. formaður samgn. og frummælandi kom réttilega inn á, hefur verið kastað til höndum. Frv. er langt í frá þannig úr garði gert að unnt sé að afgreiða það frá hinu háa Alþingi. Hv. formaður samgn. nefndi það að frá 1991 hefði vinna af þessum toga verið unnin af hálfu samgrn. og í því ljósi er enn undarlegra en ella að menn í hinu háa ráðuneyti skyldu ekki hafa greiðari svör á reiðum höndum við ýmsum lykilspurningum og áleitnum spurningum sem upp hafa komið við vinnslu málsins en raun ber vitni.

Ég vil hins vegar taka það fram strax í upphafi, virðulegur forseti, að það var rétt lýsing sem kom fram af hálfu framsögumanns, hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, að nefndin vann ágætlega að þessu máli og reyndi eftir því sem hægt var að fylla upp í göt og hreinar rangfærslur í upphaflegu frv. Hins vegar er því ekki að leyna að minni hluta nefndarinnar þótti alls ekki nóg að gert. Þær litlu breytingar sem hér hafa verið birtar og kynntar af hálfu meiri hluta nefndarinnar taka hugsanlega af versta skaðann í tæknilegu tilliti en út af fyrir sig svara þær engu þeim stóru pólitísku spurningum sem hið háa Alþingi þarf að fá skýr svör við áður en það afgreiðir þetta stóra mál í formi nýrra laga.

Ég sagði áðan að breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar bæru það með sér að frv. hefði verið illa ígrundað og illa unnið af hálfu ráðuneytisins. Það birtist með skýrum hætti í nokkrum breytinghartillagna meiri hlutans. Hefði frv. verið samþykkt óbreytt með þeim dagsetningum sem í því var að finna, þá hefði það verið algerlega óljóst og alls ekkert fyrir liggjandi hver hefði átt að sinna hér síma- og póstþjónustu í þrjá mánuði á yfirstandandi ári. Það er með öðrum orðum hreint tæknilegt gat í því og fullkomin óvissa um það hver hefði átt að bera út póstinn. Í þetta tæknilega gat hefur verið fyllt með breytingartillögum meiri hlutans.

Stóru atriðin eru þessi: Það hefur verið ítrekað rætt að það að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag væri svar við kröfum breyttra tíma og bent á það að alls staðar í kringum okkur hafi aðrar þjóðir farið svipaða leið. En það er langur vegur frá því, virðulegi forseti, að það eitt að formbreyta þessu stóra þjónustufyrirtæki veiti greið svör og leysi öll þau álitamál sem uppi eru, þ.e. að það eitt að gera þetta að ríkisfyrirtæki, Póst- og símamálastofnun, að hlutafélagi í eigu ríkisins svari því hvernig þetta fyrirtæki, sérstaklega á vettvangi símamála, ætlar að svara þeirri óhjákvæmilegu samkeppni sem mun birtast okkur tiltölulega óheft á árinu 1998. Að sumu leyti er þessi samkeppni þegar gengin í garð í símamálunum á mörgum jaðarsviðum þó að símaþjónustan ein og sér sé fyrst og síðast á hendi Póst- og símamálastofnunar. Þetta frv. svarar ekki þeim spurningum og ég mun víkja að því nánar á eftir.

Því er heldur á engan hátt svarað hvernig þessi stofnun undir nýju heiti, Póstur og sími hf., ætlar sér að standa að samkeppninni, ætlar sér að ganga inn í nýtt samkeppnisumhverfi. Það hefur mjög oft verið rætt í þessu ljósi hvort ekki sé brýn nauðsyn á því að þeir þættir fyrirtækisins sem munu um fyrirsjáanlega tíð lúta áfram einkaleyfi eins og póstþjónustan, þó að menn spái fyrir um ýmsar breytingar á þeim vettvangi, eigi þá ekki að vera í sjálfstæðu fyrirtæki og hafa sinn sjálfstæða fjárhag og búa við hið verndaða umhverfi ef ég má orða það svo. En aftur aðrir þættir sem óhjákvæmilega munu lenda í samkeppninni fengju á sig annað form og yfirbragð. Frv. sem hér um ræðir svarar þessu í engu heldur er þvert á móti eingöngu kveðið á um að þessari stóru spurningu sé velt áfram og alfarið í hendur hæstv. samgrh.

Það er gersamlega ófullnægjandi að hið háa Alþingi afgreiði þessa stofnun frá sér á þennan hátt án þess að neinar upplýsingar liggi fyrir um það hvað hæstv. ráðherra eða stjórnarmeirihlutinn á þingi vill sjá í þjónustu Pósts og síma, í samkeppni eða án samkeppni, hvort um verði að ræða tvö fyrirtæki, þrjú fyrirtæki eða kannski miklu fleiri á þessum vettvangi innan örfárra mánaða eða örfárra ára. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, að menn afgreiði þær spurningar eingöngu á þann veg að tíminn komi til með að leiða það í ljós. Það segir í athugasemdum með frv. Því hefur hæstv. ráðherra svarað til aftur og aftur. En þetta eru ekki boðleg svör. Það er ekki hægt að ganga frá þessu máli á hinu háa Alþingi með svör af þessu tagi. Hv. alþingismenn eiga kröfur um það að fá að vita hver verði stefnumörkun í þessum efnum og meira en kröfur. Það er raunar skylda þeirra að hafa um það vitneskju til þess að geta tekið til þess afstöðu hvernig þetta mikilvæga þjónustufyrirtæki eigi að líta út. Þá er ég einfaldlega að tala um það, til þess að gera langa sögu stutta, virðulegi forseti, hvort Póstur og sími hf. verði Póstur og sími hf. eins og frv. gerir ráð fyrir í nokkra mánuði á árinu 1997, í nokkur ár hugsanlega eða hvort það megi búast við því að Pósti og síma verði skipt upp í febrúar 1997, að ráðherra taki þá um það ákvörðun, það verði Póstur hf. og Sími hf., það verði Söludeild símans hf., það verði Internet símans hf., það verði Grunnnet símans hf. og svona mætti lengi telja. Við þessu verða að fást svör. Hér er rætt um opna heimild til ráðherra um að hann hafi öll ráð í hendi sér hvernig þessum málum muni þoka fram og enn fremur bent á nauðsyn þess, sem ég í sjálfu sér tek undir að menn þurfi að gaumgæfa sömuleiðis, að tilteknir þættir Póst- og símamálastofnunar, Pósts og síma hf. geti sameinast eða runnið saman við önnur fyrirtæki á markaði um tiltekna þjónustustarfsemi. Við þessum spurningum eru engin svör í frv.

Það liggur líka alveg ljóst fyrir og þarf ekki annað en líta í fylgiskjöl með minnihlutaáliti samgn., að starfsmenn eru langt í frá sáttir við þá afgreiðslu sem frv. gerir ráð fyrir. Þar er þykkur bunki af athugasemdum, spurningum og gagnrýni frá félögum starfsmanna við Póst- og símamálastofnun og enn fremur gagnmerkar ábendingar og athugasemdir lögmanna þessara sömu stéttarfélaga.

Í lokin hvað varðar hina stóru þætti frv. vil ég nefna gjaldskrármálin og þá breytingartillögu sem meiri hluti samgn. hefur nú kynnt á síðustu stigum meðferðar þessara mála og lýtur að því ein gjaldskrá taki til landsins alls frá miðju ári 1998. Raunar er þetta að efninu til nákvæmlega sama tillaga og legið hefur fyrir um nokkurra daga skeið í þinginu þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds sem 1. flm. lagði til að frá og með 1. júlí á þessu ári yrði þetta mikilvæga skref stigið til þess að jafna aðstöðumun í þéttbýli og dreifbýli þannig að landið yrði allt eitt gjaldsvæði. En flutningsmaður mun væntanlega gera grein fyrir þeim meginhugmyndum. Tillaga meiri hlutans miðar við það að þetta fyrirkomulag verði tekið upp eigi síðar en 1. júlí 1998, sex mánuðum eftir að frelsið gengur í garð, þ.e. sex mánuðum eftir 1. janúar 1998 sem kveður á um það að aðrir aðilar geti haslað sér völl í samkeppni við Póst- og símamálastofnun eða Póst og síma hf. á þessum vettvangi. Um það var spurt í nefndinni núna á síðustu dögum eða klukkutímum hvort skilja bæri þessa tillögu meiri hluta samgn. á þann veg að sérfræðingar

ráðuneytins varðandi EES-samninginn og þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist í því sambandi eða aðra alþjóðlega samninga, skildu það þannig að löggjafinn gæti með einfaldri samþykkt kveðið á um það að nýr aðili sem ætlaði sér að bjóða upp á þjónustu á vettvangi símans þyrfti að þjónusta allt landið, þyrfti að bjóða öllum landsmönnum upp á sína þjónustu. Við því er ekkert svar að finna, hvorki í nefndaráliti meiri hlutans né í tillögunni sjálfri.

Mér er mjög til efs, án þess að ég gæti fullyrt um það og menn verða þá að sýna fram á það, að við getum upp á eigin spýtur sett um það skilmála að nýir aðilar sem samkvæmt skilmálum frelsis í samkeppnismálum skuli vera gert að þjónusta allt Ísland. Ég þekki þar engar hliðstæður frá nágrannalöndum okkar í þeim efnum sem eru komin dálítið lengra á veg í þessum efnum en við og dreg það satt að segja mjög í efa og hef kallað eftir því í nefndinni og geri það aftur núna í ræðustóli, að menn sýni mér það á blaði og rökstyðji það að svona áskilnaður samrýmist skuldbindingum okkar gagnvart EES-samningi og hinum nýju tímum sem óhjákvæmilega munu renna upp 1. janúar 1998.

Það er annað í þessu sambandi sem þessi breytingartillaga svarar ekki að fullu og öllu og heldur ekki nefndarálitið, þ.e. hvort þessi breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar þýði það að staðfesting ráðherra á gjaldskrá Pósts og síma og annarra rekstraraðila í símaþjónustu sé háð því að hún verði hin sama og Pósts og síma hf. Eða hvað er átt við í þessu sambandi hvað viðvíkur öðrum væntanlegum rekstraraðilum sem fara í samkeppni við Póst og síma hf.? Tillaga minni hluta nefndarinnar um eitt gjaldsvæði fyrir landið allt er hins vegar einfaldari og skýrari því hún tekur til þess að það skuli gerast nú þegar, þ.e. eftir 1–2 mánuði og um það deilir enginn að eftir næsta hálfa árið er okkur heimilt að gera hvaðeina í þessum efum sem okkur sýnist. En hinu er ósvarað hvað þá tekur við á hinu væntanlega ári frelsis og samkeppni.

Ég er út af fyrir sig ekki að taka afstöðu til þessara mála. Ég er einfaldlega að benda á enn eitt atriðið þar sem hið háa ráðuneyti og stjórnarmeirihlutinn skilar auðu og getur ekki svarað þeirri lykilspurningu hvort ákvæði af þessum toga komi til með að standast þegar veruleikinn blasir við. Það er vond löggjafarstarfsemi að ganga frá endum og hnútum þannig að menn ætli svona sjá hvað setur, að menn ætli að kanna og athuga hvort þetta komi til með að virka eður ei. En þannig er frágangur málsins.

Virðulegi forseti. Ég er framsögumaður minni hluta samgn. sem er skipaður undirrituðum, Ragnari Arnalds og Ástu R. Jóhannesdóttur. Við höfum í nefndaráliti með þessum þremur lagafrumvörpum gert mjög glögga grein fyrir afstöðu okkar til þessara mála. Fyrst og síðast er hana vitaskuld að finna í móðurfrv., þ.e. frv. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. En í öðrum nefndarálitum er fyrst og síðast vísað til þess nefndarálits.

Ég sagði, virðulegi forseti, að meginstefið við kynningu á þessu stóra frv. hafi verið það að óhjákvæmilegt sé með öllu að halda óbreyttu rekstrarformi hjá þessari þjónustustofnun. Vísað er til þess að aðrar þjóðir hafi farið svipaða leið til að mæta hinni miklu samkeppni á þessu sviði. Víst er það rétt. Flestir samgöngunefndarmenn fóru einmitt í mjög gagnlega ferð til nokkurra nágrannalanda, Noregs og Danmerkur til að kynna sér hvernig að verki hefði verið staðið í þeim ríkjum. Hvað svo sem um niðurstöður þeirra mála má segja í þessum tilteknu ríkjum er ljóst að undirbúningur var með talsvert öðrum hætti en hér gerist. Hann var lengri, ítarlegri og markvissari. Það breytti þó ekki því að í öllum þessum ríkjum varð niðurstaðan sú strax í upphafi og ekki síður þegar frá leið að viðkomandi starfsmenn þessara fyrirtækja í þessum tveimur löndum báru skarðan hlut frá borði. Gegnumheilt var þróunin sú að um var að ræða um 30% fækkun starfsmanna. Hvaða starfsmenn voru þetta? Voru það forstjórarnir og deildarstjórarnir, verkfræðingarnir, sérfræðingarnir? Nei, langur vegur frá, þar varð fjölgun. Það sem meira var, þar voru launin hækkuð umtalsvert, forstjóralaunin, verkfræðingalaunin og sérfræðingalaunin hækkuðu umtalsvert þegar fyrirtækin voru komin í einkaeign úr hendi ríkisins. En þau hreyfðust lítt eða ekki þegar komið var á gólfið. Og þar varð bókstaflega um 30% fækkun starfsmanna að ræða. Ég held því að það sé alveg óhætt, virðulegi forseti, að horfa á hlutina eins og þeir eru og eins og þeir munu verða. Við erum að horfa til þess að á örfáum mánuðum eða missirum sjáum við fram á slíka þróun hér hjá þessari stóru stofnun með 2.500 starfsmenn. Þar munu stjórnvöld og stjórnendur kappkosta að fækka starfsfólki. Án þess að ég sé að kveða hér upp stóra dóma í því sambandi finnst mér ástæða til að óttast að tæpur þriðjungur starfsmanna, þessara 2.500 starfsmanna, þurfi að vera uggandi um framtíð sína hjá þessu fyrirtæki. Vissulega má leiða að því getum, eins og gerðist raunar á hinum Norðurlöndunum líka, að það náist viðunandi samningar um starfslok hjá eldri starfsmönnum þessara stofnana og að að hluta til megi ná um þetta viðunandi sátt og samkomulagi. Það gerðist á hinum Norðurlöndunum í mörgum tilfellum en öðrum ekki. Mismunurinn enn og aftur á aðdraganda og undirbúningi þessa máls hér og þar er sá að þar höfðu menn einmitt gert ráð fyrir þessum möguleika, gengið til þess verks með tiltölulega opin augu og gert úr garði tiltölulega þétta og öfluga löggjöf hvað varðar einmitt heimildir til starfslokasamninga og biðlauna, námskeiðahalds o.s.frv. En er því að heilsa hér hjá okkur í þessu sambandi? Er einhver ástæða til sérstakrar bjartsýni í þeim efnum að við séum vel í stakk búin til að ganga til gamalla og gróinna starfsmanna Pósts og síma og segja þeim eftir að fyrirtækið er komið í hendur stjórnar hlutafélags að nú þurfi að fækka, nú þurfi að ná hagstæðum og góðum starfslokasamningum við þessa aðila? Nei, allar kringumstæður eru þvert á móti þannig, virðulegi forseti, að það mun reynast býsna erfitt. Einmitt vegna þess að hér hefur ríkisstjórnin farið mikinn í þessum grundvallarréttindamálum sem munu koma upp á borð þegar til slíkra viðræðna er komið. Þar er ég auðvitað að ræða um frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem 8. gr. þessa frv. tekur sterklega mið af. Það er því ekki að ástæðulausu, virðulegi forseti, að 2.500 framfærendur, starfsmenn þessara stofnana, beri verulegan ugg í brjósti vegna þessara skipta. Svörin sem þeir hafa fengið við áleitnum en eðlilegum spurningum hafa verið býsna fátækleg. Raunar var það þannig að minni hluti samgn. trúði því að það væri vinna í gangi í ráðuneytinu á meðferðartíma þessa frv., þ.e. frá því að mælt var fyrir því og á meðan það var til umfjöllunar í hv. samgn. og tilraunir væru uppi um það af hálfu forsvarsmanna Pósts og síma og ekki síst hæstv. ráðherra og forsvarsmanna ráðuneytisins að fækka þessum álitamálum og treysta þetta nauðsynlega samband og trúnaðartraust sem þarf að vera til staðar þegar jafnmikilvæg og stór breyting á sér stað sem hér um ræðir. En því var alls ekki að heilsa. Slík vinna fór aldrei af stað. Þær einustu viðræður sem fulltrúar stéttarfélaganna hjá Pósti og síma áttu við ráðuneytið snerust um að safna

upplýsingum um það hvernig best væri að því staðið að hefja samningaviðræður þegar samningar væru úti um næstu áramót. Gott og vel, væntanlega og vonandi kemur sú vinna að einhverju gagni. En það er skelfilegt og ég lýsi sérstökum vonbrigðum mínum með það að þessi tími skuli ekki hafa verið nýttur betur til að freista þess að koma til móts við eðlilegar ábendingar og skynsamlegar frá starfsmönnum um stórmál og reyna að fækka þeim og ná um það þokkalegri sátt við starfsmenn þannig að menn þyrftu ekki að vera hér í stórri styrjöld við starfsmenn sem sannarlega og með réttu eru uggandi um sinn hag og reyna jafnframt að lagfæra hér frv. sem allt frá upphafi var illa unnið og svarar í engu hinum stóru spurningum um framtíð póst- og símamála hér á landi.

Hér eru á ferðinni tvö fylgifrv. með móðurskipinu sjálfu. Annars vegar er um að ræða lög um fjarskiptamál. Það hefur verið boðað að heildarendurskoðun þeirra laga sé í bígerð og raunar vel á veg komin. Um það var rætt að til þess gæti komið að það frv. yrði sýnt hér á vordögum en væntanlega afgreitt á haustdögum. En það er ákaflega slæmt og gagnrýnivert að þegar menn eru að formbreyta Pósti og síma þá skuli þeir ekki jafnframt hafa heildaryfirsýn yfir það hvernig fjarskiptalögum skuli til haga haldið og hvers konar mynd á að bregða upp af því stóra máli. Þess vegna er frv. kannski svo rýrt í roðinu. Þær breytingar á fjarskiptalögum sem hér er að finna eru ákaflega smávægilegar og raunar bara eins og ég sagði áðan nauðsynlegur fylgifiskur til þess að frv. um hlutafélagið Póst og síma gangi tæknilega upp. En fjarskiptafrv. segir okkur ekkert og lýsir í engu upp þá glænýju mynd sem okkur hefur verið birt og mun birtast enn skýrar í hinni öru þróun fjarskiptamála sem átt hefur sér stað og mun enn frekar eiga sér stað. Það er vont mál og sýnir okkur enn og aftur að þrátt fyrir langan aðdraganda hafa menn ekki unnið sína heimavinnu svo vel sé.

Síðan kemur að lykilspurningunni, herra forseti, um hlutafélagavæðinguna. Það hafa allir gert þetta, er gjarna viðkvæðið. Það er alls staðar verið að hlutafélagavæða fyrirtæki af þessum toga þar sem við blasir samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði. Ríkið á systematískt að reyna að draga sig út úr þessum rekstri eða a.m.k. gera hann þannig úr garði að hann sé samkeppnishæfur og fljótari til að mæta breyttum kringumstæðum og losna þannig undan hinu seinvirka kerfi og því að sækja allt sitt umboð til hins háa Alþingis eða hins háa ráðuneytis eftir efnum og ástæðum. Á það var bent í nefndinni engu að síður að það eru ýmsar fleiri leiðir sem hægt er að fara í þessum efnum. Hlutafélag er ekki allra meina bót og ekki eina rekstrarúrræðið sem þekkist hér á landi. Það var til að mynda bent á að ekki síður hefði komið til greina að gera þetta fyrirtæki að sjálfseignarstofnun eins og ýmsir fjárfestingarsjóðir ríkisins eru og raunar ríkisbankarnir. Það er engin tilviljun og rétt að segja það eins og það kemur fyrir af skepnunni að ástæða þess að á þessi rekstrarform er bent er að þau hafa í raun alla plúsana með sér. Þau gera það að verkum að fyrirtækin eru sjálfs sín ráðandi og geta brugðist skjótt við nýjum aðstæðum. Hins vegar hafa sjálfseignarfyrirtæki í eigu ríkisins með hugsanlega sjálfstæðri stjórn kosinni af Alþingi það líka í sér að þeim verður ekki breytt einfaldlega. Þau verða ekki svo einfaldlega seld á frjálsum markaði. En sama hvað hver segir, virðulegi forseti, hér erum við auðvitað aðeins að taka fyrsta skrefið í langri vegferð. Það er undirliggjandi og óþarfi að reyna að fela það í þessari umræðu að vitaskuld ætlar þessi ríkisstjórn eða a.m.k. hluti hennar að koma þessu fyrirtæki á markað, ætlar að selja Póst og síma.

Ég nefndi hér í framhjáhlaupi í gríni og alvöru að þá þekkti ég hæstv. fjmrh. illa ef hann gæti séð þetta hlutafélag í friði frekar en önnur fyrirtæki sem hér hafa verið gerð að hlutafélögum á síðustu árum af hálfu hins háa Alþingis. Þar nægir að nefna Lyfjaverslun ríkisins þar sem keyrð var hér í gegn á hálfum degi heimild til fjmrh. til að selja helminginn. Örfáum dögum síðar, vegna góðrar sölu, fékk hann að selja hinn helminginn. Það tekur ekki nema dagstund í sjálfu sér að keyra í gegn slíka heimild ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Ég hef því nokkrar áhyggjur af því, virðulegi forseti, að þessi áskilnaður sem nefndur er í 1. gr. frv., þar sem segir að allt hlutafé félagsins skuli vera í eigu ríkisins og skuli sala þess óheimil án samþykkis Alþingis, sé býsna léttvægur þröskuldur þegar til kastanna kemur ef ríkisstjórnarflokkarnir ná saman um það markmið að koma þessu fyrirtæki á markað og selja það í bútum eða allt í senn.

Það er einnig annað í því sambandi sem er ekki pólitísks eðlis heldur raunverulega í tengslum við anda þessa frv. og vekur upp tilteknar grunsemdir um það hvort ekki sé í raun og sanni verið að lauma einkavæðingunni og heimild til ráðherra um sölu einstakra hluta í gegn án þess að það sé sagt berum orðum. Hún er að vísu tiltölulega fortakslaus þessi 1. grein frv. Það segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis."

En nú skulu hv. þm. lesa þetta og renna sér inn í 2. gr. frv. Þar kveður við allt annan tón því þar er veitt eftirfarandi heimild til handa ráðherra eða hlutafélaginu:

„Heimilt er hlutafélaginu að stofna nýtt félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995."

Hvað þýðir þetta í raun? Þýðir þetta í raun að ef stjórn hlutafélagsins tekur um það ákvörðun að söludeild símans ætti að sameinast einhverju fyrirtæki út í bæ þá verði það gert? Ef síminn hf. ætlaði sér að koma sér út úr því fyrirtæki aftur og selja sinn hlut, þýðir þetta þá að sú sala sé óheimil án þess að Alþingi komi að henni?

Ég held að engum detti í hug að þeir túlki það þannig, hæstv. ráðherra eða aðrir forsvarsmenn fyrirtækisins sem þá verða. Ég hef ekki nokkra trú á því. Svona mætti út lengja þessa línu og hugsa sér enn flóknari samrunakenningar sem eru út af fyrir sig meira en kenningar því það liggur nokkuð í landi og því hefur verið lýst yfir af forsvarsmönnum Pósts og síma að þeir sjái ákveðna kosti í því að sameinast sérstaklega erlendum fyrirtækjum á þessum vettvangi um tiltekna þjónustuþætti. Er þá með öðrum orðum hlutafélaginu Pósti og síma hf., heimilt samkvæmt 2. gr. eins og hér segir að kaupa sig inn í þessi fyrirtæki og því fyrirtæki að kaupa sig inn í önnur fyrirtæki. En Pósti og síma hf. er hins vegar óheimilt að selja hluta hluta sinn í þessum samrunafyrirtækjum, dótturdótturdótturfyrirtækjum, án þess að Alþingi Íslendinga heimili það. Ég hef ekki trú á að það sé hinn ýtrasti skilningur. Hér eru því augljóslega á ferðinni leiðir fyrir hæstv. ráðherra, kjósi hann að fara þær sem ég hygg að hann muni gera, sem gera það að verkum að 1. gr. frv., áskilnaður um atbeina Alþingis komi til sölu fyrirtækisins eða hluta fyrirtækisins í dótturfyrirtækjum, heldur ekki. Það væri mjög fróðlegt að fá skýr svör við því af hjá framsögu-

manni, hv. formanni samgn., hvort hann líti þannig á að 1. gr. laganna um áskilnað þess að ekki verði seldir hlutir úr þessu félagi án atbeina Alþingis, þýði að hún gildi afdráttarlaust, einnig um væntanleg dótturfyrirtæki og samrunafyrirtæki. Þetta þarf að vera mjög skýrt og afdráttarlaust. Löggjafinn þarf að vita nákvæmlega hvað hann er að segja og gera í jafnstóru máli og hér um ræðir. Þess vegna er spurning mín ákaflega einföld: Er það skilningur framsögumanns að bann við sölu án samþykkis Alþingis taki líka til dótturfyrirtækja og samrunafyrirtækja Pósts og síma hf.? Ég held að skýrari geti spurningin ekki verið. Ég vænti þess og hef ekki trú á öðru en að svar hans verði það sömuleiðis.

Ég bind við það vonir þrátt fyrir allt, þó að með afgreiðslu þessa frv. sé Alþingi í raun búið að framselja öll afskipti sín af framgangi þessara mála, að þá hafi vigtarþungir þingmenn á borð við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson eitthvað um það að segja í þessum stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar, hvernig farið skuli með. Á það var drepið oftar en einu sinni í þessari nefnd að vegna þess hversu frv. svarar fáu og hversu margt er framselt í hendur ráðherra eða sérstakra nefnda eins og ég mun ræða hér nánar á eftir, að það sé mikilvægt að koma á nokkurri festu í þeim efnum þannig að Alþingi fylgist með þessari þróun næstu mánuði og missiri. Hafi ég misst af því í ræðu hv. þm. áðan að hann hafi áform uppi um það þá biðst ég afsökunar á því. Hv. þm. hafði skilning í samgn. á mikilvægi þess. Um það var rætt af hálfu meiri hluta nefndarmanna að hæstv. samgrh. yrði gert að skila skýrslu um framgang mála með tiltölulega skömmu millibili. En ég vildi hins vegar festa þetta enn frekar í sessi og benti á að það eru fjölmörg dæmi um það að sérstakar nefndir skipaðar þingmönnum fylgist með undirbúningi að tilteknum málum þegar ákvörðun er tekin um að tiltekin löggjöf taki ekki gildi fyrr en eftir svo og svo langan tíma. Ég minnist þess til að mynda í mjög umdeildu máli um lyfjalög þegar undirritaður gegndi embætti heilbrrh. að það varð að samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu að heilbrrh. í því tilfelli skipaði nefnd sem fylgdist með þróun lyfjamála í aðdraganda hinnar nýju löggjafar eða þeirra ákvæða sem kannski mestu máli skiptu. Sú nefnd starfaði þokkalega skulum við segja en allt að einu varð þetta tæki til og tryggði að stjórn og stjórnarandstaða, hv. þm., hefðu beinlínis inngrip í og yfirsýn hvernig þessi mál þróuðust. Ekki síður í þessu máli sem lýtur að jafnmörgum ríkisstarfsmönnum og hér um ræðir er mikilvægt að hv. þm. hafi tæki og tól til þess að veita aðhald og eftirlit með framgangi mála hjá væntanlegri stjórn fyrirtækisins og sérstakri nefnd ráðherra og ekki síður ráðherra hæstv. sjálfum. Ég árétta því ósk mína við hæstv. ráðherra, sem kemur hér senn og ég vona að hv. formaður nefndarinnar komi þeim skilaboðum til hans, að hann gefi skýra yfirlýsingu um að hann muni kalla til liðs hóp þingmanna sem gefi þeim möguleika á að fylgjast með þróun mála og samskiptum við starfsmenn, þ.e. að þeir verði eins konar hliðarnefnd við þá nefnd sem á hér að fá altækt vald samkvæmt 5. gr. frv. Þetta er mín formlega ósk og ég held að hún sé nú ekki mjög ósanngjörn í sjálfu sér í ljósi þessara kringumstæðna sem ég hef hér farið nokkrum orðum um.

Kemur þá kannski að þessari nefnd sem ég var að nefna og er að finna í 5. gr. frv. Í upphaflega frv. var ráð fyrir því gert að samgrh. skipaði nefnd þriggja óvilhallra manna til að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar og viðskiptavild o.s.frv. Nú hefur heldur betur vægi þessarar nefndar verið aukið stórkostlega. Það er engin tilviljun að vægi hennar er aukið í tillögum meiri hluta samgn. Meiri hluti samgn. áttaði sig á því að í stórum atriðum, þrátt fyrir breytingar og lagfæringar, svaraði þetta frv. ekki fjölmörgum spurningum sem á leituðu. Ef ég man orðalag rétt hefur nefndin vald sem er ígildi löggjörninga sem þýðir í raun og sanni að þessi nefnd hefur um það alræðisvald hvernig kaupin gerast á eyrinni og samningar verða við starfsmenn á sumardögum og haustdögum í aðdraganda þess að nýtt hlutafélag verður að veruleika. Auðvitað er það grafalvarlegt mál að einhver nefnd manna sem samgrh. skipar einn og sér fái alræðisvald frá hinu háa Alþingi til að fara fram með þeim hætti sem henni sýnist best í samskiptum og samningum við starfsmenn og hafi vald löggernings í því sambandi en það þýðir í raun og veru að þeir samningar sem þessi nefnd gerir eru óafturkræfir. Þeir eru endanlegir. Við erum að setja hér á bráðabirgðastjórn þessa fyrirtækis og meira en það því þessir menn munu síðan enga ábyrgð bera á því hvernig mál munu fram ganga þegar síðan væntanlega stjórn fyrirtækisins tekur við um næstu áramót. Þetta fyrirkomulag gagnrýnum við harðlega. Það er ekkert bragð af löggjafarstarfi á borð við þetta. Það er ekki bjóðandi hinu háa Alþingi að ljúka löggjafarstarfi eins og hér um ræðir, þ.e. að vísa þessu út fyrir veggi Alþingishússins, út fyrir veggi raunar Pósts og síma til einhverra manna úti í bæ sem eiga að ganga frá öllum endum. Þetta er eitthvað sem hið háa Alþingi, hvort sem það eru þingmenn stjórnar eða stjórnarandstöðu, geta ekki sæst á. Ekki síst í ljósi þess þegar jafnmörg óvissuatriði liggja fyrir í samskiptum og samningum við starfsmenn og hér eru dæmi um. Þær eru ófáar spurningarnar sem frá starfsmönnum hafa komið og þykkur bunki frá lögmönnum þeirra og stéttarfélögunum sjálfum. Það er afgreiðsla sem er okkur ekki sæmandi að afgreiða þessi mál með takmarkaðri 8. gr. frv. sem tekur fyrst og síðast mið af skerðingarfrv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en að öðru leyti að vísa málinu út í bæ. Ætli stjórnarmeirihlutinn að knýja þessa grein í gegn þá er það lágmarkskrafa eða ósk að ráðherrann mæti eðlilegri gagnrýni á þennan framgangsmáta þannig að hann tryggi a.m.k. alþingismönnum eða fulltrúum þeirra þátt í eftirliti með framgangi þessara mála. Ég fyrir trúi ekki að menn ætli sér að afgreiða og þvo hendur sínar af samskiptunum við starfsmenn með því einu að afgreiða 8. gr. og altækt vald til handa einhverjum þremur mönnum sem verða skipaðir af samgrh. Það er ekki löggjafarstarf sem er boðlegt og til eftirbreytni.

Virðulegi forseti. Ég nefndi það áðan að við værum að renna inn í nýtt skeið. Það er þó ekki alveg yfir línuna. Um það er ekki deilt að nýir tímar og örar breytingar eru að verða á símaþjónustunni. Á hinn bóginn er ekkert í hendi um það hvernig þróun mála verði af hálfu póstsins. Þar er þetta býsna hefðbundið og verður það væntanlega um ófyrirsjáanlega tíð. Þannig að ef tilgangurinn hefur verði sá einn af hálfu stjórnarmeirihlutans að mæta breyttum tímum hvers vegna á það við varðandi póstinn? Hvaða rök hníga að því að pósturinn verði hlutafélagavæddur og síðan væntanlega einkavæddur? Hvaða samkeppni er það sem hann ætlar að standa í núna á næstu vikum, mánuðum eða árum? Hvað er fyrirséð í því? Af hverju þarf að hrista upp alla hluti á þeim endanum? Eru einhver rök sem mæla með því? Við þessu hafa engin svör fengist frekar en við svo mörgu öðru. Á hinn bóginn er það þannig eins og ég gat um að samkeppnin verður hörð. Hún verður grimm væntanlega þrátt fyrir tiltölulega lítinn markað hér á landi í símamálunum. Þess

vegna er það að meiri hluti samgn. og stjórnarliða verður að skýra út mjög skilmerkilega þær andstæður sem er að finna í málflutningi þeirra þegar þeir tala um nauðsyn þess að koma þessu fyrirtæki af höndum ríkisins, út úr sölum Alþingis, í hendur þeirra sem kunna til verka og geta brugðist skjótt við. En að hinu leytinu til koma þeir með breytingartillögu sem í raun og sanni neglir þetta fyrirtæki, geirneglir þetta fyrirtæki og segir til um það að þetta fyrirtæki eigi sex mánuðum eftir að frelsið gengur í garð að standa svona eða svona að gjaldskrármálum. Raunar er gengið svo langt og má túlka það þannig að hugmynd þeirra sé að samkeppni annarra aðila verði háð þessum sömu lögmálum. Hér eru á ferðinni fullkomnar andstæður í málflutningi. Enn og aftur legg ég engan dóm á það hvað er rétt eða rangt að svokomnu máli. Ég bara spyr: Hvers konar aukið frelsi er það til stjórnenda nýja hlutafélagsins um að bregðast við áreiti þegar Alþingi á sama tíma ákveður að fyrirtæki skuli vesgú lúta ákvörðun hæstv. samgrh. þegar kemur að ákvörðun um gjaldskrá og meira en það, skuli haga sér svona og svona á tilsettum tíma eftir eins og hálfs árs rekstur í hlutafélagaformi. Og skuli þá vera búið að gera tiltekna hluti. Hér rekst hvað á annars horn og það er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn glöggvi sig sjálf á því hvert hún er að stefna með löggjöf af þessum toga. Hér ganga menn fyrst fram tvö skref og síðan til baka eitt a.m.k. Enn og aftur segi ég það, virðulegi forseti, að ég er sammála þeirri meginhugsun — það má enginn skilja orð mín öðruvísi — að landið verði eitt gjaldsvæði sé þess nokkur kostur að stýra málum þannig. Við höfum kost á því núna. Við getum það núna óumdeilt ef við gerum það strax. Óumdeilt mun það virka hér til 1. jan. 1998. En hvað þá tekur við, um það er fullkomin óvissa.

Hv. stjórnarliðar gæta sín á því að láta þetta ekki virka alveg strax. Nei, þeir ætla að láta þetta virka í hinu nýja umhverfi, 1. júlí 1998, því að þá munu allar líkur benda til þess að Eftirlitsstofnun ESB eða ESA muni vera búin að grípa í taumana og segja: „Nei strákar mínir og stelpur. Þetta má ekki. Þetta er ekki hægt.“ Það fer því lítið fyrir því hygg ég vera þegar hv. þm. stjórnarinnar fara út á land hver af öðrum og segjast hafa komið því í gegn á hinu háa Alþingi að samræma gjaldskrána og að núna lækki símakostnaður úti á landsbyggðinni. Það verði bara eftir tvö ár. Kannski sleppa þeir því. En þeir sleppa örugglega því að allt bendi til þess að eftir tvö ár verði þetta ekki hægt, þ.e. að þegar gildistakan á að verða, þá komi alþjóðasamningar í veg fyrir það. Þetta er létt í vasa. Maður næstum því sæi í gegnum fingur sér með þetta ef það væru að koma kosningar en þær verða ekki fyrr en 1999 að óbreyttu þannig að hv. stjórnarliðar, landsbyggðarþingmenn væntanlega flestir, munu sitja — ég þori ekki að segja það — þeir munu sitja uppi með það að þetta verði bara orðin tóm, að þetta verði eitthvað sem þeir geti ekki gert og það er býsna létt í vasa. Þetta er hinn kaldi veruleiki málsins. Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þingmenn stjórnarinnar átti sig á þessu og gleðjist ekki of mikið að hafa náð þessum stóra áfanga í gegn hjá Pósti og síma eða hjá hæstv. samgrh. því að þetta loforð er létt í vasa af hálfu hæstv. samgrh. og forsvarsmanna Pósts og síma þegar til kastanna kemur, er ég hræddur um. Ég er hræddur um að þetta verði býsna létt í vasa.

En virðulegi forseti. Að lyktum í okkar nefndaráliti bendum við á að með þetta mál er ekki hægt að höndla öðruvísi en þannig að það fari aftur til ríkisstjórnarinnar og menn vinni sína heimavinnu. Ég fyrir mitt leyti hef enga afstöðu tekið til þess og get enga afstöðu tekið til þess samkvæmt þeim gögnum sem hér liggja fyrir hvort það sé það eina rétta að hlutafélagavæða Póst og síma eða hvort við eigum að fara þá leið sem ég vildi gjarnan ræða og á upplýsandi hátt, þ.e hvort það sé skynsamlegra að hlutafélagavæða bara símann og ganga þá þannig frá endum og hnútum gagnvart starfsmönnum, gagnvart ráðstöfunarrétti og valdi ráðherra að menn vissu nákvæmlega hvað þeir væru að gera með því. Í mínum huga er það eitthvað sem kemur fyllilega til álita og við ætlum að skoða og ríkisstjórnin ætti að gaumgæfa. Ég vænti þess að við margir hv. þm. stjórnarandstæðinga værum tilbúnir til þess að fara í þá vinnu með hv. stjórnarliðum þannig að kannski væri heppilegast að vísa þessu ekki til ríkisstjórnarinnar heldur til milliþinganefndar því að það er augljóst mál að eftir fimm ára undirbúningstíma í hinu háa ráðuneyti hafa menn ekki getað unnið sína heimavinnu og ekki skilið málið. Það er kannski best að þetta verði á vettvangi Alþingis. Það er kannski misskilningur hjá okkur minnihlutamönnum í samgn. að vera að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar. Hún gerði þetta og getur ekkert gert með þetta í ljósi reynslunnar. En allt að einu er alveg ljóst að þá vinnu þarf að vinna. Það er mergur þessa máls og ekki hjá honum komist.

Í fylgiskjölum með þessu nefndaráliti minni hlutans er einnig að finna lítilvæga ábendingu sem sjá mátti í Morgunblaðinu fyrir ekki margt löngu. Við þekkjum öll þann sönglanda sem er eins og beint upp úr Biblíunni að það að einkavæða og það að tryggja samkeppni á þessum markaði sé bara eins og peningar í hendi, sé bara eins og handhafaávísun upp á það að verðið lækki. En einn af yfirmönnum Pósts og síma, verkfræðingur þar á bæ, sýndi það mjög glögglega — hann er ekki fjarri okkur núna sá maður — sýndi okkur það mjög glögglega að þróun mála hér á landi undir þessari skelfilegu ríkiseinokun í gjaldskrármálum hefur verið þannig að við getum staðið keikir og stoltir þegar við til að mynda lítum til Mekka frjálshyggjunnar, Bretlands, þar sem þróunin hefur verið allt allt önnur og verðið hækkað stórkostlega. Nú veit ég að hv. formaður samgn. Einar K. Guðfinnsson þekkir vel til í Bretaveldi. Hann hefur líka vafalaust fylgst grannt og gaumgæfilega með þessari þróun mála þar. Hann hefur vafalaust hringt þar nokkrum sinnum bæði úti og inni þannig að ég hygg að ég komi ekkert að tómum kofunum í þessum efnum þegar ég nefni þennan samanburð. En auðvitað er þetta mjög eftirtektarvert og sýnir okkur að menn geta hvorki gert þætti máls að trúaratriðum né málað þá dökkum og hvítum litum þegar rætt er um ríkisrekstur á sviði almannaþjónustu eins og hér og svo hins vegar einkarekstur. Það er ekki peningur í hendi endilega að allur almenningur hafi hag af því að einkavæða. Og þess vegna geri ég það að umtalsefni sem ég hef raunar gert áður að það sem er undirliggjandi í þessu öllu saman eru auðvitað áform þessarar ríkisstjórnar um að koma þessu fyrirtæki á markað áður en langt um líður og selja. Og hugsið ykkur þá mynd, virðulegi forseti.

Við þekkjum stöðu samgöngumála þessarar þjóðar. Við vitum hver heldur um þræði þegar kemur að skipaleiðunum. Við vitum hvers hönd er alls ráðandi í umferðum um loftin blá. Og hverjir haldið þið að hafi stórar fúlgur handbærar þegar til sölunnar kemur, á fyrirtæki sem eru upp á 13 milljarða kr.? Eru þeir á hverju strái utan þessa húss? Ætli það séu ekki sömu fyrirtækin og eru á hinum sviðum samgöngumála. Það yrði aldeilis skemmtilegt líf þegar allir þessir þrír meginþræðir, fjarskiptin, skipin og flugvélarnar fléttast saman.

Það er ekki mikið sem við höfum að gera eftir það og mikið er traust á því liði. Ég nefni þar engin fyrirtæki en auðvitað vita allir hvað ég er að meina. Þetta er undirliggjandi og nauðsynlegt að halda rækilega til haga í þessari umræðu og er hinn pólitíski þáttur málsins.

Mér segir svo hugur um að á næsta reglulega þingi, 1996–1997 — það líði ekkert lengri tími. Það verður á vorþingi 1997 — sem við sjáum hér frv. um sölu á hlutum úr Pósti og síma hf. Ég bið, virðulegi forseti, menn að minnast þessara orða minna og einkum bið ég forseta að minnast þeirra alveg sérstaklega af því að nú veit ég að hv. þm. Guðni Ágústsson hefur áhyggjur af þessu brambolti öllu. Hann hafði áhyggjur í morgun og hann hefur áhyggjur líka í eftirmiðdaginn. Þetta er erfiður dagur hjá hv. þm. vænti ég. (**Gripið fram í:** ... í kvöld.) Ég þori nú varla að hugsa um það hvernig honum kemur til með að líða í kvöld þegar við ræðum væntanlega réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Það skulu vera mín lokaorð að árétta það alveg hávaðalaust og öfgalaust og beina þeim vinsamlegu ábendingum til yfirvegaðra forustumanna í samgn., hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og varaformanns nefndarinnar, hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, að þeir skoði hug sinn í hljóði og átti sig á því að hér er um feigðarflan að ræða og engan veginn samboðið þeim að skilja svona við þetta stóra verk og að þeir setjist að þessu verki núna í sumar. Samgn. hyggur væntanlega á það að skoða stöðu samgöngumála einhvers staðar úti á landi. Ég fyrir mína parta er tilbúinn að framlengja þeirri ferð og setjast með þeim yfir þetta í hálfan mánuð til að gera þetta þannig úr garði að eitthvert vit sé í. En svona getum við ekki skilið við málið, virðulegi forseti. Það er allténd alveg ljóst og því árétta ég þá skýru og glöggu tillögu minni hluta nefndarinnar að þessum frv. öllum þremur verði vísað til ríkisstjórnarinnar á nýjan leik.

[14:40]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru fjöldamörg atriði sem hv. þm. kom inn á sem hefði verið ástæða til þess að fjalla um og kannski verður tilefni til þess við tækifæri síðar í umræðunni en ekki í þessu stutta andsvari.

Það er aðeins eitt efnisatriði í ræðu hans sem ég vildi aðeins koma inn á. Hv. þm. varpaði því fram nokkurn veginn eftir fyrsta kortérið eða svo í ræðu sinni, en það laut að spurningunni um það hvort það sem við værum að leggja til varðandi eitt gjaldskrársvæði hér á landi stæðist samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Því er til að svara að það er sannfæring og skoðun meiri hluta samgn. að þetta standist, ella hefðum við að sjálfsögðu ekki lagt fram tillögu af þessu tagi. Okkur er fullkomin alvara með málinu og létum fara ofan í það mál mjög rækilega og erum sannfærðir um að þetta standist þá alþjóðlegu samninga og alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur.

Það sem er grundvallaratriði og er reginmunurinn á okkar tillögu og tillögu minni hluta samgn. er að við erum að leggja til að gjöld fyrir símaþjónustu verði hin sömu fyrir allt landið og að það gildi óháð því hvaða fyrirtæki eigi í hlut vegna þess að okkur finnst það mjög óeðlilegt að gera kröfu til eins fyrirtækis eins og Pósts og síma um að það starfi þannig að því sé gert að selja alla sína langlínu- og staðartaxta á einu verði en síðan komi annað fyrirtæki sem geti unnið með öðrum hætti. Ég held að þetta sé meginatriði og menn verði að hafa þetta sérstaklega í huga. Spurningunni um það hvort þetta þýði að öll fyrirtækin verði að hafa eitt og hið sama verð svara ég neitandi. Að sjálfsögðu munu þessi fyrirtæki keppa á grundvelli samkeppninnar eins og okkar löggjöf segir til um og verðsamráð er auðvitað óheimilt í þessum efnum.

[14:42]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði vitaskuld kosið að svar hv. þm. hefði gefið mér tilefni til þess að gleðjast og verða ánægður með það. En því miður get ég ekki orðið það. Hann endurtekur það sem hann hefur sagt áður í umræðunni um þessi mál í samgn. að það sé sannfæring og skoðun hv. nefndarmanna að þetta sé í lagi og að til þess bærir menn hafi farið ofan í það. Ég spyr beint: Hvaða menn hafa farið ofan í þessi mál og skilað því áliti að þetta standist þá skilmála sem við höfum undirgengist? Ég óska eindregið eftir því og þeir skili mér rökstuddri greinargerð um það. Það er ekkert flóknara. Það er ekki hægt að afgreiða málið þannig að það sé sannfæring hinna og þessara. Það er sannfæring mín þvert á móti að þetta geti ekki látið sig gera með þessum hætti og ég hef orð manna fyrir því þannig að við getum ekki skilið við málið bara með gagnkvæmri sannfæringu af þessum toga. Þetta er of mikilvægt til þess.

Hitt er það líka sem ég velti upp. Þingmaðurinn lýsir þeim skilningi sínum að þetta þýði ekki að gjaldskrár allra fyrirtækja þurfi að vera hinar sömu. En þá kannski gagnálykta ég og spyr á nýjan leik: Er það þá hans skilningur að nýtt fyrirtæki sem mundi vilja hasla sér völl á vettvangi símaþjónustunnar þyrfti að þjónusta allt landið eða gæti það sama fyrirtæki einfaldlega fleytt rjómann ofan af og verið á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu? Eða ber að líta þannig á að þetta ákvæði um áskilnað á hendur Pósti og síma eigi eingöngu við Póst og síma hf.? Ef svo er, þá er náttúrlega ekki verið að létta þessu fyrirtæki lífið, þessu fyrirtæki ríkisins, Pósti og síma hf., heldur þvert á móti verið að setja á það kvaðir sem gerir því mjög erfitt fyrir í samkeppni við væntanlega samkeppnisaðila á þessum vettvangi. Það er auðvitað deginum ljósara þannig að enn og aftur finnst mér rök stangast á.

[14:44]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá spurningu hv. þm. hverjir hafi veitt okkur ráð í þessum efnum, þá er það auðvitað ekki það sem skiptir máli í þessu sambandi. Við höfum leitað víða fanga. Það sem er aðalatriði málsins er að þessi tillaga er að sjálfsögðu sett fram á ábyrgð meiri hluta samgöngunefndar og það er meiri hluti samgn. Alþingis sem einn svarar fyrir þessa tillögu þannig að við munum hvorki skýla okkur á bak við einn né neinn í þessum efnum. Við stöndum að þessari tillögu og við erum sannfærð um það og vitum að hún stenst.

Það sem hv. þm. er í raun og veru að segja er það að tillaga sú sem hann stendur að varðandi jöfnun símkostnaðar þýði að þetta standist í nokkra mánuði þangað til frelsið gengur í garð, að á þeirri stundu muni allt breytast og ekki vera hægt að halda sér við áskilnað um að það sé eitt símgjald. Ég minni hv. þm. á að það kom mjög glögglega fram í ferð samgn. um Norðurlöndin að símafyrirtækin þar styðjast fyrst og fremst við ákvæði í starfsleyfi sem viðkomandi ríkisstjórnir hafa veitt þeim og í þessum starfsleyfum er einfaldlega kveðið

á um það hvernig verð skuli lækka á símgjöldum í viðkomandi landi. Danska símafyrirtækinu er t.d. gert að lækka símkostnað sinn um tilteknar prósentur á hverju einasta ári. Þannig er það. Og auðvitað hefur viðkomandi samgrh. fullar heimildir til þess að setja slíkan áskilnað inn í rekstrarleyfi sem hann gefur út.

Hins vegar blasir við í framtíðinni að tæknin er að gera það að verkum að menn geta með ýmsu móti komist fram hjá þessu með gervihnöttum og öðru þess háttar, þá vandast það mál almennt. En það breytir því ekki að möguleikarnir eru fyrir hendi til þess að setja fyrirtæki sem starfar hér á landi skilyrði um taxta.

[14:47]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandast nú málið almennt. Ég get tekið undir það. Hér er um að ræða svo glænýja mynd í símamálum að ég hygg að á þessu stigi geti enginn svarað því fyllilega hver sú þróun verður og þetta frv. og andsvör hv. þm. svara okkur því miður í engu um þau mál.

Hann svarar því til að tillaga mín og fleiri þingmanna stjórnarandstöðunnar miði við að þetta eina gjaldsvæði renni út sjálfkrafa 1998. Ég hef ekkert fullyrt um það. Ég segi einfaldlega: Það er allt sem bendir til þess fremur en hitt að það verði ekki unnt að gera slíkan áskilnað í frelsinu 1998. Þess vegna er það tryggt, a.m.k. þetta eina og hálfa ár, að fólk í dreifbýli fær jöfnuð á við þéttbýli. Það eru þó loforð í vasa. Það kann að vera að það gangi á Bolungarvík en mikið skelfing er það létt í almennri umræðu að geta einfaldlega sagt: Við höfum talað við marga menn. Við erum sannfærðir um það og berum pólitíska ábyrgð á því að þetta geti gengið. En auðvitað eru þetta ekki vinnubrögð sem eru okkur samboðin. Við hljótum auðvitað að fara til okkar færustu manna. Ekki er ég að biðja um Lagastofnun. Það er búið að ofnota hana. En það eru vissulega margir í kerfinu sem geta skilað okkur greinargerð um þetta. Og fyrst það liggur ekki fyrir við þessa umræðu tel ég eðlilegt að við nýtum tímann milli 2. og 3. umr. til þess að fá það skýlaust upp hvernig þetta verði gert, þ.e. að halda þessum áskilnaði úti, ef það er hægt. Ég hef verulegar efasemdir um það og það sama gildir um marga af okkar gestum.

Það var nefnt, virðulegi forseti, að Landsvirkjun hefur til að mynda öll tök á því að bjóða upp á slíka þjónustu fyrr eða síðar og hefur ákveðið eigið net í þeim efnum. Það verða kannski mörg grunnnet meira að segja þannig að grunnnetið sem hefur verið alfa og omega þess að við getum haft á þessu tök og stýringu er ekki trygging öllu lengur. Hér vandast því heldur betur málið, virðulegi forseti. Það skal ég taka undir.

[14:49]

Útbýting þingskjala:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1056; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1057.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 415. mál, þskj. 1058; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1061.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 464. mál, nál. félmn., þskj. 1055.

[Fundarhlé. — 14:50]

[16:02]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Frumvörpin um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, um fjarskipti og um póstlög hafa fengið ítarlega umfjöllun í nefnd og vil ég út af fyrir sig þakka fyrir að nefndin hefur unnið störf sín af kostgæfni og safnað miklum upplýsingum um þetta mál.

Nú er málið komið til 2. umr. og ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir stefna bersýnilega að því að gera þessi frv. að lögum með þeim afleiðingum sem það hefur. Þess hafði verið vænst að stjórnarmeirihlutinn yrði opinn fyrir því að gerðar yrðu breytingar á frumvörpunum sem einhverju máli skiptu í samræmi við þær umræður sem fram fóru við 1. umr. málsins. Þá komu fram fjöldamargar ábendingar sem flestar lutu í þá áttina að ekki væri þörf á því að breyta Póst- og símamálastofnuninni í hlutafélag heldur mætti koma fram þeim skipulagsbreytingum sem þurfa þætti án þess að um myndun hlutafélags yrði að ræða. Á þessar ábendingar vildi meiri hluti nefndarinnar ekki hlýða. Hann hefur því komið með frumvörpin aftur hingað inn í þingið til 2. umr. án þess að gerðar hafi verið tillögur um ýkjamiklar breytingar á málinu.

Þær breytingartillögur sem meiri hluti samgn. flytur á þskj. 961 eru flestallar tæknilegar lagfæringar og eins og ég hef þegar sagt, þá er ekki hægt að segja að neitt tillit hafi verið tekið til þeirrar gagnrýni sem stjórnarandstaðan bar upp um þetta mál.

Það er enginn vafi á því að það að breyta Pósti og síma í hlutafélag skapar ýmiss konar vandamál og vekur upp hættu sem engin ástæða er til þess að taka. Í fyrsta lagi er ljóst að með því að breyta Pósti og síma í hlutafélag er verið að opna fyrir þann möguleika að fyrirtækið verði einkavætt, að fyrirtækið verði selt einkaaðilum. Þó að nú sé talað um það að aðeins eigi að vera um að ræða eitt hlutabréf og ríkið skuli eiga þetta hlutabréf, þá þarf tiltölulega einfalda aðgerð til þess að kollvarpa þeirri skipan. Það þarf ekki annað en eina örlitla setningu í 6. gr. fjárlagafrv. þar sem Alþingi veitir samþykki sitt til þess að hlutabréf séu seld og þá er búið að einkavæða fyrirtækið eða í öllu falli að opna fyrir það að hlutirnir verði seldir.

Vissulega er það góðra gjalda vert að hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir að áfram verði Póstur og sími í eigu ríkisins því að það sé sín hugsun að um verði að ræða eitt hlutabréf áfram og þar af leiðandi verði hlutirnir í Pósti og síma ekki seldir. En það er vitað að í þjóðfélaginu eru sterk öfl sem vilja ganga miklu lengra. Hæstv. ráðherra Halldór Blöndal er einn um það að hafa gefið yfirlýsingu af þessu tagi. Ég veit ekki til þess að hæstv. forsrh. hafi gefið neina yfirlýsingu í þessa átt og það liggur ekki fyrir nein stefnumörkun hvað þetta varðar sem tryggir það að svo verði um alla framtíð.

Ég vek á því athygli að í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins hinn 27. apríl sl. kveður við allt annan tón en hjá hæstv. samgrh. Þar er berum orðum sagt að sú ákvörðun sem nú er verið að taka sé grundvöllurinn að enn víðtækari breytingum á fyrirtækinu og blaðið varpar fram þeim spurningum hvort ekki sé rétt að næsta skrefið verði það að selja hlutabréfin í Pósti og síma hf. á almennum markaði og að skipta fyrirtækinu upp í einingar áður en það er gert. Stærsta blað landsmanna, aðalmálagn hæstv. samgrh. og stærsta stjórnmálaflokksins hefur sem sagt þá stefnu að það eigi að selja hlutina í Pósti og síma og meðan ekki hefur komið fram gagnstæð yfirlýsing af hálfu þingflokks Sjálfstfl., þá verður

að telja að yfirlýsingar hæstv. samgrh. séu afskaplega léttvægar þegar þær standa svona einar og sér. Það kemur dagur eftir þennan dag og maður tekur við af manni og það er bersýnilegt að með þessari breytingu er verið að opna dyr og ýta af stað þróun sem enginn sér fyrir endann á í dag.

Annar meginágalli á þessum áformum hæstv. samgrh. sem felst í frv. er sá að ef Pósti og síma er breytt í hlutafélag og skrefið stigið til fulls eins og Morgunblaðið hvetur til og vitað er að mjög margir flokksbræður hæstv. samgrh. mæla með, þ.e. að fyrirtækið verði endanlega einkavætt, þá opnast sú hætta að arðurinn af þessu mikla fyrirtæki verði fluttur út úr landinu. Það hefur verið rakið í umræðunum að þetta fyrirtæki er ekki nein smásjoppa. Þarna er um að ræða fyrirtæki sem á eignir upp á í kringum 20 milljarða kr. og hagnaður fyrirtækisins mun nema nú um 1.600 millj. kr. á ári og til viðbótar því koma tekjur söludeildar Pósts og síma sem mun vera um 225 millj. Það er því enginn vafi á því að þarna er á ferðinni eitt arðbærasta fyrirtæki sem finnanlegt er í landinu. (**Gripið fram í:** Enda langar marga að komast að þar.) Það er enginn vafi á því að marga langar að komast að þessum kjötkatli. Á því er enginn vafi. Ef opnað er fyrir það að ríkið afsali sér hlut sínum í þessu félagi, þá getur orðið skammt að bíða þess að erlendir aðilar eignist þessa hluti og þá stöndum við frammi fyrir því að arðurinn af einu arðbærasta fyrirtæki landsins kann að vera á leiðinni út úr landinu í stað þess að nú rennur hann til mikilvægrar uppbyggingar innan lands.

Það er líka í þriðja lagi ljóst að þessi þróun getur kallað á það að tekjur ríkissjóðs skerðist verulega við þessa breytingu. Því er að vísu haldið fram að tekjuskattur af fyrirtækinu verði hliðstæður því sem hefur numið hagnaði ríkisins af rekstri þess þótt þessi breyting eigi sér stað. Það má vel vera að svo sé í augnablikinu. En við skulum gera okkur grein fyrir því að það er mikill munur á því hvort ríkið nær tekjum af fyrirtæki í gegnum tekjuskattslög eins og mundi vera eftir að þessi breyting ætti sér stað eða hvort tekjurnar koma með beinum arðgreiðslum í ríkissjóð eins og verið hefur nú um skeið. Það er verulegur munur á þessu tvennu og það þarf ekki að rökstyðja það neitt frekar að sú leið sem valin hefur verið að undanförnu að láta fyrirtækið greiða beint í ríkissjóð er auðvitað miklu öruggari tekjustofn fyrir ríkið en það að verða að treysta á tekjuskattslög með öllum sínum mörgu ívilnunum, smugum, afskriftareglum og leiðum til þess að skjóta undan tekjum sem auðvitað hið nýja fyrirtæki mun hafa tilhneigingu til að gera.

Í fjórða lagi er ljóst að þessi breyting kallar á það að réttindi starfsmannanna verða í verulegu uppnámi. Þarna er ekki um nein smáréttindi að ræða heldur fjöldamörg mikilvæg réttindamál sem starfsfólkið hefur verið að ávinna sér á mjög löngum tíma og eftir mikla baráttu í mörgum tilvikum. Þarna er um að ræða biðlaunaréttinn svo að eitt sé nefnt. Þarna er um að ræða lífeyrisréttindin. Þarna er um að ræða fæðingarorlofsréttinn sem er miklu betri hjá starfsmönnum ríkisins eins og allir þekkja heldur en á einkamarkaðnum. Þarna er um að ræða orlofsréttindin. Þarna er um að ræða réttinn til veikindaleyfa og þarna er um að ræða rétt til starfsaldurshækkana. Það er ljóst að ef Pósti og síma er breytt í hlutafélag neyðast menn til að semja upp á nýtt um öll þessi réttindi. Það skapar mikla óvissu hjá því fólki sem á í hlut. Enginn getur fullyrt hver útkoman verður úr því samningaþófi og hætt er við að hið nýja fyrirtæki muni leitast við að smokra sér frá hjá því að uppfylla þær kröfur sem hingað til hafa verið gerðar til þessa fyrirtækis og um geti orðið að ræða veruleg réttindaspjöll hjá starfsmönnum Pósts og síma. Að þessu mun ég víkja síðar en minni á að þetta er enn ein áhættan sem tekin er við samþykkt þessa frv.

Í fimmta lagi er ljóst að ef sú þróun verður að Póstur og sími gengur braut einkavæðingar yfir til einkaaðila þá er verið að flytja grunnnetið, þetta stórkostlega mikilvæga samgöngukerfi sem Póstur og sími hefur byggt upp í fjarskiptum, yfir til einkaaðila. Það hlýtur að bjóða ýmiss konar hættu heim og hlýtur því að vera afar varasamt ef ekki er spyrnt við fótum.

Að öllu þessu athuguðu, úr því að þessari breytingu fylgir að slík áhætta er tekin á fjöldamörgum sviðum og sköpuð öll þessi vandamal sem ég hef nú rakið, þá hljóta menn að spyrja: Hvaða þörf er á þessum breytingum? Er einhver þörf á að fara út í þessa breytingu? Er það eitthvað sem kallar á að þessi breyting sé gerð? Ég svara þeirri spurningu hiklaust neitandi. Það er engin þörf á því að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Ekki nokkur þörf á því og það vinnst ekki nokkur skapaður hlutur við það en það er margt sem glatast.

Menn hafa reynt að ýja að því að vegna þess að við séum orðnir aðilar að svokölluðum EES-samningi sé þetta óhjákvæmilegt. En allir sem eitthvað til þekkja vita að þetta er ekki svona slæmt. Þó EES-samningurinn hafi vissulega kallað yfir okkur ýmiss konar ógæfu og endalaus vandamál sem við erum að reka okkur á dag eftir dag og viku eftir viku þar sem verið er að heimta eitt og annað af okkur sem við kærum okkur ekkert um að meðtaka og gleypa, (**Gripið fram í:** Eigum við þá ekki bara að segja honum upp?) þótt langbest væri að fylgja stefnu hv. 3. þm. Austurl. og segja samningnum upp, ég mundi verða fyrstur manna til að taka undir það, má vel vera að við munum eiga samleið á því sviði áður en lýkur, þá er þó þetta ekki rétt. Samningurinn er þrátt fyrir allt ekki svona vondur að hann sé út af fyrir sig að þrýsta okkur út í þetta. Það sem gerist með þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið innan Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið og fela það þá í sér að við Íslendingar verðum að fylgja á eftir hvort sem okkur líkar betur eða verr, höfum engin áhrif á það hvort sú ákvörðun var tekin eða ekki, það er ekki það að það verði að einkavæða fjarskiptanetið eða Póst og síma. Ákvörðunin sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tók var sú að eftir 1. jan. 1998 skuli einkaréttur ríkisrekinna símafyrirtækja afnuminn. Það er dálítið annar hlutur. Samkvæmt ákvörðunum Evrópusambandsins sem okkur Íslendingum ber að hlýða hvort sem okkur líkar betur eða verr, í þessu tilviki sem mörgum öðrum. Vegna þess að við erum aðilar að EES-samningi ber okkur skylda til að afnema einkarétt Pósts og síma. En það er allt annar hlutur en hitt að einkavæða fyrirtækið. Ég kalla mjög á að fólk geri sér grein fyrir að á þessu tvennu er reginmunur og við gætum gert þær breytingar á fjarskiptalögum og á rekstri Pósts og síma sem fullnægja algjörlega kröfum Evrópusambandsins hvað þetta varðar án þess að breyta fyrirtækinu í hlutafélag.

Satt að segja lýsti ég því yfir við 1. umr. um þetta mál að ég væri sannarlega reiðubúinn að taka þátt í ýmiss konar breytingum á Pósti og síma sem taldar væru óhjákvæmilegar til að fyrirtækið yrði rekið sem skynsamlegast. Ég var t.d. alveg tilbúinn að opna fyrir það að fyrirtækið yrði gert miklu sjálfstæðara en það er í dag. Nafn þess yrði ekki nefnt í fjárlögum, það þyrfti aldrei að sækja til Alþingis um lántökur eða annað það sem ríkisfyrirtæki þurfa að sækja til Alþingis með vegna þess að um sé að ræða B-hluta fyrirtæki.

Landsbankinn er t.d. ágætt dæmi um fyrirtæki sem ekki þarf að gera þetta vegna þess að Landsbankinn er sjálfstætt fyrirtæki, sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins, sem hvergi er nefnt í fjárlagafrv. og hvergi nefnt í lánsfjáráætlun og getur því rekið starfsemi sína algjörlega óháða Alþingi. Ef það er þetta sem menn vilja að Póstur og sími geti gert er hægt að breyta fyrirtækinu í það rekstrarform sem einkennir Landsbankann og reyndar allflesta fjárfestingarsjóði landsmanna án þess að um hlutafélag sé að ræða. Þá yrði sérstök þingkjörin stjórn yfir fyrirtækinu sem væri að öðru leyti sjálfstætt. Eins gæti verið þörf á því fyrir fyrirtækið að geta stofnað dótturfyrirtæki og geta skilið einhvern hluta af starfsemi sinni sem er svona samkeppniseðlis frá í auknum mæli. Allt þetta mætti að sjálfsögðu gera innan þess ramma sem ég lýsti án þess að um væri að ræða hlutafélag.

Sem sagt það að verið sé að breyta fyrirtækinu í hlutafélag kemur því ekkert við að gott geti verið að breyta rekstrarfyrirkomulaginu því það má gera jafnvel þótt ekki verði um hlutafélag að ræða. Það kemur heldur ekki við þeim kröfum sem Evrópusambandið hefur sett upp í samþykktum sínum. Maður spyr sig þá að því hvort það geti verið að fyrirtækið hafi verið svo illa rekið að undanförnu að þörf sé á því að breyta fyrirtækinu þess vegna. Er hugsanlegt að nú þegar hafi komið í ljós ef litið er á sambærileg fyrirtæki í öðrum löndum að Póstur og sími sýni slíka uppdráttarsýki vegna þess að það er ríkisfyrirtæki að óhjákvæmilegt sé að breyta því í hlutafélag þess vegna? Við lesum nánast í hverri grein sem skrifuð er um þetta mál af talsmönnum stjórnarflokkanna og í flestum ræðum talsmanna þeirra að mikil og merkileg þróun sé að eiga sér stað í fjarskiptamálum. Þá er gjarnan tekið svo til orða að aukið frelsi á þessu sviði muni leiða til aukinnar grósku og aukinna umsvifa og að þörf sé á að gera þessa breytingu vegna þess að þannig muni miklu betri árangur nást í rekstri fyrirtækisins. Á það hefur verið bent að afnám einokunar þýði aukin viðskipti fyrir marga aðila og þar á meðal hin gömlu einokunarfyrirtæki. Það má vel vera að það sé rétt. En enginn hefur sett sig upp á móti því að einokunaraðstaða Pósts og síma sé afnumin. Spurningin er hins vegar sú: Er hugsanlegt að eitthvað sé til í því að símgjöld og póstgjöld verði í framtíðinni ódýrari á Íslandi ef fyrirtækinu hefur áður verið breytt í hlutafélag en ef það heldur áfram að vera fyrirtæki í eigu ríkisins, annaðhvort eins og það er núna eða þá sjálfstætt fyrirtæki? Leiðari Morgunblaðsins sem ritaður er laugardaginn 27. apríl sl. og birtur sunnudaginn 28. apríl fjallar mjög um þetta mál. Þar er reynt að læða því inn hjá lesendum blaðsins að það sé af þessum ástæðum sem þörf sé að gera þá miklu breytingu á Pósti og síma að breyta því í hlutafélag. Rökin sem færð eru fram í þessu skyni eru m.a. þau að þar sem póst- og símamálafyrirtækjum hafi verið breytt í hlutafélög hafi náðst svo góður árangur í því að lækka gjaldskrá notenda. Í þessari grein er m.a. vitnað til þess árangurs sem náðst hefur í Bretlandi. Þar er á það bent eins og segir í blaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar hafa notendur" — þá er verið að tala um Bretland — „notið góðs af einkavæðingunni að því leyti til að gjaldskrá fyrirtækisins" — þá er átt við hið einkavædda breska fyrirtæki — „hefur lækkað um 40% og kostnaður við millilandasamtöl er einhver hinn lægsti í heimi." — Svo bætir blaðið við:

„Að vísu er kannski umdeilanlegt, hvort verðlækkunin er fyrst og fremst eða eingöngu vegna einkavæðingar eða hvort tæknilegar framfarir eiga ekki síður hlut að máli. En að minnsta kosti er ljóst að þær tækniframfarir hafa ekki að öllu leyti skilað sér til notenda í öðrum löndum."

Svo mörg eru þau orð. Fyrst er sem sagt dregið fram sem mikilvæg rök í málinu að gjaldskráin hafi lækkað um 40%. Síðan er að vísu játað að þetta kunni að vera af tæknilegum ástæðum að einhverju leyti. En samt sem áður er gefið í skyn að að svo hafi ekki verið á Íslandi því það segir hér eins og ég hef þegar lesið, með leyfi forseta: „En að minnsta kosti er ljóst að þær tækniframfarir hafa ekki að öllu leyti skilað sér til notenda í öðrum löndum."

Skyldi þetta vera rétt? Skyldi það vera svo að Íslendingar hafi dregist svona hörmulega aftur úr að þetta hafi ekki tekist hér á Íslandi, þetta hafi nú ekki heppnast hér? Það er það sem blaðið er að gefa í skyn. Ég bæti við annarri setningu ritstjóra blaðsins, með leyfi forseta:

„Auk Breta hafa Finnar og Svíar gengið langt í að afnema ríkiseinokun í fjarskiptum og tekist vel til, ekki síst í Finnlandi, þó að sérstakar aðstæður komi þar nokkuð við sögu. En sem dæmi má nefna að langlínusamtöl hafa lækkað um 60% í Finnlandi á tveimur árum."

Þetta eru rökin. Gjaldskrárnar í þeim löndum þar sem einkavæðingin hefur átt sér stað hafa lækkað svo mikið að það er sannarlega ástæða til að reyna að feta í þessi sömu spor. Ef einhver skyldi nú hafa látið sannfærast af þessum rökum Morgunblaðsins hinn 28. apríl er illt ef sá hinn sami hefur misst af grein Bergþórs Halldórssonar verkfræðings, sem tók sig til 7. maí sl. og svaraði Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins. Bergþór bendir á það að Morgunblaðið telji samþykkt frv. grundvöll undir aðrar og víðtækari breytingar á fyrirtækinu eins og ég hef þegar rakið. Hann bendir á að Morgunblaðið vill ganga miklu lengra, Morgunblaðið vill ekki láta staðnæmast við eitt hlutabréf, Morgunblaðið stefnir á að einkavæða fyrirtækið að fullu. Hann bendir líka á þau orð Reykjavíkurbréfsins að það sé ekki einungis talað um að skilja milli póstþjónustu og símaþjónustu heldur sé verið að leggja til mun meiri skiptingu á símahluta fyrirtækisins. Sem sagt, hann bendir á að sá boðskapur sem felst í Reykjavíkurbréfinu sé að brytja Póst og síma niður í smærri fyrirtæki. Hann byrjar á að velta þessu fyrir sér. Er þetta nauðsynlegt? Er skynsamlegt að brytja Póst og síma niður í smærri fyrirtæki? Hvers vegna skyldu menn láta sér detta í hug að gera það? Hann bendir á að það sé ekki víst að þessi leið hafi endilega þótt svo skynsamleg í öðrum löndum. Í grein Bergþórs Halldórssonar segir, með leyfi forseta:

„Í Danmörku var rekstur símaþjónustu um langt skeið í höndum margra fyrirtækja, sem sinntu hvert sínu svæði, en þar voru þau sameinuð í eitt sterkara fyrirtæki áður en því var breytt í hlutafélag."

Hann bendir sem sagt á að menn eru ekki að ímynda sér að það sé gott fyrir símareksturinn sem á að taka við af Pósti og síma að brytja fyrirtækin niður og fá mörg lítil fyrirtæki, heldur hafi það einmitt verið gert í ýmsum löndum að styrkja fyrirtækin áður en þeim var breytt í hlutafélög. En Bergþór Halldórsson hefur skýringu á þessum orðum Morgunblaðsins. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að símafyrirtæki um alla Evrópu séu efld til að standa sig betur í samkeppni telur ritstjórn Morgunblaðsins þvert á móti nauðsynlegt að veikja Póst og síma svo að auðveldara verði að keppa við fyrirtækið. Þessi skoðanamunur kemur auðvitað fram vegna þess að í Evrópu hafa menn innleitt samkeppni á ýmsum stigum fjarskiptaþjónustu í þeirri von að um síður skili það sér í lægra verði til neytenda. Hér á

Íslandi er verð fyrir fjarskiptaþjónustu hins vegar með þeim hætti að Morgunblaðið virðist ekki treysta neinu hérlendu fyrirtæki til að fara inn á þann markað án þess að gera fyrst ráðstafanir til að rekstur Pósts og síma verði óhagkvæmari en hann er í dag. Einfaldasta leiðin til þess er auðvitað sú að skipta fyrirtækinu upp í litlar einingar."

Ég er ekki í neinum vafa um það að Bergþór Halldórsson verkfræðingur hittir hér naglann á höfuðið. Þær hugmyndir sem nú eru uppi um að ganga enn lengra en gert er í þessu frv. sem hér er til umræðu, þ.e. að brytja fyrirtækið fyrst niður í smærri fyrirtæki og selja svo hlutabréfin einkaaðilum, miða beinlínis að því að gera þann símarekstur sem í dag er fyrir hendi óhagkvæmari en hann er svo það verði möguleiki fyrir nýju fyrirtækin að keppa við þessi gömlu fyrirtæki. Þetta er skýringin og þetta er óhugnanleg hugsun að mínum dómi sem ekki hefur hag neytenda að leiðarljósi.

En snúum okkur aftur að verðlagningunni því að þar þekkir Bergþór Halldórsson það sem hann er að ræða um. Hann bendir á í grein sinni að þó að verð á símtölum hafi vissulega verið lækkað í ýmsum Evrópulöndum, t.d. í Bretlandi eða Finnlandi, er það staðreynd að það hefur hvergi verið lækkað meira en á Íslandi. Hann bendir á það að þriggja mínútna staðarsamtal í Bretlandi kostar nú um 12 kr. en langlínusamtal um 30 kr. Hvort tveggja er um það bil 100% dýrara en á Íslandi. Sem sagt, þetta viðundur í símamálum sem Margrét Thatcher kom á fót með einkavæðingunni fyrir rúmum áratug hefur ekki náð meiri árangri en þetta. Þeir eru í mörgum tilvikum með hundrað prósent hærri gjaldskrá en okkar ríkisrekna póst- og símafyrirtæki. Með leyfi forseta, les ég enn úr grein Bergþórs Halldórssonar:

„Þessi verðlækkun, sem orðið hefur á íslenskri símaþjónustu á þessu tímabili, er miklu meiri en þekkist í nokkru öðru Evrópulandi og eins og sést á töflunni [sem birt er í blaðinu með þessari grein] er þar um allt að 87% lækkun að ræða að raungildi. Ljóst er hins vegar að hún er ekki tilkomin vegna einkavæðingar og má spyrja hvers vegna hliðstæð lækkun skili sér ekki í þeim löndum sem hafa komið á samkeppni í símaþjónustu."

Sem sagt, þessi ágæti höfundur pistils í Morgunblaðinu 28. apríl sl. bendir á að einkavæddu fyrirtækin hafa alls ekki náð sama árangri og ríkisrekna fyrirtækið á Íslandi. Hann bætir við, með leyfi forseta:

„Morgunblaðið telur einnig að góður árangur hafi náðst í afnámi ríkiseinokunar í Finnlandi og Svíþjóð og tiltekur sérstaklega lækkun langlínugjalda í Finnlandi, en samkvæmt nýjum skýrslum þaðan eru þau verð þó enn þá liðlega 60% hærri en hérlendis. Í Svíþjóð, sem til skamms tíma var eina landið í Vestur-Evrópu sem gat státað af lægra verði símtala innanbæjar en gilda á Íslandi, hefur orðið athyglisverð þróun í kjölfar aukinnar samkeppni en þar hefur þetta verð meira en þrefaldast á skömmum tíma."

Það er sem sagt ekki nóg með að samanburðurinn sé svona hagstæður fyrir Póst og síma þegar símgjöldin eru borin saman við Finnland og Svíþjóð. Það er ljóst að Svíþjóð, svo að ég endurtaki orð Bergþórs Halldórssonar, sem var með lægri símgjöld en við áður en einkavæðingin hjá þeim átti sér stað er komin langt upp fyrir okkur. Og þessi þróun hefur átt sér stað í kjölfar einkavæðingar hjá þeim. Þeir hafa mátt þola að þegar átti að fara að berjast um bitana, þegar átti að fara að slást um gróðann, þá lækkuðu ekki símtölin hjá þeim. Þau hækkuðu og eru núna orðin miklu hærri en á Íslandi. Eins og Bergþór Halldórsson segir, sem gerþekkir þessi mál og hefur kynnt sér þau mjög nákvæmlega, hafa þau þrefaldast á skömmum tíma í kjölfar aukinnar samkeppni. Það er því von að Bergþór Halldórsson bæti við þessum orðum, með leyfi forseta:

„Þegar raunverulegur samanburður við Ísland er svona í þeim löndum þar sem talið er að best hafi til tekist er spurning, hvort ekki sé af ákaflega litlu að státa í þessu efni."

Enskurinn hefði kallað þetta understatement því að þarna er afskaplega hógværlega til orða tekið. Og Bergþór Halldórsson segir síðar í greininni, með leyfi forseta: „Verð þjónustunnar er nú þannig að á Íslandi sem er eitt örfárra landa þar sem einungis er einn rekstraraðili, er verðið eitt það lægsta sem þekkist. Í stærstu og þéttbýlustu löndunum, Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi, þar sem samkeppnin ætti samkvæmt öllum kenningum að skila bestum árangri er hins vegar þjónustan dýrust, jafnvel allt að 200–300% dýrari en hérlendis. Verðmunur milli fyrirtækjanna sem keppa þar er þó litlu meiri en hjá íslensku olífufélögunum."

Ég tel að þessar upplýsingar sem koma fram í þessari ágætu grein Bergþórs Halldórssonar séu þess eðlis að þær hefði sannarlega átt að hugleiða og athuga dálítið nánar áður en menn fara að ana inn á þessa braut einkavæðingar sem felst í þessu frv. Ég ítreka það sem ég hef sagt að vissulega er brautin ekki gengin til enda með þessu frv. Vissulega er þetta aðeins fyrsta skrefið og liggja fyrir yfirlýsingar frá samgrh. um að hann hyggist ekki ganga lengra í svipinn. En það er ekki hægt að neita því að það er búið að opna dyrnar, það er búið að teppaleggja til að áfram verði haldið á þessari braut. Því eru allar líkur á að þess verði skammt að bíða að við Íslendingar stöndum frammi fyrir því að hin sterku öfl í þjóðfélaginu sem róa í þessa áttina fái því ráðið að Póstur og sími hf. verði brytjaður niður í smærri fyrirtæki. Arðsemi hans fer þá minnkandi vegna þess að hagkvæmni stærðarinnar nýtur sín ekki lengur og síðan koma ný fyrirtæki sem búið er að teppaleggja fyrir til að geta keppt við Póst og síma. Útkoman verður síðan sú að símaþjónustan verður miklu dýrari fyrir landsmenn en hún ella hefði þurft að verða. Þetta er hættan og ég held að það sé ekki hægt fyrir nokkurn mann að loka augunum fyrir því að hún er veruleg.

Mér hefur fundist ástæða til að dvelja verulega lengi við þennan þátt málsins vegna þess að auðvitað er þetta sá þátturinn sem mestu máli skiptir fyrir landsmenn alla. Það er spurningin um það hvort þessu risafyrirtæki á íslenskan mælikvarða verður gert ókleift að ná þeim glæsilega árangri sem það hefur hingað til náð og gæti náð miklu lengra. Síðan kemur sú hliðin sem mest hefur verið rædd í tengslum við þetta frv. en er ekki svo lítil en það er spurningin um réttindi starfsmannanna sem verða auðvitað í uppnámi eftir samþykkt þessara laga.

Það kom mörgum á óvart að hæstv. samgrh. skyldi ekki undirbúa samninga við starfslið Pósts og síma áður en frv. var lagt fram þannig að hann hefði getað tilgreint hver yrðu réttindi og hver yrðu kjör þessa fólks eftir að breytingin hefði átt sér stað. En það upplýstist strax við 1. umr. málsins að hæstv. ráðherra hafði ekki gert hina minnstu tilraun til þess að koma á slíkum samningum og viðræður við starfsmenn voru nánast ekki hafnar. Eftir að frv. var flutt höfðu menn að sjálfsögðu vonir um að reynt yrði að nota tímann til þess að semja við starfsfólkið og þó að kannski væri ekki hægt að skrifa endanlega undir samninga fyrr en nýtt fyrirtæki væri komið á laggirnar hefði ekki verið neitt því til fyrirstöðu að hæstv. samgrh. hefði í samningum við starfsmenn útbúið

samningsramma þar sem ákveðið væri hvernig farið yrði með hin einstöku réttindi starfsmanna sem nú eru í uppnámi og hefðu skuldbundið sig til þess að láta fulltrúa sína í væntanlegri stjórn Pósts og síma hf. gera samninga af því tagi eftir að breytingin hefði átt sér stað. Því miður verður að segja það eins og er að tíminn hefur ekki verið notaður til þessa. Að vísu hafa einhverjar viðræður átt sér stað, einhverjar nefndir voru settar á stofn, eitthvað var talað saman. En ég get fullyrt það og hef það beint eftir fulltrúum starfsmanna að niðurstaða var engin og það er allt jafnóljóst um réttindi starfsmanna eins og var þegar frv. var lagt fram. Það hefur ekkert breyst. Vissulega hafa mörg gögn verið dregin fram í dagsljósið. Það liggur t.d. fyrir að nýja fyrirtækið tekur við réttindum og skyldum gamla fyrirtækisins eins og gerist og gengur þegar aðilaskipti eiga sér stað eins og hér er verið að ræða um. En það breytir því ekki að það er alger óvissa um framhaldið. Starfsmennirnir vita ekki hvort þau réttindi sem þeir hafa haft muni gilda áfram.

Það er eitt sem hefur hins vegar áunnist við þessa umræðu og það er að hugtakið „áunnin réttindi" hefur verið skilgreint og komið til umræðu á miklu ítarlegri hátt heldur en áður var. Á það hefur verið bent og mönnum gert það ljóst að áunnin réttindi og áunnin réttindi getur verið tvennt ólíkt. Til þess að komast hjá þeim ruglingi sem þetta hugtak getur valdið hafa menn dregið fram í dagsljósið annað hugtak og talað annars vegar um áunnin réttindi og hins vegar um ávinnslu réttinda. Þannig er ljóst þegar sagt er að starfsmenn muni halda áunnum réttindum munu þeir starfsmenn, sem á annað borð fá að halda áfram hjá fyrirtækinu, halda þeim launaflokkum sem þeir eru í og hafa komist í vegna þess að þeir hafa náð tilteknum starfsaldri. Þeir halda starfsaldurshækkunum sínum eins og fyrri samningar gerðu ráð fyrir og þarna er ágætt dæmi um áunnin réttindi sem haldast. Vissulega ber að þakka fyrir það. En hitt glatast að þessir sömu starfsmenn gátu kannski gert sér vonir um að eftir eitt, tvö eða þrjú ár hækkuðu þeir í launaflokki, jafnvel fleirum en einum launaflokki vegna þess að þá hefðu þeir náð nýju starfsaldursþrepi og þar af leiðandi hækkað í launum. Þeir hafa kannski ákveðið að starfa áfram hjá þessu fyrirtæki lengur en þeir hefðu ella viljað gera vegna þess að þeir áttu von á þessari hækkun í framtíðinni. En þessi seinni réttindi, að vinna sér flokkahækkun eftir ákveðinn tíma, t.d. eftir fimm ár eða þrjú ár, geta glatast og glatast sennilega. Þar er um að ræða ávinnslu réttinda sem glatast. Réttindi sem voru komin, eru áunnin réttindi. Réttindi sem fólkið er að vinna kalla menn hins vegar ávinnsluréttindi og þau geta glatast.

Á það var að sjálfsögðu bent í umræðum um þessi mál að ríkið hefur samið dálítið öðruvísi við starfsmenn sína en einkamarkaðurinn hefur gert. Starfsaldurshækkanir eru ekkert algengar á einkamarkaðnum. Það er fyrirbrigði sem hefur hins vegar einkennt ríkisfyrirtækin og ríkið. Þar fá menn gjarnan starfsaldurshækkanir eftir 5 ár, 10 ár og 15 ár. En á einkamarkaðnum er miklu algengara að ekki sé verið að verðlauna fólk fyrir að verða eldra. Það er miklu frekar að fólki sé refsað fyrir það að ná nokkrum aldri og þegar fólk er komið yfir vissan aldur er það því alls ekki í hag að eldast. Þetta er sem sagt mjög ólíkt hjá ríkinu annars vegar og einkamarkaðnum hins vegar. Ríkið verðlaunar þá starfsmenn sem halda áfram og bæta við sig. Einkamarkaðurinn gerir það vissulega í einhverjum tilvikum en það er engin meginregla þar og miklu sjaldgæfara. Þetta er eitt af því sem starfsmennirnir eiga á hættu að glata.

Í mörgum tilvikum getur farið svo að menn eiga kannski fáeina mánuði eftir í það að hljóta starfsaldurshækkun þegar þeir verða sviptir henni. Og að halda því fram að menn haldi öllum áunnum réttindum eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa verið að segja fólki er rangt. Þarna er ágætt dæmi um réttindi sem er mikil hætta á að glatist.

Ég get nefnt annað dæmi. Það er lífeyrisrétturinn. Það er að vísu enn þá flóknara mál því að í dag veit enginn hvort fyrrverandi starfsmenn Pósts og síma verða áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða ekki. Þegar kennarar voru fluttir yfir til sveitarfélaganna með samþykkt laganna um yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna gaf forsrh. út yfirlýsingu sem fól það í sér að kennarar mundu í engu glata þeim réttindum sem þeir ættu von í hjá Lífeyrissjóði ríkisins við yfirfærsluna. Það þýðir að ríkið kemst ekki hjá því að hjálpa til að tryggja kennurum í framtíðinni ýmiss konar réttindi sem felast í lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, a.m.k. meðan þau eru óbreytt. Þar er t.d. 60 ára reglan eitt af því sem starfsmenn horfa hvað mest á. Margir vilja hætta að vinna 60 ára gamlir og til þess að njóta 60 ára reglunnar þurfa þeir að hafa verið í störfum hjá ríkinu í 35 ár á þessum 60 árum samtals 95 ár. Reyndar er reglan kannski oftar kennd við 95 árin, kölluð 95 ára regla.

Ég hygg að yfirlýsingar hæstv. forsrh. í sambandi við yfirfærslu grunnskólans verði aldrei túlkaðar öðruvísi en svo að þessi þáttur verður ekki tekinn af kennurum, a.m.k. ekki meðan aðrir opinberir starfsmenn halda honum. En í dæminu hvað varðar starfsmenn Pósts og síma er þetta allt öðruvísi. Þeir geta átt á hættu að glata þessum rétti og hafa miklu minni rétt en opinberir starfsmenn í framtíðinni. Þar erum við líka að ræða um annars vegar áunnin réttindi og hins vegar ávinnslu réttinda vegna þess að núverandi starfsmenn Pósts og síma munu halda því sem er áunnið þegar breytingin á sér stað og getur t.d. falið í sér að þeir eigi rétt á svo og svo hárri prósentu launa frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en þeir sem eiga bara einn mánuð í að verða sextugir hafa kannski í undanfarin 10–20 ár gert sér vonir um það að komast á eftirlaun sextugir og hafa þess vegna haldið áfram störfum hjá Pósti og síma en ekki snúið sér að einhverjum öðrum störfum sem gátu kannski gefið miklu meira eiga það ekki tryggt í dag að þeir haldi þessum rétti sínum vegna þess að þeir eru ekki búnir að ná honum. Hann er ekki áunninn á því augnabliki sem breytingin á sér stað. Þar er um ávinnslurétt að ræða, rétt sem er að skapast en ef hann hefur ekki náðst þegar breytingin á sér stað er allt í óvissu. Þetta segi ég hér vegna þess að búið er að staglast á því æðioft af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar að starfsmenn Pósts og síma þurfi ekki að hafa áhyggjur af réttindum sínum. Nýja fyrirtækið muni taka við þeim og þeir muni í engu glata áunnum réttindum eins og það er sagt. En þetta er ekki rétt, þetta er tvírætt. Sannleikurinn er miklu flóknari en þetta.

Ég get nefnt enn eitt dæmi, þ.e. um fæðingarorlofið. Ég geri alveg ráð fyrir því að verði kona þunguð sem starfar hjá Pósti og síma áður en kemur til nýrra samninga muni hún eiga það tryggt að farið verði eftir gömlu reglunni um rétt hennar til fæðingarorlofs en sá réttur yrði miklu betri hjá ríkinu en á einkamarkaðnum eins og allir þekkja. En vegna þess að rétturinn um fæðingarorlof er bundinn við opinbera starfsmenn kemur að þeim punkti í þessari þróun að konur hjá Pósti og síma eiga á hættu að glata rétti sínum og hljóta lakari rétt en þær höfðu áður. Þessi hætta vofir yfir og það er fullkomlega eðlilegt að starfsmannafélögin hafi haft áhyggj-

ur af þessum þætti málsins. Skemmst er frá því að segja að hv. samgn. hefur fengið gríðarmargar umsagnir um þetta frv. frá starfsmönnum Pósts og síma og yfirleitt eru látnar uppi miklar áhyggjur af þessum þætti málanna og mjög eindregið varað við því að Pósti og síma sé breytt í hlutafélag án þess að gengið sé frá þessum málum áður. Ég ætla ekki að eyða tímanum hér til að lesa upp þessar áskoranir, ábendingar og tillögur. Það geta aðrir gert í umræðunni og verður vafalaust gert en ég minni bara á þennan þátt málsins. Hann er í óvissu, hann er í uppnámi og það er ekki forsvaranlegt að afgreiða málið án þess að frá þessum þætti sé gengið.

Ég minni líka á það sem ég hef þegar nefnt að ef önnur leið hefði verið valin í sambandi við breytingar á rekstrarformi Pósts og síma þá hefðum við verið laus við þessi vandamál. Ef fylgt hefði verið þeim ábendingum sem ég setti fram við 1. umr. málsins og látið nægja að gera þær breytingar á Pósti og síma að hann yrði sjálfstætt fyrirtæki eins og Landsbankinn eða hinir ýmsu fjárfestingarsjóðir ríkisins hefði með fullum rétti verið hægt að halda öllu starfsliði Pósts og síma í sömu stöðu lagalega séð og réttindalega séð og fólkið stendur í dag og öll þessi flóknu vandamál hefðu ekki skapast. Menn hefðu hins vegar fengið fyrirtæki sem hefði verið eitthvað sjálfstæðara, eitthvað auðveldara að stjórna og stjórnendur þess hefðu losnað við það að Alþingi væri að taka ákvarðanir um einstaka þætti rekstursins sem vel má vera að sé úrelt fyrirbrigði og þurfi að breyta en þessi leið var ekki valin og því er vandinn jafnstór og raun ber vitni.

Ég bendi á það að hv. meiri hluti samgn. hefur ekki gert neina tilraun til að rökstyðja það að þessi hlutafélagsleið sé eitthvað betri en sú leið sem ég benti t.d. á og aðrir hafa bent á að gæti komið til greina. Það hefur ekki á nokkurn hátt verið reynt að færa rök fyrir því að hlutafélagsleiðin sé ákjósanlegri eða skapi fyrirtækinu betri rekstrarstöðu. Eini munurinn sem er t.d. á stöðu Landsbankans annars vegar og svo hins vegar ef Landbankinn yrði gerður að hlutafélagi er sá að það fyrirtæki sem er hlutafélag ber eitt ábyrgð á rekstri sínum og ef það verður gert gjaldþrota stendur það eitt á bak við. Aftur á móti er fyrirtæki eins og Landsbankinn ekki félag með ótakmarkaða ábyrgð. Það er félag með takmarkaða ábyrgð og það er því alveg ljóst að ef Landsbankinn verður gjaldþrota stendur ríkið á bak við allar skuldbindingar bankans. Þetta er munurinn. En að reyna að halda því fram að þetta skipti einhverju máli á þann veg að það sé betra að fyrirtækin séu hlutafélög finnst mér ærið djarft. Í fyrsta lagi vita það allir að eftir að Póstur og sími er orðið hlutafélag og ef svo ólíklega gerðist að fyrirtækið yrði gjaldþrota á næstu árum mundi ríkið aldrei láta slíkt gerast. Það mundi hlaupa undir bagga og bjarga gjaldþrotinu þannig að í reynd er ekki um ótakmarkaða ábyrgð fyrirtækisins að ræða. Ábyrgð ríkisins er í reynd á bak við þessi fyrirtæki í báðum tilvikum. Raunar má minna á það þegar rætt er um Landsbankann að einn kosturinn við það að halda núverandi rekstrarfyrirkomulagi Landsbankans en breyta honum ekki í hlutafélag er einmitt sá að fyrirtæki sem ótvírætt hefur ríkið á bak við sig, nýtur miklu meira trausts í öðrum löndum. Það getur leyft sér að gera miklu djarfari samninga í öðrum löndum en fyrirtæki sem er með ótakmarkaða ábyrgð. Það leiðir svo aftur til þess að það er talið nokkuð öruggt ef Landsbankanum er breytt í hlutafélag og hann ætlar að taka lán á erlendri grund verður hann að borga hærri vexti en ef fyrirtækið er sjálfstætt og hefur ríkið sem bakhjarl þannig að fyrirtækið nýtur meira trausts, það er öflugra og sterkara og skilar því hlutverki sínu betur á erlendum markaði ef það er sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins en ef það er hlutafélag. Það er t.d. alveg ljóst að í tilviki Landsbankans og ég hygg að ekki ósvipuð rök gætu gilt hvað varðar Póst og síma.

Auðvitað eru það sjónarmið sem engin ástæða er til að loka augunum fyrir að hvað hreina samkeppnisaðstöðu snertir má kannski segja að Póstur og sími í hlutafélagsformi sé eitthvað örlítið nær því að vera fyrirtæki á almennum markaði sem uppfyllir samkeppnisskilyrði en ef fyrirtækið er í eigu ríkisins. Það getur vel verið að á þessu sé einhver örlítill munur. Ég ætla ekki að neita því. En ég held að í reynd sé þessi munur tæpast fyrir hendi því að í báðum tilvikum ber fyrirtækið höfuð og herðar yfir öll önnur fyrirtæki á markaðnum og svo mun auðvitað verða um langa hríð nema fyrirtækið sé brytjað niður í smærri fyrirtæki. Meðan fyrirtækið er áfram í þessum stíl að það sé eitt stórt hlutafélag þar sem ríkið á 100% hlutafé er þetta auðvitað ríkisrekinn risi á íslenskum markaði og það breytir afskaplega litlu hvort um er að ræða hlutafélag eða fyrirtæki í eigu ríkisins.

Ég er því miður ekki í ræðustól með bréf Internets hf., sem barst nefndinni, en ég minnist þess úr þeirri umsögn að þar er einmitt fjallað um þennan þátt málsins og á það bent að þessi breyting skipti afskaplega litlu máli fyrir samkeppnisaðilann á markaðnum vegna þess að Póstur og sími haldi áfram að hafa alla þræði í hendi sér í bókstaflegum skilningi og óbeinum skilningi og þar af leiðandi sé afskaplega lítil samkeppnisaðstaða fyrir hendi. Ég hygg að í þessu sé æðimikill sannleiksneisti fólginn. Auðvitað er staðan þessi að meðan menn eru eingöngu á þessu spori sem hér er verið að leggja að um sé að ræða fyrirtæki sem er alfarið í eigu ríkisins á allt grunnnetið og er með sína 20 milljarða á bak við sig er auðvitað ekki um einhverja jafna samkeppnisaðstöðu að ræða og verður aldrei. Það er bara blekking. Menn eru að blekkja sjálfa sig með því að ímynda sér að svo verði. Til þess að ná þessu markmiði að menn geti sagt: Þetta eru fyrirtæki sem starfa á jafnréttisgrundvelli þarf að höggva Póst og síma niður í spað. Það þarf að brjóta niður í mörg smærri fyrirtæki og það þarf að tryggja það að hann glati yfirburðum sínum í rekstri, hagkvæmni stærðarinnar hverfur, þessi litlu fyrirtæki verða miklu óhagkvæmari en áður var og þá eru þau loksins orðin nógu óhagkvæm til þess að einhverjir nýir aðilar geti farið að keppa við þau. Þessu stöndum við frammi fyrir. Ef menn ætla að hafa það eingöngu að leiðarljósi að öllum samkeppnisskilyrðum sé fullnægt eru þeir að kalla yfir sig hærri símgjöld því að reksturinn verður á allan hátt óhagkvæmari og dýrari og við fetum slóð erlendu fyrirtækjanna, sem ég rakti áðan sem Bergþór Halldórsson hefur svo ágætlega lýst í grein sinni í Morgunblaðinu, þar sem símgjöldin hafa jafnvel hækkað verulega í mörgum tilvikum frá því sem áður var eftir að einkavæðingin átti sér stað og eru yfirleitt með miklu hærri símgjöld en er þó hjá okkar ríkisrekna Pósti og síma.

Við 1. umr. málsins fjallaði ég nokkuð um þann þátt málsins sem lýtur að gjaldskránni en við alþýðubandalagsmenn höfum lengi gert kröfu um það að símgjöld yrðu jöfnuð. Ég minni á að fyrir 10 árum fluttum við tillögu þess efnis á Alþingi. Ég læt þess sérstaklega getið að 1. flm. þeirrar tillögu var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og við vorum þar fjórir aðrir þingmenn Alþb. á þeirri tillögu. Þar var gert ráð fyrir því að stefnt yrði að því að landið yrði allt að einu gjaldsvæði á næstu fimm árum. Þessi tillaga var flutt á þingi á árinu 1986 og 1987 en náði ekki fram að ganga hvorugt árið.

Síðan gerðist það að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon varð sagmrh. og í tíð hans sem samgrh. voru símgjöld jöfnuð meira en gert hafði verið um mjög langt skeið. Munurinn á símgjöldum, þar sem þau voru dýrust hér á landi og þar sem þau voru ódýrust, komst allt upp í það að vera 11-faldur munur. Ég man ekki lengur nákvæmlega að lýsa þeim tölum sem var um að ræða fyrir fimm til sex árum en get hins vegar fullyrt það með góðri samvisku að það skref sem stigið var undir forustu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þegar hann var samgrh., var eitt stærsta skrefið sem stigið var í þessa átt og var ekki síður mikilvægt en það skref sem stigið var þegar sá sem hér stendur var samgrh. því að þá var líka stigið skref í þá átt. (**Gripið fram í:** Af hverju samþykktuð þið ekki tillöguna?) Þá var tekið upp svokallað skrefagjald sem vakti mikla ólgu í landinu á þeim tíma og lá við að ... (**Samgrh.:** Það hafa þá verið tekin mörg skref.) Þá voru nefnilega tekin býsna mörg skref já, í einu. Þetta var góð athugasemd hjá hæstv. samgrh. En að öðru leyti var áfram munur á símgjöldum og sá munur hefur verið í seinni tíð nálægt því að vera 1:4. Ég hygg t.d. að sá munur hafi verið fyrir tveim til þrem árum 1:3,8 svo nákvæmlega sé talið. Vegna þessa fluttum við alþýðubandalagsmenn og þá undir minni forustu tvívegis frumvörp sem gengu í þá átt að jafna símgjöld, bæði á þingunum árið 1993 og 1994. En þessar tillögur náðu ekki fram að ganga.

Við afgreiðslu þessa máls í hv. samgn. flutti ég svo enn einu sinni tillögu í þessa átt en hún náði ekki fram að ganga í nefndinni en er flutt nú af minni hluta samgn. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eigi síðar en 1. júlí 1996 skal samgrh. ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt óháð vegalengdum milli notenda.

Sú kvöð hvílir á Pósti og síma hf. að gjöld fyrir síma-þjónustu og póstburð verði ávallt þau sömu hvar sem er á landinu."

Tillagan er í tvennu lagi. Í fyrsta lagi að landið verði allt eitt gjaldsvæði 1. júlí 1996 og í öðru lagi að sú kvöð hvíli á Pósti og síma áframhaldandi að þessi gjöld verði jöfn hvar sem er á landinu. Ég verð vissulega að segja hv. meiri hluta samgn. til hróss að hann lokaði þó ekki alveg augunum fyrir þessari tillögu heldur tók hana til nánari yfirvegunar og árangurinn er sá að nú birtist við 16. gr. frv. svofellt ákvæði, sennilega ákvæði til bráðabirgða. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki ákvæði til bráðabirgða, það er búið að breyta því. Það breyttist í morgun og mun ég hafa átt einhvern þátt í því ef ég man rétt. En það er ekki að ég hafi verið hlynntur tillögunni eins og hún er heldur benti ég á að æskilegra væri að þetta væri ekki ákvæði til bráðabirgða eins og upphaflega hafði verið fyrirhugað af hálfu meiri hlutans. En greinin orðast svo, með leyfi forseta:

„Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal notkunargjald fyrir tal-símaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil."

Þetta er ágætlega orðuð tillaga þó að hún að vísu sé ekki alveg eins góð og tillaga okkar í minni hlutanum. (**Gripið fram í:** Betri.) Hún er að því leyti miklu lakari að hún tekur ekki gildi fyrr en eftir tvö ár. Það munar þarna heilum tveimur árum. Mér er að vísu tjáð að Póstur og sími hyggist stíga einhver milliskref, mikilvæg milliskref til jöfnunar símgjalda á þessu tveggja ára tímabili og fagna ég því. Ég hef að vísu ekki fengið neitt skriflegt endanlega um það hvernig þessu verði hagað og vil því ekkert fullyrða um það hvort við í minni hlutanum ákveðum að halda tillögu okkar til streitu. Hún gengur auðvitað lengra en því er ekki að leyna að við erum afskaplega glöð og ánægð yfir því að þessi tillaga skuli hafa komið fram og við teljum að hér hafi mjög mikilvægur sigur unnist. Það má því segja um hæstv. samgrh. að honum er ekki alls varnað og sé ég þó á svipbrigðum hans að hann veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar slíkt er sagt við hann. (**EgJ:** Það þurfti nú að ýta á hann.) En það hefur verið upplýst í þessari umræðu að það hafi þurft að ýta nokkuð á hann.

Ég vil einnig láta þess getið að við í minni hlutanum flytjum aðra brtt. og hún er við frv. um fjarskipti. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftir stofnun Pósts og síma hf. skal grunnnetið í fjarskiptaþjónustu Póst- og símamálastofnunar áfram vera í eigu ríkisins eða fyrirtækja sem ríkið á allan hlut í."

Við höfum sett þessa grein á eftir 13. gr. Ég held að þessi tillaga skýri sig nokkuð sjálf. Okkur finnst að grunnnet Pósts og síma sé ekki ólíkt vegakerfinu í landinu, ekki ólíkt vatnsveitukerfum sveitarfélaganna eða raforkukerfi landsmanna. Þetta er grunnkerfi sem þjóðin hefur komið sér upp með ærnu átaki sameiginlega og okkur þætti afar illt ef þetta grunnkerfi í fjarskiptamálum þjóðarinnar hyrfi í hendur einkaaðila við þá þróun og við þá stefnubreytingu sem verður hugsanlega með samþykkt þessara laga. Það væri illt verk og því finnst okkur að það eigi að taka af allan vafa um þetta atriði, þ.e. að grunnnetið verði áfram í eigu þjóðarinnar, í eigu landsmanna allra.

Ég tek eftir því að í greinargerð sem kom frá Pósti og síma, og ég er raunar ekki með hjá mér í ræðustólnum enda skiptir það ekki máli, er vikið að því að þetta hafi komið til tals, þetta hafi verið rætt og að forustumenn Pósts og síma hafi talið þetta koma sterklega til greina. Þess er ekki getið hvaða skoðun hæstv. samgrh. hafði á þessu máli en það er greinilegt að tillaga í þessum dúr hefur verið þrautrædd hjá forustuliði Pósts og síma og ber það vott um góðan skilning á þessu mikilvæga máli. En því miður varð það ekki ofan á að láta þetta fylgja með í frumvörpunum. Hvers vegna? Vegna þess að eins og segir í álitinu frá Pósti og síma þá verður Póstur og sími áfram í eigu hlutafélags sem ríkið á að öllu leyti og þess vegna er ekki þörf á að hafa ákvæði af þessu tagi. En þetta eru ákaflega vond rök vegna þess að við vitum að það þarf svo lítið til að hnekkja þeirri stefnu. Það þarf ekki annað en eina örlitla setningu í 6. gr. fjárlaga og þá er búið að opna leið til þess að þessu eina hlutabréfi í Pósti og síma verði breytt í mörg hlutabréf og hlutabréfin síðan seld með ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það þarf ekkert annað en heimild Alþingis til þess að svo verði gert og þá verður það gert.

En þá er enginn fyrirvari lengur í lögunum. Þá er enginn öryggisventill af þessu tagi lengur í lögunum og það er slæmt. Ég ætla sannarlega að vona að hæstv. samgrh. hafi sjálfur verið persónulega þeirrar skoðunar að það væri rétt stefna að grunnnet Pósts og síma ætti að vera áfram í eigu allra landsmanna og hann hafi fallist á að láta þetta liggja vegna þess að það sé stefna hans að hlutabréfið verði aðeins eitt og hlutabréfið verði ekki endilega einkavætt. En úr því að hann og forustumenn Pósts og síma voru alvarlega að velta þessu fyrir sér skora ég eindregið á hæstv. samgrh. að taka þessa tillögu til nánari íhugunar og velta því fyrir sér ásamt samgn. og hv. stjórnarþingmönnum hvort ekki gæti komið til greina að samþykkja þessa tillögu. Þetta finnst mér

að sé nánast stjórnarskrárákvæði í málefnum Pósts og síma. Þetta er eitthvað sem við eigum að halda fast í og láta ekki laust, að grunnnetið sé áfram í höndum allra landsmanna. En það verður ekki tryggt öðruvísi en það sé sérstaklega tekið fram í frv. Þess vegna skora ég á ráðherrann og nefndina að taka þetta atriði til nánari athugunar og lýsi mig sannarlega reiðubúinn að draga þessa tillögu til baka við 2. umr. ef það mætti verða til þess að málið yrði tekið til nánari íhugunar milli 2. og 3. umr.

[17:28]

Útbýting þingskjals:

Skipulag miðhálendis Íslands, 532. mál, fsp. KF, þskj. 1069.

[17:28]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. vék nokkuð í máli sínu að hugmyndum sem komu fram í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um það að búta niður Póst og síma og selja fyrirtækið síðan. Það kemur auðvitað mjög skýrt fram í frv. sem við erum að ræða í dag og yfirlýsingum hæstv. samgrh. og því tiltekna ákvæði frv. þar sem gert er ráð fyrir einu hlutabréfi í eigu ríkisins, að það er fjarri því að það sé ásetningur þeirra sem standa að frv. núna né nokkuð sem í því frv. stendur sem gefur tilefni til að ætla að það standi til að búta niður fyrirtækið. Þvert á móti er yfirlýst stefna þeirra sem að því standa og yfirlýst markmið frv. að tryggja og treysta stöðu Pósts og síma í því umróti sem á sér stað núna á fjarskiptamarkaðnum í heiminum.

Af því að báðir hv. þingmenn sem hér töluðu fyrr í dag hafa vitnað í grein eftir Bergþór Halldórsson vil ég vekja athygli á því sem segir í grein hans, þ.e. að það hafi ævinlega orðið niðurstaðan í þeim Evrópulöndum sem hann hefur verið að skoða að nauðsynlegt sé að styrkja innlendu símafyrirtækin, oftast með samningum við erlenda aðila. Það er kannski ein meginástæðan fyrir því að það er talið nauðsynlegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma, að rekstrarformið í dag virkar hamlandi á möguleikana á slíkum samningum við erlenda aðila. Þetta, virðulegi forseti, eru mjög veigamikil rök og styrkir þá hugsun sem að baki liggur.

Svo vek ég líka athygli á því að hv. þm. talaði um lífeyrisréttindin. Það er misskilningur af hans hálfu að halda að menn geti ekki haldið áunnum réttindum og farið með þau áfram og haldið þeim áfram inn í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í 17. gr. laganna um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að menn geti haldið áfram að vera í lífeyrissjóðnum og njóti þá sömu réttinda úr sjóðnum sem viðkomandi hefði gegnt starfi sínu áfram.

[17:30]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að ef Pósti og síma væri breytt í sjálfstætt fyrirtæki sem væri alfarið í eigu ríkisins án þess að um hlutafélag væri að ræða, hefði það fyrirtæki alveg sama svigrúm til samninga við erlenda aðila eins og hlutafélag hefur. Þar er enginn munur á og ég er sannfærður um að fyrirtæki sem væri sjálfstætt næði ekki lakari samningum en hlutafélag með sama nafni, þar er enginn munur á.

Hvað varðar lífeyrisréttindin hefði verið æskilegt að gengið hefði verið frá því fyrir fram og í öllu falli ekki seinna en nú að starfsmennirnir héldu öllum þeim réttindum sem þeir hafa í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og einnig þeim rétti sem þeir hafa á að bæta við sig og við höfum nefnt hér og ég fór áðan ítarlega í, ávinnsluréttindi. En hætta er á því að einmitt sá þátturinn glatist. Ég hef ekki orðið var við að gefin væri nein trygging í þessu efni þó vissulega sé málið til góðviljaðrar skoðunar hjá einstökum mönnum.

Hvað varðar grein Morgunblaðsins þá vitum við um yfirlýsingu ráðherrans og það er vilji hans að um verði að ræða eitt hlutabréf í þessu hlutafélagi en Morgunblaðið er málgagn Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei, nei.) Morgunblaðið túlkar þær skoðanir sem mest eru uppi innan Sjálfstfl. og því er eðlilegt að bent sé á að Morgunblaðið er að gera því skóna í þessari grein að Pósti og síma verði skipt upp í smærri fyrirtæki og að gengið verði miklu lengra en þegar hefur verið gert.

[17:33]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fyrst rétt að nefna að Morgunblaðið er ekki talsmaður Sjálfstfl. og Sjálfstfl. ekki talsmaður Morgunblaðsins.

Varðandi svigrúmið sem hv. þm. talaði um að sjálfstætt ríkisfyrirtæki gæti haft verð ég að segja það eins og er að mér finnst þessi umræða dálítið sérkennileg í ljósi þess að við höfum þróað tiltekið rekstrarform, hlutafélagaformið, þróað það með ítarlegri lagasetningu. Þess vegna er langsamlega eðlilegast að við nýtum okkur það og notum okkur það umhverfi sem við þekkjum best og búið er að þróa langsamlega mest. Það er raunar í samræmi við það sem gerist og gengur hjá fyrirtækjum á fjarskiptasviðinu erlendis sem við þurfum að taka þátt í samstarfi við og í samkeppni við. Það er því langsamlega eðlilegast að við nýtum hlutafélagaformið og fyrir því færði ég mikil og margvísleg rök í ræðu minni áðan.

Ég verð líka að vekja athygli á því sem ég nefndi aðeins stuttlega í fyrra andsvari mínu að það kemur mjög skýrt fram í 17. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hvernig farið er með réttindi manna sem þannig er ástatt um að verið er að formbreyta fyrirtæki sem þeir vinna hjá. Þar er nákvæmlega tilgreint hvaða réttindum þeir halda og þar kemur greinilega fram að menn sem eru í þeirri stöðu að verið er að formbreyta fyrirtækjum þeirra njóta sömu réttinda úr þessum lífeyrissjóði og ef viðkomandi maður hefði gegnt starfi sínu áfram hjá ríkisfyrirtækjum. Þetta er mjög skýrt þannig að ég held, virðulegi forseti, að menn megi ekki ímynda sér það að maður sem er t.d. í þeirri stöðu að vera nánast að ná 95 ára reglunni geti ekki náð þeim réttindum þó að fyrirtækið sem hann starfar hjá sé ekki lengur ríkisfyrirtæki vegna þess að hann hefur rétt á að vera áfram innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

[17:35]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. 1. þm. Vestf. ætti að reyna að telja einhverjum öðrum en mér og þeim sem hér sitja trú um það að engin tengsl séu á milli Morgunblaðsins og Sjálfstfl. Ég held að það sé ofverk hans að reyna að sannfæra okkur um að þar á milli séu engin tengsl eða að annar aðilinn hafi ekki veruleg áhrif á hinn. (**Gripið fram í:** Hvað er langt síðan þingmaðurinn hefur lesið Morgunblaðið?) Ég held að ég geti fullyrt það að Morgunblaðið túlkar yfirleitt þær skoðanir sem uppi eru innan Sjálfstfl. Það er að vísu ekki alltaf fylgjandi meiri hlutanum innan Sjálfstfl., stundum er það minni hlutinn sem fær stuðning blaðsins. En blaðið er mótað

af þeim mönnum sem standa að því og þeir eru flokksmenn Sjálfstfl. og eru yfirleitt í innsta hring forustuliðs flokksins þannig að ég held að þetta sé fánýt umræða. Það segir sig sjálft að þegar Morgunblaðið boðar allt aðra stefnu, að það vilji ganga miklu lengra í málefnum Pósts og síma en hæstv. samgrh. hefur lýst yfir að hann vilji gera þá hljóta menn að leggja við hlustir því að þeir gera sér grein fyrir því að það kemur dagur eftir þennan dag og það kemur maður eftir þann mann sem nú er við völd. Menn gera sér grein fyrir því að þarna er fluttur boðskapur sem kann að vera stefna Sjálfstfl. að skömmum tíma liðnum. Það er það sem við óttumst. Það getur vel verið að það sé gott að njóta þess að hafa hæstv. núv. samgrh. við völd um þær skoðanir sem hann hefur. En við höfum enga tryggingu fyrir því að sú stefna verði áframhaldandi uppi innan Sjálfstfl. og það er hættan. Margt bendir til þess að það sé veruleg stefnubreyting í aðsigi.

[17:37]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við erum að tala um afar merkilega og nauðsynlega samfélagsþjónustu í landi okkar. Til gamans má geta þess að nú á þessu vori munu liðin 220 ár síðan starfræksla póstþjónustu hófst í landinu. *Ég held að margir séu sammála um réttmæti þess að endurskoða stöðu Pósts og síma* (**Gripið fram í:** Og Kvennalistans.) og breyta hugsanlega einhverju í skipulagi og stjórnun stofnunarinnar ... (**Gripið fram í:** Hvað um Kvennalistann?) Hann er ekki *til umræðu hér á þessum fundi*, hv. þm. *Ég tel að þetta* framm*íkall* hafi ekkert með þetta mál að gera sem hér er á dagskrá. En það sem ég var að segja er að margir eru þeirrar skoðunar að það sé hugsanlegt að breyta einhverju í skipulagi Pósts og síma og stjórnun stofnunarinnar með tilliti *til breyttra aðstæðna. Það eru ákaflega örar og margvíslegar* tæknibreytingar sem kalla iðulega á skjótar ákvarðanir og það þarf að búa stofnuninni þau skilyrði að hún geti brugðist skjótt við vaxandi samkeppni. Um þetta held ég að flestir séu sammála, þ.e. að breytinga sé þörf. Hins vegar hafa verið og *eru mjög skiptar skoðanir um leiðir.*

Þetta mál hefur margar hliðar og er nauðsynlegt að skoða þær allar því að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Það er sú hlið sem að neytendum snýr, það eru hagsmunir starfsmanna sem huga þarf að og það er sú hlið sem að ríkisvaldinu *snýr og þá fyrst og fremst að ríkissjóði. Póstur og sími* hefur reyndar um margt verið til fyrirmyndar innan ríkisins og verið ein af bestu mjólkurkúm ríkissjóðs á síðari árum. Stofnunin hefur skilað hátt í milljarði króna í arðgreiðslur á ári og er t.d. ætlað að greiða 860 millj. kr. í ríkissjóð á þessu *ári. Engin trygging er fyrir því og raunar harla litlar líkur* til þess að tekjur ríkisins af Pósti og síma verði svo miklar eftir breytingu þá sem lögð er til í frv. Um það hefur ítrekað verið spurt og reyndar fengist óljós svör en þó hefur mátt ráða af þeim að menn búast við umtalsvert minni tekjum í ríkissjóð eftir en áður. Ber mönnum þá auðvitað að spyrja sig hvort þar með sé verið að gæta hagsmuna ríkissjóðs, sameiginlegs sjóðs okkar allra. Það væri kannski ekki með öllu illt og jafnvel hið besta mál ef neytendur þjónustunnar nytu þess þá í betri þjónustu og lægri gjöldum en það er engan veginn tryggt og raunar því miður ekki mjög líklegt. Reynsla annarra þjóða af markaðsvæðingu þessarar þjónustu er misjöfn og sérstaklega er ástæða til að hafa áhyggjur af póstþjónustunni í þessu sambandi. Í rauninni er það eitt af furðulegustu atriðum þessa máls að hér skuli lagt til að gera Póst- og símamálastofnunina að hlutafélagi í einu lagi án þess að ganga fyrst að því verki sem hlýtur að koma að fyrr en síðar, þ.e. að aðskilja póst- og símaþjónustuna.

Engin rök hafa verið færð fyrir því að bíða með þann aðskilnað þótt í greinargerð með frv. sé drepið á þennan kost og til þess vísað að víðast hvar í heiminum er slíkur rekstur í tveimur stofnunum, tveimur fyrirtækjum. Þetta er að mörgu *leyti ólíkur rekstur og ólík þjónusta og hefur verið að fær*ast sundur, aðgreinast meira og meira á síðustu árum hér á landi, þ.e. að því er þjónustuna varðar en ekki fjárhaginn. Símaþjónustan hefur í rauninni haldið póstþjónustunni uppi, en slíkt fyrirkomulag er ekki lengur leyfilegt samkvæmt *samkeppnislögum og því þyrfti engan að undra þótt gerðar* væru breytingar á gjaldskrám nýlega sem lutu einmitt að því að hækka póstburðargjöld en lækka hluta símgjalda. Mér er reyndar ekki kunnugt um hvort það nægði til að jafna metin eða hvort menn halda að svo verði en ef ég man rétt hefur þarna verið um u.þ.b. 300 millj. kr. millifærslur að ræða á ári síðustu ár, þ.e. að símaþjónustan hafi lagt um það bil 300 millj. kr. til póstþjónustunnar. Ég held að ég muni þessar tölur rétt. Ég hafði þær ekki beint í gögnum mínum áðan en ég held að þetta sé örugglega rétt munað.

*Ég held að við verðum að horfast í augu við það að póst*þjónustan er mikilvæg samfélagsþjónusta sem stjórnvöld verða að bera ábyrgð á og tryggja jafnan rétt allra til að njóta þeirrar þjónustu. Víða í Evrópu hefur þessi staðreynd verið viðurkennd og virt með því að styrkja einkaleyfi póststjórna *og samræma burðargjald á ákveðnum hluta sendinga enda* þótt samkeppni ríki að fullu á sumum sviðum póstþjónustu. Það er fyrst og fremst símaþjónustan sem hefur víða verið einkavædd og sums staðar reyndar er póstþjónustan rekin í formi hlutafélaga. En flest þeirra eru fullkomlega í eigu *ríkisins og er mun minni áhugi á að einkavæða þá þjón*ustu vegna samfélagslegs eðlis hennar. Fyrirkomulagið er reyndar með ýmsu móti og ekki alls staðar að fullu skilið milli þessara þjónustutegunda og sem dæmi má nefna að í Hollandi heyrir þessi þjónusta eða þessar tvær tegundir þjónustu undir tvö sjálfstæð hlutafélög sem eru þó rekin saman af einu eignarhaldsfélagi. En víðast hvar hefur póstþjónustan þessa sérstöðu sem hér hefur verið lýst.

Í Danmörku var hlustað á rök í þessu efni þegar uppi voru hugmyndir fyrir örfáum árum um að gera póststofnunina að hlutafélagi líkt og símafyrirtækið, Postvæsenet hét ríkisstofnunin. Það var viðurkennt að um þessa þjónustu giltu önnur lögmál. Þar var í góðu samkomulagi og samráði við starfsmenn farin sú leið að efla sjálfstæði stofnunarinnar þótt hún væri áfram ríkisstofnun en tryggja aukin áhrif og ábyrgð starfsmanna. Þar voru vissulega uppi hugmyndir og áætlanir um að stofna hlutafélag um póstþjónustuna í Danmörku líkt og gert hafði verið ekki aðeins með símaþjónustuna heldur einnig með póstgíróþjónustuna. En niðurstaðan eftir gaumgæfilegar athuganir og ítarlegar viðræður og samráð varð sú að reka þessa þjónustu áfram sem ríkisfyrirtæki, það heitir núna Post Danmark, en taka það út af fjárlögum og fella það undir almenn lög um fyrirtækjarekstur. Með þessu fyrirkomulagi eru starfsmenn þó áfram ríkisstarfsmenn, líka nýir starfsmenn hjá fyrirtækinu, með þau réttindi og skyldur sem þeirri stöðu fylgja. Hins vegar er það svo að það verður ekki lengur hægt að hafa þann hátt á á eftir 1. jan. nk.

Íslenska póstmannafélagið hefur sýnt mikinn áhuga á að fara svipaða leið og farin var í Danmörku en áhugi stjórnvalda virðist enginn á því að fara þá leið. Þau hafa vissulega

kynnt sér þá leið en sýna ekki áhuga á að fara þá leið. Svo er því miður með allt þetta mál. Svo virðist sem hugmyndin um eins manns hlutafélag samgrh. hafi fyllt út í myndina alveg frá upphafi og aldrei gefist rúm fyrir aðra möguleika. Skýringin er auðvitað sú að einkavæðingin er fyrirheitna landið. Hún er endanlega markmiðið. Sú formbreyting sem hér er lögð til auðveldar þá leið. Hún er fyrsta skrefið, áfanginn sem fara þarf á leiðinni að lokamarkinu. Þess vegna fæst engin umræða um aðrar leiðir svo sem að gera fyrirtækið að sjálfseignarstofnun með ákveðnar skyldur og réttindi og aukið svigrúm til að bregðast við breytingum í rekstrarumhverfinu. Nei, hlutafélag skal það vera þangað til kominn er tími til að stíga skrefið til fulls. Vonandi eigum við ekki eftir að kynnast svipaðri þjónustu hér á landi og sums staðar þar sem einkarekin þjónusta hefur verið um margra ára bil og ekki beinlínis borið samkeppnishugsjóninni fagurt vitni.

Mér þykir miður að þetta fyrirkomulag sem tekið var upp í sambandi við póstþjónustuna í Danmörku hefur ekki fengið meiri athygli og athugun hjá íslenskum stjórnvöldum. Þetta fyrirkomulag var raunar ætlað til reynslu og verður endurskoðað en virðist þó að mörgu leyti hafa gengið vel. Það er ljóst að fyrirtækið hefur fengið það svigrúm sem æskilegt hefur verið talið til skipulagningar og í rekstri, uppbyggingu og þjónustu. Vandi fyrirtækisins er reyndar sá að það var í upphafi þvingað til að taka á sig verulegar skuldagreiðslur sem eru í rauninni skilgreindar sem greiðslur fyrir að yfirtaka þjónustuna. Reyndar er helmingur af þeirri þjónustu rekinn í frjálsri samkeppni. Það er athyglisvert að um 40% tekna fyrirtækisins verða til á þeim markaði þar sem samkeppni ríkir að fullu. En þjónusta fyrirtækisins þykir mjög góð og rekin af miklum metnaði og starfsmenn Post Danmark eru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag enda hafa þeir töluverð áhrif og halda þeim réttindum sem þeir áður höfðu. Hins vegar er eins og ég sagði áðan ljóst að þetta rekstrarform verður endurskoðað á næstu mánuðum í ljósi reynslunnar og verður forvitnilegt að fylgjast með niðurstöðum þeirrar vinnu.

Það virðist nokkuð ljóst að a.m.k. fyrst um sinn verður sjálfsagt harla lítil breyting á rekstri Pósts og síma eða þjónustu. Meginbreytingin verður einfaldlega sú að við nafnið Póstur og sími bætist hf. og hæstv. samgrh. fær eitt stykki hlutabréf í sína vörslu. Svo heldur hæstv. ráðherra fund með sjálfum sér og ákveður hverjir skipi nefnd þá sem lagt er til að undirbúi þessa formbreytingu. Það rann nefnilega upp fyrir mönnum sem ýmsir sáu og vöktu athygli á strax í fyrstu umræðu um þetta mál hér á Alþingi að málið var og er illa undirbúið og ótal lausir endar. Meðal annars og reyndar fyrst og fremst í sambandi við starfsfólk fyrirtækisins, kjör þeirra og réttindi. Að því búnu boðar hæstv. samgrh. aftur sjálfan sig á fund, reyndar nánar tiltekið hinn þriðja í jólum á þessu ári ef þetta frv. verður samþykkt með breytingum sem lagðar eru til. Hann boðar fund og heldur hann einn og sjálfur til að skipa hlutafélaginu stjórn sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi. Ekki er á hreinu hvenær sá aðalfundur yrði haldinn. En ef ég skil þetta rétt ætti ekki að vera þörf á rúmgóðu húsnæði fyrir þann fund þótt hæstv. samgrh. sé myndarlegur á velli því hér er sem sagt um eins manns aðalfund að ræða. Ég veit ekki hvað öðrum finnst en mér finnst slíkt fyrirkomulag ekki eiga mikið skylt við lýðræði og valddreifingu og sjálfsagt hefur það ekkert verið markmiðið. Með þessu frv. er verið að færa óeðlilega mikið vald í hendur einum manni þar sem hann á svo einn að ráða öllum stjórnarmönnum sem hann kýs einn með sjálfum sér á þessum merka aðalfundi. Þar fær hann fjórtán bitlinga að ráðskast með, sjö aðalmenn í stjórn og sjö varamenn. Hann hefur einhvers staðar og jafnvel oftar en einu sinni látið þau orð falla að þess yrði gætt að þeir yrðu úr fleiri en einum stjórnmálaflokki, þ.e. hér er greinilega um pólitíska bitlinga að ræða. Engin skilyrði eða ákvæði eru um faglega menntun eða reynslu og engin ákvæði sem tryggja áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækisins. (**Gripið fram í:** Það er nú alveg í stíl þessarar stjórnar.) Þarna ættu að koma til menn með breiða þekkingu og reynslu á sviði tækni og viðskipta og þarna ættu að eiga aðgang fulltrúar starfsmanna fyrirtækisins. En eins og hér var kallað fram í hefði það trúlega ekki verið í anda hv. ríkisstjórnar. Enginn varð undrandi á þessu. Þó verð ég að segja að ég varð æ meira undrandi eftir því sem ég gerði mér betur grein fyrir hvað hér er á ferðinni. Það er verið að veita hæstv. samgrh. það vald að útdeila pólitískum bitlingum til fjórtán manna á þessum eins manns aðalfundi sínum.

Þá er rétt að geta þess að ýmsir samkeppnisaðilar hafa gert athugasemdir við það hlutverk og vald sem samgrh. er falið í þessu frv. þar sem hann mun í senn koma fram sem eigandi og stjórnvald. Hann á að veita rekstrarleyfi, hann fer með eignarhlutann, hann á að hafa eftirlit með því að einkaréttarrekstur þess sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri. Í 9. gr. kemur fram að samgrh. veitir Pósti og síma hf. rekstrarleyfi og væntanlega mun það sama eiga við um aðra aðila sem koma til með að starfa á þessu sviði. Samkvæmt 10. gr. verður gjaldskrá fyrir einkaleyfisstarfsemi Pósts og síma hf. háð samþykki samgrh. Samkvæmt fjarskiptalögum er hann líka æðsti yfirmaður Fjarskiptaeftirlits ríkisins sem hefur ýmsu eftirlitshlutverki að gegna varðandi starfsemi fyrirtækja á þessu sviði. Reglan í 6. gr. frv., sem ég var hér að fjalla um, gerir ráð fyrir að ráðherra skipi alla stjórnarmenn Pósts og síma hf. án nokkurra ákvæða um menntun eða reynslu eða hvaðan þeir eiga að koma. Þá hlýtur hann sem fulltrúi eigenda þess fyrirtækis að hafa hagsmuni þess í fyrirrúmi. Samkvæmt þessum ákvæðum eru verkefni ráðherrans því margvísleg og ljóst að hann verður í senn að vera hlutlaus úrskurðar- og eftirlitsaðili og gæslumaður hagsmuna eigenda Pósts og síma hf. Er nú vandséð hvernig hann ætlar að gegna þessu margþætta hlutverki.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður að biðja hv. þm. afsökunar og ónáða hann við ræðuflutninginn. En það mun vera samkomulag að ljúka þessum fundi núna um sexleytið. Ég vil spyrja hv. þm. hvort enn sé ekki töluvert eftir af ræðunni?)

Jú, ég get ekki neitað því enda heyri ég að forseti væntir þess að fá að heyra meira.

(**Forseti** (GÁ)**:** Það er rétt. Þá vil ég gefa hv. þm. kost á að ráða sjálf hvar hún slítur á í þetta sinn.)

Já, ég held að ég geti bara, hæstv. forseti, látið hér staðar numið. Ég nýti þá rétt minn til að rifja upp með örfáum orðum það sem ég hef sagt hingað til þegar þetta mál verður aftur tekið á dagskrá sem ég vænti að verði þá ekki fyrr en í næstu viku. Ég hef lokið máli mínu í dag.

[17:59]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald af ökutækjum, 533. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1071.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:00.

148. FUNDUR

föstudaginn 24. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 973, frhnál. 1056, brtt. 887,8 og 18, 930, 945 og 1057. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[Fundarhlé. — 10:31]

[10:47]

Útbýting þingskjala:

Lögreglulög, 451. mál, nál. allshn., þskj. 1067; brtt. allshn., þskj. 1068.

Tekjuskattur og eignarskattur, 344. mál, þskj. 1060.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 520. mál, þskj. 1059.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frestun þingfundar.

[10:48]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það vakti athygli mína áðan að fundi var frestað í 15 mínútur sem er út af fyrir sig ekki langur tími. En þegar forseti frestaði fundinum gat hann þess ekki hver hefði óskað eftir frestuninni. Ég mundi því vilja biðja forseta að svara því hver bað um frestunina á þessum fundi. Ég hygg að það hafi ekki verið stjórnarandstaðan eða hvað?

[10:48]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Því er fljótsvarað. Það var ekki stjórnarandstaðan, heldur kom okkur saman um það, forseta og embættismönnum þingsins, m.a. vegna þess að það var verið að ljósrita þingskjöl.

[10:48]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar sem eru athyglisverðar vegna þess að ég taldi frestunina stafa af kreppufundi sem stæði yfir í stjórnarflokkunum vegna erfiðleika við að koma sér saman um stjórn fiskveiða. Ég þakka fyrir upplýsingarnar.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:49]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundahaldið í dag vill forseti taka fram að utandagskrárumræða fer fram væntanlega kl. 2. Áður hafði verið gert ráð fyrir að hún færi fram kl. 13.30, en við gerum ráð fyrir að hún fari fram kl. 2. Málshefjandi er Lúðvík Bergvinsson og landbrh. verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða og efni umræðunnar meðferð landbrn. á malartökuleyfi Vatnsskarðs hf.

Vegna þessara breytinga telur forseti heppilegra að hafa hádegisverðarklé kl. 13.15 til 14.00 og vonar að ekki séu athugasemdir við þessa tilhögun.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 973, frhnál. 1056, brtt. 887,8 og 18, 930, 945 og 1057.

[10:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin hefur tekið málið aftur til umfjöllunar að lokinni 2. umr. og fengið á sinn fund Eirík Tómasson prófessor, Gunnar Björnsson frá fjmrn., Birgi Björn Sigurjónsson frá BHM, Rannveigu Sigurðardóttur frá BSRB, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Friðbert Traustason frá Sambandi ísl. bankamanna og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá ASÍ.

Nefndin varð við þeirri ósk minni hlutans að þrír þekktir lögmenn gæfu sérstakt álit sitt á þessu frv., hvað þeir og gerðu. Ég ætla að nefndarálit þeirra liggi fyrir og menn hafi getað kynnt sér það. Þeir voru Andri Árnason hæstaréttarlögmaður, Lára V. Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður. Þau mættu síðan á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir nefndarálitum sínum.

Meiri hluti efh.- og viðskn. gerir tillögur um það að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. frá 2. umr. (**Gripið fram í:** Hve margar?) Þær eru 16. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær að það liggur núna fyrir að svokallaður bandormur sem ætlað var að fluttur yrði í sambandi við þessi frumvörp kemur ekki fyrir þingið fyrr en í haust. Þess vegna var nauðsynlegt að breyta ákveðnum hlutum eins og fram kom við 2. umr. þegar ákveðnar tillögur voru dregnar til baka. Svo og hefur nefndin talið rétt að taka tillit til nokkurra þeirra ábendinga sem komið höfðu fram frá umsagnaraðilum um þetta mál, bæði forustumanna stéttarfélaga svo og þeirra lögmanna sem ég gat um áðan.

Breytingartillögurnar liggja fyrir á þskj. 1057. Flestar þeirra eru orðalagsbreytingar eða lagatæknilegs eðlis og skýra sig sjálfar. Ég skal fara aðeins yfir það.

1. tillagan við 2. gr. er orðalagsbreyting. Við 5. gr. kemur breyting vegna breytingar á 22. gr. Í 9. gr. er nýtt ákvæði. Þar er um aukinn rétt launþega að ræða, það er verið að koma til móts við ákveðna gagnrýni og beiðni sem hefur komið fram. Í 19. gr. er raunverulega um sama atriði að

ræða og í 9. gr. Það er 22. gr. sem kemur þarna til vegna þess að fyrrgreint frv. um breytingar á sérákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verður ekki flutt núna. Er óhjákvæmilegt að koma með tæmandi upptalningu á embættismönnum og lýtur þessi breyting að því. Til álita kom að taka háskólaprófessora upp í 22. gr. en frá því var horfið að þessu sinni m.a. vegna þess að sett hefur verið á stofn nefnd á vegum Háskóla Íslands sem ætlað er að samræma viðhorf háskólans og háskólakennara til þess hvort prófessorar eiga framvegis að vera embættismenn. Kemur það mál til kasta Alþingis þegar fjallað verður um breytingar á starfsmannaákvæðum í háskólalögum sem ráðgert er í frv. um breytingar á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og ýmis önnur mál er varða réttindi og skyldur einstakra starfsstétta.

Þá tel ég sérstaklega rétt að geta þess að staða presta og prófasta í þessu máli getur orkað mjög tvímælis og nefndin velti því töluvert fyrir sér hvort það væri rétt að telja þá upp þarna eður ei. En samkvæmt þessu eru prestar og prófastar og vígslubiskupar embættismenn og lúta þeir almennum ákvæðum sem gilda skulu um embættismenn, þar með talinn ráðningartími. Biskup er þó þar undanskilinn, samanber bráðabirgðaákvæði sem ég kem að á eftir. (**Gripið fram í:** Eru þá prestskosningar á fimm ára fresti?) Ef hv. þm. vildi hlusta á mál mitt, þá kem ég með skýringar á þessu innan andartaks. Menn verða bara að róa sig og reyna að bíða.

21. febrúar 1995 lagði hæstv. kirkjumálaráðherra fram frv. til kynningar frv. um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar. Þetta frv. hefur fengið umfjöllun á að ég ætla a.m.k. tveimur kirkjuþingum. Það verður að teljast rétt að sérákvæði um presta kirkjunnar verði í þeim lögum og eðlilegt að horfa til þess um frekari útfærslu á ráðningu þeirra, t.d. um það hvort ráðningar- og stöðunefnd innan kirkjunnar geri tillögur til kirkjumálaráðherra um endurráðningu eftir fimm ára tímabil eða kjörmenn prestakalla, stöðunefnd og biskup séu í sameiningu umsagnaraðilar kirkjumálaráðherra. Þetta orkar allt mjög tvímælis en ég ætla að allflestir nefndarmenn og mjög margir á þessu háa þingi séu þeirrar skoðunar að hin rétta skipan þessara mála sé sú að kirkjan ráði því sjálf. Því er nauðsynlegt að bíða með þetta ákvæði þar til þetta frv., sem nú hefur fengið mikla umfjöllun hjá kirkjunni og var lagt fram fyrir rúmu ári, kemur til afgreiðslu í þinginu í haust. En ég tek það fram að að sjálfsögðu orkar þetta nokkuð tvímælis. (**Gripið fram í:** Eins og fleira.) Sérstaklega orkar þetta tvímælis þar sem kirkjan hefur sérstaka stöðu í þjóðfélaginu. Þess vegna verðum við að fjalla um hana með tilliti til þess. (**SvG:** Eruð þið búnir að finna það út, já.) Þetta er ekki nýtt ákvæði, hv. þm. Það hefur legið fyrir í um það bil þúsund ár. En sumir hafa kannski ekki tekið eftir því fyrr en núna. Ég get ekki svarað fyrir það.

Breytingar 8, 9 og 10 skýra sig sjálfar. Varðandi breytingu nr. 11, á 40. gr., komum við að atriði sem var mjög gagnrýnt í þeim lagaskýringum og því áliti sem við fengum. Sérstaklega taldi einn þeirra lögmanna sem nefndin ræddi við og fékk álit frá að þar væri óþarfa orð sem væri óheppilegt og að öllu samanlögðu komst meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að taka tillit til þeirrar gagnrýni. Þannig að í þessari breytingu sem varðar forstjóra ríkisfyrirtækja töldum við rétt að verða við gagnrýninni og fella brott orðin „stuðla að".

12. breytingin við 46. gr. varðar gagnrýni sem hefur komið fram frá stéttarfélögum og því töldu menn rétt að verða við því að þrengja þetta ákvæði. B-liðurinn þarna á við það sama og kemur fram í 37. gr.

13. og 14. brtt. eru bara tækniatriði. Ef við komum að 15. brtt., þá er þetta atriði sem skýrt var í nefndarálitinu við 2. umr. Það var þá dregið til baka en kemur núna hérna fram. 16. breytingin er þá til samræmis við fyrri breytingar og skýrir sig sjálf. Þá eru lagðar til eftirfarandi breytingar á ákvæðum til bráðabirgða: Fram til 1. júlí 1997 gilda eftirfarandi ákvæði:

„1. Þrátt fyrir eldri ákvæði í öðrum lögum er skylt að auglýsa öll laus embætti sem talin eru upp í 22. gr. laganna, skv. 7. gr. laga þessara, nema kosið sé til embættisins án undangenginnar auglýsingar."

Hér er verið að breyta vegna fram kominnar athugasemdar sem á fyrst og fremst við umboðsmann Alþingis, sem er kosinn af þessu þingi, biskup landsins og rektor Háskóla Íslands.

Liður 2 er til þess að taka af öll tvímæli og tryggja að embættismennirnir séu þeir sem upp er talið þannig að það fari ekki á milli mála. 3. liðurinn skýrir sig sjálfur. Hér er verið að taka til dómaranna í landinu, héraðsdómara, hæstaréttardómara og ríkissaksóknara.

Eins og sést á þeirri umfjöllun sem hér er orðin í nefndinni telur meiri hlutinn að með þessum breytingum sem við leggjum til sé verið að koma mjög til móts við ýmsar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við þetta frv. En ég vil benda á að í þeim lögfræðiálitum sem liggja fyrir er alveg ljóst að með þessu frv. er alls ekki verið að brjóta neinar alþjóðasamþykktir eða neitt slíkt eins og fullyrt hefur verið. Þvert á móti eru allir þessir lögmenn sammála þeim sérfræðingi sem stóð að þessu máli fyrst og fremst, Eiríki Tómassyni, um að hér sé alls ekki verið að brjóta neinar alþjóðareglur.

Um eitt atriði sem hefur komið til umræðu voru lögmennirnir ekki sammála, það er rétt að taka það fram. Það er hið umdeilda atriði varðandi það hvort réttindi ríkisstarfsmanna við uppsögn sem hér er verið að breyta, og er kannski eitt aðalmálið í þessu öllu saman, séu varin af stjórnarskránni sem eignarréttur. Tveir þessara lögmanna telja alls ekki að svo sé. En einn lögmannanna, Lára V. Júlíusdóttir, telur verulegar líkur á því að svo geti verið. Hitt er aftur á móti upplýst að það hefur enginn dómur gengið í þessu máli þannig að það getur enginn fullyrt neitt um það fyrr en dómar hafa gengið í málinu hvort svo sé.

Ég vona að þetta skýri það sem nefndin er að breyta og legg þetta hér með fram.

[11:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur fram hjá frsm. fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. að allverulegar breytingar hafa verið gerðar á frv. fyrir 3. umr. af meiri hlutanum. Það er ekki hægt annað en fallast á að það er verið að breyta ýmsum greinum og tekið er á sumu af því sem hefur verið harðlega gagnrýnt. Enda er það óhjákvæmilegt með tilliti til þess að fylgifrv. sem átti að koma, svonefndur bandormur, verður ekki til umræðu á þessu þingi.

Það er eitt atriði sem ég vildi spyrja um sérstaklega sem varðar grein sem er allverulega breytt. Þar á ég við 22. gr. sem stendur eftir, þ.e. 5. brtt., þar sem meðal embættismanna samkvæmt lögunum eru taldir biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.

Nú er það svo samkvæmt upphaflegri skilgreiningu í greinargerð með frv... (**Gripið fram í:** Tölul. 4 í brtt.) Já, í brtt. Tölul. 4. Ég þakka fyrir. Það er enginn misskilningur um við hvað er átt, þ.e. tölul. 4 samkvæmt nýjasta skjali. Ég spyr hv. frsm. um nánari rök fyrir því að halda þessum starfsmönnum kirkjunnar sem embættismönnum ríkisins miðað við það að í frv. var ramminn dreginn um æðstu stjórnsýslu ríkisins og öryggisgæslu sbr. bls. 21 í greinargerð í upphaflegu frv.

[11:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan er það rétt að í huga nefndarinnar orkar þetta dálítið tvímælis. En niðurstaðan varð sú eftir umræður í nefndinni og viðræður við Prestafélag Íslands og fleiri aðila að það væri rétt að prestar skyldu áfram vera embættismenn. Um það var full samstaða. Hitt orkaði tvímælis hvort þeir ættu að falla undir þessa fimm ára reglu eður ei og þess vegna gerði ég þetta að máli áðan að benda á að þessi lög um starfshætti og stöðu kirkjunnar koma væntanlega að hausti til umfjöllunar þingsins og við töldum því rétt að láta þetta mál liggja þar til þar að kæmi.

[11:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sérstaklega það sem varðar það að telja starfsmenn kirkjunnar með embættismönnum. Það er það atriði sem ég vil fá nánari skilgreiningu á af hálfu frsm. meiri hlutans því að ég fæ ekki séð að þeir falli undir þann kvarða sem upphaflega er dreginn í frv. að vera hluti af æðstu stjórn ríkisins. Það væri kannski hugsanlegt að menn tækju biskup og vígslubiskup, en að fella alla presta landsins undir æðstu stjórn ríkisins eða öryggisgæslu... (Gripið fram í.) Nú er fulltrúi hinnar geistlegu stéttar að skýra málið fyrir hv. frsm. þannig að nú fáum við vafalaust alveg ákveðið og skýrt svar við þessu því að þarna kom línan. En þetta tel ég alveg nauðsynlegt að sé rætt og skýrt. Hvernig í ósköpunum á að halda því fram að prestastéttin í landinu sé hluti af æðstu stjórn ríkisins eða öryggisgæslu? Og hvers eiga prestar landsins að gjalda? Ég veit að það hafa komið erindi en ég tel að þau séu ekki á skynsamlegum rökum reist þau erindi sem hafa komið frá hinum geistlegu fulltrúum í landinu.

[11:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Prestar landsins hafa mikla sérstöðu. Þeir hafa alla tíð tekið laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Þeir hafa ekki óskað eftir verkfallsrétti og aldrei haft hann. Þeir hafa sjálfir beðið um það að þessi skipan væri á þeirra málum. Þetta er þeirra ósk. Fyrst og fremst lít ég þannig á að sérstaða kirkjunnar sé mjög mikil. Í öðru lagi er þetta mjög gömul hefð að prestar séu embættismenn. En ég tók það skýrt fram að við hefðum talið þetta orka tvímælis. Því væri rétt að láta þetta vera svona. Að hausti komum við til með að ræða skipan kirkjunnar allrar og þá getum við tekið upp þessi mál. En ekki núna.

[11:10]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1995, 534. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1073.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, frhnál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1072.

[11:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1072. Minni hluti efh.- og viðsn. vísar til rökstuðnings í nefndaráliti eftir 2. umr. sem er á þskj. 912. Þar er rækilega farið yfir almenn efnisatriði frv. og rætt um ámælisverð vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum öllum. Ég held að það, herra forseti, dyljist engum að þau gagnrýnis- og varnaðarorð sem uppi voru höfð um frv. og allan málatilbúnað hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum hvað varðar löggjöfina um vinnumarkaðinn hafa rækilega sannast í meðförum málsins á þingi. Það tekur líka til hinnar pólitísku stöðu málsins. Það er orðið lýðum ljóst og hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að hæstv. ríkisstjórn er komin í miklar ógöngur hvað varðar samskipti við samtök launamanna í landinu. En það hefur líka sannast að efnisatriði þessa frv. og frágangur allur var auðvitað fyrir neðan allar hellur þegar þau voru lögð á borð þingmanna og flutt af hæstv. ríkisstjórn.

Þetta tekur sem sagt bæði til efnisþátta og innihalds frumvarpanna og allra pólitískra aðstæðna í kringum afgreiðslu þeirra.

Eitt af því, herra forseti, sem leitt hefur af þeirri staðreynd að það slitnaði upp úr samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar í aðdraganda þessa máls hefur orðið manni ljóst við umfjöllun um málið á þingi og sérstaklega í þingnefnd. Það er sú staðreynd að þar með hurfu frá samráðinu og undirbúningi þessara frumvarpa margir helstu sérfræðingar landsins í vinnurétti. Ég leyfi mér að fullyrða að það hefði aldrei komið til að frumvörp, jafnilla úr garði gerð og með jafnfjölmörgum tæknilegum ágöllum og fingurbrjótum og menn hafa nú verið að rekast á, hefðu verið lögð fram ef sérfræðingar samtaka launamanna og lögfræðilegir ráðgjafar, sem um leið eru helstu sérfræðingar landsins á sviði vinnuréttar, hefðu verið þátttakendur í frumvarpssmíðinni. Af sjálfu leiðir. Enda kemur á daginn að fjölmargt af því tagi er nú verið að reyna að lagfæra vegna þess að þeir sem að frumvarpssmíðinni unnu og bera á henni pólitíska ábyrgð höfðu einfaldlega ekki nægа þekkingu á þessu sviði réttarins.

Ég get tekið tekið undir það, herra forseti, að það voru orð að sönnu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, frsm. meiri hlutans, viðhafði hér trekk í trekk áðan, þ.e. að allt orkaði þetta mjög tvímælis. Ég tek svo sannarlega undir það. (**Gripið fram í:** Um prestana.) Að vísu var það sérstaklega um prestana en það má segja um málin í heild að allt orkar þetta mjög tvímælis og er þá vægt til orða tekið.

Það má segja, herra forseti, að í heildina tekið segi 19 töluliðir á breytingartillöguskjali við 2. umr. og 16 töluliðir á breytingartillöguskjali við 3. umr. allt sem segja þarf um ástand þessa frv. þegar það var fram lagt. Að það skuli þurfa að tæta þetta svona niður með breytingartillögum í tvígang, bæði við 2. umr. og 3. umr., er alveg óræk sönnun þess að málið var í algerlega óafgreiðsluhæfu formi þegar það kom hér inn. Ég held því að það sé leitun að öðru eins, að frv. að breytingum á vandasamri og viðkvæmri réttarlöggjöf af þessu tagi fái jafnharkalega falleinkunn í meðförum á Alþingi og þetta mál er að fá. Ég endurtek því, herra forseti, að þau varnaðarorð sem uppi hafa verið höfð af talsmönnum og sérfræðingum verkalýðshreyfingarinnar

og stjórnarandstöðunni hafa reynst réttmæt. Öll umræða um málin og efnismeðferð sýnir það.

Stjórnarliðar sjálfir viðurkenna upp á sig skömmina með því að vera á handahlaupum fram undir síðustu stundu. Fram að kvöldi þess dags að málið var afgreitt úr nefnd voru menn með breytingartillögur þar sem verið var að reyna að bjarga í horn ýmsum atriðum, þar á meðal og ekki síst hlutum sem varða sjálfa stjórnskipun landsins, stjórnarskrá lýðeldisins og alþjóðlegar þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslendinga. Ég kem betur að því síðar. Það kann að vera að mönnum hafi svona að verulegu leyti tekist að bjarga þar í horn með breytingartillögum en þó leikur þar vafi enn á um þó nokkur atriði. Það er ekki til þess að hrósa sér af að vera að sulla löggjöf í gegnum þingið í bullandi óvissu um hvort tilteknir þættir hennar standist stjórnarskrána og þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Ísland ber gagnvart alþjóðlegum samþykktum.

Það ber því allt að sama brunni, herra forseti, hvað varðar allar aðstæður við afgreiðslu þessa máls að ótaldri þá þeirri staðreynd að fylgifrv. sjálft, hinn frægi bandormur bandormanna þar sem á að breyta í einu frv. eitthvað á annað hundrað lögum, er ekki á borðinu. Það er búið að gefast endanlega upp við það að hann fái afgreiðslu á þessu þingi. Auðvitað hefði móðurfrv. átt að bíða haustsins eins og afkvæmið, bandormurinn. Öll pólitísk staða málsins gerir það að verkum að það er mjög mikilvægt, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar á þinginu nái áttum í málinu og hverfi frá því óheillaráði að þröngva þessu máli í gegn við þessar aðstæður. Það er með ólíkindum að jafnreyndur maður á þessu sviði og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, fyrrv. formaður Vinnuveitendasambands Íslands, sem gat sér m.a. í þeim störfum gott orð fyrir það að undirbyggja sérstaka samstöðu verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda og samvinnu þessara aðila við stjórnvöld, að hann skuli hljóta það ömurlega hlutskipti að gerast framsögumaður meiri hlutans um þessi ósköp. (**Gripið fram í:** Framsóknarmaður meiri hlutans.) Ja, það liggur við að maður segi framsóknarmaður meiri hlutans. Það er náttúrlega með endemum að þessi örlög skuli þurfa að dæmast yfir þennan mæta mann og auðvitað stórkostlegt niðurlag á hans annars ágæta ferli að mörgu leyti á sviði þessara mála og samskipta aðila vinnumarkaðarins. Menn trúa því auðvitað ekki að þetta sé sami maðurinn og á hafa farið í gagnmerka leyniferð upp í Breiðholt, nánar tiltekið upp í einn af Stekkjunum þar, til þess að ná stjórnmálasambandi við einhverja af helstu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar á þeim tíma. En fróðir menn um sagnfræði og þessa Kremlarlógíu alla telja að það hafi síðar orðið ákveðið lím við gerð þjóðarsáttarsamninga og slíkra hluta. Getur þetta verið sami maðurinn, fyrrv. formaður Vinnuveitendasambandsins og núv. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem lötrar upp í ræðustólinn til að mæla fyrir þessum ósköpum? Veit hv. þm. ekki að þetta er glapræði? Menn eru komnir í eru ógöngur í samskiptum þessara aðila og það er til marks um stórkostlegt geðleysi og afturför hjá þessum hv. þm. að gera ekki uppreisn gegn þessu.

Ábyrgð ríkisstjórninnar er alger. Það er ríkisstjórnin og hún ein sem ber hina pólitísku ábyrgð. Það þýðir hvorki fyrir hæstv. fjmrh. né hæstv. félmrh. að koma í ræðustólinn og væla um að það hafi slitnað upp úr einhverju einhvern tíma og það sé hinum eða þessum að kenna. Það er sandkassaröksemdafærsla sem dugar ekki vegna þess að realpólitíkusar horfa á þær aðstæður sem málin eru í og eru vaxnir upp úr því að þrátta um það hverjum eitthvað hafi verið að kenna einhvern tíma í fyrndinni. Það skiptir ekki máli. Það sem skiptir máli er sú staða sem uppi er núna pólitískt í þessum efnum, að það er að bresta á styrjaldarástand í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin gengur erinda vinnuveitenda. Hún starfar samkvæmt tilmælum og fyrirmælum úr Garðastrætinu og ég veit ekki hvar hitt batteríið hefur höfuðstöðvar, hvort það er inni á Kirkjusandi eða í nýbyggingunni, Vinnumálasambandið þarna. Og svo er að hluta til hlýtt erlendri ráðgjöf frá Bretlandi og Nýja-Sjálandi um keyrsluna í þessum efnum. En það er ekki hlustað á samtök launamanna og það er ekki hlustað á varnaðarorð stjórnarandstöðunnar né annarra þeirra aðila sem uppi hafa slík.

Þetta, herra forseti, er alveg hörmuleg staða. Þetta er tragík af því tagi sem menn horfa stundum upp á í Shakespeareleikritum og annars staðar þar sem að söguhetjan er komin út í forað, út í ógöngur og finnur enga leið í land og áhorfendur að leikritinu átta sig á því að það er ekkert eftir nema hin harmrænu örlög vegna þess að forlögin og bygging sögunnar eru þannig úr garði gerð að ekkert annað getur beðið söguhetjunnar en beiskur dauðinn og hörmuleg örlög. (**Gripið fram í:** Hamlet.) Þetta er svona milliþáttur í Hamlet þar sem lokakaflinn er fram undan, þ.e. kjaraátökin á komandi hausti og vetri.

Er það virkilega svo að ríkisstjórnin og fótgönguliðar hennar eigi sér enga útgönguleið út úr þessum ósköpum, að þeir séu svo illa komnir að í útréttar sáttahendur er ekki tekið? (**Gripið fram í:** Svo vilja þeir prestskosningar á fimm ára fresti.) Og svo prestskosningar á fimm ára fresti svona til þess að undirstrika það út í hvað menn eru að fara.

Verkalýðshreyfingin og stjórnarandstaðan hafa allan tímann tekið það skýrt fram að við værum tilbúin á hverju stigi málsins til samninga um að koma þessu einhvern veginn í land. Strax við fyrstu umfjöllun þessa máls í efh.- og viðskn. lýstum við fulltrúar minni hlutans því yfir að ef það væru einhver sérstök tiltekin efnisatriði málsins sem ríkisstjórnin pólitískrar stefnumörkunar sinnar vegna eða verkefnaáætlunar á næstu mánuðum teldi sig verða að ná fram svo sem eins og varðandi biðlaunaréttinn einan, þá skyldum við taka á því að vinna málið þannig að einhver tiltekin valin efnisatriði yrðu tekin út úr og um þau fjallað. Að sjálfsögðu var engu lofað um samkomulag en við höfðum skilning á því að kannski væri það eitthvað slíkt sem ríkisstjórnin teldi sig, vegna sinna pólitísku verkefna og stefnu, verða að ná fram. Og þá það. Það er pólitík. Um það geta menn rætt og tekist á um. En að frv. og frumvörpin yfirleitt að öðru leyti yrðu þá sett til hliðar. Á þetta var ekki hlustað og hefur ekki verið enn. Það skyldi keyra málið allt í gegn ofan í kokið á mönnum í andstöðu við allt og alla.

Sama hefur verkalýðshreyfingin sagt. Hún er tilbúin til samninga um þessi mál hvenær sem er. Verkalýðshreyfingin er tilbúin til að setja á fót starfsnefnd á morgun, í dag, ef ríkisstjórnin þiggur það tilboð, vinna í því máli í sumar og leggja málin að nýju fyrir að hausti. Þannig liggur það. Það er alveg á hreinu. Og gæfulegast væri að ríkisstjórnin reyndi að byggja þverpólitíska samstöðu um slíkt vinnuferli og setti málin í milliþinganefnd með fulltrúum allra flokka og verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda og þannig yrði að þessu unnið í sumar. Það væri málsmeðferð sem væri öllum aðilum sæmandi því hér eru mikilvæg mál í húfi. En menn hafa sem sagt ekki fundið þessa leið í land. Menn lenda lengra og lengra út í og ofan í foraðið og virðast dæmdir til

þessara harmsögulegu endaloka málsins. Þetta er sorglegt. Þetta er dapurlegt og það liggur við að það þurfi prestlærða menn til þess að finna þessu viðeigandi orðalag og jafnvel tóntegund líka. Svona er það, herra forseti.

Í framhaldsnefndaráliti minni hlutans er farið yfir nokkur efnisatriði málsins sem sérstaklega hafa verið tekin til skoðunar og/eða við viljum vekja athygli á vegna umfjöllunar um málið milli 2. og 3. umr. Ég ætla að hlaupa þar á nokkrum atriðum. Ég tek fram að þar verður hvergi um tæmandi yfirferð að ræða bæði tímans vegna og aðstæðna allra. Ég bendi mönnum á að kynna sér fylgiskjöl með nefndarálitinu. Þar eru birt lögfræðiálit þau þrjú sem þegar hafa verið gerð að umtalsefni og einnig fleiri gögn.

Kem ég þá fyrst að því, herra forseti, að í upphafi málsmeðferðar eftir 2. umr. málsins, óskuðum við í minni hlutanum eftir því að einhvern veginn yrði reynt að afla eins greinargóðrar lögfræðilegrar úttektar á málinu og kostur væri. Sá tískusiður að vísa hlutum til Lagastofnunar háskólans gat tæplega komið til greina í þessu tilviki þar sem lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna varða að sjálfsögðu starfsmenn háskólans ekki síður en aðra þannig að það orkar að mörgu leyti tvímælis að slíkir menn séu mikið í því að blanda sér í efnislega umfjöllun um málið, hvort heldur sem frumvarpshöfundar eða umsagnaraðilar og þarf ég vonandi ekki að tala skýrar. Við hurfum því að því ráði að óska eftir því að þrír valinkunnir sjálfstæðir og óháðir lögfræðingar yrðu fengnir til þess að gefa sínar sjálfstæðu álitsgerðir á ýmsum álitamálum sem þarna voru uppi. Í því sambandi var saminn spurningalisti með sex rökstuddum spurningum þar sem vísað var í tilteknar greinar stjórnarskrárinnar, samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagsmálasáttmála Evrópu m.a., svo og stjórnsýslulög og fleiri þætti og tilgreint á hvaða atriðum sérstaklega væri óskað álits. Þetta skilaði sér í að mínu mati mjög merkum lögfræðilegum álitsgerðum og vel unnum með tilliti til aðstæðna og tíma. Og það er ekki nokkur vafi á því að þessi úttekt var bæði brýn og þörf. Hún leiddi í ljós ýmislegt sem svo sannarlega var ástæða til að draga fram í dagsljósið.

Það má segja að kannski meginniðurstaða lögfræðiálitanna varði álitamál sem tengjast 74. gr. stjórnarskrárinnar og ákveðnum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagsmálasáttmála Evrópu. Þar er fyrst og fremst verið að tala um 87. og 98. gr. samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Þetta vísar einkum og sér í lagi til þess réttindamissis sem fjölmennir hópar starfsmanna áttu í vændum og eiga að hluta til enn að missa samkvæmt 22. gr. eða með því að falla undir 22. gr. frv. Í reynd er það svo að 22. gr. eins og hún er upphaflega í frv. jafngilti því að fjölmennir hópar, jafnvel nánast heil stéttarfélög opinberra starfsmanna, hefðu misst verkfalls- og samningsrétt og búið við verulega skert tjáningarfrelsi og rétt gagnvart stjórnsýslulögum og fleiri þáttum.

Það má segja að meginniðurstaða lögfræðinganna sé sú að eftir þær breytingar sem nú er ætlunin að gera samkvæmt breytingartillöguskjali á 22. gr., sé ástæða til að ætla að greinin þannig úr garði gerð sleppi hvað varðar ákvæði stjórnarskrárinnar og nefndra samþykkta. En eins og hún er í frv. er alveg ljóst að svo var ekki. Með því að gagnálykta, og það þarf raunar ekki gagnályktun til því að það kom skýrt fram í máli lögfræðinganna, er verið að segja í þeirra álitum: „Greinin eins og hún er í frv. óbreytt er skýlaust stjórnarskrárbrot og brot á tilvitnuðum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagsmálasáttmála Evrópu.“ Af hverju er það? Það er vegna þess að undir hana falla samkvæmt frv. fjölmennar, óskilgreindar stéttir opinberra starfsmanna og hópar eins og allir starfsmenn Alþingis, allir starfsmenn í Stjórnarráðinu og allir yfirmenn í stofnunum og aðrir sambærilega settir menn án frekari skilgreiningar, sbr. 10. lið greinarinnar eins og hún er í frv. Ég held þess vegna að niðurstaða lögfræðinganna að þessu leyti, þó svo þeir segi og tóku það skýrt fram á fundum með nefndinni að breytingarnar skipta sköpum um stöðu frv. að þessu leyti gagnvart stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum, þá er verið að segja: „Kæmu þær ekki til er frv. greinilega kolfallið gagnvart þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar og þjóðréttarlegra skuldbindinga.“

Staðreyndin er sú að það er langt síðan frv. hefur fengið jafnhroðalega falleinkunn að þessu leyti til eins og það sem hér á í hlut. Ég sé að hæstv. fjmrh. hristir hausinn og lætur illa undir þessu, herra forseti, og þá er rétt að fara aðeins betur yfir þetta af því það dugar greinilega ekki að beita þessum einföldu röksemdum á hæstv. ráðherra. Hann skilur þetta ekki. Við skulum þá fara betur yfir málið.

Hvers vegna er það sem lögfræðingarnir gera svona mikið úr breytingartillögunni? Það er vegna þess að þeir segja: „Heimildir til að undanþiggja tiltekna hópa opinberra starfsmanna þeim mannréttindum að mega semja um kaup sitt og kjör, mega fara í verkföll og mega tjá sig, verða að vera afmarkaðar og fyrir þeim verða að vera skýr rök. Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þá væntanlega líka með túlkun íslensku stjórnarskrárinnar taka það ekki gilt að einstaklingar séu sviptir þessum mannréttindum nema fyrir því séu haldbær og viðurkennd rök. Hvað viðurkenna t.d. samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessum efnum? Jú, það liggur nokkuð ljóst fyrir. Það er skýrt. Það eru fyrst og fremst tveir hópar sem viðurkennt er að ríkin hafi heimildir til að takmarka þennan rétt gagnvart. Það eru æðstu yfirmenn stjórnsýslunnar, menn sem gegna þannig störfum að stjórnsýslan má ekki við því að þeir geti lagt niður störf og vegna almannareglu, vegna brýnna hagsmuna ríkisins er af þeim sökum talið réttlætanlegt að svipta þá þessum rétti. Það er að flestra dómi þannig að þá er fyrst og fremst um að ræða mikilvægustu og æðstu yfirmenn stjórnsýslunnar í hverju landi.

Hinn hópurinn eru þeir sem gegna öryggisgæslustörfum af því tagi að til að hægt sé að halda uppi reglu má þjóðfélagið ekki við því að þeir leggi niður störf. Þar er fyrst og fremst tvennt viðurkennt af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunar. Það er her og hann höfum við ekki sem betur fer, ekki innlendan, og það er lögregla. Það er öryggisgæsla af því tagi, her og lögregla og hugsanlega að einhverju leyti tollgæsla í skilningnum landamæraeftirlit o.s.frv. Þetta eru hóparnir. Kannski fangaverðir einnig. Um það má deila hvort nauðsynlegt sé líka af öryggisástæðum eða jafnvel af félagslegum ástæðum eða mannúðarástæðum að halda uppi reglu að því leyti til vegna þeirra sem eru ekki frjálsir ferða sinna og sæta slíkum ráðstöfunum af hálfu samfélagsins. Og búið. Punktur. Fleira er ekki viðurkennt. Það flokkast undir brot á þessum samþykktum eða ólöglega mannréttindaskerðingu að ganga lengra. Þetta er alveg skýrt, þetta er svona. Þar af leiðandi, herra forseti, er 22. gr. eins og hún er í frv. út úr öllu korti gagnvart þessum skilgreiningum. Það er fráleitt að halda því fram að allir starfsmenn Alþingis og stofnana þess, þ.e. skrifstofumenn hjá Ríkisendurskoðun, skuli sæta

þessari mannréttindaskerðingu, að starfsmenn skrifstofu forseta Íslands skuli sviptir þessum mannréttindum, að allir starfsmenn Stjórnarráðsins skuli sæta þessari mannréttindaskerðingu. Það er út í hött að halda því fram að það ógni almannareglu eða öryggi ríkisins ef svo er ekki. Svo ekki sé minnst á 10. liðinn eins og hann er fram settur um þá aðra sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt mjög mismunandi lagaákvæðum sem eru nánast tilviljunarkennd gagnvart því hverjir af einhverjum sögulegum eða gömlum ástæðum voru skipaðir. — Herra forseti. Ég krefst þess að fjmrh. sem er hér að hrista hausinn og láta ófriðlega, sé í salnum. Ég veit að vísu að höfundur frv. á ekki seturétt inni í þingsalnum en hann má þó vera í dyrunum mín vegna, sjálfur páfinn. Ég geri þá hlé á máli mínu, herra forseti, þangað til fjmrh. kemur í salinn.

(**Forseti** (GÁS)**:** Við bíðum ráðherra. Hann er á næstu grösum.)

Hæstv. ráðherra getur reynt að sitja hér inni og standa svo fyrir máli sínu en vera ekki að hlaupa í hliðarsali til að reyna að smíða sér einhver rök í málinu sem engin eru auðvitað, með aðstoð hjálparkokka sinna. (**Fjmrh.:** Vill enginn hlusta á hv. þm. ...) Herra forseti. Það er leiðinlegt að eiga við þennan skæting í hæstv. ráðherra. Hann þolir greinilega ekki að það sé rætt við hann á mannamáli og hefur greinilega vonda samvisku í málinu. Og mikið skil ég hæstv. ráðherra vel að bæði hann og meðreiðarsveinar hans séu heldur lúpulegir satt best að segja því að ég held að í annan tíma hafi slíkir tæplega fengið jafnrækilega á kjaftinn í einu máli. (**Fjmrh.:** Hvers konar mannasiðir eru þetta.) Það er auðvitað slíkur hroðalegur dómur sem þetta frv. er að fá og útreið að hæstv. fjmrh. væri nær að vera til friðs heldur en vera með þessi ófriðarlæti hér á bekkjum. (**Fjmrh.:** Ég held að hv. þm. verði að sýna einhverja smámannasiði í ræðu ...) Herra forseti. Það er forseti sem áminnir ræðumann en ekki fjmrh. og ég fer fram á það að fjmrh. verði hafður á sínum stað í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Ætlar hann að stjórna ...) Að hann sé ekki að reyna að stjórna fundinum eða vera með skæting við ræðumann sem hefur orðið.

(**Forseti** (GÁS)**:** Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur orðið.)

(**Fjmrh.:** Það verður að sýna einhverja kurteisi.) Ég þakka fyrir. (**SvG:** Láta fjmrh. stjórna fundinum líka?)

Herra forseti. Það er þannig með þessa 22. gr. að þau lögfræðilegu gögn sem nú liggja fyrir í málinu eru að mínu mati alveg fullnægjandi til þess að skýra þetta mál. T.d. 10. liður til viðbótar þessari almennu upptalningu á starfsmönnum tiltekinna embætta hist og her er auðvitað svo gjörsamlega fráleit í ljósi þess sem nú liggur fyrir varðandi það hversu menn verða að vanda sig gagnvart því að afmarka þá hópa sem réttlætanlegt er að sæti þessari mannréttindatakmörkun, skulum við segja, sem það er að hafa hvorki samnings- né verkfallsrétt og þar á ofan takmarkað tjáningafrelsi. En það er auðvitað sjálfstætt mál og enn ein hneisan í málinu að menn skyldu vera að hnýta inn í þetta að taka líka af þeim málfrelsið. En við vitum sem eitthvað þekkjum til löggjafarinnar og uppbyggingu stjórnsýslunnar að framsetning af þessu tagi eins og er í 10. liðnum: Þeir aðrir, sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er ..." er gjörsamlega yfirgengileg nálgun í málinu vegna þess að með þessu er verið að segja að það geti verið meira og minna tilviljanakennt hverjir lenda þarna undir. Á það þá að vera þannig að það verði nánast eins og pílukast, eins og tengingakast, eins og bara happadrætti eða lottó án efnislegs rökstuðnings og efnislegs bakgrunns hverjir eru látnir sæta þessari skerðingu og hverjir ekki? Auðvitað gengur þetta ekki. Auðvitað er þetta gjörsamlega út í hött. Ég tel að sem sagt þetta liggi svoleiðis fyrir að það þýði ekki og þurfi ekki — já, ég skal gera hlé á meðan fjmrh. grætur á öxl hæstv. forseta.

(**Forseti** (GÁS)**:** Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur orðið.)

Ég legg til að það verði sóttur vasaklútur handa hæstv. ráðherra ef þetta heldur svona áfram. Síðan er það þannig, herra forseti, að eitt mál stendur eftir í þessu sem þrátt fyrir breytingartillögur meiri hlutans er óútkljáð. Það gerir það að verkum, því miður, að áfram er þessi óvissa uppi í málinu. Það er a.m.k. eitt mál og er ég þó ekki að skrifa upp á að samkvæmt breytingartillöguskjalinu sé þetta orðið að öðru leyti fullnægjandi. En eitt er alveg morgunljóst og það er það að 4. tölul. í 22. gr. eins og hann yrði samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans er enn óútkljáð vandamál í þessu sambandi ef svo má að orði komast. Það er þetta með biskup Íslands, vígslubiskupa, prófasta og presta þjóðkirkjunnar því að það er einfaldlega þannig að til þess að réttlætanlegt sé að prestar þjóðkirkjunnar séu taldir þarna upp sem embættismenn í þessum skilningi og það sem verra er, þar með án verkfalls- og samningsréttar og með takmarkað tjáningarfrelsi, þá verða þeir að falla undir þessa skilgreiningu. Þeir þurfa samkvæmt samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og vænanlega eins og það yrði líka túlkað gagnvart íslensku stjórnarskránni að vera annað tveggja: Hluti af æðstu stjórnsýslu ríkisins sem nauðsynlegt er að halda uppi á öllum tímum vegna almannareglu eða hluti af öryggisgæslukerfi þjóðfélagsins, sambærilegir við her eða lögreglu. En það hefur held ég engum dottið í hug að líkja prestunum við her nema þá að þeir væru hermenn guðs og er það þá í friðsamlegum tilgangi vonandi. (**Gripið fram í:** Hjálpræðisherinn.)

Þetta, herra forseti, liggur þannig að fyrir utan það klúður sem það er að vera með prestana þarna inni, þá er mjög mikill vafi á því svo ekki sé fastar að orði kveðið að það sé með nokkru móti hægt að teygja skilgreiningarnar á þessu tvennu, stjórsýslunni og öryggginu, þannig að þær taki yfir presta landsins, ef svo má að orði komast með fullri virðingu, almenna óbreytta presta landsins sem eru bara rétt sisvona að messa á sunnudögum í sínum sveitakirkjum, að það falli t.d. undir öryggi ríkisins að þeir skuli ekki hafa samnings- og verkfallsrétt og ekki hafa tjáningarfrelsi nema í takmörkuðum mæli. Það er þannig. Hér er verið að tala um alvörumál, herra forseti. Hér er verið að tala um að það eigi að fara að klúðra við afgreiðslu málsins þessum þáttum þannig að það verði til vansa. Nú er ég ekkert að segja að prestar munu fara að leita réttar síns hjá alþjóðlegum úrskurðaraðilum hvað þetta snertir, en það er ljóst að það er einstaklingsbundinn réttur hvers og eins að gera það. Það þarf ekki nema einn einasta prest í landinu til sem segir: „Þessu uni ég ekki. Ég sætti mig ekki við það að mega ekki í predikuninni á sunnudaginn kemur lýsa yfir samstöðu með opinberum starfsmönnum sem eru í kjarabaráttu. Ég má ekki minnast á það einu orði. Þá verð ég tekinn og dæmdur og settur í steininn samanber viðlagaákvæðin í 40. gr. Þessu uni ég ekki. Ég vil geta tjáð mig úr stólnum um jafnt þessi mál sem önnur, tel það vera hluta af sjálfstæði míns embættis og ég vísa þessu máli til æðri dómstóla, þ.e. ekki þess eina og sanna og síðasta heldur út til Alþjóðavinnumálastofnun-

arinnar og sæki rétt minn þangað." Og hvað gerist þá? Það eru því miður að mínu mati, herra forseti, verulegar, ég segi ekki yfirgnæfandi líkur á því að íslenska ríkið fengi þar á sig dóm.

Þá kemur enn að því sem best er að taka þá í leiðinni að þessi ósköp þýða jafnframt að prestarnir verða á fimm ára ráðningakjörum eins og aðrir opinberir starfsmenn. Þar með er gripið inn í það skipulag sem gilt hefur um starfsmenn kirkjunnar. Þar með eru í raun og veru upphafin ákvæði laga um ráðningar presta og prestskosningar og þetta þýðir væntanlega að hver einasti söfnuður í landinu verður einhvern veginn að kalla sér eða kjósa sér eða ráða sér prest á fimm ára presti. Þetta er grundvallarbreyting á stöðu þjóðkirkjunnar í landinu. Og lærðir menn segja og þar á meðal kemur það fram í umsögn formanns Prestafélags Íslands til nefndarinnar að þetta samrýmist ekki kirkjuskipaninni, að þetta sé inngrip í sjálfstæði þjóðkirkjunnar í landinu, að þetta sé brot á ordinantíunni og þetta sé meira að segja í andstöðu við Ágsborgarjátninguna, sjálfa lútherskuna (**Gripið fram í:** Það er ekkert annað.) þannig að menn eru komnir í hreinar ógöngur og siðaskiptin jafnvel að verða bara ógild og er þá mikið sagt. (**Gripið fram í:** Farðu nú að hætta þessu.) (**SvG:** Það á að bakka með Jón Arason.) Ja, það liggur við og eru þá engir smáhlutir undir. (**Gripið fram í:** Og syni hans.)

Það er, herra forseti, spurning hvort það dugar að halda þessari umræðu áfram lengur nema hæstv. dómsmrh. og kirkjumrh. sé viðstaddur. Ég þykist vita að fleiri hafi áhuga á því að ræða þetta mál. Það er svo með mál af þessu tagi sem eru almenns eðlis og taka til margra þátta að þau geta átt sér hliðarmál og hliðarverkanir sem einar og sér eru stórmál í sjálfu sér. Ég er alveg sannfærður um að ef hér væru á dagskrá lög um ráðningu presta, yrðu heitar umræður um það mál sem slíkt. En það er hér falið inn í þessum óskapnaði og hefur kannski ekki vakið athygli eða notið sín í efnislegri umræðu sem slíkt af þeim sökum. En meginniðurstaðan er þessi, herra forseti. 22. gr. eins og hún er í frv. var algerlega ótæk. Hún var brot á ákvæðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og væntanlega einnig félagsmálasáttmála Evrópu. Hún hefði væntanlega verið talin stangast á við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Um það ber lögfræðingunum saman að brtt. sem nú er lögð fram skiptir í þeim efnum sköpum og með gagnályktun þar af leiðandi ljóst að upphaflega útgáfan gat ekki gengið. Enn er það því miður þannig og einkum og sér í lagi vísa ég þá til þessa með prestana að mikill vafi leikur á að málið sé, þrátt fyrir breytingartillöguna, í afgreiðslutæku horfi.

Í öðru lagi og þessu tengt, herra forseti, gera lögfræðingarnir takmörkun á mannréttindum eða tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, samanber sérstaklega 40. gr. frv., að umtalsefni. Það er enginn vafi að niðurstaða þeirra er sú að þar sé gengið langt út fyrir eðlileg takmörk, það verði að færa efnisleg rök og haldbær fyrir því að beita slíkum sviptingum eða skerðingum og það sé ekki gert í frv. Einkum og sér í lagi eru það hin kostulegu orð 40. gr. um að „stuðla að" sem þar eru tekin fyrir. Og vel að merkja, meiri hlutinn hefur áttað sig á því að þarna væri of langt gengið og leggur til í 11. tölul. á breytingartillöguskjalinu að orðin „stuðla að" í 40. gr. falli brott. Þetta er enn ein sönnun þess að frv. í sínum upphaflega búningi stóðst ekki, það gekk út yfir öll eðlileg takmörk hvað það varðar að svipta embættismenn almennum mannréttindum.

Í þriðja lagi er fjallað ítarlega í áliti lögmannanna um þá skerðingu á andmælarétti og einnig málskotsrétti til æðra stjórnvalds sem frv. felur í sér hvað opinbera starfsmenn snertir. Þar eru að vísu lögfræðingarnir þeirrar skoðunar að út af fyrir sig geti Alþingi ákveðið að svipta menn þessum réttindum. Það sé að vísu óæskilegt út frá jafnræðissjónarmiðum séð og öðru slíku að velja út einn hóp þegna þjóðfélagsins og taka af honum þessi réttindi, en það sé þó á valdi Alþingis að setja slík lög. En öllum ber þeim saman um að þetta sé þvert á réttarþróunina undanfarin ár og þvert á anda stjórnsýslulaganna, fráleitt í ljósi þeirrar réttarþróunar og réttarbóta sem menn hafa verið að reyna að lögfesta hér m.a. með stjórnsýslulögunum á síðustu árum. Því miður leggur meiri hlutinn ekki til breytingu á þessu ákvæði.

Mergurinn málsins er sá, herra forseti, að í reynd þarf að snúa efnisákvæðum frv. við þannig að almenna reglan verði málskotsréttur til æðra stjórnvalds eins og annars staðar í þjóðfélaginu. En telji menn þörf á að afmarka hann sérstaklega á einhverjum stöðum, væri frekar hægt að gera það í einhverjum tilgreindum tilvikum. En að ganga frá þessu eins og frv. gerir, þ.e. að almenna reglan sé að opinberir starfsmenn séu sviptir málskotsrétti er mjög óeðlilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og hrein afturför og öfugþróun borið saman við þróun réttarins að þessu leyti á undanförnum árum.

Í fjórða lagi, og fleiri af þessum stóru efnisþáttum sem lögfræðiálitin fjalla um ætla ég ekki að taka fyrir, er fjallað um biðlaunaréttinn. Þar komast lögfræðingarnir að vísu að mismunandi niðurstöðu. Tveir telja að ekki sé um að ræða skerðingu á réttindum sem líklegt sé að séu stjórnarskrárvarinn einkaeignarréttur viðkomandi manna. Sá þriðji leiðir hins vegar að því sterk röku að um slíkt sé að ræða og bendir þar m.a. á bæði dóma og þróun af ýmsu tagi sem vísi í þá átt þótt rétt sé að taka fram að um þetta atriði sem slíkt, sérstaklega um stöðu biðlaunaréttarins sem slíks, hefur ekki fallið að mér skilst efnislegur dómur. Þótt það mál hafi verið hluti af málum sem komið hafa bæði fyrir undirrétt og Hæstarétt á undanförnum árum, hafa þau mál verið til lykta leidd með öðrum málsrökum en þeim sem sneru að biðlaunaréttinum og eðli hans sem slíkum og má þar t.d. taka SR-málið fræga.

Það sem sérstaklega er rétt að vekja athygli á er með hvaða hætti er verið að taka af biðlaunaréttinn. Og það er einmitt ítarlega yfir það farið af hálfu lögfræðinganna, sérstaklega Láru V. Júlíusdóttur sem gerir þessu máli mjög góð skil. Og það kom fram hjá ýmsum viðmælendum nefndarinnar að það skiptir ekki bara máli að biðlaunarétturinn sem slíkur sé tekinn af með einhverjum hætti, heldur hvernig það er gert. Það gæti orðið það sem réði úrslitum um niðurstöðu í dómsmáli sem þessu tengist því hér valin sú leið að aftengja biðlaunaréttinn með í raun og veru mjög grófum hætti, ef svo má að orði komast, þ.e. með því að segja: Hann skal upphafinn ef menn taka við öðrum „sambærilegum störfum" án frekari skilgreiningar. Og það er jafnframt þannig frá málum gengið að öll laun sem menn fá fyrir önnur störf af hvaða toga sem er skuli dragast frá biðlaunum, öll laun. Þótt menn fari í störf frá hinu opinbera út á almenna vinnumarkaðinn, gerólík að eðli og réttarumhverfi, skal biðlaunarétturinn samt skerðast um þau laun sem þar eru í boði. (**Gripið fram í:** Hvernig á að sanna launin...) Svo er það kapítuli út af fyrir sig hvernig í ósköpunum á að framkvæma þetta. Hver á að upplýsa um þau laun sem menn kunna að fá hér eða þar og einhvers staðar? (**Gripið fram í:** Eftirlitsstofnun.) Það verður svei mér blómleg tíð hjá eftirlitsiðnaðinum við það

mál. En það sem skiptir þó líklega mestu máli, herra forseti, að áliti margra lögfræðinga og sérfræðinga í vinnurétti sem fyrir nefndina komu er að það er rofið sambandið milli réttarumhverfisins og eðlis starfsins. Með öðrum orðum, það skiptir ekki máli hvaða réttarumhverfi er í nýja starfinu hvað varðar hluti eins og fæðingarorlof, veikindaorlof, eftirlaun eða lífeyrisréttindaávinnslu o.s.frv. ef einhver ráðherra eða annar slíkur ákveður að starfið sé sambærilegt.

Við getum tekið einfalt dæmi. Ef kennari, sem verið hefur í starfi hjá ríkinu og haft þar réttindi samkvæmt þessum lögum og biðlaunarétt og allt það, ræður sig til einkaskóla er að vísu um að ræða sambærilegt starf væntanlega í þeim skilningi að það er líka kennsla, en þar hefur hann kannski ekki neinn rétt til fæðingarorlofs eða veikindarétt, eða allt annan og takmarkaðri en hann hafði áður. Og hann hefur kannski engan rétt til lífeyrisávinnslu eða annað þar fram eftir götunum. Þá segja höfundar frv.: Skiptir ekki máli. Réttarumhverfið í hinu nýja starfi skiptir ekki máli, ef það telst sambærilegt sem slíkt. Heldur þetta? Gengur þetta? Verður ekki biðlaunarétturinn settur í samhengi við heildarkjör og réttindi starfsmannanna eins og þau voru og sagt: Ef þau skerðast að einhverju leyti, þó ekki sé endilega vegna launa heldur vegna þess að réttindaumhverfið er annað, þá verður biðlaunarétturinn virkur? Þessu halda mjög margir lögfræðingar fram og að því leyti til er í besta falli ljóst, herra forseti, að það er grenjandi óvissa um að þetta gangi eins og hér er lagt upp með og mestar líkur á því að afleiðing þess að vanda ekki betur til vinnubragða hvað þetta snertir verði bullandi málaferli og óróleiki á næstu missirum.

Herra forseti. Í gegnum þetta hef ég í leiðinni að nokkru leyti gert grein fyrir helstu breytingartillögum meiri hlutans þannig að ég get farið þar fljótt fyrir sögu. Ég hef rætt rækilega um 22. gr. og breytingarnar sem þar eru gerðar og eru auðvitað veigamiklar í sjálfu sér því þær afmarka verulega þann hóp sem áður var ætlunin að láta falla undir þetta nýja hugtak, embættismenn. Það er einnig umtalsverð breyting að okkar mati að í 13. tölul. breytingartillöguskjalsins á þskj. 1057 að fella á niður 2. mgr. 47. gr. frv., þ.e. þá illræmdu málsgrein sem átti að færa eða margir óttuðust að mundi færa, svo maður haldi öllu rétt til haga, ófélagsbundnum mönnum, þeim sem gengju úr verkalýðsfélögum, forréttindi umfram aðra. Sem sagt þau forréttindi að geta staðið utan stéttarfélaga, losnað við að greiða til þeirra iðgjöld, en fá á silfurfati réttindi þau hin sömu og verkalýðsfélög kynnu að semja um.

Því er að vísu haldið fram af hálfu hæstv. fjmrh. og fleiri og má vel vera að sé rétt að gagnvart opinberum starfsmönnum yrði þetta í lagi vegna þess að þá gildi önnur lagaákvæði, lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna og einhver ákvæði sem gott ef ekki eru frá 1915 og 1986 um það sem sagt að menn skuli greiða fyrir þá þjónustu sem þeir óbeint fá ef þeir standa utan stéttarfélaga en taka kjör samkvæmt því sem stéttarfélögin semja um. En þá stendur enn eftir sá hópur sem nú kemur undir gildissvið þessara laga sem eru opinberir starfsmenn í almennu verkalýðshreyfingunni. Um þá gilda ekki lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða hafa ekki gert. Óvissan gat því enn þá verið þar hvernig færi um ófélagsbundna menn sem komið hefðu úr röðum félagsmanna almennu verkalýðsfélaganna. En í öllu falli er það svo og það er ljóst að við teljum það verulega bót að þessi umdeilda grein falli út og þannig gefist kostur á því að vanda betur til frágangs þessara mála.

Hin efnisáhrif þessarar greinar sem menn óttuðust voru þau að hún yrði til að grafa undan stöðu verkalýðsfélaganna, ýta undir það að menn færu úr þeim og sæju sér engan hag í því að vera í þeim. Enda vandséð að menn geri það ef þeir geta fengið alla þjónustu þeirra gratís nema þá þeir sem á grundvelli stéttarvitundar og af hugsjón vildu styrkja verkalýðshreyfinguna eða verkalýðsfélög með aðild sinni. Að öðru leyti væru þá engin sérstök rök fyrir því að vera þar innan borðs, eða hvað? Þetta mundi heita það sem sagt var einu sinni á þingi: Að fá allt fyrir ekkert. Það er að segja ef mönnum væri gert með sérstakri mismunun af þessu tagi hærra undir höfði ef þeir stæðu utan verkalýðsfélaga en innan þeirra.

Sömuleiðis má segja að þær lagfæringar sem gerðar eru í 11. brtt.. á 40. gr. frv. og ég hef hér fjallað um séu að sjálfsögðu til bóta, þ.e. að fella niður þessi fráleitu orð að ekki einasta sé mönnum bannað að fara í verkföll og allt það, heldur stuðla að þeim eða öðrum sambærilegum aðgerðum með hvaða hætti sem er. Eins og bent var á hefði þetta þýtt að öllum þeim sem falla undir skilgreininguna embættismenn, þar með taldir prestar landsins, væri væntanlega bannað að skrifa blaðagrein eða opna munninn í stólnum um nokkuð það sem tengja mætti við kjarabaráttu ef hún stæði yfir. Auðvitað er svona ákvæði alveg gersamlega út úr kú og sem betur fer hafa menn séð að sér og leggja til að það sé fellt niður.

Í heildina tekið, herra forseti, ætla ég að láta nægja að segja að þessar breytingartillögur allar sýna það sem við höfum hamrað á, þ.e. hversu mikil hrákasmíð þetta frv. var í upphafi og í raun ótrúlega lítt unnið, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Herra forseti. Þrátt fyrir gífurlega vinnu sem efh.- og viðskn. hefur reynt að leggja í þetta mál og fleiri á undanförnum vikum er langt frá því að menn hafi haft það næði og það tóm til þess að ígrunda þessi mál sem eðlilegt væri. Þetta frv., þessi vandasama löggjöf, er dæmigerð fyrir það að málið mundi bíða sér til mikilla bóta, efnislega. Þetta er mál sem hefði verið æskilegt að vinna í í milliþinganefnd eða í einhverjum farvegi yfir sumarið og hafa svo a.m.k. allt haustmissirið til að taka það til rækilegrar skoðunar í efh.- og viðskn. Þannig hefur efh.- og viðskn. á undanförnum árum oft unnið að vandasamri löggjöf. Ég gæti nefnt sem dæmi samkeppnislög. Þegar þau voru sett var lagt í gríðarlega vinnu. Efh.- og viðskn. tók sér tíma, fór í vinnuferðir, sat yfir málinu heilu dagana og fékk til sín sérfræðinga. Hver varð niðurstaðan? Hún varð sú eftir þriggja missira vinnu að mjög vönduð og heildstæð samkeppnislöggjöf var afgreidd í samstöðu frá Alþingi. Ég get trútt um talað því ég var þátttakandi í þessari vinnu allri. Ég hafði lagt fram frv. til laga um nýja samkeppnislöggjöf árið á undan í hæstv. ríkisstjórn og leyfi mér að segja að ég hafði haft þó nokkur áhrif á þá vinnu sem þar fór fram. Einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi að sósíalistinn ég og frjálshyggjumennirnir úr Sjálfstfl. sem að þessu starfi komu hefðum orðið sammála á Íslandi á árinu 1992 um samkeppnislög. En það gerðist og segir sína sögu um hvort tveggja. En fyrst og fremst er það góður vitnisburður um þau vinnubrögð sem þá voru ástunduð. Menn fengu frið og næði til þess að grandskoða málin og ná saman. Og ætli það sé ekki vænlegra til árangurs og farsælla fyrir samfélagið en að þræla hlutunum áfram með þeim hætti sem hér er verið að reyna, þræla hlutunum áfram í svona andstöðu. Og að þessu sinni ekki bara við okkur stjórnar-

andstæðinga. Menn geta gert lítið með okkar sjónarmið og okkar málafylgju og vinnu ef þeir vilja. En það er því miður ekki bara svo að það sé í andstöðu við okkur og gegn okkar sannfæringu um það að þessi mál séu ekki nógu vel unnin, heldur er það líka í andstöðu við alla verkalýðshreyfinguna. Tugi þúsunda og hundruð þúsunda félagsmanna þeirra og forsvarsmenn. Og það er öllu alvarlegra og verra mál.

Að síðustu, herra forseti, að lokinni þessari umfjöllun málsins og í ljósi breytingartillagna sem nú liggja fyrir við 3. umr. og þeirra breytinga sem gerðar voru á frv. eftir 2. umr. standa þau mál þannig að það hefur engu breytt um harða andstöðu samtaka launamanna við þetta frv. Við sáum til þess, fulltrúar minni hlutans, að forustumenn helstu samtaka opinberra starfsmanna og almennu verkalýðshreyfingarinnar komu fyrir efh.- og viðskn. á lokastigi umfjöllunar um málið til þess að það lægi alveg ljóst fyrir, skýrt og millilíðalaust, hver væri þá orðin afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessara mála. Og svörin voru skýr. Hún er óbreytt. Við viljum þessi mál út af borðinu, við krefjumst þess að þau verði ekki afgreidd vegna þess að þau eru enn efnislega óþolandi fyrir okkur og líka vegna þess að það eru óuppgerðar sakir vegna þeirra vinnubragða sem ástunduð hafa verið í þessu sambandi. Hvort tveggja stendur eftir. Málin hafa vissulega breyst og að ýmsu leyti til bóta, hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar er sem betur fer ekki svo heillum horfinn að hann hafi ekki séð að sér í ýmsum greinum. Þótt það séu kannski minni líkur nú en voru áður á því, sem voru yfirgnæfandi, að frv. brjóti beinlínis stjórnarskrá og alþjóðlegar samþykktir, er eftir sem áður þarna á ferðinni fjölmargt efnislegt sem við getum ekki sætt okkur við. Það liggur því alveg skýrt fyrir, eins skýrt og nokkuð getur verið, herra forseti, að afstaða verkalýðshreyfingarinnar er óbreytt. Hún krefst þess að þessi mál verði ekki afgreidd og afstaða stjórnarandstöðunnar er sömuleiðis óbreytt. Við munum því leggjast gegn afgreiðslu þessa máls og nefndaráliti okkar lýkur á þeirri niðurstöðu.

Ég vil svo áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, aðeins segja á nýjan leik almennt um þetta mál að það virðist einhvern veginn ekki hafa tekist að kveikja á perunni eða perunum, það er líklega rétt að hafa þetta í fleirtölu, hjá hæstv. ráðherrum og hv. stjórnarliðum varðandi það hversu alvarlegt mál er hér á ferðinni. Maður verður að vísu rækilega var við það að úti í þjóðfélaginu hefur það stimplast alveg inn endanlega hvað hér er að gerast. Ég er ekki að segja að almenningur í landinu hafi sett sig í einstökum atriðum nákvæmlega og í smáatriðum ofan í efnisþætti þessa máls, enda varla til þess hægt að ætlast. En hitt er ljóst að almenningur á Íslandi hefur alveg meðtekið hvað er að gerast. Það sem er að gerast er að ríkisstjórnin er komin í stríð við verkalýðshreyfinguna. Ríkisstjórnin hefur sagt upp friðnum. Fram undan eru átök í kjaramálum, óvissa og veruleg hætta á því að þeim stöðugleika sem við höfum náð að búa við nú um nú um nokkurra ára bil verði fórnað á altari þessarar fávisku. Ég kem ekki fyrir mig neinu einu íslensku orði sem lýsir þessu betur en orðinu þrái. Þetta virðist vera orðinn einhver þrái í hæstv. ríkisstjórn, sérstaklega t.d. hæstv. félmrh. varðandi frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem meira og minna ekkert er orðið eftir af nema nafnið tómt. Samt þráast hæstv. félmrh. við. Hann finnur ekki leið í land, vill ekki viðurkenna ósigur sinn og er kominn út á þessar hryllilegu blindgötur.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum óska eftir því að hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra verði látinn vita af því að hans sé óskað við umræðuna. Ég geri ekki kröfu til þess að hann komi nú áður en ég lýk máli mínu, en ég áskil mér rétt til þess síðar í umræðunni að leggja spurningar fyrir hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra hvað varðar 4. tölul. 22. gr. frv. eins og hann er lagður upp í breytingartillöguskjali meiri hlutans. Ég tel ekki hægt að ljúka umræðum um þetta hvað það mál varðar öðruvísi en hæstv. dómsmrh. eigi kost á því að lýsa sinni afstöðu til þessa máls. Ég teldi það hneyksli ef umfjöllun um þetta yrði lokið án þess að æðsti yfirmaður þeirra mála í landinu kæmi til umræðunnar.

Ég fer í öðru lagi fram á að formenn stjórnarandstöðuflokkanna sýni þessari umræðu þann sóma að vera hér viðstaddir. Mér finnst það ekki hægt, herra forseti, að halda áfram umræðum um þetta mikla mál á lokastigi þannig að það sé galtómur ráðherrabekkurinn. Ég tek það fram að hæstv. fjmrh. þurfti að bregða sér aðeins frá lögmætra erinda og með mínu samþykki þannig að ég er í þessu tilviki ekki að vísa til hans. Ég krefst þess að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. verði viðstaddir í dag og séu við þessa umræðu. Þeir eru pólitískir ábyrgðaraðilar þessara mála og það er hneyksli ef þeir ætlað að bjóða Alþingi upp á þá vanvirðu og verkalýðshreyfingunni og stjórnarandstöðunni og öðrum sem í hlut eiga að henni ljúki án þess að þeir svo mikið sem séu viðstaddir, svo ekki sé minnst á að Framsfl. er yfirleitt algerlega týndur í þessu máli eins og reyndar flestum öðrum. Hæstv. utanrrh. er að reyna að bjóða mönnum upp á það og þjóðinni ekki síst að Framsfl. sé algerlega í felum. Að hann sem formaður flokksins þori aldrei í ræðustól í hvorugu málinu, þetta er hneyksli. Eða er samviska hæstv. utanrrh. þannig á sig komin í þessum efnum að hann þori ekki í ræðustólinn til þess að standa fyrir máli Framsfl.? Er það þannig, herra forseti?

Nú vill svo til að sjónvarp landsmanna sendir út umræður og hæstv. utanrrh. hefur kjörið tækifæri til þess að koma í ræðustólinn í eftirmiðdaginn og standa fyrir máli Framsfl. sem menn hafa eðlilega harðlega gagnrýnt fyrir að ganga erinda íhaldsins og frjálshyggjunnar. Ég óska því eftir því, herra forseti, að þessi ósk verði tekin alvarlega. Ég mótmæli því að umræðunni ljúki öðruvísi en formenn stjórnarflokkanna komi hingað og okkur gefist kostur á því að leggja fyrir þá spurningar og eiga við þá orðastað. Alveg sérstaklega höfða ég hér til formanns Framsfl. Af eðlilegum ástæðum er kannski ríkari ástæða en ella til að hann komi hér þar sem þetta mál er á verksviði hæstv. fjmrh. og hæstv. fjmrh. stendur að því leyti til fyrir máli Sjálfstfl. í þessum efnum.

Ég tel jafnframt eðlilegt að hæstv. forsrh. sem pólitískur ábyrgðaraðili og forustumaður ríkisstjórnarinnar í heild gefi einhver skýr svör. Það gengur ekki annað en þessir hæstv. ráðherrar svari því hvernig þeir sjá þetta mál í samhengi við komandi kjarasamninga svo eitt dæmi sé tekið. Annað gengur ekki.

Að lokum, herra forseti, er það afstaða minni hlutans að leggjast gegn þessu máli. Við leggjum því til að því verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem samtök launafólks leggjast algerlega gegn máli þessu, afgreiðsla þess mundi stórspilla andrúmsloftinu í aðdraganda komandi kjarasamninga og málið er enn langt frá því að vera fullunnið og á því fjölmargir tæknilegir jafnt sem efnislegir ágallar samþykkir Alþingi að vísa frv. frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Verði tillaga þessi felld mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frv. í heild sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt nefndaráliti þessu.

Undir þetta rita Steingrímur J. Sigfússon frsm., Ágúst Einarsson og Sighvatur Björgvinsson. Alþingi, 23. maí 1996.

Herra forseti, ég hef lokið máli mínu.

(**Forseti** (GÁS)**:** Vegna óskar hv. þm. um viðveru hæstv. ráðherra við umræðuna vill forseti upplýsa að boðum hefur verið komið til þeirra varðandi þessa ósk.)

Ég þakka.

[12:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil taka það mjög skýrt fram að það er enginn efi í mínum huga um það að hv. þm. Steingrími Sigfússyni þykir mjög vænt um mig. (**SJS:** Já, það er rétt.) Ég get líka upplýst þingheim um að mér þykir mjög vænt um hann. En þrátt fyrir þá væntumþykju alla hef ég aldrei fundið hjá mér hvöt til að koma upp í ræðustólinn og tilkynna að ég aumkvaði hann rosalega í því hlutskipti að þurfa að standa hér daginn út og daginn inn og masa þetta fram og til baka eins og hlutskipti hans hefur verið hér undanfarnar vikur og mánuði. Hann hefur þurft að þola mikið og ég finn til með honum. En það tala ég við hann um í einrúmi, ég nota ekki ræðustólinn til þess. Það vil ég taka fram sérstaklega. Varðandi leikþáttinn áðan um þá harmrænu hluti að sá maður sem hér stendur, Einar Oddur, hefði sýnt af sér stórkostlegt geðleysi og afturför, get ég upplýst þingmanninn um það að eflaust er um afturför að ræða hjá okkur öllum, menn byrja víst að hrörna eftir 14–15 ára aldur er mér sagt. En geðlaus er ég ekki. Ég get sagt honum að ég flyt þetta mál fyrir hönd meiri hlutans og tel okkur hafa fullan sóma af því. Ég tel þetta mjög þarft mál. Það er nauðsynlegt að flytja þetta mál. Ég lít á það sem upphaf að langri vegferð þannig að kjaraumhverfi allra launþega í landinu verði að lokum hið sama, hvort sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða á almennum markaði. Það er að vísu löng leið að því markmiði, en við verðum að hefja hana einhvers staðar. Auðvitað er það rétt sem ég sagði í upphafi máls míns að margt í þessu orkar tvímælis. En það liggur samt fyrir að við höfum ekki, eins og fullyrt hefur verið, brotið neinar þjóðréttarlegar samþykktir. Við erum ekki nokkurs staðar að brjóta neitt gegn stjórnarskrá Íslands. (**Gripið fram í:** Gegn Ágsborgarjátningunni.) Og ekki Ágsborgarjátningunni heldur.

Hv. þm. vitnar til frægra stórskálda eins og Shakespeares. Ég vil minna hann á að Shakespeare samdi ekki bara harmleiki, hann samdi líka kómedíur sem voru mikið notaðar af trúðum og skemmtikröftum. Ein þeirra heitir „Much ado about nothing" og allt þetta mas minnir mig mjög á hana.

[12:14]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér þykir mjög miður ef hv. þm. hefur tekið orðaskiptin áðan persónulega. Það var ekki þannig meint. Ég var að sjálfsögðu að fjalla um hið pólitíska hlutskipti hv. þm., um hið pólitíska hlutverk sem hv. þm. er í. Hv. þm. þarf að temja sér að greina þarna á milli. Við reynum það jafnan í samskiptum okkar, pólitískir andstæðingar hér, að halda þessu tvennu algerlega aðgreindu. Eins og hv. þm. veit getum við verið hinir bestu mátar utan þingsala en þegar um er að ræða pólitísk verk og pólitískt hlutskipti eru það pólitísk mál. Ég var að fjalla um það pólitíska hlutverk sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er nú í. Hann er frsm. meiri hlutans fyrir þessu máli við þessar aðstæður sem ég fór nokkuð rækilega yfir. Um þetta mál er gífurlegur ágreiningur og andrúmsloftið úti í þjóðfélaginu og þá sérstaklega hjá verkalýðshreyfingunni er eins og raun ber vitni. Og ég ætla að endurtaka að ég ætla að halda áfram að leyfa mér að trúa því innst inni að hv. þm. sé ekki eins skemmt og hann vill vera láta út af þessu. Ég ætla að fá að trúa því áfram ef ég má hvað sem hver segir. Ég veit að hv. þm. hefur þekkingu á því hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig í raunveruleikanum og ég vil fá að trúa því að hann telji þetta ekki skemmtilega stöðu eða sérstaklega ánægjulegt pólitískt verk sem hann hefur orðið að vinna. Auðvitað verður að gera fleira en gott þykir, það þekkjum við sem lengi höfum verið í því að moka þessa pólitísku flóra.

Varðandi skáldskapinn og bókmenntirnar þurfum við eiginlega meiri tíma ef við eigum að komast eitthvað á flug í þessu með Shakespeare og annað því um líkt. Ég er svo sannarlega til í að fara að reyna að lesa mér til og rifja það svolítið upp þannig að ég geti líka komið með eitthvað af beinum tilvitnunum. Örugglega finn ég sögupersónur sem ég get nafngreint sem ættu þá vel við í tilviki hv. þm. (**Gripið fram í:** Lady Macbeth.)

[12:16]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta er lokaumræða málsins. Nú eiga ekki við lengur nein varnaðarorð. Nú eiga ekki lengur við setningarnar til hæstv. ríkisstjórnar: Hugsið þið ykkur um tvisvar, viljið þið ekki finna þessu annan farveg? Það er búið að svara öllum þeim spurningum og ábendingum. Ríkisstjórnin hyggst keyra málið í gegn og gera það að lögum í því formi eins og það er lagt fram núna. Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar á þessum tímapunkti að reyna að hafa vit fyrir hæstv. ríkisstjórn. Það eina sem við getum gert við lokaafgreiðslu þessa máls er að draga upp nokkra efnisþætti í tengslum við málið. Það er augljóst og hefur komið fram í umræðunni að hér er verið að vinna slæmt verk. Hér er ráðist einhliða inn í 40 ára gamla löggjöf án þess að þeir einstaklingar, sem þessi löggjöf snýst um, hafi fengið ráðrúm til að koma að þeirri vinnu. Það hefur verið dregið skýrt fram í umræðunni af hálfu stjórnarandstæðinga og reyndar einnig stéttarfélaganna að málið hafi verið illa unnið og illa úr garði gert þegar það kom inn í þingið. Skýrasta vitnið um það eru hinar fjölmörgu breytingartillögur sem meiri hlutinn lagði fram við 2. umr. og nú aftur 3. umr.

Áðan var vitnað í álit þriggja lögmanna sem efh.- og viðskn. fékk til að fara yfir málið. Í þessum álitum kemur fram að mjög margt orkar tvímælis og meiri hlutinn neyddist til að gera breytingartillögur í kjölfar þessa álits sem koma til atkvæða að lokinni umræðunni. Það lýsir einfaldlega vinnubrögðum við þetta mál að rétt fyrir lok umræðunnar áður en Alþingi lögfestir lagabálk þurfi utanaðkomandi lögfræðiálit, sem fékkst fram með herkjum að yrðu gerð, til að benda á misfellur í frv. ríkisstjórnarinnar. Röksemdir okkar um að málið hefði þurft að vinna betur fyrir utan að það hefði þurft að vera í öðrum farvegi voru því allar réttar. Það sýna einfaldlega þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur fram við umræðuna.

Það hefur verið hlustað á nokkur atriði okkar stjórnarandstæðinga sem varða efni frv. Hins vegar er efni frv. ekki aðalatriðið heldur að lagasetning skuli sett einhliða án nauðsynlegs samráðs en efnislega hafa verið gerðar nokkrar

breytingar á frv. sem horfa til bóta. Þar er sérstaklega að nefna að 2. mgr. 47. gr. er tekin út en það töldum við atlögu að rótum verkalýðshreyfingarinnar, skipulagðra stéttarfélaga hér á landi. Það er gott að það fór út en söm var hugsunin og stefnan sem kom fram í upprunalegu frv. Jafnframt er tekið út ákvæðið um að embættismenn hafi ekki málfrelsi enda brýtur það í bága við stjórnarskrá og það er satt best að segja með eindæmum að við 3. umr. máls þurfi að gera breytingu á stjfrv. vegna þess að það brýtur í bága við stjórnarskrá. Slík vinnubrögð eru með eindæmum eins og meiri hluti nefndarinnar eða ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur gengið í gegnum.

Sömuleiðis hefur skýrst í umræðunni að ekki eru gerðar neinar breytingar sem varða veikindarétt og fæðingarorlof. En réttarstaða þeirra mála er veikt í frv. Það á að vera háð almennum kjarasamningum og mjög líklegt að réttindin verði færð niður á við þó ekki væri nema til að gæta samræmis við stöðu á almennum vinnumarkaði. Meiri hlutinn féllst ekki á að tryggja betur þennan rétt og lýsir það hugsunarhætti gagnvart málinu. Sömuleiðis má nefna að enn þá er inni að verði maður langvarandi veikur og er svo óheppinn að vera í opinberri þjónustu þá ber að reka hann. Það lýsir líka hugsunarhætti gagnvart starfsmönnum ríkisins að þetta ákvæði skuli verða lögfest innan nokkurra daga með stuðningi Sjálfstfl. og Framsfl.

Bent hefur verið á að aðalástæðan fyrir öllu þessu brambolti sé að afnema biðlaun starfsmanna til að geta knúið í gegn formbreytingu Pósts og síma og væntanlega viðskiptabanka. Það er ljóst að ýmsir lögmenn og þar á meðal einn þessara þriggja lögmanna telja að um sé að ræða rétt sem sé varinn af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er augljóst að hér stefnir í dómsmál. Er það vitaskuld ekki gott mál að ganga frá lagasetningu sem er vitað að muni enda fyrir dómstólum. Sömuleiðis má benda á að afleiðingar þessarar útfærslu hjá hæstv. ríkisstjórn þegar hún talar um að illt sé að menn séu á tvöföldum launum fyrir eitt starf, þ.e. við formbreytingu, verða hins vegar þær að fólk sem er á biðlaunum er þá á biðlaunum án þess að vera í starfi ef það má orða það þannig. Afleiðingarnar af þessu verða þær að fjölmargir aðilar, sem eiga rétt á biðlaunum, munu kjósa að vera á þeim í 6–12 mánuði og fara hugsanlega í óskráða atvinnustarfsemi, svarta atvinnustarfsemi. Það var a.m.k. álit ýmissa umsagnaraðila sem ræddu við efh.- og viðskn. Allir sjá að ekki er gott að ganga frá löggjöf með þeim hætti. Sömuleiðis hefur komið fram við lokaafgreiðslu málsins að ríkisstjórnarmeirihlutinn er í miklum vandræðum að útfæra hvað telst sambærilegt starf sem boðið er ef um formbreytingu er að ræða eða ef fólk fer úr ríkisþjónustu. Ekki var hægt að svara öllum þeim spurningum um útfærslu þess efnis af forsvarsmönnum frv. Það er vitaskuld óhæfa að óvissa skuli ríkja um þennan þátt.

Ráðningarfesta starfsmanna ríkisins er veikt stórlega með frv. Það er mjög ámælisvert að ekki verði afgreiddur með þessu frv. svokallaður bandormur en það kallaði á verulega breytingu á 22. gr. frv. um embættismenn. Vitaskuld hefði átt að taka þetta allt í einu lagi eins og hæstv. forsrh. gaf reyndar yfirlýsingu um snemma í umræðunni. Það var ekkert gert með orð hans í sambandi við vinnubrögð heldur var málið lögfest með þessum hætti og afgreiðslu svokallaðs bandorms frestað fram á haustdaga og fjölmörgum spurningum ósvarað um útfærslu gagnvart einstökum stéttum. Þetta er dæmi um hroðvirknisleg vinnubrögð og það að velta á undan sér þeim vandamálum sem fylgja óvandaðri lagasmíð. Það er sömuleiðis inni og ekki hefur tekist að fá neina breytingar á yfirvinnuskyldu starfsmanna ríkisins sem er einsdæmi og þekkist ekki á almennum markaði og sömuleiðis að hægt er að fresta uppsögn starfsmanna ef margir óska lausnar á sama tíma. Í nefndinni var bent á af forsvarsmönnum Kennarasambands Íslands að oft hætta margir kennarar á sama tíma í skólum, sérstaklega á landsbyggðinni, án þess að það sé um nokkuð að ræða sem tengist kjaramálum. Oft vill verða breyting í stórum hópum, sérstaklega á smærri stöðum, og þá er hægt að beita þessu ákvæði til að þvinga fólk til að vinna áfram í þeim störfum sem það var í og er þetta náttúrlega mikil mismunun miðað við það sem gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Það var sömuleiðis upplýst við lokaafgreiðslu málsins að menn töldu að sambærilegt starf væri líka fyrir hendi, ekki aðeins ef menn færu úr öðru réttarumhverfi heldur einnig annað lífeyrissjóðsumhverfi. Það er augsýnilegt að frumvarpshöfundar og ríkisstjórnin stefna að því að útfæra ákvæði þessa frv. á óhagkvæman hátt fyrir starfsmenn ríkisins. Það lá ljóst fyrir þegar gengið var eftir hvernig bæri að meta sambærileg störf þegar kæmi að ýmsum réttindamálum eins og lífeyrismálum. Þá kom fram yfirlýsing frumvarpshöfunda og væntanlega skilningur ríkisstjórnarmeirihlutans í þeim efnum að það væri alveg sambærilegt ef t.d. kennari hætti störfum í opinberri þjónustu og færi til einkaskóla þótt svo að þar væri um allt annað réttindaumhverfi að ræða. Það yrði talið sambærilegt starf og lögvernduð biðlaunaréttindi féllu þá niður svo dæmi sé tekið. Þetta er vitaskuld lýsing á útfærslu og afleiðingum þessa frv. en ekki er hægt að sjá fyrir allar afleiðingar þess. Það er þó ljóst að með þessu frv. er skert mjög verulega staða starfsmanna ríkisins og það án þess að þeir fái rönd við reist.

Það sem mig langar að gera hér aðeins að umtalsefni er raunverulega ekki það sem stendur í frv. heldur það sem vantar í það til að þetta hefði getað orðið löggjöf eða það sem ég tel að hefði þurft að vera í því ef menn ætluðu að endurskipuleggja ríkisrammann. Það er t.d. lögfest í þessu frv. vald forstöðumanna til yfirborgana en það er ekkert virkt eftirlit byggt inn í það vald sem þeir hafa. Segja má að þarna sé geðþóttavald lögfest gagnvart starfsmönnum ríkisins. Það má benda á að meginstefna stjórnsýslulaganna er einmitt að koma í veg fyrir að þegnar landsins standi andspænis geðþóttavaldi. Hér er það hins vegar lögfest gagnvart starfsmönnum ríkisins með hinu mikla valdi forstöðumanna sem hafa m.a. vald til yfirborgana og það hefur verið gengið margoft eftir því hvað líði reglum sem á að vinna eftir. Það er 9. gr. frv. sem fjallar um þá þætti. Það hefur komið skýrt fram og við umfjöllun nefndarinnar milli 2. og 3. umr. fengust engin svör við því. Það segir okkur það eitt að engar reglur eru til og það á að lögfesta málið án þess að menn fái kost á að skoða þær reglur sem á að vinna eftir í þeim mikilvæga þætti frv.

Í frv. er sömuleiðis lögfest mjög gamaldags stjórnunarfræði sem átti við fyrir 10–15 árum, miðstýrð boðvaldsstjórnunarfræði ef það má orða það svo. Miðstýring gengur eins og rauður þráður í gegnum frv. Annars vegar með lögfestingu eftirlitslítils valds forstöðumanna og hins vegar með því að miðstýring fjmrn. er aukin í þessu frv. en fjmrn. er látið koma að öllum ákvörðunum sem skipta starfsmenn ríkisins. Þetta er úrelt aðferðafræði og gengur þvert á það sem þekkist víðast hvar í kringum okkur þar sem menn leitast við að tengja fólk inn í ákvarðanatöku og koma fyr-

ir dreifstýringu við rekstur opinberrar þjónustu fyrirtækja. Ekkert er tekið á þessu í frv. og lýsir það betur en margt annað að hér eru menn með gamla aðferðafræði, ekki einungis hvað varðar stjórnunarþáttinn heldur er einnig verið að endurvekja húsbóndavaldshugsun sem hefur alls staðar verið rutt út af borðinu bæði í fyrirtækjarekstri og opinberum rekstri í nágrannalöndunum. Sömuleiðis er ekkert tekið á kjarasamningsferli hjá hinu opinbera í frv. Vitaskuld er það miður en það er ástæða fyrir því að ekki er tekið á því. Það er mjög miðstýrt fyrirkomulag og fellur því mjög vel inn í þá hugsun sem einkennir frv. að öðru leyti. Vitaskuld hefði þurft að brjóta upp þetta fyrirkomulag þannig að ráðuneyti og stofnanir hefðu getað komið virkar að kjarasamningum þannig að áhrif starfsmanna yrðu bæði meiri og hægt væri að nýta sér sérstöðu einstakra fyrirtækja og stofnana ríkisins á árangursríkan hátt bæði fyrir ríkisvaldið sem vinnuveitanda og fyrir starfsmenn sem launþega. Ekki neitt í frv. er í þessa áttina heldur er miðstýringin fest enn betur í sessi.

Fjölmörg atriði í frv. eru ólík því sem gengur og gerist á almennum markaði eins og yfirvinnuskylda og hópuppsagnir sem ég nefndi áður en slík ákvæði þekkjast ekki á almennum vinnumarkaði. Eftirlitslítið vald forstöðumanna þekkist ekki með þessum hætti á almenna markaðnum. Hér eru því lögfest atriði sem eru mjög stórt skref aftur á bak ef upprunalega ætlunin var að gera ríkisumsvifin sveigjanlegri. Það er ekkert um þá hluti í frv.

Í frv. er ekkert tekið á gagnrýni lögmanna og stéttarfélaga er varðar málskotsrétt. Stjórnsýslulög eru tekin úr sambandi að hluta til og án þess að gefa málunum nægilega athygli eru þættir einfaldlega lögfestir sem stangast vægast sagt mjög á við nútímalega hugsun varðandi opinbera stjórnsýslu en gætu hugsanlega varðað við önnur lög. Þetta er dæmi um slæm vinnubrögð og að ekki skuli hafa verið gefið betra ráðrúm til að fara yfir þann þátt.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. Ég á sæti í efh.- og viðskn. og stend að því minnihlutaáliti sem hann gerði hér ágætlega grein fyrir áðan. Við leggjum til að málinu verði vísað frá með dagskrártillögu. Ég geri hins vegar ráð fyrir að sú tillaga verði felld. Það er augsýnilegt að ekki verður hægt að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn. Við höfum barist gegn frv. bæði með faglegum og pólitískum rökum en einnig með vinsamlegum ábendingum eins og oft vill verða í stjórnmálum á Íslandi að menn vilja reyna að forða að slys verði og láta hluti ekki lenda í þvílíkum vandræðum eins og frv. mun leiða til að okkar mati.

Það er augljóst hvað gert er með frv. Það er hægt að segja það í einni setningu. Með þessari löggjöf er gengið inn í samningsumhverfi opinberra starfsmanna til hagsbóta fyrir annan aðilann, þ.e. ríkið sem vinnuveitanda. Nákvæmlega sama stefna kemur fram í frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar er gripið einhliða inn í löggjöf á miðjum samningstíma og tekið máli annars deiluaðilans, þ.e. vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði. Sama hugsun endurspeglast í þessu frv. Þetta er ekki góð aðferðafræði að mati okkar stjórnarandstæðinga. Við erum andsnúnir þeirri pólitísku hugsun sem kemur fram kemur í frv. Sömuleiðis finnst okkur að öll afstaða ríkisstjórnarinnar í málinu einkennist af hroka, ekki einungis gagnvart stjórnarandstöðu, látum það nú vera, við getum þolað það, en einnig hroka gagnvart starfsmönnum ríkisins og reyndar verkalýðshreyfingunni á almennum vinnumarkaði. Það er augsýnilegt að ríkisstjórnin ætlar sér að valta yfir sjónarmið gjörvallrar verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar og ætlar að lögfesta þetta í því formi sem hún hefur lagt hér fram.

Áhrifin á kjarasamningana eru augljós. Það verða mikil kjaraátök um næstu áramót. Það verður ekki sagt um stjórnarandstöðuna að hún hafi ekki bent á það. Það verður ekki sagt um verkalýðshreyfinguna að hún hafi ekki bent á það. Við höfum ítrekað sagt að þessi mál ætti að leysa í samráði m.a. vegna þess að menn fara ekki einhliða inn í löggjöf af þessum toga eins og gert er en einnig til þess að við getum haldið áfram eðlilegum samskiptum milli ríkisvalds og starfsmanna þess svo og á hinum almenna vinnumarkaði. Þeirri efnahagsstefnu sem mótuð var fyrir 5–6 árum er stefnt í hættu með þeirri aðferðafræði sem ríkisstjórnin leggur upp með. Við höfum varað við afleiðingum málsins. Við leggjumst eindregið gegn lögfestingu frv. Við teljum það vera illa unnið efnislega en fyrst og fremst erum við andsnúnir því að fara einhliða inn í samningsumgjörðina á miðju kjarasamningstímabili. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að reyna að hnekkja þessari löggjöf. Við ráðum ekki við meiri hluta Alþingis í atkvæðagreiðslunni, sem fer fram að lokinni umræðunni, en stefna okkar er ljós. Við munum reyna bæði innan þings og utan að vinna að því að þessi lög verði numin úr gildi og þeim verði fundinn annar farvegur, þ.e. sú vinna sem er nauðsynleg við endurskoðun á löggjöf af þessu tagi. Sú lögfesting sem ríkisstjórnin stefnir að endurspeglar stjórnmálaskoðun hennar, hina pólitísku skoðun ríkisstjórnarinnar. Þessi mál hafa skerpt mjög hinar pólitísku línur í landinu, ekki aðeins milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur einnig milli vinnuveitenda, hvort sem er á opinberum markaði eða almennum markaði, og verkalýðs- og stéttarfélaganna í landinu. Hér eru orðnir skýrari kostir í stöðunni fyrir almenning til að taka afstöðu til. Málið snýst ekki um tæknilega útfærslu og lagfæringu á löggjöf heldur snýst það um pólitísk grundvallaratriði. Afstaða okkar er skýr í þessum efnum. Við höfnum þeirri pólitísku stefnu sem ríkisstjórnin fylgir eftir með lögfestingu þessa frv.

[12:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Öll þekkjum við söguna um hjallinn hans Péturs þríhross sem Halldór Kiljan Laxnes segir frá í bók sinni um Ljósvíkinginn. Eins og hv. þm. muna voru það örlög þess hjalls að fjúka í vetrarveðrum en birtast síðan á miðilsfundi og var þá hjallurinn orðinn höll á himnum. Það má segja að vegferð þessa frv. hafi verið þveröfug. Þegar það var kynnt af hæstv. fjmrh. þá var það kynnt sem höll á himnum. Síðan hefur það mætt vetrarveðrum í meðförum þingsins og í umsögnum umsagnaraðila og birtist nú eins og á miðilsfundi og er þá orðið að skúr á malarkambi hæstv. ríkisstjórnar. Svo miklar breytingar hafa orðið á frv. Þegar frv. var lagt hér fram og mælt fyrir því af hæstv. fjmrh., sem kynnti það sem höll sína á himnum, sögðum við stjórnarandstæðingar m.a. að sum ákvæði þess brytu í bága við alþjóðasamninga um vinnumál sem Íslendingar eru aðilar að. Við sögðum að önnur atriði þess brytu í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, m.a. um málfrelsi. Við sögðum að sum atriði þess brytu í bága við mannréttindalöggjöf sem á að ná til allra þegna Íslands. Þessu var harðlega mótmælt af hæstv. fjmrh. og málsvara ríkisstjórnarinnar. En í meðförunum hefur komið í ljós að við höfðum rétt fyrir okkur. Vegna þess að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. hafa m.a. verið til þess að það

bryti ekki í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga um vinnumarkaðsmál og málefni aðila vinnumarkaðarins. Aðrar hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir að það bryti í báta við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar en þó standa enn inni í frv. ákvæði sem að áliti lögfræðinga brjóta í bága við almenn mannréttindi á Íslandi eins og þau birtast m.a. í stjórnsýslulögunum. Það kom því í ljós í meðförum Alþingis að frv., sem var upphaflega lagt fram, braut í verulegum atriðum í bága við ýmis undirstöðulýðréttindi í þjóðfélaginu og var þess vegna ekki sú glæsismíð sem hæstv. ríkisstjórn kynnti í upphafi málsins.

Það er ástæðulaust nú við 3. umr. að fara mjög mörgum orðum um frv. í þeim búningi sem það er nú. Þó get ég ekki látið hjá líða að fara í örstuttu máli yfir þær umtalsverðu breytingar sem hafa verið gerðar á frv. frá upphaflegri gerð þess. Ég læt þá aðallega staðar numið við hinar stærri breytingar en auk þeirra hafa margar minni háttar breytingar verið gerðar.

Í fyrsta lagi voru gerðar allverulegar breytingar á frv. við 2. umr. og vil ég í því sambandi geta þess sérstaklega að þar var gerð sú breyting til að tryggja réttindastöðu opinberra starfsmanna sem var ekki í frv. að forstöðumanni sé skylt að veita áminningu áður en hann vísar starfsmanni úr starfi sem hann telur að hafi með einhverjum hætti sætt ávirðingum í starfi. Þetta er að sjálfsögðu umtalsverð breyting til að tryggja réttarstöðu sem var ekki fyrir.

Í öðru lagi voru lagðar til breytingar á ákvæði greinarinnar um hverjir skuli teljast embættismenn og þar með komið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar og m.a. hætt við að svipta fjölmennar stéttir bæði samningsrétti og verkfallsrétti sem hefði verið brot á samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Í þriðja lagi má minnast á að gerð hefur verið sú breyting að tryggja frekar rétt starfsmanns en gert var ráð fyrir í upphaflegum texta í þeim tilvikum að viðkomandi væri vikið frá starfi um stundarsakir að starfsmanninum var þó tryggður sá réttur að hann ætti heimtingu á opinberri rannsókn á því hvernig á því stæði en sá réttur var honum ekki tryggður í frv. eins og frá því var gengið upphaflega.

Í fjórða lagi hefur verið gerð veruleg breyting varðandi stöðu starfsmanna Alþingis en breytingin snýr að stöðu Alþingis og stofnana þess innan ríkisvaldsins og er þar enn ein breytingin sem gerð var á frv. frá upphaflegri gerð þess í réttlætisátt.

Loks má nefna ákvæði um biðlaunarétt þar sem lagt var til að tímalengd varðandi rétt til biðlauna yrði óbreytt frá gildandi lögum hjá starfsmönnum sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í starf hjá ríkinu fyrir gildistöku laganna en það stóð til að brjóta réttindi á þessum starfsmönnum eins og frv. var í upphaflegri gerð þess. Strax við 2. umr. voru gerðar 19 efnisbreytingar á frv. og sumar þeirra verulegar og stórfelldar til að ganga til móts við þá gagnrýni sem fram hafði komið strax við 1. umr. á Alþingi frá stjórnarandstöðunni.

Eftir 2. umr. voru gerðar enn frekari breytingar á frv. þannig að segja má að að lokinni þeirri breytingu standi varla steinn yfir steini af frv. eins og það var í upphaflegri gerð.

Í fyrsta lagi má þar benda á að sú breyting er gerð á frv. frá upphaflegri gerð þess að starfsmaður fái rétt til að segja upp starfi sínu ef hann sættir sig ekki við breytingu á viðbótarlaunakjörum og tryggt er að hann hafi nokkuð svigrúm til þessa og haldi jafnframt óbreyttum launakjörum á uppsagnartímanum ef breytingin er honum ekki í hag. Þennan rétt átti ekki að tryggja starfsmanninum samkvæmt upphaflegu frv. ríkisstjórnarinnar en hefur verið tryggður með þessari breytingu.

Í öðru lagi var gerð sú mikilvæga breyting við 22. gr., sem lýst var áðan, þar sem breytt er verulega frá því sem áður var ákveðið m.a. vegna þess að fylgifrv. þessa frv., bandormurinn margumtalaði, verður ekki afgreiddur á þinginu.

Í þriðja lagi má benda á að nú er búið að tryggja með breytingu að embættismaður verði ekki látinn víkja úr embætti fyrir fullt og allt jafnvel þótt eðlilegt hefði verið að víkja honum úr embætti um stundarsakir ef síðar kemur í ljós að ávirðingar þær sem honum hafa verið gefnar að sök reynast ekki vera fyrir hendi. En eins og frv. var úr garði gert þá gerði ríkisstjórnin ráð fyrir því að hægt væri að víkja embættismanni varanlega úr starfi þó að í ljós kæmi að ávirðingar sem á hann væru bornar ættu ekki við rök að styðjast. Þessi breyting er umtalsverð réttindabót fyrir opinbera starfsmenn því það nær auðvitað ekki nokkurri átt að hægt sé að víkja mönnum fyrirvaralaust úr starfi og til frambúðar fyrir ávirðingar sem í ljós kemur að eiga ekki stoð í rökum.

Í fjórða lagi er það viðamikil breyting að gert er ráð fyrir að embættismaður, sem nýtur biðlauna, haldi ekki bara föstum launum fyrir dagvinnu á biðlaunatímanum heldur einnig öðrum launakjörum er embættinu hafa fylgt. Þannig var þetta og er í gildandi reglum. Gert var ráð fyrir að skerða starfskjör embættismannsins á biðlaunatímanum í hinu upphaflega frv. en nú hefur það verið tekið til baka.

Þá má einnig nefna 10. breytingartillöguna af þeim 15 sem nú eru lagðar fram af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. Þar hafði verið gert ráð fyrir því að hægt væri að tilkynna starfsmanni framlengingu á uppsagnarfresti við lok framlengingartímans. Með öðrum orðum að ef uppsögn starfsmanns væri framlengd eða öllu heldur að starf hans væri framlengt þrátt fyrir uppsögn starfsmannsins, þ.e. starfsmaður vill víkja úr starfi og segir upp með lögmætum fyrirvara og yfirboðari hans tekur þá ákvörðun að framlengja starfsemi hans, þá var eins og frv. var í upphaflegri gerð gert ráð fyrir því að það þyrfti ekki að tilkynna starfsmanninum um framlengingu á uppsagnarfrestinum fyrr en í lok uppsagnarfrestsins. Nú er búið að afnema þetta ákvæði og auka réttindi starfsmannsins hvað þessu viðvíkur.

Þá kom einnig fram ábending frá lögmönnum um að með því að gera ráð fyrir að opinberir embættismenn, sem njóta ekki verkfalls- og samningsréttar, mættu ekki einu sinni stuðla að verkfallsaðgerðum væri þeim bannað að tala um ekki bara eigin vinnustöðvun, sem er ólögleg, heldur almennt um verkfallsaðgerðir í þjóðfélaginu en það væri brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Á það álit hefur meiri hluti efh.- og viðskn. til allrar hamingju fallist og tekið ákvörðun um að leggja til að þessu ákvæði verði breytt þannig að það sé ljóst að eins og frv. lítur nú út, að gerðum þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til, verði ekki með sama hætti eins og hingað til hægt að segja hvað þetta atriði varðar að þarna sé um brot á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að ræða sem á að tryggja borgurum landsins almennt málfrelsi. En það var það sem hæstv. ríkisstjórn lagði upp með að slíkt brot yrði samþykkt í þessum lögum og málfrelsið tekið af stórum atvinnustéttum Íslendinga.

Þá má einnig benda á að afnumið hefur verið umdeilt ákvæði í 47. gr. sem gerði ráð fyrir að með lögum væri ákveðið að fólk sem stæði utan stéttarfélaga ætti í öllum tilvikum að njóta sama réttar og sömu launa og sömu kjara og stéttarfélög semja um fyrir meðlimi sína, m.a. fyrir tilstilli félagsgjalda og annarra þeirra gjalda sem lögð eru á félagsmenn stéttarfélaga til að standa undir kjarasamningagerð. Þetta umdeilda ákvæði hefur verið fellt út úr frv. þannig að það má segja að í þeim fjölmörgu breytingum, 19 breytingum við 2. umr. og 15 breytingum, sem lagðar eru til við 3. umr., sé búið að taka nánast hverja einustu grein frv. og gerbreyta henni. Frv. er nú ekki nema svipur hjá sjón frá því sem það var í upphaflegri gerð.

Þess vegna mætti spyrja, virðulegi forseti: Hvers vegna er þá ekki stjórnarandstaðan ekki tilbúin til að ljá fylgi sitt við frv. eins og það er nú eftir þær miklu breytingar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur séð sig knúinn til að leggja til að gerðar verði á frv.? Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru þrátt fyrir þessar breytingar enn inni í frv. efnisatriði sem orka mjög tvímælis og ganga gegn sjónarmiðum stéttarfélaga og ganga gegn almennum mannréttindasjónarmiðum, jafnvel sjónarmiðum eins og þau eru fest í íslenskri löggjöf. Í því sambandi vil ég nefna nokkur atriði þessu til staðfestingar.

Í fyrsta lagi eru ósamrýmanleg ákvæði í frv. um uppsagnarferli hjá opinberum starfsmönnum. Þar er gert ráð fyrir því annars vegar að forstöðumaður stofnunar hafi almennt opna heimild til að segja starfsmanni upp án þess að starfsmaðurinn geti skotið máli sínu til æðri yfirmanns og án þess að nokkur áminning eða viðvörun hafi farið á undan áður en starfsmanninum var sagt upp. Með öðrum orðum, annars vegar er inni í frv. opinn uppsagnarréttur þar sem hinn opinberi starfsmaður nýtur engrar sérstakrar verndar og hins vegar er í frv. líka ákvæði um óðruvísi uppsagnarferli, þ.e. uppsagnarferli þar sem gert er ráð fyrir því að til áminningar hafi þurft að koma sem ekki hafi verið virt áður en starfsmanninum sé sagt upp. Það er umhugsunarefni að starfsmaður, sem gerist brotlegur í starfi, sætir ámæli í starfi, hefur samkvæmt frv. eins og það nú lítur út meiri réttarvernd en starfsmaðurinn sem hefur ekkert til saka unnið. Ef víkja á starfsmanni úr starfi fyrir þær sakir að hann hafi brotið af sér í starfinu eða teljist ekki geta af öðrum ástæðum sinnt starfi sínu eða gert sig sekan um ámælisvert framferði er ekki hægt að segja starfsmanninum upp nema hann hafi fyrst verið áminntur og síðan komið í ljós að hann hafi ekki sinnt áminningunni. Ef hins vegar er um að ræða starfsmann sem ekkert hefur af sér gert, engum ávirðingum sætt og ekkert af sér brotið en stendur vel í starfi sínu að öllu leyti nýtur hann engrar slíkrar réttarverndar því það er hægt að segja honum upp án nokkurs fyrirvara og án nokkurrar skýringar. Segja má að frv. sé þannig úr garði gert að starfsmaðurinn sem ekki stendur sig í starfi hefur meiri réttarvernd samkvæmt frv. en starfsmaðurinn sem sinnir starfi sínu vel og skynsamlega. Það sér hver og einn í hendi sér að ekki er eðlilegt að lagasetning sé með þessum hætti.

Í öðru lagi eru þau ákvæði í 34. gr. um biðlaunaréttinn sem við nánari skýringar hjá fjmrn. kemur í ljós að verið er að breyta mjög frá þeirri reglu sem þó var látin í veðri vaka í upphafi. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. 34. gr. gert ráð fyrir að starfsmaður missi biðlaunarétt sé honum boðið starf sem sé sambærilegt við það starf sem hann áður hafði verið í. Ég spurði sérstaklega um það í efh.- og viðskn. hvað átt væri við með orðinu „sambærilegur". Þar kom það m.a. fram að það er að áliti fjmrn. sambærilegt starf ef grunnskólakennari í ríkisskóla missir starf sitt en fær boð um starf í einkaskóla á móti. Það telur fjmrn. vera sambærilegt starf þó að réttarverndin og tryggingarnar, m.a. lífeyrissjóðsaðild og fleira, sé með allt öðrum hætti hjá þeim kennurum sem starfa í einkaskólum en hinum sem starfa í grunnskólum, t.d. á vegum ríkisins. Það er því gjörsamlega á huldu hvað átt er við þegar á að fara að túlka hvað séu sambærileg störf og hvað ekki. En það er annað í 2. mgr. 34. gr. sem er mun alvarlegra. Það er að gert er ráð fyrir því að biðlaunaréttur ríkisstarfsmanns skerðist ef hann tekur við einhverju öðru starfi á almennum markaði, gjörsamlega án tillits til þess hvort það starf er sambærilegt við það starf sem hann hafði áður eða ekki.

Höfundar frv. sögðu okkur frá því í efh.- og viðskn. að þeim hefði verið falið það af hæstv. ríkisstjórn að ganga þannig frá lögunum að tryggt yrði í fyrsta lagi að embættismaður, eða starfsmaður ríkisins öllu heldur, sem væri t.d. starfsmaður í grunnskóla, sem flyttist síðar yfir til sveitarfélaga, fengi ekki biðlaun sem ríkisstarfsmaður jafnhliða og hann fengi laun greidd í sama starfi af hinum nýja launagreiðanda, sveitarfélaginu. Þetta voru önnur skilaboðin frá ríkisstjórninni hæstv. um hvað ætti að gera. Hin skilaboðin sem lögð voru fyrir höfunda frv. frá ríkisstjórninni voru þau að það ætti að koma í veg fyrir að starfsmaður í opinberu starfi sem síðar félli í hönd hlutafélags, t.d. vegna einkavæðingar, gæti haldið biðlaunum sínum frá ríkinu á sama tíma eins og hann héldi áfram sama starfi en hjá öðrum vinnuveitanda og þægi þar laun líka. Þetta voru skilaboðin frá ríkisstjórninni. Segja má að hægt sé að halda því fram með nokkrum rétti að þarna sé um réttlætismál að ræða, þ.e. að maður eða kona haldi ekki biðlaunum á sama tíma eins og viðkomandi þiggur sömu laun fyrir sama starf en hjá öðrum vinnuveitanda annaðhvort sveitarfélagi eða ríkisfyrirtæki sem gert hafi verið að hlutafélagi en haldi áfram í starfsemi.

Það sem höfundar frv. gerðu hins vegar var að ganga miklu lengra en hæstv. ríkisstjórn lagði til þannig að það skiptir engu máli ef starfsmaður hjá ríkinu missir starf sitt og á þá biðlaunaréttindi samkvæmt túlkun fjmrn. við hvaða öðru starfi hann tekur, hvort það er eitthvað skylt því starfi sem hann hafði áður eða hvort það er starf í gjörólíkri starfsgrein þá á að draga þau laun sem hann fær í hinu nýja starfi frá biðlaunaréttinum sem hann hefur notið lögum og samningum samkvæmt. Auðvitað mun þetta hafa þau áhrif, virðulegi forseti, að þeir aðilar sem lenda í slíkri aðstöðu hafa raunar um tvennt að velja. Annaðhvort að leita sér að starfi í svokallaðri svartri atvinnustarfsemi þar sem fjmrn. fær ekki vitneskju um að viðkomandi þiggi laun frá öðrum launagreiðanda en ríkinu og þannig getur launtakinn haldið biðlaunarétti sínum í 6–12 mánuði. Þetta er annað valið sem starfsmaðurinn hefur ef hann vill halda biðlaununum sínum. Hitt valið er að sækjast ekki eftir starfi heldur vera starfslaus allan þann tíma sem biðlaunarétturinn varir. Þetta eru þau áhrif sem munu verða af þessu ákvæði, þ.e. það mun hvetja fólk til að sækjast eftir vinnu í svartri atvinnustarfsemi eða til þess að ganga án atvinnu.

Ég vil aðeins í því sambandi, sem ég hef rætt um, skoða hvað segir um þetta í álitsgerð lögfræðinga en þeir vitna m.a. til ummæla Ólafs heitins Jóhannessonar, fyrrv. forsrh. og prófessors, sem orðaði það svo í Stjórnarfarsrétti sínum að í 14. gr. laga, nr. 38/1954, þar sem fjallað er um biðlaun sé um að tefla, og nú tek ég beina tilvitnun upp úr riti Ólafs

Jóhannessonar: „lögákveðnar bætur til starfsmanns sem sagt hefur verið upp starfi vegna þess að staða sú sem hann hafi gegnt er lögð niður."

Með ívitnun í þennan merka fræðimann og um hvert álit hans er á biðlaunaréttinum, þ.e. að þetta séu lögákveðnar bætur er biðlaunarétturinn jafnframt orðinn tryggingaréttur sem er verið að svipta opinbera starfsmenn með ákvæðinu í 34. gr. og ákvæði til bráðabirgða með ákvæði þessu sem leggur grundvöllinn að opinberri málshöfðun allra þeirra sem lenda í þessum aðstæðum með tilvísun til ummæla hins virta lagaprófessors Ólafs Jóhannessonar um hvers eðlis þessi réttur sé. Þetta er annað atriði sem er enn í frv. sem gerir okkur stjórnarandstæðingum algjörlega ókleift að samþykkja það þrátt fyrir þær miklu breytingar sem náðst hafa fram á frv. í meðförum Alþingis.

Í þriðja lagi gengur frv. eins og það er úr garði gert á snið við stjórnsýslulög sem eiga að tryggja öllum borgurum á Íslandi ákveðin mannréttindi. Í því sambandi langar mig til að vitna í greinargerð Tryggva Gunnarssonar lögmanns sem lögð var fyrir hv. efh.- og viðskn. á einum af síðustu fundum nefndarinnar en þar segir eftir að lögmaðurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að vissulega geti Alþingi sett lög sem takmarka þau almennu mannréttindi, sem veitt eru í stjórnsýslulögum. Lögmaðurinn segir:

„Þrátt fyrir þetta er rétt að vekja athygli á eftirfarandi ummælum úr greinargerð með frv. til stjórnsýslulaga:

„Til þess að stuðla að því að ákvarðanir stjórnvalda séu réttar er oft reynt að haga uppbyggingu stjórnkerfisins með þeim hætti að hægt sé að fá stjórnvaldsákvarðanir endurskoðaðar hjá öðrum aðilum en stjórnvaldi því sem ákvörðunina tók. Eitt af úrræðunum er nefnt stjórnsýslukæra. Almennt hefur verið viðurkennt hér á Íslandi að sú óskráða réttarregla gildi að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds sé æðra stjórnvald á annað borð til staðar. Þessi regla er ekki án undantekninga. Þar sem stjórnsýslukæra getur verið mjög áhrifaríkt úrræði til að auka réttaröryggi í stjórnsýslunni er lagt til að teknar verði í lög nokkrar meginreglur um meðferð kærumála."

Ekki verður annað séð en að sú stefna frv. að fella niður rétt til málskots til æðra stjórnvalds sé í andstöðu við það viðhorf sem fram kemur í ofangreindri tilvitnun í greinargerð með stjórnsýslulögunum og telja verður hið almenna lögfræðilega viðhorf á þessu sviði einkum með tilliti til réttaröryggis borgaranna."

Síðar segir lögmaðurinn í álitsgerð sinni, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar ljóst af framansögðu og að sú skipan mála að ætla mönnum ekki andmælarétt við svo viðamiklar ákvarðanir eins og stjórnsýsluákvarðanir um þeirra eigin störf og framtíð í starfi er undantekning frá þeirri meginreglu sem talin er gilda í íslenskum rétti."

Með öðrum orðum er verið að setja með þessari löggjöf opinberum starfsmönnum miklu þrengri rétt til að nota sér ákvæði stjórnsýslulaganna sem eru mannréttindaákvæði en öðrum borgurum þessa lands. Þarna er um að ræða mikla mismunun eftir því einu hjá hvaða vinnuveitanda viðkomandi starfsmaður starfar. Þetta er eitt af þeim atriðum sem gerir okkur gjörsamlega ókleift að styðja frv. þrátt fyrir þær miklu breytingar sem okkur hefur tekist að ná fram á frv. í meðförum Alþingis.

Einnig má nefna fleiri atriði, t.d. þau sem koma fram í umsögn BHMR og skal ég nú telja upp 14 atriði því til viðbótar sem ég hef nefnt. Í fyrsta lagi er skylda til að auglýsa störf takmörkuð með frv. Í öðru lagi fá forstöðumenn óskilgreinda og ótakmarkaða heimild til að segja upp starfsfólki og fjmrh. fær nánast sjálfdæmi til að ákvarða efni ráðningarsamninga og getur þannig breytt ráðningarsamningum milli forstöðumanns og starfsmanns án vitundar og vilja hins síðarnefnda. Í þriðja lagi er ráðningarfesta og starfsöryggi sett í uppnám með heimildum til að segja upp starfsmönnum sem sýna ekki fullnægjandi árangur í starfi og getur þar forstöðumaður metið það einn og sjálfur án möguleika þolanda á málskoti hvort uppsögnin stafar af ávirðingum í starfi eða einhverra annarra atriða svo sem hagræðingar og fleira sem ekki þarf frekari skýringar við. Í fjórða lagi eru umsamin ráðningarkjör önnur en kjarasamningsbundin kjör tekin undan skilmálum ráðningarsamnings. Í fimmta lagi er málskotsréttur takmarkaður eins og ég sagði áðan. Í sjötta lagi eru fæðingar-, orlofs- og veikindaréttur starfsmanna í uppnámi. Í sjöunda lagi er gert að skyldu að leysa embættismenn frá störfum eftir veikindi sem er furðulegt ákvæði. Í áttunda lagi eins áður hefur verið rakið er biðlaunaréttur starfsmanna skertur. Í níunda lagi er marghátttuðum úreltum skyldum starfsmanna ríkisins haldið til streitu eða auknar svo sem eins og krafan um að þeim sé skylt að vinna yfirvinnu ef eftir því er leitað. Í tíunda lagi er gengið á snið við samningsrétt stéttarfélaga. Í ellefta lagi er samnings- og verkfallsréttur stéttarfélaga takmarkaður þó dregið hafi mjög úr þeirri takmörkun frá upphaflegri gerð frv. Í tólfta lagi er tjáningarfrelsi embættismanna enn takmarkað þó svo að gengið hafi verið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar að verulegu leyti í því efni. Í þrettánda lagi er ákvæði gildandi laga um samráðsskyldu ríkisvaldsins við starfsmenn sína um breytingar eins og þær sem hér er um að ræða ekki fylgt. Í fjórtánda lagi er enn óséð hvert verður efni bandormsins svokallaða sem átti að fylgja frv. um réttindi og skyldur.

Virðulegi forseti. Einnig kemur fleira til sem gerir það að verkum að það er erfitt og ógerningur að samþykkja frv. þrátt fyrir þær miklu breytingar sem fengist hafa fram. Þar vil ég nefna ákvæði eins og að það eru óskýrar takmarkanir á rétti starfsmanns til að gegna öðru starfi samhliða starfi sínu. Eins og Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur bendir á í umsögn sinni virðist vera að t.d. starfsmaður í eldhúsi á Landspítala sem vinnur þar fimm daga vikunnar frá kl. 8–4 þurfi að fá sérstakt leyfi yfirboðara síns til að ræsta skrifstofur á kvöldin eða vinna fyrir einhvern vinnuveitanda um helgar og er furðulegt að slík skylda eða kvöð skuli lögð á starfsmenn ríkisins. Þá er reynslutíminn ekki skilgreindur og einnig gerum við athugasemdir við þá umtalsverðu heimild sem forstöðumenn stofnana hafa til að lengja uppsagnarfresti starfsmanna sinna. Þá vil ég að lokum einnig benda á að í frv. eins og frá því er gengið er a.m.k. álitamál hvort það sé verið að ganga á skjön við gildandi kjarasamninga og hvort afgreiðsla frv. geti e.t.v. leitt það af sér að félög opinberra starfsmanna og félagsmenn þeirra telji að samningar séu lausir. Það liggur fyrir að félög opinberra starfsmanna og raunar öll verkalýðshreyfingin í landinu telja að verði þessi skerðingar- og haftafrv. samþykkt muni verkalýðshreyfingin verða neydd til þess að gjörbreyta um stefnu við næstu kjarasamningagerð frá þeirri skynsamlegu stefnu sem fylgt hefur verið á umliðnum árum og hefur tryggt efnahagsjafnvægi og öryggi í efnahagsmálum Íslendinga á liðnum tæpum einum áratug. Ef það yrði niðurstaðan af þessum breytingum að það trúnaðarsamband, sem skapast hefur á milli atvinnurekenda launamanna og ríkisvaldsins,

yrði rofið með þeim skelfilegu afleiðingum sem því fylgir tel ég að það væri viturlegra fyrir ríkisstjórnina að fara að ráðum stjórnarandstöðunnar og fresta lokaafgreiðslu frv. en reyna þess í stað að ná samkomulagi við starfsmenn sína um þessi efni eins og lög gera raunar ráð fyrir. Það eru því bæði efnisatriði í frv. sem eftir standa sem gera það að verkum að ekki er rétt að samþykkja það eins og frá því er gengið þrátt fyrir þær miklu breytingar sem stjórnarandstöðunni og verkalýðshreyfingunni hefur tekist að fá framgengt á frv. og svo hitt að með því að samþykkja lög af þessu tagi í andstöðu við verkalýðshreyfinguna og opinbera starfsmenn og starfsmenn einkaatvinnurekenda er verið að taka áhættu af því að allt logi í átökum innan fárra mánaða og að gjörbreyting verði á því umhverfi sem við Íslendingar höfum þekkt undanfarin átta ár sem hefur tryggt stöðugleika, kjarabætur og bjartari framtíðarhorfur. Ef slíkt yrði þá yrði mikið slys sem hefði gerst á hinum fögru vordögum á Alþingi Íslendinga og ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að taka ekki þá áhættu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:12]

[14:01]

Útbýting þingskjals:

Upplýsingar úr álagningarskrá, 535. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 1074.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð landbúnaðarráðuneytisins á malartökuleyfi Vatnsskarðs hf.

[14:02]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og landbrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða. Efni umræðunnar er meðferð landbrn. á malartökuleyfi Vatnsskarðs hf.

[14:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er frétt í Ríkisútvarpinu 30. apríl sl. um ákvörðun landbrh. að færa námuréttindi hlutafélagsins Vatnsskarðs hf. í landi Krýsuvíkur á Reykjanesi yfir á nafn annars hlutafélags með aðra kennitölu skömmu áður en fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota.

Málsatvik eru þau að 20. des. 1984 var undirritaður samningur á milli landbrn. og fyrirtækisins Krafla — malarnám hf. um heimild þess síðarnefnda til malartöku úr landi Krýsuvíkur á Reykjanesi. Undir samninginn ritaði Alexander Ólafsson fyrir hönd fyrirtækisins. Það fyrirtæki var úrskurðað gjaldþrota og tekið til skipta 14. sept. 1989. Ríkissjóður lýsti kröfum vegna vangoldinna opinberra gjalda en fékk ekkert upp í kröfur sem námu um það bil 28 millj. kr. Það vekur sérstaka eftirtekt að skömmu áður en fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta var umrætt leyfi til malartöku fært af landbrn. frá fyrirtækinu Krafla — malarnám hf. yfir á nafn fyrirtækisins Vatnsskarð hf. Sá samningur gilti til 1. júlí 1995 en með forleiguréttinn til ársins 1999. Undir þann samning ritar hinn sami Alexander Ólafsson en nú fyrir hönd Vatnsskarðs hf. Það fyrirtæki var tekið til gjaldþrotaskipta á haustdögum 1995 en áður en að því kom voru þau sömu námuréttindi enn og aftur færð af landbrn. nú yfir til fyrirtækisins Alexander Ólafsson hf. en undir þann samning ritar enn á ný Alexander Ólafsson, sá sami og hafði ritað undir hina samningana tvo.

Samningurinn sem gerður var 1995 er nánast samhljóða þeim samningi sem gerður var 1989 að því undanskildu að í síðari samningnum er leyfishafa óskylt að leggja fram tryggingu fyrir efndum á greiðslum auk þess sem Alexander Ólafsson hf. er af einhverjum ástæðum, mér ókunnum, veittur 25% afslattur frá efnistökugjaldi því sem Vatnsskarði hf. var gert að greiða. Það liggur fyrir að ríkissjóður hefur lýst kröfu í þrotabú Vatnsskarðs hf., kröfu sem nemur um það bil 21 millj. kr. Eins og málum er nú háttað bendir allt til þess að ekkert muni fást upp í kröfu ríkissjóðs. Samanlagt tap ríkissjóðs vegna þessara tveggja gjaldþrota mun því væntanlega nema a.m.k. 50 millj. kr.

Herra forseti. Hvers konar leikhús fáránleikans viðgengst eiginlega í hinu háa landbrh.? Hvernig má það vera að ráðuneytið heimili í þrígang flutning námuréttinda yfir á aðra kennitölu þegar ljóst er að fyrirtækin eru að stefna í gjaldþrot? Hverra hagsmuna er verið að gæta í þessu máli? A.m.k. ekki hagsmuna skattgreiðenda. Í þessu sambandi má nefna, herra forseti, að sýslumaðurinn í Hafnarfirði sendi landbrn. bréf 9. febrúar sl. þar sem hann benti á að með ráðstöfun sinni væri ráðuneytið að flytja réttindi milli kennitalna í þriðja sinn á sama tíma og ríkissjóður væri að tapa tugmilljónum í gjaldþrotum tengdum sömu kennitölu.

Herra forseti. Samningatækni landbúnaðarráðuneytismanna hlýtur að vera einstök þegar sami aðili kemur enn á ný og óskar eftir flutningi námuréttinda á nýja kennitölu. Þar sem nú virðist aftur stefna í gjaldþrot fellst ráðuneytið umsvifalaust á beiðnina, veitir 25% afslátt á námugjöldum og afléttir öllum kröfum um tryggingar fyrir greiðslu. Hver er eiginlega aðalsamningamaður ráðuneytisins? Hver semur svona fyrir hönd ráðuneytisins? Er það gert með vitund og vilja ráðherra?

Það sem er athyglisvert í þessu sambandi er að í malartökuleyfinu er sennilega að finna einu raunverulegu verðmæti fyrirtækisins sem hafa ekki verið veðsett upp í topp. Það eru nánast einu gæðin þar sem kröfuhafar þar sem ríkissjóður er stærstur geti vænst að skili þeim einhverju. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, er leyfi eins og þetta sem felur í sér rétt til efnistöku á þessu svæði allt til ársins 1999 milljóna ef ekki tugmilljóna virði væri það boðið upp á almennum markaði. Mér virðist því sem aðgerðir landbrn. fari í bága við hagsmuni ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég fæ því ekki betur séð en ráðuneytið hafi með aðgerðum sínum komið verðmætum undan gjaldþrotaskiptum. Hvers konar fordæmi er hið háa landbrn. að gefa? Er verið að senda þau skilaboð út í samfélagið að eðlilegt sé að koma verðmætum undan þegar forsvarsmönnum fyrirtækja er ljóst að fyrirtækið stefnir í gjaldþrot?

Herra forseti. Þá er ámælisvert að landbrn. skuli ekki hafa sinnt því í þrjá mánuði að svara bréfum skiptastjóra Vatnsskarðs hf., Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns, sem hafði í þrígang óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu. Með vinnubrögðum af þessu tagi er landbrn. að mismuna gagnvart þeim fyrirtækjum sem greiða skatta sína til samfélagsins. Þau fyrirtæki sem greiða ekki opinber gjöld standa

mun betur að vígi í samkeppni við önnur sem greiða slík gjöld. Slíkt inngrip í samkeppnisstöðu fyrirtækja er vægast sagt óeðlilegt. Svona undirheimastjórnsýsla er með öllu óviðunandi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fá að beina fjórum spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Hvers vegna heimilaði ráðuneytið að námuréttindi hlutafélagsins Vatnsskarðs hf. skyldu færð yfir á nafn annars hlutafélags þegar ráðuneytinu var ljóst að fyrirtækið stefndi í gjaldþrot?

2. Hvers vegna er gjald fyrir efnistöku lægra hjá fyrirtækinu Alexander Ólafsson hf. en það var hjá fyrirtækinu Vatnsskarð hf.?

3. Ætlar landbrn. að afhenda þrotabúi Vatnsskarðs hf. að nýju samning fyrirtækisins við ráðuneytið og heimila framsal í því skyni að tryggja hagsmuni ríkissjóðs?

4. Er það regla í landbrn. að færa leyfi, sem það gefur út, yfir á aðra kennitölu þegar ljóst er að fyrirtæki leyfishafa stefnir í gjaldþrot?

[14:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. málshefjandi hreyfir máli sem út af fyrir sig er ekki óeðlilegt að veki umræðu og umhugsun og hann vitnar til frétta í útvarpi um mál þetta. Ég mun ekki svara fyrir sögu langt aftur í tímann en kannski fyrst og fremst reyna að svara því sem ég hef sjálfur tekið þátt í að vinna með. Auðvitað er hægt að afla sér nánari upplýsinga um forsögðu og eftir atvikum að veita hv. þm. ítarlegri upplýsingar með skriflegu svari en hægt er að gera í stuttri utandagskrárumræðu.

Ráðuneytið gerði samning við umrætt fyrirtæki, Vatnsskarð hf., í júlímánuði 1989 eins og málshefjandi hefur minnt á og samningurinn var tímabundinn til 6 ára, til 1. júlí 1995. Í þeim samningi var jafnframt gert ráð fyrir forleigurétti til ársins 1999 en ekki reyndi á framlengingu þess samnings vegna vanefnda Vatnsskarðs. Var ákveðið í október á síðasta ári að ganga til samninga við annan aðila eins og framsögumaður hefur rakið enda talið að sá aðili uppfyllti skilyrði og kröfur ráðuneytisins um greiðslu efnisgjalds og frágang námusvæðis eins og kveðið er á um í samningum.

Eins og fram hefur komið varð Vatnsskarð hf. úrskurðað gjaldþrota í febrúarmánuði á þessu ári og ráðuneytið hefur átt í bréfaviðskiptum við bústjóra þrotabúsins en af ummælum fyrirspyrjanda mátti skilja að þeim erindum hefði ekki verið svarað. Vissulega var þeim svarað of seint. Það dróst of lengi að svara en það hefur verið gert. Okkur hefur að vísu borist aftur beiðni um frekari upplýsingar af hálfu bústjóra og verður haldið áfram að vinna á þeim vettvangi að málinu að svara bústjóra þeim spurningum sem hann hefur lagt fyrir ráðuneytið en málið er enn í vinnslu.

Hv. þm. beindi síðan til mín formlega nokkrum spurningum sem hann var reyndar svo ljúfur að láta mig hafa fyrir fram þannig að ég gæti aðeins undirbúið svörin. Hann spyr fyrst um hvers vegna ráðuneytið heimilaði að námuréttindi hlutafélagsins skyldu færð yfir á nafn annars hlutafélags þegar ráðuneytinu var ljóst að fyrirtækið stefndi í gjaldþrot. Ég held reyndar að spurningin feli í sér fullyrðingu að ráðuneytinu hafi verið þetta ljóst. Ég leyfi mér hins vegar að segja að ráðuneytinu var ekki ljóst að fyrirtækið stefndi í gjaldþrot þegar það gerir samninginn við hið nýja fyrirtæki, Alexander Ólafsson hf., og hann er gerður í góðri trú 1. okt. 1995, en Vatnsskarð var ekki úrskurðað gjaldþrota fyrr en í febrúar á þessu ári. Hins vegar var ráðuneytinu kunnugt um að Vatnsskarð átti í greiðsluerfiðleikum og fjárhagserfiðleikum en það er nokkur munur á því og þegar um gjaldþrot er að ræða.

Í öðru lagi er spurt hvers vegna gjald er fyrir efnistöku lægra hjá fyrirtækinu Alexander Ólafssyni en það var hjá hinu fyrra fyrirtæki. Það er rétt eins og fram kemur að það er samið um nokkuð lægri gjaldtöku. Báðir umræddir samningar hafa að geyma verðtryggingu efnisgjaldsins. Í eldri samningi var miðað við lánskjaravísitölu, í hinum nýja byggingarvísitölu. Það var mat ráðuneytisins að það gjald sem samið var um á síðasta ári væri eðlilegt miðað við aðstæður á markaði þá. Við ákvörðun gjaldsins hefur einnig verið tekið mið af skyldum leigutaka til frágangs á mun stærra svæði, þ.e. stærra námusvæði en var í eldri samningi. Umgengni öll um námusvæðið hefur verið til fyrirmyndar af hálfu þessa aðila sem þarna hefur unnið. Því var haldið fram að fyrri samningurinn hafi verið mjög óhagstæður leigutaka miðað við markaðsverð á efni á þeim tíma og ráðuneytið féllst því á að hlutfallslega lækkun efnisgjaldsins í samræmi við það sem talið var að almennt gerðist. Í þessu felst í raun það mat ráðuneytisins að verðmætin í hinum eldri samningi Vatnsskarðs hf. hafi í raun ekki verið nein sem er þá að vísu ekki í samræmi við það álit málshefjanda að þarna sé um að ræða umtalsverð verðmæti. Þar greinir á.

Þriðja spurningin var hvort landbrn. ætli að afhenda þrotabúi Vatnsskarðs hf. að nýju samning fyrirtækisins við ráðuneytið í því skyni að tryggja hagsmuni ríkissjóðs. Með spurningunni er verið að leita eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið ætli sér að leigja tveimur aðilum sömu réttindin því að vart er hægt að rifta samningi við Alexander Ólafsson hf. öðruvísi en sá aðili hafi gerst brotlegar á einhvern slíkan hátt en þetta er eitt af því sem er enn í viðræðum við bústjórann og mun verða fjallað um við hann og tel ég ekki ástæðu til þess að fjalla um það frekar á þessum vettvangi að sinni.

Að lokum spyr hv. fyrirspyrjandi hvort það sé regla í landbrn. að færa samninga sem það gefur út yfir á aðrar kennitölur. Mér finnst spurning hvort hægt er að svara fullyrðingu af þessu tagi og mætti kannski spyrja til baka hvort hv. málshefjandi telji að það sé yfirleitt svo að löglærðir aðilar á Íslandi ástundi brot af því tagi af því tagi að svíkjast undan lögbundnum skyldum fjárhagslegs eðlis með því að stofna ný fyrirtæki. Ég leyfi mér að halda að svo sé ekki. Ég leyfi mér að fullyrða að hinn nýi samningur hafi verið gerður í góðri trú. Hins vegar getur þessi málsmeðferð öll kennt okkur að við þurfum að huga betur að því sem er að gerast. Ráðuneytið telur sig vera að tryggja hagsmuni sína, fá uppgjör á eldri vanskilum og semja við aðila sem það hefur ástæðu til að treysta að muni standa í skilum með málið en ég ítreka aftur að þetta mun vafalaust kenna okkur þá lexíu að fara af meiri varkárni í samninga af þessu tagi. Auðvitað leggja menn það ekki í vana sinn að vantreysta öllum og gruna alla um græsku en það er kannski hinn kaldi raunveruleiki í íslenskum viðskiptum í dag.

[14:15]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er ekki aðeins að hér sé um óeðlileg afskipti hæstv. ráðherra að ræða af gjaldþrotaferli máls og aðildar landbrn. að því að taka verðmæti út úr þeirri meðferð heldur hefur landbrn. farið langt út fyrir valdsvið sitt. Í 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands er kveðið á um að landbrn. fari með mál er varðar þjóðjarðir. Meginheimild

um þann ráðstöfunarrétt eru jarðalög, nr. 65/1976. Þau veita ráðherra hins vegar ekki annan ráðstöfunarrétt en þann sem varðar búsetu og nýtingu búsgæða á jörðinni. Landbrh. getur ekki farið með réttindi ríkisins hvað varðar námuréttindi og töku jarðefna samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands en samkvæmt þeirri reglugerð fellur undir iðnrn. að fara með þau mál. Í námulögum, nr. 24/1973, er meira að segja kveðið á um að ríkið eigi rétt til þeirra jarðefna sem eru á landsvæðum sem hafa ekki einkarétt og iðnrh. skuli fara með ráðstöfun þeirra réttinda. Samkvæmt námulögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands á iðnrh. því að fara með þessi mál en ekki landbrh. Hæstv. landbrh. hefur brotið ákvæði reglugerðar um Stjórnarskrá Íslands og ákvæði námulaga með aðgerðum sínum í þessu máli. Ég bið hann lengstra orða um að hætta því, kynna sér lagaheimildir málsins og stuðla að því að réttir aðilar í stjórnkerfinu fari með þessi mál í framtíðinni.

[14:17]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er vægast sagt um sérkennilegt mál að ræða og ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta upp því það er einmitt eitt af hlutverkum Alþingis og okkar alþingismanna að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og fylgjast rækilega með því hvað þar er á ferð.

Þær upplýsingar sem hafa komið fram vekja mikla furðu þar sem sami aðilinn fær aftur og aftur rétt til þess að vinna ákveðið verk eða reka fyrirtæki á ákveðnum grunni þó að hann lendi hvað eftir annað í gjaldþroti. Hæstv. landbrh. sagði áðan að landbrn. hefði ekki haft upplýsingar þess efnis að það stefndi í gjaldþrot en þegar fortíð þessa aðila er skoðuð hlýtur ráðuneytið að hafa velt því fyrir sér hvort þarna væri staðið eðlilega að málum. Maður spyr sig að því hvernig stendur á því að svona lagað getur gerst og hvaða hagsmunir eru þarna að baki. Eru ákveðin tengsl á ferð eða hverjum er eiginlega verið að hlífa í málinu? Þetta er afar sérkennilegt og kemur raunar inn á þær reglur sem hafa gilt um fyrirtækjarekstur og það hvernig mönnum hefur verið heimilt og jafnan býsna auðvelt að skipta um kennitölu og halda rekstri áfram vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að það eru ýmsir sem bera skaða. Menn fá ekki greiddar þær kröfur og það sem þeir hafa lagt inn í fyrirtæki og fá ekki greidda þá þjónustu sem þeir hafa innt af hendi. Það kemur fram í fréttinni í Ríkisútvarpinu að ríkissjóður á tugmilljónakröfu í fyrirtækið. Mér finnst að við þurfum að fá nánari skýringu á þessu. Var um rekstur að ræða sem var svo mikilvægt að halda áfram eða hvað er þarna eiginlega á ferð? Ég tek undir það að þetta mál þarf að kanna miklu nánar.

[14:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að hér er á ferðinni mál sem hv. landbrn. hefur lítil tök á. Það er eitthvað mikið að. Ég skildi svör hæstv. ráðherra á þann veg að skilningur hans væri sá að hér væri ekki um umtalsverð verðmæti að ræða þar sem námuréttur væri annars vegar. Það er alger misskilningur. Hér er einmitt um umtalsverð réttindi að ræða. Það þekki ég býsna vel frá fyrri störfum mínum sem bæjarstjóri í Hafnarfirði en Hafnarfjarðarbær hefur einmitt og framselur leyfi til efnistöku á svipuðum slóðum og umrædd náma ríkisins er. En það er ekki aðalmálið.

Ég spyr að gefnu tilefni hvort landbrn. hafi með höndum veitingu námuréttinda víðs vegar um land allt. Í hversu mörgum tilfellum er það? Er verulega um háar fjárhæðir að ræða og hvernig er staðið yfirleitt að úthlutun þeirra og verðlagningu? Ég held að sú umræða sem hefur átt sér stað gefi fullt tilefni til þess að menn fái heildarmynd af þessari umsýslu og hið háa Alþingi fái um það nánari upplýsingar síðar meir hvernig heildarmyndin lítur út. Ég held reyndar það stóra mál sem hér er nefnt segi okkur það að eitthvað er mikið að enda kom fram í máli hæstv. ráðherra að framan af ræðu hans mátti skilja að allt væri hér með felldu en að lyktum ræðu hans fann hann greinilega fyrir því sjálfur að hér væru maðkar í mysu og hafði orð á því að hið háa ráðuneyti þyrfti að læra af reynslunni og bæta stjórnsýslu sína í þessum efnum. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess að taka undir orð ráðherrans í þessum efnum.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi þakka ég hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni fyrir að hreyfa þessu máli og ég tek undir það sem hefur komið fram að málið er allt sérkennilegt og ýmsum spurningum, sem hér hafa vaknað, hefur ekki verið svarað.

Fyrsta spurningin er sú hvort hér er almennt rétt farið með mál sem lúta að úthlutun námuréttinda og það vekur upp þá spurningu hvort ekki er nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög í þessum efnum til að koma í veg fyrir slugs í Stjórnarráðinu með mál af þessu tagi. Ég hvet til þess að menn velti því alvarlega fyrir sér.

Í öðru lagi tek ég undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að það er mjög skrýtið að landbrn. skuli vera með þetta mál, ég átta mig ekki alveg á því, vegna þess að að er iðnrn. sem fer með námuréttindi yfirleitt og framkvæmd námulaganna sem slíkra. Þau hafa að vísu verið rædd áður á þessu þingi þar sem komið hefur í ljós að hlutirnir eru ekki nógu skýrir af hálfu Stjórnarráðsins. Ég hvet til þess að þessi valdmörk verði skoðuð og þetta atriði og meðferð þessa máls sérstaklega verði skoðað.

Í þriðja lagi er kemur gríðarlega alvarlegur áburður fram í þessum umræðum, þ.e. að þarna hafi e.t.v. verið skotið undan peningum sem ella hefðu átt að lenda í ríkissjóði. Það er náttúrlega gríðarlega alvarlegt mál. Þá hvet ég í síðasta lagi til þess að hv. fyrirspyrjandi geri fyrirspurn sína skriflega þannig að hæstv. ráðherra geti lagt fram í skrifuðu formi öll gögn málsins til þess að þingheimur megi átta sig á því hvað er á ferðinni.

[14:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Svör landbrh. ollu mér talsverðum vonbrigðum því að þau voru hvorki skýr né vörpuðu neinu ljósi á málið að öðru leyti en því að það kom fram í máli hans undir lokin að þau vinnubrögð, sem hafa verið ástunduð í landbrn. í þessum málum, eru langt frá því að vera til fyrirmyndar og hann lofaði hálfpartinn bót og betrun í þessum efnum.

Hann nefndi þó nokkur atriði sem ég held að nauðsynlegt sé að koma að. Í fyrsta lagi að ástæða þess að námuréttindin eða námuleyfin voru færð frá Vatnsskarði hf. yfir á hlutafélagið Alexander Ólafsson hf. hefði verið sú að um vanefndir Vatnsskarðs hefði verið að ræða en hlutafélagið Alexander Ólafsson hf. væri einhver allt annar aðili en sá Alexander Ólafsson sem ritaði undir samninginn fyrir hönd Vatnsskarðs. Þetta er vitaskuld ekki annar aðili heldur en nákvæmlega sami aðilinn, bara með aðra kennitölu.

Hæstv. landbrh. lýsir því yfir að þeir hafi ekki vitað um að fyrirtækið væri á leið í gjaldþrot. Það kemur reyndar

fram í svari landbrh. til Arnmundar Backmans, skiptastjóra þrotabúsins, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Af hálfu forsvarsmanna Vatnsskarðs hf. komu fram upplýsingar um að fyrirtækið ætti í greiðsluerfiðleikum og gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar."

Þegar slíkt er komið fram er alveg ljóst að það er kvöð á ráðuneytinu að kanna málið frekar. Að halda áfram og semja við sama fyrirsvarsmann þess fyrirtækis sem þeir vita að er í greiðsluerfiðleikum og ber jafnvel nafn hans er slíkt háttalag að það tekur engu tali.

Tími minn er ekki langur en mig langar aðeins að nefna það að hæstv. landbrh. talaði um að þetta leyfi hefði engin verðmæti. Ég er með skriflega yfirlýsingu frá einum af þeim sem hefur staðið í námurekstri meira en 40 ár þess efnis að ef námuréttindaleyfi þetta væri boðið út á almennum markaði mundi fyrirtæki hans án efa gera í það tilboð og það mundi skila talsverðum fjárhæðum í búið. Ég ræddi við marga hafa komið að og verið í rekstri eins og þessum til margra ára og þeir skutu á að verðmæti þessa samnings á markaði væri um það bil 5–15 millj. í sölu þannig að hér er augljóslega um mikil verðmæti að ræða. Það er hart þegar ríkissjóður er að tapa 50 millj. á gjaldþrotum, sem tengjast þessum fyrirtækjum, að verðmæti eins og þessi skuli ekki renna til búsins.

[14:26]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Áður en hæstv. landbrh. tekur til máls vildi ég aðeins árétta að fyrir liggur greinargerð lögfræðinga í iðnrn. sem unnin var mánuðina áður en ég hætti þar störfum þar sem það er alveg ótvírætt tekið fram að valdheimild til landbrh. nái ekki til réttinda ríkisins hvað varðar námuréttindi og töku jarðefna. Landbrh. hefur ekki vald til þess að skipa þeim málum. Samkvæmt lögum landsins og reglugerð um Stjórnarráð Íslands er það á valdsviði iðnrh. en ekki landbrh. Mér finnst ekki ná nokkurri átt að landbrn., og nú er ég ekki að víkja að hæstv. núv. landbrh. heldur landbrn. sem stofnunar í kerfinu, skuli haga sér þannig æ ofan í æ að það grípi til valdsheimilda sem meira en vafamál er að það hafi eða eins og í þessu tilviki, sem það hefur alls ekki. Það gengur ekki að aðili í stjórnkerfinu skuli ganga þannig á skítugum skónum yfir lög landsins. Það gengur ekki og síst þegar það er notað með þessum hætti.

Hæstv. núv. landbrh. er vandaður og drenglyndur maður, ég þekki það af kynnum mínum við hann. Ég fer þess eindregið á leit við hann að hann taki embættismönnum sínum í ráðuneytinu tak og kenni þeim í eitt skipti fyrir öll að þó það sé landbrn. þá ber því að hlýða landslögum. Ég hvet hann til þess að láta skoða valdheimildir ráðuneytisins í þessu máli og reynist það vera rétt sem er rétt að valdheimildir í þessu hefur landbrn. ekki þá skili hann þeim þegar í stað til þess ráðuneytis sem fer með þessi mál.

[14:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi máls míns áðan að mig undrar ekkert þó að þetta máli komi til umræðu eins og komið hefur fram hjá fleiri hv. þingmönnum. Ég sagði reyndar sjálfur í svari mínu áðan að mér fyndist ekki óeðlilegt að hv. fyrirspyrjandi, málshefjandi eða aðrir hv. þingmenn, spyrðu ítarlegar um málið og það væri þá hægt að gefa ítarlegar upplýsingar, skriflegar upplýsingar um ýmis önnur efnistriði sem hefur m.a. borið á góma en erfitt verður að rekja í svo stuttu máli sem utandagskrárumræðan felur í sér þannig að ég hef ekki neina athugasemd við það að gera.

Út af því sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um hver hafi með svona mál af þessu tagi að gera vil ég segja það að vil ég ógjarnan stunda ólögleg afskipti eins og hv. þm. orðaði það þannig að hafa skal það sem sannara reynist. En ráðuneytið ráðstafar ýmsum hlunnindum á ríkisjörðum. Landbrn. fer með ríkisjarðir. Þar má t.d. tala um ýmiss konar nytjar aðrar en námuréttindi sem ráðuneytið hefur ráðstafað og leigt sem landeigandi en hitt er líka rétt og má segja það til að fyrirbyggja misskilning að samningar ráðuneytisins um töku jarðefna fela í sér heimild landeiganda til nýtingar og ráðstöfunar á tilteknum jarðefnum en eru ekki námuleyfi sem slíkt. Með námuleyfi og útgáfu þeirra fer samkvæmt námulögum og er enginn ágreiningur af minni hálfu við hv. þm. varðandi það og iðnrn. fer með slíka hluti.

Hæstv. forseti. Út af því sem komið hefur fram hjá einum hv. þm. um að það kunni að vera um óeðlileg tengsl að ræða og kannski alvarleg misferli af hálfu embættismannanna leyfi ég mér að fullyrða að svo sé ekki. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að mál þetta hafi verið unnið í góðri trú af þeim sem það gerðu af hálfu ráðuneytisins. Ég ítreka líka það sem ég sagði í lok máls míns án þess að í því felist nein viðurkenning á einhverri sök eða ósæmilegu athæfi að það er sjálfsagt að taka mál af þessu tagi til ítarlegri umfjöllunar í landbrn. en gert hefur verið og fara betur ofan í þau, ekki síst ef það má ætla að ríkissjóður, sem ráðuneyti landbúnaðarmála er auðvitað bara einn hluti af, sé að tapa stórfé á gjörningnum eins og hv. þm. hefur fullyrt en hugmyndir landbrn. eru allt aðrar hvað varðar verðmæti samningsins og ég get ekki gerst dómari í því efni.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 973, frhnál. 1056 og 1072, brtt. 887, 930, 945 og 1057.

[14:32]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hvar mundi hæstv. fjmrh. vera staddur?

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að fjmrh. er rétt ókominn í húsið og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að sjá til þess að hann hraði för sinni sem mest má verða.)

Ég vona að það verði allt innan umferðarlaga samt sem áður. Ég vil ekki vera að hvetja til of hraðrar umferðar um götur borgarinnar.

Ég get svo sem byrjað þó að hæstv. fjmrh. sé ekki kominn. Mér finnst samt að það beri brýna nauðsyn til þess að hann hlýði á umræður og ekki síst það sem við stjórnarandstæðingar höfum fram að færa í málinu vegna þess að þetta mál ásamt frv. um stéttarfélög og vinnudeilur vekja upp mjög stórar og miklar spurningar um vinnubrögð. Eins og ég kom að í umræðunni um stéttarfélög og vinnudeilur vekur það óskaplega furðu mína hvernig á því stendur að hámenntaðir og margreyndir lögfræðingar og embættismenn leggja fram frv. eftir frv. sem þverbrjóta alþjóðasamninga og stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Hvernig stendur á því að við stjórnarandstæðingar skulum þurfa að standa í ræðustól klukkustund eftir klukkustund og hamra á því að þessi lagafrumvörp brjóta í bága við alþjóðasamninga áður en menn

fara að hlusta? Að vísu má segja að þær breytingar, sem voru gerðar á frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og þær breytingar sem við erum að ræða, sýni að sem betur fer hlusta menn og átta sig á því að það er um brot að ræða. En mér finnst alvarlegt, hæstv. forseti, að við skulum fá svona illa unnin frumvörp í hendur. Þetta er svo alvarlegt, þetta er svo furðulegt og ekki síst þegar maður veit til þess að það eru vel menntaðir og reyndir lögfræðingar sem koma að verki að þetta er alveg makalaust. Eru menn að reyna að teygja og toga lýðræðið og lögin til hins ýtrasta? Eru menn að reyna að sjá hve langt þeir komast eða hvað er eiginlega á ferð? Eða eru menn svona illa að sér að þeir átti sig ekki á því hvaða reglur gilda um vinnumarkaðinn, hvaða réttindi er búið að tryggja í lögum, alþjóðasamningum og sáttmálum um réttindi vinnandi fólks? Hvað er þarna á ferð?

Hæstv. fjmrh. er ekki mættur enn en ég vil fá að spyrja hann um þessi mál því að mér finnst þetta mjög alvarlegt. Mér finnst það raunar alveg fráleitt að við þingmenn skulum þurfa að standa endalaust í því að reyna að sjá til þess að stjórnarfrumvörp standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga, að mál skuli koma með þeim hætti að það kosti margra daga umræður að fá menn til þess að átta sig á þessu. Í fúlustu alvöru, hæstv. forseti, held ég að höfundar þessa frv. hafi ekki áttað sig á því hversu illilega þetta frv. braut í bága við þessa alþjóðasamninga og sáttmála.

Ég skal viðurkenna að það var ekki fyrr en ég las í gegn umsögn BHM sem ég áttaði mig sjálf á þessu. Það var einfaldlega vegna þess að ég hafði mikið að gera við vinnu í öðrum málum og komst ekki í það að fara yfir umsagnir fyrr en rétt áður en málið kom til 2. umr. Það var greinilegt að aðrir höfðu svo sem ekki áttað sig nægilega vel á þessum þáttum þó að fulltrúar BHM hafi hamrað á þessu aftur og aftur vegna þess að það voru fyrst og fremst félagsmenn þeirra sem lentu í þessu. Það voru heilu félögin innan BHM sem átti að svipta samningsrétti og verkfallsrétti án þess að þeir hefðu haft orð um það að segja. Það var eins og menn hefðu ekki áttað sig á því að þetta stríðir alveg gersamlega gegn samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um það hvernig verja beri rétt stéttarfélaga og þetta stríðir algerlega gegn mannréttindasáttmála Evrópu, félagsmálasáttmála Evrópu og fleiri slíkum samþykktum og sáttmálum. Mér finnst þetta alveg makalaust og þetta vekur mér áhyggjur. Ég hef áhyggjur af þessu, ég verð að segja það. Við lentum reyndar í þessu í umfjölluninni um EES-samninginn. Þar komu spurningar auðvitað mjög mikið upp um það hvort sá samningur stæðist stjórnarskrána og um það voru miklar og fræðilegar deilur og lögfræðingar voru ekki sammála. Það var líka sérkennilegt að upplifa hvernig menn vildu ekki taka á því máli. Menn vildu ekki horfast í augu við það og í rauninni lít ég þannig á að það hafi aldrei fengist niðurstaða hvað varðar það mál.

Nú gengur hæstv. fjmrh. í salinn og þá kemst ég ekki hjá því að endurtaka aðeins það sem ég var að segja sem er í hnotskurn það, hæstv. fjmrh., að ég hef verið að lýsa áhyggjum mínum af því að frumvörp, sem koma frá ríkisstjórninni, þá er ég bæði að vísa til þessa frv. sem hér er til umræðu og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, skuli lögð þannig fram að þau brjóta augljóslega í bága við alþjóðasamninga. Ég lít þannig á að þær breytingar, sem hafa verið gerðar á 22. gr. þessa frv. stafi fyrst og fremst af því, nú hristir hæstv. fjmrh. höfuðið og fellur mér þá allur ketill í eld ef hæstv. fjmrh. er þar með að segja að það sé ekki af þeirri ástæðu sem ... (Gripið fram í.) Já, ég taldi að víst og leit þannig á að ástæðan fyrir því að menn eru að breyta 22. gr. þessa frv. sé sú að menn hafi áttað sig á því að það væri verið að svipta heilu stéttarfélögin samningsrétti og verkfallsrétti. (**Fjmrh.:** Alveg út í bláinn.) Alveg út í bláinn, segir hæstv. fjmrh. Þá er málið miklu alvarlegra en ég hafði áttað mig á. Þá þurfa að koma fram skýringar á því hvers vegna var verið að breyta þessari grein því að það er búið að gera þessa breytingu áður en málið var sent þremur ágætum lögmönnum sem fóru í gegnum þetta frv. Þeir skoðuðu því miður aldrei þennan þátt málsins sem ég tel það fullvíst að hafi brotið í bága við mannréttindasáttmála og samþykktir. Ég harma ef það hefur ekki verið ástæðan og hæstv. fjmrh. sé ekki enn þá kominn á það stig að viðurkenna að þarna hafi verið um augljós brot að ræða. Málið verður sífellt alvarlegra.

Hvað sem því líður blasir við okkur að frv. var svo illa unnið og þó að þess séu reyndar einstök dæmi að frumvörpum hafi verið breytt verulega milli 2. og 3. umr. er harla fátítt að gerðar séu svona miklar veigamiklar breytingar á jafnstóru frv. og þessu. Þetta sýnir bara og sannar fyrir mér hvað þetta var illa hugsað og illa unnið frv.

Þrátt fyrir allt sýnir þróunin okkur að umræðan og gagnrýnin hefur sitt að segja. Það rifjast upp fyrir mér að þegar fulltrúar opinberra starfsmanna komu á fund félmn. eitt kvöldið og voru orðnir harla leiðir á því að sífellt væri verið að kalla þá fyrir og þeir spurðu: Til hvers er verið að kalla okkur á kvöldfundi og halda okkur klukkustundum saman þegar ekkert er hlustað á það sem við höfum að segja og ekkert tekið tillit til þess sem við höfum að segja? En þróun þessa máls sýnir þó að það er aðeins hlustað og það er aðeins tekið tillit til þess sem menn segja í einstaka atriðum, aðallega ef menn átta sig á því að þetta stenst ekki. En þrátt fyrir það og ég ætla að koma að því síðar í ræðu minni er auðvitað harla mikið eftir í þessu máli þrátt fyrir þær breytingar sem búið er að gera.

Þetta frv. var sent þremur lögmönnum til umsagnar á milli 2. og 3. umr. og ég held að í rauninni hafi það verið mjög skynsamleg og góð ákvörðun vegna þess að frá þeim komu margvíslegar ábendingar sem staðfestu um sumt þá gagnrýni sem áður hafði fram komið en þeir bentu reyndar á eitt og annað sem okkur hafði yfirsést. Þetta mál allt saman vekur því upp þá spurningu sem hæstv. félmrh. kom reyndar inn á í einni af ræðum sínum um stéttarfélög og vinnudeilur hvort ekki væri nauðsynlegt að koma upp eins konar lagaráði, að Alþingi hefði aðgang að svokölluðu lagaráði, þ.e. að hægt sé að vísa frumvörpum til lögfræðilegrar skoðunar. Þótt allnokkuð sé um lögfræðinga á hinu háa Alþingi er líka mjög mikið vinnuálag hér. Frumvörp eru mjög misjafnlega vel unnin þegar þau koma hingað og þau eru líka mjög misjafnlega unnin í nefndum og stundum koma upp lögfræðileg álitamál sem væri mjög gott að geta vísað til lögfræðinga sem Alþingi væri væntanlega búið að velja og menn væru sæmilega sáttir við. Ég nefni þetta af því að mér finnst að þetta sé mál sem við þurfum verulega að skoða.

Hæstv. félmrh., Páll Pétursson, flutti tillögu um þetta meðan hann var þingmaður á síðasta kjörtímabili og ég held að við ættum í mikilli alvöru að skoða það hvort ekki væri nauðsyn á að koma upp slíku lagaráði þó að við eigum þann möguleika að vísa málum til lögmanna. Í dæmi eins og þessu var t.d. alls ekki um það að ræða að hægt væri að vísa málum til Lagastofnunar háskólans vegna þess að starfsmenn hennar eru einfaldlega aðilar að málinu. Þeir eru

opinberir starfsmenn og þar af leiðandi var ekki hægt að vísa málinu til þeirra.

Ég ætla aðeins að koma inn á þær athugasemdir sem komu fram hjá þessum lögmönnum en þeir bentu á nokkur atriði og hefur reyndar verið tekið tillit til flestra þeirra í breytingartillögum meiri hlutans. Það var fyrst og fremst tvennt sem var verið að skoða eftir að búið var að breyta 22. gr. Það var spurningin um málskotsrétt opinberra starfsmanna og um það hvernig það samrýmdist öðrum lögum og réttarvenjum að taka af þeim réttinn til þess að skjóta máli sínu til yfirmanna eða æðri aðila og að einhverju leyti var brugðist við þessu. Lögmennirnir bentu á að þær reglur sem væri að finna í frv. kæmu ekki heim og saman við þær reglur sem kveðið er á um í stjórnsýslulögum.

Annað stórt atriði var það sem á rætur sínar að rekja til laga frá 1915 þar sem embættismönnum er bannað að hvetja til verkfalla eða taka þátt í verkföllum. Lögmennirnir voru beðnir að skoða sérstaklega hvort þarna væri um óeðlilega heftingu á tjáningarfrelsi að ræða og þeir leiddu rök að því að svo væri. Reyndar skildu þeir greinina á mismunandi vegu en meiri hlutinn hefur ákveðið að breyta greininni. Það var t.d. vakin upp sú spurning hvort það væri verið að takmarka það hvað prestar mættu segja úr ræðustóli þar sem þeir væru í hópi embættismanna. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn ekki að því?) Nei, það voru lögmennirnir sem bentu á það að eins og greinin var orðuð gæti hún hugsanlega falið í sér takmörkun á því hvort prestar mættu t.d. ræða um stöðu kjaramála, verkföll eða annað slíkt í ræðustóli og hefði líklega ýmsum þótt það brjóta í bága við Ágsborgarjátninguna og kirkjuskipan Kristjáns III. að takmarka rétt presta til þess að leggja út af kenningunni hvernig sem þeir gerðu það.

Megingrein þessa frv. er auðvitað 22. gr. þar sem er skilgreint hverjir skuli vera embættismenn. Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að alger bylting hefur orðið á þessari grein. Hún hefur breyst frá því að vera mjög víðtæk yfir í það að vera orðin mjög þröng og enn þá eftir sú spurning: Eru einhver rök fyrir því að skipta opinberum starfsmönnum upp í embættismenn og aðra starfsmenn? En hvað um það, þá eru þarna samt sem áður spurningar um ákveðna hópa og það eru ekki síst prestarnir sem þar eiga í hlut. Málum þeirra er vísað til umfjöllunar þeirra sjálfra og menn skoði hvað á að gera með þá en í rauninni er ég sammála því að það að hafa prestana þarna inni í upptalningunni er auðvitað brot á þeirri reglu sem gengið er út frá sem er sú samkvæmt skilgreiningu alþjóðasáttmála að þessir embættismenn, sem má takmarka samningsrétt og verkfallsrétt hjá, eru fyrst og fremst æðstu stjórnendur ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana og þeir sem sinna öryggisgæslu. Það er skilgreiningin.

Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu sem ég kom inn á í 2. umr. um það hvernig prestar eru komnir í þá stöðu sem þeir eru komnir í. Raunar báðu þeir sjálfir um að komast undir Kjaradóm sem síðan varð kjaranefnd vegna þess hvað þeir voru í sérstakri stöðu sem félagar í BHM og þeir komust að raun um að þeir gátu ekki nýtt sér verkfallsréttinn. Það kom ekki heim og saman við störf þeirra. Í rauninni má einfaldlega leysa málið með því að um presta gildi sérlög og þeir séu áfram undir kjaranefnd. Hægt er að kveða á um það í sérlögum og blanda þeim ekki inn í þetta mál allt saman, sérstaklega þegar þeir þeir benda á það sjálfir að sú regla sem þar er gengið út frá, bæði um fimm ára ráðningu og í rauninni um það að vera ríkisstarfsmaður, kemur ekki heim og saman við þann grundvöll sem þeir starfa eftir sem er Ágsborgarjátningin og kirkjuskipan Kristjáns III eins og ég nefndi áðan. Þetta er allt mjög gamalt og rótgróið og byggir á ákveðnum guðfræðikenningum. Þeir eru í ákveðinni deilu við ríkisvaldið um eignir kirkjunnar og stöðu kirkjunnar og allt það og það á kannski margt eftir að gerast í framtíðinni hvað það varðar. Hugsanlega verður kirkjan skilin frá ríkinu með tíð og tíma eins og menn hafa verið að þróa sig í átt til, t.d. í Svíþjóð. Þetta er afar vandmeðfarið vegna þess að kirkjan lagði inn eignir sínar árið 1907, gerði samning við ríkið um að prestar fengju laun sem fara um ríkissjóð eins og þeir segja, sem koma ekki úr ríkissjóði heldur fara um ríkissjóð, af því að þeir líta svo á að þeir eigi inneign í ríkissjóði. Ég held að langeinfaldast væri að afgreiða málið með þessum hætti að það gildi einfaldlega sérlög um presta.

Annar hópur sem mikið var til umræðu við 2. umr. voru háskólaprófessorarnir. Það virtist vera sem þeim væri upp á líf og dauða að komast í hóp embættismanna og framtíð háskólans byggðist algerlega á því að þeir væru í þessum hópi en meiri hlutinn hefur ákveðið að vísa því máli til framtíðarinnar. Þeir eru ekki taldir hér með enda væri auðvitað afar sérkennilegt ef prófessorar í Háskóla Íslands teldust til embættismanna en ekki prófessorar við Kennaraháskólann eða Háskólann á Akureyri. Það verður að vera einhver heil brú í lögunum. Kvenkennarar við Háskóla Íslands vöktu m.a. athygli á því hvaða áhrif það kynni að hafa ef prófessorarnir yrðu gerðir að embættismönnum með fimm ára ráðningu og annað slíkt, það mundi rjúfa framgangskerfi háskólans og hafa þar veruleg áhrif á stöðu kvenna innan skólans. En þessu máli er einfaldlega vísað til háskólans til frekari skoðunar.

Ég get ekki stillt mig um að nefna það, hæstv. forseti, og sýnir dæmi um vinnubrögðin og fljótaskriftina á þessu öllu saman að þegar breytingartillögurnar voru kynntar í efh.- og viðskn. var þessi upptalning á því hverjir skyldu teljast embættismenn og síðan var ákvæði um það til bráðabirgða um að það skyldi auglýsa öll þessi embætti. Þegar menn fóru að skoða hvað átti að auglýsa kom í ljós að þar var talinn upp umboðsmaður Alþingis, sendiherrar og sendifulltrúar, biskup Íslands og vígslubiskupar og hefði líklega mörgum brugðið við ef sú regla hefði gengið í gildi að það ætti að auglýsa öll þessi embætti því að umboðsmaður Alþingis er kjörinn á Alþingi og biskup Íslands er valinn af prestum landsins og vígslubiskuparnir valdir sérstaklega. Sem betur fer áttuðu menn sig á því að þarna var um fljótaskrift að ræða og hroðvirkni sem hefur lýst sér í öllum þessum vinnubrögðum. Ég sé í þeim breytingartillögum, sem nú liggja fyrir, að þessi grein um auglýsingarnar hefur einfaldlega verið tekin út og þar af leiðandi gildir 7. gr. laganna um auglýsingar á embættum.

Ég ætla sérstaklega að nefna það líka að 47. gr. þar sem kveðið var á um réttindi þeirra sem kjósa að standa utan stéttarfélaga hefur verið breytt enda var henni mótmælt mjög harðlega. Í rauninni var þar um furðulegt mál að ræða þó að vísað væri til laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna og sú skýring gefin að þau mundu duga þá var samt sem áður ákveðið að taka þetta út enda hefði greinin gert málið allt miklu miklu flóknara.

Hæstv. forseti. Ég lagði fram tvær breytingartillögur við frv. sem mér hefur algerlega láðst að mæla fyrir þó ég hafi flutt nokkrar ræður um málið. Ég ætla að gera það núna því að þær koma til atkvæða við 3. umr.

Nú er það svo að ég er afar ósátt við málið og ekki síst vinnubrögðin og það hvernig að þessu hefur verið staðið. Ég

hefði óskað þess að opinberum starfsmönnum hefði gefist kostur á að semja um þessi mál og að frv. hefði verið samið í samráði við þá. Ég ætla ekki að endurtaka allt það sem ég sagði í 2. umr. um starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar eða þá nútímalegu stjórnunarhætti sem þeir þykjast vera að koma á með þessu. Ég rökstuddi mjög rækilega í máli mínu að ég tel það meira í ætt við forneskju og afstöðu þeirra sem valdið hafa en hægt sé að kenna að nokkru leyti við nýja stjórnunarhætti. En ég ákvað að leggja fram tvær breytingartillögur við frv. fyrst og fremst til þess að undirstrika tvö mjög mikilvæg atriði. Það er annars vegar það sem lýtur að fæðingarorlofi. Ég hefði að sjálfsögðu getað tekið veikindaréttinn líka en fæðingarorlofið finnst mér svo mikilvægur réttur og snertir hagsmuni kvenna sérstaklega. Ég vildi vekja sérstaka athygli á því að í stað þess að skilja lagagreinar, sérstaklega 12. gr., eftir svona opna eins og gert er hefði verið nær að festa í lögum þau réttindi sem nú eru til staðar og opna frekar á að auka réttindin en að gera það sem er verið að boða og við vitum að þessi hæstv. ríkisstjórn hugsar sér, þ.e. að jafna réttinn niður á við, að draga úr þeim réttindum sem konur hafa nú. Það er alveg ljóst að m.a. fulltrúar opinberra starfsmanna hafa séð drög að frv. sem við á hinu háa Alþingi höfum ekki séð sem fela það í sér að það verður dregið úr réttindum kvenna. Menn eru mjög jákvæðir og opnir fyrir því að auka rétt feðra en það skal verða á kostnað mæðranna þegar við stöndum frammi fyrir því að fæðingarorlof hér á landi er mun styttra en tíðkast t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna vildi ég leggja fram þessa tillögu um fæðingarorlofið sem kveður á um það að tryggja í lögum þann rétt sem nú er í gildi alveg eins og gert er í almannatryggingalögunum varðandi aðra starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Mér fannst því rétt að vekja sérstaklega athygli á þessu og við þurfum svo sannarlega að halda vöku okkar hvað varðar þetta atriði á næsta ári þegar og ef farið verður að draga fram lögin um fæðingarorlof.

Ég legg einnig til að inn í frv. komi ný grein sem komi á undan 49. gr. frv. Þessi grein mín fjallar um atvinnulýðræði, um það að komið verði upp starfsmannaráði við allar ríkisstofnanir, fulltrúar valdir af starfsmönnum eða það fari fram almenn kosning eða stærstu deildir viðkomandi stofnunar velji fimm manna starfsmannaráð. Það má hugsa sér að það yrði stærra en hlutverk þessa starfsmannaráðs yrði að fylgjast með rekstri stofnunar, meta gæði þjónustu og miðla þekkingu og reynslu innan hennar, standa fyrir innra mati á störfum, fylgjast með starfsmannamálum og standa vörð um rétt starfsmanna, stuðla að símenntun starfsmanna og vinna að auknu jafnrétti, samráði um ákvarðanir er varða stofnunina og lýðræði innan hennar.

Þetta legg ég fram, hæstv. forseti, fyrst og fremst til þess að koma því á framfæri hvað er hinn nýi stjórnunarstíll, í hverju hann felst samkvæmt þeim hagfræðikenningum sem ég hef kynnt mér. Hann felst einmitt í þessu, samráði, samábyrgð, að fólk geti fylgst með stöðunni í fyrirtæki sínu eða stofnun sinni og menn hafi rétt og tækifæri til þess að hafa áhrif og að standa vörð um hagsmuni starfsmanna. Það er hinn nýi stjórnunarstíll. En hvaðan hæstv. fjmrh. hefur sína gamaldags stjórnunarstefnu sem felst fyrst og fremst í því að yfirmenn stofnana skuli deila og drottna hef ég ekki fengið svar við enn þá. Það er langt í frá.

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að umræðu um þetta frv. mun ljúka í dag. Um það hefur verið samið og það er líka alveg ljóst að meiri hlutinn á Alþingi ætlar sér að samþykkja þetta frv. hugsanlega með þessum fjölda breytinga sem hafa verið gerðar á því. Reyndar eru flestar til bóta, ég skal viðurkenna það. (**Gripið fram í:** Ekki allar.) Nei, ekki allar. Eftir sem áður stendur hugmyndafræðin, hugmyndafræði þessa frv. sem felst í því sem ég var að lýsa, yfirmenn og ráðherrar skulu deila og drottna. Þeir geti leyft sér að færa menn til í starfi, breyta starfssviði. Þeir eiga að ákveða aukaþóknanir í launum o.s.frv. Þetta er að mínum dómi ekki góð starfsmannastefna og ekki góðir stjórnunarhættir í opinberum stofnunum.

Bandalag háskólamanna afhenti okkur á nefndarfundi líklega fyrir tveimur dögum eða svo athugasemdir í mörgum liðum um þetta frv. sem sýnir að enn telja ríkisstarfsmenn að frv. sé meingallað. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem var talsmaður meiri hlutans í umræðunni í dag... (**EOK:** Og er.) Og er. Eftir stendur að þessi vinnubrögð boða illt, það er svo rangt að ganga svona fram, að traðka á starfsmönnum og troða upp á fólk lögum og reglum án þess að menn fái að semja um það eins og var gert 1986 þegar menn settu lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá var reynt að semja, það var samið. En þau vinnubrögð að troða upp á stéttarfélögin og vinnumarkaðinn þessum lögum í óþökk allra stéttarfélaga í landinu eru svo óskynsamleg. Hv. þm. hefur reynslu af því að semja á vinnumarkaði og ef ég man rétt var hann einn af höfundum þjóðarsáttarinnar þó reyndar megi kannski ýmislegt gagnrýna í henni og við skulum spyrja að leikslokum hverjir græddu á henni og hverjir ekki. Samt sem áður hljótum við öll að viðurkenna það að hún hafði gífurleg áhrif í þá átt að koma á stöðugleika. Af þessu hefur hv. þm. reynslu, að komast að samkomulagi, koma saman og það ríki sátt um það sem verið er að gera. Þess vegna skil ég ekki að þessi reyndi vinnumarkaðsmaður skuli vera kominn í það hlutverk að mæla fyrir þessum ósköpum og vera talsmaður þess að troða yfir á vinnumarkaðinn, yfir á opinbera starfsmenn, lögum sem þeir eru ósáttir við. Við vitum að þetta mun væntanlega valda kærum og deilum í haust.

Nú skal ég ekki alveg fullyrða hvað verður um kærurnar eftir að búið er að gera þessa breytingu á 22. gr. Eins og ég hef margkomið að var hún að mínum dómi langsamlega alvarlegasta greinin hvað það varðaði hvort hún stæðist alþjóðasáttmála. Það er búið að gera mjög miklar breytingar á henni og ég hygg að hún standist eins og hún er núna. En það kunna að vera önnur atriði í frv. sem stéttarfélög opinberra starfsmanna telja að standist ekki.

Hæstv. forseti. Þegar dregnar eru saman niðurstöður úr þessu öllu saman finnst mér þar vera nokkur atriði sem meginmáli skipta. Það eru í fyrsta lagi vinnubrögðin, þau vinnubrögð ráðuneytisins og ráðuneytanna að leggja fram svona meingölluð frumvörp, illa unnin frumvörp. Það er svo augljóst að þau standast ekki mannréttindasáttmála og þau lögvernduðu réttindi sem stéttarfélögin í landinu búa við. Og ég lýsi furðu minni á því ef hæstv. fjmrh. er ekki búinn að átta sig á þessu enn og ef hann er að skjóta sér á bak við það að breytingarnar á 22. gr. hafi verið af einhverjum öðrum orsökum. Reyndar komu upp ýmis vandkvæði svo sem með háskólann og aðra hópa. En meginatriðið var það að 22. gr. hefði aldrei staðist fyrir dómstólum. Það er sem sagt í fyrsta lagi samning frv. og innihald þess og í öðru lagi vinnubrögðin gagnvart samtökum opinberra starfsmanna sem eru auðvitað algerlega óásættanleg og óskynsamleg. Þetta er svo óskynsamlegt vegna framtíðarinnar.

Síðan er verið að svipta opinbera starfsmenn réttindum, ekki síst þá sem verða ráðnir í framtíðinni. Þar komum við auðvitað að biðlaununum, æviráðningunni og ýmsu því sem hefur verið margnefnt hér. Loks er það hugmyndafræðin sem skín út úr þessu frv., hugmyndafræði valdsins, hugmyndafræði þeirra sem vilja stjórna, hugmyndafræði þeirra sem skilja ekki að góður vinnuandi byggist einmitt á samráði og virðingu fyrir því fólki sem vinnur í stofnunum, að fólk geti haft áhrif á sitt starfsumhverfi og þann starfsanda sem þar ríkir.

Vil ég þá rétt undir lok máls míns rifja það upp hve aðgerðir margra ríkisstjórna hafa haft alvarleg áhrif á vinnuanda í ríkisstofnunum og þá ekki síst í skólakerfinu, t.d. þegar ríkisvaldið hefur tekið þá ákvörðun að vaða yfir starfsmenn sína, svipta þá umsömdum launahækkunum með bráðabirgðalögum og öðrum slíkum aðgerðum. Þetta eru allt saman aðgerðir sem hafa gífurleg áhrif á vinnuanda. Og af því að ég horfi svo stíft á fulltrúa Sjálfstfl. og talsmenn þessa máls langar mig að rifja það upp sem kom fram hjá skólameisturum fyrir u.þ.b. tveimur árum eða svo þegar þeir komu á fund menntmrh. og sögðu: Það er allt þróunarstarf stopp í framhaldsskólunum. Það gerðist einfaldlega eftir þessar aðgerðir þáv. ríkisstjórnar gegn opinberum starfsmönnum, fyrst og fremst gegn félögum í BHMR, að fólk sagði: Ég kem ekki nálægt þessu meir. Hvað er ég að leggja á mig einhverja aukna vinnu og eitthvert þróunarstarf þegar það er traðkað á mér og mínum rétti endalaust? Og það er ekki síst þetta sem skiptir óskaplega miklu máli ef menn ætla að ná þeim markmiðum sem voru upphaflega sett í þessu frv. að ríkið yrði samkeppnishæft um starfsfólk, að ríkið yrði góður vinnuveitandi. Hvernig á fólk að trúa því að ríkið sé góður vinnuveitandi þegar komið er fram með þessum hætti? Og þegar þau lög sem verið er að boða, þær breytingar sem verið er að gera, byggjast allar á valdboði og einhverri geðþóttastjórnun. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Það er nú einu sinni svo að meiri hlutinn hlýtur að ráða, en ég ítreka það að við kvennalistakonur erum mjög ósáttar við allt þetta mál.

Ég lofa að halda ekki fleiri ræður um þetta mál, en ég vil skora á meiri hlutann á hinu háa Alþingi og hæstv. fjmrh. að sjá að sér, draga málið til baka, leita eftir samráði og samningum við opinbera starfsmenn og móta raunverulega nýjan stjórnunarstíl sem mun skila okkar áfram til öflugrar þjónustu ríkisins á þeim sviðum sem ríkið á að sinna þannig að ríkisvaldið fái góða starfsmenn en hreki þá ekki frá sér með offorsi og yfirgangi eins og því miður hefur verið allt of algengt hingað til.

[15:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hef ég hlustað á ræðu hv. þm. í nokkuð langan tíma. (Gripið fram í.) Mér þótti það meira en nógu langt. Ég tók það fram í upphafi að efh.- og viðskn. hefði að beiðni minni hlutans beðið þrjá virta lögmenn um að gefa álit sitt á þessum lögum. Spurningarnar sem voru lagðar fyrir lögmennina voru samdar af minni hluta efh.- og viðskn.

Hér eru svörin. Það þarf bara að lesa þetta. Hér er Andri Árnason, hér er Tryggvi Gunnarsson og hér er Lára V. Júlíusdóttir. Í öllum þessum svörum kemur mjög skýrt fram að þetta frv. brýtur ekki á nokkurn hátt neina alþjóðasáttmála sem Ísland hefur gert, hvorki við Evrópu né Alþjóðavinnumálastofnunina. Það kemur mjög skýrt fram hérna. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir að allir geti lesið sér til um þetta kemur hv. þm. og fjasar hér um það tímunum saman að það hljóti bara að vera eitthvert ruglað fólk sem skilur ekki að það er verið að brjóta alla mögulega alþjóðasáttmála. Tímunum saman er þetta endurtekið æ ofan í æ í þessum ræðustól þótt vitnisburðurinn liggi hér fyrir. Ég veit ekki hvaða nauður rekur svo vænan þingmann sem hv. þm. er til þess að gera þetta. En það er einhver nauður, eitthvað er það sem rekur fólk til að fullyrða hluti sem það ætti að vita að eru rangir. (**SvG:** Hvað ertu að segja?) (**Gripið fram í:** Þetta er rétt.) Ég get ekki krafið fólk um að lesa þetta, en lögmennirnir lásu sjálfir upp úr þessum plöggum fyrir nefndina þannig að þetta liggur alveg ljóst fyrir. Þarna stendur það í þessum þremur lögfræðiálitum sem voru sérstaklega pöntuð af stjórnarandstöðunni, sumar spurningarnar meira að segja samdar af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

[15:14]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi var ég að vekja athygli á því að hér skyldu hafa verið lögð fram frumvörp, meira að segja tvö, sem bæði snerta vinnumarkaðinn sem auðgljóslega brutu í bága við alþjóðasamþykktir eins og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem Lagastofnun staðfesti meinbugi á og síðan þetta frv. hér sem að mínum dómi braut í bága við alþjóðasamþykktir áður en 22. gr. var breytt. Að mínum dómi var það fyrst og fremst hún. Ég var reyndar mikið að velta fyrir mér hvort 36. gr. þessa frv. stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi. Ég spurði lögmennina þrjá sérstaklega um það því að þeir tóku þá grein ekki fyrir í sínum álitum. Þeir töldu reyndar að hún stæðist en bentu á að þeirri grein væri ekki fylgt eftir í þessu frv. Eins og hún kemur fyrir þar er hún ekki í samræmi við það sem stendur í stjórnarskránni. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni er ég ekki viss um að eins og frv. lítur út núna sé grundvöllur fyrir kærum vegna þess að það er búið að breyta þessari grein sem málið snerist fyrst og fremst um, 22. gr. þar sem var verið að svipta heilu stéttarfélögin samningsrétti og verkfallsrétti.

[15:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að þingmaðurinn dregur nú í land. Það hefði verið, hefði því ekki verið breytt. Það er annað en hún sagði í upphafi ræðu sinnar áðan. Svo segist hún hafa verið að tala um allt annað frv. en það sem hér er á dagskrá. Það er svo sem ágætt að vita til þess. En þetta liggur alveg ljóst fyrir. Líka fullyrðingarnar um að verið sé að brjóta hér stjórnarskrána. Hér koma þau svör við því frá þessum þremur lögmönnum að svo sé ekki. Samt er haldið áfram að fjasa þótt það sé að vísu dregið í land og sagt: Jú, það hefði kannski orðið, hefði því ekki verið breytt o.s.frv. Þeir hefðu framið glæp hefðu þeir ekki hætt við að fremja glæp. Þetta er nú meiri syndin sem hefur verið framin.

[15:16]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski engin ástæða til að rekja þetta hér aftur og aftur. En það bréf sem sent var til lögmannanna byggðist fyrst og fremst á frv. eins og það var eftir að 2. umr. var lokið. Síðan eru gerðar á því miklar breytingar. Þeir fengu sendar þær breytingar þannig að þeir fjölluðu aldrei um 22. gr. Þeir hins vegar komust að því að það er verið að þrengja að málfrelsi embættismanna. Það var niðurstaða þeirra allra. Þeir komust að því að málskotsrétturinn er ekki í

samræmi við stjórnsýslulög. Ég fæ ekki betur séð en að meiri hlutinn hafi ákveðið að verða við þeirri gagnrýni. (**EOK:** Við breyttum því.) Ég er að sjálfsögðu ánægð með það. Sem betur fer tekur meiri hlutinn aðeins sönsum. En eftir stendur hvernig unnið var að málinu. Það sem ég gerði að stóru atriði í öllu mínu máli var að við skyldum fá frv. hingað inn sem eru svona illa unnin og sem brjóta augljóslega í báta við alþjóðasáttmála og jafnvel íslensku stjórnarskrána. Og ég spyr enn: Hvernig stendur á því að málin eru svona illa unnin? Hvað á þetta eiginlega að þýða? Vita þeir þetta ekki, þekkja þeir þetta ekki eða er bara verið að reyna að teygja og toga lögin eins langt og hægt er? Þetta eru ekki nógu góð vinnubrögð og að við skulum þurfa að standa hér í þessu endalausa streði til að fá menn til að virða stjórnarskrána og alþjóðasáttmála er auðvitað ekki nógu gott. Ég veit að þetta skilur hv. þm. og hann vill bæta hér vinnubrögð. Ég er alveg viss um að hann hefur áhyggjur af því hvaða afleiðingar þetta frv. og þessi lög sem verið er að knýja í gegn hér á Alþingi muni hafa á vinnumarkaðinn. Hann er það reyndur maður í þeim samskiptum að hann hlýtur að hafa miklar áhyggjur af þessu. (**Gripið fram í:** Bullandi móral.)

[15:18]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég er reiðubúin að bíða með ræðu mína þar til fjmrh. hefur lokið erindum sínum utan þingsalar en að öðrum kosti hef ég mál mitt.

Ég ætla að fá að taka hér til máls, virðulegur forseti, undir liðnum Frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða það frv. sem liggur hér fyrir. Ég geri mér fullljóst að gildandi lög eru rúmlega 40 ára gömul og því tímabært að endurskoða þau. Þetta er hins vegar vandmeðfarið verk og það verður ekki gert nema í fullu samráði og samvinnu við starfsmenn ríkisins og stéttarfélög þeirra. Því miður hefur hæstv. ríkisstjórn ekki borið til þess gæfu. Hún hefur í þessu máli sem öðrum sem snúa að vinnandi stéttum í landinu rúið sig trausti.

Með frv. sem hér liggur fyrir er verið að gera miklar breytingar á efnisatriðum sem tengjast kjarasamningum beint og þannig er þessi ríkisstjórn að breyta þessum kjarasamningum einhliða. Það kemur e.t.v. ekki á óvart í ljósi þess sem á undan er gengið en það eru stór tíðindi þegar samningsréttur er tekinn þannig af fólki með lagaboði í trássi við hefðir og alþjóðlega sáttmála sem stjórnvöld hafa undirgengist og lofað að virða.

Við gerð fjárlaga í vetur voru ellilífeyrisþegar og öryrkjar sviptir samningsrétti um kjör sín og settir hreinlega á föst fjárlög. Verður það næsta sem við sjáum að laun opinberra starfsmanna verða ákveðin hér á hinu háa Alþingi af meiri hluta þess án þess að samningar hafi verið gerðir á milli aðila?

Hvað þetta frv. varðar hefur sem betur fer verið hægt að koma í veg fyrir nokkur af stærstu slysunum sem það hefði leitt til hefði það náð fram að ganga óbreytt. En það er alveg ljóst að það þarf enn að færa ýmis ákvæði frv. til betri vegar og tengja það við þann veruleika sem við búum í.

Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til að staldra við nokkur atriði frv. en ég ætla hér aðeins að gera eitt þeirra að umtalsefni. Það er 38. gr. þessa frv. í VII. kafla sem fjallar um sérstakar skyldur forstöðumanna stofnana. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst."

Herra forseti. Þessar greinar frv. eru svo fullar af mótsögnum að furðu sætir. Auðvitað ber mönnum að virða landslög en það verður að hafa það í huga að fjárlög endurspegla forgangsröðun stjórnvalda á hverjum tíma en taka ekki endilega mið af þeim veruleika sem birtist forstöðumönnum og stjórnendum opinberra stofnana. Þau endurspegla heldur ekki þau markmið og skyldur sem önnur lög leggja á herðar opinberra starfsmanna að sinna. Ég spyr, herra forseti, hvaða lögum ber mönnum að hlíta? Ég vil biðja þá fáu þingmenn sem hér eru í dag að fara í huga sínum yfir þann veruleika sem sjúkrahúsin, öldrunarstofnanirnar og þjónustustofnanir við fatlaða í landinu, búa við. Þeim er skammtað fjármagn í fjárlögum sem hvergi dugar til að mæta þeirri eftirspurn sem er eftir þjónustu þessara aðila. Þessar stofnanir hafa mátt sæta miklum niðurskurði á undanförnum árum og svo virðist sem áframhald verði á því. Ég vil í þessu samhengi minna á umræður um heimili fjölfatlaðra í Reykjavík og fréttir sem birtust okkur í gærkvöldi í fréttum ljósvakamiðlanna um neyðarástand sem er að skapast á sjúkrahúsunum í Reykjavík. Hversu lengi geta opinberir starfsmenn borið ábyrgð á þjónustunni undir þessum kringumstæðum? Vandi þeirra sem starfa á velferðarstofnunum þjóðfélagsins er m.a. sá að menn hafa veigrað sér við að taka þær nauðsynlegu pólitísku ákvarðanir um magn og gæði þeirrar þjónustu sem hverri stofnun er skylt að veita og skýra t.d. með markvissari hætti hvert hlutverk einstakra sjúkrahúsa á að vera. Þar til það verður gert er ég hrædd um að starfsmenn t.d. sjúkrahúsanna eigi erfitt með að horfa fram hjá þeim grundvallarskyldum sem heilbrigðislög leggja þeim á herðar. Að öðrum kosti værum við sennilega að taka upp vinnubrögð sem eru farin að einkenna t.d. breskt heilbrigðiskerfi þar sem fárveikum sjúklingum er vísað frá einu sjúkrahúsi til annars vegna þess að fjárhagsrammi þessara sjúkrastofnana hefur verið tæmdur. Mér vitanlega hafa stjórnvöld ekki komið á neinni forgangsröðun til heilbrigðisþjónustunnar hér á landi þannig að það er ljóst að þar verður úr vöndu að ráða fyrir forstöðumenn sjúkrahúsanna eða annarra velferðarstofnana nái þetta frv. að verða að lögum. Hætt er við að þar blasi við auðn í þeirra röðum nema þá að þeir bregðist þeim lagalegu og siðferðilegu skyldum sem önnur lög leggja þeim á herðar. Hvort ber þeim að lúta skyldum fjárlaga um hallalausan rekstur eða þeim grundvallarskyldum sem önnur lög segja til um svo sem lög um heilbrigðisþjónustu, lög um málefni aldraða eða málefni fatlaðra? Samkvæmt þessum lögum ber opinberum starfsmönnum sem þar starfa t.d. að veita öllum bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma, skapa fötluðum sambærileg lífskjör og aðrir búa við og gera öldruðum kleift að lifa lífinu með reisn.

Herra forseti. Fjmrh. hefur væntanlega svör við þeim siðferðilegu álitamálum sem ég hef varpað hér fram og væri fróðlegt að heyra svör hans við þeim. Ég er næsta viss um að fleiri bíða þeirra en ég. Hefur hæstv. ríkisstjórn í hyggju að breyta stoðum þeirra laga sem ég hef vitnað í hér að framan og e.t.v. einhverjum fleiri lagabálkum sem varða starfsskilyrði og skyldur opinberra starfsmanna? Það væri fróðlegt að fá að vita það. Ég held að ég sé ekki ein um að vita ekki hvernig við eigum að framfylgja þessu ákvæði, verði það ekki gert. Ég held að ég verði að taka undir, herra forseti, orð þeirra sem hér hafa talað á undan mér í dag og hreinlega skora á hæstv. ríkisstjórn að taka þetta frv. aftur til sín og nota sumarið sem fer í hönd til að vinna heimavinnuna sína ögn betur og gera það í fullu samráði við opinbera starfsmenn sjálfa og þeirra stéttarfélög. Það væri meiri reisn yfir slíkum vinnubrögðum.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun síðar í dag taka til máls við þessa umræðu og þá get ég til að mynda vikið að svokallaðri forgangsröðun í heilbrigðismálum og hvernig hún tengist því máli sem hér er á dagskrá. En vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég segja að það er almennt viðurkennt í íslenskum rétti samkvæmt íslenskum lögum að það eru fjárlög og lánsfjárlög sem ráða umfangi starfseminnar. Það eru mjög mörg dæmi um að löggjafarvaldið setur lög þar sem fram koma stefnumið, oft almenn en stundum sértæk. Löggjafarvaldið hefur með þessu verið að móta stefnu sem ætlunin er að fylgja í starfsemi ríkisins. Á hverju ári eru hins vegar samþykkt bæði fjárlög og lánsfjárlög og í þeim lögum er að finna það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Og það er enginn minnsti vafi á því að stjórnendum stofnana sem starfa eftir lögum ber að haga starfseminni innan ramma fjárlaga og þeirra fjárveitinga sem Alþingi, fjárveitingavaldið og löggjafarvaldið, fær þeim í hendur á hverju ári.

Auðvitað er það svo að stundum kunna að vera eðlilegar skýringar á því að farið sé fram úr fjárlögum. Sé það gert með fullri vitneskju og vitund framkvæmdarvaldsins sem ber ávallt ábyrgð á þessum málum, ráðherrar geta ekki skotist undan ábyrgð, er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að meiri hlutinn eða ráðherra tryggi að fram séu lagðar lagabreytingar á þinginu sem tryggi að nægilegt fjármagn fáist jafnvel þótt það sé gert eftir á. Auðvitað er slíkt ávallt vandmeðfarið en ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að það er almennt litið þannig á að fjárlög og lánsfjárlög takmarki fjárhagsleg umsvif stofnana hvað sem líður stefnumiðum í sérstökum lögum.

[15:29]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans. Ég átti reyndar von á að það yrði á þessa lund. Ég vil samt ítreka aftur spurningu mína því mér finnst ég ekki hafa fengið fullnægjandi svör við henni. Ég geri mér grein fyrir því að fjárlög ráða auðvitað þeim fjárhagsramma sem stofnunum eru settar en engu að síður eru í öðrum lögum lagðar á forstöðumenn og stjórnendur mjög miklar skyldur bæði siðferðilegar og lagalegar. Ég spurði: Hefur hæstv. ríkisstjórn í hyggju að breyta stoðum þeirra laga til þess að færa þau til samræmis við þessi nýju lagaákvæði sem skjóta nú upp kollinum í hverju frv. á fætur öðru um að forstöðumenn verði að halda þennan fjárhagsramma ella megi þeir taka pokann sinn og fara heim?

[15:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það eina nýja í þessu frv. sé að það er tekið skýrar til orða um ábyrgð stjórnenda á starfsemi þeirri sem fer fram á viðkomandi stofnunum eða í fyrirtækjum í eigu ríkisins. Það er sá munur eftir að þetta frv. verður að lögum. Ég held að það sé hins vegar alveg skýrt og ljóst og hefur komið fram og reyndar oft verið gagnrýnt að Alþingi setur lög sem síðan eru tekin aftur árlega í lánsfjárlögum og fjárlögum. Þeir sem sitja á Alþingi kannast við svokölluð „þrátt-fyrir"-ákvæði sem oft eru mörg í lánsfjárlögum eða í bandormum sem ríkisstjórnir flytja og hafa gert árum og áratugum saman. Þessir lagabálkar fjalla einungis um það að takmarka lögbundin umsvif með því að marka starfsemi þrengri skorður en almenn lög gera ráð fyrir. Það er ekki nokkur vafi á því að árleg lánsfjárlög og fjárlög ráða í þessum efnum hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Það er hins vegar réttmæt gagnrýni sem fram kemur hjá hv. þm. og hefur oftsinnis komið fram áður á Alþingi að sjálfsagt ætti fjárveitingarvaldið og löggjafarvaldið þegar það setur almenn lög um ýmsa starfsemi að gæta sín á því að hafa lögin ekki með svo háleitum markmiðum að það ofbjóði fjárhagsgetu þjóðarinnar. Það er til umhugsunar.

[Fundarhlé. — 15:33]

[16:25]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er nokkuð sérkennilegt og hefur vakið mikla umræðu fyrst og fremst vegna þess að verið er að breyta ansi mikið réttarstöðu opinberra starfsmanna. Það hefur náttúrlega vakið upp úlfúð og deilur eins og við er að búast. Það er spurning, hæstv. forseti, hvort það væri ekki mikill sómi að því að talsmaður efh.- og viðskn. væri í salnum líka þó við séum nú auðvitað góð sem hér erum þá er það til umhugsunar. Ef forseti vildi kanna það?

(Forseti (GÁ)**:** Á þingmaðurinn við hv. 5. þm. Norðurl. v. Vilhjálm Egilsson?)

Nei, þingmaðurinn á við hv. 3. þm. Vestf., Einar Odd Kristjánsson.

(Forseti (GÁ)**:** Forseti mun gera ráðstafanir.)

Það verður að segja alveg eins og er að frammi fyrir frumvörpum af þessu tagi vakna spurningar um stöðu Alþingis. Hvað er Alþingi? Hvað getur Alþingi gert andspænis málum af því tagi sem hér eru uppi? Við höfum oft talað um það áður að staða Alþingis sé veik og við höfum í sjálfu sér farið yfir það aftur og aftur hvort það mætti ekki gera eitthvað til að bæta stöðu Alþingis, styrkja hana gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þessi hugsun verður sérstaklega áleitin í sambandi við þetta frv. Ég hef satt að segja sjaldan upplifað það eins og í sambandi við þetta frv. Frv. kemur hér inn og hæstv. fjmrh. segir að allt sé í góðu lagi með frv. Svo ég noti nú ekki önnur lýsingarorð um það þá taldi hann þetta alveg boðlegt plagg að öllu leyti. Ég man ekki eftir að hann væri með neina fyrirvara í sínum upphaflegu ræðum um þetta mál og hann varði það mjög fast og ákveðið við fyrstu umræðu málsins. Hann kvartaði t.d. mikið undan því hve langur tími fór í 2. umr. en við 1. umr. taldi hann að það væri allt í lagi þetta mál. Ímyndum okkur nú, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan hefði ekki verið til eða að hún hefði sagt líka: „Málið er í

lagi. Þetta er fínt mál.“ Ímyndum okkur að stjórnarandstaðan og stjórnarflokkarnir reyndar líka hefðu strax tekið undir með hæstv. fjmrh. og sagt: „Það er allt í lagi með þetta mál. Þetta er hið besta mál. Við skulum bara afgreiða málið af því að það er komið fram yfir þann tíma þegar þinginu á að ljúka.“ Það var nú eins gott að það var ekki gert. Erum við ekki sammála um það? Erum við ekki sammála um að Alþingi hafi heldur betur komið í veg fyrir slysin við meðferð málsins? Heldur betur. Það eru náttúrlega alþjóðasáttmálar og stjórnarskráin og guð veit hvað fyrir utan ýmsa aðra þætti sem orka mjög tvímælis, t.d. sambýlið við önnur lög sem ég kem hér að á eftir. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst málsmeðferðin öll vera heldur staðfesting á því að fjmrn. er ekki óskeikult þó það segi það yfirleitt þegar það kemur hér inn með mál, þá er völlurinn á fjmrn. sá að þeir telja sig aldrei þurfa að spyrja nokkurn annan mann, a.m.k. ekki í Stjórnarráðinu og enn síður á Alþingi þegar þar að kemur.

Segjum svo að við hefðum nú látið staðar numið við 2. umr. sem var ekki nema 35 klukkutímar og einhver sú lengsta sem sögur fara af. Fjmrh. kvartaði alveg svakalega undan þessari umræðu og fannst að ræðurnar væru alltaf þær sömu og hann væri alltaf að svara sömu spurningunum. Hann var gasalega leiður á okkur stjórnarandstæðingum í sambandi við þetta mál og pirraður. Samt sem áður lauk 2. umr. og þá fóru hér fram miklar atkvæðagreiðslur og atkvæðaskýringar o.s.frv. Og það var alveg ljóst að meiri hlutinn hafði sitt fram.

Það er margt merkilegt við 2. umr. Eitt var það hvað hún var löng og annað var að það talaði enginn framsóknarmaður, ef einhver saknar þess. Ég sakna þeirra nú yfirleitt aldrei. Ég segi það eins og er í seinni tíð. (**Gripið fram í:** En mannsins með gullhjartað?) En ber er hver að baki nema hann hafi þar góðan forseta, það er svo annað mál. (**Gripið fram í:** Þeir eru enn fjarverandi.) Þeir eru auðvitað enn fjarverandi. Þeir láta ekki sjá sig nema hv. 2. þm. Suðurl., sem lítur í salinn af og til. Og birtist nú einn hér framsóknarmaður og er hann boðinn hjartanlega velkominn.

Segjum nú svo að stjórnarandstaðan hefði látið hér við sitja og bara sagt sem svo: „Ja, úr því að þið hafið meiri hluta til að afgreiða málið, úr því að þið hafið meiri hluta til að klára málið við 2. umr. þá skulum við bara hætta þessu.“ En stjórnarandstaðan gerði það ekki. Málið var aftur tekið til nefndar og þar fékk stjórnarandstaðan því komið til leiðar við verulega ólund meiri hlutans í nefndinni að fengnir yrðu þrír lögfræðingar til að líta á frv. Það eru plögg sem við erum með fyrir framan okkur. Þökk sé stjórnarandstöðunni og þessum ágætu lögfræðingum. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að það er fullt af vitleysum í frv. enn þá, fullt af vitleysum og meira að segja meiri hlutinn neyðist til að flytja 19 breytingartillögum sem ég kem svo að aðeins á eftir. (**Gripið fram í:** 16.) Já, ég bið þingmenn afsökunar. 16 við þessa umræðu og 19 við þá fyrri.

Þegar við breyttum þingsköpunum vorið 1991 þá var það þannig eins og menn kannski muna að Alþingi var í tveimur málstofum. Það voru þrjár umræður um þingmál í hvorri deild. Það voru þrjár umræður hér í neðri deild og þrjár umræður í efri deild. Og nefndameðferð alltaf á milli. Við vorum margir þeirrar skoðunar að það væri gott að breyta þinginu í eina málstofu. Ég segi fyrir mig að eins og t.d. í mannanafnalögum reyndist ég vera með þeim íhaldssamari þannig að ég vildi fara varlega í þessu máli. En niðurstaðan var nú samt sú að það var ákveðið að skella þinginu saman í eina málstofu og það þótti einhver óskapleg framför allt í einu. En við höfðum áhyggjur af því að meðferð mála yrði lakari í þinginu við það að gera það að einni málstofu. (**Gripið fram í:** Hvaða frv. er hann að tala um?) Frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna vegna þess að það er tilefni til þess nákvæmlega af því að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson heiðrar okkur með nærveru sinni, hv. 11. þm. Reykv. Hann er framsóknarmaður sá sem ég nefndi. Það er nefnilega út af þessu máli. Það hefur þurft að breyta því svo mikið. Það reynist hafa verið svo mikið af vitleysum í því í upphafi að það hefur þurft að breyta því aftur og aftur. Í því tilefni er ég að velta fyrir mér stöðu Alþingis. Hvaða stöðu hefur Alþingi í raun og veru í málum af þessu tagi? Í danska þinginu er það t.d. þannig að þar er ein málstofa líka og þar eru þrjár umræður. En þar fer málið lögmálsbundið alltaf til nefnda á milli 1. og 2. umr. og milli 2. og 3. umr. Hér er það ekki þannig. Það er undantekning að mál fari til nefndar á milli 2. og 3. umr.

Niðurstaðan er sem sagt sú að þegar við breyttum þingsköpunum vorið 1991 þá veltum við því fyrir okkur að hafa 4. umr. í undantekningartilvikum þegar þannig stendur á að mál þurfi alveg sérstaklega ítarlega meðferð. Við ræddum þetta talsvert mikið og niðurstaða okkar var sú að hætta við þetta aðallega vegna þess að við treystum okkur ekki til að finna aðferð til að flokka mál í þriggja umræðu mál og fjögurra umræðu mál fyrir fram. En ég segi eins og er, hæstv. forseti, að við meðferðina á þessu máli hér þá hefur mér komið í hug að við hefðum betur verið með fjórar umræður þegar um er að ræða afbrigðilega flókin og þung mál eins og það sem hér liggur fyrir. Eins og menn taka eftir þá er það stöðugt að batna. Fyrst voru það 19 brtt. og svo eru það 16 o.s.frv., þannig að það getur vel verið að það hefði batnað enn meira ef það hefði farið í nefnd á milli 3. og 4. umr., þetta mál. Þetta segi ég líka til að biðja fjmrn. um að sýna Alþingi pínulega meiri lipurð. Mér finnst fjmrn. vera dálítið vont við Alþingi stundum. Mér finnst fjmrn. koma fram við Alþingi eins og Alþingi eigi bara að stimpla það sem fjmrn. sýnist. Mér finnst fjmrn. frekara við Alþingi en önnur ráðuneyti. Ég segi það alveg eins og eru. Ég er ekkert að segja að það hafi versnað í tíð núv. hæstv. fjmrh. Þetta hefur lengi loðað við. En það hefur ekki lagast, svo mikið er víst. Hann hefur a.m.k. ekki lagast eftir því sem hann hefur verið lengur í embætti. Mér sýnist honum heldur hafa farið aftur að því er varðar virðingu fyrir Alþingi eftir því sem hann er búinn að sitja lengur þarna uppi í fjmrn. Það er einhver baktería þar sem heltekur hann og virðist versna eftir því sem lengri tími líður. (**Gripið fram í:** Ólafur fékk hana þar.) Veruleikinn er sem sagt sá að vandi Alþingis andspænis þessu er mjög alvarlegur og ég bið menn að taka þessar ábendingar í fullri alvöru af því að þær eru alvöruefni. Maður sér það á þessu máli, nákvæmlega þessu máli, hvað það var illa undirbúið, hvað fjmrn. skaust þó skýrir séu þar, þegar málið var undirbúið af því að það hefur komið í ljós að það hefur þurft að breyta því alveg endalaust út og suður.

Hæstv. forseti. Ég segi það eins og er að ég tel ástæðu til að lýsa því yfir að mér finnst að þetta mál sé tilefni til þess, sérstakt og sjálfstætt tilefni til að endurskoða þetta ákvæði þingskapanna. Þannig að það verði a.m.k. tryggt að mál fari alltaf til nefndar milli 2. og 3. umr., alltaf. Og í öðru lagi veltir maður því fyrir sér hvort hægt er að tryggja í tilteknum málum — eftir nánari skilgreiningu sem ég út af fyrir sig

veit ekki enn þá hver ætti að vera — hvort hægt er að tryggja tilteknum málum enn þá vandaðri meðferð en gengur og gerist. Staðreyndin er sú að þegar við bjuggum við tveggja deilda kerfið fengu málin vandaðri meðferð. Það get ég alveg fullyrt af reynslu. Ég fullyrði það af reynslu minni að mál fengu betri meðferð þegar tveggja deilda kerfið var af því að þá var svona pínulítill samanburður á milli deilda. Efri deild sagði: „Við förum nú ekki að afgreiða eða stimpla það sem kemur frá neðri deild. Við skulum skoða málið vel hjá okkur.“ Eins var það þegar neðrideildarmenn fengu mál úr efri deild. Enda kemur það á daginn, hæstv. forseti, að aftur og aftur er verið að gera alls konar villur í lagasetningu. Það líður ekki svo, ja mér liggur við að segja þing, að það sé ekki ... (Gripið fram í.) Já miklu oftar, ég segi það. Ræðumaður er nú varkár eins og hæstv. ráðherra þekkir. Það líður ekki svo þing að það komi ekki fyrir að það séu beinar villur í málum. Það liggur núna fyrir frv. t.d. frá ríkisstjórninni sem hefur verið fjallað um í iðnn. þar sem verið er að leiðrétta villu sem fannst í máli sem var gert að lögum fyrir nokkrum dögum. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi sem hafa ekki fengið neitt númer af því að það er ekki búið að gefa þau út í Stjórnartíðindum. Það er því verið að leiðrétta afgreiðslu á þingmáli sem var afgreitt fyrir viku eða tíu dögum. Það er auðvitað okkur að kenna að hafa ekki farið nógu vel yfir málið. Á fyrstu árum okkar hæstv. fjmrh. í þessari stofnun var það þannig að mál voru gjarnan lesin í þaula í þingnefndum. Ég hygg að það sé alveg (**Gripið fram í:** Það var góð regla.) liðin tíð. En ég held að það sé góð regla. Allt þetta hvetur mig því til að hugleiða að það þurfi að setja frekari öryggisventla í þingsköpin af því að það er ekki nægilega tryggt að mál fái nægilega vandaða afgreiðslu.

Í annan stað vil ég síðan víkja aðeins að hinum almennu þáttum þessa máls. Meiri hluti efh.- og viðskn. viðurkennir í tveimur nefndarálitum að málið sé illa unnið. Ég þakka meiri hlutanum fyrir það. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og öðrum í meiri hlutanum fyrir að viðurkenna að málið er illa unnið með því að flytja milli 30 og 40 breytingartillögur. Ég tel að það sé virðingarvert að þessir þingmenn í meiri hlutanum skuli ekki hafa látið fjmrn. kúga sig alveg heldur hafa þeir ákveðið að standa að því að flytja eina og eina breytingartillögu. Að vísu veit ég ... (**Gripið fram í:** Það var heilmikil gagn í minni hlutanum líka.) Já, það kemur fyrir. Ég ætla að fara aðeins yfir það á eftir að það er oft mjög mikið gagn í minni hlutanum. (**Fjmrh.:** Og fjmrn. samdi allar breytingartillögurnar.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég bið þingmenn að trufla ekki hv. ræðumann.)

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að gagnrýna hæstv. forseta fyrir það að mótmæla þessu frammíkalli. Ég tel að þetta hefi verið efnislegt og mjög þýðingarmikið frammíkall. Mjög þýðingarmikið. Tóku menn ekki eftir því hvað hæstv. fjmrh. sagði? (**Gripið fram í:** Nei, hvað sagði hann?) Hann sagði: „Fjmrn. samdi allar breytingartillögurnar.“ (**Gripið fram í:** Það er nefnilega það.) Fjmrn. samþykkti allar breytingartillögurnar og þetta sagði hann þegar ég var að reyna að þakka meiri hluta efh.- og viðskn. fyrir hvað menn væru víðsýnir og réttsýnir þar. (**Gripið fram í:** Samþykkti.) (**EOK:** Hann samþykkti og þið eruð nú góð líka.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í þingsal.)

Niðurstaðan er sú að fjmrn. sem flytur sjálft frv. flytur fyrst 19 breytingartillögur og svo 16. Þegar ég leyfi mér sem talsmaður stjórnarandstöðunnar og partur af henni í allri hógværð að þakka meiri hlutanum fyrir góða vinnu þá bara sleppir fjmrh. sér í stólnum og segir fjmrn. vann allar breytingartillögurnar. Það verður bið á því að maður fari að þakka mönnum fyrir sjálfstæða hugsun í meiri hluta þingnefndanna þegar fjmrh. slær á puttana á þeim með þessum hætti.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal lét það líka koma hér fram að það hefði oft verið gagn í minni hlutanum. (**Gripið fram í:** Bara heilmikið.) Það er nefnilega mjög athyglisvert að hann skuli vera búinn að uppgötva það. Það er lýðræðið. Það er dálítið sniðugt að hann skuli vera búinn að finna það út, hv. 16. þm. Reykv. að það geti verið gagn í minni hlutanum. (Gripið fram í.) Hann segist hafa vitað það bara alltaf, (**PHB:** Alla tíð.) en er greinilega að hnykkja á þessu alveg sérstaklega undir ræðu minni vegna þess að hann telur að þetta sé umhugsunarefni. (**PHB:** Vegna þess að hv. þm. var að eigna okkur allan heiðurinn.) Það var nú ótímabært vegna þess að fjmrn. átti allan heiðurinn. En það er athyglisvert að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli telja ástæðu til að tjá sig alveg sérstaklega um það að minni hlutinn geri stundum gagn. Það sýnir hina þroskuðu lýðræðislegu hugsun hjá Sjálfstæðisflokknum í þessum málum. Ég tek undir það að minni hlutinn gerir oft gagn. Ég tek undir það. Mér finnst að meiri hlutinn í Sjálfstfl. hafi hins vegar mjög oft farið mjög illa með hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann er yfirleitt alltaf í minni hluta og það er eiginlega búið að berja úr honum svo að segja allt líf á þessu eina þingi sem hann hefur setið. Hann þorir ekki að halda fram einu einasta máli og guggnar á öllum frv. sem hann flytur. (**PHB:** Ég hef bara ekki fundið fyrir höggum.) Þannig að hv. þm. Pétur H. Blöndal er talandi sönnun þess að minni hlutinn getur oft verið góður, sértaklega ef hann fær að njóta sín. En hann fær aldrei að njóta sín, hv. þm. (**EOK:** Þetta er ekki rétt hjá þér.) Þannig að það er dapurlegt. (**EOK:** Hann er sprelllifandi.) Það er dapurlegt, hv. þm. Hann flytur hér alls konar þjóðþrifamál út og suður og með öllum þingmönnum Sjálfstfl., a.m.k. í einu málinu en fær ekki að gera það að lögum. Honum er bannað það. Það er ofboðslegt að vera minni hluti í Sjálfstfl. Það er kannski það sem hv. þm. er að reyna að tjá sig um hér veikum mætti í frammíköllum, fram í fyrir mér. Ég hef aldrei prófað að vera minni hluti í Sjálfstfl. en ég vildi ekki verða það ef maður lenti í (**EOK:** Við vitum það.) öðrum eins hremmingum og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann á alla mína samúð.

Varðandi hin almennu atriði málsins þá var ég fyrst búinn að víkja að því að meðferðin sýndi það að hin þinglega meðferð hefði verið rétt og óhjákvæmileg. Fjmrn. viðurkenndi það sjálft aftur og aftur og þingið verður að breyta þessu með 35 breytingartillögum að lokum. Það er út af fyrir sig mikilvægt að ná því fram og það er náttúrlega kostur þingræðisins.

Annað atriði sem ég vil segja almennt um þetta mál og ég hef miklar áhyggjur af snertir líka frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og kemur fram í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. Það er mjög alvarlegt atriði að svo geti farið að vinnubrögðin við frágang á þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar spilli stórkostlega fyrir samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Eins og segir í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn., með leyfi forseta:

„Einnig er fyllsta ástæða til að óttast að sá ófriður, sem af hálfu ríkisstjórnarinnar er efnt til í þjóðfélaginu, geti haft alvarleg áhrif til hins verra á efnahagslegan stöðugleika, skapað óvissu og sett verðbólgu af stað á nýjan leik. Ábyrgð

ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi er mikil því að hún, og hún ein, ber hina pólitísku ábyrgð á því að svona er komið."

Þetta er mjög mikið umhugsunarefni, hæstv. forseti. Sérstaklega finnst mér við hafa verið minnt mjög rækilega á það þegar hv. 3. þm. Vestf. var talsmaður meiri hluta nefndarinnar. (**EOK:** Og er enn.) Já, í þessu máli.

Þannig háttar til að verðbólga var stærsta efnahagslega þjóðfélagsvandamál Íslands um áratuga skeið. Í raun og veru tókst ekki að neinu marki að taka á því máli fyrr en með svokallaðri þjóðarsátt á sinni tíð. Það er augljóst mál að í þeirri þjóðarsátt var það tiltekinn hópur manna og það aðallega launamennirnir í þjóðfélaginu sem gáfu nokkuð eftir af sínum hlut, þótt auðvitað megi segja að þeirra hlutur hefði orðið enn þá lakari ef verðbólgan hefði haldið áfram eins og hún var. Þess vegna var það að mínu mati réttlætanlegt, að ekki sé meira sagt, að standa að þessari þjóðarsátt sem aðili að ríkisstjórn á þeim tíma. Ég tel fulla ástæðu til að vekja athygli á því hér að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson átti mikinn hlut að því máli, svo ekki sé fastara að orði kveðið. Ég hygg reyndar að engir einstakir forustumenn atvinnurekenda hafi í raun og veru lagt eins mikið í það púkk. Með hverju? Ekki með sínum eigin kraftaverkalækningum heldur fyrst og fremst með því að hafa komið á óvenjulega góðri samstöðu með forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Ég hygg að ég sé ekki að gleyma neinum í sjálfu sér af síðari tíma forustumönnum Vinnuveitendasambandsins þó ég segi að fáir hafi í raun og veru náð eins sterkri samvinnu við einstaka forustumenn t.d. Alþýðusambands Íslands eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði á sinni tíð. Hann á þakkir skildar fyrir það. Síðan tók öll þjóðin tók á í þessu efni og hún er að því enn þá. Enn ríkir víðtæk almenn sátt um það að verðbólgan má undir engum kringumstæðum fara af stað aftur með þeim hætti sem áður var. Við höfum verið að gera ýmislegt í þjóðfélaginu á undanförnum árum til að koma í veg fyrir að þau ósköp endurtaki sig og þar má segja að allir hafi lagt sitt af mörkum. En mín skoðun er sú að launasumman í þjóðfélaginu hafi minnkað í raun og veru meira en það sem aðrir hafa í sinn hlut til að tryggja þessa þjóðarsátt í verki, til að tryggja það að verbólgan fari ekki af stað aftur.

Af hverju er ég að nefna þetta hér, hæstv. forseti? Það er vegna þess að ég óttast að þau verk sem menn voru að vinna hér fyrir nokkrum árum, fyrir hálfum til heilum áratug, til að ná þessari verðbólgu niður, þær fórnir sem launastéttin í landinu lagði á sig til að ná verðbólgunni niður, reynist vera til lítils ef svo fer að allt logar hér í ófriði vegna þess hvernig ríkisstjórnin hagar sér í þessu máli.

Það var oft sagt hér og meira að segja í leiðara Morgunblaðsins um fyrrv. hæstv. heilbrrh. að hann væri eins og fíll í postulínsbúð. Ég veit ekki hvaða samlíkingu á að nota um hæstv. ríkisstjórn í sambandi við friðinn við stéttarsamtökin. Það er eins og þeir vilji gera allt vitlaust. Það er eins og þeir vilji storka. Þá langi til að hafa ófrið. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi. Það er eins og forustumenn ríkisstjórnarinnar séu uppteknir af því að koma eins illu af stað og þeir hafa hugmyndaflug til. (**KÁ:** Þeir eru eins og fótboltabullurnar í Bretlandi.) Þeir eru eins og fótboltabullurnar í Bretlandi, bendir hv. þm. á. Það er kannski nokkuð til í því. (**KÁ:** Þeir æsa til illinda.) Þeir æsa til illinda. Ekki skal ég um það segja en alla vega verð ég að segja alveg eins og er að mig skortir hugmyndaflug til að finna hæfilegan jarðneskan samjöfnuð við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli af því að ég horfi nú á hv. þm. Hjálmar Jónsson. (**Gripið fram í:** Ræðumaður ætti að fá bjartsýnisverðlaun Brøstes.) Mundi hv. þm. vilja útskýra það aðeins nánar? Mér finnst þetta út af fyrir sig góð hugmynd.

(**Forseti** (GÁ)**:** Maðurinn er ekki í ræðustól, hv. þm.)

Nei, en þingmaðurinn ávarpaði mig. Forseti hefur engan hemil á framsóknarmönnum hér í salnum. Það er greinilegt. En þetta er góð hugmynd að veita mér bjartsýnisverðlaun Brøstes. Ég vissi ekki að Framsfl. hefði það á stefnuskrá sinni. Mér þykir vænt um að heyra það. Ég ræði það þá við þingmanninn ef ég má, hæstv. forseti, utan salar, utan ræðustóls. Ég mun fara yfir þetta með bjartsýnisverðlaun Brøstes, sem mér þykir fín hugmynd. En veruleikinn er sem sagt sá, hæstv. forseti, í sambandi við þessi mál að það er eins og það sé verið að koma illu af stað vísvitandi. Ég er alveg sannfærður um að ef þessi mál hefðu verið rædd skipulega hefði náðst niðurstaða. Hv. þm. Ögmundur Jónasson rakti það t.d. mjög rækilega hvernig hann gæti séð fyrir sér þetta framtíðarland við umræðuna um stéttarfélög og vinnudeilur hér um daginn. Mér fannst það satt að segja mjög merkilegt þegar hann, sem jafnframt er forustumaður í stéttarsamtökum, setti málin upp með þeim hætti sem hann gerði. Ég hef tekið eftir því sem forustumenn Alþýðusambands Íslands segja um þessi mál. Þeir segjast vilja fara í viðræður. En ríkisstjórnin tekur ekkert mark á þeim. Þegar forseti Alþýðusambandsins segir hér fyrir utan að það yrði stórslys að afgreiða þessi mál þá tekur ríkisstjórnin ekkert mark á því. Þegar það eru þúsundir á útifundi þá sér Páll Pétursson, hv. félmrh. tvo þrjá menn. Það er alveg ótrúleg blinda. Og svo gerir hann skoðanakönnun um það hvort hann sé ekki örugglega besti félmrh. í heimi og leggur spurninguna fyrir sjálfur þannig að útkomann verði örugglega fín. Nei, hæstv. forseti, í alvöru talað þá held ég að það sé mikið umhugsunarefni hvort ríkisstjórnin er að stofna í voða þeim mikla ávinningi sem náðist, m.a. með aðild manna eins og hv. 3. þm. Vestf., fyrir fáeinum árum. Ég vona að svo verði ekki en það er ástæða til að taka undir aðvörunarorð í nál. minni hlutans um það mál.

Ég vil einnig, hæstv. forseti, varðandi almenn atriði í þriðja lagi vekja sérstaka athygli á þeim breytingum sem verið er að gera hér á frv. við 3. umr. Það eru verulega miklar breytingar. Út af fyrir sig er ástæða til að þakka fyrir það, ef maður má það, að þær skuli hafa verið gerðar. Það er vissulega í áttina. Frv. er, ef að lögum verður, mikið skárra en það var í upphafi, það er alveg ljóst. Veruleikinn er engu að síður sá að það er aðkoman að málinu, það er framkoman við stéttarsamtökin sem hér er fyrst og fremst gagnrýniverð, ekki einstakar tillögur. Það er lítilsvirðingin við verkalýðshreyfinguna sem kemur hér fram af hálfu Sjálfstfl. og Framsfl. sem hefur nú tekið að sér að hjálpa íhaldinu við að stjórna landinu. Það er lítilsvirðingin í garð verkalýðshreyfingarinnar sem er alveg ótrúleg, hæstv. forseti.

Ég held að það væri full ástæða til að vekja aðeins athygli á því, herra forseti, hvernig þessu er komið, þessu plaggi sem er þskj. 973. Hafa menn lesið það í seinni tíð? Það er ekki beint „fortidsminner", það er nútímaskjal. Það er frá hæstv. ríkisstjórn, frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég fór að skoða þetta hér í dag og það stendur í stuttu máli ekki steinn yfir steini í þessu plaggi. Það er í fyrsta lagi 2. gr. Þar voru breytingar við 1. umr. og þar eru enn breytingar við 2. umr. Það voru atriði sem menn kalla kannski smáatriði í þeirri umræðu um að taka það fram að lögin taki til hæstaréttardómara. Í seinni umræðunni er svo

breytt lítillega orðalagi á þeirri grein. Síðan kemur 5. gr. Þar var í fyrri umræðunni ákveðið að breyta tilteknum atriðum sem skipta máli. Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf og hvort skipað skuli eða ráða í starfið. Þetta er ekkert lítið mál. Þetta er tekið út úr hinu fullkomna frv. frá hæstv. fjmrh. Svo kom 7. gr., sem var greinin um minni háttar skrifstofustörf. Það var ekki lítil breyting sem þar var gerð. Síðan kom 9. gr. Á henni hefur verið gerð breyting bæði við 2. og 3. umr. málsins og yrði örugglega gert líka við 4. umr. ef hún færi fram. Þar er um að ræða veigamikil atriði sem þurfti að breyta. Núna hljóðar greinin allt öðruvísi en í upphafi því henni var breytt verulega við 2. umr. málsins vegna þess að menn sáu að eins og 9. gr. leit út var ekki hægt að láta hana standa óbreytta þó eftir standi spurningin sem við höfum verið að spyrja í öllum þessum umræðum: Hvar eru reglurnar? Eru reglurnar komnar? Í þessu skjali er gert ráð fyrir því að forstöðumenn stofnana geti umbunað fólki og fjmrh. setji reglur um málið. Eru reglurnar komnar? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hér úr þessum stól: Hvar eru reglurnar? Út með reglurnar. Ráðherrann á að sýna okkur reglurnar. Það er ekki hægt að ljúka þessu máli öðruvísi en hann sýni spilin. Síðan var 10. og 11. gr. breytt og 13. gr. breytt verulega. (**KE:** 12. gr. hefði þurft að breyta.) 12. gr. hefði þurft að breyta já, um veikindaforföll og fæðingarorlof. 13. gr. var breytt. Þar var þessi makalausa setning sem er af minni háttar ættinni. Það er minni háttar hugmyndafræðin sem er í fjmrn. Það var ein af minni háttar hugmyndafræðinni, fyrri málsgrein 13. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt ákvörðun forstöðumanns stofnunar enda verði slíku viðkomið að skaðlausu."

Þetta er úr minni háttar hugmyndafræðinni. (**KÁ:** Þetta eru nýju stjórnunarhættirnir.) Þetta eru nýsjálensku stjórnunarhættirnir sem hér á að fara að innleiða. Þessu var auðvitað breytt vegna þess að menn sáu að orðalagið dugði ekki einu sinni. Þeir vilja auðvitað halda meiningunni en orðalagið dugði ekki eins og það var. Þær eru líka af þessari minni háttar hugmyndafræði breytingarnar sem menn urðu að gera á fleiri greinum. Það varð að gera breytingu á 21. gr. Það varð að gera tvær atlögur að 22. gr. sem ég kem aðeins að hér á eftir í sambandi við prestana. Ég ætla að ræða það lauslega hér á eftir. Það varð að gera breytingu á 23. gr., að vísu bara einu sinni. Og það varð að gera breytingar á 26.–30. gr. og 34., 35., 37., 39.–41. gr., 44. gr., 46. gr. og 47. gr.

Þetta er rifjað upp upp á hið sögulega samhengi. Þarna sjá menn hvernig sköpunarverk fjmrn. lítur út þegar búið er að fara með það í gegnum eðlilega lágmarkssnyrtingu hér í þessari stofnun. Og þyrfti meira til því flestir eru sammála um að þetta sé illa unnið mál. En það á að misbjóða Alþingi með því að keyra þetta í gegn. Ég segi misbjóða, ég segi það. Venjan er sú að þegar farið er að taka hér á stærstu málum þá liggja þau fyrir þinginu jafnvel eitt eða tvö þing. En það er ekki gert hér þó um sé að ræða í raun og veru stjórnarskrá verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. (**KÁ:** Það er nú eiginlega liðin tíð.) Það kemur þó enn fyrir, þótt vissulega sé það vandi, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir bendir á, að það verður sífellt meira um það að mál eru knúin fram hér í stofnuninni. Alls konar flóknir og mjög þungir lagabálkar eru knúnir fram til afgreiðslu. Jafnvel þótt sáralítið liggi á þeim eru þeir knúnir fram til afgreiðslu og niðurstaðan verður sú að Alþingi vinnur illa. Að nokkru leyti stafar þetta af því að við höfum því miður búið hér við hefð meiri hluta stjórna, en í grannlöndum okkar eru menn vanir því að búa við minni hluta stjórnir eins og t.d. Danir. Þar vinnur þingið lýðræðislega og þingræðislega og menn semja sig í gegnum mál. Hér tíðkast það ekki. Hér eru menn barðir í hausinn með meiri hluta sleggjunni hvað sem tautar og raular.

Það var vissulega mikill ávinningur að því að menn skyldu breyta 47. gr. 51. gr. var líka breytt, 55., 56. og ákvæði til bráðabirgða tvisvar og 56. gr. reyndar líka tvisvar. Auðvitað er alveg ljóst að þetta eru engin vinnubrögð.

Það var gaman hér í fyrra þegar komu margir nýir menn inn í þessa stofnun með blik í auga og ætluðu sér að breyta þjóðfélaginu, sannfærðir um að þeir gætu látið margt gott af sér leiða í þessari stofnun. En það hefur verið næsta dapurlegt, hæstv. forseti, að horfa á þetta blik kulna hægt og hægt. Í raun og veru er það svo núna að manni dettur oft á tíðum helst í hug að hér séu saman komnar við atkvæðagreiðslur atkvæðavélar en ekki menn. (**Gripið fram í:** Atkvæðafénaður.) Einmitt. Atkvæðafénaður eða atkvæðabúpeningur er það stundum kallað. Danir nota orðið stemmekvæg sem er mjög erfitt að þýða á íslensku, þ.e. atkvæðabúpeningur sem kemur og greiðir atkvæði, stundum gjörsamlega óvitandi um hvað verið er að gera. Ég velti því fyrir mér stundum eftir mál eins og þetta hvort þessir nýju og ungu þingmenn séu þannig á sig komnir og illa farið með þá í sínum flokkum. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kvartaði um áðan yfir meðferðinni í Sjálfstfl., að það væri erfitt að vera minni hluti. Er það virkilega þannig að þessir menn séu alveg hættir að reisa sig og hafa sjálfstæðar skoðanir á nokkrum sköpuðum hlut? Menn sem eru þekktir fyrir að vinna hina stærstu sigra sem hugsast getur. Einn kveður niður verðbólgudrauginn, annar veður yfir Grænlandsjökul, en þegar kemur að því að koma fyrir málum í þessari stofnun þá leka menn niður eins og börn. Það er ótrúlegt, hæstv. forseti. Blikið kólnar á örstuttum tíma og ekkert verður eftir af því sem heitir hugsjónir, eldur, kraftur, neisti, vilji. Í stað þess mætir „stemmekvæget". Þetta er ekki gott, herra forseti, fyrir Alþingi Íslendinga. Sérstaklega er það slæmt fyrir þetta góða fólk. Af hverju eru menn að láta hæstv. fjmrh. berja sig til hlýðni eins og hér er gert? Hann kemur með eina vitleysuna í dag og svo 19 breytingartillögur við það á morgun og menn segja: Já, já. Já, hæstv. fjmrh. Svo kemur hann með 16 breytingartillögur hinn daginn og þá segja menn: Já, hæstv. fjmrh. Já, takk. Góðan daginn. Amen og halelúja, búinn heilagur. Það tístir ekki einu sinni að sjá í þessum þingmönnum stjórnarflokkanna. Það er auðvitað nokkurt umhugsunarefni hvernig komið er fyrir Alþingi Íslendinga vegna þess að hér eiga menn að vera bundnir — af hverju? Samvisku sinni. Samvisku sinni, samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég viðurkenni að vísu að það örlaði á því hjá hv. 2. þm. Suðurl. Það örlaði á því að hann hefði eitthvað um þessi mál að segja annað en það sem kemur fram samkvæmt forskriftinni þegar stjórnarherrarnir leggja fram fyrirskipanir sínar í stjórnarflokkunum. Það er full ástæða til þess, hæstv. forseti, í sambandi við þetta mál og það er í raun og veru aðalerindi mitt í ræðustólinn að þessu sinni að vekja athygli á þeirri lítilsvirðingu sem Alþingi er sýnt. Það er verið að misbjóða Alþingi, breyta því í stimpilpúða fyrir ríkisstjórnina og ástunda þannig vinnubrögð að þjóðarsáttinni miklu er stefnt í voða. Henni er stefnt í voða ef ekki verður betur á málum haldið.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, vekja athygli á því að eins og þessar breytingartillögur horfa núna er gert ráð fyrir að prestar og prófastar þjóðkirkjunnar verði teknir inn í 22.

gr. frv. og að um þá gildi fimm ára ráðningarregla. Ég hef tekið eftir því í seinni tíð, einkum þegar það hefur blásið dálítið óhagstæður vindur gegn kirkjunni, að menn gera fremur lítið með það sem frá henni kemur. Ég hef tekið eftir því að menn taka greinagerðum formanns Prestafélags Íslands sem skemmtiefni en ekki sem alvarlegum veruleika. Það sem formaður Prestafélags Íslands er að segja er hvað? Hann er að segja að með því að prestarnir eru settir hér inn í tímabundnu fimm ára ráðningarregluna þá er það íhlutun í málefni kirkjunnar sem sjálfstæðrar þjóðkirkju. Það er munur á þjóðkirkju og ríkiskirkju en það skilur ekki fjmrn. Þessi íhlutun í málefni kirkjunnar er algjörlega fráleit, a.m.k. ætti hún að vera það frá sjónarmiði þeirra sem hafa einhverja lágmarksþekkingu á þeim texta sem þjóðkirkjan byggir sitt starf á. Með þessari fimm ára ráðningarreglu eru menn að segja: Köllunin sem starf prests á að byggja á er tímabundin. Henni lýkur eftir fimm ár og svo byrjar hún aftur. Það er ótrúlegt að menn skuli vera svo blindir á stöðu kirkjunnar að láta sér detta í hug að taka þetta mál inn með þessum hætti. Ég segi hins vegar: Ef kirkjan tæki þá ákvörðun að hafa ráðningarfyrirkomulag prestastéttarinnar með einhverjum tilteknum hætti þá er það hennar mál. En á sama hátt og við mótmælum því að það er verið að hlutast til um innri mál verkalýðshreyfingarinnar, opinberra starfsmanna og hinna almennu stéttarfélaga, mótmælum við því auðvitað líka að það sé verið að hlutast til um innri mál kirkjunnar eins og hér er verið að gera.

Hver eru, hæstv. forseti, svör þingmanna við þessari meðferð á kirkjunni? Hver eru þau? Þau eru að það sé ætlunin að breyta lögum um ráðningu presta og fleiri starfsskilyrði kirkjunnar síðar. Það er svarið. Um þá sem verða ráðnir frá því að þessi lög taka gildi og fram að sérstökum breytingum á lögum um kirkjuna mun ekki ríkja nein óvissa heldur er skylda að ráða þá til takmarkaðs tíma í senn. Með þessu er verið að segja að þessir starfsmenn muni búa við tvenns konar ráðningarskilyrði. Það getur ekki verið, hæstv. forseti, að allir þingmenn séu svo blindir að þeir sjái ekki hvað það er í raun og veru fráleitt að leika þjóðkirkjuna eins og hér er verið að gera. Með þessu eru menn að vísu að undirstrika að kirkjan er ríkiskirkja sem er stjórnað af ríkisstjórninni. Þetta hvetur til þess, eins og fram kemur í umsögn og umfjöllun formanns Prestafélags Íslands, að menn velti fyrir sér sambýli ríkis og kirkju, ríkis og þjóðkirkju, þjóðríkis og þjóðkirkju.

Ég held að það sá alveg óhjákvæmilegt að menn fari yfir þá hluti í tilefni af þessu. Það eru reyndar fleiri þættir í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem þarf að skoða betur miðað við þá umræðu sem uppi er um hana sérstaklega. En auðvitað er þjóðkirkjufyrirkomulagið eitt undirstöðuatriði stjórnarskrárinnar eins og hún er núna. Það er bersýnilegt að ef Alþingi og meiri hluti þess lítur þannig á að hann geti komið á fimm ára ráðningartíma fyrir presta sem byggja sitt starf að eigin sögn á köllun, henni ljúki eftir fimm ár og svo byrji hún aftur. Það er augljóst mál að þjóðkirkjan verður að skoða hvort hún á ekki að hafa frumkvæði að því eftir þessa útreið, ef þetta verður látið standa, að losa sig frá ríkinu.

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að segja þetta fullum fetum og jafnframt vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann sé tilbúinn til að fallast á að þessi ákvæði um prófasta og presta þjóðkirkjunnar verði tekin út úr þessu skjali. Ég hef enga trú á öðru en því að fjölmargir aðrir hafi áhyggjur af því sem hér kemur fram vegna þess að menn sjá að þetta stenst ekki. Að þessu vil ég spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að ég tel algjörlega fráleitt að setja hlutina upp með þessum hætti. En það getur vel verið að menn telji að kirkjan sé þannig á sig komin að það sé hægt að bjóða henni hvað sem er. Ég tel að ef menn keyra þetta hér í gegn þá séu menn þeirrar skoðunar að það sé hægt að bjóða kirkjunni hvaða trakteringar sem mönnum sýnist hér í þessari stofnun. Það segir sitt um alla aðila þessa máls.

Hæstv. forseti. Ég er algjörlega sannfærður um að eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram og eftir breytingartillögurnar frá meiri hluta efh.- og viðskn. að það á að fresta þessu máli. Það er ekki glóra í öðru. Af því líka að þessi ákvæði um prestana sem ég er hér að tala um er í raun og veru hlutur fyrir heild. Það er alls staðar verið að sauma alveg sérstaklega að frjálsri félagaskipun fólks í þessu landi, hvort sem það eru opinberir starfsmenn, stéttarfélögin, þjóðkirkjan eða annað. (**Fjmrh.:** Hjálmar, talaðu...) Hæstv. forseti hefur kannski ekki tekið eftir því að hæstv. fjmrh. kallaði í eina prestinn hér í salnum sér til styrktar og veitir nú ekki af. Virðulegi forseti, það var hæstv. fjmrh. sem kallaði til prestsins, ekki ég.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að fara rækilega yfir þetta mál. Auðvitað tölum við hér fyrir daufum eyrum vegna þess að talsmenn ríkisstjórnarinnar eru staðráðnir í að taka ekkert mark á því sem við segjum, ekki neitt. Þeir ætla að klára þetta hvað sem raular og tautar. (**Fjmrh.:** Það þyrfti 36 breytingartillögur...) og það er alveg augljóst mál að það þyrfti 36 breytingartillögur í viðbót. Skynsamlegast væri að taka þetta mál út og hefja viðræður við verkalýðssamtökin um málið eins og við höfum margoft ítrekað. Í sjálfu sér geta menn sagt að það sé til lítils af stjórnarandstöðunni að halda ræður og reyna að fá menn til þess að vakna, rífa þá upp, rumska í þessum sal. Það þýðir kannski ekki neitt vegna þess að menn séu allir meira og minna ákveðnir í að reyna að fara með þetta í gegn rétt og hlusta ekkert á það sem við erum að segja. (**EOK:** Fjas.) Fjas, sagði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Það var virðingin sem hann sýndi okkur. Fjas, sagði hann um hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. (**EOK:** Það er ekki persónulegt.) Fjas. Mér fannst það ekki smekklegt. Ég er alveg viss um að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem og aðrir þingmenn eru að reyna að koma hlutum frá sér með þeim hætti sem þeir telja skynsamlegt og óhjákvæmilegt.

Alþingi á að vera stofnun þar sem menn skiptast á skoðunum, þar sem menn prófa hver á öðrum rök og gagnrök, þar sem menn þora að láta sannfærast, þar sem menn þora að skipta um skoðun. Það virðist því miður ekki vera. En það verður ekki hægt að bera á móti því að stjórnarandstaðan hefur gert allt sem hún getur til að reyna að fá þetta lið til að rumska, hæstv. forseti.

[17:17]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að rétta nafnið um síðustu ræðu sé hugvekja vegna þess að hér fór reyndur þingmaður víða um völl og var ekki alls kostar ánægður með allt sem á daga hans hafði drifið upp á síðkastið. En það var ánægjulegt. Ég ætla að hv. þm. og ég séum eitthvað á svipuðu reki. Helst er þó munurinn á okkur sá að hann hefur eytt lunganum af ævi sinni í þessum sal en ég kom fyrir tilviljun rétt fyrir ári. Honum finnst mikil sorg að sjá menn sem eru þó ekki búnir að vera lengur á þingi en ég, ekki bros á brá skildist mér

og ljónshjörtun komin eitthvað niður í buxur eða þaðan af lengra. Ég held að þetta sé ástæðulaust hjá þingmanninum en ég vil samt benda hv. þm. á að hann flutti loflega tölu um mig. Ég ætla að það sé nokkuð oflof vegna þess að það er rangt þegar við metum söguna að persónugera hana mjög.

Það að okkur takist að ganga þokkalega frá málum eins og á vinnumarkaðnum er vegna þess að menn sjá sameiginlega hagsmuni því að öðruvísi mundu menn ekki semja. Kannski getur einstaka mönnum gefist sú gæfa að veita mönnum sýn en þeir gera þá ekki annað. Það eru sameiginlegir hagsmunir í öllum lýðræðissinnuðum þjóðfélögum og þeir hagsmunir munu ráða því hvort menn ná samningum, ekki fjas eins og það sem við höfum mátt heyra í þessari þingstofu svo oft í vetur. Ég hef heyrt mikið fjas og mjög oft. Ég kalla það fjas, ég nota mitt tungumál um það.

[17:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að sagan er gerð af fjöldanum. Verðmætin skapast af hinum vinnandi fjölda en t.d. ekki af fjármagninu. Fjármagnið hefur aldrei gert neitt gagn án þess að það komi til vinna og hugsun mannsins.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að í þessu samhengi kemur það fyrir, a.m.k. fyrir mig, að ég reyni að taka starf mitt alvarlega. Þegar ég tala hér, reyni ég að tala af einlægni um hluti eins og þá sem ég var að ræða um áðan, t.d. um stöðu Alþingis. Mér finnst vont þegar ég sé að Alþingi er misboðið.

Mér finnst líka leiðinlegt þegar fórnir þúsundanna eru kannski gerðar að engu vegna fljótfærni og þrjósku að óþörfu eins og þau frv. sem verið er að þræla í gegnum þingið. Þó að það sé rétt að fjöldinn skapi söguna og meiri hlutinn á Alþingi ráði úrslitum hér mundi hitt geta breytt öllu á þessari stundu ef einhver, þó það væri ekki nema einn, þyrði að ganga fram fyrir skjöldu. Í því lá styrkur hv. þm. meðan hann hafði forustu fyrir Vinnuveitendasambandinu og ég vona að sá neisti sé enn þá til í honum.

[17:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef leitast við það frá því að ég kom inn í þessa virðulegu stofnun að taka starf mitt mjög alvarlega. Ég er líka sannfærður um að í þessu þjóðfélagi, sem er opið þjóðfélag, eru að vinnast stórir sigrar á hverjum einasta degi. Í dag getum við horft fram á það að á þessu ári mun kaupmáttur fólks aukast miklu meira en menn gerðu ráð fyrir, t.d. í síðustu kjarasamningum. Hverju er það að þakka? Það er að þakka því að þjóðfélagið er opið og starfandi og það nýtir þá möguleika sem eru til staðar.

Stöðnuð þjóðfélög, peningalaus þjóðfélög. Við þekkjum það að milljarðar manna eru á hungurmörkum fyrst og fremst vegja óstjórnar. Við skulum því vera ánægð með það sem við höfum á þessu landi og við skulum vera ánægð með að það skuli ganga svo vel í okkar þjóðfélagi sem raun ber vitni vegna þess að menn fá að starfa frjálst vegna þess að verðmyndun er frjáls, vegna þess að við erum með löggjöf sem er þokkalega úr garði gerð.

[17:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Það er rétt, hæstv. forseti. Við erum með löggjöf sem er þokkalega úr garði gerð. Við erum með þokkaleg lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Við erum með þokkaleg lög um stéttarfélög og vinnudeilur og kaupmátturinn er að fara upp af því að það er verið að skapa verðmæti, fólkið er að vinna. En af hverju þá að trufla starfsfrið fólksins og þjóðarinnar? Af hverju að spilla þessum árangri með því að leggja elda að þessu húsi sem er þrátt fyrir allt ekki verra en það er eins og hv. þm. var að lýsa? Af hverju lætur hann með reynslu sína og þekkingu hafa sig í það að spilla þessu vinnuumhverfi? Af því að hann er að spilla því.

[17:23]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. um réttindi og skyldur sem enn er rætt hefur fengið þinglega meðferð og langa og mikla meðferð. Það hefur tekið breytingum, það hefur slípast í meðförum þingsins. Málatilbúnaður hefur verið mikill og ferlið langt. Andstaðan í þinginu hefur verið að þæfast fyrir, helst ekki að vinna að betri lagasmíð. Vinnan hefði getað gengið miklu betur ef hv. stjórnarandstaða í þinginu hefði beitt hæfileikum sínum, þekkingu og reynslu sem allt er til staðar í annað en langar ræður og stundum daufar þó að það eigi vissulega ekki við um alla.

Hv. þm. sem talaði síðastur talaði um nauðsyn á fleiri umræðum, helst fjórar umræður. Það hefði verið að bera í bakkafullan lækinn í þessu máli. Nóg er komið af slíku og mér er spurn: Hvar eru hugsjónirnar í öllum ræðuhöldunum?

Hann vék að þjóðkirkju landsins og starfsmannamálum hennar. Það er komið fram í umræðunni hjá frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. að um er að ræða bráðabirgðaskipan til haustsins þangað til kemur að því að flutt verður frv. til laga sem var reyndar kynnt á síðasta þingi um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar og þar er stigið enn skref í átt til meira sjálfstæðis kirkjunnar frá ríkisvaldinu. Það er rétt spor að mínum dómi og kirkjan og stofnanir hennar munu að veita umsagnir um það. Nú er eingöngu um að ræða bráðabirgðaskipan og starfsmenn kirkjunnar hafa fylgt hingað til embættismönnum ríkisins í réttindum og skyldum og erfitt að slíta þar á milli núna vegna þess að hin lögin eru rétt fram undan.

[17:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því þó að það hjómi kannski hrokafullt en það er Alþingi sem setur lögin. Jafnvel þó að þetta mál yrði samþykkt og þó að eitthvert frv. yrði samið um stöðu kirkjunnar og embætti presta og störf þeirra verður það náttúrlega ekki að lögum fyrr en Alþingi samþykkir það frv. Það liggur ekkert fyrir að það gerist í haust þannig að það er einfaldasti hlutur í heimi að taka presta og prófasta út úr þessum texta og koma þar með í veg fyrir að menn geti kannski verið að störfum í kirkjunni á næstu árum á tvenns konar forsendum. Af hverju í ósköpunum lætur hv. þm. hafa sig í það að breyta þessu svona? Ég skora á hann að skoða hug sinn aðeins betur. Ég held að hann þurfi ekki að sætta sig við þá meðferð sem mér sýnist að verið sé að beita hann í þessu máli. Hann á miklu betra skilið en það.

[17:27]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það er einfalt að taka þetta ákvæði út um fimm ára ráðningartíma presta. Það eru hins vegar fáir mánuðir, það eru engin fimm ár til haustsins. Eins og hv. þm. talaði áðan treysti ég á liðsinni hans í því að koma þessum málum í gegn á haustþinginu. Ég tel eðlilegt að þetta ákvæði sé ekki inni.

Hitt vil ég árétta að prestum er ekkert vandara um en öðru fólki og þeim finnst það alls ekki sjálfum. Ég legg hins vegar áherslu á að frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar er að sjálfsögðu flutt af ríkisstjórninni, það var stjfrv. Það var lagt fram til kynningar á síðasta þingi og verður lagt fram aftur, ekki bara til kynningar heldur væntanlega til þess að það verði að lögum. Ég heiti á góða menn að samþykkja það. Ég fagna því að umræðunni fer nú að ljúka og við getum farið að reyna hversu góðar lagabæturnar hafa verið og sá ferill sem frv. um réttindi og skyldur hefur farið í þinginu og hvort það sé ekki að verða harla gott.

[17:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. getur flutt brtt. ef hann vill. Hann þarf ekkert að una þessu ákvæði. Hann hefur ekki svarað því enn þá af hverju í ósköpunum hann lætur beygja sig með þessum hætti. Ég skil ekki af hverju það er.

Hv. þm. Pétur Blöndal kvartaði undan því áðan hvernig það væri að vera minni hluti í Sjálfstfl. Það eru greinilega fleiri sem þurfa að bera sorgir sínar á torg í þeim efnum eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson. Þetta er nú meiri flokkurinn sem fer svona með góða drengi eins og þessa tvo hv. þm.

Varðandi ummæli hans um stjórnarandstöðuna finnst mér þau satt að segja fjarska ósanngjörn. Hv. þm. er að gefa það í skyn að stjórnarandstaðan hafi ekki lagt fram neinar hugmyndir um lagfæringar á málinu. Ég ætla bara að nefna eitt dæmi. Það var að ósk stjórnarandstöðunnar að umræða um málið, t.d. í efh.- og viðskn., varð jafnítarleg núna á milli 2. og 3. umr. og hún varð. Það var að ósk stjórnarandstöðunnar að þrír lögfræðingar voru fengnir til þess að fara yfir málið. Það var að ósk stjórnarandstöðunnar sem þeir hlutir voru síðan teknir upp og niðurstaðan er sú að þetta er tekið inn. En hv. þm. virðist ekki gera sér grein fyrir því að í frumvörpunum og aðferðinni við að leggja þau fram er verið að taka einhliða frumburðarréttinn af verkalýðshreyfingunni í landinu og það verður hann að reyna að skilja. Það hefur aldrei áður gerst að vinnulöggjöfinni allri hafi verið breytt í blóra við alla verkalýðshreyfinguna í landinu, hvert einasta verkalýðsfélag, og nú er hann meira að segja ásamt félögum sínum kominn í stríð við sjálfa þjóðkirkjuna. Því hefði enginn spáð.

[17:30]

Útbýting þingskjala:

Byggingarlög, 536. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1077.
Framhaldsskólar, 94. mál, brtt. SvG, þskj. 1076.
Tóbaksvarnir, 313. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 1075.

[17:30]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fluttar langar og miklar ræður um þessa lagasmíð og sjálfur hef ég flutt mál mitt í alllöngu og ítarlegu máli við fyrri umræðu og mun ekki hafa þann hátt á nú. Hins vegar vil ég í fáeinum orðum drepa á það sem mér finnst skipta mestu máli.

Nú hillir undir lok umræðu um þetta umdeilda frv., sennilega eitt umdeildasta lagafrv. síðari tíma. Það hillir undir lok þessarar umræðu en þó væri e.t.v. réttara að segja að þessi umræða kunni að vera að hefjast vegna þess að við sjáum ekki enn fyrir endann á þessu máli, hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér.

Ástæðan fyrir því að frv. er umdeilt er ekki aðeins sú að það er illa unnið, heldur hin að með þessum lagabálki er verið að rífa upp með rótum allt réttinda- og kjarasamningskerfi opinberra starfsmanna.

Það hefur verið rauður þráður í máli hæstv. fjmrh. og annarra þeirra sem talað hafa fyrir frv. að leggja áherslu á að lögin séu eitt, kjarasamningar séu annað og þess vegna sé ekki verið að hrófla við kjarasamningsbundnum ákvæðum eða réttindum. Þetta hefur verið rauður þráður í málflutningi hæstv. fjmrh.

Nú er það svo að þessi lög eru í raun endurskoðun á eldri lagagrunni, lögum frá árinu 1954. Það sem einkenndi undirbúning að þeirri lagasmíð var tvennt: Í fyrsta lagi kemur á daginn að lagagerðin átti sér mjög langan aðdraganda, átti sér tíu ára aðdraganda. Annað sem einkenndi þá undirbúningsvinnu var mjög náið samráð við þá sem hlut áttu að máli, þá sem áttu að heyra undir lögin sem á þeim tíma voru heildarsamtök opinberra starfsmanna, BSRB. Síðan hafa komið til sögunnar fleiri heildarsamtök, BHMR og Kennarasamband Íslands auk þess sem þessi lög snerta einnig hag bankastarfsmanna.

En hvers vegna skyldi hafa verið haft svona náið samráð við BSRB, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja? Það kemur fram þegar þingskjöl eru skoðuð frá þessum tíma. Þar kemur fram að ástæðan fyrir því að náið samráð var haft við BSRB var sú að þeir sem kæmu til með að heyra undir lögin voru þeir einstaklingar sem tóku laun og nutu kjara samkvæmt kjarasamningi BSRB. Þetta eru þess vegna ekki ólíkir og óskyldir þættir, kjarasamningarnir annars vegar og lögin hins vegar. Hvort einstaklingarnir heyra undir þessi lög og njóta þeirra kjara og þeirra réttinda sem þau bjóða upp á er háð því hvaða kjarasamningi viðkomandi tekur laun samkvæmt. Samningar og lög eru því af sama meiði. Síðan höfum við sem höfum talað gegn frv. eða þessum einhliða breytingum af hálfu ríkisvaldsins að sjálfsögðu bent á það úr þessum ræðustól að í ráðningarsamningum ríkisstarfsmanna er skírskotað til þessara laga.

Hér er ég, hæstv. forseti, að vekja máls á ákveðnum rökum og ég veiti því athygli að hér eru á tali saman hæstv. fjmrh. og hv. þm. Hjálmar Jónsson og hlýða ekki á þessa röksemdafærslu. Ég mun gera hlé á máli mínu þangað til þeir ljúka sinni samræðu (Gripið fram í.) já, vegna þess að ég gat um það í upphafi að ég ætlaði ekki að hafa hér langt mál. En ég er að koma ákveðnum rökum á framfæri og þingmenn ætlast til þess að hæstv. ráðherrar hlýði á þau rök. (**Fjmrh.:** Hvar eru allir flokksmenn hv. þm.?) Ég er að ræða við hæstv. fjmrh. sem hefur setið hér gapandi og geispandi og hlæjandi í allan dag og er síðan með dylgjur og ósanngirni í garð annarra þingmanna. (**Fjmrh.:** Á maður þá að sitja undir svona lestri, forseti?) Ég bíð þá þangað til hæstv. forseti kveður upp sinn úrskurð og rétt skal vera rétt.

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég bið um stillingu í sal og að ræðumaður fái að halda áfram máli sínu.)

(**Fjmrh.:** Afskapleg ókyrrð er þetta.) Afskapleg ókyrrð, segir hæstv. fjmrh. Við erum að ljúka umræðu og ég gat um það í upphafi máls míns að ég ætlaði að hafa fá orð og koma rökum á framfæri, röksemdafærslu gagnvart þeim málflutningi sem hæstv. fjmrh. hefur haft í frammi. Og hér gerist það aftur eina ferðina enn þegar þingmenn eru að reyna að færa rök fyrir sínu máli að menn sýna þeim þá ókurteisi, hæstv. ráðherrar sýna þeim þá ókurteisi að hlýða

ekki á þann málflutning og menn ætla ekki að láta bjóða sér slíkt. (**Fjmrh.:** Það var hlustað á hv. þm.)

Það sem ég var að segja, hæstv. forseti, er að þær staðhæfingar sem hæstv. fjmrh. hefur sett fram um að kjarasamningar séu eitt, lög séu annað, eiga ekki við rök að styðjast þegar litið er til þingsögunnar og þinggagna frá þeim tíma sem þessi lög eða sá lagagrunnur sem þessi lög hvíla á var smíðaður. Þessi röksemdafærsla stenst ekki.

Síðan er það svo að opinberir starfsmenn fá eiginlegan samningsrétt árið 1962. Eftir þann tíma eiga þeir í stöðugum viðræðum við ríkisvaldið enda þótt þeir nytu ekki fullra réttinda á borð við önnur samtök launafólks svo sem verkfallsréttar. Hann fengu opinberir starfsmenn og þó ekki nema að hluta til, hluti þeirra, árið 1976. En á þessum tíma voru að sjálfsögðu viðræður um kjaramál og samninga og samningaviðræður og það eru til gögn um þessar viðræður. Þar kemur fram að menn eru ítrekað að semja um réttindi sem kveðið er á um í lögum og laun og þá er verið að meta til launa þau réttindi sem menn búa við, á meðal annarra þau réttindi sem verið er að breyta með þessum lagasmíðum.

Ég heyrði það að hæstv. ráðherra sagði einhvern tíma í sínu máli og hefur reyndar margsagt það að hann teldi t.d. biðlaunarétt ekki metinn til launa. Hins vegar kemur það *náttúrlega á daginn að sá réttur er það verðmætur að verið er* að breyta lögum um biðlaunarétt til að geta einkavætt Póst og síma og allir vita að það liggur á að koma þessum lögum í gegnum þingið til þess að hafa þann rétt af fólkinu, starfsmönnum Pósts og síma. Það vita allir. En engu að síður segja þeir og fullyrða í athugasemdum með þessu frv. og þeir hafa sagt það hver á fætur öðrum, talsmenn hæstv. ríkisstjórnar að það sé ekki verið að breyta þessum rétti. Það eru þessi ósannindi í málflutningi sem eru orðin harla þreytandi.

Hér var í gær hv. þm. stjórnarliðsins að tala um breytingar á Pósti og síma og réttindi starfsmanna. Hann sagði í sínu máli, hv. þm. Einar Guðfinnsson, að það yrði ekki hróflað við lífeyrisréttindum. Það vita allir að þeir sem fá áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum um þann sjóð á grundvelli þess að starf sé lagt niður, þeir njóta ekki ávinnsluréttar. Og m.a. til þess að bæta mönnum upp réttindamissi af því tagi hafa menn biðlaunarétt sem samkvæmt lagaskýringum Ólafs Jóhannessonar eru *lögákveðnar bætur til starfsmanns. Þannig skilgreinir* Ólafur heitinn Jóhannesson biðlaunaréttinn, sem bætur vegna réttindamissis.

Reyndar er harla margt undarlegt í þessum lagabreytingum öllum. Annars vegar er verið að taka á þáttum á borð við biðlaun. Það er verið að taka á þáttum á borð við æviráðningu sem að mínu mati á í sumum tilvikum rétt á sér og er æskileg, svo sem hjá löggæslustéttum svo að eitt dæmi sé tekið. Við megum ekki gleyma því hvaða markmið við erum að tala um þó að mönnum hafi tekist að sverta hugtakið. Markmiðið er starfsöryggi. Það er mergurinn málsins. Það er starfsöryggi. Það er hægt að segja hverjum einasta opinbera starfsmanni upp störfum ef hann ekki stendur sig í starfi eða hefur á sig einhverjar ávirðingar. Hins vegar hafa menn tekið þann kostinn víða um heim að tryggja tilteknum starfsstéttum aukna ráðningarfestu eins og t.d. lögreglumönnum sem eru oft að rannsaka viðkvæm sakamál. Það á að vera erfitt að segja slíkum manni upp. Það má ekki vera háð duttlungum yfirmannsins sem hann er hugsanlega að rannsaka, eða einhvern sem honum tengist. Menn mega ekki missa sjónar á markmiðinu og hengja sig í einhver hugtök sem síðan er reynt að sverta og gera tortryggileg og slátra síðan réttindunum á þeim forsendum. Við erum að ræða um markmiðin, ræða um sjálft málefnið.

Eins og ég gat um áðan, þá er kannski það versta við þessa umræðu hversu óheiðarleg hún hefur verið á stundum *þegar menn eru að fullyrða að það sé ekki verið að skerða* réttindi sem verið er að skerða. Ég nefni t.d. biðlaunaréttinn. Það er verið að skerða hann enda segir í sömu setningunni í athugasemdum með frv. eða í sama paragrafinu, annars vegar að það sé ekki verið að skerða réttindin og hins vegar að það munu sparast miklir fjármunir á þessu. Hvers vegna? Vegna þess að það er verið að hafa peninga af fólki. Þetta er svo líka reynt að réttlæta með málfari sanngirninnar, með orðum sanngirninnar, að hitt og þetta sé ekki sanngjarnt, að *menn séu á tvöföldum launum og þannig reynt að slá ryki í* augun á fólki.

Það er líka sagt í breytingartillögunum á síðasta plagginu að það geti verið ósanngjarnt í garð starfsmanns ef honum er fyrst tilkynnt um framlengingu á uppsagnarfresti við lok hans. Það er afar ósanngjarnt. Ef duttlungar yfirmannsins bjóða að starfsmaður skuli vera hálft ár lengur í starfi en viðkomandi óskar, er ósanngjarnt að segja það á síðasta degi. Þetta segja menn nútímavæðingarinnar sem eru búnir að setja átthagafjötra á einstaklinga. Það er verið að festa í lög að einstakling sem óskar eftir að segja upp starfi sínu sé hægt að kyrrsetja í hálft ár. — Ég mun gera hlé á máli mínu þangað til hæstv. fjmrh. kemur aftur í salinn vegna þess að þessum orðum og þessum röksemdum er til hans beint. (**Fjmrh.:** Það er hlustað á hv. þm. og búið að hlusta á hann í fjóra klukkutíma a.m.k. í þessu máli.) Og hefði betur verið hlustað lengur á hann. Ég sá hins vegar, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. var á tali við annan mann í hliðarsal og rétt skal vera rétt.

Ég er að tala um nútímavæðingu. Ég er að tala um nútímavæðingu hæstv. fjmrh. sem felst í því að setja átthagafjötra á fólk. Það er verið að binda það í lög eina ferðina enn, og munu þeir eflaust segja um þennan þáttinn að þetta séu gömul lög og gömul ákvæði, að ef yfirmanni í stofnun býður svo við að horfa geti hann kyrrsett einstakling í hálft ár. En hver skyldi lagabreytingin sem menn eru að koma fram með nú vera? Jú, það er ósanngjarnt að segja frá því á síðustu dögum, það er ósanngjarnt. Þess vegna á að breyta því.

Hins vegar hefur verið breytt þáttum sem skipta afar miklu máli, mjög miklu máli og vil ég þar nefna 47. gr. Ég get upplýst hæstv. fjmrh. um það, ef það er rétt hjá honum að undirritaður hafi talað í 4–5 tíma um þetta mál, að þeir hefðu sennilega orðið 4–5 í viðbót ef þessi breyting hefði ekki verið gerð. Greinin var alvarleg aðför að lýðræðislegri réttindabaráttu í landinu. En þótt menn hafi tekið orðin „minni háttar" út sem lýsandi fyrir þá hugmyndafræði sem hér er boðuð, stendur hugmyndafræðin eftir, hugmyndafræði hinna meiri háttar manna sem koma fram með frv. einhliða og keyra fram lagabreytingar sem tók forvera þeirra á valdastóli tíu ár að smíða í samráði við launafólkið, enda var um það góð sátt. Sú hugmyndafræði stendur enn óhögguð. Og ég tek undir með hv. þm. Svavari Gestssyni þegar hann spyr: Hvar eru reglurnar sem eiga að setja skorður við duttlungastjórnuninni og ákvörðun yfirmanna um hver skuli njóta ávaxtanna og hverjir ekki? Hvar eru reglurnar? Þær hafa ekki komið fram.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að tala um allar þær skerðingar sem er að finna í þessu frv., allar þær breytingar sem hér er verið að gera í átt til duttlungastjórnunar,

draga úr skyldum við að auglýsa störf og þar fram eftir götunum. Ég nefni þetta nánast af handahófi. Ég ætla ekki að fara í þá umræðu vegna þess að ég sagði í upphafi máls míns að ég ætlaði ekki að hafa um þetta langt mál. En í lokin langar mig til að segja þetta:

Hér er verið að lögfesta frv. sem felur í sér alvarlega aðför að lýðræðislegri réttindabaráttu, að samtökum launafólks. Þess vegna segi ég eða spyr öllu heldur: Skyldi þessari umræðu vera að ljúka eða er hún e.t.v. að hefjast?

[17:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það líður senn að því að 3. umr. ljúki ef marka má mælendaskrá, þá samninga sem gerðir hafa verið og það samkomulag sem var gert um lok málsins.

Það eru nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að ræða í lok þessarar umræðu. Flest af því sem hér hefur komið fram hefur reyndar komið fram áður. En það er rétt sem fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna að málið hefur að sjálfsögðu tekið breytingum frá því að það var lagt fram á Alþingi.

Ég held satt að segja að það sé mjög mikilvægt að það komi fram sem ég sagði í framsöguræðu þegar ég fylgdi málinu úr hlaði. Þá lýsti ég aðdraganda þessa máls, ég fór aftur til ársins 1994, rakti það sem þá hafði komið fram á ráðstefnu hjá fjmrn., þau sjónarmið sem þar komu fram af minni hálfu um nauðsynlegar breytingar á þeim lögum sem hér er verið að breyta. Síðan rakti ég í einstökum tilvikum hvernig unnið hefði verið að undirbúningi málsins og loks hvernig drög að þessu frv. voru send til þeirra sem skylt er að senda drögin til og eiga samráð við samkvæmt núgildandi lögum og hvernig viðbrögð þeirra voru. Ég gagnrýndi það ekki, ég sagði að út af fyrir sig væri eðlilegt að frumvarpsdrögin væru tekin til umræðu í viðkomandi stéttarfélögum. En vegna þess hvernig þau voru túlkuð reyndist nauðsynlegt að leggja frv. fram á hinu háa Alþingi svo allir gætu séð hvað í því fælist. Ég tek það fram að strax á því stigi málsins, frá því að þetta frv. var í fyrstu drögum og þar til það var lagt fram á Alþingi, þá breyttust þessi drög og það harla mikið. Sérstaklega urðu nokkur ákvæði frv. skýrari.

Í framsöguræðu minni sagði ég síðan að það væri ljóst að þetta frv. hlyti að taka breytingum á hinu háa Alþingi. Ég lýsti því yfir að ég væri tilbúinn til þess að ræða við opinbera starfsmenn, félög þeirra og stjórnir á meðan málið væri til umfjöllunar á Alþingi og að það lægi í hlutarins eðli að málið hlyti að taka breytingum. Það ætti því ekki að koma nokkrum manni á óvart þótt þetta frv. hafi breyst í meðförum þingsins. Í raun og veru var til þess ætlast og frv. hefur verið að taka breytingum alveg þar til núna við 3. umr. eins og hv. þingmenn vita. Það liggur auðvitað í eðli mála að þau taka breytingum um leið og viðkomandi viðhorf koma fram og eins og þingreyndir menn vita sérstaklega, þeir sem jafnvel hafa setið á 20 þingum eða fleirum, er það undantekning að frumvörp sæti ekki breytingum í meðförum þingsins. Þetta þarf að koma fram til þess að skýra að af minni hálfu var augljóst að málið hlyti að breytast og ekki nema sjálfsagt að slíkt gerðist.

Nú hafa menn gert mikið úr því að það sé verið að breyta 22. gr. þessa frv. sem hér er til umræðu. Það er hárrétt. Það er verið að gera verulegar breytingar á þeirri grein sem afmarkar það hverjir séu embættismenn í skilningi laganna, verði þetta frv. að lögum.

Þegar menn ræða þetta verða þeir að hafa í huga að það sem afmarkaði hugtakið embættismaður, en það hugtak er til í stjórnarskránni, voru ekki einungis ákvæði í þessu frv. heldur einnig í því frv. sem kallast bandormur og er samansafn frumvarpsgreina úr mörgum tugum laga. (**Gripið fram í:** Hundruðum.) Ekki hundruðum laga, en kannski hundruðum lagagreina. Þetta þarf að koma fram vegna þess að það var aldrei tilgangurinn þegar málið var lagt fram að um væri að ræða tæmandi talningu í þessum lögum heldur hlyti í sérlögum að vera upptalning sem yrði að taka tillit til þegar hugtakið embættismaður væri afmarkað.

Þegar ljóst varð og það fyrir allnokkru að bandormurinn færi ekki í gegnum þingið vissu allir sem vildu vita að það varð að gera breytingar á 22. gr. frv. Og frá því var sagt við 2. umr. málsins. Ég fagna því ef menn telja það sigur fyrir sig að þessi breyting skuli hafa orðið á 22. gr. en þetta er meginástæðan og það er jafnframt ljóst að í bandorminum, sem kemur væntanlega fram á næsta hausti og verður að koma fram þá, má gera ráð fyrir að bæta þar enn við lagagreinum. Ég á von á því að 22. gr. þurfi að koma til umræðu á nýjan leik eðli máls samkvæmt. Eins og margoft hefur komið fram í þessum umræðum höfum við ekki leyst öll mál. Reyndar á ég ekki von á því að við gerum það nokkurn tíma en ég bendi á að t.d. er háskólanum ætlað á því sumri sem í hönd fer að ráða ráðum sínum og komast að niðurstöðu sem auðvitað verður hlustað á. Sömuleiðis hefur komið fram í þessari umræðu að þótt prestar séu inni sem embættismenn, skipaðir til fimm ára, getur það ákvæði tekið breytingum líka í sérlögum sem ganga framar en þessi lög sem við erum að fjalla um hér, ef þeir kjósa að vera embættismenn í skilningi þessara laga. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram vegna umræðunnar sem hefur orðið um 22. gr. frv.

Menn hafa eðlilega rætt um þessa afmörkun og að það hafi verið tilgangurinn að taka heilar stórar stéttir undir embættismannahópinn. Ég vil því að það komi fram að hugsunin með þessum breytingum öllum saman var sú að einungis skrifstofustjórar og ráðuneytisstjórar í ráðuneytunum yrðu embættismenn í skilningi laganna. Með öðrum orðum, það var lagt til í bandorminum að sú breyting yrði gerð á stjórnarráðslögunum að skipun í starf gilti einungis um skrifstofustjóra og þá sem eru æðri þeim í þessum stiga sem notaður er í Stjórnarráðinu. Í dag er það svo að samkvæmt stjórnarráðslögum á að skipa í starf þá sem eru deildarstjórar, skrifstofustjórar og ráðuneytisstjórar. En allir vita að smám saman hefur hugtakið deildarstjóri fengið allt aðra og nýja merkingu og það er fjöldinn allur af deildarstjórum starfandi í Stjórnarráði Íslands sem hafa engin mannaforráð og eru eingöngu deildarstjórar vegna þess að kjarasamningar kröfðust þess að þetta starfsheiti yrði notað. Þetta verða menn að hafa í huga og ég staðhæfi það að skrifstofustjóri í Stjórnarráðinu í dag er samsvarandi hugtak og deildarstjórinn var um það leyti sem þessi lög sem við erum að breyta voru samþykkt á Alþingi fyrir um 40 árum.

Sjálfsagt eru skrifstofustjórarnir í dag fleiri ef eitthvað er þannig að það var aldrei tilgangurinn að toga inn í embættismannahópinn einhvern gífurlegan hóp af opinberum starfsmönnum. Þó ber þess að geta að í vissum tilvikum verður kannski vart hjá því komist af ýmsum ástæðum, og þar rekum við okkur á það sem ég veit að hv. þingmenn þekkja, að hópar manna í opinberri þjónustu hafa að eigin ósk farið fram á það að um þeirra kjör sé fjallað í kjaranefnd. Þar á meðal eru prestar svo ég nefni dæmi. Og ég vil að það

komi fram einnig að prófessorar við Háskóla Íslands hafa á undanförnum mánuðum beðið um það að fá að heyra undir kjaranefnd, en þurfa ekki að semja um kjör sín sem hluti af Félagi háskólakennara. Allt þetta verða menn að hafa í huga þegar verið er að ræða um hugtakið embættismaður. Ég vil láta það koma fram að það lá alltaf fyrir að það yrði að afmarka þennan hóp, þegar ljóst var að ekki var hægt að breyta öllum lögum í bandorminum, að þá yrðum við að gera þessa breytingu og það vissum við frá upphafi. Sú breyting kemur því ekki á óvart.

Um málskotsréttinn er það að segja að það mátti fara ýmsar leiðir í sambandi við takmörkun málskotsréttarins eins og hann er til að mynda í stjórnsýslulögunum. Okkur sem unnum að frv. þótti eðlilegt að takmarka nokkuð málskotsréttinn og þó sérstaklega í tveimur greinum. Annars vegar þegar um er að ræða ráðningu í störf og þá verða menn að hafa það í huga að gildissvið frv. er miklu meira heldur en gildissvið núverandi laga. Með öðrum orðum þótti okkur óeðlilegt að umsækjendur um störf — alveg sama hvaða störf það eru. Ég nenni ekki að taka lengur þátt í umræðunni um minni háttar og meiri háttar störf. Ég vona að henni ljúki bráðum (**ÖJ:** ... um minni háttar fólk.) (**Gripið fram í:** Ekki lengur.) — þá vil ég bara benda á að það er auðvitað alveg út í bláinn að allir umsækjendur hafi málskotsrétt til viðkomandi ráðherra því að það geta verið mörg hundruð manns sem eru að sækja um starf og það sjá allir að það er nánast útilokað að svara slíkum úrskurðarbeiðnum þannig að vel sé. Þetta er annað atriðið sem um þarf að tefla.

Hitt atriðið sem kannski hefur verið gagnrýnt meira er að það hefur einnig verið horfið frá málskotsrétti þar sem um er að ræða uppsagnir vegna hagræðingar. Ég skal viðurkenna að það er kannski erfiðara að afmarka það hvað er hagræðing, en þó hygg ég að menn sjái í hvaða stöðu ráðherra er sem ber ábyrgð á starfseminni. Hann beinir þeim tilmælum á grundvelli laga frá Alþingi til viðkomandi stofnunar að hún fari að fjárlögum. Viðkomandi forstjóri segir upp starfsmanni í hagræðingarskyni og þá á viðkomandi starfsmaður málskotsrétt til þess ráðherra. Það er nánast aðeins þetta tvennt sem verður undantekning í þessum lögum. Þá mætti spyrja og ég tek vissulega undir það: Hvers vegna voru þá ekki bara þessar tvær undantekningar teknar inn í lögin í stað þess að setja sérstaka grein sem undanþægi lögin frá stjórnsýslulögunum? Ég taldi að það væri rétt farið í þessu máli, ekki síst vegna þess að höfundur þessara tveggja laga er sá sami. Það er sami höfundur sem er okkar helsti sérfræðingur hér á landi í stjórnarfars-, stjórnskipunar- og stjórnsýslurétti. (**Gripið fram í:** Alþingi er höfundur laga.) Jæja, höfundur lagafrv. svo að ég hafi þetta alveg nákvæmt. Ég vona að hv. þm. geri ekki kröfu til höfundarréttar að lagafrv. a.m.k. þó að ég virði það við hann að hann vilji nú gerast höfundur laganna þegar þetta verður að lögum og fagna ég því reyndar.

Varðandi 2. mgr. 47. gr., og ég nefni þær breytingar sem helstar hafa verið taldar, þá má deila um hvort það hefði átt að taka þetta ákvæði inn í lagafrv. Frá mínum bæjardyrum séð er ekki um að ræða neina efnislega breytingu frá gildandi rétti og út af fyrir sig skiptir þess vegna ekki máli hvort þessi 2. mgr. er í frv. eða ekki því að öllum er ljóst að samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins eru menn frjálsir að því að standa utan við félög og samkvæmt 1. gr. þessa frv. segir skýrt og skorinort að frv. nái til ófélagsbundinna starfsmanna. Umræðan hér hefur hins vegar snúist um það hvort réttur þessa fólk sé betri en réttur þeirra sem í félögunum eru. Ég get ekki fallist á það og bendi á það sem hefur verið bent á í þessari umræðu að okkur ber skylda til að gæta þess að réttur þessa fólks sé a.m.k. ekki verri.

Þá kemur næsta spurning: Hvernig á þetta fólk þá að greiða fyrir þá þjónustu sem forráðamenn félaganna hafa látið í té með því að gera kjarasamning sem þetta fólk tekur laun sín eftir? Og fyrir því er séð í 7. gr. kjarasamningslaganna frá 1986. Þá segja menn: En hvað þá um ASÍ-starfsmennina? Ég segi á móti: Hvernig hefur það verið hingað til? ASÍ-starfsmennirnir hafa ekki heyrt undir þessi lög. Svarið liggur í augum uppi. Um það er samið í kjarasamningum og ríkið hefur ávallt í samningum sínum við ASÍ-starfsfólk farið eftir þeim samningum sem liggja fyrir á almenna vinnumarkaðinum. Svo einfalt er þetta mál. En menn kjósa að taka þetta út og þá það. Það er ekkert við því að segja. Ég vil bæta því við að mér finnst eðlilegt að þetta atriði verði til athugunar þegar skoðuð verða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem þarf að skoða á næstu missirum. Við komumst ekkert hjá því og ég veit að báðir aðilar vilja skoða þau lög á nýjan leik. Ég tek það fram að athugunin hlýtur að fara þannig fram að menn ræða saman af því að þar er um að ræða „product" kjarasamninga. (**SJS:** Á að hafa samráð þar?) (Gripið fram í.) Nú vona ég að menn misskilji þetta ekki því að það er auðvitað augljós munur á þessum lögum.

Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir ræddi lítillega um forgangsröðun stjórnvalda og nefndi sjúkrahús í því skyni. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í það. Það kemur þessu lagafrv. ekki mjög mikið við en er þó umræðuefni sem vert er að skoða. Ég vil aðeins fá tækifæri til þess að segja að ef við lítum á sjúkrahúsin í dag og spyrjum okkur: Hefur fjárveitingavaldið, hefur Alþingi Íslendinga, á undanförnum árum með markaðri stefnu vitandi vits breytt sjúkrahúsunum úr því sem þau voru í það sem þau eru? Ég fer með þetta eins og hverjar aðrar hugleiðingar í anda máls hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann spurði um hlutverk Alþingis. Mitt svar er nei. Það er nefnilega þannig að sjúkrahúsin, sem eru mjög sérhæfð og erfitt er fyrir venjulega alþingismenn að fylgjast gjörla með því sem þar gerist, hafa breyst, þjónustan hefur gjörbreyst vegna þess að starfsfólkið í heilbrigðisstéttunum hefur verið að tileinka sér nýjustu tækni og breyta þessari starfsemi í miklum móð á undanförnum árum og stundum tekið upp nýja starfsemi án þess að Alþingi hafi verið spurt um það. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þannig að forgangsröðunin þegar verið er að bæta þjónustuna, kemur oft frá starfsfólkinu og heilbrigðisstéttunum sjálfum og það er ekkert við því að segja. Svo þegar þrengir að eða menn treysta sér ekki til þess að eyða meiru frá ári til árs, þá hljóta stjórnvöld, stjórnmálamenn að gera þá kröfu með sama hætti að þetta sama fólki geri a.m.k. tillögur til stjórnvalda um það hvað eigi að vera aftast í röðinni og hvað fremst þannig að stjórnmálamaðurinn geti á grundvelli tillagna heilbrigðisstéttanna tekið ákvörðun um það hvað eigi að skera niður ef það þarf að skera eitthvað niður. Það getur ekki verið eðlilegt að þegar viðbætur eiga sér stað, að þá eigi starfsfólkið á sjúkrahúsunum að ráða en svo þegar þarf að draga úr kostnaðinum eða taka einhverja starfsemi í burt, þá eigi bara að beina þessari spurningu til stjórnvalda: Hvar viljið þið skera? Þeir sem starfa á sjúkrahúsum og í heilbrigðisþjónustunni þurfa í báðum tilvikum að gera tillögur og í raun og veru þarf að ræða þetta við annað og betra tækifæri. En ég hef af ýmsum ástæðum sérstaklega hugleitt þessi mál á undanförnum tíu árum eða svo og ég veit að

ýmsir hafa gert það í þessum sal vegna þess að það hefur orðið bylting í sjúkrahúsaþjónustu hér á landi án þess að Alþingi hafi í sjálfu sér markað nokkra stefnu í þeim efnum. Ef menn vilja hafa þann háttinn á, þá ættu auðvitað stjórnvöld á sama hátt að segja: „Við höfum bara þessa fjármuni hér. Þið verðið að spila úr þeim og þið skuluð forgangsraða. Við komum ekkert frekar nálægt því í forgangsröðun niður á við frekar en upp á við." Þetta er mál sem verður að bíða betri tíma en er þó mál sem Alþingi hlýtur að vilja ræða því að þetta hefur verulega þýðingu, ekki síst í ljósi þess að til heilbrigðismála hjá þessari þjóð eins og öðrum skyldum þjóðum fara gífurlegir fjármunir og það skiptir afar miklu máli hvernig á þeim er haldið.

Ég ætla ekki að bæta miklu við umræðu sem farið hefur fram um afstöðu, viðhorf, samskipti ráðuneyta við hið háa Alþingi en ég skal viðurkenna það sem fólst í málflutningi hv. þm. Svavars Gestssonar að fjmrn. er ekki óskeikult. (**SJS:** Er það virkilegt? Þetta er tímamótayfirlýsing.) Ég endurtek að ég tek undir það með hv. þm. og tel að hann hafi talsvert fyrir sér í því máli.

Hv. þm. fjallaði síðan um verðbólguna og ég vil líka taka undir það með honum að það mikilvægasta fyrir okkur öll, hvar í flokki sem við stöndum, er að verðbólgan fari ekki af stað á nýjan leik vegna þess að verðbólgan er þeirrar náttúru að hún ræðst alltaf mest og harðast á þá sem minnsta björg geta sér veitt. Um það hafa menn sem betur fer orðið sammála hvar í flokki sem þeir standa og hvort þeir standa atvinnurekenda- eða launþegamegin. Þess vegna held ég þvert á það sem sumir hafa sagt að þjóðasáttin hafi verið mikilvæg og ég vil ítreka það sem ég hef margoft sagt áður að ég tel að launþegahreyfingin og vinnuveitendur eigi miklar þakkir skilið fyrir afskipti af því máli og vissulega stjórnvöld sem þá sátu og síðar tóku við völdum. Það er mikilvægt að þetta komi fram og ég vil undirstrika það að ég er sammála hv. þm.

Ég vil einnig benda á það til viðbótar þó að það hafi ekki komið fram og er kannski andsvar við því sem kom fram hjá hv. þm., benda á það sem fráfarandi forseti ASÍ sagði í setningarræðu sinni á ASÍ-þinginu. Hann benti á að síðustu kjarasamningar hefðu verið mjög góðir þvert á það sem ýmsir liðsmenn hans hafa haldið fram í Alþýðusambandinu vegna þess að kaupmátturinn var að aukast verulega frá því sem áður var. Það er mikilvægt að það komi fram að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur á þremur árum verið að aukast um það bil 10% og það er mikil breyting frá þeim árum þegar kaupmátturinn lækkaði hér um bil um 20% á þremur árum, ekki vegna þess að það væri stjórnvöldum að kenna heldur vegna þess að efnahagslífið þoldi ekki þá einkaeyðslu sem var þá í gangi. Ég vil minna á þetta hér vegna þess að það eru ekki bara kjarasamningar sem marka kjör manna heldur einnig verðlag og hvernig staðið er að ýmsum ákvörðunum í efnahagsmálum okkar. Og kannski má bæta við þó að ég sé ekki að hæla neinum og megi kannski segja að það sé það gagnstæða, að laun hækka nú heldur meira en þjóðartekjur. Af því að það var rætt um launasummuna sem heild, þá vil ég að þetta komi fram. Hitt er svo annað mál að það er nauðsynlegt að skoða hvort við erum að halda úti réttri starfsemi, hvort við getum ekki aukið framleiðni og þar með bætt kjör fyrir unna klukkustund því að það hefur verið einkenni á efnahagslífi Íslendinga áratugum saman að við höfum haldið uppi góðum lífsskilyrðum, lífskjörum með því að vinna lengi hver og einn og með því að mjög margir hafa tekið þátt í vinnumarkaðinum, miklu fleiri en í nágrannalöndum okkar sem við berum okkur saman við. En við höfum hins vegar alltaf verið, í venjulegum atvinnugreinum þegar frá er skilin kannski sjómennskan, með lakari afköst á hverja unna klukkustund.

Ég tek undir þær hugmyndir, sem komu fram á ASÍ-þinginu, að það þarf að kanna hvort við getum ekki stytt vinnutímann en haldið afköstunum og þar með bætt launakjör á hverja unna klukkustund. Þetta nefni ég hér sem kemur þessu frv. í sjálfu sér ekkert við vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson kom víða við í ræðu sinni og nefndi til sögunnar ýmis þau atriði sem mikilvægt er að halda til haga þegar við ræðum efnahagsmál á hinu háa Alþingi.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Svavar Gestsson ræddu síðan báðir um svokölluð viðbótarlaun en mikið var rætt um þau við 2. umr. málsins. Mig langar til að minna á að í einni af öftustu greinunum í frv. sem er til umræðu er sagt að það skuli haft samráð við launþegasamtökin þegar unnið er að stjórnvaldsákvörðunum og fyrirmælum sem byggjast á þessum lögum, þar á meðal reglugerðarsmíð. Ég vil að það komi fram af því að ég var spurður að því af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og reyndar af hv. þm. Svavari Gestssyni líka en ekki síst vegna þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson er forseti BSRB að mér finnst eðlilegt að sú vinna fari fram í nánu samráði við fulltrúa launþega í opinberri þjónustu af því það skiptir máli að menn viti nákvæmlega á hverju þessar reglur byggjast. Ég tek undir það, öðruvísi geta reglurnar ekki orðið gagnsæjar og gert það gagn sem til er ætlast. En ég viðurkenni það og hef margoft sagt áður um þetta mál að það er erfitt koma þessu saman. En ég vil undirstrika að tilgangurinn með þessu ákvæði var fyrst og fremst sá að freista þess með slíkum reglum að reyna að jafna mun á launum karla og kvenna vegna þess að ég veit eins og hv. þm. að munurinn kemur fyrst og fremst fram í einstaklingsbundnum launaákvörðunum. (Gripið fram í.) Ég held að það sé betra að lögfesta þetta form með ákveðnum reglum en að búa við það skipulag sem við búum við og hefur sýnt sig að við ráðum ekkert við, hvorki fulltrúar starfsmannanna né fulltrúar ráðuneytisins og þá gildir einu hverjir sitja í hvaða stólum á hverjum tíma.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um þjóðkirkjuna og presta en ég læt koma fram að ég álít að þjóðkirkjan og prestar eigi að hafa mikið um það að segja hvernig á þessu máli er haldið og það eigi að hlusta á viðhorf þeirra. Ég get auðvitað ekki lýst því yfir að það eigi að afhenda löggjafarvaldið til þeirra en minni á að þegar til umræðu verður næsta haust svokallaður bandormur hlýtur hið háa Alþingi að taka á þessu máli eins og öðrum málum sem eru í rauninni skilin eftir af því að bandormurinn verður ekki afgreiddur á yfirstandandi þingi.

Ég endurtek það þótt það æri kannski einhverja hér inni að það er sjónarmið mitt að það sé ekki í þessu frv. verið að breyta réttindum sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Í þessu sambandi vil ég segja að svokölluð æviráðning, sem er kannski ekki rétt hugtak, ótímabundin ráðning eða skipun, var nánast afnumin af flestu starfsfólki í opinberri þjónustu fyrir tíu árum, hefur leitt til að fólk vinnur hlið við hlið, sumir æviráðnir en aðrir ekki og það er enginn launamunur. Hins vegar vil ég minna á biðlaunaréttinn. Ég tel að þessi tvö atriði séu skilgetin afkvæmi þess að starfsfólk ríkisins hafði á sínum tíma hvorki samningsrétt né verkfallsrétt. Með öðrum orðum, það var eðlilegt á árunum í kringum

1954 að fólk í opinberri þjónustu, sem hafði ekki þau grundvallarréttindi sem verið er að tala um, samningsréttinn og verkfallsréttinn, hefði þennan rétt fyrir sig að það væri ekki hægt að leggja niður störf í stað þess að segja fólki upp, störf sem kannski pólitískur andstæðingur var í án þess að einhverjar bætur kæmu fyrir. Ég tel hins vegar að þetta séu úrelt réttindi í dag og ég tek fram að það kastar tólfunum þegar menn halda að þessi réttindi gangi út á það að menn geti fengið tvöföld laun fyrir sömu vinnu hjá báðum aðilum sem eru í eigu ríkisins. Ég segi til viðbótar: Ef það kemur í ljós sem ég hef enga trú á og ég bendi á niðurstöður lögfræðinganna sem tveir a.m.k. taka mjög fast á því máli en ef það skyldi gerast að dómstóll á Íslandi, Hæstiréttur á Íslandi komist að þeirri niðurstöðu að þetta séu lögvarin réttindi sem skylt er að bæta samkvæmt stjórnarskránni, samkvæmt eignarréttarklásúlu stjórnarskrárinnar sem mig minnir að sé í 72. gr. geta forustumenn launþegasamtakanna ekki samið um þau réttindi. Þeir geta ekki breytt þeim réttindum í laun vegna þess að þá eru réttindin einstaklingsbundin eign. Þá kemur upp sama spurningin og hefur komið upp þegar við ræðum um lífeyrismálin og fengum reyndar Lagastofnun háskólans til að líta á það mál einmitt af þessum sömu ástæðum. Ég vek athygli á þessu.

Virðulegi forseti. Að lokum þakka ég mönnum fyrir mestan part mjög málefnalegar ræður. Ég skil vel að menn séu ekki sammála um frv. en ég hygg að ég geti mælt fyrir munn allra þegar ég segi að frv. hefur a.m.k. breyst í þá veru að það er frekari friður um það en áður. Ég leyfi mér að vona það, verði frv. að lögum sem flest bendir til, að í framhaldi af því geti menn annars vegar fulltrúar ríkisvaldsins sem vinnuveitanda og hins vegar fulltrúar þeirra sem starfa hjá ríkinu sest niður og rætt önnur mál sem þeir þurfa að ræða saman. Í fyrsta lagi þarf að ræða um viðbótarlaunin sem ég hef minnst á. Í öðru lagi þarf að ræða um kjarasamningalögin og í þriðja lagi minni ég á að viðræður standa yfir um breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Þetta vildi ég að kæmi fram jafnframt því sem ekki má gleymast að næsta haust verðum við áfram með þetta mál vegna þess að það þarf að breyta mörgum sérlögum og fyrir liggja yfirlýsingar um að slíkt frv., svokallaður bandormur komi fram á næsta hausti.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni en vænti þess að nú hafi öll sjónarmið komið fram. Ég hef gert að umtalsefni helstu breytingar sem ég tel að hafi verið gerðar milli 2. og 3. umr. Ég er samþykkur þeim breytingum og mæli með að þær verði samþykktar á hinu háa Alþingi. Ég tel reyndar að eftir það geti flestir verið nokkuð sáttir við útkomuna.

[18:23]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 519. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1078; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1079.

Flugmálaáætlun 1996–1999, 365. mál, nál. samgn., þskj. 1080; brtt. samgn., þskj. 1081.

[18:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla í stikkorðastíl að nefna örfá atriði af því að ég ætla að reyna að forðast að fara í aðra ræðu.

Í fyrsta lagi tek ég undir með hæstv. fjmrh. að það var mikils virði að kveða niður verðbólguna og ég var hlynntur þeim fyrstu samningum sem kenndir voru við þjóðarsátt. En við megum ekki gleyma því að í skjóli þeirrar óskar og vonar almennings að halda verðbólgunni niðri hefur ríkisstjórnin, sú ríkisstjórn sem síðar sat, og þessi er byrjuð á því sama, skert kaupmátt launafólks á þann hátt sem viðkvæmastur er, með því að taka mörg hundruð milljónir af barnabótum, setja á sjúklingaskatta og þar fram eftir götunum. Verðbólgustigið er ekki sjálfstætt markmið í sjálfu sér, það eru kjörin sem eru sjálfstætt markmið og það eru þau sem ber að bæta.

Í öðru lagi vil ég nefna að það er mjög ósvífið af hálfu hæstv. fjmrh. að segja að það sem hafi vakað fyrir honum með þessum forstjórasamningum sé að draga úr launamun kynjanna. Hæstv. fjmrh. hefur sagt það opinberlega að þar sem best hafi tekist til í þessum efnum hafi 80% eða 90% samninga orðið persónubundnir samningar. Það er ekki til þess fallið að draga úr launamun. Við höfum sýnt fram á það með rökum, skýrslugerðum og athugunum að sú leið sem hann er að leggja til hefur alls staðar orðið til þess að auka launamuninn.

Þá vil ég nefna það sem hæstv. ráðherra segir um einstaklingsbundin kjör, biðlaunin. Það er mikið til í því sem hann segir þar. En það eru kjör sem ber að skoða í heild sinni.

Í fjórða lagi vil ég nefna að í máli hæstv. fjmrh. kemur fram að þetta sé allt saman ósköp slétt og fellt á sama tíma og hér er verið að tala um frv. sem tekur réttindi af fólki, sem hefur kjör af fólki sem verða talin í krónum og aurum. Tekur peninga af fólki, takmarkar samningsrétt og eykur forstjóravald.

Varðandi samráðið að lokum, hæstv. forseti, vil ég nefna þetta: Í nauðvörn sinni hafa þingmenn fengið lögfræðinga til að gera á handahlaupum álitsgerðir sem eru unnar á fáeinum klukkutímum. Á síðustu klukkutímum, síðustu dögum þingsins, kemur fram að við erum að ræða lagafrv. sem skerðir mannréttindi og brýtur í bága við stjórnarskrá og alþjóðlegar samþykktir. Svo er verið að tala um góð og vönduð vinnubrögð og frv. þar sem allt er slétt og fellt. Þetta kemur ekki heim og saman.

[18:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tvö atriði sem ég vil fá tækifæri til að svara þessu andsvari hv. þm. Í fyrsta lagi ætla ég að staðhæfa að núv. ríkisstjórn, fyrri ríkisstjórn og sú sem sat þar áður hafa allar haft það að leiðarljósi að verja kjör þeirra sem verst eru settir. Ég ætla að nefna hvernig það er gert.

Í tengslum við kjarasamninga hefur það viðgengist alveg frá því að ég kom í ráðuneytið að bótaþegar hafa fengið eingreiðslur svipaðar þeim sem gengur og gerist á almenna vinnumarkaðnum þegar þar er samið um lágmarkslaun og um eingreiðslur. Þetta hefur í raun kostað ríkið miklu meira en nokkurn tímann atvinnurekendur í landinu vegna þess að bótaþegarnir hafa yfirleitt tekjur sem eru miklu lægri en þær sem þeir lægst launuðu hafa. Nú upp á síðkastið hefur þetta verið miðað við 80 þús. kr. Þar að auki minni ég á að í vissum tilvikum hafa verið gerðar breytingar til þess að hjálpa þeim sem hafa lent í vandræðum vegna jaðaráhrifa í skattkerfinu og í bótakerfinu. Síðast í því sambandi má minnast á breytingar sem gerðar voru á barnabótaaukanum nú við fjárlagagerð yfirstandandi árs þegar 500 millj. kr. voru settar í þetta verkefni.

Í öðru lagi vil ég segja að það er ekki rétt sem hv. þm. segir að staðið hafi til eða það megi lesa úr lögfræðiálitunum að það hafi átt að skerða mannréttindi eða fara fram með stjórnarskrárbrot því það verður að skoða frv. með hliðsjón af þeim bandormi sem átti að afgreiða og markaði auðvitað

umfang þess hverjir voru embættismenn og hverjir ekki.

[18:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var stórfengleg yfirlýsing sem kom frá hæstv. fjmrh. um að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi kappkostað sérstaklega að verja þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Hvað með aðgangseyri að heilsugæslustöðvum? Er það til að verja þá sem standa verst að vígi? Hvað með lækkun barnabóta? Er það til að verja þá sem standa verst að vígi? Hæstv. fjmrh. segir að 500 millj. kr. hafi verið settar í þann málflokk. Bara í einum fjálögum, árið 1991, var hálfur milljarður tekinn af barnafólki, bara í einum fjárlögum. Svo var meira tekið árið þar á eftir. Er það til að verja þá sem standa verst að vígi þegar lyfjakostnaðurinn er aukinn á einstaklinga? Er það til að verja þá sem standa verst að vígi þegar skólagjöld eru sett á? Hvers konar tal er þetta eiginlega? Heldur hæstv. fjmrh. að þó menn komi upp með sléttan og felldan málflutning og brosi framan í þjóðina og hneigi sig að fólk trúi þessu? Halda menn að fólk finni þetta ekki í vösum sínum eða í pyngjunni, hjá þeim hagfræðingi sem er kannski auðskiljanlegastur, eigin pyngju, hvað það er sem hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur gert launafólki í landinu á liðnum árum í ýmsum málaflokkum undir verkstjórn hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar?

[18:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það sérstaklega fram aftur að ég tel að þessi ríkisstjórn og ríkisstjórnin sem áður sat og reyndar þær sem áður sátu hafi kappkostað að verja kjör þeirra lægst launuðu. Ég minni á í því sambandi, af því að ég gerði það ekki áðan, lækkun matarskattsins svokallaða sem gerð var í samráði við verkalýðshreyfinguna. (**ÖJ:** Hluta hennar.) Já, ég skal viðurkenna að það var ekki BSRB sem stóð að því en ASÍ gerði það. Ég vil minna á þetta til viðbótar.

Það er rétt að við höfum fært fjármuni, og ég ber ábyrgð á því að sjálfsögðu, úr barnabótakerfinu yfir í barnabótaaukakerfið. Af hverju var það gert? Vegna þess að mér þótti í sumum tilvikum slæmt að það væri verið að senda barnabætur til fólks sem hafði mjög háar tekjur og það mætti þess vegna draga úr þessum þætti en færa það frekar yfir í barnabótaaukann og síðan var hann gerður enn tekjutengdari. Eftir á að hyggja hefur komið í ljós að sjálfsagt höfum við gengið of langt í þessum efnum vegna þess að fólk lendir í ákveðinni fátækragildru og ég tel að nú sé kominn tími til að leiðrétta þetta þannig að fólk með miðlungstekjur og þar fyrir neðan þurfi ekki að sætta sig við að tapa kannski 70 kr. af síðustu 100 kr. sem það aflar með tekjum sínum.

Varðandi aðgangseyrinn verðum við að hafa það í huga að við rekum íslenska ríkið með 5–10 milljarða tapi á hverju ári og við viljum frekar hafa þjónustu sem er greitt fyrir að einhverju marki heldur en enga þjónustu. Í öllu okkar starfi hefur þess verið gætt eins og kostur er að þeir sem verst eru settir, aldnir og sjúkir, greiði ekki nema lágmark og sumir ekkert fyrir þessa þjónustu á meðan hinir sem hafa vinnu og tekjur þurfa að greiða eitthvað. Og ég tel þá bara ekkert of góða til þess. (**ÖJ:** Sjúklingana?) Nei.

[18:32]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri ástæða til þess að halda þessari umræðu áfram um efnahagsstjórnun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki betur en launamunur eða launabil hafi aukist hvort sem við horfum á vinnumarkaðinn almennt eða launamun milli karla og kvenna.

Mér verður tíðrætt um 22. gr. frv. Það er ekki vegna þess að ég hafi svo mikinn áhuga á því hverjir eru embættismenn og hverjir ekki, heldur fyrst og fremst vegna þess hvaða prinsipp liggur þarna að baki. Hvað er verið að gera með þessari grein? Það er mjög fróðlegt að skoða upphaflegt frv. og síðan þær tvær breytingartillögur sem hafa verið gerðar við þessa grein. Mér finnst umræðan og túlkun hæstv. fjmrh. á þessu alveg furðuleg. Það er eins og menn geti komið og óskað eftir því að gerast embættismenn. Hvert er prinsippið í þessu, hæstv. fjmrh.? Með þessari skilgreiningu er verið að svipta þessa ákveðnu starfsmenn réttinum til að semja um eigin kaup og kjör sem er kveðið á um í stjórnarskránni að sé réttur manna. Það er verið að taka af mönnum verkfallsrétt og það er verið að takmarka meira að segja tjáningarfrelsi. Það er því alveg ljóst samkvæmt íslensku stjórnarskránni og samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum að þennan rétt má aðeins takmarka við ákveðna hópa.

Eins og frv. kom fram í upphafi, var þetta mjög breiður hópur. Nú segir hæstv. fjmrh. að það hafi aldrei staðið til að hann yrði svona stór. Hvað voru menn eiginlega að gera? Var verið að senda þetta inn á þing til þess að menn gætu skoðað viðbrögðin og séð hverjir vildu vera embættismenn og hverjir ekki? Hvað var eiginlega að gerast? Ég spyr. Það þarf að vera ákveðið prinsipp í þessu. Hvert er það? Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að bregðast við ef prófessorar frá Háskóla Íslands koma kannski aftur og vilja verða embættismenn? Er það skynsamlegt þegar prófessorar við Kennaraháskólann og á Akureyri eru því andvígir? Hver á reglan að verða? Það hlýtur að eiga að gilda um þetta ákveðin stjórnssýsluregla.

[18:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um 22. gr. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það eru nokkrir erfiðleikar í þessu máli vegna þess að heilu stéttirnar í sumum tilvikum hafa hreinlega óskað eftir því mjög eindregið við löggjafarsamkomuna að láta taka af sér verkfalls- og samningsréttinn. Prestar gerðu það líka á sínum tíma og óskuðu eftir því að fara í kjaranefndina. Það var ekki tillaga fjmrh. þó hann legði fram frv. Þingið réði því eftir að rætt var við presta á sínum tíma, enda gengu prestar þá úr samtökum Bandalags háskólamanna og vildu ekki lengur vera í þeirra hópi. Okkur er því vissulega vandi á höndum þegar við ræðum um það hverjir eigi að vera embættismenn og hverja skuli taka þar með. Ég hef tilhneigingu til þess að hlusta á raddir slíkra aðila hvort sem þeir eru prófessorar eða prófastar.

Varðandi tjáningarfrelsið stóð aldrei til að þessi grein í frv. væri víðtækari en sú grein sem er í lögunum frá 1915. Sé það áhorfsmál vegna orðanna að „stuðla að", er sjálfsagt að laga það. Enda hefur það verið gert með brtt. og því hefur verið lýst yfir margoft að það átti ekki að víkka þá lagagrein sem er í gildi frá árunum 1915. Og vissulega gæti verið kominn tími til að líta á það hvort eigi að endurskoða þau lög. (**SJS:** Já, auka mannréttindin miðað við það, já.) Það kemur til greina. (**SJS:** Það er nú að verða öld síðan.)

Lykilhugtakið í 22. gr. er orðið „skipaður". Það er lykilatriðið, ég vek athygli á því. Í því felst að eingöngu skipaðir menn eru embættismenn þannig að það stóð aldrei til að starfsfólk Stjórnarráðsins sem ekki er skipað, yrði að embættismönnum. Það er hreinn misskilningur.

Varðandi launamuninn er það rétt að hér eins og víðast annars staðar hefur launamunur heldur aukist. En það þarf að koma fram að launamunur hér á landi á milli þeirra hæstu og lægstu og launamunur kynjanna er óvíða jafnlítill. Og launamunur þeirra sem eru hæst launaðir og þeirra sem eru lægst launaðir er minni hér á landi en þekkist í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum.

[18:37]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég segi nú bara æ, æ, æ. Hæstv. fjmrh. er náttúrlega að fitja upp á þvílíkum umræðuefnum að við gætum verið hér til miðnættis ef hann ætlar að halda svona áfram. Það er nýbúið að sýna fram á í skýrslu hver launamunur er milli kynjanna hér á landi. Hann er verulegur og hann er meiri en gerist á Norðurlöndum. Meðallaun kvenna hér á landi miðað við laun karla er miklu lægri en í Bandaríkjunum. Taki menn allt spektrúmið kemur kannski annað út. Það er ekki sama hvað verið er að skoða.

Varðandi 22. gr. og prestana sérstaklega rakti ég í einhverri ræðu það mál allt saman. Ég þekki þetta nokkuð vel og skil vel þá sérstöðu sem prestar hafa. En spurningin er hvort þeir eigi endilega að teljast til embættismanna. Það er hægt að kveða á um það í lögum að prestar heyri undir kjaranefnd þó að þeir séu ekki taldir upp í þessum lögum vegna þessa ákveðna prinsips. Og hvað um aðra? Í rauninni kemur ekki heim og saman við þá reglu sem sett er í alþjóðlegum sáttmálum að fara að tína upp hópa héðan og þaðan sem vilja komast í þennan embættismannahóp af því að þeir halda að það muni verða til þess að hækka laun þeirra.

En við skulum láta hér staðar numið, hæstv. forseti. Ég efast ekki um að það á eftir að taka þessi lög upp aftur og aftur vegna þess að um þau er ekki sátt. Og á þau mun reyna í næstu kjarasamningum, ég efast ekki um það.

[18:39]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér fyrst að vekja athygli á því að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafa hvorki hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. né hæstv. dóms- og kirkjumrh. látið svo lítið að koma til umræðunnar.

Í öðru lagi verð ég að segja það að málsvörn hæstv. fjmrh. er náttúrlega aumkvunarverð. Það er ekki hægt að hafa um það önnur orð. Þegar hæstv. fjmrh. var að fara yfir þær breytingar sem orðið hafa á málinu var hann að reyna að telja það því til tekna að frá upphaflegum drögum, sem verkalýðshreyfingin fékk til að taka afstöðu til, hefði málið tekið breytingum þar til það var lagt fram. Síðan hefði því verið gjörbreytt við 2. umr. og nú stæði enn til að gjörbreyta því við 3. umr. Þetta allt taldi hæstv. fjmrh. sér til tekna ef ég gat rétt heyrt og mæli heldur með málinu. Þetta segir auðvitað sína sögu um þá hrákasmíð sem lagt var upp með.

Í öðru lagi segir hann um 22. gr. frv. að hana hafi átt að rétta af og bjarga henni í löglegt horf með bandorminum. Hvers konar málflutningur er það? Það er verið að segja að greinin eins og hún var lögð fram stenst ekki, en svo átti að bjarga þessu með bandorminum eins og með prestana. Það á að bjarga þeim með bandorminum í haust. Og þá svara ég auðvitað í leiðinni hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni varðandi þessa lagaþrætu um 22. gr. Það liggur algerlega fyrir að greinin eins og hún er í frv. stenst ekki, það er borðleggjandi. Og það sem hv. þm. hefur ekki áttað sig á og ekki hæstv. fjmrh. heldur er að lögfræðiálitin ganga út frá breytingartillögunum. Þau meta málið út frá breytingunum sem vissulega rétta málið talsvert af. En um leið segja þau: Frv. í sinni upprunalegu mynd stenst ekki. Og alveg eins er þetta með prestana. Það er kostulegur málflutningur að segja við okkur: Það er verið að lögfesta ástand sem gengur ekki upp, en það á að bjarga því í haust með nýjum lögum. Það er það sem er verið að segja.

Hvers konar metnaður er þetta við lagasetningu hér á Alþingi? Öll þessi mál áttu þá að bíða. Þetta er á engan hátt boðlegt, herra forseti, að ganga svona frá málum.

[18:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er með fyrir framan mig umsögn frá 21. maí undirritaða af Birgi Birni Sigurjónssyni þar sem talið er upp það sem hefur breyst í þessu frv. Þótt sumt af því sé enn þá með þeim hætti að þeir vildu fleiri breytingar, er að stórum hluta til sagt að breytingarnar séu til bóta frá þeirra sjónarhóli séð. Ég minni á að ef menn skoða til að mynda upphafleg mótmæli þessara samtaka, BHMR, og það sem hefur gerst síðan á vegferð þessa frv. til dagsins í dag, þá hefur auðvitað verið komið til móts við viðhorf þeirra í mjög stórum og veigamiklum málum auk margra smærri.

Í öðru lagi vil ég segja að í bandorminum eru upptalningar á mönnum sem hefðu átt að teljast embættismenn. Þar er um að ræða t.d. staðgengla eða aðstoðarforstjóra eða sjálfstæða embættismenn hjá stofnunum sem ekki eru forstjórar. Og í stað þess að telja þá alla upp í 22. gr. var hugmyndin sú að takmarka aðganginn í sérlögum, en birta síðan lista árlega. Ég tek það fram að ég sé ekki að lögfræðiálitin gangi með nokkrum hætti út á að kanna hvort það sé lögmætt þegar tekið er tillit til bandormsákvæðanna. Hitt er rétt sem hv. þm. segir. Ég sé vel og rækilega að lögfræðingarnir þrír vita af fyrirhuguðum breytingum fjármálaráðuneytisins, eins og stendur hjá einum þeirra, sem sent hefur verið til nefndarinnar, svo ég rifji nú upp að gefnu tilefni það sem fyrr kom fram í dag. En þar er auðvitað átt við breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar. Það tíðkast oft að ráðuneyti hjálpi til við að útbúa breytingartillögur að ósk meiri hluta nefnda og margt af þessu sem breyttist er auðvitað að frumkvæði nefndarmeirihlutans.

[18:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað við hæfi að talað sé um breytingartillögur fjmrn. Það er ekki verra mismæli en það sem hæstv. fjmrh. missti út úr sér áðan þegar hann talaði um höfund laganna, hinn merka prófessor, höfund laganna. Þetta liggur einfaldlega svona. Málsvörn hæstv. fjmrh. er hrunin til grunna eins og spilaborg. Það er í raun og veru viðurkennt. 22. gr. frv. stenst ekki. Hún er út í hött. Hún sem slík, sem sálfstæð lagasetning, er kolfallin. En það átti að reyna að bjarga í horn. Það var meiningin að afmarka síðan málið með ákvæðum í sérlögum, í bandormi eða öðrum sérlögum t.d. hvað varðar presta, seinna. Með öðrum orðum, það átti að koma á lögmætu ástandi, ástandi sem stæðist stjórnarskrá og ILO-samþykktir með breytingum í öðrum lögum vegna þess að 22. gr. eins og hún er af hálfu höfunda frv. stenst ekki. Þetta er viðurkennt. Þetta er hæstv. fjmrh. núna að segja okkur og skrifar nákvæmlega upp á það sem við höfum sagt með þessum orðum sínum hér. Í raun og veru þarf ekkert að ræða þetta mál frekar, það liggur þannig. Hér er þessari

hrákasmíð, þessu frv., gefin alger falleinkunn og auðvitað liggur málið þannig fyrir öllum þeim sem hafa fylgst með umræðunni og áttað sig á efnisþáttum málsins að það er enn meira hneyskli að afgreiða þetta nú við þessar aðstæður heldur en áður en mönnum varð þetta ljóst.

Mín síðustu orð í þessari umræðu sem væntanlega verða, herra forseti, eru auðvitað þau að það hníga öll rök til þess bæði frá þinglegu sjónarmiði séð, varðandi efnisþætti frv. og pólitískar kringumstæður málsins að menn nái áttum og fresti afgreiðslu þessa máls.

[18:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel gagnstætt því sem hv. þm. segir að álitsgerðir lögfræðinganna þriggja séu mestan part viðurkenning á viðhorfum stjórnarmeirihlutans. Það er mín staðhæfing í þessu máli. Menn geta haft aðra skoðun á því. Ég hef verið að lesa þetta undir umræðunum í dag, fengið leyfi til þess og reynt að hlusta auðvitað á umræðuna jafnframt og ég sé ekki betur en það sé að langmestu leyti verið að viðurkenna það að þessar breytingar sem verið er að gera séu heimilar út frá stjórnarskránni og einnig vegna samþykkta sem við erum aðilar að á alþjóðavettvangi.

Það voru ekki mín mismæli að tala um að tillögurnar kæmu frá fjmrn. En vegna þess að hv. þm. var ekki viðstaddur allan daginn í dag, þá kom þetta mál upp í orðræðu fyrr í dag. Ég var aðeins að benda á að á bls. 2 í álitsgerð Láru Júlíusdóttur segir svo, með leyfi forseta, orðrétt:

„Einnig liggja fyrir nefndinni tillögur frá fjmrn. sem ætla má að verði teknar upp af nefndinni."

Þetta er að sumu leyti rétt, enda liggur það í hlutarins eðli að frumkvæðisaðilarnir eða sá sem er frumkvöðull frv., leggi fram á síðustu stigum hugmyndir sínar. En að sjálfsögðu er það meiri hluti nefndarinnar sem ræður hvaða tillögur eru gerðar af hálfu meiri hlutans.

Þetta eru að verða síðustu orðin mín. Ég ætla ekki að vekja upp neina nýja drauga. Ég tel og endurtek það og mér finnst menn ekkert verða minni þó að það sé viðurkennt að auðvitað hefur frv. tekið breytingum. Til þess var ætlast. Ég tel að það hafi verið komið til móts við fjölmörg sjónarmið sem hafa komið fram í umræðum, sem hafa komið fram í umsögnum og að frv. sé betra ef eitthvað er. Það hljóta allir að geta fagnað því hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, hvort sem þeir eru um sinn fulltrúar ríkisvaldsins sem vinnuveitenda eða fulltrúar launþega í starfi hjá ríkinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:49.

149. FUNDUR

þriðjudaginn 28. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Þróun kaupmáttar launa, fsp. ÁMM, 490. mál, þskj. 849.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Réttarstaða fólks við gildistöku EES-samningsins, fsp. MF, 427. mál, þskj. 757.

3. Meðferð brunasjúklinga, fsp. ÁRJ, 521. mál, þskj. 965.

Til umhverfisráðherra:

4. Merkingar afurða erfðabreyttra lífvera, fsp. HG, 494. mál, þskj. 853.

5. Efnistaka úr Seyðishólum, fsp. KPál, 509. mál, þskj. 911.

6. Losun koltvísýrings, fsp. HG, 512. mál, þskj. 921.

7. Skipulag miðhálendis Íslands, fsp. KF, 532. mál, þskj. 1069.

Til landbúnaðarráðherra:

8. Forsendur vistvænna landbúnaðarafurða, fsp. HG, 525. mál, þskj. 977.

Til fjármálaráðherra:

9. Tekjur og gjöld ríkissjóðs af flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, fsp. ÁJ, 506. mál, þskj. 903.

Til menntamálaráðherra:

10. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, fsp. LB, 514. mál, þskj. 923.

11. Átak í jafnréttismálum hjá Ríkisútvarpinu, fsp. SF, 531. mál, þskj. 1033.

Til dómsmálaráðherra:

12. Endurskoðun lögræðislaga, fsp. RG, 515. mál, þskj. 931.

Til félagsmálaráðherra:

13. Útskriftir íbúa Kópavogshælis, fsp. RG, 516. mál, þskj. 932.

[13:34]

Útbýting þingskjals:

Framhaldsskólar, 94. mál, brtt. ÁÞ og LB, þskj. 1082.

Þróun kaupmáttar launa.

Fsp. ÁMM, 490. mál. — Þskj. 849.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. forsrh. hljóðar svo:

1. Hvernig var þróun kaupmáttar launa árin 1989–1985?

2. Hvernig er áætlað að þróunin verði árið 1996?

[13:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrri spurningin var svohljóðandi: „Hvernig var þróun kaupmáttar launa árin 1989–1995?"

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann fór í aðalatriðum lækkandi frá ársbyrjun 1989 til 1994 en frá þeim tíma hefur hann hins vegar farið vaxandi. Þessi þróun var ekki jöfn heldur lækkaði kaupmátturinn fyrst og fremst í tveimur skrefum. Stærra skrefið, kaupmáttarhrapið var milli áranna 1988 og 1990 og síðan á ný milli áranna 1992 og 1993 eftir að hruns þorskstofns tók að gæta. Vert er að hafa í huga að mikil kaupmáttaraukning varð hins vegar á árunum 1985–1988 og er ekki víst að innstæða hafi verið fyrir þeirri kaupmáttaraukningu. Árið 1991 jókst kaupmátturinn nokkuð vegna óvenjuhægstæðra ytri skilyrða.

Kaupmátturinn á árinu 1994 var um það bil 10% lægri en á árinu 1989. Hækkun á milli ára 1994 og 1995 nam um 4%. Kaupmáttur launa samkvæmt vísitölu Hagstofu Íslands þróaðist með áþekkum hætti umrætt tímabil.

Síðari spurningin hljóðaði svo: „Hvernig er áætlað að þróunin verði árið 1996?"

Í þjóðhagsspá í febrúar sl. var reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkaði um 3,5% á mann á þessu ári. Á grundvelli framvindunnar það sem af er árinu má hins vegar ætla að kaupmáttaraukningin verði meiri. Kemur þar þrennt til. Í fyrsta lagi hefur atvinna verið meiri en búist var við. Í öðru lagi hefur verðbólga verið nokkru minni og í þriðja lagi virðast laun hafa hækkað heldur meira en reiknað var með. Að öllu samanlögðu virðist stefna í að kaupmátturinn aukist um 4–4,5% á mann á milli áranna 1995 og 1996. Kaupmátturinn samkvæmt launavísitölunni mun líklega hækka ívið minna. Gangi þetta eftir mun kaupmáttur ráðstöfunartekna aukast um 9–8,5% á árinu 1995 og 1996. Þetta er um það bil tvöfalt meiri aukning kaupmáttar en búist er við að jafnaði í Evrópulöndum OECD umrædd tvö ár. Af þessu má sjá að efnahagsbatinn er að skila sér í kjörum heimilanna og fyrir vikið hefur einkaneysla aukist verulega að undanförnu.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skilmerkileg og greinargóð svör. Það er ánægjulegt að sjá að á seinni hluta þessa tímabils, sem ég er að spyrja um, hefur kaupmáttur aukist verulega. Ég held að það megi rekja að stórum hluta til þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin, sem sat á síðasta kjörtímabili rak í efnahagsmálum, hafa stöðugleika í gengi og aukið frjálsræði í viðskiptum og aðhald í ríkisfjármálum. Mér finnst einnig mjög ánægjulegt að núverandi ríkisstjórn hefur haldið áfram svipaðri eða sömu stefnu sem byggist á sömu grundvallaratriðum og að batinn í efnahagsmálunum heldur áfram. Það er líka greinilegt á þessum tölum að efnahagsbatinn er að skila sér út til þjóðarinnar, til almennings sem mun væntanlega njóta góðs af á þessu ári á sama hátt og á síðasta ári. Ég vonast til þess að sama stöðugleikastefna verði ríkjandi hjá ríkisstjórninni og hún skili sér áfram sem aukinn kaupmáttur í vasa almennings í landinu.

Réttarstaða fólks við gildistöku EES-samningsins.

Fsp. MF, 427. mál. — Þskj. 757.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Við gildistöku EES-samningsins 1. jan. 1994 urðu umtalsverðar breytingar á réttarstöðu fólks sem flytur búferlum milli Norðurlandanna. Breytingarnar fólu í sér lakari réttarstöðu fólks frá því sem var áður samkvæmt

samningum sem voru í gildi milli Norðurlandanna um ýmis félagsleg réttindi sem hægt væri að flytja milli landanna.

Á fundi ráðherra Norðurlandanna 14. nóv. 1990 sagði að félagsleg réttindi Norðurlandabúa ættu alls ekki að skerðast þó farið væri í víðtæka samningagerð milli Evrópulandanna. Engu að síður skertust ýmis félagsleg réttindi verulega frá því sem áður var, t.d. réttur til atvinnuleysisbóta og önnur réttindi sem voru til staðar samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni eins og réttur til sjúkradagpeninga, slysadagpeninga og til greiðslu fæðingarorlofs. Þær skýringar hafa verið gefnar frá skrifstofu Norðurlandaráðs að þessi réttindi hafi skerst vegna þess að þarna hafi verið um mistök að ræða en óvíst er hvenær þau mistök verði leiðrétt.

Það er öllum ljóst að á hverju ári flytja mjög margir Íslendingar til hinna Norðurlandanna, ýmist til þess að búa þar og stunda vinnu og aldrei áður hefur annar eins fjöldi flutt og í tíð þeirrar lánlausu hæstv. ríkisstjórnar, sem nú situr við völd. Það hlýtur því að vera eðlilegt að farið sé yfir þær breytingar sem hafa orðið á réttarstöðu fólks frá því að EES-samningurinn tók gildi og um leið var samningur sem áður hafði verið í gildi milli Norðurlandanna felldur úr gildi. 12. febr. á þessu ári birtust viðtöl í DV við hjón sem voru að fytja til Íslands frá Svíþjóð. Konan hafði nýverið fætt barn en átti ekki rétt á fæðingarorlofi í Svíþjóð og ekki heldur hér á Íslandi og hafði fengið þau svör frá lögfræðingi heilbrrn. að þarna væri um gat í kerfinu að ræða og þau ættu engan rétt samkvæmt lögum. Þau lentu einhvers staðar á milli og enginn lagaleg skýring væri til á því hvers vegna þau fengju ekki greiðslur í Svíþjóð og þá ekki heldur hér.

Í Morgunblaðinu 30. júlí 1994 birtist grein sem Hafdís Ólafsdóttir lögfræðingur skrifar um hvernig réttur til atvinnuleysisbóta var takmarkaður og skertur við EES-samninginn. Það hefur reyndar komið fram í svari frá hæstv. félmrh. við samsvarandi spurningu sem ég beindi til hans að þar hefur ekki orðið nein breyting á. Þær skerðingar sem urðu við EES-samninginn eru enn í gildi. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvaða breytingar nákvæmlega urðu á réttarstöðu fólks, á sviði heilbrigðis- og tryggingamála við flutning milli norrænna landa við gildistöku EES-samningsins. Féllu niður eða breyttust ákvæði í þágildandi samningum milli norrænna landa á þessu sviði? Ef svo er, hafa einhverjar breytingar eða leiðréttingar verið gerðar síðan og þá hverjar? Sé svo ekki, eru þær áformaðar og þá hvenær?

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem hér liggur fyrir er viðamikil og ég legg áherslu á að erfitt er að svara henni fullnægjandi á stuttum tíma.

Norðurlöndin hafa lengi haft með sér náið samstarf á sviði almannatrygginga við gildistöku EES-samningsins. Í ársbyrjun 1994 höfðu öll Norðurlöndin skuldbundið sig til að beita sín á milli þeim almannatryggingareglum sem gilda við flutning milli landa innan Evrópubandalagsins. Nýir samningar milli þessara landa um almannatryggingar geta því eingöngu átt sér stað á grundvelli EES-reglnanna. Almannatryggingareglur EES-samningsins gilda einkum fyrir ríkisborgara EES-ríkja sem stunda vinnu og fjölskyldur þeirra. Þeir gilda ekki fyrir íbúa Færeyja og Grænlands. Norðurlöndin gerðu því með sér nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar þannig að jafnframt væri tryggður réttur þessa aðila. Með því er tryggt ákvæði samræmi. Tilgangur almannatryggingareglna EES-samningsins er að tryggja að launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem kjósa að vinna eða dveljast í öðru aðildarríki en í heimaríki tapi ekki áunnum réttindum við flutninginn jafnframt því sem koma á í veg fyrir ofgreiðslur eða tvígreiðslur. Um bótarétt í hverju landi um sig fer hins vegar eftir lögum og reglum viðkomandi lands.

Eftir gildistöku EES-samningsins hefur á öllum Norðurlöndunum nokkuð borið á kvörtunum yfir því að réttindi hafi verið skert. Í sumum tilvikum eiga kvartanir við nokkur rök að styðjast en í flestum tilvikum er þó um að ræða breytingar á lögum viðkomandi lands. Löndin skilgreina nú betur en áður hverjir fullnægja skilyrðum þess að teljast tryggðir og eftirlit hefur verið aukið þannig að tryggja megi að einungis þeir sem rétt eigi fái bætur. Þá hafa nágrannalönd okkar dregið úr framlögum á sviði velferðarmála og kvartanir má að hluta til rekja beint til slíkra tilvika. Á það ekki síst við um Svíþjóð. Þannig hafa Svíar fellt niður greiðslur fæðingardagpeninga til kvenna við brottflutning þeirra frá landinu. Það er álit sérfræðinga á þessu sviði á öllum Norðurlöndum að þetta sé ekki í samræmi við reglur EES-samningsins. Svíar hafa fengið fyrirspurn vegna þess frá Evrópusambandinu og einnig munu nokkur dómsmál vera rekin út af slíkum málum.

Hluta vandamála má vissulega rekja til þess að einstaklingar fái rangar, misvísandi og ónógar upplýsingar og að sjálfsögðu ber okkur hér á landi að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Fjallað hefur verið um þessi mál á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar og nýlega komst vinnuhópur sem skipaður var fulltrúum allra Norðurlanda að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á breytingum á Norðurlandasamningnum. Hins vegar var ákveðið að vinnuhópurinn héldi áfram störfum og fylgdist grannt með þessum málum og tæki til umfjöllunar gagnrýni sem fram kæmi varðandi einstök atriði. Þannig eru ekki áformaðar neinar breytingar en fylgst verður með þróun mála og breytingar gerðar ef þörf þykir.

Varðandi einstök svið sem falla undir heilbr.- og trmrn. má í stuttu máli segja að í meginatriðum hafi í raun orðið litlar breytingar við gildistöku EES-samningsins og breytingu á Norðurlandasamningnum. Varðandi sjúkratryggingar er meginreglan nú sú að þeir sem stunda vinnu eiga vera tryggðir í því landi sem þeir vinna í en þeir sem ekki eru á vinnumarkaði eru tryggðir í búsetulandi. Læknishjálp og aðstoð sem menn eiga rétt á fer eftir lögum þess lands sem þeir eru tryggðir í.

Íslensk almannatryggingalög kveða nú á um sex mánaða biðtíma eftir sjúkratryggingu. Ákvæði um biðtíma gildir þó í raun ekki gagnvart þeim sem flytja til landsins frá EES-landi nema þeir hafi verið ótryggðir fyrir flutning. Þegar um er að ræða tímabundinn rétt til bóta í peningum, t.d. sjúkradagpeningum eða fæðisdagpeninga, greiðist bætur frá landinu þar sem viðkomandi var í vinnu þegar veikindi kom upp og samkvæmt lögum þess lands, jafnvel þótt viðkomandi sé búsettur í öðru landi. Þetta er í meginatriðum sama regla og áður gilti. Sú breyting hefur orðið á sviði lífeyristryggginga að í stað þess að menn fái allan lífeyri greiddan frá búsetulandi hafi þeir búið þar í þrjú ár kveða nýjar reglur á um að lífeyrir skuli greiddur í hlutfalli við áunnin réttindi frá hverju landi um sig. Lágmarksskilyrði vegna ellilífeyris hefur samkvæmt íslenskum lögum verið þriggja ára búseta hér á landi. Samkvæmt íslenskum almannatryggingalögum skal greiða lífeyri í hlutfalli við lögheimilistíma.

Í íslenskum lögum er gert skilyrði um þriggja ára búsetu hér á landi áður en til lífeyrisréttinda sé stofnað. Samkvæmt

samningum ber nú að taka tillit til áunninna trygginga, starfseða búsetutíma til þess að stytta þennan tíma eins og á við um ellilífeyri. Þó er ekki skylt að greiða lífeyri vegna tímabila sem eru styttri en eitt ár.

[13:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft nokkuð stóru máli sem eru réttindi á Norðurlöndum og réttindi vegna EES-samningsins og tel ég fulla ástæðu til þess að farið verði nánar ofan í þau mál. Eins og kom fram hjá málshefjanda hefur víða verið pottur brotinn varðandi réttindi og það að menn fái þau réttindi sem þeir ættu að eiga samkvæmt EES-samningnum og víða virðist réttur vera skertur miðað við Norðurlandasamninginn. Ég ætla ekki að fara nánar út í það en langar að benda á eitt varðandi EES-samninginn sem ég tel fulla ástæðu til þess að verði skoðað og það eru réttindi annars staðar í Evrópu. Áður en EES-samningurinn gekk í gildi áttu Íslendingar, sem þurftu á læknisþjónustu að halda í Evrópu, rétt á því að fá læknisþjónustuna endurgreidda þegar þeir komu til Íslands aftur ef þeir lentu inni á sjúkrahúsi.

Eftir að EES-samningurinn tók gildi er það svo að ef maður slasast í EES-landi fer það eftir því hvort maður fer inn á ríkisspítala eða einkaspítala hvort viðkomandi land borgar kostnaðinn. Ef maður er svo óheppinn að maður er fluttur á einkaspítala í EES-landi stendur maður uppi með allan kostnaðinn sjálfur nema maður sé með sérstaka tryggingu. Aftur á móti ef maður lendir í öðru landi en EES-landi getur maður fengið reikninginn borgaðan hér heima. Ýmis svona ósamræmi eru í tryggingakerfi okkar í dag sem ég tel fulla ástæðu til þess að verði skoðuð því að við áttum að fá betri réttarstöðu með þessum evrópska samningi en víða virðist hann vera þeim mun lakari.

[13:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra liggur það staðfest fyrir og lá vissulega í hlutarins eðli þegar EES-samningurinn var gerður að hann yrði ríkjandi yfir samningum sem gerðir höfðu verið milli Norðurlandanna. Þetta hefur leitt til þess að það hefur orðið breyting til hins verra á ýmsum sviðum og ekki hefur verið gætt samræmis í lagabreytingum innan Norðurlandanna í einstökum löndum, lagabreytingum sem gerðar hafa verið í kjölfar EES-samningsins. Þannig hefur skapast marghátttað misræmi og ríkisstjórnir landanna misnotað tækifærið og lækkað réttindi í einstökum ríkjum eins og rakið var í svari hæstv. ráðherra varðandi Svíþjóð og þetta gerist víðar. Þannig hefur sú yfirlýsing reynst markleysa sem fylgdi EES-samningnum þess efnis að hann ætti ekki að raska hefðbundnu samstarfi Norðurlandanna og þá væntanlega ekki þeim samningum sem gerðir hefðu verið þeirra á milli.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það komu fram yfirlýsingar á fleiri stöðum en á hv. Alþingi við afgreiðslu EES-samningsins. Það liggur fyrir á fundi ráðherra 14. nóv. 1990 yfirlýsing þess efnis að félagsleg réttindi Norðurlandabúa ættu ekki að skerðast þó að yrði af þessari víðtæku samningagerð sem EES-samningurinn er. Hins vegar er ljóst af máli hæstv. heilbrrh. áðan að þær skerðingar, sem hafa orðið, eru í raun mun víðtækari en maður hafði gert sér í hugarlund. Þær hafa átt sér stað og þessi aðildarlönd, Norðurlöndin, hafa breytt sinni löggjöf þannig að það er orðið verulegt ósamræmi þarna á milli. Engu að síður hefur erindum sem hafa verið send skrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi þar sem beðið hefur verið um skýringar á bæði þessum mismun sem á sér stað í dag varðandi réttindi t.d. til fæðingarorlofs og einnig vegna atvinnuleysisbóta verið svarað á þá leið að þarna sé um mistök að ræða sem verði leiðrétt. Hins vegar kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan ef ég skildi hann rétt að ráðherrar Norðurlandanna, ráðherraráðið, hefði gefið út þá niðurstöðu sína að ekki væri ástæða til þess að taka upp eða breyta þeim samningum sem væru í gildi í dag. Mér finnst auðvitað mjög sorglegt að niðurstaðan skuli hafa verið sú vegna þess að 19. maí 1994 fengu þeir mjög ítarlegt bréf þar sem farið var yfir þessa skerðingu og bent á að þarna þyrfti að eiga sér stað leiðrétting og einnig aftur í tímann. Bréfið er sent frá þessari skrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 19. maí 1994.

Ég vildi gjarnan heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig farið er með mál eins og þetta sérstaka sem ég nefndi áðan sem var í blaðaviðtali síðan 12. febr. á þessu ári þar sem virðist vera um það að ræða að þessi hjón, þar sem maðurinn er að vísu atvinnulaus, að konan á hvorki rétt á fæðingarstyrk eða fæðingarorlofi vegna þess að þau fluttu búferlum til Íslands. Svíar neituðu að greiða og hér var neitað líka.

[13:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er um mjög viðamikið og flókið mál að ræða og það væri auðveldara að svara þessu í skriflegu formi en á tveimur mínútum í ræðustól Alþingis.

Eins og áðan kom fram hafa orðið breytingar á löggjöf ýmissa landa á þessu tímabili sem skekkir þá upphaflegu mynd sem var þegar samningurinn var gerður. En sé um einstök mistök að ræða eru þau mistök leiðrétt en það er ekki ástæða til þess að breyta samningnum sem slíkum þrátt fyrir það. Eins og kom fram í máli mínu áðan er mjög mikilvægt að vera sífellt vakandi fyrir þessum samningi einmitt til þess að varna því að slík mistök eigi sér stað.

Meðferð brunasjúklinga.

Fsp. ÁRJ, 521. mál. — Þskj. 965.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir 521. máli sem er fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. á þskj. 965 um meðferð brunasjúklinga á Landspítalanum. Þannig er komið fyrir aðstöðu til lækninga brunasjúklinga að eina sérhæfða deildin á landinu til að annast brunasjúklinga, lýtalækningadeildin á Landspítalanum, hefur verið lokuð í lengri og skemmri tíma undanfarin fimm ár og nú hefur hún verið lokuð samfellt í næstum eitt ár. Þótt deildin sé lokuð hefur hún haft örfá legurými til ráðstöfunar á öðrum deildum. Þar er í dag við algerlega óviðunandi aðstæður einungis sinnt sjúklingum með brunasár, legusár eða húðkrabbamein.

Rafn Ragnarsson yfirlæknir leitaði til heilbr.- og trn. vegna vanda deildarinnar og segir í bréfi til nefndarinnar:

„Lítið má út af bera svo ekki hljótist af sýkingarslys." Síðan segir hann: „Óhætt er að fullyrða að brunasjúklingar fái í dag ekki viðunandi meðferð. Sérhæft starfsfólk er nánast allt horfið til annarra starfa sem er sérstaklega bagalegt því árangur meðferðar er mjög háður færni og þekkingu starfsfólks."

Sýkingarvarnanefnd Landspítalans tekur í sama streng og lýsir yfir verulegum áhyggjum af áhrifum sparnaðaraðgerða á sýkingarvarnir og spítalasýkingar í bréfi til forstjóra Ríkisspítala þann 1. mars sl. Þar segir m.a. um aðstöðu sem brunasjúklingum er boðið upp á, með leyfi forseta:

„Böðun sjúklinga fer fram við ófullnægjandi aðstæður og einangrun sýktra sjúklinga er ófullnægjandi." Síðan er sagt í þessu sama bréfi að aðstæður á deildinni séu óviðunandi og brýnt sé að þær verði bættar.

Það er nöturleg staðreynd að brunasjúklingar á Landspítalanum árið 1996 skuli deila baðaðstöðu með sjúklingum sem er grunað að séu með salmonellasýkingu. Þetta er aðalbrunalækningadeildin á Íslandi, landi þar sem stórt álver er rekið sem verið er að stækka um helming og þar er ávallt hætta á brunsaslysum, á Íslandi sem er eldfjallaland með hættuleg hverasvæði sem stefnir að því að fjölga ferðamönnum mjög næstu ár. Við erum ekki meö viðunandi aðstöðu til þess að bregðast við slysum sem geta orðið á þeim svæðum. Ég leyfi mér að spyrja hvort við getum látið þetta viðgangast öllu lengur. Landspítalinn treystir sér ekki lengur til þess að taka við sjúklingi með alvarlegan bruna og þess vegna hefur yfirlæknirinn útbúið neyðaráætlun til að koma slíkum sjúklingum á sem skjótastan og öruggastan hátt til meðferðar erlendis þar sem ekki er hægt að sinna þeim hérlendis við núverandi aðstæður. Það má geta þess að kostnaður við að bæta aðstöðuna vegna brunalækninga á Landspítalanum er áætlaður um 14 millj. kr. en getur farið upp í 25 millj. ef á að koma þokkalegri aðstöðu á í lýtalækningadeildinni. En verði sjúklingur sendur til útlanda til meðferðar er kostnaður hins opinbera vegna hans ekki undir 20 millj., hvað þá ef þeir eru fleiri en einn. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort uppi séu áform um að bæta aðstöðu fyrir brunasjúklinga á Landspítalanum.

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Lýtalækningadeild er sú sérhæfða sjúkradeild sem eðli málsins samkvæmt hefur annast meðferð brunasjúklinga á Landspítalanum og raunar fyrir landið allt. Sú deild, 13A, er vegna smæðar óhentug rekstrareining og þegar leita þurfti sparnaðarleiða valdi stjórn sjúkrahússins að fenginni tillögu faglegra yfirmanna að loka deildinni og flytja meðferð brunasjúklinga á þá handlæknisdeild spítalans sem einnig hýsir þvagfæraskurðlækningar og almennar handlækningar.

Sú reynsla sem fengist hefur af þessum samrekstri hefur ekki orðið eins og vonast hafði verið til. Sérhæfing í lækningum og hjúkrun er orðin svo mikil að verulegir annmarkar reynast á því að reka á sama gangi þrjár mismunandi sérgreinar jafnvel þótt þær séu allar á sviði skurðlækninga. Einkum hefur verið talið að sjúklingar með brunasár þyrftu betri aðstöðu þótt starfsfólk hafi ætíð gert sitt besta. Það hefur jafnvel komið til álita að flytja þessa meðferð að hluta úr landi en slíkt er ekki í takt við þá almennu ósk að annast sem mest meðferð sjúkra hér heima enda eigum við til þess ágætlega hæft starfsfólk. Kostnaður af slíkum aðgerðum er líka fljótur að safnast upp eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Því er verið að kanna alla möguleika á hvern hátt megi best standa að þessari þjónustu. Einn þeirra möguleika er að flytja starfsemina til baka og opna aftur lýtalækningadeildina á sínum fyrra stað en líklegt er að slíkur flutningur muni kosta a.m.k. 14 millj. vegna nauðsynlegra breytinga. Deildin verður áfram óhagstæð í rekstri þar sem stærðin breytist ekki frá því sem áður var. En rekstrarkostnaður er talinn vera yfir 30 millj. á ári.

Ljóst er að húsnæði Landspítalans er orðið mjög þröngt og verið er að kanna hvernig húsnæðismálum spítalans verði best fyrir komið í framtíðinni. Raunar þarf að skoða lausnir á skipulagi húsnæðismála sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu í heild. Flutningur lýtalækningadeildar ef af verður eins og hér er lýst verður því að skoðast sem bráðabirgðalausn sem mikilvægt er að verði í senn í sem mestu samræmi við heildarlausnir í húsnæðismálum sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Standa vonir til þess að af þessum breytingum geti orðið ekki seinna en um næstu áramót.

[14:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst alltaf jafnkaldhæðnislegt þegar talað er um lokun á deildum og samdrátt í rekstri sem getur haft þær afleiðingar sem t.d. lokun á lýtalækningadeildinni á Landspítalanaum hafði á sínum tíma þegar fram kemur að þessi ákvörðun sé tekin af stjórn sjúkrahússins eftir umfjöllun og ábendingum og síðan ráðgjöf faglærðra sem að málinu koma. Það er eins og menn hafi haft í raun og veru eitthvert val. Ég hef sjálf setið í stjórnarnefnd Ríkisspítala og veit ósköp vel hvert valið er. Það er nákvæmlega ekki neitt. Og þegar talað er um að deild sé lítil og óhagstæð í rekstri og það kosti 30 millj. á ári að reka hana, halda henni opinni þá verðum við auðvitað að horfa á það hvernig þetta er reiknað út, þ.e. hvernig horft er á reksturinn og það sem er óhagstætt eins og hæstv. ráðherra sagði. Það er út frá beinhörðum peningum en ekki út frá þeirri þjónustu sem sjúklingurinn fær og bata hans eða hvort það er hagstætt fyrir þjóðfélagið að sjúklingur sem lagður er þarna inn nái fullum bata fyrr en ella.

[14:05]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Mér er málið skylt og mig langar til þess að fá að varpa spurningu til hæstv. heilbrrh. Það er auðvitað rétt sem búið er að lýsa að það hefur ríkt ófremdarástand í meðferð brunasjúklinga nú um langt skeið. Starfsfólk Ríkisspítala og stjórnendur þar hafa verið að vinna að tillögum um það hvernig mætti betur búa að þessari viðkvæmu þjónustu og hafa lagt fram ákveðnar tillögur þar að lútandi fyrir þó nokkru síðan.

Nú upplýsir hæstv. heilbrrh. það að niðurstaðnanna í þessu máli mætti vænta um næstu áramót ef ég skil ráðherrann rétt. Mér þykir eins og mörgum öðrum langt að bíða til næstu áramóta og ég er viss um að brunasjúklingar sem hugsanlega þurfa að leita til okkar á Ríkisspítölunum mundu fagna því ef ráðherrann sæi sér fært að taka ákvarðanir fyrr um framtíð þessarar deildar, þar sem mjög nákvæmir útreikningar liggja fyrir og tillögur um leiðir sem hægt er fara í þessu máli. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Geta sjúklingar og starfsmenn Ríkisspítalanna vænst þess að þessari ákvarðanatöku verði flýtt eitthvað?

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og þakka ráðherra fyrir svörin. Ég tel að það sé ansi langt að bíða til næstu áramóta varðandi úrbætur hvað varðar brunasjúklinga á Landspítalanum. Á lýtalækningadeild Landspítalans bíða um 500 manns úrlausnar á biðlista sem varla hreyfist. Og eins og kom fram hjá mér áðan þá koma aðeins sjúklingar

með legusár og húðkrabbamein þarna inn og síðan brunasjúklingar en þeir koma auðvitað ekki af biðlistum. Þeir gera ekki boð á undan sér.

Ég tel að ástandinu varðandi aðbúnað brunasjúklinga og meðferð þeirra sé hægt að líkja við rússneska rúllettu, bæði gagnvart sjúklingunum og útgjöldunum í heilbrigðiskerfinu því að það er alger tilviljun hvort brunasjúklingur fær sýkingu eða ekki við þær aðstæður sem ríkja á Landspítalanum þrátt fyrir að allir starfsmenn leggi sig fram við að gera sitt besta.

Það er líka guðs mildi að ekki hefur þurft að senda brunasjúkling úr landi sem kostar jafnvel mun meira heldur en koma þessari aðstöðu í lag. Þetta gætu því jafnvel verið meiri útgjöld en sparnaður að draga það að koma þessu í betra horf.

Ég vil gera orð sýkingarvarnanefndar um þessi mál að mínum en þeir segja að það sé erfitt að meta hvað sparast með lokunum, en hættan eykst á spítalasýkingum og spítalasýkingar gætu gert slíkan sparnað að engu. Þetta er nánast það sama sem ég var að segja og þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að taka á málum þessarar deildar fyrr en um næstu áramót, helst strax.

[14:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé samdóma álit manna að þó svo að þessi deild verði opnuð þá verði hún ekki hagstæð eining og verður ekki til framtíðar. Og það er nú einu sinni þannig að til þess að opna þessa deild þarf að gera á henni verulegar breytingar þrátt fyrir að hún sé ekki til framtíðar. Það er nauðsynlegt að það komi fram því að sú aðstaða sem þarna er er engan veginn til fyrirmyndar. Kannski er hún skárri á þeirri deild sem hún er rekin í dag nema að þá koma sýkingar til sögunnar og þess vegna vilja menn flytja deildina annað.

En af því að það kom fram áðan að það væri ekki hægt að draga til ábyrgðar stjórnendur sjúkrahúsanna, þá er það einu sinni þannig að það þarf að forgangsraða og það gera stjórnendur sjúkrahúsanna. Það er erfitt fyrir þá en nauðsynlegt. Fjármunirnir eru takmarkaðir og þetta var þeirra val á þeim tíma þó svo ég viti með vissu að þeim var það ekki ljúft.

Merkingar afurða erfðabreyttra lífvera.

Fsp. HG, 494. mál. — Þskj. 853.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram fyrirspurn á þskj. 853 til hæstv. umhvrh. um merkingar afurða erfðabreyttra lífvera. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hver er afstaða ráðherra til þess álitaefnis að hafi vara í sér fólgna afurð erfðabreyttra lífvera skuli það tekið fram á umbúðum hennar?

2. Hver er og hefur verið afstaða ríkisstjórnarinnar og umhverfisráðuneytisins til væntanlegrar tilskipunar Evrópusambandsins um ný matvæli (novel foods) þar sem fjallað er um framangreint álitamál?

Þetta efni kom til umræðu í þinginu 7. mars sl. í tengslum við frv. um erfðabreyttar lífverur sem þá var til afgreiðslu í þinginu. Þá vitnaði ég m.a. til minnisblaðs sem umhvrn. sendi umhvn. dagsett 22. febr. sl. þar sem fram kom að Noregur og Danmörk hefðu stutt þá stefnu andstætt því sem gert var ráð fyrir í tilskipun Evrópusambandsins, að allar afurðir erfðabreyttra lífvera í vörum skyldu merktar til neytenda. Svíar höfðu haldið sömu stefnu fram. En jafnframt var tekið fram í minnisblaðinu og það er orðrétt tilvitnun, með leyfi forseta:

„Noregur og Danmörk hafa sett fram kröfur um að öll matvæli sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða afurðir þeirra verði merkt sérstaklega sem Ísland hefur ekki stutt. Samkvæmt nýlegum upplýsingum er stór hluti ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu mótfallinn svo ströngum merkingarskilyrðum."

Hæstv. umhvrh. tjáði sig um málið í umræðunni og var mjög eindreginn í sínu viðhorfi, þ.e. að að hans mati væri það fráleit stefna að krefjast ekki slíkra merkinga en málið hefði ekki komið inn á hans borð. Það upplýstist ekki í umræðunni af hans hálfu þá hver hefði um þetta fjallað í íslenska stjórnkerfinu. En væntanlega hefur hæstv. ráðherra nú farið yfir málið af tilefni þessarar fyrirspurnar og ég vænti þess að hann upplýsi okkur um það hver hefur verið afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu máli reynist það rétt vera sem ég vitnaði til í minnisblaðinu að Ísland hefði lagst gegn eða ekki stutt stefnu annarra Norðurlanda í sambandi við þetta mikilsverða mál.

Ég get getið þess, virðulegur forseti, að nær hundrað neytendasamtök víða um heim hafa gert sömu kröfu og hin Norðurlöndin en sem Ísland virðist ekki hafa treyst sér til að styðja innan EES.

[14:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er rétt eins og fram kemur í máli hv. fyrirspyrjanda, 4. þm. Austurl. að við áttum nokkur orðaskipti um þetta mál fyrr á þessum vetri í tengslum við frv. um erfðabreyttar lífverur sem þá var til umfjöllunar en er orðið að lögum. Ég hafði þá þann vara á í ummælum mínum að svarið þyrfti að helgast nokkuð af því að ég setti fram mína persónulegu skoðun og hefði ekki komið að málinu eða skoðað það ítarlega. En orðrétt má hafa eftir það sem ég sagði í þessum umræðum. Það var m.a., með leyfi forseta:

„Ég vil að neytendur hafi sem gleggstar upplýsingar um það hvað verið er að selja þeim." Og svo aftur síðar: „... að mönnum sé algerlega ljóst hvað þeir eru að kaupa ..."

Síðan hef ég rætt þetta við starfsmenn ráðuneytisins og farið ítarlega yfir það á hvaða stigi málið er og hvernig ráðuneytið svo og Hollustuvernd ríkisins og embættismenn þar sem hafa unnið að málinu meta hvernig málið er nú statt. Ég vil því gera hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. öðrum grein fyrir því. Evrópuþingið hefur lokið 2. umr. um fyrirliggjandi drög að tilskipun ESB um ný matvæli þar sem tekið er á þessum merkingum. Þingið hefur samþykkt nokkrar mikilvægar breytingar sem varða merkingu þessara vörutegunda og nái þær fram að ganga mun það hafa þau áhrif í för með sér að merkja þarf sérstaklega öll matvæli sem eru erfðabreytt eða framleidd með erfðabreyttum aðferðum, hafi þau önnur einkenni en sambærilegar vörur. Þetta þýðir að væntanlega þarf ekki að merkja matvæli sem framleidd hafa verið með erfðabreyttum hvötum, svo sem osta. Einnig er í brtt. lagt til að ákvæði tilskipunarinnar og sérmerkingar erfðabreyttra matvæla gildi jafnt um landbúnaðarafurðir, t.d. tómata sem og unnin matvæli, t.d. tómatsósu sem tekin er hér sem dæmi.

Þá er gert ráð fyrir að gildistöku verði flýtt og biðtími gildistökunnar verði þrír mánuðir í stað tólf mánaða. Tilskipunin ásamt breytingartillögum verður nú tekin til skoðunar í ráðherraráði og framkvæmdastjórn ESB og annaðhvort verða þær samþykktar eða hafnar verða sáttaumleitanir. Samkvæmt ofangreindu má búast við því að Evrópusambandið samþykki tilskipun um ný matvæli sem m.a. fjallar um áðurnefndar merkingar á næstu mánuðum.

Þessi mál hafa verið til umræðu milli fulltrúa Íslands og Noregs í Brussel frá því um miðjan desembermánuð sl. en þá komu fyrst til umræðu ákvæði um merkingar í tillögum um að reglugerð ESB um „ný matvæli og slíka efnisþætti" sem mun vera yfirskrift reglugerðarinnar. Kemur þá að þessu sem við ræddum í vetur, við hv. fyrirspyrjandi, um samskipti Íslands annars vegar og hinna Norðurlandanna.

Í lok febrúar var haldinn hér á landi samráðsfundur um matvælamálefni innan ramma EES með norskum embættismönnum og var þar ákveðið að skoða málin frekar og leita leiða til að ná samstöðu milli EFTA-ríkjanna um afstöðu vegna merkingar matvæla sem munu falla undir reglur ESB. Í tengslum við umræður um reglur um merkingu umbúða fyrir ný matvæli innan EES-samningsins hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Fyrir afurðir erfðabreyttra lífvera sem eru ekki frábrugðnar hefðbundnum vörum í samsetningu, notkun eða útliti er ekki talin ástæða til að sérmerkja umbúðir. Nái breytingartillaga Evrópuþingsins um að ekki þurfi að merkja matvæli sem framleidd hafa verið með erfðabreyttum hvötum fram að ganga hafi þær sömu eiginleika og sambærilegar vörur, *hafa þessi sjónarmið fengið hljómgrunn.*

2. Ef breyting verður á efnisþáttum, t.d. próteinum, þannig að varan geti valdið ofnæmi, óþoli eða hafi önnur heilsufarsleg áhrif verði umbúðir merktar. Sama gildir um siðfræðilega þætti sem geta tengst tilteknum hópum fólks, t.d. fólki sem ekki borðar ákveðnar kjötafurðir, grænmetisætum eða fólki sem borðar ekki ákveðnar dýraafurðir. Á fundi norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli og málefni sem haldin verður í lok þessa mánaðar munu þessi mál frekar rædd, en æskilegt er að um þau náist sameiginleg niðurstaða milli Noregs og Íslands. Þetta vil ég undirstrika út af þeim ummælum mínum sem hér hefur verið vitnað til. Ég tel auðvitað æskilegt að við leggjum það fyrst og fremst til að þarna náist samstaða þannig að þessar merkingarreglur geti verið eins. Það hlýtur að auðvelda og einfalda málsmeðferð alla. Að öðru leyti tökum við afstöðu til málsins þegar það liggur fyrir hvort samstaða næst og hvort við förum þá fram með sérreglur ef ekki verður samkomulag.

Svarið við seinni lið fyrirspurnarinnar er síðan að hvorki ríkisstjórn né umhvrn. hafa tekið formlega afstöðu til tillagna að reglum ESB „um ný matvæli og slíka efnisþætti". Málið er til umræðu meðal embættismanna með það að leiðarljósi að ná sameiginlegri niðurstöðu, eins og ég hef áður lýst. Eins og mál hafa þróast og að því gefnu að sameiginleg niðurstaða náist með EFTA-þjóðunum á Evrópska efnahagssvæðinu sýnist mér að allt bendi til þess að við getum samþykkt og tekið upp í okkar löggjöf væntanlega tilskipun ESB um ný matvæli með þeim fyrirvörum sem ég hef áður greint frá um að samkomulag eða samstaða náist.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þetta var nokkuð slunginn þráður sem hæstv. umhvrh. var að reyna að rekja í svari sínu. Ekki upplýsti hæstv. ráðherra um það hver hafi verið afstaða ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í minnisblaði hans eigin ráðuneytis 22. febrúar að hefði lagst gegn tillögum Norðmanna, Dana og raunar einnig Svía í tengslum við þessa tilskipun. Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. bæti um betur því að hann hlýtur að hafa svarið einhvers staðar. Hver var það sem tók afstöðu sem var andstæð því sem hinar Norðurlandaþjóðirnar gerðu kröfu um í sambandi við umfjöllun um þetta mál? Mér finnst heldur lítið leggjast fyrir hæstv. umhvrh. nú. Hann hefur sjálfur ekki nokkra skoðun á málinu, *hann hefur ekki lýst nokkurri skoðun. Hann segir* að ráðuneytið hafi ekki gert málið upp og aðalatriðið sé að ná samstöðu til þess að það verði sameiginleg afstaða og menn þurfi ekki að sérstöðu. Hefur ráðherrann ekki skoðun á því hvort það er réttmætt að gera kröfur um merkingar þegar um einhverjar afurðir erfðabreyttra lífvera er að ræða í viðkomandi vörum eða ekki? Um það snýst málið en ekki vafninga eins og hér komu fram hjá hæstv. ráðherra, sem virtist ekki hafa nokkra skoðun á þessu máli.

Það er einmitt eðli þessa EES-samnings að þar er tekist á og þar er spurningin um afstöðu ríkja, einnig jafnvel EES-landa eins og Íslands og Noregs sem eru hengd aftan í þennan vagn sem er með eimreiðina í Brussel. En kannski megna menn einhvers og er þá óeðilegt að Ísland reyni að leggjast á sveif með öðrum Norðurlöndum sem eru uppi með kröfur sem byggja á bæði hefðum og viðhorfum sem væntanlega eru ekki mjög ólík? Af hverju er Ísland að takast á við Noreg í þessum málum? Af hverju leggst ekki Ísland á sveif með Noregi í þessu máli? Ég vona að hæstv. ráðherra bæti um betur í öðru svari sínu.

[14:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þar sem hv. fyrirspyrjandi ítrekar spurninguna um afstöðu ríkisstjórnarinnar, ítreka ég það sem kom fram í svari mínu. Málið hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn. Það hefur ekki verið tekið fyrir þar, a.m.k. ekki af minni hálfu og mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert í tíð fyrri ríkisstjórnar heldur. Hér hafa embættismenn ráðuneytis og stofnunar setið við að reyna að ná samkomulagi um málið eins og ég greindi frá áðan, þ.e. að það væru sambærilegar merkingarreglur og sömu aðferðir giltu í því efni. Öllum hlýtur að vera ljóst hversu mikilvægt það er.

Ég get endurtekið það sem kom fram í svari mínu um það hvað það er sem Ísland hefur lagt megináherslu á í þessu efni, þ.e. að afurðir erfðabreyttra lífvera sem ekki eru frábrugðnar hefðbundnum vörum í samsetningu, notkun og útliti séu ekki metnar sérstaklega og er þar t.d. vitnað til hvata sem notaðir eru við ostaframleiðslu. Ef um er að ræða breytingar á efnisþáttum, t.d. próteinum þannig að varan geti valdið ofnæmi eða óþoli er auðvitað nauðsynlegt að merkja umbúðirnar.

Ég ítreka líka það sem ég sagði áðan og hélt að hefði verið alveg skýrt í mínu máli að væntanlegur er fundur með norskum embættismönnum um þetta mál. Náist samkomulag á þessum nótum sem Ísland hefur sett fram tel ég það vera mikilvægt og eftir atvikum ásættanlegt. Verði það hins vegar ekki, þurfum við að skoða málið nánar og taka þá endanlegan afstöðu til þess hvernig við bregðumst við.

Efnistaka úr Seyðishólum.

Fsp. KPál, 509. mál. — Þskj. 911.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Undanfarna tvo áratugi hafa Íslendingar í vaxandi mæli fundið hjá sér hvöt til þess að leita út í náttúruna eftir friði og ró frá ysi og þys borgarlífsins. Þessi þróun sést best á því að árið 1973 voru um 2.400 sumarhús á landinu öllu en eru í dag talin vera um 10 þúsund. Hér áður var yfirleitt um frekar lítil hús að ræða með mjög takmörkuðum þægindum, en í dag þykir sjálfsagt að hafa heitt og kalt vatn og rafmagn í slíkum húsum. Verð á nútímasumarhúsi er einnig í takt við það og er fullbúinn bústaður með lóðakaupum og heimtaugagjöldum talinn vera á bilinu 5–10 millj. kr. Hér er því í mörgum tilfellum um að ræða eign sem slær upp í verðgildi íbúðar.

Gjöld þessara sumarhúsaeigenda til landeigenda og sveitarfélags eru í samræmi við það og gjöld af meðalhúsi eru um 100 þús. kr. á ári til sveitarfélags og þjónustuaðila. Flestir þessir bústaðir eru í grennd við höfuðborgarsvæðið, í Árnessýslu eða þar um slóðir. Þar eru taldir vera um 3 þúsund bústaðir í einkaeigu og í eigu félaga og samtaka launafólks. Af þessum 3 þúsund bústöðum í sýslunni eru í Grímsneshreppi einum taldir vera um 1.500 bústaðir.

Það uppgötvaðist á sl. ári fyrir hreina tilviljun að Grímsneshreppur hafði heimilað gjalltöku úr svonefndum Seyðishólum rétt við sumarhúsasvæðið í hreppnum. Þegar upplýsingar fengust kom fram að hér var ekki um neitt smámagn að ræða, heldur samning upp á 12 millj. rúmmetra á næstu 12 árum. Þetta þýðir að á 5 mínútna fresti flesta daga vikunnar munu stórir gjallflutningabílar þeysast eftir veginum frá Seyðishólum í gegnum Þrastarskóg og til Þorlákshafnar. Þetta þýðir mikla hættu fyrir fólk á svæðinu að mati sumarhúsaeigenda og verðhrun á bústöðum á þessu svæði. Kyrrð og ró í sumarhúsum er rofin af stöðugum hávaða bíla og stórra vinnuvéla. Hér er um gríðarlegt hagsmunamál sumarhúsaeigenda að ræða. Hér er einnig um mikil náttúruspjöll að ræða að mati Náttúruverndarráðs. Í engu virðist hafa verið leitað álits þessara aðila á þessum framkvæmdum. Slík vinnubrögð tíðkast ekki lengur hjá þróuðum sveitarfélögum að hunsa hagsmuni þeirra sem þar dvelja og eiga eignir. Það er ekki í takt við góða stjórnsýsluhætti.

Lítum aðeins á tekjur þjónustuaðila í Grímsneshreppi af sumarhúsum þar. Ef miðað er við kostnað af einu húsi eins og hann er í dag greiða sumarhúsaeigendur til ýmissa þjónustuaðila í hreppnum um 150 millj. kr. á ári. Af þeirri tölu eru fasteignagjöld til Grímsneshrepps 16,5 millj. sem nemur 38% af öllum tekjum hreppsins. Þrátt fyrir þessar miklu tekjur sveitarfélagsins af sumarhúsum eru engin viðbrögð af hálfu fyrirsvarsmanna hreppsins við kvörtunum sumarhúsaeigenda. Þetta er að sjálfsögðu íhugunarefni.

Þegar málið er skoðað kemur í ljós að sveitarfélögin Grímsneshreppur og Selfossbær eru eigendur námunnar og náman er í landi oddvita Grímsneshrepps. Oddvitinn sem á að gæta hagsmuna íbúanna jafnt sem hreppsins er beggja vegna borðsins. Hér er um mikla hagsmunaárekstra að ræða. Það er ekki ásættanlegt, herra forseti, að hagsunir sumarhúsaeigenda séu svo gróflega hunsaðir sem hér um ræðir bótalaust. Því hef ég borið fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. umhvrh.:

1. Er ráðherra kunnugt um mikla andstöðu þúsunda sumarhúsaeigenda í Árnessýslu við þá fyrirætlan sveitarstjórnar Grímsneshrepps að leyfa efnistöku úr Seyðishólum?

2. Er það að mati ráðherra merki um góða stjórnsýsluhætti að Grímsneshreppur sé í senn eftirlitsaðili með að samningar séu haldnir um malarnámið, samningsaðili námueiganda og umsagnaraðili um fyrirhugaðar framkvæmdir?

3. Var félögum sumarhúsaeigenda á svæðinu gefinn kostur á að gefa ráðherra sitt álit um málið?

4. Hyggst ráðherra veita umbeðið leyfi fyrir efnistöku einhliða eða eru uppi hugmyndir um að ná samkomulagi við sumarhúsaeigendur á svæðinu?

[14:28]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér um ræðir og varðar efnistöku úr Seyðishólum í Grímsnesi var til meðferðar hjá skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum og úrskurðaði hann í málinu í samræmi við lögin 29. fyrra mánaðar. Samkvæmt lögum er heimilt að kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhvrh. innan fjögurra vikna frá því að hann birtist. Samkvæmt þessu stendur kærufrestur út þennan mánuð. Eftir því sem ég best veit hafa engar kærur komið enn, en fram hefur komið í fréttum að ýmsir aðilar hafa ákveðið að nýta sér kæruheimildina og mun það þá trúlega skýrast þessa dagana. Það virðist því ljóst að málið komi til úrskurðar umhvrh. og þegar af þeirri ástæðu mun ég ekki fjalla um málið efnislega á Alþingi á þessu stigi.

Í framhaldi af spurningu fyrirspyrjanda vil ég að það komi skýrt fram að mér er að sjálfsögðu kunnugt um andstöðu sumarhúsaeigenda í Árnessýslu við að leyfa efnistöku úr Seyðishólum. Að slíku þarf ekki að spyrja, enda hefur það ítrekað verið í fjölmiðlum og greint frá því. Grímsneshreppur sem er eigandi umræddss lands og þar með námueigandi og samningsaðili hlýtur að fylgjast með framkvæmd samningsins og er sem slíkur umsagnaraðili, t.d. um mat á umhverfisáhrifum, samkvæmt gildandi lögum. Skipulagsstjóri ríkisins hefur hins vegar eftirlit með framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum og að settum skilyrðum sé fylgt og Náttúruverndarráð hefur sérstakt eftirlit með efnistökunni.

Að sjálfsögðu munu sumarbústaðaeigendur eiga þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherra. Auk þess eiga þessir aðilar samkvæmt áðurnefndum lögum um mat á umhverfisáhrifum rétt á að kæra málið til ráðherra og geta komið öllum sínum sjónarmiðum á framfæri þar.

Samkvæmt áðurnefndum lögum, sem og stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, ber ráðherra að veita öllum hlutaðeigandi rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri, þ.e. nýta svokallaðan andmælarétt, þannig að ég mun ekki taka ákvörðun í málinu, verði það kært eins og flest bendir til, öðruvísi en að sjónarmið hlutaðeigandi aðila komi fram.

Að síðustu vil ég benda á svo það misskiljist ekki að samkvæmt 4. lið fyrirspurnarinnar mætti halda að umhvrh. veiti leyfi til efnistöku, þar sem spurt er: „Hyggst ráðherra veita umbeðið leyfi fyrir efnistöku?“ Svo er auðvitað ekki, heldur felst í afstöðu ráðherra til mats á umhverfisáhrifum eingöngu hvort framkvæmdin sé ásættanleg með hliðsjón af umhverfi, náttúruauðlindum og samfélagi og þá með hvaða skilyrðum beri svo undir.

[14:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sjónarmið sumarbústaðaeigenda í Grímsnesi vegna efnistöku í Seyðishólum eru mjög eðlileg og þau eru ekki ósvipuð og kvartanir sem nú berast og hafa borist um skeið vegna jarðefnaflutninga á Suðurlandi á Hekluvikri til hafnar. Það gengur ekki að ganga yfir hagsmuni fólks eins og hér er um að ræða sem á búsetu eða hefur fengið úthlutað sumarbústaðaaðstöðu. Það ætti að vera hlutverk viðkomandi sveitarstjórnar að gæta þess að ekki sé gengið yfir þá hagsmuni.

En þetta er jafnframt hluti af miklu stærra máli sem er hin götótta og algerlega úrelta löggjöf sem við búum við að því er varðar efnistöku og hæstv. umhvrh. hefur ekki komið sér að því nauðsynjaverki að gera tillögur þar að lútandi. Fyrir þinginu liggur þó frv. þar sem gert er ráð fyrir að taka á þessum málum og mundi verða veruleg bragarbót að. Ég minni á þetta í sambandi við þessa fyrirspurn sem er sannarlega tímabær.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans svör í þessu máli. Það er skiljanlegt eins og kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að sumarhúsaeigendur hafi áhyggjur. Að þeirra dómi hefur ekki verið leitað til þeirra sem hagsmunaaðila í þessu máli að neinu leyti heldur hafa þeir þurft að leita eftir öllum upplýsingum sjálfir og auglýsingar sem um þetta mál hafa fjallað hafa ekki verið kynntar þeim heldur hangið uppi í sveitinni en það hefur ekki verið *þeim beinlínis aðgengilegt.*

Það er ljóst að í svona máli eiga aðilar sem standa í slíkum deilum ekki fulltrúa í sveitarstjórnum sem eru venjulegast þeir þrýstihópar sem mest áhrif hafa á hreppsnefndir. Þess vegna eru kannski þessi mál þyngri í vöfum gagnvart þessum hagsmunaaðilum en mörgum öðrum. Ég einfaldlega vona það að ráðherra sjái til þess að málið fái þá meðferð sem talist getur eðlileg í samskiptum sveitarstjórna og aðila sem þar eiga hagsmuni því það er náttúrlega öllum aðilum fyrir bestu að deilur sem þessar séu leystar í sátt og samlyndi og þeir sem telja á sig hallað fái úrlausn sinna mála.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Að sjálfsögðu, eins og fram kom í lokaorðum hv. fyrirspyrjanda, mun ég reyna að gæta þess að skoðuð verði ítarlega þau sjónarmið sem fram kunna að koma hjá málsaðilum ef málið verður kært sem svo sem ýmsar fréttir benda til að geti orðið og þá fær það eðlilega og efnislega umfjöllun. Ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda um það, enda eru miklir hagsmunir hjá þessum sumarbústaðaeigendum eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. einnig. Hann undirstrikaði það rækilega og ekki geri ég lítið úr því. Hagsmunirnir eru einnig hjá þeim þó hitt séu líka hagsmunir að nýta þessar námur eða þessa auðlind ef það er að öðru leyti talið ásættanlegt.

Um það ætla ég ekki að hafa frekari orð en vil aðeins að lokum minna á það að ég hef áður lýst því úr þessum ræðustóli að á þessu sumri verður hafist handa við endurskoðun á lögum um náttúruvernd, þ.e. efnisatriði þeirra laga. Ég á von á því að það sé töluvert mikil vinna og taki nokkurn tíma. En það er tímabært að hefja það verkefni og þá eru efnistökumálin vissulega eitt af því sem þá þarf að taka fyrir og fjalla um eins og hv. 4. þm. Austurl. minnti á.

Losun koltvísýrings.

Fsp. HG, 512. mál. — Þskj. 921.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 921 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um losun koltvísýrings. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hver var heildarlosun koltvísýrings (CO) hér á landi árið 1990, hver er hún nú og hver má ætla að hún verði árið 2000, m.a. að teknu tilliti til stóriðjuuppbyggingar?

2. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um að losun koltvísýrings hérlendis verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990?

Fyrirspurnin er borin fram af þeim sökum að ekki virðist stefna í rétta átt í þessu máli. Ísland var þó með allra fyrstu löndunum til að undirrita þennan samning, í raun á staðnum af hæstv. þáv. umhvrh., Eiði Guðnasyni. Ég held að Ísland hafi verið fimmta ríkið sem skrifaði undir samninginn og skapaði það eðlilega fyrirsagnir í fjölmiðlum á Íslandi. Skuldbindingar okkar að því er þennan samning varðar eru m.a. þær eins og kemur fram í fyrirspurninni að ekki verði bætt við losun koltvísýrings á þessum ártug, að það verði ekki meira magn sem losað verður árið 2000 en var árið 1990. *Það eru okkar skuldbindingar samkvæmt þessum samningi* sem hér hefur þjóðréttarlegt gildi þó ekki hafi hann lagagildi. Efndirnar virðast ekki vera í neinu samræmi við þetta og mér virðist sem ríkisstjórnin, og hæstv. umhvrh. raunar í þeim hópi svo ólíklegt sem það er, sé að reyna að skjóta sér undan ákvæðum þessa samnings með öllum ráðum.

Ég minni á það sem fram kom í sambandi við stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, álbræðslu Ísals þar sem samkvæmt heimild sem veitt var á Alþingi á liðnum vetri verður um tvöföldun að ræða á losun á koltvísýringi frá því sem var áður en ráðist var í stækkun verksmiðjunnar.

Nú er ráðgert af stjórnvöldum að koma upp nýrri álbræðslu á Grundartanga. Það mál hefur farið í umhverfismat og hvað heyrum við frá umhvrn. um þetta efni í sambandi við losun koltvísýrings? Jú, í matsskýrslu Skipulags ríkisins stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Frá umhvrn. hefur borist svar við fyrirspurn, dagsettri 25. janúar 1995, þar sem segir, m.a., orðrétt að „aukning í útblæstri koldíoxíðs í álverum sé ekki í andstöðu við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar."

Vegna svars umhvrn. er ekki talin ástæða til frekari aðgerða", segir í matsskýrslu Skipulags ríkisins.

Umræðu frestað.

Heimsókn forseta Írlands.

[14:39]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en hæstv. umhvrh. svarar fyrirspurninni vill forseti vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti Írlands,

frú Mary Robinson, og maður hennar, Nicholas Robinson, ásamt frú Fitzgerald ráðherra, eru stödd á þingpöllum ásamt forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur, og fylgdarliði. Forseti Írlands er í Alþingishúsinu í tengslum við opinbera heimsókn hennar hingað til lands í boði forseta Íslands.

Forseti vill fyrir hönd Alþingis bjóða forseta Írlands velkominn í Alþingishúsið og væntir þess að för hennar til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru milli landa okkar. Forseti vill biðja hv. þingmenn að votta forseta Írlands og írsku þjóðinni vináttu og virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Losun koltvísýrings, frh. umr.

Fsp. HG, 512. mál. — Þskj. 921.

[14:40]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur borið fram fyrirspurn í tveimur liðum. Í fyrsta lagi hver heildarlosun koltvísýrings hér á landi var árið 1990, hver hún er nú og hver má ætla að hún verði árið 2000 m.a. með tilliti til stóriðjubyggingar.

Heildarlosun koldíoxíðs eða koltvísýrings var áætluð tæplega 2 millj. 150 þús. tonn árið 1990. Tölur fyrir árið 1995 liggja ekki enn fyrir en útstreymi koldíoxíðs árið 1994 var áætlað 2 millj. 265 þús. tonn sem er liðlega 5% aukning frá árinu 1990 eða um 115 þús. tonn. Þá aukningu má einkum rekja til fiskiskipaflotans, um það bil 100 þús. tonn, og til vegasamgangna um 30 þús. tonn. Á móti hafa aðrar aðgerðir fremur dregið úr losun eða um það bil 15 þús. tonn. Um aldamót er áætlað að heildarlosun koldíoxíðs verði um 2 millj. 460 þús. tonn að teknu tilliti til 60% stækkunar álversins í Straumsvík sem þegar hefur verið ákveðin. Árið 1998 er fyrirhugað að stækkun álversins verði komin til framkvæmda þannig að framleiðslan verði um 160 þús. tonn og haldist þannig óbreytt til aldamóta. Gert er ráð fyrir að losun koldíoxíðs aukist um sama hlutfall og verði um 237 þús. tonn á ári. Auk þess er talið að losun flúorkolefna verði tæp 13 þús. tonn sem svarar til um 87 þús. tonna í ígildi koldíoxíðs. Losun álversins eftir stækkun eykst því um um það bil 120 þús. tonn í ígildi CO miðað við losun ársins 1994 en losun álversins eftir stækkun dregst hins vegar saman um 123 þús. tonn í ígildi CO borið saman við losun ársins 1990 vegna annarra mengunarvarnaaðgerða í verksmiðjunni, þ.e. breytinga og endurbóta á kerum álversins.

Síðan spyr hv. þm.: „Hvernig ætlar ríkisstjórnin að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um að losun koltvísýrings hérlendis verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990?"

Spá um losun koldíoxíðs af mannavöldum á landinu um aldamótin gefur til kynna að losunin verði heldur meiri þá en árið 1990 eða um 310 þús. tonnum meiri. Stóran hluta aukningarinnar má rekja til fiskiskipa og bílaumferðar eins og áður hefur verið getið sem erfitt er að stemma stigu við á skömmum tíma. Hins vegar er talið raunhæft að draga úr losun annarra lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum þannig að heildaráhrif þeirra verði ekki meiri árið 2000 en þau voru árið 1990. Þetta á einkum við um flúorkolefni, svokölluð CF-efni.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kveður á um að aðildarþjóðir skuli ekki losa út í andrúmsloftið meira magn en árið 1990 af koldíoxíði og öðrum lofttegundum sem orsaka gróðurhúsaáhrif af manna völdum sem ekki eru undir eftirliti Montreal-bókunarinnar. Hitt er einnig rétt að undirstrika að ákvæði rammasamningsins er ekki bindandi að þessu leyti fyrir einstök aðildarríki heldur er alltaf gert ráð fyrir því að svonefnd annex-1 ríki, þ.e. OECD-ríkin og ríki Mið- og Austur-Evrópu semdu um útfærslu þessa þar sem m.a. yrði tekið tillit til aðstæðna hjá einstökum ríkjum. Unnið er nú að þessari útfærslu. Núverandi samningsferli sem hófst eftir síðasta fund samningsaðila í Berlín hefur þetta markmið að leiðarljósi.

Lofttegundir á Íslandi sem valda gróðurhúsaáhrifum með beinum hætti eru einkum koldíoxíð, metan, díköfnunarefnisoxíð, flúorefni og vetnisflúorkolefni, staðgenglar CFC-efna í kælimiðlum. Heildarútstreymi allra lofttegunda sem valda beinum gróðurhúsaáhrifum var áætlað 2 millj. 860 þús. tonn, þ.e. CO ígildi árið 1990. Árið 1994 var útstreymið hins vegar áætlað um 2 millj. og 700 þús. tonn. Sú minnkun sem um er að ræða er einkum tilkomin vegna endurbóta á kerum álversins í Straumsvík svo sem áður er nefnt. Í kjölfar þessara endurbóta hefur dregið verulega úr útstreymi flúorkolefna en þessi efni hafa margföld gróðurhúsaáhrif miðað við koldíoxíð. Um aldamót er áætlað að heildarútstreymi ofangreindra lofttegunda sem orsaka gróðurhúsaáhrif verði komið í um 2 millj. 960 þús. tonn. Það þýðir að gróðurhúsaáhrif á Íslandi aukist um um það bil 100 þús. tonn í ígildi koldíoxíðs á áratugnum, samanber orkuspá 1995–2025, komi ekki til frekari aðgerða. Í framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórnin samþykkti sl. haust vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna eru settar fram tillögur um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem svarar um 110 þús. tonnum koldíoxíðs. Auk þess er þar að finna aðgerðir sem stuðla að aukinni kolefnisbindingu í lífmassa, svo sem graslendi, jarðvegi og skógrækt. Í byrjun ársins samþykkti ríkisstjórnin að skipa nefnd aðstoðarmanna ráðherra þeirra ráðuneyta sem þessi málaflokkur snertir mest og er nefndinni ætlað að hafa umsjón með framkvæmdaáætluninni. Nefndin sem er undir formennsku aðstoðarmanns umhvrh. er um þessar mundir að vinna að nánari tillögum um framkvæmd aðgerða í samvinnu við stofnanir ráðuneytanna. Vonast er til að þær aðgerðir sem lýst er í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar geri það kleift að hægt sé að standa við alþjóðlegar skuldbindingar um að losun gróðurhúsalofttegundanna verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það væri óskandi að það gengi eftir sem hæstv. ráðherra lét liggja að síðast í sínu svari, að það tækist að tryggja að ekki verði um meiri losun að ræða árið 2000 en var árið 1990. Það kom hins vegar ekki fram með neinum skýrum hætti hvernig ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hygðust ná þessum markmiðum og hvað það kostar í fjárframlögum, m.a. til þeirra mótaðgerða sem látið er að liggja að gripið verði til. Mér sýnist ekki seinna vænna en að það komi nokkuð skýrt fram hvaða fjármunir verða til reiðu, m.a. í sambandi við uppgræðsluaðgerðir sem boðaðar eru sem einn þátturinn og ekki minnsti þátturinn til mótvægis til þess að draga úr þessari losun. Ég tók ekki eftir að hæstv. ráðherra gerði ráð fyrir öðrum stóriðjuframkvæmdum en þeirri stækkun í Straumsvík sem nú var ákveðin, nú var lögfest,

og þá aðeins 60 þúsund tonn en ekki heimildinni sem nær í raun upp í 100 þúsund tonna viðbót eða tvöföldun. Hvað þá að gert væri ráð fyrir nýrri álbræðslu á Grundartanga í þessu sambandi, en umhvrn. segir í erindi í janúar sl. til undirstofnunar sinnar, Skipulags ríkisins, að aukning á útblæstri koldíoxíðs frá álverum sé ekki í andstöðu við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Ég bið hæstv. ráðherra að rökstyðja þetta. Hvernig í ósköpunum má það vera að umhvrn. sjálft grípur inn í mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sem þessarar með svo ákveðnum hætti? Og Skipulag ríkisins leggur niður skottið og segir að í ljósi þessa verði ekki frekar um málið fjallað. Og hvað um önnur stóriðjuáform? Hér liggur þó fyrir, eins og kom fram í tölum hæstv. ráðherra, hætta á verulegri aukningu gróðurhúsalofttegunda án þess að til enn frekari aukningar stóriðju komi. Hér horfir sannarlega afskaplega dapurlega og mér sýnist að það sé nokkuð langt í land með að ósk hæstv. ráðherra, hin fróma ósk í orði, verði í reynd á borði árið 2000.

[14:49]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Auðvitað er það rétt sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta kunna að vera frómar óskir. Ég vil þó minna á að það hafa ekki verið teknar ákvarðanir um aðrar stóriðjuframkvæmdir sem líklegt er að komi til framkvæmda fyrir árið 2000. Og við það miðaðist fyrirspurnin án þess að ég vilji á nokkurn hátt snúa út úr henni.

Vissulega er það líka rétt að viðbótarstóriðjuframkvæmdir koma til með að auka losun á þessum lofttegundum. Þá þarf að bregðast við eða ná samkomulagi og samningum við aðra aðila. Eins og ég reyndar minnti á er samningur þessi ekki bindandi fyrir einstök ríki eða aðildarríki og það er unnið að útfærslu á þessum samningi af okkar hálfu. Við erum með embættismenn í þeirri vinnu og það hafa verið haldnir fundir þar að undanförnu nokkuð títt til þess að fjalla um þau mál.

Ég minni líka á að við erum auðvitað að því leytinu til verr sett en sum nágrannaríki okkar sem geta brugðist við með því að nýta í auknum mæli endurnýjanlegar orkulindir sem við höfum þegar nýtt meira en flestar aðrar þjóðir og þess vegna er okkur í raun mikilvægt að ná samningum og samkomulagi við aðra aðila svo sem gert er ráð fyrir.

Grundartangaverksmiðjumálið er til umfjöllunar í umhvrn. einmitt þessa dagana og þess vegna ekki auðvelt fyrir mig að fara ítarlega yfir það mál á þessu stigi í sölum Alþingis á meðan það er þar til sérstaks úrskurðar. Það sama má kannski segja um aðra fyrirspurn sem borin var fram á undan um algerlega óskylt mál. Að lokum, hæstv. forseti, er nefnd að störfum af hálfu ríkisstjórnarinnar sem mun fjalla ítarlega um þessi mál. Hún hefur nú þegar farið yfir ýmsa þætti og í tillögum sem hún er nú að vinna að er gert ráð fyrir því að það verði um það bil 110 þús. tonnum minna útstreymi koltvíoxíðs en ella hefði orðið, fyrir utan hugmyndir um frekari uppgræðslu. En slíkar hugmyndir, eins og hv. fyrirspyrjandi benti á, kosta fjármuni. Ég hef þegar rætt það við fjárlagagerð fyrir næsta og næstu ár að leggja áherslu á að þar þurfum við að stefna að átaki. Ég ætla ekki á þessu stigi að gefa mér neitt um það hvað út úr því kann að koma, en undirstrika þann vilja og þann ásetning minn. Og af hálfu Landgræðslunnar er nú unnið að nýrri landgræðsluáætlun sem lögð verður fyrir Alþingi, vonandi áður en langt um líður. Á þessu stigi er ekki hægt að gefa hv. þingheimi ítarlegri upplýsingar um kostnaðartölur hvað þetta varðar.

[14:52]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn fyrir þingið. Mér sýnist á svörum hæstv. ráðherra að í raun og veru sé ekki til nein áætlun um það hvernig eigi að standa við þær skuldbindingar sem voru undirritaðar af þáv. umhvrh., Eiði Guðnasyni, og kynntar með því fororði að farið yrði þá þegar í að vinna þessa áætlun, þ.e. hvernig mætti standa við hana. Það vill því miður allt of oft brenna við að undirritaðir séu fyrir Íslands hönd ýmsir samningar og skuldbindingar á alþjóðavettvangi áður en farið er yfir það hvernig skuli staðið við þær. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er í raun marklaust plagg vegna þess að útfærsluna vantar. Það hefur verið nægur tími fram til þessa til að ganga frá þeirri útfærslu þannig að hægt verði að standa við þá samninga sem þarna voru undirritaðir.

Skipulag miðhálendis Íslands.

Fsp. KF, 532. mál. — Þskj. 1069.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég vil bera fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um vinnu að skipulagi miðhálendis Íslands. Fyrirspurnin er svohljóðandi, en hún er í þremur liðum:

1. Hvernig var staðið að vali á þeim sem vinna að skipulagi miðhálendis Íslands?

2. Telur ráðherra eðlilegt að aðeins sum byggðarlög landsins eigi aðild að skipulagi miðhálendisins?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á bráðabirgðaákvæði í skipulagslögum þannig að fulltrúar frá Reykjavík, Reykjanesi, Snæfellsnesi og Vestfjörðum komi einnig að þessari skipulagsvinnu?"

[14:55]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur beint til mín fyrirspurn í þremur liðum sem hann hefur gert grein fyrir. Með lögum nr. 73/1993, með breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964, var ráðherra veitt heimild til þess að ákveða að samvinnunefnd yrði skipuð til að gera tillögur að skipulagi á miðhálendi Íslands. Samkvæmt lögunum markast svæðið í aðalatriðum af línu sem dregin verður milli heimalands og afréttar. Í lögunum er að finna fyrirmæli um að héraðsnefndir þær sem hlut eiga að máli skipi hver um sig einn fulltrúa í nefndina en ráðherra einn fulltrúa sem jafnframt skal vera formaður. Um málsmeðferð tillögu og skipulags miðhálendisins fer síðan samkvæmt 16. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þar sem fjallað er um samvinnunefndir, um svæðisskipulag og málsmeðferð á þeirra vegum.

Að öðru leyti skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið verið samþykkt á Alþingi.

Í stuttu máli segir þetta að samvinnunefnd um svæðaskipulag um miðhálendið skuli skila tillögum ásamt rökstuddri greinargerð til meðferðar skipulagsstjórnar og fallist skipulagsstjórn á skipulagstillöguna skuli senda hana til umsagnar þeirra sveitarfélaga sem hún tekur til og að gengið

skuli frá málum þannig að ráðherra geti staðfest svæðaskipulagið sem þó er ekki gert ráð fyrir að verði staðfest fyrr en að samþykktum nýjum byggingar- og skipulagslögum frá Alþingi. Frv. til skipulags- og byggingarlaga hefur verið til meðferðar á Alþingi síðustu mánuðina en allt útlit er nú fyrir að það muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi en verði svo mun það lagt fram strax næsta haust á nýjan leik og vonandi vinnst þá tími til þess að afgreiða það mál.

Í framhaldi af áðurnefndu lagaákvæði sem öðlaðist gildi 1993 var óskað eftir tilnefningu frá þeim 12 héraðsnefndum sem eiga land að miðhálendinu og þær beðnar að tilnefna einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í svæðisnefndina. Jafnframt var Snæbjörn Jónasson, fyrrv. vegamálastjóri, skipaður formaður samvinnunefndarinnar.

Sem svar við 2. lið fyrirspurnarinnar má segja að eins og fram kemur í lögunum nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964, skulu héraðsnefndir þær sem hlut eiga að máli skipa hver um sig einn fulltrúa í nefndina og ráðherra einn sem skal vera formaður. Það er því ljóst að ekki eiga aðrir aðild að nefndinni lögum samkvæmt en þau sveitarfélög sem mynda þær héraðsnefndir sem eiga land að miðhálendinu eins og það er skilgreint í lögunum, en um er að ræða 12 héraðsnefndir.

Sjálfsagt má deila um það hvort eðlilegt sé að aðeins sum byggðarlög landsins eigi aðild að skipulagi miðhálendisins. Lögin eru hins vegar skýr og eftir því verður umhvrh. að fara, hvaða skoðanir svo sem hann kann að hafa á málinu. Mér er ókunnugt um að gerð hafi verið tillaga til breytinga á þessu fyrirkomulagi og bendi ég á að í 26. gr. frv. til skipulags- og byggingarlaga, eins og ég nefndi hér á undan, er gert ráð fyrir því að héraðsnefndir þær sem hlut eiga að máli skipi hver um sig einn fulltrúa í samstarfsnefnd en ráðherra skipi einn í nefndina þannig að gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi í frv. eins og er í bráðabirgðaákvæðinu sem nú er unnið samkvæmt.

Ég minni einnig á að þau sveitarfélög sem hér eiga hlut að máli og eru um það bil 40 fara með stjórnsýslu á miðhálendinu eins og hún lýtur að sveitarfélögunum og þar með skipulagsmál svæðisins.

Í 3. tölul. spyr fyrirspyrjandi hvort ráðherra muni beita sér fyrir breytingu á bráðabirgðaákvæðinu en ég tel að á þessu stigi málsins sé óraunhæft að breyta því fyrirkomulagi sem nú er við lýði einfaldlega vegna þess að verkið er það langt komið, en gert er ráð fyrir að svæðisnefndin skili tillögum á næsta ári. Hafa verður í huga að umhvrh. staðfestir svæðaskipulag miðhálendisins og verði það gert með auglýsingu í Stjórnartíðindum þegar þar að kemur. Áður verður auglýst tillaga í samræmi við skipulagslög með tilteknum fresti og geta allir aðilar komið sínum athugasemdum á framfæri við þá meðferð málsins auk þess sem bíða á eftir afgreiðslu nýrra skipulags- og byggingarlaga eins og áður segir og Alþingi gæti þá tekið aðra afstöðu til málsins en nú liggur fyrir.

Í tilefni þessarar spurningar má enn fremur velta því fyrir sér hvort æskilegt væri að öll sveitarfélög landsins kæmu að svæðisskipulagi almennt og skal í því tilviki bent á að sveitarfélögin á Vestfjörðum skipuleggja ein útivistarsvæði þar, m.a. á vinsælum ferðamannastöðum eins og Hornströndum og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skipuleggja þau útivistarsvæði sem þar eru þó nýtt af fjölmörgum aðilum og ekki síður fjölsótt en miðhálendið. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að binda sig við sveitarfélögin með hliðsjón af stjórnsýslu á hlutaðeigandi svæðum eins og gildandi lög gera ráð fyrir, en vil þó að lokum segja að ég tel eðlilegt að nefndin leiti samráðs við og upplýsinga hjá hinum ýmsu aðilum sem hlut geta átt að máli þessu eða það getur varðað og ég veit reyndar að það hefur nefndin gert í störfum sínum til þessa. Hún hefur leitað til fjölmargra annarra aðila en bara þeirra sem sæti eiga í nefndinni.

[15:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það viðhorf sem fyrirspurnin endurspeglar er mjög eðlilegt og vil ég nefna það að áður en sú lagasamþykkt var gerð, sem nú er unnið eftir varðandi skipulag miðhálendisins, þá var kynnt og lagt fyrir Alþingi stjfrv. sem gerði ráð fyrir allt öðrum málstökum, framborið af þáv. umhvrh. Eiði Guðnasyni ef ég man rétt. Þar var gert ráð fyrir því að miðhálendið yrði lögfest sem sérstök stjórnsýslueining og síðan yrði sett nefnd til þess að vinna að eftirliti, útfærslu o.s.frv. samkvæmt nánari ákvæðum sem þar væri að finna. Þessi skipan var m.a. studd á þeim tíma af mínum flokki, Alþb., og Alþfl. en hins vegar risu margir upp á afturfæturna í þingflokki Framsfl., þáv. stjórnarandstöðu, og í Sjálfstfl., þá í ríkisstjórn, andmæltu þessari skipan og brugðu fæti fyrir stjfrv. Munaði þar mest um Sjálfstfl., sem var aðili að ríkisstjórn með Alþfl., og málið komst ekki lengra.

Ég hef að vísu oft tekið eftir því að mér sýnist hv. fyrirspyrjandi ekki vera í réttum flokki, a.m.k. oft og tíðum þegar umhverfismál ber á góma.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara þessu í hvaða flokki ég ætti að vera. Kannski fyrirspyrjandi og ég eigum samleið í umhverfismálum þó við séum hvort í sínum pólitíska flokknum.

Ástæða fyrirspurnar minnar til umhvrh. er sú að athygli mín var vakin á stöðu máls varðandi skipulag miðhálendisins, sérstaklega því að þessu 48% hlutfalli Íslands, sem ég hafði talið sem saklaus Íslendingur að allir landsmenn ættu jafnan rétt á og sömu skyldur gagnvart, væri ráðið í rauninni skipulagslega af litlum hluta landsmanna. Þetta kom mér verulega á óvart. Ég fór að kanna málið og það er rétt eins og ráðherra vakti athygli á áðan að héraðsnefndir sem hlut eiga að máli voru samkvæmt lögum 1993 settar í samvinnunefnd til að ráða þessum málum.

Mér finnst skilgreiningin á því hvað það er að eiga hlut að máli ekki blasa við í þessum lögum. Ég tel mig sem Reykvíking eiga hlut að máli gagnvart miðhálendinu ekki síður en aðliggjandi svæði og 48% af landinu komi mér við sem Reykvíkingi ekki síður en öðrum þeim sem búa á landinu. En þannig mun það vera, hæstv. ráðherra, að þeir sem koma ekki að skipulagi hálendisins eru Reykvíkingar, Reyknesingar, Snæfellingar og íbúar Vestfjarða. Mér skilst að aðrir landsmenn eigi aðild að þessu skipulagi.

Hvert er verkefni það sem skipulagsnefnd þessi er að fást við? Það eru þættir eins og samgöngur, orkuveitur, fjarskipti, byggingarmál, náttúruvernd, ferðamál og hefðbundin landbúnaðarafnot.

Spurningin um hverjir eiga Ísland er auðvitað flóknari en svo að hún verði tekin til umfjöllunar í stuttum fyrirspurnatíma en rétt er að benda á grein eftir Sigurð Líndal prófessor og sömuleiðis hefur eftir því sem mér skilst nefnd á vegum forsrn. verið að störfum um nokkurra ára skeið að vinna að þessu máli. En spurningin er kannski sú hvort íslenska þjóðin

eigi hálendið eða hver á hálendið? Ég beini því til hæstv. umhvrh. að hann beiti sér fyrir því að skipulag hálendisins verði unnið í sátt við alla íbúa landsins og í samvinnu við þá alla. Svo stórt er málið í mínum huga.

[15:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig þakka ég fyrir þær ábendingar sem hafa komið fram í máli hv. þingmanna sem hér hafa tekið til máls, fyrirspyrjanda og hv. 4. þm. Austurl. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. að það var áður lagt fram frv. um annars konar málsmeðferð en Alþingi eða meiri hluti þess hafnaði því að það mál færi fram með þeim hætti sem lagt var upp. Út af fyrir sig held ég að það sé til lítils að taka málið upp í óbreyttum búningi hvað það varðar og því hafi verið brugðið á það ráð að gera það með þeim hætti sem nú er unnið samkvæmt bráðabirgðaákvæði í skipulagslögum og þarf ekki að rekja frekar en gert hefur verið í þessari umræðu.

Ég sé að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hristir höfuðið. Kannski kom málið aldrei til afgreiðslu í þinginu. Ég man þetta ekki lengur sjálfur. En líklega hefur málið ekki komið til endanlegrar formlegrar afgreiðslu nema það sé kölluð afgreiðsla að láta mál liggja en a.m.k. var ljóst að ekki var sátt um málið.

Nóg um það mál. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að velta vöngum yfir því hvað setningin „að eiga hlut að máli" þýði. Menn hafa reyndar áður velt því fyrir sér og kannski ekki alltaf verið alveg ljóst hvað það þýðir. En hér hefur skilgreiningin verið sett fram að það séu þessar héraðsnefndir sem eiga land að miðhálendinu. Unnið hefur verið samkvæmt því það lengi að ég held að það mundi flækja og tefja málsmeðferð mjög að brjóta það upp eins og hv. fyrirspyrjandi spurði þó um í 3. tölul. fyrirspurnar sinnar. Ég hef þegar svarað en vil fullvissa hv. fyrirspyrjanda um það og hef reyndar nú þegar á fundum með nefndinni og í viðræðum mínum við formann nefndarinnar ætlast til þess að hann leitaði eftir sjónarmiðum og hlýddi á sjónarmið fleiri aðila en bara þeirra sem aðild eiga formlega og beint að nefndinni lögum samkvæmt og reyndar gæta þess að um málið og um tillögu þá sem nefndin leggur fram náist sem allra best sátt.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Meðferð opinberra mála, 450. mál, nál. allshn., þskj. 1083; brtt. allshn., þskj. 1084.

Forsenda vistvænna landbúnaðarafurða.

Fsp. HG, 525. mál. — Þskj. 977.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. sem er prentuð á þskj. 977 um forsendur vistvænna landbúnaðarafurða. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvað veldur því að ástand bithaga er ekki ein af forsendum gæðakrafna um „vistvænar landbúnaðarafurðir" samkvæmt reglugerð nr. 89, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, frá 29. janúar 1996?

2. Er ráðherra reiðubúinn að breyta reglugerðinni þannig að tryggt verði að afurðir eins og kindakjöt sem fær vottun um að vera vistvænt séu ekki framleiddar á ofbeittu landi?

Reglugerð frá 29. jan. 1996 sem ber þetta merkilega nafn, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, kveður á um skilyrðin til þess að afurðirnar teljist vistvænar landbúnaðarafurðir eins og sagt er í 2. gr. um markmið en 1. gr. reglugerðarinnar hefst með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Reglugerð þessi tekur til hvers konar framleiðslu, vinnslu, flutninga, geymslu og dreifingar á sértækt gæðastýrðum íslenskum landbúnaðarafurðum með áherslu á umhverfisvernd."

Síðan kemur upptalningin á kröfunum og þar er hvergi minnst einu orði á undirstöðuna, bithagann, landið sem á að framleiða þessar afurðir á að því er varðar t.d. kindakjöt. Að vísu eru einnig laxfiskar taldir hér til búfjár. Það er eitt út af fyrir sig og má mín vegna falla undir þá skilgreiningu. Það var hins vegar ekki talið í mínu ungdæmi að silungurinn í Lagarfljóti væri hluti af búfé manna á Héraði. En hér er um mjög stórt mál að ræða.

Þessi reglugerð er sett á grundvelli búvörusamningsins, tiltekinnar greinar í þeim samningi. Það mun vera 67. gr. búvörusamningsins og er auðvitað mjög mikilvæg grein sem slík og fátt er mikilvægara íslenskum landbúnaði en að það takist að koma fótum undir lífræna ræktun landbúnaðarafurða til að auka fjölbreytni og til þess eins og hér er yfirlýst markmiðið að stuðla að vistvænni framleiðslu, einnig sauðfjárafurða. Þá þýðir ekki bara að vísa til hollustukrafna og gleyma undirstöðunni. Hvernig í ósköpunum dettur hæstv. ráðherra í hug að skrifa undir slíkt? Ég held að það hljóti að vera mistök hjá hæstv. ráðherra og vænti þess að hann lýsi því yfir að hann muni breyta þessu við fyrstu hentugleika.

[15:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Reglugerð nr. 89/1996, um sértækt gæðastýrða landbúnaðarframleiðslu, hefur valdið nokkrum misskilningi og ekki einungis hjá hv. fyrirspyrjanda. Þessi reglugerð byggir á 67. gr. búvörulaganna, nr. 99/1993, sem leggur fyrir landbrh. að setja reglugerð um gæðastjórnun í landbúnaðarframleiðslu. Þar er átt við gæðastjórn við vinnslu, þar er átt við gæðastjórn við vinnslu, geymslu og dreifingu á íslenskum landbúnaðarvörum almennt, ekki bara skepnum sem mælast á bithögum, heldur þess vegna einnig af laxfiskum sem gamanlaust falla a.m.k. undir landbrn. sem afurð og sem stjórnunarlegur þáttur, en nóg um það.

Tilgangurinn er að skilgreina íslenskar landbúnaðarafurðir með tilliti til hormóna, annarra vaxtahvetjandi efna, skordýraeiturs, illgresiseyða, fúkalyfja og áburðar, allt atriði sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfið jafnt sem heilsu manna og að því leyti til taka til umhverfisverndar. Orðin „sértækt gæðastýrð afurð" takmarkar greinargerðina við þessa þætti. Reglugerðin er ekki skilgreind með vistrænni eða sjálfbærri framleiðslu. Það er ekki skilgreining. Ef svo hefði verið hefði ég verið fyrirspyrjanda fyllilega sammála um að umfjöllun um ástand bithaga hefði átt að vera hluti af reglugerðinni. Kröfur þær sem gerðar eru um vistræna eða vistvæna landbúnaðarafurð eru mun víðtækari en innihalda þó að sjálfsögðu öll þau atriði sem falla undir reglugerðina og er það tekið fram í reglugerðinni.

Varðandi seinni hluta fyrirspurnarinnar hefði einungis verið ástæða til að breyta reglugerðinni svo að hún næði yfir ástand beitilands ef slíkt hefði verið hluti af skilgreiningunni um sértækt gæðastýrða landbúnaðarframleiðslu og því einnig

náð yfir vistvæna framleiðslu en það gerir reglugerðin ekki. Ég er hins vegar sammála þeim anda fyrirspurnarinnar, ef ég má orða það svo, og þeirri kröfu sem á að gera undantekningarlaust til allrar framleiðslu á afurðum grasbíta að nýting allra beitilanda sé í raun vistræn og þar af leiðandi sjálfbær. Er brýnt að skilgreint verði hvað er vistvæn notkun beitilands, hve margt fé má beita í hagana við mismunandi skilyrði án þess að varanlegt tjón hljótist af og setja síðan reglugerðir í þeim tilgangi að ná stjórn á nýtingu gróðurlenda. Því miður er þekking okkar á áhrifum beitar á mismunandi gróðurlendi í mismunandi árferði ekki nægjanlegt á þessari stundu til að unnt sé að setja viðunandi reglugerð um notkun þeirra.

Í tengslum við nýja landgræðsluáætlun hjá Landgræðslu ríkisins kemur vissulega fram mjög mikið af hagnýtum upplýsingum og í margháttuðu samstarfi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins tengdu beit, beitarafnotum, gróður- og jarðvegsvernd auk vinnu við gerð gróðurkorta hafa safnast enn í sarp þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að skilgreiningar og viðmið verði til. Ég mun leggja áherslu á að slíkum rannsóknum verði hraðað og ekki skal standa á því að láta vinna að lögum og reglugerðum um vistvæna notkun beitilanda þegar slík reglugerð getur byggst á traustum vísindalegum grunni.

Að lokum er það ósk mín að reglugerðin um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu hjálpi bændum að framleiða afurðir er uppfyllt geta skilyrði hennar, að fá þess notið í sölu og verðlagningu og að neytendum standi til boða vottuð gæðaframleiðsla afurða og tel þess vegna að með því skrefi sem stigið er með reglugerðinni þótt hún fullnægi ekki öllum þeim skilyrðum og þeim hugmyndum sem hv. fyrirspyrjandi setur fram og ég er honum um margt sammála um er reglugerðin afar mikilvæg svo langt sem hún nær.

[15:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann vildi gjarnan safna upplýsingum og byggja á traustum vísindalegum grunni við gerð og setningu reglugerðar framvegis varðandi vistræna og lífræna framleiðslu. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvaða grunnur er notaður þegar úthlutað er úr sjóði sem stofnaður var að mig minnir fyrir ári til þess að stuðla að vistrænni lífrænni framleiðslu og hvort úthlutun úr sjóðnum hafi þegar farið fram og hvort þar sé um að ræða kröfur vegna beitilands, það sé í góðu ástandi þar sem um er að ræða eins og kallað er lífrænt ræktað við framleiðslu kjöts og hvort þar sé byggt á þeim kröfum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi áðan.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það er mjög sérkennilegt mál sem við ræðum hér. Hverjum dettur í hug sem les þessa reglugerð, m.a. 2. gr. hennar um markmið, en hér sé um alhliða kröfur að ræða til vistrænnar framleiðslu eða vistvænnar, það stendur vistrænnar í markmiðsgreininni. Það er sérstaklega vísað til þess og síðan á að selja afurðirnar undir sérstöku merki, væntanlega um það að þær séu framleiddar á tiltekinn hátt sem standist þessar kröfur. Ég held að menn séu á stórhættulegu spori. Þegar það verður upplýst, sem verður auðvitað gert, það verður ekki gengið fram hjá því að það verður opinbert fyrr en seinna að menn séu í plati að reyna að koma út afurðum út á einhverja gæðastýringu sem tekur hins vegar ekki tillit til undirstöðunnar, gróðursins, bithagans. Hvernig dettur mönnum í hug að fara á flot með slíkt? Mér finnst þetta aldeilis með ólíkindum.

Ég hvet hæstv. ráðherra, sem tók að mörgu leyti undir það sem ég var að bera fram, til að láta endurskoða þetta mál hið fyrsta til þess að menn lendi ekki út í kviksyndi með þetta og þetta verði hreinasta búmerang fyrir sauðfjárræktina í landinu, fyrir íslenskan landbúnað og þjóðina alla og til skammar þegar það verður upplýst að menn séu á platforsendum að reyna að koma út sauðfjárafurðum án þess að þetta liggi fyrir.

Í reglugerðinni er tíunduð verklýsing og það á að taka til hvers einstaks bónda. Ég vil að lokum, virðulegur forseti, spyrja hæstv. landbrh. að því hvert álit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sé á vinnubrögðum sem þessum. Hæstv. ráðherra getur væntanlega upplýst það.

[15:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Fyrst út af fyrirspurn hv. 5. þm. Suðurl. um úthlutun úr sjóði sem á að styðja við vistræna og lífræna framleiðslu. Ég hef því miður ekki fyrir framan mig neinar upplýsingar um það til þess að geta svarað hv. þm. um það ítarlega sem væri þó full ástæða til að gera og hægt að gera síðar eða við annað tækifæri. Sá sjóður hefur verið nýttur til að reyna að markaðssetja þá áherslu sem við leggjum á að við séum með holla vöru og framleidda við þau bestu skilyrði sem um getur. Við höfum land og landgæði til þess að framleiða í það minnsta á mörgum stöðum landbúnaðarafurðir, þ.e. frá grasbítum, sem eru ekki á ofbeittu landi, en auðvitað á þetta við fleiri afurðir, eins og ég tók fram í svari mínu áðan, við fleiri landbúnaðarafurðir en af grasbítum.

Varðandi lífrænu ræktunina gildir nokkuð annað. Fyrir nokkru var gefin út sérstök reglugerð um lífrænu framleiðsluna og þar er um að ræða að veita slíkri framleiðslu sérstaka vottun samkvæmt lögum og reglugerð. Þá er hún líka studd úr þeim sjóði sem hv. þm. spurði um. Ég vænti þess að samkvæmt þeirri reglugerð séu gerðar kröfur þær sem við á, bæði um beitiland og annað það sem til þarf til þess að framleiða vörur sem þar er um að ræða, hvort heldur þar er grænmeti eða kjöt eða annað og kemur hvort tveggja til.

Varðandi það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði þá hef ég ekki miklu við það að bæta sem ég sagði í svari mínu áðan að við höfum litið á þetta sem tvo aðskilda þætti. Reglugerðin, sem hefur litið dagsins ljós, fjallar um ákveðna þætti en ekki alla eins og ég hef greint frá og hef ekkert fleiri orð um það. Ég þarf ekki heldur að endurtaka viðhorf mitt sem kom skýrt fram í svarinu áðan að strax og við teljum að við höfum til þess haldbærar upplýsingar og traustan grunn sem nauðsynleg eru munum við auðvitað vinna að því að gefa annaðhvort út aðra reglugerð eða þá endurbæta þá sem fyrir er þannig að allir þættir séu teknir þar inn en á þessu stigi er það ekki gert og miðast við búvörulögin, sem við höfum verið að vinna eftir, og ég tel að reglugerðin sem slík geti alveg staðið fyrir sínu þó að hún gæti auðvitað verið víðtækari og tekið á fleiri þáttum.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Fsp. LB, 514. mál. — Þskj. 923.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Tilefni fyrirspurnar á þskj. 923 er ágætt viðtal við hæstv. menntmrh. í Viðskiptablaðinu fyrir nokkrum vikum en þar sagði ráðherrann m.a., með leyfi forseta, „að menntunin sé það sem muni skila okkur betri lífskjörum í framtíðinni“ og áfram, með leyfi forseta: „Menntunin sé arðbærasta fjárfesting sem Íslendingar geti lagt í nú“ og hann spyr sjálfan sig í umræddu viðtali eftirfarandi spurningar: „Ef við ætlum að spara með því að draga úr starfsemi á þessum vettvangi hvað ætlum við þá að græða?“

Einn af hornsteinum öflugrar menntunar er öflugt þjóðbókasafn. Í slíku bókasafni er ætlað hlutverk rannsóknabókasafns og að halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Í þessu sambandi má vitna til 7. gr. laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn en þar er að finna upptalningu í 18 liðum hvert sé m.a. hlutverk þess. Leyfi ég mér, með leyfi forseta, að vitna til a.m.k. þriggja liða. Í 9. lið segir m.a. þar sem talin eru upp hlutverk bókasafnsins:

„Að gefa safngestum kost á vinnuaðstöðu og sem greiðustum aðgangi að safngögnum ...

11. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands.

12. Að stuðla að sínu leyti að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi.

13. Að veita bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu, rannsókna og hvers konar lista- og menningarmála í landinu.“

Í tilefni af opnun hins nýja bókasafns á Melunum stóðu stúdentar fyrir söfnun meðal þjóðarinnar sem skilaði 30 millj. kr. til þess að hægt yrði að kaupa fleiri tímarit og bækur inn á safnið. Þrátt fyrir að þjóðin hafi sýnt vilja sinn og áhuga í verki til að gera vel við safnið hefur fjárveitingavaldið ekki skammtað því meira fé til rekstrarins en svo að safnið er lokað meginhluta sólarhringsins en því hefur verið lokað kl. 19 á virkum dögum og er opið milli kl. 10 og 17 á laugardögum og lokað á sunnudögum. Mikil óánægja er á meðal stúdenta með þetta fyrirkomulag en þeir telja að eins og opnunartíma sé nú háttað uppfylli safnið ekki þá skyldu sína að sjá stúdentum fyrir lesaðstöðu og aðgangi að námsbókum því safnið sé jafnan lokað þegar kennslu lýkur í háskólanum á daginn.

Þá er hverjum manni ljóst að möguleikar almennings sem stundar vinnu sína hvort heldur er til kl. 17 eða 19 eru litlir sem engir til að stunda rannsóknir við safnið því líkt og með stúdentana er safninu lokað þegar vinnudegi lýkur. Til þess að árétta skoðanir sínar hafa stúdentar staðið fyrir söfnun á dósum og klinki til öflunar aukins fjár til að standa undir rekstri safnsins svo halda megi því opnu lengur en nú er auk þess sem þeir hafa gert Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni tilboð sem m.a. felst í því að stúdentaráð sjái safninu fyrir þremur starfsmönnum og greiði þeim laun svo að halda megi safninu opnu umfram það sem nú er.

Virðulegi forseti. Þjóðarbókhlaðan á að vera leiðarljós í þeirri þrautagöngu sem fyrir höndum er í harðnandi heimi þar sem nauðsyn á öflun þekkingar og almennrar upplýsingaþjónustu er forsenda þess að við getum staðið okkur í harðnandi heimi samkeppni á öllum sviðum. Að minni hyggju er það þjóðarskömm að fjárveitingavaldið skuli ekki tryggja Þjóðarbókhlöðunni nægilegt fjármagn svo hún geti sinnt því mikilvæga hlutverki að vera einn af hornsteinum rannsókna og vísindastarfa hér á landi.

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: Hvernig er afgreiðslutíma Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns háttað? Er fyrirhuguð breyting á afgreiðslutíma safnsins? Svarið við þessari spurningu er: Hinn reglulegi afgreiðslutími Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var á árinu 1995 sem hér segir: Janúar–maí og september–desember mánudaga–föstudaga 9–19, laugardaga 10–17, samtals 57 tímar í viku. Júní–ágúst mánudaga–föstudaga 9–17, laugardaga 13–17, samtals 44 tímar á viku.

Hinn reglulegi afgreiðslutími var lengdur 1. mars 1996 með því að opnað er kl. 8.15 í stað 9 á virkum dögum. Að teknu tilliti til þess er safnið nú opið í um það bil 61 tíma í viku nema sumarmánuðina óbreytt 44 tíma í viku. Á próftíma í apríl–maí og nóvember–desember 1995 og apríl–maí 1996 var safnið haft opið til kl. 22 virka daga eða 76 tíma í viku með skertri þjónustu um einn mánuð í hvert sinn.

Hvort um lengingu afgreiðslutíma verður að ræða á próftíma í nóvember–desember 1996 ræðst væntanlega af því hver fjárhagsstaða safnsins verður þegar svo er liðið á árið. Í beiðni stofnunarinnar um rekstrarfjárveitingu í fjárlögum 1997 er miðað við að afgreiðslutími gæti orðið sem hér segir: Janúar–maí og september–desember mánudaga–föstudaga 8.15–19, laugardaga 10–18, sunnudaga 13–18 eða 67 tímar í viku. Júní–ágúst mánudaga–föstudaga 9–17, laugardaga 13–17, samtals 44 tímar í viku. Þá er í fjárlagabeiðni safnsins fyrir 1997 gert ráð fyrir að lenging til kl. 22 á kvöldin vari í þrjá mánuði í stað tveggja mánaða til þessa. Áætlað er að lenging afgreiðslutíma á árinu 1997 að því marki sem hér um ræðir auki kostnað um a.m.k. 4 millj. kr. miðað við árið 1996. Ekkert verður á þessu stigi fjárlagaundirbúnings fullyrt um hvort breytingin muni rúmast innan rekstraráætlunar safnsins.

Taka ber fram að auk framboðs lessæta í Þjóðarbókhlöðu eru nokkur hundruð lessæti í hinum ýmsu byggingum háskólans sem eru í flestum tilvikum opnar til kl. 22 alla daga vikunnar án þess að um bókasafnsgæslu sé að ræða.

Þá er spurt: Er afgreiðslutíminn frábrugðinn því sem tíðkast um sambærileg söfn annars staðar á Norðurlöndum? Svarið er: Frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni hafa borist upplýsingar um afgreiðslutíma í 22 þjóðbókasöfnum og háskólabókasöfnum í Danmörku, Noregi, Finnland og Svíþjóð. Ef einungis er miðað við vetrartíma er afgreiðslutími í þessum söfnum allt frá 35 klukkustundum til 79 klukkustunda í viku. 9 safnanna hafa lengri afgreiðslutíma en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn en 13 styttri. Einungis þrjú þessara safna eru opin á sunnudögum.

Þá er spurt að lokum: Hversu miklum fjármunum er ætlað að verja til bókakaupa fyrir safnið á þessu ári? Fjárveiting til ritakaupa í Landsbókasafni Íslands á árinu 1996 er 43 millj. kr., sama fjárhæð og miðað var við í fjárlögum 1995. Af hálfu safnsins er talið að þurft hefði allt að 62 millj. kr. til að halda í horfinu um tímaritsáskriftir og bókakaup. Bókasafnsnefnd Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hyggjast beita sér fyrir þróunarvinnu sem beinist að því m.a. að notkun tímarita verði athuguð og

fundinn grundvöllur að eðlilegri skiptingu ritakaupafjár milli deilda háskólans og milli almennra þarfa bókasafnsins. Aðrir kostir en bein kaup yrðu athugaðir og athygli sérstaklega beint að möguleikum upplýsingatækninnar á þessu sviði.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr og greinargóð svör en jafnframt skora ég á hann að beita sér fyrir því í væntanlegri fjárlagagerð að meiri fjármunum en nú er verði varið til reksturs safnsins svo tryggja megi að safnið verði opið líkt og tíðkast víðast hvar þar sem ég hef kynnt mér eða a.m.k. til 10 á kvöldin, lengur á laugardögum og opið á sunnudögum.

Átak í jafnréttismálum hjá Ríkisútvarpinu.

Fsp. SF, 531. mál. — Þskj. 1033.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. og hún er svohljóðandi:

„Hefur ráðherra í hyggju að hvetja Ríkisútvarpið til að gera átak í að auka hlut kvenna í fréttum og umræðuþáttum, samanber upplýsingar um rýran hlut kvenna í fréttum í skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála?"

Í þessari skýrslu koma fram ýmsar sjokkerandi staðreyndir um hlut kvenna og karla í fréttum sjónvarpsins, t.d. að konur eru einungis 18% viðmælenda fréttamanna Ríkissjónvarpsins. Vafalaust munu fréttamenn að einhverju leyti skýla sér á bak við þá staðreynd að konur eru ekki leiðandi í atvinnulífinu og ekki leiðandi fyrir fjölmörg félagasamtök og því kannski óeðlilegt að þau séu til helminga viðfangsefni fréttanna. Ég tel hins vegar mjög æskilegt að reynt sé að bæta úr þessari stöðu með öllum tiltækum ráðum og vil í því sambandi minna á að norska Ríkissjónvarpið gerði könnun 1991 á hlut kvenna í fréttum og umræðuþáttum. Þar kom í ljós að hlutfall kvenna var um 30% í fréttum og þeir sáu ástæðu til þess að gera átak til þess að leiðrétta það en hér á landi er hlutur karlmanna í fréttum 82% en kvenna 18%.

Það má líka benda á fyrir utan það að konur eru svona fáar viðmælenda þá fá þær oft sérstaka hantéringu fréttamanna svo mann rekur stundum í rogastans þegar maður horfir á fjölmiðla. Það er svo sem hægt að taka ýmis dæmi. Ég nefni eitt dæmi sem við stjórnmálakonur höfum einmitt verið að ræða aðeins okkar á milli, það er frétt sem kom í útvarpinu. Þar var talað um Svavar Gestsson þingflokksformann Alþb. og Rannveigu Guðmundsdóttur Alþfl. sem sýnir að það vantar að titla þegar konur eiga í hlut.

Það má líka minna á frétt þar sem var verið að fjalla um fyrsta kvenflugstjórann í innanlandsfluginu þar sem fréttamaður klykkti út í lok viðtalsins og spurði: „Lentir þú flugvélinni sjálf?" Þetta sýnir svolítið það viðhorf sem konur oft eiga við. Það eru ekki einungis karlmenn sem taka þessi fréttaviðtöl heldur konur líka þannig að ég held að það sé mjög brýnt að gert verði átak í því að leiðrétta hlut kvenna í fréttum af því að konur eru helmingur þjóðarinnar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi hug á því að hvetja Ríkisútvarpið til þess að gera átak til að leiðrétta hlut kvenna og ýta þannig á eftir þeirri viðhorfsbreytingu sem verður að eiga sér stað í fjölmiðlaheiminum. Það verður að sýna að konur eru að gera margt jákvætt og ýta þannig undir að konur framtíðarinnar taki þátt í þjóðfélaginu með áberandi hætti.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Svipaðar umræður hafa farið fram á þinginu fyrr í vetur, m.a. 2. nóvember sl. þegar rætt var um skólaíþróttir. Blönduðust mál Ríkisútvarpsins einnig inn í þær umræður og frásagnir af konum og umfjöllun um þær. Ég hef sömu afstöðu nú og þá að ég mun ekki beita mér neitt sérstaklega í þessu máli. Ég tel að hér sé um málefni að ræða sem varðar innra starf í Ríkisútvarpinu og lúti að sjálfstæði þess og því beri sjálfu að gæta þess að jafnréttisreglum sé framfylgt og jafnrétti sé í heiðri haft og það sé ekki verkefni menntmrh. að hafa afskipti af þessum málum innan veggja Ríkisútvarpsins en að sjálfsögðu hljóta umræður eins og þær sem fara fram í dag að vekja þá sem þar starfa til umhugsunar um það hvernig að þessum málum er staðið.

[15:35]

Arnþrúður Karlsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það liggja fyrir opinberar tölur sem sýna ótvírætt að þátttaka kvenna er miklu minni en karla í dagskrárliðum Ríkisútvarpsins, einkum í fréttatímum. Það eru fréttastjórar sem taka ákvörðun um efni og viðmælendur. Þar sem það er staðreynd að fréttastjórar sjónvarps og hljóðvarps eru karlar, það er staðreynd að varafréttastjórar sjónvarps og hljóðvarps eru karlar og sömuleiðis er það staðreynd að allir dagskrárstjórar utan einn eru karlar vil ég hvetja hæstv. menntmrh. til þess að leita leiða sem mættu verða til þess að fjölga konum í hópi þátttakenda í fréttatímum og öðrum dagskrárliðum Ríkisútvarpsins. Ég tel að hann fari ekki inn í innra starf þeirrar stofnunar þó svo hann beiti sér sérstaklega fyrir þessu. Ég held frekar að hæstv. menntmrh. sé að vinna vinnuna sína ef hann gerir það.

[15:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá. Það er reyndar skoðun mín að þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra segist ekki telja það í sínum verkahring að hlutast til um innri málefni Ríkisútvarpsins hefur hæstv. ríkisstjórn svo sem ekkert flökrað við því að hlutast til um innri málefni félagasamtaka þegar svo ber undir en þarna er þó virkilega nauðsyn á að taka á. Ég tel að þegar upplýsingar liggja fyrir eins og þær sem fram komu í skýrslunni sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skipti sér af því.

Ég bendi á, virðulegi forseti, að í ritinu Nordisk kontakt eru fréttir frá Íslandi og það sýnir í fyrsta lagi hvað eru stjórnmál í dag. Það er fyrst talað um þorskinn, síðan um forsetaembættið og það er sagt frá fjórum frambjóðendum til forseta. Í þessu eru myndir af þessum fjórum frambjóðendum sem þá eru komnir fram: Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Pétur Hafstein og Ólafur Ragnar Grímsson. Síðan er æviágrip Ólafs Ragnars Grímssonar og Péturs Hafsteins, sagt frá ferli þeirra en síðan kemur bara aðrir frambjóðendur, og örstutt um konurnar. Þetta sýnir í raun hver staða okkar er og það er hæstv. ráðherra að skipta sér af þessu.

[15:38]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og láta í ljós vonbrigði með svör hæstv. menntmrh. Það kemur fram í skýrslu jafnréttisráðherra að þó að konur sem viðmælendur hafi verið 18% árið 1988 og 9% árið 1966 hélt maður kannski að þessi þróun væri að halda áfram en könnun Jafnréttisráðs sem kemur fram í sömu skýrslu bendir til að svo sé ekki. Það voru einungis 12% viðmælenda í Ríkisútvarpinu í fréttum 1989 konur og 15% árið 1990.

Ég ætlaði einnig að gera að umtalsefni þessa frétt úr Nordisk kontakt en vil þó einnig benda á að áður hafði verið umfjöllun um kvenforsetaframbjóðendur sem er ritstjórninni hugsanlega eitthvað til málsbóta en þó hefði auðvitað verið eðlilegt að vísa í það í þeirri frétt sem er í heftinu núna.

Að lokum vil ég taka undir að það er alveg ljóst þó að 1. gr. jafnréttislaganna sé skýr um að það eigi sérstaklega að bæta stöðu kvenna almennt í þjóðfélaginu sýnir þetta og viðbrögð menntmrh. og svör að það þarf að styrkja ákvæði jafnréttislaganna að þessu leyti.

[15:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þóttu svör hæstv. menntmrh. vægast sagt undarleg. Ég hef staðið í þeirri meiningu að það væri hlutverk ráðherrans að sjá til þess að lögum væri framfylgt og ekki síst í þeim stofnunum sem heyra undir ráðuneyti hans og hér eru í gildi jafnréttislög. Hér hefur verið samþykkt jafnréttisáætlun fyrrv. ríkisstjórnar sem sú sem nú situr hefur tekið í arf og það hlýtur að vera hlutverk hæstv. menntmrh. að sjá til þess að lögum og þessari jafnréttisáætlun sé framfylgt.

Þá vil ég einnig minna á að á þingi Sameinuðu þjóðanna í Kína um málefni kvenna var samþykkt framkvæmdaáætlun þar sem er sérstakur kafli um fjölmiðla. Nú hvet ég hæstv. menntmrh. til þess að kynna sér þann kafla rækilega og það hvernig stjórnvöldum og öðrum ber að beita áhrifum sínum á fjölmiðla, jafnt frjálsa sem aðra, til þess að vekja athygli þeirra á mannréttindum og hlutverki fjölmiðla í lýðfrjálsu samfélagi og ég held að hæstv. menntmrh. sé einfaldlega að misskilja hlutverk sitt.

[15:41]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Jafnrétti karla og kvenna eru óumdeild, yfirlýst markmið í þjóðfélaginu. Sú stefna hefur verið mörkuð af Alþingi og á að fylgja eftir af alþingismönnum. Ég virði skoðanir menntmrh. að ekki eigi um of að vera með íhlutun í Ríkisútvarpið eða á nokkurn hátt að hafa afskipti af málfrelsi eða tjáningarfrelsi á þeim bæ frekar en öðrum. En við sem styðjum Ríkisútvarpið teljum að Ríkisútvarpið hafi einmitt samfélagslegum skyldum að gegna. Þegar um svo brýnt mál er að ræða sem jafnrétti karla og kvenna sem berjast þarf fyrir við hvert það tækifæri sem gefst má Ríkisútvarpið ekki sitja hjá og ég tel að ráðherrann geti haft veruleg áhrif þó að hann fari ekki að skipta sér af þessum reglugerðum heldur geti hann haft úrslitaáhrif á þessu sviði með tilmælum og hvatningu.

[15:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið stutt og snörp umræða um jafnréttismál þó að það sé afmarkað tilefni sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gaf sér með fyrirspurn sinni. Athyglisverðar ábendingar komu fram og ættu að ýta við og kalla á viðbrögð. Það er ekki auðvelt að sjá hvað hægt er að gera. En það er alveg ljóst að það er mjög mikilvægt að reyna að taka á þessum málum og þoka þeim fram á veg. Það er ójafnrétti í samskiptum kynjanna. Það er alveg ljóst að það er mikið ójafnrétti í því hver umfjöllun um konur í fjölmiðlum er og það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir þær konur sem eru á þingi og eru 25% þingmanna, að það er mat okkar allra að umfjöllun um þau málefni sem konurnar á Alþingi standa fyrir sé minna en sem þessu nemur. Það væri fróðlegt að sjá samantekt á því hver sé þáttur kvennanna í þingstörfum í þingsal og ég hef beðið um það á þessum morgni að tekinn verði saman fjöldi ræðna, og afmarkað þannig að athugasemdir og andsvör verði ekki þar með þannig að við áttum okkur á þessu.

[15:44]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Mig langar aðeins til að benda á að á dagskrá eru 13 fyrirspurnir og kynjaskipting fyrirspyrjenda endurspeglar reyndar ekki kynjaskiptinguna á Alþingi þar sem konur á Alþingi skipa 25% þingsæta. Af þessum 13 fyrirspurnum eru 6 bornar fram af þingkonum og 7 af þingkörlum og verður fróðlegt að fylgjast með fréttaflutningi af þessum fundi.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Svar ráðherrans var að hann ætlar ekki að beita sér og það fannst mér afar svekkjandi og rislítið svar. Af hverju á ekki að beita sér? Jú, af því að það er um innra starf Ríkisútvarpsins að ræða. Það á að hafa jafnrétti í heiðri og þess vegna á ekki að hreyfa við þessu máli.

Ríkisútvarpið hefur ekki jafnrétti í heiðri, það er málið. Það hefur bara ekki jafnrétti í heiðri. Það sýna allar tölur þannig að skilaboð hæstv. ráðherra eru að það á bara að drolla áfram í sömu förum. Ég spyr: Innra starf, hvað er það? Er það íhlutun um innra starf þegar reynt er að auka hlut kvenna t.d. í nefndum ráðuneyta? Er það íhlutun í innra starf ráðuneyta? Er það íhlutun í innra starf skóla að hvetja stúlkur til að velja óhefðbundnar greinar? Er það svo hræðilegt? Er það íhlutun í innra starf skóla? Ég átta mig ekki á þessum málflutningi. Það er alveg ljóst að Norðmenn settu af stað átak þó að þeir væru með miklu hærra hlutfall kvenviðmælenda í fréttatímum sínum. Þeir sjá samt ástæðu til þess að fara í átak. En við ætlum að sitja hjá og bara bíða eftir að það verði einhvers konar viðhorfsbreyting hugsanlega seinna.

Ég segi það alveg hreint út að ég sem ung kona í stjórnmálum, horfandi upp á það hvernig okkar jafnréttismál eru, sé að það er afar langt í land þegar maður fær svona svör. Hæstv. ráðherra segir: „Það má ekki koma nálægt þessu. Þetta eru innri mál Ríkisútvarpsins. Það er bara best að sitja á hliðarlínunni og láta málin drolla í sama farvegi.“ Þetta er afar svekkjandi.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrirspurnin er þessi: „Hefur ráðherra í hyggju að hvetja Ríkisútvarpið til að gera átak í því að auka hlut kvenna í fréttum og umræðuþáttum, samanber upplýsingar um rýran hlut kvenna í fréttum í skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála?“ Svar mitt við þessari spurningu var: Nei, ég ætla ekki að hvetja til þess því að ég sé ekki hvaða stöðu ég hef sem menntmrh. til að hvetja Ríkisútvarpið

til að auka hlut kvenna í fréttum og umræðuþáttum. Það er alls ekki á verksviði menntmrh. að sinna þessum málum. Það er á verksviði yfirstjórnar Ríkisútvarpsins, útvarpsstjóra og starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ef menntmrh. ætlaði að fara að gefa fyrirmæli um það að auka bæri hlut kvenna í fréttum eða umræðuþáttum í útvarpi eða sjónvarpi, þá er hann kominn langt út fyrir verksvið sitt. Þessari spurningu var ég að svara.

Hitt er annað mál að skýrslan sem til var vitnað bendir til þess að hlutur kvenna mætti vafalaust vera betri ef fullt jafnrétti ætti að gilda. En hvernig ætla menn að beita slíkri reglu þegar um fréttir er að ræða og umræðuþætti? Ég átta mig ekki nákvæmlega á því heldur hvernig er unnt að fylgja því fram, sérstaklega í fréttum. Ég var sjálfur í 12 ár blaðamaður og ef ég hefði átt að ákveða og skrifa fréttir með hliðsjón af því hvort það var karla eða kona sem átti hlut að máli, þá hefði ég lent í mjög miklum vandræðum. Fréttir eru þess eðlis að það er ekki unnt að setja í jafnréttislög ákvæði um það að fréttir beri að skrifa á grundvelli jafnréttislaganna þannig að menn verða aðeins að átta sig á því um hvað er verið að ræða. En hitt er ljóst að sem stofnun ber Ríkisútvarpinu að fara að jafnréttislögum og geri hún það ekki, þá getur bæði Alþingi og einnig menntmrh. látið að sér kveða. En fyrirspurnin snerist ekki um það. Hún snerist um allt annað, þ.e. afskipti af fréttum og umræðuþáttum sem ég tel að menntmrh. eigi ekki að hafa afskipti af. Ég hef aldrei heyrt það á Alþingi. Þvert á móti hafa ráðherrar verið gagnrýndir fyrir að fara of langt í slíkum afskiptum. En á þessu þingi hefur hvað eftir annað verið hvatt til þess að menntmrh. beitti valdi sem hann hefur ekki til þess að raska þessum þáttum í starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekki að gera það og þess vegna endurtek ég það sem ég hef sagt áður þrisvar sinnum nú á þessu þingi.

Endurskoðun lögræðislaga.

Fsp. RG, 515. mál. — Þskj. 931.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Allt frá árinu 1988 hafa hagsmunasatök fatlaðra bent á nauðsyn þess að endurskoða ákvæði lögræðislaga um sjálfræðissviptingu, en því er m.a. beitt þegar þroskaheftir einstaklingar þurfa að undirgangast aðgerðir á borð við fóstureyðingar eða ófrjósemisaðgerðir. Nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir löngu fundið aðrar aðferðir til að tryggja það að rétt sé að málum staðið þegar í hlut eiga t.d. þroskaheftir eða aðrir sem þurfa að fá upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan hátt. Í Noregi og Svíþjóð hafa t.d. verið lögfestar heimildir í lögræðislögum til að skipa lögráða fólki sem þarf aðstoð við að gæta hagsmuna sinna, t.d. vegna andlegrar fötlunar, sérstakan tilsjónarmann.

Í þessum nágrannalöndum okkar er þessi leið jafnan tekin fram yfir lögræðissviptinguna nema sérstakar aðstæður mæli með henni. Þykir það hafa gefið góða raun og hefur leitt til mikillar fækkunar lögræðissviptingarmála.

Til að undirstrika alvöru þess að svipta t.d. þroskaheftan einstakling sjálfræði er rétt að benda á að ef það á að vera hægt að endurheimta sjálfræði fólks þarf ástæða sjálfræðissviptingarinnar að vera gengin til baka. Þar sem þroskahefting er ástand sem ekki gengur til baka er lítil von til þess að þeir sem í þessu lenda muni endurheimta sjálfræði sitt. Það er ekki óeðlilegt að álykta að konur verði í mun meira mæli fyrir því að lenda í aðstæðum sem samfélagið sér ástæðu til að grípa inn í með lögræðissviptingu því þessari aðferð hefur oft verið beitt þegar þroskaheftar konur hafa undirgengist ófrjósemisaðgerð eða fóstureyðingu. Því snýst málið bæði um jafnréttismál á milli kynja sem og mannréttindamál minnihlutahópa.

Hæstv. dómsmrh. Endurskoðun á lögræðislögum hefur staðið yfir í um það bil áratug ef upplýsingar mínar eru réttar. Á þessum tíma hafa hagsmunasamtök þroskaheftra ítrekað reynt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við dómsmrn. Fram hefur komið að nefnd sem samdi frv. um réttindi sjúklinga tekur undir þessi sjónarmið og beinir þeim tilmælum til dómsmrn. að þetta ákvæði verði endurskoðað. Þess vegna spyr ég:

Er þess að vænta að þetta brýna mannréttindamál sem hér um ræðir, hljóti viðhlítandi meðferð og að ákvæði laganna hvað sjálfræðissviptingu varðar verði færð í nútímalegra horf og muni koma til Alþingis til meðferðar og afgreiðslu?

[15:52]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í lögræðislögum er ekki að finna sérstakt ákvæði um að svipta megi sjúkling sjálfræði vegna læknismeðferðar eða aðgerða sem telja verður nauðsynlegar en viðkomandi er ekki tilbúinn að fallast á eða getur einhverra hluta vegna ekki tjáð sig um. Vel getur hins vegar verið að krafa um sjálfræðissviptingu byggist á framangreindum atriðum með vísun til a-liðar 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga, en þar segir að svipta megi mann lögræði ef viðkomandi er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms.

Þótt ekki sé fjallað um framangreint í lögræðislögum er í sérlögum vikið að því að sjálfræðissvipting er nauðsynlegur undanfari tiltekinna aðgerða gegn vilja viðkomandi einstaklings. T.d. má nefna að í lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir er sjálfræðissvipting eða ólögræði sett sem skilyrði fyrir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð ef viðkomandi einstaklingur er ekki tilbúinn að fallast á umrædda aðgerð eða er ekki fær um að tjá sig um hana. Um fóstureyðingar segir í 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna að sé kona vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar sé heimilt að veita leyfi til hennar samkvæmt umsókn lögráðamanns. Sams konar ákvæði er að finna varðandi ófrjósemisaðgerðir í 22. gr. laganna. Einstaklingum eru ekki skipaðir lögráðamenn nema þeir hafi verið sviptir lögræði með úrskurði dómara og því er ekki unnt að túlka lögin á annan hátt en þann að sjálfræðissvipting sé nauðsynleg í framangreindum tilvikum. Skilyrði fyrir sjálfræðissviptingu í framangreindum tilvikum er vissulega strangt, ekki síst í ljósi þess að sjálfræðissvipting er samkvæmt núgildandi lögum ótímabundin og öðlast einstaklingur sem sviptur hefur verið sjálfræði það ekki aftur nema með úrskurði dómara. Nefnd sú sem vinnur að endurskoðun lögræðislaga hyggst skila af sér síðar á þessu ári.

Í þeim drögum að frv. til nýrra lögræðislaga sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir því að unnt sé að svipta einstaklinga lögræði tímabundið og öðlist þeir þá lögræði sitt sjálfkrafa á ný að loknum sviptingartímanum. Slíkt úrræði er tvímælalaust

vægara úrræði gagnvart viðkomandi einstaklingi en ótímabundin sjálfræðissvipting, en slík tímabundin svipting getur í mörgum tilvikum verið heppilegri kostur en ótímabundinn, með hliðsjón af hagsmunum hins svipta. Tekur það jafnt til fjárræðis- sem sjálfræðissviptingar.

[15:55]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta brýna mál upp á Alþingi og jafnframt vil ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör. Það er vissulega ástæða til að fagna því þegar maður heyrir að nefnd sem hefur fengið það verkefni að endurskoða lögræðislögin muni ljúka störfum því að þetta mál hefur tekið alllangan tíma.

Vissulega get ég fallist á að þessar mildari aðgerðir sem hæstv. dómsmrh. er að boða, en þó ganga þær að mínu mati ekki nógu langt í átt til nútímalegra sjónarmiða sem ríkja í garð þroskaheftra. Alls staðar í nágrannalöndum okkar meta menn og virða að það sé hægt að ná jafngóðum árangri með því að skipa fólki svokallaða tilsjónarmenn án lögræðissviptingar. Oft snýst þetta líka um það að veita þessu fólki upplýsingar á viðunandi hátt og næst þá oft samstaða og sátt um aðgerðir sem nauðsynlegar eru. Því vil ég biðja hæstv. dómsmrh. að huga að því hvort það væri ekki hægt að ganga ögn lengra í þessum breytingum og virða þau sjálfsögðu mannréttindi sem hér hafa verið tekin til umræðu og láta lögræðislögin endurspegla nútímann í æ ríkari mæli.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi hvatningarorð hv. 9. þm. Reykv. En varðandi upplýsingar frá ráðherra um að nefndin sem mun skila síðar á þessu ári sé með ákvæði inni um að svipta menn tímabundið lögræði og viðkomandi öðlist lögræði aftur sjálfkrafa, þá held ég að það sé mjög gott ákvæði vegna þess að eftir að ég bar fyrirspurnina fram og eftir að hér fór fram umræða um vímuefni var haft samband við mig einmitt af afa sem hafði miklar áhyggjur af barnabarni sínu sem hafði orðið þeirri vá að bráð. Hann fór einmitt í gegnum það með mér hvað það þýðir varðandi örvinglað ungmenni sem farið var með inn á sjúkrahús og hægt að halda í tvo sólarhringa. Reyndar veit ég að það er hægt að fá bráðabirgðasviptingu í 14 daga, en úrræðin þurfa að vera þess eðlis varðandi það fólk að hægt verði að fá viðkomandi í meðferð í ákveðinn tíma. Slíkt ákvæði mundi vissulega geta komið til gagnvart fólki sem aftur og aftur og aftur hefur verið reynt að hjálpa, en hefur horfið aftur til sömu aðstæðna og ætti að vekja vonir þeirra aðstandenda sem ekki hafa treyst sér til að beita sér fyrir sjálfræðissviptingu sem er til langframa því að eins og fram hefur komið þá fæst ekki sjálfræði aftur nema með nýjum dómi. Hvort tvegga, sjálfræðissviptingin, og það að koma sjálfræðinu á kjöl á ný eða að viðkomandi fái sjálfræði sitt á ný, eru þung og erfið mál í dómskerfinu að því er mér skilst og erfitt að fara í gegnum. Ég hvet því til að þetta ákvæði verði opnað, þ.e. að tímabundin svipting sem komi sjálfkrafa til baka og að jafnframt verði hugað að úrbót gagnvart þroskaheftum og þeim sem minna mega sín.

[15:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hér hefur verið á minnst að endurskoðun lögræðislaga hefur tekið nokkurn tíma. En ég minni á í því sambandi að hér er um löggjöf að ræða sem mjög mikilvægt er að vanda til því að hún skiptir vitaskuld mjög miklu máli. Þess vegna er mjög mikil þörf á því að vanda til undirbúnings að sérhverjum breytingum sem gerðar eru. En að því er stefnt að þessar breytingar komi fram á haustþinginu og eins og drög að nýju frv. standa nú þá er gert ráð fyrir þessu tímabundna úrræði.

Að því er varðar fyrirspurn hv. 9. þm. Reykv., þá vil ég minna á að skilyrðin um sjálfræðissviptingu varðandi þær aðgerðir sem við erum að tala um eru ekki í lögræðislögum heldur í sérstökum lögum um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Til þess að breyta þeim skilyrðum þarf að endurskoða þau lög. Mér er ekki kunnugt um að slík endurskoðun sé í gangi í tengslum við endurskoðun lögræðislaganna. Þau lög eru sem sagt á verksviði heilbrrn. En til þess að breyta þessum skilyrðum þarf að koma fram breytingum á þeirri löggjöf. Það dugar ekki eitt og sér að breyta lögræðislögunum.

Útskriftir íbúa Kópavogshælis.

Fsp. RG, 516. mál. — Þskj. 932.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. félmrh. varðar útskriftir frá fyrrum Kópavogshæli. Í greinargerð með lögum um málefni fatlaðra var vakin athygli á stöðu þeirra sem búa á þessari stærstu sólarhringsstofnun fyrir þroskahefta. En þeir njóta eðli málsins samkvæmt engan veginn sömu mannréttinda og aðrir sem búa á öðrum stöðum og eru sjálfstæðari.

Nefndin sem endurskoðaði lögin komst að þeirri niðurstöðu að það væri brýnt að færa lífskjör þessara þjóðfélagsþegna í nútímalegra horf. Sömuleiðis kom fram hjá félmn. sem fjallaði um frv. á sínum tíma að það væri brýnt að taka á málum íbúa Kópavogshælis. Þess var getið, virðulegi forseti, í nál. að brýnt væri að heilbrrn. og félmrn. leystu þann vanda sem við blasti, að íbúum Kópavogshælis mundi ekki standa öll þjónusta samkvæmt þessum nýju lögum til boða eins og öðrum.

Þessi mál voru enn óleyst í lok árs 1994 þegar ég átti stuttan tíma í félmrn. svo mér gafst kostur á að leggja mitt af mörkum til að skipuð yrði nefnd heilbrrn. og félmrn. eða starfshópur til að skipuleggja útskriftir fólks frá Kópavogshæli og skoða með hvaða hætti yrði farið með þau mál, en þá var verið að breyta Kópavogshæli í endurhæfingardeild fyrir Ríkisspítala. Það var svo í ársbyrjun 1995 að gert var skriflegt samkomulag milli ráðuneytanna um fyrsta hluta áætlunar um útskriftir fólks frá stofnuninni. Það er á þá leið að árið 1995 verði 37 íbúar á endurhæfingardeildinni útskrifaðir þaðan og þeim þar með búin nútímalegri lífskjör. Í samkomulaginu fólst jafnframt að 37 stöðugildi fylgdu fólkinu frá stofnuninni en félmrn. skuldbatt sig til að koma á fót a.m.k. þremur sambýlum á árinu auk þess sem loforð var gefið um að einstaklingsúrræði skyldu verða í boði á sambýlum eða öðrum heimilum víðs vegar um land. Nú erum við að nálgast mitt ár 1996 og eftir mínum upplýsingum hafa einungis 13 manns flutt frá stofnuninni þrátt fyrir að menn töldu að umsamið væri um fjármagn og stöðugildi sem flutt yrðu til félmrn. um síðustu áramót.

Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi í hyggju að standa við fyrri skuldbindingar í þessu máli og þá hvenær. Enn fremur leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra hver sé stefna hans í búsetumálum fatlaðra og hvort hann hyggist halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og sem fatlaðir og foreldrar þeirra hafa ítrekað óskað eftir að farin verði, þ.e. að leggja niður í núverandi mynd sólarhringsstofnanir fyrir þroskahefta og búa þessum einstaklingum möguleika í íbúðum eða á sambýlum.

[16:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég svara fyrirspurn hv. þm. játandi. Ég hyggst reyna að standa við það samkomulag sem hv. þm. gerði á meðan hún var félmrh. við páv. heilbrrh. um útskrift 37 einstaklinga af Kópavogshæli yfir í þjónustu á vegum félmrn. gegn því að 37 stöðugildi fylgdu. Þess er vænst að búsetuúrræði og önnur þjónusta liggi fyrir í lok þessa árs fyrir allan þennan hóp eða í síðasta lagi á fyrri árshelmingi næsta árs. Það hefur verið staðið við útskrift á eftirfarandi hátt. Fimmtán manns eru komnir í búsetu á sambýlum. Eitt þeirra er í Reykjavík og eitt á Reykjanesi. Á næstunni munu tveir flytja inn í sambýli sem þegar er stofnsett. Það er verið að leita að hentugu húsnæði fyrir fimm íbúa á Reykjanesi. Þrír íbúar í þessum hópi þurfa að búa í táknmálsumhverfi og það stendur til að kaupa eða leigja íbúð fyrir þau. Það er stefnt að því að koma á fót fimm manna sambýli á Selfossi á þessu ári og liggur fjármagn fyrir til þess. Þá er gert ráð fyrir að við endurúthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í ár eða í ársbyrjun 1997 verði veitt fé til að stofnsetja eitt sambýli til viðbótar vegna útskrifta, en ekki hafði verið gert ráð fyrir því í upphaflegri áætlun. Það er hins vegar nauðsynlegt þar sem ekki hefur tekist að finna önnur úrræði. Í framangreindri áætlun er gert ráð fyrir að staðið verði við útskriftir 37 einstaklinga.

Hv. þm. spurði í lok máls síns um stefnu í framtíðinni. Sú stefna hefur verið mörkuð að færa eftir því sem mögulegt er íbúa á stofnunum út í sambýli eftir því sem fjármagn og geta leyfir. Það er engin breyting fyrirhuguð á þessari stefnu. Þetta er töluvert dýrt mál og kostar verulega fjármuni. Það er hins vegar rétt að nefna það að búsetuúrræði eins og sambýli eða að flytja af stofnun yfir á sambýli þarf ekki endilega að henta öllum. Ég hef heyrt áhyggjur aðstandenda fólks sem búið hefur á stofnun yfir því að þegar það skyndilega breytir um umhverfi þá missi það öryggistilfinningu sem það hefur öðlast á þeirri stofnun sem það hefur búið á kannski um árabil. Það missir að einhverju leyti félagsleg tengsl sem myndast hafa við aðra íbúa á stofnuninni, það er sett í sambýli með fólki sem það hefur kannski ekki frá fyrri tíð haft nein félagsleg tengsl eða vinskap við. Þannig að það er ekkert alveg einfalt í þessu máli. En ég lít svo á að okkur beri skylda til að reyna að hlynna að þessum minnstu bræðrum eftir því sem við höfum vit og getu til. Það er mitt svar við spurningu hv. þm.

[16:08]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda og hæstv. félmrh. fyrir hans svör. Það er ánægjulegt að heyra að þetta samkomulag sem gert var fyrir rúmlega ári síðan hyggst félmrh. standa við. Ég get tekið undir orð hans að því leyti til að það er mikið verk fram undan í málefnum fatlaðra varðandi búsetuúrræði þeirra. Hins vegar vil ég minna á að hið háa Alþingi hefur sett lög um að fötluðum skuli búin sömu lífsskilyrði og öðrum í þjóðfélaginu. Það að búa á sjúkrahúsi allt sitt líf telst varla til sömu lífskjara og öðrum eru búin. Það mikið þekki ég til þeirra sem þar hafa þurft að eyða sínu lífi og hafa átt þess kost að flytja síðan brott af sjúkrastofnun að enginn þeirra hefur óskað eftir að flytja inn á hana aftur. Það segir mér meira en allt annað um það hversu mikil lífsgæði þar voru í boði eða öllu heldur hve lítil lífsgæði voru þar í boði.

Mannréttindi eru brotin á þessu fólki daglega. Þannig að ég vil skora á hæstv. félmrh. að taka þetta upp við ríkisstjórnina og huga að því hvort áframhald verði á þessari þróun sem þegar er orðin hér.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir þessi svör. Ég er ánægð með svörin. Varðandi það að ekki eiga allir heima á sambýlum þá er það rétt. Það er hins vegar svo að stórar stofnanir eru í eðli sínu mjög ólíkar sambýli fyrir þann sem þar býr. Sambýli er miklu frjálsari búseta þar sem einstaklingurinn hefur forræði á sínum málum, sér um sín fjármál og annað og greiðir til heimilisins. Stofnun er stofnun eins og við þekkjum. Sumir geta búið í vernduðum íbúðum, jafnvel miklu fleiri en áður var talið. Jafnvel hafa fatlaðir einstaklingar keypt sér íbúðir og klárað sig vel. Svo þekkjum við starfsemi eins og Sólheima í Grímsnesi sem margir telja að eigi verulegan rétt á sér jafnvel þótt flestar stofnanir verði lagðar niður. Þar er annars konar umhverfi sem hentar mögum þar sem fólk getur notið samvista og kynnst. Jafnvel bundist tryggðaböndum og hjúskap. Þannig er mikilvægast fyrir okkur að skapa þessum þjóðfélagsþegnum öllum aðstöðu við sitt hæfi. Vera með úrræði sem eiga heima í nútímanum. Ekki festa okkur um of í að eitthvað eitt sé ónýtt og annað sé það eina rétta heldur eiga allar þær lausnir sem þarf til að skapa hvetjandi umhverfi fyrir alla þessa fjölbreyttu einstaklinga með sínar mismunandi þarfir. Ég er mjög ánægð með þetta svar, virðulegur forseti.

[16:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er einmitt mergurinn málsins að það henta ekki endilega öllum sömu úrræði. Fötlunin getur verið svo margvísleg og á svo mismunandi stigum. En það þarf að reyna að skapa hverjum einstaklingi bestu kringumstæður til að lifa lífinu. Því miður sníður náttúrlega tiltækt fjármagn stakkinn. Við því er ekkert að gera. Það er ekki um annað að ræða en að vinna að málunum með því hugarfari að reyna að búa öllum sem þess þurfa viðunandi aðstöðu og helst sem besta. Ég vil reyna að gæta jafnréttis í þessu að því leyti til og mér finnst kannski skorta nokkuð á. Við höfum náð langt með nokkurn hóp að gera honum lífið bærilegra en það eru allt of margir í okkar þjóðfélagi sem ekki fá enn viðhlítandi þjónustu. Ég tel að við þurfum að reyna að gæta þar jafnræðis og reyna að þoka málum áfram. Þetta gerist ekki á einu augnabliki því miður, það tekur sinn tíma. En við skulum ekki missa sjónar á markinu.

[16:13]

Útbýting þingskjals:
Staðfest samvist, 320. mál, nál. allshn., þskj. 1070.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 16:13.

---

150. FUNDUR

þriðjudaginn 28. maí,
að loknum 149. fundi.

Dagskrá:

1. Einkaleyfi, frv., 530. mál, þskj. 1027. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vörugjald af ökutækjum, frv., 533. mál, þskj. 1071. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Ríkisreikningur 1994, stjfrv., 129. mál, þskj. 154, nál. 1034. — 2. umr.
4. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775, nál. 1035. — 2. umr.
5. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 389. mál, þskj. 684, nál. 1050, brtt. 1051. — 2. umr.
6. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 3. umr.
7. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720, nál. 1048. — 2. umr.
8. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799, nál. 1055. — 2. umr.
9. Lögreglulög, stjfrv., 451. mál, þskj. 783, nál. 1067, brtt. 1068. — 2. umr.
10. Framhaldsskólar, stjfrv., 94. mál, þskj. 918, brtt. 910, 1076 og 1082. — 3. umr.
11. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 877. — 1. umr.
12. Grunnskóli, stjfrv., 501. mál, þskj. 878, nál. 992, brtt. 993. — 2. umr.
13. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — 3. umr.
14. Almannatryggingar, stjfrv., 529. mál, þskj. 1026. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
15. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 524. mál, þskj. 974. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
16. Byggingarlög, stjfrv., 536. mál, þskj. 1077. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[Fundarhlé. — 16:13]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]

1.–2. og 14.–16. dagskrármál voru of seint fram komin. — Samþ. með 37 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar og sögðu

já: AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, EKG, GE, GuðjG, GHall, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, ÖJ.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KF, PHB, RA, SighB, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég styð að þessi afbrigði verði veitt en ég vek athygli á því að það er meira og meira um það að stjórnarflokkarnir eru að koma með mál á síðustu dögum og það er stjórnarandstaðan sem er að greiða fyrir því að þessi mál geti komið til meðferðar. Staðan er auk þess þannig að það var gert ráð fyrir að þessu þingi lyki 15. maí sl. Það er ekki séð fyrir endann á því þingi enn þá. Það er greinilegt eins og staðan er, m.a. vegna þess að stjórnarflokkarnir halda til haga sínum stærstu málum, að þessu þingi getur ekki lokið með venjulegu samkomulagi. Hér virðast því mjög sérkennileg þinglok í uppsiglingu, hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því í tengslum við þessa atkvæðagreiðslu um afbrigði fyrir þessi mál.

[16:49]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti metur samstarfsvilja allra þingmanna við að koma málum áfram og þar á meðal að greiða fyrir afbrigðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:50]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1082. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Einkaleyfi, 1. umr.

Frv. iðnn., 530. mál (viðbótarvottorð um vernd lyfja). — Þskj. 1027.

[16:51]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingu, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993. Eins og segir:

„3. og 4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir um einkaleyfi, sem lagðar voru inn fyrir 1. júní 1996, eiga við ákvæði 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 17/1991 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 24. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998.

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Frumvarpið er flutt til þess að taka af allan vafa um að ákvæði einkaleyfalaga um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja tekur ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998 en við breytingar á frumvarpi að lögum hafði láðst við 2. umræðu að breyta tilvísun í 31. gr. til samræmis við aðrar breytingar á frumvarpinu og var það afgreitt þannig sem lög frá Alþingi.

Þá er með frumvarpi þessu einnig tekinn af allur vafi um að með einkaleyfaumsóknir, sem berast fyrir gildistöku laga nr. 36/1996, skuli fara eftir ákvæðum 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. einkaleyfalaganna eins og þau voru áður en þeim var breytt með lögum nr. 36/1996."

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1994, 2. umr.

Stjfrv., 129. mál. — Þskj. 154, nál. 1034.

[16:56]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

„Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings. Hjá yfirskoðunarmönnum koma fram ýmsar ábendingar varðandi ríkisreksturinn og hefur nefndin fjallað um þær og fengið skýringar frá Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti. Helstu athugasemdir eru eftirfarandi:

Yfirskoðunarmenn telja lífeyrisskuldbindingar vera einn helsta vanda ríkissjóðs. Í því sambandi er jafnframt bent á að ekki liggi nægilega skýrt fyrir hverjar séu lífeyrisskuldbindingar af starfsmönnum fyrirtækja sem ekki eru lengur í ríkiseign og starfsmönnum í norrænu samstarfi. Lögð er áhersla á að tekið sé á þessum málum.

Yfirskoðunarmenn gagnrýna launakerfi ríkisins. Gagnrýnin lýtur að alls konar aukagreiðslum sem tíðkast í kerfinu, svo sem óunninni yfirvinnu, bifreiðahlunnindum, húsnæðisfríðindum, risnu, greiðslum fyrir aukastörf og nefndar- og stjórnarlaunum. Ítrekaðar eru fyrri áskoranir um að heildarúttekt fari fram á launum og starfskjörum starfsmanna ríkisins.

Yfirskoðunarmenn árétta þá skyldu ríkisstofnana og ríkisbókhalds að halda fullnægjandi eignaskrá og að í engu verði slakað á kröfum um gerð heildarskrár um eignir ríkisins.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1994 koma fram ýmsar ábendingar er varða ríkisreksturinn. Ríkisendurskoðun bendir á að vextir á útlánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og byggingarsjóðanna eru niðurgreiddir miðað við markaðsvexti sem gerir það að verkum að eigið fé þessara sjóða skerðist smám saman nema á móti komi framlag úr ríkissjóði. Framreikningur á greiðslustreymi sjóðanna sýnir að eignir gera vart meira en að standa undir núverandi skuldbindingum. Þessu til viðbótar hafa lífeyrisskuldbindingar aðila í B-hluta ekki verið bókfærðar í reikningsskil þeirra en þær eru um 12 milljarðar kr. Að teknu tilliti til þessara atriða má segja að verðgildi eigin fjár hjá B-hluta fyrirtækjum og sjóðum ríkisins hafi í árslok 1994 verið um 34 milljarðar kr. en ekki 86,5 milljarðar kr.

Ríkisendurskoðun bendir á að verulegur dráttur hefur orðið á að Ríkisábyrgðasjóður endurkrefji skipasmíðastöðvar um áfallnar skuldir. Þessar kröfur nema alls um 2,3 milljörðum kr. með dráttarvöxtum.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir umsýslu Seðlabanka Íslands með endurlánum ríkissjóðs, t.d. skuldir Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar við ríkissjóð frá árunum 1974 og 1975, en engar tilraunir hafa verið gerðar til að innheimta þessi lán.

Ríkisendurskoðun telur óeðlilegt að ráðast í stækkun Flugstjórnarmiðstöðvarinnar án þess að fyrir liggi samþykki ICAO.

Ríkisendurskoðun gerði ýmsar athugasemdir er varða aðalskrifstofur ráðuneyta. Eignaskráningu var verulega áfátt hjá 12 ráðuneytum af 13. Tekjuskráning, nákvæmni við bókanir og eftirlit með fjarvistum var ekki viðunandi að mati Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að ákvörðunum og eftirliti er varðar sérfræðiþjónustu sé í mörgum tilfellum ábótavant.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherrar taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist jákvætt við þeim ábendingum sem settar eru fram eftir því sem við verður komið.

Nefndin mun hafa samráð við Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti um frekari meðferð athugasemda Ríkisendurskoðunar í tengslum við afgreiðslu á skýrslu um framkvæmd fjárlaga þegar hún verður tekin til meðferðar í nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. skrifa: Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Kristín Halldórsdóttir, Hjálmar Jónsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Arnbjörg Sveinsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:02]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AK, ÁJ, ÁMM, ÁRJ*, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SJóh, StG, SvG, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BH, DO, GHH, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, JóhS, KF, MF, RA, SighB, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2.–3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AK, ÁJ, ÁMM, ÁRJ*, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GHall, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SJóh, StG, SvG, ÖJ.

29 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BH, DO, GHH, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, MF, RA, SighB, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1995, 2. umr.

Stjfrv., 443. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 775, nál. 1035.

[17:03]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

„Fjárlaganefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og fengið skýringar frá fjármálaráðuneyti. Enn fremur óskaði nefndin eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Í greinargerð frá stofnuninni kemur fram að framsetning frumvarpsins sé ekki nægjanlega skýr þannig að fyrir liggi hvað afgreiðsla frumvarpsins feli í raun í sér, einkum er varðar tilflutning fjárheimilda á milli ára sem stofnunin telur nauðsynlegt að sé afgreitt jafnhliða, á sama tíma og uppgjör fjáraukalaga viðkomandi fjárlagaárs, en ekki beðið með þá afgreiðslu til haustsins eins og tíðkast hefur.

Greiðsluyfirlit samkvæmt frumvarpi sýnir að innheimtar tekjur eru aðeins 7 millj. kr. lægri en fjárlög og fjáraukalög 1995 gerðu ráð fyrir. Á gjaldahlið hafa samþykktar heimildir hins vegar orðið 2,1 milljarði kr. lægri en gert var ráð fyrir. Þannig varð tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs 2,1 milljarði kr. minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá sýndu greiðsluhreyfingar nettó á efnahagslið rúmlega 900 millj. kr. minni útgreiðslur en áformað var. Lántökur A-hluta ríkissjóðs urðu 3,0 milljörðum kr. minni en áður fengnar heimildir gerðu ráð fyrir. Heildarbreytingar á gjaldahlið nema því um 10%. Hlutfallsbreytingar á árinu 1994 er varðar frávik frá fjárlögum eru svo til þær sömu og árið 1995.

Nefndin tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um framsetningu frumvarpsins og telur enn fremur að frávik á niðurstöðum gjaldahliðar sé óeðlilega hátt, nær því hið sama og árið 1994 þrátt fyrir litla verðbólgu á árinu 1995.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en tilflutningur fjárheimilda á milli ára verður afgreiddur með fjáraukalögum fyrir árið 1996 að hausti. Hins vegar ber nauðsyn til að vinna að því að afgreiðsla þessara fjárheimilda geti framvegis farið fram á vorþingi."

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Kristín Halldórsdóttir, Hjálmar Jónsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Arnbjörg Sveinsdóttir.

[17:06]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Það er með það eins og síðasta dagskrármálið að fulltrúar í hv. fjárln. skrifa undir nál., standa sameiginlega að afgreiðslu þessa máls og nál. án fyrirvara. Ég hygg að það sé kannski nokkuð óvenjulegt enda um slíkt mál að ræða að það hlýtur að skrifast að stærstum hluta á ríkisstjórn og þingmeirihluta. Vissulega eru í þessu máli mörg atriði sem væri ástæða til að gera athugasemdir við og gera að umtalsefni hér en það var nú reyndar gert við 1. umr. um málið. Ég benti þá í máli mínu á þá undarlegu staðreynd að við afgreiðslu fyrri fjáraukalaga ársins 1995 sem fram fór í des. sl. voru samþykktar útgjaldaheimildir sem síðan reyndust langt umfram þörf. Ég lýsti þeirri skoðun minni að það væri með ólíkindum að ekki væri hægt að meta stöðu mála betur á þeim tíma, þ.e. rétt undir lok viðkomandi árs. Frávikið reyndist hvorki meira né minna en rúmir tveir milljarðar sem gjaldaheimildir voru ofáætlaðar. Undir þetta er í rauninni tekið í nál. þar sem segir, með leyfi forseta, að „frávik á niðurstöðum gjaldahliðar sé óeðlilega hátt, nær því hið sama og árið 1994 þrátt fyrir litla verðbólgu á árinu 1995".

Með þessari setningu í nál. tel ég tekið undir á viðunandi hátt þá gagnrýni sem ég hef sett fram um þetta efni þótt ég hefði vissulega tekið mun sterkar og ítarlegar til orða ef ég hefði samið þetta álit sjálf. Þessar heimildir sem ekki reyndist þörf fyrir á síðasta ári fá þá meðferð að falla að sumu leyti niður en að stórum hluta er ætlunin að veita leyfi til að nýta þær á þessu ári, þ.e. 1996, eins og fram kemur í greinargerð með frv. Þess vegna væri líka mjög nauðsynlegt að afgreiða þau mál strax í upphafi árs eða á þessu þingi en bíða ekki með það til haustsins. Undir það er einnig tekið í lok nál. og reyndar í upphafi þess líka. Þriðja atriðið sem ég hef gagnrýnt varðar uppsetningu frv. og framsetningu þess sem er reyndar á við bestu gestaþraut.

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni með það hversu ákveðið er tekið undir þessi sjónarmið í nál. og vona að það verði til þess að hér verði gerð bragarbót að því er þessi atriði varðar. Ég held að það sé sterkt og málinu til framdráttar að nefndarmenn hafi staðið sameiginlega að þessari afgreiðslu og þessu nál.

[17:09]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég get verið stuttorður enda hefur komið fram að það er full samstaða í fjárln. um niðurstöðu þessa máls að sinni. En það kom ekki fram í minni framsöguræðu að það hafa farið fram viðræður við fjmrn. um uppsetningu frv. og það hefur verið tekið vel undir það að breyta þeirri uppsetningu þannig að hún sé í samræmi við það sem um getur í nál. og sýni skýrt og ljóst þær hreyfingar sem eru í fjáraukalögum hverju sinni. Að öðru leyti tek ég undir það og það kemur fram í nál. að það er nauðsynlegt að afgreiða á vorþingi þær heimildir sem ætlunin er að flytja á milli ára. Að því verður að vinna í tengslum við ýmsar fleiri breytingar sem væntanlegar eru á framsetningi ríkisreiknings og fjárlaga. En ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:12]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PP, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, ÖJ.

1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁE, ÁRÁ, BH, DO, FrS, GHH, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, MS, MF, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GHall, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, ÖJ.

2 þm. (ÁRJ, ÁÞ) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁE, ÁRÁ, BH, DO, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, MS, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 684, nál. 1050, brtt. 1051.

[17:14]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. á þskj. 1050. Málið var lagt fram á þskj. 684 og brtt. nefndarinnar eru á þskj. 1051. Frv. er um breytingu á ýmsum lögum sem vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er nauðsynlegt að framkvæma.

Nál. ber með sér að til viðræðna við nefndina voru fengnir Jón Höskuldsson, skrifstofustjóri í landbrn., Jóhannes Torfason, formaður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, og Jón Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri sama sjóðs, auk Sveins Runólfssonar landgræðslustjóra og Sigurgeirs Þorgeirssonar, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands.

Auk þess bárust nefndinni umsagnir frá Neytendasamtökunum, Landgræðslu ríkisins og Bændasamtökum Íslands.

Nefndarálitið er skýrt fram sett. Þar er gerð grein fyrir afstöðu nefndarinnar í fjórum liðum með afar skýrum hætti og vísa ég sérstaklega til þess sem þar kemur fram. Enn fremur ber nefndarálitið með sér að allir nefndarmenn landbn. undirrita það og reyndar einn nefndarmaður, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara. Að öðru leyti er nefndarálitið ágreiningslaust.

Þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, en geri það að tillögu minni, virðulegi forseti, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:21]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1051,1 (3. gr. falli brott) samþ. með 42 shlj. atkv.

4.–8. gr. (verða 3.–7. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1051,2 samþ. með 43 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1051,3 samþ. með 43 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1051,4 samþ. með 44 shlj. atkv.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

12.–16. gr. (verða 11.–15. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1051,5 (ný 17. gr., verður 16. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

18.–33. gr. (verða 17.–32. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1051,6 samþ. með 44 shlj. atkv.

34. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (félagslegar eignaríbúðir). — Þskj. 720, nál. 1048.

[17:27]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta frv. gengur út á það að hér er verið að fara að tillögum nefndar sem sett var á laggir til að finna leiðir til úrbóta hjá þeim sveitarfélögum sem sitja uppi með auðar félagslegar íbúðir. Nefndin lagði til í sínu frv. að annars vegar væri heimilt að breyta eignaríbúðum í félagslegar kaupleiguíbúðir, hins vegar að heimilt yrði að rýmka tekjumörk einstaklings.

Í 2. gr. frv. er leitað heimildar til þess að húsnæðismálastjórn geti samþykkt frestun á afborgun lána til Byggingarsjóðs verkamanna.

Nefndin leggur aðeins til eina breytingu á frv. og hún er sú að í stað orðanna „félagslega kaupleiguíbúð" í fyrri málsl. a-liðar 1. gr. komi: félagslega eða almenna kaupleiguíbúð. Þetta þýðir, hæstv. forseti, að sveitarfélag getur einfaldlega staðið frammi fyrir því vali að breyta íbúð, þ.e. eignaríbúð, en slíkar íbúðir voru áður kallaðar verkamannabústaðir, í annaðhvort félagslega eða almenna kaupeiguíbúð eftir því hvernig á stendur, þ.e. að sveigjanleikinn sé til staðar þótt auðvelt sé að ímynda sér að í flestum tilvikum sé auðveldari leið fyrir sveitarfélögin að koma íbúðinni í leigu.

Ég ætla aðeins að víkja að því, hæstv. forseti, að í upphaflegu frv. er að finna lista yfir auðar íbúðir hjá sveitarfélögum landsins. Eins og vænta má hefur auðvitað orðið töluverð breyting á frá því að sá listi var tekinn saman. Það var að berast nýr listi frá Húsnæðisstofnun sem sýnir að fjöldi þeirra íbúða sem standa auðar hefur ekki minnkað þegar á heildina er litið og reyndar aukist, en það eru verulegar tilfærslur á milli sveitarfélaga. Hér er því um að ræða ástand sem breytist nánast frá mánuði til mánaðar. Það er t.d. athyglisvert að skoða bæ eins og Bolungarvík. Þeir sem tóku þátt í 1. umr. minnast þess kannski að þá vakti sérstaka athygli hversu margar auðar íbúðir voru í Bolungarvík. Þá voru auðar íbúðir lengur en í tvo mánuði 27. Þær eru núna komnar niður í 14. Þá voru 11 íbúðir sem höfðu verið auðar lengur en í sex mánuði. Þær eru 14 núna. Þá var ein íbúð sem hafði staðið auð lengur en í eitt ár, en nú er engin slík. Þarna hefur því orðið nokkur breyting á og það sama gildir um ýmis önnur sveitarfélög. Til dæmis vekur athygli hversu íbúðum hefur fjölgað í Vestmannaeyjum þannig að hér er auðvitað margt sem spilar inn í. En hæstv. forseti, þetta frv. gengur út á að gefa sveitarfélögunum heimild til þess að bregðast við eftir því hverjar þarfirnar eru og nefndin er sammála um að leggja til að þetta frv. verði samþykkt með þeirri breytingu

sem ég gerði grein fyrir áðan og undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn.

[17:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er búið að afgreiða úr félmn. frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og þar er verið að bregðast við vanda vegna snjóflóðahættu og einnig vanda þeirra sveitarfélaga sem hafa farið of geyst í að koma sér upp félagslegum íbúðum og eru með íbúðir sem standa auðar.

Þegar við ræddum þetta mál við 1. umr. vék ég að því hvaða skref væri stigið með því að víkja frá tekjumörkum einstaklinga við einhverjar ákveðnar aðstæður. Eins og þeir sem hér starfa vita, eru lögin um félagslegar íbúðir þess eðlis að í íbúðum með mestu fyrirgreiðslunni, félagslegar eignar- og leiguíbúðir, geta eingöngu þeir fengið inni sem eru með ákveðnar tekjur eða innan ákveðinna tekjumarka. Þetta er mál sem ævinlega hefur verið unnið í samvinnu við verkalýðsfélögin eða verkalýðssamtökin, enda tilgangur félagslega kerfisins sá að vera góð úrlausn fyrir láglaunafólk.

Hins vegar hafa á síðari tímum komið inn nýir kostir, svokallaðar kaupleiguíbúðir, almennar kaupleiguíbúðir og almennar búseturéttaríbúðir. Þær eru með öðrum ákvæðum, minni fyrirgreiðslu og eru ekki með tekjumörk. Þess vegna eiga þeir sem eru með hærri tekjur en í fyrrgreinda tilfellinu möguleika á því að fá úthlutað almennum kaupleiguíbúðum eða almennum búseturéttaríbúðum.

Þegar við fjölluðum um þetta mál í nefnd fannst mér að það gæti leyst málið ef unnt væri að breyta félagslegri eignaríbúð bæði í félagslega kaupleiguíbúð eða annaðhvort í félagslega kaupleiguíbúð eða almenna kaupleiguíbúð og það mundi leysa þann vanda sem þarf að leysa þegar tekjumörk einstaklings eru of há en úthluta þarf íbúð. Þetta var rætt talsvert í félmn. og var ákveðið að koma með þá brtt. sem formaður nefndarinnar hefur kynnt, þ.e. að um verði að ræða möguleika til að breyta félagslegri eignaríbúð í hvort heldur sem er, félagslega eða almenna kaupleiguíbúð. Þótt að ég hafi efasemdir um að það sé góður hlutur að opna á heimildarákvæði af þessum toga varðandi tekjur einstaklinga, hef ég samt sem áður ákveðið að vera með á þessu frv. og hef skrifað undir nefndarálitið án fyrirvara. En ég kem upp til þess að minna á að það er mikilvægt að vel sé farið með slíkt ákvæði og helst eigi það ekki að gerast að sett séu opin heimildarákvæði varðandi tekjumörk af svo viðkvæmum toga. En þar sem litið er á þetta sem sértækt úrræði, treysti ég því að vel verði farið með það og stend að þessu áliti og að þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 464. mál (flutningur grunnskólans). — Þskj. 799, nál. 1055.

[17:35]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Félmn. leggur til að frv. verði samþykkt og undir það rita allir nefndarmenn nema Pétur H. Blöndal. Hann er með fyrirvara sem hann mun gera grein fyrir á eftir.

Þetta frv. byggist á því samkomulagi sem gert var milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisins vegna flutnings grunnskólans. Við leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt, enda gefur auga leið að þessum samningi verður ekki breytt.

Vegna ýmissa spurninga sem upp komu við vinnu nefndarinnar er rétt að taka fram að frv. kallar ekki á neinar breytingar á tekjuskatti einstaklinga eða lögaðila nema hvað varðar þá tilfærslu sem verður á milli ríkis og sveitarfélaga og samið var um milli sveitarfélaganna og ríkisins. Sama gildir um persónuafslátt. Á honum verða ekki neinar breytingar.

Þessi lög og samningurinn kalla á breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þingmönnum til upplýsingar skal þess getið að sú lagabreyting er ekki væntanleg fyrr en í haust. Það kom fram í vinnu nefndarinnar að sumum þótti eðlilegt að sú breyting yrði gerð jafnhliða þessari, en hér er um það að ræða að þessar skattabreytingar og tilfærslur taka ekki gildi fyrr en um næstu áramót. Hér er jafnframt gert ráð fyrir því og um það samið að ríkissjóður brúi bilið fram til áramóta vegna flutnings grunnskólans með sérstakri fjárveitingu sem samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I nemur 2 milljörðum og 734 millj. kr. Síðan er einnig gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði III að ríkissjóður verji allt að 265 millj. kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997 til 2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar þannig að hér er um margþátta samning að ræða.

Ég vil líka nefna að í samtalli við hæstv. fjmrh. kom fram að jafnframt var samið um sérstakar breytingar á útsvari um 0,05% á árunum 1997 og 1998 til að mæta því ef þessum flutningi fylgdi meiri kostnaður en menn hafa gert sér grein fyrir. Við í nefndinni kölluðum m.a. á fulltrúa frá Reykjavíkurborg sem er langstærsta sveitarfélagið og það sem þarf að kosta mestu til til að koma á einsetningu grunnskólans. Það kom fram hjá fulltrúa Reykjavíkurborgar að borgin gerði ekki athugasemd við þennan samning, en hefði jafnframt áhyggjur af því hvort borgin fengi nægjanlegan skerf af aukaframlagi til þess að standa við sitt. En það er síðari tíma mál og ég ítreka, hæstv. forseti, að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[17:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég samþykkti frv. og skrifaði undir með fyrirvara. Ég samþykkti það að öllu leyti nema því er varðar 6. gr. Þar er kveðið á um að útsvar hækki um 2,75% af tekjum allra landsmanna frá 1. janúar 1998. Til stendur að lækka tekjuskattsprósentuna samsvarandi en það hefur enn ekki verið gert og mér finnst það ekki sérstaklega vönduð lagasetning að ákveða hækkun á útsvarsprósentunni en skilja eftir til seinni tíma að lækka skattprósentuna. Það er því eins gott að Alþingi samþykki í haust þessa lækkun á skattprósentunni. Annars sitja skattgreiðendur uppi með hækkun upp á 2,75%.

Þetta er megininntak minna mótmæla og andstöðu og fyrirvara við frv. Það er einmitt það að þetta er ekki gert jafnhliða. Ég minni á að þingið er að ræða um breytingu á tekju- og eignarskattsfrv. þannig að því er í lófa lagið að breyta þessari prósentu þar.

[17:41]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að tíunda hvaða skilning við legðum í þessar breytingar sem hér væri verið að gera og var að vitna í orð fjmrh. varðandi þessa tilfærslu svo það væri algerlega á hreinu og staðfest í þingtíðindum að það er skilningur okkar og jafnframt skilningur fjmrh. að þessi breyting sem verið er að gera hér á skattprósentu þýði að á móti komi lækkun á tekjuskatti. Ég vil að það sé alveg ljóst að þetta er sá skilningur sem liggur að baki og í samræmi við þann samning sem gerður var.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, 2. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 783, nál. 1067, brtt. 1068.

[17:42]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1067 um frv. til lögreglulaga fyrir hönd allshn. og jafnframt meðfylgjandi brtt. á þskj. 1068.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um þetta mál og fengið marga gesti á sinn fund. Enn fremur barst fjöldi umsagna inn í nefndina vegna þessa máls.

Lagafrv. þessu er ætlað að koma í stað laga um lögreglumenn og laga um Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra er fari með yfirstjórn lögreglu í landinu. Með því að setja slíkt embætti á stofn er stigið skref í að styrkja stjórnsýslu lögreglunnar, auka samræmingu og eftirlit og efla fagleg vinnubrögð. Þá er í frv. gert ráð fyrir að færa rannsókn meginþorra brotamála til einstakra lögreglustjóra og tengja með því betur saman almenna löggæslu og rannsóknir.

Þá er með þessu frv. og frv. um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem lagt hefur verið fram á þingi samhliða, stefnt að því að ferill algengustu brotamála á rannsóknar- og ákærustigi verði gerður einfaldari með því að vinna við rannsókn máls frá upphafi og útgáfa ákæru og saksókn fari fram hjá sama embætti, en það ætti að spara vinnu og gera refsivörslukerfið í heild skilvirkara en áður.

Allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með ákveðnum breytingum sem eru gerðar tillögur um á þskj. 1068, eins og ég skýrði frá. Ég vil gera nokkra grein fyrir helstu brtt. nefndarinnar en vísa að öðru leyti til þingskjala um nánari rök.

1. Við 6. gr. Sú gagnrýni hefur komið fram á frv., m.a. frá lögreglustjórum og lögreglumönnum, að í það vanti ákvæði um yfirstjórn lögreglu varðandi björgun og leitaraðgerðir. Ekki er umdeilt að eitt af verkefnum lögreglustjóra hefur verið að hafa með höndum yfirstjórn slíkra aðgerða, sbr. t.d. ákvæði í reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253/1977, þar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 2. gr. að rannsóknardeildir einstakra lögregluembætta skuli hafa stjórn á leit að týndu fólki, enda sé leitin ekki þáttur í rannsókn brots, en jafnan skuli Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um slíka leit.

Nefndin telur nauðsynlegt að festa slíkt ákvæði í lög þar sem rannsóknarskylda lögreglu tengist mjög oft leitar- og björgunaraðgerðum og mikilvægt sé að heimildir lögreglustjóra í því efni séu sem gleggstar. Leggur nefndin því til að í 6. gr. frv., um lögregluumdæmi og stjórn þeirra, verði tekið slíkt ákvæði.

Enn fremur þykir rétt að kveða á um að dómsmrh. setji reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita og að við samningu þeirra verði haft samráð við önnur ráðuneyti sem málið varðar og hlutaðeigandi aðila.

2. Við 8. gr. Í umsögnum hefur komið fram talsverð gagnrýni á 8. gr. frv. sem fjallar um sérstakar rannsóknardeildir. Í breytingartillögum allshn. er gert ráð fyrir að fyrirkomulag lögregluranns óknа verði ákvarðað með almennari hætti en í frv. Nefndin telur mikilvægt að kveðið verði á um að lögregla annist rannsóknir brota í samráði við ákærendur. Náið samráð lögreglu og ákæruvalds við lögregluranns óknir er í fyllsta samræmi við þau meginmarkmið sem í frv. þessu og frv. til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, sem lagt var fram samhliða, er ætlað að ná fram.

Með 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú grundvallarregla að rannsókn skuli að jafnaði hefja í því umdæmi þar sem brotið er framið. Þá leggur nefndin til að dómsmrh. setji nánari reglur um í hvaða umdæmi brot skuli rannsakað, hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað og um verkaskiptingu einstakra lögreglustjóra og rannsóknardeilda ríkislögreglustjóraembættisins. Óheppilegt þykir að slík verkaskipting sé fastákveðin í lögum þar sem ákveðinn sveigjanleiki þarf að vera til staðar til að hægt sé að bregðast við breytilegum aðstæðum.

3. Við 9. gr. Tekið er af skarið um að slíkt framsal lögregluvalds, sem málsgreinin mælir fyrir um, verði aðeins heimilt þegar um er að ræða sérstök verkefni. Þá er lagt til að auk tollvarða fari ríkistollstjóri, tollstjórar og löglærðir fulltrúar þeirra með lögregluvald á sínu starfssviði þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

4. Við 10. gr. Lögð er til leiðrétting á tilvísun.

5. Við 18. gr. Skerpt er á ákvæðunum þannig að lögreglu beri skilyrðislaust að hafa afskipti af börnum undir 16 ára aldri sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra og velferð er alvarleg hætta búin.

6. Við 20. gr. Lagt er til samræmt orðalag.

7. Við 22. gr. Lagt er til að orðalagi ákvæðisins verði breytt. Allshn. leggur áherslu á að í athugasemdum við þetta ákvæði frv. segir að ákvæðinu sé ekki ætlað að þrengja að stjórnarskrárvernduðu tjáningarfrelsi lögreglumanna eða koma í veg fyrir gagnrýni á yfirstjórn lögreglu. Breytingartillagan miðar að því að taka af allan vafa um þetta.

8. Við 28. gr. Lagt er til að sá sem ráðinn er tímabundið í lögreglustarf skuli fullnægja öllum skilyrðum fyrir inngöngu í Lögregluskólann. Nefndin lítur svo á að ekki verði hægt að ráða menn til starfa samkvæmt 4. mgr. lengur en til eins árs og að æskilegt sé að þeir séu ráðnir er hafa lokið námskeiði í Lögregluskóla ríkisins fyrir afleysingamenn í lögreglunni.

9. Við 32. gr. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að bann við aukastörfum lögreglumanna verði ekki eins fortakslaust.

10. Við 35. gr. Í umsögn Landssambands lögreglumanna og einstakra lögreglufélaga um þetta ákvæði var gerð athugasemd við að ríkislögreglustjóra væri ætlað að rannsaka mál vegna meintra refsiverðra brota lögreglumanna í starfi.

Nefndin leggur því til að ríkissaksóknari stýri rannsókn slíkra mála.

11. Við 37. gr. Lagt er til að skólastjóri Lögregluskóla ríkisins verði skipaður með sama hætti og lögreglustjórar.

12. Við 38. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að skilyrði a-liðar verði rýmkað þannig að einungis sé um hindrun að ræða ef umsækjandi hefur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Þar er einnig lagt til að heimild til að setja í reglugerð skilyrði um lágmarkshæð lögreglumannsefna verði felld brott. Nefndin telur að slíkt skilyrði geti brotið gegn jafnræði umsækjenda. Þá er lagt til að fellt verði brott það skilyrði fyrir inngöngu í Lögregluskóla ríkisins að lögreglumannsefni hafi lokið grunnskólaprófi, enda slíkt próf ekki fortakslaust skilyrði fyrir inngöngu í framhaldsskóla.

13. Við 43. gr. Lögð er til samræming á orðalagi.

14. Lagt er til að við frv. bætist nýr kafli með ákvæði til bráðabirgða er varðar aðgerðir vegna niðurlagningar Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins glati ekki áunnum réttindum sínum við tilfærslu í starfi þegar lögin koma til framkvæmda. Með stofnun samráðsnefndar er starfsmönnum ætlað að hafa áhrif á hvernig staðið verði að auglýsingu og skipun í ný störf við embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og önnur embætti. Tryggja þarf að framkvæmd laganna valdi sem minnstri röskun á rannsóknastarfsemi og stöðu og högum starfsmanna.

Kríurnar, sem er félag kvenlögregluþjóna sem komu á fund allshn., lögðu áherslu á að a.m.k. ein kona ætti sæti í valnefndinni sem velur nema í Lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Sú ábending kom fram að eðlilegt væri að tilnefningaraðilar tilnefndu einn karl og eina konu hver og ráðherra tryggði við skipun nefndarinnar að a.m.k. ein kona ætti þar fast sæti hverju sinni. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið þeirra.

Þá leggur nefndin til að farið verði rækilega yfir þær forsendur sem fram koma í athugasemdum með frv. og lagðar hafa verið til grundvallar flutningi starfsmanna og fjárheimilda til embætta ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans í Reykjavík þannig að tryggt sé að hægt verði að sinna á fullnægjandi hátt rannsóknum þeirra mála sem flytjast munu til embættis lögreglustjórans í Reykjavík. Loks vill nefndin að gefnu tilefni benda á mikilvægi þess að samræmingarhlutverk ríkislögreglustjóra taki til allra brotaflokka, þar með talið rannsóknar ávana- og fíkniefnabrota.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi allshn. sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti. Allir nefndarmenn allshn. skrifa undir nefndarálitið en Ögmundur Jónasson er þó með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem hefur verið unnið ítarlega í allshn. og fjallað um á mörgum fundum. Því er það von okkar að frv. verði vel tekið á hinu háa Alþingi.

[17:53]

Útbýting þingskjals:

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, 71. mál, nál. *félmn.*, þskj. 1085.

[17:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur tekið töluverðum breytingum til batnaðar í hv. allshn. og orðið ásættanlegt að flestu leyti að mínu mati, enda skrifa ég undir álit nefndarinnar. Við 1. umr. málsins gerði ég að umtalsefni upplýsingar í greinargerð um það að nýlega hafi verið settur á laggirnar starfshópur til að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar og benti á að sá hópur hefði ekki verið kallaður saman. Umræðan í þinginu virtist hafa orðið til þess að hópurinn var kallaður saman og fagna ég því og vona að innan hópsins verði tekið á þeim atriðum sem ég ræddi við 1. umr. til þess að gera konum sem vinna hjá lögreglunni kleift að vinna þau störf án þess að vinnutíminn sé óhóflega langur og að vaktir séu skipulagðar þannig að það sé ómögulegt að sinna þeim ef fólk er einnig með fjöskyldu. Það er ekki tekið á þessum málum í breytingartillögum allshn. enda er eðlilegt að líta á þetta sem atriði sem hægt er að ráða við á sviði starfsáætlunar eða innan ákveðinna stofnana eða viðkomandi lögreglustjóraembætta.

Í frv. er þó eitt atriði sem talið er til bóta fyrir konur innan lögreglunnar en það varðar inngöngu í Lögregluskóla ríkisins. Vil ég þar benda sérstaklega á breytingartillögu allshn. þar sem lagt er til að ákvæði um lágmarkshæð umsækjanda verði felld út bæði fyrir karla og konur, en ákvæðin voru þannig áður að konur þurftu að vera töluvert yfir meðalhæð til þess að komast í lögregluna en karlar ekki

Þá er í frv. núna lögð til sú skipan að ríkislögreglustjóri auglýsi eftir nemum í Lögregluskóla ríkisins og ákveði fjölda nemenda sem hefja þar nám. Einnig er lagt til að valnefnd velji nema í Lögregluskólann úr hópi umsækjenda.

Eins og fram kom hjá hv. formanni og frsm. allshn. er þetta gert að sérstöku umtalsefni í nefndarálitinu og ég vil leyfa mér að lesa þrjár til fjórar línur úr því, en þar segir nákvæmlega, með leyfi forseta:

„Kríurnar — félag kvenlögregluþjóna — lögðu áherslu á að a.m.k. ein kona ætti sæti í valnefndinni sem velur nema í Lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Sú ábending kom fram að eðlilegt væri að tilnefningaraðilar tilnefndu einn karl og eina konu hver og ráðherra tryggði við skipun nefndarinnar að a.m.k. ein kona ætti þar fast sæti hverju sinni. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið þeirra."

Ég læt lokið tilvísun í nefndarálitið en ég vil taka fram og ég fagna því að þetta er tekið fram í nefndarálitinu og vona svo sannarlega að það verði til þess að tryggja að kona eigi sæti í þessari nefnd. En um leið vil ég vekja athygli á því að ég óskaði sértaklega eftir því að það færi inn í lagatextann að allir tilnefningaraðilar tilnefndu einn karl og eina konu vegna þess að það er vitað að ein af ástæðunum fyrir því að hægt gengur að fjölga konum í nefndum og ráðum á vegum ríkisins er sú að karlar eru mun oftar tilnefndir. Það fékkst ekki samþykkt í nefndinni að fá þetta inn í lagatextann með þeim rökum að það tíðkaðist ekki að setja slík ákvæði í lagatexta. Af þessu tilefni vil ég vekja athygli á tvennu. Í fyrsta lagi tekur 12. gr. jafnréttislaganna beint á þessu máli, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Samkvæmt þessari 12. gr. jafnréttislaganna ætti það e.t.v. að vera óþarfi að setja ákvæði af þessu tagi inn í sérlög eins og lögreglulögin eru. Ég tel að það hefði verið kannski eðlilegra í nefndarálitinu að vísa beint í þessa lagagrein til þess að árétta að þetta er ekki bara skoðun nefndarinnar, heldur eru það landslög að það eigi að tilnefna jafnmarga aðila af hvoru kyni í nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Í öðru lagi vil ég af þessu tilefni vekja athygli á því að mjög margt bendir til að þessi grein jafnréttislaganna, reyndar ekki sú eina, sé alls ekki virt í reynd, þ.e. að varnaglinn í greininni „.... þar sem því verður við komið ..." eins og stendur í greininni, virki í raun sem hindrun. Og máli mínu til stuðnings vísa ég í upplýsingar um stöðu kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum ríkisins, bæði sem hafa komið fram í skýrslu Jafnréttisráðs um stöðu jafnréttismála og einnig í skýrslu sem var dreift á Alþingi fyrir nokkrum dögum þar sem kom fram hvaða nefndir núv. ríkisstjórn hefði skipað á sínum ferli og hverjir sætu í þeim nefndum. Þar kom skýrt fram að það er ekki jafnrétti á milli kvenna og karla í þessum nefndum. Það er talin vera ein ástæðan fyrir því hve hægt gengur að þar eru tilnefndir karlar að stærstum hluta og þess vegna virkar þessi varnagli. Það er því verulegt umhugsunarefni að mínu mati hvort það þurfi ekki hreinlega að breyta um hefð og setja þetta inn í lagatexta hverju sinni.

Ég vildi, hæstv. forseti, vekja athygli á þessu vandamáli við þetta tækifæri því að þessi tregða stjórnkerfisins er svo mikil að ég tel ástæðu til þess að rannsaka sérstaklega ástæðuna og jafnframt hvers vegna þessi grein í jafnréttislögunum virðist ekki hafa áhrif hér á landi, en sambærilegt ákvæði í jafnréttislögunum í Noregi virðist hins vegar hafa áhrif. Ef til vill er ein leiðin sú sem hér er farin, þ.e. að taka þetta fram í nefndaráliti. En það er eingöngu reynslan sem sýnir hvort það dugar. Hér er á ferðinni að mínu mati alvarleg tregða í jafnréttismálunum og það verður að beita öllum tiltækum ráðum til þess að ryðja henni úr vegi.

Umræðu frestað.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 918, brtt. 910, 1076 og 1082.

[18:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Því miður átti ég þess ekki kost af persónulegum ástæðum að vera viðstaddur 2. umr. um frv. til laga um framhaldsskóla. Ég gat því ekki tekið þátt í henni en fylgdist með henni og hef aðeins lesið þau skjöl sem um er að ræða og sömuleiðis umræðurnar. Ég las yfir umræðurnar um málið og leyfi mér þess vegna að flytja við 3. umr. nokkrar brtt. á þskj. 1076, átta brtt. sem ég mun gera hér grein fyrir en jafnframt fara almennt yfir málið.

Það er þá fyrst til að taka, hæstv. forseti, að svipað mál hefur verið til meðferðar um alllangan tíma. Ætli það sé ekki rétt hjá mér að þetta sé þriðja þingið sem við erum með frv. til laga um framhaldsskóla, það hafi verið tvö þing í tíð fyrrv. hæstv. menntmrh. Síðan kemur þetta frv. flutt af núv. hæstv. menntmrh. og á því hafa verið gerðar sautján breytingar frá því sem frv. var þegar það var lagt fram á síðasta kjörtímabili. Það er eins og gengur að sumar þessar breytingar eru til bóta en aðrar orka kannski frekar tvímælis. Þó held ég að megi nú segja að í það heila tekið séu þær margar til bóta miðað við málið eins og það lá fyrir í hinni upphaflegu mynd.

Hins vegar verður að segja eins og er að í þessum brtt. og breytingum sem núverandi stjórnarflokkar gerðu er ekki tekið á þeim málum sem mestum deilum ollu við meðferð þessara mála á síðasta kjörtímabili. Væri út af fyrir sig hægt að fara nokkuð rækilega yfir það, en það verður ekki gert að sinni. Ég rifja upp það aðalatriði sem kom fram í umræðum um þetta mál af minni hálfu á síðasta kjörtímabili og það gildir enn. Það er þetta:

Í orði kveðnu á að styrkja stöðu verkmenntunar, en það er ekki gert í frv. af því að í frv. vantar peninga. Það eru engir peningar í þessu frv. Hæstv. menntmrh. skýrði frá því fyrr í umræðum í dag um eitthvert annað mál, ég held að það hafi verið í fyrirspurnatíma um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, hverjar fjárlagatillögur mentmrn. væru um þetta bókasafn fyrir árið 1997. (**Menntmrh.:** Þetta voru ekki tillögur ráðuneytisins.) Ekki tillögur ráðuneytisins, heldur tillögur stofnunarinnar þá væntanlega. En í tilefni af þessu mundi ég vilja spyrja hæstv. menntmrh.: Er það rétt að það sé gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á framlögum til framhaldsskóla í þeim ramma að fjárlagafrv. fyrir árið 1997 sem menn eru að vinna að? Er það tilfellið að menn geri t.d. ekki ráð fyrir því að 3. gr. frv. kosti peninga? Ég sé t.d. að fjmrn. gerir það ekki. Fjmrn. gerir ekki ráð fyrir því að 3. gr. þessa frv. kosti peninga. En þessa spurningu vildi ég nefna við hætv. menntmrh. vegna þess að mér finnst hún vera lykilatriði. Ef ekki er ætlunin að setja meiri fjármuni í framhaldsskólann hefur þessi góða meining enga stoð sem hér eru uppi hugmyndir um af því að vandi verkmenntunar er ekki bara lög og lagabreytingar. Vandi verkmenntunar á Íslandi er annars vegar skipulag á þessum málum, þ.e. samvinna skóla og atvinnulífs með skipulegum hætti og með breyttu kerfi frá því sem nú er, sem menn þora ekki að taka á í þessu frv. frekar en áður. Í öðru lagi eru það fjármunir vegna þess að verkmenntunin er aðeins dýrari en þessir venjulegu bóknámsskólar. Það er þó nokkur munur á því hvort menn eru að reka Fjölbrautaskólann í Breiðholti með þeim verknámsáföngum sem þar eru boðnir eða t.d. Menntaskólann í Reykjavík sem er dæmigerður bóknámsskóli, svo ég nefni tvö dæmi til samanburðar.

Þess vegna finnst mér, hæstv. forseti, að í raun og veru séu engin sérstök rök fyrir því að flýta sér með þetta frv. Mér fyndist það miklu skynsamlegra að fara fyrst í þessa samninga við kennarana sem og aðra starfsmenn skólanna sem þeir óska eftir. Það er í rauninni nokkuð athyglisvert að hvert einasta mál sem tekið er í gegn í þinginu á þessu vori, er tekið í gegn í átökum við starfssstéttirnar. Það virðist vera þannig með núv. hæstv. ríkisstjórn að hún má helst aldrei sjá vinnandi mann án þess að segja honum stríð á hendur og öllu því sem í kringum hann er. Þar er Framsfl. engu betri en Sjálfstfl. svo undarlegt sem það nú er. Enda framkvæmir þessi stjórn að sögn Sjálfstfl. sömu stefnu og sú síðasta og Framsfl. framkvæmir þar af leiðandi stefnu Alþfl. Til hamingju með það.

En ég vildi aðeins víkja að athugasemdum sem fram hafa komið frá Hinu íslenska kennarafélagi og birtust í samþykkt sem Kennarafélagið gerði á fundi sínum 30. apríl 1996. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Hins íslenska kennarafélags bendir á að við meðferð frv. til laga um framhaldsskóla sem nú kemur til 2. umr. á Alþingi hafa nær engar þeirra fjölmörgu athugasemda samtaka kennara né annarra skólamanna um það er betur mætti fara verið teknar til greina. Framhaldsskólafrv. bætist því í flokk þeirra frumvarpa sem keyra á í gegn í megnu ósætti við þá sem vinna eiga eftir lögunum.

Hið íslenska kennarafélag bendir á að frv. tryggir í sjálfu

sér ekki eflingu starfsnáms öfugt við það sem ráða mætti af málflutningi stjórnarflokkanna. Frv. þrengir inntökuskilyrði í framhaldsskóla , fækkar námsbrautum í bóknámi, eykur miðstýringu og færir völd á færri hendur. Frv. skerðir möguleika kennara og annars fagfólks til þátttöku í stefnumótun og stjórnun framhaldsskóla og skerðir einhliða ráðningarréttindi kennara og skólameistara.

Hið íslenska kennarafélag telur það skref aftur á bak að *færa menntmrh. meiri hluta í öllum skólanefndum* og vísa fulltrúa kennara og nemenda úr þeim. Félagið undirstrikar sérstaklega að verði 3. gr. frv. að lögum um fjölgun kennsludaga miðað við óbreytt skólaár kallar það á tafarlausa endurskoðun kjarasamninga framhaldsskólakennara sem ljúka þarf fyrir 1. ágúst 1996.

Hið íslenska kennarafélag harmar að ekki var orðið við tilmælum samtaka kennara fyrr í vetur um að endurskoða frv. í samráði við þau og telur misráðið að beita afli í stað samráðs í svo mikilvægum málum."

Hér lýkur tilvitnun í ályktun Hins íslenska kennarafélags og í henni koma fram ein átta efnisatriði sem er ástæða til þess að fara aðeins yfir.

Í fyrsta lagi leggur HÍK áherslu á að frv. eins og það lítur út núna þrengi inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Ég held að það sé alveg útilokað annað en fallast á það sjónarmið og þess vegna *flyt ég eina brtt. við frv. á þskj. 1076 sem ég mun* koma nánar að síðar. Ég hef ekki séð athugasemdum Hins íslenska kennarafélags varðandi þrengingu inntökuskilyrða í framhaldsskóla svarað. Mér þætti vænt um ef höfundar frv., hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, vildu kannski rökstyðja þetta aðeins nánar þótt frv. sé komið til 3. umr. Hvernig svara þau því að frv. þrengi inntökuskilyrði í framhaldsskóla?

Í öðru lagi kemur fram í þessari ályktun að samkvæmt frv. fækkar námsbrautum í bóknámi. Það held ég að sé alveg tvímælalaust. Það eykur miðstýringu og færir völd á færri hendur. Það tel ég einnig tvímælalaust miðað við það að kennurum og nemendum er hent út úr skólanefndinni. Síðan er sagt að í fimmta lagi skerði frv. möguleika kennara og annars fagfólks til þátttöku í stefnumótun og stjórnun framhaldsskóla og skerði einhliða ráðningarréttindi kennara og *skólameistara. Mér þætti vænt um að fólk svaraði þessu.* Ég hef ekki orðið var við það að þeir sem standa að þessu rökstyðji af hverju það má koma þannig að þessu fólki.

Í sjötta lagi segir: „HÍK telur það skref aftur á bak að færa menntmrh. meiri hluta í öllum skólanefndum og vísa fulltrúa kennara og nemenda úr þeim." Ég verð að taka undir þetta sjónarmið og ég sé engin rök fyrir því að menntmrh. eigi að hafa meiri hluta í öllum skólanefndum. Hvaða einræðishugsunarháttur er þetta sem vakir fyrir hæstv. menntmrh.? Af hverju vill hann endilega ráða öllum skólanefndunum? Það er ævinlega þannig með Sjálfstfl. að þegar kemur að löggjöf eins og skólalöggjöf eða velferðarlöggjöf, þá vill hann ráða, þá vill hann hafa það þannig að hann ráði hlutunum, ráði nefndunum, ráði ráðningunni á fólkinu o.s.frv. En svo þegar kemur að fjármagninu, þá á allt að dansa laust og vera frjálst. Frelsi Sjálfstfl. og hægri flokkanna byggist alltaf á því að það er fjármagnið sem á að vera frjálst en fólkið á að vera bundið. Það er aðferðin sem íhaldið yfirleitt hefur bæði hér á landi og annars staðar eins og menn þekkja ef menn nenna að lesa hugmyndafræði hægri flokka. Og það er alveg lifandi komið í þessari afstöðu núv. hæstv. menntmrh. Hér á að reyra fólkið fast en fjármagnið á svo að dansa laust. Eina frelsið sem skiptir máli er peningafrelsið hjá þessum stærsta flokki landsins, svo ótrúlegt sem það nú er. Það þyrfti að fara að breyta því fljótlega finnst mér, það er kominn tími til þess að draga hann aðeins niður. Hann ætti ekki að vera nema svona 5–7%, þessi flokkur peningaaflanna. Það eru ekki miklu fleiri sem hafa hagsmuni af því að hafa Sjálfstfl. við völd. 7% að hámarki. Síðan segir hér, hæstv. forseti:

„Félagið undirstrikar sérstaklega að verði 3. gr. frv. að lögum um fjölgun kennsludaga miðað við óbreytt skólaár kallar það á tafarlausa endurskoðun kjarasamninga framhaldsskólakennara sem ljúka þarf fyrir 1. ágúst 1996." Og næsta spurning mín er: Hvað með þetta mál? Er þessi endurskoðun kjarasamninga hafin? Það er kannski rétt að spyrja fjmrh. um þetta mál. Hann er væntanlegur í húsið núna fljótlega og ætlar að tala fyrir frv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, ef ég man rétt. Það er kannski ástæða til þess að hann fái að svara þessu. Eru einhverjar kjarasamningaviðræður hafnar með hliðsjón af þeim breytingum sem á að gera samkvæmt 3. gr. frv.?

Hér eru saman komin 7 eða 8 efnisatriði sem eru mjög mikilvæg og hreyft er í athugasemdum Hins íslenska kennarafélags.

Þessum atriðum er svo rækilega fylgt eftir í grein sem Elna Katrín Jónsdóttir skrifar í Kennarablaðið apríl/maí 1996, 4. tbl. 3. árg. Þar fer hún rækilega yfir málin í kafla sem ber yfirskriftina „Af hverju andstaða?" og þar segir, með leyfi forseta:

„Af hverju eru kennarar á móti framhaldsskólafrv.? Til upprifjunar má geta þess að verði frv. að lögum:

Fækkar fulltrúum í skólanefndum úr 7 í 5, kennarar og nemendur eiga ekki lengur fulltrúa með atkvæðisrétt í nefndunum og menntamálaráðherra velur sjálfur meiri hluta fulltrúa í hverja einustu skólanefnd framhaldsskóla í landinu.

Verður kennsludögum fjölgað í 150 innan 9 mánaða skólaársins án þess að gert sé ráð fyrir fé á fjárlögum ársins 1996 til þess að semja um aukið vinnuframlag kennara eða nokkrar aðrar áætlanir verið gerðar til þess að undirbúa svo stórtæka breytingu á skipulagi kennslu og prófa í framhaldsskólum." — Í breytingum sem voru samþykktar við 2. umr., herra forseti, var þessi tala kennsludaga færð niður í 145, en það breytir engu um efni málsins.

„Verður skólanámskrá háð samþykki skólanefndar án þess að tryggt sé að þar sitji nokkur skólamaður með atkvæðisrétt.

Verður mat á námi til eininga fellt út úr framhaldsskólalögunum án þess að nokkur önnur nothæf matsforsenda t.d. á námi milli skóla sé lögð til.

Verður rétturinn til að sækja um skipun í störf einhliða tekinn af framhaldsskólakennurum án þess að sambærileg ráðningarkjör bjóðist í staðinn.

Verða skólameistarar skipaðir til 5 ára og framhaldsskólinn því háður pólitískum ákvörðunum um skipun í stjórnunarstöðu á 5 ára fresti.

Fjölmörg önnur atriði í frv. orka tvímælis og ber það raunar merki þess að hafa velkst í gegnum tvær ríkisstjórnir og tvö eða þrjú þing.

Frumvarpið var á sínum tíma borið fram m.a. á þeirri forsendu að það endurspeglaði stefnu ríkisstjórnar um að stórefla starfsnám í landinu. Ekki getur það markmið talist trúverðugt miðað við efni frumvarpsins og þá staðreynd að öllum framhaldsskólum var gert að skera niður kennslukostnað um 3% á yfirstandandi ári og áform heyrast nú um viðlíka

eða meiri niðurskurð á kennslukostnaði í framhaldsskólum 1997 og jafnvel enn meiri niðurskurð á rekstrarkostnaði."

Satt að segja lagði ég eyrun við því við 2. umr. hvort þessum athugasemdum sem koma fram frá HÍK og formanni Hins íslenska kennarafélags væri að einhverju leyti svarað af stjórnarmeirihlutanum, en sá eða heyrði engin merki þess að það væri gert. Ég harma það, hæstv. forseti, og vil láta það koma fram þótt það sé við 3. umr. að ég tel miður að ríkisstjórnin skuli ekki virða starfsmenn sína viðlits í þessu máli að heitið geti í sambandi við breytingartillögur á þessu frv. Að þessu máli hefur þó komið a.m.k. einn maður sem hefur komið inn í skóla til að vinna þar á seinni árum sem er má segja framför miðað við það sem var fyrr þegar fáir skólamenn voru kallaðir til að vinna í þessum málum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það virðist ekki vera að þessi eini skólamaður hafi haft mjög mikil áhrif á þetta frv. frá því sem það var í upphafi. Greinilega eru það aðrir sem hér ráða för.

Ég vík þá aðeins að einstökum atriðum og að mínum breytingartillögum og þá fyrst að brtt. við 6. gr. sem lýtur að skólanefndunum. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við 6. gr. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna."— Það er óbreytt. — „Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu starfsmannafundar viðkomadi skóla og skal a.m.k. annar þeirra vera kennari en einn skipaður án tilnefningar og skal hann búsettur í sveitarfélagi sem á aðild að skólanm."

Eins og hv. þingmenn heyra, herra forseti, í þessu sambandi, þá er breytingin fólgin í því fyrst og fremst að hér er gert ráð fyrir að starfsmenn skólans komi að þessu máli. Nú er mér kunnugt um að það hefur verið látið á þetta reyna í hv. menntmn. en hins vegar hefur ekki verið fjallað um það sérstaklega í atkvæðagreiðslu hvort einhverjir gætu hugsað sér að hleypa þarna inn starfsmönnum skólanna. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þeir sem þekkja til starfa framhaldsskólanna séu á móti þessari tillögu vegna þess að ég tel að þessar skólanefndir hafi gefist vel. Ég spyr: Hafa þessar skólanefndir gefist illa? Hafa þær verið vondur samstarfsvettvangur nemenda og eigenda skólanna og kennara? Hafa þær verið það? Ég nefni einn skóla sem dæmi, Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Jón Böðvarsson var þar lengi skólameistari og forustumaður, fyrsti skólameistari ef ég man rétt. Hann átti verulegan þátt í því að þessir hlutir voru settir af stað með þeim hætti sem menn þekkja. Og ég er alveg sannfærður um að þessar skólanefndir hafa hjálpað mjög verulega til við að treysta stöðu þessara skóla í viðkomandi byggðarlögum og við að treysta stöðu skólanna t.d. gagnvart kennurum, tengja saman bæði baklandið og starfsmennina á einum stað. Það er ekki vafi á því að skólanefndirnar hafa gert það.

Ég veit að sjónarmiðin gagnvart skólanefndunum voru öðruvísi í Reykjavík til að byrja með. Ég rifja stundum upp mér til skemmtunar orð sem fyrrv. rektor Menntaskólans í Reykjavík hafði um það hvernig hann mundi haga sér þegar hann sæi skólanefnd á fyrsta fundi. Ég ætla ekki að fara yfir það hér úr þessum virðulega ræðustól. Það voru þannig ummæli að það er ekki við hæfi. Samt held ég að skólanefndirnar t.d. hér í Reykjavík, t.d. við Menntaskólann í Reykjavík eða Menntaskólann við Hamrahlíð svo ég nefni dæmi, hafi gert mikið gagn. Ég nefni t.d. Menntaskólann í Reykjavík. Það hafa verið uppi óskir um að gerðar yrðu verulegar endurbætur á húsakosti hjá Menntaskólanum í Reykjavík. Þær hafa komið frá öllum aðilum, hópi sem starfar í kringum þennan skóla og tengist honum. En með þeim aðferðum sem hér er verið að tala um er verið að gera þetta að umdeildri stofnun og höggva á þessi tengsl á milli eigenda skólans, ríkisins og sveitarfélaganna annars vegar og svo starfsmanna skólans hins vegar. Menn hverfa marga áratugi aftur í tímann. Er það kannski meiningin hjá ríkisstjórninni að henda starfsmönnum út úr öllum nefndum? Er það t.d. meiningin hjá ríkisstjórninni að henda starfsmönnum úr stjórnarnefnd Ríkisspítalanna eða öðrum stofnunum þar sem starfsmennirnir eiga fulltrúa? Af hverju mega kennararnir ekki eiga fulltrúa? Af hverju mega starfsmennirnir ekki eiga fulltrúa? Eru kennararnir í raun og veru verri? Er þetta yfirlýsing um að þeir séu óalandi og óferjandi og þeir megi alls ekki koma nálægt stjórnun nokkurrar stofnunar? Ég hef ekki heyrt nein rök fyrir þessu, satt best að segja, hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa furðu minni á þessari framkomu og lítilsvirðingu við kennarastéttina sem hér er um að ræða. Það á ekki bara að henda þeim úr þessum nefndum, þeim er líka, hæstv. forseti, hafnað þegar kemur að brtt. sem þeirra samtök gera. Það er ekki hlustað á kennarana, burt með þá.

Önnur brtt. mín, hæstv. forseti, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 11. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar og umsögn kennarafundar viðkomandi skóla."

Ég hefði gaman af því, hæstv. forseti, að heyra hvort menn mundu ekki vilja samþykkja þessa tillögu. Það nýja í henni er umsögn kennarafundar. Og ég mundi vilja spyrja, hæstv. forseti, hvort það sé ekki hægt í allri vinsemd að fallast á þessa tillögu. Hér er bara verið að fara fram á að kennararnir megi senda frá sér umsögn um ráðningu skólameistara.

Í þriðja lagi flyt ég brtt. við 15. gr. og hún er á þessa leið: „1. málsl. 2. mgr. falli brott."

Og hvernig hljóðar hann? Hann hljóðar svona: „Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi."

Eins og fram hefur komið, m.a. í ályktunum frá Hinu íslenska kennarafélagi, gerir frv. ráð fyrir verulegri þrengingu á aðgangi að þessum skólum. Hér er um að ræða setningu eða málslið sem er sérstaklega slæmur í þessu efni vegna þess að hann ætlast til þess að það sé hægt að loka inngöngunni með þeim námskröfum sem skólinn kýs að gera hverju sinni gagnvart þessu fólki. Ég held að það sé nóg í þessu samhengi, hæstv. forseti, að orða þetta svona eins og gert er hér, með leyfi forseta:

„Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumennun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum" o.s.frv.

Ég tel að þetta sé algerlega nægilegt. Ég sé engin rök fyrir þessari setningu nema menn vilji í raun og veru leggja lykkju á leið sína til þess að þrengja þetta enn þá meira en einhver efnisleg rök kunna að vera fyrir. Það hefur auðvitað verið viss tilhneiging til þess að vilja þrengja aðgang að framhaldsskólanum og hafa satt að segja verið alveg ótrúleg viðhorf kynnt í þeim efnum, m.a. úr þessum stól.

Síðan vík ég að 21. gr. og þar kem ég að atriði sem ég tel mjög mikilvægt í þessu frv. Það er að mér finnst áfangakerfinu vera byggt út. Mér finnst einingakerfinu vera byggt út og það er enginn grunnur í frv. búinn til fyrir eininga-

og áfangakerfið. Þess vegna finnst mér mikilvægt að það sé bætt við 1. mgr. 21. gr. þessari setningu: „Í aðalnámskrá skal tilgreina mat á námi til námseininga.“ Ég skora á stjórnarmeirihlutann að velta því fyrir sér hvort hann getur ekki fallist á að þessi tillaga væri til bóta. Það þarf auðvitað að vera til kerfi, m.a. til þess að meta nemendur á milli skóla. Það er ekki óeðlilegt að það séu sett inn í lögin ákvæði af þessu tagi ef menn eru að setja þetta ítarleg lög á annað borð, sem út af fyrir sig umdeilanlegt mál. En ef menn eru að setja þetta ítarleg lög á annað borð vil ég spyrja hvort menn geti ekki í alvöru talað velt því fyrir sér að samþykkja eina brtt. af þessu tagi, þó svo hún komi frá stjórnarandstöðunni.

Þá flyt ég brtt., hæstv. forseti, við 24. gr. Þar er ákvæði um að það yrði heimilt að vera með samræmd próf í tilteknum greinum og það yrði ákveðið með reglugerð í framhaldsskólum. Með þessu móti væru menn að gerbreyta karakter framhaldsskólans. Ég tel þetta ekki til bóta. Það væri verið að minnka sjálfstæði hvers skóla fyrir sig. Það er ómótmælanlegt. Það væri í raun og veru verið að segja að það sjálfstæði sem hver skóli hefur núna yrði minnkað vegna þess að ætlast væri til þess að menn væru staðlaðir eftir tilteknum samræmdum kröfum. Það er að vísu farið út. Mig minnir að þingmennirnir hafi tekið það út að Rannsóknastofnun uppeldismála ætti að sjá um þessa stöðlun og ég tel það heldur til bóta. (**Gripið fram í:** Það var tekið út ...) Já, það fór út, ég hélt það. Það var það sem ég var að segja. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir og hv. þm. Hjálmar Árnason, bæði eru þingmenn, ég kannast við að það hafi verið samþykkt á þau kjörbréf, og þetta er 11. brtt. hjá þeim. Það er alveg ómótmælanlegt að þau eru þeir skörungar að hafa skipt þessari tillögu út og eiga þakkir skildar fyrir það. Það er ein sú ríkisstofnin sem hefur þanist mest út á seinni árum eins og menn þekkja. Út af fyrir sig tel ég það til bóta en ég tel að það væri langhreinlegast að henda út þessari samræmduprófahugmynd sem þarna er í 24. gr. og geri þess vegna tillögu um það.

Þá geri ég í sjöunda lagi brtt. við 28. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 28. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, launamanna og kennara í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntmrh.“

Viðbótin er „og kennara“ þannig að fagkennarar í viðkomandi starfsgreinum komi við sögu í starfsgreinaráðinu. Það er eins með þessa tillögu, mér sýnist hún í raun og veru þannig að það er beinlínis grunsamlegt ef menn finna rök fyrir því að vera á móti þessu. Það liggur í augum uppi að það væri sanngjarnt að starfsgreinakennararnir gætu verið þarna í þessum ráðum. Í raun og veru er þessi grein, 28. gr., það opin að í sjálfu sér gæti menntmrh. gefið yfirlýsingu um það hér að þessi aðilar ættu að koma þarna inn eða ættu að koma þarna við sögu. Hitt væri þó miklu betra að menn hreinlega breyttu 28. gr. eins og hér er lagt til á þskj. 1076.

Þá flyt ég í áttunda og síðasta lagi tillögu um að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Ákvæði 3. gr. koma til framkvæmda þegar gerðir hafa verið kjarasamningar við starfsmenn skólanna á grundvelli þessara laga í fyrsta sinn.“

Er ekki óhjákvæmilegt hvort sem er að gera þessa samninga áður en 3. gr. kemst í framkvæmd? Ég mundi vilja spyrja hvernig menn sjá það fyrir sér að hún komist í framkvæmd án þess að samningar séu gerðir og hvort það er þá ekki einfaldast að samþykkja þessa tillögu.

Virðulegi forseti. Hér hef ég gert í mjög stuttu máli grein fyrir þessum átta breytingartillögum sem þarna eru fluttar. Í sjálfu sér eru þær flestar leiðréttingar frá því sem er í frv. og minni háttar lagfæringar. Ég tel ekki að hér sé um að ræða róttækar breytingar nema ef vera skyldi við 15. gr., ég tel að það sé nokkuð róttæk breyting. Ég tel einnig að skólanefndabreytingin sé róttæk breyting. Að öðru leyti eru þetta almennar lagfæringar sem eiga rétt á sér að ekki sé meira sagt í þessum lögum.

Ég held að það sé kannski nauðsynlegt að ítreka, hæstv. forseti, vegna þess að það féll niður brtt. nr. 5 á þskj. 1076 við 22. gr. þar sem ég geri ráð fyrir því að 2. og 3. málsl. 2. mgr. falli brott en við bætist ný málsgrein sem er svona:

„Kennarafundur fjallar um skólanámskrá og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Skólameistari fylgist með framkvæmd hennar.“

Hér er verið að tryggja að það sé eðlileg meðferð á þessum málum frá kennurunum og til hinnar endanlegu ákvörðunar málsins. Ég tel í sjálfu sér ekki neina ástæðu til að rökstyðja það frekar.

Þegar þessi mál voru til meðferðar á síðasta kjörtímabili voru mörg af þeim málum sem hér eru nefnd rædd rækilega. Við 2. umr. málsins var mikil umræða um hlutfall framlaga til heimavistanna. Ég hygg að það hafi tekið þó nokkurn tíma í umræðunni síðast og það liggur fyrir brtt. frá Ragnari Arnalds og fleirum um það mál. Ég ætla því ekki að fara yfir það vegna þess að ég tel að þeim rökum hafi verið ágætlega til skila haldið við 2. umr. málsins. Ég ætla hins vegar að víkja aðeins að 39. gr. 3. málsl. sem mér finnst athyglisverður vegna þess að hann er ekki í samræmi við þær venjur sem tíðkast í meðferð ríkisfjármuna. Samkvæmt 39. gr. nýsamþykktra laga um fjárreiður ríkisins er afar sérkennilegt að hafa þetta opið með þeim hætti sem hér er gert. Ég er ekki að gera kröfu um að menn breyti þessu á þessu stigi, en ég vil kvitta fyrir það að ég hef tekið eftir þessari grein og það er ánægjulegt að hafa að baki mér einmitt varaformann fjárln. þegar þetta er rakið. Hér stendur:

„Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.“

Þau ár sem ég hef lesið ríkisreikninga sem eru orðin nokkur, ein fimm, hefur það verið grundvallaratriði að menn gengju þannig frá fjárlögum að tilteknir fjármunir færu í rekstur og tilteknir fjármunir í laun og það væri alveg skýrt við hvað menn ættu. Ég þekki það mjög vel, m.a. frá minni menntamálaráðherratíð, að margir skólameistarar voru óánægðir með þetta fyrirkomulag. Þeir töldu að það væri óeðlilegt að þeir gætu ekki ákveðið að flytja þarna til fjármuni eftir því sem þeir teldu nauðsynlegt vegna rekstrar síns skóla. Ég skil viðhorf þeirra, en ég tel hins vegar að skólarnir eigi í þessu tilviki að hlíta sömu reglum og settar eru öllum forstöðumönnum ríkisstofnana nema menn séu vísvitandi að taka ákvörðun um allt aðra meðferð rekstrar- og launafjármuna í framhaldsskólum heldur en gerist í öðrum ríkisstofnunum. Ef menn eru vísvitandi að taka ákvörðun um það er það athyglisvert. En ég vil kvitta fyrir það, hæstv. forseti, að ég hef tekið eftir því.

Ég hef mælt fyrir þessum breytingartillögum, herra forseti, sem ég flyt á sérstöku þingskjali.

[18:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt andsvar. Mér þykir hafa gætt misskilnings í ræðu hv. þm. um að verið sé að þrengja inntöku nemenda. 1. málsl. 15. gr. gefur meginlínuna: „Allir sem lokið hafa grunnskólaprófi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla." Síðan er kveðið á um að reglugerð verði sett þar sem nemendur þurfa að uppfylla hugsanlega önnur skilyrði en þar um ræðir. Hér er í rauninni ekki um svo mikla nýjung að ræða eins og skilja mátti í ræðu hv. þm. Ég nefni sem dæmi að þetta er fyrir hendi t.d. hvað varðar þá sem hyggja á nám í sjómannaskóla. Þeir þurfa að hafa lokið grunnskólaprófi, þeir þurfa að hafa lokið siglingatíma. Það er atvinnulífið sem skilgreinir það. Það er eðli námsins. Ég tel því ekki að þar sé um svo róttæka breytingu að ræða sem hv. þm. nefndi. Þar er einnig gert ráð fyrir því að nemendur geti farið í fornám, þeim sem ekki hefur tekist að ljúka að öllu leyti grunnskólaprófi.

Fækkun bóknámsbrauta hefur átt sér stað. Hún er fyrst og fremst bókhaldslegt atriði eins og gerst hefur á síðustu árum. Það hefur áður gerst og ef ég man rétt í ráðherratíð hv. síðasta ræðumanns. En þótt bóknámsbrautum væri að nafninu til fækkað með ýmsum bókhaldslegum atriðum þá fækkaði þessum námsbrautum í rauninni ekki.

Af því að ræðutími minn er nú rétt á enda get ég ekki svarað öllum atriðum. En varðandi það sem hv. þm. nefndi síðast um millifærslur á milli launaliðar og rekstrarliðar þá hefur það lengi verið eitt aðalbaráttumál Skólameistarafélagsins. Það er eitt af þeim atriðum sem var tekið tillit til og því fagna skólameistarar og ýmsir skólamenn. Það tengist því að skólar hafi fjárhagslegt sjálfstæði, þeir fái til sín ákveðinn pott og geti spilað úr þeim potti. Það tel ég afskaplega mikilvægt varðandi sjálfstæði stofnananna.

[18:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það að bóknámsbrautunum hafi fækkað og það sé bókhaldslegt atriði, þá veit ég að hv. þm. kann það bókhald betur en ég. En mér finnst satt að segja skrýtið að setja þetta ákvæði um bóknámsbrautir yfir höfuð inn í lög. Það er satt að segja mjög sérkennilegt að ætla sér að skipa fyrir um eintök atriði í fyrirkomulagi skóla í lögum. Mér finnst það miðstýring og minnkandi frelsi skólanna andstætt því sem sagt er af flutningsmönnum frv.

Í öðru lagi varðandi þrenginguna eða ekki þrenginguna á inntöku í skólana met ég orð hv. þm. mikils. Ég hlusta á þau og ég tel að það skipti miklu máli að hann hefur sagt að það standi ekki til að þrengja þetta. Ég tel mikilvægt að sú yfirlýsing hans fylgi málinu ef að lögum verður svo ekki megi megi nota 1. málsl. 2. mgr. til þess að þrengja. Það er ekki heimilt samkvæmt því sem hv. þm. segir. Og miðað við það væri auðvitað rökréttast að hann styddi tillöguna um að fella þetta út.

Hann nefndi að millifærsla á milli launaliðar og rekstrarliðar væri gömul krafa Skólameistarafélagsins. Ég kannast við það. Hann sagði að skólameistarar mætu það mikils að þeir mættu flytja þarna á milli launaliðar og rekstrarliðar. Ég ætla ekki að segja fleira um það. En fleiri forstöðumenn ríkisstofnana mætu það líka mikils ef þeir mættu færa fjármuni á milli launa- og rekstrarliða.

[18:42]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka að ég fagna því að þetta ákvæði um millifærslu sé inni. Ég tel að það muni styrkja sjálfstæði skóla og í rauninni get ég tekið undir það sem hv. þm.ýjaði að, þ.e. að fleiri stofnanir mættu búa við sömu skilyrði.

Varðandi þrengingu tel ég að mesta opnunin í frv. felist í meginákvæðum þess sem er áherslan á starfsmenntabrautir. Eins og fram hefur komið í umræðunni er í undirbúningi mikill fjöldi starfsmenntabrauta sem er eitt stærsta skrefið í jafnræðisátt fyrir nemendur, en starfsnámið hefur einmitt verið mjög veikur hlekkur í skólakerfi okkar. Þegar þessar námsbrautir verða komnar í rekstur munu þær einmitt svara ólíkum kröfum þess unga fólks sem kemur inn í framhaldsskólann. Það er meginstefna frv. og því ber að fagna af því að í því felst mikið jafnrétti.

[18:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. tók þátt í því ásamt mér í sínu fyrra starfi að reyna að tryggja að komið yrði á stuttum starfsmenntabrautum í framhaldsskólunum. Og það er ekkert nýtt í þessu frv. sem í raun og veru breytir því sem er í gildandi lögum í þeim efnum. Það hefur ekkert verið lagað.

Auk þess er það þannig að framhaldsskólinn hefur núna minni peninga á hvern nemanda en hann hafði þá til að vinna fyrir. Ég held því að þetta séu satt að segja í besta falli draumórar. En í versta falli er þetta að einhverju leyti tilraun til að blekkja, tilraun til að selja þetta frv. á forsendum sem eru ekki til. Það er ekkert nýtt fjármagn og ekkert nýtt skipulag í þessu frv. sem tryggir að verkmenntunin verði betur á sig komin í landinu. Það er þannig því miður, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 500. mál (aðild kennara og skólastjórnenda). — Þskj. 877.

[18:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir örlitlu frv. sem er eitt þeirra frumvarpa sem þarf að afgreiða vegna yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Þetta er einfalt frv. í einni grein, reyndar tveimur með gildistökugreininni.

Í athugasemdunum við lagafrv. kemur fram að með frv. sé lagt til að kennarar og skólastjórnendur greiði áfram iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir að rekstur grunnskólans hefur verið fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Efni frv. er í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 57. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, en samkvæmt þeirri lagagrein er það meðal skilyrða fyrir því að fyrrgreind lög um grunnskóla taki gildi 1. ágúst 1996 að Alþingi hafi þá þegar samþykkt breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.

Í frv. er lagt til að réttur til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins nái bæði til þeirra kennara og skólastjórnenda

sem greitt hafa í sjóðinn sem ríkisstarfsmenn og til þeirra sem að óbreyttu verða ráðnir til starfa hjá grunnskólum eftir að sveitarfélög hafa tekið við rekstri þeirra. Heimild þessi nær ekkert frekar en áður til starfsmanna við einkaskóla.

Í frv. er lagt til að kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla verði heimilt að greiða iðgjald í annan lífeyrissjóð ef þeir kjósa en þá þarf viðkomandi sveitarfélag að samþykkja viðkomandi sjóð.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fjölyrða frekar um þetta frv. en bendi á að í umsögn fjmrn. um frv. kemur fram að í skýrslu kostnaðarnefndar og í samningum sem gerðir hafa verið er lagt til í fyrsta lagi að sveitarfélög beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna áunninna réttinda grunnskólakennara í þjónustu þeirra frá 1. janúar 1997, en ríkissjóður beri ábyrgðina til þess tíma. Í öðru lagi verði skuldbindingarnar fullnustaðar með greiðslu fulls iðgjalds til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og í þriðja lagi skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga bera bakábyrgð á þessum skuldbindingum.

Þetta samkomulag frá 4. mars þýðir í raun að hækka þarf framlag vinnuveitenda úr 6% í 10,5% miðað við núverandi aðstæður. Hækkunin er talin nema um 160 millj. kr. á ári og er hún innifalin í þeim tekjum sem fluttar verða frá ríki og til sveitarfélaga samkvæmt frv. til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995.

Það er ekki ástæða til þess, virðulegi forseti, að fara frekari orðum um þetta. Þetta er mál sem hv. þingmenn þekkja ræki lega. Það hefur verið rætt í tengslum við yfirfærsluna og er þetta gert í fullu samkomulagi við þá aðila sem að því samkomulagi standa. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 918, brtt. 910, 1076 og 1082.

[18:49]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að mæla fyrir brtt. við frv. til laga um framhaldsskóla. Ég mun mæla fyrir þessum brtt. en þær eru lagðar fram af mér og hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, 6. þm. Suðurl. Áður en ég geri grein fyrir einstökum brtt. vil ég aðeins fá að fara nokkrum orðum um framhaldsskólann og frv. sem hér er til umræðu og vona að það skýri að einhverju leyti þau rök sem ég hef fram að færa varðandi þessar brtt.

Það hefur ekki farið fram hjá okkur að framhaldsskólinn hefur átt í verulegum vanda og jafnvel má segja að hann hafi átt í hálfgerðri tilvistarkreppu. Framhaldsskólinn hefur átt erfitt með að ná fótfestu í breyttu þjóðfélagi og hefur átt erfitt með að axla þá ábyrgð sem lög um hann hafa lagt honum á herðar og hefur e.t.v. vantað þar skýrari markmið og skýrari ramma í kringum þetta skólastig.

Það kemur fram í rannsókn sem prófessor Jón Torfi Jónasson við Háskóla Íslands gerði að allur þorri grunnskólanemenda sækir nú inn í framhaldsskóla landsins en langflestir sækja í bóknám en ekki í verknám. Það hefur komið á daginn að framhaldsskólinn er óskaplega óskilvirkur fyrir þessa nemendur og brottfall nemenda er á milli 40–50% í hverjum árgangi. Þetta eru vísbendingar um það að mikið sé að skipulagi náms og kennslu á þessu skólastigi sem og á framboði námsefnis. Fatlaðir nemendur, sem eru álíka margleitur hópur og ófatlaðir, eiga enn sem komið er afar erfitt uppdráttar víðast í framhaldsskólum landsins. Líkamlega fatlaðir nemendur komast þó nú orðið í fáeina framhaldsskóla þótt víða komist þeir enn ekki á milli hæða þar innan húss. Nemendur með ýmsar skynfatlanir hafa um enn þrengri kost að velja. Þó hefur Menntaskólinn við Hamrahlíð vakið verðskuldaða athygli hér og erlendis fyrir námsbrautir fyrir heyrnarskerta nemendur á framhaldsskólastigi og það má segja að nemendur með þroskaskerðingar reki lestina inn í framhaldsskóla landsins. Þó hefur Iðnskólinn í Reykjavík og örfáir aðrir skólar opnað dyr sínar að einhverju leyti fyrir þessum hópi nemenda.

Mikið þroskaheftir nemendur eru algerlega utan garðs á þessu skólastigi og setjast í raun á varamannabekk í lífinu sjálfu með því að eftir að skólagöngu á grunnskólastigi lýkur, lokast þeir inni í sérstökum námskeiðum eða brautum sem oft hafa mjög takmarkaða þýðingu fyrir þroska þeirra og hindra jafnvel þátttöku þeirra í hinu almenna samfélagi okkar allra. Ég held að það verði að segjast, herra forseti, að það sé mjög varhugavert þegar þetta frv. til laga um framhaldsskóla er lesið að fallast á að það verði settar svo miklar sérreglur um fatlaða eða með hvaða hætti og hvar skuli unnið með tilteknum hópum fatlaðra nemenda í skólakerfinu. Að mínu viti ætti meginreglan að vera sú að allir framhaldsskólarnir væru skyldaðir til að annast menntun allra nemenda í sínu skólaumdæmi. Innan slíks ramma mætti svo tryggja nauðsynlegan sveigjanleika svo sem að heyrnarlausum nemendum, sem er brýn nauðsyn á að vera saman í námsáföngum, verði tryggt það og að skólarnir skipti með sér verkum eftir framboði á menntunarbrautum og mannafla þannig að nemendur sem hafa áhuga á tilteknum námsbrautum verði þá beint inn á þær brautir svo sem nú er gert ráð fyrir. En það þarf að gilda fyrir alla nemendur.

Ég vil minna á að áhugi nemenda og þarfir en ekki fötlun ætti að vera forsenda fyrir vali á framhaldsnámi í hverju einstöku tilviki.

Herra forseti. Mér er kunnugt um að hagsmunasamtök fatlaðra og hagsmunasamtök foreldra fatlaðra hafa ítrekað komið á framfæri athugasemdum við frv. um framhaldsskóla en því miður hefur lítið af þessum ábendingum komist inn í þetta frv. sem hér liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu. Því hef ég valið þann kost að kynna tillögur til breytinga sem ég vona að muni fá jákvæða umfjöllun þótt þær komi seint inn í umræðuna um framhaldsskólann.

Ég vil gera grein fyrir, herra forseti, brtt. við 15. gr. frv. þar sem talað er um inntökuskilyrði í framhaldsskólann og viljum við, meðflm. og ég, gera það að tillögu okkar að breyting verði á orðalagi í síðustu málsgrein þessarar greinar. Í stað þess að þar standi, með leyfi forseta: „nám í sérstökum deildum“ komi breyting sem hljóði svo: nám á ýmsum brautarkjörnum eða kjörsviðum. Ég vil gjarnan rökstyðja þetta örlítið og vitna þá til þess orðalags sem í frv. er. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. menntmn. Alþingis að það verði tekið til greina að haga orðum þannig að aðgreining á fötluðum nemendum verði ekki meiri en þörf er á. Ég vil rökstyðja þetta aðeins frekar hér. Við höfum hér sett þau lög að einn skóli skuli vera fyrir alla og það er í raun

úrelt sjónarmið að stofna sérstakar deildir fyrir sérstaka hópa nemenda, hvort sem um er að ræða nemendur á grunnskólaeða framhaldsskólastigi.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, eru fatlaðir nemendur ekki einslitur hópur og eru þarfir þeirra og áhugamál jafnmörg jafnmismunandi og meðal ófatlaðra. Stundum getur verið kostur að fatlaðir nemendur sem þess æskja og þurfa hafi afdrep í skólanum vegna ýmissa persónulegra þarfa, en sérstakar deildir þurfa fæstir þeirra og ég vil leyfa mér að fullyrða enginn í raun.

En ef ég vík aftur að 15. gr. og þeim breytingartillögum sem við höfum lagt fram, höfum við í b-lið óskað eftir því að gera tillögu um að við hana bætist ný mgr., svohljóðandi:

„Óheimilt er að synja nemanda um skólavist í framhaldsskóla vegna slæms aðgengis hreyfihamlaðra að húsnæðis skólans, samanber byggingarreglugerð."

Herra forseti. Þetta er tekið inn í okkar breytingartillögur að gefnu tilefni. Á því herrans ári 1996 stöndum við enn frammi fyrir því að það er verið að reisa skólahúsnæði fyrir framhaldsskóla landsins og það hefur því miður láðst að tryggja að þar sé aðgengi fatlaðra í lagi frá upphafi reksturs þessa skóla. Ég er að vitna til þess skóla sem mun taka til starfa á hausti komanda, Borgarholtsskólans í Reykjavík. Ég hef af því fregnir að þar muni ekki verða mögulegt fyrir hreyfihamlaðan nemanda að komast um húsnæði skólans, alla vega ekki á þessu ári og ekki fyrr en í næsta áfanga þessarar skólabyggingar. Ég tel það mjög alvarlegt mál að þetta skuli henda menntamálayfirvöld í ljósi allrar þeirrar umræðu sem hefur orðið um réttindi fatlaðra til þess að hafa aðgengi að samfélaginu alls staðar og á öllum stigum þess og að menntamálayfirvöld sem vilja reka skóla fyrir alla skuli láta það henda sig að skóli sem hefur störf skuli ekki geta tekið við öllum nemendum sem þangað óska að koma til að sækja sér nám.

Ef ég held áfram, herra forseti, og mæli fyrir þeirri brtt. sem við gerum við 19 gr., þá höfum við lagt til, með leyfi forseta, að í stað 2. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

„Tryggja skal nemendum sem eru fatlaðir námstilboð við hæfi og búa þeim aðgengilegar námsaðstæður og umhverfi.

Brautarkjarnar og kjörsvið, sem og frjálst val nemanda, skulu skipulögð í samræmi við lokamarkmið námsins og löguð að þörfum nemenda.

Nemanda, sem vegna þroskaskerðingar eða fötlunar getur ekki axlað sömu námskröfur og ófatlaðir, skal gert kleift að færast á milli áfanga eða bekkja í samræmi við námsframvindu og aldur."

Ég held að þessar greinar skýri sig nokkuð vel sjálfar, herra forseti, en ég vil þó aðeins fjalla örlítið um anda þessa frv. Ástæður þess að við gripum til þess ráðs að koma með þessar brtt. núna er að það virðist vera sem hv. menntmn. Alþingis hafi á einhverju stigi í vinnu sinni við þetta frv. látið af fyrri áformum sem birtust okkur í grunnskólalögum eða frv. um grunnskólalög þegar það var til meðferðar á hv. Alþingi. Mig langar til að vísa í þann málflutning sem hv. menntmn. hafði þar uppi, en það voru mjög sterk og vönduð rök sem hún færði gegn því að það ætti að setja sérstaka sérkennslureglugerð fyrir nemendur með sérþarfir í grunnskólum. Sérstök reglugerð er aðgreinandi og brennimerkir þá sem hún nær til. Það er skynsamlegt að hafa almennar reglugerðir, skólanámskrár o.s.frv. þannig úr garði gerðar að þær skapi skólanum svigrúm til að prófa mismunandi útfærslu náms og kennslu. Hið eina sem þarf að tryggja vendilega er að framhaldsskólar sem taka við mikið fötluðum nemendum fái nægilegt fjármagn með nemandanum til þess að unnt sé að mæta nauðsynlegum kostnaði vegna hans.

Ég held að ég verði að undirstrika að ég hefði óskað þess að menntmn. Alþingis hefði verið þeim sjónarmiðum sínum trú við gerð grunnskólalaga og fært þau áfram inn í þetta frv. sem nú liggur fyrir um að það væri óþarfi að aðgreina nemendur sérstaklega með sérstökum sérkennslureglugerðum eða sérstökum sérdeildum. Ég vona að þessar brtt. muni fá jákvæða umfjöllum þó þær komi seint fram.

Ég vil gjarnan, með leyfi forseta, minna á að á sl. ári skilaði starfshópur á vegum menntmrn. tillögum um námsframboð til fatlaðra í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi starfshópur var sammála um að hætta að tala um sérstakar deildir fyrir ákveðna hópa nemenda, heldur værum við að horfa á námstilboð og námsáfanga á sama hátt og gagnvart öðrum nemendum, við værum auðvitað að búa þessum nemendum nám við hæfi en það þýðir ekki endilega að það þurfi að loka þau námstilboð inni í sérstökum deildum. Þau eiga að vera eins fjölbreytt og margbreytileg og þessir nemendur eru vissulega.

Herra forseti. Ég minntist áðan á þann vanda sem framhaldsskólinn hefur staðið frammi fyrir um að mæta þeim kröfum sem hafa verið gerðar til hans um námsþarfir ólíkra nemendahópa. Ég vitnaði enn fremur til rannsóknar prófessors Jóns Torfa Jónassonar þar sem fram kom að brottfall nemenda fyrstu ár í framhaldsskóla væri allt að 40–50% og eru þetta vissulega alvarleg tíðindi. Það gefur auga leið að þessi stóri hópur nemenda hefur ekki fundið sér nám við hæfi innan framhaldsskólans þrátt fyrir skýr markmið laganna um rétt þeirra sem þess óska og hafa lokið grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun til þess að setjast í framhaldsskóla og finna sér nám við hæfi. Þannig er ljóst að framhaldsskólinn hefur ekki staðið undir þeim væntingum sem voru gerðar til hans.

Ég tel nauðsynlegt gagnvart þeim hópi sem ég hef talað um og vakið athygli hv. Alþingis á að mjög skýrt sé að orði kveðið í lögum um réttindi þeirra, ef þeir eiga ekki áfram sem hingað til að knýja á dyr framhaldsskólanna án þess að þeim sé lokið upp fyrir þeim. Það er allt of oft þannig að þessir hópar hverfa úr námi 18 ára gamlir og hafa ekki nokkra möguleika á að undirbúa sig undir fullorðinsárin, það líf og það starf og þær kröfur sem gerðar eru til fólks á fullorðinsárum. Því vona ég, herra forseti, að þessar brtt. sem hér hafa verið kynntar og mælt fyrir hljóti umfjöllun og vonandi samþykki Alþingis þó seint séu fram komnar. Ég tel alveg nauðsynlegt að ef við viljum meina eitthvað með markmiðum þessara laga um að allir eigi rétt á námi við hæfi í framhaldsskólum landsins, þá verðum við að gera ögn betur en þetta framhaldsskólafrv. sem hér liggur fyrir boðar.

[Fundarhlé. — 19:07]

[20:33]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ræddi þetta mál, frv. til framhaldsskóla, ítarlega bæði við 1. og 2. umr. málsins og skilaði minnihlutaáliti ásamt hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur, Alþb. Mín skoðun á þessu frv. hefur ekkert breyst frá fyrri umræðum. Þetta er frv. sem gerir lítið annað en tryggja að

menntmrh. hafi meiri hluta í öllum skólanefndum landsins og um leið eru fulltrúar kennara og nemenda teknir alfarið út úr skólanefndum. Ég vil endurtaka þá skoðun mína að þetta frv. boðar að mínu mati ómannúðlega menntastefnu sem ekki verðskuldar framgang.

Það er að mínu mati nokkurt umhugsunarefni fyrir mig sem uppeldisfræðilega menntaða manneskju hvernig stjórnvöldum dettur í hug að setja löggjöf sem ekki er í sátt eða a.m.k. samin í samráði við samtök kennara, löggjöf sem er í fullkominni andstöðu ekki bara við samtök framhaldsskólakennara heldur einnig að mér virðist við velflesta skólamenn landsins ef marka má þann fjölda athugasemda sem nefndinni bárust svo að segja við hverja einustu grein frv. Ég velti því fyrir mér hvort þessi ríkisstjórn áttar sig ekki á því að uppeldisleg samskipti eru öðruvísi en önnur samskipti og þess vegna skiptir andrúmsloftið í skólum mjög miklu máli ef árangur á að nást.

Samskiptin í skólastofum eru nefnilega allt öðruvísi heldur en samskipti úti í viðskiptalífinu. Því skiptir afar miklu máli að kennarar séu sáttir við sitt nánasta starfsumhverfi og þar á meðal lagarammann sem þeir starfa eftir. Rannsóknir sýna það reyndar svart á hvítu, að andrúmsloftið í skólum skiptir mjög miklu máli.

Ég benti á þetta atriði í fyrri umræðum en auk þess benti ég á að þetta frv. eykur miðstýringu, það eykur vald menntmrh., það fækkar í skólanefndum eins og ég sagði áðan. Þess vegna get ég alls ekki séð að sjálfsstjórn skóla verði aukin svo að nokkru nemi eins og haldið er þó fram.

Auk þessa benti ég á þrjú önnur atriði sem ég vil aðeins nefna stuttlega að þessu sinni. Í fyrsta lagi benti ég á að uppbygging starfsnámsins er mjög óviss og óljós. Um er að ræða rammalöggjöf og það eru fyrst og fremst atvinnurekendur sem eiga að ráða mestu um það hvernig þessi rammi verður útfærður eða útfylltur. Tilhögun starfsnáms á framhaldsskólastigi og háskólastigi er ekki skoðað í samhengi og því tekur þetta frv. ekki mið af ýmsum staðreyndum, t.d. varðandi tíðni stúdentsprófs nú til dags og hvernig sá hópur sem lýkur stúdentsprófi kemst í starfsnám. Staðan er núna sú að fjölmargir þeirra fara í iðnskóla að loknum menntaskóla. Það bólar ekkert á rammalöggjöfinni um háskólastigið sem er mjög miður því að það hefði verið æskilegt að móta þessa stefnu alveg heildstætt. Því má segja að þetta frv. taki ekki nægilega mið af núverandi stöðu og muni því litlu breyta. Fólk mun að mínu mati halda áfram að sækja bóknám umfram verknám, ekki síst ef ekkert viðbótarfjármagn kemur til verknámsins sem ætla má að verði raunin ef miðað er við umsagnir fjármálaskrifstofunnar um þetta frv. og það sem hingað til hefur verið sagt af hálfu stjórnvalda um það mál.

Í öðru lagi benti ég á þá staðreynd að ef stúdentsprófið er að öðlast svipaðan sess og gagnfræðaskólaprófið gerði forðum og megineftirspurnin í menntastefnu framtíðarinnar verður að öllum líkindum eftir stuttu starfsnámi að loknu stúdentsprófi er mjög óeðlilegt að framhaldsskólinn sé áfram fjögur ár. Þetta er viðurkennt í nefndarálitinu, þ.e. að það sé æskilegt og ekki síður til samræmingar við önnur lönd að stytta framhaldsskólann í þrjú ár. En í raun er ekkert gert frekar með þá hugmynd eða mjög lítið. Að þessu leyti vísar því frv. aftur til fortíðar en ekki framtíðar að mínu mati.

Í þriðja lagi vakti ég athygli á því að aukin áhersla á samkeppni, inntökupróf, samræmt próf og afnám svæðaskiptingar framhaldsskólans muni veikja stöðu þeirra hópa sem ekki fá góðar einkunnir á grunnskólaprófi eða góðar einkunnir í framhaldsskólanum yfirleitt. Þessi atriði sem ég nefndi, samkeppnin, inntökuprófin og aðalnámskráin munu að öllum líkindum stuðla að stöðlun og lagskiptingu á viðurkenndri þekkingu. Það er mjög hættulegt að mínu mati í heimi þar sem þekkingarsköpun er jafnhröð og hún er nú. Þetta er áhyggjuefni, ekki síst vegna þess að vald menntmrh. með tilliti til skólanefnda og menntmrn. með tilliti til aðalnámskrár grunnskóla er mikið og þetta vald er í höndum of fárra að mínu mati fyrir lýðræðisþjóðfélag sem á að vera í stöðugri breytingu.

Þessi atriði sem ég hef núna nefnt tengjast þeim brtt. sem hér hafa verið kynntar við 3. umr. frv. af stjórnarandstöðunni, bæði varðandi stöðu fatlaðra og skipan skólanefnda svo eitthvað sé nefnt. Þessar brtt. verða að öllum líkindum felldar ef marka má vinnubrögð meiri hlutans til þessa og því mun ég ekki ræða þær nánar hér en mun styðja þær tillögur sem til bóta horfa, eins og segir í nefndaráliti 2. minni hluta.

Að lokum vil ég minna á þær efasemdir sem ég setti a.m.k. fram við 1. umr., þ.e. að það orki tvímælis að fella úr gildi lög um almenna fullorðinsfræðslu með því að lögfesta þetta frv. Í því sambandi vil ég vekja athygli á ályktun 38. þings ASÍ núna frá 24. maí 1996. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega þeirri fyrirætlan að leggja af lög um almenna fullorðinsfræðslu. Jafnframt telur Alþýðusambandið ótækt að lög um framhaldsskóla leysi lög um fullorðinsfræðslu af hólmi.“ Þá segir síðar í þessari ályktun: „Alþýðusamband Íslands leggur eindregið til að lög um almenna fullorðinsfræðslu fái að standa jafnframt því sem vinna hefjist við endurbætur þeirra þar sem skoðuð verði sérstaklega fjármögnun fullorðinsfræðslunnar.“

Ég nefni þetta hér vegna þess að við fyrri umr. kom fram hjá hæstv. menntmrh. að þessi lög um almenna fullorðinsfræðslu hefðu ekki reynst auðveld í framkvæmd og þess vegna bæri að afnema þau. Ég er enn alls ekki sannfærð um að þrjár greinar, ég held að það séu þrjár greinar í þessu frv., geti leyst af heilan lagabálk. Því vil ég enn og aftur spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji að þetta gangi upp með þessum hætti. Þar á ég ekki síður við ákvæði sem lúta að almennu tómstundanámi.

Það er að mínu mati áhyggjuefni, herra forseti, hvernig komið er fyrir framhaldsskólum landsins. Það var opnað á frjálsa þróun þeirra. Í u.þ.b. 20 ár þróaðist þessi skóli mjög frjálst og þetta hefur valdið því að það er stór hópur nemenda í framhaldsskólunum sem ræður ekki við það framboð sem þar er. Þess vegna er brottfall nemenda mjög mikið og stúdentsprófið er það próf sem langflestir stefna að, enda hefur starfsnámið verið vanrækt. Starfsnámið hefur orðið út undan og við skulum minnast þess að starfsnám kostar meiri peninga og það er að mínu mati fyrst og fremst fjármagn sem vantar til þess að efla starfsnámið í landinu. Ekki ný lög sem horfa til fortíðar.

Þá vil ég geta þess að fulltrúar frá Iðnskólanum í Reykjavík hafa nýlega bent okkur þingmönnum á það að sú ákvörðun sem liggur fyrir um skólagjöld, innritunargjöld heita þau víst í þessu frv., geti orðið til þess að framlög til framhaldsskólans verði skorin niður með tvennu móti og látið í ljós verulegar áhyggjur að þessu leyti. Ef það reynist rétt, má ljóst vera að þetta frv. verður ekki lyftistöng fyrir starfsnámið í landinu, enda er í reynd dálítið athyglisvert að hæstv. menntmrh. og þeir sem flytja þetta frv. hafa ekki sett það

á oddinn í þessari umræðu. Þetta er frv. sem mun fyrst og fremst tryggja vald örfárra aðila yfir framhaldsskólum landsins. Ég lét þá skoðun í ljós við 1. umr. þessa máls að þar sem framhaldsskólinn hefur þróast mjög stjórnlítið eða stjórnlaust í 20 ár, sé e.t.v. nauðsyn á því að grípa inn í málin með markvissum hætti núna til að tryggja að skólakerfið sé í takt við tímann og þjóðfélagið.

Það má segja að hér er svo sannarlega verið að grípa inn í málin. En að þetta frv. taki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað bæði hér og erlendis er af og frá að mínu mati. Ég mun því ekki greiða þessu frv. mitt atkvæði við afgreiðslu þess.

[20:47]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það fór víst ekki á milli mála þegar ég flutti ræðu mína við 2. umr. um þetta frv. að ég er ekki einn af einlægustu aðdáendum þess. Frv. hefur ekki breyst svo heitið getur síðan og skoðun mín hefur ekki breyst. Ég er ekki ein um þetta álit á þessu frv. Það fara líka sögur af þingi HÍK sem var haldið rétt fyrir jól þar sem voru saman komnir á annað hundrað manns sem lögðu það á sig að leggjast í tvo daga yfir þetta frv. í smáatriðum og ræða það alveg frá morgni til kvölds. Niðurstaðan varð sú að það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að samþykkt þessa frv. mundi ekki bæta íslenska framhaldsskólakerfið heldur þvert á móti.

Ég mun fara yfir nokkrar greinar frv. sem ég get einna síst fellt mig við. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur fyrir hönd okkar í þingflokki Alþb. lagt fram brtt. við nokkrar greinar, en ég ætla að byrja á því að minnast á markmiðsgrein frv.:

„Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám."

Fyrir það fyrsta hefði ég talið að það væri markmið slíks frv. og markmið framhaldsskólans að búa fólk ekki aðeins undir störf í atvinnulífinu og frekara nám heldur víkka sjóndeildarhring þessara ungmenna sem þarna stunda nám með því að veita þeim þar góða almenna menntun. Ég tel að góð almenn menntun sé undirstaða þess að við náum árangri í því sem ég tel eitt veigamesta viðfangsefni okkar á Íslandi í dag og það er að breyta verðmætamati unga fólksins. Þetta snýst ekki bara um það að vera nógu fljótur að eignast jeppa. Það eru aðrir hlutir í lífinu sem skipta meira máli og ég held að það þurfi einmitt á þessum árum í framhaldsskólanum að leggja undirstöðuna að þessari lífsskoðun. En það hefur höfundum frv. greinilega ekki fundist og mér fannst þegar ég leit á danska frv., sem ég hef frétt að hafi að nokkru leyti verið haft til viðmiðunar þegar þetta frv. var samið, að þeir legðu einmitt mikla áherslu á þennan menningarlega þátt í skólastarfinu. En hann er greinilega ekki eins hátt skrifaður hér.

Svo förum við yfir í 3. gr. Þar er ég hrædd um að hæstv. menntmrh. muni þurfa að klífa fyrsta klettahjallann og þó ekki þann síðasta eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt, sem það væntanlega verður. Þarna er gert ráð fyrir að kennsludagar verði ekki færri en 145, en þeir voru áður 130. Þetta er fjölgun um 15 daga og ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum að það sé alveg afráðið að framhaldsskólakennarar hefji ekki störf í haust fyrr en um það hefur verið samið hvernig verður greitt fyrir þessa 15 daga.

Um daginn svaraði hæstv. menntmrh. fyrirspurn frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um hvort þessi breyting eða þetta sem þyrfti að borga kennurum til viðbótar rúmaðist innan fjárlaga. Hæstv. menntmrh. taldi svo vera. En ég er ansi hrædd um að það sé ekki ef reiknað er með þeim tölum sem ég hef heyrt úr herbúðum kennara að þeir ætli sér í skaðabætur fyrir þessa 15 daga sem þarna bætast á þá og þar að auki, jafnvel þótt allt verði greitt upp í topp, hafa þeir margir efasemdir um að þetta geti rúmast með prófum og öllu öðru innan þess 9 mánaða starfstíma sem skólanum er ætlaður. En það mun auðvitað koma í ljós.

Hv. þm. Svavar Gestsson hefur af hjálpsemi sinni alkunnri lagt fram brtt. um að við bætist nýtt ákv. til brb. um að þessi grein taki ekki gildi fyrr en um það hefur verið samið hvernig fyrir þetta verði greitt. Ég sé ekki betur en það sé mjög ákjósanlegt fyrir meiri hlutann sem ber fram þetta frv. að mæla með því að þetta bráðabirgðaákvæði verði samþykkt og Svavar hafi þar með skorið þá niður úr snörunni.

Það eru margar fleiri greinar í frv. sem eru athugunarverðar en ég ætla aðeins að fara yfir það sem mér finnst mest sláandi. Í 6. gr. er ákvæði sem margir hv. þm. hafa haft orð á um skipun skólanefndar. Ég hef lengi setið í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja og þar af mörg ár sem formaður og ég verð að segja að ég fæ ekki skilið hvaða ástæður eru fyrir þessari lagabreytingu sem hér er lögð til. Mér hefur allan tímann fundist þetta ganga afskaplega vel eins og þetta hefur hingað til verið og sérstaklega finnst mér mikilvægt að fá að hafa fulltrúa nemenda í skólanefndinni með atkvæðisrétt vegna þess að það skiptir miklu máli fyrir nemendurna í skólanum að vita að það þarf að taka tillit til þess sem þau leggja til. Þau sitja þarna með fullum réttindum. Og það sem hefur komið frá þessum fulltrúum nemenda, að ég tali ekki um fulltrúa kennara, þessi ár sem ég hef setið þarna, hefur allt verið til bóta.

Hv. þm. Svavar Gestsson leggur til að í stað þeirra þriggja sem eiga að vera tilnefndir af hæstv. ráðherra verði tveir þeirra tilnefndir samkvæmt tilnefningu starfsmannafundar. Ég verð að segja að mér finnst þetta ákvæði vera, ef það verður samþykkt, mjög til bóta.

Nú kem ég að 11. gr. sem varðar skipun skólameistara. Það er búið að fallast á það að skólameistarinn sé aðeins skipaður til fimm ára í senn, í samræmi við alræmt frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Það er ekkert minnst á að kennarafundur eigi að hafa nokkurn umsagnarrétt um það hver verður skipaður skólameistari í viðkomandi skóla. Ég verð að segja að sú brtt. sem hv. þm. Svavar Gestsson leggur hér til um að þarna bætist inn „og umsögn kennarafundar" fyndist mér verða mjög til bóta ef samþykkt yrði. Ég veit að ef slíkt ákvæði yrði samþykkt, yrði það til að gera marga kennara mun sáttari við frv. en þeir eru nú.

Það er merkilegt hvernig hér virðist vera markvisst í hverri greininni á fætur annarrar dregið úr áhrifum kennara innan skólans sem er þó hópur sem virkilega leggur sig allan fram, leggur oft á tíðum frítíma sinn í að ræða skólamál og ræða það sem betur má fara í skólanum. Allt í einu virðist manni að þetta séu orðnir óvinir skólans númer eitt og þurfi helst að halda þeim sem allra mest fyrir utan umræðuna. Ég verð að segja að það er einhver hugsunarháttur á bak við þetta sem ég skil ekki, sérstaklega með tilliti til þess sem hefur verið rætt mikið undanfarið um gæðastjórnun sem einmitt byggist á því að það sé sem allra mest tillit tekið til tillagna frá starfsmönnum viðkomandi stofnana og þeir verði gerðir meðábyrgir.

Í 14. gr. kemur ákvæði sem ég ætla að taka mjög eindregið undir:

„Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á."

Ég verð að segja að að mínu mati mun efling þess þáttar sem heitir námsráðgjöf bæði í grunnskólum og framhaldsskólum vera það atriði sem vegur þyngst ef við ætlum að reyna að draga úr þessu brottfalli sem verður í framhaldsskólunum og jafnvel á síðasta stigi í grunnskóla. Ég held að þar sem eru góðir námsráðgjafar og þar sem þessu ákvæði er beitt hafi þetta stýrt málum mjög til betri vegar. Ég held að fyrst og fremst þurfi að setja inn meira fjármagn þannig að enn þá meira gagn verði að þessu en er núna. Þarna held ég að sé atriði sem hægt er að beita til góðs í framhaldsskólunum. Það hefur að vísu verið inni áður í eldri lögum en það dregur ekki úr gildi þess.

Í 15. gr. er ákvæði í 1. málsl. 2. mgr. sem segir:

„Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi."

Ég er búin að ræða við margt skólafólk, bæði skólastjórnendur og kennara um þetta ákvæði og allir skilja þetta á einn veg, þ.e. ef einhver tilgangur er með því og ef það hefur ekki villst þarna inn þá er það til þess að hægt sé að takmarka aðgang að einstökum skólum og einstökum námsbrautum. Stjórnendur Menntaskólans í Reykjavík gætu t.d. sagt að enginn yrði tekinn inn í skólann sem er með einkunn undir átta á samræmdum prófum. Þar með er hann orðinn A-skóli. Hvert eiga þá hinir að fara sem ekki ná átta í samræmdum fögum? Þeir fara þá í B-skólann eða C-skólann. Með þessu ákvæði aukast líkur á að svo verði gert. Því miður óttast ég að sú verði niðurstaðan. Þeir sem eru neikvæðastir segja að ákveðnar námsbrautir vilji takmarka aðgang, t.d. hafa rafvirkjar alltaf verið mjög harðir á því að ekki kæmist hver sem er í rafvirkjun. Þeir geta ákveðið svo í starfsgreinaráði sínu að það verði sett lágmarkseinkunn, t.d. að enginn komist inn í rafvirkjun nema sá sem hafi átta eða níu í samræmdum greinum. Svo eigi að nota ákvæði sem er seinna í greininni og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er skólameistara, að undangengnu mati, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla."

Þarna er komið opnunarákvæði. Þarna geta þeir t.d. tekið inn á rafiðnaðarbraut mann sem hefur sérstakar ástæður, er t.d. rafvirki í allar ættir. Það er hægt að veita honum undanþágu. Þeir sem eru allra neikvæðastir segja svona. Ég vona að niðurstaðan verði ekki svona. En fólki finnst að þetta ákvæði geti opnað á slík vinnubrögð.

17. gr. fjallar um að námsbrautir framhaldsskóla skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Okkur sem höfum í gegnum árin verið aðdáendur áfangakerfisins finnst að þarna sé verið að ákveða endalok þess með því sem stendur í öðrum greinum um ákveðnar brautir til stúdentsprófs. Mér finnst það nokkuð mikil miðstýring að það þurfi að vera búið að skipuleggja allar námsbrautir framhaldsskóla í samræmi við lokamarkmið. Ég hef því miður upplifað það að þetta ágæta fólk er ekki allt alveg ákveðið hvert halda skal þegar það byrjar í framhaldsskóla og vill gjarnan leita fyrir sér og rása milli brauta og svo á endanum finnur það sér stað. Mér hefur fundist mjög gott að fólk gæti gert þetta. Mér hefur fundist þetta frelsi mikils virði.

Í 19. gr. er grein segir svo, með leyfi forseta: „Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er." Ég tek að sjálfsögðu undir það að fatlaðir nemendur eiga að stunda nám við hlið annarra ef þess er kostur. En ég vil líka benda á það, sem mér finnst stundum gleymast, að fötlun er stundum þess eðlis að það er mjög erfitt fyrir þessi börn að stunda nám við hlið annarra. Það getur verið mjög mikil líkamleg fötlun og það getur líka verið mjög mikil andleg fötlun. Í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla, þar sem eru mjög mikið andlega fatlaðir einstaklingar, hefur á undanförnum árum verið starfrækt tveggja ára starfsbraut fyrir einstaklinga sem koma úr þessum skólum eftir að þau hafa lokið 10. bekk. Þetta hefur verið mjög vinsælt. Þau hafa getað fengið að vera þar í sínu gamla umhverfi með sínum gömlu félögum og reynt að læra ákveðin handtök og vinnubrögð sem munu nýtast þeim í lífinu. En það fór ekki betur en svo þegar við fórum að flytja grunnskólann yfir á sveitarfélögin og samband sveitarfélaga átti að taka við sérskólunum að það var á einu augnabliki útlit fyrir að þessar deildir mundu leggjast niður. Þær áttu að fara í framhaldsskólann og þarna áttu þessi börn að stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur væri. Það tókst að forða því þannig að a.m.k. næsta ár verða þessar deildir starfræktar í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. Ég vona að samstaða verði um að varðveita þær deildir í framtíðinni þannig að þessi börn þurfi ekki að hrekjast út í hina almennu framhaldsskóla því ég er þess fullviss að þeim mun flestum líða mjög illa þar. Það er annað mál að við setjum í almenna skóla alla sem hugsanlegt er að þar geti stundað nám. Það er annað mál.

Í 21. gr. stendur m.a., með leyfi forseta: „Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólastarfs."

Ég veit ekki hvort það er kjaftasaga en það gengur alla vega milli skólamanna að þessi aðalnámskrá verði tilbúinn árið 2001. Ég ætla að vona að þetta sé rangt. En ef svo er, hvers vegna liggur þá svona á að keyra þetta frv. um framhaldsskóla fram á þessu þingi ef meginviðhorfin vantar?

Ég vil taka undir brtt., hv. þm. Svavars Gestssonar, við 21. gr. um stigamatið. Ég tel mjög brýnt að hún verði samþykkt.

Í 22. gr. hljóðar síðasta málsgreinin svona, með leyfi forseta: „Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd að fenginni umsögn almenns kennarafundar. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár."

Ég verð að segja af þeirri ágætu reynslu sem ég hef fengið af skólanefnd Fjölbrautaskólans í Keflavík að ég veit ekki hvernig ætti að réttlæta það að ein skólanefnd sæti og samþykkti eða synjaði skólanámskrá sem kennarahópurinn væri væntanlega búinn að leggja margra mánaða vinnu í að semja. Það semur náttúrlega enginn einn heill hópur þessar skólanámskrár. Þessu er skipt niður á deildir. Svo er þetta sett saman og ákveðnum yfirhópi er falið að sjá um samsetninguna. Ég verð að segja að mér finnst mjög mikilvægt að það standi í lögum að kennarafundur eigi að fjalla um þessar skólanámskrár og samþykkja þær fyrir sitt leyti eins og lagt er til í brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar. Skólameistari þarf svo að fylgjast með framkvæmd hennar. Ég get ekki séð að það sé á nokkurn hátt nauðsynlegt að skólanefnd komi yfirleitt að málinu. Þarna er mál sem snertir innra starf skólans en ekki fjármál eða húsbyggingar eða annað sem er

sérstaklega í verkahring skólanefndar. Ég legg eindregið til að þessi brtt. sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur lagt fram við 22. gr. verði samþykkt.

Í síðari málsgrein 24. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Lokapróf úr framhaldsskóla, svo sem stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum, er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa, skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Í reglugerð skal einnig kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum, svo og sveinsprófa."

Sveinspróf hafa hingað til verið samræmd. Ég held að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þau verði það áfram. En ég vara alvarlega við því að það séu tekin upp samræmd próf eins og við erum að vandræðast með í 10. bekkjum öllum til óþurftar. Það hefur mjög stýrandi áhrif á skólastarfið til hins verra að ég tel að við förum að stýra stúdentsprófunum yfir allt landið með slíkum hætti. Það sitji einhver stofnun í lokuðu herbergi í Reykjavík og semji samræmd stúdentspróf fyrir landið svo það þori aldrei neinn að líta upp úr námskránni sem þar að auki er ekki til. Það væri ráðlegt að fella þetta ákvæði burt og það sem skjótast.

Að lokum langar mig að minnast á það að í 28. gr. þar sem fjallað er um starfsgreinaráð er ekki gert ráð fyrir fulltrúa kennara eða starfsmenntakennara í viðkomandi starfsgrein í þessi starfsgreinaráð. Þarna er komin ein atlagan enn að virðingu kennarastéttarinnar sem mér finnst svo óskiljanleg í þessu frv. Ég þekki enga stétt hér á landi sem leggur annan eins metnað í starf sitt og í faglegan undirbúning. En eins og ég hef áður getið um virðist allt í einu eins og það eigi að forðast það sem þeir leggja til í helst öllum greinum. Ég tek undir að í starfsgreinaráði séu fulltrúar samtaka atvinnurekenda, launamanna og kennara í viðkomandi starfsgreinum. Ef þetta væri samþykkt svo og fleira sem hefur komið fram í breytingartillögunum frá minni hlutanum held ég að þessu frv. væri minna hætt en annars væri.

Sérstaklega vegna ákvæðis í 15. gr. finnst mér ákveðin hætta á því að verið sé að skapa möguleika til að koma upp A-skólum og B-skólum. Ekki bara því heldur með samþykkt frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna sé verið að búa til möguleika til þess að það verði eins og í Bretlandi hægt að hafa A-kennara sem eru á góðum launum og eru í elskuvinafélaginu hjá skólameistaranum, og svo B-kennara sem hægt er að pota lélegustu nemendunum til og þeir verði á lægstu launum. Ég verð að segja að sú skólastefna sem býður aðeins upp á þennan möguleika er mér ekki að skapi. Þetta frv. eykur möguleika á aukinni mismunun í skólakerfinu. Það eykur á miðstýringu, samanber hugmyndina um samræmt stúdentspróf, og að gert er ráð fyrir að menntmrh. hafi meiri hluta í skólanefnd í öllum framhaldsskólum landsins. Frv. dregur úr áhrifum kennara á stefnumótun í skólamálum. Því miður er engin trygging fyrir úrbótum í starfsmenntamálum í þessu frv. en þau hafa hingað til verið íslenskum framhaldsskóla til vansa og virðast ætla að verða það enn um hríð. Frá því að ég fór að skipta mér af skólamálum hefur í hverju einasta lagafrv. og hverri einustu álykun, sem send hefur verið út, verið sérstök klausa um að það eigi að efla starfsmenntun. Sumir hafa verið að tala um að þetta væri orðinn tölvuvírus, þetta kæmi bara einhvern veginn alltaf inn. Ég er ansi hrædd um að sama sé með þetta frv. Þrátt fyrir mjög fögur fyrirheit um að þetta eigi að efla starfsmenntanám í landinu sé ég ekki glitta í eina einustu starfsbraut. Ég mun því ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt.

[21:19]

Útbýting þingskjals:

Stéttarfélög og vinnudeilur, 415. mál, þskj. 1058.

[21:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem aðallega í ræðustól til að ítreka rökstuðning fyrir brtt. á þskj. 910 sem hv. þm. Ragnar Arnalds og Kristinn H. Gunnarsson flytja ásamt mér.

Við 2. umr. kölluðum við þessa tillögu aftur til 3. umr. Hún liggur því fyrir hér og mun koma til atkvæða þar sem breytingar hafa því miður ekki verið gerðar á því efni frv. sem hún varðar milli 2. og 3. umr. Ég mun koma betur að efni hennar síðar.

Fyrst vil ég segja að það eru vonbrigði að sjá frv. koma til 3. umr. í óbreyttum búningi frá því sem var eftir atkvæðagreiðslu við 2. umr. Það liggur þá fyrir að það er ætlun hæstv. menntmrh. að afgreiða frv. þrátt fyrir harða andstöðu við það, m.a. frá kennarasamtökunum í landinu. Þetta er gallað frv., þetta er í raun og veru óþarft frv. þar sem allar þær breytingar innan skólakerfisins sem í orði kveðnu er ætlunin að ná fram með frv. er hægt að gera að gildandi lögum. Þetta er í þriðja lagi metnaðarlítið, svo maður segi ekki metnaðarlaust frv. hjá nýjum hæstv. menntmrh. Satt best að segja ákaflega metnaðarlítið. Það fer kannski vel á því að næst á eftir flaggskipi hæstv. ráðherra í lögunum um skólagjöldin komi þetta útþynnta mál um framhaldsskólana. Reyndar er það líka í stíl við annað að hæstv. menntmrh. gangi í klúbbinn með hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., þ.e. „gera-það-með-illu klúbbinn". Gera hlutina í andstöðu við samtök og við þjóðina ef valið stendur milli þess eða hins að reyna að leita samkomulags og sátta. Hæstv. menntmrh. er greinilega á línu ríkisstjórnarinnar að best sé að gera svona hluti með illu. Það sé um að gera að troða þessu með illu ofan í kokið á hvort sem heldur er kennurum eða öðru launafólki í landinu. Það sé farsælt til frambúðar varðandi skólastarf og faglegar áherslur að setja löggjöf um framhaldsskólastigið í andstöðu við þá sem eiga eftir því að starfa umfram alla aðra, þ.e. kennarana í landinu. Þessi merkilega fílósófía, þessi „með-illu-aðferð", sem hæstv. ríkisstjórn er hér að festa í sessi í hverju málinu á fætur öðru, er nokkur tímamót og nokkurt umhugsunarefni. Þegar landsmenn sitja orðið uppi með ráðherra og ríkisstjórn sem eru svo vissir um eigið ágæti að þá varðar ekkert um áherslur almennings í landinu þó það séu heildarsamtök launamanna eða samtök allra kennara í landinu þá skal ekkert með það hafa. Sannfæring hæstv. ráðherra um eigið ágæti og óskeikulleika er svo rík og sterk að það hefur engin áhrif á þá að séð verður þó svona standi á. Þetta er auðvitað umhugsunarefni. Nú á eftir að sýna sig og koma á daginn hversu farsæl stefna hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar reynist. Hversu vel þetta er t.d. fallið til að efla þann rétta og góða starfsanda innan skólakerfisins sem allir heilvita menn hljóta að sjá að mikið ríður á að þar sé til staðar.

Það er líka merkilegt að þetta frv. er öfugmælafrv. að langstærstum hluta til miðað við rökstuðning í greinargerð og fögur fyrirheit í markmiðskafla sem og í ræðum hæstv. ráðherra, framsöguræðum og slíku. Er látið í veðri vaka að í frv. felist ýmislegt sem alls ekki er þar þegar betur er að gáð og þvert á móti. Að sumu leyti boðar frv. afturhvarf til alveg þveröfugra hluta við það sem sagt er. Bara lítið dæmi er þessi fjálglega umfjöllun og yfirlýsingar um að í frv. felist

að auka sjálfstæði skólanna. Þetta er algjört öfugmæli. Öll helstu efnisatriðin sem varða stöðu skólanna, skólaráðanna eða forræðis yfir eigin málum ganga í öfuga átt. Þau ganga í átt til nítjándu aldar hugsunar í sambandi við próf eða mat á námsárangri, inntökuskilyrði og miðstýringu varðandi stjórn skólanna. *Þetta er alveg furðuleg hugsun og maður spyr sig* að því af hverju hæstv. menntmrh. taki ekki bara skrefið til fulls og taki upp námskrána úr Bessastaðaskóla eða úr latínuskólanum og striki yfir það sem síðan hefur gerst. Það vantar eiginlega sáralítið upp á að það sé í takt við þessa málafylgju.

Inntökuprófahugsunin, herra forseti, er mér ákaflega ógeðfeld. Ég hélt satt best að segja að menn væru komnir óravegu í burtu frá þessu í nútímalegri umræðu um skólamál og kennslumál, uppeldisfræði og annað því um líkt og byggðu þar á allt öðrum grunni en þessum. Þetta er eitthvað sem maður hefur haft tilhneigingu til að tengja við fortíðina og kannski afsaka með vissum hætti vegna þess að menn hafa verið börn þess tíma, tíðarandinn hafi verið slíkur. Þetta var á þeim tíma þegar ekki þótti tiltökumál að tala um heldrimanna börn sérstaklega og börn hinna. Þá voru gefin út námskver sérstaklega fyrir heldrimannabörn og svo eitthvert annað efni handa hinum ef það var þá til. Svona aðgreiningarhugsunarháttur, sortéringarhugsunarháttur, að búa til einhverja útvalda stétt í skólakerfinu eins og væntanlega annars staðar í þjóðfélaginu — auðvitað er þetta í takt við þá hugsun sem ríður húsum og gengur út frá því að markmiðið sé ekki félagslegs eðlis, að allir fái notið hæfileika sinna og þroskað eiginleika sína og möguleika, heldur skuli menn sitja uppi með það sem inntökuprófin og aðrar slíkar formúlur stimpla þá með og dragnast með þann vitnisburð það sem eftir er ævinnar, hversu vel eða illa sem hann er ígrundaður og á hvaða tímaskeiði í þroskasögu viðkomandi einstaklings sá dómur fellur. Við vitum vel að þegar slíkt gerist getur það markað þroskabraut viðkomandi einstaklinga það sem eftir er. Þetta er að mínu mati það ógeðfeldasta við frv., þetta er forneskjan í þessu máli, forneskjan sem hæstv. menntmrh. vill merkja sig sérstaklega með. Þetta verður sennilega flagg númer tvö næst á eftir skólagjöldunum sem verður dregið að húni á hátíðisdögum utan við höfuðstöðvar hæstv. menntmrh.

Varðandi það atriði frv. sérstaklega sem við höfum flutt breytingartillögu um á þskj. 910 og hv. þm. Ragnar Arnalds, fyrsti flutningsmaður, gerði ítarlega grein fyrir við 2. umr., þá er fyrst og fremst þörf á að rifja þar upp að við teljum afar ósanngjarnt og óréttlátt að fella með öllu niður þá sérstöku kostnaðarþátttöku ríkisins við heimavistir umfram aðrar framkvæmdir í framhaldsskólum sem lög hafa gert ráð fyrir um langt skeið. Fyrir því teljum við að við höfum fært mjög sannfærandi rök og það standi þá upp á þá sem vilja leggja til þessa breytingu að rökstyðja það gagnstæða. Ég hef ekki heyrt hæstv. menntmrh. koma hér og færa fyrir því rök hvers vegna sú skipan að ríkissjóður kosti alfarið byggingu heimavista við þá skóla eða í þeim skólahéruðum, þar sem sérstaklega háttar til að heimavista er þörf, er orðin úrelt. Hvers vegna á allt í einu að láta öxina falla nú án tillits til þess hvernig menn eru staddir í uppbyggingu slíkra mannvirkja við einstaka framhaldsskóla í landinu og er misjafnt eins og kunnugt er? Þá skuli bara frá og með núna ganga frá því að hér eftir borgi sveitarfélögin verulegan hluta af þessu. Fyrir því hef ég ekki heyrt nein sannfærandi rök. Ég hélt satt best að segja að það væri eitthvað annað sem menn ættu að ræða um í tengslum við skólamál og skólamál í dreifbýlinu en það að draga úr sértækum stuðningi ríkisins við skólahaldið þar sem það er erfiðast og þar sem kostnaður fólks er mestur við það. Auðvitað endar kostnaðurinn yfir á sveitarfélögunum og fólkinu eða þeim sem eru að kosta börn sín til náms. Þykir *mönnum ekki nóg um? Hefur hæstv. menntmrh.* farið ofan í saumana á því nýlega hver viðbótarreikningurinn er sem fjölskyldur fá sem þurfa að senda börn sín í framhaldsskóla í fjarlæg héruð og kosta þau þar í heimavist? Væri ekki ástæða til fyrir hæstv. menntmrh. að líta nú upp úr erlendu blaði augnablik og hugsa aðeins um skólamál á Íslandi? Þótt þetta sé örugglega fróðlegt sem hæstv. ráðherra er að lesa, væntanlega The Economist frekar en Financial Times, að minnsta kosti er það gefið út á klósettbleikan pappír eins og þetta blað er sem hæstv. menntmrh. er með í höndunum. Það er sjálfsagt áhugaverðara en framhaldsskólinn uppi á Íslandi, þetta sem hæstv. ráðherra er að lesa. Sérstaklega þegar kemur að skólahaldi í dreifbýli og þeim óþolandi aðstöðumun sem þar er við lýði fyrir það fólk sem er ekki hægt að segja að búi við jafnrétti til náms í dag, það er óravegu frá.

Við getum t.d. tekið börn þjóðfélagshóps sem hefur átt í mikilli vök að verjast undanfarin ár sem eru sauðfjárbændur í landinu. Ætli það hátti ekki mjög víða þannig til að börn í sveitum þurfi að fara að heiman frá sér ef ekki strax í efstu bekki grunnskólans þá a.m.k. í allt framhaldsskólanám? Hvað ætli það þýði fyrir sauðfjárbændur með tekjur eins og þeir hafa borið úr býtum núna upp á síðkastið að standa undir þeim reikningi? Svo er einhver hælgilegur svokallaður dreifbýlisstyrkur borgaður sem er kannski fimmti eða tíundi partur af sannanlegum kostnaði sem menn bera umfram það sem aðrir hafa af því að koma sínum börnum til náms. Nei, þá er svar hæstv. ríkisstjórnar það að fella niður þennan þátt sem hefur þó verið viss viðurkenning í reynd á því að ríkið kæmi sérstaklega inn í kostnað af þessu tagi, a.m.k. hvað stofnkostnaðinn snertir. Það kann að vera svo að þetta valdi einstökum hæstv. þingmönnum stjórnarliðsins óróleika eða erfiðleikum að standa í þessu. En þeir eru nú samt ekki búnir að ná því fram að þessu verði breytt og voru þó haldnar um það fínar ræður við 2. umr., t.d. af hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. Það vildi svo skemmtilega til að hv. þm. var í ræðustól og var að taka upp akkúrat þetta mál þegar dreift var á borð þingmanna brtt. um þetta efni. Það er auðvitað nærtækast að fagna því að af sjálfu leiðir að hv. þm. hlýtur að styðja hana. Það þarf auðvitað ekki að spyrja að því. En það er mér ekki nóg. Ég vil vita hvort fleiri hv. þm. stjórnarliðsins ætla að manna sig upp í það að styðja þessa brtt. þannig að þessi breyting sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja til nái ekki fram að ganga. Eða er búið að handjárna nógu marga til að þetta verði örugglega samþykkt? Það er spurning. Kemur væntanlega í ljós í atkvæðagreiðslunni nær hún verður. Mér finnst það alveg kostulegt ef það verður uppskera hv. þm. Framsfl. í þessari umræðu. Þeir skreyta sig nú stundum með því að þeir séu sérstakir vinir landsbyggðarinnar og gæslumenn þeirra sjónarmiða sem þar eiga rætur sínar og oft erfitt uppdráttar. Á það að verða veganesti þeirra út í sveitir landsins þegar þeir hverfa heim af þingi að þeir hafi alveg sérstaklega beitt sér fyrir landsbyggðina með því að ríkið hætti þátttöku við kostnað og uppbyggingu heimavista? Hv. þm. Egill Jónsson á Seljavöllum verður áreiðanlega hreykinn af að færa Hornfirðingum þær fréttir að það þýði ekki að tala meira um heimavist þarna á Nesjavöllum eða annars staðar í kjördæmi hv. þm. þar sem svipað kynni að haga til því

nú sé ríkið hætt að koma nálægt þeim málum. Örugglega finnst þeim sauðfjárbændum sem hugsanlega hafa glapist á að kjósa hv. þm. þetta sanngjarnt og í takt við annað sem að þeim snýr um þessar mundir.

Herra forseti. Mönnum finnst þetta sjálfsagt lítið mál. Ég hef orðið var við að þetta kveikir engin sérstök bál í hugum fjölmargra þingmanna sem telja þetta svo sem eins og þras um einhverja fánýta hluti að vera að röfla um þetta. Ég ætla heldur ekki að halda því fram að himinn og jörð farist þó þessu verði breytt. En mér finnst þetta mjög dæmigert og mér finnst þetta vera mál sem verðskuldi það að á því sé vakin athygli og minnt á að menn eru stundum að greiða hér atkvæði um hluti sem skipta máli. Það hefur í öllu falli táknrænt gildi og er til marks um hugarfar og vitnisburður um það hvernig hlutirnir eru að þróast. Það verður afar fróðlegt, herra forseti, að vita hversu margir þingmenn Framsfl. leggjast niður í þessu máli eins og öðru. (Gripið fram í.) Já, þeir voru sameinaðir í dag ég gleymdi því með sameiningu Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins. Það má svo sem einu gilda. Staðreyndin er sú að svona mál segja oft stærri sögur en ýmislegt annað um það hugarfar sem að baki býr eða hversu mikil alvara mönnum er með stóru orðunum, fögru orðunum. Ég vænti þess auðvitað að hinar hugumstóru hetjur, m.a. úr Framsfl., standi við sína sannfæringu og efast í sjálfu sér ekki um stuðning hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, hann eigum við vísan í ljósi ræðu hans hér við 2. umr. En við vildum hafa fleiri liðsmenn með okkur þannig að það sé tryggt að þessi forneskja hæstv. menntmrh. og þessi erlendi hugsunarháttur sem hann hefur kannski upp úr útlendum blöðum sem hann les dögum saman nái ekki fram að ganga því hæstv. ráðherra þarf af og til að reka sig á íslenskan veruleika. Þótt það standi örugglega ekki neitt um íslenskan heimavistarskóla uppi á Íslandi í Financial Times þá er samt fólk enn í þessu landi sem lætur sig þau mál varða.

Herra forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég var búinn að gera rækilega grein fyrir mínum sjónarmiðum bæði við 1. og 2. umr. Ég endurtek að það er með öllu óþarft að vera að eyða tíma Alþingis í þetta mál og vera að nudda með þetta hér nú. Það hefur komið í ljós að frv. er algjörlega óþarft. Það breytir engu. Það er hægt að gera allt sem gera þarf í sjálfu sér innan framhaldsskólalöggjafarinnar eins og hún er í dag. Þetta er með öllu metnaðarlaust og verður hæstv. menntmrh. fremur til háðungar en framdráttar að vera að bjálfa hér í gegn svona metnaðarlausu máli sem fyrstu breytingum sínum á framhaldsskólalögum í sinni embættistíð. Ég býð ekki í framhaldið, herra forseti, ef þetta á allt að verða svona sem frá hæstv. menntmrh. kemur. Fyrst skólagjöldin og svo þetta. Hvað kemur næst? Ég segi alveg eins og er að ég býð ekki í það. Ef Framsfl. leggst niður í þessu öllu þá verður ekki hátt risið á mönnum hér nær kemur til kosninga, a.m.k. ekki hvað þennan málaflokk snertir. En sem sagt, herra forseti, það á eftir að telja í dilkana og við sjáum það þegar kemur að atkvæðagreiðslunni.

[21:36]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil bregðast við nokkrum atriðum sem hafa komið fram í máli þingmanna hér við 3. umr. Ég verð að segja að mér finnst ýmsar fullyrðingar sem hafa komið fram hér við umræðuna býsna lítið rökstuddar og líkast því að sumir þingmenn a.m.k. hafi lesið eitthvað allt annað út úr frv. en í því stendur.

Ég vil gera að sérstöku umtalsefni rétt allra nemenda til náms. Það er algjörlega ljóst að það skortir mikið á að öllum nemendum framhaldsskólans eins og hann er í dag sé tryggt að þeir geti fengið nám við hæfi þrátt fyrir að gildandi lög geri ráð fyrir því að sá sé réttur allra nemenda. Gildandi lög hafa verið túlkuð á þann veg að nemendur eigi rétt á að hefja hvaða nám sem er í framhaldsskólanum óháð árangri grunnskóla. Skólarnir hafa alls ekki verið í stakk búnir til að veita stórum hópi nemenda viðhlítandi þjónustu. Það er mikið fall við upphaf framhaldsskólans. Nemendur eru oft mun lengur að ljúka námi heldur en námskráin segir til um og mjög margir hverfa frá námi án formlegra námsloka. Þetta er í raun og veru sá vandi sem við blasir í framhaldsskólanum. Það er hins vegar þannig að íslenskir nemendur virðast skila sér nokkuð svipað inn í framhaldsskólann og nemendur í nágrannalöndunum. En það eru miklu færri nemendur hér sem ljúka skilgreindum prófum við framhaldsskóla. Þessi vandi hefur að ýmsu leyti ekki verið mjög sýnilegur hér hjá okkur því ungt fólk hefur getað fengið vinnu þó það hafi ekki haft formlegt lokapróf. En það er alveg ljóst að með samdrætti á vinnumarkaði hefur orðið breyting í þessu efni og kröfurnar um árangur í skólastarfinu hafa líka aukist. Það er líka sjálfsagður réttur nemanda að þeir geti innritast í nám sem hæfir undirbúningi og áhugasviði hvers og eins og líkur eru til að nemandi geti lokið á eðlilegum tíma. Það er talið að það megi helst koma til móts við námsþarfir þeirra nemenda sem nú hverfa frá námi með aukinni fjölbreytni í starfsnámi. Það ber þá að stefna að því að efla verulega námsframboð framhaldsskólans á því sviði. Það er einmitt það sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Og til að gera námsval markvissara eru sett inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans. Þau skulu vera sveigjanleg og í samræmi við kröfur sem gerðar eru á viðkomandi braut þannig að það verði hægt að taka tillit til mismunandi undirbúnings nemenda í einstökum námsgreinum. Það er líka gert ráð fyrir því að nemendum standi til boða námsráðgjöf til að auðvelda námsval í upphafi náms og líka á síðari stigum þess. Með inntökuskilyrðunum, námsráðgjöf og meiri áherslu á náms- og starfsfræðslu í unglingadeildum grunnskóla skapast skilyrði til þess að nemendur geti valið sér nám í framhaldsskóla sem hentar námsundirbúningi þeirra og áhugasviði.

Það er líka sjálfsagður réttur nemenda að nám sé sambærilegt að gæðum milli framhaldsskóla og lokapróf úr framhaldsskóla séu jafngild hvar sem þau eru tekin. Það hefur verið gagnrýnt að það skorti á samræmingu í námsframboði og námskröfum milli framhaldsskólanna og jafnvel innan sama skóla. Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla auka líkurnar á því að nemendur innritist í nám sem þeir hafa forsendur til að stunda með fullnægjandi árangri og ljúka á þeim námstíma sem kveðið er á um í námskrá eins og ég sagði áðan. Það verður þá hægt að miða námskröfur á einstökum brautum við undirbúning nemenda úr grunnskóla. Það má þá gera ráð fyrir sanngjarnari starfsháttum í framhaldsskólum þegar kröfur til nemenda eru í samræmi við námsgetu þeirra og undirbúning.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi að hann væri með brtt. við 22. gr. sem er um skólanámskrá. Ég tel að við höfum þegar brugðist að nokkru leyti við gagnrýni kennara. Almennur kennarafundur gefur umsögn til skólanefndar. Það er skólameistari sem hefur forgöngu að því að skólanámskrá

sé samin og það eru þá kennarar og starfsmenn skólans sem vinna skólanámskrána. Skólanefndirnar fá aukið vægi og meiri ábyrgð í stjórnun skólanna en verið hefur og þess vegna er mjög eðlilegt að það sé skólanefndin sem samþykkir skólanámskrána eftir að starfsmenn skólans undir forustu skólameistara hafa unnið hana.

Það kom aftur fram í máli Guðnýjar Guðbjörnsdóttur að hér væri um ómannúðlega menntastefnu að ræða sem kæmi fram í þessu frv. Ég vísa því algjörlega til föðurhúsanna að um nokkuð slíkt sé að ræða í frv. Ég hef áður svarað því að þvert á móti er betur tryggt í frv. en áður hefur verið t.d. réttur þeirra sem minna mega sín.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir talaði líka um aukna miðstýringu. Hún tók þar með undir klisjukenndan málflutning sem oft hefur heyrst þegar þetta frv. hefur verið rætt. Það er þvert á móti verið að efla sjálfstæði skóla í þessu frv. Ég ætla að nefna nokkur atriði til að rökstyðja það. Skólanefndirnar fá aukna ábyrgð. Skólameistarar fá aukið ráðningarvald. Gert er ráð fyrir að það verði starfandi skólaráð sem verði þá skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla og í skólaráðinu er fulltrúi nemenda og kennara ásamt aðstoðarskólameistara og skólameistara. Þar koma því bæði nemendur og kennarar að innri stjórnun skólans. Skólanámskráin er unnin af fagfólki skólans undir forustu skólameistara. Gert er ráð fyrir að starfsfólk skóla vinni að svokölluðu sjálfsmati á starfsháttum. Það er í 23. gr. frv. Þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla er líka nýmæli þar sem í gegnum hann geta skólarnir fengið styrki t.d. til nýbreytnistarfs og þróunarstarfs. Því finnst mér það vera mikil öfugmæli að tala um aukna miðstýringu í frv.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir gerði að sérstöku umtalsefni 2. gr. frv. þar sem segir í 2. mgr. sem hún sleppti að lesa hér áðan:

„Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar."

Þarna er m.a. verið að lýsa almennu menntunarhlutverki framhaldsskólans. Í hlutverkagreininni kemur því fram bæði almennt og sérhæft menntunarhlutverk framhaldsskólans. Hún gerði líka að umtalsefni að það væri dregið úr áhrifum kennara. Ég hef þegar svarað þeirri gagnrýni a.m.k. að hluta til. Að sjálfsögðu eru kennarar burðarásinn í skólastarfinu. Það er alveg ljóst að þeirra áhrif eru mjög vel tryggð í þessu frv. Þar bendi ég alveg sérstaklega aftur á skólanámskrána og 23. gr. frv. Skólanámskráin er mjög mikilvægt tæki í skólastarfinu í þessu frv.

Ég vildi líka gera hér að umtalsefni tillögur Ástu B. Þorsteinsdóttur og Lúðvíks Bergvinssonar sem snúa að fötluðum. Ég tel að það sé hvergi verið að hvika frá því að *fatlaðir nemendur skuli stunda nám við hlið annarra nemenda* eftir því sem kostur er. Það er alveg ljóst samkvæmt 19. gr. en þar segir:

„Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er."

Ég tel því að þessar brtt. sem eru lagðar þarna fram séu óþarfar og að í raun og veru séu réttindi fatlaðra nemenda ágætlega tryggð í þessu frv.

Ég vil svo að lokum þakka þessa ágætu umræðu sem hefur verið hér í dag. Það hefur vissulega margt ágætt komið hér fram. Það er ánægjulegt að sjá að það er þó reytingur af þingmönnum hér í salnum. Svo var sannarlega ekki þegar við fjölluðum um þetta mál hér við 2. umr.

[21:49]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég finn mig knúna til að koma hér og veita andsvar vegna ummæla formanns menntmn., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, hv. 3. þm. Reykn. Hún gerði að umtalsefni ummæli mín fyrr í kvöld um réttindi fatlaðra nemenda til náms í framhaldsskóla og tel ég að töluverðs misskilnings gæti *í máli hennar. Hún hefur e.t.v. ekki skilið þær tillögur* sem hér var mælt fyrir á þann veg sem ætlun okkar var.

Það er rétt að fatlaðir nemendur eiga rétt á inngöngu í framhaldsskóla samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og framhaldsskólalögum í dag. En það sem við viljum vekja athygli á hér er að síðari málsgrein 19. gr. er þannig orðuð að verði henni beitt mun hún frekar stuðla að aðgreiningu fatlaðra nemenda innan framhaldsskólans en þeirri samskipan sem við væntum okkur af þessu framhaldsskólafrv. og framkvæmd laganna þegar þau verða að veruleika. Við bendum á að fatlaðir eru jafnfjölbreytilegur hópur og aðrir nemendur. Þeirra þarfir, væntingar, geta og óskir eru jafnfjölbreytilegar og þeir eru margir. Því vörum við við því að það skuli stofnað til sérstakra afmarkaðra deilda innan framhaldsskólans fyrir ákveðna hópa því svo sannarlega passa þeir ekki allir í sama rammann sem þannig væri verið að skipa þeim inn í. Þess vegna vildi ég að formaður menntmn. íhugaði enn á ný þær tillögur sem hér eru settar fram því þær eru í fullu samræmi við stefnur og strauma í kringum okkur í umheiminum. Þær eru í samræmi við yfirlýsingar á borð við Salamanca-yfirlýsingu frá UNICEF, þær eru í fullu samræmi við grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra þar sem allt kapp er lagt á að samskipa fötluðum meðal ófatlaðra í stað þess að aðgreina þá sérstaklega frá heildinni í sérafmörkuðum básum. Svo mörg voru þau orð.

Ég skal viðurkenna það hér að lokum, herra forseti, að vissulega er framfaraspor í þessu frv. miðað við fyrri lög þar sem er horfið frá sérskólahugmyndum fyrir fatlaða á framhaldsskólastigi. En ég tel að árið 1996 gætum við stigið frekari framfaraspor en við gerum hér.

[21:53]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að bregðast sérstaklega við orðum hv. þm. og formanns menntmn., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þar sem mér fannst ekki mikið bitastætt í hennar máli. Þó vil ég rökstyðja það sem ég kom að í 2. umr. að ég er sannfærð um að þetta frv. endurspeglar ómannúðlega menntastefnu. Og ég vil aðeins nefna örfá dæmi. Í fyrsta lagi er ég sammála hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um að sú skipan sem hér er lögð til mun fljótlega leiða til þess að það myndast hér A-B-C og D-skólar. Mér finnst ekki mjög mannúðlegt að sundra t.d. vinahópi þannig að sumir komist í A-skóla og sumir komist í B- eða C-skóla vegna einkunna í grunnskóla sem oft reynast ekki áreiðanlegasti spádómurinn um það sem síðar kemur. Mér finnst heldur ekki mannúðlegt að *fólk komist ekki í heimaskólann sinn vegna þess að* einkunnin á grunnskólaprófi var ekki alveg nógu góð. Síðast

en ekki síst finnst mér mjög ómannúðlegt að ætlast til þess að 15–16 ára unglingar hafi mótaðar skoðanir á því hvað þeir ætli að verða og vissu um það hver þeirra framtíðarbraut verður.

Það kom fram áðan í umræðunni hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að það væri mikið um það núna að nemendur í framhaldsskólum væru ekki búnir að ákveða sig og það tæki þá nokkurn tíma. Ég fullyrði, ekki síst í ljósi minna fræðirannsókna, að það er fullkomlega eðlilegt að unglingar allt fram að tvítugu séu með ómótaða sjálfsmynd og hafi ekki heildstæðar hugmyndir um sjálfa sig eða hvað þeir vilja gera. Þess vegna er mjög líklegt að ákvarðanir sem 15–16 ára unglingar taka um sín framtíðarstörf séu byggðar á hugmyndum annarra, foreldra eða vinahópsins, um það hvað þeir eigi að gera fremur en að þeir séu búnir að móta sínar hugmyndir sjálf. Ef það á að fara að þvinga 15 ára gamla krakka inn í starfsnám sem þau kannski ljúka er allt eins líklegt að um tvítugt standi hugur þeirra til allt annarra mála. Þess vegna finnst mér mun eðlilegra og allt benda til þess miðað við þróun skólamála í nágrannalöndunum að framhaldsskólinn verði í vaxandi mæli almennur skóli og síðan verði byggðar stuttar starfsnámsbrautir ofan á hann. Þetta er ekki síst nauðsynlegt í ljósi þess að um vaxandi atvinnuleysi hefur verið að ræða í þjóðfélaginu og það er ólíklegt að þessir krakkar fái vinnu strax að loknu framhaldsskólanámi.

Í annan stað vil ég aðeins koma inn á orð hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þess efnis að þetta frv. endurspegli ekki aukna miðstýringu heldur aukna sjálfsstjórn. Að mínu mati er það rétt að það eru viss atriði sem hún taldi upp sem hugsanlega stuðla að aukinni sjálfsstjórn eins og t.d. setning skólanámsskrár. En meginmálið er að það eru skólanefndirnar og aðalnámskráin sem eru mikilvægustu stjórntækin og þessi atriði munu hafa það mikið miðstýringarvald að allt annað mun falla í skuggann af hinu tvennu. Þess vegna eru þetta viss áhrif sem kennarar fá og skólarnir sjálfir, en valdið og hin raunverulega stjórn verður í höndum æ færri aðila.

[21:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki í huga að blanda mér í umræður um þetta frv. almennt eða um þá stefnu sem birtist hér. Það hefur verið rætt ítarlega af fulltrúa okkar í menntmn. og hér við 2. umr. Hins vegar hef ég hug á því, virðulegi forseti, að koma hér inn á afmarkaðan þátt í frv. og nýmæli sem felst í 31. gr. Þar segir í athugasemdum við hana:

„Grein þessi er nýmæli en með ákvæðum hennar geta framhaldsskólar eða einstakar deildir þeirra fengið sérstakt hlutverk sem kjarnaskóli, þ.e. tilrauna- og þróunarskóli í starfsnámi. Kjarnaskólar geta verið mismunandi, enda um að ræða þróunarverkefni sem tekur mið af ólíkum þörfum og aðstæðum starfsgreina og/eða atvinnuvega.

Gera þarf sérstakt samkomulag milli menntmrn. og viðkomandi skóla þar sem kveðið er á um tímalengd verkefnisins og stjórnun þess, þar með talda skiptingu hlutverka og ábyrgðar á milli aðila, svo og hvernig úttekt á árangri skuli hagað.

Í kjarnaskóla fer fram þróun á námsefni, námsskipan, kennsluaðferðum og námsmati í viðkomandi starfsnámi. Skólar sem veita menntun á sama sviði eiga að geta leitað til kjarnaskóla um leiðsögn og ráðgjöf m.a. varðandi skipulag námsins, námsefni og kennsluhætti sem og sérstök þróunarverkefni. Þannig er kjarnaskóli hugsaður sem þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið."

Þetta nýmæli varð til þess, virðulegi forseti, að ég ákvað að blanda mér í umræðuna og bera fram spurningu til ráðherra með athugasemd minni. Vegna þess að í þessu nýmæli felst að gera á sérstakt samkomulag milli menntmrn. og viðkomandi skóla og verði það gert fara aðrir skólar á sama sviði eiginlega í hjólfar frumkvöðulsins sem þarna um ræðir eins og ég skil greinina.

Þá er ég komin að athugasemd minni, virðulegi forseti, en hún snýr að Menntaskólanum í Kópavogi sem er ekki menntaskóli í þeirri mynd sem hugurinn kallar fram þegar þetta orð er notað heldur framhaldsskóli með fjölbrautasniði. Breytingin í fjölbrautasnið var gerð fyrir mörgum árum, 1983 ef ég man rétt. Það sem þá var ákveðið var einmitt eins konar framúrstefna á þess tíma mælikvarða. Þá voru að rísa upp fjölbrautaskólar á höfuðborgarsvæðinu og reyndar víða um land. Fleiri en einn fjölbrautaskóli risu upp í Reykjavík, í Kópavogi, í Garðabæ og í Hafnarfirði. Það var ekki mikil umræða á þeim tíma um það hvernig skyldi hagað námi í hverjum og einum af þessum skólum. Hins vegar hlutu þeir sem unnu að slíku máli að leggja fyrir sig spurninguna: Áttu allir að reyna að vera með úrlausn fyrir alla? Áttu allir skólarnir að bjóða upp á sama námið og sem fjölþættast nám og mundi það leiða til þess að við yrðum með marga vanbúna skóla, sem voru allir að keppa um að fá fjármagn til þess sama, eða áttu skólarnir að sérhæfa sig og verða e.t.v. þannig að nemendur úr einu bæjarfélagi leituðu inn í skóla í öðru bæjarfélagi sem væru með sérhæfinguna sem þeir væru að leita eftir? Þetta voru spurningarnar sem menn veltu fyrir sér þá fyrir þetta löngum tíma í Kópavogi, og var settur starfshópur á laggirnar til að undirbúa breytingarnar og sá starfshópur lagði í fyllingu tímans fram vandaða námskrá. Það var ákveðið að skólinn mundi sérhæfa sig á matvælasviði, verða matvælaiðjuskóli.

Eins og fyrr segir var þetta á árunum 1982 eða 1983. Ég þykist þess fullviss að ég muni það rétt að á árinu 1983 hafi verið gerður samningur um skólann og uppbyggingu hans á milli Kópavogsbæjar og menntmrn. Það er hins vegar dapurleg saga, virðulegi forseti, að sú uppbygging hefur gengið alveg ótrúlega hægt og á árinu 1996 hillir loks undir að matvælasviðið, og reyndar Hótel- og veitingaskólinn, sem verður innan veggja sama skóla, komist í hús.

Námskráin sem lögð var til grundvallar á árinu 1983 og sem ég hef leyft mér að segja að væri framúrstefnuhugsun tók mið af því að fólk í almennum störfum í matvælaiðnaði gæti komið í þennan skóla og sótt nám á stuttum matvælaiðjubrautum. Aðrir nemendur eða e.t.v. þeir sömu gætu síðan farið inn á lengri brautir, brautir sem á sínum tíma mundu leiða til stúdentsprófs væri þess óskað eða að tveimur árum liðnum mundi fólk vera útskrifað með ákveðin réttindi af matvælaiðjubrautinni. Ef fólk valdi stúdentsleiðina var hægt að halda áfram með námi sem mundi leiða inn á háskólasviðið og þeir sem mundu það kjósa gætu þess vegna valið að halda áfram upp í matvælaverkfræði. Það voru nokkuð mörg svið sem hægt var að fara inn á, bæði þessi stuttu, almennu verksvið sem svo sárt hefur vantað í þjóðfélag okkar sem hefur fullkomlega vanrækt það að skólar bjóði upp á styttra nám fyrir þá sem vinna almenn störf í matvælaiðnaðinum. Þetta vildu framsæknir stjórnendur í Kópavogi á þeim tíma setja á og koma í gagnið og ég harma það í hvert sinn sem ég rifja upp þessa sögu hversu stuðningurinn var í langan

tíma dapur og lítill við þetta góða verkefni og í raun og veru hvað þarna var leitast við að vinna mikið brautryðjendastarf í sérhæfingu og fræðslu í því sem er grunnþáttur okkar, í matvælaframleiðslu og matvælaiðnaði.

Það var reyndar fleira sem átti að vera með í þessum matvælaiðnaði, það var talað um ferðamannabraut og því hefur verið haldið til streitu, en seinna fór það svo að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og skólinn á Akureyri sóttust eftir því að geta verið með þetta sama nám á boðstólum og ekki leið á löngu áður en þær raddir heyrðust að Eyjafjörður skyldi verða matvælaiðjusvæði landsins, matvælaframleiðslusvæði og þar ættu að rísa skólar á því sviði og þangað ætti að beina námsbrautum sem væru á sviði matvælaiðju. Þessu hef ég alla tíð verið mjög ósammála og hef komið í ræðustól til að kalla eftir því hvort um væri að ræða að bregða frá þeirri uppbyggingu sem væri í gangi í Kópavogi og vísa henni annað vegna þess að mér hefur fundist mjög mikilvægt að einmitt þarna, þar sem ákveðið var að Hótel- og veitingaskólinn yrðu innan borðs og þar sem var áformað svo fjölbreytt nám í matvælaiðnaði, yrði gefinn ákveðinn forgangur eða þarna yrði skapaður eins konar kjarnaskóli á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Ég er komin að því sem var erindi mitt í ræðustól á þessu kvöldi í umræðu um framhaldsskólann sem ég hafði í raun ekki hugsað mér að taka þátt í. Sér ráðherra það fyrir sér að Menntaskólinn í Kópavogi, sem hefur haft þessa uppbyggingu og haft þessa framtíðarsýn, verði sá kjarnaskóli sem getið er um í 31. gr.? Mundi þessi skóli, sem í þennan langa tíma hefur stefnt að því að vera með þetta alhliða nám, verða kjarnaskólinn sem ryður veginn þannig að aðrir skólar sem hafa sótt í að vera með afmörkuð námskeið og afmörkuð svið í þessu sama efni, matvælaiðjunni, mundu feta í fótsporið? Hefur eitthvað verið rætt um það á milli menntmrn. og Menntaskólans í Kópavogi að einmitt þetta mundi gerast? Og er það svo að skóli, sem er um það bil að komast í gagnið af fullum þunga, eins og þessi skóli sem ég hef verið að ræða um geti orðið slíkur kjarnaskóli miðað við 31. gr. og þó að það hafi e.t.v. ekki verið gert og ef viðræður hafa ekkert farið á milli aðila um þetta efni? Ef svo færi að skólinn í Kópavogi mundi sækja um að vera þessi kjarnaskóli er það þá rétt skilið hjá mér að hann sé einmitt sú tegund skóla sem gæti fengið hugsanlegan samning og orðið sá kjarnaskóli og frumkvöðull í uppbyggingu og tilraunaþróunarskóli í starfsnámi á matvælaiðjusviði sem ég tel svo mikilvægt að verði hér á landi og verði tekið miklu snarpar á en hingað til hefur verið gert?

Þetta er spurning mín til ráðherra, virðulegi forseti, og læt ég mér nægja að tala um 31. gr.

[22:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel út af fyrir sig fulla ástæðu til þess að ræða frekar nokkur þau mál sem hér hefur borið á góma en ég ætla ekki að gera það. Ég ætla að fara yfir fáein atriði sem fram komu í svörum við fyrri ræðu minni í umræðunni eða athugasemdum sem fram hafa komið og ætlaði að beina til hæstv. ráðherra a.m.k. einni spurningu eða tveimur.

Fyrsta spurningin er þessi: Er rétt skilið að samkvæmt hans skoðun rúmist kennslutímaaukningin skv. 3. gr. innan ramma gildandi fjárlaga? Er það rétt? Það er mjög merkilegt ef það er. Ég man ekki eftir því að við afgreiðslu fjárlaga væri gert ráð fyrir auknum framlögum til framhaldsskóla. Mig minnir að það hafi verið skorið niður. En það er athyglisvert ef það er þannig og ef það er rétt eftir tekið frá 2. umr. að hæstv. ráðherra telji að það séu nægir peningar til þessa verkefnis og þá er auðvitað ekkert annað að gera en fara í samningaviðræður við hið íslenska kennarafélag um það hvernig þeim fjármunum yrði ráðstafað. Ég hef ekki fengið nein svör við þeirri spurningu minni um hvort hafnar væru viðræður við HÍK um málið og ég skil ekki af hverju menn svara ekki jafneinföldum spurningum og þeirri.

Í öðru lagi ítreka ég þá spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur varðandi aðalnámskrá framhaldsskólans. Hvenær kemur hún? Er farið að vinna í henni? Hvar er sú vinna? Það er greinilegt að aðalnámskrá framhaldsskólans er eins og þetta er hugsað algert lykilgagn í framkvæmd framhaldsskólalaganna. Mér sýnist satt að segja að menn séu komnir með framhaldsskólann inn á eins konar æðra grunnskólastig liggur mér við að segja að því er þetta varðar þannig að þetta sé eins konar gagnfræðaskóli með samræmdri námskrá sem menn ætla sér að fara að búa til að einhverju leyti en ég vil spyrja: Hvar er aðalframhaldsnámskrá framhaldsskólans? Hverjir eru að vinna í henni? Eru fulltrúar kennara og annarra aðila sem eru að koma að þessu máli þar eða hverjir eru yfirleitt að gegna því starfi?

Þá vil ég næst koma að því atriði sem fram kom í máli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur og er auðvitað lykilmál í þessu. Það er þetta: Færri íslensk ungmenni ljúka prófum, starfsmenntaprófum, framhaldsskólaprófum, hlutfallslega en gerist í nokkru öðru landi sem við berum okkur saman við svo að ég orði þetta tiltölulega gróft en ég held að það sé nokkurn veginn þannig. Í Þýskalandi er talað um að hlutfallið sé um 90% og það er svipað í Austurríki en hjá okkur er þetta miklu lægra. Þjóðverjar og Austurríkismenn byggja á gamalli hefð í þessum efnum sem í grófum dráttum byggist á því að þar er um að ræða verulega mikið úrval af fjölbreyttum stuttum starfsmenntabrautum, stuttum og viðráðanlegum. Þar er ekki reynt að steypa alla í sama mót og þar er ekki þetta stífa, að ég ekki segi hreinlega frosna sveinsprófakerfi sem við erum með og höfum aldrei þorað eða getað tekið á.

Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. sem hér hefur komið fram og m.a. í ágætri umræðu um verkmenntun í þessum sal fyrir tveimur árum að frumkvæði hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að meðan hér var fullt að gera, meðan það var nóg atvinna, gerði það kannski ekki svo mikið til þó að krakkarnir dyttu út úr skóla án þess að hafa endilega lokið einhverju réttindanámi vegna þess að þau fengu vinnu og fengu kaup. Staðan sem nú er uppi í þessum efnum er allt önnur en þá var. Þess vegna er þetta mikið áhyggjuefni og um það erum við öll sammála. En þá spyr ég: Hvað er það inni í frv. sem slíku sem breytir framtíðarsýninni fyrir þessa krakka? Ég sé það ekki og ég sé ekki að neitt í þessu frv., ef að lögum verður, tryggi krökkunum betra líf en gildandi lög gætu gert ef það væru settir meiri peningar í framhaldsskólann. Ég sé það ekki. Mér finnst að hv. þm., formaður menntmn., og hæstv. menntmrh. skuldi okkur skýringu á því því að ég heyri að þetta vefst fyrir fleirum en mér, hvað það er sem ræður þarna úrslitum.

Mér finnst þessum hv. þm. ekki ætlandi að búa til mynd sem á sér engar innstæður, styðst ekki við neinn veruleika. Þeim hefur láðst að gera þannig grein fyrir því að hún sé skýr í hugum þingmanna að ég hygg.

Það er búið að flytja á þingi á undanförnum áratugum ótal tillögur um eflingu starfs- og verkmenntunar. Ég minnist t.d. tillögu sem hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur flutt á þingi aftur og aftur á undanförnum árum en því miður ekki á þessu

þingi. Þessi tillaga hefur ævinlega fengið mikla umræðu og mér liggur við að segja, þeim mun innblásnari sem aðbúnaðurinn á framhaldsskólanum hefur verið vesælli hjá okkur sem hér erum. Mig grunar einhvern veginn að hérna sé líka um að ræða innstæðulítil og of mikið útblásin orð í þessu frv.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði að það sem skipti máli væri náms- og starfsráðgjöf til þess að leiðbeina þessum krökkum inn á viðráðanleg svið eða betur viðráðanleg svið. Það er alveg rétt, ég er alveg sammála henni um það. Ég tel að prófastefnan sem hefur verið uppi á síðustu árum af menntamálayfirvöldum að mínu mati leysi engan vanda. Það eina sem geti stutt eðlilega við bakið á þessu unga fólki sé mjög virk náms- og starfsráðgjöf, mjög virk og þá ekki bara í framhaldsskólanum sjálfum heldur líka í grunnskólanum. Nú vill þannig til að því er varðar t.d. námsráðgjöf í grunnskólanum að ekki hefur verið bætt við einu einasta stöðugildi í það verkefni, t.d. í Reykjavík, um margra ára skeið. Skólastjórar grunnskólanna í Reykjavík standa frammi fyrir algerlega óleysanlegum verkefnum af því að þeir fá ekki námsráðgjafa og það er enn þá uppi það gamaldagssjónarmið af hálfu menntmrn., finnst mér, að litið er á námsráðgjafa eins og einhverja aukakontórista í skólunum í staðinn fyrir að námsráðgjafar og starfsráðgjafar eru lykilstarfsmenn í skólunum í dag, gegna eins þýðinarmiklu hlutverki og kennararnir sjálfir og eru gríðarlega mikilvægar stéttir. En í frv. er engin trygging á þessu, virkri náms- og starfsráðgjöf, sem tekur utan um mér liggur við að segja nemandann, og leiðir hann af stað inn á einhver tiltekin verkefni sem eru þægileg og viðráðanlegri. Vandi kerfisins er sá að krakkarnir eru að byrja í námi, bóknámi eða verknámi þar sem þau berjast um missirum eða jafnvel árum saman og fá ekkert nema hraklegar einkunnir á missirisfresti og þannig er sjálfsmynd þeirra brotin niður og framhaldsskólinn framleiðir vandamál og skapar vandamál en leysir þau ekki eins og hann á að gera. Ég endurtek það, hæstv. forseti, ég sé ekkert í þessum skjölum sem leysir vandann.

Þá kemur að því atriði sem er meginmálið og það er að framhaldsskólafrv. er ekki hluti af heildarmenntastefnu eða maður sér það í öllu falli ekki nægilega skýrt. Ég held að það þurfi að tala um þá hluti þannig. Það er líka að nokkru leyti vandi Alþingis að hér er aldrei talað um menntamál heldur um menntamál í bútum, þ.e. grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu, endurmenntun og háskóla, en það er aldrei talað um fræðslumál í heild, menntamál í heild, menningarmál eða heilbrigðismál, heldur er talað um allt í einhverju frumvarpaformi sem í raun og veru segir manni kannski ekki nema takmarkaða sögu þegar upp er staðið. Í öðrum þingum, eins og hæstv. forseti og aðrir þekkja, er það þannig að það eru teknar stefnumótandi ákvarðanir í þingunum og síðan er ráðuneytunum ætlað að útfæra þær t.d. í norska Stórþinginu þar sem eru gerðar samþykktir um framtíðarstefnumótun í menntamálum svo dæmi sé tekið.

Ég lagði fyrir hæstv. ráðherra og hv. formann menntmn. nokkrar spurningar. Ég vænti þess að þeim verði svarað og þætti að sjálfsögðu líka vænt um ef þessar breytingartillögur sem hér hafa verið fluttar verða samþykktar. Mér finnst að stjórnarmeirihlutinn ætti að brjóta odd af oflæti sínu og samþykkja þessar breytingartillögur. Þetta eru almennar og sanngjarnar leiðréttingatillögur sumt af þessu. Ég bendi á að í þessum tillögum er komið aðallega til móts við þær kröfur sem uppi eru um að kennarar fái að vera með í verkinu. Þeir eru ekki að biðja um neitt meira og það er spurning hvort við getum ekki sammælst um þær einu sinni í einu svona frv., að sýna þeim starfsstéttum sem eiga að vinna verkin lágmarksvirðingu. Ég skora því á stjórnarmeirihlutann að velta því fyrir sér að samþykkja þessar tillögur sem hér liggja fyrir, hæstv. forseti.

[22:21]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að nefndin sem samdi framhaldsskólafrv. samdi líka grunnskólafrv. og skilaði frá sér ítarlegri skýrslu um grunn- og framhaldsskólann. Það er því alveg ljóst að menn hafa verið að skoða þessi mál í fullu samhengi.

Það var spurt um hvað það væri sem tryggði að það yrði aukning eða fjölbreyttara starfsnám í framhaldsskólanum samkvæmt þessu frv. Það er fullljóst að í þessu frv. er verið að opna leiðir til þess að efla starfsnámið. Það er einmitt lögð mjög mikil áhersla á fjölbreytni þess, að það þurfi að verða miklu meira og fjölbreyttara. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á stuttar starfsnámsbrautir og að byggja þurfi þær upp með miklu markvissari hætti en hefur verið gert til þessa. Það veltur síðan gríðarlega mikið á framkvæmdinni, ef þetta frv. verður að lögum, hvort okkur tekst að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Við höfum hvergi farið þá leið að koma með útfærslur á því hvar eigi að bera niður, hvar það er nákvæmlega sem eiga að koma nýjar starfsnámsbrautir, en við bentum vissulega á ýmis svið í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu.

[22:23]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að hv. þm. tókst ekki að láta mig sjá ljósið í þessu máli. Hv. þm. sagði að frv. opnaði leiðir. Hv. þm. sagði að í frv. væri áhersla á fjölbreytni starfsnáms eða fjölbreytilegra starfsnám. Hv. þm. sagði: Hér er áhersla á stuttar brautir. Svo sagði þm.: Hér vantar útfærslu og við erum ekki að lögfesta útfærslu. Það er alveg rétt. Hér er ekki verið að lögfesta útfærslu en þar með er í raun og veru sagan sögð á enda vegna þess að í frv. er ekkert sem tryggir það sem verið er að tala um umfram það sem er í gildandi lögum. Það er ekkert umfram það sem er í gildandi lögum. Og þegar hv. þm. segir að hér sé ekki verið að lögfesta útfærslu, þá er það náttúrlega bæði rangt og rétt. Það er verið að lögfesta mjög nákvæma útfærslu á bóknámsbrautunum. Það á að standa í lögum að það séu þrjár eða fjórar bóknámsbrautir í framhaldsskólum. Hvaða vitleysa er þetta? Af hverju er verið að skrifa það ofan frá, frá Alþingi, hversu margar bóknámsbrautir eiga að vera í skólum þegar menn taka ekki á því sem máli skiptir, þ.e. því að útvega fjármuni til framhaldsskólans sem ég held að sé lykilatriðið?

[22:24]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega nefna í þessu sambandi eitt atriði sem er mjög mikilvægt við uppbyggingu starfsnáms og það er að það sé unnið í samvinnu við atvinnulífið. Það er eitt af því sem er fest niður í þessu frv. með mjög skýrum hætti að fulltrúar frá atvinnulífinu komi að mótun starfsnámsins.

[22:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í gildandi lögum er ákvæði um það að fulltrúar atvinnulífsins eigi að koma að mótun starfsnámsins. Það er m.a. gert ráð fyrir því í starfsgreinaráðunum gömlu eða iðngreinaráðunum eins og þau eru núna. Þeir geta því komið að því. Síðan er það þannig að það hafa verið í gangi á vegum menntmrn. á undanförnum árum viðræður við atvinnurekendur, t.d. við Vinnuveitendasamband Íslands um aðild þess að því að byggja upp starfsnám og verkmenntun í landinu. Vinnuveitendasambandið hefur tekið því máli öllu mjög vel og mín reynsla var sú þegar ég fór með þessi mál að það væri ekki lakara að tala við Vinnueitendasambandið en Alþýðusambandið um þessi mál af einhverjum ástæðum. Meðal annars vegna þess, fannst mér, að Alþýðusambandið var að nokkru leyti í erfiðleikum með það að vera límt fastar á sveinsprófa- og sveinsréttindakerfið en Vinnuveitendasambandið var. Þannig að í rauninni leysir þetta svar ekki þann vanda sem eftir stendur. Það er ekkert hér, ekki neitt af neinu tagi sem tryggir það sem á þó að vera meginleiðarhnoða þessa frv. Ekkert. Það hefur ekkert komið fram í ræðum eða andsvörum eða nokkru sinni, því miður. Ég hefði haft gaman af því að heyra það, ég segi það eins og er, hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Þú sérð ljósið seinna.)

[22:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar ágætu umræður. Ég vík þá fyrst að síðasta þættinum sem hér var til umræðu, spurningunni um það hvort í þessu frv. sé eitthvað sem valdi því að það verði meiri áhersla lögð á starfsnám en áður. Eins og málið blasir við mér sem starfandi menntmrh. og þeim erindum sem við blasa og þeim óskum sem fram hafa komið og þeim hugmyndum sem uppi eru um starfsnám er alveg ljóst að það er nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. til að hægt sé að bregðast við því og taka á þeim málum með þeim hætti og óskir liggja fyrir um. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvað menn eigi við þegar rætt er um starfsnám nú á tímum. Eitt af því sem þarf að vinna og þarf að skilgreina er hvaða nám það er sem við flokkum undir starfsnám. Menntmrn. hefur m.a. veitt Gerði Óskarsdóttur, nýráðnum skólafulltrúa hér í Reykjavík, styrk til að skilgreina starfsnámsbrautir. Og Borgarholtsskóli sem nú er að fara af stað ætlar að taka mið af þeirri vinnu sem þar hefur verið unnin. Spurningin er sú hvort það eru 80, 100 eða 120 starfsnámsbrautir sem hugsanlegt er að skilgreina hér til þess að fólki sé boðið upp á það nám í framhaldsskóla sem dugar því vel í lífi og starfi. Það er þetta sem er kannski mest spennandi núna þegar fjallað er um starfsnámið að velta því fyrir sér hvernig á að skilgreina það, hvað er það sem við erum að fjalla um þegar við tölum um starfsnám og hvernig getum við boðið það sem víðast og látið það þróast í nágrenni við framhaldsskólana á hverjum stað, hvernig getum við skilgreint starfsnám þannig að framhaldsskólarnir geti komið til móts við byggðarlög sín og tekið þátt í þeirri uppbyggingu sem þar þarf að eiga sér stað og veitt nám á þeim forsendum.

Ég held að það sé samdóma álit allra sem líta á frv. jákvæðari augum en hv. þm. Svavar Gestsson að frv. auðveldar það að takast á við þessar nýju hugmyndir og þessi málefni. Það er alveg greinilegt. Hugmyndin um kjarnaskóla og þróunarstarf sem yrði unnið undir þeim formerkjum ætti einnig að auðvelda mönnum að takast á við þetta. Ég held því að það sé ekki réttmætt að halda því fram að í þessu frv. sé ekkert sem ekki sé í gildandi lögum. Þvert á móti er hér farið inn á nýjar brautir og auðveldara er að takast á við þetta í samvinnu við fagfélögin og þá sem á vettvanginum starfa og laga skólakerfið að þessum breyttu aðstæðum og þessum breyttu kröfum og þessum nýju hugmyndum. Þetta finnst mér að menn eigi að hafa í huga þegar um þetta er rætt.

Ég er einnig sammála því sem fram hefur komið að nauðsynlegt sé að huga að kynningu á starfsnámsbrautum í grunnskólanum. Menntmrn. hefur lagt slíku átaki lið, einnig svokölluð iðnverkefni þar sem farið er með kynningu á starfsnámi í grunnskólana. Það er verið að gefa út bæklinga og kynna leiðir til starfsnáms og leggja upp á þeim forsendum að grunnskólanemendur átti sig betur á því hvaða nám er í boði, hvað það er sem þarf að læra til þess að stunda ákveðnar starfsgreinar. Þetta verk hefur verið unnið og er unnið í grunnskólanum. Í grunnskólunum er einnig tekist á við þetta með þeim hætti að tengja grunnskólana meira inn í atvinnulífið í nágrenni skólanna. Við getum farið upp í Breiðholt eða upp í Grafarvog og fylgst með því hvað hefur verið gert í skólum þar til að tengja námið í grunnskólunum inn í atvinnulífið í kringum grunnskólana og þannig á þetta að vera. Strax í grunnskólanum á að vekja áhuga á starfsnáminu og síðan á framhaldsskólinn að endurspegla það sem er á hverjum stað og laga sig að því þannig að hann sé lifandi þátttakandi í byggðarlagi sínu. Einnig er gengið skrefi lengra með þessu frv. þegar framhaldsskólanum er heimilað að hefja samstarf og stofna til samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög og atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa um fullorðinsfræðslumiðstöðvar. Þar er framhaldsskólanum heimilað að verða þátttakandi í símenntun og endurmenntun og þannig virkari í byggðarlögunum og taka þátt í starfsmenntun hjá þeim sem eldri eru. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að menn hafi í huga þegar litið er á frv. og hvað það hefur í för með sér verði það samþykkt sem ég tel fullvíst að verði gert. Og það er alls ekki rétt að halda því fram að þetta frv. sé skref aftur á bak eða gangi ekki í aðra átt en núgildandi lög. Hér er þannig að verki staðið að ég held að tækifærin eigi að aukast.

Skólafræðingar og sérfræðingar í skólamálum hafa hins vegar skilgreint óvini starfsnámsins. Dr. Jón Torfi Jónasson hefur skrifað ritgerðir um óvini starfsnámsins og þeir eru ekki í lagafrumvörpum eða lagatextum heldur eru þeir annars staðar í þjóðfélaginu, felast m.a. í því hvernig er háttað uppbyggingu skóla sem veita fræðslu um starfsnám. Vafalaust er rétt að meira fjármagn gæti skilað betri árangri í því skyni en einnig er skynsamlegt að velta fyrir sér verkaskiptingu á milli skóla í þessu tilliti að standa þannig að málum að einstakir skólar fái verkefni sem séu nákvæmlega skilgreind og þeir séu byggðir upp og þar fjárfesti menn í besta tækjabúnaði þannig að a.m.k. á einum stað í framhaldsskólastiginu í landinu séu starfandi skólar sem geti boðið upp á framhaldssnám með hinum besta tækjabúnaði því það er ljóst að við höfum ekki fjármagn til þess að búa alla skóla jafn vel að þessu leyti. Það felst m.a. í hugmyndinni um kjarnaskóla og í hugmyndum um verkaskiptingu á milli framhaldsskólanna sem miðar að því að festa starfsnámið og treysta það í sessi. Dr. Jón Torfi Jónasson hefur bent á að minni skólar eiga það á hættu frekar en stærri skólar að breytast í bóknámsskóla og þar verði ekki stundað starfsnám með sama hætti og í fjölmennari skólum þar sem verkaskiptingin er önnur. Einnig hefur hann bent á það að atvinnulífið sé yfirleitt ekki þannig, hvað sem menn segja og hversu fjálglega sem menn tala, að

það meti endilega menntun meira en annað og atvinnulífið gefi framhaldsskólanemum eða skólafólki ekki vísbendingar um það að sérmenntun eða mikil áhersla á menntun skili betri árangri þegar komið er út á hinn almenna vinnumarkað. Það eru ýmsir slíkir þættir sem þarf að hafa í huga þegar metið er og farið er yfir stöðu starfsnámsins hvers vegna, þrátt fyrir góðar yfirlýsingar og heitstrengingar í þessum sal og annars staðar, ekki hefur gengið betur en raun ber vitni á því sviði.

En þessi vandi er ekki bundinn við Ísland. Hann er alls staðar fyrir hendi og það er sama hvar skólamenn og ráðherrar eða stjórnmálamenn koma saman og ræða um þessi málefni að alls staðar standa þeir frammi fyrir þeirri staðreynd að þrátt fyrir áherslu í orði á starfsnám og mikilvægi þess er þróunin í þá átt að nemendurnir sækjast frekar eftir bóknáminu jafnvel í þeim löndum þar sem sérstök áhersla er lögð strax á unga aldri á vísinda- og tæknibekkingu, þar er þróunin sú að þegar nemendur koma á efri ár fara þeir frekar í lögfræði eða hagfræði eða læknisfræði en þær greinar sem slík fræðsla hefði frekar átt að hvetja þá til. Við getum nefnt lönd eins Ísrael og Singapore þar sem sérstök áhersla hefur einmitt verið lögð á þetta miklu markvissara en annars staðar en þegar upp er staðið standa menn frammi fyrir því að önnur fög eru í tísku, ef má orða það svo, eins og lögfræði og læknisfræði þar sem menn vænta greinilega meiri áhrifa og meiri tekna en í öðrum störfum. Það er eitthvað sem við getum ekki ráðið við og eitthvað sem liggur í öðru en lögunum eða því markmiði endilega sem menn setja sér með skynsamlegri menntastefnu. Þetta vildi ég segja almennt um þetta því að ég held að það sé mikil skammsýni að álykta sem svo að þetta frv. geti í fyrsta lagi leyst allan vanda, það gerir það ekki, eða hins vegar að það gangi ekki fram á veg í þessu efni miðað við núgildandi lög. Ég held að ekki sé hægt að rökstyðja þá skoðun hv. þm. Svavars Gestssonar.

Varðandi einstök önnur atriði, sem hafa komið fram í umræðunum, vil ég víkja að því sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi í upphafi máls síns þegar hann ræddi um fjármál framhaldsskólanna og hvaða horfur væru í því efni á komandi ári. Um það vil ég hafa fá orð en ef ætlunin er að ná fram þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar sem við vitum að er yfirlýst, þ.e. að draga úr fjárlagahallanum hlýtur það að koma niður á menntamálunum eins og annars staðar. Við stöndum frammi fyrir ýmsum erfiðum ákvörðunum að því leyti þegar til þeirra hluta er litið og ég vil ekki fullyrða neitt um það hver niðurstaðan verður en að sjálfsögðu líta menn á menntmrn. eins og önnur ráðuneyti þegar til þess er gengið að draga úr ríkisútgjöldum þó ég voni sem menntmrh. að menn hiki ekki við að raða málum eftir mikilvægi og eftir þeim yfirlýsingum og heitstrengingum sem gefnar hafa verið um einstaka málaflokka. Ef tekið er mið af því ættu menntamálin að njóta meiri velvildar hjá fjárveitingavaldinu en ýmsir aðrir þættir þegar að því kemur að draga úr ríkisútgjöldum en um það ætla ég ekki að segja.

Ef ég lít á brtt. sem hv. þm. gerði að umtalsefni sérstaklega og varðar 3. gr. frv. um gildistöku þess ákvæðis sem þar stendur að kennsludagarnir verði ekki færri en 145 vil ég geta þess að ég lít ekki þannig á að til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd þurfi að endurnýja kjarasamninga við kennara. Ég tel að það rúmist innan núgildandi kjarasamninga. Kennarar eru annarrar skoðunar og ég hef í viðræðum við kennara talið mig hafa lagt fram upplýsingar sem sýni að unnt sé að ná þessu markmiði án þess að kollvarpa kjarasamningum kennara en um það eru menn ekki sammála. Ég minni á það að skv. 47. gr. laganna eiga lög þessi að öðlast gildi 1. ágúst 1996 en skuli síðan koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaárs 2000–2001. Ég tel að gildistökuákvæðið, 1. ágúst 1996 miðað við næsta skólaár, gefi ekki svigrúm til þess að 3. gr. komi til framkvæmda á næsta skólaári þannig að það verði að gefa meira svigrúm en frá 1. ágúst fram til 1. september þegar skólarnir hefjast til þess að hrinda henni í framkvæmd. Ég lít þannig á að hún verði komin til framkvæmda í fyrsta lagi skólaárið 1997–1998 og þá hafa menn ráðrúm til þess að taka á þeim málum sem uppi eru vegna þeirra hluta sem hér hafa verið nefndir þó ég sé því ósammála að það þurfi að hrófla við kjarasamningum kennara vegna gildistöku þessa ákvæðis. Þarna held ég að komið sé til móts við það sem segir í 8. tölul. í brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar og þess vegna þurfi ekki að lögfesta neinar breytingar eða bráðabirgðaákvæði við þetta frv. vegna þessa máls. Ég held að nægilegt sé að vísa til gildistöku ákvæðanna í 47. gr. og ég er þeirrar skoðunar og lýsi því yfir að ég tel að svigrúmið frá 1. ágúst til 1. september á þessu ári sé of þröngt til að hrinda þessu í framkvæmd og það sé eðlilegt að menn gefi sér tíma fram til næsta skólaárs 1997–1998 til þess að það markmið náist.

Varðandi aðra þætti í brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar, t.d. um aðalnámskrána í 4. tölul., að í henni skuli tilgreina mat á námi til námseininga, tel ég að þetta felist í raun og veru í núgildandi ákvæði og þurfi ekki að árétta með þessum hætti.

Varðandi það að kennarar eigi að segja álit sitt á því hver sé skipaður skólameistari vek ég athygli á því að í 9. gr. eru ákvæði um almenna kennarafundi þar sem segir að þeir eigi að fjalla um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat og aðra starfsemi. Síðan segir að menntmrh. eigi að setja reglugerð um starfssvið kennarafunda og þá hlýtur að koma til álita við smíði þeirrar reglugerðar að taka þar fram að umsögn um skólameistara sé á verksviði kennarafunda og þurfi ekki að setja um það ákvæði í lögin heldur sé unnt að taka á því með reglugerð á grundvelli 9. gr. þar sem er vísað í aðra starfsemi skólans og þar séu forsendur fyrir slíku reglugerðarákvæði.

Þannig má fara yfir ýmsar af þessum greinum þar til kemur að grundvallarágreiningi sem kann að vera um það hverjir eiga að sitja í skólanefndum eða varðandi 15. gr. en ég er ekki sammála þeirri túlkun á henni sem hér hefur komið fram að hún sé jafnþrengjandi og um er talað. Þegar menn tala fjálglega um það hér að það sé eitthvert nýmæli að tekið sé inn í framhaldsskóla á grundvelli einkunna vil ég ítreka það sem ég sagði um Menntaskólann á Akureyri í umræðum hér áður að þar taka menn inn á grundvelli einkunna og einnig í Menntaskólanum í Reykjavík og fleiri skólum. Hér er því ekki um það nýmæli að ræða sem menn láta í veðri vaka á þessum stað þannig að ég tek undir ýmislegt sem kemur fram í þessum brtt. en tel unnt að hrinda því í framkvæmd án þess að frv. sé breytt.

Ég tek undir orð hv. formanns menntmn., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þegar hún gagnrýnir það orðalag hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur að þetta séu ómannúðleg lög, ef samþykkt verða. Mér finnst að slík orðanotkun varðandi þessi lög sé út í hött. Auðvitað eru þetta ekki ómannúðleg lög þótt að menn séu kannski ekki sáttir við allt sem í frv. stendur. Það er ekki verið að fjalla um nein mannúðarmál í þeim skilningi að verið sé að níðast á einhverjum með þessu laga-

frumvarpi og að nota orð af þessu tagi um frv. sem þetta er mengun á íslenskri tungu. Það er verið að útjaska orðum sem menn eiga að nota þegar eitthvað mikið er í húfi en ekki frv. eins og hér er um að ræða. Það er alls ekki verið að níðast á neinum með þessu frv. eða gera ungu fólki lífið erfiðara, þvert á móti. Það er verið að auka valkosti ungs fólks og koma til móts við óskir þess og þessara skóla og bregðast við viðfangsefnum í menntamálum þjóðarinnar með jákvæðum og uppbyggilegum hætti.

Þá vil ég víkja að tillögu hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur. Ég tel að í frv. sjálft byggist allt saman á þeirri meginhugsun að ekki sé gerður greinarmunur á fötluðum og ófötluðum nemendum og að leiðarljósi verði haft við framkvæmd frv. eða laganna verði frv. samþykkt að Salamanca-yfirlýsingin og aðrar slíkar yfirlýsingar sem eru stefnumarkandi yfirlýsingar um það hvernig staðið skuli að því að auðvelda fötluðum nemendum nám á framhaldsskólastigi eins og annars staðar. Það er gleðilegt til þess að vita að Íslendingar hafa fengið viðurkenningu Evrópusambandsins vegna þess hvernig tekist hefur til við kennslu fatlaðra, m.a. Menntaskólinn við Hamrahlíð, og verður sú viðurkenning veitt í næsta mánuði. Þar verður litið til okkar sem fordæmis um það hvernig skynsamlega er á málum tekið.

Varðandi það sem segir í 19. gr. þá held ég að það geti verið nauðsynlegt að hafa heimildir eins og þar er mælt fyrir um vegna sérstakra aðstæðna.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir vísaði til þess, eins og það hefði eitthvað komið úr lausu lofti að vandi Öskjuhlíðarskólans og þeirra nemenda sem þar eru sé leystur. Það var vegna þess að menntmrn. tók á málinu og hefur mótað ákveðna stefnu varðandi nemendur þar að þeir sem eru að útskrifast úr 10. bekk grunnskóla núna geta farið í starfsdeild þar og a.m.k. næsta vetur vegna samninga við Reykjavíkurborg þá sjáum við hvert framhaldið verður á því. Þeir sem eru búnir með eitt ár í starfsdeildinni í Öskjuhlíðarskóla geta lokið á næsta ári og verið þar í tvö ár og þeir sem eru búnir með tvö ár geta annaðhvort farið í Iðnskólann í Reykjavík eða Borgarholtsskóla og haldið þar áfram. Ég held að það séu slík sjónarmið sem menn hafa í huga þegar verið er að veita menntmrh. þessa heimild, að nauðsynlegt sé í sérstökum tilvikum að taka á málum einstakra nemenda. Það er ekki meginreglan. Þetta er eins og menn sjá þegar þeir lesa lögin eða frv. engin undantekningarregla og ég held að nauðsynlegt sé að slá slíkan varnagla í þessu frv. til að unnt sé að taka á öllum málum og bregðast við í öllum tilvikum því ekki er eins komið fyrir öllum einstaklingum í þessum hópi. Það þarf því að grípa til ýmissa úrræða.

Ég hef fullan skilning á því sjónarmiði sem kemur fram í breytingartillögunni og því meginviðhorfi sem þar er lýst og mun í störfum mínum hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem þar eru en ég tel ekki skynsamlegt að breyta frv. og tel það óþarft sérstaklega þegar ég heyrði hv. þm. lýsa skilningi sínum á 2. mgr. 19. gr. frv.

Að því er varðar fullorðinsfræðslulöggjöfina og brottfall hennar með lögfestingu þessa lagafrv. tel ég eftir að hafa farið í gegnum viðræður við aðila vinnumarkaðarins um fullorðinsfræðsluna og eftir að hafa kynnst því í hvaða vandræðum menn lentu með framkvæmd fullorðinsfræðslulaganna að verið sé að taka á málum af raunsæi og með það í huga að grípa til aðgerða en ekki til þess að halda áfram að hjakka í sama farinu ef ég má orða það svo án þess að nokkuð gerist og án þess að menn kæmust neitt áfram. Lögin sem verða afnumin með samþykkt þessa lagafrv. held ég að hafi verið gagnslítil þótt ég hafi á sínum tíma staðið að því að samþykkja þau. Í reynd var aldrei unnt að framkvæma þau og fullorðinsfræðslan var í blindgötu en með þeirri tilhögun sem hér er tekin upp er hún tengd inn í framhaldsskólann. Eins og ég sagði lít ég á það sem sérstakt gildi fyrir framhaldsskólann að geta verið þátttakandi í fullorðinsfræðslu í byggðarlögum sínum og í nágrenni sínu til þess að hann verði lifandi þátttakandi í uppbyggingu og þeirri starfsemi sem fer fram á hverjum stað.

Mér finnst óþarfi að fjalla um fullyrðingar eins og þær að þetta frv. beri það með sér eða meðferð málsins að litið sé á kennara eins og óvini skólakerfisins númer eitt eins og hv. 8. þm. Reykn. gat hér um. Að sjálfsögðu er ekki litið á kennara sem óvini skólakerfisins. Um þetta mál hafa farið fram viðræður við kennara og ég hef átt viðræður við kennara. Að sjálfsögðu erum við ekki sammála um allt en að mörgu leyti hef ég komið til móts við sjónarmið þeirra og ég held að broddurinn úr gagnrýni þeirra sé tekinn með þeirri meðferð sem þetta mál hefur fengið og þeirri meðferð sem málið mun fá og hvernig á því verður tekið eftir að frv. verður samþykkt og það sé með engum rökum unnt að halda því fram að í þessu máli hafi verið staðið þannig að verki að kennurum hafi sérstaklega verið ögrað. Að sjálfsögðu eru menn ekki sammála um allt og það verða menn að sættast við. Alþingi hefur síðasta orðið í þessu máli eins og öðrum er varða lagasetningu.

Að því er varðar kostnaðarskiptinguna finnst mér óþarfi að endurtaka það sem ég sagði í síðustu umræðu um málið í ágætum umræðum um það mál sem snerist að verulegu leyti um kostnaðarþáttinn og skiptingu á kostnaði milli ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu á heimavistum. Það er ljóst að það er á Akranesi, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Laugarvatni sem helst skortir heimavistir. Ég er reiðubúinn til þess að láta gera heildarúttekt á þörf fyrir aukið heimavistarrými, efna til málþings til að átta sig á því hvaða leiðir eru skynsamlegastar á hverjum stað til að fjármagna byggingu heimavista og einnig mun ég nýta mér þá heimild sem fram kemur í greinargerð með frv. sem er þess eðlis að unnt er að semja við einstök sveitarfélög um kostnaðarþátttinn sérstaklega. En ég tel að það sé mjög óskynsamlegt að hverfa frá því meginsjónarmiði sem frv. mælir fyrir um um þessa kostnaðarskiptingu, 40% á móti 60%. Eftir því sem ég kynni mér málið betur þeim mun sannfærðari er ég um að það sé nauðsynlegt, skynsamlegt og réttlætanlegt að sveitarfélögin séu þátttakendur í uppbyggingu á heimavistunum því að þær nýtast sveitarfélögunum ekki síður en nemendunum og ríkisvaldinu þegar upp er staðið og þau eigi að vera þar þátttakendur og eigi að hafa sitt að segja um það. Ég hef ekki skipt um skoðun við umræður um þetta, þvert á móti hef ég sannfærst betur um réttmæti þess að hafa þá reglu sem mælt er fyrir um í frv. með þeim fyrirvörum sem koma fram í greinargerðinni og með þeim ásetningi mínum að á þessu máli verði tekið heildstætt og síðan sérstætt á einstökum stöðum þegar til framkvæmda kemur.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vék að spurningunni um kjarnaskóla og 31. gr. frv. og spurði sérstaklega um Menntaskólann í Kópavogi. Það er rétt sem hv. þm. sagði að einmitt um þessar mundir er verið að efna gömul fyrirheit um það að matvælakennsla og matvælafræðsla og Hótel- og veitingaskólinn flytjist í Kópavog. Hann mun taka þar til starfa næsta haust. Ég sé það ekki sem neina ögrum við

það starf að á Akureyri þróist einnig matvælakennsla á þeim forsendum sem þar er um að ræða. En ég er tilbúinn til þess, komi fram óskir um það, að Menntaskólinn í Kópavogi verði kjarnaskóli á þessu sviði. Það er sjálfsagt að skoða það. En eins og segir í frumvarpstextanum í 31. gr. þarf menntmrh. að geta að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoða aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði. Það er ekki verið að tala um að skólinn einoki námið fyrir landið allt heldur hefur hann ákveðnu hlutverki og þróunarstarfi að gegna. Ef aðilar málsins sem þurfa að þessu að koma eins og hér er um getið vilja beita sér fyrir því í Menntaskólanum í Kópavogi þá held ég að það hljóti að verða tekið til velviljaðrar skoðunar. Það er að vísu ekki búið að móta reglurnar um kjarnaskólana og menn hafa ekki áttað sig nákvæmlega á því í smáatriðum hvernig að því verður staðið. En eins og ég verð var við telja ýmsir að þetta sé mjög spennandi viðfangsefni. Það er alveg ljóst að hér á höfuðborgarsvæðinu er Menntaskólinn í Kópavogi sérstaklega álitlegur vegna þess sem við höfum verið að ræða, matvælanámsins og síðan Borgarholtsskóli út af málmiðnaði og bíliðngreinum. Þannig mætti fara yfir fleiri skóla en þessir hafa kannski einna mesta sérstöðu miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um verkaskiptingu sem eru að vísu mjög erfiðar ákvarðanir fyrir ýmsa skóla sem telja sig missa spón úr aski sínum og standa eftir höllum fæti sem ég tel nú að eigi ekki endilega við rök að styðjast.

Hv. 8. þm. Reykn. nefndi sem gróusögu, sem ég átti ekki von á að menn færu að bera inn í þingsalinn, um að aðalnámskrá framhaldsskóla yrði ekki tilbúin fyrr en árið 2001. Ég veit ekki hvaðan þessi saga er upprunnin en markmið mitt er að lokið verði við að semja aðalnámskrá fyrir grunnskólann og framhaldsskólann á næstu tveimur árum. Ég hef sett það markmið í menntmrn. í þau störf sem þar eru að hefjast að ljúka þessu helst á tveimur árum bæði fyrir grunnskólann og framhaldsskólann. Það er mikið verkefni og e.t.v. ekki unnt að ná því á þeim tíma. En mér finnst að þó sé raunsætt að gera ráð fyrir því ef vel tekst til og góð samvinna skapast að unnt verði að ljúka gerð aðalnámskrár fyrir þessi tvö skólastig á tveimur árum svo framarlega sem þetta frv. verði samþykkt og svo framarlega sem flutningur grunnskólans gengur fyrir sig eins og að er stefnt.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hverjir mundu koma að þessu verki. Innan ráðuneytisins hefur starfsmaður verið verkefnaráðinn til þess að vinna með deildarstjóranum í grunnskóladeildinni, Hrólfi Kjartanssyni, og í framhaldsskóladeildinni, Herði Lárussyni, og síðan með Stefáni Baldurssyni, skrifstofustjóra í mennta- og vísindadeildinni. Þeir munu gera starfsáætlun sem síðan verður unnið eftir. Þar munu verða kallaðir til kennarar og aðrir sem þurfa að koma að verkinu og spurning er hvort ekki verði auglýst eftir mönnum sem hafa áhuga á þessu þannig að það verði gert eins mikið fyrir opnum tjöldum og kostur er og unnið að málinu. Sá sem vinnur þetta verk með þeim núna heitir Jónmundur Guðmarsson og er hann að taka þetta saman og leggja þetta fyrir. Ég hef einnig áhuga á því þegar hugmyndir liggja fyrir að fá e.t.v að kalla á menntmn. Alþingis, sem starfar á milli þinga, og fá að ráðgast við hana um einstaka þætti ef svo ber undir og ef nefndarmenn hefðu áhuga á því að taka þátt í slíku starfi gætu þeir það því eins og við vitum er þetta faglegt starf, þetta er skipulegt starf og það þarf einnig að taka mikilvægar pólitískar ákvarðanir sem mér finnst eðlilegt að fulltrúar stjórnmálaflokkanna komi að. Þar finnst mér að ég geti átt samráð við menntmn. þingsins og kallað hana til fundar til þess að fara yfir atriði í þessu ef svo bæri undir þótt málinu yrði ekki skotið til hennar. Ekki ætla ég að brjóta gegn þingsköpum en mér finnst að í menntmn. hafi safnast fyrir ákveðin sérþekking á skólamálum sem mér finnst sjálfsagt að færa mér og ráðuneytinu í nyt við jafnviðamikið starf og endurskoðun námskrár er. Slíkar meginákvarðanir sem lytu að pólitískri hlið málsins, ef ég má orða það svo, yrði að taka á næstu mánuðum og síðan færi vinnan af stað og unnið yrði að því eins skipulega og kostur er með það að markmiði að þetta taki ekki mjög langan tíma.

Ég vil einnig lýsa því yfir að verði frv. samþykkt núna hef ég fullan hug á því að setja af stað starf í svipuðum dúr og unnið var á grundvelli grunnskólalaganna við að semja þær reglugerðir, reglur og annað slíkt sem þarf að setja á grundvelli laga. Í mörgum greinum er gert ráð fyrir því að settar séu reglugerðir og ég tel mjög brýnt að það sé gert sem allra fyrst og að það verði gert á svipaðan hátt og staðið hefur verið að því að setja reglugerðir á grundvelli grunnskólalaganna sem hefur gengið mjög vel og þarf að liggja fyrir. Kröfurnar um slíkar reglur og gegnsæi í skólakerfinu eru sífellt að aukast. Við höfum nýlega samþykkt upplýsingalög, stjórnsýslulög og aðra slíka lagabálka sem snerta skólastarfið einnig þannig að kröfur til stjórnvalda um það að reglur séu skýrar og starfsaðferðir skýrt mótaðar eru mjög brýnar.

Þess vegna m.a. tel ég að það sé mjög mikilvægt skref í þróun íslenskra skólamála ef frv. verður samþykkt á þessu þingi. Ég tel að það muni færa okkur fram á veginn þótt það leysi auðvitað ekki úr öllum vanda og við glímum enn við hina sex óvini starfsnámsins sem er kannski ekki á valdi okkar stjórnmálamannanna að sigrast á.

[23:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ræðu hans. Mér fannst hún staðfesta það mjög vel að það er óþarfi að vera að taka þetta mál í gegnum þingið með þeim hætti sem hér er ætlunin að gera.

Í fyrsta lagi er ljóst að á grundvelli gildandi laga er hægt að efna til þess samstarfs við atvinnulífið sem hann talaði um, t.d. á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem gerð var á síðasta kjörtímabili undir forustu þáv. menntmrh. varðandi prentnámið sérstaklega.

Í annan stað held ég að það sé hægt að koma því við að ákveða að skólar hafi sérstök verkefni, eins og hæstv. ráðherra kom hér að, m.a. þessir kjarnaskólar. Vandinn þar hefur alltaf verið sá að ráðherrarnir hafa yfirleitt verið feimnir við að taka ákvarðanir um verkaskiptingu skólanna. Það endaði með því t.d. um skeið að það voru allt í einu stofnaðir tveir framhaldsskólar í Suður-Þingeyjarsýslu með fullri virðingu fyrir þeim. En það var ekki mikil verkaskiptahugsun á bak við þá niðurstöðu þegar hún varð til á sínum tíma. Það hefur verið vandinn að í menntmrn. hafa menn ekki þorað að raða hlutum í forgangsröð og það er hægt að gera á grundvelli gildandi laga. Vandinn er ekki sá að svo og svo margir vilji fara í lögfræði og svo og svo margir í læknisfræði. Vandinn er sá að svo og svo margir fara ekki í neitt, það er aðalvandinn

á Íslandi. Og því miður er ekkert í þessu frv. sem tekur á því máli, eins og ég hef reyndar margoft sagt.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann sagði varðandi 3. gr. sem mér fannst merkilegt. Það leiðir til þess að ég íhuga hvort ég dreg til baka tillögu mína nr. 8. En ég segi hins vegar að gildistökugreinin í frv. er náttúrlega alveg með ólíkindum og hún er sjálf staðfesting á því að frv. er óþarft. Hér stendur, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 2000–2001." *Ég man ekki til þess að* menn hafi samþykkt gildistökuákvæði með teygju eins og hér er gerð tillaga um.

[23:02]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að mínu mati verið að níðast á fólki þegar fólki er stíað í sundur og dregið inn í ákveðna dilka, inn á ákveðnar brautir við 15 ára aldur sem það kemst ekki út af. Forsendur slíkra ákvæða eru í mörgum tilvikum mjög veikar. Ég vil þess vegna kalla þetta frv. ómannúðlegt. Hinn harði heimur samkeppninnar er raunveruleiki sem forðast er að horfast í augu við bæði í leikskólanum og innan grunnskólans í lengstu lög. Fyrr eða síðar tekur raunveruleikinn við, það er rétt. En að mínu mati er alveg óþarfi að gera það með jafnósvífnum hætti og hér er lagt til, þ.e. að loka fólk af á þeim brautum sem það velur í upphafi, að öðrum kosti tapar það verulegum einingum eða námsárum. Ég tel þetta ómannúðlegt vegna þess að forsendur slíkra ákvarðana eru veikar og hljóta að vera veikar þar sem þroski 15 ára nemanda er ekki slíkur að hann geti verið með fullmótaðar hugmyndir um sitt framtíðarstarf. Ég tel að námsráðgjöf sé góðra gjalda verð til að veita upplýsingar um störf og leysa *persónuleg vandamál en námsráðgjöf* getur ekki flýtt þroska nemenda til slíkra ákvarðana.

Ég tel að þetta sé jafnilla hugsað fyrirbæri og verknámshugmyndir gagnfræðaskólanna voru forðum og þetta sé jafnómannúðlegt og það var í Bretlandi þegar börn voru sett í „menntaskóla", svokallaða grammar schools, 11 eða 12 ára eða landsprófshugmyndin hér þótti stríða gegn hugmyndinni um jafnrétti til náms. Þess vegna vil ég kalla þetta ómannúðlegt.

Ég vil að lokum þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin varðandi fullorðinsfræðsluna en saknaði þess að fá ekki svör við tómstundanáminu.

[23:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það læðist alltaf að mér sá grunur þegar ég heyri hv. þm. tala um frv. að við séum að tala um ólíka hluti. Það getur ekki verið að frv. sé eins og hv. þm. er að lýsa því. Ég hef lesið það oft og ég hef farið oft gegnum það og það er ekki svona eins og hv. þm. er að lýsa því. Þess vegna tel ég að það sé með öllu óréttmætt að tala um að hér sé ómannúðlega að verki staðið. Það er ekki verið að loka ungt fólk inni á neinum brautum eða setja það á einhverja námsklafa sem það losnar ekki af. Ég andmæli þessu enn og tel að við séum í raun og veru að tala um eitthvert annað mál en þetta frv. ef við ætlum að ræða það á þeirri forsendu sem hv. þm. gerði.

Varðandi tómstundanámið þá er það nám sem unnt er að stunda og ráðuneytið mun ekki hafa nein sérstök afskipti af því. Það er hins vegar í annarri grein en þeirri sem fjallar um fullorðinsfræðsluna fjallað um að þeir sem hafa upp á tómstundanám að bjóða geta fengið viðurkenningu ráðuneytisins ef þeir kjósa, sem ætti þá að auðvelda þeim að sýna fram á að þeir séu með nám í boði sem fellur að skólakerfinu. Einnig eru í frv. opnaðar nýjar leiðir að þessu leyti, bæði fyrir aðila til þess að fá viðurkenningu ráðuneytisins og einnig varðandi rekstur á einkaskólum og annað slíkt. Ég held því að það sé ekki heldur unnt að segja að það sé verið að leggja stein í götu tómstundanámsins og þeir sem fjalla um fullorðinsfræðsluna í ráðuneytinu og í tengslum við þetta munu að sjálfsögðu huga að tómstundanáminu og sjá hvernig unnt er að bregaðst við óskum á því sviði.

[23:07]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ákvæði sem ég gerði að umtalsefni til þess að rökstyðja það að ég væri að tala um ómannúðlegt frv. er m.a. það ákvæði í frv. þar sem talað er um að námsbrautir séu skipulagðar með lokamarkmið náms að leiðarljósi. Þetta mun óneitanlega bæði hafa í för með sér að nemendur þurfa að fara meira á milli skóla miðað við vinahópinn og einnig verður erfiðara að flytja sig á milli brauta.

[23:07]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans ítarlegu svör við umræðunni um framhaldsskólafrv. Ég þakka honum enn fremur fyrir það að minna mig á þá sameiginlegu aðdáun sem við greinilega höfum á Menntaskólanum við Hamrahlíð. Ég get fullvissað hann um að ég hef fylgst þar vel með starfi og það sem kannski fær mig til þess að koma upp með andsvar er einmitt sú staðreynd að það hafa verið geysilega miklir og skemmtilegir vaxtarbroddar í framhaldsskólunum sem hafa fengið að þróast án þess að vera settir í bása eins og ég tel að hér sé verið að gera með stofnun sérstakra deilda eða heimildarákvæðum um stofnun sérstakra deilda við framhaldsskólana. Það er einmitt verið að þjóna geysilega mörgum og fjölbreyttum hópum fatlaðra nemenda í framhaldsskólunum í dag. Ég nefni Menntaskólann við Hamrahlíð og Iðnskólann í Reykjavík. Þar hefur ekki verið farið út í það að stofna sérdeildir fyrir þessa hópa. Því tel ég að þetta orðalag sem hér er notað í 19. gr. sé í raun skref til baka og endurspegli ekki þann raunveruleika sem framhaldsskólinn hefur þó verið að þróa fram að þessu.

Það er ekki við hæfi að ég leiðrétti hæstv. ráðherra en ég get ekki á mér setið. Það er rétt að Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur verið tilnefndur til verðlauna hjá Evrópusambandinu, í Heliosverkefni Evrópusambandsins. Verðlaunin hafa hins vegar ekki verið ákveðin og verða ekki ákveðin fyrr en 3. desember nk. Það kann að vera að þetta hafi ekki komist nægilega vel til skila til hæstv. ráðherra. En ég skora enn og aftur á hæstv. ráðherra og formann menntmn. að endurskoða viðhorf sín til skilgreiningarhugtaka því að þau skipta meginmáli þegar rætt er um minnihlutahópa.

[23:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ábendingu. Það er rétt að kannski var ég ónákvæmur í orðum. Eins og ég skil það þá hefur Hamrahlíðarskólinn verið tilnefndur og síðan koma sérfræðingar frá Evrópusambandinu til að meta hann núna í sumar. Vonandi rætast þau orð að hann fái þessa viðurkenningu á grundvelli þessa verkefnis.

Það hefur einnig gerst innan þess skóla að það hefur verið ákveðið að stofna þar embætti kennslustjóra fyrir fatlaða og

kennarafundur hefur nýlega samþykkt það. Til þessa verks verður því gengið og það er mikilvægt skref í þessa átt. Ekki má gleyma því að í Borgarholtsskólanum er einnig verið að leggja sérstaka áherslu á kennslu fyrir fatlaða og þannig er víða verið að byggja þetta upp. En ég held að hvað sem þessu líður eigi þetta að falla inn í almenna skólakerfið og það sé nauðsynlegt að hafa þessa heimild til þess að stofna sérdeildir til þess að bregðast við í slíkum tilfellum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, 2. umr.

Stjfrv., 501. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 878, nál. 992, brtt. 993.

[23:11]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.

Menntmn. hefur fjallað um málið sem er flutt vegna yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og er það byggt á samkomulagi milli aðilanna frá því í mars sl. Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Miða breytingarnar annars vegar að því að gera ákvæði 1. gr. skýrara en samkvæmt því er Sambandi ísl. sveitarfélaga falið frumkvæði að lausn á málefnum grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila.

Líklegt er að á ákvæðið reyni fyrst og fremst varðandi sérskóla, en mjög mikilvægt er að tryggja grundvöll þeirrar viðkvæmu starfsemi sem þar fer fram. Hins vegar miða tillögurnar að því að endurskoða skuli ákvæði 1. gr. fyrir 1. janúar 1999 eða á tímabilinu í kjölfar flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.

[23:12]

Útbýting þingskjala:

Virðisaukaskattur, 444. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1088.

Vörugjald, 445. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1089; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1090.

[23:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um grunnskóla byggist á samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna vegna kostnaðar- og tekjutilfærslu við flutning grunnskólans eins og fram kemur í greinargerð. Því mætti ætla að hér sé um algert samkomulag að ræða. Þess vegna vil ég gera örstutta grein fyrir því hvers vegna ég skrifa undir nefndarálit menntmn. með fyrirvara. Ástæðan er sú að ég tel að það sé mjög óeðlilegt og eiginlega alveg út í hött að fela frjálsum félagasamtökum eða Sambandi ísl. sveitarfélaga hvort sem er að hafa frumkvæði að lausn málefna grunnskólans, samanber texta brtt. nefndarinnar, eða fara með málefni grunnskólans sem varða skóla þar sem um fleiri en eitt sveitarfélag er að ræða. Þess vegna vekur þetta þá spurningu hvort ætlunin sé að frjáls félagasamtök taki að sér vald eins og þriðja stjórnsýslustigið.

Á milli 1. og 2. umr. fékk menntmn. á sinn fund fjölmarga aðila eins og fram kemur í nefndarálitinu, m.a. fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, menntmrn. og viðkomandi sérskólum, en það eru einkum sérskólarnir sem þessi ákvæði 1. gr. ná til. Eðlilega létu fulltrúar sérskólanna í ljós miklar áhyggjur út af þessu ákvæði. Áhyggjur yfir því að þeir yrðu starfsmenn frjálsra félagasamtaka að því er virtist til frambúðar ef miðað var við frumvarpstextann. Slíkt er að mínu mati fullkomlega óviðunandi bæði faglega og formlega varðandi kjaraleg atriði. Það er að mínu mati alveg ljóst að í þessu máli hefur ríkisvaldið einfaldlega ekki unnið heimavinnuna sína. Því á að redda málum fyrir horn á meðan málin eru óútkljáð og færa frjálsum félagasamtökum, nefnilega Sambandi íslenskra sveitarfélaga, stjórnsýsluvald allt fram til 1. jan. 1999, samanber brtt. nefndarinnar við 6. gr. Það að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga það hlutverk að eiga frumkvæði að lausn málefna grunnskólans sem varðar fleiri en eitt sveitarfélag, en þar eru sérskólarnir umfangsmestir eins og áður segir, hlýtur að orka tvímælis. Það er veruleg spurning hvort þetta muni hafa fordæmisgildi og hvort það sé kannski ætlunin að sambandið verði í auknum mæli umboðsaðili ríkisvaldsins. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh., ef hann er einhvers staðar nærtækur, eða hv. formann menntmn., hvort það sé ætlunin að færa í auknum mæli frjálsum félagasamtökum vald ríkisvaldsins.

Samkvæmt 105. gr. sveitarstjórnarlaga segir að ríkisvaldið viðurkenni Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu. En aðild sveitarfélaganna að þessu sambandi er eftir sem áður frjáls. Í þessu sambandi má nefna að í sambærilegum samtökum í Danmörku er Kaupmannahöfn ekki aðili, þ.e. þessi samtök gætu hugsanlega verið til án þess að Reykjavíkurborg væri í þeim. Þetta er að mínu mati augljóslega laus endi við flutninginn á grunnskólanum til sveitarfélaganna, sem ætti fyrir löngu að vera búið að hnýta. Að mínu mati hefði verið eðlilegast að ríkið sæi um rekstur sérskólanna þangað til samið hefur verið við sveitarfélögin með viðunandi hætti þannig að öll sveitarfélög eigi áfram aðgang að öllum sérskólum án þess að það bitni óhóflega á fjárhag þeirra sveitarfélaga sem hýsa viðkomandi sérskóla og án þess að það verði fjárhagsleg spurning fyrir hvert sveitarfélag hvort það hafi efni á að senda barn í sérskóla eða hvort það eigi að kenna því í héraði. Slíka ákvörðun á að taka á uppeldisfræðilegum eða kennslufræðilegum forsendum en ekki fjárhagslegum. Annað er brot á hugsjóninni um jafnrétti til náms. Þetta verður að mínu mati best gert með því að beita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þannig að viðunandi sé fyrir alla aðila. Þessu starfi er einfaldlega ólokið, því miður, og ég endurtek þá skoðun mína að þessi lausn sem hér er lögð til er klúður. Þess vegna skrifa ég undir nál. með fyrirvara en ég styð þó frv. og við kvennalistakonur í heild ef það má verða til þess að af flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna geti orðið þó útfærslan á fyrstu greininni sé varla boðleg.

[23:20]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns tek ég sérstaklega fram að það hefur aldrei komið til greina að með þessu frv. væri verið að búa til þriðja stjórnsýslustigið. Það er alveg ljóst að enginn vill það, a.m.k. hvorki stjórnarmeirihlutinn né Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég tel að það sé rangtúlkun að túlka það með þessum hætti. Það hefur heldur aldrei staðið til að starfsmenn sérskóla yrðu

starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hins vegar er verið að gera ráð fyrir því í 1. gr. þessa frv. að Samband íslenskra sveitarfélaga geti komið að því að leysa ákveðin vandamál sem koma upp við flutning grunnskólans. Það er ekkert skrýtið þó einhver slík mál komi upp þegar um svo viðkvæman og viðamikinn málaflokk er að ræða eins og grunnskólinn er. Ég tel að það hafi tekist ákaflega vel að leysa þau vandamál sem upp hafa komið fram til þessa. Hér er einmitt verið að taka á því. Það er einfaldlega verið að tryggja tilvist sérskólanna með úrræði sem verður endurskoðað innan ársins 1999. Það er bráðabirgðalausn að Reykjavíkurborg komi að rekstri skólanna. Það er síðan hugsanlegt að sú lausn verði varanleg en það getur líka vel verið að menn leysi það á einhvern annan hátt.

[23:22]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta andsvar hv. formanns menntmn. kemur mér verulega á óvart þar sem farið var vandlega í saumana á því í menntmn. hvaða annmarkar fylgdu því að starfsmenn sérskólanna yrðu starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Reyndar var ekkert rætt sérstaklega um þriðja stjórnsýslustigið en reynt var að andmæla því að um það væri að ræða hér. Þess vegna vil ég spyrja hv. formann: Hverra starfsmenn verða starfsmenn sérskólanna núna á næstunni ef þeir verða ekki starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga?

[23:23]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir verða að sjálfsögðu starfsmenn Reykjavíkurborgar. Með þeirri lausn sem verið er að vinna að, og ég veit ekki annað en hún sé í burðarliðnum og það séu komin drög að samkomulagi um að Reykjavíkurborg annist rekstur sérskólanna næsta ár, verða starfsmennirnir þar með starfsmenn Reykjavíkurborgar.

[23:24]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil gjarnan koma inn í þá umræðu sem hér hefur verið hafin varðandi flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og það frv. sem hér liggur fyrir.

Jafnrétti til menntunar og skólagöngu eru grundvallarmannréttindi og eins og við höfum rætt hér í kvöld er samkvæmt gildandi lögum um öll skólastig það talið til hlutverka skólanna að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun allra nemenda auk þess að búa þá undir líf og starf í samfélaginu. Réttur fatlaðra barna og ungmenna til kennslu og þjálfunar við hæfi í heimaskóla á að vera samkvæmt lögunum ótvíræður. Þetta vil ég undirstrika.

Með þessi réttindi í huga hlýtur það frv., sem hér er lagt fram um breyting á lögum um grunnskóla, að vekja upp nokkrar spurningar. Frv. er flutt vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og byggt á samkomulagi þessara aðila frá því í vor samkvæmt því sem fram kemur í nál. með frv. Það kemur fram í áliti menntmn. Alþingis að ýmsar þær breytingar sem eru boðaðar á frv. séu gerðar að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á það e.t.v. sértaklega við um 1. gr. frv. Vekur það sérstaka athygli að þessar hugmyndir um breytingar hafa ekki verið bornar undir aðra hagsmunaaðila en sveitarfélögin og forsvarsmenn sérskólanna. Ekkert hefur t.d. verið rætt við foreldrafélag fatlaðra barna sem þessar breytingar snerta þó hvað mest. Enda virðist það vera meginmarkmið þessara breytingartillagna að fá sveitarfélögin til að samþykkja yfirtöku á rekstri grunnskólans hvað sem það kostar og jafnvel með því að færa fórnir hvað varðar þarfir, réttindi og hagsmuni nemenda sem eiga undir högg að sækja í grunnskólum landsins í dag.

Staða grunnskólans og möguleikar hans á að veita öllum börnum menntun í samræmi við markmið laganna innan þess fjárhagsramma, sem rekstrinum hefur verið settur, hefur oft verið dreginn í efa. Fjöldi barna sem eiga við ýmsa námsörðugleika að stríða virðist fara sívaxandi. Að mati sérfræðinga á fræðsluskrifstofu Reykjavíkurborgar má líkja þeim fjölda barna í grunnskólum Reykjavíkur í dag, sem hafa fengið skilgreininguna ofvirk, við holskeflu. Það er talað um að 200 börn séu með þessa skilgreiningu eða aðra sem telst þó ekki vera fötlun en sem án verulegs stuðnings og sérkennslu gerir þessum börnum ókleift að tileinka sér námstilboð grunnskólans.

Orsakir þessa vanda eru ekki með öllu ljósar en í því sambandi er talað um aðstæður fjölskyldnanna, langa vistun í heilsdagsskóla, of stóra hópa barna í hverri bekkjareiningu og ofbeldi í fjölmiðlum svo fátt eitt sé talið hér. Það er ekkert um það fjallað í frv. hvernig það hefur verið hugsað að stuðningur við þennan hóp verði fjármagnaður sem hlýtur þó að teljast mikilvægt fyrir sveitarfélögin ekki síður en þessi börn. Það hljóta þó að teljast eðlileg vinnubrögð og málsmeðferð að frá þessu verði gengið áður en Alþingi fer í sumarleyfi. Það hlýtur að vekja áhuga meðal þingmanna að vita með hvaða hætti á að leysa þessi mál.

Ýmsar upplýsingar, sem hér hafa verið settar fram í umræðum um þetta mál, varpa kannski einhverju ljósi á það en í frv. er ekkert um þetta fjallað.

Það er ástæða til að staldra við þær breytingar sem hér eru boðaðar og ekki síst að ígrunda afleiðingar þeirra og kannski ekki síst lögmæti þeirra. Lagt er til í 1. gr. frv. að við 10. gr. laganna um grunnskólann bætist ný málsgrein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samband íslenskra sveitarfélaga fer með þau málefni grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila."

Í athugasemdum við þessa grein segir:

„Þessi viðbót á að tryggja frumkvæði og ábyrgð á málum sem falla undir mörg sveitarfélög, svo sem rekstur sérskóla og skólabúða. Ekki er líklegt að á þetta ákvæði reyni nema rétt á meðan flutningur grunnskólans gengur yfir."

Þegar álit menntmn. um frv. á þskj. 992 er lesið segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Miða breytingarnar annars vegar að því að gera gera ákvæði 1. gr. skýrara, en samkvæmt því er Sambandi íslenskra sveitarfélaga falið frumkvæði að lausn á málefnum grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag og ekki er kveðið á um hvernig fara skuli með í lögum, reglugerðum eða samkomulag hefur náðst um. Líklegt er að á ákvæðið reyni fyrst og fremst varðandi sérskóla, en mjög mikilvægt er að tryggja grundvöll þeirrar viðkvæmu starfsemi sem þar fer fram. Hins vegar miða tillögurnar að því að endurskoða skuli ákvæði 1. gr. fyrir 1. jan. 1999 eða á tímabilinu í kjölfar flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga."

Herra forseti. Samkvæmt þessum breytingartillögum virðist sem verið sé að lögfesta möguleika Sambands íslenskra sveitarfélaga á því að sameinast um rekstur sérskóla. Þetta getur haft þau áhrif að einstök sveitarfélög sjái sér hag

í því að senda börn, sem þurfa mikinn stuðning, í sérskóla á höfuðborgarsvæðinu sem með því yrðu eins konar safnskólar fyrir allt landið. Slíkar hugmyndir hafa áður komið fram og birtust m.a. í áliti nefndar sem vann í tíð síðustu ríkisstjórnar að mótun menntastefnu en þar var sérstaklega fjallað um safnskóla sveitarfélaganna fyrir börn með sértækar þarfir eða fatlanir.

Samtök foreldra fatlaðra barna hafa ávallt lagst gegn slíkum hugmyndum og hafa bent á að slíkt væri andstætt markmiðum laga um grunnskóla en þar segir að stefnt skuli að því að á Íslandi skuli starfræktur einn skóli fyrir öll börn. Álíka hugmyndir um styrktan skóla eða safnskóla skutu upp kollinum hjá sveitarfélögum í Noregi fyrir fáeinum árum en þeim var harðlega mótmælt af foreldrum sem fengu góðan stuðning menntamálaráðherra landsins við málflutning sinn.

Herra forseti. Vegna athugasemda menntmn. Alþingis með frv. sem og nál. sem birtist á þskj. 992 og brtt. á þskj. 993 tel ég rétt að vekja athygli á eftirfarandi staðreyndum. Rekstur sérskóla hefur að öllu leyti heyrt undir ríkið. Rekstur sérskóla þarf ekki að heyra undir mörg sveitarfélög eins og látið er að liggja í frv. þessu. Þessi breyting á lögum um grunnskóla er algjörlega óþörf og jafnvel brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en að því mun ég víkja síðar.

Sérskólar, sem ætlaðir eru börnum með fötlun, eru allir starfræktir í Reykjavík. 95% nemenda þeirra koma ur tveimur fræðsluumdæmum, þ.e. Reykjavík og Reykjanesi. Þessi staðreynd leiðir hugann að því hvort það sé ekki einmitt tilvist sérskólanna sem komi í veg fyrir að fleiri nemendum með fatlanir á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki enn verið búin skólavist við hlið ófatlaðra í jafnmiklum mæli og gerst hefur svo víða á landsbyggðinni. Reynslan þaðan sýnir einmitt að hægt er að búa öllum börnum viðunandi skólaúrræði í heimabyggð þrátt fyrir miklar fatlanir ef til þess er vilji fjárveitingavaldsins og fræðsluyfirvalda á hverjum stað. Þetta hefur verið viðurkennt af Kennarasambandi Íslands, Samtökum foreldra fatlaðra barna svo og hafa stjórnvöld oftsinnis lýst því yfir að stefnt skuli að því að almenni grunnskólinn taki við öllum börnum. Þetta er líka í samræmi við alþjóðlegar yfirlýsingar svo sem vikið hefur verið að fyrr í kvöld, t.d. Salamanca og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna sem hvetja til samskipunar og sama skóla fyrir öll börn og sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að framfylgja sem og þau markmið sem grunnskólinn hefur sett þar að lútandi.

Herra forseti. Ástæða er til að staldra við þær tillögur sem menntmn. gerir og spyrja hvort sú ráðstöfun að heimila samtökum sveitarfélaga að reka saman sérskóla fyrir ákveðinn hóp barna fari saman við þessi markmið og hvort þau standist ákvæði stjórnarskrár Íslands um jafnræði. Samræmist það að einum hópi barna skuli skipað í sérstakan bekk sem vafi leikur á um að eigi sér nokkra lagastoð? Hvernig geta sveitarfélög framselt réttindi og skyldur, sem á þeim hvíla, vegna grunnskólans til samtaka sem ekki eru hluti af stjórnsýslu landsins? Hver er réttarstaða þeirra sem undir þetta verða að gangast?

Samtök íslenskra sveitarfélaga eru ekki lögskipað stjórnsýslustig. Þau eru miklu fremur hagsmunasamtök, borgararnir hafa engin áhrif á samsetningu stjórnar þessa sambands þar sem það er ekki lýðræðislega kjörið eða hluti af stjórnsýslunni. Því hefur verið varpað fram í kvöld og ég spyr líka: Er hugsanlegt að með þessum tillögum sé verið að koma á þriðja stjórnsýslustiginu án þess að tilskilin lagaheimild sé fyrir því?

Herra forseti. Í tillögum menntmn. birtast nokkrar alvarlegar mótsagnir sem er ekki hægt að láta sem vind um eyru þjóta. Í einn stað er talað um að þessi heimild sé hugsuð sem tímabundið úrræði meðan á flutningi grunnskólans stendur. Vegna ábendinga um vafasemi þess að veita þessa heimild án nokkurra tímatakmarkana hefur nefndin sett inn í frv. ákvæði um að það skuli endurskoðast eigi síðar en árið 1999. Jafnframt er talað fyrir mikilvægi á rekstri sérskóla og því að tryggja beri grundvöll þeirrar viðkvæmu starfsemi sem þar fari fram. Annars vegar segir að á þetta ákvæði reyni aðeins rétt á meðan á flutningi grunnskólans stendur og hins vegar er rætt um mikilvægi þess að tryggja grundvöll að starfsemi sérskólanna. Hverju eiga menn nú að trúa?

Herra forseti. Í ljósi þess sem hér að framan hefur verið greint frá um þá nemendur sem hljóta kennslu í sérskólum landsins sem og markmiði laga um grunnskóla eru þetta merkilegar mótsagnir. Það er löngu viðurkennt eins og áður hefur verið vikið að af öllum þeim sem hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra að nær öll börn hafa verulegan ávinning af því að deila kjörum og ganga í skóla með ófötluðum jafnöldrum sínum. Eina undantekningin þar á er sú að heyrnarlaus börn og ungmenni þurfa sértæka kennslu í táknmálsumhverfi sem þó getur allt eins farið fram í litlum einingum innan almenna grunnskólans. Eins og t.d. reyndin er í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem starfrækt hefur verið sérstök námsbraut yfir heyrnarlausa og hefur þessi nýjung vakið verðskuldaða athygli bæði innan lands sem utan.

Það eru vissulega vonbrigði að menntmn. Alþingis telur ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að taka á því af meiri festu að gera sveitarfélögin ábyrgari fyrir kennslu allra fatlaðra barna þar sem á annað borð er verið að taka grunnskólalögin til endurskoðunar. Það hefði verið nauðsynlegt að búa svo um hnútana að í lögum um grunnskóla verði innbyggður hvati fyrir sveitarfélögin sem leiddi til þess að þau axli í ríkari mæli en áður ábyrgð sína gagnvart öllum börnum. Margsinnis hefur verið bent á það af foreldrum nemenda með sértækar þarfir að það verði að jafna aðstöðu sveitarfélaganna til að mæta þörfum þessara barna í heimaskóla. Sérkennslukvótafyrirkomulag, sem gilt hefur, er afar óheppilegt og ekki til þess fallið að hvetja sveitarfélögin í þessa átt. Eitt alvarlega fatlað barn, sem krefst mikillar umönnunar og sérkennslu í skóla, getur tekið til sín stóran hluta þess fjármagns sem fræðsluumdæmið hefur yfir að ráða og tekur þá frá öðrum börnum í því umdæmi á meðan önnur fræðsluumdæmi hafa rýmri möguleika vegna þess að þar búa ekki börn með alvarlegar fatlanir.

Herra forseti. Í frv. sem hér er til umfjöllunar Alþingis er fjallað um ýmislegt sem varðar fjármögnun á rekstri grunnskólans við tilfærsluna til sveitarfélaganna. Þar er nákvæmlega tíundað, t.d. kennslustundafjöldi og námsframboð, hvernig skuli standa að kostnaði vegna byggingarframkvæmda, en ekki einu orði vikið að því hvernig á að fjármagna sérkennslu og stuðning við fötluð börn eða önnur þau börn sem þurfa sérstaka aðstoð í grunnskólum landsins. Þetta er skilið eftir óleyst, já og vísað nánast til næstu aldar. (**Menntmrh.:** Þetta er alrangt.) Afsakaðu, hæstv. forseti, ég ætla að ljúka máli mínu en síðan mun ég ræða þetta frekar við hæstv. menntmrh.

Það sem ég vildi sagt hafa, herra forseti, er að þó réttur barna og ungmenna með fötlun til náms í almennum skóla sé nú tryggður í lögum vantar þó enn mikið á að skólar hafi lagað sig að þörfum þeirra og staðið undir lagaskyld-

unni um að búa þessum nemendum skólaúrræði í almennum skóla í heimabyggð. Þróunin er þó nokkuð mismunandi eftir landshlutum og mest reynsla hefur fengist þar sem sérskólar eru ekki fyrir hendi. Löggjafinn gerir ráð fyrir skólaþróun sem gerir sérskólann óþarfan. Því veldur vonbrigðum að menntmn. Alþingis á þessum tímamótum þegar verið er að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna leggi fram frv. þar sem ekki er gert ráð fyrir nokkurri þróun í málefnum þessa hóps nemenda fram til aldamóta.

Herra forseti. Þátttaka allra fatlaðra í almennum skólum er til þess fallin að vinna gegn vanþekkingu á fötlun og þar með fordómum gegn þessum þjóðfélagshópi. Nú er að vaxa úr grasi fyrsta kynslóðin á Íslandi sem hefur kynnst fötluðum af eigin raun og eru vonir bundnar við að afstaða hennar til fötlunar verði önnur en hinna eldri. Hér hefði því gefist einstakt tækifæri fyrir menntamálayfirvöld til að hafa áhrif á hraða þróunar í menntamálum þessara nemenda en því miður virðist það vera tækifæri sem menn hafa látið fara fram hjá sér á þessu stigi málsins.

Það er rétt að hafa það í huga á Alþingi að möguleikar fatlaðs fólks til menntunar og starfa eru aðeins að hluta til háðir fötluninni sjálfri. Lífsgæði þeirra eru ekki síður undir viðhorfum samfélagsins komin og þeim vaxtarskilyrðum sem það býr þeim. Því er mikilvægt að Alþingi stuðli með ákvörðunum sínum að þeirri þróun sem þarf að eiga sér stað og hefur verið lýst hér að framan og láti ekki skammtímasjónarmið ráða för. Enn mikilvægara er þó að hið háa Alþingi samþykki ekki lög sem brjóta hugsanlega í bága við stjórnarskrá landsins. Því beini ég þeirri áskorun minni til hæstv. menntmrh. og hæstv. forseta Alþingis að kannað verði af kostgæfni hvort umrætt frv. um breytingar á lögum um grunnskóla standist ákvæði stjórnarskrár Íslands um jafnræði þegnanna.

[23:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel engan vafa á því að frv. standist stjórnarskrána og það sé alls ekki verið að brjóta gegn þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um jafnræði þegnanna. Þvert á móti er hér verið að taka á vandamálum sem hafa komið upp við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Verkefnisstjórn gerði tillögu um þetta frv. Samkomulag var í henni um málið. Frv. er byggt á samkomulagi milli ríkisins og sveitarfélaganna um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans og í því samkomulagi er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum, auknu fjármagni, til fatlaðra og sérskóla. Það er alrangt að halda því fram að ekki hafi verið litið til þeirra mála í þessum samningum. Og að líta hér á nokkrar greinar í þessu frv. og draga þær ályktanir sem hv. þm. gerði er fráleitt miðað við forsögu þessa máls. Það er alls ekki verið að leggja það til með frv. að Samband íslenskra sveitarfélaga taki að sér rekstur sérskóla. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki verið að leggja það til. Það er verið að leggja til að þegar kemur upp vandamál varðandi sérskóla og ýmis málefni sem eru óhjákvæmilega sameiginleg úrlausnarefni vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna geti Samband íslenskra sveitarfélaga beitt ákveðnu frumkvæði. En að draga þær ályktanir af þessu frv. að verið sé að taka sérskólana og færa þá undir Samband íslenskra sveitarfélaga er fráleitt og leiðinlegt að heyra jafngóða ræðu flutta á jafnmisskildum forsendum og hér er um að ræða.

Ég hélt að þeir sem bera hag sérskólanna fyrir brjósti ættu að fagna því að þessar breytingar séu gerðar. Ef það eru einhver vandamál á ferðinni varðandi rekstur sérskólanna og stöðu þeirra þá eru tekin af öll tvímæli með þessu frv. Menntmn. Alþingis hefur bætt frv. Hún hefur tekið enn þá nánar á því máli varðandi spurninguna um þriðja stjórnsýslustigið og það er alls ekki hægt að líta þannig á að hér sé verið að koma á laggirnar nýju stjórnsýslustigi. Ég harma að jafnviðkvæmt málefni og þetta sé dregið inn í umræðurnar á þessum misskildu forsendum.

[23:43]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir hæstv. menntmrh. bregðast mjög undarlega við. Það stendur mjög skýrt í frumvarpsdrögunum að Samtökum íslenskra sveitarfélaga skuli falið frumkvæði að lausn á málefnum grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag og ekki er kveðið á um hvernig farið skuli með í lögum eða reglugerðum ef samkomulag hefur náðst um. Það er verið að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga að hafa ábyrgð á því að sérskólarnir, sem eru reyndar allir hér í Reykjavíkurborg, verði reknir áfram. Það er reiknað með að þetta verði ekki endurskoðað fyrr en árið 1999, þ.e. að þremur árum liðnum. Ég segi enn og aftur að ég held að þarna hafi því miður gleymst að vinna heimavinnuna hvað þessa nemendur varðar og minni á að 95% þessara nemenda búa í Reykjavík eða á Reykjanesi. Þetta er ekki málefni sem varðar öll þessi sveitarfélög eins og látið er að liggja í frv. Auk þess hefur hæstv. menntmrh. ekki svarað spurningu minni um það hvort hann hafi leitað eftir því af kostgæfni og borið það undir aðila hvort það samræmist jafnræðisreglu stjórnarskrár Íslands að fela forsjá ákveðinna hópa í þjóðfélaginu undir hagsmunasamtök á borð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

[23:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt það fyrsta sem var gert í þeirri vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum mánuðum við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna var að fjalla um málefni sérskólanna. Það hefur verið samin reglugerð og hún hefur verið send til umsagnar. Það liggur nákvæmlega fyrir hvernig á að taka á þessum málum í þeirri reglugerð á grundvelli grunnskólalaganna. Þessi reglugerð var með því fyrsta sem lá fyrir til þess að það væri unnt að taka afstöðu til kostnaðarþáttarins nákvæmlega á grundvelli reglna sem menn væru sáttir við. Það verk var unnið, það liggur fyrir. Þar er mælt fyrir um það hvernig farið skuli með sérskólana og þá sem njóta þjónustu þeirra og hvernig staðið skuli að kostnaði vegna sérkennslunnar. Sú reglugerð er ítarleg. Þar er einnig fjallað um kostnaðarþáttinn. Á grundvelli hennar voru teknar ákvarðanir um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og það er ómótmælanlegt að það voru ákveðnar aukafjárveitingar til þess að geta aukið sérkennsluna. Hér er einvörðungu um það að ræða að fjalla um það að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga að hafa frumkvæði ef það koma upp vandræði vegna flutningsins eins og nákvæmlega er greint frá í greinargerð með frv. Ef hv. þm. sér það er ekki með nokkrum móti unnt að komast að þeirri niðurstöðu að það sem hér er verið að fjalla um geti brotið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins um jafnræði. Þvert á móti er verið að tryggja að þeir sem minna mega sín hafi betri stöðu en aðrir þegar þetta varnaglaákvæði er sett í lögin.

[23:46]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gleðilegt að það skuli vera áform um að veita meira fjármagn í sérkennslu. Ég fagna því svo sannarlega. En ég segi aftur að miðað við þá nákvæmu útfærslu sem á þessu frv. er varðandi fjármögnun á ýmsum þáttum við kostnað vegna tilfærslunnar skýtur skökku við að ekki skuli hafa verið unnið jafnnákvæmlega í þessum frumvarpstexta að því hvernig áformað er að standa að sértækum úrræðum gagnvart þessum hópi nemenda. Ég tel óásættanlegt að þeirri heimavinnu skuli ekki hafa verið lokið í ráðuneytinu áður en tilfærsla grunnskólans til sveitarfélaganna á sér stað. Eftir þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram hefur ekkert breytt þeirri skoðun minni.

[23:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðurnar mikið en get ekki látið hjá líða að láta það koma fram að mér finnst að þetta sé pínulítil ólánslausn sem við erum hér með og dálítið ósannfærandi tök sem við erum með á málinu þó ég ætli í sjálfu sér ekki að fara að greiða atkvæði á móti þessu frv. eftir þær breytingar sem hv. menntmn. gerir tillögur um sem ég held að séu til bóta.

Það sem virðist vaka fyrir mönnum er það að Reykjavíkurborg hafi e.t.v. með þessi mál að gera og yrði eins konar miðstöð þeirra lausna sem um yrði að ræða í sambandi við þessa sérskóla. Í sjálfu sér getur það verið ágæt hugmynd að öðru leyti en því að ég held að það verði mjög vandasamt fyrir Reykjavíkurborg gagnvart öðrum sveitarfélögum. Enda þótt Reykjavíkurborg sé í Sambandi íslenskra sveitarfélaga en ekki utan sambands sveitarfélaganna eins og höfuðborgir eru sums staðar, t.d. í Danmörku þá getur sambýli Reykjavíkur við önnur sveitafélög í framkvæmd málaflokks eins og þessa orðið mjög erfið. Þess vegna spyr ég fyrst að því af hverju eru sérskólarnir ekki einfaldlega áfram hjá ríkinu með sérstökum almennum samningum við sveitarfélögin. Ég hefði talið að það væri kannski miklu eðlilegra mál þó ég viðurkenni að það er líka flókið vegna þess að ætlunin er að sveitarfélögin yfirtaki rekstur grunnskólans. Það er hætt við því að það yrði um að ræða þrýsting af hálfu sveitarfélaganna á ríkið að taka við nemendum inn á sérskólana, kannski umfram það sem ella væri ef tveir mismunandi aðilar bera kostnaðinn. Það er alltaf ólán að hafa það þannig inni á sama verkefnasviðinu. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta ólánlegt þó ég skilji að málið er ekki einfalt. Hins vegar ætla ég að bera fram tvær spurningar. Það er í fyrsta lagi þetta varðandi forræði málsins. Nú er það þannig að sveitarfélögin hafa með að gera starfsemi grunnskólans samkvæmt grunnskólalögum eins og þau verða þegar flutningurinn hefur átt sér stað. Ég hefði viljað sjá að það kæmi fram í frv. ef að lögum verður að menntmrn. fylgist sérstaklega með framkvæmd þeirra ákvæða grunnskólalaga sem snerta íbúa fleiri en eins sveitarfélags þannig að ekki sé hægt að halda þannig á hlutunum að menntmrh. geti eftir nokkur ár komið upp og sagt að sér komi þetta ekki við heldur Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ég ber út af fyrir sig sæmilegt traust til Sambands íslenskra sveitarfélaga en ég ber meira traust til menntmrn. þegar um er að ræða mál eins og sérskólana, a.m.k. til að byrja með á þessum ferli sem verið er að leggja af stað með varðandi rekstrarform sérskólanna og grunnskólanna yfirleitt. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Verður það þannig að menntmrn. fylgist áfram með framkvæmd sérkennslunnar og starfsemi sérskólanna? Þetta vil ég spyrja um í fyrsta lagi.

Í öðru lagi þetta: Hvað þýðir þetta „endurskoða eigi síðar en 1. jan. 1999"? Afskaplega leiðast mér mikið svona ákvæði í lögum. Þetta segir yfirleitt ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta er í breytingartillögu nefndarinnar. Hvað þýðir þetta? Hvernig mundi ráðherrann líta á þetta ef hann væri í stólnum þegar dagsetningin tæki gildi? Ég mundi líta þannig á að þá ætti ráðherrann, hver sem hann er, að hafa lagt fyrir þingið frv. um nýja skipan þessara mála í tæka tíð þannig að það gæti tekið gildi frá og með 1. jan. 1999. Eða hvað þýðir þetta? Ég bið hæstv. ráðherra að svara því.

Síðan eru auðvitað önnur mikilvæg ákvæði í þessu frv. sem ég tel út af fyrir sig ástæðu til að vekja athygli á við 2. umr. þó þau hafi ekkert verið rædd. 5. gr., þó þessu sé seinkað þarna um dálítinn tíma vegna flutningsins, sem ber að harma, þá er það alveg stórmerkt sem er verið að gera. Það eru ekki nema fimm ár síðan við komum inn með frv. til grunnskólalaga þar sem gert var ráð fyrir áfangagildistöku laga um grunnskóla og einsetning tæki gildi í áföngum. Það þóttu hátimbraðir loftkastalar og fjarstæða. Ég man eftir löngum ræðum úr þessum ræðustól um það hvað þetta væri óraunsætt kjaftæði eins og menn settu það þá fram. Nú er það sem betur fer liðin tíð þannig að það er talinn viðráðanlegur veruleiki í fyrirsjáanlegri framtíð að skólinn verði einsetinn. Það er fagnaðarefni.

[23:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég stæði frammi fyrir því fyrir 1. jan. 1999 myndi ég leggja sama skilning í þetta og hv. þm. að það yrði að endurskoða þetta og leggja fram frv., annaðhvort um niðurfellingu á þessu ákvæði í lögunum eða framlengingu eða aðra skipan. Varðandi hitt málið sem hann spurði um er varðar eftirlitsskyldu menntmrn. þá byggist hún að sjálfsögðu á grunnskólalögunum. Þar eru ákvæði um eftirlit og reglugerðir sem ráðuneytið á að setja og skyldur þess í því sambandi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ráðuneytið mun hafa náið auga með því sem gerist varðandi sérskóla. Eins og málum er háttað er ég einnig sannfærður um að menn munu leita til ráðuneytisins í því efni og leita ráða þar og þar verða sérfræðingar í málefnum sérskóla á framhaldsskólastiginu og það verður að tengja það saman við það sem er að gerast á grunnskólastiginu eins og augljóst er. Það er kosturinn við þessa lagasetningu og framhaldsskólalagasetninguna að það er verið að fella þessi tvö skólastig saman og er mikilvæg stefnumörkun fólgin í því. En ráðuneytið verður einnig að gæta sín. Ég hef lagt á það áherslu að það má ekki ganga of langt í eftirlit sínu þannig að ekki verði farið að gera þá kröfur til þess eða ríkisvaldsins um sérstakan fjárstuðning vegna slíkra krafna þannig að þar eru mörk sem menn verða að gæta sín á. En að sjálfsögðu mun ráðuneytið fylgjast efnislega með því sem sérskólana varðar eins og annað.

[23:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég tel út af fyrir sig að svör ráðherrans í þessu efni séu nokkuð skýr. En ég tek þó fram að hér fyrr á þessum sólarhring, sem er senn liðinn, svaraði hæstv. menntmrh. fyrirspurn um hlut kvenna í fréttum og viðræðuþáttum. Hæstv. ráðherra sagði: Það er ekki mitt að stjórna þessum þáttum. Ég hafði því miður ekki aðstöðu til að hlaupa í ræðustól til að taka undir þetta sjónarmið. Ég er alveg sammála því. En

á sama hátt vil ég ekki að það gerist eftir tvö ár að þessi ráðherra eða einhverjir aðrir komi og segi um sérskólana: Þetta kemur mér ekki við. Þetta er málefni sveitarfélaganna. Ég vil ekki hafa það þannig. Ég var að reyna að kreista það út úr ráðherranum áðan í þessari stuttu ræðu minni að hann segði: Menntmrn. mun fylgjast með málinu samkvæmt eftirlitsskyldu sinni samkvæmt grunnskólalögum og hann segði það mjög skýrt.

Það er kannski rétt líka af mér að taka það fram af því að mér láðist það í þessari stuttu ræðu minni áðan að ég skil að mörgu leyti vel áhyggjur hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur. Ég held að við séum í dálitlum vanda stödd í sambandi við Samband sveitarfélaganna. Það er verið að fela því gríðarleg verkefni. Samband sveitarfélaganna er satt að segja að verða býsna mikið bákn og við sjáum ekki mjög vel í gegnum það bákn. Það eru milljarðar króna sem fljóta þarna í gegn. Við veltum vöngum yfir tíu millj. og 100 millj. og 20 millj. en þar er um að ræða milljarða króna sem við höfum ekki allt of góða tilsjón með þó að við tökum ákvörðun um það á grundvelli laga og fjárlaga.

En erindi mitt var aðallega það að leggja á það áherslu að menntmrn. haldi áfram skýrri eftirlitsskyldu sinni varðandi sérskólana sem slíka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, 3. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 529. mál (eingreiðsla skaðabóta). — Þskj. 1026. [23:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Með frv. því sem hér er lagt fram er gerð sú breytingartillaga á lögum um almannatryggingar að við útreikninga örorkulífeyris og tekjutryggingar verði Tryggingastofnun heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku.

Ástæða tillögflutningsins er þessi:

„Þeir sem eiga rétt til örorkulífeyris hafa margir hverjir orðið fyrir varanlegri örorku í slysum og fengið dæmdar fébætur vegna þess með dómi eða samkvæmt ákvörðun tryggingafélags. Samkvæmt dómvenju hér á landi eru fébætur vegna framtíðarörorku miðaðar við ákveðna framtíðarávöxtun þegar þær eru ákvarðaðar. Fyrir því er einnig dómvenja að verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar sem hinn slasaði á rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins komi til frádráttar skaðabótakröfum. Vegna þeirrar breytingar sem gerð var á 10. gr. laganna um að fjármagnstekjur séu teknar inn í tekjugrunn við útreikning örorkulífeyrisbóta geta þær skert rétt hinna slösuðu til örorkulífeyris og tekjutryggingar. Með því er skertur bótaréttur örorkulífeyrisþega sem þegar hafa sætt lækkun fébóta vegna þeirra réttinda sem þeir voru taldir eiga hjá Tryggingastofnun ríkisins."

Til nánari útskýringar má nefna að þegar um er að ræða börn og ungmenni sem fá dæmdar skaðabætur með þessum hætti sem eiga að bæta tekjutap þeirra það sem eftir er ævinnar þá er langstærsti hlutur bótanna vextir þar sem gert er ráð fyrir að hinn slasaði fái bótafjárhæðina auk þess sem verðmæti framtíðarörorkulífeyris og tekjutryggingar er dreginn frá.

„Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis. Við ákvörðun á hækkun á tekjumörkum má gera ráð fyrir að til þurfi að koma tryggingastærðfræðilegir útreikningar."

Þær liggja ekki fyrir nú eða yrðu grundvöllur að setningu reglugerðar um nánari framgang þessa ákvæðis svo sem lagt er til í frv.

Að lokum legg ég til að frv. þessu verði vísað til heilbr.- og trn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2., 6. og 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 00:02.

151. FUNDUR

miðvikudaginn 29. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 372. mál, þskj. 973, frhnál. 1056 og 1072, brtt. 887,8 og 18, 930, 945 og 1057. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720, nál. 1048. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799, nál. 1055. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 877. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Framhaldsskólar, stjfrv., 94. mál, þskj. 918, brtt. 910, 1076 og 1082. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Grunnskóli, stjfrv., 501. mál, þskj. 878, nál. 992, brtt. 993. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, stjfrv., 323. mál, þskj. 570. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Almannatryggingar, stjfrv., 529. mál, þskj. 1026. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Byggingarlög, stjfrv., 536. mál, þskj. 1077. — 1. umr.
10. Vörugjald af ökutækjum, frv., 533. mál, þskj. 1071. — 1. umr.
11. Einkaleyfi, frv., 530. mál, þskj. 1027. — 2. umr.
12. Ríkisreikningur 1994, stjfrv., 129. mál, þskj. 154. — 3. umr.
13. Fjáraukalög 1995, stjfrv., 443. mál, þskj. 775. — 3. umr.

14. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 389. mál, þskj. 1087. — 3. umr.

15. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998. — Frh. 2. umr.

16. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639, nál. 962 og 999. — Frh. 2. umr.

17. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062. — Frh. 2. umr.

18. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 1058, brtt. 1061. — 3. umr.

19. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 3. umr.

20. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 524. mál, þskj. 974. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:03]

Útbýting þingskjals:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 519. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1086.

Tilhögun þingfundar.

[10:03]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en gengið er til dagskrár vil ég láta þess getið að atkvæðagreiðslur um 1.–8. dagskrármálið munu fara fram kl. 15.30 í dag.

Umræður utan dagskrár.

Tilskipanir Evrópusambandsins um orkumál og stefna íslenskra stjórnvalda.

[10:03]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú fer fram utandagskrárumræða. Um er að ræða hálftíma umræðu og er efni umræðunnar tilskipanir Evrópusambandsins um orkumál og stefnu íslenskra stjórnvalda. Hæstv. iðnrh. verður til andsvara.

[10:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þegar undirbúinn var samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gerðu margir hérlendis kröfu til þess að landið og náttúruauðlindir þess ásamt fiskimiðunum yrðu undanskilin ákvæðum samningsins. Í yfirlýsingu sem Steingrímur Hermannsson, þáv. forsrh., gaf á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna um þetta mál í Ósló 14. mars 1989 sagði hann m.a.:

„Við verðum ætíð að hafa stjórn á náttúruauðlindum Íslands sem eru grundvöllur tilveru okkar. Við teljum ekki að fjarlægt vald muni nokkru sinni geta haft þá stjórn á viðkvæmum náttúruauðlindum að okkar hagsmuna sé gætt. Slíkar grundvallarstaðreyndir munu ráða ákvörðunum okkar með tilliti til náins samstarfs við Evrópubandalagið og innan hinnar evrópsku efnahagsheildar."

Þetta var mikilvæg yfirlýsing við upphaf ferðar en var því miður fljótlega stungið undir stól í samningaviðræðum þar sem að lokum var enginn varanlegur fyrirvari af Íslands hálfu um kaup á landi og gæðum þess að orkulindunum meðtöldum. Tímabundinn fyrirvari um fjárfestingar á þessu sviði rann út um síðustu áramót án þess að Alþingi hefði brugðið nokkrum skildi fyrir með löggjöf til að tryggja forræði landsmanna yfir náttúruauðlindum, fallvötnum, jarðhita og auðæfum í jörðu. Fyrir þinginu hafa þó nú á annan áratug legið frumvörp um þessi efni en ekki hlotið lögfestingu. Stjórnvöld hafa um margra ára skeið lofað því að stjórnarfrumvörp sem tryggja mundu forræði yfir gæðum landsins færu að koma fram, ef ekki í haust þá að vori. Þessu lofaði fyrri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem bar ábyrgð á EES-samningnum, og þessu hefur verið lofað af núv. ríkisstjórn.

Hæstv. iðnrh. sagði í haust að frv. um þetta efni kæmi fram fyrir síðustu jól. Síðan nefndi hann þorrann og góuna. Enn rignir nýjum stjórnarfrumvörpum yfir okkur á Alþingi en frv. til að tryggja þjóðarhagsmuni eins og þá sem hér er lýst eftir er ekki þar á meðal. Enn spyr ég því ráðherrann: Hvað veldur því að slíkt frv. er enn ekki komið fram? Hvenær mun ráðherra leggja slíkt frv. fram í þinginu? Þetta er brýn spurning, ekki aðeins vegna þess að fyrirvarar eru liðnir og sviðið opið gagnvart EES, heldur einnig vegna þess að Evrópusambandið er nú á fullri ferð með að móta nýja tilskipun á sviði orkumála, að þessu sinni um sameiginlegar reglur fyrir markað með rafmagn. Í tilskipuninni á samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að kveða á um afnám á einkarétti starfandi orkufyrirtækja, aðskilnað á raforkuvinnslu frá raforkuflutningi og aðgreiningu á dreifingu rafmagns. Með tilskipuninni væri stigið stórt skref í þá átt að fella markað með raforku undir almennar reglur eins og við þekkjum þær í EES-samningnum. Verið er að ryðja brautina fyrir frjálsa fjárfestingu og samkeppni á orkusviði og afleiðingarnar verða margar. Ef tilskipun af þessum toga öðlaðist gildi hér á landi á grundvelli EES-samningsins þyrfti að breyta lykilatriðum í gildandi orkulöggjöf sem tryggt hefur stjórn Alþingis á framvindu orkumála. Fella yrði niður áskilnað um samþykki Alþingis fyrir virkjunum sem eru stærri en tvö megavött og setja þess í stað almenn skilyrði sem tryggðu jafnræði aðila á öllu EES-svæðinu til að virkja og taka þátt í annarri framkvæmd raforkusviða settum almennum skilyrðum. Aðstaða fyrirtækis eins og Landsvirkjunar mundi að sjálfsögðu gerbreytast og líklega yrði að fela öðrum og óháðum aðila rekstur orkuflutningskerfisins. Hætt er við að sú stefna, sem fylgt hefur verið um afhendingaröryggi og jöfnun raforkuverðs, væri sett í mikla óvissu. Slíkar breytingar varða ekki síst hag íbúa hinna dreifðu byggða.

Þá geta áhrifin á meðferð umhverfismála sem hérlendis tengjast mjög virkjun vatnsafls og jarðvarma orðið mikil og afdrifarík þegar margir aðilar verða um hituna sem sumir hverjir þekkja lítið til íslensks umhverfis og samfélags. Bág staða skipulagsmála hérlendis bætir þar ekki úr skák.

Maður hefði vænst þess að ráðherra raforkumála slægi þegar í stað skýra varnagla þegar fréttist af slíkri tilskipun á færibandinu í Brussel. Sérstaða Íslands á sviði orkumála er margháttuð og felst m.a. í einangrun raforkukerfis okkar frá kerfum annarra landa. Sterk og augljós rök eru fyrir því að Íslendingar standi utan við tilskipun af þessu tagi með tilliti til lítils og einangraðs orkumarkaðar, strjálbýlis

og óblíðrar veðráttu. Eðlilegt væri því að boða þegar í stað fyrirvara af Íslands hálfu við þessa væntanlegu tilskipun og mótmæla því að hún verði látin ná til EFTA-ríkja. Verði ekki við því orðið er eðlilegt að skoða framhaldið í ljósi svonefndra öryggisákvæða EES-samningsins með tilliti til þjóðarhagsmuna.

En þetta voru ekki viðbrögð iðnrh. Hann geystist þvert á móti fram á völlinn í fjölmiðlum sama dag og ráðherrar Evrópusambandsins funduðu um tilskipunina og lýsti nánast yfir ánægju sinni með það sem í vændum væri. Það liggja fyrir ummæli hans í Ríkisútvarpi um þessi efni m.a. þar sem hann segir: „Hornsteinarnir í þessari tillögu eða tilskipun eins og hún liggur núna fyrir koma ekkert á óvart og við höfum vitað að þetta stæði til og höfum verið að undirbúa okkur þess vegna. Ég hef a.m.k. sjálfur reiknað með því að þetta mundi gerast með þessum hætti og verið undir það búinn að við þyrftum að mæta þessum breyttu aðstæðum."

Af þessu tilefni, virðulegur forseti, og fleiri yfirlýsinga iðnrh. er óhjákvæmilegt að spyrja: Túlkaði ráðherra með yfirlýsingum sínum um þessa væntanlegu tilskipun afstöðu Framsfl. og ríkisstjórnarinnar til málsins? Ef svo er ekki, hver er þá afstaða ríkisstjórnarinnar eins og málið liggur nú fyrir og hvernig ætla íslensk stjórnvöld að bregðast við ef tilskipunin um innri markað fyrir rafmagn verður að veruleika?

[10:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið kveður á um að aðilum í eigin ríki svæðisins skuli vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki þess. Þegar samningurinn var gerður fékk Ísland tímabundinn frest til þess að laga gildandi reglur um fjárfestingar erlendra aðila á orkusviðinu að samningnum og 15. maí sl. voru samþykkt á hinu háa Alþingi lög þar að lútandi. Það að slík fjárfesting sé heimiluð á ekki að koma þingmönnum, sem tóku þátt í að fjalla um samninginn á sínum tíma, á óvart og þeir sem fylgdust með lagasetningu frv. um erlenda fjárfestingu á heldur ekki að koma þessi breyting á óvart.

Fjárfesting erlendra aðila eins og raunar innlendra aðila á orkusviðinu er háð ýmsum takmörkum. Í því sambandi má nefna að samkvæmt orkulögum þarf Alþingi að heimila virkjanir sem eru stærri en tvö megavött, sveitarfélag hafa forgangsrétt til einkaleyfis til að reka rafveitur og nýti þau ekki þennan rétt fær Rarik hann. Ekkert í samningnum kveður á um að opna skuli fyrir kaup á þessum fyrirtækjum eða þau skuli gerð að hlutafélögum. Í núverandi löggjöf ESB er ekkert sem bannar einkarétt til dreifingar raforku og raunar sér í Frakklandi eitt fyrirtæki um bæði orkudreifingu, orkuvinnslu og orkusölu.

Sú tillaga að hugsanlegri tilskipun ESB sem hér er gerð að umtalsefni á sér langan aðdraganda og á engum að koma á óvart. Árið 1988 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram og birti og kynnti áætlun um að koma á innri markaði með raforku og jarðgas. Áætluninni átti að hrinda í framkvæmd í þremur skrefum. Því fyrsta átti að ljúka árið 1990 þar sem gerð var breyting á áðurnefndri tilskipun varðandi gagnsæi verðlagningar á raforku sem náði ekki til Íslands.

Annað skrefið hófst í ársbyrjun 1992 þegar framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu um tilskipun á innri markaði með raforku. Þessi tilskipun hefur enn ekki tekið gildi. Þriðja skrefið átti loks að ganga í gildi í upphafi þessa árs en hefur heldur ekki tekið gildi.

Hornsteinar þeirrar hugsanlegu tillögu sem hér er til umræðu, nái hún fram að ganga, eru:

1. Að afnema einkarétt starfandi orkufyrirtækja sé hann fyrir hendi.

2. Að skilja að vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku a.m.k. í bókhaldi viðkomandi fyrirtækja. Það er ekki gengið lengra í að gera kröfu um en að þessir þrír þættir séu aðskildir í bókhaldi viðkomandi fyrirtækja.

3. Takmarkaður aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum þannig að þeir orkukaupendur sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki fyrir sig ákveður geta gert samning við orkufyrirtæki um orkukaup og fengið orkuna flutta um orkuflutningskerfi.

Varðandi raforkuvinnslu gerir hugsanleg tilskipun ráð fyrir að ríkið geti valið milli leyfisveitinga og/eða útboða. Einstök ríki eiga að setja og birta skilyrði varðandi leyfisveitingar. Þessi skilyrði geta náð til:

1. Öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, umhverfismála, landnotkunar og staðarvals, afnota af svæði á forræði hins opinbera, orkunýtni, eðlis orkulindanna og orkugjafanna og atriða sem tengjast umsækjendum um virkjanaleyfi, bæði sem snúa að tæknilegri getu fyrirtækjanna og eins fjárhagslegri getu fyrirtækjanna til þess að taka þátt í slíku. Með þessum skilyrðum eiga ríki að geta haft nauðsynlega stjórn á raforkuvinnslunni um leið og opnað er fyrir samkeppni.

Ef ríkin velja útboðsleiðina eiga óháðir framleiðendur jafnframt að geta sótt um leyfi til raforkuvinnslu enda fullnægi þeir skilyrðum sem sett verða. Ef tilskipunin verður samþykkt og hún nái jafnframt fram að ganga og nái til alls EES-svæðisins þarf að breyta ákvæðum orkulaga um samþykki Alþingis, m.a. með tilliti til þess að þá er ekki lengur hægt að takmarka það við vinnslu miðað við 2 megavött. Hins vegar þurfa þá stjórnvöld hafa hafa skýra stefnu varðandi þau skilyrði sem sett verða fyrir leyfisveitingum sem ég hef gert grein fyrir og ef þeim er haldið til haga höfum við fulla stjórn á þessum hlutum.

Varðandi beinar spurningar málshefjanda vil ég segja þetta: Í þeim viðtölum í fjölmiðlum, sem vitnað var til, var ekki verið að spyrja um afstöðu til tillögunnar eða tilskipunarinnar. Spurningin snerist fyrst og fremst um fjárfestingar erlendra aðila í orkuvinnslunni. Stefna ríkisstjórnarinnar er skýr í því máli og eins og ég hef þegar vikið að hefur Alþingi sett lög sem heimila slíka fjárfestingu.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur verið bent á að í drögum að tilskipun sé raforkukerfi eins og því íslenska sem er algerlega einangrað með mjög lítinn vöxt í raforkunotkun almenna markaðarins og sem byggir á endurnýtanlegum orkugjöfum ekki gerð skil. Það hefur því verið settur fram af Íslands hálfu fyrirvari um að sum ákvæði tilskipunarinnar kunni ekki að eiga við hér á landi meðan raforkukerfið er ekki tengt við kerfi annarra ríkja.

Eins og málshefjanda er kunnugt um er að störfum nefnd til að undirbúa löggjöf um eignarrétt á auðlindum í jörðu, jarðhita, jarðefni og grunnvatn sem og virkjunarrétt fallvatna. Ég vænti þess að sú nefnd ljúki störfum í sumar og unnt verði að leggja fyrir Alþingi næsta haust frumvarp eða frumvörp þar sem skýrt verði kveðið á um eignarrétt og ráðstöfunarrétt yfir þessum auðlindum. Þetta hef ég áður sagt við hv. þm. í umræðu við lokaafgreiðslu frv. um erlenda fjárfestingu og þá var m.a. boðið upp á að staða nefndarstarfsins yrði

kynnt fyrir hv. iðnn. Alþingis. Ég veit að formaður nefndarinnar, hv. þm. Stefán Guðmundsson, hefur boðið upp á að ef hv. alþingismenn óska þess, þá er hægt að kynna stöðu nefndarstarfsins fyrir iðnn.

Einnig til þess að vera sem best í stakk búnir, nái þessi tilskipun fram að ganga, hefur verið skipuð nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka, sveitarstjórna og þeirra aðila sem tengjast orkufyrirtækjunum í landinu til þess að undirbúa skipulagsbreytingar sem tengjast tilskipuninni nái hún fram að ganga. Markmiðið með því nefndarstarfi er í fyrsta lagi það að auka hagkvæmni á orkusviðinu, auka samkeppni en jafnframt að stuðla að jöfnun orkuverðs. Í þriðja lagi að tryggja gæði þjónustunnar og afhendingaröryggið og í fjórða lagi að auka sjálfstæði orkufyrirtækjanna og ábyrgð stjórnenda þess.

[10:17]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það kemur alþingismönnum vissulega ekki á óvart að EES-samningurinn heimilaði fjárfestingu erlendra aðila í orkumannvirkjum á Íslandi. Það á ekki heldur að koma hv. þingmönnum á óvart að það er gert ráð fyrir því að verulegar skipulagsbreytingar verði í framhaldi af undirritun orkusáttmála Evrópu. Það var vilji alþingismanna þegar EES-samningurinn var ræddur hér og afgreiddur á sínum tíma að áður en ákvæði hans um orkumál fengju gildi og Ísland fékk frest í þeim efnum til 1. janúar sl., yrði gengið frá lögum um skipan virkjunarmála og námuréttinda og var lýst yfir af þáv. ríkisstjórn að það yrði gert og mikill meirihlutastuðningur fyrir því á Alþingi. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í fyrrv. ríkisstjórn tókst hins vegar ekki að ná samkomulagi.

Í umræðum um erlendar fjárfestingar vegna frv. sem flutt var fyrr í vetur lýsti hæstv. iðnrh. yfir því við 1. umr. málsins að hann mundi sjá til þess að nefnd sú sem hann ræddi um mundi ljúka störfum fyrir lok þessa þings og að frumvörp um virkjunarréttindi og námuréttindi yrðu lögð fyrir Alþingi og kynnt Alþingi áður en þingi lyki nú í vor þó hann gæti ekki fullyrt að það tækist að afgreiða málið. Nú virðist vera að það markmið hæstv. ráðherra nái ekki fram að ganga, þ.e. það virðist ekki hafa tekist að ljúka þessu verki. Ég vil benda á í því sambandi að það liggja nú þegar tvö frumvörp um þessi viðamiklu mál fyrir Alþingi Íslendinga, annars vegar frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er 1. flm. að og hins vegar frv. sem ég er 1. flm. að. Og fyrst ekki hefur tekist af hálfu ríkisstjórnarinnar einu sinni að kynna þessi mál fyrir þinglok, tel ég rétt að iðnn. Alþingis hugi að því hvort það sé ekki rétt að afgreiða annað hvort þessara frumvarpa eða samræma þau. Og ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Hvað veldur því að hann getur ekki staðið við þá yfirlýsingu sem hann gaf á Alþingi fyrr í vetur um að kynna þessi frumvörp á þinginu í vor? Í öðru lagi: Er full samstaða um það í ríkisstjórninni að frumvörp af þessu tagi verði flutt á haustþingi eða er ágreiningur enn um málið?

[10:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. ráðherra voru með eindæmum daufleg. Satt best að segja er langt síðan ég hef heyrt jafnvandræðalega málsvörn í einu litlu máli og þessu hér.

Varðandi þetta með frumvörpin hefur hæstv. ráðherra talið niður í allan vetur. Hann byrjaði með því að lofa þessu í jólamánuðinum og það er athyglisvert að það er notað hið gamla tímatal, það var ýlir og mörsugur, svo kom þorri, svo kom góa og svo einmánuður, svo harpa, svo skerpla og nú er þetta komið aftur fyrir heyannir hjá hæstv. ráðherra. Þannig heldur hann áfram aftur á bak eftir almanakinu og væntanlega ár af ári ef svo fer.

Staðreyndin er sú að yfirlýsingar hæstv. ráðherra í þessum efnum hafa reynst algerlega ómarktækar, algert bull. Hvað veldur er hins vegar ráðgáta. Er það kannski svo í þessu máli eins og flestum sem við upplifum þessa dagana að Framsókn liggi flöt fyrir íhaldinu og þar sé einhver með neitunarvald, einhver með veto í ríkisstjórninni eða stjórnarliðinu sem gerir það að verkum að hæstv. ráðherra má koma hér trekk og trekk og telja niður dagatalið með þeim hætti sem hér er gert?

Staðreyndin er sú að þetta mál er algerlega afvelta miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar voru strax í upphafi af þáv. formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni. Það hefur allan tímann verið sagt og hæstv. ráðherra var enn að tuða um það að við gætum gert þetta og hitt en það er ekki gert. Hvernig í ósköpunum stendur þá á því að það er ekki gert? Það líða heil kjörtímabil og menn segja: Þetta er allt í lagi af því að við getum sett lög. Það er ekkert sem bannar að ríkið hafi þennan einkarétt vegna þess að það er ekki mismunun milli borgaranna. Af hverju er það þá ekki gert? Af hverju er hann ekki festur í lögum? Og nú kemur hæstv. ráðherra og segir að þetta sé í lagi af því að við getum sett skilyrði og þá þurfi ríkisstjórnin að hafa skýra stefnu um þau skilyrði þegar þar að kemur. Af hverju eru þau þá ekki ákveðin og þetta fest í lög? Málið er ósköp einfaldlega afvelta og það eru liðin fjögur, fimm ár af yfirlýsingum af þessu tagi sem verða auðvitað þeim mun marklausari sem þessi tími verður lengri.

Ég tek undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra er ómarktækur í þessu máli. Ríkisstjórnin nær ekki neinu fram þannig að Alþingi verður sjálft að taka í taumana og iðnn. þingsins að leggja vinnu í þau frumvörp sem liggja fyrir og afgreiða þau. Það er komið til kasta Alþingis að lögfesta þau ákvæði í þessum efnum sem við viljum að um þetta gildi.

[10:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það spurðust þau tíðindi að Evrópusambandið hefði sent frá sér ákveðnar tilkynningar í orkumálum og iðnrh. á Íslandi sagði: Já, þetta kom mér ekki á óvart. Ég bjóst alltaf við því að þetta yrði bara svona og það þarf enginn að vera hissa á þessu. Þetta lá alveg fyrir 1988, 1989, 1990 og guð veit hvað. Engin frétt. Það er engin frétt að það er komin niðurstaða frá Evrópusambandinu sem mundi í framkvæmd þýða það að það þyrfti að leysa upp Landsvirkjun. Það er engin frétt. Það er engin frétt að það komi frá Evrópusambandinu tilkynning um að það þurfi að leysa upp Rafmagnsveitur ríkisins eins og þær eru í dag. Engin frétt. Það eru engin tíðindi. Það eru heldur engin tíðindi að það er komin tilkynning frá Evrópusambandinu sem mundi hafa í för með sér hækkun raforkuverðs úti á landi. Það er engin frétt. Og það er heldur engin frétt að það er komin tilkynning frá Evrópusambandinu sem mundi banna jöfnun raforkuverðs, þ.e. niðurgreiðslu á raforku til húshitunar vegna þess að það mundi mismuna samkeppniskostum. Og það er heldur engin frétt að það sé opnað fyrir það að útlendingar eigi raforkuverin. Það er engin frétt, það eru engin tíðindi. Menn máttu svo sem búast við þessu.

Veruleikinn er sá, hæstv. forseti, að menn hafa mikið verið að tala um aðild útlendinga að eignarhaldi á aðgangi að fiskimiðunum. Ég segi alveg eins og er að ég er sannfærður um að það verður stutt biðröðin þar miðað við þau tíðindi sem geta gerst í orkumálum á Íslandi ef það er opnað fyrir það að útlendingar eignuðust raforkuverin. Þar er gullið, þar er gull framtíðarinnar á Íslandi. En það er engin frétt. Menn máttu búast við þessu, segir hæstv. iðnrh.

Ég hlýt að spyrja: Er samstaða í stjórnarflokkunum um þessa stefnu iðnrh. að þetta sé allt í lagi? Er það skoðun Framsfl. að þetta sé í lagi? Er það skoðun hæstv. félmrh.? Er það skoðun Sjálfstfl.? Er það skoðun ríkisstjórnarinnar að þessi bylting í orkumálum sé allt í lagi? Bara eitthvað sem mátti búast við og engin ástæða til þess að gera sér neina rellu út af því. Þessi vinnubrögð eru ótrúleg, hæstv. forseti.

[10:25]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að hefja þessa umræðu sem ég held að sé nauðsynleg og þörf fyrir okkur á hinu háa Alþingi. Ég vil fagna því sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. að það hafa verið settir fram fyrirvarar vegna undirbúnings að setningu reglugerða á vegum Evrópusambandsins sem hefði þá áhrif á samninginn hjá okkur, samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði hvað varðar orkumál.

Ég tel nauðsynlegt að það komi fram í þessari umræðu mjög skýrt og skilmerkilega að það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að koma rækilega á framfæri þeim skilaboðum sem tengjast þeirri staðreynd að við erum á Íslandi með mjög einangraðan og afmarkaðan raforkumarkað. Það er ekki hægt með sama hætti að setja reglur sem gilda um þann markað eins og hann er í dag og þær sem hægt er að setja í Evrópu þar sem lönd liggja saman og hægt er að hafa allt annars konar frelsi í viðskiptum með raforku en hægt er að hafa á Íslandi. Þetta vil ég að komi skýrt fram, enda held ég að hæstv. iðnrh. hafi látið það koma greinilega fram í sínu svari.

Ég vil í þessari umræðu, hæstv. forseti, undirstrika að ég tel afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að halda sterkri stöðu Landsvirkjunar, sterkri stöðu til þess að geta haldið áfram jöfnun á raforkuverði í landinu og til þess að geta lækkað það sem mest til hagsbóta fyrir okkur Íslendinga. Ef staða Landsvirkjunar verður veikt er alveg ljóst að dreifiveiturnar sem eiga þá að ganga inn í þessa samkeppni, ef um það yrði að ræða, geta ekki veitt þá þjónustu í verði eða öðru sem okkur er nauðsynlegt í okkar dreifbýla landi. Þetta vil ég að komi fram, herra forseti.

[10:28]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram sem formaður þeirrar nefndar sem hér er verið að ræða um að ljóst er að það er ekkert óeðlilegt sem tefur störf þessarar nefndar. Hún hefur haldið marga fundi. Málið er hins vegar umfangsmikið og það sem skiptir höfuðmáli er að það verði vandað til þessa verks.

Það vekur athygli mína við þessa umræðu að hér koma núna upp hvorki fleiri né færri en fjórir fyrrv. ráðherrar til að finna að því að þessi nefnd skuli ekki hafa lokið störfum á örfáum mánuðum. Mér er spurn: Hvað aðhöfðust þeir meðan þeir höfðu öll völdin til þess að leysa þessi mál? Hvað aðhöfðust þeir þá, þessir fjórir hæstv. ráðherrar sem hér hafa geyst fram í ræðupúlt til þess að fjargviðrast yfir því að við skyldum ekki vera búnir að leysa jafnumfangsmikið mál á eins skömmum tíma og okkur var settur? Það er staðreynd að það var hugsun ráðherrans að við gætum lokið störfum og þetta mál gæti komið inn í þingið og væri kynnt núna fyrir þinglok. Því miður er málið umfangsmeira en svo. Og ég legg höfuðáherslu á það sem formaður þessarar nefndar að það sé vel unnið að þessu starfi og það höfum við allir sem í nefndinni erum viljað gera.

Í umræðum fyrir nokkrum dögum var óskað eftir því að þetta mál yrði tekið upp í iðnn. þingsins og kynnt þar hvernig staða málsins væri. Að sjálfsögðu tók ráðherra því vel og hafði samband við mig þegar um það mál. Ég leitaði til annars lögfræðingsins í þessu máli og óskaði eftir því að hann kæmi á fund nefndarinnar sl. föstudag til þess að kynna þetta mál þar. Því miður náðum við ekki mætingu í nefndinni þennan föstudag til þess að hægt væri að kynna stöðu málsins þá. En ég gerði grein fyrir því á fundi nefndarinnar í þessari viku að ég vildi verða við því að reyna að koma á fundi nú í þessari viku til þess að kynna það. Þetta eru staðreyndir málsins, virðulegi forseti.

[10:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Málsvörn hæstv. iðnrh. er mjög sérkennileg í þessu efni. Hann neitar í raun að horfast í augu við staðreyndir. Hann afneitar eigin ummælum í *Ríkisútvarpinu*, á Stöð 2 eða Bylgjunni 8. eða 9. maí eins og hann hafi ekkert verið að fjalla um tilskipun Evrópusambandsins. Útskriftir af þessum efnum liggja fyrir. Ráðherrann var þar ekkert að tala um lögin sem sett voru 15. maí. Það voru viðbrögð við væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins sem hann var að fjalla um þar og þýðir ekkert að hlaupa frá slíku. Það er satt að segja hörmulegt þegar ekki er hægt að fá í svo þýðingarmiklu máli skýr viðbrögð af hálfu stjórnvaldsins. Það er ábyrgðarhluti að standa þannig að máli, hæstv. iðnrh.

Hér er verið að gera sem minnst úr áhrifum þeirrar tilskipunar sem væntanleg er frá Evrópusambandinu þegar verið er að gerbreyta aðstæðum í sambandi við raforkumál þannig að menn kunna að þurfa ef þetta gengur yfir okkur að gerbreyta skipulagi mála varðandi okkar raforkufyrirtæki, dreifingu raforkunnar o.s.frv. Þá hefur hæstv. ráðherra ekki miklar áhyggjur af því. Hann segir að framkvæmdastjórn hafi verið bent á að kerfi væri til eins og hið einangraða íslenska og af Íslands hálfu hafi verið sagt að sum ákvæði þessarar tilskipunar kunni ekki að eiga við hér á landi. Er það nú málsvörn. Eru það nú viðbrögð. Hvers vegna er afstöðu íslenskra stjórnvalda í þessu stóra máli ekki komið á framfæri við framkvæmdastjórnina í Brussel og ráðherraráðið þannig að menn velkist ekki í vafa? En stefnan liggur ekki fyrir nema það sé þá það að taka við þessari tilskipun og laga íslenska löggjöf og íslenskar aðstæður í raforkumálum að tilskipuninni.

Ég fagnaði sérstaklega því sem kom fram frá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni í þessu máli. Það voru skýr viðbrögð. Það voru skýr varnaðarorð þannig að það virðist vera sem Framsfl. sé langtum slappari en Sjálfstfl., a.m.k. að hluta til, í þessum efnum.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, menn ættu að líta til Danmerkur. Þar er verið að renna í gegn núna frv. til þess að bregðast við þessari tilskipun þar sem segir í kynningu á þessu frv.: Nej, til liberaliserad energi market og eksport af elektricitet, sem sagt að vera að breyta danskri löggjöf til varnar ákvæðunum í Brussel. En hér er ekki neitt aðhafst

sem marktækt getur talist og vísað í frv. sem afgreitt var miðjan maímánuð. Það kemur þessu máli lítið við. Þar var lágmarksaðlögun að þeim veruleika sem við búum við en varðar ekki þá tilskipun sem er að koma yfir okkur.

[10:34]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Fyrst varðandi þau frumvörp sem hér hafa verið ítrekað til umfjöllunar á þessu þingi í vetur varðandi virkjanir fallvatna og eignarhald á auðlindum í jörðu hefur hv. þm. Stefán Guðmundsson svarað því. Eins og fram kom hjá hv. þm. er ekkert óeðlilegt við þá málsmeðferð sem þar á sér stað. Það ættu þeir auðvitað best að vita, þeir hæstv. fyrrv. iðnaðarráðherrar, sem hafa verið með þessi mál til umfjöllunar í sinni tíð í iðnrn., að þarna er um flókin verk að ræða, þarna er um flókinn málaflokk að ræða og það tekur tíma að ná samstöðu, ekki bara milli ríkisstjórnarflokkanna heldur líka á á milli allra flokka á þingi um skynsamlegustu lendingu þessa máls.

Ég er ekki að gera lítið úr þeirri tilskipun, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem væntanleg er en hefur þó enn ekki verið sett. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að hún getur þýtt talsvert miklar skipulagsbreytingar í orkumálum okkar. Þess vegna hef ég sett á fót nefnd til þess að undirbúa skipulagsbreytingar á orkumálum á Íslandi. (**HG:** Það er önnur nefnd ...) Það er önnur nefnd, hv. þm., og það á hv. þm. að vita vegna þess að þingflokkur Alþb. er með fulltrúa í þeirri nefnd. Það er nefnd sem á að fjalla um skipulag orkudreifingar í landinu, orkuvinnslunnar og orkuflutnings.

Síðan er einnig að störfum eins og fram hefur komið nefnd til þess að undirbúa frumvörpin um eignarrétt á auðlindum í jörðu og virkjunarrétt fallvatna. Fyrirvaranum hefur verið haldið til haga, hv. þm., hvað Ísland snertir í þessari umræðu allri saman. Þetta á ekki að koma á óvart vegna þess að 1988 kom fram fyrsta tilskipun um innri markað raforku í Evrópu sem gekk mun lengra en þau tilskipunardrög sem núna er verið að fjalla um. Þau komu fram árið 1988 og það eiga auðvitað hv. þingmenn að vita. Það furðulegt að hér skuli koma upp hv. formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Svavar Gestsson, halda dómadagsræðu en hlaupa síðan í burt úr salnum og ekki láta sjá sig meira og halda fram slíkum rangindum sem hann gerði. Að leysa þurfi upp Landsvirkjun, það er rangt. Að leysa þurfi upp Rarik, það er líka rangt. Að ekki sé hægt að koma við orkujöfnun í þessu kerfi, það er líka rangt. Að ekki sé hægt að greiða niður orkuverðið, það er líka rangt. Allar fullyrðingar hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, sem hann fór með í tveggja mínútna langri ræðu voru rangar og þannig er málflutningur Alþb. í málinu. Menn eru í raun og veru að blekkja og villa um fyrir fólki. (**HG:** Hver er stefna ráðherrans? Hvar er Framsókn?)

Byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 536. mál (raflagnahönnuðir). — Þskj. 1077.

[10:37]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 1077 og er 536. mál þingsins. Í frv. því sem hér er mælt fyrir til breytinga á byggingarlögunum með síðari breytingum er ætlað að tryggja rétt þeirra sem til þessa hafa athugasemdalaust lagt fram og fengið samþykktar raflagnateikningar af húsum og öðrum mannvirkjum án þess að hafa hlotið löggildingu til slíkra starfa.

Í 12. gr. byggingarlaga, nr. 54/1978, sem tóku gildi 1. jan. 1979, segir að rétt til að gera séruppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum hafi arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandídatar og í tæknideildum búnaðarháskóla. Réttur inn er háður svokallaðri löggildingu sem umhvrh. veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarfélags og skipulagsstjóra ríkisins.

Þrátt fyrir að ákvæði byggingarlaga séu svo ótvíræð hefur framkvæmdin hvað snertir raflagnahönnuði verið önnur. Þótt séruppdrættir eigi að vera háðir eftirliti og samdrætti byggingarfulltrúa hefur framkvæmdin lengst af verið eins og hún var fyrir gildistöku laganna þegar um hönnun raflagna hefur verið að ræða sem er að eftirlit með séruppdráttum af raflögn hefur verið í höndum rafveitna. Af hálfu rafveitna hefur verið lögð meginhersla á gæði hönnunarinnar en ekki leitað eftir því hvort hlutaðeigandi hefði löggildingu til starfans. Þannig hafa í reynd ekki verið gerðar kröfur til þess að hönnuðir raflagnateikninga uppfylltu skilyrði 12. gr. byggingarlaganna.

Komið hafa fram athugasemdir frá löggiltum hönnuðum um framkvæmdina auk þess sem umboðsmaður Alþingis fékk málið til fyrirgreiðslu. Að vandlega íhuguðu máli ákvað ráðuneytið að ekki væri stætt á öðru en 12. gr. byggingarlaganna gilti jafnt um raflagnahönnuði sem og um aðra hönnuði enda ekki hlutverk ráðuneytins að ákveða að lög hafi fallið úr gildi sökum notkunarleysis. Í byrjun ársins sendi ráðuneytið byggingarfullrúum og byggingarnefndum erindi þar sem beint var þeim tilmælum til þessara aðila að gengið yrði ríkt eftir því að ákvæði 12. gr. byggingarlaga, nr. 54/1978, með síðari breytingum, næðu til raflagnateikninga sem og annarra teikninga. Þó var gert ráð fyrir að framkvæmdin yrði óbreytt til 1. júní nk. meðan þess yrði freistað að ná fram breytingum á lögunum með það fyrir augum að víkka heimildina til veitinga starfsréttinda til að tryggja rétt þeirra raflagnahönnuða sem fengið hafa að leggja fram raflagnateikningar án þess að vera með viðurkenningu ráðherra til þess eins og lög mæla fyrir enda miklir hagsmunir í húfi fyrir hlutaðeigandi einstaklinga marga hverja.

Sem kunnugt er hefur frv. til skipulags- og byggingarlaga verið til umfjöllunar á Alþingi að undanförnu og var ætlunin að skjóta inn í það frv. ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja rétt raflagnahönnuða í samræmi við það sem ég hef áður greint frá. Þar sem fyrirséð er að frv. nær ekki fram að ganga á þessu þingi og um er að ræða verulega hagsmuni einstakra raflagnahönnuða er þess óskað að fá fram skýran vilja Alþingis í því máli og er frv. lagt fram í því skyni.

Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að við byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum, bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að einstaklingar sem lokið hafa námi á rafsviði og störfuðu 1. jan. 1996 við raflagnahönnun eða höfðu á næstliðnum þremur árum fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum eigi þrátt fyrir ákvæði 12. gr. rétt á fullu eða takmörkuðu starfsleyfi sem raflagnahönnuðir enda sæki þeir um slíkt leyfi til umhvrh. fyrir 1. jan. 1997. Með þessu á að vera tryggt að til grundvallar liggi menntun á rafsviði og að hlutaðeigandi hafi fengist við raf-

lagnahönnun undanfarin ár. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð um nánari ákvæði um framkvæmdina.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. þetta. Ég tel mjög brýnt að frv. nái fram að ganga á þessu þingi og hægt verði að ljúka því máli sem hér um ræðir í eitt skipti fyrir öll. Nái frv. ekki fram að ganga er ljóst að 12. gr. frv. verður beitt í tengslum við raflagnahönnuði eins og um alla aðra hönnuði samkvæmt byggingarlögum. Munu við það fjölmargir aðilar missa rétt til að vinna við raflagnahönnun og þar með atvinnu sína. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn. að lokinni þessari umræðu og legg til að málið fái skjóta afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998.

og

Póstlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639, nál. 962 og 999.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062.

[10:42]

Kristín Halldórsdóttir (frh.):

Herra forseti. Ég vildi byrja á því að spyrja hvort hæstv. samgrh. hefur ekki hugsað sér að vera viðstaddur umræðuna sem er vitanlega sjálfsagt og eðlilegt. Ég spyr hæstv. forseta hvort hæstv. samgrh. er í þinghúsinu.

(**Forseti** (RA): Hann mun vera í þinghúsinu og er genginn í salinn.)

Veri hæstv. samgrh. velkominn. Það er reyndar tæp vika síðan ég hóf mál mitt um þetta frv. og ég held að ég verði að rifja í örfáum orðum upp fyrir sjálfri mér og öðrum hverju ég hafði þegar komið til skila áður en ég held ræðu minni áfram.

Ég minnti á það í mínu máli að í rauninni væru margir eða líklega flestir sem hafa sett sig inn í þetta mál sammála um réttmæti þess að endurskoða skipulag og stjórnun Pósts og síma, það sé nauðsynlegt að búa stofnuninni þau skilyrði að hún geti brugðist skjótt við vaxandi samkeppni en hins vegar greini menn á um leiðir eins og ljóst má vera af nefndarálitum hv. samgn. en þau eru tvö eins og þingmönnum er kunnugt.

Þetta mál hefur margar hliðar og það þarf að gaumgæfa þær allar því að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Ein hliðin snýr að sjálfsögðu að neytendum, önnur að hagsmunum starfsmanna og svo er það sú hlið sem að ríkisvaldinu snýr og þá fyrst og fremst að ríkissjóði. Póstur og sími hefur reyndar verið ein af bestu mjólkurkúm ríkissjóðs á síðari áratug og er t.d. ætlað að skila 860 millj. kr. í ríkissjóð á þessu ári. Það er engin trygging fyrir því að tekjur ríkisins af Pósti og síma verði svo miklar eftir að sú breyting hefur átt sér stað sem lögð er til í frv. ef hún verður samþykkt og reynar lítil líkindi til þess. Spurt hefur verið ítrekað um þetta atriði og fengist heldur óljós svör en þó hefur mátt ráða af þeim svörum að menn búast við umtalsvert minni tekjum í ríkissjóð eftir en áður. Þá hljótum við að spyrja okkur út frá hagsmunum ríkissjóðs hvort þetta sé rétta leiðin. Það væri kannski ekki með öllu illt ef við hefðum tryggingu fyrir því að neytendur þjónustunnar nytu þá þess í betri þjónustu og lægri gjöldum en það er engan veginn tryggt og raunar því miður heldur ólíklegt ef litið er til reynslu annarra þjóða af markaðsvæðingu þessarar þjónustu.

Það er sérstaklega ástæða til þess að hafa áhyggjur af stöðu póstþjónustunnar og um það fjallaði ég allítarlega í máli mínu fyrir tæpri viku. Það er í rauninni eitt af furðulegustu atriðum þessa máls að hér skuli lagt til að gera Póst- og símamálastofnunina í einu lagi að hlutafélagi án þess að ganga fyrst að því verki sem hlýtur að koma að fyrr en síðar, þ.e. að aðskilja rekstur póstþjónustunnar og símaþjónustunnar. Engin rök hafa verið færð fyrir því að bíða með þennan aðskilnað þó að í greinargerðinni sé drepið á þann kost og til þess vísað að víðast hvar er þessi rekstur í tveimur stofnunum. Þetta er ólíkur rekstur á margan hátt og ólík þjónusta og hún hefur verið að færast í sundur, aðgreinast æ meir hér á landi á síðustu árum, þ.e. hvað þjónustuna varðar en ekki fjárhaginn. Ég minnti á það í fyrri hluta ræðu minnar að símaþjónustan hefur í raun og veru haldið póstþjónustunni uppi og ef ég man rétt hefur þarna verið um 300 millj. kr. millifærslur að ræða á ári þessi síðustu ár. Ég tel augljóst að þessi þjónusta muni áfram þurfa á styrk og stuðningi að halda.

Herra forseti. Við verðum að horfast í augu við það að póstþjónustan er mikilvæg samfélagsleg þjónusta sem stjórnvöld verða að bera ábyrgð á og tryggja jafnan rétt allra til að njóta hennar. Þessi staðreynd hefur verið viðurkennd víða í Evrópu og virt með því að styrkja einkaleyfi póststjórna með samræmingu burðargjalda á ákveðnum hluta sendinga enda þótt samkeppni ríki til fulls á sumum sviðum póstþjónustu.

Herra forseti. Mér finnst athyglisvert að hæstv. samgrh. er að sönnu í húsinu en ... (**Samgrh.:** Ég er búinn að heyra þennan hluta ræðunnar einu sinni áður og er ekki búinn að gleyma öllu því sem þá var sagt.) Það er gott að minni hæstv. samgrh. er svo gott og ég sé að hann hefur sótt sér lesefni til þess að þurfa ekki að hlusta um of á það sem hér er sagt en eins og ég gat um er fyrst og fremst símaþjónustan sem hefur verið einkavædd. Sums staðar er póstþjónustan rekin í formi hlutafélaga en flest þeirra eru fullkomlega í eigu ríkisins og er mun minni áhugi á að einkavæða þá þjónustu vegna samfélagslegs eðlis hennar.

Í Danmörku var farin önnur leið en hér er lögð til. Það var hlustað á rök í þessu efni. Þegar voru uppi hugmyndir um að gera stofnunina, þ.e. Post Danmark, að hlutafélagi líkt og símafyrirtækið, en í góðu samkomulagi og samráði við starfsmenn fyrirtækisins var farin sú leið að auka sjálf-

ræði stofnunarinnar enda þótt hún væri áfram ríkisstofnun en tryggja aukin áhrif og ábyrgð starfsmanna. Eftir gaumgæfilegar athuganir, viðræður og samráð varð niðurstaðan sú að reka Post Danmark áfram sem ríkisfyrirtæki en taka þau út af fjárlögum og fella þau undir almenn lög um fyrirtækjarekstur. Með þessu fyrirkomulagi eru starfsmenn áfram ríkisstarfsmenn, líka nýir starfsmenn með þau réttindi og skyldur sem þeirri stöðu fylgja.

Íslenska póstmannafélagið hefur sýnt mikinn áhuga á að fara svipaða leið en því miður hefur ekki verið áhugi hjá íslenskum stjórnvöldum. Það virðist sem hugmyndin um eins manns hlutafélag samgrh. hafi fyllt út í myndina alveg frá upphafi og ekki verið gefið rúm fyrir aðra möguleika. Skýringin er auðvitað sú að endanlega markmiðið er einkavæðing og sú formbreyting sem hér er lögð til auðveldar þá leið. Hún er áfangi sem fara þarf á leiðinni að lokamarkinu. Þess vegna hefur ekki verið nægileg umræða um aðrar leiðir eins og þá sem drepið er á í nefndaráliti minni hlutans sem er sú að gera fyrirtæki að sjálfseignarstofnun með ákveðnar skyldur og réttindi og aukið svigrúm til þess að bregðast við breytingum í rekstrarumhverfi. Það er sem sagt hlutafélag sem alltaf hefur verið markmiðið og ekki að mínum dómi hlustað nægilega á aðrar leiðir.

Það verður sjálfsagt ekki mikil breyting í raun á rekstri Pósts og síma fyrst um sinn þótt þetta frv. yrði að lögum. Meginbreytingin verður að hf. kemur fyrir aftan nafnið og hæstv. samgrh. fær eitt hlutabréf í sína vörslu.

Ég rakti nokkuð í mínu máli þó ég muni það ekki nákvæmlega hvar ég endaði, svo margir dagar eru síðan ég stóð hér, en ég held að ég hafi verið búin að fara nokkuð í það sem mér finnst afar athyglisvert og það er hvernig standa á að upphafi þessa máls, stofnunar og rekstri þessa fyrirtækis því að það er hæstv. samgrh. sem fær mikil völd í sínar hendur. Hann fær þetta hlutabréf. Svo heldur hann eins manns fund til þess að skipa þá nefnd sem lagt er til að undirbúi formbreytinguna vegna þess að það rann upp fyrir mönnum sem margir sáu og bentu á í 1. umr. um þessi mál og hefur ítrekað verið rætt í nefndinni að málið var illa undirbúið og m.a. ótal lausir endar og reyndar fyrst og fremst í sambandi við starfsfólk fyrirtækisins, kjör þess og réttindi. Að loknu starfi þessarar undirbúningsnefndar sem samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að taka aðeins þrjá mánuði boðar hæstv. ráðherra aftur sjálfan sig á fund á þriðja í jólum ef breytingartillögurnar verða samþykktar og þar er það hlutverk hans að skipa hlutafélaginu stjórn sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi. Það er reyndar ekki á hreinu hvenær sá aðalfundur yrði haldinn en svo virðist sem hæstv. samgrh. yrði þar einn í því kaffisamsæti. Ég veit raunar ekki hvað mönnum finnst um þetta fyrirkomulag en mér finnst það ekki eiga mikið skylt við lýðræði og valddreifingu og kannski hefur það ekki verið markmiðið. Ég lýsti þessu reyndar í máli mínu sl. fimmtudag en ég held að ég verði að endurtaka þá lýsingu vegna þess að þetta er afar merkilegt ferli.

Hæstv. samgrh. á einn að ráða öllum stjórnarmönnum sem hann kýs einn með sjálfum sér á þessum merka aðalfundi. Þar fær hann 14 bitlinga að ráðskast með, 7 aðalmenn í stjórn og 7 varamenn. Ég minnist þess að hafa einhvers staðar séð eftir honum haft að hann muni gæta þess að þeir yrðu úr fleiri en einum stjórnmálaflokki og það er því greinilega um pólitíska bitlinga að ræða. Það eru engin skilyrði eða ákvæði um faglega menntun eða reynslu og engin ákvæði sem tryggja áhrif starfsmanna að stjórnum fyrirtækisins. Þarna tel ég að ættu tvímælalaust að koma til skjalanna menn með breiða þekkingu og reynslu á sviði tækni og viðskipta.

Það er líka rétt að geta þess að ýmsir samkeppnisaðilar hafa gert athugasemdir við það hlutverk og vald sem hæstv. samgrh. er falið þar sem hann mun í senn koma fram sem eigandi og stjórnvald. Svo að ég sé ekki að teygja tímann um of vil ég vísa til upphafs ræðu minnar sem ég flutti sl. fimmtudag.

Það er einnig ljóst eftir skoðun og umfjöllun um þetta frv. að umfang Pósts og síma getur breyst verulega undir þessu formi þar sem stjórn félagsins verður heimilt að gera ráðstafanir til þess að stofnunin tengist öðrum aðilum. Heimilt verður að standa að stofnun fyrirtækja eða gerast aðili að öðrum fyrirtækjum, stofna ný félög og gera samninga út og suður. Þá er m.a. stóra spurningin hvað verði um réttindi og kjör starfsmanna Pósts og síma hf. Það er einmitt sú hlið þessa máls sem veldur hvað mestum áhyggjum og er því miður komið enn eitt dæmið nú á þessu þingi þar sem ríkisstjórnin vegur að réttindum og kjörum starfsmanna ríkisins og setur allt líf þeirra og afkomu í óvissu og uppnám.

Póstur og sími er stór stofnun á íslenskan mælikvarða. Starfsmenn eru þar um 2.500 og til fróðleiks má geta þess að um 70% þeirra eru konur. Það er ljóst að við þessa formbreytingu verður breyting á högum þessa fólks. Það er með flest þetta fólk eins og aðra sem vinna hjá ríkinu að það er ekki of sælt af launum sínum. Það eru ekki háar tölur sem sjá má á launaseðlum þessa fólks og engum dettur í hug að öfundast út í það launanna vegna. Láglaunastefna stjórnvalda hefur séð til þess. En þetta fólk eins og aðrir starfsmenn ríkisins hefur notið ákveðinna réttinda sem það hefur talið nokkurs virði og sumir hafa jafnvel öfundað það af. Það hefur notið ákveðins öryggis og ráðningarfestu. Það hefur haft sæmileg réttindi í sambandi við orlof og veikindi, fæðingarorlof og lífeyri og náttúrlega hinn margumtalaða biðlaunarétt sem var hugsaður sem öryggisventill og fæstir höfðu nokkrar áhyggjur af þeim öryggisventli fyrr en stjórnvöld fengu þennan mikla áhuga á einkavæðingu. Þá kom í ljós hvers virði biðlaunarétturinn var. En öll þessi réttindi eru svo sannarlega nokkurs virði og hafa einmitt sætt marga við lág laun sem þeir hafa orðið að búa við árum saman og verður að segjast eins og er þegar um þetta fyrirtæki ræðir að er jafnframt grunnurinn að lágum gjöldum neytenda þessarar þjónustu. Það er staðreyndin.

Um þetta þarf svo sem ekki að segja margt þar sem þetta er nákvæmlega það sem við höfum verið að ræða undanfarna daga í tengslum við frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem stjórnarmeirihlutinn er að breyta og raska einhliða stórum hluta af kjörum fólks án þess að þurfa að bæta því jafnframt á einhvern annan hátt þann skaða sem af þessu hlýst. Þetta er slíkt smámál í augum þeirra sem skipa meiri hlutann á Alþingi að þeir hafa forðast að ræða málið og nánast ekkert haft um það að segja annað en býsnast yfir því hvað stjórnarandstæðingar hafa talað í margar klukkustundir.

Það þótti mikill óþarfi og dæmalaus vitleysa að svo margir þingmenn í stjórnarandstöðunni skyldu leyfa sér að setja sig inn í það mál og reyna að koma vitinu fyrir stjórnarmeirihlutann á þann eina hátt sem stjórnarandstöðunni er tiltækur. Sú harða barátta sem stjórnarandstaðan hefur haldið uppi í því máli hefur þó ekki verið til einskis. Hún hefur vakið marga til vitundar og umhugsunar um hvað er á ferðinni og hún hefur neytt stjórnarmeirihlutann til þess að skoða nánar mörg atriði frv. og gera á því breytingar. Sjálfsagt mun meiri

hlutinn ekki þakka okkur það en hann ætti að gera það því að með því var komið í veg fyrir enn sneypulegri afgreiðslu hv. Alþingis. En fulltrúum stjórnarflokkanna lá á að koma þessu frv. um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á því það hangir saman við það frv. sem við ræðum.

Það er afskaplega skiljanlegt að starfsmenn Pósts og síma séu uggandi um sinn hag. Reynslan frá öðrum löndum er sú að starfsfólki hefur fækkað stórlega. Við höfum t.d. upplýsingar um hvernig tekið var á málum í Noregi þegar símaþjónustan var gerð að hlutafélagi. Þá var raunar stofnuð eins konar stuðningsdeild eða eining innan fyrirtækisis sem hefur m.a. það hlutverk að standa fyrir endurmenntun starfsmanna og aðstoða þá við að leita sér að vinnu. Ekki hefur heyrst að neitt slíkt sé fyrirhugað hér.

Það var upplýst að frá árinu 1992 hefði starfsfólki hjá Telenor AS hjá Noregi verið fækkað um 4–5 þúsund manns eða um 30% en þó hefði engum verið sagt upp. Þegar spurst var fyrir um hvernig þetta kæmi heim og saman voru þær skýringar gefnar að mörgum hefði verið útveguð vinna annars staðar en auk þess hefði starfsmönnum verið boðið upp á að hætta að vinna 60 ára á óskertum lífeyri. Þessar upplýsingar eru frá stjórnendum fyrirtækisins. Íslensk starfssystkini þeirra norsku sögðu okkur þá sögu á á fyrstu sex mánuðum hlutafélagsins hefði 300 manns verið sagt upp störfum og enn væri verið að því. Það er alltént ljóst að félagar innan landssamtaka launþega í Noregi, LO og fleiri, fóru í verkfall í maí 1994 og mótmæltu breytingunum hjá Telenor AS og svipaðar fréttir eru af formbreytingunni t.d. í Danmörku.

Eins og hefur komið fram komu fulltrúar starfsmanna oftar en einu sinni á fund samgn. og skiluðu álitum bæði félaganna svo og lögfræðilegum álitum. Það er alveg ljóst að það er mikill uggur í þessu fólki þar sem réttindi þess og kjör eru í fullkominni óvissu. Aðstaðan er nokkuð misjöfn en allir voru á einu máli um það að þetta mál væri einstaklega illa undirbúið hvað starfsfólkið varðaði og ráðuneytið var engan veginn tilbúið til viðræðna um þau mál og enginn farvegur til þess að ganga frá einu né neinu í þessu efni. Þetta viðurkennir samgn. og skilur og úr þessu er reynt að bæta með breytingartillögum meiri hluta samgn. um starfshóp sem taki á þessum málum og öðrum áður en til breytinganna kemur en eftir að frv. hefur verið samþykkt. Ég hef áhyggjur af því að sá tími sem ætlaður er til þeirra verka sé allt of skammur auk þess sem tíminn er illa valinn. Hann lendir að mestu leyti á sumarleyfistíma og gæti því nýst illa af þeim sökum. Að mínum dómi hefði verið eina rétta að fresta breytingunum og ætla sér betri tíma til þess að ganga frá lausum endum, sérstaklega hvað varðar réttindi starfsfólks.

Ég minni á enn og aftur að hér er um 2.500 starfsmenn að ræða. Ég nefndi áðan að um 70% þeirra eru konur. Ég hef ekki þá tölu handbæra hversu margar þeirra eru fastráðnar en samkvæmt 8. gr. frv. flytja fastráðnir starfsmenn áunnin réttindi með sér yfir í hlutafélagið ef það verður stofnað. Réttindi fastráðinna ríkisstarfsmanna til fæðingarorlofs eru talsvert öðruvísi og betri en á almennum vinnumarkaði, þ.e. hvað greiðslur varðar í fæðingarorlofi og það skiptir því afar miklu máli hvernig farið verður með þessi réttindi. Það er svo aftur annað mál að það er brýnt að breyta því fyrirkomulagi sem gildir um fæðingarorlof. Það þarf að samræma réttindin, samræma og jafna upp á við, hæstv. ráðherra, og ég minni enn einu sinni á tillögu okkar kvennalistakvenna um sérstakan fæðingarorlofssjóð og leiðir til að tryggja það að allir haldi föstum launum sínum í fæðingarorlofi fyrir utan það sérstaka mál að auka hlutdeild feðra í umönnun barna sinna með því að þeim verði gert kleift að taka fæðingarorlof. En það verður að sjálfsögðu ekki gert nema þeim verði tryggð a.m.k. dagvinnulaun þeirra. Það er ljóst að með því fyrirkomulagi sem nú gildir um réttindi fólks til greiðslna í fæðingarorlofi eru þau afar misjöfn og svo verður áfram í því fyrirtæki sem hér er ætlað að koma á fót þótt engan veginn sé ljóst né frágengið hvernig nákvæmlega þau réttindi snerta hvern og einn. Þetta er eitt af þeim atriðum sem verður að ganga tryggilega frá.

Mikill tími og vangaveltur hafa farið í biðlaunaréttinn og fleiri réttindi sem um er að tefla. Einlægast væri kannski í tilvikum sem þessum ef farið verður út í það að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Sú skoðun kom fram af hálfu sumra gesta nefndarinnar að biðlaunaréttinn ætti að meta til fjár og greiða opinberum starfsmönnum við tilflutning sem þennan. Þetta væri réttur sem starfsmennirnir hafi greitt fyrir með lægri launum þótt hann þess virði og slíkur öryggisventill að fyrir hann væri nokkru fórnandi. Sú skoðun kom fram a.m.k. af hálfu eins af þeim starfsmannafélögum sem hér eiga hlut að máli að eðlilegast væri að hann væri metinn og hreinlega greiddur út og þá gætu starfsmenn allténd byrjað á sama borði. Þessi hugmynd fékk reyndar ekki mikla umræðu í nefndinni og ég er ekki beint að mæla með henni en hún hefði mátt fá umræðu og athugun.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt enda koma flest rök í þessu máli fram í nefndaráliti minni hluta samgn. en þar kemur réttilega fram að ég hef áheyrnaraðild að hv. samgn. og er samþykk áliti minni hlutans. Það er niðurstaða okkar eftir umfjöllun um þetta mál og viðræður okkar við hina ýmsu aðila sem málið varðar að það sé ekki fullunnið og það sé öldungis óviðunandi að vísa svo miklu verki óunnu til þriggja manna starfshóps eins og lagt er til í brtt. meiri hlutans og ætla honum að hnýta alla lausa enda á aðeins þremur mánuðum. Þess vegna er það niðurstaða okkar að við teljum nauðsynlegt og langeðlilegast að fresta öllum breytingum á stjórnun og rekstrarformi þessarar mikilvægu ríkisstofnunar enn um sinn, fresta þeirri lagasetningu sem er í fæðingu og nota tímann fram á haustið til þess að vinna málið aftur frá grunni.

Í fyrsta lagi þarf að rökstyðja miklu betur að yfirleitt sé nauðsynlegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma frá því sem nú er.

Það þarf í öðru lagi að athuga betur aðra kosti en þann að stofna hlutafélag um þessa starfsemi og ég minni enn á þann kost sem nefndur er í nefndaráliti minni hlutans um sjálfseignarstofnun sem er fyllilega raunhæfur kostur og mörgum þóknanlegri. Það var einmitt upplýst á fundi í hv. samgn. að í dómsmrn. væri verið að vinna að lagasmíð um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri og þess vegna legg ég enn áherslu á að það beri að athuga þennan kost.

Í þriðja lagi þarf að ganga frá aðskilnaði þessara tveggja þjónustuþátta eins og nánast hvarvetna annars staðar er gert. Það þarf að komast að rökstuddri niðurstöðu um þau rekstrarform sem hvorum rekstrarþætti fyrir sig hentaði best.

Í fjórða lagi þarf að gaumgæfa stjórnunarform og þátt ráðherra í því formi með tilliti til eðlilegra og góðra stjórnunarþátta þannig að ekki sé verið að fela hæstv. ráðherra mörg hlutverk sem rekast hvert á annað og skekkja samkeppnisstöðu þess og annarra fyrirtækja en maður skyldi einmitt halda að höfundar þessa frv. og talsmenn þess skyldu

vilja hafa slíka hluti í lagi. En hverju er svo sem við að búast af þeim sem vilja breyta stjórnun og ráðslagi á þann veg að einn maður ráði öllu sem hann vill ráða. Einn maður sem er ekki einu sinni faglegur stjórnandi heldur pólitískur ráðherra sem á að halda eins manns aðalfund og ákveða í samráði við sjálfa sig hvaða 14 pólitíska gæðinga hann á að skipa í stjórn hlutafélagsins, 7 aðalmenn og 7 varamenn. Ég held að menn ættu að gefa sér tíma til að athuga þennan gang og kanna hvort ekki er rétt að skilyrða setu í stjórn, t.d. við starf í stofnuninni, fagþekkingu o.s.frv. Loks þarf að fara rækilega yfir öll atriði sem lúta að réttindum starfsfólks, hvaða umhverfi mætir þeim í nýju fyrirtæki og hvernig það er líklegt til að þróast í náinni framtíð og hver verður réttarstaða þess við stofnun dótturfyrirtækja sem heimildir eru fyrir í frv. Að margra áliti felst í rauninni lítið öryggi í þeim fullyrðingum sem birtast í frv. og greinargerð með því þess efnis að fastráðið fólk sé ekki verr sett eftir en áður með réttindi sín.

Að vísu er staðfest að menn geta haldið áfram að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og haldið áfram að ávinna sér réttindi þar en biðlaunarétturinn er með breyttu formi án þess að það verði með nokkru bætt og önnur réttindi eru í fullkominni óvissu. Fólk er eðlilega uggandi um hag sinn því að það mun mála sannast að þar sem formbreytingar hafa átt sér stað í nágrannalöndum okkar hefur launaþróunin orðið sú að topparnir, forstjórar og aðrir toppar, hafa hækkað í launum en almennir starfsmenn setið eftir og réttindin e.t.v. farin veg allrar veraldar. Niðurstöður nefndarinnar sem samdi þetta frv. þess efnis að það fyrirtæki sem ætlunin er að stofna verði traustari vinnustaður fyrir starfsfólk eins og segir í greinargerð með frv. getur því tæpast átt við aðra en toppana í fyrirtækinu.

Herra forseti. Ég hef eingöngu fjallað um fyrsta málið af þeim þremur sem eru á dagskrá í einu lagi enda það hið stærsta og hin tvö í rauninni aðeins fylgihnettir. Ég ítreka það sem áður er sagt að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar með það fyrir augum að það verði unnið og undirbúið í samráði við starfsfólk með þau góðu og gildu sannindi að leiðarljósi að gott og ánægt starfsfólk er dýrmætasta auðlind hvers fyrirtækis eins og menn segja stundum á hátíðastundum. Það er einmitt einn mikilvægasti þáttur nútímastjórnunarhátta að leggja alúð við mannlega þáttinn, búa vel að starfsfólki, taka tillit til óska þess og aðstæðna, hlusta á ráð þess, deila með því ábyrgð og í það heila tekið að rækta þann garð sem allir eiga að njóta sameiginlega. Með þessum orðum lýk ég máli mínu að sinni, herra forseti.

[11:19]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta eitt atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. en kannski er ekki við að búast að þingmaðurinn hafi kunnugleika á þeim þætti málsins. Samgrn. og Póstur og sími hafa lagt mikla rækt við það að eiga samvinnu við starfsfólk Pósts og síma um undirbúning að málinu og er raunar unnið í nokkrum hópum og ég veit ekki betur en það starf hafi gengið mjög vel. Ég hygg að ekki séu mörg dæmi um það að jafnmikil áhersla hafi verið lögð á að hafa góða samvinnu við starfsfólk og við þær breytingar sem hér eru undirbúnar. Kannski er ekki von að hv. þm. hafi verið þetta kunnugt.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að í öðru orðinu talaði hv. þm. um nauðsyn þess að formbreyting yrði á starfsemi Pósts og síma og mælti sérstaklega með sjálfseignarfélögum í því sambandi. Ég minni á að öll frestun á þessu máli er samkeppnisaðilum til góða, erlendum, fjölþjóðlegum símafyrirtækjum sem stefna að samkeppni við Póst og síma hér heima strax 1. jan. 1998 en þau íslensku fyrirtæki sem hafa verið að undirbúa sig undir þessa samkeppni eru m.a. fjölmiðlafyrirtæki og enginn vafi á því að það mundi styrkja stöðu þeirra ef það tækist að drepa þessu máli á dreif.

[11:20]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. sá ástæðu til þess að leiðrétta það að ekki hefði verið haft nægilegt samráð við starfsfólk eins og ég vildi halda fram. Ég byggi skoðun mína á viðtölum við starfsfólk og það ættu nefndarmenn í hv. samgn. að geta staðfest að það taldi fjarri því að nægilegt samráð hefði verið haft við starfsmannafélögin og gagnrýndi mjög þann undirbúning sem hefði verið við málið og það að enginn farvegur hefði verið til í ráðuneytinu fyrir undirbúning að þeirri miklu breytingu í samráði við starfsfólkið. Þetta er byggt á yfirlýsingu þeirra og rökstuddu áliti sem fulltrúar allra starfsmannafélaganna lögðu fram í samgn.

Hvað varðar hitt atriðið er það fullyrðing hæstv. samgrh. að öll frestun mundi koma samkeppnisaðilum til góða eins og ég held að hann hafi orðað það. Ég lít svo á að öll efni séu til þess að Póstur og sími eins og hann er nú í stakk búinn gæti mætt þeirri samkeppni af fullum þunga og áræði. Stofnunin hefur sýnt það að hún hefur getað brugðist skjótt og vel við og aldrei staðið á að stofnunin fengi heimildir til þess að vinna að þeim tæknibreytingum sem hún hefur talið sig þurfa á að halda.

[11:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lét þess sérstaklega getið að hann óttaðist ekki samkeppni á fjarskiptamarkaði og ég skildi hv. þm. svo að honum sýndist bara fullboðlegt fyrir Póst og síma að vera áfram opinber stofnun og vera þá í engum burðum til að mæta samkeppninni. Hvernig ætli verði um starfsöryggi fólks hjá Pósti og síma ef fyrirtækið getur ekki mætt samkeppninni af fullum krafti? Halda menn ef fjölþjóðleg fyrirtæki komi hingað að þau muni ekki ná einhverju af markaðnum heima? Auðvitað munu þau gera það og alveg ástæðulaust að tala um þessi mál með léttúð.

Í annan stað vil ég segja að ég hef átt fundi með starfsfólki Pósts og síma. Ég hef aðeins einu sinni fengið kvörtun undan því að samráð hafi ekki verið nægilegt á hinum síðustu vikum og þar væri um misskilning að ræða sem var leiðréttur þegar í stað. Mér kemur því mjög á óvart ef það er rétt sem hv. þm. segir að undan því sé kvartað að vilji manna standi ekki til þess að eiga gott samráð við starfsmannafélög Pósts og síma. Ég held að þessi ummæli þingmannsins hljóti að vera á misskilningi byggð.

[11:24]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hæstv. samgrh. höfum e.t.v. ekki haft aðgang að sömu upplýsingum. Ég er vitna til funda í hv. samgn. og fjölda álita sem við höfum fengið þar sem fulltrúar starfsfólks komu á fund nefndarinnar og staðfestu það sem stóð í álitum frá félögunum. Það var margítrekað í samræmi við fulltrúa samgn. að samráði hefði verið ábótavant og af einhverjum ástæðum telur starfsfólk sig vera í mikilli óvissu með framtíð sína hjá þessu fyrirtæki.

[11:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar en efni standa til. Ég vil þó sérstaklega vekja athygli á 5. lið brtt. meiri hluta hv. samgn. við fjarskiptalög sem hér eru einnig til umræðu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil."

Með þessari brtt. ef samþykkt verður sér fyrir endann á miklu baráttumáli landsbyggðarfólks. Ég tel sérstakt fagnaðarefni að það verði bundið í lög að landið skuli vera eitt gjaldsvæði. Ég þakka meiri hluta hv. samgn. fyrir það að bera fram þessa tillögu og vinna þannig að lausn þessa mikilvæga réttlætismáls.

Ég fellst fúslega á að heppilegra er og að öllu leyti eðlilegra að ákvæði um eitt gjaldsvæði sé betur komið í fjarskiptalögum en í lögum um Póst og síma hf. eins og ég lagði til við 1. umr. Það er augljóst að þegar opnað hefur verið fyrir samkeppni í þessari grein verður eitt yfir þau fyrirtæki að ganga sem starfa við þessa þjónustu. Þetta ákvæði á því við öll þau fyrirtæki er kunna að hasla sér völl í talsímaþjónustu.

Ég legg sérstaka áherslu á hversu mikilvægt það er að frv. um formbreytingu Pósts og síma verði að lögum núna. Í vaxandi samkeppni er nauðsynlegt að færa jafnmikilvægan rekstur og Póstur og sími hefur með höndum að nútímarekstrarformi. Rekstur fyrirtækis í hlutafélagsformi er mun auðveldari og sveigjanlegri en í formi B-hluta ríkisstofnunar eins og nú er. Því er þessi formbreyting nauðsynlegt til þess að hægt sé að bregðast við breyttu rekstrarumhverfi og aukinni samkeppni erlendis frá.

Eitt af því sem breytist við breytt rekstrarform er skattlagning fyrirtækisins. Núverandi fyrirkomulag er þannig að fyrirtækið greiðir arð í ríkissjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis á fjárlögum. Þessar arðgreiðslur hafa numið á undanförnum árum 850–860 millj. kr. og er óháð því hvernig rekstur fyrirtækisins er að öðru leyti. Við þá formbreytingu sem væntanleg er verða skattgreiðslur fyrirtækisins eins og gerist um önnur hlutafélög og sömuleiðis arðkröfur. Þetta skiptir gífurlega miklu máli í rekstrarumhverfi slíks fyrirtækis.

Ég ætla ekki að endurtaka rökstuðning minn frá því að frv. var rætt við 1. umr. en þar leiddi ég m.a. rök að því að breytt skattlagning gæfi aukið svigrúm til þess að gera landið að einu gjaldsvæði.

Nú er það svo að með lagningu ljósleiðarans hefur afkastageta kerfisins verið margfölduð svo gífurlega að ekki er fyrirsjáanlegt að bæta þurfi við þar á næstunni. Á einhverjum tímum hefur óréttlát verðlagning verið notuð til þess að draga úr notkun á kerfinu þar sem það bar einfaldlega ekki það magn sem til þurfti til þess að standa undir þjónustukröfum. Ég ætla ekki að afsaka þá aðferð en bendi á að nú eru alls engar forsendur fyrir slíkri verðlagningu. Í öðru lagi vil ég benda á að vegalengd er ekki teljandi kostnaðarþáttur í verðmyndun símtala þar sem stofnkostnaður hefur verið greiddur að mestu leyti af öðrum en Pósti og síma. Taxtar fyrir talsímaþjónustu hafa verið viðskiptahindranir sem sér nú fyrir endann á. Hægt er að nefna ótal dæmi um slíkt en meginmálið er að nú sér fyrir endann á slíku og margir möguleikar opnast, t.d. fyrir ýmiss konar atvinnustarfsemi á sviði fjarvinnslu. Nú verður þeim ekki lengur mismunað sem nýta sér þá miklu upplýsingaþjónustu sem nú er fyrir hendi og ótal möguleikar eru að opnast fyrir fjarkennslu. Aukið samstarf fyrirtækja verður auðveldara og ódýrara og viðskiptahindrunum í formi gjaldskrártaxta er rutt úr vegi. Boðuð hefur verið breyting á töxtum fyrir Internetþjónustu og er hún nú sú sama um allt land og skiptir það gífurlegu máli þegar litið er til þeirrar upplýsingatækni sem þar er á ferðinni.

Það er vert að vekja athygli á því að boðuð hefur verið gjaldskrárbreyting eftir tvo daga, þ.e. 1. júní nk. Þá breytist gjaldskráin þannig að einungis verða tveir gjaldskrártaxtar fyrir talsímaþjónustu. Þá lækka t.d. taxtar fyrir lengri langlínu að degi til um 28% og einnig verður sérstakur kvöldtaxti felldur niður og gildir dagtaxti til kl. 19 virka daga og tekur þá við kvöld-, nætur- og helgidagataxti.

Það leiðir hugann að því hversu stórstígar breytingar hafa orðið á fáum árum varðandi gjaldskrármálin. Ekki er langt síðan fólk talaði ekki saman á milli nágrannasveitarfélaga nema með sérstöku álagi, þ.e. ef undan var skilið höfuðborgarsvæðið þar sem giltu sérstakar reglur. En það var ekki lengra síðan en 1983 að menn gátu talað saman á milli Hvammstanga og Laugabakka án þess að sérstakt álag fylgdi og einnig var það á árinu 1983 sem gjöld milli Egilsstaða, Eiða og Lagarfoss voru jöfnuð. Síðan hafa þessar breytingar verið hægfara en nú á síðustu árum og sérstaklega á síðasta ári þegar gjaldskrártöxtum var fækkað úr 18 niður í 8 sem fara virkilega að gerast breytingar sem skipta máli. Eins og ég nefndi hefur verið boðuð sú breyting að einungis verði um tvo gjaldskrártaxta að ræða. Þetta hefur gerst undir forustu núv. hæstv. samgrh. og þakka ég honum sérstaklega fyrir skilning á þessu málefni. Það er ljóst að ósk mín hefði verið að umrædd breyting hefði getað átt sér stað helst á þessu ári, það er sú breyting að landið hefði verið gert að einu gjaldskrársvæði.

Ég fellst fúslega á þau rök að fyrirtækið þurfi nokkurn aðlögunartíma þegar verðlagt hefur verið með áðurgreindum hætti í nær 90 ár. Kollsteypur í rekstri eru aldrei heppilegar og því eiga þessi rök vel við. Áðurnefnd gjaldskrárbreyting í tvö gjaldsvæði er einnig mikilvægur þáttur í aðlöguninni. Ég vek þó sérstaka athygli á því að í brtt. stendur: „Eigi síðar en 1. júlí 1998." Ég les það sem svo að ekkert hindri það að þessi breyting geti átt sér stað fyrr ef forsendur eru fyrir hendi.

Að lokum ítreka ég þakkir mínar til meiri hluta hv. samgn. fyrir að hafa unnið að lausn á þessu gífurlega hagsmunamáli og það er nú komið í höfn.

[11:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna hástemmdra þakka hv. síðasta ræðumanns til meiri hluta samgn. langar mig til þess að það komi fram að á þskj. 998 er brtt. frá hv. þm. Ragnari Arnalds, Guðmundi Árna Stefánssyni og þeirri sem hér stendur um að landið verði eitt gjaldsvæði 1. júlí 1996. Þetta er tillaga sem var komin fram þó nokkru áður sem brtt. meiri hluta samgn. þannig að ég hef grun um að það hafi ýtt við meiri hlutanum að það skyldi vera komin frá minni hlutanum tillaga þess efnis inn í þingið. Ég hef ákveðnar efasemdir um að þessi tillaga meiri hlutans geti gengið í gegn vegna þess að það verður komið annað rekstrarumhverfi. Ég hef efasemdir um að það standist samkeppnislög að skylda þá sem eru í rekstri síma til þess að hafa sömu gjaldskrá eða þá að þjóna öllu landinu. Það hafa verið ákveðnar efasemdir uppi um það. Aftur á móti er tillagan frá minni hlutanum meiri réttarbót en

tillaga meiri hluta samgn. Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni eru tveir taxtar áfangi á þessari leið en það er hægt að ná þessu öllu með því að samþykkja brtt. frá okkur þremur og þá getur hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur orðið að ósk sinni nú þegar eftir einn mánuð að það verði eitt gjaldsvæði fyrir allt landið. Ég held því að minni hlutinn eigi ákveðnar þakkir skildar og frumkvæði hæstv. forseta fyrir að hafa staðið að tillögunni því að ég efast um að án hennar hefði hin varla komið fram.

[11:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef séð tillögu hv. þingmanna Ragnars Arnalds, Guðmundar Árna Stefánssonar og Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur en ég vísa í rök mín í ræðu minni áðan að þetta ákvæði á betur heima í fjarskiptalögum þar sem það á þá við öll þau fyrirtæki sem koma til með að starfa á þessu sviði. Í öðru lagi eru það mjög sterk rök að fyrirtæki þurfi ákveðinn aðlögunartíma og þegar hefur verið ákveðið að breyta gjaldskrársvæðum í tvö sem hefur mikil áhrif á þann hátt að þá sést hver þróunin verður í tekjuöflun fyrirtækisins og ákveðin aðlögun á sér stað að þessu umhverfi. Ég held að tillaga hv. þingmanna minni hlutans sé því ekki raunhæf og hafi hreinlega ekki verið sett fram með því hugarfari.

[11:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli aðdróttunum hv. þm. um að þessi tillaga hafi ekki verið lögð fram í fullri einlægni og alvöru. Aftur á móti er það náttúrlega eðlilegt að þetta sé brtt. við fjarskiptalög þegar menn ætla ekki að gera breytinguna fyrr en eftir 1. jan. 1998, sex mánuðum eftir að alger formbreyting hefur orðið á öllum fjarskiptum og allt annað rekstrarumhverfi þannig að þá er það eðlilegt að það sé í fjarskiptalögum. Það er fullkomlega eðlilegt að brtt., sem á að ganga í gildi eftir einn mánuð um eitt gjaldsvæði fyrir símaþjónustu hér á landi, sé gerð við lög um Póst- og símamálastofnun þegar aðeins er eitt fyrirtæki í rekstri. Það hefur ekki verið gefið frjálst enn þá og þess vegna er tillagan gerð við þessi lög hjá okkur þremenningunum og það er fullkomlega eðlilegt. En ef menn vilja bíða þangað til sex mánuðum eftir að formbreytingin hefur átt sér stað er náttúrlega sjálfsagt að breyta fjarskiptalögum. En það er mun óvissara ákvæði og ég hef efasemdir um að hægt verði að láta það taka gildi þá.

[11:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bendi á að tillaga hv. þingmanna, sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir benti á, verður ógild þegar fleiri fyrirtæki geta komist að á þessum markaði og þegar alþjóðafyrirtæki verða komin inn á sviðið hefur þessi tillaga ekki gildi. Það skiptir máli að við séum að búa til umhverfi þar sem allir hafa sama rétt. Þess vegna vísa ég í fyrri rök mín um að þetta ákvæði þarf að vera í fjarskiptalögum og aðlögunartími skiptir mjög miklu máli. Ef nú þegar væri ákveðið að breyta þessu eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir eru mjög miklar líkur á því að það þyrfti að setja á gjaldskrárhækkanir fyrir alla. En með þessum aðlögunartíma verður jöfnun þarna á.

[11:41]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum stórt mál í dag og hefur það farið í gegnum hv. samgn. og verið rætt þar ítarlega. Formaður samgn., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, gerði grein fyrir breytingartillögum og nefndaráliti meiri hlutans fyrr við umræðuna og ætla ég ekki að endurtaka það í smáatriðum.

Þessar breytingartillögur hafa komið fram m.a. vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum sem og nefndarmönnum jafnt í meiri hluta sem minni hluta og þar eru einmitt dæmi um það að mál sem fara í gegnum nefndir taka oft og tíðum og jafnvel oftast nær einhverjum breytingum í nefndarstarfi.

Þetta mál snýst í megindráttum um fjögur atriði:

1. Rekstrarform Pósts og síma.
2. Eignarhaldið.
3. Starfsmannamálin.
4. Gjaldskrármál sem tengjast frv. um fjarskiptalög.

Það hefur komið fram fyrr í máli mínu að ég hef talið nauðsynlegt að gera breytingar á rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar. Helstu rök eru þau að ég tel mjög óeðlilegt að ríkisstofnun sem hefur jafnmikla fjárhagslega veltu og Póstur og sími, sem er um 10–12 milljarðar á ári og starfar að verulegu leyti á samkeppnismarkaði, skuli vera rekin samkvæmt því rekstrarformi sem verið hefur, þ.e. fyrirtækið hefur póst- og símamálastjóra sem er forstjóri fyrirtækisins, heyrir undir ráðherra og Alþingi.

Að sjálfsögðu koma ýmsar leiðir til greina við breytingar sem við ræðum hér og við höfum farið í gegnum það fyrr í þessari umræðu, jafnt í þessum sal eins og í samgn. En niðurstaðan er sú að breytingin verði í þá veru að Póstur og sími verði rekinn samkvæmt hlutafélagaformi og um það snýst það frv. sem hér liggur fyrir.

Með þessari breytingu mun Póstur og sími verða mun hæfari til samkeppni en verið hefur. Þetta hefur allt verið rakið og vitna ég til ræðu formanns samgn. í því efni þar sem hann fór yfir þau rök sem málinu fylgja.

Nágrannalönd okkar hafa farið ýmsar leiðir í þessum efnum en flest þeirra hafa þegar breytt rekstrarformi póst- og símastofnana sinna. Vitnað hefur verið til þess í umræðunni að eðlilegt hefði verið að gera póstinn að sjálfseignarfyrirtæki og nokkurs konar ríkisfyrirtæki og þar er gjarnan vitnað til Danmerkur og Noregs í því sambandi og fóru þeir sannarlega slíkar leiðir. En ég hef þær upplýsingar að þar sé nú þegar komin sú umræðu að ganga enn lengra á þeirri braut og jafnvel breyta póstfyrirtækjum í þessum tveimur löndum í hlutafélög. Þessi mál eru á fleygiferð alls staðar í kringum okkur og því er það mjög rökrétt að við fjöllum um þau hér.

Þá er það eignarhaldið. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að hlutafélagið Póstur og sími verði alfarið í eigu ríkisins og að samgrh. fari með eignarhaldið. Að sjálfsögðu mjög eðlilegt að svo sé því að þessi mál heyra undir samgrn.

Í frv. er skýrt tekið fram að ekki sé heimilt að selja hlut úr fyrirtækinu nema samkvæmt heimild Alþingis og það sé eingöngu Alþingi sem getur heimilað slíkt. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt. Rök þeirra sem eru andvígir þessari leið eru þau að þetta sé einungis fyrsta skref í því að selja fyrirtækið eða jafnvel gefa það eins og sumir orða það en þarna er sem sagt tekið á því að það er Alþingi sem fer alfarið með þetta mál.

Að sjálfsögðu getum við ekki fullyrt um það hér hvort einhvern tíma í framtíðinni muni koma að því að Alþingi taki þá ákvörðun að selja hlut úr fyrirtækinu. Ég held að hvorki ég né nokkur annar hér geti fullyrt það. En jafnframt má benda á að enginn getur fullyrt að ekki kæmi til þess einhvern tíma í framtíðinni þótt þessari stofnun væri ekki breytt í hlutafélag nú og jafnframt selt um leið þannig að

þetta er auðvitað allt eins og það er og erfitt að spá fram í tímann í þessum efnum.

Kveðið er á um það í breytingartillögum að sérstök undirbúningsstjórn skuli fara með undirbúningsvinnu að stofnun fyrirtækisins og gert er ráð fyrir að hún verði þriggja manna. Ég geri ráð fyrir að það sé fyllilega eðlilegt að sérstökum aðila sé falið að framkvæma þann löggjörning og annað sem til þarf til þess að undirbúa stofnun fyrirtækisins og koma því til rekstrar.

Ég tel einnig eins og kom reyndar fram hjá formanni samgn. í framsögu hans að mjög eðlilegt sé að þingið komi að málum og fylgist með því hver framvinda þessa undirbúnings verður á haustmánuðum. Ég tel að samgn. ætti t.d. að hafa aðgang að því að fylgjast með þeim málum þannig að þingmenn og Alþingi eigi kost á því að fylgjast með málinu. Síðan mætti spyrja sig að því hvort ekki væri eðlilegt að hæstv. samgrh. geri þinginu grein fyrir því á síðari stigum hvernig þessi mál hafi farið fram.

Þá eru það starfsmannamálin. Það er eitt allra stærsta málið í þessu sambandi að réttindi starfsmanna séu tryggð og þeirra hagur sé tryggður. Það hefur komið fram í umræðunni að gert er ráð fyrir því að starfsmenn haldi lögbundnum réttindum og jafnframt er gert ráð fyrir því, og er þar vitnað í sérstök lög sem eru nr. 77/1993, að starfsmenn haldi öllum kjarasamningsbundnum réttindum við þessi aðilaskipti. Ég ætla ekki fjölyrða um þessi mál. Þetta hefur allt komið fram áður í umræðunni en ég vitna til þess að við teljum að réttindi starfsmanna séu tryggð eins og mögulegt er að gera við þessar aðstæður. Að sjálfsögðu mun koma til þess að starfsmenn fyrirtækisins semji við vinnuveitanda sinn eins og gerist og gengur, bæði á almennum markaði og hjá starfsmönnum ríkisins þannig að þetta er allt saman samkvæmt eðlilegum nótum.

Virðulegi forseti. Þetta eru í megindráttum þau mál sem tengjast frv. Síðan er komið að fjarskiptafrv. þar sem um er að ræða gjaldskrármálin. Yfir þau mál hefur verið farið ítarlega og það er tillaga frá meiri hluta samgn. að sú breyting verði gerð við fjarskiptalögin að frá 1. júlí 1998 verði landið eitt gjaldsvæði. Jafnframt kemur það fram að í byrjun júní verði gjaldflokkum fækkað úr þremur í tvo þannig að þar verður um að ræða verulega lækkun á símkostnaði hjá stórum hluta landsmanna í dreifbýlinu. Þetta er baráttumál sem menn hafa rætt í mörg ár, bæði hér og eins út um allt land og er það mikið ánægjuefni að nú horfir til loka í þeirri baráttu og við sjáum fram á að landið verði gert að einu gjaldsvæði þar sem allir landsmenn munu sitja við sama borð hvað þetta varðar.

Virðulegi forseti. Að lokum þakka ég samnefndarmönnum mínum í samgn. fyrir málefnalega umræðu um þessi mál. Ég hrósa bæði stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum fyrir það. Ég tel að þessi mál hafi veri rædd mjög málefnalega, bæði í nefnd og í þingsal og tel ég það mjög til fyrirmyndar og ég vonast til þess að svo verði áfram þannig að hagsmunir allra aðila sem koma að málinu verði sem best tryggðir.

[11:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein örstutt athugasemd. Hv. þm. Magnús Stefánsson sagði að starfsmenn mundu halda öllum réttindum sínum. Ég vek athygli á því að enn á eftir að ganga frá þessum málum og vil ég aðeins nefna eitt atriði þar sem þeir munu sannarlega ekki halda sínum réttindum. Það er ávinnsluréttur lífeyrisréttar. Sú fullyrðing kom fram í ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þegar hann talaði fyrir málinu að starfsmenn hins nýja hlutafélags héldu öllum lífeyrisréttindum sínum. Það er ekki rétt hvað þetta snertir og ég vil vekja athygli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar á því að enn á eftir að ganga frá réttindamálum starfsmanna og nær hefði verið að semja um þau efni og fastnegla réttindin niður áður en ráðist yrði í að breyta stofnuninni í hlutafélag. En rétt skal vera rétt. Þannig er þessu farið. Það á enn eftir að ganga frá þessum málum.

[11:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða eitt af stórmálum þingsins í vetur um breytt rekstrarform á Póst- og símamálastofnun. Áður en ég hef mál mitt um frv. langar mig að velta fram spurningu þó ég viti svo sem að henni verði ekki svarað fyrr en ég hef lokið máli mínu en hún er sú hvort það standi til hjá ríkisstjórninni að fresta málinu til hausts. Ég sé að á forsíðu málgagns annars stjórnarflokksins, forsíðu Tímans á laugardaginn var, er forsíðufrétt þar sem er yfirfyrirsögn: Póstur og sími bíður hausts. En það er einmitt það sem við í minni hluta samgn. höfum lagt til í nefndaráliti okkar að málinu um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar verði frestað til haustsins vegna þess hve illa hefur verið staðið að málinu. Ég er þó ekki að gagnrýna vinnu í samgn. sem hefur verið til fyrirmyndar þar sem menn hafa farið vel yfir frv. Engu að síður eru mjög margir lausir endar og þar vil ég sérstaklega nefna málefni starfsfólksins sem hafa verið mjög til umræðu í meðferð þingsins á málinu.

Ég hef satt best að segja haft skilning á því að símarekstrinn þurfi að búa við líkt rekstrarform og samkeppnisaðilar, sérstaklega þegar samkeppni verður gefin frjáls og einnig til þess að aðlaga okkur þeim skilyrðum sem við gengumst undir með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Aftur á móti hefur enginn rökstuðningur komið um það í samgn. hvers vegna það á frekar að vera hlutafélag en eitthvað annað form. Eins og hefur komið fram í umræðunni og kom það reyndar fram í samgn. er verið að vinna frv. um sjálfseignarstofnanir sem margir hafa nefnt í þessu sambandi að væri e.t.v. betri kostur.

Annað sem við í minni hlutanum höfum gagnrýnt er að það vantar alla framtíðarstefnumótun í frv. og sama gildir um fylgifrumvörpin sem eru hér einnig til umræðu. Það er aðeins verið að breyta því sem verður að breyta í fylgifrumvörpunum þar sem eru nauðsynlegar lágmarksbreytingar en ekki tekið á neinni heildarstefnumörkun þó svo að það sé boðað að það verði farið í að vinna að heildarlöggjöf um fjarskiptamál í haust. Það er eitt af því sem maður hefði talið rökstuðning fyrir því að málið yrði geymt til haustsins og unnið betur í sumar. Þá hefði verið hægt að gera þær breytingar á fjarskiptalögunum og póstlögunum sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar lagabreytingar. En málefni starfsmannanna hafa verið helstu áhyggjuefni okkar og kannski ekki að ástæðulausu því að þeir hafa ekki fengið svör við grundvallarspurningum sem varða réttindi þeirra. Lausn meiri hlutans og samgrh. er sú að þriggja manna nefnd er ætlað að sjá algerlega um alla þá vinnu án þess að þingið komi þar nokkurs staðar að. Þó kom fram í máli formanns samgn. þegar hann mælti fyrir málinu fyrir nokkrum dögum og það sama kom einnig fram hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að samgn. yrði leyft að fylgjast með þeirri vinnu og er það af hinu góða. Engu að síður hefði ég talið réttara að Alþingi kæmi beint að málinu.

Þetta yrði geymt til hautsins og síðan skoðað í haust þegar vinnunni verði lokið.

Ég tel einnig óeðlilegt að samgrh. hafi algert umboð um það hvernig málum Pósts og síma verði hagað í framtíðinni. Eins og frv. kom inn í þingið er margt í því náttúrlega ámælisvert og sýnir að það hefur verið kastað til þess höndunum. Það kemur líka fram í brtt. meiri hlutans að þar er ýmislegt sem bar að taka á sem eru klaufavillur í undirbúningnum í samgrn. eins og gildistökuákvæðið og aðrar dagsetningar sem menn eru að reyna að bjarga sér fyrir horn með því að breyta.

Okkur nokkrum þingmönnum gafst kostur á að kynna okkur þær breytingar sem hafa orðið á rekstri póst- og símastofnana á Norðurlöndum áður en þetta mál kom inn í þingið og tel ég að það hafi verið mjög jákvætt og til fyrirmyndar að gefa þingmönnum kost á að kynna sér hvernig þessum málum er háttað þar sem þessar breytingar eru lengra komnar. Engu að síður tel ég að ýmislegt sem þar kom fram hefði átt að vera samgrh. og ráðuneytismönnum lexía við samningu frv. og einnig okkur í þinginu því að bæði í Noregi og Danmörku var undirbúningur mun lengri, þeir gáfu sér betri tíma og virðist hafa verið markvissari.

Það sem vekur ugg hjá starfsfólki Pósts og síma er einmitt reynslan frá Norðurlöndunum þar sem starfsmönnum hefur fækkað mjög eftir að rekstrarformi var breytt og eins og kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur var hjá símamálastofnuninni í Noregi sett á laggirnar stuðningsdeild til þess að endurmennta starfsmenn og finna þeim nýja atvinnu. Eins og komið hefur fram í umræðunni hefur starfsmönnum fækkað um 30% í Noregi eftir þessa formbreytingu og þess vegna er skilningur okkar á því að menn séu uggandi um hvað bíður þeirra hér við þessar breytingar.

Annað sem hefur valdið mönnum áhyggjum er það sem gerðist á Norðurlöndunum að launin hjá yfirmönnunum hækkuðu. Forstjórarnir hækkuðu í launum en hinn almenni starfsmaður, fólkið á gólfinu, stóð í stað og þar varð fækkunin. Fækkunin var ekki hjá yfirmönnunum heldur fækkaði hinu almenna starfsfólki þannig að það er mjög skiljanlegt að menn hafi áhyggjur af því hver þróunin verður. Þess vegna gagnrýnir maður að Alþingi skuli ekki koma að þeirri vinnu sem fram undan er varðandi starfsfólkið.

Við erum ekki sátt við að láta þriggja manna nefnd, sem valin er af pólitískum ráðherra, algerlega um að ganga frá öllum málefnum starfsmannanna sem eru ófrágengin. Á fundum samgn., þar sem starfsmenn komu, lýstu þeir yfir áhyggjum af þessu og einnig því að tíminn hefði verið illa nýttur frá því að málið kom fram í þinginu og þangað til verið er að taka málið út og afgreiða það út úr þinginu sem lög. Eins og hefur komið fram eru hlutirnir í lausu lofti og lítið verið gert til að ganga frá málum starfsmannanna. Þó svo þeir hafi verið kallaðir saman og hópar hafi verið settir á laggirnar eru málin allsendis ófrágengin.

Við skulum nefna t.d. eitt sem var þó nokkuð til umræðu í samgn. og það er fæðingarorlofsrétturinn. Fæðingarorlofsreglur gilda þangað til um annað semst og þriggja manna nefnd ráðherrans á líklega að semja um það. Þetta er náttúrlega mjög óljóst og skiljanlegt að menn séu áhyggjufullir yfir því hvernig þessi mál munu fara. En réttarstaða starfsmannanna er algerlega í uppnámi.

Varðandi umræðuna sem hefur verið um sama gjald um allt land fyrir símtöl sem er brtt. okkar í minni hluta samgn. við þetta frv., vil ég ítreka það að tillaga minni hlutans stefnir að því að sama gjald gildi alls staðar á landinu frá 1. júlí 1996 þannig að þar er gengið mun lengra en í tillögu meiri hlutans sem er að vísa langt fram í tímann þegar ný lög hafa tekið gildi og við erum komin inn í allt annað rekstrarumhverfi.

Menn hafa líka lýst áhyggjum sínum varðandi þetta frv. að verið sé að lauma einkavæðingu í gegnum þingið. Þó svo það komi skýrt fram í frv. að það þurfi samþykki Alþingis til þess að selja hluta af Pósti og síma þekkjum við að það er hægt að koma málum í gegnum þingið á örskömmum tíma. Menn vakna nánast upp næsta dag og þá er búið að keyra mál í gegnum þingið. Reyndar ætla ég ekki að taka afstöðu til þess. Það er greinilega möguleiki á því að selja hlutabréf Pósts og síma en það þarf samþykki Alþingis til.

Einnig er óljóst hver réttarstaða starfsmanna er í dótturfyrirtækjum við skiptingu fyrirtækisins. Það hefur verið óljóst í umræðunni og ekki fengist viðhlítandi svör við því hvar starfsmenn þeirra fyrirtækja sem munu verða dótturfyrirtæki Pósts og síma standa. Svo sem þegar búið er að brjóta upp pósthlutann annars vegar og símahlutann hins vegar eins og hefur verið nokkuð í umræðunni og eru hugleiðingar sem maður hefur heyrt. Reyndar hefur það komið fram í máli mínu fyrr þegar þetta mál var til umræðu að það hefði átt að ganga strax hreint til verks og skipta þessu nú þegar upp í sérstaka símamálastofnun og sérstaka póstþjónustu eins og menn hafa gert á Norðurlöndunum. En e.t.v. vill ríkisstjórnin hafa það í hendi sér þegar hún er komin með málið út úr þinginu og geta þá ráðskast með þetta að vild.

Ég ætla að fagna því aftur að þessi þriggja manna nefnd, sem mun starfa hér, þó ég sé mjög ósátt við hana sem sérskipaða nefnd ráðherrans, skuli ætla að leyfa samgn. að fylgjast með vinnu sinni en hún hefur í raun alræðisvald í samningamálum við starfsmann, bæði hvað varðar kaup þeirra og kjör. Ég tel óeðlilegt að vísa því valdi út úr þinginu og til einhverra þriggja manna úti í bæ, sérstaklega þegar maður horfir til þess hversu margir þættir eru óljósir í málefnum starfsmannanna. Þar hefði ég talið að Alþingi hefði þurft að koma að málinu sem heild, ekki aðeins samgn. (**Gripið fram í:** 63 þingmenn.) Allir 63, já.

Nokkur umræða hefur verið um það að við það að breyta rekstrarformi símans sérstaklega muni gjald fyrir símtöl lækka en ég held að það sé búið að rökstyðja það í umræðunni að svo er ekki því að það hefur komið í ljós að hin lágu símgjöld eru ekki því að þakka að Póstur og sími hafi verið einkavæddur eða hlutafélagavæddur því eins og við vitum öll er svo ekki en við búum við ein lægstu símgjöld sem um getur. Það kom einmitt fram í umræðunni að t.d. í Finnlandi þar sem búið er að breyta rekstrarforminu á símanum eru símtölin 60% dýrari en hér á landi.

Þó svo hæstv. samgrh. sé farinn úr húsinu til þess að sinna opinberum skyldum sínum væri fróðlegt að heyra hvers vegna ekki var búið að ganga frá málefnum starfsmannanna áður en frv. kom inn í þingið. Ég hefði talið það eðlilegt og maður heyrir að það hafði verið tónninn í þeim á Norðurlöndum að vera með málefni starfsmannanna á hreinu. Ég held að menn hefðu átt að hafa þá að fyrirmynd hér. Einnig lýsi ég áhyggjum mínum yfir réttindum starfsmannanna. Talað er um að menn haldi áunnum réttindum en svokölluðum ávinnsluréttindum, sem hafa verið skilgreind sérstaklega, þ.e. réttindi sem menn eru að ná, munu ekki haldast. Þetta er náttúrlega stórt áhyggjuefni, sérstaklega hjá Pósti og síma þar sem menn hafa verið á mjög lágum launum og kannski sætt sig við það vegna þess að þeir voru

þarna að vinna sér ákveðin réttindi. Ef þeir tapa svokölluðum ávinnsluréttindum finnst mér það gersamlega óviðunandi.

Í umsögnum sem samgn. fékk frá hinum ýmsu umsagnaraðilum er það mjög víða gagnrýnt harðlega að ekki hafi verið gengið frá starfsmannamálum áður en formbreytingin verður lögfest.

Margt af því sem við í minni hlutanum gagnrýnum hefur þegar komið fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar hann mælti fyrir nefndaráliti minni hluta samgn. í síðustu viku en þar er mjög margt varðandi þetta frv. gagnrýnt og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tína það allt til. Ég vil þó gjarnan að það komi fram í umræðunni vegna þeirra lífeyrisþega sem eiga rétt á niðurfellingu fastagjalds á síma í gegnum almannatryggingarnar að það kom mjög skýrt fram í nefndinni þegar ég spurði að því þar að það yrði ekki breyting á þeim þætti að lífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu muni halda þessum réttindum nema annað verði ákveðið eins og sagt var þannig að það er undir þessu nýja félagi komið eða samgrn. Ég er ekki alveg viss hvar það stendur en við vorum fullvissuð um það í nefndinni að lífeyrisþegar mundu halda réttindum sínum um niðurfellingu á fastagjaldi af símanum þó svo þessi formbreyting yrði.

Ég ítreka að ég hef verulegar áhyggjur af þessum 2.500 starfsmönnum, hverra réttindi eru í uppnámi og eins og kom fram fyrr í umræðunni eru 70% af starfsmönnum Pósts og síma konur.

Ég bendi líka á að miklir fjármunir eru í húfi varðandi þessa breytingu. Eigið fé Pósts og síma eru um 13 milljarðar miðað við efnahagsreikninginn um síðustu áramót. Þá eru ótaldar eignir Póst- og símamálastofnunar og viðskiptavild sem eru taldar í kringum 8 milljarðar til viðbótar.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1996 er hagnaður fyrirtækisins áætlaður 1 milljarður 581 millj. kr. og hagnaður söludeildar 225 millj. Það er því gert ráð fyrir því að í ríkissjóð renni alls 860 millj. kr. Það eru miklir peningar í húfi hvað varðar þessa stofnun. En eins og hefur komið fram í máli okkar í minni hluta samgn. og áheyrnarfulltrúa í nefndinni, Kristínar Halldórsdóttur, þá erum við mjög ósátt við frv. eins og það liggur fyrir hér með brtt. Við teljum að það vanti mikla vinnu í þetta mál. Það hefði átt að taka sumarið í það að ganga frá málefnum starfsmannanna og þingið síðan að koma að því í haust. Við gagnrýnum að málið skuli vera tekið út úr þinginu og lögfest áður en þessi mál hafa verið til lykta leidd. Þess vegna höfum við lagt til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og tekið síðan aftur til umræðu þegar nauðsynlegri undirbúningsvinnu hefur verið lokið. Ég vil aðeins ítreka það hér og lýk því máli mínu í þessu máli að sinni.

[12:17]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni að það væri illa gengið frá réttarstöðu starfsmanna í þessu frv. Ég fór mjög rækilega yfir það þegar ég mælti fyrir nefndaráliti meiri hluta samgn. hvernig hefði verið staðið að þeim málum og ég mótmæli því mjög harðlega að það hafi ekki verið gengið frá þeim málum með eðlilegum hætti. Þvert á móti er auðvelt að sýna fram á það.

Það sem mig hins vegar langaði sérstaklega til þess að ræða við hv. þm. var spurningin um þessa sérstöku þriggja manna undirbúningsstjórn sem gert er ráð fyrir í meirihlutatillögunum að taki til við undirbúning að stofnun hins nýja Pósts og síma hf. Það hefur verið látið í veðri vaka og reynt að gera það tortryggilegt að þannig sé staðið að málum. Þetta held ég að sé með öllu óskiljanlegt vegna þess að í viðræðum okkar í meiri hluta og minni hluta samgn. við starfsfólk Pósts og síma var undan því kvartað að það skorti aðila sem gæti rætt við starfsfólkið og hefði til þess fullt umboð að skuldbinda hið nýja félag og taka ákvarðanir um framtíðina.

Það sem nákvæmlega er verið að gera hér er að lögfesta að þessi þriggja manna undirbúningsstjórn geti einmitt tekist á hendur viðræður við starfsmennina þannig að hægt sé að eyða þeirri óvissu sem alltaf mun koma fram og alltaf kemur fram þegar verið er að gera breytingar á rekstri eins félags. Við getum búið til ákveðinn lagaramma. En auðvitað er það þannig í fyrirtæki þar sem starfa 2.500 manns að upp koma praktísk mál sem þarf að leysa með sérstökum hætti og þá þurfa til þess bærir aðilar að hafa til þess fullt vald og það er verið að lögfesta það vald í hendur þessara þriggja manna. En ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að þarna er um að ræða mjög skilgreint, afmarkað vald til þess að gera skuldbindingar svo hægt sé að stofna hið nýja félag en ekkert umfram það eins og segir í breytingartillögunum. Ef hins vegar um hefði verið að ræða almenna stjórn í þessu félagi, hefði hún getað tekið miklu víðtækari ákvarðanir, skuldbundið miklu víðtækar. En það er sem sagt ekki verið að fara þá leið, heldur einfaldlega verið að veita þriggja manna stjórn sem starfar í umboði eiganda síns skýrt afmarkað vald og síðan er gert ráð fyrir því að ný stjórn taki til starfa þegar hið nýja félag verður til.

[12:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gagnrýni ekki að það skuli vera farið í þessa vinnu og það séu þrír aðilar sem gera það. Aftur á móti gagnrýni ég það að sú vinna skuli ekki vera unnin áður en þetta frv. er lögfest. Það hefði verið hægt að fara svona í þessa vinnu en síðan hefði þingað getað tekið málið til umfjöllunar í haust og lögfest þetta þá. Ég tel fullkomlega eðlilegt að það komi fáir að þessu verki og það verði gengið almennilega frá málefnum starfsmanna. En ég tel ekki eðlilegt að það sé gert eftir að búið er að lögfesta málið.

En úr því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kemur upp í andsvar gæti hann e.t.v. svarað spurningu minni sem ég varpaði fram í upphafi máls míns. Þar vitnaði ég í dagblaðið Tímann þar sem hann segir að þessu máli sem við erum að ræða hér verði frestað til haustsins. Það er á forsíðu Tímans sl. laugardag. Málgagn annars stjórnarflokksins fullyrðir á forsíðu að þetta mál, frv. ríkisstjórnarinnar um að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag, muni ekki verða afgreitt á yfirstandandi þingi og því verði frestað til hausts. Ég vildi gjarnan fá svar frá hv. þm., formanni samgn., úr því að samgrh. er vant við látinn.

[12:21]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem fram kom í þessari ræðu hv. 18. þm. Reykv. Hún telur ekki óeðlilegt í sjálfu sér að fela þetta vald til þess að gera samninga og löggerninga í nafni félagsins þessari þriggja manna undirbúningsstjórn. Það finnst mér mjög mikilvæg yfirlýsing vegna þess að það var þannig frá því gengið af hálfu meiri hluta samgn. að það væri verið að fela þessari þriggja manna stjórn afmarkað, skilgreint vald til þess að takast á hendur nauðsynlegan undirbúning. Ekkert umfram það.

Eins og ég sagði áðan er ekki hægt að ganga frá öllum málum með lagasetningu frá Alþingi. Það er ekki hægt að ganga til skuldbindinga fyrir hönd félags sem ekki er búið að stofna og ekki er búið að taka ákvörðun um, lögformlega ákvörðun um að stofna. Hvernig hefði það litið út frá sjónarhóli okkar alþingismanna ef „menn úti í bæ" væru búnir að skuldbinda fyrirtækið Póst og síma hf. sem ekki væri búið að stofna með lögum frá Alþingi. Það gengur ekki upp. Þess vegna er það óhjákvæmileg aðferð sem við fórum mjög rækilega í gegnum í undirbúningsvinnunni að fara nákvæmlega þessa leið, þ.e. að fela þessari undirbúningsstjórn þetta skilgreinda, afmarkaða hlutverk.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. um það hvort til standi að fresta þessu máli til haustsins vil ég segja það einfaldlega sem formaður samgn. að mér er ekki kunnugt um það. Það hefur aldrei verið fært í tal við mig að það ætti að fresta þessu máli. Þvert á móti hefur verið lögð á það áhersla að þessu máli yrði lokið vegna þess að það væru miklir hagsmunir í því fólgnir að ljúka því, ekki síst vegna starfsöryggis starfsfólksins. Þess vegna kom þessi frétt í Tímanum mér mjög á óvart. Ég tel að þar sé farið með staðlausa stafi og mér hefur fundist, með fullri virðingu fyrir því ágæta blaði sem ég hef góðar taugar til, að umfjöllun þess um málefni Pósts og síma og þessarar lagasetningar hafi verið í skötulíki og lítt til fyrirmyndar.

[12:26]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Að breyta Pósti og síma í hlutafélag er að mínu mati nauðsynleg aðgerð svo samkeppnishæfni stofnunarinnar sé tryggð á alþjóðamarkaði. Það er öllum ljóst sem starfað hafa við fyrirtækjarekstur að þunglamaleg ákvarðanataka ríkiskerfisins mun á alþjóðamarkaði drepa þá miklu þróun sem orðið hefur innan Póst og síma síðust árin í dróma. Að starfa eftir áætlunum til eins árs er ekki forsvaranlegt. Að auka sveigjanleika og opna leiðir til samstarfs heima og erlendis er nauðsynlegt. Um þessi grundvallarsjónarmið tel ég að ríki veruleg samstaða inni á hinu háa Alþingi og meðal starfsmanna Pósts og síma.

Þau mál sem mestu skipta að þessu gengnu er hvernig formbreytingin tekst gagnvart starfsfólkinu. Um þau mál hefur mikið verið rætt í hv. samgn. Í lögum nr. 77/1993, um aðilaskipti, er skýrt tekið fram að réttindi og skyldur starfsmanna flytjist á milli með starfsmönnum. Þá er um að ræða umsamin réttindi eins og ráðningarsamninga og launakjör.

Ekki er að sjá í umsögnum BSRB að breyting á lögbundnum réttindum valdi þeim áhyggjum nema þá helst biðlaunaréttur. Ég tel þó að allir skilji að tvöfaldur biðlaunaréttur er ekki verjandi.

Það er eitt atriði varðandi réttindi starfsmanna sem ég vil gera að umræðuefni og veldur mér áhyggjum en það eru lífeyrisréttindi þessara starfsmanna. Það er ljóst að núverandi starfsmenn munu hafa rétt til að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins miðað við þau laun sem þeir eru með þegar breytingin verður. Þeirra réttur til ávinnslu mun síðan einvörðungu miðast við launahækkanir sem verða hjá ríkinu miðað við sambærilegan launaflokk þegar breytingin átti sér stað. Það þýðir með öðrum orðum að þó svo meiri hækkanir yrðu hjá Pósti og síma á þessum launaflokkum eða þessum störfum, mundu þau ekki gilda til hækkunar á lífeyrisgreiðslum í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta þýðir að launaflokka- eða þrepahækkanir vegna starfsaldurs og/eða lífaldurs, námskeiða og þess háttar munu ekki skapa rétt til töku lífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins né hækkanir á stöðuhlutfalli eða vegna nýrrar stöðu innan fyrirtækisins. Athugum lífaldurshækkanir. Ein hækkun er vegna þess að menn ná 40 ára lífaldri, þá hækka starfsmenn ríkisins um eitt þrep. Það tekur nokkur ár að vinna sér inn þetta ákveðna þrep. Maður getur verið búinn að starfa í allt að 20 ár hjá Pósti og síma og er orðinn 39 ára, búinn að vera að vinna sér inn þetta þrep í fjögur ár. Hann á eftir eitt ár til að ná þessu þrepi. Hann tapar þessari hækkun inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hann vantar aðeins eitt ár af fimm og hann tapar þessari ávinnslu sem hann var búinn að vinna sér inn hjá fyrirtækinu Póstur og sími. Þetta færist ekki yfir í Póst og síma hf.

Þetta þýðir í mínum huga skert réttindi til starfsmanna Pósts og síma. Og í mínum huga eru þessi réttindi mikils virði fyrir starfsmenn. Það er þó ljóst að eldri starfsmenn sem eru komnir langt í sínu starfi hjá Pósti og síma og eru farnir að nálgast eftirlaun munu lítið skaðast af þessu. Reglur eins og 95 ára regla og 32 ára regla munu halda og fólk mun taka sér lífeyri eftir þeim reglum alveg óháð þessari breytingu. Í því tilliti er því ekki um neina breytingu að ræða. Ég tel mjög nauðsynlegt að þessi breyting og þessi réttindamissir komi skýrt fram. Forustumenn starfsmanna sem hafa með umsögnum til hv. samgn. lýst skoðunum sínum virðast ekki hafa verulegar áhyggjur vegna þessa sérstaka máls, lífeyrisréttindanna. Ef ég vitna í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er almennt verið að tala um að formbreyting Pósts og síma sé óþörf. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn BSRB hefur ekki komið auga á nauðsyn þess að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Stjórnin hefur ekki fengið í hendurnar rök fyrir því að núverandi skipulag hamli samkeppnisstöðu stofnunarinnar á þann hátt sem fullyrt hefur verið né heldur að formbreyting stofnunarinnar í hlutafélag muni bæta hana." Stjórn BSRB lýsir því yfir á bls. 2 að allt sé í óvissu um stöðu starfsmanna innan stofnunarinnar og segir í lokaorðum sínum, með leyfi forseta:

„Því verður ekki að óreyndu trúað að formbreyting af þessu tagi sé gerð til þess að rýra kjör starfsmanna stofnunarinnar eða til að auka launamismun innan hennar. En meðan ekki hefur verið sýnt fram á að hér sé um óyggjandi hagsmuni notenda að ræða er erfitt að verjast þeirri hugsun að hér sé á ferðinni tilraun til að lækka rekstrarútgjöld stofnunarinnar á kostnað starfsmanna."

Mér finnst þessi umsögn vera meira almennt snakk, ekki það að verið sé að taka á einstökum atriðum sem skipta kjör starfsmannanna máli. Ég vitna til þeirra vinnubragða sem ég sá til forustumanna Kennarasambands Íslands þar sem þeir kröfðust yfirlýsinga um það sem þeir töldu ekki nógu ljóst þannig að þegar yfirfræsla á grunnskólunum til sveitarfélaganna fór fram var allt njörvað niður sem þeir töldu nauðsynlegt þannig að réttindi og skyldur kennara væru ljós, ekki almennar bollaleggingar um það hvernig þetta ætti ekki að vera vegna þess að forustumenn BSRB eru á móti því að þetta verði hlutafélag. Það er ekki stóralvarlegt mál að Póstur og sími verði hlutafélag. Það hefur hvergi reynst verða alvarleg skerðing á kjörum fólks. Að því leytinu til er ég hræddur um að forustumann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi hellt sér einum of mikið út í pólitíska umræðu um málið frekar en að reyna að velta því fyrir sér hvernig formbreytingin mundi tryggja kjör starfsmanna þegar af henni verður. Mér finnst að vantað hafi á þetta nema og ég ítreka það, nema, og ég vona að það sé ástæðan að forustumenn Bandalags

starfsmanna ríkis og bæja telji sig geta náð þessum réttindum til baka í frjálsum samningum við Póst og síma hf. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en það takist. Í þeirri umræðu sem farið hefur fram innan hv. samgn. höfum við gert ráð fyrir því að nefndin geti fylgst með því hvernig formbreytingin verður og það að réttindi starfsmanna verði tryggð í þeim samningum sem gerðir verða milli stofnunarinnar og starfsmanna áður en yfirtakan á sér stað.

Ég hef sjálfur verið þeirrar skoðunar að mjög lág laun starfsmanna Pósts og síma séu vegna þess að þarna sé um ríkisstofnun að ræða, að eina leiðin til þess að brjóta þessa starfsmenn út úr því launahelsi sem þar er sé að formbreyta stofnuninni í hlutafélag og ná þannig upp betri launakjörum starfsmanna Pósts og síma og ég er þess fullviss að þetta eigi eftir að bæta kjör starfsmanna þarna. Ég heiti liðsinni mínu til þess að starfsfólkið haldi öllum réttindum sínum og fái alla þá ávinnslu sem það ætti að hafa fengið miðað við almennar breytingar og ég vona að í samstarfi við BSRB muni það síðan nást. Ég mun leggja mig allan fram um það að aðstoða BSRB við að ná þeim sanngjörnu réttindum sem þeir starfsmenn eiga rétt á.

[12:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir margar ágætar ábendingar. Það kom fram í máli hans að margt væri óljóst varðandi réttindi starfsfólks. Hann benti réttilega á að ávinnsluréttur lífeyrisréttar væri ekki tryggður með þeim breytingum sem liggja núna fyrir og eins og fram kom í máli hans vísaði hann í umsögn frá BSRB og benti þar réttilega á að þar kemur fram m.a. að réttindamálin öll eru í óvissu enda hafa þau samtök og önnur sem að þessum málum hafa komið ítrekað bent á nauðsyn þess að um þetta yrði samið áður en stofnuninni yrði breytt í hlutafélag ef á annað borð yrði ráðist í þær breytingar.

Hins vegar hafa menn viljað taka alvarlega þær yfirlýsingar og þau markmið sem stjórnvöld, ríkisstjórnin og samgrh., samgn. setti í frv. um að það stæði til að tryggja þessi réttindi. Samtökin hafa hins vegar bent á að ekki sé búið að ganga frá slíkum málum og lagt áherslu á að slíkt sé gert áður en frá þessum málum er gengið.

Varðandi það sem hv. þm. kallaði hið almenna snakk, þ.e. spurninginu um hvort rétt og hyggilegt sé að breyta þessari stofnun í hlutafélag, þá er það ekki nokkuð sem menn hafa litið á sem eitthvert léttvægt, pólitískt snakk heldur eru þetta stórir hagsmunir sem snerta þjóðina alla og hvarvetna þar sem ráðist hefur verið í breytingar af þessu tagi hafa starfsmannafélög og verkalýðssamtökin látið sig þessi mál skipta og komið að þeim. Það hefur átt við um Bretland, það hefur átt við um Norðurlöndin. Þar hafa starfsmannafélögin og verkalýðssamtökin ekki einskorðað sig við það eitt að ræða um réttindi starfsmanna þröngt heldur um hinar þjóðhagslegu afleiðingar sem slíkar breytingar hafa í för með sér.

[12:36]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að starfsmannafélög í svo mikilvægum stofnunum skipti sér eitthvað af þeim formbreytingum sem til stendur að gera af hálfu stjórnvalda og ég ætla ekki að gera lítið úr því. En ég var fyrst og fremst að álykta að það hefði kannski farið of mikið í hina almennu umræðu um formbreytinguna og þau réttindamál sem hefði kannski þurft að draga upp á borðið miklu nákvæmar hafi týnst í þeirri miklu umræðu sem menn eyddu í að gagnrýna formbreytinguna sem slíka frá pólitískum sjónarhóli séð. Ég held að að þessu leyti hefði mátt gera þetta með öðrum hætti.

Réttindamál eru náttúrlega mikilvæg í þessu dæmi eins og öllum öðrum og það er búið að formbreyta fleiri stofnunum ríkisins yfir í hlutafélög án þess að það hafi orðið neinn sérstakur hávaði í kringum það. Þess ber þó að geta að þær formbreytingar sem þegar hafa orðið eins og hjá Sementsverksmiðjunni og víðar hafa verið í kringum mjög fáa starfsmenn sem hafa í raun verið með full réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þeir hafa verið innan við einn tug í flestum tilfellum þannig að þeirra réttindi hefur verið auðvelt að verja. En hér erum við að tala um 2.500 starfsmenn. Þó ekki séu þeir allir innan BSRB eru þeir mjög margir og það er mjög vandasamt mál og mikil sérfræðiúttekt að halda utan um réttindi þessa fólks þannig að ég hefði talið að það væri fullt starf.

[12:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu skipta réttindi og kjör starfsfólks höfuðmáli eins og fram hefur komið í málflutningi þeirra samtaka sem starfsmennirnir heyra til. Umræður um þau atriði hafa fléttast mjög inn í umræður liðinna daga eins og þeir þekkja sem hafa setið þingfundi þar sem fjallað hefur verið um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og önnur skyld mál. Þar hefur verið komið mjög rækilega inn á þessi mál, m.a. hjá starfsmönnum Pósts og síma.

Hinu vil ég vekja athygli á og ég mun koma inn á það í ræðu minni síðar í dag hvað um er að tefla þegar stofnun á borð við Póst og síma er breytt í hlutafélag. Mér hefur sannast sagna fundist harla léttvæg þjóðfélagsumræða um þau mál. Mér finnst hún hættulega léttvæg og mun ég færa mjög rækilega rök fyrir máli mínu síðar.

Í þriðja og síðasta lagi vildi ég nefna það vegna ummæla hv. þm. Kristjáns Pálssonar þar sem hann ræðir mjög góð vinnubrögð af hálfu kennara í sambandi við flutning grunnskólans þá er náttúrlega ekki um sama hlut að ræða að því leyti að við erum að flytja þar starfsfólk á milli réttindakerfa sem um margt eru sambærileg sem eru í rauninni mjög svipaðs eðlis og má þar jafna saman um flutning á verkefnum milli ríkis og sveitarfélaga á liðnum árum. Hér er hins vegar um það að ræða að fara úr einu réttindakerfi yfir í annað og ég legg aftur áherslu á það sem ég hef áður sagt og margítrekað að nær hefði verið að ganga endanlega frá samningum um þessi efni áður en ráðist er í að breyta stofnuninni í hlutafélag sem ég tel reyndar vera mjög óráðlegt að gera.

[12:41]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að formbreyting Pósts og síma í hlutafélag og að færa grunnskólana frá ríkinu til sveitarfélaganna er ekki sambærilegt að öllu leyti. Það er samt sem áður ljóst að mörg sveitarfélög hafa verið með eigin lífeyrissjóði þannig að starfsmenn þeirra hafa ekki greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins heldur í eigin sjóð. Þetta hefur verið með ýmsu móti en allt er þetta þó einfaldara að þessu leyti varðandi yfirfærslu grunnskólans en þess þá heldur er hitt flóknara og erfiðara í allri úrvinnslu til að ná utan um alla þá mörgu þætti sem verða erfiðari að vinna með í hlutafélaginu en í Pósti og síma sem ríkisfyrirtæki. Þess heldur hefði þurft að einbeita öllum kröftum sínum að því að finna þær leiðir hvernig best

er hægt að tryggja þetta gagnvart starfsmönnum í póstinum og símanum eftir að þeir eru komnir yfir. (**ÖJ:** Enda er þetta af hálfu samtakanna inni í þessum viðræðum.) Ég heyri í frammíkalli að hv. þm. Ögmundur segir að það sé verið að vinna að þessu og ég fagna því að svo sé og lýsi því enn einu sinni yfir að ég mun reyna að leggja allan kraft minn í að aðstoða við það ef þörf er á þannig að réttindi starfsmanna hjá Pósti og síma hf. verði tryggð eins og þeir hefðu starfað hjá ríkinu.

[12:43]

Útbýting þingskjals:

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 389. mál, þskj. 1087.

[Fundarhlé. — 12:43]

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu frumvörp um að breyta Pósti og síma í hlutafélag og hér eru hvorki hæstv. samgrh. né talsmaður samgn. viðstaddir. Ég óska því eftir því að gera hlé á ræðu minni eða hefja hana ekki fyrr en þeir eru komnir í þingsal.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hægt verði að uppfylla óskir hv. þm. Það er ljóst að hæstv. samgrh. er ekki í húsinu vegna sérstakra verkefna sem hann þurfti að sinna á þessum tíma. En forseti mun gera ráðstafanir til þess að hv. formaður samgn. verði við umræðuna. Innan tíðar mun hæstv. samgrh. koma í þinghúsið. Forseti mun því gera 10 mínútna hlé á þessum fundi að ósk hv. 17. þm. Reykv. sem nú er á mælendaskrá, en fundur hefst þá aftur kl. 13:45.

[Fundarhlé. — 13:34]

[13:44]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég mun í upphafi máls míns víkja að ýmsu því sem fram kom í máli hv. þingmanna við umræðuna í morgun. Ég mun bíða með þau atriði sem ég ætla sérstaklega að beina til hæstv. samgrh. þar sem hann er enn ókominn. Hæstv. ráðherra mun vera að sinna opinberum skyldum sínum og er ekkert við það að athuga, en hann er væntanlegur fljótlega.

Hér kom m.a. fram í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur og fleiri þingmanna að fram væru komnar tillögur um að gera landið að einu gjaldsvæði og er í rauninni ekkert nema gott um það að segja. En þetta segir hins vegar ekki nema hálfan sannleikann og væri fróðlegt að fá upplýst hvað stjórnvöld hyggjast fyrir í þeim efnum. Er þar átt við spurninguna um eitt þjónustusvæði vegna þess að nú koma til sögunnar ný fyrirtæki væntanlega, erlendir aðilar og hugsanlega innlendir sem munu vilja bjóða símaþjónustu á tilteknum svæðum. Þá er spurningin þessi: Hvað hyggst ríkisstjórnin í þeim efnum? Verður þeim sem koma til með að veita þjónustu á Íslandi gert að þjónusta landið allt? Í því felst að sjálfsögðu mikill kostnaður fyrir þá stofnun sem þessa þjónustu veitir að sjá til þess að hún nái til landsins alls. Þess vegna nægir ekki það eitt að tryggja eina gjaldskrá fyrir landið allt heldur verður að tryggja að landið sé að lágmarki eitt þjónustusvæði. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta síðar við umræðuna.

Öðrum hv. þingmönnum svaraði ég í andsvari en nefndi þó ekki gagnrýni sem ég vildi koma á framfæri við hv. þm. Magnús Stefánsson. Hann sagði að óeðlilegt væri að sínu mati að reka Póst og síma í því formi sem nú væri. Með því að gera stofnunina að hlutafélagi væri Póstur og sími hæfari til samkeppni en ella. Þetta eru fullyrðingar sem iðulega hafa verið settar fram en ég mun í mínu máli á eftir rekja hvers vegna ég tel þær ekki eiga við rök að styðjast.

Að sjálfsögðu komu svipaðar fullyrðingar fram hjá hæstv. samgrh. sem varaði okkur við að tala um þessi mál af léttúð, eins og hann komst að orði. Það er ekkert fjær mínu skapi en að fjalla um hlutafélagavæðingu eða einkavæðingu þessarar stofnunar af léttúð. Hann lét fylgja með í sínu máli að frestun kæmi samkeppnisaðilum til góða. Það kæmi samkeppnisaðilum Pósts og síma til góða ef því væri frestað að breyta stofnuninni í hlutafélag. Að sjálfsögðu voru engin rök færð fyrir þessari fullyrðingu. Að sjálfsögðu, segi ég. Maður er ekki vanur því að krefjast þess að ráðherrar færi rök fyrir fullyrðingum af þessu tagi, en að sjálfsögðu á þingið heimtingu á því að vita hvað hæstv. ráðherra á nákvæmlega við með þessu, hvaða samkeppnisaðila hér er um að ræða og hvernig hann rökstyður sitt mál. Það dugar ekki að slá fram fullyrðingum af þessu tagi án þess að skýra nákvæmlega hvað það er sem við er átt.

Fyrir þessu máli talaði upphaflega við þessa umræðu formaður samgn., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hann mælti ágætlega fyrir þessu máli, en þó vil ég gera athugasemdir við hans röksemdafærslu. Hún gekk í grófum dráttum út á það að telja upp hvaða ríki það væru sem ættu póst- og símamálastofnanir sem hefði verið breytt í hlutafélög. Þetta er í rauninni orðin gamalkunn lumma og ekki einsdæmi að rök af þessu tagi, ef rök skyldi kalla, séu borin á borð, þ.e. allir hinir eru að gera það. Það eru allir að gera það. Þess vegna hljótum við að gera það líka.

En þurfum við ekki að skoða afleiðingarnar af hlutafélagavæðingu og einkavæðingu póst- og símamálastofnana hjá öðrum þjóðum og reyna síðan að færa einhver sjálfstæð íslensk rök fyrir okkar máli? Hvaða önnur rök höfum við fyir því að breyta okkar stofnun, Pósti og síma á Íslandi, í hlutafélag en þau að segja: Allir hinir eru að gera það? Þess vegna þurfum við líka að gera það. Hér kom á sínum tíma ágætur maður, Philip Bowyer, aðalritari alþjóðasamtaka póst- og símamanna og flutti mjög athyglisvert og fróðlegt erindi á Hótel Sögu. Hann vakti sérstaka athygli á þessu að einkavæðingin væri að verulegu leyti tískubylgja og hann byrjaði sitt erindi á því að segja: „Fuglarnir gera það, býflugurnar gera það, meira að segja menntaðar flær gera það líka. Við skulum gera það líka.“ Þetta kom mér sannast sagna í hug þegar ég hlýddi á ræðu hv. þm., Einars K. Guðfinnssonar, þegar hann talaði fyrir þessu máli í upphafi 2. umr.

Staðreyndin er sú að við þurfum að skoða hvaða afleiðingar hlutafélagavæðing, einkavæðing hefur haft þar sem farið hefur verið út á þá braut, hvaða áhrif það hefur haft á þjónustuna, hvaða áhrif það hefur haft fyrir samneysluna og ríkissjóð, hvaða áhrif það hefur haft fyrir starfsmenn hvað snertir þeirra réttindi, launakjör og þar fram eftir götunum.

Við erum að tala um fyrirtæki sem er með eiginfjárstöðu metna á um 14–15 milljarða og að auki aðrar eignir og viðskiptavild upp á um 8 milljarða. Á sínum tíma var gert mat á því hvers virði þessi stofnun væri. Þar var nefnd upphæð einhvers staðar á bilinu 20–30 milljarðar kr. Við erum því að tala um mjög dýrmæta eign íslensku þjóðarinnar. Þess vegna

er mér ekkert fjær skapi en að tala um þetta af einhverri léttúð eins og hæstv. samgrh. var að vara þingmenn við að gera. Ekkert er mér fjær skapi. Og reyndar er ekkert mér fjær skapi en að standa að því að hér verði fyrir sumarbyrjun, áður en laxveiðitíminn fer í hönd og menn fara af alvöru að ræða viðskipti — að stuðla að því að þessari stofnun verði breytt í hlutafélag. Það sem endanlega vakir fyrir mönnum er ekki bara að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Það sem endanlega vakir fyrir mönnum er að selja þessa stofnun og selja hlutina í þessari stofnun. Þess vegna er fylgst með málinu af miklum áhuga af hálfu þeirra sem eiga peninga í þessu þjóðfélagi, stórra, fjársterkra fyrirtækja sem stundum hafa verið kennd við kolkrabbann og fjársterkra aðila sem vilja koma sínum peningum til arðsköpunar. Það er fylgst með því af áhuga af hálfu þessara aðila hver framvindan verður hér. Að sjálfsögðu vilja þessir aðilar að fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag og það síðan selt. Þetta er fyrirtæki sem hefur skilað inn til samneyslunnar á annan milljarð kr. á hverju ári, á annan milljarð kr. Hagnaður í fyrra mun hafa verið 1,6 milljarðar. Hvar ætla menn að ná í þessa peninga þegar Póstur og sími hefur verið hlutafélagavæddur og seldur? Því að það er það sem gerist. Það verður væntanlega seilst eftir þeim fjármunum ofan í vasa skattborgaranna. Það verður gert. Þetta er þróun og þetta er nokkuð sem hefur gerst alls staðar þar sem hefur verið farið út á þessa braut. Alls staðar hefur verið nákvæmlega það sama uppi á teningnum. Það er bara byrjað á því að tala um að gera stofnunina að hlutafélagi og stundum hefur jafnvel verið talað opinskátt um hlutina þannig.

Hér kom sérstakur kennimaður fyrir nokkrum árum á vegum Vinnuveitendasambandsins til að kenna mönnum hvernig ætti að standa að einkavæðingu. Hann talaði þar sérstaklega um það sem hann kallaði hið gullna bréf. Það gekk út á að búa til eitt hlutabréf sem væri í vörslu ríkisins. Þar var það látið bíða í fáein missiri eða ár og síðan var því deilt niður eða selt.

Í fyrrahaust fór samgn. til Noregs og Danmerkur til að kynna sér hlutafélagavæðingu þar. Þar gerðist þetta nákvæmlega eins og hér. Það átti að semja við starfsmenn, ég held að það sé ekki búið að ganga frá því enn þá í Noregi. Og þar var þingmönnum sagt, íslenskum þingmönnum, að ekki stæði til og kæmi ekki til greina að selja norska símann, hann yrði ekki seldur. Þegar menn efuðust voru færð alls kyns rök fyrir þessu. Norðmenn væru svo ríkir, norska ríkið væri svo ríkt að það þyrfti ekki á því að halda að selja. Það er verið að auglýsa þessi bréf núna. Hvers vegna? Vegna þess að menn eru að fara úr einu kerfi í annað þar sem menn ætla að nýta markaðinn væntanlega. Til hvers eru menn að þessu? Til að nýta kosti markaðarins, samkeppnina úti á markaðinum og eftirlitið inn á við sem eru væntanlega hluthafarnir. En það á ekkert að gera af þessu hér. Það er byrjað á því að setja gjaldskrár, njörva þær niður. Síðan er eitt stórt hlutabréf sett undir einn mann, hæstv. samgrh. Það á ekki að nýta kosti markaðarins á neinn hátt. Svo eru menn að tala um einhverja nútímavæðingu. Ég veit ekki hver það er sem er að tala af léttúð um þessi mál, en mér finnst þetta vera allt að því grátbroslegt.

Þar sem svo mikið er skírskotað til útlanda hef ég velt því mikið fyrir mér hvort það er mikið í alþjóðlegum skuldbindingum sem kveður á um nauðsyn þess að gera Póst og síma að hlutafélagi. Er eitthvað í alþjóðlegum skuldbindingum sem kveður á um að Póstur og sími verði gerður að hlutafélagi? Nei. Það er ekkert í alþjóðlegum skuldbindingum sem kveður á um þetta, ekki neitt. Það er hins vegar ákveðin stefna í þá átt að losa um einkaleyfin og í Evrópu verður losað um einkaleyfið í lok næsta árs, 1997, um áramótin 1997/1998. Þá munu ríkisstofnanirnar sem áður voru og víða eru orðnar að hlutafélögum ekki hafa einkaleyfi til þessarar þjónustu. Það er að breytast. En það kemur eignarhaldinu ekkert við. Það hefur ekkert með eignarhaldið að gera. Það er afnám einokunarréttar en hefur ekkert með einkaréttinn að gera.

Er það eitthvað í EES-skuldbindingum eða Evrópuskuldbindingum sem veldur því að við þurfum að afnema eignarhald íslenska ríkisins á Pósti og síma? Nei, ekki neitt. En hér er að ýmsu að hyggja. Ég held að ein ástæðan fyrir því að ýmsir forsvarsmenn Pósts og síma hafa verið fylgjandi þessari breytingu sé sú að þeir telja sig betur geta varist Verslunarráði og samkeppnisráði með því að breyta stofnuninni í hlutafélag. Ég held að það sé staðreynd. Ég held að þeir telji að stofnuninni verði betur borgið gagnvart þessum innlendu aðilum sem hafa hamast á Pósti og síma í langan tíma og reynt að búta stofnunina niður með því móti að hún verði gerð að hlutafélagi. Það sem er og hefur verið að gerast ekki bara hjá Pósti og síma heldur hjá ýmsum stofnunum í ýmsum opinberum rekstri er að til sögunnar koma aðilar sem eru að færa sig inn á verksvið sem áður voru einvörðungu á hendi opinberra aðila. Það verður skörun, þar verður samkeppni. Opinbera þjónustan er iðulega hluti af stærri starfsemi og stærri stofnun. Þessi nýju fyrirtæki kæra, til samkeppnisráðs, samkeppnisráð skoðar málið og gerir kröfur til viðkomandi stofnunar um að aðskilja viðkomandi rekstur þannig að hann sé ekki niðurgreiddur. Þetta hefur verið að gerast með notendabúnaðinn hjá Pósti og síma og þetta hefur verið að gerast í lyfjadreifingu, nú síðast hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þannig mætti áfram telja. Þetta er þróun sem er að eiga sér stað. Það er þetta sem ég vék að hér áðan þegar ég var að tala um þessa kvöð sem verið er að setja á gjaldsvæðið. Hvað með þjónustusvæðið? Menn þurfa líka að gaumgæfa mjög rækilega þá hlið á málinu. Þetta liggur í augum uppi gagnvart póstþjónustunni þar sem koma til með að rísa samkeppnisfyrirtæki, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þau munu væntanlega kæra til samkeppnisráðs og þar kemur krafa um að búa til sjálfstæðar einingar innan póst- og símaþjónustunnar. En stóra málið er þetta: Hvaða kvaðir eru á stofnununum varðandi landið allt og miðin vegna þess að við búum í þessu strjálbýla landi þar sem við erum sífellt og stöðugt að færa fjármuni á milli póst- og símasviðsins? En punkturinn er sá að ég tel að ýmsir sem eru ekkert sérstaklega áhugasamir um að gera stofnunina að hlutafélagi líti svo á að það sé hægt að verjast þessum aðilum, Verslunarráðinu sem er að koma fram fyrir hönd smárra fyrirtækja og samkeppnisráði sem er orðið kaþólskara en páfinn í þessu eftirlitshlutverki með markaðnum. Menn telja að þeir geti varist þessum aðilum betur með því að gera stofnunina að hlutafélagi. Þetta held ég að sé eitt sjónarmiðið. Ég held hins vegar að það sé rangt. Það er ekki rangt að því leyti að það kunni að vera einhverjar pólitískar ástæður fyrir því að menn komi til með að láta hlutafélög meira í friði en ríkisfyrirtæki. Það kunna að vera pólitísk rök, einhverjar pólitískar ástæður. En það er ekkert í skipulagsformi stofnunarinnar sem hefur þetta í för með sér. Ekki neitt. Þar gilda nákvæmlega sömu sjónarmið gagnvart hlutafélagi og gagnvart fyrirtæki eða stofnun í eigu ríkisins svo fremi sem um er að ræða sjálfstæða fjárhagslega

einingu. Það er það sem máli skiptir. Nú hafa menn verið að stíga þau skref gagnvart Pósti og síma á undanförnum árum að gera stofnunina algjörlega að sjálfstæðri einingu, t.d. varðandi lífeyrisskuldbindingar þar sem skuldbindingar eru færðar inn á reikninga, ekki aðeins hjá Pósti og síma heldur öðrum opinberum stofnunum einnig.

Síðan er það þessi röksemd sem snýr að sveigjanleikanum. Ætla ég nú að gera hlé á máli mínu þangað til formaður samgn., hv. þm. birtist, — kom fagnandi — í dyragættina hér. Ein meginröksemdin sem reidd hefur verið fram er að form hlutafélags bjóði upp á meiri sveigjanleika en ríkisstofnun og geti þannig átt dótturfyrirtæki, geti fjárfest í öðrum fyrirtækjum og þar fram eftir götum. En hver er veruleikinn í þessum efnum? Skyldi það vera svo að Póstur og sími gæti ekki keypt hlutafélög eða dótturfyrirtæki eða fjárfest eða hagað sér á markaði eins og önnur fyrirtæki?

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, segir orðrétt, með leyfi forseta. „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Þetta ætti væntanlega einnig við um hlutabréfakaup. Nú er það svo að sett eru sérlög um stofnanir sem hafa heimilað þetta. Það er hægur vandinn að setja sérlög um stofnanir til að heimila þetta. Hvernig skyldi á því standa, svo dæmi sé tekið að Vegagerð ríkisins keypti á árinu 1992 hlutabréf fyrir 10 millj. kr. í Speli hf. sem er hlutafélag sem stofnað var til að gera jarðgöng undir Hvalfjörð? Hlutabréfaeign Hafrannsóknastofnunar er 7,5 millj. kr. tæplega. Hvernig gerðist það? Jú, með breytingu á lögum nr. 64/1965 sem gerð var á árinu 1990, sbr. lög nr. 132/1990, var Hafrannsóknastofnuninni heimilað að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjútvrh. að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti rannsóknar- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni. Hlutabréfaeign Iðntæknistofnunar nemur rúmum 3,3 millj. kr. Þegar þessi mál eru skoðuð þá eru hlutabréf sem bókuð eru hjá einstökum A-hluta stofnunum 35,7 millj. kr. en hlutafé og stofnfé í eigu fyrirtækja og sjóða í B-hluta er tæpur 1 milljarður kr. Ég man ekki betur en að hér við umræðuna hafi því ítrekað verið hreyft og ítrekað um það rætt að fyrirtæki í eigu ríkisins gætu ekki tekið þátt í markaðsviðskiptum, gætu t.d. ekki fjárfest í dótturfyrirtækjum eða keypt hlutabréf. Hér kemur á daginn að hlutafé og stofnfé í eigu fyrirtækja og sjóða í B-hluta er tæpur 1 milljarður og hjá A-hlutastofnunum nemur það tugum milljóna. Það þarf ekki annað en breytingar á lögum til þess.

Höldum aðeins áfram með sveigjanleikann vegna þess að þetta er meginröksemdin sem sett hefur verið fram í þessu máli, þ.e. fyrirtæki á markaði, hlutafélög, séu sveigjanlegri en ríkisfyrirtæki. Skal ég játa það með fullri virðingu fyrir hv. formanni samgn. og öllum öðrum þingmönnum, sem á þetta hlýða, að ég hefði mikið viljað að hæstv. samgrh. hefði tekið þátt í umræðunni þótt ég hafi skilning á því að hann þurfi að sinna opinberum skyldum. Hæstv. samgrh. hefur ítrekað verið að setja fram fullyrðingar um þessi efni og mér finnst að hann verði að færa rök fyrir máli sínum og skýra það þegar þeim er mætt með gagnrökum og upplýsingum. En ég var að ræða um sveigjanleikann. Það er sagt að það sé auðveldara að taka ákvarðanir þegar um er að ræða hlutafélög en ríkisfyrirtæki. Menn tala um að það þurfi að færa það til nútímalegri stjórnunarhátta, o.s.frv. Hvernig er þetta í rauninni? Halda menn virkilega að stjórnir í fyrirtækjum þurfi ekki að standa ábyrgar gagnvart einhverjum aðilum? Halda menn það virkilega? Halda menn t.d. að það séu ekki hluthafafundir? Við erum að tala um tvenns konar fyrirkomulag í megindráttum. Við erum að tala um ríkisfyrirtæki sem lúta almannavilja sem er þá í gegnum þing og ríkisstjórnir. Ráðherra setur iðulega stjórnir yfir fyrirtæki. Hins vegar erum við að tala um annað form, þ.e. markaðinn. Eftirlitið og aðhaldið á markaði gerist á tvennan hátt. Annars vegar er það verðsamkeppni út á markaðnum og hins vegar er það aðhald eigendanna. Það eru hluthafafundir sem eru stundum svolítið róstursamar samkomur eins og við höfum séð, þegar aðalfundur Stöðvar 2 t.d. kemur saman. (**Gripið fram í:** Eða í Íslandsbanka með Pétri H. Blöndal.) Eða Íslandsbanka með hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég veit ekki hvort hann situr þar enn þá. Þetta er tvenns konar form. Nú á að nýta hvorugt. Það á að draga úr eftirliti almannavaldsins, taka það frá ríkisstjórn og þingi þó ráðherra komi til með að verða háður þingi að sönnu, setja eitt hlutabréf undir einn mann, það eru engir hluthafafundir þar nema hæstv. ráðherra komi og bjóði sjálfum sér í kaffi. Með öðrum orðum er verið að tala um að fara í nútímalegra viðskiptaumhverfi og nútímalegri stjórnunarhætti eins og hv. þm. Magnús Stefánsson sagði áðan án þess að nýta sér þá kosti sem þessi margrómaði markaður hefur upp á að bjóða. Þetta finnst mér vera mótsögnin í þessu öllu saman. Þá fer maður að spyrja sjálfan sig til hvers er þessi leikur eiginlega gerður vegna þess að mér finnst mjög mikilvægt að þegar gerð er breyting á eins dýrmætri eign og þjóðareign okkar er, Póstur og sími, sé ekki verið að plata fólk. Það finnst mér mjög mikilvægt.

Hreinn Loftsson, sem er formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu hjá ríkisstjórninni, segir í viðtali í BSRB-tíðindum í febrúarmánuði, með leyfi forseta:

„Sumir segja að rekstrarformið skipti öllu en ekki eignarhaldið. Ég er annarrar skoðunar. Það er eignarhaldið sem skiptir öllu. Þetta eru aðskildar ákvarðanir í tíma. Það er í mörgum tilvikum skynsamlegt að breyta rekstrarformi fyrirtækja fyrst og gera þau að góðri söluvöru áður en þau eru seld. Nokkur ár geta liðið þarna á milli. Menn eiga að hafa þetta í huga. Reynsla erlendra sérfræðinga er eindregið sú að það sé einungis skynsamlegt að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög sé ætlunin að selja þau. Hlutafélagavæðingin er bara fyrsta skrefið að mínu áliti."

Tilvitnun í Hrein Loftsson, formann einkavæðingarnefndar eða framkvæmdanefndar um einkavæðingu, sem starfar á vegum ríkisstjórnarinnar. Mér finnst yfirlýsing af þessu tagi vera mjög heiðarleg og raunsæ vegna þess að þrátt fyrir þær yfirlýsingar um hið gagnstæða sem eru gefnar nánast alls staðar þar sem farið hefur verið úr á þessa braut hafa þær hvergi staðist. Enda er leikurinn til þess gerður að fara úr ríkisrekstri, ríkiseignarhaldi yfir á markað. Þá eiga menn að segja það hreint út og opinskátt. Mér finnst það vera sjónarmið út af fyrir sig þó ég sé ósammála þeim að segja: Þessi starfsemi er öll að verða mjög alþjóðleg, hún er að fara upp í háloftin og gervitunglin og eina leiðin er að fara inn í stærri fjölþjóðlegar samsteypur og taka þátt í þeim til að viðhalda lífi og þar með starfseminni hér og starfsöryggi o.s.frv. Það er lífvænlegast fyrir okkur. Þetta finnst mér vera röksemd en ég er ekki sammála henni. Þetta er byggt á líkindareikningi. En að segja: Við erum orðnir nútímamenn með því einu að gera þetta að hlutafélagi, búa til eitt hlutafélag og setja það undir hæstv. samgrh. Hver trúir þessu? Það sem mér finnst verst við þetta er að því miður held ég að það séu afar fáir

sem trúa þessu. Sumir vilja trúa þessu og sumir gera þetta til að koma málinu í gegn. En ég held að þetta verði ekki raunin. Mín skoðun er sú að leiðin til að verja þessa stofnun sé að efla hana eins og gert hefur verið. Þetta er mjög sterk og öflug stofnun. Þetta tal um nauðsyn þess að gera hana að hlutafélagi með einu hlutabréfi undir einum manni er svo hlægilegt, er svo fráleitt, þar sem ekki á að nýta eftirlitsaðhald frá hluthöfum eða markaðnum. Ég veit ekki hver trúir þessu. Ekki geri ég það.

En víkjum aðeins nánar að þessu með sveigjanleikann. Að það þurfi sveigjanlegar og skjótar ákvarðanir. Nú er það svo að á liðnum árum hafa verið teknar skjótar ákvarðanir. Ég held að allir muni hvernig Póstur og sími brilleraði um árið þegar leiðtogafundurinn var haldinn og vann þrekvirki með mjög ákvörðunum og markvissum vinnubrögðum. Hér hefur verið lagður ljósleiðari sem nær hringinn í kringum landið. Sæstrengur lagður. Það er ráðist í alls kyns framkvæmdir þar sem þetta rekstrarform hefur ekki staðið í vegi þess að við eigum einn tæknivæddasta síma í heiminum sem þar að auki bíður upp á lægstu innanlandssímgjöld á byggðu bóli. Það er von að mönnum liggi á að breyta.

Á þriggja mánaða fresti er gerður verðsamanburður á vegum Eurodata Foundation á símgjöldum víðs vegar um heiminn. Í janúar var gerð slík könnun og birt þremur mánuðum síðar. Þar kemur fram að símgjöld á Íslandi eru lægri en annars staðar. Ég ætla aðeins að nefna nokkrar tölur í þessu sambandi. Lítum á ársfjórðungsgjald af síma. Þetta eru tölur sem eru birtar í mars og miðað við gengi frá 6. mars var ársfjórðungsgjald af heimilissíma 1.382 kr. á Íslandi, atvinnusíma 2.764 kr. Í Danmörku var heimilissíminn 3.484, í Noregi 3.661, í Svíþjóð 3.253 og fyrir atvinnusímann 5.044, í Finnlandi 3.221, í Bretlandi 2.522 og fyrir atvinnusíma 4.086, í Þýskalandi 3.322. Ég minni á að á Íslandi er gjaldið langlægst eða 1.382 kr. Á Íslandi er þar að auki notkun fyrir 664–1.382 kr. innifalin í ársfjórðungsgjaldinu og fyrir 314 kr. reyndar í Þýskalandi. Annars staðar er ekki innifalin notkun. Þessi munur er eftir því hvar á landinu menn eru búsettir. Með öðrum orðum á meðan Ísland er með ársfjórðungsgjald upp á 1.382 er draumalandið Bretland með 2.522 og 4.086 fyrir atvinnusíma á móti 2.764 fyrir atvinnusíma á Íslandi eða miklu lægra. Farsímagjöldin eru kapítuli út af fyrir sig. Á Íslandi eru farsímagjöldin 1.519 og 1.899 eftir því hvort kerfið er um að ræða GSM, eða NMT. Í Danmörku er þessi upphæð 2.796, 4.778 í Noregi, í Svíþjóð 4.276 og 3.655, í Þýskalandi 11.786 og 12.500 í öðru kerfi. En á Íslandi var það 1.519 og 1.899 eftir því hvort kerfið var um að ræða. En ég sleppti tveimur löndum. Ég sleppti Finnlandi og Bretlandi og ætla að taka þau núna. Í Bretlandi er farsímagjaldið 19.724 og 5.341. Þar í landi geta menn valið um það hvort þeir borga hátt afnotagjald og lægra mínútugjald eða öfugt en fyrir þrjár mínútur í Bretlandi eru 82,50 kr. með dýrara kerfið og þarf því þá að borga afnotagjald upp á tæplega 20.000 kr. Ef dýrara mínútugjald er valið eða 152,45 kr. þá er farsímagjaldið 5.341. En líka í þessum mínútugjöldum, jafnvel í ódýrasta tilvikinu í Bretlandi, þar eru Íslendingar miklu lægri, 49,80 kr. á móti 82,50 kr.

Ég ætla ekki að fara að þreyta menn með frekari upplestri hér úr tölum en þegar menn segja og nota það sem röksemdir í máli sínu að aðrir séu að breyta og við bara verðum að breyta þarf náttúrlega að skoða afleiðingarnar erlendis. Það þarf að skoða og færa rök fyrir að hér sé eitthvað mikið að sem þurfi að laga. Ef maður ætlar að gera við eitthvað verður maður að vita hvað er bilað. Hér erum við að sýna fram á að við erum með langlægstu gjöld í öllum heiminum. En getur verið að í tilvikinu Bretland séu fastagjöld séu svona há, fyrir farsíma 19.724 á móti 1.519 á Íslandi, vegna þess að stofnunin þar hafi verið einkavædd? Nei, það held ég að sé ekki öll skýringin, aldeilis ekki. En að hluta til, að hluta til. Við skulum ekki gleyma því að það er dýrt að keppa líka. Samkeppni getur verið dýr líka. Ég veit ekki hvað það er langt síðan hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fór til Lundúna og ég veit ekki hvort hann hefur fengið símkort í hendur og ég veit ekki hvort hann hefur verið svo óheppinn að lenda inn í símklefa sem passar ekki hans korti vegna þess að svona birtist samkeppnin notendum í Lundúnum. Þar eru komin fleiri en eitt fyrirtæki sem keppa en fyrir notandann kostar þetta iðulega aukið óhagræði og fyrir þjóðina að sjálfsögðu aukinn tilkostnað vegna þess að það þarf að fjölga þessum símklefum og öllum þessum búnaði. Með öðrum orðum, samkeppnin kostar sitt. Ekki er nóg með þetta, eða vita menn hver er blómlegastur atvinnuvegur í Bretlandi um þessar mundir eða hjá þeim ríkjum sem hafa farið ut á þá braut að einkavæða starfsemi sem hefur nánast einokandi aðstöðu á markaði? Þar hafa sprottið upp eftirlitsstofnanir OFFTEL, off þetta og hitt, sem eiga að fylgjast með, nánast að hætti sovétskipulagsins, stórar úttútnandi skrifræðisstofnanir til að fylgjast með samkeppninni. Hver halda menn að sé tilkostnaðurinn af þessu? Það er þegar byrjað að tala svona hérna. Það er sagt að það eigi að fylgjast með stofnuninni. Það er þegar byrjað að setja henni skorður. Ein gjaldskrá. Ég er farinn að gera kröfur um meira. Ég spyr: Á ekki að vera eitt þjónustusvæði? Á ekki að skylda þann aðila sem kemur inn á markaðinn hér til að sjá til þess að hann veit öllum landsmönnum þjónustu? Ekki bara í Reykjavík. Ekki bara á Akureyri, heldur líka á Vestfjörðum, á Ísafirði og Bolungarvík. Þetta eru spurningar sem við þurfum að fá svör við. Mér finnst alveg afleitt að við skulum halda umræðunni áfram án þess að sá aðili sem er endanlega ábyrgur skuli koma hingað. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta hvort eitthvað sé vitað um ferðir hæstv. samgrh.

(**Forseti** (RA)**:** Mér er ekki kunnugt um hans ferðir. Hann er ekki kominn í húsið.)

Ég á mikið eftir af máli mínu þannig að ég get haldið áfram að fara yfir þessi mál. Mér finnst hins vegar afleitt að vera að reyna að færa rök fyrir máli mínu gegn þessum umfangsmiklu og að því er ég vil meina örlagaríku breytingum án þess að hæstv. samgrh. hlýði á þær röksemdir. En þetta kostar það náttúrlega að ég þarf að rifja upp helstu atriðin þegar hann kemur hingað.

Ég nefndi áðan að nauðsynlegt væri að draga lærdóma af einkavæðingunni í útlöndum. Eins og ég sagði áðan voru svipaðar röksemdir uppi þar og viðhafðar hafa verið hér, þ.e. allir hinir eru að gera það, meira að segja líka á Norðurlöndunum. Sú röksemd kom fram fyrr í dag að í Danmörku ætluðu menn meira að segja að fara að gera póststofnunina sem er fyrirtæki þar í landi í eigu ríkisins að hlutafélagi. Það eru rök sem eru sett fram hér fyrir því að Íslendingar breyti Pósti og síma í hlutafélag. Það er sett fram sem rök í málinu en ekki sem upplýsingar.

Þegar einkavæðingartískan gekk yfir í Bretlandi á síðasta áratug og reyndar einnig þessum var þetta keyrt fram af svipaðri áfergju og svipuðu dómgreindarleysi og gert hefur verið hér á landi með ýmsa einkavæðingu. En það er ekki fyrr en núna að menn eru að átta sig á afleiðingunum. Átta

sig á afleiðingum þess að einkavæða t.d. vatnsveitufyrirtæki í Bretlandi. Nú er svo komið að jafnvel hið virðulega en íhaldssama dagblað, Daily Telegraph, birtir reglulega fréttir af afleiðingum einkavæðingar þjónustufyrirtækja í Bretlandi. Nú síðast var ítarleg frétt um einkavæðingu vatnsveitu einhvers staðar í Bretlandi. Það er nú svo komið þar að starfsmönnum vatnsveitunnar er ráðlagt að klæðast ekki lengur einkennisbúningum vegna þess að það er gerður aðsúgur að þeim. Ég er ekki að færa þetta fram sem rök gegn því að breyta Pósti og síma í hlutafélag en fyrst menn fara út á þessa braut vil ég bara nefna þetta að afleiðingarnar eru að koma í ljós víða erlendis. Áðan var ég kominn lítillega inn á það að spyrja hvort það gæti verið að þessi okkur hagstæði verðsamanburður væri til kominn vegna þess að við værum með ríkisfyrirtæki en hinir með einkafyrirtæki. Ég segi nei, en að hluta til. Vegna þess að einkaaðilar sem kaupa fyrirtæki gera það væntanlega til að hafa eitthvað fyrir sinn snúð, til að fá arð af fyrirtækinu, taka hann út úr fyrirtækinu. Að vísu má til sanns vegar færa að íslenska ríkið hafi gert þetta eins og ég vék að áðan, það hefur tekið á annan milljarð á ári hverju út úr fyrirtækinu. En það eru peningar sem nýtast þó í samneyslunni hér. Ég vitnaði áðan í erindi sem Philip Bowyer, aðalritari alþjóðasamtaka póst- og símamanna flutti 11. maí árið 1992, fyrir fjórum árum, um einkavæðingu póst- og símafyrirtækja. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þennan bækling, með leyfi forseta:

„Þeir sem keyptu hlutabréfin hafa líka hagnast. British Telecom skilar miklum hagnaði hvað sem tölum um hagkvæmni og framleiðni líður. Það skilar reyndar mestum hagnaði allra símafyrirtækja í heimi. Það skilar 22% arði af fjárfestingu og hagnaðurinn á síðasta ári nam 27 milljörðum punda sem þýðir að fyrirtækið hagnast um 100 pund á hverri sekúndu. Það þýðir líka að unnt er að greiða hluthöfum ríflegan arð. Fyrir einkavæðingu áttu auðvitað allir hlut í British Telecom. Hins vegar njóta aðeins hluthafar arðsins núna en það er auðvitað markmið með einkavæðingu að hluthafar fái arð af fjárfestingunni. Ég gæti líka bent á," segir Philip Bowyer áfram, „að stjórnarformaðurinn hefur hagnast vel á öllu saman. Hann á hlutabréf auk þess sem hann þiggur rífleg laun og eru heildartekjur hans árið 1991 áætlaðar um 1,2 millj. dollara."

Það sama hefur gerst í breska símanum og gerðist í norrænu símafyrirtækjunum sem voru gerð að hlutafélögum. Þar breyttust launahlutföll. Forstjórarnir og þeir sem standa ofarlega í stjórnsýslu stofnunarinnar hækkuðu stórlega í launum en aðrir stóðu í stað eða lækkuðu. Vinnandi höndum fækkaði. Það hefur hins vegar ekki gerst aðeins vegna þess að fyrirtækinu var breytt í hlutafélag heldur er komin til sögunnar tækniþróun og tækninýjungar sem valda því að störfum fækkar. En einkavæðingin herðir að þeirri þróun einfaldlega vegna þess að það liggur í eðli málsins að eigendur, þeir sem njóta þess arðs sem ég var að víkja áðan að, gera þá kröfu að fá sem mest fyrir sinn snúð, sem mesta peninga fyrir sem minnsta vinnu innta af hendi af sem fæstu fólki. Einkavæðingin herðir því á þessu atvinnuleysishjóli. Hún ein er þess ekki valdandi að það fækkar í þessari starfsemi, hins vegar herðir hún á þeirri þróun. Arðsemiskrafan, hagnaðarkrafan, herðir á þessari þróun.

Hverjir hagnast þá á þessum breytingum? Hverjir eru það sem hagnast á því að breyta símafyrirtækjunum í hlutafélög? Það eru fjárfestarnir sem eignast fyrirtækið og taka út arðinn. Það eru iðulega topparnir í þessum stofnunum. En þeir sem bera skarðan hlut eru iðulega notendur. Þeim er boðið upp á slakari þjónustu. Það eru skattgreiðendur sem verða af peningum, það þarf að sækja nýja peninga væntanlega ofan í þeirra vasa og það eru hinir almennu starfsmenn. Það eru þessir aðilar sem bera skarðan hlut frá borði.

Herra forseti. Ég óska eftir að fá að gera hlé á mínu máli þar til samgrh. verður kominn hingað aftur. Ég stóð í þeirri trú að hæstv. samgrh. yrði við síðari hluta ræðu minnar og ég mun ekki ljúka henni ef hæstv. forseti leyfir nema samgrh. sé hér á staðnum.

Ég leyfi mér að bíða eftir úrskurði hæstv. forseta þingsins.

[14:42]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti hefur leitað upplýsinga um hvar hæstv. ráðherra er niðurkominn. Hann er ekki í húsinu enn en hann kann að vera á næstu grösum og ég vildi fyrst afla upplýsinga um það áður en lengra er haldið. En auðvitað gæti hv. þm. gert hlé á ræðu sinni í bili ef hann óskar þess.

Hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, gerir hlé á ræðu sinni þar sem hæstv. samgrh. er enn ekki kominn í hús. Þar sem ekki er von á ráðherranum enn um sinn þá sé ég ekki annað en við hljótum að láta við svo búið standa að hv. 17. þm. Reykv. bíði með framhald ræðu sinnar þar til ráðherrann er kominn.

[14:44]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég skal með mikilli ánægju flytja orð mitt í umræðunni og með því að beðið er eftir hæstv. samgrh. verður tæpast sagt að stjórnarþingmaður sé að tefja þingstörf og umræðu (**ÖS:** Þetta er víst málþóf.) því að undir öðrum kringumstæðum hefði trúlega orðið hér hlé á fundi.

Ég hef fylgst með þessari umræðu að mestu leyti frá því hún hófst. Mér þykir eðlilegt að það sjónarmið mitt komi hér fram að mér finnst margt gott um þessa umræðu. Mér finnst hún á margan hátt málefnaleg. Það sýnir nú kannski að styttra er hér á milli manna en oft hefur reynst vera í þessari vorumræðu sem fram hefur farið hér upp á síðkastið. Ég tel að þær formbreytingar sem hér eru lagðar til á rekstri símaþjónustunnar séu af hinu góða. Reyndar hefur það verið rökstutt af öðrum og þá kannski sérstaklega framsögumanni meiri hluta hvaða kostir felast í þessari breytingu. Það er auðvitað óþarfi að vera að endurtaka það sem aðrir segja þegar menn eru sammála um hlutina. Þess vegna vísa ég til þess sem fram kom í framsöguræðu formanns samgn. Ég vil hins vegar leggja á það sérstaka áherslu að með þessari formbreytingu á að fást meiri virkni í ákvarðanatöku í þessum málaflokki. Það er í rauninni það sem fylgir því að hafa hlutafélagaform á félagsstarfsemi hvers konar sem reyndar er ekki sérstaklega þróað rekstrarform hér á Íslandi og ég held að við ættum að leggja áherslu á að taka meira af slíku inn í okkar starfsemi, rekstur fyrirtækja og stofnana.

Ég skil vel þann ótta sem virðist búa í brjósti ýmissa þeirra sem flutt hafa mál sitt hér. Þeir eru reyndar á vinstri kanti stjórnmálanna og þá ekki sérstaklega sinnaðir í þá veru að fyrir forræði einstaklinga gangi fyrirtæki með sama hætti og hér er lagt til. Þetta er náttúrlega spurningin um ríkisforsjá sem greindar pólitískar skoðanir eru um. Þess vegna skil ég mætavel þegar stjórnarandstaðan dregur fram allar þessar neikvæðu hliðar.

Það er þó eitt mikilvægt atriði sem ég held að allir þeir virðulegu þingmenn sem hafa verið hér að andmæla þessu

frv. og sumpart verið að mála skrattann á vegginn hafa sleppt að minnast á og það er að breytingar frá þessari löggjöf verða að eiga sér stað á Alþingi. Alþingi hefur ekki tekið aðra ákvörðun en þá einu sem fellst í þessu frv. og væntanlega þessum lögum. Auðvitað verður svo tíminn að leiða í ljós hvað vel reynist og enginn lifandi maður getur sagt fyrir um það hverjar breytingar kunna að verða á þeim málum. Ég held að það sé miklu betri kostur að leitast við að fylgja þróuninni, leitast við að gera breytingar, breytingar sem menn hafa fullt vald á, en að reyna að streitast á móti í þessum efnum og láta síðan atburðarásina taka völdin í sínar hendur. Þess vegna finnst mér einmitt þessi breyting vera trúverðug. Hún tekur í rauninni ekkert vald frá Alþingi en gerir hins vegar mögulegt að fá meiri virkni inn í starfsemi þessa mikilvæga fyrirtækis.

Annað atriði sem hér hefur verið mikið rætt og er afskaplega þýðingarmikið er hvernig þessi breyting snertir starfsfólk stofnunarinnar. Yfir þau mál var farið afar ítarlega í störfum samgn. og raunar gerðar breytingar sem fela það í sér að treyst er staða starfsfólksins frá því sem var í frv. Þetta er auðvitað það sem leiðir af góðum vinnubrögðum og er alþekkt hér í störfum Alþingis að fara með sem allra mestri nákvæmni yfir mál af þessum toga. Ég verð að segja eins og er að það kom mér svolítið á óvart sem kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um viðhorf starfsfólksins til Pósts og síma. Ég held nefnilega að forustumenn Pósts og síma og samgönguráðherrar sem hafa farið með þessi mál hafi rækt sín verkefni og ræktað sinn garð býsna vel gagnvart starfsfólki þessara stofnana.

Ég minnist þess sérstaklega að fyrir nokkrum árum var fjallað um málefni í efri deild Alþingis sem snertu hugsanlega kjör þessara starfshópa, póstmanna og símamanna. Ég stjórnaði þá þeirri umræðu í þinginu. Þetta var í tíð Matthíasar Bjarnasonar og ég minnist þess hve gott var á milli ráðuneytisins og forustumanna þessara stofnana. Það vakti með öðrum orðum sérstaka athygli mína það traust sem þetta forustufólk hafði á þessum mikilvægu stofnunum, Pósti og síma, og eins samgrn. Ég hef ekki fundið breytingar í þeim efnum. Mér er fullkomlega ljóst að núv. hæstv. samgrh. hefur lagt sig fram um að skýra þessi málefni og ræða við starfsmenn þessara mikilvægu stofnana.

Nál. samgn. er býsna ítarlegt að þessu leyti. Ég held satt að segja að það sé mjög mikilvæg framsetning sem þar kemur fram og til hennar vísa ég alveg sérstaklega í þessum efnum. Þar er skýrt nákvæmlega hvernig þessi mál horfa nú við. Ég fæ ekki betur séð, eins og auðvitað er alveg sjálfsagt mál, en að hlutur starfsfólksins sé fullkomlega tryggður í þessum efnum. Ég get vel borið um það sem einn af nefndarmönnum samgn. Alþingis að þar voru áherslur frá hinum einstöku nefndarmönnum þær hinar sömu hvar sem menn annars skipa sér í pólitískar fylkingar hér á Alþingi. Ég óttast því ekki að hér sé haldið til hins verri vegar fyrir starfsfólkið, enda hefði ég þá ekki stutt þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Þá kem ég að þriðja meginatriðinu í þessum efnum sem er jöfnun á kostnaði við símaþjónustuna. Það er reyndar nokkuð eftirtektarvert hvernig sú umræða hefur farið við þessa umræðu. Ég fylgdist t.d. vel með ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds sem nú situr í forsetastóli. Raunar met ég mikils margt af því sem kom fram í hans málflutningi að því er þessi mál varðar. Auðvitað geta menn farið yfir það hvernig þessi mál hafa þróast allt frá því að hann var samgrh., þessi hv. þm., og tók upp skrefagjaldið eins og hann áréttaði hér sérstaklega, allt til þess tíma sem nú er þegar tekin er ákvörðun um fullan jöfnuð í þessum efnum. Hins vegar finnst mér að það sé nú kannski ekki sérstök ástæða til að elta ólar við fortíðina að þessu leyti. Ég held að það hafi vakað fyrir þeim ráðherrum sem hafa með þessi mál farið að ná fram jöfnun í símkostnaðinum. Auðvitað er það svo að hver tími gefur sína möguleika í þeim efnum. Það kemur mér reyndar líka á óvart og það tengist einmitt þessari ákvörðun þegar menn eru að sakna skattlagningarinnar sem verið hefur á símaþjónustuna að undanförnu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að Póstur og sími hefur skilað álitlegri upphæð í arðgreiðslur til eiganda síns sem er ríkissjóður. En menn verða líka að líta á það hvaðan þessir peningar hafa komið. Þetta er svona hér um bil sama upphæð og nemur kostnaðinum annars vegar á símaþjónustunni á fyrsta gjaldsvæði og hins vegar á öðru og þriðja gjaldsvæði. Síðan þessi skattur var lagður á hefur ekki náðst fram jöfnuður á símakostnaði á milli þessara gjaldsvæða. Það eru sem sagt notendurnir á öðru og kannski sérstaklega þriðja gjaldsvæði sem hafa greitt þessi gjöld í ríkissjóð. Ég veit ekki hvort það þarf að sjá svo mikið eftir skattheimtu sem gerir þannig upp á milli fólksins eftir því hvar það býr. Ég sé ekki eftir þeirri skattheimtu.

Með þeim breytingum sem hér eru ákveðnar segir fyrir að hún skuli ekki lengur eiga sér stað heldur fer skattheimtan eftir almennum lögum um skattheimtu á hlutafélögum. Hún er því ekki bundin við það hvar fólkið býr á Íslandi heldur er hún fyrst og fremst bundin við það hver verður rekstrarleg útkoma hjá þessu nýja fyrirtæki. Í huga mínum er þetta veigamikil grundvallarbreyting. Ég er ósammála þeim áherslum sem hafa komið fram í umræðunni að það sé eðlilegur kostur að halda slíkri skattheimtu áfram sem tekur jafnmismunandi til þeirra sem nota símann eftir því hvar þeir búa á Íslandi. Ég sé ekki eftir þessum skatti, virðulegi forseti, nema síður sé.

Í þessu sambandi hefur verið talað um að ákvörðunin um sama gjaldstofn eigi frekar að vera í frv. um póstþjónustuna, sem er aðalmálið hér, en í frv. um fjarskipti. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram tillögu sína við frv. um póstinn en nál. tekur aftur mið af breytingum á fjarskiptalögunum. Um býsna ólíkar leiðir er að ræða. Ég held að það sé grundvallaratriði að menn átti sig á því hver mismunurinn er á þessum leiðum. Ef við tölum um símgjöldin ein út af fyrir sig eins og stjórnarandstaðan leggur til er það að sjálfsögðu augljóst mál að þetta tekur aðeins til rekstrar þessa eina fyrirtækis. Eins og meiri hlutinn leggur aftur á móti til tekur þetta til sambærilegrar þjónustu hvaða fyrirtæki sem kann að eiga í hlut. Þetta er mikil grundvallarákvörðun. Engu er að leyna um það að forustumenn Pósts og síma höfðu ýmislegt við það að athuga að talsambandið skyldi verða jafnað með þessum hætti, m.a. út frá því að samkeppnisstaða símans yrði skert miðað við það sem kann að verða þegar fleiri geta farið að keppa á þessum vettvangi. Þá hefði verið vel hugsanlegt að þeir sem vildu hefja sambærilega þjónustu hefðu tekið út úr viss svæði á landinu hver svo sem þau hefðu verið og hugsanlega getað farið þar fram með lægri gjöld en annars staðar væri. Nú er í rauninni girt fyrir að svo verði. Það er tekin ákvörðun um að talsímagjöld verði þau sömu alls staðar á landinu. Það er tekin ákvörðun um það í fjarskiptalögunum sem taka væntanlega til allra þeirra sem hyggjast reka slíka þjónustu í landi hér. Það liggur alveg í augum uppi að þegar nýir rekstraraðilar leita eftir heimildum

til samgrh., hver svo sem hann kann að verða, verða þeir að lúta sambærilegum skilyrðum að því er þessa þjónustu varðar. Þar er auðvitað ekki hægt að gera upp á milli aðila. Hér er því um að ræða afar mikilvæga niðurstöðu varðandi það að tryggja í framtíðinni sambærileg skilyrði gagnvart þeim sem kunna að taka sér fyrir hendur þessa þjónustu.

Ég minni á í þessu sambandi að út frá því er gengið að t.d. leiga af ljósleiðaranum verði hin sama hver sem þar á í hlut. Gildir þar einu hvort þar verður þessi nýja símastofnun eftir að hún hefur verið einkavædd eða einhver annar aðili. Þessi skilyrði eiga að verða hin sömu og þeir sem ætla að keppa á þessum vettvangi verða þar af leiðandi að sinna sömu þjónustu og samkeppnisaðilinn hvar sem er á landinu. Fyrir mér er þetta mikið grundvallaratriði. Ég get sagt það alveg hreinskilnislega að þetta var frá minni hendi forsenda fyrir því að ég gæti stutt þessar breytingar því að ég vil að þær leiði til þess að það verði jafnræði milli fólksins í landinu að því er þessa símaþjónustu varðar í stað þess að samkeppnin gæti orðið til þess að vissir hlutar landsins gætu orðið að bera uppi kostnaðinn við samkeppni sem ætti sér stað á staðbundnum svæðum á landinu.

Ég vil hins vegar taka fram í þessu sambandi að mér finnst að tillaga minni hlutans sé út af fyrir sig mikilvægt innlegg í umræðuna. Það er fjarri því að ég ætli með einhverjum hætti, einum eða öðrum, að draga úr gildi tillögunnar. Mér fannst reyndar ofurlítið broslegt þegar það heiðursfólk, sem skipaði minni hlutann og undirritaði tillöguna með tölu, er að þakka sér tillögu okkar. Það er mikill misskilningur. Ég hef hins vegar jafnmikla ástæðu til að þakka minni hlutanum tillögu þeirra þrátt fyrir að hún standist ekki þær kröfur og áréttingar sem ég vil hafa til þessa máls. Hins vegar er afar þýðingarmikið eins og hefur t.d. komið fram í fjölmiðlum vegna efnis þessara tveggja tillagna að þessi sanngirnisþáttur málsins er undirstrikaður bæði af meiri hluta og minni hluta í samgn. og vonandi síðar meir á hinu háa Alþingi, mikilvæg áréttíng um það að nú verði gengið til enda í þeim efnum að þessi þjónusta verði seld sama verði hvar sem er á Íslandi enda eru engin rök fyrir öðru. Af þessari ástæðu tel ég tillögu minni hlutans mikilvægt innlegg í umræðuna og undirstrika það sérstaklega að hér vilja menn fara sömu leiðir í þessum efnum.

Í lok umræðunnar vil ég nefna sérstaklega tímasetningarnar í þessum efnum. Eins og hv. alþingismönnum er býsna vel kunnugt um eru þær aðrar í tillögum minni hlutans en okkar sem skipum meiri hlutann. Eins og hefur komið fram í umræðunni er verið að taka afar mikilvægar ákvarðanir um þetta leyti. Þriðja gjaldsvæðið er fellt af þar sem óréttlætið í þessum efnum er hvað mest. Þetta jafngildir nærri því að þriðja hvert símtal á þriðja gjaldsvæði, miðað við þann taxta sem gilt hefur, verði nú látið í té án endurgjalds. Ég held að þetta sé mjög mikilvæg breyting. Tæplega þriðjungs lækkun á þriðja gjaldsvæði. Reyndar má sjá fyrir sér að það komi aftur tekjur og aukning á móti en þá eru menn líka að borga fyrir aukna þjónustu. Þessi ákvörðun er afar mikilvæg og hún er einmitt að eiga sér stað um þessar mundir.

Ég held ég fari líka rétt með, herra forseti, þegar ég nefni það sem ég minnist ekki að hafi komið fram í umræðunni, það má samt vera, að aðgangur að Internetinu verði innan skamms seldur með sama verði alls staðar á landinu. Þar er líka verið að jafna. Sú ákvörðun er afar mikilvæg, ekki síst í þeim tækniheimi sem við erum nú að búa okkur undir í sambandi við fjarskiptin. Þetta er mikilvæg ákvörðun líka.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vildi spyrja hv. ræðumann að því hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Ef svo er væri æskilegt að hann gerði hlé á ræðu sinni þannig að hægt væri að koma nokkrum málum fram áður en atkvæðagreiðsla fer fram klukkan hálffjögur.)

Ég held að það fari vel á því að ræðumaður taki tillit til þessara aðstæðna og ljúki ræðu sinni á stuttum tíma.

(**Forseti** (RA)**:** Þá veljum við þann kostinn.)

Í þriðja lagi stendur núna fyrir dyrum endurskoðun á kostnaði eða leigu á svokölluðum leigulínum hjá símanum. Eftir að þessar ákvarðanir hafa verið teknar, þessar jöfnunarákvarðanir, liggur alveg ljóst fyrir að þar verður líka um mikilvæga jöfnunaraðgerð að ræða. Þetta eru allt saman stórar ákvarðanir, þ.e. að fella niður þriðja gjaldsvæðið og selja Internetið og leigulínurnar við sama verði. Þegar horft er yfir þetta svið hlýtur það að vera sanngirnismál að Póstur og sími fái ofurlítinn umþóttunartíma og færi á að búa sig undir þá breytingu. Það er afar þýðingarmikið frá mínum bæjardyrum séð. Í þessari umræðu allri er út frá því gengið, og það skulu vera mín síðustu orð, herra forseti, að þessar breytingar leiði ekki til almennra taxtahækkana. Það er ekki út frá því gengið að það þurfi að færa og eigi að færa þessar breytingar í gjöldum á milli símnotenda hér á landi, heldur á breytt rekstrartilhögun að gera það að verkum að fólkið í landinu þurfi ekki að búa við misjöfn kjör í þessum efnum eftir búsetu. Þar af leiðandi finnst mér afar þýðingarmikið að Póstur og sími fái tækifæri til að laga sig að þessum breyttu aðstæðum. Ég minni á að ef mál ganga þannig fram að unnt verði með góðu móti að láta þessar ákvarðanir ganga í gildi fyrr, er svo um hnútana búið að lögin heimila þá meðferð mála. Þegar farið er yfir þetta mál í heild sinni held ég að það verði ekki með nokkrum hætti annað sagt en að vel sé frá þessu máli gengið í nál. meiri hlutans. Það er bæði hv. formanni samgn. og hæstv. samgrh. til mikils sóma ef frv. með brtt. meiri hluta samgn., eins og ég á fastlega von á, verður afgreitt á þessu vori sem lög frá Alþingi.

[15:19]

Útbýting þingskjals:

Virðisaukaskattur, 444. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1096.

[15:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir mjög athyglisverða ræðu. Ég er honum sammála um margt, t.d. þann skilning að einu og sama gjaldsvæðinu þurfi að fylgja sömu þjónustukvaðir. Hins vegar er ég ekki viss um að þetta liggi eins í augum uppi og hann nefnir. Ég veit að sumir ætla að til sögunnar komi símafyrirtæki sem komi til með að bjóða símaþjónustu á afmörkuðum svæðum án þess að sú þjónusta taki til landsins alls. En ég er hins vegar hv. þm. Agli Jónssyni sammála um þetta efni.

Eitt atriði vildi ég leiðrétta ef um misskilning er að ræða. Það er að menn sakni skattlagningarinnar, eins og hv. þm. orðaði það, og á væntanlega við þær milljónir sem renna í ríkissjóð frá Pósti og síma, á annan milljarð á ári hverju. Ég sakna ekki þessarar skattlagningar. Ég sakna þessara peninga ef þeir renna til nýrra eigenda. En eins og ég kom að í mínu máli áðan bendir allt til þess að það fari hér eins og gerst hefur í öðrum ríkjum þar sem menn hafa farið inn á þessa braut. Þessar stofnanir, póst- og símamálastofnanir, eru seldar á markaði þannig að ég sakna þessara fjármuna út úr samneyslunni. Það voru mín orð.

Ég er ósammála hv. þm. Agli Jónssyni að því leyti að þær breytingar sem hér eru lagðar til eru ekki til þess fallnar að forða okkur frá því að atburðarásin taki af okkur völdin, eins og hv. þm. komst að orði. Þvert á móti erum við að fara að dæmi annarra þjóða um einkavæðingu og því miður með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Þær afleiðingar eru ekki góðar eins og ég færði rök fyrir í mínu máli áðan.

[15:22]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar af minni hálfu gefur ekki tilefni til mikilla yfinga. Auðvitað geta menn haft sínar skoðanir á framhaldinu. Það er að sjálfsögðu matsatriði. Framtíðin verður að leiða það í ljós hvaða árangur við höfum af þessari breytingu.

Hitt held ég að sé þá e.t.v. einhver misskilningur á milli mín og hv. síðasta ræðumanns að það sé eitthvað sérstakt sem beri þá orðið á milli heldur í sambandi við byggðaskattinn sem ég kalla svo sem hefur verið þáttur í skattheimtunni í gegnum símaþjónustuna. Nú hefur hv. ræðumaður upplýst að hann sjái ekki á eftir skattinum, hann hafi einungis verið að vara við því að hann færi ekki í vasa einhverra nýrra eigenda Pósts og síma. Þá vil ég einungis segja í lokin það sem ég hef reyndar sagt áður, þ.e. að greiðslur til samneyslunnar eða til ríkissjóðs fara eftir því sem gerist um önnur hlutafélög. Símgjöldin, sem eru grundvöllur að slíkum greiðslum, eru enn háð ákvörðun eða samþykkis samgrh.

Umræðu frestað.

Einkaleyfi, 2. umr.

Frv. iðnn., 530. mál (viðbótarvottorð um vernd lyfja). — Þskj. 1027.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1994, 3. umr.

Stjfrv., 129. mál. — Þskj. 154.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1995, 3. umr.

Stjfrv., 443. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 775.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1087.

[15:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á nál. sem kom frá hv. landbn. varðandi þetta mál skrifaði ég undir með fyrirvara. Og þar sem ég var ekki við 2. umr. um málið finnst mér rétt að gera grein fyrir því í hverju sá fyrirvari fólst. Í 8. gr. eins og bandormurinn lítur út í dag segir, með leyfi forseta, að 1. mgr. 3. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, orðist svo:

„Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála og skipar hann landgræðslustjóra."

Þessi grein landgræðslulaganna hljóðar svo í dag, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra."

Þarna er sem sagt um að ræða að fella út að Búnaðarfélag Íslands eða Bændasmtökin skuli gera tillögur um skipun í embætti landgræðslustjóra til ráðherra og ég er mjög ánægð með það. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli og sanngjörn og eðlileg afgreiðsla. En þar sem ég hef þá skoðun að stofnanirnar, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, eigi að heyra undir umhvrn. en ekki landbrn. hef ég fyrirvara um þessa breytingu. Mér hefði þótt það við hæfi að breytingin yrði sú að umhvrh. færi með yfirstjórn landgræðslumála og skipaði jafnframt landgræðslustjóra. Strax og umhvrn. var sett á stofn fyrir ekkert mjög mörgum árum varð mjög mikil umræða um það að þessar tvær stofnanir ríkisins, þ.e. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, ættu með réttu að heyra undir umhvrn. En af þeirri breytingu hefur ekki orðið og ýmsir aðrir þættir, svo sem snjóflóðavarnir og fleiri sem má deila um hvort heyri undir umhvrn., eru komnir þangað. En þeir málaflokkar sem ættu frekar að vera þar hafa ekki verið færðir. Það mætti reyndar hugsa sér að þessar tvær stofnanir, þ.e. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, væru sameinaðar og hlutverki þeirra breytt þannig að verklegi þátturinn eða framkvæmdaþátturinn heyrði til landbrn. en rannsóknir og eftirlitsþátturinn væri hjá umhvrn.

Þessi bandormur felur svo sem ekki í sér endilega efni til þess að hefja umræðu um þessa breytingu. En ég hef þessa skoðun og vildi því koma henni á framfæri þar sem um er að ræða að festa það aftur í sessi að hæstv. landbrh. skuli fara með yfirstjórn landgræðslumála og skipa landgræðslustjóra. Þótt það sé einn og sami maðurinn í dag sem gegnir þessum embættum báðum, breytir það ekki þeirri skoðun minni að þessi málaflokkur og þessi stofnun ætti með réttu, í það minnsta rannsóknar- og eftirlitsþátturinn, að heyra undir umhvrn. Þess vegna, virðulegi forseti, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara og hefði, ef mér hefði gefist færi á að greiða atkvæði um einstakar greinar þá, greitt atkvæði gegn því að landbrh. fari með yfirstjórn landgræðslumála.

[15:29]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins staðfesta þann skilning minn sem reyndar kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að eins og nefndarálitið og tillögurnar liggja fyrir núna er það áréttting um það að landvarsla á Íslandi eigi að vera undir landbrn.

[15:30]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki svo mikil ástæða til svars þar sem hv. þm. kom hér aðeins upp til þess að staðfesta sinn eigin skilning á því hvar landvarslan ætti að vera. En ég er sammála því að verkþátturinn getur og á e.t.v. að heyra undir landbrn. en rannsóknir og eftirlit með landgræðsluþættinum og uppgræðslu á að vera annars staðar. Það er með öllu óeðlilegt að það sé sama stofnunin sem ákveður í hvaða verk skuli farið á sviði uppgræðslu og landvörslu, fari síðan með framkvæmdina og taki sjálf út árangurinn að verkinu loknu. Þetta er óeðlilegt fyrirkomulag í hvaða stofnun sem er.

[15:31]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að því er varðar eftirlitsþáttinn er þetta býsna gömul umræða. Frá mínum bæjardyrum séð er hún úrelt vegna þess að við búum orðið við þá fjarskiptatækni sem gerir það mögulegt að líta eftir landinu okkar með mjög skilvirkum hætti og þá á ég sérstaklega við myndkortagerðina sem er unnin af einni stofnun umhvrn. Þannig held ég að þetta geti gengið vel fram. Við sækjum þá tækni og þá þjónustu þar sem hún er fyrir hendi, í þessu tilviki til Landmælinga Íslands sem ég er nokkuð vel kunnugur. Þar hefur verið unnið mikið brautryðjendastarf einmitt í sambandi við myndkortagerð sem hefur vakið mikla athygli, ekki bara hér á landi heldur líka erlendis. Það er með þeirri tækni og þeim búnaði sem við lítum eftir landinu okkar og þá mun gamla þrasið í þessum efnum á milli manna og stofnana hverfa.

[15:33]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú tækni sem við notum við eftirlitið kemur þessu ekkert við. Það sem hér er um að ræða er að það er með öllu óeðlilegt að það sé sama stofnunin, sama stjórnin sem hv. þm. á e.t.v. enn sæti í, ég býst við því, sem tekur ákvörun um það hvaða verk skuli farið í, hver skuli framkvæma það, á hvern hátt og taki síðan út árangurinn og sé jafnvel sjálf aðili að því öllu saman. Það er með öllu óeðlilegt og fjarskiptatæknin kemur þessu akkúrat ekkert við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 533. mál (gjaldflokkar fólksbifreiða). — Þskj. 1071.

[15:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem er flutt af efh.- og viðskn. á þskj. 1071 um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum. Breytingarnar felast í því að flokkum í vörugjaldi á bifreiðum er fækkað úr fjórum í þrjá. Ástæðan fyrir þessum breytingum er fyrst og fremst öryggissjónarmið, þ.e. að stærri og öruggari bifreiðar eru nú mun algengari í stærri flokkum og staðlaður öryggisbúnaður er oft afgreiddur með ívið stærri bifreiðum en upprunaleg flokkun gerði ráð fyrir.

Einnig er ástæða fyrir þessu frv. að draga nokkuð úr þeirri neyslustýringu sem flokkun í svo marga flokka miðað við sprengirými aflvélar hefur í för með sér. Breytingarnar felast í því að það sem áður var I. flokkur sem náði frá 0 upp í 1.400 rúmsentimetra er núna hækkað frá 0 upp í 1.600 rúmsentimetra og gjald í þessum flokki er 30%. Þannig munu bifreiðar sem eru á milli 1.400 og 1.600 rúmsentímetrar falla undir þennan lægsta flokk. Síðan eru teknir saman þeir sem áður voru II. og III. flokkur vörugjaldsins, þ.e. frá 1.400 upp í 2.000 og frá 2.000 upp í 2.500 sem voru með 40 og 60% gjaldhlutfalli. Það er núna fært niður í 40% gjaldhlutfall.

IV. flokkur er yfir 2.500 rúmsentimetra. Þar er gjaldhlutfallið fært úr 75% í 65%. Þessi breyting þýðir nokkra lækkun á meðalstórum fólksbílum og það er tekið dæmi í greinargerð með frv. Bifreið sem kostar t.d. 1,5–2 millj. mundi lækka um 100–125 þús. kr. eða um 6%. Stærri bifreiðar lækka meira í krónutölu, en hlutfallslega álíka og hér er gert ráð fyrir.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp úr greinargerð frá Umferðarráði sem sendi sérstaka ályktun um vörugjald og umferðaröryggi sem var til skoðunar í efh.- og viðskn. þegar þetta mál var til umfjöllunar. Í þeirri ályktun segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu skorar Umferðarráð á Alþingi og ríkisstjórn að breyta vörugjaldsflokkum vegna innflutnings bifreiða þar sem núverandi kerfi mismunar þeim sem vilja kaupa bifreiðar sem eru öruggari í umferðinni. Tengsl vélarstærðar og vörugjalds gerir stærri breytingar mun óhagstæðari fyrir neytendur. Í dag er hægt að fá viðbótaröryggisútbúnað með nýjum bílum, en þessi búnaður er oftast dýr auka- en ekki staðalbúnaður í söluhæstu bifreiðunum hér á landi. Umferðarráð telur að viðbótaröryggi eigi ekki að skattleggja sérstaklega. Þvert á móti eigi að veita fólki afslátt ef það fjárfesti í slíkum búnaði."

Þetta var, herra forseti, tilvitnun í Umferðarráð sem tjáði sig sérstaklega um þetta frv.

Ég vil einnig, herra forseti, vitna til Félags ísl. bifreiðaeigenda sem fjallaði einnig um sama mál, þ.e. breytingu á vörugjaldi í þessa átt sem hér er verið að tala um, en þar segir svo, með leyfi hæsti forseta:

„Vörugjaldi á bifreiðainnflutning er nú þannig háttað að það hvetur til innflutnings á bílum með vélar sem hafa minna afl en æskilegt er með tilliti til umferðaröryggis og hagkvæmni. Hækkandi vörugjald eftir vélarstærð gerir barnafjölskyldum erfitt með að kaupa nægilega stóra fjölskyldubíla. Það veldur einnig háu verði fjórhjóladrifinna bíla sem eru nauðsynlegir víða í dreifbýlinu af veðurfarslegum ástæðum. Vörugjaldið stuðlar þannig að mismunun þegnanna eftir búsetu. Vörugjald á öryggisbúnað veldur því að fæstir þeir sem kaupa nýja bíla telja sig hafa efni á slíku."

Það er ljóst af þessum tilvitnunum sem ég hef vitnað til og í greinargerð með frv. að menn telja að aðstæður hafi breyst á undanförnum árum þannig að það er eðlilegt að standa að slíkri lagabreytingu eins og hér er gert. Ég vil taka fram að vitaskuld er alltaf matsatriði hvar eigi að draga mörk í svona flokkum. Í frv. er farin sú leið að hækka smærri flokkinn úr 1.400 í 1.600. Vitaskuld er matsatriði hvort það hefði átt að fara hærra upp á við. Ég held að með þessu frv. sem öll efh.- og viðskn. stendur að og þar sem það sjónarmið nýtur stuðnings almennt, sé fullkomin ástæða til þess að menn kanni þá reynslu sem verður með samþykkt þessa frv. og endurmeti þá þessa gjaldskrárflokka ef menn kjósa að stíga enn róttækari skref í þessu efni.

Ég vil leggja áherslu á að þetta mun hafa í för með sér ívilnun gagnvart fjölskyldufólki og ekki hvað síst gagnvart landsbyggðinni. Eins og alþingismenn vita mætavel er oft þörf á stærri og kraftmeiri bílum í hinum dreifðu byggðum landsins og þetta frv. miðar þó í þá átt að draga aðeins úr þeirri skattlagningu sem er á slíkar bifreiðar.

Ég vil geta þess að frv. sem er flutt af efh.- og viðskn. er unnið í samráði og með fjmrn. og það náðist góð samstaða í nefndinni og með ráðuneytinu og þeim umsagnaraðilum sem ég vitnaði hér til um útfærslu á þessu máli. Frv. er að mínu máli góð lagfæring á einföldu máli. Ég vænti þess að afgreiðsla málsins geti verið hröð en eðlileg á hinu háa Alþingi og undirstrika að lokum að það er öll efh.- og viðskn. sem stendur að frv.

Herra forseti. Ég geri að tillögu minni að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er eins og aðrir nefndarmenn í efh.- og viðskn. einn af flm. þessa frv. og styð það að sjálfsögðu. En ég vil gera stuttlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í mínum þingflokki í umræðum um málið og mínum viðhorfum til þess. Ég held að rökin fyrir þessu frv. liggi nokkuð ljós fyrir og hafa komið fram. Þau eru að mínu mati aðallega þrenns konar, þ.e. í fyrsta lagi umferðaröryggissjónarmið. Það hefur verið áhyggjuefni manna um alllangt skeið að sú flokkun og mikla mismunun í vörugjaldstöku sem við lýði hefur verið undanfarin ár hafi gengið of langt í þeim efnum að ýta bílaeign niður í smábíla sem af umferðaröryggisástæðum eru ekki jafntraustir og bílar í millistærðarflokki eða þar yfir. Það er ljóst t.d. að fjölskyldur kaupa í stórum stíl veigaminni bíla en ella og búna minni öryggistækjum en bílar í stærri stærðarflokkum, ekki síst vegna þess verðmunar sem myndast vegna ólíkrar álagningar vörugjalda. Úr þessu vilja menn bæta með því að hækka nokkuð viðmiðunarmörkin fyrir þá bíla sem í lægsta gjaldflokknum eru.

Ég átti sæti í undirbúningsnefnd til samningar svonefndrar umferðaröryggisáætlunar fyrir nokkru síðan og þá var þetta atriði sérstaklega rætt og skoðað af hálfu nefndarinnar og á það bent strax í áliti nefndarinnar sem liggur fyrir á þessu þingi í formi þáltill. að að þessum þætti þyrfti að huga.

Í öðru lagi hefur Umferðarráð ítrekað ályktað um þetta efni og nú síðast hefur Félag ísl. bifreiðaeigenda sent frá sér álit af sama toga.

Í öðru lagi eru röksemdirnar þar með fjölskyldupólitísks eðlis. Það er ljóst að stærri fjölskyldur, barnmargar fjölskyldur sem hafa orðið að kaupa stærri bíla til að rúmast í einni bifreið hafa sjálfkrafa orðið að kaupa bíl í hærri gjaldflokkum þar sem slíkir bílar finnast ekki í lægsta gjaldflokknum.

Í þriðja lagi hafa verið færðar fram og með réttu röksemdir af því tagi að að breyttu breytanda er þessi gjaldtaka íþyngjandi fyrir landsbyggðina umfram það sem annars staðar er af þeirri einföldu ástæðu að stærri og aflmeiri bifreiðar og fjórhjóladrifnar bifreiðar eru þar til muna algengari en í þéttbýlinu. Á það ekki síst við um stærri dísilbifreiðar sem eru mjög algeng samgöngutæki og atvinnutæki úti á landsbyggðinni. Þessar þrjár röksemdir eru fyrir mér veigamestar, herra forseti.

Ég er hins vegar ekki sérstakur talsmaður þeirra sjónarmiða að stjórnvöld geti ekki haft gjaldtöku af mismunandi toga ef efnisleg rök standa fyrir því. Ég tek skýrt fram að það sem sumir kalla óæskilega og jafnvel óleyfilega neyslustýringu að ég geng ekki fyrir slíkum röksemdum. Ég tel að stjórnvöld hafi fullkomlega vald til þess og geti með efnislegum rökum haft gjaldtöku af þessu tagi mismunandi svo fremi sem hún sé sanngjörn og endurspegli einhver viðurkennd markmið sem menn eru þar með að ná fram. Að sjálfsögðu er eðlilegt að menn hvetji til orkusparnaðar og þess að hófsemda sé gætt í sambandi við slíkt og jafnframt er eðlilegt að reynt sé að taka tillit til þess í gjaldtökunni að auðvelda venjulegum fjölskyldum að eiga sinn fjölskyldubíl. Ég lít alls ekki svo á að með þessu frv. sé á nokkurn hátt verið að hverfa frá þeim sjónarmiðum heldur eru á ferðinni lagfæringar varðandi þessi hlutföll vegna þess að það er orðið ljóst að menn voru komnir út í vissar ógöngur hvað varðaði þessa gjaldtöku.

Ég vil geta þess að í umræðum um þetta mál í þingflokki okkar koma að sjálfsögðu fram ýmis sjónarmið sem vörðuðu það hvort menn hefðu í þessum tillögum frá efh.- og viðskn. endilega hitt á réttu viðmiðunarmörkin. Að sjálfsögðu má deila um það hvar eigi að draga mörkin varðandi hinn venjulega fjölskyldubíl eða millistærðarbíl, sem menn eru sammála um að hafa í lægsta gjaldflokki, og ég held að það verði sjálfsagt seint fundin þar ein viðmiðun sem allir verða sáttir við en væntanlega er eðlilegast að miða við vélastærð einhvers staðar á bilinu 1.600–1.800 rúmsentimetrar. Væri farið í efri mörkin og miðað við 1.800 rúmsentimetra er nokkuð ljóst að allar venjulegar miðlungsfólksbifreiðar slyppu undir þau viðmiðunarmörk og þar með talsvert af fjórhjóladrifnum fimm og jafnvel sjö farþega bifreiðum en þá er ljóst að tekjutap ríkissjóðs yrði væntanlega allmiklu meira en reiknað er með að leiði af staðfestingu þessa frv. sem færir mörkin eingöngu úr 1.400 í 1.600 rúmsentimetra.

Einnig má spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að láta einhverja lækkun koma til framkvæmda á alla flokkana upp í 2 lítra eða 2,5 lítra vélarstærð í stað þess að lækkunin er öll lögð til í því formi að viðmiðunarmörkin eru hækkuð sem leiðir til þess að bílar í vissum stærðum lækka ekki heldur kemur lækkunin fyrst og fremst fram í gegnum það að viðmiðunarmörkin hætta. Þetta eru allt sjónarmið sem eiga sín rök fyrir sér og ég tek fram að við lítum ekki svo á að með þessu máli hafi menn fundið hinn endanlega sannleika í þessum efnum. Það er eðlilegt að þessi mál verði áfram til skoðunar út frá þeim umferðar-, öryggis- og fjölskyldusjónarmiðum sem ég hef reifað enda segir mér svo hugur um að það muni verða sjálfkrafa á dagskrá á næstu árum.

Með vísan til þessa, herra forseti, er ég stuðningsmaður þess að frv. nái afgreiðslu og verði lögfest.

[15:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er allmerkilegt mál á ferðinni og heyrði ég það vissulega nefnt í þingflokki að til stæði að flytja mál af þessu tagi á vegum nefndar. Það eru sjálfsagt gild sjónarmið á sinn hátt sem koma fram í sambandi við þessa tilfærslu á gjaldflokkum vörugjalds en mér finnst hins vegar nauðsynlegt að hv. þingnefnd kanni sem flestar hliðar þessa máls. Ég sakna sérstaklega eins þáttar úr því dæmi sem hér er rætt. Hv. síðasti ræðumaður kom aðeins að þeim þætti í forminu orkusparnaður sem felst vissulega ekki í þessu frv. en þar með erum við komin að áhrifunum á umhverfið, þ.e. á það mál sem við ræddum allheitt í gær, ég og hæstv. umhvrh. í sambandi við losun á lofttegundum, þar á meðal koldíoxíði sem menga andrúmsloftið og leiða til hins mesta ófarnaðar yfir mannkynið sem kunnugt er. Eitt af því sem þarf að koma

til er að draga úr þessari mengun. Það gera menn ekki með því að taka í notkun stærri og aflmeiri bíla handa almenningi eða yfirleitt, það gerist ekki þannig, heldur með því að taka í notkun aflminni tæki eða leggja af notkun þessara tækja.

Það er svo að mikill þáttur í koldíoxíðmengun hérlendis er frá umferð og auðvitað frá skipastólnum eins og fram hefur komið. Mér finnst nauðsynlegt að taka mál af þessum toga með af því að það gengur ekki annað en líta heildstætt á þau. Auðvitað eru fjölskyldupólitísk rök þarna, efnahagsleg rök og þægindaleg rök o.s.frv. Ég mun hugsa mig um áður en ég fer að reyna að bregða fæti fyrir þetta mál. Ég er ekki að boða það með þessum orðum heldur vil ég fá það athugað milli umræðna og það getur hv. þingnefnd sem hægast gert eða vísað málinu til umhvn. til þess að fara yfir þennan þátt. Hvað áætla menn að þetta leiði til árlegrar aukningar á bensíni eða öðru brennsluefni, sem notað er, og hversu mikil mengun hlýst af? Það er ekkert markmið nema síður væri að allur þorri almennings í landinu æki á sem stærstum bílum. Það er eitthvað annað. Auðvitað er æskilegt að menn hagi slíku eftir þörf og það er auðvitað langt frá því að það sé gert. Menn eru að aka einir á tröllstórum bílum sem kunnugt er. Mér skilst að lækkun á vörugjaldi lækkaði dýrustu bílana um 400 þús. kr. Getur það verið? Eru menn bara vissir um að það sé eitthvað af hinu góða að lækka bíla í landinu almennt séð? Ég set stórt spurningarmerki við það.

Landsbyggðarsjónarmið, auðvitað. Það má færa rök fyrir því en hér á landi eru menn á tröllstórum bílum sem leiktækjum í stórum stíl. Ég vil gjarnan sjá tölur um að það sé svona miklu meira af slíkum leiktækjum á þéttbýlisstöðum úti á landi en í Reykjavík. Ég er ekki að biðja um flokkun í leiktæki og alvörubíla eða bíla sem eru notaðir til nauðsynja. Ég held að það sé orðinn ansi myndarlegur floti torfærubíla sem menn eru með sem leiktæki í höfuðstaðnum með þeim afleiðingum sem fylgir: Hækkun sjávarborðs. Það er samhengið. Það fer að vatna upp á húsin í Kvosinni í Reykjavík fyrr en ella ef menn fylgja þeirri stefnu að bæta í mengunina ef trúa má þeim mælingum sem fram fara. (**Gripið fram í:** Það eru tvær aldir í það.) Það eru tvær aldir í það og nú róumst við væntanlega öll í þingsal. Það eru tvær aldir í það — í hvað, hv. þm.? Ég vil gjarnan fá vitneskju um það, tvær aldir í hvað? (**Gripið fram í:** Að það vatni upp á húsin í Kvosinni.) Að það vatni upp á húsin í Kvosinni. Þarna hafa komið fram mjög þýðingarmiklar upplýsingar sem er auðvitað nauðsynlegt að efh.- og viðskn. taki til sérstakrar athugunar og kalli hv. þm. á sinn fund til að hann reiði fram hvaðan hann hefur þessar merku upplýsingar um hvaða tími sé til stefnu áður en mannkynið, sem býr mest í strandbyggðum, fer að drekkja sér, fer að drukkna vegna losunar mengandi efna og breytingar andrúmsloftsins. Það er nú svo, hv. þm., að hækkun sjávarborðsins vegna loftmengunar er farin að hafa áhrif á tryggingapólitík vestur í Bandaríkjunum. Tryggingafélögin í Bandaríkjunum eru farin að endurmeta stefnu sína í tryggingu fasteigna út frá því sem er í vændum, sem er að koma, er þegar í gangi. Hækkun sjávarborðs vegna hækkaðs hitastigs sem er afleiðing af mengun andrúmsloftsins. Ætli bílafloti heimsins hafi ekki talsverð áhrif í því samhengi? Ég er ansi hræddur um það. Það er kannski það sem væri auðveldast og útlátaminnst að draga úr um leið og menn tækju upp reiðhjólið og gætu fækkað smávegis stundunum í fimleikasölunum. Það væri full ástæða fyrir mig að gera það á gamalsaldri að fara að stunda slíkt annars staðar en í slíkum salarkynnum, rifja upp kunnáttu frá yngri árum.

Ég segi þetta í fullri alvöru sem varðar þetta mál og bendi á þetta samhengi vegna þess að menn auðvitað þurfa mjög fljótlega að taka upp til athugunar álagningu orkuskatta til þess að draga úr orkunotkun en hugsanleg jöfnun á milli gjaldflokka út frá einhverjum sérstökum matsatriðum getur auðvitað komið til greina, en þarf hún að vera almenn? Má ekki hugsanlega taka upp gjaldtöku þar sem barnafólki hyglað væri sérstaklega í sambandi við gjöld? Væri það ekki hugsanlegt? Væri nokkuð fráleitt að gera það? Það kæmi þá viðkomandi til góða sem hér er verið að höfða til eða fólki úti á landi sem býr við þannig aðstæður og þar sem mönnum hefur ekki tekist að leggja brúklega vegi heim í hlað. En fara að létta undir með fólki í sporti upp um fjöll og firnindi á tryllitækjum, tröllauknum bílum að gamni sínu til að flýta fyrir því sem ég hef minnt á að Reykjavík fari á kaf í Kvosinni og víðar og þéttbýlisstaðir úti um allt land og menn þurfi að fara að leggja stórfé til að verja hafnirnar og mannvirki sem standa við sjávarsíðuna. En þetta er það sem kemur ef trúa má þeim mælingum og þeim forspám sem menn telja nokkuð öruggt að séu á ferðinni. Og það eru ekki 200 ár í það. Þó það væru 200 ár ættu menn að taka mark á því nú þegar því það eru afkomendur okkar sem í hlut eiga.

Ég bið hv. þingnefnd og þá fulltrúa sem flytja þetta mál að taka þetta ekki sem einhvern reiðilestur af minni hálfu gagnvart þessu frv. Ég tel bara nauðsynlegt að menn átti sig á því að ég er ekki alveg viss um að við séum á réttu spori með flutningi þessa máls. Ég leyfi mér þess vegna að koma fram með efasemdir mínar að þessu leyti vegna þess að við erum öðrum þræði að ræða í fúlustu alvöru að reyna að draga úr mengun andrúmsloftsins og láta það kosta okkur eitthvað, t.d. með því að leggja ekki út í þá atvinnustarfsemi sem ýmsir teldu æskilega vegna þess að hún mengar svo mikið. Við verðum að fara að taka alvarlega á þessum málum og líta á hlutina í því samhengi sem þeir eru.

[15:59]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald, 445. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1097.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa við þessari hlið málanna, þ.e. umhverfishliðinni, og það gerði ég reyndar lítillega í ræðu minni. Ég nefndi þann þátt. Ég er sammála hv. þm. um að menn mega ekki missa sjónar á orkusparnaðarsjónarmiðum, það er alveg nauðsynlegt. Ég lít svo á að það sé ekki verið að gera í þessu máli. Þetta var að vísu ekki rætt sérstaklega eða mikið í efh.- og viðskn. en ég bendi t.d. á þann anga þessa máls sem felur í sér sérstaka lækkun á dísilbifreiðum og það er eitt atriði sem ég tel að eigi tvímælalaust að skoða í þessu efni, þ.e. að reyna að færa notkunina meira yfir í það form því að því fylgi bæði orkusparnaður og minni mengun.

Ég er enn fremur þeirrar skoðunar að þetta sjónarmið eigi fyrst og fremst að meðhöndla í gegnum skattlagningu á eldsneytisnotkuninni og ég held að það sé löngu tímabært að tekin verði upp umræða um að leggja á koldíoxíðsskatt eða umhverfisskatt fremur en ganga óhóflega langt í því að hafa mismunandi gjaldtöku á innkaup bifreiðanna vegna þess að aðstæður sumra eru slíkar að þeir eiga ekki kost á öðru en að kaupa stærri tegundir. Ég held að það sé þrátt fyrir allt eldsneytisnotkunin sem verði að reyna að stemma stigu við og þar sé réttlætanlegt að hafa verulega íþyngjandi skatttöku.

Auk þess verður auðvitað að taka á umhverfissjónarmiðum með fjölmörgum öðrum þáttum eins og þeim að bæta almenningssamgöngur, rafvæða strætisvagna, koma vetnismótorum í flotann og þar fram eftir götunum. Allt eru þetta hlutir sem því miður er lítið farið að hyggja að á Íslandi.

Varðandi landsbyggðarþáttinn er það út af fyrir sig rétt að við höfum ekki nýjar tölur um hlutföll í þessu sambandi en þó liggur fyrir í innheimtu þungaskatts að dísilbifreiðar eru bæði sem einkabifreiðar og atvinnutæki hlutfallslega mun algengari á landsbyggðinni og þær eru yfirleitt stærri og hafa lent í hærri gjaldflokkum.

Ég vek líka að lokum athygli á því, herra forseti, að lækkunin er hlutfallslega minnst á stærstu bifreiðarnar, úr 75% í 65% vörugjald á stærstu bílana sem eru aðeins um 14% lækkun, en lækkunin á bifreiðar í 1.400–1.600 rúmsentimetra vélarstærð í bensínflokkinum er fjórðungur þannig að að því leyti til er reynt að haga þessu þannig að það komi mest til góða í formi lækkunar á minnstu bílana.

[16:02]

Magnús Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það má eflaust segja margt um þetta mál sem er til umfjöllunar en það er eitt sem stakk mig við lestur greinargerðar með tillögunni og ég vil varpa spurningu til nefndarinnar sem flytur málið. Þar er talað um það að tekjuáhrif af þessari tillögu verði þau að ríkissjóður muni tapa einhverjum tekjum eins og það er orðað þarna en þær eru tilgreindar á bilinu 50–100 millj.

Við þingmenn höfum staðið í því að halda ríkisútgjöldum í skefjum og til þess hefur verið beitt ýmsum aðferðum. Þess vegna spyr ég: Hefur nefndin einhverjar tillögur um það hvernig á að mæta minnkandi tekjum vegna þessarar tillögu? Ég held að mjög mikilvægt sé að fá það fram í umræðunni.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég verði að vísa þessu máli þannig til föðurhúsanna að þetta frv. er flutt í samráði við hæstv. fjmrh. Ég tók eftir því að hér var á ferðinni stjórnarþingmaður sem spurði þannig að ég gef mér að það verði að einhverju leyti viðfangsefni meiri hlutans við fjárlagagerð á komandi vetri að meta áhrifin af þessum tekjuáhrifum á ríkissjóð. Það liggja í raun ekki fyrir aðrar upplýsingar en þær að reiknað er með að tekjuáhrifin eða tekjutapið verði mjög óverulegt. Það er að vísu ljóst að miðað við núverandi bílaflutning er hægt að reikna það út ef ekkert annað breyttist hvert tekjufallið yrði, kannski á bilinu 100–200 millj., en það er nokkuð ljóst að áhrifin af breytingunum yrðu síðan aftur jákvæð á tekjur ríkissjóðs í því formi að eitthvað stærri og dýrari bifreiðar verða keyptar í staðinn enda er það tilgangurinn með breytingunum að umferðaröryggi verði aukið í því formi að auðvelda fólki að kaupa öruggari bifreiðar sem eru heldur dýrari og þar af leiðandi leggst vörugjaldsálagningin á aðeins stærri stofn. Þegar upp er staðið er þar af leiðandi gert ráð fyrir því að áhrifin verði óveruleg eins og þarna segir og nákvæmar er í sjálfu sér ekki hægt að áætla það.

Varðandi meðferð þessara mála að öðru leyti leyfi ég mér með vísan til þess sem ég áður sagði að málið er flutt í samráði við hæstv. fjmrh. að mælast til þess að hæstv. fjmrh. svari spurningum af þessu tagi frá stjórnarsinnum.

[16:05]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt er um hugsanlegt tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga. Eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni liggur það alls ekki fyrir hvort tekjutap ríkissjóðs beint verði svo mikið. Það fer eftir því hvaða áhrif þetta hefur á sölu á bifreiðum.

Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að í gögnum sem nefndinni voru fengin kemur fram í könnun sem gerð var á vegum þýskra tryggingafélaga að líkur á banaslysi í bíl sem vegur 800 kg séu 2,5 sinnum meiri en í bíl sem vegur 1.200 kg. Með sama hætti er bent á það líka að notkun öryggisbeltis dregur 50% úr líkum á því að notandi látist í umferðarslysi en sé líknarbelgur til staðar í bíl sem er nú yfirleitt orðinn í stærri og dýrari bílum dregur það 66–75% úr líkum á banaslysi. Með sama hætti má taka tölur um varanlegt líkams- og heilsutjón annars vegar í þessum litlu burðarminni bílum og hins vegar þeim sterkari og vega og meta síðan hver áhrifin verða á ríkissjóð, bæði til skamms og langs tíma litið. Þegar litið er til lengri tíma, þá er það ekki nokkur vafi í mínum huga að ef menn vega saman þessi líkams- og heilsutjón, sem fólk verður fyrir úr minni bílunum, og síðan stundarhagsmuni ríkissjóðs hvort tolltekjur eða vörugjaldstekjur minnka eitt árið eða svo að til lengri tíma litið er samanburðurinn mjög hagstæður fyrir þær breytingar sem hér er verið að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (heildarlög). — Þskj. 973, frhnál. 1056 og 1072, brtt. 887,8 og 18, 930, 945 og 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1072 felld með 30:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðbj, HG, JóhS, ÁÞ, KHG, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE.

nei: GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, AK, FrS, GuðjG, GB, ÓE.

1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.

10 þm. (GÁ, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP, ÁRÁ, GHH, GÁS) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Sá fjöldi breytingartillagna sem fyrir liggur við 3. umr. málsins er glöggt merki um vinnubrögðin við allt þetta mál. Þó að frv. hafi vissulega skánað í meðförum þingsins eru enn á því óásættanlegir gallar. Til dæmis orkar tvímælis að flokka starfsmenn ríkisins í embættismenn og aðra starfsmenn, svo og hvernig sú flokkun er. Þá vil ég ítreka enn einu sinni að fæðingarorlof og veikindaréttur starfsmanna, sem ráðnir eru eftir gildistöku nýrra laga, er í uppnámi.

Það sem er þó óásættanlegast eru vinnubrögðin og sú staðreynd að málið er flutt í andstöðu við heildarsamtök starfsmanna ríkisins. Því styð ég þá tillögu að vísa málinu frá. Ég segi já.

[16:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að verulegar breytingar hafi verið gerðar á frv. fyrst og fremst fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðu treystir þingflokkur Alþfl. sér ekki til að greiða frv. atkvæði sitt. Það er m.a. vegna málskotsréttarins. Við teljum að opinberum starfsmönnum sé ekki tryggður sami réttur og öðrum þegnum er tryggður samkvæmt stjórnsýslulögum. Biðaunarétturinn er ekki virtur. En meginatriðið er að um frv. var ekki haft það samráð við opinbera starfsmenn sem kveðið er á um í lögum og við lítum svo á að það sé mjög alvarlegur hlutur.

Virðulegi forseti. Allur málatilbúnaður við þetta frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er á þann veg að við teljum að frv. þessu eigi að vísa frá. Ég segi já.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það liggur í fyrsta lagi fyrir að heildarsamtök launamanna í landinu leggjast algerlega gegn þessu máli. Í öðru lagi liggur fyrir að þetta mál hefur nú þegar stórspillt andrúmsloftinu í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og mun ef lögfest verður hafa áhrif til hins verra með ófyrirsjáanlegum afleiðingum í aðdraganda komandi kjarasamninga. Í þriðja lagi liggur fyrir að þetta mál er langt í frá að vera fullunnið af hálfu Alþingis. Í fjórða lagi eru á þessu máli beinir tæknilegir og efnislegir ágallar sem hafa ekki verið lagfærðir. Það er því alveg ljóst að Alþingi á þann kost vænstan að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Í raun lít ég svo á að hér sé á ferðinni síðasta tækifæri til þess að forða slysi, til þess að afstýra því að andrúmsloft þessara aðila eitrist með þeim hætti sem ella blasir við til þess að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar nái áttum og öllum sé því fyrir bestu að málinu sé vísað frá og sumarið notað til þess að koma á nýjan leik á stjórnmálasambandi milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. Ég hvet menn því eindregið til þess, herra forseti, að nota tækifærið og vísa málinu kurteislega frá.

[16:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í frv. sem verið er að afgreiða felst einstök atlaga að verkalýðshreyfingunni og öll verkalýðsfélög í landinu hafa lagst gegn því máli sem hér er á ferðinni. Það liggur líka fyrir að eins og málið lá fyrir í upphafi var það einstaklega illa útbúið. Fullyrt var að í því fælist brot á stjórnarskránni og brot á sex alþjóðlegum sáttmálum eins og það lá fyrir. Það hefur orðið að gera á frv. að mati stjórnarmeirihlutans milli 30 og 40 veigamiklar breytingartillögur og samt er frv. enn þá mjög illa frágengið að öllu leyti, bæði efnislega og formlega.

Ég tel þess vegna að það sé óhjákvæmilega skynsamlegast í stöðunni nú að vísa þessu frá og ég segi já við frávísunartillögunni.

[16:18]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég segi að sjálfsögðu nei við frávísunartillögunni. Málið hefur komið mjög eðlilega inn í þingið. Í því felast margar umbætur, tekið á ýmsum framfaramálum í sambandi við starfsmannamál ríkisins. Málið hefur fengið mjög mikla og vandaða umfjöllun í efh.- og viðskn. Það hefur batnað verulega í meðförum nefndarinnar og vegna þeirra tillagna sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur gert m.a. með hliðsjón af þeim efnislegu athugasemdum sem hafa komið fram við málið frá stéttarfélögunum þannig að fullt tillit hefur verið tekið til þeirra efnislegu athugasemda sem frá þeim hafa komið og voru eðlilegar. Ég tel því einsýnt, hæstv. forseti, að fella frávísunartillögu stjórnarandstæðinga.

[16:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða lokatilraun til að forða því slysi sem lögfesting þessa makalausa frv. yrði. Frv. sem er í raun ófrágengið um flest og um flest sem frágengið er ríkir ósætti. Ég styð þá tillögu sem fram er komin um að vísa frv. frá. Ég segi já.

[16:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að lögfesta vonda löggjöf og vinnubrögðin voru mjög slæm við undirbúning frv. Ég óttast afleiðingar sem verða í kjölfarið af samþykkt frv. Ég tel affarasælast að vísa frv. frá og það yrði þá lagt fram síðar eftir vandaðri undirbúning. Ég segi já.

Brtt. 1057,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þegar þessi 1. tölul. breytingartillagna meiri hlutans á þskj. 1057 kemur til atkvæða vil ég gera grein fyrir því að við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslur um þessar brtt. Það er ljóst að þær breyta í fæstum tilvikum miklu um efni frv. Það er eftir sem áður algerlega óaðgengilegt af okkar hálfu og við getum ekki mælt með framgangi þess.

Breytingartillögur í 19 töluliðum við 2. umr. og nú við 3. umr. í 16 töluliðum eru fyrst og fremst til marks um það að sú gagnrýni sem fram var borin í upphafi á frv. var réttmæt. Það var illa unnið og óvandað og enn liggur fyrir að á því eru fjölmargir tæknilegir og efnislegir ágallar sem gera það að verkum að það er óafgreiðsluhæft. Þannig held ég, herra forseti, að það þurfi ekki frekari vitna við en þeirra að vísa til þessara breytingartillagna.

Við munum með einni undantekningu, sem gerð verður grein fyrir síðar þar sem er 13. tölul. brtt., sitja hjá við atkvæðagreiðslur þar sem þær breyta ekki eðli málsins.

Brtt. 887,8 og 18 kölluð aftur.

Brtt. 1057,2–3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 930 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

4 þm. (GE, GHall, LB, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég styð þessa brtt. sem er borin fram af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur varðandi fæðingarorlof, sömuleiðis aðra tillögu hennar sem hún hefur lagt fram um starfsmannaráð. Hins vegar tek ég fram við atkvæðagreiðsluna að jafnvel þó að þessar tillögur mundu verða samþykktar eru verulegir gallar á málinu og frv. allt meira og minna ónýtt. Þó hér séu tekin út tvö efnisatriði má á engan hátt líta svo á að þar sé um að ræða mikilvægustu efnisatriðin. Hins vegar eru þau mjög mikilvæg og þess vegna styð ég þessar breytingartillögur en allt frv. hefði þurft að fara í annan farveg eins og við stjórnarandstæðingar höfum marglýst yfir.

Brtt. 1057,4 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1057,5 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VE.

nei: ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:27]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þessi brtt. fjallar m.a. um embættismenn eða þá sem teljast embættismenn ef þetta frv. verður að lögum og hefur tekið talsverðum breytingum frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og líka frá því sem gert var ráð fyrir við 2. umr. málsins.

Hins vegar er það svo að einn hópur manna í þjóðfélaginu hefur mótmælt þessari grein alveg sérstaklega, þ.e. Prestafélag Íslands, vegna þeirra ákvæða sem tekin eru inn í 4. tölul. þar sem gert er ráð fyrir því að prófastar og prestar þjóðkirkjunnar teljist til embættismanna samkvæmt öðrum ákvæðum frv. og þeir séu ráðnir til fimm ára í senn. Ég tel satt að segja ákaflega athyglisvert að núverandi stjórnarmeirihluti skuli beita sér fyrir ekki einasta atlögu að verkalýðshreyfingunni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandinu, heldur líka hinni almennu þjóðkirkju með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Á þessu vek ég athygli, hæstv. forseti.

[16:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er margt að í frv. en einni grein er ég alveg sérstaklega mikið á móti og það er 4. tölul. brtt. Samkvæmt þessu eru prestar þjóðkirkjunnar látnir sæta því að þurfa að verða endurráðnir á fimm ára fresti. Ég veit ekki hvað þeir hafa til saka unnið til að eiga þetta skilið né heldur hvað þjóðin hefur til saka unnið að eiga yfir höfði sér deilur um prestsráðningar á fimm ára fresti.

Herra forseti. Það liggur fyrir að hinn ágæti formaður Prestafélagsins hefur sagt að þetta brjóti í bága við Ágsborgarjátninguna og hann hefur jafnframt sagt að þetta vegi að guðskristni í landinu. Sjálfstfl. fór einu sinni í kosningabaráttu þar sem eitt helsta baráttumálið var einmitt að efla guðskristni.

Herra forseti. Ég get ekki annað heldur en mótmælt þessu harðlega fyrir hönd prestanna í landinu og mun greiða atkvæði gegn þessu.

[16:29]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Að mínum dómi er 22. gr. meginmál þessa vonda frv. Hér hefur að vísu verið orðið við þeirri miklu gagnrýni sem beindist ekki síst gegn þessari grein vegna þess að eins og frv. var lagt fram fól það í sér brot á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og braut í bága við marga þá alþjóðasáttmála sem við höfum staðfest og erum aðilar að þannig að það hefur a.m.k að hluta til verið orðið við þeirri gagnrýni.

En ég vil eins og aðrir víkja að 4. lið brtt. og mótmæla því að prestar þjóðkirkjunnar skuli vera taldir upp vegna þess að þó að menn bregðist við með öðrum lögum þýðir þetta að í það minnsta næstu mánuði verða prestar ráðnir til fimm ára í senn. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þetta mál og það einfaldasta hefði að sjálfsögðu verið að fella þá út úr frv. á meðan menn eru að skoða önnur lög sem þarf að breyta til samræmis.

Brtt. 1057,6–12 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1057,13 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁÞ, GE, LB, RG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. 47. gr. frv. átti að tryggja með lögum að allir þeir sem standa utan stéttarfélaga, hvort sem væri að frumkvæði stjórnvalda eða kröfu forstjóra eða af öðrum sökum byggju aldrei við lakari réttindi eða lakari kjör en þeir sem eru innan samtaka og leggja sitt af mörkum. 47. gr. lagafrv. var þannig einhver grófasta árásin á verkalýðshreyfinguna og lýðræðislega réttindabaráttu í frv. og er þá mikið sagt. Þess vegna er afnám þessarar greinar svo mikilvægt að við sem erum andstæðingar frv. teljum sérstaka ástæðu til að undirstrika mikilvægi hennar og greiðum atkvæði með afnámi greinarinnar. Ég segi já.

Brtt. 945 felld með 30:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EKG, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

6 þm. (ÁÞ, GE, LB, RG, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1057,14–16 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

[16:34]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þegar breytingar voru gerðar á stjórnarskránni vorið 1991 og umræðum um lagafrumvörp fækkað úr sex í þrjár var sett inn öryggisákvæði í 40. gr. þingskapa vegna þess að nú myndaðist sá möguleiki í fyrsta sinn að frv. væri breytt við lokaafgreiðslu án þess að þingmenn ættu þess fyllilega kost að sjá áður en þeir taka endanlega afstöðu til máls hvernig frv. lítur út þegar breytingar á því sem samþykktar hafa verið við 3. umr. hafa verið felldar inn í frv. Þetta gerðist ekki við afgreiðslu deildanna á lagafrumvörpum fyrir 1991 vegna þess að væri frv. breytt við 2. eða 3. umr. í seinni deild fór það aftur til fyrri deildar og væri því breytt þar var það sent á ný til seinni deildar. Málið var því aldrei afgreitt frá Alþingi þá fyrr en lokatexti þess lá endanlega fyrir.

Frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tók miklum breytingum við 2. umr. og við 3. umr. hafa verið samþykktar á því 16 breytingartillögur, sumar í mörgum liðum. Ég tel því, herra forseti, að nú sé rétt að láta í fyrsta sinn reyna á 2. mgr. 40. gr. þingskapa, prenta frumvarpstextann upp eins og hann er nú orðinn eftir samþykkt 16 breytingartillagna, leggja hann fyrir að nýju og gefa Alþingi kost á því að ræða þetta mál í þeirri mynd sem stjórnarmeirihlutinn ætlar að hafa á frv.

Herra forseti. Ég geri tillögu um að umræðunni verði nú frestað, málinu vísað til nefndar og þegar nýju þingskjali hefur verið útbýtt verði henni haldið áfram samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 40. gr. þingskapa.

[16:36]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þingmenn hafa heyrt tillögu hv. 8. þm. Reykv. Hann vísar til 2. mgr. 40. gr. þingskapa og fer nú fram atkvæðagreiðsla um tillöguna.

Tillaga um að vísa frv., með áorðn. breyt. á þskj. 1057, aftur til efh.- og viðskn. felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

12 þm. (ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, ÍGP, KF, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

[16:37]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég harma það að stjórnarmeirihlutinn skuli með þessari afstöðu sinni hafa hafnað þessari leið. Í henni var fólginn mikilvægur öryggisventill fyrir meðferð mála í þessari stofnun sem er miklu minni en var í gamla kerfinu. Ég vona að þessi afstaða meiri hlutans og það að forseti brást sjálfur ekki við tillögu minni á neinn hátt bendi ekki til þess að menn ætli sér að gera þetta neyðarákvæði þingskapanna að engu í framtíðinni.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, StG, StB, TIO, VE, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, AK, FrS, GuðjG, GB, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, ÓE.

nei: SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, ÁÞ, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, RA, RG, SighB.

2 þm. (GHall, KHG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (SF, VS, ÞorstP, ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, KF) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússonson:

Herra forseti. Ég tel að það hafi rækilega sannast í umfjöllun um þetta mál að frv. sem er nú til lokaafgreiðslu var og er reyndar enn hin versta hrákasmíð. Ég harma að jafnvel svo hófsöm tillaga eins og sú sem var síðast fram borin, að umræðunni sé frestað þannig að mönnum gefist kostur á að líta á frv. í heild sinni svo breytt áður en afgreiðslu þess lýkur, skuli vera felld af meiri hlutanum.

Herra forseti. Það er ekki í einu heldur öllu sem valdinu er beitt af meiri hlutanum til hins ýtrasta án nokkurs tillits til annarra sjónarmiða en þeirra sem stjórna framgöngu meiri hlutans. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar í landinu er höfð að engu, mótmæli og efnislegar ábendingar stjórnarandstöðunnar sömuleiðis. Í þriðja lagi velur meiri hlutinn svo að lokum að svipta minni hlutann eðlilegum rétti hvað þingsköp Alþingis varðar.

Ég er sannfærður um að hér er á ferðinni óhappaverk að standa að lögfestingu grundvallarleikreglna aðilda vinnumarkaðarins um samskipti sín með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn er hér að gera. Það væri í sjálfu sér ekki harmsefni okkur sem minni hlutann skipum ef afleiðingarnar af því óhappi yrðu einungis hausverkur hæstv. ríkisstjórnar en svo er því miður ekki. Það er stórkostlegt alvörumál fyrir aðila í þjóðfélaginu öllu að svona skuli vera staðið að málum. Það að efna til ófriðar á vinnumarkaði og stofna stöðugleika í efnahags- og atvinnumálum í hættu er mikið óhappaverk og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn fyrir það að standa svo að málum. Ég er algerlega andvígur frv. og segi *því nei* við lokaafgreiðslu þess, herra forseti.

[16:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa reynt allt sem hægt er til þess að koma vitinu fyrir stjórnarmeirihlutann í þessu máli og það er augljóst að verið er að afgreiða mál sem felur í sér mikið óhappaverk gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu og getur stuðlað að því að hér skapist erfiðleikar í efnahags- og atvinnumálum sem hafa ófyrirséðan endi.

Það sýnir hrokann, hæstv. forseti, í okkar garð að þessari einföldu og hógværu þingskapatillögu, sem ég flutti áðan, skuli hafa verið hafnað vegna þess að í henni var ekki farið fram á neitt annað en það að Alþingi fengi að sjá fyrir atkvæðagreiðsluna hvernig þingskjalið lítur út sem menn voru að breyta fyrir nokkrum mínútum. Það er satt að segja ótrúlegt að menn skuli ekki vilja vanda sig aðeins betur og sýna lágmarkstillitssemi gagnvart stjórnarandstöðu af þessu tagi. Þetta sýnir eins og við höfum sagt áður að stjórnarliðið vill segja í sundur friðinn í þessari stofnun. Ég segi nei, hæstv. forseti.

[16:43]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um það að þær umbætur sem verið er að gera með því að samþykkja þetta frv. eru til mikilla framfara í ríkisrekstrinum. Þegar upp er staðið munu þær koma sér vel fyrir opinbera starfsmenn. Þær munu þegar upp er staðið líka koma sér vel verðandi samskipti hins opinbera á vinnumarkaðnum við aðra aðila, bæði starfsfólk almennra fyrirtækja og atvinnulífið almennt. Með frv. er verið að jafna réttarstöðu þeirra sem vinna hjá hinu opinbera óháð því í hvaða stéttarfélögum þeir eru. Með frv. er líka verið að afnema æviráðninguna. Það er verið að taka út óeðlilegt fyrirkomulag varðandi biðlaunaréttinn. Það er verið að gefa opinberum starfsmönnum möguleika á viðbótarlaunum. Ég tel því að mjög margt í frv. horfi til framfara og segi því já.

[16:44]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég harma þessa niðurstöðu. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum barist gegn frv. með öllum tiltækum lýðræðislegum ráðum. Við náðum ekki að breyta málinu nú og það eina sem eftir er er að greiða atkvæði í lokaumfjöllun um þetta mál. Ég segi nei.

[16:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera eðlilegt að breyta rúmlega 40 ára gömlum lögum. Með frv. er verið að útvíkka gildissvið laganna en það er réttarbót fyrir stóran hóp starfsmanna ríkisins. Í öðru lagi er verið að hverfa nánast alfarið frá æviráðningunni en dregið hefur úr slíkum samningum á undanförnum árum. Í þriðja lagi er verið að koma í veg fyrir að núverandi starfsmenn ríkisins fái biðlaun greidd ofan á önnur laun ef starf þeirra er lagt niður og hverfa frá biðlaunarétti nýrra starfsmanna enda er óeðlilegt að fólk með samningsrétt, verkfallsrétt og uppsagnarrétt njóti biðlauna. Í fjórða lagi er í frv. gerðar meiri kröfur til stjórnenda en áður og þeim færð aukin völd. Þetta er gert til að gera ríkisreksturinn árangursríkari og skilvirkari.

Frv. hefur tekið breytingum m.a. vegna ábendinga frá samtökum launþega í þjónustu ríkisins. Það gat ekki komið neinum á óvart því að upp á breytingar var boðið þegar málið var lagt fram á hinu háa Alþingi og málinu hefur tvisvar verið vísað til nefndar og vinnubrögð verið vönduð. Ég fagna því að frv. skuli nú verða að lögum og vona að það verði til góðs fyrir alla. Ég segi að sjálfsögðu já.

[16:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með samþykkt frv. er verið að ýta undir óróa og átök á vinnumarkaði. Hér er verið að skerða réttindi opinberra starfsmanna og taka upp starfsmannastefnu og stjórnunarstíl sem á ekkert skylt við nútímann og ætti að heyra fortíðinni til.

Ég harma að ríkisstjórnin skuli ráðast að starfsmönnum sínum með þessum hætti í stað þess að reyna að bæta þau samskipti sem því miður hafa verið of slæm á undanförnum árum. Ég segi nei.

[16:49]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um frv. sem kom inn í þingið sem gott mál og batnaði mjög í meðförum þingsins, sérstaklega í meðförum hv. efh.- og viðskn. þar sem fjöldi ábendinga barst frá hagsmunaaðilum. Þetta mál tekur á vandamálum sem hafa truflað almenning í landinu svo sem biðlaunaréttinn þar sem fólk er á tvöföldum launum. Þetta mál tekur líka á æviráðningunni sem hefur líka verið andstætt hugsun almennings og bætir auk þess launakerfi ríkisstarfsmanna. Ég segi já.

[16:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari lagasetningu er verið að brjóta blað í samskiptum ríkisvaldsins og samtaka opinberra starfsmanna. Ríkisstjórnin hefur valið að nýta hið mikla meirihlutavald á Alþingi til að setja lög um réttindi opinberra

starfsmanna einhliða og án samráðs í andstöðu við alþjóðasamþykktir. Með vinnubrögðum við þetta frv. eins og við frv. um sáttastörf og vinnudeilur fer ríkisstjórnin fram með valdboði gagnvart launþegum sem er óásættanlegt. Gervöll verkalýðshreyfingin leggst gegn slíkum vinnubrögðum. Við í Alþfl. höfnum þessum vinnubrögðum. Við í Alþfl. höfnum þessu frv. og ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1101).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (félagslegar eignaríbúðir). — Þskj. 720, nál. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]
Brtt. í nál. 1048 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 464. mál (flutningur grunnskólans). — Þskj. 799, nál. 1055.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 500. mál (aðild kennara og skólastjórnenda). — Þskj. 877.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 94. mál (heildarlög). — Þskj. 918, brtt. 910, 1076 og 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:57]
Brtt. 1076,1 felld með 29:11 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, GE, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
6 þm. (GMS, JóhS, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. gengur út á það að kennarar megi allra náðarsamlegast vera áfram í skólanefndum. Þeir hafa verið í skólanefndum en hér er sem sagt ætlunin að henda þeim þaðan út og við gerum brtt. um að frá því verði horfið og kennarar megi eiga aðild að þessum mikilvægu skólanefndum. Það er dálítið merkilegt að stjórnarmeirihlutinn skuli beita sér í þessa veru, ekki síst með hliðsjón af því að einn af aðalhöfundum frv., eins og það lítur út núna, er skólameistari og hefur þar af leiðandi reynslu af skólanefndum en sú reynsla er yfirleitt góð. Þeim mun undarlegra er það að menn skuli ætla að berja kennarana út úr skólanefndunum eins og hér var lagt til og þess vegna flytjum við þessa tillögu sem ég styð að sjálfsögðu.

Brtt. 1076,2 felld með 30:11 atkv. og sögðu
já: BH, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
5 þm. (ÁÞ, GE, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er gert ráð fyrir því að þegar menntmrh. skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar megi kennarafundur veita umsögn um málið. Það er öll tillagan sem ég styð að sjálfsögðu.

Brtt. 1076,3 felld með 30:10 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
6 þm. (GE, JóhS, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1082,1 felld með 30:11 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, GE, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

5 þm. (JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1082,2 felld með 30:14 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, GE, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
2 þm. (KÁ, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1076,4 felld með 29:13 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO.
4 þm. (GE, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1076,5 felld með 30:11 atkv. og sögðu
já: BH, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
5 þm. (ÁÞ, GE, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta er þriðja tilraunin til þess að koma kennurum að stjórn skólanna með því að þeir fái allra náðarsamlegast að fjalla um skólanámskrár áður en þær eru gefnar út. Ég styð að sjálfsögðu tillöguna.

Brtt. 1076,6 felld með 30:11 atkv. og sögðu
já: BH, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
5 þm. (ÁÞ, GE, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1076,7 felld með 29:12 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, GE, JónK, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
5 þm. (JóhS, LB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er gerð fjórða og síðasta tilraunin til þess að leyfa kennurum að koma nálægt stjórn skólanna um það að þeir fái að tilnefna fulltrúa í starfsgreinaráð, þ.e. viðkomandi starfsgreinar kennara. Kennarar í trésmíðum fái t.d. að tilnefna fulltrúa í starfsgreinaráð. Þetta er tilraun sem hér er gerð að lokum, hæstv. forseti, eftir að öllum hinum hefur verið hafnað. Það er ekki einleikið hvað meiri hlutinn virðist leggja kennarastéttina í einelti í þessari atkvæðagreiðslu undir forustu skólameistarans mér á hægri hönd. Ég styð að sjálfsögðu tillöguna.

Brtt. 910 felld með 30:12 atkv. og sögðu
já: ÁÞ, BH, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
4 þm. (GE, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:03]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Víðs vegar um land eru heimavistir við framhaldsskóla sem ríkið hefur greitt að fullu en á þremur eða fjórum stöðum á landinu er enn eftir að byggja heimavistarhúsnæði. Nú er ætlunin að þau sveitarfélög, sem eiga eftir að koma sér upp heimavistarhúsnæði, eigi að greiða 40% kostnaðar þegar í marga áratugi hefur verið greiddur allur kostnaður við uppbyggingu þessara heimavista á öðrum stöðum. Þetta er auðvitað hið argasta óréttlæti og mismunun sem ekki á nokkurn rétt á sér. Þess vegna er tillaga flutt um það að ríkissjóður greiði áframhaldandi uppbyggingu heimavista að fullu eins og verið hefur. Ég segi því já.

[17:04]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. 37. gr. frv. felur í sér breytta kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í byggingu heimavistarrýmis. Sú breyting á sér ekki stað nema viðkomandi sveitarfélögum sé bættur mismunurinn. Hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að hann muni gangast fyrir úttekt á þörfinni fyrir heimavistarrými við framhaldsskólana. Í athugasemdum með frv. er kveðið á um að samið verði um það hvernig aukinni kostnaðarþátttöku sveitarfélaga verði mætt.

Í framhaldi af samþykkt þessara laga um framhaldsskóla skulu því teknar upp viðræður milli ráðuneytis menntamála og viðkomandi sveitarfélaga vegna aukinnar hlutdeildar sveitarfélaga í kostnaði og hvernig sá munur verði jafnaður. — Ég segi nei.

[17:05]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fór fram um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga um byggingu heimavistar og ég lýsti andstöðu minni við vil ég segja að ég hef átt viðræður við hæstv. menntmrh. um þetta mál. Í umræðum í gærkvöldi sagði hæstv. ráðherra m.a. að hann væri reiðubúinn til þess að láta gera heildarúttekt á þörf fyrir aukið heimavistarrými, efna til málþings um málið til að átta sig á því hvaða leiðir eru skynsamlegastar á hverjum stað til að fjármagna byggingu heimavista. Einnig sagðist hann ætla að nýta sér þá heimild sem fram kemur í greinargerð með frv. sem er þess eðlis að unnt er að semja sérstaklega við einstök sveitarfélög um kostnaðarþátt.

Ég treysti því að hæstv. menntmrh. standi við orð sín og ásættanleg lausn finnist á þessu máli. Því segi ég nei við þeirri tillögu sem hér er til afgreiðslu.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

12 þm. (ÁRJ, BH, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRÁ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. um framhaldsskóla sem á að greiða atkvæði um er ekki lagt fram í sátt við kennarasamtökin í landinu. Í frv. er fátt sem kemur nemendum til góða eða bætir aðstöðu þeirra. Frv. býður upp á mismunun við inntöku nemenda í framhaldsskóla þó þeir hafi náð grunnskólaprófi. Það býður upp á aukna miðstýringu. Það dregur úr möguleikum kennara til að hafa áhrif á stefnumótun í skólamálum. Því miður er engin trygging fyrir úrbótum í starfsmenntamálum í þessu frv. Ég mun því ekki greiða frv. atkvæði mitt.

[17:07]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Það eru vonbrigði að þær breytingartillögur sem lagðar voru fram af mér og hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni hafa ekki hlotið brautargengi Alþingis því þær voru þess eðlis að þær hefðu stuðlað að auknu jafnrétti fatlaðra nemenda í framhaldsskólum landsins. Ég get hins vegar fallist á að margt í þessu frv. til laga um framhaldsskóla sé til verulegra bóta fyrir framhaldsskólann í heild sinni og lítil framfaraspor eru þó stigin til þess að jafna aðstöðumun fatlaðra nemenda. Þrátt fyrir það að lengra hafi ekki verið gengið og ekki vilji fyrir því á hinu háa Alþingi mun ég engu að síður greiða atkvæði mitt með þessu frv.

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé meingallað frv. sem er á dagskrá og óþarft því að hægt er að gera flest ef ekki allt það sem til stendur innan ramma gildandi framhaldsskólalaga og frv. er ákaflega metnaðarlítið ef ekki metnaðarlaust af hálfu hæstv. menntmrh.

Við 3. umr. var áðan felld brtt. okkar nokkurra þingmanna um að ríkissjóður mundi áfram kosta byggingu heimavista að fullu. Þetta atriði var talsvert til umræðu við 2. umr. málsins og þá stigu í pontu hugumstórir stjórnarþingmenn og sögðust ekki vilja una því óréttlæti að ríkið hætti að taka þennan kostnað á sig að fullu.

Þeir hafa nú allir með tölu lekið niður við atkvæðagreiðslu í málinu og handjárnin reynst yfirsterkari sannfæringunni og röksemdum þeirra frá 2. umr. Þetta er harla dapurlegt, herra forseti, og enn síður ásættanlegt að samþykkja frv. í ljósi niðurlægingarinnar í atkvæðagreiðslunni áðan varðandi þennan þátt málsins. Ég greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 1076,8 kölluð aftur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1103).

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 501. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 878, nál. 992, brtt. 993.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:13]

Brtt. 993,1 samþ. með 45:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.

nei: ÁÞ.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRÁ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, KF, MF, SF, SP, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:11]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu við atkvæðagreiðsluna. Ég hafði vakið athygli á því við 2. umr. og vefengt réttmæti þessarar frumvarpsgreinar eins og hún hljóðar hér og ég hef varpað þeirri ósk til hæstv. menntmrh. að það verði kannað hvort þessi grein standist að öllu og þá vísa ég jafnvel til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í því samhengi.

Ég hef í dag rætt við lögfróða menn. Við umræðu í gær taldi menntmrh. að ég væri að misskilja þetta frv. Enn þá tel ég svo ekki vera og ekkert í máli hans hefur fengið mig til að skipta um skoðun.

Ég tel það enn fremur í hæsta máta óeðlilegt að við þessa miklu breytingu verði svo stór og viðamikill flokkur skilinn algerlega út undan og óafgreiddur en það eru öll sérkennslumál. Ég greiði því atkvæði gegn frv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.

2 þm. (ÁÞ, KHG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í afgreiðslu frv. felst uppgjöf á því að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Með þessu er verið að viðurkenna að það er ekki hægt og ákveðið að skilja hluta af verkefninu eftir hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem hefur að sjálfsögðu engar faglegar forsendur til þess að stýra þessum málaflokki. Engu að síður held ég að miðað við allar aðstæður sé þetta skársta leiðin í trausti þess að menntmrn. fylgist með málinu, mér liggur við að segja í smáatriðum eins og hæstv. menntmrh. lýsti yfir í gærkvöldi, og samningar takist hið fyrsta um fyrirkomulag þessara mála. En ég tel að sú lending sem hér er á ferðinni sé því miður ekki nægilega traust fyrir sérskólana.

2.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.
1 þm. (ÁÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HG, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 993,2 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.
1 þm. (ÁÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HG, KF, MF, PP, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.
1 þm. (ÁÞ) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HG, KF, MF, PP, SF, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.
1 þm. (ÁÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HG, KF, MF, PP, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, frh. 3. umr.

Stjfrv., 323. mál. — Þskj. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:17]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HG, KF, MF, PP, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1105).

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 529. mál (eingreiðsla skaðabóta). — Þskj. 1026.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 536. mál (raflagnahönnuðir). — Þskj. 1077.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 533. mál (gjaldflokkar fólksbifreiða). — Þskj. 1071.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Frv. iðnn., 530. mál (viðbótarvottorð um vernd lyfja). — Þskj. 1027.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:20]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 129. mál. — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:22]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1106).

Fjáraukalög 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 443. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:22]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1107).

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 389. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:23]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRÁ, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, KF, MF, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Út af dagskrá voru tekin 18.–20. mál.

Fundi slitið kl. 17:23.

---

152. FUNDUR

miðvikudaginn 29. maí,
að loknum 151. fundi.

Dagskrá:

1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 720 (með áorðn. breyt. á þskj. 1048). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Grunnskóli, stjfrv., 501. mál, þskj. 878 (með áorðn. breyt. á þskj. 993). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Vörugjald af ökutækjum, frv., 533. mál, þskj. 1071. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Einkaleyfi, frv., 530. mál, þskj. 1027. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998. — Frh. 2. umr.
7. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639, nál. 962 og 999. — Frh. 2. umr.
8. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062. — Frh. 2. umr.
9. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 1058, brtt. 1061. — 3. umr.
10. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 3. umr.
11. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 524. mál, þskj. 974. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:28]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 464. mál (flutningur grunnskólans). — Þskj. 799. [17:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem varðar tekjustofna sveitarfélaga og tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu grunnskólans. Svo háttar til að gert hafði verið samkomulag milli þessara aðila um kostnaðaráhrifin af þessum verkefnatilflutningi og samkvæmt miklum og nákvæmum formúlum reiknað upp á allnokkra aukastafi hversu mikla fjármuni þyrfti að færa yfir til sveitarfélaganna til þess að þau stæðu jafnrétt eftir hafandi tekið við þessum verkefnum. Um þetta var þokkaleg sátt og ekki var um annað vitað þegar málið var kynnt og rætt í fyrsta sinn á þingi.

Nú háttar hins vegar svo til að Samband ísl. sveitarfélaga hefur sent til þingsins mjög alvarlegar orðsendingar vegna þess að í öðru þingmáli sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, stjfrv. um svokallaðan fjármagnstekjuskatt, eru gerðar breytingar sem hafa veruleg tekjuáhrif fyrir sveitarfélögin og mun að óbreyttu og samkvæmt brtt. meiri hlutans, sem nú liggja fyrir, valda því að tekjur sveitarfélaganna og/eða útgjöld saman vegið skerðast sem nemur hundruðum millj. kr. Þessu hafa sveitarfélögin harðlega mótmælt og líta svo á, samanber samþykkt sem þingmönnum hefur verið send, að í raun sé sagt sundur samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um þessi tekjulegu samskipti ef svo heldur fram sem horfir.

Í erindi sínu bendir Samband sveitarfélaga á þann möguleika að áætluðum útgjaldaauka sveitarfélaganna vegna lögfestinga frv. og fjármagnstekjuskatt verði mætt með því að breyta skiptahlutföllum í því frv. sem er til umræðu og minnir mig að lítils háttar hækkun á hlutdeild sveitarfélaganna af útsvarsstofni í þeim tekjum eða upp á 0,04% ef ég man rétt mundi samsvara þeim útgjöldum sem hitt frv. hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin.

Herra forseti. Ég tel ekki eðlilegt að umræðunni ljúki nema staða þessa máls skýrist að einhverju leyti. Þar sem nú liggur fyrir að búið er að afgreiða úr efh.- og viðskn. án þess að tekið sé tillit til þessara breytinga eða áhrifa á tekjur sveitarfélaganna, frv. til laga um fjármagnstekjuskatt, óska ég eftir því að umræðunni verði frestað þangað til skýrist með afdrif þess máls og annað tveggja gerist að álagningu fjármagnstekjuskattsins verði þannig hagað að sveitarfélögin sem slík verði ekki fyrir tekjutapi eða þá að tekjusamskipti ríkis og sveitarfélaga eins og þau birtast í frv. verði tekin til endurskoðunar í þessu nýja ljósi og lagfærð þannig að útkoman verði eftir sem áður sú sem að var stefnt, að hvorugt leiði til breytinga á tekjulegri stöðu sveitarfélaganna, yfirfærsla grunnskólans til þeirra annars vegar eða lögfesting fjármagnstekjuskattsins hins vegar.

Það er ósk mín, herra forseti, að umræðunni verði frestað eða að henni ljúki a.m.k. ekki fyrr en framhaldið skýrist.

[17:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég láta það koma fram að hinn 3. maí sl. áttum við fund fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, sá sem hér stendur og hæstv. fémrh. Á þeim fundi voru forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga, þeir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Þórður Skúlason og auk þess starfsmenn beggja ráðuneyta.

Það er rétt sem kemur fram í bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 25. maí 1996, að niðurstaða fundarins hafi verið á þá leið að ráðherrarnir hafi fallist á þau sjónarmið að sveitarfélögin færu skaðlaus út úr þeim breytingum sem hér er verið að gera. Það var gert í fyrsta lagi með breytingum á frv. um fjármagnstekjuskatt, sem liggja fyrir nefndinni, en í öðru lagi var ætlunin að bæta sveitarfélögunum upp tap vegna skerðingar á skattstofni annars vegar og vaxtagreiðslum hins vegar en það var skýrt tekið fram að af því gæti ekki orðið í beinum tengslum við það frv. sem hér er til umræðu né heldur fjármagnstekjuskattsfrv. en því lofað að að því yrði unnið og við það staðið áður en fjármagnstekjuskatturinn fer að virka og rýra tekjur sveitarfélaganna.

Þetta vil ég að hér komi fram, ekki síst ef það mætti verða til þess að flýta fyrir þingstörfum og ég veit að ég tala fyrir munn okkar beggja, mín og hæstv. félmrh.

[17:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist fara mjög tvennum sögum af því hvað hafi gerstá þeim fundi sem hæstv. fjmrh. vitnar til því að samkvæmt því erindi sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur sent þingmönnum líta þeir alls ekki svo á að fullnægjandi niðurstaða hafi fengist hvað þetta varðar, samanber að erindi þeirra til þingmanna lýkur á þeim orðum að náist ekki fram lagfæring á þessum málum nú við afgreiðslu þeirra á þingi verði afgreiðslu fjármagnstekjuskattsfrv. frestað. Það er afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég þarf ekki að lesa upp úr þessu bréfi fyrir hæstv. fjmrh., hann er bærilega læs, að það liggur fyrir full andstaða af hálfu sveitarfélaganna ef marka má þann texta við þeirri málsmeðferð og röð atburða sem er verið að leggja til. Auk þess eru heldur engin vinnubrögð við lagasetningu að vísa óleystum vandamálum endalaust inn í framtíðina með þessum hætti. Það er lögfest ástand sem er jafnvel ólögmætt, samanber bandormsfrumvarp um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og síðan er málsvörnin sú að þetta eigi síðan að lagfæra eftir á og koma í lögmætt ástand. Hér á að lögfesta skipan mála, annars vegar varðandi yfirfærslu grunnskólans og hins vegar lögleiðingu fjármagnstekjuskattsins sem þýðir sannanlega tekjutap fyrir sveitarfélögin upp á hundruð millj. kr. í skjóli einhverra óljósra yfirlýsinga um að þetta verði síðan lagfært eftir á. Ég spyr á móti: Hvað er mönnum að vanbúnaði að taka á þessu nú? Það liggur nokkurn veginn fyrir um hvaða stærðir er að ræða. Hér er opið frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þannig að það er afar handhægt að taka þá lagfæringu hér með við 3. umr. málsins. Ég tel þessi svör hæstv. fjmrh. ekki fullnægjandi. Ég sætti mig a.m.k. ekki við að málinu ljúki svona fyrr en talsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga hafa átt þess kost að koma fyrir þingnefnd og gefa skýrngar á stöðu málsins þar sem það er bersýnilega um misvísandi frásagnir að ræða. Ég endurtek því ósk mína, herra forseti, um að umræðunni verði frestað um sinn og málið skoðað og m.a. í því skyni að gefa talsmönnum sveitarfélaganna kost á því að skýra viðhorf sín til stöðu mála.

[17:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt. Ég vek athygli hv. þm. á því að hér erum við að ræða um frv. sem er lagt fram vegna samnings sem gerður hefur verið á milli ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á grunnskólanum. Þar koma

fleiri aðilar að málum þannig að ég tel að við ættum ekki að tefja þetta mál lengi.

Ég vil láta það koma fram að ríki og sveitarfélögin hafa með sér ýmis samskipti, að sumu leyti lögboðin, að öðru leyti vegna samnings á milli þeirra. Það er ljóst að það mál sem varðar breytingar á fjármagnstekjuskatti verður áfram í viðræðum á milli þessara tveggja aðila og fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að sveitarfélögin verði skaðlaus þegar litið er á þau sem heild í því máli.

Það er ekki tækifæri til þess nú að koma með endanlega lausn. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að það mætti verða til þess að flýta fyrir þingstörfum hérna að menn setjist niður í eitthvert andartak til þess að fá staðfestingu á því hver staða þessa máls er því að ég veit ekki betur en að embættismenn ráðuneytanna og fulltrúar sveitarfélaganna hafi átt viðræður um þessi mál þótt ekki sé efni til þess að leysa það með þeim tiltekna hætti sem verið er að lýsa í bréfi dags. 25. maí enda hafa fulltrúar ríkisvaldsins aldrei fallist á þá lausn sem þar um getur en standa þó fyrri orð ráðherranna að öllu leyti.

Umræðu frestað.

Grunnskóli, 3. umr.

Stjfrv., 501. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 1104.

Enginn tók til máls.

[17:39]

Útbýting þingskjala:

Merkingar þilfarsfiskiskipa, 189. mál, nál. samgn., þskj. 1098.

Náttúruvernd, 366. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1091.

Stjórn fiskveiða, 437. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1092; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1093.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 436. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1095.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE.

26 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, JóhS, KF, MF, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 533. mál (gjaldflokkar fólksbifreiða). — Þskj. 1071.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:42]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE.

5 þm. (BH, HG, KH, LB, MS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, JóhS, KF, MF, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:41]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sit hjá við atkvæðagreiðslu um þetta frv. Ég gerði grein fyrir viðhorfi mínu í ræðu við 1. umr. málsins. Mér finnst að æskilegt hefði verið að líta á þessi mál í meira heildarsamhengi en ráðrúm hefur gefist til. Ég átta mig á því að áhersla er lögð á að hraða afgreiðslu málsins en ég vænti þess að tekið verði á þessum málum í framtíðinni út frá umhverfisþættinum ekki síður en öðrum þáttum sem þurfa að koma til skoðunar. Ég greiði því ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE.

5 þm. (BH, HG, KH, LB, MS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, JóhS, KF, MF, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Einkaleyfi, 3. umr.

Frv. iðnn., 530. mál (viðbótarvottorð um vernd lyfja). — Þskj. 1027.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:44]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE.

25 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, JóhS, KF, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1110).

Út af dagskrá voru tekin 1. og 6.–11. mál.

Fundi slitið kl. 17:44.

---

153. FUNDUR

miðvikudaginn 29. maí,
að loknum 152. fundi.

Dagskrá:

1. Vörugjald af ökutækjum, frv., 533. mál, þskj. 1071. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998. — Frh. 2. umr.
3. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639, nál. 962 og 999. — Frh. 2. umr.
4. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062. — Frh. 2. umr.
5. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 1058, brtt. 1061. — 3. umr.
6. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 3. umr.
7. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 524. mál, þskj. 974. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 533. mál (gjaldflokkar fólksbifreiða). — Þskj. 1071.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvG, VE.

5 þm. (BH, HG, KH, MS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (AK, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, JóhS, KF, KPál, LB, MF, RG, SighB, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1111).

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998.

og

Póstlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639, nál. 962 og 999.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062.

[17:53]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Hæstv. forseti. Fyrr í dag fóru fram umræður um þau frumvörp sem liggja fyrir um að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag en eins og fram hefur komið leggur hæstv. ríkisstjórn mikla áherslu á að þessi breyting eigi sér stað hið allra fyrsta. Áður en ég gerði hlé á ræðu minni fyrr í dag hafði ég svarað ýmsum fullyrðingum sem fram höfðu komið frá hv. þingmönnum sem höfðu tjáð sig um þetta mál. Í því sambandi hafði ég sérstaklega vakið athygli á því hve fullyrðingasöm og alhæfingasöm umræðan hefur verið. Ég sagðist t.d. mundu bíða þess að hæstv. samgrh. kæmi hingað og skýrði okkur frá því hvað hann hefði átt við þegar hann fullyrti í dag að það kæmi samkeppnisaðilum Pósts og síma afar vel ef málinu yrði drepið á dreif eða því frestað. Hvað átti hæstv. samgrh. við með þessari yfirlýsingu, hvað samkeppnisaðila átti hann við og hvað var það sem hið nýja hlutafélag undir forsjá hans og forustu mundi gera sem það gæti ekki gert sem ríkisstofnun á vegum eða undir forsjá samgrn. stjórnar og þings?

Ég vakti einnig athygli á því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður samgn., sem talaði fyrir málinu í byrjun 2. umr. hefði í rökstuðningi sínum einkum tínt það til að aðrar þjóðir hefðu farið inn á þá braut að breyta póst- og símamálastofnunum í hlutafélag. Þess vegna væri rík ástæða fyrir Íslendinga að fara sömu leið.

Ég vek hins vegar athygli á því að það er ástæða til að gaumgæfa hverjar afleiðingar einkavæðing símastofnana erlendis hafa haft fyrir eigendur þessara stofnana, skattborgarana, fyrir samfélagsþjónustuna almennt, fyrir notendur

þessarar þjónustu og fyrir starfsfólkið vegna þess að margt bendir til þess, gagnstætt því sem fram hefur verið haldið af hálfu þeirra sem eru ólmir í að hlutafélagavæða eða einkavæða, að þessar afleiðingar hafi verið slæmar. Þannig hafi launamunurinn í þessum stofnunum aukist, bilið hafi breikkað á milli þeirra annars vegar sem eru á háum launum, þ.e. forstjóranna og þeirra sem standa þeim næst, en hinir hafi hlutfallslega lækkað sem lægst hafi staðið.

Í annan stað hefur komið fram að störfum hefur fækkað í hinum einkavæddu stofnunum en ég gat þess svo sérstaklega að ég væri ekki þeirrar skoðunar eða trúar að það mætti allt rekja til einkavæðingarinnar einnar vegna þess að hér hafa komið til tæknibreytingar og tækninýjungar sem hafa haft í för með sér margvíslega hagræðingu og gert þessum stofnunum kleift að fækka starfsfólki.

Hins vegar er því ekki að leyna að frá nýjum eigendum, hluthöfum sem hafa komist yfir þessar stofnanir og hafa viljað komast yfir arð af þessum stofnunum, hefur komið sú krafa að auka arðsemi með því að fækka vinnandi höndum, fækka því fólki sem þyrfti að greiða laun á sama tíma og reynt væri að ná sem mestum peningum út úr stofnuninni. Með einkavæðingunni er því hert á því hjóli sem hefur snúist nokkuð hratt og leitt til þess að störfum í þessum stofnunum hefur fækkað. Einkavæðingin hefur ýtt og hraðað þeirri þróun.

Fyrir samneysluna hefur þetta haft mikil áhrif. Ég vísaði í erindi sem Philip Bowyer, framkvæmdastjóri alþjóðlega póst- og símamannasambandsins flutti fyrir réttum fjórum árum, í maíbyrjun 1992, um einkavæðingu pósts og síma víðs vegar um heiminn, þar sem hann kom sérstaklega inn á þessar miklu arðgreiðslur, þetta mikla fjárstreymi út úr þessum stofnunum enda er það staðreynd að þetta er einn arðvænlegasti atvinnurekstur nú um stundir. Þetta er sú starfsemi sem hefur gefið einna mest af sér og er ekki að undra þó að fyrirtæki og ríkir fjárfestar sækist mjög í það að komast í þessar gullkýr. Þess vegna efast ég ekkert um að margir hér á landi líka horfi vonaraugum á þessa þróun.

Við erum að tala um fyrirtæki sem er mjög ríkt. Þetta er mjög verðmæt eign íslensku þjóðarinnar sem er með mikið eigið fé sem er talið á annan tug milljarða og með miklar eignir að auki og viðskiptavild og hefur þegar allt kemur saman verið metið að verðmæti milli 20 og 30 milljarða íslenskra króna. Hins vegar skyldi enginn ætla, sem heyrir þessar upphæðir nefndar, að það yrði erfiður biti að gleypa fyrir þá sem á annað borð vilja komast yfir hann.

Í fyrsta lagi er ekki útilokað að innlendir fjársterkir aðilar munu líta þennan bita hýru auga og hugsa gott til glóðarinnar einfaldlega vegna þess að þessi stofnun hefur skilað á annan milljarð kr. inn í ríkissjóð, hún hefur gefið af sér á annan milljarð kr. sem mætti nota til þess að greiða þessa stofnun upp á fáeinum árum ef hún yrði seld, jafnvel á þeim kjörum sem nú eru nefnd. Kannski segir það sína sögu að nú er farið að fljúga fyrir að menn séu að meta stofnunina niður ef svo má segja, að færa þessar áætlanir niður og þetta mat allt niður. Sú spurning vaknar hvort menn vilji með þessu móti sjá til þess að nýir eigendur þurfi ekki að seilast eins langt ofan í vasann eftir kaupverðinu.

Það hefur verið mikið skírskotað til útlanda í þessari röksemdafærslu allri og það hefur verið sagt að Bretar hafi einkavætt, Nýsjálendingar hafi einkavætt og Norðurlandabúar hafi einkavætt. Hvers vegna ekki Íslendingar? Við hljótum að gera það líka. Í framhaldinu hafa menn farið að velta því fyrir sér hvort það sé eitthvað í alþjóðlegum skuldbindingum sem valdi því að Íslendingar verði að gera þessar breytingar á Pósti og síma. Staðreyndin er sú að þegar þær skuldbindingar eru skoðaðar, sem við höfum gengist undir og reyndar almennir alþjóðlegir sáttmálar á þessu sviði, kemur í ljós að þar er ekkert að finna sem knýr á um þessa breytingu. Hins vegar er um það að ræða að einkaleyfi, sérstaklega á símaþjónustunni, verði numið úr gildi í árslok næsta árs og þá er einkum horft til Evrópu. En það hefur ekkert með eignarhaldið á þessum stofnunum að gera, ekki neitt. Það er allt annar handleggur. Eignarhaldið er eitt, einkaleyfi er annað.

Menn hafa horft til EES-skuldbindinga, þ.e. hvort þar kunni að vera einhverjar kvaðir að finna sem valdi því að ríkisstjórnin verði að ráðast í þessar breytingar en þar er heldur ekkert að finna. Þar er engar slíkar kvaðir að finna.

Í framhaldinu hafa menn farið að horfa svolítið á atferli Verslunarráðs Íslands og því miður einnig Samkeppnisstofnunar sem er orðin eins konar allsherjarlögregla hér og kaþólskari en páfinn í sínum gerðum öllum. Menn hafa velt því fyrir sér hvort tilverugrundvelli stofnunarinnar sem ríkisstofnun kunni að vera stefnt í hættu vegna árása frá þessum aðilum, frá Verslunarráðinu sem hefur gengið fram fyrir skjöldu og gert kröfu um að hún yrði bútuð niður. Það er reyndar nokkuð sem hefur verið að gerast á ýmsum sviðum þar sem samfélagsþjónustan var áður ein við lýði en aðrir eru komnir til sögunnar. Í samkeppni við opinbera þjónustu koma þeir hinir sömu, gera kröfu til þess að Verslunarráð taki upp mál sitt og Verslunarráðið kærir síðan fyrir samkeppnisráði sem kemst að þeirri niðurstöðu ef um einhverjar milligreiðslur er að ræða innan viðkomandi stofnunar að um óeðlilega viðskiptahætti sé að ræða. Þetta hefur gerst á póst- og símasviðinu. Þetta gerðist t.d. með notendabúnað þar og viðbrögðin voru þau að aðgreina viðkomandi starfsemi í sjálfstæðri rekstrareiningu þannig að ekki væri um neinar millifærslur að ræða. En þetta hefur ekki nokkurn skapaðan hlut með eignarhald á stofnuninni að gera. Hins vegar vakna ýmsar spurningar um Verslunarráðið og sérstaklega samkeppnisráð sem er opinber stofnun, hvort það ráð muni ganga eins hratt fram þegar Bell-símasamsteypan verður komin til sögunnar, hvort það verður farið yfir bókhaldið hjá Bell með sama stækkunargleri og gert er hjá hinum íslenska Póst og síma. Ég leyfi mér stórlega að efast um það. Ég er ekki alveg viss um að hjá samkeppnisráði séu menn búnir að sjá til enda þá braut sem þeir eru komnir inn á. Ég efast stórlega um það.

Hæstv. forseti. Ég hef velt því mikið fyrir mér hvað kunni að vera til í þeirri staðhæfingu hæstv. samgrh. og talsmanns samgn. og annarra talsmanna stjórnarinnar um að með hlutafélagsforminu sé komið til sögunnar sveigjanlegra rekstrarform. Þetta er ein meginröksemdin sem sett er fram. Tvenns konar rök eru færð fyrir þessu. Í fyrsta lagi er sagt að hlutafélag sé frjálsara að því að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum, kaupa hlutabréf í öðrum fyrirtækjum, eignast dótturfyrirtæki og þar fram eftir götunum. Það sé meiri sveigjanleiki hvað það snertir.

Nú er það svo að í stjórnarskrá Íslands er vikið sérstaklega að því hvað ríkisstofnunum er heimilt að gera. Þar segir að þeim skuli ekki heimilt að fjárfesta nema teknar séu ákvarðanir samkvæmt fjárlögum eða fjáraukalögum eða sérlögum um einstakar stofnanir. Ég vék að því í máli mínu fyrr í dag hvernig bæði A-hluta og B-hluta stofnanir hafa í sífellt ríkari

mæli á seinni árum verið að fjárfesta í hlutabréfum og í fyrirtækjum. Þannig eru A-hluta stofnanir með hlutabréfaeign á milli 30 og 40 millj. og hjá B-hluta stofnunum er þessi upphæð miklu hærri, tæpur milljarður. En ástæðan fyrir því að stofnanir á borð við Vegagerðina, sem keypti hlut í Speli hf. sem er að grafa sig undir Hvalfjörðinn eins og alþjóð er kunnugt, er sú að sett voru sérlög um þá stofnun sem heimilar henni þetta. Hið sama á t.d. við um Hafrannsóknastofnun. Hafrannsóknastofnun er heimilt að fjárfesta í fyrirtækjum sem stunda rannsóknir á hennar sviði og öðrum fyrirtækjum.

En hvað er það í þessari stjórnun sem gæti verið sveigjanlegra? Er það sjálft stjórnarfyrirkomulagið? Nú stendur til í báðum tilvikum að vera með stjórnir þessara fyrirtækja. Hæstv. samgrh. ætlar að setja stjórn yfir Póst og síma hf. Að vísu á að vera aðeins eitt hlutabréf en þar verður stjórn. Nú spyr ég: Hvað er það nákvæmlega sem verður sveigjanlegra í því fyrirkomulagi? Ég fæ ekki betur séð en í öllum stærri og minni málum hafi Póstur og sími haft mjög mikinn sveigjanleika varðandi lagningu kapals, sæstrengs, varðandi ljósleiðara, varðandi ýmsar fjárfestingar sem sú stofnun hefur ráðist í. Við þurfum því að fá að vita hvað það er nákvæmlega sem stofnunin hefur ekki getað gert en gæti gert með breyttu fyrirkomulagi. Við skulum ekki gleyma því að yfirmaður þeirrar stofnunar sem við erum að tala um að breyta heitir Halldór Blöndal og er hæstv. samgrh. Mér er spurn: Hvað það er sem hann stendur í vegi fyrir að unnt sé að gera núna hjá stofnuninni með óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi? Mér finnst að við þurfum að fá svör við því hvað það er sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn kemur í veg fyrir að fyrirtækið geti gert núna. Hvað er það nákvæmlega í starfseminni sem fyrirtækið getur ekki gert núna? Ég mun gera hlé á máli mínu þar til hæstv. ráðherra kemur aftur í þingsalinn, með leyfi forseta, ef hann ... (**Samgrh.:** Hv. þm. er kunnugt að það heyrist í hliðarherbergjum sem sagt er.) Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra eru kunnar almennar kurteisisreglur. (**Samgrh.:** Ráðherra kann þær.) Það efast ég stórlega um. Þær eru a.m.k. aðrar en sá hefur sem hér talar.

Spurningin var þessi sem ég óska eftir að fá svar við: Hvað er það sem Póstur og sími getur ekki framkvæmt núna undir núverandi stjórn sem hann gæti sem hlutafélag? Er það eitthvað sem hæstv. ráðherra eða ríkisstjórn stendur í vegi fyrir núna að stofnunin geti framkvæmt?

Þegar um það er rætt að fyrirtækið þurfi að vera sveigjanlegt þá hélt ég satt að segja að ekki væru margir sem vildu draga úr eftirliti með þessari stofnun. Ég hélt að það væru ekki margir sem vildu draga úr eftirliti með þessari stofnun sem er metin að verðmæti á milli 20 og 30 milljarða kr.

Ég stóð í þeirri trú — ég geri hlé á máli mínu hæstv. forseti á meðan hæstv. ráðherra á í samræðum í hliðarherbergi. (**Samgrh.:** Ég heyrði allt sem þingmaðurinn sagði, en hann talaði náttúrlega ekki meðan hann þagði.) Það er náttúrlega ekki mikil kurteisi sem menn sýna mönnum og segir okkur meira um það á hvern hátt hæstv. samgrh. hlustar á röksemdir annarra og hvers virði hann metur þær. En það sem ég var að ræða um var með hvaða hætti komið yrði á eftirliti með verðmætum, fyrirtækjum og stofnunum.

Þá eru farnar tvær meginleiðir: Annars vegar er markaðurinn látinn um þetta og hins vegar eru stofnanir látnar undir almannavald og almannavilja eins og gerist með ríkisfyrirtæki. Þess vegna er skírskotað til fjárlaga og fjáraukalaga og sérlög sett um stofnanir. Stofnanir heyra síðan undir framkvæmdarvald sem er háð lýðræðislegu valdi þingsins. Þannig er eftirlitinu háttað, Ríkisendurskoðun kemur við sögu og þar fram eftir götunum. Þetta er það eftirlit sem fyrirtæki og stofnanir á vegum ríkisins lúta.

Hins vegar er annars konar eftirlit. Það er eftirlit markaðarins og það eftirlit fer fram með tvenns konar hætti. Annars vegar er það eftirlit neytandans, kaupanda þjónustunnar og við erum að fara smám saman inn í þann heim þar sem það er að aukast, og hins vegar eftirlit hluthafanna. Við þekkjum að hluthafafundir geta verið ærið stormasamir, minnumst við hluthafafunda hjá Íslandsbanka og Stöð 2 sem hafa komist í fréttir þar sem væringar hafa iðulega verið miklar, en þar er um að ræða eftirlit eigenda, hluthafafundir, þeirra sem eiga hlutafélögin. Þess vegna eru búin til hlutafélög. Nú á ekki að gera þetta, það á ekki að fara þessa braut, ekki að fara þessa leið. Það á að byrja á því, sem ég er alveg sammála, að setja gjaldskrá og hafa eftirlit með þeim hætti. Ég spái því að sett verði verðlagsákvæði eins og gert hefur verið í Bretlandi og víðar þar sem símarnir hafa verið einkavæddir. Reyndar er það svo að á Norðurlöndum þar sem var farið út í hlutafélagavæðingu sögðu talsmenn símafyrirtækjanna að þeir sæju helstan kost við þessar breytingar að þeir fengju frelsi til að haga gjaldskrá eftir eigin geðþótta og markaðsaðstæðum. En þetta hefur yfirleitt ekki verið gert. Það hafa yfirleitt verið sett ákveðin verðlagsákvæði. Í kjölfarið hafa sprottið upp alls kyns stofnanir, OFFTEL t.d. í Bretlandi, eftirlitsiðnaður í sovéskum stíl, til að hafa eftirlit með þessum markaðsvæddu fyrirtækjum. Alls konar eftirlitsstofnanir hafa útnað út á síðustu árum, En hér á að fara allt aðra leið. Hér á að búa til eitt hlutabréf og setja það í forsjá hæstv. samgrh. Með öðrum orðum það á ekki að vera eftirlit hluthafanna, eftirlit markaðarins. Það á ekki að virkja kosti markaðarins, það á ekki að gera það, hvorki í verðlaginu né í hlutabréfaeigninni. Ég er ekki að mæla með því en þeir sem hafa talað fyrir hlutafélagavæðingu og markaðsvæðingu hafa gert það til þess að tala fyrir kostum markaðarins, til að virkja kosti markaðarins en það á ekki að gera það. Það á að búa til eitt hlutabréf og setja það undir einn mann. Hann á að hafa stjórn sér til halds og trausts en þetta er allt undir forsjá eins manns. Það er verið að færa vald frá mörgum til fárra. Það er það sem verið er að gera.

Allt er þetta rökstutt með einhverjum klisjum um aukinn sveigjanleika, markaðsvæðingu, nútímavæðingu og að við verðum að gera þetta. Til hvers? (**EgJ:** Markvissara.) Markvissara. Hvernig? Á hvern hátt? Hvað er það sem hæstv. samgrh. ætlar að gera? Hverju ætlar hann að breyta sem hæstv. samgrh. með hlutabréfið gullna eins og það var kallað sem hann getur ekki og vill gera núna? Hvað er það nákvæmlega? Hvað er það sem verður markvissara? Við skulum fá umræðu um það.

Hvers vegna er það kallað gullna hlutabréfið? Vegna þess að hér hafa komið kennimenn og lærimeistarar sem hafa verið að kenna fólki hvernig eigi að einkavæða fyrirtæki. Þeir hafa ráðlagt að byrja á því að hafa eitt hlutabréf, gullna hlutabréfið hefur það stundum verið nefnt, vegna þess að iðulega sé svo mikil andstaða við svona breytingar að þær ná ekki fram að ganga nema í skrefum. Þannig hefur Hreinn Loftsson, formaður framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu lýst því. Í viðtali við BSRB-tíðindi í febrúar sl. segir hann, með leyfi forseta: „Sumir segja að rekstrarformið skipti öllu en ekki eignarhaldið. Ég er annarrar skoðunar. Það er eignarhaldið sem skiptir öllu. Þetta eru aðskildar ákvarðanir í tíma. Það er í mörgum tilvikum

skynsamlegt að breyta rekstrarformi fyrirtækja fyrst og gera þau að góðri söluvöru áður en þau eru seld. Nokkur ár geta liðið þarna á milli. Menn eiga að hafa þetta í huga. Reynsla erlendra sérfræðinga er eindregið sú að það sé einungis skynsamlegt að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag sé ætlunin að selja það. Hlutafélagavæðingin er bara fyrsta skrefið að mínu áliti."

Að mínu áliti, segir hann. Nú er mér kunnugt um að hæstv. samgrh. er annarrar skoðunar. Hann hefur látið í ljós aðra skoðun og telur heppilegra að hafa fyrirtækið í eigu ríkisins eða þannig hef ég skilið orð hans. En það sem ég fæ ekki skilið er hvað það er sem hann á við með allri þessari „nútímavæðingu" að breyta fyrirtækinu að stofni til með þessum hætti, búa til eitt hlutabréf, setja það undir sjálfan sig og þetta ætla allir að samþykkja hér. Meiri hlutinn stjórnarflokkanna ætlar að samþykkja gagnrýnislaust að færa þessa almannastofnun undan almannavaldi, almannavilja og almennaeftirliti undir einn mann og kalla þetta nútímavæðingu. Hvers konar rugl er þetta eiginlega?

Allar þær stofnanir sem hafa verið einkavæddar með þessum hætti, hlutafélagavæddar fyrst, eru alls staðar seldar. Jafnvel í Noregi þangað sem þingmannanefnd fór sl. haust var sagt að hlutabréf í norska símanum yrðu ekki seld, það ætti að vera eitt hlutabréf í eigu norska ríkisins. Núna er verið að deila því niður til að geta selt. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að menn eru að markaðsvæða þessa starfsemi, láta hlutina ganga kaupum og sölum á alþjóðlegum markaði. Það er ástæðan fyrir því að menn fara út á þessa braut. Ég er ekki á því að það sé hyggilegt að fara þá braut, alls ekki, síður en svo. Enda kemur í ljós að það er að verða mjög mikil samþjöppun á fjármunum á þessu sviði. Peningar renna núna til fjársterkra aðila og stærstu fyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Búið að selja þangað 30–40% í danska símanum sem þýðir að þegar arður er 10 milljarðar fara 3–4 milljarðar til Bandaríkjanna. Þetta gerðist líka í Nýja-Sjálandi. Þar voru gefnar út nákvæmlega sömu yfirlýsingar fyrir aðeins fáeinum árum. Það átti ekki að selja þar heldur. Það liðu nokkrir mánuðir þangað til selt var. Ég hef trú á því að núna gætu liðið kannski þrjú ár. Ég efast ekkert um að menn munu standa við það að selja ekki á þessu kjörtímabili en ef þessir aðilar komast aftur til valda og ef gagnrýnisleysið verður hið sama þá og nú verður það gert. En það verður líka gert vegna þess að menn eru komnir út á braut markaðsvæðingar þessarar starfsemi.

Við þurfum að fá upplýsingar um það nákvæmlega hvað það er sem verður sveigjanlegra, hvað það er í ákvarðanatöku sem er ekki hægt að gera núna. Hvað verður sveigjanlegra og betra? Hvað er það? Halda menn virkilega að menn ætli að taka því endalaust og gagnrýnislaust að það eigi að færa yfirráð yfir einni verðmætustu eign þjóðarinnar eitthvert á bak við tjöldin bara á grundvelli einhverrar klisju um að ekki megi trufla þessa geysilegu markaðsstarfsemi, það megi ekki trufla þessa menn. Í hverju? Í að taka ákvörðun um nýjan sæstreng á morgun eða hvað? Hvað er það sem má ekki trufla? Hvað er það sem er ekki hægt að gera í stofnun sem starfar samkvæmt sérlögum en heyrir áfram undir almannavald og er áfram í eigu þjóðarinnar?

Síðan langar mig til að víkja aðeins að samstarfinu við starfsmenn. Þar hef ég áður og ítreka enn fagnað því að hæstv. samgrh. og þeir sem að þessum málum hafa staðið hafa lýst vilja til þess að taka eins vel á þeim málum og þeir gætu. Sannast sagna hef ég trú á því að þar sé mönnum alvara. Hins vegar er ekkert hlaupið að þessu verki. Ég held að það sé rétt sem fram kom í máli hv. þm. Egils Jónssonar áðan að þegar litið er á söguna nýja og gamla, hafi menn á báðum póstum, stjórnvaldsins megin og starfsmanna megin, viljað hafa sem allra best samstarf og líka um þessa þætti. Þögnin um einkavæðinguna og hlutafélagavæðinguna núna er ekki að mínum dómi vísbending um að allir séu sáttir við það sem er að gerast. Ég held að hún sé einfaldlega raunsætt mat á því hvað það er sem stjórnarmeirihlutinn ætlar að knýja fram. Þess vegna hafi menn komist að þeirri niðurstöðu að við slíkar aðstæður ættu menn að einbeita sér að því að reyna að verja réttindi sín og kjör. Það held ég að sé skýringin. Auðvitað eru mjög skiptar skoðanir innan stórrar stofnunar. En þetta er sú tilfinning sem ég hef fyrir málinu og tel mig hafa hana sæmilega rökstudda. Hins vegar er ekki rétt að fara að gera mönnum upp aðrar skoðanir en þær sem koma beint fram í ályktunum og á prenti. Það sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi er því að menn reyni að ná þeim markmiðum sem voru upphaflega sett með frv. um að tryggja réttindi og kjör.

Náttúrlega væri heppilegast og í rauninni skynsamlegast í því máli að ganga frá samningamálum, réttindamálum og kjaramálum, áður en stofnuninni er breytt í hlutafélag. Það væru náttúrlega hin skynsamlegu vinnubrögð. Þess vegna tek ég undir þá tillögu sem hér hefur komið fram um að þetta mál verði látið bíða. En við eigum náttúrlega eftir að heyra skýringar hæstv. samgrh. á eftir hvað það er sem kæmi samkeppnisaðilum Pósts og síma svona geysilega vel og Pósti og síma svona illa að sama skapi ef þessu máli yrði frestað. Ég kysi helst að algerlega yrði horfið frá því að fara út í þá vitleysu sem mér finnst þetta vera og mér finnst engin sannfærandi rök hafa komið fram sem sýna fram á nauðsyn þess að gera þetta nema síður sé. Ég mundi skilja algera markaðsvæðingu miklu betur. Ég skil markaðsmennina, ég skil þá. Ég er ekki sammála þeim en ég skil þá. Ég skil þá sem segja: Það eru tvær leiðir til að verja þessa starfsemi hér á landi. Annars vegar er það markaðsleiðin, þ.e. að opna fyrirtækin og fara út í alþjóðleg viðskipti, kaupa og selja og fara í samkrull með öðrum aðilum þannig á hlutafélagsgrundvelli, kaupa og selja hluti, hirða ekki um eignarhaldið og keppa síðan á grundvelli verðlags. Þetta er hugsun sem er til. Þessir aðilar segja sem svo: Eftirlit með slíkri starfsemi og þeirri eign sem kann að vera í landinu á þessu sviði sér markaðurinn um, bæði verðlagið á hlutabréfum og einnig eftirlit frá hluthöfum. Þetta er ein leiðin. Ég er ekki trúaður á þessa leið vegna þess að ég held að hún leiði til þess að arðurinn af starfseminni mun fara annað. Þessi starfsemi verður rekin áfram á Íslandi vegna þess að við notum áfram póst og við notum áfram síma og alla þessa þjónustu, það verður arður af þessari þjónustu. Hann mun fara annað með breyttu eignarhaldi. Þess vegna tel ég þetta ekki skynsamlega leið.

Hin leiðin er sú að efla þessa stofnun, Póst og síma, sem fyrirtæki og halda utan um eignarhaldið á henni. Þetta segist hæstv. samgrh. vera að gera. Hann segist vera að nútímavæða stofnunina með því að gera hana að hlutafélagi með einu hlutabréfi sem hann ætlar að setjast á sjálfur. Það á að draga úr almannaeftirliti með þessari dýrmætu starfsemi og loka hana inni í herbergi eins manns. Það er það sem er að gerast og menn ætla að samþykkja þetta. Halda menn að þetta sé einhver spurning um að nútímavæðast? Mér finnst þetta eins lítið sannfærandi og hugsast getur.

Menn hafa haldið því fram að það komi til með að

gagnast starfsmönnum betur að gera þessar breytingar, það muni tryggja störfin og væntanlega laga launin og réttindin, starfsmönnum muni vegna betur. Það eru 5–6 mánuðir í að kjarasamningar eru lausir. Þá kemur að því að sjá þær efndir undir forsjá hlutabréfahafa númer eitt og eina hlutabréfahafans, hæstv. ráðherra Halldórs Blöndals. Þar kemur að því að þeir sjá efndirnar, það er mjög stutt í það.

Nú er það svo að bæði formaður einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, Hreinn Loftsson, ég vitnaði í hann áðan, og fjmrh. hafa lýst því yfir að þeir líti á hlutafélagavæðingu sem fyrsta skref í átt til sölu og einkavæðingar á ríkiseignum. Þau fyrirtæki sem best væru í stakk búin til að ná eignarhaldi á þeirri gullkú sem Póstur og sími er hafa í daglegu tali verið kennd við kolkrabba. Menn hljóta að spyrja sig hvort einkavæðing Pósts og síma muni leiða til enn meiri samþjöppunar á fjármagni og valdi í íslensku þjóðfélagi en verið hefur og þykir þó fæstum á bætandi. En sönnunarbyrðin fyrir þessum breytingum hvílir hjá hæstv. ríkisstjórn, hjá formanni samgn., hjá hæstv. samgrh. Halldóri Blöndal. Hvað er það sem kallar á einkavæðingu Pósts og síma? Eru það alþjóðlegar skuldbindingar? Ekki er það svo. Er það EES eða löggjöf Evrópusambandsins? Ekki er það svo. Þar á bæ er verið að leggja til að einkaleyfi verði afnumin en ekki lagt bann við samfélagslegu eignarhaldi. Eru það kröfur samkeppnisráðs að stofnunin verði gerð að hlutafélagi? Nei, ekki er það svo. Má ríkisfyrirtæki ekki eignast dótturfyrirtæki eða hlutafé í öðrum fyrirtækjum? Ekki er það svo. Hafa allar ákvarðanir Pósts og síma um fjárfestingar farið í gegnum nálarauga fjárln. við fjárlagasmíðina og þannig tafist? Ekki er það svo. Koma einhverjar lagatæknilegar tálmanir í veg fyrir að stofnun eða fyrirtæki í eigu samfélagsins taki óhindrað þátt í markaðsviðskiptum og samkeppni? Ekki er það svo. Hefur sein ákvarðanataka staðið í vegi fyrir tækniframförum? Ekki er það svo. Verður auðveldara að tryggja þjónustu við landsbyggðina eftir einkavæðingu? Ekki er það svo nema síður væri. Mun hinn almenni notandi þjónustunnar hagnast á einkavæðingu? Ekki er það svo nema síður væri. Mun skattborgarinn hagnast á einkavæðingunni? Ekki er það svo nema síður væri. Verður eftirlit með þeim miklu fjármunum og eignum sem almenningur á núna í Pósti og síma betur tryggt? Ekki er það svo. Því mun hraka. Er líklegt að hlutir í Pósti og síma verði seldir þegar fram líða stundir þrátt fyrir yfirlýsingar í gagnstæða átt? Já, tvímælalaust. Munu stórfyrirtæki og fjármagnseigendur geta hagnast á því að eignast Póst og síma? Já, tvímælalaust. Er líklegt að sömu aðilar renni nú vonarauga til þessarar arðbæru stofnunar? Já, tvímælalaust.

Hverra erinda gengur hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn í þessu máli? Því svari hver fyrir sig hvað líklegt sé í því efni. En mér finnst mikilvægt að hæstv. samgrh. og ríkisstjórn verði krafin svara. Það reynum við þingmenn stjórnarandstöðu að gera. Það höfum við reynt margir þingmenn úr þingflokki Alþb. og óháðra eftir fremsta megni og ég hvet fólk til þess að fylgjast með svörunum. Það er verið að fjalla um sameiginlega eign okkar og mikla peningalega og samfélagslega hagsmuni. (**EgJ:** Þarna eru fyrirmælin.)

Margur heldur mig sig, segir ágætt íslenskt máltæki og þegar hv. þm. Egill Jónsson segir að ég hljóti að vera að taka við fyrirmælum, er hann að segja okkur litla sögu og kannski stóra sögu um samskiptamátann og vinnureglurnar í þingflokki Sjálfstfl. Þar fá menn fyrirmælin og það finnst mér reyndar vera það umhugsunarverðasta í öllu málinu. Það er að hægt sé að koma málum þannig fyrir að í umdeildu máli af þessu tagi, af þessari stærðargráðu, þar sem við erum með samfélagslega eign upp á 20–30 milljarða kr., þá reikna ég með því að hver einasti þingmaður ríkisstjórnarinnar muni greiða atkvæði með þessari breytingu og ég hef grun um að margir mundu gera það gegn sannfæringu sinni. Ég get ekki fullyrt um það að sjálfsögðu en eftir því sem menn tala eru uppi ýmsar efasemdir í þessu máli og að sjálfsögðu hafa menn þær. Ég hef trú á því að þeir séu margir markaðssinnarnir í Sjálfstfl. þó að það eigi ekki við um hv. þm. Egil Jónsson sem hefur reynst vera hófsamur skynsemishyggjumaður í flestum efnum og ekki látið glepjast af kreddutrú. En þeir eru margir fyrir hendi, þeir eru margir til markaðssinnarnir, eindregnir markaðssinnar. Ég hef ekki trú á því að þeir séu sáttir við það að hlutafélagavæðingin, þessi einkavæðing verði látin fara fram með þessum hætti þar sem á að velja alla ókosti nýs fyrirkomulags og enga kosti. Það á að markaðsvæða án þess að nýta kosti markaðarins. Þetta er allt afgreitt með þeim hætti að tala óljóst og þokukennt um nútímavæðingu og meiri sveigjanleika og þar fram eftir götunum. En þetta hefur vakið ýmsar spurningar hjá mér, reyndar ekki bara í þessu máli heldur í þeim frumvörpum sem hér hafa verið samþykkt, frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem er kyngt átakalaust af hálfu stjórnarflokkanna og þingmanna stjórnarinnar. Þess vegna er ekkert að undra þegar mér eru réttar upplýsingar frá samflokksmanni mínum úr þingflokki Alþb. og óháðra með upplýsingum um þinghaldið að sjálfstæðismenn dragi sínar ályktanir. Þar fá menn fyrirmæli. Það er ekkert að undra að menn skuli hugsa á þennan veg sem starfa undir slíkum járnaga. Það er ekki að undra.

Hæstv. forseti. Ég á sem betur kost á því að taka aftur til máls í 2. umr. og mun að sjálfsögu nýta mér það þegar þar að kemur en ég hef spurt hæstv. samgrh. margra spurninga. Ég hef beint ýmsum spurningum til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, formanns samgn., sem talaði upphaflega fyrir þessu máli og færði þau ítarlegu rök fyrir því að einkavæða Póst og síma að allir hinir væru að gera það og þess vegna þyrftum við að gera það líka. Hæstv. samgrh. hefur talað um nauðsynina að búa til sveigjanleikann og auka valdið innan stofnunarinnar, að það þurfi að nútímavæða og markaðsvæða en gerir það með þeim hætti að búið er til eitt hlutabréf sem er sett undir hann sjálfan. Ég vænti þess að fá núna greinargóð svör frá þessum aðilum sem gætu orðið til þess að varpa ljósi á málið og orðið okkur sem viljum taka þátt í umræðunni hvatning fyrir næstu lotu um málið því að ég hef trú á því að það eigi eftir að verða mikil og ítarleg umræða um einkavæðingu Pósts og síma. Við skulum bara kalla þetta réttum nöfnum. Menn eru orðnir svo feimnir við eigin verk að það er í tísku núna að tala um formbreytingu. Formbreyting heitir það þegar menn stíga fyrstu einkavæðingarskrefin.

Ég hef vitnað í formann framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu sem hefur lýst hvað það er sem vakir raunverulega fyrir mönnum. Það er kannski það alljótasta í þessu máli þegar verið er að blekkja fólk, að segjast vera að gera eitthvað annað en menn eru að gera í raun.

[18:46]

Útbýting þingskjals:

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, 89. mál, nál. samgn., þskj. 1099.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:48.

---

154. FUNDUR

fimmtudaginn 30. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 1058, brtt. 1061. — 3. umr.
2. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 407. mál, þskj. 1102. — 3. umr.
3. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 464. mál, þskj. 799. — Frh. 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 407. mál, þskj. 1102.

Sveigjanlegur vinnutími í ráðuneytum og ríkisstofnunum, 326. mál, svar fjmrh., þskj. 1100.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 1058, brtt. 1061.

[10:02]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er að hefjast 3. umr. um margnefnt frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ræða það miklu meira enda gerðust ekki þau tíðindi varðandi þetta mál eins og í málinu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna að það þyrfti að kalla það aftur til nefndar og gera á því 30–40 breytingar. Það var löngu orðið ljóst að meiri hlutinn var ekki reiðubúinn til þess að gera frekari breytingar á málinu eða kalla það til baka hvað sem kann að gerast í síðustu umræðu. Það má alltaf reyna að koma vitinu fyrir meiri hlutann til síðustu stundar en við sjáum hvað setur varðandi það atriði.

Frá því að 2. umr. lauk er einnig lokið þingi Alþýðusambands Íslands í tilefni af 80 ára afmæli sambandsins. Eins og við var að búast ályktaði það þing um málið og þingfulltrúar létu sjá sig margsinnis á pöllum til þess að ítreka andstöðu sína við frv. Því stendur eftir sú spurning þegar við erum að hefja 3. umr.: Ætlar ríkisstjórnin ekkert tillit að taka til þessara mótmæla? Ætlar hún virkilega að hleypa öllu í bál og brand í haust? Það er alveg ljóst að það verður látið reyna á þessi lög með ýmsum hætti. Það má telja algerlega ljóst, t.d. ákvæði um viðræðuáætlanir og ýmislegt fleira. Við hljótum að spyrja okkur eftir að það er orðið nokkuð ljóst hver niðurstaðan er í málinu: Hvert stefnir ríkisstjórnin með þessum vinnubrögðum og hvað er hún eiginlega að gera? Er verið að gera einhvers konar valdamælingu í samfélaginu, hver er sterkastur, hver getur beitt yfirgangi, hvern er hægt að brjóta niður eða valta yfir í þessum málum eða hvað er eiginlega á seyði? Það mun reyna mjög á stéttarfélögin í haust þegar þau fara að sýna styrk sinn í viðræðum, samningum og hugsanlega í ýmiss konar aðgerðum. Ég fæ því ekki betur séð en með samþykkt þessa frv. sé verið að stefna öllu í átök. Það er afar sérkennilegt þegar ríkisstjórn gengur fram með þessum hætti og ber málin þannig fram að þau vekja svona mikla andúð og mikil viðbrögð annars aðilans er alveg ljóst að það er verið að taka málstað annarrar hliðarinnar á kostnað hinnar.

Við erum svo sem búin að fara í gegnum þetta allt saman en eftir stendur þetta: Hvert er ríkisstjórnin að stefna með þessu og hver er stefna hennar hvað varðar það sem við getum kallað vinnumarkaðsmál eða vinnumarkaðshagfræði? Þetta er afar margslungið mál og við í minni hlutanum höfum oft tekið upp þessa umræðu um stefnur sem eru uppi í vinnumarkaðshagfræði, annars vegar norræna og evrópska módelið og hins vegar þessi nýsjálenska leið eða leið einstaklingssamninganna. Ég las út úr upphaflegu frv. og álitsgerðinni sem fylgdi í upphafi málsins frá nefndinni sem var að störfum að norræna módelið væri sú leið sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins vildu fara með stórum heildarsamningum. En eins og niðurstaðan er orðin í málinu fæ ég ekki betur séð en þetta sé allt saman komið í einn hrærigraut og spurningin er enn þá þessi og ég vildi gjarnan fá hæstv. félmrh. til að ræða einmitt þessa hlið á málunum, þ.e. þessa vinnmarkaðshagfræði og vinnumarkaðsstefnu. Er hann þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að beina samningum inn í einn farveg og telur hann að það komi heim og saman við þá samfélagsþróun sem hér er að verða og einnig þá þróun sem er að verða í tengslum við sífellt opnari vinnumarkað? Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að ríkja samningsfrelsi. Hinir ýmsu aðilar eigi að hafa rétt til þess að semja um kaup og kjör, þetta eru grundvallarréttindi. Hitt er svo annað mál um hvað menn koma sér saman hugsanlega í stórum hreyfingum eða stórum félögum en samningsrétturinn er grundvallarmannréttindi. Hinn endinn á málinu er að menn séu komnir yfir í það að vera nánast með einstaklingssamninga eins og okkur hefur verið tjáð að sé að gerast t.d. í Svíþjóð, meira að segja meðal opinberra starfsmanna. Þar hefur verið farið meira og meira í að gera einstaklingsbundna samninga. Þetta býður upp á mikla mismunun, mikið launamisrétti, launalengd og fleira slíkt sem er ekki æskilegt. Greinilegt er að miklar breytingar eru að eiga sér stað og við verðum að gera okkur grein fyrir því hvert stefnir. Í máli ýmissa þeirra sem sendu inn álit til félmn. og tjáðu sig um þessi mál var þetta atriði um styrk lítilla félaga. Ég held að hæstv. félmrh. hafi margnefnt það sjálfur sem þeir kalla þegar þessi litlu sterku félög eru að skríða upp eftir bakinu

á öðrum og fá betri samninga. Þar er um að ræða félög sem hafa mjög sterka stöðu á vinnumarkaðnum.

Þeir hafa líka samningsfrelsi. Þeim ber að hafa samningsfrelsi. En frv. tekur ekki á nokkurn hátt á þeim vanda ef ber að skilgreina þetta sem vanda. Það nær ekki á nokkurn hátt utan um þetta sem manni heyrðist vera meginvandamál og megintilgangur þessara breytinga. Ég vísa þar t.d. til ummæla fulltrúa Vinnumálasambandsins sem tjáðu sig alveg sérstaklega um þetta og hvað það væri blóðugt að horfa upp á það þegar þessi minni en sterku félög koma eftir á og knýja fram betri samninga í krafti samningsstöðu sinnar en á þessu er alls ekki tekið í þessu frv. ef það er yfir höfuð hægt.

Í ljósi þess sem ég hef verið að kynna mér um þessi mál og þær miklu breytingar, sem eru að verða á vinnumarkaði, hef ég efasemdir um að sú stefna að reyna að stýra öllu inn í einn farveg eins og gekk svo ágætlega í Svíþjóð á meðan allt lék í lyndi sé framkvæmanleg þegar menn eru komnir í þá stöðu að vera að keppa um vinnuaflið, bæði innbyrðis á markaði og jafnframt á milli landa. Ég er fyrst og fremst að tala um þetta sérhæfða vinnuafl því að eins og ég rakti í síðustu umræðu hefur sú breyting átt sér stað að laun hafa lækkað hjá hinum almennu launþegum en þau hafa hækkað gífurlega hjá fólki sem hefur sérmenntun.

Síðan er líka þetta mikla vandamál, atvinnuleysið. Af *því að þetta verður væntanlega síðasta tækifærið til* þess að ræða vinnumarkaðsmál áður en þingi lýkur get ég ekki látið hjá líða að koma aðeins að atvinnuleysinu og vekja sérstaka athygli á því að við í félmn. höfum einmitt verið að fjalla þar um frv. um reynslusveitarfélög sem við afgreiddum reyndar út úr nefnd í gærkvöldi. Í því sambandi vorum við að kynna okkur ýmislegt sem tengist atvinnuleysinu og þá kom upp sú nöturlega staðreynd að atvinnuleysið í Reykjavík er meira núna en það var á sama tíma í fyrra, það er meira meðan það er að draga úr atvinnuleysi úti á landi. Sá aukni afli og sá uppgangur, sem víða má sjá, skilar sér í minna atvinnuleysi úti á landsbyggðinni en það gerist ekki í Reykjavík. Annaðhvort gerist það síðar eða það er einfaldlega komið upp það ástand að það gerist ekki.

Þá kem ég að því sem ég var að rekja úr bandarísku greininni, sem ég gerði að umtalsefni við 2. umr., að meðan fyrirtækin hafa verið að taka til hjá sér eins og þau hafa verið að gera í mjög ríkum mæli hér á landi hafa menn fyrst og fremst verið að fjárfesta í tækni. Það hefur verið fjárfest í hagræðingunni en brugðist við með þeim hætti að fækka fólki og við erum einfaldlega með þessa staðreynd að í Reykjavík eru þúsundir atvinnuleysingja. Þar af er stór hópur sem er á aldrinum 17 ára upp í 25 ára og þetta er gífurlegt alvarlegt mál. Þó að efnahagslífið sé að taka við sér megum við ekki horfa fram hjá því að því miður bendir allt til þess að atvinnuleysi á bilinu 4–6% sé orðið varanlegt. *Það bendir því miður allt til þess.*

Ég hvet hæstv. félmrh. til þess að nýta sumarið eða næstu vikur til þess að setja í gang rannsókn á orsökum atvinnuleysis. Menn hafa einbeitt sér mikið að afleiðingum og það er mjög mikilvægt að átta sig á því hverjar eru afleiðingarnar en til þess að ná einhverjum tökum á vandanum verða menn að gera sér grein fyrir orsökum. Ég minnist þess að í frv. til fjárlaga fyrir um tveimur árum voru töluverðar vangaveltur höfunda þess frv. um atvinnuleysið og orsakir þess og ég hef ekki þann texta fyrir framan mig. Þar voru ýmsar athyglisverðar kenningar en ég held að þetta sé mál sem við þurfum að skoða mjög rækilega. Enda þótt atvinnuleysið sé ekki nema 4–6% er það samt nógu alvarlegt. Þetta er mjög alvarlegt mál, ekki síst í litlu samfélagi og að menn fari að horfa upp á það hér að jafnvel í sömu fjölskyldunum séu 2–3 kynslóðir atvinnuleysingja eins og menn hafa upplifað bæði í Bretlandi og Danmörku. Þetta er vandamál sem við þekkjum frá öðrum löndum en þurfum að greina á okkar hátt og reyna að átta okkur á því hverjar eru orsakirnar og hvað er hægt að gera við vandanum.

*Menn hafa einblínt mjög mikið á menntun sem er mik*ilvæg. Það er mjög mikilvægt ekki síst að byggja upp einstaklingana og þá get ég aftur vitnað til þess að við fengum dæmi um það frá ýmsum aðilum hvað hefur verið gert í menntamálum og að reyna að byggja einstaklingana þannig upp að þeir þori út á vinnumarkaðinn, að þeir þori að takast á við lífið því að langvarandi atvinnuleysi er svo niðurbrjótandi fyrir sjálfsmyndina. Annars vegar þurfa að verða til störf en eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á í gærkvöldi, og hann hefur töluvert velt þessum málum fyrir sér, skiptir líka miklu máli að koma einstaklingunum áleiðis til þess að fara að skapa sjálfir, til þess að taka á málum sínum eins og við höfum raunar mörg dæmi um, ekki síst utan af landi. Þá hugsa ég einkum til kvenna og þess framtaks sem þar hefur orðið vart varðandi ýmiss konar atvinnusköpun, handverk o.fl. sem hefur skapað töluverða vinnu, en við þurfum að horfa á þennan alvarlega vanda í heild.

Ég nefni það aftur að það er mjög sláandi að vandinn skuli vera langmestur í Reykjavík og að ekki skuli draga úr atvinnuleysinu hér. Reyndar spáir Þjóðhagsstofnun því, og þeir eru mjög glöggir þar að mínum dómi, að þrátt fyrir efnahagsbatann muni ekki draga úr atvinnuleysinu meira en orðið er. Það verði á þessu bili. Þeir hafa ekkert breytt sínum spám hvað það varðar. Eins og ég sé þessi vinnumarkaðsmál finnst mér þetta vera svo miklu brýnna viðfangsefni og svo miklu brýnna að ná samstöðu um það að taka á þessum málum en vera að keyra á verkalýðshreyfinguna og breyta því starfsumhverfi og þeim lögum og reglum sem stéttarfélögin eiga að vinna eftir. Í stað þess að menn einbeiti sér að hinum *raunverulega vanda vinnumarkaðarins er efnt til styrjaldar* við stéttarfélögin í landinu. Í stað þess að verkalýðshreyfingin geti einbeitt kröftum sínum að úrbótum hvað varðar atvinnuleysið og það að taka á sínum innri málum eru þeir komnir í styrjöld við ríkisvaldið og munu fram eftir hausti og vetri vera í átökum við ríkisvaldið.

Hvers konar áherslur eru þetta? Hvert stefnir svona pólitík? Ég spyr hæstv. félmrh.: Hefði ekki verið brýnna að reyna að sameina menn um það að taka á vandanum í stað þess að vera með þessar einskis nýtu breytingar sem menn eru alls ekki sammála um? Ég get endurtekið það hér að ég fæ ekki séð að þær breytingar sem verið er að gera á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur muni leiða til neinna úrbóta í *þessum málum hafi þeirra yfir höfuð verið þörf. Menn voru* að þróa sig áfram í vinnubrögðum. Ef einhvers staðar var þörf og get ég endurtekið það enn einu sinni þá er það hjá ríkisvaldinu og samninganefnd ríkisins og ef einhvers staðar var þörf á viðræðuáætlunum þá var það þar.

Þetta voru þær spurningar sem ég vildi koma á framfæri við síðustu umræðu. Ég ítreka andstöðu mína við þetta mál og harma enn og aftur að ríkisstjórnin skyldi fara þá leið að efna til átaka við stéttarfélögin í stað þess að reyna að einbeita sér að þeim málum sem þarf raunverulega að taka á. Fyrir utan atvinnuleysismálin er það að reyna að jafna kjörin og reyna að bæta hag þeirra lægst launuðu með ýmsu móti.

Ýmsar leiðir eru til þess eins og við þekkjum úr hagkerfi okkar en jafnframt hefði verið ástæða til þess að ræða og fara rækilega í gegnum þá stefnu sem verkalýðshreyfingin og þar á meðal þing ASÍ hefur rætt í þessum málum sem er einmitt sú leið að félög, landssambönd, geri samninga beint við vinnuveitendur sína. Það er greinilegt að gagnrýnin á þá miklu miðstýrngu sem ríkir hjá Vinnuveitendasambandinu hefur aukist mjög og menn telja að sú stefna sem VSÍ rekur liggi eins og mara á vinnumarkaðnum. Maður hlýtur að spyrja sig í hverra þágu sú stefna sé. Hún hefur leitt til þess að við búum við margfalt launakerfi, launakerfi sem byggist á alls konar yfirborgunum og duldum greiðslum vegna þess að mjög margir vinnuveitendur vilja borga sínu fólki vel. Þeir vilja borga vel. Mig minnir að það hafi verið á Vestfjörðum sem voru gerðir samningar fyrir nokkrum árum sem Vinnuveitendasambandið varð alveg vitlaust yfir og heimtaði að þeir tækju samningana til baka. Eins og ég hef margoft komið að ríkir einhver afar sérkennilegur hugsunarháttur í Garðastrætinu. Ég veit ekki hvort það er einhver andi frá Ólafi Thors í húsinu sem leggst svona á þá. Þó var hann ekki frægur fyrir stífni eða neitt slíkt heldur var hann mikill maður mannúðar og reyndist mörgum vel, sá merki pólitíkus þó að hann væri mikið íhald eins og menn sögðu oft á árum áður. Það er a.m.k. enn stefna ríkjandi þarna hjá Vinnuveitendasambandinu sem mér finnst ekki vera á nokkurn hátt í takt við tímann og ég held að geti orðið hættuleg íslenskum vinnumarkaði, samkeppnishæfni fyrirtækjanna, bæði innbyrðis og á milli landa. Við verðum að átta okkur á því og taka tillit til þess að við erum orðinn hluti af stórum vinnumarkaði og við þurfum að laga okkur að því eins og menn hafa verið að taka stefnuna á að átta sig á kjörum á Norðurlöndum og reyna að marka stefnu í þá veru að við náum þeim lífskjörum sem þar ríkja þó að þau séu breytileg. Þar eru líka að eiga sér stað miklar breytingar en við erum í þessu umhverfi, við megum ekki sitja og hafast ekkert að meðan fjöldi fólks sér sér ekki annan kost vænni en flytja úr landi. Öll þessi mál, hæstv. félmrh., eru miklu brýnni en það að vera að efna til átaka og ófriðar og ég hvet hæstv. félmrh. enn og aftur til þess að marka stefnu í vinnumarkaðsmálum, í friði við stéttarfélögin og vinnuveitendur og menn einbeiti sér að því að horfa til framtíðar. Ég hvet hann eindregið til þess að leggja vinnu í að gera könnun á orsökum atvinnuleysis hér á landi og jafnframt að menn leiti leiða til þess að draga úr þessu vaxandi launamisrétti sem hér á sér stað eins og reyndar annars staðar. Við erum ekkert sérstök hvað það varðar.

En allra síðast, hæstv. forseti, hvet ég hæstv. félmrh. til þess að draga þetta frv. til baka og kalla saman aðila málsins þannig að menn geti nýtt sumarið til þess að komast að samkomulagi um þær leikreglur sem hafa reyndar verið í mótun. Menn verða þar að taka tillit til mismunandi aðstæðna opinberra starfsmanna og þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði en það hlýtur að vera samfélaginu og framtíð þjóðarinnar til góðs og það besta sem við getum gert er að reyna að vinna hlutina í sameiningu, samráði og friði.

[10:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir þessa ræðu, en alveg sérstaklega þakka ég henni fyrir góða formennsku í hv. félmn. þar sem þetta þarfa og góða frv. fékk mjög málefnalega vinnu. Sumt var tekið út úr því vegna þess að menn höfðu efasemdir um að það samræmdist alþjóðasamningum og mannréttindum en annað stóð eftir og ég tel að frv. hafi batnað mjög mikið. En ég er með nokkrar spurningar til hv. þm.

1. Telur hv. þm. að stéttarfélögin muni setja markmið átaka og valdabaráttu ofar markmiðum um hærri laun og betri kjör fyrir hið vinnandi fólk?

2. Telur hv. þm. að viðræðuáætlanir séu ekki til góða fyrir verkalýðsfélögin, stéttarfélögin, sem kröfðust þess einmitt og hafa kvartað undan því að hafa ekki fengið viðsemjendur sína að borðinu?

3. Telur hv. þm. að frv. ef að lögum verður muni breyta einhverju fyrir sæmilega virk stéttarfélög þar sem t.d. helmingur félagsmanna tekur allan jafna þátt í kosningum og fundum? Þar á ég við þröskuldana sem eru í frv.

4. Nú voru mikil átök á ASÍ-þingi og lá við að ASÍ klofnaði. Sumir hafa talið að hæstv. félmrh. hafi þjappað verkalýðshreyfingunni saman. Telur þingmaðurinn að hæstv. félmrh. hafi forðað ASÍ frá því að springa?

[10:28]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að félmrh. hafi ekki komið mikið nálægt þeim deilum. Þar er annað á ferð og allur aðdragandi málsins og þingsins hverfur ekki og spurningar um verkaskiptingu og annað slík hverfur ekki þó að menn séu í deilum á öðrum vettvangi.

Hvað varðar fyrstu spurninguna er einfaldlega búið að storka verkalýðshreyfingunni mjög illilega og setja henni stólinn fyrir dyrnar og grípa inn í innra skipulag verkalýðsfélaganna í landinu sem þau telja mjög alvarlegt mál og munu þess vegna bregðast við þó að ég trúi ekki öðru en að þau láti meginhagsmuni félagsmanna sinna ráða för. En það að hafa vald á samningaferlinu, það að hafa réttinn til þess að semja, réttinn til þess að boða verkföll er grundvallaratriði í kjarabaráttunni.

Hvað varðar þessar viðræðuáætlanir var það ein af fáum góðum hugmyndum sem var í upphaflegu frv. En eins og útfærslan er þá held ég að þetta verði því miður nánast óframkvæmanlegt því að hugmyndin var sú að það væru hinir stóru aðilar sem væru með samningamálin í sínum höndum. Þannig var þetta allt byggt upp með tengingarreglunni og öllu því. En eins og málin hafa þróast þýðir þetta einfaldlega það að hvert einasta félag, jafnvel einstakar deildir innan félaga, þurfa að gera viðræðuáætlanir. Eins og þingmaðurinn minnist eflaust spurði fulltrúi Vélstjórafélags Íslands um hvað ætti að ræða á meðan menn væru að bíða eftir línunni. „Ideen er god nok" eins og maður segir á dönsku og hún gengur vel einmitt ef menn eru í svona samfloti. En það að skylda hvert einasta félag til að fara út í viðræðuáætlun skapar að mínu mati kaos, því miður. Hvað varðar sæmilega virk stéttarfélög þá held ég í raun og veru að þessir þröskuldar muni ekki trufla þeirra starfsemi, enda er það ekki mergurinn málsins. Málið er það að hér er löggjafinn að grípa inn í og setja stéttarfélögunum reglur sem þau eiga að setja sér sjálf af því að þetta eru frjáls félagasamtök. Rétt eins og íþróttahreyfingin, kirkjufélög, eða hvað ég á að nefna, setja sér sínar reglur. Þau hafa gert það í meira en hundrað ár hér á Íslandi og ég kannast ekkert við að það hafi valdið miklum erfiðleikum. Eins og ég rakti hér áðan, hæstv. forseti, felast

stærstu vandamál vinnumarkaðarins ekki í innra skipulagi verkalýðshreyfingarinnar.

[10:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að taka til við 3. umr. um stéttarfélög og vinnudeilur. Mér var tjáð það hér á göngunum fyrir skömmu að umræðan um þetta mál og frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna yrði sennilega búin að standa um 100 klst. þegar þessum tveimur málum lyki. Spyrja má hvort það að hafa eytt 100 klst. af dýrmætum tíma Alþingis sé til fyrirmyndar eða hvort það sé eitthvað sem ætti fremur að fela en draga fram. Spyrja má hvort það sé ekki fyrst og fremst til umhugsunar fyrir okkur öll sem hér störfum og leggjum ómælda krafta okkar af mörkum til að reyna að beina málum á betri veg hvers vegna það gerist að Alþingi Íslendinga eyðir 100 klst. á löggjafarþinginu til að ræða tvö frv. sem bæði snúa að réttindum þegnanna, að réttindum launafólks á vinnumarkaði á Íslandi og sem eru bæði komin fram við þær aðstæður að hvorki næst sátt um við opinbera starfsmenn að setja lögin né sátt um innihald laganna. Það næst ekki sátt um það við gjörvalla verkalýðshreyfinguna að setja lög hér á Alþingi um stéttarfélög og vinnudeilur. Það næst heldur ekki sátt um innihald þeirra laga sem hér eru brátt að líta dagsins ljós. Þetta hlýtur að vera það sem vekur okkur til umhugsunar um það hvert við erum komin í störfum okkar hér og hvert ríkisstjórn og stjórnarflokkar stefna sem þannig kjósa að vinna og hvert hlutverk okkar í stjórnarandstöðu er. Á þessum vordögum þegar allt hefur verið að vakna til lífsins fyrir utan glugga Alþingishússins og þegar við höfum horft dag eftir dag á birtu og yl breyta Austurvelli í blómahaf og gróðurvin höfum við staðið hér daga og kvöld og fram á nætur og rætt hvort réttlætanlegt sé að setja slík lög og rætt hvert innihald þeirra er. Ég spyr hvort það eigi að vera okkur til umhugsunar hvert hlutverk stjórnarandstöðu sé. Fyrir mér hefur hlutverkið verið nokkuð skýrt. Það er svo annað mál hvort við störfum samkvæmt því hlutverki eða hvort við förum út af sporinu. Mín skoðun er að hlutverk stjórnarandstöðu sé að veita aðhald, að andæfa gegn vondri pólitík sem stjórnarflokkar viðhafa, að vera með málefnalega umfjöllun og hafa þar með áhrif á mál sem koma frá ríkisstjórn og stjórnarflokkum þannig að horfi til betri vegar þegar afgreiðsla verður endanleg. Að sjálfsögðu er það okkar hlutverk að vekja til umræðu um hin ýmsu þjóðfélagsmál og flytja mál þótt hin beiska reynsla þingmanna almennt, og skiptir þá ekki máli hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, sé sú að þingmannamál fá yfirleitt ekki afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Brtt. sem meiri hluti flytur verða gjarnan til fyrir tilstilli stjórnarandstöðu. Það er stjórnarandstaða sem fyrst og fremst kallar eftir álitum utan úr þjóðfélaginu og frá fagaðilum. Það er stjórnarandstaðan sem vekur athygli á því sem hún telur miður fara í viðkomandi frv. Það er stjórnarandstaðan sem leiðir gjarnan til umfjöllunar sem verður til þess að mál eru lagfærð þannig að þau verða í skárri búningi þegar þau verða að lögum frá Alþingi. Það er oft þannig að stjórnarandstaðan er með viðbótartillögur og mikilvægar tillögur sem hún flytur sjálf við mál án þess að þær nái fram að ganga.

Það er umhugsunaratriði að deilumál skuli yfirleitt skila sér best út til þjóðfélagsins og vekja þau viðhorf að á Alþingi séu gjarnan átök um mál, að alþingismenn séu í upphrópunarstíl, að alþingismenn standi í deilum jafnvel um hin bestu mál og að pólitík sé að takast á um einhverja ósýnilega flokkapólitík í öllum málum. Þetta er vegna þess að þegar góð samstaða er í málum er það ekki fréttnæmt. Það er því sjaldan sem fjöldinn veltir því fyrir sér við hvaða aðstæður lög urðu til, hvort stjórnarandstaðan lagði málum lið og hvort lögin sem í dag voru samþykkt frá Alþingi voru sett í fullkominni sátt þar sem stjórn og stjórnarandstaða lögðu saman og unnu að málinu þannig að úr varð sátt. Tilfellið er að flest mál sem eru unnin hér á Alþingi eru afgreidd héðan í mikilli sátt. Og þannig er það reyndar í sveitarstjórn að þeir sem þar hafa starfað gera sér grein fyrir því að sennilega ekki færra en 95% mála fer í fullri sátt í gegnum bæjarráð og bæjarstjórn. En það eru hin fáu prósent deilumála sem oft skekja bæjarfélögin og verða tilefni deilu og umræðna. Auðvitað fara ekki fjárlögin fram í sátt þótt oft sé það þannig að stjórnarandstæðingar styðji stjórnarliða í ákveðnum málum. Og grundvallarmál í stefnu ríkisstjórnar sem endurspeglar flokkapólitík verður oft þannig að lögum sem stjórnarandstaðan stendur ekki að.

Í leiðara eins dagblaðsins í dag má lesa þetta, virðulegi forseti:

„Í sandkassaleik stjórnmálanna er það einföld regla að allt sem ríkisstjórnin gerir er vont – það er að segja ef maður er í stjórnarandstöðu. Sé maður hinsvegar í ríkisstjórn er stjórnarandstaðan afgreidd sem tækifærissinnuð, neikvæð og ómálefnaleg. Svona eru stjórnmál í stórum dráttum á Íslandi og þessvegna heyrir til algerra undantekninga ef fram fara umræður á Alþingi sem sæta tíðindum fyrir annað en þras og rifrildi. Þar er sjaldan eða ekki rætt um grundvallarmál, um stefnumörkun til framtíðar, um brýnustu viðfangsefni þjóðarinnar öðruvísi en með upphrópunum og lúnum slagorðum."

Þessi leiðari endurspeglar viðhorf sem eru algeng í þjóðfélaginu. Þessi leiðari endurspeglar það að menn eru uppteknir af andstæðunum í pólitískri umræðu og það er ekki rétt sem stendur í þessum leiðara. Hins vegar finnst okkur mörgum að málefnaleg umfjöllun mikilvægra mála, mikilvægra þjóðmála, mikilvægra vandamála eins og t.d. vímuefnamála fái ekki á sig það kastljós sem mörg okkar vildu. Mörg mál sem hefur verið tekist á um hér í þessum sal, jafnvel í prúðmennsku, verða ekki fréttaefni. Stórmál eins og grunnskóli og framhaldsskóli, einhver mikilvægustu mál í framtíðarsýn okkar Íslendinga vegna þess að þau leggja grunninn að því á hvern hátt við ætlum að stefna inn í framtíðina með ungviði þessarar þjóðar, á hvern hátt við ætlum inn í næstu öld, fá ekki mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Um þau er ekki fjallað í umræðuþáttum í sjónvarpi eða útvarpi. Þeirra er e.t.v. getið með nokkrum orðum af samviskusömum fréttamönnum dagblaðanna sem nefna um hvað hafi verið fjallað, hvað hafi þótt gott og hvert stefni.

Hitt er svo annað mál að það má segja að ríkisstjórnin hafi ekki tamið sér það fyrir utan stefnuræðu forsrh. að setja fram skilmerkilega stefnumarkandi umræðu um hvert hún stefnir á fjögurra ára tímabili sínu, hverju hún ætli að ná fram, fyrir hverju hún stendur eða stofngrunn þeirrar ríkisstjórnar sem fer með völd hverju sinni. Þess vegna, virðulegi forseti, leyfi ég mér í þessu stórpólitíska máli um stéttarfélög og vinnudeilur að vera með vangaveltur um ríkisstjórn og stjórnarflokka, um pólitík og aðferðafræði. Til hvers er ríkisstjórn stofnuð? Um hvað og til hvers og hvert stefnir hún? Það hefur oft verið tekist á um þá ríkisstjórn sem minn flokkur átti aðild að á síðasta kjörtímabili. Það var tekist á um það innan flokksins, milli flokka, hér í þessum þingsal og víðar.

Það gera allir sér grein fyrir því að eitt af meginatriðum þess að Alþfl. fór í samstarf með Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili var að hann taldi að það væri gífurleg þörf á breytingum sem gerðu nýsköpun mögulega hér hjá okkar þjóð og til þess þyrfti að leiða okkur inn í ákveðið samstarf meðal Evrópuþjóða sem mundi leiða til þess að auka möguleika okkar í samkeppni hjá þjóðinni, í iðnaði, í framleiðslu og ekki síst í að nýta þá auðlind sem mikilvægust er hjá þessari þjóð, virðulegi forseti, sem er auðlindin í mannfólkinu sjálfu.

Um þá ríkisstjórn sem við höfum verið að takast á við í stjórnarandstöðunni hér á þessum vetri er lítið að segja. Það gerir sér enginn grein fyrir því um hvað hún er stofnuð, til hvers eða hver hennar framtíðarsýn er. Ekki nokkur maður. Nema að hún hefur verið kölluð helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Á okkur virkar þessi ríkisstjórn sem samkomulag um óbreytta stöðu, um vald og um það að halda hlutunum í þeim böndum sem viðkomandi stýriafl velur. Stýriafl, stýriafl. Hvað er stýriafl í þessari ríkisstjórn? Er það Framsfl. sem hefur verið með erfiðu átakmálin á þessum vetri og sem við höfum fyrst og fremst beint spjótum okkar að? Eða er það Sjálfstfl., stóri flokkur allra stétta í gráu þokunni á bak við ríkisstjórnina sem hirðir allan stuðninginn frá þjóðinni? Hvað er stýriaflið? Er ekki fróðlegt að staldra við það hér þegar stefnir í að seinna frv. sem beint er gegn launþegum og frelsi til athafna er að verða að lögum?

Ég lít svo á, virðulegi forseti, að pólitík sé að koma með stefnumarkandi frv. Pólitík táknar beinar aðgerðir til úrbóta í mörgum hagsmunamálum fjölskyldnanna í landinu. Pólitík var t.d. að takast svo harkalega á um EES. Pólitík var að hvetja til umræðu um hvort hagsmunir Íslands væru að leita eftir aðild að Evrópusambandinu og sjálfsagt að takast á um það. Það er stórpólitík. Átökin um það hvort við ættum að gerast aðilar að EES voru svo mikil pólitík að stjórnarandstöðuflokkar klofnuðu. Það er pólitík að takast á um fjárlög og niðurskurð og það er pólitík að takast á um tekjukerfi ríkisins, hver á að borga, hver á að borga hvað, hvenær og vegna hvers. En það er aðferðafræði, virðulegi forseti, að gera eins og Sjálfstfl. Hann vill vera eins og fósturmóðir með milda hönd og skilning á þörfum þegnanna, segja lítið og gera enn minna. Það er aðferðafræði. Hún getur verði smart, svo ég noti slettu sem er vinsæl hérlendis. Það er aðferðafræði að fá efh.- og viðskn. til að flytja umdeilt mál á viðkvæmum pólitískum vetri og keyra mál fram í nokkru flaustri þannig að ekki sé ljóst hvort náðst hafi að binda alla þingflokka í umsaminn þagnarmúr. Og það er aðferðafræði að gera það án þess að ljóst sé hvort viðkomandi tekjutapi verði mætt með einhverjum hætti. Þetta er sérstaklega snjöll aðferðafræði þegar til þess er hugsað hve þau voru mörg velferðarmálin í desember við fjárlagagerðina sem tekist var á um og sem vantaði 5 millj. í og 10 millj. í og 20 millj. í og 25 millj. í. Þetta er snjöll aðferðafræði. Það var aðferðafræði hjá undirritaðri að flytja sem þingmannatillögu tillögu að stefnu í fjölskyldumálum og þrýsta með því á nýjan félmrh. að gera upp við sig hvort hann fylgdi í kjölfarið og setti fram slíka stefnu, vitandi að það yrði þungur róður gagnvart ægivaldi flokksins sem er hinn milda fósturmóðir með skilning á þörfum allra þegna sinna. Og það var aðferðafræði sem lukkaðist vegna þess að svo til óbreytt frv. um fjölskyldumál sá dagsins ljós hér á Alþingi, örlítið breytt að vísu, beittustu tennurnar úr því dregnar. En ég tek hattinn ofan fyrir þessu vegna þess að sá sem það flutti hafði sagt í æsingi hér á haustdögum: Mitt frv. verður ekki væmið kjaftæði á blaði. Þetta var aðferðafræði. Það lukkaðist að ná því fram að fá ráðherra til að flytja fjölskyldustefnu, að svæfa hana á borðum þingmanna er aðferðafræði hinnar mildu fósturmóður sem hefur skilning á þörfum þegna sinna.

Virðulegur forseti. Hvers vegna er ég með þessar vangaveltur núna í frv. um stéttarfélög og vinnudeilur? Af hverju er ég að taka hér pólitíska umfjöllun um stjórnarflokkana og hver á hvað og hver er hvurs, Sjálfstfl. eða Framsfl.? Hvaða áhyggjur er ég að hafa af því þótt Framsfl. hafi svo gjörsamlega kastað af sér hamnum að það dettur ekki nokkrum manni í hug lengur að auglýsa eftir Framsfl. sem síðast sást í selskinnsjakka. Enda sést sá Framsfl. ekki lengur hér í þessum sal. Hvers vegna er ég að velta þessu fyrir mér og draga önnur ólík mál inn? Er það e.t.v. vegna þess að á þessu kvöldi eiga að fara fram eldhúsdagsumræður og þar á að hafa svo snjalla og stutta umræðu og snarpa þannig að hugnist nú þeim sem heima sitja og hafa fengið svo miklar fréttir af því hve hagvöxturinn sé góður og hagur þeirra batnandi að þegnarnir heima hafa ekki í sér eirð til þess að hlusta á langan eldhúsdag um það sem Alþingi Íslendinga hefur staðið fyrir á þessum vetri? Eða er það vegna þess að það hangir saman í einum pakka pólitík og aðferðafræði þannig að það gagnast Sjálfstfl. að vera í grárri, vinsamlegri þoku á meðan samstarfsflokkur í fagráðuneytunum slítur með kerfisbreytingar og niðurskurð? Er það vegna þess að það er ástæða til að vekja athygli á því að hin snjalla aðferðafræði getur breytt yfir óþægilega pólitíska gjörð? Það er að mínu mati hins vegar stórmannlegra, virðulegi forseti, að fara framan að málum, draga fram kosti og galla breytinga, draga fram kosti og galla þess frv. sem lagt er fram, þeirra laga sem verið er að setja og setja fram með skýrum hætti hvaða væntingar menn hafa til áhrifanna af lagasetningunni. Það hefur skort á um þau mál sem hér er verið að fjalla um.

Í þessu frv. og í frv. um opinbera starfsmenn er eiginlega ekki ljóst hvað ráðherrarnir hafa sett fram sem meginatriðin í því að setja lög á þegnana. Það hefur oft verið kallað að setja lög á liðið. Það hefur verið sagt að þessi lög séu sett til að skapa betri aðstæður til kjarasamninga, að það eigi að skapa aðstæður á vinnumarkaði til kjarasamninga og umhverfi á vinnumarkaði sem sé svipað og í Danmörku. En nota bene, í Danmörku hafa menn komið sér saman um þessi vinnubrögð. Menn hafa komið sér saman um aðferðafræðina sem menn beita við að semja um hin dönsku kjör og þess vegna getur áratuga samkomulag um aðferðafræðina sem maður viðhefur til að ná fram dönskum kjörum ekki nýst sem lagasetning með valdi til að skapa aðstæður á íslenskum vinnumarkaði sem gefa dönsk kjör. Því þrátt fyrir allt snúast nú kjörin um það hversu miklu fyrirtækin eru tilbúin að kosta til í auknum launagreiðslum og hversu miklu ríkið er tilbúið að kosta til í öðru sem notað er til launajöfnunar. Í mörgum tilfellum eru það atriði sem við höfum talað um að þurfi að lagfæra eins og breytingar á vaxtabótum og öðru sem reyndist þyngra og ósanngjarnara mál en nokkurn grunaði sem stóð að slíkri lagasetningu.

Það er alveg ljóst að það frv. sem svo breytt er hér að verða að lögum afstýrir því ekki, virðulegi forseti, að smærri hagsmunahópar á vinnumarkaði bíði átekta og klifri upp eftir bakinu á stóru láglaunahópunum sem rutt hafa veginn og eru búnir að semja. Ef mér hefur sést yfir hvað það er í þessu frv., svo breyttu, sem afstýrir þessu þá er það spurning nr. tvö til hæstv. félmrh. Ég vil biðja hann að skýra það mjög nákvæmlega fyrir okkur sem höfum unnið með frv. vegna

þess að það er afar mikilvægt að okkur sé það ljóst.

Það er ekki ljóst og ekki hafa verið færð fyrir því rök við alla þessa löngu umræðu hér sem hefur tekið svo margar klukkustundir og félmrh. hefur heldur ekki verið fær um það á þessum tíma að útskýra hvað nákvæmlega vinnst með þessu frv. og þessum lögum sem stéttarfélögin öll, með fólki úr öllum flokkum, hafa ekki séð og áttað sig á og við sem höfum unnið með það höfum heldur ekki áttað okkur á því. Það er áhugavert, virðulegi forseti, að reyna að átta sig á við hvaða aðstæður frv. var sett fram og þá væntanlega reyna að átta sig á hvaða framtíðarsýn fólst í frv. af hálfu ráðherra og hvað gerðist síðan með frv.

Virðulegi forseti. Ég er hér með lítið ljósrit úr einu dagblaðanna. Það er tafla. Á töflunni stendur: Frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Drög í janúar. Frumvarp. Afstaða ASÍ. Breytingartillögur meiri hluta félmn. Síðan er þar rakið í hvaða tilfellum breytingar voru gerðar og ekki gerðar. En það sem vantar er að þetta yfirlit var unnið þegar fyrstu tillögur meiri hluta félmn. voru lagðar fram og sannarlega átti málið eftir að breytast og umræðan í nefndinni að leiða það í ljós að þetta var ekki nægilegt. Það varð að gera aðrar breytingar ef vel átti að vera og ef ekki átti að brjóta í bága við alþjóðasamþykktir. Og breytingartillögurnar sem við höfum verið að fjalla um hér við 2. umr., virðulegi forseti, eru hvorki meira né minna en í sjö liðum. Það er breyting um að 1. gr. falli brott, það eru viðamiklar breytingar við 2. gr., það eru viðamiklar breytingar við 4. gr., það eru breytingar við 5. gr., það eru talsvert miklar breytingar við 6. gr. og það eru litlar breytingar við 8. gr., og 9. gr. felld brott. Ef við lítum til þess, virðulegi forseti, hvað þetta frv. er nú í raun og veru lítið og fáar greinar þá segir þetta meira en nokkuð annað um ástand þessa máls þegar það var lagt fram hér á borð þingmanna og skortinn á framtíðarsýninni sem átti að vinnast með þessu frv., skortinn á að hafa yfirsýn yfir það hvað maður var að gera, hvað átti að nást fram, hvernig lög áttu að verða til. Ég vil taka sérstaklega fram að breytingarnar eru allar til bóta, virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 16. þm. Reykv., Pétri H. Blöndal, að það hefur farið fram afargóð umræða í félmn. undir styrkri forustu Kristínar Ástgeirsdóttur, hv. 14. þm. Reykv. Félmn. hefur ekki legið á liði sínu. Stjórnarandstaðan hefur hvergi látið deigan síga við að fara í efnislega umfjöllun um hvert einasta atriði í þessu frv. þótt hún væri því ósammála. Og þótt hún væri ósátt við að það væri verið að setja lög í ósætti við gjörvalla verkalýðshreyfinguna birtist það ekki þannig að stjórnarandstæðingar færu í einhvern léttleika tilverunnar, skrópuðu í nefndinni eða létu sig ekki málin varða. Efnisleg umfjöllun um hverja grein, öflug umræða, öflugar kraftmiklar spurningar til allra þeirra sem komu á fund nefndarinnar, beðið var um álit og þau skoðuð í þaula þar til þeim sem þarna sátu var ljóst að frv., ef það hefði orðið að lögum eins og það var sett fram hér í upphafi, hefði ekki orðið neitt minna en skandall. Ekki neitt minna en skandall. Þannig, virðulegi forseti, vinnur háæruverðugt Alþingi.

Ástæðan fyrir vangaveltum mínum um vinnubrögð og pólitík á þessum fimmtudagsmorgni er að það hefur lítið farið fyrir því að reyna að gefa mynd af því hvað gerist með frv. frá því að þau í æsingi eru sett hingað inn með hinum hefðbundnu viðtölum við viðkomandi ráðherra og hvað gerist með þau þar til þau koma hingað inn aftur við 2. umr. og tekin er efnisleg, pólitísk umræða um þau. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram hér á þessum morgni að það er líklega eitt merkilegasta viðfangsefni okkar í þessum sal að fara nú að reyna að koma því til skila til þjóðarinnar að þeir sem hér hafa fallist á að fara fram fyrir sitt fólk til að reyna að láta gott af sér leiða í störfum, hvort sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu, leggja gjarnan fram óeigingjarna vinnu mjög faglega í öllum málum. Þess vegna mætti líka gera meira af því að skoða jafnefnislega af jafnmikilli vandvirkni þingmannamálin mörgu sem hér eru flutt í hjartans einlægni, fá minni umræðu og allt of litla umfjöllun og koma næstum aldrei til baka frá nefndunum.

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að fara hér í nokkurn eldhúsdag um þetta mál og mér er þungt í skapi þegar ég hlýði á umfjöllun um stéttarfélög og vinnudeilur og horfi á þetta frv. verða að lögum. Mér er þungt í skapi vegna þess að það var ráðherra Alþfl. sem í bjartsýni og trú setti á laggirnar starfshóp til að skoða samskiptareglur á vinnumarkaði vitandi það eftir viðræður að það var mikill vilji til þess af hálfu aðila að setjast niður og skoða hvað það er sem er hugsanlega orðið úrelt í okkar vinnubrögðum og samskiptareglum sem við viljum breyta. Hvað er það sem horfir til betri vegar ef við setjumst niður saman og sköpum okkar eigin reglur? Þarna hefði að mínu mati lukkast að koma sér saman um hvernig menn ætla að vinna og hverju þeir ætla að breyta. En offorsið var mikið og ég kenni þar um metnaði og einhvers konar kallaklúbbssamkomulagi: Nú skulum við hafa vit fyrir liðinu. Nú skulum við bara setja lög á launþegana af því að við vitum hvernig þeir eiga að hafa sín samskipti og við skulum ákveða með lögum hvernig þeir eiga að vinna saman að sínum samningum og hvað er til bóta.

Virðulegi forseti. Það stendur eftir í umfjölluninni um þetta mál að það er spáð hundruðum ef ekki þúsundum viðræðuáætlana miðað við að það upplegg sem hér var farið af stað með mun ekki ganga eftir. Það er mikill ótti um að það verði ekki gerðir vinnustaðarsamningar, sem hafa þó þróast svo ágætlega hér hjá okkur. Ég vek athygli á því að síðustu vinnustaðarsamningar í álverinu voru á þá lund að stéttarfélögin komu sér saman um að hafa sameiginlega atkvæðagreiðslu. Þau komu sér saman um það og treystu sér til þess. Núna er búið að setja það í lög að varðandi vinnustaðarsamninga verði sameiginleg atkvæðagreiðsla. Því er með fullum krafti haldið fram að lítil stéttarfélög muni ekki þora í vinnustaðarsamninga vegna þess að nú verður það ekki samkomulagið í kjölfar samninganna og umfjöllun um samninga sem ræður því hvort menn hafa sameiginlega atkvæðagreiðslu. Nú liggur það fyrir fyrir fram að hvernig svo sem samningarnir líta út þegar upp er staðið, þá skal greiða atkvæði um þá saman. Menn hafa sagt að það muni ekkert stéttarfélag þora að fara í vinnustaðarsamninga t.d. með VR eða sambærilegu félagi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mína ræðu mikið lengri. Ég ætla samt örlítið að fara inn á vinnumarkaðinn vegna þess að þetta er vinnumarkaðsmál og ætti að bera í sér markmið um vinnumarkaðinn sem vekti einhverja bjartsýni en ekki ótta. Það er ótti á vinnumarkaði. Af hverju er ótti á vinnumarkaði, virðulegi forseti? Hvenær skapast ótti á vinnumarkaði og hvenær skapast undirgefni á vinnumarkaði? Það er þegar atvinnuleysi verður viðvarandi. Þá skapast undirgefni og ótti vegna þess að það skapar vald á launafólkið. Það skapar þetta ósýnilega vald sem felst í því: Vertu ánægð að hafa vinnu, það eru nógir um starfið. Vertu ánægð að hafa vinnu. Þetta er ægivaldið sem liggur í loftinu þegar atvinnuleysi er viðvarandi. Í því felast ósýnilegu skilaboðin

til þeirra sem eru óþægir. Atvinnuleysi hefur ekki minnkað í höfuðborginni. Það var upplýst hjá okkur, virðulegi forseti, á fundi félmn. í gær að atvinnuleysi hefur aukist í höfuðborginni þrátt fyrir að prósentan í heild hefur örlítið lækkað. Og atvinnuleysi kvenna er meira en karla. Ef ég man rétt voru síðustu atvinnuleysistölur um 5,1% en atvinnuleysi kvenna er 7,1%. Það hafa ekki verið fluttar tillögur hér á þessum vetri af stjórnarflokkunum um beinar aðgerðir í atvinnumálum. Hagvextinum er ætlað að vinna úr því. En þrátt fyrir bætta stöðu fyrirtækja sem menn hafa verið að boða og sem við finnum öll í loftinu, alla vega vonina, hafa þau ekki fjölgað fólki í takt við þennan batnandi hag. Fyrirtækin hafa aukið vinnu á þeim sem eru í vinnunni. Það er ein skýringin á því að í höfuðborginni, þar sem fyrirtækin eru flest og fjölbreyttust, er atvinnuleysi ekki minna, það er meira. Og við höfum ekki séð neinar tillögur um ný störf frá flokknum sem ætlaði að skapa 12.000 störf til aldamóta. Það var líka fjallað um það í félmn. í gær, virðulegi forseti, að við yrðum að skoða það að þrátt fyrir að ákvæði væru góð um að heimila ungu fólki á atvinnuleysisbótum að fara í nám á bótum og auka við sig þekkingu þá yrðu menn alltaf að hafa að leiðarljósi að það er gagnslítið að mennta ungt fólk eða endurmennta fullorðið fólk ef engin störf eru til handa hinu endurmenntaða fólki. Þetta er pólitíkin. Þetta er pólitík dagsins, virðulegi forseti. Pólitík dagsins er sú að atvinnuleysi hefur aukist í höfuðborginni. Pólitík dagsins er sú að atvinnuleysi á landsvísu hefur örlítið minnkað og að það fjölgar eitthvað störfum ár frá ári af völdum hagvaxtar. Ég minni enn á að síðasta ár fyrrv. ríkisstjórnar var hagvöxtur og það fjölgaði um 1.400 störf. Það breytti engu um málflutning Framsfl. Það er í þessu andrúmslofti þegar ekkert er gert til að auka atvinnutækifæri að ríkisstjórnin er að setja lög, hún er að setja félagasamtök í bönd þannig að þau séu í ákveðnum böndum við samningana í haust. Það er valdi beitt með lagasetningu. Þetta vald veldur ótta og ég skil þann ótta. Öll mín ræða hér í þennan hálftíma á þessum fimmtudagsmorgni hefur einmitt verið um pólitík og aðferðafræði, um að vekja vonir og framtíðarsýn, um að hvetja til nýsköpunar og gera hana mögulega eða að skapa ótta, setja óttanum lög og valdinu lög þannig að menn hafi sitt á þurru í haust. Þannig er að í haust er búið að setja bönd á stéttarfélögin, það er búið að setja lög á þegnana, það er búið að virkja óttann og skipuleggja valdið. Þegar afleiðingar laganna verða fólki ljósar í haust þá tel ég og trúi því að félmrh. iðri að hafa látið hafa sig í þetta verk.

Virðulegi forseti. Með þeim orðum lýk ég ræðu minni og pólitískum vangaveltum á þessum fimmtudagsmorgni sem er með eldhúsdag í kvöld.

[11:09]

Útbýting þingskjals:

Græn ferðamennska, 66. mál, nál. samgn., þskj. 1112.

[11:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir frábæra ræðu. Hún var frábær sérstaklega hvað varðar starfið í þinginu. Og það er alveg hárrétt hjá henni að flest mál eru unnin mjög faglega og mjög málefnalega en það heyrist ekkert um það. Það er alveg ótrúlegt að sitja hérna stundum klukkutímum saman hér fyrir framan þennan ræðustól og hlusta á góðar umræður og svo fer maður heim til sín og horfir á fréttirnar. Þá er eitthvað allt annað sem blasir við manni í fréttum af störfum þingsins þann daginn. Það er eins og maður hafi bara ekki verið viðstaddur.

En það eru nokkur atriði sem ég vildi spyrja hv. þm. um. Menn hafa mismunandi skoðun á hlutunum en það má ekki segja og ég segi ekki við þingmanninn að það sem hann haldi fram sé rangt og bull og vitleysa heldur er það vegna þess að hann lítur hlutina öðrum augum. Maður verður að viðurkenna að við höfum öll okkar mismunandi lífssýn. Það er kannski það sem menn átta sig ekki á. Menn eiga að virða skoðanir hvers annars þótt þeir geti ekki fallist á þær.

Hv. þm. talaði um að smærri hópar klifruðu upp eftir bakinu á öðrum. Tengireglan stóðst því miður ekki samning okkar við ILO, hún stóðst ekki. Við gátum ekki haldið henni við. Og ég spyr hv. þm.: Sér hann einhverja leið til að jafna það að verkfallsrétturinn gefi þeim hæst launin sem valda mestum skaða? En varðandi það að þetta sé helmingastjórn sem geri lítið vil ég benda á að stjórnin er komin fram með framhaldsskólafrv., fjárreiðufrv., frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, stéttarfélög og vinnudeilur, fjármagnstekjuskatt, nýtt álver og Póst og síma. Er þetta lítið? Ekki finnst mér það.

[11:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hv. þm. Pétur H. Blöndal taki undir orð mín varðandi þingið. Hann hefur frá þeirri stundu sem hann kom hingað inn látið bæði til sín taka og fylgst mjög vel með málum. En það er einmitt það sem fjölmargir þingmenn gera og ekki síst þingmenn stjórnarandstöðu. En það gera ekki bara þingmenn stjórnarandstöðu og ekki bara Pétur H. Blöndal frá stjórnarflokkum heldur þorri þingmanna. Því miður þó með þeim undantekningum að hér innan veggja þings er fólk sem kemur og fer og eru glæsilegir þingmenn á kostnað félaga sinna sem eru í vinnunni. Hér eru líka þingmenn sem eru í störfum annars staðar, skapa þá mynd að þingstörfin séu létt og löðurmannleg og gera okkur hinum það nærri óbærilegt að útskýra hvernig á því standi að árum saman hafi maður farið að heiman frá sér í vinnuna klukkan átta og varla komið heim í kvöldmat. Hvernig má það vera að þingmenn geti verið í hálfu og heilu starfi úti í bæ? Þannig er nú þingið. Ég hef ekki notað orðin rangt, bull og vitleysa. Þessi orð eru þá lögð mér í munn. Ég hef notað gagnrýni, beitta gagnrýni. Ég er í eðli mínu ósammála pólitík Sjálfstfl. Ég hef gert málamiðlanir sem stjórnarliði við Sjálfstfl. Við erum hér fyrir ýmsa flokka af því að við höfum ólík viðhorf. Samt komum við okkur oft saman, eins og ég hef áður sagt, um góðu málin. Tengireglan stóðst ekki, það er alveg rétt. Það uppgötvast ekki fyrr en í þingnefnd að ráðherrann sem vinnur með alþjóðasamþykktirnar, þar sem alþjóðasamþykktir ILO eru vistaðar, setti fram frv. sem stóðst ekki alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Það er athyglisvert. Ég er ekki með neinar tillögur um það hvernig á að standa að því í lagasetningu að koma böndum á það að litlir hópar skríði ekki upp eftir stóru hópunum, ég vil ekki að litlu hóparnir geri það. Ég vil að við finnum leiðir til þess saman. Ekki með lögum.

[11:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ráðherra hefði komið fram með frv. sem hefði stangast á við ILO. Það er einmitt hlutverk þingsins og nefndanna að leiðrétta slíkt og fá fram umsagnir frá aðilum sem málið varðar. Við fengum mjög vandaða lagalega umsögn um þetta og hún leiddi þetta í ljós.

Hún leiddi í ljós að það var vafi á að þetta stæðist þessa samninga og þar af leiðandi lagði hv. félmn. til, og hæstv. ráðherrann að sjálfsögðu féllst á það, að þetta yrði fellt út. En þetta er einmitt vandinn. Vandinn í verkalýðshreyfingunni og vandinn með launajöfnunina felst í því að vissir hópar í krafti þess hvað þeir valda miklu tjóni með verkföllum, fá mjög há laun. Það er beint samband milli þess tjóns sem menn valda með verkfalli og þeirra launa sem þeir fá. Þetta er hreinlega gallinn við verkfallsréttinn og þetta sýnir hvernig hann getur snúist upp í andhverfu sína og valdið launamisrétti í stað þess sem hann var upphaflega ætlaður til, þ.e. að hjálpa þeim sem verst hafa kjörin. Þetta þurfa menn einhvern veginn að leysa. Ég sé því miður enga lausn á því. Tengireglan var talin vera lausn á þessu. Hún reyndist ekki duga til þess.

Hv. þm. sagði að það væri grá þoka á bak við ríkisstjórnina. Mér finnst það ekki sýna mikla virðingu fyrir mér sem þingmanni og stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar eða þá kjósendur sem kusu stjórnarflokkana. Ég veit ekki hvort hv. þm. átti við mig sem gráa þoku eða alla þá tugi þúsunda kjósenda sem kusu þessa tvo flokka.

[11:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir mér er flokkur allra stétta, Sjálfstfl., eins og grá þoka í ríkisstjórninni sem er ekki að gera neitt annað en halda völdunum. En samstarfsflokkurinn er blóðugur upp fyrir axlir í niðurskurði og Sjálfstfl. kemur ekkert nálægt því, brosir bara og strýkur axlirnar á fólki. Í þessum orðum mínum er ég ekki að tala um hv. þm. (**PHB:** En kjósendur?) Kjósendur trúa á þennan flokk allra stétta. (Gripið fram í.) Ég hef ekki skilgreint kjósendur sem gráa þoku, virðulegi forseti. Ég spyr þingmanninn: Af hverju lá svo á að fara með þetta frv. inn í þingið? Það var sagt að það væri verið að koma með það hingað af því að það væri í umfjöllun úti í þjóðfélaginu. Við yrðum að fá að sjá það á okkar borðum. Síðan yrði unnið með það með launþegum áfram til að reyna að vinna það í sátt. Það var ekki gert.

Til hvers er verið að setja lög ef markmiðið næst ekki? Markmiðið sem ráðherrann setti fram aftur og aftur og aftur var að afstýra því að litlu hóparnir skriðu eftir bakinu á hinum. Og hverjir keyptu það? Launþegarnir með lágu launin, með 60–70 þúsundin sem sjá ekki fyrir sér hvernig þeir ná sínu fram þrátt fyrir að hafa borið þjóðarsátt og allt sem skapar núna hagvöxt og lægri vexti. Við getum tekið nýja umræðu um það. Markmiðið stenst ekki. En samt skal setja lögin og þess vegna segi ég: Markmiðið náðist ekki. Það er búið að setja út megnið af því sem var í þessu frv. og búa til nýtt. Við skulum bara setja frv. til hliðar, ná sátt við vinnumarkaðinn og vinna almennilega í haust.

[11:17]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir eyddi nokkrum hluta ræðu sinnar í að gefa ríkisstjórnarflokkunum og ríkisstjórninni reyndar einkunnir fyrir störf sín og fór heldur háðulegum orðum um þá. Hún sagði m.a. að Sjálfstfl. segði lítið og gerði enn þá minna og væri eins og grá þoka sem væri ekki að gera neitt. Stefna flokksins og ríkisstjórnarinnar væri öll í þoku og fleira í þeim dúr. Þetta eru hreinir og klárir sleggjudómar og vitleysa.

Það vill svo til að í gær kom út Alþýðublaðið, málgagn Alþfl. sem hv. þm. styður. Þar er viðtal við hv. þm. Kristin Gunnarsson. Allir vita að hann er einn gleggsti og starfsamasti þingmaðurinn á Alþingi og því mark á því takandi sem hann segir. Hvað segir hann? Hann segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin er greinilega farin að glíma við hallarekstur ríkissjóðs með því að endurskilgreina hlutverk ríkisins og eðli þess. Þetta hófst reyndar í tíð síðustu ríkisstjórnar. Mér hefur fundist vinstri mennirnir hafa legið heldur eftir í þessari umræðu og ekki haft nein svör við þessari að sumu leyti óljósu stefnumörkun og ekki heldur neina klára afstöðu. Menn hafa flúið í það skjól að vera bara á móti öllu og vísa þessu frá sem einhverjum vondum málum," segir Kristinn, og jánkaði því að þarna sé um frekar þumbaralega afstöðu að ræða. „Stjórnarandstaðan kemst ekki hjá því að marka sér einhverja pólitíska afstöðu gagnvart þessu."

„Við höfum verið einu skrefi á eftir stjórnarflokkunum í pólitískri umræðu og þó aðallega Sjálfstfl. sem er prímus mótor í þessum breytingum. Kristinn segir þetta tengjast einkavæðingu og breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög og þeirri hugsun að fela einkaaðilum að vinna verkin. Það er þá einhver stefna sem þeir hafa en við höfum setið eftir. Við höfum engin skýr svör og þar með fá kjósendur heldur engin svör. Við töpum því fylgi, en Sjálfstfl. vinnur fylgi. Við ættum að nota sumarið til að fara í pólitíska umræðu um ríkið og velferðarkerfið. Okkur hefur að mörgu leyti mistekist málatilbúnaðurinn í vetur." Þetta er auðvitað allt saman hárrétt og orð í tíma töluð. Ég verð að segja það að mér finnst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eiga heiður skilinn fyrir að hafa kjark til að segja það hreint út að stjórnarandstaðan hefur flúið í það skjól að vera bara á móti. Hún hefur engin svör. Ég hvet hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem ég met mikils sem þingmann að íhuga vel þessi ummæli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

[11:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð með það að hv. þm. les Alþýðublaðið. Það geri ég líka og ég meira að segja stundum ræði við Alþýðublaðið og skrifa í það. Þess vegna bið ég þingmanninn að lesa Alþýðublaðið í dag vegna þess að þar er ég m.a. að svara þessu sjónarmiði hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Fyrirsögnin í viðtali við mig er, virðulegi forseti: Meiri kæruleysisbragur af hálfu stjórnarliða á þessu þingi en nokkru öðru sem ég hef setið. Ég hef starfað með þessum ágæta hv. þm. sem er í andsvari við mig og er því sannfærð um að þar tekur hann undir með mér.

Varðandi það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði svara ég því á þessa lund, virðulegi forseti. Nei, ég er alls ekki sammála þessu vegna þess að mér finnst að Sjálfstfl. hafi leikið mjög klókindalegan leik og hann er þessi: Á erfiðum vetri þegar farið er í gífurlega mikinn niðurskurð og enn meiri samdrátt en áður þrátt fyrir boðskap um batnandi tíma og staðreyndir um aukinn hagvöxt, hefur Sjálfstfl. tekist að staðsetja sjálfan sig nær ósýnilega í bakgrunninum í stjórnarsamstarfinu eins og flokkur sem ekki ber ábyrgð á neinu óþægilegu. Hann hefur látið samstarfsflokkinn um erfiðu hlutina, þ.e. að taka við gagnrýninni og kröfunum af því að samstarfsflokkurinn er nú eins og áður með fagráðuneytin. Mér finnst miklu fremur að það einkenni Sjálfstfl. að vera ósýnilegt afl og erfitt að festa hendur á því fyrir hvað hann stendur. Mér finnst Sjálfstfl. ekki hafa sýnt af sér neina aðra stjórnkænsku en þá að vera við völd til að vera við völd og halda völdum. Það sem mér finnst að hljóti að sitja eftir í hugum manna eftir þennan vetur er að flokkur allra stétta er ekki flokkur stétta.

Þetta er mitt viðhorf, virðulegi forseti, ekki sleggjudómar. Pólitísk skoðun.

[11:22]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur staðfestir auðvitað það sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson sagði og ég vitnaði í áðan. Flestir þingmenn stjórnarandstöðunnar eru á móti og vísa málum frá. Þetta er þumbaraleg afstaða. Þessi afstaða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur er þumbaraleg afstaða. Ég ætla að vona stjórnarandstöðunnar vegna og Alþingis vegna að hv. stjórnarandstæðingar íhugi mjög vel þetta gagnmerka viðtal við hv. þm. Kristin Gunnarsson í Alþýðublaðinu í gær sem er eins og ég sagði áðan einhver allra starfsamasti og gleggsti þingmaður á Alþingi í dag. Um það held ég að allir geti verið sammála.

[11:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú mundi flokksbróðir minn góður, Össur Skarphéðinsson, segja: Jæja, eru nú karlar að mæra karla.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta andsvar hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar ómaklegt. Það er ómaklegt litið til þeirrar ræðu sem ég hef flutt á þessum morgni vegna þess að í henni flutti ég fyrir því talsverð rök hve vinnusamt þingið er, hve vel þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu vinna saman, í hversu ríkum mæli lög eru afgreidd frá Alþingi í sátt allra þingmanna, hve fá málin eru sem eru þess pólitíska eðlis að okkur greinir á eins og okkur greinir á í þeim tveim málum sem nú eru að verða að lögum og hafa tekið um 100 klukkustundir af störfum þingsins.

Virðulegi forseti. Ég færði fyrir þessu mjög góð rök í ræðu minni og það er ómaklegt að halda því fram að í ræðu minni felist að stjórnarandstöðuþingmenn séu bara á móti og fúlir á móti. Þetta er mjög rangt. Við vinnum mjög efnislega, leggjum mikla vinnu af mörkum í nefndum og erum þaulsætin við að fjalla hér um mál. Hlutverk okkar er að veita aðhald, hlutverk okkar er að benda á galla og ég færði fyrir því sterk rök að lagfæringarnar á þessu frv. sem hér er að verða að lögum eru til komnar sökum vinnu stjórnarandstöðunnar í félmn. Ekki í upphrópunarstíl, eins og hv. þm. þekkir sjálfur úr nefndarstarfi, heldur vegna faglegrar og góðrar vinnu sem vissulega hefur afstýrt því að þessi lög verði jafnmikið slys og þau hefðu orðið ef við værum bara í upphrópunarstíl og hasar eins og hv. þm. gaf til kynna.

[11:25]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri nýbreytni í sölum Alþingis að óbreyttir stjórnarliðar séu farnir að koma hér og tjá sig um efni frv. sem hér er til umræðu. Það er svo sannarlega stílbrot af hálfu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að koma og tjá sig um efni þessa máls því staðreyndin er sú að stjórnarliðar hafa yfir höfuð ekki tjáð sig um málið, þeir eru a.m.k. teljandi á fingrum annarrar handar. Og ég vil segja það til hróss hv. þm. Pétri Blöndal og taka undir með ræðumanninum á undan að hann er þó einn af þeim fáu stjórnarliðum sem virðast hafa sett sig mjög vel inn í þessi mál sem verið er að ræða, kynnt sér þau mjög ítarlega, farið mjög ítarlega ofan í allar umsagnir í félmn. og tekið þátt í umræðum og andsvörum.

Ég verð að segja það að ég er ekki sammála hinum ágæta flokksbróður mínum, hv. þm. Kristni Gunnarssyni, að stjórnarandstöðunni hafi haldist illa á málflutningi sínum. Ég get alla vega ekki séð að það sé að takast illa upp með málflutning þegar miðað er við þá vinnu sem hefur verið lögð í þessi mál. Stjórnarandstaðan hefur verið að reka ákveðna pólitík. Það er svo einfalt mál. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan náð samstöðu um þetta mál vegna þess að þar skilur með henni og stjórnarflokkunum að það er ákveðin pólitík sem við höfum verið að reka hérna. Ég er líka sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um það að Sjálfstfl. hefur verið mjög þokukenndur á bak við þessar breytingar og þau mál öll sem snerta þetta frv. og í raun og veru komist upp með að vera í nánast einhvers konar reykskýi. Ég er alveg sammála henni um það að hann hefur ekki birst í sinni réttu mynd í þessu máli. Það kom til umræðu áðan hvort kjósendur væru þá líka í þoku. Ég held satt best að segja að kjósendur hafi verið í þoku þegar þeir greiddu atkvæði í kosningum í vor hvað þessi mál varðar. (**EOK:** Lítil þjóð.) Það má vel vera, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. En staðreyndin er einfaldlega sú, eins og margoft hefur verið rakið í umræðunum, að þessir tveir flokkar ráku ekki þá pólitík sem verið er að sýna í þinginu í dag, fyrir kosningar.

Mér heyrist á þeim þingmönnum sem talað hafa í umræðunni í dag að þeir geri sér enn vonir um að hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin snúi frá villu síns vegar og dragi frv. til baka. Ég er ekki jafnvongóð. 3. umr. er hafin um málið og þótt ég teljist frekar bjartsýn að eðlisfari hef ég gefið upp vonina um að ríkisstjórnin sjái að sér og dragi frv. til baka þrátt fyrir eindregin tilmæli sameinaðrar verkalýðshreyfingar. Það sem hefur gerst smám saman á meðan Alþingi hefur verið að ræða þessi mál, frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, þá hafa atvinnurekendur fært sig æ meira upp á skaftið. Skilaboðin úr Garðastrætinu verða æ skýrari og það er kannski ekkert skrýtið vegna þess að ríkisstjórnin sem nú er við völd er þeirra megin í tilverunni. Hún hefur sýnt það mjög skýrt og skorinort og það launafólk sem batt vonir við að Framsfl. mundi kannski að einhverju leyti taka undir þeirra málstað hefur væntanlega gefið upp þá von vegna þess að ríkisstjórnin hefur engin áform uppi um það að bæta réttarstöðu launafólks. Hún er ekki að ráðgera að koma á bættu starfsöryggi eða atvinnulýðræði. Það er ekki til umræðu í hæstv. ríkisstjórn eftir því sem ég best veit, alla vega ekki í þinginu. Ríkisstjórnin er ekki vön að vinna með verkalýðshreyfingunni, hún tekur þvert á móti undir tónana sem hafa hljómað úr herbúðum atvinnurekenda og eftir að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hætti þar sem formaður hafa tónarnir orðið æ sterkari í þá veru að atvinnurekendasamtökin eru með gagnrýni á innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar sem er langt fyrir utan það svið sem þau eiga að hafa afskipti af. Og ríkisstjórnin hefur tekið undir það með forsvarsmönnum atvinnurekendasamtakanna sem hafa haft mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig eigi að reka verkalýðshreyfinguna í landinu og tekið sér það vald að tjá sig um það hvar og hvenær sem er hvernig launafólk eigi að skipuleggja samtök sín. Ríkisstjórnin vill ekki beina athygli manna að því miðstýrða og ósveigjanlega skipulagi sem einkennir Vinnuveitendasamband Íslands. Hún vill ekki beina athygli manna að því. Hún vill ekki heldur beina athygli manna að því að þetta ósveigjanlega skipulag hefur verið notað sem tæki til að halda kröfum launafólks niðri í ákveðnum tilvikum og þá sérstaklega þeim hópum sem eru svo óskammfeilnir að koma fram með sérkröfur við kjarasamningagerð.

Ég vil líka leiðrétta þann málflutning sem gjarnan hefur verið hafður í frammi í ræðustóli og hv. þm. Pétur Blön-

dal kom inn á áðan. Hann vék að því að verkfallsrétturinn væri misnotaður, það væru litlir hópar sem ættu það til að fara í verkföll, fámennir hópar sem kostuðu þjóðarbúið mjög mikið og þetta væru oft og tíðum hálaunahópar. Þessi málflutningur hefur heyrst áður úr ræðustóli og menn hafa nefnt dæmi eins og flugumferðarstjóra. Ég vil benda á að það eru líka til sérhópar og hópar sem þurfa að fara fram með sérkröfur á vinnumarkaði sem eru láglaunahópar. Og það eru til hópar sem er þannig statt fyrir að einhverra hluta vegna þurfa þeir að koma sérkröfum á framfæri. Ég vil nefna sem dæmi fiskvinnslufólk. Það fólk býr ekki við starfsöryggi þegar um er að ræða hráefnisskort. Það er hægt að segja því upp fyrirvaralaust. Þetta fólk hefur verið að reyna að fá leiðréttingu mála sinna í kjarasamningum vegna þess að lagaumgerðin, lögin frá 1979, býr til það umhverfi að það sé heimilt að víkja þessu fólki úr vinnu fyrirvaralaust ef um hráefnisskort er að ræða. Síðan hefur það gerst með tímanum að dómstólar í landinu hafa túlkað þessa grein, sem ég er alveg sannfærð um að hafi ekki verið ætlað að hafa svo víðtækt svið, þannig að hugtakið hráefnisskortur geti m.a. átt við um það þegar fyrirtæki metur það fjárhagslega hagkvæmara að landa fiski einhvers staðar annars staðar ef um er að ræða útgerð sem á fiskvinnsluna líka. Túlkunin á þessu ákvæði hefur því farið langt út fyrir það sem manni sýnist hafa verið megintilgangurinn og uppi stendur launafólkið í fiskvinnslu sem hefur nákvæmlega ekki neitt starfsöryggi. Það er því ekki bara þannig að verkfallsréttur sé aðeins notaður af ofdekruðum hálaunahópum, fámennum hálaunahópum, til að ná fram sérkröfum. Það verður að vera ákveðinn sveigjanleiki fyrir hendi hjá atvinnurekendum þannig að þeir geti í einstökum málum gengið beint til samninga við einstök fyrirtæki eða einstakar starfsgreinar þar sem sérstök ástæða er til að leiðrétta málefni launafólks.

Þá erum við að tala um nauðsyn á sveigjanleikanum hinum megin frá. En hæstv. ríkisstjórn hefur ekki áhyggjur af þessu og vill ekkert skipta sér af þessum málum. Hún reynir reyndar að taka á þeirri óskammfeilni sem forsvarsmenn hjá samtökum atvinnurekenda hafa sýnt verkalýðshreyfingunni með því að bera því við fyrir dómi að samningur hafi aldrei verið gildur þar sem hann hafi ekki verið borinn undir framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins, þótt eftir þessum sama samningi hefði verið unnið ef ég man rétt þrjú ár. Þetta gerðist í dómsmáli fyrir nokkrum árum og ég fagna því að hæstv. ríkisstjórn virðist vera að reyna í þessum tillögum sínum að taka þó á þessu máli þannig að slíkt geti ekki endurtekið sig. En hún hefur ekki áform uppi um það að bæta stöðu fiskvinnslufólks vegna uppsagna og koma í veg fyrir að fyrirtæki flytji launafólk eins og því lystir af launaskrá yfir á atvinnuleysisskrá eins og rökstuddur grunur leikur á að sé gert. Ég segi rökstuddur grunur vegna þess að ég get ekki fullyrt að þetta sé raunin. En það er full ástæða til þess að skoða þessi mál. Þetta eru sögur sem maður er að heyra. Ég heyrði mörg dæmi um slíkt þegar ég starfaði hjá Alþýðusambandinu. Nú virðist þetta vera að ágerast. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að taka á þessum málum? Svona mál fela ekki aðeins í sér fullkomið virðingarleysi fyrir launafólkinu sjálfu og fyrir gildi vinnunnar, heldur einnig hreina og klára misnotkun á opinberu fé. Þetta eru t.d. hlutir sem ég hefði viljað sjá hæstv. ríkisstjórn taka á. Það er fullt af hlutum sem snúast um málefni vinnumarkaðar sem eru aðrir og brýnni að taka á en innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar ef hæstv. félmrh. vill gera sig gildandi á þessu sviði á annað borð. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. félmrh. að því hvort það væri kannski möguleikiað hann sneri sér að slíkum málum úr því að hann er að láta til sín taka í málefnum vinnumarkaðar. Nú liggur t.d. fyrir þinginu till. til þál. sem hefur ekki reyndar enn þá fengist mælt fyrir um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsögn af hálfu atvinnurekenda. Þessi tillaga er kannski gott dæmi um mál sem hefur strandað á andstöðu atvinnurekenda inni í þríhliða nefnd aðila vinnumarkaðarins og atvinnurekendur hafa margsinnis lýst því yfir, eða fulltrúar þeirra skulum við segja, að þeir vilja ekki að þessi samþykkt verði fullgilt. Ég hefði gjarnan viljað óska þess að það hefði verið hægt að mæla fyrir þessari tillögu áður en þingi lýkur og láta á það reyna hvort ríkisstjórnin sé í raun og veru að vinna fyrst og fremst í þágu atvinnurekenda, eins og ég vil meina, eða hvort hún hyggist taka af einhverri alvöru á vandamálum launafólks sem snúast um starfsöryggi og er orðið virkilega brýnt að leysa. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hefur hann í hyggju að gera eitthvað til að bæta stöðu launafólks varðandi starfsöryggi? Það er orðið mjög brýnt mál og ég veit að hæstv. félmrh. er kunnugt um að í samanburði við önnur lönd, ég tala ekki um Norðurlöndin, þá er orðin mjög brýn þörf á því að leiðrétta stöðu launafólks að þessu leyti.

Einnig vil ég spyrja hæstv. félmrh. úr því að við erum að ræða málefni vinnumarkaðar og hann vill vera mikill athafnamaður á því sviði: Er það hluti af hans pólitík í stól ráðherra atvinnumála að fullgilda einhverjar aðrar af samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar? Það hefur verið bent á það í þinginu að Ísland hefur ekki fullgilt nema 18 af samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á meðan flest önnur ríki á Norðurlöndum hafa fullgilt að mig minnir rúmlega 70 samþykktir að meðaltali og er það í samræmi við þann tíma sem þessi lönd hafa verið aðilar að þessari ágætu stofnun. Þótt að fjöldinn skipti að sjálfsögðu ekki öllu máli, hefur verið bent á það á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar af fulltrúum samtaka launafólks, einkum frá Norðurlöndunum, að við séum að gefa ákveðin skilaboð ef við ætlum ekki að fullgilda neinar af þeim samþykktum sem stofnunin setur, en erum samt sem áður aðili að henni. Þetta er því miður enn eitt dæmið um að þarna hafa atvinnurekendur ráðið inni í þríhliða nefndinni. Það hefur verið andstaða frá fulltrúum atvinnuekenda, hrein og klár andstaða, við að fullgilda þær samþykktir sem fulltrúar launafólks hafa lagt til. Hefur hæstv. félmrh. e.t.v. í hyggju að reyna að bæta úr þessu og taka af skarið og ganga í það að fullgilda einhverjar af þessum samþykktum?

Því miður er það mín trú af því sem ég hef séð hingað til frá þessari hæstv. ríkisstjórn að stefna hennar sé einföld og skýr í þessum málum. Hún felst í því að færa atvinnurekendum, stjórnendum fyrirtækjanna og forstöðumönnum, ef um opinberar stofnanir er að ræða, aukin völd. Tilgangurinn er svo sagður vera að tryggja frekari sveigjanleika á vinnumarkaði. Spurningin er hins vegar sú hvaða verði ríkisstjórnin er tilbúin til að kaupa þennan sveigjanleika. Það er ekki komið í ljós enn. Það á eftir að koma í ljós því kjörtímabilið er bara rétt hafið. En þau skilaboð sem ríkisstjórnin hefur gefið launafólki hingað til eru því miður ekkert mjög glæsileg.

Ég gæti nefnt hæstv. félmrh. fjölda annarra dæma ef hann hefur áhuga á að gera sig gildandi varðandi önnur málefni vinnumarkaðarins en starfsöryggi og það sem hér hefur verið nefnt. Það eru hlutir eins og t.d. gerviverktaka sem hefur verið mikið vandamál á vinnumarkaði. Gerviverktakan er t.d.

hluti af ákveðnum sveigjanleika ef út í það er farið. Hún er hins vegar leið sumra atvinnurekenda fram hjá lögbundnum skyldum þeirra og kölluð náttúrlega gerviverktaka vegna þess að ekki er um nokkra verktöku að ræða í því máli.

Ég vil líka spyrja hæstv. félrmh.: Hefur ríkisstjórnin eða hann eitthvað í hyggju til að verja launafólk frekar fyrir því að vera stillt upp við vegg af atvinnurekanda sínum? Um það hafa því miður verið þó nokkur dæmi að annaðhvort sé fólk neytt til að gera verktakasamning eða missa vinnuna, þótt um sé að ræða hreinan og kláran ráðningarsamning í eðli sínu. Þar væri vissulega ástæða fyrir hæstv. félmrh. til að gera sig gildandi.

Eins er fjöldi annarra mála sem mér finnst að ríkisstjórnin hafi að mörgu leyti sýnt áhugaleysi. Ég get nefnt sem dæmi rökstuðning uppsagnar. Það er ekki skylt í dag að rökstyðja uppsagnir. Meira að segja í frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er verið að reyna að smeygja sér fram hjá stjórnsýslulögunum, fyrirmæli stjórnsýslulaga um málskot þegar um launafólk er að ræða. Það er eins og það sé allt gert til þess að reyna að koma í veg fyrir að launafólk hafi ákveðin réttindi sem eru í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við talin sjálfsögð og eðlileg. Og þau eru ekki í andstöðu við neinn sveigjanleika á vinnumarkaði.

Vissulega er það svo að atvinnurekanda er skylt að greiða launamanni þriggja mánaða uppsagnarfrest. Það væri meiri sveigjanleiki fyrir atvinnurekandann að þurfa ekki að greiða honum neinn eins og þegar um er að ræða hráefnisskort í fiskvinnslunni. En við erum alltaf með hina hliðina sem er launafólk sem á ákveðin réttindi og hversu langt ríkisstjórnin er tilbúin að ganga til þess að tryggja þennan sveigjanleika.

Rökstuðningur uppsagnar, málskot vegna ólögmætrar uppsagnar, jafnvel réttur til að fá starf sitt aftur ef uppsögn er byggð á ólögmætum sjónarmiðum, allt eru þetta atriði sem ég tel að við þurfum að taka til skoðunar og fara að horfa meira á það en hefur verið gert að reyna að tryggja launafólki ákveðin réttindi. Það hefur verið gert ágætlega við fyrirtækin í landinu og ég held að það sé kominn tími til að fara að horfa meira á réttarstöðu launafólks, alla vega á vissum sviðum. En það virðist hins vegar blasa við sú sorglega staðreynd að ríkisstjórnin hafi ákveðið að vinna fyrst og fremst í þágu atvinnurekenda og það þarf ekki neinn snilling til þess að sjá það hvaða skilaboð koma frá samtökum atvinnurekenda annars vegar og hins vegar úr röðum verkalýðshreyfingarinnar. Það er alveg greinilegt fyrir hverja þessi ríkisstjórn er að vinna. Það er reyndar bara hjákátlegt að hlusta á hæstv. ráðherra þræta fyrir þetta trekk í trekk, jafnvel halda því fram að verkalýðshreyfingin hljóti að jafna sig, hún eigi eftir að sjá að þetta er allt í lagi. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn telji sig vera þess umkomna að hafa vit fyrir verkalýðshreyfingunni og spá fyrir um það hver verða hennar viðbrögð í haust. Ég spái því hins vegar að verkalýðshreyfingin hafi á því meira vit hvernig reglur á vinnumarkaði virka en hæstv. ríkisstjórn, með fullri virðingu fyrir henni. Verkalýðshreyfingin er allt í einu orðin gamaldags, hún er orðin óþjál og hún er orðin ólýðræðisleg. Það verður að breyta innra skipulagi hennar með góðu eða illu. Þetta er tónninn sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnin er að gera þetta. Hún hefur reyndar valið sér til verks ég vil segja áður félagslega sinnaðan framsóknarmann, hæstv. félmrh. Pál Pétursson, því hann virðist hafa horfið af þeirri braut. Hann hefur sinnt trúnaðarstörfum sínum í þágu ríkisstjórnarinnar af mikilli röggsemi, vaðið yfir verkalýðshreyfinguna, fylgt leiftursóknaraðferðafræðinni. Þótt innihald frv. sé að mínu mati ekki ættað frá Nýja-Sjálandi er aðferðafræðin ættuð þaðan eins og hæstv. félmrh. hefur nánast viðurkennt í þingsölum. Hann telur a.m.k. að innihaldið sé ekki ættað þaðan en spurningunni um aðferðafræðina er hins vegar ósvarað.

Eins og margoft hefur verið talað um, felst þessi leiftursóknaraðferðafræði í því að hafa ekki samráð, þ.e. alvörusamráð í almennum skilningi þess orðs en ekki þetta nýja hugtak sem hæstv. ríkisstjórn hefur búið til, og hlusta ekki á mótmæli, láta hlutina ganga hratt fyrir sig, láta þá ríða fljótt yfir. Hæstv. félmrh. hefur gefið ASÍ skýr skilaboð á 80 ára afmælinu: Ég vildi að þið væruð sammála mér, en úr því að svo er ekki verður bara að hafa það. Eins og frægt er orðið.

Þetta er öll virðingin fyrir æðstu stofnun Alþýðusambands Íslands, sjálfu þingi þess sem kom niður á Austurvöll um daginn í heilu lagi til að mótmæla áformum ráðherrans og er það einsdæmi í sögunni. Það er kannski ekki skrýtið að hæstv. ríkisstjórn og það lið sem hún hefur á að skipa beri ekki meiri virðingu fyrir málstað verkalýðshreyfingarinnar því að verkalýðssinnar eru þar jafnsjaldséðir og hvítir hrafnar eftir því sem ég best fæ séð. Einn fulltrúi á þingi Alþýðusambandsins er jafnframt alþingismaður, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og hann reyndar hafði fjarvistarleyfi við atkvæðagreiðslu við 2. umr. um frv. þar sem hann var á Alþýðusambandsþinginu. (**Gripið fram í:** Að mótmæla frv.) Væntanlega að mótmæla frv., hv. þm. Ég sá að þessi þm. var kominn í hús áðan og ég er mjög spennt að heyra afstöðu hans til þessa máls hér á eftir. Ég geri ráð fyrir því að hann noti tækifærið fyrst hann er kominn í hús til þess að gera grein fyrir sinni afstöðu og fjalla um þetta mál. Það hlýtur að vera vegna þess að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er sjálfur kominn úr verkalýðshreyfingunni. Hann hefur starfað þar til fjölmargra ára af miklum ágætum og þekkir leikreglurnar af eigin raun sem þar hafa ríkt og sem þar er nauðsynlegt að ríki svo unnt sé að ná einhverjum árangri í samskiptum aðila vinnumarkaðar. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson viti hversu hættulegt það getur verið lýðræðinu í verkalýðshreyfingunni að stjórnvöld hafi afskipti af innri málefnum hennar í andstöðu við hana sjálfa. Ég geri ráð fyrir því að þessi ágæti þingmaður skilji, hversu stórt og merkilegt okkur annars kann að finnast efnisinnihald þessa frv., að hér er verið að stíga ákveðið skref, stórt skref aftur á bak. Ég er viss um að allir sem hafa komið nálægt starfi verkalýðshreyfingar og hafa einhvern skilning á þeim málefnum hljóta að sjá að hér er um mjög hættulegt skref að ræða. Ég trúi því hreinlega ekki að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem þekkir málefni hreyfingarinnar betur en margur annar og er einn af örfáum, ég reyndar minnist ekki annarra, sem virðast þekkja af eigin raun starf hreyfingarinnar úr stjórnarliðinu sé sáttur við þessi afskipti ríkisstjórnarinnar af innri málefnum hreyfingarinnar.

Hæstv. félmrh. heldur því líklega enn fram að þetta frv. eða samþykkt þess komi ekki til með að skapa neina ólgu á vinnumarkaðinum eins og forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar hafa margsinnis varað við. Hann er líklega ekki sammála þeim spádómum og þá verður líklega bara að hafa það. Hann ætlar líklega einfaldlega að láta þær hremmingar ganga yfir þjóðina þegar þar að kemur því að hæstv. ráðherra á erfitt með að gefa sig með eitthvað sem hann hefur ákveðið að gera. Og það virðist vera eins og hann og ríkisstjórnin hafi bitið það í sig að láta þetta mál ganga í gegn, sama hvað tautar og raular. Þetta er í raun og veru mjög einkennileg að-

ferðafræði og einkennileg þvermóðska vegna þess að þegar maður fer að skoða betur hvað það er í frv. sem á að þjóna þeim markmiðum sem farið var af stað með, stendur raunar ekkert eftir. Það stendur ekki steinn yfir steini eftir af því.

Ef við rifjum upp helstu markmiðin og grundvallarmarkmiðin sem farið var af stað með og sem eru meira að segja áréttuð í athugasemdum með frv., ef ég man rétt, þá voru þau fólgin í að auðvelda kjarasamningagerð og stytta samningsferlið. Þetta eru grundvallarrökin fyrir því að fara af stað með þessa breytingu. Og um þetta voru allir sammála sem tóku þátt í starfi nefndarinnar sem hóf undirbúning að þessu starfi.

Nú hefur því verið marglýst yfir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að þar sem frv. er lagt fram í andstöðu hennar *muni hún sýna veikleika hinna nýju reglna í reynd þegar* kjarasamningar verða lausir í haust. Það verða gerðar viðræðuáætlanir í hundraðavís ef þekki þúsundavís, það verður ekki verkalýðshreyfing með samningsviljann að leiðarljósi sem kemur að samningaborðinu í haust. Við erum að tala um alla verkalýðshreyfinguna. Við erum að tala um ASÍ, BSRB, BHM, megnið af verkalýðshreyfingunni. Hún hefur sameinast í þessu máli vegna þess að hún hefur skynjað þennan sameiginlega óvin sinn sem er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og kannski fyrst og fremst aðferðir hennar, aðferðafræði hennar á vinnumarkaði.

Því hefur verið lýst áður í umræðum um þetta frv. að lagareglur á vinnumarkaði hafa ákveðna sérstöðu og það hafa verið nefnd um það dæmi. Þetta var rætt töluvert í félmn. Sérstaðan er kannski fólgin í því að kjarasamningar eru gerðir oft og tíðum undir miklum þrýstingi. Það er mikill þrýstingur á að þeim sé komið á sem fyrst og þetta þekkja þeir sem hafa komið nálægt kjarasamningagerð. Það þarf að semja sem fyrst og þess vegna að sjálfsögðu mjög mikilvægt að það séu einhverjir kjarasamningar í gildi til að fara eftir til að reyna að forða verkföllum og átökum á vinnumarkaði. Það er verið að semja fyrir mjög stóra hópa fólks og af þessum ástæðum er mjög mikilvægt að það kerfi sem við búum við virki. Þetta felur m.a. í sér að það hefur gefið mjög slæma raun að vera að setja reglur sem hefur ekki verið þokkaleg, almenn sátt um á milli aðila vinnumarkaðarins. Þar er ég að tala um leikreglurnar sjálfar. Og það hafa verið nefndar t.d. heimildir ríkissáttasemjara í núgildandi lögum sem eru aftur komnar inn í þetta frv. óbreyttar svo til. Samkvæmt lögunum um sáttastörf í vinnudeilum frá 1978 hefur ríkissáttasemjari miklu meira vald en hann hefur í raun og veru haft í reynd. Út af hverju? Jú, það er vegna þess að það hefur ekki verið um það nægileg sátt að hann beiti til fulls því valdi sem hann hefur samkvæmt lögunum.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. félmrh. og þeir sem að þessu frv. standa viti þetta. Og ég geri ráð fyrir að þeir hljóti að átta sig á því að lög sett í svo mikilli ósátt við alla verkalýðshreyfinguna verða aldrei góð lög. Þau verða alla tíð ólög og koma fyrr en varir til með að snúast upp í andstæðu sína.

Ég vil líka segja að það er alls ekki eintómur yfirgangur í verkalýðshreyfingunni að geta ekki fallist á þessi vinnubrögð hjá hæstv. félmrh. í þessu máli, eins og látið hefur verið að liggja í umræðunni hér. Það er ekki þannig, eins og mér hefur þótt hæstv. félmrh.ýja að, að það þurfi að temja skassið eða koma böndum á ótemjuna eins og það var einhvern tíma orðað. Staðreyndin er einfaldlega sú að verkalýðshreyfingin hefur öll skynjað virðingarleysi hæstv. ríkisstjórnar fyrir málefnum launafólks og samtaka þeirra. Hún hefur skynjað virðingarleysi fyrir grundvellinum sem áratuga langt starf verkalýðshreyfingarinnar hefur byggt á, *virðingarleysi fyrir samráði sem er eitt það mikilvægasta í* starfi hennar. Þá erum við enn og aftur komin að upphafi þess starfs sem var farið af stað með í hópnum um samskiptareglur á vinnumarkaði. Honum var einmitt ætlað að byggja upp á samráðinu, að menn kæmust að samkomulagi og reyndu að ná sameiginlega þeim markmiðum sem þeir voru sammála um að þyrfti að ná, en það var að auðvelda kjarasamningagerð og stytta samningsferlið. Það átti að gera í sátt og samlyndi og 48 fundir eru enginn óskaplegur tími í slíkum málum, langt í frá. Þetta er kannski grundvallarmunurinn á þeim vinnubrögðum sem farið var af stað með og sem verkalýðshreyfngin gekkst inn á að taka þátt í og svo þeim sem er beitt hér í lokin þar sem ákveðið er að keyra málið áfram gegn vilja allrar hreyfingarinnar. Jafnvel þótt út úr þessu hefðu komið sams konar efnislegar reglur, eru þær reglur á gerólíkum grundvelli byggðar vegna þess að annars vegar er verið að tala um reglur sem eru byggðar á samráði og sátt og hins vegar erum við að tala um reglur sem eru byggðar á yfirgangi. Og það gengur einfaldlega ekki á vinnumarkaði. Það er bara svo einfalt mál.

Ég geri ráð fyrir að verkalýðshreyfingin geri sér líka grein fyrir sínum möguleikum. Ríkisstjórnin er tilbúin til að traðka á grundvallargildum, samráðinu, þessu þríhliða samráði sem hingað til hefur verið byggt á. Hún og hæstv. félmrh. eru jafnvel tilbúin til að stofna friði á vinnumarkaði í hættu. Þótt verkalýðshreyfingin hafi nánast haft í hótunum um að hér verði vægast sagt mjög stirt um kjarasamningagerð næst þegar kjarasamningar losna, hefur hæstv. félmrh. verið tilbúinn til að horfa fram hjá því. Hann heldur áfram með sitt mál hvað sem tautar og raular. Hvað er hæstv. ríkisstjórn tilbúin til að gera næst í andstöðu við alla verkalýðshreyfinguna? Úr því að hún er búin að sýna einu sinni að hún er tilbúin til að ganga svona langt í fullkominni andstöðu við alla hreyfinguna, skyldi hún þá ekki vera tilbúin til að ganga lengra?

Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur a.m.k. sýnt vígtennurnar. Hún hefur sýnt verkalýðshreyfingunni vígtennurnar, sýnt í verki hvað hún er tilbúin til að gera og fyrir hvern hún er tilbúin til að vinna, a.m.k. í þessu ákveðna máli. Hún er líka tilbúin til að beita her sínum á hinu háa Alþingi sem reyndar virðist hlýða öllum fyrirskipunum umhugsunarlaust. Það er reyndar mjög sérkennileg upplifun að sjá í þingsölum hvernig það virðist ekki vera nema örlítill hluti þingmanna stjórnarliðsins sem hefur skoðanir á þessu stóra, mikilvæga og viðkvæma máli. Það er ekki nema ein og ein hræða sem lætur hafa sig í það að koma upp í ræðustól og tjá sig um þetta mál. Þeim er bara stýrt á græna takkann þegar þar að kemur. Nei, ég er ekki þeirrar skoðunar að verkalýðshreyfingin sé með nein óhemjulæti. Hún skynjar þarna óvin sinn og hún mun væntanlega berjast gegn honum ef eitthvert líf er eftir í henni.

Herra forseti. Markmiðum þessa frv. verður ekki náð, það liggur ljóst fyrir. Það verður ekki einfaldara að semja nú en áður og samningaferlið verður ekki styttra. Það er því aðeins eitt sem getur vakað fyrir ríkisstjórninni með því að þrýsta frv. í gegnum þingið í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Ég hef verið að velta vöngum yfir því hvers vegna sé lögð svona gífurleg áhersla á það að koma þessu máli í gegn í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Það hlýtur að vera eitthvað mikið sem býr þar að baki. Og ég get aðeins

fundið eitt sem mögulega getur vakað fyrir hæstv. ríkisstjórn. Það er að koma böndum á verkalýðshreyfinguna, sýna henni hver valdið hefur og reyna þannig að draga úr henni máttinn. Ég sé ekki annan tilgang með þessum hamförum.

Það er sorglegt að horfa upp á þessar aðferðir, herra forseti, og ég harma að það skuli ekki hafa verið betur farið með það ágæta starf sem var farið af stað með árið 1994. Það hefði getað skilað mikilum umbótum á vinnumarkaði ef rétt hefði verið á haldið. Það miðaði að því að betrumbæta skipulag á vinnumarkaði í sátt og samlyndi samningsaðila og til þess starfs gengu allir fúsir og af frjálsum vilja og virkilega tilbúnir til þess að láta gott af sér leiða. En bægslagangur, bráðlæti og yfirgangur hæstv. ríkisstjórnar kom í veg fyrir að farsæl lausn fyndist á því máli. Hún kaus að draga taum eins samningsaðila og ögra öðrum og afleiðingarnar koma fljótlega í ljós. Þær eru reyndar komnar í ljós. Það var öllum ljóst sem fylgdust með ASÍ-þinginu að þar var mikil ólga og mikil eindrægni innan verkalýðshreyfingarinnar gegn þessu frv. Meðal annars af þeim ástæðum sem hér hafa verið taldar upp og felast kannski fyrst og fremst í þeirri hættu sem fylgir því þegar stjórnvöld hlutast til um málefni og skipulag verkalýðshreyfingarinnar í andstöðu við hana. Það er mjög hættulegt fordæmi.

Herra forseti. Það lítur út fyrir að þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar hljóti blessun allra stjórnarliða nema e.t.v. að eina verkalýðssinnanum undanskildum sem maður hefur orðið var við í því liði á hinu háa Alþingi. Ég tel það með hreinum ólíkindum. Mér finnst dapurlegt að horfa upp á þetta. Það skapar hættulegt fordæmi og erfitt að sjá fyrir afleiðingarnar. Ég vil því ítreka andstöðu mína við þessa mistakaröð hæstv. félmrh., eins og ég vil kalla þetta. Ég harma að hann skuli ekki hafa hlustað á aðvörunarorð þeirra fjölmörgu sem hafa tjáð sig um þetta mál og varað við afleiðingum þess. Þar hefur hann aðeins hlustað á ráðleggingar sumra og því miður ekki alltaf þeirra sem kannski best til þekkja á sviði vinnumarkaðarins.

[12:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sem lauk máli sínu áðan er fyrrv. lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Því kemur mér það á óvart, herra forseti, þegar hún ræðir um misnotkun atvinnurekenda í fiskvinnslu á Atvinnuleysistryggingasjóði. Lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð og þau atriði sem þar er að finna um það að fiskvinnslufyrirtæki fái rétt til þess að fá greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru búin til í þrígang af ríkisvaldinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur. Það er samsvarandi ákvæði í lögum um það að Atvinnuleysistryggingasjóður getur greitt til iðnfyrirtækja vegna tímabundinnar stöðvunar. Þetta var samið um til þess að tryggja þessu fólki réttindi vegna þess að hráefnisástand margra fiskvinnslufyrirtækja er þannig og hefur verið þannig gegnum tíðina að menn hafa ekki treyst sér til þess að veita verkafólki tilskilið lágmarksatvinnuöryggi. Þannig stóðu allir aðilar að þessu, ríkisvaldið, atvinnurekendur og verkalýðshreyfingin.

En ég get tekið undir það og sagt sem svo: Þetta er kannski ekki rétta leiðin. Það á kannski ekki að nota Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að stoppa upp í þetta gat og það er til athugunar og ætti að vera til athugunar á þessu þingi hvort við ættum að finna aðrar og betri leiðir til þess. Sjóðurinn hefur að sjálfsögðu allt annað takmark og tilgang. Umræðan um það að hér séu atvinnurekendur æ ofan í æ að misnota þetta eru því rangar og alveg tilhæfulausar. Það eru lög fyrir því hvernig þetta skuli gert.

[12:04]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var allt rétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði hér áðan. Hafi hann skilið orð mín á þennan veg, hef ég ekki verið nægilega skýrmælt. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir þessum lagaramma. Ég er líka sammála honum í því að mér finnst að þetta eigi ekkert að vera svona, en ég veit að þetta eru lög. Það er löglegt þegar verið er að setja fólk á atvinnuleysisskrá vegna hráefnisskorts.

En ég var líka að tala um misnotkun annarra fyrirtækja sem við höfum verið að heyra af í fréttum nú nýverið. Ég vil ekki fullyrða að svo sé, en einhvern veginn virðist slíkt tengjast Flugleiðum. Þegar ég hins vegar tala um með misnotkun í fiskvinnslunni, hv. þm. Einar Oddur, á ég við það þegar hugtakið hráefnisskortur hefur verið teygt svo langt að það hagkvæmnisatriði að landa afla einhvers staðar annars staðar, eins og gerðist í dómsmálum fyrir nokkrum árum, er talið falla undir hugtakið hráefnisskort. Þar hefur verið teygt of mikið á hugtakinu. Það gerist auðvitað þannig að atvinnurekendur bera við hráefnisskorti í einhverju ákveðnu tilviki og dómstólar staðfesta það síðan. Í fiskvinnslunni hefur þetta því verið innan ramma laganna, því er ég sammála, en þar hefur verið teygt of mikið á hugtakinu. Mér finnst það mjög slæmt vegna þess að þegar þetta var upprunalega sett inn í lögin í samstöðu, eins og hv. þm. bendir á, var auðvitað verið að reyna að tryggja verkafólki einhver úrræði vegna þess að fiskvinnslan gat ekki tryggt því nægilegt starfsöryggi. Ég er hins vegar ekki sammála því að það sé verið að tryggja rétt launafólks með því að heimila að það sé flutt milli atvinnuleysisskrár og launaskrár nánast gegn vilja sínum. Ég er hins vegar sammála því að það þarf að finna einhver úrræði fyrir fiskvinnsluna. Ég er bara ekki sammála þessari aðferð.

[12:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi í upphafi bregðast við málflutningi hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um störf félmn. Það mátti skilja á hennar málflutningi að þær breytingartillögur sem gerðar hafa verið og hún telur greinilega mjög til bóta, séu allar minni hluta félmn. að þakka. Þannig skildi ég hennar málflutning. En ég vil taka það fram, eins og kom fram m.a. í málflutningi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan, að vinnan í félmn. var var mjög góð og það var öll félmn. sem stóð að þeirri vinnu, bæði að leita eftir umsögnum, taka á móti gestum og hlusta á þeirra rök. Það var hins vegar meiri hluti félmn. sem vann þær breytingartillögur sem hafa verið lagðar fram og minni hluti félmn. vildi ekki koma að þeirri vinnu með þeim rökum sem minni hlutinn færði fram.

Ég tel rétt að þetta komi fram. Það var meiri hlutinn sem stóð að þeim breytingartillögum sem menn telja hér mjög til bóta fyrir frv.

Mér fannst heldur ekki koma nægilega skýrt fram þegar var verið að ræða um Atvinnuleysistryggingasjóð og kjör fiskvinnslufólks að fiskvinnslufólk á rétt á fastráðningarsamningum. Og að þeim samningum hafa væntnalega komið ríkisvaldið, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur.

[12:08]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr því ágæta fólki sem er með mér í félmn. Það sem ég var fyrst og fremst að gagnrýna í ræðu minni er sú staðreynd hversu fáir úr stjórnarliðinu, óbreyttir þingmenn úr stjórnarliðinu, tóku þátt í umræðum í þinginu. Þótt tillögur hafi verið unnar af meiri hluta félagsmálanefndarmanna sem vissulega eru margar hverjar til bóta, ekki síst þær tillögur sem beinlínis eru gerðar til að gera frv. þannig úr garði að það standist ákvæði alþjóðasamninga, var að sjálfsögðu á þetta bent af stjórnarandstöðuliðinu í þingræðum. En það sem ég var fyrst og fremst að gagnrýna var hin pólitíska umræða í þinginu. Hún var því miður allt of mikið eintal.

Varðandi kauptryggingarsamningana er vissulega rétt að það hefur verið reynt að bæta úr skorti á starfsöryggi fiskvinnslufólks með kauptryggingarsamningum. En þá hefur það verið þannig að launafólk hefur haft rétt á að gera kauptryggingarsamning en sá réttur felur ekki endilega í sér þá tryggingu að hann sé gerður. Þar þurfa auðvitað tveir að koma til. Það hefur vissulega verið reynt í kjarasamningum að ráða einhverja bót á þessu fyrirkomulagi með kauptryggingarsamningsákvæðunum. Ég tel samt sem áður að enn þurfi mikið að gerast til þess að bæta aðstöðu þessa fólks, þrátt fyrir þessi ákvæði.

[12:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það var ágætisvinna í félmn. Hugsanlega hefði mátt ræða þetta betur í þingsölum en mér sýnist að stjórnarandstaðan hafi tekið upp megnið af þeim tíma sem menn hafa ætlað í þetta mál.

Varðandi fastráðningarsamningana er það svo að í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er heimilt að greiða til atvinnufyrirtækjanna þann hluta þegar hráefnisskortur er í fyrirtækjunum. Fiskvinnslufólkið á hins vegar kröfu á því eftir ákveðinn tíma, sem mig minnir að séu tveir mánuðir, að gera fastráðningarsamning. Um þetta er búið að semja. En ríkisvaldið hefur væntanlega komið að þessu með lagabreytingum um Atvinnuleysistryggingasjóð.

[12:11]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að benda hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur á það að ég geri ekki ráð fyrir það hafi verið einhver takmarkaður, fyrir fram ákveðinn tími sem hafi gefist, þannig að ég geri ráð fyrir því að þagnir stjórnarliðsins hafi stafað af einhverju öðru en eintómri miskunnsemi við þingið. Kauptryggingarsamningana eru vissulega úrræði til bóta, ég ætla ekki að gera lítið úr því. En ég vil líka benda hv. þm. á að skömmu áður en síðustu kjarasamningar runnu út, ég held ég fari rétt með það, gaf Vinnumálasambandið yfirlýsingu í þeim dúr að það mundi ekki gera fleiri kauptryggingarsamninga við verkafólk. Það lýsir því í raun og veru yfir að menn fari ekki eftir þessum samningsákvæðum og það alveg kinnroðalaust.

Ég fylgdist ekki svo nákvæmlega með því hvernig frá þessu var gengið eftir síðustu kjarasamninga. En þetta er kannski dæmi um það að launafólk á í ýmsum útistöðum við atvinnurekendur og jafnvel samtök þeirra.

[12:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur vakti mér mikla undrun. Hún lýsti því svo fjálglega hvað stjórnarandstaðan og minni hluti félmn. hefði staðið sig vel, en svo þegar kom að meiri hlutanum og þeirra fulltrúum í hv. félmn. höfðu menn enga aðra sannfæringu en þá að hlýða ríkisstjórninni ogýta á græna takkann.

Ég verð að lýsa furðu minni á svona málflutningi og mótmæla honum sem hreinum og klárum misskilningi, svo ekki sé meira sagt. Ég veit að þingmenn og fulltrúar Sjálfstfl. í félmn. hafa allir tekið þátt í þessari umræðu, ég t.d. bæði við 1. og 2. umr. Ég taldi reyndar umræðunni lokið eftir 2. umr. því að málið fór ekki aftur til nefndar.

Í öðru lagi get ég fullyrt að þingmenn stjórnarliðsins hafa ekki tamið sér það í þessum umræðum að vera með málþóf, vera með lestur upp úr lögfræðibókum eða lestur upp úr *sögubókum einungis til þess að tefja tímann* og draga málið á langinn. Menn hafa fyrst og fremst verið í mjög málefnalegri umræðu þegar það hefur þótt við hæfi. Ég fullyrði að allir fulltrúar meiri hlutans á Alþingi í félmn. hafa unnið af miklum heilindum og unnið vel, ekki bara í nefndinni sem slíkri heldur líka sem meirihlutafulltrúar með hæstv. félmrh. og öðrum starfsmönnum ráðuneytisins til þess að koma tillögum fram í þinginu sem gætu orðið til bóta á því frv. sem hæstv. félmrh. lagði fram. Því vil ég mótmæla slíkum málflutningi, bæði af hálfu hv. síðasta ræðumanns og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, sem var með svipaðan málflutning áðan.

Ég hef lýst því yfir og stend við það að verkalýðshreyfingin má vel una við það frv. sem lagt var hér fram. Það mun auka lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar, það mun tryggja að almennir félagar mæta til þess að greiða atkvæði um verkfallsboðanir en séu ekki þvingaðir í verkföll af fáeinum félögum sem jafnvel er smalað saman á staðinn.

[12:16]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það eins og er að sannfæringu stjórnarliðanna var ekki lýst í löngu máli undir umræðunum. Það voru einhverjir sem tóku til máls en sannfæringarkrafturinn var alla vega ekki í löngu máli í þingsölum og það þarf ekki annað en fara yfir það hverjir töluðu. (**KPál:** Hann fer ekki eftir lengd ræðunnar.) Hann fer ekki eftir lengd ræðunnar, hv. þm., en hins vegar vil ég benda á að hér var ekki um málþóf að ræða um stéttarfélög og vinnudeilur og það var full ástæða til þess að lesa úr lögfræðibókum fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn sem leggur í upphafi fram frv. sem stenst hvorki ákvæði alþjóðasamþykkta né ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er því full ástæða til þess, hv. þm. Kristján Pálsson, að lesa upp úr lögfræðiritum fyrir ykkur.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hv. þingmenn verða að muna eftir ákvæðum þingskapa um ávörp. Það á ekki að ávarpa þingmenn í beinni ræðu svona.)

[12:17]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir heldur áfram með fullyrðingar sínar um störf okkar í hv. félmn. og yfirleitt um ríkisstjórnarmeirihlutann. Ég hef ekki orðið var við það í þessari umræðu núna, 3. umr., að það hafi komið neitt nýtt fram. Þetta hafa verið endalausar bollaleggingar um það hvernig menn hafi talað, hverjir hafi mætt, hvað einstakir

menn innan þingmeirihlutans hafi verið duglegir o.s.frv. Mér finnst þessi umræða hreinlega komin út í ógöngur af hálfu minni hlutans. Hún lýsir einvörðungu því að þeir eru komnir í algert þrot með þessa umræðu og hafa væntanlega áttað sig á því. Þar af leiðandi er þessi umræða hálfgert fýlumoð.

[12:18]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hver er í fýlu núna, það má deila um það. En ég vil benda á að strax við 1. umr. um þetta mál var benti stjórnarandstaðan á fjölmörg atriði, efnisleg atriði sem reyndar voru sum hver tekin til greina eftir að Lagastofnun Háskóla Íslands hafði gefið álit sitt. Ekki fyrr. Ég vil því alls ekki taka undir þá fullyrðingu hv. þm. Kristjáns Pálssonar að hér hafi ekkert komið fram sem skiptir máli.

Sú umræða sem hefur farið fram hefur líka snúist um pólitík. Það er líka hlutverk okkar hér að ræða svolítið um pólitík og ég hef saknað hennar af hálfu stjórnarliðsins. En væntanlega hefur mál mitt verið óskýrt ef hv. þm. skildi það svo að ég væri gera lítið úr félögum mínum í félmn. þegar ég talaði um að stjórnarliðar hefðu ekki tekið þátt í þessu starfi af fullri einlægni. Það var ekki ætlun mín að beina þessari gagnrýni að þeim heldur fyrst og fremst að öðrum óbreyttum stjórnarliðum.

[12:19]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. tók ég til máls og sagði frá því að ég hefði ítrekað rætt við marga forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og reynt af fremsta megni að komast að því hver væru hin efnislegu rök, efnislegu ástæður fyrir óánægju þeirra með fram komið frv. Ég taldi upp í þeirri ræðu að mér hefði tekist að finna fjögur efnisatriði sem voru stofnun vinnustaðarfélaganna, sem var tengireglan, fjöldi ákvæðanna um hvernig greiða skuli atkvæði og hæð þröskuldanna. Þetta voru þau fjögur efnistriði sem ég vissi að verkalýðshreyfingin var óánægð með og þeir höfðu tjáð mér það persónulega.

Ég vil geta þess, herra forseti, að nú við 3. umr. þessa frv. liggja fyrir breytingartillögur félmn. og það kemur í ljós að félmn. hefur tekið tillit til allra þessara fjögurra efnisatriða þannig að þau er ekki lengur að finna í frv.

Það er rétt, herra forseti, að ég harma það persónulega að ákvæðið um tengiregluna skuli vera farið vegna þess að ég gat þess þá og get endurtekið það aftur að ég er viss um að verkalýðshreyfingin telur hana til bóta þótt einstakir forustumenn hennar hafi talið sér skylt að mótmæla henni.

Þegar komið er að 3. umr. þessa máls og öll þessi efnisatriði eru farin út og er samt eins og ekkert hafi gerst. Menn eru jafnmikið á móti því nú og í upphafi. Þá er það spurning hvernig svo má vera. Ég veit ekki svarið, en ég ætla að hér sé á ferðinni misskilinn metnaður, vandræði þessa máls séu þau að menn hafi farið að karpa um það hverjir ættu að ráða um gerð laga, hvort það ætti að gerast í frjálsum samningum úti í bæ eða hvort það væri Alþingis að gera það. Það varð niðurstaðan og allir máttu vita að það gat aldrei farið á annan veg en þann að Alþingi tæki þessa ákvörðun.

En mér finnst líka, herra forseti, að menn tali dálítið óvarlega um þessi mál. Það vekur furðu mína þegar hv. þingmenn koma og fullyrða nánast, eins og hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur gerði áðan, að það sé alveg víst að sú verkalýðshreyfing sem kemur til samninga í haust hafi ekki samningsvilja. (**BH:** Hún hefur lýst því yfir sjálf.) Þegar menn taka svona til máls á Alþingi, ættu menn að athuga það mjög vel að þarna er verið að efast stórkostlega um það afl í þjóðfélaginu sem er hvað þýðingarmest. Verkalýðshreyfingin í gegnum tíðina hefur alltaf verið mjög ábyrg. Og þá ekki síður forustumenn láglaunahópana. Í okkar samfélagi, sem er frjálst markaðssamfélag, skulum við ekki ætla öðrum annað en að þeir séu ábyrgir í samningsgerðum. Í markaðssamfélaginu ráðast samningar af sameiginlegum hagsmunum launþega og fyrirtækja vegna þess að í markaðssamfélaginu er þetta einn vefur en ekki margir óskyldir heimar eins og sumir eru að reyna að rifja upp úr gömlu kommafræðunum sínum. Þetta er nefnilega einn heimur, sameiginlegir hagsmunir. Þegar menn fara í ræðustól til að kvarta yfir því að einhver ríkisstjórn gangi erinda atvinnurekstrarins er þess að minnast og þingmenn ættu að hafa aðgang að þeim skjölum, að hvergi í Vestur-Evrópu, hvergi í OECD-löndunum hefur arður af fjármagni í atvinnufyrirtækjunum verið lægri í áratugi en á Íslandi. Það getið þið séð í skýrslunum. Hver hefur hann verið? Hann hefur verið núll eitt árið, mínus 0,5 annað, plús 0,5 hitt o.s.frv. Í þessu höfum við hjakkað og þetta er grundvallarástæðan fyrir því að lífskjör í þessu gósenlandi, Íslandi, eru ekki betri en raun ber vitni. Arðsemin í fyrirtækjunum hefur ekki fengið að vera nógu há eða jafnhá og í öðrum löndum í áratugi.

[12:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir það að koma í stólinn og hvetja þar með til þess að hér haldi umræðu áfram um þessi mál vegna þess að hann hreyfði við ýmsum grundvallatriðum. Það er sem betur fer bersýnilega skoðun stjórnarmeirihlutans að hér gefist nægur tími til umræðu og ég fagna því.

En ég vil í tilefni orða hans spyrja: Úr því að verkalýðshreyfingin er svona ábyrg og hefur alltaf verið ábyrg, af hverju mátti þá ekki semja við hana um þessi mál? Fyrst verkalýðshreyfingin hefur alltaf sýnt að hér er um sameiginlega hagsmuni að ræða, eins og hv. þm. sagði, af hverju mátti þá ekki semja um þessi mál? Fyrst verkalýðshreyfingin hefur alltaf skilið að þetta er einn vefur, eins og þingmaðurinn sagði, af hverju mátti þetta ekki vera einn vefur? Af hverju þurfti að rífa þessa hluti af verkalýðshreyfingunni? Skilur hv. þm. ekki hvað hann er að gera? Hann er að rjúfa sátt sem hefur ríkt á Íslandi um áratuga skeið og hans ábyrgð er mikil.

[12:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verkefni löggjafans að setja leikreglur, jafnt um samskipti á vinnumarkaði sem og um umferð á vegum. Það þarf ekki að koma neinum á óvart. Svo geta menn deilt um það hvað stendur í þeim lögum. Auðvitað má deila um það. En hinn almenni rammi samskiptanna verður hvergi settur nema á Alþingi.

[12:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hefur hv. 3. þm. Vestf. ekki tekið þátt í því að semja við verkalýðshreyfinguna um einstök atriði sem síðan hafa verið staðfest í lögum? Hefur hann ekki gert það aftur og aftur? Af hverju má það ekki gerast nú? Af hverju má ekki halda þannig á málum nú eins og aftur og aftur hefur verið gert á undanförnum árum? Að hans mati á svo að heita að við búum í frjálsu markaðsþjóðfélagi, hér á fjármagnið að

vera frjálst og dansa laust og hafa mikið svigrúm og frelsi, hagfræði Þorvaldar Gylfasonar. En verkalýðshreyfinguna á að binda þótt hún mótmæli því öll. Hvað á þetta að þýða, hv. þm.?

[12:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 25 ár eða lengur hef ég staðið í því að semja við launþega. (**SvG:** Ertu uppgefinn?) Nei, ég er ekkert uppgefinn. Ég er enn við þau störf. (**SvG:** ...beita valdi á Alþingi.) Hvað var gert 1938? Hver setti þessi lög? Voru þau ekki sett af Alþingi? Hver setur lög og semur leikreglur? Voru ekki lögin sem fyrir voru sett af Alþingi? Var einhver annar sem setti þau? Eða var bannað að breyta þeim lögum?

[12:28]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að benda hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni á það að lögin frá 1938 voru sett í sátt við verkalýðshreyfinguna. (**Gripið fram í:** Þau voru kölluð þrælalög.) Já, þau voru kölluð þrælalög af ákveðnum stjórnmálaflokki. Þau voru hins vegar sett í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna í landinu á sínum tíma. Ég vil líka benda hv. þm. á það, úr því að hann minntist á það hér áðan að ég hefði nánast fullyrt að verkalýðshreyfingin ætli að haga sér óábyrgt í haust, að það er það sem forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa lýst yfir. Þeir hafa lýst yfir að þessar aðfarir ógni friði á vinnumarkaði og verkalýðshreyfingin muni ekki koma með samningsviljann að vopni til samninga í haust. Það eru þeirra orð, en ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. hafa kosið að hlusta ekki á þau. Það var það sem ég var að benda á í ræðu minni áðan.

Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan. Verkalýðshreyfingin hefur verið ábyrg. Hún hefur fyllilega staðið undir hlutverki sínu. Af hverju á að múlbinda hana núna?

[12:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margsinnis komið fram í þessari umræðu að það er ekkert verið að binda verkalýðshreyfinguna með þessum lögum. Það er alls ekki verið að gera það. Það er ekki verið að brjóta nokkurn skapaðan hlut á félagafrelsi að nokkru leyti. Þau atriði sem gagnrýnd voru í upphafi þegar frv. var lagt fram hafa verið felld á brott. Ég spurði einmitt í ræðu minni: Hvernig stendur á því að þegar öll efnisatriði sem gagnrýnd voru í upphafi eru farin, er samt eins og ekkert hafi gerst? (Gripið fram í.) Í upphafi ræðu minnar við 1. umr. taldi ég upp fjögur efnisatriði. Ég hafði komist að því í samræðum við fjölmarga forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hvað það var sem þeir vildu breyta og hvað þeir voru óánægðir með. Öll þau atriði eru nú horfin úr frv.

[12:30]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er helst að skilja á hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það sé tóm óþekkt í stjórnarandstöðunni og verkalýðshreyfingunni að geta ekki fallist á þetta frv. eins og það liggur fyrir. Skilur hv. þm. ekki að það sem skiptir öllu máli hér er að það var slitið í sundur ákveðið samráð? Það var ákveðið að fara út í þessi mál með gjörvalla verkalýðshreyfinguna í andstöðu. Og það sem meira er, hluti af forustu hennar hefur komið fyrir hv. félmn. eftir að breytingarnar voru gerðar og lýst því yfir að þær hafi ekki nokkra þýðingu. Málið snýst enn um það að þetta er íhlutun í innri málefni stéttarfélaga. Hhv. þm. veit að er mjög hættulegt fordæmi. Það er það sem málið snýst um.

[12:31]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr enn og aftur: Hvað er þá eftir þegar efnisatriðin eru farin út sem voru gagnrýnd? Hvað er þá eftir? Ég hef áður látið að því liggja hér í ræðu að ég tel að þetta sé á misskilningi byggt. Hér er um stolt manna að ræða, hver á að ráða og hver á að setja lög. Á Alþingi að gera það eða á einhver annar að gera það? Það er líka misskilningur ef einhver lætur sér detta í hug, þrátt fyrir ágreining um einhverja lagasetningu, að þeir tímar komi á Íslandi að menn fari að hefna þess í héraði sem hallast á Alþingi. Ég trúi því ekki, herra forseti. Það hvarflar ekki að mér því ég veit að aðilar munu koma til samninga vegna sameiginlegra hagsmuna, vegna hagsmuna launþega og atvinnufyrirtækja. Þess vegna munu þeir koma með opnum huga og vinna sína vinnu eins og þeir hafa gert.

[Fundarhlé. — 12:32]

[13:01]

Útbýting þingskjals:

Leyfi til malarnáms, 537. mál, fsp. LB, þskj. 1113.

[13:02]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér finnst satt að segja nokkurt umhugsunarefni að hlýða á málflutning stjórnarsinna hér í dag. Það er eins og þeir hafi ekki botnað neitt í því af hverju verkalýðsfélögin á Íslandi hafa snúist gegn þessu frv. Það er eins og þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því að það er fyrst og fremst aðferðin og vinnubrögðin sem hafa kallað yfir þjóðina og þingið og ríkisstjórnina þessi gífurlegu mótmæli, það eru sérstaklega vinnubrögðin. Menn telja að það geti verið hættulegt fyrir þróun mála í framtíðinni, fyrir kjaramál, efnahagsmál, atvinnumál og fleira, að ríkisstjórn komist upp með að haga sér svona gagnvart verkalýðshreyfingunni. En þetta er búið að segja, það er alveg rétt hjá hv. þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa verið að kvarta undan okkur meira og minna í allan morgun. Þeir hafa komið hér grátandi hver á fætur öðrum í ræðustólinn. Það er alveg rétt hjá þeim að í raun og veru virðist málið liggja þannig að það hríni ekkert á þeim í þessum efnum og þeir neita að hlusta á þessar alvarlegu röksemdir. Þeir neita að hlusta á það að sú hætta er fyrir hendi að þessi vinnubrögð hafi í för með sér alvarlegar afleiðingar. Þeir neita að hlusta á það. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem ætti að vita betur, hleypur hér upp með skæting í morgun og segir: „Þetta er bara eins og lögin 1938". Þetta er ekki eins og lögin 1938. Þá var það þannig að meiri hluti verkalýðsfélaganna í landinu studdi lögin 1938. Nú eru öll verkalýðsfélög á Íslandi á móti þessum vinnubrögðum. Ég segi eins og er, hæstv. forseti, að þessi framkoma við verkalýðshreyfinguna er stórhættuleg ef hún er fordæmi, sem hún getur orðið. Ef hún er fordæmi með þeim hætti að ríkisstjórnir framtíðarinnar leyfi sér ekki aðeins að hlutast til um kaupið og niðurstöður einstakra kjarasamninga heldur líka um skipulag verkalýðssamtakanna í heild. Það er fyrst og fremst af þessum ástæðum en ekki út af einstökum efnisatriðum sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa sameinast um að vera á móti þessum frv. Og ekki aðeins hafa þeir sameinast um það heldur hafa þeir staðið með verkalýðshreyfingunni

í landinu allri í þeirri baráttu. Það er hættan á fordæminu sem er það hrikalega við þessi mál. Það er hinn alvarlegi veruleiki. En það virðist vera sama hversu oft það er sagt hve fordæmið getur verið hættulegt. Talsmenn stjórnarflokkanna heyra það ekki eða vilja ekki heyra það. Nú getur auðvitað verið að innra með þeim blundi sú ósk að þetta verði ekki til þess að skapa vanda. Og ég er sannfærður um að þeir sem hugsa eitthvað um þessi mál vona að að þetta verði ekki til að skapa vanda. Enginn getur fullyrt 100% að það skapi vanda. En verkalýðshreyfingin hefur sagt óvenjumikið í þeim efnum. Og fara þar ekki fyrir orðhákar þar sem þeir eru trésmiðirnir Benedikt Davíðsson og Grétar Þorsteinsson? En það er ljóst að það hefur býsna mikið verið sagt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum. Þeim mun undarlegra er það að menn virðast ekki ugga að sér. Og maður spyr sig: Skipta þá ályktanir engu lengur? Á þá að hætta að reyna að hafa áhrif á gang mála hér í þessari stofnun? Svarið er reyndar nei við þeirri spurningu. Í fyrsta lagi vegna þess að stjórnarandstaðan og verkalýðshreyfingin hafa haft mikil áhrif á frumvörpin. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Það hafa orðið miklar breytingar á báðum þessum frv. Mjög miklar breytingar. Það er ekki nokkur leið að þakka það öðrum en stjórnarandstöðunni vegna þess að ef hún hefði ekki verið þá hefði stjórnarliðið tekið þessi frv. í gegn einn, tveir, þrír án þess að tala við nokkurn mann. Það er því augljóst mál að það er stjórnarandstaðan sem hefur barið það fram, m.a. með beiðnum um umsagnir og umræðum hér, að málin væru tekin til skoðunar og þau hafa tekið miklum breytingum. Í öðru lagi spyr maður: Getur verið að þessar alvarlegu ábendingar verkalýðshreyfingarinnar séu einskis metnar á Íslandi lengur? Er það virkilega þannig að stéttarfélögin í landinu mæti hér bergmálslausum múrum Alþingishússins? Er það þannig? Getur verið að það þýði ekki lengur? Það hefur verði beitt svo að segja öllum löglegum, eðlilegum leiðum samkvæmt þingsköpum. Menn hafa talað, menn hafa flutt tillögur, menn hafa flutt dagskrártillögur, menn hafa gefið út nál. Það hefur ekki hrifið. Öll stéttarfélög landsins hafa sent frá sér mótmæli við því að málið skuli vera afgreitt. Það hefur ekki hrifið. Það hefur ekki einu sinni verið gert hlé á málinu af hæstv. ríkisstjórn. Er það svo, hæstv. forseti, að stéttarfélögin í landinu verði að búa við það að mál eins og þessi fari í gegn hvað sem hver segir? Og að forustumenn Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðsins, fyrrverandi og núverandi, geti látið vélina hér mala yfir hvern einasta mann? Er það þannig, hæstv. forseti? Er þessi stofnun ekki til neins? Hvar er neistinn? Það fer ekki mikið fyrir honum. Mér kemur í hug Jóhannes úr Kötlum sem spurði: „Er ekkert eftir í æðunum á þeim, nema tóbak og kaffi og brennivín?“ Er ekki ærlegur blóðdropi eftir í sambandi við þessa hluti? Mér liggur við að segja að það hafi birst neyðarkall frá allri verkalýðshreyfingunni á Íslandi. Þetta er sorgleg niðurstaða, hæstv. forseti.

Hér er verið að innleiða hagfræði hins aukna svigrúms. Hér er haldið þannig á málum að fjármagnið eigi að gefa meira frelsi og menn þurfa þá ekki svo mikið að hugsa um viðbótarskyldur sem fylgja því að vera með fólk í vinnu. Auðvitað er ljóst að eftir því sem reglurnar eru færri og lögin veikari, því meira svigrúm hefur fjármagnið. Það er alveg rétt að það er mikið vesen að þurfa að borga kaup og láta það hafa forgang þegar það blasir við að menn gætu keypt hlutabréf og grætt á þeim 100 millj. eða guð veit hvað. Það er ferlegt vesen. Það er óskaplegt vesen að þurfa að hlýta reglum um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum í einstökum atriðum. Það er alveg rétt að með því að losa um þessa hluti þá hafa menn meira frelsi fyrir seðlana. En ég hélt að það væri ekki svoleiðis þjóðfélag sem við vildum. Að minnsta kosti er ég alveg viss um að flokkur sem sagðist vilja hafa fólk í fyrirrúmi sagði ekki seðlana í fyrirrúmi fyrir síðustu kosningar.

[13:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er til að taka að hv. þm. Svavar Gestsson verður eins og aðrir að finna orðum sínum stað hér í þessum ræðustól. Hvorki við þessa umræðu né neina aðra hef ég haft í frammi skæting. Aldrei, ég neita því. Nú eru það ekki efnisatriði, herra forseti, sem um er að ræða í þessu frv. heldur er það málsmeðferðin. Nú er það málsmeðferðin. Ég gat þess í 1. umr. um þetta mál að ég vissi ekki hverjum það væri að kenna, hvort það væri ríkisvaldið, atvinnurekendur eða verkalýðshreyfingin, að ekki tókst að semja eða komast lengra í þessum samningum en raun bar vitni. Ég veit það ekki enn. Það liggur ekki fyrir. En það var mat ráðuneytisins að ekki yrði lengra komist og á það var fallist.

Það er nú þannig, herra forseti, að þær þjóðir sem hafa komist á það stig að geta borgað launþegum hæst kaup, þar sem kjörin eru best og afkoman best, eru þær þjóðir sem hafa tileinkað sér umfram aðra hagfræði hins aukna svigrúms. Þar hafa menn getað greitt fólki laun og þar er afkoma manna best. Að því erum við að stefna í þessu þjóðfélagi að hafna höftum, hafna fákeppni, taka upp frelsi í viðskiptum, taka upp frjálsa verðmyndun á öllum sviðum. Það er að skila okkur árangri í þessu samfélagi. Það er þess vegna sem við í dag erum að lifa það sem aldrei hefur gerst áður í langan tíma að kaupmáttur fólksins er að vaxa í þessu samfélagi umfram það sem samið var um og gert ráð var fyrir í kjarasamningum. Það er þessi þróun sem er að skila okkur árangri. Enda er það markmið allra heiðarlegra manna að vilja byggja upp þjóðfélag sem getur veitt þegnunum sem best kjör. Þetta er aðferðin. Þetta er hin kapítalíska aðferð, það er alveg rétt. En sem betur fer var sósíalískum leiðum á Íslandi hafnað. Við höfum hafnað boðum og bönnum og einangrun.

[13:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þið, meiri hlutinn hér, eruð að innleiða boð og bönn. Það eruð þið. Það er meiri hlutinn hér sem er að innleiða höft. Það er meiri hlutinn hér sem er að innleiða fjötra. Ekki á fjármagnið í einstökum atriðum, því það er verið að auka frelsi þess, heldur á fólkið.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því hvernig kaupmáttur hefði verið að batna hér. Af hverju er það? Það er meðal annars vegna þess að verkafólkið á Íslandi, launafólkið á Íslandi, hefur lagt sig fram. Meðal annars með því að gera kjarasamninga, m.a. með því að vinna heiðarlega gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum. Og hvað gera þeir þá þegar batinn er að koma? Þá berja þeir á framrétta sáttahönd þessa fólks og hefta hana í fjötra laga sem fólkið vill ekki.

Varðandi það hvað er skætingur, hæstv. forseti, þá er það t.d. skætingur að kalla málflutning manna hér fjas, svo ég nefni dæmi. Ég held að það hafi allir í rauninni reynt að vanda sig og hv. þm. líka. Ég tel hins vegar að hann sé á villigötum og mér finnst sárara að sjá hann þar en suma aðra.

[13:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það hafi verið efnislega sýnt fram á það að í þessu frv. er ekki verið að setja höft. Það er ekki verið að setja bönn, það er ekki verið að brjóta niður eða binda verkalýðshreyfinguna. Það getur enginn sýnt fram á það með rökum. Það getur enginn sýnt fram á það. Efnisatriðin sem voru gagnrýnd hafa verið fjarlægð. Hvert einasta þeirra hefur verið fjarlægt, auðvitað að kröfu verkalýðshreyfingarinnar. Það er alveg rétt. Það er líka rétt að slík samtök hafi áhrif á störf þingsins. Það er mjög eðlilegt. Við stöndum sameiginlega að því sem við erum að gera og auðvitað hefur enginn mótmælt því að verkalýðshreyfingin á sinn stóra og mikla þátt í því að það hefur tekist að koma atvinnulífi og efnahagsmálum á réttan kjöl. Um það eru allir sammála.

[13:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur síðan 1990 aftur og aftur gert samninga við atvinnurekendur og ríkisvald um að halda þannig á málum að verðbólgan fari ekki aftur á stað, þegar verkalýðshreyfingin hefur haldið þannig á málum að menn hafa vísvitandi í raun og veru verið að semja um lægri kaupmátt en ella hefði verið, þá koma þeir með handjárnin hér. Hvað er það sem Alþýðusamband Íslands segir í þessari stöðu? Það segir þetta, með leyfi forseta:

„Verkalýðshreyfingin ítrekar andstöðu sína við þau frv. ríkisstjórnarinnar um árásir og réttindi launafólks sem nú eru til umfjöllun á Alþingi. Sameinuð íslensk verkalýðshreyfing hefur varað stjórnvöld við þeim yfirgangi sem viðhafður er til að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin hefur einnig öll varað eindregið við þeim breytingum á réttarstöðu verkafólks og samtaka þeirra sem samþykkt frumvarpanna hefði í för með sér. Ef ríkisstjórnarflokkarnir beita meiri hluta sínum á Alþingi með þeim hætti sem nú er fyrirhugað og hunsa sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar en styðja sjónarmið atvinnurekenda er ljóst að þeir valda miklu uppnámi í öllum samskiptum aðila á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin telur að með samþykkt frumvarpanna muni ríkisstjórnin koma í veg fyrir að efnahagsbatinn nýtist til að efla atvinnulífið, bæta kjörin og tryggja stöðugleika. 38. þing Alþýðusambands Íslands skorar því á alþingismenn að stöðva framgang frumvarpa ríkisstjórnarinnar svo ráðrúm gefist til þess að fullreyna hvort samkomulag náist milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur sín á milli."

Á þetta ákall allrar verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi á Alþýðusambandsþingi vildu þeir ekki hlusta sem hér ráða ríkjum.

[13:18]

Útbýting þingskjala:

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 422. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1117.

Tekjuskattur og eignarskattur, 421. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1117; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1118.

[13:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna þeirra umræðna sem orðið hafa hér í morgun. Ég þakka fyrir þær, þær hafa að mörgu leyti verið málefnalegar og á góðum nótum. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að norræna módelið var sterkara í upphaflegu frv. en það er orðið nú. Hins vegar hefur verið reynt að taka tillit til athugasemda sem komið hafa fram og þess vegna hefur það þynnst nokkuð út. En þetta er náttúrlega þrátt fyrir allt norrænt módel en ekki nýsjálenskt.

Hv. þm. talaði um atvinnuleysið. Það er sannarlega ástæða til að eyða tíma í að reyna að grafast fyrir um orsakir þess og reyna að bæta úr því eftir því sem mögulegt er. Sem betur fer er nú atvinnuleysið á niðurleið núna og horfur ekki mjög slæmar. En það er alveg rétt sem hv. þm. nefndi, atvinnuleysi í Reykjavík er of mikið og langtímaatvinnuleysi hjá nokkrum hópi fólks er verulegt áhyggjuefni. Það er ástæða til að reyna að kanna betur hverjar orsakirnar eru. Þær eru vafalaust margar en ein orsökin er auðvitað sú að kaupið, þ.e. lægstu laun, eru of lág. Það er ekki launalegur hvati fyrir atvinnulaust fólk að ganga inn í störf sem greitt er fyrir eftir lægstu töxtum. Fólk hefur sömu tekjur eða jafnvel betri tekjur með því að vera atvinnulaust heldur en að taka störf sem eru unnin á lægstu töxtum.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir nefndi nokkur atriði í sinni ræðu og beindi til mín spurningum. Ég tel að ef það sannast að í einhverjum verulegum mæli séu fyrirtæki farin að taka fólk vísvitandi af launaskrá og koma því yfir á atvinnuleysisskrá þá verði að taka á því. Það eru óþolandi vinnubrögð og slíkt á ekki að líða. Fyrirtækin eiga ekki að geta látið Atvinnuleysistryggingasjóð standa undir framfærslu starfsmanna sinna að hluta til, hvað þá heldur að öllu leyti. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að leggjast yfir það mál. Það eru nokkrar lausnir sem mér koma í hug. Ein er sú að ef að þessu verða veruleg brögð, verður náttúrlega að hækka tryggingagjaldið sem fyrirtækin greiða þannig að þau komi til með að bera kostnað af þessum verknaði sjálf. Hitt er svo annað mál að við megum ekki gera of mikið úr einhverjum lausafregnum. Við þurfum að fá um þetta staðfesta vissu áður en við förum að taka á málinu. En það stendur ekki á mér að reyna að hafa þessa hluti í lagi.

Hv. þm. spurði um tvær ILO-samþykktir, nr. 158 og 156. Ég held að ég hafi svarað því a.m.k. tvisvar eða jafnvel oftar úr þessum ræðustól. Ég vil gefa aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til að semja sín á milli um að hrinda þessum tilskipunum í framkvæmd. Ég hef hlotið mikið ámæli hér af hendi stjórnarandstöðunnar að gefa ekki aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til að semja sín á milli. Ég er ekki viss um að þessir samningar takist. En ég vil gefa tækifæri fram á haustið til að aðilar vinnumarkaðarins reyni að koma þessum hlutum í betra horf. Ef það tekst ekki, mun ég taka á málinu. Ef það tekst ekki þá sé ég ekki annað ráð vænna en að fullgilda þessa samninga. Ég mun hins vegar ekki sýna neitt gerræði þarna frekar en annars staðar. En mér fannst hálfpartinn að hv. þm. væri að fara fram á að ég færi að sýna gerræði í garð aðila vinnumarkaðarins. Það vil ég reyna að forðast.

Hún talaði um gerviverktöku og það er sannarlega áhyggjuefni. Ég vil gjarna eiga samstarf við Alþýðusamband Íslands við að reyna að taka á því vandamáli. Maður heyrir ótrúlegar sögur um fyrirkomulag hjá einstökum atvinnurekendum sem nær auðvitað ekki nokkurri átt. Og í það verk verður að ganga. Mér er hins vegar ekki fullkomlega ljóst hvernig hægt er að gera það með fullnægjandi árangri. En ég vil eiga gott samstarf við verkalýðshreyfinguna og aðra um að taka á málinu.

Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, gagnrýndi vinnubrögðin við lögfestingu þessa máls. Mér finnst aðalatriðið

vera efni máls. Það sem eftir stendur þegar við erum báðir gleymdir, við hv. 8. þm. Reykv., og farnir héðan úr þessari stofnun er það sem máli skiptir; hver lög við settum, það efni sem í þeim lögum er sem við stöndum að. Út af fyrir sig verð ég sjálfsagt að taka það á mig að hafa viðhaft vinnubrögð sem einhverjum líkar ekki. En ég taldi að það væri skynsamlegast og líklegast til árangurs að gera hlutina með þeim hætti sem raun hefur orðið á þar sem málið var komið í þrátefli og ég sá ekki möguleika á því að málið leystist af sjálfu sér. Hv. þm. spurði hvort ályktanir skiptu engu máli. Svo sannarlega skipta ályktanir máli. Ályktanirnar hafa verið teknar til greina í stórum stíl. Langflestar efnislegar athugasemdir hafa verið teknar til greina í stórum stíl. Það er ein sem ekki hefur verið tekin til greina. Það er sú krafa að draga frv. til baka. Það er alveg rétt að sú ályktun var ekki tekin til greina. Enda er hún nú nokkuð „drastísk" að setja fram við Alþingi. Hv. þm. spurði hvort þessi stofnun væri ekki til neins. Ég tel að þessi stofnun hafi hlutverk og það meira að segja mjög mikilvægt hlutverk. Það er hlutverk Alþingis að setja lög, ekki aðila vinnumarkaðarins. Við verðum að vera ábyrg fyrir lagasetningu sem höfum valist til þess að sitja hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég vænti þess að þegar þessi lög hafa öðlast gildi og menn fara að vinna eftir þeim þá muni þeir sjá að þessi lagasetning er skynsamleg og öllum til hagsbóta, ekki síst launamönnum.

[13:27]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Hann svaraði hér nokkrum spurningum sem ég beindi til hans í ræðu minni fyrr í dag. Ég vil í fyrsta lagi varðandi samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 og 158, sem eru grundvallarsamþykktir um starfsöryggi, benda hæstv. ráðherranum á að viðræður og tilraunir til samráðs hafa verið í gangi um þessar samþykktir í óralangan tíma. Þetta hefur margoft verið tekið upp í nefnd, þríhliða nefnd aðila vinnumarkaðarins. Meðal annars átti ég þátt í slíkum viðræðum nokkrum sinnum sjálf. Það var lengi reynt að fá þessar samþykktir fullgiltar út úr þessari nefnd, en afstaða atvinnurekenda í þeirri nefnd var algjörlega skýr. Þeir vilja ekki fá þessar samþykktir fullgiltar. Það er bara prinsippmál af þeirra hálfu. Þannig að ég held að samráðið hafi nú verið fullreynt ef miða má við það hvað hæstv. félmrh. telur fullreynt í hópnum um samskiptareglur á vinnumarkaði þar sem við erum að tala um samráð frá því í lok árs, ef ég man rétt, til byrjunar árs 1996. Ég veit að þegar ég tók sæti í þríhliða nefnd aðila vinnumarkaðarins 1992 þá voru þessar samþykktir búnar að vera lengi þar til umræðu og voru enn á dagskrá.

Ég vil hins vegar fagna yfirlýsingu hæstv. félmrh. sem hann gaf hér áðan varðandi starfsöryggissamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 156 og 158. Hann lýsti því yfir að hann vildi gefa vinnumarkaðinum færi á því að semja um þessi mál sín á milli fyrir haustið. Ef ekki verður um það samið þá mun hann leggja til að þær verði fullgiltar, ef ég skildi yfirlýsingu hæstv. félmrh. rétt. Ég fagna þeirri yfirlýsingu.

[13:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru auðvitað pínulitlar þversagnir í þessu eins og oft í lífinu. Tilraunir til samráðs hafa verið lengi í gangi, segir hv. þm. Tilraunir til samráðs höfðu líka verið lengi í gangi um að komast á eina skoðun um samskipti á vinnumarkaði. Þá er það spurningin hvenær samráð er fullreynt. Ég get endurtekið það sem ég sagði áðan. Ég kýs ef mögulegt er samráð. En ef samráð verður ekki, ef samráðið snýst bara upp í þrátefli eins og stundum hefur gerst og m.a. í þessu máli, er ekkert um annað að ræða fyrir framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið en að höggva á hnútinn. Það er akkúrat hlutverk löggjafans sem starfar í umboði almennings og á að vinna eftir þjóðarheill að höggva á hnútinn þegar samráð tekst ekki eða gengur ekki upp og deilur leysast ekki með öðrum hætti.

[13:31]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel engar þversagnir í þessu, eins og hæstv. félmrh. heldur fram. Ég var að benda á það áðan í ræðu minni að þrátefli, einmitt þrátefli sem um er að ræða varðandi starfsöryggi, er búið að standa yfir frá því um miðjan níunda áratuginn, ef ég man rétt. Það þrátefli hefur staðið yfir í rúm tíu ár. Það má þá vera einhver mikill snúningur af atvinnurekenda hálfu ef þeir eru skyndilega tilbúnir til að samþykkja þessar samþykktir. Ég var einungis að benda á það að úr því að hæstv. félmrh. er tilbúinn til að ganga svo „vasklega" fram, eins og hann hefur gert gagnvart verkalýðshreyfingunni gegn hennar vilja, hlyti að vera kominn tími til að höggva á hnútinn í þrátefli sem hefur staðið yfir í rúm tíu ár. Og ég benti á það hér til samanburðar að það þrátefli sem hann kallar um samskiptareglur á vinnumarkaði er einungis búið að standa yfir í rúmt ár, ef ég man rétt. Mig minnir að nefndin hafi verið skipuð í október 1994 eða eitthvað slíkt og upp úr samstarfi slitnar í byrjun árs 1996. Til samanburðar hefur margoft verið bent á það hér í umræðunum að þegar svo stórir lagabálkar á sviði vinnumarkaðar hafa verið teknir til endurskoðunar hefur slíkt samráð staðið yfir mun lengur en raun varð á í þessu tilviki. Þannig að ég neita því að hér sé um einhverja þversagnir að ræða.

[13:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þrátefli þarf fyrst að meta það hvenær mál er komið í þrátefli. Síðan þarf að meta hvort leysa megi stöðuna upp eða hvort grípa þurfi inn í. Ég vil bara taka það fram, herra forseti, að ég er ekki í starfi félmrh. til þess að ganga erinda vinnuveitenda eitthvað sérstaklega. Ég vil ástunda gott samstarf við vinnuveitendur eins og ég vil ástunda gott samstarf við launamenn og þeirra samtök. Hins vegar þarf auðvitað tvo til svo að gott samstarf og samráð geti borið árangur.

[13:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að lokum tekið undir það með hæstv. félmrh. að ég vona að hans verði minnst fyrir allt annað en þetta frv. þegar fram líða stundir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (félagslegar eignaríbúðir). — Þskj. 1102.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 464. mál (flutningur grunnskólans). — Þskj. 799. [13:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar þetta mál kom til umræðu síðdegis í gær komu fram efasemdir eða vangaveltur um það að ekki væri nægilega vel gengið frá ákveðnum þætti málsins sem snúa að sveitarfélögunum eða fjármunalegum samskiptum sveitarfélaga og ríkisvalds, fyrst og fremst hvað varðaði áhrif sem yrðu af væntanlegri lagasetningu um fjármagnstekjuskatt og tilheyrir ekki beint þessu máli. En af þessu tilefni efndi ég til fundar í morgun og gengið hefur verið frá sameiginlegri yfirlýsingu fjmrh. og félmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eru sammála um eftirfarandi:

1. Við samþykkt fyrirliggjandi frv. um skattlagningu fjármagnstekna samþykkir ríkissjóður að bæta sveitarfélögunum að fullu þau fjárhagslegu áhrif sem þau verða fyrir vegna álagningar skattsins.

2. Þetta verður gert með því að létta verkefnum af sveitarfélögum og/eða hækka útsvarsprósentu samhliða lækkun tekjuskatts.

3. Gengið verði frá endanlegu samkomulagi milli aðila og nauðsynlegum lagabreytingum fyrir árslok 1996.

Undir þetta rita Friðrik Sophusson fjmrh., Páll Pétursson félmrh., Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Raunar hefði átt að vera búið að ganga frá þessu máli en vegna utanfarar ráðuneytisstjóra í fjmrn. sem falið var að vinna að þessu ásamt fyrirsvarsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur það dregist. En nú liggur þessi sameiginlega yfirlýsing fyrir og vænti ég þess að það greiði fyrir framgangi þessa máls og menn eigi ekki að þurfa að velkjast í vafa lengur um þetta atriði.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. félmrh. að ég óskaði eftir því í gær að þessari umræðu yrði frestað. Það var sökum þess að það lá fyrir ágreiningur um stöðu þessa máls samkvæmt samþykkt sem Samband ísl. sveitarfélaga hafði sent þingmönnum. Ég taldi þar af leiðandi nauðsynlegt, þar sem hér var til umfjöllunar breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og talsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga vísuðu til þess frv. *í sínu áliti til þingmanna*, að óska eftir frestun á umræðunni og að staða þessa máls yrði skýrð. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. félmrh. greindi hér frá. Ég tel að málið hafi þar með fengið farsæla niðurstöðu og sé í höfn og af þessari beiðni minni hafi orðið nokkur uppskera. Ég fagna því og þakka þessar málalyktir.

[13:41]

Útbýting þingskjala:

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 422. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1114; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1116.

Tekjuskattur og eignarskattur, 421. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1114; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GMS, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, JóhS, KH, KPál, LB, MF, ÓÖH, SF, SP, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1120).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (félagslegar eignaríbúðir). — Þskj. 1102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GMS, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

26 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, JóhS, KH, LB, MF, ÓÖH, SF, SP, StG, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1121).

Fundi slitið kl. 13:44.

---

155. FUNDUR

fimmtudaginn 30. maí,
að loknum 154. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 421. mál, þskj. 750, nál. 1114 og 1117, brtt. 1115 og 1118. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 422. mál, þskj. 751, nál. 1114 og 1117, brtt. 1116. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í báðum dagskrármálum. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 750, nál. 1114 og 1117, brtt. 1115 og 1118.

og

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 751, nál. 1114 og 1117, brtt. 1116.

[13:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og vegna frv. til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og brtt. á þskj. 1115 og 1116 vegna frv. um sömu mál.

Nefndin hefur fjallað um þessi tvö frv. að undanförnu og fengið umsagnir frá allmörgum aðilum og fengið á sinn fund nokkra þeirra að auki og gerði grein fyrir því á þskj. 1114.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frv.

Í 1. lið brtt. vegna frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt vil ég nefna að það er tillaga um breytingu á 1. gr. frv. Það eru tvær breytingar sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis, um að haft sé samráð við Seðlabanka Íslands vegna útreiknings á gengishagnaði og eins er orðalagsbreyting.

Í 2. lið brtt. er breyting við 4. gr. frv. Þar er lagt til að komi inn tvær nýjar málsgreinar í stað 2. mgr. Í fyrsta lagi er verið að skilgreina þar söluverð og kaupverð hlutabréfa og mismun þar á sem hagnað og enn fremur slit á félagi, hvernig það skilgreinist sem söluhagnaður. Í b-lið er tekið á því að í skattalögum hefur verið ákveði um að söluhagnaður af hlutabréfum sem eru skráð á markaði væri skattfrjáls innan ákveðinna marka og það er verið að taka það út. Í c-lið er mál sama eðlis. Í d-lið er bætt við nýrri málsgrein sem er svohljóðandi, með leyfir forseta:

„Unnt er að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar manns af sölu hlutabréfa um tvenn áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð hans er umfram 3.000.000 kr. hjá einstaklingum og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Kaupi hann önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á því kaupverði hinna nýju bréfa sem ákvörðun söluhagnaðar samkvæmt þessari grein miðast við. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi."

Í 3. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 5. gr. Í a-lið eru lagðar til smátilfærslur. Í b-lið er jafnframt verið að leggja til smátilfærslur vegna þess að núgildandi frádráttarregla vegna kaupa á hlutabréfi í staðfestum félögum heldur sér. Í c-lið er verið að bæta við nýjum tölulið sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum.

Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs."

Þetta er skýrt betur út í breytingartillögunni. Síðan eru orðalagsbreytingar í d-lið og e-lið þessarar brtt.

Í 4. lið brtt. er gerð breyting á 6. gr. þar sem segir að frádráttur skuli vera 7% af nafnvirði hlutafjár, þ.e. að þegar fyrirtæki greiða út arð þá mega þau draga frá allt að 7% af nafnvirði hlutafjár. Síðan er haldið inni í frv. ákvæði um að sé í eigu hlutafélagsins íbúðarhús, sumarhús, fólksbifreiðar, skemmtibátar eða aðrar eignir sem ekki tengjast rekstrarþörf félagsins og ætlaðar eru til einkaþarfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins eða skylduliðs þeirra manna skal verðmæti þeirra eigna dregið frá nafnverði áður en arður er samkvæmt þessum tölum ákvarðaður.

Enn fremur er breyting þess efnis að ef hlutafélag nýtir ekki að fullu frádráttarheimild samkvæmt þessum tölulið þá er heimilt að flytja ónýtta frádráttarheimild til næstu ára. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

Í 5. lið brtt. er gerð breyting á 7. gr. Þar er tekið á söluhagnaði af hlutabréfum og enn fremur við innlausn, t.d. við slit félags eða lækkun hlutafjár. Ákvæðin um 10% skattlagningu á slíkum hagnaði eiga einungis við ef hagnaðurinn er innan við 3 millj. fyrir einstaklinga og 6 millj. hjá hjónum.

Í b-lið eru felld brott orðin: „við útreikning tekjuviðmiðunar barnabótaauka samkvæmt lögum þessum". Meiningin er sú að fjármagnstekjurnar komi inn við tekjuviðmiðun vegna barnabótaauka.

Í 6. lið brtt. er gerð breyting á 9. gr. frv. Þar eru brtt. við 69. gr. laganna þar sem fyrst og fremst er verið að fjalla um tekjuskilgreiningar sem þar eru og eiga einkum við um vaxtabætur og barnabótaauka.

Í 7. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 10. gr. sem er fyrst og fremst upprðunarmál og orðalagsbreytingar.

Í 8. lið brtt. er tillaga um nýja grein sem verði 11. gr. Þar er um að ræða orðalagsbreytingu á 110 gr. skattalaganna sem hljóðar svo:

„Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og að frádregnum bótum skv. 69. gr., skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram."

Hér er um að ræða að dreifa greiðslum á þessum skatti ef hann er lagður á í einu lagi.

Í 9. lið er lögð til ný málsgrein við 12. gr. sem er fyrst og fremst varðandi gildistökuákvæði á söluhagnaði, ákvæði vegna söluhagnaðar í því skyni að viðskipti með hlutabréf stöðvist ekki fram að áramótum.

Þá er síðast en ekki síst gerð tillaga um að orða ákvæði til bráðabirgða eins og kemur hér fram í brtt. Þar er fyrst og fremst verið að skilgreina jöfnunarverðmæti sem á að reikna út í árslok 1996 og kveða á um það hvernig þetta jöfnunarverðmæti getur hækkað milli ára. En jöfnunarverðmætið sem er reiknað út í árslok 1996 myndar grundvöll fyrir það sem

er talið vera kaupverð hlutabréfa sem eru eldri en frá þeirri dagsetningu. Síðan hækkar þetta jöfnunarverðmæti milli ára eða lækkar eftir verðvísitölu og miðað við þann stofn hækka eða lækka arðgreiðslur og eignarskattsmat, þ.e. ef fyrirtæki gefa út jöfnunarhlutabréf upp í það jöfnunarverðmæti.

Á þskj. 1116 eru brtt. vegna staðgreiðslufrv. Þar eru lagðar til nokkrar breytingar. Þær eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis, þ.e. þær brtt. sem eru í 1.–7. lið brtt. Í 8. lið brtt. eru lagðar til tvær nýjar greinar sem fjalla fyrst og fremst um upplýsingaskyldu, heimildir til skatteftirlits og skattrannsókna. Í b-lið, sem verður þá ný 16. gr., er fjallað um skatteftirlit og skattrannsóknir. Í 9. tölul. er tæknileg breyting og í 10. lið er ný grein sem fjallar um möguleika til að stöðva atvinnurekstur vegna vanskila. Í 11. lið er tæknileg breyting. Í 12. lið er gert ráð fyrir þremur nýjum greinum varðandi refsingar, málsmeðferð og fyrningarreglur og uppgjör í staðgreiðslu.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hefur nefndin fjallað um þetta mál á allmörgum fundum og þessar brtt. eru viðamiklar því þetta mál er að sjálfsögðu eitt af umdeildari málum þingsins. Ég á þess vegna von á því að ekki séu allir á einu máli um það samanber nefndarálit frá minni hluta nefndarinnar. Ég vil hins vegar þakka nefndarmönnum öllum, bæði í meiri hluta og minni hluta, fyrir störf þeirra að þessu máli og ég vonast til að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

[14:00]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. um þau frumvörp sem hér eru til umræðu og ganga undir vinnuheitinu fjármagnstekjuskattur. Að nefndarálitinu standa auk mín hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Sighvatur Björgvinsson.

Formlega erum við að ræða tvö þingmál, þ.e. stjfrv. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og staðgreiðslufrv. sem er bein afleiðing af því frv. Þessi frumvörp mun ég kjósa að kalla stjórnarfrumvörpin en jafnframt hefur verið í umfjöllun nefndarinnar frv. um fjármagnstekjuskatt eða breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt sem var borið fram af þeim hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur. Þetta frv. hefur hlotið vinnuheitið formannafrv., en staðgreiðslufrv. er fylgifiskur þess frv. og er óaðskiljanlegur hluti þess. En hv. flutningsmenn, sem ég nafngreindi áðan, eru formaður Alþfl., formaður Alþb. og formaður Þjóðvaka.

Umræðan um fjármagnstekjuskatt hefur verið umfangsmikil hin síðari missiri, bæði innan viðskiptalífsins og aðila á fjármagnsmarkaði en einnig á hinu pólitíska sviði. Hér ber hins vegar að hafa í huga að það hefur oft átt sér stað viss ruglingur varðandi hugtök um þetta efni, þ.e. að fjármagnstekjur hafa hingað til verið skattlagðar nema vaxtatekjur. Eina undantekningin sem hefur verið í skattlagningu hér á landi varðandi fjármagnstekjur hefur verið sú staðreynd að vaxtatekjur hjá einstaklingum hafa verið skattfrjálsar. Það er því e.t.v. ekki rétt að tala um fjármagnsskatt í þeim skilningi þegar verið er að ræða þessi mál, en það verður þó gert hér einfaldlega vegna þess að það er tamara hugtak. Það ber að hafa skýrt í huga að þegar verið er að tala um fjármagnstekjur er ekki einungis átt við vexti, heldur verðbætur, gengishagnað, arð, leigutekjur og söluhagnað af hlutabréfum, svo nokkuð sé nefnt.

Grundvallarforsendan fyrir þessari umræðu er sú að langflest þjóðfélög, bæði við og aðrir, leggjum skatta á tekjur manna af vinnu sinni. Það er launaskattur sem gengur undir nafninu tekjuskattur og er fyrst og fremst tekjuskattur á einstaklinga. Síðan hafa menn margvíslegar tekjur af öðru en vinnuframlagi sínu og á það ekki hvað síst við um einstaklinga á síðari áratugum, bæði hérlendis og erlendis. Þessar tekjur sem skila sér vegna fjármuna sem einstaklingar eiga köllum við fjármagnstekjur. Þær geta verið fólgnar í arði sem menn fá af eign sinni. Þær geta verið fólgnar í leigutekjum sem menn fá af eignum sínum eða söluhagnaði hlutabréfa eða eigna eða ýmsu öðru.

Í forsögunni var einmitt gengið út frá þeirri skilgreiningu að uppspretta tekna gæti verið með tvennum hætti, þ.e. annars vegar fyrir launaframlag og hins vegar fyrir tekjur af eign manna af því fjármagni sem menn áttu bundið annars staðar. Í nokkrar aldir hefur átt sér stað mikil umræða um skiptingu þjóðfélagsins milli fjármagnseigenda og verkalýðs, umræða sem hv. þm. þekkja ágætlega en fjármagnseigendur eru þeir sem kallaðir eru kapítalistar, a.m.k. í því orðasafni sem oft var notað í umræðum áður fyrr. Það er því ekki nýtt að rætt sé að skattleggja vexti eða tekjur af eignum eða fjármagni á líkan hátt og launatekjur. Sú umræða er nátengd stjórnmálaumræðu um áratuga skeið.

Einnig þarf að hafa í huga þegar rætt er um skattlagningu fjármagnstekna að þær eru skattlagðar hjá lögaðilum í fyrirtækjum eins og aðrar tekjur. Vextir sem fyrirtæki fá hér á landi koma fram í rekstrarreikningi sem tekjur og ef um tekjuafgang er að ræða, greiða fyrirtæki af því tekjuskatt eftir ákveðnum reglum, eftir reglum skattalaga. Í þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu er fyrst og fremst verið að fjalla um einstaklinga, einstaklinga utan atvinnureksturs, hér er ekki verið að ræða um neina heildarendurskoðun á skattlagningarkerfi ríkisins.

Það ber einnig að draga skýrt fram að einstaklingar í rekstri, sem vitaskuld eru margir, greiða hefðbundið skatta af rekstrarhagnaði sínum, 42–47%. Það er hin almenna skattprósenta en vitaskuld dregst síðan frá því afsláttur og uppgjörsaðferðir sem ég ætla í sjálfu sér ekki að fara hér yfir. Þetta er nákvæmlega sama aðferðafræðin og skattlagning einstaklinga af launatekjum, þ.e. þeir falla undir þetta almenna tekjuskattskerfi, 42–47%. Það sem gert er í þessu stjfrv. er að með því að samræma það sem kallað er skattur af fjármagnstekjum eru lækkaðir skattar á arð, söluhagnað og leigutekjur. Þeir eru lækkaðir úr 42–47% hlutfalli og færðir niður í 10% hlutfall, en það er einmitt það hlutfall sem vextir verða skattlagðir samkvæmt þessu frv. Það er þannig mjög brýnt að hafa í huga að stjfrv. gerir tvennt. Það setur skatt á vaxtatekjur úr 0% eða úr engum skatti í 10%. Það er önnur afleiðing af stjfrv. Hinn þátturinn er að það er lækkaður skattur af arði, söluhagnaði og leigutekjum úr rúmlega 40% niður í 10%. Það hefur ekki komið að mínu mati nægjanlega skýrt fram í umræðunni að stjfrv. gengur ekki einungis út á það að leggja skatta á hinar skattfrjálsu vaxtatekjur, heldur eru samhliða þessu gerðar verulegar tilfærslur í sköttum á arði söluhagnaði og leigutekjum og hefur það áhrif bæði á einstaklinga og einnig, eins og útfært er í frv., hefur þetta mjög mikil áhrif á skattamál fyrirtækja.

Stjfrv. byggist á störfum nefndar sem fjmrh. skipaði. Það áttu sæti í henni ýmsir hagsmunaaðilar, fulltrúar þingflokka m.a., en fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar gerðu sérstaka grein fyrir ágreiningi sínum um nefndarálitið og kynntu að þeir mundu áskilja sér allan rétt gagnvart málinu þegar það kæmi til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Í áliti

eða greinargerð fulltrúa stjórnarandstöðunnar var gerð grein fyrir nokkrum grundvallaratriðum sem þeir töldu að mætti skoða á annan hátt. Þessir efnisþættir voru ræddir ítarlega við 1. umr. og ætla ég ekki að fara nánar yfir þá.

Það hefur ríkt þokkaleg pólitísk samstaða um að það beri að leggja á vaxtaskatt hér á landi. Ástæðan er sú að þessar tekjur eru skattlagðar í langflestum nágrannalöndum okkar en menn telja einnig að séu vextir ekki skattlagðir felist í því óeðlileg mismunun milli sparnaðarforma. Þetta þýðir einfaldlega að það er arðbærara að fjárfesta t.d. í tekjuskattsfrjálsum verðbréfum en öðrum eignum, hlutabréfum eða öðrum eignum í atvinnulífinu með beinum hætti.

Það má einnig geta þess að þeir sem hafa miklar vaxtatekjur njóta vitaskuld meiri tekna og eiga meiri eignir því að annars væru þeir ekki með háar vaxtatekjur. Álagning vaxtaskatts hefur því einnig ákveðin tekjujöfnunaráhrif. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa barist fyrir fjármagnstekjuskatti og skattlagningu vaxtatekna mjög lengi og samræmingu þessara þátta. Ef ég man rétt voru allir stjórnarandstöðuflokkarnir með þetta á stefnuskrá sinni fyrir síðustu kosningar. En það má einnig geta þess að stjórnarflokkarnir eru líka hlynntir málinu því að í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar var rætt um að leggja á og samræma skatt af fjármagnstekjum.

Ég nefndi að nágrannalöndin hafa búið við þetta fyrirkomulag mjög lengi þannig að þessi áform, bæði ríkisstjórnarinnar og þau sem fólgin eru í formannafrv., miða að því að laga skattkerfi okkar að því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Það er full ástæða til þess í ljósi þróunar síðustu ára þar sem fjármagnsmarkaður hefur opnast sífellt meira og meira. Það hefur vitaskuld haft jákvæð áhrif á efnahagslíf okkar auk þess sem það styrkir enn frekar rökstuðning fyrir samræmdri skattlagningu af þessum toga.

Það er ekki lagt til atlögu við eignarskatta, hvorki í stjfrv. né formannafrv. En það hefur verið bent á í sambandi við þessa umræðu að eignarskattar hér á landi eru nokkru hærri en annars staðar og stundum hefur því verið fleygt eða því haldið fram sem rök fyrir því að bíða með fjármagnstekjuskatt að eignarskattur komi að einhverju leyti í staðinn fyrir hann eða skattleggi þá eignir með öðrum hætti, þótt svo að tekjurnar af þeim séu ekki skattlagðar. Það eru viss sannindi fólgin í því en vitaskuld er betra sem grundvallaraðferðafræði að skattleggja tekjur, hvort sem það eru launatekjur eða tekjur af eignum, skattleggja tekjurnar frekar en eignirnar sjálfar. En sé um að ræða verulegar eignir er að mínu mati mjög eðlilegt að þar komi til sérstakir eignarskattar.

Skattkerfið hér á landi nýtur hins vegar nokkurrar sérstöðu miðað við önnur lönd. Okkar skattprósenta sem ég nefndi áðan, 42–47%, er nokkuð há á millitekjur. En hér á landi er frítekjumark nokkuð hátt miðað við það sem gengur og gerist erlendis. Við búum hins vegar ekki við hátekjuskatt í þeim mæli sem þekkist mjög víða annars staðar. Við erum með smávægilega viðbót á hærri tekjur í okkar skattkerfi, en það er ekki nálægt því sem þekkist víða erlendis.

Það væri full ástæða til þess, herra forseti, að velta fyrir sér uppbyggingu tekjuskattskerfis okkar og áhrifum þess á þá staðreynd að við búum við lakari launakjör en eru í nágrannalöndunum. Ég tel ekki fráleitt að þar geti verið samhengi á milli og þyrfti að skoða breytingar á skattkerfinu út frá þessum sjónarmiðum einnig, en ég ætla að reyna að halda mig við þann afmarkaða þátt skattkerfisins sem er skattlagning á fjármagnstekjur. Það verður að hafa í huga að það er mjög erfitt að ræða og breyta skattalögum nema skoða þau í heild. Og það má segja að það sé einmitt verulegur galli á stjfrv. að þar er tekið á nokkrum þáttum, þó þannig að þeir eru ekki skoðaðir alveg til enda og ekki skoðaðar afleiðingar þeirrar útfærslu sem þar er.

Ein af ástæðunum fyrir því að menn hafa verið ragir við að leggja á fjármagnstekjuskatt eða vaxtaskatt er sú að menn hafa haldið því fram að það mundi leiða til minnkandi sparnaðar og fjármagnsflótta. Þetta er ekki á rökum byggt nema að litlu leyti. Það hefur verið kannað ítarlega, bæði í tengslum við stjfrv. og formannafrv., hvort hér mundi verða einhver slík neikvæð áhrif á upptöku skattlagningar af þessum toga. Niðurstaða stofnana á þeim vettvangi, bæði Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar, er að það beri ekki að hafa áhyggjur af þeim þáttum. Þá er þess einnig að geta að vaxtatekjur eru skattlagðar í nágrannalöndunum. Það er því engin ástæða til að ætla, þótt slík skattlagning verði tekin upp í hóflegum mæli, að hún hafi nein neikvæð áhrif. Hins vegar er hér um að ræða ákveðið sanngirnismál auk tekjujöfnunaráhrifa sem reyndar verða ekki mikil í stjfrv. nema þá að þverófugu leyti miðað við það sem menn ræða oftast um þegar talað er um skattlagningu.

Meginatriði í stjfrv. er það að lagður er 10% skattur á vexti sem voru skattfrjálsir og á verðbætur, afföll, gengishagnað, arð af leiguhúsnæði og söluhagnað, ýmsar tekjur sem voru áður skattlagðar með 42–47%. Gert er ráð fyrir að þetta sé staðgreiðsluskattur eftir því sem hægt er og uppgjör fari fram í skattaframtali. Það er ekki gert ráð fyrir neinu sérstöku frítekjumarkaði í útfærslu ríkisstjórnarinnar, heldur að einstaklingar geti nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Þetta er heildarskattur af öllum fjármagnstekjum og það er ekki heimilt í aðalatriðum að draga frá fjármagnskostnað vegna þessa. Þetta er almenn skattlagning í stjfrv. þannig að þetta er lagt á aðila sem hingað til hafa ekki borið skatt af þessu tagi, jafnvel sett á aðila sem ekki eru einu sinni skattskyldir. Það er þó gerð ein mikilvæg undantekning frá þessu sem ég kem að síðar, en það er að fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna eru ekki skattskyldar.

Það er athyglisvert að ríkisstjórnin kaus að leggja fram skattfrumvörp þar sem líknarfélög og íþróttafélög, sem ekki hafa verið skattskyld, þurfa að bera þennan fjármagnstekjuskatt. Það sama á við sveitarfélög sem eru undanþegin skattskyldu. Þessi frumvörp munu hafa veruleg fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin en einnig á margvísleg líknar-, styrktar- og íþróttafélög sem hingað til hafa verið undanþegin skattlagningu.

Það hafa fjölmörg líknarfélög sent inn umsagnir til efh.- og viðskn. og beðist undan þessu, enda hefur yfirleitt verið litið svo á að starfsemi þessara félaga sé ekki skattstofn fyrir ríkisvaldið. Það hefur ekki verið fallist á það, hvorki beiðnir Blindravinafélagsins né Öryrkjabandalagsins, Rauða krossins svo nokkrir séu nefndir. Eina brtt. sem var gerð var að leigutekjur þessara félaga verða ekki skattskyldar, en þau þurfa að greiða skatta af sínum vaxtatekjum eftir því sem þær falla til.

Það kom fram í einni umsögninni nafn á þessum skatti og þessari útfærslu sem ríkisstjórnin er að leggja til og Blindravinafélagið kallaði þetta líknarfélagaskatt. E.t.v. á sú nafngift eftir að festast við þessa skattlagningu ríkisstjórnarinnar. Það má vera, en minni hluti efh.- og viðskn. finnst ekki stórmannlegt að höggva með skattlagningu í þessar stofnanir. Enda höfum við lagt til aðra útfærslu í þessu máli þannig að þessir aðilar þurfi ekki að búa við síhungur fjmrh. í meiri tekjur.

Það má einnig benda á að ýmsir af þessum aðilum eru ekki framtals- og skattskyldir þannig að þegar lagður er sérstakur vaxtaskattur á þá verður ekki hægt að hafa neitt eftirlit með því, menn skila þessu þá sjálfviljugir. Þetta er eins og svo margt annað í þessu frv. Það er ekki hugsað alveg til enda hvernig á að útfæra þetta.

Nú er það svo að hér er ekki verið að tala um stórar fjárhæðir, herra forseti. Við höfum oft skipst á skoðunum á hinu háa Alþingi um hluti sem hafa verið fjárhagslega stærri en þessi umræða. Þegar stjfrv. er komið að fullu til framkvæmda áætla frumvarpshöfundar að það muni skila um það bil 800 millj. á ári. Ef það er borið saman við 120 milljarða fjárlög sjá menn að þetta er ekki umtalsverð skattlagning sem hér er verið að tala um, hún er töluvert innan við 1%. Það er líklega um 0,7% af tekjum ríkisins.

Það er hins vegar svo að þessi tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar er háð mjög mikilli óvissu vegna þess að þetta frv. fjallar ekki bara um að hækka skatta. Það hækkar skatta hjá þeim sem hafa vaxtatekjur, öllum almenningi sem hefur sparifé sitt í banka. Það þarf að greiða 10% skatt af því. Þetta frv. hækkar ekki einungis skatta heldur lækkar það skatta að verulegu leyti hjá þeim sem njóta tekna í formi arðs eða söluhagnaðar. Þetta kemur bæði fram hjá einstaklingum og fyrirtækjum og frumvarpshöfundar játa hreinskilnislega að þeir átti sig raunverulega ekki nákvæmlega á því hvaða áhrif verða af samþykkt þessa frv. Tekjuáætlun frumvarpshöfunda er því mjög óviss. Sumir þeirra sem vinna mjög grannt með skattamál telja að hugsanlega muni samþykkt stjfrv. í þessu formi ekki leiða til neinnar tekjuaukningar fyrir ríkissjóð heldur einfaldlega til tekjulækkunar. Það er hins vegar e.t.v. ekki hægt að fullyrða um það, en það er alla vega hægt að segja að hér er um að ræða mjög mikla óvissu í útfærslu fjármagnstekjuskattsins.

Það er grundvallaratriði sem ég vakti athygli á í upphafi máls míns að við erum að tala um tvenns konar möguleika til að hafa tekjur. Annars vegar af launaðri vinnu og hins vegar af fjármagni eða eignum sínum. Það er atriði í þessu sem menn verða að gera upp sig. Á að skattleggja slíkar tekjur með sambærilegum hætti? Það er skoðun okkar í minni hlutanum að það beri að leitast við að gera það og formannafrv. sem ég vitna til gengur út á að skattlagning vaxtatekna og launatekna sé sambærileg. Stjfrv. gerir ekki ráð fyrir þessu. Það gengur út frá því að fjármagnstekjur séu skattlagðar með mun lægra skatthlutfalli en aðrar tekjur. Fjármagnstekjur verða samkvæmt stjfrv. skattlagðar með 10% skatti á sama tíma og skattprósenta launa er 42–47%. Þetta þýðir að stjfrv. er ekki heildstæð lausn í skattamálum vegna þess að uppbygging þess er sérsköttun sem nær til einstaklinga með vaxtatekjur, en er útfærð með ívilnandi hætti til hlutafjáreigenda með skattalækkun á arði, söluhagnaði og leigutekjum.

Einn alvarlegasti gallinn á þessu máli er einmitt að hér er ekki verið að skattleggja vaxtatekjur nema sem hliðaráhrif af þessu frv. Helstu afleiðingar frv. verða skattalækkunarferillinn þar sem farið er með arð og söluhagnað undir 10% skattþrepið.

Við hefðum kosið að það hefði verið litið á skattlagningu í mun víðara samhengi en gert er í þessu stjfrv. Menn hefðu getað litið á bæði tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, eignarskatt og aðra skatta og reynt að móta heildstæða stefnu um breytingar á þessum þáttum sem hefðu getað bæði leitt til aukinna tekna fyrir ríkissjóð og ekki hvað síst komið í veg fyrir hin miklu undanskot undan skatti sem við þekkjum hér á landi. Það má geta þess að tekjurnar af stjfrv. voru 800 millj. en það er talið að undandráttur frá skatti kosti ríkissjóð á ári frá 11–14 milljarða, eða u.þ.b. fimmtánfalt á við hugsanlegar tekjur af fjármagnstekjuskatti. Þar er því verk að vinna sem ekki hefur verið farið í af hálfu þessarar ríkisstjórnar, hvorki í þessu frv. né á öðrum vettvangi.

Í þessum stjórnarfrumvörpum er gert ráð fyrir því að verð hlutabréfa verði fært upp með útgáfu svokallaðra jöfnunarhlutabréfa, þ.e. uppreiknað verðmæti hlutabréfa í fyrirtækjum, og arðgreiðslur verði miðaðar við þetta uppfærða verð í stað þess að miða við nafnverð eins og áður var gert. Þessi einfalda aðgerð, þ.e. að miða jöfnunarbréfaheimildina við arðsúthlutun og við frádráttarbærni hjá fyrirtækjum, þýðir að skattfrjáls arður eða skattlágur arður hækkar verulega með þessu frv. Auk þess eykst frádráttarbærni hjá fyrirtækjum sem þýðir að hér verður um að ræða skattalækkun hjá fyrirtækjum þegar þeir eru að koma hluta af hagnaði sínum út til eiganda síns.

Þetta er mjög mikil breyting sem þarna er lögð til og hefur ekki verið nægjanlega skýrð eða komið nægjanlega vel inn á hana í almennri umræðu um þetta mál og þar er ég fyrst og fremst að vitna til umræðu úti í þjóðfélaginu. Ég held að á hinu háa Alþingi hafi menn gert þessum þætti málsins nokkuð góð skil, en ég held að almenningur hafi ekki áttað sig á hinu raunverulega innihaldi í þessum stjórnarfrumvörpum sem er að setja á 10% vaxtaskatt, en jafnframt að lækka skatta verulega á hlutafjáreigendum og einnig með ívilnandi hætti gagnvart fyrirtækjum. Ég held að sá síðari þáttur hafi ekki komist mjög vel til skila hjá öllum almenningi og er það miður. Það er raunverulega það sem við höfum bent á að þyrfti að skoða betur í þessari útfærslu eins og ríkisstjórnin leggur upp með.

Það er þekkt úr skattfræðunum að gallinn við að vera með tvö skattþrep eins og hér er, annars vegar 10% skatt og hins vegar hinn almenna 42–47%, er sá að allir aðilar munu þá reyna að taka tekjur sínar inn á lægra skattþrepinu eftir því sem þeir geta komið því við. Þeir munu reyna, allir sem tök hafa á, að auka frekar arðgreiðslur til sín frekar en taka endurgjald í formi launa sem er skattlagt mun hærra. Þannig mun samþykkt stjfrv. gera þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur mögulegt að breyta rekstri í einkahlutafélög, taka út úr því félagi í formi arðs verulegan hluta þess fjár sem áður hefur verið skattlagt hjá þeim sem reiknað endurgjald eða rekstrarhagnaður. Með því að taka það úr fyrirtækinu sem arð, er það skattlagt hjá móttakenda með einungis 10% skatti í stað þess rúmlega 40% skattþreps sem er nú. Það þarf ekki að breytast mjög mikið á þessu sviði til að skatttekjur ríkisins minnki verulega. Þetta styður m.a. það sem ég hef verið að nefna, hin mikla óvissa sem ríkir um tekjuöflun fyrirtækja.

Hins vegar þarf líka að hafa í huga að núgildandi kerfi er með vaxtatekjur skattfrjálsar þannig að þeir sem hafa haft tök á því að taka til sín tekjur í formi vaxta hafa hingað til ekki þurft að greiða neinn skatt. Nú greiða þeir þó 10% skatt þannig að þessi aðferð að skattleggja vextina á annað borð er auðvitað mikil betrumbót á því kerfi sem áður var. Um það hefur ekki ríkt neinn ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu í sambandi við þetta mál.

Það er ekki verið að leggja á fjármagnstekjuskatt með þessu frv. í fyrsta sinn. Það er ekki verið að skattleggja vexti í fyrsta sinn með þessu frv. Það var nefnilega gert

gagnvart ellilífeyrisþegum við afgreiðslu fjárlaga í haust. Þá ákvað ríkisstjórnin þrátt fyrir mikil og harkaleg mótmæli stjórnarandstöðunnar að skerða tekjutengdar tekjur um 50% af fjármagnstekjunum og þannig var lagður á vaxtaskattur. Hann var lagður á ellilífeyrisþegana. Tekjutengdar bætur úr almannatryggingakerfinu voru rýrðar um helming vaxtatekna þessa fólks.

Það var mikil og heit umræða um þennan þátt þegar fjárlög voru afgreidd í haust. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar sögðu réttilega: Hvað á þetta að þýða að vera að taka út úr þennan hóp manna og skattleggja tekjur hans með þeim hætti sem hér er gert? Þetta skilaði nokkrum milljónum í ríkissjóð. Það voru ekki stórar tölur sem þetta skilaði. Ríkisstjórnin sat fast við sinn keip þrátt fyrir mótmæli bæði stjórnarandstöðunnar, samtök aldraðra og fleiri aðila sem mótmæltu þessari aðför að gömlu fólki. En þá var sagt, herra forseti: Þetta er lagt á núna, en það stendur til að leggja á samræmdan fjármagnstekjuskatt í vor. Og þá munum við endurmeta alla þessa þætti og sé ástæða til að draga þá eitthvað úr hinum þættinum, verður það vitaskuld skoðað. Það er ekki gert í þessu frv. og ekki brtt. meiri hlutans. Við bentum á það, fulltrúar minni hlutans í efh.- og viðskn., hvort menn ætluðu ekki að standa við sín fyrri loforð um að skoða þessi mál í heild gagnvart þessum hópi fólks. En það var ekki hlustað á þær ábendingar.

Varðandi skattalækkanir sem frv. ríkisstjórnarinnar getur haft í för með sér má benda á einfalt dæmi sem er rakið í minnihlutaálitinu. Ef greiddur er út arður upp á 50 millj. samkvæmt núgildandi skattalögum miðað við tiltekinn fjölda eiganda mundu þessir aðilar greiða 19,3 millj. Verði þetta frv. samþykkt mundu þeir greiða 5 millj. Í slíku dæmi yrði um að ræða 14 millj. kr. skattalækkun auk þess sem hlutafé nýtur lækkunar skatta þar sem skattfrjáls úthlutun arðs er hækkuð miðað við að það sé möguleiki til jöfnunarbréfaútgáfu.

Annað dæmi er líka tekið í minnihlutaálitinu um 800 millj. kr. söluhagnað eigenda sem selja hlutabréf í fyrirtæki sínu. Í núverandi kerfi mundu þeir þurfa að greiða u.þ.b. 330 millj. kr. í skatt en samkvæmt frv. mundu þeir ekki greiða nema 80 millj. kr. Hér nemur skattalækkunin um 250 millj. kr. Það verður, herra forseti, að koma skýrt fram að hér er verið að færa til fjármuni á allt öðrum forsendum en menn lögðu upp með í upphafi almennrar umræðu um fjármagnstekjuskatt. Hér er verið að gera verulegar breytingar á íslenskum skattalögum til ívilnana fyrir tiltekinn hóp einstaklinga. Þetta hefði mátt laga ef það hefði verið sett þak á arðgreiðslur og söluhagnað þannig að einungis hefði tiltekin upphæð verið skattlögð með 10% skattinum og síðan hefði það sem umfram er verið skattlagt eftir 42–47% skattstiganum. Sú leið er ekki farin. Það er einungis sett inn takmörkun á hámark í brtt. meiri hlutans hvað varðar söluhagnað. Þar er markið sett við 3 millj. og 6 millj. en það hefði þurft að ná yfir fleiri þætti og svo var reyndar á tímabili í umfjöllun nefndarinnar, eins og ég mun koma að síðar.

Það er þekkt þetta dæmi sem ég tók um 800 millj. kr. söluhagnaðinn. Það er þekkt að mörg fyrirtæki hafa greitt út hundruð milljóna úr rekstri sínum og munu halda áfram að gera það á lægri skattprósentu en tíðkaðist. Þekktasta dæmið eru Sameinaðir verktakar sem oft hefur verið fjallað um hér áður. Þar bíða nú 2–3 milljarðar af óskattlögðu eigin fé Sameinaðra verktaka þess að frv. ríkisstjórnarinnar verði samþykkt. Það er býsna góð gjöf sem þeir hluthafar fá frá hæstv. ríkisstjórn. Og þeir munu líklega koma betur út eftir samþykkt þessa frv. en nokkur annar hópur í þessu þjóðfélagi.

Íslensk fyrirtæki búa síður en svo við skattaáþján af hálfu hins opinbera. Það væri nær að segja að skattumhverfi íslenskra fyrirtækja væri skattaparadís. Tekjuskattsprósenta í fyrirtækjarekstri hér, sem er rétt rúmlega 30%, er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Einnig eru skattar fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu, sem oft er notað sem viðmiðun þegar menn eru að reyna að átta sig á hvert framlag einstakra þátta í atvinnulífinu er til samneyslunnar, einna lægst í Evrópu.

Það er líka sérstaða hér á landi að fyrirtæki geta dregið frá skattskyldum tekjum útborgaðan arð. Þetta er ekki almenna reglan í nágrannalöndunum. Þetta er sérregla að verulegu leyti miðað við önnur lönd. Það er hins vegar erfitt að bera saman skattareglur á milli landa, nema e.t.v. sem heildarstærðir eins og ég gerði áðan í sambandi við landsframleiðslu og tekjuskattsprósentu. En það þekkist ekki í nágrannalöndunum að fyrirtæki geti dregið útborgaðan arð frá tekjum sínum í þessu formi sem íslensk fyrirtæki geta gert. Hér er á ferðinni enn eitt dæmið um ívilnandi þátt til fyrirtækja hérlendis miðað við önnur lönd. Þeim er heimilt að draga útborgaðan arð að tilteknu marki frá skattskyldum tekjum þannig að fyrirtæki hér á landi njóta ekki verra umhverfis en fyrirtæki í nágrannalöndunum nema síður sé. Þar er ekki að finna ástæðuna fyrir því að íslensk fyrirtæki eru með einna lægstu framleiðni allra fyrirtækja í Evrópu. Þar þarf að leita annarra skýringa en að skattar séu of háir. Það væri hægt að flytja langa ræðu um það, en það tengist bæði rannsóknum og þróunarstarfsemi, stjórnun, skipulagi á vinnumarkaði o.fl. En tíminn, herra forseti, gerir það að verkum að það er ekki hægt að draga þessa þætti mjög skýrt fram í umræðuna.

Söluhagnaður hlutabréfa er færður úr rúmlega 40% skatti niður í 10% sem þýðir í fjölmörgum tilfellum, þar sem uppsafnaður hagnaður frá fyrri árum sem er mikill í fyrirtækjum, eru eigendum hlutafjár í slíkum fyrirtækjum færðar milljónir eða milljónatugir. — Herra forseti. Ég sé að hér er mjög athyglisvert samtal í gangi. Það er sjálfsagt mikilvægt innlegg í málið en það væri mun þægilegra fyrir mig í ræðustól ef hv. þingmenn gætu haldið því samtali áfram í hliðarsal.

(**Forseti** (RA): Forseti tekur undir þessi orð.)

Skattfrelsismörk eru mjög mikilvægt atriði í samanburði á þessum frumvörpum. Skattfrelsismörk hjá launafólki eru nú 58.500 kr. á mánuði, þ.e. fyrir launamanninn sem fær sína launaávísun einu sinni í mánuði. Ef hann ætti hins vegar kost á því að vera með allar sínar tekjur af eignum, t.d. arði eða vaxtatekjum, söluhagnaði eða leigu, eru skattleysimörk hans 245 þús. kr. á mánuði. Einstaklingur getur haft vaxtatekjur allt að 245 þús. á mánuði án þess að borga krónu í skatt. Þetta þýðir að skattleysimörk hjá hjónum eru 5,9 millj. kr. á ári ef þau hafa bara tekjur af arði eða vöxtum, eru sem sagt efnafólk. Þau geta haft allt að 6 millj. kr. í tekjur án þess að borga krónu í skatt. Nú skulum við segja að þessi hjón væru dugleg hjón og ynnu úti á vinnumarkaði og hefðu 6 millj. kr. í launatekjur. Þá þyrftu þau að borga rétt tæpar 1,5 millj. kr. í skatt. Þetta er munurinn. Aðalatriðið í þessu máli er að hér er verið að mismuna eftir því hvernig menn þéna tekjur sínar. Vitaskuld var óhæfa eða orðið gersamlega úrelt fyrirkomulag að hafa vaxtatekjurnar skattfrjálsar, ég hef margítrekað tekið undir það. En að við skulum vera að byggja upp kerfi, þegar átti að reyna að endurmeta þessa þætti, þannig að fólk

með 6 millj. kr. tekjur á ári í arð, vexti eða leigutekjur þarf ekki greiða neitt til samfélagsins er óhæfa.

Einnig verður að hafa í huga að ýmsir hafa aðstöðu til þess og munu af fremsta megni reyna að afla tekna sinna innan þessa skattflokks í stað þess að falla undir almenna skattlagningu. Þetta er ekki góð aðferðafræði, herra forseti.

Þá vík ég aðeins að hinu svokallaða formannafrv. sem var í umfjöllun nefndarinnar samhliða þessu máli vegna þess að það fjallar um það sama. Það er hins vegar miklu einfaldari útfærsla sem þar er lögð til. Þar er gert ráð fyrir að fella skattlagningu á vaxtatekjum inn í núverandi skattkerfi, þ.e. vextir koma bara inn eins og hverjar aðrar tekjur með tilteknum hætti. Það er gert ráð fyrir sérstöku frítekjumarki, 40 þús. hjá einstaklingi, 80 þús. kr. hjá hjónum og síðan skuli 60% af því sem eftir stendur leggjast við skattstofn sem skattskyldar tekjur. Þetta er mjög einföld útfærsla. Þar er gert ráð fyrir að þetta verði tekið í tekjuskattskerfinu.

Vitaskuld er hægt að benda á galla á þessari útfærslu og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara í þá umræðu vegna þess að við tókum þetta allt mjög skilmerkilega fyrir og skiptust á skoðunum um þetta mál við 1. umr. Mín sannfæring er að þetta hefði verið mun betri útfærsla en sú mismunun sem stjfrv. leggur upp með, þ.e. að hætta er alltaf við frítekjumörk ef menn reyna að nota þau innan fjölskyldu, e.t.v. til að lækka skatta. Ég vil benda á að það á náttúrlega líka við um tekjurnar í dæminu um hjónin sem voru með 6 millj. Ef þau ættu tvö börn gætu þau auðveldlega fært 6 millj. í viðbót á börnin og verið þá með 12 millj. skattfrjálsar í eignatekjur á ári. Og þetta, herra forseti, er ekki réttlátt.

Í formannafrv. er bara fjallað um skatt af vaxtatekjum, það er vaxtaskattafrv. Frv. ríkisstjórnarinnar er vaxtaskattafrv. og til viðbótar skattalækkunarfrv. gagnvart tilteknum teknaformum. Einfaldleiki formannafrv. felst m.a. í því að það er ekki gert ráð fyrir að skattleggja þá aðila sem nú eru ekki skattskyldir þannig að þessi skattur mundi ekki falla á nein líknarfélög, íþróttafélög eða styrktarfélög, eins og ég nefndi áðan. Það er ekki nein tilfærsla í þessari útfærslu til hinna stóru hluthafa eins og er eitt meginatriðið í stjfrv. Einnig er stjfrv. þannig að tekjur sveitarfélaga munu minnka um tæpar 300 millj. með útfærslu þess en þær hefðu aukist um þó nokkuð mikið miðað við formannafrv. Það hefðu því verið ýmsir kostir við þá útfærslu sem við höfum bæði rætt í nefndinni og einnig við 1. umr.

Það má geta þess að meðalskattur á vexti samkvæmt formannafrv. hefði verið í kringum 11% og farið í 18%. Það hefði auðvitað líka mátt breyta þeim prósentutölum til lækkunar ef menn hefðu kosið það, en stjórnarliðar vildu því miður ekki fallast á þá aðferðafræði.

Breytingartillögurnar sem hv. formaður efh.- og viðskn. gerði grein fyrir áðan eru nokkuð margar. Þær eru hins vegar flestar tæknilegs eðlis. Efnisbreytingar eru raunverulega fjórar, svona meginbreytingar. Þar er gert ráð fyrir hámarki á söluhagnaði sem er skattlagður með 10% hlutfalli. Það hámark er 3 millj. á einstaklinga eða 6 millj. fyrir hjón. Ef menn eru með umframsöluhagnað skattleggst hann í almennu þrepi 42–47%. Þetta er hins vegar tekið til baka í næstu brtt. þar sem heimilt er að fresta skattlagningu söluhagnaðar um tvö ár ef menn endurfjárfesta þannig að þeir taka hagnaðinn ekki til sín. Það þýðir að þeir þurfa raunverulega aldrei að greiða skatt af honum ef þeir endurfjárfesta reglulega. Það er ákveðin hugsun fólgin í því þar sem þetta mun stuðla að því að menn taki ekki söluhagnaðinn út úr fjárfestingum, heldur reyni að halda áfram að fjárfesta söluhagnað sinn í atvinnulífinu. Og það má alveg færa rök fyrir þeirri aðferðafræði.

Hámark á frádrætti arðs hjá fyrirtækjum er lækkað úr 10% í 7%. Það ber hins vegar að hafa í huga með þessi 7% að þar er verið að tala um mun hærri fjárhæð en áður vegna þess að nú er miðað við jöfnunarverðmæti eða jöfnunarhlutabréfaheimild eins og það heitir, langt orð og leiðinlegt. Þetta er ekki íþyngjandi fyrir fyrirtæki eins og það mundi kannski líta út í flestum tilvikum ef gert er ráð fyrir að fyrirtækin hafi ónýtta jöfnunarhlutabréfaheimild.

Það er gerð brtt. um að taka leigutekjur og hagnað vegna eignasölu út úr fjármagnstekjuskattinum hjá aðilum sem ekki eru skattskyldir. Þar er ívið komið til móts við sveitarfélögin, en félög eins og líknarfélögin, íþróttafélögin og fleiri aðilar þurfa enn að borga skatta af vaxtatekjum, arði og af söluhagnaði hlutabréfa.

Síðan eru nokkrar meiri tæknilegar breytingar í þessu frv. sem ég ætla tímans vegna ekki að rekja hér, en það er komið inn á það að nokkru leyti í nefndaráliti minni hlutans.

Merkilegt var hins vegar í störfum efh.- og viðskn. að þar kom fram brtt. um að setja þak, 3 millj. kr. þak, 6 millj. kr. fyrir hjón, á arð og söluhagnað hlutabréfa. Það var unnið með þessa tillögu og hún var lögð fram í gögnum frá fjmrn. og tekin náttúrlega eins og aðrar tillögur sem tillaga meiri hlutans til umfjöllunar sem eru hefðbundin vinnubrögð í nefndinni. Þessi tillaga var rædd við fjölmarga umsagnaraðila á fjölmennum fundum og menn lýstu einmitt yfir ákveðnum stuðningi við það að nú væri búið að setja þak á söluhagnaðinn og arðgreiðsluna. Það var hins vegar dregið til baka af meiri hluta nefndarinnar og gefin sú skýring að þetta hefði aldrei átt að vera inni. Þó var það inni í nokkuð marga daga, hvort þeir tóku eftir því eða ekki ætla ég mér ekki að leggja dóm á. En mér finnast það mjög ámælisverð vinnubrögð þegar kynntar eru gagnvart umsagnaraðilum breytingartillögur að flóknu og erfiðu frv. og svo er kippt út úr þeim mjög veigamiklum þætti. Þetta skiptir auðvitað verulegu máli. Ef þak er á arði, t.d. 3 millj., þá eru hjónin sem ég tók dæmi um áðan eftir sem áður skattlaus með 6 millj. kr. En þau þyrftu þá að greiða eðlilega fyrir viðbótina. Ef þau væru t.d. með 10 millj. kr. væru þessar 6 millj. meira og minna skattfrjálsar en í stað þess að greiða 400 þús. af 4 millj. kr. í viðbót mundu þau greiða 1,5 millj. kr. Hvar maður setur þessi mörk skiptir ekki öllu máli. Hins vegar hefði þetta líka verið ákveðin bremsa gagnvart þeirri tilhneiginu sem þetta frv. mun hafa í för með sér, þ.e. að menn munu reyna að afla tekna í formi arðs en ekki í formi launa. Þetta hefði verið ákveðin bremsa og skilaboð frá löggjafanum varðandi það efni og til skattyfirvalda. Þetta var atriði sem við höfðum margoft bent á í umfjöllun í nefndinni og við héldum að nefndarmenn hefðu vitkast eitthvað þegar við sáum tillöguna í fyrsta sinn, en síðan var þessu kippt til baka. Formaður nefndarinnar hafði skroppið til útlanda í tvo daga og þegar hann kom aftur var hann fljótur að vinda ofan af þessu máli. Þeir láta vel að stjórn, þingmenn ríkisstjórnarinnar, enda hafa þeir sjálfsagt í aðalatriðum ekki verið sammála því að setja slíkt þak á ef marka má umfjöllun þeirra í ræðustól.

Umsagnir okkar sem hafa borist til nefndarinnar eru mjög margar, en tíminn er því miður takmarkaður. Ég ætlaði að reyna að takmarka aðeins þessa umfjöllun svo fleiri hv. þingmenn kæmust að í dag. Ég vil hins vegar benda á nokkur atriði í umsögnum sem leggjast gegn þessu. Ég hef nefnt

Öryrkjabandalagið og Rauða krossinn sem taka eindregna afstöðu gegn frv. og breytingartillögunum og það gera líka samtök á borð við BHM og BSRB. Hins vegar ber að geta þess að vinnuveitendur styðja þetta og áttu aðild að nefndinni. Sömuleiðis ASÍ, en þeir áttu líka aðild að nefndinni.

Ég vil gera að sérstöku umtalsefni athugaemdir varðandi skattfrelsi lífeyrissjóðanna. Samband lánastofnana bendir sérstaklega á að skattstofninn er rýrður um 17,5 milljarða úr u.þ.b. 30 milljörðum, 60% skattstofnsins eru tekin í burtu með því að undanþiggja lífeyrissjóðina. Samband lánastofnana bendir á að hér sé ekki um samræmda skattlagningu að ræða.

Að mati Sambands ísl. viðskiptabanka hefði átt að kanna mun betur hvort ekki væri hægt að skattleggja fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna í stað þess að undanskilja þær. Rökin hafa alltaf verið sögð þau að ekki megi skattleggja lífeyrissjóðina vegna þess að það væri tvísköttun. Það er bara ekki rétt og það er bent á það sérstaklega af Sambandi ísl. viðskiptabanka að það hefði mátt koma í veg fyrir tvísköttun með því að fella niður almenna tekjuskattsskyldu af þeim hluta lífeyrisgreiðslna sem samsvara uppsöfnuðum fjármagnstekjum. Þetta er hægt að útfæra og það er bent á það af aðilum í þessum umsögnum að skattfrelsi lífeyrissjóðanna er talið skekkja mjög samkeppnisstöðu. Samtök ísl. verðbréfafyrirtækja hafa t.d. áhyggjur af útfærslu stjfrv. gagnvart hlutdeildarskírteinum sínum, m.a. vegna þeirrar staðreyndar að lífeyrissjóðirnir eru undanþegnir skattinum. Það tengist fjárfestingu lífeyrissjóðanna á þessum vettvangi. Ég er ekki að segja með þessu að við hefðum átt að skattleggja endilega lífeyrissjóðina eða fara þá leið að skattleggja þá og taka úr þeim til að koma í veg fyrir tvísköttunina. Ég er að benda á að þetta mál hefði þurft að skoða betur. Það hefur verið bent á það í umræðu og einnig af þessum fagaðilum að hér er ekki staðið nógu vel að verki. En það er ósköp eðlilegt þegar skoðað er hvernig sú nefnd sem vann málið er saman sett. Þar eiga lífeyrissjóðirnir afskaplega sterka fulltrúa og þeir gæta mjög vel upp á sína sjóði hvað varðar skattlagningu. Það hefði e.t.v. verið betra ef aðrir aðilar sem ekki tengdust málinu með svo beinum hætti hefðu komið frekar að þessari frumvarpsgerð en upphaflega var lagt upp með. Þetta tel ég eitt af þeim atriðum sem hefði þurft að skoða betur í stað þess að lögfesta þetta eins og hér er lagt til.

Ég vil víkja aðeins að skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra. Í umsögnum þeirra kemur fram að hætta geti verið á skattsvikum varðandi þessi atriði og þá sérstaklega þeirri að menn reyni að lækka skattskyldu sína. Orðrétt segir, með leyfi forseta, í umsögn skattrannsóknastjóra: „Verður að telja öruggt að einhver hópur sjálfstætt starfandi einstaklinga muni breyta formi rekstrar síns í því skyni að lækka skattgreiðslur sínar með því að taka fé út úr félögunum í formi arðs að svo miklu leyti sem eigið fé félagsins leyfir slíkt." Og ríkisskattstjóri segir orðrétt, með leyfi forseta: „Hins vegar er ljóst að ef allar fjármagnstekjur verða skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur mun það örugglega hafa þau áhrif að þeir sem eiga þess kost munu taka út laun í formi vaxta, arðs eða leigu."

Þetta eru vitaskuld alvarlegar ábendingar því að þetta eru aðilarnir sem eiga að hafa eftirlit með kerfinu. Þeir eru áhyggjufullir yfir þessari útfærslu sem ríkisstjórnin leggur upp með. Og við erum það líka, stjórnarandstæðingar í efh.- og viðskn. Við teljum að það hefði verið betra að fara formannaleiðina, hún hefði verið einfaldari hvað þetta varðar. Framkvæmanlegar eru báðar þessar leiðir. Það er alveg ljóst. En niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er líka athyglisverð. Þjóðhagsstofnun bendir á að heildaráhrif á tekju- og eignarskiptingu sé ekki mjög mikil, en telur samt að þessi áhrif séu þeim eigna- og tekjumeiri fremur í hag samkvæmt stjfrv. miðað við formannafrv. Þannig er ljóst af umsögn Þjóðhagsstofnunar að hún gerir sér ljóst hverjir munu hagnast meira á útfærslu ríkisstjórnarinnar í stjfrv. Það eru einfaldlega þeir tekju- og eignameiri í þjóðfélaginu. Það kemur alveg skýrt fram og það er ekki stjórnarandstæðingur sem hér talar, þ.e. minni hluti efh.- og viðskn. Ég vitnaði hér í álitsgerð Þjóðhagsstofnunar og það styður þann málflutning sem við höfum verið með í þessu máli.

Sveitarfélögin hafa verið með stríðsyfirlýsingar varðandi þetta efni, þau telja sig hafa verið hlunnfarin. Hæstv. félmrh. las upp vopnahléssamning áðan varðandi sveitarfélögin þannig að e.t.v. hafa þau mál skýrst. Upprunalega frv. gerði ráð fyrir verulegu tekjutapi sveitarfélaganna á þessum vettvangi en það er búið að gera út yfirlýsingu um að þau verði jafnsett eftir sem áður, en hvernig á svo að útfæra það veit maður ekki.

Við í minni hlutanum höfum reynt að benda á mjög marga þætti sem eru óljósir, þætti sem hefði þurft að skoða betur. Kannski hugsuðu menn ekki dæmið alveg til enda þegar lagt var upp með þá. Hlutverk Alþingis er vitaskuld að leggja mat á þau frumvörp sem hér eru lögð fram af framkvæmdarvaldinu. Það á að vita hvað muni fara betur í þeim og ef eitthvað kemur í ljós sem þarf meiri skoðunar við eigum við að vera menn til að framkvæma hana.

Stjórnarandstaðan er fylgjandi fjármagnstekjuskatti. Hún er fylgjandi upptöku fjármagnstekjuskatts og hún er fylgjandi samræmingu fjármagnstekna. Hún er fylgjandi vaxtaskatti. Það hefur enginn vafi leikið á því. Hins vegar teljum við að mjög margt hafi komið fram við umfjöllun efh.- og viðskn. í þessu máli sem gerir það að verkum að það þurfi að fara betur yfir þennan þátt. Við leggjum til að þetta frv. verði lagt fram í endurskoðuðu formi í upphafi næsta þings í haust. Við teljum rétt að í sumar verði farið betur yfir þetta frv. Það eru ýmsir ágallar í því. Þetta er ekki nógu skýrt hvernig á að framkvæma hlutina. Við höfum ítrekað bent á að hér er um að ræða verulegar ívilnanir gagnvart tilteknum einstaklingum sem hafa í sjálfu sér ekkert með uppbyggingu atvinnulífs að gera. Þetta eru einfaldlega gjafir sem verið er að færa þeim á færibandi. Það á ekki að ganga frá slíkri löggjöf þegar búið er að lýsa þessum málum jafnnákvæmlega og hér er gert.

Ég vil geta þess að við staðgreiðslufrv. höfum við ekki athugasemdir. Það var að vísu mjög illa undirbúið þegar það kom í þingið, en það voru felldir inn í það nýir kaflar um refsingu, upplýsingaskyldu, skatteftirlit, skattrannsóknir, innheimtumenn, málsmeðferð, fyrningu og uppgjör staðgreiðslna. Eftir ábendingu skattyfirvalda var það allt mun betur úr garði gert, en það sýnir best hve málið var illa unnið þegar það kom fyrir þingið.

Það má benda á að ekki er tekið á þessu með verkaskiptingu sveitarfélaganna þar sem útsvarsprósentan er hækkuð, tekjuskattur er ekki lækkaður og við gerum alvarlegar athugasemdir við að það svikna loforð gagnvart ellilífeyrisþegum. Við lítum því svo á að eðlilegast sé að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og taka það síðan til nánari umfjöllunar í haust. Við teljum að þetta frv. hygli stórum hluthöfum á kostnað almennra sparifjáreigenda. Það vantar skýrari upplýsingar um framkvæmd málsins. Það eru efasemdir hjá skattyfirvöldum

og í fjmrn. gagnvart þessum málum og ég vil biðja þingheim að íhuga þetta betur en hér er gert. Ef þingmenn fallast ekki á að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar munum við bera fram tillögu um að setja þak á arð, söluhagnað og vexti. Þetta er eiginlega endurvakin tillaga stjórnarinnar um að arður og vextir, raunar var það bara arður hjá stjórninni, en við viljum sem sagt að þak verði sett á arð, vexti og söluhagnað. Með því væri sniðinn mjög alvarlegur ágalli af þessu frv.

Herra forseti. Tímans vegna er ekki hægt að fara betur í gegnum þetta mál. Það verður að gerast síðar í umræðunni því að af nógu er að taka. En ég vil að lokum geta þess að tillaga okkar miðar að því að þegar við lögfestum þetta, þá vöndum við okkur betur en hér er gert. Við erum reiðubúnir til að taka þátt í þeirri vinnu í ljósi hinna nýju upplýsinga sem hafa komið fram um málið í meðförum nefndarinnar.

[15:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson flutti mjög góða ræðu og kom víða við. Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir mjög gott samstarf í efh.- og viðskn., en þar fór fram mjög málefnaleg og góð vinna við þetta frv.

Margt af því sem hann nefnir sem dæmi er í rauninni tómt mengi. Hann talar um fólk sem er með 6 millj. í arðgreiðslur. Ég efast um að nokkur maður sé með það. Ég leyfi mér jafnvel að fullyrða að enginn sé með svo háar arðgreiðslur. Hann talar um að verið sé að flytja hagnað frá hinum fátækari til hinna ríku með því að leyfa að söluhagnaður sé skattlagður með 10%. Söluhagnaður er nánast tómt mengi í dag. Ég bendi á að á árinu 1994 var samanlagður söluhagnaður á framtali 300 millj., sem sagt ekki neitt neitt miðað við vextina sem voru 9.500 millj. Söluhagnaðurinn var ekki neitt neitt vegna þess hvað hann er mikið skattlagður. Það er búið að skatta þennan skattstofn niður í tómt mengi. Það er spurning hvort menn vilja hafa það þannig að peningarnir liggi einhvers staðar dauðir í stað þess að vera virkir í atvinnulífinu.

Enn þurfti ég að hlusta á það að nú ætti að breyta atvinnutekjum í arð og það væri einhvern veginn hagstæðara núna en það hefur verið. Það er ekkert hagstæðara. Það hefur alltaf verið möguleiki en á móti því hefur skattstjóri fullt af tækjum eins og hlunnindamat, reiknaðar tekjur sjálfstæðra atvinnurekenda og fleira. En ég vil spyrja hv. þm.: Telur hann eðlilegt að maður sem á 10 millj. og kaupir íbúð og leigir hana út skuli borga eignarskatt og tekjuskatt? Ef hann kaupir hlutabréf skal hann borga eignarskatt og tekjuskatt að fullu, 42%. Ef hann selur þau með hagnaði er skatturinn 42%. Ef hann leggur féð í banka eða kaupir fyrir það spariskírteini er það í dag bæði eignarskattsfrjálst og tekjuskattsfrjálst. Telur hann þetta eðlilegt ástand og telur hann eðlilegt að stýra peningum á þennan hátt frá atvinnulífinu og til bankanna og ríkissjóðs?

[15:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á brtt. sem ég kynnti áðan. Þar erum við að setja þak, 3 millj., á einstaklinga, þ.e. sem vaxtatekjur, arðgreiðslur og söluhagnað. Við leggjum þetta saman. Þetta er ekki neitt tómt mengi sem við erum að tala um. Við erum að slá ákveðna varnagla.

Ég vil einnig benda hv. þm. á að við erum ekki einir um að tala um millifærslu frá launatekjum til að flýja skatt. Skattyfirvöld sem eiga að hafa eftirlitið með því taka undir það. Það eru þau, hv. þm., sem benda á þetta og hafa áhyggjur af þessu í frv. Við höfum síðan áréttað það. Ég gat sérstaklega um það í ræðu minni að ég hefði talið að menn hefðu átt að skoða eignarskattana í þessu samhengi og menn ættu að skoða skattkerfið í heild. Ég tók sérstaklega fram að skattfrelsi vaxtatekna væri vitaskuld hlutur sem ekki á að eiga sér stað. Við erum alltaf að miða við samanburð á milli núverandi kerfis og tilvonandi kerfis. Þótt við búum við vont kerfi og við betrumbætum það eitthvað, sem meira að segja er gert að einhverju leyti í stjfrv., er samt verr af stað farið en heima setið varðandi tiltekna þætti. Ég bendi hins vegar á að formannaútfærslan, sem er mjög einfaldur vaxtaskattur, hefði verið rétta skrefið á langri vegferð. Við hefðum átt að fara yfir brýrnar í réttri röð og leggja fyrst á vaxtaskattinn í útfærslu formannafrv. sem var framkvæmanlegt og einfalt burt séð frá prósentum. Síðan áttum við að endurmeta fjármagnstekjurnar hjá fyrirtækjum, einstaklingum og eignarskatt. Það hefði geta orðið til framdráttar íslensku atvinnulífi. En sú skattlagning sem hér er lögð upp með er einfaldlega óréttlát. Hún hyglir hinum stærri hlutafjáreigendum og lífeyrissjóðunum að nokkru leyti. Það eru fyrst og fremst þessir hagsmunir sem hér eru hafðir í huga.

[15:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Tökum sem dæmi mann sem á mikla innstæðu í banka og fær mikla vexti og á að fara borga núna fjármagnstekjuskatt og annan mann sem á jafnstóra upphæð í hlutabréfum og fær jafnstóra upphæð í arð. Ég skil ekki hvernig hægt er að segja að verið sé að hygla þeim síðarnefnda þótt skattlagning á arðinum, sem hefur verið óheyrilega há, sé lækkuð og skattlagningin á vöxtunum jöfnuð.

Ég vil benda á að ég er ekki sáttur við þetta frv. eins og það er. Ég hefði samið það allt öðruvísi. En þetta er niðurstaðan af samstarfi fulltrúa allra flokka á þingi ásamt ASÍ og Vinnuveitendasambandinu. Hún er flutt hérna og þeirri nefnd var ekki ætlað að fjalla um eignarskatt og annað því tengt. Reyndar stendur í greinargerð meiri hlutans að það eigi að stefna að því að nota tekjur af þessum skatti til að lækka eignarskatta. Það verður vonandi gert og ég mun berjast fyrir því. Og þegar það er komið í gegn er þetta orðið mjög gott frv. Ég held að það verði að jafna aðstöðuna á milli þessara eignarforma og ríkið má ekki stýra peningum frá atvinnulífinu til ríkissjóðs eða bankanna þannig að atvinnulífið fái ekkert eigið fé. Það fær bara lánsfé.

[15:14]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum m.a. að gagnrýna að í þessu frv. er búið til sérstakt skattkerfi fyrir utan almenna skattkerfið hvað viðvíkur fjármagnstekjum. Það er búið til sérstakt 10% skattkerfi og fellt inn í það lækkaðir skattar að hluta, og skattar eru lagðir á vaxtatekjur. Við teljum þetta slæma aðferðafræði. Það hefði átt að fella þetta inn í núverandi kerfi. Um það snýst málið. Það snýst um það að hafa samræmi á milli launatekna og fjármagnstekna, burt séð frá því hvernig nefndir starfa og erindisbréfum. Þetta er einfaldlega vond aðferðafræði hjá stjórninnni, hún tekur út einn þátt málsins, leggur á vaxtaskatt en veitir jafnframt vanhugsaðar ívilnanir.

Menn hafa enga yfirsýn yfir það hverjar afleiðingarnar verða, en þær munu vissulega ekki verða þær að efla atvinnulífið.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að hjá þeim fyrirtækjum þar sem hagnaður er mikill og menn hafa átt í erfiðleikum með að koma honum út til eigenda, verður nú hægt að gera það á mjög einfaldan hátt og með mjög lágum sköttum. Ég er ekki að tala um að það megi ekki koma söluhagnaði út á einfaldari máta en núverandi kerfi gerir ráð fyrir, en þessi útfærsla er einfaldlega ekki góð. Hún er óréttlát.

[15:15]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Um hvað fjallar þetta frv. sem hér er til 2. umr.? Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar segja að frv. fjalli um skattlagningu fjármagnstekna. Það er út af fyrir sig mikið réttlætismál og mikill meiri hluti þingheims er sammála því að það skuli gert. Hins vegar fjallar frv. ekki um skattlagningu fjármagnstekna. Þar sigla menn undir fölsku flaggi. Frv. fjallar um skattalækkanir til stóreignamanna, mestu eignatilfærslu til stóreignamanna á Íslandi sem saga íslenska skattkerfisins kann frá að greina. Frv. fjallar um skattalækkun arðs, um skattalækkun söluhagnaðar, um skattalækkun til fyrirtækja, um skattalækkun á leigutekjum og um skattahækkun á þeim sem eiga inni sparifé í bönkum og lánastofnunum, sem samkvæmt upplýsingum þeirra sjálfra eru fyrst og fremst gamalmenni, unglingar og börn.

Ef við lítum aðeins á nokkur efnisatriði í því frv. sem hér er til 2. umr. og reynum að draga það saman í stuttu máli má segja að meginefnisatriði þess séu sjö. Í fyrsta lagi er aðaltilgangur frv. lækkun skatts á fjármagnstekjur til þeirra sem eitthvað eiga. Þeim mun meira sem menn eiga, þeim mun meiri er skattalækkunin. Skattur á arð og söluhagnað er nú 42–47% hjá allflestum sem hans njóta. Nú er lagt til að lækka hann í 0–10%. Yfir helmingur þeirra tekna sem við tölum um hér er í vörslu örfárra einstaklinga og fjölskyldna hér á landi. 10% Íslendinga eiga meira en helminginn af eignunum í þessu þjóðfélagi og það er til þeirra sem verið er að færa skattlausan arð fyrirtækjanna, það er vegna hagsmuna þeirra og þeirra aðstæðna sem verið er að lækka skatt sem verið hefur á þeim úr 42–47% í 0–10%.

Við getum tekið fjölmörg dæmi til þess að sýna hvað hér er verið að gera. Við skulum taka eitt dæmi. Samkvæmt ársreikningum eins fyrirtækis sem birti ársreikning sinn fyrir skömmu mun tekjuskattur tíu einstaklinga sem eiga helming í fyrirtækinu og eru í hópi mestu stóreignamanna landsins lækka um 5–7 millj. kr. á ári hjá hverjum og einum vegna tekna þeirra af þessu fyrirtæki einu. Og eiga þeir þó margir hverjir hlut í öðrum stórfyrirtækjum til hliðar við þetta.

Sams konar dæmi mætti taka af aðaleigendum flestra stórfyrirtækja landsins. Skattar þeirra munu lækka stórlega, aukin heimild hlutafélaga til að greiða út skattfrjálsan arð mun gera þetta skattaskjól stöðugt vinsælla og stöðugt arðbærara á næstu árum.

Annað meginefni þessa frv. er lækkun skatta á fyrirtæki. Það er verið að auka heimild hlutafélaga til að greiða út skattfrjálsan arð sem þannig mun lækka tekjuskatt sem þessi fyrirtæki hafa borgað. Skattfrjáls útborgaður arður mun hækka um hundruð milljóna króna verði þetta frv. samþykkt og leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð. Og hverjir verða þá að bera það? Aðrir skattborgarar í hækkuðum sköttum. Frádráttarbær útborgaður arður var nær einn milljarður kr. á síðasta ári og lækkaði skattgreiðslur hlutafélaga um 300–400 millj. kr. En nú erum við að tala um að tvö- til þrefalda þá fjárhæð. Við erum sem sé að tala um að veita þessum fyrirtækjum skattalækkun upp á 900 til yfir 1.000 millj. kr. Á hvers kostnað? Á kostnað annarra skattborgara sem þá verða að hlaupa undir bagga til þess að bjarga ríkissjóði frá hallarekstri.

Í þriðja lagi er megintilgangurinn með þessu frv. að uppsafnaður, óskattlagður hagnaður verði gerður nærri skattfrjáls og eigendum hans gefnar hundruð milljóna kr. Með því að lækka skatt á söluhagnaði úr 42–47% eins og hann er í dag verða tekjur fyrri ára, sem frestað hefur verið að greiða út, gerðar nærri skattfrjálsar. Sama er að segja um söluhagnað sem er t.d. tilkominn vegna úthlutunar á réttindum eins og t.d. fiskveiðikvótum og einokunaraðstöðu og var þó næg gjöf færð fyrir þegar þjóðin hefur látið ríkisstjórn sína afhenda nokkrum einstaklingum í landinu án endurgjalds aðgang að sameiginlegri auðlind sem fiskstofnarnir eru og heimilað þeim að braska með það sín á milli eins og þeim best þykir. Nú er til viðbótar verið að færa þessum sömu mönnum mögguleika á því að lækka skattana á söluhagnaði af viðskiptum með þessa þjóðareign úr 42–47% niður í 0–10%.

Við skulum enn taka dæmi og styðjast þá við sama fyrirtæki og ég ræddi um áðan. Ef þessir tíu einstaklingar sem eiga helming fyrirtækisins ákveða að selja hlutabréf sín í því mundi skatturinn eins og áður sagði lækka um 200–300 millj. kr., verðmæti hlutabréfanna fyrir hluthafana hækkar um þá fjárhæð eða 20–30 millj. kr. á hvern þeirra að jafnaði. Og það má nú segja að gjafir eru yður hér gefnar.

Annað dæmi. Uppsafnaður óskattlagður hagnaður Sameinaðra verktaka, aðaleigenda Íslenskra aðalverktaka, er talinn vera 2–2,5 milljarðar kr. Ríkið fór nýlega í mál sem það vann til að fá staðfestan rétt til að skattleggja útborgun á þessum arði. Nú á að fella þann rétt ríkisins niður sem það hefur fengið fyrir dómstólum og lækkar þá skattur af þessari arðsútborgun um 700–800 millj. kr. sem eigendur Sameinaðra verktaka fá í sumargjöf frá ríkisstjórninni, 700–800 millj. kr. á einu bretti sem eru færðar til nokkurra einstaklinga í samfélaginu sem flestallir eru vel efnaðir fyrir.

Í fjórða lagi felur frv. í sér að verið er að opna fleiri leiðir til skattundanskots fyrir sjálfstæða atvinnurekendur. Með frv. verður opnuð leið fyrir atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi aðila, eins og lögfræðinga, endurskoðendur, lækna, tannlækna o.fl., til að koma tekjum sínum undan skattlagningu. Með stofnun einkahlutafélaga verður auðveldara fyrir þá en nú að breyta tekjum sínu í arð, í húsaleigu og í vexti, þ.e. tekjur sem verða skattfrjálsar allt að 6 millj. kr. hjá hjónum en bera 10% skatt þar fyrir ofan.

Í fimmta lagi er til þess að kosta þessar gjafir til stóreignafólksins verið að leggja skatt á smásparendur, á launafólk, á lífeyrisþega, á líknarfélög og önnur félagasamtök. Á móti verður skatti létt af raunverulegum fjármagnseigendum og þeim færðar gjafir í stórum stíl, en í staðinn tekinn skattur af smásparendum, af vöxtum af launareikningum fólks, af vöxtum af reikningum lífeyrisþega, af vaxtatekjum líknarfélaga, íþróttafélaga, sveitarfélaga og annarra slíkra samtaka.

Í sjötta lagi er það hin pólitíska stefna með þessu frv. að gera eigendur fjármagns að ómögum á framfæri launafólksins í landinu. Með lögum er verið að gera skattleysismörk fyrir þá sem eingöngu hafa fjármagnstekjur, 2 millj. 950 þús. kr. fyrir einstakling og 5,9 millj. kr. hjá hjónum. Skattleysismörkin hjá launafólkinu sem hefur tekjur sínar eingöngu af launaðri vinnu eru hins vegar 700 þús. kr. hjá einstaklingi og 1,4 millj. hjá hjónum. Þetta eru skattleysismörk fólksins

sem þarf að vinna fyrir sér hörðum höndum. 700 þús. kr. hjá einstaklingi og 1,4 millj. kr. hjá hjónum. En það er verið að búa til ný skattleysismörk fyrir þá sem eingöngu hafa tekjur sínar af braski með verðbréf og hlutabréf og þau skattleysismörk eru 2 millj. 950 þús. kr. hjá einstaklingi og 5,9 millj. kr. hjá hjónum. Með öðrum orðum, hjón sem eingöngu fást við verslun og viðskipti með hlutabréf og eru ekki í neinni atvinnu sem launafólk geta haft 5 millj. 990 þús. kr. í skattfrjálsar tekjur áður en þau fara að borga skatt. Hafi þau 6 millj. kr. í tekjur af slíkum viðskiptum, borga þau 10 þús. kr. í skatt á ári. Og hafi þau meira í tekjur af slíkum viðskiptum en 6 millj., við skulum segja bara 12, hvað borga þau þá í skatt? Þessar sömu 10 þús. kr. vegna þess að frv. gerir ráð fyrir því að heimila í slíkum tilvikum að umrædd hjón geti fengið að fresta skattgreiðslum af þeim tekjum sem eru umfram 6 millj. í tvö ár og áður en tveggja ára tímabili lýkur þurfa hjónin eingöngu að hafa vit á því að hafa notað hagnaðinn til að kaupa sér ný verðbréf og selja þau aftur til að framlengja frestinn á skattgreiðslunum og framlengja hann í það óendanlega. Við erum því að tala um að fólk sem eingöngu leggur það fyrir sig að nota eignir sínar til viðskipta á hlutabréfamarkaði með verðbréf og hlutabréf greiði ekki meira í skatt af þeim tekjum en 10 þús. kr. á ári. Þetta styður Alþýðusamband Íslands. Þetta styðja landssamtök erfiðisfólks hér á landi. Og mér er spurn: Vita þau hvað þau eru að gera?

Hverjir haldið þið, ágætu þingmenn og herra forseti, að eigi svo að greiða herkostnaðinn af þessum gjöfum sem verið er að gefa stóreignafólkinu? Það eru að sjálfsögðu aðrir launamenn sem verða að bæta ríkissjóði upp tekjutapið sem hann verður fyrir vegna gjafanna til stóreignamanna í formi hækkaðra skatta. Það er að sjálfsögðu launafólkið sem verður að borga mismuninn.

Það er engin tilviljun, herra forseti, að einstaklingar í þessum sal sem hafa alltaf verið harðir á móti skattlagningu fjármagnstekna lýsa fylgi sínu við þetta frv. Hafa þeir skipt um skoðun? Eru þeir orðnir fylgjandi skynsamlegri skattlagningu fjármagnstekna sem mest voru á móti því fyrir síðustu kosningar? Nei. Þeir hafa ekki skipt um skoðun. Af hverju styðja þeir þá þetta frv.? Vegna þess að það eru önnur atriði í þessu frv. sem þeir telja að vegi þyngra á hagsmunavoginni en sú skattlagning fjármagnstekna sem þar er verið að veita, vega svo miklu þyngra á hagsmunavoginni en fjármagnstekjuskatturinn sem látið er í veðri vaka að sé megintilgangurinn með þessu frv. Og hvað er það sem vegur svona miklu þyngra á hagsmunavoginni hjá þeim sem hafa verið á móti fjármagnstekjuskatti alla sína ævi og allt sitt pólitíska líf? Það er meginatriði þessa frv., sú stórkostlega eignatilfærsla sem á sér stað samkvæmt því til stóreignakynslóðarinnar í landinu og jeppafólksins. Þeir styðja þetta frv., sem þeir kalla frv. um vaxtaskatt, vegna þess að hagsmunir stóreignafólksins vega svo miklu þyngra í málinu en skattlagning á vexti og fjármagnstekjur. Svo einföld er sú skýring, svo einföld eru rökin fyrir því að þeir stjórnmálamenn sem hafa talað mest gegn skatti á fjármagnstekjur tala nú mest með þessu frv.

Það var lagður fyrir hv. Alþingi annar valkostur, frv. formanna þriggja stjórnmálaflokka þar sem lagt var til að skattlagning fjármagnstekna ætti sér stað með sama hætti og skattlagning annarra tekna, þ.e. það yrði litið á tekjur af fjármagni sömu augum gagnvart skattkerfinu og litið er á aðrar tekjur þannig að það skipti ekki máli hver uppspretta teknanna væri, hvort hún væri vinna með hug og höndum eða hvort hún stafaði af því að viðkomandi ættu eignir sem þeir hefðu arð af. Þá var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að einnig í þeim tilvikum yrði um frítekjumark að ræða eins og í hinu almenna skattkerfi þannig að þeirri reglu yrði viðhaldið að þeim mun hærri tekjur, þeim mun hærra hlutfall er greitt í skatta. Þetta er sú almenna regla sem viðgengst í tekjuskattskerfinu gagnvart atvinnutekjum og þetta var sú meginregla sem átti að viðhafa ef frv. formannanna þriggja hefði verið samþykkt. Í staðinn er lagt til að því meiri tekjur sem menn hafa af ávöxtun eigna sinna, arði af sölu þeirra, tekjum af útleigu þeirra, þeim mun minni skatta skuli borga.

Ég vildi gjarnan fara nokkrum orðum um samanburð á þessum tveimur leiðum og um áhrif fjármagnstekjuskatta á vexti og fjárflótta sem nokkuð hefur verið talað um. Því hefur verið haldið fram af andstæðingum skattlagningar á vexti að hún muni draga úr sparnaði, hækka vexti og draga úr fjárfestingu og uppbyggingu atvinnulífsins. Engin fræðileg rök hafa hins vegar verið færð fyrir þessum fullyrðingum og engar athuganir vísindamanna eða fræðimanna staðfesta þær. Þvert á móti eru allar vísbendingar í aðra átt.

Við skulum líta í fyrsta lagi á áhrifin á sparnað af skattlagningu fjármagnstekna. Meint áhrif á sparnað heimilanna eru rakin til þess að þegar einstaklingur velur á milli þess að nota fé til neyslu eða leggja það til hliðar til notkunar síðar hafi væntanleg ávöxtun einhver áhrif á ákvarðanir hans. Sé fyrirsjáanleg ávöxtun lægri en ella vegna þess að skattlagning skerði hana, leiði það til þess að í fleiri tilvikum en ella verði neysla tekin fram yfir sparnað. Þetta eru rökin sem höfð eru uppi.

Ef við lítum á það hvort þau standast dóm reynslunnar skulum við fyrst skoða sparnað heimilanna og skatta á vexti. Samkvæmt kenningum hagfræðinnar eru áhrif vaxta á sparnað heimilanna í besta falli óljós, yfirleitt talin engin. Talið er að aðrir þættir, svo sem heildartekjur viðkomandi, öryggi og margt fleira, hafi miklu meiri áhrif í þessu efni en ávöxtunin. Þetta á einnig við um áhrif skattlagningar á vexti og hefur þessi niðurstaða verið staðfest í mörgum rannsóknum.

Í öðru lagi skulum við líta á hverja á að skattleggja, annars vegar samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, hins vegar samkvæmt tillögum flokksformannanna þriggja. Samkvæmt stjfrv. nær skattlagning vaxta til allra sem hafa vaxtatekjur nema lífeyrissjóða sem eru stærstu sparendurnir. Skattlagningin nær líka til félagasamtaka og fleiri slíkra aðila. Samkvæmt frv. formannanna mun hins vegar einungis hluti skattborgaranna, þ.e. 10–20%, greiða skatta af vaxtatekjum því að frv. formannanna, ólíkt frv. ríkisstjórnarinnar, gerir ráð fyrir því að sett verði skattleysismörk í vaxtatekjum, en undir þeim verður fólk ekki skattlagt fyrir vaxtatekjur. Hafi skattlagning vaxta á annað borð áhrif á sparnað er því ljóst að þau áhrif eru meiri af stjórnarfrv. en af frv. formannanna þar sem aðeins lítill hluti sparenda mundi horfast í augu við lækkaða ávöxtun vegna skattsins ef fylgt yrði þeirri leið sem formenn flokkanna þriggja leggja til.

Í þriðja lagi skulum við athuga sparnað og neysluhneigð. Samkvæmt stjfrv. nær skattlagning vaxta til allra sem hafa vaxtatekjur hvort sem þær eru miklar eða ekki og hvort sem viðkomandi hafa háar heildartekjur eða ekki. Samkvæmt frv. formannanna mun fyrst og fremst tekjuhæsti hluti skattborgara greiða skatta af vaxtatekjum. Hjá þeim aðilum sem hafa mestu tekjurnar er neyslan þegar orðin svo mikil að valið stendur yfirleitt ekki á milli neyslu og sparnaðar heldur á

milli þess hvernig eigi að nota umframtekjur til fjárfestingar. Samkvæmt stjfrv. mun skatturinn einnig snerta meðaltekjur og lægri tekjur þar sem valið stendur hins vegar í miklu meira mæli á milli neyslu og sparnaðar. Hafi skattlagning vaxta á annað borð áhrif á sparnað er einnig af þessum ástæðum líklegt að þau áhrif séu meiri af stjfrv. en af frv. formannanna.

Ef við lítum svo að lokum á skattlagningu vaxtatekna á þjóðhagslegan sparnað er um það að segja að jafnvel þótt skattlagning kunni að hafa áhrif á sparnað heimilanna er líklegt að skattlagning vaxtatekna auki heildarsparnað þjóðarbúsins sem er samtala af sparnaði heimilanna og tekjuafgangi eða halla ríkissjóðs. Heildarsparnaður minnkar því aðeins að með skattlagningunni aukist neysla heimilanna meira en sem nemur fjárhæð skattsins, sem ekki er líkleg niðurstaða.

Niðurstaðan af því sem ég hef sagt er því greinilega sú í fyrsta lagi að skattlagning vaxtatekna er ekki líkleg til að leiða til minni sparnaðar heimilanna. Í öðru lagi gæti hún orðið til að auka heildarsparnað í þjóðfélaginu vegna áhrifa hennar á afkomu ríkissjóðs. Í þriðja lagi er ljóst að skattlagning vaxta samkvæmt frv. formannanna er síður líkleg til að draga úr sparnaði heimilanna en stjfrv. og jafnvel líklegri til að auka sparnað þjóðarbúsins í heild.

Herra forseti. Við skulum næst skoða áhrifin af skattlagningu fjármagnstekna á vexti, en þar er því haldið fram annars vegar að sparendur muni eftir þá skattlagningu krefjast hærri vaxta til að ná þeirri ávöxtun sem þeir áður höfðu og hins vegar að þar sem sparifé sé minna en áður verði jafnvægi á milli framboðs á lánsfé og eftirspurnar til þess að hækka vaxtastigið. Því er jafnframt haldið fram að í fyrirliggjandi frumvörpum séu áhrif til vaxtahækkunar meiri af frv. formannanna en af stjfrv. en báðar þessar staðhæfingar eru meira en hæpnar og skal ég nú tilgreina ástæður.

Í fyrsta lagi hef ég varðandi vaxtakröfu, eins fram er komið, rakið þá niðurstöðu að ekki sé líklegt að sparnaður heimilanna dragist saman svo verulegu nemi. Framboð af sparifé mundi þannig ekki minnka. Ekki er líklegt að sparendur séu almennt í aðstöðu til að krefjast og fá í gegn hærri vexti þótt skattlagning skerði ávöxtun þeirra, en hvað bæði þessi atriði varðar er líklegt að áhrif af frv. formannanna séu minni en af stjfrv. Í fyrrnefnda tilvikinu, þ.e. samkvæmt leið formannanna, eru flestir sparendur ekki skattlagðir og hafa þess vegna ekki ástæðu til að krefjast hærri vaxta. Þeir tiltölulega fáu sem greiða skatt samkvæmt frv. formannanna verða ekki í aðstöðu til að þrýsta upp vöxtum sem allur fjöldi sparenda ásamt óskattskyldum aðilum eins og lífeyrissjóðirnir eru reiðubúnir til að sætta sig við.

Í stjfrv. hins vegar er sá fjöldi sem stendur andspænis lægri ávöxtun miklu meiri og því miklu líklegra að sá fjöldi þrýsti á um hækkun vaxta. Þessi rök styrkjast enn af því, eins og áður var bent á, að í frv. formannanna lendir skatturinn fyrst og fremst á þeim tekjuhærri sem verja minna af viðbótarráðstöfunarfé til neyslu en hinir tekjulægri.

Í öðru lagi skulum við líta á jafnvægi framboðs og eftirspurnar. Þau rök sem telja vexti hækka vegna þess að hlutfall framboðs og eftirspurnar á lánsfé raskist eru ekki sterk. Eins og áður er bent á er líklegt að heildarsparnaður þjóðarbúsins vaxi vegna þess að tekjur ríkissjóðs aukist og halli minnki umfram hugsanlegan samdrátt í sparnaði heimilanna. Þetta leiðir til þess að eftirspurn ríkisins eftir lánsfé minnkar og heildareftirspurn eftir lánsfé minnkar meira en nemur lækkun á sparnaði, ef hún verður einhver. Líkur á vaxtahækkun til að ná jöfnuði á lánsfjármarkaði eru því ekki miklar og enn minni ef skattlagning verður samkvæmt frv. formannanna.

Í þriðja lagi skulum við líta á hið opna hagkerfi og frjálsa fjármagnsflutninga. Á síðustu árum hefur fjármagnsmarkaðurinn verið opnaður og ekkert er lengur því til fyrirstöðu að lántakendur taki lánsfé erlendis ef það er hagstæðara. Þetta hefur m.a. þau áhrif að vaxtastig mun ekki fyrst og fremst ráðast af innlendum markaði heldur fylgja því sem gerist á heimsmarkaði þó einhver mismunur verði til staðar. Fyrir lántakanda skiptir engu máli hvort vextir verða skattlagðir hjá lánveitanda eða ekki. Hann mun væntanlega taka lán erlendis eða innan lands eftir því einu hvað hagstæðast er fyrir hann. Þar með verður innlendi lánveitandinn að sætta sig við það vaxtastig sem erlent fjármagn setur hverju sinni og er það gersamlega óháð því hvort vextir eru skattlagðir eða ekki.

Að lokum skulum við líta á reynslu annarra ríkja, en í flestöllum öðrum ríkjum hafa vextir verið skattlagðir eins og aðrar tekjur eða jafnvel meira. Það bendir ekkert til þess að skattlagning vaxta hafi haft nein áhrif þar á vaxtastigið. Þvert á móti er það t.d. staðreynd að nú er lægsta vaxtastig í Evrópu að finna í Þýskalandi þar sem jaðarskattar á vexti eru mjög háir og miklu hærri en lagt er til bæði í stjfrv. og í frv. formannanna. Af framansögðu má því vera ljóst að rök fyrir hækkun vaxta við skattlagningu vaxtatekna eru hæpin. Það er enn fremur ljóst að ef þau áhrif eru til staðar eru þau minni við skattlagningu samkvæmt frv. formannanna en stjfrv. þar sem frv. formannanna mun draga meira úr eftirspurn eftir lánsfé og hafa minni áhrif á sparnað.

Ef við lítum í þriðja lagi á áhrif á fjárfestingar sem einnig hafa verið nefnd í umræðum um þessi tvö frumvörp eru áhrif vaxta á fjárfestingu í atvinnulífinu byggð á þeirri kenningu að vextir, þ.e. kostnaður við fjármögnun, hafi áhrif á hversu fjárfesting sé arðbær og þar með á það hvort lagt verður út í fjárfestinguna eða ekki. Þessi kenning er að vísu ekki óumdeild en þó eru þessi tengsl talin líklegri en tengsl vaxta og sparnaðar, en talið er að aðrir þættir en þetta skipti miklu meira máli við ákvörðun um fjárfestingar. Eins og rakið hefur verið er ólíklegt að skattlagning vaxtatekna hafi áhrif á vaxtastig og tilefni til að gera ráð fyrir áhrifum slíkrar skattlagningar á fjárfestingu í atvinnulífinu er því ekki til staðar.

Ástæða væri til þess að ræða sérstaklega um þær fjárflóttakenningar sem einnig hafa verið hafðar uppi í þessari umræðu og vil ég aðeins benda á nokkur atriði í því sambandi. Í fyrsta lagi er það staðreynd að skattlagning vaxtatekna í öðrum löndum en á Íslandi er yfirleitt mun hærri en bæði frumvörpin gera ráð fyrir, bæði stjfrv. og formannafrv. Í hæsta skattþrepi er yfirleitt 50–60%, enda er það almenn regla að vaxtatekjur séu skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur, eins og frv. formannanna gerir ráð fyrir. Í þeim fáu löndum sem fjármagnstekjur eru sérgreindar frá öðrum tekjum er meðalskattur fjármagnstekna hærri en meðalskattur á launatekjur og jaðarskatturinn hærri en í báðum frumvörpunum. Það er því ekki ástæða til þess að ætla að svo lág skattheimta eins og hér um ræðir valdi fjárflótta úr landi vegna þess að í öðrum löndum sem við eigum viðskipti við er skattlagning fjármagnstekna yfirleitt miklu hærri en hér.

Það er hins vegar spurning um það í huga manna hvort bjóðist erlendis betri ávöxtun og kjör og öruggari fjárfestingar en hér á landi. Þá verður að líta til þess að til viðbótar

skerðingum sem kunna að vera vegna skattlagningar erlendis skerðast tekjur íslensks fjárfestis sem vill festa fé sitt í öðrum löndum eða ávaxta það erlendis vegna þess kostnaðar sem hann hlýtur að verða fyrir vegna millilliða. Í mörgum þessara landa er tekin 10–25% staðgreiðsla af vaxtagreiðslum til erlendra aðila og auk þess er upplýsingaskylda fjármálastofnana rík. Það eru því engar líkur til þess að íslenskur fjárfestir, sem vill flytja fé sitt til annarra landa til þess að koma í veg fyrir það að greiða skatt af fjármagnseign sinni hér á landi, hafi nokkuð út úr því nema fyrirhöfnina og kostnaðinn. Hann þarf að greiða hærri skatt af ávöxtunartekjum sínum þar en hér. Hann þarf að greiða staðgreiðsluskatt sem nemur allt að 25% sé hann erlendur fjárfestir. Upplýsingaskylda banka og lánastofnana er mjög rík þannig að það er mjög erfitt fyrir viðkomandi aðila að komast hjá því að veita íslenskum skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur sínar erlendis. Sé ekki um tvísköttunarsamning að ræða við það land þar sem hann ætlar að festa fé sitt þarf hann auk þeirra skatta sem hann þarf að greiða í því landi vegna fjármagnstekna sinna að greiða skatta á Íslandi vegna sömu tekna og hlýtur hver heilvita maður að sjá að það er ekki ábatavænlegt fyrir þá sem vilja hafa arð af eignum sínum.

Virðulegi forseti. Það er líka ástæða til þess að kíkja aðeins á áhrif á tekjur ríkis og sveitarfélaga í frumvörpunum báðum. Reiknað er með því að skatttekjur ríkisins af stjfrv. gefi um 1.100 millj. kr. í skatt þegar fram líða stundir. Sú áætlun er þó líkast til of há þar sem vaxtatekjur einstaklinga virðast ofmetnar miðað við upplýsingar skattframtala og Seðlabanka Íslands. Nær lagi er að tekjurnar gætu orðið 900–1.000 millj. kr. á ári.

Á móti þessum tekjum kemur hins vegar tekjutap af lækkaðri skattlagningu arðs og söluhagnaðar um 200 millj. kr., af húsaleigu. Gæti tapið orðið 50 millj. til viðbótar þannig að í heild verða reiknaðar tekjur ríkisins aðeins 600–700 millj. kr. af samanlögðum áhrifum þessarar skattlagningar þegar til lengri tíma er litið. Vantalinn er þó skattur af húsaleigutekjum sveitarfélaga og arði til þeirra sem gæti orðið einhverjir tugir eða jafnvel þar hundruð milljónir kr. Frv. formannanna gefur á sömu tekjuforsendum hins vegar 1.500–1.600 millj. kr. í tekjur í heild. Þar af renna um 300 millj. til sveitarfélaganna en 1.200–1.300 millj. til ríkisins. Tekjuöflun ríkisins er þannig tvöföld á við tekjuöflunina samkvæmt stjfrv. Það sem meginmáli skiptir, virðulegi forseti, er að þeir sem mestar eignir eiga og hæstar eignatekjur og arðstekjur og sölutekjur hafa greiða þá skatta samkvæmt tillögum formanna stjórnarandstöðuflokkanna, en það eru þeir sem minnstar tekjur hafa, sparifjáreigendur almennt, sem greiða þessi gjöld samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, auk þess að greiða hundruð millj. kr. í sumargjafakostnaðinn til þeirra og stóreignamanna sem eru að fá ívilnanir með frv. ríkisstjórnarinnar.

Þess vegna er ástæða til þess að líta á dreifingu skattbyrðarinnar sem kemur fram í frumvörpunum báðum. Meginreglan í tekjuskattskerfum allra þróaðra ríkja er að leggja byrði af opinberri starfsemi á þegnana með hliðsjón af greiðslugetu þeirra. Þeir sem hafa mesta greiðslugetuna eru látnir greiða mest. Þeir sem hafa minnstu greiðslugetuna eru látnir greiða minnst.

Ef við lítum á vaxtatekjurnar samkvæmt þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir eru vaxtatekjur hér á landi að stærstum hluta í höndum hinna tekjuhæstu. Um það bil helmingur þeirra verður til hjá um það bil 10% skattborgaranna sem hæstar heildartekjur hafa en 90% þjóðarinnar hefur hinn helminginn í vaxtatekjur. Skattleysi vaxtatekna nýtist því fyrst og fremst hinum tekjuhæstu og samrýmist ekki því að greiða skatta eftir greiðslugetu. Bæði stjfrv. og frv. formannanna afnema skattfrelsi vaxtatekna, en með ólíkum áhrifum. Samkvæmt stjfrv. kemur lágur skattur á vaxtatekjur í stað skattfrelsis. Mikið vantar á að greiðslubyrði dreifist í samræmi við heildartekjur vegna þess að samkvæmt frumvörpum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að greiddur sé skattur af minnstu vaxtatekjum með sama hætti og þeim mestu. Frv. formannanna dreifir hins vegar skattbyrðinni þannig að þeir sem minnstar vaxtatekjur hafa borga ekkert. Þeir sem mestar vaxtatekjur hafa borga mest. Um 80–90% almennings sem hefur einhverjar tekjur af innstæðum sínum í bönkum og sparisjóðum borgar ekki vaxtatekjuskatt samkvæmt tillögum formanna stjórnarandstöðuflokkanna heldur er hann borinn af þeim efnamestu, af þeim 10% þjóðarinnar sem eiga meira en helming allra eigna Íslendinga.

Í öðru lagi er verið að taka upp tvískipt skattkerfi. Það er í reyndinni verið að búa til tvö skattkerfi í landinu. Annað skattkerfi er fyrir laun, lífeyri og sumar fjármagnstekjur, fyrst og fremst rekstrarhagnað einstaklinga í rekstri. Í því skattkerfi eru skattleysismörk einstaklinga 700 þús., jaðarskatturinn yfir 40% og meðalskattar um 20%. Í hinu skattkerfinu, skattkerfi eignafólksins, eru skattleysismörk einstaklinga 3 millj., jaðarskatturinn 10% og meðalskatturinn undir 5%.

Það eru líka til orðnar tvær þjóðir í þessu landi með tilliti til skattamála. Annars vegar launamaðurinn sem er með 700 þús. kr. í frítekjumark og borgar jaðarskatt upp á yfir 40% af því sem þar er umfram og meðalskatt um 20%. Hin þjóðin er eignamaðurinn, sá 10% hluti þjóðarinnar sem á meira en helming eigna hennar. Hjá þeirri þjóð er skattleysismarkið 3 millj. á einstakling, jaðarskatturinn 10% og meðalskatturinn undir 5%. Af því að hér situr hinn ágæti þingbróðir minn, séra Hjálmar Jónsson, spyr ég: Er þetta kristilegt? Er þetta kristileg framkvæmd skattlagningar, virðulegi forseti? Er þetta sanngirnin sem boðuð er í þeirri helgu bók að skipta þjóðinni með þessum hætti í tvær þjóðir, í skattlausu þjóðina og sköttuðu þjóðina?

Möguleikinn til þess að sniðganga skattkerfið er miklu meiri eftir þá breytingu sem hér á að gera en jafnvel er í dag áður en hún er gerð. Það kemur m.a. fram í umsögnum þeirra aðila í skattkerfinu sem ekki voru hafðir með í ráðum um samningu þessa frv. fyrr en á elleftu stundu þegar þeir fengu að koma að frv. og lýsa skoðunum sínum á því. Hvaða aðilar í skattkerfinu eru það sem ekki fengu að koma að frv. fyrr en á síðustu stundu? Það eru t.d. skattrannsóknarstjóri ríkisins, ríkisskattstjóri og aðrir þeir aðilar sem eiga að framkvæma umrætt kerfi. Við skulum aðeins líta á hvaða álit þeir hafa á því kerfi sem hér á að innleiða.

Ef við lítum aðeins á umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins segir þar fyrst um bankana að ekki sé ástæða til þess að ætla annað en bankarnir standi skattyfirvöldum skil á öllum þeim sköttum sem þeir eiga að innheimta af sparifjáreigendum og viðskiptamönnum sínum. En síðan segir skattrannsóknastjóri, með leyfi forseta:

„Það sama er hins vegar ekki unnt að fullyrða um ýmsa aðra aðila sem ætlað er að innheimta skattinn. Þar má m.a. nefna þá sem atvinnu hafa af milligöngu af fjárvörslu og innheimtu fjárkrafna án þess að slík starfsemi sé talin umfangsmikil."

Síðan segir skattrannsóknarstjóri, með leyfi forseta: „Um sniðgöngu vegna skattlagningar vaxta verður að telja að þar

felist möguleikar að komast hjá skattlagningu af ýmiss konar skuldum. Er það m.a. unnt að gera með því að hækka höfuðstól um áætlaðar eða fyrir fram reiknaðar vaxtagreiðslur. Afar ósennilegt er að unnt sé með nokkrum vitrænum hætti að taka á slíku nema beinlínis liggi fyrir játningar aðila á háttsemi sinni. Sönnun fyrir háttseminni er aðalatriðið og ekki er líklegt að unnt sé að sanna hana með öðrum hætti en persónubundnum sönnunargögnum."

Þá segir: „Um er að ræða skattsniðgöngu og hinn ætlaði undandráttur gæti þá orðið andlag skattlagningar. Þá eru án efa einnig fyrir hendi alls konar flækjur og umsnúningur hvers kyns kúlubréfa og verðbréfa í því skyni að komast hjá skattgreiðslum."

Niðurstaða skattrannsóknarstjóra ríkisins er þessi, með leyfi forseta:

„Niðurstaða varðandi vaxtaþátt skattlagningarinnar er sú að litlar líkur eru á að viðurkenndar fjármálastofnanir standi í skattsvikum, skilasvikum eða skattsniðgöngu. Hið sama verður ekki sagt með sömu vissu um minni aðila sem versla með verðbréf og fjárkröfur eða annast umsýslu þeirra. Þar eru nokkrar líkur á undanskoti og haldast í hendur líkur á skattsvikum almennt og svik á vaxtasköttum sem m.a. eru háð stærð fyrirtækja."

Um arð og söluhagnað, sem einnig er fjallað um í stjfrv. að breyta og því sem næst afnema skattlagningu á, segir skattrannsóknarstjóri ríkisins, með leyfi forseta:

„Þar eru fyrir hendi alls kyns möguleikar á skattundandrætti, skilasvikum og skattsniðgöngu."

Skattrannsóknarstjóri bendir á að það fari oft saman arðsmóttaka og launagreiðslur frá sama aðila. Hann segir: „Sömuleiðis er það oft á tíðum arðsmóttakandi sem ákveður arðsgreiðsluna."

Loks segir: „Verður að telja öruggt að einhver hópur sjálfstætt starfandi einstaklinga muni breyta formi rekstrar síns í því skyni að lækka skattgreiðslur sínar með því að taka fé út úr félögunum í formi arðs að svo miklu leyti sem eigið fé leyfir slíkt."

Svo segir skattrannsóknarstjóri líka um margumrætt atriði sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er sífellt að tönnlast á að ekki sé rétt með farið af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. En nú leiði ég skattrannsóknarstjóra til vitnis. Hvað segir hann um framkvæmdina á því atriði í tillögum stjórnarliðsins? Hann segir:

„Verulegir hagsmunir munu verða af því að stofna einkahlutafélög og fá greiðslur frá því í formi arðs."

Ég er hér að tala um jeppafólkið, virðulegi forseti, sjálfstæða atvinnurekendur, tannlækna, lögfræðinga, lækna, endurskoðendur o.s.frv. Um þá segir skattrannsóknarstjóri:

„Verulegir hagsmunir munu verða af því að stofna einkahlutafélög og fá greiðslur frá því í formi arðs. Mörg undanfarin ár hafa skattyfirvöld þurft að endurákvarða opinber gjöld fjölmargra sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna tilrauna til sniðgöngu þeirra á reiknuðum launum. Samkvæmt fyrirliggjandi frv. [ríkisstjórnarinnar] verða slík ágreiningsmál úr sögunni þar sem rekstraraðilum verður í sjálfsvald sett hvaða fjárhæð þeir telja til launahluta og hvað sé arður."

Síðan segir skattrannsóknarstjóri einnig, með leyfi forseta:

„Auk þess sem hér hefur verið rakið um laun og arð eru fyrir hendi ýmsir möguleikar til sniðgöngu, einkum varðandi 6. gr. frv. til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. ... Hugsanlega gætu skattyfirvöld hnekkt slíku sem sniðgöngu. Þá er að öllum líkindum unnt að fara í kringum takmörkun téðrar 6. gr. með því að leigja íbúðarhúsnæði áfram til annarra félaga sem afhenti það aftur til eigenda endurgjaldslaust."

Um söluhagnað og lækkun á skattlagningu af honum og möguleika til skattundandráttar varðandi meðferð söluhagnaðar segir skattrannsóknarstjóri ríkisins, með leyfi forseta:

„Engin ástæða er til að halda að breyting á skattlagningu söluhagnaðar geri menn sérstaklega fúsa til að greiða skatt vegna þess. Allar heimildir skattalaga til að fresta, dreifa eða fyrna söluhagnað eru áfram til staðar og engin efni eru til annars en að telja að þær heimildir verði notaðar áfram. Þá er líklegt að sniðganga söluhagnaðar verði áfram stunduð, m.a. með því að hagræða samningum eftir því sem efni standa til í því skyni að komast hjá réttum skattgreiðslum. Á hinn bóginn verður að telja afar líklegt að aðilar sem eiga mikinn uppsafnaðan söluhagnað nýti sér væntanlegar heimildir til útgreiðslna meðan skattprósenta arðs og söluhagnaðar er 10% í stað þeirrar almennu skattprósentu sem aðrar tekjur eru skattlagðar eftir."

Þetta segir skattrannsóknarstjóri. Um hvern er hann hér að tala? Hann er m.a. að tala um Sameinaða verktaka sem eiga 2–3 milljarða af óskattlögðu eigin fé til úthlutunar til eigenda sinna samkvæmt þeim ákvæðum sem skattrannsóknarstjóri er hér að lýsa áhrifunum af, verði frv. ríkisstjórnarinnar samþykkt. Niðurstaða hans er þessi og er hann þar að tala um frv. ríkisstjórnarinnar:

„Auknir möguleikar eru hins vegar á ýmiss konar sniðgöngu, flutningi launatekna yfir í fjármagnstekjur auk þess hagræðis að greiða mun lægri skatta af arði, söluhagnaði og leigum en launatekjum."

Þannig talar einn af æðstu embættismönnum í skattkerfi okkar Íslendinga, skattrannsóknarstjóri ríkisins. Þetta er álit hans á því hvað stjórnarflokkarnir eru nú að gera. Þeir eru ekki bara að flytja hundruð milljóna króna í skattlausu fé yfir til helstu eignamanna þessa þjóðfélags, þeir eru líka að opna hverja smuguna á fætur annarri til að hjálpa þeim sem betur mega sín til að sleppa við að greiða skatta með löglegum eða ólöglegum hætti. Það þarf ekkert að hafa orð okkar stjórnarandstæðinga fyrir því. Ég var hér að vitna í álit skattrannsóknarstjóra ríkisins til efh.- og viðskn. um áhrifin af tillögum ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar.

Það er hægt að nefna mörg fleiri dæmi þar um. Við skulum t.d. skoða umsögn annars yfirmanns í skattkerfinu, ríkisskattstjóra. Hann segir, m.a.:

„Enginn vafi er á því að ef tilteknar tekjur eru skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur mun það valda því að reynt verður að breyta launatekjum yfir í það form sem skattlagt er með lægri prósentu."

Það er enginn vafi á því, segir ríkisskattstjóri um þau ákvæði frv. ríkisstjórnarinnar að skattleggja tekjur af arði og söluhagnaði með mikið lægri prósentu en almennar tekjur. Hann er að vekja athygli á því að með þeirri ákvörðun munu þeir sem eiga þess kost breyta launatekjum sínum yfir í arð og hagnað sem er skattlagður með 10% í stað 42–47% ef um launatekjur er að ræða. Hann segir ljóst vera að ef allar fjármagnstekjur verði skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur muni það örugglega hafa þau áhrif að þeir sem eigi þess kost muni taka út laun í formi vaxtaarðs eða leigu. Hverjir eiga þess kost? Er það fólkið? Er það hinn almenni launamaður sem á þess kost? Nei, það eru þær forréttindastéttir sem hæstv. ríkisstjórn stendur nú vörð um. Það

er jeppafólkið t.d., herra forseti. Hann segir að í stjfrv. sé gert ráð fyrir því að arður, leigutekjur og aðrar fjármagnstekjur verði skattlagðar með 10% skatti sem muni hafa það í för með sér að launatekjur verði teknar út úr fyrirtækjunum í formi fjármagnstekna.

Ríkisskattstjóri kemur víðar við. Hann vekur m.a. athygli á því að í landinu eru nú 26.563 einstaklingar sem séu í hvers konar rekstri og reikni sér endurgjald. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ætla má að langflestir rekstraraðilar séu með einhverjar vaxtatekjur. Ljóst er af framangreindum upplýsingum að um mjög marga aðila er að ræða sem fá skattinn endurgreiddan eða hann dreginn af öðrum opinberum gjöldum.

Skattyfirvöld munu ekki hafa við neitt annað að styðjast en framtaldar upplýsingar þessara aðila. Þessar upplýsingar eru skráðar áður en álagning fer fram.“ Síðan segir ríkisskattstjóri:

„Alltaf er hætta á svikum þar sem skattyfirvöld geta ekki sannreynt þessar upplýsingar nema með nokkurri fyrirhöfn.“

Í öðru bréfi frá ríkisskattstjóra er enn vikið að því sama. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Tekjuskattur þeirra sem eru með reiknað endurgjald og/eða hreinar rekstrartekjur nemur gróflega áætlað u.þ.b. 5,4 milljörðum kr. Ef $^1/_3$ af reiknuðu endurgjaldi og hreinum rekstrartekjum er umbreytt yfir í arð, söluhagnað og húsaleigu,“ — eins og verið er að opna fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar, — „má gera ráð fyrir því að tekjuskattur lækki um 1,1 milljarð kr. miðað við þær forsendur sem gefnar eru.“

Á hverjum er verið að lækka þetta endurgjald? Á hverjum er verið að lækka þessa skatta um 1,1 milljarð kr.? Á fólkinu sem er í fyrirrúminu hjá Framsfl.? Nei, ekki á því. Sérhagsmunavörslugengið í ríkisstjórninni sér um sína. Það er ekki fólkið sem átti að vera í fyrirrúminu sem þar er verið að tala um.

Virðulegi forseti. Það væri hægt að halda lengi áfram að lýsa því frv. sem ríkisstjórnin vill nú fá samþykkt í nafni hagsmuna stóreignamannanna í landinu og valkostinum sem formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka lögðu fram um aðrar og betri leiðir. Um raunverulegan fjármagnstekjuskatt sem þeir greiða sem hæstar hafa fjármagnstekjurnar en 80% landsmanna sem litlar eða engar eignir eiga, hvorki í bönkum, hlutabréfum eða verðbréfum sleppa við, eða leið ríkisstjórnarinnar um flatan vaxtaskatt jafnvel á smæstu sparendurna. En um leið er meginatriðið í tillögu þeirra stórfelldar eignatilfærslur til stóreignamanna í þessu þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki verjandi fyrir Alþingi Íslendinga, og enn síður út frá sjónarmiðum þeirra aðila sem eiga að framkvæma skattlagninguna og hafa lýst framkvæmdarerfiðleikunum með þeim hætti sem ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og aðrir embættismenn skattkerfisins hafa gert, að ganga nú til afgreiðslu á frv. ríkisstjórnarinnar um skattalækkun á stóreignamenn. Ég ítreka því þá tillögu sem hv. þm. Ágúst Einarsson mælti fyrir hér áðan fyrir hönd okkar stjórnarandstæðinga um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, afgreiðslu frestað og sumarið notað til að ná einhverju landi, þó ekki væri nema við þá sem eiga að framkvæma kerfið og lýsa því eins og ég áður vitnaði til, þannig að hægt verði að leggja fram nýtt frv. á Alþingi Íslendinga í haust, frv. um raunverulegan fjármagnstekjuskatt en ekki fyrst og fremst um lækkun á skattgreiðslum stóreignamanna og mestu eignatilfærslu til auðmanna sem saga íslenska skattkerfisins kann frá að greina.

[16:14]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér langt mál og af sannfæringu. Hann beindi orðum til mín og vitnaði í starfsheiti mitt í kirkjunni. Hér er ég hvorki trúboði né skemmtikraftur svo það sé alveg á hreinu. Ég get þó minnst þess að í ritningunni stendur:

„Gjaldið keisaranum það sem keisarans er og guði það sem guðs er.“

Sumir vilja gera hvort tveggja, sumir vilja gera bara annað hvort en aðrir vilja hvorugt gera. Hv. þm. talaði um sköttuðu þjóðina og skattlausu þjóðina. Það liggur fyrir í ritningunni að allir eru jafnir fyrir guði og það eiga allir að vera jafnir fyrir ríkiskassanum, hæstv. fjmrh., Friðriki Sophussyni og yfirleitt skattkerfinu. Skattheimta er vandasamt verkefni og allar breytingar hljóta að miða að því að auka réttlæti og gera einstaklingum og fyrirtækjum betur kleift að lifa og blómstra.

Hvernig á að auka á réttlæti í skattheimtu og hvernig á að koma í veg fyrir skattsvik? Það er ekki verið að gera breytingar til að auðvelda mönnum að finna smugur til að komast hjá því að greiða skatta. Skattrannsóknarstjóri kemur vissulega með athyglisverðar ábendingar og þær hef ég sannarlega lesið með áhuga og það gera fleiri. Enn er eftir að ræða þetta mál nokkuð betur. Ég hef ekki fyllilega verið sannfærður um að á öllum sviðum sé það enn til lykta leitt. En hv. þm., formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, er að reyna að sannfæra mig um þetta mál.

[16:16]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. sagðist hvorki vera trúboði né skemmtikraftur enda væri hann ekki lengur þjónandi í kirkjunni. (**HjálmJ:** Það sagði ég ekki.) Ég hélt nú satt að segja að bæði trúboðar og skemmtikraftar fyndust utan kirkjunnar og hann gæti gegnt báðum hlutverkum með sóma jafnvel þótt hann sæti hér á Alþingi.

Hitt er annað mál að það sem ég sagði við hann og bað hann að taka eftir og veita athygli, er að hér er verið að búa til tvöfalt kerfi. Annars vegar skattkerfi fyrir launafólk þar sem skattleysismörkin eru 700 þús. kr. fyrir einstakling og 1.400 fyrir hjón og skattprósentan er um 40% þar fyrir ofan. Hins vegar skattkerfi fyrir eignafólk þar sem skattleysismörkin eru 2.950.000 kr. fyrir einstakling og 5.900.000 kr. fyrir hjón og tekjuskattsprósentan fyrir tekjur þar yfir er 10%. Ég spurði hvort þetta samrýmdist kristilegu hugarfari um jafnrétti, um jafnrétti hinna smáu og hinna ríku.

Ég trúi því ekki, virðulegi forseti, að hv. formanni, hæstv. formanni efh.- og viðskn. (**VE:** Það er nóg að segja hv.) — Ég sagði hv. — takist að sannfæra Hjálmar Jónsson alþingismann ...

(**Forseti** (StB): Háttvirtan.)

... um að þetta sé réttlæti.

[16:18]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég er hér trúboði þá er ég í andsvari við hálfgerðan villimann samkvæmt blaðaskrifum þessa dagana. En það er nú önnur saga.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spyr hvort þetta sé réttlætið sem við viljum sjá. Hann minnist á það hvort réttlætið sé einkum fyrir þá sem meira mega sín. Að sjálfsögðu ekki. Það hentar ekki þeim sem minna mega sín sem svo eru nefndir að atvinnufyrirtækjum sé gert ókleift eða illa kleift

að lifa og veita atvinnu og blómstra. Ég held hins vegar ég eftirláti hv. þm., formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni, að svara þessu fyrir nefndina. En eins og ég segi er ég ekki sannfærður en kannski gefst tilefni til að eiga orðastað við hv. þm. Sighvat Björgvinsson öðru sinni og þá skal ég svara honum skýrar.

[16:19]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú líta á það þannig að hv. þm. hafi verið í hlutverki skemmtikraftsins áðan þegar hann ávarpaði þingbræður sína héðan úr þessum ræðustól sem hálfgerða villimenn. Ég hélt satt að segja að hæstv. forseti mundi gera athugasemd við það. En ég lít nú svo á að þetta hafi ekki verið í alvöru mælt heldur hafi hv. þm. þarna verið í hlutverki skemmtikraftsins eða kannski trúðsins. Það fer honum ekki vel.

Ég ætla hins vegar að benda hv. þm. á að ég var ekki að tala um mismunun í skattlagningu á milli fyrirtækja og fólks. Ég var að tala um mismuninn í skattlagningu eftir því hvort einstaklingurinn væri launamaður eða eignamaður. Það er að skipta fólki í tvær þjóðir, hv. þm. Ég hef stuðlað að því með flokki hv. þm. sl. fjögur ár að gerbreyta umhverfi atvinnufyrirtækja ekki síst í skattamálum. Ég sé ekkert eftir því því það hefur borið drjúgan ávöxt. En ég er að tala um að skipta fólki ekki í tvær þjóðir, í þjóð launamannsins með háu skattana og þjóð eignafólksins með lágu skattana.

[16:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar á því að þeir möguleikar sem fyrirtæki hafa til að draga arð frá sínum tekjum miðast við 7% af nafnverði hlutafjár. Það er nú allt og sumt sem hægt er að greiða út með því að draga frá tekjum. Ég hygg að það séu nú engin býsn í arðsemi af því fé sem í fyrirtækin er lagt ef fyrirtæki greiðir slíkan arð, og þess vegna engin býsn þótt slíkur arður sé skattlagður með 10%. Ég mundi fagna því ef atvinnulífið gæti greitt slíkan arð til þeirra sem hafa lagt fé í atvinnurekstur og skil þess vegna ekki þær gífurlegu áhyggjur sem hv. þm. hefur af slíkum arðgreiðslum sem yrðu þá skattlagðar með 10% alveg eins og vaxtatekjur sem fólk hefur þegar það leggur peninga í ríkisskuldabréf eða aðrar eignir sem gefa slíka arðsemi. Ef arðgreiðslan út úr fyrirtækinu fer umfram 7% af nafnverði hlutafjár þá er hún skattlögð líka með 33%. Heildarskattlagning fer þá í 33% plús 10% sem er vel yfir 40% eða milli 40 og 50% sem ég tel að hv. þm. hljóti að geta viðurkennt að er bærilega drjúg skattlagning. Þess vegna er ekki rétt eins og hv. þm. heldur fram að það sé verið að færa eigendum fyrirtækja stórkostlega fjármuni þarna á silfurfati. Það er einungis verið að gefa mönnum eðlilega möguleika á því að hagnast á atvinnurekstri. Ég hlýt að trúa því að hv. þm. sé mér sammála um að það sé gott mál.

[16:23]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. ætti að fletta upp á þeim gögnum sem við höfum í efh.- og viðskn., en ég hef því miður ekki við hendina því þau eru úti í fundarsal, þar sem greint er frá upplýsingum frá ríkisskattstjóra, fremur en skattrannsóknarstjóra ríkisins, öðrum hvorum þeirra, um 13 stærstu fyrirtæki landsmanna og hvað mikið er óuppfært af nafnverði til jöfnunarvirðis hjá þessum fyrirtækjum. Mig minnir að hjá þeim sjö sem mest eiga inni í þeim efnum sé mismunurinn milli nafnverðs og uppfærðs jöfnunarverðs yfir sex milljarðar kr. Það er verið að gefa þessum fyrirtækjum möguleika á að borga út til eigenda sinna þetta uppsafnaða fé skattlaust og að eigendurnir sem hingað til hafa þurft að borga 42–47% skatt eins og launamenn fyrir slíka arðsúthlutun fái skattinn lækkaðan niður í 10%.

Það getur vel verið að hv. þm. finnist það eðlilegt og æskilegt að svona sé málum fyrir komið. Mér finnst þetta ekki eðlilegt. Mér finnst þetta ekki æskilegt. Mér finnst hins vegar bæði eðlilegt og æskilegt að fólk sem hefur tekjur af eigum sínum borgi skatta fyrir þær eftir sömu reglum og fólk sem hefur tekjur af vinnu sinni þarf að gera. Hvers vegna á að greiða lægri skatta af peningalegum tekjum af eignum og arði en af tekjum þeirra sem þurfa að vinna fyrir sér hörðum höndum frá morgni til kvölds?

[16:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man eftir því að á síðasta kjörtímabili starfaði ég í nefnd sem að einhverju leyti var á vegum ríkisstjórnar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sat í. Nefndin hafði það hlutverk að útfæra frv. til laga um 10% nafnvaxtaskatt sem páv. ríkisstjórn hafði gert að samkomulagi við verkalýðshreyfinguna að koma á. Ég skil þess vegna ekki alveg þessi sinnaskipti hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í þessu máli, þ.e. að hann skuli allt í einu orðinn andsnúinn þeirri hugmynd sem hann sjálfur á sínum tíma var nú eiginlega næstum því búinn að koma á sem ráðherra í páv. ríkisstjórn.

Okkur hv. þm. greinir einfaldlega á í þessu máli. Ég tel ekkert óeðlilegt að það sé sams konar staða hjá þeim sem eiga hlutafé og eiga eða hafa lagt fé í atvinnulíf og þeim sem hafa lagt fé t.d. í ríkisskuldabréf, að það sé sams konar skattlagning á slíkar tekjur. Ég tel að það sé engin óhófleg arðsemi í atvinnulífi að miða við 7%. Ég tel að það sé meira að segja frekar lítið. Eðlileg arðsemi í atvinnulífi þyrfti helst að vera á bilinu 10–15% ef vel ætti að vera. En í frv. sem verið er að afgreiða nú er miðað við að fyrirtæki geti dregið 7% af nafnverði frá tekjum til að greiða út í arð og að það sé skattlagt með 10%. Mér finnst það engin ofrausn.

[16:28]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur alltaf verið afstaða okkar alþýðuflokksmanna, líka í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að það bæri að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. Það var sú tillaga sem við gerðum í þeirri ríkisstjórn. Hins vegar er rétt að við féllumst á þá beiðni Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins að láta kanna 10% nafnvaxtaskatt. Út af fyrir sig vil ég ekkert loka á það að 10% nafnvaxtaskattur sé reyndur sem fyrsta skref í átt til eðlilegrar skattlagningar fjármagnstekna. En þetta frv. snýst ekki um það. Frv. snýst ekki um 10% nafnvaxtaskatt eða 10% skatt á vexti. Frv. snýst um gerbreytingu á skattalegri meðferð arðgreiðslna, útgreiðslu arðs hjá fyrirtækjum, móttöku arðs hjá eigendum þeirra, á söluhagnaði hlutabréfa, á leigutekjum og öðrum slíkum tekjum sem hingað til hafa verið skattlagðar með 42–47% en á nú að færa skatta af niður í 0–10%. Það er meginatriði frv. Það er það atriði sem gerir það að verkum að menn sem hafa verið á móti skattlagningu vaxtatekna eins og margir þingmenn í þessum sal,

skiptu um skoðun vegna þess að þeir hagsmunir vógu þyngra í huga þessar manna en nafnskattur á vexti. Það er þetta sem ég er á móti. Það er þetta sem ég vil ekki samþykkja, að það sé undir fölsku flaggi verið að fara fram á Alþingi með frv. sem ekki miðar að eðlilegri skattlagningu fjármagnstekna heldur að mestu eignatilfærslu til stóreignamanna á Íslandi sem íslensk skattalöggjöf kann frá að greina.

[16:30]

Útbýting þingskjala:

Grunnskóli, 501. mál, þskj. 1104.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 500. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1122.

Samningur um víðförula fiskstofna, 538. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1119.

Stjórn fiskveiða, 437. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1094.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:31.

---

156. FUNDUR

fimmtudaginn 30. maí,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

[20:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Samkomulag er um að hver þingflokkur fái 20 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, átta mínútur í fyrstu umferð og sex mínútur í tveimur síðari umferðunum.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Alþfl., Framsfl., Þjóðvaki, Alþb. og óháðir, Sjálfstfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Alþfl. talar Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl., í fyrstu umferð, Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., í annarri og Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., í þriðju umferð. Ræðumenn Framsfl. verða: Halldór Ásgrímsson utanrrh. í fyrstu umferð, í annarri Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv., og í þriðju umferð Páll Pétursson félmrh. Ræðumenn Þjóðvaka verða: Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv., í fyrstu umferð, í annarri Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e., og Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn., í þriðju umferð. Ræðumenn Alþb. og óháðra verða í fyrstu umferð Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., í annarri Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv., og í þriðju umferð Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl. Fyrir Sjálfstfl. talar í fyrstu umferð Friðrik Sophusson fjmrh., í annarri Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., og í þeirri þriðju Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf. Fyrir Samtök um kvennalista talar Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í fyrstu umferð, í annarri umferð Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., og Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., í þriðju umferð.

Hefst nú umræðan.

[20:34]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ágætu áheyrendur og ágætu áhorfendur. Nú eru bjartir og fagrir vordagar á Íslandi, náttúran er 3–4 vikum fyrr á ferðinni en oft áður. Það eru betri horfur hjá flestum fyrirtækjum og ríkissjóði en verið hefur um árabil. Þessu ráða ytri skilyrði, hagstæðir markaðir og vaxandi sjávarafli. En eftir sitja fjölmörg íslensk heimili sem eru í skugga skulda og með of lágar tekjur til að standa undir þeim.

Það er komið að umræðu eða uppgjöri eftir fyrsta starfsár ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í helmingaskiptum við Framsókn. Fyrir síðustu kosningar lýstum við alþýðuflokksmenn því í okkar ræðum að efnahagskreppa síðustu ára væri að líða undir lok. Núna er unnt að gefa út dánarvottorð á kreppuna hjá ríkinu og mörgum fyrirtækjum en því miður ekki hjá mörgum fjölskyldum. Við sögðum betri tíma í vændum, nú væri komið að því að bæta stöðu heimilanna í landinu. Horfur á aukningu í þorskveiðum, síld og loðnuveiðum lágu fyrir. Markaðshorfur hagstæðar, skuldasöfnun erlendis stöðvuð og stöðugleiki kominn á í efnahagskerfi þjóðarinnar. Allar okkar spár hafa staðist. Fyrirtækin í landinu hafa rétt úr kútnum eins og varð að gerast. Þau fóru að skila hagnaði svo miklum að hundruðum milljóna skiptir í sumum tilvikum vegna enn betri aðstæðna en spáð var. Það sem út af stendur er staða heimilanna.

Skuldir hafa aukist. Framfærslugetan hefur versnað þrátt fyrir kaupmáttaraukningu vegna þess að fólk hefur minna milli handanna vegna samdráttar í atvinnu. Sá tími er liðinn að unnt sé að bæta við sig yfirvinnu til að rétta af fjárhaginn. Sá tími er löngu liðinn að verðbólgan minnki skuldirnar. Þingmenn úr öllum flokkum hafa birt vilja sinn í ræðum og ritum til að bæta stöðu heimilanna en það verður að fylgja viljanum eftir með aðgerðum. Við skuldum svo mikið erlendis að við verðum á þessu ári að greiða 40 milljarða í afborganir og vexti, tvöfalda þá upphæð sem síldin og loðnan gefur okkur samtals. Þessi upphæð er sambærileg við það sem heilbrigðis- og tryggingakerfið kostar. Í því kerfi stynja menn undan niðurskurði og standa blóðugir upp að öxlum í samdrættinum með lokaðar sjúkradeildir og sjúklingana liggjandi á salernum og baðherbergjum til að halda niðri kostnaði eða til að vera sem næst fjárlagaheimildum.

Mikið fjármagn hefur farið í súginn vegna rangra fjárfestinga. Bankakerfið hefur tapað 50 milljörðum kr. á sl. sex árum í ógreiddum útlánum. Hverjir bera þar ábyrgð? Eru það ekki einstaklingarnir? Er það ekki íslenska þjóðfélagið sem verður að bæta fyrir þau afglöp? Afleiðingar þessa m.a. hafa orsakað það að við höfum dregist aftur úr nágrannaþjóðum okkar hvað varðar lífskjör. Hér eru ráðstöfunartekjur allt að 20% lægri en hjá Dönum þegar tekið er tillit til allra aðstæðna. Þetta hefur leitt til fólksflótta frá Íslandi, aðallega til Danmerkur þar sem flestir hafa sest að sl. ár og enn er atgervisflótti frá Íslandi. Á annan tug fjölskyldna eru þessa dagana að flytja frá landinu þrátt fyrir að þjóðinni séu kynntar betri horfur eða horfur á 4% kaupmáttaraukningu. Þessa þróun verður að stöðva. Þess vegna tel ég að löggjafinn verði að grípa inn í atburðarásina með lagaboði um lágmarkslaun og lögbindingu þeirra, þótt einstaka aðilar séu

ekki sammála slíkri hugmynd um inngrip í verkefni aðila vinnumarkaðarins.

Það er staðreynd að í raun er verið að greiða niður launakostnað á Íslandi. Það lýsir sér í því að það verður að greiða á annan milljarð kr. í félagslega aðstoð til fólksins í landinu samanlagt samkvæmt svari hæstv. félmrh. við fyrirspurn minni þar að lútandi. Þetta hafa ríki og sveitarfélögin greitt vegna báginda fjölskyldna og einstaklinga. Einnig hafa Rauði krossinn og kirkjan lagt lið með stórfelldum matargjöfum, að ótalinni samhjálp stórfjölskyldunnar. Þetta varð til þess að sá sem hér stendur lagði fram á Alþingi frv. til laga um lágmarkslaun, atvinnuleysisbætur og hámarkslaun.

Lagafrv. þetta ætti að afgreiða nú á síðustu dögum þingsins. Frv. var lagt fram 1. apríl sl. eins og tilskilið var með þingmannamál. En enn hefur ekki gefist kostur á að taka það til umfjöllunar. Ég er sannfærður um að enginn þingmaður mun leggjast gegn megininntaki þess máls sem lýtur að því að lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu skuli ekki vera lægri en 80 þús. kr.

Ágætu tilheyrendur. Lág laun hafa leitt til fátæktar. Þess vegna flyt ég þetta frv. sem er í og með ádeila á forustu þjóðfélagsins fyrir að hafa ekki staðið sig sem skyldi. Já, góðir áheyrendur. Þetta frv. er ádeila á forustu þjóðfélagsins. Hún hefur ekki sýnt mannúð og umhyggju.

Ágætu áheyrendur. Ég hef lokið máli mínu og ég óska þjóðinni til hamingju með sjómannadaginn á sunnudaginn kemur. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Núverandi ríkisstjórn hefur starfað í um það bil eitt ár. Hún setti sér markmið strax í upphafi og hún hefur náð verulegum árangri. Í hverju felst þessi árangur? Halli ríkissjóðs hefur minnkað verulega, kaupmáttur hefur aukist, atvinnuleysi hefur minnkað, vextir hafa lækkað, hagvöxtur er nú meiri hér á landi en í flestum nágrannalöndunum. Það hefur verið gengið frá samningum til lengri tíma við Bandaríkin um öryggis- og varnarmál okkar. Það hafa náðst samningar um síldveiðar í Norður-Atlantshafi og þannig hefur staða okkar jafnt inn á við sem út á við verið treyst. Það má því segja að fólkið í landinu búi við meira öryggi í dag en það bjó við fyrir einu ári.

Stjórnarandstaðan heldur uppi mikilli gagnrýni á Alþingi. Sumt af því er málefnalegt, annað ekki. Sumt af því er réttmætt, annað ekki. Þeir hafa eytt miklum tíma í að gagnrýna núverandi ríkisstjórn en þó hafa þeir sérstaklega eytt miklum tíma í að gagnrýna minn flokk fyrir að hafa ekki staðið við þau fyrirheit sem hann gaf í síðustu kosningabaráttu. Það er rétt að rifja upp hvað það var sem við vorum að segja í þessari kosningabaráttu.

Það er rétt að við leyfðum okkur að vera bjartsýn. Við leyfðum okkur að vera bjartsýnni en núverandi stjórnarandstaða. Við leyfðum okkur að vera svo bjartsýn að ætla að það væri hægt að búa hér við 3% hagvöxt á næstu árum. Við leyfðum okkur að vera svo bjartsýn að ætla að það væri hægt að reka efnahagsstefnu sem gæti tryggt að hér væri hægt að skapa 12 þúsund störf til aldamóta.

Stjórnarandstaðan gerði mikið gys að þessu í upphafi þings á fyrsta ári og taldi þetta vera dæmi um glamur og loforð sem ekki væri hægt að standa við. Nú er það alltaf svo að það hefur oft komið fyrir stjórnmálaflokka að það er ekki alltaf hægt að standa við allt sem sagt er, það er rétt. Það hefur komið fyrir minn flokk eins og aðra flokka. En það vill nú svo til að þetta voru engin glamuryrði vegna þess að nú er hagvöxtur talinn verða um 3,5% á þessu ári og það er talið að það muni takast að skapa um 3 þúsund störf á þessu ári. Þau orð sem þar voru sögð hafa því orðið að veruleika, þótt ég sé ekki eingöngu að þakka mínum flokki það. Auðvitað er það ríkisstjórninni að þakka, ýmsum ytri aðstæðum og góðu samstarfi inn á við sem út á við í landinu.

Það verður hins vegar að viðurkennast að það er eitt sem ekki hefur gengið nægilega vel eftir miðað við það sem við héldum í upphafi þessa stjórnarsamstarfs. Við gerðum okkur ekki grein fyrir því að innbyggður fjárlagahalli væri jafnmikill og raun ber vitni. Þess vegna er það rétt að þar er meiri vandi á höndum en við höfðum gert ráð fyrir vegna þess að við reiknuðum með því að það væri hægt að eyða fjárlagahallanum með meiri hagvexti. En hvað er þá til ráða ef vel á að fara? Jú, það er hægt að hafa meira aðhald í fjárlögunum. Það er hægt að vinna að því að auka þátttöku einkaaðila í lausn samfélagsverkefna. Það er hægt að hækka skatta og hækka þjónustugjöld eða búa áfram við áframhaldandi halla og skuldasöfnun.

Nú virðist það vera mál manna á Alþingi að við eigum alls ekki að sætta okkur við áframhaldandi skuldasöfnun. Þá verður stjórnarandstaðan sem stjórnarliðar að svara því hvernig menn vilja leysa þetta mál. Vill stjórnarandstaðan hækka skatta? Við viljum það ekki og höfum lýst því yfir. Vilja menn auka þjónustugjöldin? Við teljum að það sé neyðarúrræði og við teljum að það þurfi þess vegna aukið aðhald í fjárlögunum, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. En það er ekki nóg að ná árangri á einu ári. Það þarf að tryggja áframhaldið, það þarf að styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, fer samkeppni vaxandi. Samkeppni fer vaxandi í okkar eigin þjóðfélagi og hún fer vaxandi á alþjóðlegum vettvangi. Það fylgja ekki bara góðir hlutir vaxandi samkeppni. En hún er staðreynd í samfélagi þjóðanna og við þurfum að búa okkar þjóðfélag betur undir það. Þetta knýr á um skilvirkni, það knýr á um lægri kostnað, aukna framleiðni og aukna ráðdeild í okkar búskap. Við verðum að búa við aðhald í fjármálum ríkisins eigi okkur að takast að lækka vexti og auka fjárfestingar.

Eitt af því sem mjög hefur verið gagnrýnt á Alþingi í vetur eru skipulagsmál vinnumarkaðarins. Því er haldið fram að núverandi ríkisstjórn sé að ráðast á launþegahreyfinguna sem er af og frá. Það er hins vegar staðreynd að skipulag hefur verið óbreytt á vinnumarkaðnum í marga áratugi. Við verðum að auka sveigjanleika, við verðum að auka samkeppnishæfni á þessum vinnumarkaði og það var nauðsynlegt að afnema æviráðningu og gera ráðstafanir í sambandi við biðlaunaréttinn. Þessu hafa talsmenn opinberra starfsmanna mótmælt, en það vill svo til að opinberir starfsmenn eru 25 þúsund talsins, 20% vinnuafls þjóðarinnar. Um það bil 40 milljarðar fara í laun ríkisins og það verður ekki hjá því komist að skapa svipaðar reglur varðandi allt þetta starfsfólk og gera það mögulegt að mæta vaxandi samkeppni á þessu sviði sem öðrum. Þess vegna er þetta frv. flutt. Það er það sama sem á við um vinnumarkaðinn að öðru leyti. Þar var þörf á úrbótum og breytingum og það viðurkenna allir. Það viðurkenna allir að það var nauðsynlegt að taka upp sérstaka viðræðuáætlun og það viðurkenna allir að það er ekki rétt að byrja á því að boða verkföll og fara síðan í að ná samningum. Það hlýtur að vera neyðarúrræði að boða verkföll og það hlýtur þess

vegna að vera nauðsynlegt að skapa þær samstarfsreglur á vinnumarkaði að allt sé gert áður en til slíks kemur.

Ég er fullviss um að þessar nýju reglur á vinnumarkaðnum eiga eftir að verða til góðs og þær eiga eftir að sanna sig. Það er ekki þar með sagt að þær verði ávallt óumbreytanlegar og þar megi aldrei breyta til aftur. Það verður að koma í ljós hvernig gengur. En við þurfum á því að halda nú á næstu árum að auka okkar framleiðslu, auka okkar verðmætasköpun og það er bjart fram undan, það er rétt hjá síðasta ræðumanni. Það er vor í lofti í íslensku efnahagslífi og það boðar gæfu fyrir þjóðina.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eitt er skýrt eftir þennan vetur. Afhjúpaður hefur verið sem aldrei fyrr hinn pólitíski loddaraskapur, einmitt það sem við í Þjóðvaka vöruðum við fyrir kosningar, því að ekki stendur steinn yfir steini í kosningaloforðum stjórnarflokkanna.

Rifjum upp: Boðuðu stjórnarflokkarnir fyrir kosningar að skerða kjör og réttindi launafólks? Nei, þeir gerðu það ekki. Boðuðu þeir að koma á innritunargjöldum á sjúkrahúsum, fjölga á biðlistum sjúkrahúsanna með stórfelldum niðurskurði? Nei, það gerðu þeir vissulega ekki. Boðuðu þeir að lækka ætti lífeyri og umönnunarbætur aldraða og öryrkja eða hækka gjald fyrir læknisþjónustu og lyfjakostnað og skerða framlög til Framkvæmdasjóðs aldraða og fatlaða? Nei góðir áheyrendur, ekki frekar en þeir sögðu ykkur að þeir ætluðu að fækka bílastyrkjum til hreyfihamlaðra en ekki bílastyrkjum forstjóranna. Boðuðu þeir stórfellda einkavæðingu til að tryggja betur hlut stóreignafólks í þjóðfélaginu? Boðuðu þeir fjármagnstekjuskatt sem lækkar skatta á stóreignafólk en skattleggur mest hinn almenna sparifjáreiganda? Nei, þeir gerðu það ekki. Sögðu þeir að þeir mundu ekki standa við loforðið um greiðsluaðlögun fyrir skuldug heimili í landinu en í stað þess hækka skatta á íbúðareigendur í landinu með 40% skerðingu á endurgreiðslu virðisaukaskatts til þeirra? Nei, það gerðu þeir heldur ekki.

Ekkert af þessu boðuðu stjórnarflokkarnir fyrir kosningar. Þvert á móti stóð þjóðin í þeirri trú að velferðarkerfinu yrði hlíft en það ekki blóðsogið og að hinn almenni launamaður mundi nú uppskera í samræmi við það sem til var sáð. Þann bata sem við nú sjáum í efnahags- og atvinnulífinu eftir margra ára efnahagsþrengingar er ekki þessari ríkisstjórn að þakka heldur hinum almenna launamanni í þjóðfélaginu. Hann hefur þurft að þrengja sultarólina og sætta sig við engar launahækkanir og skerðingu á réttindum og kjörum sem hann hefur áður greitt fyrir með lægri launum. Hann hefur þurft að búa við gífurlegar skattahækkanir, aukningu á þjónustugjöldum og samdrátt í þjónustu velferðarkerfisins. Hann hefur ekki verið í óráðsíunni því að íbúðasjóðir fólksins hafa einungis þurft að afskrifa af skuldum þeirra 65 millj. kr. á fjórum árum en sjóðir atvinnulífsins 22 milljarða kr. á sama tíma. Þess vegna er það launamaðurinn sem á að uppskera. Það er hjá honum sem bæta á kjörin en ekki hjá fjármagnseigendum og stóreignamönnum í landinu sem þessi ríkisstjórn gengur fyrst og fremst erinda fyrir.

Gjaldþrot einstaklinga og heimila hafa aukist verulega frá því að þessi ríkisstjórn tók við og fjöldi efnalítils fólks sem leita þarf aðstoðar félagsmálastofnana hefur einnig vaxið mikið. Framsóknarmenn sem ætluðu að lækka skuldir heimilanna sitja líka uppi með það að skuldir heimilanna hafa hækkað um 27 milljarða kr. sl. tólf mánuði eða frá því að þeir tóku við stjórnartaumunum. Stjórnarflokkarnir eru fastir í fjötrum fortíðar og hagsmunagæslu hvar sem litið er. Í landbúnaðarmálum sem kosta skattgreiðendur tugi milljarða og í sjávarútvegsmálum þar sem auðlindin er smátt og smátt að verða eign fárra sem fá ókeypis aðgang að þessari sameiginlegu eign þjóðarinnar sem kvótaeigendur versla svo með sín á milli. Í lífeyrismálum þar sem bankastjórar fá 400 þús. kr. á mánuði í lífeyri eftir fimm ára starf en venjulegur launamaður 30–40 þús. á mánuði í lífeyri eftir 25 ára starf. Í launamálum eins og á þessum vetri þegar æðstu ráðamenn þjóðarinnar fengu allt að 100 þús. kr. launahækkun á meðan láglaunamaðurinn fékk 1.000 kr. og þannig mætti áfram telja.

Enn á að halda áfram að búa í haginn fyrir neðanjarðarlaunakerfið og festa það kirfilega í sessi. Þannig er það sett í vald forstöðumanna ríkisstofnana og undir geðþótta þeirra og náð komið hverjir séu verðugir og hverjir ekki til að fá launahækkanir. Það er vitað að tveir þriðju hlutar launamunar milli kvenna og karla má skýra með greiðslum sem eru ákvarðaðar af yfirmönnum. Þessi nýja starfsmannastefna ríkisstjórnarinnar mun því enn auka bilið milli ríkra og fátækra og stuðla að enn frekara launamisrétti kynjanna.

Stjórnarandstaðan og verkalýðshreyfingin hefur vissulega með málafylgju sinni náð fram ýmsum breytingum á umdeildum frumvörpum ríkisstjórnarinnar en margt situr eftir. Hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er fólkið ekki í fyrirrúmi heldur grimmd og harka gagnvart launafólki.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er ríkisstjórn stóreignafólksins í landinu. Loksins þegar fjármagnstekjuskattur er settur á er tækifærið notað til að lækka mikið skatta á stóreignafólk en ekki lækka skatta launafólks. Skatturinn er líka óréttlátur því að hann er fyrst og fremst skattur á almenna sparifjáreigendur en ekki á hinn raunverulega fjármagnseigenda eins og lagt er til í öðru frv. sem við formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka höfum lagt fram. Samkvæmt okkar tillögum mega hjón fá um 137 þús. kr. í vaxtatekjur á ári án þess að greiða skatt af þeim, en í frv. stjórnarflokkanna er hver króna skattlögð. Ekki nóg með það, heldur virðist ríkisstjórnin ætla að tvískatta aldraða og öryrkja með fjármagnstekjuskattinum. Það er ekki látið nægja að vaxtatekjur lífeyrisþega eigi að skerða lífeyrisgreiðslur þeirra. Aldraðir og öryrkjar þurfa líka að greiða af þeim 10% vaxtaskatt. Það er engu líkara en að stjórnarflokkarnir muni bara eftir öldruðum og öryrkjum þegar þeir geta reytt af þeim krónurnar. Þess á milli vill ríkisstjórnin lítið af þeim vita.

Herra forseti. Við í Þjóðvaka erum ekki bundin á klafa neinna sérhagsmuna og erum óhrædd eins og málafylgja okkar á Alþingi sýnir að setja fram ný úrræði og hugmyndir í sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum, í velferðarmálum eins og heilbrigðisþjónustunni og í menntamálum, í launa- og lífeyrismálum með tillögum að raunhæfum aðgerðum til að leysa skuldavanda heimilanna og breytingar til aukins lýðræðis á ýmsum grundvallarþáttum í stjórnskipan landsins. Þannig hafa tillögur okkar á Alþingi endurspeglað nýjan valkost, raunhæfan valkost á móti fráleitum, stöðnuðum og úreltum hugmyndum stjórnarflokkanna við landsstjórnina.

Við viðurkennum vissulega að skoðanakannanir hafa valdið okkur miklum vonbrigðum og við viðurkennum líka að fjórflokkakerfið vann sigur í fyrstu lotu. En við höfum ekki látið það draga úr okkur kjark. Uppgjöf er ekki okkar

stíll þrátt fyrir mótlæti. Við höldum því ótrauð áfram, trú þeim loforðum sem við gáfum kjósendum í kosningabaráttunni. Og við getum fullvissað pólitíska andstæðinga okkar um að það er fullsnemmt að fagna því að við hverfum af stjórnmálasviðinu. Úthaldið skortir okkur ekki, við höfum verk að vinna og góðan málstað að berjast fyrir.

Góðir áheyrendur. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því sem er að gerast í þjóðfélaginu. Mannúð, samhjálp, sjálfsvirðing einstaklingsins og samstaða með alþýðu fólks má sín orðið lítils andspænis ofurvaldi íhalds- og peningaaflanna sem byggir á að hver sé sjálfum sér næstur. Við í stjórnarandstöðunni sem viljum jafnaðarstefnuna í öndvegi getum lært af þessum vetri. Við komumst ekki hjá því að endurmeta stöðuna til að nýta okkur málefnalega samstöðu okkar og skilgreina betur hvernig við getum sameinað kraftana í sókn gegn stefnu ríkisstjórnarinnar sem er andhverfan við mannúðlega stefnu okkar jafnaðarmanna. Með samstöðu og samfylkingu jafnaðarmanna hefur fólkið í landinu trúverðugan og öflugan valkost sem gæti boðið núverandi stjórnarflokkum birginn og tekið forustuna í landsmálunum. Þannig og aðeins þannig getum við bætt og jafnað lífskjörin í landinu og hafið framsækna sókn inn í 21. öldina.

[20:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Um hvað snúast stjórnmál? Þau snúast um öll málefni er varðar rekstur og starfsemi þjóðfélagsins. Um þessi mál er ekki samstaða og þess vegna eru nokkrir stjórnmálaflokkar starfandi. En stjórnmálaflokkum landsins má í raun skipta í tvo hópa eftir stefnu og verkum. Annars vegar eru flokkarnir tveir sem nú eiga aðild að ríkisstjórn og eru kenndir við frjálshyggjuna sem byggir á því sjónarmiði að samkeppnin og einstaklingshyggjan skuli ráða ferðinni án tillits til umhverfis eða aðstæðna annarra. Hins vegar eru flokkarnir sem nú eru í stjórnarandstöðu og vilja að samvinna, jöfnuður og réttlæti ráði ferðinni.

Þrátt fyrir ólíka stefnu eru samt allir þessir flokkar sammála um að stöðugt efnahagslíf, góð afkoma ríkissjóðs, sterkt og öflugt atvinnulíf og góð samskipti við aðrar þjóðir séu forsendur fyrir heilbrigðu og öflugu þjóðfélagi. Um þessi atriði virðumst við vera sammála, en um leiðirnar að settu marki er mikill ágreiningur, eins og glögglega hefur komið í ljós á fyrsta starfsári þessarar ríkisstjórnar. Verk hennar sýna að hún fylgir miskunnarlausri stefnu frjálshyggjunnar og fylgir henni af fullri hörku. Samkeppnin er fyrsta boðorð ríkisstjórnarinnar. Þeir sterku skulu verða sterkari, þeir veiku skulu verða veikari, þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari. Þessari stefnu hafa stjórnvöld fylgt og hvergi gefið eftir.

Hér er með skipulegum hætti verið að byggja upp þjóðfélag tillitsleysis, hörku og sundurlyndis, allt í anda harðrar samkeppni. Gróðahyggjan ræður ferðinni, manngildið er í litlum metum og samhjálpin einskis metin. Er þetta virkilega það þjóðfélag sem meiri hluti þjóðarinnar vill? Er þetta það þjóðfélag sem kjósendur Framsfl. og Sjálfstfl. vilja? Greiddu þeir þessari stefnu atkvæði sín?

Í pistli sem Illugi Jökulsson flutti í útvarpinu í morgun velti hann því fyrir sér hvort þjóðin væri í raun orðin ópólitísk, hvort hún léti sig engu skipta hvert stefnir. Hér er verið að skerða kjör aldraðra og fatlaðra, atvinnuleysi er mikið og gjaldþrot blasir við fjölda heimila. Fíkniefnaneysla unglinga hefur aukist samfara aukinni fátækt fólksins í landinu, sjúkradeildum er lokað og bráðveikir sjúklingar verða að hírast á göngum sjúkrahúsanna, réttindi verkalýðshreyfingarinnar eru fótum troðin. Þannig mætti lengi telja upp úr afrekaskrá ríkisstjórnarinnar, en samt virðist stefna hennar studd af verulegum hluta þjóðarinnar, ef marka má skoðanakannanir. Getur verið að Illugi hafi þar hitt naglann á höfuðið, að fólkið sé orðið ópólitískt, fylgist ekki með því hvað er að gerast og láti sig eigin kjör og réttindi litlu varða?

Nú kann einhver að segja: Ástandið í efnahagslífinu er gott. Það er stöðugleiki og allt á leið til betri vegar. Það er að vissu leyti rétt, en við skulum minnast þess að grunnurinn að þessum stöðugleika var lagður í febrúar 1990 í þjóðarsáttarsamningum og ýmsar ytri aðstæður hafa hjálpað til við varðveislu hans. Við erum á leið út úr þeirri efnahagslægð sem við höfum verið í, en það er ekki að þakka stefnu ríkisstjórnarinnar. Það voruð þið, góðir hlustendur, sem lögðuð grunninn. Það voruð þið sem færðuð fórnir til þess að ná þessum árangri gegn því loforði að þegar birti til fengjuð þið að njóta árangursins. Þið gerðuð þá kröfu og því var lofað að árangurinn nýttist fjölskyldum landsins, að kjörin yrðu bætt, atvinnan tryggð og velferðarkerfið varið, að forgangsröðun verkefna ríkisins yrði í ykkar þágu.

Hafa stjórnvöld staðið við þessi loforð? Hefur launafólk í landinu fengið til sín ágóðann af bættum hag fyrirtækjanna eða hefur batnandi hagur verið notaður til að styrkja stöðu þeirra sem voru sterkir fyrir? Ef hver og einn horfir í kringum sig, metur ástandið í stað þess að horfa í gaupnir sér og trúa áróðri ríkisstjórnarinnar, blasa staðreyndirnar hvarvetna við. Á öllum sviðum er vegið að þeim sem minnst hafa.

Nú kann einhver að spyrja hvort kaupmátturinn hafi ekki aukist. Það er rétt, en það segir ekki alla söguna. Atvinnuleysið er mikið og almennur kaupmáttur er langt frá því að vera ásættanlegur. Til að framfleyta fjölskyldu þarf launamaðurinn enn að leggja nótt við dag í vinnu og samt hafa skuldir heimilanna stóraukist.

Við í þingflokki Alþb. og óháðra báðum forsrh. að láta gera víðtækan samanburð á lífskjörum hér og í Danmörku og birta niðurstöðuna í skýrslu sem lögð skyldi fram á Alþingi fyrir þinglok. Skýrsla þessi er ekki komin, en mun liggja fyrir eftir helgi eftir þeim upplýsingum sem við höfum. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöðuna. Ég á von á því að skýrslan sýni að þegar á heildina er litið höfum við hér á landi þokkaleg lífskjör í samanburði við það sem gerist í Danmörku, en við þurfum hins vegar að vinna helmingi lengur og helmingi meira til þess að ná svipuðum launum og þar.

Sú atvinnu- og kjarastefna sem rekin er í Danmörku tekur tillit til fjölskyldunnar, ólíkt því sem hér gerist. Mikilvægi fjölskyldunnar er viðurkennt þar og endurspeglast í vinnutíma og launakjörum. Hér á landi er hins vegar alls ekki gert ráð fyrir tíma fyrir samveru fjölskyldunnar. Hér virðist það vera merki um heilbrigt líf að sem flestir fjölskyldumeðlimir vinni óhóflega langan vinnutíma, heimilið sé aðeins svefnstaður. Sérstaklega bitnar þessi stefna illa á ungu fjölskyldufólki sem er að byrja sinn búskap og koma sér þaki yfir höfuðið. Til þess að geta staðið í skilum og framfleytt sér og sínum þarf það að vinna eins mikið og lengi og kostur er. Allt annað verður óhjákvæmilega út undan. Þessi mikla vinna skilar þó ekki þeirri viðbót í budduna sem að öllu jöfnu mætti búast við. Skattastefnan sér fyrir því. Þessir vinnusömu einstaklingar verða í flestum tilfellum að greiða mjög háa jaðarskatta.

Fyrir síðustu kosningar fyrir ári síðan lofuðu allir flokkar að þessu skattkerfi yrði breytt en ekki bólar enn á efndum ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir fögur fyrirheit um fólk í fyrirrúmi. Hver hefur ekki heyrt sönginn sem ríkisstjórnin og hennar nótar kyrja í sífellu? Það er ekki hægt að ná árangri í efnahagsmálum, í fjármálum ríkisins nema skerða framlög til velferðarkerfisins, halda launakjörum niðri, rýra rétt eldri borgara og öryrkja og skera verulega niður í heilbrigðisþjónustunni. Þetta er bull. Þetta er spurning um stefnu, um aðferðir, um áherslur, um leiðir að því markmiði að reka öflugt efnahagslíf, öflugt þjóðfélag. Stjórnmálin snúast um þetta, um leiðir að markmiðinu.

Þessi ríkisstjórn frjálshyggjunnar hefur markað sína leið, leið samkeppni þar sem vaðið er á skítugum skónum yfir allt og alla og orðin samráð og samkennd finnast ekki í orðabók fulltrúa þessara flokka hér á Alþingi. Þetta eru hörð orð en staðreyndirnar tala sínu máli.

Í þessu samhengi þykir mér rétt að rifja upp brot úr ræðu sem formaður Framsfl. flutti á eldhúsdegi fyrir rúmu ári. Þá sagði hann, með leyfi forseta, og talaði þar fyrir Framsfl. allan: „Við höfnum stefnu til hægri. Við höfnum frjálshyggjunni. Við höfnum því að peningarnir eigi að ráða öllu. Við höfnum því að ríkisvaldið eigi að sýna afskiptaleysi gagnvart atvinnulífinu. Við viljum halda á lofti ýmsu sem kennt er við vinstri eins og félagshyggjunni."

Í sömu ræðu talaði formaður Framsfl. um nauðsyn þess að ríkisvaldið taki höndum saman við aðila vinnumarkaðarins. Ég læt hlustendum eftir að meta hversu vel þessum boðskap hefur verið fylgt eftir.

Góðir áheyrendur. Leiðin sem ríkisstjórnin og hennar stuðningsmenn hafa hafnað er leið þar sem stjórnmál snúast um fólk, um lífsafkomu þess, aðstæður, samvinnuna og samskiptin, þar sem við látum okkur varða um afkomu hvers annars og erum samábyrg. Við höfum í raun allar aðstæður í dag til þess að reka öflugt atvinnulíf og efnahagslíf, við erum lítil þjóð í stóru en auðugu landi, búum dreift en þekkjum engu að síður vel til aðstæðna hvers annars. Við þekkjum einnig vel gæði landsins og takmarkanir þeirra. Á þessari þekkingu eigum við að byggja þjóðfélag réttlætis og jöfnuðar. Við erum það fá að það á ekki að líðast að hluti þjóðarinnar búi við fátækt eða njóti ekki eðlilegra lífsgæða. Stefna Alþb. og óháðra er í þessum anda og við höfum lagt fram ítarlegar tillögur á þessu þingi til lausnar á þeim vanda sem við er að etja. Við höfum lagt fram tillögur sem varða efnahags- og atvinnumál þar sem áhersla er lögð á betri lífskjör launafólks í landinu. Stefna okkar og tillögur eru ekki ögrun við stöðugleika efnahagslífsins. Þær byggjast á jöfnuði og samábyrgð í stað sjónarmiða frjálshyggjunnar og þar er mikill munur á. Tillögur okkar miða að því að bæta lífskjör launafólks í landinu. Launafólk þarf öflugan málsvara á Alþingi og öfluga verkalýðshreyfingu. Með samvinnu og ábyrgum málflutningi náum við árangri. — Góðar stundir.

[21:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. setti sér skýr efnahagsmarkmið í upphafi starfsferils síns. Verkefnið er að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum, skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti, fjölga störfum og stuðla að bættum lífskjörum. Við lok þessa þings er eðlilegt að fara yfir stöðuna og meta árangurinn.

Í fyrsta lagi er hagvöxtur hér á landi nú meiri en að meðaltali í OECD-löndunum, en það eru 25 auðugustu lönd heims. Þetta eru mikil umskipti frá árunum 1987–1993 en á því sex ára bili var enginn hagvöxtur hér á landi til jafnaðar.

Í öðru lagi er verðbólga hér á landi ein sú minnsta í heiminum og sl. fimm ár hefur hún verið undir meðaltali í OECD-ríkjunum. Áður var óðaverðbólga eitt helsta einkenni íslensks efnahagslífs.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á árunum 1995 og 1996 vaxi um 8–9% en til samanburðar má nefna að kaupmátturinn rýrnaði um 20% á árunum 1988–1994.

Í fjórða lagi fer atvinnuleysi minnkandi og spáð er að það verði rúmlega 4% af vinnuafli á þessu ári. Atvinnuleysi í samanburðarlöndunum er helmingi meira. Störfum mun fjölga um 2.500–3.000 á þessu ári.

Í fimmta lagi hefur viðskiptajöfnuður verið jákvæður sl. þrjú ár í kjölfar sex ára halla í viðskiptum við útlönd. Viðskiptajöfnuður verður neikvæður í ár einungis vegna uppbyggingar álversins.

Í sjötta lagi hefur erlend skuldasöfnun verið stöðvuð. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa lækkað um 7% af vergri landsframleiðslu á síðustu þremur árum en á árunum 1987–1993 óx skuldahlutfallið um 14% á sama mælikvarða.

Í sjöunda lagi hafa vextir lækkað á undanförnum árum. Á árinu 1991 voru raunvextir á spariskírteinum rúm 8%, en eru nú um 5,5%.

Í áttunda lagi hefur ríkissjóðshallinn minnkað. Á þessu ári verður hann helmingi minni en í fyrra. Ríkisstjórnin stefnir að því að leggja fram hallalaust fjárlagafrv. næsta haust.

Í níunda lagi er talið að ríkisútgjöldin í ár lækki um 3% að raungildi. Frá árinu 1991 hafa ríkisútgjöld á mann lækkað um 8% en á árunum 1986–1991 hækkuðu þau um tæp 20%.

Allar þessar staðreyndir sýna efnahagsbatann og bera vitni um árangur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þessi árangur í efnahagsmálunum hefur að auki verið viðurkenndur af þeim erlendu fyrirtækjum sem meta lánshæfi Íslands. Sú viðurkenning hefur þegar skilað sér í hagstæðari lánakjörum ríkissjóðs erlendis.

Árangurinn mælist einnig á alþjóðlegan mælikvarða með því að Ísland er eitt af aðeins fjórum Evrópuríkjum sem uppfylla öll skilyrði um inngöngu í Myntbandalag Evrópu. Að sjálfsögðu eru þessi umskipti ekki eingöngu ríkisstjórninni að þakka. Þjóðin er að uppskera árangur þess samstarfs sem átt hefur sér stað á undanförnum árum milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Það samstarf er nú að skila sér í batnandi lífskjörum þjóðarinnar.

Í stefnuræðu sinni á þingi Alþýðusambandsins í síðustu viku ræddi Benedikt Davíðsson, fráfarandi forseti ASÍ, um síðustu kjarasamninga og sagði þá orðrétt:

„Staðreyndin er hins vegar sú að kaupmáttur launa hefur aldrei vaxið jafnmikið við eins lágt verðbólgustig og þessir kjarasamningar tryggðu. Gera má ráð fyrir að kaupmáttur dagvinnulauna innan ASÍ vaxi að jafnaði um tæplega 6% á ári á árunum 1995 og 1996 á sama tíma og verðbólga er nokkuð innan við 2%. Þessu til viðbótar eykst kaupmáttur vegna afnáms tvísköttunar lífeyrisiðgjalda."

Þessi orð Benedikts Davíðssonar lýsa vel gildi þeirrar stefnu sem við höfum fylgt, þ.e. að bæta lífskjörin án þess að raska stöðugleikanum.

Sá efnahagslegi stöðugleiki sem hér ríkir hefur gerbreytt möguleikum okkar til að horfa til framtíðar og móta stefnu

til langs tíma. Heimilin, fyrirtækin og stjórnvöld geta gert áætlanir án þess að verðbólga líðandi stundar villi þeim sýn. Við þessar nýju aðstæður blasa tækifærin við í nýjum atvinnugreinum eins og hugbúnaðargerð og líftækni en einnig í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og við nýtingu fallvatna og jarðvarma. Stöðugleikinn hefur einnig gert stjórnvöldum kleift að horfa lengra fram á veginn en áður tíðkaðist. Dæmi um slíka framtíðarsýn má finna í skýrslu ríkisstjórnarinnar um bætta samkeppnisstöðu Íslands. Höfundar skýrslunnar sem eru forustumenn í atvinnulífinu benda réttilega á að með því að auka samkeppni sem víðast í atvinnulífinu, einnig í opinberri starfsemi, megi lækka verð og bæta þjónustu, en hvort tveggja leiðir til betri lífskjara.

Þá hefur ríkisstjórnin samþykkt stefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Í framhaldi af því var rúmlega 40 ára gömlum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins breytt, en sú breyting er ásamt öðru nauðsynleg til að gera ríkisrekstrinn sveigjanlegri og skilvirkari.

Annað dæmi um framtíðarsýn er yfirfærsla grunnskólakennslunnar til sveitarfélaga, en samfara yfirfærslunni tryggir ríkið viðbótarfjármagn til uppbyggingar og reksturs. Þessi breyting gerir allt í senn: Eflir sveitarfélögin, styrkir skólastarfið og bætir menntunina.

Þriðja dæmið um framtíðarsýn er nýleg stefnumörkun í íslenskri ferðaþjónustu sem samgrh. kynnti fyrir skömmu. Möguleikarnir í ferðaþjónustu eru miklir. Á næstu 10 árum gætu gjaldeyristekjur tvöfaldast og störfum fjölgað um 3 þúsund.

Fjórða dæmið um það hvernig langtímasjónarmið skila árangri eru nýlegar tillögur fiskifræðinga um aflaaukningu á Íslandsmiðum. Þetta er uppskera samstarfs fiskifræðinga og hagfræðinga undir forustu sjútvrh. sem á sínum tíma beitti sér fyrir aflatakmörkunum til að byggja upp fiskstofnana.

Ágætu áheyrendur. Með batnandi efnahag er mikilvægast að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum og koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun. Hallalaus ríkisrekstur er að sjálfsögðu æskilegur til að lækka vexti og efla atvinnustarfsemina. Það sem skiptir samt mestu máli er að stöðva skuldasöfnun ríkisins og koma þannig í veg fyrir að næsta kynslóð, börn okkar og barnabörn, þurfi að rogast með skuldaklyfjarnar. Það hlýtur að vera stefna okkar að Íslendingar framtíðarinnar fái svigrúm og frelsi til að velja sér markmið og leiðir á sínum eigin forsendum. Að því mun ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vinna. — Góða nótt.

[21:16]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á því þingi sem nú er að ljúka verða væntanlega afgreidd vel á annað hundrað lög og ályktanir, mikill meiri hluti þeirra með samhljóða samþykkt að undangenginni umfjöllun í nefndum þar sem iðulega eru gerðar nokkrar breytingar. Í þeim störfum skiptir oft litlu máli hvernig menn skiptast í stjórn og stjórnarandstöðu. Þar skiptir mestu þekking og innsýn í viðkomandi málefni og þá er gott að þingmenn hafi ólíka reynslu að baki. Sú breidd mætti að vísu vera meiri innan dyra.

T.d. er það ljóður á samsetningu þingheims í lýðræðisþjóðfélagi að einungis fjórðungur þingsæta skuli skipaður konum og án alls efa tækju umræður og lagasetning lit af því ef það hlutfall endurspeglaði raunveruleikann. Sama má segja um margs konar annan bakgrunn, svo sem aldur, menntun og starfsreynslu. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á viðhorf og skila sér inn í umfjöllun og störf þingmanna.

En þótt mikið af störfum Alþingis sé unnið í sátt og samlyndi eru þó alltaf allmörg mál sem skipta þingheimi í andstæðar fylkingar og þá þykja störf þessarar samkundu helst fréttnæm. Stjórnarandstaðan sætir oft ámæli fyrir harða baráttu gegn þeim málum sem skiptar skoðanir eru um, en það má aldrei gleymast að stjórnarandstaðan gegnir mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Henni ber að veita ríkisstjórn og meiri hluta aðhald af festu og ábyrgð.

Stjórnarliðar mættu sýna jafnmikinn áhuga og ábyrgð gagnvart því sem þingmenn sjórnarandstöðu hafa fram að færa. Þrátt fyrir gífurlegan aðstöðumun leggja þingmenn stjórnarandstöðunnar fram mikinn fjölda þingmála sem meiri hlutinn nennir varla að ræða og ýtir sífellt aftur fyrir í umfjöllun þingnefnda. Hvað á að kalla slíka málsmeðferð? Hún kallast að sjálfsögðu ekki málþóf, en lítilsvirðing er rétta orðið yfir háttalag stjórnarliða gagnvart fjölmörgum athyglisverðum og stefnumarkandi tillögum stjórnarandstöðunnar sem þeir sniðganga eins og þeir frekast geta.

Meiri hlutinn hefur séð til þess að stjórnarandstaðan hefur haft ærinn starfa á liðnum vetri. Ég man satt að segja ekki eftir öðrum eins fjölda af vanhugsuðum og illa unnum stjórnarfrumvörpum sem þingmenn hafa lagt nótt við dag við að reyna að betrumbæta og að lokum ekki séð annan kost en að vísa þeim aftur til föðurhúsanna til betri heimanbúnaðar. Þannig var t.d. með frumvörp ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og um stéttarfélög og vinnudeilur sem verið er að lögfesta þessa dagana, illu heilli. Umræður um þessi mál voru heitar og málefnalegar þótt stjórnarliðar hafi víða reynt að koma því á framfæri að hér hafi verið um ómálefnalegt karp að ræða og skrifuðu jafnvel heilar síður í málgagn sitt í kvörtunartóni.

Sjálfir þrjóskuðust stjórnarliðar við að tjá sig um þessi mál sem snerust þó um kjör og hagsmuni svo margra. Þeir sátu andvarpandi ef þeir sáust yfirleitt í þingsal og töldu klukkustundirnar sem umræðan tók og fjösuðu um málþóf. Þeir hafa af eðlilegum ástæðum haft lægra um þann árangur sem barátta stjórnarandstöðunnar skilaði. Þeir hafa lágt um það að þeir neyddust til að gera stórfelldar breytingar á báðum frumvörpunum, svo illa voru þau úr garði gerð.

Við getum velt því fyrir okkur hvernig farið hefði með aðför ríkisstjórnarinnar að samtökum launafólks ef stjórnarandstaðan hefði ekki beitt öllu sínu afli til að koma í veg fyrir verstu afglöpin. Og það er bágt til þess að hugsa að innan stjórnarflokkanna leynast ýmsir sem hefðu viljað standa með okkur í þeirri baráttu. Þeir treystu sér hins vegar ekki til þess að standa gegn flokksaganum og hlýða eigin samvisku. Aldrei heyrðist eitt einasta orð frá formanni Framsfl. í allri þessari umræðu. Hann tjáði sig ekki um þessi mál fyrr en í ræðu sinni áðan. Þess hefði þó mátt vænta með tilliti til orða sem hann lét falla á sl. hausti í umræðunni um stefnuræðu forsrh. Þá ræddi hann af skilningi um það mikla launabil sem skapast hefur í þjóðfélaginu og hann hvatti til þess að stjórnmálamenn, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur settust á rökstóla, ekki til að semja um krónur eða prósentur heldur til að reyna að finna siðferðilegan grunn sem kjarasamningar framtíðarinnar gætu byggt á, svo að ég vitni orðrétt í ræðu hans. Þetta þótti mörgum vel mælt og hugsuðu gott til. Hér var kominn í ríkisstjórn flokkur sem vildi hafa fólk í fyrirrúmi og foringi sem var tilbúinn að gera sér það ómak að reyna að finna nýjar leiðir til að tryggja bærileg samskipti og mannsæmandi laun, tryggja samráð og réttlæti í þjóðfélaginu. Við höfum kynnst efndum þeirra orða. Fjmrh. og

félmrh. tóku að sér það verk að tryggja þann siðferðilega grunn sem kjarasamningar framtíðarinnar gætu byggt á og formaður Framsfl. hefur nú upplýst að hann er ánægður með verk þeirra. Allur málatilbúnaður, vinnubrögð og afgreiðsla þessara mála vitna um ríkjandi viðhorf meiri hlutans, viðhorf sem eru andstæð launafólki, andstæð alþýðu landsins og eiga lítið skylt við samráð, jafnrétti og gagnkvæma virðingu. Valdboð að ofan eru einkunnarorðin. Hinn sterki ræður.

Herra forseti. Konur þessa lands geta ekki fagnað neinum áföngum í réttindabaráttu sinni að loknum þessum þingvetri. Einhverjar munu þó hafa vænst þess með tilliti til þess að í síðustu kosningabaráttu leyfðu margir sér þann munað að sýna sérstakan skilning á stöðu kvenna í samfélaginu og gefa viss fyrirheit um vilja til að leiðrétta augljóst misrétti í þeirra garð. Meira að segja Sjálfstfl. uppgötvaði orðið viðhorfsbreyting og eygði þar m.a. lausnina á launamisrétti kynjanna. Ekki skal ég draga úr nauðsyn viðhorfsbreytingar, enda hefur það verið kjarninn í baráttu okkar kvennalistakvenna frá upphafi. Hún verður hins vegar ekki af sjálfu sér. Að henni þarf að vinna. Núverandi stjórnarflokkar hafa nú haft árið til að gera eitthvað marktækt í þeim málum.

Nýútkomin skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála sýnir að menn kunna enn að gera skýrslur og áætlanir. En það dugir skammt ef framkvæmdaviljann skortir. Félmrh. lét reyndar vinna skýrslu um starfsmat sem margir binda vonir við, en fleira er ekki í frásögur færandi af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til þess að leiðrétta launamisrétti kynjanna. Stjórnarflokkarnir felldu tillögu Kvennalistans um sérstakt fjárframlag í þessu skyni og ekki hafa hugmyndir Kvennalistans um tólf liða aðgerðir til úrbóta í þessum efnum fengið hljómgrunn hjá fulltrúum staðnaðra viðhorfa.

Framlag fjmrh. til þessa máls er einkar athyglisvert. Hann minntist reyndar ekki á það í hagvaxtarræðu sinni áðan og mig undrar það ekki. Það felst í einni aukasetningu í nýsettum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar segir á einum stað að forstöðumenn stofnana geti umbunað starfsmönnum sínum sérstaklega fyrir árangur í starfi og ber þeim að fara eftir reglum sem fjmrh. setur þar sem m.a. skal kveðið á um að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Þetta eru þá afrek ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og þarf mikinn velvilja til að fagna þessu framtaki og telja það til marks um viðhorfsbreytingu. Það þarf mikið að gerast ef sú viðhorfsbreyting á að verða í tíð þessarar ríkisstjórnar. Til þess sé ég aðeins eitt ráð. Ráðherrarnir ættu allir með tölu að fara á námskeið hjá núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem kvennabaráttan er viðurkennt breytingarafl. Þar er að finna þau viðhorf og þann vilja sem dugir til að fleyta þróuninni fram á við í stað þeirrar stöðnunar sem er okkur öllum til tjóns. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ýmislegt bendir til þess að hagvöxtur fari vaxandi eftir nokkurra ára samdrátt, að endir hafi verið bundinn á kreppuna. Stöðugleiki ríkir í efnahagsmálum, stöðguleiki sem á rót sína að rekja til þjóðasáttarsamninganna 1990 og styrkrar efnahagsstjórnar síðustu ríkisstjórnar. Þá hefur tekist að ná samningum við Norðmenn, Rússa og Færeyinga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem er fagnaðarefni hjá þjóð sem vill stunda ábyrgar fiskveiðar eins og við Íslendingar þó um það megi lengi deila hvort ekki hefði mátt ná betri samningi. Er ekki ósennilegt að eitthvað bjartara sé fram undan ef maður gefur sér þá forsendu að núv. ríkisstjórn klúðri ekki þeim árangri sem fyrri ríkisstjórn náði, svo eftirmæli hennar verði ekki þau að þetta hafi verið kjörtímabil hinna glötuðu tækifæra.

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum höfðu menn á orði að hún væri helmingaskiptastjórn sem ekki hefði annað markmið en að skipta með sér völdum. Ríkisstjórnin væri því ávísun á óbreytt ástand og í hönd færi kjörtímabil hugmyndafræðilegrar stöðnunar.

Virðulegi forseti. Sú hugmyndafræði sem birtist í stærstu málum ríkisstjórnarinnar, búvörusamningnum, vinnulöggjafarfrumvörpunum og frumvarpi um fjármagnstekjuskatt bera þess öll merki að eplin séu súr. Frv. um breytingar á búvörusamningi hnigu allar í þá átt að festa enn frekar í sessi hið miðstýrða sovétkerfi í landbúnaði og var ákveðið að verja 13 milljörðum til ársins 2000 í kerfi sem reynslan hefur kennt okkur að fyrir löngu er gengið sér til húðar, kerfi sem er hvorki neytendum né bændum til góðs. Vinnulöggjafarfrumvörpin, annars vegar frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hins vegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur eru einnig dæmi um ferð án fyrirheits.

Þegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur var lagt fram á Alþingi átti það að sögn hæstv. félmrh. að vera lykillinn að samskiptum á vinnumarkaði í framtíðinni. Við nánari skoðun reyndust ákvæði þess mikil hrákasmíð og óskapnaður sem meira og minna fór í bág við innlend og erlend mannréttindaákvæði. Því neyddist hæstv. félmrh. til að draga nánast allar sínar breytingar til baka þannig að lítið er orðið eftir af frv. nema fyrirsögnin ein. Það er því von að spurt sé: Hvað gekk hæstv. félmrh. til með framlagningu þess? Hvaða stefnu var verið að hrinda í framkvæmd? Hvers vegna ryðst hann fram með jafnilla unnið frv. og raun ber vitni án þess að hafa neitt annað markmið en að breyta breytinganna vegna. Virðulegi forseti. Svona vinnubrögð ber að fordæma.

Réttlæting ríkisstjórnarinnar á breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna felst í því að þær séu fyrstu skrefin í átt til nútímavæðingar í ríkisrekstri og liður í því að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt. Með tilliti til þessarar röksemdafærslu má leiða að því líkum að sú breyting að launamenn geti ekki lengur skotið ágreiningi sínum til æðri stjórnvalda sé liður í því að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt, afnám biðlaunaréttar ríkisstarfsmanna feli í sér nýja skilgreiningu á hlutverki ríkisvalds og trygging þess að ákveðnir hópar starfsmanna ríkisins tjái ekki skoðanir sínar við ákveðnar aðstæður, sé liður í því að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt. Hér er í reynd ekki um annað að ræða en aðför að grunnréttindum launamanna, réttindum sem siðuðum þjóðum ber að virða. Að reyna að setja þessa aðför í þann búning að verið sé að nútímavæða ríkisreksturinn eða skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt er slík veruleikafirring að leitun er á öðru eins.

Þá er ónefnt frv. ríkisstjórnarinnar sem liggur fyrir þinginu um fjármagnstekjuskatt. Þar eru sennilega á ferðinni, verði frv. að lögum, mestu fjármagnstilfærslur sem um getur í sögu lýðveldisins, fjármagnsflutningar frá erfiðismönnum til efnamanna. Samkvæmt því frv. er ætlunin að lækka skatta á arðgreiðslur, lækka skatta á sölu hlutabréfa, lækka skatta á leigutekjum en skattleggja allan annan sparnað, hverju nafni sem hann nefnist. Það þarf ekki sérí til að átta sig á því hverra erinda núverandi ríkisstjórn gengur. Eitt er víst, að það er ekki erinda launamannsins. Því er ekki nema von að spurt sé: Hvar eru fingraför Framsóknar? Hvar eru hinar vösku meyjar

og sveinar Framsóknar? Hin nýja kynslóð framsóknarmanna sem í kjölfar síðustu kosninga ruddist inn á þing, hvort heldur er á mótorhjóli eða göngumóðir af Grænlandsjökli, með yfirlýsingar um að nú skyldi allt lagfært, öllu breytt sem áður hafði aflaga farið. Hvar eru þau nú? Þau skyldu þó ekki vera gengin í björg hjá íhaldinu? A.m.k. hefur ekki mikið farið fyrir þeim á þessu þingi.

Sé hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar hvað varðar úrlausnir innan lands dæmi um hugmyndalega fátækt, þá tekur úrræðið og stefnuleysið út yfir allan þjófabálk þegar kemur að málefnum Evrópu og þess samrunaferlis sem þar á sér stað. Um málið hefur ríkt einhver sérkennileg bannhelgi. Málið má helst ekki ræða, en þá stefnu hefur formaður Sjálfstfl. rekið af einurð og festu því af hálfu flokksins hefur hvorki verið fjallað um Evrópumál í ræðu né riti um langt skeið, málefnið er einfaldlega ekki á dagskrá. Þó afstaða forsrh. sé að vissu leyti brosleg, sé hún skoðuð í ljósi þeirrar þróunar sem á sér nú stað í heiminum, er hún grafalvarleg þegar hagsmunir þjóðarinnar eru hafðir í huga.

Virðulegi forseti. Við verðum að fara að átta okkur á því að hugtakið sjálfstæði hefur ekki sama innihald í dag og það hafði fyrir einni öld eða svo. Hinar miklu tækniframfarir og aukin samskipti þjóða í millum fela það í sér að sjálfstæðið felst í því að fá að taka þátt og hafa áhrif á ákvarðanir sem eru teknar á alþjóðavettvangi og hafa áhrif á stöðu þjóðarinnar. Sjálfstæðið felst ekki í því að einangra sig eða fá að vera í friði. Það er því alvarlegur hlutur þegar við völd situr ríkisstjórn sem hefur ekki áhuga á þeirri þróun sem á sér stað í kringum okkur. Þess í stað telur hún sig hafa fundið leið inn í framtíðina og að leiðin liggi um hlaðið á Höllustöðum. — Góðar stundir.

[21:31]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Hvers væntir fólk af starfi stjórnmálamanna og starfi þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr? Við getum að sjálfsögðu öll nefnt mörg atriði. Eitt hlýtur þó að vera okkur í huga öllum eða velflestum sem viljum landi og þjóð vel. Við ætlum þessari ríkisstjórn og einmitt þessari ríkisstjórn að skila nægum störfum til landsmanna og efla atvinnulíf landsmanna til farsældar og langrar framtíðar. Nú er þetta ekki lengur fjarlægt markmið heldur hefur svo gengið að við gætum náð þessu takmarki í fyrirsjáanlegri framtíð.

Það er óumdeilt að ríkisstjórnin hefur skapað þær góðu aðstæður sem henni var trúað til. Það er að sjálfsögðu ekki aðeins verk hennar einnar, heldur hafa flestir landsmenn lagt sitt af mörkum. En um leið og við gleðjumst yfir þessum góða árangri, vonandi njótum við öll ávaxtanna, hljótum við að leggja áherslu á þær skyldur sem við höfum við þá sem minna mega sín og standa höllum fæti.

Efling atvinnulífsins var einmitt eitt af meginatriðum í kosningabaráttu okkar framsóknarmanna. Það er ljóst að á því sviði þarf að grípa til margvíslegra úrræða. Engin ein lausn getur eflt atvinnulífið. Aðgerðir framsóknarmanna hafa mótast af þessu. Það hefur verið gripið til fjölþættra úrræða sem of langt mál yrði að telja. Ég nefni þó hér farsælar lyktir um stækkun álversins og iðn.- og viðskrh. Finnur Ingólfsson hefur einnig lagt fram víðtæka áætlun sem nefnd er Evrópuverkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hún hefur fengið góðar undirtektir þegar verkefni hafa verið kynnt víða um land.

En um leið og við viljum efla atvinnulífið hljótum við að leggja áherslu á umhverfismál. Það er liðin tíð að við getum sífellt aukið starfsemi okkar og umsvif á öllum sviðum án þess að huga að því gjaldi sem við þurfum að greiða náttúru og náttúruvernd.

Verðmæti íslenskrar náttúru birtist okkur í fjölmörgum myndum. Allra þeirra hagsmuna þurfum við að gæta. En um leið verðum við að hafa í huga að leggja ekki öfgakenndar hömlur á atvinnulífið eða umsvif sem nauðsynleg eru til framfara. Þarna þarf hvort tveggja að haldast í hendur.

Umhvrh. Guðmundur Bjarnason hefur einmitt beitt sér fyrir löggjöf og aðgerðum á sviði umhverfismála sem markað hafa tímamót. Á erlendum vettvangi hefur verið skrifað undir samninga og vinnuáætlanir um eitt brýnasta hagsmunamál Íslendinga, verndun gegn mengun hafsins. Á sviði löggjafar á Alþingi má nefna setningu laga um spilliefnagjald, en í því felst að við sölu vara með spillandi efnum er gjald innheimt og það síðan nýtt til þess að farga þessum sömu efnum.

Þá vil ég einnig nefna tímamótalög um stjórnskipan náttúruverndarmála. Frv. um það efni er nú til afgreiðslu í þinginu. En þá er ónefnt brýnt verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Sú löggjöf og þær aðstæður sem nú ríkja í almannarétti eru algerlega óviðunandi. Nú háttar svo til að u.þ.b. 90% þjóðarinnar búa í þéttbýli á sama tíma og 10% landsmanna eru eigendur landsins. Eigendur eru ekki aðeins bændur heldur margir aðrir og breyting á eignaraðild á landi mun verða mikil ef að líkum lætur. Hagsmunir landeigenda eru miklir og ekki má ganga einhliða á réttindi þeirra. En um leið og við viðurkennum hagsmuni landeigenda til landnýtingar verðum við að horfast í augu við vaxandi útivist og óskir þéttbýlisbúa um aðgang að landinu.

Fólk flykkist nú til óbyggða og út í íslenska náttúru og þarfir manna eru margar. Hér má nefna fjallamenn, hestamenn, fólk sem stundar gönguferðir, jeppaakstur, snjósleðaakstur, veiðimenn og fleiri. Allt þetta fólk þarf sinn aðgang að landinu, hvert með sínum hætti og sem betur fer er nóg rúm fyrir okkur öll. Hins vegar er ljóst að ef ekki verður gripið til víðtæks samstarfs, skipulags og lagasetningar eru fyrirsjáanlegir árekstrar á þessu sviði.

Við sem í þéttbýlinu búum getum ekki sætt okkur við að ekki sé tekið á þessum málum og við getum heldur ekki sætt okkur við að sitja hjá þegar gengið verður til verka við lausn þessa mikilvæga verkefnis.

Virðulegi forseti. Störf þingmanna eru svo sannarlega margvísleg. Ég er einn þeirra sem sitja í Evrópuráðinu. Á vegum þess ráðs var ég sendur í kosningaeftirlit til Aserbaídsjan. Framkvæmd kosninganna þar var með svo herfilegum hætti að sendinefndin varð að gera stórfelldar athugasemdir og leggjast þannig gegn aðild Aserbaídsjan að Evrópuráðinu. Í þessu ágæta landi eru önnur lög og önnur trúarbrögð en við þekkjum hér heima. Húsbóndavald þar er mikið og eitt algengasta umkvörtunarefni okkar eftirlitsmannanna var það að heimilisfeður komu og kusu ekki aðeins fyrir sjálfa sig heldur fyrir alla fjölskylduna, syni sína, þá sem minna máttu sín og að sjálfsögðu lét ekki nokkur maður konu sína og allra síst dætur sjást á almannafæri við svo ábyrgðarmikil störf. Þannig kaus hver maður fyrir fjóra til sex, jafnvel allt upp í tíu. Slíkir kosningahættir þóttu að sjálfsögðu ekki boðlegir fyrir hið virðulega og lýðræðiselskandi Evrópuráð.

Virðulegi forseti. Lítum til íslensku kosningalöggjafarinnar. Hér eru að sjálfsögðu ekki stunduð kosningasvik, en vægi atkvæða hér á landi eru með þeim hætti að sumir

hafa atkvæðavægi á við þrjá og fjóra meðan aðrir verða að sætta sig við minna. Ríkisstjórnin hefur í sáttmála sínum sett sér það markmið að vinna að breytingu á kosningalöggjöfinni. Ég vænti þess að það starf skili miklum árangri og m.a. auknum jöfnuði í vægi atkvæða í kjördæmum landsins. Slíkri lausn á að ná í góðri sátt, enda mun hún ekki raska byggð í landinu. Okkar framsóknarmanna bíða fjölmörg mikilvæg verkefni í góðu stjórnarsamstarfi. Sum þeirra eru erfið og snúin, en við göngum ótrauðir til þeirrar vinnu til þess að standa undir þeim miklu væntingum sem landsmenn gera til okkar.

Virðulegi forseti. Þótt alþýðuflokksmaður andi hér á mig, slær ekki að mér við þau störf sem ég á fram undan og ég styð þessa ríkisstjórn til góðra verka sem fram undan eru. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Einn af stuðningsmönnum Davíðs Oddssonar gaf honum kost á því með fyrirspurn í þinginu að segja okkur hinum hvernig kaupmáttur hefði þróast á undanförnum árum. Jú, takk bærilega. Meiri aukning en hjá hinum þjóðunum sem við berum okkur gjarnan saman við. Fyrirspyrjandi gat sér til um ástæður og dró þar upp þá glæstu mynd sem við vitum að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vill gefa af sér. En ef við berum þá mynd saman við veruleikann rímar veruleikinn þá við þá mynd sem hinn ungi þingmaður Sjálfstfl. var að reyna að telja sér og öðrum trú um? Er það myndin sem þúsundir gjaldþrota einstaklinga hafa fyrir sér? Er það myndin sem svífur fyrir hugskotssjónum sjúklinganna á biðlistunum eða lífeyrisþeganna sem þrátt fyrir að skrimta við hungurmörk hafa verið helsta matarhola ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar þegar skattheimta hefur verið hert? Varla.

En efnahagsstefnan að öðru leyti, atvinnulífið? Er þar þá ekki handfesta fyrir þá sem vilja trúa á hina glæstu mynd? Nei. Svo er ekki. Ef þið lítið yfir feril ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í þeim efnum, sjáið þið jafn vel og ég að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar leggur fyrst og fremst rækt við hinar gömlu atvinnugreinar, sauðfjárrækt og fiskveiðar sem næst landsteinum undir formerkjum einangrunar og einhæfni. Það er sú framtíð sem á að bjóða íslenskum ungmennum, þ.e. þeim sem komast að. Því æ færri þarf til þessara verka nema gripið verði til þess að þýfa túnin aftur um leið og æ stærri hluti þess afla sem veiddur er innan landhelgi er veiddur á smábátum undir sex tonnum á stærð.

Þjónusta og iðnaður, nýsköpun, frjáls viðskipti, upplýsingaþjóðfélag. Allt slíkt er fjarri þessari ríkisstjórn stóru framsóknarflokkanna beggja.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar afgreiddi GATT-samninginn með það að leiðarjósi að raska ekki hinu úrelta og dýra landbúnaðarkerfi. Guð hjálpi þeim sem hélt að nú yrði munað eftir neytendum. Svo kom búvörusamningurinn í kjölfarið. Þá voru til fleiri milljarðar í sauðfé en finnast þegar menntun barna okkar eða ungmenna er á dagskrá eða endurmenntun. Enda hver þarf endurmenntun þegar stefnan er aftur til fortíðar í atvinnumálunum?

Eða þau frumvörp sem snúa að launafólki og eru væntanlega þakkir ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar til verkalýðshreyfingarinnar fyrir hennar góða þátt í efnahagsstöðugleikanum. Af hverju þarf á árinu 1996 að hirða upp gamlar og úreltar hugmyndir um ríkisrekstur, forræðishyggjuhugmyndir með forstjóravaldi? Nýrri hugmyndir sem gefa betri rekstur og kjör gera ráð fyrir allt annars konar stjórnun þar sem byggt er á samvinnu við starfsmenn.

Þeir sem til þekkja eru líka sammála um að vinnustaðarsamningar séu forsenda þess að unnt sé að semja á forsendum fyrirtækjanna sjálfra og starfsmanna þeirra. Í slíku fyrirkomulagi felast möguleikar til aukinnar framleiðni fyrirtækja og aukinna tekna. Slík er t.d. reynsla Dana sem mjög er vitnað til í þinginu. En ónei. Sá vísir sem var að þróast innan núverandi vinnulöggjafar er kæfður með hinu fráleita vinnumarkaðsfrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Áheyrendur góðir. Þið vitið jafn vel og ég að úthafsveiðar og þjónusta við sjávarútveg þar sem þekking okkar nýtist sérstaklega hefur, þrátt fyrir takmarkaðan skilning ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, byggt undir það að unnt er að reikna hér aukinn kaupmátt. En þá sér sú sama ríkisstjórn það helst til bjargar óbreyttu ástandi, kyrrstöðu hins gamla tíma, að setja lög um úthafsveiðar sem þrengja bæði að veiðum íslenskra skipa á úthafinu og löndunum og þjónustu við erlend veiðiskip. Án þess að tillit sé tekið til aðstæðna fortakslaust bann við því að þekking í sjávarútvegi sé seld hér. Eru kaup afla af erlendum veiðiskipum og þjónusta við þau ekki atvinna líka ef hún á sér stað hér á landi? Hvar er vaxtarbroddurinn? Hvar eru peningarnir? Hvar eru atvinnutækifæri framtíðarinnar? Eru þau í frumvinnslunni eða eru þau í þjónustu og nýsköpun? Á allt sem gefur peninga helst að vera í útlöndum á meðan einhæfni og lélegur kaupmáttur er varðveittur hér á landi?

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þorir ekki einu sinni að viðurkenna fiskvinnslu sem matvælaiðju sem eigi að sitja við sama borð og annar iðnaður. Þrátt fyrir allt það sem við hrósum okkur af að við séum að gera með slíkum glæsibrag í útlöndum mátti lítið breyta gamalli flokkun Hagstofunnar um það hvað flokkast sem iðnaður og hvað sem sjávarútvegur þegar fjallað var um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Þeim hagsmunum sem felast í óbreyttu ástandi fyrir sérhagsmunahópa mun ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki hagga. Frekar fórnar hún bættum lífskjörum hér á landi.

Mér finnst að enn á ný séu þeir sem ráða að setja yfir okkur eins konar píningsdóm, banna okkur viðskipti við útlendinga ef það raskar hagsmunum þeirra sjálfra og vina þeirra.

Góðir áheyrendur. Þetta er því miður sú mynd sem blasir við af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Hún er góð við þá sem hafa hagsmuni af varðveislu sérhagsmuna, en framtíðin og fólkið í landinu eru mun neðar á listanum. — Takk fyrir áheyrnina.

[21:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Hér í kvöld hafa talað nokkrir fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. En þeir hafa ekki aðeins talað hér í kvöld. Þeir hafa á liðnum vikum og mánuðum talað með verkum sínum. Manni verður á að spyrja hvort það sé í raun sama ríkisstjórn, sömu stjórnmálamenn, sömu ráðherrar sem töluðu úr þessum ræðustól fyrir réttu ári og birtu okkur og allri þjóðinni stefnuyfirlýsingu, yfirlýsingu um það hvernig stjórnin ætlaði að starfa á kjörtímabilinu. Fyrir þá sem ekki muna var sérstaklega tekið fram og það á mjög hástemmdan hátt að búið yrði í haginn fyrir betra mannlíf á Íslandi þannig að íslenska þjóðin gæti stigið stolt inn í 21. öldina. Það sem meira er: Allar þær breytingar sem ríkisstjórnin mundi ráðast í yrðu

framkvæmdar í sátt og í samvinnu því þannig farnaðist okkur best.

Hæstv. forseti. Ég man ekki nákvæmlega hvernig þetta var orðað en boðskapurinn var þessi. Og ég minnist þess að þetta var tónn sem mönnum líkaði vel að heyra. Mörg okkar tóku undir með hæstv. forsrh. um þessar áherslur. En þetta var í fyrra. Þegar í haust, við gerð fjárlaganna, voru farnar að renna tvær grímur á menn. Þegar í haust stóðu stjórnarandstöðuþingmenn hér í þingsal í margra vikna þófi og baráttu til að reyna að forða því að ríkisstjórnin skerti kjör aldraðra, öryrkja og atvinnulausra með því að skera á tengslin á milli launa annars vegar og hins vegar lífeyris þessara hópa. Nánast frá fyrstu stundu hafa stjórnarandstöðuþingmenn staðið í stöðugri baráttu til varnar þessum hópum og öðrum hópum sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Auðvitað sáu menn fljótlega hvað klukkan sló og hver raunverulegur vilji var til samstarfs og samvinnu við stjórnarandstöðu þegar hverri tilrauninni á fætur annarri af okkar hálfu til lagabreytinga var hafnað, í skattamálum, í húsnæðismálum, varðandi námsmenn, aldraða, tillögur um úrbætur í atvinnumálum. Öllu þessu var vísað frá og hafnað af hálfu ríkisstjórnarinnar því ekkert af þessu var gert á hennar forsendum. Hverjar voru þær forsendur? Ekkert sem horfir til kjarajöfnunar, sem er til þess fallið að treysta lífskjör og velferð almennings, ekkert slíkt á upp á pallborðið hjá þessari ríkisstjórn. Það er þess vegna sem þingpallar hafa iðulega verið þéttsetnir í vetur og í haust. Hverjir skyldu hafa setið þingpallana. Hafa það verið fulltrúar atvinnurekenda? Fulltrúar fjármagnseigenda? Hefur framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins haft áhyggjur af umræðum og ákvarðanatöku hér á hv. Alþingi Íslendinga? Eða hefur stjórn Vinnumálasambandsins mætt á þingpalla? Eða Verslunarráð Íslands? Nei, aldeilis ekki. Þeir vita sem er að þeir eiga og hafa á sínu bandi yfirgnæfandi meiri hluta fulltrúa hér í þingsalnum. Yfirgnæfandi meiri hluta sem fylkir sér um þeirra málstað. Það eru hins vegar fulltrúar launafólksins, öryrkja og fatlaðra, sem hafa komið á þingpalla til að andæfa kjara- og réttindaskerðingu ríkisstjórnarinnar.

Hverjir voru það sem fögnuðu sérstaklega skerðingar- og haftafrv. ríkisstjórnarinnar? Það voru að sjálfsögðu samtök atvinnurekenda. Og það er um margt táknrænt að auk ráðherranna hefur það verið framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands sem hefur haft framsögu um þessi skerðingar- og haftafrv. ríkisstjórnarinnar. Því það var við þessa aðila, fulltrúa fjármagnsins og stórfyrirtækjanna sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlaði að hafa samráð og það hefur hún svo sannarlega gert.

Nú er enn eitt frv. að koma upp. Þeir kalla það fjármagnstekjufrv. en það er í raun frv. um stórfelldar skattívilnanir, gjafir til efnaðasta hluta þjóðarinnar. Gjafir sem nema milljónum og tugum milljóna. Nú bíða þessir sömu menn, fjárfestarnir, eftir því að ríkisstjórnin einkavæði Póst og síma. Stofnun sem er metin á um 20–30 milljarða króna og skilar í hagnað á hverju ári, í samneysluna, á annan milljarð króna. Og Framsfl. — ég hef stór orð um það vegna þess að til félagshyggjumanna í Framsfl. hafa menn gert miklar kröfur — það er Framsfl. sem ætlar að kyngja því í botnlausu gagnrýnisleysi, í botnlausu kröfuleysi og metnaðarleysi fyrir hönd sinna umbjóðenda. Það eru þessir aðilar sem nú eru að bjóða til veislunnar. Veislunnar um Póst og síma. Nú bíða þeir. Nú bíða þeir með öndina í hálsinum, fjárfestarnir, eftir veislunni í vor. Í næstu viku verður samþykkt hér, ef að líkum lætur, frv. um einkavæðingu Pósts og síma. Það verður gert nú í vor fyrir laxveiðitímann. Fyrir þann tíma sem alvöruumræður um viðskipti hefjast.

Hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., talaði um vorið, nú væri vorið í nánd. En hvað hefur gerst á þessu vori? Það hefur gerst að með einhliða valdboði hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar rift einhliða, óskrifuðum sáttmála sem hefur ríkt hér um áratuga skeið um samskipti á vinnumarkaði. En ekkert af þessu þarf að koma á óvart því það er tekist á um framtíðarþróun íslensks samfélags. Annars vegar er sú hugsun sem hæstv. forsrh. orðaði einhvern tíma sem svo að ekki mætti afnema lífsbaráttuna, hugsun sem byggir á því að óttinn, óöryggið og græðgin örvi mannskepnuna best til dáða. Stefnu sem byggir á því að misréttið verði jafnan að vera fyrir hendi og sýnilegt. Annars vegar til að sýna auðinn og völdin sem í boði eru og hins vegar örbirgðina og réttindaleysið sem víti til varnaðar, verði mönnum á að hrasa eða mistakast. Annars vegar er þessi heimur, þessi framtíðarsýn, og hins vegar sú sýn sem verkalýðshreyfingin og fulltrúar félagshyggjunnar berjast fyrir og byggir á samvinnu og samstöðu þar sem framfarir eru sprottnar af jákvæðum hvötum, viljanum til að smíða þjóðfélag jafnaðar og félagslegs réttlætis. Þar sem lífsorkan er virkjuð til að gera gagn.

Ég vona að þjóðin beri gæfu til að sýna þessari ríkisstjórn misréttisstefnunnar rauða spjaldið áður en lengra verður haldið inn í hið pólitíska vor, hið pólitíska sumar og að lokum fimbulvetur. Fimbulvetur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. ráðherra.

[21:53]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar.

Sumir tigna tölt og skeið,
taka blæinn fangi.
Aðrir laumast ævileið
með yfirgangi.

Sagði Markús söðlasmiður á Borgareyri í Landeyjum og því hef ég mál mitt á þessari hnyttnu vísu að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa fylgt þeirri stefnu að taka blæinn fangi, taka ákvarðanir til árangurs fyrir land og þjóð, oft erfiðar og umdeildar en nauðsynlegar. Landsmenn til sjávar og sveita í borg og bæjum finna árangurinn af þessum vinnubrögðum og það vekur með þjóðinni bjartsýni og eftirvæntingu.

Það er stundum freistandi fyrir stjórnmálamenn að vera viðhlæjendur allra. En það er mikilvægara að stjórnmálamenn hafi þrek og þor til að taka af skarið til heilla heildarhagsmunum. Það gera núverandi stjórnarflokkar.

Við erum á réttri leið. Jafnvægi í efnahagsmálum, verðbólga í lágmarki, vextir fara lækkandi, erlendar skuldir lækka, atvinna eykst, vænta má verðmætaaukninga í sjávarfangi og hagur fólks fer batnandi. Annað árið í röð eru launagreiðslur að hækka um eina millj. kr. á dag í Vestmannaeyjum og það er auðvitað spegilmynd af öðrum plássum landsins.

Það er ekki óeðlilegt að það hvíni í þegar kerfisbreytingar eru gerðar því kerfið hefur svo ríka tilhneigingu til að láta ekki umbreyta sér. En við verðum að lifa í takt við tímann, nýta þróunina og þroskann til góðra verka og það kallar ósjaldan á breytingu. Lykilatriðið er þó að sameiginlegur

sjóður landsmanna eyði ekki um efni fram og þjóðarbúskapurinn sníði sér stakk eftir vexti. Við erum og verðum um langa framtíð veiðimannasamfélag og eigum að horfast í augu við það. Það hlýtur að vera eitt mikilvægasta verkefni næstu ára að styrkja laun þeirra lægst launuðu og þeirra sem vinna erfiðu störfin í fiskvinnslu, iðnaði, heilbrigðisþjónustu og í menntakerfinu og treysta þarf grunn landbúnaðarins sem á undir högg að sækja. Launahækkun á að vera okkar metnaðarmál og með því umhverfi sem ríkisstjórnin hefur skapað og batnandi samkeppnisstöðu við önnur lönd eigum við margra kosta völ til árangurs.

Það skiptir miklu máli að sátt ríki milli dreifbýlis og þéttbýlis og markviss stefna ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum er ekki síst til að styrkja stöðu landsbyggðarinnar sem alltaf á fyrst undir högg að sækja í þeim sveiflum sem erfitt er að komast hjá í veiðimannasamfélaginu.

Við höfum lagt mikið kapp á að draga úr halla ríkissjóðs og fjölga atvinnutækifærum og það hefur skilað miklum árangri ekki síst fyrir hlutdeild verkalýðshreyfingarinnar sem hefur metið stöðuna rökrétt og hugsað til lengri tíma og það er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins haldi áfram á sömu braut.

Fyrir fimm árum, árið 1991, stefndi í mikið óefni hjá okkur Íslendingum því öll fjármálastjórnun var farin úr böndum. Nú höfum við stjórn á beislinu og sem dæmi má nefna að afköst í heilbrigðiskerfinu eru nú mun meiri en fyrir fáum árum en kostnaðurinn hefur ekki aukist. Því er ekki að neita að þetta er erfitt fyrir heilbrigðisstéttirnar en innan þessa ramma sem við höfum úr að spila verðum við að verja okkar velferðarkerfi. Það borgar enginn brúsann annar en við sjálf. Þannig hefur verið lagt kapp á að kalla fólk til meiri ábyrgðar, bæði einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög. Gott dæmi er flutningur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga en það stórverkefni hefur verið flutt í góðri samstöðu og sátt og nú hefur Alþingi afgreitt það mál. Það er ljóst að flutningur grunnskólans eykur styrk sveitarfélaganna og sjálfstæði þeira. Það undirstrikar valdreifingu og kallar á frumkvæði heimamanna til þess að tengja sérstöðu byggðanna við skólakerfið. Mennta til byggðanna en ekki frá þeim eins og hefur verið um langa tíð.

Þessi niðurstaða er sannkölluð byggðastefna. Þá hefur verið samþykkt frv. um framhaldsskóla, nýskipan sem byggist á hvatningu til verkmenntunar og á að geta skipt sköpum um það að menntunin verði meira metin, t.d. af atvinnurekendum sem hafa ekki rækt þá skyldu sína sem skyldi að kalla eftir menntun til aukinna gæða, nýtingar og driftar til verðmætaaukningar. Atvinnulífið á að gera miklar kröfur og arðsemin liggur ekki síst í menntuninni og reynslunni sem þarf til fullvinnslunnar.

Þá hefur ríkisstjórnin lagt grunn að auknum rannsóknum því þær eru lykillinn að frekari nýtingu okkar auðlinda og nýsköpunar í atvinnulífi. Við eigum mikið verk óunnið í þeim efnum. Við eigum til að mynda eftir að virkja á mun markvissari hátt þekkinguna og reynsluna sem býr í Háskóla Íslands og tengdum stofnunum. Við eigum eftir að stórauka rannsóknir á hafinu í kringum Ísland, sjálfri gullkistunni. Allt kostar þetta fjármagn og forgangsröðunina þarf að meta hverju sinni en þörfin eftir fjármagni til rannsókna er hrópandi.

Með tölvutækni og þróun í samgöngum búum við nú við hringtorg þeirra þjóða sem við viljum keppa við ef okkur sýnist. Um leið setjum við okkur þær kröfur að þola samanburð.

Í náttúruríku landi þykir okkur gott að geta sagt: Það er bjart fram undan. Nú virðast skilyrðin í hafinu hagstæð okkur, bæði vegna friðunaraðgerða okkar og vafalaust einnig vegna aðstæðna í hafinu sjálfu. Þess vegna er sérstök ástæða til þess að óska sjómönnum og okkur sjálfum, okkur öllum, til hamingju með sjómannadaginn næstkomandi sunnudag. Í hafinu verðum við að nýta fiskstofnana skynsamlega, í landbúnaðinum verðum við að vinna okkur út úr erfiðri stöðu, styrkur okkar í alþjóðlegri samkeppnisstöðu auðveldar okkur aukinn drifkraft í uppbyggingu, iðnaði og ferðamannaþjónustu. Það er til að mynda ánægjulegt í uppbyggingu ferðamála og samgöngumála að stjórnarflokkarnir hafa tekið ákvörðun um nauðsynlega uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar þrátt fyrir það að núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur dregið lappirnar í þeim efnum. Reykjavíkurflugvöllur er lykill landsbyggðarinnar að höfuðborginni og auk þess sem það er gagnkvæmt skapar Reykjavíkurflugvöllur þúsundir starfa í höfuðborginni með þeim á fjórða hundrað þúsund farþegum sem fara um völlinn árlega. Mikil átaksverkefni hafa verið í samgöngu- og hafnamálum undanfarin ár og þetta eru aðeins dæmi um þann mikla drifkraft sem fylgir stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og undirstrikar að það er bjart fram undan og skemmtileg leið.

Góðir Íslendingar. Það er í okkar stíl að taka blæinn fangi. Guðs blessun og þökk fyrir áheyrnina.

[21:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Við Íslendingar erum í tölu ríkustu þjóða heims. Við eigum auðlindir eins og hreint vatn, óspillta náttúru, vel menntaða þjóð, velferðarkerfi og góð húsakynni að ógleymdum fiskinum í sjónum. Við ættum að hafa allar forsendur til að reka hér gott þjóðfélag jöfnuðar, jafnréttis og réttlætis í samfélagi þar sem virðing fyrir lífi, friði og umhverfinu sitja í fyrirrúmi. En því miður, hæstv. forseti, allt of víða í okkar litla samfélagi er pottur brotinn.

Fyrir nokkrum dögum kom fram á fundi félmn. Alþingis að atvinnuleysi er meira hér í Reykjavík en það var á sama tíma í fyrra á meðan dregur úr því á landsbyggðinni. Svo virðist sem atvinnuleysi sé orðið viðvarandi. Það kallar á nýjar og öðruvísi aðgerðir en áður enda megum við ekki gefast upp gagnvart þessum vágesti sem hefur svo geigvænlegar afleiðingar fyrir einstaklingana sem fyrir honum verða og samfélagið allt. Á sama tíma berast fregnir af því að sumarlokanir sjúkrahúsanna eru yfirvofandi rétt einu sinni. Ástæðurnar eru sagðar skortur á fjármagni fyrst og fremst en einnig vöntun á sérmenntuðu fólki til afleysinga og endurbætur á húsnæði. Stjórnendur sjúkrahúsanna eru sammála um að þarna sé á ferðinni mikil röskun á þjónustu þótt Ríkisendurskoðun segi annað en hún segir jafnframt að það sé vandséð að þessar lokanir skili tilætluðum sparnaði. Í fyrra komu lokanir deilda mjög illa við geðsjúkt fólk og nú þegar er kvíðinn tekinn að bæra á sér. Hverjum verður úthýst, hverjir bætast við á þegar allt of langa biðlista? Hversu lengi eiga sjúkrahúsin að glíma við endalausan niðurskurð og versnandi þjónustu? Er boðlegt í þjóðfélagi sem telst til hinna ríkustu í heimi að láta veikt fólk liggja á göngum og jafnvel deyja inni á salernum? Nei, hæstv. forseti, það er eitthvað mikið að þeirri forgangsröðun sem ríkir í okkar samfélagi þegar svona er komið. Við verðum að bregðast við með því að afla meiri tekna, nýta betur þá peninga sem

til ráðstöfunar eru og fara út í rækilega uppstokkun á þeirri yfirbyggingu sem þessi litla þjóð hefur komið sér upp og má án efa einfalda til muna. En í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg er ekki verið að hugsa á þessum nótum. Þar hafa sérkennilegar hugmyndir tekið sér bólfestu. Þar veður uppi sú hugmyndafræði að sauma beri að vinnandi fólki, dregið skuli úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar en efla þess í stað kerfi valdboðs og geðþóttaákvarðana í ríkiskerfinu. Draga skal úr áhrifum kennara á skólastarf, selja sem flestar ríkiseignir og skera velferðarkerfið niður við trog. Allt í anda Margrétar Thatcher og nýsjálensku hugmyndafræðinnar.

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum dögum vitnaði ég í umræðum til glænýrrar greinar eftir bandaríska hagfræðing sem kemst að þeirri niðurstöðu að almennt launafólk hafi verið skilið eftir í stjórnmála- og efnahagsþróun undanfarinna 10–15 ára. Hagfræðingurinn segir að sá félagsmálasáttmáli sem gerður var í lok heimstyrjaldarinnar síðari hafi markvisst verið brotinn niður á undanförnum árum. Meðan fyrirtækin hafa staðið í harðri samkeppni heimsálfanna í milli og umfang þeirra margra vaxið gífurlega hafa laun lækkað um allt að 60% í Bandaríkjunum og launabilið breikkað til muna. Í Evrópu hefur samdráttur, opnun markaðarins, ný tækni og vaxandi samkeppni leitt til mikils atvinnuleysis þar sem um 35 millj. manna ganga um án vinnu. Allt þetta kallar á gífurleg félagsleg vandamál og óánægju sem þessi bandaríski hagfræðingur segir stórhættuleg fyrir vestræn samfélög. Í Bandaríkjunum sitja 2% karlmanna á vinnualdri bak við lá og slá. Í Evrópu gætir æ meir útlendingahaturs og öfgaskoðana, ekki síst í þeim hópum sem eru fórnarlömb atvinnuleysisins. Hagfræðingurinn bendir á að það sé brýnasta verkefni stjórnmálamanna að taka á þessum vanda með því að horfa á vinnumarkaðinn í heild, auka og bæta félagsleg réttindi og menntun, ýta undir hvers kyns nýsköpun og með því að bæta stöðu atvinnulífsins. Ella kann illa að fara, segir hann, og vísar þá til þess sem gerðist í Evrópu á fjórða áratugnum í kjölfar atvinnuleysis, hruns og upplausnar sem endaði með ósköpum fyrir allan heiminn.

En það er nú eitthvað annað en að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sé að greina þróun samfélagsins, taka á atvinnuleysinu, allt of lágum launum, vaxandi launabili, óþolandi launamuni kynjanna, hvað þá að verið sé að leita samáðs eða samvinnu um hvert skuli vera hlutverk ríkisvaldsins eða framtíð velferðarkerfisins. Nei, það er ekið áfram á hraðferð eftir nýsjálensku brautinni þótt búið sé að loka henni fyrir almennri umferð.

Undanfarnar vikur hefur geisað hörð umræða hér á hinu háa Alþingi um grundvallaratriði, réttindi og áhrif vinnandi fólks sem tekið hefur áratugi að byggja upp og um rétt löggjafans og framkvæmdarvaldsins til að hlutast til um innri málefni stéttarfélaga. Umræðan hefur snúist um samskipti yfirmanna og undirmanna, um hugmyndafræði valdsins sem nú setur stéttarfélögum stólinn fyrir dyrnar, stillir sér upp við hlið vinnuveitenda og segir: Hér er það ég sem ræð.

Þannig eiga hluturnir ekki að ganga fyrir sig í lýðfrjálsu samfélagi. Stéttarfélögin eru varin af stjórnarskránni og alþjóðlegum sáttmálum sem við erum aðilar að og stjórnvöld hafa einfaldlega ekki rétt til að grípa inn í innra starf og skipulag þeirra með þeim hætti sem hér er verið að gera. Enda kom í ljós að upphafleg frumvörp þverbrutu alþjóðasáttmála. Í stað þess að taka á raunverulegum vanda vinnumarkaðarins, atvinnuleysinu, lágu laununum, launamisréttinu, er ríkisstjórnin að setja allt á annan endann og efna til ófriðar.

Hæstv. forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. er að finna klausu um það að ríkisstjórnin ætli að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis og að stuðlað verði að jafnari möguleikum karla og kvenna til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína. Þetta eru fögur orð. En þegar á reynir verður lítið um framkvæmdir.

Fyrir nokkrum dögum var lögð fram hér á Alþingi skýrsla félmrh. um framkvæmd jafnréttisáætlunar ríkisstjórnarinnar. Þar kemur fram að löturhægt gengur að fjölga konum í áhrifastöðum og að fátt eitt er gert til að hrinda áætluninni í framkvæmd. Ekkert bólar á úrbótum í launamálum kvenna.

Fyrir nokkrum dögum gerðist það einnig að nokkrar konur hér á Alþingi ræddu við menntmrh. um fréttaflutning ríkisfjölmiðla og hvað ráðherrann hygðist gera til að bæta úr þeim mikla skorti sem þar er á fréttum um konur og málefni kvenna. Ekki neitt, var svarið. „Ég skipti mér ekki af innri málefnum fjölmiðlanna," sagði ráðherrann. Þrátt fyrir jafnréttislög, jafnréttisáætlanir og samþykktir Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna. Er von á góðu þegar skilningurinn er með þessum hætti?

Hæstv. forseti. Það þarf að koma nýju gildismati til vegs og virðingar á Íslandi. Gildum samvinnu og samráðs, gildum jöfnuðar, kvenfrelsis og virðingar við stöðu og skoðanir fólks í stað þeirra hörðu gilda einstaklingshyggju, frjálshyggju og valdboðs sem skilja vinnandi fólk eftir varnarlaust og óánægt á meðan heimurinn þýtur áfram, guð má vita hvert. Það er aðeins um eitt að velja hæstv. forseti. Þeir sem vilja sjá önnur gildi og aðrar áherslur komast til vegs og virðingar verða að sameina krafta sína. Það er það verkefni sem við okkur blasir eigi að takast að gera nýja sátt um félagslegt réttlæti og jöfnuð og skapa gott mannlíf í okkar landi í sátt við umhverfi okkar. Að því viljum við kvennalistakonur vinna. — Góðar stundir.

[22:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvað gerist þegar Framsfl. og Sjálfstfl. taka höndum saman um stjórn landsins? Alltaf það sama. Til botns sökkva þau frjálslyndu framfaraöfl sem finna má í þessum flokkum báðum. Undirtökunum nær kyrrstöðuliðið, verðir sérhagsmunanna, andstæðingar almannahags, fólkið sem hefur gærdaginn að framtíðarsýn. Kyrrstaðan er komin til að vera. Nýr búvörusamningur leggur áfram milljarða byrði á skattgreiðendur, hneppir áfram landbúnaðinn í fjötra miðstýringar og óstjórnar, gerir fátæktina áfram að fastri fylgikonu bændastéttarinnar. Framkvæmd GATT-samningsins sem með ofurtollum einangrar áfram íslenska neytendur í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og kemur áfram í veg fyrir að samningurinn nýtist til lækkunar á ævintýralega háu matvælaverði á Íslandi. Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila munu áfram koma í veg fyrir að þýðingarmesta útflutningsatvinnugrein landsmanna fái að nýta sér erlent áhættufjármagn og þau tækifæri til uppbyggingar nýrrar markaðsöflunar og aukinnar verðmætasköpunar sem því fylgir. Löggjöf um úthafsveiðar á að stöðva framsókn úthafsveiðiflotans sem fært hefur þjóðinni milljarða verðmæti og skapað þau nýju sóknarfæri sem nú eru að lyfta þjóðarskútunni upp úr öldudal.

Í endurskipulagningu ríkisrekstrar, breytingu á rekstrarformi ríkisbanka, nauðsynlegri endurskoðun á orkubúskapnum, skipulagsbreytingu á rekstri orkufyrirtækja og setningu löggjafar um óskorað eignarhald íslensku þjóðarinnar á virkjunar- og námuréttindum gerist ekkert ef frá er talið

meingallað frv. um Póst og síma. Áform um skipulagsbreytingar í stjórnun fiskveiða svo sem með veiðileyfagjaldi eru engin. Þvert á móti eru fest í sessi forréttindakerfi sægreifanna með öllu því braski sem því fylgir. Evrópuumræðan er læst niður í skúffu á meðan Íslendingar verða æ áhrifalausari í alþjóðlegu samstarfi eins og sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur greint frá. Þegar næsta lota hefst í viðræðum Evrópuríkja um aukið samstarf mun Ísland eiga alla sína heimavinnu óunna og neyðist til að skila auðu. Kyrrstaðan er komin til að vera, herra forseti. Klukkan okkar gengur ekki lengur. Varðveisla sérhagsmunanna á kostnað almannahags, öfugmælafrv. ríkisstjórnarinnar um skattlagningu fjármagnstekna sem er tillaga um stórfelldar skattalækkanir til stóreignamanna og jeppafólksins. Lækkun á sköttum fyrirtækja, lækkun á skattgreiðslum arðs til eigenda þeirra, lækkun á sköttum þeirra sem kaupa og selja hlutabréf og verðbréf þar sem 10 þús. kr. skattur er hámarksskattur á margra millj. kr. árstekjur af slíkum viðskiptum. Sameinaðir verktakar eru taldir eiga 2–3 milljarða kr. í óskattlögðu eigin fé sem þeir fá nú heimild til að greiða eigendum án sköttunar og eigendurnir fá að taka við því með 10% skattlagningu í stað 42–47% skattlagningar eins og verið hefur. Sumargjöf ríkisstjórnarinnar til stóreignamanna nemur fleiri hundruð milljónum kr. í skattlausum greiðslum til þeirra 10% landsmanna sem eiga meira en helminginn af eignum þjóðarinnar. Hverjir eiga að borga herkostnaðinn? Gamalt fólk, börn og unglingar sem eiga sparifé sitt inni á reikningum innlánsstofnana. Skerðing ríkisvaldsins á réttindum starfsmanna sinna þar sem almenn mannréttindi eru takmörkuð, verkfalls- og samningsréttur skertur og umsaminn réttur afnuminn. Atlaga ríkisstjórnarinnar að verkalýðsfélögum og lögþvinganir um breytingar á samskiptingum á vinnumarkaði sem valdið geta illvígum kjaraátökum í haust og eyðilagt það farsæla samstarf byggt á gagnkvæmu trausti sem fært hefur íslensku þjóðinni langþráðan stöðugleika í efnahagsmálum, lækkað vexti, slökkt bál óðaverðbólgunnar, öllum þessum árangri er nú kastað á eld því varðstaðan um sérhagsmunina er tekin fram yfir almannahag.

„Fólk í fyrirrúmi" var aðalslagorð Framsfl. í kosningabaráttunni. Er Ingibjörg Pálmadóttir að framkvæma þá stefnu í heilbrrn.? Er Páll Pétursson að framkvæma þá stefnu gagnvart fólkinu í verkalýðsfélögunum? Er Guðmundur Bjarnason að framkvæma þá stefnu með búvörusamningnum? Er Halldór Ásgrímsson að framkvæma þá stefnu með ofurtollunum sem eyðilögðu GATT-samninginn? Nei, fólkið er nú aftast í skut, skipið sjálft liggur við festar sérhagsmunanna, það flýtur ekki lengur.

Góðir áheyrendur. Er þetta óskastjórn unga fólksins sem hefur jákvæða framtíðarsýn? Er þetta óskastjórn frjálslyndra og viðsýnna karla og kvenna sem vita að virk þátttaka Íslands í fjölþjóðlegu samstarfi, í frjálsri verslun og viðskiptum, í heilbrigðri samkeppni á markaði og með skipulagsbreytingum í opinberum rekstri eru lyklarnir að bættum lífskjörum, auknum tækifærum til menntunar, til þekkingaröflunar, til þroska og til aukinnar lífshamingju? Ég segi nei. Samstjórn kyrrstöðuaflanna lætur aldrei drauma þessa fólks rætast. Hún hefur ekki gert það á sínu fyrsta valdaári. Hún mun ekki gera það á þeim árum sem hún kann að eiga eftir á valdastólum. Vonandi verða þau sem fæst. — Góða nótt.

[22:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Óvenjuafkastamiklu og farsælu þingi er að ljúka. Því er hlálegt að hlusta á talsmenn stjórnarandstöðunnar tala um stefnuleysi og stöðnun hjá ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Þeir fjölmörgu lagabálkar sem Alþingi samþykkir á þessum vetri sanna að þessi gagnrýni stjórnarandstöðunnar á sér enga stoð í veruleikanum. Hv. þm. Ögmundi Jónassyni get ég sagt að það stendur ekki til að selja Póst og síma, ef það mætti verða honum til einhverrar huggunar.

Framsfl. gekk til síðustu kosninga undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi" og þetta kjörorð höfum við haft að leiðarljósi. Við höfum unnið ötullega að því að hrinda kosningaloforðum okkar í framkvæmd. Fjárlagahallinn er á öruggri niðurleið. En jafnvægi í ríkisbúskap er forsenda hagvaxtar sem er aftur forsenda þess að störfum fjölgi þannig að allir eigi kost á atvinnu. Atvinnuleysið er á undanhaldi og standa rökstuddar vonir til þess að okkur takist að skapa 12 þúsund störf til aldamóta. Átak hefur verið gert til þess að reisa rönd við skuldasöfnun heimilanna. Komið hefur verið á fót samstarfsverkefni félmrn. og Húsnæðisstofnunar og lánastofnana um rekstur ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og þangað geta þeir sem glíma við miklar skuldir leitað og fengið ókeypis ráðgjöf og aðstoð. Lög hafa verið sett um réttaraðstoð vegna nauðasamninga einstaklinga þar sem ríkið greiðir kostnað við að gera nauðasamninga. Sett hafa verið lög sem heimila að semja um skattaskuldir aðrar en vörsluskatta. Þá hafa verið lokaafgreiðslu lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga sem gerir höfuðstól meðlagsskulda niðurfellanlegan í ákveðnum tilfellum. Ráðgjafarstofan og þessi nýju lagaúrræði ættu að geta hjálpað mjög mörgum til að koma lagi á fjármál sín og forða þeim frá hörmungum gjaldþrota.

Hvað húsnæðismál varðar hefur lánshlutfall þeirra sem kaupa sína fyrstu íbúð verið hækkað úr 65 í 70%. Þá hefur lögum um Húsnæðisstofnun verði breytt þannig að nú er lánstími húsbréfalána sveigjanlegur til 15, 25 eða 40 ára og reglugerð hefur verið gefin út um heimild til skuldbreytingar eða frestun á greiðslum á lánum Byggingarsjóðs eða húsbréfadeildar. Nú er hægt að uppfylltum skilyrðum um veðmörk að fresta greiðslum í allt að þrjú ár. Tekið hefur verið á vanda sveitarfélaga vegna félagslegra eignaríbúða og var frv. þar að lútandi samþykkt í morgun. Þá hefur verið heimilað að lána út á endurbætur eldra húsnæðis með rýmri hætti en áður hefur verið gert.

Unnið hefur verið að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna og sveitarfélögunum á að vera fjárhagslega kleift að taka við rekstri grunnskólans og reka hann af myndarskap.

Það hefur verið unnið að jafnréttismálum með markvissum hætti. Hrint verður af stokkunum tilraunaverkefni um starfsmat og það ætti að verða grundvöllur að launajafnrétti kynjanna í framtíðinni.

Hafin er endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra en í þeim málaflokki þarf að taka til hendi þannig að þörfum allra hinna fötluðu verði sinnt sem fullkomnast en þess jafnframt gætt að fjármunir séu nýttir sem best.

Lagabreyting um reynslusveitarfélög er á lokastigi og nokkrir samningar hafa þegar verið gerðir um yfirtöku reynslusveitarfélaga á verkefnum frá ríkinu.

Breyting á vinnulöggjöfinni bíður lokaafgreiðslu. Þessi breyting hefur valdið miklum átökum á Alþingi og forsvarsmenn launamanna hafa snúist mjög öndverðir gegn lagasetningunni. Sumir hafa talið að ekki mætti breyta stafkrók í lögunum frá 1938 og aðilar vinnumarkaðarins ættu að semja um samskiptareglur sín á milli. Samskiptareglur á vinnu-

markaði eru ekki einkamál launamanna og atvinnurekenda. Þær varða þjóðfélagið allt og almennaheill krefst þess að lagareglur gildi um svo mikilsverð málefni. Það er mesti misskilningur að þessi lög séu sett launamönnum til óþurftar. Þessi lög ættu að geta orðið launamönnum heilladrjúg til bættra lífskjara og styrkt samtök þeirra.

Reynt hefur verið að koma til móts við rökstuddar óskir verkalýðshreyfingar og lögin eru sniðin að miklu leyti eftir þeim ábendingum sem verkalýðsfélögin hafa sett fram og sams konar skyldur eru lagðar á atvinnurekendur og launamenn. Þessi lagabreyting felur í sér veruleg nýmæli. Vinnustaðarsamningar fá stoð í lögum. Viðræðuáætlun verður gerð í tíma áður en samningar eru lausir. Almennir launamenn og almennir atvinnurekendur fá lögbundinn rétt til þess að taka þátt í meginákvörðunum um kaup og kjör, verkföll og verkbönn. Og ríkissáttasemjari þarf að hafa reynt til þrautar að koma á frjálsum samningum áður en hann leggur fram miðlunartillögu. Það er auðvitað þrautalending en þó skárri leið en að leysa vinnudeilur með lagasetningu.

Efnisatriði frv. eru tvímælalaust til bóta og það mun reynslan sanna. Það sem einkum er deilt á eru vinnubrögð við lagasetningu. Ég vísa því alfarið á bug að önnur aðferð hefði verið farsælli. Ég hef fengið ómaklega gagnrýni stjórnarandstöðunnar vegna þessa máls, en ef stjórnmálamaður telur sig vera að gera rétt og vinna þjóðfélaginu til heilla þýðir ekkert að kikna undan stundargagnrýni. Ég vænti þess að þegar fram líða stundir sjái allir, bæði stjórnarandstæðingar og forustumenn launamanna, að hér er um þarfa og heppilega lagabreytingu að ræða. Ríkisstjórninni hefur tekist að bæta þetta þjóðfélag á fyrsta starfsári sínu. — Góðar stundir.

[22:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Fyrsti vetur nýrrar ríkisstjórnar er alltaf athyglisverður. Þá mæta stjórnarliðar ánægðir til leiks eftir að hafa náð völdum eins og þeir gerðu sér vonir um fyrir kosningar. Stjórnarandstaðan er alltaf dálítið slegin fyrsta veturinn. Draumarnir rættust ekki í kosningunum og nokkurn tíma tekur að sætta sig við nýtt hlutskipti.

Það má spyrja: Hefur umræðan í vetur snúist um grundvallaratriði í lífsskoðunum? Nei, þetta hefur oftast verið þref um tæknileg atriði þó vissulega slái stundum í brýnu um grundvallaratriði. Það voru fjögur mál sem snerust um pólitík, þ.e. búvörusamningurinn, veiðileyfagjaldið, fjárlögin og vinnumarkaðsmálin. Það er merkilegt hvað þetta er oft stöðnuð umræða og snýst oft um að verja núverandi stöðu einhvers kerfis.

Stjórnarþingmenn ganga erinda framkvæmdarvaldsins í að hjálpa þeim að knýja frumvörp í gegnum þingið með sem allra minnstum breytingum. Stjórnarandstaðan er oftast í vörn og vinnur út frá frumvörpum stjórnarinnar og er þannig þvinguð til að vinna út frá forsendum framkvæmdarvaldsins. Þetta gerir það að verkum að Alþingi nær ekki að sýna framkvæmdarvaldinu eðlilegt eftirlit. Stjórnskipan okkar er meingölluð, m.a. vegna þess að Alþingi er miklu virkara framkvæmdarvaldsþing en löggjafarþing.

Nú eru forsetakosningar fram undan og nokkur umræða hefur hafist um breytingar á því embætti. Ég tel ástæðu til að minnast á tillögur Vilmundar Gylfasonar og Bandalags jafnaðarmanna um að kjósa framkvæmdarvaldið í beinni kosningu líkt og gert er í Bandaríkjunum og Frakklandi. Ég er sannfærður um að slíkt fyrirkomulag mundi henta okkur Íslendingum mjög vel. Þetta gæti þýtt að kosinn forsætisráðherra gegndi jafnframt núverandi skyldum forseta lýðveldisins. Þetta þarf að ræða ítarlega í haust, þessar og aðrar hugmyndir því að stjórnskipun okkar er alls ekki nógu góð.

Það er innan stjórnmála sem menn breyta umgjörð sérhvers þjóðfélags, að vísu mjög hægt. Við erum býsna íhaldssöm þjóð og áttum okkur ekki á því að breytingarnar erlendis eru nú mun hraðari en var fyrir nokkrum árum. Vilji einstakra þjóða skiptir sífellt minna máli. Fjölþjóðleg og alþjóðleg sjónarmið móta sífellt meira skoðanir ungs fólks og ef við náum ekki að fylgja eftir breytingum í umhverfinu dagar okkur einfaldlega uppi. Við megum aldrei miðla þeirri lífssýn að þjóðfélagið sé óréttlátt og ósanngjarnt, veiti ekki sjálfsvirðingu, hygli fáum útvöldum og stuðli að valdasamþjöppun. Mér finnst stjórnarflokkarnir miðla slíkri lífssýn.

Stjórnmál snúast um að gefa fólki kost á að velja milli stefna sem grundvallast af lífssýn til framtíðar. Ég þröngva ekki minni lífsskoðun og stefnu upp á nokkurn mann, en ég get borið hana undir kjósendur. Ég er sannfærður um að okkar þjóðfélag verður að breytast í átt til þess sem stóru jafnaðarmannaflokkunum hefur tekist í Vestur-Evrópu. Jafnaðarmenn hafa ekki átt forsrh. á Íslandi á þessari öld nema í örfá ár. Þetta er einsdæmi í Evrópu. Við höfum alltaf mætt sundruð til leiks og síðan hafa sjálfstæðis- og framsóknarmenn ráðið niðurstöðum eftir allar kosningar. Þetta var ekkert betra eftir síðustu kosningar. Þá biðu Framsfl., Alþfl. og Alþb. með grasið í skónum eftir að mynda stjórn með Davíð Oddssyni. Davíð valdi vel, tók Framsókn og fékk auðsveipa hjörð til að hjálpa sér að stjórna landinu.

Við breytum ekki þessu ofurvaldi Sjálfstfl. nema við stöndum sameiginlega að framboði við næstu alþingiskosningar. Annars endar þetta eftir sem áður í tveimur eða þremur vinstri fylkingum með fimm til fimmtán prósent fylgi hver og ekkert breytist, sjálfstæðis- og framsóknarmenn ráða ferðinni.

Herra forseti. Stjórnmál eiga að snúast um grundvallarstefnumál. Þessi vetur hefur sýnt okkur að við höfum verk að vinna í stjórnarandstöðunni. Allt bendir til þess að þessi stjórn sitji ekki aðeins út kjörtímabilið heldur einnig hið næsta. Það skiptir máli að koma í veg fyrir það. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:26]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Talsmaður Sjálfstfl. í umræðunni áðan vitnaði í kvæði. Hann sagði það eftir Markús í Borgareyrum í Landeyjum. Eitthvað sýnist mér þingmaðurinn hafa villst í kjördæminu því að eftir því sem ég best veit, þá er þessi bær undir Vestur-Eyjafjöllum. Skýringin kann að vera að hv. þm. fljúgi gjarnan um kjördæmið eða yfir það.

Ég ætla hins vegar að leyfa mér að vitna til Bólu-Hjálmars sem kvað eitt sinn um lestarferð höfðingja í sinni sveit nyrðra:

Aumt er að sjá í einni lest,
áhaldsgögnin slitin flest.

Þessar hendingar koma upp í huga minn þegar litið er yfir fyrsta starfsár ríkisstjórnar þeirra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Þetta er afskaplega sviplítil og drungaleg stjórn. Ekki vantar liðssafnaðinn, afl atkvæða til að tryggja meiri hluta fyrir málum í þinginu hversu vond og vitlaus sem þau eru. Flest eru málin raunar bland af hvoru tveggja, ógeðslegur gambri eins og þau frumvörp til höfuðs

verkalýðsfélögunum í landinu sem mest hafa verið rædd hér síðustu viku.

Nú sitja ráðherrarnir uppi með þessi frumvörp meira og minna í tætlum, eins og þvott sem gleymst hefur úti á snúru vetrarlangt og lent í aftakaveðrum. Þeir eru ekki öfundsverðir af þessum rýjum, ráðherrarnir þeir Páll og Friðrik, þótt þeir munu vafalaust reyna að nota þær til að koma böndum á verkalýðshreyfinguna fyrir kjarasamninga í haust.

Góðir áheyrendur. Okkur er sagt að við lifum á tíðum alþjóðavæðingar og að með því að standa sig á markaðstorgi heimsins geti þjóðirnar vænst góðrar uppskeru. Það er rétt að breytingarnar eru hraðar og stöðugt verður styttra milli heimshorna á mannlegan mælikvarða. Þessu fylgja margháttaðir möguleikar ef rétt er á haldið. Mikilvægt er þó að átta sig á að láta þessar breytingar ekki bera sig stjórnlaust út á alþjóðlegan rúmsjó. Ráðandi í þessum hræringum er *fjármagnið sem leikur nú lausum hala sem aldrei fyrr* og leitar ávöxtunargróða í flestum krókum og kimum heimsins. Þessi fjármagnsöfl eru hvarvetna að verki og hafa fjölda ríkisstjórna í gíslingu. Þau eru blind í sjálfu sér og þeim er ekkert heilagt. Þau sameinast um það sem er hreyfiafl þeirra, að brjóta niður hindranir, auka gróðann í þágu eigenda sinna, hluthafanna, kannski á öðru heimshorni, sem biðja um það eitt að hækka pundið.

Einnig íslenska ríkisstjórnin hefur látið taka sig í gíslingu þeirra sem yfir fjármagninu ráða. Um það bera verk hennar og hugmyndir órækt vitni.

Íslendingar hafa nú á þriðja ár verið þátttakendur í Evrópsku efnahagssvæði, einhverri furðulegustu uppfinningu milliríkjatengsla í gjörvallri Evrópusögunni. Samningur þessi átti flestan vanda að leysa, hleypa blómgun í atvinnulíf, draga úr atvinnuleysi og laða að erlent fjármagn. Ekkert af þessu hefur gerst í raun og atvinnuleysi er nú hlutskipti nær 7.000 manns eða um 5% af fólki á vinnumarkaðnum. Hjá móðurskipinu, Evrópusambandinu, er atvinnuleysi þó tvöfalt hærra eða um 11%. Í Þýskalandi hefur fjöldi atvinnulausra ekki verið meiri síðan í kreppunni miklu upp úr 1930 og engin sólarmerki sjást um bata nema síður væri. Fimmta hvert ungmenni í Evrópusambandinu þarf að bíða í meira en tvö ár eftir að fá vinnu. Ríki Evrópusambandsins keppast nú við að skera niður ríkisútgjöld og velferðarþjónustu áður en þau taka upp sameiginlega mynt að tveimur árum liðnum. Upp frá því munu ósnertanlegir bankastjórar evrópsks seðlabanka stjórna efnahagsforsendum Vestur-Evrópu. Það mátti raunar heyra á Friðriki Sophussyni í kvöld að Ísland gæti sem best passað inn í þennan klúbb.

Hér á Alþingi höfum við síðustu tvö ár kynnst Evrópusambandinu allrækilega, þessu mesta reglugerðarveldi sögunnar. Stjórnarráðið hefur ekki undan við að flytja fyrirmæli frá Brussel inn á borð okkar til afgreiðslu. Það þykir sérstök frétt að Íslendingar megi taka í nefið og jafnvel vörina ef þeim svo sýnist, án fyrirmæla frá ESB. Í því máli var raunar tryggð sérstök undanþága. Það gleymdist hins vegar að biðja um undanþágu varðandi það sem meira máli skiptir eins og t.d. íslenskar orkulindir. Á það erum við minnt þessa dagana þegar Evrópusambandið undirbýr nýja tilskipun um raforkumál sem m.a. getur kippt fótunum undan íslenskum raforkufyrirtækjum og þeirri stefnu sem við viljum hafa um jöfnun orkuverðs. Forsrh. okkar vill leyfa Íslendingum að taka í vörina og honum líst ekkert á Evrópusambandið fremur en þeim sem hér talar. Það sama verður ekki sagt um utanrrh., formann Framsfl. Hann var ekki fyrr sestur í stól forvera síns en hann tók ESB-bakteríuna. Öllum „púkó" svardögum hefur verið stungið undir þann sama stól.

Í ræðu sinni um utanríkismál í þinginu 23. apríl sl. sagði formaður Framsfl.: „Stækkun ESB hlýtur að stuðla enn frekar að friði, velmegun, öryggi og stöðugleika í álfunni." Og hann bætti við: „Aðild að ESB hefur ekki verið útilokuð af Íslands hálfu." Alþb. varar við stöðu þessara mála. Inn fyrir múra Evrópusambandsins eiga Íslendingar síst af öllu erindi.

Hann er annars orðinn skrýtinn, þessi Framsfl. eins og heyra mátti af munni eins af nýjum þingmönnum flokksins hér áðan sem sér ofsjónum yfir atkvæðavægi fólks á landsbyggðinni.

Góðir áheyrendur. Um margt erum við og mannkynið allt á hættuslóð. Við látum tæknihyggju ráða ferð okkar í allt of ríkum mæli. Inngrip manna í náttúruleg þróunarferli, jafnvel í eigið erfðagóss eru komin út fyrir öll skynsamleg *mörk og áfram er anað í blindni.* Maðurinn sjálfur, friðhelgi heimilis og einkalífs er á stöðugu undanhaldi fyrir ágengni tækninnar: hávaða, fjölmiðlun, upplýsingasöfnun og jafnvel persónunjósnum. Verst fer þetta með börnin og þann samleik kynslóðanna sem fram undir þetta hefur stuðlað að samhengi í verkmennt, tungu okkar og annarri menningu. Engin af gildum liðins tíma og nútíðar eru lengur sjálfgefin og því þarf að rækta þau eigi íslensk menning og samfélag að halda *velli til frambúðar.*

Herra forseti. „Áhaldsgögnin slitin flest" kvað Bólu-Hjálmar fyrir 180 árum. Enn frekar á það við þegar litið er á farteski þeirra sem nú ráða ferðinni. Það er kominn tími til fyrir löngu að skipta um fólk við stjórnvölinn í þessu landi og setja upp önnur leiðarljós. Alþb. hefur krafta fram að bjóða, reynslu og tengsl við fjöldasamtök í landinu sem hollara er að starfa með en á móti. — Ég þakka áheyrnina. *Góðar stundir.*

[22:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. *Góðir áheyrendur.* Því er oft haldið fram að þingstörfin fram eftir vetri hafi verið daufleg. Hvað sem um það má segja er hitt jafnvíst að þetta þing sem nú lýkur brátt störfum hefur verið ótrúlega afkastamikið og afgreitt frá sér lög sem munu hafa mikil og farsæl áhrif á framtíð okkar. *Þessa dagana erum við að setja lög sem* tryggja nýja skipan grunnskóla sem nú verða að fullu færðir yfir til sveitarfélaganna jafnframt því sem tekjustofnar þeirra verða stórum efldir. Þannig verða bæði völd og áhrif aukin á sveitarstjórnarstiginu og sveitarfélögum gert kleift að takast á við ný og mikilvæg verkefni.

Ný lög hafa verið samþykkt um framhaldsskóla í landinu. Samþykkt hafa verið ný upplýsingalög og heildstæð lög um *snjóflóð og skriðuföll. Með breytingu á lögum um stjórn* fiskveiða er fundin framtíðarlausn á stjórnkerfi smábáta. Á lokastigi er lagasetning um úthafsveiðar en einmitt á þeim sviðum hefur vöxturinn í íslenskum sjávarútvegi verið hvað mestur.

Nú er ýmist lokið eða um það bil að ljúka lagasetningu um skipan vinnumarkaðarins jafnt hins opinbera og hins almenna. Þau mál voru afar umdeild í upphafi. Í mjög veigamiklum atriðum var hins vegar tekið *fullt tillit til sjón*armiða verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum. Það er þess vegna gersamlega fráleitt eins og hér hefur verið haldið fram, m.a. í kvöld, að ekkert hafi verið skeytt um aðfinnslur verkalýðshreyfingarinnar. Það var líka mjög athyglisvert að við 3. umr. um frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur fyrr

í dag laut gagnrýni stjórnarandstöðunnar að langmestu leyti að tildrögum lagasetningarinnar en ekki innihaldi hennar. Það segir meira en mörg orð.

Það hefur hins vegar verið stórfurðulegt að fylgjast með málflutningi stjórnarandstöðunnar nú í kvöld í þessum málum. Á meðan sumir töluðu um einhliða valdboð í þessu sambandi sögðu aðrir stjórnarandstæðingar sömu frumvörp vera útþynnt. Svo tala sömu menn um óvenjugóða samstöðu stjórnarandstöðunnar einmitt í þessum málum. Þetta er þeirra samstaða í reynd, samstaða um það að vera ósammála í grundvallaratriðum.

Þá er mikilvægt að minna á að Alþingi hefur samþykkt afar þýðingarmiklar ráðstafanir til þess að koma til móts við fjölskyldur í fjárhagslegum nauðum. Þar var tekið myndarlega á alvarlegum vanda þótt enn séu þar óunnin verk. Lýsir það miskunnarlausri grimmd eins og haldið var fram í kvöld að endurspeglaði stjórnarstefnuna? Aldeilis ekki.

Í næstu viku leiðum við væntanlega í lög nýja skipan fjarskipta og póstmála sem mun skapa þessari nýju mikilvægu atvinnugrein ný sóknarfæri til ótvíræðra hagsbóta fyrir notendur og starfsfólk. Samhliða því er gert ráð fyrir að það verði leitt í lög að símgjöld verði jöfnuð í landinu og það má heita lokaáfangi á þeirri leið sem farin hefur verið á undanförnum árum að lækka símgjöld í landinu, ekki síst á langlínutöxtum. Allt þetta sýnir okkur að þetta þing hefur verið mjög starfsamt og það mun marka heillavænleg spor inn í framtíðina. Myndin sem blasir við er þess vegna ekki mynd kyrrstöðu eins og hér var sagt fyrr í kvöld, heldur mynd framfara. Að sönnu hefur ekki verið gengið fram af hálfu stjórnarinnar með bumbuslætti eða flugeldasýningum eins og t.d. Alþfl. virðist telja vera helsta tákn framfaravilja í stjórnmálum. Verkin hafa hins vegar talað og árangurinn er að koma í ljós. Gagnvart þessu hefur stjórnarandstaðan staðið málefnasnauð en geipað þeim mun meir eins og hefur komið í ljós í kvöld, svo mjög raunar að jafnvel í þeirra eigin herbúðum er þessi hugmyndafátækt orðin að sérstöku umkvörtunarefni dag eftir dag í blöðunum.

Virðulegi forseti. Íslenska þjóðfélagið hefur lengstum getað státað af góðum lífskjörum og mikilli atvinnu. Þess vegna hefur það verið mikið áhyggjuefni að við höfum á undanförnum árum mátt þola meira atvinnuleysi en við höfum áður þekkt og lífskjör hafa ekki þróast með sama hætti og í nágrannalöndum okkar. Þessu mótlæti hefur verið mætt af ábyrgð og festu af stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. Hér hefur verið tryggður efnahagslegur stöðugleiki sem m.a. birtist okkur í nær daglegum fréttum af vaxtalækkunum. Þannig eru að skapast skilyrði fyrir atvinnulífið til þess að fjárfesta og takast á við ný verkefni og þetta mun létta almenningi greiðslubyrði lána. Það skiptir ekki síst máli fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar á landsbyggðinni sem eiga líf sitt undir því að hér verði áfram stöðugleiki í verðlagi og hagfellt gengi. Í stað þess að það dragi sundur með okkur og öðrum þjóðum í lífskjörum liggur það nú fyrir að lífskjör okkar batna nú mun örar en í löndunum í kringum okkur. Það er heilmikill árangur. Batinn í efnahagslífinu er þess vegna svo sannarlega að skila sér til almennings, fjölskyldnanna í landinu.

Fyrirtækin eru líka að styrkja undirstöður sínar jafnframt því sem atvinnutækifærunum fjölgar jafnt og þétt. Frá árinu 1993 hefur störfum á Íslandi fjölgað um fimm þúsund. Þetta eru mikil umskipti frá því að atvinnutækifærum fækkaði bókstaflega ár eftir ár. Það er sérstakt fagnaðarefni að þessi nýju atvinnutækifæri hafa að langmestu leyti orðið til í hinu almenna atvinnulífi sem er ótvírætt merki þess að það er nú að eflast. Ekki síst á þetta við í ýmsum nýjum atvinnugreinum, svo sem í tölvuþjónustu og ferðaþjónustu, gagnstætt því sem fullyrt var fyrr í kvöld. Þetta, samfara því að lífskjör batna nú hraðar hér á landi en í nágrannalöndum okkar, er ótvíræð sönnun þess að þetta þjóðfélag er á réttri leið. Á þeirri leið eigum við að halda áfram íslenskri þjóð til hagsbóta.

[22:40]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er vor í lofti, unga fólkið fagnar próflokum og hvítu kollarnir setja svip sinn á samfélagið. Fram undan er góðæri ef marka má veðurhorfur og þjóðhagsspá. Gaman væri að geta komið fram fyrir þjóð sína og látið að sama skapi í ljós ánægju með ríkisstjórnina sem nú situr við völd. Því miður er það ekki svo.

Við kvennalistakonur komum inn í íslensk stjórnmál til að breyta þjóðfélaginu og setja mannréttindi og samábyrgð í öndvegi. Við viljum nýta reynslu og krafta kvenna til jafns við karla í þágu samfélagsins alls og jafnframt að konur og karlar deili sem jafnast með sér ábyrgð í einkalífi. Það er vægast sagt fróðlegt að huga að því hvernig ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. vinnur í algerri andstöðu við ofannefnd markmið. Farið er fram með hvert stórmálið á fætur öðru án samráðs og oft í fullkominni andstöðu við viðkomandi aðila í þeim tilgangi að brjóta niður velferðina og samábyrgðina í þjóðfélaginu. Ráðist er á aldraða, öryrkja, sjúklinga, kennara og almenna ríkisstarfsmenn en dekrað við forstjóra og sægreifa. Vegið er gróflega að sjálfstæði verkalýðshreyfingarinnar til að þóknast samtökum atvinnurekenda í Garðastrætinu.

Nýframkomin skýrsla félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála sýnir að mjög hægt gengur að framfylgja jafnréttisáætluninni frá 1993. Þrátt fyrir jafnréttislög í 20 ár og þrátt fyrir 65. gr. stjórnarskrárinnar um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna er að finna ótrúlega tregðu á mörgum sviðum jafnréttismála. Lítið hefur áunnist í að afnema launamun kynjanna þó að vonir séu bundnar við ókynbundna starfsmatið. Nýsett lög um réttindi og skyldur ríkisins hafa sett rétt fólks til fæðingarorlofs í uppnám og lítið bólar á því að afnema eigi sporslurnar sem skýra stóran hluta af launamun kynjanna. Þvert á móti má ætla að vald forstjóra til að hygla starfsfólki í launum að geðþótta muni auka launamuninn. Ein leið til þess að tryggja að konur komi jafnt að stefnumörkun í þjóðfélaginu og karlar er að bæði kynin eigi aðild að opinberum stjórnum, nefndum og ráðum, sbr. 12. gr. jafnréttislaganna. Nýleg úttekt sýnir að mjög hægt miðar í þeim efnum og þær nefndir sem núverandi ríkisstjórn hefur skipað á ferli sínum eru sama merki brenndar. Þá er athyglisvert hve hægt gengur að jafna þátt kynjanna í fjölmiðlum, bæði hvað tíðni viðtala snertir og með hvaða hætti rætt er við og um konur og karla í sambærilegum störfum. Karlarnir fá aukinn myndugleik, t.d. með tiltlum, á meðan dregið er úr slíku hjá konum. Sömu lögmál virðast ríkja í mörgum kennslubókum eins og fjölmargar rannsóknir sýna.

Við kvennalistakonur höfum flutt mörg mál á þessu þingi til þess að halda jafnréttisumræðunni gangandi og veita stjórnvöldum aðhald. Má þar nefna þingsályktunartillögur um lengt og bætt fæðingarorlof sem nær til beggja foreldra, um aðgerðir til að afnema launamun kynjanna og aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Ég er sannfærð um að umræðan

um þessi mál hefur þegar haft áhrif og víða í þjóðfélaginu má sjá jákvæð merki um að jafnréttisumræðan sé að skila sér. Í því sambandi má nefna jafnréttisáætlun Seðlabankans. Einnig má nefna að Íslandsbanki og fleiri stofnanir hafa komið sér upp skipulögðum farvegi fyrir ásakanir um kynferðislega áreitni. Með þessu áframhaldi eru kvenbankastjórar væntanlega á næsta leiti (!).

Sterk staða kvenna í stjórn BHM er vonandi merki um að verkalýðshreyfingn sé að taka við sér í jafnréttismálum, svo og stofnun hagsmunafélags kvenna innan Félags háskólakennara. En mikið þarf enn að gerast til að kynin standi jafnt að vígi, bæði í einkalífi og á vinnumarkaði. Vonandi tekst karlanefnd Jafnréttisráðs með sínu góða starfi að hvetja karla til virkrar jafnréttisbaráttu því þetta er barátta beggja kynja. Markmiðið hlýtur að vera sómasamleg laun fyrir dagvinnu bæði kvenna og karla, sambærileg við laun í nágrannalöndum okkar. Báðir foreldar ættu að geta notið þeirra mannréttinda að taka virkan þátt í fjölskyldulífi, ekki síst í uppeldi barna sinna sem þurfa mikinn stuðning í heimi hraðra breytinga.

Herra forseti. Þau eru orðin mörg lagafrumvörpin sem Alþingi hefur samþykkt undanfarna daga þótt enn sjái ekki fyrir lok þingsins. Eitt þeirra eru ný framhaldsskólalög. Þessi lög eru því miður metnaðarlítil og horfa til fortíðar frekar en framtíðar að mörgu leyti. Megintilgangur þeirra virðist vera að minnka völd kennara og skólafólks og gefa menntmrh. meirihlutavald í öllum skólanefndum. Ég hafnaði þessu frv. í meðförum þingsins og tek undir með samtökum kennara sem ekki voru höfð með í ráðum við samningu frv. Lögin endurspegla menntastefnu sem ekki verðskuldar framgang, ómannúðlega menntastefnu samkeppni og aðskilnaðar.

Á næstu dögum eru fyrirhugaðar breytingar á lögum er varða sjávarútvegsmál. Ég er sannfærðari um það en nokkru sinni áður að við Íslendingar erum á mjög vafasamri braut í okkar sjávarútvegsmálum. Kvótinn færist á færri hendur og réttaróvissa ríkir um það hvort kvótinn er veðhæfur og telst alvörueinkaeign eða ekki. Tveir dómar hafa fallið í undirrétti sem gera mismikið úr sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna. Ef dómur Hæstaréttar fellur á þann veg að auðlindin sé einkaeign er í raun búið að afhenda nokkrum einstaklingum helstu auðlind þjóðarinnar til frambúðar og ekki aðeins nytjastofnana í fiskveiðilögsögunni því að til stendur að samþykkja úthafsveiðifrv. það sem tekið var með afbrigðum inn í þingið vegna þess hve seint það kom fram. Frv. á að keyra í gegn til þess að tryggja að þau réttindi sem í húfi eru fari örugglega til réttra aðila, að stórum hluta til sömu aðila og kvótinn í efnahagslögsögunni, með öðrum orðum sægreifanna í LÍÚ. Engin önnur þjóð hefur séð ástæðu til að flýta því að setja löggjöf um úthafsveiðar, enda knýr ekkert á nema ef vera skyldi svokallað veiðieftirlitsgjald á Flæmingjagrunni sem vel mætti lögfesta eitt og sér. Á meðan er smábátasjómönnum smám saman troðið inn í aflamarkskerfið með viðbótarkvóta og framseljanlegar veiðiheimildir sem gulrót. Með sama áframhaldi verður kvótinn í framtíðinni ekki í höndum kvenna, sem eru þó helmingur landsmanna, og ekki í höndum byggðanna sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Nei, aflaheimildirnar verða í höndum æ færri sægreifa, innlendra sem erlendra. Þessa þróun verður að stöðva og það strax. Réttlætiskennd margra er misboðið með þessu kerfi sem ekki verður hnekkt á meðan þessi ríkisstjórn situr.

Herra forseti. Kjör forseta lýðveldisins er fram undan og kosningabaráttan harðnar. Stundum heyrist það furðulega viðhorf að nú sé kominn tími á karlforseta af því að kona hafi gegnt embættinu að undanförnu. Ef þetta væru tæk rök væri um leið tímabært að fela konum öll þau valdaembætti sem karlar gegna nú. Látum ekki villa um fyrir okkur. Munum að þörf er á að standa vörð um hvern þann ávinning sem verður í kvenfrelsisbaráttunni. — Góðar stundir.

[22:48]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 529. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1125.

Fjáröflun til vegagerðar, 442. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1129; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1130.

Gjald af áfengi, 269. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1124.

Reynslusveitarfélög, 390. mál, nál. félmn., þskj. 1126.

Fundi slitið kl. 22:50.

---

157. FUNDUR

föstudaginn 31. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 415. mál, þskj. 1058, brtt. 1061. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 421. mál, þskj. 750, nál. 1114 og 1117, brtt. 1115 og 1118. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 422. mál, þskj. 751, nál. 1114 og 1117, brtt. 1116. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Vörugjald, stjfrv., 445. mál, þskj. 777, nál. 1089 og 1097, brtt. 1090. — 2. umr.

5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 444. mál, þskj. 776, nál. 1088 og 1096. — 2. umr.

6. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 774, nál. 1129, brtt. 958 og 1130. — 2. umr.

7. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 877, nál. 1122. — 2. umr.

8. Gjald af áfengi, frv., 269. mál, þskj. 497, nál. 1124. — 2. umr.

9. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 394. mál, þskj. 692, nál. 1005, brtt. 1006. — 2. umr.

10. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 437. mál, þskj. 769, nál. 1092, 1094 og 1128, brtt. 1093. — 2. umr.

11. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 436. mál, þskj. 768, nál. 1095. — 2. umr.

12. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 1015, brtt. 1032 og 1075. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Kynferðis- og sifskaparbrotamál, 245. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1131.

Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, 109. mál, nál. félmn., þskj. 1127.

Rekstur mötuneyta, 452. mál, svar fjmrh., þskj. 1123.

Stjórn fiskveiða, 437. mál, nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1128.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 750, nál. 1114 og 1117, brtt. 1115 og 1118.

og

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 751, nál. 1114 og 1117, brtt. 1116.

[10:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mál það sem hér er til umræðu, þ.e. upptaka einhvers konar fjármagnstekjuskatts eða skattlagningar vaxtatekna, er búið að vera lengi á dagskrá í íslenskri þjóðmálaumræðu. Ég hygg að sl. 10–15 ár hafi það verið meira og minna viðvarandi í umræðum um skattamál og ríkisfjármál. Það hefur komið inn í samhengi við jöfnun lífskjara, skattlagningu fyrirtækja á einstaklinga, dreifingu skattbyrði og annað því um líkt.

Fyrir flestar alþingiskosningar, a.m.k. þær sem ræðumaður man eftir og hefur tekið þátt í, hefur þetta mál með einum eða öðrum hætti verið á dagskrá og upp á síðkastið hefur það a.m.k. í orði kveðnu verið svo að allir stjórnmálaflokkar í landinu teldu rétt að til einhvers konar samræmingar á skattlagningu tekna sem myndast með þessum hætti, sem vextir af sparifé eða sem arður af hlutafé eða öðru slíku, skyldi koma. Það hefur hins vegar lengi verið tilfinning mín að mönnum hafi ekki alltaf verið jafnmikil alvara með þessum ráðuhöldum og ætla mætti og erfið fæðing þessa máls í gegnum stjórnmálin sannar það að nokkru leyti. Þannig var það a.m.k. á þeim tíma sem ég þekkti vel til og verið var að vinna að þessu máli í ríkisstjórn að menn voru furðu fundvísir á einhverja tæknilega vankanta á öllum þeim hugmyndum sem upp komu um að skattleggja fjármagnstekjur. Þetta er gamalkunn aðferð sem menn þekkja vel að menn segjast í orði kveðnu vera fylgjandi tilteknu máli en finna svo endalaust á því óleysanlega agnúa að koma því til framkvæmda.

Staðreyndin er sú að enginn maður með sæmilega réttlætiskennd og sómatilfinningu treystir sér yfirleitt til þess að andmæla því að það sé eðlilegt að skattleggja tekjur sem myndast með þessum hætti. A.m.k. væri afar gaman að komast í rökræður við eintak sem treystir sér til að halda því fram að það væri eðlilegt að rífa af launamönnum allt að helming af þeim tekjum sem þeir vinna fyrir hörðum höndum bróttó en láta síðan aðra njóta algers skattfrelsis gagnvart tekjum sem myndast vegna þess að peningar liggja á bók eða hlutabréf ávaxtast. Það sjónarmið hafa fáir treyst sér til að verja og þess vegna hefur aðferðin verið sú af þeirra hálfu sem hafa viljað þvælast fyrir þessu máli að finna endalaust allar mögulegar og hugsanlegar afsakanir fyrir því að ein eða önnur útfærsla málsins væri ekki nógu vel úr garði gerð.

Það er líka mikið talað, herra forseti, um samræmingu þegar verið er að ræða um skattlagningu fjármagnstekna. En nú hefur komið á daginn að menn áttu ekki við sama hlutinn þegar þeir ræddu um samræmingu. Sá sem hér talar og ég held margir fleiri höfðu það alltaf í huga þegar rætt var um samræmingu skattlagningar tekna, fjármagnstekna og annarra tekna, að samræmingin væri í því formi að menn skyldu borga eðlilega skatta til samfélagsins af öllum tekjum sem þeir hefðu án tillits til þess í sjálfu sér hver uppruni þeirra væri. Og alveg sérstaklega var það í mínum huga ranglátt að menn sætu uppi með skattkerfi sem skattlegði harðast eða þyngst þær tekjur sem yrðu til með launavinnu. En nú er komin sem sagt ný útfærsla á þessari samræmingu og hún er samræming niður á við. Hún er samræming í átt til minni skattlagningar á öllum tekjum sem myndast í raun og veru öðruvísi en þannig að menn vinni fyrir þeim. Það er sú skattstefna sem hæstv. ríkisstjórn er að boða. Það er ekki hróflað við tekjusköttum launamanna. Þeir skulu áfram vera 42–47% að frádregnum eða nýttum mjög óverulegum persónufrádrætti sem menn hafa og liggur langt undir þurftarmörkum. Síðan skal skattlagning annarra tekna samræmd þannig niður á við að allt beri það 10% skatt. Þess vegna var það að vonum að menn yrðu nokkuð langleitir þegar í ljós kom að hæstv. ríkisstjórn hugðist selja mönnum þá hugmyndafræði í tengslum við það að taka upp hinn langþráða fjármagnstekjuskatt að þá skyldi samræmingin eiga sér þannig stað að til samræmis við mjög lágan 10% flatan skatt á vaxtatekjur kæmi lækkun skattlagningar annarra fjármagnstekna eða tekna sem yrðu til með öðrum hætti en þeim að um launavinnu væri að ræða, þ.e. að skattlagning arðs, söluhagnaðar, gróða sem myndast við slíkt og leigutekna skyldi fara niður á þetta stig. Þannig er verið að búa til tvöfalt skattkerfi varðandi skattlagningu tekna, annars vegar skattlagninguna á launatekjurnar, en um það bil helmingur af þeim bróttó að frádregnum þessum litla persónufrádrætti er tekinn, og hins vegar þetta lága svið þar sem fjármagnstekjur eða aðrar tekjur eru skattlagðar.

Þetta er í raun og veru grundvallaratriði þessa máls, herra forseti. Pólitísku átakalínurnar snúast fyrst og fremst um það hvernig þessar tekjur eru meðhöndlaðar og skattlagðar og hvernig samræmingin á sér stað. Ég held að menn séu því miður að fara út á afar rangláta og ósanngjarna braut, sérstaklega ef sú útfærsla málsins verður áfram við lýði sem hér er að mestu leyti lagt upp með, þ.e. að engin efri mörk, engin þök séu á því hversu miklar tekjur menn geta haft með þessum hætti og einungis er tekin 10% skattur af.

Í almenna tekjuskattskerfinu hefur þó náðst sá árangur að menn hafa viðurkennt í reynd vissan hátekjuskatt með sérstöku 5% þrepi á hærri launatekjur. Þar er að vísu um mjög rúm mörk að ræða, 450 þús. fyrir hjón, 225 þús. fyrir einstaklinga, ef ég man rétt. En það er þó viss viðurkenning á því hugtaki að rétt sé að hafa það sem stundum er kallaður prógressívur tekjuskattsstigi og taka meira af hærri tekjum en lægri. En þessi hugsun er týnd og tröllum gefin hér að öllu öðru leyti en því að í brtt. meiri hlutans er sett til málamynda þak á „skattfrelsi“ söluhagnaðar þannig að ef einstaklingur hefur í hreinan söluhagnað meira en 3 millj., hjón 6 millj., á

vissu árabili, þá skal tekið af því samkvæmt almennri skattlagningu. En þó eru þau ákvæði öll mjög rúm m.a. vegna þess að menn geta geymt þennan hagnað tímabundið og reynt að koma honum fyrir í formi nýrra fjárfestinga og þá greiða þeir ekki skatt. Það er búið til alveg sérstakt svigrúm fyrir fólk sem hefur haft þvílíka þénustu út úr einhverjum bréfaæfingum af þessu tagi að menn geta geymt sér skattinn um nokkurn tíma.

Nú er það svo að vísu að um tíma voru á borðum meiri hlutans hugmyndir um að setja inn þetta þak líka gagnvart hagnaði af arði. Ég verð að segja alveg eins og er að þótt þessi mörk séu að mínu mati næstum fáránlega rúm borin saman við íslenskan veruleika hefði ég talið það umtalsverða stefnubreytingu í málinu, svo ég segi ekki eðlisbreytingu, ef slík þök hefðu verið sett inn gagnvart bæði söluhagnaði og arði, svo að ég tali nú ekki um ef vaxtatekjur hefðu fallið undir það líka. Þá var málið að mínu mati búið að breyta algerlega um eðli og þótt mörkin væru áfram jafnfáránlega rúm og ætlunin var af hálfu hv. meiri hluta hefði alltaf mátt lagfæra það síðar. Menn hefðu fyrr eða síðar fært þau í eitthvert raunhæft form þannig að stærðargráða þessa svigrúms væri í samræmi við íslenskan veruleika. Hv. þm. Pétur Blöndal, sem er allra manna fróðastur um innviði þessa kerfis, segir mér að það sé sennilega enginn Íslendingur svo ríkur að hann muni rekast á þessi þök enn sem komið er a.m.k. Þótt það fjölgi býsna hratt í stóreignastéttinni núna á tímum vaxandi misgengis launa og lífskjara í landinu, mun það sjálfsagt vera svo að þeir einstaklingar eru alla vega ekki margir fyrsta kastið sem hafa meira en 3 milljóna hreinar tekjur af arði, hlutabréfum, vöxtum eða söluhagnaði. Af söluhagnaði gæti það gerst. En síður af hinu enn sem komið er.

Þá það. Það hefði þá mátt spyrja sig að því og fara yfir það efnislega hvort þessi þök ættu þá ekki frekar að vera 1,5 millj. og 3 millj. eða eitthvað af þeirri stærðargráðu. Væru svo þökin þannig útfærð að þau væru reiknuð saman fyrir alla þessa tekjuþætti, þá mundi það að sjálfsögðu virka fyrr. En þetta er ekki niðurstaðan því miður og þessi hugsun er týnd í málinu að öllu öðru leyti en því að þetta þak er þarna sett inn á þennan hátt sem mun að vísu hafa afar lítil áhrif eins og það er útfært gagnvart söluhagnaði einum saman.

Hvað er þá orðið um þetta mál, herra forseti? Hvað er þá í raun í þessum frv. hæstv. ríkisstjórnar þegar til kastanna kemur? Jú, það er að vísu þessi 10% flati vaxtatekjuskattur. Menn skulu sem sagt greiða í ríkissjóð 10% tekjuskatt af vöxtum og arði o.s.frv. eins og nánar er kveðið á um í lögunum. En það er allt og sumt. Aðalefni frumvarpanna að öðru leyti snýr að þeim breytingum á skattaumhverfi fyrirtækjanna og hagnaði af arði og söluhagnaði og leigutekjum og öðru slíku sem þarna er á ferðinni. Það er stóra kerfisbreytingin sem hér er verið að gera. Þess vegna hafa menn með réttu bent á það að í raun og veru eru heiti þessara frv. rangnefni. Þetta á miklu frekar að heita frv. til laga um lækkun á skattlagningu arðs, um heimildir fyrirtækja til að uppfæra nafnverð hlutabréfa o.s.frv. því að það er stóra inntakið í þessu máli og það sem kemur til með að hafa miklu, miklu meiri áhrif þegar frá líður. Enda segja fróðir menn og það þarf svo sem ekki annað en lesa sér til í viðskiptakálfi Morgunblaðsins að þessi mál eru þegar farin að hafa lífleg áhrif á t.d. hlutabréfamarkaðinn. Nú fá færri en vilja í hlutafjárútboðum stóru fyrirtækjanna þessa dagana. Forkaupsréttarhafar buðust til að kaupa þrisvar sinnum meira en boðið var út í tveimur stórum sjávarútvegsfyrirtækjum núna á síðustu vikum. Fínt, segir hv. sérfræðingur, Pétur Blöndal, hv. þm. (**Gripið fram í:** Meiri fjárfesting, meiri atvinna.) Og hvers vegna skyldi þetta vera? Jú, það er annars vegar vegna þess að sem betur fer hefur gengið nokkuð vel í sumum þessara fyrirtækja í sjávarútvegi og það er gott. Menn líta orðið á þetta sem þokkalega álitlegan fjárfestingarkost. En það er líka vegna hins að menn eru að undirbúa þessa *nýju framtíð*. Menn eru að undirbúa þá framtíð að svigrúm fyrirtækjanna til þess annars vegar að uppfæra stofninn til útgreiðslu arðs er stóraukinn með þessum frv. og nánast skattfrelsi þessara tekna er búið til handa þeim sem leggja inn fé á þessum nótum. Ég kalla það nánast skattfrelsi að borga skitin 10% af tekjum alveg upp úr og endalaust. Ég held að miðað við skattbyrðina annars staðar, hvort heldur í öðrum löndum eða í almenna tekjuskattskerfinu, sé tæplega hægt að kalla þetta annað en skattfrelsi. Tíundi hluti er nánast innan skekkjumarka í því sambandi.

Herra forseti. Ég ætla að koma aðeins betur að þessu með skattalegt umhverfi fyrirtækjanna á eftir. En ef við höldum okkur aðeins betur við sjálfan fjármagnstekjuskattinn eða vaxtatekjuskattinn og val um mismunandi leiðir þar, þá er náttúrlega út af fyrir sig hægt að hugsa sér ýmsar útfærslur og aðferðir í því sambandi. Hér er valin sú leið að skattleggja allar tekjurnar flatt á þennan hátt í staðgreiðslu. Það er einföld aðferð í framkvæmd og hefur sína kosti sem slík. En hún er afar gölluð að öðru leyti. Það sem ég tel að sé tvímælalaust langmesti ágalli málsins eins og það er útfært af hálfu meiri hlutans, er náttúrlega sú staðreynd að ekkert frítekjumark er fyrir hendi gagnvart þessari skattlagningu þannig að það er tekið af hinum smæstu upphæðum jafnt og þeim sem stærri eru. Ég kalla það ekki frítekjumark þó að ónýttur persónufrádráttur gangi upp á móti þessum sköttum, enda eðli málsins samkvæmt þannig að það eru sjaldnast þeir sem eiga mikinn ónýttan persónufrádrátt sem greiða háar upphæðir í skatt af þessu tagi.

Hefði þarna verið valin sú leið að búa til einhvers konar frítekjumark held ég að mönnum hefði a.m.k. þótt þessi útgáfa skömminni skárri, snöggtum skárri en hún er. Að því leyti til er kannski mestur eðlismunur í þessu samhengi á milli formannafrv. svonefndu og þessarar útgáfu ríkisstjórnarinnar, að þar er gert ráð fyrir því að hlífa minni innstæðum við þessari skattlagningu þannig að menn geti átt inni á bók óverulegar upphæðir eins og fjölmargir gera, þ.e. venjulegt launafólk sem ekki er efnafólk í neinum skilningi talið en á minni háttar fjárhæðir inni á bók eða með öðrum hætti. Það er alveg sérstaklega ástæða til að hafa áhyggjur af því ef kerfið er þannig útfært að það virkar beinlínis letjandi gagnvart þessum litla en almenna sparnaði í þjóðfélaginu. Hvað er þá orðið um alla vini gamla fólksins og ekknanna sem oft hafa sprottið upp og ekki síst í Sjálfstfl.? Þegar Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu fyllist hann ævinlega slíkri ofurást á gamla fólkinu og ekkjunum að það eru haldnir mótmælafundir og blásið í herlúðra þessu fólki til stuðnings. Það hefur sérstaklega verið talað um það á undanförnum árum þegar Sjálfstfl. hefur verið að þvælast fyrir fjármagnstekjuskatti eða vaxtaskatti eða eignarskatti eða öðru slíku. Frægt er, herra forseti, þegar Sjálfstfl. uppgötvaði ekkjurnar í sambandi við stóreignaskattinn sem Sjálfstfl. taldi þjóðinni trú um að legðist alveg sérstaklega á ekkjur, ekki kannski beint munaðarlausa og börn, en á ekkjur. Svo kom það í ljós að ekkjurnar voru auðvitað helstu stóreignamenn lands-

ins, flestir karlkyns, forstjórar og peningaeigendur. Það voru ekkjur Sjálfstfl. þegar betur var að gáð. Það birtist ágætur listi yfir þessar ekkjur sem voru yfirleitt virðulegir karlmenn á milli fertugs og sextugs með bindi og flestir ágætlega giftir þannig að þeir voru ekki einu sinni ekklar. Það voru stóreignaekkjur Sjálfstfl.

En Sjálfstfl. talaði mikið um það á árunum og með réttu að nokkru leyti að menn þyrftu að varast það í sambandi við fjármagnstekjuskatt að hann legðist á þessar litlu almennu upphæðir, á bækurnar sem gamla fólkið leggur eitthvað inn á til þess að eiga nokkrar krónur til þess að gefa barnabörnunum í afmælisgjöf og fermingargöf o.s.frv. Sjálfstfl. hugðist alveg sérstaklega standa vörð um þennan hóp að sögn og hér kemur afraksturinn í ljós, þ.e. flöt skattlagning allra innstæðna, líka þeirra minnstu þannig að það verða greiddir nokkrir aurar liggur mér við að segja, það sem tekur því að innheimta verður tekið af þessu fólki. En síðan er það þannig að upphæðir án endis skulu svo njóta þessarar skattlagningar án nokkurra þrepa eða aðgreiningar.

Auðvitað er það alveg hárrétt að hér er á ferðinni stórgjöf til hinna eiginlegu fjármagnseigenda í landinu, myndarleg sumargjöf svo ekki sé meira sagt vegna þess að þegar á heildina er litið er 10% vaxtaskatturinn smámál og óverulegur fórnarkostnaður fyrir þessa aðila borið saman við þá skattaparadís sem verið er að búa til hinum megin með lækkun skattlagningarárs og söluhagnaðar og ekki síður þó því svigrúmi sem búið er til í kerfinu í heild sinni gegnum möguleika fyrirtækjanna til að stórlækka skattgreiðslur sínar og auka skattfrjálsa útgreiðslu fjármuna úr rekstrinum verulega. Í reyndina mun þetta því verða þannig að lögaðilaformið verður farvegur fyrir fé yfir til einstaklinga á lágum sköttum í miklu ríkari mæli en áður hefur verið hægt. Þetta fullyrði ég, herra forseti.

Ég veit að vísu að hv. þm. Pétur Blöndal mun koma upp og segja okkur söguna af láninu, að þetta hafi verið hægt með krókaleiðum og kúnstum sem ég kann að vísu ekki enn, ég hef ekki náð að skilja, en felast að einhverju leyti í stórkostlegum pappírsæfingum þar sem eigandinn lánar fyrirtækinu og fær svo lánið endurgreitt o.s.frv., þ.e. þetta hafi allt meira og minna verið hægt áður. Kannski er það rétt. En hér er þó að minnsta kosti verið að búa til uppi á borðinu alveg hreina og klára leið, braut, breiðgötu fyrir fjármagnið úr rekstri fyrirtækjanna gegnum hlutabréf og arð yfir til einkaaðila á lágmarksskattlagningu, nánast skattfrjálst, 10%. Þetta gerist náttúrlega þannig, herra forseti, að arðgreiðslustofninn í öllum íslenskum fyrirtækjum er stóraukinn þannig að nú um næstu áramót verður eiginlega næstum að segja lögbundið, það er að vísu hætt við að hafa það skyldu vegna þess að menn töldu að það væri kannski ekki rétt, að skylda fyrirtækin til þess að gefa út að fullu jöfnunarbréf og allt það, en þannig var það hugsað fyrst. En nú er beinlínis mælt fyrir um það í lögunum að fyrirtækin skulu taka og uppfæra allar jöfnunarheimildir gagnvart sínu hlutafé þannig að það standi allt í botni um næstu áramót og myndar þar með mikið breiðari stofn til útgreiðslu arðs. Á móti kemur að vísu að frádráttur fyrirtækjanna, svigrúm fyrirtækjanna, eða frádráttarheimildin frá tekjum er lækkuð úr 10% í 7%. En það er eftir sem áður um stórkostlega aukningu að ræða (**Gripið fram í:** Þessi heimild er til staðar í dag.) og mun koma þannig út að þarna verður um paradís að ræða fyrir fyrirtækin.

Mér skilst reyndar, herra forseti, að það sé alveg sérístenskt fyrirbæri að fyrirtækin megi draga til viðbótar öllum rekstrarútgjöldum og afskriftum og öllu slíku þann hluta hagnaðar síns sem þau greiða út, frá tekjunum áður en þau greiða skatt til ríkisins, að þarna sé um alveg sérístenskt fyrirbæri að ræða og þekkist ekki annars staðar.

Það er augljóst mál og hefur margverið á það bent að spurningin um sjálfstætt starfandi aðila í rekstri og einyrkja kemur auðvitað upp og nú kemur að þessum skemmtilega kafla þegar hv. þm. Pétur Blöndal fer að segja okkur að þetta hafi allt verið hægt áður. En af einhverjum ástæðum er það svo að þeim fjölgar mjög hratt núna þessa dagana, fyrirtækjunum sem eru allt í einu komin með ehf. fyrir aftan. T.d. eru allt í einu virðulegar lögmannsstofur í bænum orðnar ehf. og ýmislegt slíkt. Hvað ætli menn séu að undirbúa þarna? Jú, menn eru auðvitað að undirbúa þessa nýju paradís. Mér er sagt að það fari líka fram a.m.k. á pappírnum stórfelldar hlutafjáraukningar núna í ýmsum litlum ehf.- fyrirtækjum því að það er um að gera að hafa stabbann myndarlegan sem má borga út á þegar þetta nýja góða skattfrelsi kemur. Menn færa því upp hlutaféð alveg eins og þeir mögulega geta, stofna ehf. og dóttur ehf. o.s.frv. og í öllum þessum rekstri einyrkja og minni hlutafélaga, fjölskyldufyrirtækja sem notalegur og fámennur hópur á sem auðvelt er að ná utan um, eru menn núna á fullri ferð að undirbúa þessa nýju framtíð með þessa pappíra í höndunum. Aðferðin er auðvitað sú að í staðinn fyrir að þurfa að vera með fjölskylduna að einhverju leyti á launum og svona vesen, þá verði bara búinn út myndarlegur stabbi af hlutafé og jöfnunargildi þess fært í botn og síðan verða greiddar út myndarlegar fjárhæðir í formi arðs til eigendanna, til sjálfs sín, til fjölskylduvina og vandamanna o.s.frv. (Gripið fram í.) og þar með fer þetta svona fram hjá hinu almenna tekjuskattskerfi og nýtur þessara sérstöku skattfríðinda.

Það er, herra forseti, eðlilegt að menn staldri við þetta og reynslan á auðvitað eftir að leiða í ljós hvernig þetta nákvæmlega kemur út. En það er engin spurning að það liggur í hlutarins eðli að þessi ólíku hlutföll hljóta að kalla á tilhneigingu í þessa veru. Þau hljóta að gera það. Það er dálítið sérkennilegt að þeir menn sem mest hamast gegn skattlagningu yfirleitt og vilja helst sem allra minnst hafa slíkt og helst enga skatta bara og leggja ríkið niður, nota mjög mikið einmitt þau rök að það megi helst ekki vera neinn mismunur á vegna þess að hann leiðir alltaf til skattaundanbragða. Svo er kúrfan fína, hvað heitir hún aftur, hv. þm.? (**Gripið fram í:** Leffer.) Já, Leffer-kúrfan og allt þetta, að þegar menn lendi upp úr henni þá fari þetta að snúast við. Menn hætti að fá inn skatta vegna þess að skattsvikin geri meira en að éta upp hækkaða prósentu. En hvar eru þessi rök þegar verið er að ræða hér um annars vegar 10% skattlagningu tekna með þessum hætti og hins vegar 42–47%? Þá heyri ég bara ekkert í þessum sérfræðingum. Þá er eins og menn óttist allt í einu ekki að þessi mismunun muni leiða til færslu og það muni verða tilhneiging í kerfinu til að láta arðinn eða tekjurnar koma fram svona. Af hverju á þetta ekki við núna? Ég spyr: Af hverju ekki? Hvað er að? Gilda þá ekki vísindin þegar þarf að verja niðurstöðu af þessu tagi? Mér sýnist svo ekki vera.

Margt fleira, herra forseti, er auðvitað stórfurðulegt í þessu máli og satt best að segja mönnum til lítils sóma. Ég ætla að nefna tvennt sem er nú kannski til marks um það hversu kaldrifjuð framganga ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans er í þessum efnum. Það er annars vegar sérstakur

fjármagnstekjuskattur á elli- og örorkulífeyrisþega sem á að halda áfram og það er skattur á líknarfélög sem mér er tjáð að þekkist hvergi á byggðu bóli. Ísland muni komast í heimsmetabók Guinnes sem eina landið í heiminum sem skattleggur sérstaklega líknarstarfsemi ef þetta verður að veruleika. Þeir kannast ekki við það hjá Öryrkjabandalaginu eða Blindrafélaginu eða annars staðar að nokkurs staðar í umheiminum séu þeirra systurstofnanir skattlagðar erlendis. Þær njóta auðvitað algjörs skattfrelsis. Þegar spurt var að þessu í Bretlandi og Bandaríkjunum, skildu menn ekki spurninguna. Ha, charity? Taxes? Þeir bara skildu þetta ekki. Hvað eruð þið að fara? Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur, þetta getur ekki verið. Jú, það er þannig, sögðu menn, að það á að fara að leggja skatt hér á líknarfélög. Þá var svarið það að þeir hefðu aldrei heyrt um slíkt. Það þekkist hvergi, það er ekki til. Þeir eru að vísu hættir við það núna að skattleggja leigutekjur af íbúðum Öryrkjabandalagsins. En frv. var þannig í byrjun að samtök eins og Öryrkjabandalagið og Blindrafélagið sem eiga íbúðir og leigja þær út til félagsmanna sinna áttu að fá skatt á leigutekjurnar. Þannig var lagt upp með málið og það segir sína sögu um vinnubrögðin í þessu. En þó það sé lagfært hér í breytingartillögunum þá stendur eftir að þessi félög verða eins og aðrir að borga skatt af sínum fjármagnstekjum. Hitt er svo þessi sérstaki fjármagnstekjuskattur á aldraða sem er náttúrlega alveg dásamlegur og sérstaklega að það skuli vera Sjálfstfl., vinur og málsvari ekknanna og gamla fólksins og munaðarlausra og allra þeirra sem bágt eiga eins og kunnugt er. Sjálfstfl. hefur iðulega gengið fram með þannig kjörorðum. Það var einu sinni maður á mínum heimaslóðum sem bauð sig fram á meðan Norður-Þingeyjarsýsla var einmenningskjördæmi og hans kjörorð voru að hann væri í framboði fyrir ekkjur, munaðarlausa og alla þá sem bágt eiga. Mér dettur þetta stundum í hug þegar ég hlusta á Sjálfstfl. Hann er svo óskaplega góður við gamla fólkið og ekkjurnar. (**Gripið fram í:** Þegar hann er í stjórnarandstöðu.) Þegar hann er í stjórnarandstöðu. Svo er framkvæmdin á þessari miskunnsemi svona. Það er vaxtatekjuskattur á allar innstæður, hinar minnstu, bækurnar hjá gamla fólkinu, það er sérstakur fjármagnstekjuskattur á aldraða í því formi að helmingur fjármagnstekna þessa hóps skerðir þeirra tekjur í almannatryggingakerfinu og það er skattur á líknarfélög. Þessi þrenning er nú ágæt. Er það ekki? Það verður sennilega ástæða til að rifja hana upp næst þegar Sjálfstfl. skiptir um föt og fer í þennan galla, samfesting miskunnseminnar gagnvart öldruðum og ekkjum og öllum þeim sem bágt eiga, þessa þrenningu sem nú er hér skjalfest. Skattur á allar vaxtatekjur, minnstu innstæður á bókum gamla fólksins, sérstakur fjármagnstekjuskattur á aldraða og skattlagning líknarfélaga. Heilög þrenning Sjálfstfl.

Eitt mál enn, herra forseti, var auðvitað með ólíkindum í þessu sambandi og það var skatturinn eins og hann kom út gagnvart sveitarfélögunum. Frv. var þannig lagt fram að það átti að skerða tekjur sveitarfélaganna um hátt í 200 millj. kr. Þetta var þeim mun kostulegra þar sem ríkið hafði setið í samningaviðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga lon og don og legið í nákvæmum útreikningum á því upp á marga aukastafi hvað það mundi kosta fyrir sveitarfélögin að taka við grunnskólanum. Svo var þetta stillt af í svo fínni formúlu að það átti ekki að skakka aurum. En á sama tíma var verið að undirbúa stjfrv. sem átti að skerða tekjur sveitarfélaganna í gegnum þetta kerfi um hátt í 200 millj. kr. Það var ætlun meiri hlutans að láta þetta ganga svona allt í gegn hér og hafa svo áhyggjur af því einhvern tímann seinna hvernig með þetta yrði farið. Það tókst sem betur fer að draga hér út úr ríkisstjórninni í gær yfirlýsingu þar sem hún gaf skuldbindandi loforð, hæstv. ráðherrar, um að þeir mundu leiðrétta þetta gagnvart sveitarfélögunum. Ég krafðist þess í fyrradag að umræðum um tekjustofna sveitarfélaga yrði frestað til að fá þetta mál á hreint. Þótt enn standi málið þannig að það eigi að lögfesta kerfið upp á 150 millj. kr. tekjutap sveitarfélaganna, tel ég þessa yfirlýsingu alveg fullnægjandi og það ber að hafa í huga að nál. okkar í minni hluta efh.- og viðskn. er samið áður en niðurstaða fékkst í þetta mál. Ég bið menn því , herra forseti, að hafa í huga að það sem þar segir um útkomuna gagnvart sveitarfélögunum var samið og sett á blað áður en að tókst að særa þessa yfirlýsingu út úr ríkisstjórninni. Þarf ég þá ekki að hafa svo sem fleiri orð um það.

En aðeins aftur að skattalegu umhverfi fyrirtækjanna á Íslandi, herra forseti, sem m.a. er verið að hafa áhrif á með þessu máli. Staðreyndin er sú að það hafa gerst stórfelldari breytingar í skattalegu umhverfi fyrirtækja á Íslandi í tíð tveggja síðustu ríkisstjórna en nokkurn mann grunar. Og ég verð oft var við að það þarf að rifja þetta upp og fara yfir þetta til að menn muni eftir þessu. Það er staðreynd að Ísland er að verða einhver helsta lágskattaparadís fyrirtækjanna á byggðu bóli, a.m.k. í hinum vestræna heimi. Svo furðulegt sem það er, er samkvæmt samanburði sem unninn var af OECD og samanburði sem gerður var í Finnlandi fyrir tveimur til þremur árum útkoman að verða sú að Norðurlöndin sem slík, svo ótrúlegt sem það nú hljómar, eru lágskattaparadís fyrir fyrirtækin. Skattlagning fyrirtækjanna er almennt orðin vægari á Norðurlöndunum en annars staðar í Evrópu. Til dæmis eru launatengd gjöld fyrirtækjanna lág á Norðurlöndunum öfugt við það sem stundum hefur verið haldið fram. Nægir að bera niður t.d. í Þýskalandi til að sjá alveg gífurlegan mun. Enda eru auðvitað persónuskattar, skattar á einstaklinga, og neysluskattar, óbeinir skattar mjög háir á Norðurlöndunum. Norðurlöndin eru t.d. með hæsta virðisaukaskatt í heimi. Skattkerfið er bara því miður orðið þannig að það hvílir mjög þungt á herðum launamanna og það eru miklar tekjur teknar inn í gegnum óbeina skatta en fyrirtækin greiða orðið mjög óverulega til samneyslunnar. Þetta hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar varðandi Norðurlöndin þar sem menn hafa nú talið að áhrif svokallaðra jafnaðarmanna væru mikil og skattkerfi og aðrir slíkir hlutir drægju dám af því.

En aðeins betur um það hvað hefur síðan gerst á Íslandi í tíð tveggja síðustu frjálshyggjuríkisstjórna. Þær hafa sem kunnugt er fylgt mjög grimmri frjálshyggjustefnu í skattamálum eins og ýmsum öðrum málum. Meðreiðarsveinar íhaldsins, Alþfl. á síðasta kjörtímabili og Framsfl. á þessu, hafa meira og minna kyngt þessu möglunarlaust. Það sem gerðist snemma á síðasta kjörtímabili, herra forseti, var í fyrsta lagi það að það var fellt niður aðstöðugjald upp á 5.000 millj. kr. að stofni til eins og það stóð miðað við síðustu álagningu ársins áður en breytingarnar áttu sér stað. Ég man ekki nákvæmlega hvort það var 1990 eða 1991. Þar fuku 5 milljarðar. Og hvað varð um þessa skattbyrði? Hún var færð yfir í tekjuskatt og útsvar. Færð frá skattlagningu fyrirtækja yfir í skattlagningu á launamenn. En það var ekki látið þar við sitja heldur var í tveimur þrepum á sama tíma og í framhaldinu tekjuskattur fyrirtækjanna lækkaður úr 45% niður í 33%. Þar fuku miðað við afkomu fyrirtækjanna eins

og hún er orðin í dag sjálfsagt á milli 1–2 milljarðar kr. út úr skattkerfi fyrirtækja.

Einhver óveruleg hækkun hefur að vísu orðið á tryggingagjaldi þó það hafi aðallega verið um samræmingaratriði að ræða. En skattbyrðin sem slík hefur fyrst og fremst flust yfir í almenna tekjuöflunarkerfið sem snýr að launamönnum, í tekjuskatt og útsvar og ýmiss konar þjónustugjöld sem hafa verið aukin á sama tíma. Þannig að ef aðrir þættir eru einangraðir út, er færslan þessi. Hún er frá fyrirtækjunum, frá viðskiptalífinu yfir í launamannaskatta eða gjöld sem launamenn greiða vegna þjónustu frá hinu opinbera, skólagjöld, komugjöld á heilsugæslustöðvar, hærri kostnað fyrir lyf, tannlækningu barna, o.s.frv. En fyrst og fremst hefur tekjuskatts- og útsvarsprósentan verið að hækka jafnt og þétt á þessum tíma. Nú er haldið áfram. Það er eins og þetta sé ekki nóg. Það er ekki eins og menn séu sáttir við að búa til hér þetta fína kerfi þar sem fyrirtækin borga af hreinum hagnaði sínum eftir að allir frádráttarliðir hafa verið nýttir mun lægri prósentu en launamenn af bruttólaunum sínum. Nei, það er haldið áfram og búið til enn þá meira svigrúm fyrir fyrirtækin til að greiða út úr rekstrinum svo til skattfrjálsan hagnað til eigenda sinna. Þetta, herra forseti, eru auðvitað algjör vatnaskil að mörgu leyti í skattalegri þróun á Íslandi. Það er alveg furðulegt að hver einasta breyting sem gerð hefur verið eða er til umræðu í þessari ríkisstjórn og hinni síðustu snýr að hreyfingu í þessa átt. Ef það þarf að afla einhvers staðar tekna eða menn eru að hafa áhyggjur af vanda ríkissjóðs er ævinlega borið niður í því að hækka tekjuskatt eða útsvar. Jafnvel hafa hugmyndir verið uppi um að hækka virðisaukaskatt eins og t.d. var ætlunin að gera, þ.e. að mæta útgjöldum vegna lægri vörugjalda núna með því að hækka virðisaukaskatt. Síðan var að vísu horfið frá því og hvar er þá borið niður? Það er borið niður í því að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna íbúarhúsnæðis, endurbóta eða vinnu á byggingarstað íbúðarhúsnæðis. Það er alltaf borið niður á sama stað. Vegna þess að þessir menn, þeir sem bera ábyrgð á og stjórna skútunni núna á þessum tveimur kjörtímabilum, hafa bara eina hugsun, eina sýn. Það er að létta álögum af fyrirtækjunum og færa þau yfir á launamenn. Það gengur allt í sömu átt. Ég held, herra forseti, að það sé búið að ganga hér mjög háskalega langt í þessum efnum, háskalega langt. Nú er það ekki vegna þess að það séu ekki ýmis rök fyrir því að það þurfi að búa þannig að atvinnulífinu að það dafni og það búi við þokkalega sanngjörn skilyrði í þessum efnum. En það verða að vera forsendur til þess og það verður að vera jafnvægi í því sem lagt er annars vegar á launamennina og hins vegar á aðra aðila í þjóðfélaginu. Annað er ekki sanngjarnt. Hver hefur þróunin verið á þessum tíma? Hvað hefur verið að gerast t.d. varðandi afkomu þessara tveggja meginhópa í þjóðfélaginu, fyrirtækjanna og launamannanna? Hvernig hefur skuldastaðan verið að þróast? Á sama tíma og Sjálfstfl. hefur staðið fyrir þessum breytingum með meðreiðarsveinum sínum, létt á fyrirtækjunum, þyngt á heimilunum, hefur þróunin samt sem áður verið sú að fyrirtækin hafa verið að greiða niður skuldir sínar en heimilin að auka þær alveg óskyggilega. Þannig að heimilin á Íslandi og almenningur eru að verða skuldsettari hér en víðast hvar annars staðar í heiminum. Þannig að ekki eru það rök fyrir því sérstaklega að halda áfram á þessari braut. Eða hefur Sjálfstfl. þá skoðun að þanþol gagnvart heimilunum sé endalaust? Að það sé hægt að gera hvort tveggja, þyngja á þeim skattana og horfa á skuldir þeirra aukast um tugi milljarða króna á hverju ári? Og það geti bara haldið áfram svona og svona og svona? Ég veit ekki hvert menn ætla í þessum efnum, herra forseti. Ég held að það verði að fara að koma þessum mönnum frá og fara í rækilega skoðun á skattkerfinu í heild og því sem þarna er að gerast. Við erum komin út á stórhættulega braut gagnvart þessari drápsskattbyrði á almenning. Við erum hér með mjög háa tekjuskattsprósentu. Við erum með næsthæsta virðisaukaskattstig í heimi og við erum með ákaflega tekjutengt kerfi sem veldur því að jaðaráhrif í skattkerfinu gagnvart einstaklingum eru óskyggileg. Og á ákaflega viðkvæmu tekjubili er það þannig eins og kunnugt er að fjölskyldurnar missa þrjár af hverjum fjórum krónum eða þar um bil sem þær eru að reyna að hafa inn með auknum launatekjum. Barnafjölskyldur sem skulda í íbúðarhúsnæði eru með jaðaráhrif á bilinu 65–80% á tekjubilinu 120–200 þús. kr.

Þetta er þannig. Þetta fína kerfi á sem sagt að halda áfram. Það er ekki hróflað við þessu. Það er ekki verið að gera breytingar til að lina þrautir þessa fólks heldur er tækifærið notað og gerðar stórkostlegar tilfærslur í skattkerfinu sem í reynd eru enn að auka svigrúm fyrirtækjanna og þeirra sem hagnast af fjármagnstekjum og hlutabréfaeign o.s.frv. Ég segi það því enn og aftur, herra forseti, að hefði hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi — þrátt fyrir deilur um útfærslu þessarar skattlagningar varðandi vaxtatekjurnar sem slíkar og má ýmislegt um það segja og hefur verið mikið rætt og ég ætla ekkert að lengja þær umræður um mismunandi aðferðir í því sambandi, þessa nafnvaxtaflötu skattlagningarleið eða hitt að taka þetta eins og venjulegar tekjur í gegnum tekjuskattskerfið. Sú deila liggur fyrir og mismunandi frumvörp í þeim efnum — en hefði þó ríkisstjórnin rambað á það að setja einhver þök, einhver takmörk inn gagnvart því hversu langt þessi skattlagning gangi, þá hefði þar að mínu mati verið um mikilvæga prinsippbreytingu að ræða. Og ég hefði viljað skoða það af fyllstu alvöru að taka þá þátt í því að koma á einhverju slíku kerfi vegna þess að mér er mikið í mun að menn komi þessum fjármagnstekjuskatti þó einhvern tímann á. Ég orðinn leiður á því að sjá Sjálfstfl. með mismunandi hækjur sér við hlið þvælast fyrir því máli kjörtímabil eftir kjörtímabil. Auðvitað vitum við að það er þeim þvert um geð að standa að þessu frv. núna þó að það sé stjfrv. og það er opinbert leyndarmál, herra forseti, að ýmsir í Sjálfstfl. mundu gráta þurrum tárum ef þetta mál dagaði uppi, hvort sem það yrðu krókdílatár sem féllu eða einhver önnur tár. Ég hef engan sérstakan áhuga á því að gefa Sjálfstfl. slíka afsökun hér og nú. En því miður er útfærslan meingölluð og það er þess vegna með miklum trega sem maður horfir á það að upphaf skattlagningar vaxtatekna sem hér er á dagskrá verði með þessum hætti.

Til að halda þessu til haga höfum við í minni hlutanum flutt breytingartillögu herra forseti, sem gengur í þá veru að setja inn þök gagnvart því svigrúmi sem er fyrir fólk að fá útgreiddan arð eða söluhagnað eða vaxtatekjur og að skattlagningin sé aðeins 10%. Við tökum ósköp einfaldlega upp þá breytingartillögu sem meiri hlutinn var með að viðbættu því að vaxtatekjurnar verði einnig teknar undir og þá gildi þessi þök gagnvart einstaklingum og hjónum sem breytingartillögur meiri hlutans leggja til að gildi eingöngu gagnvart söluhagnaði. Eins og ég segi, þá tel ég þessi mörk reyndar allt of rúm og vísa til þess sem ég áður sagði um það. En það er spurningin um grundvallaratriðið hér sem er mjög mikilvæg og ég er sannfærður um að það gæti skipt sköpum upp á

framtíðina og framhaldið og almennan stuðning við þetta mál á síðari stigum ef þessi hugsun væri þarna til staðar því að mörkin má endurskoða og aðlaga að íslenskum veruleika ef þau eru einu sinni fyrir hendi.

Þess vegna held ég að það væru stórtíðindi og afar mikið framfaramál ef þessi breytingartillaga okkar í minni hlutanum næði fram að ganga. *Málið mundi þá að verulegu leyti* breyta um eðli þó að praktísk áhrif af þessari breytingu yrðu kannski ekki mjög mikil, ósköp einfaldlega vegna þess að mörkin eru rúm. Það verður kostulegt og gaman að fylgjast með því hvernig t.d. Framsfl. greiðir atkvæði um þessa tillögu. Liggur Framsfl. virkilega svo gjörsamlega flatur fyrir fótum íhaldsins í þessum málum að jafnvel tillaga af þessu tagi sem er náttúrlega sjálfsagt réttlætismál og lagar þetta mál til, að Framsfl. þori ekki að greiða henni atkvæði, sé gjörsamlega handjárnaður þar sem hann liggur flatur fyrir? Það væri gaman að heyra rök þeirra framsóknarmanna fyrir því t.d. að standa ekki að svona breytingum á málinu.

Við leggjum til í nefndaráliti okkar, herra forseti, að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar, þ.e. stjórnarfrumvörpunum, vegna þess sem hér hefur komið fram og verið rækilega *rökstutt að því miður er þetta mál ekki nógu vel úr garði* gert og ekki nógu vel unnið. Við teljum þess vegna, þó að við séum miklir kappsmenn um að þessi skattlagning komist á, að farsælla væri að vinna þetta mál betur yfir sumarið og leggja fyrir að hausti í upphafi næsta þings vandaðri og endurskoðaða útgáfu af þessum málum. Sá tími sem þar tapaðist eða öllu heldur tapaðist ekki heldur yrði nýttur til að gera þetta mál betra er vel þess virði að okkar mati. Það er í sjálfu sér ekki neitt úrslitamál varðandi framhaldið hvort lögfestingin yrði nú á vordögunum eða með haustinu og mikilvægt er að vanda til upphafsins og reyna að ná meiri sátt um það upphaf skattlagningar fjármagnstekna sem hér er á dagskrá.

Til að mynda gæti mjög komið til greina og skoðunar að mínu mati spurningin um að ná samstöðu um einhver þök eins og ég hef verið að ræða ef útfærsla sú sem stjórnarfrumvörpin byggja á yrði eftir sem áður ofan á. Ef ekki næðist nein samstaða um að haga skattlagningu fjármagnsteknanna með því að taka það inn í almenna tekjuskattskerfið og meðhöndla það eins og venjulegar tekjur, þá væri til vara sú útgáfa að mínu mati að hafa tiltekin mörk gagnvart upphæðum sem skattlögð væru flatt með 10% og færa það sem þar væri fyrir ofan, hvort sem heldur væri um að ræða vexti, arð, söluhagnað eða leigutekjur, inn í almenna tekjuskattskerfið og taka af því sambærilegar prósentur og þar eru. Það væri varaútfærsla á þessu máli sem mundi að mínu mati stórlaga það.

Herra forseti. Um þetta mál mætti margt fleira segja og satt best að segja hefði verið æskilegt að það væri á dagskrá fyrr á þingi þannig að tími gæfist til ítarlegri skoðanaskipta um það og betri og vandaðri skoðunar á því en gefist hefur. En ég tel að það sé komið að þeirri ögurstund í þessum málum að afgreiða þurfi einhvern veginn frá þinginu þessi efni þannig að spurningin um skattlagningu fjármagnstekna verði ekki að þvælast fyrir mönnum í mörg missiri eða ár í viðbót. Það er til vansa fyrir alla sem að málinu hafa komið á undanförnum árum í hvílíkri útideyfu þetta hefur lent og löngu tímabært að fara að koma þessu máli í höfn.

[10:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að þær skattabreytingar sem verið hafa í umfjöllun á undanförnum árum og jafnvel að sumu leyti á þeim tíma þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn, hafi allar miðast við að gera skattkerfi okkar nútímalegra og betur til þess fallið að gera atvinnulífinu kleift að þjóna því hlutverki sínu að færa launafólki möguleika á tekjum. Það er einmitt það sem hefur verið að gerast síðustu 2–3 árin að við erum að uppskera af þessu. Kaupmáttur hefur aukist verulega síðustu tvö árin með minnstu verðbólgu sem við höfum þekkt. Lækkun á tekjuskatti fyrirtækja hefur þýtt að tekjur af skattinum til ríkissjóðs hafa aukist. Niðurfelling aðstöðugjaldsins skilaði sér í lægra vöruverði og betri samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Varðandi það sem hv. þm. segir að þak á tekjum af fjármagni, þ.e. 3 millj. og 6 millj., gildi fyrir söluhagnað, arð plús tekjur af vöxtum, þá vek ég athygli á því að 10% nafnvaxtaskattur getur við skilyrði 2–3% verðbólgu verið 20–30% skattur á raunvexti. Ég tel að það væri alger eignaupptaka ef það ætti að fara að skattleggja nafnvexti með 40–50% skatti í slíkri verðbólgu. Það væri skattur á raunvexti sem í mjög mörgum tilvikum mundi gera allar raunvaxtatekjurnar upptækar og vera kannski á bilinu 80–90% í svona normal tilvikum. Ég tel að það sé skattlagning sem er algerlega óásættanleg.

Varðandi jöfnunarverðmæti, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því að þær heimildir sem fyrirtækin hafa í dag eru nákvæmlega þær að gefa út jöfnunarhlutabréf upp að svokölluðu jöfnunarverðmæti í árslok 1996, en fyrirtækin hafa ekki nýtt það af ýmsum ástæðum.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega stórkostleg röksemdafærsla að koma og segja að allar skattkerfisbreytingarnar undanfarin ár hafi gert skattkerfið nútímalegra. Það er orðin sjálfstæð röksemd í rökræðum hér að eitthvað sé nútímalegt. Það þarf ekkert að rökstyðja það frekar. Ef menn koma og slá eign sinni á þetta orð, nútímalegt, þá eru þeir bara búnir að sanna sitt mál með því að segja: „Þetta er nútímalegt.“ Þar með er þetta gott. En er það nokkuð nútímalegt að þyngja á sama tíma skattana þannig hjá almenningi að heimilin eru að *kikna? Er það nútímalegt? Er það þetta nútímalega við málið* að það er búið að þjarma þannig að launamönnum á Íslandi í skattlagningu og auðvitað skertum lífskjörum undanfarin ár að heimilin eru orðin stórskuldug? Heimilin á Íslandi eru að verða einhver skuldugustu heimili í hinum vestræna heimi og þar hefur sigið mjög hratt á ógæfuhliðina og menn eru unnvörpum að bogna og brotna undan þessari byrði eins og t.d. stórkostleg fjölgun persónulegra gjaldþrota sannar. Er það þetta sem er svona nútímalegt?

Jú, jú. Menn vilja búa vel að fyrirtækjunum þannig þau geti dafnað og haft afkomu og allt það til að geta borgað laun. En þau gera fleira, fyrirtækin. Þau fara t.d. með peningana úr landi sum í fjárfestingar. Þau dæla í vaxandi mæli í hagnaði sínum ekki til starfsfólksins heldur til eigendanna. Og það er verið að breikka þá braut hér. Það er verið að búa til *breiðgötu, Broadway, fyrir gróðann út úr fyrirtækjunum til* eigendanna, ekki til starfsfólksins, ekki til launamannanna. Það er það sem við erum að gagnrýna.

[10:57]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hagnaður fyrirtækjanna hefur einmitt verið að skila sér til launþeganna. Hv. þm. vakti athygli á því að peningarnir færu úr landi í fjárfestingar erlendis. Ég hygg að það séu ófá störf sem hafa verið sköpuð einmitt í kjördæmi hv. þm. með því að fyrirtæki í hans kjördæmi hafi fjárfest erlendis.

Varðandi skattlagningu á arð sem hv. þm. hefur miklar áhyggjur af, þá er það að segja að núna er staðan sú að leyfður er 10% frádráttur í fyrirtækjum vegna arðgreiðslna. Ef arðgreiðslur færu af einhverjum ástæðum yfir þetta 10% þak og yfir 300 þús. kr. hjá hjónum, þá er verið að skattleggja þennan arð, 33% inn í fyrirtækinu og 42–47% hjá einstaklingnum sem ég tel að jaðri við eignaupptöku, enda er ekkert um það að ræða að fólk sé að borga slíkan arð og það skilar þá heldur ekki neinum tekjum í ríkissjóð. Það hefur einmitt þýtt það eins og hv. þm. gat reyndar um í ræðu sinni að í fyrirtækjum hefur verið mikil tilhneiging til að taka hagnað út sem laun og hafa á launaskrá fólk sem kannski kemur ekki mjög nálægt rekstrinum og er þá jafnframt haft á launaskrá og kannski í vinnu í gustukaskyni. Það þarf að gera hlutina þannig úr garði að mönnum sé kleift að taka hagnað út úr fyrirtækjum sem hagnað. Það bætir rekstur fyrirtækjanna. Það auðveldar kynslóðaskipti í atvinnulífinu og allt þetta mun skila sér í bættri afkomu launþega í landinu vegna betri starfsskilyrða fyrirtækjanna.

Ég trúi því ekki að hv. þm. sé svona skelfilega viðkvæmur fyrir þessu hugtaki nútímalegt skattkerfi. Vill hann kannski taka upp söluskattinn aftur eða taka upp aðstöðugjaldið aftur? Hvað meinar hv. þm. með því að vera svona skelfilega viðkvæmur þegar á orðið nútímalegt er minnst?

[11:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er ekki orðið, herra forseti, sem ég er viðkvæmur fyrir heldur notkun þess, þegar stjórnarsinnar og reyndar ýmsir fleiri halda að það séu rök í máli að setja merkimiða af þessu tagi á sinn málflutning. Það er hægt að gefa hverju sem er svona merkimiða, nútímalegur, víðsýnn, framsækinn, lýðræðislegur og hvað sem er, alls konar afturhaldshugmyndir eins og við þekkjum. Ég skrifa ekki upp á að þær breytingar í íslenska skattkerfinu sem hafa verið að færa skattbyrði í stórum stíl frá hagnaði fyrirtækja, nettógróða fyrirtækjanna, yfir í bróttóskatta launamanna, séu eitthvað nútímalegar. Það er ekkert nútímalegt við það að vera að láta fólk borga tekjuskatt af launum langt undir framfærslumörkum. Þegar það kostar hátt á annað hundrað þús. kr. á mánuði að framfleyta vísitölufjölskyldunni á Íslandi, skal sú hin sama vísitölufjölskylda vera farin að borga bullandi tekjuskatt í ríkissjóð af launum langt, langt undir 100 þús. kr. Það er ekkert nútímalegt við það nema hugsun manna sé sú að nútíminn felist í því að hygla fyrirtækjunum og stóreignamönnunum, hlífa gróðanum við skatti og velta því öllu yfir á launafólk. Ef það er nútíminn í huga hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og kannski fleiri hv. þm., vil ég vera gamaldags. Þá vil ég vera gamaldags í þeim skilningi að ég vil þá standa með launamönnunum og reyna að verja þá og mjóu bökin í þjóðfélaginu fyrir þeirri aðferð hæstv. ríkisstjórnar að hengja endalaust byrðarnar á þá sömu og hlífa hinum. Það er ekki nútímalegt í þeim jákvæða skilningi sem ég vil leggja í það orð. Þar er bara allt annað á ferðinni, herra forseti.

Varðandi það að það sé alltaf sjálfgefið að aukinn gróði fyrirtækjanna komi launamönnum til góða, skili sér sjálfkrafa út í kaupið, hvað segir tímakaupið á Íslandi borið saman við tímakaup í nágrannalöndunum um það mál? Það sem ég var að benda á er að það eru fleiri farvegir fyrir gróða fyrirtækjanna en sá einn að fara í launagreiðslur. En hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði eins og það væri sjálfkrafa samhengi þar á milli. Það er bara ekki svo. Þótt ýmislegt af því sem fyrirtækin eru að gera með þennan gróða geti verið jákvætt eins og jafnvel fjárfestingar erlendis.

[11:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti góða ræðu og málefnalega. Hún er að sjálfsögðu út frá hans sjónarhorni og lífssýn rétt, en ég er ekki sammála henni. Hans greining á áhrifunum var mjög góð. Hann segir að fjárfestingar í atvinnulífinu séu að aukast og það sé afleiðing eða fyrir fram afleiðing af þessu frv. Það er hið besta mál. Þetta hljómaði sem góður söngur í mínum eyrum vegna þess að fjárfesting í atvinnulífinu þýðir aukna vinnu. Þegar fyrirtækin reisa verksmiðjur, kaupa vélar og fara í þróun er það aukin atvinna. Og aukin atvinna þýðir minna atvinnuleysi og hærri laun, meiri eftirspurn eftir fólki og það er jákvætt. Ég spyr hv. þm.: Er það virkilega slæmt?

Í öðru lagi: Söluhagnaðurinn sem allir eru að býsnast yfir var 303 millj. í fyrra og það eru sumarbústaðir, bílar og allt í þessu. Eru þetta einhver ósköp? Ég fullyrði að skattlagningin hingað til hefur bara hreinlega drepið þennan skattstofn, hann er bara ekki til. Ég er alveg sannfærður um að ef þessari hörkuskattlagningu verður aflétt mun stofninn vaxa og dafna og ríkissjóður mun hafa miklu meiri tekjur út úr þessu. Hann hefur ekki haft nema 115 millj. út úr því dæmi sem allir eru að býsnast yfir hérna. 115 millj. Ég er sannfærður um að það er að aukast. Því spyr ég hv. þm.: Er það slæmt ef tekjur ríkissjóðs aukast?

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að ég ræði um þessi mál út frá minni lífssýn og er ekkert feiminn við það. Ég skammast mín bókstaflega ekki neitt fyrir það að ræða þetta út frá mínum félagslegu sjónarmiðum og mér er alveg nákvæmlega sama hvaða merkimiða andstæðingar mínar reyna stundum að setja á mig vegna þess. Ég er því alvanur, bæði hér á þingi frá andstæðingum mínum og líka jafnvel úr mínum eigin flokki að það sé reynt að hengja á mann alls konar merkimiða. Mér er skítsama um það. Ef ég færi rök fyrir máli mínu og tel að ég hafi á réttu að standa, er það það sem mig varðar. Og það má hv. þm. Pétur Blöndal eiga að það er einmitt oft gaman að eiga orðastað við hv. þm. vegna þess að hann ræðir málin feimnislaust út frá sínum sjónarhóli. Við erum harkalega ósammála iðulega, reyndar verulega oft, ég og hv. þm., þegar kemur að þessum þáttum. En við getum rætt málin með rökum af því að við reynum báðir að nálgast þetta heiðarlega út frá okkar forsendum.

Hv. þm. spyr: Er hagnaður fyrirtækjanna ekki góður af því að hann leiðir af sér fjárfestingu, nýjar verksmiðjur og nýja vinnu? Jú, ef hann fer í það. Ef bætt afkoma í atvinnulífinu flyst sjálfkrafa eða meira og minna öll yfir í hærra kaup og ný atvinnutækifæri þá er það gott. En það er ekki það sem í raun og veru er verið að undirbyggja með þessum frumvörpum hér, því miður, vegna þess að það er verið að opna farveg fyrir hagnaðinn út úr fyrirtækjunum. Ef um væri

að ræða bætt skattalegt umhverfi fyrirtækjanna í formi t.d. frádráttar vegna nýsköpunar væri öðru til að dreifa. En svo er ekki það hér. Það er verið að búa til farveg í gegnum aukna möguleika fyrirtækjanna til svo til skattfrjálsra arðgreiðslna út úr fyrirtækjunum, út úr atvinnulífinu. Það eru skammtímaáhrif af þessum frumvörpum að hlutafé streymi nú inn í íslensk fyrirtæki. Það er vegna þess að það er verið að undirbúa framtíðina. Það er verið að undirbúa arðgreiðslustofninn sem síðan verður viðmiðun fyrir hagnaðinn út úr atvinnulífinu. Þannig má, því miður, vel færa sannfærandi rök fyrir því að þessi breyting geti haft þegar til lengri tíma er litið, öfug áhrif, að hagnaðurinn muni síðan fara út úr fyrirtækjunum í formi þessara rúmu heimilda til að borga út arð o.s.frv.

[11:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það átti alls ekki að vera hnjóð um hv. þm. þegar ég sagði að hann talaði út frá sinni lífssýn. Það átti einmitt að sýna þá virðingu sem ég ber fyrir hans skoðunum. Ég á við að hann rökstyður sitt mál út frá sínu sjónarhorni, sem er líka hárrétt.

En það sem ég fann út úr hans greiningu á vandanum var það að nú væru fyrirtækin að auka hlutafjárútboð og það gengi glimrandi vel að koma þeim út. Og hlutafjárútboð þýðir innstreymi fjár inn í fyrirtækin og auknar fjárfestingar og kaup á vélum, skipum og tækjum þýða aukna atvinnu.

Þetta frv. sem er samsuða fulltrúa allra flokka sem skrifuðu undir án fyrirvara, líka fulltrúi flokks viðkomandi hv. þm. Þetta er samsuða og hún gerir ekkert annað en það að hún hættir að mismuna eignarformum. Menn hætta því að beina fjármagninu til ríkisins frá atvinnulífinu. Það er það eina. Svo má kannski á eftir, ef vilji er fyrir hendi, fara að hygla atvinnulífinu, þ.e. að stuðla að þróun og öðru slíku. Að því gætum við hv. þm. unnið saman þegar menn eru hættir að mismuna fyrirtækjunum þannig að fjármagnið streymir frá atvinnulífinu til ríkisins.

[11:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði þurft að taka með samræmdum hætti á öllu þessu skattlagningarumhverfi. Einn meginágallinn á þessari aðferð að mínu mati er sá að það er verið að búa til tvöfalt kerfi með lágri prósentu á skattlagningu arðs, vaxta, söluhagnaðar o.s.frv. en áfram með mjög háa prósentu í tekjuskattskerfinu.

Það sem ég er að segja er í sambandi við þróunina eða áhrifin af þessu nú þegar, fyrir fram áhrifin á hlutabréfamarkaðinn, fyrir fram áhrifin í því formi að menn eru að stofna einkahlutafélög út um allan bæ og menn eru að færa upp hlutaféð í sínum litlu einkafyrirtækjum, fjölskyldufyrirtækjum og einkahlutafélögum. Það er verið að undirbúa framtíðina og það sem ég hef áhyggjur af er að þetta sé fyrst og fremst til marks um það að eigendur, ekki síst einyrkjar og eigendur minni fyrirtækja og fjölskyldufyrirtækja, sjái tækifærið í því að undirbúa þessa framtíð með því að breikka stofninn, færa upp hlutaféð eða auka hlutaféð í fyrirtækjunum og í framtíðinni verði það síðan farvegur fyrir arð út úr atvinnulífinu í formi arðgreiðslna í stað launatekna þannig að einyrkjarnir í atvinnurekstri verði eftir þetta á mjög lágum launum hjá sjálfum sér, en fái síðan mikinn arð greiddan út úr fyrirtækinu og þeirra aðstandendur, meðeigendur o.s.frv. Þetta er hættan í málinu. Það hlýtur að vera að hv. þm. átti sig á því að þessar breytingar eru í besta falli mjög tvíbentar frá því sjónarmiði séð að við viljum styrkja atvinnulífið, draga hlutafé inn í atvinnuuppbyggingu o.s.frv. Það er að gerast og mun væntanlega gerast sem skammtímaáhrif af þessum breytingum en spurningin er: Hver verða langtímaáhrifin? Ég óttast að þau geti orðið þessi og þetta komi aftan að mönnum, jafnvel grandvörum mönnum eins og hv. þm. Hann trúir því örugglega og treystir að hér sé verið að undirbúa glæsta framtíð, en hv. þm. getur átt eftir að verða illa svikinn.

[11:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er þetta mikla mál komið út úr nefnd og til umræðu í þingsal að nýju. Eins og menn minnast urðu nokkuð harðar umræður um þetta mál við 1. umr. og síðan var útvarps- og sjónvarpsumræða um annað frv. sem formenn þriggja stjórnarandstöðuflokka lögðu fram. Í þeirri umræðu gerði ég grein fyrir mínum sjónarmiðum varðandi þetta mál og ég hygg okkar kvennalistakvenna og í rauninni er það algerlega óbreytt frá því sem var. Við þá umræðu gerði ég ákveðna fyrirvara og þá fyrst og fremst varðandi það sem snýr að sveitarfélögunum. Nú hefur verið gert samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um það að sveitarfélögunum verði bætt upp það tekjutap sem þau verða fyrir, verði þessi skattur upp tekinn.

Hitt málið sem ég hef haft einna mestar áhyggjur af og sett stærsta spurningarmerkið við er einmitt það sem hefur verið gert að miklu og ítarlegu umræðuefni í þessari 2. umr. málsins og nú síðast af síðasta hv. ræðumanni og það er það sem snýr að skattlagningu arðgreiðslna. Ég ætla að koma að því síðar.

Ég get ekki látið hjá líða að rifja upp að þetta mál eins og það er vaxið kom upphaflega frá nefnd þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka áttu sæti. Við kvennalistakonur beittum þeim vinnubrögðum að okkar fulltrúi kom með jöfnu millibili á okkar fund og leyfði okkur að fylgjast með framgangi málsins. Við tókum í rauninni afstöðu á vissum stigum málsins, afstöðu til þess hvort við ættum að halda áfram í þessu starfi eftir að ljóst varð hvaða stefnu það tæki. Okkar niðurstaða varð sú að við vildum halda áfram, við vildum reyna að hafa áhrif á þetta starf og settum það sem meginreglu að það væri mikilvægara að fjármagnstekjuskattinum yrði komið á heldur en það hvort útfærslan væri nákvæmlega eins og við vildum sjá hana. Ég get rifjað það upp aftur að samkvæmt stefnuskrá Kvennalistans hafa okkar hugmyndir um fjármagnstekjuskatt verið meira í ætt við að það ætti að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur, hvað sem það nú þýðir í raun og veru. Menn verða að hafa í huga að þegar tekinn er upp nýr skattur, þá hefur hann mikil áhrif. Maður getur rétt ímyndað sér hvaða áhrif það hefði ef allt í einu væri tekin upp 42% skattprósenta á allar fjármagnstekjur. Það hefði auðvitað gífurleg áhrif á allan fjármagnsmarkaðinn og atvinnulífið og það gefur auga leið að slíkt er óskynsamlegt. Það mundi eflaust leiða til fjármagnsflótta. Þetta er skattur af því tagi sem á að koma á í áföngum. Ég lít svo á að með því að fara þá leið sem hér er verið að leggja til, þ.e. að koma á 10% flötum skatti og samræma þar með skattlagningu á allar fjármagnstekjur, gefist tækifæri til þess síðar meir að endurbæta hann og koma hugsanlega þaki á vissar greiðslur sem ekki skila miklum tekjum. Mín niðurstaða er því sú að standa við fyrri afstöðu þótt á þessu máli séu nokkrir gallar.

Eins og ég tók fram við 1. umr. er mikil hætta á því, ef þetta mál verður hér í miklu uppnámi, að þessum skatti verði einfaldlega ekki komið á. Við vitum vel að það eru ýmis öfl í samfélaginu sem vilja ekki sjá þennan skatt þótt hann sé með þessu móti.

Ég get ekki látið hjá líða að fara aðeins ofan í einstök atriði til þess að svara ýmsum þeim röksemdum sem hafa komið fram við þessa umræðu og hafa svo sem komið fram áður. Það er það sem snýr að þeim fullyrðingum að það sé verið að skattleggja eyri ekkjunnar og jafnframt að það sé verið að færa stórkostlegt fé til hinna ríku og að menn muni taka fé út úr fyrirtækjum og færa guð má vita hvert. Og ég spyr: Hvert halda menn eiginlega að þessir peningar fari? Menn verða að horfa á staðreyndir málsins. Menn verða að horfa á þær upplýsingar sem fyrir liggja um arðgreiðslur, um söluhagnað, um leigutekjur og annað það sem við erum að ræða og átta sig á því að þarna er ekki um neinar gífurlegar upphæðir að ræða.

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar námu arðgreiðslur rúmlega 800 millj. kr. á árinu 1994. Þær ná ekki einu sinni einum milljarði og af þeirri fjárhæð voru 160 millj. kr. greiddar í tekjuskatt. Með þessum 10% skatti mundi þessi upphæð fara niður í 80 millj. kr. Þetta eru sem sagt engar gífurlegar upphæðir sem þarna er verið að tala um. Og til þess að menn geti farið að greiða út einhvern gífurlegan arð og taka peninga út úr fyrirtækjum þurfa að vera þar mjög miklir peningar fyrir. Það gilda ákveðnar reglur um arðgreiðslur og hvað megi greiða út í arð. Menn verða að leggja fram hlutafé ef þeir ætla að breyta sínum fyrirtækjum í einkahlutafélög eins og hefur verið fullyrt að verði gert í stórum stíl og þessi hlutafélög og fyrirtæki greiða eftir sem áður tekjuskatta. Samkvæmt lögum má einungis greiða út arð sem nemur 10% af nafnvirði hlutafjár. Þetta eru þær reglur, þetta eru þau lög sem gilda þannig að mönnum eru takmörk sett. Þess vegna eru þessar fullyrðingar um gífurlegan tilflutning á fjármagni út í hött. (**Gripið fram í:** Þetta eru Münchhausen-sögur.) Münchhausen-sögur, já.

Ég spyr aftur: Hvað halda menn að menn geri við þennan arð? Stingi honum bara í vasann eða flytji hann úr landi? Auðvitað verða þessir peningar fyrst og fremst notaðir til þess að fjárfesta, hugsanlega í öðrum fyrirtækjum, hugsanlega í öðrum formum, hlutabréfum, ríkisskuldabréfum eða einhverju slíku. Og við skulum ekki gleyma því að það var megintilgangur þessara tillagna. Það var ekki aðeins að koma á samræmdum skatti heldur einnig að reyna að örva fjárfestingu í atvinnulífinu. Það var einn megintilgangurinn og þetta var allt saman ljóst í þessu nefndarstarfi. Áhrifin á sveitarfélögin, hvað það þýddi að lækka skatta á arði og fleira slíku. Þetta er meðvitað gert til þess að örva fjárfestingu í atvinnulífinu.

Ef það kemur í ljós að menn haga sér ekki þannig, fara að flytja fjármagn úr landi eða bara læsa inni í peningaskáp heima hjá sér, verður að reyna með einhverjum hætti að taka á því. En þetta eru ýkjusögur, eins og hv. þm. kallaði fram í, menn eru að gera allt of mikið úr þessu efni. Og hvað það varðar að skattleggja eyri ekkjunnar og að verið sé að skattleggja sparifé almennings, er auðvitað verið að því. En það var valin þessi lága prósenta til þess einmitt að þessi skattur væri ekki íþyngjandi og þær tillögur sem stjórnarandstöðuformennirnir þrír lögðu fram þýddu meiri skattlagningu á meðalsparifé. Þar var ákveðið þak eða ákveðið frítekjumark en ég tók einmitt dæmi um að meðaleigandi sparifjár, flestir þeirra eru eldra fólk og þá líka ekkjur, sem á milljón í banka og fær 7,5% vexti borgar 7.500 kr. í fjármagnstekjuskatt og á eftir 67.500 kr. af þessum vöxtum. Þessi sama ekkja hefði borgað 9 þús. kr. í vaxtaskatt samkvæmt tillögum formannanna þriggja.

Það er auðvitað ástæða til að spyrja að því hvort það eigi að vera að skattleggja allar vaxtatekjur. En við getum spurt á móti: Af hverju ekki? Ef við á annað borð segjum: Þetta eru tekjur sem á að greiða skatta af eins og hverjar aðrar tekjur, hvers vegna á þá ekki að skattleggja allt? Í rauninni er þetta svo lág prósenta að það er ekki með nokkru móti hægt að segja að hér sé um íþyngjandi skatt að ræða. Við erum að tala um að fólk á þarna nokkra eign í banka.

Niðurstaða nefndarinnar varð til á þeirri forsendu að þetta kerfi er miklu, miklu einfaldara í framkvæmd. Það býður ekki upp á nándar nærri eins mikil undanskot og það er hægt að viðhalda bankaleynd áfram, sem er afar viðkvæmt atriði í allri þessari umræðu. Það varð einfaldlega niðurstaðan að þetta væri betri leið en sú sem formennirnir þrír lögðu til. Hún var reyndar rædd ítarlega í nefndinni, en hún er stórgölluð. Eins og ég nefndi áðan hefði hún hugsanlega miklu meiri afleiðingar á allan fjármagnsmarkað en þessi tillaga hér.

Varðandi söluhagnað kemur fram í skýrslu nefndarinnar að skattskyldur söluhagnaður nam rúmlega 300 millj. kr. á árinu 1994 og af þeirri fjárhæð voru greiddar nálægt 115 millj. kr. í tekjuskatt. Sá skattur færi væntanlega niður í 30 millj. ef menn horfa beint á málið, en meiri hluti nefndarinnar leggur til að þarna verði sett þak. Þegar ég spurði hvers vegna ekki hefði verið sett þak á arðgreiðslurnar kom reyndar fram í máli hv. formanns efh.- og viðskn., Vilhjálms Egilssonar, að þar með yrði um svo mikla skattlagningu að ræða. Ég þarf að átta mig betur á þessu atriði, ekki síst í ljósi þess að minni hlutinn tók upp þessa tilögu sem komin var upphaflega frá fjmrn. Ég vil skora á meiri hluta efh.- og viðskn. að skýra þetta mál betur fyrir okkur. Því miður gafst mér ekki tækifæri til að fylgjast með starfi efh.- og viðskn. þó að ég eigi að heita áheyrnarfulltrúi í þeirri nefnd vegna þess að fundirnir rákust nánast alltaf á fundi félmn. sem mér bar að sjálfsögðu skylda til þess að sitja. Ég þarf því að átta mig betur á því hver munurinn er á þessu tvennu, en þær skýringar sem ég hef fengið hingað til eru þær að söluhagnaður kemur oft í stórum upphæðum skyndilega. Menn selja einhverja eign, en arður er greiddur út jafnaðarlega. Ég átta mig ekki alveg á þessu. En hins vegar setja gildandi lög miklar skorður við greiðslu á arði. Dæmið sem er t.d. tekið í áliti minni hluta efh.- og viðskn. um slíka arðgreiðslu er dæmi um arðgreiðslu upp á 50 millj. Ef 30 eigendur, eins og segir hér, hefðu átt í þessu félagi þyrftu þeir samkvæmt núgildandi skattalögum að greiða 19,3 millj. kr. í skatt.

Þetta eina dæmi sem þeir taka hér er hvorki meira né minna en — ja, hvað? 10%? Ég er ekki góð í reikningi á þessum morgni. Það skiptir ekki öllu máli, en þetta eina dæmi sem þeir taka er í raun og veru svo stórt miðað við það hvað arðgreiðslur eru litlar. Auðvitað geta menn búið til hvaða dæmi sem er. Hér er minni hlutinn að rökstyðja það að þarna yrði veruleg skattalækkun og það liggur alveg fyrir að hún verður. Það er inntak þessara tillagna. Það verður skattalækkun á þessum ákveðnu fjármagnstekjum, arðgreiðslum, söluhagnaði, leigutekjum og fleiru.

Það er kannski óþarfi, hæstv. forseti, að vera að eyða mjög mörgum orðum í þetta. Ég hefði viljað beina þeirri

spurningu til meiri hluta efh.- og viðskn. hvað felst í því sem fram kemur í nefndaráliti þeirra þar sem segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar minnir á yfirlýsingu ráðherra um að þeim tekjuauka, sem fellur til við samþykkt frv., skuli ráðstafa til lækkunar á öðrum sköttum."

Það væri fróðlegt að fá skýringar á því hvað þarna er verið að ræða. Er þarna fyrst og fremst verið að tala um eignarskatta eins og var rætt í nefndinni á sínum tíma eða er hugsanlegt að þessum fjármunum yrði varið t.d. til lækkunar á tekjuskatti almennings? Þar get ég að sjálfsögðu tekið undir það sem fram kom í máli hv. þm., Steingríms J. Sigfússonar, að almenn skattlagning á launafólki og þær lágu tekjur sem hér er verið að skattleggja er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Það er hægt að taka undir að það þarf að skoða skattkerfið í heild, jaðarskattana og hvernig þetta virkar allt saman og hvað við erum komin út í miklar öfgar í þessum efnum.

Ég vil einnig minna á, hæstv. forseti, að í ræðu minni í gærkvöldi var ég að vitna til þessa bandaríska hagfræðings sem ég er svo óskaplega hrifin af þessa stundina. Mér þykir merkilegt það sem hann hefur fram að færa. Hann vekur athygli á breytingum sem orðið hafa í heiminum á undanförnum 10–15 árum, en eitt af því sem hann bendir á sem leið til þess að bæta stöðu almenns launafólks — nú lendir maður í svolitlum þýðingarvanda því að enska orðið workers nær auðvitað yfir vinnandi fólk en hefur samt mjög ákveðna merkingu á ensku — en hann bendir sem sagt á að ein leiðin til þess að bæta stöðu vinnandi fólks og þar með að draga úr öllum þeim félagslegum vandamálum sem hann hefur gríðarlegar áhyggjur af eins og fleiri er einmitt sú að bæta stöðu fyrirtækjanna þannig að þau geti hækkað laun, að þau geti fjárfest meira þannig að þau geti skapað störf. Vissulega hefur núv. ríkisstjórn og þá reyndar aðallega hin síðasta tekið allstór skref í þeim efnum með lækkun skatta á fyrirtækin og við höfum séð á undanförnum árum að staða fyrirtækjanna í landinu hefur batnað verulega. Þau hafa verið í mikilli tiltekt innan dyra og mörg fyrirtæki, sérstaklega þau stóru, hafa skilað gífurlegum hagnaði núna á síðasta ári t.d., án þess þó að það hafi orðið til þess að skapa ný störf innan þeirra dyra. En þau hafa líka verið að fjárfesta. Þau hafa verið að fjárfesta i öðrum fyrirtækjum og að byggja upp og má þar nefna t.d. ferðaþjónustu, samgöngur og ýmislegt. Auðvitað skiptir þetta máli. En hvar liggja hin réttu hlutföll á milli skattlagningar einstaklinga og skattlagningar fyrirtækja? Um það er auðvitað ákaflega erfitt að dæma. Og hvaða áhrif hefur einstök skattlagning?

Í Bandaríkjunum hefur átt sér stað mikil umræða um skattkerfið þar sem menn eru einmitt að ræða hugmyndir eins og þær að leggja niður tekjuskatt. Ég man eftir því að ég átti einhvern tíma umræðu um þetta mál við hv. þm. Svavar Gestsson. Ég hef stundum verið að velta því fyrir mér hvað tekjuskatturinn er í rauninni óréttlátur og kannski ekki síst vegna þess hvað menn eru að skattleggja lágar tekjur. En ég man að hv. þm. sagði að þetta er þó eitt af þessum tækjum sem við höfum til þess að reyna að jafna byrðarnar í þjóðfélaginu. En það er svo að þetta er hlutfallsskattur og hér hafa menn ekki verið viljugir til þess að taka upp skattþrep að öðru leyti en hvað lýtur að svokölluðum hátekjuskatti sem er afskaplega aumlegur skattur. Í Bandaríkjunum eru menn komnir inn á þær brautir að leggja til að tekjuskattur verði lagður niður og menn taki fyrst og fremst upp virðisaukaskatt og lúxusskatta. Menn sem sagt skattleggi neysluna. Þá geta menn aftur spurt sig: Er það eitthvað réttlátara? Þannig að það er í raun og veru sama á hvaða skatt við lítum. Það er ákaflega erfitt að finna hið fullkomna og endanlega jafnrétti í þeim málum.

Ég veit ekki hvort það er ástæða til þess að fara ítarlegar ofan í önnur atriði þessa máls. Í raun og veru hefur það legið algerlega fyrir frá upphafi hver hugsunin var. Það voru einstök atriði sem þurfti að kanna nánar. Til dæmis lagði nefndin til að forseti Íslands yrði ekki undanþeginn, en þeir í fjmrn. ákváðu að undanþiggja forseta Íslands. Þessu atriði sem snýr að góðgerðarfélögunum var beint sérstaklega til fjmrn. og menn komust að þeirri niðurstöðu að það væri afar erfitt að vera með undanþágur. En hér er lagt til í brtt. að það verði ákeðnar undanþágur sem snúa að líknarfélögum og slíkum félögum þótt vaxtatekjur þeirra verði eftir sem áður skattlagðar.

Mér fyndist koma mjög vel til greina að fjmrh. hefði einfaldlega heimild til þess að taka á slíkum málum. Ég get tekið undir að það er afar sérkennilegt að vera að skattleggja Rauða krossinn og ýmsar slíkar stofnanir og það er erfitt að sjá að það væri þvílík skriffinnska eða mikið mál að veita þessum aðilum undanþágu. Ég hygg að þarna sé ekki um það mikið fé að ræða og þetta er auðvitað hægt að gera eftir á. Það má endurgreiða slíkan skatt því að í framkvæmdinni er afar erfitt að vera með einhverjar undanþágur. Það kostar bankana að fara yfir lista og skoða nákvæmlega hverjir eru með undanþágu. Það er erfitt að taka á því eftir á og ég hefði kosið að menn skoðuðu þetta mál nánar. En kannski gæti hv. þm. Pétur Blöndal upplýst okkur um það hvaða umræður áttu sér stað í nefndinni um þetta mál. Hv. formaður efh.- og viðskn. þurfti að bregða sér frá og ég gaf honum leyfi til þess, krafðist þess ekki að hann væri við umræðuna. En hér situr hv. þm. Pétur Blöndal sem var í nefndinni og hefur fylgt þessu máli eftir og ég beini því til hans að hann upplýsi okkur um það hvaða umræður urðu um þessi mál. Kemur ekki til greina að hæstv. fjmrh. hafi einfaldlega heimild til þess að veita slíkar undanþágur eftir á?

Hæstv. forseti. Ég er kannski búin að segja það nokkrum sinnum en það koma alltaf upp ný og ný atriði sem þarf að minnast á. En varðandi það atriði að verið sé að færa fjármagn frá hinum fátæku til hinna ríku vil ég benda á þá staðreynd að það eru fyrst og fremst hinir efnameiri í samfélaginu sem munu borga fjármagnstekjuskatt og hafa fjármagnstekjur. Þetta var kannað rækilega. Að vísu bætast þar við almennir sparifjáreigendur, en eins og ég rakti í máli mínu er þessi skattur einfaldlega það lágur að það er erfitt að sjá að hann geti verið íþyngjandi. Af einni milljón mundu menn borga um 7–8 þús. kr. í þennan skatt eftir hver vaxtaprósentan er. Niðurstaða mín er því sú, hæstv. forseti, að þetta mál er vissulega gallað. En það var niðurstaða okkar kvennalistakvenna í umræðum um þetta mál að það væri svo mikilvægt að koma þessum skatti á að við gætum búið við gallana og reynt að taka á þeim eftir því sem þeir kunna að koma upp við framkvæmd málsins.

Ég ítreka aftur að ég áskil mér rétt til að skoða þá brtt. sem liggur fyrir frá minni hlutanum og minni á bókun fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Þar lögð þeir í raun og veru blessun sína yfir þessar tillögur. Þeir áskilja sér rétt fyrir hönd sinna þingflokka til að styðja þær brtt. sem til bóta geta talist, en sættast á og styðja niðurstöður nefndarálitsins að þeim frágengnum, eins og þar sagði á sínum tíma. Það hefur því alltaf legið fyrir að við mundum hugsanlega flytja

breytingartillögur og styðja breytingartillögur, en eins og ég sagði áðan þarf ég að átta mig betur á því hvað þessi tillaga minni hlutans þýðir varðandi þak á arðgreiðslur og hvort það er rétt sem kom fram áðan að það þýddi í rauninni margfalda skattlagningu og nánast eignaupptöku, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi. En ég ítreka enn og aftur að það náðist samkomulag á sínum tíma um þetta mál með málamiðlun þar sem allir teygðu sig til hins ýtrasta. Hér er verið að koma á fjármagnstekjuskatti. Hér er verið að koma á samræmdri skattlagningu og það er mikilvægt að koma þessum skatti á. Það verður svo síðar meir að bæta úr göllunum, ef þeir reynast verulegir.

[11:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um samræmda skattlagningu á fjármagnstekjur. Frv. kemur frá nefnd sem skipuð var fulltrúum allra sex þingflokkanna sem og tveimur fulltrúum frá Vinnuveitendasambandinu og ASÍ og einum fulltrúa fjmrh. Þessi nefnd komst að niðurstöðu og allir skrifuðu undir án fyrirvara. Þessir aðilar og þeirra þingflokkar væntanlega standa því að þessu frv.

Ríkisstjórnin breytti þessum frumvörpum mjög óverulega. Ég held að einasta breytingin hafi verið skattfrelsi forseta Íslands. Að öðru leyti er það ekki frv. ríkisstjórnarinnar heldur frv. nefndarinnar.

Meiri hlutinn í efh.- og viðskn. hefur skilað nefndaráliti og þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar minnir á yfirlýsingu ráðherra um að þeim tekjuauka, sem fellur til við samþykkt frv., skuli ráðstafa til lækkunar á öðrum sköttum."

Hlýtur þá lækkun eignarskatts að koma sérstaklega til greina, enda er slíkt í samræmi við tilgang frv. um samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur. Þetta svarar síðasta ræðumanni, hv. þm., varðandi það hvað eigi að hafa sérstaklega í huga við þessa lækkun á sköttum almennt og vilja meiri hlutans í því efni.

Þetta frv. er málamiðlun. Það er ekki gott og ég held að það sé enginn fullkomlega sáttur við það. Ég hefði haft þetta allt öðruvísi ef ég hefði samið það einn. Ég hafði t.d. tekið inn í þetta verðbótaþátt vaxta, ég hefði tekið inn í þetta vaxtagjöld einstaklinga og ég hefði hugsanlega tekið inn í þetta frítekjumark. Ég hefði hugsanlega haft prósentuna hærri vegna þess að það væri verið að skattleggja raunvexti. En það var talið of flókið, ekki síst af fulltrúa Kvennalistans, Kristínu Ástgeirsdóttur. (**Gripið fram í:** Einarsdóttir.) Kristín Einarsdóttir, já. Hún vann mjög vel og málefnalega í nefndinni og að öðrum ólöstuðum mat ég hennar tillögur mikils því að hún horfði mikið á kostnaðinn af upptöku kerfisins. Hún benti á að þetta yrði feiknalega dýrt ef 180 þúsund Íslendingar ættu að fara að stunda verðbólgureikningsskil og ég féllst á það á þeim tíma. Síðan hefur reyndar komið í ljós einfaldari lausn á þeim vanda, en sú tillaga lá ekki fyrir á þeim tíma.

Það var rætt í nefndinni um frítekjumark og það var talið að það væri ekki hægt að hafa frítekjumark vegna hugsanlegrar misnotkunar. Ef menn ætla ekki að aflétta bankaleyndinni liggur ekki fyrir hver á hvaða bankabók. Og ef bankarnir eiga að veita frítekjumark mundi það leiða til þess að menn hefðu bækurnar á nöfnum barna sinna eða annarra ættingja. Varðandi endurgreiðslu mundu menn hreinlega segja að börn, vinir og ættingjar ættu hluta af þessum eignum. Menn gætu í rauninni sagt: Ég átti bankabók þarna og á að fá 8 þús. kr. endurgreiddar. Það var því talin mikil hætta á misnotkun ef haft yrði frítekjumark í þessu og þetta er skýringin á því.

Sama skýring var fólgin í því að hafa engar undanþágur vegna þess að þá yrði framkvæmdin mjög snurðulaus og bankaeftirlitið gæti fylgst með því hjá bönkunum að það yrði tekið 10% af öllum reikningum. Það liggur fyrir hvað bankarnir borga í vexti og þá liggur jafnframt fyrir hvað eigandinn á að borga í skatt samtals, mjög einfalt. 10% af öllum vaxtagreiðslum bankanna fær skattkerfið millifært þannig að þetta er talið mjög einfalt kerfi. Allar undanþágur mundu rugla það.

Fyrirtæki sem í dag borga 33% skatta af vöxtum ef þeir falla inn í hagnaðinn verða þá að sýna fram á það að þau hafi fengið þessa vexti eins og þau gera reyndar í dag. Og það er endurskoðun á þeim reikningsskilum eins og þekkt er.

Það var rætt nokkuð mikið í nefndinni um félagasamtök og sveitarfélög. Ég benti á að ég vorkenndi sveitarfélögum, stéttarfélögum og öðrum slíkum ekkert að borga skatt af innstæðum sem þau eiga, af vaxtatekjum sem þau fá, umfram gamalt fólk sem búið er að spara alla tíð og ætlar sér að lifa á vöxtunum í ellinni. Ég vorkenni gamla fólkinu frekar en sveitarfélögunum og stéttarfélögunum og öðrum aðilum sem hafa tekjur til þess að borga skattinn annars staðar frá.

Ég vil að það komi skýrt fram vegna þess að menn eru stöðugt að tala um að það eigi að skattleggja tekjur af fjármagni eins og aðrar tekjur að það er reginmunur þar á.

Í fyrsta lagi ef við lítum á vextina. Stór hluti af vöxtum í landinu er verðbótaþáttur. Það er uppbót á því að fjármagnið rýrnar á hverju einasta ári, innstæðurnar rýrna. Þótt verðbólgan sé lítil, rýrna þær samt um 2% á ári. Fólk sem er með 2% vexti í 2% verðbólgu hefur engar tekjur, að sjálfsögðu ekki. Og varla heldur á meðan vextir í bankakerfinu eru eitthvað um 5% nafnvextir. Við erum því ekki að tala um raunverulegar tekjur. Nærri því helmingurinn af þessum 5% er vegna verðrýrnunar fjármagnsins og það þýðir að vaxtatekjur eru ekki tekjur, ekki eins og launatekjur þar sem menn fá greidda peninga og ekkert rýrnar, engin eign rýrnar neins staðar. Þetta er reginmunur og menn þurfa að átta sig á þessu áður en þeir fara að tala um að hafa sömu prósentu á fjármagnstekjur og á aðrar tekjur.

Þá skulum við líta á leigu. Leiga er þess eðlis að þar koma peningar inn og eignin hækkar í verði og þá getur einhver sagt: „Þarna er enginn verðbótaþáttur." Það er hárrétt, en það er áhætta. Það er heilmikil áhætta af því að leigja. Og hv. þingmenn þekkja hugsanlega einhverja borgara þessa lands sem hafa leigt út frá sér og upplifað það að eignin er í rúst þegar leigjandinn flytur út. Það er allt skemmt og eyðilagt og leigan ekki greidd þannig að það er töluverð áhætta fólgin í því að leigja út húsnæði og heilmikið erfiði og vesen. Og svo er kostnaður, skattar. Hv. þingmenn voru nýverið að leggja á heilmikinn skatt og ég vil sérstaklega beina þeim orðum til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem sagði að ríkisstjórnin legði bara skatta á laun og verðlag. Ég held að eini skatturinn sem lagður hefur verið á sem þingmenn samþykktu fyrir nokkrum dögum er 400 millj. kr. skattur á fasteignir. Hann fór létt í gegn út af snjóflóðunum. Þetta er eini skatturinn sem þingmenn hafa samþykkt, eina skattahækkunin og hann er ekki á launatekjur og hann er ekki á virðisaukaskatt eða verðlag. Hann er á fasteignir, eignir sem sagt.

Það er sem sagt alls konar kostnaður í leigunni sem menn eru að borga. Það er skattur, holræsagjald og alls konar sem

húseigendur verða að greiða. Þess vegna er leiga sem kemur í vasann hjá húseigendunum ekki tekjur, að sjálfsögðu ekki.

Arðurinn. Þar er náttúrlega enginn kostnaður og þar geri ég ráð fyrir að hlutaféð hækki eins og heimilt er og líka samkvæmt reglum um útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þá kann einhver að segja: „Þarna er hvorki verðbótaþáttur né kostnaður. Fínt. Þetta á að skattleggjast sem laun." En þá skyldi maður hafa í huga allt það hlutafé sem hefur tapast. Hér hafa orðið gjaldþrot og gjaldþrot og gjaldþrot og hluthafar hafa tapað og tapað og tapað. (**Gripið fram í:** Bara alltaf að tapa.) Ég hygg að ef tekin yrði staða síðustu 10–20 ára í öllum hlutabréfum landsins þá hafi enginn arður verið greiddur út ef við tökum allt sem tapast hefur í fiskeldi, í loðdýrarækt, í sjávarútvegi og í hugbúnaði. Ég geri ráð fyrir því að meðalarðurinn sem greiddur hefur verið út hafi verið núll. Þegar einhver er að fá greiddan út 10% arð, þá má ekki gleyma áhættunni sem liggur að baki. Hann kynni að hafa fengið ekki neitt. Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon getur bent mér á fyrirtæki sem er svo gulltryggt að það getur ekki farið á hausinn, þá skal ég kaupa með honum í því. En það fyrirtæki er ekki til. Ef það væri til mundu allir kaupa. Það er alltaf áhætta. Það er alltaf hætta á því að fyrirtæki fari á hausinn og þess vegna er bundin mjög mikil áhætta í arðinum. Þegar hann loksins er greiddur út, þá hafa sumir aðrir tapað stórfelldum fjárhæðum í þeirri von að fá arð (Gripið fram í.) þannig að það er áhætta í þessu og þess vegna er arðurinn alls ekki tekjur í sama skilningi og laun.

Söluhagnaður hlutabréfa sem menn hafa verið að býsnast yfir og er alveg með ólíkindum því hann gefur ríkissjóði nánast engar tekjur af því að það er búið að skattleggja hann í núll. Þar er nú aldeilis áhættan. Mér þætti gaman að sjá hv. þingmenn leika sér á verðbréfamarkaðinum eins og kom fram í umræðum í gær, leika sér á verðbréfamarkaðinum og fá 5 millj. á ári í söluhagnað. Mér þætti gaman að sjá það. Ég hef ekki séð neinn mann gera þetta án þess að taka áhættu á að tapa 5 millj. líka. 1993 og 1994 lækkaði hlutabréfaverðið og lækkaði og lækkaði og menn töpuðu og töpuðu og töpuðu. Það var enginn að leika sér að því með 100% öryggi að fá 5 millj. á ári í hagnað. Það er bara út í hött. Þetta sýnir bara að menn eru ekkert í tengslum við raunveruleikann. Þeir vita ekki hvað þeir eru að tala um. Allar fjármagnstekjur eru með innbyggðri áhættu eða verðbótaþætti eða kostnaði. Þetta er ekkert sambærilegt við laun, ekki t.d. við laun þingmanna sem koma með reikninginn í hverjum einasta mánuði gulltryggðan, af því ég er nú í þannig starfi. Sumir eru í þannig starfi að þeir taka meiri áhættu. Þeir vinna við fyrirtæki sem fara á hausinn og vildu kannski gjarnan sjá að það væri búið betur að þeim hluthöfum sem ættu fyrirtækið þannig að hlutafé kæmi inn í fyrirtækin og þau færu ekki á hausinn og væru ekki endilega ofurseld lánum eins og þau eru í dag.

Svo er einn munur á vöxtum og venjulegum launum. Ef ég þarf að borga eitthvað eða ætla mér að kaupa eitthvað þá fer ég og eyk mína vinnu. Ég vinn einhvers staðar. Ég færi hugsanlega að skúra eða gera eitthvað slíkt. En að ég fari að spara eða kaupa hlutabréf til þess að nota arðinn til þess að kaupa þennan hlut fyrir, það er alveg út í hött. Þetta er nefnilega munurinn. Arðurinn kemur löngu eftir að menn eru búnir að spara. Það fer enginn að spara bara til að nota arðinn til að kaupa eitthvað ákveðið, ekki til þess að nota arðinn heldur væntanlega sparnaðinn líka þannig að það er mjög mikill reginmunur á fjármagnstekjum og venjulegum launatekjum. Þetta þurfa menn að hafa á hreinu þegar þeir eru að leggja til að þetta sé skattlagt allt eins. Og þetta er ástæðan fyrir því að valin var skattprósentan 10% en ekki einhver önnur.

Hv. efh.- og viðskn. fékk mikið af mjög góðum umsögnum og þær skiptust eiginlega í fernt. Það voru sveitarfélögin sem kvörtuðu náttúrlega, þau gera það alltaf og þau eiga mjög sterka fulltrúa á þingi. Ég hygg að nánast annar hver hv. þm. sé uppsprottinn frá sveitarstjórnum þannig að hagsmuna þeirra er mjög gætt. Þau kvörtuðu undan því að fá ekki hlutdeild í þessum auknu tekjum ríkissjóðs og einnig undan því að þurfa að borga skatta á vexti. Ég man ekki til þess að þau hafi verið kvartað undan því þegar vextirnir lækkuðu. Þeir voru lækkaðir úr 7% niður í 5%. Þá kvörtuðu þau ekki. Þó var tekjutapið miklu meira.

Síðan voru það bankarnir sem óttast það að sjálfsögðu að hætt verði að stýra peningunum inn í bankana eins og gert er nú. Sparisjóðsinnstæður eru eignarskattsfrjálsar, það er að segja fyrir menn sem eiga eitthvert fé umleikis. Þeir eiga að leggja það í banka því að þá borga þeir ekki eignarskatt. Þannig hefur fjármagninu verið stýrt í dag til bankanna og það er eðlilegt að bankarnir séu á móti því að breyta þessu. Það er mjög eðlileg afstaða þeirra að vera á móti þessu.

Síðan komu félagasamtök sem bentu á það og með réttu að nefndinni hafði láðst að hugsa til þess að það koma mjög miklar leigutekjur til þessara samtaka og ég hygg að Öryrkjabandalagið sé einn stærsti húseigandi í landinu sem leigir út húsnæði. Að sjálfsögðu eins og alltaf, vann efh.- og viðskn. þetta málefnalega og lagaði þetta þannig að frv. batnaði frá hendi fulltrúa þingflokkanna eins og það kom þaðan því þetta frv. er samið af fulltrúum þingflokkanna og ASÍ og Vinnuveitendasambandinu og engum öðrum. Ég undirstrika það. Þetta er ekki stjfrv. Stjórnin hefur ekki samþykkt þetta. (Gripið fram í.) Ég meina að hún hefur ekki samið þetta. Hún hefur samþykkt það en hún hefur ekki samið það.

Svo komu umsagnir frá atvinnurekendasamtökunum og þær voru velflestar og eiginlega allar mjög jákvæðar vegna þess að menn sjá í þessu ákveðna samræmingu, enda heitir þetta samræmd skattlagning fjármagnstekna þannig að hætt verði að stýra fjármagni frá fyrirtækjunum, frá atvinnulífinu, til ríkissjóðs og til bankanna þar sem fyrirtækin geta náðarsamlega fengið þessa peninga að láni í staðinn fyrir að hafa þá sem áhættufé. Þetta voru umsagnirnar.

Þær breytingar sem hv. efh.- og viðskn. gerði á frv. eru í meginatriðum eiginlega eingöngu þær að setja mörk á söluhagnað. Það var að kröfu nokkurra aðila sem sáu yfir því kannski ofsjónum yfir því að einhver færi að hagnast einhver lifandis býsn á sölu hlutabréfa. (**SJS:** Hverjir voru þessir nokkru aðilar? Er það Framsfl.?) Ég gef það ekkert upp. En ég vil benda á dæmi á bls. 5 í nefndaráliti minni hlutans neðarlega, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig er hægt að sýna fram á einfalt dæmi um 800 millj. kr. söluhagnað eigenda sem seldu hlutabréf í fyrirtæki sínu. Í núverandi kerfi mundu þeir greiða u.þ.b. 330 millj. kr. í skatt."

Þvílík fjarstæða, hvað menn eru komnir langt frá raunveruleikanum. Allur söluhagnaður á síðasta ári var 303 millj. og hér eru menn að tala um 800 millj. Þvílík fjarstæða. Menn eru bara einhvern veginn úr tengslum við raunveruleikann. Það voru engar 800 millj. Hér er talað um eitt fyrirtæki sem er selt með 800 millj. kr. hagnaði. Minni hlutinn er í rauninni að segja að skattlagningin hafi drepið þennan skattstofn. Það getur vel verið að nú verði seldar þessar 800 millj. og það

yrði gott mál því ríkissjóður fengi þá 80 millj. Nú fær hann ekki neitt. Og heildarskattlagningin í fyrra, 1994, var 115 millj. þannig að ef þetta eina fyrirtæki yrði selt, þá fengi ríkissjóður 80 millj. Og svo öll hin fyrirtækin að sjálfsögðu þannig að það sem minni hlutinn er að segja er að tekjur ríkissjóðs muni hækka við þetta. Ég spyr: Er það slæmt að tekjur ríkssjóðs hækki?

Það gerist nefnilega mjög oft að of mikil skattlagning getur drepið skattstofninn og ég hef grun um að á mörgum sviðum, sérstaklega í tekjuskatti á laun og í virðisaukaskattinum, séum við komin yfir mörkin í þessari frægu Leffer-kúrfu þannig að sérhver hækkun á virðisaukaskatti mundi þýða lægri tekjur ríkissjóðs. Og sérhver hækkun á tekjuskatti mundi þýða lægri tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti. (**SJS:** Lækka bara alla skatta.) Það er nefnilega spurning hvort við ættum ekki að gera tilraun með það, hv. þm., að lækka virðisaukaskattinn og sjá hvort tekjur ríkissjóðs aukist ekki.

Meginhugsun í þessu frv. er eftirfarandi. Þessi litla þjóð, við Íslendingar, erum með einar sex tegundir af skattlagningu á fjármagnstekjur. Þetta er alveg með ólíkindum. Við erum með þrjár tegundir af álagningu eignarskatta og þá er ég að tala um stofnana. Sumir stofnar eru eignarskattsfrjálsir, algerlega án tillits til skulda og þá á ég við ríkisverðbréfin, þ.e. spariskírteini og húsbréf. Aðrir stofnar eru eignarskattsfrjálsir umfram skuldir og þá á ég við bankainnstæður og svo er allt hitt dótið eignarskattsskylt. Þetta er stýring náttúrlega. Þetta er ein tegund af skattkerfinu. Svo erum við með sérstakt skattkerfi fyrir húsaleigu, sérstakt skattkerfi fyrir arð, sérstakt skattkerfi fyrir vexti sem eru skattfrjálsir og sérstakt skattkerfi fyrir söluhagnað og sérstakt skattkerfi fyrir íbúðarhúsnæði. Og ef einhver hv. þm. getur sagt mér allar þessar reglur og kann þær, þá gef ég honum rós í hnappagatið því ég efast um að nokkur hv. þm. skilji þessar reglur til hlítar. Ekki geri ég það nema lesa mér til.

Við erum með ótölulegan fjölda af reglum. Við getum hugsað okkur gamlan mann sem er að leigja út eitt herbergi. Þar er sérstök skattlagningarregla. 80% af leigunni eru frádráttarbær upp að 25 þús. kr. Svo á hann hlutabréf. Þá er ein sérstök regla. Hlutabréfin eru skattfrjáls ef þau eru undir 10% af nafnverði og undir 131 þús. kr. Svo fær gamli karlinn vexti og þá er það skattfrjálst. Svo hefur hann söluhagnað af hlutabréfum, þá er það skattað að fullu. Þetta er allt hjá sömu persónunni. Þessu ætla menn að viðhalda, þ.e. í formannafrv.

Það sem þetta frv. gerir er að það reynir þó alla vega að samræma þetta, hafa sama skattinn á allar fjármagnstekjur og það er mikil einföldun af því. Það er hætt að stýra fjármagni frá atvinnulífinu til ríkisins. Það er ekkert verið að hygla atvinnulífinu, ekki til í dæminu. Það er bara verið að segja: „Við skulum meðhöndla fjármagn eða eignir sem bundnar eru í atvinnulífinu eins og hinar. Þó er ekki búið að taka af skattfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna sem ég tel verulega brýnt, þ.e. ef menn yfirleitt vilja sjá annað en ríkið dafna hér á landi. Ef menn vilja sjá atvinnulífið dafna þá verða menn að hætta að mismuna svona í eignarsköttum.

Hér hefur mönnum orðið mjög tíðrætt um réttlæti. Menn eru þrungnir af réttlætistilfinningu. Menn tala um það að einhverjir ógurlegir menn ætla að selja hlutabréfin með 6 millj. kr. hagnaði og ég veit ekki hvað og hvað og bara mega vart mæla fyrir hneykslan á þessu. (Gripið fram í.) Öll þessi dæmi sem nefnd hafa verið eru fræðileg en ekki raunhæf. Það sem gleymist í þessu er eftirfarandi. Það er uppfinningamaðurinn sem er búinn að vinna mörg, mörg ár að uppfinningunni sinni og fjölskyldan er búin að styrkja hann og fjölskyldan er búin að lána honum peninga og hann er búinn að vinna og vinna og skatturinn er búinn að reikna honum tekjur allan tímann og láta hann borga skatt. Æ, svo klikkaði uppfinningin. Hann réði ekki við síðasta hjallann. Hann fékk að sjálfsögðu hvergi peninga nema frá föður sínum og móður sem eru öldruð. Hann mátti veðsetja húsið þeirra. Svo fer hann á hausinn. Þetta er fólkið sem er gjaldþrota í dag. Hann getur ekki dregið neitt frá skatti. Skattinum kemur þetta ekkert við. Hvað varstu að baksa, vinurinn? Okkur kemur þetta ekkert við. Þetta er leiðinlegur bisness, þú tapaðir. Þá kemur skattinum þetta ekkert við.

En segjum að hann hefði náð takmarkinu og uppfinningin hefði gefið þjóðarbúinu 1.000 millj. Þá hefði ríkissjóður komið og sagt: 330 millj. hér, takk. Nú viljum við vera með. Bisnessinn gekk upp hjá þér. Og vinurinn hefði getað fengið útgreitt 10% af einhverju smáhlutafé ef þetta er í hlutafélagaformi hjá honum, annars allt saman skattar, allt skattar með 42% og væntanlega 47%. Svona er meðhöndlunin á uppfinningamönnunum. Svona er meðhöndlunin á nýsköpuninni og svo eru menn hissa ef ekkert gengur. Ég er ekki hissa á því. Mér þykir ekkert skrýtið að enginn vilji fjárfesta á Íslandi. Og svo eru menn hissa ef útlendingar vilja ekki fjárfesta þegar Íslendingar vilja það ekki sjálfir.

Það sama gerðist í fiskeldinu. Fólk skal sko borga skatta af ímynduðum tekjum sem aldrei voru greiddar. Svo er það gert gjaldþrota að kröfu tollstjóra og skattstjóra. Svo koma hv. þingmenn grátandi og ætla að gera ráðstafanir til að bjarga þessu fólki. En það sem var í rauninni að er skattkerfið. Auðvitað átti fólkið að fá dregið frá skatti það sem það tapaði. Það átti ekki að borga skatt af tekjum sem það ekki hafði.

Sömu dæmi sjáum við í verslun í töluverðum mæli þar sem menn hafa verið að tapa. Hönnuðir skattkerfanna skilja ekki áhættuna. Þeir skilja ekki áhættuna í atvinnulífinu. Þeir eru uppi í brú og þeir eru að sigla skipinu og þeir í brúnni vita ekkert hvað er að gerast niðri í lest. Þar eru menn að baksa við að moka á eldana og þeir vita ekkert hvað er að gerast. Þótt einn detti útbyrðis kemur þeim það ekkert við. Þetta er hið fræga kerfi, þetta fræga réttlæti sem hv. þingmenn héldu varla vatni yfir í gær.

Annað dæmi: Segjum að hv. þm. sem eru með 200.000 kr. á mánuði keyptu sér hlutabréf fyrir tvö hundruð þúsund kall einn mánuðinn. Ætluðu nú að fara að styrkja atvinnulífið. (**SJS:** Á hverju ætluðu þeir þá að lifa þann mánuðinn?) Þeir eru búnir að spara að sjálfsögðu, hv. þm. Þeir eru hátekjumenn. (**SJS:** Já, ég gleymdi því.) Af háu tekjunum. Og af dagpeningunum. Þegar ég fór til Ottawa í fyrra græddi ég sjötíu þúsund kall, takk fyrir. Það mætti ræða það líka. Hv. þingmenn vita að af þeim má spara og það gerði ég. Ég sparaði þar 70.000 kr.

Hv. þm. kaupir sér tvö hlutabréf fyrir hundrað þúsund kall í tveim fyrirtækjum. (**Gripið fram í:** Speli.) Einhverjum tveim fyrirtækjum. Annað fer á hausinn. Þá segir ríkissjóður: Þetta kemur mér ekki við. Þetta kemur ekkert við, gleymdu þessu bara. En hitt gengur alveg glimrandi vel. Þremur árum seinna selur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hlutabréfin fyrir tvö hundruð þúsund kall og þá á hann aftur tvö hundruð þúsund kallinn sem hann lagði upphaflega í þetta, þ.e. launin sín. Engar verðbætur og enga vexti, ekkert svoleiðis. En þá segir ríkissjóður: Þarna ertu með hagnað, vinurinn. 100.000

kr. í hagnað. Þú keyptir hlutabréfin á hundrað þúsund kall og selur þau á 200.000 kr. 100.000 kr. skulu skattlagðar og hv. þm. borgar 42.000 kr. í skatt af engum tekjum því að hann á ekki annað en tvö hundruð þúsund kallinn sem hann lagði upp með. En nú þarf hann að borga 42.000 kr. í skatt, hugsanlega 47.000 kr. ef hann fer yfir mörkin. Hann er með sem sagt 158.000 kr. út úr dæminu. Hann er búinn að tapa á öllu saman, en ekki samkvæmt skattinum. Svona eru skattalögin í dag. Svona eru þau vinsamleg atvinnulífinu eða þeim sem eru að fjárfesta í atvinnulífinu. Það er allt annar hlutur en skattlagning fyrirtækjanna sjálfra. Þeim sem fjárfesta í atvinnulífinu er refsað aftur og aftur og aftur. Enda gerir það ekki nokkur óvitlaus maður. Menn gera þetta af einhverri hugsjón.

Ég ræddi við hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur í gær um þetta atriði og hún sagðist fjárfesta í hlutabréfum, en af hugsjón. Ekki til þess að græða á því. Og ef maður ætlar að reka atvinnulífið á hugsjónum fjárfesta er óþarfi að búast við miklu áhættufé.

Þetta frv. tekur á þessu. Það hættir þessari mismunun, það afnemur það óréttlæti sem hefur hingað til bitnað á þeim fáu vitleysingum sem hafa verið að fjárfesta í atvinnulífinu. Það afnemur óréttlætið. Það er ekki gert til að hygla neinum. Það er bara verið að sjá til þess að allar fjármagnstekjur séu eins skattaðar.

Þetta frv. mun styrkja atvinnulífið og um leið og það styrkir atvinnulífið mun það gera kröfu um arðsemi. Einstaklingar fara að fjárfesta í fyrirtækjum út af arðseminni og þeir munu gera kröfu til þess að fyrirtækin skili arði. Hér ætti Kvennalistinn að leggja við eyrun því að mín kenning gengur út á það að arðsemi sé forsenda jafnréttis, ekki bara milli karla og kvenna heldur almennt.

Af hverju skyldi fyrirtæki, svo ég víki örlítið út frá þessu efni, ráða lakari karlmann fyrir hærri laun en hæfari konu? Af hverju skyldi það gera það? Vegna þess að það er ekki krafa um arðsemi í fyrirtækinu. Ef það væri almennt krafa um arðsemi í öllum fyrirtækjum, líka ríkisfyrirtækjum þar sem krafan um arðsemi er akkúrat engin, þá mundi jafnrétti fylgja í kjölfarið. Það yrði bara svo sjálfsagt. Og þetta skyldi Kvennalistinn hugleiða. Ég tel að ójafnrétti milli fólks sem endurspeglast svo í ójafnrétti milli karla og kvenna sé mjög dýrt fyrir þjóðfélagið. Ójafnrétti og óréttlæti er þjóðfélaginu dýrt. Verulega dýrt. Ef gerð væri krafa um arðsemi í öllum fyrirtækjum, líka ríkisreknum, hefðu menn ekki efni á því að ráða karlmenn á hærri launum sem eru lakari starfsmenn. (**SJS:** Hvað með barneignir og svona vesen?) Ég hygg að þetta frv. gæti kannski á einhvern hátt valdið því að við réðum betur við ójafnréttið. En ekki nema í litlum mæli. Það þarf að gera miklu meiri kröfur um arðsemi í fyrirtækjum. Þá er jafnréttið komið að mínu mati og ég er búinn að rökstyðja það. Menn eru búnir að berjast við það 20 ár að koma á jafnrétti. Það er búið að setja ótal lög og samt er enn munur á launum. Ég hygg að það sé bara út af ójafnréttinu. Það er ekki út af ójafnrétti karla og kvenna, heldur vegna almenns ójafnréttis. Þegar ráðið er í stöður eru það ekki alltaf hæfileikarnir sem ráða, hvort sem konur eða karlar eiga í hlut.

Afleiðing þessa frv. er sú að það er hætt að stýra fjármagni, það er hætt að ívilna ríki og bönkum og almenningur mun væntanlega, eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon bent á, í auknum mæli beina sparifé sínu til kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum. Það eykur eigið fé fyrirtækjanna og minnkar lánsfé þeirra og þau verða miklu sterkari til að standast áföll. Þetta mun líka örva sölu á fyrirtækjum. Kynslóðaskipti verða mun auðveldari. Ég ræddi við gamlan mann sem á verkstæði. Hann er búinn að vinna þar áratugum saman. Þetta er lítið fyrirtæki með ágætisafkomu eða svona þokkalega. Nú er hann orðinn þreyttur, gamli maðurinn. Hann vill selja. Hann fékk tilboð frá ungum manni sem vill taka yfir. Sá vildi borga 8 millj. kr. fyrir fyrirtækið. Framreiknað var það sem gamli maðurinn hafði lagt í það 1 millj. kr. þannig að hagnaðurinn var 7 millj. kr. Þegar hann sá að hann þurfti að borga 3 millj. kr. í skatt af þessum 7 millj. kr. og hélt ekki nema 4 millj. kr. eftir þótti honum það svo blóðugt að hann hætti við. Hann er enn að gaufa þarna, hann er enn að kvelja sig með því að vinna þarna. Hann er ekki með lífeyrisréttindi og hann verður að vinna þarna áfram vegna ranglátrar skattlagningar. Sparifé hans er upp á 7 millj. kr. og ríkið ætlar að hirða nær helminginn af því í skatta. Hann gaufar þarna enn. Ungi maðurinn fær ekki atvinnu, hann getur ekki byggt upp fyrirtækið sem hann er eflaust miklu færari um en gamli maðurinn sem er orðinn þreyttur og þjóðfélagið tapar á öllu saman. Það gerist ekki neitt og það verður enginn söluhagnaður. Þessar 303 millj. sem menn eru að gapa hér yfir eru ekki neitt neitt.

Ég bendi á að heildarsöluhagnaður er 303 millj. kr. á móti 9.500 millj. kr. í vöxtum, á móti 240 milljörðum kr. í tekjur. Þetta er ekki neitt neitt. Enda á þessi skattur sem við erum að tala um að gefa af sér 800 millj. kr. Og hv. þingmenn samþykktu fyrir nokkrum dögum umræðulaust 400 millj. kr. skatt á fasteignir, helminginn af þessum skatti sem búinn er að setja allt á annan endann í þjóðfélaginu í mörg ár. Hvað er á bak við þetta? Ég fullyrði: Það er eitthvað í líkingu við öfund.

Núverandi mótor á bak við hlutabréfakaupin er mjög undarlegur. Hann er mjög undarlegur, hv. þm. Hann er fólginn í því að menn geta dregið frá skatti kaup sem þeir kaupa í hlutafélögum upp að ákveðnu marki, 100.000 kr. eða eitthvað svoleiðis. Núna er það reyndar 80% af þessum kaupum. Þetta er alveg stórfurðulegt fyrirbæri.

Í mínu fyrra starfi upplifði ég alltaf á gamlársdag að fólk hafði samband í ofboði rétt fyrir hádegi og sagði: Ég ætla að kaupa skammtinn minn af hlutabréfum. Þeir vildu fá skamtinn sinn. Og þeir spurðu: Hvað er til? Svarið var: Eimskip, Flugleiðir o.s.frv.. Eimskip, ég þekki það, sögðu þeir. Og svo keyptu þeir hlutabréf í Eimskip. Það var ekki spurt um arðsemi. Það var ekki spurt um hagnað. Það var ekki spurt um nokkurn skapaðan hlut. Menn vildu bara fá skammtinn sinn. Menn vildu fá skattinn til baka. Það var eini hvatinn. Þetta er mjög hættulegur mótor í bátinn. Hann er mjög hættulegur. Hann hefur hækkað verð á þekktum fyrirtækjum upp úr öllu valdi, en önnur fyrirtæki sem eru óþekkt og minni fyrirtæki sem menn geta kannski ekki farið út á verðbréfamarkaðinn með fá ekkert fé með þessu móti. Þessu þarf að breyta.

Ef þetta frv. verður samþykkt fylgir því mjög mikil og veigamikil hætta. Það er hættan af verðbólgunni. Ef verðbólgan fer upp í 20% erum við farin að skattleggja venjulegar vaxtatekjur 50–60%. Það er mjög mikil hætta fólgin í því að verðbólgan fari upp úr öllu valdi. Ég lagði til í efh.- og viðskn. að það yrði settur varnagli á þessa prósentu þannig að prósentan lækkaði ef skattar á raunvexti á venjulegri bankainnstæðu færi yfir 50%. Það var ekki fallist á það. Menn sögðu: Þú getur bara flutt um það brtt. þegar svo er komið málum. Það er ekki einu sinni víst að ég verði þá hér

á þingi, hvað þá heldur í stjórnarflokki. (**Gripið fram í:** Í stjórnarandstöðu, það er alveg rétt.) Ég gæti verið í stjórnarandstöðu, já. Þar gæti eitthvert skattlagningarglatt fólk verið komið í meiri hluta sem á endanum vildi skattleggja sparifé út úr landinu. Það er hættan við þetta frv.

Við Íslendingar erum með einn hæsta eignarskatt í OECD-löndunum. Undanfarin ár hafa menn verið að hverfa frá eignarskatti. Ef við tökum dæmi af 10 millj. kr. eign eru Íslendingar með 0,9% eignarskatt, Norðmenn eru reyndar rétt fyrir ofan með 1,1%, en Holland, Lúxemborg og Þýskaland eru með 0,5% skatt á 10 millj. kr. eign. Önnur lönd eru ekki með neinn skatt á slíka eign, ekki einn einasta skatt. Ég tel því mjög brýnt að eignarsköttum verði breytt. Og ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa aftur það sem stendur í nefndarálitinu:

„Meiri hluti nefndarinnar minnir á yfirlýsingu ráðherra um að þeim tekjuauka, sem fellur til við samþykkt frumvarpsins, skuli ráðstafa til lækkunar á öðrum sköttum. Hlýtur þá lækkun eignarskatts að koma sérstaklega til greina enda er slíkt í samræmi við tilgang frumvarpsins um samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur."

Ég legg til að allir skattar þessa frv., allar tekjur ríkissjóðs af því, notist til að lækka eignarskatta svo við séum ekki algerlega í meti með eignarskatta miðað við önnur lönd.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög gagnmerk ræða og afar þörf inn í þessa umræðu. Hér komu tiltölulega ómenguð fram þau sjónarmið sem eru á öðrum enda eða kanti umræðna um þessi mál. Hv. þm. komst mjög langt með að sanna það fyrir okkur að í raun væri meira og minna öll skattlagning á þessa hluti ósanngjörn. Þetta væri þannig með vextina. Í þeim væri verðbótaþáttur. Í leigutekjunum væri ýmis kostnaður á móti, í arðinum væri að vísu ekki kostnaður og ekki verðbótaþáttur, en menn hefðu tapað hlutafé og þar af leiðandi væri þetta allt meira og minna ósanngjarnt. Hefði hv. þm. talað í 20 mínútur í viðbót býst ég við að hann hefði verið kominn yfir í það að í raun og veru ætti að borga þessum heiðursmönnum styrk sem hefðu fórnað fé sínu í þetta á undanförnum árum, svo ekki sé minnst á uppfinningamanninn þar sem uppfinningin hefði ekki heppnast.

Einnig var hv. þm. býsna drjúgur við að sanna það að þeim mun lægri skattar á atvinnulífið, þeim mun betra. Væntanlega endar það þá þannig að það er best að fella þá alveg niður. Það er albest að hafa bara enga skatta, er það ekki, með sama áframhaldi? Hvar endar þessi umræða?

Svo vil ég aðeins spyrja varðandi þetta með áhættuna og að það sé algerlega ósambærilegt að skattleggja tekjur af þessum toga og launatekjur. Er þetta þá þannig að launamaðurinn hafi engan kostnað? Er það þannig? Er engin áhætta fólgin í því að vera launamaður? Jú, er það ekki þannig að skattlagning á launamanninn er á brúttótekjur hans en ekki nettóhagnað eins og hjá fyrirtækjunum? Og er það ekki þannig að launamaðurinn tekur áhættu? Getur hann ekki orðið veikur eða misst vinnuna? Ef við förum út í þessar röksemdafærslur, þá veit ég ekki þegar upp er staðið hvor er verr leikinn, launamaðurinn eða fyrirtækin.

Auðvitað þýðir ekki að stilla málinu svona upp öðrum megin og segja: Það er áhætta, það eru töp o.s.frv. gagnvart fyrirtækjunum. Ergó: Allir launaskattar verða að lenda á launamanninum eins og hann sé með allt sitt á hreinu, eins og hann hafi engan kostnað, eins og hann taki enga áhættu í lífinu. Þetta er ekki þannig, hv. þm. Við skulum þá bara fara í þessa umræðu og hafa debet og kredit báðum megin. Þetta snýst um dreifingu skattbyrðinnar í þjóðfélaginu og að hver borgi sitt á sanngjarnan hátt. Hv. þm. hefur a.m.k. ekki sannfært mig um það að hinn hrjáði og kvaldi og illa setti meiri hluti séu peningamennirnir og stórfyrirtækin í þjóðfélaginu og þar af leiðandi verði að létta sköttum af þeim og færa þá yfir á launamenn.

[12:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lagði ekki til að það yrðu engir skattar á fyrirtæki. Það lagði ég ekki til. Ég fullyrti hins vegar að það kynni að vera að skattstofninn mundi stækka þannig að skatttekjur mundu aukast. Ég hygg að sú breyting sem hér er verið að gera, og ég er nærri sannfærður um það, muni auka tekjur ríkissjóðs.

Það er oft þannig að með því að lækka skatta sem eru orðnir íþyngjandi og þrúgandi og niðurdrepandi — hin dauða hönd skattlagningar þegar hún er komin yfir mörkin — þá getur það valdið því að atvinnulífið og viðkomandi skattstofn verði spriklandi kátur og lifandi og við sjáum framfarir og bjartsýni í staðinn fyrir stöðnun og drunga.

Varðandi skatta á einstaklinga þá er það rétt hjá hv. þm. að það er ekki tekinn inn kostnaður. Í sumum löndum eins og Þýskalandi er reiknaður inn kostnaður og ég teldi það umræðunnar vert. Ég sé t.d. ekki að fólk sem á börn og þarf að koma þeim á barnaheimili til að afla teknanna, geti ekki dregið frá skatti kostnaðinn við að afla teknanna. Ég þekkti konu sem var með 150 þús. kr. í laun, viðskiptafræðingur, en þegar hún var búin að borga barnaheimili og skatta og allt sem fylgdi, þá voru 32 þús. kr. eftir í launaumslaginu. Þetta mætti skoða að sjálfsögðu. Auðvitað þarf að taka allt skattkerfið til endurskoðunar en það var bara ekki verkefni þessarar nefndar. Hún átti bara að sjá um fjármagnstekjur, ekki einu sinni eignarskatta. En ég væri til í það með hv. þm. að fara í það að vinna að heildarendurskoðun skattkerfisins.

[12:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mergurinn málsins er sá að við þurfum tekjur. Það þarf tekjur til að standa undir samneyslunni, sameiginlegum þörfum, og það verður að afla þeirra einhvers staðar. Einhver verður að borga þær. Auðvitað er það í eðli sínu þannig að mönnum þykir best að hafa sem minnsta skatta á allt. Það er þannig. En við erum með halla á ríkissjóði. Það er verið að skera niður bráðnauðsynlega þjónustu og þar af leiðandi erum við ekki í þeim færum að við getum sagt: „Við verðum bara góðir við þig og góðir við þig og léttum af þér sköttum." Það er ekki þannig. Við höfum ekki stöðu til þess. Þvert á móti blasir það verkefni við okkur að afla viðbótartekna og/eða ná betri árangri í ríkisrekstrinum þannig að þessum hallarekstri linni. Það er það sem ég er að benda á. Við getum ekki rætt um skattlagningu fyrirtækja, hagnað fyrirtækja eða arðstekjur manna o.s.frv. án samhengis við skattbyrðina á launamenn og skattkerfið í heild. Við verðum að skoða þetta þannig. Það er ekki hægt að koma bara með jákvæðu hlutina á annarri hlið málsins og segja: „Það er svo gott að gera þetta fyrir fyrirtækin, draga fé inn í þau o.s.frv. og menn þurfa að geta haft góðan hagnað af því", án þess að horfa á hina hliðina.

Við verðum líka að muna eftir Dagsbrúnarmanninum eða Sóknarkonunni eða bóndanum sem er ekkert í uppfinningabransanum, sem á engin hlutabréf, sem er ekkert í öllu þessu dóti heldur biður bara um það eitt að lifa af launum sínum. Hann vill fá að ná endum saman en gerir það ekki í dag. Við getum ekki gleymt þeim þætti málsins. Þess vegna tel ég að það vanti á samræmingu þessara hluta, þ.e. að farið sé yfir skattkerfið í heild, skattbyrðin eða dreifingin skoðuð í öllu íslenska skattkerfinu og vegið og metið saman hvað er að breyttu breytanda hagstæðasta og besta útkoman fyrir þjóðfélagið í heild, auðvitað líka fyrir atvinnulífið og fyrirtækin. Það neitar því enginn maður að ýmislegt í þeirri skattlagningu á undanförnum árum var vitlaust. Ég er sammála hv. þm. um það. En það eru ekki rök fyrir því í mínum huga t.d. að lækka skattlagningu af nettóhagnaði fyrirtækja, þeirra fyrirtækja sem ganga vel eða þeirra eignamanna sem voru heppnir og fjárfestu í fyrirtækjum og hafa ekki tapað neinu hlutafé. Þeir geta borgað skatt þó að einhverjir aðrir hafi tapað hlutafé og það eru ekki rök í málinu að segja að vegna þess að það tapaðist eitthvað í fiskeldi, að þá eigi að létta sköttum af manni sem fjárfesti í Eimskip. Það eru ekki rök. Þannig er þetta ekki. Þetta er ekki einn hópur. Þetta er ekki einn aðili. Það er ekki bara einn einstaklingur sem hefur gróða af fjármagnstekjum á Íslandi. Þeir eru margir og það á að meðhöndla skattlagninguna í samræmi við það. Það er því langt frá því, herra forseti, að allt samhengi þessara hluta sé undir eins og vera skyldi.

Að vísu segir hv. þm.: „Það er ekki efni þessa frv." Það er út af fyrir sig rétt. En menn mega aldrei afgreiða breytingar í skattkerfinu einangrað vegna þess að þarna eru innbyrðis tengsl og víxlverkun sem menn verða að skoða.

[12:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að tekjur ríkissjóðs standi undir gjöldum. Það er mjög nauðsynlegt. Það getum við gert annaðhvort með því að hækka tekjurnar en þá held ég að við séum komin yfir mörkin. Við náum ekki meiri skatttekjum út úr þessu þjóðfélagi. Eða með því að auka hagræðingu í velferðarkerfinu og líta á það hvort einhvers staðar sé um að ræða oftryggingu eða ofnotkun á kerfinu. Þar hef ég horft sérstaklega til Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem ég hygg að verið sé að bruðla með milljarð eða tvo sem eru greiddir að óþörfu. Þ.e. eitthvað sem við viljum ekkert endilega tryggja, ofnotkun og misnotkun. Það mætti gera.

Varðandi Dagsbrúnarmanninn og þá aðila, þá er ég stöðugt að hugsa um hann vegna þess að *mín lífssýn* segir mér að ef fyrirtækin hafa hagnað og fjárfesta — þá þurfa þau meiri mannskap — þá eykst eftirspurnin eftir launafólki og þá hækka launin. Það er svo einfalt. Burt séð frá öllum kjarasamningum og öðru slíku þá er það alltaf framboð og eftirspurn sem ákveður launin. Það sem hefur gerst núna með atvinnuleysið undanfarið er skelfilegt. Launin hafa lækkað *þrátt fyrir alla kjarasamninga niður í strípaða taxta. Menn* hafa misst vinnuna og menn hafa tekið hverju sem er og það er að mínu mati alls ekkert æskilegt. Ég sé því þetta frv. sem þátt í því að gera atvinnulífið sterkt og að það þurfi góða og hæfa starfsmenn, mikið af þeim þannig að fólk fái mikið betri laun, þar á meðal Dagsbrúnarverkamaðurinn.

[12:24]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir, ég vil segja mjög skemmtilega og fróðlega ræðu, upplýsandi. Ég var sammála mörgu sem kom fram í hans máli og mér fannst það skýra ýmislegt sem hefur vafist fyrir mér.

Ég vil aðeins gera athugasemd við eitt í hans máli vegna þess að hann beindi því sérstaklega til okkar þingkvenna Kvennalistans og ég sperrti að sjálfsögðu eyrun enn þá betur en ég hafði gert. Hann orðaði það held ég eitthvað á þá leið eða meiningin var sú að fortakslausar kröfur um arðsemi fyrirtækja mundu, ég held að hann hafi næstum því sagt að það mundi útrýma misrétti milli karla og kvenna. Og þótti mér hann taka stórt upp í sig. Það má sannarlega vera að það skilaði einhverju í þessu sambandi, þ.e. ef forsvarsmenn fyrirtækja geta ekki leyft sér að taka, eins og hann orðaði það, óhæfan karlmann fram yfir hæfa konu. Væri nú gott ef það væri satt að arðsemiskrafan útrýmdi þessu misrétti sem er sannarlega fyrir hendi. En ég held að hv. þm. gleymi ýmsum öðrum atriðum sem hér skipta einnig máli og hafa kannski eitthvað með viðhorf að gera og það hver metur hæfileika og verðleika. En við þurfum að breyta fleiru heldur en arðsemiskröfunni — ég held að hún skipti ekki svona geysilega miklu máli eins og hv. þm. sagði — t.d. lögum og reglum um fæðingarorlof. Ég held að konur og karlar muni aldrei standa jafnfætis hvað störf og frama varðar á meðan konum er beinlínis refsað að þessu leyti til fyrir það að axla að mestu ábyrgðina af fjölgun mannkyns. Eitt hið mikilvægasta er þess vegna að jafna þennan mun með breytingu á lögum og reglum um fæðingarorlof og gera karlmenn ábyrgari.

[12:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess svona í framhjáhlaupi að skortur á kröfu um arðsemi væri ástæðan fyrir því að menn leyfðu hvor sér að ráða óhæfara fólk, segjum karlmenn, á hærri launum en hæfara fólk, segjum konur þannig að skortur á arðsemiskröfu þyddi ójafnrétti milli fólks og þar á meðal karla og kvenna og mér finnst það rökrétt. Ég hef staðið í að ráða fólk. Ef ég vil græða á fólkinu þá ræð ég að sjálfsögðu þann sem er hæfastur og kostar mig minnst, að sjálfsögðu. Þannig mundi ég alltaf ráða hæfasta manninn. Og ef að kona býðst á lægri launum þá mundi ég ráða hana að sjálfsögðu. Ef allir gerðu það þá mundu launin hækka hjá konum. Ég varpa því þeirri spurningu fram hvort það sé ekki krafan um arðsemi sem menn hafa gleymt í baráttunni um jafnrétti karla og kvenna fyrir utan það að ég held að jafnrétti karla og kvenna líði fyrir það að menn horfa bara á karla og konur en ekki á fólk. Ef menn horfðu á fólk almennt, á jafnrétti fólks, þá væru menn ekki að horfa á afleiðingar vandans heldur á orsökina. Þannig að það að einblína á karla og konur leiðir sjónir manna frá raunverulegum vanda sem er misrétti fólks.

Um fæðingarorlofið er ég alveg sammála. Ég hef sagt það í ræðustól að ég vil að fæðingarorlofinu sé skipt á milli karla og kvenna til þess að það sé ekki íþyngjandi fyrir konur. Ég væri alveg til í það með hv. þm. að vinna að frv. um breytingu á fæðingarorlofinu þannig að karlar og konur stæðu jafnfætis gagnvart því.

[Fundarhlé. — 12:28]

[13:04]

Útbýting þingskjals:
Stjórn fiskveiða, 437. mál, brtt. TIO og ÁJ, þskj. 1132.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 769, nál. 1092, 1094 og 1128, brtt. 1093 og 1132.

og

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768, nál. 1095.

[13:07]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 1092 er nál. um frv. til breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, frá meiri hluta sjútvn.

Til nefndarinnar komu fjölmargir aðilar eða um 20 einstaklingar og auk þess bárust umsagnir frá fjölmörgum samtökum í sjávarútvegi. Nefndin fjallaði um þau mál.

Það frumvarp sem hér um ræðir byggist á samkomulagi milli Landssambands smábátaeigenda og sjávarútvegsráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að ákvæði frumvarpsins verði lögfest á þessu þingi. Meiri hlutinn gengur út frá því að Landssamband smábátaeigenda sjái til þess að þeir sem gera út krókabáta standi við samkomulagið, enda er með þessu móti komið mjög til móts við smábátaeigendur. Þá vill meiri hlutinn taka skýrt fram að ekki verða gerðar frekari breytingar á þeim reglum sem gilda um sóknardaga eftir lögfestingu þessa frumvarps.

Við umfjöllun málsins bárust nefndinni óskir frá sjávarútvegsráðuneytinu um að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, til viðbótar þeim sem frumvarpið mælir fyrir um. Tengjast þær svokallaðri „línutvöföldun" o.fl. en snerta á engan hátt þau ákvæði er varða krókabáta. Gerð er grein fyrir þessum breytingum á sérstöku þingskjali, en í þeim felst eftirfarandi:

Lagt er til fellt verði brott úr lögunum ákvæði um að sjávarútvegsráðherra sé ekki heimilt að breyta úthlutuðum heildarþorskkvóta eftir 15. apríl. Þannig verði heimilt að gera slíkar breytingar út fiskveiðiárið.

Lagt er til að svokölluð línutvöföldunarregla í 6. mgr. 10. gr. laganna verði felld brott, en samkvæmt henni skal fiskur, sem veiðist í mánuðunum nóvember–febrúar, aðeins að hálfu talinn til aflamarks þangað til sameiginlegur línuafli af þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk.

Tillögu um að fella brott úr lögunum 2. tölul. 3. mgr. 7. gr. leiðir af þessari breytingu. Til að koma til móts við þau skip sem stundað hafa þessar veiðar á síðustu þremur fiskveiðiárum er í tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að þeim verði reiknuð sérstök viðbótaraflahlutdeild í hlutfalli við veiddan línuafla á þessum tímabilum sem nemur 60 af hundraði af þeim hluta aflans sem ekki taldist til aflamarks.

Lagt er til að ákvæði 1. gr., sem verður 2. gr., öðlist þegar gildi svo að eigendur þeirra báta sem þegar hafa verið dæmdir óbætandi vegna sjótjóns þurfi ekki að bíða fram til 1. september með endurnýjun.

Í 4. mgr. 12. gr. laganna er ákvæði um að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö ár í röð falli veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður. Lagt er til að við málsgreinina verði bætt ákvæði um að þetta gildi ekki um skip sem tefjast frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana.

Frumvarpinu er ætlað að öðlast gildi í upphafi næsta fiskveiðiárs. Lagt er til að heimild ráðherra í sambandi við sjóstangaveiðimót, sbr. 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, öðlist þó þegar gildi.

Undir þetta nál. rita auk mín, Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason, Stefán Guðmundsson, Hjálmar Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson og Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.

Á þskj. 1095 er nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, frá meiri hluta sjútvn. og er það svohljóðandi:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða sem nefndin hefur einnig lokið umfjöllun um.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Auk mín rita undir þetta nál., Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason, Stefán Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson, Hjálmar Jónsson og Einar Oddur Kristjánsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að loknum umræðum um þessi mál verði þeim vísað til 3. umr.

[13:13]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mér finnst í rauninni ástæða til þess að velta vöngum yfir tveim atriðum sem hljóta að verða býsna áleitin þegar við fjöllum um það frv. sem hér er til umræðu, frv. um stjórn fiskveiða, sem byggir á því samkomulagi sem sjútvrh. gerði við forustu smábátaeigenda. Í fyrsta lagi finnst mér það blasa við og kannski enn skýrar nú en áður að við höfum í sjálfu sér afskaplega óljós markmið þegar um er að ræða nýtingu þessarar mikilvægustu auðlindar okkar. Ég hygg að öll umræðan hér og öll umfjöllun um sjávarútvegsmál yrði til muna skýrari og þá auðskiljanlegri fyrir þjóðina ef þau markmið væru skýr. Mér er ekki ljóst hvort sá meiri hluti sem hér hefur sett fram frv. og síðan breytingartillögur lítur þannig á að það sé rétt að nýta auðlindina þannig að af henni sé hámarksafrakstur, að við gerum þetta með eins hagkvæmum hætti og unnt er, eða hvort sá meiri hluti lítur þannig á að það sé rétt að nýta þessa auðlind með þeim hætti að hún geti virkað sem eins konar félagsmálastofnun, það skipti ekki svo miklu máli hvort þjóðin hagnist af eða ekki, aðalatriðið sé að sem flestir komist að.

Það er svo, herra forseti, að á meðan þessi mál eru svo þokukennd hjá meiri hlutanum hlýtur umfjöllun um hvert

einasta mál að snúast meira og minna um aukaatriði. Sömuleiðis sýnist mér að enn á ný blasi við að sá meiri hluti sem nú er hér á Alþingi er ekki með samkomulag um það hvort hér eigi að vera aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða eða ekki. Hér er reglulega í gangi eins konar samkomulag um status quo. Það er gefið eftir á einum stað gegn framsókn á öðrum. Þá á ég við framsókn þessara tilteknu hugmynda. En ef við lítum bara á þetta frv., ég tala nú ekki um þegar maður horfir svo á fráhvarfið frá því sem var verið að fjalla um sl. vor, þá blasir það við að annars vegar er verið að staðfesta hér sóknarmark fyrir tiltekinn hluta flotans en í leiðinni er verið að gera kerfið einfaldara, að einfaldara aflamarkskerfi með því að afnema línutvöföldunina. Þannig má segja að þessar tvær skoðanir leikist nokkuð á. En það væri fróðlegt, herra forseti, að hér yrði markvissari umræða um nákvæmlega stjórn fiskveiða. Þá þyrfti auðvitað að vera ljóst fyrst hvaða markmið menn vilja setja sér í sambandi við nýtingu auðlindarinnar.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég láta þess getið af því að nú er liðið fyrsta ár þessarar ríkisstjórnar, að það hefur komið mér nokkuð á óvart hversu mörg af málum hennar sem varða sjávarútveg hafa snúist um smábáta. Mér er fyllilega ljóst að vandi smábáta hefur verið ærinn en það leitar samt sem áður óneitanlega á að eitthvert misvægi sé nú í umræðunni. Að það sé svona obbolítið eins og góður maður segir að menn vilji endalaust breiða sig yfir tiltekna hópa á meðan aðrir eru skildir eftir dálítið á eigin vegum af því að drottinn bjargar þeim sem bjarga sér sjálfir. Mér finnst sem sagt að það sé örlítið ójafnvægi hér hvað varðar áherslur. Kannski er það bara pólitík þessarar ríkisstjórnar að setja smábátana í forgrunn og þá liggur það bara þannig fyrir.

En í þessu frv. sem nú er komið til 2. umr. með ákveðnum breytingartillögum er verið að koma til móts við þá gagnrýni sem var höfð uppi síðasta vor þegar menn lögðu til atlögu við banndagakerfið og menn lögðu til atlögu við stækkun smábátaflotans. Ég held að við getum flest verið sammála um að það hefði þurft að gerast fyrr og að það hafi verið til mikillar óþurftar að þessu kerfi var haldið opnu svona lengi vegna þess að sú mikla aflaaukning sem orðið hefur hjá smábátum og reynt er að bregðast við, stafar fyrst og fremst af fjölgun nýrra báta inn í kerfið. Og af því að menn hafa áhyggjur af þeim stöðum sem eiga mikið undir smábátaútgerð þá er það svo að þessi mikla fjölgun smábáta og aukning á afla hefur ekki komið þeim stöðum neitt sérstaklega til góða. Það má hins vegar ætla að skerðing og aðhald bitni ekki síður á þeim stöðum en öðrum. Þannig er það niðurstaða mín, herra forseti, að þetta fjárfestingarævintýri síðustu ára hafi í sjálfu sér ekki haft með þá að gera sem hafa lifað og ætla sér að lifa af smábátaútgerð. Því fjárfestingarævintýri er það. Það væri fróðlegt að taka það saman hversu margar milljónirnar eða milljarðar hafa fossað í gegn við allar þær fjárfestingar sem átt hafa sér stað í smábátum á undanförnum árum. Ég er ekki að segja að það séu sambærilegar tölur og við höfum horft upp á í öðrum ævintýrum síðustu ára þar sem vinsælt er að nefna loðdýrarækt eða fiskeldi en einhvers staðar á þeim slóðum verður þetta fjárfestingarævintýri þegar það verður gert upp. Ég vil endurtaka að mér þykir miður að menn skyldu hleypa hlutunum í þessa stöðu og hvetja þannig til þeirrar þróunar sem hefur orðið, af því ég óttast að hún bitni á þeim sem síst skyldi.

Hvað varðar þetta frv. sérstaklega og það samkomulag sem það byggir á þá vænti ég að menn átti sig á því að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem leiða til flutnings á veiðiheimildum geta bæði haft áhrif á búsetuþróunina í landinu og samsetningu fiskveiðiflotans. Sú þróun sem hefur orðið varðandi fjölgun og síaukna hlutdeild krókabáta í heildarþorskaflanum er einmitt lýsandi dæmi um þetta. Þegar litið er til þeirrar þróunar kemur í ljós að hlutdeild krókabáta í heildarþorskaflanum hefur aukist gífurlega. Hún hefur margfaldast á undanförnum árum. Það eru ýmsar tölur nefndar til sönnunar þessari fullyrðingu. Í mínu nál. er ég með tölur sem ég fékk frá Fiskifélaginu sem varða smábáta á tilteknu árabili. Ég hef síðan séð enn aðrar tölur frá ýmsum hagsmunaaðilum. Allar leiða þær til sömu niðurstöðu. Hér hafa átt sér stað umtalsverðar breytingar. Breytingar sem í rauninni er verið að staðfesta og blessa með því frv. sem hér er flutt.

Hv. þm. eru sér væntanlega fullmeðvitaðir um þá hagsmunaárekstra sem eru í sjávarútvegi og sem hafa komið mjög greinilega upp á yfirborðið eftir framlagningu þessa frv. Ef menn lesa gögn sem nefndinni bárust þá sjá menn að það eru gífurlega mikil átök um þessa ákvörðun. Sjómannasamböndin eru á móti því sem hér er verið að gera, hvort sem það eru vélstjórar eða aðrir sjómenn. Útvegsmannafélögin allt í kringum landið eru á móti því sem hér er verið að gera. Vinnumálasamband samvinnufélaganna er á móti því sem hér er verið að gera og svo má áfram telja. Það eru gríðarleg átök. En eins og ég sagði, herra forseti, hv. þm. hljóta að átta sig á því að þau átök eru auðvitað vegna þess að tekist er á um mikil verðmæti. Ef við skoðum verðmæti þeirrar aflahlutdeildar í þorski sem smábátar hafa verð að fá vegna laga og reglugerða á undanförnum árum auk þess sem þeir hafa mátt veiða aðrar tegundir frjálst þá sést mjög vel hvaða hagsmunir eru á ferðinni. Ef við miðum við þá tölu sem ég fékk hjá Fiskifélaginu þar sem þeir segja mér að aflahlutdeild krókabáta hafi verið 5,6% 1991 mundi sú hlutdeild gefa 8.600 tonn í dag ef hlutdeildin hefði verið föst eins og aðrir hafa búið við en ekki 21.500 tonn eins og miðað er við sem gólf í þeirri hlutdeild sem menn eru hér að leggja til að lögfest verði eða 13,9%. Ef við skoðum mismuninn á þessum 8.600 tonnum sem hlutdeildin 1991 hefði gefið í ár ef kerfið hefði ekki verið opið, og þessum 21.500 tonnum sem nú er miðað við sem gólf, þá eru það tæplega 13.000 tonn. Ef við reiknum það á gangverði á varanlegum aflaheimildum í þorski, því hér er verið að úthluta varanlegum aflaheimildum að stórum hluta til, þá er hér um 6,5 milljarða að ræða.

Nefndarmenn í sjútvn. og aðrir hv. alþm. hljóta að spyrja sjálfa sig um réttmæti þess að afhenda með hverri ákvörðun sem tekin er um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða einstaklingum eða fyrirtækjum mikil verðmæti í formi veiðiheimilda sem þeir síðan geta komið í peninga strax daginn eftir ef þeim býður svo við að horfa. Þannig hefur þetta verið um langt árabil. Menn hafa misverðugir verið að fá úthlutað aflaheimildum si svona rétt sem þeir hafa síðan getað selt samdægurs, daginn eftir eða einhvern tímann seinna eftir atvikum og tekið þannig mikla peninga. Þetta, herra forseti, er eitt af því sem hefur farið óstjórnlega í taugarnar á þjóðinni og lái henni hver sem vill. Við erum að tala um það sem í lögunum um stjórn fiskveiða heitir sameiginleg auðlind og menn geta einfaldlega ekki séð réttlæti í því að þeim verðmætum sem felast í veiðiheimildum í þessari auðlind skuli úthlutað ókeypis á þennan hátt til aðila sem síðan geta selt þessar sömu veiðiheimildir strax daginn eftir og gert úr þeim mikla peninga, oft svo skiptir tugum milljóna. Þetta er eitt af því sem grefur smám saman undan því kerfi sem menn

búa við að stærstum hluta, þ.e. aflamarkskerfinu, og þetta er áreiðanlega það sem verður þess banabiti ef menn bregðast ekki einhvern veginn við.

Ef litið er til einstakra ákvæða frv. þá er í 1. gr. þess, sem verður 2. gr. ef svo fer fram sem meiri hlutinn leggur til, gert ráð fyrir að mönnum verði gert kleift að endurnýja báta sína án skerðingar ef þeir verða fyrir sjótjóni þrátt fyrir þessar hertu endurnýjunarreglur sem settar voru síðasta vor.

1. gr., miðað við breytingartillögurnar hins vegar, miðar að því að þau tímamörk sem voru varðandi endurákvörðun leyfilegs heildarafla þorsks hverfi. Það held ég, herra forseti, að sé afar skynsamleg tillaga og byggi þar ekki hvað síst á þeirri reynslu sem ég fékk af ákvörðun og því írafári sem varð í kringum hana núna 15. apríl þegar menn pressuðu mjög á ráðherra að breyta þeim ákvörðunum sem áður höfðu verið teknar varðandi leyfilegan heildarafla.

Ég held að það sé mjög gott að þetta ákvæði fari út og þessi pressa er tekin af. Ég hef skilið það svo að einmitt þorskur sem er langlíf skepna sé tegund sem menn þurfa ekki að vera að skipta um skoðun hvað varðar leyfilegan heildarafla ótt og títt heldur geti menn sett sér langtímamarkmið a.m.k. til árs í senn hvað varðar einmitt þessa fisktegund.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, þá er ákveðið að hafa áfram söknarkerfi fyrir hluta flotans. Þar sem sú ákvörðun liggur fyrir þá verð ég að segja að mér finnst það til bóta að róðrardagakerfi skuli þá komið á. Það kerfi sem menn bjuggu við áður, banndagakerfið, var í rauninni ónýtt. Síðasta vor var mjög hvatt til þess að stjórnin kæmi hiklaust á róðrardagakerfi. Af meintum tæknilegum ástæðum var það ekki hægt fyrir ári síðan. Nú er það hægt og það er vel. Það er vel að menn geti þá ráðið því sjálfir hvenær þeir nýta sína róðrardaga. Mér finnst líka jákvætt, herra forseti, að menn skuli geta valið aftur um kerfi, þ.e. hvort þeir vilja vera á þorskaflahámarki eða kjósa róðrardaga. Og mér finnst líka jákvætt að það skuli greint á milli þess hvort menn ætla að róa bæði með línu og handfærum eða einungis með handfærum vegna þess að mér finnst mikilvægt að menn geri greinarmun á veiðigetu þessara veiðarfæra. Þannig að fyrst menn kjósa að vera með söknarmark á hluta flotans eru þessi ákvæði þó til bóta innan þess ramma.

Það kom í ljós sl. vor þegar menn gátu valið á milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga að mun fleiri völdu þorskaflahámarkið en búist var við. Mér finnst mjög líklegt að enn fleiri muni nú þegar kostur gefst á endurvali velja þorskaflahámarkið og það marka ég af því að mér sýnist frv. og aðrar þær ráðstafanir sem menn eru hér að tala um hníga allt í þá átt að þorskaflahámarkshópurinn muni áfram koma vel út úr þeim ráðstöfunum sem verið er að gera. Eins og áður hefur komið fram er þetta eini hópurinn sem fær úr Seljavallasjóðnum svokallaða. Hann situr einn að 500 lestunum sem eru til ráðstöfunar hjá Byggðastofnun. Það var ákveðinn áhugi fyrir því að það yrði skoðað að aðrir sem hafa farið illa út úr stjórnkerfi fiskveiða án þess að eiga sér mikla björg, þ.e. smábátar á aflamarkskerfi, fengju e.t.v. að njóta þessara 500 lesta sem þarna á að ráðstafa með tilteknum hætti. Það varð þó ekki niðurstaðan, þorskaflahámarksbátarnir sitja áfram að þessum 500 lestum einir. Ef þetta frv. verður að lögum mun það líka verða svo með þennan hóp báta að þessir aðilar geta framselt sitt þorskaflahámark um leið og þeir skila inn sínu veiðileyfi og þeir geta einnig fengið flutt til sín aflahámark úr hinu kerfinu, þ.e. það er búið að opna dyr á milli kerfanna með þeim hætti að það má flytja úr aflamarkskerfinu yfir til þorskaflahámarksbátanna. Reyndar er það bara innan ársins en þarna er vissulega verið að opna dyrnar, ég segi ekki upp á gátt en menn koma löppinni á milli. Það verður fróðlegt að sjá og fylgjast með hvaða breytingum lögin um stjórn fiskveiða eiga eftir að taka á næstu árum ef þetta ákvæði verður gert að lögum. Vegna þess að ég er nokkuð viss um það, herra forseti, að menn munu ekki láta við það sitja að einungis verði hægt að flytja í aðra áttina og það með þessum takmörkunum. Mér sýnist að sú hreyfing sem hefur verið á lögunum um stjórn fiskveiða og snýr að smábátunum hafi verið það mikil að ég á erfitt með að sjá að hér verði látið staðar numið. Auðvitað mun myndast ákveðinn þrýstingur á frekari opnun á milli kerfanna og að veiðiheimildir sem flytjist á milli geti verið varanlegar. Ég hygg að það gæti t.d. orðið svo að það yrði verðmunur á aflaheimildum eftir því í hvoru kerfinu er verið að versla með þær eða milli kerfa og sá verðmunur, þeir hagsmunir sem lægju í því, yrði ugglaust helsti drifkrafturinn í því að menn færu í það að beita þeim fæti sem þeir eru búnir að koma á milli stafs og hurðar í það að galopna dyrnar. Það væri raunar fróðlegt að heyra frá meiri hlutanum hvernig hann sér þessa þróun fyrir sér. Láta menn sig virkilega dreyma um að það sé hægt að láta staðar numið hér?

Ég talaði áðan, herra forseti, um að við þyrftum að vera nokkuð klár á því hvaða markmið við vildum hafa með nýtingu auðlindarinnar. Og ekki þá síður hinu að við skoðuðum mjög gaumgæfilega hvaða stjórnkerfi veiðanna við vildum hafa með tilliti til þess markmiðs. Okkur er auðvitað ljóst að stjórnkerfið ræður fiskveiðiarðinum að miklu leyti og það er mikilvægt fyrir okkur sem nýtum auðlindina sem undirstöðu velferðar og búsetu að það sé vandað vel til verka þegar ákvarðað er hvaða stjórnkerfi er notað. Þær breytingar sem ráðist er í mega ekki verða til að rýra lífskjör þjóðarinnar. Við yfirferð nefndarinnar á frv. og því sem fram kom hjá þeim sem voru með umsögn um frv. eða komu á fund nefndarinnar kom ekkert fram sem styður þá stefnu sem fylgt er í frv. Þvert á móti sýnir reynslan að bátar á aflahámarki eða bátar á aflamarki gera mun meira úr hverju þorsktonni sem þeim er úthlutað heldur en þeir bátar sem eru á söknarmarki.

Herra forseti. Með nál. mínu eru tvö súlurit til að undirstrika þetta. Annars vegar er á bls. 4 súlurit þar sem gerður er samanburður eftir útgerðarformi á því hversu duglegir aðilar eru að ná sér í aukaafla og þá sjá menn að það er geysilega mikill munur á bátum eftir því hvort það eru krókabátar eða aflahámarksbátar eða aflamarksbátar. Sömuleiðis kemur í ljós ef menn líta á súlurit á bls. 5 þar sem heildarverðmæti eru skoðuð að öllum öðrum tekst mun betur að auka verðmæti út úr hverju þorsktonni en krókabátum. Með þessar upplýsingar ásamt og með því að menn eru almennt sammála um að það sé ákveðin óhagkvæmni í því að vera með fleiri en eitt stjórnkerfi fyrir fiskveiðarnar hljóta menn að þurfa að rökstyðja enn betur en gert hefur verið þær ákvarðanir sem hér á að taka varðandi staðfestingu þess að svo stór hluti smábátaflotans sé á söknarmarki. Það eru alla vega engin hagkvæmnirök sem liggja þar að baki. Menn óttast jafnframt, eins og margoft kom fram og margoft hefur komið fram, að nákvæmlega það hvernig þessir hlutir eru skildir eftir nú skilji enn einu sinni eftir gat í þessu kerfi.

Það hlýtur að vera áleitin spurning af hverju ekki er brugðist við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á sókn krókabátanna með því að setja alla báta á aflahámark. Mér finnst að menn ættu að skoða slíka hugmynd og jafnvel þá að

setja bann við framsali á milli flokka ef menn vilja viðhalda því útgerðarmunstri sem nú er. Ef útgerðarmunstrið, þ.e. að svo stór hluti aflans er tekinn með smábátum, er mönnum sérstakt kappsmál ætti að skoða hvort ekki er hægt að gera það með hagkvæmari hætti. Eins og ég sagði áðan, herra forseti, eru öll rök sem benda til þess að ef allir bátar væru á aflahámarki væri um mun hagkvæmari veiðar að ræða en nú er. Og ég endurtek að mér finnst að ef menn vilja viðhalda því útgerðarmunstri að vera með svo stóran flota smábáta til að taka þetta stóran hluta af þorskaflanum gætu menn lokað á milli flokkanna og þannig viðhaldið útgerðarmunstrinu, ef það er meiri hlutanum ákveðið kappsmál.

Hér kemur nú inn frá meiri hluta sjútvn. breytingartillaga um afnám línutvöföldunar. Mér finnst í sjálfu sér jákvætt að afnema línutvöföldunina til að einfalda það stjórnkerfi veiðanna sem við búum við. Mér finnst hins vegar gagnrýnivert hvernig staðið er að því. Það er miðað við tvö bestu af þremur síðustu fiskveiðiárum og þetta leiðir til þess, herra forseti, að úthlutun viðbótaraflahlutdeildar á grundvelli þessarar reynslu þýðir að þau skip sem hafa verið hörðust í línuveiðunum á undanförnum þrem árum, eða jafnvel tveimur af þessum þremur, fá nú til viðbótar því aflamarki sem þau höfðu 60% viðbótaraflahlutdeild af því sem þau veiddu aukalega á þessum viðmiðunarárum. Mér finnst í sjálfu sér alveg til umhugsunar þegar verið er að úthluta aflahlutdeild að menn skoði eða líti til reynslu og hafi það alla vega að hluta til sem leiðarljós. En auðvitað vildi ég helst, eins og margoft hefur komið fram, að ekki væri verið að úthluta þessum veiðiheimildum ókeypis. Mér finnst menn satt að segja fara með býsna mikilli ofrausn af stað hér. Það er verið að auka hlutdeild viðkomandi skipa umtalsvert. Þannig má ætla, herra forseti, að stór hópur skipa eða útgerða fái veiðiheimildir upp á tugi milljóna króna. Og að þessu sinni án nokkurra kvaða. Þetta var þó þannig að menn urðu að taka þennan afla á línu yfir tiltekna mánuði. Nú eru engar kvaðir, hvorki um veiðarfæri né tímabil. Menn fá bara aukna hlutdeild upp á 60% af þeim viðbótarafla sem þeir tóku út á þetta ákvæði á tveimur bestu af þremur síðustu fiskveiðiárum. Ég get alveg séð það fyrir mér, herra forseti, ég vildi reyndar sjá slíka aukningu þorskafla fyrir mér, en ég get alveg séð það fyrir mér hvað þessa báta varðar sérstaklega að innan ekki langs tíma verði þessi aflahlutdeild orðin að þorsktonnum sem telja mun fleiri tonn en þau sem upphaflega lögðu grundvöllinn að þessari auknu aflahlutdeild. Ég hlýt að setja spurningarmerki við þetta og ég átta mig ekki alveg á því af hverju þetta þarf að vera svona rausnarlegt. Við erum ekki að tala um skip endilega sem hafa verið á línuveiðum alla tíð eða eru hefðbundnir línuveiðarar. Við erum ekkert síður að tala um skip sem skelltu sér í þessar veiðar bara á undanförnum árum. Þau voru stórtæk á þessu á þeim tíma og fá nú rausnarlegar veiðiheimildir að launum án þess að þeim fylgi nokkrar kvaðir.

Ég vil aðeins geta þess til að menn geti áttað sig á því hvaða fjárhagslegir hagsmunir hér geta verið á ferðinni að kg af varanlegum þorskkvóta hefur verið þetta í kringum 500 kr. á kvótamarkaði. Svo getur hver reiknað sem vill vegna þess að auðvitað strax daginn eftir að þessi lög hafa verið samþykkt, eða daginn eftir að þau taka gildi réttara sagt hvað varðar þetta ákvæði, geta menn farið og selt þessa aflahlutdeild.

Ég vil þess vegna, herra forseti, enn á ný fara yfir það að bæði þeim sem sitja í hv. sjútvn. og sömuleiðis hv. alþm. hlýtur að vera það ljóst þegar þeir eru að taka ákvarðanir sem þessar að það er verið að færa til gífurlega fjármuni, tugi milljóna jafnvel, og bæði ég og ýmsir fleiri hljóta að setja stórt spurningarmerki við það réttlæti sem í því getur falist. Það hefur a.m.k. ekki enn verið skýrt þannig fyrir mér að ég fái skilið hvernig menn geta náð sáttum við samvisku sína við ráðslag af þessu tagi.

Það kemur fram í lok míns nál., herra forseti, að ég styð þetta frv. ekki í heild. En þar eru stöku atriði, einstakar tillögur sem eru til bóta sem eru tæknilegar og ég þær mun ég styðja.

Frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er auðvitað fylgifiskur hins fyrra. Í þeim umræðum sem áttu sér stað þegar þessi frv. voru lögð fram gagnrýndi ég þann flýti sem mér finnst vera hvað það varðar að breyta lögunum um stjórn fiskveiða án þess í rauninni að þau ákvæði til breytinga á lögunum um Þróunarsjóð sem síðast voru sett á þingi fengju að hafa nokkur áhrif. Mér finnst sem sagt að menn hafi farið hér fram með breytingar á lögunum um Þróunarsjóð síðast þegar það var gert og síðan aldrei gefið þeim í rauninni séns á að vinna og eru nú komnir enn af stað með breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem taka að mínu mati út að verulegu leyti þá beitu sem gat verið í lögunum um Þróunarsjóðinn og átti að laða menn til þess að úrelda sína báta og þar með að fækka þeim. Mér er ljóst að bátum hefur ekki fjölgað en ég held að það frv. sem hér liggur fyrir geri það að verkum að menn muni sannarlega hugsa sig um áður en þeir skoða það að nýta sér þau ákvæði sem Þróunarsjóðurinn kemur til með að bjóða upp á, ef þetta frv. verður að lögum.

[13:47]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir flutti hér ágætt mál og ég þakka henni það. Hún vék að því að mikill tími hefði farið í að ræða um smábáta í gegnum tíðina. Allt er það hárrétt. Oft hefur mér fundist það vera of langur tími. Miðað við það magn sem úr hafinu er dregið hefði mátt fjalla meira um aðra þætti þeirrar mikilvægu greinar. Þingmaðurinn sagði einnig að kerfið sem þessir bátar búa við væri of mikið opið og hefði verið of lengi opið. Þingmaðurinn gaf jafnvel í skyn að opnað verði frekar fyrir heimildir til smábáta. Því sé ég ástæðu til að vitna til greinargerðarinnar sem með þessu fylgir og lesa hér upp örfá orð. Þar segir, m.a.:

„Það frumvarp sem hér um ræðir byggist á samkomulagi milli Landssambands smábátaeigenda og sjávarútvegsráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að ákvæði frumvarpsins verði lögfest á þessu þingi. Meiri hlutinn gengur út frá því að Landssamband smábátaeigenda sjái til þess að þeir sem gera út krókabáta standi við samkomulagið, enda er með þessu móti komið mjög til móts við smábátaeigendur. Þá vill meiri hlutinn taka skýrt fram að ekki verða gerðar frekari breytingar á þeim reglum sem gilda um sóknardaga eftir lögfestingu þessa frumvarps."

Hér er sem sé verið að reyna að binda þá enda sem kannski einhverjir mundu vilja halda að væru of laust hnýttir í þessu máli. Vissulega hafði ég efasemdir þar um og átti þess vegna hlut að því að menn reyndu að hnýta nú þá hnúta sem svo sannarlega þurfti að hnýta.

[13:49]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Frv. þetta til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er að stofni til eins og kunnugt er samkomulag það sem hæstv. sjútvrh. gerði við Landssamband smábátaeigenda nú á útmánuðum. Það er óhjákvæmilegt að fara örfáum orðum um þetta samkomulag og aðdraganda þess vegna þess að það markar í raun og veru mjög hina pólitísku stöðu málsins eins og það hefur verið til meðferðar hér á þingi.

Þetta samkomulag á sér aðdraganda í landsfundi Landssambands smábátaeigenda á sl. hausti þar sem hæstv. sjútvrh. mætti og bauð upp á viðræður um tiltekin atriði í sambandi við stjórnkerfi fiskveiða sem að smábátunum snýr. Í kjölfarið komust á viðræður sem leiddu síðan að lokum til þessa samkomulags.

Nú er það svo að fá mál varðandi stjórnkerfi fiskveiða hafa verið meira til umræðu á undanförnum árum, eða síðasta einn og hálfan áratug má segja, en einmitt staða minnstu skipanna í flotanum. Mætti auðvitað ætla út frá því að þetta væri sá hluti útgerðarinnar sem menn væru sammála um að skipti langmestu máli í landinu miðað við þá athygli og orku sem í þennan þátt málsins hefur farið.

Hér var síðast á vorþinginu fyrir liðlega ári til umfjöllunar og allnokkurra átaka einmitt frv. til laga um breytingu á sömu lögum og varðaði sérstaklega málefni smábátanna. Þá sögðum við stjórnarandstæðingar að sú lögfesting sem þar var gerð mundi engan veginn ganga upp og það væri augljóst mál að menn fengju þetta í andlitið aftur og það yrði væntanlega til umfjöllunar hér strax á næsta þingi sem raun er orðin á. Auðvitað er þetta frv. og niðurstaða sjútvrh. fyrst og fremst staðfesting á því að frágangur málsins hér á sl. vori gekk ekki upp, hvorki pólitískt eða efnislega. Enda treystu menn sér ekki til að framkvæma málið á þeim grundvelli sem þó var hér lögfestur. Við stjórnarandstæðingar lögðum þá að okkar mati til miklu heilsteyptari breytingar á þessu fyrirkomulagi. Ég er sannfærður um að hefði verið farið að okkar tillögum þá, hefðu menn ekki þurft að vera með málið í þeim farvegi sem það er núna. Á lokastigi þessara viðræðna við Landssamband smábátaeigenda og reyndar mestan part þeirra var það svo að hæstv. sjútvrh. gekk í raun og veru án samráðs við aðra aðila, hvort heldur eru önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi svo ekki sé nú talað um Alþingi eða sjútvn. Alþingis, frá þessu samkomulagi. Það er þess vegna augljóst og einfalt mál að hin pólitíska ábyrgð þessarar niðurstöðu er hæstv. sjútvrh. og meiri hlutans sem með honum stendur í því að koma því hér til framkvæmda á Alþingi. Málið varð fljótlega ákaflega umdeilt, svo ekki sé meira sagt, þegar efnisatriði þessa samkomulags urðu ljós og harkalegar ályktanir hafa verið samþykktar vítt um land af hálfu útvegsmanna, sjómannasamtakanna og fleiri aðila þar sem þessari niðurstöðu er mjög mótmælt.

Nú er það svo, herra forseti, að um það hefur ekki verið deilt að nauðsynlegt væri að ganga með einhverjum hætti frá stjórnkerfi fiskveiða hvað varðar þessi minnstu skip í flotanum þannig að um það gæti orðið einhver friður og einhver framtíðarlausn sem þar væri verið að lögfesta. En það hefur vafist ákaflega fyrir mönnum, svo ekki sé meira sagt. Er af því löng saga sem ekki verður öll rakin hér. Það er að mínu mati aðalágalli þessarar niðurstöðu að þótt í henni felist ótvírætt veruleg úrbót fyrir hluta smábátaflotans, þ.e. þann hluta sem stundar krókaveiðar, þó ekki nema hluta hans, eru aðrir skildir eftir óbættir hjá garði. Þar á ég auðvitað við að þótt hér sé gengið þannig frá málum að sá pottur sem búinn var til upp á 21.500 tonn til handa krókaveiðiflotanum sé nú settur inn í hlutdeildarkerfið er á engan hátt tekið á vanda aflamarksbáta, hvorki af þessari stærð né annarri. Það er ljóst að á grundvelli þess vals sem fram fer í sumar, og mun auðvitað fyrst og fremst ráðast á grundvelli aflareynslu bátanna hvort þeir velja aflahámarksleiðina eða halda áfram í krókaveiðum án aflahámarks, mun verða til lítill floti sem enn verður í þeirri stöðu að yfir honum vofir stórfelldur niðurskurður veiðimöguleika að afliðnu komandi fiskveiðiári. Það er ljóst. Nú veit maður ekki í dag hvort þeir bátar verða 150 eða 300 eða eitthvað af þeirri stærðargráðu en þarna verður samt til floti sem hefur að vísu fastan róðrardagafjölda á næsta fiskveiðiári, 1996–1997, en að því afloknu er ljóst að hann á í vændum stórfellda fækkun róðrardaga. Þannig að enn skilja menn eftir ófrágenginn enda þessa máls sem er alveg borðleggjandi að strax þegar líður á næsta fiskveiðiár mun skapa mikinn þrýsting á að sá hluti fái einhverja úrlausn. Málið er enn einu sinni að fara í hring. Það væri mikið pólitískt óraunsæi og mikill barnaskapur að ætla að meðferð þess verði eitthvað ólík því sem verið hefur á undanförnum árum. Eða hvers vegna skyldu pólitískar aðstæður verða þannig þegar langt verður liðið á næsta fiskveiðiár að á sama tíma og veiðiheimildir eru þá að aukast hjá öðrum hlutum flotans snúi menn við blaðinu og láti þennan afmarkaða hóp sæta stórfelldum takmörkunum milli fiskveiðiára? Reynslan hefur ekki sýnt að pólitískar forsendur teiknuðu til slíks. Þannig að þarna er því miður, herra forseti, ekki verið að ganga frá málinu með þeim varanlega hætti sem æskilegast hefði verið. En sérstaklega held ég að það hrópi í himininn við þessar aðstæður nú sú útkoma sem aflamarkssmábátarnir hafa fengið út úr þessu kerfi. Það er fjöldinn af dæmum, það þekkja þeir sem þekkja til í einhverjum verstöðvum við landið þar sem gerðir eru út smábátar, um tiltölulega jafnsetta menn sem höfðu kannski verið að færa að landi svipaðan afla af þorski á sínum smábátum árin fyrir 1990, en voru svo settir í þá aðstöðu að þeir urðu að velja aflamark eða krókaleyfi. Menn höfðu satt best að segja afar óljósar forsendur fyrir því vali. Menn áttu engan annan kost. Þeim var stillt upp við vegg og á tiltekinni dagsetningu skyldi þeir velja. Hvað hefur síðan gerst? Þeir sem völdu aflamarkið og töldu sig kannski þokkalega setta með þær veiðiheimildir sem þeir höfðu þá hafa sætt niðurskurði að fullu eða svo til að frádregnum jöfnunaraðgerðum. Hinir hafa allan tímann haft möguleika á að stórbæta stöðu sína og hafa núna náð að mynda aflareynslu sem í mörgum tilvikum er tvöföld, þreföld eða fjórföld sú sem aflamarksbátarnir búa við. Þetta leiðir til þess að t.d. í verstöð, við getum sagt að hún heiti Ólafsfjörður og þar hafi verið tveir karlar, Jón og Gunnar, sem báðir höfðu veitt svona 20–30 tonn á sínar trillur árin fyrir 1990. Annar valdi aflamark en hinn hélt áfram á sóknardögum. Hann gat jafnvel endurnýjað sinn bát eða fengið sér annan afkastameiri, veitt tugi tonna umfram hinn á árunum eftir 1990. Á sama tíma og Jón sem aflamarkið valdi er kannski kominn niður í 9 tonn þá er hinn kominn með aflahámarksreynslu núna upp á 70–100 tonn. Þessi dæmi eru mýmörg. Þau blasa við í verstöðvunum hringinn í kringum landið. Mér er til efs, herra forseti, að það hafi í annan tíma vegna stjórnvaldsaðgerða myndast hrikalegri mismunun milli áður jafnsettra aðila, hvort sem er í tilliti atvinnurekstrar eða hvað laun og afkomu

snertir. Þetta misrétti er enn fest í sessi án þess að reynt sé að taka á því með þessu frv. hér. Ég spái því að ef þessi saga verður einhvern tímann skrifuð og yfir hana farið muni þetta þykja einhver ljótasti bletturinn á stjórnvaldsframkvæmdum í mér liggur við að segja samanlagðri atvinnusögu. Þó veit ég það nú ekki. Ef við færum aftur á öldina þar á undan teldu menn sig kannski finna ýmislegt sem væri býsna bágborið og stæðist illa jafnræðisreglur og mannréttindaákvæði eins og þau eru túlkuð í dag. En að þessi ósköp skuli hafa gerst hér í stjórnkerfinu hjá okkur Íslendingum á ofanverðri 20. öldinni er auðvitað alveg með ólíkindum. Því miður, herra forseti, er þessi saga ærið vörðuð mismunun af þessu tagi. Ekki vegna þess að stjórnvöld ætli sér það í upphafi heldur vegna þess að afleiðingar af því kerfi sem menn setja á hafa orðið slíkar.

Svo er enn eitt í þessu, herra forseti. Það er ósköp einfaldlega sú niðurstaða sem hér er orðin gagnvart krókaveiðihópnum sem slíkum að það samkomulag sem gert var í fyrra eða sú niðurstaða sem þá varð að taka tiltekið magn veiðiheimilda og segja: Við búum til pott fyrir þennan hóp og hann skiptir honum svo einhvern veginn á milli sín eða slæst um hann. Hann er upp á 21.000–21.500 tonn. Þetta var af mönnum þá túlkað sem endanleg niðurstaða gagnvart þessum hópi þótt að vísu kæmu strax upp deilur um það hvort þessi pottur skyldi síðan aukinn í hlutfalli við aukningu veiðiheimilda eða ekki. Það virtust vera nokkuð misvísandi sjónarmið uppi í því efni. En sú leið sem hér er valin er ekki aðeins sú að segja að þessi pottur skuli koma inn í aflahlutdeildarkerfið, heldur skal hann gera það að fullu. Og hlutdeild krókahópsins í vaxandi veiðiheimildum á næstu árum skal vera 100%. Það er ekki bara það sem er gert heldur er líka sagt: Við setjum hann inn núna. Við tökum 21.500 tonn og breytum því yfir í aflahlutdeild, miðað við hvað? Miðað við lægsta úthlutað aflamark í þorski í sögunni, 155.000 tonn. Það þýðir að þetta magn verður að heilum 13,9%. Herra forseti, þótt ég hafi gjarnan á undanförnum árum verið í þeim hópi hér á þingi og í umræðum um þessi mál sem hefur viljað úrlausn fyrir hönd smábótahópsins segi ég nú: Fyrr má nú aldeilis gagn gera en að fara svona vasklega í þetta.

Ég veit ekki hversu vel menn hafa áttað sig á því hversu gífurlega mikilvægir og stórir hagsmunir ráðast af upphafspunktinum í þessu máli, þ.e. viðmiðuninni sem er tekin. Ég ætla aðeins að fara yfir tölur í því sambandi máli mínu til skýringar. Sú staðreynd að þetta er gert núna þýðir eins og áður sagði að 21.500 tonnin deilt með 155.000 tonna úthlutun í þorski gefa 13,9%. En ef við tækjum nú þó ekki væru nema þorskveiðiheimildirnar eins og þær verða á næsta fiskveiðiári samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, 186.000 tonn. Hvað gerist þá? Þá lækkar þessi hlutdeild, 21.500 tonn, niður í 11,6%. Þá sjá menn strax hvað er að gerast. Upphafspunkturinn ræður alveg úrslitum um það. Hann færir til þúsundir tonna í gegnum aflahlutdeildarkerfið vegna þess að það er verið að færa þessa viðmiðun inn í sjálft aflahlutdeildarkerfið sem er hlutfallskerfi. Segjum að við færum í þetta þannig að við segðum: Við skulum taka einhvern meðaltalsjafnstöðuafla í þorski yfir þriggja ára tímabil. Og fyrir tilviljun væru það 200.000 tonn. Þá eru 21.500 tonnin komin niður í 10,8%. Ef það væri þannig sett inn og látið telja einn á móti einum er það talsvert önnur nálgun í málinu og annar frágangur en hér er. Og ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast nokkuð þá aðferð sem hér er valin. Ég hefði sjálfur aldrei getað axlað pólitíska ábyrgð af því að standa svona að þessu. Það verð ég að segja alveg eins og er. Hér er um svo mikla og viðkvæma og vandasama hagsmuni að ræða af því að hér er við tilfærslu á milli aðila að eiga að menn þurfa að vanda sig alveg sérstaklega gagnvart öllum viðmiðunum og því að velja sér upphafspunkt o.s.frv.

Nákvæmlega sama á við um annað mál sem ég kem hér betur að síðar og er það með hvaða hætti línutvöföldunarreynslan er sett inn í hlutdeildarkerfi veiðiheimildanna. Þar skiptir einnig upphafspunkturinn og hlutföllin, skiptaprósentan eða hlutföllin, afar miklu máli. Þar hafa menn rambað á þá niðurstöðu að skipin skuli fá 60% af línutvöföldunarreynslu sinni miðað við tvö bestu ár af þremur síðustu. Hvað ætla menn að gera við þetta? Menn ætla að setja það inn í aflahlutdeildarkerfið miðað við 155.000 tonna afla, miðað við kvótann á yfirstandandi fiskveiðiári sem er að verða búið, hvorki miðað við næsta ár né einhvern meðaltalsjafnstöðuafla eða annað því um líkt. Hvaða nákvæmnisvísindi liggja hér að baki, herra forseti, hvort heldur er viðmiðunin, árafjöldinn, prósentan eða hlutfallið? Hvaða nákvæmnisvísindi eru það? Engin. Það er sagt við okkur: Ja, við veljum 60% af því að í gamla daga fengu menn að taka 60% úr sóknarmarkinu yfir í aflamarkið. Það eru algjörlega ósambærilegir hlutir á tímum þar sem veiðiheimildirnar voru með allt öðrum hætti, mun meiri í þorski og reyndar á niðurleið. Þannig nýttist fortíðarreynslan mönnum mjög vel og færði þeim í raun og veru stærri hlut inn í minnkandi veiðiheimildir, öfugt við það sem nú er að gerast.

Herra forseti. Þetta eru hlutir sem ég verð að segja að ég er ærið hugsi yfir. Í sjútvn. báðum við um ýmsa útreikninga til að menn hefðu einhvern tölulegan grunn til að standa á gagnvart þessari ákvarðanatöku. Ég get því miður ekki sagt og mér þykir það nokkuð sárt fyrir hönd þeirrar ágætu nefndar að það hafi verið mikið með þær upplýsingar gert eða að ég hafi tilfinningu fyrir því að lendingin nú byggi á efnislegum rökstuddum grunni af því tagi. Ég get því miður ekki sagt það.

Þetta, herra forseti, eru hlutir sem ég veit ekki hversu margir hafa áhuga á nema þá þeir fáu sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Gott og vel. En það verður að segjast eins og er að út frá stjórnsýsluþáttum þessa máls og spurningunni um vinnubrögð og annað því um líkt þegar kemur að jafngríðarlegum hagsmunamálum og hér eiga í hlut og verðmætaúthlutun er maður ærið hugsi varðandi þau vinnubrögð sem stjórnvöld ástunda í þessum efnum, hvernig þau vanda verk sín o.s.frv. Það er ekki eins og hér sé um einhver minni háttar dægurmál að ræða og litlu máli skipti hvernig þau séu til lykta leidd.

Herra forseti. Varðandi þann þátt málsins sem snýr að lagfæringunni til krókabátanna og stöðu þess í samhengi við útkomu annarra í þessu kerfi er mín meginniðurstaða þessi: Þarna er á ferðinni mjög mikilvæg úrbót fyrir hluta krókaveiðiflotans, fyrst og fremst þann hluta sem hefur allgóða aflareynslu frá undanförnum árum og mun velja aflahámarksleiðina. Það liggur við að segja megi að sá hluti hópsins sé hér að fá farmiða á fyrsta farrými. Ég held að það sé ekki of djúpt í árinni tekið. Út á það að þeirra háa aflareynsla sem hið opna kerfi á undanförnum árum gaf þeim færi á að mynda er nú sett inn í aflahlutdeildarkerfið, miðað við auðvitað hagstæðasta upphafspunkt sem hægt er að velja, sögulegt lágmark í þorskveiðiheimildum og þessi hluti er þar með kominn með sína stöðu vel trygga. Aflahámarkið er

millifæranlegt innan hópsins, menn geta jafnvel bætt stöðu sína með því að leigja til sín aflamark frá aflamarksskipunum en ekki öfugt. Það stæði síst á mér að neita því að það er rúmlega prýðilega gert við þennan hluta hópsins. Er ég þó þeirrar skoðunar, eins og áður hefur fram komið, að það hafi þurft að koma málum á hreint. Ég sé ekki eftir því þó staða þessa hluta útgerðarinnar sé sæmilega lífvænleg og bjargleg á næstu árum. Það var að sjálfsögðu þarft og nauðsynlegt. En spurningin hlýtur að vera: Frá hverjum er þetta þá tekið og hvernig og hvað um aðra? Ég held að eftir liggi sú óvissa sem sá hluti krókaveiðiflotans sem mun velja róðrardagana býr við á næstu árum. En miklu verst er þó sú staðreynd að það er ekkert gert fyrir þann hluta smábátanna sem hefur sannanlega farið langverst úr úr kerfinu undanfarin ár, smábáta á aflamarki. Gleymda flotann. Óhreinu börnin hennar Evu í þessu kerfi. Sá hluti er áfram gleymdur og það var ekki viðleitni til að lagfæra hans stöðu.

Ég lagði til í sjútvn. að þó ekki væri nema eitt atriði yrði sérstaklega tekið og skoðað gagnvart þeim hópi og það væri að taka 500 tonninn, Seljavallapottinn svonefnda, og færa hann yfir í jöfnun gagnvart þessum hluta smábátaflotans. En á það var því miður ekki fallist. Hann skal áfram notaður til viðbótar ofan á aflareynslu aflahámarkshlutans sem er þó sýnilega að fá hér miklu betri úrlausn en aðrir. Hvers konar efnisleg rök ætla menn að færa fram fyrir því? Hver ætlar að taka að sér að verja það ástand hérna á eftir af hálfu stjórnarliða? Hver ætlar að koma og segja að það sé rétt að eiga þar pott í sjóði til að bæta kannski 10 tonnum ofan á krókabát, aflahámarksbát, sem hefur á annað hundrað tonn í reynslu. En á sama tíma er í sama byggðarlagi aflamarksbátur með kannski 10–20 tonn sem fær ekkert. Hver ætlar að koma af hv. þm., herra forseti, hér á eftir og standa fyrir málsvörn í þeim efnum? Tek ég þá skýrt fram að ég er ekki að sakast við Byggðastofnun sem á ekki annars úrkosti en úrhluta þessum potti á grundvelli gildandi laga og er með bundnar hendur hvað það snertir að hið arfavitlausa ákvæði, ákvæði til bráðabirgða II ef ég man rétt, er þannig úr garði gert að það bindur ráðstöfun þessa potts við aflahámarkshlutann. Hafa að mínu mati sjaldan verið sett vitlausari ákvæði í lög og er þá langt til jafnað. Ég hefði talið, herra forseti, að með hliðsjón af þeirri niðurstöðu, hvað sem um hana má svo segja að öðru leyti gagnvart krókabátunum, hefðu menn átt að taka aðra þætti sem í þessu kerfi eru og tengjast útkomu smábáta og bátahópsins sérstaklega og skoða þá. Þá er ég að tala um að hið þrefalda jöfnunarkerfi sem í gangi er hefði allt saman verið tekið og stokkað upp, 12.000 tonnin samkvæmt 9. gr., 500.000 tonnin, hvort tveggja er miðað við óslægðan afla samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, og 500 tonnin, Seljavallapotturinn, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II, átti allt að taka upp nú í ljósi breyttra aðstæðna. Bæði breyttra aðstæðna gagnvart þessu samkomulagi við smábátahópinn en líka breyttra aðstæðna vegna breytinga í úthlutun aflamarks. Allt þetta átti að stokka saman í eitt samræmt jöfnunarkerfi þar sem kannski 12–15 þús. tonn hefðu verið til ráðstöfunar til jöfnunar með tilteknum reglum gagnvart þessum hluta aflamarksskipanna, smábátunum og bátunum og öðrum aflamarksskipum sem sannanlega hafa mætt mestri skerðingu í úthlutun veiðiheimilda undanfarin ár og nýta þetta þannig að sem best kæmi út gagnvart því að vega upp á móti skerðingunni. Þar er staða minni skipanna verri en þeirra stóru. Um það þýðir ekki að deila vegna þess að þau hafa minni möguleika til að bæta sér upp samdrátt í bolfiski með veiðum á öðrum tegundum eða á fjarlægum miðum. Trillur fara ekki í Smuguna. Þær fara ekki á Reykjaneshrygg, þær fara ekki á Flæmska hattinn. Hvað sem vinir mínir í stórútgerðinni annars segja þá eru þetta efnislegar staðreyndir í málinu sem menn eiga að horfast í augu við. Reynslan hefur líka sýnt að stærri skipin hafa haft fleiri úrræði til að bjarga sér. Það er bátaflotinn, smábátarnir og hefðbundnu vertíðarbátarnir sem hafa þarna langerfiðasta stöðu.

Síðan hefði átt að mínu mati að ganga þannig frá þessum jöfnunarpotti að hann verkaði sem fleygur og dæi út með vaxandi veiðiheimildum. Þannig að við einhver tiltekin mörk eða í þrepum hyrfi þessi útjöfnunarfunksjón úr kerfinu. Þegar þorskveiðiheimildirnar væru komnar í 200–250 eða 300 þús. tonn þá fleyguðust þessir jöfnunarpottar út og hyrfu á endanum. Nema menn vildu vekja þá upp á móti eða með nýjum hætti ef til umtalsverðrar skerðingar kæmi í öðrum tegundum sem er í sjálfu sér sjálfstætt mál.

Þessi frágangur á málinu eins og hann er núna er mjög groddalegur og satt best að segja ekki efnislegur á nokkurn hátt. Í fyrsta lagi getur ráðstöfun þessara 12.000 tonna heimildar í 9. gr. verið tilviljunarkennd. Þar geta geðþóttaákvarðanir nánast komið til sögu og 5.000 tonnin eru á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða sem endar á fiskveiðiárinu 1998–1999. Hvaða speki er það? Hvers vegna skulu þetta vera nákvæmlega 5.000 tonn allan tímann akkúrat til 1999 en fara svo ofan í núll? Það er ekki mjög efnisleg uppsetning á málinu. Það sama má segja um 500 tonnin. Hér er auðvitað á ferðinni frágangur á þessum málum sem sannar betur en nokkuð annað að menn eru hér ekki með vel uppbyggða og efnislega rökstudda útfærslu á þessum hlutum, því fer víðs fjarri. Bæði hvað útkomuna snertir gagnvart einstökum þolendum í kerfinu og líka gagnvart hlutum eins og þessum, þ.e. að jöfnunin er þarna ekki sett í samhengi við neinar breytur eins og úthlutaðar veiðiheimildir eða annað því um líkt.

Sem sagt, herra forseti, ég held að það hefði getað skipt miklu máli og gert þetta mun þolanlegra fyrir alla aðila ef um svona útfærslu hefði verið að ræða.

Að allra síðustu vil ég svo segja varðandi tengingu 21 þús. tonna pottsins inn í aflahlutdeildarkerfið sem er samkvæmt frv. 1:1 eða 100% án nokkurra takmarkana, án tillits til þess hversu mikið þorskveiðiheimildir kunna að aukast á komandi árum eða hversu mikla aflareynslu það getur þýtt á einstaka smábáta, enda er niðurstaðan sú að einstöku bátar geta verið komnir með á þriðja hundrað tonn ef þorskveiðiheimildirnar aukast tiltekið innan kannski fárra ára. Þá gætum við verið með þá stöðu að 5,9 tonna bátur væri með á þriðja hundrað tonn í þorskaflahámark og reglur til að sækja frjálst í aðrar tegundir. Menn skulu átta sig á því að þetta felur líka það í sér á sama tíma og aflamarksbátar eru með hverfandi reynslu, nokkra tugi tonna eða eitthvað því um líkt. Er það niðurstaða sem mönnum finnst réttlætanleg í einhverju tilliti? Er það? Er út frá bara öllum almennum sanngirnissjónarmiðum einhver botn í slíku, einhver glóra í slíku? Ég segi nei. Þar af leiðandi hefði ég talið að út frá þessari útkomu hefðu menn átt annað tveggja að skoða, þ.e. að hlutdeildin væri í þrepum og minnkaði með vaxandi veiðiheimildum þannig að potturinn tæki á sig aukningu í hlutföllunum 1:1 kannski upp í 200 þúsund tonn. Síðan fengi potturinn 0,75% af hlutdeild í viðbót þar á eftir upp í t.d. 250 þús. tonn, 0,5% á bilinu 250–300 þús. tonn og síðan kannski 0,25% eftir það. Þá

hefði þetta þrepast þannig niður að ákveðin þök hefðu komið inn á aukninguna hjá smábátunum. Eða hitt sem að mörgu leyti væri efnislega miklu skynsamlegri regla, að það væri einfaldlega sett þak á hvern einstakan bát við einhver hófleg mörk þannig að enginn einstakur smábátur fengi þó meiri veiðiheimildir í þorski með frelsi til að sækja aðrar tegundir en svona 150 tonn. Finnst mönnum einhver ástæða til þess þegar verið er að takmarka þetta á annað borð að það sé ekki hægt að setja efnislegar reglur af því tagi? Ég sé ekki að það sé mikið að vanbúnaði miðað við það hvernig menn treysta sér til þess að ganga að öðrum í þessu sambandi.

Það hafa líka verið nefndar hugmyndir um að slíkt þak, þorskaflahámark, tæki mið af stærð viðkomandi skipa. Það vefst ekki fyrir mönnum þegar verið er að úthluta kvóta í loðnu að láta burðargetu skipanna vega 50% og hitt er á grundvelli jafnt á skip. Það er ekki mikið verið að gefa fyrir veiðireynslu þá eða slíka hluti. Nei. Heldur er lengd sinnum breidd sinnum dýpt á skipunum, hún vigtar 50% en það eru náttúrlega mjög sérkennileg vísindi og valda því að burðargeta skipanna er ekki einu sinni notuð heldur rúmmálið á þennan hátt. (**Gripið fram í:** Er nú það?) Það fer nefnilega ekki alveg saman, hv. þm. Staðreyndin er sú að það færir talsvert til. Fyrir einhverja undarlega tilviljun færir það t.d. til ákveðinna skipa sem eru staðsett á vissum stað á landinu miðað við þá úthlutun sem ég fór að skoða um daginn. En önnur með allt upp í tvöfalda burðargetu á við skipin, þau fá jafnt við þau. Hvers vegna mætti þá ekki hugsa sér þetta þannig að þakið á hvern smábát í þorskaflahámarki væri t.d. 2 eða 2,5 tonn á hvert brúttótonn í skipinu. Það væri ekkert ósanngjarnt. Er það? Ef við segjum 2 tonn þá gæti 3 tonna trillan fengið 20–25 tonn þannig að hún gæti fengið 60 tonn eða 75 tonn eða eitthvað þannig og 6 tonna báturinn þá tvöfalt. Ekkert af þessu tagi er hér á ferðinni, ekki neitt.

Nú er það svo að þeir sem harðastir hafa verið talsmenn kvótakerfis á undanförnum árum hafa auðvitað viljað fyrst og fremst eina og aðeins eina leið í öllum þessum efnum og það er að koma öllu í kvóta. Það læðist að mér sá grunur að þessi hrossalega niðurstaða í málinu hér sé af hálfu einhverra í hjarta sínu réttlætt með því að það sé þó verið að koma þessu inn í kvótann og kosti þá það sem kosta vill og að menn séu að kaupa niðurstöðuna því verði. Þeir ná að vísu ekki alveg utan um málið, en langleiðina þó með því að útfæra þetta þannig að mjög stór hluti krókaveiðiflotans telji sig þvingaðan til þess að velja aflahámarksleiðina og þá sé þetta að verða alveg hverfandi stærð sem eftir er í einhverju öðru frelsi.

Niðurstaðan, herra forseti, er auðvitað alveg ótrúleg gagnvart stjórnkerfi fiskveiða hvað smábáta undir 6 tonn varðar. Það er ekki verið að einfalda hlutina mikið, er það? Nei, það er verið að búa til fjórða lagið í stjórnkerfi fiskveiða fyrir þennan minnsta hluta flotans. Það er ferns konar stjórnkerfi við lýði fyrir trillur undir 6 tonnum eða verður þegar þetta verður orðið að lögum og komið til framkvæmda, ferns konar kerfi. Það dugar ekkert minna til fyrir utan allar hinar aðgerðirnar, allar almennar friðunaraðgerðir sem taka til allra, veiðistopp og bönn, hrygningarstopp og hvað það nú er. En ferns konar kerfi þarf til að stjórna sókn smábátanna undir 6 tonnum. Það eru aflamarksbátarnir. Það er aflahámarkshópurinn. Það er sá hluti krókaveiðiflotans sem velur að geta veitt bæði með handfærum og línu og það er svo handfærahópurinn. Þá er þetta komið í grófum dráttum og reyni svo hvaða áhugamaður sem er að skilja þetta til fulls. Því miður, herra forseti, er hér ekki á ferðinni nein heildstæð stefnumörkun eða einföldun sem að mínu mati hefði átt og þurft að koma til.

Varðandi breytingartillögur meiri hlutans þá vil ég örlítið gera grein fyrir viðhorfum mínum til þeirra og taka þá fyrst fyrir 1. tölul. sem er um að sú dagsetning, 15. apríl, sem bundið hefur hendur sjútvrh. hingað til innan hvers fiskveiðiárs til að endurskoða veiðiheimildir í þorski, falli brott. Hér er að stofni til ákvæði sem við fluttum í frumvarpsformi, ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að vísu með nokkuð annarri útfærslu, sem sagt þeirri að bakka þessari dagsetningu aftur til 1. júní. Með þessari breytingartillögu er í raun og veru verið að koma til móts við þetta sjónarmið og okkar frv. fær þannig tiltekna afgreiðslu og ég vil þakka fyrir það að undir þessi sjónarmið er tekið með þessum hætti. Ég held að þrátt fyrir allt sé öllum fyrir bestu og þá ekki síst hæstv. sjútvrh. sem með framkvæmdina fer að losna við þessa dagsetningu. Hún hefur skapað vangaveltur og óróleika a.m.k. að undanförnu þegar menn hafa verið farnir að gera sér vonir um einhverja aukningu í veiðiheimildum auk þess sem hún er feiknalega asnalega valin eða sett, með hliðsjón af t.d. fiskveiðiráðgjöfinni. Á þessum tíma, 15. apríl, yfirleitt ekki búið að vinna úr togararallinu og Hafrannsóknastofnun er ekki tilbúin með ráðgjöf sína fyrir næsta ár þannig að það er *beinlínis ankannalegt að hafa dagsetninguna af þessu tagi í lögunum* og mikið mun eðlilegra að hafa hana annaðhvort síðar eða bara alls ekki. Það er að vísu á það bent að þessi dagsetning hafi á sínum tíma verið hugsuð til þess að sá hluti flotans, t.d. vertíðarbátarnir sem taka megnið eða jafnvel obbann af sínum veiðiheimildum á fyrri hluta ársins, yrði ekki látinn gjalda þess ef veiðiheimildir yrðu auknar á síðari hlutanum. En með þeim geymsluheimildum og öðrum möguleikum sem eru til tilfærslu í kerfinu, þá held ég að sú röksemd haldi tæplega lengur og að það sé miklum mun skynsamlegra að hafa þetta eins og er með aðrar tegundir þannig að ég styð að sjálfsögðu þennan lið breytingartillagnanna.

2. liðurinn á breytingartillöguskjalinu, á þskj. 1093, tengist afnámi línutvöföldunarinnar og því er ég andvígur eins og hér er lagt til og geri grein fyrir því síðar.

3. tölul. lýtur að 1. gr. frv., þeirri sem fjallar um að heimilt sé að undanþiggja báta sem koma í stað annarra sem dæmdir hafa verið óbætandi vegna sjótjóns, hinni stífu úreldingarkröfu, þ.e. 200% úreldingarkröfunni. Þetta tel ég sjálfsagt réttlætismál og sömuleiðis þá breytingartillögu sem hér er um að þetta ákvæði öðlist gildi nú þegar. Að sjálfsögðu úr því að menn ætla að gera þessa breytingu á annað borð voru engin rök til þess að láta menn bíða fram á haust til að mega nýta sér þennan möguleika. Hér er um að ræða sárafá tilvik, væntanlega tvö sem beinlínis falla hér undir enn sem komið *er og að sjálfsögðu rétt að hafa gildistökuna þá samtímis eins* og í nokkrum öðrum tilvikum, t.d. um tilfærslumöguleika og fleira. Það þarf ekki að segja að að sjálfsögðu er rétt að taka sjóstangveiðimótin þarna út undan eins og gert er í 4. tölul. Það var harla hlægilegt að Fiskistofa var á liðnu sumri að eyða orku sinni í það að elta ólar við einhverja nokkra titti sem komu í land á sjóstangveiðimótum og er náttúrlega eftirlitskerfið komið út í algerar ógöngur og þvælu þegar svo er komið. Ég held að markmiðið hafi aldrei verið það að leggja af sjóstangveiðimót með fiskveiðistjórnuninni. Hér er sem sagt lagt til að hvort sem heldur róðrardaga eða afla snertir, þá sé hægt að horfa eðlilega til slíks.

Þá kemur að 5. tölulið breytingartillagnanna og það er

afnám svonefndrar línutvöföldunar. Þetta mál er búið að vera talsvert til umræðu undanfarin ár og það eitt og sér hefur leitt af sér það ástand að menn hafa verið í kapphlaupi undanfarin ár á grundvelli væntanlegs kvóta sem mundi koma á þetta að lokum og þar af leiðandi keppst við að hafa afla sinn sem allra mestan á línutvöföldunartímabilinu til þess að þeirra viðmiðun yrði sem hagstæðust þegar kvótinn kæmi. Auðvitað þarf að ganga frá þessu máli. Það er ljóst. Það er ekki hægt að hafa þetta eins og þetta hefur verið, þ.e. árlega spekúlasjón um það hvort kvóti komi næsta ár, þar næsta o.s.frv. En það er hægt að gera á fleiri vegu en þann sem hér er lagður til. Það er t.d. hægt að gefa það út endanlega að þessu verði ekki breytt og taka um það endanlega ákvörðun. Þar með þýðir ekkert fyrir menn að sanda í kapphlaupi til þess að ávinna sér aflareynslu út á hugsanlegan kvóta síðar. En það er líka hægt að gera þetta þannig t.d. að afmarka og loka þessum potti þannig að fleiri geti ekki bæst við. Það hefur iðulega verið gert við sambærilegar aðstæður í fiskveiðistjórnunarkerfinu að afmarka einhvern veginn þann hóp sem hefði rétt til þess að sækja sjó á grundvelli tiltekinna reglna. En það hefur ekki mátt opna á slíkt varðandi þessa línutvöföldun.

Í þriðja lagi hefði auðvitað mátt hugsa sér margar aðrar útfærslur á því að færa þessa aflareynslu þá að einhverjum hluta til yfir í aflahlutdeildarkerfið. Það er geysilega vandasamt mál. Það er stórpólitísk ákvörðun sem færir til mikla hagsmuni, nákvæmlega hvernig það er gert. Því miður, herra forseti, verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst sú ákvörðun ekki á nokkurn hátt þannig undirbyggð að trúverðugt sé.

Frá ráðuneytinu komu hugmyndirnar fyrst í þá veru, þegar ráðuneytið óskaði eftir því að sjútvn. skoðaði þetta mál, að helmingur aflareynslunnar á tilteknu tímabili yrði tekinn yfir í aflahlutdeildarkerfið. Niðurstaða meiri hluta sjútvn. er sú að leggja til að 60% af hlutfallslegum afla í línutvöföldunarútgerðinni á þremur síðustu árum verði færð yfir og hvert skip taki til viðmiðunar tvö bestu ár af þremur. Þetta þýðir á mannamáli, herra forseti, sem ég hef reynt að færa þetta yfir í, að um 7.200 tonn ef ég hef reiknað rétt, verða í þessum potti. Það gefur um 4,6% aflahlutdeild, miðað við hvað? Jú, miðað við 155 þús. tonna úthlutun. Og þá er aftur komið að því vandasama við þetta mál, að menn þurfa að leggja það niður fyrir sig hvernig upphafspunkturinn er valinn og hvaða prósenta af aflareynslunni á undanförnum árum er þarna tekin. Og það eru eins og ég segi, herra forseti, að mínu mati ekki mikil nákvæmnisvísindi á bak við það. Alveg eins og ég reiknaði áðan út hvernig 21.500 tonn mundu lækka hlutfallslega ef farið væri t.d. yfir í úthlutunina samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir næsta ár, þá mundi sama tala lækka úr 4,6% niður í 3,9 fyrir línuskipin. Þetta segir allt sem segja þarf um það hversu nærri kerfið er og miklir hagsmunir færast til miðað við upphafspunktinn sem valinn er eða þá skiptaprósentuna í þessu tilviki. Og ég held að ég verði að segja, herra forseti, líkt og ég sagði um útkomuna fyrir þann hluta krókaveiðiflotans sem hefur góða aflareynslu frá undanförnum árum og er líklegur til að velja aflahámarksleiðina, að ég tel að hér sé verið að búa til hálfgert fyrsta farrými fyrir þann hluta línuskipanna sem hafa haft mikla aflareynslu allra síðustu árin og fá 60% af henni sett inn í aflahlutdeildarkerfið miðað við þennan lága og hagstæða upphafspunkt, 155 þús. tonna þorskkvóta.

Þá er annað eftir í málinu sem er viðmiðunartíminn sem valinn er og er afar vandasamt mál svo ekki sé meira sagt að festa niður. Það er t.d. ljóst á grundvelli útreikninga sem ég óskaði eftir að sjútvn. fengi til þess að átta sig aðeins á tölulegum bakgrunni þessa máls að það á sér stað mikil tilfærsla innan hópsins eftir því hvort valið er þriggja eða fimm ára tímabil, mikil tilfærsla. Þannig er það t.d. að stóru afkastamiklu verksmiðjuskipin, útileguskipin með beitningarvélum um borð hafa á allra síðustu árunum, sérstaklega á tveimur síðustu vertíðum, verið að auka hlut sinn mjög hratt og það hefur að sama skapi gengið á hlut hefðbundinnar landróðralínuútgerðar. Þetta hefur m.a. gerst vegna þess að aðstæður á miðunum eru slíkar að aðstaða útileguskipanna er miklu betri en hinna. Og það lýsir sér einfaldlega í því að útileguskipin eru úti kannski viku eða jafnvel lengri tíma, þau sem fyrst og fremst frysta aflann um borð og þau leggja línuna á bestu staðina. Þegar landróðraskipin fara heim með línuna til að beita og landa eru miðin tóm og útileguskipin geta valið sér bestu staðina. Svo koma hinir út og verða að leggja á þær reytur sem eftir eru. Bara þessar praktísku aðstæður á miðunum hafa að sögn kunnugra þýtt að aðstaða landróðrahlutans til útgerðarinnar hefur stórversnað, en hinir hafa að sama skapi haft yfirburði. Svo geta menn spurt: Eru þetta ekki bara þróun, aðstæður og staðreyndir sem menn verða að beygja sig fyrir? En þá kemur að þessu: Til hvers var línutvöföldun tekin upp á sínum tíma? Hver var hugsunin á bak við það? Hvað vakti fyrir mönnum? Eigum við ekki aðeins að rifja það upp áður en við ákveðum að enda þessa sögu svona? Það sem vakti fyrir mönnum var kannski í fyrsta lagi að sporna gegn því að það drægi úr þessari útgerð. Menn sögðu: Línuútgerðin er mikilvæg, henni fylgir mikil atvinna í landi. Það kemur mjög gott hráefni að landi úr línuútgerðinni. Um það var ekki deilt. Í þriðja lagi sögðu menn: Það er gott að hvetja til þess að þessi útgerð sé stunduð á þessum árstíma. Það eykur framboðið á hráefni yfir þennan erfiðasta tíma ársins, bæði til vinnslu og til útflutnings á ferskum flökum í flugi o.s.frv. Allar þessar röksemdir eru í sjálfu sér enn fyrir hendi og hafa ekkert breyst. Það má á hinn bóginn segja að sú staðreynd að vaxandi hluti þessa línutvöföldunarpotts er nýttur af stórum útileguskipum og jafnvel verksmiðjuskipum sem alls ekki leggja upp afla til vinnslu í landi hafi breytt nokkru um þetta. En þá er spurning frekar í mínum huga: Áttu þau skip þá nokkurn tíma að vera inni í þessu kerfi eða ættu þau ekki að fara út en hin að halda áfram? Því ekki að athuga það? Segja þá sem svo: Allt í lagi, gott og vel. Útileguskip með beitningu um borð sem ekki láta beita orðið í landi, ekki leggja hráefnið upp til vinnslu þannig að ekki eiga við allar þessar hefðbundnu röksemdir, þau geta þá tekið pokann sinn, farið með þessi 50% eða eitthvað út úr pottinum yfir í aflamarkskerfið, enda er að mörgu leyti miklu eðlilegra að það gildi gagnvart þeim. En hin geta haldið áfram.

Það hefur verið í tísku að láta menn velja, ekki satt. Smábátamenn hafa þurft að velja trekk í trekk um örlög sín á undanförnum árum, stillt upp við vegg eða með byssuna í hrygginn og sagt: Veldu nú, góði, krókaleyfi eða aflamark. Og því mátti þá ekki alveg eins láta þennan hóp velja? Og segja: Við lokum pottinum og þeir sem vilja halda áfram að sækja á þessum tíma á grundvelli línutvöföldunar geta það. Þeir sem vilja fara geta farið. Það var ein leið. Ég sé ekki að það hafi ekki mátt hugleiða hana hér eins og í öðrum tilvikum.

En það er ekkert af þessu skoðað heldur er í raun og veru

valin það sem ég hlýt að kalla hrossalækningu, þ.e. að skella þessu inn í aflamarkskerfið með þessum hætti.

Ef litið er á það í tölum, herra forseti, hvaða máli það t.d. skiptir hvort valið er þriggja ára tímabil eða fimm ára tímabil til viðmiðunar, er ekki víst að allir hafi áttað sig á því hvað verið er að færa til. Það þýðir t.d. að nokkur stærstu útileguskipin og þau sem mest hafa aflað að undanförnu koma 20–35 tonnum betur út ef tekin eru bara þrjú síðustu ár heldur en ef tekin eru fimm ár. Það þýðir beinlínis að í aflahlutdeild munar það 0,03–5% á því skipinu sem hæst er, sem mest hefur aflað undanfarin ár, farið á annað þúsund tonn á línutvöföldunartímabilinu sl. 1–2 ár, Tjaldur I. frá Rifi. En hvað þýðir þetta hinum megin að taka bara þrjú ár í staðinn fyrir fimm ár? Það þýðir í fyrsta lagi að hellingur af bátum sem stunduðu línuútgerð og voru í hefðbundinni línuútgerð fram undir síðustu ár detta út, fá ekki eitt einasta kg af því að menn velja bara þrjú ár en ekki fimm eða lengra tímabil. Þá verðum við að svara þeirri spurningu: Finnst okkur það réttlátt? Er það sanngjörn útkoma? Menn segja fullum fetum að þeir hafi í raun og veru hrakist út úr þessari útgerð af því að það var þannig að þeim þrengt á litlum línubátum sem ekki höfðu roð við stóru skipunum í þessari sókn. Og önnur skip sem látið hafa undan síga í þessari útgerð og eru algerlega á hinum endanum tapa upp undir 30 tonnum á því að valin eru þrjú ár en ekki fimm. Til dæmis báturinn Hafdís SF 75, sem hefur verið með umtalsverða línuútgerð undanfarin ár eða var á fyrri árum, tapar öllum sínum 27 tonnum við það að þessi aðferð er valin. Og ég spyr: Hafa menn hreina samvisku gagnvart því að draga mörkin svona? Segja bara þrjú ár og láta örlög manna, líf og dauða, ráðast af einhverri slíkri reglu. Einhverjir hefðu sagt að sanngjarnast hefði verið að taka allt línutvöföldunartímabilið allt og segja: Við skulum þá bera gera þetta dæmi upp í heild sinni frá byrjun og færa yfir í almenna kerfið reynsluna yfir allt það tímabil sem þetta hefur verið við lýði, gera þetta upp með einhverjum hætti og finna þar einhver sanngjörn hlutföll og reglur. Og ég hallast að því að að mörgu leyti hefði það verið kannski réttlátasta aðferðin, a.m.k. að velja þarna allmikið lengra tímabil og fleiri ár þannig að tekin væru þrjú bestu af fimm eða þrjú bestu af sex, fimm bestu af átta eða allt tímabilið eða eitthvað fram eftir þeim götunum. Ég man ekki í smáatriðum hvað þetta er orðin löng saga.

Herra forseti. Á þskj. 1132 leggja hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hv. þm. Árni Johnsen fram breytingartillögur við frv. sem eru allrar athygli verðar að mínu mati. Ekki síst vegna þess að þarna eru á ferðinni tveir hv. stjórnarsinnar. Ég vildi óska þess að þessar hugmyndir hefðu fengið að koma til skoðunar í sjútvn. og ég vildi óska þess að yfirleitt hefði verið gefið svigrúm til þess að skoða efnislega breytingar á þessu máli í sjútvn. En það er alveg óhjákvæmilegt að upplýsa að þau skilaboð voru borin inn í sjútvn. að meiri hlutinn og hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar teldu sig ekki vera í stöðu til þess að opna upp skoðun á neinum breytingum á málinu. Um væri að ræða samkomulag sem ætti að afgreiða óbreytt og þar með var náttúrlega snöggur endir bundinn á vinnu í sjútvn. að því að skapa einhverja samstöðu um breytingar á málinu. Pólitískar aðstæður málsins voru slíkar að hér var á ferðinni samkomulag sem ríkisstjórnin ætlaði með meiri hluta sínum, mestöllum a.m.k., að afgreiða óbreytt í gegnum þingið þannig að hvorki hugmyndir af þessu tagi né þær sem ég hef verið að lýsa í ýmsa veru náðu því að komast til almennrar, efnislegrar skoðunar í sjútvn.

Ég vil segja um breytingartillögur hv. þm. að ég er að vísu þeirrar skoðunar eins og fram hefur komið að tenging pottsins inn í hlutdeildarkerfið ætti að vera með nokkrum öðrum hætti en hér er gerð tillaga um, en hugsunin er sambærileg og mjög í þá veru sem ég hef með sjálfum mér verið að skoða og velta fyrir mér. Ég er þeirrar skoðunar að einhver nálgun af þessu tagi væri affarasælust og mun líklegri til að skapa þokkalegan frið um þetta mál í greininni allri.

Herra forseti. Ég held að það sé þá ekki margt eftir í sjálfu sér sem ég þarf að gera grein fyrir í mínu máli. Í áliti 2. minni hluta sem ég er að mæla fyrir kemur það fram að við munum styðja þær breytingartillagnanna við þetta mál sem og þær greinar frv. sem við teljum þrátt fyrir allt að séu til réttrar áttar, en með þeim fyrirvörum og í ljósi þeirra sjónarmiða sem ég hef að framan gert grein fyrir. Sérstaklega vil ég árétta að síðustu að við teljum að hér sé ekki á ferðinni sú heildstæða stefnumörkun eða nálgun í þessu máli sem átt hefði að vera. Það er auðvitað ekki von að stjórnkerfi fiskveiða í einu landi verði annað en óskapnaður þegar það tekur breytingum í endalausum smáskammtalækningum. Það er verið að afgreiða einn bút á þessu árinu og annan bút á því næsta. Það er verið að redda þessu fyrir horn og hinu fyrir horn og útkoman verður auðvitað sú sem við sitjum uppi með, ferns konar stjórnkerfi fiskveiða undir 6 tonnum, þrefalt jöfnunarkerfi, þrír jöfnunarpottar svo að dæmi séu tekin og annað því um líkt. Í þessu máli er sem sagt langt frá því að verið sé að taka á ýmsum öðrum tengdum hlutum í stjórnkerfi fiskveiða eða í málefnum sjávarútvegsins sem hefði þurft að taka til skoðunar samhliða. Ég nefni þar t.d. úreldingarreglugerðarverkið allt sem er auðvitað komið í þvílíkar argar ógöngur að engu tali tekur. Það er hindrun á alla þróun í íslenskum sjávarútvegi í dag, myndar þröskuld sem öll endurnýjun í flotanum verður að yfirstíga í hverju einstöku tilviki. Hver einasta rúmlest í endurnýjun í fiskiskipi kostar nú upp undir hundrað þús. kall þannig að það kostar hundruð milljóna að endurnýja stærstu skipin. Það er ekki tekið á úrkastsvandamálunum, það er ekki tekið á leigubraskinu, það er ekki verið að móta inn í fiskveiðistefnuna umhverfissjónarmið eða áherslur í sambandi við vistvænar umgengnisvenjur um auðlindina sem þó er orðin rík þörf að taka á dagskrá íslenskra sjávarútvegsmála, þó ekki væri nema vegna líklegra áhrifa þessara þátta á markaðsmál sjávarútvegsins á komandi árum. Það er dapurlegt í ljósi þess að þegar þau sjónarmið umhverfismála sem þessu tengjast eru með beinum hætti farin að hafa áhrif á stöðu sjávarvöru á heimsmarkaði er ekki annað á dagskrá en slaka til í þeim efnum, samanber nýtingarkröfurnar á verksmiðjuskipin. Það er ekki beinlínis verið að teikna þar í rétta átt, er það?

Það er ekki verið að taka hér með einum eða neinum hætti á málafylgju hæstv. sjútvrh. á þessum vetri á stöðu fiskvinnslunnar og er þó þar við ærinn vanda að etja, taprekstur og miklar þrengingar og þróun sem að mörgu leyti er mjög óskyggileg og menn ættu að vera að skoða. Það er því ekki hægt að gefa þessum málum, herra forseti, þá einkunn að hér sé verið að ganga frá einhverri framsækinni stefnumörkun, að það sé verið að taka á hlutunum með heildstæðum hætti eða að hægt sé að segja að hér sé vel ígrunduð og efnislega rökstudd niðurstaða á ferðinni. Þar með er ekki sagt að allt sem hér er á ferðinni sé slæmt. Það er alls ekki svo. Margt af þessu er þó til réttrar áttar. En það vantar mikið upp á að um fullnægjandi niðurstöðu eða ánægjulega niðurstöðu sé í öllu tilliti að ræða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

[14:44]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Steingríms Sigfússonar var yfirgripsmikil og ítarleg og málefnaleg og vil ég þakka honum fyrir hana. Ég var sammála ýmsu sem fram kom í ræðu hans og ósammála öðru eins og gengur. Hins vegar vil ég veita andsvar og gera athugasemd við umsögn hans um hinn svokallaða gleymda flota. Mér fannst hv. þm. tala fullkæruleysislega um vinnubrögð og hugsun a.m.k. flestra nefndarmanna í sjútvn.

Það er svo að við erum til allrar hamingju að sigla upp úr öldudal þar sem þorskheimildir hafa hrapað úr um 300 þús. tonnum og niður í sögulegt lágmark. Nú erum við til allrar hamingju á uppleið. Það segir sig sjálft að ýmislegt lætur undan og ýmislegt gerist þegar samdráttur verður. Þar hefur hinn gleymdi floti sem ekki er bundinn við aflamarksbáta undir 6 lestum heldur erum við þar að ræða um hina hefðbundnu vertíðarbáta og litla minni ísfiskstogarana, hefur orðið fyrir skerðingum sem eðlilegt er þegar heimildir hafa minnkað um allt að því helming.

Ég lít svo á að með því sem hér er verið að gera, sé einnig verið að taka tillit til og gæta hagsmuna gleymda flotans. Ég nefni sérstaklega og vil þakka svo sem hv. þm. fyrir útfærslu hans. En ég held að útfærslur á lausn sjávarútvegsmála séu jafnmargar og viðmælendur eru og þetta þekkja allir hv. þingmenn og jafnmargar í rauninni og hagsmunaaðilar, jafnólíkir hagsmunir og þar fara saman. En ég nefni 40% af línutvöföldun ef þetta frv. verður samþykkt. Ég nefni 5.000 tonna pottinn. Ég nefni 12 þús. tonna pottinn. Ég nefni skerðingu á úthafsveiðiflotanum sem þeir þurfa að skila sem hafa aflaheimildir innan lögsögu ef frv. verður að lögum og ég nefni þau ánægjulegu tíðindi að heildarmagnið er að aukast um 31 þús. tonn. Sé þetta lagt saman, þá munu hinir hefðbundnu vertíðarbátar, gleymdi flotinn, fyrst og síðast njóta þess.

[14:48]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum átt betri orðastað um þetta, ég og hv. þm. í sjálfu sér. En því miður verð ég að standa við mín orð um það að þarna sé á ferðinni gleymdur floti. Allt það sem hv. þm. nefndi er ekki eitthvað sem lýtur sérstaklega að þessum hluta skipanna heldur gildir það almennt yfir línuna og verksmiðjuskip og allir fá sinn hlut í því.

Það er að vísu rétt að þessi 40% afgangur af línutvöföldunarreynslunni kemur til úthlutunar. Pottarnir sem voru þegar ákveðnir og eru inni í gildandi lögum eru áfram til staðar en það er engin breyting á því núna. Kannski kemur einhver örlítil úthlutun vegna þess sem kvótasettar úthafsveiðar skila á næstu árum. En á móti kemur það að afleiðing þessa samkomulags verður sú að smábátapotturinn plús sú hlutdeild sem línutvöföldunarskipin fá inn í kerfið tekur til sín hluta af vaxandi veiðiheimildum á næstu árum sem ella hefði verið úthlutað, m.a. ekki síst til hins gleymda flota. Niðurstaðan er því mjög tvíbent út frá þessum hagsmunum séð vegna þess að það er verið að hleypa inn í vaxandi vöxt veiðiheimidanna á næstu árum fleirum en ella hefðu orðið þar. Og það er það sem talsmenn útvegsmannafélaganna og útgerðarinnar hafa auðvitað alveg sérstaklega gagnrýnt vegna þess að þeir hafa sagt: „Við höfum verið þolinmóðir og tekið á okkur þessar skerðingar í trausti þess og von að þegar veiðiheimildirnar færu að vaxa þá kæmi öll sú aukning til okkar.“ En það er að hluta til aftengt með þessu þannig að því miður, herra forseti, held ég að ég verði að segja að það sem ég sagði um hinn gleymda flota var ekki ofmælt.

[14:49]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég vil þó bara ítreka það að fullyrðingar um þessa gerð veiðiflota okkar sem hér er sérstaklega til umræðu og nefndur hefur verið gleymdi flotinn, þ.e. það er rangt að halda því fram að sá floti hafi ekki verið hafður í huga. Ég vil bara ítreka það. Það er sá floti sem við höfum líka í huga. Við reynum að líta á málið í heild.

Ég vil ítreka það enn og aftur að gleymdi flotinn er a.m.k. ekki gleymdur innan hv. sjútvn. og það veit formaður hennar.

[14:50]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að tilvist þessa flota hafi rifjast pínulítið upp fyrir mönnum á síðasta ári. Þá var í raun og veru farið í einu aðgerðirnar sem með sértækum hætti beindust að því að laga stöðu þessa hóps. Það var t.d. með því alveg sérstaklega að taka 5.000 tonnin og úthluta þeim með 10 tonna þaki á skip. Þannig er verið að stýra þeirri úthlutun, þeirri jöfnun sérstaklega til minni skipanna, hlutfallslega meira. (**Gripið fram í:** Það er áfram til staðar.) Það er áfram til staðar en það er ekkert nýtt í því máli.

Ég leyfi mér að minna á að ég hafði flutt tillögur um einmitt slíkar úthlutunaraðgerðir þing eftir þing á síðasta kjörtímabili og án þess að á þær væri hlustað. En ef við ræðum og höldum okkur við niðurstöður þessara breytinga sem slíkra einna og sér, þá eru þær eins og ég held að ég hafi farið alveg fullnægjandi yfir áðan, mjög tvíbentar fyrir einmitt þennan hluta hópsins vegna þess að hann fær að vísu vissa hluti til sín, afganginn af línutvöföldueninni o.s.frv., en annað er frá honum tekið miðað við það að kerfið hefði haldið áfram óbreytt. Ég hef ekki reiknað það út í smáatriðum hvernig nettóútkoman verður og kannski er það ekki hægt fyrr en reynslan sýnir hvernig menn koma út úr þessu í samhengi. En það að þeir eigi svo í vændum aukningu veiðiheimilda eru engin rök í málinu því að það eiga auðvitað allir sem á annað borð eru með kvóta. Og skárra væri það ef nokkrum manni hefði nokkurn tíma dottið annað í hug en þeir fengju það.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 14:52]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1132. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.). — Þskj. 1058, brtt. 1061.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Brtt. 1061 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GHall, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, EKG, FrS, GB, GÁS, GÁ, HBl, IP, ÍGP, LB, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, AK, GHH, GuðjG, GB, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, KF, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, ÓE.

nei: SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GE, GHall, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, RA, RG.

13 þm. (StG, ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, ÁÞ, LB, SighB) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að lögfesta í andstöðu við þá sem við eiga að búa, þ.e. verkalýðshreyfinguna, lög sem stjórnarandstaðan hefur reynt eftir megni að hafa þau áhrif á að væru tekin af dagskrá. Í andstöðu við þá verkalýðshreyfingu sem hér hefur jafnt verið lofuð af stjórn sem stjórnarandstöðu fyrir ábyrga samninga og ábyrga samningsgerð. En í þessu tilfelli má ekki láta reyna á samninga heldur á að setja lög án þeirra.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort nokkur skilur lengur hinn raunverulega tilgang þessarar lagasetningar. Við höfum séð hvernig innhaldinu hefur verið breytt og því jafnvel kollvarpað að stórum hluta. Það er þó svo að sumt er enn skaðlegt, sérstaklega skaðlegt varðandi þá viðleitni sem hér hlýtur að verða ofarlega á baugi á næstu árum, þ.e. að við reynum að bæta rekstur fyrirtækja, bæta kjör launþega. Ég hlýt því að segja nei.

[15:46]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Í undangengnum kjarasamningum síðustu ára hefur verkalýðshreyfingin með Alþýðusambandið í broddi fylkingar stuðlað að og átt stóran þátt í þeirri þjóðarsátt sem ríkt hefur á vinnumarkaðnum. Í ljósi árangurs sem náðst hefur þess vegna í kjarasamningum verkalýðsfélaga, vinnuveitenda og ríkisvalds tel ég algjöra tímaskekkju þær breytingar sem nú er verið að gera á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Vil ég þá einkum nefna tvennt til. Í fyrsta lagi þá staðreynd að á skynsamlegum nótum telja vinnuveitendur og ríkisvald að Alþýðusambandið hafi samið undanfarin ár með tilliti til aðstæðna og ástands í þjóðfélaginu. Engin ástæða var til að ætla annað en að svo hefði gengið áfram í þeirri umræðu sem fram hafði farið á milli aðila vinnumarkaðarins um þetta mál. Í öðru lagi, með tilvísan til þess sem ég hef áður sagt er óviðunandi að afgreiða málið í svo mikilli ósátt við verkalýðshreyfinguna sem raun ber vitni og hugsanlega rjúfa þar með þá sátt sem á vinnumarkaðnum hefur ríkt.

Herra forseti. Ég segi nei.

[15:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með því að lögfesta þetta frv. er ríkisstjórnin að efna til ófriðar á vinnumarkaði. Þessi lög eru sett í andstöðu við vilja verkalýðshreyfingarinnar en vekja fögnuð í Garðastrætinu sem segir sína sögu. Þessi lög eru stefnulaus hrærigrautur sem munu ekki koma að neinu gagni við að bæta samskipti og vinnubrögð við samningagerð vegna þess að þau eru í óþökk annars aðilans sem á að vinna eftir þeim. Það á að vera hlutverk ríkisvaldsins að stuðla að samvinnu, friði og jafnvægi í samfélaginu. Hér er gengið í þveröfuga átt. Þessi lög eru slys, hæstv. forseti. Ég segi nei.

[15:49]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur og meðferð þessara mála á Alþingi markar kaflaskil í síðari tíma sögu samskipta verkalýðshreyfingar og ríkisvalds á Íslandi.

Árið 1978 reyndi ríkisstjórnin að brjóta verkalýðshreyfinguna niður, en þá sátu sömu flokkar við völd og nú. Stefnu þeirra þá var hafnað í kosningum vorið 1978. Síðan hafa stjórnvöld allra flokka reynt að eiga gott samstarf við verkalýðshreyfinguna eins og mögulegt er á hverjum tíma. Árangurinn af þessu samstarfi var m.a. þjóðarsáttin sem leiddi til þess að efnahagslífið er nú stöðugra og að ýmsu leyti sterkara hér á landi en hefur verið um langt skeið. Í stað þess að nota nú tækifærið til þess að endurnýja þjóðarsáttina og samstarfið er ráðist að verkalýðshreyfingunni með frv. þessu ef að lögum verður.

Í umræðunni um frv. hefur skapast víðtæk samstaða stjórnarandstöðuflokkanna. Í þeirri samstöðu felst stefnuyfirlýsing þeirra allra. Jafnframt hefur birst sterk samstaða með verkalýðshreyfingunni, ASÍ, BSRB, BHMR og öðrum launasamtökum. Hér er atkvæðagreiðslunni að ljúka en baráttan mun halda áfram úti í þjóðfélaginu og við munum að sjálfsögðu leggja þeirri baráttu lið. Ég segi nei.

[15:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um verulega endurbót á gildandi lögum að ræða. Vinnustaðarsamningar fá stoð í lögum, viðræðuáætlun verður gerð í tíma, almennir vinnuveitendur og almennir launamenn fá lögbundinn rétt til að taka þátt í meginákvörðunum og auknar skyldur eru lagðar á ríkissáttasemjara áður en hann leggur fram miðlunartillögu. Ég vænti þess þegar frá líður að menn sjái að þetta er þörf og farsæl löggjöf og til hagsbóta bæði fyrir launamenn og atvinnulífið og þar með þjóðfélagið allt. Ég segi já.

[15:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við vonuðum í lengstu lög að sú mikla andstaða fólksins í landinu sem fram hefur komið gegn frv. hefði áhrif á ríkisstjórn og þingmeirihluta Sjálfstfl. og Framsfl. Það er dapurlegt að upplifa það hér þegar öll helstu fjöldasamtök launamanna á Íslandi með um 100 þús. launamenn á bak við sig mótmæla af hörku þessum gjörningi, að

þá skuli ekki hlustað. Það er dapurlegt að sjá lýðræðið fótumtroðið. Þegar 500 þingfulltrúar á Alþýðusambandsþingi skora á Alþingi að draga málið til baka þá er þeim sendur tónninn. Þetta er fólkið sem á allt undir sinni stjórnarskrá, vinnulöggjöfinni, sem nú er verið að breyta einhliða. Það líður það enginn, hvorki við þingmenn né sveitarstjórnarmenn né heldur fólkið sem er kosið í stéttarfélögunum að stjórnarskrá þess, lögunum sem það á að starfa eftir, sé breytt einhliða. Um stjórnarskrá þarf að vera víðtæk samstaða. Nú er verið að breyta lögunum öðrum aðilanum á vinnumarkaðinum í vil. Það er verið að styrkja enn frekar fjármálavaldið í landinu gegn launamönnum. Stjórnarliðar efla þann sterka gegn hinum veika. Það er verið að breyta leikreglunum. Fólkið sem á að hlíta lögunum hefur varað við afleiðingunum.

Virðulegi forseti. Það skiptir máli hverjir stjórna, sjaldan hefur það komið jafnskýrt í ljós og hér í dag

(**Forseti** (ÓE)**:** Hvað segir þingmaðurinn?)

Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1135).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 750, nál. 1114 og 1117, brtt. 1115 og 1118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Till. í nál. 1117 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 32:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (GuðjG, GGuðbj, KHG, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:55]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Stjórnarandstöðuflokkarnir styðja upptöku fjármagnstekjuskatts hér á landi. Við teljum hins vegar að það frv. sem hér er verið að afgreiða sé illa úr garði gert og það hafi komið í ljós margvíslegir gallar á því. M.a. er hætta á skattsvikum. Það verður erfitt í framkvæmd og þetta er mat skattyfirvalda. Eins og frv. er útfært er fyrst og fremst um skattalækkun til stórra hluthafa að ræða en skattahækkun á almenna sparifjáreigendur. Má einnig benda á að þetta þýðir aukalegan fjármagnstekjuskatt á ellilífeyrisþega sem fengu þá gjöf frá hæstv. ríkisstjórn við afgreiðslu fjárlaga. Það hefði þess vegna þurft að útbúa þetta frv. miklu betur og leggja það fram strax á haustdögum. Þess vegna leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það lagt fram í endurskoðaðri mynd strax í upphafi næsta þings. Ég segi já.

[15:56]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Fjármagnstekjur á að skattleggja eins og aðrar tekjur. Flatur 10% bráttóskattur ríkisstjórnarinnar án sérstaks persónuafsláttar refsar þeim sem litlar inneignir eiga en verðlaunar þá sem miklar innstæður hafa. Verst er þó að samkvæmt frv. lækkar skattur á arðgreiðslur úr rúmum 40% í 10%. Þetta ákvæði er höfðingleg gjöf til þeirra sem miklar eignir eiga í hlutabréfum og mun vinna upp fyrir þá og vel það, því sem þeir tapa á fjármagnstekjuskattinum. Ég segi já við því að þessu máli í heild verði vísað til ríkisstjórnarinnar og málið verði undirbúið fyrir næsta þing.

[15:57]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég segi nei við þessari frávísunartillögu. Ég tel að þinginu sé ekkert að vanbúnaði að afgreiða þetta mál. Það var undirbúið af sameiginlegri nefnd allra þingflokka og eftir mikla vinnu var flutt frv. í samræmi við þá niðurstöðu sem þar kom fram. Ég vek líka athygli á því að í tíð síðustu ríkisstjórnar var gert sérstakt samkomulag í tengslum við gerð kjarasamninga um það að koma á 10% nafnvaxtaskatti á fjármagnstekjur. Varðandi þá samræmingu sem verið er að gera milli skattlagningar á fjármagnstekjum almennt, þ.e. á vexti og hlutafé eða arð, þá vil ég segja það að ég hygg að afleiðing af þessari samræmingu muni verða sú að skatttekjur af arði munu aukast í framtíðinni vegna þess að eins og fyrirkomulagið hefur verið hingað til hefur arður yfirleitt ekki verið greiddur út í miklum mæli og þess vegna ekki skilað neinum skatttekjum í ríkissjóð. En sem kunnugt er er helsta hlutverk skattkerfisins að skila ríkinu skatttekjum.

[15:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þó að það sé brýnt mál og löngu tímabært að taka upp skattlagningu vaxtatekna eða fjármagnstekna hér á landi, þá skiptir engu að síður miklu máli að upphaf þeirrar skattlagningar sé vandað. Við teljum að það frv. sem hér um ræðir sé ekki nægjanlega vel úr garði gert tæknilega auk þess sem um einstök efnisatriði í því er mikill ágreiningur. Þar vil ég eins og fleiri sérstaklega nefna þá útfærslu að lagður er á flatur bráttóskattur án nokkurra frítekjumarka sem að sjálfsögðu verkar mjög íþyngjandi fyrir lágar upphæðir í sparnaði en þýðir á móti mjög lága skattlagningu, lága prósentu, á jafnvel hinar stærstu upphæðir.

En verra er þó að fylgifiskur þessa máls er sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar sem alls ekki þurfti að vera í neinu samhengi við skattlagningu vaxtatekna, þ.e. að stórlækka skatta á arði og söluhagnaði og öðru slíku og er þar um að ræða mikla sumargjöf til stórefnamannanna í þjóðfélaginu. Um það mál hefði þurft að fara fram meiri umræða og reyna hefði átt í sumar að ná betri sátt um málið í heild sinni. Við leggjum þess vegna til að betur undirbúið frv. verði lagt fyrir hv. Alþingi á komandi hausti. Ég greiði því að sjálfsögðu atkvæði með þessari frávísunartillögu.

[16:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Frv. þetta er nánast í fullu samræmi við tillögu nefndar um fjármagnstekjuskatt. Að tillögunni standa allir nefndarmenn og í nefndinni sátu fultrúar allra þingflokka, svo og fulltrúar ASÍ og VSÍ. Í bókun fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna er gerð grein fyrir athugasemdum þeirra við nokkur efnisatriði og áskilinn réttur til þess að flytja

breytingartillögur við málið á Alþingi. En tekið er fram að þeir muni að lokum styðja málið þrátt fyrir það að breytingartillögur nái ekki fram að ganga. Ég styð þessa afstöðu fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni og þrátt fyrir einstaka ágalla á málinu tel ég ekki ástæðu til þess að vísa því frá.

[16:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fjármagnstekjuskattur hefur verið langþráð pólitískt stefnumarkmið alþýðuflokksfólks eins og allflestra sanngjarnra manna á miðju og vinstri væng stjórnmála. Það var kærkominn áfangi þegar fyrrv. ríkisstjórn náði um það samkomulagi að komið yrði á fjármagnstekjuskatti. En þessu þýðingarmikla máli hefur gersamlega verið snúið á hvolf. Í stað þess að afla tekna fyrir ríkissjóð verður hann að öllum líkindum af háum upphæðum skatttekna sem renna munu í vasa stóreignamanna vegna lækkunar á skatti af arði. Þessi niðurstaða er þyngri en tárum taki. Með þessum lögum er þjóðinni skattalega skipt í tvær andstæðar fylkingar. Annars vegar launamanninn sem borgar skatt af öllum tekjum sínum, 42–47%, og hins vegar stóreignafólkið sem býður nú í óþreyju eftir skattalækkun á arðgreiðslum úr 42% í 10% og milljónunum sem breytingin færir þeim í vasann. Þetta frv. mun kalla á meiri eigna- og tekjutilfærslur í okkar samfélagi en áður hafa þekkst.

Við stöndum ekki að þessari útfærslu og ég minni á vegna athugasemda þingmanns hér áðan um fyrirvara fulltrúa okkar í undirbúningsnefnd þessa frv. að Alþfl. styður, virðulegi forseti, að frv. sé vísað frá.

[16:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Frv. þetta er málamiðlun nefndar sem ég starfaði í. Það er flutt nánast óbreytt. Ég sem og aðrir nefndarmenn, þar á meðal fulltrúar allra þingflokka, ASÍ og Vinnuveitendasambandsins skrifuðu undir frv. án fyrirvara. Ég mun því að sjálfsögðu standa við undirskrift mína og styðja frv. þótt ég sé ekki að öllu leyti sáttur við það. Ég segi nei við því að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 1115,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Nú kemur til atkvæða 1. breytingartillaga við þetta frv. Nú er nýbúið að fella þá málsmeðferð sem við töldum heppilegasta, þ.e. að málið yrði skoðað betur. Það eru fjölmargar breytingartillögur við þetta frv. Við hyggjumst taka efnislega afstöðu til þeirra. Einstaka þeirra eru til bóta fyrir frv. og við munum styðja þær. Sumar þeirra eru mjög á móti því sem við höfum lagt áherslu á í starfi nefndarinnar. Aðrar og náttúrlega langflestar eru settar fram á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hluti af heildarstefnu hennar. Við munum ekki greiða þeim atkvæði en sitja hjá við þær tillögur. Við munum taka afstöðu til einstakra tillagna eftir því sem þær ber að í atkvæðagreiðslu.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: TIO.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil benda á nefndarálit meiri hluta hv. efh.- og viðskn. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar minnir á yfirlýsingu ráðherra um að þeim tekjuauka, sem fellur til við samþykkt frv., skuli ráðstafa til lækkunar á öðrum sköttum. Hlýtur þá lækkun eignarskatts að koma sérstaklega til greina enda slíkt í samræmi við tilgang frv. um samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur."

Ég tel að nota eigi tekjurnar til að lækka eignarskatta sem eru þeir hæstu í OECD-löndunum. Ég segi já.

2.–3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,2.a–c (ný 4. gr., a–c-liður) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, HG, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,2.d (4. gr., nýr liður, verður 4. gr., d-liður) samþ. með 32:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GuðjG, GGuðbj, KÁ, TIO) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að heimilt sé að fresta skattlagningu á söluhagnaði um tvö ár. Við leggjumst á móti þessari tillögu. Söluhagnaður er nú skattlagður í mun lægra skattþrepi en áður var og allar okkar tillögur um aðra útfærslu hafa verið hunsaðar. Okkur finnst því óeðlilegt að til viðbótar sé heimilt að fresta greiðslu söluhagnaðar sem þýðir í reynd að það er ekki einungis um tvö ár sem hægt er að fresta heldur endalaust. Í útfærslu þessarar greinar þýðir það að söluhagnaður verður aldrei skattskyldur og er hér um að ræða eina útfærsluna enn af hinum góðu gjöfum ríkisstjórnarinnar til stórra hluthafa í þessu landi. Ég segi nei.

Brtt. 1115,3.a (ný 5. gr., „1." í a-lið) samþ. með 47:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
nei: ÁMM, TIO.
2 þm. (GE, GuðjG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:09]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Sú atkvæðagreiðsla sem hér fer fram fjallar um að fella brott undanþáguákvæði um það að vaxtatekjur séu undanþegnar tekjuskatti. Ég er mótfallinn því að þetta sé gert vegna þess að þar með er tekinn upp tekjuskattur á vaxtatekjur og mun því greiða atkvæði á móti breytingartillögunni.

Ég mun hins vegar eftir sem áður taka efnislega afstöðu til annarra greina þessa frv. eins og ég hef áður kynnt á hv. Alþingi.

Brtt. 1115,3.a (frá „2." í a-lið) og b–e (ný 5. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, GuðjG, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,4 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GuðjG, RG*, TIO) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GuðjG, TIO) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1118 felld með 32:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GuðjG, KÁ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við í minni hlutanum höfum valið að flytja aðeins eina brtt. við þetta frv. og hún kemur hér til atkvæða. Sú tillaga felur það í sér að sett verði þak á hámark þessara tekna hvort sem heldur eru vaxtatekjur, arður eða hagnaður af sölu hlutabréfa sem skattlagðar eru með einungis 10% skatti og tekjur umfram þessi mörk skuli meðhöndlast sem venjulegar launatekjur og skattleggjast í almenna tekjuskattskerfinu.

Í frv. eða öllu heldur breytingartillögum meiri hlutans er sambærileg tillaga á ferð en hún tekur eingöngu til skattalegrar meðferðar söluhagnaðar. Við teljum að með því að gera þá grundvallarbreytingu á málinu sem hér er lögð til væri á því mun skárri svipur út frá þeim sjónarmiðum sem við höfum talað fyrir og satt best að segja undarlegt ef menn geta ekki sæst á, miðað við þau rúmu mörk sem hér eru lögð til, að útfærsla af þessu tagi sé samþykkt. Ég greiði þessu að sjálfsögðu atkvæði, herra forseti, enda skynsamlegt.

Brtt. 1115,5 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (GE, GuðjG, RG, TIO, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:14]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég styð að sjálfsögðu þessa brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem kveður á um það að setja þak á þann söluhagnað sem hægt er að skattleggja í 10% þrepinu. Ég vek athygli á því að ef arður og vaxtatekjur hefðu líka verið látnar taka til þessa dags hefði komið upp sú staða að skatthlutfallið hefði nánast nálgast eignaupptöku. Ég vek athygli á því að 10% nafnvaxtaskattur þýðir við mjög lágt verðbólgustig almennt kannski 20–30% skattlagningu á raunvexti. Þegar skattaprósenta á slíka nafnvexti er komin upp í 40–50% er raunvaxtaskattlagningin í ýmsum tilvikum komin yfir 100% og í algengum verðbólgutölum milli 80 og 90%. Því tel ég að það sé alveg ófært að leggja á slíkan eignaupptökuskatt.

7. gr., fyrri mgr., svo breytt, samþ. með 33:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GuðjG, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari málsgrein á sér í raun og veru stað sú efnisbreyting að skattar af arði, leigutekjum og söluhagnaði eru lækkaðar úr 42–45% niður í 10%. Við erum andvíg þessari breytingu eins og hún er hér útfærð og teljum þarna um að ræða stórkostlega tilfærslu fjármuna og í raun og veru gjöf til stóreignamanna og þeirra sem miklar tekjur hafa af þessum toga. Til að láta þá andstöðu okkar í ljós er ekki annar staður betri í þessari atkvæðagreiðslu en sá að greiða atkvæði gegn þessari málsgrein.

7. gr., síðari mgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, KHG, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GB, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,6 (ný 9. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,7 samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GE, JóhS, RG, SvanJ.

10 þm. (ÁE, GuðjG, HG, MF, SJóh, SJS, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, LB, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

10. gr., inngangsmgr. og fyrri mgr., svo breytt, samþ. með 35:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, KHG, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, TIO) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með þeim frágangi málsins sem nú er borinn upp til atkvæða eftir breytingar er sú ótrúlega tillaga uppi að leggja skatt á líknarfélög. Verði það lögfest á Alþingi verða það tímamót því að okkur er ekki kunnugt um að nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli sé líknarstarfsemi skattlögð. Það hefur a.m.k. ekki tekist að hafa upp á fordæmi slíks. Við teljum að þetta sé eitt af mörgum atriðum sem þurft hefði að athuga betur og í raun og veru þurfi þó varla athugunar við svo sjálfsagt sem það er að við höfum slíka starfsemi skattfrjálsa hér eins og yfirleitt annars staðar er gert. Við erum því andvíg þessari málsgrein af því að hún felur í sér þessa efnislegu niðurstöðu.

10. gr., síðari mgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, KHG, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, ÓÖH, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,8 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
7 þm. (ÁRJ, GE, GuðjG, JóhS, RG, TIO, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
8 þm. (ÁRJ, GE, GuðjG, JóhS, RG, SvanJ, TIO, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,9 kölluð aftur til 3. umr.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

13. gr. (verður 14. gr., ákv. til brb. I) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1115,10 (13. gr., verður 14. gr., nýtt ákv. til brb. II) samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GuðjG, GGuðbj, KHG, KH, TIO) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:23]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ákvæði til bráðabirgða II fjallar um heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þetta ákvæði og reyndar aðrir þættir í frv. tengjast því að með samþykkt þess verður félögum hér á landi gefið aukið svigrúm til að hækka hlutfé sitt og greiða út hærri arð sem er skattfrjáls. Þetta lækkar skattgreiðslu fyrirtækja. Þetta mun jafnframt hækka arðgreiðslur. Þetta er hluti í skattalækkunarstefnunni sem kemur fram í þessu frv. Við hefðum kosið að þessir hlutir hefðu verið útfærðir á betri hátt en hér er gert. Það var liður í þeirri röksemd þegar við óskuðum eftir að málið yrði skoðað betur í sumar. Það er augljóst að með samþykkt þessarar útfærslu eins og m.a. kemur fram í þessu ákvæði, er verið að færa til fjármuni í meira mæli en við höfum nokkurn tíma séð. Ég leggst gegn þessu ákvæði til bráðabirgða.

[16:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessu ákvæði er verið að rýmka heimildir til að miða skattfrjálsa útgreiðslu arðs við nafnverð hlutabréfa að viðbættum ónýttum heimildum til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Hér er verið að rýmka möguleika til að eigendur geti fengið útborgaðan skattfrjálsan arð því mikið er um ónýttar heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa hjá íslenskum fyrirtækjum. Núverandi fyrirkomulag er fyllilega nægilegt. Það bindur heimildina til skattfrjálsrar útborgunar arðs við nafnverð hlutabréfanna. Þessi uppfærsluheimild mun auka skattfrjálsar tekjur eigenda hlutafjár um hundruð millj. kr. Það er enn ein aðferðin til að festa í sessi nýja skattkerfið þar sem þjóðinni er kirfilega skipt í tvo andstæða hópa, þá sem borga 42–47% tekjuskatt og hina sem borga aðeins 10% tekjuskatt. Þingflokkur Alþfl. leggst gegn þessu ákvæði, virðulegur forseti.

[16:25]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég styð að sjálfsögðu þessa breytingartillögu. Eins og staðan er nú þá eru fjölmörg hlutafélög með miklar ónýttar heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Hér er á ferðinni einungis að reikna út fyrir öll fyrirtæki hversu mikið af jöfnunarhlutabréfum þau mættu gefa út ef þau svo kjósa til þess að hækka upp arðgreiðslustofninn og þá líka eignarskattsstofninn fyrir hluthafana.

Það sem hér er á ferðinni er það að fyrirtæki sem hafa hingað til forðast að gefa út jöfnunarhlutabréf og hækka með því nafnverðið, gætu hugsanlega þegar skattprósentan er komin niður í 10% farið að gera slíkt og í stað þess að það sé verið að færa peninga til hluthafanna trúi ég því að í framtíðinni muni tekjur ríkissjóðs af arði vaxa og að peningar komi inn í ríkissjóð en ekki fara út úr honum.

[16:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á því að heyra greinargerð stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Það lá alveg ljóst fyrir þegar ekki tókst samkomulag um það í fyrri ríkisstjórn að leggja á fjármagnstekjuskatt, að þá var leitað eftir

þverpólitísku samstarfi og það tókst og öll stjórnarandstaðan tók þátt í því. Að vísu var Framsfl. tregastur til þess samstarfs á þeim tíma. Það skrifuðu allir flokkar undir samkomulag og það lá alveg ljóst fyrir að ef ætti að taka upp fjármagnstekjuskatt, þá yrði að samræma þennan skatt þannig að ég tel að menn séu að hlaupa frá þessu.

Það sem er sagt nú um jöfnunarhlutabréf er ekki rétt. Þessar heimildir eru fyrir hendi og það stenst ekki stjórnarskrána að taka þær í burtu. Þess vegna er hér engin nýjung og sú greinargerð sem er flutt af stjórnarandstöðinni að því er þetta mál varðar er því röng og byggð á misskilningi.

13. gr. (verður 14. gr., ákv. til brb. III) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, TIO) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GÁS, GÁ, ÍGP, JónK, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 751, nál. 1114 og 1117, brtt. 1116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]

Brtt. 1116,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁRJ, GE, JóhS, RG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁRJ, GE, JóhS, RG, SvanJ, TIO) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GE, RG, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GE, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,4 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GE, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,5 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

10.–12. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,6 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,7 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GE, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,8 (tvær nýjar greinar, verða 15. og 16. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,9 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

15. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,10 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

16. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,11 (17. gr. falli brott) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GE, TIO) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1116,12 (þrjár nýjar greinar, verða 19.–21. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, JóhS, RG, TIO) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, SJóh, StG) fjarstaddir.

18.–20. gr. (verða 22.–24. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
6 þm. (ÁE, GE, JóhS, RG, SJS, TIO) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
8 þm. (ÁE, GE, HG, JóhS, MF, RG, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, LB, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 769, nál. 1092, 1094 og 1128, brtt. 1093 og 1132.

og

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768, nál. 1095.

[16:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Af því að ég sá bregða fyrir í salnum áðan hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, þá minntist ég þess að einn af forfeðrum hans, Ari sýslumaður í Ögri, hrakti í brottu úr Vestfjarðakjördæmi fyrir mörg hundruð árum Jón lærða Guðmundsson og þegar hann var látinn réttlæta það á

Þingvöllum, þá sagðist hann hafa gert það vegna þess að Jón lærði væri réttrækur af Vestfjörðum fyrir buldur og mas og vondar ræður. Langar ræður, herra forseti, eru vondar ræður og þess vegna ætla ég að reyna að vera stuttorður í dag.

Það er svo, herra forseti, að ég kemst ekki hjá því að gera athugasemdir við ræður tveggja hv. þingmanna sem hér töluðu fyrr í dag, hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég hef jafnan haft mikið dálæti á ræðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann er einkennileg blanda af stjórnmálamanni sem er hvorki harðsvíraður sósíalisti né forstokkaður framsóknarmaður heldur er hann sprottinn úr sérkennilegum jarðvegi íslenskrar félagshyggju sem löngum var talin til Grímseyjarkommúnisma og tveir fyrrv. þingmenn Alþb. gerðu frægan, Jónas Árnason og Stefán Jónsson, og báðir stórkostlegir þingmenn. Þeir voru Grímseyjarkommúnistar og löngum var hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni talið það til tekna að vera Grímseyjarkommúnisti. (**SJS:** Og er enn.) Ég hef eiginlega talið hann í þeim hópi og má hann vera vel sæmdur af því. Aðall Grímseyjarkommúnistanna og þeirra tveggja fyrrv. þingmanna sem ég drap á áðan, var að þeir mæltu mjög fyrir auknum hlut smábátaeigenda. Nú vil ég að sjálfsögðu taka það fram að hv. þm. sagði það alveg skýrt í sinni ræðu að hann styður þær breytingar sem hér er verið að gera á lögum um stjórn fiskveiða og færa þeim aukinn hlut. Það kemur líka fram í áliti hv. þm. En eigi að síður fannst mér hann veitast allt of harkalega að hæstv. sjútvrh. og stjórnarmeirihlutanum í sínu máli. Mér fannst hann líka fara með röksemdir sem ekki voru réttar.

Við stjórnarandstæðingar getum ekki verið að saka stjórnarliðana fyrir brot á kosningaloforðum og koma síðan þegar þeir efna þessi loforð og ásaka þá eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrir skort á framsýni. Hv. þm. tók fjölmörg dæmi sem hann sagði að ekki væri tekið á í þessu frv. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm. En við verðum samt sem áður að meta það að hér er verið að efna loforð sem a.m.k. sumir gáfu fyrir kosningar og hér er verið að efna mjög skilyrðislausa yfirlýsingu sem kom fram hjá talsmanni meiri hlutans í sjútvn., hv. þm. Árna R. Árnasyni, á síðasta vori. Þar var því lýst yfir, herra forseti, að stjórnarmeirihlutinn mundi beita sér fyrir því að tengja þann pott sem krókaleyfishafar fá að veiða úr, við væntanlega aukningu og sveiflur á heildarkvóta úr þorski. Ég og aðrir í stjórnarandstöðunni höfum gengið hart eftir því, m.a. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hvort ekki verði við þetta staðið. Nú hafa menn staðið við það og þess vegna segi ég að ég fagna því og verð að segja það að mér finnst ekki hægt að koma og skammast yfir því eða finna að því að ekki sé tekið á fleiri hlutum en þessum, vegna þess að það var aldrei yfirlýstur tilgangur frv. að gera annað en taka á þessu. Ég lýsi fullum stuðningi við þetta frv. að flestu leyti. Ég tek það fram að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem ekki er hér í dag hefur fyrirvara við frv. Það er ekki vegna þess að hann geri efnislega fyrirvara við einhverjar greinar frv. heldur eru það ýmis atriði sem hann vildi gjarnan sjá öðruvísi og kýs að hafa frjálsar hendur til þess einhvern tíma síðar, e.t.v. á næsta þingi að koma með breytingartillögur um það.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi það sérstaklega að það væri ríflega framreitt af hálfu hæstv. sjútvrh. að binda hlutfallið, krókapottinn, við núverandi heildarkvóta, þ.e. 155 þús. tonn. Hann taldi að strax hefði málið litið öðruvísi út ef þetta hefði verið geymt fram á næsta fiskveiðiár vegna þess að þá er búið að auka heildarkvótann upp í 185 þús. tonn og þá hefði hlutdeildin strax orðið minni sem krókabátar fá. Ég er andstæðrar skoðunar. Ég tel að þetta sé mjög vel til fundið hjá stjórnarmeirihlutanum og hæstv. sjútvrh. Mér finnst að Alþb. sem hefur aftur og aftur haft uppi mjög jákvæðan og málefnalegan og vel rökstuddan málflutning einmitt fyrir því að auka hlut krókabáta, eigi ekki að tala svona. Það er ekki í stíl við þá ágætu hefð Grímseyjarkommúnistanna sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tilheyrir og er vel sæmdur af.

Svo er það annað mál, herra forseti, að hér hafa tveir stjórnarliðar, hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hv. þm. Árni Johnsen, lagt fram tillögur sem ganga í mjög verulegum atriðum frá tillögum stjórnarmeirihlutans. Ég ætla ekki að fjalla meira um málflutning hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar en hann hafði þau orð um þá tillögu að hún hefði betur verið fram komin, hún væri athyglisverð og hann hefði gjarnan viljað geta rætt hana í hv. sjútvn. Ég er honum algerlega andstæðrar skoðunar. Ég tel slæmt að þessi tillaga er fram komin. Ég er á móti henni. Það eina góða við hana er hversu seint hún er fram komin. Það tókst ekki að ræða hana og spilla þessu máli í sjútvn. með henni. Það verð ég að segja svo öllu sé til haga haldið og ég tel að það sem í henni kemur fram sé ekki rétt. Ég er af pólitískum ástæðum annarrar skoðunar eins og margoft hefur komið fram.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kemur úr flokki Þjóðvaka sem hefur haft mjög skeleggar skoðanir á sjávarútvegsmálum og ekki síst á málefnum krókaleyfishafa. Ég hef grandlesið nefndarálit 1. minni hluta sjútvn. sem hv. þm. er höfundur að og stendur ein að. Ég hegg eftir því að í nefndarálitinu kemur fram að 1. minni hlutinn styðji hvorki frv. í heild né breytingartillögur sem meiri hlutinn ber fram, en muni greiða einstökum greinum frv. sem teljast til bóta atkvæði.

Nú verð ég að viðurkenna, herra forseti, að ég hlýddi ekki nægilega rækilega á mál hv. þm. til þess að gera mér grein fyrir því hvort hv. þm. styður meginatriði frv. sem ég tel vera tengingu krókapottsins við þróun heildarkvótans. En ég sætti mig ekki að öllu leyti við ýmislegt sem kemur fram í þessu nefndaráliti. Ég sætti mig ekki við það að sjá aukningu krókabáta vera kallaða fjárfestingarævintýri síðustu ára. Og ég felli mig alls ekki við, herra forseti, að þær rannsóknir sem ég hef lagst yfir í stefnuskrá Þjóðvaka sem var samþykkt á landsfundi árið 1995 ganga í allt aðra átt en mál hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að lesa ályktun um sjávarútvegsmál sem var samþykkt á landsfundinum. Þar segir, með leyfi forseta: (**SvanJ:** Hún var ekki samþykkt á landsfundinum.) Nú kemur það fram sem ég vissi ekki, herra forseti, af því að ég hef ekki fylgst svo rækilega með þróun Þjóðvaka að þessi ályktun hafi ekki verið samþykkt. Við skulum þá láta það vera, herra forseti, að lesa hana. En eigi að síður voru samþykkt 10 áhersluatriði Þjóðvaka við stjórnarmyndun félagshyggjuaflanna eftir kosningar og þar segir, m.a.: „Efla smábátaútgerðina." Í blaði sem Þjóðvaki gaf út segir líka, með leyfi forseta:

„Rekstrargrundvöllur smábátaútgerðar verði betur tryggður og efldur skilningur á vistvænum veiðiaðferðum." Á öðrum stað í ályktun sem a.m.k. var lögð fram á landsfundi Þjóðvaka, vel má vera að hún hafi þó ekki verið samþykkt, segir líka að það þurfi að tryggja betur rekstrargrundvöll smábátaútgerðarinnar.

Herra forseti. Ég dreg þetta hérna fram vegna þess að mér sýnist að í þeim plöggum sem liggja fyrir hendi frá Þjóðvaka sé mun skilyrðislausari og tvímælalausari stuðningur

við eflingu smábáta og krókaleyfishafa í landinu heldur en kemur fram í máli talsmanns Þjóðvaka. Mér þykir slæmt ef ég þarf að taka upp þann hátt sem ég hef stundum við hv. þm. Framsfl. að rifja upp kosningaloforð þeirra og það sem stendur í stefnuskránni. En ég er þeirrar skoðunar að það sé með engu móti hægt að segja annað en að það frv. sem hér liggur fyrir efli krókabátana í landinu og að því leyti til sé það í takt við a.m.k. þann anda sem kom fram í stefnuskrá og ýmsum yfirlýsingum frá Þjóðvaka. Ég segi þetta hér, herra forseti, vegna þess að afstaða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur var ekki vilhöll smábátum og ekki í anda þess sem Þjóðvaki sagði áður.

Herra forseti. Varðandi þetta frv. vil ég segja að ég styð það að öllu leyti. Ég er ánægður með þá brtt. þar sem meiri hlutinn hefur gert að sinni tillögu sem kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Þar var lagt til að fella burt úr lögunum um stjórn fiskveiða að svigrúm hæstv. sjútvrh. til þess að breyta úthlutun þorskkvóta væri takmarkað við 15. apríl. Ég hef, eins og margoft hefur komið fram, lagst alfarið gegn þessu ákvæði laganna, mælt fyrir því bæði á þessu þingi og í fyrra að þetta verði fellt brott. Hæstv. sjútvrh. hefur stundum þegar hans eigin flokksmenn hafa verið að reyna að klóra honum og heimta að hann breytti úthlutun þorskkvóta skotið sér á bak við það eins og sl. vor að það væri ekki heimild til þess vegna þessa ákvæðis. Nú er það farið. Einn hv. þm. sem ræddi í dag fagnaði þessu m.a. með þeim orðum að þá mundi linna upphlaupum hv. stjórnarliða þegar þeir fara að hæstv. ráðherra og óska eftir því að hann úthluti auknum þorskkvóta. Eg sé það ekki, herra forseti. Ég sé einfaldlega að þetta gefi mönnum eins og hv. þm. Hjálmari Árnasyni og hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni færi á því að vera að upphlaupum sínum allt árið. En auðvitað verður að segja mönnum eins og hv. þm. Hjálmari Árnasyni til hróss að smám saman mjakast í átt til uppfyllingar þeirra loforða sem þeir sendu frá sér í ótrúlega stríðum straumum fyrir síðustu kosningar. Það er hins vegar langur vegur frá því að búið sé að uppfylla það sem hv. þingmenn Framsfl. á Reykjanesi héldu fram í kosningabaráttunni. Hv. þm. Hjálmar Árnason og Siv Friðleifsdóttir voru t.d. þeirrar skoðunar og létu það út frá sér ganga að þau mundu beita sér fyrir því að togaraflotinn mundi einungis fá að veiða 15% af heildarþorskkvótanum. Það er langt í land með það, en eigi að síður er þessi breyting jákvæð og það ber að meta.

Ég vil síðan líka, herra forseti, geta þess að ég tek undir tillögu sem hér er að finna um afnám línutvöföldunarinnar. Það er í svipuðum anda og ég lagði til sjálfur á síðasta vorþingi. Nú hefur stjórnarmeirihlutinn gert þessa tillögu að sinni. Ég tel það skynsamlegt. Einnig að þessu leyti finnst mér sem hérna hafi verið mjög gengið til bóta gatan fram á veg.

Ég tel að það sé líka stjórnarmeirihlutanum til hróss að hafa ekki látið bugast undan gríðarlegum árásum og atlögum sem útgerðarmenn víðs vegar um landið hafa haft uppi síðustu vikur og mánuði, sýndu það og sönnuðu að þeir eru sennilega meðal öflugustu þrýstihópa í þjóðfélaginu. Auðvitað má rekja til þeirrar atlögu þá staðreynd að hér liggur fyrir tillagan frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich og Árna Johnsen. En ég vona að stjórnarmeirihlutinn muni ekki leyfa sér þann munað, jafnvel þeir sem þar hafa efasemdir, að styðja það. Auðvitað er það svo að innan allra flokka hafa verið skiptar skoðanir um stjórn fiskveiða. Ég tala ekki fyrir óskiptan flokk í þessu máli. Ég hygg að jafnvel í mínum þingflokki muni koma stuðningur við þá tillögu tvímenninganna sem ég nefndi hér áðan.

Það sem ég vildi gjarnan hafa séð öðruvísi, herra forseti, er í sjálfu sér smávægilegt miðað við þær miklu breytingar sem hér liggja fyrir. Nú er það þannig að það er búið að breyta kerfinu svo að það er annars vegar róðrardagakerfi og hins vegar kjósa menn sér þorskaflahámark. Það er rétt sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði fyrr í dag að þeir voru furðu margir sem kusu þorskaflahámarkið. Ætli þeir hafi ekki verið á fimmta hundrað og þeim mun sennilega fjölgað þegar kemur að möguleikum til endurvals innan skamms. Þá eru eftir u.þ.b. 680 eða tæplega 700 bátar sem eru á hinu eiginlega söknarmarki. Þeir hafa ekki mikið til skiptanna. Þeir hafa eitthvað í kringum 7000 tonn og það er ansi lítið, að meðaltali 10 tonn á bát. Ég held að það sé ekki farsælt að vera að reyna að þrengja að þeim. En mér sýnist að það sé verið að reyna að þrengja sem flestum bátum yfir á þorskaflahámarkið og ég óttast og er reyndar sannfærður um að það munu koma fram óskir um það í hópi þeirra sem hafa kosið sér þorskaflahámark að það verði framseljanlegt og að lokum verði fullt framsal líka á þeim hálfgildingskvóta sem þar er kominn á. Ég tel að það hafi verið afskaplega erfitt að standa gegn því. Og þar með tel ég raunverulega að það séu fram undan veruleg kaflaskil á næstu árum í þróun smábátaútgerðar og sérstaklega krókaleyfisbáta á Íslandi. Þessi breyting með þorskaflahámarkinu og síðan breytingar á lögunum um úreldingar báta gera það að verkum að þeim mun því miður fækka. Ég segi því miður vegna þess að ég tel að í þessari smábátaútgerð felist arðsöm og hagkvæm byggðastefna, byggðastefna sem er mér að skapi og eflir smáar byggðir landsins. Ég tel þess vegna að það sé nauðsynlegt í framtíðinni að huga vel að þeim bátum sem ekki kusu þorskaflahámarkið. Ég sé t.d. að í lögunum eins og þau verða væntanlega samþykkt núna er verið að reyna að þrýsta bátum frekar úr róðrardagakerfinu. Það er reyndar tvískipt. Annars vegar eru þeir sem eru á handfærum og hins vegar þeir sem eru bæði á handfærum og línu og þar er líka verið að sauma að línubátunum. Ég ætla ekkert að dæma um hvort það er slæmt eða vont. En ég er hins vegar, herra forseti, óánægður með það að ég tek eftir því að á vissan hátt er gert upp á milli annars vegar þeirra báta sem eru með þorskaflahámark og hins vegar þeirra sem eru á róðrardögum að því leyti til að utankvótategundir hafa mismunandi vægi í afla þeirra. Þeir sem eru á þorskaflahámarkinu hafa auðvitað ekkert hámark á utankvótategundum og geta sótt í þær eins og þeir vilja. En þeir sem hafa kannski haft umtalsverðan hluta af sínum afla af utankvótategundum en eru á róðrardögum geta ekki sótt í slíkar tegundir jafnvel á dögum og á stöðum þar sem er alveg klárt að það er hreinn afli utankvótategunda án þess að það sé líka inni í dögunum, að það teljist til daga. Mér þykir það slæmt.

Ég hefði gjarnan viljað sjá breytingar á því, herra forseti. Ég lýsti því yfir við 1. umr. En ég geri mér grein fyrir því að hér er um viðkvæmt mál að ræða. Hæstv. ríkisstjórn sem leggur þetta mál fram var í kröppum dansi og ef menn hefðu farið að koma með miklar breytingartillögur hefði það getað sett þetta mál allt upp í loft. Það er þess vegna sem menn hafa stillt sig um það. Ég mun þess vegna styðja þetta frv. undanbragðalaust þótt ég hefði viljað sjá einhverjar breytingar á einstökum atriðum. Þær eru allar veigalitlar hjá þeirri miklu breytingu sem felst í tengingunni á milli krókapottsins annars vegar og heildarþorskaflans hins vegar.

Herra forseti. Ég er í hópi þeirra sem hafa haft vissar efasemdir um aflamarkskerfið. Ég hef séð á því annmarka og auðvitað má enn sjá á því annmarka. Það er alveg klárt að aflamarkskerfið hvetur til þess við vissar aðstæður að afla sé hent og það er auðvitað mjög slæmt. Ég hef engar patentlausnir á því hvernig hægt er að setja undir þann leka. En ég hafði efasemdir og í upphafi verulegar efasemdir um að aflamarkskerfið hefði líka vísindalegan verndarávinning í för með sér sem hæstv. sjútvrh. og ýmsir aðrir héldu fram. En ég tel að menn verði að horfast í augu við staðreyndir og það er sífellt að koma betri og betri reynsla á aflamarkskerfið. Ég tel að á síðustu 18 mánuðum höfum við séð að kerfið ber árangur. Það er alveg ljóst að það verndar þorskstofninn í hafinu. Hann er núna í vexti. Það er að nokkru marki og sennilega verulegu marki vegna þess að það hefur verið gott árferði í sjónum. En ég velkist ekki lengur í vafa um það, herra forseti, að aflamarkskerfið hefur sannað sig sem verndarkerfi og það er auðvitað afskaplega mikilvægt.

Þeir eru til sem halda því fram, þá er ég sérstaklega að vísa til þeirra sem hafa tekið undir röksemdir útgerðarmannanna sem hafa verið að reyna að þrýsta á stjórnvöld um að falla frá þeim fyrirheitum sem felast í þessu frv., að kerfið, núverandi stjórnkerfi, haldi ekki alveg og það sé sérstaklega sá partur þess sem lýtur að smábátum sem sé stjórnlaus, þar sé gat. En ég tel að eftir að búið er að samþykkja frv. sem hér liggur fyrir sé búið að treysta aflamarkskerfið verulega. Það er ekki fullkomið og menn munu aldrei finna upp fullkomið kerfi fyrir stjórn fiskveiða. Það er aldrei hægt að finna upp fullkomið kerfi fyrir stjórn fiskveiða. En það er alveg ljóst að kerfið er betra en áður, þ.e. hið innra rökgengi þess er betra en áður, það er sjálfu sér samkvæmara og það er alveg ljóst að það eru minni holur í því en áður. Ég þori ekki að fullyrða að það sé algerlega án gata en þau eru miklu minni en áður.

Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir þessu, ekki síst þeir sem hafa tekið undir röksemdir útgerðarmanna um að þetta frv. muni rýra gildi þess heildarkerfis sem við búum við við stjórn fiskveiða. Því er þveröfugt farið. Þetta frv. styrkir heildarkerfið.

[17:01]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlustaði ekki betur á ræðu mína áðan eða tengdi hana við annað það sem hann hefur verið að lesa sér til um. Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að það er mikill fjöldi báta á sóknarmarki og ekki mikið til skiptanna og þessum bátum hefur fjölgað mjög mikið á undanförnum árum. Það er það sem ég á við þegar ég tala um fjárfestingarævintýri. Þetta fjárfestingarævintýri hefur ekki orðið til þess að styrkja rekstrargrundvöll smábátaútgerðar, ekki einu sinni þar sem hún er þó mikilvægur þáttur í atvinnulífi. Ég hef ákveðnar áhyggjur af því og þess gat ég í ræðu minni áðan.

Öll þessi fjölgun á bátum sem síðan eru ekki verkefni fyrir, hefur heldur ekki styrkt smábátaútgerðina. Þess vegna hlýt ég að harma að þetta ævintýri skyldi fara í gang, að það skyldi eiga sér stað og að við skulum nú þurfa að vera að fást við afleiðingar þess. Ef menn hefðu fyrr tekið á þessu hefðum við hugsanlega verið með styrkari smábátaútgerð í landinu en raun ber vitni. Ég vænti að þetta hafi aðeins skýrt afstöðu mína til málsins.

[17:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Áðan las ég upp úr ályktunum frá Þjóðvaka. Þá kallaði hv. þm. fram í að þetta hefði ekki verið samþykkt. Þessi ályktun sem ég las upp úr er í plaggi sem heitir Þjóðvaki, hreyfing fólksins, stefnuskrá, samþykkt á landsfundi 1995. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ætti því kannski að lesa örlítið betur þá stefnuskrá sem var samþykkt af hennar eigin flokki á hans eigin landsfundi. Og í blaði Þjóðvaka sem gefið var út skömmu fyrir kosningar, þ.e. mánudaginn 20. mars, segir t.d.:

„Því hefur Þjóðvaki samþykkt að öllum smábátum og öðrum dagróðrarbátum sem veiða á aflamarki verði gefinn kostur á að velja krókaleyfi."

Herra forseti. Þessi stefna Þjóðvaka er í stjarnfræðilegri firð frá málflutningi hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Þjóðvaki er hér í sínu eigin blaði að leggja til að öllum smábátum á aflamarki verði leyft að velja krókaleyfi. Ég held að það þurfi ekkert að sýna frekar fram á það, herra forseti, að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir er langt frá því sem hennar eigin hreyfing, hreyfing fólksins, lýsti yfir fyrir síðustu kosningar.

[17:04]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Ég er handviss um það, herra forseti, að það er hægt að finna ýmislegt í einstökum ályktunum bæði Þjóðvaka og annarra flokka sem rímar ekki við allt það sem hefur verið sagt á Alþingi í vetur. Og þar sem ég vil frekar að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé að vitna í rétta pappíra, þá er það svo að það plagg sem hann var að veifa er stefnuskrá Þjóðvaka þar sem fjallað er um sjávarútvegsmál á bls. 5 og 6. Hitt sem hann vitnaði í var sérstök ályktun gerð af ákveðnu tilefni.

Nú má vel vera að það sé svo í öllum flokkum að þingmenn fari nákvæmlega eftir þeim ályktunum sem gerðar hafa verið, jafnvel árum eftir að aðstæður hafa breyst. Ég hygg þó að svo sé ekki. Þess vegna hef ég kosið, herra forseti, að halda mig við stefnuskrána. Og ef ég les stefnuskrána, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, er málflutningur minn í fullu samræmi við það sem þar stendur. Það er það plagg sem ég byggi á og það er það plagg sem ég hélt að væri fyrst og fremst byggt á í þeim málflutningi sem stjórnmálaflokkar hafa uppi á hv. Alþingi. Ekki einstaka ályktunum sem kunna að vera gerðar heldur stefnuskrá flokksins.

[17:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í frekari efnislegar umræður við hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, en ég get ekki annað en komið hér og leiðrétt aðeins það sem hún segir um samþykktir síns eigin flokks. Hún segir að það sem ég hef verið að lesa upp sé ekki partur af landsfundarsamþykktum heldur sé það samþykkt sem gerð hafi verið af sérstöku tilefni. Ég get upplýst þingheim um hvað þetta sérstaka tilefni var. Tilefnið var landsfundur Þjóðvaka. Þetta er Þjóðvaki — hreyfing fólksins, stefnuskrá, Þjóðvaki, hreyfing fólksins samþykkt á landsfundi 1995. Hér er efnisyfirlit og hér er ályktun 20, þ.e. ályktun um sjávarútvegsmál á bls. 26. Og það er það sem ég hef lesið upp. Það er enginn fyrirvari á því. Þetta er það sem maður fær frá Þjóðvaka. Ég get því ekki annað en lýst a.m.k. vægri undrun minni yfir því að hv. þm. kannast ekki við stefnuskrá síns eigin flokks og jafnframt að

hún skuli telja samþykkt þessarar ályktunar sem var gerð á landsfundi flokksins vera gerða af einhverju sérstöku tilefni. Þetta sérstaka tilefni sem hún talar um að hafi verið eitthvert skrýtið fyrirbæri var landsfundur, æðsta vald í málefnum Þjóðvaka.

[17:07]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekkert tilefni til þess að *við förum að standa í einhverju orðaskaki, ég og hv. þm.* Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv., út af máli þar sem ekki ber meira á milli í sjónarmiðum heldur en það er tengist fiskveiðistjórnun og útkomu smábátahópsins í því sambandi.

Ég vil taka það sérstaklega fram vegna orða hv. þm. að ég tel mig tilheyra Grímseyjarkommúnismanum, þeirri grein hugmyndafræðinnar eða sósíalismanum. Það felur í sér að hafa alveg sérstakt dálæti á *trillukörlum*, einyrkjum og smáútgerðarmönnum eða útvegsbændum eins og þeir heita í Grímsey. Ég hygg að hún sé eini staðurinn á landinu þar sem menn bera enn með stolti þennan góða titil, kalla sig útvegsbændur. (**Gripið fram í:** Það eru útvegsbændur í Vestmannaeyjum.) Kannski eitthvað af þeim í Vestmannaeyjum en alla vega er alveg sérstakur sómi að því. Enda eiga þeir gjarnan kindur með, Grímseyingar, vel ættaðar.

Það er alveg hárrétt að ég hef líka á undanförnum árum oft verið ásamt hv. þm. í hópi þeirra sem hafa talað fyrir réttlátri úrlausn varðandi málefni smábátanna þannig að smábátaútgerðin í landinu gæti blómstrað og þróast sem lífvænlegur hluti af okkar útgerð. En auðvitað aðeins sem hluti af henni. Það er hins vegar ekki þar með sagt, herra forseti, að í því felist skuldbinding til að styðja ævinlega og utan endis allt sem lýtur að því að bæta hlut slíks hóps. Ég hef aldrei gefið nein loforð eða neinar skuldbindingar um að þetta þýði að ég sé sjálfkrafa alltaf með í því að gera hvað eina sem færir hluti til í átt til smábáta. Fyrir því þurfa að vera efnisleg rök. Spurningin hér snýr hins vegar frekar að aðferðum og útfærslu, eins og ég tel reyndar að ég hafi farið nokkuð rækilega yfir í minni ræðu, og jafnfræði aðila innan hópsins sem ég tel að skorti stórkostlega á. Og það er ágalli á máli að sjálfsögðu, þótt það geti verið gott í sjálfu sér fyrir einhvern tiltekinn hóp, ef það um leið skilur aðra sambærilega *setta eftir á köldum klaka*. Það var á *þeim grunni* sem minn málflutningur byggðist. Reyndar fór ég yfir það hversu vandasamt og mikilvægt það er að velja skynsamlegan upphafspunkt, viðmiðanir o.s.frv. þegar til kastanna kemur hygg ég að þetta sé frekar spurning um nálgun en endilega djúpstæðan málefnalegan ágreining á milli mín og hv. þm., sem er greinilega í góðu skapi í dag og yndislega ánægjulegt eins og jafnan að eiga orðastað við hann.

[17:10]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram ágætar umræður um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, fróðlegar um margt og ekki síst þær ágætu umræður um hugmyndafræði Grímseyjarkommúnista. Hv. 15. þm. Reykv. sem nú gengur úr salnum kemur ótt og títt og jafnan mjög skemmtilega með tilvitnanir ýmsar úr fylgsnum fyrri alda. En það sem mér finnst standa upp úr í umræðunni af hálfu stjórnarandstöðunnar er að nú vildu að mér heyrist flestir ef ekki allir Lilju kveðið hafa, og finnst mér það mjög ánægjulegt. Það er út af fyrir sig ánægjuleg niðurstaða þegar við fjöllum um það nefndarálit og þær breytingartillögur meiri hluta hv. sjútvn. sem við þurfum að taka afstöðu til í dag.

Þótt ég fylli ekki þann flokk sem kenndur er við Grímsey, fjarri því, þann ágæta stað, get ég sagt það við þessa umræðu að ég er bærilega sáttur við frv. með þeim breytingum sem meiri hluti hv. sjútvn. hefur lagt til að verði gerðar á því.

Nú er til þess að líta að við myndun ríkisstjórnarinnar var reynt að leita samkomulags um mikilvægar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Það tókst að verulegu leyti en *það sem sneri að smábátunum var sett að nokkru á ís* og er nú komið hér frá ríkisstjórninni í formi breytinga á lögunum og svo aftur breytingartillögur hv. sjútvn. Ég held að sú niðurstaða sem hér er fengin, þótt hún sé vissulega umdeild, sé sá kostur sem er ásættanlegur. En auðvitað er það þannig að hér á hinu háa Alþingi verðum við þingmenn að líta yfir sviðið allt. Við verðum að líta á alla útgerðarflokka og sjávarútveginn í heild þegar við tökum afstöðu. Við getum ekki að mínu mati, ég hef a.m.k. ekki tamið mér þann málflutning, lagst í sérstakan víking fyrir einn hóp á kostnað annarra. En ég tel að það frv. sem hæstv. sjútvrh. mælti fyrir á sínum tíma og hv. sjútvn. hefur fjallað um gangi þann veg að ásættanlegt er.

Það sem ég ætlaði hins vegar sérstaklega að ræða til viðbótar því að lýsa afstöðu minni til þessara breytingartillagna var línutvöföldunin svokallaða, afnám hennar. En áður vildi ég aðeins nefna það, vegna brtt. sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich og Árna Johnsen, að ég hefði talið að sú hugmynd sem þar býr að baki hefði verið að ýmsu leyti ákjósanleg leið til þess að milda þessar breytingar sem gerðar eru. Hins vegar er það svo að samkomulag hefur náðst innan meiri hluta sjútvn., samkomulag hefur náðst á milli stjórnarflokkanna og samkomulag hefur náðst við Landssamband smábátaútgerða. Þess vegna get ég ekki stutt þá tillögu. Ég legg mjög mikið upp úr þeirri niðurstöðu og því samkomulagi sem hefur náðst, en vil segja að ég hefði talið að það hefði þurft e.t.v. að fara þá leið eða einhverja svipaða leið og hv. þm. Tómas Ingi Olrich leggur til. Ekkert er óbreytanlegt en ég legg ekki til að það verði gert nú.

Hvað varðar línutvöföldunina þá hef ég verið meðal þeirra sem hafa lagt áherslu á að styrkja línuútgerð. Ég tel að ekki fari milli mála að línuútgerðin hafi verið mikilvæg fyrir *mörg byggðarlög og þetta sé fyrir minni báta mikilvægur* útgerðarkostur og það hafi sannað sig að mörg byggðarlög hafa átt mjög mikið undir línuútgerðinni. Þess vegna hef ég talið að það ætti að leggja áherslu á hana. Nú hafa hins vegar málin þróast þannig að ég tel að staðan sé á þann veg að það sé eðlilegt að fara þá leið sem sjútvn. leggur til, þ.e. að línutvöföldunin verði lögð af og hluti, 60% af aflareynslu línubátanna, verði færður inn í aflaheimildir þeirra.

Auðvitað er viss hætta á því að það dragi úr línuveiðum. Það væri miður. En ég trúi því að þeir sem hafa stundað línuútgerðina við landið muni flestir halda því áfram. Ástæðan fyrir því að ég felst á þessa breytingu núna er sú að ég horfi til þess að stóru línuskipin, vélabátarnir svokölluðu, mundu éta upp pottinn frá litlu bátunum. Þess vegna tel ég að nú sé ekki eftir neinu að bíða með það að gera þessa breytingu og skapa þar með festu í þessu áður en þessi öflugu skip éta litlu bátana út á gaddinn ef svo mætti segja.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil endurtaka það að ég styð þær breytingar sem hér eru lagðar fram. Ég tel að þær séu við okkar aðstæður í dag ásættanlegar. En auðvitað er það þannig að það þarf áfram

að líta til þess að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þó það sé mikilvægt að stöðugleiki ríki þar. Við þingmenn þurfum því að vera á verði og gera þær breytingar sem við teljum að sé nauðsynlegt að gera í tímans ráðs miðað við breyttar aðstæður.

[17:18]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemdir við hv. þm. að það séu rök fyrir afnámi línutvöföldunarinnar að stóru skipin eða útileguskipin með beitningavélum séu að auka sinn hlut í pottinum og þar af leiðandi sé best að taka þetta af. Það eru auðvitað margar aðrar aðferðir færar í því máli sem slíku aðrar en sú að svipta þær landróðraútgerðir með hefðbundnu sniði sem enn eru við lýði og vilja halda þessari tegund áfram, að svipta þær möguleikum til þess. Ég spái því að hv. þm. eigi eftir að rekast á afar óánægða útgerðarmenn í sínu kjördæmi sem eru ósáttir við það að þeirri útgerð og því mynstri sem þeir hafa byggt upp og stundað núna á undanförnum árum verði breytt. Það eru allmargar stórar landróðraútgerðir sem reka bæði útgerð og fiskvinnslu sem eru verulega háðar þessari tilhögun yfir vetrartímann, m.a. í kjördæmi hv. þm. á Snæfellsnesi. Sama á við um Suðurnes. Það er líka ljóst að talsvert af minni bátum hefur getað gert sér verulegan mat úr þessum möguleikum yfir vetrartímann og óttast nú mjög um sinn hag. Ef það væri eina vandamálið sem við væri að glíma eins og ráða mátti í af máli hv. þm. þá hefðum við átt að nálgast það sérstaklega, ráðast þar að rótum vandans og taka á því, annaðhvort að setja línutvöföldunarskipin hreinlega út með sína aflareynslu eða loka hópnum eða festa einhvern veginn hlutföll milli þessara aðila þannig að við því væri séð. Mér finnst það ekki fullnægjandi rökstuðningur að koma og segja að vegna þess að þetta er að þróast svona þá bara tökum við þetta af og það verður að hafa það þó að það komi harkalega niður á þeim sem línutvöföldunin var í upphafi hugsuð fyrir. Eiga þeir þá að gjalda þess? Það finnst mér vera að hengja bakara fyrir smið.

[17:20]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef nú ekki heyrt rökin sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur hins vegar fært fyrir afstöðu sinni sem mér hefur heyrst að væri að hann væri fylgjandi þessari breytingu, afnáminu á línutvöfölduninni. Ég hef ekki heyrt að hann væri á móti því að afnema línutvöföldunina. Ég vildi því fá að heyra rök hv. þm. fyrir þeirri afstöðu hans. En ég tel að þetta sé ekki eina ástæðan, þ.e. að stóru vélskipin sæki svo mjög í pottinn. Við sáum það bara á síðasta tímabili að þá dugði potturinn ekki út tímabilið sem aldrei hefur gerst held ég áður. Það var vegna þess að sóknin var mjög harkaleg við línuveiðarnar. En ég tek út af fyrir sig undir það með honum að það eru ekki einu rökin fyrir þessari breytingu. Það eru ekki einu rökin. Þau eru svo sem fleiri og mér er alveg ljóst að það eru vissar áhyggjur í mínu kjördæmi hjá útgerðarmönnum vegna þessa. En ég tel samt sem áður að hér sé ásættanleg niðurstaða lögð til, þ.e. sú regla sem valin er, að velja tvö bestu árin af þremur. Að vísu kemur hún harkalega við tilteknar útgerðir sem hafa á undanförnum árum stundað línuveiðar en hafa ekki stundað línuveiðar síðustu þrjú árin að miklu marki. En það er nú þannig að það er aldrei hægt að setja undir allan leka þegar verið er að breyta. Eftir rækilega skoðun á þessu máli varð það mín niðurstaða að þetta væri ásættanlegur kostur þó hann sé að ýmsu leyti erfiður.

[17:22]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við verðum þá bara að vera ósammála um það ég og hv. þm. Það sem ég bendi á er að menn hafa m.a. sótt af þessum krafti yfir línutvöföldunartímann núna síðasta vetur og jafnvel sl. tvö ár vegna væntinga um að þetta yrði fært yfir í kvóta þannig að menn væru að mynda aflareynslu. Það liggur alveg fyrir að það er búin að vera uppi umræða um að þetta verði tekið af og fært yfir í kvóta og þess vegna hafa menn vitandi vits eins og kemur á daginn verið í kapphlaupi um að ná sem mestri aflareynslu á þeim viðmiðunarárum. Mönnum verður alveg nákvæmlega að væntingum sínum með þeirri aðferð sem hæstv. ríkisstjórn er hér að leggja til, alveg nákvæmlega. Þeir sem af mestu ofurkappi hafa sótt á grundvelli línutvöföldunar síðustu tvær vertíðir eru verðlaunaðir vegna þess að nú fá þeir það allt saman yfir í kvóta. Hinir sem hafa kannski stundað hefðbundna línuútgerð á sínum bátum og hafa ekki ráðist í kaup á nýjum skipum og hafa ekki aukið útgerðina, þeir sitja eftir. Það er nákvæmlega þannig sem þetta gerist.

Í öðru lagi kom það skýrt fram í máli mínu að ég er andvígur þessari breytingu svona útfærðri. Það kemur fram í mínu nál. og ég tók það fram í mínu máli. Með öðrum orðum tel ég þá af tvennu illu betra að hafa óbreytt ástand sem ég viðurkenni reyndar að er ekki gott. Þar ætti að gera a.m.k. ákveðnar ráðstafanir eins og þær að loka hópnum þannig að ekki komi inn í hann nýir aðilar. Afmarka þetta þá við þá sem hafa aflareynslu í línutvöföldun á undanförnum árum. Ef þetta er hins vegar gert á að taka breiðari viðmiðun. Það er bersýnilega ósanngjarnt gagnvart hefðbundinni línuútgerð, landróðraútgerð frá undanförnum árum að gera þetta svona, að taka bara tvö bestu árin af þremur síðustu sem færir verulega til innan hópsins frá hefðbundnu útgerðinni yfir til útileguskipanna sem hafa stóraukið hlut sinn sl. tvö ár.

[17:24]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mætti halda að hv. 4. þm. Norðurl. e. væri að tala við einhvern sérstakan andstæðing línuútgerðar. Það er nú bara alls ekki þannig. (**SJS:** Hv. þm. ætlar að styðja þetta.) Ég tók það sérstaklega fram að ég hef verið talsmaður þess að styrkja og verja línuútgerðina. Afstaða hv. þm. er hins vegar alveg „týpísk stjórnarandstöðuafstaða". Þ.e., jú, hann getur samþykkt þetta en ekki svona, ekki með þessari útfærslu, heldur með einhverri annarri óskilgreindri sem ekki kemur fram í breytingartillögu. Það geta hv. þm. Sjálfstfl. borið vitni um að ég hef verið andstæðingur þess að fella niður tvöföldunina. En ástæðan fyrir því að ég styð þessa breytingu núna er að ég tel að á heildina litið sé þetta hagstæðara fyrir línuútgerðina vegna þess að línutvöföldunarpotturinn hefur verið stærra hlutfall af heildaraflaheimildunum síðustu þrjú árin en áður. Það er auðvitað aðalatriðið. Auðvitað er vont að geta ekki tryggt hagsmuni allra. En með þessari aðferð, með því að taka þrjú ár og taka tvö bestu fyrir bátana af þremur þá náum við stærsta pottinum, hæsta hlutfallinu út úr heildaraflaheimildunum. Og það er auðvitað aðalatriðið fyrir okkur, a.m.k. á Vesturlandi, að ná inn í línuveiðarnar stærra hlutfalli en annars hefði orðið. Ef við hefðum verið að teygja okkur mörg ár aftur í tímann

þá er það hlutfall lægra. Ég held að það sé aðalatriðið og það atriði sem þingmenn hafa gert að meginröksemd fyrir þessari niðurstöðu og þeirri afstöðu að styðja þessar breytingar.

[17:27]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 1. umr. um frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þá taldi ég að þetta mál væri þannig vaxið að ekki væri hægt að sætta sig við það. Eins og það kemur nú frá hv. sjútvn. af hálfu meiri hlutans hefur það ekki breyst til batnaðar að því leyti er þau atriði varðar sem ég gangrýndi við 1. umr. málsins.

Að sjálfsögðu eru helstu annmarkar málsins fólgnir í því annars vegar að enn er skilið eftir gat, þ.e. gat sóknardagabátanna og engar tryggingar eru fyrir því að þessi galli reynist ekki jafnalvarlegur og fyrri göt sem í lögum um stjórn fiskveiða hafa fundist.

Að vísu er að finna í nál. meiri hluta sjútvn. setningu sem á að skilja sem áminningu til þess aðila sem samdi um þetta frv. við hæstv. sjútvrh. Með leyfi virðulegs forseta, ætla ég að lesa þetta ákvæði.

„Það frv. sem hér um ræðir byggist á samkomulagi milli Landssambands smábátaeigenda og sjávarútvegsráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að ákvæði frv. verði lögfest á þessu þingi. Meiri hlutinn gengur út frá því að Landssamband smábátaeigenda sjái til þess að þeir sem gera út krókabáta standi við samkomulagið, enda er með þessu móti komið mjög til móts við smábátaeigendur. Þá vill meiri hlutinn taka skýrt fram að ekki verða gerðar frekari breytingar á þeim reglum sem gilda um sóknardaga eftir lögfestingu þessa frv."

Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, túlkar þessi hluti nál. áhyggjur meiri hluta sjútvn. af því að Landssamband smábátaeigenda muni ekki standa við þetta samkomulag. Það er verið að vara þetta landssamband við að því verði mætt af mikilli hörku af hálfu löggjafans ef ekki verði staðið við þetta samkomulag. Að sjálfsögðu er ekki að undra þó menn vilji slá slíka varnagla vegna þess að nú þegar eru farnar að heyrast úr röðum smábátaeigenda og forvígismanna þeirra yfirlýsingar um að það þurfi að gera verulegar breytingar á stöðu smábátanna og þeirra samtök muni vinna að því að koma þeim fram.

Ef við tökum einnig tillit til þess hvernig reynslan hefur verið af löggjöf um þessi efni þá hefur það sýnt sig að sú löggjöf hefur alls ekki staðist. Það er ekki svo að það hafi verið allt opið í lögunum um stjórn fiskveiða eins og hér hefur verið þrástagast á. Það er ekki svo. Það voru ákveðin ákvæði sem áttu að tryggja að krókabátarnir færu ekki fram úr sínum afla. Þeim ákvæðum var breytt þegar það kom í ljós að krókabátarnir höfðu veitt miklu meira en reiknað var með að þeir mundu gera. Menn heyktust á að framkvæma lögin. Þetta vita smábátaeigendur. Þeir vita að löggjafinn hefur heykst á þessu. Þær vísbendingar sem smábátaeigendur hafa fengið í viðskiptum sínum við þingið eru þess eðlis að þeir mega gera ráð fyrir því að barátta þeirra muni leiða til árangurs í framtíðinni eins og hingað til.

Sá sem hér stendur er 1. flm. að breytingartillögu við frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða ásamt hv. þm. Árna Johnsen. Þessi breytingartillaga hefur þann tilgang fyrst og fremst að ná þríþættu markmiði. Í fyrsta lagi að þeir sem mest hafa aukið afla sinn á sama tíma og heildaraflinn hefur verið minnkaður og kvóti stórlega verið skertur fái skerta hlutdeild í aukningu heildarþorskafla á bilinu 155.000 lestir til 250.000 lestir. En eftir það verði hlutdeild þessara báta, þ.e. krókaleyfisbátanna, óskert.

Í öðru lagi er tilgangur breytingartillögunnar sá að þeir sem hafa orðið að þola mesta skerðingu, þ.e. aflamarksbátar undir 10 brúttólestum, fái hlutfallslega meiri aukningu aflaheimildanna uns 250.000 lesta þorskafli hefur verið heimilaður.

Í þriðja lagi er tilgangur þessarar breytingartillögu að hlutur aflamarksskipa í aukningu frá 155.000 lesta heildarþorskafla allt til 250.000 lesta afla verði meiri en frv. gerir ráð fyrir.

Það er sérstök ástæða til að gera breytingar á frv. í þessa veru vegna þess að það standa engin rök til þess og það er heldur ekki hægt að réttlæta það á neinn hátt að krókabátarnir, hvort sem um er að ræða sóknardagakerfið eða aflahámarkskerfið, að þessir bátar sem hafa verið að ná til sín mestum afla á kostnað annarra skipa, öðlist sömu hlutdeild í aukningunni í framtíðinni og þau skip sem hafa verið að tapa mestu. Það er ástæða til að gera þar á breytingar og skerða þessa hlutdeild þó ég gangi í þessari breytingartillögu til móts við óskir þeirra sem vilja að krókaleyfisbátarnir fái einhverja hlutdeild í aukningunni. Á sama hátt er full ástæða til þess að auka hraðar veiðiheimildir þeirra báta sem hafa orðið að þola mesta skerðingu en það eru aflamarksbátarnir undir 10 brúttólestum. Því er gerð tillaga til þess að á bilinu 155.000 lestir til 250.000 lestir sé sérstök aukning færð þessum bátum, 25% aukning, þ.e. þeir fái hlutinn 1,25 á þessu bili. Þetta hlutfall hefði að sjálfsögðu getað verið meira og er sjálfsagt erfitt að finna eitthvað sem væri hægt að kalla réttlætanleg eða eðlileg mörk. En þessi tillaga er sett nú fram engu að síður til athugunar. Ég tel að hún gangi til móts við þá stöðu sem uppi er fyrir þessi skip. Tillagan í heild leiðir svo til þess að aflamarksskipin sem eru stærri en 10 brúttólestir fá hærra hlutfall af heildarafla á bilinu 155.000 til 250.000 tonn. Kemur það til móts við stöðu þessa hluta flotans.

Þessi tillaga er því þannig úr garði gerð að hún ætti að geta örlítið dregið úr þeirri ósanngirni sem er að finna í frv. Hún ýtir einnig undir það að bátar á sóknardagakerfi sæki frekar í aflahámarkskerfið því hún ívilnar þeim sem sækja í það kerfi.

Hér hefur hv. 4. þm. Norðurl. e., sem lýsti í sjálfu sér alveg réttilega göllunum sem á frv. eru og á afgreiðslu málsins frá sjútvn., minnst á að það væri hægt að fara ýmsar aðrar leiðir til þess koma til móts við þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin. Það er alveg rétt að það er hægt að fara ýmsar aðrar leiðir til að skerða hlutdeild þeirra sem mest hafa tekið til sín í aflaaukningunni á undanförnum árum. Þessar tillögur sem hér eru hafa hins vegar þann kost að þær koma til móts við þessa tvo flokka útgerðar, þ.e. kvótabáta undir 10 brúttólestum og svo almennt kvótaskipaflotann. Þær koma til móts við þennan flota strax og veita honum meiri hlutdeild í aukningunni á ákveðnu bili nú þegar aflinn verður aukinn en síðan verður jöfnuður settur á eftir 250.000 tonn.

Við megum ekki gleyma því að þegar lögin voru sett árið 1990 var gert ráð fyrir því að þeir sem færu á krókaleyfi yrðu háðir mjög miklum takmörkunum. Mönnum bauðst á þeim tíma sá valkostur að vera á krókaveiðum með þeim miklu takmörkunum sem sett voru í lögin ellegar þá að velja aflamark á þeim tíma. Til glöggvunar þingmönnum hef ég sett hér fram í greinargerð sem ég hef dreift í þinginu dæmi

um krókaleyfisbát sem hefur staðið frammi fyrir því á fiskveiðiárinu 1990–1991 að velja milli krókaleyfiskerfis og aflamarks. Báturinn sem þarna er um að ræða valdi krókaleyfið og fylgdi síðan þeirri stefnu sem krókaleyfisbátarnir gerðu almennt, þ.e. veiddi langt umfram það sem löggjafinn hafði gert ráð fyrir að heimilað yrði og komst upp í 141 tonn. Á fiskveiðiárinu 1994–1995 veiddi þessi bátur 138 tonn. Samkvæmt þeim reglum sem nú eru lagðar til þá fengi hann kvóta upp á 80 tonn. Hefði þessi bátur hins vegar fylgt ábendingum stjórnvalda sem hvöttu menn til þess að fara í aflamark þá hefði hann fengið í upphafi 14 tonn og væri nú kominn niður í 6 tonn. Auðvitað er þessi floti hinn gleymdi floti sem hér hefur verið rætt um. Frv. í þeirri mynd sem það er nú þegar það kemur frá hæstv. sjútvn. gerir ekki neitt til að bæta hlut þessa flota sérstaklega. Það er ástæða til að gera það. Í þeim tilgangi er þessi breytingartillaga sett fram. Það er alveg ljóst að Alþingi verður að taka upp þessi mál síðar ef breytingartillagan verður felld. Það er óhjákvæmilegt. Nái málið fram að ganga í þeirri mynd sem það er nú þá er um að ræða ófrágengið mál, óleystan vanda sem þingið hlýtur að taka á síðar meir.

Ég vil einnig taka fram að mér finnst nokkuð sérkennilega unnið þegar það er talið vera þessu máli til styrktar að þrýstihópur út í bæ hafi lýst því yfir við þingmenn að hann muni standa við þetta samkomulag, hann muni sætta sig við þetta samkomulag. Mér er ekki kunnugt um að hér sé unnið eftir þeim reglum að menn spyrji aðila úti í bæ hvort farið verði eftir lögunum eða ekki. Það er mjög sérkennilegt ef menn ætla að taka upp þann vinnuhátt hér á Alþingi að alþingismenn eða ráðherrar þurfi að snúa sér til þrýstihópa úti í bæ og spyrja þá að því hvort þeir ætli af miskunn sinni og náð að fara eftir lögunum. Og ef þeir lýsa því yfir að þeir vilji ekki fara eftir lögunum þá hætta menn við lagasetninguna. Ég vil vara við þessum skrefum. Ég held að þau séu ekki sæmandi Alþingi og ég vil undirstrika að ég tel að sá háttur sem hafður hefur verið á við tilurð þessa máls og aðdragandann allan er ekki viðunandi svo ekki sé farið um það sterkari orðum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti. Ég held að greinargerðin sem sett er fram með þessari breytingartillögu skýri sig að mestu leyti sjálf. Ég lýsi því hér með yfir að ég tel að það sé nauðsynlegt vegna eðlis málsins að fyrsti hluti breytingartillögunnar, tölul. 1, verði borinn upp í einu lagi. Það er óhjákvæmilegt efnis málsins vegna. Það er ekki hægt að bera þessa tillögu þannig upp við þingið að greidd verði atkvæði um efnisatriði 1. tölul. breytingartillögunnar hvert og eitt. Það verður að greiða atkvæði um þetta í einu lagi, 1. tölul. Síðan er hægt að greiða atkvæði um 2. tölul. sér. En miðað við efni tillögunnar þá óska ég eftir því mjög eindregið við hæstv. forseta að þannig verði að málinu staðið þegar það kemur hér til atkvæða.

[17:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur mjög komið fram í umræðunni um þessi mál að mörgum er til efs að þetta frv. sem byggir á samkomulagi milli sjútvrn. og smábáta fái staðist í framtíðinni. Menn hafa dregið upp miklar hryllingsmyndir af því og vilja meina að ákveðnir þrýstihópar muni strax sprengja það aftur. Ég veit um þennan ótta og ég veit um að margir efast um þetta. Ég vil þó segja það hér og nú fyrir mitt leyti að þegar verið er að festa í lög þessi 13,9% til smábátanna og það fest að 13,9% skuli ganga bæði upp og niður eftir því sem aflaheimildir aukast eða minnka þá get ég ekki séð, ég get að vísu ekki fullyrt um framtíðina en ég get ekki með nokkru móti séð hver ætti að hafa það afl á hinu háa Alþingi í framtíðinni að breyta því. Mér er alveg óskiljanlegt hvernig það ætti að vera. Ég tel því að hér sé verið að kveða upp úr með ákveðna sátt. Hvort hún sé nákvæmlega réttlát eða ekki get ég ekki sagt um enda ætla ég hvorki mér né öðrum að vera handhafar einhvers réttlætis. En menn verða að minnast þess í sambandi við það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði hér áðan að þeir menn sem hafa „aukið mest afla sinn á kostnað annarra", að það var löggjöfin sjálf sem leyfði alveg frá upphafi kvótakerfisins þar til í fyrravor að skipum af þessari stærð mætti fjölga. Það var leyft og þeir komu löglega inn í landið þannig að þeir sem voru hér fyrir þeir hafa sannarlega orðið fyrir mjög mikilli skerðingu. En það var aukningin í afkastagetunni í þessari stærð, hjá þessum smábátum sem hefur orsakað þessi vandræði. Þannig er sú saga.

[17:44]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Tvö atriði, virðulegi forseti, langar mig að koma fram með. Fyrir það fyrsta hefur þegar komið fram hjá Samtökum smábátaeigenda að það eigi eftir að leiðrétta hlut aflamarksbátanna undir 10 lestum. Það hefur bara komið fram. Enda er það viðurkennt af þessum sömu aðilum að þeir hafi ekki unnið fyrir hagsmuni þeirra. Þeir hafi látið þá liggja eftir, þeir hafi fórnað hagsmunum þeirra sem eiga aflamarksbáta undir 10 rúmlestum. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Forustumenn þessara samtaka hafa lýst því yfir að þeir muni í framtíðinni berjast fyrir því að fá leiðréttingu fyrir þessa aðila. Sú leiðrétting gengur náttúrlega ekki nema það sem þessir aðilar fá verði tekið einhvers staðar.

Í öðru lagi vil ég geta þess að þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir að löggjafinn hafi kallað fram fjölgun kvótabátanna er það að vísu að hluta til rétt vegna þess að löggjöfinn var gölluð og opnaði fyrir þennan möguleika. Hitt er svo annað mál að þeir sem fjárfestu í krókabátum á þessum tíma hlutu að gera það með tilliti til þess að það sem átti að verða til skiptanna milli krókabátanna samkvæmt lögum yrði takmarkað við rétt rúmlega 4.000 tonn. Auðvitað hljóta þeir að bera einhverja ábyrgð á því að hafa tekið ákvarðanir um fjárfestingu miðað við það svigrúm sem löggjafinn hafði gefið þeim.

[17:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög brýnt að menn geri sér grein fyrir því að þeir sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu eru að sjálfsögðu skip sem áttu eingöngu kvóta í þorski. Þorskurinn var skorinn niður. Ef það var eingöngu kvóti í þorski urðu þau fyrir mjög miklum áföllum. Þannig var það með smábátana undir 10 tonnum en þau skip, sem voru yfir 10 tonn sem áttu eingöngu þorsk, hafa einnig farið mjög illa út úr skerðingunni á síðustu árum þannig að eitthvað handsmíðað réttlæti um það hvernig ætti að skipta þessu mundi aldrei ganga upp. Þeir munu aldrei ná vopnum sínum fyrr en við erum komin í eðlilegar þorskveiðar sem eru um 350.000 tonn miðað við reynslu síðustu 70 ára. Því miður.

[17:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Athugasemd hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um þá sem hafa farið verst út úr þessu var alveg hárrétt. Tillaga mín, brtt. við frv., miðar að því að rétta hlut

þessara aðila. (**EOK:** Undir 10 tonnum.) Líka hinna sem fá meiri hlutdeild í aukningunni vegna þessara brtt. en ella yrði. Ég reikna með að hv. þm. geti með gleði greitt brtt. atkvæði sitt. Ég held að það sé kannski best að menn geri sér grein fyrir því að um þetta mál, í þeim farvegi sem það er nú, er ekki friður. Það er ekki samkomulag um þetta þó að menn bindi vonir við það. Það er ekki samkomulag um þetta og það á eftir að koma í ljós. Það á eftir að gera leiðréttingar í málinu og það er verið að fresta því hér og nú að taka á vandanum.

[17:48]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil ári var mikil spenna hér í lofti í þingsölum og utan þinghússins þegar krókakarlar í hundraðatali streymdu af landinu öllu til að fylgja eftir brýnu hagsmunamáli sínu. Þá var staðan sú að fyrir lá að banndagakerfið gerði það að verkum að ef ekki yrði breytt fengju þeir, ef ég man rétt, liðlega 20 daga til að stunda atvinnu sína. Ljóst var að þar varð að verða á einhver breyting og mjög snarpar umræður urðu innan þingsins og utan. Niðurstaðan var sú að Alþingi samþykkti lög og þar var m.a. gert samkomulag innbyrðis milli stjórnarflokka um að hæstv. sjútvrh. hefði mjög náið samráð við Landssamband smábátaeigenda um útfærsluna. Því var haldið fram í þingsölum að áður en langt um liði kæmi til þess að breyta þyrfti lögunum og það hefur komið á daginn enda hefur hæstv. sjútvrh. haft mjög náið og gott samráð við Landssamband smábátaeigenda og frv. sem hér liggur fyrir er niðurstaða af því samkomulagi. Því ber að fagna.

Eins og hefur komið fram í ræðum manna þá eru skoðanir afskaplega skiptar og sýnist sitt hverjum og hafa nánast flestir lausnir á því hvernig eigi að leysa vanda sjávarútvegs og fiskveiða. Sá er hér stendur hefur rætt við fjölmarga sjómenn og er óhætt að segja að hver og einn þeirra býr yfir lausn, mér liggur við að segja töfralausn, á því hvernig beri að leysa þennan vanda. En lausnirnar eru ólíkar og lausnirnar eru nánast jafnmargar og mennirnir eru margir og síðan skipast þeir niður í hagsmunasamtök. Auðvitað snýst þetta um hagsmuni, mikla og ólíka hagsmuni. Það má ljóst vera að hvert það skref sem stigið er til breytinga á sjávarútvegsmálum mun særa einhvern. Í hverju skrefi finnst einhverjum vera stigið yfir sig og það skref mun særa. Þannig hafa viðbrögð við breytingum í sjávarútvegi ávallt verið og þannig munu þau ugglaust ávallt verða.

Hér er verið að ræða sérstaklega um frv. sem byggir á áðurnefndu samkomulagi milli hæstv. sjútvrh. og Landssambands smábátaeigenda. Þar ber að hafa í huga að sú fjölgun smábáta sem átt hefur sér stað á undanförnum árum er á ábyrgð Alþingis. Hagsmunasamtök, einnig Landssamband smábátaeigenda, vöruðu á sínum tíma við þessari fjölgun og þeirri sprengihættu sem væri fólgin í því sem menn kölluðu óeðlilega fjölgun. Þrátt fyrir það var lítið aðhafst af hálfu löggjafans. Þar af leiðandi ber löggjafinn ábyrgð á þeirri stöðu sem uppi er. Ég tel að samkomulagið taki einmitt mið af því að með því sé hæstv. sjútvrh. og þá um leið þingið að axla þá ábyrgð sem löggjafarsamkoman ber. Að sjálfsögðu eru ýmsir þættir jákvæðir í frv. en mér finnst miklu máli skipta að nú er skilgreint nokkuð nákvæmlega og með meiri nákvæmni en áður hefur verið hverjir falla undir hinn svonefnda krókapott. Nú er búið að greina á milli einstakra veiðarfæra, þ.e. að þeir sem kjósa að stunda færaveiðar eingöngu hafi skilgreiningu til þess og þeir sem kjósi að veiða á færi og línu geti það en þessu tvennu verði ekki blandað saman. Það tel ég gífurlega mikinn ávinning og mikinn kost. En að auki er opnað fyrir ýmsar leiðir sem hafa fram til þessa valdið vandræðum og nægir þar að nefna sl. sumar þegar hvorki meira né minna en þrír bílaleigubílar þurftu að fara með starfsmenn Fiskistofu til að fylgjast með ólöglegu athæfi strangt til tekið sem var sjóstangaveiðimót í Ólafsvík. Nú er opnað fyrir þetta sem og hrognkelsaveiðar. Það er dreginn af allur vafi með þær. Einnig þá bátaeigendur sem kjósa að stunda veiðar í plóg og veiðar á botndýrum.

Síðast en ekki síst er mikilsvert að þeim sem kjósa að stunda smábátaútgerð, þ.e. áhugafólk sem kýs að skjótast út á sinni trillu til að veiða sér í soðið, er það heimilt. Við getum sagt þeir sem kjósa sér þetta sem rómantískan lífstíl í tómstundum geta stundað slíkt áhugamál í friði. Það er að sjálfsögðu jákvætt. Síðan er verið að festa hlutdeild þessa flota í 13,9% af heildarpottinum. Ýmsir sjá ofsjónum yfir því. Það er skiljanlegt eins og áður var nefnt því hér er um ólíka hagsmuni að ræða.

Komið hefur fram í þingræðu að hlutdeild smábátaeigenda hafi vaxið frá 1991 úr 5,6% upp í 13,9% núna. Á móti má benda á tölur sem Landssamband smábátaeigenda hefur teflt fram og heldur því fram að raunaukning sé í rauninni ekki nema liðlega 1%. Munar þar miklu eins og ávallt þegar menn byrja æfingar í talnaleikfimi. Ég tel að það sé nokkuð til í þeirri röksemd sem smábátaeigendur hafa bent á að við þurfum að skoða veiðiflota okkar í heild sinni óháð því hvort hann stundar veiðar sínar innan efnahagslögsögu eða utan hennar. Það má ljóst vera að smábátaeigendur eiga þess ekki kost að stunda veiðar á Flæmska hatti eða í Smugunni og þannig má áfram telja. Miðað við þann afla sem úthafsveiðifloti okkar hefur verið að færa inn fá fulltrúar Landssamband smábátaeigenda þá niðurstöðu að aukningin, raunaukningin, miðað við heildarafla íslenska flotans sé ekki nema rúmlega 1%.

Stórt atriði er að Alþingi ber ábyrgð á þeim mikla fjölda smábátaeigenda sem nú er í flotanum. Ýmsir óttast eins og hér hefur komið fram hið svonefnda gat og sprengihættuna sem er í núv. frv. og því sem byggir á samkomulagi hæstv. sjútvrh. við Landssamband smábátaeigenda. Hins vegar hefur minna verið gert úr þeim takmörkunum sem settar eru inn í frv. m.a. til að stoppa upp í hið meinta gat. Þar nefni ég í fyrsta lagi að nú þegar hafa afkastamestu sjómennirnir þegar valið sig inn í aflamark. Þeir gerðu það sl. sumar eins og fram kom. Í annan stað er skerðingarstuðull fyrir þá sem stunda línu 1,9 yfir sumarmánuðina og 1,3 yfir vetrarmánuðina. Sú skerðing er veruleg og hefur ekki verið bent nógu skýrt á í umræðunni hér. Þá má líka ljóst vera að þeir sem stunda eingöngu færaveiðar eru mun háðari veðri og vindum en þeir sem stunda línuveiðar. Þá nefni ég líka takmarkanir á balafjölda, 12 eða 20 eftir því hvort einn eða tveir stunda veiðarnar eða eru á bát. Ég nefni líka að með framsali í pottinn og með framsali innbyrðis milli báta í pottinum mun það leiða til þess, og fyrir því hef ég heimildir frá ýmsum krókakörlum sem þessar veiðar stunda nú og hafa gert um árabil, mun hreyfingin vera í þá átt að velja sig inn í aflamarkið. Í því felst að sjálfsögðu ákveðin takmörkun. En aðaltakmörkunin er í því sem hér hefur komið skýrt fram og kemur mjög glögglega fram í nál. að um er að ræða frv. sem byggir á samkomulagi við smábátamenn. Það er í fyrsta sinn sem ríkir gagnkvæm sátt milli stjórnvalda og smábátaeigenda. Það heyrir maður í mjög vaxandi mæli meðal

smábátamanna að þeir skynja þá ábyrgð sem þeir bera til jafns við stjórnvöld að nú verði að standa við samkomulagið. Það er ekki rétt sem hér hefur komið fram og kom m.a. fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Tómasi Inga Olrich, að menn hafi staðið við samkomulag fram til þessa. Það er heldur ekki rétt að tala um krókakarla sem einhvern lobbíhóp út í bæ, hér er um að ræða afkomu þúsunda einstaklinga. Þessi lög sem snerta smábátasjómenn hafa ekki haldið, m.a. vegna þess að þau hafa ekki verið gerð í sátt. Að það ríki sátt á milli stjórnvalda og þessara aðila tel ég vera meginatriði fyrir því að lögin muni halda.

Ég vil þá nefna að auki það sem er afskaplega mikilsvert að með þessu frv. fer fram útför hinna illræmdu banndaga sem settir voru á á sínum tíma en reyndust ekki duga og voru illa þokkaðir meðal sjómanna. Nú eru teknir upp hinir eiginlegu róðrardagar þar sem sjómenn sjálfir ákveða hvernær er róið í stað þess að ákveða brælu með margra mánaða fyrirvara á kontórum í Reykjavík. Þá er mikilsvert að hinn illræmdi viðsnúningur er afnuminn og hver dagur telst 24 klst. Með öðrum orðum þá er tekið út viðkvæmt ákvæði sem var sett sl. vor sem var þannig að ef menn reru út og lentu í brælu og urðu að snúa til hafnar átti dagurinn að teljast með. Ég minni á réttlætismál, sem hefur ekki verið nefnt nógu skýrt í umræðunni, sem felst í því að verði sjómaður svo ólánssamur að missa bát sinn þurfi hann ekki tvöföldun, neyðarrétturinn er eiginlega látinn gilda sem og það ákvæði sem snertir Þróunarsjóðinn að verði skip fyrir verulegum skemmdum, svo sem nýleg dæmi sanna, þannig að menn nái ekki að veiða 50% af kvóta sínum hafi menn sex mánuði til að koma fleyi sínu í lag aftur. Þetta er mikilsvert atriði og er vitað að ýmsir hafa beðið eftir þessu vegna neyðarástands sem ríkt hefur.

Að lokum varðandi krókaþáttinn, smábátahlutann af frv., legg ég áherslu á það og ítreka að hér er niðurstaða sem er fengin í sátt við þá og það er sú sátt sem þarf að halda. Ég trúi því og treysti að allir muni sýna viðeigandi festu og þar af leiðandi muni ákvæðin halda.

Víkur þá að línutvöföldun sem stendur nú til að leggja af. Eins og með smábáta er það afskaplega umdeilt. Nauðsynlegt er fyrir okkur að hafa í huga hver markmiðin með línutvöföldun voru á sínum tíma. Þau voru m.a. að gefa línubátum kost á að útvega gott og ferskt hráefni. En markmiðin voru líka þau að styrkja atvinnu í landi í tengslum við línubátana, t.d. fyrir beitningarfólki. Þróunin hefur hins vegar orðið í aðra átt eins og hefur reyndar komið fram. Vinnan er að færast í vaxandi mæli út á sjó þar sem vélbeiting er notuð. Vélbeitingarskipin koma sér fyrir á bestu miðum og ná langsamlega stærstum hluta aflans. Þannig eru dæmi um aflahæstu skipin sem munu hafa náð 1.100–1.200 tonnum á einni vertíð. Það er einmitt þar sem má segja að markmiðin með línutvöfölduninni upphaflega séu brostin. Þess vegna koma upp þær raddir og kemur það frv. sem er svo afgreitt út úr sjútvn., a.m.k. af meiri hluta, að afnema þessa línutvöföldun. Rökin eru með öðrum orðum fyrir hendi. En þá kemur vandinn: Hvernig á að skipta? Þá eins og vænta má eru hagsmunir miklir en þó er vert að minna á að ekki eru allir sammála því að afnema línutvöföldun. Ég bendi t.d. á fulltrúa frá fiskmörkuðum og ég bendi á ýmsa úr fiskvinnslunni sem telja að með afnámi línutvöföldunar muni línufiskur hverfa m.a. til ferskfiskútflutnings. Síðan kemur að því að deila línutvöföldun og niðurstaðan hefur orðið sú að 60% af pottinum skuli renna til þeirra sem hafa stundað línuveiðar tvö bestu af síðustu þremur árum. Á það hefur réttilega verið bent að ýmsir frumkvöðlar í línutvöföldun, sem stunduðu línutvöföldun jafnvel á fimm fyrstu árunum, en telja sig hafa hrökklast burt að með þessu muni þeir ekki njóta góðs af skiptingu þessara 60%. Ég skal líka gera þá játningu að ég teldi í marga staði eðlilegra að skipta þessu til helminga, 50% til þeirra sem stundað hafa línutvöföldun og 50% renni inn í hinn almenna pott. Niðurstaðan varð þó þessi og við hana verður að una. En þó má færa rök fyrir 60% því þar er þó komið til móts m.a. við þá sem vilja ekki leggja línutvöföldun af að línubátar fá þó stærri hlutdeild í hlut sinn.

Í framhaldi af þessu vil ég víkja örfáum orðum að hinum gleymda flota sem enn einu sinni kemur á dagskrá og virðist vera nokkuð óljóst hvað menn eiga við. Mér finnst ítrekað hafa komið fram að þegar rætt er um hinn gleymda flota vilji menn einungis ræða um aflamarksbáta undir 6 brúttólestum. Ég held að það sé rétt að ítreka það enn einu sinni að hinn gleymdi floti er í mínum huga þeir aflamarksbátar, sem hér um ræðir, en einnig hinir hefðbundnu vertíðarbátar og minni ísfisktogarar. Það er sá floti sem hefur orðið fyrir langsamlega mestri skerðingu með því að þorskaflinn hefur minnkað um allt að 200.000 tonn. En með þeim aðgerðum sem er nú verið að grípa til, þar á meðal afnámi línutvöföldunar, aukningu í þorskveiðiheimildum um 31.000 tonn og það er ekki lítið magn sem og með úthafsveiðifrv., sem verður rætt í næstu viku, er verið að grípa til aðgerða og rétt að nefna það einu sinni, sem munu fyrst og síðast styrkja þennan gleymda flota, vertíðarbáta og ísfisktogara. Um er að ræða með þessum 40% af línutvöföldun, 5.000 jöfnunarpotti og 12.000 tonna og 31.000 tonna aukningu vegna stækkandi þorskkvóta í heild sinni með skerðingu úthafsveiðiskipa, þeirra sem eiga heimildir innan íslenskrar lögsögu en munu fá heimildir utan lögsögunnar, að úthafsveiðiskipin munu þurfa að skila hluta af veiðiheimildum sínum innan lögsögunnar. Að auki hefur hv. þm. Stefán Guðmundsson bent á að í þeim útgerðum, sem eru þó nokkrar hér á landi, sem hafa hvort tveggja í sinni eigu úthafsveiðiskip og vertíðarbáta og ísfisktogara, að með sókn úthafsveiðiskipanna geta þessar sömu útgerðir fært aflaheimildir yfir á vertíðarbáta sína og ísfisktogara. Allt helst þetta í hendur og málin verða að skoðast í heild. Með þessum hætti er í rauninni verið að tala um telst mér til u.þ.b. 50.000 tonna pott sem mun fyrst og fremst koma þeim til góða sem hafa orðið fyrir mestum þorskskerðingum. Það er það jákvæðasta sem er að gerast að þorskkvótinn er að aukast og með þeim frv. sem hafa verið til umræðu munu þetta vera um 50.000 tonn sem kemur hlutfallslega mest í hlut þessa gleymda flota. Menn vita að það munaði um 5.000 tonna jöfnunarpottinn hjá vertíðarbátum. Nú erum við að tala um samanlagðan pott sem gæti hugsanlega numið allt að 50.000 lestum eða tífalt meiri. Ég trúi að hinn gleymdi floti muni vera að styrkjast og vonandi enn frekar á því fiskveiðiári sem kemur þar á eftir því allar forsendur benda til þess að við séum á leið út úr hinu sögulega lágmarki.

Herra forseti. Að lokum er vert að hafa í huga að það stenst ekki að hæstv. sjútvrh. þurfi að ákveða aflaaukningu, kvótaaukningu, fyrir 15. apríl og hljóta menn því að fagna afnámi þeirrar dagsetningar. Við sjáum hvað er að gerast núna á þessu hlýja og góða vori þar sem hitastig sjávar hefur ekki verið jafnhátt í 12 ár. Sem áhugamaður mikill um laxveiði fæ ég þær fregnir að lax nú sé þegar byrjaður að

ganga í veiðiárnar og það kemur að sjálfsögðu til af því að nú eru skilyrði betri en oft áður. Hið sama gildir auðvitað um náttúruna að þar eru breytileg skilyrði og þess vegna er órökrétt að vera með fasta dagsetningu inni, 15. apríl, og því eðlilegt að afnema hana.

Herra forseti. Í ræðum manna hefur komið fram að það frv. sem hér er til umræðu er ekki endanlegt. Undir það sjónarmið skal ég taka. Ég trúi því að aldrei verði hægt að standa að endanlegri lagasetningu um jafnflókin mál og fiskveiðar og sjávarútvegur eru. Það eru svo margir óvissuþættir sem þar koma inn. Það eru svo margs konar hagsmunir og lítil breyting á hitastigi, seltustigi, hafstraumum o.s.frv. sem getur haft svo afdrifaríkar afleiðingar á fiskveiðistofna okkar að við hljótum að þurfa að bregðast við því. Þess vegna munum við aldrei ná hinni endanlegu stöðu í stjórnun fiskveiða okkar. En ég vonast til að þetta frv. megi renna hratt og vel í gegnum þingið.

[18:11]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins að taka þátt í þeirri umræðu sem fram fer um stjórn fiskveiða. Ég mun ekki á neinn hátt fara ofan í þetta frv., það hefur hv. þm. Hjálmar Árnason gert en hann er ásamt Stefáni Guðmundssyni hv. þm., fulltrúi okkar í sjútvn., heldur mun ég tala á almennum nótum.

Frv. hefur verið nokkuð í umræðunni síðustu vikur og sitt sýnist hverjum. Ég tel frv. vera mjög til bóta fyrir smábátaeða krókaflotann og í anda þeirra hugmynda sem ég hef talað fyrir gagnvart smábátum og hlutverki þeirra. Hér er um verulega úrbót að ræða fyrir þann hluta flotans sem stundar veiðar með krókum enda er Landssamband smábátaeigenda einnig í meginatriðum sátt við frv.

Í síðustu kosningum höfðum við frambjóðendur framsóknarmanna í Reykjanesi nokkra sérstöðu gagnvart veiðum smábáta. Við vorum með nýjar áherslur og tillögur. Við sögðumst mundu beita okkur fyrir því að hafa eins mikil áhrif og við gætum í þinginu á þingflokk okkar gagnvart hlut smábáta ef við næðum kjöri. Það höfum við svo sannarlega gert bæði núna síðasta vor og einnig nú vegna þessa frv. sem við erum að ræða hér. Sérstaða okkar hefur komið skýrt fram í þingflokki okkar. Við höfum lagt okkur mjög fram við að rökræða þessi mál þar. Þær rökræður hafa að vissu leyti verið erfiðar en mjög gefandi og uppbyggilegar. Það er ljóst að ekki eru allir í þingflokki okkar hoppandi ánægðir með þessa niðurstöðu og þetta frv. eins og það lítur út. Ég get nefnt sem dæmi hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem er í sjútvn. Hann lýsti því yfir hér áðan í andsvari að hann hefði efasemdir um ýmislegt í frv. og las úr greinargerðinni til að undirstrika það. Hv. þm. stendur hins vegar að þessu frv. eins og þingflokkur framsóknarmanna. Ég nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir það hve hann hefur haldið skynsamlega að mínu mati á þessu máli.

Áðan talaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem styður frv. í meginatriðum enda eflir það krókabáta í landinu. Það var afar ljúft að hlusta á hv. þm. í þetta sinn því hann hefur verið mjög duglegur við að rifja upp kosningaloforð okkar framsóknarmanna í Reykn. og hefur hv. þm. verið að bera upp á okkur að hafa svikið loforð okkar gagnvart smábátasjómönnum. Nú ber hins vegar allt annað við eins og kom fram í ræðu hv. þm. Nú varð hv. þm. að eta það allt ofan í sig. Þetta var eitthvað annað en þorrablótsræður hv. þm. sem hann hefur verið mjög duglegur við að halda hér. Það er nefnilega þannig að við erum að standa við þessi kosningaloforð. Við lofuðum að reyna að hafa áhrif á þingflokk okkar og það höfum við sannarlega verið að gera.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem því miður er ekki staddur hér, sagði að kosningarloforð okkar framsóknarmanna á Reykjanesi væru að mjakast í rétta átt. Þetta er sannarlega rétt. Lengra verður trúlega ekki komist að mínu mati. Það er ekki pólitískur vilji til þess eins og fram kemur í greinargerðinni en ég lýsi því yfir að ég er mjög ánægð með þennan árangur eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er líka. Sá hv. þm. hafði það á stefnuskrá sinni allt síðasta kjörtímabil að efla hlut smábáta. Hann sat í fjögur ár í ríkisstjórn en kom engu til leiðar. Hv. þm. brást að þessu leyti.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður enda nóg búið að tala í dag í þessu máli. Ég vil að lokum þakka hæstv. sjútvrh. fyrir framgöngu hans í málinu. Ég vil endurtaka að lokum að ég er mjög sátt við frv. enda er það í anda þeirrar stefnu í stjórn fiskveiða sem ég tala fyrir.

[18:16]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er einn einu sinni komið til umræðu frv. til laga um stjórn fiskveiða sem kannski kemur engum á óvart vegna þess að hér er um mjög mikilvæga löggjöf að ræða. Þetta er löggjöf sem ávallt hlýtur að vera í þróun. En ég held að það komi engum á óvart núna að þetta frv. kemur til umræðu vegna þess að það var alveg ljóst, síðast þegar breytingar voru gerðar á lögunum, að ekki ríkti ánægja með þær og það hlaut að koma að því að þetta mál kæmi fljótt aftur inn í þingið.

Eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu er frv. byggt á samkomulagi milli sjútvrh. og Landssambands smábátaeigenda. Það er mjög athyglisvert ekki síst nú á þessum vetri þegar hvert málið á fætur öðru hefur farið í gegnum þingið þar sem samráð við aðila hefur verið gjörsamlega hunsað. Hér er reyndar um að ræða eina helstu auðlind þjóðarinnar, gífurlega hagsmuni og þá er gengið svo langt ekki aðeins að hafa samráð við viðkomandi aðila heldur að gera bindandi samkomulag. Ég vil vekja athygli á þessu sérstaklega í samanburði við önnur mál sem hér hafa verið til umræðu.

Þetta samráð náði reyndar eingöngu til viðkomandi hagsmunahóps. Það var ekki haft samráð við Alþingi um þetta eða sjútvn. eða við aðra hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það hefur verið gagnrýnt mikið eins og alþjóð veit. En kosturinn við það samkomulag sem fyrir liggur er sá að það ríkir sátt um fyrirkomulagið. Þá aukast vonandi líkurnar á því að þetta samkomulag verði virt og ekki þurfi að breyta lögunum strax aftur. En það er mjög mikilvægt að átta sig á þessu og mér finnst sjálfri mjög umhugsunarvert að um þessa helstu auðlind okkar, sjávarútveginn, skuli vera í gildi lög sem eru svo umdeild. Ég er sjálf mjög ósátt í grundvallaratriðum við lögin um stjórn fiskveiða og á þar af leiðandi dálítið erfitt með að lýsa yfir ánægju með einstakar breytingar sem að mínu mati eru bara krafs í bakkann. Ég hefði sem sagt kosið að löggjöfin um stjórn fiskveiða væri tekin upp með miklu víðtækari hætti en hér er gert.

En grundvallaróánægja mín varðandi lögin um stjórn fiskveiða almennt er um það að mér finnst vera mótsögn á milli sameignarákvæðis í 1. gr. laganna og þess hvernig aflaheimildum er úthlutað og hvernig þær virðast smátt og smátt vera að færast á færri hendur. Síðan er verslað með

þessar framseljanlegu heimildir sem þó eru færðar sjávarútveginum eða útvegsmönnum á silfurfati, frítt. Mér finnst vera mótsögn á milli þessa og svo aftur hvernig þetta er útfært, þ.e. að ríkið fær ekki neinn arð af þessu. Þá hljóta ávallt að koma upp hugmyndir um að allar þær breytingar sem gerðar eru séu ekki réttlátar gagnvart þessum hópi eða hinum. Nú er óánægjan sú að þetta frv. hygli smábátaeigendum eða þeim hluta þeirra sem ekki völdu aflamarkið í upphafi en á kostnað annarra. Ég vil taka það skýrt fram að ég er hlynnt í grundvallaratriðum þeirri meginbreytingu sem er í frv., þ.e. að krókabátar fái samsvarandi aukna hlutdeild í þorskaflahámarki eins og þeir bátar sem eru á aflahámarki. En um leið verð ég að láta í ljós að ég er í prinsippinu á móti því að ákveðnum hópum séu veittar varanlegar aflaheimildir, ekki síst í ljósi þeirrar réttaróvissu sem nú ríkir í landinu um það hvort aflaheimildir eru alvöru einkaeign eða ekki.

Það er ljóst að mínu mati að aflamarkskerfið í heild hefur mjög mikla ókosti. Það er ekki vistvænt. Það stuðlar að brottkasti og eignarhaldið á framseljanlegum aflaheimildum er þannig að það er mjög erfitt að stjórna því úr því sem komið er hvert leiðir. Það virðist vera að reynslan sé orðin svo sterk. Ég vil nefna sem dæmi Nýja-Sjáland þar sem fyrirhugað var að nota ákveðið kerfi eins og hér við að úthluta aflaheimildum. Síðan komu frumbyggjar og vitnuðu í eldri lög og þá varð ríkið hreinlega að borga þessum aðilum kvótann upp á nýtt. Mér sýnist því að við séum yfir höfuð með mjög vafasamt kerfi við stjórn fiskveiða. Það er hannað af hagfræðingum og getur verið efnahagslega hagkvæmt. En það særir réttlætiskennd margra hópa og það verður eilíft stríð á milli sjómanna sem stunda veiðar með mismunandi veiðarfærum og á misstórum skipum, úr mismunandi byggðarlögum, bæði lítilla og stórra þannig að ég er alveg sannfærð um að það mun aldrei ríkja sátt um þetta kerfi.

Ég lýsi því yfir að ég fagna því að hér er gert vel við smábátaflotann sem ég tel að eigi sögulegan rétt til að sinna fiskveiðum. Þetta eru oft bátar sem þjóna þeim byggðarlögum sem þeir eru gerðir út frá. Það sem í rauninni er hér að gerast er að það er verið að hvetja krókabátana til að fara á aflamarkskerfið með því að heimila að fiskveiðiheimildir þeirra verði framseljanlegar þó það sé innan hópsins og að lofa þeim viðbótaraflaheimildum. Það má því alveg búast við að þeir sem velja áfram róðrardaga muni eftir nokkur ár eða jafnvel strax næsta ár finnast þeirra hlutur of lítill miðað við hina. Það er mjög líklegt að þeir muni líka og sem flestir velja aflamark. Þá er náttúrlega augljóst hver tilgangurinn er. Það er að slá þessum tveim kerfum saman að því er virðist. Og ég er ekki endilega sátt við þá þróun. Ég tel að það stefni í að það sé hætta á að aflaheimildir verði einkaeign og jafnvel að þær flytjist til útlanda og að við missum smám saman algjörlega stjórnina á auðlindinni.

Ég tel að hér sé verið að krukka í þetta kerfi krókabátunum í hag og í grundvallaratriðum er ég sátt við að þeir fái aukna hlutdeild. En ég sé alveg fyrir mér hver tilgangurinn er með þessu. Ég er alls ekki sátt við lokapunktinn í því og hvert þetta leiðir.

Það er ekki ætlun mín að ræða um einstakar tillögur. Við kvennalistakonur munum taka afstöðu til þeirra eftir því hvort okkur finnst þær horfa til bóta eða ekki. En í grundvallaratriðum er ég sammála þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (magngjald o.fl.). — Þskj. 777, nál. 1089 og 1097, brtt. 1090.

og

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 776, nál. 1088 og 1096.

[18:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum og nál. vegna tveggja frv. Annað er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Hitt er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Efh.- og viðskn. sendi þetta mál til umsagnar ýmissa aðila og fékk síðan umsagnir frá þeim. Nokkrir komu á fund nefndarinnar og gerð er grein fyrir þessu í nál. á þskj. 1089.

Með lagafrumvarpi þessu eru lagðar til verulegar breytingar á álagningu vörugjalds. Tilgangur frv. er að koma til móts við þær athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert við lög nr. 97/1987, um vörugjald. Stofnunin telur lögin brjóta gegn 14. gr. EES-samningsins að tvennu leyti. Annars vegar með því að greiðslufrestur vörugjalds er mismunandi eftir því hvort um er að ræða innfluttar vörur eða innlendar framleiðsluvörur þar sem greiða ber gjald af innfluttum vörum við tollafgreiðslu en ekki fyrr en við sölu innlendra framleiðsluvara. Hins vegar með því að mismunandi gjaldstofn er fyrir innfluttar vörur og innlendar framleiðsluvörur þar sem 25% áætlað heildsöluálag er lagt á tollverð innfluttra vara að viðbættum tollum en ekki er um sambærilegt álag á innlendar framleiðsluvörur að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar flytur breytingartillögur í tíu liðum við þetta frv., þ.e. frv. um vörugjald, en hins vegar gerir meiri hluti nefndarinnar engar tillögur til breytinga á frv. um virðisaukaskatt. Ég mun nú gera grein fyrir þessum breytingartillögum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til.

Í 1. lið breytingartillagnanna er gerð breyting á 3. gr. Þessi tillaga er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og varðar skráningu á gjaldskyldum aðilum.

Í 2. lið breytingartillagnanna er lagt til að á eftir 3. gr. komi ný grein sem fjallar um skráningu aðila: Aðilar sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra og fjallað er um þau skilyrði sem því fylgir. Enn fremur er innlendum framleiðendum ætlað að skrá sig.

Í 3. lið breytingartillagnanna er tæknileg breyting varðandi reglur sem ríkisskattstjóri þarf að gefa út um mat á verði á vörum sem seldar eru milli skyldra aðila.

Í 4. lið breytingartillagnanna er breyting á 6. gr. þar sem gert er ráð fyrir að tollstjórar skuli reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 5. gr., flytja til landsins.

Í 5. lið er gerð breytingartillaga við 7. gr. þannig að það koma inn fjórar nýjar málsgreinar í stað 2. og 3. efnismgr.

Þar er gert ráð fyrir því að innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru skráðir skv. 5. gr., skuli eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótvilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr.

Aðilar, sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhaldi. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5 gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Hæstv. forseti. Þetta er meginbreytingin sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerð verði á frv. Ég hygg að með þeirri breytingu sem hér um ræðir sé staðið þannig að málum við innheimtu þessa gjalds að það stríði ekki með neinum hætti gegn EES-samningnum. Eftir stendur að sjálfsögðu hins vegar spurningin um þá mismunun sem í gjaldinu felst sem að mínu áliti er á afar hæpnum forsendum, svo ekki sé meira sagt. Sú mismunun er hins vegar spurning um pólitíska ákvörðun sem tekin er á Alþingi og hefur þá stuðning ríkisstjórnar á hverjum tíma, en getur í sjálfu sér staðist þá alþjóðaamninga sem við höfum gert.

Mín skoðun er sú að á næstu árum hljóti menn að leita leiða til þess að hverfa frá álagningu vörugjaldsins eins og hægt er og taka upp almenna skattlagningu í stað þess að mismuna með þeim hætti sem vörugjaldið gerir.

Í 6. lið breytingartillagnanna er gerð brtt. við 9. gr. sem varðar kæruatriði.

Í 7. lið er lagt til að 10. gr. orðist svo: „Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tillhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga og laga um virðisaukaskatt."

Síðan er í 8. lið smábreyting. Þar er verið að breyta tilvísunum. Í 9. lið eru breytingar við 11. gr. frv. varðandi tollskrárnúmer. Þetta eru breytingar á viðauka I. Hér er fyrst og fremst um tæknilegar breytingar að ræða. Efnisbreytingarnar felast fyrst og fremst í því að fellt er niður vörugjald af einangrunarefnum og vörugjald á kaffi og tei lækkað. Aðrar breytingar eru fyrst og fremst tæknilegar.

Þá er lagt til í 10. lið að við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein sem felur í sér lengingu á fyrsta uppgjörstímabilinu. Þetta er fyrst og fremst til þess að skattyfirvöld geti undirbúið sig betur undir þá breytingu sem hér er á ferðinni.

Hæstv. forseti. Í frv. til laga um virðisaukaskatt sem fylgir með frv. um vörugjaldið er gert ráð fyrir því að endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað verði lækkuð. Þetta er nauðsynlegt til þess að fjármagna þá breytingu sem verður á vörugjaldinu. Það var óhjákvæmilegt að sú breyting hefði í för með sér nokkra tekjulækkun hjá ríkissjóði, fyrst og fremst þar sem verið var að breyta verðgjöldum yfir í magngjöld. Ef þessi breyting hefði alfarið verið látin koma fram í vörugjaldinu sjálfu hefði það þýtt að innlendar framleiðsluvörur og ýmsar innfluttar vörur sem eru mjög ódýrar hefðu hækkað allverulega. Það var talið að slíkt hefði mjög óæskileg áhrif, fyrst og fremst vegna þess að ætla má að þessar ódýru vörur séu helst keyptar af þeim sem hafa kannski minni efnin. Því var það svo að það var engin einföld útgönguleið til að fjármagna þá breytingu eða það tekjutap sem af þessu frv. hlaust og var endað á þessari leið. Ég get í sjálfu sér ekki sagt að ég mæli með því að gera þetta með þessum hætti, en því miður fannst ekkert annað betra og þess vegna enda menn með því að þurfa að samþykkja þessa breytingu.

[18:39]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti í tveimur málum, um vörugjald og um virðisaukaskatt. Eins og fram kom í máli hv. formanns efh.- og viðskn. hanga þessi mál saman.

Mér fannst mjög athyglisverð síðasta yfirlýsing hv. þm. um að hann gæti ekki mælt með þessari útfærslu sem hann lagði til, þ.e. í sambandi við tekjuöflunina. En hann hefði ekki fundið neitt betra. Einmitt þetta atriði er eitt aðalgagnrýnisatriði okkar varðandi þetta mál.

Þetta mál sem við erum að ræða hér nokkuð síðla dags er hápólitískt. Þar sem yfirskriftin er vörugjald og virðisaukaskattur halda menn að hér sé um að ræða enn eitt tæknifrv. frá efh.- og viðskn. En svo er ekki. Þetta mál er flókið og erfitt úrlausnar vegna þess að það upphófst með kæru Félags ísl. stórkaupmanna til Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, um framkvæmd álagningar vörugjalds hér á landi. ESA eða Eftirlitsstofnunin tók þessa kæru til greina og gerði athugasemdir við tiltekna þætti í útfærslu hér á landi. Það var ekki um annað að ræða fyrir stjórnvöld en að leggja til breytingar á lögum um vörugjald. Annars hefði málið farið fyrir dóm í Brussel. Grunnurinn er vitaskuld sá að við höfum undirgengist skuldbindingar í tengslum við EES-samninginn. Það er búið að liggja nokkuð lengi fyrir að það þyrfti að taka á þessu máli, en kæran er frá því í ársbyrjun 1994 eða röskra tveggja ára. Þá var málið upphaflega kært.

Stjórnvöld eða ríkisstjórnin svarar ESA með þessum tveimur frumvörpum, þ.e. þau gera breytingar á vörugjaldinu og af því að það hefur í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð gera þau jafnframt tillögu um tekjuöflun þar á móti. Uppbygging frv. er sú að það er lagt magngjald á tiltekna vöruflokka í stað verðgjalds sem nú er lagt á. Það eru sem sagt lagðar kr. á kg í staðinn fyrir prósentulagningu. Í öðru lagi er vörugjaldið fellt niður á nokkrum vöruflokkum. Í þriðja lagi er gjaldflokkum fækkað nokkuð og í fjórða lagi er gert ráð fyrir í frv. að frestur til greiðslu á vörugjaldi verði samræmdur gagnvart innflutningi og innlendri framleiðslu.

Þetta frv. hefur í för með sér að mati fjmrn. tekjutap upp á 450 millj. en tekjuaukningarfrv., þ.e. um virðisaukaskatt, á að skila 440 millj. Minni hluti efh.- og viðskn., en að nefndarálitinu stendur auk mín hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, gerir athugasemdir við útfærslu meiri hlutans á vörugjaldinu. Við viljum benda á að það að taka upp magngjald í staðinn fyrir verðgjald hefur vitaskuld þau áhrif að hagstæð innkaup, sem atvinnulífið á vitaskuld að leitast við að gera, koma þá ekki jafnhagstætt út í álagningu og í verðsamkeppni og prósentuálagning. Þessi skattlagningaraðferð leiðir því einfaldlega til hærra vöruverðs. Við setjum því spurningarmerki við þá aðferð að fara í magngjald úr verðálagningu eða verðgjaldi í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í frv.

Við teljum sömuleiðis að margt bendi til þess, og það kemur reyndar líka fram í athugasemdum sem okkur hafa borist varðandi þetta frv., að það sé verið að ganga lengra við þessa breytingu en nauðsynlegt hefði verið til að uppfylla kröfur ESA.

Það kom reyndar fram í máli hv. formanns efh.- og viðskn. að það er stefna stjórnvalda að lækka vörugjald enn frekar um næstu áramót. Stefna ríkisstjórnarinnar er einfaldlega sú að reyna að komast út úr vörugjaldsálagningu og láta skattlagningu koma öðruvísi fram eða mæta tekjutapinu með samdrætti í ríkisútgjöldum. En það er boðað í frv. að næsta skref í þessu efni verði stigið um áramót og er gert ráð fyrir að það skref muni kosta ríkissjóð 480 millj. kr.

Það sem við viljum gera athugasemdir við er að vitaskuld hefðum við átt að reyna að leysa þetta mál í fyrstu umferð eingöngu út frá lágsmarkskröfum ESA. Það var ástæðulaust, úr því að það gekk svona illa að koma saman heilsteyptri stefnu sem menn gætu fallist á, að vera með útfærsluna í eins miklu umfangi og frv. og breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir. Ég vil hins vegar taka fram að ég tel brýnt að klára málið á þessu vorþingi því að ekki er það minn vilji að þetta mál fari til dóms hjá ESA eins og gerst hefði ef málinu hefðu verið frestað til haustsins. En þessi útfærsla í vörugjaldsleiðinni er í ósamræmi við tillögur nefndar sem ríkisstjórnin, þessi sami ríkisstjórn og leggur frv. fram, setti á laggirnar til að móta tillögur um þetta efni. Í þeirri nefnd áttu sæti ekki einungis fulltrúar ráðuneytanna heldur hagsmunaaðilar og þeir skiluðu stórri skýrslu um hvernig ætti að breyta vörugjaldinu. Þeir lögðu til róttækari breytingar en gert er í frv. og lögðu til að fjármögnuninni yrði þannig háttað að virðisaukaskattur yrði hækkaður um hálft prósentustig.

Þessi niðurstaða sem lá fyrir var samkomulag ráðuneytis og hagsmunaaðila, að minnsta kosti skildu hagsmunaaðilar það og hagsmunaaðilar sem tengjast þessu máli eru vitaskuld Samtök iðnaðarins, íslensk verslun eða Félag íslenskra stórkaupmanna og aðilar sem tengjast verslun og viðskiptum. Það skiptir verulegu máli að þetta sé þannig útfært að menn geti unnið eftir því auk þess sem sanngirni verður að gæta í framkvæmd laganna.

Ríkisstjórnin henti þessu nefndaráliti út í ystu myrkur og lagði fram frv. sem byggir að sáralitlu leyti á þeim tillögum sem nefndin lagði til og á það bæði við um tekjuöflunina sem ég kem að síðar og einnig útfærslu á vörugjaldinu en þá voru ekki farnar þær leiðir sem starfshópurinn lagði til. Ríkisstjórnin ákvað að hækka ekki virðisaukaskatt um hálft prósentustig eins og nefndin lagði til heldur lagði hún fram frv., sem er annað frv. sem við erum að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis af vinnu manna á byggingarstað verði lækkuð í 60% af greiddum virðisaukaskatti. Nú er virðisaukinn endurgreiddur að fullu við vinnu á byggingarstað. Við skulum taka dæmi. Einhver lætur vinna verk fyrir 100 þús. Með álagningu virðisaukaskatts er reikningurinn 124 þús. sem húsbyggjandinn borgar og hann fær síðan endurgreiddar þessar 24 þús. kr. sem eru virðisaukaskatturinn. Nú er gert ráð fyrir að lækka þetta endurgreiðsluhlutfall niður í 60% þannig að í stað þess að í þessu dæmi fást 24 þús. kr. endurgreiddar, þá mundi viðkomandi fá um það bil 15 þús. kr. Þetta er einungis dæmi út frá 100 þús. kr. reikningi. Ef um milljón væri að ræða, þá væri tekjutap húseigandans í þessu tilfelli tæpar 100 þús. kr.

Þessi aðferð sem ríkisstjórnin leggur til í frv., það er að lækka virðisaukaskatt til byggingar íbúðarhúsnæðis, er fráleit að okkar mati. Í fyrsta lagi felur hún í sér að byrðarnar af lækkun vörugjalds — ég nefndi að tekjutap ríkissjóðs vegna þessa væri um 450 millj. — eru settar á einn aðila, einn hóp í þessu þjóðfélagi. Nú er það ekki svo að vörugjaldið sem lækkar vöruverð eða lækkar skatttekjur ríkisins, sé bara lækkað á vörum sem eru til húsbyggjanda, síður en svo. Þeir eiga einhvern hlut í því en það er augljóst að það er ekki sami hópurinn sem nýtur lækkunar vörugjalds og greiðir fyrir það með minni endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Ef svo hefði verið, þá hefði e.t.v. mátt lifa við það því að þá hefði hér verið um að ræða jöfn skipti innan sama hóps. Svo er ekki í þessu frv. heldur er beinlínis lagður sérstakur skattur á húsbyggjendur til að fjármagna lækkun á vörugjaldi. Þetta er önnur ástæðan fyrir því að við leggjumst mjög harkalega gegn þessum frumvörpum sem ríkisstjórnin er hér með. Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að stjórnarliðar höfðu uppi býsna stór orð fyrir kosningar að það þyrfti að bæta hag húsbyggjenda. Hér er farið þvert á þá stefnu. Það hefur ekkert bólað enn þá á neinum aðgerðum til stuðnings eða aðstoðar húsbyggjendum í þessu landi. Eina svar ríkisstjórnarinnar er skattahækkun upp á 440 millj. kr. Það má nefna bara til samanburðar af því að við vorum að ræða fjármagnstekjuskatt fyrr í dag, herra forseti, að gert er ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskattinum muni nema um það bil 800 millj. Hér erum við því að tala um skattlagningu sem er ríflega helmingur þess sem fjármagnstekjuskatturinn á að gefa en þessi rúmi helmingur af fjármagnstekjuskattinum á að falla á húsbyggjendur í þessu landi. Þetta er fráleit aðferðafræði og kosningaloforð, sérstaklega Framsfl. sem hafði uppi stór orð um að bæta hlut húsbyggjenda, hafa sjaldan verið svikin jafnhrottalega og í þessari útfærslu enda sé ég ekki marga framsóknarmenn til andsvara í þessu máli. Ég læt það vera. Það sýnir kannski hug þeirra í garð þessa hóps. Þessi hópur var nógu góður til að hafa fögur orð við fyrir kosningar. En eftir kosningar skal hann beðinn um meiri skatta og þá eru menn ekki einu sinni hér til varnar eða útskýringar á þeirri kúvendingu í stefnu þess flokks. Þetta er ámælisvert, herra forseti, en svona er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli eins og reyndar fleirum.

Það er annað sem gerir það að verkum að frv. er öldungis ófært þar sem endurgreiðsla virðisaukaskattsins er lækkuð með þessum hætti, en það er að það verður mikil hætta á undanskotum og að svört atvinnustarfsemi muni aukast. Það er augljóst að þar sem endurgreiðslan minnkar, þá eykst vitaskuld freisting manna sem eru að láta vinna á byggingarstað, að láta vinna án reiknings og án þess að hlutirnir komi fram og verður þar ríkið bæði af virðisaukaskatti og tekjuskatti. Ég nefni enn og aftur úr þessum ræðustól að undanskot frá

skatti eru talin nema hér á landi um 11–14 milljörðum. Og *þá er aldeilis öllu snúið við þegar menn ætla sér að lögfesta* frv. sem stuðlar að enn meiri undanskotum en við búum við nú þegar.

Nú er hægt að segja sem svo að hér sé bara stjórnarandstæðingur að tala fyrir fáum þingmönnum og að það sé kannski ekki mjög mikið leggjandi upp úr þessum málflutningi. En nú get ég tekið til vitnis hvern einasta umsagnaraðila sem hv. efh.- og viðskn. leitaði til varðandi þetta mál. Hver einn og einasti umsagnaraðili lagðist gegn þessu máli. Við höfum oft haldið því fram, herra forseti, að þessi ríkisstjórn gangi erinda atvinnurekenda í þessu landi. Víst er það að *hún hefur verið drjúg í þeirri göngu sinni.* En viðbrögð við þessum frumvörpum eru hatramlega orðaðar yfirlýsingar frá Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Íslenskri verslun, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði en það er ekki kannski mjög venjulegt að það leggist mjög harkalega gegn stjfrv. Öll þessi samtök vinnuveitenda í landinu leggjast gegn frv. Þar kemur tvennt til. Óánægja með útfærslu lækkunar vörugjaldsins en ekki hvað síst mikil og megn óánægja með þá tekjuöflunarleið sem lagt er upp með í frv. Þessi samtök benda öll á hættu á undanskoti og að það verði erfitt að framkvæma þetta kerfi.

Nú ber að taka fram að minni hluti efh.- og viðskn. styður ekki hækkun virðisaukaskatts til að fjármagna þetta. Við erum þeirrar skoðunar að virðisaukaskattur sé býsna hár hér á landi. Hann er mun hærri eða nokkru hærri en í flestum löndunum í kringum okkur og menn hefðu orðið að finna aðra tekjuöflun varðandi þennan þátt í stað þess að hækka sérstaklega virðisaukaskatt þar sem hann er kominn á ystu mörk þess að hvetja ekki til enn frekari undanskota frá þeim skatti eins og nú er. Við erum ekki að leggja til að það hefði verið farið að einu og öllu að *tillögu nefndarinnar sem vann* málið upprunalega. En það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það upplegg var snöggtum skárra en þau frv. sem ríkisstjórnin endaði með að leggja fram og breyttust lítið í meðförum nefndarinnar af hálfu meiri hluta hennar.

Ég ræddi afstöðu vinnuveitenda í þessu máli. Ég get nefnt til að skýra það nánar að Samtök iðnaðarins telja algerlega óviðunandi að lækka endurgreiðslurnar en halda áfram að skattleggja byggingarefnið sem munaðarvöru. Samtök iðnaðarins benda á að þessi skattheimta sé óþekkt í nágrannalöndunum og þau gera athugasemdir um einstaka gjaldflokka. Þau *vísa réttilega til þess samkomulags sem* gert var milli hagsmunaaðila og fjmrn. En ríkisstjórnin henti því samkomulagi út af borðinu.

Félag íslenskra stórkaupmanna sem upprunalega kærði álagninguna skilaði ítarlegri umsögn um frumvörpin. Það verður að segjast að þessi samtök öll, sem eru venjulega orðvör og kurteis í framsetningu, eru það svo sem enn þá í þessum umsögnum sínum. En ég hef sjaldan séð jafnharðorðar umsagnir um stjfrv. eins og þar koma fram. Stórkaupmenn telja að þetta frv. eins og upp var lagt með það komi ekki á nokkurn hátt til móts við athugasemdir ESA, að það gangi lengra en áður í að *mismuna* atvinnugreinum og að áfram verði um að ræða mismunun í álagningu vörugjalds milli innlendra og erlendra aðila. Það skal einnig tekið fram að þeir sögðust ætla að kæra þessa útfærslu aftur til ESA þannig að við erum ekki búnir með að bíta úr nálinni með þetta efni, þ.e. hvort það yfirleitt stenst EES-samninginn. Nefndin gerði smávægilega könnun á því með fyrirspurn til EFTA hvort þetta mundi fullnægja kröfum EFTA. Hún fékk loðin svör sem ekki var gott að lesa úr en þess má geta að fyrir dómstólum Eftirlitsstofnunarinnar eru mál lík þessu þannig að líklega er þetta ekki búið jafnvel þó að ríkisstjórnin knýi í gegn útfærslu sína. Hins vegar er það ekki mál ESA hvernig við náum í fé á móti tekjutapinu og hinn sérstaki húsbyggjandaskattur er vitaskuld alveg án nokkurra tengsla við athugasemd ESA.

Verslunarráðið telur að frv. feli ekki í sér fullnægjandi lausn á þeim vandamálum sem því er ætlað að leysa. Ég hef gert sérstaklega að umtalsefni atvinnurekendasamtökin *og vil halda því aðeins áfram. Bílgreinasambandið mælir* gegn samþykkt frv. og bendir á að það hefði þurft að kanna sérstaka lækkun á vörugjöldum og öryggisbúnaði og varahlutum og öðrum hlutum sem tengjast öryggisbúnaði og öryggi bifreiða. Þetta er réttmæt ábending en það er ekkert gert með það í frv. eða í breytingartillögum meiri hlutans. Hins vegar má nefna í framhjáhlaupi að efh.- og viðskn. tók sérstakan þátt þess máls út fyrir sviga í frv., sem öll nefndin bar fram, sem breytti aðeins flokkum út frá öryggisjónarmiðum varðandi vörugjald af bifreiðum til að gera einkum meðalstórar og stærri fólksbifreiðar ívið lægri í verði. En varðandi vörugjöld af öryggisbúnaði og varahlutum er allt látið eiga sig en vitaskuld hefði verið hægt að tengja það inn í umræðuna.

Það er óvanalegt að fá svona harðorðar umsagnir frá vinnuveitendum og auðvitað getur maður spurt sig: Er nú loksins verið að ganga erinda verkalýðshreyfingarinnar á einhvern máta? Er ríkisstjórnin búin að sjá ljósið og vill gera eitthvað sem kemur launafólki vel í landinu? Nei, það er ekki svo. Í umsögnum, t.d. frá BSRB, er lagst harkalega gegn þessum frumvörpum vegna þess að samþykkt þeirra mun lækka launakostnað við byggingu íbúðarhúsnæðis og *frv. mun leiða til meira en 3% hækkunar byggingarvísitölu* sem er ekkert smáræði miðað við þá verðbólgu sem við búum við. Hækkun byggingarvísitölunnar hefur í för með sér hækkun á vísitölu neysluverðs og þannig verður íbúðarhúsnæði dýrara til lengri tíma. Við erum reyndar ekki lengur með tengingu lána við byggingarvísitölu en ef það hefði verið, ekki nema með óbeinum hætti, hefðu öll lán í landinu hækkað um marga milljarða út frá þessu fráleita frv. ríkisstjórnarinnar. En þeir telja sig geta komist í gegnum það með þessari útfærslu að enginn taki eftir því hvað hér er á ferðinni. BSRB bendir eins og skattyfirvöld á það að skattsvik muni aukast þar sem lægra endurgreiðsluhlutfall hefur í för með sér að síður verði unnið eftir reikningi við byggingu íbúðarhúsnæðis eins og ég gat um áðan. Mönnum er alveg ljós þessi mikla hætta sem er á ferðinni á auknum skattsvikum varðandi þetta mál.

Alþýðusambandið telur frumvörpin vera algerlega óásættanleg og í engu samræmi við athugasemdir sem ESA hefur gert og það telur að lækkun á endurgreiðslum muni leiða til aukinnar svartrar atvinnustarfsemi og skattsvika. *Þeir mæla gegn samþykkt þessa frv.*

Neytendasamtökin telja margra þrepa vörugjald eins og frv. kveður á um fela í sér mikið eftirlit, dýra innheimtu og aukinn kostnað og þau leggjast gegn frv. eins og önnur samtök.

Þegar hér var komið sögu í störfum nefndarinnar var ljóst að þessi útfærsla var ga ga eins og krakkarnir mundu segja. Þá var reynt að setjast yfir einhverjar breytingartillögur varðandi þetta efni og breytingartillögurnar voru kynntar af hv. formanni efh.- og viðskn. en þá bregður svo við að

það er engin einasta brtt. við virðisaukafrv. Það er ekki breytt stafkrók í því sem var gagnrýnt hvað mest af öllum umsagnaraðilum svo og af fulltrúum minni hlutans í nefndinni varðadi þetta mál. Það er með eindæmum að frv. skuli koma til 2. umr. eftir þá miklu gagnrýni sem átti við rök að styðjast og er reyndar viðurkennd af meiri hlutanum eins og kom fram í orðum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar hér áðan að vissulega er hann ekki mjög hamingjusamur með að þurfa að standa að þessu frv. og sagðist ekki beinlínis styðja það en hann hefði ekki fundið aðra tekjuöflunarleið.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vildi trufla hv. þm. í ræðu en gert er ráð fyrir því að gera matarhlé innan stundar og vildi kanna hvort hv. þm. á mikið eftir af ræðu sinni þannig að hann gæti skipt henni. En ef hv. þm. á skammt eftir af ræðunni mundi forseti halda áfram fundinum svo að hv. þm. geti lokið ræðu sinni.)

Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um hvenær matarhlé yrði gert þannig að ég á nokkuð efni eftir, að vísu ekki mjög mikið en ég held að það færi þá einna best á því að ég frestaði ræðu minni og tæki þá við þegar forseta hentaði að halda fundinum áfram.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hafði gert ráð fyrir því að halda fundinum áfram kl. 8.30 og mundi þá gera hlé hér ef það hentar hv. þm.)

Já. Það er í góðu lagi, herra forseti, og ég geri þá hlé á ræðu minni.

[Fundarhlé. — 19:07]

[20:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég held þá áfram að mæla fyrir nefndaráliti frá minni hluta efh.- og viðskn. en að álitinu stendur auk mín hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eins og ég gat um áður en gert var hlé á fundinum.

Herra forseti. Ég hafði farið aðeins yfir forsögu málsins að vegna kæru Félags ísl. stórkaupmanna til Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, um álagningu vörugjalds hér á landi var nauðsynlegt að gera breytingar á okkar löggjöf til að mæta þeim kröfum. Þau frumvörp sem eru til umræðu fjalla um það hvernig mæta eigi kröfum Eftirlitsstofnunarinnar gagnvart þessum þáttum.

Aðalatriðið varðandi vörugjaldið er að sú aðferð að taka upp magngjald er ekki góð út frá því sjónarmiði að stuðla að hagkvæmum viðskiptum og í öðru lagi, sem ég gat um fyrr, er þessi útfærsla óþarflega viðamikil miðað við þær kröfur sem Eftirlitsstofnunin gerði því að það er alveg ljóst að það hefði mátt ganga skrefi styttra en gert er í þessu frv.

Ég hef vakið athygli á því, herra forseti, að ríkisstjórnin setti á laggirnar sérstaka nefnd til að vinna að þessu máli með hagsmunaaðilum. Þar hafði náðst samkomulag en síðar þegar á reyndi vildi ríkisstjórnin ekkert með það samkomulag gera og flytur gerbreytt frv. sem hefur verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Breytingartillögur nefndarinnar um vörugjaldsmálin eru lítilvægar. Þær eru flestar tæknilegs eðlis og þær varða m.a. samræmingu á uppgjörstíma og möguleikum smærri flutningafyrirtækja að vinna betur innan kerfisins. Hægt er að skipta breytingartillögum meiri hlutans í nokkra þætti og ég sé reyndar ekki ástæðu til að fara yfir það. Það var gert af hv. formanni efh.- og viðskn. en það kom einnig skýrt fram í máli hans að hér væri um smávægilegar breytingar að ræða.

Ég get þess að menn urðu að leiðrétta þætti sem tengdust t.d. steinullarverksmiðjunni vegna þess að ekki er sama hvort menn miða við rúmmál eða þyngd þegar um slíkt efni er að ræða en leiðréttingu á þeim þætti var fundinn staður í breytingartillögu meiri hlutans. Höfuðgagnrýnisatriðið sem snýr að vörugjaldinu var, sem ég nefndi áður, að hér er gengið of langt miðað við kröfu ESA og það hefði mátt gera minna í þessu máli. En hitt sem varðar meiru er að hér er búið til óhagkvæmt kerfi fyrir neytendur í landinu með upptöku magngjalds að nokkru leyti í staðinn fyrir verðgjald. Einnig má geta þess að flokkunum í frv. er ekki fækkað jafnmikið og nefndin títtnefnda hafði lagt til. Þetta ber allt að sama brunni að ekki var farið að ráðleggingum þeirra aðila sem best þekkja til og verða að vinna með útfærslu málsins.

Ég gat sérstaklega um þær umsagnir sem höfðu borist nefndinni. Þær voru umfangsmiklar og þær höfðu það eitt sameiginlegt að öll samtök, bæði vinnuveitenda, hagsmunasamtök og verkalýðsfélaganna, lögðust mjög harkalega gegn þessu frv. Fyrst og fremst er ástæðan sú sem ég nefndi. Það er útfærslan á tekjuöfluninni fyrir ríkissjóð en með því er skattlagður sérstaklega einn hópur í landinu, þ.e. húsbyggjendur, og er nú heldur betur komið aftan að málum þegar einn helsta skattstofn ríkisstjórnarinnar er að finna hjá húsbyggjendum miðað við þau loforð sem ríkisstjórnarflokkarnir gáfu fyrir síðustu kosningar.

Herra forseti. Ég rakti nokkur atriði úr umsögnum aðila og vil líka geta þess að við fengum þá alla á fund þegar málið lá þannig fyrir að það var orðið gersamlega óásættanlegt gagnvart þeim aðilum sem áttu að vinna eftir því. Þar voru kynntar breytingartillögur nefndarinnar að nokkru leyti en á þeim fundi, sem var haldinn með öllum hópnum, var frv. gagnrýnt mjög harðlega, sérstaklega virðisaukaskattsfrv. út frá tveimur forsendum. Í fyrsta lagi að það væri ósanngjarnt að leggja þessar byrðir á einn hóp, þ.e. húsbyggjendur, því að þeir koma ekki til með að njóta lækkunar vörugjaldsins nema að takmörkuðu leyti. Í öðru lagi mun þessi aðferðafræði stuðla að meiri skattsvikum en tíðkast, þ.e. það liggur nokkuð í augum uppi þegar endurgreiðslan er lækkuð að það mun vera hvati til aðila að stunda viðskipti sín á milli án þess að reikningur sé gefinn út og má þá benda á að ekki tapist einungis virðisaukaskattur fyrir ríkissjóð í því tilfelli heldur önnur gjöld, þar á meðal tekjuskattur. Ég tel fráleitt að ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkarnir skuli standa að löggjöf sem opnar fyrir meiri heimildir eða möguleika til undandráttar á skatti. Satt best að segja finnst mér alveg með eindæmum að það skuli vera gert því að allir þessir aðilar sem við ræddum við bentu á þetta og þetta eru aðilar sem vita nákvæmlega hvernig viðskipti gerast á markaðnum. Við þekkjum öll að það er ekki óalgengt að einmitt slík vinna er ekki alltaf gerð á grundvelli reikninga og rétts bókhalds. Hér er vitaskuld komið aftan að ekki einungis húsbyggjendum því að þeir hafa getað reiknað með þessari endurgreiðslu. Fjölmargir einstaklingar hafa haft samband við mig í tengslum við þetta mál og lýst yfir sérstökum áhyggjum vegna þess því að fólk hafði gert áætlanir sínar um vinnu á byggingarstað eins og er náttúrlega að eiga sér stað alls staðar í landinu á fleiri þúsund byggingarlóðum eða í húsum og hafði reiknað með fullri endurgreiðslu af virðisaukaskatti. Nú á einungis að endurgreiða 60% af skattinum. Þetta skiptir verulega miklu máli því að tekjur vegna þessarar virðisaukaskattsbreytingar svara til 440 millj. kr. skattlagningar og eins og ég gat um er reiknað með að fjármagnstekjuskatturinn, sem hefur verið

í umræðu bæði í dag og í þjóðfélaginu nokkuð lengi, mun gefa um 800 millj. í tekjur. Það er því orðið ljóst að við erum að afgreiða, liggur við á næturþeli, aukaskattlagningu upp á 440 millj. sem á að lenda eingöngu á húsbyggjendum. Það er athyglisvert út af þessum samanburði við fjármagnstekjuskattinn, sem allt þjóðfélagið er á öðrum endanum út af og sú skattlagning sem dreifist reyndar víða, eigi að gefa um 800 millj. Mér finnst mjög merkilegt að þetta mál skuli hafa náð svona langt án þess að hafa fengið almennari umræðu en raun ber vitni.

Það er ljóst varðandi þetta frv. að við í minni hlutanum gátum ekki átt neina samleið með meiri hlutanum við að útbúa tillögur um að leysa þennan ágreining gagnvart Eftirlitsstofnuninni. Við lögðum til að það yrði reynt að stíga skemmra skref í þessu máli, þ.e. reynt að uppfylla kröfur Evrópusambandsins og hægt hefði verið að útfæra það á þann hátt að ekki komi til nýrra klögumála en í stað þess að hlusta á hinar vinsamlegu ábendingar minni hlutans í málinu kaus ríkisstjórnin að fara fram með frv. sem er meingallað í útfærslu og með skelfilegri fjármögnunarleið sem er þessi breyting á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem ég hef gert að umtalsefni.

Við lögðum einnig til að breyting á vörugjaldaflokkunum hefði verið gerð með öðrum hætti og hefðum þá kosið að það hefði verið stuðst meira við vinnu starfshópsins sem lagði fram skýrslu um málið. Þar voru margar góðar ábendingar um útfærslu á lækkun vörugjalds þótt svo þær tillögur hefðu gengið lengra en síðan endanlega frv. hljóðaði en það var beinlínis misráðið af ríkisstjórninni að vera að tengja lækkun vörugjalds almennt stefnu um lækkun vörugjalds þessari væntanlegu málssókn ESA. Miklu frekar hefði átt að gera breytingar á löggjöfinni sem hefði mætt kröfum EFTA-dómstólsins en síðan hefðu menn getað tekið almenna umræðu um breytingar á vörugjaldi.

Ég hef nefnt að ríkisstjórnin stefnir að því að lækka vörugjald enn frekar og þá um 480 millj. um næstu áramót en það liggja ekki fyrir neinar tillögur um tekjuöflun þar á móti svo að e.t.v. mega húsbyggjendur búast við meiri skattlagningu af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað varðar það efni.

Sú aðferð að láta húsbyggjendur greiða fyrir lækkun vörugjalds eins og lagt er til í frv. er gersamlega ótæk að mati minni hluta efh.- og viðskn. Þar eru lagðar sérstakar byrðar á einn hóp landsmanna, þ.e. húsbyggjendur, og er athyglisvert að hugsa um það í ljósi þeirra kosningaloforða sem einkum Framsfl. gaf fyrir síðustu kosningar. Ég sé að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er í salnum og það væri mjög athyglisvert fyrir okkur þingmenn og reyndar þjóðina alla að fá útskýringar þingmannsins á þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Ef ég fæ, herra forseti, aðeins að segja í tveimur, þremur setningum um hvað málið snýst því að ég geri mér fulla grein fyrir því að hv. þm. hefur ekki komið að undirbúningi málsins en það snýst um það að vörugjald er lækkað sem þýðir tekjutap fyrir ríkissjóð upp á 450 millj. Það er fjármagnað með lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts upp á 440 millj. Með þessum hætti eru húsbyggjendur skattlagðir alveg sérstaklega og ég vildi mjög gjarnan fá svör hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur ef hún má vera að því að hlusta á þær spurningar gagnvart Framsfl. sem ég tel brýnt að fá svör við. Ég er þess fullviss að fulltrúa Alþfl. leikur einnig hugur á að fá nánari skýringar og útlistun á kosningaloforðum Framsfl. Eins og þingheimur veit er sá hv. þm. sérfræðingur í loforðum þess flokks. Það kemur í ljós hvort Framsfl. á sér einhvern málsvara sem getur skýrt muninn á orðum og gerðum um þennan málaflokk. Þessi aukaskattlagning er að mati okkar stjórnarandstæðinga fráleit.

Þá mun lækkun endurgreiðslu virðisaukaskattsins jafnframt kalla á aukna svarta atvinnustarfsemi og undanskot frá skatti þannig að hér er eins og ég gat um áðan verið að gata enn frekar skattkerfi okkar og er það ekki mjög þægileg afgreiðsla að standa að málum eins og hér er gert. Minni hlutinn telur ófært að Alþingi afgreiði lög sem talið er líklegt að munu auka undanskot frá skatti. Við bendum líka sérstaklega á að það hefði átt að íhuga að lækka vörugjald á öryggistækjum í bifreiðum og koma þannig til móts við þá þróun sem hefur orðið alls staðar í heiminum að álögum hefur verið létt af þessum mikilvægu þáttum enda sparast á móti margvíslegur kostnaður innan heilbrigðisþjónustunnar. Þetta var bent á m.a. af hálfu Bílgreinasambandsins og um þetta hefðum við getað fengið betri umræðu og hugsanlega útfærslu í tillögugerð af hálfu nefndarinnar en meiri hlutinn kaus að láta það mál ekkert til sín taka.

Minni hlutinn gaf hins vegar ábendingar um aðrar fjármögnunarleiðir en þær sem frv. gerir ráð fyrir. Það var ekki þannig að við segðum við meiri hlutann að þetta væri fráleitt án þess að við kæmum með tillögugerð á móti. Við bentum á ýmsa þætti sem gætu gert vanda ríkissjóðs minni í kjölfar samþykktar þessa frv. Það var með þetta eins og annað sem minni hlutinn lagði til með málið. Það var ekki hlustað mikið á það og meiri hlutinn kaus að knýja málið nokkurn veginn óbreytt í gegnum þingið.

Herra forseti. Nú er samtal búið að standa hér drykklanga stund. Það er spurning hvort svo eigi að vera áfram eða ... (**ÖS:** Það er spurt hvort okkar eigi að svara þessum fyrirspurnum.)

Ég nefndi að ekki hefði verið sinnt tillögum okkar minni hlutans um aðrar fjáröflunarleiðir og ekki var tekið tillit til athugasemda frá umsagnaraðilum því það var ekki einungis að þeir legðust þvert gegn þessum frumvörpum heldur einnig að þeir komu að nokkru leyti með útfærðar hugmyndir um betri útfærslu á málinu en frv. gerir ráð fyrir. Það var ekkert tillit tekið til þeirra ábendinga. Breytingartillögurnar eru flestar tæknilegs eðlis, samræming á uppgjörstíma og möguleikar smærri flutningafyrirtækja til að vinna innan kerfisins eru bættir nokkuð.

Hins vegar er mikilvægt að benda á einn þátt varðandi þetta mál — og er ég að koma lokum máls míns, herra forseti, að ríkisstjórnin gat vitaskuld séð fyrir þessa fjárvöntun við afgreiðslu síðustu fjárlaga því að ég gat um áður að þetta mál var kært í ársbyrjun 1994. Það er búið að liggja nokkuð lengi fyrir að það yrði að taka á málinu með einhverra handa móti sem hefði í för með sér fjárútlát fyrir ríkissjóð. Því var í lófa lagið fyrir ríkisstjórnina við afgreiðslu fjárlaga í haust að gera ráð fyrir í áætlunargerð um fjárlög fyrir tekjum varðandi þennan þátt vegna þess að menn vissu þá að það þurfti að leysa málið núna í síðasta lagi á vordögum. Það liggur líka fyrir að ekki er hægt að fresta þessu máli þó að við í stjórnarandstöðunni mundum gjarnan vilja með þeim rökstuðningi sem á rétt á sér að þetta sé illa unnið mál sem þyrfti að skoða betur yfir sumarið og þá sérstaklega tekjuöflunarþáttinn. Það er ekki hægt í þessu tilfelli því að ef við ljúkum ekki málinu í einhverju formi núna í vor megum við búast við málssókn á hendur íslenska ríkinu og það viljum við ekki. Það eru ámælisverð vinnubrögð, herra forseti, að ríkisstjórnin gerði ekki ráð fyrir tekjuöflun fyrir

frv. þegar við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Það hefði meira að segja verið betra að afgreiða þetta vörugjaldsfrv., reyndar aðeins öðruvísi útfært, og gera þá ekki ráð fyrir tekjuöflun á móti og gefa tekjuöflunarfrv. betra ráðrúm, annaðhvort að skoða nýja tekjuöflun á haustdögum eða taka þetta inn í næstu fjárlög. Það hefði verið betra en fara með frv. um lækkun virðisauka eins og hér er gert. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans í málinu eru ekki góð. Við í minni hlutanum munum reyna í umræðunni og með afstöðu okkar í atkvæðagreiðslu að benda sérstaklega á þennan vanda sem við stöndum frammi fyrir. Við höfnum algerlega því að verið sé að leggja á sérstakan húsbyggjendaskatt núna á síðustu dögum þingsins. Okkur finnst fráleitt að leysa úr klúðri ríkisstjórnarinnar með því að leggja sérstakan skatt á húsbyggjendur upp á hálfan milljarð kr. Það er auðséð að ríkisstjórnin veit hvar hún á að leita fanga þegar hún er að reyna að ná í peninga. Það er ekki hjá þeim sem meira mega sín í þjóðfélaginu. Það er hjá almennu launafólki, það er hjá húsbyggjendum, það er hjá ellilífeyrisþegum. Við sáum þetta við afgreiðslu fjárlaga í haust. Við höfum séð það í vetur í umgengni ríkisstjórnarinnar gagnvart samtökum launafólks og við sáum það síðast í dag við afgreiðslu fjármagnstekjuskatts hvaða hagsmuni hún er að verja í landinu. Við erum enn á ný að sjá vitnisburð um stefnu ríkisstjórnarinnar. Það eru lagðir aukaskattar á almenna þegna landsins. Skattur upp á tæpa hálfan milljarð til að fjármagna lækkun vörugjalds sem kemur einungis þessu fólki að hluta til góða. Þetta er óréttlát aðferð sem hér er lagt upp með. Hún mun kalla á aukin skattsvik. Ef vel ætti að vera ætti að vísa báðum frv. til baka til ríkisstjórnar og fá betri umfjöllun. Það er ekki hægt eins og ég gat um áðan en ef ríkisstjórnin hefði einhvern sóma ætti hún a.m.k. að draga frv. um húsbyggjendaskattinn, þ.e. virðisaukaskattsfrv., til baka.

[20:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki neitað því að mig sótti nokkur depurð að hlusta á ræðu þessa ágæta hv. þm., Ágústs Einarssonar. Verst þótti mér þó þegar ég las álit hans og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að uppgötva það að hann hefur vélað til fylgislags við sig hinn ágæta þingmann Steingrím J. Sigfússon. Þannig er, herra forseti, að ég tel að það sé með engu móti hægt að taka afstöðu gegn því frv. sem hér liggur fyrir um vörugjald vegna vonsku tengdri frv. um virðisaukaskatt. Ég vil að það komi fram að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fulltrúi Alþfl., er fylgjandi frv. um vörugjald vegna þess að þar kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, telur að lögin um vörugjaldið samræmist ekki ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. Ágúst Einarsson er þeirrar skoðunar að öll lög sem hið háa Alþingi samþykkir þyrftu að vera í samræmi við þann ágæta samning.

Að vísu er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ríkisstjórnin leggur líka fram frv. til þess að vega upp á móti tekjutapi af þessum breytingum á vörugjaldinu, frv. um virðisaukaskatt, sem er ekki gott. Það er slæmt frv., sem Alþfl. er á móti. En Alþfl. greinir eigi að síður á milli þessara tveggja frumvarpa og er með frv. um vörugjaldið en á móti frv. um virðisaukaskattinn. Er ekki hv. þm. Ágúst Einarsson þeirrar skoðunar þegar grannt er skoðað að það beri að greina þarna á milli? Ef hann er ekki þeirrar skoðunar hvað segir þá formaður Þjóðvaka sem er líka staddur í salnum? Ætlar hann virkilega, sem á glæstum ferli sínum sem ráðherra í fyrrv. ríkisstjórn var einn af aðalhvatamönnunum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að láta hv. þm. Ágúst Einarsson komast upp með þessa glópsku og það sem verra er, hafa þau slæmu uppeldislegu áhrif að véla miklu yngri þingmann, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, með sér í þetta glapræði?

[20:55]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði verið betra ef hv. þm. hefði lesið nefndarálit mitt og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Við gagnrýnum sérstaklega tekjuöflunarfrv. og eins og hann gat réttilega um er það gagnrýnt af fleirum, þar á meðal hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Við gerum hins vegar ágreining um tiltekna þætti í vörugjaldsfrv. sem ég rakti ítarlega í ræðu minni og fer ekki aftur yfir.

Í lok nefndarálitsins segjum við að minni hlutinn muni sitja hjá við afgreiðslu málsins enda er það algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, þ.e. vörugjaldsmálið. Síðan segjum við að þessi mál hanga saman því að það er líka alveg augljóst því að það er verið að ræða bæði málin saman í umræðunni. Þau eru bæði til umræðu. Við segjum svo í nefndarálitinu varðandi virðisaukaskattinn:

„Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn fjármögnunarleið ríkisstjórnarinnar, þ.e. lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda." Afstaða okkar er því alveg samræmd í málinu. Rökstuðningurinn er heill og óskiptur í þessu, við höfum mikil gagnrýnisatriði varðandi vörugjaldsfrv. sem við lýsum í nefndaráliti okkar. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skrifar undir meirihlutaálitið með fyrirvara sem ég veit að eru einmitt vegna fjármögnunarleiðarinnar, ekki kannski vegna vörugjaldsmálanna, en ég tók sérstaklega skýrt fram að það væri nauðsynlegt að afgreiða málið vegna skuldbindinga okkar í EES-samningnum. Þetta kemur skýrt fram í nefndarálitum og í ræðu minni sem ég flutti um málið þannig að ég vona að enginn misskilningur sé á ferðinni.

[20:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn misskilningur á ferðinni en ég hef lýst því að mér þykir slæmt að hv. þm. Ágúst Einarsson, sem einnig er prófessor í hagfræði, skuli nota yfirburðaþekkingu sína m.a. til þess að véla til fylgislags við sig menn sem eru miklu yngri og óreyndari á svelli hagfræðinnar en hann, þ.e. hv. þm. Steingrím J. Sigfússonar. Mér er það mætavel ljóst, herra forseti, vegna þess að ég bý enn að þeirri áunnu kunnáttu að geta lesið, að hv. þm. Ágúst Einarsson er eins og segir í áliti þeirra tveggja félaga, á móti frv. vegna annars frv. Hann er á móti þessum breytingum á lögum um vörugjald vegna þess að fjármögnunarleiðin sem kemur til með að vega upp á móti tekjutapinu sem hlýst af frv. er að mati hans og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar stórgölluð.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fer þá leið að lýsa yfir andstöðu sinni við frv. um fjármögnunina, þ.e. virðisaukaskattinn sem tengist þessu og Alþfl. greiðir atkvæði gegn því. Hann er eigi að síður með þeim breytingum á lögum um vörugjald sem lagt er til af meiri hlutanum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er aðili að í málinu vegna þess að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur gert athugasemdir við lögin um vörugjaldið. Hún telur að það standist ekki að öllu leyti ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er í grundvallaratriðum spurning um hvort menn eru með eða á móti Evrópska efnahagssvæðinu. Mér er algerlega

ljós afstaða hv. þm. og Grímseyjarkommúnistans Steingríms J. Sigfússonar í þessum efnum. En ég hafði talið að hv. þm. Ágústi Einarssyni, sem lengi hefur verið undir væng hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ætti að vera ljóst að það er nauðsynlegt að við höfum í heiðri ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem þau studdu bæði mjög dyggilega meðan þau voru aðilar að Jafnaðarmannaflokki Íslands sem einnig gengur undir nafninu Alþýðuflokkurinn.

[20:59]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að véla hv. þm. Steingrím J. Sigfússon til eins eða neins. Steingrímur J. Sigfússon er fullkomlega maður til þess að taka þátt í málefnalegri vinnu í efh.- og viðskn. eins og hann gerir í sambandi við þetta mál og önnur mál. Það hefur verið góð samstaða í þeirri ágætu nefnd milli mín og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, Jóns Baldvins Hannibalssonar og nú hinar síðustu tvær vikur við Sighvat Björgvinsson. Það hefur ekki borið nokkurn skugga á það samstarf og ég skil ekki alveg málflutning þingmannsins. En látum það vera.

Ég bendi hins vegar á að í nefndaráliti okkar komum við með miklar athugasemdir um vörugjaldsfrv. Við nefnum að það er hægt að taka styttri skref í þessu máli. Það hefði þurft að breyta þessu öðruvísi í sambandi við flokkana. Það hefði átt að nota vinnu starfshópsins, sem ég fór ítarlega yfir í ræðu, og það hefði þurft að útfæra betur varðandi öryggistæki sem var bent sérstaklega á í nefndinni. Þetta eru tiltekin atriði sem að okkar mati hefði þurft að skoða betur. Við höfum hins vegar lagt áherslu á að standa við alþjóðlega samninga. Við sitjum hjá við vörugjaldsmálið. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og illa útfært mál. Gagnrýnin er á seinna málið sem er líka til umræðu, mjög hörð gagnrýni varðandi þann þátt. Hér er eðlilega að verki staðið og ég ber blak af öllum mínum nefndarmönnum í stjórnarandstöðunni hvort sem það er Steingrímur J. Sigfússon, Sighvatur Björgvinsson eða Jón Baldvin Hannibalsson, svo ég nefni mína helstu samstarfsmenn í efh.- og viðskn. Það samstarf hefur verið allt til fyrirmyndar og málið liggur vonandi ljóst fyrir.

[21:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get stytt mál mitt vegna þess að mér nægir að vísa að mestu leyti í ítarlega framsöguræðu frsm. minni hluta, hv. þm. Ágústar Einarssonar, sem hér gerði ítarlega og vel grein fyrir sjónarmiðum okkar sem skipum minni hlutann. Ég læt mér einnig nægja að taka undir þau orð sem hann hafði um ágætt samstarf í efh.- og viðskn. innan minni hlutans og þá alveg sérstaklega á milli mín og hv. þm. Ágústs Einarssonar. Við höfum haldið fram sjónarmiðum jafnaðarstefnunnar í efh.- og viðskn. þótt einstakir aðrir hv. þingmenn hafi kannski dregið af sér meira en efni standa til, sérstaklega með tilliti til þeirra nafngifta sem þeir ganga fram undir.

Þá er kannski nærtækast að blanda sér aðeins í orðaskipti hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og frsm. minni hluta varðandi fylgilag mitt við hv. þm. Ágúst Einarsson og þá staðreynd að við stöndum saman að nefndaráliti hér. (**SighB:** Er þá ekki bara að ganga í Þjóðvaka?) En Alþfl. hefur af einhverjum undarlegum ástæðum helst úr lestinni þrátt fyrir annars yfirleitt ágæta þátttöku í samstarfi minni hlutans í efh.- og viðskn. Alþfl. hefur í þessu máli valið það sérkennilega göngulag að vera með öðru málinu en gufa svo upp í hinu eins og hér sé ekki á ferðinni tvær hliðar á sama peningnum heldur einhver algerlega óskyld mál. Þetta er þó þannig fram borið, herra forseti, að frv. til laga um breytingu á virðisaukaskattslögum er bein afleiðing af hinu frv. Það er fjármögnunarfrv. breytinganna á vörugjöldum. Þetta hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson ekki skilið eða ekki áttað sig á.

Þessi sérkennilega afstaða Alþfl. að standa að breytingum með meiri hlutanum á vörugjöldunum en gufa svo upp í virðisaukaskattsmálinu er nokkuð athyglisverð. Ég vek athygli á því að minni hlutinn skilar nefndaráliti sem er samræmt gagnvart báðum málum en Alþfl. birtist þannig í líki kamelljónsins að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skrifar upp á álit meiri hlutans í vörugjaldsmálinu, að vísu með fyrirvara, en gufar svo upp í hinu. Mér er ekki kunnugt um að það liggi fyrir neitt þskj. þar sem afstaða hv. þm. eða Alþfl. gagnvart hinu málinu, þ.e. virðisaukaskattinum, kemur fram. Þetta er náttúrlega framganga sem þolir ekki dagsljós, herra forseti. Hún stenst ekki skoðun. Hver er þá afstaða Alþfl. og hvar kemur hún fram í virðisaukaskattsmálinu? Á það að vera hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem talar fyrir hönd Alþfl. í því máli með ræðu sinni? Alla vega er ekki nefndarálit þar á ferðinni.

Staðreyndin er sú að Alþfl. er í reynd að skrifa upp á þennan húsbyggjendaskatt með stuðningi sínum við vörugjaldsmálið. Það er mergurinn málsins. En það er greinilega feimnismál þannig að þeir velja þann kostinn að breiða sængina upp yfir höfuð og gufa upp í málinu. Þetta er nokkuð kostulegt því að hér eru á ferðinni tvær hliðar á sama málinu og þarna er ekki hægt að skilja á milli.

Það rifjast upp fyrir mér skemmtileg staða sem kom hér upp einu sinni fyrir nokkrum árum í umræðum um fjárlagafrv. sem var sambærilegs eðlis. Þá reyndu menn reyndu að þvo hendur sínar af annarri hlið peningsins eins og Alþfl. er að reyna að gera nú. Það var þegar einn af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar sem þá sat studdi aðra hlið fjárlagafrv., þ.e. tekjuhliðina, en var á móti gjaldahliðinni. Þetta var mjög skemmtileg afstaða og merkileg málfundaræfing sem fór fram þegar hæstv. ráðherra reyndi að útskýra hvernig þetta væri vaxið. Hann gerði enga athugasemd við tekjuhliðina, var alveg sammála henni en hann var á móti útgjaldahliðinni, þ.e. sérstaklega því sem sneri að landbúnaðinum. Okkur gekk illa að skilja, ýmsum hv. þingmönnum, að meira að segja hæstv. ráðherra gæti haft svona brothætta afstöðu til mála, en það virðist ekki ætla að vefjast fyrir Alþfl. að leika þetta eftir. En nú er Alþfl. horfinn á braut eins og sjá má og hv. þm. Össur Skarphéðinsson væntanlega horfinn til annrra skyldustarfa en þeirra að taka frekari þátt í þessari umræðu og verður þá að hafa það.

Herra forseti. Eins og ég segi þarf ég ekki mörg orð til viðbótar því sem frsm. minni hlutans hafði til að útskýra mína afstöðu til málsins. Ég er algerlega sammála því að hér er á ferðinni afar ólukkuleg niðurstaða hjá stjórnarmeirihlutanum og það tekur til beggja hliða þessa máls. Annars vegar er það að mínu mati þannig að breytingin á vörugjöldunum er engan veginn nógu vel útfærð. Það hafa engin sannfærandi rök verið færð fyrir því að þótt við þurfum að taka á þessum athugasemdum frá ESA þurfi það að kosta svona mikið tekjutap í vörugjaldainnheimtunni. Það er mergurinn málsins. Þarf að standa þannig að þessari kerfisbreytingu að

hún feli jafnframt í sér mörg hundruð millj. kr. tekjutap? Það hafa engin rök verið færð fram fyrir því að ekki sé hægt að útfæra breytingar á þessu kerfi sem skili a.m.k. að verulegu leyti áfram þeim tekjum sem vörugjaldið hefur gefið. Menn hafa engin efni á því að missa út tekjur hjá ríkinu við breytingar af þessu tagi. Ekki er afgangnum fyrir að fara á rekstri fjárlaga, er það? Ekki verður þetta tekið þaðan. Nei, það er grenjandi halli á fjárlögum hjá þessari ríkisstjórn og verður út kjörtímabilið ef svo heldur sem horfir. Spurningin hlýtur því að vera þessi: Var ekki hægt að taka á þessu máli, bregðast við því sem sjálfsagt þarf að gera fyrr eða síðar? Ég geri ráð fyrir því að þessir háu herrar úti í Brussel hefðu dæmt okkur seka ef ekki verða gerðar breytingar. En er þá ekki hægt að taka á því, bregðast við því án þess að það kosti mörg hundruð millj. kr. tekjutap?

Ég tel líka að breytingar á gjaldflokkum hér séu að mörgu leyti mjög umdeilanlegar. Ég spyr t.d. hver sé nauðsyn þess að vera að lækka sérstaklega vörugjald á vöruflokkum eins og snyrtivörum. Hvaða knýjandi nauðsyn er á því að mati meiri hlutans að lækka vörugjald á snyrtivörum? Er það vegna þess að meiri hlutinn noti svona mikið af snyrtivörum sérstaklega að hann telji það alveg meginmál þessara breytinga að lækka þær í verði? Eru stjórnarathafnirnar og völdin að leika meiri hlutann svo grátt að hann þurfi nú að bæta útlit sitt með sívaxandi notkun á snyrtivörum? Hvað er á ferðinni? Er það málaflokkur sem menn hafa þá tilfinningu fyrir að það sé einhver sérstök réttlætiskennd samfara því að lækka hann í verði? Ræðumaður getur a.m.k. upplýst það að hann notar lítið af þeim varningi og væri ósárt um það þó að þær a.m.k. lækkuðu ekki í verði, þær mættu jafnvel hækka.

Ég bendi á vöruflokka eins og öl og gosdrykki, sælgæti og ís. Er það hin nýja manneldisstefna ríkisstjórnarinnar að lækka sérstaklega þessar vörur? Ég veit ekki betur en menn hafi verið að leiða fram nýlegar upplýsingar um það hversu t.d. gosdrykkjaþambið er skaðlegt fyrir tannheilbrigði þjóðarinnar og þetta verður tæplega flokkað undir brýnar nauðsynjavörur heimilanna o.s.frv. Vissulega lækka aðrir flokkar einnig sem ég held að menn séu almennt ánægðir með. Má þar t.d. nefna heimilistæki og fleiri flokka. En þegar maður lítur yfir þessar breytingar standa upp úr vöruflokkar sem ég get ekki séð, a.m.k. ekki miðað við mína réttlætiskennd og lífsskoðun, neina sérstaka ástæðu til að lækka vörugjöld á, missa þar með tekjur úr ríkissjóði og bregðast svo við því með því að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti til húsbyggjenda og þeirra sem eru í meiri háttar viðhaldi á byggingarstað. Þess vegna má líka nefna aðrar drykkjarvörur, sykurvörur og annað því um líkt, hvort ekki hefði verið ástæða til að fara yfir það, m.a. út frá manneldis- og hollustusjónarmiðum að hafa þessa vörugjaldtöku úr því að hún viðgengst á annað borð. Svo geta menn farið í þá umræðu hvort það eigi að vera um einhverja mismunandi gjaldtöku af þessu tagi að ræða. Ég veit að þeir kaþólskustu vilja náttúrlega ekki neitt af þessu tagi, kalla það öllum illum nöfnum, neyslustýringu og guð má vita hvað. Ræðumaður er ekki í þeim hópi. En úr því að þetta er á annað borð og á að skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð hljóta menn að fara yfir þetta svona. Er það réttlætanlegt að vera að missa út milljónir, milljónatugi, jafnvel hundruð milljóna eins og í tilvikinu öl og gosdrykki í gegnum þessa breytingu til þess að íþyngja svo aftur húsbyggjendum? Hvaða speki er á bak við það af hálfu þeirra sem hér ráða ferðinni?

Ég tel, herra forseti, að í aðalatriðum hefði átt að nálgast þetta mál þannig að í fyrsta lagi ferst ekki himinn og jörð þó að þessi merkilega eftirlitsstofnun fengi einu sinni að kveða upp einhvern úrskurð. Til þess er hún væntanlega. Og ég sé ekki að menn þurfi að vera á handahlaupum eins og aumingjar undan því alltaf að gefast upp fyrir henni fyrir fram. Af hverju er það? Af hverju þurfa menn alltaf að gefast upp fyrir fram? Og játa það á sig fyrir fram að eitthvert rell frá Brussel sé endilega réttmætt. Mátti ekki láta bara á það reyna hvort okkur væri stætt á þeirri vörugjaldatöku sem við höfum ástundað og gera þá í kjölfar úrskurðar einhverjar breytingar sem nauðsynlegt væri að gera? Nei, það má væntanlega ekki. Þeir hljóta að hafa rétt fyrir sér, þessir háu herrar. Og menn bregðast við fyrir fram eins og hér er gert.

Látum það þá vera. Þá væri í öðru lagi að mínu mati rétt að skoða hversu billega er hægt að sleppa, ef svo má að orði komast, með breytingarnar í formi tekjutaps fyrir ríkissjóð þannig að aðferðafræðin sé þá í lagi að mati þessara háu herra og það séu gerðar breytingar á framkvæmdinni þannig að það sé ekki hægt með neinum haldbærum rökum að segja að í því felist mismunun að taka vörugjaldið með þeim hætti sem við þá gerðum.

Í þriðja lagi: Ef óhjákvæmilegt var að þessu fylgdi eitthvert tekjutap, mátti þá ekki taka sérstaklega á fjármögnun þess eins og hverjum öðrum útgjalda- og teknamálum ríkissjóðs? Hvers vegna þarf að eyrnamerkja endilega nákvæmlega þessar milljónir því að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts á íbúðarhúsnæði? Af hverju má ekki vísa því máli eins og öðrum inn í hina almennu fjáröflunarvinnu fyrir ríkissjóð, taka á því í tengslum við gerð næstu fjárlaga og beita almennum tekjuöflunaraðferðum ríkissjóðs? Það er engin sérstök ástæða til þess að eyrnamerkja þessa breytingu og þessi útgjöld sérstaklega þessum aðgerðum gagnvart húsbyggjendum. Það stenst í raun og veru ekki þegar betur er að gáð og þess vegna hefði mátt tímasetja breytingarnar hér þannig að því fylgdu óveruleg útgjöld innan fjárlagaársins fyrir ríkissjóð og því væri hægt að mæta með tekjuöflunaraðgerðum á komandi hausti.

Það þarf ekkert að fara frekar yfir það að menn eru almennt sammála um það yfir línuna að þessi breyting á endurgreiðslu virðisaukaskattsins sé mjög óæskileg. Hún muni leiða til aukinnar tilhneigingar til þess að skjóta þessari starfsemi undan skatti og verka íþyngjandi augljóslega að því marki sem það er þá ekki gert. Og hvar er þá hv. þm. Pétur Blöndal með ræðurnar sínar um að það eigi aldrei að gera neitt sem ýtir undir skattsvik og ríkissjóður geti tapað meiri tekjum en hann fái við breytingar af þessu tagi? Snýr þá ekki formúlan þannig, hv. þm., að akkúrat hér erum við á slíkum landamærum? Það hefur einmitt sýnt sig að þessi endurgreiðsla virðisaukaskattsins er mjög skynsamleg aðgerð út frá hagsmunum ríkissjóðs til þess að fá þessa starfsemi upp á yfirborðið og tryggja að aðrir skattar skili sér í tengslum við þessa vinnu, svo sem skattar af launatekjum sem ella er hætta á að hverfi undir yfirborðið ef þessi hvati er ekki fyrir hendi til þess að þarna séu gerð tæmandi og fullnægjandi skattskil. Það á þá eftir að sýna sig hvort þetta er ekki akkúrat breyting sem felur í sér að þessi starfsemi hverfur að verulegu leyti undir yfirborðið og jafnframt viðbótartekjubrest fyrir ríkissjóð vegna þess að aðrir skattar hætti að skila sér.

Hér, herra forseti, er á ferðinni dæmigert klúðurmál af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og það væri öllum fyrir bestu að leggja það til hliðar og undirbúa betri málstök í málinu síðar meir, á næsta hausti eða hvenær sem það yrði. Út af fyrir sig

væri vel hugsanlegur sá afgreiðslumáti á þessu að lögfesta breytingarnar hvað vörugjöldin snertir og þó að það sé að okkar mati alls ekki um vandaða og fullnægjandi breytingu að ræða, þá væri mikill munur á því og hinu að tengja við það þessa lækkun endurgreiðslu virðisaukaskattsins sem er fráleit ráðstöfun, bersýnilega ósanngjörn og líkleg til þess að hafa viðbótaráhrif sem verða ríkissjóði óhagstæð til viðbótar því. Og væri það þó nóg eitt og sér að þetta mun verka íþyngjandi fyrir þá sem síst skyldi, þ.e. þá sem eru að reyna að koma sér upp íbúðarhúsnæði.

[21:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. vil ég taka fram að það er í sjálfu sér ekkert einhlítt hvernig haga beri tekjuöflun eða tekjutilfærslum í kringum þessa breytingu sem verið er að gera. Það er í sjálfu sér enginn kostur góður í þeim efnum. En ég hygg að þó hafi verið illskást að fara þá leið sem farin er, þ.e. að draga úr endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað.

Varðandi vörugjaldskerfið sjálft verð ég að segja að ég undrast oft hvað hv. þm. býður sig fram í því að vera sérfræðingur í því að mismuna svo milli vörutegunda eins og fram kemur í vörugjaldskerfinu yfirleitt. Þessi vörugjöld hafa tel ég verið ein stærstu mistök sem hafa verið gerð í okkar skattkerfi, því miður. En það er jafnerfitt að komast út úr því eins og það var kannski auðvelt að byrja á því.

Varðandi snyrtivörurnar sem hann býsnaðist t.d. mikið yfir, þá ætla ég ekki að halda því fram að hv. þm. skilji ekki konur í því sambandi. En hins vegar vil ég benda honum á að töluvert stór hluti af versluninni einmitt með snyrtivörur er farinn úr landinu og er á vegum ríkisins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég hygg að markaðshlutdeildin þar sé líklega milli 40% og 50% af öllum snyrtivörumarkaði í landinu. Það segir sig náttúrlega sjálft að það eru kannski ekki svona efnaminni konur sem stunda þá verslun heldur þær sem hafa meira á milli handanna og ferðast eða eins og stundum kemur fyrir að þegar við hv. þm. erum á leið til útlanda, þá erum við látnir hafa innkaupalista hjá kvenfólkinu í fjölskyldunni þannig að við komum nú ekki tómhentir heim.

[21:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú stórbrotin málsvörn, að koma hér og segja að það sé auðvitað ekki einhlítt hvernig tekjutapinu sé mætt, en það sé illskásti kosturinn að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts á íbúðarhúsnæði. Þetta er satt best að segja ekki mjög jákvæð vörn. Þetta mundi ég kalla að vera á allmiklu undahaldi og reyna að klóra í bakkann og hef ekki um það fleiri orð.

Varðandi vörugjöldin og mismunandi skattlagningu á vörutegundir og blessaðar snyrtivörurnar, þá er það hárrétt hjá hv. þm. Ég er alveg ófeiminn við að vera talsmaður þeirra sjónarmiða að það geti verið fullkomlega réttlætanlegt af stjórnvöldum að beita mismunandi eða sértækri skattlagningu á grundvelli annarra gildra markmiða en þeirra einna að það eigi að vera jafn skattur á allt og alla, einn skattur á allt landið og miðin eins og ég kalla það stundum í þessari umræðu. Þar kemur kannski akkúrat að mismunandi lífsskoðun manna. Ég tel að það séu mörg önnur markmið svo mikilvæg sem stjórnvöld þurfi að hafa sjónir á, eins og að jafna lífskjör, eins og að tryggja afkomu þeirra sem veikasta hafa stöðuna og eru ekki mikið í því að kaupa lúxusvarning og snyrtivörur eða þvælast í útlöndum og þá geti verið réttlætanlegt að beita sértækri skattlagningu.

Ég nefni líka önnur markmið eins og manneldis- og hollustusjónarmið. Flest lönd í kringum okkur eru ekkert feimin við það t.d. að leggja á sykurskatt til þess að draga úr notkun sykurs og þeirrar óhollustu, tannskemmda og annarra hluta sem óhóflegri sykurnotkun eru samfara. Hvers vegna skyldum við þá ekki þora það? Eru það ekki jafngild markmið í sjálfu sér að reyna að stuðla að hollustu og heilbrigði eins og því að það verði að skattleggja allar vörur jafnt? Ég er bara nákvæmlega þeirrar skoðunar að svo lengi sem efnisleg og skynsamleg rök standa fyrir slíku, þá sé það fullgilt.

[21:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég dáist enn þá að hv. þm. fyrir það að gefa sig út fyrir það að vera sérfræðingur í þessari mismunun. Ég nefni sem dæmi að við höfum 14% skatt á matvæli flest hver. En hins vegar ef það á að fara að elda þann sama mat, er há vörugjaldsprósenta á tækin sem þarf til þess að elda matinn hvort sem það eru eldavélar, ofnar, örbylgjuofnar eða hvað þetta allt saman heitir. Ég nefni að það er 14% skattur á appelsínum. Hins vegar ef þær hinar sömu appelsínur eru kreistar og búinn til úr þeim appelsínudjús með því að blanda vatni út í, hefur verið 18% vörugjald og 24,5% virðisaukaskattur. Hv. þm. kemur eflaust upp og segir að rökin fyrir því séu þau að það þurfi að kreista eins mikið úr appelsínunum og hægt er.

Ég nefni sem dæmi að það er orðið hátt vörugjald á sjónvarpstækjum og hljómflutningstækjum. Síðan horfum við upp á að það er ekkert vörugjald á tölvum. Hins vegar eru öll þessi tæki að renna saman í eitt þannig að nú er verið að auglýsa fyrir fermingarbörnin tölvur sem eru bæði hljómflutningstæki og sjónvörp og hv. þm. getur eflaust skýrt það út af hverju það er.

Varðandi manneldissjónarmið þá hef ég aldrei vitað til þess að ís væri sérstaklega óhollur ef hans er neytt í hófi og svo hef ég heldur aldrei skilið það hvernig stendur á því t.d. þegar ég er að gefa börnunum mínum á morgnana súrmjólk með vænum skammti af púðursykri, af hverju það eigi að skattleggja það eitthvað minna heldur en þegar ég gef þeim mjólk með Cheerios.

[21:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög merkilegt þegar hv. þm. kemur upp og tekur upp þessi mismununarsjónarmið. Það er í raun og veru spurning hvort hv. þm. er að segja hvort þetta sé brot á jafnræðisreglu, þ.e. að það séu brotin mannréttindi á vörunum. Eða hvert eru menn að fara? (**Gripið fram í:** Neytendunum.) Eru brotin mannréttindi á sykri ef hann er skattlagður aðeins meira en aðrar vörur? Eru menn virkilega komnir út á þá braut að það megi ekki undir einum eða neinum kringumstæðum taka nein önnur sjónarmið gild í sambandi við tekjuöflun til ríkissjóðs heldur en þau að allt skuli skattlagt flatt, að það skuli bara vera nefskattar eða flatir skattar, 1% á allt landið og miðin. Það er í raun og veru það sem menn eru hér að segja. Það er verið að hafna því að önnur sjónarmið eins og um jöfnun lífskjara, eins og sjónarmið um manneldi og hollustu eða annað slíkt eigi að fá að komast að, eigi að fá að hafa nokkur áhrif á skattastefnuna.

Það er það sem þessir hv. þm. eru í raun og veru að reyna að segja.

Þar með er auðvitað ekki sagt að það sé allt fullkomið í skattkerfinu eins og það er nú og það er eins og hver annar brandari þegar menn koma upp og ætla að fara að sanna mál sitt með því að tína til einhver jaðartilvik sem auðvitað úir og grúir af og mun alltaf gera í öllum skattkerfum alls staðar í heiminum. Það er endalaust hægt að koma upp og segja: „Þetta er ekki sanngjarnt og þetta er ekki rétt af því að það er einhver að svindla.“ Eða: „Það er eitthvað asnalegt í þessu af því að appelsínurnar eru stundum svona og stundum hinsegin.“ Þetta eru bara engn rök. Ef menn falla fyrir þessari röksemdafærslu í fyrsta sinn og annað sinn, hvar enda menn þá? Menn enda með því að leggja á enga skatta af því að öll tekjuöflun af þessu tagi er vandasöm. Það er alltaf hægt að sýna fram á að hún sé ósanngjörn í einhverju tilliti gagnvart einhverjum. Það eru alltaf einhver frávik. Það eru alltaf einhver undanbrögð og niðurstaðan af málinu verður sú að menn leggja á enga skatta. Það er ekki hægt af því að það er ósanngjarnt. Hefur þetta orðið reyndin einhvers staðar, á Íslandi eða annars staðar? Nei. Menn viðurkenna að menn verða samt sem áður að nota aðferðirnar þó þær séu að einhverju leyti gallaðar.

[21:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir ágæta ræðu og hann kom víða við. En mig langar til að spyrja hann einnar spurningar.

Nú er það þannig að virðisaukaskattur á vinnustað er frádráttarbær og við skulum hugsa okkur að það sé 10% dýrara að framleiða t.d. glugga á vinnustað en á verkstæði. Það þarf að flytja vélarnar til og allt slíkt. En það sé samt sem áður ódýrara af því að virðisaukaskatturinn er endurgreiddur. Þetta er að sjálfsögðu óhagkvæm stýring — því þetta er stýring — þjóðhagslega en hagkvæm vegna þess hvernig skattakerfið býr þetta til. Telur þingmaðurinn þetta eðlilegt?

Þá er í greinargerð minni hlutans mjög skemmtileg niðurstaða í lið 4, þar sem þeir segja að þessi minnkun á endurgreiðslu muni valda meiri undanskotum. Þeir vilja segja að þegar virðisaukaskatturinn er hækkaður úr 0% upp í 10% — hann verður 10% eftir að 60% eru endurgreidd — þ.e. þegar 15% eru endurgreidd í staðinn fyrir 25% þá verði virðisaukaskatturinn á vinnustað 10%. Menn telja að sú skattlagning, 10%, muni valda undanskotum. Ég spyr: Er þá ekki minni hlutinn sammála meiri hlutanum í því að það væri mjög mikið óráð að hækka virðisaukaskattinn á allt landið og miðin úr 24,5% upp í 25%? Mundi það ekki valda enn meiri undanskotum og er ekki akkúrat í þessum röksemdum kominn sá punktur að sérhver hækkun á virðisaukaskatti valdi það miklum undanskotum að tekjur ríkissjóðs minnki?

[21:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá var þetta ekki síður dónalegt að fá þessa röksemdafærslu hér. Hún er af nákvæmlega þessum sama toga og við vorum að rökræða áðan, ég og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Ég get alveg snúið dæminu við og spurt hv. þingmenn. Úr því að hv. þingmenn eru svona sannfærðir um að vörugjöldin séu svona óréttlát og þessi neyslustýring sé svona óréttlát eða að það sé svona vitlaust að vera yfirleitt að endurgreiða virðisaukaskatt á byggingarstað, af hverju á þá að gera það að hluta til? Af hverju er þá ekki hv. þm. Vilhjálmur Egilsson samkvæmur sjálfum sér og leggur til að vörugjöldin öll verði lögð af? Af hverju styður hv. þm. þá vörugjöldin bara ef þau eru pínulítið lægri en þau hafa verið? Það er ekki í samræmi við hans heitu sannfæringu um hversu vond öll þessi neyslustýring sé og óréttlát öll þessi gjaldtaka sé. Með alveg sömu rökum má segja: Ætlar þá hv. þm. Pétur H. Blöndal að styðja að 60% verði endurgreidd ef það veldur því að vinna af verkstæðum er að færast út á byggingarstað? Það getur vel verið að það sé í einhverjum mæli hvatning til slíks. En ég bendi á að hvort tveggja er uppi á yfirborðinu með þeim hætti. Það er ekki að hverfa undan skattskilum. Það færist að vísu kannski þarna yfir, en það kemur til skila. Og ef virðisaukaskatturinn af viðkomandi verkefnum er endurgreiddur, þá koma væntanlega vinnulaun og annað því um líkt sem verkefnunum tengist jafnframt til skila og er líka talið fram. Liggur það ekki í hlutarins eðli? Hv. þm. veit hvernig reikningarnir eru sundurliðaðir sem menn þurfa að fara með til að fá virðisaukaskattinn endurgreiddann, er það ekki? Þar kemur fram hvað er efni og hvað er vinna, eðlilega. Á því byggir endurgreiðslan. Ég held því að málið sé þá í öllu falli þannig að kerfið eins og það var er helt að því leyti til að það verkar hvetjandi til þess að öll þessi umsvif og velta séu uppi á yfirborðinu. Þó það verði ekki nema 10% skattlagning sem komi þarna til sem ekki er endurgreidd, þá eru þó þau 10% til skiptanna fyrir þá sem ekki telja þetta fram.

[21:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög merkilegt. Þetta var mjög athyglisvert vegna þess að hv. þm. sagði mér að 10% mundu valda undanskotum og meiri skattlagning enn meiri undanskotum. Hann sagði hreint og beint að með því að hafa þetta frítt, þá kæmi alla vega allt fram. Hvað segir á hv. þm. um 24,5% sem er lögð á landið og miðin? Getur verið að við séum komin það hátt í skattlagningu að það valdi svo miklum undanskotum að tekjur ríkissjóðs hreinlega minnki? Þetta er nefnilega það sem meiri hlutinni benti á. Og hann féllst ekki á að auka skattheimtuna úr 24,5% í 25% vegna þess akkúrat að undanskotin mundu aukast og skattstofninn mundi hreinlega deyja eins og oft og tíðum gerist þannig að viðkomandi starfsemi mundi leggjast niður. Mér sýnist einmitt rökstuðningur hv. þm. sýna mér að við höfum rétt fyrir okkur. Þegar hann óttast að 10% virðisaukaskattur á byggingarstað valdi undanskotum, hvað gera þá 24,5%?

[21:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engin ný sannindi og hv. þm. er ekki sá fyrsti sem uppgötvar það eða rökstyður að þeim mun hærri sem skattaprósentur eru, þeim mun meiri hvatir séu fyrir hendi til að losna við að greiða skattinn. Það er ekki nýtt fyrir hvorki mér né væntanlega öðrum hér. En menn hætta samt ekki að reyna að afla ríkissjóði þeirra tekna sem hann verður að fá. Menn verða að leysa það vandamál þó að mönnum sé þessi staðreynd ljós. Sá einfaldi veruleiki sem mér finnst hv. þm. stundum vera að boða að þá eigi menn bara að lækka alla skatta af því að ef þeir séu háir þá sé meira stolið undan er ekki fær. Það er ekki raunsætt vegna þess að við rekum ríkissjóð á Íslandi með halla og við höfum skrúfað niður í mikilvægri þjónustu, sem er lífsnauðsynleg fyrir þjóðina, og við erum að reyna að ná þarna endum saman

og á grundvelli einhverrar hugmyndafræði eða fræðikenningar eða einhverrar kúrfu sem ég man aldrei hvað heitir er ekki hægt að nálgast málið svona. Við þurfum þessar tekjur og málið snýst um það hvernig við dreifum skattbyrðinni réttlátast. Auðvitað er það þannig líka að aðstæður eru mismunandi. Hin einstöku svið eða greinar eru mismunandi, það vitum við. Þó það sé viðkvæmt mál um að fjalla og ég tala nú ekki um úr ræðustól á Alþingi þá liggur það alveg fyrir að ákveðin svið liggja undir grun um að vera útsettari fyrir skattaundanskoti en önnur af því að þá eru viðskiptin þannig í eðli sínu að það er svo auðvelt að koma því við og það er svo auðvelt fyrir þá sem taka þátt í því að skipta því á milli sín. Þetta liggur svona. Ýmis persónuleg viðskipti í þjónustu eru þannig í eðli sínu að meiri hætta er á því að um undanskot geti orðið að ræða einfaldlega vegna þess að það er auðvelt að koma því við. Þeir fáu aðilar sem þeim viðskiptum tengjast eiga auðvelt með að skipta ágóðanum á milli sín sem af því hlýst að skila ekki til skatts. Þetta eru bara staðreyndirnar sem við verðum að horfast í augu við. En við getum ekki leyst málið með þeim einfalda hætti að hætta að leggja á skatta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:33]

Útbýting þingskjala:

Byggingarlög, 536. mál, nál. umhvn., þskj. 1142.

Fjáröflun til vegagerðar, 442. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1129; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1130.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 356. mál, nál. félmn., þskj. 1138; brtt. félmn., þskj. 1139.

Ólöglegur innflutningur fíkniefna, 62. mál, nál. allshn., þskj. 1144.

Rannsóknir í ferðaþjónustu, 76. mál, nál. samgn., þskj. 1134.

Reynslusveitarfélög, 390. mál, nál. félmn., þskj. 1126.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 527. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1140.

Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, 470. mál, nál. utanrmn., þskj. 1141.

Stytting vinnutíma, 539. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1133.

Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, 261. mál, nál. allshn., þskj. 1143.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 442. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 774, nál. 1129, brtt. 958 og 1130.

[21:35]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til umsagnar nokkra aðila. Hún fékk á sinn fund fulltrúa úr fjmrn. Nefndin gerir tillögu til breytinga í fjórum liðum. Helstu brtt. eru eftirfarandi:

Í 1. lið brtt. eru lagðar til nokkrar breytingar á 4. gr. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni. Annars vegar er lögð til breyting á fjárhæð árgjalds þungaskatts af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Tillagan gerir ráð fyrir að gjaldflokkur bifreiða allt að 999 kg lækki úr 103.309 kr. í 94.273 kr. og að gjaldflokki 1.000–1.999 kg verði skipt upp með þeim hætti að fyrir bifreiðar frá 1.000–1.499 kg lækki gjaldið úr 132.053 kr. í 113.163 en verði áfram 132.053 kr. fyrir bifreiðar frá 1.500–1.999 kg. Hins vegar er lagt til að c-liður falli brott. Er þar ekki um efnisbreytingu að ræða.

Í 2. lið brtt. eru lagðar til breytingar á 8. gr. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni. Annars vegar er lögð til breyting varðandi daglegan aflestur af ökumælum. Fram hafa komið upplýsingar um að erfitt sé að lesa af ákveðnum tegundum ökumæla. Til að bregðast við því vandamáli er lagt til að ef ökutæki er búið annars konar ökumæli en ökurita sé einungis skylt að lesa af vikulega og skrá í akstursbók. Til að tryggja samræmi og öryggi við álagningu skattsins er ökumönnum þessara ökutækja þó gert skylt að skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbók. Hins vegar er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða með reglugerð að sérreglur gildi um skráningu í akstursbók vegna notkunar eftirvagna.

Eftirvagnar eru oft ekki í notkun í marga mánuði á ári og jafnvel ekki alltaf notaðir af sama aðila. Því er talið nauðsynlegt að settar verði sérreglur um skráningu á akstri þeirra.

Í 3. lið brtt. er breyting við 14. gr. Lögð er til breyting á ákvæði 2. mgr. 11. gr. laganna þannig að lögveðréttur fylgi einungis þungaskatti og álagi en ekki sektum, en töluverð gagnrýni hefur komið fram vegna þess.

Í 4. lið eru lagðar til breytingar á 15. gr. Lagðar eru til þrjár breytingar á ákvæðinu. Í fyrsta lagi er lagt til að aðeins verði áætlaðir 2.000 km á mánuði á fólksbifreiðar sé ekki komið með þær til aflestrar á tilskildum tíma, en ekki 8.000 km eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ljóst þykir að fólksbifreiðum er að jafnaði ekið mun minna en atvinnubifreiðum. Hagsmunir ríkissjóðs eru því ekki eins miklir ef vanrækt er að koma með fólksbifreið til aflestrar á tilskildum tíma. Þá er í öðru lagi lagt til að álag verði lækkað úr 20% í 10%. Sú breyting er í samræmi við breytingar sem verið er að gera á öðrum skattalögum. Til viðbótar þessu er svo lagt til að sex ára refsihámark í viðurlagaákvæði frumvarpsins verði fellt brott.

Hæstv. forseti. Þetta eru brtt. efh.- og viðskn. við þetta frv. til laga um fjáröflun til vegagerðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald af áfengi, 2. umr.

Frv. MF o.fl., 269. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 497, nál. 1124.

[21:39]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi, 269. mál. Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Málið snýst um það að þann sjóð, sem settur var á fót sl. vor til að vinna að forvörnum í áfengismálum, megi einnig nota til að vinna að forvörnum í fíkniefnamálum.

[21:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sá sjóður sem stofnaður var við einkavæðingu á innflutningi áfengisverslunarinnar hefur mjög merkilegt hlutverk. Þeir fjármunir sem í hann renna tvöfaldast frá einu ári til annars. Þeim er ætlað að standa undir forvörnum í áfengismálum. Hér er lagt til að verksvið sjóðsins verði enn fremur útvíkkað þannig að það gildi líka um fíkniefnaneyslu. Þetta er í sjálfu sér mjög rökrétt vegna þess að það er bannað að flytja inn fíkniefni og þar af leiðandi eru engar tekjur af þeim sem renna í ríkissjóð. Ég lít þannig á að áfengi megi í sumum tilfellum líkja við fíkniefni. Þar af leiðandi er mjög skynsamlegt að gjaldið renni jafnframt til varna gegn fíkniefnaneyslu og er eindregið sammála þessari tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.). — Þskj. 1015, brtt. 1032 og 1075.

[21:42]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir frá Sigríði Önnu Þórðardóttur, Siv Friðleifsdóttur, Sólveigu Pétursdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni og Katrínu Fjeldsted. Í tóbaksvarnafrv. er kveðið á um að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja munntóbak. Tillaga okkar felur í sér að skrotóbak verði undanþegið slíku banni.

Við 2. umr. málsins kom fram harkaleg gagnrýni á algjört munntóbaksbann og höfðu þá ýmsir þingmenn á orði að óeðlilegt væri að lögfesta svo ströng ákvæði um munntóbaksnotkun einkum í ljósi þess að hún væri ekki mikil, færi minnkandi og væri nær eingöngu bundin við roskna karlmenn. Til að koma til móts við þessi sjónarmið og freista þess að ná sáttum í þessu mikilvæga máli leggjum við flutningsmenn tillögunnar til að áfram verði leyft að flytja inn og selja skrotóbak svo munntóbakskarlar geti áfram notið þeirrar tóbakssælu sem ljóst er af áðurnefndri gagnrýni hv. þm. að hlýtur að vera gildur þáttur í lífsnautninni frjóu.

[21:43]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er táknrænt að flm. þeirrar brtt. sem mælt var fyrir áðan slekkur öll ljós þegar ég kem hér í ræðustól. Ég byrja þar, herra forseti, að greina frá því að varnir gegn tóbaksnautninni hafa verið margvíslegar og miklar í gegnum aldirnar. Er þar kannski fyrst frá að segja að það var prófastur Björn Halldórsson í Sauðlauksdal sem reyndi að skera kál kartöflujurtarinnar niður og fá menn til þess að neyta í tóbaks stað til að sporna gegn tóbaksnautninni. Ég hef ekki þá lífsreynslu að ég geti dæmt það af sjálfum mér hvernig það tókst og veit í sjálfu sér ekki hvort hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir hefur nokkurn tímann reynt að reykja kál kartöfluplöntunnar. Hitt veit ég að ég er eins og hún sammála því að menn skuli freista þess eins og hægt er að sporna við óhóflegri tóbaksnotkun.

Hvað er hið versta við tóbakið eins og við þekkjum það í dag? Það er auðvitað reyktóbakið. Við vitum að það skerðir líf manna. Nýlegar bandarískar rannsóknir sýna fram á að þeir sem reykja munu að meðaltali lifa níu árum skemur en þeir sem ekki reykja. Hver eru áhrif munntóbaksneyslu á lífslíkur manna? Nýleg rannsókn var gerð af háskólanum í Alabama í kringum 1990 og tók til mjög margra manna. Hóparnir sem rannsóknin náði til voru þrír. Það voru í fyrsta lagi þeir sem neyttu reyktóbaks, í annan stað þeir sem neyttu munntóbaks og í þriðja lagi þeir sem neyttu einskis tóbaks. Það kom í ljós að það var enginn marktækur munur á lífslíkum þeirra sem neyttu munntóbaks og þeirra sem ekki neyttu neins tóbaks. Hins vegar lifðu þeir sem neyttu reyktóbaks að meðaltali níu árum skemur en þeir sem annaðhvort neyttu ekki tóbaks eða þeir sem neyttu munntóbaks.

Af þessu má draga þá ályktun, herra forseti, að a.m.k. það munntóbak sem neytt er í því landi sem rannsóknin náði til, þ.e. Bandaríkjunum, sé þess eðlis að það sé ekki líklegt til þess að hafa áhrif á heilsu manna.

Það er sennilega eitt land sem öðrum löndum fremur er þekkt fyrir munntóbaksneyslu og það er Svíþjóð. Eins og menn sjálfsagt rekur minni til lá við að sjálft Evrópusambandið riðlaðist og Svíar höfnuðu inngöngu þegar við borð lá að bannað yrði að nota munntóbak í Svíþjóð ef Svíar gengju í Evrópusambandið. Nýlokið er rannsókn við Södre Sjukhuset í Stokkhólmi sem dr. Freddi Lewin hefur unnið. Niðurstaðan er ekki enn birt. Dr. Freddi Lewin hefur góðfúslega sent helstu niðurstöðurnar til heilbr.- og trn. hins háa Alþingis. Þær gefa til kynna að enginn marktækur munur sé á lífslíkum þeirra sem neyta að staðaldri munntóbaks og hinna sem ekki neyta neins tóbaks. Það sé enginn marktækur munur á munnkrabbameini eða krabbameini í munnholi og nefholi þeirra sem neyta munntóbaks annars vegar og hinna sem neyta ekki neins tóbaks. Það sé enginn marktækur munur á tíðni krabbameins í þessum hlutum og svæðum líkamans hjá þeim sem neyta munntóbaks mjög oft og þeirra sem neyta þess sjaldan. Af þessu er hægt að draga þá ályktun, herra forseti, að munntóbaksneysla Svía sé þess eðlis að hún leiði ekki til minni líka á góðu og farsælu lífi.

Herra forseti. Ég hef aldrei orðið þeirrar reynslu aðnjótandi, sem ég veit hins vegar að hv. frsm. hinnar tillögunnar hefur reynslu af, að neyta munntóbaks eins og ég er viss um að hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir er fús til að miðla í ræðum sínum á eftir. Ég veit ekki hvernig það er að neyta slíks tóbaks, ég þekki ekki þá nautn sem því fylgir. En hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir hefur meiri reynslu af því en við. Má vera að við kunnum einhvern lærdóm af því að draga. Hún er hins vegar fagurlega tennt og falleg til munnsins þannig að ég get ekki dregið neina ályktun af því af afar skammvinnri reynslu hennar af munntóbaki þá hafi hún hlotið nokkurn skaða og greinilega ekki varanlegan. En það er önnur saga, herra forseti.

Þegar ég og ýmsir fleiri hv. þm. fluttum breytingartillögu við fyrri umræðu málsins, þ.e. við 2. umr. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 74/1984, sem fjalla einmitt um tóbaksvarnir, féll tillaga um að ekki yrði bannað að framleiða, selja eða flytja inn munntóbak. Það voru 28 þingmenn sem greiddu atkvæði gegn henni. En við hinir víðsýnu og frjálslyndu sem vildum ekki skerða þennan hefðbundna rétt Íslendingsins til að taka í vörina vorum 24. En það ber að hafa í huga, herra forseti, að í hópi okkar var t.d. hv. þm. Jón Kristjánsson, ritstjóri Tímans sem er dagblað hér í borg,

og við höfðum þá hugfast að í greinargerð með frv. til tóbaksvarnalaga stóð svart á hvítu að samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins væri bannað að framleiða, flytja inn og selja munntóbak af tilteknu tagi, þ.e. fínkornótt o.s.frv. Við trúðum þessu að sjálfsögðu. Síðan hefur komið í ljós, fyrst og fremst fyrir atbeina og atorku hv. þm. Sigríðar A. Þórðardóttur, sem á hrós skilið fyrir framtak sitt í þessu máli, að þær staðhæfingar sem er að finna í greinargerð, herra forseti, með þessu frv. þær eru rangar og á misskilningi byggðar. Það er svo að Ísland, Noregur og Svíþjóð hafa algeran fyrirvara, sérstaka bókun um það, að þetta bann við neyslu fínkornótts munntóbaks nær ekki til þessara landa. Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, og þakka minni ágætu meðnefndarkonu, hv. þm. Sigríði A. Þórðardóttur, sérstaklega fyrir það frumkvæði sem hún hefur sýnt. Það sýnir hins vegar það, herra forseti, ef þetta hefði verið á vitorði þingheims þegar við greiddum atkvæði um munntóbakstillöguna hefðu atkvæði auðvitað fallið með öðrum hætti en raun varð á. Fjöldi þingmanna taldi sér ekki fært annað en að greiða atkvæði gegn munntóbakstillögunni vegna þess að menn töldu eðlilega að þær staðhæfingar sem var að finna í greinargerð frv. væru réttar. Auðvitað er það eðlilegt. Menn telja jafnan að það sem komi fram í greinargerðum með frv. hæstv. ríkisstjórnar hverju sinni sé rétt. Það má alls ekki skilja mín orð þannig að ég sé að ásaka ráðuneytið um að hafa vísvitandi gefið rangar upplýsingar og enn síður hina ágætu tóbaksvarnanefnd um að hafa gefið rangar upplýsingar. Þarna er bara eins og gerist stundum, herra forseti, að jafnvel hinu besta fólki getur skjöplast og orðið á. Þarna hefur einhvers konar misskilningur orðið. Þetta veldur því að hefðu menn haft staðreyndirnar frammi fyrir sér þá hefði að öllum líkindum þetta ágæta frv. um tóbaksvarnir verið samþykkt með þeirri breytingu sem lögð var fram og margir hv. þm. treystu sér ekki til að styðja, brtt. um munntóbakið, vegna þess að þeir töldu að þarna væri brotið í bága við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Nú liggur allt annað fyrir, herra forseti.

Hins vegar höfðum við nokkrir þingmenn áður en þessi misskilningur heilbrrn. varð uppvís lagt fram sértaka tillögu, svohljóðandi: „Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. um bann við innflutningi og sölu munntóbaks ekki taka gildi fyrr en í lok ársins 2000."

Það er svo, herra forseti, að árið 2000 skiptir talsverðu máli fyrir það frv. til tóbaksvarnalaga sem hér liggur fyrir vegna þess að við höfum einmitt gert þá brtt. við eina grein frv. að fyrir lok þessa árs, ársins 2000, skuli forstöðumenn stofnana ríkisins í samráði við starfsfólk hafa gert áætlun og hrint henni í framkvæmd um afnám tóbaksneyslu innan vébanda stofnunarinnar og tímapunkturinn er lok ársins 2000. Við teljum að eðlilegt sé að fresta því banni sem búið er að samþykkja við innflutningi og sölu á munntóbaki við 2. umr., fresta því og láta það ekki taka gildi fyrr en í lok ársins 2000. Á þessum tíma geta menn velt því fyrir sér hvort það sé rétt að banna munntóbak.

Ég hvet þingheim til að samþykkja þessa tillögu. Hins vegar lýsi ég því yfir að ég fagna því ágæta frumkvæði hinnar atorkusömu hv. þingkonu, Sigríðar Önnu Þórðardóttur að leggja til að skroið, hið hefðbundna munntóbak Íslendingsins verði leyft um aldur og ævi. Við treystum okkur ekki til að ganga svo langt í fylgilagi okkar við munntóbaksneyslu og út af fyrir sig má segja að hv. þingkona sýni þarna nokkurt áræði. Við treystum okkur ekki á þessu stigi málsins til að leggja það til að skroið verði leyft um aldur og ævi en við leggjum til að það, herra forseti, ásamt öðru munntóbaki verði leyft til loka ársins 2000 og í millitíðinni geti menn, að sjálfsögðu í góðu samkomulagi við tóbaksvarnanefnd, reynt að finna einhvers konar málamiðlun í þessu sem gæti leitt til þess að þegar upp væri staðið yrðu allir sáttir. Bæði við flutningsmenn þessarar tillögu sem gengur miklu skemur en tillaga hv. þingkonu Sigríðar Önnu Þórðardóttur og má vera að við mundum ná einhverju samkomulagi við hana sem og tóbaksvarnanefnd. Því má ekki gleyma að sá sem hér stendur hefur haft frumkvæði að því ásamt öðrum ágætum nefndarmönnum í heilbr.- og trn. að aflað er meira fjár til tóbaksvarna, miklu meira en áður hefur verið lagt fyrir nefndina. Frv. er að mörgu leyti hert til muna, bæði hinn löglegi tóbakskaupaaldur og auk þess má nefna að ég hefði út af fyrir sig eins og ýmsir aðrir verið til í að setja miklu strangari viðurlög við þeim sem brjóta það ákvæði um lágmarksaldur til tóbakskaupa en er að finna í frv.

Ég ætla ekki að fara að hrista þann bát sem þetta frv. er á þessu stigi umræðunnar og leggja fram slíka tillögu. En eitt vil ég segja, herra forseti, ég tel að ég og aðrir sem um þetta hafa vélað höfum lagt okkar af mörkum til að efla tóbaksvarnir í landinu. Ég segi það hreinskilningslega að það frv. sem kom fyrir þingið gekk allt of skammt í mörgum efnum og nefndin tók af skarið og hún hefur hert það í mörgum efnum. En ég viðurkenni að mér er sárt um það að við ætlum á þessu þingi að fara að banna mönnum innflutning og sölu munntóbaks og þess vegna legg ég til, herra forseti, að við geymum þetta til loka ársins 2000 og reynum að leggja saman höfuð til að finna einhvers konar samkomulag um þetta. Því má heldur ekki gleyma ef það reynist vera svo að munntóbak verði einhvers konar hætta, einhvers konar neyslufaraldur, að alltaf er hægt að grípa í taumana og breyta lögunum. Við skulum ekki gleyma því heldur, herra forseti, að það hefur komið fram hvar tóbaksneysla er að aukast í dag. Það er ekki endilega munntóbakið, það má kannski með einhverju móti mátt segja það hafi verið hið fínkornótta neftóbak sem við höfum fallist á að banna. Að vísu kom fram að á síðasta ári dró heldur úr neyslu þeirrar tegundar tóbaks. Mér sýnist að á fyrstu þremur eða fjórum mánuðum þessa árs hafi sú þróun ekki haldið áfram. En við vitum hvar aukning tóbaksneyslu er í dag. Hún er hjá unglingsstúlkum. Þar er þar sem við eigum að reyna að beita áróðri, forvörnum og fjármagni. En ég tel að þetta munntóbaksbann, sem verið er að leggja til, skipti engu máli þar og það sé allt of langt seilst til að hafa stýringu á hegðan fólks. Ég segi það til að hafa alla hluti á hreinu að ég persónulega og örfáir aðrir þingmenn vorum líka á móti því að banna fínkornótt neftóbak. Ég hafði um skeið, herra forseti, verið ofurseldur þeirri nautn sem felst í því að neyta þess tóbaks. Lauk henni fyrir sex mánuðum. Mér var sagt að dýpsta og versta tóbaksnautnin væri að neyta þessarar tegundar tóbaks. Það gekk giska vel hjá mér sem er þó þekktur fyrir óstöðuglyndi og fyrir að vera ekki staðfastur í því að láta á móti mér. En mér tókst það eigi að síður í fyrstu atrennu og hef ekki látið undan síga. Það kostaði að vísu raunir og má kannski segja það, herra forseti, í þessum fámenna þingheimi, að ég var meðvitundarlaus sem svaraði kannski einni viku. Ég hafði beinverki í þrjár til fjórar vikur og ég svaf ekki heila nótt í svona fjórar til fimm vikur. Stundum vissi ég ekki hvað maðurinn hét sem ég var að tala við, jafnvel þótt það væri náinn ættingi minn. Þar fyrir utan gekk það vel.

Þannig að þótt sú nautn kunni að vera djúp og erfið sé jafnvel hægt fyrir þá sem eru veiklyndir eins og sá þingmaður sem hér stendur að brjóta helsi þeirrar nautnar af sér. (**Gripið fram í:** Hvað dreymdi þingmanninn?) Það er þó ekki, herra forseti, nein rök fyrir því að menn eigi að samþykkja þessa tillögu mína. Ég tel einfaldlega að það séu lítil efnisrök sem séu með því að banna neyslu, innflutning og sölu munntóbaks. Og ég bið a.m.k. hinn ágæta þingheim að bíða með það þangað til í lok ársins 2000 og athuga hvort við getum ekki náð einhverju kristilegu samkomulagi um þetta mál. En auðvitað mun ég eigi að síður styðja þá tillögu sem gengur mun lengra sem er í þá veru að leyfa neyslu á hefðbundnu munntóbaki, skroi. Ég fagna því að í Sjálfstfl. skuli vera til sú frelsisviðleitni og það sjálfstæði að menn vilji standa upp fyrir frjálsborna Íslendinga og leyfa þeim áfram að taka sitt skro.

[22:01]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður flutti skemmtilega ræðu eins og hans var von og vísa. En hann oftúlkaði frásögn þeirrar sem hér stendur af munntóbaksneyslu hennar. Ég trúði hv. þm. fyrir því að ég hefði í æsku bragðað á skroi. Það þótti mér ákaflega vont. En ég bjóst síður við því að það yrði nefnt hér í ræðustól á hv. Alþingi. En það sýnir kannski vel hversu þetta mál sem við erum að ræða hér og þá sérstaklega þessi tiltekni þáttur þess er þingmanninum hjartfólginn. Við höfum unnið að þessu máli í fullri sátt í heilbrn. og ég tel að við höfum náð fram mjög góðum hlutum eins og t.d. að leggja meiri áherslu á forvarnaþáttinn með því að þar komi inn aukið fjármagn. Það held ég að sé aðalatriðið í þessu máli öllu að leggja sem mesta áherslu á það og þá sérstaklega gagnvart unga fólkinu. Það eru mjög alvarleg tíðindi sem við höfum heyrt á síðustu missirum, þ.e. að tóbaksneysla fari vaxandi í yngstu aldurshópunum.

[22:02]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að taka af tvímæli um að hafi þingheimur misskilið mitt mál á þann veg að ég hafi ætlað að hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir væri tyggjandi skro alla daga hér í þingsölum þá er það ekki þannig. (**HG:** Það var sagt þannig.) Það var ekki sagt þannig. Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að ég hef ekki orðið var við óhóflega munntóbaksneyslu af hálfu hv. þingkonu. Hitt er annað mál að mér er kunnugt um það að í æsku sinni komst hún í tæri og jafnvel kynni við þessa tegund tóbaksvarnings og ég tel henni það til tekna að hún hafi þessa lífsreynslu umfram mig og aðra þá sem erum mjög andsnúnir tóbaksneyslu yfir höfuð.

Ég vil hins vegar, herra forseti, nota þetta tækifæri og þakka hv. þingkonu fyrir gott samstarf í þessum efnum. Við höfum hert verulega á því frv. sem kom frá hæstv. ríkisstjórn og var auðvitað allt of lint. Enn fremur, herra forseti, vil ég þakka guði fyrir að enn finnast menn og konur í Sjálfstfl. sem standa upp fyrir rétt einstaklingsins og hafna því þegar verið er að leggja á hann bönd ofstýringar, bönd miðstýringar og jafnvel fara að skrifa það inn í lagabókstafinn hvort honum sé heimilt að taka í vörina eða ekki. Ég spyr, herra forseti, hvernig eiga menn að framfylgja þessu þegar erlendir menn koma í heimsókn til landsins? Hvernig eigum við að komast að því hvort þeir flytji með sér inn í landið munntóbak? Á e.t.v. að gá upp í túlann á hverjum einasta túrista sem kemur inn í landið? (**HG:** Berháttaðir.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 22:05.

Efnisskrá.

Afbrigði um dagskrármál 6982, 7124, 7129, 7178, 7269.
Almannatryggingar (529. mál, eingreiðsla skaðabóta) 7049, 7122.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður) 7209.
Átak í jafnréttismálum hjá Ríkisútvarpinu (531. mál) 6971.
Byggingarlög (536. mál, raflagnahönnuðir) 7059, 7122.
Efnistaka úr Seyðishólum (509. mál) 6955.
Einkaleyfi (530. mál, viðbótarvottorð um vernd lyfja) 6982, 7097, 7123, 7128.
Endurskoðun lögræðislaga (515. mál) 6975.
Fjarskipti (408. mál, meðferð einkaréttar ríkisins) 7061, 7130.
Fjáraukalög 1995 (443. mál, greiðsluuppgjör) 6985, 7097, 7123.
Fjáröflun til vegagerðar (442. mál, álagning, eftirlit o.fl.) 7357.
Forsenda vistvænna landbúnaðarafurða (525. mál) 6965.
Framhaldsskólar (94. mál, heildarlög) 6995, 7005, 7115.
Gjald af áfengi (269. mál, forvarnasjóður) 7358.
Grunnskóli (501. mál, yfirfærsla til sveitarfélaga) 7039, 7120, 7127.
Heimsókn forseta Írlands 6958.
Húsnæðisstofnun ríkisins (407. mál, félagslegar eignaríbúðir) 6988, 7115, 7176, 7178.
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (514. mál) 6969.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (500. mál, aðild kennara og skólastjórnenda) 7004, 7115.
Losun koltvísýrings (512. mál) 6958, 6959.
Lögreglulög (451. mál, heildarlög) 6991.
Meðferð brunasjúklinga (521. mál) 6948.
Merkingar afurða erfðabreyttra lífvera (494. mál) 6951.
Póstlög (364. mál, Póstur og sími hf.) 7061, 7130.
Réttarstaða fólks við gildistöku EES-samningsins (427. mál) 6944.
Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla (323. mál) 7049, 7122.
Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (372. mál, heildarlög) 7106.
Ríkisreikningur 1994 (129. mál) 6983, 7097, 7123.
Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda (389. mál, breyting ýmissa laga) 6987, 7098, 7123.
Skipulag miðhálendis Íslands (532. mál) 6962.
Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur (422. mál) 7179, 7243, 7309.
Stéttarfélög og vinnudeilur (415. mál, sáttastörf, vinnustaðarfélög, vinnustöðvun o.fl.) 7139, 7297.
Stjórn fiskveiða (437. mál, veiðar krókabáta) 7275, 7314.
Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar (331. mál) 7061, 7130.
Tekjuskattur og eignarskattur (421. mál, fjármagnstekjur) 7179, 7243, 7299.
Tekjustofnar sveitarfélaga (464. mál, flutningur grunnskólans) 6989, 7115, 7125, 7177.
Tilhögun þingfundar 7051.
Tóbaksvarnir (313. mál, aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.) 7359.
Um fundarstjórn – sjá:
Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 7111.
Umræður utan dagskrár:
Tilskipanir Evrópusambandsins um orkumál og stefna íslenskra stjórnvalda 7051.
Útskriftir íbúa Kópavogshælis (516. mál) 6978.
Virðisaukaskattur (444. mál, vinna við íbúðarhúsnæði) 7336.
Vörugjald (445. mál, magngjald o.fl.) 7336.
Vörugjald af ökutækjum (533. mál, gjaldflokkar fólksbifreiða) 7099, 7122, 7128, 7129.
Þróun kaupmáttar launa (490. mál) 6943.
Þróunarsjóður sjávarútvegsins (436. mál, úreldingarstyrkur til krókabáta) 7275, 7314.

Leiðrétting.

Í 20. hefti, 5523. dálki, í upphafi 129. fundar.

Í stað:

Aðalmenn taka sæti á ný:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

komi:

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

158. FUNDUR

mánudaginn 3. júní,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Vörugjald, stjfrv., 445. mál, þskj. 777, nál. 1089 og 1097, brtt. 1090. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 444. mál, þskj. 776, nál. 1088 og 1096. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 774, nál. 1129, brtt. 958 og 1130. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Gjald af áfengi, frv., 269. mál, þskj. 497, nál. 1124. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tóbaksvarnir, stjfrv., 313. mál, þskj. 1015, brtt. 1032 og 1075. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 437. mál, þskj. 769, nál. 1092, 1094 og 1128, brtt. 1093 og 1132. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 436. mál, þskj. 768, nál. 1095. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
9. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998. — Frh. 2. umr.
10. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 639, nál. 962 og 999. — Frh. 2. umr.
11. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062. — Frh. 2. umr.
12. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 295. mál, þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995. — Frh. síðari umr.
13. Flugmálaáætlun 1996–1999, stjtill., 365. mál, þskj. 640, nál. 1080, brtt. 1081. — Síðari umr.
14. Lögreglulög, stjfrv., 451. mál, þskj. 783, nál. 1067, brtt. 1068. — Frh. 2. umr.
15. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 450. mál, þskj. 782, nál. 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
16. Staðfest samvist, stjfrv., 320. mál, þskj. 564, nál. 1070. — 2. umr.
17. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 877, nál. 1122. — 2. umr.
18. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 356. mál, þskj. 616, nál. 1138, brtt. 1139. — 2. umr.
19. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 390. mál, þskj. 685, nál. 1126. — 2. umr.
20. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 483. mál, þskj. 835, nál. 1028 og 1049. — 2. umr.
21. Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, stjtill., 470. mál, þskj. 805, nál. 1141. — Síðari umr.
22. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 527. mál, þskj. 1010, nál. 1140. — Síðari umr.
23. Almannatryggingar, stjfrv., 529. mál, þskj. 1026, nál. 1125. — 2. umr.
24. Byggingarlög, stjfrv., 536. mál, þskj. 1077, nál. 1142. — 2. umr.
25. Almannatryggingar, frv., 510. mál, þskj. 913. — 3. umr.
26. Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, þáltill., 61. mál, þskj. 61, nál. 1012. — Síðari umr.
27. Ólöglegur innflutningur fíkniefna, þáltill., 62. mál, þskj. 62, nál. 1144. — Síðari umr.
28. Græn ferðamennska, þáltill., 66. mál, þskj. 66, nál. 1112. — Síðari umr.
29. Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, þáltill., 71. mál, þskj. 71, nál. 1085. — Síðari umr.
30. Rannsóknir í ferðaþjónustu, þáltill., 76. mál, þskj. 76, nál. 1134. — Síðari umr.
31. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 89. mál, þskj. 91, nál. 1099. — Síðari umr.
32. Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, þáltill., 109. mál, þskj. 115, nál. 1127. — Síðari umr.
33. Merkingar þilfarsfiskiskipa, þáltill., 189. mál, þskj. 237, nál. 1098. — Síðari umr.
34. Starfsþjálfun í fyrirtækjum, þáltill., 210. mál, þskj. 271, nál. 1013. — Síðari umr.
35. Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, þáltill., 261. mál, þskj. 454, nál. 1143. — Síðari umr.
36. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 519. mál, þskj. 956, nál. 1078 og 1086, brtt. 1079. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

[10:02]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 421. mál, þskj. 1136.

Tilhögun þingfundar.

[10:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundahaldið í dag vill forseti segja eftirfarandi: Að venju eru atkvæðagreiðslur settar efst á dagskrá fundarins en atkvæðagreiðslur munu væntanlega verða um kl. 2 í dag. Við munum taka fyrst fyrir á þessum fundi 9.–11. mál sem eru samhangandi, Póstur og sími, og síðan gerum við stutt matarhlé um eittleytið. 8. dagskrármálið, fyrirspurnir til ráðherra, verður kl. 13.30 og þar á eftir atkvæðagreiðslur. Síðan höldum við fundinum áfram samkvæmt dagskrá að langmestu leyti.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998.

og

Póstlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639, nál. 962 og 999.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062.

[10:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er harla óvenjuleg staða uppi núna í þinginu. Það er komið fram í júní og eins og þingmenn sjá liggur fyrir löng dagskrá en á henni eru mál af svipuðu tagi og hér er til umræðu, þ.e. þessi þrjú lagafrumvörp sem snerta rekstur Pósts og síma. Síðan eru allmörg önnur mál sem munu kalla á nokkra umræðu í þingsölum þannig að það hefði líklega fáa grunað þegar þing hófst í haust frekar rólega að við ættum eftir að standa hér fram í júní, hvað þá að eftir væri að afgreiða jafnrisastórt mál og það sem hér er til umræðu.

Áður en ég kem að sjálfu frv. vil ég aðeins fara nokkrum orðum um einkavæðingarstefnu fyrrv. og núv. ríkisstjórnar og hvað í henni felst, hver er tilgangur hennar og hvaða sýnilegar afleiðingar hún hefur haft og mun hafa. Eins og menn minnast varð alger stefnubreyting með síðustu ríkisstjórn, þ.e. fyrstu ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Þó var það ekki svo að í kosningunum 1991 hafi verið boðað að mikil einkavæðingarhrina væri fram undan þótt slíkt hafi lengi verið á stefnuskrá Sjálfstfl. heldur gerðist það eftir að ríkisstjórnin tók til starfa að sett var nefnd á laggir, einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, og hún setti upp mikil áform sem reyndar er skemmst frá að segja að mistókust hörmulega. Ég minnist þess enn að fyrsta árið sem ríkisstjórnin starfaði, þ.e. í sínu fyrsta frv. til fjárlaga fyrir árið 1992, var gert ráð fyrir því að ríkið fengi í sinn hlut 1.500 millj. kr. fyrir sölu ríkisfyrirtækja en niðurstaðan það ár varð 500 millj. Síðan fór þetta sífellt minnkandi enda voru þessi áform illa undirbúin og reyndar ráku menn sig illilega á eins og við sölu SR-mjöls. Um það mál urðu mikil átök og leiddu til málaferla sem reyndar hafa ekki enn þá verið fyllilega til lykta leidd. Það mál er eftir því sem ég best veit fyrir Hæstarétti og tengist auðvitað þeim miklu umræðum sem hafa verið undanfarnar vikur um bíðlaunarétt og réttindi starfsmanna.

Það eru mjög margar hliðar á þessum einkavæðingarmálum. Það er í fyrsta lagi sú stóra spurning um það í hvaða rekstri ríkið á að vera, hverju er eðlilegt að ríkið sinni. Síðan er auðvitað spurningin hvaða áhrif það hefur á almennan vinnumarkað þegar ríkið tekur sig til og breytir rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og jafnvel selur þær, hvaða áhrif hefur það á vinnumarkaðinn, á atvinnuleysi, á réttindi og hagi starfsfólks o.s.frv. Þarna er um mjög stór mál að ræða og mér hefði fundist að það hefði farið fram hér á landi á þann hátt eins og oft vill henda okkur Íslendinga að málin eru svo illa undirbúin. Þó að menn hafi á sínum tíma t.d. gagnrýnt mjög hvernig staðið var að sölu SR-mjöls var ekki hlustað á það frekar en fyrri daginn. Það tíðkast ekki að hlusta mikið á rök þeirra sem reyna að skoða málin af alvöru og menn ráku sig illilega á.

Annað slíkt dæmi var um Lyfjaverslun ríkisins sem mætti einnig mikilli andstöðu. Ríkisstjórnin fór þá leið að setja helming hlutabréfa á markað eitt árið og síðan átti að leita til Alþingis varðandi síðari helminginn og það leið ekki árið þangað til búið var að bjóða hitt út. Nú veit ég ekkert um hver reynslan er af sölu Lyfjaverslunar ríkisins, hvort það hefur einhverju breytt varðandi þá starfsemi. Það er einfaldlega eftir að kanna hver áhrifin eru. Auðvitað á ríkið ekki að vera í samkeppnisframleiðslu eins og var með SR-mjöl. Þar var um það að ræða að ríkið var gífurlega stór atvinnurekandi á þeim markaði við hliðina á ýmsum öðrum og að mínum dómi var það ekkert eðlilegt. Mér hefur heldur ekki þótt eðlilegt að ríkið hefur um áratuga skeið rekið arkitektastofu. Ég gæti nefnt fleira af slíku tagi en þegar kemur að hinum stóru þjónustugreinum og öryggishagsmunum horfir málið öðruvísi við. Þá er um allt annað að ræða, jafnvel þegar um er að ræða þjónustu sem enginn annar getur sinnt og ég ætla að koma betur að öryggisþættinum á eftir varðandi Póst og síma.

Það sem vekur upp spurningar varðandi allt þetta er í fyrsta lagi: Hvaða árangri hefur einkavæðing skilað? Hvaða áhrif hefur hún haft í öðrum löndum? Við höfum ekki mikla reynslu af þessu hér. Ég vil þó nefna að það var auðvitað gagnrýnt mjög harðlega á sínum tíma að með sölunni á SR-mjöli og því hvernig að því var staðið væri verið að afhenda eignir almennings á gjafverði en ég hygg þó að t.d. salan á hlutabréfunum í Lyfjaverslun ríkisins hafi verið á nokkuð eðlilegu markaðsverði. Ég hef a.m.k. ekki heyrt mikla gagnrýni á það hvernig að því var staðið út af fyrir sig. Þau bréf fóru einfaldlega á markað.

Aðrar þjóðir hafa miklu meiri reynslu en við og má t.d. nefna Breta. Reyndar er sú reynsla mjög margvísleg. En það er þó a.m.k. alveg ljóst að einkavæðingin hefur haft það í för með sér að störfum hefur fækkað. Það tengist því mikla atvinnuleysi sem hrjáir Evrópubúa og ég hef gert að umtalsefni undanfarna daga, þ.e. þessar formbreytingar á fyrirtækjum. Fjárfesting í nýrri tækni hefur auðvitað haft það í för með sér að störfum hefur fækkað mikið. Það væri kannski út af fyrir sig í lagi ef eitthvað annað er til að taka við vinnuaflinu. En svo er ekki. Þess vegna er atvinnuleysið orðið það gríðarlega mikla vandamál sem blasir við okkur úti í Evrópu og við höfum fengið að kynnast hér á landi. Atvinnuleysið, réttindamissir starfsfólks er ein hliðin en því væri auðvitað hægt að bjarga með ýmsu móti. Það sem er stærri spurning í þessu öllu saman er hvað verður um þjónustuna, hvað verður um þá þjónustu sem þessar ríkisstofnanir veittu. Eftir því sem ég hef lesið mér til fæ ég ekki séð að mikið lát sé á einkavæðingarstefnunni, kannski vita einhverjir betur sem hafa verið að vinna í þessu máli, en eftir því sem ég hef lesið hefur þjónustan versnað. Menn stóðu t.d. frammi fyrir því á Nýja-Sjálandi þegar símafyrirtæki höfðu verið einkavædd þar að einkaaðilarnir voru ekkert að leggja í þá fjárfestingu sem til þurfti til að halda uppi símasambandi út á eyjarnar í kringum Nýja-Sjáland og til afskekktra byggða. Það er þessi reginmunur sem er á skyldu ríkisins til þess að þjónusta landsmenn og þegar einkaaðilar eiga í hlut sem hugsa fyrst og fremst um hvernig rekstur fyrirtækis síns gæti gengið sem best.

Eftir því sem ég hef lesið gerðist það sama í Bretlandi að fyrrverandi ríkisfyrirtæki þar hefðu séð sóma sinn í því að halda uppi þokkalegri þjónustu við alla landsmenn en einkafyrirtækið, þetta sem er stærst í Bretlandi við hliðina á fyrrverandi ríkisfyrirtækinu, Mercury heitir það ef ég man rétt, sem er í samkeppni einbeitir sér fyrst og fremst að þéttbýlustu svæðunum þar sem mest er að hafa. Þetta er grundvallaratriði í allri umræðunni.

Ef menn einkavæða þjónustuþætti eins og Póst og síma sem eru náttúrlega í fyrsta lagi gríðarlega mikilvægir frá öryggissjónarmiði og í öðru lagi feykilega mikilvægir fyrir allt viðskiptalíf og atvinnulíf og í þriðja lagi afar mikilvægir

vegna samskipta fólks almennt, þá er grundvallarspurningin þessi: Verður góðri og eðlilegri þjónustu haldið uppi? Hvers er að vænta þegar fyrirtæki eru komin í samkeppni, hvað þá á svona pínulitlum markaði eins og hér? Ég verð að viðurkenna að ég óttast ekki að erlend fyrirtæki fari að sækja hingað í miklum mæli — mér finnst það afar ólíklegt — inn á þann litla markað sem hér er. En það getur komið til samkeppni í ýmsum þáttum rekstrar sem Póstur og sími annast núna.

Þá vaknar spurningin um aðskilnað póstsins annars vegar og símaþjónustunnar hins vegar. Ég er ekki mjög tæknifróð í þessum efnum en þó þykist ég vita að það hafa átt sér stað miklu meiri tæknibreytingar og tækninýjungar á sviði fjarskipta og símamála. Það hefur ekki nærri því eins mikið gerst á sviði póstþjónustunnar þó tölvusamskipti komi núorðið að töluverðu leyti í staðinn fyrir póstþjónustu áður. Það er út af fyrir sig mikil breyting. En eftir því sem ég best veit hefur póstþjónusta hvergi verið algjörlega einkavædd. Þess eru dæmi að póstþjónusta er rekin af hlutafélögum í eigu ríkisins. En eftir því sem ég hef lesið mér til, m.a. séð frá Bandaríkjunum, þá líta menn þannig á að þarna sé um svo mikla grundvallarþjónustu að ræða og í rauninni dýra þjónustu vegna þess að menn verða að sinna henni nánast út á hvert sker og til hvers einasta afskekkts bæjar, að slík þjónusta verði að vera í höndum opinberra aðila. Þannig hefur verið litið á. Það hefur einfaldlega engum dottið í hug enn þá að einkavæða póstþjónustuna algjörlega. Hins vegar eru ýmsir þættir hennar að flytjast yfir til einkaaðila, m.a. alls konar pakkasendingar og fleira slíkt.

Ég átti þess kost fyrir líklega tveimur árum að sitja fund hér í Reykv. sem haldinn var af póstmannafélögum á Norðurlöndum. Þar var einmitt aðalumræðuefnið — og kem ég þá kannski að meginástæðu þess að ég er nú að stíga hér í pontu á þessum mánudagsmorgni, 3. júní ef ég man rétt. Það var auðvitað það hvaða áhrif ... (**SvG:** 1996.) 1996. Það er eins gott að halda því til haga því það er nú varla að maður viti lengur hvað maður heitir, hvað þá að tímatalið sé með réttum hætti. En hér hefur það verið staðfest af hv. þm. Svavari Gestssyni að það er árið 1996. Það sem ég ætlaði að fara að koma að eru áhrif einkavæðingarinnar og ekki síst jafnstórrar stofnunar og Póstur og sími er, á konur. Vil ég þá minna á að mikill eða stór hluti starfsmanna Pósts og síma hér á landi eins og reyndar annars staðar eru konur. Getur hv. þm. Ásta Ragnheiður ... (**Gripið fram í:** 70%.) já, 70%. Ég var ekki klár á tölunni. Það er einmitt svo að um 70% starfsmanna Pósts og síma eru konur. Ég hef lengi haldið þeirri kenningu á lofti að það þurfi að skoða öll mál og það er reyndar pólitík sem víða er komin til vegs og virðingar að það þurfi alltaf að skoða öll mál út frá hvoru kyninu fyrir sig og kanna hvaða áhrif breytingar hafi. Það er náttúrlega augljóst að formbreyting Pósts og síma og hugsanleg einkavæðing fyrirtækisins síðar meir mun hafa mjög mikil áhrif á kjör fjölmargra kvenna. Þar komum við inn á þá umræðu sem átti sér stað hér í síðustu viku og vikunni þar áður um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna vegna þess að við vorum alltaf að benda á það í þeirri umræðu að verið væri að skerða réttindi væntanlegara starfsmanna ríkisins. Og hér erum við einmitt með dæmi um það að með þessari formbreytingu missir mjög stór hópur kvenna þann rétt sem þær hafa haft til fæðingarorlofs. Það verður algjör breyting á þeim réttindum. Þær konur og reyndar karlar líka sem verða ráðnir til þessa fyrirtækis í framtíðinni verða á allt, allt öðrum kjörum og munu væntanlega fylgja því sem gengur og gerist á almennum markaði. Alla vega hef ég ekki orðið vör við það hér í þessari umræðu að það væri meiningin að tryggja réttindi væntanlegra starfsmanna Pósts og síma á svipaðan hátt og annarra opinberra starfsmanna. Þessar breytingar munu hafa í för með sér fækkun starfa og það er kannski ekki bara vegna þessarar formbreytingar því væntanlega munu og hafa þessar gríðarlegu tæknibreytingar sem hafa átt sér stað haft mikil áhrif á fjölda starfa og eiga eftir að hafa áhrif á fjölda starfa burt séð frá sjálfu forminu. En reynslan af einkavæðingu er alls staðar þannig að störfunum fækkar. Þarna er þessi munur sem er á stöðunni á almennum vinnumarkaði og stöðunni hjá ríkinu þó það sé nú rétt að minna á það líka í þessu sambandi að laun starfsmanna Pósts og síma eru nú ekki til að hrópa húrra fyrir. Ég veit ekki hvort hið væntanlega fyrirtæki verður mjög æskilegur eða vinsæll vinnuveitandi nema meiningin sé að bæta kjörin. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson getur kannski upplýst okkur um það hvort menn spá því að kjör fólks muni batna hjá þessu fyrirtæki við það að formbreytingin verður. Ég veit það reyndar að í Bretlandi gerðist það að laun hækkuðu hjá fyrirtækinu en það var líka vegna þess að starfsmönnum fækkaði gífurlega. Þeim fækkaði alveg gífurlega. En það er eins og ég hef rakið hér önnur hlið á málinu og reyndar sem hefur verið gerð að mjög miklu og stóru atriði í þessari umræðu og tengist öðrum breytingum sem menn hafa verið að gera hér á réttindum opinberra starfsmanna. Það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því öllu saman. En það er aðeins ein hlið á málunum. Hin er þessi: Hvað verður um þjónustuna? Hvað verður um þjónustuna og hvað er verið að gera varðandi hana?

Þá kem ég aðeins að því sem menn hafa verið að segja um þau mál. Hæstv. samgrh. hefur haldið því fram í umræðunni að ef þessi breyting eigi sér ekki stað þá muni þessi öfluga stofnun einfaldlega daga uppi. Menn vísa þar til þess að það eru miklar breytingar fram undan á evrópskum markaði. Frá 1. jan. 1998 verður ekki hjá því komist að leyfa frjálsa samkeppni í fjarskiptum vegna þeirra skuldbindinga sem við tókum á okkur með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er satt og rétt að sú breyting er fram undan. En ég vil nú biðja hæstv. ráðherra að rökstyðja það með óyggjandi hætti hvers vegna sú breyting kallar á þessa formbreytingu. Ég fæ einfaldlega ekki séð að það sé ekki hægt að efla stofnunina Póst og síma og stjórna henni þannig að hún sé undir stjórn og í eigu ríkisins þó þessi frjálsa samkeppni komi til. Að vísu kann að vera að það þyrfti að skoða það út frá samkeppnislögum. Ég átta mig ekki alveg á því. (**ÖJ:** Það stenst samkeppnislög.) Það stenst samkeppnislög, segir hv. þm. Ögmundur Jónasson. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru sérákvæði hvað varðar ríkisstofnanir. En það er alltaf þessi grundvallarfullyrðing sem kemur fram í allri umræðunni, hvaða stofnun sem á í hlut, um einkavæðingu að hlutafélagsformið sé svo miklu sveigjanlegra o.s.frv. Ég fæ einfaldlega ekki skilið þá röksemd. Ég veit ekki betur en að t.d. þessi stofnun, Póstur og sími, hafi verið afskaplega vel rekin. Hún hefur skilað miklum ágóða og staðið sig mjög vel í að fylgjast með tækni. Hún hefur haldið verðlagi niðri eins og kemur fram í greinum frá starfsmönnum Pósts og síma. Það er því ekkert upp á reksturinn að klaga eða sveigjanleikann. Að mínum dómi er þetta bara fullyrðing sem menn láta stöðugt á okkur dynja. Það eru ýmsar leiðir færar eins og sú að kjósa stjórn yfir stofnunina ef mönnum finnst það

vera meginefnið. Það er hægt að gera það sem ríkisstjórnin hefur boðað, þ.e. að auka sjálfstæði ríkisstofnana. Það átti að vera einn megintilgangurinn með frv. um réttindi og skyldur að auka sjálfstæði ríkisstofnana og auka sveigjanleika innan þeirra og öll þessi ósköp sem voru svo auðvitað tekin aftur í öðrum lagagreinum þess frv. sem nú er reyndar orðið að lögum. Mér finnst því þessi röksemd afar ósannfærandi. Það hefur ekkert komið fram, hvorki í þessari umræðu né öðrum sem hér hafa átt sér stað um einkavæðingu sem sannar að hlutafélagsformið sé nauðsynlegt til að stofnanir á borð við Póst og síma geti staðið sig í samkeppninni og haldið uppi þeirri þjónustu sem hér er einfaldlega nauðsynleg.

Að mínum dómi er fyrst og fremst um það að ræða að menn eru að taka stofnanir ríkisins eina af annarri og fyrsta skrefið er að breyta þeim í hlutafélag og síðan fara þau hlutabréf á markað. Það er alveg sama sagan hér og í öðrum frv. sem við höfum haft. Hér er að vísu gert ráð fyrir því að það verði aðeins eitt hlutabréf og að það verði í höndum samgrh. En það er hægt að koma til Alþingis hvenær sem er og gera á þessu breytingu ef vilji er til þess. Það er einnig kveðið á um það í þessu frv. að það verði hægt að stofna dótturfyrirtæki sem fari þá væntanlega út í rekstur einstakra þátta þannig að það er hægt að gera miklar breytingar á rekstri stofnunarinnar. Ég hygg að menn muni með tíð og tíma ganga þessa leið áfram og að Póstur og sími verði gerður að almennu hlutafélagi. Þá kemur aftur að þessu: Hvað verður þá um þjónustuna? Hvað verður um þjónustuna í svona strjálbýlu og fámennu landi þar sem er afar erfitt að sjá að það sé hægt að reka ýmsa þætti póst- og símaþjónustu með ágóða. Það er einfaldlega um samfélagsþjónustu að ræða sem ríkisvaldið á að sinna, þ.e. þjónustu sem á að reka í þágu okkar allra. Vil ég þá minna á það sem fram kemur í bæklingi fyrrv. ríkisstjórnar um einkavæðingu sem var dreift til allra landsmanna á sínum tíma og heitir: „Hvaða gagn hefur þú af einkavæðingu?“ Þar segir einmitt í byrjun, með leyfi forseta:

„Almenn samstaða er um að ríkið hafi vissu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu og að það fremur en einstaklingar sinni t.d. þáttum eins og löggæslu, rekstri réttarkerfisins, auk þess að vera bakhjarl þeirra sem minna mega sín.“

Síðan kemur náttúrlega ein af þessum dásamlegu fullyrðingum um það að einstaklingar fari alltaf betur með fé en gert er innan stofnana ríkisins. Minnir það mig á fullyrðingar af svipuðum toga þar sem menn segja að einkafyrirtæki séu alltaf betur rekin en ríkisstofnanir. Þetta er auðvitað bara bull, hæstv. forseti. Við þekkjum hér dæmi eins og t.d. um Póst og síma, ríkisfyrirtæki sem hefur verið fjarskalega vel rekið og þarf nú ekki að rifja upp enn eldra dæmi af Hagstofunni sem var rekin með þvílíkum tilþrifum að annað eins held ég að hafi ekki sést í ríkisrekstri hvorki fyrr né síðar. (**Gripið fram í:** Og Kvennaskólann.) Að maður minnist nú ekki á Kvennaskólann sem er mikill fyrirmyndarskóli og mjög vel rekinn og hefur einmitt verið að reyna sig í rekstri af nýju tagi og taka á sig meiri ábyrgð, fá ákveðna fjárveitingu og reyna að halda sig innan rammans. Reyndar hefur gallinn á því formi verið sá að sú umbun sem þarf að fylgja því þegar fólk leggur mikið á sig, fer yfir starfsemina, vegur og metur allt upp á nýtt, hefur látið á sér standa. Það er hættan þegar menn eru að reyna að gera breytingar af þessu tagi og ætla að gera stofnanir sjálfstæðar, að þær fái svo ekki að vera sjálfstæðar. Ef þær fá ekki það fjármagn sem þær þurfa þá er lítið gagn af því.

En það sem ég var nú að segja áður en ég fór út í þessa sálma var einfaldlega um þessar fullyrðingar um einkarekstur og það að einstaklingar fari ávallt betur með peninga í einkarekstri en þegar þeir höndla þá í umboði almennings. Ég held að það sé afar erfitt að sanna þessar fullyrðingar.

Eitt af því sem hefur verið nefnt sem röksemd fyrir þessum breytingum er einmitt það sem fram kom í ræðu Al Gore, varaforseta Bandaríkjanna, 1995 þar sem hann boðaði það að Bandaríkjamenn ætluðu að veita algjört frelsi á markaði hjá sér að því tilskildu að sams konar frelsi yrði veitt í viðkomandi löndum. Í grein í Morgunblaðinu sem ég hef hérna fyrir framan mig er einmitt verið að ýja að því að það sé framtíðin. Og er nú kannski ekki ólíklegt og ekkert óskynsamlegt við það að þegar veitt eru réttindi á einum stað þá vilji menn fá samsvarandi réttindi á öðrum. Þetta er tengt m.a. hér í grein um fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi. En í rauninni kemur það málinu lítið við hvort menn eru að stefna að auknu frelsi almennt sem ég held að reyndar allt stefni að. Málið er einfaldlega þetta: Hvernig viljum við reka okkar stofnun? Hvaða möguleikar eru í stöðunni og hvað þýða þær breytingar sem menn ætla að fara að gera?

Þá vil ég koma að því sem reyndar hefur verið reifað nokkuð í þessari umræðu. Það er þetta sambland sem hér er á milli póstþjónustu annars vegar og símaþjónustu hins vegar. Það kemur fram í gögnum frá starfsmannafélögum, m.a. Póstmannafélaginu að menn vilja skoða þann möguleika rækilega að aðskilja póst og síma. Ég get vel ímyndað mér að það hnígi mörg rök í þá átt. Þetta eru ólíkir þættir. Það er mismunandi grunnvallarþjónusta sem er verið að veita og mér finnst ég ekki hafa heyrt nein rök í þessari umræðu fyrir því hvers vegna menn hafa ekki íhugað þá leið, fyrst það á nú að gera þessa formbreytingu, að skipta fyrirtækinu upp í tvær einingar. Hvað mælir með því og hvað mælir á móti því? Ég sé það reyndar í grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. maí eftir Bergþór Halldórsson að hann bendir á að allar slíkar breytingar mundu fela það í sér að stofnunin sem heild, þessi sterki aðili á íslenskum fjarskiptamarkaði yrði veikari, að stofnunin yrði veikari.

Í Danmörku t.d. var farin sú leið að stofna hlutafélög í eigu ríkisins um hvorn rekstur fyrir sig. Ég þekki það nú reyndar að menn voru að gera miklar tilraunir í rekstri póstsins í Danmörku með skelfilegum afleiðingum. Ég hygg að þeir séu búnir að koma því í lag fyrir allnokkru. Þetta var í kringum 1980 og þá ríkti alveg ógurlegt ástand á póstinum í Danmörku, sérstaklega í Kaupmannahöfn því bréf týndust unnvörpum og yfirleitt liðu margir, margir dagar þar til bréf komust til skila. Það varð algjört kaos vegna tæknibreytinga og skipulagsbreytinga sem þar var verið að gera og það tók langan tíma að koma þessu í lag.

Það er annað mál en ég vildi gjarnan beina spurningu til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar sem stjórnaði þessari vinnu í samgn. Gæti hann upplýst mig um það hvaða rök mæla með og hvaða rök mæla á móti því að skipta Pósti og síma upp. Menn hafa greinilega komist að þeirri niðurstöðu að gera það ekki. Það er greinilegt af þeim álitum sem fram komu í nefndinni að póstmenn eru mjög uggandi um sinn hag sem vonlegt er. En mér finnst þetta vera grundvallarspurning ef maður horfir á dæmið allt. Það eru að verða mjög miklar tæknibreytingar á sviði símaþjónustu. Menn geta hugsað sér að þar komi fleiri fyrirtæki inn í myndina og stefnir eflaust í það og er auðvitað að gerast og hefur verið að gerast. En varðandi póstþjónustuna þá finnst mér málið horfa öðruvísi

við. Þar er einfaldlega um grundvallarþjónustu að ræða sem oft og tíðum er erfitt að leysa öðruvísi en með að senda manneskju á staðinn. Með nútímatækni er hægt að leysa svo margt í gegnum GSM-síma og tölvutækni og ýmislegt annað en þegar um er að ræða að koma ákveðinni sendingu, pakka eða einhverju slíku til skila þá verður þessi þjónusta einfaldlega að vera til staðar.

Hæstv. forseti. Minni hluti samgn. leggur mikla áherslu á það í sínu nál. hvað margt sé óljóst í málinu. Það vekur athygli þegar maður fer yfir þetta að hér er ýmislegt sérkennilegt á ferð, svo ég víki nú að sjálfu frv. Það er ekki síst þessi þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Og svo segir hér, með leyfi forseta:

„Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga."

Hér er verið að færa mjög mikið vald til samgrh. og síðan til þeirrar nefndar sem hann mun hugsanlega skipa. Ég spyr mig: Gera menn sér ekki grein fyrir því til hvaða aðgerða, til hvaða breytinga þarf að grípa? Kom það fram í starfi samgn. hvað það er nákvæmlega sem þessi nefnd á að gera og hver þessi verkefni verða og þessir löggerningar sem hún á að framkvæma? Eða er það rétt sem fram kemur í nál. minni hlutans að hér sé um afar mikið vald að ræða? Væri ekki nær, eins og við erum náttúrlega búin að margleggja til, að þessu máli yrði einfaldlega frestað til haustsins þannig að fyrir lægi nákvæmlega hvaða breytingar þarf að gera? Ég sé ýmislegt fyrir mér hvað það varðar. Menn hljóta að þurfa að gera ýmiss konar áætlanir og það þarf að undirbúa reglugerðir og skilgreina hlutverk stjórnar og fleira slíkt. Þá kem ég að því að mér hefur þótt það mjög slæmt í þessum einkavæðingarfrumvörpum sem við höfum verið að afgreiða á undanförnum árum hversu lítið hefur verið komið inn á hlutverk stjórnar, skipan stjórnar og slíkt. Hér er það augljóst mál að það er bara ráðherrann sjálfur sem skipar stjórnina. Hann er með hlutabréfið. Hann skipar stjórnina. Þegar um svona stórt og öflugt fyrirtæki er að ræða þá vakna auðvitað mjög stórar spurningar um það hvort þarna sé ekki um óeðlilega mikið vald að ræða. Það er mjög óljóst í mínum huga hvað þetta þýðir, þ.e. hvaða vald er verið að færa til þessarar nefndar. Mér finnst þetta afar sérkennilegt. Og síðan það að ráðherra skuli hafa vald til þess að skipa einn og sér þessa stjórn. Ég hefði talið miklu eðlilegra að það væri kveðið á um skipan stjórnarinnar, hverjir eigi að koma þar að og t.d. að tryggja það að starfsmenn eigi þar aðild. En ég veit það að þessi ríkisstjórn er ekki hrifin af starfsmannalýðræði og vill lítið af slíku vita.

Hæstv. forseti. Það væri eflaust ástæða til þess að gera einstök atriði að umræðuefni. Ég ætla ekki að fara út í þessa miklu umræðu sem hefur orðið um réttindi starfsmanna. Það hafa aðrir gert því máli ítarleg skil. Það sem mér finnst vera meginmálið og það sem alltaf hefur legið þyngst á mínum huga varðandi þessa einkavæðingu er það að ég er algjörlega tilbúin til þess að skoða það í hvaða rekstri ríkið á að vera. Mér finnst að við sem erum nú á hinu háa Alþingi eigum að fara í umræður um það hvert hlutverk ríkisvaldsins er. Menn eiga að hafa það nokkuð á hreinu á hverjum tíma hvert hlutverk ríkisvaldsins er. Við getum síðan deilt um það hvernig því hlutverki skuli sinnt. Og varðandi þessi einkavæðingarmál öll sömul og það hvernig ríkið sinnir sínu hlutverki á hverjum tíma hafa menn auðvitað haft mismunandi skoðanir á. Það er hægt að bjóða út viss verk og það er hægt að fela öðrum aðilum að annast eitt og annað. En það sem mér finnst vera kjarninn í þessu öllu saman er að ekki sé verið að afhenda eigur almennings til einhverra einkaaðila, nánast ókeypis eða á óeðlilegum vildarkjörum. Það finnst mér vera mergurinn málsins. Ég er alveg tilbúin til að skoða ýmis rekstrarform en við hljótum að ganga út frá því sem við álítum að sé hlutverk ríkisins og ég lít svo á að sú þjónusta sem Póstur og sími veitir sé grundvallarþjónusta. Hún er grundvallarþjónusta sem ríkisvaldið á að tryggja að sé til staðar og við hljótum að hafa það í huga hversu lítill okkar markaður er. Manni finnst stundum þegar maður er að lesa þessi gögn að menn haldi að þeir séu í New York eða á Los Angeles svæðinu og markaðurinn svo ofboðslegur og fyrirtækin mörg sem vilja koma inn á þennan markað. En menn verða nefnilega að hafa hið gagnstæða í huga. Við búum í mjög strjálbýlu og erfiðu landi þar sem við verðum að tryggja öryggi og grundvallarþjónustu. Það er algjörlega ljóst í mínum huga.

Í nál. minni hlutans er að finna mikla gagnrýni á bæði frv. og það hvernig að málum er staðið og ég hlýt að taka undir hana. Ég fæ ekki betur séð eftir að hafa lesið þessi gögn en að hér sé afskaplega margt óljóst. Ég get ekki annað en minnst á það að Póstur og sími hefur skilað ríkinu miklum tekjum og þær munu að sjálfsögðu minnka við það að fyrirtækinu verður breytt í hlutafélag. Þar gilda allt aðrar reglur en auðvitað fer það eftir rekstrinum hversu miklar skatttekjur verða. En allra síðast, hæstv. forseti, hlýt ég að undirstrika að mál af þessu tagi, svona gríðarlega stórt mál sem snertir í fyrsta lagi hagsmuni allrar þjóðarinnar, þá þjónustu sem öll þjóðin nýtur, mál sem snertir atvinnu og réttindamál þessa stóra hóps starfsmanna, á að fá ítarlega umfjöllun á hinu háa Alþingi. Mér finnst erfitt og óeðlilegt að vera undir þessari miklu pressu að afgreiða mál sem m.a. felur í sér þetta mikla vald til eins ráðherra. Mér finnst það mikil spurning sem við alþingismenn eigum að velta fyrir okkur varðandi það á hvaða braut við erum í frumvarpa- og lagasmíð þar sem í hverju málinu á fætur öðru er verið að færa gríðarlegt vald yfir til ráðherra. Hvar liggja skilin þarna á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, hvar á eftirlitshlutverk Alþingis að koma inn, hvar er eðlilegt að Alþingi kjósi stjórnir stofnana af þessu tagi? Þetta eru allt saman miklar grundvallarspurningar sem hljóta að koma upp þegar við erum að fjalla um svona mikilvægt þjónustufyrirtæki eins og Póstur og sími er. Því ítreka ég að mér finnst það óeðlilegt og ekki bjóðandi að verið sé að afgreiða mál af þessari stærðargráðu á örfáum dögum og ráðherrann æðandi um í von um að málinu ljúki sem allra fyrst. Hann stendur að vísu beinn í baki núna og virðist ekki mjög æstur. En það hefur alla vega verið lögð mjög mikil áhersla á að þetta mál verði afgreitt og það stefnir í það að svo verði. En mér finnst að það hefði verið lágmark að fá inn í þetta frv. einhvers konar varnagla þannig t.d., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, að samgn. hefði tryggt sér rétt til þess að fylgjast með í sumar og fram eftir hausti, fylgjast með því hvernig gengur að undirbúa þessa breytingu þannig að menn geti þá áttað sig á því hvað þarna er að gerast og hvert stefnir vegna þeirra gífurlegu hagsmuna sem þarna eru í húfi fyrir framtíð Pósts og síma, fyrir starfsfólkið og fyrir þjóðina alla.

[10:49]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir ákaflega málefnalega ræðu um þetta stóra og mikilvæga mál. Hv. þm. beindi til mín þeirri spurningu hvort ekki hefði komið til greina að skipta félaginu annars vegar í pósthluta og hins vegar í símahluta. Það er alveg rétt að þessi mál voru mjög ítarlega rædd og auðvitað eru um það skiptar skoðanir hvort eðlilegt sé að reka þetta félag þannig tvískipt. Það er auðvitað hægt að færa ýmis rök með og á móti í þessu sambandi. Það sem ég tel að mæli hvað helst gegn því er sú staðreynd að hér á Íslandi hafa þessi mál þróast þannig að póstur og sími hafi verið rekin samhliða og sérstaklega út um landið er um það að ræða að fasteignir og fjárfestingar félagsins eru sameiginlega nýtt. Og við skulum átta okkur á því að þó að Póstur og sími sé náttúrlega risafyrirtæki á íslenskum markaði er það, eins og hv. þm. sagði áðan, ekki mjög stórt á alþjóðlegan mælikvarða. Það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur held ég að geta nýtt okkur hagkvæmni stærðarinnar og nýtt okkur það að samnýta þá fjárfestingu sem hefur átt sér stað.

Í öðru lagi held ég að það hafi skipt máli í þessu sambandi núna að við erum að taka ákveðið skref í átt til formbreytingar á félaginu sem hefur ákveðna breytingu í för með sér fyrir starfsfólk. Ég held að það hefði verið lakara ef við hefðum jafnhliða þessu tekið skref til þess að skipta fyrirtækinu upp í pósthluta og símahluta og skapa þannig meiri röskun fyrir starfsfólkið. Ég held að að öllu samanlögðu hafi þetta verið skynsamlegt sem varð niðurstaðan bæði í frv. og í meiri hluta samgn., þ.e. að stíga skrefið ekki lengra en við gerum núna og halda félaginu sem mest eins og það er til þess að nýta kraft stærðar þess og verja þá starfsemi sem þarna fer fram. Það er auðvitað meiningin með þessu frv. að reyna að treysta undirstöður þeirrar starfsemi sem þarna fer fram.

Á hitt ber að líta að samkeppni í pósthlutanum er þegar komin til þess að vera. Við sjáum t.d. að íþróttafélög og ýmis félög taka að sér að ýmis konar póstdreifingu. DHL-póstflutningar eru auðvitað orðinn umtalsverður samkeppnisaðili og þannig mætti áfram telja.

[10:51]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig fallist á þessar röksemdir. Eins og fram kom í máli hv. þm. er það víða svo úti á landi að við rekum þessa þjónustu samhliða og jafnvel kunna að vera þess dæmi að það séu einn og tveir starfsmenn sem eru að sinna báðum þessum þáttum. Það kemur auðvitað að þessu grundvallaratriði sem ég nefndi áðan að aðalatriði málsins er að þjónustunni verði haldið uppi, að hún versni ekki. Það er það sem ég óttast mest í ljósi þeirrar reynslu sem aðrar þjóðir hafa, ekki síst þar sem um strjálbýl lönd er að ræða. Spurningin er því sú hvernig og hvort sú þjónusta verður tryggð.

Hæstv. forseti. Ég sé að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir er komin hér. Ég las einmitt grein eftir hana þegar ég var að undirbúa mig undir þetta mál og þar lagði hún mikla áherslu á þessa samræmdu gjaldskrá. Ég fæ reyndar ekki séð að það sé neitt samhengi á milli þess að Póstur og sími sé hlutafélag og það sé sameiginleg gjaldskrá. Ég held að það hafi ekkert komið í veg fyrir það hingað til að það væri komið á samræmdri gjaldskrá á landinu öllu annað en viljaleysi stjórnvalda. Það hafa verið lagðar fram tillögur um þetta ár eftir ár þannig að menn mega ekki blanda saman óskyldum hlutum. Mergurinn málsins er þessi: Hvað verður um þjónustuna, þjónustu við alla landsmenn við þessar breytingar? Það eru hin stóru spurningarmerki sem hér eru sett fyrir utan ýmsar grundvallarhugmyndir varðandi einkavæðingu, örlög starfsfólks og réttindi þess, hvort það er rétt af ríkisvaldinu að beina hópum starfsfólks út í atvinnuleysið og hvernig menn ætla að bregðast við þessu öllu saman. Við verðum að horfa á alla myndina í heild.

[10:54]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst stutt svar við þeirri grundvallarspurningu hv. þm. um það hvað verður um þjónustuna við alla landsmenn. Við sem stöndum að þessu frv. erum sannfærðir um að einmitt þetta skref sé líklegt til þess að styrkja undirstöðu þessa mikilvæga fyrirtækis og þar með að bæta og tryggja þá þjónustu sem það hefur veitt um allt land.

Það sem ég vildi kannski aðeins koma aftur að er spurningin sem hv. þm. lagði fyrir mig áðan um það hvort það ætti að skipta félaginu. Ég vakti athygli á því í lok andsvars míns áðan að í raun væri Póstur og sími þegar kominn inn í ákveðna samkeppni við ýmsa aðila. Ég nefndi íþróttafélög og ég nefndi DHL sem mér er sagt að annist t.d. alla póstflutninga fyrir tiltekinn banka á Íslandi til útlanda. Þessi samkeppni er því komin til að vera og svo er það hin rafræna sending, hinar rafrænu sendingar í gegnum tölvur og fax er um leið ákveðin samkeppni við hina hefðbundnu póstþjónustu. Ég sá t.d. í tölum frá Norðurlöndunum að innihald hennar hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum þar.

Hins vegar er ástæða til þess að vekja athygli á því að mál hafa þróast þannig bæði í Noregi, Danmörku og Bretlandi, ekki bara vegna formbreytinga og einkavæðingar fjarskiptaþjónustunnar heldur af ýmsum öðrum ástæðum, að pósthús eru í æ meira mæli rekin sem hluti af annarri starfsemi. Þau eru t.d. hluti af verslunarrekstri víða úti um landsbyggðina. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að mér finnst ekki ósennilegt að sú verði þróunin mjög víða úti um land að póstþjónusta gæti orðið hluti af slíkri starfsemi, einfaldlega vegna þess að það verði krafa á þessum stöðum að reyna að fá alla þjónustu sem besta og sem næst fólkinu og sem ódýrasta. Menn munu einfaldlega sjá hagkvæmnina í því að gera þetta. Ég á ekki von á að þetta gerist í neinum stökkbreytingum í dag eða á morgun, en mér finnst hins vegar mjög líklegt miðað við þróunina erlendis að þannig geti hún líka orðið hér á landi.

[10:56]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi þróun sem hv. þm. var að rekja hér hefur ekki farið fram hjá mér. Ég minnist þess að á þeirri ráðstefnu sem ég vitnaði til áðan þar sem póstmenn frá Norðurlöndunum voru saman komnir á fundi í Reykjavík var fjallað um þessar miklu breytingar á póstflutningum. Eflaust er það rétt hjá þingmanninum að það kann að vera framtíðin að póstþjónustan verði hluti af annarri þjónustu. En málið er þetta: Er eitthvað sem skyldar fyrirtækið Póst og síma sem hlutafélag til þess að sinna þessari grundvallarþjónustu? Er það tryggt að íbúi einhvers staðar við Ísafjarðardjúp, svo dæmi sé nefnt, fái þessa þjónustu? Ég fæ ekki séð að þess sé getið í þessu frv. Um leið og við breytum fyrirtækinu, þessari ríkisstofnun í hlutafélag, hljótum við að breyta þeim

skyldum sem það á að uppfylla. Ég held að það væri afar sérkennilegt að skylda hlutafélag, hvað þá eftir að það er komið á frjálsan markað, til að sinna grundvallarþjónustu. Það segir í frv., ég er ekki með það fyrir framan mig, að það eigi að sinna póstþjónustu, fjarskiptum og ýmsu slíku. Hvað er það sem tryggir að þessi þjónusta verði til staðar á hinum ystu nesjum og inni í hinum dýpstu dölum?

[10:58]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um að það eru mörg mál fyrir þinginu og enn ekki vitað hvenær menn hafa hugsað sér að ljúka umræðu eða ljúka þinginu. Mér sýnist að það sé búið að ryksuga út öll þau mál sem menn hafa áhuga á að afgreiða. Það var áætlað, ef ég man rétt, að ljúka þingstörfum 15. maí og þá er það náttúrlega alveg ljóst að þetta mál sem við ræðum hér hefði aldrei komið til umræðu og hefði ekki verið afgreitt. Aðstæður eru því dálítið sérstakar og mér er ekki kunnugt um að það sé neinn lokadagur ákveðinn. Það var einhvern tíma í den miðað við 11. maí, a.m.k. við sjávarsíðuna. Síðan færðist það til 15. maí. En það er enginn lokadagur á Alþingi og það er kannski eins og það á að vera.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í plagg sem ég er nýbúinn að fá í hendur. Það ber nafnið Skýrsla samkeppnisyfirvalda og er frá Samkeppnisstofnun. Þar stendur:

„Í stefnuskrá Póstsins, sem Póst- og símamálastofnun gaf út í maímánuði 1993, kemur fram að reikningshald skuli miðast við að sýna á einfaldan og skýran hátt árangur einstakra eininga og aðgerða."

Í stefnuskránni segir einnig: „Höfðuðmarkmið Póstsins eru þrenns konar:

1. Ánægðir viðskiptavinir.
2. Ánægt starfsfólk.
3. Hagnaður af rekstri."

Hvaða sjónarmið er verið að setja fram með þessum höfuðmarkmiðum? Eru það markmið sem hafa ekki náðst hjá Pósti og síma? Er það vegna þess að það hefur ekki náðst sem þarf að fara út í að breyta rekstrarforminu?

Í öðrum stað í stefnuskránni segir: „Pósturinn ætlar að aðgreina sig frá keppinautum sínum og byggja styrk sinn og samkeppnisstöðu á hinu víðtæka póstneti sínu, fjölbreytilegri þjónustu og magni. Við viljum að lýsingin á Póstinum verði: öryggi, nálægð, sveigjanleiki og heildarþjónusta." — Þetta eru góð markmið sem þarna eru sett fram. Ég held sannarlega að Póstur og sími hafi náð þessum markmiðum því að ég held að þjónustan sé með því besta sem gerist.

Í stefnuskránni er nánar vikið að heildarþjónustu póstsins. Heildarþjónusta er forsenda þess að pósturinn geti nálgast þá framtíðarsýn að sjá um skipulag og framkvæmd allra sendinga fyrirtækja. Heildarþjónustan byggist á því að fyrirtæki geti að öllu leyti lagt þennan þátt starfsemi sinnar í hendur póstsins.

Einnig er fjallað um aukna þjónustu í stefnuskránni, vöruþróun og markaðssókn. Stærri fyrirtæki og stofnanir fá heildarþjónustu sem löguð er að þörfum þeirra. Pósturinn mun sérhæfa þjónustu sína og laga að einstökum atvinnugreinum, að fyrirtækjum með svipaða starfsemi og að einstökum fyrirtækjum. Boðið verður upp á að póstsölumenn sinni öllum þörfum fyrirtækisins í samræmi við framtíðarsýn póstsins. Póstsölumenn verða daglega í sambandi og samskipti við viðskiptavini og kalla til sérfræðinga á hinum mismunandi sérsviðum póstsins þegar þörf er á. Pósturinn ætlar að laga þjónustu sína að viðskiptavinum og bjóða upp á heildarþjónustu. Til að þetta skili árangri þarf hann að hafa mikla þekkingu á viðskiptavinum og þörfum þeirra. Hvaða aðili annar en Póstur og sími hefur mjög nána þekkingu á þörfum viðskiptavinanna innan þessa geira? Fyrirtækjaþjónusta, heildarþjónusta, sérsniðin þjónusta, boðpóstur, fyrirtækjapakkar, DM- og E-póstur, EDI og nýjungar í gíróþjónustu, verðmeiri póstur innan lands, upplýsingaþjónusta o.s.frv. Allt eru þetta atriði sem móta starfsemi póstsins í framtíðinni. Framtíð póstsins ræðst af því hvernig honum tekst að þróa nýjar vörur og þjónustu því að þarfir og forsenda viðskiptavina munu breytast hratt í framtíðinni. Vöruþróun verður því mikilvægasti þáttur starfseminnar. Sérstök áhersla verður lögð á hagnýtingu upplýsinga- og samskiptatækninnar í vöruþróuninni. Í þessu samhengi verður unnið í nánum samskiptum við fjarskiptasvið Pósts og síma þannig að þarna er á ferðinni markmið sem menn hafa sett sér um póstþjónustuna á Íslandi sem ég get ekki betur séð en séu í nokkuð góðu ástandi.

Þetta mál sem hér er í vinnslu, er eitt af hinum svokölluðu einkavæðingarmálum. Mér eru auðvitað minnisstæð mál af þessu tagi, svo sem þegar Sementsverksmiðju ríkisins var breytt í Sementsverksmiðjuna hf. í eigu ríkisins á einu hlutabréfi. Sú kvöð fylgdi þá að ekki var heimilt að selja fyrirtækin án samþykkis Alþingis.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér eru mjög minnisstæð viðbrögð hv. núv. iðnrh. og núv. hæstv. heilbrrh. sem héldu þá sérstakan fund með starfsmönnum Sementsverksmiðju ríkisins og hvöttu menn til eindreginnar sterkrar andstöðu við að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag sem þá var markmið að gera fyrirtækið einfaldara í rekstri eins og raunin hefur orðið á. Fyrirtækið hefur orðið einfaldara fyrir stjórnendur, það eru einfaldari boðleiðir. Það hefur skilað vissum árangri. En þá er þetta kynnt af þessum umræddu hæstv. ráðherrum sem sérstakur liður í því að selja fyrirtækið Sementsverksmiðjuna hf. og þessir hæstv. ráðherrar lögðust eindregið gegn málinu og sögðu starfsmönnum að það væri verið að láta fjármagnseigendur gleypa fyrirtækið.

Ég minnist þess að þessir sömu hæstv. ráðherrar sem ég nefndi áðan, minntu á eða töluðu um það að steypustöðvarnar mundu örugglega stökkva til og koma sér í einokunaraðstöðu á steypumarkaði á Íslandi. Mér er minnisstæður fundurinn þegar þáv. þm. Finnur Ingólfsson, núv. hæstv. iðnrh., gekk á milli manna í þessu umræddu fyrirtæki og hvatti þá til að hafa samband við þingmenn sína og leggjast gegn málinu en það eru breyttir tímar, það eru örugglega breyttir tímar.

Hvað er að gerast núna varðandi fyrirtækið, sem ég er að ræða um, Sementsverksmiðjuna hf.? Hverjir hafa sýnt áhuga á að kaupa þetta fyrirtæki, Sementsverksmiðjuna hf.? Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hafa fréttir um að spænskir sementsjöfrar sem vilja kaupa Sementsverksmiðjuna lekið út frá hæstu stöðum innan iðnrn. Ég er alveg alveg sannfærður um það, herra forseti, að starfsmenn Sementsverksmiðjunnar hf. væru örugglega tilbúnir að eiga orðastað við hæstv. núv. iðnrh., Finn Ingólfsson, um þessi mál.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan heyra hvað fyrrnefndir ráðherrar segja um áhuga Spánverjanna á Sementsverksmiðjunni hf. Eru e.t.v. áform uppi um það að Sementsverksmiðjan hf. verði mölunarstöð fyrir spænskt gjall? Fylgja því áform um að stöðva ofn Sementsverksmiðjunnar sem þýðir u.þ.b. 20 störf? Er það meiningin að fækka enn úr 86 störfum niður

í u.þ.b. 60 störf? Hvað er það sem menn eru að gera? Hvers vegna er verið að láta þessar upplýsingar leka út og fylgja þeim ekki betur eftir? Auðvitað segja starfsmenn Sementsverksmiðjunnar „hasta la vista" við svona lögðuðu. Þetta m.a. hlýtur að vera eitt af því sem menn hljóta að velta fyrir sér þegar verið er að ræða um háeffingu Pósts og síma. Hver er framtíðin? Hvað er það sem verður gert?

Má búast við því, hv. formaður samgn., að á næsta ári eða e.t.v. þarnæsta ári komi einhverjir aðilar frá EES-svæðinu og lýsi yfir áhuga á kaupum og þá rjúki menn jafnvel til og vilji selja þetta fyrirtæki? Ég hef þó nokkrar áhyggjur af málinu og sérstaklega þessum hluta málsins því að mér virðist mjög sterk andstaða starfsmanna gegn þessum áformum. Ég efast nokkuð um að það sé rétt að keyra þetta mál í gegn núna. Það er betra að gefa sér tíma því að það er ekkert sem knýr á um að málið sé afgreitt. Ég minni á að áform voru uppi um að ljúka þingstörfum 15. maí og þá hefði þetta mál beðið og fengið betri umfjöllun í sumar og ég tel að þörf sé á því. Þar með er ég ekki að segja að mér sé ekki ljós að nauðsyn sé að skoða mál þessa fyrirtækis sem og kannski annarra í ljósi breytinga sem eru að gerast í samkeppnismálum með tilliti til skipulagsbreytinga og þess að samkeppni er að verða æ harðari og stofnunin þarf að búa við þau skilyrði að unnt sé að taka skjótar ákvarðanir. Þetta eru sömu rökin og voru notuð þegar ákveðið var að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í Sementsverksmiðjuna hf.

Ég er alveg sammála um að það er nauðsynlegt að líta á þessi mál frá sjónarmiði neytenda og þeirri þjónustu sem stofnunin veitir. Í lögum um starfsræksku pósts og símamála segir: „Starfsemi Póst- og símamálastofnunar skal beinast að því að tryggja sem best að hér á landi sé kostur á hagkvæmri póst- og símaþjónustu." Ég vil meina það, herra forseti, að þessi þjónusta hafi verið mjög góð og enda þótt hlutafélagsform geti verið vænlegt til þess að ná fram breytingum ef aðstæður krefjast tel ég að núverandi rekstrarform hafi dugað vel. Póstur og sími hefur skilað góðri hlutdeild til ríkisins. Tekjur á þessu ári verða allt að milljarður sem gengur til ríkissjóðs og ég minni á það að símakostnaður er lágur hér á landi. Ég veit ekki betur, eins og ég er búinn að koma að áður, herra forseti, en að þjónustan sé með því besta af hálfu Pósts og síma sem þekkist á Vesturlöndum. Þá er eðlilegt að maður velti því fyrir sér ef það er rétt að það sé mikil andstaða innan starfsmannahóps Pósts og síma af hverju ekki er reynt að leysa þann ágreining ef það er rétt í sumar og láta málið koma aftur til vinnslu í haust.

Áhyggjurnar sem ég hef af málinu beinast að því að ég tel að það sé mismunur á hvort um er að ræða fyrirtækið í heild sinni eða hvort póstþjónustan verði skilin frá. Ég tel að það skipti miklu því að sannarlega hafa símgjöld greitt niður póstburðargjöld. Mér er ljóst að það verður að jafna kostnað við póstdreifinguna. Það hefur verið gert þó ekki sé auðvelt að komast að því í gegnum reikningana og ég tel líka að það verði að koma á jöfnun á kostnaði neytenda hvað varðar símgjöld og ég held að það sé vel að það liggja fyrir tillögur með þessu máli í þá átt. Mér er svo spurn: Hvernig verður þessum málum háttað eftir háeffingu?

Ég held, herra forseti, að það sé rétt að óska eftir svörum við þessum spurningum frá hæstv. samgrh. eða hv. formanni samgn. því að ég held að það þurfi að svara þessum spurningum. Verður heimilt að flytja fjármagn milli greina af sama meiði? Þá á ég við, er heimilt að flytja tekjur frá símanum yfir til póstsins til þess að jafna upp gjöld eins og gert hefur verið? Ég hef áhyggjur af réttindum starfsfólks Pósts og síma. Ég verð sáttur ef það er tryggt við þessar breytingar að svo verði. En ég tel að það vanti nokkuð upp á í frv. að gerð sé grein fyrir því nákvæmlega hvernig með þessi mál verður farið. Ég held ég muni það rétt að hv. formaður samgn. upplýsti að það þyrfti að aðlaga ýmis mál á vinnslutímanum og er þá augljóst að vinnslu er ekki nándar nærri lokið. Og þetta ætti að gerast á þeim tíma sem málið væri þá í umfjöllun fram að gildistöku laga. Ég læt reyndar nægja að vísa til álits eða umsagnar Gunnars Jónssonar héraðsdómslögmanns hvað varðar réttarstöðu starfsmanna stofnunarinnar. Auðvitað er það svo að frv. vekur nokkrar spurningar hjá þingmanni sem ekki hefur verið með í umfjöllun þess. Einnig þegar málið er að koma núna á síðustu dögum til þings þá er þröngt um tíma og það eru fjölmörg mál sem þingmenn þurfa að leggjast yfir og kynna sér. Þess vegna geta þingmenn ekki almennt sett sig eins vel inn í svona mikilvæg mál og þyrfti. Það er m.a. ein af þeim ástæðum sem ég tel að sé fyrir því að gefa málinu tíma í sumar. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég er ekki að leggjast gegn breytingum. Ég leggst ekki gegn breytingum ef ég sé fram á að þær eru nauðsynlegar.

Ég held að sé rétt að spyrja um það hvernig skattgreiðslum verði háttað til ríkissjóðs. Verður skattlagning á verðandi fyrirtæki einhvern veginn öðruvísi en á önnur hlutafélög? Og ég spyr enn: Verður að breyta rekstrarformi Pósts og síma vegna þess að hér er í gildi hærri verðskrá og verðlag þjónustu hærra en í nágrannalöndunum? Ég held ekki eins og ég kom að áðan. Ég held að svo sé ekki. Ég held að við séum með mjög góða þjónustu, mjög ódýra þjónustu svoleiðis að ekki er það ástæðan fyrir því að rjúka til í einhverri skyndingu. Ég spyr að sjálfsögðu enn. Geta menn svarað því, getur hv. formaður samgn. svarað því hverjir þeir aðilar eru sem líklega hafa mestan áhuga á að setja Póst og síma á almennan markað ef þannig verður? Eftir að fyrirtækið er orðið hlutfélag þá er unnt að gera þetta. Ég vitna til þess sem ég áður sagði í ræðu minni varðandi Sementsverksmiðju ríkisins hf. sem er fyrirtæki í eigu ríkisins á einu hlutabréfi. Núna er kominn upp umræða um aðila sem áhuga hafa á að kaupa fyrirtækið. Getur Póstur og sími náð sama vægi sem sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins? Og ég spyr: Telja menn að það sé heppilegt að skipta Pósti og síma upp í smærri einingar sem er unnt að selja en að ríkið haldi þá eftir í sinni eigu þáttum sem varða mest hag almennings? Það sem ég á við með hag almennings er póstþjónustan og símaþjónustan. Ýmislegt annað sem Póstur og sími hefur verið að fást við finnst mér að gegni svolítið öðru máli um. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé möguleiki á því ef málið heldur áfram eins og allar líkur benda til, að það verði skipuð þingnefnd til að fylgja þessu máli eftir, fylgjast með framkvæmdinni og að það liggi fyrir með áfangaskýrslum til þings og þjóðar hvernig menn vinna að þessu. Slík vinnubrögð gæti ég fellt mig mjög vel við. Og ég spyr enn hv. formann samgn. eða hæstv. samgrh.: Eru áform í þessa veru? Geta menn hugsað sér að vinna þetta á þennan veg?

Það hefur mikið verið rætt um það hvernig stjórn yrði skipuð við þetta fyrirtæki. Ég ætla ekkert að fara að gera því skóna að hæstv. ráðherra skipi endilega einhverja sérgæðinga í stjórn væntanlegs fyrirtækis en ég vil beina því til hans að ég tel að það hljóti að vera eðlilegt að skipa a.m.k. tvo fulltrúa starfsmanna í stjórn og að annar þeirra ætti síðan aðild að framkvæmdastjórn sem ég tel að væri eðlileg í þessu tilviki. Ég ítreka það enn að ég er ekki viss um að það hafi

náðst nægjanleg sátt við starfsmenn Pósts og síma eftir að hafa lesið eftirfarandi umsagnir sem hljóða svo, með leyfi forseta. Ég vitna hér í álit eða umsögn stéttarfélaga háskólamanna sem starfa hjá Pósti og síma um frv. til laga um stofnun hlutafélags við rekstur Póst- og símamálastofnunar. Niðurlagið er svohljóðandi:

„Stéttarfélög háskólamanna við Póst og síma vekja sérstaka athygli á 13. gr. frv. með tilliti til réttarstöðu starfsmanna. Sú kvöð sem að nýi rekstraraðilinn á að undirgangast, þ.e. að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn sem nánar verður útfærð í reglugerð ráðherra, má ekki fela í sér skerðingu á samnings- og verkfallsrétti þeim sem gildir um starfsmenn fyrirtækja á almennum markaði, sbr. lög nr. 80/1938 og 87. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar."

Það er eðlilegt að það vakni upp spurningar eftir þessa umsögn um það sem ég nefndi áðan. Það er ekki tryggt hver verður framtíð þessa öryggisþáttar. Réttur starfsmannanna er ekki tryggður enda viðurkenndi hv. formaður að það væri nokkuð eftir í umfjöllun í þessum málum og að það yrði að leysast á vinnslutímanum.

Ég leyfi mér enn að vitna, með leyfi forseta, til umsagnar eða athugasemdar frá Póstmannafélagi Íslands. Þar stendur eftirfarandi í niðurlagi þeirrar umsagnar: „Með tilvísan til þess ...", sem þeir segja og þeir tína upp einstakar greinar og gera athugasemdir við þær, „.... getur Póstmannafélag Íslands ekki fallist á réttmæti þess að breyta Pósti og síma í hlutafélag að óbreyttu frv."

Þetta sýnir það sem ég hef verið, herra forseti, að ræða um. Þetta sýnir að það er ekki komin sú sátt á sem þarf að vera. Enda þótt félagið sé sammála því að ýmislegt mætti fara betur í rekstri fyrirtækisins telur það ekki að hlutafélagsleið sé sú leið sem fara skuli. Fulltrúar félagsins hafa bent á aðrar leiðir sem hefði átt að skoða betur. Einkum hefur verið bent á þá leið sem Danir völdu er sjálfstæði póstþjónustunnar þar í landi var stóraukið án þess að því fyrirtæki væri breytt í hlutafélag. Sú breyting var að sögn gerð í fullu samráði við starfsmenn sem töldu sig ekki eða telja sig ekki hafa tapað neinu af réttindum við breytingar. Það er eðlilegt að það sé uggur í starfsmönnum Pósts og síma hvað þessi atriði varðar. Þess vegna er ég að vara við að of langt sé gengið og of hratt sé farið og tel skynsamlegt að málið fái betri umfjöllun í sumar og að menn nái sáttum og komi síðan aftur í haust með málið hæfilega þroskað.

Mig langar að lokum að spyrja um og vita hvort menn hafi skoðað þau mál sem varða Póst- og símaskólann. Hafa menn einhver svör við því? Hvernig menn ætla að fara með Póst- og símaskólann sem hefur verið rekinn þannig að starfsmenn hafa haft möguleika á starfsmenntun sér að kostnaðarlausu án tillits til búsetu? Verður þetta svona áfram eða verður breyting þar á? Hafa menn einhver áform í þessa veru? Þetta er mjög mikilvægt atriði. Þetta er eitt af réttindamálum þessa fólks. Ég kom ekki auga á þetta í frv. Ég hef kannski ekki lesið það nægjanlega vel. Eins og ég kom hér inn á þarf að tryggja að það verði ekki breyting á þessu vegna þeirrar mikilvægu sérþekkingar sem póststörf krefjast.

Þetta eru, herra forseti, ýmsar spurningar sem ég hef sett fram og ég vonast til þess að fá svör við þeim. Ég held ég láti það liggja á milli hluta að vitna, herra forseti, í mikla greinargerð sem er frá Samkeppnisstofnun um Póst og síma einmitt þar sem Póstdreifing hf. lagði þetta mál fyrir Samkeppnisstofnun. Þar kemur ýmislegt fram um rekstur þessa fyrirtækis sem heitir Póstur og sími, hvernig hann er framkvæmdur og hvaða árangri menn telja sig hafa náð þar.

Ég læt þetta nægja í bili, herra forseti, en minni á að ósvarað er einum sjö spurningum sem ég lagði fram í ræðu minni og það er mjög mikilvægt fyrir mig að ég fái hrein og skýr svör við þessum sjö spurningum til þess að ég geti áttað mig á því hvernig ég greiði atkvæði um þetta mál ef til þess kemur.

[11:27]

Útbýting þingskjals:

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 422. mál, þskj. 1137.

[11:27]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er merkilega hljótt um það mál sem við erum að ræða hér úti í þjóðfélaginu. Það á að fara að selja eða breyta í grundvallaratriðum einu sterkasta fyrirtæki almennings á Íslandi, fyrirtæki sem þjóðin á og hefur átt um áratuga skeið. Hér hefur farið fram þó nokkur umræða í þessari stofnun um málið. En af einhverjum ástæðum er það þannig að það vaknar ekki veruleg hreyfing til eða frá úti í þjóðfélaginu. Ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að áróðursmönnum ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. samgrh. hefur tekist að setja málið í þann búning að menn telja að í raun og veru breytist ekki neitt og það muni ekkert gerast þó svo að þetta fyrirtæki verði gert að hlutafélagi. Þetta er býsna alvarlegt umhugsunarefni í okkar lýðræðislega kerfi sem hin almenna umræða er í þjóðfélaginu. Hún er auðvitað undirstaðan undir lýðræðinu að því leytinu til að þar verður til afstaða fólks. Og hæstv. samgrh. segir líka alltaf þegar verið er að taka þetta mál upp til umræðu og sagt: „Verður fyrirtækið ekki bara selt?" Þá segir hann: „Nei, nei. Það er Alþingi sem ákveður það." Og hæstv. félmrh. lagði lykkju á leið sína í útvarpsumræðum um daginn og sagði: „Póstur og sími, það fyrirtæki verður ekki selt þó það verði gert að hlutafélagi með einu hlutabréfi. Það verður ekki selt."

Ég vil af þessu tilefni fara nokkrum orðum um það mál og segi eins og er: Sporin hræða. Þegar við lítum til þeirrar reynslu sem menn hafa frá Danmörku og Noregi er augljóst mál að sporin hræða. Þar eru menn að selja þessi hlutafélög. Í Danmörku hafa þessi hlutabréf verið á markaði og í staðinn fyrir að Póstur og sími og þessi starfsemi skili verulegum tekjum í ríkissjóð Dana er það orðið þannig að um 3–4 milljarðar danskra kr. hafa runnið í tekjur af þessari starfsemi til Bandaríkjanna af því að um 30% hlutabréfa í þessu fyrirtæki eftir að það varð hlutafélagavætt urðu bandarísk. Ég hitti hóp íslenskra þingmanna sem voru að ræða við fulltrúa símans í Noregi í fyrrahaust og þá var sagt: Nei, ríkið á þetta áfram. Núna virðast menn hins vegar hafa skipt um skoðun þar sem verið er að undirbúa sölu á hlutabréfum í Noregi í þessu fyrirtæki. Ég segi alveg eins og er, ég trúi því ekki þegar hæstv. samgrh. fullyrðir að það standi ekki til að selja þetta bréf eða breyta því í mörg bréf þannig að fleiri geti keypt. Ég er handviss um að það er undir niðri fullur áhugi á því í þingliði Sjálfstfl. hjá einum og einum þingmanni að selja fyrirtækið og það eitt væri reyndar í samræmi við einkavæðingarstefnu Sjálfstfl. sem hefur verið rekin undir forustu Hreins Loftssonar. Þetta er haft eftir honum á einum stað, með leyfi forseta: „Það er eignarhaldið sem skiptir öllu. Sumir segja að rekstrarformið skipti öllu en ekki eignarhaldið. Ég er annarrar skoðunar, það er er eignarhaldið sem skiptir öllu." Ég held að það sé með öðrum orðum alveg augljóst

mál að Sjálfstfl. er bara að pína þingið til þess að undirbúa þetta ferli. Hann ætlar að halda áfram á þessari braut. Hann segir ekki frá því eða hefur sem fæst orð um það alla vega á þessu stigi málsins en hann ætlar að halda áfram á þessari braut. Hann er að blekkja þingið, hann er að blekkja þjóðina, hann er að blekkja starfsmenn Pósts og síma og hann er að blekkja Framsfl. eins og venjulega. Ég er sannfærður um að ýmsir þingmenn Framsfl. halda að það gerist ekki og að þeir hafi málið í sínum höndum þótt þetta frv. verði samþykkt og gert að lögum. En ég er sannfærður um að undir niðri er það þetta sem forustumenn Sjálfstfl. gera ráð fyrir, þ.e. að þessu fyrirtæki verði breytt í venjulegt hlutafélag og það verði selt.

Þá ætla ég að leggja fyrir hæstv. samgrh. spurningu við tækifæri þegar hann hefur lagt frá sér þessi ríkisvæddu fjarskipti sem heita síminn og hann er alltaf í, þótt ríkið reki hann. Það er alveg ótrúlegt hvað hann nennir að skipta við svo ófrjálst fyrirtæki, hæstv. samgrh. Það er alveg merkilegt hvað hann er hrifinn af einokuninni í verki því hann hangir alltaf í símanum, hæstv. ráðherra. Ég mundi vilja leggja fyrir hann spurningu um þetta mál, þ.e. varðandi það hvað hann hyggst gera í málinu í sumar. Er einhver hætta á því að hann muni setja í gang undirbúning á breytingu á fyrirtækinu? Og að hann muni stilla Alþingi upp við vegg? Það hefur einmitt verið aðferðin sem ríkisstjórnin hefur notað, bæði þessi og reyndar sú síðasta líka að Alþingi hefur verið stillt upp við vegg í sambandi við sölu á einstökum ríkisfyrirtækjum. SR-mjöl er náttúrlega frægasta og ljótasta dæmið. Ég ætlaði að spyrja hæstv. samgrh. þeirrar spurningar hvort það sé hugsanlegt að það verði settur í gang undirbúningur að einkavæðingu, markaðsvæðingu, sölu á einstökum bréfum í þessu fyrirtæki og Alþingi verði stillt upp við vegg. Eða þorir hæstv. ráðherrann að slá því föstu að það verði ekki farið af stað með sölu á þessu fyrirtæki nema Alþingi hafi áður samþykkt það fyrir sitt leyti? Þetta er spurning sem ég tel mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra svari og það er grunsamlegt ef hann gerir það ekki vegna þess að það er úrslitaatriðið í málinu hvort að hann hefur þetta í huga. Það kemur auðvitað í ljós að þetta ævintýrakapítal hér í landinu er að undirbúa það. Það er að undirbúa að koma sér inn í þessa starfsemi. Það birtust fréttir um það í síðustu eða næstsíðustu viku ef ég tók rétt eftir að einhverjir aðilar væru að velta því fyrir sér. Og ég er alveg sannfærður um að þeir aðilar sem eiga fjármuni geta alveg eins hugsað sér að ávaxta þá í þessari starfsemi. Staðreyndin er sú að þarna er framtíðin. Þarna er auðlind framtíðarinnar. Það er búið að halda hér miklar ræður um það í þessari stofnun hvernig á að koma fyrir eignarhaldi útlendinga í sjávarútveginum. Það er mjög mikilvægt mál. Um það hafa verið mjög miklar deilur í þessari stofnun, mjög langar ræður og mjög ítarleg nál. um það mál einmitt núna í vetur. En veruleikinn er sá að undirstaðan undir auðlegð framtíðarinnar og lífskjörum framtíðarinnar á Íslandi, ef þau eiga að vera samkeppnisfær við það sem gerist í grannlöndum okkar eins og við viljum, bæði ég, hæstv. ráðherra og aðrir þingmenn hér, er sú að við séum virkur hluti af hinni tæknilegu umsköpun sem m[illegible] fjarskiptin eru hluti af og í öðru lagi að við höfum yfir að ráða okkar orkulindum. Það má segja að orkan og upplýsingaveiturnar séu kannski frekar en allt annað undirstaðan undir því að við getum haft sæmileg lífskjör hér í þessu landi við ysta haf á næstu árum og áratugum.

Þess vegna er alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu og ég er sannfærður um að það eru allmargir aðilar sem munu hugsa sér til hreyfings varðandi möguleikana á því að kaupa hlut í þessari stofnun því hún skilar arði. Þetta er einhver gróðavænlegasta og arðvænlegasta stofnun á Íslandi, Póstur og sími. Þeim mun undarlegra er einmitt þegar menn eru að tala um að selja hana vegna þess að fá ef nokkurt fyrirtæki skilar öðrum eins gróða og Póstur og sími þegar upp er staðið. Því hefur í engu verið svarað hvorki af formanni samgn. eða hæstv. ráðherra af hverju verið er að selja þetta góða ríkisfyrirtæki, breyta því í hlutafélag þegar allt er í lagi í fyrirtækinu. Það skilar stórkostlegum hagnaði og auk þess hefur það fylgst með tækninýjungum með myndarlegum hætti að mér skilst sem ótæknifróðum manni og allir taka undir það. En samt á að einkavæða það. Hvað á þetta að þýða? Rökin eru þau að fyrirtækið geti ekki tekið þátt í þeim breytingum sem verða í framtíðinni, tæknibreytingum, ef fyrirtækið er ríkisfyrirtæki.

Ég hef velt þessu talsvert mikið fyrir mér og mér finnst þetta kannski vera sú röksemd sem er umræðuverð í þessu samhengi. Ég hef reynt að fara yfir það í mínum huga hvort það er virkilega þannig að það sé útilokað að svona fyrirtæki geti starfað sem ríkisfyrirtæki með virkum hætti. Það eru auðvitað vissar hömlur settar við því að menn geti farið með ríkishluta eins og þeim sýnist, sem betur fer. Við samþykktum hér um daginn ný lög um fjárreiður ríkisins, mjög góð lög að mínu mati. Og í stjórnarskránni segir hvorki meira né minna en svo: Ekkert gjald má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta er yfirleitt túlkað þannig að ríkissjóði og ríkisstofnunum sé óheimilt að kaupa bréf, hlutabréf, í öðrum fyrirtækjum nema áður hafi verið gerðar um það samþykktir í sérlögum, sérstökum lögum.

Nú verður auðvitað að viðurkenna það að framkvæmd þessa hefur verið losaraleg hjá ríkinu. Hún hefur verið mjög losaraleg. Fjöldinn allur af ríkisstofnunum hefur í raun og veru keypt hlutabréfin, eignast hlutabréf án þess að það hafi áður verið samþykkt í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þess eru dæmi t.d. að fyrirtæki eins og Ríkisspítalarnir tók um það ákvörðun að eignast hlut í hugbúnaðarfyrirtæki en var svo bannað það vegna þess að það studdist ekki við lög og reglur. Það höfðu engar heimildir verið samþykktar hér í þessari stofnun um að Ríkisspítalarnir mættu eiga hlut í fyrirtækinu.

Í lögum um Háskóla Íslands er hins vegar ákvæði sem heimilar honum með samþykki háskólaráðs að eiga, eins og stendur í lögunum, aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu og sölu sem lýtur að slíkri starfsemi í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þróunarverkefna sem háskólinn vinnur að. Hér er um að ræða alveg skýra heimild sem Háskóli Íslands hefur. Og það vill reyndar svo til að í lögum um nokkrar rannsóknarstofnanir eins og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnun eru svipuð ákvæði. Þess eru því dæmi að það hafi verið sett í lög um viðkomandi stofnun ákvæði um að hún megi kaupa hlut í öðru fyrirtæki enda þjóni það tilteknum og afmörkuðum markmiðum.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að það ber að mínu mati að fara varlega í þessu efni vegna þess að ég tel ekki að ríkisstofnanir eigi að vera að kaupa hlut í fyrirtækjum hömlulaust og opið og það geti ýtt jafnvel undir misnotkun, m.a. vegna þess að það er tilhneiging til þess í landi þar sem lítið er um fjármagn að ýta undir það að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki

komi inn mjög víða. Ef það væri opnuð almenn heimild fyrir ríkisstofnanir til að kaupa hlutafé óttast ég að menn, m.a. hér í þessari virðulegu stofnun, mundu nota aðstöðu sína til þess að knýja þau fyrirtæki til þess að kaupa hlut í einstökum fyrirtækjum. Það er hlutur sem ég vil ekki. Þess vegna tel ég að ef setja ætti inn í lög ákvæði um að heimila t.d. Pósti og síma að kaupa hlut í fyrirtækjum þá yrði það að vera með skýrum, afmörkuðum og tilteknum hætti eins og er í lögunum um Háskóla Íslands.

Eins og ég sagði, hæstv. forseti, hafa ótrúlega margar ríkisstofnanir verið að kaupa hlut í fyrirtækjum á undanförnum árum og um er að ræða mjög verulega hlutabréfaeign all margra ríkisstofnana. Það er mjög merkilegt að horfa á það hvernig að þessum málum er staðið og hygg ég að hæstv. samgrh. þekki það úr fyrra lífi sínu í landbrn. að það hefur veitt skjól til þess að það hafa verið seld hlutabréf ríkissjóðs og notuð með tilteknum hætti í þágu t.d. Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga án þess að það hafi verið mjög rækilega gengið frá því máli fyrr en eftir á með fjárlögum ársins 1994, löngu eftir að þessi gjörningur hafði átt sér stað. Þannig að ég hvet ekki til þess, hæstv. forseti, að þetta sé galopið og ég hvet heldur ekki til þess að menn gangi frá þessum hlutum öðruvísi en með mjög skýrum og ótvíræðum lagaákvæðum. Mín niðurstaða er sú eftir að hafa sýslað með þessi mál í mörg, mörg ár, m.a. sem yfirskoðunarmaður ríkisreikninga, að það væri langeðlilegast og í raun og veru auðvelt að setja inn í lög um Póst og síma ákvæði um að fyrirtæki geti við tilteknar aðstæður hætt afmörkuðum hluta af sínum tekjum, af sínu fjármagni í kaup á hlutabréfum enda sé það gert í tilteknum tilgangi.

Ég held, hæstv. forseti, að einu rökin sem ég hef heyrt í þessu máli sem skipta einhverju máli, þ.e. að fyrirtæki þurfi að geta farið inn í slík fyrirtæki, rannsóknar- og þróunarverkefni og nýfjárfestingu af ýmsu tagi, séu líka fallin og það standi þar af leiðandi ekkert eftir af raunverulegum rökum í þessu máli. Ég tel að hægt sé að tryggja sveigjanleikann sem alltaf er verið að tala um með lögum án þess að um hlutafélag sé að ræða og óþarfi sé að selja fyrirtækið af því að það hefur verið vel rekið og skilað miklum hagnaði. Það er líka óþarfi að selja fyrirtækið vegna þess að því hafi tekist að tryggja að Ísland fylgist eðlilega með tækninýjunum og þeirri byltingarkenndu þróun sem á sér stað í þjóðfélaginu. Og það á góðu verði. Ég hef hér fyrir framan mig upplýsingar um verðlag á þessari þjónustu á Íslandi og annars staðar. Hún er lægri hér en nokkurs staðar annars staðar. Þegar allt þetta er rakið saman, verð á þjónustunni, tæknilegar framfarir, tekjur í ríkissjóð og hugsanleg trygging þess að stofnunin byggi við nægilegan sveigjanleika með sérstökum lögum er niðurstaða mín sú að hér sé verið að framkvæma frjálshyggjukenningu. Hæstv. ráðherra sé að framkvæma frjálshyggjukenningu án þess að hann viti mikið um það sjálfur því ég tel að hann sé heldur í slakari kantinum sem betur fer af frjálshyggjumönnum, hæstv. ráðherra. En ég tel að hér sé um að ræða hugmyndafræðilegan undirstraum, tiltölulega kalda frjálshyggju, sem á ekkert skylt við nauðsynina í íslensku þjóðfélagi í dag. Það er ekkert sem rekur menn til að gera þetta af einhverri brýnni nauðsyn af einu eða neinu tagi.

Þess vegna vil ég segja það, hæstv. forseti, að ég vísa algjörlega á bug þeim sjónarmiðum sem hér eru uppi þó ég geti út af fyrir sig vel rætt þessi mál og útiloki engan veginn að á þeim sé tekið. En nú er það niðurstaða ríkisstjórnarinnar að þannig eigi að ganga frá þessu máli að það eigi að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og það hefur verið rakið hér nokkuð rækilega að málið sé ekki mjög vel unnið. Ég vil spyrja: Af hverju þarf endilega að klára þetta í vor? Hvað er það sem rekur á eftir því? Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra eða hv. formaður samgn. gætu útskýrt það fyrir mér. Ég næ því ekki hvað það er sem rekur á eftir því að þetta verði endilega gert núna í vor. Það er greinilegt að það er verið að lengja þingið sérstaklega til að ljúka þessu máli. Þinginu átti að vera lokið 15. maí. Það er búið að teygja það í þrjár til fjórar vikur því menn eru svo uppteknir af því að ljúka málum eins og þessu, eins og réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og eins og stéttarfélög og vinnudeilur. Það er einhver ofuráhersla lögð á þetta mál. Er þetta sigurflagg Sjálfstfl.? Hvað er eiginlega um að vera? Hvað liggur á? Hvaða læti eru þetta? Hvað er það sem hæstv. samgrh. hefur til saka unnið til að hann telji sig nauðbeygðan til að þræla þessu hér í gegn? Ég skil það ekki. Ég skora á hann að segja okkur frá því. Þeir virðast ætla að gera þetta.

Þá kem ég að starfsfólkinu. Þarna vinnur fólk alveg sprelllifandi fólk. Jónar og Gunnur og alls konar fólk með kennitölur sínar og fjölskyldur og skuldbindingar og kaup sitt og kauptaxta og orlof og fæðingarorlof og allt þetta. Það er að leggja inn í sumarið eins og aðrir. Menn hafa nú verið í því að reyta fjaðrirnar af þessu fólki eins og mögulegt hefur verið núna í öðrum lögum sem hér hafa verið tekin í gegn, en hvernig stendur það mál? Hvernig stendur það gagnvart starfsfólkinu? Hvernig stendur það? Það birtist grein í Morgunblaðinu fyrir helgina þar sem segir: „Réttindi starfsfólks Pósts og síma enn í lausu lofti.“ Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Halldór Blöndal lýsti því yfir í umræðum á Alþingi, miðvikudaginn 29. maí að ekki væru mörg dæmi um að jafnmikil áhersla hafi verið lögð á góða samvinnu við starfsfólk og við undirbúning á því að breyta rekstrarformi Pósts og síma. Sú samvinna hefur farið fram hjá okkur,“ segja Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Félags íslenskra símamanna og Þuríður Einarsdóttir, formaður Póstmannafélags Íslands.

„Sú samvinna hefur alveg farið fram hjá okkur þrátt fyrir það að við séum í forsvari fyrir um 2.000 starfsmenn eða um 2.500 starfsmenn stofnunarinnar.“ — Hvernig stendur á þessu, hæstv. ráðherra? Er þetta fólk að plata? Er það að segja ósatt? Síðan segja þær áfram:

„Það hefur vissulega verið rætt við okkur og við höfum tekið þátt í að afla upplýsinga í samvinnu við Póst og síma en það er rangt að samvinna hafi verið höfð við okkur um samningu þess frumvarps sem nú liggur fyrir á Alþingi. Það sést best á því að enn er algjörlega eftir að ganga frá réttinda- og kjaramálum starfsmanna stofnunarinnar.“

Hér stendur að enn sé algjörlega eftir að ganga frá réttinda- og kjaramálum starfsmanna stofnunarinnar. Af hverju er það ekki gert? Af hverju er núv. ríkisstjórn alltaf svona uppsigað við starfslið? Af hverju er hún alltaf á móti starfsliðinu í þessum stofnunum hvort sem það eru kennarar eða hverjir það nú eru? Af hverju er ekki farið í málið? Af hverju er ekki sest niður og samið við þetta fólk ef það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að ljúka þessu verki sem mér skilst að sé þó ég botni ekkert í því af hverju það er? En af hverju er þá ekki farið í að semja við þetta fólk? Á það ekki rétt á því áður en sumarið gengur í garð ef allt er tilbúið eins og talsmenn meiri hluta vilja vera láta? Af hverju er þá ekki farið í að reyna að semja um þessa hluti? Ljúka þessu.

Ég er alveg viss um, hæstv. forseti, að ef það kemur fram að það væri ásetningur ráðherrans að ljúka samningum um málið og hann vildi gjarnan gera það áður en málið yrði að lögum þá værum við tilbúin til að koma hér aftur eftir 10–14 daga til að ljúka málinu ef hann væri þá áður búinn að semja við fólkið. Nú veit ég auðvitað að hann fer ekki með kjarasamninga í einstökum atriðum en hann fer með þetta *mál og framkvæmd þess*. Það er væntanlega ekki lengra milli hans og hæstv. fjmrh. en svo að hann geti tekið á þessu máli. Mér sýnist reyndar að þessi undirbúningsnefnd eigi að vera eitthvað í þessum málum. Er það tilfellið? Ég spyr að því. Á hún að annast kjarasamninga? Er það í samræmi við önnur lög? Ég botna ekkert í því en mér sýnist þessi undirbúningsnefnd hafa allvíðtækt svið og sé að nokkru leyti verið að stofna hana vegna þess að stjórnarmeirihlutinn viðurkenni að lögin eru ófullkomin og það eigi að láta hana bjarga því sem eftir er af málinu í land. Síðan segir hér í grein formanns Félags íslenskra símamanna og formanns Póstmannafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Komum við þá að yfirlýsingu Einars K. Guðfinnssonar, formanns samgn. í sömu umræðu. Einar sagði þar og er það haft eftir honum í DV 30. maí að það hafi verið vel og tryggilega gengið frá réttindamálum starfsfólks."

Vel og tryggilega gengið frá þeim en fólkið hefur ekki frétt af því. Væri ekki sniðugt að láta fólkið vita það ef menn *eru búnir* að þessu? (**Gripið fram í:** Það er í lögunum.) Það er rangt að þetta sé í lögunum, það er aðeins brot af því í frv. eins og það lítur út núna. Það er náttúrlega alveg eftir öðru að fara að troða því inn í lögin sem menn hefðu átt að vera búnir að gera samninga um. Menn hafa greinilega ekki unnið heimavinnuna sína. (**Gripið fram í:** Lestu nál.) Ég var að lesa nál. og það er örugglega styttra síðan ég las það en hv. þm. Þar eru örfá atriði tínd upp. En af hverju í ósköpunum eru menn að ganga frá því í lögum hvernig kjörin eiga að vera þegar þetta er fólk sem á að hafa frelsi til að semja um mál sín en hefur ekki hjá þessari stjórn. Það er sem sagt haft eftir hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það hafi verið vel og tryggilega gengið frá réttindamálum starfsfólks. Síðan segir í grein formannanna það sem haft er eftir hv. þm.:

„Þetta eru ósannindi sem eru ekki samboðin þingmanninum."

Ósannindi eru ekki samboðin þingmanninum. Þau eru það almennt ekki. Ég tek undir það með þessum konum. En *ég trúi ekki að hann sé vísvitandi að bera fram ósannindi*. Ég trúi því ekki. Ég spyr: Hvað er hæft í þessu? Hvernig er þessi staða? Af hverju er ekki farið í að ganga frá samningum við þetta fólk?

Síðan segir hér í greininni: „Réttindamál starfsmanna Pósts og síma eru algjörlega í lausu lofti," segja þær — „og starfsfólk því eðlilega mjög uggandi verði frumvarpið um hlutafélagsvæðingu Pósts og síma afgreitt fyrir þinglok sem því miður allt virðist benda til."

Síðan segja þær áfram: „Við fögnum hins vegar þeirri yfirlýsingu Einars K. Guðfinnssonar seinna í umræðunni að starfsfólkið *muni í engu missa áunnin réttindi og samningsbundin réttindi*. Við treystum þeirri yfirlýsingu aftur á móti ekki enda hefur ríkisstjórnin sýnt að hún vílar ekki fyrir sér að skerða áunnin og samningsbundin réttindi með því að keyra í gegnum þingið frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þrátt fyrir andstöðu allra stéttarfélaga opinberra starfsmanna.

Eðlilegasti framgangsmáti þessa máls alls hefði verið sá að ganga fyrst frá samningum við starfsmenn stofnunarinnar áður en hlaupið var til með frumvarpsómynd þá sem nú er til afgreiðslu í þinginu."

Ég skora á þá aðaltalsmenn málsins að gera grein fyrir þessu. Af hverju er ekki gengið fyrst frá samningum við starfsmenn stofnunarinnar? Af hverju er ekki gengið þannig frá málum að þeir treysti þessu sem á að fara að gera? Af hverju er þetta alltaf afgreitt eins og eitthvert aukaverk að tala við starfsfólkið, óþarfaverk? Tekur Framsfl. þátt í því að henda út hagsmunum starfsfólksins? Af hverju er ekki farið í að semja um þá hluti? Á síðasta kjörtímabili var það þannig að framsóknarmenn stóðu hér með öndina í hálsinum í þessum ræðustól, hver um annan þveran, hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh., og sögðu: Semja, semja, semja um ríkisfyrirtæki áður en þau verða gerð að einkafyrirtækjum. En nú heyrist ekkert í þessu fólki. (**EgJ:** Þeir hafa lært ýmislegt síðan.) Það er nákvæmlega það sem hv. þm. Egill Jónsson, varaformaður landbn., bendir hér á. Þeir hafa lært ýmislegt síðan. *Framsóknarmenn eru nefnilega að læra tiltekna lexíu* sem Sjálfstfl. hefur kennt þeim. Þeir bera enga virðingu fyrir því fólki sem vinnur í þessum stofnunum, ekki nokkra. Það virðist ekki vera þannig. Sjálfstfl. lætur þetta algjörlega lönd og leið. Fulltrúar Sjálfstfl. í hinum ýmsu nefndum spyrja fyrst og fremst að því hvernig kemur þetta nú út gagnvart mér og umhverfi mínu og kjördæmi. En þegar kemur að *hinum stóra fjölda, hinum stóra fjölda* sem vinnur hjá Pósti og síma er eins og fólk skipti engu máli, skipti ekki nokkru einasta máli. Hvað á þetta að þýða? Af hverju þessi botnlausa lítilsvirðing við frjálsa íslenska einstaklinga sem eiga rétt á því að fá að standa uppréttir og vilja gera það? Af hverju er ekki gengið eðlilega frá þessum málum? Hvað á þetta að þýða? Í þágu hvers eru þeir að vinna sem vinna svona? Hver rekur á eftir þingmönnunum og hæstv. ráðherranum í svona máli? Hver er það? Í þágu hvers eru þeir að vinna sem vinna svona? Hver hefur hagsmuni af því að gera þetta svona? Hvað liggur á?

Ég tók eftir því þegar hv. þm. í landbn., af því að ég sé einn þeirra út undan mér, voru að vinna með frv. um sameiningu Búnaðarfélagsins og Stéttarsambands bænda. Þar vönduðu menn sig. Þar voru fluttar einar 20–30 breytingartillögur lið fyrir lið áður en málið varð að lögum. Menn lágu yfir þessu langtímum saman á fjölmörgum fundum og hv. varaformaður landbn. hrósaði sér af því að hann hefði gert það sem hægt var til að leiða menn saman, til að sætta menn við niðurstöðuna. En hvað er gert í þessari stofnun? Hér er öllu snúið við. Hér er efnt til ófriðar við starfsfólkið algjörlega að óþörfu af því að starfsfólkið er auðvitað sem stétt og sem fagmenn og vill halda þannig á málum að þeirra hagsmunir séu tryggðir enda er þeim skylt að gera það sem forustumönnum í þessari stofnun. Þeim er skylt að gera það. En þá er vaðið fram undir þessum einkavæðingarfánum Hreins Loftssonar og engin rök af neinu tagi eru komin fram. Kannski koma þau í umræðunni. Ég er spenntur að hlýða á svör hæstv. ráðherra og hv. þingmanns Einars K. Guðfinnssonar.

[11:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram miklar umræður um ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að gera Póst og síma að hlutafélagi. Talsverðar umræður hafa farið fram í þjóðfélaginu en að mínum dómi of litlar miðað við hvert tilefnið er vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að hér sé verið að stíga

skref sem muni reynast mjög örlagaríkt. Við erum að feta okkur inn á braut sem ýmsar þjóðir hafa farið á liðnum árum, einkavæðingarbrautina. Það vekur athygli þegar röksemdir ríkisstjórnarinnar eru skoðaðar í málinu fyrir þeirri ákvörðun að gera Póst og síma að hlutafélagi byggjast þær fyrst og fremst á því að skírskota til þess sem aðrar þjóðir gera. Nú er það svo að ákvarðanir um einkavæðingu í Bretlandi, á Nýja-Sjálandi, Frakklandi, á Norðurlöndum og víðar, sættu ekki mikilli gagnrýni þegar þær voru teknar. Það er ekki fyrr en afleiðingarnar fara að koma í ljós eftir því sem tíminn leið að gagnrýni fór að vaxa þegar það kom í ljós hver áhrif þetta hafði á kjör starfsmanna, á atvinnustigið og þjónustustigið í samfélaginu.

Ég legg áherslu á að hér erum við fyrst og fremst að tala um samfélagslega þjónustu. Við erum að tala um stofnanir og fyrirtæki sem hafa yfirburðaaðstöðu á markaði og iðulega mjög lítið samkeppnisaðhald þaðan. Reyndar er það umhugsunarefni að þeir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar, ekki aðeins hér á landi heldur víða um heim sem hafa kennt sig við hið frjálsa framtak, hafa haft það framlag mest til nýsköpunar eða atvinnusköpunar í atvinnulífinu almennt, þar er reyndar ekki um atvinnusköpun að ræða, að selja eða gefa sameign þjóðarinnar og þjóðanna: Það er að taka fyrirtæki og stofnanir sem byggðar hafa verið upp í krafti fjöldans og samvinnunnar og færa fyrirtækjum og einstaklingum og fjársterkum aðilum þær á silfurfati. Margir óttast að það sé þetta sem er að gerast í þessu tilfelli vegna þess að þrátt fyrir yfirlýsingu um að Póstur og sími verði ekki seldur á markaði þá telja margir yfirgnæfandi líkur á að svo verði áður en langt um líður. Í flestum þeim ríkjum þar sem þessar stofnanir og aðrar ámóta hafa verið gerðar að hlutafélögum hefur þetta einmitt verið gert. Þar sem það hefur ekki verið gert er slík sala í undirbúningi. Hvernig skyldi standa á því að svo er? Jú, vegna þess að það eru í grófum dráttum tvær leiðir sem menn fara til að hafa eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum af þessu tagi. Önnur leiðin er sú að láta almannavaldið sinna því eftirliti, að þær heyri undir þing og ríkisstjórn og lúti þeim reglum sem þar gilda. Hin leiðin er að láta markaðinn um hituna. Þá er það á tvennan hátt sem markaðurinn veitir aðhald. Hann veitir aðhald í gegnum verðlagið og hann veitir aðhald í gegnum eigendur sem eru hluthafar. Við getum væntanlega öll séð fyrir okkur hluthafafundi í Íslandsbanka og hina margrómuðu hluthafafundi á Stöð 2 sem eru æði skrautlegir á stundum að því er virðist. En engu að síður eru þar komnir eigendur og hluthafar til að veita þetta aðhald.

Hér á hins vegar að fara mjög undarlega leið. Hér á að búa til eitt hlutabréf og það á að færa valdið og eftirlitið frá almenningi eða þrengja það alla vega vegna þess að hlutabréfið verður sett undir einn mann, hæstv. samgrh., Halldór Blöndal. Með fullri virðingu fyrir honum er augljóst að það sem hér er að gerast er að það er verið að þrengja eftirlitið, það er verið að færa stofnunina undan almannavaldi og undir fámennisvaldið og reyndar vald eins manns, Halldórs Blöndals, hæstv. samgrh. Hann lofar statt og stöðugt að hann ætli ekki að selja. Á sama tíma koma aðrir fulltrúar ríkisstjórnarinnar með aðrar yfirlýsingar eins og hæstv. fjmrh. gerði t.d. hér úr ræðustól fyrir fáeinum dögum. Hann sagði að sínum dómi væri rökrétt að selja hluti í fyrirtækjum sem gerð væru að hlutafélögum og hann hefur reyndar margoft sagt það. Og Hreinn Loftsson, sem er formaður framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu, hefur lýst því margoft yfir að hann líti svo á að það sé til lítils að gera stofnanir að hlutafélögum ef hlutirnir eru ekki seldir. Það geti þurft að láta nokkur ár líða eða einhvern tíma líða þar til slíkt sé gert, en það sé órökrétt annað en að slík sala fari fram. Þessu hefur hann lýst yfir og bent á að slík sé reynsla annarra þjóða. Það sem mér finnst kannski verst við þessa umræðu er hve óheiðarleg hún er. Hún er mjög óheiðarleg vegna þess að það er verið að telja fólki trú um að eitthvað annað standi til en raunin er. Þess vegna þætti mér vænt um ef hæstv. samgrh. segði okkur hér í ræðu sinni á eftir hvort honum sé kunnugt um að fjársterkir aðilar á Íslandi, fjársterkir peningamenn og fjársterk fyrirtæki á borð við Eimskipafélagið, á borð við Flugleiðir hf., á borð við stór fjölmiðlafyrirtæki, hafi sýnt því áhuga að fjárfesta í þessu fyrirtæki. Ég get upplýst menn um að það er reyndar altalað að það sé mikill og ríkur áhugi hjá stórum fyrirtækjum hér í efnahagslífinu að fá þennan bita til sín. Þetta er það fyrirtæki á Íslandi sem skilar einna mestum arði, það hefur skilað á annan milljarð króna í ríkissjóð á ári hverju á liðnum árum. Það segir sig sjálft að þeir sem sérhæfa sig í að raka til sín fjármunum horfa vonaraugum til þess sem hér er að gerast. Það væri fróðlegt að heyra hvers hæstv. samgrh. hefur orðið áskynja í þessu efni.

En áður en ég vík frá eftirlits- og aðhaldsþættinum þá hefur það ekki reynst nóg að láta eigendur, hluthafana og markaðinn, sinna þessu aðhaldshlutverki erlendis eins og í Bretlandi vegna þess að ríkisvaldið hefur farið líka leið og við erum að gera hér eða ætlum að gera hér. Það er strax farið að setja fram tillögur um að landið verði gert að einu gjaldskrársvæði t.d. og það er sýnt að það verður eftirlit með verðlaginu. Þetta er það sem gerðist í Bretlandi. Í kjölfarið nægði þetta ekki vegna þess að menn settu einnig á fót eftirlitsstofnanir sem hafa tútnað út og eru einhver mest hraðvaxandi iðnaður í Bretlandi og þessum einkavæðingarríkjum nú um stundir og hafa verið á liðnum árum, OFFTEL, risavaxið bákn sem fylgist með símaþjónustunni. En þeir hafa þó ekki náð því að koma í veg fyrir þá þróun sem hefur átt sér stað innan veggja fyrirtækisins og byggir á stórauknum launamun. Forstjórarnir og þeir sem standa þeim næst hafa hagnast mjög á þessari breytingu. Þeir hafa tekið til sín himinhá laun á meðan þeir sem standa neðst í launakerfinu hafa borið skarðan hlut. Þetta er staðreynd. Það er líka staðreynd að þótt ekki sé unnt að rekja mannfækkun í þessum stofnunum einvörðungu til einkavæðingarinnar vegna þess að það hafa átt sér stað miklar tæknibreytingar sem hafa ýtt undir slíka þróun, þó leikur ekki nokkur einasti vafi á því að einkavæðingin hefur hert á því hjóli, hún hefur hert á þeirri þróun. Enda liggur skýringin í augum uppi. Eigendur krefjast hámarksarðsemi og hámarksarðs. Þeir vilja fá sem mest í sinn hlut og arður byggist á því að vinnan sé unnin af sem fæstu launafólki.

Ég fór í gegnum það í síðustu viku þegar þessi mál voru rædd hér og ætla ekki að endurtaka það að röksemdir um að ekki sé unnt að beita fyrirtæki í eigu ríkisins á markaði á sama hátt og hlutafélagi eiga ekki við rök að styðjast. Þær standast ekki. Ég sýndi fram á það í mjög ítarlegu máli hvers vegna það væri ekki. Það sem ég hins vegar ræddi lítið þá voru málefni starfsmanna, réttindi og kjör starfsmanna. Það hefur verið sagt ítrekað og hefur verið sagt í álitsgerð eða greinargerð með frv. að réttindi starfsmanna verði tryggð í einu og öllu. Þetta eru yfirlýsingar sem ég hef fagnað. En það hefur ekki verið gert, það er ekki búið að tryggja þessi réttindi og þessi kjör gagnstætt því sem haldið hefur verið fram aftur og aftur. Að vísu er ríkisstjórnin búin að breyta

lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem hefur það í för með sér að hún er búin að hafa af mönnum, hún er búin að hafa af starfsfólki biðlaunaréttinn í þeirri mynd sem hann var og voru miklir fjármunir. Það voru gerðar lagabreytingar hér til að taka þennan rétt frá fólki, hafa af fólki þessi réttindin, þessar krónur og aura, sem var náttúrlega svívirðileg aðgerð í sjálfu sér. Ef menn hefðu borið einhverja ögn af virðingu fyrir sjálfum sér hefðu þeir ráðist öðruvísi í þau mál. Þá hefði verið reynt að ganga til samninga við fólk um þessi efni. Ég vek athygli á því að í Morgunblaðinu 1. júní er lítil frétt um franska símafyrirtækið France Telecom. „France Telecom breytt í hlutafélag." Ég ætla að lesa þessa litlu frétt, með leyfi forseta:

„Franska ríkisstjórnin hefur samþykkt frumvarp um að breyta ríkisfjarskiptafyrirtækinu France Telecom í hlutafélag og sala 49% hlutabréfa í eigu ríkisins fer fram á fyrri árshelmingi 1997.

France Telecom verður hlutafélag frá 1. janúar 1997, en ríkið heldur 51% eignarhlut og 10% verða lögð til hliðar handa starfsfólki. Stjórnin heitir því að greiða starfsfólki eftirlaun og núverandi starfsmenn halda stöðu opinberra starfsmanna."

Þetta segir m.a., í þessari stuttu frétt. Ekkert svona var reynt hér. Ég spyr: Stendur eitthvað svona fyrir dyrum? Mér finnst að bæði hv. formaður samgn. og hæstv. samgrh. verði að skýra fyrir okkur hér á eftir á hvern hátt á að ganga frá lífeyrisskuldbindingum starfsfólks vegna þess að báðir hafa þeir fullyrt að lífeyrisréttindin verði í einu og öllu tryggð. Ég og fleiri höfum hins vegar haldið því fram að fólkið glati ávinnslurétti við þessa breytingu. Þannig að það er rangt sem haldið hefur verið fram að lífeyrisréttindin verði tryggð. Það er ósatt. Síðan er það líka ósatt þegar sagt er — eins og þeir hafa bent á formenn Félags íslenskra símamanna og Póstmannafélags Íslands — það er rangt að það sé búið að tryggja réttindi starfsfólks. Það er ekki búið að því. Það er ekki búið að semja um þessi mál. Því hefur verið lýst yfir að það eigi að gera það en það hefur ekki verið gert. Það er ekki búið að gera það. Þetta er svolítið sláandi fyrir þennan nýja samskiptamáta ríkisstjórnar og stéttarfélaga. Hann byggir á því að boða til funda, halda nógu marga fundi, trekk í trekk í trekk. Aftur fund á morgun og hinn og segja síðan: Við höfum haft geysilega gott samráð. Það hafa verið svo margir fundir. Það eru búnir að vera fimm fundir í þessari viku og sjö í síðustu og svo framvegis. Þetta gerðist í viðræðunum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þegar það frv. var í undirbúningi var það ein helsta röksemd hæstv. félmrh. hve margir fundir hefðu verið haldnir. Það var ekkert spurt um innihald þessara funda eða hvað hefði verið rætt á þeim. Ég hef lýst mikilli ánægju með yfirlýstan vilja manna til að ganga frá þessum málum þannig að réttindi verði tryggð, þá stendur hitt eftir að þetta hefur ekki verið gert. Og yfirlýsingar í gagnstæða átt um að lífeyrisréttindin t.d. hafi verið tryggð eru ekki réttar. Síðan er náttúrlega hámark ósvífninnar þegar menn segjast ætla að tryggja mönnum biðlaunarétt í samræmi við þau lög sem gilda þar um, eftir að vera búnir að breyta þessum lögum og hafa þennan rétt eins og hann var, af mönnum.

Ég vil spyrja hv. formann samgn., hvernig þeir hafi t.d. rætt kjör starfsmanna sem hafa verið — við skulum taka t.d. rafiðnaðarmanna — sem hafa verið innan Félags íslenskra símamanna en ekki í Rafiðnaðarsambandinu og verið þetta 10–20 þús. kr. lægri í launum vegna þess að þeir hafa verið í öðru réttindakerfi, m.a. notið biðlauna sem reyndar er búið að taka af mönnum núna í þeirri mynd sem var. Þeir koma ekki til með að hafa ávinnslurétt lífeyrisréttinda. Það er búið að skerða þann rétt. Hvernig hefur verið gengið frá samningum við þetta fólk? Hvernig á að tryggja réttindi þess? Hefur það verið rætt? Ég veit að það hefur ekki verið rætt. Ég veit það. Þess vegna þýðir ekkert að koma og segja: „Það er búið að ganga frá öllum þessum málum." Þetta var líka sagt hjá Strætisvögnum Reykjavíkur þegar SVR var gert að hlutafélagi. Það voru meira að segja send bréf með mikilli viðhöfn með leigubílum að kvöldi dags. Í skjóli nætur fengu allir starfsmenn bréf þar sem sagt var: „Það verða öll réttindi tryggð." Síðan vöknuðu menn ekki upp af vondum draumi fyrr en þeir fóru að fá launaumslagið og átta sig á því að þeir ekki aðeins lækkuðu í launum heldur voru réttindin einnig höfð af fólki. Það er ekki undarlegt þó fólk vilji fá það handfast hvað það er sem stendur til.

Það var fróðlegt að heyra hæstv. samgrh. skýra fyrir okkur hvernig á að bæta fólki upp sem áratugum saman hefur gegnt sama starfi og félagar þeirra í öðru réttindakerfi sem nú er búið að breyta, hvernig á að bæta það í samningum sem standa fyrir dyrum? Það er ekki byrjað að ræða þetta. Ég veit það. Mér er kunnugt um það. Síðan leyfa menn sér að koma í ræðustól á hv. Alþingi Íslendinga og bera fram þau ósannindi að það sé búið að ganga frá öllum þessum málum. Það er ekki búið að gera það. Það er búið að lýsa því yfir að menn vilji gera það. Það er allt annar handleggur. Þess vegna segi ég að það sé fráleitt annað en að þessu máli verði frestað. Ég vildi helst að það yrði tekin ákvörðun um að hætta við þessa ráðstöfun en að í það minnsta verði málinu frestað fram til haustsins þangað til búið verður að ganga frá þessum málum við starfsfólkið.

Menn hafa velt því fyrir sér hvað kalli á þessar breytingar. Það eru margir sem hafa talið að það sé fyrst og fremst spurningin um að gera fyrirtækið sveigjanlegra. Gera það betur í stakk búið til að mæta samkeppni og þar fram eftir götunum. En við höfum aldrei fengið rökin fyrir því hvað það er í ákvörðunum hjá Pósti og síma sem hefði þurft að vera öðruvísi. Hvað er það? Hvenær var það sem fjárveitingavaldið stóð í vegi fyrir mikilvægum ákvörðunum Pósts og síma? Hvað er það sem verður hægt að gera undir handarjaðri hæstv. samgrh. Halldórs Blöndals eins sem ekki er hægt núna þegar fulltrúar allra pólitískra aðila koma að málinu? Hvað er það sem kemur til með að breytast? Hvers vegna er verið að færa þessa stofnun, þessa dýrmætu stofnun á bak við tjöldin, inn undir pilsfaldinn hjá einum ráðherra, einu ráðuneyti? Hvað er það sem ekki þolir opinbera umræðu? Hvað er það sem ekki þolir skoðun? Hvers vegna á að takmarka almannaaðhaldið, aðhald frá almannavöldum og færa þessa stofnun undir fámennisstjórn? Menn verða að skýra þetta vegna þess að ég hef fært og margir aðrir sem hafa talað í þessu máli, mjög ítarleg rök fyrir því að það er ekkert við núverandi rekstrarform sem knýr á um þessar breytingar. Það er ekkert í alþjóðlegum skuldbindingum, ekkert. Það er ekkert á innlendum samkeppnismarkaði sem knýr á þetta en ég veit að það eru ýmsir aðilar sem banka fast á dyrnar. Það eru fjársterk fyrirtæki hér á markaði. En mín spá er sú að það sama muni gerast hér og hefur gerst erlendis þar sem menn hafa farið inn á þessa braut, þ.e. að tilkostnaðurinn við þessa svokölluðu samkeppni sem menn eru að fara inn á, verði mikill. Það er það sem er að gerast alls staðar. Eftirlitsiðnaðurinn allur, allar nýju eftirlitsstofnanirnar, það er nokkuð sem ber að hafa í huga auk þess náttúrlega sem þarna verður

þegar fram líða stundir veitt fjármunum frá samfélagslegri eign yfir á einkahendur. Það er náttúrlega hið alvarlega í þessu máli. Það eru þessi einkavinaveisluhöld sem ég tel að séu að hefjast með þessari ákvörðun.

Þau fyrirtæki sem best væru í stakk búin til að ná eignarhaldi á þeirri gullkú sem Póstur og sími er hafa í daglegu tali verið kennd við kolkrabba. Menn hljóta að spyrja sig hvort einkavæðing Pósts og síma muni leiða til enn meiri samþjöppunar á fjármagni og valdi í íslensku samfélagi en verið hefur og þykir þó flestum ekki á bætandi. En sönnunarbyrðin hvílir hjá hæstv. samgrh. Halldóri Blöndal sem ásamt allri ríkisstjórninni er ábyrgur fyrir þessari ákvörðun. Nú er það hans að svara því hvað það er sem knýr á um einkavæðingu Pósts og síma. Eru það alþjóðlegar skuldbindingar? Nei. Er það EES eða löggjöf Evrópusambandsins? Nei. Þar á bæ er verið að leggja bann við einkarétti á þjónustu ekki samfélagslegu eignarhaldi. Eru það kröfur samkeppnisráðs? Nei. Má ríkisfyrirtæki ekki eignast dótturfyrirtæki eða hlutafé í öðrum fyrirtækjum? Ekki er það svo. Hafa allar ákvarðanir Pósts og síma um fjárfestingar farið í gegnum nálarauga fjárln. við fjárlagasmíðina og þannig tafist? Nei. Koma nokkrar lagatæknilegar tálmanir í veg fyrir að stofnun eða fyrirtæki í eigu samfélagsins taki óhindrað þátt í markaðsviðskiptum og samkeppni? Nei. Hefur sein ákvarðanataka staðið í vegi fyrir tækniframförum hjá Pósti og síma? Nei. Verður auðveldara að tryggja þjónustuna við landsbyggðina eftir einkavæðingu? Nei, nema síður væri. Mun hinn almenni notandi hagnast á einkavæðingu? Nei, nema síður væri. Mun skattborgarinn hagnast á einkavæðingu? Nei, nema síður væri. Verður eftirlit með þeim miklu fjármunum og eignum sem almenningur á núna í Pósti og síma betur tryggt? Nei, því eftirliti mun hraka. Er líklegt að hlutir í Pósti og síma verði seldir þegar fram líða stundir þrátt fyrir yfirlýsingar í gagnstæða átt. Já, tvímælalaust. Munu stórfyrirtæki og fjármagnseigendur geta hagnast á því að eignast Póst og síma? Tvímælalaust. Er líklegt að sömu aðilar renni nú vonaraugum til þessarar arðbæru stofnunar? Já, það er mergurinn málsins. Þess vegna hljóta menn að spyrja hverra erinda hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin öll gangi í þessu máli. Að sjálfsögðu svarar hver fyrir sig hvað líklegt er í því efni en mér finnst mikilvægt að samgrh. og ríkisstjórn verði krafin svara. Við bíðum þess nú og væntum þess að fá svör frá hæstv. ráðherra og öðrum sem hafa talað fyrir einkavæðingu á Pósti og síma.

[12:27]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Umræðan um Póst og síma hefur nú staðið yfir alllengi og ég hef átt þess kost að taka þátt í henni bæði með ræðum og andsvörum og þarf því í sjálfu sér ekki að flytja langt mál nú að öðru leyti en því að til mín hefur verið beint nokkrum spurningum sem andsvör rúmuðu ekki að svara. Þess vegna er bæði ljúft og skylt að koma inn á þau efnisatriði ef þau mættu verða til þess a.m.k. að skýra þau sjónarmið sem liggja að baki hjá mér og ég hygg meiri hluta samgn. og raunar þeirra annarra sem hafa áhuga á því að breyta formi Pósts og síma.

Ég er hins vegar ósammála og ósáttur við það innlegg sem mér fannst koma fram í lok ræðu hv. 17. þm. Reykv. hér áðan þegar hann spurði hverra erinda menn gengu þegar verið væri að formbreyta Pósti og síma. Mér finnst eins og í þessari spurningu felist að það sé ekki heiðarleg hugsun á bak við formbreytinguna á Pósti og síma. (**ÖJ:** Það er rétt mat.) Það er rétt mat, segir hv. þm. Ég held að í því felist ásökun sem á sér enga stoð. Ég held að það væri miklu gagnlegra fyrir þetta mál að við ræddum það einfaldlega efnislega eins og hefur gert í þessari umræðu og hv. þm. hefur gert í þessari umræðu en að menn séu ekki að gefa sér fyrir fram að á bak við hugmyndina um að formbreyta Pósti og síma liggi annarlegar hugsanir alveg eins og mér dettur ekki í hug að á bak við sjónarmið hv. þm. liggi annarlegar hugsanir eða annarlegar skoðanir. Ég held að á bak við sjónarmið hv. þm. liggi einfaldlega sannfæring hans um að það sé betra að skipa þessum málum þannig að hér eigi að vera rekin áfram meira og minna óbreytt stofnun, Póst- og símamálastofnun eins og hún hefur verið undanfarin ár. Það er að vísu dálítið önnur áhersla en hjá t.d. hv. þm. Ragnar Arnalds, fulltrúa Alþb. og óháðra í samgn. Alþingis, sem opnaði mjög á þá umræðu í 1. umr. málsins og ég hygg líka í 2. umr., að skoða önnur rekstrarform ef það mætti verða til þess að gera félagið öflugra og sterkara.

Það eitt, virðulegi forseti og hv. þm., liggur á bak við það sjónarmið okkar sem stöndum að því að vilja formbreyta Pósti og síma að við viljum tryggja hér áfram öflugt fjarskiptafyrirtæki og póstdreifingarfyrirtæki eins og verið hefur. Það hefur margoft komið fram hjá mér í þessari umræðu og margoft komið fram hjá hæstv. samgrh. og öðrum talsmönnum stjórnarmeirihlutans í þessu máli. Mér finnst þess vegna ekki sanngjarnt að hv. þm. láti í veðri vaka að í okkar huga bærist einhverjar aðrar hugsanir en einmitt þær sem við höfum verið að tjá okkur um í ræðustóli á Alþingi.

Það er ekki rétt sem hv. þm. margklifaði á í ræðu sinni í þessu máli í 2. umr. að ég hafi ekki flutt einhver rök fyrir nauðsyn þess að formbreyta Pósti og síma önnur en þau að þannig hafi þetta verið gert í útlöndum og þess vegna sé best að gera þetta eins hér. Það er alls ekki rétt að það hafi verið einu rökin sem hafa verið flutt fyrir þessu. Ég vakti að vísu athygli á þeirri staðreynd að Póstur og sími er líklega síðasta fjarskiptafyrirtækið af þessu tagi á hinu Evrópska efnahagssvæði sem gengur í gegnum þetta ferli. Árið 1990 voru það að ég hygg tvö fjarskiptafyrirtæki, ríkisfyrirtæki sem hafði verið formbreytt með einhverjum hætti. En núna munu það vera þau öll nema Póstur og sími sem væntanlega verður breytt í hlutafélag um næstu áramót ef þetta frv. gengur eftir. Þetta voru svona almennar upplýsingar. En ég spurði líka: Er ekki mjög líklegt að þegar við komum inn í alþjóðlega samkeppni þá séu það ákveðin rök í málinu, rök reynslunnar frá öðrum þjóðum sem gera það að verkum að við segjum að það séu rök í sjálfu sér að breyta Pósti og síma í hlutafélag úr því að önnur lönd hafa gert það?

En ég rakti ýmislegt annað. Það gerði ég raunar líka í máli mínu þegar ég var að fylgja úr hlaði tillögum meiri hluta samgn. Ég vakti t.d. athygli á því að um hlutafélagaformið er mjög vandaður lagarammi sem við þekkjum. Þetta er það fyrirtækjaform sem örugglega er búið að þróa langsamlega mest og best hér á landi. Menn hafa verið að velta vöngum yfir því t.d. hvort ekki mætti hafa hér einhvers konar sjálfseignarstofnun um Póst og síma. Það er ein hugmyndin sem skaut upp kollinum og er t.d. reifuð í áliti minni hluta samgn. Menn hafa jafnvel verið að vísa til Hafrannsóknastofnunar og Landsbankans sem einhverra fyrirmynda varðandi rekstur Pósts og síma. Ég segi fyrir mig og ég tel það fullkomlega boðleg rök að benda á að þetta form, hlutafélagaformið, er auðvitað það form sem er langsamlega algengast og hefur gefist best almennt við uppbyggingu fyrirtækja sem starfa á samkeppnissviði. Lykilatriði í þessu sambandi er sú stað-

reynd að fyrirtækið Póstur og sími er nú sem óðast að fara inn í umhverfi miklu meiri samkeppni en áður var. Það hefur verið samkeppni og henni hefur verið mætt með ýmsum hætti en stóra málið er samt sem áður það að fram undan er miklu meiri samkeppni á öllum sviðum og við þurfum þess vegna að gera fyrirtækið sem öflugast og sem best í stakk búið til að mæta þessari samkeppni. Spyrjum okkur sjálf: Hvernig býr íslenskt atvinnulíf sig almennt undir það að taka þátt í samkeppni og bregðast við samkeppni? Hvernig setja menn sig niður þegar reynt er að glíma við samkeppni? Er líklegt t.d., virðulegi forseti, að menn muni leita fyrirmyndar í stofnun eins og Póst- og símamálastofnun í uppbyggingu Póst- og símamálastofnunar? Nei, reynslan sýnir okkur það hér í þessu þjóðfélagi að allt það fólk, þær þúsundir Íslendinga sem reka fyrirtæki og koma að rekstri fyrirtækis með einum eða öðrum hætti, skipuleggja almennt séð fyrirtæki sín út frá hlutafélagaforminu og sjá ekkert athugavert við það. Þvert á móti. Tugþúsundir Íslendingar eru hluthafar í slíkum fyrirtækjum og telja það ekkert óeðlilegt í sjálfu sér að félög og fyrirtæki séu byggð upp samkvæmt hlutafélagaforminu.

Ég benti líka á það í fyrstu ræðu minni að samkeppnislögin gætu auðveldlega knúið Póst og síma til að losa sig jafnvel frá veigamiklum þáttum í rekstri sínum að öllu óbreyttu. Þess vegna væri mjög þýðingarmikið af sjónarhóli okkar sem viljum hafa þetta félag sem allra öflugast til að taka þátt og bregðast við hinni alþjóðlegu erlendu samkeppni að félagið byggði sig upp með þessum hætti.

Í þriðja lagi benti ég á að Póstur og sími þarf að geta tekið þátt í skyldum rekstri. Ég benti t.d. á það í einhverju af andsvörunum undir umræðunni að í grein sem mjög hefur verið vitnað til í þessari umræðu eftir Bergþór Halldórsson, yfirverkfræðing hjá Pósti og síma, vekur hann athygli á því að fyrirtæki í fjarskiptarekstri í einstökum löndum hafa brugðist við hinni nýju og yfirvofandi samkeppni fyrst og fremst með því að taka þátt í samvinnu við önnur fjarskiptafyrirtæki annars staðar í heiminum. Það er reglan. Það er ljóst og ég hygg að það sé ekki umdeilanlegt að þótt núverandi rekstrarfyrirkomulag Pósts og síma hafi út af fyrir sig ekki gefist illa, það hefur tekist mjög vel til með rekstur Pósts og síma og ég hef margoft tekið það fram, þá er þetta rekstrarfyrirkomulag engu að síður hamlandi fyrir samvinnu af því tagi sem fjarskiptafyrirtækjum í heiminum í dag er nauðsynleg. Það er hamlandi fyrir ríkisstofnun sem Póst og síma að taka þátt í slíku alþjóðlegu samstarfi. Það hefur reynslan einfaldlega leitt í ljós. Það hygg ég, virðulegi forseti, að sé ein meginástæðan fyrir því að löndin í kringum okkur hafa farið inn á þessa braut og hafa komist að þeirri niðurstöðu að þessi þróun væri óhjákvæmileg.

Síðan voru það hin fjórðu almennu rök sem hér hafa oft verið nefnd um styttingu boðleiða og að gera fyrirtæki kleift að bregðast sem skjótast við. Það kom t.d. fram í máli hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssonar, sem þekkir mjög vel til í Sementsverksmiðju ríkisins hf. sem var formbreytt fyrir nokkrum árum, að reynslan hefði orðið sú að nákvæmlega þetta hefði gerst í því ágæta fyrirtæki sem ég held að menn hafi á sínum tíma ekki efast um að hafi verið vel rekið. Ég man a.m.k. ekki eftir því að það hafi verið sérstaklega um það talað hér í umræðunni að það hafi verið illa rekið. Menn töldu hins vegar með almennum rökum að þetta væri heppilegra fyrir það fyrirtæki vegna þess m.a. að það væri að komast inn í alþjóðlegt umhverfi og meiri samkeppni að bregðast við með formbreytingu af þessu tagi. Þetta eru rök sem ég, virðulegi forseti, nefndi í ræðum mínum og ég held þess vegna að það sé rangt sem hér var haldið fram af hv. 17. þm. Reykv. að það hafi ekki verið gerð tilraun til að færa efnisleg rök fyrir þessari formbreytingu. Þetta eru heiðarleg rök af minni hálfu, hv. þm. Það býr ekkert annað á bak við. Allar hugleiðingar um að þetta sé — herra forseti, ég biðst afsökunar — djöfullegt plott af hálfu einhverra þingmanna og stjórnarmeirihlutans um að koma þessu fyrirtæki síðan í hendurnar á einhverjum ótilgreindum aðilum í þessu þjóðfélagi eru firra. Það býr auðvitað ekkert slíkt að baki. Enda vek ég athygli á því að í frv. er bókstaflega gert ráð fyrir því að þetta sé ákvörðun Alþingis um sölu þessa fyrirtækis. Það er því auðvitað ekki á færi eins eða tveggja manna að breyta því.

Hér hefur verið margoft vitnað til Hreins Loftssonar, formanns einkavæðingarnefndar ríkisins. Þótt hann hafi ýmislegt gott til málanna að leggja á öðrum sviðum er ég honum alveg ósammála um það að formbreytingin skipti ekki máli. Ég lýsi mig ósammála því og er ekki einn á báti um það. Enda vitnar hann til þess að ýmsir haldi því fram að formbreyting ein og sér skipti máli en hann er annarrar skoðunar. Ég er ósammála honum um þetta. Ég tel að formbreytingin í sjálfu sér skipti máli. Það getur vel verið að það sé hans prívat sjónarmið að það eigi t.d. að búta þetta fyrirtæki niður. Mig minnir að það sé hans sjónarmið og það hafi komið fram í þessu BSRB-viðtali. Ég er mjög ósammála því. Eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu þá held ég að það sé einmitt grundvallaratriði hér í þessu sambandi að reyna að styrkja og treysta þetta fyrirtæki þannig að við getum nýtt hagkvæmni stærðar þess til að taka þátt í hinni alþjóðlegu samkeppni.

Það hefur oft í þessari umræðu, m.a. af hv. 14. þm. Reykv., verið vikið að því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í brtt. meiri hluta nefndarinnar, þ.e. að það eigi að vera þriggja manna undirbúningsstjórn sem annast undirbúningin að sjálfri formbreytingunni. Menn hafa svona ýjað að því að þetta gæti verið eitthvað tortryggilegt, það sé verið að færa þessari nefnd í hendur óeðlilegt vald. Þessu mótmæli ég mjög harkalega. Ég vek athygli á því að í brtt. meiri hlutans er gert ráð fyrir því að þessari nefnd sé fært í hendur tiltekið afmarkað vald til að undirbúa sjálfa stofnunina og takast á hendur nauðsynlega löggerninga og löggerningar eru í flestum tilvikum samningar sem nauðsynlegir eru til að sjálf stofnun félagsins geti farið fram. Við skulum segja að sú ákvörðun hefði t.d. verið tekin eða sú aðferð hefði verið valin að stofna félagið strax og setja því stjórn. Það gat alveg komið til álita. Það var t.d. einn af þeim kostum sem var ræddur í samgn. Alþingis. Það hefði þýtt að sú stjórn hefði haft mun víðtækara vald. Þannig að þeir sem tala hér um eitthvert óeðlilegt valdaafsal til þriggja manna undirbúningshóps geta a.m.k. ekki með sömu hugsuninni leitt að því rök að það hefði verið skynsamlegra að stofna félagið, setja því stjórn og afhenda þessari stjórn mikið vald.

Það sem kom fram í máli starfsmanna Pósts og síma í viðræðum við okkur í samgn. var að þeir sögðu að það vantaði á það að menn hefðu nægilegt vald og nægilegt umboð til að semja við starfsmenn. Það er út af fyrir sig alveg rétt vegna þess að auðvitað er það þannig að við erum hér að undirbúa stofnun nýs félags. Félagið hefur ekki verið stofnað, það er ekki einu sinni búið að setja lögin sem gera mönnum kleift að stofna félagið. Það er því mjög óeðlilegt og raunar óframkvæmanlegt að skuldbinda fram í tímann óstofnað félag.

Það sjá allir. Þess vegna er einmitt svo mikilvægt að skapa undirbúningsstjórninni svigrúm og heimildir til að ganga til samninga við starfsmenn um hluti sem nauðsynlegt er að ganga til samninga um. Ég hef haldið því fram að búið sé að ganga frá málum eins og kostur er við þessar aðstæður. Ég hef aldrei haldið því fram að það sé búið að semja fram í tímann. Það sem ég ætla að vísa til er þetta og ég held að það sé nauðsynlegt að ég fái að útskýra það:

Í fyrsta lagi varðandi áunnin réttindi þá kemur fram í 1. mgr. 8. gr. frv. áskilnaður um að hin áunnu réttindi skuli halda sér. Það kemur skýrt fram hér, miðað auðvitað við þann lagaramma sem er á hverjum tíma.

Í öðru lagi hefur verið bent á að í gildi eru ný lög frá árinu 1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti í fyrirtækjum þar sem mælt er fyrir um þær meginreglur sem gilda um réttindi starfsmanna við aðilaskipti. Þetta eru klárlega aðilaskipti. Hvað segir þar? Þar segir m.a. í 2. gr. að nýr eigandi skuli takast á hendur, með leyfi virðulegs forseta, „réttindi og skyldur fyrri eiganda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verði sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda." Þetta er mjög skýrt, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Hann rennur út um áramót.) Samningurinn rennur út um áramót. Og þegar nýtt félag hefur starfsemi tekur það við skuldbindingum gamla félagsins. Það er það sem þessi 2. gr. laganna kveður á um. Þrátt fyrir formbreytingu Póst- og símamálastofnunar er ljóst að núverandi kjarasamningar starfsmanna halda gildi sínu þar til öðruvísi er um samið. Þetta rakti ég mjög nákvæmlega í ræðu minni þegar ég fylgdi úr hlaði áliti meiri hluta samgn. Hér er ekki verið að reyna að draga dul á neitt. Það var rakið mjög nákvæmlega hvernig færi með lífeyrisskuldbindingarnar og vísað til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eins og þau eru núna. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um lífeyrissjóðinn á starfsmaður við niðurlagningu stöðu rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld miðað við þau laun sem hann hafði við niðurlagninguna. Síðan segir: „Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram." Þetta rakti ég allt rækilega við 2. umr. þegar ég fylgdi hér úr hlaði, virðulegi forseti, breytingartillögum meiri hlutans. Síðan rakti ég jafnframt hvernig kveðið er á um þetta í orlofslögum og um orlofsréttinn sem bæði er kveðið á um lögunum og menn eru auðvitað bundnir af og kjarasamningum sem gilda þar til nýir kjarasamningar eru gerðir. Í öðru lagi er fæðingarorlof þar sem gilda bæði lög og reglugerð. Ég vakti athygli á því að um sértæk fæðingarorlofsréttindi yrði að fjalla í komandi samningum en hann mundu gilda þar til nýir samningar yrðu gerðir og svipað væri um veikindarétt opinberra starfsmanna, þar héldust áunnin réttindi. Síðan er gert ráð fyrir því í lögum um réttindi opinberra starfsmanna að um veikindaréttindi opinberra starfsmanna verði fjallað í kjarasamningum.

Virðulegi forseti. Ef farið er grannt yfir þessi mál þá held ég að ég hafi svarað þeim spurningum sem var beint sérstaklega til mín varðandi þetta frv. Ég held að ég hafi ekki gleymt neinu sem má segja að hafi verið spurningar til mín. Ég var reyndar búinn að svara ýmsum af þeim spurningum í andsvörum.

[12:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður gefst ekki tími í stuttu andsvari til að fara út í ítarlega umræðu þannig að ég ætla aðeins að stikla á stóru. Ýmsir stjórnarandstöðuþingmenn og þar á meðal hv. þm. Ragnar Arnalds hafa gert tillögur um að aðrar leiðir verði skoðaðar. Sjálfseignarstofnun eða aðrar leiðir til að tryggja að um verði að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins. Við höfum vakið máls á því að danski pósturinn hafi verið gerður að fyrirtæki í eigu ríkisins þótt reyndar verði hugsanlega breyting á því fyrirkomulagi þannig að menn hafa verið opnir fyrir því að skoða aðrar leiðir í því efni. Ég vitnaði t.d. í þá leið sem Frakkar hafa farið núna gagnvart starfsmönnum. Allt þetta er ounnið og óathugað af okkar hálfu.

Það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði um réttindi starfsmanna styrkir mig enn í þeirri afstöðu að það beri að fresta málinu fram á haustið vegna þess að öll þessi réttindi sem hann vísar í eru ótryggð. Það á eftir að ganga frá þessum málum. Menn verða að skilja að fólk er að fara úr einu réttindakerfi, út úr tilteknum lagabálki og inn í annað réttindakerfi. Hann vitnar sérstaklega í lífeyrismálin. Þar er það svo að menn munu halda réttinum til að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins án þess að njóta sömu ávinnsluréttinda og þeir búa við í dag. Það er það sem breytist. Þetta er mjög stórt og veigamikið atriði. Ég tel að það væri hægt að ganga frá þeim málum með sérstakri löggjöf. Ég er þeirrar skoðunar. En þau mál verður að skoða og ræða.

Aðeins í örstuttu máli. Hv. þm. nefndi rök reynslunnar frá öðrum þjóðum og það er einmitt það sem ég reyndi að gera í máli mínu. Reynslan frá öðrum þjóðum er einmitt ekki svo góð. Eg ég á vonandi rétt á að koma aftur upp í andsvari og mun nýta mér þann tíma.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 527. mál, nál. utanrmn., þskj. 1148.

Tekjuskattur og eignarskattur, 421. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1145.

Tekjuskattur og eignarskattur, 449. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1146; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1147.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Þjónustusamningur við landssamtökin Heimili og skóla.

[13:32]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Okkur þingmönnum hefur borist bréf frá landssamtökunum Heimili og skóli sem mig langar að gera að umtalsefni og leggja fyrir spurningu til hæstv. menntmrh.

Í bréfinu segir m.a.:

„Í þrjú ár hafa landssamtök foreldra, Heimili og skóli, starfað svo til án stuðnings frá opinberum aðilum. Samtökin fengu 300.000 kr. á fjárlögum 1996 sem er óbreytt upphæð

frá fyrra ári og er sama upphæð og Golfklúbbur Skagastrandar fær til að byggja áhaldageymslu. Ef stjórnmálamönnum er alvara með að vilja auka ábyrgð og áhrif foreldra í skólamálum, samanber grunnskólalög og flutning grunnskólans til sveitarfélaga, verður að koma til meiri stuðningur við foreldrahreyfinguna í landinu."

Síðan segir í þessu bréfi:

„Ekki er eftirsóknarvert að benda fleiri samtökum á ríkisjötuna í þeirri mynd sem nú tíðkast."

Síðan er lögð til ákveðin lausn sem er svokölluð samningsstjórnun og lögð fram sú hugmynd að gerður verði þjónustusamningur milli landssamtaka foreldra, Heimilis og skóla, og menntmrn. t.d. til þriggja ára. Mér er kunnugt um að þessi hugmynd hefur verið kynnt fyrir menntmrh. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi í hyggju að gera þjónustusamning milli landssamtaka foreldra, Heimilis og skóla, og menntmrn. eða eitthvað annað til að styðja við foreldrahreyfinguna í landinu.

[13:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef átt góð samskipti við Heimili og skóla og fleiri samtök foreldra sem hér starfa. Það sem er að gerast á þeim vettvangi núna er það að ég held að Heimili og skóli og foreldrasamtökin séu að taka höndum saman um skipan starfa sinna með nýjum hætti. Menntmrn. hefur styrkt ákveðin verkefni, útgáfu á fræðslubæklingum og annað slíkt sem tengist m.a. flutningi grunnskólans þannig að samstarf við þessa aðila er ágætt. Hvort það verður gerður þjónustusamningur ætla ég ekki að fullyrða um. Ég hef ekki léð máls á því en ég hef fullan hug á að eiga gott samstarf við þetta aðila og mun halda því áfram eftir því sem fjármunir og tök leyfa og verkefni hverju sinni.

[13:35]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör og tek undir að ég tel að það sé mjög brýnt við þessar aðstæður þegar flutningur grunnskólans er að eiga sér stað að foreldrasamtökin í landinu verði efld því það þarf að sinna fræðslu til foreldra og sjá til að þeir fái ákveðin gögn. Ég styð það heils hugar að menntmrh. eða yfirvöld styðji þessi samtök þó vissulega verði það að vera ljóst að þessi samtök verða að vera frjáls og óháð en ekki undir hælnum á ríkisvaldinu. En *ég geri ekki ráð fyrir að stuðningur til frjálsra félagasamtaka* af þessu tagi þurfi að þýða það.

Verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar.

[13:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Núv. ríkisstjórn gaf út stefnuyfirlýsingu 23. apríl 1995. Það er lítið kver upp á 8 síður í A-5 broti. Í lok stefnuyfirlýsingarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. mun láta útbúa verkefnaskrá fyrir einstök ráðuneyti þar sem gerð verður grein fyrir þeim verkefnum sem ríkisstjórnin hyggst ljúka á kjörtímabilinu. Verkefnaskráin verður lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1995."

Haustþing er liðið og langt liðið á vorþing 1996 en ég hef ekki séð þessa verkefnaskrá birtast á þingi og reyndar ekki utan þings heldur. Við fengum í haust aðeins hefðbundinn lista yfir stjórnarfrumvörp sem fyrirhugað væri að flytja á þinginu og það er auðvitað allt annað efni. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Hvað veldur því að stjórnarflokkarnir hafa ekki staðið við þennan lið í stefnuyfirlýsingu sinni? Auðvitað væri það forvitnilegt fyrir okkur að vita hvað stendur til þó við gleðjumst ekki alltaf þegar málin koma hér fram frá ríkisstjórninni. Þessi stefnuyfirlýsing í upphafi var afskaplega knöpp og fáorð. Því reiknuðum við með því ekki ósvipað og gerðist í tíð fyrri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem lagði fyrir kverið Velferð á varanlegum grunni til viðbótar við almenna stefnuyfirlýsingu. Það var kver upp á 45 blaðsíður og hafði að geyma allítarlega lýsingu á verkefnum einstakra ráðuneyta. *Nú veit ég að vísu að Framsfl. virðist hafa skrif*að upp á svona óútfyllta stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og kannski óbreytta stefnu frá því var í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þetta skýrist kannski af svari hæstv. forsrh. hvernig þessu víkur við.

[13:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Báðir stjórnarflokkarnir komu jafnt að mótun stefnuyfirlýsingarinnar. Framsfl. ekki síður, sem vonlegt er, nýkominn ferskur úr stjórnarandstöðu. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það stóð til að slík verkefnaáætlun yrði samin og birt. Það varð síðan sameiginleg niðurstaða stjórnarflokkanna á haustdögum að falla frá því þannig að hún verður ekki birt. Stefnuyfirlýsingin, sem núverandi stjórnarflokkar starfa eftir er, þó stutt sé, hygg ég fjórum til fimm sinnum lengri en sú sem við störfuðum eftir í fyrri stjórn þannig að hún er heldur ítarlegri og því ekki eins brýn þörf á að efna til starfslýsingar og til stóð á þessum apríldögum sem hv. þm. nefndi.

[13:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var sannarlega komið mál til að hæstv. forsrh. upplýsti þingið um að það hefði verið hætt við að leggja fram á þingi verkefnaskrá yfir efni sem ríkisstjórnin hyggst ljúka á kjörtímabilinu. Það hafi einfaldlega gufað upp og það hafi verið samstaða um það hjá stjórnarflokkunum. Við munum það vissulega að ekki var ítarleg fyrsta yfirlýsingin frá Viðey 1991. Það var þó bætt úr með því kveri hér á 45 síðum. En Framsfl. er svo lítilþægur að hann ætlar bara að una við það sem hér stendur og skrifa í leiðinni upp á þann stefnugrunn sem lagður var af Alþfl. og Sjálfstfl. í fyrri ríkisstjórn. Ég hef tekið eftir því, virðulegur forseti, að einstakir ráðherrar framsóknarmanna eins og hæstv. umhvrh., vísa í frv. sínum til stefnu fyrri ríkisstjórnar.

Rekstur sjúkrahúsanna í Keflavík og Hafnarfirði.

[13:41]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. vegna niðurskurðar á sjúkrahúsi Keflavíkur og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Það liggur fyrir að um miklar sumarlokanir verður að ræða á þessum stofnunum og t.d. verður handlækningadeild St. Jósefsspítala lokuð í átta vikur í sumar sem er tveim vikum lengur en sl. sumar. Þar bíða nú þegar um 500 manns eftir aðgerð. Auk þess verður $^1/_3$ hluta af lyflækningadeild lokað allt yfirstandandi ár. Margir þeirra sjúklinga sem bíða eftir sjúkrahúsplássi eru óvinnufærir meðan þeir fá ekki sjúkrahúsþjónustu og hefur þjóðfélagið mikinn kostnað af þessum biðlistum þó þeir peningar fari ekki beint út af fjárveitingum spítalanna. Ég spyr hæstv. heilbrrh. hvenær eigi að fara að skoða þessi útgjöld í samhengi. Auk þess

spyr ég hvort öryggi sjúklinga sé ekki stefnt í voða með svo miklum niðurskurði á þessum sjúkrahúsum. Er ætlunin að halda áfram á þessari niðurskurðar- og lokunarbraut?

Ég minni einnig á að forsvarsmenn sjúkrahússins í Keflavík telja sig hafa fengið fyrirheit í tengslum við gerð minnisblaðs um frestun byggingar B-álmu um að uppsafnaður halli sjúkrahússins yrði greiddur. Það hefur ekki gengið eftir nema að hluta. Er von á því að það sem á vantar verði greitt fljótlega?

[13:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Þetta er spurning í nokkrum liðum hjá hv. þm. og mun ég svara þeim.

Hún spurði síðast um Sjúkrahús Suðurnesja um uppgjör á halla síðustu ára. Það hefur verið halli undanfarin þrjú ár á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Það var samkomulag um að heilbrrn. mundi greiða upp þann halla. Nú þegar hefur verið greitt upp að mig minnir 30 millj. kr. en hallinn er í kringum 70 millj. kr. Á þessu ári mun sá halli verða greiddur upp. Það er líka í beinu samkomulagi við annað sem þar á að gera. Varðandi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að handlæknisdeildin þar verður lokuð í átta vikur. Stjórn sjúkrahússins hefur tekið þá ákvörðun að loka handlæknisdeildinni. Eins og menn vita er sumarfrí hjá starfsfólki í 6–8 vikur og þeir telja réttara að loka deildinni en að vinna samhliða á handlæknis- og lyflæknisdeild. Jafnframt talaði hv. þm. um þann langa biðlista sem væri á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og talaði þá um 500 manns sem gætu ekki stundað atvinnu sína vegna þess að þeir væru að bíða eftir aðgerð. Við munum biðja um alla þessa biðlista sem eru á sjúkrahúsunum og við munum reyna að sinna þeim eftir bestu getu vegna þess að það er opið annars staðar líka. Mér skilst að aðalbiðlistinn sé á kvensjúkdómadeild. En það er ekki biðlisti á kvensjúkdómadeildinni á Ríkisspítölunum. Við getum að öllum líkindum annað þeim sjúklingum sem bíða eftir aðgerð á St. Jósefsspítala.

[13:45]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega gleðiefni, hæstv. heilbrrh., að þessi uppsafnaði halli hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja skuli verða greiddur nú á árinu. Ég veit að margir gleðjast við að heyra þau tíðindi.

Fyrir nokkrum árum voru 60% sjúklinga, sem þurftu á sjúkrahúsvist að halda hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, læknaðir þar. Nú er þetta komið niður fyrir 40%. Þetta er vegna þess að það hafa verið miklar lokanir og þrengingar á þessu sjúkrahúsi þrátt fyrir að það liggi fyrir skjalfest núna af sérstökum tilsjónarmanni sem var sendur á sjúkrahúsið að sjúkrahúsið er afar hagkvæm eining og það er mjög lágur kostnaður á legudag miðað við önnur sjúkrahús. Það hlýtur að þýða að það er mjög dýrt að þurfa að vísa sjúklingum þaðan inn á miklu dýrari sjúkrahús vegna sumarlokana.

[13:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. kom inn á áðan að sjúklingar á Suðurnesjum leituðu fremur til Reykjavíkur en á sjúkrahúsið í Keflavík þá er það þannig að sjúkrahúsið í Keflavík hefur sérhæft sig mjög í fæðingarhjálp og kvensjúkdómalækningum og lýtalækningum undanfarin ár. Aftur á móti fara margir sjúklingar héðan af þessu svæði til lýtalæknis til Keflavíkur og einnig fara margir sjúklingar af Reykjavíkursvæðinu til Keflavíkur til beinasérfræðings. Þetta flæði fer eftir sérhæfingu sjúkrahúsa, þá er ekkert endilega bundið við það að Suðurnesjamenn fari á sjúkrahúsið í Keflavík eða Reykvíkingar á þessu svæði.

Aðgerðir stjórnvalda gegn grænfriðungum o.fl.

[13:47]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Grænfriðungum tókst með undraverðum hætti að koma í veg fyrir allar hvalveiðar hverju nafni sem þær nefnast ef frá eru taldar frumbyggjaveiðar eskimóa. Veiði á hvölum virðist ekki vera á dagskrá 10 árum seinna þrátt fyrir að hvalastofnar séu stórir og alls ekki í útrýmingarhættu. Það nýjasta sem öfgasamtök af þessu tagi eru að gera er að berjast gegn veiðum á bræðslufiski eins og síld og loðnu. Þar virðast þessi samtök ná verulegum árangri strax og hefur tekist að neyða Unilever til að hætta notkun lýsis í framleiðslu sína. Unilever notar um 10–15% af allri lýsisframleiðslu heimsins í vörur sínar. Þeir hyggjast nýta sér sojaolíu í staðinn fyrir hana og er reyndar um mun dýrari vöru að ræða þar en lýsi.

Þetta þýðir að lýsisframleiðendur, þar á meðal íslenskir lýsis- og mjölframleiðendur, þurfa að leita sér nýrra kaupenda í stað Unilever. Grænfriðungar hafa neytt fleiri fyrirtæki til að hætta að kaupa lýsi úr bræðslufiski og er nýjasta dæmið kexframleiðandinn United biscuits og næst er það Heinz, Coop o.s.frv.

Herra forseti. Þetta er uggvænleg þróun fyrir okkur Íslendinga og algerlega úr takt við þá fiskverndarstefnu sem íslensk stjórnvöld hafa rekið. Loðnustofninn er í miklum uppgangi og síldin einnig. Ef litið er á þetta frá þjóðhagslegu sjónarmiði er heildarveiði íslenska flotans á síðasta ári 1.650 tonn upp úr sjó. Þar af er bræðslufiskur 945 þús. tonn eða 58,5% af öllum fiski úr sjó. Flutt voru út í fyrra 173 þús. tonn af mjöli og 90 þús. tonn af lýsi. Í útflutningsverðmætum er lýsi og mjöl 7,6 milljarðar kr. eða 8,7% af útflutningsframleiðslu sjávarafurða. Markaður fyrir 8,7% af útflutningsframleiðslu þjóðarinnar er í hættu með sama áframhaldi og afkoma alls loðnu- og síldarflotans og loðnuverksmiðja og byggðarlaga um leið ef ekkert verður að gert.

Herra forseti. Vegna þess vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ráðuneyti hans sé með einhver áform á prjónunum til að bregðast við þessum áróðri öfgasamtaka gegn eðlilegum veiðum og vinnslu sjávarafla. Ég spyr einnig hvort ríkisstjórnin muni hafa frumkvæði að viðræðum við þær þjóðir heims sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu tilliti eins og Perúmenn, Chilebúa, nú og Dani, Norðmenn og fleiri. (Forseti hringir.) Að mínu mati er mjög nauðsynlegt að bregðast við þessum árásum strax og best ef hægt væri að ná saman öllum þeim þjóðum sem hagsmuna hafa að gæta. Það mun auka slagkraftinn á alþjóðavettvangi sem þarf að vera nægjanlega sterkur svo þessum árásum linni og áður en þessi ofstækissamtök grænfriðunga og fleiri komast lengra upp eftir baki fiskveiðiþjóða.

(Forseti (ÓE)**:** Forseti biður ræðumenn um að sýna hver öðrum tillitssemi. Það eru fleiri sem hafa beðið um orðið en geta fengið orðið og ef ekki er gætt tímamarka falla fleiri af.)

[13:50]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég hef á síðustu vikum átt samtöl við nokkra af helstu forustumönnum útflytjenda sjávarafurða um þessi

nýju viðhorf sem hv. þm. minntist á. Í framhaldi af því er í undirbúningi að ráðuneytið beiti sér fyrir því að koma á fót sérstökum starfshópi í samvinnu við útflytjendur til þess að fjalla um þetta viðfangsefni og hvernig skynsamlegast er að bregðast við því af Íslands hálfu.

Það er ljóst að við getum vænst þess í vaxandi mæli að umhverfissamtök bregðist þannig við að þau reyni að knýja fiskkaupendur til þess að draga úr kaupum. Þar er fyrst og fremst verið að setja fram kröfur um það að fiskveiðar fari fram með sjálfbærum hætti og að umgengni um fiskveiðiauðlindir sé ábyrg. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að geta fullnægt slíkum kröfum. Vandinn er hins vegar sá að í mörgum tilvikum vilja samtök af þessu tagi setja sér eigin mælikvarða og vísa þá á bug almennt viðurkenndum vísindalegum staðreyndum í þessu efni og fyrst og fremst það getur valdið okkur erfiðleikum. Nýlegt dæmi af því tagi er afstaða bresku ríkisstjórnarinnar sem hefur alfarið hafnað öllum vísindalegum sjónarmiðum varðandi nýtingu hvalastofna þvert á alþjóðasamþykktir. Þessi tilhneiging nær ekki einasta til afurða sem notaðar eru í mjöl- og lýsisframleiðslu. Verndunarsamtök af þessu tagi hafa einnig tekið upp viðræður við fiskkaupendur varðandi bolfisk og annan fisk og þess vegna er um að ræða mjög víðtækt verkefni sem við þurfum að takast á við.

[13:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans. Þetta mál snýr mörgum hliðum að okkur líka og ég vildi aðeins koma inn á annað sem gæti verið okkur áhyggjuefni, en það er að við séum að færa grænfriðungum vopn í hendur í árásum á okkur sem fiskveiðiþjóð. Í sjónvarpinu í gær var sýndur þáttur um veiðar úthafsveiðiskipa þar sem kom fram að þau henda rúmlega helmingnum til baka af öllum þeim afla sem kemur inn fyrir og í formi afskurðar ef svo mætti segja.

Það er mjög alvarlegt mál í mínum huga að þetta skuli vera gert og í rauninni einmitt það sem við ættum að varast, að færa þessum samtökum þetta vopn sem þau geta beitt í sjálfu sér með nokkrum rétti. Því langar mig til að heyra hvort hæstv. sjútvrh. hefur ákveðið einhverjar sérstakar reglur í þessu efni þannig að úthafsveiðiskipin verði skylduð til þess að koma með allan afla að landi hverju nafni sem hann nefnist.

[13:54]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek alveg undir það sjónarmið að það er mjög mikilvægt að við sýnum fulla ábyrgð í nýtingu auðlindarinnar og umgengni um hana. Við eigum þess vegna að geta staðið framar öðrum þjóðum í þessum efnum og við eigum að geta fullnægt þeim kröfum sem verið er að gera á mörkuðunum og við eigum að setja okkur það markmið að standa framar öðrum í þessu efni. En það eru vissulega brotalamir í þessu efni í veiðum okkar. Hér hefur verið minnst á veiðar á úthafskarfa og í hversu ríkum mæli fiski er hent þar og það er eitt af þeim viðfangsefnum sem við þurfum að takast á við í framhaldi af því að Alþingi samþykki löggjöf um veiðar okkar utan lögsögumarkanna.

[13:55]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. er að kanna þetta sérstaklega. Við erum trúlega í baráttu við mjög öflug öfgasamtök sem kemur þá fram í því að fyrirtæki eins og Unilever neyðist til þess að kaupa sojamjöl eða aðrar landbúnaðarvörur til þess að geta haldið áfram framleiðslu sinni. Þetta virðist allt saman stefna í sömu áttina að meðan við blæðum og þá virðast önnur samtök eða aðrir aðilar í framleiðslu matvæla græða á vandamálum okkar.

Samningar við heilsugæslulækna og sumarlokanir Ríkisspítala.

[13:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er, þá hafa heilsugæslulæknar sagt störfum sínum lausum. Ástæða þess að þeir segja upp störfum sínum er m.a. að ekki er staðið við lög og reglugerðir um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega hvað varðar heilsugæsluþáttinn. Sérstaklega hafa læknarnir gagnrýnt hversu illa hefur verið staðið að uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík.

Nú er spurt: Hvernig standa samningar ráðuneytis við heilsugæslulækna? Eigum við von á því að þeir gangi út 1. ágúst?

Í öðru lagi: Í ljósi stöðu heilsugæslu í Reykjavík hefur ráðherra í huga úrbætur í málefnum hennar?

Í þriðja lagi: Hvað ætlar hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnin öll að gera vegna þess ófremdarástands sem eina ferðina enn er að skapast vegna sumarlokana?

Það er ljóst að 16% af rúmum Ríkisspítalanna verða ekki notuð í sumar. Það er tveimur prósentum meiri samdráttur en var í fyrra og þetta eru mestu lokanir sem verið hafa í langan tíma og er þá litið til þeirra ára þegar verst hefur látið, áranna 1985 og 1992. 20% samdráttur er hjá Barnaspítala Hringsins. Við fáum fréttir af Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölunum almennt þar sem ófremdarástandið er svo rosalegt að sagt er að sjúklingar hafist við á göngum og á salernum og þess vegna er spurt: Hvað hyggst ríkisstjórnin og hvað hyggst hæstv. heilbrrh. gera í þessum efnum? Vandinn er ekki aðeins inni á sjálfum sjúkrahúsunum. Hann er ekki síður að finna inni á heimilum landsins vegna þess að þau verkefni, sem er ekki sinnt á sjúkrahúsunum, færast inn á heimilin. Það fengum við að vita í fyrrasumar þegar lokanir á geðdeildum sjúkrahúsanna voru sem mestar og þeir erfiðleikar sem fylgja slíkum sjúkdómum sem geðveiki er voru fluttir inn á heimilin.

[13:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði um hvernig samningaviðræður gengju við heilsugæslulæknana. Það er skemmst frá því að segja að síðustu daga hefur þokast í rétta átt. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að óánægja heilsugæslulækna er ekki síst vegna þess að uppbygging heilsugæslustöðva á Reykjavíkursvæðinu hefur verið hægari en farið var af stað með upp úr 1973 þegar ákveðið var að byggja upp á þessu svæði. Þetta tengist allt þeim samningum sem við erum nú í.

Hv. þm. spurði um lokanir, sérstaklega á Ríkisspítölunum. Ég vil geta þess að lokanir á Ríkisspítölum eru ekki síst vegna þess að verið er að endurbæta húsnæðið á Ríkisspítölum meira nú en hefur verið gert á undanförnum árum og það kostar það að loka þarf deildum. Það er auðvitað ekki ástand sem við viljum sjá að sjúklingar séu frammi á göngum eins og hefur gerst núna undanfarnar vikur en þetta er ástand

sem við höfum alla tíð séð á sjúkrahúsum sem taka á móti akútsjúklingum eða bráðatilvikum. Það koma alltaf toppar og þeir toppar munu alltaf koma. Sem betur fer standa þeir ekki lengi yfir en þeir munu alltaf koma. Við þurfum alltaf að horfast í augu við það.

[14:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi svör og fagna því ef þokast í rétta átt með samninga gagnvart heilsugæslulæknum og vona að það gangi eftir. Hitt stendur eftir að ekki hefur verið staðið við lög og reglugerðir um uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar og sérstaklega hvað varðar heilsugæsluþáttinn og væri fróðlegt að fá svör ráðherrans gagnvart því atriði.

Það hefur komið fram í heilbrn. þingsins að ástæðan fyrir þessum lokunum á spítölunum er að sönnu sumarleyfi og erfiðleikar af þeim sökum en einnig fjármagnsskortur, en einnig og aðallega skortur á peningum. Þess vegna er undarlegt að ríkisstjórnin skuli vera tekin í bólinu ár eftir ár eftir ár þrátt fyrir alla þá gagnrýni sem hefur komið bæði frá þingmönnum og frá þjóðfélaginu öllu þar sem kvartað er yfir því ófremdarástandi sem skapast á hverju einasta ári. Þess vegna er ítrekuð sú spurning hvað ríkisstjórnin hyggist gera í þessum efnum og einnig væri fróðlegt að vita hvað ráðherra ætlar að gera gagnvart heilbrn. þingsins, hvort hún fái að fylgjast með framgangi mála í sumar.

[14:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir skömmu fengu sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu um 200 millj. kr. úr svokölluðum hagræðingarsjóði.

Varðandi annað málið sem hv. þm. kom inn á um heilsugæslustöðvarnar, þá er það rétt að uppbyggingin er of hæg en krafan í dag er um hraða uppbyggingu og þá erum við að tala um 1–2 milljarða í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu. Það er sú upphæð sem kostar að byggja þetta allt upp og það verður aldrei gert á fáum árum. Það tekur nokkur ár.

En varðandi það hvort heilbr.- og trn. fylgist með málum í sumar, þá mun hún að sjálfsögðu gera það. Það er aldrei að vita nema Alþingi sitji í sumar. Mér sýnist það vera þannig og þá mun heilbrn. að sjálfsögðu fylgjast með dag frá degi.

Málefni einhverfra.

[14:03]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum ræddum við, ég og hæstv. félmrh. um vanda einhverfra barna en þannig er að um að ræða mjög alvarlegan flöskuháls í greiningu þeirra eins og sakir standa, sérstaklega vegna þess að barna- og unglingageðdeildin tekur ekki lengur við tilvísun. Það er ljóst að grípa verður til sérstakra ráðstafana. Í ákveðinni skýrslu um þessi mál sem skrifuð hefur verið er gert ráð fyrir því að stofnað verði fagteymi sérfræðinga við Greiningarstöð ríkisins sem taki sérstaklega á þessu máli. En málið liggur hins vegar þannig að engin ákvörðun hefur verið tekin í þessum efnum og vandamálin hrannast upp. Hér er um að ræða mjög alvarleg og erfið vandamál varðandi börn með einkenni einhverfu af einhverju tagi.

Mér er ljóst að starfandi hæstv. heilbrrh. þekkir tæplega þessi mál í þaula, en ég vildi þó koma þeim á blað fyrir lok þingsins ef svo fer, mót óskum hæstv. heilbrrh., að þinginu ljúki einhvern tíma. Þess vegna nefni ég það við hæstv. starfandi félmrh. hvort ráðherra mundi beina því til hæstv. félmrh. og ráðuneytisins að ganga í þessi verk því að hér blasa við stóralvarleg mál á fjölda heimila þar sem um er að ræða einhverf börn.

[14:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. starfandi félmrh. tekur til máls.

[14:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda og hann auðvitað þekkir af eigin raun sem fyrrv. ráðherra, þá er það svo að þó að staðgenglar gangi í embættin formsins vegna til þess að takast á við stjórnarfarslega þætti sem upp kunna að koma, þá eiga þeir kannski ekki skýr svör við öllum þeim málum sem eru á döfinni í hverju einu ráðuneyti og það á við um þetta mál sem hér er vakið máls á. Ég þekki ekki nægilega vel til þess hvað þar hefur verið unnið. En eins og hv. fyrirspyrjandi lýsir því, þá hefur ekki tekist að koma af stað þeirri faggreiningu eða því fagteymi sem á að taka við verkefnum sem hafa verið á barna- og unglingageðdeildinni. En ég vonast sannarlega til þess að það mál sé í vinnslu og í skoðun.

Ég get þess vegna því miður, hæstv. forseti, kannski lítið gert annað á þessari stundu varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi benti á, en lofað því að ég mun taka þetta upp við ráðuneytið nú þegar, þ.e. að kanna í hvaða farvegi málið er og hvað hægt sé að gera ef það er eitthvað sem hægt er að gera skjótlega. Að öðru leyti vísa ég því til hæstv. félmrh. þegar hann kemur aftur til landsins sem ég veit að eru ekki margir dagar í. Ég hygg að hann sé í vikuferð núna, á fundi á svokallaðri Habitat-ráðstefnu suður í Tyrklandi. En hæstv. félmrh. hefur reynt að bregðast skjótt við þegar taka hefur þurft á málum hliðstæðum þessu sem upp hafa komið ef það hefur komið í ljós að við bráð vandamál væri að glíma sem yrði að reyna að leita lausnar á. Ég vænti þess að það muni einnig takast um þetta mál og ég mun koma því að sjálfsögðu á framfæri.

[14:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektirnar og vænti þess að hann komi þessu erindi á framfæri. Ég vil jafnframt benda á að ástæðan fyrir þessum vanda er m.a. sú að barna- og unglingageðdeild ríkisins er hætt að taka við tilvísunum um einstaklinga sem greinast með einhverfu af einhverju tagi. Það er undirrót vandans. Þess vegna snýr þetta mál líka að hæstv. heilbrrh. og ég fer fram á það við hana að hún taki á þessu máli líka.

Eiginfjárstaða Landsbankans og tap Lindar hf.

[14:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur eiginfjárstaða Landsbankans verið það slæm að ríkið hefur þurft að koma til aðstoðar sem ábyrgðaraðili til að styrkja stöðu hans. Ég minni á 1.250 millj. kr. víkjandi lán hjá Seðlabanka í desember 1992, 2 milljarða kr. fjárhagsaðstoð frá ríkissjóði í mars 1993 og 1 milljarðs kr. víkjandi lán úr Tryggingasjóði viðskiptabanka. Svo má nefna milljarðinn frá í vetur, víkjandi lán reyndar, vegna endurfjármögnunar.

Nýverið kom fram í fjölmiðlum að áætlað er að Landsbankinn hafi tapað um 600 millj. kr. vegna dótturfyrirtækis hans, eignarleigufyrirtækisins Lindar. Þar sem Landsbankinn er í eigu allra landsmanna og þetta eitt mesta tap bankans vegna eins fyrirtækis frá upphafi, óska ég eftir afstöðu hæstv. viðskrh. og upplýsinga frá honum um eftirfarandi atriði:

Er það rétt að tap Landsbankans vegna Lindar hafi verið á milli 600 og 700 millj. kr.? Ef svo er hvernig er bankanum ætlað að ráða við þetta mikla tap miðað við erfiða eiginfjárstöðu bankans?

Hvaða ákvarðanir leiddu til þessa mikla taps og hverjir eru ábyrgir fyrir því? Telur hæstv. ráðherra ástæðu til þess að láta utanaðkomandi aðila skoða eða kanna hina ýmsu þætti þessa máls þar sem um háar upphæðir er að ræða af almannafé?

[14:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þær upplýsingar sem hv. þm. var með um tap Landsbankans á einstökum eignarfyrirtækjum bankans eða einstökum viðskiptamönnum bankans þekki ég ekki. Það hefur hins vegar oft komið fram á Alþingi hvert tap Landsbankans hefur verið í heild sinni á undangengnum árum. Þær upplýsingar liggja allar fyrir í þingskjölum og eru hverjum og einum þingmanni opinberar, sem og öðrum.

Nú veit ég, hv. þm., að bankaráð Landsbankans er að fjalla um útlánatöp bankans á undanförnum árum. Ég býst fastlega við að málefni Lindar sem og töp annarra aðila sem Landsbankanum tengjast verði skoðuð í því samhengi.

[14:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er mjög merkilegt að heyra það hér af vörum hæstv. bankamálaráðherra að hann þekki ekki tap vegna Lindar sem er eitt stærsta tap Landsbankans frá upphafi vegna eins fyrirtækis. Það er krafa almennings að fá svör við þeim spurningum sem ég lagði fram þannig að það komi skýrt fram hvers vegna þetta mikla tap varð. Hverjir bera ábyrgð á því? Á að láta þá menn sæta ábyrgð? Eða eiga þessir menn áfram að sitja í toppstöðum í Landsbankanum eftir þetta mikla tap?

Það er full ástæða til að kalla eftir þessum svörum því auðvitað er það almenningur í landinu sem þarf að borga brúsann. Þetta kemur fram í hærri vöxtum og hærri gjöldum sem bitna á almenningi og viðskiptavinum Landsbankans. Ég kalla eftir svörum við þeim spurningum sem ég lagði hér fram áðan.

[14:11]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að það hefur komið fram á hinu háa Alþingi hver töp Landsbankans hafa verið á undanförnum árum. Það hefur ekki verið sundurgreint nákvæmlega hverju bankinn hefur tapað, hvorki á einstökum fyrirtækjum né á einstaklingum sem hafa átt viðskipti við bankann. Enda hygg ég að það séu trúnaðarmál milli viðkomandi bankastofnana hvort sem það eru hlutafélagabankar eða ríkisviðskiptabankar sem þar er um að ræða. Þessar heildarupplýsingar liggja fyrir og ég ítreka að ég þekki þær ekki nákvæmlega. Ég hef reyndar heyrt eins og hv. þm. í fjölmiðlum að tap bankans hafi verið mikið vegna tiltekins fyrirtækis en ég treysti mér ekki til að fullyrða að þær upplýsingar séu réttar. Bankaráð bankans sem ber auðvitað ábyrgð á rekstri bankans og bankastjórarnir síðan ábyrgð á rekstri bankans gagnvart bankaráðinu.

[14:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra, herra forseti, að það eru bankastjórarnir sem bera ábyrgðina. Verða þeir látnir sæta ábyrgð? Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Það er greinilegt á svörum ráðherrans hér að það er ýmislegt óupplýst í þessu máli, upplýsingar sem almenningur á rétt á að fá. Það er greinilega engum blöðum um það að fletta, hæstv. ráðherra.

[14:12]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Áður en mönnum eru gerð upp mistök í starfi eða á þá lögð ákveðin ábyrgð þá held ég að það sé rétt að fá það upplýst hver sú ábyrgð er sem þeir menn eiga að sæta ef ástæða er til. Þess vegna er fáránlegt að reyna eins og hv. þm. að útbúa sök eða koma sök jafnvel á saklausa menn.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (magngjald o.fl.). — Þskj. 777, nál. 1089 og 1097, brtt. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, KPál, MF, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn., þá er það niðurstaða minni hlutans að vísa ábyrgð á þessu máli alfarið á hendur ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum. Þess vegna er mælt með því að þingheimur sitji hjá í þessu máli, en hins vegar að greidd verði atkvæði gegn tillögunni um fjármögnun þessa með breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem mér skilst að komi á dagskrá fundarins næst.

[14:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fulltrúi Alþfl. í efh.- og viðskn. stendur að áliti meiri hlutans í þessu máli. Við munum greiða atkvæði með breytingartillögunum og frv. Hins vegar var fyrirvarinn bundinn fjáröfluninni, virðisaukaskattsmálinu, og við munum leggjast gegn því máli.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,2 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,3 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,4 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HG, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,5 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, ÓÖH, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,6 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KPál, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,7 (ný 10. gr., verður 11. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,8 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,9 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1090,10 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HG, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (ÁRJ, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, MF, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 776, nál. 1088 og 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
1. gr. samþ. með 32:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Með frv. þessu er ekki verið að aðstoða íbúðareigendur eins og Framsfl. lagði til fyrir kosningar heldur er verið að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis og þar með hækka skatta á fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið. Skattahækkanir á heimilin í landinu er því staðreynd á þessu fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar.

2. gr. samþ. með 32:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 442. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 774, nál. 1129, brtt. 958 og 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1130,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EgJ, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1130,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

9.–13. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1130,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HG, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1130,4 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–II samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 958 felld með 31:18 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um nýtt ákvæði til bráðabirgða sem heimilar að nota hluta af auknum tekjum ríkissjóðs af vörugjaldi af eldsneyti til að flýta vegaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið við Ártúnsbrekku og Miklubraut, einum fjölfarnasta vegarspotta á landinu. Þetta er til að flýta arðbærum framkvæmdum sem fallið hafa undir svokallað framkvæmdaátak sem varð fyrir mun meiri niðurskurði en annað vegafé. Tafir á áður samþykktum framkvæmdum af þessum sökum eru taldar hafa mikla slysahættu í för með sér sem væri hægt að minnka eða koma í veg fyrir verði þessi breytingartillaga samþykkt. Auk þess er þetta fé sem ekki var gert ráð fyrir að kæmi í ríkissjóð við fjárlagagerðina í vetur.

Ég hvet þingmenn til að samþykkja þessa breytingartillögu og koma þannig í veg fyrir hættuástand sem ella mun ríkja á þessari leið.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Gjald af áfengi, frh. 2. umr.

Frv. MF o.fl., 269. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 497, nál. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (aldursmörk, munntóbak, reyklaus svæði o.fl.). — Þskj. 1015, brtt. 1032 og 1075.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Brtt. 1075 samþ. með 41:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
nei: ÁÞ, GÁS, KÁ, KH, LB, SvanJ.
3 þm. (ÁRJ, GGuðbj, RG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1032 felld með 35:15 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, ÁÞ, BH, EKG, EOK, GÁS, HjálmJ, JóhS, KHG, KPál, LB, RG, SJóh, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1151).

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998.

og

Póstlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639, nál. 962 og 999.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062.

[14:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér fer fram 2. umr. um frv. til laga um stofnu hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar ásamt fylgifrumvörpum um breytingu á póstlögum og um breytingu á lögum um fjarskipti. Ég tel rétt að lýsa mínum viðhorfum til þessara mála við 2. umr. Ég hef ekki tekið þátt í henni fram að þessu.

Í ljósi þess hvað hér er um gífurlega stórt mál að ræða og þýðingarmikið og sem varðar ákveðin grundvallaratriði er eðlilegt að sem flestir þingmenn lýsi skoðunum sínum í því efni. Auðvitað kemur fram í sambandi við þetta mál, virðulegi forseti, að menn treysta ekki núv. hæstv. ríkisstjórn til þess að fara með þær heimildir sem hugmyndin er að aflað verði með lögum um að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Menn treysta því ekki að ríkisstjórnin muni standa við það að hreyfa ekki það eina hlutabréf sem varðveitt verður í skúffu hjá hæstv. samgrh. samkvæmt ákvæðum frv. og óttast að sá mikli þrýstingur sem hefur verið á einkavæðingu af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar og sem tekið hefur verið undir af mörgum sem styðja ríkisstjórnina, verði til þess að í framhaldi af þeirri breytingu sem hér er áformuð, þ.e. að breyta Pósti og síma í hlutafélag, geti dregið að því að hér á Alþingi verði með einfaldri samþykkt ákveðið að einkavæða fyrirtækið með því að bjóða hlutafé þess til sölu á almennum markaði. Það vantar mjög mikið á að hér hafi komið fram af hálfu talsmanna þessa máls skýr loforð um í þessum efnum, tímasett loforð um spurninguna um einkavæðingu eða ekki og fjölmargt sem tengist málinu og það ofurkapp sem lagt er á um að ná fram kerfisbreytingunni sem felst í frv. veldur auðvitað þeirri tortryggni sem ég hef gert að umtalsefni.

Það er nefnilega svo, virðulegur forseti, að þau rök sem fram eru borin og hv. þm. Einar Guðfinnsson hefur mælt fyrir sem talsmaður meiri hluta samgn. og sem hæstv. samgrh. einnig hefur borið fram í sínu máli um það hvaða þýðingu það hefði, hvaða ástæða sé fyrir því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, eru mjög langt frá því að vera trúverðug. Það er alveg með ólíkindum að það skuli seilst jafnlangt eins og gert hefur verið af talsmönnum meiri hlutans í þessu máli í þeirra málflutningi fyrir því að þessi formbreyting sem hér á að verða sé nauðsynleg.

Póst- og símamálastofnunin er eitt allra best rekna fyrirtækið í þessu landi, fyrirtæki sem hefur skilað arði og það ekkert lágum upphæðum á mörgum undanförnum árum. Þessi arður verið eitt besta búsílag sem ríkissjóður hefur fengið hjá nokkru fyrirtæki í landinu. Og það er jafnframt tekið fram og viðurkennt af þessum hv. talsmönnum að Póstur og sími sé nú eins og undir núverandi rekstrarformi eitt allra best búna fyrirtæki í landinu til þess að annast þá þjónustu sem því er ætlað að sinna. Og það er mjög sérkennilegt svo ekki sé dýpra í árinni tekið að við þær aðstæður sé lagt slíkt ofurkapp á að breyta fyrirtækinu í hlutafélag eins og raun ber vitni. Það er líka enginn sannfæringarkraftur, virðulegur forseti, í þeim ummælum sem fram hafa omið um það að ástæðulaust sé fyrir þá sem eru andstæðingar þessa máls að óttast að fyrirtækið verði boðið til sölu að hluta eða í heild á almennum markaði í framhaldi af breytingu þess í hlutafélag. Það er enginn kraftur á bak við yfirlýsingar þar að lútandi enda alveg ljóst að það þarf ekki nema ofureinfalda samþykkt, vissulega meirihlutasamþykkt á Alþingi, til þess að þetta verði staðreynd. Það er mjög margt í baklandi þeirra flokka sem að ríkisstjórninni standa sem ber vott um að þessi þrýstingur er þegar uppi og mun aukast ef frv. verður að lögum sem líkur eru því miður á að verði. Þessi tortryggni er ekkert einskorðuð við stjórnarandstöðuna. Þessi tortryggni kemur fram einnig í röðum stjórnarflokkanna með jákvæðu eða neikvæðu formerki eftir atvikum.

Ég leyfi mér í sambandi við það að minna á leiðara sem hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, ritaði í málgagn sitt, því að hv. þm. er einnig ritstjóri vikublaðs sem gefið er út á Austurlandi undir heitinu Austri. Þar skrifar hv. formaður fjárln. í blað sitt um þetta efni undir fyrirsögninni „Síðasta skrefið?", þann 14. mars 1996 þannig að þessi spurning kemur einnig úr innstu röðum ríkisstjórnarinnar hjá ábyrgðarmanni eins og hv. þm. Jóni Kristjánssyni sem hefur verið treyst til trúnaðarstarfa á vegum ríkisstjórnarinnar til að leiða fjárln. sem gæti einmitt orðið sá vettvangur sem svaraði þessari spurningu: Síðasta skrefið, já eða nei?, með því að taka inn á fjárlög heimild í 6. gr. fjárlaga um það að fyrirtækið Póstur og sími hf. verði til sölu á almennum markaði. Hjá ritstjóranum er þetta eitt stórt spurningarmerki: Síðasta skrefið? Og til þess að varpa aðeins ljósi á málflutninginn og þokuna sem er yfir þessu máli hjá Framsfl., samstarfsflokki Sjálfstfl., þá taldi Framsfl. ástæðulaust að endurrita starfslýsingu ríkisstjórnarinnar frá því sem var í fyrri ríkisstjórn. Hann sá ekki ástæðu til þess einu sinni að búa til sérstaka samstarfslýsingu eða verkefnislýsingu eins og þó hafði verið gengið frá í stjórnarsáttmála, heldur lætur sér nægja átta síðna kver í brotinu A-5 sem sett var saman 23. apríl 1995 og hverfur frá því að gefa sundurliðaða áætlun um væntanleg verkefni einstakra ráðuneyta á kjörtímabilinu og vísar bara í stefnulýsingu væntanlega fyrrv. ríkisstjórnar: Velferð á varanlegum grunni.

Það vekur athygli að það er eitt og annað í málatilbúnaði Framsfl. sem liggur mjög nærri því sem var hjá Alþfl. í síðustu ríkisstjórn. Þá á ég við þær áherslur hjá þeim flokki sem ganga lengst í svokallaða frjálsræðisátt í sambandi við viðskipti og alveg sérstaklega í sambandi við alþjóðatengsl. Á ég þar við nálgunina gagnvart Evrópusambandinu þar sem svo horfir að Framsfl. sé að sigla hraðbyri í fótspor Alþfl. í sambandi við það stóra mál. En hvað segir ritstjóri Austra, virðulegur forseti, 14. mars sl. um þetta, með leyfi forseta:

„Nú eru uppi áform um að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag og hefur frv. þess efnis verið lagt fram á Alþingi og er þar til meðferðar. Ástæður þess eru þær að tæknibreytingar, breytingar á rekstrarformi sams konar stofnana í nágrannalöndum okkar og aðild okkar að alþjóðasamningi krefjast þess að sveigjanlegra form sé í stjórnun en ríkisrekstri. Frv. gerir ráð fyrir því að hlutafélagið um Póst- og símamálastofnun sé í eigu ríkisins og engin áform fylgja þingmálinu um sölu hlutabréfa ríkisins. Póst- og símamálastofnun er afar mikilvægt fyrirtæki og á sviði fjarskipta eru gífurlegar tæknibreytingar, jafnvel meiri en á nokkru öðru. Almenningur í landinu sér og reynir þetta á tækjum sem eru almenningseign en voru algerlega óþekkt fyrir nokkrum árum.

Það er ekki ýkjalangur tími síðan handvirkur sími var í sveitum á Íslandi. Síðan hefur komið bílasími, fyrst handvirkur og síðan sjálfvirkur. Í kjölfarið hefur komið GSM-sími. Myndsendir er orðin almenningseign og samband um tölvur og samband um svokallaðan Veraldarvefinn" — með stórum staf — „ryður sér nú mjög hratt til rúms. Öll þessi tækniþróun krefst skjótra viðbragða í málefnum símans og staðreyndin er að allt þetta hefur gefið stofnuninni miklar tekjur. Stofnunin er rekin með verulegum tekjuafgangi og hefur verið að skila eiganda sínum, ríkinu, arði sem nemur allt að 1 milljarði kr. nú árlega síðustu árin.

Ljósleiðari hringinn í kringum landið er ein af undirstöðum þeirrar gífurlegu tækniþróunar sem orðið hefur í fjarskiptum og gefur nær ótæmandi möguleika. Eitt af því sem hann hefur í för með sér er það að skilyrði ættu nú að vera til þess að jafna símkostnað til fulls og ætti að nota tækifærið nú og búa svo um í löggjöf að landið verði eitt gjaldsvæði og stíga skrefið til jöfnunar til fulls. Flutningur fjarskipta er með allt öðrum og greiðari hætti eftir þessum boðleiðum en áður.

Annað mál sem stendur upp á ríkisstofnanir er að semja um flutning útvarps- og sjónvarpsdagskrár um dreifikerfi Póst- og símamálastofnunar. Því verður vart trúað við þessar nýju aðstæður að ekki sé heppilegra að semja um slíkt heldur en halda áfram að byggja upp sérstakt dreifikerfi fyrir RÚV. Einkaaðilar hafa farið þessar samningaleiðir. Sú þjónusta sem Póst- og símamálastofnun veitir er afar mikilvæg fyrir landsbyggðina og það er ástæða til þess fyrir landsbyggðarfólk og fulltrúa þeirra á Alþingi og í sveitarstjórnum að fylgjast grannt með þróun þessara mála og breytingar verði ekki til þess að veikja þá þjónustu. Eins og frv. er mun ekki ástæða til þess að óttast það, en allur er varinn góður." Tilvitnun lýkur í leiðara, skrifaðan af hv. formanni fjárln. í blaðið Austra.

Eins og hér má sjá er ekkert kveðið upp úr um það af þeim sem þarna heldur á penna hvort hann telur að hér sé verið að stíga síðasta skrefið eður ei. Það er engri skoðun lýst um það hjá þessum talsmanni Framsfl. hvort eigi að stíga næsta skref, einkavæða Póst og síma eður ei. Hér er öllu haldið galopnu, hér er allt óskrifað blað af hálfu Framsfl. í þessu máli alveg eins og gildir um samstarf ríkisstjórnarflokkanna þar sem valinn er sá kostur að skila auðu og láta væntanlega Sjálfstfl. eins og í flestum öðrum málum um leiðsögnina, ráða ferðinni. Þessi staða er innsigluð með því sem hér kom fram í dag. Það er horfið frá því í góðu samkomulagi stjórnarflokkanna að standa þinginu skil á verkefnalýsingu ráðuneyta miðað við þetta kjörtímabil. Það undirstrikar, eins og við höfum haldið fram í stjórnarandstöðu, hina algeru tækifærismennsku Framsfl. í þessu stjórnarsamstarfi. Ekki

er því séð ástæða til þess að setja einu sinni á blað neinar yfirlýsingar um það hvert halda skuli. Þar á að haga seglum eftir vindi að því er virðist og spurningunni um síðasta skrefið í þessu máli er ekki reynt að svara. Það er engin skoðun, aðeins étnar upp almennar staðhæfingar úr greinargerð með þessu frv. sem er einhver loðnasta samsetning og samsuða, virðulegur forseti, sem ég hef farið yfir. Þar er með mjög almennum orðum og án nokkurs fullnægjandi rökstuðnings verið að reyna að færa rök fyrir þeirri formbreytingu sem felst í þessu frv., þ.e. að breyta Pósti og síma í hlutafélag.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, aðeins að líta á greinargerðina eins og hún er með þessu frv. vegna þess að þar er rökstuðning að finna, þann rökstuðning sem talsmenn málsins hafa síðan étið upp hver á fætur öðrum úr þessum ræðustóli. Ég skal hafa beinar tilvitnanir í skemmra lagi í sjálfan textann í þessari greinargerð, en þar er verið að láta að því liggja að breytingar í umheiminum í kringum okkur geri þetta að knýjandi nauðsyn, geri þessa formbreytingu að knýjandi nauðsyn. Það er öðrum þræði verið að leiða að því líkur að aðild okkar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði kalli á þessa formbreytingu. Þegar hins vegar betur er að gáð liggur það ekki fyrir. Það hafa ekki verið settar neinar þær tilskipanir í sambandi við þetta mál sem gera þessa breytingu nauðsynlega til þess að uppfylla skilyrði hins Evrópska efnahagssvæðis. (**EKG:** Svo slæmur er samningurinn ekki.) Svo slæmur er samningurinn ekki, segir hv. þm. Einar Guðfinnsson. Ja, það er gott að hv. þm. hefur eitthvað að hugga sig við. Hann er einn af ábyrgðarmönnum þessa samnings. En þar skyldu menn ganga hægt um gleðinnar dyr því að hvað er það sem er að gerast á orkusviðinu núna, hv. þm.? Hvað er það, virðulegi forseti, sem er að gerast á orkusviðinu hjá hinu Evrópska efnahagssvæði? Þar var einmitt viðhaft það sama og kemur fram núna hjá hv. þm. Svo slæmur er samningurinn ekki. Þegar við gerðum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði 1993 sem tók gildi 1. janúar 1994 voru ekki mjög margar tilskipanir komnar á orkusviðinu. En síðan hafa þær komið. Það voru einar tvær sem var gerð grein fyrir á sínum tíma og menn þurftu út af fyrir sig ekki að hafa þungar áhyggjur af þeim varðandi sölu orkumála og rekstrarform orkufyrirtækja í landinu. En núna er Evrópusambandið að undirbúa nýja tilskipun. Um hana hefur verið rætt á Alþingi nýlega. Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma heldur bara benda á að spurningin er um grundvöllinn. Hvað fellur undir fjórfrelsið og hvað ekki samkvæmt skilgreiningu?

Auðvitað getur framkvæmdastjórnin í Brussel hvenær sem er tekið sig til og gert bindandi tilskipun í sambandi við fjarskipti sem við yrðum þá að taka afstöðu til á Alþingi, já eða nei. Þannig að þau viðbrögð hv. þm. varðandi samninginn að það megi meta hann á grundvelli fyrirliggjandi tilskipana eru allt of einföld. Svo einfalt er málið ekki. Það er grundvöllurinn sem ræður og þar er Ísland statt í þeim ömurlegu sporum að vera eins og vélarvana bátur hengdur aftan í skip, geta ekki ráðið nokkrum sköpuðum hlut og gildir það um þetta. En það er rétt, það eru engar tilskipanir nú til staðar á hinu Evrópska efnahagssvæði sem gera það óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Svo langt er ekki komið. En hér kemur einmitt fram það sem er mjög algengt og er að endurtaka sig hér á landi eins og í mörgum öðrum ríkjum. Þeir sem tóku stefnuna á hið Evrópska efnahagssvæði og þeir sem gæla við það að ganga lengra eða ímynda sér að það komi nýjar tilskipanir með þessum eða öðrum hætti frá Evrópusambandinu vilja vera á undan, stíga skrefin á undan til þess m.a. að lenda ekki í þeirri óþægilegu aðstöðu að þurfa að hlýða eins og þægir rakkar þegar ákvarðanir eru komnar í Brussel og ekki verður undan vikist. Það er kannski það sem er einmitt á ferðinni í sambandi við þetta mál. Það segir, virðulegur forseti, í athugasemdum með frv. m.a., með leyfi forseta:

„Með tilliti til þeirrar þróunar, sem á sér stað í EES-löndum um þessar mundir, er brýnt að Póst- og símamálastofnun sé undir það búin að mæta þeirri samkeppni sem í vændum er, einkum á sviði fjarskiptamála, en í löndum ESB er nú einnig unnið að afnámi einkaréttar á póstþjónustu. Sem stendur er óljóst hvenær einkaréttur á póstþjónustu í löndum ESB verður afnuminn, en búast má við að til þess komi innan fárra ára. Þrátt fyrir að ekki sé búið að ákveða framtíðarskipulag póstmála í löndum ESB til hlítar hefur einnig verið gripið til breytinga á rekstrarformi póstþjónustu ýmissa landa innan þess."

Síðan er það rakið með dæmum hvernig þessum málum er fyrir komið. Það er nákvæmlega þetta sem ég hef verið að leiða líkur að, menn gerast kaþólskari en páfinn og það er verið að reyna að færa þetta mál í þann búning að við verðum að gera þessa breytingu til þess að uppfylla meinta þróun í nágrannalöndum eða yfirvofandi ákvarðanir á vegum Evrópusambandisins.

Síðan kemur það fram, virðulegur forseti, í meginniðurstöðu nefndarinnar sem undirbjó frv. að það sem nefndin kallar sjálfstætt atvinnufyrirtæki á þessu sviði gæti veitt landsmönnum ódýrari og betri þjónustu en ella og yrði jafnframt traustari vinnustaður fyrir starfsfólk. Sjálfstætt atvinnufyrirtæki. Samkvæmt þessari skilgreiningu höfunda frv. er Póstur og sími ekki sjálfstætt atvinnufyrirtæki. Til þess að vera sjálfstætt atvinnufyrirtæki þarf væntanlega að breyta rerkstrarforminu eins og hér er lagt til samkvæmt skilgreiningum höfunda. Það er athyglisvert að sjá hér staðhæfinguna um traustari vinnustað fyrir starfsfólk. Það hefur einmitt verið eitt umdeildasta atriði þessa frv. hvernig skilið er við starfsfólk fyrirtækisins. Það er skilið við það í mikilli óvissu um stöðu sína og ríkisvaldið lætur sér sæma að knýja fram löggjöf á Alþingi í þessu máli án þess að vera búið að gera það ljóst hvernig réttindum starfsmanna þessa stóra fyrirtækis verður háttað. Það er einn ljótasti bletturinn á þessu máli hvernig að því hefur verið staðið og það þýðir lítið að vísa til staðhæfinga um það að fyrirtækið verði traustari vinnustaður fyrir starfsfólk meðan staðan er þessi. Nefndin telur eðlilegustu leiðina að þessu marki að stofna til hlutafélags um póst- og símaþjónustu eins og fram kemur í frv. Síðar segir í greinargerðinni eftir að rakin hefur verið væntanleg stóraukin samkeppni einkum af hálfu erlendra aðila en einnig innlendra fyrirtækja á allra næstu árum:

„Við þessu þarf að bregðast með skynsamlegum hætti eins og víða hefur verið gert meðal Evrópuþjóða. Að öðrum kosti má búast við að þessi þjónusta verði ekki veitt á hagkvæman hátt og hún færist meira eða minna í hendur erlendra fyrirtækja."

Hér er brugðið upp þessari grýlu. En við hljótum að spyrja: Hvað tengist því að breyta rekstrarformi fyrirtækisins til þess að koma í veg fyrir þá samkeppni sem hér er vísað til? Hvað styður það? Ég hef ekki séð þau rök og ég tel þvert á móti að fram hafi verið færð mjög gild rök fyrir því að fyrirtækið geti sinnt hlutverki sínu ágætlega og mætt harðnandi samkeppni einmitt vegna þess hvernig því hefur

verið stýrt og hvernig haldið hefur verið á málum af hálfu þess.

Hins vegar er jafnljóst að verði fyrirtækið einkavætt eins og við óttumst, sem mælum gegn þessu máli hér, er alveg ljóst að sá arður sem Íslendingar hafa af því haft er ekki fastur í hendi. Það er alveg ljóst að þá koma til erlendir aðilar til þess að bjóða í eignina, eignast þann hlut og staðan gæti þá orðið ekki ósvipuð því og nú er í Danmörku í sambandi við póst- og símaþjónustu sem hefur verið mjög arðbær en þar sem arðurinn sem mældur er í um 11 milljörðum kr. um þessar mundir fer að drjúgum hluta úr landi vegna þess að erlendir einkaaðilar hafa eignast hlut í fyrirtækinu og flytja hagnaðinn af fyrirtækinu úr landi. Hér segir í greinargerð:

„Augljóst er að stjórnendur sjálfstæðs íslensks fyrirtækis á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu geta á mun auðveldari hátt brugðist við síbreytilegum aðstæðum á markaði og segja má að sjálfstætt hlutafélag á þessu sviði yrði að öllum líkindum mun arðbærara fyrirtæki, samkeppnishæfara og jafnframt áhugaverðari vinnuveitandi fyrir starfsfólk en ríkisstofnun með svipuðu sniði en verið hefur."

Virðulegur forseti. Þetta er dæmalaus runa staðhæfinga án þess að nokkur skýr rök séu leidd að því að það fái staðist sem haldið er fram. Satt að segja er ömurlegt til þess að vita að flytjendur þessa máls skuli láta við það eitt sitja að bera fram slíkar almennar staðhæfingar. Auðvitað hefði ríkisvaldinu borið að leiða mjög skýrt fram rök fyrir því að sú breyting sem hér er verið að leggja til sé skynsamleg. Það hefur ekki verið gert. Með þennan pappír í höndum og með þær staðhæfingar sem hafa komið fram af hálfu talsmanna þessa máls er það alveg óskrifað blað eins og starfsáætlun og verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hvað upp úr þessu eigi að fást á forsendum þeirra sem málið flytja og bætir þar engu um nefndarálit frá meiri hluta samgn. eða þær breytingartillögur sem þar er að finna.

Það eru mörg atriði, virðulegur forseti, í sjálfum frumvarpstextanum sem eru stórvarasöm að því er varðar framtíð fyrirtækisins Pósts og síma hf. verði frv. lögfest. Það gildir m.a. um 2. gr. frv. með heimildir fyrir hlutafélagið til að stofna nýtt félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Þar er margt óljóst, m.a. staða starfsfólks eins og almennt varðandi þetta mál, og það gildir um margar fleiri greinar sem varða möguleika stofnunarinnar til þátttöku í öðrum félögum. Sitthvað hefur lítið verið skýrt eins og ákvæði 14. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nú óska stjórnvöld eftir því að Póstur og sími hf. leggi fram framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma hf."

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm. meiri hluta samgn. að því hvers sé að vænta í ljós þessa lagaákvæðis, að hve miklu leyti hv. samgn. hafi gert sér grein fyrir því á hvað geti reynt í krafti 14. gr. frv. Nú ætla ég ekki að hafa á móti því að verði þetta frv. að lögum þá verði tryggilega staðið við þau sjónarmið sem kveðið er á um í þessari grein varðandi öryggi og byggðasjónarmið til þess að tryggja öllum þegnum landsins jafna þjónustu á þessu undirstöðusviði. Það er auðvitað mjög mikilvægt, en hvers er að vænta í sambandi við kostnað og útgjöld þar að lútandi? Fram að þessu hefur Póstur og sími tekið á sig skuldbindingar og staðið fyrir viðleitni til þess að bæta þjónustu við hinar dreifðu byggðir. Eins og menn þekkja er þetta fyrirtæki og Íslendingar þar með fyrstir í heiminum til þess að taka upp stafrænt kerfi símans. Þar með hefur fyrirtækið á marga lund verið til hreinnar fyrirmyndar að þessu leyti. En auðvitað þarf að gæta þess að staðan sé til þess að halda áfram á þessari braut og það ákvæði sem fylgir í tillögu frá meiri hluta samgn. eftir að minni hlutinn hafði flutt tillögu um það að breyta landinu í eitt gjaldsvæði, þá hefur meiri hlutinn fallist á það góðu heilli að fara að þeirri tillögu og gera landið að einu gjaldsvæði frá miðju ári ef ég man rétt, 1998. Allt er gott um það að segja og þar uppskerum við sem nú erum í stjórnarandstöðu nokkuð af erfiði okkar og þrýstingi okkar á ríkisstjórnina í þessu efni, en það er ljóst að þetta getur kostað fyrirtækið nokkuð og aðstaða þess er veikt að mati mínu til þess að sjá fyrir slíku og því getur reynt á það að í stað þess að ríkissjóður hefur notið verulegra upphæða í beinum tekjum af fyrirtækinu, sem minnka til mikilla muna eftir þessa breytingu, þá getur málið snúist við þannig að stjórnvöld þurfi að standa skil á sérstökum greiðslum með samningum til þess að létta á fyrirtækinu eða tryggja það að fyrirtækið geti staðið við öryggiskröfur og jafnræðiskröfur að því er varðar þjónustu við alla landsmenn.

Virðulegur forseti. Eitt það ljótasta sem snýr að þessu máli er það sem varðar afstöðuna til starfsmanna Pósts og síma. Um það hefur margt verið sagt réttilega af stjórnarandstæðingum í umræðunni og þarf ég ekki þar mörgu við að bæta. Ég vil aðeins segja að það er með ólíkindum að menn skuli leyfa sér það og segir sitt um hug ríkisstjórnarinnar til starfsfólks almennt sem hefur verið og er í þjónustu ríkisins að farið skuli með það eins og ráðgert er að skila þar auðu í sambandi við réttindi þess við formbreytingu á fyrirtækinu eins og hæstv. ríkisstjórn er að gera. Þetta er afar alvarlegt mál og ég legg áherslu á að það er óverjandi að mínu mati með öllu að standa þannig að málum.

Það stóra svið sem er um að ræða er vissulega í örri þróun og það er mikið ánægjuefni hvernig Póstur og sími sem ríkisfyrirtæki hefur búið sig undir að mæta þeirri þróun. Ekkert bendir til þess að fyrirtækið sé ekki prýðilega í stakk búið til þess að gera það eftir sem áður og hitt miklu frekar að það er mikið áhyggjuefni að með þeirri formbreytingu, sem hér er verið að innleiða, að ekki sé talað um næsta skrefið, spurningarmerki, eins og fram kom í ritstjórnargrein framsóknarmannsins sem ég vitnaði til áðan, að það muni leiða til þess að fyrirtækið verði veikt og geta til þess að sinna því verkefni sem það hefur sinnt með sóma fram með þessu verði erfiðari og ótryggari. Það er það sem við óttumst sem vörum við lögfestingu málsins og það er það sem skiptir í rauninni mestu. Auðvitað sker reynslan úr um það að hve miklu leyti við höfum rétt fyrir okkur í þessu efni. Stóra spurningin er um það hvenær kemur til þess að reynt verði að stíga næsta skref í þessu máli, einkavæða stofnunina. Því svörum við ekki og við því hafa þeir sem bera þetta mál fram ekki gefið nein viðhlítandi svör. Þar er skilað auðu. Það er látið í óvissu framtíðar hvort og hvenær til þess kunni að koma og það er hin stóra spurning sem svífur yfir þessu frv. sem við ræðum nú. Þess vegna höfum við stjórnarandstæðingar lagt ríka áherslu á að þetta mál verði athugað allt mun betur af hálfu þingsins áður en til lögfestingar kemur enda ekkert sem rekur á eftir því að stíga þetta skref nú.

[15:13]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mörg orð um það sem kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan. Meginefni ræðu hans voru almennar vangaveltur og almennar skoðanir hans um fyrirtækið og þá formbreytingu sem fram ætti að fara á því. Í sjálfu sér hef ég rætt þau mál ítarlega fyrr í umræðunni. Hins vegar spurði hv. þm. sérstaklega um afstöðu mína til 14. gr. frv. þar sem er kveðið á um það að veitt sé heimild til þess að stjórnvöld gætu komið til samstarfs við Póst og síma ef það þarf að leggja í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að skili ekki arði.

Ég sé ekkert í núverandi starfsemi Pósts og síma sem kalli sérstaklega á að slíkir samningar séu gerðir. Það er auðvitað ljóst að það starfsleyfi sem Pósti og síma hf. verði veitt, verði þetta frv. samþykkt, mun fela í sér ákveðnar skyldur til handa þessu fyrirtæki alveg eins og gert verður með önnur fyrirtæki sem fá starfsleyfi til þess að reka fjarskiptaþjónustu hér á landi. Það er auðvitað það sem býr að baki til að mynda breytingartillögum okkar í meiri hluta samgn. við fjarskiptalögin um áskilnaðinn um eitt gjaldskrársvæði að þar er verið að gera kröfur til þess að öll fyrirtæki sem starfa hér á landi á þessum sviðum verði auðvitað að búa við sambærileg rekstrarskilyrði og sambærilega rekstrarhætti þannig að það er verið að gera þar almennar kröfur til allra fyrirtækja sem starfa á fjarskiptasviði. Það er mjög þýðingarmikið að ekki verði lagðar sérstakar byrðar á Póst og síma hf. umfram það sem er verið að leggja á önnur fyrirtæki og það er eitt af megingagnrýnisatriðunum sem ég hef haft uppi um brtt. minni hluta samgn. við frv. um Póst og síma þar sem kveðið er sérstaklega á um áskilnað til handa Pósti og síma að halda hér uppi tiltekinni dreifingu á pósti og fjarskiptasviðinu á einu gjaldskrárverði.

[15:15]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki finnst mér þetta fullnægjandi svar af hálfu hv. talsmanns samgn. og meiri hluta samgn. Ég spurði hvort nefndin hefði farið í saumana á því hvort og þá í hvaða mæli kynni að reyna á ákvæði þessarar greinar. Ég óttast satt að segja að það verði ansi erfitt að seilast í vasa ríkissjóðs og fjmrh. framtíðarinnar til þess að tryggja að Póstur og sími fái fjárveitingar úr ríkissjóði til þess að standa undir því sem skilgreint væri sem íþyngjandi framkvæmdir til þess að sinna öryggis- og byggðarsjónarmiðum og miklu hættara við að þetta verði til þess að veikja almenna stöðu fyrirtækisins í samkeppni þá við væntanlega keppinauta. Ég minnist þess að fyrir allnokkru síðan, einum og hálfum áratug, var uppi hugmynd að standa hliðstætt að málum Rafmagnsveitna ríkisins, þ.e. að það kæmu bein framlög úr ríkissjóði og framkvæmdir fyrirtækisins væru flokkaðar í arðbærar framkvæmdir og ekki arðbærar framkvæmdir. Þegar til kastanna kom varð ekki mikið úr efndum á þeim hugmyndum einfaldlega vegna þeirra sjónarmiða sem við þekkjum, fjmrh. hverrar tíðar reynir að verja sitt ríki og hætt við því að ekki verði staðið við almennar skuldbindingar af þessum toga. Enda gerði hv. talsmaður meiri hlutans ekki ráð fyrir því af sinni hálfu að á þetta reyndi mikið. Það kemur kannski eitthvað skýrara svar hér á eftir.

[15:17]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði hvort samgn. hefði farið í saumana á þessari grein, 14. gr. Það má alltaf deila um það hvort nefndin hafi farið í saumana á málinu en auðvitað ræddi nefndin þessa efnisgrein eins og allar aðrar efnisgreinar og auðvitað var það mjög til umræðu innan nefndarinnar á öllum stigum málsins hvernig hægt væri að tryggja þá fjarskiptaþjónustu og þá póstþjónustu sem er núna tryggð með mjög góðum hætti í landinu. Það var stór hluti af þeirri efnislegu umræðu sem fór fram innan nefndarinnar um þessa formbreytingu. Það sem menn verða að hafa í huga er að það er alltaf gert ráð fyrir því, og nú víkur sögunni að tilskipunum Evrópusambandsins, að það sé tryggð það sem kallað er „universal service“, altæk þjónusta sem felur í sér grundvallarþjónustu sem fjarskiptafyrirtæki sem vinna á þessum markaði verða að leggja af mörkum og ríkisstjórnir gera samninga og starfsleyfi á grundvelli þessa. Það er líka áskilnaður um það sem menn hafa þar kallað sanngjarnt verð sem kveður á um heimild ríkisstjórnar til að setja síðan einhver slík markmið. Ég vil í þessu sambandi enn vekja athygli á því sem kom fram í samræðum sem ég átti við fulltrúa danska símafélagsins. Hann sagði að niðurstaðan hefði verið sú þar í landi að langskynsamlegast væri til þess að tryggja nákvæmlega það að menn sinntu þjónustunni almennt og altækt að gera það með samningum milli viðkomandi ríkisstjórnar og þeirra símafélaga sem störfuðu í hverju þjóðfélagi. Og það held ég, virðulegi forseti, að hljóti nú að verða það sem gerist hér líkt og annars staðar. Yfirvöld landsins í símamálum gera slíka samninga við fjarskiptafyrirtækin til þess að tryggja nákvæmlega það sem gert er ráð fyrir hér í 14. gr. og þá held ég að við þurfum ekki að óttast að ekki verði bærilega séð fyrir þessari þjónustu.

[15:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Á þessum vetri höfum við fengið að kynnast því hvaða stjórnarstefnu þessi ríkisstjórn ætlar að reka. Hvernig hefur hún birst okkur hér í þinginu og úti í þjóðfélaginu? Hún hefur birst okkur einkum með þrennum hætti. Við sáum hana við fjárlagagerðina, hvernig ríkisstjórnin þrátt fyrir efnahagsbatann ræðst fyrst og fremst að þeim sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu eins og öldruðum og öryrkjum og atvinnulausum og sjúkum. Við sjáum hana birtast í því hvernig ríkisstjórnin ræðst að verkalýðshreyfingunni í landinu og sviptir launafólk réttindum og kjörum sem það hefur áunnið sér þá með lægri launum í gegnum tíðina. Og við sjáum það ekki síst í því hvernig ríkisstjórnin er núna í hverju málinu á fætur öðru að búa í haginn fyrir stórfelld einkavæðingaráform. Það er einmitt í því frv. sem hér er til umræðu. Við 1. umr. um þetta mál var frv. mjög gagnrýnt bæði á þeirri forsendu að rök skorti fyrir því að breyta Pósti og síma í hlutafélag og ekki síst var frv. gagnrýnt fyrir það hvað réttarstaða starfsfólks héngi í lausu lofti miðað við ákvæði frv. Ég hélt satt að segja, virðulegi forseti, að nú við 2. umr. um þetta mál fengjust eitthvað skýrari svör við ýmsum þeim spurningum sem vöknuðu við 1. umr. og hv. samgn. sem hefur haft þetta mál til umfjöllunar myndi leitast við að skýra ýmislegt sem þingmenn óskuðu eftir að fá skýrar fram í þessari umræðu og sem er óljóst í þessu frv. En því miður, herra forseti, hefur það valdið mér vonbrigðum að

fara yfir nál. meiri hlutans þar sem mér sýnist að fátt eitt sé skýrara heldur en var hér við 1. umr.

Við 1. umr. málsins veltu ýmsir þingmenn því fyrir sér af hverju væri verið að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Var það vegna þess að Póstur og sími er illa í stakk búinn til að mæta þeirri öru tækniþróun sem orðið hefur og þeirri byltingu sem orðið hefur í fjarskiptatækni? Varla gat það verið svarið. Svarið kom reyndar fram í grg. frv. varðandi þann þáttinn sem ég vil rifja upp, með leyfi forseta. Þar segir:

„Á því er enginn vafi að þessi þróun hefur þegar leitt til og á eftir að hafa víðtæk áhrif á alla upplýsingamiðlun á sviði vísinda og tækni.

Samgrn. og Póst- og símamálastofnun hafa fylgst náið með þessari tæknilegu þróun, og segja má að í dag ráði stofnunin yfir búnaði og þekkingu til fjarskiptaþjónustu sem jafnist á við það sem best gerist í löndum Evrópu og sé að sumu leyti í fararbroddi í þessu efni, en á síðastliðnu ári varð Ísland fyrsta landið í heiminum til að taka í notkun stafrænt símkerfi um allt land."

Á þessu sést og reyndar mörgu fleiru sem fram kom við 1. umr. málsins að Póstur og sími hefur að ýmsu leyti verið í fararbroddi varðandi þá öru tækniþróun sem verið hefur og að auki hefur Póstur og sími skilað miklum hagnaði sem skiptir hundruðum milljóna sem árlega hefur farið til að greiða niður halla ríkissjóðs.

Ég hélt því fram við 1. umr. og reyndar fleiri að hægt væri að fara aðra leið, leið sem hefur verið farin í sumum löndum sem við berum okkur saman til undirbúnings undir einkavæðingu Pósts og síma, þ.e. að fara þá leið að breyta stofnuninni í annað rekstrarform en hlutafélög. Þar var ég með í huga að breyta henni yfir í form eins og það sem sjálfseignarstofnanir starfa eftir. Ég vitnaði þá til þess, virðulegi forseti, að hæstv. samgrh. sjálfur hafði hreyft þessari hugmynd fyrir kosningar á fundi sem póst- og símamenn héldu með fulltrúum stjórnmálaflokkanna en þá var eftirfarandi haft eftir hæstv. samgrh., með leyfi forseta: „Hann sagði að ekki væri aðalatriðið að breyta stofnuninni í hlutafélag heldur kemur ekki síður til greina að stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins sem lúti almennum lögmálum markaðarins, greiði skatta og skyldur og þar fram eftir götum."

Ég hélt satt að segja að þessi hugmynd yrði skoðuð miklu nánar en ég hef spurnir af í hv. samgn. En hæstv. ráðherra virðist hafa verið staðráðinn í því alveg frá upphafi og jafnvel þegar hann mælti þessi orð fyrir kosningar að breyta Pósti og síma í hlutafélag og undirbúa þannig jarðveginn fyrir einkavæðingu Pósts og síma. Við getum litið á reynsluna, herra forseti, í löndunum í kringum okkur sem hafa farið þá leið að breyta starfsemi pósts og síma í hlutafélög eða jafnvel einkavæða póst og síma og séð hvaða áhrif það hefur haft. Það eru mörg dæmi um það að símaþjónustan við slíka formbreytingu og við einkavæðingu hafi í fyrsta lagi versnað, í öðru lagi orðið dýrari og í þriðja lagi bitnað hart á starfsmönnum símaþjónustunnar. Þar er Bretland dæmi en í Bretlandi hafði einkavæðing símaþjónustunnar veruleg áhrif á atvinnuöryggi starfsfólks og því var í verulegum mæli sagt upp störfum þó eitthvað hafi verið dregið til baka í því efni og þeim fjölgað aftur vegna mikillar óánægju með verri og lélegri þjónustu eftir einkavæðinguna. Ókostir einkavæðingar pósts og síma komu fram fyrir 2–3 árum síðan þegar aðalritari Alþjóðasambands póst- og símamanna hélt erindi um það mál hér á landi. Hann sagði að engar athuganir sem gerðar hafa verið sýni fram á að einkarekin símafyrirtæki séu hagkvæmari en opinber. Hann nefndi þvert á móti Bretland sem dæmi um að sé litið á rekstrarhagkvæmni þá jókst hagnaður og framleiðni meira fyrir einkavæðingu símaþjónustunnar í Bretlandi en eftir hana og framleiðni var meiri í fyrirtækjum sem ekki voru einkavædd. Þau sömu varnaðarorð komu einnig fram hjá aðstoðaraðalritara Alþjóðsambands opinberra starfsmanna. Þegar hann hélt erindi fyrir nokkru hér á landi á vegum BSRB þá varaði hann við því að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Það væri hættulegasta stigið, sagði hann orðrétt, það virkaði vel í fljótu bragði en væri mjög lúmskt. Með því væru opnaðar allar gáttir til þess að selja fyrirtæki innan lands sem utan.

Maður veltir líka fyrir sér þegar maður er að reyna að leggja mat á það hvort mikið liggi á að breyta Pósti og síma í hlutafélag hvort það sé vegna þess að símkostnaður og póstþjónustan sé mjög há í verði hér á landi. Nei, þvert á móti er svo ekki. Símaþjónustan hér á landi er hvað ódýrust ef tekið er mið af OECD-löndunum. Um það hefur verið vitnað í þessum ræðustól og víðar, virðulegi forseti, að kostnaður við símaþjónustuna er hér miklu lægri en gerist og gengur annars staðar. Þannig hef ég töflu fyrir framan mig um símgjöld fyrirtækja miðað við sömu notkun í öllum OECD-löndunum árið 1991. Þar kemur fram að Ísland er með langlægstu símgjöldin hvernig sem á málið er litið. Það er reyndar staðfest, virðulegi forseti, í fylgigögnum sem hefur verið dreift frá minni hluta samgn. að ég hygg. Í fylgigögnunum kemur fram grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. maí eftir Bergþór Halldórsson verkfræðing en hann segir að verðlækkun á símaþjónustu sé meiri hér en í nokkru öðru Evrópuríki en að hún sé ekki tilkomin vegna einkavæðingar. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi verðlækkun, sem orðið hefur á íslenskri símaþjónustu á þessu tímabili, er miklu meiri en þekkist í nokkru öðru Evrópulandi og eins og sést á töflunni er þar um allt að 87% lækkun að ræða að raungildi."

Varla er því verið að breyta Pósti og síma í hlutafélag til þess að ná niður eða lækka verulega símkostnað þegar við erum með fyrir framan okkur að símgjöld hér á landi eru með því lægsta sem þekkist.

Ég hef rakið hér, herra forseti, að ég tel að það sé alls ekki sýnt fram á það með neinum rökum af hálfu meiri hlutans að þörf sé á að breyta Pósti og síma í hlutafélag vegna þess að við séum ekki í stakk búin til að mæta byltingu í fjarskiptatækni. Þvert á móti hefur Póstur og sími sannað með starfsemi sinni gegnum árin að hann hefur fylgst vel með þróuninni og á sumum sviðum gengið lengra og verið fremri en hjá öðrum þjóðum. Ég hef líka sýnt fram á símkostnaðinn, virðulegi forseti, og símgjöldin, að þau eru með því lægsta sem þekkist. Það stendur bara eitt eftir, herra forseti, að það er verið að undirbúa að einkavæða Póst og síma. Engin önnur rök standa eftir en þau að það er verið að undirbúa einkavæðingu á Pósti og síma og sölu á væntanlegum hlutabréfum í Pósti og síma. Hverju svo sem ráðherrann heldur fram, þá fullyrði ég að það líða ekki mörg missiri eða mörg ár þar til við stöndum frammi fyrir því að einkavæðing á Pósti og síma verður lögð til fái þessir stjórnarflokkar áfram að ráða ferðinni.

Það er reyndar svo, virðulegi forseti, að þó að því sé haldið fram að ekki sé hægt að selja hlutabréfin í Pósti og síma nema með samþykki Alþingis þá er opnuð ákveðin leið fyrir einkavæðingu, fyrir sölu á hlutabréfum í 2. gr. þessa

frv. Það kemur ljóslega fram. En þar segir um 2. gr. þessa frv.

„Með 2. mgr. greinarinnar [þ.e. 2. gr.] er veitt heimild til stofnunar dótturfyrirtækja til þess að annast einstaka þætti í starfsemi er Póst- og símamálastofnun annast nú og ekki tilheyra rekstri sem einkaleyfi þarf til. Með því er stefnt að því að tryggja fjárhagslegan aðskilnað þess hluta fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta sem er í samkeppni við aðra og til tryggingar þess að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar."

Ýmsum spurningum, virðulegi forseti, er ósvarað um þennan þátt málsins sem virðist ekki nokkur leið að draga fram í dagsljósið eða fá skýringar ráðherrans á þrátt fyrir að það hafi verið margreynt. Minni hluti hv. samgn. fjallar ítarlega um þetta atriði og segir svo, með leyfi forseta, ég er að vísa í athugasemdir með frv.:

„Við fyrstu sýn virðist þetta ákvæði skýrt og afdráttarlaust. Ef ákvæði 2. gr. frv. eru hins vegar skoðuð í beinu framhaldi vakna ýmsar spurningar. Þar segir m.a. að fyrirtækinu sé heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum og að félaginu sé heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess."

Og síðan segir, með leyfi forseta, og er vísað í athugasemdir með frv.:

„„Niðurlag 2. mgr. gerir ráð fyrir þeim möguleika að til þess geti komið að talið verði heppilegt og hagkvæmt að félaginu verði skipt milli tveggja félaga þar sem annað annaðist póstþjónustu en hitt fjarskiptaþjónustu." Í þessari sömu grein frv. er hlutafélaginu síðan einnig veitt heimild til að stofna til hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum og er þá m.a. átt við aðild hlutafélagsins að öðrum fyrirtækjum."

Og hvernig skyldi eiga að standa að því, herra forseti, ef ákveðið verður að eiga aðild að öðrum fyrirtækjum, leggja til þess hlutafé til dæmis? Hvernig verður að því staðið? Herra forseti, það er alveg nauðsynlegt að ráðherrann svari því og ég held að hann komist ekkert hjá því. Ég man ekki eftir að hafa heyrt hann svara því að ef kemur til aðild hlutafélagsins að öðrum fyrirtækjum, hvort samþykki Alþingis þurfi ef það kemur til sölu, ef um er að ræða dótturfyrirtæki Pósts og síma hf. Um þetta einmitt fjallað í ályktun minni hlutans. Þar er einmitt spurt hvernig fari um aðild hlutafélagsins að öðrum fyrirtækjum í því samhengi og hvort heimild Alþingis þurfi til sölu slíkra eignahluta Pósts og síma í samrunafyrirtækjum. Og síðan er spurning sem ég hef ekki enn heyrt svarið við. Hver verður réttarstaða starfsfólks í slíkum dóttur- og samrunafyrirtækjum? Það er mjög nauðsynlegt að fá þetta fram þegar hér er látið líta svo út að um sé að ræða alsaklaust frv. sem litlu breytir, að hér sé einungis verið að breyta Pósti og síma í hf. sem hafi engin áhrif hvort sem litið er til stöðu starfsfólks eða til fyrirtækisins. En þetta ákvæði þarf miklu frekari skýringa við heldur en fram hefur komið bæði í umræðum á Alþingi og eins í meðförum frv. í hv. samgn.

Það sem mikið hefur verið rætt og kannski aðallega rætt er hvernig ríkisstjórnin og hæstv. samgrh. hafa komið fram við starfsfólk Pósts og síma og er það með ólíkindum reyndar en kannski í samræmi við það sem við höfum séð áður á þessu þingi eins og það frv. sem var verið að afgreiða um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Það á greinilega, herra forseti, að afgreiða þetta frv. frá hv. Alþingi og skilja málefni starfsfólksins eftir í algjöru uppnámi. Ýmsu er ósvarað um réttarstöðu starfsmanna. Það hefur hart verið gengið eftir því að fá fram ýmislegt sem menn telja ósvarað og er ósvarað um réttarstöðu starfsfólksins. Því hefur verið haldið fram bæði af hæstv. samgrh. og hv. formanni samgn. að það hafi verið höfð góð samvinna og samráð við starfsfólk Pósts og síma. Því höfum við vissulega mótmælt sem erum í minni hluta á þingi og það kemur reyndar fram núna í grein Morgunblaðinu um helgina, en greinarhöfundar eru formaður Félags íslenskra símamanna og formaður Póstmannafélags Íslands, að þeir segja að sú samvinna og samráð sem um er talað hafi alveg farið fram hjá þeim, þessum formönnum Félags íslenskra símamanna og Póstmannafélags Íslands. (**Samgrh.:** Og sé einskis virði.) Og sé einskis virði. Ég tek undir með þessum hv. formönnum að ég tel að það sé ekkert sjálfgefið að það sé hægt að treysta þeim loforðum sem fram koma hjá hæstv. samgrh. og ríkisstjórn í þessu efni. Ef það væri hægt að treysta þessum loforðum og ef þeir vilja koma til móts við sjónarmið starfsmanna Pósts og síma, af hverju í ósköpunum er ekki gengið frá þessum starfsmannamálum áður en frv. er afgreitt frá Alþingi? Ef það er ekkert að fela í þessu efni og ef hæstv. ráðherra ætlar að koma til móts við óskir starfsmannanna, af hverju í ósköpunum er ekki gengið frá þessum málum í samráði við starfsmenn? Til þess hefur gefist nægur tími. Þetta frv. hefur verið í nokkrar vikur og mánuði hér á hv. þingi. Hvers vegna í ósköpunum var sá tími ekki notaður til að eyða þeirri tortryggni sem vissulega er uppi í þessu máli hjá starfsmönnum Pósts og síma gagnvart ríkisvaldinu? Hér er það sett í vald einhverra þriggja manna nefndar sem ráðherrar skipa hvað verður um málefni starfsfólksins. Hvers vegna í ósköpunum var það ekki útlátalaust fyrir hæstv. ráðherra að leyfa starfsfólkinu að eiga einn fulltrúa í þessari nefnd sem fjalla á um þeirra málefni og þeirra kjör? En þetta er auðvitað í samræmi við þau einræðisvinnubrögð sem ríkja hvarvetna þar sem starfsfólk á í hlut og launafólk. Hvað er að því, herra forseti, að hæstv. samgrh. gerði nú svo lítið að leyfa starfsfólkinu að eiga fulltrúa í þessari nefnd sem á að fara að fjalla um kjör þeirra? Það lofar ekki góðu, virðulegi forseti, og það er ekki skrýtið þó að sé tortryggni uppi varðandi ýmis réttindamál launafólks. Þessi svokallaða undirbúningsnefnd ráðherrans á því að fá mjög víðtækt vald og hafa algjört forræði í málefnum starfsmanna þeirra frá þeim tíma sem þetta frv. verður afgreitt frá Alþingi og þar til hlutafélagið tekur til starfa, — hafa algjört forræði í þessu máli. Finnst ráðherranum það sérkennilegt að við í minni hlutanum, í stjórnarandstöðunni og starfsfólk Pósts og síma kalli eftir því að fá skýrt fram hver réttarstaða þeirra verður eftir að Pósti og síma hefur verið breytt í hlutafélag? Við erum að ræða um 2.500 manns en kjör þeirra og réttarstaða er skilin eftir í algjöru uppnámi þegar frv. verður að lögum. Ef hæstv. ráðherra hefði fallist á að starfsfólkið hefði og ætti fulltrúa í undirbúningsnefndinni sem m.a. á að fjalla um kjör þeirra og réttindi þá hefði a.m.k. ákveðnum hluta tortryggninnar verið eytt.

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að mál starfsmanna eru í lausu lofti. Og óttinn leynir sér ekki, herra forseti, einmitt um þetta atriði og það hvernig hann kemur fram í umsögnum starfsfólks Pósts og síma. Mér finnst alveg full ástæða til þess, herra forseti, að fara yfir nokkrar af þessum umsögnum og a.m.k. í þeirri von að hæstv. ráðherra hlýði á vegna þess að ég dreg í efa að hann hafi nokkuð haft fyrir því að lesa

þessar umsagnir. Nú situr hann yfir umræðunum og les í einhverjum þykkum doðranti til þess að reyna að forðast að þurfa að hlýða á mál þeirra manna sem eru á móti þessu frv. og á móti þeim gerræðislegu vinnubrögum sem ráðherrann sýnir 2.500 manna starfsliði hjá Pósti og síma. Það er sárgrætilegt til þess að horfa í mörgum málum, ekki bara í þessu máli heldur á mörgum sviðum að þessir stjórnarflokkar hafi ekki meira aðhald frá þjóðinni en raun ber vitni.

Ég ætla að vitna, virðulegi forseti, í nokkrar af þessum umsögnum. Þar segir t.d. hjá Félagi íslenskra símamanna sem hafa fengið álit Gunnars Jónssonar lögfræðings til þess að fara yfir réttarstöðuna, með leyfi forseta:

„Samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. er skýrt kveðið á um að lögin taki ekki til starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga einkaréttareðlis jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins. Sami skilningur hefur verið lagður í 1. gr. laga nr. 38/1954.

Póstur og sími á samkvæmt frv. að verða hlutafélag en alfarið í eigu íslenska ríkisins. Í frv. felst því að starfsmenn Pósts og síma, sem hingað til hafa fallið undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, njóti framvegis ekki verndar laganna. Í frv. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er ekki kveðið á um með hverjum hætti skuli tryggja réttindi sem nú eru tryggð með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um er að ræða ýmis mikilvægustu réttindi ríkisstarfsmanna, svo sem biðlaunarétt, orlof, réttindi í veikindum og fleira. Hlýtur því að vera að um þau réttindi sem nú eru tryggð með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði samið um í kjarasamningum nema þeim sé skipað með almennum lögum sem er raunin til að mynda með orlof."

Þetta vekur upp ýmsar spurningar og mér fannst mjög athyglisverð álitsgerð, sem fram kom og var væntanlega lögð fram í nefndinni, um stéttarfélög tæknifræðinga og réttarstöðu starfsmanna við það að Póst- og símamálastofnun verði gerð að hlutafélagi. Álitsgerðin var unnin af Láru V. Júlíusdóttur sem var m.a. fengin af hálfu efh.- og viðskn., ef ég fer rétt með, til þess að leggja mat á ýmis álitaefni sem þar komu fram um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Varðandi þessi réttindi, til að mynda veikindarétt, segir hún, með leyfi forseta:

„Opinberir starfsmenn njóta kjara á grundvelli laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, svo og kjarasamninga. Veikindaréttur þeirra byggist á reglugerð um veikindarétt opinberra starfsmanna og réttur til barnsburðarleyfis á reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Í 8. gr. er ekki kveðið skýrt á um það hvort hlutafélagið Póstur og sími muni í framtíðinni veita starfsmönnum sínum veikindarétt og barnsburðarleyfi eftir ákvæðum þeirra laga."

Virðulegi forseti. Þetta er sem sagt allt óljóst. Áfram segir í áliti Láru V. Júlíusdóttur: „Væntanlega ber að túlka ákvæðið svo að þeir sem unnu hjá stofnuninni njóti þessara réttinda en þeir sem hefja störf hjá Pósti og síma hf. njóti þeirra ekki."

Ég spyr hæstv. ráðherra. Hann er mjög óróleger í salnum, hæstv. forseti, ýmist að lesa einhverjar bækur eða hlaupandi í símann. Hann má varla vera að því að afgreiða þetta frv. sem svo mikið liggur á á þinginu ef hann má ekki vera að að hlýða á það sem minni hlutinn hefur fram að færa en auðvitað ætlast minni hlutinn til þess að hæstv. ráðherra hlusti á rök gegn áformum um að breyta Pósti og síma í hlutafélag.

Herra forseti. Ég var að reyna að fá hæstv. ráðherra til að hlusta á álit Láru V. Júlíusdóttur þar sem hún er að ræða um veikindarétt opinberra starfsmanna við þessa breytingu. Hún segir orðrétt: „Væntanlega ber að túlka ákvæði svo að þeir sem unnu hjá stofnuninni njóti þessara réttinda en þeir sem hefja störf hjá Pósti og síma hf. njóti þeirra ekki."

Ég spyr ráðherrann um hvaða skilning hann hefur á þessu og hvort þarna verði um mismunandi réttindi að ræða. Lára V. Júlíusdóttir kemur með dæmi um hvaða áhrif þetta geti haft og hún segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Hugsum okkur tvær konur, aðra sem hefur starfað hjá stofnuninni og hina hjá hf. Þær eru með sama kaup hjá hf., 150 þús. á mánuði og eignast börn á sama tíma. Önnur konan heldur því kaupi í sex mánuði og fær því greiddar 900 þús. frá hf. en hin fær að óbreyttu greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 330 þús. fyrir sama tímabil." Þetta er einungis dæmi um þann mikla mun sem er á réttindum opinberra starfsmanna og hinna sem vinna á almennum markaði. Það ber að skilja svo að nái lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ekki til starfsmanna hjá Pósti og síma hf., þá séu lög um stéttarfélög og vinnudeilur sem gilda eftir að þetta frv. verður að lögum. Ef fólk á að halda öllum sínum áunnu réttindum þannig að hvergi verði af því tekið er ljóst að þeir sem verða ráðnir af Pósti og síma hf. munu búa við önnur kjör þannig að konur sem starfa hlið við hlið, t.d. varðandi fæðingarorlofsrétt og að því er varðar veikindarétt munu hafa mismunandi kjör.

Lára V. Júlíusdóttir bendir á annað, með leyfi forseta: „Veikindarétturinn er annað dæmi um verulegan réttindamun. Eftir tiltekinn árafjölda í starfi hefur opinber starfsmaður eins árs veikindarétt. Starfsmaður á almenna vinnumarkaðinum getur hæst komist upp í þrjá mánuði." Ætlar hlutafélagið Póstur og sími að mismuna starfsmönnum sínum í framtíðinni þannig að þeir búi þá við mismunandi réttindi? Um það spyr Lára V. Júlíusdóttir í álitsgerð sinni og ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Ætlar hlutafélagið Póstur og sími að mismuna starfsmönnum sínum í framtíðinni hvað þetta varðar eftir því hvort þeir hafa áunnið sér rétt hjá stofnuninni eða hefja störf eftir að Pósti og síma hefur verið breytt í hlutafélag? Mun það þá kannski verða svo að þeir sem ráðast til starfa hjá Pósti og síma eftir að því hefur verið breytt í hlutafélag og hafa minni veikindaréttindi og minna fæðingarorlof hafa önnur kjör en þeir sem hafa unnið hjá stofnuninni áður en hún breyttist í hlutafélag? Það fást engin svör við þessu frekar en öðru sem um er spurt. Hæstv. ráðherra lætur ekki svo lítið, herra forseti, að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Ef ráðherrann svaraði þessum spurningum sem fram hafa komið mundi hann greiða mjög fyrir því og stytta verulega umræðuna en meðan við fáum ekki svör við ýmsum grundvallaratriðum að því er þessa þætti varðar, að því er varðar réttarstöðu fólks eftir þessa breytingu lengist auðvitað umræðan. Ég man ekki eftir nokkru máli í þinginu í gegnum tíðina þar sem réttarstaða starfsfólks er skilin eftir í svo miklu uppnámi sem raunin er með þetta mál.

Herra forseti. Ég ætla að halda áfram með umsagnirnar sem skýra mjög vel þann ótta sem býr í brjósti þeirra 2.500 starfsmanna sem vita raunverulega ekkert um réttarstöðu sína eftir þessa breytingu. Félag ísl. símamanna fékk lögfræðilegt álit hjá Gunnari Jónssyni um réttarstöðu starfsmanna. Þar kemur fram að í frv. komi ekkert fram um hverjir verða í forsvari í kjarasamningum fyrir starfsmenn sem eru nú í Félagi

ísl. símamanna og Póstfélaginu. Af frv. verður heldur ekki ráðið hver viðsemjandinn yrði. Starfsmenn Pósts og síma hf. yrðu ekki felldir undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hver skyldi verða viðsemjandi þeirra, herra forseti? Hæstv. ráðherra getur væntanlega ekki svarað því fremur en öðru sem um er spurt við þessa umræðu. Stéttarfélög FÍS og PFÍ gætu breytt lögum sínum á þann veg að þau færu áfram með forsvar í kjarasamningum fyrir þá félagsmenn sína sem þannig misstu stöðu ríkisstarfsmanna en fengju stöðu starfsmanns hlutafélags. Kysu viðkomandi félagsmenn FÍS og PFÍ áframhaldandi aðild að þeim stéttarfélögum gætu þeir komið fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga. Síðan segir orðrétt:

„Það réðist þá af afstöðu ríkisins sem eiganda hlutafélagsins hvort samið yrði við þessi félög og hvort reynt yrði að þvinga starfsfólk til aðildar að öðrum stéttarfélögum með því að leita inngöngu í VSÍ við Póst og síma hf." Eru einhverjar hugmyndir, herra forseti, á borði ráðherrans að það verði VSÍ sem verði samningsaðili Pósts og síma eftir að það er orðið að hlutafélagi? Sjálfsagt veit hæstv. ráðherra ekkert um það frekar en annað sem spurt er um í umræðunni. Það kemur reyndar fram í áliti eftir áliti að það er verið að kalla eftir svörum við þessum spurningum en við þeim fást engin svör.

Einmitt í þessum umsögnum hefur verið spurt hvort starfsfólk eigi við þessa breytingu að ganga inn í kjarasamninga annarra félaga innan ASÍ eða eru kjarasamningar starfsfólks lausir frá þeim tíma að frv. þetta verður að lögum. Eru kjarasamningar lausir? Hver er réttarstaða fólks eftir að frv. þetta er orðið að lögum? Mun það ganga inn í kjarasamninga annarra félaga? Þannig hefur verið spurt, en lítil svör fást við þessu.

Virðulegi forseti. Einnig hefur vakið athygli að hæstv. samgrh. skuli ekki verða við þeirri ósk sem kemur einkum fram frá Póstmannafélagi Íslands um það að skilja að rekstur póst- og símaþjónustunnar áður en til hlutafélagavæðingar kemur. Það hefur víða verið gert í löndunum í kringum okkur þar sem farið hefur verið í slíkar breytingar að því er varðar hlutafélagabreytingar á póst- og símaþjónustunni og það hefur verið gert í fullkomnu samráði við starfsfólk og farið eftir ýmsum ábendingum sem fram hafa komið frá starfsfólki, m.a. að skilja að rekstur póst- og símaþjónustunnar áður en til hlutafélagavæðingarinnar kemur. Fyrir því hafa verið færð mörg rök í umræðunni að það sé eðlilegt að gera það með því að einkavæða ekki póstþjónustuna.

Það væri alveg full ástæða til þess að hæstv. ráðherra gerði þinginu frekari grein fyrir því af hverju það er svona ógurlega erfitt að aðskilja póst- og símaþjónustuna og breyta ekki póstþjónustunni í hlutafélag eins og kallað hefur verið eftir.

Síðan hafa margir gagnrýnt með réttu það alræðisvald sem hæstv. ráðherra fær með þessu frv. ef að lögum verður. Þar kemur fram, virðulegi forseti, að ráðherra fer einn með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma og hann á að skipa þessa þriggja manna nefnd sem á að endurmeta eignir stofnunarinnar. Hann á að ráða því hverjir verða skipaðir í stjórn Pósts og síma. Hann heldur aðalfund væntanlega einn. Hann fer einn með alla eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma. Það er því mjög sérkennilegt hvernig að þessu er staðið.

Einmitt varðandi stjórn Pósts og síma sem skipuð skal sjö aðalmönnum og sjö til vara. Hefði ekki verið eðlilegt, herra forseti, að hæstv. samgrh. hefði lagt til það sem kallað var líka eftir við 1. umr. þessa máls, að starfsmenn Pósts og síma fengju fulltrúa í stjórn fyrirtækisins? Það hefði litið allt öðruvísi út ef hæstv. ráðherra hefði fallist á það. Það hefði þá verið í átt til aukins atvinnulýðræðis eins og víða hefur verið stundað. Um það er einmitt vitnað í þessum umsögnum að þar sem slíkar formbreytingar hafi átt sér stað, þar sem rekstri Pósts og síma hafi verið breytt í hlutafélag, þá hefur starfsfólkið fengið aðgang að slíkri stjórn og fengið heimild til þess að skipa sinn fulltrúa í stjórnina. Ég er satt að segja mjög hissa á því að hæstv. ráðherra hafni því að starfsmenn fái fulltrúa í stjórnina þannig að hægt sé þá að nýta sér þá þekkingu t.d. sem starfsfólk Pósts og síma býr yfir. En þetta er auðvitað hunsað eins og allt annað sem sett er fram til þess að reyna að betrumbæta þetta frv. Það er sama hvar á það er litið. Það er ekki einu sinni hlustað á einfalda ósk um að starfsmenn fái einn fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Þetta er eftir öðrum vinnubrögðum hjá þessari ríkisstjórn hvort sem það er í þessu máli eða öðrum málum. Við getum talið þau öll upp, frv. fyrir frv. þar sem alls staðar er stigið þar sem heitir réttur starfsfólks eða réttur launafólks. Alls staðar er hert á öllum ákvæðum til þess að hægt sé að nota þau til þess að píska starfsfólk áfram. Það er ekki fyrir að fara samvinnunni, samvinnunni við starfsfólk, að gera hlutina í samvinnu og samráði við starfsfólk. Nei, það skal þvert á móti gert í fullkominni andstöðu við starfsfólkið.

Virðulegi forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Það veldur mér vissuega miklum vonbrigðum að það skuli ekkert hafa breyst frá því að við vorum að ræða frv. við 1. umr. málsins. Þar komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem ég hélt satt að segja að hæstv. ráðherra mundi hlusta á og meiri hluti í þinginu mundi taka tillit til, ekki síst að því er varðar réttarstöðu starfsfólks þannig að eytt yrði nokkru af þeirri tortryggni sem verið hefur uppi með réttu gagnvart þessu frv. En allt kemur fyrir ekki. Ráðherrann ætlar að halda sínu striki og hlusta ekki á ýmis varnaðarorð sem hafa komið fram um ýmsa þætti þessa máls.

Ég tel ástæðu til þess að nefna enn það sem ég minntist á við 1. umr. málsins, hvort nokkur hætta sé á því að elli- og örorkulífeyrisþegar sem notið hafa gegnum almannatryggingar þess að hafa fengið ókeypis fastagjald af síma, þ.e. hvort einhver breyting verði við það að Póstur og sími breytist í hlutafélag. Og ef svo verður, ef stjórn Pósts og síma tekur ákvörðun um það sem ég hygg að hún hafi rétt til og geti gert ef henni dettur það í hug, að afnema þessa niðurfellingu, þá spyr ég ráðherrann enn einu sinni: Ef stjórn Pósts og síma ákveður að fella þetta ókeypis fastagjald niður — mér skilst að engin áform hafi komið fram um það í nefndinni — en ef svo færi að stjórn Pósts og síma tæki upp á að breyta þessu, skerða eða fella niður þessa þjónustu, þessi réttindi sem elli- og örorkulífeyrisþegar hafa, mun hæstv. ráðherra þá sjá til þess og beita sér fyrir því að þessi ókeypis símgjöld haldi sig hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, þá með því að Tryggingastofnunin greiði þau? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hafa þetta eitthvað fastar í hendi en við höfum nú.

Það væri líka athyglisvert að heyra nokkuð nánar um annað frá hæstv. ráðherra. Þegar Póstur og sími hefur skilað árlega í ríkissjóð að mig minnir 860 millj. til þess að greiða niður halla ríkissjóðs, þá er ástæða til þess að spyrja: Hvað verður við þessa breytingu? Mun þessi hagnaður skila sér áfram í ríkissjóð eða getur stjórn Pósts og síma ákveðið að honum skuli ráðstafað öðruvísi?

Ég ætla að láta þessi orð mín nægja við þessa umræðu. Ég vil þó ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að ég óttast mjög þá breytingu sem hér er verið að gera, ekki síst gagnvart starfsfólkinu. Ég sé ekki nein rök með breytingunni og sé ekki að hana hafi þurft til þess að við gætum aðlagast þeirri öru tækniþróun sem vissulega er á þessu sviði og hef fært rök fyrir því í mínu máli. Ég held, virðulegi forseti, að eini tilgangurinn með þessu frv. sé að búa í haginn fyrir einkavæðingu Pósts og síma og ég held að það líði ekki langur tími þar til við sjáum að það verður lagt til á hv. Alþingi að selja hlutabréfin í Pósti og síma. Og alveg er eitt víst að það eru ýmsir sem bíða eftir því alveg örugglega að geta keypt bréf í þessu fyrirtæki sem skilað hefur miklum hagnaði. Ég yrði ekkert hissa þó stór fyrirtæki á borð við Eimskip eða Flugleiðir yrðu innan ekki margra ára, þ.e. ef íhaldið fær áfram að stjórna á þessu landi, orðnir stórir eigendur að þessu fyrirtæki sem skilað hefur miklum hagnaði og hefur staðið sig vel í þeirri öru samkeppni sem ríkir á þessu sviði.

[16:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Ég vil fyrst taka það fram að það kemur auðvitað ekki á óvart hverjir það eru sem hafa harðast talað gegn frv. Það er hinn óháði hluti Alþb., hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hann slæst þar í hóp með þeim hv. þm. Svavari Gestssyni og Hjörleifi Guttormssyni og staðfestir með því að hann er í þeim armi Alþb. enda er maður svo sem kunnugur fyrri skoðunum hans frá fyrri tíð og kemur það því ekki á óvart.

Ég vil einnig segja að það kemur ekki á óvart þó hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv., beiti sér harkalega gegn þessu frv. Hv. þm. var á móti formbreytingu Pósts og síma meðan hann var ráðherra og er ekkert við því að segja þó að hann sé þeim skoðunum sínum trúr eins og þeir þingmenn sem ég hef nefnt, að vera miklir ríkisafskiptaeinstaklingar og að vera á móti markaðsvæðingu almennt. Þeir eru auðvitað trúir þeim fyrri skoðunum sínum.

Um það hvort ég gangi þvert gegn starfsmönnum Pósts og síma þá vil ég minna á það að í Fréttabréfi Sambands íslenskra símamanna frá því í nóvember sl. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Það virðist augljóst að þær aðstæður sem eru að skapast í Evrópu gera Pósti og síma afar erfitt um vik að starfa í því formi sem stofnunin er nú. Á þeirri forsendu virðist það vera óumflýjanlegt að formbreyta stofnuninni þannig að hún geti starfað eðlilega og án þess að vera kærð fyrir Samkeppnisstofnun fyrir nánast hvaða skref sem stigið er til breytinga eða framfara."

(**Gripið fram í:** Hver skrifar þetta?) Þetta kemur fram í Fréttabréfi Sambands íslenskra símamanna. Til þess að leiðrétta misskilning sem hér hefur komið fram þá hafa þær breytingar sem hér eru lagðar til og sú nauðsyn á formbreytingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir, bæði í greinargerð með frv., í máli mínu og ýmissa annarra hv. þingmanna, vissan hljómgrunn meðal starfsfólks Pósts og síma. Þeir eru raunar æ fleiri þar sem gera sér grein fyrir að nauðsynlegt sé að taka á þessum málum.

Ég hef verið spurður nokkurra spurninga og skal leitast við að svara þeim efnislega. Í fyrsta lagi hef ég verið spurður að því hvort heimilt verði að flytja tekjur milli einstakra rekstrarþátta Pósts og síma hf. Því er til að svara að það verður eins og nú er. Ef um einkaréttarsvið er að ræða þá er að sjálfsögðu ekki heimilt að færa tekjur þaðan yfir á markaðssviðið.

Spurt er um hvernig skattgreiðslum verði háttað til ríkissjóðs. Svarið er að það verður samkvæmt almennum lögum um hlutafélög.

Í þriðja lagi er spurt um það hvort verðlagningarþjónusta Pósts og síma sé bærileg eða há eða lág miðað við það sem gerist í nálægum löndum. Því er til að svara að yfirleitt eru símgjöldin lægri en í nálægum löndum. Millilandasímtöl eru rétt í meðallagi og hið sama er að segja um þjónustu póstsins.

Spurt er að því hverjir hafi mestan áhuga á að setja hlutabréf Pósts og síma á almennan markað. Um þetta hafa verið margvíslegar skoðanir í þjóðfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að ríkið eigi öll hlutabréfin í Pósti og síma. Það er rækilega tekið fram í því frv. sem hér liggur fyrir. En á hinn bóginn kom það fram á fundum með starfsfólki Pósts og síma að það voru ýmsar þar sem spurðust fyrir um hvort bréfin yrðu sett á markað eða hvort starfsfólk Pósts og síma mundi eiga þess kost að fá bréf keypt. Það liggur því alveg ljóst fyrir að ýmsir meðal starfsmanna Pósts og síma telji það góðan kost ef þeir gætu fengið bréfin keypt og að einhver hluti bréfanna a.m.k. færi inn á almennan markað. En það er ekki lagt til hér.

Spurt er hvort ég telji heppilegt að skipta Pósti og síma í smærri einingar, t.d. með því að aðskilja póst- og símasvið. Ég hef verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé athuga gaumgæfilega hvort rök séu fyrir því að aðgreina póst- og símaþjónustuna í tvö fyrirtæki. Því er ekki að leyna og það hefur raunar komið fram hér að innan Póstmannafélagsins er mikill áhugi fyrir því. Ég vil í því sambandi minna sérstaklega á, líka vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið, að í nálægum löndum er póstþjónustan yfirleitt rekin sem hlutafélag. Þó er svo ekki í Noregi, en þar stendur mikill vilji til þess að taka hlutafélagsformið upp. Þar hafa pósthús verið rétt um 2.300 í hinni ríkisreknu stofnun sem hefur póstþjónustuna með höndum. Nú liggur fyrir að pósthúsum verði fækkað þar um 1.450 en samið við einkaaðila um rekstur 500 þeirra þannig að pósthúsum í Noregi muni fækka um 900 eða svo og er þó þar um opinberan rekstur að ræða. Þannig að þetta dæmi frá Noregi sem vísað hefur verið til í umræðunum sýnist síður en svo tryggja það að atvinna haldist og er þetta auðvitað mjög eftirtektarvert.

Enn fremur var ég spurður að því hvort ég teldi rétt að takmarka umsvif Pósts og síma frá því sem nú er þannig að þau verði einungis bundin við almenna póst- og símþjónustu. Því hef ég verið andsnúinn, frv. er enda þannig byggt upp að til þess komi ekki og ég hef talið að pósturinn þurfi á öllu sínu að halda til þess að geta staðist þá samkeppni sem fyrirsjáanleg er og er raunar byrjuð.

Ég var spurður að því hvort samgn. fái að fylgjast með málinu nú síðar á þessu ári ef frv. verður að lögum. Svarið við því er vitaskuld já. Ég hef ekkert á móti því. Ég hef sýnt það rækilega í aðdraganda þessa máls að ég hef lagt áherslu á að bæði starfsfólk og eins stjórnmálaflokkar fái tækifæri til þess að fylgjast með málinu.

Ég hef áður lýst því yfir að ég tel ekki rétt að starfsmenn Pósts og síma sitji í stjórn eða framkvæmdastjórn og hef fært fyrir því rök.

Þá hafa ýmsir vikið að því að ekki hafi verið nægilegt samstarf við starfsfólk Pósts og síma og hefur verið vitnað í því sambandi í blaðagrein í Morgunblaðinu sem skrifuð er

af formönnum Félags ísl. símamanna og Póstmannafélagsins og vitnað til þessara orða sérstaklega, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú samvinna hefur alveg farið fram hjá okkur þrátt fyrir það að við séum í forsvari fyrir um 2.000 starfsmenn af 2.500 starfsmönnum stofnunarinnar."

Ég hlýt að skilja það svo að þessir formenn þessara sterku stéttarfélaga innan Pósts og síma telji samvinnu og samtöl og samstarf af því tagi sem verið hefur uppi einskis virði, þ.e. formaður Félags ísl. símamanna og formaður Póstmannafélags Íslands. En á hinn bóginn hef ég fundið það hjá talsmönnum anarra stéttarfélaga Pósts og síma að þeir telja mjög mikils virði að þetta samstarf geti haldið áfram. Og ég vil raunar vísa til þess vegna þess að þriggja manna undirbúningsnefndin hefur þrásinnis verið hér til umræðu að brtt. meiri hluta samgn. um skýrari ákvæði og skilgreindara verksvið nefndarinnar en var í upphaflegu frv. er beinlínis runnin frá þessum samstarfsfundum með fulltrúum samgrn., yfirstjórnar Póst- og símamálastofnunar og starfsmönnum Pósts og síma og er talandi dæmi um það að þetta samstarf hefur þarna skilað árangri. Það var beinlínis um þetta hugsað og eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur verið lýst ánægju yfir því að orðið varð við þessari beiðni. (Gripið fram í.) Hitt er auðvitað algerlega út í hött sem hv. þm. sem greip fram í fyrir mér, Jóhanna Sigurðardóttir, var að reyna að halda fram í ræðustól og raunar líka hv. þm. Savar Gestsson að Póstur og sími hf., félag sem hefur ekki enn verið stofnað og stjórn sem hefur ekki enn verið kosin, geti gert bindandi kjarasamninga við starfsfólk eftir að félagið tekur til starfa. Því er auðvitað alls ekki til að dreifa og engar lagaheimildir sem samgrh. hefur í þeim efnum nú. Þetta veit auðvitað hv. þm. Svavar Gestsson mjög vel sem er einn sá þingmaður sem er best að sér í stjórnarfari, stjórnsýslu og öðru sem að því lýtur. Og ég vil minna hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á að meðan við sátum saman í ríkisstjórn og frv. um einkavæðingu Áburðarverksmiðju ríkisins var til umræðu kom það ekki upp í ríkisstjórninni og heldur ekki frá þessum hv. þm. að rétt væri að gerður yrði samningur við starfsfólk Áburðarverksmiðju ríkisins hf. áður en hún yrði stofnuð og áður en lögin um hana gengju í gildi. Ég hygg því að þetta sé augljóst mál, en á hinn bóginn má vera að það sé gaman að tala um þetta í pólitískum tón, áróðurslegum tón. En ég hygg að hv. þingmenn viti betur ef þeir eru hreinskilnir við sjálfa sig.

Ég var spurður að því hvað yrði um Póst- og símamálaskólann. Því er til að svara að menntun rafeindavirkja er komin inn í hið almenna skólakerfi en á hinn bóginn verður haldið áfram sérkennslu og almennri menntun fyrir póstafgreiðslumenn og skólinn mun eins og hingað til sinna þeim þörfum stofnunarinnar sem brýnust eru eða uppi eru hverju sinni. Og því hefur verið lýst yfir af mér að starfsmenn Pósts og síma geti eftirleiðis sem hingað til sótt námskeið skólans eða skólanna að kostnaðarlausu og án tillits til búsetu.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér og hefur raunar sagt það áður í þessari umræðu að eignarhaldið skipti mestu máli til frambúðar og er hann þá að tala um Póst og síma hf. Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að eignarhaldið skiptir máli og í þessu samhengi erum við sammála um að ríkið eigi áfram að eiga Póst og síma. Ég hefði talið að það sé úrslitaatriðið nú að Póstur og sími hf. sé rekinn á markaðslegum grundvelli. Eins og fram kom í máli hv. þm. Einars Guðfinnssonar er hlutafélagaformið margþróað og heppilegasta rekstrarformið sem nú er. Þetta mál hefur verið af minni hálfu í undirbúning svo árum skiptir og þess vegna hafa stjórnarandstæðingar haft mjög góðan tíma og mikið næði til þess að undirbúa sig undir ítarlega tillögugerð um annað form heldur en hér er lagt til. Ég vil minna á að ég bauð fulltrúum stjórnarandstöðunnar ásamt fulltrúum stjórnarflokkanna til Noregs og Danmerkur á sl. hausti til þess að þeir gætu sérstaklega kynnt sér hvernig þessi mál stæðu í nálægum löndum. Jafnframt var fulltrúum starfsfólks boðið til þessara landa og Svíþjóðar til þess að kynna sér þessi mál sérstaklega. Forsendur þess frv. sem hér er til umræðu hafa því verið þrautræddar, bæði við stjórn Póst- og símamálastofnunar og starfsfólk hennar og efnisatriði frv. sömuleiðis. Það er því hálfundarlegt þegar einstakir þingmenn eru að reyna að halda því fram hér að málið sé illa undirbúið og af þeim sökum sé þörf á því að fresta því til haustsins. Auðvitað býr á bak við þau ummæli ekki önnur tilhneiging en sú að reyna að drepa málinu á dreif, fresta því til hautsins, eins og menn reyna auðvitað að gera þegar þeir eru á móti máli. Það er ekkert nýtt í þingsölum að þingmenn reyni að sveifa mál sem þeir eru andsnúnir. (**HG:** Þekkir hæstv. ráðherra það?) Við þekkjum það báðir, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Og höfum stundum náð ágætum árangri í því báðir tveir. Ég efast um að aðrir hafi verið seigari en við í því ef maður er alveg hreinskilinn. Við getum þess vegna talað um það fullum hálsi báðir tveir. (**HG:** Af mikilli reynslu.) Af mikilli reynslu. En það kemur ekki því við hvort málið er vel eða illa undirbúið.

Ég er fullkomlega sammála hv. þm. Svavari Geststsyni um það að Póstur og sími býður upp á mikla möguleika ef rétt er á haldið í fjarskiptaþjónustunni. Ef við nýtum þá möguleika sem við höfum er enginn vafi á því að við getum haft miklar og góðar tekjur af hinu íslenska símafyrirtæki. En þá er auðvitað nauðsynlegt að það geti unnið með öðrum fyrirtækjum, verið í nánu samstarfi við önnur fyrirtæki. Ég vil í því sambandi minna á að sum þeirra fjölþjóðlegu fyrirtækja sem eru í þessum viðskiptum hafa beinlínis lýst því yfir að þau hafni náinni samvinnu við símafyrirtæki sem er opinber stofnun vegna þeirrar upplýsingaskyldu sem er í slíkum stofnunum og annars slíks. (**Gripið fram í:** Hvaða fyrirtæki?) Erlend fjölþjóðafyrirtæki.

Hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hv. þm. Svavari Geststsyni ber ekki saman um það hvort ríkisstofnunin Póstur og sími geti gerst þátttakandi í öðrum hlutafélögum, keypt hlutabréf og annað því um líkt. En svo heppilega vildi til að hv. þm. Svavar Gestsson talaði um það áðan að lagabreyting væri nauðsynleg til þess arna, þvert ofan í það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hafði um það sagt. (**ÖJ:** Nei, það er rangt.) Þetta er ekki rangt. (**ÖJ:** Ég talaði við mann ...) Hv. þm. Ögmundur Jónasson er búinn að flytja ræðu sína það oft hér í þessum umræðum að ég er farinn að kunna einstök atriði hennar. Hv. þm. getur ekki beðið mig um að sitja endalaust undir öllum lestrinum og taka ekki eftir því sem sagt er. Ef hv. þm. vill ekki að til sín sé vitnað, þá ætti hann ekki að óska eftir því að menn sitji undir ræðunum endalaust. (**ÖJ:** Þú ferð með ósannindi.) Ég fer ekki með ósannindi. Og það er raunar merkilegt að í sumum greina hv. þm. a.m.k. forðast hann að tala um Póst- og símamálastofnun sem stofnun heldur kallar hana fyrirtæki.

Í þessu sambandi vil ég minna á, vegna þess líka að hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði til þeirrar rannsóknarþróunarfélaga sem Háskóli Íslands hefur heimild lögum samkvæmt til að stofna, að ekki var mikil lukka yfir því hjá öllum

þingmönnum á Alþingi þegar sú lagaheimild var veitt að tillögu Ragnhildar Helgadóttur menntmrh. Við munum þá sögu auðvitað báðir.

Þótt það varði þetta mál út af fyrir sig ekki er samt sjálfsagt að það komi fram að það er ekki rétt að norska ríkisstjórnin hafi í hyggju að selja hlutabréf í Telenor. Þvert á móti hefur verið tekin ákvörðun um það að norska ríkið leggi fram aukið hlutafé til þess fyrirtækis til þess að undirbúa markaðssókn erlendis. Fullyrðingar eða ummæli sem lutu að hinu gagnstæða eru því á misskilningi byggðar.

Það vakti nokkra furðu mína þegar því var haldið fram að við þyrftum ekki að óttast það, Íslendingar, að erlend fyrirtæki sæktu hingað í miklum mæli á sviði fjarskiptaþjónustu. Þetta er að sjálfsögðu alger misskilningur. Erlend fjölþjóðafyrirtæki hafa verið að leita eftir samstarfsaðilum hér á landi. Það er stefnt að því af sumum að samkeppni geti hafist þegar 1. janúar 1998 og fyrir liggja umsóknir frá fyrirtækjum um að fá heimild til að reka GSM-þjónustu.

Á ýmsum öðrum sviðum fjarskiptaþjónustu hefur samkeppnin þegar hafist og erlendar fyrirspurnir sýna glögglega að það er fylgst með framvindu þessara mála hér, enda ekki að furða því að íslenska símakerfið er mjög fullkomið en það veldur því að markaðstækifæri eru mikil. Símanotkun er mikil og þess vegna er þessi mikli markaður stærri en sýnist og ákjósanlegur fyrir þá sem reka fjarskiptaþjónustu á alþjóðlegum markaði.

Mér þóttu þau ummæli athyglisverð sem fram komu áðan þegar talað var um launakjör starfsfólks Pósts og síma að það var vitnað til Englands og talað um að kjör starfsfólks breska símans hefðu batnað enda hefði fólki fækkað gífurlega. Við stefnum auðvitað ekki að því Íslendingar að hafa lífskjörin lægri en skyldi, bara til þess að halda uppi atvinnu án þess að þörf sé fyrir atvinnu. Ég hygg að við getum ekki byggt Póst og síma þannig upp til frambúðar eða framtíðar að við séum að reyna að halda uppi störfum sem ekki er þörf fyrir. Ég hef á hinn bóginn lagt á það ríka áherslu að nauðsylegt sé að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag sem geti komið út á markaðinn til þess að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins geti styrkst, hann breikkað og fyrirtækið geti af fullum krafti tekið þátt í þeirri samkeppni sem er bæði á póstmarkaðinum og líka á fjarskiptamarkaðinum. Eins og hv. þm. á að vera kunnugt, er ýmislegt það að gerast nú sem bendir til þess að það á að verða okkur mögulegt.

En ef við fylgjum hinni stefnunni að reyna að halda Póst- og símamálastofnun áfram lokaðri, að hún verði að vinna samkvæmt samþykktum Alþingis og geti ekki beitt sér eins og samkeppnisaðilarnir, þá erum við auðvitað að grafa undan atvinnuörygginu og ... (**Gripið fram í:** Hver á þá að tryggja grunnþjónustuna?) Hver á að tryggja grunnþjónustuna? Við eigum mjög gott grunnnet. Það er búið að leggja ljósleiðarastreng hringinn í kringum landið og það eru engir erfiðleikar á að tryggja grunnþjónustuna. Ef hv. þm. er hræddur um að ef hinn almenni markaður muni ekki vilja sinna grunnþjónustunni, getur þó hv. þm. verið sammála mér um það að gert hér er ráð fyrir því að ríkið eigi allt hlutaféð í Pósti og síma hf. (**KÁ:** Við verðum að horfa til framtíðar.) Við erum auðvitað að horfa til framtíðar. Út á það gengur þetta frv. og það er þýðingarlaust fyrir hv. þingmenn að koma hver á fætur öðrum og velta vöngum yfir því hvað einhverjir allt aðrir þingmenn og einhver annar meiri hluti muni e.t.v. gera á Alþingi einhvern tíma á næstu öld. Því ráðum við ekki sem sitjum hér nú og þess vegna getur enginn skuldbundið Alþingi fram í tímann. Við getum einungis lýst þeim skoðunum og þeirri stefnu sem við höfum nú. Ég hef lýst því yfir að ég vilji ekki selja hlutafé í Pósti og síma. Þessu lýsti ég líka yfir á fundi með starfsmönnum Pósts og síma þar sem einstakir starfsmenn spurðu sérstaklega um það, eins og ég sagði áðan, hvort þeim yrði gefinn kostur á því að fá hlutabréf og ég fann ekki betur en að á bak við það væri mikil alvara.

Það er margsinnis búið að tala um það að óeðlilega mikið vald sé fært til ráðherra. Ég hef áður svarað því að íslenska ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald heldur ber hver ráðherra ábyrgð á sínum málaflokki. Og eins og nú standa sakir heyrir Póstur og sími undir samgrh. og mun gera svo þó svo að þetta frv. verði að lögum og eftir að þetta frv. verður að lögum.

Ýmsir þingmenn hafa gert það sérstaklega að umræðuefni að of litlar umræður hafi farið fram í þjóðfélaginu um þetta mál. Ég er að vísu ekki sammála því. Ég tel að umræður hafi orðið töluverðar um þetta mál. Það sem mér finnst sérstaklega athyglisvert er að ég hef verið gagnrýndur frá báðum endum. Annars vegar af þeim sem vilja setja hlutabréfin á markað eða vilja draga saman rekstur Póst- og símamálastofnunar og hluta fyrirtækið í sundur, sem ég hef ekki verið til viðræðu um, en hins vegar af hinum sem vilja halda Póst- og símamálastofnun í sama farinu og hún hefur verið, ég vil segja með undarlegri þrákelkni eins og viðhorf hafa verið að breytast í þeim efnum. En auðvitað erum við hér inni fulltrúar ólíkra sjónarmiða og ekkert við því að segja. Sumir hv. þingmenn eru á móti því að einkavæða ríkisstofnanir eða gefa ríkisstofnunum meira fjárhagslegt vald og meiri fjárhagslega ábyrgð. Ég hef oft vitnað til þess og vísað til þess að rekstur Póst- og símamálastofnunar eins og nú er komið er síst einfaldari en rekstur Landsbankans eða Búnaðarbankans eða sambærilegra stofnana. Og það dettur auðvitað engum manni í hug að hægt sé að reka Landsbankann eða Búnaðarbankann með lögum frá Alþingi, sækja hingað heimildir inn til þess að gera hvað eina og láta þingnefndir ráða því hvernig þessir bankar ráðsafa sínu fé og í hvaða fjárfestingar þeir ráðast.

Eins er það orðið algerlega úrelt að hugsa sér að hægt sé að reka Póst- og símamálastofnun með árangri til langframa eins og samkeppninni á fjarskiptamarkaðnum er háttað og eins ör og tækniþróunin hefur verið. Ég tel það ganga kraftaverki næst hversu vel Póst- og símamálastofnun hefur tekist að standa í sínu stykki og tek undir þau ummæli manna hér að það er auðvitað vegna þess að þar er valinn maður í hverju rúmi. Starfsfólk Póst- og símamálastofnunar hefur staðið sig mjög vel og ég vil satt að segja brýna það fyrir hv. þm. að við erum að tala um lifandi fólk. Við erum að tala um fólk sem hefur framtíð sína að verja, fólk sem þarf á atvinnuöryggi að halda, á öllu sínu að halda eins og menn þurfa í nútímaþjóðfélagi. Þess vegna er það mjög þýðingarmikið að við alþingismenn höfum hér á þingi kjark til þess að veita Pósti og síma það svigrúm á markaðnum sem til þarf og þau sóknartækifæri sem rekstur af þessu tagi þarf.

Það er verið að vísa og vitna stöðugt til annarra landa. Hvernig er komið fyrir póstinum í Noregi? Á ekki að fara að breyta honum nú seint og um síðir í hlutafélag eftir að hann hefur dregist svo mjög saman sem ég var að lýsa áðan? (**ÖJ:** Hann er hlutafélag og er búinn að vera það lengi.) Hafi ég sagt Póst og síma þá ætlaði ég að segja póstur og biðst afsökunar á því. En ég hygg að formaður BSRB viti það jafn

vel og ég að starfsmenn hins ríkisrekna pósts í Noregi eru að missa atvinnu sína þar vegna þess að sami starfsgrundvöllurinn fyrir þessum viðskiptum er ekki og áður var, m.a. vegna þess að hinn ríkisrekni póstur í Noregi hefur ekki nægileg sóknarfæri. Og af þeim sökum er samgönguráðherrann norski að beita sér fyrir því að breyta stofnuninni í hlutafélag til þess að styrkja undirstöðu hennar.

[16:41]

Útbýting þingskjals:

Stytting vinnutíma, 539. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1133.

[16:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði rétt áðan að við værum að tala um lifandi fólk sem þyrfti á atvinnuöryggi að halda. Ég er svo sannarlega sammála honum. En raunverulega í sama orði segir hæstv. ráðherra og ítrekar það sem hann hefur sagt áður að það sé eðlilegt að fólk viti ekkert um réttarstöðu þess áður en þetta frv. verður samþykkt. Við erum að tala um það að fólk viti hvað þessi formbreyting þýði varðandi réttarstöðu þess. Á að mismuna fólki eftir því hvort um er að ræða fólk sem var í vinnu fyrir formbreytinguna eða eftir formbreytinguna? Verða kjarasamningar lausir þegar frv. verður að lögum? Verða samningar lausir hjá þessu launfólki um áramót eins og hjá öðrum? Verður um að ræða einstaklingsbundna samninga o.s.frv. o.s.frv.? Heldur fólk vinnu sinni eftir þessar breytingar? Þetta eru grundvallatriði sem eðlilegt er að spurt sé um.

Ég vil spyrja ráðherrann um það sem hann ekki svaraði. Ég óska eftir að það sé ekki annar fundur á meðan ég er að reyna að beina þessari spurningu til ráðherrans. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að starfsfólkið fái a.m.k. einn fulltrúa í þessa þriggja manna undirbúningsnefnd sem á að fjalla um kjör þess og réttarstöðu? Ég ítreka það. Mun ráðherrann beita sér fyrir því að starfsfólkið fái einn fulltrúa í þessa þriggja manna undirbúningsnefnd sem á að fjalla um kjör þess? Mér þykir það miður að hæstv. ráðherra er svo á móti atvinnulýðræði að hann treystir sér ekki til þess að starfsfólkið hafi einn fulltrúa í stjórn hlutafélagsins. En við því er ekkert að segja. Ráðherrann ætlar að halda sínu striki.

Síðan spyr ég um það líka varðandi 2. gr. sem ráðherrann svaraði ekki áðan. Ég er að tala um 2. gr. sem kveður á um að heimilt sé að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum og félaginu sé heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem séu alfarið í eigu þess til þess að annast ákveðna þætti í starfseminni. Gildir það sama um það og það sem ráðherrann sagði áðan, þ.e. að hann mundi ekki selja hlutabréf Pósts og síma? Hvað gildir um slík dótturfyrirtæki og samrunafyrirtæki? Lítur ráðherrann ekki örugglega svo á að samþykki Alþingis þurfi að koma til ef um er að ræða sölu varðandi hugsanleg dótturfyrirtæki eða samrunafyrirtæki hjá Pósti og síma hf.?

[16:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um hið fyrra atriði sem hv. þm. minntist á, þá er það svo að undirbúningsnefndin mun gera nauðsynlegan samning og annað því um líkt sem þarf að gera vegna formbreytinga Póst- og símamálastofnunar í Póst og síma hf. Ég hélt satt að segja að hv. þm. vissi það að ef ekki hefur verið gerður nýr samningur fyrir 1. janúar nk., þá mun sá samningur sem nú er standa.

Varðandi 2. gr. er það að segja að efnisatriði hennar eru skýr. Hér er tekið skýrt fram að hlutafélaginu er heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Hér er talað um að heimilt sé að skipta upp rekstrinum eins og hann er núna í tvö eða þrjú félög eftir atvikum eða fleiri, enda verði hlutaféð þá alfarið í eigu Pósts og síma hf., þ.e. í eigu ríkisins. Á hinn bóginn hefur fyrirtækið jafnframt heimild til þess að vera þátttakandi í öðrum hlutafélagarekstri, öðrum atvinnurekstri. Ég gerði mjög rækilega grein fyrir þessu við 1. umr. málsins. Þetta mál hefur án efa verið rækilega rætt í samgn. og hv. þm. hefði getað kynnt sér rækilega m.a. hjá embættismönnum Pósts og síma ef hv. þm. hefur haft áhuga á því.

Ég minni aðeins á það eins og ég gerði í ræðu minni áðan að meðan við sátum í sömu ríkisstjórn og samþykkt voru lög um Áburðarverksmiðju ríkisins hf. var sá sami háttur á hafður varðandi undirbúningsnefnd og stjórn eins og hér er gert.

[16:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fullyrðir að þetta mál varðandi dótturfyrirtækin og samrunafyrirtækin hafi verið rætt rækilega í samgn. Hvernig stendur þá á því að minni hluti samgn. segir að engin fullnægjandi svör hafi fengist við þessum spurningum? Það er með ólíkindum ef þetta frv. á að fara í gegn án þess að þetta atriði liggi ljóst fyrir.

Hæstv. ráðherra er mjög laginn við að koma sér hjá því að svara spurningum sem til hans er beint. Ég var að spyrja um það hvort ráðherrann væri tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þessi þriggja manna undirbúningsnefnd, að starfsfólkið fengi einn fulltrúa í þeirri nefnd sem fjalla á um réttarstöðu þess. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga."

Er það virkilega svo að ráðherrann ætlar ekki að hleypa starfsfólkinu að þessari undirbúningsnefnd sem á að fjalla um réttarstöðu þess? Þetta getur ekki verið skýrara, fyrirspurnin, herra forseti. Ég spyr hvort ráðherrann sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að einn af þessum þremur fulltrúum verði fulltrúi starfsmannanna.

[16:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í breytingartillögum samgn. stendur um undirbúningsnefndina, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgönguráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga."

Hér er ekki verið að tala um réttarstöðu starfsfólks. Á hinn bóginn er í 8. gr. laganna fjallað ítarlega um það hver skuli vera réttarstaða starfsfólks og getur nefndin að sjálfsögðu ekki breytt þeim lagaákvæðum frá því sem Alþingi ákveður.

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. byrjaði á að skilgreina hvar ég stæði í stjórnmálum, hvaða armi stjórnmálanna ég heyrði til og nefndi tiltekna þingmenn í því sambandi. Ég

vil stoltur segja hæstv. ráðherra frá því að ég tilheyri þeim hluta þjóðarinnar, sem og þeir þingmenn sem hann tilnefndi, hv. þingmenn Svavar Gestsson, Hjörleifur Guttormsson og Jóhanna Sigurðardóttir, sem vilja varðveita samfélagslegar eignir þjóðarinnar og koma í veg fyrir að þessi ríkisstjórn stóratvinnurekenda og fjármagnseigenda gefi þessar eignir eða færi einkavinum sínum þær á silfurfati eins og dæmin sanna, t.d. með SR-mjöl ekki alls fyrir löngu, og koma í veg fyrir að hið sama hendi með Póst og síma.

Ég beindi reyndar þeirri spurningu til hæstv. samgrh. fyrr í dag hvort stór fyrirtæki hér á markaði sem stundum hafa verið kennd við kolkrabba hafi orðað áhuga á því að komast inn í þetta dýrmæta fyrirtæki. Með þessum breytingum er verið að takmarka áhrif almannavalds og færa það undir fámennisstjórn. Það verður eitt hlutabréf sem heyrir undir hæstv. samgrh. og það er talandi tákn um hvað koma skal. Hæstv. samgrh. segir að hann hafi verið spurður hvort samgn. fái að fylgjast með framgangi mála og hann lýsir því yfir áðan að hann hafi ákveðið að svo verði og sjái ekkert athugavert við það. Við erum að tala um fyrirtæki eða stofnun sem hefur verið metin á 20–30 milljarða íslenskra króna og er eign íslensku þjóðarinnar. Samgrh. lýsir því hér áðan að hann ætli góðfúslega að veita Alþingi leyfi til að fylgjast örlítið með málunum.

Síðan gagnrýni ég málflutning hans gagnvart formönnum Félags ísl. símamanna og Póstmannafélags Íslands þar sem hann er að snúa út úr orðum þessara aðila og gera lítið úr orðum þeirra. Formennirnir hafa bent á það að staðhæfingar hæstv. ráðherra og fulltrúa ríkisstjórnarinnar um að gengið hafi verið frá samninga- og réttindamálum starfsfólks séu ekki réttar, þau mál séu upp í loft. Það er það sem þessir formenn stéttarfélaganna hafa verið að gera og það er ástæðulaust fyrir ráðherra að gera lítið úr þeim orðum og reyna að snúa út úr þeim. Það er lágkúrulegt í hæsta máta.

[16:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að bera upp spurningu til hæstv. ráðherra. Spurningin lýtur að því hver tekur ákvörðun um sölu á félögum sem er falið að annast ákveðna þætti í starfsemi Pósts og síma. Hæstv. ráðherra var spurður að því áðan hver tæki ákvörðun um það að ef selja ætti slík félög. Ég beini þeirri spurningu til ráðherra hvort það yrði Alþingi sem seldi slík félög, tæki ákvörðun um sölu á þeim félögum eða hvort það væri stjórn Pósts og síma eða ráðherrar sjálfir.

Hin spurningin sem ég vildi beina til hæstv. ráðherra er sú hvernig kosning til stjórnar Pósts og síma fer fram á aðalfundi, hverjir eiga rétt til setu á aðalfundi og hvernig kosning til stjórnar fer fram.

Ég vildi beina þessum tveimur spurningum til hæstv. ráðherra.

[16:53]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt 2. gr. hefur stjórn Pósts og síma hf. heimild til þess að greina starfsemi Pósts og síma sundur í tvo þætti t.d., póstþátt og fjarskiptaþáttinn, hvað sem það á að heita, og er það alveg skýrt samkvæmt 2. mgr. 2. gr. og yrðu þá bæði félögin alfarið í eigu Póst- og símamálastofnunar hf. sem yrði þá væntanlega eignarhaldsfélag. Hvernig sem á því máli yrði annars haldið þá mundi ríkið alfarið eiga hlutaféð. Þetta er hv. þm. vel kunnugt.

Hv. þm. er líka vel kunnugt hvernig haldið verður á málum á aðalfundi enda lögfræðingur. Það er samgrh. sem fer með hlutafjáreign ríkisins.

[16:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gengur erfiðlega að fá hæstv. ráðherra til þess að svara einfaldri spurningu. Ég reyni að umorða hana þannig að hún sé skýrari: Verði tekin ákvörðun um að selja þessi félög, hver hefur þá heimild til þess að taka þá ákvörðuin? (**Samgrh.:** Selja hvaða félög?) Selja félög sem stofnað er til skv. 2. gr. Er það ráðherra? Er það Alþingi eða er það stjórn Pósts og síma? Hver hefur þessa heimild ef stofnað er til félaga eins og heimilt er að gera eftir 2. gr. frv.? Getur ráðherra eða stjórn stofnunarinnar selt fyrirtækið án samþykkis Alþingis?

[16:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. 2. gr. er alveg skýr að þessu leyti eins og hv. þm. er raunar kunnugt. 1. mgr. 2. gr. fjallar um félög sem ákveðið kynni að vera að stofna vegna hagsmuna fyrirtækisins, m.a. með öðrum fyrirtækjum. (Gripið fram í.) Það er auðvitað stjórnin sem tekur ákvörðun um að verja fénu með þessum hætti og þá líka stjórn hlutafélagsins sem tekur ákvörðun um söluna. (Gripið fram í.) Það er takmarkaður ræðutími og ég veit ekki hvort hæstv. forseti ætti aðeins að reyna að hafa hemil á flokksbróður sínum. Annars verður farið með þetta samkvæmt samþykktum hins nýja hlutafélags eins og hv. þm. er kunnugt.

Á hinn bóginn er það alveg ljóst samkvæmt frv. eins og fram kemur í 2. mgr. 2. gr. að sú starfsemi sem nú fellur undir Póst- og símamálastofnun á að vera í höndum fyrirtækis eða fyrirtækja sem er alfarið í eigu ríkisins. Þetta er hv. þm. kunnugt.

[16:56]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aftur í tilefni af ræðu hæstv. samgrh. áðan vegna þess að það var svo margt sem þar kom fram sem er eiginlega óhjákvæmilegt að svara eða vekja athygli á í tilefni af stöðu þessa máls. Síðan bætti hæstv. ráðherra um betur í andsvari við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og sagði að stjórn þessa fyrirtækis, Póst- og símamálastofnunarinnar hf., gæti tekið ákvörðun um að stofna og selja hluti ríkisins eða hluti þessarar stofnunar eða fyrirtækis í öðrum fyrirtækjum og sjá allir hvert það mál leiðir. Þar með er auðvitað búið að galopna þetta mál þannig að fyrirvarinn um það að Alþingi þurfi að samþykkja sölu á þessum eina hlut varðandi aðalfyrirtækið sjálft er einskis virði vegna þess að menn geta selt eða afhent þetta fyrirtæki smátt og smátt í bútum inn í önnur fyrirtæki. Það er augljóst mál að það andsvar sem var veitt hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni afhjúpar málið algerlega. Það er hægt að smygla öllum Pósti og síma hf. út um bakdyrnar ef mönnum sýnist svo. Það er veruleikinn. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri það aðeins nánar hvort það er virkilega þannig að hann telji eins og hann sagði áðan að það sé hægt að selja þetta fyrirtæki í pörtum sem hlut í öðrum fyrirtækjum út á einkamarkaðinn án þess að spyrja Alþingi. Það var það sem ég var að segja. Hæstv. ráðherra verður auðvitað að gera betri grein fyrir því vegna þess að þetta rímar ekki við það sem hann hefur áður verið að segja.

Hæstv. ráðherra kaus að hefja umræðu sína um þetta mál og um ræður okkar alþýðubandalagsmanna með persónu-

legri árás á hv. þm. Ögmund Jónasson fyrir það að hann skyldi svo sem ekki vera mikið að segja um þetta mál af því að hann væri greinilega bara í bandalagi við þann þingmann sem hér stendur og einhverja tvo þingmenn til sem eru greinilega lakari að mati hæstv. ráðherra en allir aðrir þingmenn. Mér finnst satt að segja að hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, eigi það ekkert skilið að hæstv. samgrh. reyni að meðhöndla hann í orði með þeim hætti sem hann gerði áðan, gerði augljósa tilraun til að lítillækka þingmanninn með orðum sínum. Ég hef satt að segja ekki heyrt mjög lengi af ráðherra að menn geri jafngreinilega tilraun til þess að gera lítið úr þingmönnum og hæstv. ráðherra gerði áðan í garð hv. 17. þm. Reykv. Ég veit út af fyrir sig að hv. þm. Ögmundur Jónasson stendur algerlega fyrir sínum málum sjálfur og getur svarað fyrir sig en ég vil láta það koma fram að ég tók eftir þessu og ég tel að það sé ósæmilegt með öllu að ráðherrar hagi sér svona í orðum sínum gagnvart einstökum þingmönnum eins og hæstv. samgrh. gerði þegar hann veittist mjög harkalega að hv. þm. Ögmundi Jónassyni.

Ég vísa algerlega á bug þessu tali hjá hæstv. ráðherra, það er það, sagði ráðherrann. Það er von að þetta komi frá þessum ríkisafskiptaflokkum. Hvað á það að þýða að vera að reyna að afgreiða hlutina með einhverjum þessum hætti? Ég ætla ekki að svara fyrir aðra flokka í stórum stíl hér, ég ætla að reyna að svara fyrir Alþb. og segi það að Alþb. er ekki ríkisafskiptaflokkur. Alþb. er flokkur sem í sínum stefnuskrám hefur margoft lýst því yfir að flokkurinn taki afstöðu til eignarhalds á fyrirtækjum eftir þeim þjónustumarkmiðum sem hvert fyrirtæki á að setja sér og vinna að á hverjum tíma. Það er því fjarstæða að halda því fram að okkar flokkur hafi sett hlutina þannig upp að við tökum ríkisrekstur ævinlega fram yfir einkarekstur. Við metum málin út frá þeirri þjónustu sem á að veita. Það er aðalatriðið.

Hins vegar vil ég segja um Sjálfstfl. og hæstv. ráðherra að þar er einkarekstur aðalatriðið og skítt með það hvernig þjónustan kemur út gagnvart einstökum aðilum, einstaklingunum í þjóðfélaginu. Einkareksturinn, hlutafélagsformið, er keppikefli, sjálfstætt keppikefli burt séð frá öllu öðru. Gallinn við Sjálfstfl. er að hann nálgast málin frá þessu þrönga sjónarhorni og það er auðvitað hörmulegt að sjá hæstv. ráðherra lenda í þessum hópi vegna þess að ég veit að hann er ekki upphafsmaður að því, hann er ekki sú tegund ef ég leyfi mér að orða það svo, hæstv. forseti. Þar virðast aðrir ráða ferðinni og þegar hæstv. ráðherra var að vitna í mig áðan var það ekki tilvitnun í mig heldur Hrein Loftsson sem ég nefni hér vegna þess að ég óttast að hann sé hugmyndafræðingurinn á bak við þessa súpu alla saman. Ráðherrann er því að þessu nuddi meira og minna fyrir misskilning, þetta er tóm vitleysa, þetta hefur ekkert upp á sig, skilar engu fyrir þjóðina, verra fyrir Póst og síma, verra fyrir tæknilega framtíð Íslendinga og hefur ekki á neinn hátt verið sannað að þetta sé til bóta. En úti í bæ eru menn sem bíða eftir því hver á að verða þingmaður ársins að mati Heimdallar. Náttúrlega verður tekin um það ákvörðun bráðum, kannski að hæstv. ráðherra verði þingmaður ársins næst að mati Heimdallar. Ég votta honum samúð mína fyrir fram ef það skyldi henda hann, þennan ágæta ráðherra.

Hæstv. ráðherra sagði líka að æ fleiri starfsmenn stæðu með þeim í þessu máli. Hann fullyrti að mjög margir starfsmenn vildu fá bréf keypt í þessu fyrirtæki og vitnaði þar til fundar og áður vitnaði hann til blaðagreinar. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta minnti mig á orðatiltækið að deila og drottna. Hæstv. ráðherra hefur valdið og hann notar sér það síðan að einstakir starfsmenn setja hlutina þannig upp að þeir eru jafnvel tilbúnir til þess að eignast hlut í þessu félagi eða hvað það nú er. Þá er það notað sem málflutningsástæða og rök úr þessum virðulega ræðustól sem er algerlega fráleitt miðað við stöðu málsins. Og starfsmenn Pósts og síma fengu kveðjuna frá hæstv. samgrh. áðan. Það var ekki verið að vanda þeim kveðjurnar, þessu fólki, sem leyfði sér allra náðarsamlegast að skrifa grein af því að það er prentfrelsi í landinu og Morgunblaðið birtir eina og eina grein. Meðal annars sl. laugardag er birt grein eftir forustumenn símamanna og póstmanna og þar segir fullum fetum: Það liggur ekkert samkomulag fyrir. Það hefur ekkert samkomulag verið gert við okkur. Það hefur verið gert við einhverja aðra ef eitthvert samkomulag er til. Og hvað segir þá hæstv. ráðherra? Hæstv. ráðherra segir: Ég skil það þá svo að þeir telji samvinnuna einskis virði. En ég hef fundið mikinn vilja til samvinnu hjá öðrum. Er hann að segja að hann hafi verið í sérstökum viðræðum við aðra starfsmenn Pósts og síma? Er það þannig að hann sé að reyna að skipuleggja viðræður við aðra starfsmenn Pósts og síma fram hjá forustumönnum stéttarfélaganna? Ég er ekki að segja að það sé honum óheimilt. Ráðherrann ræður því auðvitað. En kannski ætlar ráðherrann sér að vinna þannig, kannski birtist samráðið með þeim hætti að hann hafi bara samvinnu við þá forustumenn stéttarfélaganna sem honum líkar við. Það er bersýnilegt að ráðherrann kann ekki að meta formann Símamannafélagsins og formann Póstmannafélagsins og þess vegna kýs ráðherrann að hafa samvinnu við einhverja aðra. Er það það sem hann er að segja? Er það þetta sem hann er að boða í samskiptum sínum við starfsmenn Pósts og síma hf. í framtíðinni? Er hann að boða að hann ætli ekki að tala við þessa kjörnu trúnaðarmenn heldur einhverja aðra af því að honum líkar betur við þá? Af því að þeir segja á einhverjum fundum að þá langi til að eignast eitt og eitt hlutabréf hefur hann þá frekar samvinnu við þá en þessa varasömu forustumenn félaganna?

Það hlýtur að vera býsna óhugnanleg tilhugsun fyrir forustumenn þessara stéttarfélaga ef það er þannig að ráðherrann sem þessir aðilar eiga að eiga samskipti við setur málin upp með þessum hætti, ætlar að deila og drottna og bara tala við þá sem honum líkar við.

Hæstv. ráðherra vitnaði síðan til þess, hæstv. forseti, að það væri ekki hægt að gera bindandi samninga við starfsmennina núna sem hefðu gildi gagnvart nýjum eiganda fyrirtækisins, þ.e. stjórn og hluthafa þegar þar að kemur. Ég vísa þessu sjónarmiði algerlega á bug. Til þess eru lögin um aðilaskipti að samningum, m.a. kjarasamningum, að sá aðili sem t.d. kaupir fyrirtæki yfirtekur allar skuldbindingar þess af hvaða tagi sem er. Þess vegna er það auðvitað þannig, hæstv. forseti, að stjórnin og samgrn. við þær aðstæður sem nú er uppi getur gert samninga við starfsmennina í dag og hinn nýi aðili, ef að lögum verður, hlýtur að yfirtaka þá samninga. Ég vil þess vegna endurtaka það, hæstv. forseti, og spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann muni ekki hefja viðræður núna strax við þessa starfsmenn og reyna að ná við þá samningum áður en þetta frv. verður gert að lögum. Sumarið er langt, eins og kom fram hjá hæstv. heilbrrh. sem ætlar að halda áfram fundum í allt heila sumar.

Ég endurtek þessa spurningu til hæstv. ráðherra og fullyrði það við hann að með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengin er af framkvæmd laganna um aðilaskipti er hægt fyrir ráðherrann og fjmrh. í þessu tilviki að ganga frá samningum

við starfsmennina um einstök atriði. Það er hægt og hið nýja fyrirtæki mun yfirtaka þá samninga í einstökum atriðum. Það er alveg á hreinu. Það þýðir ekkert að skjóta sér á bak við að það sé ekki hægt. Það er ekki þannig. Ég held þess vegna að það væri langeðlilegast eins og hér hefur komið fram að fresta þessu máli til haustsins og hefja viðræður við starfsmennina. Það væri langeðlilegast, en það væri líka hægt að gera það núna örugglega á ekki löngum tíma ef menn settust yfir það af einhverjum heilindum.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði að erlend fjölþjóðafyrirtæki hefðu hafnað viðskiptum við Póst og síma vegna rekstrarforms Íslendinga á Pósti og síma. Mér þætti vænt um ef hann vildi útskýra aðeins nánar á eftir hvað hann á við með því að erlend fjölþjóðafyrirtæki hafi hafnað því að gera samninga við Póst og síma af því að Póstur og sími er ríkisfyrirtæki. Hvaða fyrirtæki eru þetta, hæstv. ráðherra? Og hvaða viðskipti eru þetta? Það kann vel að vera að eitthvað sé til í þessu. Ég dreg það ekkert í efa og mér finnst það fróðlegt. Ég mundi vilja vita þetta, þetta eru mikilvæg rök í málinu. Ég sperrti eyrun þegar ég heyrði hæstv. ráðherra segja þetta.

Ég hef sem sagt leyft mér, herra forseti, að leggja fyrir ráðherrann í þessari örstuttu ræðu nokkrar spurningar í viðbót. Ég vænti þess að hann treysti sér til að svara þeim ef það mætti verða til þess að greiða fyrir málinu að öðru leyti þó það væri ekki nema við 3. umr. þegar hún fer fram.

[17:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í þeirri grein sem vitnað er til og hv. þm. vitnaði til, en höfundar eru formenn Félags ísl. símamanna og Póstmannafélags Íslands, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Halldór Blöndal samgönguráðherra lýsti því yfir í umræðum á Alþingi miðvikudaginn 29. maí að ekki væru mörg dæmi um að jafnmikil áhersla hafi verið lögð á góða samvinnu við starfsfólk og við undirbúning á því að breyta rekstrarformi Pósts og síma.

Sú samvinna hefur alveg farið fram hjá okkur þrátt fyrir það að við séum í forsvari fyrir um 2.000 starfsmönnum stofnunarinnar.“ Þetta stendur í þessari grein.

Nú hef ég áður lýst því yfir og jafnframt sagt þessu ágæta fólki að ég vilji eiga gott samstarf við Félag ísl. símamanna og Póstmannafélag Íslands og lagt áherslu á það við póst- og símamálastjóra og starfsmenn samgrn. Þess vegna kemur mér auðvitað í opna skjöldu þegar því er lýst yfir af formönnum þessara félaga að þetta samstarf hafi algerlega farið fram hjá þeim. Það er síður en svo að forustumenn þessara stéttarfélaga hafi ekki verið boðaðir á þá samráðsfundi sem haldnir hafa verið. Ég veit ekki betur en allt hafi gengið eins og það átti að ganga. Hins vegar kom upp misskilningur milli yfirmanna Pósts og síma og Félags ísl. rafiðnaðarmanna eða Rafiðnaðarsambandsins og það var lagfært um leið og það fréttist. Þannig að vilji minn hefur ekki staðið til þess að formönnum þessara félaga sé haldið utan við það samstarf sem verið hefur. Mér þykir þetta frekar benda til þess að ekki sé mjög mikið upp úr samstarfi lagt úr því að það hefur farið algerlega fram hjá formönnum félaganna og er þarna að sjálfsögðu óvenjulega að orði komist.

Ég hlýt að biðjast afsökunar á því að hafa talað mjög óskýrt í andsvari. Eins og áður hefur komið fram í máli mínu á Alþingi og raunar líka í blaðaviðtölum lít ég svo á efni 2. gr. frv. að 1. mgr. lúti að því að Pósti og síma hf. sé heimilt að eiga hlut í öðrum hlutafélögum eða með öðrum aðilum óskyldum Pósti og síma, stofna slík fyrirtæki ef svo ber undir og þá um leið að selja hlut í slíkum fyrirtækjum eftir samþykktum hlutafélagsins. Þar verður kveðið nánar á um það eftir hvaða reglum skuli farið um framkvæmd á 1. mgr. 2. gr. En ef við hins vegar lítum á 2. mgr. er hún mjög afgerandi um það að óheimilt er að leggja niður einstaka rekstrarþætti Póst- og símamálastofnunar með því að hluta fyrirtækið í sundur og stofna sérstök hlutafélög í samvinnu við aðra. Ég hygg að þetta sé alveg skýrt og tekið er fram að slík dótturfyrirtæki skuli vera alfarið í eigu ríkisins, þ.e. í eigu Pósts og síma hf. Um þetta er enginn vafi í mínum huga og hafi ég sagt eitthvað annað í fyrri ræðu minni áður biðst ég afsökunar á því og vil taka af allan vafa um það.

Ég get auðvitað ekki fallist á það að ég hafi veist persónulega mjög harkalega að hv. þm. Ögmundi Jónassyni með því að segja að hann hafi verið í félagsskap með þeim þingmönnum hv. Svavari Gestssyni og Hjörleifi Guttormssyni. Enda vita margir kunningjar mínir að þegar ég hef rætt um þingmenn hef ég sérstaklega tekið það fram að ég hafi átt mjög náið og gott samstarf við þessa þingmenn, annan í menntmn. og hinn í fjárhags- og viðskn. og hef persónulega talið þá mikla giftumenn og öndvegismenn. Þannig að það er síður en svo að ég sé að svívirða hv. þm. Ögmund Jónasson með því að bæta honum í hópinn. En það er svo oft að maður á kannski ekki að skipta sér af því hverjir eru nánastir í Alþb., enda ekki mitt mál. En ómögulega get ég neitað því að Alþb. er mikill ríkisafskiptaflokkur í mínum huga og verður ekki við því gert.

[17:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. gerðist mjög meyr og mildur og nú kemur á daginn að það sem ég hélt að væru örgustu skammir eða meint sem slíkt var bara mikið hól og hugsað sem hól, að ég ásamt öðrum mönnum vildi standa gegn þeim áformum ríkisstjórnarinnar að gera þessar breytingar á Pósti og síma. Þetta er náttúrlega útúrsnúningur en ætlað kannski til gamans.

Hitt er annað mál að eftir stendur úr máli hæstv. ráðherra að hann gerir formönnum Félags íslenskra símamanna og Póstmannafélags Íslands upp þá skoðun að þeir leggi ekki mikið upp úr samningaviðræðum og samráði um framtíð starfsmanna Pósts og síma, réttindi þeirra og kjör. Staðreyndin er sú að þeir hafa ítrekað hvatt til þess, óskað eftir því og krafist þess að frá þessum málum yrði gengið áður en stofnuninni yrði breytt í hlutafélag. Og nú þegar að því er komið að ganga til atkvæða um þá ráðstöfun, þá eru þessir formenn að vekja athygli á því að þetta hafi ekki verið gert, að það sé ekki búið að ganga frá þessum málum. Reyndar eru eins mörg spurningarmerki enn í þessari stöðu, eins mörgum spurningum ósvarað og var fyrir hálfu ári eða einu ári síðan. Þetta er staðreynd málsins. Og nú upplýsir hæstv. samgrh. að það sé ekki hægt að semja um þessi mál fram í tímann eða ganga frá þessum málum fram í tímann. Við höfum verið að vísa til þess sem nú er að gerast hjá France Telecom og við höfum vísað til þess sem hefur gerst við samsvarandi aðstæður á Norðurlöndum, t.d. þegar Kastrupflugvelli var breytt í hlutafélag og starfsmönnum var tryggð áframhaldandi staða sem opinberir starfsmenn þannig að þeir héldu öllum sínum réttindum.

Ég sakna þess enn að hæstv. samgrh. upplýsi okkur um það hvaða fyrirtæki það eru erlend sem neita að starfa eða

fara í samstarf með Pósti og síma nema það sé gert að hlutafélagi og einkavætt. Ég vil biðja hæstv. samgrh. að upplýsa okkur um þetta.

[17:18]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt fyrst að endurtaka þessa spurningu sem var borin fram áðan án þess að henni væri svarað. Hvaða fjölþjóðafyrirtæki eru það sem hafa neitað samvinnu við Póst og síma á þeim grundvelli að þar væri um ríkisfyrirtæki að ræða? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá um þetta nánari upplýsingar. Ef þetta eru trúnaðarmál sem hér eru á ferðinni, þá er út af fyrir sig hægt að ætlast til þess að því verði þá bara svarað með almennum orðum eða lýsingum. En ég held að það sé nauðsynlegt að fá upplýsingar um það hvaða viðskiptasvið þetta sé líka þannig að það liggi fyrir. Ég endurtek þessa spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar um þetta atriði.

Í öðru lagi verð ég að segja að ráðherra skuldaði mér kannski og okkur hér upplýsingar um það af hverju ekki sé farið í það að gera bindandi samninga við starfsmenn Pósts og síma við þessa breytingu sem ætlast yrði til að hið nýja fyrirtæki yfirtæki samkvæmt lögunum um aðilaskipti. Þetta er alsiða og algengt að það sé nákvæmlega staðið svona að málum og mér finnst það nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geti svarað þessari spurningu. Af hverju er ekki farið í að gera bindandi samning af þessu tagi?

Í þriðja lagi verð ég að segja að mér finnst að það standi enn þá, þrátt fyrir svar hæstv. ráðherra hér áðan, sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spurði um; að selja hlut hins nýja fyrirtækis í nýjum fyrirtækjum sem það stofnar. Það virðist vera þannig að það sé heimilt fyrir fyrirtækið eftir því sem hér er sagt að selja hlut í nýjum fyrirtækjum sem það kann að stofna á hverjum tíma. Það er að vísu óheimilt að leggja niður eða selja einstaka þætti í starfsemi Pósts og síma, en það er ekki það sem við erum að spyrja um fyrst og fremst, heldur það hvernig menn fara með eignir þessa nýja fyrirtækis, raunverulegar eignir sem verða á bak við þetta eina hlutabréf.

[17:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orðaskipta sem ég átti fyrr í dag við hæstv. samgrh. og hann reyndi síðan að svara í síðari ræðu, þá ætla ég að leggja fyrir hann spurningu sem ég óska eftir að hann svari aðeins með já-i eða nei-i. Hún hljóðar svo: Er það skilningur ráðherra að félög sem stofnað er til samkvæmt 2. mgr. 2. gr. frv. verði ekki seld nema með samþykki Alþingis? Og ég vænti þess að ráðherra svari með já-i eða nei-i.

[17:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er lögfræðingur og ég ætla að lesa 2. mgr. og spyrja hann svo hvað hún þýði til þess að fram komi hvort hann hafi réttan skilning:

„Heimilt er hlutafélaginu að stofna nýtt félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995."

Hér stendur og ég vil taka þessi orð út úr: „... sem alfarið verða í eigu þess, ..."

Þessi orð eru alveg afdráttarlaus og þýða það að lögum samkvæmt eigi þessi nýju félög að vera alfarið í eigu hlutafélagsins sem er alfarið í eigu ríkissjóðs og það hlýtur þá að þýða það að óheimilt er að selja slík félög án atbeina Alþingis. Þetta eru alveg skýr lagaákvæði og óþarfi að vera að margspyrja um þetta.

[17:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir svörin en það dugar ekki að lesa þessa grein. Hún svarar þessu ekki einhlítt. En það hefur komið hér skýrt fram og það er að minnsta kosti skilningur minn að félög sem stofnað er til samkvæmt þessari grein verði ekki seld nema með samþykki Alþingis.

[17:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að fagna því að lögfræðingurinn skuli hafa komið upp í þingmanninum.

[17:23]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef þegar tjáð mig nokkuð um þetta mál, enda stórmál. Ég ræddi það í 1. umr. Ég reyndi eftir megni að fylgjast með umfjöllun í nefndinni þar sem ég er áheyrnaraðili og ég ræddi það við 2. umr. Ég get tekið undir það að vissu marki sem hæstv. samgrh. hefur haldið fram að þetta mál hafi fengið rækilegan undirbúning, þó með þeim fyrirvara að sennilega skiljum við það orð svolítið ólíkt.

Ég sagði einmitt held ég, við 1. umr., að það kom mér í rauninni á óvart þegar ég sá þetta þingmál, hversu illa það var úr garði gert miðað við allan aðdraganda málsins því að það er rétt sem hæstv. samgrh. taldi upp að mjög mikilla gagna hefur verið aflað um hvernig staðið hefur verið að formbreytingum slíkra fyrirtækja erlendis. Ég naut þeirrar ánægju að fara til Noregs og Danmerkur og kynnast af eigin raun eða ræða a.m.k. við ýmsa forsvarsmenn og kunnáttumenn um það hvernig þessi formbreyting gekk fyrir sig í nágrannalöndum okkar og það höfðu fleiri gert. Það skortir ekkert á að ýmsar upplýsingar séu til. En samt sem áður skortir verulega á rökstuðning fyrir þeim breytingum sem er verið að gera á þessu fyrirtæki og málið var alls ekki nægilega vel unnið eins og sést auðvitað á öllum þeim breytingartillögum sem gerðar hafa verið við frv. eftir umfjöllun í nefnd. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu, enda tel ég að ég hafi komið sjónarmiðum mínum og skoðunum um málið á framfæri í ræðu minni um daginn, en ég get endurtekið það í örstuttu máli að mér finnst málið ekki hafa verið undirbúið nægilega vel. Það skortir nokkuð á sannfærandi rökstuðning fyrir því að það þurfi yfirleitt að gera breytingar á rekstri þessa fyrirtækis. Það er ekki nægilega skýrt eða rökstutt að einmitt þessi formbreyting skuli valin, þ.e. að þetta fyrirtæki verði gert að hlutafélagi. Ef þessi leið verður valin sem mér sýnist ætla að verða ofan á, þá þarf miklu meiri athugunar við hver þáttur ráðherra er í stjórnun þessa fyrirtækis og það vantar líka á að það sé gengið frá aðskilnaði hinna tveggja þjónustuþátta í rekstri Pósts og síma. Og svo að lokum er auðvitað þetta atriði sem mikið hefur verið rætt, þ.e. hvaða áhrif þessi formbreyting muni hafa á þá þrjá aðila, skulum við segja, sem málið varðar fyrst og fremst, þ.e. neytendur, ríkissjóð og starfsfólk fyrirtækisins. Það er kannski ekki ekki síst þetta síðasttalda sem hefur verið mikið til umræðu hérna einmitt vegna þess að það er svo óljóst hvað bíður alls þessa fólks sem nú vinnur hjá Pósti og síma og það er alls ekki frágengið eða ljóst. Mikill tími fór í að ræða þetta í hv. samgn. og ég vil gjarnan að það komi fram í máli mínu núna

sem ég held að ég hafi gleymt í ræðunni sem ég flutti fyrr við 2. umr. að ég tel að meiri hluti hv. samgn. og ekki síst hv. formaður hafi reynt að koma til móts við þau sjónarmið sem sannarlega komu fram í starfi nefndarinnar, komu fram hjá þeim öllum starfsmannafélögunum sem sendu fulltrúa sína á okkar fund og komu fram í þeim umsögnum sem þessi starfsmannafélög sendu til nefndarinnar.

Eitt af því sem meiri hlutinn vann með og kemur fram í breytingartillögum meiri hlutans var að leggja til undirbúningsnefnd og raunar treysta þá aðgerð sem lögð er til í 7. gr. Það stendur reyndar í frv. sjálfu að samgrh. skipi nefnd til þess að annast nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar og til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni. Fulltrúar starfsfólks tjáðu okkur á fundum nefndarinnar að þau fyndu til mikils óöryggis. Þau fyndu ekki þann farveg sem mál þeirra ættu að fara eftir. Þau mættu lokuðum dyrum þegar þau vildu reyna að fá svör um það hvað biði þeirra við breytingarnar á rekstri Pósts og síma og þau tjáðu okkur ugg sinn og áhyggjur yfir því að þau fengju ekki neinar upplýsingar eða fyndu ekki þann viðræðuaðila sem þau skorti til þess að geta fengið einhverja úrlausn áhyggjuefna sinna. Ég hygg að það hafi einmitt verið þessi gagnrýni og þessar áhyggjur sem meiri hluti nefndarinnar var að bregðast við með því að leggja fram þá breytingartillögu sem gefur þessari nefnd fyllra vægi. Þó að það segi ekki beinlínis í nefndaráliti meiri hluta samgn. tel ég mig hafa sönnur fyrir því að það sé einmitt það sem verið er að gera með því að fylla upp í þessa mynd um nefndina sem lögð er til í 7. gr. að hún eigi að vera sá aðili sem starfsfólk getur m.a. rætt við og samið við um málefni sín, réttindi og frambúðarkjör eða a.m.k. til að byrja með. Þessi nefnd á að taka til starfa samkvæmt tillögum meiri hlutans þegar 1. júlí nk. og henni er ætlað að vinna þetta verk á þremur mánuðum. Við í minni hlutanum lýstum yfir mjög miklum áhyggjum með það að þessi nefnd fengi aðeins þrjá mánuði til þess að vinna þetta stóra og mikilvæga verkefni og á þeim tíma sem eru mjög erfiðir vegna þess að þetta er einn aðalsumarleyfistími þorra landsmanna. En ég verð að segja að mér varð töluvert rórra og það held ég að gildi um mjög marga og m.a. starfsfólk þegar þessi tillaga kom fram og það var upplýst í nefndinni að þessi nefnd, sem er fjallað um í 7. gr. og er breytingartillaga um á þskj. 961, þ.e. 3. tölul., þar sem fyllt er nánar upp í þessa mynd, að þetta sé sá aðili sem núverandi starfsfólk Pósts og síma getur rætt við og samið við um réttindi sín.

Mér fannst í máli hæstv. ráðherra áðan þegar hann svaraði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hann væri ekki á þessu máli og það vakti mjög miklar áhyggjur. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur verið að rugla saman nefndum, hann hafi talið að þarna væri um að ræða þá nefnd sem gerð er tillaga um í 5. gr. frv. og á að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar, viðskiptavild o.s.frv. en af þessu tilefni finnst mér alveg nauðsynlegt að það komi fram hvort þetta er ekki réttur skilningur sem ég hef verið að lýsa núna að það komi fram annaðhvort frá hæstv. samgrh. eða frá hv. formanni samgn. hvort það er ekki réttur skilningur hjá mér að þessi nefnd í 7. gr. eigi að vera sá viðræðuaðili sem starfsfólk ræðir við um réttindi sín.

[17:35]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessu síðasta atriði sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vék að þá er það þannig eins og kom fram í hennar máli að fulltrúar starfsfólks kvörtuðu nokkuð undan því í viðræðum við samgn. að það vantaði til þess bæran aðila sem hefði fullkomið umboð og vald til þess að takast á hendur samninga m.a. við starfsfólk. Þess vegna varð það niðurstaða meiri hluta samgn. að setja á laggirnar nefnd sem mætti taka til starfa eigi síðar en 1. júlí sem getur tekist það á hendur að semja um skuldbindandi samninga sem eru nauðsynlegar til undirbúnings að stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfsrækslu. Hér má segja að við séum að tala um það sem ég hef stundum kallað ígildi stjórnar félagsins en þó þannig að þessi undirbúningsnefnd er með dálítið sterkari heimildir en stjórn. Hún hefur ekki heimildir til hvers konar skuldbindinga heldur eingöngu til skuldbindinga fyrir hönd félagsins sem eru nauðsynlegir til undirbúnings að stofnun þess og vegna fyrirhugaðrar starfrækslu. Þetta var beinlínis gert til þess að koma til móts við þá gagnrýni sem fram kom fram varðandi það að það skorti umboð hjá þeim aðilum sem væru að ræða við starfsfólkið.

Ég tek fram að ég tel eðlilegt að standa að þessu þannig því það er auðvitað óeðlilegt að aðilar séu í dag að takast á hendur skuldbindingar fyrir félag sem er ekki búið að stofna og sem ekki er einu sinni búið að samþykkja lögin að stofnun þess félags eins og ég rakti í ræðu minni fyrr í dag.

[17:37]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni samgn. fyrir þetta svar. Ég tel að þarna hafi einmitt komið fram að skilningur minn hafi verið réttur og mér er ólíkt rórra eftir svarið. Ég vona að hæstv. samgrh. hafi heyrt svarið.

[17:38]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlan mín að leggja sérstaklega orð í belg eða teygja umræðuna á langinn en ég get ekki orða bundist í kjölfar ræðu hæstv. samgrh. Ég hafði satt að segja vonir til þess að ræða hans mundi a.m.k. fækka að einhverju leyti þeim álitamálum og þeim stóru götum sem er að finna í frv. hans, en það varð því miður öðru nær því að ef eitthvað varð jókst óvissan um hin stóru kjarnaatriði frv. Það sem átti sér síðast stað í þessum ræðustól, þ.e. orðaskipti hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur og hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, var auðvitða hrein og klár undirstrikun þess. Ég lét mér til hugar koma eitt andartak að einhver tími hefði liðið frá því að ráðherrann hefði lesið yfir frv. þegar hann gat hrasað og farið rangt með jafnstórt og mikilvægt atriði og skipun svokallaðrar undirbúningsnefndar er og með hennar valdi og hæfi. Eitt af stóru atriðunum í tillögu meiri hluta samgn., fulltrúa hæstv. ráðherra í þeirri nefnd var að styrkja stöðu þeirrar undirbúningsnefndar og veita henni vald, ígildi nánast löggjafarvalds. Þá er það sem hæstv. ráðherra segir í þessum ræðustól að það hafi aldrei staðið til að þessi nefnd ætlaði sér að gera nokkuð með málefni starfsmanna. Þetta er náttúrlega með slíkum ólíkindum að engu tali tekur að hæstv. ráðherra skuli ekki vita betur og fara með jafnstaðlausa stafi og þarna ræðir um og hann hefði auðvitað betur gert í þessu tilfelli eins og öðrum sem ég mun ræða á eftir og biðjast afsökunar á því að hafa farið rangt með.

Það gerði hann þó a.m.k. í öðru stóru atriði sem er þrátt fyrir allt enn í fullkominni óvissu og lýtur að heimildum ráðherrans, heimild væntanlegrar stjórnar þessa hlutafélags til ráðstöfunar á eignum þess því að í einni af mörgum

ræðum hæstv. ráðherra orðaði hann það sem svo að skv. 2. gr. þessa frv. væru vissar takmarkanir á því hversu Alþingi gæti með beinum og óbeinum hætti komið að ráðstöfunum eignarhluta. Hann dró svo í land eftir að á hann var gengið og vildi fullyrða að frv. svaraði því að öllu leyti og þessi heimild var ekki til staðar nema atbeina Alþingis nyti við. Það er auðvitað ekkert undarlegt, herra forseti, að eftir jafnlangar og ítarlegar umræður þar sem margar spurningar hafa vaknað standi bæði stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn uppi með eitt stórt spurningarmerki þegar sjálfur hæstv. ráðherra kemur og ætlar að ljúka umræðunni og súmmera upp og taka þátt í helstu stærðir en skilur málið aldrei sem fyrr eftir í fullkomlegu uppnámi. Ef spurningar voru til staðar áður þá eru þær helmingi fleiri og stærri nú. Ég get þess vegna ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þessi lykilatriði.

Auðvitað þýðir ekki að hafa það þannig, virðulegi forseti, eins og hæstv. ráðherra vildi hafa það áðan þegar hv. þingmenn komu upp í andsvör og vildu fá svör frá hæstv. ráðherra, þá dró hann sig inn í skel sína og var hættur. Ég vil ekki gangast við slíku verklagi og vinnubrögðum. Auðvitað eiga hv. þingmenn kröfu á því að ráðherrar taki þátt í umræðu og svari þeim spurningum sem fram eru settar.

Spurningin sem hefur vaknað enn og aftur og lýtur að því stjórnarfarslega atriði hvort Alþingi hafi í raun og sanni nokkra praktíska og raunverulega möguleika á því að koma að þessu máli aftur þegar gerðar eru stjórnskipulegar breytingar á þessu stórfyrirtæki, Póst- og símamálastofnun og Pósti og síma hf. Þá á ég ekki síður við þegar því fyrirtæki, eins og raunar er gert ráð fyrir í anda frv., verður skipt upp í tvö, fjögur eða sex dótturdótturfyrirtæki og svo ég tali nú ekki um samrunafyrirtækin. Því hlýt ég að árétta það enn og aftur og það þarf ekkert flókið svar við þessu. Spurningin er sett fram í nefndaráliti minni hluta samgn. og þá er einfaldlega spurt: Mun áskilnaður um nauðsyn samþykkis Alþingis halda komi til sölu ef um er að ræða dótturfyrirtæki Pósts og síma? Mun sá áskilnaður halda og er hann óhjákvæmilegur? Er með öðrum orðum bannað með öllu að ráðstafa þessum eignum út og suður í dóttur- eða dótturdótturfyrirtæki án þess að Alþingi komi hér að málum? Það hlýtur að vera einfalt að svara þessu.

Hin spurningin er: Gildir það sama um væntanlegt samrunafyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem pósturinn hf. eða síminn hf. kaupir í fyrirtæki þriðja aðila? Margsinnis hefur verið spurt um þetta en eftir sem áður virðist vera ákaflega flókið og erfitt að fá viðhlítandi svör. Þetta var eitt af þeim atriðum sem voru hvað mest rædd í hv. samgn. og aftur og aftur var leitað eftir skýrum svörum við þessu. Lögfróðir aðilar hafa ekki getað kveðið upp úr með það og því miður er það mín trú að ráðherrann hafi ekki vald til þess. En það skiptir máli komi til túlkunar á þessum atriðum hvert er viðhorf ráðherrans og raunar kölluðum við eftir því í hv. samgn. að meiri hluti nefndarinnar lýsti algerlega skýrum og klárum vilja sínum til þessara mála í athugasemdum og nefndaráliti því að það skiptir líka máli. Það var ekki gengið eftir því er þannig að þessi stóra spurning er enn og aftur til staðar og er þetta lykilatriði. Þá skiptir þar engu máli hver er pólitísk eða siðferðileg afstaða ráðherrans til þess hvort skynsamlegt sé nú eða síðar að selja fyrirtækið. Þá er það alveg á mörkunum að það verði á valdi hans þegar allar stjórnirnar í hlutafélaginu, í dótturfyrirtækjunum og í samrunafyrirtækjunum eru teknar til starfa, vilja fara að rekja fyrirtæki sín með arðbærum hætti og mæta því áreiti sem markaðurinn kallar eftir eins og er enn og aftur lykilatriðið í þessu frv. þegar hv. stjórnarliðar á þingi mæla fyrir því og er talin trú um að hér sé nútíminn að ganga í garð. Þetta verður að vera ljóst, virðulegi forseti, og ég hlýt að árétta þessa lykilspurningu.

Hvað varðar meginatriði málsins þá er það alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að sennilega eru þau fá frumvörpin sem hafa haft jafnlanga meðgöngu og það sem hér er á ferð. Því undarlegra er það að menn skuli ekki hafa unnið heimavinnuna betur en raun ber vitni og breytingartillögur meiri hluta samgn. segja til um. Þess vegna er það ekki nein taktík, virðulegi forseti, eins og ætla mætti af orðum hæstv. ráðherra, af hálfu stjórnarandstæðinga til þess að þæfa mál og svæfa sem lagt er formlega til að verði vísað til ríkisstjórnarinnar og menn hafi tíma og tóm til þess að leita svara við þeim spurningum sem þeir sjálfir vekja heldur einfaldlega eðlileg, sjálfsögð og rökstudd krafa um það að menn vinni heimavinnuna sína. Þess vegna er það undarlegra en ella þegar rætt er um starfshæfi svokallaðrar undirbúningsnefndar að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kemur og segir að aukið vægi hennar og vald einmitt gagnvart samningum við starfsmenn ásamt öðru sé m.a. til orðið til þess að hægt verði að tryggja stöðu þeirra áður en væntanlegt hlutafélag fer í gang. Því spyr ég: Hvers vegna í veröldinni var ekki hægt að vinna þessi atriði, samningana við starfsfólkið og þau atriði sem þar út af standa áður en við komum til þessarar umræðu í þinginu og við skrifum þetta einfaldlega inn í það frv. sem við erum að fjalla um? Þau hefðu nýtt þau þrjú eða fjögur ár sem eru undirbúningstími og meðgöngutími þessa frv. til þess að fækka þeim álitamálum. Hvers vegna í veröldinni var sá tími ekki nýttur? En við höfum enn þá möguleika á að nota hann. Við höfum enn þá allt sumarið og samgn. sem slík gæti þess vegna gengið til þeirra verka.

Við spurðum aftur og aftur eftir því í minni hluta samgn. hvort meiri hluti nefndarinnar eða fulltrúi ráðherra væri ekki á slíkum viðræðufundum með fulltrúum starfsfólks til þess að fækka þessum álitamálum, til þess að ganga frá lausum endum og var til að byrja með sagt að svo væri. Síðan kom í ljós að þær viðræður og það samráð var í algeru skötulíki og snerist raunar um allt annað þannig að álitamálunum sem uppi eru gagnvart réttarstöðu starfsfólks hefur síst fækkað, kannski fjölgað ef eitthvað er eftir því sem menn hafa grafið sig neðar ofan í þetta frv. og áttað sig betur á tilgangi þess og eðli. Það eru engin rök í þessu máli, virðulegi forseti, að menn vísi til þess að aukið vald einhverrar þriggja manna nefndar úti í bæ, sem ráðherra ætlar að skipa og ætlar að passa sig á því að verði í engu tilfelli skipuð fulltrúum starfsmanna, heldur verði það einhverjir trúnaðarmenn hans sem eiga síðan að taka upp samstarfið við starfsfólk og búa út aðra löggerninga er lúta að undirbúningi málsins. Hvers vegna í veröldinni gerum við þetta ekki hér? Til þess erum við. Það er þessi rauði þráður í frv. öllu. Það er ekkert um það að mæta nýjum tímum eða stíga inn í nútímann. Það er eingöngu um að formbreyta fyrirtækinu og veita síðan hæstv. ráðherra alræðisvald um frekari þróun fyrirtækisins, um formlega hlið málsins, hvort heldur er um tvískiptingu eða þrískiptingu á þessari stofnun eða hvernig stofnunin ætlar síðan að stíga inn í nýja öld. Þetta fyrirtæki ætlar sér sannanlega að mæta stóraukinni samkeppni sem mun ríða yfir eftir hálft annað ár, 1. jan. 1998. Þetta frv. svarar því ekki einu né neinu og því miður er það þannig að hæstv. ráðherra hefur ekki getað það heldur. Sannarlega hefur þó hv. formaður samgn.

gert veikburða tilraunir til þess að reyna að lesa inn í þessa framtíð en hann hefur ekki svör því að þau er ekkert að finna í bók hæstv. ríkisstjórnar, í þessu frv. hæstv. samgrh., því er nú verr og miður. Málið er allt á algerum misskilningi byggt og menn hafa kannski gleymt megintilganginum og reynt að ígrunda hann, heldur er þetta gullna vers, hlutafélagavæðing sem öllu á að bjarga það eina sem hér segir. En þannig er veruleikinn ekki.

Ég hef áður sagt, virðulegi forseti, að allra síst skal standa á mér að reyna að taka þátt í uppbyggilegri umræðu og síðan ákvörðunum um það hvernig fyrirtæki geti starfað sem best á nýjum og gerbreyttum tímum og ég er enn þá reiðubúinn til þess. En þá skulum við gera það með þeim hætti að eitthvert gagn sé að en láta ekki málið daga uppi í eintómum spurningum og hálfkveðnum vísum eins og því miður er hér að gerast.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að toga þetta mál né teygja en ég tel hins vegar algerlega óhjákvæmilegt að milli umræðna setjist hv. samgn. yfir málið þó ekki væri nema á einni morgunstund. Ég held að einmitt yfirlýsingar ráðherra áðan um starfsvettvang nefndarinnar, misskilning hans í þeim efnum, misskilning hans og síðan afsökunarbeiðni á gildi ákvæða 2. gr. frv. geri það að verkum þó ekki væri nema til þess að hann áttaði sig á því hvað væri á ferðinni, að samgn. ætti að setjast yfir málið á nýjan leik og reyna með sameiginlegu nefndaráliti að skrifa athugasemdir með lykilgreinum frv. sem gæfi manni vonir um að einhver skilji það. Það er alveg nauðsynlegt þegar frv. verður gert að lögum að dómstólar og allir aðrir hagsmunaaðilar geti skilið þau og starfað eftir þeim. Því er því miður ekki að heilsa í dag og ég trúi því ekki eitt andartak af því að ég skil það þannig og trúi því að viðhorf ráðherrans til málsins hvað varðar til að mynda sölu hlutafjár í þessu fyrirtæki eða dótturfyrirtæki sé einlægt, hann trúi því og vilji standa við sínar yfirlýsingar í þeim efnum. Þess frekar hlýtur hann að vera mönnum sammála um það að búa þannig um hnúta að engin slys verði í þeim efnum og yfirlýsing sem hann hefur margsinnis gefið um atbeina Alþingis verði tryggð með þeim hætti að 2. gr. þessa frv. taki ekki yfir þá 1. sem lýtur að áskilnaði um samþykki og heimildir Alþingis um sölu bréfa. Hann hlýtur því að vera okkur samstiga í því og ég vænti þess að ágætur formaður hv. samgn., Einar K. Guðfinnsson, taki ábendingu minni vel og hv. samgn. gefi sér tíma til þess að setjast að málinu a.m.k. hvað varðar þá tvo þætti sem ég nefndi og skrifi athugasemdir með þessum greinum frv. sem gera það að verkum að hæstv. ráðherra átti sig á þeim og þingheimur allur. Það er lykilatriði í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Ég árétta enn og aftur að mín skoðun hefur langt í frá breyst hvað varðar afstöðu til málsins í heild. Það fer langbest á því að menn vinni þetta betur heima í héraði. Jafnvel væri hugsanlegt og skynsamlegra og ég kasta því fram til umhugsunar að málið fari ekki til ríkisstjórnarinnar heldur fari sérstök milliþinganefnd í þetta mál og skrifaði það upp og gerði það þannig úr garði að það væri nothæft á haustdögum. Eins og ég hef sagt áður er ég tilbúinn til að taka þátt í slíkri vinnu, ég segi þrátt fyrir allt að upphaflegu markmiðin eru nógu góð en því miður hefur úrvinnslan verið með þeim hætti að ekki verður við unað.

[17:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði talað nægilega skýrt til þess að ekki kæmi upp misskilningur. Ég varð var við það af máli hv. 12. þm. Reykn., Kristínar Halldórsdóttur, og eins á máli hv. 9. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar, að ég hefði talið að sú sérstaka undirbúningsnefnd sem 7. gr. frv. fjallar um eigi ekki að fjalla um starfsmannamál. Þetta er mikill misskilningur og þarf auðvitað ekki annað en lesa efni greinarinnar til að skilja að sá sé tilgangur nefndarinnar hvort sem horft er til frv. eða til brtt. meiri hluta samgn. Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni í dag að þessi breyting hefði verið gerð í samráði við stéttarfélög Pósts og síma þannig að það er algerlega út í hött að halda því fram að ég hafi talið að þessi nefnd hefði ekki einmitt það hlutverk sem ég var að lýsa. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnunar félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnunina skal félagið bundið við umrædda löggerninga. Þessi ákvæði eru alveg skýr.

Á hinn bóginn er það svo nú ef þetta frv. verður ekki að lögum að starfsmannamálin eru í höndum fjmrh. en ekki samgrh. Ef það ætti að koma til þess að gera nýja kjarasamninga við starfsfólk Póst- og símamálastofnunar væri það í höndum fjmrh. en ekki samgrh.

Í öðru lagi tek ég fram, herra forseti, varðandi 2. gr. frv. Skilin eru auðvitað glögg á milli 1. mgr. og 2. mgr. Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik svo að ég taki Cantat 3 sem dæmi, ef það skyldi fara svo að Póstur og sími hf. sæi ástæðu til þess að auka eignaraðild sína í Cantat 3, þá mundi það falla undir 1. mgr. 2. gr. Ef við hins vegar værum að tala um það að skipta fyrirtækinu upp í póstþáttinn og símaþáttinn eða fjarskiptaþáttinn værum við að tala um 2. mgr. 2. gr. og auðvitað hefði þá eðli málsins samkvæmt hlutafélagið heimild til þess að auka hlut sinn í Cantat 3 án atbeina Alþingis. (**Gripið fram í:** En selja Landssímann?) Og selja líka og fara með venjulega eignaumsýslu á slíkum hlutum. Fjölmörg fyrirtæki í Reykjavík og á Íslandi á fjarskiptasviði og rafeindasviði hafa leitað hófanna og verið með fyrirspurnir til stjórnar Pósts og síma um það hvort til samvinnu þróunarstarfs geti komið. Ég minni í því sambandi sérstaklega á þá miklu samvinnu sem átti sér stað á milli Háskóla Íslands og Flugmálastjórnar sem leiddi til þess að Íslendingar hönnuðu og bjuggu til stýrikerfið í hinni nýju flugstjórnarmiðstöð eða verulegu eða öllu leyti. Ég er ekki verkfræðingur þannig að ég þori ekki að fara mjög út í þá sálma en lögðu þar mjög mikið til í hinni nýju hönnun á stýringunni í hinni nýju flugstjórnarmiðstöð.

Í 2. mgr. er alveg tekið af skarið um það að óheimilt sé að leggja niður einstaka starfsþætti í Pósti og síma hf. Þar er sérstaklega kveðið á um það að slík dótturfyrirtæki samkvæmt þeirri grein séu alfarið í eigu ríkisins og þá þurfi atbeini Alþingis til að koma. En fyrri greinin lýtur að almennri eignaumsýslu til hugsanlegs samstarfs á því sviði sem þar er markað en það er sagt að tilgangur félagsins sé að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, póstþjónustu og fjármálalega umsýslu sem er starfsvettvangur sem Póst- og símamálastofnun hefur unnið á.

[18:00]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við mjökumst nær kjarna málsins og ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör hans. Nú liggur það með öðrum orðum ljóst fyrir að í samrunafyrirtækjum eru stjórnir og fulltrúar ríkisvaldsins í stjórnum þeirra og þær geta haft uppi eignaumsýslu, kaup á nýjum hlutum og sölu þeirra eins

og þeim hentar og telja skynsamlegt. Það þarf því ekki atbeina Alþingis komi til sölu eða eignaumsýslu á fyrirtækjum sem verða til vegna samruna einstakra rekstrarþátta Pósts og síma og einhvers þriðja aðila.

Nú liggur það fyrir og loksins kom að því m.a. eins og í Cantat 3 þannig að hér erum við farin að ræða málin eins og þau koma fyrir af skepnunni. Ég ætla út af fyrir sig ekki að elta ólar frekar við þessi atriði hvað varðar hæfi undirbúningsnefndar. Hæstv. ráðherra mismælti sig í ræðu áður og nú er hann búinn að lagfæra það og farinn að lesa frv. eins og það er skrifað og þær breytingartillögur sem því fylgja. Mér hefur alla tíð verið ljóst að eitt aðalhlutverk undirbúningsnefndarinnar er að fjalla um málefni starfsmanna þannig að það eru engar fréttir fyrir mig. En hæstv. ráðherra missti það hins vegar út úr sér, mismælti sig þá væntanlega og túlkaði það með öðrum hætti.

Að lokum er eitt lykilatriði, virðulegi forseti, sem lítið hefur verið rætt á lokahnykk umræðunnar og það lýtur að þeirri tillögu sem fram er komin bæði hjá meiri hluta og minni hluta samgn. um eitt gjaldsvæði fyrir landið. 1. júlí 1998 á það að gerast samkvæmt tillögu meiri hluta samgn. Spurning mín er einfaldlega þessi: Er hæstv. ráðherra sannfærður um það að sú breyting sem verði 1. jan. 1998 hvað varðar samkeppni á þessum vettvangi heimili að slíkur áskilnaður sé til staðar hjá Pósti og síma hf. og hugsanlega þá öðrum þeim sem fara í samkeppni við það fyrirtæki?

[18:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurning hv. þm. lýtur að vísu að fjarskiptalögum en snertir efnislega rekstur Pósts og síma hf. þegar til kemur. Samkvæmt tillögu meiri hluta samgn. er gert ráð fyrir því að miðað sé við 1. júlí 1998 en ég skal ekki um það segja hvort t.d. Póstur og sími hf. sér tök á því að þessi breyting geti orðið fyrr. Það mál hefur ekki verið rannsakað.

[18:03]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði þessi mál einmitt að umtalsefni í framsögu minni með minnihlutaáliti en hæstv. ráðherra var forfallaður við þá umræðu. Þar velti ég því einmitt fyrir mér, ekki síst í ljósi þess að þetta stóra skref til jöfnunar á réttindum fólks til símaþjónustu í dreifbýli og þéttbýli ætti ekki að gerast fyrr en 1. júlí 1998, þ.e. hálfu ári eftir að samkeppnin verður orðin altæk samkvæmt tilskipun ESB. Á hinn bóginn gerði tillaga minni hlutans ráð fyrir því að þetta stóra skref yrði tekið núna í næsta mánuði þannig að menn eru þá nokkuð öruggir með heimildina þetta eina og hálfa ár.

Ég skildi hins vegar svar hæstv. ráðherra núna á þann veg að menn hefðu ekki skoðað það gaumgæfilega hvort það stæðist samninginn um EES eða aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, hvort yfirvöld gætu gert kröfu til þess að væntanlegir samkeppnisaðilar Pósts og síma hf. yrðu að þjónusta allt landið, yrðu að falla undir sama ákvæðið um sömu gjaldskrá alls staðar hvort sem þeir vildu það eða vildu það ekki. Ég spyr auðvitað vegna þess að það liggur í augum uppi að það munu koma væntanlegir samkeppnisaðilar, munu auðvitað fyrst og síðast setja sig niður á höfuðborgarsvæðinu, í þéttbýlinu, munu freista þess að undirbjóða Póst og síma hf. og bjóða upp á lægri gjaldskrá hafi þeir til þess tök en skilja landsbyggðina eftir. Vangaveltur mínar eru fyrst og síðast þessar: Stenst þetta ákvæði EES-samningsins? Í öðru lagi: Hefur hæstv. ráðherra engar áhyggjur af því að þessu nýja fyrirtæki hans og ríkissjóðs, Pósti og síma hf., séu settar ólíkar skyldur á herðar, þá í samkeppni við aðra aðila þegar þetta stóra fyrirtæki fer að þjónusta allt landið með einni gjaldskrá en önnur fyrirtæki undirbyðu hugsanlega og fleyttu rjómann ofan af og nægði fyrir kúnnana þar sem þá væri að finna.

[18:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri auðvitað óheimilt að setja reglur sem mismunuðu fyrirtækjum með þeim hætti að Póstur og sími hf. sæti við lakara og verra borð en samkeppnisfyrirtækin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun 1995–1998, frh. síðari umr.

Stjtill., 295. mál (endurskoðun fyrir 1996). — Þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 1996–1999, síðari umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 640, nál. 1080, brtt. 1081.

[18:07]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999 á þskj. 1080 ásamt breytingartillögu við sömu flugmálaáætlun frá samgn. á þskj. 1081. Undirbúningur að málinu fór fram með hefðbundnum hætti. Við fengum á fund nefndarinnar fulltrúa Flugmálastjórnar og samgrn. Einnig komu til fundar við nefndina Stefán Hermannsson, borgarverkfræðingur, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Bjarni Reynarsson frá skrifstofu Reykjavíkurborgar, Helgi Ágústsson ráðuneytisstjóri og Þórður Ingvi Guðmundsson frá utanrrn. Enn fremur fékk nefndin til umsagnar athugasemdir frá ýmsum aðilum og samtökum ráðuneyta.

Í flugmálaáætluninni, sem tekur til áranna 1996–1999, er langstærsta framkvæmdin uppbygging á Reykjavíkurflugvelli. Eins og sjá má í brtt. hv. samgn. og raunar í tillögugreininni sjálfri í upphafi er gert ráð fyrir því að á næstu þremur árum, þ.e. á árunum 1997–1999 og að meðtöldu árinu 1996, verði varið til framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli 476 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir því að varið verði til rannsókna- og þróunarverkefna 10 millj. á ári frá og með næsta ári í þrjú ár. Í áætluninni er gert ráð fyrir því að byrjað verði á framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll þegar á árinu 1997, á næsta ári, að höfðu samráði við borgaryfirvöld en viðræður milli Flugmálastjórnar, samgrn. og skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar hafa staðið yfir um málið.

Það er ljóst að hér er um mjög kostnaðarsama framkvæmd að ræða. Hins vegar þarf að vinna verkið á skömmum tíma, á þremur árum að ég hygg, en frumáætlanir gera ráð fyrir

því að kostnaðurinn sé á bilinu 1–1,4 milljarðar kr. Það er rétt að greina frá því að það kom fram í máli fulltrúa Reykjavíkurborgar að þeir töldu að áform um að byggja upp Reykjavíkurflugvöll og innsigla það að hann væri þar með búinn að festa sig í sessi sem áframhaldandi miðstöð innanlandsflugs á Íslandi, væru í samræmi við hugmyndir fulltrúa Reykjavíkurborgar um skipulag svæðisins. Þetta er rétt að komi fram í tilefni af þeim umræðum sem hafa stundum farið fram um framtíð Reykjavíkurflugvallar sem miðstöðvar innanlandsflugsins.

Ef ég vík sérstaklega að þeim breytingartillögum sem settar eru fram í nefndaráliti samgn. þá er gert ráð fyrir því að markaðar tekjur af flugvallagjaldi hækki um 15 millj. kr. á ári á árunum 1997–1999. Það þykir óhætt að gera ráð fyrir slíkri hækkun þegar tekið er tillit til þeirrar aukningar á umferð sem er að verða í fluginu og m.a. kom fram á síðasta ári og hefur haldið áfram á þessu ári. Þetta hefur það í för með sér að tekjurnar á flugvallagjaldi þessi þrjú ár munu nema 442 millj. kr. á ári í staðinn fyrir 427 og gert er ráð fyrir því að þessi tekjuaukning muni að langmestu leyti fara í það að standa undir verkefnum á Ísafjarðarflugvelli og Þingeyrarflugvelli.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að á árinu 1997 verði veitt 15 millj. kr. til endurbóta á flugstöðinni á Ísafirði. Sú flugstöð er þegar orðin of lítil og ekki síst í ljósi þess að þar hefur umferð aukist mikið með tilkomu reglubundins áætlunarflugs Íslandsflugs í gegnum Bíldudal.

Í öðru lagi hafa staðið yfir í mörg ár athuganir á framtíðarflugvallarstæði í Dýrafirði. Niðurstaðan er ekki fengin formlega enn þá. Það er ljóst að veita verður fé til flugvallar í Dýrafirði á næstunni enda er núverandi flugvöllur sá eini sem Fokker-50 flugvélar nota sem er malarflugvöllur. Þess vegna er lögð til sú breyting að á árunum 1998 og 1999 verði 15 millj. kr. sérstaklega varið hvert ár til framtíðaruppbyggingar í flugvallarmálum í Dýrafirði þó að ekki sé tekin nákvæmlega afstaða til þess hvort um er að ræða endurbyggingu á Þingeyrarflugvelli sem nú er eða hvort farið verður í aðrar framkvæmdir.

Í þriðja lagi er rétt að nefna að á þessu ári er gert ráð fyrir því að veita 3 millj. kr. og taka það af óskiptu fé til þess að ljúka flugstöðvarbyggingu við nýju flugbrautina á Þórshöfn en byggingin er núna fokheld og lögð mikil áhersla á það af heimamönnum að ljúka byggingunni og kom m.a. sérstakt erindi frá Þórshafnarhreppi þar að lútandi.

Loks er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar frá tillögugreininni á flokkun flugvalla sem gerð er betri grein fyrir í nefndaráliti samgn.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara, Ragnar Arnalds, með fyrirvara, Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

[18:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir ástæðum þess að ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara. Það er ekki vegna þess að ég hafi neinar beinar athugasemdir að gera við tillöguna í heild, þ.e. skiptingu þeirra fjármuna sem hér um ræðir. Allgott samkomulag og samstarf var um þau mál í nefndinni og þau rædd fram og til baka. Hins vegar vildi ég með fyrirvara mínum vekja athygli á því að í áætluninni eru framlög til nýframkvæmda og endurbóta að nokkru leyti skert vegna þess að stærri hlut en áður er nú varið til almenns rekstrar á flugvöllum um land allt og dregur þar með úr möguleikum til þess að hefjast handa og ljúka mörgum þeim brýnu verkefnum sem finna má hringinn í kringum landið. Það er ástæða þess að nafn mitt er undir nefndarálitinu með fyrirvara. Með öðrum orðum, hinn almenni rekstur tekur óþarflega mikið til sín á kostnað þeirra nýframkvæmda sem hinir mörkuðu tekjustofnar flugmálaáætlunar gera að langmestum hluta ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 783, nál. 1067, brtt. 1068.

[18:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nafn mitt er undir nál. allshn. þar sem fjallað er um frv. en þó er þar fyrirvari og ætla ég að gera grein fyrir þeim fyrirvara. Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. skuli vera hér og tel mjög mikilvægt að heyra álit hans á tilteknum atriðum sem ég hyggst vekja máls á. Ég vil í upphafi þakka fyrir gott starf í allshn. Það var unnið mjög vel að frv. undir góðri verkstjórn formanns nefndarinnar, hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, og þegar á heildina er litið tel ég að hér sé á ýmsa lund verið að stíga framfaraspor með þessum lögum. Hins vegar standa eftir nokkur atriði sem varða starfs- og stéttarréttindi lögreglu og þau eru sum hver þess eðlis að mér finnst mikilvægt að fá álit hæstv. dómsmrh. á því hvernig hann hyggst standa að framkvæmd laganna.

Fyrsta atriðið sem ég vek athygli á snertir starfsréttindi lögreglumanna en þau fengust með lögum nr. 64/1989. Þar voru starfsréttindi bundin við próf frá Lögregluskóla ríkisins og heimildir til ráðningar afleysingamanna voru mjög takmarkaðar og skilyrtar því að menn hefðu próf úr skólanum. Þetta var gert til að fyrirbyggja framkvæmd sem lengi hafði tíðkast að starfsmenn væru ráðnir til lögreglustarfa án þess að þeir hefðu undirbúning og menntun til að sinna slíkum störfum.

Í fyrrgreindri lagagrein segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta, og er nú vitnað í lögin frá 1989: „Engan má ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Heimilt er að lausráða nema til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Reynsluráðning skal aldrei standa lengur en tvö ár. Heimilt er að ráða til lögreglustarfa menn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert.“

Landssamband lögreglumanna hefur þurft mörgum sinnum að leita allra tiltækra leiða til að ganga eftir að lögunum sé framfylgt en það hefur verið svo að dómsmrn. og embættismönnum þar hefur verið mjög uppsigað við lögin og það er ekki að ástæðulausu að ég tek svo til orða vegna þess að viðbrögð ráðuneytisins og embættismanna ráðuneytisins koma m.a. fram í bréfi dómsmrn. til umboðsmanns Alþingis, dagsett 18. mars 1992, en bréfið er undirritað af Þorsteini Geirssyni ráðuneytisstjóra og Hjalta Zophaníassyni, skrifstofustjóra í dómsmrn. Í bréfinu segir m.a., með

leyfi forseta: „Ráðuneytið telur nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir tildrögum lagasetningar nr. 64/1989. Þar er um að ræða þingmannafrumvarp en ekki stjórnarfrumvarp sem er óvenjulegt í þessu sambandi. Frumvarpið var flutt að ósk lögreglumanna og samið á þeirra vegum."

Þetta finnst mér mjög merkileg tilvitnun í bréf frá ráðuneyti um lagasetningu á Alþingi. Mér finnst þetta mjög merkileg tilvitnun þar sem ráðuneytið gerir greinarmun annars vegar á stjfrv. og hins vegar þingmannafrumvarpi. Þingmannafrumvarp er ekki eins merkilegt og stjfrv. og ber ekki að taka lög eins alvarlega sem eiga sér slíka sögu. Mér finnst þetta vera umhugsunarefni.

Í fyrirliggjandi frv. til laga um lögreglumenn er þetta ákvæði laganna frá 1989 fellt út en í staðinn kemur eftirfarandi ákvæði, 28. gr., 4. mgr., með leyfi forseta: „Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 39. gr. laganna, staðan hafi verið auglýst með venjulegum hætti og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins sótt um hana."

Menn ræddu það talsvert í nefndinni hvort æskilegt væri að gera þessar lagabreytingar og ég var því mjög andvígur og minnugur þess að ráðuneytið og embættismenn í ráðuneytinu hafa róið að því öllum árum að rýmka lagagreinina eða túlkun hennar þannig að unnt verði að ráða afleysingamenn án þess að þeir hefðu hlotið tilskilda þjálfun og menntun til þess að gegna lögreglustörfum. Það hefur verið viðhorf fulltrúa ráðuneytisins að með þessum lið sé afnumin meginregla 1. gr. laganna um lögreglumenn frá 1989. Þetta er staðfest í bréfi sem Sigurður T. Magnússon, skrifstofustjóri í dómsmrn. ritaði. Það er dagsett 27. febr. 1996 til nokkurra sýslumanna en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Til að draga úr líkum á að slíkt ófremdarástand geti skapast hefur verið lagt til í frumvarpi til lögreglulaga að heimildin til að ráða menn, sem ekki hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, tímabundið til lögreglustarfa verði rýmkuð." Það er takmarkið sem menn eru að stefna að. En tilefni þessa bréfs var það að Landssamband lögreglumanna hafði bent ráðuneytinu á að það gæti búist við því að farið yrði fram á lögbann við vinnu aðila sem uppfylltu ekki hæfnisskilyrði laga um lögreglumenn. Eins og ég gat um áðan voru lögin frá 1989 talin nauðsynleg ráðstöfun til að tryggja að þeir sem væru ráðnir til að gegna viðkvæmum og erfiðum störfum lögreglumanna hefðu tilskilda reynslu og kunnáttu til slíkra verka.

Í umræðum um þessi mál var á það bent að með þeim kerfisbreytingum sem verið væri að koma á með þessum nýju lögum, þar á meðal með stofnun embættis ríkislögreglustjóra skapaðist grundvöllur til þess að sinna afleysingum með því að flytja menn á milli ef þyrfti að hlaupa í skarðið um stundarsakir. Við skulum ekki gleyma því að á landsbyggðinni og í fámennum sveitarfélögum þar sem þetta hefur einkum tíðkast hvílir ekki síður ábyrgð á þeim sem gegna lögreglustarfi en annars staðar og ef til vill fremur. Ef til vill er ábyrgðin meiri þar vegna þess að þar eru færri um að axla hana. Ýmsir hafa haft um þetta mjög afgerandi orð og samtök lögreglumanna hafa lagst mjög eindregið gegn því að þessi ákvæði væru rýmkuð og sagt að hreinlega væri hætta á því að ráðnir yrðu fúskarar til starfa. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort hann muni þrátt fyrir þessar breytingu sem gerð verður væntanlega á lögunum beita sér fyrir því að fá vana menn og menn með réttindi frá stærri embættunum til að hlaupa í skarðið ef þarf að ráða menn til lögreglustarfa.

Enn eitt atriðið sem rætt var í nefndinni og talsverð umræða varð um laut að þeim kröfum sem gera skyldi til lögreglumanna og þar voru allir nefndarmenn á því máli að ástæða væri til að gera mjög strangar kröfur til þeirra sem yrðu ráðnir til lögreglustarfa. Þar væri vandrataður hinn rétti vegur því að menn vildu heldur ekki binda sig þannig í formið að menn útilokuðu einstaklinga sem einhvern tíma á unga aldri kynnu að hafa misstigið sig á einhvern hátt en reyndust hinir bestu og heiðarlegustu menn. Þess vegna voru menn á því máli að það sem skipti kannski mestu væri að hafa túlkunina sem opnasta þannig að menn gætu beitt dómgreind og skynsemi. En í reglugerð nr. 660/1981 um veitingu lögreglustarfs, 1. gr., segir svo, með leyfi forseta: „Umsækjandi skal vera íslenskur ríkisborgari, 20–30 ára, fjár síns ráðandi og má ekki vera kunnur af óreiðu í fjármálum. Hann skal hafa gott mannorð og vera þekktur af reglusemi og háttvísi." Þetta er sú túlkun sem hefur reyndar verið talin gagnast vel en í nýja lögreglulagafrumvarpinu, því sem við erum með til umfjöllunar, segir í 38. gr. að viðkomandi skulu vera íslenskir ríkisborgarar og ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum. Þarna hefði ég talið að væri heppilegast að einskorða sig við þá skilgreiningu sem áður var vikið að. En einnig í þessu atriði væri fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. dómsmrh., hvaða fyrirætlanir hann hafi uppi um að tryggja viðhlítandi kröfur um feril, fortíð og mannorð umsækjenda um lögreglustörf.

Í greinagerð með frv. er vikið að námskröfum og þar er rætt um möguleika á auknum námskröfum þannig að Lögregluskólinn þurfi síður en verið hefur í reynd að sinna kennslu í almennum námsgreinum. Væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. dómsmrh. hyggst beita sér fyrir einhverjum breytingum á því sviði.

Þá er í frv. verið að breyta í grundvallaratriðum ráðningarmáta til embættanna. Það sem gerst hefur hingað til er að einstaklingar, og á þetta ekki síður við um landsbyggðina en þéttbýlið, hafa verið valdir vegna þess að þeir eru taldir efnilegir einstaklingar í þessu starfi og þeir sendir til náms í Lögregluskólann. Með öðrum orðum, þeir vaxa upp úr umhverfinu og inn í lögreglustarfið. Þarna er í rauninni eftirlitið og valið. Það fer fram í því umhverfi sem einstaklingarnir spretta upp úr.

Það sem gerist núna hins vegar er að Lögregluskólinn verður á við aðra skóla, menn afla sér þar tilskilinna réttinda og sækja síðan til jafns við aðra einstaklinga um þau störf sem kunna að losna. Um þetta urðu talsverðar umræður og hafa orðið. Það er ljóst að innan lögreglunnar og innan lögregluembættanna og að því er ég best fæ skilið innan Lögregluskólans einnig hafa menn haft ákveðnar efasemdir um þetta atriði. Hér hefur sitt sýnst hverjum.

Hins vegar er eitt mál hér sem er algjört grundvallaratriði í mínum huga. Það er á hvern hátt þessi hluti laganna tengist kjarasamningum lögreglumanna vegna þess að ákvæði 4. mgr. 38. gr. um ólaunað nám í Lögregluskóla ríkisins stangast á við ákvæði gildandi kjarasamning Landssambands lögreglumanna. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Lögreglumenn sem stunda nám í Lögregluskóla ríkisins eða sækja fræðslu eða þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra skulu

halda föstum launum og vaktaálagi. Lögreglumenn sem af þessum sökum þurfa að búa fjarri heimilum sínum skulu fá greiddan ferðakostnað til og frá heimili sínu við upphaf og lok námstímabils. Auk þess eina slíka ferð á fyrri önn Lögregluskólans ríkisins og tvær slíkar ferðir á síðari önn skólans. Þeir skulu enn fremur fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað samkvæmt mati nefndar samanber 5 og 7."

Það er að mínum dómi alger lágmarkskrafa að starfskjör séu aldrei skert einhliða með lagaboði og ég hefði talið mjög mikilvægt að hér fylgdi bráðabirgðaákvæði um að samið yrði við lögreglumenn um þessar breytingar. Þessa vanda er getið í nál. allshn. og þetta atriði var rætt þar og sett mjög meðvitað inn í nál. en ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. *dómsmrh. hvort búast megi við að lögreglumönnum verði* bætt þessi kjaraskerðing, að næst þegar gengið verður til kjarasamninga muni hæstv. dómsmrh. beita sér fyrir því að tryggja kjör lögreglumanna að þessu leyti.

Auk fyrrgreindra atriða vil ég að lokum vekja athygli á því hér að lögreglumenn hafa lagt mjög ríka áherslu á að fá lækkuð aldurstakmörk þannig að þeir verði leystir frá starfi fyrr en nú tíðkast. Þegar þetta frv. var í smíðum var grein þar að finna þar sem sagði: „Lögreglumaður skal leystur frá starfi sínu þegar hann er orðinn fullra 65 ára." Þetta atriði var rætt talsvert í allshn. og á einhverju stigi var um það rætt að sett yrðu inn bráðabirgðaákvæði um nefndarskipan sem hefði það verk með höndum að finna störf fyrir fullorðna lögreglumenn þannig að hægt væri að losa *þá úr lögreglu*starfinu. Við nánari skoðun reyndist þetta ákvæði eða þessi yfirlýsing ganga skemmra en bókanir og sérákvæði sem eru gildandi í kjarasamningum lögreglumanna og var ákveðið að taka þetta bráðabirgðaákvæði til baka. Nú eru að sjálfsögðu margar starfstéttir sem hafa lagt áherslu á það að lækka eftirlaunaaldur. Á það má benda að í öðrum löndum og í þeim löndum sem við berum okkur saman við, Norðurlöndum og víðast hvar annars staðar, þá er starfsaldur eða aldursmörk lögreglumanna mun lægri en tíðkast hér. Við erum með hæsta aldurinn í sambærilegum löndum sem ég þekki og starfsaldur lögreglumanna er víða mun lægri en gerist hjá ýmsum öðrum stéttum. Það hafa verið gerðar tölfræðilegar kannanir á ævilengd lögreglumanna. Slík könnun mun hafa verið gerð fyrir áratug eða svo og þar kom fram mikill munur á ævilengd þeirra sem unnu vaktavinnu langt fram eftir aldri, eins og t.d. lögreglumenn, og hinna sem losnuðu snemma af vöktum. En í þessu frv. er sem sagt ekki að finna ákvæði um að lækka starfsaldur lögreglumanna.

Að lokum vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort hann hyggist á einhvern hátt taka á þeim vanda er snertir starfsaldur lögreglumanna. Þegar allt kemur til alls þá er ákvæði um þetta að finna í kjarasamningum þeirra auk þess sem þetta ætti að vera mikilvægt fyrir þá sem njóta þjónustu lögreglunnar og að sjálfsögðu lögreglumenn sjálfa.

[18:38]

Arnþrúður Karlsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa lagt upp með alla þá vinnu sem að baki þessa frv. liggur. Sömuleiðis vil ég þakka hv. allshn. fyrir það mikla starf sem ég veit að nefndin hefur innt að hendi í vetur í þessu máli.

Ég sem varaþingmaður hef ekki komið að þinglegri meðferð þessa máls og þótt ég telji að þetta frv. feli í sér úrbætur á mjög mörgum sviðum löggæslunnar þá eru hér einstök atriði sem ég sakna að sjá ekki í frv. Einnig hef ég vissar áhyggjur af framkvæmdinni, hvernig í raun og veru lögin gera sig. Og þá einkum og sér í lagi að því er varðar þá ákvörðun að stofna embætti ríkislögreglustjóra. Mér skilst að þar hafi verið stuðst við norræna löggjöf og m.a. þess vegna sé lagt til að embætti ríkislögreglustjóra verði stofnsett. Í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi er slíkt embætti til staðar en það eru líka milljónaþjóðfélög. Í Noregi er hins vegar, skilst mér, sérstök lögregludeild innan dómsmálaráðuneytisins sem annast þetta hlutverk að öðru leyti.

Þær efasemdir sem sækja að mér í sambandi við stofnun embættis ríkislögreglustjóra eru einkum á sviði rannsókna og sömuleiðis finnst mér ríkislögreglustjóra markað fullmikið *vald án þess að skörp skil séu gerð hvar mörkin liggi.* Ég tel að það þurfi að fylgjast mjög vel með framkvæmdinni, hvernig lagabreytingin kemur til með að virka. Ég tel það eitt mikilvægasta málið í þessu. Með embætti ríkislögreglustjóra verður embætti rannsóknarlögreglu ríkisins þar með lagt niður en það hefur verið krafa samfélagsins að sakamál fái hraðari rannsókn og meðferð. Ég get vel séð það fyrir mér að þetta frv. uppfylli þær kröfur. Mér skilst að helmingur rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eða alls 21 rannsóknarlögreglumaður flytjist til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, en jafnframt sé gert ráð fyrir að um 80% sakamála fylgi með. Ég vil geta treyst því að nægjanlegt fjármagn verði tryggt í fjárlögum til þess að þetta *sé í raun og veru framkvæmanlegt því að staðarlögreglan* sem fær slíka aukningu á verkefnum og mannskap verður auðvitað að geta búið við það öryggi að hugsað sé til þess í fjárlögum.

Ég nefni 5. gr. frv. sérstaklega um hlutverk ríkislögreglustjóra. Þar er m.a. kveðið á um sérstaka stoðdeild ríkislögreglustjóra sem eigi að grípa inn í mál víðs vegar um landið eftir atvikum. Ég spyr mig að því hvernig á að halda slíkri stoðdeild í nægjanlegri þjálfun ef hún á að grípa inn í af og til í stórum sakamálum. Það er nefnilega alveg augljóst mál að þeir sem fást við málin dags daglega verða sérhæfðir, þeir verða sérfræðingarnir. En hinir staðna. Sú staðreynd kallar e.t.v. á það að stöðugt þarfað fá inn nýjan mannskap og af því leiðir meiri kostnað. Sömuleiðis hef ég efasemdir um að það sé rétt ákvörðun að hafa skatta- og efnahagsbrotin sérstaklega við embætti ríkislögreglustjóra. Mér skilst að sú ráðstöfun sé gerð vegna þess hve þau mál séu erfið og krefjist mikillar sérþekkingar. Ég verð bara að segja að ég er alls ekki sammála þessu. Í fyrsta lagi eru skattalagabrot rannsökuð hjá sérfræðingum við viðkomandi skattstjóraembætti. Og yfirskattanefnd tekur í raun dómsvald ef mál gengur alla leið þangað og við þau gögn er hægt að styðjast við lögregluranns*ókn.* Vegna þess að lögregluranns*óknin* sem slík byggir á refsiréttarforsendu og það þarf enga sérstaka sérfræðinga til aðra en lögreglumenn að rannsaka það því það eru yfirheyrslurnar og tæknin við yfirheyrslurnar sem skiptir máli. Þar gerast hlutirnir í raun og veru. Þannig að ég get ekki séð að skattalagabrotin sem slík eða efnahagsbrotin séu með slíka sérstöðu að það sé ástæða til þess að þau séu annars staðar en önnur brot á almennum hegningarlögum. Efnahagsbrotin eiga samkvæmt frv. líka að vera hjá ríkislögreglustjóra en hins vegar er ekki annað að skilja en að rannsókn fjársvikamála færist til staðarlögreglunnar og hvar eru mörkin? Hver ætlar að ákveða hvar mörkin liggi? Ég tel að ef rannsókn þessara mála færist á margar hendur sé hætta á að ekki sé til staðar sú yfirsýn sem er nauðsynleg yfir

þennan málaflokk. Og það er í mínum huga mjög óeðlilegt að taka út eina tegund sakamála og rannsaka við eitthvert sérstakt embætti og ég held jafnvel líka að þetta sé andstætt þeirri þróun réttarfars sem við höfum búið við síðustu árin. Ég minni á að það er ekkert langt síðan, u.þ.b. fjögur ár, að sérstakur dómstóll í ávana- og fíkniefnamálum var lagður af af því að það var talið að slík sérstaða mundi brjóta í bága við allt réttarfar í landinu. Ég óttast framkvæmdina á þessu, ég verð að segja það.

Síðan er ekki annað hægt að sjá en að ríkislögreglustjóri hafi heimild til þess að grípa inn í og ráðstafa sérdeild lögreglunnar, með öðrum orðum víkingasveitinni. Og ég velti því fyrir mér hvaða sérþekking verður til staðar hjá ríkislögreglustjóraembættinu til þess að stjórna slíkri sérsveit sem hefur fengið alla sína þjálfun við lögreglustjóraembættið í Reykjavík og lotið stjórn þess embættis. Ég veit ekki hvernig menn sjá þetta fyrir sér. Samkvæmt frv. getur ríkislögreglustjóri sjálfur ákveðið hvenær og hvort hann grípur inn í mál og hann hefur þannig beinna hagsmuna að gæta gagnvart embættunum. Þarna geta skarast rannsóknarlegir hagsmunir. Það gefur auga leið. Það er e.t.v. ekki heppilegt að ríkislögreglustjóri stjórni í senn rannsóknum og fari síðan með veigamikið stjórnsýsluhlutverk. Það er a.m.k. hlutur sem ég held að þurfi líka að skoða og jafnvel endurmeta.

38. gr. frv. fjallar um inntöku nýnema í Lögregluskóla ríkisins. Þar er sérstaklega kveðið á um fimm manna valnefnd sem velur inn í skólann og ég vil nú taka sérstaklega undir með hv. þingkonu Guðnýju Guðbjörnsdóttur sem í upphafi þessarar umræðu fagnaði því að í nál. hv. allshn. væru nefndarmenn sammála þeirri skoðun Kríanna, félags lögreglukvenna, að nauðsynlegt væri að tryggja að konur yrðu líka skipaðar í umrædda valnefnd. Ég treysti því að hæstv. dómsmrh. muni standa vörð um hagsmuni kvenna að þessu leytinu til því ég fagna því líka að hæstv. dómsmrh. er nú með nefnd að störfum sem á að skila fyrir haustið tillögum um eflingu kvenna í lögreglunni og þetta er atriði sem ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með.

Aftur á móti sakna ég þess að sjá ekki í frv. sérstakt ákvæði um starfslokaaldur lögreglumanna eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á hér áðan og ég styð mjög það sem hann sagði um þetta mál. Frv. er sniðið eftir norrænni löggjöf eins og fram hefur komið og hún miðar almennt að starfslokum við 60 ára aldur. Það hefði verið eðlilegt að taka þetta inn í frv. hér því það er ljóst að þetta starf er erfitt og það er krefjandi. Ég minni á að í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er það sérstaklega tekið fram að lögreglumenn hafi yfirvinnuskyldu. Þarna er um að ræða brýnt öryggismál lögreglumanna og borgaranna sem eiga að njóta þjónustu þeirra. En mér sýnist hins vegar að okkar efnahagslega umhverfi sé ekki þannig vaxið að það leyfi slíkar breytingar að þessu sinni.

En ég vil enn á ný hvetja hæstv. dómsmrh. að halda áfram því góða og mikla starfi sem hann hefur nú hafið á sviði lögreglumála og taka þetta með inn í þá vinnu þannig að sú niðurstaða fáist hið fyrsta að starfslokaaldur lögreglumanna verði færður mun neðar en nú er. Ég vil lýsa því yfir að ég styð þetta frv. og ég vona og vænti þess að það verði til bóta.

[18:48]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þær þakkir sem fram hafa verið færðar hv. allshn., sérstaklega til formanns nefndarinnar fyrir mjög vel unnin störf. Það er ljóst að nefndin hefur lagt mikla vinnu í meðferð frv. enda markar það um margt þáttaskil í endurskipulagningu á lögreglustarfsemi í landinu og var ærin ástæða til að fjalla ítarlega um það í hv. nefnd.

Varðandi þær beinu fyrirspurnir sem hér hafa komið fram, fyrst og fremst frá hv. 17. þm. Reykjavíkur, vil ég svara í fyrsta lagi spurningu hv. þm. um starfsréttindi lögreglumanna og heimildir til þess að ráða lögreglumenn til afleysinga án þess að þeir hafi lokið námi í Lögregluskólanum. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið að það beri að ganga fast eftir því að lögreglumenn sem ráðnir eru til starfa hafi lokið tilskildu námi og fullnægi þeim skyldum. Ég hef m.a. þurft að grípa til þeirra úrræða, þegar Landssamband lögreglumanna hafði bent á að í einu lögregluumdæmi höfðu menn án vitundar ráðuneytisins verið ráðnir til starfa án þess að uppfylla slík skilyrði, að sjá til þess að þeim yrði sagt upp og ég mun fylgja þeirri stefnu eftir af minni hálfu meðan ég fer með þessi mál. Heimild sú sem er í 38. gr. frv. er mjög takmörkuð. Greinin felur aðeins í sér heimild til tímabundinnar ráðningar af þessu tagi og einungis ef þær aðstæður eru fyrir hendi að um sé að ræða afleysingarstörf vegna orlofstöku, veikinda eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna og að enginn með próf frá Lögregluskólanum hafi sótt um starfið á grundvelli auglýsingar. Af minni hálfu og ráðuneytisins munum við kappkosta að fá menn til þess að sækja um slík störf sem uppfylla þessi skilyrði þannig að það heyri til algerra undantekninga að lögreglumenn séu ráðnir til slíkra afleysingastarfa án þess að hafa próf. Þar að auki minni ég á að heimildin er mjög takmörkuð.

Þá vék hv. þm. að þeim kröfum sem í gildandi reglugerð eru gerðar til lögreglumanna. Í því sambandi vil ég aðeins ítreka það að ég hef gert ráð fyrir því að ákvæði um þetta í gildandi reglugerð muni standa áfram, a.m.k. í öllum aðalatriðum og í meginatriðum eins og það er í gildandi reglugerð. Lögin kveða hér á um ákveðin skilyrði og reglugerðin kemur svo þar til fyllingar og þau ákvæði sem eru í gildandi reglugerð eru að mínu mati í fullu samræmi við ákvæði þessa frv. og geta staðið áfram og það er mín hugsun að svo verði.

Um inntöku nýnema í Lögregluskólann og tengsl þeirra ákvæða við kjarasamninga lögreglumanna er það að segja að hér er um að ræða verulega breytingu eins og fram kom í máli hv. þm. með því að nú eru það ekki lengur lögreglustjórarnir sjálfir sem ákveða að senda menn í skólann sem þeir hafa valið til starfa í lögreglunni heldur geta menn sjálfir tekið ákvarðanir um að koma inn í skólann. Ég tel þess vegna að ákvæði frv. stangist ekki á við gildandi ákvæði í kjarasamningum þar sem kveðið er á um að þeir menn sem lögreglustjórar hafa valið til setu í skólanum skuli fá greitt samkvæmt þeim ákvæðum. Ég tel þess vegna að sú aðstaða sé ekki uppi að lögin feli í sér brot á gildandi kjarasamningum. Hins vegar þykist ég alveg vita það að aðlögun að þessu nýja skipulagi komi til umræðu í næstu kjarasamningum og verður þá fjallað um það með venjubundnum hætti.

Loks vék hv. þm. og það gerði reyndar hv. 7. þm. Reykjavíkur einnig að þeirri ósk að lækka aldursmörk lögreglumanna. Þarna er um að ræða mál sem nokkuð lengi hefur verið til umfjöllunar. Það er líka áhugamál ráðuneytisins að finna úrlausn á þessum vanda sem hér er uppi. Við teljum að lögreglan sé í nokkurri sérstöðu í þessu efni. En hitt er ljóst að óskir af þessu tagi geta komið upp hjá ýmsum

stéttum opinberra starfsmanna og ákvarðanir af þessu tagi geta því haft fordæmisgildi einkum og sér í lagi þegar um lífeyrisréttindi er að tefla. Það hafa komið upp, eins og hv. þm. minntist á, hugmyndir til bráðabirgða a.m.k., um að finna mætti lausn á þessum vanda með því að lögreglumenn gætu komist í önnur störf hjá ríkinu en engin niðurstaða hefur fengist í því efni. Ég vil aðeins segja af þessu tilefni að ráðuneytið mun fyrir sitt leyti halda áfram að freista þess að finna hér á lausn vegna þess að ég hygg að það sé sameiginlegt keppikefli yfirstjórnar lögreglunnar og lögreglumanna að almennir lögreglumenn séu ekki allt of lengi bundnir við þessi störf. Ég vona að okkur takist að finna þær lausnir sem viðeigandi geta talist.

Aðeins um það sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykjavíkur varðandi valnefndina í Lögregluskólann þá er það mitt sjónarmið að það sé ekki rétt að setja í lög ákvæði um skiptingu nefndarsæta á milli kynja en ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að kona eða konur sitji í valnefndinni og mun kappkosta það á meðan ég fer með þessi mál.

Herra forseti. Ég vil svo ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þm. sem um þetta mál hafa fjallað málefnalega og ítreka þakkir mínar til hv. þingnefndar.

[18:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinagóð svör. Í nokkrum atriðum hefði ég viljað að hæstv. ráðherra hefði kveðið ögn fastar að orði. Fyrst varðandi ráðningarmátann þá nefnir hæstv. ráðherra það að hann muni fylgja þeirri stefnu að kappkostað verði að ráða einvörðungu þá sem hafa hlotið tilskilin réttindi. Þetta þykir mér góð yfirlýsing. En það sem ég vakti einnig athygli á var að ein leið til að sinna þessu afleysingahlutverki væri að hafa tiltekinn hóp manna sem væru sendir út á land eða til staða þar sem þörfin vaknaði þannig að alltaf væri fyrir hendi sveit manna sem ættu heima í þessu starfi. Menn væru þá ekki nauðbeygðir endilega til að ráða alla þá eða hvern þann einstakling sem hefði einhvern tímann öðlast réttindi sem lögreglumaður. Þetta er atriði sem ég vildi vekja máls á.

Varðandi kjarasamninginn þá fagna ég því sem hæstv. dómsmrh. sagði um hann, að það yrði tekið á þeim málum í næstu samningum „með venjubundnum hætti", orðaði hæstv. dómsmrh. það. Mín spurning gekk nú eiginlega út á það að fá betri eða meira afgerandi yfirlýsingu frá hans hendi um að hann myndi beita sér fyrir því að gengið yrði frá þeim málum á viðunandi hátt. Ég fagna einnig yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að hann muni beita sér fyrir því að halda áfram vinnu varðandi starfsaldurinn enda er kveðið á um það í gildandi samningum eða í samningum sem lögreglumenn hafa gert að slíkt skuli gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 450. mál (ákæruvald). — Þskj. 782, nál. 1083, brtt. 1084.

[19:00]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og meðfylgjandi brtt. sem eru á þskj. 1084.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og fengið til sín ýmsa gesti. Enn fremur bárust umsagnir frá ýmsum aðilum.

Allsherjarnefnd leggur áherslu á að í frumvarpinu er gengið út frá grundvallarreglunni um sjálfstætt ákæruvald og eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er ekki verið að leggja til breytingu á þeirri skipan mála að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákæruvalds í landinu.

Breytingar þær, sem frumvarpið mælir fyrir um, snúa fyrst og fremst að því að tengja betur saman annars vegar almenna löggæslu og lögregluransókn og hins vegar útgáfu ákæru og saksókn. Til þess að stuðla að nánari samvinnu ákæruvalds og lögreglu við rannsókn mála er lagt til að málshöfðunarheimildir verði færðar til lögreglustjóra í stórum hluta brota gegn almennum hegningarlögum, svo sem vegna þjófnaðar, fjárdráttar, fjársvika og eignaspjalla. Þá hefur frumvarpið í för með sér að lögreglustjórum er veitt heimild til þess að höfða opinber mál vegna allra sérrefsilagabrota. Lögreglustjórum er samkvæmt núgildandi lögum heimilt, að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara, að höfða opinber mál, enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Heimild þessi tekur einnig til málshöfðunar vegna brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, tollalögum, lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hefur að mörgu leyti reynst vel og er hér gert ráð fyrir því að ganga lengra og fela lögreglustjórum ákæruvald í málum vegna brota sem hvað oftast eru framin. Ríkissaksóknari höfðar hins vegar áfram mál vegna brota á meginþorra ákvæða hegningarlaganna, þar á meðal alvarlegustu brotanna.

Ætla mætti við fyrstu sýn að verið væri að flytja til minnstu sýslumannsembættanna ákæruvald í brotum sem eru svo flókin að hætta væri á að nægileg sérþekking væri þar ekki til staðar. Í frumvarpinu sem og í frumvarpi til lögreglulaga, sem liggur fyrir Alþingi, eru ýmis ákvæði sem ætlað er að tryggja að réttarspjöll hljótist ekki af þessu.

Þau eru talin upp í nál. í fimm liðum og vísa ég til þeirra atriða sem þar koma fram.

Það er því álit allsherjarnefndar að með markvissri fræðslu og upplýsingagjöf og virku eftirliti með aðstoð nútímaupplýsingatækni verði lögreglustjórum fyllilega treystandi til að taka við ákæruvaldi í brotaflokkum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þeim verði falið að höfða opinber mál í.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Lagðar eru til tvær breytingar á 4. gr. Eina efnisbreytingin felst í raun í tillögu a-liðar 1. tölul. þar sem lagt er til að skýrt verði kveðið á um að lögreglustjóri, sem stýrt hefur rannsókn máls sem varðar brot er ekki heyrir undir ríkissaksóknara, höfði að jafnaði sjálfur opinbert mál vegna þess.

Síðari breytingartillöguna við 4. gr. leiðir af því að í frumvarpi til lögreglulaga, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er grunnur lagður að verkaskiptingu milli lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra. Breytingartillögur 2. og 3. tölul. snúa einungis að orðalagi og eru til samræmis við framangreint lögreglulagafrumvarp.

Þess skal getið að sú ábending kom fram í nefndinni að eðlilegt væri í kjölfar þeirra breytinga á meðferð skattsvika og annarra skattalagabrota sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir

að ákvæði skattalaga í þessu efni verði tekin til sérstakrar skoðunar.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nál. rita allir nefndarmenn í allshn. nöfn sín.

Virðulegi forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem mun ef samþykkt verður gera meðferð opinberra mála mun skilvirkari og bæta réttaröryggi. Það er því von allshn. að málinu verði vel tekið á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfest samvist, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 564, nál. 1070.

[19:06]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um staðfesta samvist.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá barnaverndarstofu, biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands og Samtökunum '78.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tveir einstaklingar af sama kyni geti stofnað til staðfestrar samvistar. Gert er ráð fyrir að einstaklingar í staðfestri samvist njóti sömu réttinda og á þeim hvíli sömu skyldur og á einstaklingum í hjúskap. Í því sambandi má benda á gagnkvæman lögerfðarétt, skattalega samstöðu og reglur almannatryggingalaga og laga um félagslega aðstoð. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gildi ekki um staðfesta samvist."

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með ákveðnum breytingum sem eru taldar upp í 3 tölul. í nál.

Fyrstu breytingartillöguna leiðir af lögum um tæknifrjóvgun sem afgreidd voru frá Alþingi fyrir skömmu. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að ákvæði 3. mgr. 6. gr. verði fellt brott enda engin sérákvæði lengur í lögum sem bundin eru við kynferði annars makans í hjúskap. Í annarri breytingartillögunni felst að sýslumenn og dómarar skuli leita sátta í tengslum við slit á staðfestri samvist. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir kirkjulegri vígslu til staðfestrar samvistar og því þykir rétt að undanþiggja presta einnig frá sáttaskyldu sem þeim er lögboðin í vissum tilvikum í hjúskaparlögum. Í þriðja lagi er að ósk Samtakanna '78 lagt til að frumvarpið öðlist gildi 27. júní nk. sem er alþjóðlegur mannréttindabaráttudagur samkynhneigðra.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Allir nefndarmenn allshn. undirrita nál.

[19:08]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Hér er um mikla réttarbót að ræða. Í 1. umr. um frv. þetta tók ég til máls ásamt allnokkrum þingmönnum. Ég var í hópi þeirra sem luku lofsorði á hæstv. dómsmrh. og þá sem staðið hafa að gerð þessa frv. Ég gæti endurtekið þau orð aftur en vil aðeins ítreka að um mikla réttarbót er að ræða og mönnum til mikils sóma að hafa gengið til móts við þau sjálfsögðu réttindi sem þessi hópur samkynhneigðra þarf á að halda í þjóðfélaginu.

Í 1. umr. gerði ég að umræðuefni 6. gr. og hvatti allshn. til að skoða rækilega í umfjöllun sinni hvort ekki mætti koma til móts við þær óskir sem uppi eru að fólk í staðfestri samvist gæti tekið börn til stjúpættleiðingar. Ég veit að nefndin hefur fjallað um þetta og rætt þetta mjög ítarlega og komist að þeirri niðurstöðu að breyta ekki því frv. sem hér liggur fyrir og 6. gr. er því óbreytt. Þar stendur, með leyfi forseta: „Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist."

Til þess að skýra fyrir þeim sem kunna að hlýða á mál mitt vil ég láta koma fram að um tvenns konar ættleiðingu getur verið að ræða. Annars vegar frumættleiðingu en það er ættleiðing þar sem hjón taka barn inn í samvistina og ættleiða það. Það er þá barn sem á ekki kynforeldri í þessu sambandi. Stjúpættleiðing er hins vegar ættleiðing þar sem kynforeldri kemur með barn úr fyrra sambandi inn í staðfesta samvist og um slíka stjúpættleiðingu mundi þá gilda þau sömu ákvæði og reglur sem gilda um núverandi ættleiðingu í hjónaböndum eða sambúð. Núv. ákvæði frv. um staðfesta samvist tryggir sameiginlega forsjá þess barns sem annar aðili kemur með í staðfesta samvist. Sameiginleg forsjá gerir bæði kynforeldrinu og uppeldisforeldrinu kleift að fara með forræði og vera fulltrúar barnsins út á við. Jafnframt tryggir sameiginleg forsjá að ef kynforeldri fellur frá mun uppeldisforeldri halda forsjá barnsins ef þess er óskað. Sameiginleg forsjá er hins vegar ekki eins afgerandi og stjúpættleiðing eins og ég kom inn á áðan og tryggir ekki barni erfðarétt eftir uppeldisforeldri nema með sérstakri erfðaskrá. Ákvæði frv. gefur samkynhneigðum því ekki kost á að tryggja börn sín með sama hætti og gagnkynhneigðir geta gert með stjúpættleiðingu. Stjúpættleiðing er í eðli sínu réttindamál þeirra barna sem í hlut eiga samkvæmt þeim skýru og gætilegi vinnureglu sem dómsmrn. notar í ættleiðingarmálum er öruggt að ættleiðing á sér aldrei stað nema það sé barninu óumdeilanlega fyrir bestu. Jafnframt verður það kynforeldri barnsins sem fer ekki með forsjána að gefa samþykki sitt og hefur þannig úrslitavald um það hvort af stjúpættleiðingunni getur orðið. Slíkar vinnureglur mundu vitanlega einnig gilda um stjúpættleiðingar í staðfestri samvist samkynhneigðra rétt eins og við aðra stjúpættleiðingu.

Ég geri mér grein fyrir því að nú er vart meiri hluti fyrir þeim skoðunum sem ég hef sett hér fram. En við skulum horfa til lengri framtíðar. Við skulum viðurkenna að hér hlýtur aðeins að vera um áfanga að ræða í réttindabaráttu eins hóps í samfélagi okkar. Þeir hópar sem eiga undir högg að sækja eru því miður fleiri í þjóðfélagi okkar. Hér er hópur sem hefur náð þessum merka áfanga sem ég vona að náist með samþykkt frv. en þegar til lengri tíma er litið hljótum við sem hér erum að ætla okkur að þessi hópur njóti fyllstu réttinda á við það sem aðrir gera í þjóðfélagi okkar.

[19:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég var ekki viðstödd 1. umr. um málið vil ég fá að segja hér nokkur orð. Vegna tímapressu ætla ég ekki að lengja umræðuna mikið en fyrst og fremst að vísa í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur sem flutt var við 1. umr. málsins. Í fyrsta lagi læt ég í ljós ánægju mína með að þetta frv. ætlar að ná fram að ganga. Þó það sé alveg ljóst að það megi bæta á nokkra vegu held ég að flestir sætti sig við að ekki náist allt í sömu lotunni.

Það sem er sérstaklega ánægjulegt við málið er að í stað

þess að skerða réttarstöðu fólks eins og við erum búin að standa í undanfarnar vikur og mánuði liggur mér við að segja er loksins komið frv. sem bætir réttarstöðu fólks og bætir réttarstöðu samkynhneigðra og ég fagna því innilega.

Það er ljóst að ekki náðist allt fram að þessu sinni. Það eru að mínu mati fyrst og fremst tvö atriði sem standa enn úti, þ.e. heimild samkynhneigðra til stjúpættleiðinga eins og hér var rætt áðan af fyrri ræðumanni og einnig til tæknifrjóvgunar. Ég geri mér ljóst að viðhorfsbreytingar gagnvart samkynhneigðum taka langan tíma og get vel sætt mig við að ekki náist allt í einu.

Ég fagna sérstaklega að aðilar, sem hafa staðfest samvist, öðlast sömu réttindi gagnvart barnalögunum og gagnkynhneigðir, þ.e. sameiginlega forsjá barna eins og kemur glöggt fram í skýringum við 6. gr. frv. á bls. 12. Það er því tryggt að par í staðfestri samvist getur farið sameiginlega með forsjá barns annars aðilans og falli foreldri barnsins frá getur samvistaraðili farið áfram með forsjá þess. Að þessu leyti er gengið lengra en annars staðar, einnig en á hinum Norðurlöndunum og ég fagna því innilega.

Að lokum vek ég athygli á að samkvæmt brtt. allshn. verður gildistaka frv. 27. júní 1996. Eins og fram kom hjá hv. frsm. nefndarinnar áðan er það alþjóðlegur mannréttindabaráttudagur samkynhneigðra. Ég tel mjög vel til fallið og viðeigandi að hafa þetta gildistökudaginn.

[19:16]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka fyrir þetta mál því að ég átti þess ekki kost á því við 1. umr. og ég þakka bæði hæstv. ráðherra og sömuleiðis allshn. fyrir að málið skuli vera til lykta leitt. Ég tel að um sé að ræða kaflaskil í mannréttindasögu Íslendinga sem er ástæða til að vekja sérstaka athygli á. Þar sem ég er sammála þeirri grundvallarafstöðu, sem fram kemur í frv., á ég ekki auðvelt með að sætta mig við þau undanþáguákvæði sem eru í brtt. nefndarinnar. Mér finnst að það þurfi mikil rök til þess að hafa þessi undanþáguákvæði þarna inni. Með hliðsjón af því að skammur tími er eftir af störfum þingsins vil ég ekki tefja málið með því að ræða það frekar en mér finnst að þegar ákvörðun er tekin á annað borð um réttindi samkynhneigðra þurfi býsna þung rök til að skerða þau þó í litlu sé og þess vegna á ég nokkuð erfitt með að fella mig við þær brtt. sem birtast á þskj. 1070. Engu að síður tel ég ástæðu til að fagna málinu almennt og stend hér upp til þess að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að um sé að ræða stórt mál, mikilvægt mál og að við eigum að taka sérstaklega eftir því þó að það sé mikil málasúpa sem verið er að afgreiða í dag að í þessum máli felast mikil tíðindi.

[19:18]

Katrín Fjeldsted:

Ágæti forseti. Eins og aðrir á undan mér ætla ég að fagna þessu frv. og lýsa því yfir hversu tímabært mér þykir það vera. Ég var ein af þeim sem í kosningabaráttu sl. vor áttu þess kost að heimsækja Samtökin '78 ásamt fleiri frambjóðendum, m.a. hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni sem hér talaði á undan og þær umræður urðu okkur öllum talsvert minnisverðar og höfðu mikil áhrif á viðhorf okkar. Með frv. af þessu tagi er að sjálfsögðu verið að gangast við þeim mannréttindum sem Samtökin '78 hafa barist fyrir hér á landi og þótt það gangi ekki eins langt og ýtrustu óskir þeirra hafa lotið að er staðfest samvist þó til þess fallin að vega gegn fjöllyndi, til þess að efla fjölskyldutengsl og koma í veg fyrir, hindra eða draga úr fordómum gagnvart samkynhneigðum. Mér finnst þess vegna mjög gleðilegt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um þetta mál.

[19:20]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að nota hér tækifærið til þess að leiðrétta. Áðan var minnst á að það væri skerðingarákvæði í brtt. frá allshn. en svo er ekki. Það er verið að færa til þarna greinar. Þessi ákvæði eru í frv. sjálfu. Að öðru leyti þakka ég hv. þm. fyrir umræðurnar og vona að málinu verði vel tekið hér á hinu háa Alþingi og ég sé ekki ástæðu til annars eins og menn hafa rætt um það.

[19:21]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir ábendingarnar. Þær eru réttar en þær breyta ekki þeirri efnislegu afstöðu minni að mér þykja þær takmarkanir sem þær fela í sér ekki vera til bóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:21]

[20:32]

Útbýting þingskjals:

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, 139. mál, nál. umhvn., þskj. 1153.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (samningar við skuldara). — Þskj. 616, nál. 1138, brtt. 1139.

[20:32]

Frsm. félmn. (Magnús Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti, Árna Guðjónsson frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefaníu Traustadóttur frá skrifstofu jafnréttismála og Þóru Guðmundsdóttur frá Félagi einstæðra foreldra.

Nefndin fékk sendar umsagnir um málið frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, skrifstofu jafnréttismála og Ríkisendurskoðun. Þá studdist nefndin við skýrslu um málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem unnin var af Löggiltum endurskoðendum hf. og gefin út í desember 1995.

Frv. gerir annars vegar ráð fyrir að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði heimilt að gera tímabundna samninga við meðlagsskuldara sem kveða á um að lægri upphæð verði greidd en fellur til mánaðarlega. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin fái heimild til að afskrifa höfuðstól eða hluta hans ef um sérstakar félagslegar aðstæður er að ræða hjá skuldara. Gert er ráð fyrir að heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans verði bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við framangreinda samninga. Í öðru lagi er í frv. kveðið á um að Innheimtustofnun sé heimilt að mæla

með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti. Þetta síðarnefnda úrræði er sjálfstætt úrræði og það sett að skilyrði að ljóst sé að hagsmunum stofnunarinnar verði betur borgið með nauðasamningi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali. Þær lúta annars vegar að því að skilgreina hvað átt er við með félagslegum erfiðleikum skuldara. Hins vegar er lagt til að verði niðurstaða máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða vefengingar á faðerni barns sú að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns sé Innheimtustofnun heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað."

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifa eftirtaldir hv. þm.: Kristín Ástgeirsdóttir formaður, með fyrirvara, Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Arnþrúður Karlsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.

[20:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir því hvers vegna ég rita undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur fyrst og fremst að því að hér er gert ráð fyrir því að höfuðstóll skuldara verði strikaður út eða að hægt verði að fella höfuðstól niður. Ég tel almennt að það sé býsna hæpið að grípa til slíks ráðs. Þó varð sú breyting á frv. að áður en kemur til slíkra ráðstafana þarf viðkomandi skuldari, sá sem skuldar meðlagsgreiðslur, að hafa staðið við samning í þrjú ár. Nefndin kannaði þetta mál mjög rækilega og eins og menn eflaust minnast þá voru býsna skiptar skoðanir um það við 1. umr. Það má segja að þær skoðanir hafi að miklu leyti verið staðfestar í meðferð málsins m.a. í umsögn frá Ríkisendurskoðun sem einmitt vakti athygli á því að það kynni að orka tvímælis að taka út einn hóp skuldara og stilla málinu þannig upp að hugsanlega gæti það ýtt undir að menn kysu að komast í skuld þar sem hægt væri hreinlega að safna upp skuldunum og fá þær síðan strikaðar út. En hér er kveðið miklu nánar á um það hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hér þurfa menn að sýna virkilegan vilja til þess að standa við samninga. Hér er um það að ræða að viðkomandi einstaklingar eigi í miklum félagslegum erfiðleikum og því tel ég rétt að mæla með samþykkt þessa máls með þessum almenna fyrirvara sem snýr að því hvort nokkurn tímann sé réttlætanlegt að strika höfuðstól skulda út.

[20:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég skrifa líka undir nefndarálitið með fyrirvara og ætla að gera hér í örfáum orðum grein fyrir þeim fyrirvara eða ástæðum fyrir honum. Það má segja að að meginefni til hafi ég verið með sömu efasemdir um frv. og hv. formaður félmn. sem hér talaði áðan, Kristín Ástgeirsdóttir. Fyrirvarinn er í raun og veru almennur. Ég hef ákveðnar efasemdir um það að heimilt sé að fella niður höfuðstól skuldar hjá meðlagsgreiðendum, ekki síst með tilliti til þess að það er óréttlátt gagnvart þeim sem hafa staðið við sínar skuldbindingar og jafnvel stefnt fjárhag sínum í vanda annars staðar frekar. Ekki síst komu til umræðu opinberir starfsmenn þar sem meðlag hefur verið tekið sjálfkrafa af þeirra launum en þeir hafa þurft að láta aðra hluti danka í staðinn.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur var farið ítarlega ofan í það í nefndinni hvað fælist í þeim skilyrðum sem sett eru fyrir því að þetta sé heimilt að gera. Eftir að hafa skoðað það frekar og sannfærst um að það þurfi að vera um verulega félagslega erfiðleika að ræða, þá get ég stutt þá niðurstöðu eða þá leið sem farin er í þessu frv.

Þá er að auki bætt inn í frv. því sem lýtur að því að verði niðurstaða máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða vefengingar á faðerni barns sú að skuldari sé ekki faðir barns að þá sé heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað. Þetta mál var nokkuð rætt í hv. félmn. og ég lýsti yfir í upphafi ákveðnum efasemdum um þetta atriði og sneri það m.a. að því hvort að eðlilegt væri að koma með þetta úrræði inn í þessi lög og í tengslum við þá breytingu sem við erum að gera hér varðandi meðlagsgreiðslurnar að öðru leyti. En eftir að það mál hafði verið skoðað ítarlega og farið ofan í það frekar í nefndinni þá get ég fallist á það að sú leið sem hér er lögð til sé eðlileg og sanngjörn þannig að ég mun styðja þetta mál.

[20:40]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég tel einsýnt að það er mikið réttlætismál að koma til móts við þann hóp sem fjallað er um í frv. Ég kynntist þessum málum sem hér um ræðir allítarlega þar sem ég var formaður fyrir þeirri nefnd sem vann þá greinargerð er félmrh. byggir frv. sitt á. Eftir að hafa kynnst þeim erfiðleikum sem meðlagsgreiðendur eiga í er alveg ljóst að á einn eða annan hátt þarf að rétta hlut þess fólks sem í slíkum hremmingum hefur lent. Við getum lengi borið saman stuðning við þennan hóp eða annan og það má lengi segja: „Ja, hvað um hina ef þessir fá einhverja hjálp?" En hérna er um slíka nauð að ræða hjá stórum hópi manna að — ég vil ekki segja án tillits til alls annars en ég vil segja þrátt fyrir brýna nauðsyn á aðstoð við aðra hópa — þá þarf að koma til móts við þessa aðila. Slíkur er vandi þeirra. Það er alveg ljóst að þessar skuldir hafa hlaðist upp án þess að menn fái rönd við reist. Meðlag hækkaði mikið en þó er það að sjálfsögðu ekki svo hátt að það nægi fyrir þeirri framfærslu sem heppilegust og eðlilegust og fullnægjandi verður að teljast þegar framfleyta á börnum. Meðlagið er því síst of hátt og ekki má skerða það með neinum hætti. En það breytir þó ekki því að meðlagsgreiðendur eru margir í þeim vanda sem ég fór hér nokkrum orðum um.

Meðlagsgreiðandi, svo ég nefni dæmi, sem greiðir með þremur börnum greiðir á fjórða tug þúsunda. Ég hef hitt menn sem hafa um 70 þús. kr. í laun. Þeir eru komnir í nýtt samband. Þeir hafa fyrir nýrri fjölskyldu að sjá, þurfa að leigja íbúð og standa skil af venjulegum greiðslum. Þetta er vandi sem er það mikill að það er gjörsamlega ómögulegt fyrir menn að rísa undir þessu. Ég veit að vandi margra annarra í þjóðfélaginu er síst minni og við getum lengi sagt að sumir af þeim sem hafa lent í þessum erfiðleikum hafi lent í mörgum félagslegum vanda sem fólk kann að hafa einhverjar sérstakar skoðanir á. En það breytir ekki því að þeir eru komnir í þennan vanda og þeim verður ekki hjálpað nema komið sé til móts við þá með þessum hætti. Þess vegna er það mikið framfaramál að samþykkja frv. sem hér liggur fyrir þó svo ég viðurkenni að það þarf að skoða hagsmuni annarra hópa.

Þó svo við lykjum nefndarstarfinu með þessari niðurstöðu sem hér kemur fram, þá vil ég láta það koma fram að sú umræða hefur farið fram að við héldum nefndarstarfi áfram í þessari nefnd eða annarri þar sem lögin væru skoðuð í nágrannalöndunum og vandi meðlagsgreiðenda skoðaður í stærra samhengi og tekin hliðsjón af fleiri atriðum og þá sérstaklega hugsað til þeirra sem þó standa í skilum þrátt fyrir marga erfiðleika. Ég mælist eindregið til þess að þingmenn horfi á þetta mál af víðsýni, viðurkenni að sjálfsögðu eins og sá ræðumaður sem hér stendur vanda annarra hópa í þjóðfélaginu en láti það ekki draga úr sér kjarkinn við að koma til móts við þennan hóp manna sem fjallað er um í þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (félagslegar íbúðir, atvinnuleysistryggingar). — Þskj. 685, nál. 1126.

[20:45]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög. Undir þetta nál. ritar öll félmn. en Kristján Pálsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Þetta frv. gengur út á það að annars vegar er lagt til að heimilt verði að víkja frá kaupskyldu og forkaupsrétti sveitarfélaga að félagslegum íbúðum þegar ákveðin tilraunaverkefni eiga í hlut. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, þannig að atvinnulausir geti stundað námskeið eða annað nám sem varir lengur en í 8 vikur á bótum og að víkja frá því ákvæði laganna sem kveður á um að umsækjandi um starf skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar.

Félmn. skoðaði allítarlega hvað lægi að baki þessum óskum sveitarfélaganna um breytingar á þessum lagafrumvörpum og kallaði til sín fulltrúa sveitarfélaga, Vinnumiðlunar Reykjavíkur auk fulltrúa Alþýðusambandsins, Námsflokka Reykjavíkur, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Húsnæðisstofnunar. Það sem þarna kom í ljós var það að annars vegar hyggjast nokkur sveitarfélög gera tilraun með að fá lán og útvega félagsleg lán þannig að fólk geti keypt beint á frjálsum markaði. Reyndar kom fram hjá fulltrúa bæjarstjórnar Reykjanesbæjar að það væri ekki víst að neitt yrði úr þessu hjá þeim, en heimildin er til staðar engu að síður.

Hvað varðar breytingar sem fyrirhugaðar eru um aðgerðir gegn atvinnuleysi er meiningin að skrá fólk hálfsmánaðarlega, en leggja í stað vikulegrar skráningar áherslu á að efla einstaklingsráðgjöf. Það að fólk geti stundað námskeið lengur skýrir sig auðvitað sjálft. Það er auðvitað til þess að reyna að byggja fólk upp þannig að það geti fremur bjargað sér sjálft varðandi vinnu. Hér er um tilraunaverkefni að ræða, það er rétt að undirstrika það. Og hér er líka um viðbót við fyrri tilraunaverkefni að ræða og það verður auðvitað að koma í ljós hvernig þessar tilraunir reynast og hvort haldið verður áfram á sömu braut. En nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

[20:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég er áheyrnarfulltrúi í hv. félmn. og er ekki aðili að þessu áliti, enda hefði það orðið með fyrirvara sem ég vil gera örlitla grein fyrir.

Mér finnst það ákvæði sem lýtur að lögum um atvinnuleysistryggingar vera mjög til bóta og það sem kom fram í starfi nefndarinnar varðandi þær hugmyndir sem þau sveitarfélög sem á fund nefndarinnar komu eða fulltrúar þeirra kynntu, þ.e. Reykjavíkur og Reykjanesbæjar, vera þess eðlis að þar finnst mér að menn séu að hugsa um mjög áhugaverða hluti og að skoða verkefni sem gætu orðið fyrirmynd í framtíðinni varðandi framkvæmd þessara laga. Mér finnst sem sagt það vera mikil bót og ég mun styðja þann hluta þessa frv.

Hins vegar í því sem lýtur að húsnæðismálunum var ekkert í starfi nefndarinnar sem breytti afstöðu minni sem kom fram við fyrri umræðu málsins. Sá fulltrúi sveitarfélaga sem kom á fund nefndarinnar og hefði þá getað verið sá sem hefði sannfært mig og fleiri um réttmæti þess að breyta lögunum á þann hátt sem hér er verið að tala um, gerði það ekki þar sem helst var á honum að heyra að ekki væri sá vakandi áhugi á þessari breytingu sem mátti ályktа af umfjöllun við 1. umr. Það sem verið er að gera þarna er að það er verið að búa til eins konar bastarð inn í kerfið, eins konar félagslegt húsnæði sem þó er ekki félagslegt, eins konar ábyrgð sveitarfélaga sem eiga þó ekki aðild að ákvarðanatöku og satt best að segja hef ég ekki enn skilið hverjum þetta ákvæði á að gagnast eða hvernig það verður nýtt. Ég get ekki séð að þetta verði þeim sem þurfa á félagslegu húsnæði að halda eða sveitarfélögunum til nokkurs framdráttar. Þar af leiðandi, herra forseti, hef ég fullan fyrirvara við þetta ákvæði og mun sitja hjá þegar kemur að afgreiðslu þess í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarmálagjald, 2. umr.

Stjfrv., 483. mál (atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 835, nál. 1028 og 1049.

[20:51]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald. Það er frá meiri hluta iðnn. og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Þorkel Helgason, ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins, Pál Gunnar Pálsson frá iðnaðarráðuneytinu og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins. Auk þess barst erindi frá Ríkisbókhaldi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til eina breytingu á lögum um iðnaðarmálagjald til viðbótar við efni frumvarpsins og stafar hún af því að ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna er óþarft með hliðsjón af samkeppnislögum.

Árni R. Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott."

Undir þetta nál. skrifar Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal og Sigríður A. Þórðardóttir.

[20:53]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1049 er nál. minni hluta iðnn. um þetta mál þar sem fjallað er sérstaklega um þetta iðnaðarmálagjald og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður annast umfangsmikla innheimtustarfsemi fyrir aðra aðila. Þetta kemur glöggt fram í yfirliti úr ríkisreikningi 1994 á fskj. I þar sem sést að í heild nam þessi innheimta um 1 milljarði kr. á því ári. Þessi innheimta er af misjöfnum toga og einnig er ráðstöfun fjárins misjöfn í einstökum atriðum.

Það þingmál, sem hér um ræðir, snertir einn þessara tekjuliða, iðnaðarmálagjald. Það skilar Samtökum iðnaðarins um 90 millj. kr. á ári og verður það að teljast allmikil upphæð. Það er þó ekki aðalatriðið heldur hitt að hér er um að ræða, að því er best verður séð, næsta einstæða innheimtu á félagsgjöldum fyrir annan aðila vinnumarkaðarins þar sem verkalýðshreyfingin fær ekkert. Vissulega fá aðrir aðilar greiðslur úr ríkissjóði, en ákvörðun um það er tekin hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga. Þar eru ekki á ferðinni sjálfvirkar skattaleiðslur um ríkissjóð svo að notuð sé skilgreining formanns Prestafélags Íslands á hliðstæðum greiðslum til kirkjunnar. Miklu eðlilegra er reyndar að forráðamenn fyrirtækjanna taki sjálfir ákvörðun um greiðslur til samtaka sinna þótt það gæti í sjálfu sér byggst á almennum lagaramma um slíka starfsemi. Þá kæmi vitaskuld einnig til greina að báðir aðilar vinnumarkaðarins fengju aðild að sjóðum af þessu tagi. Hins vegar er fráleitt að það sé einungis annar aðilinn. Fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd að ekki virðist grundvöllur til þess að fella þetta kerfi niður þó að vissulega ætti það að koma til skoðunar. Skv. 3. gr. laga um iðnaðarmálagjald skal tekjum af þessu gjaldi varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu og er sjálfsagt að mati minni hlutans að samtök iðnverkafólks komi að því verki. Því er lagt til að helmingur þessarar innheimtu renni til Samtaka iðnverkafólks, en verði sú tillaga felld mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Kristín Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúi á fundum iðnn., er samþykk nefndaráliti þessu. Minni hlutinn gerir eftirfarandi tillögu um breytingu:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Tekjur af iðnaðarmálagjaldi skulu á árinu 1997 skiptast að jöfnu milli Landssambands iðnverkafólks og Samtaka iðnaðarins, en að öðru leyti gilda ákvæði 3. gr. laganna eftir því sem við á.

Undir nál. rita Svavar Gestsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Jóhanna Sigurðardóttir.

Á bls. 2 í þingskjali þessu er fylgiskjal úr ríkisreikningi fyrir árið 1994 þar sem sýnt er að ríkissjóður stundar umfangsmikla rukkunarstarfsemi fyrir ólíklegustu aðila. Þar er um að ræða Iðnlánasjóð sem fær iðnlánasjóðsgjald og hluta af álgjaldi. Þar er um að ræða Samtök iðnaðarins sem fá þetta iðnaðarmálagjald. Þar er um að ræða Endurvinnsluna hf. sem fær skilagjald á einnota umbúðir. Þar er um að ræða Útflutningsráð sem fær útflutningsráðsgjald og markaðsgjald að hluta. Þar er Rannsóknarstofnun landbúnaðarins með eftirlitsgjald af innflutningi plantna. Framleiðsluráð landbúnaðarins fær sérstakt fóðurgjald almennt og sérstakt fóðurgjald til refaræktar. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins fær fóðureftirlitsgjald. Flutningsjöfnunarsjóður sements fær flutningsjöfnunargjald af sementi. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara fær flutningsjöfnunargjald af olíu. Kirkjugarðar fá hluta af markaðsgjaldi. Almanakssjóður fær almanaksgjald. Höfundasjóður fær höfundarréttagjald. Alls er þetta rétt liðlega einn milljarður kr. sem er þannig á vegum ríkissjóðs rukkaður fyrir þessa aðila.

Ég kannast ekki við að yfirlit af þessu tagi hafi áður birst í þingskjali og ég tel að þetta sé í raun og veru nokkuð fróðleg heimild um þá starfsemi sem ríkissjóður stundar og fjmrn. verður að iðka til þess að uppfylla lög. En eins og menn sjá á þessu yfirliti er iðnaðarmálagjaldið algerlega einstakt að því leytinu til að í engu öðru tilviki er verið að rukka inn gjöld fyrir félagasamtök.

Við sem stöndum að áliti í minni hluta iðnn. teljum út af fyrir sig ekkert á móti því að þessi samtök fái stuðning jafnvel úr ríkissjóði, en við teljum eðlilegra að það sé ákvörðun sem tekin er hverju sinni frekar en það sé ákvörðun sem tekin er með almennu lagaákvæði eins og því sem hér er á ferðinni.

Á bls. 3 í þingskjalinu er birt yfirlit yfir tekjur og innheimtu af iðnaðarmálagjaldi fyrir árin 1994 og 1995 og þar kemur fram að innheimtan af þessu gjaldi nemur tæpum 90 millj. kr. bæði árin.

Ég hef gert grein fyrir nál. hv. minni hluta iðnn. um þetta gjald og við leggjum sem sagt til að samþykkt verði brtt. en verði hún felld munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, síðari umr.

Stjtill., 470. mál. — Þskj. 805, nál. 1141.

[20:59]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér kemur til síðari umræðu till. til þál. um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd annars vegar samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á yfirstandandi ári og hins vegar samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á þessu ári, en frá hvoru tveggja var gengið með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn hinn 2. febrúar sl.

Utanrmn. hefur fjallað um þetta mál sérstaklega og haft reyndar þessi mál öll til umfjöllunar í vetur, nú síðast í tengslum við það dagskrármál sem næst er hér á dagskrá, þ.e. samninginn milli fjögurra ríkja um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. En að því er varðar þetta dagskrármál, þáltill. um staðfestingu tveggja samninga við Færeyjar um fiskveiðimál er nefndin einróma og leggur til að sú heimild sem óskað er eftir að ríkisstjórnin fái með þessari þáltill. verði veitt og þáltill. þar með samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, síðari umr.

Stjtill., 527. mál. — Þskj. 1010, nál. 1140 og 1148.

[21:01]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er á ferðinni náskylt mál því sem var fjallað um fyrir augnabliki síðan og út af fyrir sig ekki skrýtið að fólk rugli þessum samningum saman. En hér er á ferðinni tillaga til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum sem gerðir voru í Ósló hinn 6. maí sl.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi, í öðru lagi samning milli Íslands og Noregs og veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á þessu ári og í þriðja lagi samning milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Þetta mál hefur að sjálfsögðu verið ítarlega rætt í utanrmn. auk þess sem óskað var eftir áliti sjútvn. þingsins á málinu. Þingheimi er þetta mál að sjálfsögðu vel kunnugt. Það hefur verið rætt ítarlega. Fyrst í kjölfarið á skýrslu sem utanrrh. og sjútvrh. gáfu að loknum viðræðum um málið þar sem þessi niðurstaða fékkst en síðan einnig við fyrri umræðu um þessa þáltill. Ég tel því ekki ástæðu til að eyða löngum tíma í að fjalla um efni þessa máls.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Sama er að segja um sjútvn. Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt en minni hlutinn mun að sjálfsögðu gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.

[21:03]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni utanrmn. áðan, þá klofnaði nefndin í afstöðu til þessa máls, staðfestingarsamninganna um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Hún var hins vegar sammælt um málið sem rætt var áðan eins og fram hefur komið, þ.e. staðfestingu tveggja samninga við Færeyjar um fiskveiðimál.

Minni hlutinn gagnrýnir í nefndaráliti sínu vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við undirbúning samningsgerðar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Samráð var ekki haft við Alþingi eða hagsmunaaðila fyrr en gengið hafði verið frá helstu efnisatriðum samkomulagsins við Norðmenn. Á fundi nefndarinnar 4. maí sl. var kynnt efni bókunarinnar, en minni hlutinn gagnrýnir harðlega að á fundinum var ekki minnst á samninga sem síðar voru gerðir 6. maí við Norðmenn um einhliða veiðiheimildir í íslenskri lögsögu upp á 127 þúsund tonn og einhliða heimildir Rússa til veiða á 5.000 tonnum í íslenskri lögsögu. Varðandi veiðiheimildir á Jan Mayen-svæðinu bendir minni hlutinn jafnframt á að Íslendingar eiga sjálfstæðan rétt til veiða við Jan Mayen samkvæmt Jan Mayen-samkomulaginu frá 1980.

Samkvæmt samningunum nemur hlutdeild Íslands til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum aðeins 17,2%. Þarna er um að ræða hættulega lágt hlutfall miðað við eðlilega hlutdeild Íslendinga til veiða á fullorðinni síld sem er á bilinu 30–40% miðað við söguleg og líffræðileg rök.

Þá gagnrýnir minni hlutinn að samkomulagið byggist að mestum hluta á tilslökunum af hálfu Íslendinga og Færeyinga frá því sem áður hafði verið ákveðið einhliða af þjóðunum. Þannig eykst hlutur Rússa með samkomulaginu og Norðmenn gefa óverulega eftir. Má í þessu sambandi rifja upp að fyrir liggur, m.a. í yfirlýsingum norskra vísindamanna frá 1980, að það voru ekki veiðar Íslendinga á fullorðinni síld sem leiddu til hruns stofnsins á sínum tíma, heldur gegndarlaus rányrkja Norðmanna á seiðum og ungsíld. Gagnrýnir minni hlutinn það að Íslendingar skuli opna landhelgi sína fyrir Norðmönnum og Rússum án þess að fá á móti heimildir til að veiða í lögsögum þeirra ríkja, en eins og áður segir hafa Íslendingar sjálfstæðan rétt til veiða á Jan Mayen-svæðinu.

Samkvæmt ákvæði liðar 6.2 í bókuninni um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi skulu aðilar að samningnum nota niðurstöður vinnuhóps vísindamanna, sem fylgjast á með og meta þróun og dreifingu síldarstofnsins, sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni um verndun, nýtingu og stjórnun veiða úr stofninum, m.a. vegna hugsanlegra breytinga á leyfðum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Skal við endurskoðun tekið tillit til dreifingar allra hluta stofnsins. Í athugasemdum með tillögunni kemur fram sá skilningur að á grundvelli þessa ákvæðis megi búast við að aflahlutdeild Íslendinga muni aukast á komandi árum ef síld úr stofninum gengur í auknum mæli í íslenska lögsögu. Telur minni hlutinn, þrátt fyrir ákvæði þetta, hætt við að Íslendingar verði lengi bundnir við það hlutfall af veiðanlegum stofni sem nú hefur verið samið um.

Loks bendir minni hlutinn á að Evrópusambandið átti ekki aðild að samkomulaginu en krefst verulegs kvóta. Því er staðhæfing ríkisstjórnarinnar um að samningurinn tryggi heildarstjórn á veiðunum ekki í samræmi við veruleikann.

Með vísan til þess að margt er gagnrýnivert í málatilbúnaði stjórnvalda við undirbúning samninganna og veikleika í efnisþáttum þeirrar bókunar sem fylgir endanlegum samningi telur minni hlutinn rétt að ríkisstjórnin og meiri hlutinn beri ábyrgð á afgreiðslu málsins og situr því hjá við afgreiðslu þess.

Nefndarálit minni hlutans er bókað 31. maí 1996 og undir nefndarálit minni hlutans rita auk þess sem hér talar Össur Skarphéðinsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Þetta mál sem hér er til umræðu hefur verið rætt mikið, var rætt um það leyti sem frá samningum var gengið. Þá kom fram mjög ákveðin og eindregin gagnrýni á málsmeðferð íslenskra stjórnvalda auk margháttaðrar gagnrýni á efnisinnihald samningsins, niðurstöðu hans og þá bókun sem fylgdi, með tilliti til þess að þar væri ekki tryggilega frá okkar hagsmunum gengið og alls ekki eins og látið var að liggja af hálfu stjórnarmeirihlutans og talsmanna hans í tengslum við málið.

Sjútvn. klofnaði í afstöðu til málsins eins og fram hefur komið og minni hluti hennar, þingmennirnir hv. Steingrímur J. Sigfússon, Svanfríður Jónasdóttir og Sighvatur Björgvinsson gagnrýna líkt og minni hluti utanrmn. í sínu áliti það samkomulag sem hér er leitað staðfestingar á.

Ég sé, virðulegur forseti, ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta mál sérstaklega umfram það sem fyrir liggur í nefndarálitum við þessa síðari umræðu málsins. Þessi samningur er orðinn hlutur. Við skulum vona að betur rætist úr en við óttumst að verði. Auðvitað vonar maður að það fari á betri veg í þeim efnum, að það sé eitthvert hald í þeirri bókun sem fylgir samningnum. En þar er sannarlega ekki á vísan

að róa og á það bendum við rækilega í okkar afstöðu. Við teljum hins vegar ekki ástæðu til að ganga harðar gegn þessu samkomulagi en svo að vísa til ábyrgðar ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á málafylgjunni og málatilbúnaðinum öllum.

[21:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem afstaða okkar kvennalistakvenna til þessa samnings kemur ekki fram á þeim nefndarálitum sem liggja fyrir, þá langar mig að segja nokkur orð um þennan samning, gera grein fyrir okkar afstöðu.

Þegar þetta mál var fyrst kynnt í þinginu í skýrsluformi, lagði ég mat á kosti þess og galla og komst að þeirri niðurstöðu að kostirnir væru heldur veigameiri en gallarnir sem augljóslega eru þó einnig margir. Kosti þessa samnings taldi ég þá vera að samningurinn mundi auka líkurnar á því að síldin yrði veidd til manneldis, þ.e. eftir að fitumagn er orðið nægilega mikið. Reyndin hefur því miður ekki leitt þetta í ljós enn þá en veiðar eru þegar langt komnar.

Annar kostur þessa samnings er að hann stuðlar að því að síldarstofninn verði veiddur í skynsamlegu magni sem er ekki síst hagsmunir okkar Íslendinga ef marka má rannsóknir Hafrannsóknastofnunar um göngur síldarinnar, þ.e. að síldin virðist þurfa að ná ákveðnum aldri til þess að ganga á Íslandsmið að þeirra mati. Væntanlega spila þarna fleiri þættir inn í en ég ætla ekki að fara að ræða þau mál hér.

Þriðji kostur þessa samnings þó óbeinn sé er sá að með því að semja við Norðmenn verður samningur okkar við Jan Mayen virkur.

Ókostir samningsins eru einnig augljósir eins og ég tók fram strax við 1. umr. um málið. Í fyrsta lagi finnst mér mjög pólitískt umdeilanlegt að gefa meira eftir en Norðmenn miðað við einhliða yfirlýsingar landanna um kvóta þar sem Norðmenn hafa verið að gera lítið úr okkar sögulegu veiðireynslu. Ég tel því að þessi tilslökun muni styrkja þeirra málflutning.

Annar ókosturinn er sá að það er ansi súrt í broti að við skulum opna okkar lögsögu fyrir Norðmönnum án þess að fá gagnkvæma heimild í þeirra lögsögu í staðinn. Það er alveg ljóst að það eru fyrst og fremst Færeyingar og Íslendingar sem gefa eftir, en eftirgjöf Norðmanna er mjög óveruleg.

Í þriðja lagi. Þó samningurinn sé mikilvægur áfangi, þá er ekki ljóst hvað Evrópusambandið gerir né hve mikið Evrópusambandið kemur til með að veiða úr þessum stofni og það veikir auðvitað málið í heild.

Í fjórða lagi er það augljóst veikleikamerki hvernig orðalag greinar 6.2 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum er. Ég get ekki séð að það sé tryggt að Íslendingar fái aukna hlutdeild ef göngumynstur síldarinnar breytist eins og haldið hefur verið fram.

Í ljósi þessarar umræðu munum við kvennalistakonur sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 529. mál (eingreiðsla skaðabóta). — Þskj. 1026, nál. 1125.

[21:13]

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, frá heilbr.- og trn. Vegna breytingar sem gerð var á 10. gr. almannatryggingalaga fyrr í vetur þar sem gert er ráð fyrir að fjármagnstekjur séu teknar inn í tekjugrunn við útreikning örorkulífeyrisbóta hefur komið í ljós að þær geta skert rétt hinna slösuðu til örorkulífeyris og tekjutryggingar. Með því er skertur bótaréttur örorkulífeyrisþega sem þegar hafa sætt lækkun fébóta vegna þeirra réttinda sem þeir voru taldir eiga hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Frv. felur í sér heimild fyrir ráðherra til að hækka tekjuviðmiðun lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu.

Heilbr.- og trn. var einróma um álit þetta.

[21:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli hafa komið fram frá hæstv. heilbrrh. því að þegar breytingar voru gerðar á almannatryggingalögunum um áramótin og í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum benti ég ítrekað á það hversu illa þessi hópur, sem eru þeir sem hafa fengið eingreiðslur vegna slysa, gæti orðið úti vegna þessara breytinga á almannatryggingalögunum sem voru samþykktar í svokölluðum bandormi. Þá virtist mér ekki mikill skilningur á því að þarna væri verið að halla mjög á ákveðinn hóp en sem betur fer virðist það hafa runnið upp fyrir mönnum að þarna var verulegur skaði á ferðinni fyrir þá lífeyrisþega sem hafa fengið eingreiðslur og þarna var verið að skerða þá tvöfalt því að þegar greiðslur örorkubóta til þessa hóps sem fær eingreiðslur vegna slysa er ákvarðaður er dregið frá útgreiddum bótum áætlaðar vaxtatekjur. Einnig er miðað við að einstaklingurinn fái almannatryggingabætur, þ.e. örorkulífeyri og tekjutryggingu út ævina og sérstaklega á þetta við ungt fólk sem slasast því að þar er þessum bótum ætlað að dekka tekjutap þeirra það sem eftir er ævinnar þannig að þeir hefðu orðið fyrir allra mesta skaðanum á þessari breytingu á 10. gr. almannatryggingalaganna.

Í bréfi sem okkur barst í heilbr.- og trn. frá lögmönnum, sem skoðuðu þetta mál fyrir foreldra stúlku sem hafði lent í alvarlegu slysi og fengið eingreiðslu, kemur fram dæmi um hversu alvarlegt þetta hefði orðið fyrir ákveðinn einstakling. Mig langar til að láta það koma fram hversu alvarlega þessi unga stúlka, sem nefnd er í dæminu, hefði lent í þessari breytingu hefði ekki verið tekið á málinu á þennan hátt sem heilbrrh. gerir hér.

Á sl. ári voru ungri stúlku dæmdar 13 millj. kr. í skaðabætur vegna umferðarslyss. Tap stúlkunnar vegna varanlegrar örorku var talið vera 18 millj. kr. en frá þeirri upphæð dró dómstóllinn verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals að fjárhæð 5 millj. Gengið er út frá því að stúlkan ávaxti fébæturnar, 13 millj.,

og hafi af þeim fjármagnstekjur, þ.e. vaxtatekjur, sem hún geti nýtt til framfærslu sinnar í framtíðinni. Þessar fébætur ásamt örorkulífeyrisbótum almannatrygginga eiga að gera hana eins setta fjárhagslega og hún hefði ekki orðið fyrir slysinu. Fjármagnstekjur á skaðabótum vegna örorkutjóns vegna þeirra breytinga sem gerð var á 10. gr. laga um almannatryggingar hefðu skert rétt hinnar slösuðu til örorkulífeyris og tekjutryggingar, bótarétt sem gengið var út frá að hún ætti hjá Tryggingastofnun ríkisins þegar skaðabætur til hennar voru ákvarðaðar. Það er ljóst að það er alls ekki vilji löggjafans að skerða hluta af fébótum slasaðra með þessum hætti og þess vegna hefur verið tekið á þessum málum og vil ég fagna því og styð eindregið þessa breytingu á almannatryggingalögunum sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggingarlög, 2. umr.

Stjfrv., 536. mál (raflagnahönnuðir). — Þskj. 1077, nál. 1142.

[21:20]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á byggingarlögum. Frv. fjallar um réttindi til hönnunar raflagna. Í frv. er lagt til að bætt verði í byggingarlög ákvæði til bráðabirgða þar sem einstaklingum, sem lokið hafa námi á rafsviði og störfuðu við raflagnahönnun 1. jan. 1996 eða höfðu á þremur sl. árum fengið samþykktar raflagnateikningar, verði veittur réttur á fullu eða takmörkuðu starfsleyfi sem raflagnahönnuðir. Þeir þurfa að sækja um slíkt leyfi til umhvrh. fyrir 1. jan. 1997.

Ég get þess að skömmu fyrir 2. umr. komu fram atriði sem leiða til þess að flutt verður brtt. við frv. milli 2. og 3. umr. af hálfu nefndarinnar. Þar er kveðið skýrar á um tvö atriði í þessu frv.

[21:21]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar er þetta mál ekki í þeim búningi sem væntanlega verður fyrir afgreiðslu þess. Því miður var málið ekki unnið til hlítar áður en það var lagt inn þannig að það kemur til breytinga milli 2. og 3. umr. en væntanlega verður hægt að afgreiða það í samkomulagi fyrir þinglok.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 510. mál (sérfæði). — Þskj. 913.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, síðari umr.

Þáltill. BH o.fl., 61. mál. — Þskj. 61, nál. 1012.

[21:22]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnuð verði nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Skal nefndin vinna að eflingu íþrótta stúlkna og kvenna í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands en þar hefur farið fram nokkurt starf á þessu sviði. Kannanir sem gerðar hafa verið undanfarið benda eindregið til þess að átak þurfi að gera til eflingar stúlkna- og kvennaíþróttum. Einnig skal nefndin skoða sérstaklega umfjöllun fjölmiðla um íþróttir stúlkna og kvenna, hvaða fjármagni sé veitt til stúlkna- og kvennaíþrótta, skiptingu kynjanna í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra þá þætti sem geta haft áhrif á stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta. Meðal annars verði litið til þess sem gert hefur verið erlendis í átt til umbóta í þessum efnum.

Menntmn. leggur þó sérstaka áherslu á að ekki er síður mikilvægt að stuðla að eflingu almenningsíþrótta en keppnisíþróttum meðal kvenna. Menntmn. mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

[21:24]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er sjálfsagt ágætt mál á ferðinni og ég ætla ekki að gera athugasemdir við þessa tillögu eða afgreiðslu á henni sem slíkri en þegar ég hlýði á framsögu fyrir málinu þar sem talað er um íþróttir stúlkna og kvenna spyr maður: Hvar eru mörkin á milli stúlkna og kvenna? Er þörf á þessari aðgreiningu eins og hún er sett fram? Ég bið framsögumann nefndarinnar um að skýra fyrir þingheimi hvar þessi mörk liggja.

[21:25]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að fara dálítið eftir því hver talar hvar menn draga mörkin á milli stúlkna og kvenna en ég get hins vegar tekið undir með þingmanninum um að það er auðvitað álitamál hvort á að draga slík mörk.

[21:25]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir jákvæða afgreiðslu málsins en flutningsmenn þess koma úr öllum stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi.

Vegna spurningar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um það hvar mörkin séu á milli stúlkna og kvenna vil ég upplýsa hv. þm. um það að þessi mörk eru mjög einstaklingsbundin en ástæðan fyrir því að tekið er fram bæði stúlkur og konur er kannski fyrst og fremst sú að það sé tryggt að þetta nái bæði til stúlknaíþrótta frá barnsaldri og alla leið upp úr vegna þess að brottfallið mjög oft á þeim mörkum sem konur eru að hætta að verða stúlkur og yfir í það sem við köllum í daglegu tali konur. Um þetta getur hv. þm. örugglega fengið frekari upplýsingar annars staðar en úr ræðustóli en það er vissulega áhugavert að skoða þetta. En eins og ég segi, það er fyrst og fremst verið að hugsa um það að þetta nái bæði til þess sem kallað er stúlknaíþróttir og kvennaíþróttir en í íþróttaheiminum eru ákveðnir flokkar miðað við aldur liðsmanna eins og hv. þm. veit sennilega.

Aðdragandinn að því að tillagan var lögð fram var fyrst og fremst niðurstöður kannana sem framkvæmdar höfðu verið á síðustu árum er benda til mikils brottfalls stúlkna og kvenna úr íþróttum. Eins og ég greindi frá áðan er það mjög oft á kynþroskaaldri sem þetta á sér stað hvort sem það eru bein tengsl á milli eða einhverjir samfélagslegir þættir sem þar hafa áhrif.

Hvatning foreldra, umfjöllun fjölmiðla og möguleikar til fjáröflunar hefur verið nefnt sem mögulegur orsakavaldur fyrir þessu brotthvarfi en þarna er eflaust um margþáttað samspil að ræða. Í greinargerð með tillögunni er vitnað til Noregs og þess árangurs sem samstillt átak stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar hefur leitt af sér þar í íþróttaiðkun stúlkna og kvenna en frá Noregi liggur fyrir fjöldi aðferða sem má beita til að ná fram því markmiði að minnka þetta brotfall stúlkna og kvenna í íþróttum og liggja fyrir margar greinargerðir í þeim efnum.

Hv. frsm. menntmn. og formaður gerði grein fyrir efni tillögunnar þannig að ég ætla ekki að rekja það hér. Ég dreg einungis fram að það er lögð á það sérstök áhersla að þessi nefnd vinni í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Það er vegna þess að nokkuð hefur verið unnið að þessum markmiðum nú þegar og er hafinn ákveðinn undirbúningur að því að reyna að koma í veg fyrir brottfallið en þar hefur gjarnan verið rætt um að átakið þurfi að vera samstillt á meðal stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar.

Hv. menntmn. mælir með því að bæði sé litið til almenningsíþrótta og keppnisíþrótta í þessu efni. Ég er sammála þessari áherslu hv. menntmn. og það reyndar kom fram við fyrri umræðu málsins að með hugtakinu íþróttir í tillögunni væri bæði átt við almenningsíþróttir og keppnisíþróttir en ég er mjög sátt við að það sé sérstaklega tekið fram þarna. Ég tel fulla ástæðu til þess að þarna sé litið almennt til íþrótta og því get ég fyllilega tekið undir áherslu hv. menntmn. og að sjálfsögðu mæli ég með samþykkt tillögunnar.

[21:29]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óska þingsystur minni og flokkssystur til hamingju með afgreiðslu málsins úr nefnd. Ég tel að hér sé hið ágætasta mál á ferðinni. Ég bið velvirðingar á því að ég er með meinbægni út í heiti tillögunnar og mér finnst að málið sé að þessu leyti ekki alveg í réttum farvegi. Ég er ekki að kenna flm. um það efni. Þetta á sjálfsagt rætur í einhverri orðnotkun í íþróttahreyfingunni eða ég skil það svo. En sé svo þá er nú ástæða til þess fyrir íþróttahreyfinguna í landinu að endurskoða málið því það er náttúrlega alveg fáránlegt að vera að gera konur að einhverju sérmengi og stúlkur að einhverju sérmengi í sambandi við þetta efni. Hv. 12. þm. Reykv. tók svo til orða að „þar sem konur eru hættar að vera stúlkur". Og svo er greiningin í stúlknaíþróttir og kvennaíþróttir, brottfall stúlkna og kvenna úr íþróttum, íþróttaiðkun stúlkna og kvenna. Þetta eru orð sem ég tek eftir að eru notuð hér. Er það ekki svo að kona og karl eru almenn heiti yfir kynin? Karl og kona sem aðgreining á tveimur ólíkum kynjum vil ég miklu heldur heyra notað heldur en maður og kona því ég tel konur einnig til manna. Karl og kona. Allar stúlkur eru samkvæmt skilgreiningu konur, allar stúlkur eru konur og barnung stúlka er kona þannig að þessi aðgreining hér sem íþróttahreyfingin virðist hafa tekið upp ber vott um bæði lélegt málskyn og lélegan málsmekk. Ég tel fulla ástæðu til fyrir þingmenn sem hafa staðið að þessu ágæta máli að vinna að því að þetta verði fært til betra horfs málfarslega.

[21:32]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að sjá áhuga flokksbróður míns á þessu máli og vissulega hefur hann margt til síns máls. Hann segir að stúlkur séu konur. Ég er alveg sammála því en ég vil líka benda á það að konur eru menn þannig að það má lengi munnhöggvast út af málnotkun varðandi karla, konur, stúlkur og drengi. Ég vil einungis ítreka að það sem fyrst og fremst er byggt á hér er að tryggja að þessi skoðun og þessi stefnumótun nái til þess sem eru kallaðar á íþróttamáli stúlknaíþróttir og kvennaíþróttir, samanber að talað er um drengjalandslið, unglingalandslið o.s.frv. hjá körlum líka. Það er fyrst og fremst það sem býr hér að baki og ég vildi einungis ítreka það.

[21:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið. Ég veit ekki hversu alvarlega á að taka athugasemdir hv. 4. þm. Austurl. sem hér komu fram. En það má geta þess að orðanotkun hjá íþróttahreyfingunni er miklu margbreytilegri en þetta. Það er talað um telpnaflokk. Það er talað um meyjaflokk. Það er talað um stúlknaflokk. Þetta er t.d. í sundi og tengist því að það er verið að reyna að flokka niður í ákveðna aldurshópa. (**Gripið fram í:** Þetta eru allt kvennaflokkar?) Já, þetta eru allt saman kvennaflokkar en þarna er verið að aldursflokka þannig að innan hópsins geti stúlkurnar talist nokkuð samkeppnisfærar. Það er verið að búa til einhver mörk til þess að flokka niður. En það sem er auðvitað mergurinn málsins og það sem felst í tillögunni er einmitt að skoða annars vegar hvað er verið að bjóða, ja, eigum við að segja stúlkum á skólaaldri upp á í íþróttum bæði innan skólanna og utan og hvað það er svo sem tekur við þegar skóla lýkur og konur halda út í lífið.

Mig langaði til að skjóta því að að ég þekki vel sjúkraþjálfara sem ég reyndar stundum vitna til í umræðum sem hefur stundað töluverðar rannsóknir á íþróttalífi hér. Hann heldur því fram að íslenskar konur séu mun verr á sig komnar líkamlega heldur en t.d. konur í Noregi. (**Gripið fram í:** Verr?) Verr, já, verr á sig komnar. Hann tengir það því að hér sé leikfimikennsla í grunnskólum og framhaldsskólum allt of lítil og ekki nógu góð. Það eru sem sagt of fáir tímar og einhæf áhersla og síðan sé framboð af íþróttum stúlkna, stúlkna á öllum aldri — þá er ég að tala um á skólaaldri — líka allt of einhæft. Þarna þarf ákveðnar úrbætur. Það sama gerðist varðandi konurnar, þ.e. konur sem komnar eru út úr skóla. Þar er framboðið líka ákaflega lítið og þær hætta að taka þátt í íþróttum. Þær hætta að taka þátt í íþróttum nema í örfáum tilvikum en nokkur hópur stundar almenna líkamsrækt en þó allt of lítill. Þetta tengist því m.a. að konur hér á landi eru margar hverjar ákaflega illa haldnar af álagssjúkdómum eins og vöðvabólgu og slíkum kvillum sem við þekkjum nú vel hér innan dyra. Og þetta tengist því að þarna þarf að örva til líkamsræktar og íþróttaiðkana og ekki síst þess sem við getum talað um sem almenningsíþróttir.

Ég fagna því að þessi tillaga er komin fram og minni á það að fyrir nokkrum árum var samþykkt tillaga sem ef ég man rétt allar konur sem þá voru á þingi stóðu að. Sú tillaga fjallaði um það að beina því til íþróttahreyfingarinnar að verja meira fjármagni til íþrótta kvenna. Ég held að það hafi verið orðað þannig — kvenna — á sínum tíma en eftir því

sem ég veit best hefur harla fátt gerst þannig að ég held að það sé veruleg ástæða til þess að gerð verði ítarleg könnun á þessu og mörkuð stefna í framhaldi af því. Eins og hv. 1. flm. að upphaflegri tillögu tók fram hafa Norðmenn unnið mikið afrek á þessu sviði, m.a. lyft kvennahandboltanum í Noregi til hæstu hæða, liggur mér við að segja, og náð verulegum árangri í því að fá konur til þess að taka þátt í íþróttum og almenningsíþróttum. Það er kannski sterkari hefð fyrir því í Noregi en við þurfum að gera eitthvað svipað hér. Það þarf mikla örvun til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ólöglegur innflutningur fíkniefna, síðari umr.

Þáltill. AK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62, nál. 1144.

[21:38]

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um tillögu til þál. um hert viðurlög við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Lögmannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Landssambandi lögreglumanna, Fangelsismálastofnun ríkisins og ríkissaksóknara.

Nefndin hélt sérstakan fund í febrúar sl. þar sem fjallað var um fíkniefnavandann og hugsanleg úrræði til að bregðast við honum. Gestir á þeim fundi voru Sigurður Tómas Magnússon og Högni Kristjánsson frá dómsmálaráðuneyti, Hallvarður Einvarðsson og Egill Stephensen frá embætti ríkissaksóknara, Allan V. Magnússon og Guðjón Markússon frá Dómarafélagi Íslands, Haraldur Johannessen, Jón Friðrik Sigurðsson og Erlendur Baldursson frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Böðvar Bragason, Björn Halldórsson og Jóhann Hauksson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Jóhann Jóhannsson frá útlendingaeftirlitinu og Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri. Var m.a. rætt um hvort hert viðurlög væru rétta leiðin til að stemma stigu við þessari vá. Fram kom á fundinum að ríkisstjórnin hefði þegar skipað starfshóp til að fara yfir þessi mál og leita leiða til úrbóta. Má í því sambandi vísa til skýrslu forsætisráðherra um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis lögð fram 29. apríl sl., sbr. þskj. 869.

Allsherjarnefnd leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ögmundur Jónasson, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Fjeldsted og Kristján Pálsson.

[21:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er verið að afgreiða má segja að sé í raun og veru eðlilegt framhald af þeirri umræðu sem hefur verið um stöðuna í fíkniefnamálum þar sem ljóst er að um aukinn innflutning og neyslu fíkniefna er að ræða og aukin afbrot samfara aukinni neyslu fíkniefna. Niðurstaðan sem nefndin kemst að er að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar vegna þess að þar sé nefnd að störfum. Maður getur skilið textann þannig að nefndin þar eigi þar kannski fyrst og fremst og ekki síst að fjalla um það hvort breyta eigi refsirammanum. Það er mín skoðun að refsiramminn sé nægjanlega rúmur. Það er hins vegar í undantekningartilvikum sem dæmt er til eins þungar refsingar og þó er heimild til. Hér á landi þykir t.d. 10 mánaða fangelsisdómur afar þungur dómur og ef menn skoða skýrslu Fangelsismálastofnunar þá komast þeir að raun um að það er í undantekningartilvikum að þær heimildir sem eru til hámarksrefsinga innan almennra hegningarlaga eru nýttar. Þetta er því kannski að mínu mati frekar spurningin um það hvort að það sé ástæða til þess með einhverjum hætti að hefja umræðu um það en ekki endilega að taka út einn þátt refsilaganna eða refsilöggjafarinnar og breyta honum. Það hafa áður komið upp dæmi á Alþingi þar sem því hefur verið beint til ríkisstjórnar eða til Alþingis að breyta refsilöggjöfinni út af einstökum málum sem eru efst á baugi á hverjum tíma. Ég tel það rangt og að það sé þá eðlilegra að fara í heildarendurskoðun á hegningarlögunum heldur en að taka fyrir sérstök ákvæði vegna einhverra sérstakra afbrota, betra væri að skoða þetta í heild sinni.

Ég fagna að vissu leyti þessari afgreiðslu en hefði þó viljað sjá að nefndin sem er að störfum og var skipuð af dómsmrh. hefði verið búin að skila einhverjum tillögum til úrbóta í þessum málaflokki núna áður en þingið fer heim vegna þess að samkvæmt því sem ég sá í skýrslu hæstv. forsrh. sem hann skilaði til þingsins 29. apríl og vitnað er til í nefndarálitinu, var sambærileg nefnd starfandi 10 sl. ár og hafði skilað einhverri skýrslu en hún hefur líklega aldrei komið hér til umræðu í þinginu. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur að taka þessi mál til umræðu um leið og skýrslan liggur fyrir sem hlýtur þá að verða í haust úr því sem komið er, ef menn eru nú að fara heim í svokallað sumarleyfi.

[21:43]

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Suðurl. vil ég taka fram að það var skilningur allshn. að sú nefnd sem að störfum er á vegum ríkisstjórnarinnar í þessu máli ætti ekki eingöngu að fjalla um það mál hvort ætti að hækka refsirammann heldur málið í heild, þar á meðal hvort að refsiramminn væri nýttur til hins ýtrasta í þessum málum. Það er rétt sem kom fram hjá þingmanninum að hann hefur ekki verið nýttur í mörgum tilfellum og refsingar í þessum málum hafa verið tiltölulega vægar. Það var skilningur nefndarinnar að það væri einnig þessi atriði ásamt öðrum varðandi þessi alvarlegu mál sem nefndinni bæri að athuga. Ég vildi að þetta kæmi fram þannig að sá skilningur allshn. gæti þá komið fram við afgreiðslu þingsins á þessu máli.

[21:45]

Útbýting þingskjala:

Eftirlaun alþingismanna, 540. mál, frv. RA o.fl., þskj. 1154.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 541. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 1155.

[21:45]

Arnþrúður Karlsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í ljósi þess sem fram hefur komið í sambandi við þessa þáltill. um ólögleg fíkniefni þakka hv. allshn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt af mörkum í vetur því að auðvitað er þáltill. ekki lögð fram að ástæðulausu. Ég vil aðeins hrekja það sem hér var sagt að það ætti að

taka þetta tiltekna atriði fram í heildarendurskoðun á hegningarlögunum. Hún hefur nýfarið fram. Hegningarlögin hafa nýlega verið endurskoðuð. Það eru ekki mörg ár síðan þannig að ég held að það sé ekki óeðlilegt, í ljósi þeirrar þjóðfélagsumræðu og þeirra atburða sem eiga sér stað í þjóðfélaginu, að einmitt hið háa Alþingi láti málið til sín taka. Þótt það þurfi að kippa út einum lið í hegningarlögunum og breyta honum er það engin frágangssök og til þess þarf ekki að fara fram einhver heildarendurskoðun á hegningarlögunum. En það er mjög mikilvægt að þetta atriði verði eitt og sér skoðað í ljósi þeirra atburða sem nú eiga sér stað.

Ég fagna því að sjálfsögðu að skýrsla hæstv. forsrh. liggur fyrir. Það sem þar kemur fram styður enn frekar það sem að baki liggur. Ég held að fólk þurfi ekkert að verða hrætt við það að taka einmitt svona á hlutunum því að þetta er bara spurningin um að nálgast raunveruleikann og þora að nálgast raunveruleikann. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn muni einmitt líta á þessa samþykkt og þessar tillögur í ljósi þess.

Refsiramminn hefur ekki verið fullnýttur og ef það er ekki einmitt Alþingi sem sér ástæðu til þess að setja mjög skýra löggjöf í hegningarlögunum, hverjir eiga þá að gera það? Dómstólar fara kannski ekki alla leið og þeirra hámark miðast kannski við allt annað en það sem við hér inni gerum okkur grein fyrir. Ég held því að við þurfum ekki að vera hrædd við að hækka þakið og það verður alltaf matsatriði hverju sinni hvenær það er notað. En ég minni á það eina ferðina enn að þegar stóru málin virkilega koma, og við getum átt von á enn stærri málum, finnst mér slæmt ef ekki er heimild til þess í lögum að taka á því eins og gert er í nágrannalöndum. Ég held að Ísland hafi sérstöðu sinnar vegna fulla ástæðu til þess einmitt að þyngja refsingarnar í þessum málaflokki.

[21:48]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að við eigum að þora að nálgast raunveruleikann. Ef við tölum um að breyta refsilöggjöfinni og hækka eða auka refsingar þegar þau hámörk sem fyrir eru hafa í sárafáum eða engum tilvikum verið nýtt í þessum tilteknu málum, verðum við líka að horfast í augu við þann raunveruleika að við höfum enga aðstöðu til þess að taka við eftir að refsing hefur verið aukin. Við skulum segja sem svo að dómarar dæmdu samkvæmt því. Það er auðvitað Alþingis að ákveða hámarksrefsingu en ekki hver refsingin skal vera í hverju einstöku tilviki. Það er dómstólanna. Þá er raunveruleikinn sem við horfum fram á sá að við höfum hvergi pláss til þess að vista þá afbrotamenn sem þar um ræðir. Það er blákalda staðreyndin líka.

[21:49]

Arnþrúður Karlsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eiginlega lýsa undrun minni á því ef það er raunverulega staðreynd að fangelsisyfirvöld geti ekki tekið á móti þeim afbrotamönnum sem þjóðfélagið krefst og réttlætið krefst að séu á bak við lás og slá. Ég efast ekki um að þetta er rétt hjá hv. þm. og þá er það auðvitað svo alvarlegt mál og þvílíkt sérmál að ég vænti þess þá líka að það verði ekki látið trufla framgöngu þessa hluta. Það er alveg útilokað að það verði látið trufla framgöngu í slíku máli og jafnalvarlegu máli sem þessu. Ef okkar fangelsismál eru í svo slæmu ástandi er það auðvitað mál sem verður að taka á hið bráðasta því að við verðum að athuga það á hvers kostnað þetta allt saman er. Það er á kostnað hins almenna borgara og það eru borgaraleg réttindi fólks í landinu að mönnum sé refsað eins og þeir hafa unnið til og það sé tekið á því og það séu líka til stofnanir sem geymi þessa menn. Svo einfalt er það.

[21:51]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mönnum er refsað samkvæmt þeim dómum sem þeir fá hverju sinni. Það er hins vegar staðreynd að biðlistar eru mjög langir eftir að komast í afplánun til þess að geta lokið refsivist í samræmi við þann dóm sem hefur fallið. En ég vil bara benda á það er ástæða til að breyta refsirammanum og virkilega ástæða til þess að skoða það, ef þungar refsingar og refsiramminn væri nýtt að fullu. Það hefur ekki verið gert og við verðum að treysta því að dómarar landsins fari þannig með mál að þeir dæmi í samræmi við það brot sem framið er hverju sinni og nýti þær heimildir sem eru til í lögum. Það er undantekning ef refsiramminn hefur verið nýttur að fullu í þessu tilfelli.

[21:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við afgreiðslu þessarar tillögu að ég styð efni hennar og tel mjög tímabært að herða viðurlög við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Ég sat fundi allshn. sem áheyrnarfulltrúi og styð það að tillögunni sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Ástæða þess er sú að hæstv. forsrh. boðaði í umræðum í síðasta mánuði að nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem er að skoða almennt aðgerðir gegn neyslu og dreifingu fíkniefna mundi skila í lok síðasta mánaðar skýrslu um aðgerðir, en nefndinni var m.a. falið að kanna hvort herða bæri refsingar við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum.

Hæstv. forsrh. tók vel í það að jafnvel þótt þing væri farið heim að nefndum þingsins, allshn. og heilbrn. a.m.k. og e.t.v. menntmn. og félmn. sem á einn eða annan hátt fjalla um þetta mál, yrði kynnt þessi niðurstaða þannig að nefndirnar gætu lagt á það sjálfstætt mat hvort tillögur þær til úrbóta sem hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin væntanlega mun leggja fram séu nægjanlegar. Ég vona að af þessu verði þannig að við fáum fljótlega að heyra af niðurstöðu þessarar nefndar og hún verði kynnt fyrir nefndum þingsins.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að það veldur mér verulegum áhyggjum hvernig framkvæmdin í dómskerfinu er varðandi refsilöggjöfina, ekki bara í fíkniefnamálum heldur í fleiri málaflokkum. Ég nefni t.d. í skattsvikamálum. Við fórum í gegnum það á síðasta þingi hvernig refsilöggjöfin hefur verið framkvæmd í skattsvikamálum og þar kom í ljós að jafnvel þótt heimilt sé að beita í refsingu tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin hafði henni aldrei verið beitt og sektir við skattsvikum voru mjög lágar. Jafnvel langt undir þeirri fjárhæð sem svikin var undan skatti. Því greip Alþingi til þess ráðs að setja ákveðið gólf á refsirammann sem ekki mátti fara undir sem var þá tvöföld sú fjárhæð sem undan var dregin, en heimildin er um tífalda þá fjárhæð sem undan er dregin.

Sama gildir um refsingar við kynferðisafbrotum. Það hefur margkomið fram innan þingsalar og utan að dómar vegna kynferðisafbrota eru mjög vægir. Meðal annars kom fram um daginn að í 179 málum sem dæmt hafði verið í að mig minnir á 5 ára tímabili voru sektirnar samtals 400 þús. kr. og

þær aðeins dæmdar í 6 málum. Sama gildir um fíkniefnin og fórum við í gegnum það um daginn að upptækur hagnaður af fíkniefnum eða upptæk fíkniefni hafi verið metin á um 350 millj. kr. en dómar, sektir sem hafa fallið, eru 6 millj. kr. Þetta er þó það sem við höfum uppi á borðinu að því er varðar upptækan hagnað. Ég lýsi hreinlega yfir áhyggjum mínum af framkvæmd á refsilöggjöfinni í dómskerfinu. Það er auðvitað erfitt að átta sig á hvernig á að taka á því. Við höfum gert það gagnvart skattsvikamálum, en ég tel að það þurfi að taka á því víðar og hugsanlega setja ákveðið gólf eða setja dómstólunum ákveðinn ramma og skýrari ramma að dæma eftir en gert hefur verið.

Við höfum fyrir okkur t.d. nýlegt kynferðisafbrot þar sem Hæstiréttur lækkaði bætur sem höfðu verið dæmdar í undirrétti sem ég tel til hreinnar skammar og skil ekki. Það var faðir sem misnotaði dóttur sína og henni höfðu verið dæmdar 2 millj. í undirrétti en síðan þegar málið kemur til Hæstaréttar eru bæturnar lækkaðar niður í 1 millj. vegna skyldleika og af því að faðirinn hafði framfærsluskyldu gagnvart barninu. Það er alveg ótrúlegt að slíkt skuli eiga sér stað og varnaðaráhrifin eru hvergi, hvort sem litið er til skattsvikamála, fíkniefnamála eða kynferðisafbrota. Ég held að við hljótum við betra tækifæri að taka þessi mál til rækilegrar umfjöllunar, þ.e. framkvæmd refsilöggjafar í dómskerfinu. Auðvitað er dómur dómur og enginn deilir kannski við dómarann. En við setjum hér ákveðna löggjöf, líka löggjöf til að dæma eftir. Og við hljótum þá að fara yfir sviðið og athuga hvort þar er einhver brotalöm að því er varðar lagaákvæðin sem dæmt er eftir úr því að reynslan er eins og hér hefur verið lýst varðandi a.m.k. þrjá stóra málaflokka: Skattsvikamál, fíkniefnamál og kynferðisafbrot. Ég lýsi hreinlega undrun minni yfir því, jafnvel þótt það séu dómstólar sem hér eiga í hlut, hvernig framkvæmdin á refsilöggjöfinni er í dómskerfinu.

[21:59]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli síðasta ræðumanns kom fram mikil hneykslan á því hvernig tekið er á dómsmálum. Ég vildi aðeins upplýsa þingmanninn um að í tollalögum er gert ráð fyrir því að ef um smygl er að ræða, t.d. um borð í skipi, er tollgæslunni heimilt að gera farartækið upptækt.

Varðandi fíkniefnasmygl og fíkniefnabrot þekkist það víða erlendis, og vitna ég þar t.d. til Bandaríkjanna, að ef aðilar eru teknir með fíkniefni er farartækið gert upptækt á staðnum. Og hvað er svo gert við þessa hluti? Það eru bæði bátar og bílar og fleira sem gert er upptækt. Þetta er selt á opinberu uppboði og notað til þess að fjármagna fíkniefnalögregluna. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að refsingar eru náttúrlega allt of vægar. Enda þótt þær þurfi ekki að vera ígildi peninga þurfa þær samt sem áður að vera með þeim hætti að menn hugsi sig tvisvar um áður en til slíkra brota er stofnað þannig að á mörgum sviðum finnst mér að við séum eftir á. Við töldum það á árum áður að af því að Ísland væri eyja langt norður í hafi þá ætti fíkniefnamálið ekki að vera neinn vágestur hjá okkur þegar fram liðu stundir. En það hefur sýnt sig vera allt annað mál en menn bjuggust við. Þau eru alvarlegri og þá er það umhugsunarefni hvort það er ekki löggjafans að taka á málinu og skoða það hvernig grannríkin og löggæslan þar hagar sér gagnvart þessum málum og taka upp þá hætti sem einkum lúta að t.d. upptöku á þeim farartækjum sem notuð eru til þessara hluta.

[22:01]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér fer fram merkileg umræða um eitt af þeim alvarlegustu málum sem hefur verið til umfjöllunar í þingsölum nú í vetur, þ.e. hinn skelfilega vágest sem fíkniefni eru. Ég tek það fram að ég styð efni þeirrar tillögu sem hér er til umræðu og færi þakkir til frsm. sem og allshn. og er mjög sammála þeirri afgreiðslu sem þar fer fram.

Hins vegar lýsi ég jafnframt þeirri skoðun minni og tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að það er mikið umhugsunarefni að refsiramminn skuli ekki hafa verið fullnýttur og sé ekki fullnýttur í þeim alvarlegu brotum sem fylgja fíkniefnum, ekki síst því sem ég vil kalla allt að svívirðilegustu glæpamenn sem þekkjast, þ.e. þeir sem stunda sölu til að hagnast á sölu fíkniefna.

Ég tel í alla staði eðlilega afgreiðslu að vísa málinu að öðru leyti til nefndar hæstv. ríkisstjórnar sem hér hefur verið minnst á og eins og allshn. leggur til því að fíkniefnamál verða aldrei leyst nema á þeim sé tekið á heildstæðan hátt. Þar er refsiþátturinn aðeins einn angi af nokkrum. Það má segja að til þess að ná utan um þessi skelfilegu mál, sem fíkniefni eru, má skipta þeim í fjóra þætti. Það er í fyrsta lagi innflutningur, í öðru lagi er það salan, í þriðja lagi er það eftirlit eða löggæsla og síðan að lokum refsingin.

Hvað innflutninginn varðar eins og hér hefur komið fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns búum við við þá sérstöðu að vera eyríki og eigum þar af leiðandi að hafa meiri möguleika en aðrar þjóðir, eins og þjóðir meginlandsins, til þess að halda uppi öflugu eftirliti. En það er bara ekki svo hjá okkur. Eftirlitið mun vera þokkalegt í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og þá er nánast upptalið. Ég nefni sem dæmi að á Seyðisfirði þar sem ferjan Norræna kemur að og þúsundir ferðamanna árlega mun ekki einu sinni vera reglulega staðsettur fíkniefnahundur en slíkar skepnur munu skila bestum árangri í tolleftirliti. Í hinum ýmsu höfnum landsins er undir hælinn lagt hvort eitthvert eftirlit á sér stað. Þetta er hvað innflutninginn varðar. Það er með öðrum orðum í molum hjá okkur.

Ég nefni svo í öðru lagi söluna. Auðvitað er besta leiðin til þess að uppræta fíkniefnaneyslu að eyðileggja markaðinn með öflugu forvarnastarfi í samstarfi allra þeirra aðila sem koma einkum að uppeldi ungmenna. Þar nefni ég skóla, foreldrasamtök, íþróttahreyfingu og þannig má áfram telja þar sem þessir aðilar taka höndum saman, skiptast á upplýsingum og halda uppi góðum, öflugum áróðri og fræðslu. Það er að sjálfsögðu besta vörnin gegn þeim mikla vágesti sem fíkniefni eru.

Í þriðja lagi nefni ég svo löggæsluna en það hefur komið fram í vetur í ræðum í þessum sal að verulega illa er búið að löggæslunni hvað þennan þátt varðar. Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík er fáliðuð í þessu stóra og vaxandi máli. Að auki er meiri hluti þeirra auðgunarbrota, sem eiga sér stað, sendur til afgreiðslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins en á milli þessara tveggja deilda er svo lítið samstarf. En auðvitað hanga þessi auðgunarbrot saman, sem má rekja beinlínis til fíkniefnaneyslu, þar sem fórnarlömb fíkniefna eru að fjármagna neyslu sína með auðgunarbrotum. Á milli Rannsóknarlögreglu ríkisins og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hefur verið sáralítið samstarf. En með frv. til breyttra laga um lögreglu er einmitt verið að taka á þessu máli. En fyrst og fremst snýst þetta um fjármagn. Alþingi hefur ekki veitt nægjanlegu fjármagni til fíkniefnalögreglu

og það hafa starfsmenn fíkniefnalögreglunnar upplýst þingmenn um að þeir viti eða hafi grun um stærri mál sem þeir hafi ekki tíma eða mannskap til þess að sinna. Þetta er þriðji þátturinn.

Lokaþátturinn í þessu er að sjálfsögðu refsingin hjá þeim sem eru uppvísir, einkum að sölu og dreifingu fíkniefna. Ég er því mjög hlynntur að refsingar gagnvart þessum glæpamönnum verði verulega hertar og tek mjög undir þau sjónarmið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kynnti áðan að það er einkum á þremur sviðum sem þjóðin virðist sammála um að herða beri verulega refsingar, þ.e. í kynferðisafbrotum, í skattsvikum og síðast en ekki síst fíkniefnamálum. Þess vegna af framansögðu tel ég afgreiðslu nefndarinnar eðlilega að vísa málinu, þessum refsiþætti sem er aðeins einn þáttur af mörgum, til nefndar hæstv. ríkisstjórnar og ég tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram að þessi nefnd skili af sér þegar haustþing kemur saman þannig að alþingismenn geti tekið höndum saman og tekið hraustlega á þessu mikla máli.

[22:07]

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál en það hefur sýnt sig sem eðlilegt er að alþingismenn hafa miklar áhyggjur af því hrikalega vandamáli sem hér er um að ræða. Ég vildi endurtaka það að nefndin lítur svo á að það beri að skoða þessi mál í heild og m.a. ef um breytta refsiramma er að ræða verði þá skoðað í samhengi við refsiramma í öðrum málaflokkum þar sem um alvarleg afbrot er að ræða, m.a. í afbroti kynferðismála sem voru m.a. nefnd af hv. 13. þm. Reykv. og ég er sammála því sem hún sagði um það mál.

Vissulega komu fram efasemdir hjá þeim aðilum sem nefndir eru í nefndarálitinu um hvort hertar refsingar kæmu að notum í öllum tilfellum. Því miður er það svo að margir sem stunda þessi afbrot eru það illa á sig komnir að þeir eru ekki með það ofarlega í huga hvort refsingin er meiri eða minni en vafalaust er það bundið við persónur og það er bundið því hvað þessi afbrot eru alvarleg og hve mikill ásetningur er þar á baki hjá þeim sem stýra þessu bak við tjöldin.

Ég ætla ekki að dæma um þetta en ég tel eðlilegt að málinu verði vísað í heildarskoðun enda hefur verið tekið undir það af þeim sem hafa talað hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Græn ferðamennska, síðari umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66, nál. 1112.

[22:10]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1112 um till. til þál. um stefnumótun í ferðamálum með áherslu á græna ferðamennsku frá samgn. Alþingis. Nefndin fékk á sinn fund gesti og jafnframt umsagnir um tillöguna frá ýmsum aðilum.

Tillagan miðar að því að skipuð verði nefnd sem hafi það að markmiði að fella hugmyndir um græna ferðamennsku inn í stefnumótun í ferðamálum hér á landi. Í nýútkominni skýrslu samgönguráðuneytisins um stefnumótun í ferðaþjónustu er sérstaklega fjallað um stefnumótun í sjálfbærri eða grænni ferðamennsku og umhverfisvernd. Þar er lagt til að ferðaþjónusta í anda sjálfbærrar þróunar verði efld þannig að hér verði rekin ferðamennska í sátt við land og þjóð. Jafnframt er lögð áhersla á að Ísland gegni forustuhlutverki á sviði umhverfisverndar. Ljóst er, með hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem nú liggur fyrir, að halda þarf áfram vinnu og undirbúningi til þess að sjálfbær ferðaþjónusta verði efld, m.a. í anda tillögu þessarar. Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Undir nefndarálitið rita Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds og Gísli S. Einarsson.

[22:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins að reifa nokkur atriði varðandi þetta þingmál um stefnumótun í ferðamálum með áherslu á græna ferðamennsku. Þessi þáltill. var lögð fyrst fram á 119. þingi, þ.e. fyrir rúmu ári, og þá hafði engin stefnumótun hafist af hálfu samgrh. Síðan var málið flutt aftur í haust og þá var vitað að samgrh. hygðist hefja stefnumótun í ferðaþjónustu og var þá ályktuninni breytt að nokkru leyti með það fyrir augum og breytt í þá veru að samgrh. var falið að skipa nefnd til að fella áherslu á græna ferðamennsku eða vistvæna ferðamennsku inn í stefnumótun í ferðamálum hér á landi.

Á þeim dögum sem þáltill. var dreift í þinginu hóf samgrh. þessa vinnu. Hann skipaði stýrihóp um miðjan október á síðasta ári til þess að vinna að stefnumótun í ferðamennsku og þegar fjallað var um þessa þáltill. í samgn. kom það fram í máli Ármanns Kr. Ólafssonar, aðstoðarmanns samgrh., að við stefnumótun í ferðamennsku og sérstaklega hvað varðar sérstakan kafla í stefnumótuninni sem kom út þá daga sem við vorum einmitt að afgreiða þetta mál úr nefndinni að við vinnu á þeim kafla sem heitir sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd hafi þessi þáltill. og greinargerðin með henni verið notuð sem vinnuplagg. Þetta er því dæmi um það þegar mál er farið að skila árangri áður en Alþingi er búið að afgreiða það.

Ég legg áherslu á það í þeirri vinnu sem fram undan er hjá samgrh. að haldið verði áfram að vinna í þeim anda sem kemur fram í þessari þáltill. og áliti nefndarinnar sem leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar því að Ísland hefur meiri möguleika en flest önnur lönd til að laða að sér þá tegund ferðamanna eða þá ferðamenn sem aðhyllast ferðamennsku sem flokkast undir vistvæna eða sjálfbæra, oft kallaða græna ferðamennsku. En þeim ferðamönnum fer mjög fjölgandi í heiminum og mjög margir markaðsmenn sem telja að í þeirri tegund ferðamennsku sé fólginn einn mesti vaxtarbroddur sem Íslendingar eiga í atvinnumálum um þessar mundir. Ég legg því áherslu á það að við áframhaldandi vinnu samgrh. varðandi ferðamál verði haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð er í stefnumótuninni í VIII. kafla um sjálfbæra ferðamennsku. Annað sem ég vil ítreka er að þegar farið verður í að kynna ferðaþjónustu hér á landi, þá þarf sérstaklega að kynna þá ferðamennsku sem rekin er á vistvænan hátt sem slíka. Það er mjög mikilvægt og lögð áhersla á það hjá þeim sem aðhyllast vistvæna ferða-

mennsku. Ég fagna því að þegar er þessi tillaga búin að hafa áhrif á stefnumörkun í ferðamálum hér á land og ég vona að þessum málum sem hér eru nefnd verði hrint í framkvæmd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, síðari umr.

Þáltill. MF, 71. mál. — Þskj. 71, nál. 1085.

[22:16]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um skipun nefndar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk sendar umsagnir frá allmörgum aðilum sem eru tíundaðir í nefndarálitinu. Það er skemmst frá að segja að tillagan fékk afar jákvæðar umsagnir og því leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með aðeins breyttu orðalagi. Rökstuðningur nefndarinnar er sá að þar sem fyrir liggur að á vegum félmrn. hefur nýlega hafið störf nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða lögin um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu að tillögugreinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu."

Fyrirsögn tillögunnar verði: „Tillaga til þingsályktunar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra."

Hér er aðeins gerð örlítil breyting sem felst í því að í stað þess að tillagan kveði á um að skipuð verði sérstök fimm manna nefnd, þá má segja að það sé opið fyrir félmrh. að ákveða hvort hann skipar sérstaka nefnd eða hvort málinu verður vísað inn í þennan farveg endurskoðunarinnar um málefni fatlaðra. Ég held að ég geti fullyrt samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust hv. félmn. að í þeirri nefnd er fullur vilji til þess að skoða þetta eins og annað sem snýr að málefnum fatlaðra.

[22:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. félmn. fyrir jákvæða afgreiðslu þessarar tillögu og sé ekki að það skipti neinu hvort þarna er kveðið fast á um fimm manna nefnd eða hæstv. ráðherra sjái eða láti kanna nákvæmlega sömu þætti og um gat í tillögunni. E.t.v. verður þetta til þess að starfinu ljúki fyrr en ella vegna þess að það eru tímatakmörk á endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra. Ég tek það svo að þegar þeirri endurskoðun lýkur, þá muni jafnframt liggja fyrir niðurstaða af þeirri könnun sem hér um ræðir.

Ég vil þakka nefndinni fyrir niðurstöðuna og góða vinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir í ferðaþjónustu, síðari umr.

Þáltill. TIO o.fl., 76. mál. — Þskj. 76, nál. 1134.

[22:19]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgn. um till. til þál. um rannsóknir í ferðaþjónustu. Samgn. fjallaði um málið og fékk á sinn fund gesti og jafnframt voru sendar umsagnir um tillöguna frá ýmsum aðilum.

Meginefni þessarar tillögu er að stuðla að eflingu rannsókna í ferðaþjónustu, tryggja grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni og stuðla að jafnvægi í fjárfestingu og að gripið verði til ráðstafana í þessu sambandi.

Í nýútkominni skýrslu samgönguráðuneytisins um stefnumótun í ferðaþjónustu er m.a. fjallað um menntun og rannsóknir. Þar er talið að bjóða eigi upp á menntun í ferðaþjónustu á háskólastigi og að menntun og starfsþjálfun í ferðaþjónustu verði einnig í boði á öðrum skólastigum. Þá er samkvæmt skýrslunni stefnt að því að rannsóknastarfsemi á sviði ferðamála verði efld þannig að hún verði í fullu samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar og styðji við stefnumótun, markaðsstarf, vöruþróun og gæðaeftirlit í atvinnugreininni.

Í þáltill. sem hér er til umræðu og umfjöllunar er lagt til að gagnamiðstöð verði stofnuð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri og að rannsóknarfulltrúi starfi þar. Þetta er rökstutt með því að skrifstofan á Akureyri sér í dag um upplýsingaöflun og útgáfu, umhverfismál, markaðsráðgjöf innan lands og öll samskipti við innlenda ferðaþjónustuaðila. Í gagnagrunni skrifstofunnar er m.a. að finna upplýsingar um alla ferðaþjónustu á Íslandi. Þá hefur Háskólinn á Akureyri lýst áhuga á að setja á stofn rannsóknadeild ferðamála innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Þá er lagt til að stofnaður verði sérstakur rannsóknasjóður við Ferðamálaráð Íslands. Nefndin telur ekki þörf á að koma á sérstökum rannsóknasjóði og telur eðlilegt að rannsóknir verði fjármagnaðar með öðrum hætti. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytngu, þ.e. að 2. tölul. sem fjallar um þennan tiltekna sérstaka rannsóknasjóð falli brott.

Undir þetta nefndarálit skrifa sá sem hér stendur, formaður og frsm., Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson og Ragnar Arnalds. Ásta R. Jóhannesdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

[22:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir efni þáltill. um rannsóknir í ferðaþjónustu, en vildi gjarnan miðað við þetta nefndarálit sem hér er fá að heyra það hver er kostnaðurinn. Þarna er verið að setja upp a.m.k. eitt stöðugildi á Akureyri, búa til eða efla það starf sem þar er fyrir á skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri og það er engin tímasetning. Það er ekki miðað við gildistöku fjárlaga fyrir árið 1997 þannig að það hlýtur að eiga að setja þetta á stofn nú þegar. Mér þætti vænt um að heyra hvað þetta kostar og tek undir afgreiðslu nefndarinnar um hvort ekki hefði verið eðlilegt að vísa þessu, eins og þeirri tillögu sem hér var verið að ræða um áðan um græna ferðamennsku og stefnumörkun, til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn og að ríkisstjórnin tæki ákvörðun eða Alþingi við afgreiðslu fjárlaga hvort það yrði sett á fót þarna

stöðugildi. Jafnframt vildi ég fá að heyra hjá framsögumanni nefndarinnar: Hvað þýðir þetta: „Nefndin telur ekki þörf á að koma á sérstökum rannsóknasjóði og telur eðlilegt að rannsóknir verði fjármagnaðar með öðrum hætti." Hvað þýðir þessi afgreiðsla nefndarinnar?

[22:23]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. samgn. fyrir að hafa unnið vel í þessu máli og tekið á því með eðlilegum hætti. Það er staðreynd að rannsóknir í ferðaþjónustu hafa setið nokkuð á hakanum og aðstaða til rannsóknastarfsemi fyrir þessa mikilvægu atvinnugrein hefur ekki verið sambærileg við þá aðstöðu sem aðrar atvinnugreinar hafa notið. Það er verið að reyna að lagfæra þetta á ýmsan hátt og nefni ég þar sérstaklega það hvernig Rannsóknarráð Íslands hefur tekið á málefnum ferðaþjónustunnar, þ.e. þannig að nú eru veittir styrkir á vegum Rannsóknarráðs Íslands til ferðaþjónustuverkefna en áður fyrr heyrði það til hreinna undantekninga að það væri gert.

Sú þáltill. sem hér er til umræðu er liður í því að styrkja stoðkerfi ferðaþjónustunnar og er rétt að það komi fram í þessu sambandi vegna athugasemda hv. 5. þm. Suðurl. að í þingskjalinu þar sem þessi tillaga er sett fram og studd greinargerð, kemur fram kostnaðaráætlun sem ætti að svara a.m.k. að hluta til fyrirspurn hans hér áðan

Það er gert ráð fyrir því að launakostnaður verði um 2,5 millj. á ári og það er gert ráð fyrir því að undirbúningsvinnu fylgi nokkur kostnaður og er hann áætlaður um 500 þús. kr. fyrsta árið en eftir það nokkru lægri. Það er því talað um um það bil 3 millj. kr. kostnað. Rétt er að geta þess að sá kostnaður sem þarna er um að ræða er ekki rannsóknakostnaður. Hann er ekki framlag til rannsókna í sjálfu sér, heldur miðar tillagan fyrst og fremst að því að skapa tækifæri og möguleika og eiginlega verkfæri til þess að Ferðamálaráð geti ýtt undir rannsóknir á sviði ferðamála.

Staða Ferðamálaráðs til þess að gera slíkt hefur verið mjög þröng. Eins og þingmönnum er kunnugt, þá fara þeir fjármunir sem Ferðamálaráð hefur úr að spila að mestu leyti til kynningarstarfs, mjög nauðsynlegs kynningarstarfs sem í raun þyrfti að vera mun meira. Ferðamálaráð hefur sjálft komið sér upp smávægilegum fjármunum til þess að stunda rannsóknir. Þeir nema á þessu ári 1,5 millj. sem er að sjálfsögðu mjög takmarkað fé.

Hér er lagt til að fella út úr þáltill. hugmyndir um að stofna sérstakan rannsóknasjóð og verður bara að sætta sig við þá afgreiðslu. Nefndin hefur komist að þessari niðurstöðu. En það er rétt að geta þess í þessu sambandi að á sviði t.d. byggingarstarfsemi, ef við tökum það sem dæmi, þá hefur það einmitt verið talinn kostur innan Rannsóknarráðs Íslands að framlög komi frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til verkefna og þá styrkir Rannsóknarráð Íslands oft á móti. Stundum standa þrjár stofnanir að slíkum verkefnum og þar af leiðandi liðkar það til, það liðkar til fyrir rannsóknaverkefnum ef hægt er að koma til móts við framlög Rannsóknarráðs Íslands með sérstökum framlögum.

Auðvitað má segja sem svo og rökstyðja niðurstöðu hv. samgn. að það sé til Ferðamálasjóður og hann geti í sjálfu sér veitt fjármagn til rannsókna í ferðamálum. Það hefur sjóðurinn hins vegar ekki gert. En það er hægt að styðja það með rökum að sjóðurinn geti gert slíkt. Samþykktir sjóðsins og lög um sjóðinn eru slík að það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að sá sjóður styrki rannsóknaverkefni í ferðaþjónustu.

Ég vil þar af leiðandi fagna afgreiðslu nefndarinnar. Hún hefur unnið eðlilega og vel að þessu máli. Ég er sannfærður um það að niðurstaða hennar mun styrkja starfsemi ferðaþjónustunnar. Hún mun ýta undir rannsóknastarfsemi í ferðaþjónustu. Ég vil því eindregið koma á framfæri þökkum mínum fyrir starfið í nefndinni.

[22:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. formanni samgn. í framsögu fyrir þessu nefndaráliti, hef ég skrifað undir málið með fyrirvara. Ég var á þeirri skoðun að það hefði verið eðlilegra að þetta mál hefði fengið sömu afgreiðslu og stefnumótun í grænu ferðamennskunni og að málinu hefði verið vísað til ríkisstjórnarinnar því að það hefði mátt gera með sömu rökum því að í stefnumótunarplaggi ráðherrans þar sem fjallað er um menntun og rannsóknir í ferðaþjónustu er búið að taka inn rannsóknaþáttinn, það er fjallað um gagnamiðstöð sem nefnd er í þál. og einnig hvað varðar menntunina. En þar sem það var meiri hluti í nefndinni fyrir því að málið fengi þessa afgreiðslu og ég hef talið mjög mikilvægt að rannsóknir í ferðaþjónustu verði efldar, því þetta er einn helsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu hjá okkur, þá vildi ég leggja þessu máli lið með því að skrifa undir tillöguna en þó með fyrirvara.

Ég tel óeðlilegt að tiltaka í slíkri tillögu hvar rannsóknir skuli fara fram, enda má sjá það í stefnumótun ráðherrans í ferðamálum varðandi rannsóknir og menntun að þar er ekki tekin afstaða til staðsetningar, þ.e. hvar þessi vinna fer fram. Ég lít því ekki á þessa tillögu sem viljayfirlýsingu samgn. um það hvar þessi rannsóknavinna fari fram á landinu. Það tel ég að sé annarra að ákveða en þeirra sem samþykkja eða leggja fram tillögu um rannsóknir í ferðaþjónustu. Rannsóknir út af fyrir sig eru nauðsynlegar, ég get tekið undir það og styð það bæði í tillögunni og í stefnumótun ráðherrans sem komin er fram. En það er annarra að ákveða hvar þær skuli fara fram.

Ég vil einnig gagnrýna það í þessu máli að ferðamálafræðingar, þeir sem eru menntaðir til að sinna þessum störfum og jafnvel þessum rannsóknum, var ekki gefinn kostur á að senda inn umsögn um þetta mál. Þeir hafa lýst því yfir að þeir eru andvígir því að tekin sé ákvörðun um það hvar þessi rannsóknavinna skuli fara fram og hafa komið þeim mótmælum á framfæri við mig, þeir og þeirra félagsskapur. Ég vil því gagnrýna það, þó svo að ég telji mjög mikilvægt að það verði farið í þessa vinnu við rannsóknir í ferðaþjónustu.

Varðandi sérstakan sjóð, rannsóknasjóð, þá er ég sammála því sem kom fram hjá fulltrúum þeim sem komu á fund nefndarinnar að það þætti ekki eðlilegt að settur yrði sérstakur sjóður á laggirnar. Ég tek undir að það er eðlilegt að rannsóknir verði fjármagnaðar með öðrum hætti enda margir sjóðir sem styðja rannsóknir á sviði atvinnulífsins. Ég tel að ferðamennskan og ferðaþjónustan eigi að falla undir þá eins og aðrar atvinnugreinar í landinu.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir að menn hafa verið sammála um að efla rannsóknir í ferðamennsku og tel það góðra gjalda vert.

[22:33]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að gera athugasemdir við málflutning hv. 18. þm. Reykv. Í fyrsta lagi er ekki hægt að jafna saman þessum tveimur málum, þ.e. annars vegar stefnumótun í grænni ferðamennsku og þessu þingmáli sem hér er til umræðu. Þál. um græna

ferðamennsku var stefnumótunarþingsályktun og fellur því algerlega inn í þá vinnu sem hefur verið unnin á vegum hæstv. samgrh. Hins vegar er sú tillaga sem hér er um að ræða ekki stefnumarkandi. Rannsóknir í ferðaþjónustu og aðstaða til að ýta undir slíkar rannsóknir er verkfæri til framkvæmda en ekki stefnumarkandi. Það er sama hvaða stefna hefði verið tekin í málefnum ferðaþjónustunnar, aðstaða til rannsókna hefði samt alltaf verið jafnnauðsynleg. Þetta er því ekki sambærilegt. Hér er ekki um að ræða fyrst og fremst málefni sem er stefnumörkun heldur er verið að búa til ákveðna möguleika fyrir Ferðamálaráð í þessu tilfelli til þess að ýta undir rannsóknir. Hér er þess vegna um framkvæmd að ræða en ekki stefnumörkun. Þessi ályktun hefði verið nákvæmlega jafnmikilvæg þótt stefnan sem samgrh. hefur tekið í sjálfu sér hefði verið einhver önnur og marka ég það af því að það hefur lengi vantað þessa aðstöðu. Og ég býst við að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir átti sig á því eins og aðrir þingmenn hér í salnum að þessa aðstöðu hefur vantað.

Í öðru lagi langar mig til að geta þess að talað er um gagnamiðstöð á Akureyri. Þar er þegar kominn grunnur að slíkri miðstöð og með nútímagagnaflutningum er þetta ekkert vandamál í sjálfu sér enda hefur það komið í ljós í sambandi við menntanetið sem var sett upp á Kópaskeri að slíkar aðstæður er hægt að setja upp hvar sem er á landinu og vil ég vekja athygli hv. þm. á þessu.

[22:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að þetta séu ekki sambærilegar tillögur. Berum hér saman hvernig ályktunin hljóðar á þskj. Hún hljóðar svo: „Alþingi ályktar að brýnt sé að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og tryggja með þeim hætti grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni og stuðla að jafnvægi í fjárfestingu. Í því skyni verði gripið til eftirfarandi ráðstafana:“ Það var einmitt eitt af því sem gagnrýnt var í samgn. hversu ómarkvisst tillagan hljómaði á þskj. Þetta er nákvæmlega sama og stendur í stefnumótun ráðherrans. Rannsóknastarfsemi á sviði ferðamála verði efld þannig að hún verði í fullu samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar og styðji við stefnumótun, markaðsstarf, vöruþróun og gæðaeftirlit í atvinnugreininni. Þetta er vilji ráðherrans.

Varðandi gagnamiðstöðina er það alveg rétt og ég mótmælti því alls ekki að hún væri staðsett á Akureyri. Það var ekki ákvörðun sem tekin var með þessari þáltill. heldur var það ákvörðun ráðherrans í málaflokknum og ég tel það eðlilegt. Tillagan breytir því ekki neitt og þess vegna gagnrýndi ég að verið væri að taka til þess í þáltill. hvar rannsóknir skuli fara fram.

[22:36]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, 8. þm. Reykv., að einmitt í þáltill. er verið að gera grein fyrir ákveðnum ráðstöfunum, framkvæmdum sem þarf að grípa til til þess að hægt sé að efla rannsóknir í ferðaþjónustu. Þannig er verið að tala um framkvæmdir í þessari tillögu og það eru tiltekin nákvæm framkvæmdaatriði. Hafi það verið gagnrýnt í nefndinni að þessi tillaga væri ónákvæmt orðuð þá kemur það ekki fram í nál. þannig að hv. þm. er þarna að upplýsa þingheim um eitthvað sem hefur farið fram í spjalli milli manna í nefndinni og verð ég nú að gera athugasemdir við það.

Að því er lýtur að því að óeðlilegt sé að það komi fram í þessari þáltill. hvar þetta skuli staðsett og það sé annarra að ákveða það þá vil ég geta þess að hér fór á sínum tíma fram athyglisverð umræða um flutning Skógræktar ríkisins austur á land. Alþingi ákvað að flytja Skógrækt ríkisins austur á land þannig að það var tekin afstaða til staðsetningarinnar sem hluta af byggðapólitík og síðan framkvæmdi hæstv. þáv. samgrh., Steingrímur J. Sigfússon, þennan vilja Alþingis þannig að það er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi taki afstöðu til staðsetninga slíkra stofnana. Stundum hefur verið sagt að það væri erfitt að flytja stofnanir út á land sem væru þegar rótgrónar hér í Reykjavík. Það tókst reyndar í þessu sambandi. Það tókst að flytja Skógrækt ríkisins út á land. En í sambandi við þá umræðu þá hefur einmitt verið bent á að það væri í vissum tilfellum auðveldara að búa til, skapa nýjar stofnanir úti á landi. Og það er einmitt það sem hér er verið að gera í þessari tillögu og í niðurstöðu hv. samgn. Það er verið að leggja til að stofnun sem ekki er til nú, ríkisstofnun, að vísir að slíkri stofnun verði til og það á Akureyri og það er ekkert óeðlilegt við þetta. Þetta fellur algjörlega inn í þær hugleiðingar og þær áhyggjur sem Alþingi hefur iðulega haft af byggðamálum.

[22:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það er ekkert því til fyrirstöðu að slík ákvörðun sé sett inn í þáltill. en ég tel það óeðlilegt og ég er á móti því. Og það kom mjög skýrt fram í mínu máli. Það er ekki þar með sagt að ég sé á móti því að þetta verði staðsett þar sem hv. þm. leggur til í sinni tillögu. Ég tel persónulega óeðlilegt að það sé tekið til þess í þáltill. Það hlýtur hv. þm. að skilja. Það er mín afstaða. (**TIO:** Það vantar rök.) Rökin voru komin fram í málinu. Ég tel að ákvörðunin sé ráðherrans. Ráðherrann hefur ákveðið að gagnavinnslan skuli vera þar sem hún er staðsett og það er ágætt. Aftur á móti tel ég ekki að þingið eigi að vera að taka afstöðu í því máli.

[22:40]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fáein orð til að svara spurningum sem til mín var beint. Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir um kostnaðinn. Það kom fram í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich, 5. þm. Norðurl. e., að kostnaðaráætlun fylgdi sjálfri þál. í upphafi og tel ég það mjög til fyrirmyndar. Það er gert varðandi stjfrv. og ég held að það sé gott að hún fylgi eins og hér er. Á öftustu síðu er áætlun um kostnað við ráðningu á deildarstjóra yfir deild ferðamála o.s.frv. Það hefur komið fram að kostnaðurinn muni vera um 3 millj. kr.

Það er ekki á þessu stigi eðlilegt að samgn. Alþingis taki ákvörðun um það hvernig þessum kostnaði sé mætt í sjálfu sér. Það er gerð hér ákveðin tillaga um það hvernig þessu skuli skipað, en það er þá seinni tíma mál að taka ákvörðun um það hvort að það sé fjármagnað innan vébanda Ferðamálaráðs eða gert með einhverjum öðrum hætti. Það verður bara að koma í ljós. Við erum að taka hér afstöðu til ákveðinnar stefnumótunar eða hugmyndar.

Við ræddum allnokkuð um það hvort það væri eðlilegt að hafa þennan svokallaðan rannsóknasjóð sem sérstakan sjóð eða hvort það væri eðlilegra að rannsóknir í ferðamálum væru fjármagnaðar með einhverjum öðrum hætti, t.d. með því að Rannsóknarráð kæmi beint að málum, Ferðamálasjóður, háskólastarfsemi, t.d. á Akureyri eða annars staðar. Við komumst ekki að neinni annarri niðurstöðu en þeirri að það

sjónarmið var ríkjandi í nefndinni eða a.m.k. í meiri hluta hennar að það væri eðlilegra á þessu stigi a.m.k. að vera ekki að stofna sérstakan sjóð. Og það varð niðurstaðan.

Ég vil hins vegar í sambandi við það sem hv. 18. þm. Reykv. sagði um að félag ferðamálafræðinga hefði ekki fengið þetta mál til umfjöllunar upplýsa að þetta var sent til ótalmargra aðila. Hafi Félag ferðamálafræðinga haft áhuga á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina þá hefðu verið til þess ótal tilefni. Það er mjög algengt að aðilar sem ekki fá mál til meðhöndlunar skrifi bréf þess efnis en það var ekki gert. Ég tel því að þetta sé óþarfa umkvartanir.

[22:42]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer nú að velta því fyrir mér hvað það er hér sem við erum að samþykkja eða lagt er til að verði samþykkt. Kostnaðaráætlunin sem fylgir á öftustu síðu er þess efnis að það er verið að ráða deildarstjóra yfir deild ferðamála innan Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri. Tillagan hins vegar sem er á fyrstu síðu segir ekkert um það, ekki neitt. En í nál. sem kemur frá samgn. segir hins vegar: „Þá hefur Háskólinn á Akureyri lýst áhuga á að setja á stofn rannsóknadeild ferðamála innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.“ En tillagan sjálf er um það í fyrsta lagi að stofnuð verði gagnamiðstöð og í öðru lagi að stofnaður verði rannsóknasjóður, það er búið að fella það út, og að stofnuð verði staða rannsóknafulltrúa við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands. En kostnaðaráætlunin á við allt aðra hluti. Hún er frá háskólanum sem fylgiskjal ásamt bréfi sem er sent sem minnisblað til menntmrh. frá Háskólanum á Akureyri, rannsóknadeild ferðamála. Ég vil fá að vita, virðulegi forseti, hvort við erum að samþykkja að stofna deild innan Háskólans á Akureyri. Samkvæmt kostnaðaráætlun virðist svo vera. Eða er verið að samþykkja tillöguna eða er það hvort tveggja sem sem hér er lagt til að samþykkt verði? Ég er ekki á nokkurn hátt á móti efni tillögunnar, finnst það mjög gott að þetta sé samþykkt. En ég tel það hins vegar afar einkennilega afgreiðslu að vísa til þessarar kostnaðaráætlunar sem er um allt aðra þætti og koma með það hér að þetta sé kostnaður upp á um 3 millj. kr. og vísa beint í þessa kostnaðaráætlun sem gerð er um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Þetta er mjög sérkennilegur málflutningur svo ekki sé nú meira sagt.

[22:44]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst mál að það sem verið er að samþykkja hérna er tillögugreinin sjálf. Það er nákvæmlega það. Og tillögugreinin sjálf er mjög skýr. Þar er kveðið á um það í fyrsta lagi að stofnuð verði gagnamiðstöð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri, stofnuð verði staða rannsóknafulltrúa við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri o.s.frv. Tillögugreinin er ákaflega skýr. Það er það sem máli skiptir í þessu sambandi. Ég vék fyrst og fremst að því að í upphaflegri tillögugrein fylgdi kostnaðaráætlun með sem fylgiskjal. Það var að vísu alveg rétt að hún átti við Háskólann á Akureyri en gaf vísbendingu samt sem áður um málið. Það kann að vera að ég hafi ekki verið nægilega nákvæmur áðan en það finnst mér ekki vera aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er auðvitað þetta sem hv. þm. sagði. Hv. þm. sagðist vera fjarri því að vera ósáttur við tillögugreinina eins og hún birtist. Það er það sem við erum að ræða um. Það er það sem málið snýst um, það er það sem við erum að taka afstöðu til og ég vona að þinginu auðnist að taka jákvæða afstöðu til þessa ágæta máls.

[22:46]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram bæði hjá hv. formanni nefndarinnar og hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að þetta væri kostnaðaráætlunin. Það sem skiptir máli er tillögugreinin og hér er verið að samþykkja stöðugildi, það er verið að setja á stofn ákveðið embætti á Akureyri. Hvað kostar það? Við höfum staðið í þessum ræðustól og rífist fram og aftur um einstaka stöðugildi innan stofnana ríkisins og það hefur verið skorið niður hjá ýmsum stofnunum ríkisins. Er þá ekki eðlilegt að við samþykkjum þennan kostnað um leið með einhverjum hætti ef þessu ekki vísað til afgreiðslu fjárlaga? En það er alveg á hreinu að það er ekki verið að samþykkja þessa beiðni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:47]

Útbýting þingskjals:

Kærur vegna iðnlagabrota, 517. mál, svar dómsmrh., þskj. 1152.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, síðari umr.

Þáltill. GE o.fl., 89. mál. — Þskj. 91, nál. 1099.

[22:48]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1099 frá samgn. um till. til þál. um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra.

Fram hefur komið að stofnkostnaður við notkun steinsteypu til slitlagsgerðar er hár og því hefur hingað til verið talið að slíkt svaraði ekki kostnaði nema þar sem umferð er mikil. Reynsla af notkun steinsteypu er hins vegar góð og hún talin nýtast vel sem undirlag.

Nefndin leggur til, með hliðsjón af umsögn iðnaðarnefndar og umsögnum um samhljóða tillögu frá 117. löggjafarþingi frá Vegagerð ríkisins, Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas hf., Sementsverksmiðjunni hf. og borgarverkfræðingnum í Reykjavík, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo: „Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagsumferð er mikil og við flugvallagerð. Könnunin nái til nýlagningar og endurnýjunar slitlags og verði lokið á árinu 1997.“

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Undir nefndarálitið rita Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds og Gísli S. Einarsson.

[22:49]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég kem aðeins upp til þess að þakka hv. samgn. fyrir snöfurmannleg vinnubrögð og sérstaklega vil ég þakka hv. formanni samgn. fyrir að standa við þau fyrirheit sem hann gaf fyrr í vetur þegar þáltill. þessi var til

umfjöllunar um að hann skyldi leggja sitt af mörkum til þess að koma málinu í gegn.

Þetta er þriðja þingið sem málið hefur verið í umfjöllun og það er einhvers staðar á milli 12 og 15 núverandi og fyrrverandi þingmenn sem hafa verið meðflutningsmenn. Það sýnir að menn hafa verið sáttir við þetta mál sem hér er á ferðinni en af einhverjum ástæðum hefur mönnum þótt það þurfa trúlega meiri þroska í umfjöllun þingsins. Það er kannski þannig sem þetta er.

Ég er sannfærður um að með samþykkt tillögunnar erum við að styrkja atvinnustarfsemi í landinu. Við erum að auka notkun varanlegra íslenskra efna í slitlagsgerð, við erum með umhverfisbætandi efni og við erum að gæta aukinnar hagkvæmni.

Ég vil einnig nota tækifærið, herra forseti, til að þakka iðnn. sérstaklega fyrir umfjöllun um málið. Í fskj. sem fylgir með nefndaráliti kemur fram með raunverulega skarpari orðun, markvissari umsögn en jafnvel í tillögunni sjálfri. Ég tel ástæðu til að þakka og ég lít til þess að málið verði okkur mjög til góða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, síðari umr.

Þáltill. MF o.fl., 109. mál. — Þskj. 115, nál. 1127.

[22:52]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir um hana frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði, Kennarasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og félagsmálaráðuneyti.

Tillagan miðar að því að gerð verði rækileg og víðtæk rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna og að úttektin taki bæði til opinberra starfsmanna og launafólks á almennum vinnumarkaði. Auk þess verði hugað að samanburði á milli einstakra hópa og samspili samningsbundinna launataxta og yfirborgana eða hins opna og dulda hluta launakerfisins. Í umsögn kjararannsóknarnefndar kemur fram að nefndin og Hagstofa Íslands hafa þegar tekið upp samstarf um framkvæmd reglubundinna launakannana sem eiga að ná til allra höfuðatvinnugreina og starfsgreina á vinnumarkaði. Þessar nýju og breyttu kannanir munu hefjast á þessu ári og búist er við fyrstu niðurstöðum í ársbyrjun 1997. Kannanirnar munu í höfuðatriðum ná yfir þau atriði sem tillagan byggist á. Með hliðsjón af efni tillögunnar þykir rétt að beina því til kjararannsóknarnefndar og Hagstofu Íslands að unnið verði á þeim forsendum sem tillagan gerir ráð fyrir þannig að tryggt sé að árangurinn verði ítarlegt yfirlit yfir launa- og starfskjör landsmanna.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir tillöguna rita ásamt þeirri sem hér stendur Pétur Blöndal, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Arnþrúður Karlsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir.

[22:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. félmn. fyrir að gera tillögu um að málið verði afgreitt. Það er mikilsvert að fá botn í málið og ég þakka nefndinni og formanni hennar fyrir skörulega afgreiðslu á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar þilfarsfiskiskipa, síðari umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 189. mál. — Þskj. 237, nál. 1098.

[22:55]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1098 um till. til þál. um breytingu á merkingum þilfarsskipa frá samgn.

Samgn. fjallaði um málið og fékk á sinn fund Pál Hjartarson frá Siglingamálastofnun ríkisins.

Nefndin fékk sendar umsagnir um tillöguna frá Siglingamálastofnun ríkisins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Eftir skoðun nefndarinnar á tillögunni og ábendingar leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo: „Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð nr. 493/1986, um merkingu skipa, þannig að krafa verði gerð um að þilfarsfiskiskip séu merkt með kallmerki skipsins til viðbótar öðrum merkingum sem gerð er krafa um í sömu reglugerð. Við útfærslu slíks ákvæðis og gildissvið skal tekið mið af alþjóðlegum tilmælum um merkingar fiskiskipa.“

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Undir nefndarálitið skrifa Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds og Gísli S. Einarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsþjálfun í fyrirtækjum, síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 210. mál. — Þskj. 271, nál. 1013.

[22:57]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um opinberan stuðning við starfsþjálfun í fyrirtækjum frá menntmn.

Í tillögunni er kveðið á um mótun stefnu um starfsþjálfun sem hvetur til aukinnar þátttöku fyrirtækja í verknámi. Fyrirtæki og stofnanir gegna nú þegar mikilvægu hlutverki í starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Í nýsamþykktum lögum um framhaldsskóla er stórt skref stigið í því að skilgreina hlutverk og ábyrgð fyrirtækja í menntunarmálum þó að ekki sé þar tekið á öllum atriðum er varða þjálfun nemenda á

vinnustað. Ljóst er að í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla verður að huga að starfsþjálfun í fyrirtækjum, meðal annars í anda tillögu þessarar.

Menntmn. leggur einróma til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, síðari umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 261. mál. — Þskj. 454, nál. 1143.

[23:00]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allshn. á þskj. 1143, um till. til þál. um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá dómsmrn. og Blaðamannafélagi Íslands. Tillagan fjallar um endurskoðun á gildandi lögum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Sérstaklega verði 53. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, skoðuð og mat lagt á hvort þörf sé á frekari löggjöf sem miði að því að tryggja aðstöðu blaðamanna og annars fjölmiðlafólks við störf sín. Í umsögn dómsmrn. er bent á að dómsmrh. hafi þegar falið réttarfarsnefnd að framkvæma heildarskoðun á lögum um meðferð opinberra mála og er þar lagt til að þetta mál verði tekið til sérstakrar athugunar í því sambandi.

Með hliðsjón af framansögðu leggur allshn. til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Jóhanna Sigurðardóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn allshn. nöfn sín.

[23:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm. allshn. hljóðar þessi þingsályktun á þá leið að fela dómsmrh. að skipa nefnd sem hafi það verkefni að endurskoða gildandi lög um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Við þá endurskoðun verði 53. gr. laga nr. 19/1991 skoðuð sérstaklega og lagt mat á það hvort þörf sé á frekari löggjöf sem miðar að því að tryggja aðstöðu blaðamanna og annars fjölmiðlafólks við starfa sinn, svo sem vernd þeirra gagna sem fjölmiðlamenn komast yfir, vernd starfsstöðvar þeirra og fleira gegn rannsóknaraðgerð yfirvalda.

Eins og kemur fram í nefndaráliti frá hv. allshn. er bent á að dómsmrh. hafi þegar falið réttarfarsnefnd að framkvæma heildarskoðun á lögum um meðferð opinberra mála sem þessi áðurnefnda 53. gr. er hluti af. Ég legg áherslu á að við þessa vinnu verði skoðuð önnur lög sem lúta að því að treysta trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Við þá vinnu þyrftu fulltrúar frá Blaðamannafélagi Íslands að koma að málinu en það var gagnrýnt við umræðu um þessa þingsályktun fyrr í vetur að þegar 53. gr. var síðast breytt var ekki leitað álits Blaðamannafélags Íslands eða annarra slíkra samtaka og það er gagnrýni vert og tel ég mjög mikilsvert að blaðamenn komi að þessari vinnu.

Það er mjög mikilvægt fyrir lýðræðið og frjálsa fjölmiðlun að fjölmiðlamenn njóti sömu eða sambærilegrar verndar samkvæmt lögum hér á landi og blaðamenn njóta í nágrannalöndunum, þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Það er grundvallarréttur fjölmiðlamanns að vernda heimildir sínar, réttur sem er virtur í öllum lýðræðisríkjum. Það er því mikilvægt við þessa vinnu sem dómsmrn. eða réttarfarsnefnd er að vinna varðandi meðferð opinberra mála að í því sambandi verði skoðuð önnur lagaákvæði sem fjalla um trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra með tilliti til þess að styrkja starfsskilyrði þeirra og þeir skoði þá reglur um húsleit, símahleranir og fleira í því sambandi. Ég vona að hæstv. dómsmrh. taki tillit til þessa og fari í þá vinnu sem óskað er eftir í þessari þál. Það er mjög mikilvægt fyrir fjölmiðlamenn og blaðamenn í vinnu sinni eins og kemur mjög skýrt fram í þeirri greinargerð sem hér fylgir með og dæmi eru um í því máli sem kom með greinargerðinni sem fylgiskjal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 580, nál. 960 og 997, brtt. 961 og 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]

Till. í nál. 997 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Eins og rökstutt er í nefndaráliti minni hluta samgn. er um að ræða frv. sem er ákaflega illa undirbúið þrátt fyrir langan meðgöngutíma. Það vekur að sumu leyti fleiri spurningar en það svarar og það svarar í engu þeim kröfum sem eftir er leitað, þ.e. tilraunum til þess að mæta örri og breytilegri þróun í símamálum og fjarskiptamálum. Eins og hér segir vekur þetta eðlilega spurningar og tortryggni af hálfu starfsmanna og aukin heldur er allsendis óljóst hver framtíð þessa fyrirtækis verður í höndum samgrh. sem samkvæmt frv. er nánast allsráðandi um málið. Í því ljósi segi ég já og tel einsýnt ef standa á almennilega að málinu að vísa því til ríkisstjórnarinnar til frekari umhugsunar og athugunar.

[23:10]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það þarf að vinna þetta mál miklu betur. Í fyrsta lagi þarf að rökstyðja miklu betur að það sé yfirleitt

nauðsynlegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma frá því sem nú er. Í öðru lagi þarf að athuga betur aðra kosti en þann að stofna hlutafélag um þessa starfsemi, t.d. þann kost sem nefndur er í nefndaráliti minni hlutans. Í þriðja lagi þarf að ganga frá aðskilnaði þessara tveggja þátta í starfsemi Pósts og síma, þ.e. póstþjónustunnar og símaþjónustunnar, og komast að rökstuddri niðurstöðu um það hvaða rekstrarform hentar hvorum þjónustuþætti fyrir sig. Í fjórða lagi þarf að gaumgæfa það rekstrarform sem lagt er til í þessu frv. og þátt samgrh. í því dæmi með tilliti til eðlilegra og góðra stjórnunarþátta þannig að ekki sé verið að fela ráðherra mörg hlutverk sem rekast hvert á annað. Loks þarf að fara rækilega yfir öll atriði sem lúta að réttindum starfsfólks, hvaða umhverfi mætir því í nýju fyrirtæki, hvernig líklegt er að það þróist í framtíðinni og hver verður réttarstaða starfsfólksins við stofnun dótturfyrirtækja og feiri slík atriði.

Herra forseti. Þetta mál þarf miklu betri undirbúning eins og hér er rakið og ber að vísa því aftur til föðurhúsanna. Ég segi já.

[23:12]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ef talið er nauðsynlegt að auka sjálfstæði Pósts og síma eru margar aðrar aðrar leiðir heppilegri tiltækar en sú sem valin er í þessu frv. Hlutafélag með aðeins einu hlutabréfi er afskaplega sérkennilegt og óvenjulegt fyrirbrigði sem ég sé ekki að eigi nokkurn rétt á sér í íslensku rekstrarumhverfi. Auk þess liggur sá grunur á að hér sé um að ræða fyrsta skrefið til algerrar einkavæðingar fyrirtækisins. Þar við bætist að réttindi starfsmanna eru í lausu lofti. Málið þarfnast sannarlega undirbúnings. Ég tel því sjálfsagt mál að það sé undirbúið fyrir næsta þing og þar af leiðandi vísað til ríkisstjórnarinnar.

[23:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er illa unnið og fjölmörgum spurningum er ósvarað. Sérstaklega gagnrýni ég mál starfsmannanna sem á að vinna í sumar. Ég tel rétt að sú vinna fari fram áður en þetta mál verður afgreitt frá þinginu, menn leggist yfir það og vinni verkið almennilega fyrir haustið. Ég styð því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og segi já.

1. gr. samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er gömul hefð í þessari stofnun að taka sérstaka afstöðu til 1. gr. frv. af þessu tagi þar sem þar koma fram stefnumótandi þættir málsins og í þessari atkvæðagreiðslu höfum við kosið að greiða atkvæði gegn þessari grein. Ástæðurnar eru margþættar en m.a. og kannski alveg sérstaklega þær að ekki hefur verið gengið frá samningum við starfsfólk. Það er mjög alvarlegur hlutur að horfa til þess sem nú er ljóst að engir samningar liggja fyrir við um það bil 2.500 starfsmenn þessarar stofnunar. Við tökum ekki þátt í lítilsvirðingu af þessu tagi og teljum því rétt að mótmæla þessu með því að greiða atkvæði gegn þessari grein.

[23:15]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sé ástæða til þess að breyta rekstrarformi Pósts og síma frá því sem nú er, þá er stofnun hlutafélags ekki eina leiðin. Ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis velja þetta form vegna þess að með því er verið að greiða leiðina að lokamarkinu sem er einkavæðing Pósts og síma. Í þessu frv. er ekkert sem tryggir að sú þróun verði til góðs fyrir neytendur og þaðan af síður fyrir ríkissjóð. Þingkonur Kvennalistans greiða því atkvæði gegn þessari grein, en sitja hjá við aðrar greinar frv. Við munum einnig sitja hjá við afgreiðslu þeirra tveggja frv. sem hér fylgja á eftir þar sem þau eru fylgihnettir þessa frv.

[23:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég ásamt öðrum þingmönnum Alþfl. mun greiða atkvæði gegn 1. gr. frv. fyrst og síðast til þess að mótmæla þeim handarbakavinnubrögðum sem hér hafa átt sér stað við vinnslu alls málsins. Sama gildir um 2. gr. frv. sem er þess eðlis að ekki er nokkur vegur fyrir hið háa Alþingi að samþykkja þá málsmeðferð sem þar er gert ráð fyrir, þ.e. þetta altæka valdaafsal í hendur framkvæmdarvaldsins, í hendur hæstv. samgrh.

Að öðru leyti munu þingmenn Alþfl. sitja hjá við greinar frv. og einnig sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins og vísa þar allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni um framhald málsins og gjörning þann sem nú fer hér fram.

2. gr., 1. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., 2. mgr., samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

2 þm. (GE, LB) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., 3.–4. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, EgJ, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,3 (ný 7. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

9.–14. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,5 (ný 15. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,6 (ný 16. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 961,7 (ný ákv. til brb., verða ákv. til brb. I–III) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 998 kölluð aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
3 þm. (GE, GÁS, GGuðbj) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, LB, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Póstlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 639, nál. 962 og 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:24]
Till. í nál. 999 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 30:16 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA*, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2.–5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 962 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 722, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053 og 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:27]
Till. í nál. 1054 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 30:15 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, LB, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,3 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

7.–11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,4 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG*, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

12. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG*, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1053,5 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:31]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Við frv. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar fluttum við þrír nefndarmenn í samgn. tillögu um að landið yrði allt eitt gjaldsvæði. Sú tillaga fékk ekki brautargengi í samgn. en varð þó til þess að meiri hlutinn sá að sér og flytur við lögin um fjarskipti þá brtt. sem nú er til atkvæða. Ég fagna þeirri tillögu vegna þess að hún felur í sér mjög mikilvægan áfanga þó hún gangi ekki nándar nærri eins langt og tillaga okkar. Hún á ekki að koma til framkvæmda fyrr en að tveimur árum liðnum en okkar tillaga átti að koma til framkvæmda nú í sumar. Vissulega ber að fagna þessum áfanga út af fyrir sig og þess vegna greiði ég tillögunni atkvæði.

[23:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið lá fyrir brtt. af hálfu minni hluta samgn. um að landið yrði eitt gjaldsvæði nú þegar í sumar, þ.e. 1. júlí nk. Það liggur jafnframt fyrir í alþjóðasamningum, sem Alþingi og Íslendingar hafa undirgengist, að 1. jan. 1998 mun bresta á samkeppni í símamálum þannig að sú tillaga sem meiri hluti samgn. hefur farið fram með þess efnis að þann 1. júlí 1998 verði landið eitt gjaldsvæði er ekki á traustum grunni byggð og vekur upp grunsemdir um það að hér sé verið að búa til óþarfavæntingar fólks á landsbyggðinni, væntingar sem hv. ríkisvald og hv. Alþingi geta ekki staðið undir þegar til kastanna kemur. Ég tek ekki þátt í slíkum loddaraleik og greiði því ekki atkvæði.

[23:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég styð þá brtt. sem hér er flutt og þó fyrr hefði verið að slíkt mál lægi fyrir þinginu. Á þinginu 1985–1986 flutti ég ásamt fleiri þingmönnum Alþb. tillögu um það að landið yrði gert að einu gjaldsvæði varðandi símaþjónustu. Við þeim tilmælum var ekki orðið á þeim tíma og tillagan var margflutt á þingi. Munurinn var meiri en áttfaldur þar sem mest var á milli langlínusamtala og staðarsímtala sem sýnir hvílíkt misrétti það er sem landbyggðarfólk hefur búið við. Við skulum vona að þetta verði úrbætur í reynd þegar þar að kemur. Ég sé ekki að Alþingi geti hvikað frá þeirri stefnu sem hér er verið að samþykkja.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1062 felld með 30:16 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:35]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ofmælt að framtíð Pósts og síma sé í mikilli óvissu. Í þeim nýju lögum um Póst og síma sem verið er að samþykkja felast heimildir til þess að búta það fyrirtæki í smærri einingar og tilgangurinn virðist fyrst og fremst vera sá að gera öðrum aðilum auðveldari samkeppnina við þær deildir Pósts og síma sem þannig mundu öðlast sjálfstæði. Ég tel hins vegar að grunnnetið í fjarskiptaþjónustunni sé þess eðlis að samfélagið allt á að hafa það í sínum höndum og eiga það. Þess vegna flytjum við þrír hv. nefndarmenn í samgn. þessa tillögu þar sem því er slegið föstu að hvernig svo sem fer um Póst og síma skuli grunnnetið í fjarskiptaþjónustunni ávallt vera í eigu ríkisins eða fyrirtækja sem ríkið á allan hlut í. Ég tel að þetta sé mjög þýðingarmikil tillaga og greiði henni atkvæði mitt.

Brtt. 1053,6 (ný 14. gr., verður 15. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Vegáætlun 1995–1998, frh. síðari umr.

Stjtill., 295. mál (endurskoðun fyrir 1996). — Þskj. 534, nál. 890 og 892, brtt. 891 og 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:38]

Brtt. 995 felld með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 891 (ný tillgr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1160).

Flugmálaáætlun 1996–1999, frh. síðari umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 640, nál. 1080, brtt. 1081.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:39]

Brtt. 1081 samþ. með 46 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1161).

Lögreglulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 783, nál. 1067, brtt. 1068.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:40]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (BH, HG, MF, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (MF, SJóh) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1068,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (MF, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (MF, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1068,2 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (MF, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1068,3–10 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

9.–35. gr., svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (MF, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

36. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (MF, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1068,11 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (ÁRJ, JóhS, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé engin rök fyrir því að forseti Íslands skipi skólastjóra Lögregluskóla ríkisins eins og greinin kveður á um enda gengur þetta gegn þeirri þróun sem verið hefur í þessu efni. Ég er líka á móti því að binda stöðu skólastjóra við lögfræðimenntun eins og greinin gerir ráð fyrir og vísa þar í álit lögreglumanna en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lögreglumenn benda á að það er gegn því sem tíðkast í nágrannalöndum að skólastjóri Lögregluskólans eigi að vera lögfræðingur. Yfirleitt er ætlast til að hann komi úr röðum lögreglumanna nema þar sem sérstakar kröfur eru gerðar um sérmenntun á sviði skólamála."

Ég sit hjá við þessa grein.

37. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (ÁRJ, JóhS, MF, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1068,12–13 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

38.–43. gr., svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (MF, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1068,14 (nýr kafli, verður X. kafli; 44. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 450. mál (ákæruvald). — Þskj. 782, nál. 1083, brtt. 1084.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:47]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1084,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1084,2 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1084,3 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
8.–11. gr. (verða 9.–12. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Staðfest samvist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 564, nál. 1070.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:49]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1 í nál. 1070 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ*, BBj, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [23:51]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að fólk í staðfestri samvist eigi að hafa sömu réttindi og aðrir þjóðfélagsþegnar hvað varðar stjúpættleiðingu. Stjúpættleiðing er í eðli sínu réttindamál þeirra barna sem hlut eiga að máli. Samkvæmt þeim skýru og gætilegu vinnubrögðum sem dómsmrn. notar í ættleiðingarmálum er öruggt að ættleiðing á sér aldrei stað nema það sé barninu óumdeilanlega fyrir bestu. Jafnframt verður það kynforeldri barnsins, sem fer ekki með forsjána, að gefa samþykki sitt og hefur þannig úrslitavald um það hvort af stjúpættleiðingu getur orðið eða ekki. Slíkar vinnureglur mundu vitanlega einnig gilda um stjúpættleiðingar í staðfestri samvist samkynhneigðra rétt eins og við aðrar stjúpættleiðingar. Ég mun þess vegna sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GGuðbj, HG, KH, LB, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 1070 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 3 í nál. 1070 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (samningar við skuldara). — Þskj. 616, nál. 1138, brtt. 1139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:54]
Brtt. 1139 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Reynslusveitarfélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (félagslegar íbúðir, atvinnuleysistryggingar). — Þskj. 685, nál. 1126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:56]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Iðnaðarmálagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 483. mál (atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 835, nál. 1028 og 1049.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
Brtt. í nál. 1028 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1049 felld með 28:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, AK, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Samningar við Færeyjar um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 470. mál. — Þskj. 805, nál. 1141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:58]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1167).

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. síðari umr.

Stjtill., 527. mál. — Þskj. 1010, nál. 1140 og 1148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:59]
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1168).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 529. mál (eingreiðsla skaðabóta). — Þskj. 1026, nál. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
nei: EgJ*.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Byggingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 536. mál (raflagnahönnuðir). — Þskj. 1077, nál. 1142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:01]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
7 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, MF, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 510. mál (sérfæði). — Þskj. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:02]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1169).

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, frh. síðari umr.

Þáltill. BH o.fl., 61. mál. — Þskj. 61, nál. 1012.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:03]
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1170).

Ólöglegur innflutningur fíkniefna, frh. síðari umr.

Þáltill. AK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62, nál. 1144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:04]
Till. í nál. 1144 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv.

Græn ferðamennska, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66, nál. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:05]
Till. í nál. 1112 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, frh. síðari umr.

Þáltill. MF, 71. mál. — Þskj. 71, nál. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:05]
Brtt. 1 í nál. 1085 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1085 (ný fyrirsögn) samþ. með 45 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, ÓÖH, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1171) með fyrirsögninni:
Þál. um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

Rannsóknir í ferðaþjónustu, frh. síðari umr.

Þáltill. TIO o.fl., 76. mál. — Þskj. 76, nál. 1134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:06]
Brtt. í nál. 1134 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, ÓÖH, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (ÁRJ, JóhS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, ÓÖH, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1172).

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, frh. síðari umr.

Þáltill. GE o.fl., 89. mál. — Þskj. 91, nál. 1099.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:07]
Brtt. í nál. 1099 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, ÓÖH, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1173).

Rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna, frh. síðari umr.

Þáltill. MF o.fl., 109. mál. — Þskj. 115, nál. 1127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:08]
Till. í nál. 1127 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

Merkingar þilfarsfiskiskipa, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 189. mál. — Þskj. 237, nál. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:09]
Brtt. í nál. 1098 (ný tillgr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1174).

Starfsþjálfun í fyrirtækjum, frh. síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 210. mál. — Þskj. 271, nál. 1013.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:09]
Till. í nál. 1013 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv.

Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 261. mál. — Þskj. 454, nál. 1143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:10]
Till. í nál. 1143 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7., 17. og 36. mál.

Fundi slitið kl. 00:11.

159. FUNDUR

þriðjudaginn 4. júní,
að loknum 158. fundi.

Dagskrá:

1. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 774 (með áorðn. breyt. á þskj. 1130). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Gjald af áfengi, frv., 269. mál, þskj. 497. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Vörugjald, stjfrv., 445. mál, þskj. 777 (með áorðn. breyt. á þskj. 1090). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 444. mál, þskj. 776. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Lögreglulög, stjfrv., 451. mál, þskj. 783 (með áorðn. breyt. á þskj. 1068). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 450. mál, þskj. 782 (með áorðn. breyt. á þskj. 1084). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Staðfest samvist, stjfrv., 320. mál, þskj. 564 (með áorðn. breyt. á þskj. 1070). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 356. mál, þskj. 616 (með áorðn. breyt. á þskj. 1139). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 390. mál, þskj. 685. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 483. mál, þskj. 835 (með áorðn. breyt. á þskj. 1028). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Almannatryggingar, stjfrv., 529. mál, þskj. 1026. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Eftirlaun alþingismanna, frv., 540. mál, þskj. 1154. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
13. Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 541. mál, þskj. 1155. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

[00:12]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Dagskrá hefur verið dreift og þarf nú að leita afbrigða. (**Gripið fram í:** Það er röng dagsetning á þessari dagskrá.) Já, það þarf ýmsar leiðréttingar við þessa dagskrá. Í fyrsta lagi er bent á að það sé röng dagsetning. Það er kominn 4. júní.

Og varðandi 10. dagskrármálið, iðnaðarmálagjald, þar vantar orðin: „með áorðnum breytingum á þskj. 1028".

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:13]

12. og 13. dagskrármál voru of seint fram komin. — Samþ. með 43 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–11. máls á dagskrá og útbýtingu þskj. 12. og 13. máls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 442. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 1150.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:15]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1176).

Gjald af áfengi, 3. umr.

Frv. MF o.fl., 269. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 497.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:15]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1177).

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (magngjald o.fl.). — Þskj. 1149.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:16]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KH*, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
12 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1178).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 776.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:17]
Frv. samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
nei: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1179).

Lögreglulög, 3. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 1162.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:17]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (MF, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1180).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 450. mál (ákæruvald). — Þskj. 1163.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:18]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1181).

Staðfest samvist, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 1164.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:18]
Frv. samþ. með 44:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
nei: ÁJ.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1182).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 356. mál (samningar við skuldara). — Þskj. 1165.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:19]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1183).

Reynslusveitarfélög, 3. umr.

Stjfrv., 390. mál (félagslegar íbúðir, atvinnuleysistryggingar). — Þskj. 685.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:19]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1184).

Iðnaðarmálagjald, 3. umr.

Stjfrv., 483. mál (atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 1166.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:20]
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1185).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 529. mál (eingreiðsla skaðabóta). — Þskj. 1026.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:21]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AK, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GÁ, GMS, HÁs, ÍGP, KHG, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1186).

Eftirlaun alþingismanna, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 540. mál (forseti Alþingis, makalífeyrir). — Þskj. 1154.

[00:21]

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Það frv. til laga um breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna sem ég mæli fyrir og flutt er af 1., 2., 3. og 4. varaforseta þingsins, snertir aðallega tvö efnisatriði í núgildandi lögum um eftirlaun alþingismanna. Hið fyrra lýtur að starfskjörum forseta Alþingis en síðara efnisatriðið lýtur að makalífeyri og stefnir að því að þrengja rétt til makalífeyris. Ég vil strax taka það fram að með samþykkt þessa frv. verður alþingismannadeildin í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ekki fyrir kostnaðarauka. Þvert á móti er um mjög mikinn sparnað að ræða sem fylgir þessu frv. og þó að ekki sé hægt að áætla það með neinni nákvæmni eðli máls samkvæmt hver sparnaðurinn verður, þá leyfi ég mér að fullyrða að sparnaðurinn nemur örugglega nokkuð á fjórða hundrað millj. kr. Stafar það af því að verið er að þrengja rétt til makalífeyris í allmiklum mæli frá því sem nú er.

Með 2. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, var stefnt að því að forseti Alþingis nyti sömu launa- og starfskjara og ráðherra. Með starfskjörum er m.a. átt við eftirlaunarétt. Eftirlaunum ráðherra er skipað með lögum og er eftirlaunasjóður ráðherra sérstök deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar þykir ekki eðlilegt að forsetar Alþingis greiði í þann sjóð eins og ráðherrar. Til þess að lögfesta fyrri ákvarðanir Alþingis um stöðu þingforseta að þessu leyti er í frv. lagt til að hann greiði af öllum launum sínum fyrir forsetastarfið í eftirlaunadeild alþingismanna og öðlist þar viðbótarrétt sem sé hiðstæður eftirlaunarétti ráðherra. Réttur ráðherra til eftirlauna er 6% fyrir hvert ár í embætti, þó aldrei meira en 50% af ráðherralaunum, þ.e. þeim launum sem ráðherrar hafa fyrir starfa sinn umfram þingfararkaupið.

Þetta er um þann þáttinn sem snýr að forseta Alþingis og er sá þáttur kostnaðarlega séð afar smár þegar hann er borinn saman við sparnaðarþáttinn sem felst í hinu meginatriði frv. En svo stendur á að samkvæmt túlkun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á 4. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, eins og henni var breytt á árinu 1982, hefur eftirlifandi mökum varaþingmanna verið greitt úr sjóðnum að lágmarki 20% af þingfararkaupi auk helmings af réttindum varaþingmannsins. Varaþingmenn sitja alla jafna stuttan tíma á Alþingi, sumir aðeins í tvær vikur og öðlast við það rétt til lífeyris sem nemur um það bil 0,08% af þingfararkaupi, þ.e. við núgildandi verðlag og launagreiðslur um 150 kr. á mánuði. Makinn fær hins vegar við andlát varaþingmannsins samkvæmt þessari túlkun lagagreinarinnar hvorki meira né minna en 40 þús. kr. á mánuði í makalífeyri.

Með frv. er afnuminn réttur eftirlifandi maka varaþingmanns til eftirlauna sem eru hærri en eftirlaun varaþingmannsins voru. Jafnframt er 4. gr. laganna breytt þannig að lífeyrir eftirlifandi maka alþingismanns eða fyrrv. alþingismanns getur aldrei orðið hærri en eftirlaun þingmannsins nema um mjög skamman tíma. Við þetta skerðast eftirlaun eftirlifandi maka alþingismanns eða fyrrv. alþingismanns ef hinn látni hefur setið á Alþingi skemur en 12 ár, en sá þingsetutími veitir rétt til 40% eftirlauna.

Rétt er að árétta það sérstaklega að með frv. er eingöngu verið að sníða vankanta af lögunum eins og þau eru nú og samræma þau fyrri ákvörðun Alþingis um launa- og starfskjör forseta þingsins, en frv. felur ekki í sér almenna endurskoðun laganna um eftirlaun alþingismanna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um frv. og vísa að öðru leyti til ítarlegrar greinargerðar sem fylgir því. Ég legg til að að lokinni þessar umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[00:27]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um eftirlaun alþingismanna barst á borð þingmanna fyrir nokkrum klukkustundum og ekki hefur unnist mikill tími til að fara í gegnum það. Þó sýnist mér við fyrstu sýn að þetta sé ótrúlega ljót lagasetning. Hér er verið að blanda saman mörgum hlutum í einu frv. Miklu einfaldara hefði verið að láta forseta greiða inn í ráðherradeildina og njóta réttinda þaðan eins og þeir aðilar sem þangað greiða í stað þess að vera að vísa í þessum lögum í lögin um eftirlaun ráðherra sem er alveg sérdeilis ljótt. Síðan er búið til hugtakið „varaþingmaður“ sem er eitthvað annað en alþingismaður og þrátt fyrir það að alþingismaður getur að sjálfsögðu setið í bara tvo mánuði ef þing er rofið og varaþingmaður getur setið í mörg ár fyrir ýmsa þingmenn eða fyrir þingmann sem er langtímum veikur. Það næst því ekki fram og lagasetninguna hefði mátt gera á miklu einfaldari máta en hér er lagt til.

Vegna þess skamma tíma sem hv. þingmenn hafa haft þetta frv. til skoðunar get ég ekki sagt nú þegar hvernig þessu mætti betur fara en ég vil benda á það að eftir sem

áður eru makalífeyrisréttindi ráðherra óleyst. Ég bendi á að ráðherra sem starfað hefur í eitt ár fær 6% af launum sem ráðherralaun en maki hans, ef ráðherra fellur frá, fær 23% og jafnvel eftir fjögur ár er ráðherrann kominn með 24% af launum ráðherra en makinn er með 32%. Þetta er örugglega ekki það sem menn ætla sér. Samt er vísað í lögin um eftirlaun ráðherra varðandi eftirlaun forseta. Þetta er því ekki fögur lagasetning og alveg ótrúlegt að menn skuli búa til þrjár reglur, þ.e. í fyrsta lagi fyrir forseta Alþingis, í öðru lagi fyrir alþingismenn og svo í þriðja lagi fyrir varaþingmenn í einum lagabálki fyrir ekki fleiri en 63 starfandi menn.

[00:30]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hætta mér út í að ræða fagurfræði þessa frv., hversu fögur eða ljót lagasetningin er eins og hv. þm. varð svo tíðrætt um en vegna orða hans um eftirlaun ráðherra og maka ráðherra vil ég taka fram að það getur vel verið að það þurfi að endurskoða meira en gert er í þessu frv. Frv. fjallar fyrst og fremst um þingmennina en ég er ekki frá því að það þurfi að endurskoða fleira í tengslum við þetta en það verður að bíða betri tíma. Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að fella þunga dóma um þetta frv. út af fyrir sig þó að áframhaldandi séu vankantar á lögum hvað aðra varðar.

[00:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi þá hefur ekki gefist mikill tími til þess að lesa þetta frv. eða átta sig á afleiðingum þess, en í 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Þeir sem gegnt hafa embætti forseta Alþingis eftir gildistöku laga nr. 88/1995 skulu, auk réttar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eiga rétt til viðbótargreiðslu úr sjóðnum eftir sömu reglum og gilda um eftirlaun ráðherra, sbr. lög nr. 47/1965".

Þarna kynni hugsanlega einhver að spyrja hvort þetta eigi líka við um makalífeyri ráðherra sem falla frá. Ég er ekki viss um að þessi lög séu svo greinileg sem menn kynnu að halda en þetta er náttúrlega bara vegna þess að ég hef ekki haft þessi lög til skoðunar nema örfáa klukkutíma.

[00:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið fjallar frv. sem er til umræðu um tvö efnisatriði til breytinga á lögum um eftirlaun alþingismanna. Í fyrsta lagi er um að ræða að verið er að skerða verulega makalífeyri varaþingmanna sem er sjálfsögð og löngu tímabær breyting að gera sem ég og þingmenn Þjóðvaka munum styðja. Hin síðari fjallar um breytt lífeyrisréttindi forseta Alþingis. Ég minni á í því sambandi að sl. vor voru samþykkt ný lög um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Við þingmenn Þjóðvaka greiddum ýmist atkvæði gegn ákvæðum þess frv. eða sátum hjá. Við sátum m.a. hjá við þá grein sem fjallaði um að forseti Alþingis nyti sömu launa og starfskjara og ráðherrar og sú breyting sem hér er verið að ræða er væntanlega gerð í framhaldi af þeirri lagasetningu sem gerð var 1995. Við þingmenn Þjóðvaka munum ekki styðja þá breytingu, sem lýtur að lífeyriskjörum forseta, og það er í samræmi við þá atkvæðagreiðslu og þá afstöðu okkar sem fram kom þegar ný lög voru samþykkt um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað.

[00:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur tillaga flutt af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl., þar á meðal mér sem aðalflutningsmanns, á þskj. 79 um afnám lífeyrisréttinda þingmanna, þeirra forréttinda sem þeir hafa umfram aðra landsmenn. Þessi tillaga hefur ekki fengið brautargengi í nefndinni, hefur ekki fengist samþykkt út úr efh.- og viðskn. og liggur því enn fyrir Alþingi. Í tillögunni er lagt til að lífeyrisréttindi þingmanna verði afnumin og þeir njóti lífeyrisréttar eins og aðrir landsmenn, þ.e. 80% landsmanna sem eru ekki í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og þannig yrði klippt á þá hagsmuni sem þingmenn hafa með Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en gegn hagsmunum 80% þjóðarinnar. Þeir hafa sem sagt ekki sama lífeyrisrétt og 80% þjóðarinnar.

Ég minni á þetta þar sem hér er verið að breyta lögum um eftirlaun þingmanna. Það er sem sagt verið að breyta þeim án þess að breyta réttindunum í grundvallaratriðum. Það er einungis verið að lagfæra mjög greinilega galla á frv. varðandi makalífeyri og það er sjálfsagt og eðlilegt og ég styð það heils hugar en það er ekki verið að laga þau forréttindi sem þingmenn hafa umfram 80% af þjóðinni hvað varðar lífeyrisréttindi.

[00:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram við umræðuna er um að ræða tvenns konar breytingar: Annars vegar skerðingu á makalífeyri varaþingmanna, og ég tek undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að það er breyting sem ég tel vera réttmæta. Hitt snertir lífeyrisréttindi forseta þingsins. Þar hef ég meiri efasemdir, ekki vegna þess að ég telji rangt að samræma kjör forseta þingsins við kjör ráðherra. Mér finnst það ekki vera óeðlileg ráðstöfun, alls ekki, en ég vil vekja athygli á því að um sumt eru lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra svipuð og gerist hjá opinberum starfsmönnum. Þar er veruleikinn sá að greitt er af föstum launum í lífeyrissjóð, af dagvinnulaunum og vaktaálagi, ekki af yfirvinnu.

Hins vegar hefur verið ágreiningur um það hvað gera skuli með laun háembættismanna sem eru greidd í einu lagi. Kjaradómur hefur fetað sig inn á þá braut á síðustu mánuðum og missirum að sundurgreina föst laun og yfirvinnu þannig að samræmi sé á milli embættismanna og annarra opinberra starfsmanna. Mér finnst því skjóta skökku við að fjölga í þeim hópi sem nýtur lífeyrisréttinda af heildarlaunum. Hér er ég ekki einvörðungu að tala um forseta þingsins heldur er ég að tala um ráðherra. Þetta er nokkuð sem ég vil vekja athygli á og mun ég ekki treysta mér til að greiða atkvæði með þessum hluta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 541. mál (biðlaun). — Þskj. 1155.

[00:39]

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. sem formenn allra þingflokka hafa sameinast um að flytja. Hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, sem samþykkt voru fyrir um það bil ári.

Efnisatriði frv. er aðeins eitt. Það gerir ráð fyrir því að afnuminn verði möguleiki alþingismanna til þess að njóta biðlauna ef þeir hafa tekið við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en biðlaunatíminn er á enda og skulu þá launagreiðslur samkvæmt 13. gr. laganna falla niður ef þau laun sem nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en biðlaunagreiðslur til þingmannsins. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka biðlaunatímans.

Frv. er flutt í kjölfar þess að samþykkt hafa verið ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í frv. felst að hið almenna ákvæði þeirra laga um skerðingu biðlaunagreiðslna, taki menn við nýju starfi, skuli gilda jafnt um alþingismenn og starfsmenn ríkisins að öðru leyti.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eftirlaun alþingismanna, frh. 1. umr.

Frv. RA o.fl., 540. mál (forseti Alþingis, makalífeyrir). — Þskj. 1154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 00:45.

---

160. FUNDUR

þriðjudaginn 4. júní,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 437. mál, þskj. 769, nál. 1092, 1094 og 1128, brtt. 1093 og 1132. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 436. mál, þskj. 768, nál. 1095. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 331. mál, þskj. 1157, brtt. 998. — 3. umr.
4. Póstlög, stjfrv., 364. mál, þskj. 1158. — 3. umr.
5. Fjarskipti, stjfrv., 408. mál, þskj. 1159. — 3. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 421. mál, þskj. 1136, brtt. 1115,9 og 1145. — 3. umr.
7. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 422. mál, þskj. 1137. — 3. umr.
8. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 877, nál. 1122. — 2. umr.
9. Byggingarlög, stjfrv., 536. mál, þskj. 1077, brtt. 1175. — 3. umr.
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 449. mál, þskj. 781, nál. 1146, brtt. 1147. — 2. umr.
11. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 139. mál, þskj. 165, nál. 1153. — Síðari umr.
12. Náttúruvernd, stjfrv., 366. mál, þskj. 642, nál. 934 og 1091, brtt. 935. — 2. umr.
13. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 524. mál, þskj. 974. — 1. umr.
14. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 519. mál, þskj. 956, nál. 1078 og 1086, brtt. 1079. — 2. umr.
15. Stjórnarskipunarlög, frv., 398. mál, þskj. 702. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Finnur Ingólfsson viðskrh.

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

[10:02]

Útbýting þingskjala:
Byggingarlög, 536. mál, brtt. umhvn., þskj. 1175.
Fjarskipti, 408. mál, þskj. 1159.
Póstlög, 364. mál, þskj. 1158.
Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 331. mál, þskj. 1157.

Tilhögun þingfundar.

[10:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundarhaldið í dag vill forseti taka fram að kl. 12 á hádegi fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er Rannveig Guðmundsdóttir og starfandi félmrh., Guðmundur Bjarnason, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða og efni umræðunnar er málefni fatlaðra.

Síðan verður gert matarhlé milli kl. hálfeitt og eitt. Kl. eitt verður önnur utandagskrárumræða. Málshefjandi er Ásta B. Þorsteinsdóttir og heilbrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða og efni umræðunnar er fjárhagsstaða sjúkrahúsanna og sumarlokanir.

Þá er gert ráð fyrir að að lokinni þeirri utandagskrárumræðu fari fram atkvæðagreiðslur um mál sem þá kunna að hafa hlotið umfjöllun og afgreiðslu, að minnsta kosti um fyrstu tvö dagskrármálin, stjórn fiskveiða og Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um heilbrigðisþjónustu.

[10:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna 13. máls á dagskrá þessa fundar, heilbrigðisþjónusta,

stjfrv., þskj. 974. Þar er um að ræða 1. umræðu mál rúmum sólarhringi áður en ráð er fyrir því gert að þingi ljúki. Hér er um að ræða mál hæstv. heilbrrh. sem dreift var í þinginu um miðjan maímánuð, mál sem ef áhugi hefði verið á hefði verið unnt að koma inn í þingið löngu, löngu fyrr og veita eðlilega umfjöllun. Ég hlýt því að mótmæla því mjög harðlega að menn skuli nýta tímann á síðustu klukkutímum þessa þings eins og hér er ráð fyrir gert og geng út frá því að það sé ekki ætlun stjórnarmeirihlutans og þá með liðsinni hæstv. forseta að keyra þetta mál í gegn á sólarhringi, þær þrjár umræður sem um ræðir. Það eru vinnubrögð sem eru hreint ekki sæmandi. Núna á síðustu dögum hefur tekist allgóð sátt um þinghaldið og mér finnst þessi framsetning mála núna vera sú að menn séu að rjúfa þann frið sem um þau mál hefur þrátt fyrir allt tekist í lok þessa þinghalds.

[10:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti láta í ljós þá von að enginn friður verði rofinn í dag. En forseti bendir á að þetta mál hefur verið á dagskrá áður, a.m.k. tvisvar sinnum í síðustu viku, en þá voru ekki tök á því að það kæmist til umræðu. Þetta mál hefur verið til umræðu á fundum forseta og formanna þingflokka og við eigum eftir að ræða það betur hverju fram vindur með þetta mál á fundinum í dag.

[10:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni varðandi 13. dagskrármálið, að það hefur í raun og veru ekki verið gert ráð fyrir því eða gengið frá því með samkomulagi á neinn hátt að þetta mál næði lendingu á þeim knappa tíma sem eftir er nema menn vilji vera hérna lengur fram eftir sumri sem getur út af fyrir sig verið og má segja að stjórnarmeirihlutinn hafi viljað það. Þinginu átti reyndar að ljúka 15. maí og við erum hér enn þannig að í sjálfu sér er það í valdi stjórnarmeirihlutans en ekki okkar hversu langan tíma þingið tekur. En ég staðfesti það sem hv. þm. sagði að það kemur á óvart að þetta mál skuli vera á þessum blöðum í dag og sérkennilegt ef ætlast er til þess að tekinn verði sá tími sem þarf í málið því að það er vafalaust talsverður tími sem umræða um þetta mál tekur.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því, hæstv. forseti, vegna orða sem féllu hér áðan um lok þessa þings, sem e.t.v. er að ljúka á næsta sólarhring eða svo, að það hefur ekki verið gert neitt venjulegt samkomulag. Það hefur ekki verið gert neitt samkomulag um lok þinghaldsins í einstökum atriðum. Það er mjög óvenjulegt og stafar fyrst og fremst af því m.a. að keyrð voru í gegn mál sem stjórnarandstöðuþingmenn töldu að ekki væri boðlegt að fengju þá meðferð sem þau fengu og það varð til þess að hér var slitinn sundur eðlilegur friður um lok þingsins.

[10:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki litið augum þessa dagskrá fyrr en ég gekk í þingsal og ég verð að segja að svo lengi lærir sem lifir. Kom mér mjög á óvart að sjá það að þetta mál væri komið á dagskrá. Ég tek undir orð hv. 9. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar og tek það að sjálfsögðu fram að hann sótti samráðsfundi þingflokksformanna við forseta í gærkvöld í fjarveru minni og ég geri mér grein fyrir að þetta hafi verið tekið fyrir þar.

Þetta er búið að vera erfitt þing og það hefur dregist um mánuð eins og hér hefur komið fram. Við höfum verið í stórum og erfiðum málum. Það sem hefur einkennt þingið og allt atferli fyrir utan samráð forseta við þingflokksformenn, sem ég vil hér úr ræðustól árétta að hefur verið alveg sérstaklega gott og hann með lipurleika hefur reynt að gera gott úr því sem erfitt hefur verið, er hið fullkomna áhugaleysi á að reyna að eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna. Öll stóru málin hafa verið tekin á dagskrá. Öll hafa þau verið keyrð í gegn í lagasetningu þrátt fyrir öll andmæli, þrátt fyrir varnaðarorð og sama hversu langan tíma það hefur tekið. Þetta hefur einkennt störf hins mikla meiri hluta hér.

Þetta mál, 13. mál á dagskrá fundarins, hefur verið í umræðunni á milli þingmanna. Það hefur verið gagnrýnt að það skuli eiga að reyna að keyra málið í gegn á lokadögum þingsins og ég vek athygli á því, virðulegi forseti, þó að það muni að sjálfsögðu koma fram í umræðunni, að þetta samráðsráð er leikur einn að setja á laggirnar án þess að lögfesta það. Það er annars eðlis og eitthvað sem við tökum upp í efnisumræðu málsins. En ég harma það að þrátt fyrir hið góða starf sem við höfum innt af hendi í þinginu, þrátt fyrir það hvernig við höfum brugðist við og unnið í öllum þeim málum sem ríkisstjórn og einstökum ráðherrum hefur dottið í hug að setja á dagskrá, þá skuli það gerast að í dag í byrjun júní, skuli mál vera sett á dagskrá til 1. umr. Það hlýtur að kalla á allsherjarumræðu um heilbrigðismál.

[10:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það kom mér vissulega í opna skjöldu þegar ég kom í þinghús í morgun að sjá að stjfrv. um heilbrigðisþjónustu, 524. mál, væri komið á dagskrá. Ég hélt að það væri ljóst að þetta mál á mjög langt í land ef menn ætla sér að afgreiða það í þinginu á þessu vori. Það eru mjög mörg ágreiningsefni í þessu máli. Heilbr.- og trn. mundi þurfa að halda nokkra fundi um málið ef það á að fara þar í gegn þannig að það er svo sannarlega ekki verið að greiða fyrir því að þingi ljúki á morgun með því að setja þetta mál á dagskrá og mætti halda að með þessu ætli menn sér að vera hér fram eftir sumri.

Ég vil bara lýsa óánægju minni með þessi vinnubrögð og vonast til þess að menn endurskoði afstöðu sína til þess að halda því til streitu að þetta mál fari á dagskrá á þessu þingi.

[10:12]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hlýt að undrast það ef fólk undrast að þetta mál nr. 13 skuli vera á dagskrá komið vegna þess að það var frá því gengið í gærkvöldi að það ásamt 12. málinu kæmi á dagskrá fundarins sem haldinn var í gærkvöldi. Þetta veit ég að þeir sem viðstaddir voru á fundi þingflokksformanna geta staðfest. Þar á meðal þeir sem eru að banka í borðið hérna. Ég bið menn um að skoða hug sinn vel og hugsa til baka vegna þess að samkomulagið var um það að þessi tvö mál kæmu á dagskrá en þau yrðu ekki fyrir tekin fyrir fyrr en það hefði verið frekar rætt. Ef hv. þm., málshefjandi, er að hrista hausinn yfir því, þá bið ég hann um að skoða betur hug sinn og rifja upp um hvað var talað í gærkvöldi.

Það urðu hins vegar mistök, að mínum dómi leið mistök, af hálfu forseta, að þessi mál komu ekki á dagskrá síðasta fundarins í gærkvöldi eins og um hafði verið talað þó að það hafi ekki verið talað um að taka þau til umræðu án þess

að halda sérstakan fund út af því. Og ég geri ráð fyrir því að forseti hugsi sér að kalla menn saman til fundar áður en nokkur umræða hefst um þessi mál. Ég geri ráð fyrir því að það standi sem hann sagði í gærkvöldi við okkur þingflokksformenn og fulltrúa þingflokka.

Hins vegar vil ég láta í ljós furðu mína yfir einu öðru máli á dagskrá sem er síðasta dagskrármálið vegna þess að ég minnist þess ekki að það hafi nokkurn tíma verið rætt við okkur þingflokksformenn að það mál yrði tekið fyrir og ég spyr: Hvað veldur því að það er búið að troða þessu máli á dagskrána án þess að um það sé rætt við þingflokksformenn?

[10:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Nokkrir hv. þingmenn hafa kvatt sér hljóðs um störf þingsins og fá þeir að sjálfsögðu orðið. En forseti vill ítreka það sem hann hefur sagt að þetta mál verður rætt sérstaklega við formenn þingflokka áður en það kemur til umræðu á fundinum í dag. Það verður gert.

Um 15. málið, stjórnarskipunarlög. Ástæðan fyrir því að það er hér á dagskrá eru mjög eindregin tilmæli 1. flm., hv. 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, að hún fái að mæla fyrir málinu en það stendur ekki til að það fari lengra en til nefndar og við þeirri beiðni hefur forseti orðið.

[10:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vegna þess sem kom síðast fram hjá hv. þingflokksformanni Sjálfstfl. um 15. málið á dagskrá, þá vil ég rifja það upp með honum fyrst hann er búinn að gleyma því að þetta mál kom á dagskrá fyrir nokkrum vikum síðan, enda var það komið inn í þingið fyrir réttan tíma og átti þess vegna rétt á því að komast á dagskrána. Það háttaði hins vegar þannig á þeim tíma eins og stundum áður og stundum síðar, að dagskráin fór úr böndum og 1. flm. fékk aldrei tóm til þess að mæla fyrir málinu.

Ég hef síðan ítrekað nefnt það við forseta í lok funda með forseta að það væri áhugi á því að fá að mæla fyrir þessu máli og það er margoft búið að lofa því að það komi á dagskrá. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það engin ofrausn þó stjórnarandstæðingur fái að mæla fyrir málinu sem hann kom með inn á réttum tíma á næstsíðasta degi fyrir skilafrest. Og ég verð að segja það, herra forseti, að þar sem stjórnarliðar hins vegar líta á það sem sjálfsagðan hlut að stórmáli sem þeir eru með, álitamáli, ágreiningsmáli, sé troðið hér inn og þegar verið er að stilla þessu upp hlið við hlið, þá skil ég ekki, herra forseti, hvers lags þing þetta er sem hér er rekið. Er þetta algert framkvæmdarvaldsþing? Skiptir nákvæmlega engu máli hvað óbreyttur þingmaður ber fram þó hann geri það rétt og á réttum tíma? Snýst þetta allt um það að mál sem einstaka ráðherrar vilja koma í gegn, með ofbeldi ef ekki vill betur, nái fram að ganga?

Ég hef ekki langa þingreynslu eins og menn vita. En ég verð að segja það rétt eins og er, mér er ofboðið.

[10:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Geirs Haardes um meint samkomulag fulltrúa þingflokkanna á fundi í gærkvöld vil ég taka skýrt fram að það voru einmitt þau áform hæstv. forseta að setja þetta mál á dagskrá sem orsökuðu hrein og klár mótmæli mín. Hins vegar kom fram á þessum sama fundi að ef það væri ákvörðun forseta að gera það, þá væri það honum heimilt því það er stór munur á þeim tveimur málum sem hér um ræðir, þ.e. 12. dagskrármálinu, Náttúruvernd, og því 13., Heilbrigðisþjónustu, nefnilega sá að í 12. málinu er sagt að verið sé að leita samkomulags. Í 13. málinu er ekki verið að því. Það hefur enginn í mín eyru a.m.k., nefnt neitt í þá veru að leitað verði samkomulags um afgreiðslu málsins né heldur efnisatriði þess þannig að á þessum tveimur málum er stór munur. Þess vegna geri ég sérstakar athugasemdir við það að 13. málið skuli vera inni. Hér er ekki um neitt lítið mál að ræða. Hér er um mál að ræða sem lýtur að stjórnskipun heilbrigðisþjónustu þar sem 65% þjóðarinnar búa, þ.e. hvernig yfirstjórn þeirra mála á að vera háttað. Það er rétt að vekja á því athygli sérstaklega að hagsmunaaðilar í þessu sambandi — Sjúkrahús Suðurnesja til að mynda hefur sent út neyðarkall í þessu tilefni — hafa haft af því fregnir að hér ætli hið háa Alþingi hugsanlega að keyra málið í gegn án þess að spyrja kóng eða prest, án þess að fara hina venjubundnu leið og leita umsagna. Þess vegna hefur aðalfundur Sjúkrahúss Suðurnesja óskað eftir því sérstaklega við hið háa Alþingi að þessir aðilar fái allra náðarsamlegast að lýsa viðhorfum sínum til málsins.

Ég spyr enn og aftur, virðulegi forseti: Er ætlast til þess og reiknað með því að umsagnarréttur þessara mikilvægu aðila sem eftir þessum lögum eiga væntanlega að starfa, verði fótum troðinn? Er verið að fara þannig fram með málið? Ég hlýt að spyrja og ef svo er, mótmæla því mjög harðlega. Ég neita raunar að trúa því að hæstv. forseti líði slík vinnubrögð ef einhverjum dettur í hug að fara fram á þau.

[10:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur þegar útskýrt hvað hann hyggst fyrir um þetta mál. Hann mun ræða það á fundi með þingflokksformönnum áður en það kemur til umfjöllunar á þingfundinum. Þess vegna kann forseti ekki við það orðalag að það sé verið að keyra þetta mál í gegn án þess að tala við kóng eða klerk ef ég hef tekið rétt eftir.

[10:19]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði út af fyrir sig talið að skýringar forseta væru nægilegar í þessu máli eins og sakir standa. En ég kvaddi mér þó hljóðs aftur til að staðfesta að það er rétt sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði áðan að hún hefur nokkuð oft nefnt þetta mál sem hér er á dagskrá sem 15. mál, á fundum sem við höfum setið sem formenn þingflokka við borð forseta. Og varðandi það að samkomulag hafi verið um það í gærkvöld að þessi tvö mál, þ.e. 12. mál og 13. mál, yrðu á dagskrá, þá er það ekki rétt vegna þess að á þessum fundi voru okkar ummæli þessi: Forseti ræður auðvitað dagskránni. En það var ekki þar með sagt að við værum að fallast á það að þessi mál yrðu tekin fyrir með þeim hætti að menn gerðu samt sem áður ráð fyrir að ljúka þinginu á þeim tíma sem eftir lifir til morgundagsins. Enda er það auðvitað svo að forseti ræður dagskránni og það ætti öllum að vera ljóst, bæði mér sem hef setið um skeið og einnig hv. þm. Geir Haarde, að forseti ræður dagskránni og líka því hvaða stjórnarandstöðumál eru á henni.

[10:20]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fer fram um störf þingsins, um dagskrána, að 13. dagskrármál, heilbrigðisþjónusta, skuli vera komið á dagskrá, þá hefur það áður verið á dagskrá eins og forseti greindi frá. Það var gengið frá

því á fundi formanna þingflokka í gærkvöldi að bæði þetta mál og náttúruverndin yrðu á dagskrá síðari fundar í gær, en að haldinn yrði fundur formanna þingflokka áður en málin yrðu tekin fyrir. Þetta vil ég staðfesta. Því var ekki mótmælt. (**SvG:** Þetta er ekki rétt.) (**GÁS:** Þetta er rangt.)

Varðandi það að þetta mál sem er mikilvægt mál fái ekki þinglega meðferð, þá dettur engum það í hug að mál fái ekki þinglega meðferð. Við erum á næstsíðasta degi þings að öllum líkindum og við getum ekki fullyrt neitt um það á þessari stundu hvort þetta mál getur orðið að lögum á þessu þingi. Það er á dagskrá. Það verður mælt fyrir því og síðan verðum við að sjá til. Ef mótmæli eru eins mikil og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið að láta í ljósi, er sjálfsagt ekkert þægilegt að ljúka umfjöllun um málið á þessum stutta tíma. En mér finnst að hv. þm. hafi verið óþarflega neikvæðir gagnvart því að málið komi á dagskrá og verði vísað til nefndar.

[10:22]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti biður nú hv. þingmenn að fella þetta tal. Þetta verður rætt á fundi forseta með formönnum þingflokka. Tíminn er að renna út sem er leyfður til umræðna um störf þingsins, en einn hv. þm., hv. 4. þm. Austurl., hefur kvatt sér hljóðs um störf þingsins og um annað mál að forseta skilst.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[10:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er um allt annað mál en hér hefur verið rætt sem ég vildi beina orðum mínum til forseta. Það varðar eina fyrirspurn sem útbýtt var 6. maí eða fyrir um það bil mánuði til iðnrh. um álbræðslu á Grundartanga, 511. mál þingsins, á þskj. 920. Þetta er fyrirspurn þar sem óskað er skriflegs svars. Hún er ekki mjög flókin en er þó í átta töluliðum. Ég hef haft skilning á því að það gæti tekið tíma að svara fyrirspurninni en skrifstofa þingsins hefur þó ýtt á eftir um svar nú um tveggja vikna skeið má ég segja, en það hefur ekki enn þá borist. Ég bið um liðsinni virðulegs forseta við að tryggt verði að svar berist við þessari fyrirspurn áður en þinghaldi lýkur því að málið er mikilsvert og það er borið eðlilega fram og langur tími um liðinn síðan fyrirspurnin var fram lögð eða nærri því mánuður.

[10:24]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það liðsinni verður veitt eftir því sem það er í valdi forseta. Það verður kannað á skrifstofu þingsins í dag um þau skriflegu svör sem enn hafa ekki borist frá ráðuneytum við fyrirspurnum.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 3. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 1157, brtt. 998.

og

Póstlög, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 1158.

og

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 1159.

[10:25]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Án þess að ég ætli að fara að setja á langar ræður við 3. umr. málsins, þá held ég að það sé nauðsynlegt að draga saman nokkur meginatriði þessa máls nú þegar það liggur fyrir í endanlegum búningi í þinginu. Mitt mat er það að við lok 2. umr. hafi umræðan kannski loks tekið á sig þá mynd sem nauðsynleg var og við farin að nálgast kjarna málsins í orðræðum við hæstv. ráðherra og við náð honum úr felum og fengið hann á tal um ákveðin, mjög mikilvæg en um leið viðkvæm álitaefni sem í frv. eru. Þá er ég fyrst og síðast að ræða um stöðu starfsfólks. Ég er í því sambandi að ræða um stöðu Alþingis gagnvart framhaldi málsins og þá væntanlega hugsanlegri sölu fyrirtækisins og í þriðja lagi er ég að ræða um stöðu Pósts og síma hf. í nýju og gjörbreyttu andrúmslofti samkeppni hér á landi sem mun yfir okkur ganga að óbreyttu 1. janúar 1998. Mér fannst örla á því við lok 2. umr. að hæstv. ráðherra og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson væru farnir að eiga við okkur tal um þessi raunverulegu álitaefni þannig að hægt væri að taka á þessum málum.

Ef ég vík kannski örfáum orðum fyrst að því sem snýr að hinu háa Alþingi og framhaldi málsins í því sambandi. Hæstv. ráðherra hefur ítrekað í þessari umræðu lýst þeirri skoðun sinni og því viðhorfi sínu að ekki komi til álita svo lengi sem hann ráði ríkjum í hinu háa ráðuneyti að setja þetta fyrirtæki á söluskrá né einstakar deildir þess. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að undirstrika þetta viðhorf ráðherrans og það segir okkur að það muni þá ekki gerast væntanlega á næstu þremur árum.

Mitt áhyggjuefni og raunar margra annarra hv. þingmanna var hins vegar það að frv. væri hugsanlega þannig úr garði gert að atbeina ráðherrans þyrfti tæplegast til eða með öðrum orðum það þyrfti aldrei á það að reyna að hæstv. ráðherra kæmi með málið inn á Alþingi, óskaði heimildar Alþingis á sölu fárra eða margra hluta í þessu fyrirtæki, heldur væri frv. sjálft þannig úr garði gert og væntanleg lög að stjórnir fyrirtækjanna gætu gert það. Að hluta til staðfestist það í umræðunni, í lok umræðunnar í gær þegar hæstv. ráðherra staðfesti þann skilning að þegar um væri að ræða svokölluð

samrunafyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem einstök hlutafélög Pósts og síma munu ganga inn í, kaupa sig inn í eða stofna með öðrum aðilum, þá færi með þau á annan hátt, þ.e. þar væri heimilt samkvæmt laganna hljóðan að stjórnir fyrirtækjanna gætu farið með eignaumsýslu eins og þær teldu skynsamlegast og best og það þyrfti ekki að kalla hið háa Alþingi að því verki. Alþingi er búið að veita heimild til væntanlegra stjórnenda þessara fyrirtækja að þeir gætu farið með eignarhlutana eins og þeir telja best, selt, keypt og verslað. Þetta er auðvitað mjög nauðsynlegt að hv. alþm. átti sig á og geri sér glögga grein fyrir hvað þessi samþykkt í raun felur í sér.

Nú geri ég mér enga grein fyrir því og kannski ekki nokkur maður á þessu stigi í hversu miklum mæli menn sjá framtíðina í þessu ljósi, þ.e. í hversu miklum mæli Póstur og sími hf. telur þjónustunni best borgið með samstarfi við þriðja aðila, erlenda aðila eða aðra samkeppnisaðila. En það er ekkert ósennilegt vegna hinnar öru þróunar málanna að fljótlega árið 1998, á fyrstu mánuðum og missirum þess árs sjái forsvarsmenn Pósts og síma hf. þann valkost hagkvæman að taka upp samstarf og rugla saman reytum við aðra aðila á markaðnum. Og við skulum átta okkur á því að um leið liggur það fyrir að heimildin til sölu í slíkum fyrirtækjum er heimil án atbeina Alþingis. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að við áttum okkur á því að þetta er það sem frv. sem hér liggur fyrir veitir heimildir til. Dregur því mjög úr annars ágætum yfirlýsingum hæstv. ráðherra um hans vilja til þess að Alþingi fái að koma eðlilega að því máli og því álitaefni, verði sú skoðun ofan á að selja eigi hluta úr fyrirtækinu eða það allt saman. Varnaðarorð okkar, margra stjórnarandstæðinga, í upphafi þessarar umræðu um að það mætti líta á þetta frv. sem einkavæðingarfrv. þar sem heimilt væri að fara bakdyramegin með málið fram hjá Alþingi, eiga því við rök að styðjast og hæstv. ráðherra hefur staðfest það hvað þennan þátt málsins varðar. Um það þarf þá ekki að deila mikið lengur og menn horfa á málið með opnum augum í því samhengi.

Enn eru þó skiptar skoðanir um annan þátt málsins, þ.e. að þótt það komi til stofnunar dótturfyrirtækja alfarið í eigu Pósts og síma hf. og ríkissjóðs, þá hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að áskilnaður um samþykki Alþingis í þeim tilfellum sé skýr og eigi við rök að styðjast og að ekki verði farið í neina eignaumsýslu í dótturfyrirtækjum sem alfarið eru í eigu ríkisins án þess að Alþingi komi að þeim málum.

Ég fagna þeim yfirlýsingum mjög ákveðið því að mér fannst einnig orðalag frv. loðið hvað það varðar og kallaði fram spurningar um túlkanir. Það orðalag hefur að sönnu ekkert breyst. Enn þá hef ég af því áhyggjur að á seinni tímum geti komið til þess að menn geti skrumskælt það á þann veg sem mönnum þykir best. Þá á ég ekki von á því frá hæstv. samgrh. en hann situr auðvitað ekki um eilífð alla á sæti sínu í sínu háa ráðuneyti. Það kemur maður eftir hann og hvað sá gerir og hvernig augum hann lítur þetta silfur og þann texta sem við erum að samþykkja get ég ekkert fullyrt um né nokkur annar þannig að sú áhætta er þarna fyrir hendi. Þess vegna árétta ég það við 2. umr. að það væri mikilvægt að skilningur stjórnarmeirihlutans væri alveg skýr í textafrv. sjálfu, a.m.k. í athugasemdum með því. En því miður var ekki komið til móts við þær gagnlegu ábendingar að mínu mati þannig að menn ætla greinilega að ljúka þessu máli með það að sumu leyti talsvert opið og það vekur upp efasemdir. Þetta var um einkavæðingarþátt málsins.

Í öðru lagi staldra ég við stöðu starfsmanna. Án þess að fara í gegnum allt það stafróf á nýjan leik kom það hins vegar fram í umræðum í gær og raunar staðfest að viðræður hins háa ráðuneytis við fulltrúa starfsmanna hafa verið af ákaflega skornum skammti. Hér var eytt nokkru púðri af hálfu hæstv. ráðherra að eiga orðastað við fulltrúa starfsmanna með óbeinum hætti, vitna til greinar forsvarsmanna þeirra stéttarfélaga sem hlut eiga að máli, satt að segja með ákaflega vafasömum hætti að mínu áliti en ég hefði talið skynsamlegra og betra af hálfu hins háa ráðuneytis að hafa nýtt tímann á þessum vordögum og síðla vetrar með því að eiga hreinskiptin samtöl og beinskeytt um þau álitaefni og þær stóru spurningar sem hafa eðlilega vaknað hjá þeim 2.500 starfsmönnum sem þarna hafa haft sína framfærslu og sitt lifibrauð af. Sú leið var ekki valin, heldur var tekin sú ákvörðun í þessu efni eins og svo mörgum öðrum í þessu stóra máli að skilja málin eftir í stórum spurningarmerkjum. Það eru auðvitað engin svör, hvorki fyrir hið háa Alþingi og þaðan af síður fyrir starfsfólk þegar Alþingi á að afgreiða þetta stóra mál frá sér að vísa til þess að þriggja manna undirbúningsnefnd manna, sem ég kann engin deili á og enginn veit hverjir verða, muni hafa til þess heimild og vald að ganga til samninga núna í sumar og á haustdögum við þessa stóru hópa starfsmanna. Sú nefnd hefur í raun allt of lítið fylgifé með sér, þ.e. það eru engin fyrirmæli í frv. til nefndarinnar í einstökum atriðum hvernig hún eigi að ganga til þeirra samninga, hvaða meginviðmið eigi að hafa að leiðarljósi. Í því sambandi hef ég sagt sem svo að það sé ekki hinu háa Alþingi sæmandi að framselja vald sitt með jafnskýlausum hætti til nefndar ráðherra úti í bæ í jafnviðkvæmum álitamálum og munu sannanlega koma upp, þ.e. viðræður um framtíðarstöðu, réttarstöðu og skyldur starfsmanna því að eins og margsinnis hefur komið fram skilar frv. sjálft auðu í allt of mörgum tilfellum þegar kemur að þessu. 8. gr. frv. svarar þessu ekki nema að litlu leyti. Þess vegna hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í samgn. haft það mjög á orði að nauðsynlegt væri að tryggja það í þessu frv. að lögformslegs atbeina starfsmanna í þessari undirbúningsnefnd væri a.m.k. að finna, þ.e. að starfsmenn gætu með fulltingi Alþingis og löggjafarvaldsins sest að þessu borði fullmektugir og með stöðu og verið hluti af þessum undirbúningi, verið einn hluti af þessari þriggja manna nefnd. Það væri auðvitað kærkomið á síðasta sprettinum að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hann hefði í hyggju að a.m.k. einn af þessum þremur aðilum í undirbúningsnefndinni með löggerningavaldið yrði skipaður af starfsmönnum þannig að starfsmennirnir tækju þar með þá virkan þátt í heildarundirbúningi að stofnun hlutafélagsins. Hæstv. ráðherra hafði um það mörg orð í umræðunum í gær að honum hefði heyrst á einhverjum starfsmönnum að þeir vildu jafnvel kaupa sig inn í fyrirtækið og það sýndi að sumu leyti áhuga þeirra á því að mál gengi fram með þeim hætti sem hann hefði lagt upp með en hann getur verið trúr þessum viðhorfum sínum með þeim hætti að kalla starfsmenn að þessu borði og veita þeim fulltingi í undirbúningsnefndinni. Það mundi strax laga málið.

Einnig er rétt að undirstrika það þó að hæstv. ráðherra hafi lýst því yfir að hann væri í prinsippinu og hjarta sínu andvígur því að fulltrúar starfsmanna ættu seturétt í stjórnum fyrirtækja, ég skildi hann þannig í gær, þá held ég að nauðsynlegt sé að halda því til haga að þessi sjónarmið hæstv. ráðherra eru aftan úr gamalli fortíð og eiga ekki við. Þegar menn eru í aðra röndina að lýsa því yfir að þetta frv. sé vísbending um að Póstur og sími sé að ganga inn í nýja öld, inn í

nýjar víddir, eru menn á sama tíma að halda uppi eldgömlum málflutningi þar sem því er hafnað að fulltrúar starfsmanna hafi nokkuð með það að gera að koma nálægt stjórn fyrirtækja. Ég er þessu gersamlega andvígur og mitt álit var það að einmitt viðhorf stjórnenda fyrirtækja og þeirra sem standa í fyrirtækjarekstri væri í þá veru að þeir vildu leita lags og vildu leita möguleika á því að kalla fulltrúa starfsmanna að þessu. Einu sinni var þetta kallað atvinnulýðræði. Það má kalla þetta mörgum öðrum nöfnum. En meginatriðið er það að ef það er vilji stjórnarmeirihlutans að vinna málið áfram í skárri friði en verið hefur þá væri þetta markvert skref í þá átt að hæstv. ráðherra léti af fortíðarkreddum og skipti um skoðun og segði það hátt og snjallt að fulltrúar starfsmanna ættu auðvitað að koma inn og vera fimm af sjö fulltrúum í stjórn þessa fyrirtækis. Það mundi strax breyta blæ þessa máls stórkostlega og gera það skárra úr garði en þegar er.

Ef ekki verða á þessu gerðar breytingar hef ég verulegar áhyggjur að það verði ófriður um málið, að undirbúningur að stofnun þessa hlutafélags verði með braki og brambolti vegna þess að allt púðrið og öll eljan fari í það að eiga í hugsanlegum illdeilum við fulltrúa starfsmanna og það er vont. Það er vont fyrir starfsmennina, það er vont fyrir hið væntanlega hlutafélag og ekki er það gott fyrir hið háa ráðuneyti, það veit ég því að það hefur ýmsum hnöppum að hneppa. Ég held að það sé mikilvægt á þessu stigi málsins að menn a.m.k. breyti andrúmsloftinu og rétti fram sáttarhönd, vísbendingu í þá veru að stjórnarmeirihlutinn með hæstv. ráðherra í fararbroddi ætli sér að ræða við starfsmenn á jafnréttisgrundvelli og freista þess að leita lausna á álitamálum og stórum spurningum um framtíð þessa fólks. Það væri strax til bóta. Mér fannst eins og ég sagði í upphafi þessara orða minna nú nokkuð bera keim af því í lok 2. umr. að ráðherra væri að mýkjast og vildi reyna að fara þessa mjúku leið og ég vona að hann hafi með fullri virðingu, virðulegi forseti, vaknað vel og sé enn þá í sama hamnum í þeim efnum.

Að lokum vildi ég staldra við enn eitt atriði sem lýtur raunar að breytingartillögu sem stjórnarliðar hafa farið fram með og samþykkt var við 2. umr. og er að finna í fjarskiptalögum og lýtur að því að talsíminn verði eitt gjaldsvæði. Ég lýsti því í atkvæðaskýringu í gær að mér fyndist ákaflega tvíeggjað að fara fram með það mál í þeim búningi sem hér um ræðir. Á því hefur verin vakin athygli enn og aftur og því hefur algerlega verið ósvarað af hálfu forsvarsmanna stjórnarflokkanna, af hálfu hæstv. ráðherra og af hálfu formanns samgn. hvernig þetta ákvæði samræmist þeim breytingum sem verða í Evrópu samkvæmt tilskipunum ESB á árinu 1998. Ég vænti þess og trúi því að 1. flm. tillögu um sama efni, hv. þm. Ragnar Arnalds, haldi til streitu tillögu sinni um sama efni en sem gerir ráð fyrir því að þessi stóra réttarbót fyrir fólk úti á landsbyggðinni verði að veruleika núna á þessu ári eftir einn mánuð þegar alveg klárlega er heimild til þess að hafa uppi slíkt háttalag og slíka verðstýringu. Með öðrum orðum, sú tillaga gerir ráð fyrir því að menn séu þó með þessa réttarbót í hendi í eitt og hálft ár. Hvað síðan tekur við 1. janúar 1998 get ég auðvitað ekki fullyrt upp á punkt og prik né nokkur annar. Það er alveg ljóst hvað sem öðru líður er að það verður gerbreytt landslag í þessum efnum. Samkeppni verður óhjákvæmileg og eigendur grunnnetsins verða skyldugir til þess að selja nánast þeim sem uppfyllir lágmarksskilyrði aðgang að því neti til þess að selja þjónustu sína aftur hingað og þangað. Reynsla annarra af slíkri opnun í hliðstæðum málum eins og rafmagninu í Bretlandi er auðvitað sú að það verður ekki nokkur heimild til þess að Alþingi geti heimtað það af hugsanlegum samkeppnisaðila að hann þjónusti allt landið. Væntanlega mun það verða með þeim hætti að samkeppnisaðilar munu koma hingað, íslenskir eða erlendir, af hinum ýmsu sviðum og byrja á því að mjólka það svæði sem 65% þjóðarinnar búa á, þ.e. suðvesturhorn landsins.

Þá vakna þær spurningar hver verður samkeppnisstaða Pósts og síma hf. við slíkar aðstæður? Getur Póstur og sími staðist slíka samkeppni þegar það er með skýrum og klárum áskilnaði um að það eigi að þjónusta allt landið á einu og sama verðinu? Eða hitt sem menn hafa einnig vakið athygli á ef sú aðferð verður reynd að setja það í almennar starfsreglur með nýjum rekstraraðilum að þeir verði líka að þjónusta allt landið á sama verði ef þeir ætla að koma inn á markað. Trúa menn því virkilega að Eftirlitsstofnun ESA heimili slíkt, að samkeppnin, sem er að ríða yfir alla Evrópu og er raunar rauði þráðurinn í þessu frv., verði heft með þeim hætti að það sé ekki á færi nema eins aðila þegar allt kemur til alls að stunda talsímaþjónustu, internetsþjónustu, fjarskiptaþjónustu í víðustu merkingu þess orðs? Ég held að það sé ekki nokkur maður sem láti sér það til hugar koma að málið geti gengið fram með slíkum hætti. Ég held að það sé alveg af og frá. Þess vegna finnst mér því miður að með þetta annars ágæta mál um að jafna stöðu pósts í þéttbýli og dreifbýli, með þetta langþráða markmið sé farið fram með talsverðri léttúð og menn fari hina auðveldu leið áfram með það mál.

Segjum sem svo að heim í hérað komi hv. þm. á borð við Jón Kristjánsson og segi: „Elsku vinir. Nú er þetta í höfn. En það eru bara tvö ár í það.“ Og lætur auðvitað ekki fylgja með: „En að vísu er það þannig að eftir tvö ár gæti ýmislegt gerst og þær breytingar gætu orðið að kannski verður þetta ekki heimilt. En við látum á þetta reyna og sjáum hvað setur.“ Þetta er allt of létt í vasa. Og svo að ég gleymi ekki að nefna hv. þm. Egil Jónsson sem mun örugglega flytja hluta af þessari messu sem ég var að fara með, heima í héraði.

Þess vegna hlýtur maður að spyrja. Það hlýtur að vekja upp ákveðna tortryggni og efasemdir. Af hverju í veröldinni hafa menn ákveðið að velja þennan tímapunkt, sex mánuðum eftir að samkeppnin og frelsið halda innreið sína? Þá leggur stjórnarmeirihlutinn til að hinu nýja fyrirtæki, Pósti og síma hf., verði gert að gera landið að einu gjaldsvæði. (Gripið fram í.) Styrkja samkeppnina? Ég var að fara yfir það, hv. þm., áðan hvernig það landslag liti út og hræddur er ég um að það verði erfitt líf. Ég vænti þess og vona svo sannarlega að hv. stjórnarmeirihluti taki undir með okkur hinum um það að þessi réttarbót fyrir landsbyggðarfólk verði að veruleika og raunveruleg réttarbót með því að samþykkja breytingartillögu hv. þm. Ragnars Arnalds, undirritaðs og fleiri um að þetta verði gert meðan það er heimilt, þ.e. strax hér og nú. Það er ekki góður bragur á því að vera að leika einhverja sýndarpólitík í þessu efni. Þetta er það stórt mál og mikilvægt mál fyrir kjör fólks úti á landi að við eigum ekki að fara yfir það með neinni léttúð og skilja það eftir hálfkarað. Ég vona svo sannarlega, þrátt fyrir allt, að þetta geti gengið eftir. Ég get ekkert fullyrt um það fremur en nokkur annar en mér sýnist að allar vísbendingar og allar ábendingar sérfræðinga í þeim efnum bendi til hins gagnstæða og ég hef af því sannanlegar áhyggjur og ég veit að innst inni hafa forsvarsmenn þessa máls það sömuleiðis, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þannig að þessi er þátturinn málsins í

heild breidd.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vona svo sannarlega að þrátt fyrir öll mín viðvörunarorð verði sú lagabreyting sem hér er að eiga sér stað til góðs fyrir þorra starfsmanna, verði til góðs fyrir þennan mikilvæga þjónustuþátt sem hér um ræðir þrátt fyrir það að undirbúningur og allt málið sé eins og ég hef hér lýst og ætla ekki að endurtaka. Ég sagði í atkvæðaskýringu í gær að Alþfl. ætlaði ekki á lokastigi málsins að reyna að bregða fæti fyrir málið en vísar hins vegar allri ábyrgð á málatilbúnaðinum og málsmeðferð á hendur ríkisstjórninni og mun þess vegna sitja hjá við endanlega afgreiðslu þess. Við höfum sagt það að við höfum verið til umræðu reiðubúin um það hvernig þessi mikilvæga þjónustustofnun gæti gengið inn í nýja öld og nýja tíma. Þar eru ýmsir valkostir og möguleikar. Þetta frv. því miður svarar því ekki nema að mjög litlum hluta. En sú umræða á alveg eftir að fara fram. Hæstv. ráðherra mun hafa, ef mál ganga fram sem horfir, altækt vald í málefnum fyrirtækisins. Ég vænti þess og vona að hann fari vel með það vald. Hins vegar vil ég minna á í bláendann að hann hefur lýst því yfir með skýrum og greinargóðum hætti að hinu háa Alþingi verði gert kleift á næstu mánuðum að fylgjast með undirbúningi að stofnun félagsins, fylgjast grannt með samningaviðræðum undirbúningsnefndar við starfsmenn og að öðru leyti fá að fylgjast mjög grannt með því hvernig þróun þessa mikilvæga þjónustufyrirtækis verður á næstu mánuðum, missirum og árum.

[10:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir mjög góða og fróðlega ræðu sem hann flutti hér og ég vil taka undir margt sem fram kom í hans máli.

Ég vil byrja á því að taka sérstaklega undir þá áherslu sem hann lagði á að samþykkt yrði breytingartillaga sem fram hefur komið frá hv. þingmönnum Ragnari Arnalds, Guðmundi Árna Stefánssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur. Þótt hún hafi verið felld við atkvæðagreiðslu þá tel ég rétt að það mál verði endurskoðað. (**Gripið fram í:** Hún var dregin til baka.) Nú, hún var dregin til baka og frestað til 3. umr. þannig að þingið á enn kost á því að samþykkja þessa tillögu. En hún felur það í sér að eftir stofnun Pósts og síma hf. skuli grunnnetið í fjarskiptaþjónustu Póst- og símamálastofnunar áfram vera í eigu ríkisins eða fyrirtækja sem ríkið á allan hlut í, þ.e. grunnnetið verði í eigu samfélagsins.

Þetta minnir mig á umræðu sem fram hefur farið í Bretlandi síðustu missirin og snertir einkavæðingu járnbrautanna þar í landi. Þar var mörgum ofboðið þegar frjálshyggjustjórn Majors tók ákvörðun um að einkavæða járnbrautirnar og þar með sjálfa járnbrautarteinana. Þótti mörgum sem voru fylgjandi samkeppni á markaði að heppilegra og viturlegra væri að selja aðgang að þessum teinum og láta samkeppni fara fram á þeim, en að teinarnir væru í eigu samfélagsins. Mér finnst þetta að sumu leyti vera sambærilegt mál, að grunnnetið verði í eigu hins opinbera hvað svo sem kann að gerast á því neti.

Mér er að sjálfsögðu ljóst að þetta er flókið mál og til sögunnar eru að koma fleiri möguleikar en verið hafa til þess að miðla fjarskiptaboðum. En ég hygg að eins og sakir standa, eins og tækninni er núna háttað, að þá væri það mjög viturleg ráðstöfun að samþykkja þessa tillögu um að grunnnetið í fjarskiptaþjónustu Póst- og símamálastofnunar verði áfram í eigu ríkisins eins og tillaga hefur komið fram um. Á þetta vil ég leggja mjög ríka áherslu.

Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni. Ég hef áður gert rækilega grein fyrir skoðunum mínum um ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Ég tel að þar sé verið að stíga fyrsta skrefið að einkavæðingu stofnunarinnar, enda er það að mörgu leyti rökrétt framhald af þeirri hugsun sem hér er byggt á, þ.e. að markaðsvæða þessa starfsemi.

Ég vil áður en ég lýk þessari umræðu frá minni hálfu aðeins víkja að því sem hæstv. samgrh. sagði í ræðu í gær um starfsöryggi starfsfólksins. Hann lítur svo á að með þessum breytingum sé verið að tryggja starfsöryggi starfsfólks. Hér er ég gagnstæðrar skoðunar og ekkert við því að segja. Hæstv. ráðherra telur að með því að markaðsvæða þessa starfsemi sé hún betur tryggð til frambúðar. Ég bendi á hinn bóginn á að markaðsvæðingin, þar sem sú leið hefur verið farin, hefur leitt til þess að ekki aðeins hefur launamunur innan þessara stofnana aukist heldur hefur það leitt til aukins atvinnuleysis, þ.e. að fleira fólk hafi misst atvinnuna en hefði gerst ef þessi breyting hefði ekki komið til sögunnar. Hér vísa ég einfaldlega í reynslu annarra þjóða og þá augljósu staðreynd að þar sem nýir eigendur koma til sögunnar með kröfur um að hámarka arðsemi og gróða og fá sem mest í sinn hlut, þá hefur jafnan vaknað krafa af þeirra hálfu jafnframt að vinnandi höndum yrði fækkað og það hefur gengið eftir. Ég legg áherslu á að ég tel ýmsar ástæður fyrir því að starfsfólki sem starfar á þessu sviði hafi fækkað. Þar kemur tæknin einnig til sögunnar en einkavæðingin hefur hert á þessari atvinnuleysisþróun. Á því leikur ekki nokkur einasti vafi að mínum dómi.

Að lokum langar mig til þess að segja fáein orð um stöðu starfsfólks. Ég hef margoft fagnað þeim yfirlýsingum sem fram hafa komið frá hæstv. samgrh. í þessari umræðu um að rækilega skuli tryggt að kjör og réttindi starfsmanna verði ekki skert og hæstv. ráðherra hefur sagt að slíkar viðræður hafi farið fram með þetta að markmiði við starfsfólkið og stéttarfélögin innan Pósts og síma og að þau mál séu í góðum farvegi. En hvað sem kann að líða góðum ásetningi hæstv. samgrh., þá er staðreyndin sú að þessi mál eru ófrágengin og það er rangt sem hæstv. samgrh. sagði í gær að ekki væri hægt að tryggja þessi mál til frambúðar. Það hefur verið verkefni í þeim ríkjum sem hafa hlutafélagavætt eða einkavætt að leysa þessi mál og sums staðar hefur það tekist með ágætum. Ég vitnaði í þróun mála í Frakklandi þar sem franski síminn hefur verið gerður að hlutafélagi. Þar er réttarstaða starfsfólksins tryggð þannig að það verður áfram innan réttinda- og kjarakerfis opinberra starfsmanna.

Í Danmörku var flughöfnin á Kastrup einkavædd. Þar var gengið til frambúðar frá réttindum og kjörum starfsmanna. Það var gert þannig að þeir sem þá voru starfandi urðu áfram opinberir starfsmenn, þ.e. nutu allra réttinda og kjara sem þeir höfðu. Frá þessu var gengið og það var gengið frá því til frambúðar. Og meðal annarra orða, er ekki meiningin sú að þetta fyrirtæki verði undir handarjaðri þess manns sem sagði að ekki væri unnt að tryggja hlutina til frambúðar því að það væri ekki hægt að vita hvað hlutafélag úti í bæ mundi gera í framtíðinni? Það er nú ekki lengra úti í bæ samkvæmt yfirlýsingum þessa sama hæstv. ráðherra en svo að það er í hans eigin skrifstofu með sínar höfuðstöðvar, við hans eigið skrifborð. Ég fæ því ekki séð hvernig það stenst að ekki sé unnt að tryggja kjör og réttindi starfsfólks til frambúðar

ef mönnum er alvara með því að ætla ekki að selja þetta fyrirtæki eins og hæstv. samgrh. hefur marglýst yfir.

Réttindi starfsfólksins verða skert. Það mun gerast t.d. varðandi lífeyrisrétt ef ekki verður einhver breyting á því frv. sem hér er eða ef samningar nást ekki við starfsfólk. Þá verður um réttindaskerðingu að ræða vegna þess að ávinnslurétturinn fellur niður og ýmis önnur kjör eru einnig í uppnámi. Ríkisstjórnin er t.d. núna búin að afnema biðlaunaréttinn í því formi sem hann var. Ef sú breyting sem menn settu í gegnum þingið um afnám biðlaunaréttar hefði ekki náð fram að ganga hefðu starfsmenn átt rétt á biðlaunum í hálft ár eða eitt ár eftir atvikum eftir því hvað starfsfólkið hefði starfað lengi eða haft aðstöðu til þess að semja um kjör í skiptum fyrir slík réttindi og slíkar krónur. Sums staðar hefur það verið gert með þeim hætti að starfsfólk hefur t.d. fengið hlut í félaginu en þetta eru krónur og aurar og jafnvel þótt það sé ekki lengur lagaleg stoð, þótt ríkisstjórnin hafi búið svo um hnútana að hún hefði af fólkinu þessa peninga, þá er enn siðferðileg krafa á hendur ríkisstjórninni að ganga frá þessum málum við starfsfólkið og tryggja því réttindi sem það hefur verið svipt. Það er siðferðileg krafa á ríkisstjórnina að hún semji við starfsfólk þannig að það tapi ekki réttindum sínum.

Ég hef margrakið það í ræðum um þetta mál hvernig einstaklingar, sem hafa verið í réttindakerfi opinberra starfsmanna, t.d. notið ávinnsluréttar í lífeyriskerfinu, hafa verið 10–20 þús. kr. lægri í launum en þeir sem hafa búið við annað réttindakerfi. Nú kemur það fram, og það hefur ekki verið hrakið og það er deginum ljósara, að fólk mun fara inn í lífeyrisréttindi á grundvelli laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, á þeim grundvelli að starf sé lagt niður. Við það tapast ávinnslurétturinn. Þetta er sannanlegt og þetta er staðreynd. Ávinnslurétturinn er hluti af því réttindakerfi sem launamunurinn var réttlættur samkvæmt, 10–20 þús. kr. á mánuði, ekki bara í þessum mánuði, ekki bara í janúar, ekki bara í desember heldur líka í janúar og desember í fyrra, hittiðfyrra og áratugi aftur í tímann þannig að við erum að tala þar um margfaldar krónur, margfalda þá peninga sem ríkisstjórnin hefur haft af þessu fólki núna með lagabreytingunni um biðlaun. Ríkisstjórnin hefur haft af fólkinu mörg hundruð þús. kr., milljónir, en er núna að hafa af mönnum þessi réttindi með lagabreytingu. Hún hefur haft það af með þessari lagabreytingu og hefur jafnan sagt: Já, en okkur finnst ekki sanngjarnt að menn séu á tvöföldum launum. En fannst mönnum það sanngjarnt að launamunurinn væri 10–20 þús. kr. í hverjum mánuði vegna þessara sömu réttinda? Var einhver sanngirni fólgin í því? En þannig var þetta og þannig er þetta. Þessi mál eru ófrágengin.

Í rauninni finnst mér ófært að frá einkavæðingu eða hlutafélagavæðingu Pósts og síma verði gengið fyrr en allir þessir endar hafa verið hnýttir og það hafa menn leitast við að gera víða erlendis. Hins vegar hefur það allt of víða ekki verið gert. Í Noregi stóð t.d. í stappi í langan tíma um þessi mál. Ég veit ekki einu sinni hvort það er fullfrágengið þar. Annars staðar var um þessi mál samið. Í Danmörku var talað um biðlaun upp á þrjú ár, þriggja ára biðlaunaréttur sem færðist yfir á fyrirtækið svo dæmi sé tekið. Ýmsar leiðir eru til í þessum efnum en það verður líka að finna þær, það verður að semja um þær og hver svo sem ásetningur hæstv. samgrh. hefur verið gagnvart starfsmönnum, og reyndar efast ég ekki um og hef reyndar aldrei efast um annað en hann hafi verið góður, ég hef aldrei efast um það. Ég held meira að segja að hann sé það enn þá. En staðreyndin er sú, hver svo sem ásetningur hæstv. samgrh. hefur verið og er, að þessi mál eru ófrágengin. Það er mergurinn málsins. Ef ásetningur hæstv. ráðherra er eins góður og ég vil trúa að hann sé á hann að vera maður til þess að taka um það ákvörðun fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að málinu verði frestað til haustsins, að frv. verði ekki samþykkt núna heldur verði leitað eftir samningum við starfsfólkið, allir endar hnýttir og að málinu komið í haust. En það þarf stóra menn og sterka siðferðilega til að taka slíkar ákvarðanir og við bíðum öll spennt að sjá á hvern hátt hæstv. samgrh. rís undir slíkum áskorunum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Lokaorð mín eru þessi: Ég vona að ríkisstjórnin og Alþingi beri gæfu til að ganga ekki frá málinu fyrr en réttindi starfsmanna hafa verið tryggð. Þau hafa ekki verið tryggð og það gengur ekki að fullyrða að gott samráð hafi verið haft við starfsfólk á grundvelli þess eins að margir fundir hafi verið haldnir, þegar ekki hefur verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólksins. Það hefur ekki verið gert. Það hafa verið boðaðir endalausir fundir, innihaldslitlir og innihaldslausir fundir og niðurstöður engar og ekki hlustað á sjónarmið starfsfólksins. Það hefur enn ekki verið gert og þess vegna á það að vera ófrávíkjanleg krafa Alþingis ef það vill halda reisn sinni að frá þessum málum verði ekki gengið fyrr en réttindi og kjör starfsfólks Pósts og síma hafa verið tryggð.

[11:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þau mál sem eru til umræðu, þ.e. stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og fylgifrumvörp, þ.e. breyting á póstlögum og fjarskiptalögum, eru nú komin á lokastig umræðu í þinginu og höfum við í minni hluta samgn. komið sjónarmiðum okkar ágætlega á framfæri bæði í máli okkar í umræðu í þinginu og einnig í minnihlutaáliti frá nefndinni. En þar sem við erum að ljúka umræðunni langar mig aðeins að koma inn á nokkur atriði.

Eins og komið hefur fram hjá ræðumönnum á undan mér er verið að breyta rekstrarformi Pósts og síma eins og menn hafa sagt til að undirbúa stofnunina fyrir breytt rekstrarumhverfi og breyttan veruleika í næstu framtíð. Við höfum lýst því yfir að þetta mál hafi ekki verið nógu vel unnið og höfum hvatt menn til að taka málið til betri meðferðar. Þess vegna lögðum við til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar en það var fellt í nótt.

Þetta mál hefur oft verið kallað einkavæðing Pósts og síma en það er að sjálfsögðu ekki réttnefni. Hér er verið að stofna hlutafélag um fyrirtækið en það sem menn hafa haft áhyggjur af er hvort hlutabréf í þessu hlutafélagi verði seld. Hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir að það standi ekki til í hans tíð að hlutabréf í Pósti og síma verði seld en það eiga eiga náttúrlega eftir að koma aðrir samgönguráðherrar og það verður í hendi þeirra hvort hlutabréf verða seld í þessu fyrirtæki.

Það sem ég hef nokkrar áhyggjur af er hvernig afgreiðslu brtt. hv. þingmanna Ragnars Arnalds, Guðmundar Árna Stefánssonar og þeirrar sem hér stendur, fékk í gær þar sem meiri hlutinn í þinginu felldi þá tillögu að grunnnetið skuli ávallt vera í eigu ríkisins. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ég teldi að eðlilegt að þetta net ætti að vera í eigu okkar allra og var ágæt samlíkingin hjá honum í ræðunni um járnbrautirnar og járnbrautarteinana í Bretlandi.

Menn hafa oft rætt það varðandi aðgang að sameiginlegum takmörkuðum auðlindum í eigu ríkisins að þar skuli

seldur aðgangur. Það hefur m.a. komið fram í umræðu um aðgang að sjónvarpsrásum svo að dæmi sé tekið. Það veldur mér nokkrum áhyggjum að stjórnarmeirihlutinn skuli vera andvígur því að við öll skulum eiga í allri framtíð grunnnetið því að þá vakna upp ákveðnar grunsemdir um það að menn ætli e.t.v. að selja hluti í þessu nýja hlutafélagi á næstunni.

Sérstakar áhyggjur hef ég af málefnum starfsmannanna eins og þeim er háttað nú þegar þetta mál er að fara út úr þinginu. Þriggja manna nefnd, sem samgrh. mun tilnefna, er ætlað að ganga frá öllum málum starfsmannanna sem eru öll í lausu lofti. Það er þá 7. gr. í frv. sem er aðalatriðið í starfinu á næstu mánuðum því að henni er ætlað samkvæmt frv. og þeim lögum sem líklega verða samþykkt í dag að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Hún skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga, sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnunar félagsins, og fyrirhugaðri starfsrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga. En ég hef svo sannarlega áhyggjur af því eins og félagar mínir í minni hluta samgn. að það muni verða erfitt að ganga frá samningum við þessa 2.500 starfsmenn. Ekki hefur gengið vel undanfarna mánuði. Þó svo að nokkrir fundir hafi verið haldnir með starfsmönnum hefur hvorki gengið né rekið í málefnum starfsmannanna á þeim tíma og segir það nokkuð. En ég vona samt að það sé ekki dæmi um það hvernig málum muni fram haldið í sumar.

Varðandi brtt. okkar hv. þingmanna Ragnars Arnalds og Guðmundar Árna Stefánssonar um að landið allt skuli verða eitt gjaldsvæði frá og með næsta mánuði, þá hefur meiri hlutinn enn tök á því að samþykkja þá tillögu því hún mun líklega koma til atkvæða í dag en þingið hefur nú þegar sýnt vilja sinn í því að landið verði allt eitt gjaldsvæði með því að samþykkja tillögu meiri hlutans sem því miður ætlar þessu ekki að taka gildi fyrr en um mitt ár 1998 og það er eftir að samkeppni í fjarskiptum hefur verið gefin frjáls og því líklegt að ekki verði unnt að framkvæma þann vilja þingsins þegar sá dagur rennur upp að það gangi í gildi að landið skuli verða eitt gjaldsvæði, þ.e. sex mánuðum eftir að samkeppni hefur verið gefin frjáls í fjarskiptum. Þess vegna hvarflar það að manni að hér sé um sýndarmennsku að ræða hjá meiri hluta Alþingis. Ef menn vilja í raun þá breytingu að landið verði allt eitt gjaldsvæði, ættu menn að greiða þeirri tillögu sem Ragnar Arnalds er 1. flm. að atkvæði sitt síðar í dag.

Ég held að mesta gagnrýni mín hafi komið fram í máli mínu í fyrri umræðum um málið. En ég vil ítreka að það er krafa okkar þingmanna í samgn., a.m.k. í minni hlutanum, að það verði búið að ganga frá málefnum starfsmannanna, herra forseti, fyrir haustið. Samgöngunefndarmenn munu fylgjast með því hvernig vinnunni miðar hjá undirbúningsnefndinni sem verður að störfum í sumar og munu reyna veita það aðhald sem unnt er í þeim efnum. En málefni starfsmannanna verða að vera komin á hreint áður en þessi lög ganga í gildi.

Ég vil einnig að lokum, herra forseti, leggja áherslu á það að eins og staðið var að málinu þá vil ég frábiðja mér alla ábyrgð á því og vísa henni alfarið til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 1136, brtt. 1115 og 1145.

og

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 3. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 1137.

[11:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. sem hefur gengið undir vinnuheitinu fjármagnstekjuskattur. Um langan tíma hefur það verið krafa í þjóðfélaginu frá samtökum launafólks og ýmsum aðilum sem hafa viljað hafa áhrif í réttlætisátt að tekinn verði upp skattur á tekjur af fjármagni þannig að arðurinn af fjármagni verði skattlagður eins og tekjur sem fólk aflar sér með launavinnu eða á annan hátt. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna yfirlýsingu um að slíkt kerfi verði tekið upp, að fjármagnstekjur verði skattlagðar. Ég hef verið því fylgjandi í mjög langan tíma að þetta verði gert og mér hefur fundist skipta miklu máli að þegar fjármagnstekjuskattur verður lagður á þá verði búið svo um hnúta að það verði arðurinn af fjármagninu sem verði skattlagður, þ.e. raunávöxtunin en ekki vextir sem færast upp samkvæmt öðru verðlagi. Að það verði hinar raunverulegu tekjur af peningunum sem verði skattlagðar en ekki það sem fólk leggur til hliðar. Að það verði meginhugsunin í þeim lögum sem sett yrðu.

Það sem núna er verið að gera hins vegar er að það er verið að búa til tvípætt kerfi. Það er annars vegar kerfi þar sem launatekjur eða launafólk og lífeyrisþegar eru skattlagðir. Þar er skattprósentan 42%–47%. Það er svona hinn almenni maður. En síðan er sérstakt kerfi fyrir fjármagnseigendur með lágu skatthlutfalli, með 10%. Hér er gengið þvert á þær kröfur sem launahreyfingin hefur lengst af haldið fram, þ.e. að það ætti ekki að mismuna á þennan hátt. Verði frv. þessi að lögum er horfið frá þeirri grundvallarreglu í skattlagningu að skattleggja þegnana eftir greiðslugetu þeirra. Í raun má segja að þessari reglu sé snúið við verði frv. að lögum því það eru tekjuhæstu einstaklingarnir sem fá yfir helming tekna af fjármagni og munu því koma til með að greiða minnst til samfélagsins. Svona tvískipting skattkerfisins þekkist hvergi í hinum siðmenntaða heimi. Tvískipt tekjuskattskerfi eins og lagt er upp með í þessum tillögum opnar einnig nýjar leiðir til að skjóta tekjum undan skatti. Eigendur fyrirtækja, fjármagnseigendur og sjálfstætt starfandi aðilar geta ef frv. verður að lögum að mestu komist hjá skattlagningu. Í því sambandi vil ég vitna í álitsgerð sem kom frá skattrannsóknarstjóra en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Mjög oft fer saman arðsmóttaka og launagreiðslur frá sama aðila. Sömuleiðis er það oft og tíðum arðsmóttakandi sem ákveður arðsgreiðsluna. Með fjölgun hlutafélaga og einkahlutafélaga þar sem einstaklingsrekstur er færður yfir í félagaform munu fara saman í æ auknum mæli greiðsla á arði og greiðsla launa. Augljós er þá sú hætta að óeðlilega stór hluti greiðslna verði færður sem arður sem ella væri meðhöndlaður sem laun. Verður að telja öruggt að einhver hópur sjálfstætt starfandi einstaklinga muni breyta formi rekstrar

síns í því skyni að lækka skattgreiðslur sínar með því að taka fé út úr félögunum í formi arðs að svo miklu leyti sem eigið fé félags leyfir slíkt."

Þetta er úr álitsgerð skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Þá vil ég vitna í grein sem Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur BSRB, skrifar í Morgunblaðið, miðvikudaginn 29. maí. Hún segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Óvíst er hvort sú útfærsla á fjármagnstekjuskatti sem hér hefur verið tíunduð muni skila sér sem tekjur í ríkissjóð. Nefndin sem vann að þessum tillögum áætlar að skatttekjur ríkissjóðs aukist um 1 milljarð króna. Ljóst er að ef skattsvik aukast eins og leitt hefur verið líkum að hér að ofan, gæti nettóútkoman orðið neikvæð og tekjur ríkissjóðs því minnkað. Ríkissjóður þolir ekki tekjusamdrátt og því er hætt við að kostnaðurinn vegna skattalækkana hátekjufólks og aukinna skattsvika verði borinn uppi af launafólki og lífeyrisþegum í formi hærri tekjuskatta."

Með öðrum orðum, það sem Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur BSRB, segir í þessari blaðagrein er að hætta sé á því að við skattalækkanir fyrir stóreignafólkið og undanskot sem þar opnast hjá þeim hluta þjóðfélagsins, verði tekjumissi ríkissjóðs mætt með því að skattleggja hinn almenna launamann, enda er það gert.

Í framhaldi af þessu vil ég beina sjö spurningum til ríkisstjórnar Íslands í sambandi við þennan svokallaða fjármagnstekjuskatt:

1. Jaðarskattar á almennar launatekjur eru mjög háir og geta verið frá 42% og upp í 60% – 70% þegar bótaskerðingar eru meðtaldar. Samkvæmt frv. um skatt á fjármagnstekjur verður jaðarskattur á arð, vexti og söluhagnað 10%. Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd sem á að kanna leiðir til að lækka jaðarskatta. Telur ríkisstjórnin það brýnt forgangsverkefni að lækka jaðarskatta á tekjur sem fyrst og fremst er að finna hjá stóreignafólki og hátekjumönnum eins og gert er, í stað þess að láta eitt yfir alla ganga? Bæði Sjálfstfl. og Framsfl. lýstu því í síðustu kosningabaráttu að brýnt væri að lækka jaðarskatta en kjósendum var ekki sagt að stóreignafólk ætti að vera í fyrirrúmi og fá forgjöf. Kjósendum var ekki sagt að stóreignafólk ætti að vera í fyrirrúmi og fá sérstaka forgjöf.

2. Skattleysismörk hafa sífellt farið lækkandi frá því að staðgreiðsla skatta var tekin upp fyrir tæpum áratug. Er svo komið að lág laun eru skattlögð og skattleysismörk einstaklinga eru um 700 þús. kr. á ári og um 1,4 millj. hjá hjónum sem bæði vinna utan heimilis. Samkvæmt frv. um skatt á fjármagnstekjur verða skattleysismörk fyrir vexti, arð, húsaleigu og söluhagnað um 2.950.000 kr. á ári fyrir einstakling og um 5,9 millj. kr. fyrir hjón sem ekki stunda launaða vinnu en lifa af eignum sínum. Telur ríkisstjórnin brýnna að hækka skattleysismörk þessa fólks en þeirra sem vinna hörðum höndum fyrir lágum launum?

3. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra munu breyttar reglur um skattlagningu fyrirtækja samkvæmt frv. um skatt á fjármagnstekjur geta leitt til þess að tekjuskattur 40 tekjuhæstu hluthafa landsins lækki um rúmlega 800 millj. kr. Góð afkoma fyrirtækjanna á m.a. rætur að rekja til launasamninga með litlum launahækkunum á undanförnum árum þar sem launþegar hafa orðið að taka á sig skerðingu tekna en jafnframt verið sagt að þeir myndu njóta þess síðar er aðstæður í atvinnulífi bötnuðu. Telur ríkisstjórnin sannngjarnt að þegar árangur þessara fórna launþega kemur í ljós í bættri afkomu atvinnurekstrar og hækkuðum tekjum eigenda fyrirtækja, sé sköttum velt af þessum aðilum yfir á almennt launafólk eins og gert er með frv. um skatt á fjármagnstekjur?

4. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra mun skattstofn af arði, söluhagnaði, lækka um 740 millj. kr. Þar af er lækkun skattstofns þeirra 10% hjóna og einstaklinga sem hæstar tekjur hafa um 465 millj. kr. og munu skattar þeirra lækka um rúmlega 200 millj. kr. og tekjur hins opinbera samsvarandi. Telur fjmrh., sem beitt hefur sér fyrir lækkun barnabóta og framlaga til félagslegrar þjónustu, að þessi 10% tekjuhæstu þegnar landsins séu í meiri þörf fyrir aðstoð af hálfu ríkisins en barnafólk, sjúklingar og aldraðir?

5. Talið er að eigið fé Sameinaðra verktaka, sem að mestu hefur verið safnað í skjóli einokunaraðstöðu við framkvæmdir á vegum varnarliðsins, sé um 2,5 milljarðar kr. Verðmæti þess fyrir hluthafana eftir að hafa greitt skatt af söluhagnaði samkvæmt núgildandi lögum er talið vera um 1,5 milljarðar kr. Verðmæti þessara eigna fyrir hluthafana mun hækka um 750 millj. kr. eftir að hafa greitt skatt samkvæmt frv. um skatt á fjármagnstekjur og nýtt að fullu frestun á skattlagningu söluhagnaðar samkvæmt þeim. Telur ríkisstjórnin réttlætanlegt að auka verðmæti hermangsgróða einokunaraðila með þessum hætti?

6. Samkvæmt frétt í Morgunblaðinu fyrr á árinu um Sjóvá-Almennar var arður, sem greiddur var 10 einstaklingum sem tilgreindir voru í fréttinni, 14,3 millj. kr. Samkvæmt gildandi lögum er skattur þessara hluthafa af þeim tekjum 5,5–6,5 millj. kr. Samkvæmt frv. um skatt á fjármagnstekjur mun þessi skattur lækka í 1–1,5 millj. kr. Fjmrh. hefur margoft lýst þeirri skoðun sinni að þörf sé á að lækka tekjuskatta. Telur hann og ríkisstjórnin að brýnt sé að byrja á því verki með því að lækka skatta stóreignafólks og hátekjumanna? Og sérstaklega beini ég þeirri spurningu til Framsfl. hvort það sé stefna hans að hafa stóreignafólk í fyrirrúmi.

7. Verðmæti hlutabréfa þeirra 10 einstaklinga sem mest eiga í Sjóvá-Almennum er talið vera um 1 milljarður kr. miðað við markaðsverð bréfanna og um 600–700 millj. kr. eftir að greiddur hefur verið skattur af söluhagnaði samkvæmt núgildandi reglum. Með frv. um fjármagnstekjuskatt mun verðmæti eftir skatt af söluhagnaði hækka í 900 millj. kr. Á undanförnum árum hefur misskipting eigna í þjóðfélaginu aukist og þjóðarauðurinn færst í æ færri hendur. Telur ríkisstjórnin ástæðu til að hraða þessari þróun og auka þessa misskiptingu enn frekar eins og gert er með frv. um skatt á fjármagnstekjur?

Að lokum þetta. Það hefur komið fram frv. í þinginu um að fara aðra leið í þessum efnum en þá leið sem ríkisstjórnin leggur til. Sú leið er að mínum dómi ásættanleg og nær því markmiði sem ég tel eðlilegt að menn setji, að allir þegnar landsins sitji við sama borð gagnvart skattinum. Ég vek athygli á því og legg á það áherslu að þetta frv. fær ekki að koma inn í þingið aftur. Það er setið á þessu frv. Efh.- og viðskn. þingsins kemur í veg fyrir að frv. fái afgreiðslu við 2. umr. Ég vil vekja sérstaklega athygli á þessu og skulu það vera lokaorð mín.

[11:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða svokallaðan fjármagnstekjuskatt og það er dapurt til þess að hugsa við hvaða aðstæður við ræðum þetta mál. Það er ekki eins og mörg okkar dreymdi um og trúðu á að hér á vordögum mundu alþingismenn stjórnar og stjórnarandstöðu sameinast um jákvæða aðgerð þar sem verið væri að jafna greiðslubyrði

þeirra sem hafa tekjur, meiri og minni, til ríkisins og framlög manna til fjármögnunar velferðarkerfisins og samfélagsins sem við höfum svo falleg orð um á stundum heldur er það alveg öfugt eins og hér hefur komið svo berlega fram í umræðunni að það er verið að mismuna gróflega stóreigna- og hátekjumönnum annars vegar meðan launþegar borga eins og ævinlega skerf sinn, sína háu prósentu fram að þessu af launum sínum, eignum o.s.frv. Nú bætist við að meðan kallað er eftir að einstaklingar með litlar fjármagnstekjur greiði af vöxtum sínum það sem kemur í þeirra hlut að þá er lækkað á stóreignamanninum sem hingað til hefur nokkurn veginn í gegnum greiðslur af arði verið að leggja til sinn skerf. Þessi gjörningur og umræðan um lagasetninguna snertir réttlætið í skattheimtu og ég fullyrði það að allir réttsýnir menn vilja fjármagnstekjuskatt eins og fjármagnstekjuskattur sá er sem við höfum séð fyrir okkur og búist við að yrði lögfestur næðist einhvern tímann um það sátt að leggja slíkan skatt á.

Ég fullyrði að fólk vill borga skatt af tekjum sínum, þ.e. allir þeir launamenn sem ég hef kynnst vilja borga af launum sínum það sem til þarf og bera sinn skerf, jafnvel þeir sem lítið hafa, en þetta fólk vill að aðrir borgi af tekjum sínum hvers eðlis svo sem þær eru. Þarna komum við að réttlætishugmyndunum og hvernig við lítum á þessi mál. Í öllu sem lýtur að tekjuöflun ríkissjóðs erum við að nálgast málin út frá eigin viðhorfum okkar um þetta réttlæti, út frá eigin viðhorfum um hver eigi að borga hvað. Matið er ekki alltaf það sama og ákvarðanir sem teknar eru af stjórnvöldum eru ekki alltaf teknar út frá þessu viðhorfi. Stundum ráðast ákvarðanir af sjónarmiðum hagstjórnunar, samanber þegar ákvörðun er tekin um lækkun skatta á fyrirtæki á samdráttartímum sem þá er tekin í tilraun til þess að örva vöxt fyrirtækja og afstýra því að fækkun starfsfólks verði meiri en við blasir fremur en að verið sé að taka afstöðu til þess hvað fyrirtæki af þessari eða hinni stærðinni og þessari og hinni getunni leggi til samfélagsins eins og ætlast er til af einstaklingunum sem mynda þetta samfélag. Þannig upplifðu margir að sínu réttlæti væri misboðið þegar síðasta ríkisstjórn aflétti eða lækkaði skatta af fyrirtækjum meðan einstaklingar, oft með litlar eða takmarkaðar tekjur, báru skattana sína af þeim þunga sem þeim var ætlað. Ég er mjög meðvituð um þetta og ég er mjög meðvituð um það að stundum stendur maður að ákvörðunum sem byggjast á sjónarmiðum sem verður að virða eða að minnsta kosti að lúta meirihlutaafstöðu í en það er ekki alltaf að þær sömu ákvarðanir snerti það réttlæti sem maður vill sjá í framkvæmd í þjóðfélaginu.

Þegar verið var að tekjutengja sem mest af endurgreiðslum ríkisins, bótum almannatrygginga, vaxtabótum til fólks sem var með mikil lán og borgaði mikla vexti og tekjutengingar ýmsar af þjónustugjöldum þá var það gert í nafni þessa sama réttlætis, að þeir sem meira hefðu ættu að fá minna, þeir sem meira hefðu ættu að greiða meira og þar með var stofnað til þess fyrirbæris sem gjarnan er nefnt jaðarskattar.

Í desember fjölluðum við um fjárlög og niðurskurð, skattheimtu og tekjur ríkisins og útgjöldin sem tekjurnar duga engan veginn fyrir. Þá hefðu margir viljað finna tekjur til að komast hjá erfiðum niðurskurði og oft við fjárlagagerð hefur það einmitt verið nefnt að ef ríkisstjórnir mönnuðu sig upp í að leggja á fjármagnstekjuskatt kæmu nýjar tekjur og auknar tekjur til ýmissa velferðarþátta og til að greiða niður skuldir og annað það sem hefur skapað þenslu, verðbólgu eða hækkaða vexti hjá okkur.

Ég fullyrði að í umræðunum í desember hafi enginn búist við lækkun vegna skattabreytinga á tekjum ríkisins en það er það sem við blasir með þessari lagasetningu sem hér er að verða að þeir sem hafa greitt skatt af arði þeir munu borga minna og þrátt fyrir að útreikningar miðað við núverandi arðgreiðslur sýni e.t.v. ekki miklar tekjubreytingar ríkissjóðs er það alveg kristaltært að eftir þessa breytingu munu fyrirtæki í auknum mæli breyta rekstrarformi sínu. Það mun í auknum mæli verða farið yfir í rekstrarform einkahlutafélaga þar sem einmitt skapast grundvöllur til þess að fara með arðtekjurnar eins og kemur fram í þessum lögum. Það er til umhugsunar vegna þess að þetta boðar að það verði miklar tekjubreytingar hjá ríkinu.

Það er til umhugsunar fyrir launamanninn að tekjur og tekjur er ekki það sama eftir því hver er að afla teknanna. Þegar tekjur eru laun þess sem vinnur hjá öðrum og allt er skráð og eftir föstum reglum þá borgar viðkomandi skatta og skyldur af öllum tekjum sínum. Þegar tekjurnar eru af fjármagni eru viðhorfin önnur. Það virðist tvennt ólíkt hvort greiða á skatta og skyldur af þeim tekjum sem eru laun fyrir beinharða vinnu þar sem hver einasti klukkutími er mældur eða hvort á að borga skatta af tekjum, fjármagni sem verður til við það að fjármagn ávaxtar sig, við fjárfestingar, ávöxtun í rekstri fyrirtækja o.s.frv. Núna er það svo að þegar launamaður nurlar einhverju saman af því sem hann hefur haft tekjur af eða laun af og á eitthvert smáræði í bönkum og sparisjóðum verður það skattað á meðan að arðurinn úr fyrirtækjarekstrinum, skatturinn af arði verður lækkaður. Þetta hlýtur að vekja okkur til umhugsunar og vekja upp umræður um það hverjir borga skattana, hvaða álögur eru lagðar á þjóðina og hvernig skiptast greiðslurnar. Hvernig skiptast þessar álögur á þegnana? Launafólki finnst að þessi skipti séu ójöfn og þess vegna skapast mjög hættuleg viðhorf og við höfum kynnst þeim á liðnum árum þar sem vammlaust fólk sem í flestum tilfellum er með þannig viðhorf að það vill gera allt samkvæmt lögum, það vill axla byrðar sínar, sinna skyldum sínum og borga skatta sína svo fremi — og það fær maður oft að heyra — að allir aðrir borgi sitt. Þetta vammlausa fólk er nú í auknum mæli farið að láta í sér heyra með sjónarmið eins og þessi: Uss, ég hika ekki við það að taka því þegar mér eru boðin nótulaus viðskipti með viðgerð á bílnum mínum. Ég sem borga allt mitt og af öllu mínu til samfélagsins á meðan maður horfir á þá sem fjármagninu velta borga svokallað vinnukonuútsvar, reka stór hús, bíla og vera með flottan og dýran einkarekstur, þá finnst mér það ekki of mikið að ég sleppi þar sem hægt er. Það er skelfilegur hlutur að löggjafinn með lagasetningu skuli hafa vakið upp sjónarmið af þessu tagi hjá annars vammlausum launþegum, sem vilja standa við sitt, eru meðvitaðir um velferðarkerfið, sem vilja taka þátt í að búa til ákveðna þjóðfélagsgerð þar sem enginn verður undir og vilja greiða sitt til þeirrar samneyslu.

Það er margt sem við gerum sem virkar mjög óréttlátt á fólk. Þannig vorum við fyrir örfáum dögum að renna í gegn frv. frá efh.- og viðskn. með breytingum á vörugjaldi. Og hverjir eru það sem njóta? Það eru þeir sem hafa fjármagn til að fjárfesta í dýrari bílum vegna þess að það eru sáralitlar breytingar á verði svokölluðu fjölskyldubílanna. Ég get nefnt það hér, án þess að ég vilji sómans vegna tilgreina hvaða umboð það var, að kunningi minn sem starfaði við bílasölu í einu umboðinu sagði mér: „Það verða engar breytingar á almennu bílunum hjá okkur. Það verða engar verðbreytingar á fjölskyldubílunum sem við liggjum með. Það verða breyt-

ingar á einum bíl, sjö manna stórum bíl sem átti að kosta 3,1 millj. og hann mun sennilega fara niður í 2,7–2,8 millj. Það verða ekki breytingar á hinum.“ Og ég spyr: Hvað erum við að hugsa hér sem eigum að gæta réttlætisins, sem eigum að huga að sóma þess fólks sem er að leggja sitt af mörkum, að bjóða fólki sem margt hvert getur ekki keypt nokkurn skapaðan hlut nema gamla druslu að vera að aflétta gjöldum af þessu tagi?

Sama má segja um umræðuna í gær varðandi breytingu á virðisaukaskatti sem stjórnarandstaðan sameinuð lagðist gegn. Þar var verið að lækka endurgreiðslur vegna viðhalds húseigna til þess að fjármagna tekjumissi í kerfisbreytingum í vörugjaldi. Og hverja hittir sú breyting? Alla? Alla sem eru að viðhalda sínum húsum, smáa og stóra, litlu heimilin, þungu heimilin, dýru heimilin. Þar er ekki farið í manngreinarálit. Allir skulu lúta hinu sama. Það verður lækkað það sem þú færð endurgreitt vegna viðhalds.

Hvar eru teknir peningarnir þegar þarf að fjármagna aðgerðir til snjóflóðavarna? Hvar eru þeir teknir? Bregst ríkisstjórn stórmannlega við og segir: „Nú þurfum við að skoða hvernig við höfum verið að afla tekna og í hvað þær tekjur fara. Við verðum að skoða hvernig við getum fundið leiðir til þess að fjármagna snjóflóðavarnir.“ Bregst hún þannig við? Nei. Hún hugsar greinilega: „Æ, hvar er nú liðið sem við leggjum alltaf álögurnar á þegar okkur vantar pening fyrir stóru hlutunum? Hvar er liðið? Það eru heimilin í landinu. Það er liðið sem lög eru sett á þegar menn vilja ekki virða samkomulag á vinnumarkaði og þá er prósentuhlutfallið hækkað eða miðað við eignarskattsstofninn og lögð viðbót á heimilin í landinu. Það er vegna þess að það er nú einu sinni þannig að það hefur verið lögð mikil áhersla á það alla tíð af einstaklingunum, stjórnmálaflokkunum og öllum sem huga að uppbyggingunni í okkar þjóðfélagi, það hefur verið viðvarandi, að flestir vilja eiga sitt heimili, eiga þak yfir höfuðið. Þangað er sótt. Þangað hækkum við. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á fyrir nokkru, þá er farið og kannski sóttur helmingurinn af þeirri upphæð sem fjármagnstekjuskatturinn mun gefa þó að ég hafi reyndar efasemdir um að fjármagnstekjuskatturinn yfirleitt mun gefa það sem áætlað var vegna þessara breytinga sem voru gerðar.

Það er alvarlegur hlutur að alltaf þyngist skattbyrði heimilanna, ekki síst eins og ég hef áður nefnt, launþeganna sem allir eru tilbúnir til að bera þungann af velferðarkerfinu og af hinum almennu öryggisþáttum. M.a. geri ég alveg ráð fyrir því að það muni ekki verða kvartað undan því að heimilin í landinu beri þungann vegna snjóflóðavarnanna. En það sem stendur upp úr er þetta: Ríkisstjórnin kann ekki önnur ráð þegar þarf að kosta einhverju til, svo sem að verja heimilin á snjóflóðasvæðinu. Hún kann ekki önnur ráð en sækja fjármagnið til heimilanna þar sem allir skulu borga jafnt. Þetta er umhugsunarefni eftir umræðuna í desember þegar niðurskurður var svo mikill og áhersla var lögð á það að ríkisstjórnin væri ekki tilbúin til að leita nýrra tekna og væri ekki tilbúin til þess að auka tekjur ríkisins. Hér yrði að ná hallanum niður með því að skera niður og draga úr velferðarkerfinu.

Það voru miklar væntingar, virðulegi forseti, þegar ljóst var að stjórnmálaflokkar mundu sameinast um að setja á fjármagnstekjuskatt þó engan hefði órað fyrir niðurstöðunni, þ.e. að lækkað yrði á þeim sem meira hafa. Og fjármagnstekjuskatturinn hefur verið langþráð pólitískt stefnumarkmið margra flokka, okkar í Alþfl. og eins og ég hef áður sagt, flestra sanngjarna manna, a.m.k. þeirra sem eru á miðju og vinstri væng stjórnmála.

Við höfum sagt að það væri ekki réttlætanlegt að launamenn greiddu 42–47% af tekjum sínum í skatt á meðan þeir sem ættu peninga á vöxtum í bréfum, verðbréfum, í bankabókum, greiddu ekki neitt. Okkur óraði aldrei fyrir því að hin nýju lög mundu ekki taka á þessu. Það var því mjög kærkomið þegar ríkisstjórnin ákvað að reyna að ná samkomulagi um fjármagnstekjuskatt. Ég lít svo á að það hafi verið eins konar æfing fyrir það sem koma skyldi á sínum tíma þegar Alþýðusambandið óskaði eftir að það yrði lagður á 10% vaxtaskattur í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um kjaramál á sínum tíma. Eftir þá æfingu var ég, virðulegi forseti, aldrei í vafa um að allir þeir sem höfðu talið að 10% vaxtaskattur væri eitthvað sem ætti að huga að mundu hafa sannfærst um að það væri ekki leiðin. Ég var svo sannfærð um það að 10% vaxtaskattur væri út af borðinu eftir vinnuna í þeirri nefnd, að allir sæju gallann á slíkum lögum, að það kom eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar stefndi í það frv. sem hér hefur komið fram, verið til umræðu og verður nú að lögum.

Mér finnst að með frv. sé verið að snúa gjörsamlega á haus öllu því sem við höfum rætt með álagningu fjármagnstekjuskatts, því að í stað þess að afla tekna með skattlagningu fjármagnstekna er búið að koma því þannig fyrir að ríkissjóður mun að öllum líkindum þurfa að sjá af stórum upphæðum skatttekna sem renna munu í vasa stóreignamanna þegar þeir fara að aðlaga sig að hinum breyttu lögum og sjá möguleikana á — maður getur eiginlega ekki notað orðið undanskot vegna þess að þarna er bara viðurkenndur léttleiki í skattheimtunni sem flestir sem til þess hafa möguleika á, hljóta að laga sig að. Þannig hefur fjármagnstekjuskatti í raun verið breytt í launaskattsauka, í tekjur fyrir þann sem er í aðstöðu til þess að leika sér með arðinn eins og hér hefur margoft verið lýst. Og það verður að viðurkennast að þetta eru einhver mestu pólitísku töfrabrögð sem sést hafa á hv. Alþingi í langan, langan tíma.

Ég hef áður nefnt það að frv. ríkisstjórnarinnar býr til tvenns konar tekjuskatta, annars vegar 42% og 26% skatt á launatekjur og rekstrartekjur einstaklinga og hins vegar 10% tekjuskatt á aðrar fjármagnstekjur en rekstrartekjur einstaklinga. Það er verið að skipta þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar. Nú verður það löglegt að borga nánast enga skatta af þeim tekjutegundum sem fjármagnið aflar meðan launaskattar eru sífellt hækkaðir. Þó að ég sé reyndar orðin hundleið á því að minna Framsfl. á hvernig flokkur hann var í fyrra og fyrir kosningar, þá hlýt ég samt að spyrja hvort þetta sé siðferðið sem Framsfl. barðist fyrir við síðustu kosningar því að, virðulegi forseti, það er enginn undrandi á því að hagsmunaflokkurinn sem er við völd til að vera við völd, til að halda völdum, gæti sinna.

Ég tel að frv. ríkisstjórnarinnar muni kalla á meiri eigna- og tekjutilfærslur í samfélaginu en áður hafa sést. Formaður efh.- og viðskn. kallaði þessa tekjutilfærslu til hinna efnameiri í samfélaginu nútímalega skattlagningu. Það er nútímalegt að auka enn frekar skattlitlar tekjur til fólks sem hefur 10–12 millj. kr. árstekjur. Það á að auka þær tekjur enn frekar. Það er nútímalegt að auka verðmæti hlutabréfa einstaklinga með skattalegum ákvörðunum um einhverja milljarða, ekki vegna þess að eigendurnir hafa bætt rekstur þeirra sem væri ánægjulegt ef það væri staðreyndin nú á vordögum. Nei. Vegna þess að ríkisstjórn sjálfstæðismanna og

framsóknarmanna telja það nútímaleg vinnubrögð að bæta hag þessa vesalings fólks svona. Nú bíða væntanlega hinir fjölmörgu eigendur, t.d. eigendur Sameinaðra verktaka, þess óþreyjufullir að geta hafist handa með að borga út óskattlagt eigið fé þeirra sem er um það bil um 2,3 milljarðar. Ef það verður gert, ef slíkt fyrirtæki ákveður að borga út samkvæmt óskattlögðu eigin fé af þessari upphæð, þá hefði slíkt fyrirtæki þurft að borga um 850 millj. kr. í ríkissjóð af þessum tekjum sem greiddar yrðu út. En að samþykktu þessu frv. sleppa þessir aðilar með 230 millj. kr. Þetta er einfalt reikningsdæmi því að 230 millj. kr. í stað 850 þýða 620 millj. kr. sem ekki verður borgaður skattur af. Einhverjum finnst þetta réttlæti, virðulegi forseti. Það er alveg sama hversu margar ræður verða haldnar um það réttlæti í þessum sal. Mín vitund hefur ekki burði til að meðtaka slíkt réttlæti.

Frv. ríkisstjórnarinnar opnar leiðir til að færa tekjur rekstraraðila frá launatekjum til fjármagnstekna í meira mæli en flesta grunar. Mörg skýr dæmi hafa verið sýnd sem færa rök fyrir þessu. Hér er um hundruð ef ekki milljarða tekjutilfærslu að ræða. Dæmin eru bæði af þeim sem skipta úr einkarekstri yfir í einkahlutafélög til að létta af skattgreiðslum sínum, svo og þeim sem stofna formlegt fyrirtæki um tekjur sínar. Hagleiksmenn í skattamálum munu geta leikið sér að skattkerfinu eins og köttur að mús en ekki launamaðurinn. Frv. ríkisstjórnarinnar mun ekki styrkja íslensk fyrirtæki heldur eingöngu eigendur þeirra.

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekki lokið því sem mér liggur á hjarta í þessari umræðu og ég hlýt að skoða það hvort ég komi aftur inn í umræðuna að loknum utandagskrárumræðum og hádegisverðarhléi. Ég vil þó áður en ég lýk máli mínu nú nefna örfá atriði:

Í fyrsta lagi. Þrátt fyrir yfirlýsingu fjmrh. og félmrh. og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 30. maí, hefur borgarstjórinn í Reykjavík sent alþingismönnum afrit af bréfi til efh.- og viðskn. þar sem lýst er áhyggjum yfir því hver staða sveitarfélaganna verði og ef miðað verði við 11,9% útsvar eftir yfirtöku grunnskólans og fjórðung fyrrgreinds skattstofns, 5,5 milljarða kr., þá nemi fjárhagstjón sveitarfélaganna samtals um 655 millj. kr. og vísar þar til taps borgarsjóðs. Það er mjög mikilvægt að við höldum til haga í þessari umræðu til enda að staðið verði við hlut sveitarfélaganna í þessari ákvörðun ríkisins sem tekur svo oft ákvarðanir sem kippa grundvelli undan einhverju sem sveitarfélögin hafa gengið út frá.

Hinn þátturinn, sem ég hef hug á að nefna, snýr að málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals. Honum hefur verið tíðrætt um þá sem tapa. Ef þeir hafa verið með hugmyndir um einhvern blómlegan rekstur en eitthvað það gerðist að hugmyndin gekk ekki eftir, reksturinn brást, væntingarnar um tekjur og arð urðu að engu, tekjurnar að engu, þá hefur mér sýnst að málflutningur þingmannsins væri eitthvað á þessa lund af því að hann verður að taka afleiðingum gerða sinna eftir að hafa stofnað til reksturs sem lukkast ekki og taka tapinu þá á ekki að öfundast yfir því að hann græði ef fyrirtækið eða reksturinn lukkast. Þetta hefur mér fundist efnislegt innihald þess sem hann hefur verið að reyna að leiða okkur í skilning um með vanda þess sem er í rekstri með fyrirtækið. Mér finnst þetta endurspegla það sem ég hef verið að draga fram, virðulegi forseti, að það er önnur hugsun að baki tekjum af rekstri af því að þar liggi hugmyndafræði eða frumkvæði eða viljinn til að taka áhættu að baki og þá eigi hugsunin að vera sú að ef af því verður gróði eigi gróðinn að fá að vera án þess að viðkomandi greiði nákvæmlega sömu prósentu af þeim tekjum eins og launamaðurinn sem vinnur og bara vinnur. En hvað ef einstaklingur með dágóðar vinnutekjur lendir í þeim breytingum í einkalífi sínu að framtíðaráform bregðast og missir hús og eignir? Þessi einstaklingur hefur borgað skatta af öllum tekjum sínum og ef hann réttir sig síðar af og fer að hafa tekjur aftur, fær gott starf aftur, þá borgar hann aftur af öllu sínu. Það hefur verið vilji minn með því að taka þátt í umræðunni, virðulegi forseti, að reyna að draga það fram að það á að vera óleyfilegt að umræðan í þessum sal endurspegli á einhvern hátt mismunandi viðhorf til tekna eftir því hvaðan þær tekjur koma.

Virðulegi forseti. Fyrst og fremst vegna þess að hér hefur hádegisstund runnið upp ætla ég að ljúka ræðu minni á þessum tímapunkti.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni fatlaðra.

[12:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að sú umræða sem hér fer fram fær ekki þá þungavigt sem henni var ætluð þar sem mér er nauðugur sá kostur að beina henni til starfandi félmrh. í stað Páls Pétursson félmrh. Beiðni um umræðuna var sett fram fyrir tveimur vikum og ráðherrann taldi sig þá þurfa tíma til að skoða málin. Ég hef ekki rekið harkalega á eftir því að málið kæmist á dagskrá en ég minnti á umræðuna nær daglega og þess vegna lít ég það alvarlegum augum að ráðherrann sé horfinn til útlanda án nokkurrar viðvörunar og ég hlýt að draga þá ályktun að hann hafi hlaupist frá óþægilegri umræðu. Með tilliti til þessa verð ég að haga orðum mínum á annan veg en ella og fyrst og fremst draga upp mynd af stöðunni í málefnum fatlaðra til að ýta við stjórnarliðum en leggja minni áherslu á að knýja fram svör frá ráðherra sem eðli málsins samkvæmt hefur ekki upplýsingar á reiðum höndum.

Virðulegi forseti. Í desember fór fram hörð umræða í sölum Alþingis vegna fjárlagagerðarinnar og boðskapsins sem fólst í fjárveitingu til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og reksturs málaflokks fatlaðra. Óttinn við hvert stefndi hefur reynst á rökum reistur. Lítum á stöðuna.

Engin ný stöðugildi hafa fengist vegna yfirstandandi árs. Nýtt sambýli fyrir fatlaða í Vallengi í Grafarvogi stendur tilbúið, lokað og vannýtt af þessum sökum. Er það af því að ekki sé þörf og biðlistar tæmdir? Aldeilis ekki. Samkvæmt biðlista frá svæðisskrifstofu Reykjanesi í maí 1996 kemur fram að í Reykjanesi séu 103 einstaklingar á biðlista eftir búsetu. Hann skiptist þannig að 82 einstaklingar eru á svokölluðum almennum biðlista, 21 á neyðarlista og 14 börn eru á almennum biðlista meðan 7 eru á neyðarlista. Í Reykjavík eru hins vegar 214 einstaklingar á biðlista. Ég hef ekki upplýsingar um skiptinguna í Reykjavík en leiða má að því líkum að ástandið sé svipað. Á meðan 214 einstaklingar bíða úrræða í búsetumálum sínum stendur sambýlið við Vallengi vannýtt þar sem engin eru stöðugildin. Ég minni á svör ráðherrans við fyrirspurn minni nýverið um að aðeins 13 einstaklingar hafi verið útskrifaðir á sambýli af Kópavogshæli þrátt fyrir að samningar liggi fyrir um 37 á þessu

ári og fyrirheit eru um að staðið verði við samninga. Hvernig má treysta áformum við þessar aðstæður?

Að undanförnu hafa borist fréttir um að erfitt ástand sé víða. Ég nefni Árland þar sem óvissa hefur ríkt um rekstur heimilis fyrir sex fjöfötluð börn í sumar. Foreldrar barnanna hafa leyst vanda vegna skorts á einu stöðugildi með því að starfa sjálf við heimilið. Þeim var tilkynnt að vegna rekstrarvanda yrði heimilinu lokað í sumar og leituðu í angist sinni til félmrh. en fátt hefur verið um svör þrátt fyrir ítrekuð erindi og sendinefndir þar til nýverið að ráðherra upplýsti að ekki verði lokað og úr verði bætt að undangenginni könnun og þjónustuþörf sem allir hlutaðeigandi hafa talið að hafi lengi legið fyrir. Óvissan í þessum málaflokki er óþolandi fyrir aðstandendur og allt annars eðlis en þar sem fullfrískir einstaklingar eiga í hlut því að oft eru engin úrræði ef til lokunar kemur og það þekkjum við að þegar naumt er skammtað eru viðbrögðin að loka.

Skemmst er að minnast tveggja tilfella frá sl. vetri, annars vegar Bjargs þar sem fullorðnir einstaklingar hafa átt heimili sitt í áratugi og meðferðarheimilisins fyrir börn við Kleifarveg, en bæði þessi heimili eru félagsleg úrræði á heilbrigðissviði. Viðbrögðin voru þau að loka þegar skorið var niður á fjárlögum. Enn eitt dæmi er heimilið við Hólaberg en þar var komið á laggir skammtímavist fyrir einhverfa einstaklinga. Sú skammtímavist er nú nýtt til búsetu fyrir þrjá einhverfa drengi á aldrinum 9–13 ára sem allir eiga við alvarlegan atferlisvanda að stríða. Þeir geta ekki búið á heimilum sínum og hafa dvalið langtímum saman á skammtímavist sem er engan veginn viðunandi úrræði fyrir þá auk þess sem vegna búsetu þeirra hefur skammtímavistin ekki nýst öðrum börnum sem hennar þarfnast og almennt er erfitt ástand varðandi skammtímavistun á Reykjavíkursvæðinu. Foreldrar drengjanna þriggja hafa beðið úrlausnar með óþreyju og finnst staða sín óbærileg.

Ekki hefur verið hrint í framkvæmd tillögum um stofnun fagteymis varðandi einhverfa. Barna- og unglingageðdeild hefur ekki mannskap til að sinna aukinni þörf og fleiri einhverfir einstaklingar eru í dag greindir fyrr en áður var.

Nú er verið að undirbúa fjárlög til næsta árs. Gefin eru fyrirmæli um að draga saman rekstur sem nemur 5–10%. Það er mat þeirra sem að málaflokknum starfa að komið sé á leiðarenda í flötum niðurskurði. Verði haldið fast við þessi áform þýðir það lokun stofnana.

Virðulegi forseti. Í viðtali á öldum ljósvakans lét aðstoðarmaður félmrh. þau orð falla að vandi sambýlisins við Árland væri ekkert einsdæmi og í raun ríkti neyðarástand í málaflokknum. Hann segir orðrétt: „Það er mjög mikil þörf fyrir úrræði í málefnum fatlaðra og þeir fjármunir sem við fáum til að annast fatlaða, við verðum að velta hverri krónu tvisvar og við erum að horfa upp á mikla neyð.“ Virðulegi forseti. Það er ógnvekjandi ef skera á niður um 5–10% við þessar aðstæður og ég kalla stjórnarliða og ríkisstjórn til ábyrgðar og hvet þá til að forgangsraða og setja málefni þeirra sem minna mega sín í öndvegi.

[12:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ekki veit ég hvort það er lof eða last að flokka mig ekki í þungavigtina en ég viðurkenni það hins vegar eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að e.t.v. verður minna úr umræðunni en verið hefði ef hæstv. félmrh. hefði sjálfur verið til svara. Ég verð líka að segja það að hæstv. félmrh. er ekki þekktur að því að hlaupa frá verkefnum sínum jafnvel þó að þau kunni að vera erfið og óþægileg eins og hv. fyrirspyrjandi sagði. Hér hlýtur eitthvað annað að hafa ráðið sem ég á ekki því miður skýringar við af því að mál þetta hafði ekki verið rætt við mig fyrir fram fyrr en málshefjandi bað um umræðu í gær. En nóg um það.

Það hafa ekki verið lagðar fram beinar fyrirspurnir eins og hv. málshefjandi greindi frá heldur virðist þetta líkara eldhúsdegi sem var reyndar fyrir nokkrum dögum og hefði umræðan kannski fremur átt að fara fram þá þar sem ekki er verið að spyrja eða taka fram einstök efni sem ég sem starfandi ráðherra eða ráðuneyti gæti brugðist við. Hitt er ljóst að auðvitað er það þegar aðhald er í ríkisfjármálum og reynt er að draga úr útgjöldum og spara og hagræða í rekstri kemur það því miður einhvers staðar við og það þekkir fyrrv. hæstv. félmrh., hv. málshefjandi, alveg örugglega af eigin reynslu. Þrátt fyrir þetta aðhald og þennan samdrátt væri sannleikurinn sá að það hafa orðið umtalsverðar hækkanir á fjárveitingum til reksturs stofnana og heimila stofnana fyrir fatlaða á árinu 1996 miðað við fyrri fjárlög, miðað við fjárlög 1995. Að vísu skýrist það að hluta til vegna kjarasamninga og vegna þess að verið er að útskrifa af Kópavogshæli, það er tilfærsla á fjármunum frá Ríkisspítölum vegna útskrifta á Kópavogshæli, en viðbótarfjármunir til nýrrar og aukinnar starfsemi er um 50 millj. kr. Það er þá allténd tvöfalt hærri fjárhæð en var milli fjárlaga 1994 og 1995 sem hv. málshefjandi bar ábyrgð á. Í því frv. sem lagt var fram 1994 vegna ársins 1995 var ekki að finna fjármuni til nýrra framkvæmda. Þetta þekkir auðvitað málshefjandi. Það leysir ekki vandann í dag en menn þurfa stundum aðeins að velta fyrir sér fortíðinni og nokkurn hluta þeirra vandamála sem nú er við að etja í málaflokknum má rekja til fyrri ákvarðana, bæði hv. málshefjanda sem fyrrv. fémrh. og forvera hans í starfi. Þar má nefna t.d. útskriftirnar af Kópavogshæli og mér er líka tjáð að setning reglugerðar um stuðningsfjölskyldur kosti umtalsverða fjármuni sem auðvitað eru þörf mál hvoru tveggja. Það er ekki skoðanaágreiningur um nauðsyn þess að gera þetta en forverum núv. hæstv. félmrh. hefur láðst að tryggja að nægilegt fjármagn væri fyrir hendi. Núv. ráðherra hefur hins vegar lagt á það þunga áherslu í komandi fjárlagagerð að glíma við þessa veikleika, draga úr þessum veikleikum.

Af því að hv. málshefjandi nefndi stefnu varðandi fjárlög næsta árs er það að vissu leyti rétt að það er enn reynt að gæta þar aðhalds. Enn er reynt að stefna að því að hafa fjárlög næsta árs hallalaus og það kemur auðvitað einhvers staðar við. Því hefur verið beint til stofnana í tengslum við fjárlagagerðina að skoða það hvernig mætti draga úr útgjöldum stofnananna ef mögulegt er en í bréfi sem félmrn. sendi undirstofnunum sínum og beindi þessum tilmælum til þeirra er ekki verið að gefa til kynna að flöt útgjaldalækkun væri fyrirhuguð.

Ég vil aðeins árétta það að auðvitað er fjárlagagerð í gangi um þessar mundir. Ráðherra félagsmála hefur lagt mikla áherslu á að hann muni verja þennan málaflokk svo sem kostur er og fjárveitingar til málefna fatlaðra. Það er ekki fyrr en um mitt sumar, það er reyndar um miðjan ágúst, sem ríkisstjórnin reiknar með því að gera ráð fyrir því að farið verði að sjá fyrir endann á því hvernig tekst að glíma við þetta fyrirheit um hallalaus fjárlög.

Ég kann ekki að greina frá hinum ýmsum stofnunum í einstökum atriðum en ég geri mér þó ljóst að sjálfsagt er hægt að finna mörg dæmi um brýn viðfangsefni. Fyrir

nokkrum dögum var mikið rætt um heimilið að Árlandi. Hjá hæstv. ráðherra hefur m.a. komið fram í fréttatilkynningu að ráðuneytið hefur í samráði við svæðisskrifstofu í Reykjavík ákveðið að endurskoða ákvörðun um lokun heimilisins. Það er sem sagt ákveðið að heimilinu verði ekki lokað. Nú fer fram úttekt á starfseminni og þjónustuþörf barnanna sem þar búa og þegar þeirri úttekt er lokið verður líka skoðað með hvaða hætti hægt er að treysta reksturinn með viðbótarfjárframlögum ef það er sú eina lausn sem þar kemur til greina en það er ekki tímabært að taka þær ákvarðanir fyrr en að þessari úttekt lokinni.

Ég sé að því miður er tími minn hlaupinn, hæstv. forseti, en ég hef örfáar sekúndur eftir til þess að svara einnig því sem bæta mætti við. Núna er unnið að því að takast á við biðlistana sem eru vissulega fyrir hendi í Reykjavík og Reykjanessvæðinu en ekki í umtalsverðum mæli annars staðar. Á þessu ári og því næsta eiga að vera tilbúin til notkunar tvö ný sambýli í Reykjavík. Á þessi ári hefur verið úthlutað úr framkvæmdasjóðnum fjármagni til stofnkostnaðar tveggja nýrra sambýla, skammtímavistunarheimilis og heimilis fyrir börn með atferliserfiðleika eða einhverf börn, þannig að það er sannarlega unnið að málaflokknum á ýmsum sviðum og það mun hæstv. ráðherra auðvitað gera og fylgja því eftir í sambandi við fjárlagagerðina.

[12:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þessi mál upp þó vissulega sé tekið undir það líka að æskilegt hefði verið að hæstv. félmrh. hefði verið á staðnum þó að ég sé ekki með því að segja að hæstv. starfandi félmrh. viti ekki og þekki ekki þennan málaflokk. Það veit ég að hann gerir eftir störf í fjárln.

Hæstv. ráðherra nefndi að 50 millj. kr. kæmu núna í auknum framlögum til þessa málaflokks þegar búið væri að taka tillit til þeirra færslna sem eiga sér stað vegna Kópavogshælis og launahækkana. Þar inni í er sala á Sólborg sem átti að skila sér inn í málaflokkinn og aukið rekstrarfé sem var tekið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem er nú notaður í auknum mæli og tekinn beint í rekstur.

Ekki fyrir mjög löngu fórum við og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir yfir þessar tölur og niðurstaða okkar varð ekki sú að það væri um 50 millj. kr. hækkun að ræða þarna á milli ára. En hvort sem það er staðreynd eða ekki, ég er ekki með þessar tölur, þá er það það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er að það eru veruleg vandamál í þessum málaflokki í dag og við höfum heyrt frá því greint í fréttum á nokkrum undanförnum vikum að talað er um lokun á heimilum þar sem m.a. dveljast einhverf börn sem þurfa umfram alla aðra á stöðugleika og öryggi í tilveru sinni að halda. Á þessum málum verður að taka og það hefði vissulega verið þörf að við ræddum þetta lengur en hálftíma því að það er erfitt að fara yfir þetta mál, virðulegi forseti, ég tala ekki um þegar maður hefur aðeins tvær mínútur að fara yfir þau mál sem þarna ber hæst og þarf að taka á. En flatur niðurskurður er það versta sem hægt er að hugsa sér inn í þennan málaflokk í dag, það versta. Það verður að fara fram ákveðin úttekt á því og niðurröðun og forgangsröð verkefna til þess að hægt sé að taka á þessu af einhverju viti. Flatur niðurskurður er það versta sem hægt er að gera.

[12:20]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða þjónustu við þá sem með sanni geta kallast okkar minnstu bræður eins og segir í helgri bók og það er til vansa hvernig þessi mál hafa verið sett í uppnám og óvissu undanfarna mánuði. Hv. málshefjandi nefndi nokkur mál sem eru dæmigerð fyrir þá stöðu sem kemur upp þegar aðgerðir eru ekki hugsaðar til enda og þau mál eru ekki til marks um eflingu þessa málaflokks sem hæstv. ráðherra vildi telja núv. hæstv. fémrh. til tekna. Hið sama má raunar segja um viðbrögð hæstv. ráðherra. Ferillinn í málum sem þessum er yfirleitt þannig að fjárveitingar eru skornar við nögl og stjórnendur stofnana neyðast til að bregðast við. Þeir boða aðstandendum samdrátt í þjónustu og jafnvel lokanir sem þýða í raun neyðarástand í fjölskyldum viðkomandi. Aðstandendur hrópa á skilning samfélagsins og á hjálp úr ráðuneytinu. Ráðherra bregst undrandi við og upplýsir að auðvitað megi ekki vísa neinum út á gaddinn. Það hafi aldeilis ekki verið ætlunin. Hann muni ganga í það að leysa málið og alls hugar fegnir senda aðstandendur hæstv. ráðherra myndarlegan blómvönd, hæstv. ráðherra sem ber reyndar fyrst og fremst ábyrgð á því að neyðarástandið skapaðist. Svona vinnubrögðum verður náttúrlega að linna.

Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að opna umræðuna í dag og tek undir vonbrigði hennar með það að fá ekki ráðrúm til þess að eiga beinan orðastað við þann ráðherra sem fer með þessi málefni án þess að ég dragi nokkuð úr þungavigt þess hæstv. ráðherra sem kom í hans stað. Ég tek undir áskoranir hennar um það að taka myndarlega á í þessu efni þannig að þeirri óvissu og vandræðum aðstandenda og þeirra sem þjónustunnar þurfa og eiga að njóta megi linna.

[12:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er vert að rifja upp að í þau sjö ár sem við gengum í gegnum efnahagsþrengingar var pólitísk samstaða um það á Alþingi að skerða ekki tekjur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Nú bregður við að þegar rofar til í efnahagsmálum og ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tekur við eru tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra skertar um 150 millj. kr. á þessu fjárlagaári, þar af 20 millj. kr. sem ganga áttu til uppbyggingar í málefnum geðfatlaðra. Þetta var bara pólitískur leikur að tölum hjá hæstv. ráðherra áðan þegar hann talar um einhverja aukningu. Hér var eingöngu um verðuppfærslu að ræða og tilfærslu á fjármunum vegna vistmanna sem voru að flytjast frá Kópavogshæli yfir á sambýli. Hér er um algera stefnubreytingu að ræða í málefnum fatlaðra undir forustu hæstv. félmrh. og Framsfl. og Sjálfstfl. hafa rofið þá samstöðu sem verið hefur á Alþingi að standa vörð um málefni fatlaðra og Framkvæmdasjóðinn. Þeir virðast láta sér sem vind um eyru þjóta að hundruð fatlaðra bíða eftir búsetuúrræðum og sá biðlisti er alltaf að lengjast. Ég fékk upplýsingar um það fyrir nokkrum dögum að það væri fimm ára bið hjá Öryrkjabandalagi hjá íbúðum fyrir fatlaða.

Þessu til viðbótar er aukinn verulega þáttur Framkvæmdasjóðsins í rekstri stofnana fatlaðra en þrír fjórðu hlutar af tekjum sjóðsins rennur nú beint til reksturs á stofnunum fatlaðra. Það var forsenda fyrir því þegar byrjað var að veita fjármagn úr sjóðnum í litlum mæli til reksturs að tekjur sjóðsins urðu óskertar. Nú bregður svo við í síðustu fjárlagaafgreiðslunni að það eru sett lög um að skerða tekjur til þessa sjóðs en aðeins hluti af erfðafjárskatti gengur til

þessa málaflokks en að öðru leyti gengur hann í ríkissjóð. Það er ríkisstjórninni til skammar hvernig haldið hefur verið á þessum málaflokki frá því að hún tók við og ég trúi ekki að hæstv. félmrh. láti það yfir sig ganga að enn eigi að skerða og draga saman í rekstri í þessum málaflokki á næsta fjárlagaári eins og málshefjandi greindi frá áðan. Þá er Framsfl. lengra sokkinn en ég hélt. Uppnám blasir við í þessum málaflokki og ráðherrann gerir ekkert annað en leika sér að tölum í ræðustól sem hafa enga stoð í raunveruleikanum.

[12:25]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að hefja umræðu um það ástand sem hefur verið að skapast í málefnum fatlaðra á þessum vetri. Samkvæmt öllum tölulegum staðreyndum er talið að eitt af hverjum tíu börnum búi við einhvers konar fötlun. Flest þessara barna eiga fjölskyldur og því getur þetta þýtt að fjórði hver maður getur þurft að takast á við afleiðingar fötlunar, annaðhvort eigin eða nákomins ættingja. Samkvæmt þessu snertir fötlun rúmlega 60 þúsund Íslendinga með einum eða öðrum hætti. Þetta jafngildir um helmingi íbúa Reykjavíkur. Það er því umhugsunarvert, herra forseti, að hagsmunir svo margra skuli vekja svo lítinn áhuga hæstv. félmrh. að hann skuli hverfa af landi brott vitandi það að þetta mikilvæga málefni ætti að vera til umræðu. Málshefjandi hefur gefið glögga mynd af því ástandi sem hefur verið að skapast í þessum málaflokki á undanförnu ári í kjölfar stórfellds niðurskurðar.

Kannski er litlu við það að bæta en það hefur auðvitað vakið athygli hvernig ríkisstjórnin hefur beitt niðurskurðarhnífnum af mikilli hörku gagnvart þessum viðkvæma hópi og má vart á milli sjá hvort hefur gengið harðar fram í þeim efnum, hæstv. heilbrrh. eða hæstv. félmrh.

Herra forseti. Ég tel að ríkisstjórnin hafi markað sér varanlegan sess í sögunni með framgöngu sinni í garð fatlaðra og fjölskyldna þeirra. Lög um málefni þroskaheftra og síðar málefni fatlaðra mörkuðu vissulega tímamót í lífi þessara hópa. Með þeim var boðuð ný sýn þar sem horfið er frá ölmusuhugsun til þeirra viðhorfa að málefni fatlaðra vörðuðu mannréttindi minnihlutahópa og sem slík ættu þau að vera viðfangsefni stjórnmálanna á hverjum tíma. Með þessum lögum var staðfest að það ætti að skapa fötluðum sambærileg lífskjör og aðrir njóta.

Um þessi markmið laganna hefur ríkt þokkaleg sátt fram að þessu og þeim árum sem liðin eru frá setningu laganna hafa fatlaðir átt málsvara innan þeirra ríkisstjórna sem hafa setið frá þeim tíma. Þessa sátt hefur hæstv. ríkisstjórn nú rofið og skilið við málaflokkinn í upplausn og jafnframt sýnt að málsvarar fatlaðra innan þessarar hæstv. ríkisstjórnar eru vandfundnir. Þeir hv. þingmenn Framsfl., sem börðu sér hvað mest á brjóst fyrir kosningar fyrir ári, hafa annaðhvort þagnað eða slegið á nýja tóna þegar málefnið ber á góma. Nú eru orð dagsins þau að það þurfi að skoða betur hvernig farið verður með fjármuni í þessum málaflokki. Jafnvel er farið með dylgjur um að sumum sé ofþjónað og því þurfi að breyta.

Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Ég hefði vonað að hæstv. félmrh. hefði sýnt fötluðum þá virðingu að vera til staðar í dag til þess að ræða þetta málefni en því miður verðum við að fá aðra félaga hans til að senda honum skilaboð. Að lokum skora ég á hæstv. ríkisstjórn að hefja strax undirbúning að því að gefa Alþingi skýrslu um stöðu málaflokksins og leggja hana fyrir Alþingi strax í haust.

[12:28]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er ekki unnt í svo knöppu formi sem hér er í umræðu að fara yfir fjárlagagerð næsta árs enda er hún ekki komin á hendur fjárln. enn og er í hendi ríkisstjórnarinnar þar sem hafa gengið til stofnana almenn tilmæli um að skoða 5% samdrátt en ég undirstrika það eins og hefur komið fram í umræðum að það er ekki þar með sagt að það náist í þeim stofnunum sem um ræðir. Í fjárln. hefur verið skilningur í þessum málaflokki og við í nefndinni höfum fylgst með þeim málum sem upp hafa komið og það er ekki ætlunin að stuðla að því að stofnunum verði lokað. Það mun verða fylgst með þeim málum og ég hef gert það með þeim málum sem hér hafa komið til umræðu og nefnd hafa verið hér.

Það er satt að segja dálítið undarlegt að heyra tvo hæstv. fyrrv. félmrh. koma upp og tala eins og aldrei hafi komið upp nein vandræði í þessum málaflokki á liðnum árum. Það mætti halda það af ræðum þeirra tveggja hæstv. fyrrv. félmrh. sem hér hafa talað. Það er mikil þörf í þessum málaflokki og ég held að flestir og allir þingmenn séu þeirrar skoðunar að það þurfi að gæta að málum þannig að það sé hægt að veita þjónustu. Og ég kannast ekki við þau ummæli að um ofþjónustu sé að ræða í þessum málaflokki, þ.e. að einhverjir einstakir þingmenn Framsfl. hafi látið sér það um munn fara. Ég vísa þeim ummælum algerlega á bug og kannast ekki við þau. Ég veit ekki annað en það sé samstaða um að reyna að gera þessum málaflokki þannig til góða í þröngri stöðu að það sé hægt að veita þá þjónustu sem þörf er á. En vissulega eru fjármunir af skornum skammti. Það er ekki nýtt heldur — það var búið að ryðja brautina í því — að taka hluta Framkvæmdasjóðs fatlaðra til rekstrar eins og kom fram í ræðu hæstv. fyrrv. félmrh. Það er því ekki nýtt mál heldur. (**JóhS:** Að skerða tekjurnar er nýtt.)

[12:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Auðvitað kalla ég það að hlaupa frá verki þegar ráðherra lætur engan vita að hann sé að hverfa á brott því að hefði forseti vitað að ráðherra væri á förum, þá hefði hann sett þetta mál á dagskrá. Svo oft hef ég minnt á það á undanförnum dögum. En auðvitað hefur ráðherrann gleymt þessu. Maður gleymir auðvitað því sem manni finnst ekki merkilegt.

Varðandi þungavigtarumræðuna, virðulegi forseti, þá laut það að umræðunni og ég ætla ekki að gefa umhvrh. slakari einkunn en félmrh. svo að það sé klárt hér. Ég þekki það af eigin reynslu að það kemur við þegar er samdráttur og það er ekki hægt að gera allt. En ég ætla að halda því fram hér með alveg fullum þunga að Alþfl. hefur alltaf varið þennan málaflokk og haft hann að forgangsmáli. Það hefur verið samstaða eins og hér hefur komið fram um að verja Framkvæmdasjóð og uppbygginguna og gefa því forgang en sú samstaða brast í desember, því miður. Og það að taka af Framkvæmdasjóðnum í rekstur miðaði að því að hverfa frá ákveðinni stofnanaþjónustu og fara í liðveislu út í þjóðfélaginu fyrir fatlaða sem er góður gjörningur gagnvart fötluðum.

Þegar verið er að tala um að viðbótin sé 50 millj. í rekstur, þá verða menn að horfa á það að eitthvað eykst í

rekstrinum þegar framhald er á rekstri stofnana sem opna á miðju ári. Það er ekki aukning. Það er eðlilegt, framhald á einhverju sem þegar hefur verið gert. Og ég er undrandi á þeim orðum að líta á það sem vandamál að fyrrverandi stjórnvöld hafi tekið ákvarðanir út frá gefnum forsendum, svo sem óbreyttu framlagi í Framkvæmdasjóðinn. Ég nefni það varðandi útskriftir af Kópavogshæli að gengið var frá því að 37 stöðugildi fylgdu og það eru væntanlega þessar 50 millj. sem eru tilfærslur frá menntmrn. Það eru núverandi stjórnarflokkar sem skerða Framkvæmdasjóðinn og skapa aðstæður sem við berum ótta af. Við höfum verið að ræða forgangsmál flokka. Það vantar alltaf peninga. Við höfum verið að ræða fjármagnstekjuskatt sem lækkar skatt af arði um hundruð milljóna. Við höfum talað um lækkað vörugjald sem lækkar gjöld af bifreiðum fyrir þá sem kaupa dýrar bifreiðar, á sama tíma og í desember var skorið niður um 5 og 10 milljónir í svo viðkvæmum málaflokki. Þess vegna segi ég að Framsfl. virðist nú tilbúinn í slaginn til að aflétta á stóreignafólki og það er minni reisn þegar verja á veika hópa.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að ríkisstjórnin veiti þessu máli forgang. Það er mjög brýnt.

[12:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Það er ekki mikill tími til umræðunnar í þessum knappa tíma sem er samkvæmt þingsköpum. En vegna ummæla hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún talar um hver sé ferill ráðherrans á þessu eina rúma ári sem hann hefur setið í stóli félmrh. Heldur virkilega þessi hv. þm., hæstv. fyrrv. félmrh., og reyndar málshefjandi líka sem einnig er fyrrv. hæstv. félmrh., að 317 manna biðlisti, ef það er rétt sem ég er ekki að rengja, 103 í Reykjaneskjördæmi, 214 í Reykjavík, 317 manna biðlisti, hafi orðið til á einu ári? Halda þessir hv. þingmenn það virkilega? (Gripið fram í.) Er það virkilega svo? Auðvitað er ekki hægt að lýsa ferli ráðherra með því að taka svona dæmi eða tölur upp. Og það gerir engum gagn að dreifa umræðunni á þennan hátt, setja hana í svona sviðsljós.

Það er verið að vinna að þessum málaflokki á mörgum sviðum eins og hv. þm. vita og hæstv. ráðherra hefur ítrekað og mun fylgja eftir. Og í sambandi við heimili sem ég hafði ekki yfirlit yfir áðan má t.d. nefna að heimili í Vallengi sem hv. málshefjandi nefndi, mun hefja starfsemi núna alveg á næstu vikum. Þar er þegar verið að vinna að ráðningum starfsmanna. Þær standa yfir og eru vonir til þess að það heimili verði til áður en langt líður. Ég nefndi áðan að tvö ný sambýli verða væntanlega tilbúin til notkunar í Reykjavík á þessu ári og því næsta og þar er gert ráð fyrir 10 mikið fötluðum einstaklingum. Auk þess hefur verið úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til félagslegra íbúða fyrir fatlaða. En mjög aukin áhersla hefur verið á undanförnum árum á að stuðla að sem mestri sjálfstæðri búsetu fatlaðra í íbúðum. Í því skyni hefur á síðustu árum verið úthlutað verulegum fjármunum úr sjóðnum til þess að veita fötluðum frekari liðveislu sem búa í þessum íbúðum. Þannig hefur verið úthlutað á sl. þremur árum úr þessum sjóði 210 millj. kr, þar af yfir 80 millj. á yfirstandandi ári. Það er því verið að vinna að ýmsum verkefnum sem eru öll mikilvæg. Og ég undirstrika þá skoðun ráðherrans að þegar við erum að tala um erfiðleika í fjárlagagerðinni, þá hefur hann sett það fram, og undir það get ég líka tekið með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að ég tel sjálfur að flatur niðurskurður sé ekki góður kostur, hvorki í þessum málaflokki né öðrum. Menn verða að taka ákvarðanir um það hvaða verkefni og hvaða framkvæmdir á að fara í og hverjum á að raða í forgang. Flatur niðurskurður er ekki góður kostur og það er einmitt það sem kom fram í bréfi hæstv. félmrh. til stofnananna þegar hann sendi þeim skilaboðin sem tilheyra undirbúningi að fjárlagagerð fyrir næsta ár.

[Fundarhlé. — 12:38]

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsstaða sjúkrahúsanna og sumarlokanir.

[13:01]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég hef óskað eftir því að gera fjárhagsvanda sjúkrahúsanna og sumarlokanir sem við blasa að umtalsefni í dag. Mér þykir það við hæfi að hæstv. heilbrrh. upplýsi Alþingi um stöðu sjúkrahúsanna og þann veruleika sem við blasir á sjúkrahúsunum og þá sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu nú í sumarbyrjun.

Fyrir rúmri viku var það ástand sem skapast hefur á Sjúkrahúsi Reykjavíkur til umræðu í fjölmiðlum. Þar kom fram að sumarlokanir voru farnar að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir sjúklinga sem fylltu ganga og salerni sjúkrahússins vegna þeirra miklu lokana sem stjórn sjúkrahússins hefur orðið að grípa til vegna kröfu sem gerð hefur til stjórnarinnar um sparnað á árinu. Samanburður á lokunum sjúkradeilda og þar með fækkun legudaga sem hlutfall af hámarkslegudagafjölda á Ríkisspítölunum sýnir að árið 1991 voru lokaðir legudagar á handlækningasviði 8.148 eða um 17,7% af hámarkslegudagafjölda en árið 1995 voru lokaðir legudagar orðnir 13.792. Á lyflækningasviði voru lokaðir legudagar 3.591 árið 1991 en eru á árinu 1995 13.791. Á barnalækningasviði hefur lokuðum legudögum fjölgað úr 3.391 árið 1991 og á árinu 1995 í 3.754 en þetta er um 15,8% af hámarkslegudagafjölda barnalækningasviðs.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega beina sjónum mínum í dag að geðlækningasviði, öryggi spítalanna og þjónustu við geðsjúka. Á geðlækningasviði voru á árinu 1991 lokaðir legudagar alls 936 eða 1% af hámarkslegudagafjölda geðlækningasviðsins. En nú hefur lokuðum legudögum fjölgað í 8.080, þ.e. lokanir á geðdeildum hafa tífaldast á þessum árum og enn eru stórfelldar lokanir boðaðar í sumar.

Hæstv. forseti. Þessar staðreyndir tala auðvitað sínu máli og það hlýtur að valda áhyggjum nú í sumarbyrjun hver staða sjúklinga og kannski geðsjúkra sérstaklega verður. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér eru áhyggjur starfsfólks sjúkrahúsanna fyrir komandi sumri mjög miklar. Áform um lokanir á geðdeildum munu að öllum líkindum leiða til þess að lítið sem ekkert verður hægt að sinna nauðsynlegri viðhaldsmeðferð með því að leggja sjúklinga inn eins og nauðsynlegt er talið þegar á þarf að halda. Það mun draga úr öllum innlögnum nema úr brýnustu bráðaþjónustunni. Þannig munu læknar og starfsfólk geðdeilda lítið geta stjórnað og skipulagt þjónustu við geðsjúka. Þetta veldur auðvitað miklum áhyggjum og hlýtur að vekja upp áleitnar spurningar um hvert stefni í málefnum geðsjúkra. Margt bendir til þess að til sé hópur alvarlegra geðsjúkra sem þannig mun mæta afgangi hvað varðar heilbrigðisþjónustu.

Þetta fólk margt á sér engan samastað nema göturnar ef þrek ættingja til að annast þá brestur.

Herra forseti. Nýútkomin er skýrsla Ríkisendurskoðunar, greinargerð um lokanir sjúkrahúsa sem er um margt fróðleg og er þar auðvitað bent á ýmsar staðreyndir sem snúa að lokunum sjúkradeilda. Það sem m.a. er vakin athygli á í þessari skýrslu er hið aukna álag sem leggst á starfsfólk sjúkrahúsanna, aukin veikindi sem virðast hafa lagst á starfsfólk í kjölfar lokana og þar er enn fremur dregin sú ályktun að þessar sumarlokanir leiði ekki til sparnaðar í heild þegar dæmið er skoðað til enda. Þær ályktanir Ríkisendurskoðunar að sumarlokanir leiði ekki til aukins álags á bráðadeildum sjúkrahúsanna vekja furðu við lestur þessarar skýrslu og maður hlýtur að spyrja hvernig þessir ágætu menn komast að slíkum niðurstöðum. Það er hins vegar staðreynd, herra forseti, að umræðan um lokanir á sjúkrahúsum undanfarin ár hefur að öllum líkindum leitt til þess að sjúklingar veigra sér við að leita þjónustu sjúkrahúsanna á mesta annatímanum yfir sumarmánuðina. Þess vegna eru þetta vafasamar ályktanir sem Ríkisendurskoðun leyfir sér að draga í þessari skýrslu. Það vekur líka furðu að skýrslan bendir ekki á neinar leiðir til lausnar.

Ég vil nú, herra forseti, leyfa mér að beina spurningum til hæstv. heilbrrh. og vænti svara við þeim hér í dag.

Í fyrsta lagi. Hver er fjárvöntun sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn mæta henni ef það er áform hæstv. ríkisstjórnar að gera það? Miðað við lokanir sem hafa verið að dynja á sjúkrahúsunum undanfarin ár og enn eru boðaðar, telur hæstv. heilbrrh. að einhverjum endamörkum séð náð núna? Eða telur hún að sjúkrahúsin geti brugðist við auknum lokunum? (Forseti hringir.)

Ég fer að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil enn fremur beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort vænta megi nokkurrar skipulagningar og endurskoðunar á málefnum sjúkrahúsanna í heild og hvernig hún hyggst bregðast við hinum sívaxandi vanda sem deildirnar búa við.

[13:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að gefa mér tækifæri nú í lok þings að taka upp umræður um heilbrigðismál. Innan heilbr.- og trmrn. er nú unnið að fjölmörgum málum er snerta erfiða og viðkvæma þætti heilbrigðisþjónustunnar og þar með raunar samfélagsins alls. Nægir að nefna málefni heilsugæslunnar, stjórnkerfisbreytingu í héraðsstjórnir og samstarf sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Menn hljóta að geta orðið sammála um tillögur mínar í þessum málaflokkum enda eru þær byggðar á tilleggi fjölda ráðgjafa og í samræmi við þá þróun sem á sér stað í þessum málum víðast hvar í nágrannalöndum. Það hefur því komið á óvart hversu mjög stjórnarandstaðan hefur blandað pólitík í úrvinnslu þessara mála eins og kemur fram í umræðu um frv. um samstarfsráð sjúkrahúsa þar sem jafnvel er látið að því liggja að haldið verði uppi málþófi til að koma í veg fyrir að jafnsjálfsagt framfara-, hagræðingar- og sparnaðarmál nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Á þessum tíma árs snýst umræðan um heilbrigðismál gjarnan um sumarlokanir sjúkrahúsa og afleiðingar þeirra, sparnað annars vegar og aukið álag þar sem áfram verður opið. Ríkisendurskoðun hefur nýlega skilað skýrslu um þessa þætti ef vera kynni að varpað yrði ljósi á raunveruleika þessa máls. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru í stuttu máli þær að ekkert bendir til þess að sumarlokanir sjúkrahúsa hafi í för með sér alvarlega röskun á þjónustu þeirra og þá er skoðað árabilið 1990–1995 á sjúkrahúsum í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði. Allri bráðaþjónustu þeirra er sinnt en dregið úr biðlistaaðgerðum. Einhver brögð eru að því að leggja þurfi sjúklinga af langlegudeildum inn á bráðadeildir og minnka þannig sparnað, en slíkt er fátítt.

Óljóst er með öllu að þær fullyrðingar standist að endurinnlagnir aukist vegna sumarlokana enda mjög flókið að reikna slíkt út, sérstaklega þar sem hlutfall bráðainnlagna hefur aukist á þessum árum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Landspítala vegna lokunar bráðavaktar Landakotsspítala. Þannig hefur komum á bráðamóttöku Landspítalans ekki fjölgað vegna sumarlokana, þvert á móti virðist sem dragi úr starfsemi deildarinnar yfir sumartímann af eðlilegum ástæðum. Biðlistar hafa heldur ekki lengst vegna sumarlokana og heföbundnum biðlistaaðgerðum hefur fjölgað á þessum árum. Biðlisti þeirra sem bíða eftir hjartaþræðingu er sá eini sem hefur lengst. En líklegt er að þar hafi þörfin breyst frekar en dregið hafi úr afköstum. Á sama tíma hefur hjartaaðgerðum fjölgað mjög verulega og þar eru ekki biðlistar að ráði. Á sjúkrahúsunum hefur orðið veruleg framleiðniaukning, nýir meðferðarmöguleikar teknir upp og ný og dýr lyf hafa verið tekin í notkun. Hjúkrunarfólk hefur fundið fyrir auknu álagi en veikindatími hefur aftur lækkað meðal starfsfólks eftir að hafa hækkað á fyrri hluta tímabilsins sem hér um ræðir.

Einnig kemur fram ef marka má skýrsluna að ekki verður vart aukins álags á stofnanir aldraða yfir sumartímann og er þá miðað við greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til þessara stofnana.

Svo virðist sem breytingar sem verða á starfsemi sjúkrahúsanna yfir sumartímann séu að langmestu leyti eðlilegur samdráttur vegna sumarleyfa starfsfólks, viðhalds og endurbóta, svo og betra heilsufars yfir sumartímann.

Samkvæmt upplýsingum frá stofnunum um lokanir geðdeilda liggur fyrir að á Ríkisspítölum verði lokanir minni á þessu sumri en undanfarin ár og Sjúkrahús Reykjavíkur lokar dagdeild í fjórar vikur í júlí og fækkar rúmum á legudeild úr 31 í 25. Er það svipað og var í fyrra. Þá hafa málefni barna- og unglingageðdeildar Landspítalans verið til sérstakrar skoðunar og fékk deildin nýlega 12 millj. kr. aukafjárveitingu frá stjórnvöldum.

Nú er ekki ætíð samstaða milli aðstandenda og heilbrigðisstarfsfólks t.d. um útskriftir einstakra sjúklinga eða úrlausnir yfirleitt sem einstaklingum standa til boða. Fráleitt er að taka slík tilvik úr samhengi og blása það út sem sönnun þess að heilbrigðiskerfið sé í rúst. Því hefur jafnvel verið haldið fram að stjórnendur spítalanna velji sérstaklega viðkvæmar deildir til að loka til þess að koma af stað fjölmiðlaumræðu sem hefur áhrif á almenningsálitið svo að falla verði frá slíkum áformum og veita stofnunum meira fé. Ég trúi ekki slíkum ásökunum enda eru þetta allt viðkvæm mál og erfitt að stjórna svo öllum líki.

Það er markmið mitt að vernda velferðarkerfið og tryggja svigrúm til framfara, svo sem innkomu nýrra lyfja og draga ekki úr þjónustu. Til að þessum markmiðum verði náð verður að gæta fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Mikil hagræðing hefur náðst á sjúkrahúsum á síðustu árum þrátt fyrir að fjárhagsstaða margra þeirra sé mjög erfið. Sjúkrahúsin hafa nú þegar á þessu vori fengið viðbótarfé að upphæð 200 millj. kr. en útlit er fyrir að enn þurfi að bæta við. Innan heilbrrn. hefur verið unnið að undirbúningi skipulagsbreytinga sem byggir á

skýrslu nefndar sem kynnt var í mars sl. um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og Reykjanesi. Sú nefnd skilaði umfangsmiklum tillögum í samráði við um 100 starfsmenn (Forseti hringir.) þessara stofnana þar sem rauði þráðurinn er að ekki verður sparað meira nema með nýjum áherslum og meiri samvinnu milli sjúkrahúsanna.

Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Mér er ljóst að það að koma þessari samvinnu á mun kosta einhverja fjármuni. Samvinnan mun hins vegar strax á næsta ári skila verulegum sparnaði, jafnvel hundruð milljóna og þar með draga úr þeim árvissu fjárhagskröggum sjúkrahúsanna sem nú eru til umræðu á hinu háa Alþingi. Það hefur verið alvarleg andstaða vissra aðila gegn þessum sjálfsögðu skipulagsbreytingum og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeim sem leyfa sér að leggjast gegn því framfaraskrefi, hvort sem það er vegna ímyndaðra hagsmuna, eignarhalds eða til að vernda eitthvert stjórnkerfisfyrirkomulag. Það er ábyrgðarhluti því að slík andstaða kostar skattborgara fé og hindrar eðlilegan framgang og þróun heilbrigðiskerfisins og kemur þannig í veg fyrir að sjúklingar geti notið bestu hjálpar sem við getum veitt og ættum að setja í öndvegi. (**SvG:** Hverjir eru að koma í veg fyrir það?)

[13:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þessi mál til umræðu. Það hefur reyndar gerst oft áður í vetur að við höfum þurft að taka heilbrigðismálin svona fyrir, þ.e. utan dagskrár, því það er í raun og veru eina tilefnið sem okkur hefur gefist til að ræða heilbrigðismál. Þess vegna er algjörlega óþolandi að sitja undir því að hæstv. ráðherra skuli segja að það sé verið að hindra framgang góðra mála sem hæstv. ráðherra hendir hér inn hálfum mánuði fyrir þinglok og ætlast til að séu afgreidd sisvona, á sama tíma og við fáum skeyti frá, t.d. Sjúkrahúsi Suðurnesja þar sem óskað er eftir því að fá málið til umsagnar. Það er gjörsamlega óþolandi að það sé komið fram við okkur á þennan hátt sem hér höfum setið undanfarna sólarhringa og vikum og mánuðum saman og erum að reyna að ræða þau mál sem mest brenna á og þarfnast úrlausnar í þjóðfélaginu og þar með heilbrigðismálin. Það er einföld og auðveld lausn að lýsa fullri ábyrgð á hendur þeim sem hindra framgang og endurskipulagningu sem hent er hér inn með hraði hálfum mánuði fyrir þinglok. Líklega er það stjórnarandstaðan sem hefur þó verið hér við vinnu undanfarnar vikur sem á að taka þessa ábyrgð á sínar hendur en ekki hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarliðar, a.m.k. sá helmingur ríkisstjórnarinnar sem er búinn að sitja með þetta frv. vikum saman í sínum þingflokki án þess að við fáum það til umfjöllunar. En það er löngu, löngu tímabært að ræða hér og taka langa umræðu um stöðuna í heilbrigðismálum, þ.e. eitthvað meira en svona pínulítið frv. um pínulitla endurskipulagningu í heilbrigðismálum á tiltölulega litlu svæði landsins eins og frv. sem hæstv. ráðherra hefur sett hér inn. Við þurfum að fá heildaryfirsýn. Við þurfum að fá að vita hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera, ekki bara hér á þessu svæði heldur við heilbrigðissvæðið um land allt. Hvort það á að fara fram úttekt á öllum stofnunum innan heilbrigðiskerfisins. Hvort það á að ákveða þjónustustig þeirra og verkefni og skipuleggja síðan eða hvort hæstv. ráðherra er enn með þessar vitlausu hugmyndir um að miða heilbrigðissvæðin út frá kjördæmum sem ákveðin eru út frá allt öðrum forsendum.

[13:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nú er því miður komið að þeim tíma þegar aðstendendur sjúklinga, fatlaðra og aldraðra fyllast angist og kvíða. Lokanir á sjúkrahúsum eru boðaðar. Hvað tekur við hjá þeirra nánustu sem þarfnast heilbrigðisþjónustunnar? Verða þeir sendir heim eða verða þeir fluttir annað?

Ég gleymi seint lýsingu móður í fyrrasumar sem varð að taka mjög geðsjúkan son sinn heim vegna lokana. Hennar sumarfrí var sannkölluð martröð. Þó hún legði sig alla fram var hún engin manneskja til að annast hann. Svona er um marga, því miður allt of marga. Ástandið á heimilum aðstandenda sjúklinga er afleitt og ástandið á sjúkrahúsunum eins og við höfum séð í fréttum undanfarið, óviðunandi. Lokanir eru meiri en í fyrra á báðum stóru sjúkrahúsunum hér á höfuðborgarsvæðinu, mestu lokanir frá upphafi og ástandið mun verra að sögn yfirmanna og biðlistar lengjast. Hversu lengi er boðlegt að bjóða sjúklingum upp á lengri bið? Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er fólk lagt inn á ganga og salerni og líkur á óhöppum og slysum aukast enn vegna álags á starfsmenn. Hvernig getur hæstv. heilbrrh. látið þetta ástand viðgangast? Eins og hún gekk nú hart fram á síðasta kjörtímabili vegna lokana þá.

Nú verður hæstv. ráðherra að standa sig í starfinu. Ég frábið mér þann málflutning sem ráðherrann bauð okkur upp á í ræðu sinni áðan. Ég vil ítreka við hæstv. ráðherra að stefna í heilbrigðismálum er pólitík, grafalvarleg pólitík. Ég held að hæstv. ráðherra verði að gjöra svo vel að bretta upp ermarnar og taka á þessum málum því það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það ár eftir ár að loka meira og meira. Eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar hafa þessar lokanir ekki skilað þeirri hagræðingu og þeim sparnaði sem menn ætluðu sér.

[13:20]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að ræða hér málefnalega um lokanir sjúkrahúsa en málflutningur hæstv. heilbrrh. er slíkur að það er ekki hægt annað en að mótmæla honum. Að leyfa sér að halda því fram að við í stjórnarandstöðunni séum að stöðva þetta frv. Þetta er þvílík ósvífni að ég hef ekki heyrt annað eins í þingsölum. Þetta er stórmál, stórpólitískt mál. Ég veit ekki annað en að það hafi verið rætt ítarlega innan Sjálfstfl. og mér heyrist á þingmönnum þeirra að það sé ekki nein sérstök hrifning á þessu máli. Þetta er mál sem snertir Reykjavíkurborg og samstarf sjúkrahúsanna. Ég hef ekki tekið neina afstöðu í þessu máli og ég er tilbúin til að ræða það hér í dag, en þá skulum við líka ræða það ítarlega. Það kallar á ítarlega umræðu. Ég veit ekki hvort aðrir taka undir það með mér. Þetta kallar á ítarlega umræðu og ítarlega skoðun. Þetta er stórmál. Ég mótmæli svona málflutningi.

Það breytir ekki því, hæstv. forseti, að við stöndum frammi fyrir miklum vandamálum varðandi stóru sjúkrahúsin. Hæstv. ráðherra hélt því fram að lokanir væru svipaðar í ár og í fyrra. Það kom fram hjá fulltrúum Ríkisspítalanna að það væri 2% aukning á lokunum og það munar auðvitað um hvert einasta rúm sem tekið er úr notkun. Við þurfum einfaldlega að horfa á þessi mál í heild og átta okkur á því að það er mikið verk fram undan í heilbrigðismálum. Öldruðum fjölgar stöðugt. Það kallar á aukna þjónustu og aukinn kostnað. Við þurfum að gera okkur grein fyrir hvernig við ætlum að taka á þessum málum. Við hljótum að verða að horfast í augu við að þessi málaflokkur kallar á auknar

fjárveitingar. Við verðum einfaldlega að afla þeirra tekna eða skera niður annars staðar. Við getum líka nýtt betur það fjármagn sem við höfum og við getum bætt mikið úr með því að stórauka forvarnir. Leiðirnar eru margar. Við erum að tala um stórpólitískt mál sem þarf að reyna að ná samstöðu um. Ég veit ekki betur en menn hafi reynt að vinna málefnalega að þessum málum. Hæstv. heilbrrh. kemst nú ekki langt í sínum aðgerðum og fær ekki mikinn stuðning ef hann ætlar að ganga þannig fram að ráðast á stjórnarandstöðuna og saka okkur um að vera að valda milljónatjóni og skaða og að koma í veg fyrir sparnað. Ég mótmæli þessu enn og aftur.

[13:23]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er nú ekki tími til að ræða heilbrigðismálin í heild í þessari stuttu utandagskrárumræðu. Ég vil segja eitt um stöðu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið í gangi vinna til þess að finna leiðir til samstarfs og samræmingar sem mundu skila sparnaði. Þegar þeirri vinnu er lokið þarf að endurmeta þeirra fjárhag. Ég veit að það er vilji til að gera það bæði hjá stjórnarliðum hér á Alþingi og eins hæstv. heilbrrh.

Varðandi sumarlokanir, þá eru þær mikið vandamál og valda óþægingum. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því. Hins vegar finnst mér umræðan um sumarlokanir á undanförnum árum hafa verið dálítið áróðurskennd vegna þess að ekki er greint sundur hvað er vegna skorts á fjárveitingum og hvað er vegna þess að ekki fæst fólk til að leysa af í sumarfríum og eins hvað er vegna viðhalds á sjúkrahúsunum. Það er talað um þetta allt í einu, eins og öll þessi óþægindi séu vegna lítilla fjárveitinga. Ég ætla ekki að skorast undan því að taka ábyrgð á því að hluti af þessum lokunum kunni að vera vegna lítilla fjárveitinga. En það er algerlega út í hött að tala um þetta mál þannig að sumarlokanir heyri fortíðinni til aðeins ef það væru nægar fjárveitingar í þennan málaflokk. Það er algerlega út í hött vegna þess að það verður ætíð svo að það verður að draga úr þjónustu sjúkrahúsanna yfir sumartímann. En við verðum að leita leiða til þess að það valdi heimilunum sem minnstum óþægindum, t.d. með því að athuga hvort (Forseti hringir.) hægt er að efla heimahjúkrun eða með einhverjum slíkum úrræðum. Ég ætla ekki að gera lítið úr þessum óþægindum en mér finnst að þessi umræða megi stundum vera markvissari en hún hefur verið á undanförnum árum.

[13:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við þekkjum vel hversu erfitt er að vera með aðhald í rekstri og á samdráttartímum hefur oft verið erfitt að fjármagna framkvæmdir og þjónustu og að takast á við breyttar aðstæður. Þá var ekki búið við skilning Framsfl. á því að þetta væri erfitt. Það var samt reynt að hafa framtíðarsýn í málefnum fatlaðra og í málefnum sjúkrahúsa, bæði hvað varðaði uppbyggingu og rekstur. Ég get ekki stillt mig um það, virðulegi forseti, við þessar aðstæður, að minna á mikilvæga stefnumörkun sem var gerð á síðasta kjörtímabili um uppbyggingu á Ríkisspítölum, um að byggja barnaspítala sem hefði skapað nýjar aðstæður á ýmsum öðrum deildum og aukið möguleika á breyttri og bættri þjónustu sem er lykilatriði í dag þegar nútímalegar læknisaðgerðir gera það að verkum að lega á sjúkradeildum er styttri. En það þarf að veita góða þjónustu.

Nú eru breyttir tímar. Nú er uppsveifla, nú er hagvöxtur og nú er vor í lofti og allt þetta fallega sem við heyrum frá ríkisstjórnarflokkunum. En það er engin framtíðarsýn. Í öllum málaflokkum er bara bent á hallann, hallann og aftur hallann sem eigi að lagfæra. Það er ástæða til að benda á það að á meðan þingmenn staldra við það í skýrslu Ríkisendurskoðunar að athygli er vakin á að sumarlokanir spari ekki í rekstri þá leggur ráðherrann áherslu á að Ríkisendurskoðun telur að lokanir komi ekki að sök gagnvart sjúklingum. Þetta er aldeilis ótrúlegt.

Ég eins og aðrir undrast orð ráðherrans um að pólitík skuli blandað í umræðu um að frv. hennar um heilbrigðismál komi ekki hér á dagskrá. Ég mótmæli því. Við erum að stefna hér að og reyna að gera mögulega þingfrestun hugsanlega á morgun. Ráðherrann hefur fulla möguleika á að setja á öll sín svæðisráð að vild og að ná samkomulagi og samvinnu þannig. En hún vill hafa það lögfest. Spyrja má: Hvers vegna?

Við eigum eftir að ljúka stórum málum, virðulegi forseti. Við höfum tekist á um stórmál í þessum þingsölum, stærri en oft áður: Póst og síma, stéttarfélög og vinnudeilur, lög um opinbera starfsmenn og fjármagnstekjuskatt sem hefur snúist upp í að verða launaskattstekjuauki fyrir stóreignamenn. Og á þessum eftirmiðdegi eigum við eftir úthafsveiðarnar sem eru stórmál. Ráðherrann hefur sótt um það hálfum mánuði fyrir þinglok að fá að mæla fyrir máli sem mun vekja upp eldhúsdag um heilbrigðismál í þessum sölum. Það er staðreyndin. Og leyfi hún sér að kalla það að pólitík sé blandað í, að koma máli á dagskrá, þá finnst mér að hér sé verið að kasta inn eldsprengju sem ekki verði slökkt svo skjótt.

[13:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Nú standa fyrir dyrum hinar árlegu sumarlokanir á sjúkrahúsum sem eru viðhafðar að því er sagt er í sparnaðarskyni og til að starfsfólkið komist í sumarleyfi. Að vísu hefur seinni röksemdinni verið mótmælt af ýmsum þeim sem telja að vel sé hægt að hagræða sumarleyfum starfsfólks eins og tíðkast á öðrum stofnunum. Sparnaðinn hef ég miklar efasemdir um og tel að mikið skorti á að það dæmi hafi verið reiknað til enda. Hvað með fárveikt fólk sem sent er heim til umönnunar hjá ættingjum sem oft þurfa að taka leyfi frá störfum til að annast sjúklingana auk þess sem heimahjúkrun þarf að koma til? Hvað með alla sjúklingana sem eru á biðlistum eftir sjúkrahúsvist, oft óvinnufærir? Og biðlistarnir lengjast auk þess sem öryggi sjúklinganna er stefnt í voða þegar þeir eru útskrifaðir allt of snemma af þeim yfirfullu sjúkradeildum sem þó eru starfræktar. Ég verð að segja að ég tek mark á ýmsu sem kemur frá Ríkisendurskoðun. En ég tek ekki neitt sérstakt mark á því þótt þeir gefi einhverjar sérstakar yfirlýsingar um heilsufar sjúklinga sem eru á biðlistum eftir sjúkrahúsvist, þið verðið að fyrirgefa. Ég tala nú ekki um heilsu starfsfólksins sem hrakar undir svo miklu álagi eins og skapast þegar um yfirfullar örfáar sjúkradeildir er að ræða. Þetta er allt þjóðhagslega óhagkvæmt og þyrfti að skoða heildardæmið. Þjóðfélagið borgar þó peningarnir fari ekki út af reikningi sjúkrahússins. Við þurfum að taka allt með í reikninginn og ef það væri gert tel ég að enginn sá sparnaður sem reynt er að sýna fram á af lokun sjúkradeilda geti vegið upp það tap sem felst í að láta veikt fólk bíða heima óvinnufært eftir lækningu.

[13:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hve langt þarf að ganga til að ríkisstjórnin bregðist við því ófremdarástandi, því neyðarástandi sem ríkir á sjúkrahúsunum? Nægir ríkisstjórninni ekki sú viðvörun sem komið hefur fram hjá talsmönnum sjúkrahúsanna að öryggi sjúklinga geti verið stefnt í hættu vegna niðurskurðarins og álag á starfsfólk sé orðið óverjandi? Samt er ekki komið að sumarlokunum en þá er talið að að meðaltali verði helmingi og allt að þriðjungi sjúkrarúma á Sjúkrahúsi Reykjavíkur lokað. Hæstv. ráðherra verður að fara að gera sér grein fyrir því að heilbrigðiskerfið og sjúkrahúskerfið verður ekki lengur blóðsogið ef forðast á að stefna öryggi sjúklinga í hættu. Hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin verður að fara að gera sér grein fyrir því líka að það er ekki velferðarkerfið og heilbrigðisþjónustan á Íslandi sem er að vaxa okkur yfir höfuð. Það hefur verið sýnt fram á að umsvif hins opinbera hérlendis og umsvif velferðarkerfisins eru miklu minni en gerist t.d. á Norðurlöndunum þar sem umsvifin eru helmingi meiri. Hæstv. heilbrrh. hefur þá skyldu að vernda öryggi sjúklinga og tryggja að hér sé viðunandi heilbrigðisþjónusta. Láti hún áfram viðgangast að niðurskurðinum sé beitt með svo óbilgjörnum hætti gegn þeim sem síst skyldi í þjóðfélaginu eins og sjúkum, öldruðum og öryrkjum ráðlegg ég henni að íhuga alvarlega hvað hún er að gera í stóli heilbrrh. Við erum komin að endimörkum þess sem við getum boðið sjúklingum án þess að stefna öryggi þeirra í hættu. Hvað ætlar ráðherrann að gera? Hæstv. ráðherra getur ekki komist hjá því að svara þessari spurningu.

[13:33]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sumarlokanir hafa viðgengist árum saman á sjúkrahúsum landsins. Menn verða að átta sig á því að slíkar aðgerðir eru ekki lengur í rauninni sparnaðaraðgerðir sem farið er í til að bregðast við niðurskurði og samdrætti í fjárveitingum heldur eru stjórnir sjúkrahúsanna þegar búnar að gera ráð fyrir sumarlokunum deilda í sínum fjárhagsáætlunum. Svo er nú komið í flestum rekstrarþáttum að aðhald og sparnaður er þegar innbyggður í starfsemina og starfsáætlanir og fátt til ráða lengur.

Því miður er reyndar enn verið að auka lokanir deilda í ljósi naumrar fjárhagsstöðu. En þeim mun meiri ástæða er til að efla umræðu um þetta mál. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka málið upp og vekja athygli á hvaða áhrif allar þessar aðgerðir hafa á einstaklinga, á fjölskyldurnar og heimilin í landinu. Menn geta ekki bara lokað augunum um leið og þeir loka deildunum. Menn verða að horfast í augu við afleiðingarnar og taka með í reikninginn þjáningar þeirra sem þjónustuna þurfa og erfiðleika þeirra sem verða að reyna að leysa málin þegar í óefni er komið.

Ég get ekki, herra forseti, á þessum fáu mínútum komið mörgum atriðum að í þessu mikilvæga og yfirgripsmikla máli en ég vil aðeins að lokum vitna í niðurlag margnefndrar skýrslu eða greinargerð Ríkisendurskoðunar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vegna sumarlokana á öldrunardeildum eru þeir sjúklingar sendir heim sem hægt er að senda heim. Starfsfólk heimahjúkrunar og heimaþjónustu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar eru sammála um að þeir sjúklingar sem verið er að sinna nú í heimahúsum séu að jafnaði verr á sig komnir en þeir voru fyrir nokkrum árum. Hjúkrunarsjúklingar flytjast enn fremur í nokkrum mæli til nánustu aðstandenda þegar til sumarlokana kemur. Því má gera ráð fyrir að umönnun og beinn og óbeinn kostnaður henni tengdur færist að einhverju marki yfir á heimilin í landinu en sá kostnaður verður ekki metinn í þessari greinargerð."

Ég vil leggja áherslu á þennan þátt málsins í ræðu minni hér. Menn verða að fara að gera sér grein fyrir því hverra herðar það eru sem verða að bera byrðarnar af þessum sumarlokunum og þessu ástandi í heilbrigðismálunum.

[13:35]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það eru fjölþættar ástæður sem liggja að baki því að samdráttur er í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu sem og víða um land á þessum tíma. Í fyrsta lagi, eins og hér hefur fram komið, eru það sumarfrí. Í öðru lagi er verið að endurbyggja og endurbæta á mörgum stofnunum og í þriðja lagi er því ekki að leyna að um er að ræða samdrátt í fjármunum til sjúkrahúsanna og hefur verið á undangengnum árum. Það ættu einstakir þingmenn Alþfl. sem hér hafa talað að þekkja einna best eftir að hafa staðið fyrir því í fyrri ríkisstjórn.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þeir fjármunir sem varið er til heilbrigðisþjónustunnar séu nógir. Ástæðan er sú að við verjum sambærilegri upphæð af okkar landsframleiðslu til heilbrigðisþjónustu eins og þær þjóðir í kringum okkur sem vilja gera best. Okkar vandamál eru hins vegar skipulagsvandamál. Við þurfum að nýta betur þá fjármuni sem við höfum til ráðstöfunar en við höfum gert á undanförnum árum. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því hvaða hugmyndir eru uppi í heilbrrn. til að ná betri tökum á þessum vandamálum sem við stöndum frammi fyrir með skipulagsbreytingum. Skipulagsvandamálin lýsa sér m.a. í því sem þarf að framkvæma. Tökum dæmi af Ríkisspítölunum þar sem stjórnir viðkomandi stofnana taka ákvarðanir um það að loka. Það er ekki hæstv. heilbrrh. sem ákveður að það eigi að loka deildum. Það er Alþingi sem setur lög um það hvaða fjármuni viðkomandi stofnanir hafa til þess að ráðstafa. Það eru síðan stjórnir viðkomandi stofnana sem taka ákvarðanir um það hvernig þessum fjármunum er ráðstafað. Dæmi: Ríkisspítalarnir hafa tæpa 7 milljarða kr. til ráðstöfunar á þessu ári. Þó við hefðum ákveðið um síðustu áramót, Alþingi eða stjórn viðkomandi stofnunar, að setja engan einasta sjúkling inn á Landspítalann árið 1996 þá hefðu þeir fjármunir sem ráðstafað hefði verið eftir sem áður, þrátt fyrir að spítalinn hefði algjörlega verið lokaður, verið 5 milljarðar kr. Við hefðum eytt 5 milljörðum kr. með engan einasta sjúkling inn á Ríkisspítölunum árið 1996. Þetta er m.a. það vandamál sem við stöndum frammi fyrir, sá skipulagsvandi sem er í heilbrigðisþjónustunni. Samningar eru bundnir í ákveðinn farveg sem menn verða að komast út úr. Leiðin að þessu er sú að menn þurfa að gera skipulagsbreytingar og ég trúi því að stjórnarandstaðan hér á Alþingi styðji þær tillögur sem koma fram hjá hæstv. heilbrrh. til skipulagsbreytinga í þessu kerfi þannig að við getum í raun veitt betri þjónustu fyrir minni peninga.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Menn munu ekki reikna vandamálin út úr tilverunni með þeim hætti sem hér var reynt af hæstv. ráðherra. Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að menn greindu ekki á milli af hvaða sökum lokanir kæmu til, hverjar væru

ástæðurnar. Menn hafa gert það. Hluta af þessum lokunum má rekja til tilrauna til að spara fjármuni. Það segir hins vegar í greinargerð frá Ríkisendurskoðun að þær hafi ekki skilað þeim fjárhagslega ávinningi sem að var stefnt til lækkunar heildarútgjalda. Þetta var einn tilgangurinn að reyna að spara peninga og það hefur ekki haft tilætluð áhrif. Síðan segir hér, og ég vil taka undir það sem fram kom í máli Kristínar Halldórsdóttur, hv. þm., enn fremur: „Við sumarlokanir á öldrunardeildum sjúkrahúsanna flytjast hjúkrunarsjúklingar í meira mæli til nánustu aðstandenda. Því má gera ráð fyrir að umönnun og beinn og óbeinn kostnaður henni tengdur færist að einhverju marki yfir á heimilin í landinu en sá kostnaður verður ekki metinn í þessari greinargerð."

Þetta er einnig úr greinargerð Ríkisendurskoðunar. Þetta á líka við um aðra sjúklinga. Hér er ég með bréf frá Geðhjálp undirritað af Ingólfi H. Ingólfssyni, framkvæmdastjóra Geðhjálpar. Ég vil leyfa mér að vitna í þetta bréf. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Geðdeildum verður ekki lokað eins og hátæknideildum þar sem slökkt er á tækjum og sjúklingar fara á biðlista. Fjölskyldurnar ráða ekki við geðveikan einstakling á heimilum sínum. Samskipti eru í molum, börnum stafar ógn af ástandinu, fjölskyldurnar örmagnast og sjúklingarnir hrökklast að heiman og eru í reiðileysi á götum úti."

Síðan er þetta rakið áfram. Nú er staðreyndin sú, hversu mjög sem menn reyna að reikna þessi vandamál út úr tilverunni og drepa þeim á dreif, að lokanir á geðdeildum eru svipaðar og þær voru í fyrra og þótti þá mörgum nóg um. (**Gripið fram í:** Meiri, meiri.) Já, vandinn er ekki minni en hann var í fyrra.

Að lokum vil ég segja í tilefni ummæla hæstv. heilbrrh. varðandi frv. um svæðisráð: Við skulum ræða þessi mál. Hér er talað um heimild til ráðherra.

(**Forseti** (GÁS)**:** Tíminn er búinn.)

Ráðherra getur falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar- og endurhæfingarsamninga við starfsfólk. Hér eru boðaðar miklar kerfisbreytingar. Ég lýsi vilja til að ræða þetta en þá verðum við líka, hæstv. forseti, að fá tíma til þess. Það mun ekki standa á mér eða öðrum úr stjórnarandstöðunni að ganga til slíkra viðræðna.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti minnir á að hér er ræðutími tvær mínútur samkvæmt þingsköpum.)

[13:41]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið og harma það líka að hæstv. heilbrrh. hefur séð tilefni til þess að snúa þessari umræðu upp í eitthvert pólitískt deilumál sem var alls ekki meiningin. Ég vildi ræða stöðu sjúkrahúsanna í dag, um fjárhagsvanda þessara sjúkrahúsa og það hvernig þau eiga að leysa þann vanda sem þau standa frammi fyrir nú í sumarbyrjun. Ég spurði ákveðinna spurninga og við þeim hef ég ekki fengið neitt svar. Ég spyr þessara spurninga því aftur nú í lok máls míns.

Ég spurði hæstv. heilbrrh.: Hver er fjárhagsvandi þessara sjúkrahúsa? Hefur ráðherrann í hyggju að leysa þann vanda? Það var minnst á 200 millj. kr. hér áðan. Jú, vissulega fengu sjúkrahúsin 200 millj. kr. til baka af þeim fjármunum sem voru skornir af þeim við fjárlagagerð í haust og vetur. Ég veit að það vantar enn töluverða fjármuni til að endar nái saman á sjúkrahúsunum í Reykjavík þrátt fyrir stórfelldan niðurskurð og stórfelldar lokanir. Þannig að ef ekki kemur til frekari stuðningur við sjúkrahúsin þá mun þurfa að grípa til enn meiri lokana.

Hæstv. heilbrrh. vitnaði hér til skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjarvistir hjúkrunarfólks á Ríkisspítölum. Ég vil, með leyfi forseta, vitna hér til skýrslunnar. Þar stendur að árið 1995 hafi 106 ársverk tapast vegna veikindafjarvista á sjúkrahúsunum. Það er enginn búinn að mæla það enn þá, við erum ekki komin til ársloka 1996. Við vitum ekkert hvernig þetta ár endar. En ég vil bara minna á að þetta er alvarlegt ástand sem þarna er að skapast.

Ég minntist á vanda geðsjúklinga. Hver ætlar að leysa þau vandamál í sumar? Hefur hæstv. ráðherra gert sér grein fyrir því hver staðan verður á geðdeildunum í sumar? Það var vitnað hér áðan í bréf frá Geðhjálp sem lýsir í hnotskurn því sem blasir við. Mig langar líka til að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hefur hún skoðun á því hvað þessir biðlistar kosta einstaklingana, fjölskyldurnar og samfélagið í heild? Það hefur enginn mælt það. Það eru stórfelldir biðlistar á sjúkrahúsunum í Reykjavík. Það er 1.200 manns sem bíða a.m.k. eftir aðgerðum. Þetta er allt ungt fólk sem er óvinnufært vegna biðar eftir viðunandi úrræðum.

Að lokum: Hefur hæstv. heilbrrh. í hyggju að vernda stöðu Íslands og halda þeim gæðum í heilbrigðisþjónustu sem við erum vön eða hyggst hún grípa til annarra aðgerða og þá hverra?

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu. En ég hefði frekar viljað að hún snerist um það sem skiptir kannski mestu máli, þ.e. hver framtíðin er. Framtíðin hlýtur að vera skipulagsbreytingar. Menn hafa rætt hér fram og til baka hvernig ástandið er í dag. Það hefur hópur manna, fagaðilar frá öllum þessum sjúkrahúsum sem hefur verið rætt um hér í dag, komist að sameiginlegri niðurstöðu. Hundrað aðilar komust að þeirri sömu niðurstöðu að það ætti að setja á stofn svæðisráð og það ætti að auka samvinnuna milli sjúkrahúsanna hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég hélt að menn væru sammála um að ræða það. En það kom í ljós í morgun að menn stoppuðu það að hægt væri að hafa það hér á dagskrá. Það var ekki í fyrsta skipti sem það er stöðvað. Það hefur áður gerst að það hefur verið hér á dagskrá og hefur verið stöðvað. (**ÁRJ:** Ætlar hún að svara spurningunum?) Ég er að svara framtíðarspurningum, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Það er nefnilega ekki dagurinn í dag sem skiptir máli heldur framtíðin. Þegar skipulagsbreytingar eru lagðar fram þá tel ég að Alþingi Íslendinga eigi að ræða um það.

Hér hefur líka komið fram að það þurfi ekki lagabreytingar, að það sé hægt að gera þetta allt án lagabreytinga. Það þarf lagabreytingu til því að hver einasta stofnun lítur á sig sem sjálfstæða einingu.

Ég ætla ekki að draga úr þeim vanda sem sumarlokanirnar valda. Það er vandamál. Þess vegna skiptir máli að horfa á málið í heild sinni. En ég vil samt að það komi fram vegna þess að hér hefur sérstaklega verið talað um geðdeildirnar að samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í morgun frá Ríkisspítölum eru minni lokanir á geðdeildinni en var í fyrra. Það eru upplýsingar sem ég fæ frá Ríkisspítölum og ég vona að þær séu réttar. Ég tel að með þessu sé ég búin að svara þeirri spurningu sem hér er lögð fram.

Hver er fjárvöntun sjúkrahúsanna spyr hv. frummælandi? Fjárvöntun sjúkrahúsanna er um 400 millj. kr. En til þess að

þær 400 millj. komi að gagni þá verða menn að vera tilbúnir til að taka á þeim skipulagsbreytingum sem eru nauðsynlegar því það er framtíðin.

Um fundarstjórn.

Frumvarp um heilbrigðisþjónustu og tilhögun þingfundar.

[13:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum hæstv. heilbrrh. áðan þá vil ég endilega leyfa mér að fara fram á það að þegar í stað verði efnt til umræðu um þetta frv. til laga um heilbrigðisþjónustu og að hún hefjist núna og að menn taki þann tíma í þá umræðu sem þarf. Það er bersýnilegt að stjórnarliðið hefur ákveðið að láta það mál hafa forgang. Það getur ekki verið að stjórnarandstaðan hafi minni áhuga á að ræða það mál miðað við að stjórnarandstaðan hefur aftur og aftur krafist utandagskrárumræðu um málið. Ég vísa því algjörlega á bug að sitja undir því þegjandi að það sé stjórnarandstaðan sem sé að stöðva mál af þessu tagi. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvenær hefur það gerst? Ræður ekki forseti dagskránni? Af hverju er hæstv. heilbrrh. að gera lítið úr hæstv. forseta í þessu máli? Auðvitað ræður forseti dagskrá Alþingis. Er ráðherrann að bregða forsetanum um svik og að forsetinn vinni ekki sín verk? Eða er hæstv. ráðherra að reyna að gera lítið úr forseta Alþingis í þessu máli? Hvað á þessi málflutningur að þýða?

Hér höfum við þingmenn stjórnarandstöðunnar undanfarna sólarhringa aftur og aftur gert tilraunir til að halda þannig á málum að hlutirnir gengju sem eðlilegast fram þrátt fyrir gífurlegan ágreining um öll mál. Hvað gerist þá? Þá kemur hæstv. heilbrrh. sjálfur og stofnar til ófriðar enn á ný um þinghaldið við þingflokkinn. Það verður auðvitað hver að liggja eins og hann býr um sig í þessu máli. Ef hæstv. heilbrrh. vill fá umræðu um heilbrigðismál þá skal heilbrrh. fá umræðu um heilbrigðismál. Ég krefst þess sem þingmaður af forsn. að hér verði efnt til umræðu um heilbrigðismál og það strax.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir það að vera tilbúinn til að taka þetta málefni hér á dagskrá því það var akkúrat í samkomulagi við hann, fyrir einum sex til sjö dögum síðan, sem þetta mál var stoppað. Það var á dagskránni en hv. þm. hafði þá samið um að það yrði ekki tekið á dagskrá. Ég var komin hér til að mæla fyrir því. Ég þakka honum því sérstaklega fyrir það og ég vona að samstaða sé um það meðal annarra hér að taka þetta málefni á dagskrá.

[13:49]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna þeirrar umræðu sem hér á sér stað að umrætt mál er 13. mál á dagskrá yfirstandandi fundar.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að athugasemdir og ummæli hæstv. heilbrrh. á þessum fundi eftir hádegi sýna mér alveg ótrúlega sjálfhverfan einstakling. Hér erum við búin að vera daga og nætur að störfum í öllum þeim stóru málum sem ég hef áður bent á. Það sem við þingflokksformenn höfum gert á fundum hjá forseta er að benda á hvað það þýði ef inn á dagskrá er tekið mál sem kallar á margra klukkutíma umræðu á sama tíma og verið er að reyna að ná samkomulagi um að ljúka þingstörfum hér á þessum sólarhring þannig að e.t.v. standi einungis atkvæðagreiðsla eftir á miðvikudagsmorgni. Þá er verið að reyna að fá inn mál sem er ljóst að kallar á víðtæka umræðu um heilbrigðismál. Það sem stjórnarandstaðan hefur gert er að benda á þetta og það sem stjórnarandstaðan hefur kannski ekki fengist til er að ljá því máls að málið færi á dagskrá og meira eða minna án umræðu til nefndar. Það er hægt að fallast á að ekki hefur verið orðið við þeirri beiðni.

Ég harma það, virðulegi forseti, að ráðherrann skuli leyfa sér það í stuttri 30 mínútna umræðu um brýnan vanda sjúkrahúsanna að kasta fram þeirri sprengju sem hún gerði hér í dag og halda því til streitu í framhaldi að stjórnarandstaðan sé að beita einhverju valdi. Það er fullkomlega ósatt og sýnir að ráðherrann hefur ekki verið fær um að sjá þau mál sem hafa verið á dagskrá í djúpri og langri umræðu og ekki gert sér grein fyrir hvað við þingmenn höfum verið að fást við hér á meðan hún hefur verið fjarri.

[13:51]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Undanfarna daga og vikur og reyndar undanfarna tvo mánuði hefur verið afar mikið vinnuálag í sölum Alþingis og á nefndarfundum. Hér hefur verið afgreitt hvert stórmálið á fætur öðru í miklum ágreiningi. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því hvenær þingstörfum á að ljúka. Menn lögðu á sig mikla vinnu í allan gærdag til að reyna að þoka málum áfram. Þetta mál, sem hæstv. heilbrrh. er svo hjartfólgið, kom mjög seint fram. Það kann vel að vera að heilbr.- og trn. og allir flokkar á Alþingi verði sammála um að afgreiða málið. Staðreyndin er einfaldlega sú að það er afar skammur tími til stefnu. Ég er búin að lesa þetta frv. Ég er með það hér undirstrikað. Þetta er ekkert smámál. Það er ekkert smávald sem á að fela þessu svæðisráði. Það kann vel að vera að það sé eðlilegt. Það kann vel að vera. Ef ég má vitna í frv., með leyfi forseta. Það segir hér:

„Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið og þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þeirra, m.a. með auknu samstarfi. Ráðherra getur falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar, samninga við starfsfólk og samræmingu starfsmannastefnu.“

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna á að hér er ekki í gangi efnisumræða um málið.)

Nei, ég er bara að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að þetta er mjög efnismikið mál og að mínum dómi kallar það á nákvæma skoðun. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þessa máls án þess að fram fari um það ítarleg umræða og ítarleg skoðun. Það getur vel verið að niðurstaðan verði sú eins og ég sagði hér áðan að við samþykkjum öll þetta frv. En ráðherrann getur ekki farið fram á að mál af þessu tagi sé afgreitt með svo stuttum fyrirvara án þess að það kalli á skoðun. Hvað er það sem ráðherrann er að fara fram á? Það væri kannski ágætt að ráðherrann upplýsti það? Er hann að tala um að koma þessu máli til nefndar? Mundi það duga? En hvað sem því líður þá kallar þetta á mikla umræðu og skoðun.

[13:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta að umrætt mál er 13. mál á dagskrá yfirstandandi fundar. Enn fremur vill forseti rifja það upp að sú umræða sem hér á sér stað hefur átt sér stað í umræðum forsetadæmis og fulltrúa þingflokka, nú síðast í morgun. Forseti væntir þess að þeim umræðum hér utan þingsala verði fram haldið.

[13:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég óska eftir að gert verði hlé á þessum fundi og þessi mál rædd og dagskránni verði breytt. Það er ekki nóg fyrir mig eftir að hafa setið undir svigurmælum hæstv. heilbrrh. að þetta mál sé þarna númer 13, 14 eða 15 eða 20 á einhverri dagskrá. Ég óska eftir að fundinum verði frestað þannig að menn geti rætt málin.

Ég vísa því algerlega á bug sem hæstv. heilbrrh. sagði áðan að ég hefði stoppað málið. Ég er einn af 63 af þessu þingi. Sá sem ræður dagskránni er forseti Alþingis, hann ræður dagskránni. Og við höfum sagt við forseta aftur og aftur og reyndar hér í þessum ræðustól: Við leggjumst ekki gegn því að málið verði tekið fyrir, það er ykkar að ráða því. Ef meiri hlutinn vill sitja fram eftir sumri yfir þessu máli þá er það hans mál.

Ég held því að það sé alveg óhjákvæmilegt að fara fram á það við hæstv. forseta að núna verði gert hlé á þessum fundi þannig að það verði hægt að ræða um þingstörfin almennt. Ég óska eftir því sem formaður míns þingflokks að þær umræður fari fram til að það komi líka fram hvað hæstv. heilbrrh. vill. Er ráðherrann að gera kröfu um að þetta mál verði rætt og afgreitt og gert að lögum án þess að viðkomandi aðilar fái að segja sína skoðun á málinu? Það rignir hingað inn skeytum og bréfum og áköllum um að fólk fái að fjalla um þetta mál. Er ráðherrann að gera kröfu um að það fáist ekki og verði ekki gert eða hvað? Hvað á þessi yfirgangur ráðherrans að þýða í þessu máli?

[13:56]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þessar umræður eru nú dálítið heitar og hv. 8. þm. Reykv. segir að forseti ráði dagskránni. Það er að vísu rétt en málið er ekki alveg svo einfalt. Störf forseta miðast auðvitað að því að komast að niðurstöðu um það hverju verður lokið. Ég veit að núverandi forseti hefur ekki unnið í þeim anda að hann bara ráði dagskránni og svo sé málið leyst. Ég vildi eindregið hvetja til þess að það verði sest niður enn einu sinni og farið yfir þetta mál og rætt hvort það megi fá einhvers konar afgreiðslu, hvort sem það verður afgreitt endanlega frá þinginu eða ekki. Ég legg engan dóm á slíkt. En ég hefði hvatt hv. þm. til að lægja svolítið öldurnar og setjast yfir málið og tala saman. (**SvG:** Hvernig væri að þingmaðurinn talaði við ráðherra sinn?)

[13:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur verið rætt áður á þessum degi. Það er rétt að það kom seint fram og það þarfnast auðvitað umræðu eins og öll önnur mál sem við fjöllum um hér á hv. Alþingi. Ég vil eindregið hvetja til þess að við höldum okkur við það sem við formenn þingflokka komumst að niðurstöðu um á fundi með forseta í morgun um að halda áfram með dagskrána og að það verði gert hlé fyrir þingflokksfundi um miðjan dag, kannski um kl. þrjú. Þar getum við farið yfir málin með félögum okkar og síðan eftir þann fund verði margumtalað 13. dagskrármál væntanlega tekið á dagskrá. Ég held að það væri heillavænlegast fyrir störfin hér í þinginu að við héldum okkur við það. (**SVG:** Það er þá á ábyrgð Framsfl.)

[Fundarhlé. — 13:58]

[14:17]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur átt fund með formönnum þingflokka vegna umræðna sem urðu fyrir skömmu. Það er ósk forseta að haldið verði við þá áætlun sem gerð var á fundi forseta og formanna þingflokka fyrr í dag þannig að umræðu um fjármagnstekjuskatt verði fram haldið nú. Að þeirri umræðu lokinni verði tekin fyrir ýmis önnur mál á dagskránni en gert hlé fyrir þingflokksfundi, vonandi sem fyrst, og það hlé standi í þrjá stundarfjórðunga. Að þingflokksfundum loknum verði rætt í sameiningu um framhald þingstarfanna í dag en gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu fljótlega að loknum þingflokksfundum.

Forseti lítur svo á að um þessa skipan mála sé sæmilegt samkomulag við formenn þingflokka.

[14:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Snörp viðbrögð 8. þm. Reykv. og ósk hans um að breyta þeirri dagskrá sem fyrir liggur í dag voru mjög eðlileg í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram skömmu fyrir þinghlé og eins viðbrögð okkar þingflokksformanna sem höfum viljað leggja okkar af mörkum til að eiga gott samstarf við forseta þingsins sem ég hef ítrekað lofað í erfiðri stöðu.

Ég fagna því að niðurstaða hefur náðst í málinu og vek athygli á því að þingflokksformenn hafa fallist á tillögu forseta og formanna þingflokka stjórnarflokkanna um að við höldum áfram með þá dagskrá sem hér er. Um það mál hefur náðst sátt og við munum standa við þetta samkomulag sem gert var á fundi forseta fyrir stundu.

[14:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Auðvitað er ljóst hver ræður dagskrá Alþingis. Það gerir forseti. Alla jafna gerir hann það í ágætu samkomulagi við formenn þingflokka en valdið er hans. Það er líka meiri hluti Alþingis, ríkisstjórnarflokkarnir, sem ráða því og hafa ráðið hvaða mál eru afgreidd hér frá þinginu enda hafa mörg stórmál verið afgreidd í vetur í fullkominni andstöðu við stjórnarandstöðuna. Þess vegna er sérkennilegt að mál eins og það sem kom upp áðan skuli yfir höfuð koma upp síðustu daga þingsins. En vegna þess sem forseti gat um áðan vil ég taka undir með þeim hv. þm. sem hér talaði á undan mér og taka undir með forseta varðandi það sem fram kom í máli hans varðandi þá dagskrá sem fyrir liggur. Um hana var bærilegt samkomulag í morgun svo langt sem slíkt samkomulag getur náð. Það er ljóst að það samkomulag stendur að svo miklu leyti sem það getur staðið og þar með sú dagskrá sem hér liggur fyrir með öllum þeim málum á dagskrá sem þar eru prentuð.

[14:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti þakkar þessi viðbrögð þingflokksformanna.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 1136, brtt. 1115,9 og 1145.

og

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 1137.

[14:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. meiri hluta hv. efh.- og viðskn. á þskj. 1145. Eins og fram kom í framsöguræðu formanns nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, var í nefndinni rætt um þá stíflu sem brysti 1. jan. 1997 þegar áratuga ofsköttun á söluhagnað hlutabréfa linnir. Þá voru teikn á lofti um að þegar gætti tregðu til að selja hlutabréf vegna væntinga um lækkun skatta úr 42% í 10% þannig að jafnvel sá litli söluhagnaður sem alla jafnan fellur til, 303 millj. kr. árið 1994, verði hverfandi og að tekjur ríkissjóðs verði óverulegar vegna söluhagnaðar 1997.

Hin háa skattlagning söluhagnaðar, 42% og jafnvel 47%, hefur staðið efnahagslífinu fyrir þrifum. Eðlileg kynslóðaskipti og hagkvæm yfirtaka eða sameining fyrirtækja hefur vegna þessa ekki átt sér stað. Af þessari ástæðu og vegna fyrirsjáanlegra lítilla skatttekna ríkissjóðs 1997 leggur meiri hluti hv. efh.- og viðskn. til að flýtt verði gildistökuákvæða frv. um söluhagnað hlutabréfa. Það er innihald þessarar brtt.

Herra forseti. Brtt. er svohljóðandi:

„Við 13. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú selur maður hlutabréf á árinu 1996 og skal þá hagnaður af sölu þeirra skattlagður með 10% skatthlutfalli, enda sé salan ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins og hagnaðurinn nemi lægri upphæð en 3.000.000 kr. hjá einstaklingi eða 6.000.000 kr. hjá hjónum. Söluhagnaður sá er þessi málsgrein tekur til telst ekki til útsvarsstofns. Ákvæði lokamálsgreinar 17. gr., um heimild til frestunar á tekjufærslu og um ráðstöfun á söluhagnaði til kaupa á hlutabréfum, skulu gilda um söluhagnað umfram fjárhæðarmörk í 1. málsl."

Herra forseti. Brtt. gerir ráð fyrir að mörk verði sett á þann arð sem fellur undir 10% skattlagningu. Þessi mörk verði 3.000.000 fyrir einstaklinga og 6.000.000 fyrir hjón. Sá hluti söluhagnaðar sem umfram er þessi mörk er skattlagður með 42% eða 47% nema hann sé notaður til að fjárfesta í atvinnulífinu með kaupum á hlutabréfum að nýju en þá frestast skattlagning á söluhagnaðinn. Þetta ákvæði mun að vísu takmarka nokkuð tekjur ríkissjóðs um næstu framtíð en tryggir að hagnaðurinn helst í atvinnulífinu.

[14:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það fer nú að draga að lokum umræðunnar um fjármagnstekjuskattinn og ástæða til að segja nokkur orð um þetta frv. sem hér er til umræðu miðað við stöðu þess eins og það var lagt fyrir við 1. umr.

Það er ljóst af þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir þessari umræðu að ekki hafa orðið neinar grundvallarbreytingar sem máli skipta í meðförum efh.- og viðskn. á þessu frv. Því miður er það svo, virðulegi forseti, að meiri hlutinn hefur kosið að taka ekki meira mið af tillögum minni hlutans og þess frv. sem við þrír formenn stjórnarandstöðuflokkanna lögðum fram en raun ber vitni.

Það er staðreynd að pólitísk samstaða er um það á þingi og úti í þjóðfélaginu að leggja á fjármagnstekjuskatt. En spurningin er um útfærsluna. Einmitt það hefur okkur greint á um í þessari umræðu. Í mínum huga er það grundvallaratriði þegar við leggjum á fjármagnstekjuskatt að þetta sé raunverulegur skattur á fjármagnseigendur, þá sem eiga peninga í þessu þjóðfélagi og að það fjármagn sem við fáum út úr þeim skatti verði nýttir til að lækka skattbyrði á fólk með lágar tekjur og meðaltekjur. Einnig er grundvallaratriði í mínum huga að í fjármagnstekjuskattinum sé útfærslan með þeim hætti að í honum felist ákveðið frítekjumark sem tryggi að almennum sparnaði sé hlíft við skattlagningu.

Ekkert af þessum almennu atriðum er að finna í þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin hefur lagt til. Ég held að í hugum flestra úti í þjóðfélaginu, nema kannski þeirra sem eiga fjármagnið, sé fjármagnstekjuskattur eitthvað sem þýðir að þeir sem bera meira úr býtum í þjóðfélaginu, þeir sem eiga peningana og fjármagnið leggi sinn eðlilega skerf til þjóðfélagsins til að jafna byrðarnar og jafna kjörin. Ég hygg að þegar fólkið í landinu fer að finna fyrir útfærslunni á fjármagnstekjuskattinum verði það fyrir miklum vonbrigðum vegna þess að það er ekki bara í þessari útfærslu að ekki er verið að skattleggja fólk sem á peningana, sem á eignirnar í þjóðfélaginu, heldur er verið að draga úr skattlagningunni á þetta fólk. Fjármagnstekjuskatturinn er raunverulega skattur á venjulegan almennan sparnað hjá launafólki og þeim sem eitthvað lítilræði geta lagt fyrir. Að auki er það grundvallaratriði þegar við skoðum þessar tvær útfærslur sem hér hafa verið til umræðu að sú útfærsla, sem við leggjum til, felur bæði í sér það að jafna kjörin, flytja fjármagn frá þeim sem eiga peningana til þess að jafna kjörin í þjóðfélaginu og hún skilar líka miklu meira inn í ríkissjóð. Þannig liggur það fyrir að tillögur ríkisstjórnarinnar munu einungis skila um 800 millj. kr. í ríkissjóð en tillögur sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt fram munu skila um 1.700 millj. kr.

Það sem helst er ámælisvert við frv. er að það er verið að mismuna fólki í landinu eftir því hvort það aflar sér tekna sinna með beinum launagreiðslum eða hvort það hefur tekjur af arði og söluhagnaði. Þannig er ljóst að þeir sem greiða til samfélagsins af sínum tekjum borga um 40% skatt en þeir sem hafa stóran hluta tekna sinna af arði eða söluhagnaði munu einungis greiða um 10%. Í þessu felst mikið óréttlæti, virðulegi forseti, sem mig undrar að meiri hlutinn hafi ekki séð ástæðu til að breyta. Enn meira undrar mig það þegar ASÍ, sem hefur talað fyrir þessari útfærstu, sér svart á hvítu hvernig útfærslan er sem er ekki til hagsbóta fyrir almennt launafólk í landinu, skuli ekki bregðast við og reyna að fá breytt þeirri útfærslu sem hér liggur fyrir. BSRB hefur aftur á móti skilað inn áliti sínu, umsögn sinni, þar sem þeir raunverulega taka undir útfærslu þá sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til og færa fyrir því sambærileg rök og við höfum gert.

Ég nefndi hvernig arður og söluhagnaður er skattlagður núna með 10% skatti eftir þessar breytingar en hjá launafólki er skatturinn yfir 40%. Það sem kemur fram, m.a. í nál. meiri hlutans, er einmitt athyglisvert. Það er möguleiki á því og við verðum bara að horfast í augu við það hvað er raunverulega að gerast. Þó ekki sé hægt að segja að verið sé að auka skattsvik í þjóðfélaginu með þessu frv. þá er verið að heimila

löglega en siðlausa leið til að flytja fjármagn yfir í arð og söluhagnað til þess að greiða af honum einungis 10% skatt í staðinn fyrir 40%. Þannig segir í nál. minni hluta:

„Samþykkt stjórnarfrv. gerir þeim aðilum, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í eigin nafni, mögulegt að breyta þeim rekstri í einkahlutafélög og taka úr því félagi í formi arðs verulegan hluta þess fjár sem áður hefur verið skattlagt hjá þeim sem reiknað endurgjald eða rekstrarhagnaður. Með því að taka það út úr fyrirtækjunum sem arð verður það einungis skattlagt með 10% skatti í stað rúmlega 40% nú. Ekki þurfa miklar breytingar að verða til þess að skatttekjur ríkisins minnki verulega."

Í raun og veru er verið að segja að hér geti verið um stórfellda fjármagnsflutninga að ræða. Þeir sem eiga peningana geta í stað þess að greiða af þeim 40% skatt eins og launamenn gera breytt sínu rekstrarformi á þann hátt að þeim verður gert kleift að greiða stóran hluta í formi arðs eða söluhagnað sem einungis er skattlagður með 10%.

Virðulegi forseti, á meðan ég er að ræða þennan þátt málsins vil ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. verði gert viðvart. Ég þarf að eiga við hana orðastað undir þessari umræðu.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess.)

Ég vil minna á að það er búið að opna leið fyrir sjálfstæða einstaklinga og rekstraraðila til að breyta rekstrarformi sínu yfir í einkahlutafélög. Ég spurðist fyrir um það, virðulegi forseti, á þessu þingi hve margir hefðu nýtt sér þá breytingu sem varð á lögum um einkahlutafélög, hve mörg hlutafélög og einkahlutafélög hefðu verið skráð frá því að lög um einkahlutafélög tóku gildi 1. jan. 1995 og hvernig þau skiptust eftir starfsgreinum. Þar kemur fram að einkahlutafélög skráð 1995 eru 628 og einkahlutafélög sem áður voru hf. eru 404. Það er því alveg ljóst að það eru margir sem hafa nýtt sér þetta rekstrarform sem felur í sér skattalegt hagræði og skattstjórar raunverulega viðurkenna það í umsögn sinni til efh.- og viðskn. Og þegar fleiri fara að átta sig á þessu skattalega hagræði sem er í rekstri að breyta þessu yfir í einkahlutafélög þá er ég hrædd um að einkahlutafélögum muni verulega fjölga. Það kemur greinilega fram að skattyfirvöld hafa áhyggjur af þessu og vekja athygli á hættunni í sinni umsögn sem útfærsla ríkisstjórnarflokkanna getur falið í sér. Þeir orða það ekki þannig að þetta sé löglegt undanskot en í raun og sanni er það það sem hægt er að lesa í gegnum línurnar í umsögnum skattyfirvalda.

Minni hluti efh.- og viðskn. hefur tekið dæmi um hvað það raunverulega þýðir að greiða einungis 10% skatt af fjármagnstekjum sínum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hægt er að taka dæmi um félag sem hefði greitt 10% arð, alls 50 millj. kr., og ef 30 eigendur hefðu átt í þessu félagi þyrftu þeir samkvæmt núgildandi skattalögum að greiða 19,3 millj. kr. í skatt. Ef hins vegar frumvörp ríkisstjórnarinnar verða samþykkt munu þessir eigendur hlutafjárins einungis greiða 5 millj. kr. í skatt. Þeir fá þannig 14,3 millj. kr. skattalækkun, ..."

Hér er, virðulegi forseti, einungis verið að taka lítið dæmi. Annað dæmi er hér tekið:

„Einnig er hægt að sýna fram á einfalt dæmi um 800 millj. kr. söluhagnað eigenda sem seldu hlutabréf í fyrirtæki sínu. Í núverandi kerfi mundu þeir greiða 330 millj. kr. skatt. Frumvörp ríkisstjórnarinnar gera hins vegar ráð fyrir að þeir muni einungis greiða um 80 millj. kr. í skatt. Í þessu dæmi er um skattalækkun að ræða sem nemur um 250 millj. kr."

Það er alveg ótrúlegt að ræða hér fjármagnstekjuskatt og loksins þegar hann virðist í höfn er verið að lækka gífurlega skatta með þeirri aðferð sem ríkisstjórnin ætlar að beita þeim til handa sem raunverulega eiga fjármagnið í þjóðfélaginu. Við erum því að útbúa hér farveg fyrir miklar fjármagnstilfærslur sem fela í sér aukið fjármagn til þeirra sem fjármagnið hafa fyrir í þjóðfélaginu en þeir sem þurfa að bera fjármagnstekjuskattinn eru aldraðir, launafólk sem tekst að kreista eitthvað af sínum launum inn á sparireikning o.s.frv. Það er ótrúlegt. Mér finnst ótrúlegt að vita til þess núna þegar þetta frv. verður kannski að lögum á þessum sólarhringi að útfærslan sé með þessum hætti og stjórnarflokkarnir hafi ekki séð að sér.

Hér er t.d. tekið dæmi um Sameinaða verktaka og þar segir orðrétt: „Nú bíða 2–3 milljarðar af óskattlögðu eigin fé Sameinaðra verktaka þess að frumvarp ríkisstjórnarinnar verði samþykkt." Þeir bíða þess að það sé verið að útfæra fjármagnstekjuskattinn með þeim hætti að þeir hafi enn meiri gróða en þeir áður hafa haft. Mér finnst alveg skelfilegt, virðulegi forseti, að útfærslan skuli vera með þessum hætti. Ég nefndi aldraða hér áðan og ég þakka fyrir að hæstv. heilbrrh. er mættur til umræðunnar. Mig fýsir að vita hvort virkilega eigi að afgreiða frv. nú við þessa umræðu án nokkurrar yfirlýsingar frá hæstv. heilbrrh. um það hvort virkilega eigi að haga útfærslunni með þeim hætti að það eigi að tvískattleggja aldraða. Það lá mikið á að skattleggja gamla fólkið fyrir jólin. Menn vildu endilega flýta sér að setja fjármagnstekjuskatt á aldraða þannig að 50% af vaxtatekjum þeirra samkvæmt lögum nú eiga 1. sept. nk. að koma til frádráttar bótum og lífeyrisgreiðslum almannatrygginga. Nú erum við að setja á fjármagnstekjuskatt sem á að taka gildi nk. áramót. Þá spyr ég: Eiga aldraðir að sæta því að vaxtatekjur hafi áhrif til skerðinga á bætur lífeyrisþeganna, bætur gamla fólksins, bætur öryrkjanna og þurfa jafnframt að borga 10% vaxtaskatt af sínum fjármagnstekjum? Mér fannst hæstv. ráðherra tala þannig fyrir jólin að hann mundi af alefli beita sér fyrir því ef fjármagnstekjuskattur kæmist á að honum yrði hagað með þeim hætti að það yrði ekki um tvísköttun að ræða á gamla fólkið. Því vil ég ekki, virðulegi forseti, að þessari umræðu ljúki án þess að hafa heyrt afstöðu hæstv. ráðherra til þeirrar niðurstöðu sem virðist blasa við gamla fólkinu og öryrkjum reyndar líka.

Ég ræddi um einkahlutafélögin áðan og hvernig væri hægt að nýta þau samfara þessu frv. til að auka fjármagnstekjur þeirra sem meira mega sín og talaði þar um skattrannsóknastjóra í því sambandi. Ég ætla að vitna til þess sem fram kemur í Tímanum í dag í þessu efni. Þar segir:

„Í umsögn frá skattrannsóknastjóra um frumvarpið kemur fram að um verulega hagsmuni verði að ræða fyrir einstaklinga í atvinnurekstri að stofna til einkahlutafélaga og taka síðan greiðslur frá þeim í formi arðs. Ríkisskattstjóri tók í sama streng og skattrannsóknastjóri í sinni umsögn og taldi að ef allar fjármagnstekjur væru skattlagðar með mun lægri skattaprósentu en launatekjur muni það örugglega hafa þau áhrif að þeir aðilar er eiga þess kost muni taka laun sín út sem arð, vexti og leigu."

Þetta eru ekki orð stjórnarandstöðuþingmanna sem hafa talað gegn þessari útfærslu, virðulegi forseti. Þetta er álit sem kemur fram í umsögn hvorki meira né minna en frá skattrannsóknastjóra og skattyfirvöldum að sá leikur verði leikinn að færa tekjur yfir í arð og söluhagnað til að borga einungis af þeim 10% skatt í staðinn fyrir yfir 40%. Mér

hrýs hugur við því, virðulegi forseti, til hvers þetta leiðir og í hvaða ógöngur við erum að fara með þessari útfærslu sem hér er lögð til.

Ég hélt satt að segja líka og það væri gott að fá álit hæstv. heilbrrh. á því að það yrði fallið frá því að láta þessa skattlagningu koma niður á félagasamtökum, líknarfélögum, íþróttafélögum og sjúkrasjóðum o.s.frv. Er hæstv. heilbrrh. sammála því að skattlagningin komi niður á þessum hópum sem ég hélt nú satt að segja að væri pólitísk samstaða um að hlífa við skattlagningu? Það hafa stundum verið nefndar leiðir þegar menn hafa verið í vandræðum með hvar eigi að afla tekna í ríkissjóð að fara í happdrættin sem íþróttafélögin og líknarfélögin hafa fjármagnað sinn rekstur með. En menn hafa aldrei lagt í það. Menn hafa bundist um það pólitískri samstöðu að það væri ekki rétt að skattleggja þannig mikilvæga starfsemi líknarfélaga og íþróttafélaga. Ég veit ekki betur en íþróttahreyfingin berjist í bökkum fjárhagslega. Nú á að fara að setja fjármagnstekjuskatt á líknarfélög og íþróttafélög. Ég veit að hæstv. heilbrrh. talar mikið fyrir forvarnastarfi og heilbrigði. Ég hélt að íþróttir væru þáttur í því og það væri því hvorki rétt né eðlilegt né í samræmi við stefnu ráðherrans að vera að skattleggja íþróttahreyfinguna eða íþróttafélög.

Þannig er ýmislegt, virðulegi forseti, í þessari útfærslu sem segir okkur bara það eitt að þetta frv. er stórgallað. Mér finnst nokkuð alvarlegt að það skuli ekki vera neitt frítekjumark í þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin leggur upp með. Samkvæmt þeim tillögum sem við höfum lagt fram sem ekki hefur því miður verið mikið hlustað á erum við einmitt að hlífa almennum sparnaði í landinu. Samkvæmt okkar útfærslu geta hjón t.d. fengið 137 þús. kr. í vaxtatekjur á ári án þess að greiða af þeim neinn skatt og einstaklingur um 70 þús. kr. í vexti án þess að greiða af þeim skatt. Þetta jafngildir því að hjón eigi 2,4 millj. kr. í innstæðu án þess að greiða af þeim vaxtaskatt. Nei, það er ekki farin sú leið að veita þarna ákveðið frítekjumark heldur er fundin leið til að auðvelda þeim sem í raun eiga fjármagnið að flytja sínar tekjur yfir í arð til að greiða af þeim 10% skatt í staðinn fyrir 40%. Mér finnst alveg ótrúlegt, herra forseti, að það hafi frekar verið horft til þess hvernig hægt væri að hlífa hinum raunverulegu fjármagnseigendum í staðinn fyrir að velta fyrir sér hvernig væri hægt að hlífa venjulegum smásparnaði hjá launafólki í landinu. Fyrir því eru líka færð rök í því frv. sem við höfum lagt fram að 50% af skattinum myndist á tveimur efstu tekjubilum framteljenda eða þeim sem mestar fjármagnstekjur hafa. Við sýnum jafnframt fram á í okkar tillögum að í frv. ríkisstjórnarinnar yrði létt sköttum af þeim sem mest hafa fyrir.

Ég yrði ekki hissa, virðulegur forseti, og skal ég nú fara að ljúka máli mínu, þó fram kæmi tillaga hér á þinginu næsta haust um að lækka eignarskattinn. Nýta fjármagnið. Ef ríkisstjórnin hefur yfirleitt eitthvert fjármagn af þessum fjármagnstekjuskatti. Ef þetta rennur ekki allt út úr ríkissjóði vegna þess að svo margir munu nýta sér t.d. einkahlutafélagaformið og að færa verulegan hluta af þessu yfir í arð að það fari meira út úr ríkissjóði en komi ekkert í hann. En ef svo færi að þetta skilaði nú einhverjum tekjum þá kæmi mér ekki á óvart að hér yrðu lagðar fram tillögur um að lækka eignarskattinn og að fjármagnið sem af þessu hugsanlega fengist yrði nýtt með þeim hætti.

Virðulegi forseti. Allt ber að því sama í þessu frv. Útfærslan er meingölluð og hún gengur gegn þeim meginmarkmiðum sem á að vera með upptöku fjármagnstekjuskatts, þ.e. að hinir raunverulegu fjármagnseigendur beri hann, að það sé ákveðið frítekjumark þannig að tryggt verði að almennum sparnaði verði hlíft og að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði nýttar til að lækka skatta hjá fólki með lágar tekjur og meðaltekjur. Ekkert af þessum markmiðum næst fram í þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin leggur til og er það miður. Raunverulega er eina vonin að ríkisstjórnin fari sem fyrst frá þannig að stjórnarmeirihluta sem hefur jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi gefist sem fyrst tækifæri til þess að breyta þeim lögum sem eru að ganga í gegn á þessum sólarhring. Ég hef miklar áhyggjur af því að þessar breytingar muni fela í sér mikla fjármagnsflutninga til þeirra ríku og ekki vera sá fjármagnstekjuskattur sem fólkið í landinu hefur beðið eftir og hefur haft trú á að mundi jafna hér kjörin. Því miður erum við að fara aðra leið í útfærslunni og harma ég það mjög.

Að lokum ítreka ég tvær spurningar sem ég bar fram við hæstv. ráðherra. Þær eru varðandi tvísköttun á aldraða sem ég lít svo að að sé með því að enn stendur eftir að 1. sept. nk. munu vaxtatekjur skerða bætur almannatrygginga. Eins spyr ég hæstv. heilbrrh., sem hefur mikinn áhuga á forvörnum og hefur viljað leggja því lið og halda á lofti þeirri stefnu, hvort hún sé því virkilega sammála að skattleggja líknarfélögin og íþróttafélögin í landinu?

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, beindi til mín fimm spurningum. Fyrst vil ég segja að ég fagna því að fjármagnstekjuskatturinn verður lögfestur á Alþingi. Ég held það sé kominn tími til að svo verði.

Varðandi spurninguna um hvort happdrættin eigi að vera undanþegin tel ég að **(JóhS:** Ég talaði ekki um happdrættin.). Jú, hv. þm. talaði um hvort happdrættin ættu að vera undanþegin fjármagnstekjuskatti, þá tel ég svo ekki vera. Ég held að mjög erfitt sé að vera með undanþágur í þessum skattaflokki.

Varðandi fjármagnstekjutenginguna við bætur þá er það ekki skattur. Það er tenging við bætur. Það sem ég sagði fyrir jólin og er nú að verða að lögum er það að þeir sem fá eingreiðslu vegna slysabóta eru undanþegnir þessum fjármagnstekjuskatti.

[14:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi svör valda mér miklum vonbrigðum. Ég hélt satt að segja að ég gæti gengið í ræðustól eftir ræðu ráðherrans þar sem ráðherrann mundi lýsa því yfir að hún mundi beita sér fyrir því að aldraðir þyrftu ekki að sæta þessari tvísköttun. Vissulega er það tvísköttun þegar verið er að fara með sama peninginn, sömu tekjurnar sem aldraðir hafa með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að láta þær virka á lífeyrisgreiðslurnar til skerðingar og í annan stað að taka af þessum sömu krónum fjármagnstekjuskatt. Þetta er ekkert annað en tvísköttun. Ég trúi því ekki að ráðherrann láti umræðuna líða án þess að lýsa því yfir að hún telji þetta óréttlátt og að hún muni stuðla að því og beita sér fyrir því að reyna að breyta þessu. Nái ráðherrann því ekki í gegn um ríkisstjórnarflokkana þá skil ég það. En ráðherrann hefur þá a.m.k. reynt. Hún hefur ekki einu sinni uppi tilburði til þess að verja aldraða og segjast a.m.k. ætla að reyna að fá það í gegnum Sjálfstfl. að um tvísköttun verði ekki að ræða.

Hæstv. heilbrrh. veldur mér miklum vonbrigðum. Ég spyr aftur: Getur verið að ráðherrann ætli ekki að beita sér fyrri að afnema þessa tvísköttun? Ef svo er ekki þá er ráðherrann mjög langt leiddur. Ég trúi því ekki að í þessu máli muni Sjálfstfl. enn rúlla yfir Framsfl.

Ég nefndi ekki happdrættin. Ég sagði að stundum hefðu verið uppi áform um að skattleggja happdrættin en nú ætti að fara að skattleggja líknarfélög og íþróttafélög. Ég spurði hvort ráðherrann væri sammála því. Ég ítreka þá spurningu og spyr aftur hvort ég hafi virkilega heyrt rétt áðan að ráðherrann var að lýsa því yfir að það væri allt í lagi þó að aldraðir hefðu tvísköttun af fjármagnstekjum af sínum vaxtatekjum. Ég trúi þessu ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggingarlög, 3. umr.

Stjfrv., 536. mál (raflagnahönnuðir). — Þskj. 1077, brtt. 1175.

[14:51]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um þetta frv. um breytingar á byggingarlögum mælti ég fyrir nefndaráliti og frv. sjálfu til 2. umr. en boðaði þá að breyting yrði væntanleg milli 2. og 3. umr. vegna nokkurra gagnlegra ábendinga sem komu fram skömmu fyrir 2. umr. Sú breytingartillaga er lögð fram og er við 1. gr. frv. Brtt. er svohljóðandi:

„Í stað orðanna „Einstaklingar, sem lokið hafa námi á rafsviði, og "komi: Rafiðnfræðingar rafvirkjameistarar og rafvirkjar sem." Hér er verið að kveða nánar á um það hvaða einstaklingar það eru sem hafa þau réttindi sem um er getið í frv.

Í annan stað gerir breytingartillagan ráð fyrir því að í stað orðanna „3 árum"komi: 4 árum. Þeir sem hafa á næstliðnum fjórum árum fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum eiga rétt o.s.frv.

Loks falli orðin „fullu eða" brott og með þeim er kveðið nánar á um þau réttindi sem verða veitt aðilum til raflagnahönnunar og raflagnateikningar en í brtt. er gert ráð fyrir því að þeir aðilar hafi aðeins takmarkaðan rétt en ekki fullan en rík áhersla er lögð á það af hálfu nefndarinnar sem flytur brtt. að ráðherra takmarki með engum hætti þau réttindi sem menn hafa hingað til haft til hönnunar raflagnateikninga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 449. mál (persónuafsláttur barna, uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 781, nál. 1146, brtt. 1147.

[14:54]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. á þskj. 1146 og 1147 um frv. til laga um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti. Frv. þetta er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, en þær felast í því að lagt er til að 1. og 3. gr. frv. falli brott. Felur það þá aðeins í sér efnisbreytingu á 5. mgr. 12. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lýtur að nýtingu uppsafnaðs persónuafsláttar. Þannig verður hægt að nýta sér ónýttan persónuafslátt á árinu hversu lítill sem hann er og ekki er gert að skilyrði að sækja um útgáfu sérstaks skattkorts ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi um uppsöfnun afsláttarins.

Hér er um réttlætismál að ræða og er til mikilla þæginda fyrir menn. Nefndin varð sammála um að mæla með því að það fengi að ganga fram.

Undir nefndarálitið skrifa Vilhjálmur Egilsson, Valgerður Sverrisdóttir, Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Pétur H. Blöndal, Rannveig Guðmundsdóttir og sá sem hér stendur.

Það er því tillaga nefndarinnar, herra forseti, að mæla með því með þessum áorðnu breytingum að 3. og 4. gr. falli brott, þá verði frv. samþykkt.

[14:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fyrr á þessum vetri flutti ég ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur frv. sem fól í sér tvær efnisbreytingar. Í fyrsta lagi að einstæðir foreldrar gætu nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna sinna, sem er mikið réttlætismál og margoft hefur verið flutt á þingi, að þeir gætu nýtt ónýttan persónuafslátt með sama hætti og hægt er að nýta hann á milli hjóna. Þetta væri leið til þess að bæta verulega framfærslukostnað heimilanna eða heimila einstæðra foreldra en því miður, virðulegi forseti, hefur ekki náðst samstaða um það í efh.- og viðskn. að mæla með slíkri breytingu. Þessi liður frv. verður því væntanlega endurfluttur á næsta hausti og aftur gerð tilraun til þess að freista þess að ná samstöðu um þann þátt málsins.

Hins vegar er fyllsta ástæða til þess að þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir það að mæla með síðari efnisþætti frv. sem er mjög mikilvægur fyrir atvinnulausa. Þessi leið felur í sér að hægt verður að nýta sér ónýttan persónuafslátt á árinu hversu lítill sem hann er en núverandi regla gerir ráð fyrir að rétturinn falli niður ef launamaður hefur nýtt meira en 50% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann til maka. Í frv. er líka fellt niður skilyrði um að komið þurfi að vera fram yfir mitt staðgreiðsluár. Þannig getur t.d. launþegi sem hefur starfað 1. apríl á staðgreiðsluári farið fram á að fá að nýta sér uppsafnaðan afslátt fyrir fyrstu þrjá mánuði. Ég tel að þó að þetta frv. sé ekki stórt í sniðum feli það í sér bætur, lagfæringu fyrir fólk sem er t.d. atvinnulaust. Því fagna ég að hv. efh.- og viðskn. hefur tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem við settum fram í frv. og vænti ég þess, virðulegi forseti, að þetta frv., þessi þáttur málsins, verði þá að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, síðari umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 139. mál. — Þskj. 165, nál. 1153.

[14:59]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um nýtt mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi. Umhvn. tók málið til umfjöllunar og fjallaði ítarlega um það. Margvíslegar skoðanir komu þar fram um jarðskjálftahættu og aðra vá sem steðjar að landsmönnum og menn þekkja vel. Veruleg umræða fór fram um hversu víðtæk slík þáltill. ætti að verða ef henni yrði breytt en niðurstaðan varð sú að vísa þáltill. til ríkisstjórnarinnar.

Nefndin telur að með þingmálinu sé vakin athygli á verkefni og vinnu sem æskilegt er að styðja og samræma öðrum þáttum er tengjast viðbrögðum við náttúruhamförum. Því leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta rita allir nefndarmenn umhvn. Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem kemur fram í áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:02]

[15:48]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 442. mál, þskj. 1150.

Munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku, 369. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1156.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 769, nál. 1092, 1094 og 1128, brtt. 1093 og 1132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

Brtt. 1093,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:54]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Það er vert að vekja athygli á því að hér er um að ræða frv. sem byggir á samkomulagi milli hæstv. sjútvrh. og Landssambands smábátaeigenda. Það er líka vert að vekja athygli á því að hér með er í fyrsta sinn búið að ná samkomulagi milli framkvæmdarvalds og hagsmunaaðila í smábátaútgerð. Því er afskaplega mikilvægt að það samkomulag haldi og þess vegna mun ég greiða því atkvæði.

[15:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú breytingartillaga sem hér er verið að greiða atkvæði um er á þann veg að fella úr núgildandi lögum ákvæði um dagsetningu þar sem kveður svo á að eftir hana er ekki hægt að breyta ákvörðunum um leyfilegan heildarafla á botnfiskum á yfirstandandi fiskveiðiári. Sú brtt., sem meiri hlutinn flytur, er efnislega samhljóða tillögu sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt í sérstöku þingskjali í öðru frv. og munum því að sjálfsögðu styðja þessa tillögu.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1132,1 felld með 35:3 atkv. og sögðu

já: ÁJ, LB, TIO.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

10 þm. (ÁRJ, BH, HjálmJ, JóhS, KHG, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:57]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Með brtt. þeirri sem hér kemur til atkvæða er gerð tilraun til þess að sníða helstu vankanta af frv. um stjórn fiskveiða og rétta hlut aflamarksskipanna, einkum þeirra minnstu, í sambandi við skiptingu leyfilegs heildarþorskafla nú þegar heimildir aukast á ný. Krókabátar sem hafa aukið afla sinn umfram það sem löggjafinn gerði ráð fyrir meðan aflamarksskip voru skorin niður fá samkvæmt þessari brtt. þá fyrst fullan hlut í aukningu heildarþorskaflans þegar heimildirnar hafa náð 250 þús. lestum. Af þessum sökum segi ég já.

[15:58]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn virðum það samkomulag sem hæstv. sjútvrh. gerði við smábátaeigendur þó kannski megi segja að hv. þingmenn séu misánægðir með það samkomulag.

Einnig vil ég geta þess að það náðist samkomulag innan meiri hlutans í hv. sjútvn. um lokaafgreiðslu málsins og koma bram breytingartillögur frá meiri hlutanum á þskj. 1093 sem við styðjum. Við greiðum hins vegar atkvæði gegn þeim breytingartillögum sem fluttar eru af hv. þm. Tómasi Inga Olrich og Árna Johnsen.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 39:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

nei: ÁJ, LB, TIO.

6 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:59]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem hér er verið að greiða atkvæði um meginefnisatriði þessa frv., sem lýtur að stjórn veiða smábáta, þá vil ég lesa eftirfarandi texta, með leyfi virðulegs forseta:

„Þannig háttar til að á flestum þeim stöðum þar sem mest hefur horfið af aflaheimildum hefur smábátaútgerð dafnað og tekið úr sárasta sviðann af skerðingum. Þar er líka eina vonin til aukningar á hlutdeild þessara staða í þorskveiði. Því ætla ég að vona að Alþingi Íslendinga beri gæfu til að koma frv. sjútvrh., sem byggir á samningi hans og samningi smábátaeigenda, í gegn hið fyrsta."

Þetta er úr leiðara sjómannablaðsins Vestfirðings, málgagns Alþb. á Vestfjörðum. Ég er sammála þessu og segi því já.

[16:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó að við kvennalistakonur séum hlynntar því að krókaleyfisbátar fái sama hlutfall af auknum aflaheimildum sem aðrir sem er meginefni þessarar greinar getum við ekki sætt okkur við að ákveðnum hópi manna séu afhentar með lögum 13,9% aflaheimilda sem þjóðin á. Þessi grein er aðeins krukk í stórgallað kerfi þar sem verið er að úthluta milljarða virði í aflaverðmætum til hóps manna, aflaheimildum sem þjóðin á. Við kvennalistakonur munum því sitja hjá við þessa grein og við frv. í heild.

[16:01]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um afar mikilvægt mál sem snertir hag fjölda manna og atvinnurekstur í landinu. Það var mikil nauðsyn á að taka á þessum málum og ég tel að eftir atvikum hafi hæstv. sjútvrh. staðið eðlilega að því máli. Eftir stendur þó að vandi smærri báta, sem völdu aflamark á sínum tíma, er mjög mikið og það er auðvitað mjög erfitt að skilja slíka aðila eftir án þess að á þeim vanda sé tekið en það er framkvæmdarvaldsins að gera tillögur um það. Þingmenn framkvæmdarvaldsins hafa flutt tillögur til þess að bæta þar úr en þær hafa ekki hlotið brautargengi. Ég tek undir meginstefnuna í málinu og segi því já við þessari grein.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1093,2.a–b (tvær nýjar greinar, verða 5.–6. gr.) samþ. með 36:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

nei: BH, HG, KHG, LB, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1093,2.c (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (GGuðbj, KÁ, KH, LB) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1093,3 samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

nei: LB.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1132,2 kom ekki til atkv.

4. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (TIO) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, LB, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1093,4 samþ. með 46 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1093,5 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 31:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LB, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁRJ, BH, HG, JóhS, KHG, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

4 þm. (GuðjG, GGuðbj, KÁ, KPál) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, ÓÖH, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þessi dularfulli texti sem við greiðum nú atkvæði um segir okkur það að nú þegar línutvöföldunin verður lögð af verður þeim potti úthlutað að 60% til þeirra sem hafa nýtt sér slíkar heimildir á undanförnum þremur árum. 40% verður hins vegar úthlutað til þeirra sem þegar hafa veiðiheimildir í efnahagslögsögunni. Um er að ræða um 17 þús. tonn af ýsu og þó aðallega þorski og er ljóst að um er að ræða verðmæti upp á nokkra milljarða kr. Áður var úthlutun úr þessum sameiginlega potti bundin því að menn veiddu á ákveðnum tíma með ákveðnu veiðarfæri en nú er þessum potti úthlutað án skilyrða sem hlutdeild í heildarþorskaflanum. Þetta verður því framseljanlegur kvóti frá þeim degi sem lögin taka gildi.

Herra forseti. Mér finnst ótækt að Alþingi Íslendinga taki æ ofan í æ ákvarðanir sem þessar um tilfærslur á milljörðum. *Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari grein.*

[16:09]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það ákvæði sem hér er verið að greiða atkvæði um er um svonefndan línutvöföldunarpott. Þessi pottur hefur verið helsti hvati þess að menn hafa aukið línuveiðar sínar á undanförnum árum og hefur við þetta aukist mjög atvinna, einmitt á þeim tímum þegar hefur þurft. Línuveiðar eru einnig vistvænasta veiðiaðferð sem við stundum og þar eru gæði aflans þau bestu sem þekkjast.

Með þessari breytingu tel ég að verið sé að ganga af línuveiðum dauðum að mestu leyti og við það get ég ekki sætt mig og mun því ekki greiða atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768, nál. 1095.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁMM, DO, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 1157, brtt. 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og getið var liggur fyrir þessum fundi brtt. frá hv. þm. Ragnari Arnalds, Ástu R. Jóhannesdóttur og undirrituðum er lýtur að því að 1. júlí nk. verði landið allt eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands verðlögð á sama hátt óháð vegalegnd milli notenda. Samsvarandi ákvæði sem þó gekk miklu skemmra var afgreitt við 2. umr. þessa máls í gær, tillaga stjórnarliða, og niðurstaðan hefur orðið sú af hálfu flutningsmanna að draga tillöguna til baka. Það er fyrst og síðast vegna þess að við teljum málinu ekki til farsældar að stjórnarliðar felli þetta góða mál og við vonum svo sannarlega að að sumu leyti gölluð tillaga stjórnarmeirihlutans nái fram að ganga, vonum þar hið besta í hinu stóra réttinda- og kjarabótamáli landsbyggðarmanna en erum satt að segja viðbúnir hinu versta. En við viljum ekki spilla fyrir hinum góða anda málsins og drögum því brtt. til baka.

Brtt. 998 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 30:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj.

nei: GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SvG, ÖJ, BH, RA.

6 þm. (GÁS, ÁÞ, LB, RG, SvanJ, ÁRJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS, ÁE, ÁMM) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:16]

Hjörleifur Guttormsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um eitt umdeildasta mál sem komið hefur fyrir þetta þing, mál sem varðar gífurlega mikla hagsmuni fyrir almenning í landinu og fyrir þjónustu hins opinbera. Með þessu frv. er stefnt að því að auðvelda einkavæðingu póst- og símaþjónustunnar í landinu og við sem erum andvíg þessu frv. óttumst að þess verði ekki langt að bíða að þetta skref verði stigið, að það eina hlutabréf sem geymt verður í skúffum hæstv. samgrh. verði dregið fram og sett á hinn almenna markað til sölu. Ég segi nei.

[16:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu á Pósti og síma sem engin rök standa til. Við afgreiðslu málsins hafa öll eðlileg samskipti við starfsfólk Pósts og síma verið hunsuð. Hér eru líka sett í uppnám réttindi, kjör og starfsöryggi 2.500 starfsmanna hjá Pósti og síma sem standa í fullkominni óvissu um réttindi sín og kjör. Þetta er eftir öðru hjá þessari ríkisstjórn þegar launþegar eiga í hlut. Ég segi nei.

[16:18]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom við atkvæðagreiðslu í lok 2. umr. í gær þá tel ég svo marga lausa enda í þessu máli að það er með öllu óviðundandi. Það er algjörlega óljóst og óvíst hvaða áhrif þessi löggjöf hefur á hag neytenda, á hag ríkissjóðs og á hag starfsfólks þess fyrirtækis sem hér er ætlað að taki við starfsemi Pósts og síma. Þetta fyrirtæki á að reka sem hlutafélag með einu hlutabréfi þar sem valdið á allt að vera í höndum eins manns. Ég segi nei við þessu frv. eins og það er í pottinn búið.

[16:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. um hlutafélagavæðingu Pósts og síma er gallað frv. og vekur upp fleiri spurningar en það svarar varðandi fjölmörg lykilatriði. Staða starfsfólksins er í uppnámi, áskilnaður um samþykki Alþingis komi til sölu á eignum ríkisins er ákaflega óljós og líkur benda til að með þessari lagasetningu hafi Alþingi framselt að fullu vald sitt og áhrif varðandi framtíðarþróun og framtíðarmöguleika fyrirtækisins. Skilað er auðu varðandi nýskipan og öra tækniþróun í þessum efnum. Alþfl. vill taka á málinu með opnum hætti. Þetta frv. gerir það ekki.

Virðulegi forseti. Þessi lagasetning er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við greiðum því ekki atkvæði.

[16:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli þessu frv. á þeirri forsendu að undir fölsku flaggi er verið að sigla með Póst og síma inn í einkavæðingu. Sterkir fjárfestar líta á þennan gullkálf vonarauga og er hætt við að einkavæðing á þessu sviði muni ýta undir enn frekari samþjöppun á valdi og fjármagni í efnahagslífinu, en ekki er á bætandi. Einnig vek ég athygli á að hlutafélagavæðing með einu hlutabréfi sem heyrir undir einn mann takmarkar aðhald og eftirlit með þessari starfsemi sem veltir milljörðum króna en sjálf stofnunin er metin á tugi milljarða. Póstur og sími er færður undan almannavaldi og undir fámennisvald, úr opinberu kastljósi og á bak við lokuð tjöld. Sérstaklega mótmæli ég því að þessi lög um að breyta Pósti og síma í hlutafélag verði samþykkt áður en gengið er frá samningum við starfsfólk því þar er allt ófrágengið gagnstætt því sem hæstv. samgrh. hefur haldið fram og er gersamlega óforsvarandi að samþykkja þessi lög áður en frá þeim málum hefur verið gengið. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1191).

Póstlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 364. mál (Póstur og sími hf.). — Þskj. 1158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, MF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1192).

Fjarskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 408. mál (meðferð einkaréttar ríkisins). — Þskj. 1159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, FI, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, MF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1193).

Byggingarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 536. mál (raflagnahönnuðir). — Þskj. 1077, brtt. 1175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]

Brtt. 1175, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (GÁS, RG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, MF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (ÁÞ, GÁS, LB, RG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, MF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1194).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 449. mál (persónuafsláttur barna, uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 781, nál. 1146, brtt. 1147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]
Brtt. 1147,1 (1. gr. og fyrirsögn 1. og 2. gr. falli brott) samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1147,2 (3. gr. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1147,3 (ný 4. gr., verður 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1147,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, frh. síðari umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 139. mál. — Þskj. 165, nál. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]
Till. í nál. 1153 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, KF, PP, SighB, SF, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í umhvn. sem stendur að þessari tillögu er samstaða um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Hér er mikilvægt mál á ferðinni. Ég hefði talið að það væri eðlilegt að þingið ályktaði sérstaklega um málið og á því yrði tekið með almennum hætti, ekki aðeins varðandi Suðurland heldur alla þá staði sem búa við jarðskjálftahættu. En frekar en að láta málið liggja óafgreitt féllst ég á þessa tillögu sem meiri hluti í nefndinni var fyrir að ganga ekki lengra en að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (svæðisráð sjúkrahúsa). — Þskj. 974. [16:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Um er að ræða breytingu á 3. mgr. 24. gr. laganna en þar er að finna ákvæði um samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík var stofnað með lögum nr. 128/1990, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Í því eiga m.a. sæti fulltrúar tilnefndir af Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti. Nú hafa þessir spítalar verið sameinaðir undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur og er því óhjákvæmilegt að breyta núgildandi ákvæði um samstarfsráð sjúkrahúsa í Reykjavík. Þá skilaði nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tillögum sínum um hagræðingu og sparnað með aukinni samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi hinn 18. mars 1996. Þau sjúkrahús sem þetta tekur til eru Ríkisspítalar, Sjúkrahús Reykjavíkur, Sjúkrahús Suðurnesja, Reykjanesbæ, og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði. Í tillögum nefndarinnar er m.a. gert ráð fyrir nánu samstarfi á sviði öldrunar- og endurhæfingarlækninga, og jafnvel tilfærslu verkefna milli sjúkrahúsa. Þá er lagt til að stofnaðir verði svonefndir þjónustukjarnar eða kjarnahópar sérgreinalækna er starfi að sínum sérgreinum án tillits til sjúkrahússveggja. Þeir vinni t.d. að lækningum á því sjúkrahúsi sem hagkvæmast er og auki þannig sérhæfingu og hagræðingu og tryggi betri nýtingu á skurðstofuaðstöðu og mannafla.

Sem kunnugt er hafa einstök sjúkrahús þegar gert verulegt átak í hagræðingu og sparnaði og hæpið er að náð verði lengra á þeirri braut nema til komi aukið samstarf og skýrari verkaskipting sjúkrahúsanna. Ég tel að þetta sé eina raunhæfa leiðin til að ná verulegum sparnaði í rekstri sjúkrahúsa án þess að draga úr þjónustu við sjúklinga. Ég legg þess vegna mikla áherslu á að slíkt samstarf komist á sem allra fyrst.

Í samræmi við tillögur nefndarinnar sem í voru fulltrúar fyrrnefndra fjögurra sjúkrahúsa er því lagt til að í stað samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík komi svæðisráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að formenn stjórna sjúkrahúsanna fjögurra taki sæti í ráðinu og auk þess skipi ráðherra þrjá fulltrúa án tilnefningar og sé einn þeirra formaður ráðsins. Ráðinu er m.a. ætlað að vera samræmingar- og samhæfingaraðili sem hafi á hverjum tíma yfirlit og upplýsingar um hvernig best og hagkvæmast megi nýta fjármuni til að þjóna sjúklingum. Til þess að þetta megi verða er nauðsynlegt að tryggja náið samstarf stjórna fyrrgreindra sjúkrahúsa. Því er gert ráð fyrir að ráðinn verði framkvæmdastjóri ráðsins og samkvæmt núgildandi ákvæði skal framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss sem formaður kemur frá annast framkvæmd mála fyrir ráðið samhliða aðalstarfi sínu. Hér er hins vegar gert ráð fyrir miklu meira og nánara samstarfi og samvinnu en áður og því er útilokað að hægt verði að sinna því nema ráðinn verði starfsmaður. Gera má ráð fyrir nokkrum kostnaði samfara þessum breytingum

vegna launa framkvæmdastjóra og vegna aukinna verkefna. Hins vegar er hér um að ræða nauðsynlegan kostnað til þess að hægt verði að ná markmiðum um verulegan sparnað og hagræðingu í rekstri sjúkrahúsa á svæðinu samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Meginatriði frv. er eftirfarandi: Í stað samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík kemur svæðisráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Fulltrúar í svæðisráðinu verða sjö eins og áður samkvæmt frv. og eiga formenn stjórnar Ríkisspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur, Sjúkrahúss Suðurnesja og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, sæti í ráðinu auk þriggja fulltrúa sem heilbr.- og trmrh. skipar án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Breytingar felast í því að formenn stjórnar Sjúkrahúss Suðurnesja og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, bætast í ráðið en í stað formanna stjórnar Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti, kemur formaður stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í stað formanna þriggja sjúkrahúsa áður koma þannig formenn fjögurra sjúkrahúsa. Hins vegar falla niður ákvæði um fulltrúa tilnefndan af stjórnarnefnd Ríkisspítala og fulltrúa tilnefndan af borgarstjórn Reykjavíkur. Þá skipar ráðherra þrjá fulltrúa, þar á meðal formann, án tilnefningar en samkvæmt núgildandi lögum kýs ráðið formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna.

Hlutverk ráðsins verður að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir og samræmingu starfsmannastefnu og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þeirra, m.a. annars með auknu samstarfi. Svæðisráð skal fylgjast með að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri sjúkrahúsanna og að þau starfi í samræmi við fjárveitingar og þær áætlanir sem gerðar hafa verið. Svæðisráðið skal taka við þeim verkefnum sem Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs og Reykjaneslæknishéraðs hafa haft með höndum og snerta þessi sjúkrahús. Í samræmi við tillögur nefndar um aukna samvinnu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar. Þá geti ráðherra falið ráðinu rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum.

Þá er eins og áður er sagt gert ráð fyrir því í frv. að ráðinn verði framkvæmdastjóri ráðsins.

Ég vil geta þess hér sérstaklega vegna athugasemda fulltrúa Reykjavíkurborgar sem vörðuðu sérstaklega Sjúkrahús Reykjavíkur sem borgarstofnun að ég tel ég rétt að gera lítils háttar breytingar á frumvarpinu. Breytingarnar felast í því að niður falli orðin „samningar við starfsfólk“ í 9. línu, 1. gr. frumvarpsins. Nú er gert ráð fyrir að ráðið geri tillögur um samræmingu á starfsmannastefnu til ráðherra í stað þess að ráðherra geti falið ráðinu samræmingu á starfsmannastefnu. Þá vil ég undirstrika að séu verkefni flutt milli sjúkrahúsa verði gert ráð fyrir nauðsynlegum fjárveitingum.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka mikilvægi þess að það samstarf sjúkrahúsanna sem frv. gerir ráð fyrir komist á sem allra fyrst svo unnt verði að ná þeim sparnaði sem að er stefnt. Ég legg til að frv. með þeim breytingum sem ég lýsti hér í upphafi verði vísað til heilbr.- og trmn. að lokinni 1. umr.

[16:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það verður ekki hjá því komist að fara nokkrum orðum um undarlegan aðdraganda þessa máls. Þetta frv. til laga sem í fljótu bragði virðist ákaflega einfalt í sniðum kemur hér inn á þingið og er dreift í þingsölum um miðjan maímánuð og hefur eftir mikið japl, jaml og fuður loks verið tekið á dagskrá á síðasta degi þingsins. Og ekki nóg með það. Nú er líka upplýst af hæstv. ráðherra að áður en mælt er fyrir frv. eru komnar fram brtt. á því. Með öðrum orðum, hér í framsöguræðu hæstv. ráðherra er gerð grein fyrir því að hún leggi til brtt. á því frv. sem hún dreifði hér fyrir hálfum mánuði. Allt vorið og allur þessi langi meðgöngutími, sem gerði það að verkum að frv. kemur ekki hér í þingsali fyrr en um miðjan maímánuð eða nokkru eftir að þingi átti að vera lokið samkvæmt starfsáætlun þingsins, dugði sem sagt ekki til. Það er verið að gera breytingar á frv. og með vísan til ábendinga Reykjavíkurborgar sem ég kann ekki að skýra og hef hvorki séð eða heyrt neitt af þótt þær kunni að vera réttmætar.

Menn hljóta að gagnrýna mjög harðlega þennan aðdraganda málsins. Annað er ekki hægt. Því hlýt ég líka að halda því til haga hér strax í upphafi að ég geng út frá því sem vísu að þetta mál fari eftir 1. umr. til meðhöndlunar heilbr.- og trn. Menn hafa þá tímann fram á haust til að gaumgæfa það, leita umsagna og viðhorfa og gera það þannig úr garði að nefndinni eða meiri hluta hennar komi til með að hugnast það. Það kemur þá til endanlegrar afgreiðslu, ef af verður, á hausti komanda. Ég geng út frá því, virðulegi forseti, að það sé tilgangur þessarar 1. umr. að málsmeðferð verði með þeim hætti. Ég miða við það alveg sérstaklega og mun haga mínum orðum í samræmi við það. Ég bið þá um að verða leiðréttur strax að ræðu minni lokinni ef ég hef ekki skilið þetta rétt.

Ég sagði rétt áðan, virðulegi forseti, að þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér. En hvað stendur í raun í því? Það stendur að hæstv. ráðherra ætli að skipa svæðisráð sem í verði formenn stjórna fjögurra sjúkrahúsa, tveggja í Reykjavík, eins í Hafnarfirði og þess fjórða í Reykjanesbæ. Þar til viðbótar skipi ráðherra sjálfur sína trúnaðarmenn, einn formann og tvo aðra. Hér er ekki eingöngu um það að ræða eins og kannski mátti skilja við fyrsta yfirlestur að þetta ráð verði eins konar samræmingaraðili, eins konar batterí sem reyni að laða fram aukið samstarf þessara stofnana á heildstæðan hátt. Nei. Í raun og sanni er þetta ráð sjálfstætt apparat þegar lesið er milli lína og þessar setningar eru skilgreindar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar, samninga við starfsfólk og samræmingu starfsmannastefnu.“

Hvað þýðir þetta í raun? Þetta ráð á að vísu að hafa framkvæmdastjóra en hvaða möguleika hefur þetta samstarfsráð til að framkvæma einstök verkefni á sviði öldrunar og endurhæfingar? Hvaða húsnæði hefur þetta ráð til ráðstöfunar til þess að framkvæma slíka þjónustu og inna hana af hendi? Það kemur hvergi fram í frv. og þaðan af síður í athugasemdum með því. Erum við að búa hér til einhvers konar ígildi þjónustustofnunar til viðbótar við þær fjórar stofnanir sem ég hefi hér nefnt, Landspítalann, Sjúkrahús Reykjavíkur, St. Jósefsspítala og Suðurnesjasjúkrahúsið? Er verið að búa til eitt batteríið í viðbót eða einhvers konar yfirstjórn sem hafi framkvæmd öldrunarþjónustu með hendi? Er það hugsunin? Og hvernig á hún þá að verða framkvæmd ef þetta er rétt skilið?

Í annan stað er kveðið á um það að ráðherra geti falið ráðinu rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum. Hvernig ber að skilja þetta, virðulegi forseti?

Þýðir þetta að ráðið eigi að búa til einhvers konar læknateymi og þessi læknateymi heyri beint undir þetta samstarfsráð og að það geti sent læknateymin eftir því sem því sýnist inn á einstök sjúkrahús í afmarkaðan tíma? Hvernig er þetta hugsað í framkvæmd? Hvað felur þessi hugsun sem frv. gerir ráð fyrir í raun í sér þegar að framkvæmdinni sjálfri kemur? Ég hlýt að kalla mjög ákveðið eftir því og hlýt að reikna með því að hæstv. ráðherra hafi fullnægjandi skýringar í þeim efnum, þ.e. hvernig á það að gerast að þetta ráð, skipað fjórum formönnum stjórna ólíkra stofnana og sjálfstæðra stofnana auk þriggja fulltrúa ráðherra, geti rekið þjónustukjarna sérfræðinga? Eru þessir þjónustukjarnar sérfræðinga með öðrum orðum í vinnu hjá þessu ráði? Eða eru þeir í vinnu einhvers staðar annars staðar hjá þeim heföbundnu stofnunum sem þeir hafa starfað hjá? Hvar á þessi rekstur að vera til húsa? Á þetta að vera hlaupandi rekstur eða á að stofna sjálfstæða stofnun í þessu sambandi? Þetta er algjörlega óútskýrt og er auðvitað langtum mun meira en það sem látið er í veðri vaka í fyrstu setningu þessa frv. þar sem um er að ræða tiltölulega heildstæða mynd af svæðisráði sjúkrahúsa hér á þéttbýlasta svæði landsins sem hafi heildaryfirsýn með því sem er að gerast, geti komið með almennar ábendingar í stjórnir stofnana og gripið í taumana, komið með tillögur um skörun verkefna o.s.frv. En hér er um langtum mun meira að ræða þegar grannt er skoðað. Ég hlýt kalla eftir því.

Ég hlýt líka að spyrja hana beint: Hvaða áhrif hefur þessi breyting á stöðu og vald stjórna þessara sjúkrahúsa sem einnig er að finna í sömu lögum um heilbrigðisþjónustu? Er verið með öðrum orðum að þurrka þær út? Og þá spyr ég á nýjan leik: Hvað með vald heimamanna sem vegur þungt í stjórnum þessara sjúkrahúsa? Þeir skipa þar ef ég man rétt fjóra af sjö eða fleiri. Ég man ekki nákvæmlega töluna. Hver verður staða stjórna þessara sjúkrahúsa svo ég tali nú ekki um stjórnar Landspítalans, hinnar stóru stofnunar í þessu sambandi, til hliðar eða neðan eða ofan við þetta svæðisráð? Það kemur ekki fram í þessu frv.

Einnig hlýt ég að spyrja, ekki síst í ljósi þess að hæstv. ráðherra er 1. þm. Vesturl: Af hverju er ekki Sjúkrahúsið á Akranesi með í þessari upptalningu? Ef við skoðum þennan radíus, þéttbýlið sem við erum að tala hér um, þá liggur í augum uppi að jafnskynsamlegt er að taka Sjúkrahúsið á Akranesi inn í þessa heildarmynd eins og Sjúkrahúsið í Reykjanesbæ. Hvers vegna er það ekki gert? Og hvers vegna hefur Sjúkrahúsið á Akranesi verið útilokað í öllum undirbúningi málsins fram að þessu þegar kemur að þessari samhæfingu og samráði, betri nýtingu tækja, betri skipan mála? Kann skýringin að vera sú að enginn er spámaður í sínu föðurlandi og hæstv. ráðherra eigi erfitt með það á sínum heimaslóðum? Það mætti bæta Selfossi við, Sjúkrahúsinu á Suðurlandi. Hvers vegna er það ekki tekið inn í þetta dæmi?

Það er ljóst að hæstv. heilbrrh. hefur í raun og veru öll tök á því að ná fram þessu margumtalaða heildstæða, samhæfða samstarfi sem hún talar svo mikið um. Hún getur einfaldlega gert það í krafti síns valds og samkvæmt laganna hljóðan. Hún getur búið til svona samstarfsráð formanna fleiri eða færri stofnana og sjúkrahúsa úti á landsbyggðinni, margra eða fárra án þess að spyrja hið háa Alþingi þar um. Og hún getur náð þessari samhæfingu og heildstæðum tillögum frá slíku svæðisráði án þess að þurfa að koma hér á síðasta degi þingsins og reyna að knýja það í gegn. Það er augljóst mál að hér liggur eitthvað miklu meira að baki en það sem stendur í megintexta frv. Það vekur manni ugg og tortryggni.

Ég hef fylgst grannt með því, virðulegi forseti, hvernig kaupin hafa gerst á eyrinni í þessum sjálfstæðu sjúkrahúsum í Reykjaneskjördæmi alveg sérstaklega, St. Jósefsspítala annars vegar og Sjúkrahúsinu á Suðurnesjum hins vegar. Þar hefur valdi ráðuneytisins verið beitt alveg til hins ýtrasta. Þar hefur verið notuð heimild í lögum um skipan tilsjónarmanns. Heimamenn hafa út af fyrir sig engar sérstakar athugasemdir gert við hans þangaðkomu og þátttöku en það er alveg augljóst mál að tilgangurinn helgar þar meðalið. Þar er heimamönnum og stjórnum viðkomandi sjúkrahúsa sagt: „Ef þið dansið ekki með þá njótið þið ekki velþóknunar ráðuneytisins. Þá lendið þið fljótlega í vandræðum með peninga, því þá lokast fyrir streymið.“ Skilaboðin eru alveg skýr og klár í þessi héruð. Það eru blindir og heyrnarlausir menn sem skilja ekki hvað þarna er á ferðinni. Þarna er þumalskrúfunni beitt og sagt: „Ef þið takið ekki þátt að fullu og öllu í þeim hugmyndum og tilraunum sem hæstv. ráðherra hefur áform um, þá bara skrúfast fyrir fjárstreymið. Þá verður St. Jósefsspítali ekkert með í þessu lengur. Eða spítalinn á Suðurnesjum.“ Ég hef fylgst með því og með vaxandi undrun satt að segja hvernig annars hinn látlausi og ljúfi hæstv. ráðherra hefur farið fram í þessum efnum og beitt þumalskrúfunni, að vísu í gegnum þriðja mann, tilsjónarmann eða aðra fulltrúa síns ráðuneytis. En skilaboðin hafa verið þessi. Ég hef það á tilfinningunni að þetta frv. sé enn eitt skrefið í herferð hæstv. ráðherra.

Það hefur verið eftirtektarvert hversu það hefur verið rólegt yfir hæstv. heilbrrh. núna eftir jólin. Satt að segja höfum við hv. þm. varla séð hana nema í svip og þá yfirleitt kyrra og prúða. Það hafa held ég, ef ég man rétt, engin mál verið sérstaklega á hennar snærum hér á vorþingi fyrr en hér hrynur inn eftir 15. maí frv. sem hér um ræðir. Það kann að vera að eitt eða tvö smámál hafi runnið inn, en í stórum dráttum hefur ekki orðið vart neinnar stórmerkilegrar stefnumörkunar af hálfu nýs heilbrrh. horfandi til framtíðar. Ég veit ekki af hvaða orsökum það er enda kemur mér það lítið við hvort hún er hér mikið eða lítið eða uppi í sínu ráðuneyti. Það vekur hins vegar athygli að núna, eins og rétt fyrir jólin, birtist hún með frv. til laga um breytingar á stjórnskipan. Rétt fyrir jólin var hugmyndafræðin sú að það átti að skipta út öllum formönnum stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustofnana í einni svipan svo hæstv. gæti skipað nýja, væntanlega þá með réttum lit. Nú er farið öðruvísi í þetta mál og tekið þrengra svæði í einu og hæstv. ráðherra ætlar að koma eilítið öðruvísi að málinu en þá enda gekk sú atlaga ekki upp.

En lykilatriðið er, virðulegi forseti, að það er alveg nákvæmlega sama, hversu miklu er breytt og stokkað upp í stjórnkerfinu, hve mörgum nefndum og starfshópum er bætt við eða hve skipan þeirra mála er breytt ört því að þannig verða ekki til nýir peningar. Þannig að orð ráðherra áðan og fyrr í dag í utandagskrárumræðu þess efnis að þetta frv. til laga væri grundvöllur fleiri hundruð millj. kr. sparnaðar í rekstri heilbrigðisstofnana hér á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu verður auðvitað að skýra. Þetta frv. eitt og sér sparar ekki eina einustu krónu. Það eru engar vísbendingar um það. Það sparast engir peningar með því einu að búa til nefndir og ráð. Spurningin er þessi: Hvernig eiga þessar nefndir og ráð að vinna og hvað eiga þær að gera? Eftir hvaða forsögn eru þær skipaðar? Hæstv. ráðherra verður að segja okkur hvaða hugmyndir þar liggja að baki. Hvernig að þetta nýja svæðisráð á að vera það tæki sparnaðar sem hún vonast til þegar

efnislegi þáttur málsins, bakgrunnur þessa alls er ekki til staðar? Þar er enn og aftur skilað auðu, því miður, virðulegi forseti. Maður hefur á tilfinningunni, ég verð að segja það eins og er, að auðvitað er þessi hugmyndafræði skrifuð allt annars staðar. Hún er skrifuð allt annars staðar og mig rennir í grun hvaðan þessi hugmyndafræði er. Hún á sér rætur ekki langt frá skrifstofu ráðherra en þetta er ekki nýtt af nálinni. Menn hafa séð hugmyndir af þessum toga áður þar sem stóra sjúkrahúsið, Landspítalinn, á að vera eins konar regnhlíf yfir öllu, a.m.k. suðvesturhorninu og helst landinu öllu. Hér eru menn að stíga það skref. En það á auðvitað að viðurkenna þá stefnumörkun. Það getur vel verið að hún sé ekki algalin eða alvitlaus og ýmis jákvæð sjónarmið eru henni meðfylgjandi. En menn eiga að segja hlutina eins og þeir eru og fara í opna almenna umræðu um þá stefnumörkun og vera ekki með svona, ég veit ekki hvað skal segja, einhvers konar kropp eða mjög vafasamar tilraunir til þess að breyta að mjög litlu leyti stjórnskipan hér á mjög þröngu svæði.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Um málið mætti ræða mjög ítarlega og það þarf auðvitað að gera. Ég áskil mér rétt til þess að gera það hér síðar í umræðunni og síðar í þessari 1. umr. og væntanlega þá næsta haust þegar málið kemur breytt hingað inn í þingið aftur. En meginmálið er að verklagið og vinnubrögðin eru ekki sæmandi og ekki bjóðandi hinu háa Alþingi, að ræða mál af þessum toga á örfáum mínútum á síðasta degi þingsins. Það er kjarni málsins hvað hina formlegu hlið varðar og breytir engu. Og það er algjörlega fráleitt og mótsögn að hæstv. ráðherra skuli halda því fram í þessum ræðustóli að stjórnarandstæðingar, einhverjir vondir þingmenn, séu að reyna að bregða fæti fyrir hana í hinni stórkostlegu sókn hennar til breytinga á íslensku heilbrigðiskerfi. Hún dettur hingað inn með frv. 17. maí sl., þá dettur hér inn frv. upp á eina og hálfa blaðsíðu með athugasemdum. Það var afrakstur vorsins. Og að það sé bara allt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni kannski að kenna eða hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur? Nei, svona er ekki hægt að hafa það, virðulegi forseti.

[17:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að frv. er afrakstur vinnu 100 fagaðila sem komu að þessu máli. Ég vona að hv. þm. hafi lesið nefndarálit frá þeim hópi og það er hópur sem kom frá öllum þessum sjúkrahúsum sem komu að. (**GÁS:** Ertu að tala um skýrsluna?) Ég er að tala um skýrslu sem ég vona að hv. þm. hafi lesið því að þar er nákvæmlega farið í gegnum það hvernig á að skipuleggja hvaðeina. Ég tek öldrunarmál sem dæmi því að í frv. kemur fram að annað sjúkrahúsið sér um öldrunarmál á Reykjavíkursvæðinu og hitt um endurhæfingu. Það er verið að sérhæfa sjúkrahúsin. Ég sé að þingmaðurinn hefur ekki lesið þessa skýrslu. (**GÁS:** Hvaða skýrslu ertu að tala um, hæstv. ráðherra? Þær eru margar skýrslurnar.) Já, hv. þm. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ég vona að það sé hægt að halda svona sæmilegri ró í salnum.

(**Forseti** (RA): Hæstv. ráðherra hefur orðið.)

Ég er að vitna í skýrslu frá mars 1996 og var kynnt fyrir alþjóð en hún var unnin af nefnd um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og Reykjanesi. Ég sakna þess virkilega að menn hafi ekki fylgst betur með en svo að þeir hafa ekki kynnt sér skýrsluna. Þar kemur þetta allt fram og ég fæ orðið á eftir aftur þannig að ég get enn þá komið inn í þetta, en ég ætla samt að svara nokkrum spurningum sem hv. þm. kom með áðan.

Hann spurði: Hvernig stendur á því að Sjúkrahús Selfoss er ekki inni í þessu og af hverju er ekki Sjúkrahús Akraness í þessu? Þá hélt ég líka að hv. þm. vissi að verið er að vinna að héraðsstjórnun í Vesturlandskjördæmi og í Suðurlandskjördæmi og þar koma þessi sjúkrahús inn í stjórnina. Það er því mjög eðlilegt að við tökum fyrir Reykjanes og Vesturland sérstaklega, Suðurland sérstaklega, Norðurl. v. og Norðurl. e. sérstaklega og Austurland. Ef menn sjá hagkvæmni í því að færa sjúkrahúsin á Selfossi eða Akranesi inn í þetta getur það komið að síðari stigum málsins. En hv. þm. gerði líka athugasemd við það sérstaklega að honum þótti undarlegt að boðaðar væru breytingartillögur í upphafi máls míns. Það er fyrst og fremst vegna þess að ég vil auðvitað auka samvinnuna milli borgarinnar og ríkisins í þessu máli og ég vil að við náum samkomulagi um svo mikilsvert mál sem við erum að ræða um.

Við höfum rætt fram og til baka um það að flatur niðurskurður gengur ekki lengur en til þess að ná utan um þessi mál verðum við að samhæfa betur störf sjúkrahúsanna og það er gert með þessu frv. og ég trúi ekki öðru en við náum samkomulagi um þetta.

[17:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær eru margar skýrslurnar og sú skýrsla sem hæstv. ráðherra vísaði til var að vísu ekki send þingmönnum og hefur aldrei komið sérstaklega fyrir þeirra sjónir en mér er hins vegar fullkunnugt um hvað í henni stóð. Mér er jafnkunnugt líka um að það var aldeilis enginn einhugur um það í hópi skýrsluhöfunda hvernig ætti að standa þar að málum og m.a. um þau atriði sem eru í þessu frv. Mér er hreinlega kunnugt um að forsvarsmenn rekstraraðila félagsins St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og spítalans á Suðurnesjum höfðu verulegar athugasemdir í nefndarstarfinu sjálfu við framgang þeirra mála. Hæstv. ráðherra segir hér: Við skulum hafa gott samráð og samvinnu við hagsmunaaðila. Hún nefndi Reykjavíkurborg sérstaklega. Ég nefndi við annað tækifæri í dag ábendingu frá Sjúkrahúsi Suðurnesja þar sem ekki hefur verið haft samband, ekki orð í aðdraganda þessa máls og þeir biðja allra náðarsamlegast forsetadæmið og hv. þm. um að fá tækifæri til þess að lýsa viðhorfi sínu til þessara mála þannig að það er allt samráðið í því.

Kannski hefur hæstv. ráðherra ekki heyrt af þessu bréfi sjúkrahúsmanna í Keflavík. Ég skal ekki um það segja. En þær eru fleiri skýrslurnar og það rifjast upp önnur skýrsla sem fjallaði einmitt að stærstum hluta um það mál sem hér er til umræðu, þ.e. um stjórnskipan í heilbrigðismálum yfirleitt. Ég veit ekki betur en enn þá sé í gangi þverpólitísk nefnd og mjög fjölmenn nefnd hagsmunaaðila og pólitíkusa sem er að fara yfir þau mál í heild og breidd og hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hún ætli að koma fram með heildstæða stefnumörkum af þessum toga hið allra fyrsta. Það bólar ekkert á því, nei. En hér hrynur inn afrakstur eins og hún sagði sjálf, afrakstur 100 manna, ein og hálf blaðsíða. Það var aldeilis allt og sumt sem út úr því kom.

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. þykir frv. svona lítið og létt ætti að vera auðvelt að koma því í gegn. En málið er að þetta frv. þó lítið sé er lykillinn að auknu samstarfi þessara

sjúkrahúsa og þó að ekki sé hver einasti maður sammála frv. kemur það þó fram í þessu nefndaráliti að mikill meiri hluti er með því. Við komumst aldrei svo langt að hver einasti maður hrópi húrra fyrir því sem við erum að gera. Hérna er stefnumótandi mál á ferðinni þar sem kemur greinilega fram að við getum sparað verulega fjármuni á. Ég veit af þessu bréfi sem kemur frá Keflavík eða Sjúkrahúsi Suðurnesja, en það var samt sem áður fulltrúi þeirra sem var í þessu nefndarstarfi með okkur og hann skrifaði undir skýrsluna. Ef það er svo að Sjúkrahús Suðurnesja er hið eina sjúkrahús af þessum fjórum, sem eru ekki tilbúin að vera með í þessu, getum við skoðað það í nefnd hvort það eigi nokkuð að vera með.

[17:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit satt að segja ekki hvort nokkur ástæða sé til þess að við séum að lengja orðaskipti okkar hæstv. ráðherra. Þetta verður rætt í heild í heilbrrn. í allt sumar og fram á haust. Menn hafa þar nægan tíma til þess að fara ofan í þessi mál. En ég vildi bara leiðrétta það af því að ég sagði áðan að meðal þeirra aðila sem komu að þessu nefndarstarfi, meðal þessara hundrað frestunaraðila, eru þeir ófáir á tveimur sjúkrahúsum sem ég þekki best til, á Suðurnesjum og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sem hafa verulegar efasemdir einmitt við þessa stefnumörkun sem hér er að finna. Enn og aftur hlýt ég auðvitað að kalla eftir því, virðulegi forseti, því að þetta frv. segir ekki neitt. Ég kallaði eftir því hvað er að baki. Á þetta svæði að vera rekstraraðili? Á það eins og hér segir að framkvæma einstök verkefni á sviði öldrunar og endurhæfingar? Á það að semja við starfsfólk um samræmingu starfsmanna, um samræmingu starfsmannastefnu? Hvað með stjórnirnar? Verða þær handarhöggnar? Hver verður staða þeirra eftir það? Og einnig hitt: Hæstv. ráðherra kom ekkert inn á það hvort þetta svæðisráð á að hafa rekstur með höndum, þ.e. það verði eins konar sérfræðingateymi sem fari út um víðan völl og styttir væntanlega biðlistann. Ég held að það sé ein hugmyndafræðin og það er allt gott um það að segja en það verður auðvitað að útlista þetta. Frv., í einni grein eða tveimur greinum upp á 20 blaðsíður, svarar þessu ekki neitt og því miður athugasemdirnar ekki heldur upp á eina síðu þannig að þessi lykill að framtíðinni er ekki á minni kippu og þá verður að útskýra miklu betur fyrir mér hvernig ég get látið lykilinn sem ég er með í vasanum ganga að þessum dyrum sparnaðar og bættrar þjónustu í heilbrigðiskerfi á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu. Það verður ráðherra að gera miklum mun betur.

[17:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Áður en ég kem að þessu máli get ég ekki látið hjá líða að kvarta yfir hegðun þingmanna í salnum. Það er orðin lenska í hvert skipti sem atkvæðagreiðslu lýkur og menn fara að mæla fyrir málum þá rjúka þingmenn upp til handa og fóta og það verður svo mikill kliður og hávaði að það heyrist ekki mannsins mál. Mér finnst þetta orðin mjög hvimleið hegðun og menn ættu að sýna framsögumönnum meira tillit en gert er. Ég vil að forseti taki þetta til athugunar.

Það mál sem hér er til umræðu er orðið miklu flóknara og meira mál en ég áttaði mig á í upphafi. Ég er sannast að segja alveg dolfallin. Nú hefur hæstv. ráðherra brugðið sér frá. (Gripið fram í.) Já, það gleður mig að ráðherrann skuli heyra mál mitt en ég vil koma að því fyrst að hæstv. ráðherra hefur upplýst það hér að þetta mál byggist á ákveðnu nefndarstarfi þar sem býsna stórri nefnd var falið að gera tillögur um það hvernig mætti auka og bæta samstarf sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og er þá Keflavík inni í því dæmi.

Eins og áðan kom fram hefur okkur þingmönnum ekki borist sú skýrsla og ég hef hreinlega ekki haft tíma til að verða mér úti um hana né kynna mér hana sem ég þarf auðvitað að gera. Það er eitt af því sem ég ætlaði mér að gera í sumar, að lesa þessa skýrslu, því að ég efast ekki um að þar er mjög margt merkilegt að finna.

Það sem vekur mesta furðu mína ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt var það að hann var að vísa til þess að verið er að leggja til að svæðisráð verði búið til í Reykjavík og suðvesturhornið svo að segja án þess þó að teygja sig inn á Suðurland og ég spyr til að byrja með: Er kominn angi af þeirri hugmynd, sem hæstv. ráðherra hefur reifað margsinnis um að það beri að skipta landinu upp í eins konar heilbrigðissvæði og væri ekki rétt að umræða um þá stefnumörkun ætti sér fyrst stað á Alþingi áður en byrjað er að stíga skref sem fela í sér þessa svæðaskiptingu? Það kann vel að vera að mikið vit sé í þeirri hugmynd að taka upp þessa svæðaskiptingu en ég hefði þó frekar haldið að það væri miklu betra og nauðsynlegra að horfa á landið í heild.

Ég get alveg tekið undir það og hef margoft komið að því að við stöndum frammi fyrir býsna miklum vanda í heilbrigðismálum okkar. Hann felst annars vegar í því að gríðarlegur niðurskurður hefur átt sér stað í heilbrigðiskerfinu. Það sem verður náttúrlega að nefna í því samhengi er það að skoðanir Ríkisendurskoðunar á þeim málum hafa leitt það í ljós að þær sparnaðaraðgerðir, sem hefur verið gripið til, hafa ekki leitt til jákvæðrar niðurstöðu. Það hefur ekki náðst sparnaður. Það sem hefur gerst er að útgjaldaaukning hefur verið stöðvuð en hinar einstöku aðgerðir sem hefur verið gripið til hafa ekki skilað árangri og ein af slíkum aðgerðum eru þær sumarlokanir sem við vorum að ræða fyrr í dag. Þetta skilar ekki sparnaði þó að verið sé að leysa ýmis vandamál. Annars vegar er það niðurskurðurinn og það hvernig hefur verið þrengt sérstaklega að stóru sjúkrahúsunum. Hins vegar er það framtíðin sem blasir við okkur. Hún er sú að það verður þörf fyrir mjög aukna þjónustu á næstu árum. Spurningin er: Hvernig ætlar samfélagið að bregðast við því? Þessi aukna þjónusta kostar peninga. Það er algerlega ljóst. Ætlum við að bregðast þannig við að neita öldruðu fólki um þjónustu, ætlum að skera hana niður og þrengja að þeim eða ætlum við að veita hana þessu fólki og okkur þegar þar að kemur ef við lifum þá tíma?

Ég held að það sé alveg ljóst að við þurfum að taka á þessum málum í heild og við þurfum að horfa á málin í heild sinni. Þess vegna hef ég verið reiðubúinn að gefa hæstv. heilbrrh. nokkurn tíma til þess að skoða þessi mál en ég fæ ekki betur séð en með þessu frv. sé verið að taka örlítinn bita út úr þessu stóra dæmi og gera að frv. án þess að það sé t.d. skýrt í greinargerð hvað það er sem liggur að baki.

Hæstv. heilbrrh. vísar til þessarar skýrslu sem ég hygg að aðeins örfáir þingmenn hafi lesið ef nokkur. Og það er ekki vinnandi vegur að gera sér grein fyrir því hvað þessar hugmyndir þýða, hvað það er að sem býr að baki. Það vill svo til að ég átti þess kost að ræða við einn ágætan öldrunarlækni hér í borg sem ég veit að var að vinna í þessum málum. Þess vegna veit ég að menn hafa verið að ræða um samvinnu stóru sjúkrahúsanna í öldrunarmálum og hvernig hægt verði að nýta hinar ýmsu stofnanir og endurhæfingu og fleira slíkt og þar með að ná fram hagræðingu og sparnaði. Ég efast ekki

um að þarna er fagfólk sem kemur saman og er að leggja saman krafta sína og ég efast ekki um að þarna séu góðar hugmyndir á ferð. Þetta er bara einfaldlega ekkert skýrt í þessu frv., hæstv. ráðherra. Hvað er það sem að baki býr? Og hver er þessi sparnaður? Ég hlýt að spyrja að því. Hvað er áætlað að starfsemi þessa ráðs spari mikið? Ég get ekki ímyndað mér að það gerist á þessu ári að einhver sparnaður verði því að það hlýtur að taka tímann sinn að koma þessum hugmyndum í framkvæmd. Í fyrsta lagi að komast að niðurstöðum um breytingar og form þó að ýmsar hugmyndir liggi fyrir í títtnefndri skýrslu og síðan er öll framkvæmdin eftir. Ég á því mjög örðugt með að sjá af hverju það liggur svona mikið á að koma þessu máli að. Það er að vísu gott og gilt að fá umræðu í sumar um þetta mikilvæga mál. En þessi vinnubrögð eru vægast sagt furðuleg.

Ég spyr enn: Hvar er heildarstefnan? Við þurfum að ákveða hvaða þjónustu á að veita á sjúkrahúsum og hvar, hvort hægt er að bæta verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna, hvort það er vilji og skynsamlegt að sameina stóru sjúkrahúsin o.s.frv. Það er ekkert vit í öðru en að móta þessa heildarstefnu áður en menn fara að framkvæma einhverja skipulagsbreytingu og kem ég þá að sjálfu frv., hæstv. forseti.

Ég spyr fyrst varðandi skipan þess ráðs sem ég nefndi fyrr í dag. Mér finnst, ef af yrði, að þá sé því falið alveg ótrúlega víðtækt verkefni aldeilis ótrúlega. Og ég spyr: Kemur þetta heim og saman við annað sem segir í lögum um heilbrigðisþjónustu? Þarf ekki að gera aðrar breytingar varðandi heilbrigðisþjónustuna? Ég hef ekki kannað það, en hér er í lögum um heilbrigðisþjónustu kveðið á um læknisheruð, heilbrigðismálaráð og þar fram eftir götunum og það þarf að kanna það hvernig þetta kemur allt saman heim og saman.

Mín fyrsta spurning er þessi: Hugsum okkur að við komumst að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegt að koma á samstarfsráði milli þessara sjúkrahúsa. Er þá eðlilegt að þeir sem myndi þetta ráð séu pólitískt skipaðir eða kjörnir fulltrúar sjúkrahúsanna? Er það endilega hin æskilega skipun? Það er fyrsta spurning mín.

Ég skal ekki draga í efa að það sé ágætis fólk sem nú er í forsvari fyrir stjórnir sjúkrahúsa. Ég get þar t.d. nefnt Kristínu Á. Ólafsdóttur sem er í forsvari fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur. Mér hefur sýnst hún vinna þar ákaflega gott starf og vera mjög góður talsmaður þess sjúkrahúss. Ég þekki síður til Ríkisspítalanna, en ég spyr: Ef heilbrrh. felur ráðinu allt það sem hér er talað um er þarna um að ræða mjög mikið vald. Er skynsamlegra að skipa það pólitískt kjörnum fulltrúum fremur en fagfólki eða einhverri blöndu af þessu tvennu? Að vísu mætti hugsa sér að þeir sem ráðherrann skipar væri fagfólk. En ég set til að byrja með stórt spurningarmerki við þessa skipan ráðsins.

Það má enn ítreka þá spurningu sem kom fram áðan: Hvers vegna að takmarka svæðið við Reykjavík, Hafnarfjörð og Reykjanes? Ætti samvinnan ekki að ná til Sjúkrahúss Suðurlands, hugsanlega upp á Akranes og hver eru rökin? Hver eru rökin fyrir því að skipta þessu svona? Ég veit að vísu að þarna eru menn að þróa vissa sérhæfingu, vissa verkaskiptingu, en það gildir líka um Akranes að nokkru marki. Ég þekki ekki eins vel til sjúkrahússins á Selfossi, ég skal viðurkenna það. Þannig að ég bara spyr. Það getur vel verið að það eigi hreint ekki heima inni í slíku ef menn eru að tala um sérhæfi og verkaskiptingu. En þó er það sjúkrahús í þvílíku nábýli við höfuðborgarsvæðið að ég teldi eðlilegt að menn skoðuðu þetta samhengi, ef menn eru virkilega að reyna að finna leiðir til hagræðingar og sparnaðar og til að draga úr tvíverknaði og því að menn séu í samkeppni og allir að bítast um sömu tæknina og náttúrlega fjárfesta í dýrum tækjum o.s.frv. Það er einfaldlega miklu lengra í önnur sjúkrahús sem koma ekkert inn í þessa mynd.

Þá kem ég að þeim verkefnum sem hugmyndin er að fela þessu ráði og það er þá fyrst að nefna að hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa. Það eru sem sagt þessir pólitískt kjörnu formenn og einhverjir þrír fulltrúar skipaðir af heilbrrh. sem eiga að móta framtíðarstefnu eða gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa. Þarna skiptir skipan ráðsins miklu máli og ég spyr: Er eðlilegt að þessi stefnumótun fari fram á þessum vettvangi? Það er auðvitað að lokum Alþingi sem tekur ákvörðun um stefnumótun í heilbrigðismálum en þarna er verið að fela fremur fámennu ráði býsna stórt og mjög mikilvægt hlutverk. Tilgangurinn með þessu er að stuðla að sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna, m.a. með auknu samstarfi. Það er alveg ljóst að þetta er tilgangurinn. Síðan kemur það að ráðherrann getur falið þessu ráði, og þar kem ég að ítrekun á spurningu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, að sjá um framkvæmd einstakra verkefna og þá eru tiltekin sérstaklega öldrunarmál og endurhæfing. Hvers vegna þeir þættir? Eru það þeir þættir sem eru dreifðastir og eru á öllum sjúkrahúsum? Væri hugsanlega hægt að samræma þá í mun ríkara mæli en aðra þætti? Eða hver er skýringin? Sjá menn þetta bara sem einhverja byrjun, er þetta einfaldast eða hvað? Er ástæða til þess að kveða á um það í lögum að þessir þættir skuli skoðaðir sérstaklega?

Hæstv. ráðherra gat þess að næsti þáttur, samningar við starfsfólk, færi hugsanlega út úr frv., m.a. vegna andstöðu Reykjavíkurborgar. Ég ætla ekki að ræða þann lið, enda veit ég ekki hvernig það kæmi heim og saman ef þetta ráð færi að gera kjarasamninga við mjög mismunandi félög starfsmanna í mismunandi sveitarfélögum. Það kemur sennilega að einhverju leyti inn á starfssvið samninganefndar ríkisins og samninganefndar sveitarfélaganna. Þetta er því áreiðanlega býsna flókið mál. Síðan er talað um samræmingu starfsmannastefnu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er átt við með samræmingu starfsmannastefnu? Ég hreinlega átta mig ekki á því hver hugsunin er. Eru menn að tala um hvað læknar eigi að vera stór hluti starfsmanna eða hjúkrunarfræðingar? Eru menn að tala um endurmenntun og vinnuaðstæður? Eða hvað er átt við? Við erum nýbúin að samþykkja frv. um starfsmannastefnu ríkisins sem var ekki par falleg. Eru menn að tala um það t.d. að það sé hægt að færa starfsfólk á milli sjúkrahúsanna? Ég spyr einfaldlega: Við hvað er átt? Hvað eru menn að tala um í þessu samhengi?

Síðan kemur rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum sem ég vil biðja hæstv. ráðherra að skýra líka. Það kann að vera að það sé um þetta fjallað í margnefndri skýrslu en í þessu frv. er þetta algerlega óskiljanlegt. Eru menn að tala um að það þurfi að byggja upp þjónustukjarna? Eru menn að hugsa um að gera samninga við ákveðna lækna um ákveðna þjónustu á ákveðnum stöðum eða hver er hugsunin á bak við þetta? Síðan á svæðisráðið að fylgjast með fjármálum og sjá til þess að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar og áætlanir. Og eins og við höfum orðið vitni að á undanförnum árum, hefur það orðið eitt meginviðfangsefni stjórna sjúkrahúsanna á undanförnum árum að berjast við fjárlagahallann og

niðurskurðinn og allar þær þrengingar sem sjúkrahúsin hafa gengið í gegnum. Síðan segir að svæðisráðið skuli taka við þeim verkefnum sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs og Reykjaneslæknishéraðs hafa haft með höndum. Þarna er um töluvert mikla tilfærslu á verkefnum að ræða og ég spyr: Hvað segja þessi viðkomandi sveitarfélög sem að þessu koma um þetta? Eru þau tilbúin til þess að afsala sér þessum verkefnum? Tími minn er mjög að styttast svo ég kem auðvitað að því sem kannski skiptir ekki minnstu máli í þessu öllu saman og það er að ég hygg að þetta frv. muni valda mjög miklum óróa. Hæstv. heilbrrh. segir að það hafi mjög margir fagaðilar komið að hugmyndavinnunni og komið á framfæri ótal tillögum sem kannski eiga eftir að líta dagsins ljós í frumvörpum síðar meir. Þótt allar þessar tillögur byggist á starfi Sigríðarnefndarinnar svokallaðrar og reyndar öðrum nefndum sem eru að störfum, hef ég þegar orðið vör við það að þetta veldur miklum óróa og það ekki bara hjá Sjúkrahúsinu á Suðurnesjum eða stjórn þess sem hefur sent öllum þingmönnum bréf. Ég hef líka átt viðræður við og hitt lækna sem eru að spyrja hvað í þessu felist og hvað þetta þýði. Við þekkjum það öll og þarf ekkert að fara í grafgötur með það að allnokkur togstreita hefur verið á milli sjúkrahúsa og á milli hópa lækna. Það er ákveðin valdabarátta, hagsmunabarátta, kjarabarátta og ýmislegt fleira sem að baki býr. Þess vegna hygg ég að þetta eigi eftir að valda allmiklum óróa og menn vilji vera nokkuð klárir á því hvað í þessum hugmyndum felst. Hvað er það nákvæmlega sem þetta ráð á að gera? Hvert verður valdsvið þess, hvernig kemur þetta heim og saman við annað skipulag heilbrigðismála og hvernig kemur þetta heim og saman við skilning sveitarfélaganna á sínum verkefnum á sviði heilbrigðismála? Hver er stefnan með þessu og hvernig tengist þetta þeim heildarhugmyndum um heilbrigðiskerfið sem eru til umræðu?

Þá vil ég verja síðustu sekúndunum í að nefna að ég á sæti í afar fróðlegri og skemmtilegri nefnd um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu þar sem er verið að skoða þessi mál og kannski meira í stóru samhengi en annars staðar er gert. Ég hefði kosið, hæstv. heilbrrh., að menn biðu eftir niðurstöðum þeirrar nefndar og það er önnur nefnd sem mér er ekki kunnugt um að hafi lokið starfi sem hefur einmitt verið að skoða þessa svæðisskiptingu. Ég hefði talið rétt að bíða eftir niðurstöðum, koma þessum hugmyndum á flot og fá góðar umræður um þær áður en farið er að taka einn bút út úr og ætla að koma honum í framkvæmd. Og ég spyr enn og aftur: Hvað sparast með þessu frv.? Ég á afar erfitt með að sjá það. Hvað er það sem sparast nákvæmlega með þessu frv. og hvað er verið að gera í raun og veru? Þar með, hæstv. ráðherra, er ég ekki að taka neina afstöðu gegn þessu máli. Ég er algerlega tilbúin til að skoða þetta. En ég sé að þetta er miklu flóknara mál en maður áttar sig á í fyrstu.

[17:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að minna á að ríkið rekur allar þessar stofnanir og auðvitað reynir maður að finna hagkvæmustu lausnina fyrir ríkið. Hér talaði hv. síðasti ræðumaður um að þetta væri aðeins örlítill biti af heildardæminu. Hér erum við að tala um stærsta bitann. Við erum að tala um 12 milljarða veltu. Og hún spyr líka: Hvernig rímar þetta við svæðaskipulagið? Þetta rímar algerlega við svæðisskipulagið og næstu daga mun sú nefnd sem hefur verið að vinna að svæðaskipulaginu skila af sér. Ég hef séð fyrstu drög og þetta rímar nákvæmlega við. Það svarar spurningu, af hverju Selfoss er ekki þarna inni og af hverju Akranes er ekki þarna inni. Vegna þess að þeir eru í annarri heild, þar sem ein stjórn er fyrir allt heila héraðið.

Hér hefur líka mikið verið spurt að því hvað það þýði að þessi stjórn tekur að sér visst skipulag. Stjórnin eða svæðisráðið mun ekki reka t.d. þetta teymi sérfræðinga heldur mun það skipuleggja það. Síðan mun stjórnin reka framkvæmdina eins og verið hefur. Ég nefni sem dæmi að ef skipulagningin yrði á höndum svæðisráðs þá gæti t.d. lýtalæknir eða beinasérfræðingur verið á fleiri en einu sjúkrahúsi og farið á milli eftir því sem hentar varðandi skurðstofur, aðstöðu og annað.

Varðandi samræmda starfsmannastefnu, þá tel ég það vera mjög mikilvægt að allir starfsmenn búi við svipuð skilyrði. Þetta eru allt starfsmenn ríkisins þegar upp er staðið.

Ég tel að ég hafi svarað öllum spurningum nema þessari: „Hvað sparar þetta?" Samkvæmt nefndarálitinu sem ég hef nú vitnað í nokkrum sinnum, mun þetta spara á ársgrundvelli kringum 230 millj. Að vísu er stofnkostnaður í upphafi en þegar þetta fer að rúlla, þá mun þessi eina breyting spara a.m.k. 230 millj. í rekstrarkostnaði.

[17:33]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði að því hvort það væri ekki nær að ræða það fyrst hvort það eigi að taka upp svæðisskipulag áður en byrjað er að framkvæma það. Sú umræða og stefnumótun á algerlega eftir að fara fram á Alþingi hvað sem líður tillögum nefndarinnar sem hugsanlega er að skila af sér á næstu dögum. Mér finnst miklu eðlilegra að menn séu fyrst búnir að móta stefnuna áður en byrjað er að framfylgja henni. En það er ekki þar með sagt að þetta ráð komi ekki til greina og sjálfsagt getur samvinna og samræming milli sjúkrahúsanna sparað heilmikið. Ég er ekkert að draga það í efa. Ég er einfaldlega að reyna að átta mig á því, hvað það er sem hér er verið að tala um.

Varðandi þessa þjónustukjarna þá stendur einfaldlega í frv., með leyfi forseta: „Jafnframt getur ráðherra falið ráðinu rekstur þjónustukjarna ..." og það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en að ráðið eigi að annast rekstur eða sjá um reksturinn innan þessa skipulags sem væntanlega er undir yfirráðum þess hvort sem það er innan eða utan sjúkrahúsa eða hvernig það er. Þarna þarf einfaldlega að kynna sér hvað býr að baki.

Það er búið að útvega okkur þessa skýrslu. Þökk sé þeim sem það gerði og þar með verður þessi umræða kannski markvissari ef hægt er í leiðinni að fletta upp í skýrslunni og átta sig á því hvaða hugmyndir það eru sem búa að baki. En ég ítreka það aftur að málið er flókið og þarf að fá góða umræðu og viðbrögð þeirra sem eiga að vinna undir þessu skipulagi.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Símgjöld stjórnmálasamtaka, 508. mál, svar samgrh., þskj. 1188.

Störf tannsmiða, 480. mál, svar heilbrrh., þskj. 1187.

[17:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að undrast það að hæstv. heilbrrh. skuli leggja hér fram svona gagngera breytingu á málefnum sjúkrahúsanna á suðvesturhorninu á

næstsíðasta degi þingsins samkvæmt áætlun þingforseta. Það getur vel verið að þessar tillögur ráðherrans geti sparað eitthvað. Ég ætla ekki að mótmæla því að það geti verið einhver sparnaður í því að samræma störf og verkefni þeirra sjúkrahúsa sem eru á þessu svæði. Aftur á móti eru margir miklir gallar á frv., a.m.k. vafamál sem þarf að ræða og skýra nánar.

Ég vil byrja á því að benda á það atriði sem hæstv. ráðherra nefndi í upphafsmáli sínu þegar hún mælti fyrir frv., og nú þegar hefur verið ákveðið að taka út úr frv., og það er að ráðherra geti falið þessu svokallaða svæðisráði að annast samninga við starfsfólk. Það hefði náttúrlega verið fullkomlega óeðlilegt að ráðherra hefði farið að hlutast til um samninga við starfsfólk t.d. Sjúkrahúss Reykjavíkur því að þar er um borgarstarfsmenn að ræða og því hefði ráðherra verið að blanda sér í málefni Reykjavíkurborgar ef hún hefði falið ráðinu að annast samninga við starfsfólk þannig að ég fagna því að ráðherrann skuli hafa séð þann galla á þessari lagagrein. (**Heilbrrh.:** Gjöf Njarðar?) Ég er nú ekki á því að það eigi að kalla þetta gjöf Njarðar.

Aftur á móti vil ég nefna skýrsluna sem hæstv. ráðherra lét vinna í ráðuneytinu um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Ég man að ég fékk þessa skýrslu ekki alls fyrir löngu í hólfið mitt í þinginu en ákvað að geyma aðeins að lesa hana vegna þess mikla pappírsflóðs sem yfir okkur þingmenn flæðir þessa dagana og hefur mér ekki gefist tóm til að skoða skýrsluna sem skyldi vegna anna í þinginu. A.m.k. hafa stjórnarandstæðingar haft nóg annað að gera en að lesa slíkar skýrslur.

Mig langar einnig til að nefna í því sambandi að í heilbrrn. hefur verið unnin allmikil skýrsluvinna undanfarin ár um einmitt sjúkrahús og heilbrigðisþjónustu. Ég vil minna á skýrslu sem útlent fyrirtæki var látið vinna fyrir einn af fyrrv. heilbrrh., fyrirtæki sem heitir Ernst og Young. Síðan er — ég er bara með nokkrar af þessum skýrslum sem ég tók af rælni úr hillunni hjá mér — skýrsla sem gerð var 1992 frá fyrrv. heilbr.- og trmrh., Sighvati Björgvinssyni, sem vinnuhópur, áreiðanlega ekkert minni en vinnuhópur hæstv. ráðherra nú, vann um málefni sjúkrahúsa en það var heilmikil vinna sem var í gangi í ráðuneytinu á hans tíma og kom með tillögur í málefnum sjúkrahúsanna. Ríkisendurskoðun er nýbúin að senda okkur góðan doðrant um stjórnsýsluendurskoðun á m.a. Sjúkrahúsi Suðurnesja sem er dágóð lesning og ýmsar aðrar skýrslur hafa okkur borist. Ég vil líka nefna stefnumótun ráðherrans, um heilsugæslustofnanir og stjórnsýslu, sem enn önnur nefndin vann fyrir hæstv. ráðherra og kom sú stefnumótun út í júní 1995 þar sem þessar hugmyndir um kjördæmastjórnir í heilsugæslunni eru. Ég ætla ekki að lasta neitt þá vinnu sem farið hefur fram hjá þessum hópum en hefði talið æskilegt að þingmenn sem eiga eftir að fjalla um þessi mál hefðu farið og fengið kynningu á þessu, ekki aðeins í skýrsluformi heldur kannski einnig tekið umræðu, t.d. um þessa skýrslu um heilsugæslustofnanir og stjórnsýslu, hvað þá skýrslu nefndarinnar sem vann forvinnuna fyrir frv. sem hér er til umræðu nú. Mikil hefur skýrsluvinnan verið í heilbrrn. og veitir svo sem ekkert af að vinna ýmsa stefnumótunarvinnu þar.

Eins og komið hefur fram hjá þeim sem talað hafa á undan mér, þá er þarna um þó nokkuð miklar breytingar að ræða. Mig langar aðeins að varpa nokkrum spurningum fram um atriði sem mér hafa fundist nokkuð óljós í þessu máli ráðherrans, svo sem það atriði í hlutverki ráðsins þar sem segir að ráðherra geti falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar. Það hefur ekki komið fram hvers vegna það væri aðeins á sviði öldrunar og endurhæfingar. Ég ætla ekki aðeins að spyrja um það heldur einnig um samræmingu á starfsmannastefnu. Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hvort hún hefur hugsað sér að starfsmenn kæmu þá að þeirri vinnu ef ráðið á að fara að hlutast til um starfsmannastefnuna.

Mig langar einnig til að spyrja hæstv. ráðherra út í það hlutverk ráðsins að heilbrrh. geti falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna. Hann getur falið ráðinu rekstur þjónustukjarna, sérfræðinga á einstökum lækningasviðum o.s.frv. og ég velti því fyrir mér hvort þarna sé verið að fara út á einhverja einkavæðingarbraut. Er þarna verið að opna á það í þessu máli? Mér finnst ekki koma ljóst fram í greinargerðinni eða í frv. hvort að sé vilji ráðherrans.

Auðvitað hefur þessi nefnd sem starfaði fyrir ráðherrann verið að vinna þarna ákveðna stefnumótunarvinnu fyrir hæstv. ráðherra. En ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að stefnumótunin á að vera stjórnmálamannanna og sú stefnumótun þarf auðvitað að fara fram á Alþingi. En það sakar þó ekki að sérfróðir aðilar hafi unnið forvinnuna.

Það hefur líka komið fram í þessari umræðu að þau sjúkrahús sem hér er talað um að eigi að sameina eða auka samstarfið hjá hafa nánast sent út neyðarkall með ósk um að fá að koma að málinu og lýsa yfir sínum skoðunum, koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Að sjálfsögðu er það alveg ljóst þegar maður skoðar þetta mál betur að það þarf að fara fram mjög gagnger umræða um málið í hv. heilbr.- og trn. Það þarf að kalla til fulltrúa þessara sjúkrahúsa og fleiri.

Ég hefði líka gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hver sé staða stjórna sjúkrahúsanna gagnvart þessu yfirráði eða svæðisráði sem hæstv. ráðherra hyggst koma á laggirnar hér á suðvesturhorninu. Ég velti því líka fyrir mér, og gerði það strax þegar ég las þetta í gegn, hvers vegna fleiri sjúkrahús á þéttbýlissvæðinu voru ekki með og það hefur einmitt verið spurt um það hér. Hvers vegna ekki sjúkrahús Akraness og hvers vegna ekki Sjúkrahús Suðurlands? Heilbrigðisráðherrar hafa ekki vílað fyrir sér að senda t.d. hjúkrunarsjúklinga héðan úr Reykjavík út á land, á Suðurland langt fjarri heimahögunum til að eyða þar ævikvöldinu og hefur það verið gagnrýnt mjög. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna menn ættu þá ekki að geta farið til Selfoss eða á Akranes í ákveðnar aðgerðir sem er þá yfirleitt styttri dvöl. Ég hef ekki fengið viðhlítandi skýringar ráðherrans á því hvers vegna þetta var einskorðað við þau sjúkrahús sem nefnd eru í frv., en þau eru sjúkrahúsin í Reykjavík og á Reykjanesi, þ.e. Ríkisspítalarnir, Sjúkrahús Reykjavíkur, Sjúkrahús Suðurnesja í Reykjanesbæ og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.

Ég hef heldur ekki fengið alveg greinilega fram hjá hæstv. ráðherra hvernig hún hyggst spara með frv. Auðvitað geta menn sagt sér það sjálfir að ef farið er út í verkaskiptingu, þá ætti það auðvitað að spara að einhverju leyti. En ég get ekki séð að það sé nauðsynlegt að setja þetta ráð á laggirnar til þess að gera slíkar sparnaðarráðstafanir. Ég get ekki séð að það séu nauðsynlegt.

Mig langar líka aðeins til að varpa fram gagnrýni minni á það hvernig þetta ráð er skipað. Það er gert ráð fyrir að formenn stjórna sjúkrahúsanna verði í þessu svæðisráði. Það má geta þess að yfirleitt eru formenn sjúkrahússtjórna pólitískt skipaðir og yfirleitt flokksmenn ráðherrans (Gripið fram í.)

eða samstarfsflokksins. En síðan ætlar ráðherrann að skipa þrjá fulltrúa til viðbótar og formann ráðsins. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé eðlilegt varðandi skipan stjórnarinnar. Er ekki ráðherrann nánast kominn með alræðisvald í þessu ráði?

Hæstv. ráðherra sagði fyrr í dag að við þyrftum að ræða framtíðarsýn og ég get heils hugar tekið undir það. Auðvitað þarf að hafa framtíðarsýn í heilbrigðismálum þó ég verði að segja, því að ég hafði ekki tækifæri til þess fyrr í dag þegar ráðherrann lét þessi orð falla, að framtíðarsýnin hjálpar ekki þeim sjúklingum sem eru í vanda nú, vegna umræðunnar fyrr í dag. Vandi þeirra er jafnmikill þó að framtíðarsýnina vanti. Aftur á móti tek ég undir að það þarf að ræða framtíðarsýnina. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að ráðherra hefði kynnt betur þessa skýrslu 100 manna nefndar sinnar eða þeirra hundrað aðila sem komu að forvinnu við frv. Mér fyndist eðlilegt að ráðherra hefði látið svo lítið að fara yfir niðurstöður nefndarinnar, ekki aðeins sent önnum köfnum þingmönnum skýrslu í hólf til að lesa. Það hefði verið eðlilegt og þá hefðu t.d. heilbrigðis- og tryggingarnefnarmenn getað komið að málinu og þá varpað fram spurningum ef spurningar hefðu vaknað. Það hefðu verið eðlileg vinnubrögð í framhaldi af slíkri vinnu.

Ég vil líka minna á það nefndarstarf sem kom til tals hjá hv. þm. sem talaði á undan mér, en það er vinna í nefnd um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu sem er ákaflega mikil og þörf vinna sem er í gangi í ráðuneytinu og við nokkrir þingmenn eigum aðild að. Þegar slík vinna er í gangi og er vel á veg komin, þá hefði maður talið eðlilegt að breyting eins og kemur fram í frv. ráðherrans um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu hefði beðið eftir niðurstöðum nefndar um forgangsröðunina því að auðvitað er þetta allt saman hluti af einni heild og það þarf að skoða þessa hluti í samhengi. Fyrir tveimur til þremur árum var unnin skýrsla um skipan sjúkrahúsmála og skilað 1993 í heilbrrn. Mjög merkilegar upplýsingar koma fram í þeirri skýrslu. Nefndin sem vann það starf og skilaði af sér 1993, komst að þeirri niðurstöðu að nóg af sjúkrarúmum séu í landinu í heild. Þau eru of mörg úti á landi en of fá í Reykjavík og nágrenni þar sem 60% þjóðarinnar búa. Jafnframt eru of mörg sjúkrarúm á nokkrum stöðum úti á landi. Kostnaður við rekstur litlu sjúkrahúsanna er hár miðað við þá þjónustu sem þau veita. Þetta eru niðurstöður nefndar sem vann fyrir fyrrv. heilbrrh., Sighvat Björgvinsson, þannig að í framhaldi af þeim niðurstöðum hefði e.t.v. mátt spyrja hvort ekki hefði þurft að grípa til einhverra annarra ráðstafana en þeirra sem hér er verið að gera þó svo ég efist ekki um að þær gætu verið til bóta.

Ég ítreka að málið þarfnast nákvæmrar skoðunar í heilbr.- og trn. Við þurfum að fá upplýsingar um hvernig ráðherrann hafði hugsað sér þau verkefni sem ráðinu er ætlað að annast framkvæmd á, í hvaða formi sú framkvæmd ætti að vera, hvort hér sé um einkavæðingaráform að ræða og aðrar spurningar sem hafa vaknað varðandi ýmsa þætti frv.

Ég ætla ekki að fara að grípa niður í þessar skýrslur að sinni þó að hér sé af ýmsu að taka sem vert væri að fara yfir varðandi framtíðarsýn og stefnumótun í málefnum sjúkrahúsanna hér á suðvesturhorninu. En ég hefði talið eðlilegt að það hefði verið farið í vinnu við að endurskoða verkaskiptingu allra sjúkrahúsa á landinu, ekki aðeins á suðvesturhorninu. Ég tel að það væri fullkomlega eðlilegt að líta á þessa hluti í heild og ítreka að þeir fulltrúar sem óskað hafa eftir því að fá að veita umsagnir um þetta mál, þ.e. þeir aðilar sem um getur í frv. og einnig t.d. fulltrúar Reykjavíkurborgar sem eiga þarna verulegra hagsmuna að gæta, geti komið á fund heilbr.- og trn. og lýst viðhorfum sínum til málsins. Reyndar tel ég eðlilegt að málið fari til heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu og verði þar í vinnslu fram á haust. Síðan gætum við skoðað málið aftur þegar þing kemur saman að loknu sumarleyfi og þá verða án efa ýmis óvissumál ljósari.

[17:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að það hefur ekki komið fram í þessari umræðu, þá er það rétt að það komi fram núna að það eru í núgildandi lögum ákvæði um samstarfsráð sjúkrahúsanna sem er nauðsynlegt að breyta þó ekki væri nema vegna þess að það er búið að sameina Landakot og Borgarspítalann í eitt sjúkrahús. En það þarf líka að breyta lögunum vegna þess að núgildandi ákvæði gera það að verkum að það er of lint og þetta svæðisráð þarf meiri völd til að geta komið hlutum í framkvæmd. Það sem er gert með þessu frv. er að gefa þessu meira vægi sem skiptir mjög miklu máli sérstaklega vegna fyrirspurnar sem hefur komið fram nokkrum sinnum um það af hverju við erum að sameina öldrun og endurhæfingu sérstaklega.

Faglega blasir það við að það er miklu, miklu skynsamlegra að hafa þessa þætti á einum stað en dreifa þeim á marga staði. Það er líka þannig að á sjúkrahúsunum öllum eru nokkrir þessara sjúklinga í bráðarúmum sem eru miklu dýrari en öldrunarrúm eða endurhæfingarrúm þannig að ef maður skoðar það sérstaklega þá sparar það mikla peninga að koma því heim og saman.

Við höfum oft rætt um það á hinu háa Alþingi að okkur finnst lokun deilda og hækkun þjónustugjalda vera eitthvað sem við sættum okkur ekki við. Hér er verið að koma með tillögur sem draga úr því að það þurfi að hækka þjónustugjöld eða loka deildum. Það er verið að samræma hlutina betur og þess vegna trúi ég ekki öðru en þingmenn horfi á það réttum augum og ætla ekki að tefja það mál meira en þörf er á vegna þess að þetta eru staðreyndir sem blasa við.

Hv. þm. spurði líka að því hvort þarna væri verið að tala um einkavæðingu þegar verið væri að tala um t.d. teymi sérfræðinga. Það er af og frá. Það er einfaldlega verið að tala um það að læknum sem fara á milli sé greitt á einum stað. Í dag er það þannig að þeir vinna kannski á þrem stöðum, jafnvel fjórum stöðum og fá greidd laun alls staðar að sjálfsögðu vegna þess að þetta er sín stofnunin hver. Það væri mjög mikilvægt ef það væri hægt að greiða þessum læknum laun á einum stað en þeir væru færanlegir með sína sérfræðiþjónustu vegna þess að greiðandinn er einn og hinn sami, það er ríkið sem greiðir þetta allt saman. Við erum sem sagt með þessu frv. að ná utan um hlutina miklu betur en við náum utan um þá nú.

[17:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dró alls ekki í efa að það væri einhver hagræðing fólgin í frv. heldur varpaði spurningum fram um hluti sem mér fundust óljósir. Ég efast ekkert um að það sé hægt að vera með ákveðna hagræðingu í þessum málum.

Það var heldur ekki dregið í efa að það þyrfti að gera breytingar á heilbrigðisþjónustunni. Ég tel að það þyrfti að gera ýmsar breytingar á henni og auðvitað verður maður að vera opinn fyrir því að horfa á nýjar leiðir í helbrigðisþjónustu. Ég tek alveg undir það hjá hæstv. ráðherra.

Ég þakka fyrir skýringar ráðherrans á þessu með rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum en ég áttaði mig ekki alveg á hvað fólst í þeim orðum. Og ég tek undir það að ég tel það kost að læknar sem fara á milli vinnustaða fái greitt á einum stað. Ég tel það skref í rétta átt. Hæstv. ráðherra má því ekki skilja orð mín þannig að ég sé andvíg þessu máli. Ég tel aftur á móti að það séu mörg atriði sem þarf að skoða. Ég tel rétt að fulltrúar sem hafa óskað eftir því að koma að þessu máli komi sínum sjónarmiðum á framfæri og e.t.v. þyrfti að vinna þetta betur. Þess vegna talaði ég um að ég teldi réttast að málið biði haustsins og heilbr.- og trn. notaði sumarið til þess að vinna frekar í málinu, fá viðhorf þessara einstaklinga og stofnana og síðan gætum við tekið málið aftur upp í haust ef svo býður við að horfa.

[18:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það hefur komið ýmislegt skrýtið og margt illa unnið frá hæstv. ríkisstjórn en ég verð að segja að hér þykir mér keyra um þverbak. Hér á með litlu frv., sem lítur tiltölulega sakleysislega út við fyrstu sýn, á síðasta sólarhring þingsins að lauma í gegn stórfelldum skipulagsbreytingum á yfirstjórn sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Það á að skipa svæðisráð þessara sjúkrahúsa og því eru falin ýmiss konar verkefni sem í stórum atriðum skarast við þau verkefni eða þá starfsemi sem fyrir er. Málið hefur ekki verið formlega sent til umsagnar þeirra sem málið varða og beiðnir berast nú frá stjórnum þessara sjúkrahúsa að fá að koma að málinu, fá að hafa eitthvað um það að segja og komast þannig hjá stórslysi, eins og sumir hafa orðað það.

Hæstv. heilbrrh. hefur vitnað í tillögur nefndar þar sem fulltrúar allra þessara sjúkrahúsa hafa setið, ef ég skildi hana rétt hér áðan. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið er staðreyndin sú að nefndin sem vann að undirbúningi málsins var valin, þeir einstaklingar sem þar voru, af hæstv. ráðherra sjálfum. Þannig að sjúkrahúsin sem um ræðir tilnefndu ekki fulltrúa sína í nefndina, auk þess sem tillögur nefndarinnar hafa ekki komið formlega fyrir stjórnir þessara sjúkrahúsa. Að minnsta kosti er ekki svo háttað um stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur, svo mikið veit ég. Ég spyr hæstv. ráðherra líka: Hefur verið leitað umsagnar Reykjavíkurborgar um þetta mál, formlegrar umsagnar Reykjavíkurborgar um málið eins og það lítur út í þessum endanlegum tillögum? Þar er ég ekki að tala um álit nefndarinnar margumræddrar. Hér er nefnilega verið að fela þessu nýja svæðisráði hluti sem geta nú heldur betur komið inn á málefni borgarinnar og munu gera það verði frv. samþykkt. Ráðinu er m.a. falið að gera samninga við starfsfólk og samræma starfsmannastefnu. Hér er verið að koma beinlínis við buddu borgarinnar og fleiri sem að málinu koma. Það er verið að taka vald af launanefnd sveitarfélaga og samninganefnd ríkisins, eins og bent hefur verið á hér áður, sem hingað til hefur haft það vald og hefur það á sinni könnu að semja fyrir þessa starfsmenn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Gengur þetta hreinlega upp án frekari breytinga á lögum eða reglum um þessi mál um það hverjir semja fyrir borgarstarfsmenn og ríkisstarfsmenn sem starfa á þessum sjúkrahúsum?

Ráðinu er falin framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar og ef mið er tekið af grg. með frv. mætti halda að þetta væru í raun og veru tillögur hinnar margumræddu nefndar og væri þá væntanlega í skýrslunni sem hér hefur verið vitnað í. Eftir því sem ég fæ best séð lagði nefndin til að skoðaðar yrðu sérstakar samræmingaaðgerðir eða samstarfsleiðir yrðu fundnar en sú leið sem hér er farin er að mínu mati íhlutun í stjórnkerfi spítalanna. Eftir því sem maður best fær séð mun ríkja, ef þetta fer svona í gegn, um það fullkomin óvissa hver stjórnar hverjum varðandi tiltekin verkefni. Og þau geta verið margvísleg. Á t.d. ráðið að hafa yfirvald yfir stjórnum sjúkrahúsanna? Ég spyr hæstv. ráðherrann. Hver er æðsta yfirstjórnin í öldrunar- og endurhæfingarþjónustu? Ég get ekki séð að það sé ljóst eins og málið lítur út núna.

Hæstv. heilbrrh. hefur vitnað til nauðsynjar á því að breyta ákvæðum um samstarfið eða samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og vísað þar með til sameiningar Borgarspítala og Landakots. Ég verð að segja eins og er að mér finnst nú hálfklént að bera það fyrir sig því það er fráleitt að sameiningin sem slík hafi endilega í för með sér að nauðsynlegt sé að gera þess háttar breytingu sem hér er gerð á þessu ákvæði. Það er ekkert sem segir að það þurfi að gera þá viðamiklu efnisbreytingu sem verið er að gera. Það er kannski rétt í þessu samhengi að skoða ákvæðið um samstarfsráð, hvernig það er hugsað. Það er í raun og veru hugsað allt, allt öðruvísi, samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þetta er í 24. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu. Eftir að rakið hefur verið hvernig skipa eigi í ráðið o.s.frv. segir að í fyrsta lagi kjósi ráðið sér formann úr hópi fullrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Í stað þess á heilbrrh. nú að skipa formanninn, velja hann sjálfur, sem hefur töluvert mikla breytingu í för með sér. Um hlutverk ráðsins segir að það eigi að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu þeirra sjúkrahúsa sem um ræðir, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlunar og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu tillögur sínar. Samstarfsráðið á að fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar til þeirra og þær áætlanir sem gerðar hafa verið og gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra.

Hér er náttúrlega allt annar hlutur á ferðinni en sá sem við erum að skoða hér í þessu framkomna frv. Það er allt annar bragur yfir þessu. Með ákvæðinu eins og það var áður var ekki verið að taka völdin af stjórnum sjúkrahúsanna eða að skapa hættu á árekstrum. Það var skýrt hver hefði völdin og það sem ég óttast mest ef þetta frv. fer í gegn er að um það verði fullkomin óvissa hvernig yfirstjórn í tilteknum málaflokkum skuli háttað. Ég held að heilbrigðisstofnanir megi nú ekki við því ofan á allan niðurskurðinn, ég er svo sem ekki að segja að hann hafi ekki verið nauðsynlegur upp að einhverju marki, að þá eigi nú að grípa þannig inn í innri stjórnun, hlutast þannig til um stjórnun spítalanna að það ríki óvissa um það hver stjórni hverjum þegar upp er staðið.

Mér hefur a.m.k. verið sagt af stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur að þetta mál hafi ekki verið formlega sent þangað til umsagnar. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra af hverju það hafi ekki verið gert. Ég vil einnig ítreka fyrri spurningu mína um það hvort þetta hafi verið sent til umsagnar til borgarinnar og annarra þeirra sem málið varðar.

Ég hef hins vegar ekki frekar en margir aðrir haft ráðrúm til að kynna mér álit nefndarinnar í smáatriðum. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef, því ég hef verið að reyna að spyrjast fyrir um þetta í dag, þá eru tillögurnar það teknar samhengislaust upp í álitið að öðru leyti, það eru tekin þarna út ákveðin atriði án samhengis við aðrar tillögur eða annað

samhengi í álitinu. Það er alltaf varasamt að vera að taka út úr nefndaráliti einhverjar ákveðnar tillögur og leggja þær fram í svona knöppum texta og í raun og veru segir greinargerðin manni afskaplega lítið um það hvernig þetta eigi að útfæra nánar. Og það er vægast sagt mjög varasamt þegar verið er að gera þó þetta viðamikla breytingu sem getur haft þetta mikil áhrif.

Mér er sagt að það sé ekki rétt að þetta frv. sé byggt á tillögum nefndarinnar og ef maður skoðar athugasemdir með frv. þá er tekið fram að til þess að koma tillögunum í framkvæmd sé nauðsynlegt að koma á mjög nánu samstarfi stjórnenda sjúkrahúsanna. Af þessu dreg ég þá ályktun, og ég bið hæstv. ráðherrann að leiðrétta mig ef þetta er ekki rétt, að þetta sé hennar leið til að útfæra þessar tillögur en ekki í sjálfu sér sú leið sem nefndin beinlínis leggur til. En þegar upp er staðið er frv. í raun og veru fyrst og fremst um þetta samstarf. Það er um það hvernig fyrirkomulagið eigi að vera í þessum málum en ekki um það hver verkefni ráðsins eigi að vera. Það er minna lagt upp úr því og þar eru vægast sagt skilin mjög óljós. Ráðherra er falið mikið vald, það hefur réttilega verið tekið hér fram. Hann getur samkvæmt frv. falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar, samninga við starfsfólk og samræmingu starfsmannastefnu. Jafnframt getur ráðherra falið ráðinu rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum. Síðan er reyndar tekið fram í grg. að ráðherra sé t.d. heimilt að fela ráðinu ákveðin verkefni. Mér finnst því engan veginn ljóst hversu langt er hægt að ganga í þessum efnum. Þótt hæstv. ráðherra vísi til þess að það sé hennar einlægur vilji að reyna að spara í heilbrigðiskerfinu og hagræða hlýtur í fyrsta lagi að þurfa að gera það þannig að það valdi ekki enn meiri óvissu og enn meiri ringulreið í heilbrigðiskerfinu en orðið er. Auk þess sé ég ekkert í þessu frv. sem tryggir þann sparnað sem hæstv. ráðherrann er að stefna að. Það er vissulega sagt að það eigi að miða að hagræðingu og hagkvæmni í rekstri og allt það. En það er ekkert sem tryggir að það verði gert.

Mér sýnist að hér sé verið að stíga stærra skref en svo að það verði gert af örþreyttum þingmönnum í lok þingstarfsins án þess að formlegrar umsagnar sé leitað til þeirra sem hlut eiga að máli og eiga að koma að þessu máli. Ég tel að það þurfi mun meiri undirbúnings við. Hæstv. ráðherrann þarf að skýra það betur út fyrir mér a.m.k. hvað hér er verið að gera. Hvernig á að fara með ágreiningsmál sem upp kunna að koma, t.d. á milli stjórna sjúkrahúsanna og svæðisráðsins? Ætlar hæstv. ráðherra að höggva á þann hnút þegar hann kemur upp? Og ég segi þegar vegna þess að það er nú þegar ljóst að stjórnir a.m.k. einhverra af þessum sjúkrahúsum eru mjög óánægðar með þetta mál og telja það bjóða upp á fullkominn glundroða í yfirstjórn spítalanna. Þær telja það vera lagt fram án nægjanlegs samráðs við þær þannig að það er nokkuð fyrirsjáanlegt að það verður ekki fullkomin eining um þetta.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Hvar á sparnaðurinn að vera tryggður eða öllu heldur hvernig á að tryggja sparnaðinn sem stefnt er að? Eins og ég sagði áðan sé ég ekkert í frv. sem tryggir það að sparnaður hljótist af þessu og allra síst tel ég það geta orðið ef ráðið starfar í óþökk stjórna sjúkrahúsanna og ef umboð þess er vefengt í hverju málinu á fætur öðru.

Ég deili áhyggjunum með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um skipan ráðsins. Ráðherra hefur mikil völd um skipunina auk þess sem hlutur stóru og dýru sjúkrahúsanna er að mínu mati mjög rýr þar sem þeim er gert jafnt undir höfði í stjórninni og hinum án tillits til stærðar eða eðli starfseminnar að öðru leyti. Það er ekki einfalt mál, herra forseti, að ætla að samræma stjórnir spítalanna eða yfirstjórn spítalanna á þennan hátt. Ég vil segja að þarna sé um að ræða hálfkák því það er ekki tekið nægilega tryggilega á þessum málum og ekki tekið nægilega af skarið um það hvernig þeim eigi að vera fyrir komið að mínu mati. Það er margt í gagnrýni hæstv. ráðherra á starfshætti spítalanna sem á fyllilega rétt á sér í sumum tilvikum. Ég get tekið undir það með henni að það er spurning hvort ekki þurfi að gera eitthvað til þess að koma í veg fyrir t.d. að læknar séu í tvöfaldri vinnu o.s.frv. En hitt er annað mál að það verður að gera það þannig að það sé ljóst hver niðurstaðan eigi að verða. Mér sýnist sú niðurstaða sem lögð er til hér ekki bjóða upp á neitt annað en enn frekari glundroða. Hún virðist engan veginn til þess fallin að leysa neitt af þeim vandamálum sem fyrir hendi eru. Ég verð þó að segja eins og er að aðferðafræðin kemur kannski ekki á óvart. Við erum enn og aftur að heyra talað um samráð sem enginn kannast við nema kannski hæstv. ráðherra. Það virðist benda til þess að hér sé enn og aftur um að ræða hinn landlæga misskilning sem ríkir hjá hæstv. ríkisstjórn um það hvað felist í hugtakinu samráð. Það hugtak hefur verið margrætt í ræðustól hins háa Alþingis nú á þessu þingi og enn og aftur kemur fram þessi undarlegi skilningur hæstv. ríkisstjórnar á því hvað felist í því hugtaki. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að íhuga hvort ekki sé hægt að vinna betur að undirbúningi þessa máls og ég hvet líka hv. þingmenn til þess að sjá til þess að málið fari ekki í gegnum þingið eins og það er nú útbúið og án þess að það fái eðlilega umfjöllun þeirra aðila sem málið snertir.

[18:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það komu nokkrar fyrirspurnir frá hv. síðasta ræðumanni sem ég vil svara. Hann talaði um það að kynning hafi ekki verið nógu mikil á þessu máli á sjúkrahúsunum og þá er hún að tala um skýrsluna sem við höfum vitnað í. Þegar skýrslan var lögð fram var kynning á öllum sjúkrahúsunum á þessum tillögum og í bakhópi þessarar nefndar voru stjórnarformenn þessara sjúkrahúsa. Og þeir hljóta að hafa kynnt sínar tillögur í stjórninni því þeir voru náttúrlega til þess í þessum bakhópi. Alla vega hef ég fengið síðan athugasemdir frá þessum sjúkrahúsum þannig að það er alveg ljóst að þetta var mjög vel kynnt.

En það er alltaf svo að menn ná ekki fullkomu samkomulagi, ekki um allt og við alla. Til þess eru hagsmunirnir allt of miklir í þessu máli.

Varðandi það sem snýr að frv. um samninga við starfsfólk gat ég þess í upphafi máls míns að til þess að koma til að koma til móts við borgina væri ég tilbúin til að taka þessa setningu út úr frv. En jafnvel þótt þessi setning væri inni í frv. er ekki hægt að kalla það einhverja sérstaka íhlutun í buddu borgarinnar því raunveruleikinn er sá að ríkið borgar allan rekstur þessara stofnana. Það má ekki gleymast í þessari umræðu.

Ég held að það sé mikill misskilningur í því fólginn hjá hv. þm. þegar hún telur að það muni skapast óvissa og glundroði af því að ekki sé ljóst hverjir stjórna. Þetta ráð fær viss verkefni og í þessu ráði eru formenn stjórnanna sem eru að sjálfsögðu tengiliðir inn í aðalstjórnina. En þarna er verið

að fela þessu samstarfsráði viss verkefni og ég hef sagt það oft í dag úr þessum ræðustól nákvæmlega hvað sparast með þessu. Það er talið að það sparist um 230 millj. kr. árlega með því að samhæfa vissar deildir sem faglega er hagkvæmt að sameina.

[18:20]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en þau eru samt ekki fullnægjandi að mínu mati. Hæstv. ráðherra sagði að fram hefði farið kynning á spítölunum um tillögur nefndarinnar. Ég ætla ekki að vefengja það. Það er eflaust satt og rétt hjá hæstv. ráðherranum. Það sem ég var fyrst og fremst að gagnrýna er að stjórnum sjúkrahúsanna skuli ekki gefið tækifæri á að gefa formlega umsögn um málið eins og það endanlega er lagt fyrir þingið. Þetta frv. er það sem verður að lögum. Ég var að reyna að benda á það áðan að eitt væri nefndarálit með kannski ítarlegum útfærslum á einhverjum hlutum og annað stutt lagabreyting með stuttri greinargerð. Og þó hún eigi að vera byggð að mestu leyti á tillögum nefndarinnar þá eru það lögin ein sem eftir standa og greinargerðin er lögskýringagagnið en ekki nefndarálitið. Það er því mjög mikilvægt að þeim sem eiga að gefa umsögn um málið sé gefinn kostur á því að gefa um það umsögn eins og það endanlega lítur út og er lagt fyrir þingið.

Þeir sem ég hef verið að spyrja um þetta mál hafa fullyrt að hér sé ekki byggt á tillögu nefndarinnar að öllu leyti. Það sé verið að taka það að hluta til en að öðru leyti ekki. Auðvitað skiptir það höfuðmáli jafnvel þótt málið hafi verið kynnt á sínum tíma að gefin sé formleg umsögn um það mál sem hér er til umræðu og verður að lögum frá Alþingi Íslendinga. Og ég hef ekki enn fengið svar frá hæstv. ráðherra um það hver ræður ef stjórnir sjúkrahúsanna eru ósammála ráðinu um einstaka ákvarðanir sem snerta þau mál sem ráðinu er falin. Er verið að koma því þannig fyrir að það sé verið að taka þennan málaflokk fyllilega frá stjórnum sjúkrahúsanna og færa hann yfir á þetta ráð? Óttast ráðherrann ekki að það komi upp ágreiningur um tiltekið mál sem kunni að vera á mörkum þessara málaflokka og einhverra annarra málaflokka? Hver er það þá sem í raun úrskurðar um það hvar verkefnin eigi að vera? Er það fyllilega skýrt að mati ráðherrans?

[18:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það fyllilega ljóst hvar ráðum er ráðið. En hv. þm. spyr hvort ég óttist ekki ágreining. Ég efast ekki um ágreining. Að sjálfsögðu verður ágreiningur um þetta mál. Það verður einfaldlega ekki hjá því komist. Við erum hér að tala um starfsmenn, sennilega 5.000 manns. Þeir verða aldrei á einu máli um það hvernig á að stýra þessum hlutum.

Varðandi það að sjúkrahússtjórnirnar eigi að koma að þessu frv. tel ég alveg einsýnt að þeir gefi umsögn um þetta mál og þeir verði kallaðir til hv. heilbr.- og trn. og gefi að sjálfsögðu umsögn um frv. eins og það liggur fyrir.

[18:24]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil enn og aftur þakka fyrir þau svör sem hæstv. ráðherra gaf hér. Ég hef samt enn ekki fengið svar við þeirri spurningu hver það er sem á að skera úr ef ágreiningur kemur upp. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að koma því á framfæri síðar. Þótt hæstv. ráðherra sé sannfærður um það hvar valdið sé og hver eigi að skera úr um ágreiningsmál finnst mér engan veginn skýrt eins og lögin munu líta út eftir þessa breytingu, þ.e. ef hún verður samþykkt, hver eigi að hafa endanlegt úrskurðarvald um það hvar einstök verkefni eigi að vera og einnig er óljóst, ef til ágreinings kemur, hvort verkefnið tilheyrir þessum viðkomandi málaflokkum eða ekki.

[18:25]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég hef óskað að taka til máls í þessum umræðum um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég vil byrja á því áður en lengra er haldið að endurtaka ýmislegt af því sem fór fram í þingsölum í dag. Meðal annars vil ég aftur lýsa óánægju minni með það að hæstv. ráðherra skyldi í umræðu um lokanir sjúkradeilda og fjárhagsvanda sjúkrahúsanna í Reykjavík núna þessa vikurnar, dagana og mánuðina blanda saman málum og kalla yfir þingið þá umræðu sem fór fram og með því leiða umræðuna í raun frá því mikilvæga máli sem þá var á dagskrá. Nú er þetta mál komið formlega á dagskrá þannig að hægt er að ræða það.

Herra forseti. Ég hef löngum verið talsmaður þess að komið verði á skipulagi heilbrigðismála í landinu. Ég tel mjög brýnt að svo sé gert. Verkaskipting sjúkrahúsa verði skýrð, ekki bara sjúkrahúsa í Reykjavík eða Reykjavíkursvæðinu, heldur enn fremur að ákveðin verkaskipting verði skýrð á milli sjúkrahúsa, annars vegar höfuðborgarinnar og hins vegar landsbyggðarinnar. Ég held að það sé mikilvægt að það sé rætt og ákveðið í sátt og samlyndi hvaða þjónustu hver stofnun er fær um að veita hver um sig og hverju skuli vísað til t.d. sérhæfðu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Það var stigið skref í þessa átt til að sameina sjúkrahús þegar Borgarspítalinn í Reykjavík og Landakot voru sameinuð undir einni stjórn og heitir þá Sjúkrahús Reykjavíkur. Það hefur verið víða rætt um samstarf sjúkrahúsa, ekki bara hér á landi heldur líka erlendis. Það má vísa til þess að í Kaupmannahöfn hefur verið stofnað til mjög náins samstarfs sjúkrahúsanna þar. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að skipað verði svæðisráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi, Ríkisspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur, Sjúkrahúss Suðurnesja í Reykjanesbæ og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Eins og fram kemur í frv. á það að vera hlutverk þessa svæðisráðs að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssviðs og þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þeirra. Þá er enn fremur kveðið á um það í þessu frv. að ráðherra geti falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar, samninga við starfsfólk og samræmingu starfsmannastefnu eins og svo oft hefur verið komið inn á í dag. Þá er svæðisráðinu ætlað að fylgjast með því að það sé gætt fyllstu hagkvæmni í rekstri sjúkrahúsanna og þau starfi í samræmi við fjárveitingar og þær áætlanir sem gerðar hafa verið.

Hæstv. heilbrrh. hefur í dag gert grein fyrir tilurð þessa frv. og skýrt fyrir Alþingi að þetta sé afurð nefndar sem vann undir stjórn heilbrrn. að tillögum í þessa átt. Það hefur líka komið fram í máli hæstv. ráðherra að vegna þeirra breytinga sem urðu á starfsemi sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. þegar Sjúkrahús Reykjavíkur var stofnsett, væri nauðsynlegt að breyta lögum um samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og m.a. þess vegna er þetta frv. lagt fyrir Alþingi.

Herra forseti. Ég get tekið undir það að margt í tillögunum sem fram koma í þessu frv. er áhugavert og til þess fallið án minnsta vafa að auka hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni. Ég tel mikilvægt að farið sé vel með þá fjármuni sem til heilbrigðisþjónustunnar er varið. *Ég tel mjög mikilvægt* að sjúkrahúsin fái skýra verkaskiptingu til þess einmitt að geta nýtt fjármuni sem best. Ég held hins vegar að það hefði verið mikilvægt á þessu stigi að það væri skoðað enn betur hvernig við hefðum hugsað okkur að koma á skipulagi heilbrigðisþjónustunnar í landinu öllu. Það hefur fram í máli hæstv. ráðherra að verið sé að vinna að tillögum um starfsemi sjúkrahúsanna eða þessara heilbrigðisumdæma eins og mér skilst að þau hafi verið nefnd. Það liggur ekkert fyrir um það hvernig þeim málum verði skipað. Ég neita því ekki, herra forseti, að ég hefði talið eðlilegt að það kæmi til umræðu og þetta væri allt skoðað í samhengi, höfuðborgarsvæðið og landið allt.

Herra forseti. Það hefur komið mjög oft og ítarlega fram í dag að svo virðist sem samráð um þetta mikilvæga mál hafi ekki verið haft við stjórnir þeirra sjúkrahúsa sem hér eru til umræðu. Það sýna viðbrögð fulltrúa Reykjavíkurborgar og fulltrúar stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur og það sýna líka viðbrögð stjórnar sjúkrahússins í Keflavík eða Sjúkrahúss Suðurnesja. Það leiðir hugann að því hvernig þetta hefur verið unnið því þrátt fyrir að nefndin sem þessa tillögu vann hafi verið skipuð fulltrúum þeirra stofnana sem hér um ræðir, þá hefur málið einhverra hluta vegna ekki farið til formlegrar umfjöllunar stjórnar þessara sjúkrahúsa.

Þó svo ég geti tekið undir að það sé mjög mikilvægt að samræma og koma á skýrri verkaskiptingu sjúkrahúsanna, *þá hef ég engu að síður ákveðnar efasemdir um það hversu* stórt þjónustusvæði slíkra svæðisráða, ef til kæmi, skuli vera. Ég hef ákveðnar efasemdir um það að t.d. eitt sjúkrahús eins og sjúkrahúsið á Reykjanesi, sjúkrahúsið í Keflavík eigi að koma inn í þetta án þess að maður skoði eins og fram hefur komið í dag stöðu Sjúkrahúss Suðurlands og Sjúkrahússins á Akranesi því að fjarlægð þessara sjúkrahúsa er ekkert meiri frá höfuðborgarsvæðinu en Sjúkrahúss Keflavíkur og er óeðlilegt að taka það eitt sér út.

Þá hef athugasemdir við þær tillögur sem hér liggja fyrir um fulltrúa í svæðisráðinu. Ég geri ráð fyrir því að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík, Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalar hafi við það einhverjar athugasemdir fram að færa að *þeirra vægi í slíku svæðisráði sé jafnmikið og minni* sjúkrahúsanna. Þetta hefur varla verið rætt en mun sjálfsagt kalla á einhver viðbrögð frá stjórnum þessara sjúkrahúsa.

Herra forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það gæti hugsanlega náðst einhver sátt um skipulag og nánara samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík og jafnvel á Reykjanesi en það þarf að ræða við þá aðila sem þar þurfa að koma að. Ég geri mér grein fyrir því að mikil vinna hlýtur að vera fram undan í því að skýra nánar hvað fyrir mönnum vakir með þessu frv. því að það hafa ekki allir haft tækifæri hvorki á Alþingi né í stjórnum þessara sjúkrahúsa til að kynna sér ítarlega þær tillögur sem umrædd nefnd skilaði frá sér.

Ég vil aftur víkja að skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á landinu öllu og beina þeim spurningum til hæstv. heilbrrh. hvort það væri ekki eðlilegt að öll þessi mál væru rædd í samhengi hvert við annað og eins og ég sagði áðan að það yrði komið með tillögur um það hvernig verkaskipting sjúkrahúsanna skal vera, hvort sem það er í Reykjavík þar sem sérhæfðu sjúkrahúsin eru eða úti á landsbyggðinni og þá a.m.k. að verkefni sjúkrahúsanna þar og verkaskipting væri líka skýrð og hvaða þjónustustig á að vera þar. Ég geri þetta að umtalsefni vegna þeirra hugmynda sem hafa flogið í umræðunni um þessi heilbrigðisumdæmi — ég hef ekki *heyrt neitt annað nafn um þetta, herra forseti* — því ég hef ákveðnar efasemdir og óttast að verði ekki gengið svo frá málum að það sé okkuð ljóst hvaða þjónustu þessar stofnanir eiga að veita í framtíðinni, þá getum við staðið frammi fyrir því — þar sem þeim mun falið það verkefni jafnvel að stýra öllu fjármagni heima í héraði — þá gæti maður óttast að það væri í raun og stundum verið að setja átthagafjötra á sjúklinga. Það gæti snúist upp í það, herra forseti, að menn sæju fremur hag í því að halda sjúklingum heima í héraði heldur en að senda þá til sérgreinasjúkrahúsanna í Reykjavík. Og þá spyr maður hvort það gæti þá ekki leitt til þess að það mundi ríkja ójafnræði og það mundi stuðla að því að fólki væri mismunað með tilliti til aðgengis að heilbrigðisþjónustunni.

Ég tel að það hefði verið farsælla í þessari stöðu að þetta mál kæmi ekki inn á Alþingi fyrr en vinna við öll þessi mál er komin lengra og á lokastig þannig að menn gætu skoðað skipulag heilbrigðisþjónustunnar í landinu í heild.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það er margt á höfuðborgarsvæðinu sem þarf að skýra. T.d. þarf að koma á betra skipulagi og þjónustu við aldraða, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem í raun ríkir ófremdarástand. Þá á ég við þjónustu öldrunardeilda. Það er enn fremur mjög mikilvægt, eins og fram kemur í þessu frv., að koma skipulagi á endurhæfingarmálin og tryggja að fólk hafi aðgang að þessari mikilvægu þjónustu.

Herra forseti. Ég held að það væri mjög skynsamlegt af hæstv. heilbrrh. *að vísa þessu máli til vinnu í sumar til* heilbrn. Alþingis sem mundi þá hafa tíma til þess að kalla til þá aðila sem hljóta að verða að koma að málinu. Það hlýtur að þurfa að fá formlega umsögn stjórna þessara sjúkrahúsa sem eiga í hlut en það hefur ekki gefist enn svigrúm til þess.

Þá vil ég enn fremur hvetja hæstv. heilbrrh. til þess að það verði reynt að koma á einhverri heildarsýn í þeirri vinnu sem nú er í gangi í heilbrrn. um skipulag heilbrigðisþjónustunnar á landsvísu, vinnu sem hópur um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni á að vinna og fleiri mál sem eru til umræðu og snerta þetta mikilvæga mál, þannig að Alþingi og þeir aðilar sem að málunum þurfi að koma hafi tækifæri til þess að skoða þetta mál í heild sinni.

Ég vil gjarnan gera að umtalsefni á nýjan leik orð hæstv. heilbrrh. sem féllu í dag um að með andófi stjórnarandstöðu væri verið að koma í veg fyrir hagræðingu á sjúkrahúsunum og auka á fjárhagsvanda þeirra jafnvel. Herra forseti. Ég tel þetta vera tvö aðskilin mál. Ég tel að við stöndum frammi fyrir ákveðnum og mjög alvarlegum fjármagnsskorti stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu. Við stöndum frammi fyrir því að lokanir á sjúkradeildum á höfuðborgarsvæðinu hafi aldrei verið meiri. Þetta er vandi sem þarf að leysa nú þegar. Frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem lýtur að skipun sjö manna svæðisráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík er auðvitað mál sem snertir framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustunnar og verður að ræðast sem slíkt. Þó að hæstv. ráðherra hefði tekist að koma þessu máli í gegnum þing, þá hefði það ekki orðið til þess að leysa þann vanda sem við okkur blasir nú varðandi lokanir sjúkradeilda. Ég vil því, herra forseti, endurtaka áskorun mína til hæstv. ráðherra um að líta á þessi mál sem tvö aðskilin mál, taka til við að leysa þau vandamál sem

sjúkrahúsin í Reykjavík standa frammi fyrir núna og gefa síðan heilbrigðisnefnd Alþingis og öðrum sem að málinu þurfa að koma tækifæri til þess að nota sumarið og skoða málið í heild sinni þannig að við gætum hugsanlega sameinast um heildstæða skipan mála í sátt við þá sem málið varðar.

[18:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist að við séum nú meira sammála en ósammála, ég og hv. síðasti ræðumaður. Við erum þó ekki sammála um að málefni dagsins í dag og málefni dagsins á morgun séu tvö aðskilin mál vegna þess að einhvers staðar verður að byrja. Og þegar menn tala um að það vanti heildarsýn í heilbrigðismálum, þá er ég sammála því.

Hér erum við að sjá heildarsýn varðandi málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi og ég endurtek, sem velta um 11–12 milljörðum á ári. Það skiptir máli. Við erum þessa dagana að fá tillögur um skipan mála í héruðum. Þetta rímar við það nákvæmlega, eins og ég sagði áðan, þannig að núna fyrst erum við að fá þessa heildarsýn og þá hljóta menn að vera tilbúnir að vinna að því sameiginlega. Ég trúi ekki öðru. Og af því að menn tala um að þetta komi seint og það sé útilokað að afgreiða þetta fyrir þinglok o.s.frv., þá minni ég á að það voru tekin svo stór skref í Kaupmannahöfn fyrir ekki alllöngu síðan að á einni nóttu voru öll sjúkrahúsin á Kaupmannahafnarsvæðinu sameinuð. Við erum þó ekki að tala um sameiningu sjúkrahúsa hér. Við erum aðeins að tala um aukna samvinnu.

[18:45]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, við erum að tala um tvö aðskilin mál. Við erum að tala um vanda dagsins í dag sem er mjög alvarlegur hjá mörgum sjúkrastofnunum og sjúkradeildum, að mínu mati sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Síðan erum við að tala um framtíðarskipun heilbrigðismála í landinu. Ég tel að það þurfi einmitt að gefa sjúkrahúsunum hér á höfuðborgarsvæðinu vinnufrið og ró til að geta sinnt þeirri mikilvægu þjónustu sem þeim ber að sinna á meðan verið er að vinna að heildarskipulagi. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að vinnutillögur um skipan sjúkrahúsmála á landsbyggðinni séu að líta dagsins ljós og því hefði verið mjög fróðlegt fyrir Alþingi að sjá þessar tillögur í heild sinni í samhengi við þær tillögur sem hér eru fram bornar. Ég tel að við séum að tala um tvö aðskilin mál. Það þarf að leysa þennan bráðavanda í dag til þess að sjúkrahúsin hafi vinnufrið í sumar og geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki. Og þegar þing kemur saman í haust verður vonandi komin sátt um það hvernig málum skuli skipað til framtíðar.

[18:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það frv. eða réttara sagt efnið í því frv. sem hér er hreyft er stórt og mikið. Eins og hæstv. ráðherra sagði er þetta í framhaldi af skýrslu sem nefnd um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi skilaði af sér í mars 1996. En tildrögin voru þau að hæstv. ráðherra skipaði þá nefnd til að gera tillögu til sparnaðar í rekstri með aukinni samvinnu og breytingu á vinnuferli. Þessi nefnd hefur unnið ágætt starf enda má það vera því bæði formaður nefndarinnar og varaformaður voru þar í fullu starfi eftir því sem segir í skýrslunni og þar að auki ráðinn starfsmaður á launum. Það virðast því þrír starfsmenn hafa verið í fullu starfi á launum og eins og aðstaða er til þá hafa þeir skilað af sér góðu verki. Ég er ekki að gagnrýna það, bara vekja athygli á því sem segir um það í þessari skýrslu.

Ég vil aðeins, virðulegur forseti, lesa upp tillögur nefndarinnar í lok skýrslunnar. Þar segir í samantekt á bls. 25, með leyfi forseta:

„Tillögur til sparnaðar í rekstri með aukinni samvinnu og breytingu á vinnuferlum.

1. Lagt er til að sjúklingar verði fluttir úr bráðarúmum í endurhæfingar-/öldrunarrúm, aðstaða sköpuð fyrir öldrunarrúm á Landakoti annars vegar og hins vegar verði opnuð endurhæfingarrúm á Grensási eftir samsetningu þess sjúklingahóps sem bíður úrræða á bráðadeildum."

Þetta er 1. tillaga. Hvernig og hvar er þetta leyst? Þetta er leyst í heilbrrn. með tillögu um fjárveitingar til Alþingis til að gera breytingar á þjónustu stofnana.

„2. Sjúklingar úr Hátúni verði fluttir á Landakot."

Hvar er þetta leyst? Þetta er leyst í heilbrrn. fyrir tilverknað Alþingis í fjárlögum.

„3. Aukin verði aðstaða fyrir öldrunarmats-/lækningadeild t.d. í núverandi húsnæði taugadeildar Landspítalans (12-15 rúm). Komið verði á skipulagðri samvinnu taugadeilda og endurhæfingardeilda Landspítalans og Sjúkrahúss Reykjavíkur."

Hvar er þetta mál leyst, virðulegi forseti? Í heilbrrn., með tillöguflutningi á Alþingi við fjárlagaafgreiðslu annars vegar og hins vegar fyrir forgöngu heilbrrn. í samstarfi við Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítala.

„4. Lagt er til að veita sjúklingum sjúkrahústengda heimaþjónustu en með því er átt við þjónustu hjúkrunarfræðinga, lækna og annars fagfólks í heimahúsi sem annars væri veitt á sjúkrahúsi. Um er að ræða hærra þjónustustig heldur en veitt er af heimahjúkrun í dag."

Hvar er þetta leyst, virðulegi forseti? Þetta er leyst af heilbrrn. í samvinnu við heilsugæslustöðvarnar í Reykjavík annars vegar og aðila eins og heimahjúkrun Krabbameinsfélagsins hins vegar. Í þriðja lagi á öldrunardeildum sjúkrahúsanna og fyrir tilhlutan sérstakrar fjárveitingar frá Alþingi með breytingu á fjárveitingu frá Alþingi sjálfu.

„5. Lagt er til að hafin verði meðhöndlun húðsýkinga og bláæðasega í heimahúsum með sjúkrahústengdri heimaþjónustu."

Hvar er þetta leyst, virðulegur forseti? Í heilbrrn. og e.t.v. með tilhlutan Alþingis ef um er að ræða viðbótarfjárveitingu eða breytingu á fjárveitingu til einstakra verkefna.

„6. Lagt er til að augndeild Landakots verði flutt í Fossvog. Hugað verði að göngudeild á B-2."

Hvar er þetta leyst, virðulegur forseti? Hjá stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur í samvinnu við hæstv. heilbrrh.

„7. Lagt er til að skipulega verði unnið að staðlaðri meðferð, kjörmeðferð, ákveðinna sjúklingahópa allt frá innlögn til útskriftar."

Hvar er þetta leyst, virðulegi forseti? Í heilbrrn. í samvinnu við viðkomandi deildir sjúkrahúsanna og stjórnir sjúkrahúsanna í Reykjavík.

„8. Lagt er til að vinnuhlutfall lækna og hjúkrunarfræðinga, sem og annarra starfsmanna verði endurskoðað með tilliti til hagsmuna stofnana."

Hvar er þetta leyst, virðulegi forseti? Þetta er leyst á stofnunum sjálfum, m.a. að frumkvæði heilbrrn. og m.a. með útfærslu á einhvers konar kerfi líkt tilvísunarkerfi sem

beið á borði hæstv. heilbrrh. þegar heilbrrh. tók við völdum. Það hefur því miður ekki náð fram að ganga og er nú að valda því að heilsugæslulæknar landsins eru að ganga frá störfum sínum í haust vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um það hvernig eigi að skilja á milli sérfræðiþjónustu og heilsugæslu og heimilislæknaþjónustu.

„9. Lagt er til að mönnunarmódel starfsfólks verði yfirfarin til að tryggja hagstæða nýtingu á öllu starfsfólki og til að tryggt verði að hæfilega margt fólk sé á vöktum. Vaktir sérfræðinga verði samræmdar og einfaldaðar þar sem við á."

Hvar er þetta leyst, virðulegi forseti? Hjá sjúkrastofnununum sjálfum enda hefur það verið gert. Slíkt átak var gert fyrir u.þ.b. tveimur og hálfu ári hjá þáv. Borgarspítala og núv. Sjúkrahúsi Reykjavíkur með þeirri niðurstöðu að verulegir fjármunir spöruðust.

„10. Lagt er til að gjaldtaka fyrir þjónustu við sjúklinga á ferli inni á sjúkrahúsunum og utan þeirra sé samræmd og að greiðsla til þeirra sem þjóna þessum sjúklingum sé einnig samræmd."

Hvernig verður þetta, virðulegi forseti? Þetta verður til fyrir tilverknað heilbrrn. og reglugerðar sem hæstv. heilbrrh. gefur út sjálfur.

„11. Lagt er til að gerðir verði tímabundnir þjónustusamningar við sjúkrahúsin til að stytta biðlista fyrir liðskiptaaðgerðir og hálskirtlatöku. Til þess þarf sérstaka fjárveitingu."

Hvar er það leyst, herra forseti? Hér á Alþingi. Þetta hefur verið leyst *á undanförnum þremur árum fyrir frumkvæði* bæði núv. og þáv. heilbrrh. og fyrir tilverknað fjárveitinga frá Alþingi Íslendinga.

„12. Lagt er til að hópur sérfróðra aðila, hjúkrunarfræðinga, lækna og rekstrarsérfræðinga vinni að endurskipulagningu og komi með tillögur um hvernig bæta megi nýtingu á skurðstofum."

Hvar er þetta unnið, virðulegur forseti? Þetta er unnið að tilhlutan heilbrrn. sem ætti að skipa slíkan hóp sérfróðra aðila til að koma með tillögur og flytja þær síðan inn á Alþingi í framhaldi af því.

„13. Lagt er til að myndaðir verði kjarnahópar sérfræðinga í sérgreinum skurðlækninga sem tryggi þjónustu við sjúklinga í fyrstu í bæklunarlækningum og lýtalækningum."

Hver gerir þetta, virðulegur forseti? Það er heilbrrh. sjálfur.

„14. Lagt er til að 200 millj. kr. fjárveitingu sem ætluð var til hagræðingar verði skilað aftur til sjúkrahúsanna."

Hver leysir þetta viðfangsefni og uppfyllir þessa tillögu, virðulegi forseti? Það er hæstv. heilbrrh. í samvinnu við hæstv. fjmrh.

„15. Lagt er til að sérstök fjárveiting, sem ekki er tekin af fjárveitingu sjúkrahúsanna, verði lögð í hagræðingarsjóð og úthlutað verði úr sjóðnum eftir nákvæmt mat á þeim umsóknum sem þegar liggja fyrir með tilliti til sparnaðar og hagræðingar."

Hvernig er þetta mál leyst, virðulegi forseti? Það er leyst með samstarfi fjmrh. og hæstv. heilbrrh.

„16. Lagt er til að skoðað verði að ráða einn starfsmannastjóra fyrir sjúkrahúsin öll og sameina launadeildir."

Hver leysir þetta viðfangsefni, virðulegi forseti? Það er hæstv. heilbrrh. sem á að gera það í samvinnu við stjórnir sjúkrahúsanna.

„17. Lagt er til að skoða betur hagkvæmni þess að sameina þvottahús sjúkrahúsanna."

Hvernig er það gert, virðulegi forseti? Það er gert fyrir atbeina heilbrrh., m.a. við afgreiðslu fjárlaga.

„18. Lagt er til að undirbúið verði að færa heim þær aðgerðir sem augljóslega er hagkvæmt að gera hérlendis."

Hvernig er þetta leyst, virðulegi forseti? Þetta er leyst að frumkvæði hæstv. heilbrrh. við fjárlagagerð á Alþingi.

„19. Lagt er til að miðstöð krabbameinslækninga verði á Landspítalanum."

Hver leysir þetta, virðulegi forseti? Þetta er leyst í heilbrrn. af heilbrrh. með tillögugerð á Alþingi um að breyta fjárveitingum til spítalanna þannig að þetta nái fram að ganga.

„20. Lagt er til að komið verði á nánu samstarfi um klínískar þjónusturannsóknir. Sjaldgæfar rannsóknir verði einungis gerðar á einum stað."

Hver getur leyst þetta, virðulegi forseti? Hæstv. heilbrrh. í samstarfi við stjórnir sjúkrahúsanna í Reykjavík og fyrir tilstuðlan Alþingis sem er fjárveitingavaldið sem afgreiðir fjárveitingar til sjúkrahúsanna.

„21. Lagt er til að skoða hvort hagkvæmt sé að auka samvinnu eða sameina eftirfarandi sérgreinar: Smitsjúkdóma, þvagfæraskurðsjúkdóma, nýrnasjúkdóma, innkirtlasjúkdóma, geðsjúkdóma."

„22. Lagt er til að áfram sé unnið að því að leggja niður þjónustu í óhentugu húsnæði, en nýta til fulls húsnæði sjúkrahúsanna."

Hverjir leysa þetta hvort tveggja, virðulegi forseti? Það eru stjórnir sjúkrahúsanna fyrir frumkvæði hæstv. heilbrrh.

Þá eru upptaldar tillögurnar í skýrslunni um samstarf sjúkrahúsa í samantekt skýrsluhöfunda. Þetta eru þær 22 tillögur sem upp eru taldar og margar mjög merkar og gagnlegar. Hvert er svo frv. sem lagt var fram á Alþingi til að tryggja framgang þessara mála? Það er þetta frv. sem hér liggur fyrir sem tekur eina og hálfa prentaða síðu og er um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu til að skipa svæðisráð sjúkrahúsanna í Reykjavík. Og skýrsla nefndarinnar um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík er ekki einu sinni prentuð með sem fylgiskjal. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta eru nú ekki mikil viðbrögð við þeirri skýrslu. Að vísu er það fram tekið á einum stað í skýrslunni að það sé hagkvæmt að stofna svæðisráð sjúkrahúsa í Reykjavík og á Reykjanesi eða hluta Reykjaness í stað samstarfsráðs sjúkrahúsanna sem fyrir var og fá því nokkur verkefni. Það er talið í skýrslunni sem viðhengi við hina raunverulegu tillögugerð um aðgerðir sem fyrst og fremst á að grípa til af þremur aðilum með stuðningi þess fjórða. Frumkvæðið er hjá hæstv. heilbrrh. í samvinnu við stjórnir sjúkrahúsanna og Alþingi er sá aðili sem ræður mestu um það hvaða afgreiðslu þær tillögur fá. Það er ekkert af þeim tillögum í þessu frv. hér, ekki ein einasta. Þetta er bara tillaga um að búa til einn hatt til viðbótar við þá hatta sem fyrir eru í stjórnunarmálum heilbrigðisþjónustunnar í Reykjavík og stóru sjúkrahúsanna því það er ætlast til að þessi hattur leysi samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík af hólmi.

Í frv. er gert ráð fyrir því að þetta samstarfsráð fái sýnist mér sex verkefni. Í fyrsta lagi að leysa af hólmi samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í öðru lagi að sinna einstökum verkefnum á sviði öldrunar sem ráðherra felur ráðinu. Hvaða verkefni eru það? „Einstök verkefni." Þetta er ansi vítt hugtak. Það virðist vera að ráðherra geti falið ráðinu samkvæmt þessum lagatexta að sinna hvaða öldrunarmálum sem er á

öllu þessu svæði, hvort heldur sem þau tengjast sjúkrahúsþjónustu eða ekki. Þannig er orðanna hljóðan í textanum eins og hann er lagður til. Sennilega hefur vakað fyrir hæstv. ráðherra að ræða hér aðeins um öldrunarþjónustu er varðar sjúkrahúsin, t.d. að koma allri öldrunarþjónustu fyrir á einum stað eins og ég lagði til á sínum tíma og hæstv. ráðherra var mjög á móti á þeim tíma. En það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi snúist hugur og er þetta skynsamlegt út af fyrir sig. Hins vegar er það nokkuð víðtæk heimild eins og í greininni segir að ráðherra geti falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldunar og endurhæfingar. Það eru sem sé öll verkefni á sviði öldrunar og endurhæfingar á öllu þessu stóra svæði, öll verkefni sem t.d. falla undir lög um málefni aldraðra, þar er engin takmörkun. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, fyrir utan þetta sem ég hef hér nefnt, að viðkomandi svæðisráð geti tekið yfir samninga við starfsfólk. Nú fara sjúkrahúsin hvort í sínu lagi með samninga við starfsfólk sitt og samningarnir eru talsvert ólíkir eftir því hvort um er að ræða Ríkisspítala eða Sjúkrahús Reykjavíkur. Þýðir þetta að gert sé ráð fyrir uppsögn þessara aðila og samræmingu? Eða þýðir þetta að það sé ætlast til að fela samstarfsráði sjúkrahúsa að taka við samningsumboðinu af stjórn sjúkrahúsanna tveggja og þeim skuldbindingum sem felast í þeim samningum sem þar hafa verið gerðir?

Þá er líka lagt til að ráðherra geti falið þessu ráði rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta t.d. að ráðið geti ákveðið að sérfræðingar sem starfa við Ríkisspítalana og Sjúkrahús Reykjavíkur, sem starfa ekki á sama samningsgrundvelli í dag, skuli eftirleiðis starfa samkvæmt sama samkomulagi? Þýðir þetta að samningar sem t.d. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur gert við sjúkrahúslækna sína bæði um vinnu utan sjúkrahúss og um ambúlantaðgerðir í vinnutíma sínum á sjúkrahúsinu skuli yfirfærast á Ríkisspítala eða öfugt? Hvað vakir fyrir ráðherra með þjónustuhópnum? Það er ekkert sem bannar það í þessum lögum að hæstv. ráðherra geti falið þessum framkvæmdaaðila, svæðisráði sjúkrahúsanna í Reykjavík, að setja upp sérfræðingastofur úti í bæ þar sem sérfræðingar vinni á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík á fastlaunagrundvelli eða samkvæmt þeim samningum sem sérfræðingar vinna innan veggja sjúkrahúsanna þó þeir séu í nokkurs konar sérfræðingamiðstöð á vegum þeirra úti í bæ sem er þá í samkeppni við sérfræðinga sem reka eigin stofur. Allt þetta getur komið til skoðunar. Ég skal fúslega fallast á að það getur vissulega meira en vel komið til skoðunar að fela sjúkrahúsunum að starfrækja sérfræðiþjónustu með þessum hætti þar sem sérfræðingar eru fastlaunamenn í sérfræðistofum sem sjúkrahúsin reka en taki ekki laun samkvæmt þeim samningum sem sérfræðingar hafa náð í Tryggingastofnun ríkisins. Er þá farið að taka í hnúkana hjá hæstv. ráðherra sem ekki vildi fallast á tilvísunarkerfið eins og það var frágengið af minni hálfu á sínum tíma. En það getur vel verið að þetta sé skynsamleg niðurstaða og vaki það fyrir hæstv. ráðherra. Eins og frá frv. er gengið er ráðherra veitt vald til að gera þetta. Valdheimildirnar í frv. eru svo opnar að ráðherra í heilbrrn. getur gert svona hluti ef hann vill. Það getur vel verið að það sé skynsamlegt, hæstv. ráðherra, að svo sé. En þetta verður að vera nokkuð skýrt fyrir þingmönnum þegar þeir samþykkja slíkt.

Þess vegna er það að ég segi, virðulegi forseti, í fyrsta lagi er í þessu frv. ekki að finna neinar af þeim tillögum sem meginhersla er lögð á í skýrslu nefndar um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi og ekki hefur sést tangur né tetur af framkvæmd af frá því þessari skýrslu var skilað. Það er engin tillaga, engin bein tillaga sem nefndin gerir sem er að finna í frv. af þeim 22 tillögum sem nefndin leggur sjálf fram í stuttri úttekt í samantekt sinni á bls. 25 og 26 í skýrslunni. Enga þeirra tillagna er að finna í frv. þannig að viðbrögð ráðherrans við tillögunum hafa engin orðið. Það er fyrsta atriðið.

Annað atriðið er að það getur vel verið að það sé skynsamlegt sem hæstv. ráðherra er að leggja til í frv. Þetta er afskaplega opið. Það vald sem hæstv. ráðherra er að biðja um og ómögulegt er að vita á þessari stundu hvernig hæstv. ráðherra eða annar ráðherra, sem kynni að taka við af henni þegar að því kemur, einhvern tímann kemur að því, muni nota þær opnu heimildir sem þarna er verið að veita ráðherra. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að þau þrjú ár sem ég var í heilbrrn. hefði ég gjarnan viljað hafa svona heimildir. Það hefði þá ekki verið neitt vandamál fyrir mig að sameina Landspítalann og Borgarspítalann og síðan að slengja því t.d. saman við Landakotsspítala eða nota nýjar aðferðir í baráttunni við sérfræðinga í tilvísunarkerfinu, sem sé bara að fyrirskipa stjórnum sjúkrahúsanna í Reykjavík að sérfræðingar þeirra opnuðu stofur á þeirra vegum úti í bæ og störfuðu þar sem launamenn.

Ég held því, herra forseti, án þess að ég vilji fara að leggjast gegn hugmyndum hæstv. ráðherra í frv. því að ég tel þær allrar athygli verðar og nauðsynlegt að skoða þær. En hæstv. ráðherra getur ekki ætlast til þess að Alþingi afgreiði þær á næstsíðasta eða síðasta degi Alþingis áður en farið er í sumarfrí án þess að mönnum hafi gefist nokkuð ráðrúm til að skoða tillögur hæstv. ráðherra betur og sjá hvað í þeim felst og fá ráðrúm til að ræða við þá aðila sem eiga að starfa eftir þessum tillögum. Þegar hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu lagði hún höfuðáherslu á að eiga mjög góða samvinnu við fólkið í heilbrigðiskerfinu. Ég efast ekki um að hún meinar það og meinar það enn og hefur fullan vilja til þess. En að leggja frv. fram og vera að taka það til 1. umr. í dag og ætlast til þess að það verði afgreitt sem lög á morgun er ekki góð latína. Þannig mundu reyndir þingmenn ekki bera sig að og ætlast til að Alþingi afgreiddi sem lög frá Alþingi jafnstórt og viðamikið mál og hér er umrætt með svo litlum undirbúningi. En ég tel að þingmenn eigi að vera opnir fyrir þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram og skoða þær í fullri alvöru og eigi að nota sumarfrí þingsins til þess að hæstv. ráðherra geti komið hress og glaður að hausti og fengið mál sín afgreidd eftir að þau hafa fengi vandaða yfirferð af þingmönnum.

[19:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög skemmtilega ræðu. Sérstaklega fyrir það mikla hugmyndaflug sem kom fram í máli hans. Ég sé að ef hann hefði rétt fyrir sér þá væri þetta frv. sem hér er til umfjöllunar lykillinn að alræði miðað við ræðu hans. En ég veit að hann er að glettast. En vegna þess að hann taldi upp allar þessar 22 tillögur, sem eru í skýrslunni, vil ég minna hann á það og ég veit að hann veit það að lykillinn að framkvæmd þessara tillagna er þetta frv. vegna þess að þetta er meira og minna samvinna milli sjúkrahúsa sem eru sjálfstæðar einingar út af fyrir sig. Ég fagna því sérstaklega að hann gerði engar sérstakar athuga-

semdir við þessar tillögur og þótti þær góðar þannig að það veit á gott.

[19:09]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um leið og ég taldi upp tillögurnar gat ég þess hver á að framkvæma þær. Til þess að hægt sé að framkvæma þessar 22 tillögur vantar ekki svæðisráð sjúkrahúsa. Það er í flestum tilvikum hæstv. heilbrrh. sjálfur sem hefur frumkvæði um framkvæmdina, í mörgum tilvikum Alþingi sem þarf að samþykkja þær tillögur.

Það held ég að sé ekki til bóta í því efni að skipa svæðisráð sjúkrahúsa með svipuðu verksviði og samstarfsnefnd sjúkrahúsanna hafði áður vegna þess að áfram eru til staðar stjórnir hvers sjúkrahúss fyrir sig sem samkvæmt heilbrigðisþjónustulögunum bera rekstrarlega ábyrgð. Því hefur ekki verið breytt. Ég óttast mjög að svæðisráð sjúkrahúsanna verði fyrir sömu örlögum og samstarfsnefndin sem átti að vinna sama verkefni. Þar gerðist lítið annað en að forsvarsmenn Borgarspítalans deildu við forsvarsmenn Landspítalans og öfugt. Allar vonir sem menn höfðu um góðar og gagnlegar niðurstöður af starfi samstarfsnefndar sjúkrahúsanna í Reykjavík brugðust því miður vegna þess að það voru aðrir sem höfðu hina rekstrarlegu ábyrgð. Það sama er ég hræddur um að geti gerst hér. Svæðisráð sjúkrahúsanna hefur ekki hina rekstrarlegu ábyrgð á rekstri sjúkrahúsanna samkvæmt heilbrigðisþjónustulögum heldur er hún áfram hjá stjórnum þessara stofnana. Ég er því ansi hræddur um að svæðisráðið verði ekki sá framkvæmdaaðili sem hæstv. ráðherra er að vonast eftir. Ef hæstv. ráðherra vill fá slíkan samræmingaraðila á hún að sjálfsögðu að flytja tillögu hér á Alþingi um þær breytingar að ein og sama stjórn verði sett yfir Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítalann og aðra þá spítala sem hún vill sameina undir einni raunverulegri sameiginlegri yfirstjórn. Það á hún að gera en ekki að flytja tillöguna eins og hún liggur hér fyrir.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:12]

Um fundarstjórn.

Umræður um dagskrármál.

[20:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því af því hér er verið að fresta áframhaldandi umræðu um 13. mál á dagskrá sem var töluvert til umræðu fyrr í dag, á þeim nótum að stjórnarandstaðan tefði fyrir málinu þá vil ég aðeins vekja athygli á því að í þetta sinn er það ekki þingflokksformaður Alþb. eða aðrir stjórnarandstæðingar sem stöðva áframhaldandi umræðu um málið hér á þingi.

[20:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að gera athugasemd við það að forseti velji að taka heilbrigðismál af dagskrá og hefja umræðu um úthafsveiðar. Ég vil eingöngu vekja athygli á hversu undarleg vinnubrögð eru oft viðhöfð á Alþingi. Hér er búin að vera smellumræða þannig að eftir er tekið, fyrir hádegi í dag, stjórnarandstaðan ásökuð og í framhaldi af því, eftir japl og fuður, er málið tekið á dagskrá og hér hefur farið fram síðan um eftirmiðdaginn ágætis umræða um þá tillögu sem ráðherranum er svo í mun að fá að koma til nefndar. Ég ætla að leyfa mér að upplýsa forseta um það að ég hef tekið þetta mál mjög alvarlega. Við erum búin að vera í önnum hér frá morgni til kvölds að undanförnu, frá morgni til kvölds í nefndarvinnu, í þingstörfum, í skjalalestri og ég veit ekki hvað á helst að nefna. Ég er, virðulegi forseti, búin að gera mitt til að lesa þá skýrslu sem liggur nú fjölrituð í hliðarherbergi vegna þess að skýrslan barst okkur þingmönnum á háannatíma okkar. Flest okkar hafa þurft að leggja skýrslurnar sem berast í bunka á borðin sín og bíða með lestur þeirra þar til hlé er á þingstörfum. Ég hefði talið það smekkleg vinnubrögð eftir það sem á undan hefur gengið í dag að láta okkur þingflokksformenn vita ...

Virðulegi forseti. Ég er að tala við forseta og ég gagnrýni það harðlega að á meðan ég er að tala við forseta skuli ráðherra standa hér að baki mér og trufla hann við stjórn fundarins þannig að hann hefur ekki hugmynd um hvaða gagnrýni ég var að bera á borð hér úr þessum ræðustóli.

Ég var að enda við að segja það, virðulegi forseti, að ég hefði talið það notalegri vinnubrögð eftir það sem hér hefur gerst í dag að upplýsa okkur þingflokksformenn um það fyrir kvöldmat að hér yrði ekki tekið til við þetta mál að loknum kvöldverði. Ég hefði nefnilega þá snúið mér að því að skoða það sem ég á ólokið varðandi úthafsveiðar en ekki eytt kvöldmatnum í að skoða skýrslu ráðherra um heilbrigðismál. Þetta, virðulegi forseti, er umræða um vinnubrögð. Ég er nú fegin því að næsti ráðherra tefur forsetann ekki mjög lengi en ég mun heldur ekki tefja lengur í þessum ræðustól, virðulegi forseti. Ég gagnrýni þessi vinnubrögð. Ég gagnrýni tillitsleysi við okkur þingflokksformenn en við leggjum okkur fram um góða samvinnu hér í þinginu.

[20:36]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þegar fundinum var frestað kl. tíu mínútur yfir sjö þá var tilkynnt að umræðum yrði haldið áfram að loknu matarhléi. Við þingmenn vissum ekki annað en að hér mundi hefjast á ný umræða um frv. hæstv. ráðherra um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. ráðherra átti ekki á öðru von því hæstv. ráðherra var mættur hér í salinn kl. hálfníu þegar þingfundur hófst áreiðanlega vegna þess að hæstv. ráðherra var við því búin að umræðurnar mundu halda áfram og vildi því vera hér við til að geta hlusta á umræður og svarað spurningum ef ástæða væri til. Þannig að það eru ekki bara þingmenn sem hafa ekki haft hugmynd um þessa breytingu heldur hefur hæstv. heilbrrh. ekki verið tjáð að þessi breyting stæði til. En það virðist vera að hæstv. sjútvrh. hafi verið sagt frá því. Hann er hér mættur.

Virðulegi forseti. Ef við hefðum vitað af þessari breytingu þá hefði okkur gefist tími til að undirbúa okkur undir það að nýtt mál kæmi hér dagskrá. En það höfum við ekki getað gert þannig að við erum ekki undirbúin að hefja umræðu um nýtt mál. Ég vildi því nú gjarnan óska eftir því að hæstv. forseti gæfi nú örstutt hlé til þess að ræða við þingflokksformenn og reyna að ná samstöðu um það hvernig þinghaldinu verður hagað í kvöld svo menn geti komið undirbúnir ef til stendur að skipta um mál á dagskránni. Ég fer þess eindregið á leit við hæstv. forseta að hann geri stutt hlé og reyni að ná samkomulagi við þingflokksformenn um það hvaða mál verði nú tekið fyrir, hversu lengi það verði rætt, hvaða mál verði

síðan tekið fyrir að því búnu og hvaða málum verði e.t.v. reynt að ljúka á þessum kvöldfundi þannig að þingmenn og ráðherrar þurfi ekki að sitja óviðbúnir eins og dæmin sanna að hefur verið hér í kvöld.

[20:38]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. þm. að það hefur ekkert mál verið tekið út af dagskrá heldur eru forsetar þingsins að leita leiða til þess að það megi ljúka umræðu um þau mál sem eru hér á dagskrá. Sá er tilgangurinn með þeirri breytingu sem hefur orðið hér á að fresta umræðunni um 13. dagskrármálið, að leita allra leiða til þess að þetta megi takast. Forseti er ekki með þeim orðum að láta að því liggja að nokkur töf af hálfu þingmanna hafi átt sér stað heldur er það einungis staðreynd að það mál sem hér var til umræðu hefur tekið mikinn tíma og þess vegna varð það niðurstaða forsetanna að fresta umræðunni um heilbrigðisþjónustuna og leita leiða eins og forseti sagði til að okkur megi takast á þessu kvöldi að ljúka þeim málum sem á dagskránni eru.

[20:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan að það komi fram að það hefur aldrei áður gerst á þessu þingi að skipt hafi verið um mál af þessu tagi án þess að rætt hafi verið við þingflokksformenn. Ég tel að hér sé ekki um að ræða það sem kalla má skipuleg vinnubrögð. Ég harma að svona er að málum staðið vegna þess að það fólk sem var á mælendaskrá fyrir þetta heilbrigðismál hefur væntanlega notað matarhléið til að undirbúa sig fyrir umræðurnar. Síðan er skyndilega skipt um efni núna og látið í veðri vaka að e.t.v. verði málið einhvern tímann seinna tekið fyrir í kvöld. Mér finnst þetta ekki góð vinnubrögð. Ég segi það alveg eins og er. Mér finnst þetta líka staðfesta að það eru auðvitað stjórnarmeirihlutinn og forsetinn sem ráða taktinum hér í málum. Það erum ekki við sem höldum þannig á málum og ákveðum hvort heilbrigðismál eru rædd eða ekki. Það var í raun og veru að okkar kröfu að þau mál voru rædd í dag. Sú umræða var held ég langt komin eða mér skilst að það hafi verið einir þrír á mælendaskrá eða svo þegar fresturinn var tekinn um kvöldmatarleytið. Ég vil spyrja til fróðleiks hæstv. ráðherra, um leið og ég tek undir með forseta að auðvitað þarf að ræða þessi mál og það væri skynsamlegast að gera hlé í þeim efnum til að ræða þetta við forseta og með formönnum þingflokkanna: Var hæstv. heilbrrh. með í ráðum um að fresta þessu máli?

[20:41]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nú er svo að skilja að því máli sem var á dagskrá fyrir kvöldmatarhlé hafi verið frestað af því að það tekur svo mikinn tíma. Það kom satt að segja ekki á óvart og mér finnst mjög merkilegt ef það hefur komið hv. forsetanum á óvart að málið tæki mikinn tíma. Það er einmitt vegna þess að það var vitað að málið tæki mikinn tíma sem áhöld voru um það hvort það færi á dagskrá. Það voru nefnilega áhöld um það. Málið komst á dagskrá og það var satt að segja fyrir frýjunarorð hæstv. ráðherrans sem málið fór í umræðu. Eftir að ráðherrann hafði haldið því fram hér í umræðu að það væri sök stjórnarandstöðunnar að það var ekki komið til umræðu og tilgreindi einstaka stjórnarandstöðuþingmenn í því sambandi, var málið tekið til umræðu. Auðvitað tekur það langan tíma. Það var vitað allan tíman að þetta er stórt mál og margir vildu ræða það vegna þess að í þessu máli, þó textinn sé ekki langur, er mikil pólitík og margt sem þarf að gaumgæfa. Ég vildi þess vegna, herra forseti, fá að vita nú hvert viðhorf ráðherrans er gagnvart því að umræðunni verði frestað. Ég lít svo á að með því að fresta þessari umræðu sé verið að setja málið í ákveðna hættu. Ég vil að það sé alveg ljóst. Það hlýtur að vera svo. Hér eru eftir önnur mál sem þurfa umfjöllunar við ef þinginu á að ljúka á morgun. Ég vil fá að vita það og vil að það komi fram að ráðherrann er meðvitaður um það hvað er hér að gerast. Það er forseti, væntanlega að höfðu samráði við hæstv. ráðherrann, sem tekur ákvörðun um þessa breytingu á áður boðaðri dagskrá. Það er þá hennar ákvörðun ef málinu er stefnt í þessa hættu og ekki annarra. Að gefnu tilefni sé ég ástæðu til að undirstrika það hér.

[20:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli forseta að þetta mál, heilbrigðismálin, 13. mál á dagskrá, taki langan tíma og þess vegna sé rétt að skipta út og taka nú umræðu um frv. um úthafsveiðar. Ég vildi því gjarnan fá að vita hjá virðulegum forseta hvort búið sé að semja um það sérstaklega að það taki styttri tíma en umræðan um heilbrigðismálin. Þvert á móti hefði ég haldið að verði hér myndarleg, löng og málefnaleg umræða um heilbrigðismálin þá verði umræðan um frv. um úthafsveiðar ekki síður myndarleg, löng og ítarleg en umfram allt málefnaleg. Ég á von á því. Það voru aðeins þrír stjórnarandstæðingar á mælendaskrá í frv. hæstv. heilbrrh. um heilbrigðismálin og við höfum nú 20 mín. í hámarksræðutíma við 1. umr. þannig að ætla mætti að þeirri umræðu hefði lokið svona eftir u.þ.b. klukkutíma. Ekkert hefur komið fram að annað verði. Í ljósi þess að hæstv. ráðherra sagði að m.a. andóf stjórnarandstöðunnar gegn því að þetta mál kæmi hér á dagskrá yrði jafnvel til þess að auka fjárhagsvanda sjúkrahúsanna í landinu þá tel ég einsýnt að við höldum áfram með þessa umræðu og ljúkum henni sem allra fyrst þannig að því verði alla vega ekki um kennt að stjórnarandstaðan, eins og þetta var nú reyndar óréttlát ásökun, auki á fjárhagsvanda heilbrigðiskerfisins með hverri mínútunni sem líður. Það stendur ekki á okkur að ræða þetta mál og ná góðri og málefnalegri niðurstöðu. Síðan þarf málið að fara til nefndar og koma væntanlega aftur til umræðu og þá verður hún að sjálfsögðu álíka löng og málefnaleg. Ég á hins vegar von á því að umræðan um úthafsveiðar verði síst styttri en þessi umræða.

[20:46]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að hér hefur verið borin upp ósk um að formenn þingflokka verði kallaðir til fundar. Þess vegna vildi forseti óska eftir því að hv. þm. styttu umræður um stjórn fundarins sem mest má verða þannig að hver mínúta sé sem best nýtt á þessu mikilvæga kvöldi. En nokkrir hv. þm. og hæstv. ráðherra hafa óskað að taka til máls.

[20:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að ég eins og aðrir þingmenn átti von á því að heilbrigðismál væru hér fyrst á dagskrá. Hæstv. forseti hefur algjörlega ráðið dagskránni og ég vil að það komi hér fram. Hann hefur breytt dagskránni og telur rétt að gera það. Hann hefur fullan rétt til þess en það þýðir auðvitað að við getum ekki haldið áfram með það

mál sem við vorum þó langt komin með. Og ég sakna þess að sjálfsögðu.

[20:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur svarað spurningunni sem formaður þingflokks Alþb. beindi til hæstv. forseta. Hæstv. forseti þarf þá ekki að svara þeirri spurningu. Þess vegna vildi ég beina til hæstv. forseta annarri spurningu: Var hæstv. sjútvrh. látin vita um þessa breytingu á dagskránni þó hæstv. heilbrrh. hafi ekki verið látinn vita? Var e.t.v. enginn látinn vita um þessa breytingu á dagskránni nema þeir sem eru í Sjálfstfl.? Ekki hefur verið haft samráð eða látið vita af þessu við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar. Ég gekk með aðalforseta Alþingis út úr þessu húsi kl. tíu mínútur yfir sjö og við ræddum stuttlega um framhaldið. Þá var ekki annað að heyra en að haldið yrði áfram þar sem frá var horfið. Var e.t.v. enginn látinn vita nema hann væri í Sjálfstfl.? Í öðru lagi bíð ég enn eftir svari frá hæstv. forseta um það hvort fallist verður á þau tilmæli að gera smáhlé á fundinum og ræða við formenn þingflokka.

[20:49]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram það sem hann hélt að þyrfti ekki að gera að hér ekki er gerður mannamunur af hálfu forseta þingsins. Enn síður er gert upp á milli manna eftir því í hvaða flokki þeir eru. Umræður höfðu farið fram í kvöldmatarhléinu á milli forseta Alþingis, forseta sem stýrði fundi fyrir hlé og forseta sem átti að taka við, þess sem hér stendur, um framhaldið. Í framhaldi af þeim viðræðum og nánast um það leyti sem fundur var settur var þessi ákvörðun tekin vegna þess að forseti hafði ætlað sér að reyna að ná saman formönnum þingflokka og öðrum sem málið varðar til að ræða framhaldið hér í kvöld. Eini tilgangurinn var að reyna að liðka til fyrir framhaldinu. Forseti ræddi við hæstv. heilbrrh. um leið og hæstv. heilbrrh. kom í salinn og lét vita af þessari ákvörðun og að sjálfsögðu er rétt að forseti tekur hana. Forseti tekur ákvörðun um það hvaða mál er næst á dagskrá. Það varð niðurstaða forseta eftir samtöl við tvo forseta aðra að gera þessa breytingu þannig að ég vænti þess að hv. þm. geti sætt sig við þetta og haldið hér áfram. Það verður boðað til fundar með formönnum þingflokka en forseti gerir ráð fyrir að það verði mælt fyrir nál. og brtt. í 14. máli og að því loknu verði gert stutt hlé til að ræða stöðu mála. Það er af praktískum ástæðum sem forseti gerir ráð fyrir þessum framgangi. Hv. 4. þm. Vestf. tekur til máls um stjórn fundarins og er nú sennilega búinn að tala tvisvar sinnum.

[20:51]

Sighvatur Björgvinsson:

Það er alveg rétt hjá hæstv. forseta, ég er búinn að tala tvisvar sinnum og það er í þriðja sinn núna. Hann fylgist vel með. Ég get fyrir mitt leyti fallist á þetta að öðru leyti en því að mér finnst eðlilegt að þegar búið er að mæla fyrir nál. meiri hlutans og brtt. verði gert hlé svo okkur, fulltrúum minni hlutans og framsögumanni nál. minni hlutans sem ekki átti von á þessari breytingu, gefist tækifæri til þess, eins og fyrrv. þm. Sverrir Hermannsson mundi segja, að ná vopnum sínum.

(**Forseti** (StB): Forseti er sannfærður um að við náum vopnum hér í kvöld.)

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 956, nál. 1078 og 1086, brtt. 1079.

[20:52]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta sjútv. Nál. hefur legið frammi á þskj. 1078 og brtt. á þskj. 1079.

Málið sem við köllum frv. til laga um úthafsveiðar hefur legið fyrir nefndinni og verið um það fjallað eins og frá er greint í nál. með viðræðum við ýmsa aðila sem þar eru tilgreindir og þeim umsögnum sem fengust.

Það kemur fram í greinargerð með frv. að það er flutt vegna aðildar okkar og væntanlega staðfestingar á úthafsveiðisamningnum svonefnda og er byggt á starfi nefndar sem hefur starfað á vegum sjútvrh. allt frá árinu 1993. Eftir að þessi greinargerð var samin er ljóst að við höfum síðar gerst aðilar að samkomulagi við nokkur grannríki okkar um veiðar á a.m.k. tveimur mikilvægum stofnum sem þessi lög munu taka til auk þátttöku okkar í veiðum á Flæmska hattinum þar sem við erum nokkurn veginn skuldbundnir til að fara eftir samþykktum í Norður-Atlantshafsfiskveiðistofnuninni sem svo heitir, NAFO, þó við höfum ekki lýst yfir að við værum þeim sammála. Mótmæli okkar hafa ekki breytt því að við hljótum að hlíta þeim á meðan þær teljast í gildi.

Meiri hlutinn gerir tilteknar brtt. sem koma fram á þskj. 1079 og er gerð grein fyrir þeim á þskj. 1078. Það eru í fyrsta og öðru lagi tvær tillögur um breytt orðalag. Fyrra atriðið skýrir sig nánast sjálft en annað atriðið fjallar um niðurlagsákvæði 2. mgr. í 4. gr. Að mati okkar í meiri hluta nefndarinnar er þar um að ræða skýrari útfærslu á ákvæðinu en kom fram í frv. eins og gerð er grein fyrir í nál. þar sem vísað er til þeirra laga sem við er átt. Um er að ræða að þeir aðilar sem sækja um slík veiðileyfi þurfi að fullnægja skilyrðum þeirra laga en ekki endilega að hafa hlotið leyfi samkvæmt þeim til veiða innan lögsögunnar. En þeir þurfa að fullnægja slíkum skilyrðum að öðru leyti.

Í þriðja lagi er brtt. við 5. gr. þar sem við leggjum til í fyrsta lagi að komi inn hugtakið „íslenskir deilistofnar" sem gæti orðið til þæginda í umræðu og í lögum um þá deilistofna sem ganga inn og út úr íslensku lögsögunni og við teljum okkur hafa með vissum hætti lögsögu yfir og þessi lög munu taka til. En í liðum b og c gerum við þá tillögu að heimild til skerðingar á veiðum innan lögsögunnar vegna úthlutunarheimilda samkvæmt 5. gr. verði ekki eins há og gert var ráð fyrir í frumvarpinu og síðan að heimild til sérstakrar úthlutunar til þeirra sem hófu veiðarnar, sem nefnt hefur verið frumkvöðlaákvæði, verði hærri en frumvarpið gerði ráð fyrir.

Við gerum einnig brtt. við 6. gr. sem er sambærileg þeirri skerðingarheimild sem ég ræddi um áðan, að í stað 10% hámarks verði hámarkið 7%.

Síðan gerum við tillögur um nýjar málsgreinar í 8. gr. þar sem fram koma breyttar tillögur um ákvörðun veiðieftirlitsgjalds og er ætlunin með þeim tillögum að auðveldara verði að sjá fyrir að hverju stefnir um gjaldið fyrir þau skip sem við það verða að búa. Væntanlega hefur þar tekist að byggja á upplýsingum sem fram komu fyrir nefndina um raunkostnað eða reynslu af kostnaði við slíkt eftirlit.

Virðulegi forseti. Ég hef með þessum orðum gert grein fyrir brtt. meiri hluta nefndarinnar og áliti hans. Tveir hv. nefndarmanna sem skrifa undir álitið gera það með fyrirvara. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, setur fyrirvara sem lýtur að því að æskilegt hefði verið að hans mati að hafa lengri tíma til ráðstöfunar til umfjöllunar um frv. eða málið auk fyrirvara um einstaka efnisþætti málsins sem hann væntanlega fær tækifæri til að gera grein fyrir síðar í umræðunni. Auk þess setur hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fyrirvara sem lýtur að athugasemdum sem fram koma í sameiginlegri umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins varðandi það að heimildirnar verði framseljanlegar.

Virðulegi forseti. Ég hef þá gert grein fyrir nál. og fyrirvörum þeirra hv. þm. sem undir það rita.

[20:57]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og óskað var verður nú gert tíu mínútna hlé á fundinum. Honum verður frestað til kl. tíu mín. yfir níu. Forseti vildi biðja hv. formenn þingflokka að koma til forsetaskrifstofu.

[Fundarhlé. — 20:58]

[21:16]

Útbýting þingskjals:

Félagsleg verkefni, 300. mál, nál. allshn., þskj. 1196.

[21:16]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess vegna þeirrar umræðu sem fór áðan fram um stjórn fundarins og vegna þess hlés sem gert var að forseti átti viðræður við formenn þingflokka þar sem farið var yfir stöðu máls. Samkomulag varð um að innan stundar yrði gert hlé hér á fundi þar sem forseti mundi ræða á nýjaleik við formenn þingflokka um framgang mála í kvöld í þeim tilgangi að ná góðu samkomulagi um framvindu mála. Með þeim orðum verður haldið áfram að ræða 14. dagskrármál.

[21:17]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég vík að máli því sem er til umræðu vil ég færa hæstv. forseta þakkir fyrir þá ákvörðun hans að ræða við þingflokksformenn um framhald mála og taka til við það síðar á fundinum að gera hlé og leitast við að ná samkomulagi um vinnuna í kvöld og fram á nóttina. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt til að hægt verði að ljúka þeim málum sem á annað borð er möguleiki á að afgreiða og ég endurtek að ég þakka hæstv. forseta fyrir hlutdeild hans að því máli.

Áður en ég geri grein fyrir nál. minni hluta sjútvn. vegna frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands tel ég nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um aðdraganda málsins og um hvað mál þetta snýst.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að mjög lengi hafa íslenskar fiskveiðar verið dæmigerðar strandveiðar, þ.e. Íslendingar hafa ekki haft mjög víða sýn út yfir þröngan fiskveiðisjóndeildarhring heldur verið um flest dæmigerð strandveiðiþjóð. Vissulega má segja að nokkuð hafi þetta breyst við útfærslu fiskveiðilögsögunnar, fyrst í 12 síðan í 50 og loks í 200 mílur. En engu að síður hafa viðhorf stjórnvalda verið viðhorf stjórnvalda strandríkis en ekki viðhorf stjórnvalda fiskveiðiríkis sem stundar jafnt úthafsveiðar sem strandveiðar. Það hefur því fremur komið í hlut framsækinna útgerðaraðila og sjómanna að leita að möguleikum fjarri heimabyggð eða fjarri strandveiðislóðinni fremur en að það hafi verið stjórnvöld sem hafi í einu eða öðru efni stuðlað að því fremur en öðru. Sú reynsla sem við höfum náð okkur í sem úthafsveiðiþjóð sem hefur ekki orðið fyrr en nú upp á síðkastið hefur fyrst og fremst verið að þakka þeim útgerðarmönnum og sjómönnum sem hafa lagt það á sig að leita uppi fjarlæg mið í þeirri von að styrkja undirstöðu þjóðarbúsins og bæta afkomu útgerðar og sjómanna.

Virðulegi forseti. Þetta kemur m.a. fram í því að við Íslendingar höfum verið ótrúlega sinnulausir um réttindi okkar á fiskimiðum sem hafa ekki verið alveg í næsta nágrenni við okkur sjálfa. Í því sambandi vil ég gjarnan rifja upp samninginn frá árinu 1980 um Jan Mayen og loðnuveiðar á þeirri fiskislóð þar sem við fengum raunverulega Norðmönnum í hendur fiskveiðilögsögu umhverfis Jan Mayen og samþykktum lögsögu þeirra gegn heimild til veiða úr loðnustofninum og raunar öðrum deilistofnum ef samkomulag næðist um. Þar fengum við Norðmönnum mjög stór hafsvæði sem við viðurkenndum lögsögu þeirra á. Þó að við höfum fengið nokkuð í aðra hönd með loðnuveiðisamningnum fyrir þá viðurkenningu held ég að því verði ekki á móti mælt eftir á að við höfum spilað nokkuð af okkur og fært Norðmönnum, þessari heimsyfirráðaþjóð yfir norðaustanverðu Atlantshafi, mikilvæg réttindi í hendur sem þarflaust hefði verið af okkur að veita þeim viðurkenningu á. Einnig má segja að við höfum verið sofandi þegar Svalbarðasáttmálinn var gerður á sínum tíma. Við höfðum ekki áhuga á því þá að gerast aðilar að honum. Það stafaði að sjálfsögðu af því að við vorum þá og erum hvað hugsunarhátt stjórnvalda varðar dæmigerð heimaveiðiþjóð, dæmigerð strandveiðiþjóð, og okkur hefur sést yfir þá miklu hagsmuni sem Ísland getur haft af því að stunda veiðar á fjarlægum miðum. Engu að síður hafa Íslendingar um langan aldur stundað úthafsveiðar og þá fyrst og fremst fyrir frumkvæði útgerðarmanna sjálfra og sjómanna. Við höfum stundað úthafsveiðar við Grænland um langan tíma. Íslensk fiskiskip fundu hin auðugu karfamið við Nýfundnaland og á tímabili á unglingsárum mínum var mikil atvinna bæði í landi og á sjó við veiðar og verkun karfa af þessum auðugu miðum. Við höfum lengi stundað veiðar við Bjarnarey í Hvítahafi og einnig fóru menn til síldveiða við Svalbarða. Þetta voru allt ákvarðanir sem voru teknar af útgerðarmönnum og sjómönnunum sjálfum en þeir nutu afskaplega lítils stuðnings íslenskra yfirvalda sem sýndu oft skilningsleysi á þörfum okkar Íslendinga við að verða okkur úti um afla og veiðireynslu á fjarlægum miðum. Þetta hefur verið að breytast hin síðari ár, einkum og sér í lagi hin síðustu þrjú ár. En það er ekki lengra síðan en þrjú ár að fyrst var löglegt að skrá skip hérlendis til veiða utan efnahagslögsögunnar. Það skip sem fyrst var skráð var skipið Otto Wathne frá Seyðisfirði en í kjölfar þeirrar útgerðar hafa fylgt mörg önnur skip sem stunda nú veiðar á fjarlægum miðum. Svo þröngt var sjónarhorn íslenskra yfirvalda þegar þessar miklu úthafsútgerðir voru að slíta barnsskónum þegar ákveðið var að reyna við veiðar í Smugunni að stjórnvöld voru komin á fremsta hlunn með að reyna að stöðva þær veiðar, jafnvel þó að þær veiðar væru grundvallaðar á veiðirétti á úthafinu sem hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem nú er í gildi sem alþjóðalög tryggir öllum aðildarríkjum samtakanna. Engu að síður var gerð tilraun til að koma í veg fyrir þær veiðar og

hefði verið reynt að gera það ef það hefði ekki verið stöðvað þá með inngripi hæstv. utanrrh. og stuðningi hæstv. forsrh. við það inngrip. Þannig má segja að svo langt náði skilningsleysið á hagsmunum úthafsveiðiflotans íslenska og þeim tækifærum sem bíða okkar á úthafinu að minnstu munaði að þær veiðar yrðu stöðvaðar jafnvel þó svo að hafréttarsáttmálinn tryggði Íslendingum eins og öðrum aðildarríkjum sáttmálans frjálsan veiðirétt á úthafinu.

Vissulega hefur það orðið til góðs að þessi úthafsveiði fékk að slíta barnsskónum því engin atvinnugrein blómstrar nú eins mikið og íslensku úthafsveiðarnar gera. Þau verðmæti sem þessi útgerð hefur fært þjóðarbúinu á umliðnum þremur árum hafa verið svo mikil að þau hafa breytt aðstæðum í íslenskum þjóðarbúskap og hafið þjóðarskútuna upp úr þeim öldudal sem hún var komin í. Ef þessi úthafsútgerð hefði ekki verið fyrir hendi væru efnahagsaðstæður á Íslandi ósköp svipaðar nú eins og þær voru fyrir þremur árum síðan. Þá væri hér enn þá lægð í efnahagslífinu, þá væri hér enn þá stöðnun þá hefði kaupmáttur ekki aukist, þá væri líklegt að það hefði orðið ófriður á vinnumarkaði og þá væru ekki þau tækifæri til framfara í augsýn sem við sjáum þó í dag. Úthafsveiðarnar hafa því fært okkur Íslendingum þann efnahagsbata sem við höfum notið á umliðnum þremur árum og eru meginstoðin undir því að við getum horft bjartari augum fram á veginn.

Fjöldi skipa á úthafsveiðum í íslenskri eigu er u.þ.b. 50. Það eru um 50 skip sem stunda úthafsveiðar frá Íslandi og er þá átt við skip sem veiðiheimildir hafa innan lögsögunnar og einnig þau sem hafa ekki veiðirétt innan íslenskrar fiskveiðilögsögu en eru engu að síður gerð út frá Íslandi af íslenskum útgerðum, sigla undir íslenskum fána og eru að langmestu leyti skipuð íslenskum áhöfnum. Fjöldi á þessum skipum er nú um 1.100 manns. Það eru því um ellefu hundruð manns sem hafa nú atvinnu af því að fiska á skipum úthafsútgerðanna, sem varla þekktist fyrir nokkrum árum síðan. Ef taldir eru með þeir sem hafa vinnu í landi þá er hér um að ræða atvinnu fyrir u.þ.b. 5.000 manns, þ.e. um 15.000 einstaklingar ef að meðaltali eru þrír einstaklingar í fjölskyldu hafa meginafkomu sína af þessari útgerð. Ef úthafsútgerðirnar verða neyddar til að flagga út með lögum eins og þeim sem nú stendur til að setja á Íslandi þá gæti það valdið því að þessar útgerðir mundu taka þá ákvörðun að ráða ekki Íslendinga í skipsrúm eins og þær hafa gert, skapa ekki atvinnu í landi fyrir íslenskar hendur eins og þær hafa gert og ef svo yrði þá mundi það þýða tvöföldun atvinnuleysisins eins og það er á Íslandi í dag. Svo snar og ríkur þáttur er úthafsveiðiútgerðin orðin í atvinnulífi okkar Íslendinga að ef hún yrði fyrir áfalli þá mundi svo að segja á einni nóttu geta svo farið að atvinnuleysi á Íslandi tvöfaldaðist. Ellefu hundruð sjómenn misstu atvinnu sína, 4.000 fiskverkamenn og þjónustuaðilar í landi og ekki er um auðugan garð að gresja hjá þeim aðilum að leita sér að nýrri atvinnu.

Við skulum líka huga að því að þetta er engin úgerð á horriminni sem þarna er vegið að vegna þess að hásetahlutur á þessum úthafsútgerðarskipum er 300–500 þús. kr. á mánuði. Hér eru því mikil verðmæti í húfi, háar tekjur einstaklinga og miklar tekjur sem þar af leiðir fyrir ríkisvaldið, fyrir ríkissjóð og sveitarfélög í formi tekjuskatts og tekjuútsvars. Enn fremur njóta þessi skip mikillar fyrirgreiðslu frá íslenskum aðilum svo sem eins og olífélögum, veiðarfærasölum, aðilum eins og Hampiðjunni, og J. Hinriksson hf. sem þessi skip kaupa allan veiðibúnað sinn af. Heildarkaupgreiðslur á vegum þessara útgerða sem við erum hér að tala um gætu numið 4–5 milljörðum kr. árlega. Hér eru mikil verðmæti í húfi hvernig sem á það er litið, hvort sem við lítum á þau verðmæti sem útgerðarfélögin færa þjóðarbúinu sem felast í kaupgreiðslum til áhafnameðlima eða í greiðslum til fyrirtækja og þjónustuaðila sem keypt eru af veiðarfæri, olía og þjónusta eða við lítum á þær tekjur sem þessi útgerð skapar sveitarfélögum og ríkissjóði í gegn um skattgreiðslur.

Þá ber þess líka að geta að það eru úthafsveiðarnar sem kynna einkum íslenska tækniþekkingu í sjávarútvegi og það er fyrir tilstilli íslenskra úthafsútgerða t.d. sem veruleg viðskipti hafa skapast við úthafsveiðiflota annarra ríkja um veiðibúnað og tækjabúnað um borð í fiskiskipum sem eru nú að veita nýjum fjárstraumum inn í íslenskt efnahagslíf og skapa áður óþekkt tækifæri fyrir þá sem framleiða veiðibúnað og tæknibúnað fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu af þessu tagi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að viðskiptin sem þarna er verið að skapa gætu þýtt tugi milljarða fyrir íslenskan iðnað og mér er mætavel kunnugt um það sem fyrrv. iðnrh. að iðnfyrirtæki sem stunda framleiðslu á varningi sem tengjast sjávarútvegi binda einmitt miklar vonir við að framtíðartækifæri íslensks iðnaðar á þessu sviði sé í þjónustu við erlend veiðiskip sem komast á snoðir um hvað Íslendingar standa vel að vígi hvað tækniþekkingu varðar fyrir tilstilli þess að hafa getað fylgst með og séð íslensk úthafsveiðiskip að störfum. Ef við lítum síðan á hvaða afla þessi skip bera að landi, ef við lítum aðeins á þau 13 skip sem ekki hafa leyfi til veiða innan efnahagslögsögunnar, þá afla þessi skip um 7–10% af heildarsjávarafla Íslendinga. Af þessu má því sjá að hér eru engar aukvisar á ferð. Hér er verið að opna fyrir nýja atvinnumöguleika sem eru stórkostlegir þegar þessi 13 skip, sem ekki er há tala, skila um 7–10% af heildarsjávarafla Íslendinga á öllum veiðum.

Það er áætlað að þjóðarframleiðsla á Íslandi aukist um 3–5% á yfirstandandi ári, en hlutur þessara veiðiskipa í verðmætasköpuninni er svo mikill að ef úthafsútgerðin flyst úr landi mundi ekki aðeins svo fara að þjóðarframleiðslan ykist ekki um þessi 3–5% sem henni er spáð á þessu ári, heldur mundi hún bókstaflega dragast saman. Framtíðartækifæri okkar í sjávarútvegi liggja því ótvírætt í þessari grein eins og ég hef sýnt fram á með þessum tilvitnunum. Áætlað verðmæti alls úthafsafla á ársgrundvelli verður í ár milli 8 og 12 þús. millj. kr. en það er áþekk upphæð og ferðaþjónusta Íslendinga, meðtaldar flugferðir heiman og heim, veltir árlega. Það er oft sagt að í ferðaþjónustunni liggi vaxtarbroddurinn í uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi á ókomnum árum. Það er horft til þess hvað ferðaþjónustan hafi skapað mörg atvinnutækifæri og hafi aukið mjög þjónustu sína og umsvif á Íslandi og hæstv. samgrh. hefur á Alþingi farið mörgum og fögrum orðum um það hve framtíðarvonir okkar Íslendinga væru bundnar við ferðaþjónustugreinarnar. En menn skyldu huga að því að öll þessi ferðaþjónusta að meðtöldum flugferðum til og frá landinu veltir ekki hærri upphæðum en nemur því áætlaða verðmæti sem úthafsveiðifloti okkar Íslendinga aflar á hverju ári. Þannig að þeir hagsmunir sem hér eru í húfi eru miklir. Það sem hér er að gerast er álíka og ef samgrh. legði fram lagasetningu á Alþingi sem gæti þýtt það að íslensk ferðaþjónusta legðist meira eða minna af í svo til einu vetfangi. Við erum að tala um jafnmikil verðmæti fyrir þjóðarbúið eins og öll ferðaþjónustan skapar. Og mér er sem ég sæi hæstv. samgrh. leggja fram frv. á Alþingi

sem stefndi þeirri tekjuöflun í jafnmikla hættu og það frv. gerir sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram um veiðar utan fiskveiðilögsögunnar. Hér er ekki aðeins um að ræða tölur sem ég hef yfir að ráða og hafa verið teknar saman á Íslandi heldur vitna ég í þessu sambandi til greinar úr Fiskaren frá 3. maí 1996. Hún sýnir vel hve úthafsafli Íslendinga hefur vaxið ört á stuttum tíma. Í greininni segir t.d. að úthafsafli Íslendinga hafi árið 1993 verið 2,2 milljarða íslenskra króna virði sem eru um 43% af heildarsjávaraflanum. Árið 1994 var úthafsaflinn 5,2 milljarða kr. virði, íslenskra króna, eða 10% af heildarsjávaraflanum og árið 1995 var úthafsaflinn 6,1 milljarðs kr. virði eða 11,4% af heildarsjávaraflanum og í ár er gert ráð fyrir, eins og ég sagði hér áðan, 8–12 milljarða kr. veltu af úthafsveiðum Íslendinga. Hér er um að ræða veltutölur sem á aðeins fjórum árum hafa aukist úr 2,2 milljörðum kr. í 8–12 milljarða kr. og mér er sem ég sjái þá atvinnugrein aðra sem hefur skilað svo miklum vexti í þjóðarbúið. Af þessu má sjá hvaða atvinnugrein það er sem hefur staðið öðrum fremur undir þeirri aukningu þjóðartekna og þjóðarframleiðslu sem átt hefur sér stað á þessum tíma. Það er úthafsútgerðin sem hefur staðið undir þessum vexti og það má segja að illa sé verkalaununum veitt til hennar fyrst á að kæfa þessa útgerð nánast í fæðingu, því það má segja að þessi útgerð sé nánast nýfædd í útgerðarsögu okkar Íslendinga, með þeim aðgerðum sem nú á að grípa til.

Að veiðum á Flæmingjagrunni nú nýverið eða í lok þessa mánaðar voru hvorki meira né minna en 28 íslensk skip og af því má enn sjá að hér er enginn smáfloti á ferðinni, hér er engin smáreynsla sem menn eru að afla sér, bæði í meðferð nýrra veiðarfæra, í nýrri veiðitækni, í stjórnun íslenskra skipa á fjarlægum miðum og í veiðireynslu sem mun koma Íslendingum til góða þegar fram í sækir og samstaða næst í kjölfar þess þegar úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna verður fullgiltur, hvenær svo sem það verður, að settir verði aflakvótar á hinum fjarlægu miðum byggðir á reynslu þeirra skipa sem þar hafa stundað veiði. Og ég spyr, virðulegi forseti: Hvernig halda menn að staðan hefði verið ef hæstv. sjútvrh. hefði árið 1993 fengið sett lög eins og þau sem hér eru til meðferðar þegar heildaraflaverðmæti úthafsafla Íslendinga var aðeins 2,2 milljarðar kr. samanborið við 8–12 milljarða kr. veltu á árinu 1996? Hvernig halda menn að úthafsveiðiflotanum hefði gengið að byggja upp aflareynslu sína eins og hann hefur gert á þessum fjórum árum ef hæstv. sjútvrh. hefði fengið heimild til þess árið 1993 að beita þennan flota svipuðum ákvæðum og hann er nú að óska eftir að Alþingi beiti til þess að takmarka veiðar þessa flota? Menn ættu að sjá af þeim tölum sem ég hef rakið hversu mikið mál það er fyrir okkur Íslendinga að úthafsveiðiflotinn haldi áfram að fá að veiða frjálst eins og alþjóðalög heimila þar til þeim lögum hefur verið breytt og heyja sér aflareynslu á þeim árum sem eftir eru þangað til settar verða alþjóðlegar reglur um kvótasetningu á þeim veiðum. Það eru engin smáverðmæti sem bætast við aflareynslu Íslendinga eða íslenska úthafsveiðiflotans á hverju ári eins og þessar tölur sýna og það er tvímælalaust í hag þjóðinni og þjóðarbúinu að þessi aflareynsla verði sem allra mest þegar að því kemur að settur verði kvóti í samræmi við veiðireynslu á úthafinu. Og ég fæ ekki séð hvaða nauður rekur hæstv. ráðherra til þess að setja fót fyrir þessa þróun einmitt nú þegar hún hefur sýnt það og sannað með hve miklum blóma hún hefur verið á undanförnum árum og hvaða verðmætum menn hafa verið að skila þarna í þjóðarbúið.

En á hvaða grundvelli skapaðist þessi reynsla? Hún skapaðist á grundvelli hafréttarsáttmálans sem er alþjóðalög, en hafréttarsáttmálinn kveður á um það að veiðar skuli vera frjálsar á úthafinu. Alþjóðalög sem fylgt er í dag kveða á um það að veiðar á úthafinu skuli vera frjálsar og það er með stoð í þessum lögum sem íslenski úthafsveiðiflotinn hefur getað náð svona mikilli aflareynslu og skilað svona miklum aflaverðmætum í þjóðarbúið. Og hvaða nauður rekur okkur Íslendinga, eina þjóða í heiminum, til þess að gera breytingu á, eins og hæstv. sjútvrh. ætlar sér að gera, á meðan áfram eru í gildi alþjóðalög sem heimila öllum öðrum þjóðum frjálsar veiðar á úthafi sem ekki á að heimila okkur Íslendingum? Hvaða ástæða er til þess að við förum nú að setja viðskiptahömlur eða veiðihömlur öllu heldur á okkur sjálfa einir þjóða á meðan engin önnur þjóð hefur gripið til slíkra úrræða og áfram verða í gildi um allmörg ár lög sem heimila öðrum þjóðum frjálsar veiðar á úthafinu, frjálsar veiðar sem þeirra eigin stjórnvöld ætla sér ekki að skerða? Að minnsta kosti ekki að því er séð verður því að ekki er kunnugt um neina aðra þjóð en okkur Íslendinga sem er um þessar mundir að setja lög á sínu þjóðþingi sem takmarka veiðiréttindi á úthafi með sama hætti og nú á að gera gagnvart íslenskum skipum. Og hver er ástæðan, herra forseti, sem rekur hæstv. sjútvrh. til þess að leggja það til að svipta Íslendinga þeim heimildum sem hafréttarsáttmálinn veitir öllum þjóðum heims? Og það mörgum árum áður en aðrar þjóðir grípa til slíkra úrræða og mörgum árum áður en við höfum hugmynd um hvort til slíkra úrræða verður gripið af öðrum þjóðum og þá með hvaða hætti. Við erum ekki með þessari lagasetningu að ryðja neina nýja braut. Við erum ekki að verða fyrirmynd annarra. Við erum að setja einhliða takmarkanir á okkur sjálfa. Við erum að svipta íslenska útgerðar- og fiskimenn þeim réttindum sem alþjóðleg lög veita þeim til jafns við þegna annarra ríkja gersamlega að þarflausu án þess að hafa hugmynd um hvort aðrir munu feta í þau fótspor okkar eða hvernig aðrar þjóðir munu haga þeim málum. Væri nú ekki viturlegra, virðulegi forseti, að bíða eitthvað eftir því og sjá hvað aðrar þjóðir hyggjast fyrir í þessum efnum, hvort aðrar þjóðir ætla sér að staðfesta úthafssáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem engin þjóð, ekki einu sinni Íslendingar, hefur enn þá gert. Ef svo verður að nægilega margar þjóðir staðfesta úthafsveiðisáttmálann þannig að hann taki gildi sem alþjóðalög er viturlegra að bíða og sjá með hvaða hætti þær þjóðir sem sáttmálann staðfesta ætla sér að framkvæma hann og ætla sér að standa að framkvæmdinni. Það er eðlilegt og skynsamra manna háttur að halda þannig á málum, undirbúa sig með viðtölum við aðrar fiskveiðiþjóðir á meðan sá tími er að líða, sem getur tekið mörg ár, að úthafsveiðisáttmálinn taki gildi sem alþjóðalög, ef nógu mörg ríki hafa staðfest hann til þess að svo geti orðið. Komi að því ætti að hafa samstarf við önnur fiskveiðiríki um það hvernig menn ætla að skipa lögum hver í sínu landi til að standa við ákvæði úthafsveiðisáttmálans. Þetta ætlar íslenska ríkisstjórnin ekki að gera. Hún beitir ekki hestinum fyrir vagninn heldur vagninum fyrir hestinn því að áður en lagt er fram á Alþingi frv. til staðfestingar á úthafsveiðisáttmálanum er lagt fram frv. um hvernig ætti að standa að framkvæmd þess sáttmála eftir að hann hefur öðlast lagagildi en mörg ár geta liðið áður en það verður.

Þessi lagasetning á sér vissulega talsverða forsögu. Ætli það séu ekki um það bil þrjú ár síðan hæstv. sjútvrh. byrjaði að undirbúa þá lagasetningu og raunar löngu áður en út-

hafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur. Það gerðist ekki fyrr en að mig minnir 4. ágúst á síðasta hausti þannig að þá þegar hafði sérstök nefnd á vegum hæstv. sjútvrh. setið í tvö ár til þess að vinna að framkvæmd sáttmála sem þá hafði ekki einu sinni verið gerður. Sú nefnd lauk störfum tæplega ári eftir samþykkt úthafsveiðisáttmálans og skilaði hæstv. sjútvrh. niðurstöðum sínum og á niðurstöðum þeirrar nefndar hefur hæstv. sjútvrh. síðan byggt frv. sitt. En ef betur er að gáð kemur í ljós að nefndin var aldeilis ekki sammála þegar hún skilaði ráðherra niðurstöðum sínum. Það var mikill ágreiningur bæði um meginefni málsins og ekkert síður um einstakar greinar í því frv. sem hæstv. sjútvrh. kynnti.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks Alþfl., átti sæti í úthafsveiðinefndinni og hún skilaði Geir H. Haarde, formanni nefndarinnar, athugasemdum sínum þann 24. apríl árið 1996. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa athugasemdir hv. þm. sem var fulltrúi þingflokks Alþfl. í úthafsveiðinefndinni og hafði á mörgum fundum samráð við þingflokkinn um hvernig hún stóð að málum í úthafsveiðinefndinni þannig að það sem hún sendi til formannsins sem athugasemdir sínar voru athugasemdir sem hv. þm. hafði borið undir þingflokk Alþfl. og þingflokkur Alþfl. var samþykkur. En athugasemd hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, formanns þingflokks Alþfl. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hér eru athugasemdir mínar við frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

1. Innan þingflokks Alþfl. eru þau sjónarmið til staðar að ekki þurfi nein ný lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Í lögunum nr. 34/1976 séu fyrir hendi nægilegar lagaheimildir til þess að stjórna veiðum utan fiskveiðilandhelgi Íslands, þessi lagasetning sé því óþörf.

2. Að þessu sögðu tel ég að á þessu frv. séu þrír megingallar.

2.1 Með frv. er athafnafrelsi íslenskra skipa á úthöfum skert og óeðlilega mikið vald fengið sjútvrn. Þó frv. hafi tekið jákvæðum breytingum þá byggir það enn í of ríkum mæli á þeirri neikvæðu grunnhugsun að ekkert sé frjálst, allt sé bannað sem ekki er leyft af ráðherra.

2.2 Með frv. er verið að yfirfæra reglur núverandi kvótakerfis sem gildir innan landhelginnar yfir á úthafið. Það getur leitt til ofstjórnunar og heft framtak og frjálsræði íslenskra útgerða. Að úthluta veiðiheimildum í samræmi við þær reglur sem gilda innan landhelginnar er afar umdeilanlegt þó ekki sé sterkara að orði komist þar sem um allt annars konar veiðireynslu er að ræða.

2.3 Þingflokkurinn er þeirrar skoðunar að frv. kunni að brjóta gegn efni og anda 87. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem gerir ráð fyrir frelsi til veiða á úthöfunum.

3. Þá viljum við koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við einstakar greinar frv.:

3.1 Við 3. gr. Breyta á: „Ráðherra skal", í: „Ráðherra er heimilt", og orðið „lifandi" falli niður.

3.2 Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo: „Öllum skipum eru heimilaðar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiða af samningum Íslands við önnur ríki." 2. mgr. orðist svo: „Ráðherra veitir leyfi til veiða íslenskra skipa á úthafinu þegar leyfisveiting reynist nauðsynleg vegna samninga við önnur ríki." Síðasta málsgrein falli út.

3.3 Hvað snertir efni greina 5–10, þá er þingflokkurinn í samræmi við það sem sagt er hér að framan þeirrar skoðunar að þessar greinar eigi að falla burt með þeirri einu undantekningu sem greint er frá á eftir.

Meginrökin eru þau að greinarnar fjalli um efni sem betur er fyrir komið í reglugerð en með lögum. Í staðinn fyrir núverandi 5.–10. gr. komi ein grein svohljóðandi sem verði 5. gr.: „Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim sem lög nr. 38/1990 taka til á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa."

Röksemdir okkar eru þær að yfirleitt séu heimildir ráðherra allt of opnar eða of víðtækar, þetta hefta athafnafrelsi sé í flestum tilvikum óþarft og gangi mun lengra en samningar við erlend ríki geri ráð fyrir.

3.4 Til þrautavara má hugsa sér að efni 7., 8. og 9. gr. standi í lögunum enda séu heimildir í upphafi 7. og 8. gr. þrengdar og allar heimildir miðaðar við ákvæði í eða kröfur samkvæmt samningum við erlend ríki sem hlýtur ætíð að vera meginviðmiðun okkar þegar veiðistjórnun á úthafinu er annars vegar.

3.5 Um 10. gr. Við viljum snúa neikvæðum reglum samkvæmt 10. gr. í jákvæðar. Í staðinn fyrir: „Óheimilt er", komi: „Heimilt er að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum nema veiðarnar brjóti í bága við samninga sem Íslandi er aðili að." Aðrar málsgreinar 10. gr. falli burt.

3.5 Að síðustu leggjum við til að tvær síðustu málsgreinar 11. gr. falli brott."

Þar með lýkur, herra forseti, athugasemdum Rannveigar Guðmundsdóttur, formanns þingflokks Alþfl., sem sendar voru formanni úthafsveiðinefndar, Geir H. Haarde, þann 24. apríl 1996. Af þessum athugasemdum má glögglega ráða:

Í fyrsta lagi. Það var ágreiningur í úthafsveiðinefnd, ekki bara um meginefni frv., þ.e. sjálfan grundvöll fyrir lagasetningunni heldur um nærfellt hverja einustu grein í frv. efnislega.

Í öðru lagi. Tillögur voru gerðar í nefndinni um grundvallarbreytingar á frv., allt frá því að frv. af þessu tagi yrði ekki flutt til þess að frv. yrði flutt en með grundvallarbreytingu á hverri einustu grein. Það er því með öllu út í hött að halda því fram að starf úthafsveiðinefndar hafi lagt þann grundvöll sem frv. hæstv. ráðherra er. Svo var ekki. Það náðist aldrei samkomulag í nefndinni um þann grundvöll. Það var mikill ágreiningur í nefndinni bæði um meginefni og atriði máls og um einstakar greinar þess. Og til þess að koma í veg fyrir misskilning vil ég taka það fram að það var ekki aðeins hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem lét í ljós þennan ágreining sem er meginágreiningur um efni frv. heldur gerðu það einnig aðrir sem í úthafsveiðinefndinni sátu þannig að frv. er lagt fram í fullri óþökk margra sem í nefndinni sátu og það er alls ekki hægt að lýsa því svo að úthafsveiðinefnd hafi skapað einhvern grundvöll að því frv. sem hér er lagt fram.

Í athugasemdunum þar sem hv. þm. lýsir afstöðu þingflokks Alþfl. til frv. vil ég leggja áherslu á tvennt:

Í fyrsta lagi er það meginafstaða okkar eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lýsti, að það sé ástæðulaust að setja ný lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands því í lögunum frá nr. 34/1976 eru fyrir hendi nægilegar heimildir til að stjórna veiðum utan fiskveiðilögsögu Íslands. Skoðun okkar er því sú að það kalli ekkert nú á nýja lagasetningu. Lögin

frá 1976 duga okkur fyllilega til þess að stjórna fiskveiðum eins og við teljum eðlilegast og að okkur henti best.

Í öðru lagi þá er það meginafstaðan í þingflokki okkar að ef á annað borð er talið nauðsynlegt að setja ný lög sem leysa lögin frá 1976 af hólmi, þá eigi það að vera meginregla í þeim lögum sem segir í hafréttarsáttmálanum, þ.e. að veiðar eigi að vera frjálsar íslenskum fiskiskipum á úthafinu nema samningar Íslands við önnur ríki kveði á um annað. Meginreglan í íslenskum lögum um úthafsveiðar sé að virða ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um frjálsar veiðar á úthafinu nema að Íslendingar hafi gert samning við aðrar þjóðir sem takmarki þær á einn eða annan hátt. Því aðeins að Íslendingar hafi samið um takmörkun veiðanna við aðra, eigi að veita ráðherra heimild til að stýra veiðum úthafsveiðiflotans, en þar sem slíkt hafi ekki verið gert eigi veiðar úthafsveiðiflotans að vera frjálsar. Þetta er okkar afstaða, þ.e. ekki sú að allt eigi að vera bannað sem ráðherra ekki leyfi, heldur hin þveröfuga afstaða að allt eigi að vera leyft svo lengi sem alþjóðalög leyfa það og Ísland er ekki samningsaðili eða hefur ekki samið við aðrar þjóðir um takmarkanir. Á því er að sjálfsögðu alveg grundvallarmunur hvorri stefnunni menn fylgja.

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess að fara nokkrum fleiri orðum um úthafsveiðisamninginn sem sagt er að eigi að vera grundvöllur og sé grundvöllurinn að frv. því sem hér er flutt. Fyrir ekki löngu síðan var flutt athyglisvert erindi á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 15. nóvember 1995 um úthafsveiðisamninginn, erindi flutt af Tómasi Heiðar, þar sem tekin eru fram nokkur meginefni þess samnings. En ég ítreka það enn og aftur svo að menn gleymi því ekki að þessi úthafsveiðisamningur sem samþykktur var eftir lok úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna þann 4. ágúst hefur enn ekki verið staðfestur af einni einustu þjóð, ekki einu sinni okkur Íslendingum og hefur því ekkert lagagildi að alþjóðalögum og getur þess vegna ekki verið neinn grundvöllur að lagasetningu eins og þeirri sem hér á að fara fram. Í erindi Tómasar H. Heiðars voru meginefnin rakin í þessum úthafsveiðisamningi og ég tel fyllstu ástæðu til þess að vitna í hvað hann sagði í erindi sínu.

Hann minnti í fyrsta lagi á að þann 4. ágúst, þegar úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk, voru liðin þrjú ár frá því að samkomulag varð um það á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að kalla þessa ráðstefnu saman. Samningurinn mun liggja frammi til undirritunar í eitt ár, til 4. desember 1996. Sá tími er nú ekki enn liðinn, þ.e. ekki liðinn nema um helmingur af þeim tíma sem samningurinn liggur frammi til undirritunar. Og þó ekki einu sinni sé liðinn sá frestur sem gefinn er til að undirrita samninginn, ætla Íslendingar að rjúka til og setja á Íslandi lög um það hvernig eigi að framkvæma þennan samning meðan enn er beðið eftir að fá að vita hvaða ríki ætla að undirrita hann.

Við eigum enn eftir að bíða í hálft ár til að vita hvaða aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ætla að undirrita samninginn. Við fáum ekki að vita það fyrr en 4. des. 1996. Samningurinn mun ekki taka gildi fyrr en 30 ríki hafa undirritað sáttmálann og þá munu líða 30 dagar þangað til sáttmálinn getur tekið gildi. Hins vegar er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að ríki geti af frjálsum og fúsum vilja, segir Tómas H. Heiðar, beitt samningnum til bráðabirgða sín á milli þar til hann hefur tekið gildi. Geri ríki samninga hvert við annað um skipti á deilistofnum geta viðkomandi ríki ef þau vilja það sjálf beitt samningnum til bráðabirgða sín á milli þar til hann hefur tekið gildi en það er athyglisvert að ekki er talað um það að ríki geti einhliða byggt á þessum samningi til bráðabirgða til þess að setja veiðiskipum sínum takmarkanir til veiða á veiðisvæðum þar sem Ísland er ekki aðili að neinum samningum um skiptingu veiða við önnur ríki en það er það sem verið er að gera hér. Það er ekki aðeins verið að beita þessum úthafsveiðisamningi sem hefur ekki enn öðlast gildi til að styðjast við hann til bráðabirgða á veiðum á hafsvæðum þar sem Ísland hefur gert samninga við önnur ríki, heldur á líka að beita honum, þó að hann hafi ekki öðlast gildi, til þess að takmarka einhliða réttindi íslenskra fiskiskipa til veiða á úthafinu þar sem engir samningar eru í gildi um veiðar og Íslendingar hafa ekki gert samninga við nokkur ríki um skiptingu um veiðar á. Ég hef stundum sagt að Íslendingar væru allra þjóða lagnastir við að beita sjálfa sig viðskiptahindrun. En skyldi nokkur þjóð nota samning sem hefur ekki öðlast alþjóðalög til þess einhliða að beita eigin sjómenn skerðingum á veiðiréttindum sem engin önnur þjóð gerir en sú íslenska? Mér er spurn.

Hér gengur hæstv. ráðherra langt fram úr því sem var sérstaklega tekið fram í umræddu erindi að hægt væri að nota samninginn til til bráðabirgða, í algerri þarf- og erindisleysu. Síðan segir í umræddu erindi, með leyfi forseta:

„Samningurinn hefur almennt gengið undir nafninu úthafsveiðisamningurinn en rétt heiti hans er samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. des. 1982, um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.“ Síðan segir, með leyfi forseta: „Langflestir þeirra fiskstofna sem veitt er úr á úthafinu teljast annaðhvort deilistofnar, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan efnahagslögsögu, eða víðförulir fiskstofnar og falla því undir samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norsk-íslenska síldarstofninn, þorskstofninn í Barentshafi, úthafskarfann á Reykjaneshrygg, íslenska loðnustofninn og rækjustofninn á Flæmingjagrunni. Helstir í flokki víðförulla fiskstofna eru túnfiskstofnar víðs vegar í heiminum.“

Hvað er sagt hér? Það er sagt hér að umræddur úthafsveiðisamningur sé samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. des. 1982. Hver eru ákvæði hafréttarsáttmálans frá 10. des. 1982, um þessi efni sem eru í gildi í dag, sem eru lög í dag? Þau ákvæði eru um frjálsar fiskveiðar. Þau eru um frjáls réttindi fiski- og útgerðarmanna allra aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna til veiða á þeim fiskstofnum sem hér hefur verið lýst nema þau hafi samið um annað við aðrar þjóðir. Nú stendur til að breyta þessu en það hefur ekki gerst vegna þess að breytingin hefur ekki tekið gildi. Þangað til breytingin hefur tekið gildi eru frjálsar veiðar alþjóðalög og mér er sem ég sæi þann alþingismann á Alþingi Íslendinga sem mundi samþykkja þá lagatúlkun að það bæri að fara eftir lagasetningu frá Alþingi sem breytti öðrum lögum áður en sú lagasetning hefur tekið gildi.

Við alþingismenn tökum oft ákvörðun um það þegar við samþykkjum lög sem breyta ákvæðum annarra laga að hin nýju lög taki ekki gildi fyrr en eftir 1–2 ár og einstaka dæmi eru um að gildistaka dragist lengur. Hvað þýðir það? Það þýðir að hin nýju lög taka ekki gildi fyrr en eftir þann tíma sem ákveðinn er og á meðan eru gömlu lögin í gildi. Mér er sem ég sæi þann alþingismann eða þann dómara sem vildi sniðganga gildistökuákvæði og dæma eftir breytingunum en

ekki gildandi lögu. En það er það sem verið er að gera hér vegna þess að breytingin sem á að gera á hafréttarsáttmálanum með úthafsveiðisamningnum hefur ekki verið gerð. Á meðan hún hefur ekki verið gerð gilda hin gildandi ákvæði sem eru frjáls fiskveiðiréttur og við höfum ekki hugmynd um hversu margar þjóðir munu undirrita þennan sáttmála. Við höfum ekki hugmynd um hve langur tími líður áður en hann verður staðfestur og við höfum ekki hugmynd um hvenær hann tekur gildi. Samt sem áður ætlum við að fara að framkvæma ákvæði hans og raunar miklu harkalegar en úthafssáttmálinn gerir ráð fyrir eins og kom í ljós þegar farið var yfir frv. hæstv. sjútvrh. í upphaflegri mynd í sjútvn. og það borið saman við texta úthafsveiðisáttmálans eins og hann var raunverulega því að þar kom í ljós að hæstv. ráðherra hafði lagt til í frv. að honum væri skylt að setja takmarkandi reglur á veiðar íslenskra úthafsfiskimanna og vísaði þar til ákvæðis úthafsveiðisáttmálans en í úthafsveiðisáttmálanum stóð að hafnríki geti sett slíkar reglur. En hæstv. ráðherra vildi hafa það þannig að honum væri skylt að setja reglurnar með vísun í úthafsveiðisáttmálann en í úthafsveiðisáttmálanum stóð: „Hafnríki getur sett reglur." Þannig er oftúlkunin, virðulegi forseti, bæði á meginefni úthafsveiðisáttmálans, hvaða áhrif hann hefur á íslenska lagasetningu og einnig á einstök atriði í sáttmálanum. Það er eins og hæstv. ráðherra sé á höttunum eftir því að fá eins mikið vald og hann mögulega getur, miklu meira vald en úthafsveiðisáttmálinn krefst til þess að setja íslenskum fiskimönnum og útgerðarmönnum sem stunda veiðar á úthafinu fjarri Íslands ströndum takmarkandi reglur. Meira að segja er gengið svo langt að oftúlka ákvæði í sáttmálanum, láta í veðri vaka að þau geri íslenska löggjafanum skylt að setja takmarkandi reglur um veiðar fiskiskipa í úthöfunum þegar úthafsveiðisáttmálinn segir að hafnríki geti gert slíkt.

Í erindi Tómasar Heiðars er fjallað nokkuð um aðdragandann að setningu úthafsveiðisamningsins og ég ætla aðeins að grípa þar niður sem hann segir, með leyfi forseta:

„Með hafréttarsamningnum frá 1982 voru settar ítarlegar reglur um landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið. Hins vegar má segja með nokkrum rétti að úthafið hafi verið skilið eftir út undan. Áfram var fylgt þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthafinu væru öllum ríkjum frjálsar. Þær reglur sem settar voru um verndun fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim á úthafinu og áttu að takmarka þetta frelsi voru of almenns eðlis til að geta þjónað tilgangi sínum og þörfnuðust nánari útfærslu. Það var hlutverk úthafsveiðiráðstefnunnar að bæta hér úr, að útfæra nánar ákvæði hafréttarsamningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim og hrinda þeim í framkvæmd. Sú staðreynd þrýsti mjög á að ráðstefnan yrði haldin að sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur stóraukist og leitt til ofveiði víða um heim. Er nú svo komið að um 70% fiskstofna í heiminum verði fullnýttir, ofnýttir eða að hruni komnir samkvæmt skýrslu matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þjóðir heims hafa í vaxandi mæli gert sér grein fyrir að koma verður í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafinu. Allar þær deilur sem sprottið hafa á undanförnum árum um þessar veiðar hafa og fært mönnum heim sanninn um nauðsyn bindandi samkomulags."

Herra forseti. Svo mörg voru þau orð og allt er þetta rétt. Allir vita að það stendur til að setja í framhaldi af fullgildingu úthafsveiðisáttmálans reglur um þessar veiðar. Hvað haldið þið að aðrar fiskveiðiþjóðir, úthafsveiðiþjóðir geri þá? Hvað gera þær þá á meðan veiðarnar eru frjálsar, vitandi að það á eftir að staðfesta reglur um stjórn fiskveiðanna og grípa síðan til einhvers konar úthlutunar til þeirra þjóða sem hafa veiðireynslu á þessum svæðum? Hvað gera þær þá? Þær safna sér veiðireynslu. Það segir sig sjálft. Auðvitað gera þær út skip sín að því marki sem veiðarnar bera sig því enginn útgerðarmaður fer að borga með sér og enginn gerir út á veiðar sem eru reknar með tapi. Menn gera að sjálfsögðu út á veiðarnar meðan þær borga sig til þess að ná sér í veiðiréttindi, til þess að ná sér í veiðireynslu þegar að því kemur að kvótum verður skipt með einum eða öðrum hætti milli þjóða eftir veiðireynslu þeirra.

Hvað ætla Íslendingar að gera? Íslendingar ætla að stöðva flota sinn. Íslendingar ætla ekki að taka þátt í þessu kapphlaupi. Íslendingar ætla að láta úthafsveiðiflota sinn sitja heima á meðan aðrar þjóðir eru að heyja sér veiðireynslu úr þessum stofnum. Og hver verður þá hlutur íslensku úthafsútgerðarinnar þegar upp verður staðið frá því samningaborði?

Síðan segir í umræddu erindi, með leyfi forseta: „Á úthafsveiðiráðstefnunni tókust á nokkuð ólík sjónarmið strandríkja annars vegar og úthafsveiðiríkja hins vegar. Í upphafi var þó ljóst að niðurstaða ráðstefnunnar mundi hvorki felast í því að fullveldisréttur strandríkja innan 200 mílna efnahagslögsögunnar yrði færður út fyrir hana né í því að viðurkenndar yrðu frjálsar veiðar á úthafinu heldur yrði að finna málamiðlun. Eftir því sem leið á ráðstefnuna mjókkaði bilið milli aðila og að lokum náðist samstaða um bindandi alþjóðlegan samning, úthafsveiðisamninginn."

Nokkru síðar segir í þessu erindi, með leyfi forseta: „Segja má að úthafsveiðisamningurinn byggist á fimm meginþáttum: Fyrsti þátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skuli byggð á. Hér er annars vegar um að ræða hina almennu reglu 5. gr. samningsins en meðal þeirra er sú að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggðar á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru. Þessu tengd eru ákvæðin um söfnun gagna um veiðar sem nánar er fjallað um í I. viðauka við samninginn og um eflingu vísindarannsókna. Hins vegar er hér um að ræða ákvæði 6. gr. um varúðarleiðina. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að ríkið skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar. Einnig er ríkjum skylt að ákveða svonefnd viðmiðunarmörk fyrir hvern stofn um sig, en nánar er fjallað um þau í II. viðauka við samninginn.

Þær reglur sem hér hafa verið nefndar gilda ekki aðeins á úthafinu heldur einnig innan efnahagslögsögunnar, svo og einnig um ákvæði 7. gr. sem ég kem að á eftir," segir Tómas H. Heiðar í erindi sínu á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins í haust. Hann heldur áfram og segir, með leyfi forseta:

„Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins og kjarni hans eru reglur þriðja hluta hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir því að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana, að verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Ef fyrir hendi er svæðisbundinn stofn sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna stofna skulu ríki sem veiða úr stofninum á úthafinu og viðkomandi strandríki uppfylla samstarfsskyldu sína með því að gerast aðilar að stofnuninni ef þau eru það ekki fyrir. Aðild að slíkri stofnun er opin öllum ríkjum á jafnræðisgrundvelli sem hafa raunverulega hagsmuni af viðkomandi fiskveiðum. Ríki telst væntanlega hafa raunverulega hagsmuni af veiðum

úr stofni ef það hefur stundað slíkar veiðar eða ef stofninn heldur sig að einhverju leyti innan efnahagslögsögu þess. Þetta skilyrði er mikilvægt því að aðeins þau ríki sem eru aðili að slíkri stofnun eða fallast á að hlíta þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum er stofnunin hefur ákveðið eiga möguleika á að fá aðgang að þeim auðlindum sem þessar ráðstafanir ná til. Það að ríki fái aðild að slíkri stofnun leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að það fái veiðiheimildir. Það ræðst af þeim viðmiðunarreglum sem taldar eru upp í 11. gr. samningsins. Ef svæðisbundin veiðistjórnarstofnun er ekki fyrir hendi skulu viðkomandi strandríki og þau ríki sem veiða úr viðkomandi stofni á úthafinu í sameiningu koma henni á fót."

Hverju er verið að lýsa þarna? Það er verið að lýsa ferli sem samkvæmt úthafsveiðisáttmálanum á að gilda þegar úthafsveiðisáttmálinn hefur verið fullgiltur og hefur öðlast gildi sem alþjóðalög. Og hvernig á það ferli að vera? Það ferli á að vera þannig að starfræktar séu svæðisbundnar veiðistjórnarstofnanir um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun á veiði úr þeim. Þessar svæðisbundnu veiðistjórnunarstofnanir eiga síðan m.a. á grundvelli veiðireynslu að taka ákvörðun um stjórn fiskveiða hver á sínu svæði. Og nú spyr ég: Hvar eru þessar veiðistjórnarstofnanir sem eiga þessu hlutverki að gegna og eru forsenda þess að úthafsveiðisáttmálanum sé framfylgt? Hafa þær verið stofnsettar? Er Ísland aðili að þeim? Að sjálfsögðu ekki. Engin af þessum stofnunum er enn orðin til eða a.m.k. fáar þeirra eru enn orðnar til þannig að tækin sem á að nota til þess að framkvæma þá stjórnun sem úthafsveiðisáttmálinn gerir ráð fyrir hafa ekki verið búin til, hafa ekki verið sköpuð. Svo kemur hæstv. sjútvrh. og ætlar bara að gera þetta einn. Hann þarf engar svona stofnanir. Hann ætlar bara að gera þetta einn. Hann ætlar ekki að gera þetta einn fyrir alla. Nei, hann ætlar bara að gera þetta fyrir Íslendinga. Hann ætlar að taka að sér hlutverk þeirra svæðisbundnu veiðistjórnunarstofnana sem eiga samkvæmt úthafsveiðisáttmálanum að setja ríkjum reglur um veiðar á viðkomandi svæðum. Þær eru ekki til. Hann ætlar að taka að sér hlutverk þeirra gagnvart íslenskum veiðum. Hann ætlar að stjórna þessum veiðum eins og hann sé alþjóðastofnun, en sú stjórnun á bara að gilda gagnvart Íslendingum. Og túlkun hans á hlutverki sínu í mynd þessarar stofnunar er svo víðtæk að vald hans til stjórnunar nær meira að segja inn fyrir fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Hann er því ekki bara svæðisbundin veiðistjórnunarstofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna í þessu frv. sem hefur að vísu aðeins lögsögu yfir íslenskum veiðimönnum. Hann tekur líka að sér slíka lögsögu innan fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Hann ætlar líka að fá að ráða því hvernig Íslendingar haga veiðum sínum innan fiskveiðilögsögu annarra ríkja; Afríku, Asíu, Ameríku. Hvar sem er. Það þarf engar svæðisbundnar veiðistjórnunarstofnanir þegar við höfum svona mikinn afreksmann í stóli sjútvrh., eða hvað? Hann getur bara gert þetta allt saman sjálfur, einn. Hann þarf ekki einu sinni aðstoðarmanninn með sér. Gerir þetta bara heima við eldhúsborðið. En sá galli er á gjöf Njarðar að þetta gildir bara gagnvart Íslandi. Hann tekur ekki að sér að sjá um veiðistjórnun innan lögsögu annarra ríkja fyrir neina nema íslensk skip. Hann leyfir stjórnvöldum viðkomandi ríkja að sjá um allt hitt sjálf.

Síðan segir, virðulegi forseti, um þessa stofnun sem á að stofna ef úthafsveiðisáttmálinn verður samþykktur og eftir að hann hefur tekið gildi sem alþjóðalög: „Innan svæðisstofnunar skulu ríki m.a. koma sér saman um verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna viðkomandi stofna, ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofninum, úthluta kvótum til einstakra ríkja, ákveða hver veiðisókn skuli vera, setja reglur um veiðar og veiðarfæri, taka saman og dreifa gögnum um veiðar, fylgjast með ástandi stofnanna og setja reglur um eftirlit með veiðarfærum."

Íslenski sjútvh. þarf ekki þetta. Hann gerir þetta bara einn, við eldhúsborðið heima hjá sér. Hann tekur það á sínar herðar einn og sjálfur að framfylgja úthafsveiðisáttmálanum sem engin þjóð hefur enn staðfest, enginn veit hvenær hann verður alþjóðalög og enginn veit hvenær þessar svæðisstofnanir verða til sem úthafsveiðisáttmálinn gerir ráð fyrir að verði. Þorsteinn Pálsson, hæstv. ráðherra, tekur þetta að sér einn og sjálfur. Síðan segir í umræddu erindi:

„Þriðji meginþátturinn sem samningurinn byggist á er ákvæði 7. gr. hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsöguna hins vegar skuli vera samþýðanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og efnahagslögsögunnar hins vegar. Sérstaklega er tekið fram að við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríkið taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögunnar og tryggja að ráðstafanir sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana."

Hér er annars vegar tekið tillit til þess að fiskstofnanir eru líffræðilegar heildir sem samræmd stjórn þarf að vera á og hins vegar þess að strandríki hafa samkvæmt hafréttarsamningnum óskoraðan fullveldisrétt yfir auðlindum í efnahagslögsögu sinni. Og nú spyr ég, herra forseti: Er í frv. þessu gert ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh. þurfi að taka tillit til afstöðu einstakra annarra ríkja um ákvörðun á veiðiheimildum á úthafinu á svæðum þar sem Íslendingar eru ekki aðilar að samningum um veiðar á? Nei, það er ekki gert. Það er gert ráð fyrir því að Alþingi veiti hæstv. sjútvrh. fulla heimild til þess að taka þá ákvörðun sem honum sjálfum þóknast vegna slíkra svæða. Hann þarf ekki að taka tillit til þess hvað önnur ríki kunna að hafa að segja á þessum svæðum, þ.e. þeim svæðum sem Íslendingar eru ekki samningsaðilar við aðrar þjóðir um veiðar á. Hann hefur það algerlega óskorað í sinni hendi ef frv. verður samþykkt að taka ákvarðanir þar um. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þó að úthafsveiðisamningurinn hafi þannig að geyma viðmiðunarreglur um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og efnahagslögsögunnar hins vegar inniheldur hann engar almennar viðmiðunarreglur um skiptingu kvóta milli einstakra ríkja. Hinum svæðisbundnu veiðistjórnarstofnunum er látið eftir að ákveða hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar skiptingu kvóta milli aðildarríkja þeirra."

Hinum svæðisbundnu veiðistjórnunarstofnunum er látið eftir að ákveða hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar skiptingu kvóta o.s.frv. Ekki í frv. sjútvrh. Þar er ekkert minnst á þetta. Þar er allt þetta vald falið honum einum. Þar er ekki gert ráð fyrir að það þurfi neina svæðisbundna veiðistjórnarstofnun til. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Fjórði meginþátturinn sem úthafsveiðisamningurinn er reistur á eru ákvæði fimmta og sjötta hluta hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðarréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og

stjórnunarreglur á úthafinu og framfylgd þeirra sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi. Ekki er þó látið við eftirlit og framfylgd af hálfu fánaríkjanna einna sitja. Strandríkin bentu á það á úthafsveiðiráðstefnunni að misbrestur gæti orðið á því að fánaríkin sinntu skyldum sínum í þessum efnum eins og dæmin sýndu, bæði vegna skorts á getu og vilja. Því væri nauðsynlegt að veita öðrum ríkjum heimildir að þessu leyti. Úthafsveiðisamningurinn yrði marklaust plagg ella."

Nú spyr ég: Hefur Ísland fengið slíka heimild til þess að hafa eftirlit með veiðum skipa annarra ríkja á úthafinu sem strandríki? Hefur það öðlast þá heimild þar sem ekki er um að ræða samninga um veiði úr sameiginlegum fiskstofnum? Getur Ísland fylgst með veiðum skipa annarra ríkja eins og gert er ráð fyrir í samningnum að landið fái? Nei, það getur það ekki. Það getur það ekki. En hæstv. sjútvrh. ætlar sér að fylgjast alfarið með veiðum íslenskra skipa á þessum sömu slóðum og stöðva veiðar þeirra og beita menn kárínum, sektum eða varðhaldi ef þeir fara ekki að fyrirmælum hans eins um veiðarnar. Ekki er um gagnkvæmnisréttindi þar að ræða. Ekki fáum við neina heimild á móti til þess að fylgjast með veiðum annarra skipa á úthafinu þótt þau sniðgangi eins og þau hafa fullan rétt til öll þau viðmið og öll þau markmið sem íslenski sjútvrh. hefur lagt til grundvallar fyrir veiðum íslenskra skipa. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Fimmti og síðasti meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði áttunda hluta hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins. Deilur þessar geta annars vegar lotið að túlkun eða beitingu samningsins sjálfs og hins vegar að túlkun eða beitingu svæðisbundins fiskveiðisamnings um deilistofna eða víðförula fiskstofna sem ríkin eru aðilar að. Undir hið síðarnefnda falla m.a. deilur um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Ljóst er að það er afar mikilvægt að ríkjum sem ekki geta komið sér saman um ráðstafanir til verndunar tiltekins stofns og stjórnunar veiða úr honum skuli opin sú leið að skjóta deilumáli sínu til alþjóðlegs dómstóls eða gerðardóms til bindandi úrlausnar."

Meginþátturinn er að tryggja friðsamlega lausn deilumála milli ríkja. Er hæstv. sjútvrh. að tryggja friðsamlega lausn deilumála innan okkar eigin ríkis um fiskveiðar með frv.? Hefur hann tekið tillit til þeirra ábendinga sem t.d. þingflokksformaður Alþfl. kom fram með og aðrir stjórnarandstæðingar í sjútvn. að undanskildum hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem skrifar undir nefndarálit meiri hlutans? Hefur hann tekið tillit til þeirra ábendinga? Nei, hann hefur ekki gert það. Hefur hann tekið tillit til ábendinga Félags úthafsútgerða sem hefur lagt fram rökstutt erindi og meira að segja boðið samvinnu um lausn málsins? Nei, hann hefur ekki gert það. Er þetta friðsamleg lausn deilumála? Er þetta í anda úthafsveiðisáttmálans sem hæstv. ráðherra segist byggja sinn málflutning á? Síðan segir, með leyfi forseta, í þessu athyglisverða erindi Tómasar Heiðars um þýðingu úthafsveiðisamningsins:

„Þá sé rétt að hafa í huga það markmið hans að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ljóst er að langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða eru í því fólgnir að þessu markmiði verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar úr þessum stofnum á úthafinu víðsvegar í heiminum."

Svo segir: „Sérstakir hagsmunir strandríkja af verndun slíkra stofna og stjórnun veiða úr þeim eru viðurkenndir með ýmsum hætti í samningnum. Skýrasta dæmið um það er e.t.v. áðurnefnt ákvæði 7. gr. um að við ákvörðun samþíðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríki taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögunnar og tryggja að ráðstafanir sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu grafi ekki undan áhrifum þeirra ráðstafana.

Annað dæmi er ákvæði 21. gr. sem áður er nefnt en samkvæmt því hafa önnur ríki en fánaríki almennt einnig rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra ríkja á úthafinu og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldi gagnvart þeim í áðurgreindum tilvikum. Vegna landfræðilegrar nálægðrar og hagsmuna sinna af því að verndunar- og stjórnunarreglur séu virtar á úthafinu er við því að búast að strandríkin komi fyrst og fremst til með að hafa þetta hlutverk á hendi og er ákvæðið þeim því sérstaklega mikilvægt.

Loks má nefna ákvæði 4. gr. samningsins um að ákvæði hans skuli ekki hafa áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningnum og að ákvæðin skuli túlkuð til samræmis við ákvæði hans."

Síðan segir í umræddu erindi, með leyfi forseta:

„Óhætt er því að fullyrða að almennir hagsmunir strandríkja séu eftir atvikum vel tryggðir í úthafsveiðisamningnum. Jafnframt er þar viðurkennd sérstaða strandríkja á borð við Ísland sem í mjög miklum mæli eru háð fiskveiðum eins og áður er vikið að. Ljóst er að þegar ákvarðanir eru teknar um verndun og stjórnun veiða á deilistofnum sem halda sig bæði innan og utan íslensku efnahagslögsögunnar, t.d. norsk-íslensku síldinni og úthafskarfanum á Reykjaneshrygg, skal taka tillit til þessarar sérstöðu Íslands. Og þátttaka Íslands í verndun og stjórnun veiða á stofnum á úthafinu á fjarlægum miðum er tryggð í þeim tilvikum þegar veiðireynsla er fyrir hendi og skilyrðin um raunverulega hagsmuni af veiðunum þar með fullnægt."

Það er því leitt í ljós hér það sem ég sagði í upphafsorðum mínum að þátttaka Íslands í verndun og stjórnun veiða á stofnum í úthafinu á fjarlægum miðum er aðeins tryggð í þeim tilvikum þegar veiðireynsla er fyrir hendi. Og tillit verður tekið til hagsmuna Íslands samkvæmt þessum sáttmála í réttu hlutfalli við þá veiðireynslu. Hver er þá ástæðan fyrir því að íslenska úthafsútgerðin sem rétt nýlega hefur slitið barnsskónum fái ekki að afla íslensku þjóðinni þeirra mikilvægu réttinda sem felast í veiðireynslu eins og verður ef frv. hæstv. sjútvrh. fer í gegn? Hvernig stendur á því að það á að veita ráðherra vald til þess að stöðva að þessar útgerðir geti tryggt okkur þátttöku í verndun og stjórnun veiða á stofnum í úthafinu á fjarlægum miðum sem aðeins verður tryggð með því að Ísland hafi veiðireynslu á þeim miðum og í þeim stofnum sem þar er verið að fjalla um? Hér er því ekki bara spurning um efnahagsleg atriði. Hér er spurning um áhrif. Hér er spurningin um það hvar Íslendingar geta fengið að hafa áhrif á stjórn veiða í samvinnu við aðrar þjóðir á fjarlægum miðum og þau áhrif getum við ekki fengið nema íslenski úthafsveiðiflotinn verði frjáls til veiða á þeim miðum svo lengi sem sú regla er meginregla í alþjóðalögum samkvæmt hafréttarsáttmálanum. Því þá og þá aðeins höldum við réttindum okkar til jafns við aðra og getum gert okkur

vonir um að geta komið íslenskum hagsmunum á framfæri á fjarlægum miðum, ekki bara þeim miðum sem við þekkjum nú heldur einnig á þeim fjarlægu miðum sem ég er sannfærður um að íslenski úthafsveiðiflotinn mun sækja á þegar hann hefur aflað sér þeirrar reynslu og þekkingu sem hann hefur verið að afla sér á fjarlægum miðum á undanförnum árum með þeim árangri sem ég gat um í upphafi ræðu minnar.

Virðulegi forseti. Ég hef gert hér grein fyrir, með tilvitnun í erindi Tómasar H. Heiðars, nokkrum meginatriðum í úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna. Þetta er vissulega mjög þýðingarmikill samningur, ekki síst fyrir strandveiðiþjóð eins og við Íslendingar höfum verið, sem er að breytast í úthafsveiðiþjóð og á réttinda að gæta og hagsmuna að gæta á öllum miðum nær og fjær í heiminum. En þessi þýðingamikli samningur verður ekki að alþjóðalögum fyrr en einhvern tímann, enginn veit hvenær. Á meðan ríkja alþjóðalögin um frjálsa veiði og frjálsa ferð um veiðislóðir úthafsins. Sá tími sem verður þangað til að úthafsveiðisamningurinn nær lagagildi mun verða notaður af öllum þjóðum til þess að afla sér veiðireynslu á þessum slóðum til þess að geta komið sínum sjónarmiðum að þegar úthafsveiðisamningurinn tekur gildi. Hvers vegna ættum við Íslendingar einir fiskiveiðiþjóða að skerast úr í þeim leik?

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess að fara nokkrum orðum um úthafsveiðafrv. sjálft nú eftir að rakin hafa verið nokkur efnisatriði, bæði aðdragandi málsins og efnisatriði í úthafsveiðisamningnum sem hæstv. ráðherra segist byggja frv. sitt á. Þar er um nokkuð auðugan garð að gresja.

Í Morgunblaðinu 29. maí 1996 skrifaði dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður grein þar sem hann fjallar um úthafsveiðifrv. og telur það mjög varhugavert. Gunnlaugur segir m.a., með leyfi forseta:

„Það verður að teljast mjög alvarlegt, ef Alþingi ætlar bindandi að veita sjávarútvegsráðherra svo víðtæk völd. Mér verður stundum hugsað til þess," — segir þessi hæstaréttarlögmaður og fyrrum alþingismaður, — „hve mikilvægt það er, að á Alþingi hafa að jafnaði setið þingmenn, sem láta ekki sem vind um eyrun þjóta ýmsa gagnrýni, sem ábyrgir aðilar láta frá sér fara um sitthvað, sem gerist með þjóðinni."

Nú trúi ég því að hv. fyrrv. þingmaður og hæstaréttarlögmaður sé ekki síst að tala til stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar sem standa á bak við hæstv. sjútvrh. og frv. hans. Hann segir við þá: Ég tel það mikilvægt „... að á Alþingi hafa að jafnaði setið þingmenn, sem láta ekki sem vind um eyrun þjóta ýmsa gagnrýni, sem ábyrgir aðilar láta frá sér fara um sitthvað, sem gerist með þjóðinni." Og skyldi hv. fyrrv. þm. hafa rétt fyrir sér? Að það séu einhverjir til í hópi stjórnarliða sem hlusta á þá gagnrýni á frv. þetta sem fram hefur verið sett? Ég ætla að vona það. En hv. fyrrv. þm., hæstaréttarlögmaðurinn Gunnlaugur Þórðarson, heldur áfram og segir, með leyfi forseta:

„Því er þetta nefnt hér, að óvíst er hvar íslenska þjóðin væri á vegi stödd í dag í landhelgismálinu ef gagnrýni sú, sem birtist hér í blaði 6. janúar 1971 undir yfirskriftinni: „Uppgjöf í landhelgismálinu", hefði ekki haft áhrif.

Greinin var gagnrýni á boðað áframhald aðgerðaleysis í landhelgismálinu af hálfu ríkisstjórnarinnar, eftir að 12 sjómílna landhelgin hafði verið í gildi í rúm 13 ár.

Enginn mun neita því, að sú gagnrýni hratt af stað baráttu fyrir 50 sjómílna landhelgi, sem náði inn í sali Alþingis og lauk með því að 50 sjómílna landhelgin varð að veruleika að afstöðnum kosningum og stjórnarskiptum nokkru síðar. Í framhaldi af því 200 sjómílna landhelgi."

Og greinarhöfundur heldur áfram og segir, með leyfi forseta:

„Menn geta velt því fyrir sér hvernig landhelgismálið horfði við nú ef sjávarútvegsmálin hefðu þá lent í höndum ráðherra með svipað hugarfar og núverandi sjávarútvegsmálaráðherra, þegar hugsað er til smugumálsins, karfans á Reykjaneshrygg og nýgerðs samnings við Norðmenn um síldveiðar, sem opnað hefur íslensku landhelgina fyrir Norðmönnum og Rússum.

Samt er það svo, að þessi sami sjávarútvegsmálaráðherra, sem segist vera talsmaður frelsis í atvinnumálum, seilist nú bersýnilega til meiri afskipta ríkisins af útgerðarmálum íslensku þjóðarinnar, en dæmi eru til áður og æskilegt er. Stjórnarfrumvarp það um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem nú liggur fyrir Alþingi, gefur þetta óþyrmilega til kynna."

Greinarhöfundur heldur áfram og segir, með leyfi forseta:

„Einkum eru það ákvæði í 3. og 4. gr. frv., sem eru varhugaverð. Í þeim er gert ráð fyrir að sjávarútvegsmálaráðherra fái ótakmarkað vald til að setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan landhelgi og jafnvel að veita samþykktum erlendra stofnana lagagildi hér á landi.

Þá vekja 5. og 6. greinar frv. grunsemdir. Tilgangur þeirra er sýnilega að færa kvótakerfið, sem gilt hefur um veiðar íslenskra skipa í landhelgi, yfir á öll úthöf.

Það má teljast mjög alvarlegt ef Alþingi ætlar blindandi að veita sjávarútvegsmálaráðherra svona víðtæk völd og afmá þýðingu sjálfs Alþingis í jafnmikilvægu máli."

Og greinarhöfundur heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir:

„Það yrði allt of langt mál að tíunda alla galla frv. Þó er fullkomin ástæða til að benda á, að frv., ef að lögum verður, mun torvelda allt frumkvæði í mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar og gera úthafasveiðar síður eftirsóknarverðar.

Í frv. eru sjö greinar, sem skipta máli. Það er ótrúlegt, að í frv. þessu koma fyrir nærri þrjátíu sinnum orð svo sem: „ráðherra skal", eða „ráðherra getur" eða þá „ráðherra er heimilt". Talar það sínu máli um hin víðtæku völd, sem Alþingi er ætlað að afsala sér í hendur sjávarútvegsmálaráðherra.

Ef nauðsynlegt er að endurskoða löggjöf um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu landsins, má Alþingi ekki gefa sjávarútvegsmálaráðherra jafn lausan tauminn til að ráðskast með mikilvægasta atvinnuveg íslensku þjóðarinnar og stefnt er að með frv. þessu" segir hæstaréttarlögmaðurinn í lokin.

Herra forseti. Hér er umsögn manns sem ekki hefur bara setið á Alþingi Íslendinga heldur var mjög framarlega í umræðum um landhelgismál hér á útfærsluárunum og skrifaði meira en flestir aðrir um þau mál. Dr. Gunnlaugur Þórðarson setti sig mjög vel inn í sjávarútvegsmál og landhelgismál Íslendinga og var einarður talsmaður útfærslunnar á íslensku fiskveiðilögsögunni og tók þátt í hafréttarráðstefnum Sameinuðu þjóðanna og aflaði sér fjölmargra yfirgripsmikilla lögfræðilegra upplýsinga um hafréttarmál. Og það er full ástæða til þess, herra forseti, að hv. þm. leggi við hlustir þegar maður með þessa reynslu lætur í ljós svo afdráttarlaust álit á því frv. sem hér er til meðferðar. Það er full ástæða til þess að hv. alþingismenn hlusti með athygli á þau varnaðarorð.

En það hafa fleiri tjáð sig um þessi mál, virðulegi forseti. Einn sá lögspekingur sem öðrum betur þekkir þjóðarétt og landhelgismál og landhelgisbaráttu Íslendinga er dr. Gunnar

G. Schram. Hann kom á fund sjútvn. þegar fjallað var um þetta frv. og var þar spurður um það hvort hann teldi eðlilegt að leysa lögin frá 1976 af hólmi með frv. eins og þessu. Ég hef það að vísu ekki skriflegt frá honum en hann sagði á fundi nefndarinnar að hann teldi að ný lagasetning væri óþarfi þar sem lögin frá 1976 veittu ráðherra allar þær heimildir sem hann þyrfti til þess að stjórna fiskveiðum í samræmi við alþjóðasamninga eða fjölþjóðasamninga sem Íslendingar eiga aðild að. Og hann sagði einnig, ef ég man rétt, að það væri mun mikilvægara fyrir hagsmuni þjóðarinnar að halda áfram að afla henni veiðireynslu á úthafinu fremur en að setja lög af því tagi sem gæfu sjútvrh. svo víðtæk völd til að stöðva þær veiðar eins og umrætt frv. gerir. Það var því ekki nokkur vafi á því hvað dr. Gunnar Schram ráðlagði sjútvn. Hann ráðlagði henni að setja ekki þessi lög því að hinir hagsmunirnir væru miklu meiri, þeir að afla þjóðinni aukinnar veiðireynslu á úthafinu áður en úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna öðlaðist gildi og veiðikvótum á úthafinu yrði skipt eftir aflareynslu. Þannig að þarna eru komnir tveir mikilhæfir lögmenn, menn sem hafa látið sig þessi mál miklu varða, sem eru báðir sammála um þá ráðgjöf sem gefin er sjútvn. og Alþingi Íslendinga í því máli.

Ég hef einnig aflað mér álits valinkunnra manna sem hafa farið yfir þetta frá sama sjónarhóli og lögmennirnir og vil láta þess getið, herra forseti, hver þau helstu viðhorf eru sem þar hafa komið fram. Í fyrsta lagi eru þessir taldir vera helstu gallar frv. samkvæmt þeirri samantekt: „Í fyrsta lagi er verulega verið að skerða athafnafrelsi íslenskra skipa á úthafinu með frv. og óeðlilega mikið vald fengið sjútvrn. til að beita þar boðum og bönnum sem jaðrar við brot á almennum þjóðaréttarreglum. Þetta er því alvarlegra sem hér er um helsta vaxtarbrodd íslensks sjávarútvegs að ræða. Meginatriði frv. er í raun það að allt sé bannað sem ráðherra ekki beinlínis leyfir utan lögsögu Íslands. Þessi grunnhugsun er bæði röng og stjórnskipulega mjög varhugaverð, ekki síst vegna atvinnufrelsis."

Herra forseti. Þetta eru orð sem ástæða er til að staðnæmast við og ígrunda því þetta er ekki sett fram af neinni léttúð heldur í fullri alvöru af aðilum sem hafa tekið saman álit sitt, lögfræðilegt álit sitt á meginatriðum frv. og færa til m.a. þessa galla þess.

Í öðru lagi er gerð sú athugasemd að með frv. sé verið að yfirfæra reglur núverandi kvótakerfis í efnahagslögsögunni yfir á úthafið. Sú gjörð er mjög varhugaverð í ljósi þeirra deilna sem um kvótakerfið hafa staðið og fullkomlega ástæðulaust að taka upp sama kerfi utan íslenskra lögsögumarka. Hér er með ofstjórn verið að hefta framtak og frjálsræði íslenskra útgerða á alþjóðlegum hafsvæðum hvar sem er í heiminum.

Í þriðja lagi. Það ákvæði 2. gr. að ráðherra veiti leyfi til veiða íslenskra skipa á úthafinu og að fiskveiðar þeirra þar séu óheimilar án slíkra leyfa brýtur gegn efni og anda 87. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um frelsi til veiða á úthafinu. Ísland er bundið af ákvæðum sáttmálans. Það er stjórnskipulega afar hæpið að ráðherra sé fengið vald til að takmarka svo skilyrðislaust með reglugerðum atvinnufrelsi íslenskra ríkisborgara hvar sem er í heiminum. Það er m.ö.o. sett fram hér það álit að það sé vafasamt að Alþingi geti veitt ráðherra vald til að stöðva eða takmarka veiðar íslenskra fiskiskipa hvar sem er í heiminum svo lengi sem slík valdbeiting samrýmist ekki hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um frjálsar veiðar. Með öðrum orðum er þeirri spurningu varpað fram hvort þetta ákvæði í hafréttarsáttmálanum sem Ísland er bundið af svo lengi sem það ákvæði er í alþjóðalögum er ekki yfirsterkara og hvort sjútvrh. sé leyfilegt að beita valdi sem Alþingi fær honum til þess að takmarka réttindi íslenskra þegna í umheiminum þar sem alþjóðleg lög kveða á um að slík réttindi séu öllum heimiluð. Það má vel vera að á þetta verði reynt fyrir dómstólum. Hvort má sín meira réttindi sem íslenskir þegnar fá að alþjóðalögum eða takmarkanir að geðþótta sjútvrh. á þeim réttindum sem hann setur í krafti lagasetningar sem hann knýr meiri hluta Alþingis til þess að staðfesta?

Þá segir einnig í umræddum athugasemdum um einstakar greinar, með leyfi forseta. „Í sjálfu sér eru nægar lagaheimildir fyrir hendi í lögum nr. 34/1976 til að stjórna veiðum utan fiskveiðilandhelgi Íslands. 1. gr. laganna veitir slíkar heimildir. 2. gr. laganna er hins vegar óljós og getur veitt ráðherra heimildir til óeðlilegra afskipta og er því út af fyrir sig nauðsynlegt að gera hana skýrari. Miðað við að ný lög verði sett svo sem hér virðist stefnt að þá er það höfuðatriðið að þau verði stutt og ljós og innihaldi aðeins meginreglur. 5.–10. gr. frv. eiga þar því alls ekki heima. Þar er fjallað um atriði sem eiga heima í reglugerð en alls ekki í lögum að undanskilinni 1. mgr. 5. gr."

Síðan segir, með leyfi forseta, um 3. gr. „Ástæðulaust er að skylda ráðherra til að setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan efnahagslögsögunnar. Nær væri að nota orðalagið „ráðherra er heimilt", almennar skyldur er mjög óljóst hugtak. Hér ætti að standa „skyldur Íslands samkvæmt alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki"."

Síðan segir um 4. gr., með leyfi forseta: „Óþarft og óeðlilegt er að binda veiðar utan lögsögunnar takmörkunum sem leiða af lögum og reglum settum með stoð í þeim. Frv. sjálft mun veita hér næga lagaheimild og þá síðari lög sem sett kunna að verða. Nægilegt er að segja að veiðar séu heimilar íslenskum skipum utan lögsögunnar með þeim takmörkunum sem leiða af samningum Íslands við önnur ríki. Með því er tryggt að ráðherra getur ekki þeim til viðbótar sett íþyngjandi reglur um slíkar veiðar að eigin geðþótta eins og frv. nú heimilar. Önnur setning 4. gr. er óhæf í núverandi mynd og felur í sér gjörsamlega óþarfa takmarkanir á atvinnufrelsi sem er stjórnarskrárvarið. Hér ætti að standa í staðinn: „Ráðherra veitir leyfi til veiða íslenskra skipa á úthafinu þegar slík leyfisveiting er nauðsynleg vegna samninga Íslands við önnur ríki." Fella ætti alveg út framhaldið um að fiskveiðar séu óheimilar án slíkra leyfa, þetta segir sig sjálft og er óþarft. Síðasta mgr. 4. gr. er eðli málsins samkvæmt algjörlega óþörf. Yfirvöld erlendra ríkja eru fullfær um að framfylgja sínum lögum án aðstoðar íslenska sjútvrn."

Alvarlegasta athugasemdin, virðulegi forseti, er að sjálfsögðu að ef Alþingi veitir hæstv. sjútvrh. heimildir til að takmarka veiðar umfram það sem leiðir af samningum Íslands við önnur ríki án þess að úthafsveiðisáttmálinn sé orðinn að alþjóðalögum sé hann að ganga svo langt til skerðingar á atvinnufrelsi Íslendinga að það sé spurning hvort ekki sé um að ræða stjórnarskrárbrot. Og hvaða nauðsyn ber til þess að ráðherra séu veittar slíkar heimildir til skerðingar á atvinnufrelsi þegar ekki eiga í hlut veiðar á hafsvæðum þar sem samningar eru í gildi við önnur ríki? Það eru engin rök sem mæla fyrir um slíkt. Engin rök sem standa til þess að hæstv. ráðherra fái slíkar valdheimildir til takmörkunar á atvinnufrelsi Íslendinga á hafsvæðum þar sem Ísland er ekki aðili að neinum samningum um veiðar við önnur ríki.

Síðan segir áfram í athugasemdunum, með leyfi forseta, um 5. gr.: „Þessi ákvæði hljóta að vera mjög umdeild og eiga heima í reglugerðum en ekki í lögum. Kvótakerfið er hér fært yfir á úthafið. Spyrja mætti reyndar hvort ekki væri eðlilegt að skip með lítinn kvóta innan lögsögunnar fengju meiri kvóta í sinn hlut en þeir sem þegar ráða yfir stórum kvótum úr þeim sömu fiskstofnum sem hér um ræðir."

Þessari spurningu sem hér er velt upp, virðulegi forseti, mundu sjálfsagt ekki allir svara á sama veg því hér er vissulega um álitamál að ræða. En vissulega má segja að þau sjónarmið sem hér eru sett fram eigi nokkurn rétt á sér, a.m.k. ekki síðri en önnur sjónarmið sem kunna að vera uppi í þessu máli.

Um 6. gr. segir síðan í álitsgerðinni, með leyfi forseta:

„Aðeins 1. mgr. ætti að vera í lögum. Annað er reglugerðaratriði og kemur aftur upp spurningin sem er pólitísks eðlis hvort yfirfæra eigi kvótakerfið í núverandi mynd á úthafsveiðar þegar ekki er um flökkustofna að ræða eða miða fremur við almennt sóknarkerfi eða frjálsar veiðar þegar heildarafli er ekki ákveðinn sem vitanlega væri eðlilegast með vísan til 8. mgr. 6. gr. frv. Síðasta mgr. 6. gr. veitir ráðherra óeðlilega mikið vald til skerðingar atvinnufrelsis og ætti að fella brott," segir í umsögninni. Um 7. gr. segir síðan, með leyfi forseta:

„Fráleitt er að veita ráðherra svo opna heimild sem hér um ræðir til að mæla fyrir um veiðarfæri íslenskra skipa hvar sem er í heiminum. Hér nægir að veita ráðuneytinu heimild til að setja reglur um veiðarfæri sem er í samræmi við ákvæði þeirra samninga við önnur ríki sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti á íslenskum skipum að vera heimilt að nota þau veiðarfæri sem þau kjósa og best henta hverju sinni. Enn er hér reynt að hefta athafnafrelsi íslenskra ríkisborgara fullkomlega að ástæðulausu," segir í umsögninni. Fullkomlega að ástæðulausu.

Um 8. gr. segir síðan, með leyfi forseta: „Enn er þessi grein allt of víðtæk. Af hverju á að heimila eftirlitsmenn um borð í skipum við veiðar t.d. við Afríku eða Asíulönd og skylda útgerðina til að bera af því kostnað. Nær væri að þrengja heimildina við tilvik þar sem þess er krafist vegna samninga Íslands við önnur ríki. Af sömu ástæðum er 9. gr. óþörf."

Um 10. gr. segir svo, með leyfi forseta: „Enn er bannárátta ráðuneytisins hér í algleymingi. Í 1. mgr. ætti að standa að heimilt væri að landa afla erlendra skipa í íslenskum höfnum nema veiðarnar brjóti í bága við samninga. Hér vantar einnig skilgreininguna á orðinu hentifána. Í 2. mgr. er ráðherra veitt vald til þess að ákveða almennt löndunarbann erlendra skipa vegna veiða þeirra á úthafinu sem ekki brjóta í bága við samninga sem Ísland er aðili að. Þjónar slíkt bann íslenskum hagsmunum?" (**Gripið fram í:** Já.) Það er von að spurt sé. Þjónar slíkt bann íslenskum hagsmunum, herra forseti?

Um 11. gr. segir, með leyfi forseta: „2. málsl. 11. gr. er í andstöðu við gildandi þjóðarétt sem meinar afskipti af erlendum skipum á úthafinu á þennan hátt. Af sömu ástæðu fær 3. mgr. ekki staðist." Svo mörg voru þau orð.

Hér er enn einu sinni búið að rekja í öllum meginefnisatriðum og síðan grein fyrir grein alvarlega ágalla á umræddu frv. Það getur ekki verið að það fari fram hjá hugsandi mönnum að þær ábendingar sem hér hafa verið fram settar eru vel rökstuddar og réttar og ég fæ ekki skilið hvernig á því stendur að menn taka ekki mark á jafn vel undirbyggðri gagnrýni og vel fram settri, ekki síst þegar liggur ljóst fyrir að það er ekkert sem kallar á að taka þá ákvörðun að knýja frv. í gegn eins og það er úr garði gert.

Það eru fleiri viðvaranir, virðulegi forseti, sem hafa komið fram frá þeim aðilum sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta í þessu máli. Að vísu hefur engin umsögn komið fram frá þeim sem á mestra hagsmuna að gæta í þessu máli sem er íslenska þjóðin. Hún hefur ekki verið spurð. Sjómennirnir á þessum skipum hafa ekki verið spurðir né fjölskyldur þeirra né þeir 4.000 aðilar í landi sem með einhverjum hætti hafa vinnu sína af þjónustu við þessa útgerð eða af því að verka afla hennar. Þetta eru þeir sem hafa mestra hagsmuna að gæta. Þeir hafa ekki verið spurðir, en ýmsir aðrir sem að málinu koma hafa verið spurðir og eiga hagsmuna að gæta og ég vil aðeins vitna með nokkrum orðum í álit þeirra.

Þann 28. maí sl. sendi Félag úthafsútgerða mjög áríðandi bréf til hæstv. sjútvrh. Efni bréfsins var samþykkt NAFO frá því í september 1995 um skyldu til þess að hafa svokallaða sjónarvotta um borð í íslenskum skipum að veiðum á Flæmska hattinum. Enska orðið sem notað er er „observers" sem hefur verið þýtt sem eftirlitsaðili. Það er að sjálfsögðu röng þýðing á því orði. Hin rétta þýðing er sú sem notuð er í bréfinu, þ.e. sjónarvottur, því að það er ekki ætlast til annars en þeir aðilar sem eiga að vera þar „observers" gegni því hlutverki að fylgjast með veiðum en ekki vinna þar sem eðlilegir eftirlitsaðilar með því valdi sem eftirlitinu fylgir. En bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ágæti sjávarútvegsráðherra.

Með vísun til fundar með yður þann 15. maí sl. þar sem við lögðum fram grunnathugasemdir okkar við frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Við lýstum þungum áhyggjum yfir nær öllu efni frumvarpsins en einkum og sér í lagi skyldunni til þess að hafa sjónarvotta um borð í íslenskum skipum að veiðum á Flæmska hattinum, sjónarvotta sem skip félagsmanna okkar bæru allan kostnað af. Kostnaðurinn sem af því hlýst mun verða skipunum óviðráðanlegur og margir ef ekki allir útgerðarmenn munu hætta rækjuveiðum á Flæmingjagrunni. Við það tapaðist dýrmæt veiðireynsla sem reynslan hefur kennt Íslendingum að er mjög mikilvæg og grundvallaratriði við gerð fjölþjóðasamninga um úthafsveiðar.

Við lýsum miklum vonbrigðum með undirtektir yðar á málaleitan félagsins sem er einföld. Félag úthafsútgerða óskar eindregið eftir því að um frumvarpið verði fjallað í sumar og það lagt fram í þeim búningi fyrir Alþingi að sómi verði að og sátt verði um."

Meiri var óskin ekki. Óskað eftir því að hægt væri að hafa eðlilegt samráð um frv. þannig að hægt væri að afgreiða það þannig frá Alþingi að sómi verði að og sátt verði um. Ekki er nú til mikils mælst, herra forseti. Síðan segir í bréfi Félags úthafsútgerða, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er fyrsta frumvarp til laga í heiminum sem gert er til fyllingar úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar eiga einn núlifandi hafréttarfræðing sem einnig er doktor í þjóðarétti. Það er Gunnar G. Schram, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Maður með hans þekkingu og reynslu af hafréttarmálum er réttur aðili að okkar mati til að endursemja frumvarpið eftir að hafa tekið tillit til ósamstæðrar niðurstöðu úthafsveiðinefndar þeirrar sem er hér skipuð 1993, en skiladi áliti sem ekkert samkomulag var um í nefndinni 7. maí sl. til yðar og eftir að hafa tekið tillit til athugasemda ÚT og annarra hagsmunaaðila. Ljóst er að sjávarútvegsráðuneytinu hafa orðið á mikil

mistök að mótmæla ekki samþykktum sjónarvotta í fiskveiðinefnd NAFO og jafnframt að ráðuneytið notaði sér ekki 60 daga rétt til mótmæla frá dagsetningu samþykktarinnar. Mistök þessi gætu kostað íslenska þjóðfélagið og þegna þess hundruð milljóna ef fram heldur sem horfir."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Félag úthafsútgerða leggur fram eftirfarandi lausn á fyrrgreindum mistökum sem hefur að geyma ásættanlega niðurstöðu fyrir ÚT og lausn sem leysir vanda sjávarútvegsráðuneytisins með sæmd. Lausnin er eftirfarandi:

Fiskistofa löggildi sjónarvotta á álíka máta og vigtarmenn eða rafmagnseftirlitsmenn eru löggiltir. Fiskistofa setji fram sín skilyrði til löggildingar. ÚT lýsir því yfir að félagið er tilbúið til þess að lögskrá þessa löggiltu sjónarvotta sem einn af áhöfn, enda gangi sjónarvotturinn til almennra starfa í viðkomandi skipi og þiggi laun beint úr hendi viðkomandi útgerðar. Ef Kanadamenn sætta sig ekki við umrædda sjónarvotta er ÚT að meinalausu að þeir sendi sína eftirlitsmenn um borð þegar þeim þóknast sem þeir gera reyndar nú þegar. Kanadamenn myndu hins vegar bera allan kostnað af sínum sjónarvottum nema meðlimir ÚT sæju fyrir mat og herbergi á sinn kostnað.

Lausn þessi byggir m.a. á lið 17.B í samningi NAFO þar sem segir á þessa leið: „In cases where a contracting party has not placed an observer on a vessel any other contracting party may, subject to the consent of the contracting party of the vessel, place an observer on board until that contracting party provides a replacement in accordance with paragraph A." Félaginu er kunnugt um að kanadíski sjávarútvegsráðherrann mun koma til Íslands miðvikudaginn 29. maí, þ.e. á morgun." — Þetta bréf var skrifað 28. maí eins og ég áður greindi. — „Félag úthafsútgerða skorar eindregið á yður, hr. sjávarútvegsráðherra, að óska opinberlega eftir framangreindri lausn á sjónarvottasamþykktum við sjávarútvegsráðherra Kanada og beita lipurð yðar, kurteisi og stjórnmálavisku til þess að sjávarútvegsráðherra Kanada samþykki hugmyndina. Ekki sakar að ráðherrann, hr. Fred Mifflin, er persónulegur vinur Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra.

Með virðingu og bestu kveðjum.
Fyrir hönd ÚT.
Snorri Snorrason."

Nú langar mig til þess að vita: Beitti hæstv. sjútvrh. lipurð sinni, kurteisi og stjórnmálavisku í viðræðum sínum við sjávarútvegsráðherra Kanada eða gerði hann það ekki? Eða hafði hæstv. ráðherra e.t.v. ekki erindi sem erfiði? Hve langt drógu hin persónulegu vinatengsl mr. Mifflins við Halldór Ásgrímsson eða öllu heldur hin persónulegu vinatengsl Halldórs Ásgrímssonar við mr. Mifflin? Björguðu þau málinu eða dugðu þau ekki til?

Það vantar ekki, virðulegi forseti, að Félag úthafsútgerða hafi sent bæði sjútvn. og hæstv. sjútvrh. umsagnir sínar og aðvaranir því í umsögn Félags úthafsútgerða um málið í heild frá 22. maí 1996 segir svo, með leyfi forseta:

„Félag úthafsútgerða hefur ekkert tækifæri haft til að fjalla um frumvarpið og er það þó helsti hagsmunaaðili sem frumvarpið beinist að. Félagið krefst þess að fá frumvarpið til umfjöllunar og fá nægan tíma til að gera sínar athugasemdir við sjávarútvegsnefndar Alþingis. Félagið telur sig þurfa a.m.k. tvo mánuði til að fara ítarlega yfir frumvarpið

Ísland er 13. eða 14. stærsta fiskveiðiþjóð heims í magni talið. Úthafsveiðar hafa Íslendingar hins vegar ekki stundað í neinum mæli þar til síðustu ár. Aðeins eru þrjú ár síðan hægt var að skrá skip á Íslandi til fiskveiða utan landhelgi. Úthafsveiðar Íslendinga eru í dag aðeins örlítið brot af úthafsveiðum heimsins. Til samanburðar má t.d. líta til úthafsveiða Japans, Suður-Kóreu, Bandaríkjanna Spánar, Portúgals, Póllands, Eystrasaltsríkjanna, Rússlands og að ýmsu leyti til Færeyinga.

Mikil áhersla er nú til dags lögð á útflutning hugvits Íslendinga. Aðeins í einni atvinnugrein höfum við yfirburðaþekkingu fram yfir aðrar þjóðir, en það er í fiskveiðum. Félag úthafsútgerða vill og hefur flutt þá þekkingu út og óskar eftir stuðningi Alþingis til að gera hlut Íslendinga í þessum efnum sem mestan á alþjóðlegum vettvangi. Til þess að úthafsútgerð Íslendinga megi þroskast og dafna þarf atvinnugreinin eins mikið frelsi og alþjóðalög heimila.

Félagið minnir á 87. gr. hafréttarsáttmálans um frelsi úthafsins. Félagið fagnar jafnframt úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tilbúinn var af þeirra hálfu 4. ágúst 1995. Félagið vill hins vegar benda á að engin þjóð hefur enn fullgilt úthafsveiðisáttmálann og hann hefur ekki verið lagður fyrir Alþingi. Engin þjóð hefur því sett landslög til fyllingar sáttmálanum. Úthafsveiðisáttmálinn kveður á um þjóðréttarlega byltingu hvað varðar veiðar á úthöfunum." Síðan segir félagið, með leyfi forseta, í umsögn sinni:

„Til þeirra verka á að vanda sem vel eiga að standa, stendur á vísum stað. Með það í huga lýsir félagið furðu sinni á þeim ógnarhraða sem til stendur að knýja á um samþykkt umrædds frumvarps. Samkvæmt greinargerð frv. var ekki hafist handa um gerð þess fyrr en Sameinuðu þjóðirnar höfðu lokið gerð úthafssáttmálans. Gerð frv. hefur því hafist í september 1995. Nefndin sem það vann skilaði því með ágreiningi 7. maí sl. til sjútvrh. 10. maí sl. var frv. lagt fyrir ríkisstjórn og svo fyrir þingflokka. 13. maí sl. var frv. lagt fyrir Alþingi með það í huga að knýja fram lagasetningu fyrir þinglok sem áætluð eru í lok maí. Þessi aðferð við lagasetningu er afar óvenjuleg og alls ekki í anda lýðræðis, allra síst þegar það er haft í huga að um er að ræða byltingu í þjóðarétti og gerbyltingu í íslenskum landsrétti. Jafnframt er það til íhugunar að varla hefur mikilvægari lagasetning verið fyrir Alþingi frá 1944 þegar frá er talin lýðveldisstofnunin, innganga í NATO og útfærsla landhelginnar í 200 sjómílur.

Til að taka af allan vafa lýsir Félag úthafsútgerða því yfir að það styður allar skynsamlegar aðgerðir til verndar fiskstofnum og vill vinna gegn rányrkju. Félagið lýsir einnig stuðningi við úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna og einnig við bálk Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, um ábyrgar fiskveiðar. Í mjög grófum dráttum eru helstu athugasemdir Félags úthafsútgerða við frv. þessar:

1. Frelsi til athafna á úthafinu er stórlega skert.

2. Skip sem veiðileyfi hafa í lögsögu Íslands hafa tvímælalausan forgang fram yfir úthafsútgerðir.

3. Ný skip geta ekki bæst í flota úthafsútgerða.

4. Frelsi til athafna í landhelgi annarra landa er stórlega skert.

5. Kostnaður við eftirlit við úthafsveiðar stóreykst, m.a. með fyrirhugaðri gjaldtöku vegna veiða á Flæmska hattinum. Sá kostnaður nemur ekki minna en 6 millj. kr. á hvert veiðiskip en gæti orðið allt að 10 millj. sem í mörgum tilvikum er jafnt eða meira en hagnaður af útgerð skipanna. Nú stunda 40 íslenskir togarar veiðar á Flæmska hattinum.

6. Framsal Alþingis á löggjafarvaldi sínu til sjútvrh. samkvæmt frv. er með öllu ósamrýmanlegt íslensku réttarfari."

Síðan segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Félag úthafsútgerða leyfir sér fyrir hönd íslensks almennings og sjálfs sín að mótmæla harðlega 3., 4., 5., 6., 8. og 16. gr. frv. og telur þær allar fallnar til þess að ganga af íslenskri úthafsútgerð dauðri og taka fyrir allan frekari vöxt þessara mikilvægu alþjóðlegu starfsemi Íslendinga.

Því má bæta við að ljóst er að Kanadamenn hafa leikið á Íslendinga með því að fá samþykkt í Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnuninni, NAFO, að sérstakir sjónarvottar yrðu um borð í íslenskum skipum við veiðar á Flæmska hattinum. Kanadamönnum hefur bersýnilega verið það ljóst að kostnaður vegna sjónarvottanna yrði það hár vegna fjarlægðar Íslands frá miðunum að hann fældi íslenska útgerðarmenn frá veiðunum en sex sinnum lengra er fyrir Íslendinga að sækja þessi úthafsmið en fyrir Kanadamenn og kostnaður hlutfallslega samkvæmt því.

Það íslenskt stjórnvald sem væntanlega hefur samþykkt kröfur sjónarvotta hefur kostað skattborgara hérlendis hundruð millj. kr. í óþarfaáform með veiðum ef framkvæmt verður sem stjórnvöld hérlendis stefna að með umræddu frv. Áhorf sem Kanadamenn stunda ekki sjálfir á sama hátt og kveðið er á í fyrrgreindu samkomulagi. Allt kapp verður að leggja á að fá þessa kvöð niðurfellda eða finna leið sem er kostnaðarlega viðráðanleg.

Félag úthafsútgerða, sem nú þegar framkvæmir við mikla eftirlitsvinnu fyrir íslensk stjórnvöld, svo sem Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun, lýsir sig reiðubúið til viðræðna við stjórnvöld vegna fyrrgreinds ákvæðis um sjónarvotta og til að leggja fram tillögur um skynsamlega og ásættanlega lausn. Skynsamleg lausn væri t.d. að fela skipstjórnarmönnum íslenskra fiskiskipa framangreinda vottun til viðbótar því starfi sem þeir sinni fyrir opinbera aðila hérlendis eða fela Kanadamönnum eftirlitið, samanber sem segir í greinargerð. Fyrrgreindur sjónarvottakostnaður gæti hæglega orðið til þess að íslensk skip hættu veiðum á Flæmska hattinum. Við það tapaðist dýrmæt veiðireynsla sem reynslan hefur sýnt að er grunnur í samningaumræðum um úthafsveiðar."

Bréf þetta er dagsett 22. maí 1996 og undir það skrifar Snorri Snorrason, formaður Félags úthafsútgerða. Álitinu fylgir síðan löng greinargerð sem er meginrökstuðningur Félags úthafsútgerða sem þeir tóku saman á þeim stutta fresti sem þeir fengu til að fjalla um frv. Þar kemur m.a. fram að eftirlitskostnaður sá sem gert er ráð fyrir að leggja á þessa útgerð vegna samningsins um veiðar á Flæmska hattinum íþyngir útgerðunum meira en sem nemur meðaltalshagnaði af útgerðinni eins og hún var hjá meðalskipi á þeim árum sem þessi veiði hefur verið stunduð.

Herra forseti. Ég hef rakið í máli mínu aðdragandann að þessari frumvarpsgerð, nokkur meginefni frv. og gagnrýni sem fram hefur komið á þau og álit ýmissa valinkunnra aðila og hagsmunaaðila sem um hafa fjallað til þess m.a. að rökstyðja þá tillögu sem minni hluti sjútvn. flytur á þskj. 1086. Meiri hluti sjútvn. hefur gert nokkrar breytingar á frv., minni háttar lagfæringar en engar meginefnisbreytingar sem skipta sköpum um það sem frv. felur í sér. Í okkar nefndaráliti á þskj. 1086 segir svo, með leyfi forseta:

„Frv. var flutt af sjútvrh. í framhaldi af störfum sérstakrar nefndar sem skipuð var árið 1993 til þess að fjalla um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Ekki náðist samkomulag í nefndinni og var ágreiningur bæði um meginefni frumvarpsins og um einstakar greinar þess. Engu að síður lagði sjávarútvegsráðherra frumvarpið fram nú undir lok vorþings og er af hálfu stjórnarmeirihlutans lögð áhersla á afgreiðslu þess þótt ágreiningur um það hafi ekki verið jafnaður og aðeins hafi gefist örskammur tími til þess að fjalla um þetta viðamikla mál.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki rétt að afgreiða frumvarpið nú heldur leggur til að meiri tími verði notaður til þess að vanda betur til verksins. Rökin fyrir því eru eftirfarandi:

Látið er í veðri vaka að niðurstaða úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem lauk með samkomulagi um nýjan alþjóðlegan samning í ágúst sl., kalli á skjóta lagasetningu. Það er ekki rétt. Engin þjóð hefur enn fullgilt hinn nýja sáttmála, ekki einu sinni Íslendingar, og mun því verða talsvert löng bið eftir því að hann öðlist gildi sem alþjóðalög. Verði frumvarpið samþykkt verða Íslendingar þjóða fyrstir til þess að setja stórfelldar takmarkanir á úthafsveiðiflota sinn, löngu áður en nokkur önnur fiskveiðiþjóð grípur hugsanlega til sambærilegra ráðstafana. Enginn veit hvenær úthafsveiðisáttmálinn tekur gildi né hvernig aðrar fiskveiðiþjóðir munu haga framkvæmdum á veiðistjórnun í samræmi við hann. Því er eðlilegt að doka við og hafa samráð við aðrar þjóðir um framkvæmd sáttmálans þannig að framkvæmdin sé samræmd í stað þess að rjúka nú til að þarflausu og setja stórfelldar veiðitakmarkanir á úthafsflotann á sama tíma og aðrar þjóðir leyfa frjálsar úthafsveiðar í samræmi við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Núgildandi lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 34/1976, veita sjávarútvegsráðherra allar nauðsynlegar heimildir til þess að stjórna veiðum í samræmi við alþjóðlegar eða fjölþjóðlegar samþykktir. Síldveiðisamningur Íslendinga, Færeyinga, Rússa og Norðmanna frá því í vor kallar því ekki á neina nýja lagasetningu.

Með frumvarpinu er athafnafrelsi íslenskra skipa á úthöfunum skert miklum mun meira en þörf er á samkvæmt úthafsveiðisáttmálanum og samningum sem Ísland er aðili að. 87. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir að frelsi til veiða á úthöfunum sé meginreglan. Á grundvelli ákvæðisins um frjálsar veiðar á úthöfum hafa Íslendingar á síðustu fáum árum verið að afla sér ómetanlegrar veiðireynslu á nýjum miðum. Í úthafsútgerðinni er nú vaxtarbroddurinn í sjávarútveginum og hefur hún skilað bróðurpartinum af þeirri tekjuaukningu sem orðið hefur í þjóðarbúskapnum. Verði frumvarpið samþykkt vegur það að rótum þessarar útgerðar og gæti orðið til þess að hún legðist að verulegu leyti niður, sem yrði áfall fyrir þjóðarbúið. Eðlilegra og æskilegra væri að næstu mánuðir yrðu notaðir til þess að afla íslenskum útgerðum meiri veiðireynslu á úthöfunum sem yrði þjóðinni mikill fengur þegar fiskveiðiþjóðir heims setja samræmdar reglur um veiðistjórnun á grundvelli úthafsveiðisáttmálans.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir mjög víðtæku valdi sjávarútvegsráðherra til þess að stjórna veiðum íslenskra skipa á fjarlægum miðum nánast eftir geðþótta. Engar fjölþjóðlegar eða alþjóðlegar samþykktir krefjast þess að ráðherra verði fengið slíkt geðþóttavald til þess að stjórna veiðum íslenskra skipa jafnvel í lögsögu annarra þjóða víðs fjarri íslenskum miðum. Minni hlutinn er andvígur því að svo mikið vald sé fengið ráðherra.

Þá eru ákvæði í frumvarpinu um mikla gjaldtöku vegna eftirlits með veiðum íslenskra fiskiskipa á úthafinu. Nýgerður samningur um veiðar á rækju á Flæmingjagrunni er sagður kalla á slík lagaákvæði. Lagaákvæðin eru hins vegar almenn og án takmörkunar og miklu víðtækari en samningurinn

krefst auk þess sem hann er út af fyrir sig ekki rökstuðningur fyrir þeim víðtæku valdheimildum til sjávarútvegsráðherra og miklu veiðitakmörkunum sem frumvarpið gerir að öðru leyti ráð fyrir. Sé nauðsyn talin á að afla lagaheimilda fyrir greiðslu kostnaðar við eftirlit samkvæmt samningnum um rækjuveiðar á Flæmingjagrunni er eðlilegra að það verði gert með sérstakri sjálfstæðri lagaheimild í samræmi við efnisatriði samkomulagsins auk þess sem eðlilegt er að skoða það mál mun betur en gert hefur verið, m.a. í því skyni að gjaldtakan komi ekki í veg fyrir að skip geti stundað veiðarnar með eðlilegri afkomu.

Þessi rök og önnur valda því að minni hlutinn telur ekki ráðlegt að afgreiða málið nú og leggur því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir nál. skrifa auk mín Svanfríður Jónasdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi í sjávarútvegsnefnd, er samþykk afstöðu minni hlutans og styður frávísunartillöguna.

[23:28]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur fengið fyrirspurnir um fundarhaldið í kvöld eða nótt og vill upplýsa að ætlun hans er að ljúka þessari umræðu. Það eru sex hv. þingmenn á mælendaskrá.

[23:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til 2. umr., frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, varðar afar mikilvægt málasvið. Það er því eðlilegt að menn þurfi að tjá sig nokkuð um það í þinginu því að mál þetta varðar mörg almenn álitaefni og skuldbindingar af Íslands hálfu auk þess sem það snertir hagsmuni fjölmargra aðila, fyrirtækja og einstaklinga sem hafa gert sig gildandi í veiðum á úthafinu á undanförnum árum.

Í sambandi við almenna stöðu þessa frv. vil ég nefna það í upphafi að formaður sjútvn. þingsins og fulltrúi Alþb. í sjútvn., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, undirritar álit meiri hluta nefndarinnar, meiri hluta sjútvn., um frv. með fyrirvara. Hann er aðili að nefndaráliti meiri hlutans en gerir fyrirvara um ýmsa þætti málsins og einstakar greinar frv. Hv. þm. hefur fjarvistarleyfi frá þinginu í dag og er þess vegna ekki til þess að túlka sitt mál eða viðhorf til frv. Ég fer um frv. nokkrum almennum orðum, lýsi mínum viðhorfum og að nokkru viðhorfum sem fram hafa komið eftir umræður í þingflokki Alþb. um málið og bið um að það sé haft í huga í sambandi við ræðu mína um þetta efni.

Það skiptir afskaplega miklu máli almennt séð af hálfu okkar Íslendinga og allra fiskveiðiþjóða og þeirra sem nytja fiskstofna í úthafinu utan við lögsögu ríkja að það takist fyrr en seinna að ná víðtækri stjórnun á veiðar á þessum auðlindum. Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem gerður var 1982 ef ég man rétt, og skapar ákveðinn grunn þessa máls var mikið óskabarn Íslands og Ísland átti ríkan þátt í að móta þann sáttmála. Hlutur Íslands í gerð hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna er kannski eitt stærsta afrek Íslendinga í sambandi við mótun alþjóðasamninga og eins og fram hefur komið í umræðunni er úthafsveiðisamningurinn, sem þetta frv. byggir að nokkru leyti á og vísar til, framhald af gerð hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, vísar til þess sáttmála og byggir að verulegu leyti á grundvellinum á honum þó að hann tæki ekki í einstökum atriðum til veiða á úthafinu. Sá sáttmáli fjallaði fyrst og fremst um veiðar innan lögsögu ríkja og lagði þar afar þýðingarmikinn grundvöll þó að vissulega væri fjallað um auðlindir hafsins í víðara samhengi í sáttmálanum en ekki þannig að unnt væri að reisa á því útfærðar reglur um stjórnun veiða. Það beið síðari tíma og það er á árinu 1992 í tengslum við umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem hafist var handa um undirbúning að gerð samnings, sem tæki til veiða á úthafinu, sem síðan var unnin í áföngum og gerð hans lokið á síðasta ári.

Það var stórt skref og mjög þýðingarmikið og Íslendingar, íslenskir sérfræðingar, íslensk stjórnvöld, áttu verulegan hlut að þeirri vinnu sem fram fór sem eðlilegt var vegna þeirra hagsmuna sem við eigum undir í þessum málum og náðu, held ég að megi fullyrða, verulegum árangri með öðrum þjóðum sem samstarf tókst við við undirbúning úthafsveiðisamningsins, verulegum árangri til þess að verja og tryggja hagsmuni okkar eins og þeir voru metnir á þeim tíma og eins og þeir hafa þróast á síðari árum að því er varðar úthafsveiðar.

Sum kunnugt er hefur hjarta okkar slegið dálítið misjafnlega í þessum efnum ef litið er til baka og skilningur okkar Íslendinga á þýðingu þess að nema nýtt land með þátttöku í úthafsveiðum kom fram seinna heldur en búast hefði mátt við miðað við þó þá viðleitni sem fór fram á árum áður fyrir alllöngu til þátttöku eða til sóknar á fjarlæg mið. Það er kannski erfitt að fara að ræða um skýringar á því hvers vegna íslenskir útgerðaraðilar, að ekki sé talað um íslensk stjórnvöld lögðu ekki meira á sig til þess að leitast við að hvetja til sóknar á mið utan lögsögu okkar, sækja út fyrir lögsögu okkar og til að tryggja okkur þar réttindi. Ég vara við að menn felli mjög stóra dóma í þeim efnum þegar þessi mál eru rædd. Það eru sögulegar skýringar á því. Það er auðvelt að sakast um varðandi fortíðina. Við höfum verið seinir til en það á sér sínar skýringar. Ég held að ein gildasta skýringin í þeim efnum varði þann sigur sem við unnum í sambandi við útfærslu á landhelgi okkar í áföngum, það mikla átak sem Ísland stóð fyrir og mótun alþjóðaréttar, sem Ísland átti drjúgan þátt í, í sambandi við útfærslu lögsögu ríkja og þá viðurkenningu á 200 mílna auðlindalögsögu og þær sterku og miklu væntingar sem Íslendingar bundu við það skref sem þá var stigið að með því værum við búnir að tryggja verndun þýðingarmestu miða okkar, heimamiða okkar, og langt út miðað við það sem áður gilti og von um að okkur tækist að halda þannig á málum að vöxtur og viðgangur okkar fiskstofna á heimaslóð væri tryggður og það væri fyrst og fremst þar sem verkefnið lægi. Þetta held ég að sé kannski nærtækasta skýringin í sambandi við það hik, þá stöðnun ef svo má að orði kveða sem varðaði sóknina lengra út af hálfu íslenskra útgerðaraðila og af hálfu íslenskra stjórnvalda, að hvetja til þess að sækja út til þess að tryggja sér rétt.

Ég tek eftir því að menn hafa uppi nokkuð stór orð um það t.d. að við skulum ekki hafa verið hvatvísari í þessum efnum, lagt stærra undir og þar mælir m.a. fyrrv. hæstv. utanrrh. Íslands sem hélt á málum fyrir Íslands hönd á árum áður og á þeim tíma sem lítið var aðhafst í raun. Ég minni þá t.d. á Svalbarða og Svalbarðasamninginn sem gerður var 1920, í frumgerð sinni og yfir 40 ríki höfðu gerst aðilar að áður en í rauninni íslensk utanríkisþjónusta tók eftir því að okkur hafði láðst að hugsa um þennan samning og þá hagsmuni sem honum kynnu að tengjast. Það vildi svo til að ég komst til Svalbarða vorið 1993 og í þeirri ferð áttaði ég mig á því hver staða okkar var í þessum efnum og hafði einsett mér að taka þetta mál upp þegar þing kæmi saman. Einmitt

það sama sumar ýttu íslenskir útgerðarmenn úr vör austur í Barentshaf til veiða og brutu þar með ísinn í þessum efnum. Þá mundu menn eftir því að til væri Svalbarðasamningur og hugsanlegt væri að hann tengdist hagsmunum okkar að því er varðaði veiðar. Hinu má hins vegar ekki rugla saman að réttur til stjórnunar á veiðum við Svalbarða er ekki beint afsprengi Svalbarðasamningsins að öðru leyti en því að Norðmenn tóku sér þennan rétt sem handhafar og vörsluaðilar Svalbarðasamningsins, en það er ekkert sjálfgefið, einhlítt samhengi þarna á milli eftir því sem ég hef litið á málið og hefur það stundum valdið nokkrum misskilningi í sambandi við þessi efni.

Ég ætla ekki að fara nánar út í sagnfræðileg atriði sem tengjast þessu máli en ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við reynum að fara yfir þessi efni fordómalaust, reyna að bæta úr því sem vangert hefur verið af okkar hálfu í þessum málum á liðinni tíð, leitast við að tryggja sem fyllst réttindi okkur til handa innan þeirra marka og að því gefnu að við förum þar fram bæði með festu en líka með sanngirni og út frá því sjónarmiði að leitast við að tryggja almennt séð verndun þessara auðlinda og reyna að greiða fyrir því að um það takist alþjóðlegt sammæli og útfærðar reglur fyrr en seinna. Þegar ég segi fyrr en seinna er ég ekki að tala um næstu missiri, því að það þarf tíma til að alþjóðaréttur mótist í þessum efnum, það þarf t.d. tíma til þess að fá fylgi við þann úthafsveiðisamning sem hefur verið gerður. Um leið og við tökum eindregið undir þann samning og íslensk stjórnvöld hafa gerst aðilar að honum þurfum við auðvitað að gæta þess að ganga þar ekki hraðar fram en varðar almenna hagsmuni okkar og þau sjónarmið sem ég vísaði til að eiga að tengjast þessu máli af hálfu okkar.

Ég held að sú viðleitni sé allra góðra gjalda verð sem hefur verið uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda til þess að móta stefnu í þessum málum af Íslands hálfu og hófust 1993 en í málið kom síðan nokkurt hlé þegar skriður komst á undirbúning að úthafsveiðisamningnum og einnig það starf sem fór fram innan stjórnskipaðrar nefndar þar að lútandi síðast undir forustu hv. þm. Geirs H. Haarde. Það má segja að það sé vinna þeirrar nefndar sem skapar grunninn undir það frv. sem hér er flutt. Þó að engan veginn hafi verið búið að ná fullu sammæli í því máli má ég segja a.m.k. af hálfu þeirra sem mynda meiri hluta í sambandi við álit á þessu frv. að þeir aðilar sem áttu hlut að nefndinni hafi verið í stórum dráttum komnir vel á leið. Ég átta mig ekki að öllu leyti á því hvað olli því að bundinn var endi á nefndarstarfið með þeim hætti sem gert var nú fyrir nokkrum vikum, málið tekið út úr nefndinni á ábyrgð formannsins og síðan flutt það frv. sem við ræðum á grundvelli þess. Mér finnst kannski að það hafi verið nokkuð skjótráðið að ganga svo greitt til verka þó að ég hafi ekki forsendur til þess að fella þar neina harða dóma vegna þess að ég fylgdist ekki það náið með störfum þessarar nefndar og átti ekki aðild að henni. Þar var fulltrúi Alþb., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem gerði þingflokki okkar grein fyrir þróun málsins stig af stigi þannig að við fylgdumst eðlilega með því sem þarna gerðist og studdum þau sjónarmið sem hv. þm. bar fram í nefndinni.

Mér sýnist að í þeirri stöðu sem málið er nú standi stjórnvöld frammi fyrir talsverðum vanda. Við höfum heyrt málflutning minni hluta nefndarinnar sem leggst mjög hart gegn því að frv. þetta verði lögfest. Margir hv. þm. hafa fengið í hendur mikla samantekt frá hagsmunaaðila, Félagi úthafsútgerða, sem reiðir fram sjónarmið sín myndarlega og skilmerkilega og mikið hefur verið vitnað til þess álits. Það er mikill orðsmatur í þessu áliti til umræðu ef menn vilja nota. Ég leyfi mér að taka mér í mun orðið orðsmatur til samanburðar við hliðstætt hugtak og orðið eldsmatur sem stundum er notað en það er fyrst og fremst orð sem eru hér á blaði og verða vonandi ekki annað þó að það sem hér er fram borið geti kveikt alllangar umræður. Ég tek það fram að ég tel að þau sjónarmið sem hagsmunaaðilar bera fram, séu á sínum stað og margt þar mjög athyglisvert og út af fyrir sig til fyrirmyndar að leggja þá vinnu í að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við Alþingi. Auðvitað þarf Alþingi á því að halda að málið liggi sem skýrast fyrir utan úr þjóðfélaginu áður en lögfest er á Alþingi.

Ég hef áhyggjur af ýmsum atriðum sem tengjast þessu máli. Þess vegna eru það mínar ábendingar til hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar í þessu máli að það verði yfirvegað á þessari stundu og sólarhringum sem við höfum kannski til ráðstöfunar á Alþingi — ég veit ekki hvað uppi er í sambandi við lok þinghalds núna, en það getur varla verið langt undan — að athugað verði hvort það séu það brýnar ástæður til þess að lögfesta þetta frv. að það beri að fara fram með málið af þeim meiri hluta sem væri reiðubúinn að öðru jöfnu til að styðja málið eða hvort aðstæður séu þannig að skynsamlegt sé að leggja í það frekari vinnu, umhugsun og íhugun og taka málið upp að hausti þegar þing kemur saman á ný og þá í meiri sátt, skulum við vænta, við hlutaðeigandi aðila sem eiga sannarlega mjög mikið undir í þessu máli. Þessu máli tengjast bæði lögfræðileg atriði og hrein hagsmunaleg atriði og fjárhagsleg atriði og öll eru þau á sinn hátt gild. Og ég held að sitthvað af því sem mælt var af minni hluta nefndarinnar og talsmanni minni hlutans, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, sé alveg á sínum stað, en margt af því er ættað úr hinu ágæta kveri sem hagsmunaaðilar hafa lagt til okkar, og að þau sjónarmið séu fullgild á sinn hátt sem þar komu fram.

Eitt atriði, sem hv. þm. og fulltrúi Alþb. í nefndinni sem undirbjó málið og síðar fulltrúi í sjútvn. og formaður nefndarinnar kom á framfæri við okkur, voru áhyggjur í sambandi við 8. gr. frv., áhyggjur í tengslum við þann kostnað sem gert er ráð fyrir að lögfestur verði og þeim aðilum gert að standa skil á sem fá leyfi til úthafsveiða. Þessi texti frv. í einstökum greinum er allsnúinn. Það er ekkert auðmelt margt af því sem þar kemur fram fyrir þá sem ekki hafa sett sig inn í málið fyrir fram. Ég ætla ekki að fara út í að ræða þau efni sérstaklega. Til þess er ekki ástæða af minni hálfu nú. En ég vil gera að sérstöku umtalsefni þann vanda sem við blasir fyrir þá sem stunda nú veiðar t.d. á Flæmska hattinum og standa allt í einu frammi fyrir því að þurfa að reiða fram, á grundvelli laga og á grundvelli þess samkomulags sem kennt er við fiskveiðinefndina, NAFO, og það samkomulag sem þar var bókað og gert var liðið haust, í sambandi við eftirlit með veiðunum. Það er ekkert auðvelt fyrir þá sem stunda þessar veiðar að lenda skyndilega í þeirri stöðu að þurfa að standa skil á þeim verulega kostnaði sem á menn leggst til þess að standa undir þessu eftirliti. Ég vil beina þeim eindregnu óskum til hæstv. sjútvrh. og þeirra sem fara með málið hér og ráðherrann er sá sem ber ábyrgð á málinu af hálfu ríkisstjórnar, að það verði farið yfir það alveg á næstunni, áður en farið er að hugleiða um afdrif þessa máls, hvort það sé ekki efni til þess að taka atriði sem tengjast eftirlitinu og kostnaði við eftirlitið alveg til sérstakrar meðferðar og athugunar þannig að gætt sé þó ekki væri nema sanngirnissjónarmiða og hugað sé að

eðlilegum aðlögunartíma fyrir þá sem hafa verið að sækja björg í bú jafnt fyrir sjálfa sig sem fyrir íslenskt þjóðarbú á þessi mið.

Nú er það vissulega svo í sambandi við samkomulagið um veiðar á Flæmska hattinum og þá stöðu alla að þar eru Íslendingar að súpa seyðið af rányrkju sem framin var af Evrópusambandinu aðallega á sínum tíma á þessum miðum með alveg hörmulegum afleiðingum. Það skulum við hafa vel í huga þegar við ræðum þessi mál og þegar við ræðum um úthafsveiðarnar og hvernig sumir — við skulum vona að við eigum ekki þar skilið mjög bága einkunn enn þá — hvernig sumir hafa gengið fram af algjöru tillitsleysi við auðlindina, af tillitsleysi við þær þjóðir sem næstar búa eins og t.d. Kanadamenn í þessu sambandi. Við erum að súpa seyðið af þessu framferði sem þarna varð og í rauninni að ganga inn í samkomulag sem gert hafði verið eða fallist hafði verið á og knúið fram vegna framferðis Evrópusambandsins, rányrkju og ofveiði á þessum slóðum utan lögsögu Kanada með þeim afleiðingum sem menn þekkja.

Það hvetur til þess að mínu mati, að um leið og við eigum vafalaust erfitt með að hlaupa frá því samkomulagi sem gert var í september 1995 um þessi efni, þá tel ég rétt og skylt af hálfu íslenskra stjórnvalda að reyna að finna á því aðra lausn en þá sem felst í því að dæmdur sé á viðkomandi útgerðir sá mikli kostnaður sem eftirlitinu fylgir nú á næstunni og skapa a.m.k. aðlögunartíma í málinu. Og ef ekki verður undan vikist að þarna hljótist af verulegur kostnaður, þá finnst mér það koma alveg til greina að hlaupa einhvern veginn undir bagga með almannasjóði til þess að leysa mál tímabundið og skapa þarna eðlilegt svigrúm til aðlögunar.

Það er alveg ljóst að hér eiga margir mikið í húfi. Hér er í húfi afkoma fyrirtækja. Hér er í húfi atvinna sjómanna. Hér er í húfi það sem dregið er í íslenskt þjóðarbú, þær tekjur sem þessu fylgja og jafnframt nauðsynin á að tryggja okkur réttindi, tryggja okkur hlutdeild í afla á þessum slóðum. En það gerist auðvitað ekki ef útgerðirnar gefast upp vegna þessa kostnaðar.

Fyrirtæki eru vissulega misjafnlega undir það búin að standa undir útgjöldum af þessu tagi. Enginn telur sig hafa efni á því í reynd, en auðvitað eru útgerðirnar misjafnlega öflugar og aðstæður þeirra misjafnar. Ég hef dæmi handa á milli úr mínu kjördæmi sem draga það mjög ljóslega fram við hvaða vanda er að fást, þar sem um er að ræða útgerð sem líklegt er að verði að hætta veiðum ef þessi eftirlitskostnaður dæmist á hana nú á næstunni. Þar er um að ræða útgerð rækjufrystitogara fram á Djúpavogi sem hefur sent alþingismönnum sín erindi og reitt sína stöðu fram skilmerkilega um leið og tekið er skýrt fram að viðkomandi vilja alls ekki reyna að færast undan því sem eðlilegt getur talist til þess að ekki sé gengið fram hjá þeim reglum sem Kanadamenn t.d. vilja að í heiðri séu hafðar og að leitað sé leiða til þess að verða við því með samkomulagi á eðlilegan hátt.

Ég þekki einnig dæmi úr Norðurlandi frá útgerðaramönnum sem standa í svipuðum sporum og það eru þessi sjónarmið sem ég vil hvetja hæstv. sjútvrh. eindregið til þess að líta á og leita lausna á áður en tekin verður stefna á að lögfesta málið eins og það liggur fyrir, þó að teknu tilliti til þeirra tillagna sem meiri hluti sjútvn. hefur reitt fram og eru rökstuddar í meirihlutaáliti nefndarinnar.

Virðulegur forseti. Um leið og ég minni á þetta sem hér hefur komið fram, vil ég hvetja mjög eindregið til þess að við Íslendingar leggjum okkur fram um það að sem örust þróun verði í þessum efnum á alþjóðavísu til þess að tryggja stjórnun og verndun auðlinda hafsins utan lögsögu ríkja á grundvelli þess úthafsveiðisamnings sem liggur fyrir, sem væntanlega verður að alþjóðalögum með staðfestingu nógu margra ríkja áður en langt um líður. Við hljótum að minnast þess hvernig ástatt var um okkur á sínum tíma í þessum efnum, hversu tæpt við vorum komin áður en okkur tókst að tryggja réttindi okkar með útfærslu landhelginnar fyrir ötula baráttu sem kostaði mikið. Og við hljótum að þakka það frumkvæði sem unnið hefur verið af íslenskum útgerðarmönnum í nýju landnámi við úthafsveiðar á undanförnum árum. En við verðum jafnframt að viðurkenna nauðsynina á því að stemma stigu við rányrkju og ofveiði og að ná fram alþjóðlegum lögum og stjórnun á úthafsveiðunum. Sú nauðsyn er mikil. Þrýstingurinn á sókn er gífurlega mikill á heimsmælikvarða og sá þrýstingur kemur að sjálfsögðu frá því fjármagni sem er fólgið í úthafsveiðunum og lýtur sínum lögmálum, þ.e. að sækja meira, bæta við sig og að fullkomna tæki og tól til þess að reyna að auka sinn afla og sína hlutdeild og þar horfir auðvitað hver og einn ekki á heildina. Þar verður að koma til alþjóðleg stýring. Þar verða að koma til alþjóðleg samtök og reglur til þess að stemma stigu við því að auðlindin verði upp urin og það óbætanlega tjón unnið sem fylgir rányrkju. Þetta vil ég leggja áherslu á um leið og ég ítreka óskir mínar til meiri hluta sjútvn. og til hæstv. sjútvrh. um að leita leiða til þess að bæta úr því sem erfiðast er í tengslum við þetta mál og að íhuga það hvort ekki sé skynsamlegt að fresta lögfestingu málsins til haustþings, hvort það í rauninni tefli nokkrum hagsmunum í tvísýnu sem ekki réttlætanlegt. Það þarf að skapa svigrúm til athugunar málsins þannig að það liggi betur undirbúið fyrir Alþingi og í meiri sátt við þá mörgu sem hlut eiga að máli, bæði beina hagsmunaaðila og einstaka aðila sem tengjast þessari nýtingu.

Það er hugur Alþb. sem ég flyt með þessum orðum. Við höfum rætt þetta í okkar hóp. Þetta fellur að þeim athugasemdum og fyrirvörum sem fulltrúi okkar í nefndinni hefur lagt fram í málinu og er þó um leið skaði að hann skuli ekki vera hér til þess að taka þátt í þessari umræðu með þeirri góðu þekkingu sem hann hefur aflað sér á málinu í einstökum atriðum og sem ég get ekki fyllt út eða bætt úr hér vegna þess að ég hef ekki sökkt mér niður í málið eins og vert væri og ella hefði verið ef ég hefði verið þátttakandi í því mikla og ágæta starfi sem þegar hefur verið unnið og tengist þessum málum, virðulegur forseti.

[00:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það mál segja að við séum að tala um hlutina svolítið í öfugri röð. Enn hefur ekki reynt á stjórnmálalegan vilja varðandi úthafsveiðisamninginn en samt sem áður erum við að fjalla um frv. til laga um úthafsveiðar eða um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem menn þykjast byggja á þessum sama samningi.

Ég held að margir séu sammála því og líklega flestir að lögin frá 1976 séu ekki að öllu leyti fullnægjandi, en jafnframt hygg ég að þeir hinir sömu séu flestir einnig á þeirri skoðun að við þetta verk eigum við að flýta okkur hægt. Það er ljóst eins og ég sagði áðan að það hefur ekki reynt á stjórnmálalegan vilja Alþingis varðandi úthafsveiðisamninginn. Þó svo að Ísland hafi skrifað undir samninginn strax, þá á Alþingi eftir að fjalla um hann og samþykkja þá þingsályktun sem liggur fyrir samningnum til fullgildingar

og síðan á eftir að fara í gang atburðarás sem við vitum ekki hvað tekur mörg ár.

Það tók mörg ár að fullgilda hafréttarsamninginn og ég held að það sé ekki ástæða til að ætla að fullgilding þessa samnings gerist rétt eins og hendi verði veifað. Í ljósi þessa og fjölmargra efnisatriða ættum við að flýta okkur hægt. Við eigum að vinna þetta verk af vandvirkni og við eigum að vinna það með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Ef við spyrjum okkur, herra forseti, hverjir séu heildarhagsmunirnir, þá eru þeir, á því stigi málsins sem við erum stödd nú, veiðireynsla og aftur veiðireynsla. Það eru hinir stóru almannahagsmunir í þessu máli. Það eru hagsmunir útgerða sem hafa verið á úthafinu. Það eru hagsmunir okkar allra upp á framtíðina að við öflum okkur sem víðtækastrar og sem mestrar veiðireynslu vegna þess að þegar kemur að því að við þurfum að semja formlega á grundvelli úthafsveiðisamningsins einhvern tíma í framtíðinni, þurfum að semja um aðild okkar að veiði á tilteknum svæðum, þá verður það veiðireynslan sem ræður úrslitum um hvort eitthvað og þá hversu mikið kemur í okkar hlut. Þess vegna, herra forseti, er allt það sem setur veiðina í hættu, allt það sem getur haft hamlandi áhrif á sókn okkar skipa á úthafið, allt það sem kemur í veg fyrir að við öflum okkur frekari veiðireynslu, á móti almannahagsmunum. Þetta var um framtíðina.

Þó að það séu einungis þrjú ár frá því að fyrsta skipið fékk svokallaða B-skráningu á Íslandi, þá eru þau aflaverðmæti sem við fáum frá úthafsútgerðunum nú þegar einhvers staðar á bilinu frá 8–10% þeirra aflaverðmæta sem við fáum af sjávarfangi. Ef horft er til landaðs afla í öllum heiminum, þá veiðist um 10% af þeim afla á úthöfum. Þannig erum við nú strax eftir þetta þriggja ára tímabil að ná upp í það meðaltal sem gildir um þá veiði sem fram fer á úthöfunum. Það er eins og hér hefur verið rakið af öðrum hv. ræðumönnum í kvöld í raun merkilegt að sókn okkar á úthafið skyldi ekki hefjast fyrr í þessari lotu — við megum auðvitað ekki tala eins og þetta hafi aldrei gerst áður — í þessari lotu. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem þekkir upphaf máls frá sjónarhóli þess sem í ríkisstjórn hefur setið við þær aðstæður að þessi sókn var að hefjast rakti upphaf þessa máls nokkuð hér áðan.

En það er merkilegt, herra forseti, að á þrem árum hefur veiðin vaxið nánast úr engu. Ég vék að því áðan að það sem við þyrftum að horfa á væru heildarhagsmunir og framtíðarhagsmunir. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnunar veiða úr þeim sem búið er að dreifa á hv. Alþingi til kynningar, kemur fram að ríki teljist væntanlega eins og þar segir hafa hagsmuni af veiðum og þar með rétt til kvóta í samningum um veiðirétt, hafi það veiðireynslu í viðkomandi stofni eða á viðkomandi svæði. Í ljósi þessa eru það augljósir hagsmunir að við öðlumst sem mesta veiðireynslu á sem flestum sviðum. Og til styrkingar þessu áliti og því sem ég hef haldið fram um mikilvægi veiðireynslunnar vil ég leyfa mér, herra forseti, að vitna í 11. gr. úthafsveiðisamningsins þar sem fjallað er um nýja þátttakendur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar ríki ákvarða eðli og umtak réttinda nýrra aðila að veiðistjórnunarstofnun eða nýrra þátttakenda í veiðistjórnunarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði í þátttöku í veiðum skulu þau m.a. taka tillit til:

a) ástands deilistofnanna og hinna víðförulu fiskstofna og hve mikill veiðisóknin er,

b) hagsmuna, veiðimynsturs og veiðiaðferða nýrra og eldri aðila eða þátttakenda hvers um sig,

c) framlags nýrra og eldri aðila eða þátttakenda hvers um sig til verndunar stofnanna og stjórnunar veiða úr þeim til söfnunar og dreifingar á nákvæmum gögnum og til vísindarannsókna á stofnunum,

d) þarfa strandbyggða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á veiðum úr stofnunum,

e) þarfa strandríkja ef efnahagur þeirra er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu lifandi auðlinda hafsins og

f) hagsmuna þróunarríkja frá undirsvæðum eða svæðinu ef stofnanir halda sig einnig í lögsögu þeirra."

Auðvitað þarf að meta hagsmuni okkar, herra forseti, hverju sinni þegar mál sem þessi eru til umfjöllunar, þ.e. samningar um hagsmuni okkar við önnur ríki og hvernig við leggjum drög að eða undirbyggjum slíka samninga. En það er hafið yfir allan vafa að það sem skiptir mestu máli hér er veiðireynslan og aftur veiðireynslan.

Þegar farið er yfir þau ákvæði sem einkenna þetta frv. þá hlýtur maður að stoppa við ýmislegt af því sem ákveðið hefur verið að hafa þarna með. Eitt af því sem vekur undrun er að skip getur því aðeins fengið leyfi íslenskra yfirvalda til veiða á úthafinu að það sé að fullu í eigu Íslendinga, sbr. lög um fjárfestingu erlendra aðila.

Nú er ekki svo langt síðan, herra forseti, að við vorum að fjalla einmitt um breytingar á lögunum um fjárfestingu erlendra aðila og það voru gerðar breytingar á þeim lögum sem heimiluðu óbeina fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, einungis óbeina fjárfestingu og hugmyndum þeirra sem ræddu um beina fjárfestingu var vísað á bug, ekki hvað síst með þeirri röksemd að það yrði að verja auðlindina fyrir útlendingum. Það var nokkuð fjallað í þingsölum um nauðsyn þess að verja auðlindina, um rökin fyrir því að útlendingar mættu ekki eiga beinan hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum þess vegna og það var líka tekist á um það hvort útlendingar mættu þá eiga beinan hlut í hefðbundinni fiskvinnslu, en það fékkst ekki heldur í gegn. Eftir að vera búin að taka þátt í umfjöllun um breytingar á lögunum um fjárfestingu erlendra aðila þar sem meginrökin fyrir óbreyttu ástandi voru þau að verja þyrfti auðlindina, þá hlýtur maður að velta því fyrir sér, hvernig stendur þá á því að það sama þarf að gilda um þau íslensku skip sem skráð eru hér og veiða á úthafinu. Það er erfitt að átta sig á því hvaða rök liggja að baki og það væri satt að segja fróðlegt að fá á því betri skýringar hjá þeim sem gengu frá frv. og hafa gengið frá breytingartillögum við frv. nú þegar það kemur til 2. umr.

Skattar og skyldur af íslensku fyrirtæki mundu alltaf koma til Íslands enda þótt efnt yrði til samstarfs við útlendinga og þeir ættu hlut að þessari útgerð. Íslensk lög mundu gilda um útgerðina og íslenskir kjarasamninar yrðu virtir fyrir áhöfn. Herra forseti. Það er erfitt að átta sig á því hvað það er þegar við erum ekki að verja auðlindina sem rekur til þess að útlendingar mega ekki taka þátt í úthafsveiðum, mega ekki eiga hlut og við þá má ekki efna til samstarfs þó að um íslenskt fyrirtæki sé að ræða vegna þess, herra forseti, að miðað við lögin, þá er fyrirtækið ekki íslenskur lögaðili ef útlendingur á í því hlut. E.t.v. mun hæstv. ráðherrann eða þeir aðrir sem standa að meirihlutaáliti útskýra þetta nánar og væri óskandi að þeim tækist þá að setja það í það samhengi sem gerði okkur hinum kleift að skilja af hverju

það stóra atriði sem gilti um það að verja auðlindina gildir nú um úthafið líka.

Það er annað atriði sem hlýtur að verða mjög áleitið þegar maður les frv. og það er hversu skipin sem hafa veiðileyfi í lögsögu Íslands hafa mikinn forgang. Forgangur þeirra er augljós, ekki hvað síst þegar horft er til þess að ef skip ætlar fái leyfi til veiða á úthafinu þá getur ráðherra ákveðið að það aflsali sér hlutdeild innan lögsögu eða hluta af því sem ella fengist með tilliti til veiðireynslu ef það er ekki með veiðileyfi og kvóta innan lögsögu. Þeirri hlutdeild sem þannig verður til eða losnar innan lögsögu er úthlutað aftur til þeirra sem hafa veiðirétt innan lögsögu. Til að fá leyfi til úthafsveiða má sem sé allt eins búast við því að menn þurfi að borga klúbbnum sem hefur nú ráðstöfunarrétt á veiðiheimildunum innan lögsögu, þ.e. sá sem fékk veiðiheimildirnar ókeypis mun þá fá þessar viðbótarheimildir ókeypis og getur síðan selt þær fyrir peninga samdægurs.

Nú er það svo, herra forseti, að það stendur í frv. að ráðherra geti bundið úthlutun leyfa þessu skilyrði. Við getum velt því fyrir okkur hvort ráðherra muni nýta sér þetta ákvæði laganna, hvort hann muni skerða veiðiheimildir eða gera kröfu til þess að skip afsali sér veiðiheimildum innan lögsögu til að fá að fara á úthafið eða veiðiheimildir þeirra á úthafinu verði skertar til þess að þeir geti fengið að veiða þar. Ég hef, herra forseti, ákveðinn grun um að það sé nákvæmlega það sem ráðherrann ætlar sér að gera. Ég byggi það ekki á neinum hugdettum heldur byggi ég það á því sem stjórnarsinnar sumir hverjir hafa verið að tala hér í þinginu, þeir sem hafa skrifað upp á bæði þetta frv. og frv. um stjórn fiskveiða sem er á milli 2. og 3. umr. Menn hafa verið að tengja þessi frv. saman og rökin eru ekkert flókin. Menn eru ekki sáttir við það hvernig farið er með þeirra menn í smábátafrumvarpinu og eru að mér heyrist búnir að lofa þeim einhverju góssi úr úthafsveiðifrumvarpinu. Menn hafa líka talað um þetta úr ræðustóli. Þegar frv. um stjórn fiskveiða var til umræðu mátti heyra stjórnarsinna hugga kjósendur sína með því að hinn gleymdi floti væri aldeilis ekki gleymdur því það væru hinir og þessir pottar í gangi og svo væri það sem fengist út úr úthafsútgerðunum. Þess vegna, herra forseti, held ég að full ástæða sé til að ætla að ráðherrann muni beita þessu ákvæði við fyrstu möguleika vegna þess að ég trúi því vart að annars væru menn af því trúnaðartrausti sem fram hefur komið að tengja þessi frv. saman með þeim hætti sem gert er hér, bæði í þingsölum og hliðarsölum.

Herra forseti. Hér er verið að taka upp veiðileyfi. Hér er verið að láta menn greiða veiðileyfagjald fyrir að fá að fara á úthafið. En það gjald er ekki greitt til íslensku þjóðarinnar eða stjórnvalda fyrir það stúss sem þau hafa þurft að standa í til þess að þessi réttindi til veiða á úthafinu yrðu að veruleika. Nei, þetta gjald er eins og ég sagði áðan greitt til þeirra sem eru þegar handhafar veiðileyfa innan lögsögu. Það er ekki bara ég sem lít svo á að hér sé um veiðileyfagjald að ræða vegna þess að framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna sá ástæðu til þess eftir að ákveðið var að slíta starfi nefndarinnar sem var að undirbúa þetta frv. og keyra það með hraði inn í þingið, að skrifa bréf til sjútvrh. þar sem hann leyfir sér að vara við að þessi ákvæði, sem eru í 5. og 6. gr. frv. um veiðileyfagreiðslur í formi kvóta innan lögsögu, veki væntingar um að þær útgerðir sem stunda veiðar utan lögsögu séu færar um að greiða fyrir rétt til veiða með þeim hætti sem hér greinir. Það er ekki aðeins ég og við hér nokkur sem lítum svo á að hér sé verið að taka upp veiðileyfagjald heldur gerir Kristján Ragnarsson einnig svo eins og hér er skjalfest og ég las upp.

Mér finnst, herra forseti, nokkuð merkilegt að þegar ákveðið er að taka upp veiðileyfagjald í íslenskum sjávarútvegi skuli vera byrjað á þeim veiðum sem eru áhættusamastar og dýrastar og að gjaldið, sem er innheimt, skuli þurfa vera í formi veiðiheimilda innan lögsögu með beinum eða óbeinum hætti og þar veiti þeir því móttöku sem hafa aldrei þurft að borga öðrum en hver öðrum og sjálfum sér fyrir þær veiðiheimildir sem þeir hafa, aldrei þurft að borga eiganda auðlindarinnar fyrir neitt af því sem þeir hafa en þeir mega síðan versla fyrir peninga með þessar heimildir. Þetta er afar merkileg aðferð og hún hlýtur að þykja býsna nýstárleg. Mér finnst a.m.k. ótrúlegt að nokkrum öðrum en þeim sem standa fyrir þessum frumvarpsflutningi hefði getað dottið þetta til hugar vegna þess að hér er í rauninni um ákvæði að ræða sem enginn vill gangast við en er svona dæmigert málamiðlunarhnoð þeirra flokka sem standa að núverandi hæstv. ríkisstjórn. Moðsuða sem enginn vill gangast við en verður einhvern veginn eins og óvart að lögum og síðan er byrjað að vinna eftir þessu eins og án þess að nokkur hafi samt áhuga á því eða geti stutt það.

Herra forseti. Ég óttast að það verði nákvæmlega eins með þessi ákvæði og að aður en varir þurfi stjórnarþingmenn að fá að standa við það sem þeir hafa verið að segja til þess að afsaka stuðning sinn við annað frv. sem er í gangi í þinginu, að hér séu rétt einu sinni á ferðinni hin frægu hrossakaup og að ráðherrann muni beita þeirri heimild sem hann hefur í 5. og 6. gr. laganna til þess að skerða veiðiheimildir úthafsútgerðanna.

Það stendur hér, herra forseti, til þess að það sé alveg ljóst hvað er verið að tala um í 5. gr. frv. „Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni", þá er verið að tala um deilistofna eins og síld og karfa „sem samfelld veiðireynsla er á, skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda."

Svo kemur rúsínan: „Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. mgr." — en það er sú málsgrein sem ég var að lesa — „því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum," — allt að 15% ef brtt. meiri hlutans verður samþykkt „af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur."

Í grg. með frv. segir að þetta sé gert til jafnræðis. Menn eru þarna að gæta einhvers jafnræðis.

„Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt ofansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 5. mgr." Þá skulum við kíkja á hana. En hún er svona: „Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni

auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af."

Þarna er gefin heimild til þess að efna til uppboðs á veiðiheimildum en fyrir þær má á þessu stigi málsins ekki greiða með peningum heldur er gjaldmiðillinn þorskígildi. Það er ekki fyrr en þessum hlekk viðskiptanna sleppir að menn mega fara að nota peninga í þessum viðskiptum og ég spyr enn og aftur: Hvernig halda menn að þetta komi til með að verða í framvæmd?

Svo heldur hér áfram. Næsta málsgrein, herra forseti: „Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr." — þ.e. að skip afsala sér aflaheimildum innan lögsögunnar — „eða á grundvelli 5. mgr." þ.e. eftir uppboðið, „skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga."

Þegar við erum með þessum hætti leidd inn í lögin um stjórn fiskveiða er verið að segja okkur að hér tekur við það ákvæði laganna um stjórn fiskveiða að nú megi menn versla fyrir peninga. Nú má fara að selja og braska. Öll þau skip sem veiðiheimildir hafa í lögsögunni fá úthlutunina miðað við þær heimildir sem þau hafa í þorskígildum. Þau fá öll hluta af þessu sem ráðherrann ætlar sér með þessu frv. og væntanlegum lögum að ná af úthafsútgerðunum. Hvað halda menn að gerist þegar farið verður að dreifa því sem úthafsútgerðirnar verða að afsala sér á allan flotann sem á kvóta innan lögsögu? Halda menn að það gerist allt í einu að öll þessi skip fari að veiða þær tegundir sem verða nú innifaldar í þessum þorskígildum sem þau fá? Nei, herra forseti. Ég er ansi hrædd um að það gerist sem ég sagði áðan að í gang fari mikil viðskipti og að þessu sinni með peningum. Þess vegna er í rauninni alveg ótrúlegt að menn skuli fara fram með ákvæði sem þetta og eins og ég sagði áðan á greinilega að nota. Það á að taka einn hóp og það er hópurinn sem er með dýrustu og áhættusömustu útgerðina og það á að láta þennan hóp borga hinum sem búa við mesta öryggið af því að þeir eru með hlutdeild í auðlindinni til ráðstöfunar. Það á að láta þá borga þessum hópi í viðbótarveiðiheimildum.

6. gr. frv. er að stórum hluta til samhljóða 5. gr. nema þar er fjallað um úthafsveiðar, þ.e. þær veiðar sem við getum ekki flokkað sem eins konar strandríkisveiðar okkar heldur hreinar úthafsveiðar eins og í Barentshafi, Smugunni eða á Flæmska hattinum. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir jafnháu skerðingarhlutfalli. Það er 10% í frv. en meiri hlutinn gerir ráð fyrir að færa það niður í 7%. En það er mjög fróðlegt að skoða þessar prósentur og velta því þá fyrir sér hvernig meiri hlutinn, þeir sem að þessu standa, verðleggja þessar veiðiheimildir, verðleggja þann rétt sem einhvern tímann verður bundinn leyfi til að fara á úthafið. Mér finnst það dálítið skondið, herra forseti, og eiginlega út úr korti ef menn eru dálítið sinnaðir fyrir frjáls viðskipti og markaðskerfi að ákveða sig svona fyrir fram hvað þessi veiðileyfi eiga nú að kosta í stað þess, ef menn eru sinnaðir fyrir veiðileyfagjald eins og mér sýnist meiri hlutinn á Alþingi vera að verða með þessu frv., að bíða og sjá hvernig markaðurinn verðleggur þessar veiðiheimildir. Þetta er svolítið sérstök aðferð en kemur kannski ekki alveg á óvart ef maður horfir til þess hverjir það eru sem hafa yfirhöndina í þessari ríkisstjórn.

Ég hef heyrt þau rök hjá stjórnarsinnum sem þetta ákvæði styðja og þeir hafa stutt í mín eyru að það beri að styrkja þær útgerðir sem landa sínum afla til heimavinnslu. Þá væri náttúrlega fróðlegt að fá að vita hvaða útgerðir það eru eða hvernig menn ætla að fara að því að styrkja bara þær útgerðir sem landa sínum afla til heimavinnslu. Ekki trúi ég að menn séu hér skyndilega orðnir hlynntir því að allur fiskur fari um íslenska fiskmarkaði þannig að íslensk heimavinnsla geti haft aðgang að hráefninu. Þó kann það að vera. Þess hefur þó ekki verið getið í þessu samhengi að menn ætli sér að fara þá leið, enda þætti mér í ljósi annars það satt að segja dálítið ótrúlegt ef nákvæmlega þessir flokkar færu að hafa áhuga á því að búa til þau liðamót í íslenskan sjávarútveg sem þarf til að viðskipti geti átt sér stað. Það þætti mér mjög merkilegt en ég hlýt að velta því fyrir mér hvernig menn ætli að fara að þessu ef þetta á að styrkja útgerðir sem landa afla til heimavinnslu. Það er fróðlegt að vita hvernig þær útgerðir verða fundnar og hlýtur það að verða svolítið merkileg reglugerð sem verður gefin út af því tilefni, þar sem heimavinnsluútgerðirnar verða verðlaunaðar sérstaklega. Þá væri líka fróðlegt að vita hvað menn eiga við með heimavinnslu vegna þess að stundum þegar við erum að tala um þessi mál í þinginu þá vilja menn binda fiskinn af báti sem hefur tiltekna einkennisstafi við nákvæmlega þann kaupstað eða það kauptún sem hann er gerður út frá. Það er heimavinnsla. Þetta hefur ekki fengist nánar útskýrt, herra forseti, en hlýtur að skýrast hér í umræðunni því hér er um svo veigamikið atriði að ræða. En af því að það á að fara að umbuna heimavinnsluskipunum þá finnst mér ástæða til að geta þess og ég trúi ekki öðru en meiri hlutinn hafi líka áttað sig á því þegar á að fara að umbuna heimavinnsluskipum, að skipin sem eru á úthafinu landa líka afla heima og líka þau sem hafa engan kvóta í íslenskri lögsögu. Þau landa líka afla heima. Og þá hlýt ég að spyrja: Hvernig á þá að umbuna þeim heimavinnsluskipum? Ekki fá þau endurúthlutun eins og klúbburinn innan lögsögunnar fær. Þau eru bara skert, en þau landa líka heima.

Það eru 15–20 þús. tonn sem koma á ársgrundvelli af Flæmska hattinum sem iðnaðarrækja til vinnslu hér á Íslandi. Það er u.þ.b. fjórðungur af þeim rækjuafla sem landað er hér á landi. Það munar um minna. Svipað getur átt við um aðrar úthafsveiðar, en þarna er þetta verulegt magn. Og í ljósi heimavinnsluhugmyndarinnar held ég að það sé nauðsynlegt að komi fram hvernig þeir sem eru svona mikið fyrir handaflstilfæringarnar ætla sér nú að færa þessum útgerðum ofboðlitla viðurkenningu fyrir það að þær eru líka heimalöndunarútgerðir. Svo væri líka, ef menn ætla nú að gera bara eins og stendur í frv. og ekki að takmarka þetta við heimalöndunarútgerðirnar, fróðlegt að menn gerðu það upp við sig hvort að það sé þá þannig að allir þeir sem eiga kvóta í landhelginni landi hér til landvinnslu. Ef svo er ekki, hvernig á þá að taka á þeim þrjótum sem ekki gera það? Þetta er satt að segja dálítið snúið mál, herra forseti, en það hlýtur að vera búið að hugsa þetta til enda. Ég trúi ekki öðru.

En það er svolítið merkilegt að horfa á hvernig einmitt þessi heimalöndunarþróun hefur verið á undanförnum árum. Það er gjarnan talað um það í umræðunni um atvinnumál í þinginu að fiskvinnslan sé að færast út í sjó. En ef maður horfir á tölur yfir það sem hefur í rauninni verið að gerast þá er það ekki svo. Fyrir nokkrum árum sigldu togarar með býsna stóran hluta af þeim þorskafla sem veiddist á Íslandsmiðum sem ísfisk til annarra landa. Á árinu 1991 var hér um 30 þús. tonn að ræða rúmlega og á árinu 1992 um 35 þús.

tonn að ræða. En síðan þá hafa þessar ísfisksölur minnkað mikið. Þá spyrja menn væntanlega: Hefur þetta þá ekki bara farið í gámum? Það er ekki svo. Árið 1991 voru tæplega 67 þús. tonn af þorski flutt út með gámum en í fyrra voru það einungis tæplega 30 þús. tonn þannig að þarna hefur orðið um meira en helmings minnkun að ræða. Ef við skoðum sjófrystan bolfiskafla þá hefur sú tala verið ótrúlega stöðug á undanförnum árum. Útflutningur á fiski með flugi — ég vænti þess að það sé ekki nokkur maður hér sem talar um það sem útflutning á ónunnu hráefni vegna þess að þar er jú verið að nýta samgöngumöguleika þá sem fljótlegastir eru til að koma fiski sem nýjustum og ferskustum á dýrustu markaði — hefur hins vegar aukist gífurlega á þessu sama tímabili, hefur meira en tvöfaldast frá því árið 1991 þó ekki sé um umtalsvert magn að ræða en er þó orðið svipað á síðasta ári og það magn sem menn sigldu með eða fór út sem ísfiskur. Ef við horfum til rækjuaflans sem hefur aukist mjög mikið á undanförnum fimm árum eða úr því að vera tæp 40 þús. tonn og í það að vera rétt í tæp 76 þús. tonn, þá er það svo að langstærsti hluti þessarar rækju er unninn í rækjuverksmiðjum vítt um landið og sá hluti rækjunnar sem er frystur um borð kemur ýmist að landi sem iðnaðarrækja og fer til frekari vinnslu eða þá að verið er að fullvinna enn þá dýrari varning um borð, varning sem fer á sérhæfða markaði sem vilja stærstu rækjuna soðna strax. Og þá er frá henni gengið um borð í skipunum. Öðruvísi er ekki hægt að gera það þannig að það uppfylli kröfur hinna vandlátu markaða. Hluti af þessari iðnaðarrækju sem kemur sjófryst til vinnslu í verksmiðjunum er eins og ég gat um áðan þessi 15–20 þús. tonn af rækju sem koma af Flæmingjagrunni. Þetta var um heimavinnsluna, herra forseti, en það er ástæða til þess að fara örlítið yfir þetta heimavinnsludæmi af því að það sýnist eða réttara sagt heyrist, miðað við það hvernig talað er eiga að fara að spila hér stóra rullu varðandi meðferð skipa.

Mér finnst hins vegar ástæða til þess, herra forseti, vegna þess að ég rakst það í dagblaðinu Tímanum í dag, að vitna örlítið í stöðu botnfiskvinnslunnar eins og hún kemur Arnari Sigurmundssyni sem er formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, fyrir sjónir um þessar mundir. Niðurstaða hans er sú að botnfiskvinnslan hérna heima sé mjög döpur. Og hann segir jafnframt, herra forseti, sem olli mér nú nokkrum vonbrigðum, að aukinn þorskkvóti hafi óveruleg áhrif á rekstur. Og ef ég mætti vitna í greinina, herra forseti, sem er hér birt í framhaldi af því að Samtök fiskvinnslustöðva framkvæmdu stöðumat á afkomu hefðbundinnar botnfiskvinnslu, frystingar og saltfiskvinnslu og fengu það út að rekstrarhallinn næmi um 10%, þá kemur þar fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Í matinu kemur einnig fram að fyrirhuguð kvótaaukning á þorski á komandi fiskveiðiári hefur óveruleg áhrif á afkomu vinnslunnar vegna þess að á sama tíma er gert ráð fyrir samdrætti í veiðum á ýsu, ufsa og grálúðu."

Síðan vildi ég aðeins fá að vitna aftur hér í og það er, með leyfi forseta: „En í það heila tekið er hins vegar ekki búist við að ákvörðun um leyfilegan heildarkvóta á komandi fiskveiðiári muni hafa teljandi áhrif til hins betra fyrir afkomu hefðbundinnar landvinnslu." Ástæður þessa eru síðan raktar og þær sýnast helst vera þær að afurðaverð hefur lækkað um rúm 4% þannig að þó svo að hráefnisverð hafi eitthvað lækkað og muni hugsanlega eitthvað lækka við þá aukningu sem væntanleg er í þorskinum og að vextir hafi lækkað lítillega og verðbólgan sé lítil vegi það ekki upp þessa lækkun á afurðaverðinu sem geri útkomuna svona dapurlega.

Þetta hlýtur að leiða huga okkar að því hvað það er þá sem gengur. Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, að við verðum að horfa til þess af því að hér er það um það að ræða að við erum að nýta okkar mikilvægustu auðlind, að við verðum að horfa til þess hvernig hún sé best nýtt þannig að hún skili okkur arði og hagnaði. Hvaða fiskvinnsla er það sem getur skilað betri árangri en hér sýnir þessa mjög svo döpru niðurstöðu? Eru það e.t.v. einstök fiskvinnsluhús sem geta skilað betri niðurstöðu eða einhver sérstök rekstrarform? Það þyrfti mjög nauðsynlega að fara betur ofan í rekstrarafkomu fiskvinnslunnar á Íslandi vegna þess að þó svo að meðaltalið sé stundum ágætt til þess að nota í orðræðu og til þess að glöggva sig á stóru dráttunum þá er það nú samt svo að meðaltal er aldrei nema meðaltal. Þessi tala, 10% halli á botnfiskvinnslu, segir okkur líka að einhvers staðar eru fyrirtæki sem eru að gera það betra en einhvers staðar eru líka fyrirtæki sem eru enn verr stödd. Ef þessi fyrirtæki sjá ekki möguleika til þess að bæta stöðu sína þrátt fyrir aukinn þorskkvóta held ég að menn hljóti, eins og ég sagði áðan, að verða að skoða hvaða möguleikar eru hér til þess þá að fiskvinnslan geti staðið sig betur, geti brugðist betur við þeirri samkeppni sem hún býr óhjákvæmilega við um vinnuafl vegna þess að atvinnugrein sem rekin er með 10% halla keppir varla um vinnuafl, a.m.k. á grundvelli launagreiðslna eða hlunninda sem byggjast á góðri afkomu og líka hvað varðar viðhorf vegna þess að þegar menn eru að velja sér vinnu þá þarf vinnan helst að gefa tvennt. Hún þarf að gefa góð laun og hún þarf að gefa ánægju og virðingu. Hún þarf a.m.k. að gefa annað en hún verður ekki girnileg ef hún gefur hvorugt. Ég óttast, herra forseti, að það sé kannski nákvæmlega það sem þarna gæti verið við að eiga og sé reyndar búið að vera viðvarandi vandræði um nokkurra ára hríð.

En aftur að þeim ákvæðum 5. og 6. gr. sem gera ráð fyrir greiðslu á veiðileyfi, greiðslu í þorskígildum. Fróðlegt væri að fá frekari skýringar á því fyrir hvað úthafsútgerðirnar eru að borga innanlögsöguútgerðunum veiðileyfagjald. Það hefur ekki komið fram fyrir hvað sú greiðsla fer fram. Það er líka svo að í þessu tilfelli er nákvæmlega verið að láta sjómennina borga vegna þess að þarna er verið að taka af hlut. Það er ekki þannig að það sé bara útgerðin sem borgar því það er verið að taka veiðiheimildir. Þetta er ekki veiðileyfagjald í þeim skilningi að útgerðin greiði fyrir að fá aðgang annaðhvort að auðlind eða fá að nýta sér einhver nýfengin réttindi heldur er það svo að möguleikar viðkomandi útgerðar eru skertir og þar með er verið að rýra afkomumöguleika viðkomandi sjómanna. Mér finnst dálítið merkilegt, herra forseti, að sumir þeirra manna, sem hafa gengið mjög hart fram í því að mótmæla framsali veiðiheimilda innan lögsögunnar þar sem þær eru heimilar og menn versla með þær sín í milli fyrir peninga, hafa verið tilbúnir til þess að ganga þá leið sem hér er lagt til, a.m.k. ekki mótmælt því, og sumir þessara manna eru í forsvari fyrir sjómenn. Þetta finnst mér mjög merkilegt vegna þess, eins og ég segi, er hér beinlínis verið að rýra hlut sjómannanna. Ég óttast, herra forseti, að það geri veiðar á fjarlægum miðum ekki eins girnilegar og þær þyrftu að vera því að ég er ekki endilega viss um að það mat sem frumvarpshöfundar leggja á verðmæti þessara réttinda, sem kunna að felast í því að fá að fara á úthafið með leyfi hæstv. ráðherra sé endilega rétt.

Ég gat þess þegar ég hóf mál mitt að við værum að tala um þær úthafsveiðar sem hófust fyrir þremur árum í þessari

lotu. En það er vissulega svo að Íslendingar hafa áður verið á úthafinu. Það má kannski segja að útfærsla landhelginnar hafi með sínum hætti gert það að verkum að menn gátu haldið áfram að vinna innan lögsögu og voru dálítið bundnir af henni. En á árum áður stunduðu íslenskar útgerðir útgerð á fjarlægum miðum engu síður en nú. Það var þannig, herra forseti, að eftir heimsstyrjöldina síðari voru ekki bara keyptir togarar þó svo að menn hafi nú mest talað um þátt þeirra í sjávarútvegssögunni heldur voru líka keyptir til landsins mikill fjöldi báta enda hygg ég að flestir hafi verið sammála um það að sá floti sem við áttum í stríðslok var ekki til stórræðanna. Á meðan að bátarnir helguðu sér miðin næst landi stunduðu íslenskir togarar m.a. veiðar við Grænland. Þetta lærðum við öll með því að hlusta á „Óskalög sjómanna" þegar við vorum að vaxa úr grasi þar sem vitnað var til veiðanna við Grænland þannig að sum okkar hafa kannski aldrei skilið af hverju menn hafa talað um úthafsveiðar sem eitthvert nýtt fyrirbæri en íslenskir togarar fóru líka norður til Bjarnareyjar og í Hvíta hafið og íslensk skip veiddu síld við Svalbarða og í Norðursjónum. Það er ekkert óskaplega langt síðan íslensk skip tóku þátt í síldveiðum í Norðursjó, það var fyrir rúmum 20 árum. Eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat um áðan þá öfluðu togararnir vel á karfaveiðum við Grænland.

Eins og ég gat um áðan hefur togurunum verið haldið frá bátamiðunum og vertíðarsvæðin hafa verið vernduð fyrir bátaflotann, það var þannig þá og er þannig enn. En á þeim tíma, herra forseti, vildu menn líka hafa bein afskipti engu síður en nú og þeim nægði ekki að gera það með því að hlutast til um hvar bátar eða togarar tóku afla sinn heldur vildu menn gjarnan flytja verðmæti með handafli á milli útgerðaforma. Það er nákvæmlega það sem ég var að tala um áðan að væri verið að gera með 5. og 6. gr. frv. Til þess að bæta hag tiltekins skipaflokks og þegar ekki nægði að bægja togurunum frá ákveðnum miðum var búið til misrétti í gjaldeyrismálum. Það var búið til svokallað bátagengi og sum árin, þetta var á sjötta áratugnum, herra forseti, var það þannig að fiskur sem veiddur var á togurum var á allt að 30% lægra verði en sá fiskur sem veiddur var á bátum. Þetta er það sem kallað var bátagengi. Svona var reynt að ívilna tilteknum útgerðarformum með því að taka af öðrum með svokölluðu handafli, reynt að hafa áhrif á það hve afkoma einstakra útgerðarforma var. Þessi hagstjórn hefur á seinni tímum ekki þótt til fyrirmyndar. En samt er hún dregin upp í þessu dulargervi núna, herra forseti, sem birtist í 5. og 6. gr. þegar úthafsveiðiútgerðirnar eiga að fara að borga innanlögsöguútgerðunum fyrir að fá að fara á úthafið. Það er hið nýja bátagengi sem er skyndilega komið í þessum grímubúningi. Það er, herra forseti, óbeint verið að taka upp bátagengi og hverfa aftur til þess tíma þegar stýrt var með handafli og menn höfðu trú á þess háttar stjórnun. Það er verið að hverfa að þessari gamaldags stjórnun sem má svo sem segja að sé eðlileg þegar Framsókn og framsóknararmur Sjálfstfl. ná saman með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Þá hlýt ég að spyrja hvar þeir eru vegna þess að það eru til einhver frjálslynd öfl í báðum þessum flokkum, hvar eru þeir sem þá telja handaflsleiðina ekki þá vænlegustu heldur það að skapa hin almennu skilyrði? Við því fæ ég væntanlega fljótlega einhver svör, herra forseti, og mun þá koma hér aftur í ræðustól til að meta þau og e.t.v. að spyrja fleiri spurninga ef þarf.

[01:00]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka það að orðið er við tilmælum mínum um að fá að taka til máls um fundarstjórn forseta. Ástæða mín er sú að upp hefur komið tilraun milli þingflokka og þingmanna til að ná sáttum um afgreiðslu þessa máls og væntanlega þá að stefna að þinglokum. Í því augnamiði fer ég fram á það að umræðunni verði frestað að sinni svo hv. sjútvn. gefist ráðrúm til að hittast að nýju og ganga þannig frá málinu að sú sátt megi takast sem menn eru að reyna að vinna að.

[01:01]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Í ljósi þessarar yfirlýsingar hv. frsm. sjútvn., hv. 6. þm. Reykn., mun forseti nú gera 10 mín. hlé á þessum fundi og þingflokksformenn væntanlega skoða stöðu mála. Fundinum er frestað.

[02:20]

Útbýting þingskjala:

Laun forseta Íslands, 224. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1199.

Stjórn fiskveiða, 437. mál, brtt. GE, þskj. 1197.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 01:01]

Út af dagskrá voru tekin 8., 12. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 02:22.

---

161. FUNDUR

miðvikudaginn 5. júní,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

2. Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

3. Munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku, skýrsla, 369. mál, þskj. 1156. — Ein umr.

4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 421. mál, þskj. 1136, brtt. 1115,9 og 1145. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 422. mál, þskj. 1137. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 519. mál, þskj. 956, nál. 1078 og 1086, brtt. 1079. — Frh. 2. umr.

7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 437. mál, þskj. 1190, brtt. 1197. — 3. umr.

8. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 436. mál, þskj. 768. — 3. umr.

9. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 524. mál, þskj. 974. — Frh. 1. umr.

10. Náttúruvernd, stjfrv., 366. mál, þskj. 642, nál. 934 og 1091, brtt. 935. — 2. umr.

11. Félagsleg verkefni, þáltill., 300. mál, þskj. 540, nál. 1196. — Síðari umr.

12. Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv., 449. mál, þskj. 1195. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

[10:03]

Útbýting þingskjala:

Álbræðsla á Grundartanga, 511. mál, svar iðnrh., þskj. 1189.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 449. mál, þskj. 1195.

Stjórn fiskveiða, 437. mál, þskj. 1190.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla mála fyrir þinghlé og framgangur þingmannamála.

[10:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég get ekki annað en kvatt mér hljóðs um störf þingsins þar sem málefni sem ég lagði fram, frv. til laga, 459. mál, hefur ekki verið rætt. Ég verð að lýsa mikilli óánægju með það að mál sem er af þeim toga sem ég tel það vera — reyndar er það þannig að hverjum finnst sinn fugl fagur þó öðrum kannski þyki hann rýr og magur — en ég er sannfærður um að þetta mál er af þeim toga að það varðar meira hag almennings en flest annað það sem hefur verið afgreitt og rætt á þingi í vetur. Ég vil lýsa því yfir og láta vita af því að það eru meira en tíu vikur síðan málið var lagt fram á Alþingi. Það var fyrir páska þó að málið kæmi ekki á borð þingmanna fyrr en eftir 1. apríl. Málið var nokkra stund í þinginu vegna þess að það þurfti að þýða nokkur gögn sem fylgdu með.

Ég segi að málið varðar meira hagsbætur til almennings en flest mál sem hér hafa verið afgreidd og ég tala nú ekki um skerðingarfrumvörpin sem hafa verið kýld í gegn á síðustu dögum þingsins og hafa þveröfug áhrif á hag almennings á við það mál sem ég er að tala fyrir.

Ég nefni það að 65 mál hafa komið fram a.m.k. síðan þetta mál var lagt fram og flest þeirra frá ríkisstjórn og flest þeirra eru komin í gegn. Ég mótmæli, herra forseti, að svona skuli að farið. Þetta mál hefur einu sinni komist á dagskrá. Þá var það það aftarlega á dagskrá að nánast var möguleikalaust að fá það rætt. Ég veit að fjölmargir þingmenn höfðu undirbúið sig undir þá umræðu og ætluðu að taka þátt í henni og hafa skoðun á málinu og ég veit ekki um einn einasta þingmann sem hefði lagst gegn megininntaki málsins, þ.e. 80 þús. kr. lágmarkslaun.

Ég mótmæli, forseti, þessum vinnubrögðum. Ég vil láta vita af því að það er ekkert í þeirri skýrsla sem var að koma út og mikið hefur verið umrædd í dag sem ekki er í því plaggi sem ég held á í hendinni og er frv. til laga. Og það er ekkert í henni sem ekki hefði verið hægt að ræða hér fyrir a.m.k. einum og hálfum mánuði síðan.

[10:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er þá hefur verið um það rætt að hugsanlega yrði störfum þessa þings frestað á þessum eða næsta sólarhring. Ég vil láta það koma fram í upphafi þessa fundar að svo óvenjulega vill til að ekkert samkomulag hefur náðst um það hvenær frestunin gæti orðið né heldur um það hvaða mál yrðu afgreidd áður en frestunin á sér stað. Þetta á m.a. við um það mál sem er nr. 10 á dagskránni og er náttúruvernd, stjfrv., 366. mál. Þessi mál og önnur eru í raun og veru í uppnámi enn þá. Þetta vil ég taka fram, hæstv. forseti, vegna þess að ég tel óhjákvæmilegt ef menn ætla að fresta þinginu í dag eða á þessum sólarhring að málin verði rædd miklu nánar en gert hefur verið.

[10:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé að á dagskrá þingsins er ekki frv. um fjárreiður ríkisins. Það mál fékk sérstaka meðferð á hinu háa Alþingi. Það var í undirbúningi í nokkur missiri og þegar það var lagt fram, þá töldu alþingismenn það svo mikilvægt að kosin var sérnefnd til að vinna það á þinginu. Þetta var eina málið á Alþingi í vetur sem fékk þá meðhöndlun. Sérnefndin starfaði undir forsæti hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Frv. fjallar um gerbreytingu í gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Það náðist samstaða í sérnefndinni og málið var afgreitt með nokkrum breytingartillögum við 2. umr. Það var einungis eftir 3. umr. um málið.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvers vegna þetta mál er ekki á dagskrá, en það er mjög sérstakt bæði vegna efnis þess og ekki hvað síst í ljósi þeirrar meðferðar sem málið fékk á hinu háa Alþingi. Ég hef heyrt af því látið að þetta tengist öðru frv., stjfrv. um þjónustusamninga og hagræðingu og það sé ástæðan fyrir því að þessu máli hafi verið kippt út af dagskrá. Það mál fékk ítarlega umfjöllun í efh.- og viðskn. og fjallar um ákveðið framsal frá löggjafar- og fjárveitingavaldi til ríkisstjórnar, umdeilt mál og tengist ekki fjárreiðum ríkisstjórnar á nokkurn máta.

Hér er um að ræða alveg einstakan barnaskap ef rétt er með farið að þessi mál séu tengd svona saman. En það sem ég vil spyrja um einnig varðandi þetta mál, er að ég óska skýringa, herra forseti, á því af hverju málið sé ekki á dagskrá. Og ég vil fá skýringar frá hv. formanni sérnefndarinnar, hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, hvort hér sé farið að hans óskum varðandi þetta merkilega mál sem var fullbúið af hálfu nefndarinnar og komið í gegnum 2. umr. Barnaskapur ríkisstjórnarinnar kemur mér ekki við. Hann er hennar. Hins vegar tel ég að Alþingi sé sýnd lítilsvirðing með þessum vinnubrögðum ef málið kemur ekki til lokaafgreiðslu. Alþingi kaus að fara með þetta mál á alveg sérstakan hátt, með sérnefnd, og það er lítilsvirðing, herra forseti, við störf Alþingis ef málið verður ekki afgreitt fyrir þinglok.

[10:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir þá gagnrýni sem kemur fram í orðum hv. 5. þm. Vesturl., Gísla Einarssonar. Gagnrýni mín snýr ekki eingöngu að því frv. sem hann hefur gert að umtalsefni, heldur að því að það sem hefur verið að gerast og þróast á liðnum árum er að þingmannamál almennt verða út undan í störfum löggjafarþingsins.

Þingmaðurinn gat þess að frv. sem hann ber fyrir brjósti og á fyllilega rétt á að vera tekið til umræðu á hv. Alþingi hefur verið í 10 vikur á borði þingmanna.

Í gær var snörp umræða vegna þess að einn ráðherranna reiddist því að frv. sem hann hafði lagt fram fyrir tveimur vikum, eftir að áformuð voru þinglok, hafði ekki náðst á dagskrá, ekki bara á dagskrá heldur helst í gegnum þingnefndir til þess að verða að lögum.

Þessi umræða á að vekja okkur til umhugsunar um stöðu löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu. Höfum við hugsað okkur að Alþingi þróist í að verða eins og hvert annað færiband sem afgreiðir fyrir ríkisstjórnina þau mál sem hún óskar á þeim tíma sem hún óskar eða hyggjumst við stuðla að því að löggjafinn verði sjálfstæð og virt samkoma sem a.m.k. ræður dagskrá sinni.

Á síðasta degi þingsins á þessum morgni held ég að það væri mikilvægt að alþingismenn færu til síns heima með það veganesti að huga að því á hvern hátt þeir geti stuðlað að breytingum á þessum málum vegna þess að það er óviðunandi að góð mál sem þingmenn hafa lagt mikla vinnu í að undirbúa fást ekki einu sinni rædd, hvað þá heldur að búast megi við að þau fari í gegnum nefndarstörf og verði að lögum. Þetta er það sem ég vildi taka undir, virðulegi forseti, við orð hv. 5. þm. Vesturl.

[10:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. 11. þm. Reykn. um frv. um fjárreiður sem ekki stefnir í að verði afgreitt, er rétt að taka fram að það er rétt til getið hjá honum að menn vilja ræða nú í sumar og fyrir haustið í samhengi þessi tvö frv., annars vegar um fjárreiður ríkisins og hins vegar um þjónustusamninga og hagræðingu. Það er ekkert sem rekur á sérstaklega, að við afgreiðum fyrra frv. og reyndar hvort tveggja á þessu þingi. Auðvitað er það engin lítilsvirðing við þingið þó að það frv. bíði til hausts. Eins og hér kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv., þá finna menn að því ef frv. sem hafa verið hér til meðferðar í 2–3 ár skuli eiga að ganga fram, en í annan stað er fundið að því að mikilvægt frv. sem hefur verið til umræðu aðeins í vor skuli ekki ganga fram og það sé lítilsvirðing. Hvorugt er lítilsvirðing í málinu. Ég tel skynsamlegt að ræða þessi tvö mál í samhengi. Það er skammur tími til þingloka. Hvort sem okkur tekst að ljúka þinginu í dag eða síðar, þá er það ljóst að það er skammur tími til þingloka.

[10:14]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 11. þm. Reykn. um framgang frv. um fjárreiður ríkisins, þá vil ég segja það að auðvitað hefði verið æskilegt að ljúka afgreiðslu þess máls sem er mjög mikilvægt. En þegar 2. umr. hafði verið lokið, kom fram ósk frá hæstv. fjmrh. að það yrði gerð sú breyting að gildistökuákvæði laganna yrði breytt þannig að um yrði að ræða frestun um eitt ár.

Í ljósi nokkurra umræðna í sérnefndinni um það frv. sem hér var nefnt um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri og það atriði að e.t.v. hefði verið eðlilegt að þau ákvæði sem það frv. felur í sér væru inni í fjárreiðufrv., þá taldi ég það eðlilegt að skoða það mál í því ljósi að gildistökunni hafði verið frestað með breytingartillögu frá sérnefndinni. Ég taldi að það gæti e.t.v. orðið til að greiða fyrir störfum í þinginu vegna mikils ágreinings í efh.- og viðskn. um frv. þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri, ef það yrði um frestun að ræða eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. á báðum frv. þannig að það væri hægt að vinna þau í sumar áfram og í haust strax í byrjun þings væri hægt að taka málin til afgreiðslu og vonandi tekst það. Ég geri engar athugasemdir við þessa niðurstöðu sem hefur orðið.

[10:16]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þau tvö frv. sem hér hefur verið rætt um, frv. um þjónustusamninga og frv. um fjárreiður ríkisins, eiga sér gerólíka forsögu. Það má rekja frv. um fjárreiður ríkisins allt til ársins 1986 þegar þáv. fjárveitinganefnd lagði fram frv. sem að meginefni til var það sama og einn kaflinn í frv. um fjárreiður ríkisins. Síðar var frv. lagt ítrekað fram m.a. af fjárveitinganefnd á síðasta kjörtímabili sem hv. þm. Sturla Böðvarsson sat í. Málið var síðan unnið af ríkisreikningsnefnd og náðist um það fullt samkomulag og fullt samkomulag í þinginu þannig að þarna var um merkilega lagasetningu að ræða sem hafði fengið mikinn og vandaðan undirbúning.

Hitt frv., frv. um þjónustusamninga, átti sér mjög skamman undirbúning og hafði lítið verið kynnt, enda stefndi það þvert gegn efni frv. um fjárreiður ríkisins eins og kom fram í hv. efh.- og viðskn. Á síðustu stigum málsins gerðist það hins vegar að aðilar sem höfðu fullvissað okkur um að það yrðu engin vandkvæði á því að frv. tæki gildi á tilsettum gildistíma, komu fram og sögðust ekki treysta sér til þess að framkvæma lögin eins og til stóð þó svo þeir hefðu upplýst okkur um annað allt frá því að umræða hófst um málið á Alþingi og þangað til stefndi í lokaafgreiðslu. Það er því rétt sem hæstv. forsrh. segir að út af fyrir sig bíður málið ekki skaða af því þó að frestun verði á afgreiðslu þess til haustsins. En þá vildi ég óska eftir því að fá upplýsingar frá hæstv. forsrh. um það hvort þá megi ekki treysta því að undirbúningurinn að gildistöku frv. haldi óslitið áfram þannig að frv. sem yrði flutt í haust gæti tekið gildi á sama tíma og tillaga efh.- og viðskn. gerði ráð fyrir að þetta frv. tæki gildi á, eftir síðustu breytingar. Ég vil fá að vita hvort ekki megi örugglega treysta því að það verði haldið áfram með undirbúning málsins af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

[10:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð þingflokksformanns Alþfl., hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um hvað óviðunandi er hvernig málsmeðferð þingmannamála er í þinginu. Það eru ekki bara eitt eða tvö mál sem við kvennalistakonur lögðum fram á réttum tíma og hafa ekki fengist rædd. Vil ég þar sérstaklega nefna tillögu til þingsályktunar um kynferðislega áreitni sem með mjög miklum erfiðismunum tókst að fá rædda utan dagskrár í vetur. Síðan var lögð fram formleg tillaga og hún hefur beðið afgreiðslu. Við höfum sett hana á oddinn og hún hefur ekki fengist rædd.

Ég hef haldið að það væri nokkuð skýr ávísun á að mál væru rædd ef þau eru tekin út úr nefnd bæði með meiri- og minnihlutaáliti. Síðast í gær gerðist það að frv. um breytingu á lögum um laun forseta Íslands var tekið út úr allshn. bæði með meirihluta- og minnihlutaáliti en það var ekki ljóst í gærkvöldi hvort það mál fengist rætt í dag þrátt fyrir ítrekaða ósk mína. Mér finnst þetta algerlega óviðunandi og vona að það verði breyting til batnaðar á næsta Alþingi.

[10:20]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Vegna þeirra umræðna sem hafa farið fram um frv. til laga um fjárreiður ríkissjóðs, þá vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl. að ég tel skynsamlegt í ljósi þess að það hefur verið afar gott samkomulag í sérnefndinni sem fjallaði um frv. og unnið þar gott starf, að geyma frv. til haustsins og freista þess að ná jafngóðum anda í frv. til laga um þjónustusamninga, skoða það í tengslum við fyrra frv.

Ég vil vekja athygli á því að það eru viss þáttaskil varðandi ríkisreikninga, fjáraukalög og afgreiðslu þeirra mála núna. Það er hreint borð í þeim efnum sem hefur ekki komið fyrir í mörg ár og það er einmitt tækifæri núna til þess að afgreiða frv. um fjárreiður ríkisins að hausti og freista þess að fella hitt umdeilda frv. þar inn í og ná um þessi mál góðu samkomulagi. Ég legg áherslu á að það takist og að sá góði andi sem var í sérnefndinni sem fjallaði um málið viðhaldist.

[10:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Vestf. vil ég taka fram að fjmrn. mun halda áfram vinnu við fjárreiðufrv. á sumarmánuðum og fram á haust eins og frv. hefði verið samþykkt.

[10:23]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég skal ekki ganga á þann tíma mjög og reyna að gefa öðrum sem ekki hafa komist í umræðuna tækifæri á að koma upp. En ég vil þakka fyrir það að undir mína gagnrýni var tekið um að mál sem ég a.m.k. tel að varði mjög miklu hafi ekki komist á dagskrá.

Ég tel ástæðu til þess að spyrja: Mega þingmenn reikna með því að það sé stefnt að þinglokum í dag eða á morgun eða næstu daga? Ég vil spyrja virðulegan forseta um það. Hver eru áformin? Mér finnst alveg lágmarkið að menn fái að vita það ef til stendur að það eigi að fara að fresta þingstörfum. Mér finnst það grunnatriði fyrir okkur almenna þingmenn að það sé ljóst hvað menn ætla að gera.

Síðan aðeins um frv. um fjárreiður ríkisins sem hér hefur verið rætt. Það hafa fá mál fengið betri umfjöllun og jákvæðari umfjöllun í þinginu. Þetta mál var tekið strax á haustdögum um leið og það kom fram inn í Alþfl. og farið mjög rækilega yfir það og menn voru mjög jákvæðir gagnvart því svo að það er mál sem hlýtur að eiga að koma til afgreiðslu. Ég tek auðvitað undir orð hæstv. forsrh. um að það getur verið þannig háttað með mál að þau séu ekki fullbúin til afgreiðslu.

En ég vil bara enn ítreka að það mál sem ég hóf mína umræðu með að ræða um, frv. um lágmarkslaun og hámarkslaun er af þeim toga að það er óviðunandi að það skuli ekki fást rætt í þinginu meira heldur en það hefur þó komið fram í fjölmiðlum. Það hefur aðeins komið í fjölmiðlum. Búið.

[10:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst að þetta þing sýni það eins og kannski svo mörg önnur að þetta er fyrst og fremst framkvæmdarvaldsþing orðið. Og þetta þing hér eins og svo mörg önnur er fyrst og fremst afgreiðslustofnun fyrir frumvörp ríkisstjórnarinnar. Frumvörp þingmanna mega sitja á hakanum og mæta afgangi og næsta einhlítt að niðurstaðan er að málunum er vísað til ríkisstjórnarinnar í staðinn fyrir að þing taki afstöðu til mála eins og þing á að gera. Mér finnst að þingið þurfi að fara að athuga sinn gang vegna þess að það setur niður við slík vinnubrögð og mér finnst að það þurfi að fara að endurskoða það hvernig við breytum þessum framkvæmdarvaldsþingi í löggjafarsamkomu.

Ég stóð upp til þess að minna á frv. sem ég hef lagt mikla áherslu á að kæmi á dagskrá. Það er frv. til breytingar á stjórnarskipunarlögum og fjallar um aukinn rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var lagt fram fyrir mörgum vikum síðan og ég taldi mig hafa samkomulag við forseta um að málið fengi að komast á dagskrá og til umræðu. Frv. var á dagskrá í gær og í fyrradag en fékkst þá ekki rætt. Nú sé ég á dagskránni að það frv. er ekki á dagskrá þessa þings í dag og ég vil spyrja hæstv. forseta hverju sætir.

[10:26]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það hefur verið minnt á að frv. um fjárreiður ríkisins byggir á margra ára undirbúningi. Það kom skýrt fram eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. að unnið verður að málinu eins og frv. hefði tekið gildi.

Ég er að leggja alveg sérstaka áherslu á það hve það var mikilvægt hvernig samstaða náðist um vinnu við þetta frv. Það var lögð mikil áhersla á það af hálfu fjmrh. og málið var alveg fullunnið. Það er ámælisvert, herra forseti, að tengja þetta vandaða mál hinu frv. um hagræðingu og þjónustusamninga sem var ekki fullhugsað frv. og eðlilegt að menn tækju sér sumarið í það að móta það betur, ekki hvað síst af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það var engin ástæða til þess, herra forseti, að fresta frv. um fjárreiður ríkisins því að það fjallar um allt aðra þætti, fjallar um uppgjör og bókhald og gerð ríkisreiknings og fjárlagafrv. og það hefði alls ekki þurft að tengjast og tengist ekki frv. um þjónustusamninga. Þó svo að mjög margt gott hafi verið í því, þá er það ekki fullhugsað.

Ég ítreka mína skoðun varðandi vinnubrögðin í þessu máli. Ég tel að Alþingi hafi verið sýnd lítilsvirðing, herra forseti, með þessum vinnubrögðum með tilliti til þess hvernig málið er unnið á hinu háa Alþingi. Það eru ámælisverð vinnubrögð að ganga frá málinu eins og hér er gert og vegna þess að hér var um að ræða mjög merkilega og góða samvinnu allra þingmanna um þetta mjög svo mikilvæga mál sem varðar fjárreiður ríkisins.

[10:28]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Að gefnu tilefni vill forseti láta þess getið að það er vissulega ekkert launungarmál að ætlunin er að reyna að ljúka þingstörfum í dag. Það er stefnt að þinglokum í dag. Hins vegar hefur það komið fram í þessari umræðu að ekki er fullt samkomulag um afgreiðslu mála og þar af leiðandi hlýtur það að ráðast síðar hvort tekst að ljúka þingstörfum í dag. Það er ekki ljóst, en að því er stefnt.

Varðandi fyrirspurn hv. 13. þm. Reykv. um frv. það sem þingmaðurinn hefur flutt um breytingu á stjórnarskipunar-

lögum, þá vil ég láta þess getið að það frv. var á dagskrá í gær en ekki náðist að hefja umræður um frv. þá. Það var síðan ákvörðun forseta að frv. yrði ekki á dagskrá þessa 1. fundar í dag. Það kunna hins vegar að verða fleiri fundir í dag og ég get ekkert um það fullyrt hvað síðar verður.

Munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku, ein umr.

Skýrsla forsrh., 369. mál. — Þskj. 646.

[10:30]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er um það milli þingflokka að umræðan standi í röska klukkustund. Hver þingflokkur hefur 10 mínútur til umráða í tveimur umferðum. Forsrh. og flokkur hans hefur þá 15 mínútur og fyrsti skýrslubeiðandi og flokkur hans 15 mínútur. Samkomulag þetta er byggt á 2. mgr. 72. gr. þingskapa.

[10:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir skýrslu sem lögð hefur verið fyrir Alþingi um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar. Mikil umræða hefur að undanförnu verið um laun og lífskjör á Íslandi og í öðrum löndum, einkum Danmörku. Í þeim samanburði hefur því oft verið haldið á lofti að lífskjör hér á landi standi þeim sem aðrar þjóðir búa við langt að baki. Vegna þessara fullyrðinga fór ég þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún tæki saman efni um þetta mál þar sem leitast væri við að gefa sem réttasta og sannasta mynd af lífskjörum okkar og annarra þjóða. Þetta taldi ég mikilvægt vegna villandi umræðna um þessi efni á síðasta ári, ekki síst í tengslum við meintan landflótta. Þar var gjarnan dregin upp afar dökk mynd af lífskjörum hér á landi, jafnvel svo að á stundum minnti það mann á svonefnda agenta sem riðu um héruð á seinni hluta síðustu aldar og hvöttu hvern sem gat til að flytja til nýja heimsins. Að auki barst mér síðan skýrslubeiðni frá Alþingi um muninn á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku. Eins og kunnugt er stóð Alþb. á bak við þá beiðni. Ég taldi eðlilegt að fela Þjóðhagsstofnun að gera þessa skýrslu. Nú liggur umrædd skýrsla fyrir og hefur verið lögð fram hér á Alþingi.

Eðli málsins samkvæmt er ljóst að svona samanburður verður ekki tæmandi og aldrei vafalaus. Því verður að líta á skýrsluna sem innlegg í umræðuna fremur en endanlegar og óyggjandi niðurstöður. Skýrslan staðfestir að Íslendingar búa við góð lífskjör og ætti sú staðreynd ekki að koma neinum á óvart. Öll þau helstu kennileiti sem hagfræðingar líta til um alþjóðlegan lífskjarasamanburð staðfesta þetta. Það fyrsta sem þeir líta til er landsframleiðsla á mann. Þannig var landsframleiðsla á mann árið 1994 3,4% meiri hér á landi en að meðaltali í aðildarríkjum OECD og 7,6% meiri en að meðaltali í ESB. Á þann kvarða erum við í 11. sæti meðal þjóða heims, á milli Frakklands og Þýskalands en langt á undan Finnum og Svíum sem eru í 17. og 19. sæti. Það er raunar ekki langt síðan Svíþjóð var hið fyrirheitna land þar sem öllu átti að vera betur farið en hér hjá okkur. Danir eru hins vegar í 6. sæti. Það vekur athygli hversu vel að vígi við stöndum í þessum lífskjarasamanburði þegar kemur að ýmsum eignum. Hér er íbúðarhúsnæði rýmra en annars staðar óvíða eru fleiri fólksbifreiðar, litasjónvörp og myndbandstæki á íbúa en hér gerist. Heilbrigðisþjónustan, sem mikið hefur verið rædd hér í þingsölum, fær ágætiseinkunn hvernig sem á er litið. Það er mikilvægt að fá þetta staðfest í öllum þessum tölum. En við sjáum þetta líka sjálf og finnum þegar við ferðumst til annarra landa að velmegun er hér mikil og almenn. Hins vegar, og úr því skal ekki dregið, vinnum við lengri vinnudag en aðrar þjóðir. Það fer ekki á milli mála.

Til marks um mikla vinnu er bæði mikil atvinnuþátttaka og langur vinnudagur. Fullvinnandi fólk á Íslandi vinnur að meðaltali 50 klst. á viku en aðeins 39 í Danmörku. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að hér á landi hefur lengst af verið næg atvinna eða því sem næst næg atvinna. Sömu sögu er ekki að segja frá Danmörku né raunar frá flestum öðrum þjóðum sem við kjósum að bera okkur saman við.

Vísbendingu um verðmætasköpun má fá með því að skoða landsframleiðslu á hverja unna stund. Þegar þetta er skoðað í alþjóðlegu samhengi kemur í ljós að framleiðni er lítil hérlendis. Það er afar skýrt í þessari skýrslu að tímakaup á Íslandi er lægra en í flestum öðrum aðildarríkjum OECD vegna lágrar framleiðni. Tímakaup í dönskum iðnaði, en þar er það hæst, er t.d. 55% hærra en í sænskum iðnaði og tvöfalt hærra en í íslenskum. Í þeim samanburði sem tiltækur er um tímakaup og mánaðarlaun meðal OECD-þjóða erum við í 18.–21. sæti en í 20. sæti þegar þjóðum er raðað eftir landsframleiðslu á vinnustund.

Nú þarf að hafa í huga að á viðmiðunarárunum 1993 og 1994 vorum við Íslendingar á botninum í mjög erfiðri efnahagslægð. Hagvöxtur var neikvæður og kaupmáttur launa var lágur í sögulegu samhengi, 16% lakari en hann var mestur árið 1987. Hann hrundi sem kunnugt er mest í tíð vinstri stjórnarinnar sem sat 1988–1991. Þá var mesta kaupmáttarhrunið eins og allur almenningur í landinu veit.

Það er mat Þjóðhagsstofnunar að kaupmáttarsveiflan geti verið 10–15% yfir hagsveiflunni. Danir hafa hins vegar siglt lygnan sjó í efnahagsumróti síðustu ára. Hagvöxtur hefur verið 3% að jafnaði á ári undanfarin ár og kaupmáttur hefur því farið vaxandi í áþekkum takti og hagvöxturinn. Kaupmáttur hefur nú á ný vaxið hér á landi og er útlit fyrir 8–8,5% kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna á árunum 1995 og 1996 sem er mun meiri aukning en víðast hvar annars staðar. Jafnframt er útlit gott um hagvöxt á næsta ári. Þetta verða menn að hafa í huga þegar menn eru að bera saman tölur þar sem vantar kaupmátt upp á 8,5–9%. Þetta þarf allt að vera með í bakgrunninum þegar myndin um laun einstakra stétta er borin saman á milli landa. Dagvinnulaun í Danmörku eru tvöfalt hærri en hér í mörgum stéttum. En við jöfnum þennan mun annars vegar með eftirvinnu en hins vegar með lægri tekjusköttum.

Þegar upp er staðið er munur á ráðstöfunartekjum miklu, miklu minni en framangreindar tölur bera með sér. Þannig voru meðalráðstöfunartekjur í Danmörku 226,9 þús. kr. á mánuði borið saman við 197,4 þús. kr. hér á landi. Munurinn var því á þennan kvarða mælt 14,9%. Þessi munur er ekki meiri en svo að hann geti skýrst af hagsveiflunni sem ég nefndi áðan. Skattbyrðin er miklu þyngri í Danmörku en á Íslandi. Helmingur landsframleiðslu Dana rennur til hins opinbera sem skattar en þriðjungur hér á landi. Byrði beinna skatta er mun þyngri í Danmörku en hér á landi. Meðal-

heimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatta samanborið við 21% á Íslandi. Það er greiddur skattur af hverri krónu launa í Danmörku en skattleysismörk hér á landi voru 57.200 kr. á mánuði. Þegar menn bera saman lægstu laun hér á landi og í Danmörku þá verða menn að hafa þetta í huga, vilji menn vera sanngjarnir og hafa samanburðinn réttan. Jaðarskattar eru mun hærri í Danmörku en hér á landi og hæsti jaðarskattur í Danmörku var þannig 70% sem bera má saman við töluna 46,84 á Íslandi. Margs konar tekjutenging bóta hefur aukist mjög á Íslandi sem og raunar víða annars staðar og er hún mun meiri og brattari á flestum sviðum en í Danmörku. Þannig hafa ýmsar bætur sem standa hinum allra tekjulægstu til boða verið hærri á Íslandi en í Danmörku. Nefna má vaxtabætur, barnabætur og barnabótaauka. Tekjutryggingin er hins vegar það brött hér á landi að bætur til fólks með lágar meðaltekjur og þaðan af hærri eru mun minni en í Danmörku. Þá verða menn á ný að minnast þess að það er borgaður skattur af hverri krónu í Danmörku en ekki hér. Að öllu samanlögðu geta Íslendingar nokkuð vel unað við þann hlut sem þeir hafa í þessum lífskjarasamanburði þótt sjálfsagt sé að sækja fram í þeim efnum. Það er nákvæmlega það sem menn eru að gera nú. Kaupmátturinn er að aukast um 8,5% sem er mesta kaupmáttaraukning sem við höfum lengi horft framan í. Og það sem best er: Það er kaupmáttaraukning sem er grundvöllur fyrir, innstæða fyrir og sem stenst.

Í því skyni að tryggja að áfram verði haldið á þessari braut er mikilvægast að varðveita áfram stöðugleikann í landinu og jafnvægi í þjóðarbúskapnum, stuðla að framförum og aukinni framleiðni jafnt í atvinnulífinu sem opinberum búskap. Þegar öllu er á botninn hvolft, hvernig sem talað er, er ljóst að aukin framleiðni er eini öruggi grunnur bættra lífskjara. Ég vek athygli, herra forseti, á þessum þáttum og hvet menn til þess í þessari umræðu að gæta sín á því í öllum samanburði að grundvöllur samanburðarins er 1993 þegar Íslendingar eru á botni kreppu sem nú er séð fyrir endann á og það skekkir alla myndina. Það eru margir þættir sem skapa óvissu og geta skekkt þá mynd sem menn horfa á, til að mynda eins og mæling á vinnutíma. Í því sambandi má nefna það að ómæld yfirvinna, sem í mörgum tilvikum er ekki unnin eins og menn vita, er mæld hér sem langur vinnutími og hækkar töluna um lengd vinnutíma. Þá eru t.d. kaffitímar og matartímar mældir með öðrum hætti hér en í Danmörku. Allt skekkir þetta myndina. Auðvitað hlýtur það hins vegar að vekja mikla athygli þegar menn tala um lág laun að á þessum lágu launum samkvæmt skýrslunni sem menn tala um hefur Íslendingum tekist að eignast fleiri bíla, stærra húsnæði, og fleiri tæki en þeir sem betur hafa það samkvæmt skýrslunni og er það einkar athyglisvert.

[10:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka forsrh. og Þjóðhagsstofnun fyrir vel unna skýrslu. Tildrög þess að skýrslan er komin hér eru þau að á kjaramálaráðstefnu sem Alþb. stóð fyrir 17. febrúar sl. kom fram í erindum sem þar voru haldin að það væri verulegur munur á launum á Íslandi og í nágrannalöndunum og að dæmi væru um yfir 100% mun á dagvinnulaunum verkafólks innan sömu starfsgreinar þótt horft væri til dagsins í dag en ekki aftur til ársins 1993 eða 1994, sem eru þau ár sem skýrslan fjallar um. En þar sem vinnumarkaðurinn er orðinn opnari og alþjóðlegri en áður hafa stöðugt fleiri Íslendingar mótmælt lágum launum hér á landi með því að flytja til annarra landa. Það er þróun sem hlýtur að vera óásættanleg fyrir utan það að við getum ekki samþykkt að hér ríki meiri vinnuþrælkun en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við eða að íslensk fyrirtæki geti ekki borgað sambærileg laun og fyrirtæki gera í öðrum löndum sem eru á svipuðu þróunarstigi og við. Rekstrarskilyrði fyrirtækja hafa að nokkru leyti verið lagfærð en kjör launafólks hafa setið eftir, langt eftir í samanburði við nágrannaþjóðir. Við erum fámenn og vel menntuð þjóð í stóru og gjöfulu landi og hér á það ekki að líðast að fólk geti ekki fengið vinnu við hæfi eða laun fyrir sína vinnu sem eru sambærileg við þau laun sem borguð eru í öðrum löndum Evrópu. Við hljótum að þurfa að skoða í hverju þessi launa- og lífskjaramunur er fólginn og leita síðan leiða til úrbóta. Það var þess vegna sem þingflokkur Alþb. og óháðra fór fram á það við hæstv. forsrh. að hann léti skoða þetta mál og svara ítarlega spurningum sem við settum fram. Jafnframt að hann flytti Alþingi skýrslu um niðurstöðurnar fyrir lok þessa þings. Skýrslan er komin og það mátti ekki tæpara standa miðað við að þinglok eru fyrirhuguð í dag.

Ekki veit ég hvað rak hæstv. forsrh. til að hlaupa með skýrsluna í fjölmiðla áður en hann kynnti hana fyrir Alþingi eins og um var beðið. Ég var hissa á því að hann skyldi eigna sér frumkvæðið að gerð hennar á fundi með fréttamönnum þar sem alveg láðist að geta þess að skýrslubeiðni hefði komið frá Alþb. og óháðum og skýrslan byggir á þeim spurningum sem þar voru settar fram.

Skýrslan sýnir það sem lengi hefur verið haldið fram að lífskjör á Íslandi eru að vissu leyti sambærileg við lífskjör á öðrum Norðurlöndum að því undanskyldu að hér er vinnutími mun lengri en þar tíðkast, launagreiðslur fyrir unna vinustund miklu lægri og tími vinnandi fólks til að sinna fjölskyldu og tómstundum mun styttri. Hér á landi vinnur fólk að meðaltali um 50 klst. á viku en í Danmörku um 39 stundir. Það þýðir að Íslendingurinn vinnur að meðaltali einum og hálfum mánuði lengur á ári en Daninn. Ekki er ástandið betra þegar litið er á upplýsingar í skýrslunni um tímakaup. Vitnað er til upplýsinga sem atvinnurekendasambandið sænska hefur tekið saman um tímakaup í iðnaði í 20 löndum. Þar kemur m.a. fram að laun í Danmörku eru nær tvöfalt hærri en á Íslandi. Tímakaupið er aðins lægra en á Íslandi í tveimur löndum, þ.e. Portúgal og Grikklandi. Sama myndin er dregin fram þegar litið er til upplýsinga OECD um meðallaun verkamanns í framleiðsluiðnaði. Þar sést að mánaðarlaun iðnverkafólks á Íslandi eru með þeim lægstu sem gerast í OECD. Þar lendum við í 21. sæti á undan Tyrklandi, Portúgal og Mexíkó. Spánn og Ítalía sem hingað til hafa ekki verið hátt skrifuð fyrir launagreiðslur eru fyrir ofan okkur í þessum samanburði. Lífskjörum á Íslandi er haldið í horfinu með því að fólk vinnur myrkranna á milli og fer á mis við þau lífsgæði að miklu leyti sem felast í frítíma og tómstundaiðju. Tími fjölskyldunnar, í því felst hluti af fórnarkostnaðinum. En hann er meiri eins og ég kem reyndar að hér síðar.

Landsframleiðsla á mann hér á landi er viðunandi, við erum á mælikvarða í 11. sæti á lista OECD ríkjanna eða um miðjan hóp. Staða Íslands meðal þjóðanna breytist hins vegar verulega ef miðað er við landsframleiðslu á vinnustund sem er mun raunhæfari mælikvarði á lífskjör fólks en landsframleiðsla á íbúa. Við hröpum meira við þetta en nokkur önnur OECD-þjóð og lendum í 20. sæti af 24 þjóð-

um. Aðeins Nýja-Sjáland, fyrirmyndarríki ríkisstjórnarinnar, Portúgal, Grikkland og Tyrkland sýna lægri landsframleiðslu á vinnustund.

En hvaða mynd sýnir skýrslan af lífskjörum á Íslandi í samanburði við önnur lönd ef við gleymum löngum vinnutíma og horfum eingöngu á heildartekjur? Gögn byggð á skattframtölum sýna að tekjur hjóna með börn í Danmörku eru að jafnaði um 39% hærri en á Íslandi. Um er að ræða meðaltal allra fjölskyldna óháð samsetningu þeirra, stærð og atvinnuþátttöku. Danska fjölskyldan hefur sem sagt um 40% hærri tekjur á ári auk þess að hafa einn og hálfan mánuð í frístundir umfram íslensku fjölskylduna, en það eru lífsgæði sem líka má meta til verðmæta. Á móti kemur svo að dönsku hjónin borga um tvöfalt hærri beina skatta en þau íslensku en þau fá hærri barnabætur og þegar tillit er tekið til barnabóta, vaxtabóta og beinna skatta eru ráðstöfunartekjur dönsku fjölskyldunnar um 15% hærri en þeirrar íslensku fyrir utan þann aukna tíma sem hún á saman fyrir utan vinnu.

Fjölmiðlar fengu skýrsluna í hendur í gær og fjölluðu aðeins um hana í fréttum í gærkvöldi. Ekki var leitað til þeirra sem áttu frumkvæði að skýrslugerðinni og settu fram þær spurningar sem leitast er við að svara þar. Einn fjölmiðill kynnti skýrsluna með þeim inngangi að Íslendingar þurfi ekki að kvarta, hér séu lífskjör ágæt í samanburði við önnur lönd. Við vinnum bara aðeins meira og eigum mest af öllum varanlegum neysluvörum nema þá helst uppþvottavélar. Þar erum við með heldur færri tæki en tíðkast hjá Dönum. En er allt of langur vinnudagur eðlilegt ástand og ásamt þeirri staðreynd að 12% starfandi fólks hefur meira en eitt starf á meðan hér ríkir verulegt atvinnuleysi? Það held ég að geti varla verið. Það er eitthvað að hér á landi sem við ættum að geta lagfært með því að horfa til annarra landa þar sem vinnudagur er styttri, yfirvinna nær óþekkt og laun fyrir dagvinnu nægja til að öðlast góð lífskjör. Það var þess vegna sem við óskuðum eftir þessari skýrslu. Það er vissulega rétt sem fram kemur í skýrslunni að í samanburði við aðrar þjóðir búum við rúmt og eigum marga bíla að meðaltali. En meðaltölin segja ekki alla söguna því það kemur einnig fram í skýrslunni að hvergi í samanburðarlöndunum á jafnhátt hlutfall húsráðenda tvo eða fleiri bíla eða um 40%, sem er ótrúlega há tala en segir okkur um leið að það er töluverður fjöldi sem ekki á bíl.

Þegar launakjör einstakra hópa eru borin saman í Danmörku og á Íslandi kemur m.a. fram að mikll munur er á ráðstöfunartekjum fulltrúa á skrifstofu sem starfa hjá hinu opinbera og sama er að segja um byggingarverkamenn. Munurinn er þar rúmlega 28%. Einstaklingar í þessum hópum hafa hver um sig rúmlega 77.000 kr. í ráðstöfunartekjur hér á landi á meðan félagar þeirra í Danmörku hafa yfir 100.000 kr. á mánuði eftir leiðréttingar vegna mismunandi kaupmáttar. Danski skrifstofumaðurinn og danski byggingarverkamaðurinn hafa því um 20.000 kr. hver á mánuði umfram félaga sína á Íslandi. Þessar 20.000 gera um 240.000 kr. á ári eða um 11.000.000 kr. á starfsævinni. Það munar um minna. Sá langi vinnutími sem tíðkast hér á landi stafar náttúrlega fyrst og fremst af því að dagvinnulaunin duga ekki til að greiða fyrir þau lífskjör sem fólk telur eðlileg. Launakerfið er einnig vitlaust uppbyggt. Það er ekki afkastahvetjandi og ekki fjölskylduvænt, ef nota má þau orð. Sama má segja um þá pólitík sem rekin er hér á landi eins og berlega kemur fram í skýrslunni, hún er ekki hliðholl fjölskyldunni. Það fólk sem hefur verið að flýja til Danmerkur undanfarin missiri metur vinnutíma sinn meira en atvinnurekendur gera á Íslandi. Það eru fyrst og fremst barnafjölskyldur sem hafa verið að flytja til Danmerkur og skýrslan segir okkur af hverju. Fyrir utan styttri vinnutíma og meiri ráðstöfunartekjur eru bætur til fólks með lágar og meðaltekjur mun meiri í Danmörku en hér. Þetta fólk þarf heldur ekki að greiða þjónustugjöld fyrir veitta aðstoð í heilbrigðiskerfinu svo dæmi séu tekin. Þessi og annar slíkur kostnaður sem fólk þarf að bera hér á landi skiptir miklu máli fyrir barnafjölskyldur. Danir gera greinilega betur við fjölskylduna og upprennandi kynslóð en við gerum hér. Þeir reka fjölskyldupólitík sem áreiðanlega skilar sér í bættum lífskjörum til langs tíma. Þessi fjölskyldupólitík Dana kemur einnig fram í því að útgjöld til félagsmála eru miklu meiri í Danmörku en á Íslandi. Hér eru þau um 19% af landsframleiðslu en um 33% í Danmörku. Tilfærslutekjur, þ.e. lífeyrir og bætur danskra heimila, eru ennig miklu meiri en íslenskra heimila, eða sem nemur 43% af heildarlaunatekjum á móti 17–18% á Íslandi. Við skulum einnig hafa í huga að þótt verðlag sé um 9% hærra í Danmörku en hér þá eru brýnustu nauðsynjavörur mun ódýrari í Danmörku, svo sem matvörur og fatnaður, sem hlýtur að koma til góða þeim sem minnst hafa.

Virðulegi forseti. Það má margt af þessari skýrslu læra. Ég hef aðeins nefnt nokkur af þeim fjölmörgu atriðum sem þar koma fram. Þegar þingflokkur Alþb. og óháðra fór fram á að gerður yrði ítarlegur samanburður á launum og lífskjörum hér og í Danmörku var ætlun okkar sú að þessi vinna væri aðeins upphafið að víðtækri gagnasöfnun og starfi sem yrði grunnurinn að tillögum til úrbóta í þágu atvinnulífs en, og ekki síður, að þessi vinna yrði notuð til að skoða með hvaða hætti við getum bætt lífskjör almennings í landinu þannig að þau verði sambærileg því sem best gerist hjá nágrannaþjóðunum. Svona skýrslur eða samanburður af þessu tagi verður auðvitað aldrei alveg tæmandi en það gefur okkur samt ákveðnar vísbendingar um það sem betur má fara eða um það sem við getum gert betur. Þeirri spurningu er hins vegar enn ósvarað hvers vegna atvinnulífið í Danmörku getur borið betri og hærri laun en atvinnulífið hér. Það þarf að vinna sambærilega úttekt og skýrslu þar um. Þar með höfum við góðan grunn að tillögum til úrbóta. Ég vil því beina því til hæstv. forsrh. að slík úttekt fari fram og niðurstaðan verði kynnt ekki seinna en í upphafi þings í haust. Við hljótum að stefna að því að innan 3–5 ára höfum við náð því markmiði að hér bjóðist launafólki sambærileg lífskjör og gerist í þeim löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við.

[10:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem við höfum tekið hér til umræðu var lögð á borð þingmanna í gær. Það var langur og annasamur dagur hér í gær alveg fram á nótt og þess vegna, þótt við tökum þessa skýrslu til efnislegrar umræðu í dag, hlýtur sú umræða að verða tiltölulega rýr. Þess vegna munum við skoða skýrsluna nánar og vekja máls á nauðsynlegum úrbótum á næsta þingi. En hvað segir þessi skýrsla okkur? Hún segir mér að okkur hafi tekist að vinna okkur út úr kreppu sem stóð hér frá því í lok 9. áratugar til ársins 1994, að við höfum unnið skynsamlega þó það hafi tekið sinn toll. Það var efnahagskreppa hér á samanburðarárum. Það var ekki samsvarandi kreppa í Danmörku. Það hlýtur að lita þann samanburð sem við erum að ræða hér og vekja til umhugsunar. Kaupmáttur í Danmörku vex á árunum 1991–1994 um

6,7% en á sama tíma fellur kaupmáttur hér á landi um 6%. Kaupmátturinn hér á landi er lakari 1994 en hann var 1990. Hér var samdráttur í veiðum með meðfylgjandi erfiðleikum og það segir mér að í kreppu brugðumst við rétt við og innviðir efnahagslífsins voru styrktir við erfiðar aðstæður. Það þekkir sú sem hér stendur sem tók þátt í þeirri erfiðu vinnu. Þetta þýðir að við gátum tekið við hagvextinum strax og bati skilar sér strax til almennings.

Stöldrum við þetta. Bati skilar sér strax til almennings og er þá allt gott? Nei, það er ekki allt gott. Við skuldum þeim sem báru þungann af þjóðarsáttinni að batinn skili sér til fjöldans sem bar þennan þunga. Það hefur komið fram og það hefur verið vitað að við gengum langt í tekjutengingu og það er staðfest í þessari skýrslu. Reyndar kemur fram að bætur eru í sumum tilfellum hærri en tekjutengingin er svo brött að í raun verða tilfærslur lakari og það sem fólk hefur úr að spila verður þar af leiðandi minna. Ég vil líka, virðulegi forseti, vekja máls á því, af því að við erum að tala um að tekjutenging er brött og samanburður er gerður á ýmsum bótum svo sem vaxtabótum, að breyting var gerð á vaxtabótum og skerðing varð á þeim á árinu 1993, sem ef ég man rétt kom til framkvæmda á árinu 1994 og hefur skilað sér í þeirri mynd sem við búum við í dag en kemur ekki fram í þessari skýrslu. Ég hlýt einnig að spyrja, virðulegi forseti, og beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort þjónustugjöld komi fram í þeim jaðarsköttum sem hér eru gerðir að umtalsefni. Þrátt fyrir að við höfum unnið okkur út úr þeirri kreppu sem ég geri hér að umtalsefni og eru ekki gerð mikil skil í skýrslunni sem slíkri, er atvinnuleysi minna hér en í Danmörku en það atvinnuleysi er of mikið. Það er yfir 5% og ég vek athygli á að atvinnuleysi kvenna er yfir 7%. Það hefur lítið verið rætt um það en það er staðreynd að atvinnuleysi hefur ekki minnkað hér á höfuðborgarsvæðinu. Við hefðum líka getað gert betur í að bæta lífskjör. Við hefðum getað lækkað matarverð. Við hefðum getað nýtt okkur GATT til að lækka matarverð meira en við höfum gert og það kemur fram í skýrslunni að þótt verðlag sé hærra í Danmörku þá er matarverðið hærra hér. Og ég dreg það fram að þau tæki sem við öfluðum, m.a. á þeim erfiðu tímum sem ég vitnaði til áðan, hafa ekki verið nýtt.

Við fáum í þessari skýrslu samanburð á kjörum milli landa. Virðulegi foreti, við fáum ekki samanburð innbyrðis á milli stétta. Við fáum ekki að sjá hverjir bera samneysluna og hverjir sleppa við að leggja sitt af mörkum. Þessi skýrsla segir okkur ekki hverju við höfum verið að breyta á síðustu vikum og hvaða mynd muni blasa við hjá samanburðarstéttum, t.d. eftir 2–3 ár. Hún segir okkur ekki hvernig kjör launþega versus þeirra sem hafa tekjur af fjármagni muni blasa við á næstu árum.

Þingflokkur Alþfl. mun biðja um það í haust að skýrsla verði lögð fram um lífskjaradreifinguna milli stétta á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar. Þeim upplýsingum verðum við að fylgja eftir.

Við höfum lengi vitað og fáum það staðfest í þessari skýrslu að vinnutími er langur hér á landi. Hann er 50 tímar hér en 39 tímar í Danmörku. Það er sannfæring mín að ef okkur tækist að stytta vinnutímann mundi það skila sér í hækkun dagvinnulauna og það sem meira máli skiptir, í auknum lífsgæðum. Hér vinna bæði hjónin meira en í Danmörku. Hjón yngri og eldri eru á vinnumarkaði í ríkari mæli en í flestum öðrum löndum. Þessi mikla vinna bitnar á börnum, hún skilar erfiðari uppvaxtarskilyrðum hjá kynslóðinni sem við þurfum að hlúa að, hún gerir ummönnun aldraðra og sjúkra erfiðari. Það leiðir okkur, virðulegur forseti, að öðru máli sem ekki hefur verið haft hátt um hér í sölum Alþingis. Tvö slík mál hafa verið lögð fram, annað sem þingmannamál og hitt sem stjórnartillaga og það er að stjórnvöld setji sér opinbera fjölskyldustefnu. Það sem þessi skýrsla segir mér er að það sem er mest þörf á í dag er að stjórnvöld, bæði stjórnsýslustigin, setji sér opinbera fjölskyldustefnu og að við snúum okkur að því sem máli skiptir og það er að hlúa að eldri og yngri í landinu.

[11:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa skýrslu sem staðfestir að ýmislegt af því sem haldið hefur verið fram um lífskjör hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir, einkum Danmörku, er rétt. Hún sýnir t.d. að vinnutími er sá lengsti sem þekkist hér á landi og greiðslur vegna yfirvinnu verulegur hluti launa eða fjórðungur launa hjá ASÍ-fólki og þriðjungur hjá opinberum starfsmönnum. Hún sýnir okkur, sem er alvarlegt, að framleiðni í íslensku atvinnulífi er langt undir meðaltali OECD-þjóðanna. Við erum á botninum í beinum launagreiðslum og erum þar á bekk með Portúgal og Tyrklandi. Hún sýnir að útgjöld danskra heimila í matarkostnaði er fimmtungi lægri en hér á landi. Hún sýnir okkur að útgjöld og umsvif velferðarkerfisins eru miklu meiri í Danmörku en á Íslandi. Hún sýnir okkur að engin gjaldtaka er í heilbrigðiskerfinu þar og ókeypis tannlækningar fyrir börn til 18 ára aldurs. Hún sýnir okkur að lífeyrir almannatrygginga er miklu hærri í Danmörku og munar þar um 20.000 kr. á mánuði og atvinnuleysisbætur eru a.m.k. tvöfalt hærri. Húsaleigubætur eru mun hærri og einnig barnabætur sem greiðast með börnum til 18 ára aldurs óháð tekjum.

Síðan er það hin hliðin á skýrslunni. Það er spurning hvað það segir okkur að bílaeign hér er meiri en annars staðar, íbúðarhúsnæði það stærsta og sjónvarps- og myndbandstækjaeign mest hér á landi. Sýnir það að lúxusstandardinn er mestur? Nei, ég held að það geri það ekki. Þessi lúxus sýnir okkur ekki að allir hafi það gott. Ég held að þetta sýni fyrst og fremst misréttið í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og að hér vanti samræmda fjölskyldustefnu. Það segir okkur ákveðið hér á landi sem kemur ekki fram í skýrslunni að fjöldi fólks þarf að leita til félagsmálastofnana þrátt fyrir fullan vinnudag og gjaldþrot heimila eru sívaxandi og fjöldi þeirra sem leita þarf til félagsmálastofnana er vaxandi. Það sýnir okkur líka að lífskjörum og gæðum er ekki rétt skipt í þjóðfélaginu. Það þarf að fá fram úttekt á tekjudreifingunni, tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og hvernig lífskjörum er skipt. Það vantar inn í skýrsluna, í þennan samanburð. Það er eins og við getum aldrei fengið fram slíkan samanburði hér á landi. Það hefur verið samþykkt þingsályktunartillaga um að gera slíka úttekt á tekjuskiptingunni og hvernig lífskjörin skiptast en það er eins og við getum ekki gert slíka skýrslu. Við getum aldrei fengið fram hve stór sá hópur er hér á landi sem býr við raunverulega fátækt, við hungurmörk, það er ákveðinn hópur. Við vitum ekki hvort hann er 10% eða 20% eða 25%. Þess vegna getum við aldrei skilgreint vandamálið eða hvernig við eigum að taka á því. Við þurfum auðvitað að fá fram slíka skýrslu. Skýrslan sýnir okkur að umsvif hins opinbera eru miklu minni hér en annars staðar. Umfang hins opinbera á Íslandi 1995 var 36% af þjóðarframleiðslu, á Norðurlöndunum 56% og innan OECD-landanna 38%. Það sýnir að velferðarkerfið er ekki að sliga íslenskt þjóðfélag.

Lífskjörin og launin eru líka lág og það sýnir okkur að það vantar mikið í framleiðni okkar í íslensku þjóðfélagi. Það er mikil óráðsía í fjárfestingum og herkostnaður vegna hennar birtist í mörgum tugum milljóna í afskriftum og útlánatöpum hjá fjármálastofnunum. Það er alvarlegt að framleiðnin er svo lág í íslenskum fyrirtækjum að stór hluti fólks þarf að þiggja verulegan hluta framfærslunnar hjá hinu opinbera þó það vinni fullan vinnudag og ríkið greiðir niður launin fyrir íslenskan atvinnurekstur.

Mig minnir að það hafi verið í kjarasamningum fyrir einu eða tveimur árum að það hafi verið um þriðjungur sem stjórnvöld greiddu niður kjarasamninga til að fá þá til að ganga saman. Þetta er mjög alvarlegt. Stefna ríkisvaldsins á hverjum tíma og ég er ekki að ásaka þessa ríkisstjórn, ég er að ásaka fleiri ríkisstjórnir, hefur á margan hátt verið fjölskyldufjandsamleg og handahófskennd. Niðurskurður hefur verið ómarkviss og tekur á engan hátt mið af fjölskyldunum í landinu. Það vantar alla samræmingu, alla heildaryfirsýn yfir hvaða áhrif niðurskurður og stjórnvaldsákvarðanir hafa á heimilin í landinu. Það er undirrót margs konar vandamála í þjóðfélaginu hvað fjölskyldan hefur lítinn tíma saman og foreldrar hafa lítinn tíma með börnum sínum. Það vantar eitt ráðuneyti sem hefur með höndum málefni fjölskyldunnar, fjölskylduráðuneyti sem veiti stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf í fjölskyldumálum og metur hvaða áform stjórnvaldsákvarðanir hafa á heimilin í landinu og ákveðna hópa, eins og atvinnulausa, aldraða, öryrkja, sjúka o.s.frv. Það vantar fjölskyldustefnu. Ég minni á að hæstv. félmrh. amaðist yfir því á haustdögunum þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram frv. um opinbera fjölskyldustefnu. Nokkrum mánuðum síðar kemur hann fram með frv. sitt og ríkisstjórnarinnar um opinbera fjölskyldustefnu sem var lagt fram 18. mars. Það hefur ekki verið mælt fyrir þessu máli. Það hefur verið kallað eftir því í nefndinni sem hefur fjallað um frv. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur af hverju hæstv. ráðherra mæli ekki fyrir þessu máli um opinbera fjölskyldustefnu. Þetta sýnir auðvitað forgangsröðina. Er það bara sýndarmennska að leggja hér fram frv. um opinbera fjölskyldustefnu og mæla svo ekki fyrir því? Það er sagt að Sjálfstfl. sé á móti þessu. Það væri kannski ágætt að hæstv. forsrh. skýrði hvers vegna eða fulltrúar Framsfl., sem hér eiga eftir að tala, hvers vegna ekki hefur verið mælt fyrir frv. um opinbera fjölskyldustefnu. Það þarf að skilgreina hve stór hópur fátækra er á Íslandi.

Það er mjög alvarlegt hve mikið vantar upp á að framleiðsla í íslenskum fyrirtækjum sé sú sama og gerist og gengur í löndunum í kringum okkur og að ríkisvaldið sé að greiða að stórum hluta niður launin, kannski um þriðjung. Ég kalla eftir því og segi: Niðurstaðan af þessari skýrslu er sú að það vantar opinbera fjölskyldustefnu á Íslandi. Það þarf að skilgreina hvað láglaunahópurinn er stór þannig að við getum mælt hann og kannað hvernig við getum bætt kjörin hjá þessum hópi. Þetta er hópurinn sem allir vilja í orði kveðnu hjálpa og alltaf á að hafa forgang en niðurstaðan er alltaf sú sama að hálaunahóparnir fá alltaf meira. Þess vegna þurfum við að ná fram skilgreiningunni á tekjuskiptingunni og auka framleiðni í fyrirtækjum og um fram allt koma hér á opinberri fjölskyldustefnu. Ég kalla eftir opinberri fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar.

[11:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu. Það er að finna í henni margar og merkilegar upplýsingar sem fengur er að. Ég get þó ekki annað en fjallað aðeins aðferðafræðilega um skýrsluna og gagnrýnt að þar skuli ekki vera greint betur niður í hópa og að upplýsingar séu kynskiptar því að þau meðaltöl sem hér er að finna segja afskaplega takmarkaða sögu. Það hefur verið þannig í félagsfræðum og statistík á undanförnum árum að menn hafa einmitt farið út í það að skoða og greina niður í einstaka hópa og kynin til að átta sig betur á hinni raunverulegu mynd þannig að menn taki út aldurshópa, stéttir, fatlaða og aðra hópa sem þyrfti hugsanlega að skoða sérstaklega og það á að kyngreina slíkar upplýsingar. Minni ég þar á samþykktir Sameinuðu þjóðanna hvað það varðar vegna þess að sú mynd sem meðaltölin gefa okkur segir ákveðna sögu en aðeins takmarkaða sögu.

Þá vil ég nefna að það er alltaf mjög erfitt að bera saman lífskjör í mismunandi löndum. Þó margt sé líkt með Íslandi og Danmörku eru þar samt ýmis einkenni sem er fróðlegt að skoða en geta líka skekkt myndina. Um árabil hefur t.d. verið mjög mikið atvinnuleysi í Danmörku sem segir okkur þegar maður horfir á launatölurnar sem þaðan koma að þar er launamunur eflaust mjög mikill og hann er það líka hér.

Það kemur ekki á óvart þegar horft er á meðaltölin og það hvernig Ísland kemur út í samanburði við aðrar þjóðir að við erum í hópi þeirra þjóða heimsins sem bjóða þegnum sínum upp á hvað best lífskjör. Auðvitað er það staðreyndin og við þurfum ekki að fara langt út fyrir Evrópu til að finna þjóðir þar sem hörmuleg fátækt og sjúkdómar ríkja sem við erum búin að útrýma fyrir löngu. En á þeirri mynd yfir OECD-ríki þar sem Ísland er í 11. sæti, og hygg ég nú reyndar að við höfum farið þar heldur niður á við á undanförnum árum, eru ýmsar skuggahliðar. Þær koma nokkuð fram í samanburðinum við Dani. Þau atriði sem ég vildi helst nefna í því sambandi er að við vitum að launabilið hefur verið að breikka hér á undanförnum árum. Við vitum að launamunur kynjanna hefur verið að aukast. Þar hefur ekki náðst neinn árangur til úrbóta og þar stöndum við að baki Norðurlandaþjóðunum og reyndar Bandaríkjunum og fleiri þjóðum. Samkvæmt þeim tölum sem við höfum fengið um þau mál eru laun kvenna að meðaltali 50–60% af launum karla. Þessar tölur hafa sveiflast nokkuð. Ef ég man rétt þá eru þær heldur nær 50% en 60% og hafa því miður farið lækkandi. Við vitum t.d. frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar að þörfin fyrir félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, fjárhagsaðstoð, hefur farið mjög vaxandi. Eftir því sem ég best veit er efnahagsbatans ekki farið að gæta þar enn.

Síðan er það atvinnuleysið sem við höfum átt við að stríða hér á undanförnum árum sem virðist lítið minnka þrátt fyrir batnandi árferði. Ég ætla ekki að gera það að sérstöku umræðuefni, það gerði ég fyrir nokkrum dögum, en ég ítreka að þar er um mál að ræða sem þarf að taka sérstaklega á.

Það sem vekur athygli í skýrslunni, og ég tek fram að ég hef alls ekki haft nægilegan tíma til að skoða hana, er náttúrlega það sem við höfum svo sem vitað að vinnutími er mun lengri hér á landi en í Danmörku og reyndar lengri en í flestum öðrum Evrópuríkjum. Annars vegar hefur það gerst úti í Evrópu að settar hafa verið töluverðar skorður við vinnutíma og menn hafa reynt að halda honum innan ákveðinna marka. Það hefur verið reynt að koma þeim tilskipunum í gagnið hér en gengur illa af ýmsum ástæðum. En það sem vekur þó flestar spurningar og er auðvitað áhyggjuefni eru tengsl þessa langa vinnutíma við lága framleiðni. Menn hafa

verið að benda á það og Alþýðusamband Íslands hefur sett fram heildstæða stefnu hvað það varðar að reyna að auka framleiðni, ekki síst með því að mennta vinnuaflið. Með því að gefa fólki kost á menntun vegna þess að allar skýrslur og reynsla annarra þjóða sýnir okkur að því betur sem búið er að vinnuaflinu þeim mun meiri möguleikar eru á því að auka framleiðni og þar með að bæta lífskjör.

Það er líka athyglisvert að skoða tölur um eign Íslendinga á bílum og heimilistækjum og fleiru slíku. Við vitum að Íslendingar eru að meðaltali miklir neytendur og meiri neytendur heldur en flestar aðrar þjóðir. (**Gripið fram í:** Og skuldendur.) Já, rétt, við söfnum meiri skuldum en aðrar þjóðir. Þetta er það sem flokka má undir lífsstíl. En við hljótum líka að spyrja: Hvað er það sem fólk álítur vera góð lífskjör?

Vegna þess hvað ég hef takmarkaðan tíma hérna þá vil ég koma inn á það að ég held að við ættum að kynna okkur og spyrja okkur að því hvað það er sem hefur fengið Íslendinga til þess að flytja úr landi. Hvað er það í lífskjörum hér á landi sem fólk telur vera svo slæmt að það velji fremur þann kost að flytja úr landi? Vil ég þá náttúrlega ekki draga úr því að fólk hefur auðvitað rétt til þess og allir hafa gott af því að koma út fyrir landsteinana og reyna eitthvað annað. En af viðtölum að dæma eru það ekki síst kjör barnafólks, það hvernig búið er að barnafjölskyldum hér í landinu sem fólk setur fyrir sig, langur vinnutími, lítill tími þar af leiðandi til þess að stunda fjölskyldulíf, vaxandi erfiðleikar við að koma sér upp húsnæði og títtnefndar skuldir. Þetta eru þeir þættir sem fólk setur hvað mest fyrir sig.

Ég vil að lokum koma að því hvað þarf að gera til þess að bæta lífskjör og vil ég þá reyndar hafa það í huga að því eru takmörk sett hvað hægt er að auka lífskjörin, ekki síst þegar það er gert á kostnað náttúrunnar og auðlindanna sem við ætlum að lifa af. Hagvextinum eru takmörk sett. En við getum nýtt betur og við getum jafnað kjörin. Það er ekki síst það sem við okkur blasir að bæta stöðu atvinnulífsins og auka framleiðni þannig að atvinnulífið sé fært um að borga fólki betri laun. Það þarf að jafna launakjörin. Það þarf að draga úr launamun kynjanna. Það þarf að stytta vinnutímann og gera hann sveigjanlegri og síðast en ekki síst þurfa stjórnvöld hér á landi að móta fjölskyldustefnu. Ég tek mjög undir það. Það þarf að móta fjölskyldustefnu og átta sig á því hver kjör fjölskyldnanna eru og hvar pottur er brotinn. En við megum heldur ekki sökkva okkur í svartsýni og barlóm eins og er nú býsna títt hér á landi því þrátt fyrir allt megum við ekki gleyma því að við höfum það þó umfram flestar þjóðir heimsins að búa við öryggi og frið í landi sem býður okkur upp á góð lífskjör. En við eigum að jafna þeim lífskjörum betur á milli okkar.

[11:17]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd vegáætlunar 1995, 542. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1203.

Laun forseta Íslands, 224. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1200.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 500. mál, frhnál. efh.- og viðskn., þskj. 1201; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1202.

[11:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram um samanburð á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku og víðar. Í mínum huga er meginniðurstaða þessarar skýrslu þessi og má flokka hana í níu meginþætti.

Í fyrsta lagi. Hagsæld hér á landi er á svipuðu stigi og í þeim löndum sem hún er mest, en við höfum meira fyrir því að afla gæðanna en þjóðir sem eru á svipuðu hagsældarstigi.

Í öðru lagi. Landsframleiðsla var 3,4% meiri hér á landi en í OECD-ríkjunum árið 1994 og 7,6% meiri en í aðildarríkjum ESB.

Í þriðja lagi. Íslendingar vinna meira en flestar aðrar þjóðir. T.d. vinnur fullvinnandi fólk á Íslandi 50 klst. á viku en í Danmörku 39 klst.

Í fjórða lagi. Á Íslandi er landsframleiðsla á vinnustund langt undir meðallagi OECD-ríkja.

Í fimmta lagi. Framleiðni er lítil hér á landi og því er tímakaupið lágt, lægra en í flestum aðildarríkjum OECD.

Í sjötta lagi. Tekjur hjóna í Danmörku voru að jafnaði 39% hærri í þar en á Íslandi árið 1993. Ráðstöfunartekjur voru hins vegar 14,9% hærri.

Í sjöunda lagi. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignaskatt en á Íslandi 21%.

Í áttunda lagi. Jaðarskattar eru mun hærri í Danmörku en á Íslandi. Hæsti jaðarskattur þar var 70% samanborið við 46,84% hér.

Og í níunda lagi. Árið 1994 erum við í 11. sæti í röð 24 OECD-ríkja hvað varðar landsframleiðslu á mann en í því 20. sé litið til áætlaðrar landsframleiðslu á vinnustund. Aðeins Nýsjálendingar, Portúgalir, Grikkir og Tyrkir eru þar eftirbátar okkar.

Nú geri ég mér fullkomna grein fyrir því að allur slíkur samanburður er erfiður, bæði varðandi hvað er verið að bera saman og ekki síður þann tíma sem samanburðurinn er tekinn á. Það er nú kannski mergurinn málsins að á þeim tíma sem Danir sigla, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, sléttan sjó og hafa verið með í kringum 3% hagvöxt á milli ára undangengin ár þá er tekið það versta ár sem við höfum gengið í gegnum eða það næstversta síðan árið 1987. Árið 1992 erum við með neikvæðan hagvöxt eða samdrátt upp á 3,3% og engan hagvöxt árið 1993. Samanburður í þessu tilliti er því mjög óheppilegur þegar til þessara hluta er horft. Hins vegar er ekki hægt að finna þann tíma sem samanburðurinn væri sá hagstæðasti.

En það sem skiptir meginmáli er að nú hefur kyrrstaðan í íslensku efnahags- og atvinnulífi verið rofin. Þannig jókst landsframleiðsla um 2% á síðasta ári og því er spáð að hún aukist um 3% á þessu ári og að framhald verði á hagstæðari þróun fram til aldamóta. Verðbólga er svipuð eða jafnvel heldur lægri en í helstu samkeppnislöndum okkar. Afkoma fyrirtækja hefur batnað og kaupmáttur launa eykst. Atvinnuvinnuleysi fer nú minnkandi og erlendar skuldir hafa lækkað. Þetta er auðvitað sem skiptir meginmáli. Það er þetta sem framtíðin ber í skauti sér. Og nokkrar staðreyndir um þetta:

Frá því í apríl 1995 og til apríl 1996 hefur atvinnuleysi minnkað um 0,4 prósentustig eða nálægt 7,3%. Áætlað er að störfum fjölgi um 2.500 á þessu ári eða um nálægt 2% og á síðasta ári má reikna með að störfum hafi fjölgað um 3.500. Kaupmáttur launa eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. er að aukast um allt að því 8%. Hagvöxtur eykst umtalsvert og því er spáð eins og fram kom áðan að hann verði um 3% á þessu ári. Vextir eru byrjaðir að lækka og hafa t.d. lækkað á einu ári úr 7,6% í 6,5% á þriggja mánaða ríkisvíxlum eða um 1,1 prósentustig sem er nálægt 14,5%.

Þetta er árangur en það skiptir máli að við höldum áfram á þessari braut og að okkur takist að færa okkur yfir á það stig að ná þeim sambærilegu lífskjörum og eru hjá þeim þjóðum sem lífskjörin eru best í heiminum. Til þess þurfum við að ná ákveðnum áföngum.

Í fyrsta lagi. Við verðum að viðhalda stöðugleikanum í efnahagsmálum.

Í öðru lagi verðum við að ná niður ríkissjóðshallanum. Þessi ríkisstjórn setti sér það markmið að ná ríkissjóðshalla niður í 4 milljarða kr. á árinu 1996 og stefnt er að því árið 1997 að jafnvægi náist.

Í þriðja lagi þurfum við að auka erlenda fjárfestingu. Það er að mínu viti lykillinn að hagsældinni hér í framtíðinni. Erlend fjárfesting hefur verið á undangengnum árum í kringum 0,1% af landsframleiðslu á meðan þjóðirnar í kringum okkur og ekki síst Danir hafa verið með erlenda fjárfestingu af landsframleiðlu á bilinu 1,5%–2%. Með samningnum um stækkun álversins í Straumsvík eykst landsframleiðsla hér árið 1996 og 1997. Hún tífaldast, fer úr 0,1% upp í 1%. Það er hins vegar tímabundinn samningur. Þess vegna þurfa að vera til staðar nú þegar aðgerðir til þess að taka við þeirri aukningu sem þarf að eiga sér stað í erlendri fjárfestingu árið 1998 og til framtíðar. Á vegum ríkisstjórnarinnar eru ákveðin verkefni í gangi.

Í fyrsta lagi eru menn núna í samstarfi við fjárfestingaskrifstofu viðskrn., markaðsskrifstofu iðn.- og viðskrn. og Landsvirkjunar að skilgreina ákveðin landsvæði með tilliti til þess að það sé hægt að koma upp erlendri fjárfestingu.

Það er sérstakt Evrópuverkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í gangi til þess að draga hingað að erlenda fjárfesta til að leita að samstarfi við erlenda aðila milli íslenskra og erlendra fyrirtækja.

Tveir kynningarfundir á íslensku atvinnulífi verða haldnir hér fyrir erlenda fjárfesta á þessu ári, í ágúst og í september, á vegum Evrópusambandsins í tengslum við þá sjávarútvegssýningu sem hér verður haldin. Tilgangurinn með þessu er að koma á samstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja. Þannig er líka verið að vinna að því að flytja inn fyrirtæki til landsins, starfandi fyrirtæki erlendis.

Það þarf eins og skýrt kemur fram í þessari niðurstöðu að auka framleiðni og gæði í íslensku atvinnulífi. Á vegum iðn.- og viðskrn. er núna verið að setja af stað sérstakt verkefni í samvinnu við atvinnulífið og verkalýðshreyfinguna, verkefni sem verður undir yfirskriftinni: Aukum framleiðni og gæði í íslensku atvinnulífi.

Í fimmta lagi þarf að ná niður vöxtum og vextir þurfa að lækka enn frekar. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur gert það að verkum að vextir fara nú lækkandi eins og fram hefur komið en með minni ríkissjóðshalla náum við því marki að lækka vexti enn frekar. Þannig munu lægri vextir bæta stöðu bæði heimila og fyrirtækja.

Herra forseti. Efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. mun því, ef við höldum áfram á sömu braut, bera íslensk heimili fram á við að því marki að koma á sambærilegum eða betri lífskjörum en þar sem þau gerast best í heiminum. En til þess þurfum við á að halda lágri verðbólgu, lágum vöxtum, auknum hagvexti, aukinni atvinnu, auknum kaupmætti og bættum lífskjörum. Þetta eru meginatriðin í efnahagsstefnu ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl.

[11:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er mjög merkileg skýrsla til umfjöllunar. Þó fannst mér kannski ekki síður merkilegar þær ræður sem hér hafa verið fluttar af hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. En ég mun koma að því síðar hvað það er sem mér þótti merkilegt í því efni.

Ég vil byrja á því að þakka formanni Alþb., hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, fyrir að hafa haft frumkvæði að því að þessi skýrsla var unnin. Ég vil byrja á því að spyrja að því hvers virði samanburðarkönnun af þessu tagi er. Gerum við könnun á því hvernig við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir og sníðum síðar kröfur okkar í samræmi við niðurstöðurnar? Nei. Auðvitað taka menn mið af öllum aðstæðum og bera sig saman við það sem samanburðarhæft er. Einstaklingur í Sómalíueyðimörkinni gerir ekki sömu kröfur um efnaleg lífsgæði og einstaklingur í Stokkhólmi eða einstaklingur í Reykjavík. En einstaklingur á hinu Evrópska efnahagssvæði og hinu evrópska atvinnusvæði skoðar hvaða kjör eru í boði í hinum einstöku hornum þess og þegnar ríkja sem búa við sambærilegan efnahag gera kröfur um sambærileg kjör. Efnahagur Íslendinga og efnahagur Dana er um margt sambærilegur og því eðlilegt að við miðum okkar lífsgæðakröfur í samræmi við það.

Stjórnvöld hér á landi hafa verið upptekin við að samræma allt sem lýtur að fyrirtækjum, hagsmunum fyrirtækja og hagsmunum fjármagns. Nú er komið að því að samræma það sem lýtur að hinum vinnandi manni og er til þess fallið að bæta kjör hans og kjör fjölskyldunnar. Að sjálfsögðu eigum við að gera kröfur í samræmi við það sem við teljum vera rétt og eðlilegt en við hljótum engu að síður að draga lærdóm af því sem gerist með öðrum þjóðum. Þessi kjarasamanburður sem þingflokkur Alþb. og óháðra óskaði eftir var til þess gerður að fá fram upplýsingar um kjör launafólks hér á landi í samanburði við það sem gerist með Dönum í því skyni að varpa ljósi á aðstæður hér og fá á þær nýtt sjónarhorn.

Héðan hefur streymt fólk til Norðurlanda, þar á meðal til Danmerkur í atvinnuleit. Þegar fjölmiðlar hafa leitað til þessa fólks og spurt um hagi þess er augljóst hvað það er sem menn leggja einkum upp úr. Það er fjölskyldulífið, það tóm sem fólki gefst til að vera samvistum hvert við annað, laust undan hinu íslenska atvinnuoki. Hér á landi, og það kemur fram í þeirri skýrslu sem við erum að ræða, vinnur fólk að meðaltali um 50 klukkustundir á viku, en í Danmörku um 39 stundir. Það þýðir að Íslendingurinn vinnur að meðaltali einum og hálfum mánuði lengur á ári en Daninn. Gögn byggð á skattframtölum sýna að tekjur hjóna með börn í Danmörku eru að jafnaði um 39% hærri en á Íslandi. Um er að ræða meðaltal allra fjölskyldna óháð samsetningu þeirra, stærð og atvinnuþátttöku. Danska fjölskyldan hefur sem sagt um 40% hærri tekjur á ári auk þess að hafa einn og hálfan mánuð í frístundir umfram íslensku fjölskylduna.

Í skýrslunni er vitnað til upplýsinga sem sænska atvinnurekendasambandið, SAF, hefur tekið saman um tímakaup í iðnaði í 20 löndum. Þar kemur fram m.a. að laun í Danmörku eru nærri tvöfalt hærri en á Íslandi.

Hæstv. forseti. Tími minn er að verða búinn og mun vera búinn, en ég vil að lokum segja: Á sama tíma og fólk leitar héðan til að losna undan yfirvinnuokinu er verið að lögfesta hér á landi kvöð og skyldu á íslenskt launafólk um að sinna yfirvinnu. Það er lögbundið hér á landi. En það sem ég vildi einkum hafa sagt, hæstv. forseti, í tilefni þeirra orða

sem féllu af munni hæstv. forsrh. og viðskrh. að þeir líta svo á að leiðin til að bæta kjörin hér sé að auka arðsemi í atvinnulífinu. Leiðin er að skipta gæðunum á réttlátari máta en gert er. Og hér síðar í dag á að ganga til atkvæða um frv. ríkisstjórnarinnar um að aflétta sköttum af efnamesta hluta íslensku þjóðarinnar sem nemur hundruðum milljóna kr. Þannig að við frábiðjum okkur tal af þessu tagi.

[11:33]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Sannarlega hefur verið ræddur samanburður á lífskjörum á Íslandi og í öðrum löndum. Þingmenn hafa flutt þingsályktanir, lagt fram fyrirspurnir, beðið um nefndarskipan o.fl. Það hafa birst greinar eftir þingmenn og umræður hafa verið í útvarpi og sjónvarpi um samanburðinn um stöðu heimilanna, um gjaldþrot heimilanna og skuldir eftir efnahagskreppu síðustu ára.

Það ber auðvitað að þakka þá skýrslu sem hér er til umræðu. Í henni eru góðar, aðgengilegar upplýsingar sem hljóta að verða notaðar sem grunnur að því að bæta kjör þeirra sem verða að njóta félagslegra bóta til að geta lifað af lágmarkslaunum og a.m.k. 6–8 launaflokkar þar til viðbótar. Sú staðreynd kemur fram að Íslendingar vinna meira en flestar aðrar þjóðir og landsframleiðslan á vinnustund hérlendis er langt undir meðaltali OECD-ríkjanna. Samt er það svo að landsframleiðsla á mann árið 1994 var 3,4% meiri hér á landi að meðaltali en í OECD-löndunum og 7,6% meiri en í ESB-löndunum.

Í frv. sem ég gerði að umræðuefni í upphafi þingstarfa í morgun er að finna sambærilegar upplýsingar og koma fram í skýrslu hæstv. forsrh. Með frv. þessu sem ég gerði að umræðuefni fylgja nefnilega tvær skýrslur sem eru unnar af hagfræðingnum Eddu Rós Karlsdóttur og er það henni sérstaklega til hróss að samanburður Þjóðhagsstofnunar staðfestir allt sem hún hafði gert rannsókn á í haust og vetur. Staðreyndin er að aðstæður fólksins í landinu hafa leitt til fólksflótta. Íslendingum fjölgaði 50% meira í Danmörku en á Íslandi árið 1995. Það fóru 1.060 manns héðan til Danmerkur árið 1994. Íslendingum fjölgaði um 30% í Noregi og 60% á Grænlandi og það eru 20.800 Íslendingar búsettir erlendis. Með því að fara yfir þessa skýrslu kemst ég að því að þær skýringar sem helstar eru nefndar í sambandi við lág laun á Íslandi er lág framleiðni. Það er talað um einfalt atvinnulíf og það er talað um skort á fullvinnslu, smæð fyrirtækja og markaða og síðan er talað um háan flutningskostnað. Ég held að þetta þurfi að skoða mikið nánar. Það þarf að taka á mörgum atriðum sem þarf að bæta úr og það strax.

Sá sem skoðar þessa skýrslu kemst að því að það virðist vera þannig að margir Íslendingar hræðist að við munum feta í fótspor annarra Norðurlandaþjóða hvað varðar háar atvinnuleysisbætur sem munu þá letja fólk almennt til vinnu. En hann hefði tekið eftir því að hitt heyrist sjaldnar að Íslendingar hafi áhyggjur af því að láglaunastefnan letji íslensk fyrirtæki til framsækni. Þetta er það sem ég kemst að með því að skoða þær skýrslur sem hagfræðingurinn Edda Rós Karlsdóttir vann fyrir Verkamannasambandið og Félag verslunarmanna í Reykjavík.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að það er almennt viðurkennd skoðun að það séu tengsl á milli skattkerfis og launastigs þjóða. Það má auðvitað spyrja hver borgi launin. Fyrirtækin eða ríkið? Það má nefnilega færa að því rök að í samanburði við Danmörku sé íslenska ríkið að niðurgreiða stóran hluta launanna. Ég tel mig færan til þess að leiða fram rök að því. En þar sem tíma mínum er lokið, herra forseti, vil ég aðeins ljúka máli mínu með því að taka undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur varðandi frumvörp sem hún ræddi um um atvinnuúrbætur, varðandi aðgerðir til handa fjölskyldunni. Þau mál verða að koma til afgreiðslu á næsta þingi, herra forseti.

[11:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að gera að umtalsefni hlut lífeyrisþega vegna samanburðar þess sem kemur fram í skýrslu þeirri sem hér er til umræðu.

Ég hef starfað við það undanfarin ár að bera saman hlut lífeyrisþega á Norðurlöndunum, bæði hvað varðar lífeyristryggingar og sjúkratryggingar. Á hverju ári er haldið norrænt almannatrygginganámskeið á Norðurlöndunum til skiptis og þar er þessi vinna unnin. Í stuttu máli hefur niðurstaðan verið sú á hverju ári að lífeyrisþegar, sjúklingar og þeir sem þurfa á almannatryggingakerfinu að halda standa mun verr að vígi á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum og þar er Danmörk meðtalin.

Vegna orða sem fallið hafa um upplýsingar úr þessari skýrslu um jaðarskattana, þar sem sagt er að jaðarskattarnir séu mun hærri í Danmörku en hér, vil ég geta þess vegna lífeyrisþeganna að jaðarskattar, þ.e. tekjutenging lífeyrisgreiðslna á Íslandi, jaðarskattar á lífeyrisþega eru á stóru bili 70% á lífeyrisþega og fara alla leið upp í 100%. Ég vil því leiðrétta það sem kemur fram í þessari skýrslu og það sem hefur komið fram í máli manna. Íslenskir lífeyrisþegar búa við 70% og oft í 100% jaðarskatt.

Ég vil einnig gagnrýna upplýsingar sem koma fram í skýrslunni á bls. 41. Þar segir að þegar tekið sé tillit til ýmissa hlunninda, niðurfellingar og afsláttargjalda sem lífeyrisþegum stendur til boða komi í ljós að afkoma lífeyrisþega er heldur betri en launþega með sömu tekjur. Svona fullyrðingar er ekki hægt að setja fram á þennan hátt. Það getur vel verið að þetta gildi um lítinn, þröngan hóp. En reglurnar eru mjög strangar og það eru sett mjög stíf skilyrði þannig að þetta er ekki almennt eins og stendur í skýrslunni.

Ég vil einnig tala um það sem þarf að gera í okkar velferðarkerfi. Það þarf að endurskoða það algerlega frá grunni því að það er í raun fátækragildra. Þeir sem lenda í því að missa starfsorkuna og þurfa að treysta á velferðarkerfið eiga mjög erfitt með að komast út úr kerfinu aftur. Þeir eru lentir í ákveðinni fátækragildru og einnig er lífeyriskerfið fjölskyldufjandsamlegt. En þar sem tíma mínum er nú lokið og ég hef ekki tíma til að fara nánar út í að skýra orð mín vonast ég til þess að það væri hægt að fara út í það ef opinber fjölskyldustefna kemst einhvern tíma á dagskrá eða til umræðu í þinginu. Ég vil enda mál mitt á því að endurtaka spurningu sem komið hefur fram í umræðunni og þar sem a.m.k. einn stjórnarliði, hv. þm. Jón Kristjánsson, á eftir að taka til máls vil ég gjarnan fá að heyra það frá honum hvers vegna opinber fjölskyldustefna hefur ekki fengist á dagskrá, mál sem var lagt fram í þinginu 18. mars. Hefði ekki verið ástæða til að taka það til umræðu?

[11:42]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég get því miður ekki svarað spurningu hv. 18. þm. Reykv. um hvers vegna þetta mál hafi ekki komið hér á dagskrá. Ég hef ekki haft afskipti af því hvernig málum

er raðað á dagskrá og það verður að bera fram þá spurningu á öðrum vettvangi.

Hins vegar er þessi skýrsla sem hér er til umræðu gagnleg og hún er gott grundvallarplagg í þá umræðu sem á undan er gengin og verður í framhaldinu um samanburð á lífskjörum í Danmörku og á Íslandi. Það er grundvallaratriði hvaða lærdóm er hægt að draga af þessari skýrslu. Það sem mér er efst í huga í þessu sambandi er gerólík afkoma danskra og íslenskra fyrirtækja, lág framleiðni íslenskra fyrirtækja og mikil yfirvinna, og hvort þetta kerfi okkar hefur skilað þjóðfélaginu því sem til er ætlast. Ég hef miklar efasemdir um það og hef alltaf haft þær. Hins vegar eru ástæður fyrir þessu. Danska þjóðfélagið er gamalt og gróið, fjölmennt iðnaðarþjóðfélag. Við erum að færast úr veiðimannaþjóðfélagi yfir í iðnað og þjónustu og sú breyting að laga vinnumarkaðinn hér að því sem gerist í Danmörku tekur áreiðanlega tíma, en hún er æskileg.

Hv. 17. þm. Reykv. gat um að það væri verið að samræma rekstrarskilyrði fyrirtækja og hann deildi einnig á það að hæstv. ráðherrar hefðu sett afkomu og arðsemi fyrirtækja í sérstakt ljós og lagt of mikið upp úr því. Ég held að það sé grunnurinn fyrir bættum lífskjörum að fyrirtæki hafi afkomu og fyrirtæki hafi sams konar stöðu hér og í nágrannalöndunum. Hins vegar er það alveg rétt hjá þingmanninum að það þarf að skipta þeim arði réttlátlega og launþegar þurfa auðvitað að sækja sinn hlut í þá bættu afkomu. En það verða aldrei bætt lífskjör í landinu nema framleiðni og afkoma fyrirtækja verði með svipuðum hætti og í nágrannalöndunum. (**ÖJ:** Þingmaðurinn er að gagnrýna frv. sem setur stóreignafólk í fyrirrúm.) Já, ég segi það að það er grundvallaratriði að fyrirtækin hafi afkomu og efnahag til þess að bæta launin í landinu. Ég hef ekki tíma til þess að taka upp umræður um frv. um fjármagnstekjuskatt. Ég get svarað þeim atriðum á öðrum vettvangi sem þingmaðurinn talaði um í því sambandi, en ég ætla ekki að gera það á þessum vettvangi enda er tíma mínum lokið. Aðalatriðið er að draga af þessari skýrslu lærdóm. Ég tel að framleiðni íslenskra fyrirtækja þurfi að aukast, yfirvinna að minnka og auðvitað viljum við stefna að auknum kaupmætti. Ég held að við getum verið sammála um það, hv. þingmenn.

[11:46]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er mikill sannleikur í því sem stendur á bls. 5 í skýrslunni að lífskjör manna hafa margar víddir og enn fremur segir þar, með leyfi forseta, að neysla er engan veginn einhlítur kvarði. Frítími er mikilvæg gæði í huga hvers manns þótt iðjuleysið sé án efa fáum að skapi. Tekjuauki sem til verður vegna aukinnar yfirvinnu er engan veginn jafngóður og sá sem fæst án viðbótarvinnu. Ýmis gæði sem teljast til lífskjara er trauðla hægt að meta í peningagildum. Þar má nefna hreina náttúru, lága glæpatíðni, langlífi og fleira. Þetta eru mikil sannindi og ég er ánægð að sjá þau á þessum stað. Lífskjör eru vitaskuld annað og meira en laun fyrir unnin störf. Hitt er svo alveg jafnsatt að sanngjörn laun fyrir hóflega vinnu er mikilvægur þáttur í lífskjaravefnum og af þeirri rót er skýrslan sprottin og fyrir hana ber að þakka, svo og þeim sem áttu frumkvæði af því að fá hana gerða um leið og tekið er undir gagnrýni á það að hún segir okkur auðvitað takmarkaða sögu þar sem skortir talsvert á sundurgreiningu ýmissa þátta, svo sem kynjaskiptinguna og fleira.

Það sem fyrst grípur athyglina er niðurstaða skýrsluhöfunda í upphafi hennar sem hefjast á þeirri ágætu fullyrðingu að lífsjör séu góð á Íslandi þegar horft er til kennileita í alþjóðlegum samanburði eins og þar er sagt.

Vondu fréttirnar eru svo það hvað landinn þarf að leggja á sig til þess að ná þessari stöðu. Þannig er alltaf á bak við hverja niðurstöðu sem varpar ljósi á málið eða kannski er réttara að segja að það varpi skugga á niðurstöðuna, a.m.k. í sumum tilvikum. Það kann t.d. að hljóma vel í eyrum einhverra að hér er bílaeign mikil á alþjóðlegan mælikvarða, aðeins 5 þjóðir af 18 samanburðarlöndum slá okkur við í því efni. Sú staðreynd er þó auðskiljanleg og kemur fjárráðum ekki við nema að hluta til. Ástæðan er sú að menn komast illa af án bíls í þessu stóra og strjálbýla landi allra veðra þar sem almenningssamgöngur eru ekkert til þess að státa af. En það sem situr skýrast eftir í huganum eftir lauslega yfirferð og lestur skýrslunnar er sá gríðarlegi munur sem er á fjölskyldustefnu íslenska samfélagsins og þess danska. Hér er staðfest sem mörgum var svo fyrir löngu ljóst að íslenskt samfélag er ekki fjölskylduvænt. Eins og margir hv. þingmenn, þá kann ég fleiri en eina og fleiri en tvær sögur að segja fólki sem dvalist hefur á Norðurlöndunum við nám eða starf um nokkurra ára bil með fjölskyldu sinni og þetta fólk verður hreinlega fyrir áfalli þegar það flyst hingað heim og þarf að aðlagast þeim aðstæðum sem hér er að finna og sætta sig við það verðmætamat og þau lífsgildi sem hér eru ríkjandi. Sumum er þetta ofraun og þeir hrökkva hreinlega til baka. Sem betur fer eru þeir reyndar tiltölulega fáir því að það eru aðrir þættir í dæminu sem menn meta einnig mikils. Þess vegna bíta flestir á jaxlinn og eru fyrr en varir komnir í vítahring vinnusýkinnar og lífsgæðakapphlaupsins, búnir að axla öll óþægindin af yfirvinnu, ósveigjanlegum vinnutíma, komnir í spretthlaupið sem sumir kalla þjóðflutningana miklu á milli dagmæðra og barnaheimila, farnir að hengja húslykla um háls barnanna sinna og dotta fyrir framan sjónvarpið á kvöldin.

Herra forseti. Ég fagna þessari skýrslu og tel okkur geta dregið af henni gagnlegan lærdóm. Ég ítreka það og undirstrika að við endurskoðun á lífskjörum okkar þarf að leggja höfuðáherslu á hag fjölskyldunnar í víðu samhengi. Þar ætti að hafa forgang í stjórnmálum landsmanna að koma á fjölskylduvænu samfélagi.

[11:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka málefnalega umræðu um þessa skýrslu og tek undir með þingmönnum að af þessari skýrslu má hafa gagn. Hún ber með sér að hún er ekki algerlega fullburða og verður það kannski seint en við getum haft þessa skýrslu með sínum göllum til samanburðar á komandi árum. Þá höfum við þessa skýrslu sem viðmiðun með annmörkum sínum og göllum. Það tel ég vera kost.

Hv. 5. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, nefndi að menn væru ranglega að eigna sér höfundarrétt að þessari skýrslu. Það er misskilningur. Höfundarrétturinn er ótvíræður Þjóðhagsstofnunar. Tilefni skýrslunnar er að ég óskaði eftir því mjög snemma að samanburður yrði gerður á lífskjörum hér og í nálægum löndum. Sú vinna var ekkert tímasett. Síðan kom beiðni um skýrslu frá Alþb. með efnismiklum og ítarlegum spurningum. Sú skýrslubeiðni er tímasett, verður að inna af hendi innan tiltekins tíma og þá var auðsætt að önnur vinna varð að sitja á hakanum. Hún nýttist fyrir þessa skýrslu og það varð að beina skýrslunni í þann farveg sem skýrslubeiðnin markaði og það tel ég að Þjóðhagsstofnun

hafi gert allvel miðað við þann skamma tíma sem menn hafa. Fyrir mitt leyti get ég verið þakklátur Alþb. fyrir að vinna þessar spurningar og setja þetta mál í ákveðinn farveg sem er til gagns fyrir okkur.

Varðandi það sem hv. 17. þm. Reykv. nefndi um að vandamálið hér væri það að menn ættu að skipta gæðunum réttlátar en nú væri gert. Það er sjónarmið hjá hv. þm. en þann lærdóm dregur hann ekki af skýrslunni. Í skýrslunni kemur beinlínis fram að ekki eru efni til að álykta að gæðum hér á landi sé meira misskipt en í Danmörku þannig að þá er þetta almennt viðhorf þingmannsins sem ég geri ekki lítið úr en skýrslan kallar ekki á þá niðurstöðu. (**ÖJ:** Ég var að leggja út af gerðum ríkisstjórnarinnar.) Já, já, það er gott, en það er skýrslan sem er til umræðu.

Varðandi það sem spurt var um þjónustugjöldin vek ég athygli á blaðsíðu 44. Þar er nokkuð vikið að þeim þættinum.

Hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, nefndi það sem vandamál að hér á landi leituðu mjög margir til félagsmálastofnana og það væri til marks um að lífskjör væru ekki í lagi hér. Þetta er dálítið hæpinn samanburður og ég býst við því að ef menn mundu spyrjast fyrir um það í Danmörku þar sem hið félagslega kerfi er allmagnað hversu margir mundu leita til félagsmálastofnunar þar þau kæmu þau svör að það gerðu mjög margir. Það mundi hv. þm. væntanlega ekki telja sem dæmi um það að lífskjörin í Danmörku væru lakari en hér heldur mundi hv. þm. væntanlega segja að þar væri félagslega þjónustan betri en hér o.s.frv. Það er afar hæpin fullyrðing að félagsleg þjónusta sé til marks um það að lífskjör séu endilega slæm.

Ég tel að af þessari skýrslu megi draga þá meginályktun að menn eigi að endurskipuleggja fyrirkomulag á vinnumarkaði og reyndar bókhaldið á vinnumarkaði. Í sumum tilvikum erum við að bókfæra lengri vinnutíma sem er ekki unninn. Ég þekki til og það þekkja margir aðrir varðandi embættismenn á Norðurlöndum. Þeir hafa ekki óunna yfirvinnu. Þeir fá tiltekinn tíma en þeir vinna iðulega lengur í ráðuneytunum en það er hvergi skráð og svo er sagt að vinnutíminn sé 38 stundir. Það er margt slíkt sem er misvægi í.

Ég tók eftir því að nýkjörinn forseti Alþýðusamband Íslands, sem ég vil nota tækifærið til þess að óska til heilla í störfum, lagði áherslu á það eftir að hann hefði tekið kjöri að það væri eitt af forgangsverkefnum að taka á þessari uppbyggingu vinnukerfisins hér og launafyrirkomulagi og slíkum þáttum.

Nú er tíma mínum lokið og ég get ekki svarað fleiri atriðum og bið forláts á því.

Félagsleg verkefni, síðari umr.

Þáltill. RG, 300. mál. — Þskj. 540, nál. 1196.

[11:55]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til ál. um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrrn. til félmrn. frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá félmrn., heilbr.- og trmrn. og Þroskahjálp. Tillagan fjallar um skipun starfshóps til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrrn. eru í raun félagsleg verkefni sem eðlilegra væri að heyrðu undir félmrn.

Í framkvæmd eru mörk heilbrn.- og félmrn. óljós varðandi félagslega þjónustu og ljóst er að huga verður að þessum mörkum. Þegar hefur verið skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að ræða verkaskiptingu ráðuneytanna. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt og allir nefndarmenn í allshn. undirrita þetta nefndarálit.

[11:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að allshn. hafi samþykkt þessa tillögu og þakka formanni allshn. sérstaklega fyrir það að formaðurinn hefur beitt sér í allshn. fyrir vinnu í þingmannamálum vegna þess að á síðustu vikum höfum við gjarnan nefnt það í hve litlum mæli þingmannamálin fá umfjöllun og ná fram að ganga í þingsölum og ræddum það m.a. í morgun um störf þingsins.

Virðulegi forseti. Án þess að lengja þá umræðu sem hér fer fram vil ég gera grein fyrir því að í tillögunni felst að gera úttekt og hugsanlega flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrrn. til félmrn. með því að skipaður verði starfshópur m.a. með fulltrúum þingflokkanna eins og segir í tillögunni sem hér var flutt sem gerir úttekt á og skilgreinir hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrrn. séu í raun félagsleg verkefni og eðlilegra að heyrði undir félmrn.

Ástæða þess að þetta mál er flutt er m.a. sú að sú sem hér stendur hefur öll þau ár sem hún hefur starfað á hv. Alþingi, í félmn. og að félagslegum verkefnum, ekki síst í málefnum fatlaðra, og staðreyndin er sú að við höfum verið að gera breytingar á lögum á félagsvæng, m.a. á lögunum um málefni fatlaðra, fellt þau alfarið undir félmrn. Á sínum tíma voru félagsleg verkefni mjög oft útfærð á vettvangi heilbrigðismála og hafa í raun dvalist án beinnar úttektar og án þess að gerðar séu þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að í öllum tilfellum sé verið að fjalla um hliðstæð mál á sama vettvangi.

Ég hef vísað til þess að það sé mjög mikil hætta á því að þegar t.d. þrengir að í fjárlagagerð þá verði þau viðhorf hjá stofnunum að reyna að losa sig við þau verkefni sem viðkomandi stofnun eða viðkomandi ráðuneyti telur sig ekki bera ábyrgð á. Það gerðist á sl. vetri þegar kom fram tillaga um að loka Bjargi sem er heimili fyrir fatlaða fullorðna einstaklinga til margra áratuga. Þegar kom fram tillaga um að loka meðferðarheimili barna við Kleifarveg sem reyndar kom fram 1–2 vikum eftir að ég hafði flutt tillöguna vegna þess að það er í raun og veru félagslegt verkefni en rekið af heilbrigðisþjónustunni. Þess vegna er þetta mjög gott mál og ég þakka fyrir það, virðulegi forseti, að það hefur verið samþykkt af allshn. og þakka formanni nefndarinnar sérstaklega fyrir því að ég tel að það sé góður vitnisburður til formanna nefnda þegar þeir gefa sér tíma til þess í hinum miklu önnum að taka þingmannamálin á dagskrá, fara yfir umsagnir um þau og afgreiða þau mál sem fá góðan og breiðan stuðning.

[11:59]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur til formanns allshn. fyrir þá góðu og hröðu vinnu sem á þessu máli hefur orðið. Ég vil líka þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta mál til umræðu á Alþingi og gefa því umfjöllun af þessu tagi.

Við höfum öll orðið vitni að því hvernig stofnanir sem reknar eru í þágu fatlaðra barna og fullorðinna hafa orðið fyrir barðinu á niðurskurði, sérstaklega þegar þær heyra undir stórar stofnanir eins og heilbrigðisstofnanir þar sem þessi verkefni eru ekki talin eiga heima. Tilhneigingin er því sú að ýta þeim út af borðinu og þess vegna verður oft óvissa um heimili fjölda manna. Þetta er eitt verkefni sem er brýnt að taka á.

Mig langar til þess að gera að umtalsefni líka í þessu samhengi, herra forseti, að það eru auðvitað fleiri verkefni sem verða fyrir skörun á milli ráðuneyta, sérstaklega á milli heilbr.- og trmrn. og félmrn. Stórir þættir í almannatryggingalöggjöfinni eru félagslegs eðlis eins og við vitum, enda er búið að skipta þeirri löggjöf upp í tvo þætti. Annar þátturinn er auðvitað félagslegi þátturinn. Því vakna oft upp spurningar um það hvort þessi þáttur í tryggingalöggjöfinni mundi e.t.v. eiga betur heima undir verksviði félmrn. Ég tel fyllilega ástæðu til þess að það verði skoðað í þeirri nefnd sem nú endurskoðar lög um almannatryggingalöggjöfina hvort það beri ekki að taka á þessu máli þar og koma með tillögur um tilfærslu á þessum þáttum almannatryggingalöggjafarinnar eða einhverju leyti til félmrn.

Við höfum líka í þessu samhengi oft verið að ræða kostnað við heilbrigðisþjónustu og þar hafa ekki alltaf verið bornir saman réttu hlutirnir. Við erum að bera okkur saman við önnur lönd eins og við höfum verið að gera í morgun, herra forseti, varðandi lífskjör samanborið við Danmörk. En við berum líka saman útgjöld til heilbrigðisþjónustunnar við þessi lönd og þar erum við ekki að bera saman sömu hlutina. Í þessum samanburðarlöndum okkar er t.d. öll þjónustan við aldraða talin til félagslegrar þjónustu, en hér flokkast hún sem heilbrigðismál. Ég mun því taka það upp í þessari nefnd sem endurskoðar almannatryggingalöggjöfina hvort ekki beri að skoða hlutina í þessu samhengi líka þar eins og hér er verið að gera í tillögu hv. þm.

Að lokum, herra forseti, þakka ég þeim sem hafa komið að þessu máli og vona að það fái skjótan framgang.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Frv. JóhS o.fl., 449. mál (persónuafsláttur barna, uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 1195.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 1190, brtt. 1197.

[12:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera hér smátillögu um breytingu. Það hefur verið rekinn skólabátur við örðug skilyrði. Að þeim rekstri hefur staðið Karel Karelsson. Hann hefur einnig verið með í áhöfn sinni ungt fólk sem hefur lent á einhvers konar afbrotabraut og hjálpað þeim þannig inn í atvinnulífið á nýjan leik með starfsþjálfun við sjóvinnu. Það sem helst hefur staðið rekstri bátsins fyrir þrifum hefur verið kvótaleysi. Því flyt ég þessa smátillögu sem yrði til þess að aðilinn sem hér um ræðir geti betur staðið að þessum rekstri og þá kannski e.t.v. fleiri ef um slíkt er að ræða. Tillagan er svohljóðandi:

„Við 3. gr. bætist ný málsgrein:

Ráðherra er heimilt að úhluta til reksturs skólabáta allt að 200 þorskígildum árlega."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:06]

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (fjármagnstekjur). — Þskj. 1136, brtt. 1115,9 og 1145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:05]

Brtt. 1115,9 kölluð aftur.

Brtt. 1145 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, GHH, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, HG, JóhS, LB, MF, RA, RG, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ÓÖH, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, FI, GHH, GB, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, VS, ÞorstP.

nei: TIO.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GuðjG, GÁS, HG, JóhS, LB, MF, RA, RG, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, DO, EKG, EOK, FrS, GÁ, GMS, HjálmJ, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi útfærsla á fjármagnstekjuskatti er skattur á venjulega sparifjáreigendur en ekki á stóreignafólk. Hér er verið að leggja skatta á líknarfélög og íþróttafélög. Hér er verið að tvískatta aldraða og öryrkja. Hér er verið að búa í haginn fyrir mikla peningatilfærslu til eignafólks úr ríkissjóði og frá launafólki. Hér er verið að skipta fólki upp í hópa, annars vegar launafólk sem greiðir yfir 42% skatt af sínum tekjum og hins vegar fjármagnseigendur sem greiða munu 10% skatt af sínum tekjum. Ég styð fjármagnstekjuskatt sem jafnar skattbyrðirnar og sem leggur skatt á hina raunverulegu fjármagnseigendur. Ég vil ekki bera ábyrgð á svona óréttlátri útfærslu og greiði ekki atkvæði.

[13:07]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem nú er komið til lokaafgreiðslu er um margt gallað. Það er málamiðlun milli andstæðra sjónarmiða sem nefnd allra stjórnmálaflokka náði á sínum tíma. Það sem einkum vefst fyrir okkur þingkonum Kvennalistans er það ákvæði sem snýr að arðgreiðslum. Þrátt fyrir þá annmarka sem á frv. eru finnst okkur mjög mikilvægt að fjármagnstekjuskatti verði komið á. Komi alvarlegir gallar í ljós verður að taka á þeim síðar. Því er það niðurstaða okkar að styðja þetta frv.

[13:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Jaðarskattar á almennar launatekjur eru frá 42% og upp í 60%–70% þegar bótaskerðingar eru meðtaldar. Samkvæmt þessu frv. verður jaðarskattur á arð, vexti og söluhagnað lækkaður niður í 10%. Bæði Sjálfstfl. og Framsfl. lýstu því yfir í síðustu kosningabaráttu að brýnt væri að lækka jaðarskatta en kjósendum var ekki sagt að stóreignafólk ætti að vera í fyrirrúmi og fá forgjöf eins og gert er með þessu frv. Skattleysismörk fyrir einstaklinga fyrir launavinnu er um 700 þús. kr. á ári, 1.400 þús. fyrir hjón. Skattleysismörk fyrir vexti, arð, húsaleigu og söluhagnað verða hins vegar 3 millj. fyrir einstakling og tæpar 6 millj. fyrir hjón sem ekki hafa aðrar tekjur en af eignum sínum. Það er ljóst að ríkisstjórnin telur brýnna að lækka skattleysismörk þessa fólks en þeirra sem vinna hörðum höndum fyrir lágum launum. Samkvæmt frv. lækkar tekjuskattur 40 tekjuhæstu hlutafélaga landsins um rúmlega 800 millj. kr. Þessum upphæðum er velt yfir á almennt launafólk. Þetta frv. er ekki í nokkru samræmi við þær kröfur sem samtök launafólks hafa sett fram um skatt á fjármagnstekjur. Ríkisstjórnin hefur hins vegar nýtt sér kröfur verkalýðshreyfingarinnar um fjármagnstekjuskatt til að ívilna stóreignafólki. Þetta frv. er í samræmi við önnur frv. ríkisstjórnarinnar. Stóreignafólk er í fyrirrúmi, forréttindahóparnir fá forgjöf. Ég hef jafnan verið hlynntur fjármagnstekjuskatti en þessa misréttisómynd get ég ekki stutt. Ég sit hjá.

[13:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Skattlagning á vaxtatekjur hefur verið réttlætismál í okkar þjóðmálaumræðu. En umtalsverðar fjármagnstekjur hafa fram að þessu verið skattfrjálsar. Við eðlilegar aðstæður væri hér á ferðinni samkomulagsmál. Hið jákvæða í málinu er að hér er verið að stíga merkilegt skref til upptöku skatts á vaxtatekjur. Meðhöndlun stjórnarflokkanna á málinu og umtalsverð skattalækkun á stóreignamenn sem hafa hagnað af arði, söluhagnaði og leigutekjum hefur hins vegar skekkt málið umtalsvert og getur að sumu leyti aukið mismunun í samfélaginu fjármagnseigendum í hag. Í ljósi þessarar meðferðar málsins er ekki unnt að styðja það. Þess vegna situr undirritaður hjá og Alþfl. sömuleiðis.

[13:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Undanfari þess að frv. um fjármagnstekjuskatt var lagt hér fram var starf margumræddrar nefndar er undirrituð átti m.a. sæti í. Niðurstaðan var lögð fram í áliti en fjórir nefndarmenn skrifuðu undir með vísun til bókunar þar sem við áskildum okkur allan rétt í málinu fyrir okkur og þá stjórnmálaflokka sem við vorum fulltrúar fyrir. Við sögðumst hins vegar fyrir okkar leyti sættast á niðurstöður nefndarálitsins og styðja þær að öðrum tillögum frágengnum. Nú hafa verið lögð fram önnur frv. um sama efni af formönnum þriggja stjórnarandstöðuflokka sem er í anda þess sem Alþb. hefur talað fyrir og undirrituð mælti fyrir í nefndinni. Það hefur hins vegar legið fyrir að ríkisstjórnin vill ekki fara þá leið og frv. fást ekki afgreidd í þinginu. Það er vítaverð framkoma af hálfu ríkisstjórnarinnar en í takt við önnur vinnubrögð hennar. Ég áfellist harðlega þessa málsmeðferð sem kemur í veg fyrir eðlilega umræðu um málið. Það er ljóst að stjfrv. eru mjög umdeild og í þeim eru atriði sem geta orkað tvímælis. Hitt er jafnljóst að þrátt fyrir pólitíska samstöðu um að koma skuli á fjármagnstekjuskatti hefur aldrei náðst pólitísk samstaða um leið að því marki sem er þó eitt mesta forgangsmál í stjórnmálum samtímans en tillögur nefndarinnar voru tilraun í þá veru. Ég mun áfram beita mér til að ná þeim markmiðum sem Alþb. hefur lagt í skattamálum en við svo búið mun ég að sjálfsögðu standa við þá ákvörðun sem ég stóð að í nefndarstarfinu og segi því já.

[13:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Með þessu frv. er afnuminn sérstakur skattafsláttur til að mæta arði. Með þessu frv. er afnuminn sérstakur skattafsláttur af tekjum vegna útleigu húsnæðis. Með þessu frv. er afnumið skattfrelsi vaxtatekna. Samanlögð áhrif af þessum tillögum er í fyrsta lagi að skattfrjálsar tekjur lækka þannig að þeir sem hafa tekjur af öðru en launavinnu eru líklegri en áður til að borga hærri gjöld þótt vissulega megi finna dæmi um hið gagnstæða.

Í öðru lagi. Þessi lagasetning dregur úr þeim mun sem verið hefur á skattlagningu launatekna og fjármagnstekna og stefnir því í rétta átt.

Og í þriðja lagi stuðlar frv. að því að beina fjármagni í atvinnulífið og þannig styrkja atvinnufyrirtækin í landinu og draga úr atvinnuleysi. Ég segi já, herra forseti.

[13:13]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. 10% skattur á nafnvexti er óásættanlegur. Hann er óásættanlegur vegna þess að verulegur hluti af sparifé landsmanna er geymdur á venjulegum bankabókum sem bera innan við 1% vexti. Vextir af þessum bókum eru því lægri en verðbólgan í landinu sem er þó með því lægsta sem um getur. Með öðrum orðum eru neikvæðir vextir af

þessu sparifé og mér finnst fráleitt að skattleggja neikvæða vexti. Mig undrar það að fulltrúar allra þingflokka skuli hafa komist að þessari niðurstöðu þó að sumir þeirra hafi reyndar kosið að hlaupa frá málinu eftir að það kom fram. Ég er ósammála því að hefja töku fjármagnstekjuskatts með þessum hætti og greiði ekki atkvæði.

[13:14]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. sínu er hæstv. ríkisstjórn að auka á misrétti í landinu. Hinir raunverulegu fjármagnstekjueigendur munu sleppa. Með þessu frv. er hæstv. ríkisstjórn að leggja fjármagnstekjuskatt á líknarfélögin í landinu andstætt öllum venjum í nágrannalöndum okkar. Við afgreiðslu fjárlaga í desember samþykkti meiri hluti Alþingis mjög umdeilda breytingu á 10. gr. almannatryggingalöggjafarinnar sem fól í sér stórfellda skerðingu á greiðslum bóta til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem hugsanlega eiga 2,5 millj. á bankabókum sínum. Með þessu var í raun settur fjármagnstekjuskattur á þessa hópa. Nú er hæstv. ríkisstjórn að keyra hér í gegn frv. um fjármagnstekjuskatt sem leiðir til tvísköttunar á fjármagnseign þessara sömu hópa.

Herra forseti. Frv. felur í sér óréttlæti og mikla mismunun. Ég mun ekki greiða því atkvæði mitt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1209).

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 1137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:16]

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, BBj, BH, EgJ, FI, GHH, GB, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, VS, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, HG, JóhS, LB, MF, RA, RG, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1210).

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 437. mál (veiðar krókabáta). — Þskj. 1190, brtt. 1197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:19]

Brtt. 1197 felld með 26:16 atkv. og sögðu

já: ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, RA, RG, SighB, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EKG, EOK, FrS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:18]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því þegar ég flutti þessa brtt. í morgun hvers vegna hún er flutt. Ég tel að það sé brýn nauðsyn á að hæstv. sjútvrh. hafi þessa heimild hjá sér vegna þessa skólabátareksturs og ég treysti honum fullkomlega. Ég trúi ekki öðru en að allir hv. alþm. treysti sjútvrh. fullkomlega til þess að fara með þessa heimild sem er nauðsyn og hún léttir þeirri kvöð af fjárlögum að leggja bein fjárframlög til þessarar starfsemi. Þetta dugir til þess að aflétta þeirri kvöð og ég bið menn um að skoða það mál vel. Ég segi já.

Frv. samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ*, BBj, BH*, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SvG, VS, ÞorstP.

nei: LB.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, HG**, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SvanJ, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EKG, EOK, FrS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

[**Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1211).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 436. mál (úreldingarstyrkur til krókabáta). — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:21]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KHG, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EKG, EOK, FrS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1212).

Félagsleg verkefni, frh. síðari umr.

Þáltill. RG, 300. mál. — Þskj. 540, nál. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:22]
Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, DO, EOK, FrS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1213).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 3. umr.

Frv. JóhS o.fl., 449. mál (persónuafsláttur barna, uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:23]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (ÁÞ*, BH*) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, DO, EOK, FrS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1214).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde,
Steingrímur J. Sigfússon,
Valgerður Sverrisdóttir,
Sigríður Anna Þórðardóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Sturla Böðvarsson,
Siv Friðleifsdóttir.

Varamenn:
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Guðni Ágústsson,
Árni Johnsen,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Árni M. Mathiesen,
Ísólfur Gylfi Pálmason.

Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen,
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Svavar Gestsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson,
Stefán Guðmundsson,
Gísli S. Einarsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
Svanfríður Jónasdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (svæðisráð sjúkrahúsa). — Þskj. 974.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (LB, SighB) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, DO, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HjÁ, HG, PP, SJóh, SF, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 13:29]

[13:43]

Útbýting þingskjala:
Eftirlaun alþingismanna, 540. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1204; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1205.
Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 519. mál, frhnál. sjútvn., þskj. 1206; brtt. sjútvn., þskj. 1207.
Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 541. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1198.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 956, nál. 1078 og 1086, frhnál. 1206, brtt. 1079 og 1207.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1207. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[13:48]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):
Herra forseti. Hv. sjútvn. hefur komið saman að nýju til að ræða málið sem hér um ræðir og það samkomulag hefur orðið í nefndinni að gera breytingar á frv. til viðbótar því sem áður hafði fram komið. Eru því fyrri breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar kallaðar til baka, en fram eru lagðar nýjar tillögur á þskj. 1207 þar sem nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því að 1.–7. gr. frv. falli brott, 8. gr. orðist svo sem þar segir, 9.–14. gr. falli brott, 16. gr. kveði á um að lögin öðlist þegar gildi og í fimmta lagi að ákvæði til bráðabirgða orðist svo sem þar segir.
Loks verði fyrirsögn málsins breytt eins og segir í 6. lið tillögunnar og verður Frumvarp til laga um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands í stað Frumvarps til laga um fiskveiðar utan lögsögunnar.
Ég vil að endingu, virðulegi forseti, þakka þeim sem hafa starfað í nefndinni og þeim sem hafa veitt henni aðstoð, bæði af hálfu nefndadeildar og sjútvn., svo og þeim sem hafa komið til fundar við hana og gefið henni umsagnir og ábendingar í umsögnum eða munnlegar. Ég vænti þess að frv. megi ná fram að ganga með þessum tillögum.

[13:50]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Sighvatur Björgvinsson):
Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum láta í ljós ánægju mína með þessar málalyktir, þakka hæstv. sjútvrh. og meiri hluta sjútvn. fyrir frumkvæði þeirra að því að það tókust sættir um afgreiðslu málsins og lýsi ánægju minni með það. Það eina sem ég vildi lýsa áhyggjum af er það að mér finnst nokkuð hátt gjald sem taka þarf vegna eftirlits með skipum á Flæmingjagrunni. Mér er það hins vegar fyllilega ljóst að þarna er um að ræða gjaldtöku í samræmi við samþykkt sem Ísland á aðild að þannig að ekki verður undan því vikist að framfylgja þeirri samþykkt. Það er hins vegar gert ráð fyrir því í greininni eins og hún er að það verði unnt að lækka þetta gjald, náist um það samkomulag að draga úr kostnaði við þetta eftirlit. Ég vona að það takist og skora á hæstv. sjútvrh. að framfylgja því sem ég tel vera vilji hans, þ.e. að reyna að ná samkomulagi um það að þessi mikli kostnaður við eftirlitið geti lækkað. Ég á satt að segja von á því að heyra eitthvað frá honum í þessari umræðu.
Ég lýsi sem sé ánægju minni með þá niðurstöðu sem náðst hefur. En gjaldtökumálið er þannig vaxið að við vitum ekki endanlega um lyktir þessa því ekki hefur á það reynt hvort ráðherra tekst, ef hann leggur sig fram, að ná gjaldtökunni eitthvað niður þannig að hún verði ekki jafnþungur baggi og gert er ráð fyrir í þessu frv. að hún verði. Því treysti ég mér ekki til þess að greiða atkvæði með greininni eins og hún er orðin, en mun sitja hjá. En ég ítreka að ég er mjög sáttur með þá niðurstöðu sem orðin er og ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra og meiri hluta sjútvn. fyrir að hafa tekið tillit til þeirra ábendinga og óska sem komu fram í gær frá stjórnarandstöðunni í málinu.

[13:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég var víst næst á mælendaskrá í nótt og hafði undirbúið u. þ. b. tveggja klukkustunda ræðu um þetta mál, en ég vil upplýsa þingheim um að ég hyggst ekki flytja þá ræðu að sinni þar sem þau ánægjulegu tíðindi gerðust í nótt að það náðist samkomulag í þessu máli. Nú er sem sagt ætlunin að lögfesta fyrst og fremst eina grein sem varðar gjaldtöku veiðieftirlits. Þetta er sú málsmeðferð sem ég mælti reyndar með við 1. umr. þessa máls og því fagna ég innilega þeirri lendingu sem varð í málinu.
Sá texti sem hér liggur fyrir um veiðieftirlitið er ekki minn óskatexti, en er ásættanlegur þó að nokkuð vanti á að þarna sé hvati til að veiðieftirlitið verði hagkvæmt. Við kvennalistakonur munum því sitja hjá við þessa grein í þeirri von að betur takist til við framkvæmdina og að þetta megi gerast á sem ábyrgastan og hagkvæmastan hátt í reynd. Kannski er hér kominn möguleiki sem gefur konum tækifæri til að fá pláss á togurum og kynnast þessu sviði í okkar atvinnulífi sem gæti leitt til þess að þær öxluðu meiri ábyrgð á þessu sviði í framtíðinni.
En aðalatriðið er að ég tel rétt að það séu útgerðaraðilar en ekki ríkissjóður sem beri kostnaðinn af veiðieftirliti og því er ég sátt við að þessi grein verði lögfest og fagna enn og einu sinni þeirri lendingu sem varð í málinu að sinni.
Næsta skrefið á þessu sviði úthafsveiða fyrir Alþingi Íslendinga ætti að vera það að samþykkja úthafsveiðisamning Sameinuðu þjóðanna frá því á sl. ári og að ná síðan meiri sátt um nýtt frv. um úthafsveiðar, meiri sátt bæði innan þings sem utan.

[13:56]

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir álit sjútvn. með fyrirvara fyrir hönd míns þingflokks og við kjósum að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Engu að síður teljum við að það sé mikilvægt og í raun og veru þakkarvert að hæstv. sjútvrh. skuli hafa beitt sér fyrir lausn á málinu núna við þinglokin með þeim hætti sem hann gerir. Ég tel að það sé í raun og veru til fyrirmyndar að menn og ráðherrar reyni þannig að greiða fyrir málum. Hins vegar verð ég því miður að rifja það upp að þetta var sú grein í frv. sem við alþýðubandalagsmenn gerðum helst athugasemdir við og okkar fulltrúi í sjútvn. en það er sú grein sem eftir lifir í málinu. Fyrir þeirri afstöðu

sinni færði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ákveðin rök við umræðu við málið sem ég ætla ekki að endurtaka og hv. þingmenn þekkja. En miðað við allar aðstæður teljum við að þessi lending sé þolanleg, enda vinni ráðherra að því að lækka kostnað við eftirlitið eins og lögð var áhersla á við umræður í nefndinni í morgun. Hv. formaður nefndarinnar hét okkur því að koma þeirri sérstöku bón á framfæri við hæstv. sjútvrh. og ég hélt að hann mundi kannski blanda sér í þessar umræður með það erindi.

[13:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Örfá orð um það mál sem hér er á dagskrá. Ég vil fagna því að það náðist ákveðið samkomulag um meðferð þessa máls við umræðuna í nótt. Ég er mjög ánægð með það hvernig hæstv. sjútvrh. tók á þessu máli og fagna því sérstaklega að með þessari niðurstöðu hefur í rauninni verið tekin ákvörðun um það að skoða málið betur og reyna að ná um það víðtækari samstöðu.

Það vill hins vegar svo til að sú grein sem samkomulag varð um að yrði lögfest eða þau efnisatriði réttara sagt, er kannski sú grein eða efnisháttur sem mesta gagnrýni hefur fengið, ekki endilega hér innan þings heldur miklu fremur utan. Mönnum er alveg ljóst af hverju sú gagnrýni stafar. Hún stafar af því að búið er að gangast undir tiltekið samkomulag um víðtækt eftirlit á Flæmingjagrunni sem íslenskir útgerðaraðilar þurfa að óbreyttu að greiða býsna hátt gjald fyrir. Það hefur ekki verið gert neitt sérstakt samkomulag um texta þeirrar breytingartillögu sem hér er borin fram. Hér er í rauninni um þá brtt. að ræða sem meiri hlutinn hafði áður borið fram og við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins. Þrátt fyrir það vil ég endurtaka að ég fagna því að málið er komið í þann farveg sem það er komið og vænti þess að viðleitni ráðuneytis og útgerðaraðila megi sameiginlega verða til þess að lækka þetta gjald vegna þess að ég held að það sé afar mikilvægt að menn vinni sameiginlega að því að gera útgerðum okkar sem greiðasta leiðina á úthöfin til þess að afla okkur þar þeirrar veiðireynslu sem verður okkur síðan lykillinn að varanlegum veiðiheimildum víðast á úthöfunum.

[14:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ræddi þetta mál í nótt þegar það var til umræðu og beindi þá einmitt áskorun til hæstv. ráðherra að athuga það betur, stuðla að því að svo yrði vegna fram kominna athugasemda og naums tíma sem verið hefur í sambandi við skoðun þessa máls, þ.e. víðtækar lögfestingar varðandi úthafsveiðar. Ég er því í hópi þeirra sem eru ánægðir með það að hæstv. ráðherra brást við eins og hann gerði og tel að það hafi verið þýðingarmikið. Ég vænti þess að við sitjum þá fyrir bragðið uppi með traustari löggjöf þegar þar að kemur væntanlega eftir vinnu á næsta þingi þegar búið er að fara yfir málin.

Eins og fram kom hjá hv. 8. þm. Reykv. þá höfum við lagt á það áherslu í Alþb. og ég gerði það í minni ræðu í gær, að reynt yrði að létta þann kostnað eða koma við eftirliti með þessum veiðum í samræmi við samninga sem Ísland hefur gerst aðili að varðandi veiðieftirlit á Flæmska hattinum sérstaklega, að koma þeim samningum við þannig að kostnaður af þeim verði ekki til þess að útgerð leggist af eða að íslenskum útgerðum sem hafa stundað þarna veiðar verði ókleift að halda þeim áfram. Mér finnst af þeirri tillögugrein sem hér liggur fyrir að það sé engan veginn ljóst hvort hægt er að verða við því eða hvernig það yrði. En eins og fram kom í umræðunni sl. nótt, þá er þarna um verulegar upphæðir að ræða, reiknað út af hagsmunaaðilum allt að 8–9 millj. kr. á ári. Það fer auðvitað eftir úthaldi. Ég hef dæmi af litlum rækjufrystitogara sem telur sig greiða yfir hálfa millj. kr. fyrir eftirlit í mánaðarveiðiferð eða svo svoleiðis að hér er um tilfinnanlegar upphæðir að ræða sem geta riðið baggamuninn þannig að viðkomandi treystir sér ekki til þess að halda áfram úthaldi.

Ég legg því á það ríka áherslu að framkvæmdarvaldið og hæstv. ráðherra fari yfir þessi efni með öllum tiltækum ráðum til þess að einfalda þetta eftirlit í samkomulagi auðvitað við þá sem í hlut eiga, Kanadamenn sem þarna eiga undir í þessu máli. En ég held að það sé ljóst öllum sem yfir þetta fara að sá háttur sem þarna er gert ráð fyrir er ekki skilvirk leið til þess að tryggja eftirlit og það er hægt að koma því við á annan og kostnaðarminni hátt í samvinnu m.a. væntanlega við Kanadamenn og hugsanlega fleiri sem þarna eiga hlut að máli. Útgerðarmenn eru í raun ekki að skorast undan því að tryggja eftirlit eða fyrir sitt leyti að eftirlit geti farið fram, en leggja eðlilega áherslu á að það sé skilvirkt og leiði ekki til óbærilegs kostnaðar.

Þetta vildi ég láta koma fram en fylgi að öðru leyti mínum þingflokki í sambandi við afgreiðslu málsins. Ég tel að þetta sé jákvætt hjá hæstv. ráðherra og ég mun sitja hjá við afgreiðslu á greininni með tilliti til þess sem hér hefur komið fram, nauðsynarinnar á því að ná fram lagfæringu.

[14:04]

Útbýting þingskjals:

Náttúruvernd, 366. mál, brtt. ÓÖH, þskj. 1215.

[14:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram um veiðieftirlit á Flæmingjagrunni er rétt að rifja það upp að hér er um að ræða fjölþjóðlega ákvörðun sem tekin er af fiskveiðinefnd NAFO, Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar. Það er mikilvægt að hafa í huga vegna þess að mér hefur stundum fundist þess misskilnings gæta að hér væri um að ræða tvíhliða samkomulag milli okkar og Kanada, að hér er um að ræða fjölþjóðlega ákvörðun innan þessarar stofnunar. Ákvörðunin var tekin sem bráðabirgðaákvörðun um fyrirkomulag eftirlits og skyldi gilda í tvö ár og kemur þá til sjálfstæðrar ákvörðunar hvernig með framhaldið verður. Þetta ár er fyrra árið af tveimur.

Hv. 4. þm. Austurl. gerði í umræðunni í gær mjög glögga grein fyrir aðdraganda þessarar ákvörðunar, en hún á rætur fyrst og fremst að rekja til þess fiskveiðistríðs sem var á milli Kanada og Evrópusambandsins. Þar höfðu skip Evrópusambandsins orðið uppvís að mjög slæmri umgengni um fiskveiðiauðlindir, röngum upplýsingum um afla og þar fram eftir götunum. Því varð þessi niðurstaða sem bæði Evrópusambandið og Kanada fengu samþykkta á ársfundi fiskveiðinefndar NAFO. Það er rétt að það komi skýrt fram að íslensk stjórnvöld andmæltu því mjög sterklega að þetta gilti og sérstaklega um rækjuveiðarnar. Okkar afstaða hefur verið sú að það væri fráleitt að láta eina reglu gilda um allar veiðar í þessu efni. Það kynnu að vera meiri rök fyrir því að hafa meira eftirlit með veiði skipa sem eru að veiða úr mörgum tegundum í einu heldur en veiðar úr rækjustofni þar

sem menn þar að auki eru með ristar í trollunum sem skilja smáræksjuna frá og í sjálfu sér er engin hætta á því að menn séu að veiða meðafla eða smáræksju. En það hefur fyrst og fremst strandað á afstöðu Evrópusambandsins að viðurkenna þessa sérstöðu vegna þess að Evrópusambandið hefur sagt að ef það eigi að undirgangast slíkar reglur gagnvart þeim veiðum þar sem það á mestra hagsmuna að gæta, þá verði eitt yfir alla að ganga. Þarna koma því margar þjóðir að þessari ákvörðun.

Á fundi sjávarútvegsráðherra Norður-Atlantshafsríkja sem haldinn var á Íslandi fyrir nokkrum dögum tók ég þetta mál sérstaklega upp og gerði grein fyrir afstöðu okkar og því að við mundum halda áfram að berjast fyrir því að eftirlitskostnaður færi ekki úr hófi fram. Sérstaklega var á það bent varðandi Flæmingjagrunnið að við teldum eftirlitsmann um borð í hverju skipi of mikið eftirlit sem byggðist ekki í raun og veru á neinum raunhæfum forsendum eða rökum fyrir eftirliti. Bæði af hálfu Kanada og Evrópusambandsins var fyrri afstaða ítrekuð, en að minni tillögu samþykktu ríkin að setja upp starfshóp sem á að kanna sérstaklega nýja tækni, gervihnattatækni, varðandi eftirlit og gera skýrslu til ráðherranna fyrir hæsta fund þeirra. Okkar markmið með þessu er fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar að reyna að hagnýta þessa nýju tækni til þess að reyna að ná fram samstöðu um samræmdar eftirlitsreglur á veiðistjórnunarsvæðunum og innan stofnananna hér í Atlantshafinu sem hafa það verkefni með höndum að stýra veiðunum. Og í annan stað að reyna að nýta þessa nýju tækni til þess að draga úr eftirlitskostnaði.

Jafnframt varð það að samkomulagi milli mín og sjútvrh. Kanada að við mundum fela embættismönnum ríkjanna að ræða saman fyrir næsta ársfund NAFO sem verður í haust í Moskvu til þess að ræða þau sjónarmið sem við höfum sett fram í þessu efni. Það er alveg ljóst að af hálfu íslenskra stjórnvalda verður mjög markvisst unnið að því að ná árangri í þessu. En ég minni enn og aftur á að hér er um fjölþjóðlega ákvörðun að ræða og sú ákvörðun sem tekin var gildir til tveggja ára. Í sjálfu sér eru öll skip undir sömu sök seld í þessu efni. Kanadísk skip, færeysk og norsk þurfa að greiða þennan eftirlitskostnað sjálf. Að vísu munu Færeyingar kosta þetta eftirlit fyrir sín skip. En samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum, þá borga bæði kanadísk og norsk skip a.m.k. þennan eftirlitskostnað sjálf þannig að í sjálfu sér ætti það ekki að raska samkeppnisgrundvellinum.

Aðalatriðið er það að við veiðieftirlit verði ekki settar slíkar reglur sem í sjálfu sér megi teljast tæknihindranir. Það er miklu skynsamlegra að ná samkomulagi um ábyrga stjórnun á veiðunum og taka þær ákvarðanir á grundvelli mats á ástandi stofnanna og mats sérfræðinga á því hvernig þeir verða best nýttir til lengri tíma litið. Það eru miklu vænlegri leiðir til skynsamlegrar fiskveiðistjórnunar. Ég tel að Ísland eigi ávallt að vera reiðubúið til samninga á þeim forsendum, en jafnframt að keppa að því að koma í veg fyrir að eftirlitsreglur verði í raun tæknilegar hindranir til þess að nýta stofna. Við munum vinna að því hér eftir sem hingað til og ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir því hvernig við höfum staðið að því að koma þeim málum á framfæri og munum vinna að því á næstunni.

[14:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var eitt atriði sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. sem snýr að eftirlitskostnaðinum. Hann greindi frá því að Færeyingar mundu taka að sér, færeysk stjórnvöld ef ég hef skilið það rétt, að greiða eftirlitskostnað fyrir þau skip sem þarna stunda veiðar. Þetta leiðir auðvitað hugann að því hvort ekki komi til greina að hér verði hlaupið undir bagga, a.m.k. á einhverjum aðlögunartíma, með íslenskum útgerðum sem þarna stunda veiðar til þess að koma í veg fyrir að þær leggi upp laupana, hætti útgerð, hætti veiðum þarna vegna þessa kostnaðar. Ég vildi heyra nánar hjá hæstv. ráðherra hvort slíkar hugmyndir gætu orðið til skoðunar í sambandi við lausn þessa máls því að hér er um raunverulegt stórt mál að ræða fyrir ýmis byggðarlög í landinu þar sem um er að ræða atvinnu sjómanna sem ella hafa að engu að hverfa jafnvel í sambandi við veiðar.

[14:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er meginregla í okkar fiskveiðistjórnunarkerfi að skipin standa undir þeim kostnaði sem er við stjórnun veiðanna og eftirlit og ég tel að sama regla eigi að gilda varðandi veiðirétt í úthafinu þegar íslensk skip eiga í hlut. Þetta frv. er flutt og þessar leikreglur settar vegna þess að ég tel að það sé eðlileg stefna að ákveða það að skipin sjálf beri þennan kostnað og þá verður eitt og sama yfir skip að ganga innan og utan landhelgi í þessu efni jafnvel þó að um mismunandi háan kostnað geti verið að ræða.

[14:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sama sinnis og hæstv. ráðherra að svona almennt séð sé auðvitað eðlilegt að viðkomandi standi undir þeim kostnaði sem um er að ræða í okkar útvegi. Á hitt ber að líta að hér er um býsna sérstakt mál að ræða. Hér skellur yfir skyndilega breytt ástand að þessu leyti með samkomulagi sem íslensk stjórnvöld gerast aðilar að varðandi veiðieftirlit. Það er því eðlilegt að mínu mati að það sé farið yfir það hvort ekki sé réttlætanlegt við þessar aðstæður, tímabundið að létta þennan eftirlitskostnað á meðan leitað er leiða til þess að fá kannski breytt reglunum eins og hæstv. ráðherra hefur nefnt og vilji stendur til. Það finnst mér vera eðlilegt við þessar aðstæður og eigi ekki að þurfa að raska því meginsjónarmiði sem hæstv. ráðherra talaði fyrir og ég er út af fyrir sig sammála. En það er þannig að þetta getur riðið baggamuninn hjá ýmsum sem þarna hafa stundað útgerð. Nákvæmlega hvernig slíkum stuðningi verður við komið er aftur útfærsluatriði. Aðalatriðið er hvort vilji sé til þess að líta á slíkar lausnir tímabundnar.

[14:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga að ríkissjóður hefur staðið undir þessum eftirlitskostnaði það sem af er þessu ári. Þar er um allmiklar upphæðir að ræða og ég tel það vera eðlilegan aðlögunartíma í þessu efni og rétt að setja þessi lagaákvæði núna þannig að þau taki gildi eins og gert er ráð fyrir í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (heildarlög). — Þskj. 642, nál. 934 og 1091, brtt. 935 og 1215.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1215. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

[14:18]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um náttúruvernd. Nefndarálitið er frá meiri hluta umhvn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín marga gesti. Enn fremur bárust nefndinni margar umsagnir sem hún hefur tekið til umfjöllunar í starfi sínu við þessu frv.

Frv. felur í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála og nokkrar breytingar á efnisatriðum laga um náttúruvernd. Nauðsynlegt er að gera breytingar þessar nú þar sem miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum á skipan náttúruverndarmála í stjórnkerfinu og miðar frv. að því að laga stjórn náttúruverndarmála að stofnun umhverfisráðuneytis. Meiri hluti nefndarinnar fagnar áætlaðri heildarendurskoðun laganna og bendir á nauðsyn þess að um þessi mál gildi skýrar og heildstæðar reglur.

Þá vill meiri hlutinn benda á nauðsyn þess að Náttúruverndarráði verði séð fyrir starfsaðstöðu, en ekki þykja efni til að kveða sérstaklega á um það í lögum.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. En þessar efnisbreytingar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Lögð er til breyting á 6. gr. er snýr að þjónustugjöldum. Lagt er til að ekki verði kveðið á um þjónustugjöld í samningum um umsjón náttúruverndarsvæða heldur sé rekstraraðilum heimilt að ákveða þau án íhlutunar Náttúruverndar ríkisins.

Í öðru lagi. Lögð er til breyting á 7. gr. er lýtur að hæfisskilyrðum sem þjóðgarðsverðir skulu uppfylla. Leggur nefndin til að þjóðgarðsverðir hafi sérþekkingu og reynslu sem nýtist þeim í starfi, en að ekki sé skilyrði að þeir búi yfir sérþekkingu á náttúrufræðum.

Í þriðja lagi. Lagt er til að við 12. gr. bætist ákvæði er kveður á um að Náttúruverndarráð veiti Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf.

Í fjórða lagi. Við 16. gr. er lögð til breyting er snýr að takmörkun umferðar og lokun svæða í verndarskyni. Lagt er til að Náttúruvernd ríkisins skuli gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa umhvrh. skýrslu þar sem fram komi niðurstöður úttektarinnar. Þannig skal koma fram í skýrslunni hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að skýrslunni þannig að fólk geti kynnt sér hvaða svæðum eða hlutum svæða standi til að takmarka umferð um eða loka á komandi ári. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að loka svæðum þótt þess sé ekki getið í skýrslunni ef brýna nauðsyn ber til og ljóst er að ekki var fyrirsjáanlegt að hausti að loka þyrfti svæðinu eða takmarka umferð um það.

Í fimmta lagi. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 35. gr. Þannig er í samræmi við breytingartillögu við 6. gr. lagt til að rekstraraðila náttúruverndarsvæðis, hvort sem það er Náttúruvernd ríkisins eða aðilar sem stofnunin hefur falið umsjón svæðanna, verði heimilt að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu. Enn fremur er gert ráð fyrir að sömu aðilar geti ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef þar hafa orðið spjöll af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum. Tekjum af aðgangseyri skal verja til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á því svæði sem þeirra var aflað eða á aðkomu að svæðinu. Þá er lagt til að við 35. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að Náttúruvernd ríkisins skuli birta skrá yfir gjaldtöku allra rekstraraðila náttúruverndarsvæða fyrir næsta ár með opinberri auglýsingu. Skal auglýsingin birtast eigi síðar en í september ár hvert. Slíka gjaldskrá er heimilt að kæra til umhverfisráðherra á grundvelli stjórnsýslulaga. Loks er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð.

Frv. þetta fjallar um efni sem hefur tvívegis verið áður til meðferðar á Alþingi og er því mörgum alþingismönnum kunnugt.

Undir nefndarálit meiri hlutans rita Ólafur Örn Haraldsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni M. Mathiesen, Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Gísli S. Einarsson með fyrirvara og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Virðulegi forseti. Ég mæli einnig fyrir breytingartillögu við frv. sem ég hef fjallað um. Tillöguna flytur sá sem hér stendur og er brtt. um 25. gr. þar sem lagt er til að síðustu orð þeirrar greinar falli niður, þ.e. orðin „... eða mannvirki sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga“, og eru þau í síðari mgr. 25. gr. eins og ég gat um. Hér er fyrst og fremst um lagatæknilegt atriði að ræða. Ákvæði þetta er samhljóða 20. gr. gildandi laga nr. 47/1971. Þar er kveðið á um að ekki megi setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka eða árbakka þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Þó er tekið fram að ákvæði þetta eigi m.a. ekki við um mannvirki sem reist hafa verið fyrir samþykkt laganna, þ.e. 1971. Eðlilegt er að fella þessi orð niður því að ella væri verið að heimila mannvirki sem reist hefðu verið ólöglega allt til þess tíma sem frv. fær samþykki. Hér er fyrst og fremst um lagatæknilegt atriði að ræða sem umhvn. hefur sést yfir í meðferð málsins.

[14:26]

Útbýting þingskjals:

Aðstoð til sjálfsstjórnarsvæða Palestínumanna í Ísrael, 489. mál, svar utanrrh., þskj. 1208.

[14:26]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta umhvn. við frv. til laga um náttúruvernd sem hér hefur verið mælt fyrir af hálfu meiri hlutans, en að því nefndaráliti stendur ásamt mér hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fyrir hönd þingflokks Kvennalistans sem fulltrúi hans í umhvn.

Málið sem hér er til umræðu á sér aðdraganda og sögu sem er því miður ekki allt of skemmtileg. Ég mun koma að því á eftir. En ég ætla í upphafi að kynna meginniðurstöðu, megintillögu okkar sem stöndum að þessu í minni hluta umhvn. eins og hún kemur fram í inngangi að okkar nefndaráliti. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Frv. til laga um náttúruvernd var vísað til umhvn. 11. mars 1996. Frv. var sent til umsagnar og komu fram við það margar athugasemdir. Í nefndaráliti meiri hluta umhvn. er getið umsagnaraðila og þeirra sem komu á fund nefndarinnar. Af hálfu ýmissa umsagnaraðila og viðmælenda nefndarinnar kom fram það sjónarmið að rétt hefði verið að endurskoða efni laganna í heild í stað þess að taka einn kafla þeirra sérstaklega út úr, þ.e. stjórnunarþáttinn. Undir það sjónarmið tekur minni hluti nefndarinnar. Þar við bætist að mikið skortir á að fyrirliggjandi frv. fengi eðlilega umræðu og athugun

í nefndinni. Þrátt fyrir nokkrar breytingartillögur af hálfu meiri hlutans úir og grúir af stórum og smáum atriðum sem breyta þyrfti í frv. til að það teldist frambærilegt. Þar fyrir utan er í frv. fjöldinn allur af úreltum ákvæðum sem lítið sem ekkert hefur verið fjallað um og óeðlilegt er að Alþingi fari nú að leggja blessun yfir í atkvæðagreiðslu.

Með vísan til framangreindra atriða er minni hluti nefndarinnar andvígur lögfestingu frv. og gerir tillögu um að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að heildstæð endurskoðun á lögum um náttúruvernd fari fram sem fyrst."

Þetta var tilvitnun í meginniðurstöðu minni hluta umhvn.

Það kom fram í máli talsmanns meiri hlutans, hv. formanns nefndarinnar sem talaði áðan, að meiri hlutinn fagni sérstaklega að nú skuli ráðist í heildstæða endurskoðun þessara laga. Þegar ég heyrði þessi orð hugsaði ég að það væri betur að menn hefðu fundið það púður upp eitthvað fyrr, að menn hefðu reynt að tryggja það við meðferð málsins, upptök þess, að fram fari heildstæð endurskoðun laganna. Satt að segja er það svo ef marka má málflutning meiri hlutans og það sem fram hefur komið í nefndinni sem og þá framsöguræðu sem hæstv. umhvrh. hafði fyrir þessu máli við 1. umr. málsins, að lítill hugur fylgir máli þegar talað er um heildarendurskoðun laganna. Ég held að þar séu á ferðinni blekkingar af hálfu meiri hlutans og hæstv. ráðherra ef marka má þau orð hans sem fram komu við 1. umr. að þessi heildarendurskoðun mundi taka talsverðan tíma, sennilega ein tvö ár, og hæstv. ráðherra tiltók ákveðin ártöl hvenær þessari heildarendurskoðun, þessu mikla verki gæti verið lokið, endurskoðun laga um náttúruvernd. Mér sýndist að það væri svona undir lok kjörtímabilsins, kannski einu ári fyrr svo maður geri ekki meira úr þessu heldur en fram kom hjá hæstv. ráðherra og vita þá allir hvað verður úr efndunum ef þannig er staðið að verki varðandi heildarendurskoðun.

Ég nefni þetta, virðulegur forseti, vegna þess að hér er verið að taka inn í breytingartillögur við gildandi lög um náttúruvernd ýmis atriði sem varða ekki stjórnunarþátt laganna, ýmis atriði sem meiri hlutinn ber sérstaklega fyrir brjósti og vill því taka með núna vegna þess að enginn hlutur fylgir máli í sambandi við heildarendurskoðun málsins. Við erum að fjalla um mjög gildan þátt laga um náttúruvernd þar sem er þessi stjórnarþáttur. En drjúgur hluti af lögunum hefur enga gagnrýna meðferð fengið af hálfu meiri hlutans eða hæstv. ráðherra sem leggur þetta fyrir og hér er því lagður fyrir þingið lagabálkur um endurskoðun á lögum sem eru frá 1971 með smávegis breytingu vegna stofnunar umhvrn. 1990, sem hefur að geyma fjöldann allan af gersamlega úreltum ákvæðum þó að lögin á sínum tíma hafi verið býsna góð í mörgum greinum, með undantekningum þó, sem stöfuðu m.a. af viðhorfi þeirra sömu þröngsýnu afla sem er enn að finna á meðal okkar í báðum núverandi stjórnarflokkum þegar kemur að náttúruverndarmálum, atriði sem valda því að staða Íslands, einnig gagnvart öðrum þjóðum að því er varðar vörslu lands og landgæða og möguleikum Íslendinga til þess að nýta land sitt og njóta þess, er í verulegri hættu. Það sem ég hef m.a. í huga að þessu leyti er það viðhorf til almannaréttar sem gildandi lög nr. 71 endurspegla sem var ein lakasta greinin í þeirri löggjöf sem þá var lögfest og ekkert er hróflað við hér þrátt fyrir það að þetta er heildstætt frv. sem er lagt fyrir að meiri hlutinn hefur farið inn í ýmsa þætti málsins sem snerta ekki í þröngri merkingu stjórnunarþátt laga um náttúruvernd.

Þetta ber að harma, virðulegur forseti. Þetta ber vott um það að mínu mati að enginn hugur fylgir máli af hálfu meiri hlutans í sambandi við heildarendurskoðun á löggjöfinni og þess vegna er málið lagt fyrir með þessum hætti. Ef menn væru með það í huga að ráðast í það þarfa verkefni að færa löggjöf um náttúruvernd í það horf sem samsvarar kröfum tímans, ekki síst breyttum viðhorfum á alþjóðavettvangi og í landi okkar að því er varðar kröfur til verndunar, þá lægi þetta mál fyrir með allt öðrum hætti. Þá væru menn ekki að endurprenta markmið laganna frá 1971 án nokkurs tillits til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið síðan og eru viðurkennd og mynda kjarnann og uppistöðuna í alþjóðasamningum á þessu sviði. — Virðulegur forseti. Það væri æskilegt að ekki væru margir fundir í húsinu á sama tíma og í þingsal og þá hefðu menn kannski tekið inn í útgáfuna að lögum um náttúruvernd viðhorf eins og þau sem eru í huga margra tengd við sáttmálana frá Ríó, heimsráðstefnuna í Ríó, samninga sem þar voru undirritaðir og sjónarmið sem lágu að baki þeirra samninga og áttu sér rætur í endurskoðun á viðhorfum í þessum málum sem tengdir hafa verið við Brundtland-nefndina sem forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, veitti forustu og hefur borið nafn hennar síðan og hún skilaði af sér 1987. Hið margumrædda hugtak um sjálfbæra þróun sem þar er að finna í tillögum þeirrar nefndar og sem er leiðarstjarna, sem hefur verið notað sem leiðarstjarna í sambandi við samningagerð og lögfestingu í náttúruvernd allar götur síðan, í Ríó-sáttmálanum og fjölmörgum samningum sem tengjast því ferli. Þetta er dagskrá 21, sem svo er kölluð, sem á að vera framkvæmdaáætlun fyrir heimsbyggðina til þess að reyna að komast hjá því neyðarástandi sem skapast mun smám saman og herða mun fastar og fastar að mannkyninu, Íslendingum meðtöldum á næstu árum í tíð núlifandi manna svo ekki sé talað um komandi kynslóðir.

En það fylgir ekki hugur máli. Hæstv. núv. ríkisstjórn er mjög langt niðri á skalanum þegar litið er til þess hvort vilji er raunverulega til staðar til þess að taka á hinum mikla vanda sem tengist umhverfisvánni og sem krafan um umhverfis- og náttúruvernd er svarið við, krafa um verndun í þeim efnum sem ræðst að rótum vandans en er ekki fólgið í sjálfsblekkingum sem er því miður það sem menn hugga sig við og halla sér að. Lengra nær þetta ekki. Það er varaþjónusta sem mætti kalla svo, það er í orði þjónað hugtökum þegar vel lætur, ekki í þessu frv., ekki af hálfu þessarar ríkisstjórnar nema einstaka sinnum þegar mikið liggur við, til hátíðabrigða, að setja fram sjónarmið sem raunverulega varða sjálfbæra þróun eins og sú hugsun er mótuð fyrr og síðar og þess vegna er heldur dökkt í álinn, virðulegur forseti.

Það vill ekki betur til þegar sett er saman ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að afloknum síðustu kosningum að þá er umhverfisverndinni sýnd sú dæmalausa lítilsvirðing að ráðuneyti umhverfismála fær ekki að búa að einum og sjálfstæðum ráðherra heldur er gert að eins konar hjáleigu undir landbrn., þ.e. að sá ráðherra sem á að sinna umhverfismálum er gerður að eins konar hjáleigubónda frá landbrn. Ég veit að vísu ekki nákvæmlega hvar hæstv. umhvrh., sem við leyfum okkur að kalla svo í góðri trú auðvitað, heldur til daglega með sinn kontór, hvort hann situr í Vonarstræti í húsnæði umhvrn. eða hvort hann heldur sig aðallega uppi á Rauðarárstíg í landbrn. Ég hef ekki yfirlit um það en mig grunar það að ansi mikið af tíma og orku þess ráðherra, sem settur var yfir umhverfismálin, fari í að sinna hinu ráðuneytinu, ráðuneyti atvinnumála, ráðuneyti landbúnaðarins og það eigi ansi mik-

ið, sem er kannski er ekkert óeðlilegt, hug og hjarta hæstv. ráðherra sem kemur úr gildu landbúnaðarkjördæmi. Hann reynir auðvitað að taka þann þátt alvarlega og var kannski betur undir það atriði búinn þegar hæstv. ráðherra kom að störfum að sinna landbúnaðarmálunum en hinum stóra bálki umhverfismálanna og ætla ég þó hæstv. ráðherra ekki slæman vilja í þessum efnum. En það sýnir hug ríkisstjórnarinnar betur en flest annað að gera umhverfismálin að eins konar hjáleigu undir landbrn. í staðinn fyrir að það á auðvitað skilyrðislaust að vera ráðuneyti með sérstakan ráðherra sem er ekki bundinn á klafa annarra hagsmuna gagnvart ríkisvaldinu, framkvæmdarvaldinu á þeim tíma sem viðkomandi hæstv. ráðherra gegnir störfum. Þetta er afskaplega raunalegt og þetta kemur til með að hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir þennan málaflokk á meðan núv. hæstv. ríkisstjórn situr. Nógu slæmt er veganestið samt þar sem er hugmyndafræði þeirra flokka sem standa að ríkisstjórninni, sú hugmyndafræði sem er í raun eins langt frá hugsuninni um sjálfbæra þróun og nokkuð getur verið þegar farið er að skoða innviðina þar sem fjármagnið er það sem ræður ferðinni, þar sem fjármagnsöflin eru þau öfl sem ráða ferðinni. Sjónarmið fjármagnsins eru leiðarstjarnan hvar sem er og þar sem rekast saman sjónarmið fjármagnsins og umhverfisverndar verður það í mjög mörgum tilvikum, fullyrði ég, umhverfisverndarsjónarmiðin sem koma til með að víkja. Mér sýnist það gerast í raun dag hvern, virðulegur forseti, því miður.

Dæmin um þetta eru fleiri en tölu verður á komið. Það fer í rauninni bara eftir því hvar gripið er niður, virðulegi forseti, í ákvörðunum og afstöðu hjá hæstv. ríkisstjórn hvort það er í sambandi við umferð, í sambandi við efnistökumál, í sambandi við það hvort fólk fær að njóta í sæmilegum friði dvalar í bústöðum sem það hefur komið sér upp eins og austur í Grímsnesi. Hæstv. ráðherra á að vísu eftir að kveða upp úrskurð í því máli, kæru sem liggja á borði hans. Það verður fróðlegt að sá hvernig sú niðurstaða verður sem þar kemur upp. Ég er ansi smeykur um að þar kunni að halla á í sambandi við eðlileg viðhorf til þessara mála.

Auðvitað er það svo, virðulegi forseti, að álitamál eru mörg þegar um er að ræða einstök úrlausnarefni og einstök atriði. Ég er ekki að segja að menn séu þar alltaf í auðveldu hlutverki sem eigi að kveða upp úrskurði frá degi til dags í málum. Miklu meira skiptir auðvitað meginsjónarmiðið, meginviðhorfin í málafylgjunni. Það fer ekkert hjá því að þegar sami ráðherra er settur í það dapurlega hlutverk að þjóna tveimur herrum, hagsmunum umhverfisverndar annars vegar og hins vegar atvinnumálaráðuneyti, er hæstv. viðkomandi ráðherra settur í mjög erfiða stöðu. Ég er hræddur um að það frv., virðulegi forseti, sem við erum að byrja að ræða við 2. umr. máls beri þess ansi mörg merki og aðdragandi þessa frv. að hæstv. ráðherra hefur haft takmarkaðan tíma til þess að setja sig inn í þetta mál sem kemur inn í þingið því að ég þykist hafa orðið þess áskynja að þetta frv. þar sem handverkið er eins og gengur unnið af hálfu embættismanna í talsverðum mæli, hæstv. ráðherra hafi ekki haldið vöku sinni í sambandi við þá leiðsögn sem hann gaf í upphafi hvernig að verkinu skyldi staðið. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra hafi gert sér það ljóst að hann væri að leggja inn í þingið heildarlöggjöf til laga um náttúruvernd sem bæri þann afleita svip sem þetta frv. ber, þ.e. að vera drjúgum hluta hlaðið úreltum ákvæðum sem Alþingi Íslendinga verður svo að taka afstöðu til.

Ég er alveg viss um, virðulegi forseti, að ef þetta frv. lægi fyrir í höndum manna í nágrannalöndum okkar á þeirra tungu og aðgengilegt mundu menn spyrja: Hvers konar skrælingjalýður er þetta sem býr þarna uppi á Íslandi? Hafa menn ekkert verið að fylgjast með í umhverfismálum undanfarna áratugi? Hvað hafa menn verið að gera? Það er meira að segja komið umhverfisráðuneyti þarna, en það kemur fram á Alþingi Íslendinga frv. sem ber merki forneskjunnar miðað við þá öru þróun og þau breyttu viðhorf sem orðið hafa í umhverfismálum á undanförnum aldarfjórðungi.

Það verður að segja hverja sögu eins og hún er, virðulegur forseti, og þetta unga ráðuneyti umhverfismála hefur ekki verið mjög heppið í sambandi við uppbygginguna. Því var komið á í harðri andstöðu við Sjálfstfl. á sínum tíma sem stóð fyrir því og tafði það í einn og hálfan áratug að hér yrði horfið að því ráði sem umtalað var í kringum 1975 og m.a. borið fram af þáverandi Náttúruverndarráði og formanni þess, formanni Framsfl. á þeim tíma, þ.e. flokks sem heitir sama nafni, hann heitir Framsfl. enn í dag, en er orðinn býsna ólíkur því sem var á 8. áratugnum undir forustu manna eins og Eysteins Jónssonar sem veitti flokknum forustu til 1974 a.m.k. og varðveitti eitthvað af þeim eldi sem fylgdi Framsfl. fram undir þetta leyti og jafnvel nokkru lengur, áður en sú hallarbylting hefur orðið sem við urðum vitni að upp úr 1990. Raunar er hægt að kenna hana við árið 1994 þegar við tók núv. formaður sem sneri þar flestu á haus í þeim meginviðhorfum sem áður höfðu verið þar við hún, þótt farið væri að gefa á bátinn áður.

Þegar við rifjum upp þessa tíma hljótum við að minnast merkisbera Framsfl., manna eins og Eysteins Jónssonar sem höfðu bæði tryggt jarðsamband við landið og þjóðina og voru ekki búnir að skrifa upp á forskrift fjármagnsins sem núna er dyggilega fylgt af núv. forustu Framsfl. Hæstv. umhvrh. kemur aðeins við þessa sögu, ég læt ekki titil landbrh. fylgja með, virðulegi forseti, og vona að mér líðist það. Einkenni hans er að vera góðviljaður maður. Hæstv. umhvrh. er góðviljaður maður. Hann vill helst hafa nokkuð kyrrt í kringum sig, hæstv. ráðherra, gott veður og gott andrúmsloft og vill flestra vinur vera frá degi til dags og kann illa við að vera í stríði við allt og alla. (**Gripið fram í:** Við þekkjum þetta.) Og ég heyri það á undirsátum hæstv. ráðherra, viðstöddum hv. þingmönnum, að þeir kannast einmitt við þessar eigindir sem eru auðvitað mjög góðar á sinn hátt en þó með vissum takmörkunum og ekki síst þegar um það er að ræða að menn þurfi að þjóna tveimur herrum. Þá vandast málið hjá þeim sem þurfa helst að ráða einhverju og hafa stefnu ef þeir þurfa að þjóna tveimur herrum eins og hæstv. ráðherra var dæmdur til í ráðuneyti Davíðs Oddssonar hinu síðara, að þjóna ráðuneyti landbúnaðarmála og umhverfismála.

Það er ekkert sældarbrauð fyrir hæstv. ráðherra. Hann hefur að vísu svokallaða aðstoðarmenn, ég ætlaði að segja svokallaða aðstoðarráðherra því að stundum eru þeir ranglega nefndir svo, sinn á hvorum bænum svona til þess að leiðbeina sér og auðvitað eru þeir að toga í sitt hvort jakkalafið á hæstv. ráðherra frá degi til dags þegar hann er að skjótast á milli húsa frá höfuðbólinu yfir á hjáleiguna í Vonarstræti.

En þessi vandkvæði hæstv. umhvrh. hafa auðvitað verið mörg eins og vill verða hjá flokki sem hefur í seinni tíð verið haldinn þeim eiginleikum að teljast opinn í báða enda. Hann hefur skipað sér inn á miðju íslenskra stjórnmála en færst af henni yfir til hægri, langt til hægri, en samt er opið í báða enda þótt þröng sé öðrum megin. Hæstv. ráðherra lenti einmitt í slíku prófi skömmu fyrir hallarbyltinguna í Hafnarfirði vorið

1994. Það próf fór fram í atkvæðagreiðslu á árinu 1993 um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, samning sem hefur m.a. haft mikil og róttæk áhrif á möguleika Íslendinga til þess að fylgja sjálfstæðri stefnu í umhverfismálum sem og á öðrum sviðum. Þá gekkst hæstv. umhvrh. undir ákveðið próf og var ekki í auðveldu hlutverki. Framsfl. var á þeim tíma eitt flakandi, blæðandi sár. Formaður flokksins, forsrh. í ríkisstjórn til 1991, hafði lent í þeim hremmingum að láta dragast út á þá braut að gera samninga um Evrópska efnahagssvæðið og vera í forsæti ríkisstjórnar þar sem alþýðuflokksmaður mjög glaðbeittur, ekki síst á erlendri grund, dró vagninn í sambandi við þessa samningsgerð og blekkti Framsfl. og jafnvel fleiri til að byrja með með því að það stæði til að taka tillit til sjónarmiða forsrh. frá 1989, Steingríms Hermannssonar, í sambandi við málið. En það var erfitt að fylgja þeirri leiðsögn, einnig fyrir forsrh. Steingrím Hermannsson. Hann átti margar andvökunætur geri ég ráð fyrir á meðan hann var í ráðuneyti, svo ekki sé minnst á eftirleikinn þegar spurningin kom um uppgjör í þessu afdrifaríka máli, afstöðu til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það höfðu myndast tvær meginfylkingar í þingflokki Framsfl. á þessum tíma eftir að ríkisstjórnin sundraðist og ráðuneyti Davíðs Oddssonar hið fyrra komst til valda. Þar toguðust menn á og foringjar þessara tveggja fylkinga voru þáv. formaður flokksins, Steingrímur Hermannsson annars vegar og hins vegar hinn uppkomandi prins. Ég segi ekki erfðaprins, ég veit ekki hvort það er rétt að nota þá einkunn, ég efast satt að segja um það. En hinn uppkomandi prins braust til valda í Framsfl. vorið 1994 og innleiddi þau bókhaldsvísindi, þau fjármagnsvísindi sem þar ráða nú ferðinni í hólf og gólf í flokknum.

Lengi vel var það svo á árinu 1992 og 1993 að það horfði svo að formaður Framsfl. yrði bókstaflega undir í eigin flokki í þessu stóra og afdrifaríka máli, afstöðunni til Evrópusambandsins sem þá var kallað Evrópubandalag og því hvort við ættum að bindast þar aftan í vagninn með þeim hætti sem uppleggið var í þessu samningaferli.

Þá var það sem kom að hæstv. núv. umhvrh., hv. þáv. þm. stjórnarandstöðu, Guðmundi Bjarnasyni. Þá átti hv. þm. um tvennt að velja. Hann vildi varðveita friðinn, vildi helst hafa alla góða og var í þeim mikla vanda á hvora sveifina hann ætti að leggjast, á sveif með þeim sem var að brjótast til valda í flokknum og var kominn með sér við hlið fimm manns af 13 manna þingflokki eða þá formanni flokksins með álíka liðssveit, kannski einum fleiri eða svo, og eitt atkvæði gat riðið baggamuninn hvort formaðurinn yrði undir í afstöðu um þetta mál sem skipt hefur sköpum í íslenskum stjórnmálum, virðulegur forseti. Við erum merkt af því á hverjum degi og hverri stund, ekki síst á Alþingi Íslendinga, sem ofan á varð í þessu máli. Þá valdi hæstv. núv. umhvrh. og þáv. hv. þm. Guðmundur Bjarnason að styðja sinn formann og leggja lóðið á vogarskálina með þeim hluta þingflokksins sem greiddi atkvæði gegn samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég býst við að þetta hafi verið með erfiðari sporum sem hv. þm. þurfti að stíga, en hann tók þá ákvörðun þarna sem ég tel hann meiri mann að, þó svo hann hafi eðli málsins samkvæmt bæði að manneðli og aðstæðum verið tiltölulega fljótur að aðlaga sig síðan hinni nýju forustu eftir að hallarbyltingin var gerð. Þar brýtur því ekkert á því lengur. Og þarna voru býsna afdrifaríkar þær eigindir sem tengjast þeim sem hefur forsjá umhverfismálanna í ríkisstjórn nú um stundir og taldi ég nauðsynlegt að koma aðeins að þessari dæmisögu því hún segir okkur heilmikið.

Virðulegur forseti. Þá ætla ég aðeins að koma frekar að umhvrn. og þeirri sögu sem tengist mótun eða endurskoðun laga um náttúruvernd sem hefur verið á dagskrá þessa ráðuneytis síðan 1991. Ráðuneytið varð til í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar frá 1988–1991, þá varð þetta umhvrn. til með býsna sögulegum hætti eins og menn muna sem lifðu þá tíð sem þátttakendur í stjórnmálunum. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1988–1991 bjó ekki að mjög tryggum meiri hluta lengi vel og þótti býsna tvísýnt hvernig færi. En það var ákveðinn hópur manna í þingsölum á þeim tíma sem kallaður var Borgaraflokkur eða gekk undir þeim merkjum. Það eru allir búnir að gleyma því núna nema langminnugir og þeir sem leggja á sig að halda til haga atburðum úr stjórnmálasögum liðinnar tíðar. Þá passaði að höfða til metnaðar þeirra sem voru í þessu flakatrússi sem kallað var Borgaraflokkur og hafði orðið til í kringum Albert Guðmundsson heitinn ráðherra varðandi það að hægt væri að rýma til í Stjórnarráðinu og það væri kannski hægt að skapa mönnum pláss. Þetta sameinaðist og tengdist hugmyndinni sem hafði vakað lengi og m.a. var á dagskrá þeirrar ríkisstjórnar sem ég er þarna að nefna, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, að koma á fót umhvrn. Þá var brugðið á þetta ráð. Það voru ekki mín ráð að taka Borgaraflokkinn inn í ríkisstjórnina og bjóða honum tvo ráðherrastóla. Ef ég man rétt var dómsmálaráðherrasætið annað þeirra og hitt var hið nýja embætti, hið nýja starf umhvrh. sem einn af lagsmönnum Borgaraflokksins, þáv. ágætur þingmaður Júlíus Sólnes, tók að sér að gegna. Hann varð fyrsti ráðherra umhverfismála í þessari ríkisstjórn og varð sem sagt fyrsti húsbóndinn í þessu ráðuneyti.

Þetta varð til með nokkuð sögulegum hætti og auðvitað hafði það áhrif á ráðuneytið. Hún átti hins vegar aldrei að verða nema til bráðabirgða, sú skipan sem innleidd var 1990. Það átti rétt að koma fótum undir ráðuneyti sem auðvitað var hugmyndin og tekið fram strax við byrjun að ætti að styrkja og efla. Öllum var ljóst að mikil nauðsyn var á því fyrir utan það að endurskoða löggöf sem tengdist þessu ráðuneyti.

Eftir kosningarnar 1991 tekur við sem húsbóndi í umhvrn. Eiður Guðnason sem annar umhvrh. á Íslandi og ráðherra í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. sem þá hafði verið mynduð. Hæstv. þáv. ráðherra hafði áhuga á því að leggja til atlögu við endurskoðun á lögum um umhverfismál, um náttúruvernd frá 1971, og setti sérstaka nefnd til þess að vinna það verk fyrir hönd ráðuneytisins að leggja inn tillögur um það hvernig best væri að standa að endurskoðun þessara laga og efnisþátta þar að lútandi. Þessi nefnd var skipuð fulltrúum þingflokka auk fulltrúa úr ráðuneyti, tveggja fremur en eins sem ráðuneytið lagði til, og var að störfum í rösklega ár þegar mannaskipti urðu í umhvrn. og við tók nýr ráðherra af hálfu Alþfl. Hinn fyrri fór í utanríkisþjónustuna þar sem hann sinnir störfum enn í dag. Þá var brugðið á óheillaráð sem gagnrýnt var af ýmsum, þar á meðal einum nefndarmanni úr þessari endurskoðunarnefnd, núv. formanni þingflokks Framsfl. Valgerði Sverrisdóttur, sem átti sæti með þeim sem hér talar ásamt ýmsum fleirum í þessari endurskoðunarnefnd. Nefndin var slegin af með bréfi að lítt athuguðu máli í hinu mesta fljótræði þarna um sumarið. Það er líklega sumarið 1993 sem þetta gerist þó ég vilji ekki alveg fullyrða það. Ég held að þetta sé á miðju sumri 1993 án þess að ég vilji alveg negla niður ártalið.

Þá er brugðið á það ráð af nýjum ráðherra að vísu úr sama flokki að setja málið í gerð hjá embættismönnum, tilkvödd-

um embættismönnum í ráðuneytinu og kannski einhverjum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki rifjað það upp nýlega. En því breiða samstarfi sem lagt var upp með í endurskoðun þessarar löggjafar var sem sagt hætt og málið sett í miklu þrengri farveg. Og það er úr þeim farvegi sem fyrsta endurskoðunarfrv. birtist á Alþingi á 117. löggjafarþingi og var þá lagt fram sem frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, þ.e. það var ekki í þeim búningi eins og hér liggur fyrir að vera sett upp sem heildstætt frv. heldur breyting á lögum. Viðfangsefnið var að stofni til hið sama og hér er verið að glíma við hvað innihald tillagnanna snertir. Viðfangsefnið var að gera breytingar á stjórnunarþættinum sérstaklega til þess að aðlaga stýringu þessa málaflokks að tilvist ráðuneytisins af þeirri staðreynd að komið var nýtt ráðuneyti. Þetta var út af fyrir sig alveg á sínum stað og ekkert á móti því ef sæmilega hefði til tekist í þessari endurskoðunarvinnu. Það var hins vegar því miður ekki. Það voru mjög margir meinbugir á málinu, þessu stjfrv. sem lagt var fram á 117. löggjafarþing. Höfðu þó komið til ráðuneytisins margháttuð heilræði um málið. Já, það er sumarið 1993 sem þessi ráðherraskipti verða. Ég sé það af gögnum sem ég hef handa á milli. En mörg heilræði sem höfðu komið til ráðuneytisins, m.a. veganesti frá náttúruverndarþingi hinu áttunda í röðinni sem haldið var í lok október 1993 og fjallaði um stefnu í náttúruvernd að frumkvæði þáv. Náttúruverndarráðs sem hafði rætt málið um langt skeið, fjallað um það hvernig æskilegt væri að móta stefnu í náttúruvernd og endurskoða löggjöf og það lagði þessa stefnu sína inn á áttunda náttúruverndarþing um haustið 1993.

Það gerðist hins vegar jafnhliða að inn á þetta sama þing kemur nýr ráðherra, ráðherra sem búinn er að verma stólinn í örfáa mánuði og flytur sinn boðskap og sína stefnu. Það var hinn ungi, vaski umhvrh. Össur Skarphéðinsson sem við höfðum kynnst sem vöskum þingmanni í stjórnarandstöðu. Hann kom fram með sinn boðskap á þessu náttúruverndarþingi og það var alveg ljóst að það rímaði ekki saman við það sem kom frá Náttúruverndarráði sem tillögur.

Nú sakna ég þess, virðulegi forseti, að ábyrgðaraðili málsins við 2. umr., hv. þm. Ólafur Haraldsson, er ekki nærstaddur. Ég held að það væri nauðsynlegt, fyrir utan það að ekki ætti að þurfa að hafa orð á því, að hv. þm. og helst auðvitað allur meiri hluti stjórnarinnar sem stendur að áliti, sé viðstaddur umræðuna. Ég fagna því nú alveg sérstaklega að hv. þm. Einar Kristjánsson, (**Gripið fram í:** Oddur.) einnig kallaður Einar Oddur Kristjánsson þegar mikið er haft við, virðulegur forseti, er hér á meðal okkar sem einn af þeim sem skrifað hefur á álit meiri hlutans og ætíð birtist í umhvn. Alþingis þegar mikið liggur við. Það var auðvitað ekkert lítið sem lá undir þegar um það var að ræða að koma þessu máli út úr nefnd á vordögum, nánar tiltekið 7. maí. Ég man ekki betur en hv. þm. hafi þá einmitt birst á vettvangi nefndarinnar í þriðja sinn á yfirstandandi þingi eða svo án þess að ég hafi nákvæmt bókhald yfir það, en það er líklega ekki fjarri því, og stillti menn af í sambandi við þetta mál og veitti formanni nefndarinnar stuðning sem hefur staðið í ólgusjó á stundum. Hv. þm. kastaði olíu á vatnið til að lægja öldurnar í meiri hlutanum en þær höfðu verið allúfnar um skeið vegna deilna í stjórnarmeirihlutanum um frv. til laga um spilliefnagjald. En að því máli kom einmitt hv. þm. Einar Kristjánsson í umhvn. með mjög ákveðin sjónarmið í sambandi við frv. til laga um spilliefni. Ekki varð það allt til þess að efla friðinn í nefndinni eða hjá stjórnarmeirihlutanum þá um stundir. En yfir þann þröskuld varð komist m.a. fyrir hógværð og þolinmæði stjórnarandstöðunnar sem fylgdist með þessum hrikalegu átökum í stjórnarmeirihlutanum um það lykilatriði hvort Vinnumálasamband samvinnufélaga mætti koma með nokkrum hætti við sögu þegar reynt væri að safna spilliefnum í landinu og koma þeim í förgun á skilmerkilegan hátt. Það mál er hins vegar á borði hæstv. umhvrh. í þeim búningi sem við afgreiddum það á sínum tíma og ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mun fylgjast með því hver verði niðurstaðan þegar hæstv. umhvrh. fer að skipa í spilliefnanefndina. Það dregst vonandi ekki mjög lengi úr þessu, en það getur verið hagkvæmt að Alþingi hafi lokið störfum þegar þar að kemur þannig að málið beri ekki inn í þingsalina til að ýfa upp gömul sár. Við skulum vona að ekki dragi að því.

Ekki bólar á frsm. meiri hluta umhvn., virðulegi forseti, og nú spyr ég hæstv. forseta, hvað veldur?

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til að fá hv. þm. til salarkynna.)

Já. Ég þakka fyrir atbeina forseta í málinu en mér finnst það satt að segja ekki góður siður að það þurfi eftirgangsmuni til þess að fá ábyrgðaraðila málsins í þingsal fyrir utan þann ágæta fulltrúa meiri hlutans sem hér birtist áðan.

Það bar mikið á milli þeirra hugmynda sem hæstv. fyrrv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson bar fram á náttúruverndarþingi og þeirrar stefnu sem Náttúruverndarráð bar fyrir brjósti og kynnti á þinginu og var þar rætt og ályktað um. Samt varð til frv. Það frv. hlaut hins vegar ekki byr í þingsölum. Það var gagnrýnt af mjög mörgum. Meðal þeirra sem gagnrýndu það mál mjög ákveðið og hart var fulltrúi Framsfl. í umhvn. á þessum tíma, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, ef ég man rétt, þegar þetta var á döfinni nema við hafi tekið þá þegar sá sem síðar varð fulltrúi í nefndinni, hv. þm. Jón Helgason, sem við söknum hér úr þingsölum eftir síðustu kosningar. Hv. þm. Jón Helgason flutti gagnmerkar ræður um þetta mál þegar frv. lá fyrir öðru sinni frá hæstv. ráðherra Össuri Skarphéðinssyni og gagnrýndi skarplega og ákveðið og hart mörg ákvæði þess frv. sem lá fyrir 118. þingi. Ég nefni það sérstaklega vegna þess að af hálfu meiri hlutans og talsmanns meiri hlutans var einmitt vikið að þessu frv. sérstaklega, minnt á að það hefði verið flutt hér mál áður og talsmenn þessa frv. sem nú liggur fyrir eru iðulega að vitna til þess að það sé skýrt samhengi þarna á milli. En þá minni ég á það að af hálfu Framsfl. hefur þetta mál hlotið mjög harða gagnrýni, þ.e. frumvörp sem vörðuðu stjórnunarþátt þessara mála og lágu fyrir fyrri þingum. Og það kann að vera ástæða til þess, virðulegur forseti, að rifja það upp síðar í þessari umræðu hvernig hv. þm. Jón Helgason hélt á máli, hagaði sínu máli í sambandi við þau efni því að það gæti verið lærdómsríkt fyrir þá sem nú halda á málum í umhvn. að bera saman þau viðhorf við þau viðhorf sem hv. þm. Jón Helgason túlkaði í þingsölum að því er varðaði mörg atriði sem eru skyld í þessu máli og því sem lá fyrir t.d. 118. þingi.

Nú var það svo, virðulegur forseti, að Össur Skarphéðinsson umhvrh. flutti þetta mál öðru sinni í hittifyrra talið héðan frá, þ.e. á 118. þingi veturinn 1994–1995 og hafði þá gert allnokkrar breytingar á hinu fyrra frv. Það var hins vegar svo að ekki varð um það mikill friður. Margháttuð gagnrýni kom fram um það á frv. frá fjölmörgum umsagnaraðilum, mjög gildum aðilum sem gagnrýndu þá stefnu sem þar var uppi. Ég nefni t.d. Ferðafélag Íslands sem reiddi fram mjög efnismikil og verðmæt viðhorf til þess máls á þessu þingi

og lét fylgja uppkast að frv., drög að frv. af sinni hálfu sem hugmynd til umhvn. þingsins í sinni umsögn og ég vitna enn í umsögn til umhvn. um þetta mál til, þess frv. sem þar liggur fyrir í drögum, frv. sem Ferðafélag Íslands lagði vinnu og verk í að efna saman í og leggja fyrir þingið.

Síðan gerðist það jafnframt að Náttúruverndarráð, þar sem er auðvitað að finna það fólk sem hefur lagt mest í þessi mál, mesta reynslu hefur til þessara mála, herti enn á gagnrýni sinni frá því sem verið hafði á 117. þingi og fann að þessu frv. í mjög mörgum greinum og þessi viðhorf þessara aðila og fjölmargra ónefndra ásamt þeirri gagnrýni sem minni hluti umhvn. bar fram á þeim tíma, þar á meðal og hluti af þeim minni hluta hv. þm. Jón Helgason, varð til þess að horfið var frá því á næstsíðasta þingi, hinu 118., að lögfesta málið.

Þessi frv. bæði á hinu 117. og 118. þingi voru í forminu breyting á lögum um náttúruvernd en ekki sett fram sem heildstæð endurskoðun þeirra laga eins og halda mætti að sé á ferðinni þegar litið er á búning þessa frv. Að báðum þessum málum var staðið hvað undirbúning snerti mjög þröngt án þess að kveðja þar til fulltrúa þingflokka, ég tala nú ekki um fulltrúa þingflokka stjórnarandstöðu sem fengu þar hvergi nærri að koma.

Þetta er í raun staða málsins þegar hæstv. núv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, tekur við búi og umhvrn. verður að þeirri hjáleigu sem það nú er undir ráðherra sem er ætlað að gegna bæði landbúnaðar- og umhverfismálum. Við skyldum hafa ætlað að hæstv. umhvrh. hefði tekið sér tíma í að fara yfir málin og reyna að læra eitthvað af þeirri hrakfallasögu sem forveri hans hafði lent í í sambandi við þessi mál og þessa málafylgju og t.d. að fara yfir viðhorf þess reynda þingmanns til málsins, hv. þm. Jóns Helgasonar, sem hafði að vísu kvatt þingsali á liðnu hausti og athuga hvort ekki væri réttmætt að taka tillit til þeirra sjónarmiða þegar farið væri á nýjan leik að efna í endurskoðun á gildandi lögum um náttúruvernd. En þetta varð ekki niðurstaðan. Að þessu ráði varð ekki horfið og það varð ekki horfið að því ráði sem þó var leiðandi í umsögnum manna um frv. um stjórnunarþátt náttúruverndarmála á 118. þingi, að ráðast fyrr en seinna í heildarendurskoðun laganna. Nei, enn skyldi málið bundið við sama staurinn. Enn skyldi endurskoðunin takmörkuð við stjórnunarþáttinn og þess skyldi áfram vandlega gætt, virðulegur forseti, að stjórnarandstaðan á Alþingi, þeir flokkar sem nú voru komnir í stjórnarandstöðu, fengju nokkuð að koma að undirbúningi málsins. Þess skyldi vandlega gætt að að þeim undirbúningi kæmust ekki aðrir en tilkvaddir þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl. sem nafngreindir eru í greinargerð með þessu frv. og voru hv. þm. Árni M. Mathiesen og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sem voru í þeirri nefnd ásamt fleiri embættismönnum og trúnaðarmönnum ráðherra sem komu að þessu máli. Það er mjög sérstakt, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra skyldi ekki reyna að læra eitthvað af sögu fyrri ára í þessum málum, skyldi ekki leitast við að læra eitthvað af sögu forvera síns í starfi og læra eitthvað af þeim heilræðum sem hv. þm. Jón Helgason reiddi fram í þingsölum í fyrravetur, veturinn 1994–1995. En það var ekki svo. Þess í stað fáum við inn í þingið þann 11. mars 1996 það frv. sem við erum að byrja umræðu um við 2. umr. málsins sem er merkt mörgum þeim eigindum sem voru slæmir í hinu fyrra máli en í einstaka þáttum þó betur fyrir komið því að ég ætla alls ekki að draga fjöður yfir það sem telja má að hafi verið heldur til bóta frá því sem var í fyrri gerð. En það má segja að það hafi verið tekið aftur með því að færa til verri vegar aðra þætti sem voru skaplegri í því seinna frv. sem hæstv. fyrrv. umhvrh. lagði fyrir 118. þing.

Nú var umhvn. komin með mál í hendurnar. Þegar ég nefni 11. mars, þá mun það vera dagurinn þegar frv. var vísað til umhvn. og þá stóð umhvn. frammi fyrir því hvaða mál hún skyldi taka fyrir næst því að mörg mál frá ríkisstjórninni höfðu borist til nefndarinnar áður, þar á meðal snemma á þingi frv. til laga um nýja löggjöf í skipulagsmálum. En hæstv. umhvrh. hafði sagt þegar hann mælti fyrir því máli snemma á þessu þingi að hann bæri það mjög fyrir brjósti og vildi umfram allt að frv. til laga um skipulagslög og nýtt frv. til skipulags- og byggingarlaga yrði lagt fyrir þingið og afgreitt á þessu þingi. Við höfðum lýst því yfir stjórnarandstæðingar í umhvn. að við værum vissulega reiðubúnir til þess að vinna að því máli vegna þess að frv. um skipulags- og byggingarlög hafði komið fyrir þingið sennilega í þrígang, a.m.k. í tvígang á fyrri kjörtímabilum og fátt er nauðsynlegra en að breyta þeirri löggjöf sem er gömul, úrelt og myndar á vissan hátt undirstöðu undir marga þætti, þar á meðal þá löggjöf sem hér er um að ræða, það frv. sem hér er til umræðu. Það er sannarlega áhyggjuefni, virðulegur forseti, að svo skyldi fara að hæstv. umhvrh. gerði kröfu til þess, þegar hann stóð frammi fyrir vali, að leggja til hliðar frv. til laga um breytingu á skipulagslöggjöfinni og veðja á þann hest sem nú er riðið á í þingsölum, sem nú hefur verið leiddur inn í þingsali, þ.e. frv. um náttúruvernd, veðja á þann hest, en leggja hitt til hliðar einn ganginn enn, frv. til breytinga á lögum um skipulagsmál. Það var afdrifaríkt, virðulegur forseti. Það voru afdrifarík mistök af hálfu hæstv. ráðherra að þetta varð sem hann réð auðvitað mestu um. Og þess vegna eru menn einn ganginn enn að fara öfugt að þessu máli því að auðvitað var það mikilvægt að löggjöfin um skipulagsmál og hefur alla tíð verið svo í mínum huga a.m.k., fengi afgreiðslu sem ákveðinn grunnur, einnig þegar litið er til náttúruverndarmálanna, vegna þess að það er fátt mikilvægara fyrir skilmerkilega löggjöf í náttúruverndarmálum en að hún hvíli á skynsamlegri og góðri löggjöf skipulagsmála.

Skipulagslöggjöf er á vissan hátt undirstaða góðrar löggjafar á öðrum sviðum umhverfismála. Skipulagslöggjöfin á að mynda sterkan og góðan grunn til þess að þoka fram ákvörðunum og lagasetningu á öðru sviði, t.d. á náttúruverndarsviðinu þar sem sannarlega reynir á skipuleg tök mála þegar verið er að friðlýsa einstök landsvæði, veita þeim sérstaka stöðu samkvæmt náttúruverndarlöggjöf en sem auðvitað þarf jafnhliða að fella að skipulagslögum. Og spurningin um landnot og meðferð landsins þarf öðru fremur að hvíla á góðum og skírum og skilmerkilegum ákvæðum í skipulagslöggjöf.

En það varð ekki vitinu komið fyrir stjórnarmeirihlutann í þessu máli frekar en í ýmsum öðrum efnum. Þarna var búið að stinga upp í vitin hjá stjórnarmeirihlutanum í þessu máli. Það hafði að vísu tekist varðandi umfjöllun og afgreiðslu annarra frv. að skapa samvinnuanda og samstarfsanda sem stjórnarandstaðan átti ekki lítinn þátt í að mótaðist, t.d. í löggjöf um erfðabreyttar lífverur sem var eitt af þeim allflóknu viðfangsefnum sem umhvn. var að glíma við fyrr á þessu þingi. Þar tókst samvinna um mál eins og við hefðum kosið að sjá í sambandi við það vandasama mál sem hér er til umræðu og tókst að leiða til lykta löggjöf um nýmæli í löggjöf varðandi það nýja og flókna og vandasama svið sem eru erfðabreyttar lífverur, í góðri samvinnu stjórnar og

stjórnarandstöðu með umfangsmiklum breytingum á því frv. sem vísað var til nefndarinnar snemma þings. Eitthvað svipað hefðum við kosið að sjá nú. Ég held að það hefði verið, virðulegur forseti, ólíkt lánlegra ef stjórnarmeirihlutinn og hæstv. ráðherra þessara mála hefði lagst á þá sveif að beina vinnu að frv. til skipulags- og byggingarlaga í stað þess að fara í flaustursleg vinnu á heldur löku frv. svo vægt sé til orða tekið, virðulegur forseti, og rusla því út úr umhvn. eins og raun ber vitni og staðið var að af meiri hlutanum. Vinnubrögðin að þessum málum af hálfu umhvn. geta verið skólabókardæmi um það, virðulegur forseti, hvernig ekki á að standa að vinnu að málum í þingnefnd, skólabókardæmi um það. Enda er það svo, virðulegur forseti, að það er mikið feimnismál í raun hjá stjórnarmeirihlutanum að standa frammi fyrir þessum gjörningi sínum hér á síðustu dögum þings og ætla sér að knýja stuðningslið ríkisstjórnarinnar til þess að koma þessu máli fram, lögfesta þetta mál með þeim hætti sem tillögur liggja fyrir um frá meiri hluta umhvn. með gjörsamlega úreltum ákvæðum og með brestum í frv. sem eru slíkir að það er satt að segja með fádæmum, virðulegur forseti, að fólk sem kvatt er til verka undir merkjum umhverfismála, sett til verka í umhvn., skuli ljá nafn sitt þar við.

Ein afglöp sem tengjast þessu máli birtast okkur í brtt. frá formanni nefndarinnar sem verið var að veita afbrigði fyrir. Því er ætlað að koma í veg fyrir stórt slys í umhverfismálum og er þannig fram borið á elleftu stundu sem eitt dæmið um afglöpin sem liggja fyrir af hálfu meiri hlutans. Það þurfti minni hlutann og álit hans til þess að flutt væri þessi vandræðalega breytingartillaga sem við vorum að veita afbrigði fyrir áðan. Hún er aðeins eitt dæmið af mýmörgum sem ég á eftir að koma að í mínu máli, virðulegi forseti, um hrákasmíðina sem er á þessu máli af hálfu meiri hlutans. Og það er satt að segja raunalegt til þess að vita, virðulegur forseti, að nýir þingmenn af hálfu Framsfl. sem koma inn í þingsali, sumir jafnvel til að leysa af menn sem hafa starfað hér áratugum saman, setið í forsetastól og sinnt þessum málum, þar á meðal umhverfismálum eins og ég hef rakið dæmi um, skuli svo gera sig seka um vinnubrögð af því tagi sem hér blasa við. Inn í umhvn. þingsins að þessu sinni komu tveir hv. þingmenn Framsfl., báðir lítt reyndir að þingstörfum og skal það út af fyrir sig ekkert lastað, en lakara er það þegar vandvirkninni er ekki fyrir að fara og þegar menn leyfa sér svo óvönduð vinnubrögð og flaustur í meðhöndlun þingmála eins og vinnan að þessu frv. ber vitni um. Þeir taka ekki lágmarksábendingum sem fram eru bornar af fullri vinsemd í störfum nefndarinnar til þess að komast hjá verulegum fingurbrjótum og áföllum í sambandi við afgreiðslu mála. Þetta er satt að segja mjög raunalegt og lofar ekki góðu til viðbótar við að búið er að skipta um forrit í Framsfl. með forustuskiptum í flokknum fyrir tveimur árum með þeim afdrifaríka hætti sem blasir við í afgreiðslu mála, hverju stórmálinu á fætur öðru. En því verður ekki breytt af þeim sem hér talar eða þeim sem á horfa. Þar geta þeir einir reynt að koma við einhverri lagfæringu sem ábyrgð bera í þeim flokki sem enn ber nafnið Framsfl. en er ekki annað en svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Hann er orðinn handbendi fjármagnsaflanna þar sem fjármagnsöflin og hið frjálsa fjármagn fá að ráða ferðinni hindrunarlítið með þeim afdrifaríku afleiðingum sem það hefur fyrir umhverfi okkar og framtíð, ekki aðeins þessarar þjóðar heldur mannkyns alls á meðan ekki er breytt með róttækum hætti þar um stefnu.

Þannig fór, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. lenti í þessu díkinu. Auðvitað búum við að því og erum að súpa seyðið af því þegar við stöndum á lokadögum þings og erum að ræða þetta frv. sem er merkt þeim óvönduðu vinnubrögðum og því uppleggi sem lagt var upp með þegar frv. kom fram og ég mun gera frekar að umtalsefni, virðulegur forseti.

Áður en ég kem að einstökum þáttum er nauðsynlegt að víkja aðeins að því atriði, virðulegur forseti, sem varðar hið algera stefnuleysi Framsfl. í þessum málaflokki sem flokkurinn þó yfirtekur í ríkisstjórn. Það vill svo undarlega til að á þessu sviði, eins og reyndar mörgum öðrum, gerist það að Framsfl. skellir sér í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Réð þar auðvitað mestu formaður flokksins, hið nýja flaggskip, formaður Framsfl., þeirri siglingu og hefur ekki fyrir því að reyna að marka þessari stjórn að einhverju leyti ásýnd flokksins, ef flokkurinn hefur einhverja stefnu umfram það að styðja EES og hugsa sér til hreyfings í sambandi við aðild að Evrópusambandinu. Þetta birtist okkur með þeim hætti, virðulegur forseti, að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 23. apríl 1995 er upp á 8 blaðsíður í brotinu A-5. En í lok þeirrar stefnuyfirlýsingar er að finna ákvæði um það að á haustþingi 1995 muni koma sérstök verkefnaskrá, sérstök verkefnalýsing á áformaðri stefnu og verkefnum einstakra ráðuneyta á kjörtímabilinu.

Menn hugsuðu sem svo að kannski kæmi einhver sem setti mark Framsfl. að einhverju leyti á þetta stjórnarsamstarf. En það var upplýst í þinginu fyrir þremur dögum eða svo að það hefði verið ákveðið af ríkisstjórninni að vera ekkert að baksa við það að setja fram slíka verkefnalýsingu. Menn hefðu komist að því að það væri best að láta það ógert og láta duga það sem komið væri á blað og væntanlega eftir atvikum það sem hægt væri að grípa til þegar í harðbakkann slæi úr búi Alþfl. og Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn sem hafði fyrir því að setja saman verkefnalýsingu upp á 45 blaðsíður sem bar heitið Velferð á varanlegum grunni og einhverjir kunna að minnast enn kafla úr.

Ég tengi þetta stefnuleysi Framsfl. af því að það er innsiglað að því er varðar umhverfismálin af hæstv. umhvrh. Þegar hæstv. umhvrh. leggur fram eitt fyrsta frv. sitt á 119. þingi, frv. um erfðabreyttar lífverur, vísar hæstv. umhvrh. í greinargerð þess frv. til stefnu fyrrv. ríkisstjórnar í umhverfismálum. Ég hef ekki heyrt frá hæstv. umhvrh. að það hafi komið í rauninni nokkur viðleitni til sjálfstæðrar stefnumótunar í þessum málaflokki fram að þessu. Og eftir að búið var að slátra hugmyndinni og loforðinu um sérstaka verkefnalýsingu af hálfu ríkisstjórnarinnar...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar, en af sérstökum ástæðum verður fundi frestað um nokkurra mínútna skeið þannig að ef það eru sérstök kaflaskil í ræðu hv. þm. á næstu sekúndum eða mínútum, verður það forseta þóknanlegt.)

Virðulegur forseti. Ræðumaður gerir allt til að þóknast forseta. Kaflaskilin geta verið hér alveg eins og að mínútu liðinni svo að þess vegna má fresta fundi. Við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið.

(**Forseti** (GÁS): Forseti þakkar skilninginn hjá hv. þm. og verður nú gert hlé á fundinum um nokkurra mínútna skeið.)

[Fundarhlé. — 15:39]

[15:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti óskaði eftir stuttu fundarhléi til þess að kanna hvort hægt væri að áætla hvenær fundahaldi lyki. Forseti hafði reiknað með að þingfrestun gæti orðið núna á næstu klukkutímum og vildi kanna það vegna þess að það var ætlunin að forseti Íslands kæmi hingað til þess að lesa forsetabréf um frestun þingsins. Til þess þarf ákveðinn tíma en forseti getur ekki eftir viðræður við hv. 4. þm. Austurl. sem er í ræðu sinni og þann sem er á mælendaskrá, hv. 12. þm. Reykn., áætlað hvenær þessum fundi geti lokið þannig að það er óljóst. Um það vill forseti tilkynna núna.

Hv. 4. þm. Austurl. heldur áfram ræðu sinni.

[15:45]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér í tilefni af þessum orðum aðeins að nefna það að mér finnst að sú fyrirspurn sem kemur frá forseta um þetta efni vera nokkuð sérstök vegna þess að við erum að hefja 2. umr. um umdeilt þingmál sem er frv. til laga um náttúruvernd og mér vitanlega hefur ekki verið neitt samkomulag uppi um afgreiðslu þessa máls milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég hef ekki heyrt um neitt samkomulag og af þeim sökum finnst mér mjög einkennilegt að spyrja menn að því hversu langan tíma umfjöllun þessa máls muni taka í þinginu. Ef það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að ljúka því máli sem er til umræðu hlýtur hún að ætla að taka þann tíma sem þarf til þess og það er með öllu ósæmilegt að mínu mati að ætla að setja einstaka þingmenn í sambandi við þetta mál frammi fyrir því að þeir eigi að segja til um hvenær geti komið til þingfrestunar.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill árétta að það fundarhlé sem gert var var í ljósi tímaramma þingsins en fjallaði ekki um efni þess máls sem er á dagskrá.)

Virðulegur forseti. Ég er einfaldlega að bregðast við því sem kom fram af hálfu forseta. Ég ræð ekki hver situr í forsetastóli hverju sinni. Ég vil andmæla því að það sé verið að setja á yfirheyrslur af þessu tagi og túlka mál með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Síðan, herra forseti, held ég áfram ræðu minni.

Ég var þar kominn máli mínu að vekja athygli á því að Framsfl. hefur ekki sett fram neina sjálfstæða stefnu í umhverfismálum og það getur orðið nokkuð djúpt á því að slík stefna komi fram ef marka má þá yfirlýsingu sem kom í vikunni um það að ekki væri að vænta neinnar verkefnaskrár af hálfu ríkisstjórnarinnar eins og gert hafði verið ráð fyrir í stjórnarsamningi. Þetta finnst mér skipta máli þegar við ræðum þetta efni og erum að meta stöðu Framsfl. sem fer með þennan málaflokk, að það skuli ekki vera haft fyrir því að leggja skilmerkilega fram stefnu sem Framsfl. hyggst fylgja eða hvort við eigum að ganga út frá því sem ætla má af því sem hefur komið fram, m.a. í frumvörpum frá hæstv. umhvrh., að það eigi að byggja á stefnu fyrrv. ríkisstjórnar. Fyrrv. ríkisstjórn hafði þó fyrir því að setja fram skoðun sína í umhverfismálum undir heitinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar" sem gefin var út af fyrrv. hæstv. umhvrh. í marsmánuði 1993. Sú stefna var reidd fram sem stefna þeirrar ríkisstjórnar og þó að mjög mikið vanti á að henni hafi verið fylgt af þáv. hæstv. ríkisstjórn var það þó viðleitni sem þar var á ferðinni til þess að varða leiðina og margt í sambandi við þá útgáfu sem þar kom fram var jákvætt og út af fyrir sig væri hægt að vitna til sem jákvæðs þáttar í sambandi við þessi mál og hefði verið óskandi að núv. hæstv. umhvrh. hefði komið sinni stefnu til skila á svipaðan hátt þannig að menn vissu svona á hverju mætti eiga von í sambandi við málafylgju um umhverfismálin.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að rifja upp hvað snertir afrekaskrá eða skort á framkvæmdum af hálfu fyrrv. ríkisstjórn um þá stefnu sem hún hafði markað. Það væri að æra óstöðugan að ætla að fara ofan í saumana á því og tengist ekki beint því máli sem hér er um að ræða. Hið almenna samhengi er þó alveg ljóst að hæstv. umhvrh. hefur ekki sett fram af sinni hálfu neina skýra stefnumótun. Því er erfitt að spá um það hverjar áherslur verði uppi, t.d. að því er varðar skipulags- og byggingarlögin, sem birtust okkur snemma á þessu þingi, en hafa ekki verið unnin, virðulegi forseti, að neinu leyti af hálfu umhvn. vegna þess að áherslur voru settar á annað, þar á meðal á það frv. sem hér er til umræðu.

Ég tel að einn stærsti agnúinn á því máli sem við ræðum sé skorturinn á því að málið sé skoðað heildstætt, að ekki skuli vera um að ræða heildarendurskoðun á löggjöf, heldur gripið niður eins og hér er gert með þessu frv. að breyta aðeins einstökum afmörkuðum þáttum. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til þess sem segir í nefndaráliti okkar hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um þetta efni þar sem einnig koma fram tilvitnanir í umsagnir sem snerta þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frv. sem nú liggur fyrir er sama annmarka háð og tvær fyrri atrennur að breytingum á lögunum. Aðeins er tekið á takmörkuðum þáttum en aðrir látnir óhreyfðir, þar á meðal þeir sem mest eru úr takt við tímann og áður er getið. Í stað þess að flytja frv. sem breytingartillögur við gildandi lög er flutt frv. til nýrra laga og mætti af því draga þá ályktun að um heildarendurskoðun væri að ræða. Þótt breytingar samkvæmt frv. varði stjórnunarþátt náttúruverndar eru þær engan veginn takmarkaðar við hann en kylfa virðist ráða kasti um það hvar gripið er niður. Þetta er ekki aðeins órökrænt heldur býður upp á handahóf og ósamræmi sem gætir víða um málsmeðferð."

Í umsögn sinni um frv. segir stjórn Ferðafélags Íslands m.a.:

„Telja verður að réttara hefði verið að semja nýtt og heildstætt frv. til náttúruverndarlaga þar sem tekið væri skipulega á öllum þeim þáttum sem endurskoðunar þarfnast heldur en breyta einungis vissum atriðum, einkum varðandi stjórnunarþáttinn svo sem lagt er til í frv. því sem hér er til umræðu. Verður ekki betur séð en þetta hefði hæglega mátt gera nú og varði þá litlu þótt frumvarpsgerðin hefði af þeim sökum tafist um nokkra mánuði."

Virðulegur forseti. Enn vantar í þingsal formann umhvn., frsm. meiri hlutans, og ég bið hæstv. forseta um að athuga hvort ekki er hægt að fá hv. þm. til að vera viðstaddan framhald umræðu um málið.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti mun bæta úr því.)

Landvarðafélag Íslands segir m.a. í skriflegri umsögn til nefndarinnar:

„Í þriðja skipti á jafnmörgum árum liggur fyrir Alþingi frv. til breytinga á náttúruverndarlögum. Þótt frv. það sem hér er fjallað um sé í ýmsum atriðum frábrugðið fyrri breytingartillögum er miður að sjá að það hefur erft marga galla þeirra. Landvarðafélagið hefur áður bent á að óskynsamlegt sé að taka stjórnunarþáttinn einan fyrir eins og hér er gert. Meginmarkmið náttúruverndarlaga hlýtur að vera náttúruvernd, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1971, og samkvæmt því ætti

stjórnunarþátturinn að fela í sér aðferðir til að ná fram þeim markmiðum. Það verður æ ljósara eftir því sem frv. verða fleiri að náttúruverndarlögum verður ekki breytt með viðunandi hætti fyrr en lögin eru tekin til heildarendurskoðunar. Tilgangur laganna er ekki að fjalla um stofnanir og skipan þeirra, heldur kveða á um vernd íslenskrar náttúru til handa núlifandi og komandi kynslóðum og aðeins í þeim tilgangi verður tilvist stofnananna réttlætt.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að hv. formaður umhvn. er væntanlegur í sal.)

Umhvrh. hefur fullyrt, eins og frv. gerir reyndar að skyldu, að náttúruverndarlög verði endurskoðuð í heild sinni innan tveggja ára frá næstu áramótum. Ekki verður séð að breyting á stjórnunarþættinum sé í neinu svo brýn að hún geti ekki beðið þangað til að þeirri heildarúttekt er lokið. Er með því tryggt að ekki verði þrengt að þeim möguleikum sem opnir eru til breytinga eins og hætt er við ef búið er að skipta verkefnum milli aðila og festa stjórnunarþætti í lögum. Hagræði af því að breytingar þessar séu samstiga má telja augljóst.

Það er því í ljósi þess sem að framan er sagt, tillaga okkar að breyting á náttúruverndarlögum bíði þess að heildarendurskoðun laganna sé lokið. Sú vinna hefst á allra næstu dögum eins og fram kom í ræðu umhvrh. við flutning frv. Má nota þetta tækifæri til að koma því á framfæri að Landvarðafélag Íslands er boðið og búið að aðstoða við þá endurskoðun með hverjum þeim hætti sem æskt gæti verið."

Undir þessi sjónarmið stjórnar Ferðafélagsins og Landvarðafélagsins tekur minni hlutinn heils hugar. Í umsögn frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga koma fram margar efnislegar athugasemdir við frv. og er niðurstaða stjórnarinnar sú: „Eindregið er lagst gegn samþykkt frv." Mælist stjórn sambandsins til að við frekari umfjöllun málsins verði tekið tillit til sjónarmiða sem hún setur fram um einstök atriði.

Þess ber að geta að við samningu frv. var í engu haft samráð eða leitað eftir sjónarmiðum þingflokka í stjórnarandstöðu heldur einvörðungu kvaddir til stjórnarþingmenn að undirbúa tillögur að endurskoðun laganna. Síðan hefur verið látið að því liggja af hálfu umhvrh. að við frekari endurskoðun laganna vilji hann hafa annan hátt á. Það viðhorf hefði betur fram komið fyrr því að við undirbúning mála sem þessara er eðlilegt að laða fram sjónarmið sem flestra og leita síðan viðunandi niðurstöðu.

Þetta var viðhorf eins og það kemur fram á nefndaráliti okkar hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur til spurningarinnar um heildarendurskoðun laganna í stað þeirra inngripa sem hér eru í reynd gerð þó að umbúnaðurinn vísi til annars.

Ég nefndi það, virðulegur forseti, að frv. kom til umhvn. 11. mars sl. Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans átti umhvn. viðtöl við nokkra tilkvadda aðila. Hins vegar vantaði mjög mikið á að eðlilegt andrúmsloft skapaðist í nefndinni ...

(**Forseti** (GÁS): Hefur hv. þm. lokið máli sínu?)

... eðlilegt andrúmsloft skapaðist í nefndinni — ég var að vita hvort formaður umhvn. ætlaði að vera viðstaddur eins og óskað hafði verið eftir, mér sýndist fararsnið á hv. þm. — og ekki var farið yfir málið nema af mjög takmörkuðu leyti eins og raunar kemur fram í því og er undirstrikað í þeirri staðreynd að hér kemur á elleftu stundu yfirklór af hálfu formanns nefndarinnar með flutningi á sérstakri brtt. sem að sjálfsögðu hefði ekki þurft að koma til ef eðlilega hefði verið unnið að málinu á vettvangi nefndarinnar.

Þrátt fyrir óskir okkar í minni hluta um það að farið yrði yfir frv. vandlega áður en það yrði afgreitt út úr nefnd, ákvað meiri hlutinn þann 7. maí að svipta málinu út úr nefndinni án þess að umsagnir hefðu verið athugaðar nema að mjög óverulegu leyti og án þess að búið væri að fara yfir heilu kaflana í frv. sem ekki höfðu verið til meðferðar af hálfu nefndarinnar. Þetta eru að sjálfsögðu vinnubrögð, virðulegur forseti, sem ekki eru farsæl í svo viðamiklu máli og þýðingarmiklu og hér um ræðir og eiga raunar hvergi við í sambandi við þingstörf. Það þarf ekki að eyða orðum að því að betur hefði verið öðruvísi að þessu staðið því að síðan málið var tekið út úr þingnefnd er liðinn nær mánuður og umhvn. hefur ekki verið sérstaklega þjökuð af fundum á þeim tíma sem liðinn er síðan. Fundir hafa m.a. verið felldir niður á reglubundnum tíma nefndarinnar þannig að miðað við það hvernig framhald málsins hefur verið innan þingsins, þá er augljóst að eðlilegt hefði verið að halda öðruvísi á málinu af hálfu þeirra sem forustu hafa í nefndinni. Ég tek það fram að þegar ég tala um forustu í nefndinni, þá er ég ekki að skírskota til varaformanns nefndarinnar, hv. þm. Gísla Einarssonar, sem hvatti til þess að farið væri vel yfir málið. Þó að hann sé aðili að nefndaráliti með fyrirvara með meiri hluta nefndarinnar, þá vil ég á engan hátt tengja hann við þau vinnubrögð sem þarna voru viðhöfð illu heilli í sambandi við það að hætta vinnu að málinu og taka það út úr nefnd.

Við fulltrúar sem skipum minni hluta nefndarinnar vorum í hópi þeirra sem á sínum tíma hvöttu eindregið til stofnunar umhvrn. Það liðu alls 18 ár frá því að fyrst komu fram tillögur um stofnun þess ráðuneytis þar til ráðuneytið varð til. Ástæða þessa var römm andstaða af hálfu Sjálfstfl. eins og ég hef nefnt sem og innan ýmissa stofnana, ráðuneyta, sem fóru með mál og málaflokka sem hugmyndir voru um að leggja til umhvrn. Við stofnun ráðuneytisins var til bráðabirgða árið 1990 kveðið á um samstarf umhvrn. og landbrn. að gróðurvernd, skógvernd og uppgræðslu. Það var tilskilið á þeim tíma að umhvrh. skyldi í samráði við landbrn. beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Þessi endurskoðun á þessum málaflokkum hefur ekki farið fram enn í dag og lítið verið látið reyna á ákvæði náttúruverndarlaga sem tekin voru inn 1990 við stofnun ráðuneytisins um samstarf þessara ráðuneyta. Í stað þess að reynt sé að greiða úr flækjunni sem varðar meðferð þessara þýðingarmiklu mála, þá endurspeglar 18. gr. frv. sem við ræðum hér, óbreytta stöðu þessara mála. Það er sannarlega, virðulegur forseti, mikið áhyggjuefni, hvernig fyrir er komið í stjórnkerfinu þeim málaflokkum sem eru með þeim þýðingarmestu og jafnframt viðkvæmustu á sviði umhverfismála og lúta að verndun gróðurríkis landsins, jarðvegsvernd í landinu og verndun á tegundum sem við þurfum að hlúa að, þar á meðal fágætum tegundum. Yfirleitt má segja að gróðurverndarþátturinn sé í hinum mesta ólestri eins og um hnútana er búið í íslensku stjórnkerfi og það er leitt til þess að vita að nú þegar sami aðili situr í sæti umhvrh. og landbrh. með þeim ágöllum sem ég hef farið yfir og því tengjast, að þá skuli tækifærið a.m.k. ekki vera notað til þess að fara yfir þessa málaflokka sem liggja að verulegu leyti undir landbrn. *nú en ættu að hluta til, til viðbótar við það sem á er kveðið í* gildandi lögum um náttúruvernd, tvímælalaust heima undir umhvrn.

Við búum líka, virðulegi forseti, og það bætir ekki úr skák í þessum málaflokki, við algerlega úrelta löggjöf á sviði gróðurverndarmála. Lögin um gróðurvernd og land-

græðslu eru frá árinu 1965 og þau bera þess eðlilega merki að vera gömul og hafa ekki verið aðlöguð að breyttum viðhorfum og endurspegla alls ekki það samstarf sem þó er kveðið á um með veikum hætti í löggjöf um náttúruvernd frá 1990 um samstarf þessara aðila. Ég tel, virðulegur forseti, að það hefði verið kjörið við endurskoðun löggjafar um náttúruvernd að taka á þessum málaflokkum, leitast við að innleiða eðlilega verkaskiptingu í Stjórnarráðinu og koma upp vinnubrögðum sem nauðsynleg eru til þess að glíma við þann mikla vanda sem er eitt af hinum stærri vandamálum sem tengjast umhverfisvernd, þ.e. reyna að koma við betri stjórnunartökum þeirra mála en boðið er upp á með núverandi skipan. Það er af öllum viðurkennt að uppblástur og landeyðing er meðal viðkvæmari þátta í okkar umhverfi og þeirra þátta þar sem þörf væri á róttækum aðgerðum til að sporna við en það verður tæpast nema það verði um að ræða ný tök í stjórnsýslu málaflokksins.

Ég sat fyrir fáum vikum síðan ráðstefnu sem efnt var til af Landgræðslu ríkisins og landbrn. um þessi efni, fundi þar sem kvaddir voru til ýmsir aðilar. Þar á meðal var þingflokkum boðið að koma að máli. Á þessa ráðstefnu mætti, og var kannski eitt aðaltilefni þess að til hennar var boðað, fulltrúa ástralskra stjórnvalda sem flutti þar erindi um endurskoðun löggjafar á þessu sviði og lagði inn sín sjónarmið og reynslu frá Ástralíu í sambandi við meðferð þessa málaflokks. Ég tel að þar hafi margt athyglisvert komið fram hjá honum. Efnislega var það á þá leið, virðulegur forseti, að gera ráð fyrir því að það yrði leitað víða fanga og gróðurverndarmálin og allt sem að lyti að endurskoðun löggjafar að því leyti yrði skoðað í mikilli breidd í tengslum við skipulagslöggjöf m.a. og í tengslum við öll þau nútímaviðhorf sem hafa komið inn í náttúruverndarumræðuna á seinni árum, þar á meðal varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni svo að dæmi sé tekið, til þess að gæta þess að að öllum slíkum sjónarmiðum sé hugað. Þetta er því miður ekki komið af stað. Hins vegar er boðað að það verði lagt í endurskoðun á löggjöf um landgræðslu og gróðurvernd. En það eitt er ekki nóg því að jafnhliða og raunar áður en að því kæmi væri að mínu mati eðlilegt að breyta stjórnsýslu þessa innan málaflokksins. Ég er ekki að tala um það að landbrn. eigi ekki á einhvern hátt að koma að meðferð mála að því er varðar ráðstöfun lands og verndun. Það er langt frá því. Auðvitað á landbrh. og önnur atvinnumálaráðuneyti að koma þar við sögu. En hitt er jafnnauðsynlegt að verndun auðlindarinnar, gróðurverndin sem slík, sé undir öruggri vörslu og forræði umhvrn. sem á eðli máls samkvæmt að leiða vinnu og tryggja vernd þessa þýðingarmikla þáttar í íslensku lífríki. Það er þannig sem ég hefði viljað sjá staðið að endurskoðun löggjafar að þessu leyti, þar á meðal einnig löggjafar um skógvernd og skógrækt sem eðlilegt er að litið sé til jafnhliða og sem ástæða er til fyrir löngu að endurskoða.

Það er þörf á því, virðulegur forseti, og væri full ástæða til þess að sameina í einni stofnun þá þætti sem varða gróðurverndina. Ég held að það væri farsælt að hugsa sér að undir umhvrn. yxi upp sérstök gróðurverndarstofnun sem einnig hefði með rannsóknir að því er varðar auðlindina að gera, mat á auðlindinni, ákvarðanir um verndunaraðgerðir og tæki inn að nokkru leyti þætti sem nú falla undir Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og að afskipti landbrn. varði fyrst og fremst stjórnun mála sem snúa að landbúnaðarnotum varðandi gróðurríkið, þ.e. því sem eðlilegt er að flokka undir landbúnað, þar á meðal skógræktaráætlanir, virkar áætlanir sem lið í búsetu bænda samkvæmt nánari ákvörðunum sem felldar yrðu að skipulagi. Þetta er mikilsvert atriði sem ég tel að þurfi að taka á í sambandi við framtíðina í þessum málaflokki og er ástæða einmitt til að huga að þegar rætt er um stjórnunarþátt náttúruverndar sérstaklega.

Það kemur vissulega til greina að mínu mati að færa fleiri þætti sem snerta landið undir umhvrn. og það hefur raunar verið gert í nágrannalöndum okkar. Þar nefni ég m.a. til þjóðminjavörsluna, alveg sérstaklega fornminjavörsluna sem tengist landinu náið og ekki væri óeðlilegt að tengja stjórnunarlega við ráðuneyti skipulagsmála og ráðuneyti umhverfismála þar með, eins og m.a. er gert í Noregi að ég best veit með góðum árangri þar sem ákvæði um menningarvernd, menningarminjar, er sett undir umhvrn.

Það vantar þannig, virðulegur forseti, afar mikið á að þær tillögur sem í frv. felast um svonefndan stjórnunarþátt náttúruverndar séu heildstæðar eða í rökrænu samhengi. Þannig eru tengsl og verkaskipting milli Náttúruverndar ríkisins, náttúruverndarnefnda og stofnana í kjördæmum, svo og Náttúruverndarráðs, afar grautarleg og illa skilgreind. Tengslin við samtök áhugamanna um náttúruvernd eru veikt til muna frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum. Það ber alveg sérstaklega að harma að þannig er staðið að máli að áhugaaðilum um náttúruvernd er ekki tryggður aðgangur að þessum málaflokki eins og ástæða væri til og eins og stefnt var að með löggjöfinni frá 1971. Ég fullyrði það, virðulegur forseti, líka að á fyrstu árum sem starfað var eftir lögunum frá 1971 var á því ríkur skilningur, ríkur vilji að tengja áhugahreyfinguna um náttúruvernd náið inn í störf að málaflokknum. Ég hef áður nefnt Eystein Jónsson í tengslum við umræðu um þetta mál og reyndar oft áður af því að með honum starfaði ég í Náttúruverndarráði um sex ára skeið á mjög minnisverðum tíma, á tíma þegar að mikill árangur náðist á mörgum sviðum á grundvelli þá nýrrar löggjafar sem innleiddi mörg þörf nýmæli þó að hún þurfi endurskoðunar við, þó að fyrr hefði verið. Þar var sérstaklega hugað að því að tengja áhugasamtök í náttúruvernd inn í störfin. Hér er því miður ekki horft til réttrar áttar að þessu leyti, heldur miklu frekar verið að veikja aðgang áhugahreyfingarinnar og áhuga manna á meðferð málaflokksins og það er í raun þveröfugt við það sem gerist á alþjóðamælikvarða og sem lagt er til mjög eindregið í stefnumótuninni, m.a. stefnumótuninni frá Ríó í dagskrá 21 sem kennd er við Ríó-ferlið þar sem afar rík áhersla er lögð á að virkja áhugamenn á þessu sviði, hlusta á rödd þeirra og fá þá til virkrar þátttöku.

Það er heldur ekki í frv. fjallað um rannsóknir í þágu náttúruverndar og æskileg tengsl milli Náttúruverndar ríkisins sem væntanlegrar ríkisstofnunar og náttúruverndarnefnda við rannsóknastofnanir. Slíkt ætti að vera sjálfsagt mál og mikil nauðsyn er á einmitt að efla rannsóknir á þessu sviði og tryggja að þær haldist í hendur við framkvæmdir. Á þessu er ekki ráðin bót og sama gildir raunar um ákvæði um fræðslu um náttúruvernd og um eftirlit með aðgerðum og með landi. Þau ákvæði eru um margt óljós og sundurlaus.

Í umsögn fjmrn. um frv. kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Í ljósi stefnu umhvrn. að heildarkostnaður við Náttúruvernd ríkisins eigi að rúmast innan fjárhagsramma Náttúruverndarráðs, sbr. umfjöllun í 1. og 2. lið umsagnarinnar, er það mat fjmrn. að frv. þetta þurfi ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum."

Samkvæmt þessu felst ekki í frv. neitt fyrirheit um það

að bæta fjárhagsstöðu fyrir þetta málasvið sem væntanleg löggjöf tekur til. Það er auðvitað afskaplega afdrifaríkt þegar þannig er haldið á málum og veldur því að yfir vötnunum, þegar litið er til þessa máls, svífur ekki sá andi sem þyrfti að vera, framsækinn andi og fyrirheit um það svo sem nauðsynlegt er að bæta aðstöðu allra þeirra sem vinna að málaflokknum. Þar vantar sannarlega mikið á, virðulegur forseti, að við höfum náð nokkru sem nálgast viðunandi stöðu. Á það vantar mjög mikið.

Af hálfu okkar í minni hluta nefndarinnar sem skilum sérstöku áliti er ekki ágreiningur um það að skynsamlegt sé að setja á fót sérstaka stofnun sem sinni þessum málum. Hún má þess vegna heita Náttúruvernd ríkisins. Það heiti er ekkert illa til fundið með hliðsjón af t.d. öðrum stofnunum sem undir umhvrn. heyra eins og Hollustuvernd ríkisins. Það er á engan hátt óeðlilegt að það verði hlúð að málaflokknum með því að setja í kringum hann sérstaka framkvæmdastofnun eins og Náttúruvernd ríkisins er samkvæmt frv. ætlað að vera til þess að vinna að náttúruverndar- og útivistarmálum í samvinnu við aðra aðila. Það er hliðstætt því sem gert hefur verið og ég hef nefnt varðandi Hollustuvernd ríkisins á sviði mengunarmála og varðandi margháttað eftirlit sem þeirri stofnun er ætlað að sinna. Hitt er svo annar kapítuli sem kannski undirstrikar réttmæti þess að við höfum áhyggjur af fjárhagsstöðu þessa máls, bæði varðandi Náttúruvernd ríkisins og Náttúruverndarráð, en það er sú staða sem uppi er varðandi Hollustuvernd ríkisins. Staða þeirrar ríkisstofnunar undir umhvrn. er stórfellt áhyggjuefni og það er kannski óvíða í ríkiskerfinu þar sem jafnmikið ósamræmi ríkir á milli möguleika til að sinna lögboðnum nauðsynlegum verkum eins og gildir á mengunarsviðinu og á verkefnasviði Hollustuverndar ríkisins þar sem samkvæmt lágmarksáætlunum er talin þörf á að bæta við tugum stöðugilda til þess að ná utan um lögboðin verkefni. Ég ætla ekki að ræða það mál sérstaklega, virðulegur forseti, þótt ástæða væri til þess að minna á það enn og aftur. Ég hef gert það oft á þessu þingi að draga það fram hvernig staða Hollustuverndar ríkisins er, hversu hraklega er að þeirri stofnun búið og í hvað það er að leiða okkur í sambandi við skuldbindingar gagnvart alþjóðasamningum. En það er óvíða sem það reynir jafnmikið á t.d. varðandi ákvæði samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði eins og að því er varðar verkefni Hollustuverndar. Það má segja að svipmótið yfir þessari lagasetningu að því er varðar Náttúruvernd ríkisins bendi fyrst og fremst til þess að það sé hugsað til formbreytingar og að hin nýja stofnun yfirtaki skrifstofu Náttúruverndarráðs, ekki að þar sé um að ræða tryggingu fyrir eldri starfsemi, því miður. Reyndar síður en svo þegar litið er til þeirra umsagna sem varða fjármálaþátt málsins.

Þrátt fyrir upptalningu í mörgum liðum á hlutverki stofnunarinnar, t.d. samkvæmt 5. gr. skortir mikið á að ljóst sé hvernig ráðgert sé að haga starfsemi hennar. Það liggja engin drög fyrir að reglugerðum samkvæmt þessu frv., t.d. að því er varðar eftirlitshlutverk Náttúruverndar ríkisins. Því verkefni er vísað til væntanlegrar stjórnar sem er ætlað að semja drög að slíkri reglugerð sem ber að gefa út fyrir árslok 1996, verði frv. að lögum. Minni hlutinn tekur eindregið undir gagnrýni um frv. í umsögn fjmrn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ekki liggur fyrir starfs- og rekstraráætlun fyrir hina nýju stofnun þar sem fjallað er um deildarskipulag, fjölda starfsmanna o.s.frv., en að mati fjmrn. hefði gerð slíkrar áætlunar verið nauðsynlegur þáttur í undirbúningi lagasetningarinnar."

Eðlilegt hefði verið að úr þessu væri bætt af hálfu ráðuneytis gagnvart þingnefndinni en það var því miður ekki gert. Hér er um að ræða það sem við reynum reyndar á mörgum fleiri sviðum við lagasetningar. Það er gert ráð fyrir reglugerðum um hin þýðingarmestu efni en það skortir að fram séu lögð þó að ekki séu nema drög að slíkum reglugerðum í þingnefndum sem ætlað er að leggja til slíkar reglugerðir. Þetta er einn af ósiðunum sem viðgengst í allt of ríkum mæli í löggjöf hér á landi og ekki sér fyrir endann á.

Það er líka rétt að minna á það í sambandi við verkefni og hlutverk Náttúruverndar ríkisins það sem segir í umsögn Landverndar um þetta efni. Landvernd bendir á að þáttur útivistar í upptalningu á hlutverki Náttúruverndar ríkisins virðist alveg fyrir borð borinn. Það er, virðulegur forseti, leitt til þess að vita að ekki skuli tekið á þeim þætti í sambandi við þetta mál. Hér er þvert á móti algerlega hlaupið yfir að endurskoða almannaréttinn og það sem tengist útivist í þessu frv. Þar er verið að leggja til endurstaðfestingu á ákvæðum sem voru í raun allt of þröng þegar lögin voru sett 1971 og ganga nú aftur í 14. gr. þessa frv.

Ég kem þá, virðulegur forseti, að þeim þætti sem snýr að stjórnun þessa málaflokks, þ.e. undir yfirstjórn umhvrn. þar sem varðar stjórn Náttúruverndar ríkisins, en þau mál eru sannarlega með miklum fádæmum eins og á er kveðið í 4. gr. frv. Samkvæmt því og breytingartillögum meiri hlutans á fimm manna stjórn skipuð af umhvrh. að hafa, eins og þar segir, undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum Náttúruverndar ríkisins. Umhvrh. skipar þrjá stjórnarmenn án tilnefningar og í reynd einnig þann fjórða þótt sá eigi að formi til að tilefnast af Náttúruverndarráði. Samkvæmt 11. gr. tilnefnir umhvrh. formann Náttúruverndarráðs sem líklegt er að taki sæti í stjórn stofnunarinnar fyrir hönd ráðsins. Fimmti stjórnarmaðurinn er síðan tilnefndur af samgrh. og um það segir í athugasemdum með frv. réttilega: „En undir hann [þ.e. samgrh.] heyra öll samgöngumál, m.a. öll vegagerð auk ferðamála. Er því eðlilegt að hann tilnefni einn stjórnarmann stofnunarinnar." Þetta er röksemdafærslan í greinargerð með því ákvæði að samgrh., ráðherra annars málaflokks, sé ætlað að tilnefna einn af fimm stjórnarmönnum Náttúruverndar ríkisins.

Samkvæmt þessu fær samgrh. einn fagráðherra sérstakan íhlutunarrétt um náttúruvernd með því að tilnefna fulltrúa sinn í stjórn þessarar ríkisstofnunar. Við erum ekki ein um það sem stöndum að þessu nefndaráliti að gagnrýna þessa tillögu. Um þetta segir m.a. í umsögn Landverndar, með leyfi forseta:

„Ekki verður séð að meiri ástæða sé til að samgrh. skipi mann í stjórn Náttúruverndar ríkisins en t.d. landbrh. (landgræðsla og skógrækt og verndun slíkra svæða), menntmrh. (verndun menningarminja) eða heilbrrh. (útivist, heilbrigði, forvarnir)."

Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og telur með öllu óeðlilegt að önnur ráðuneyti fái sérstaka aðstöðu öðrum fremur til íhlutunar um málefni ríkisstofnunar sem heyrir undir umhvrn. Tengsl sem vera þurfi innan Stjórnarráðsins á sviði umhverfismála á að tryggja með öðrum hætti, þ.e. með sérstakri samstarfsnefnd ráðuneyta ef þurfa þykir. Það er háttur sem gripið hefur verið til og er tíðkaður víða í löndum að tengja vinnu að ákveðnum málaflokkum saman milli ráðuneyta með tilteknum samstarfsnefndum ráðuneyta. Það er aðferð sem hefur verið reynt að beita á milli stofnana

að því er varðar gróðurverndarþáttinn og hefur hún verið til bóta. Það er þannig aðferð sem koma mætti upp í tengslum við ferðamálin auk þess sem ferðamálin tengjast inn í þennan málaflokk samkvæmt frv. með öðrum þætti, þ.e. með aðild Ferðamálaráðs að Náttúruverndarráði, og hefðu þau tengsl út af fyrir sig átt að vera fullnægjandi í sambandi við skipan þessara mála.

Þá er rétt að benda á, virðulegi forseti, að skv. 11. gr. frv. er einmitt Ferðamálaráði ætlað að skipa mann í Náttúruverndarráð og trúlega verður það að jafnaði formaður þess ráðs, Ferðamálaráðs, sem samgrh. skipar. Hann skipar formann og varaformann Ferðamálaráðs sem þannig ættu aðgang að Náttúruverndarráði sem er ætlað verulegt hlutverk samkvæmt frv. Það má því segja að eins og um hnútana er búið í frv. þá er ráðherra ferðamála tvívaldaður að því er varðar aðkomu að málinu á vegum umhvrn. og sá ráðherra fer, eins og réttilega er minnt á í greinargerð ekki aðeins með ferðamál, sem hafa auðvitað mikla þýðingu, og þýðing náttúruverndar fyrir ferðamálin og ferðaþjónustuna er viðurkennd nú orðið af öllum sem afar mikil og brýn, þá fer samgrn. jafnframt með stóra framkvæmdaþætti sem eru eðli málsins samkvæmt viðkvæmir í samhengi náttúruverndar, þ.e. vegagerð og hafnargerð, efnistaka sem þessu tengist. Auðvitað er með öllu óeðlilegt að fagráðherra þessara mála og ferðamálanna komi jafnframt að stjórn aðalstofnunar náttúruverndar í landinu undir umhvrn.

Vert er að vekja athygli á því að engar samræmdar reglur eða hefðir gilda um stjórnir stofnana Stjórnarráðsins. Sumar þeirra hafa enga stjórn heldur heyra milliliðalaust undir viðkomandi ráðuneyti. Sá háttur gæti vissulega komið til greina í þessu tilviki, þ.e. að hafa enga stjórn yfir stofnuninni, það kæmi til greina þótt sé auðvitað álitamál, enda þyrfti þá sérstaklega að styrkja umhvrn. að mannafla til að fagleg tengsl þess við Náttúruvernd ríkisins séu farsællega tryggð. Sá háttur væri a.m.k. mun vænlegri en sá bastarður sem hér er lagt upp með samkvæmt tillögum meiri hlutans.

Virðulegur forseti. Ég held að menn þurfi að fara heildstætt og rækilega yfir tengsl ráðuneyta við stofnanir á þeirra vegum í Stjórnarráðinu. Það er viðfangsefni sem hefur verið vanrækt og þarf nauðsynlega að taka á og haga stefnu varðandi uppbyggingu Stjórnarráðsins með tilliti til þess. Ég held að það sé ekkert einhlítt ráð og leysi engan vanda til frambúðar að setja stjórnir yfir ríkisstofnanir þótt þær geti ef vel tekst til um mannval í slíkar stjórnir og þær taka hlutverk sitt alvarlega þá geti þær vissulega leyst ákveðinn vanda og verið til bóta en þær koma inn sem milliliður milli ráðuneytis og viðkomandi stofnunar og geta orðið til trafala ef ekki tekst vel til um samstarf og samræmingu orðið og orðið til þess að viðkomandi ráðuneyti í þröngri merkingu sinnir ekki með beinum hætti þeim málum sem varða viðkomandi stofnun og tengsl við hana.

Í umsögnum til nefndarinnar komu fram ýmis fleiri viðhorf til skipunar stjórnar fyrir Náttúruvernd ríkisins. Náttúruverndarráð gerði að tillögu sinni að ráðherra skipaði eins og þar segir: „Náttúruvernd ríkisins þriggja manna framkvæmdastjórn úr hópi fulltrúa í Náttúruverndarráði." Ferðafélag Íslands tók í sama streng í umsögn um fyrri frv.: „Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggst gegn því að stofnuninni verði komið á fót en verði það gert er óeðlilegt annað en að sveitarfélögin eigi fulltrúa í stjórn hennar."

Landvarðafélag Íslands telur að aðrir stjórnarmenn en formaður skipaður af ráðherra ættu að vera tilnefndir af aðilum sem hafa þekkingu á sviði náttúruverndar og eða á sviði umsjónar og reksturs náttúruverndarsvæða. Ekki verða séð nein haldbær rök fyrir því að samgrh. skipi einn stjórnarmanna Náttúruverndar ríkisins, segir í umsögn Landvarðafélags Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands segir um tilnefningu samgrn., með leyfi forseta: „Ekki verður séð hvers vegna þessum málaflokkum, þ.e. samgöngumál og ferðamál, er gert hærra undir höfði að þessu leyti en t.d. sjútvegs-, iðnaðar-, orku-, eða landbúnaðarmálum sem varða náttúruvernd miklu. Eðlilegra væri að mati stofnunarinnar að tryggja aðild starfsmanna Náttúruverndar ríkisins að stjórninni."

Þá var í nefndinni bent á þann hátt sem hafður er á skipan stjórnar Hollustuverndar ríkisins en í henni eiga m.a. sæti tveir fulltrúar kosnir af Alþingi. Allt eru þetta álitamál, viðurkennum við sem að minnihlutaáliti stöndum, en eftir stendur sú reginskyssa og firra í tillögum meiri hluta nefndarinnar að ætla fagráðherra af öðru málasviði að horfa yfir öxlina á hæstv. umhvrh. dag hvern í sambandi við stjórn aðalstofnunar sem tengist þessum málaflokki á vegum ráðuneytis hans.

Virðulegur forseti. Fjölmargt er óljóst um verksvið stjórnar Náttúruverndar ríkisins, ekki síst það er snertir hin faglegu náttúruverndarmál. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar skal stjórnin hafa eins og þar segir: „undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum Náttúruverndar ríkisins." Jafnframt er kveðið á um að eins og þar segir: „Náttúruverndarráð veitir Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf."

Ráðherra á að setja samkvæmt frv. í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra og stjórnar svo og um innra skipulag stofnunarinnar.

Stjórnin á samkvæmt ákvæði til bráðabirgða að taka þegar í stað til starfa og eins og þar segir: „skal hún undirbúa starfsemi stofnunarinnar."

Allt ber hér að sama brunni, virðulegur forseti. Yfirstjórn stofnunarinnar er illa fyrir komið samkvæmt tillögum meiri hlutans, verkaskipting er óljós og til að kóróna vitleysuna er samgrh. ætlað að verða hluti af því sem heitir samkvæmt frv. „æðsta vald í málefnum Náttúruverndar ríkisins."

Ákvæði 4. gr. um hæfniskröfur til forstjóra Náttúruverndar ríkisins segja lítið. „Hann skal hafa sérþekkingu sem nýtist honum í starfi", stendur þar. Þetta má augljóslega túlka á alla vegu eins og dregið er fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Um það segir að forstjóri „þyrfti að hafa reynslu af stjórnunarstörfum og þekkingu á sviði náttúruverndarmála og náttúrufræða". Undir það sjónarmið tekur minni hluti nefndarinnar. Sama máli gegnir um breytingartillögu meiri hlutans um hæfniskröfur til þjóðgarðsvarða skv. 7. gr. Eðlilegt hefði verið að gera kröfu um að þjóðgarðsvörður hafi þekkingu á náttúruvernd og reynslu af rekstri náttúruverndarsvæða, eins og bent er á m.a. í umsögn frá Landvarðafélagi Íslands. Með öllu er óljóst hvað felst í orðinu „sérþekking" sem ásamt reynslu er sá mælikvarði sem samkvæmt tillögum meiri hlutans skal leggja á umsækjendur um starf þjóðgarðsvarðar.

Það er í rauninni mjög sérkennilegt að menn skuli yfirleitt nefna það í þessu sambandi að krafist skuli sérþekkingar þegar ekki er um neina nánari skilgreiningu að ræða hvað í þessu skuli felast. Við höfum, virðulegur forseti, af hálfu minni hluta nefndarinnar ekki verið að tengja þær tillögur sem liggja fyrir við þá ráðherra sem gegna nú störfum í ríkisstjórn Íslands. Það er kapítuli út af fyrir sig. Hér eru menn

að leggja til breytingu sem er væntanlega ætlað að standa til lengri tíma en auðvitað verður það viðkomandi núv. hæstv. samgrh. sem kemur til með að fá þá aðstöðu að líta yfir öxlina á hæstv. umhvrh. í stjórn Náttúruverndar ríkisins í gegnum þann fulltrúa sem honum er ætlað að tilnefna. Ég kemst ekki hjá því að hugsa til þess hvaða viðhorf hafa komið fram hjá hæstv. núv. samgrh. til þessara mála. Ég öfunda ekki hæstv. umhvrh. að þurfa að búa við það stundinni lengur að hafa í stjórn þessarar þýðingarmestu stofnunar á sviði náttúruverndar í landinu fulltrúa sem á sitt undir núv. hæstv. samgrh. Ég er ekki að gera hæstv. samgrh. held ég upp neinar skoðanir í þeim efnum. Hæstv. ráðherra hefur iðulega talað fyrir sig um þessi efni og það með allt öðrum hætti en á við um flesta þá sem eitthvað hafa komið nálægt náttúruverndarstarfi í landinu í reynd. Ef einfalda mætti málið liggur mitt mat þannig að hæstv. samgrh. hafi helst áhuga á því að leggja niður sem mest samræmdar aðgerðir og stjórnun í þessum málaflokki. Ég hef hér eitt dæmi frá því 8. nóv. 1994 þegar hæstv. ráðherra átti viðtal við sjónvarpið og tilefnið var raunar að Seltjarnarneshreppur hafði tekið við náttúruvætti í Gróttu. Það var tilefni viðtalsins. En þá tjáir hæstv. samgrh. sig svo, með leyfi forseta: „Það er þannig til komið að Sigurgeir Sigurðsson og bæjarstjórnin hér hafði mikinn áhuga á því að ná þessum gimstein hér, þessari perlu, og ég hafði að sjálfsögðu mikinn áhuga á því líka að Seltirningar fengju Gróttu í sínar hendur og bæru ábyrgð á henni. Ég er þeirrar skoðunar að sveitarfélögunum sé betur treystandi en ríkinu fyrir náttúruperlum í héruðunum og ég tala nú ekki um innan bæjarmarkanna."

Fréttamaður: „Halldór segir að eflaust mætti haga þessu svona víðar."

Tilvitnun í ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég vildi nú mega trúa því að þjóðgarðarnir færu í hendur byggðarlaganna. Héraðsnefndirnar tækju yfir það hlutverk sem ríkið hefur nú. Ég get tekið t.d. Mývatnssveit og Jökulsárgljúfur sem dæmi."

Þetta eru alveg skýr og ótvíræð viðhorf sem koma fram hjá núv. hæstv. samgrh. í kjarnamáli að því er varðar spurninguna um það hvort það eigi að vera almannavaldið í landinu, þjóðin, sem reyni að tryggja að gætt sé þeirra sjónarmiða, þeirra reglna, sem settar eru varðandi meðferð á okkar helstu náttúrperlum í landinu. Það á bara að brjóta það niður og afhenda hverjum heima fyrir umsýslu þess arna og ekki bara umsýslu heldur að taka stjórnunina undan ríkinu eins og hér kemur fram, jafnvel á sjálfum þjóðgörðum landsins. Ég hef áhyggjur af því að slík viðhorf fái íhlutunarrétt og rödd í stjórn stofnunar eins og Náttúruverndar ríkisins og leyfi mér því að tilfæra hér ákveðin dæmi frá núv. hæstv. samgrh., en ljóst er að hér er verið um að ræða almenna lagasetningu sem snertir ekki þennan ráðherra sérstaklega og ég tek það skýrt fram, að athugasemdir okkar í minni hlutanum varða á enga lund skipan manna í Stjórnarráðinu að þessu leyti. Það eru almenn viðhorf sem við mælum þar fyrir og eru ekki vegna tortryggni eða gagnrýni á einhvern einn tiltekinn ráðherra þó svo vilji til að það sé af nógu að taka ef farið er að líta í orðasafn núv. hæstv. ráðherra samgöngumála.

Ég læt þetta, virðulegur forseti, nægja að því er snertir Náttúruvernd ríkisins og stjórnarfyrirkomulag þar sem við höfum gagnrýnt mjög ákveðið og eindregið í minni hlutanum. Ég kem þá að því sem kveðið er á um í 10. gr. frv., þ.e. ákvæðinu um náttúruverndarnefndir. Það er hluti af stjórnkerfi náttúruverndarmála og ætti að vera gildur hluti af stjórnkerfinu, þ.e. íhlutunarmöguleikar heimaaðila í sambandi við stjórnun á þessum málaflokki. Náttúruverndarnefndirnar hafa verið til síðan 1956 að fyrst voru sett lög um náttúruvernd að því ég best veit. Fyrir þeim er gert ráð í gildandi löggjöf einnig þá á grundvelli sýsluskipunar í landinu og kaupstaða á meðan þær einingar voru sérstakar stjórnsýslueiningar. Síðan var því breytt nokkuð 1990. Ákvæði þess frv. sem við ræðum hér um náttúruverndarnefndir teljum við vera vanhugsuð og ekki líkleg til að skila miklu í þágu málstaðarins. Auk þess eru þau afar óljós að því leyti hvernig með skuli fara. Þetta er að okkar mati ekki í neinu samræmi við þá boðuðu stefnu umhvrh. að flytja ábyrgð á náttúruverndarmálum í auknum mæli heim í hérað, eins og það heitir í greinargerð. Full ástæða hefði verið til þess, virðulegur forseti, að endurskoða ákvæði gildandi laga um hlut einstakra svæða og landshluta að náttúruverndarmálum. En hér eru þau ákvæði tekin upp að mestu óbreytt.

Ég sakna þess, virðulegur forseti, að talsmaður meiri hluta umhvn. er ekki hér í þingsal og hefði viljað biðja forseta að athuga hvort viðkomandi hv. þm. er ekki tilbúinn til að vera hér viðstaddur.

Samkvæmt ákvæðum 10. gr. ber sveitarstjórn eða héraðsnefnd að kjósa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarnefndir eru nú aðeins sums staðar starfandi á vegum sveitarfélaga eða héraðsnefnda en fyrir breytingu á sveitarstjórnarlögum árið 1986 voru þær kosnar af kaupstöðum og sýslunefndum. Víða hafa sveitarfélög falið umhverfisnefndum eða sérstökum ráðum umfjöllun um umhverfismál í víðu samhengi. Þau geta ekki fallið undir ákvæði 10. gr. og verður hvert sveitarfélag að gera upp við sig hvort það kýs sérstaka náttúruverndarnefnd á sínum vegum eða tekur þátt í slíkri nefnd á vegum viðkomandi héraðsnefndar. Slíkt kerfi, virðulegur forseti, getur hæglega litið út eins og gatasigti þegar upp er staðið og þá í svæðisbundnu samhengi. Þó er náttúruverndarnefndunum m.a. ætlað það hlutverk að stuðla að náttúruvernd hverri á sínu svæði.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir um þetta efni í umsögn til umhverfisnefndar, með leyfi forseta: „Brýnt er að efla áhuga og frumkvæði þeirra er næst vettvangi standa á náttúruvernd með því að færa þeim aukin völd og ábyrgð á málaflokknum. Eðlilegt væri að umhvrn. og Alþingi hefðu forgöngu að valddreifingu með þeim hætti. Stefna frv. gengur í þveröfuga átt. Miðstýring umhvrn. er aukin og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga og héraðsnefnda hafa einungis það hlutverk að stuðla að náttúruvernd með ábendingum og tillögugerð, sbr. 10. gr. frumvarpsins."

Að mati minni hlutans væri rétt að koma á samræmdri svæðisbundinni skipan þessara mála og hafa þá m.a. hliðsjón af umdæmum náttúrustofa með ríkisaðild sem víða eru að hefja störf í kjördæmum landsins. Nokkrar stofur eru þegar teknar til starfa og ráð fyrir því gert að aðrar hefji störf innan tíðar. Það kæmi vel til greina, virðulegur forseti, að ætla landshlutasamtökum sveitarfélaga að kjósa í náttúruverndarnefndir hverju á sínu svæði og tengja þær starfslega við náttúrustofurnar eftir því sem þeim fjölgar. Eðlilegt væri þá einnig að veita frjálsum náttúruverndarsamtökum sem starfa á kjördæmisgrundvelli aðild að slíkum náttúruverndarnefndum. Þannig væri bætt að nokkru úr þeim mikla ljóði sem er á þessu frv. sem felst í því að draga úr möguleikum áhugamannafélaga um náttúruvernd til að hafa áhrif á starfsemi hins opinbera kerfis. Með þessu væri ekki verið að tengja framangreindar svæðisbundnar náttúruverndarnefndir

við þær nefndir sveitarstjórna sem fyrir eru og sem sinna umhverfismálum eða náttúruvernd í þrengri merkingu í viðkomandi sveitarfélagi. Sjálfsagt er að auðvelda sveitarstjórnum samstarf og íhlutun um náttúruverndarmál og gæti það m.a. gerst með árlegum fundi fulltrúa frá umhverfisnefndum sveitarfélaganna í viðkomandi landshluta eftir atvikum með fulltrúum ráðuneytis og/eða Náttúruverndar ríkisins.

Það vekur athygli, virðulegur forseti, að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur fráleitt, eins og segir í umsögn hennar, ákvæðið um að fulltrúar náttúruverndarnefnda haldi a.m.k. einn sameiginlegan fund með Náttúruvernd ríkisins á hverju ári.

Það er þannig ljóst að hjá forustu sveitarstjórnanna er ekki mikil trú á því að þetta ákvæði í frv. hafi mikið efnisinnihald eða gildi.

Í 9. gr. frv. er að finna heimild til handa Náttúruvernd ríkisins og þar segir: „Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum, sbr. 10. gr., að annast almennt eftirlit með náttúru landsins."

Ekki er ljóst af frumvarpinu hvað í slíku ákvæði felst en þó er gert ráð fyrir samningum þar að lútandi sem ráðherra staðfestir. Svipuðu máli gegnir um gjaldskrá sem ráðherra er ætlað að setja um kostnað vegna mannvirkjagerðar samkvæmt lokamálsgrein 9. gr. Það er harla óljóst í raun til hvers þar er vísað. Eini staðurinn í frumvarpinu þar sem minnst er á mannvirkjagerð er í 23. gr., en ekki er til hennar vísað í þessu sambandi. Þannig eru mörg sértæk atriði í frumvarpinu óljós en auðveldlega hefði mátt bæta úr því með eðlilegri yfirferð af hálfu nefndarinnar.

Virðulegur forseti. Ég hverf þá frá ákvæðum varðandi náttúruverndarnefndirnar að öðru leyti en því að það mun reyna á þessi ákvæði mjög fljótlega. Það mun m.a. reyna á þessi ákvæði ef lögfest verða í sambandi við kosningu fulltrúa á næsta náttúruverndarþing sem gert er ráð fyrir samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða að komi saman í janúarmánuði næsta árs. Sem sagt næsta vetur. Það verður fróðlegt að vita hvernig til tekst að manna það skip, hvernig til tekst að standa að kosningu náttúruverndarnefnda á grundvelli þessara tillagna sem hér liggja fyrir. Ég öfunda ekki hæstv. umhvrh. af því að halda á því máli og bera ábyrgð á þeirri skipan mála eins og það er fram sett. Það er mjög vandséð hvernig þetta nefndakerfi á í raun að virka. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra hefði á því einhverja skoðun í sambandi við umræðu um þetta mál hvernig hann gerir ráð fyrir að þetta virki. Sums staðar eru það þéttbýlisstaðirnir, sveitarfélög á þéttbýlisstöðunum, sem kjósa sína náttúruverndarnefnd. Þau verða væntanlega að kjósa sérstaka og sjálfstæða náttúruverndarnefnd því ákvæði í samþykktum sveitarfélaganna um umhverfisnefndir og umhverfisráð gilda tæplega í sambandi við ákvæði sem hér er verið að innleiða. Hér er talað um náttúruverndarnefndir en sveitarfélögin hafa kosið sem kunnugt er að haga þeirri skipan með verulega öðrum hætti en var hér á árum áður þegar þau að jafnaði, kaupstaðirnir sérstaklega, kusu sjálfstæðar náttúruverndarnefndir sem var þá ætlað hlutverk einmitt samkvæmt gildandi lögum um náttúruvernd, þar á meðal að kjósa og senda fulltrúa til náttúruverndarþings hverju sinni. Það hefur verið haldið á þriggja ára fresti allar götur síðan 1972 að slíkt þing fyrst settist á rökstóla og kom saman. Þannig að þetta er einn ljóðurinn af mörgum á því stjórnkerfi sem hér eru gerðar tillögur um og ábyrgðarlaust að mínu mati að vera að innleiða slíka skipan mála, eitt af þessu sem ber vott um bæði lítinn skilning á eðli máls og litla ábyrgðartilfinningu gagnvart málefninu sem hér er um að ræða.

Það getur orðið sú staða uppi svo tekið sé dæmi t.d. af Austurlandi að héraðsnefnd Múlasýslna, sem þar er starfandi fyrir utan héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu, kjósi á sínum vegum fyrir hönd tiltekins fjölda sveitarfélaga sérstaka náttúruverndarnefnd og síðan kjósi þéttbýlisstaðir á svæðinu, svo og svo margir sem eru innan þess svæðis sem hafa starfað með héraðsnefndinni og eru hluti af henni, á sínum vegum sérstaka náttúruverndarnefnd. Þá er orðið uppi afar sérkennilegt kerfi vægast sagt og ekki til þess fallið að taka samræmt á málum. Þess vegna er það okkar skoðun í minni hluta umhvn. að það ætti að skapa þessum náttúruverndarnefndum fastafmörkuð svæði sem jafnvel mættu miðast við kjördæmi. Þess vegna gætu landshlutasamtök sveitarfélaga sem hægast komið að málinu og kosið slíkar nefndir á sínum vegum eða a.m.k. héraðsnefndirnar og vera ekki að ætla sveitarfélögunum sérstakan hlut í þeim efnum.

Jafnsjálfsagt er, virðulegur forseti, að menn eigi gott samstarf við sveitarsjórnir og þá aðila sem sinna umhverfismálum á vettvangi sveitarstjórnanna. Það er sjálfgefið og vel hægt að koma því fyrir með frjálsri skipan mála að kveðja til t.d. fulltrúa frá öllum þeim nefndum sveitarstjórna á viðkomandi svæði sem ætlað er hlutverk sem tengist náttúruvernd og halda fundi með þeim svæðisbundna sem ég held að sé miklu skynsamlegri skipan en að ætla að stofna til eins stórs, sérstaks ársfundar fulltrúa allra þessara nefnda. Þá er komið talsvert myndarlegt þinghald a.m.k. og jafngott að það sé vel undirbúið.

Ég kem þá, virðulegur forseti, að 11. gr. frv. og þeim ákvæðum öðrum sem snúa að Náttúruverndarráði eins og ráð er fyrir gert að það líti út samkvæmt tillögum frv. Sem kunnugt er er stöðu þess og náttúruverndarþings raunar einnig gerbreytt samkvæmt frv. frá því sem verið hefur. Náttúruverndarráði er starfslega og fjárhagslega sniðinn þannig stakkur að ekki verður séð að það geti ráðið við og sinnt því margbrotna hlutverki sem því þó er ætlað samkvæmt frv. Þetta er eitt af stórum gagnrýnisatriðum af hálfu okkar í minni hluta umhvn. á tillögur þessa frv. Fulltrúum í Náttúruverndarráði er fjölgað úr sjö í níu. En þeim fulltrúum sem kjósa á óbundið á náttúruverndarþingi verður fækkað úr sex niður í þrjá. Mikill meiri hluti fulltrúa í ráðinu yrði samkvæmt ákvæðum frv. og tillögum meiri hlutans skipaður af ráðherra, þar af fimm að fengnum tillögum frá jafnmörgum tilgreindum aðilum. Tveir þessara fulltrúa tengjast rannsóknastofnunum, þ.e. Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands. Um hina eiga að gera tillögur Bændasamtök Íslands, Ferðamálaráð og skipulagsstjóri ríkisins.

Auðvitað er það alltaf álitaefni hverja á að kalla til ef leitað er tilnefningar. Ég er ekki að segja að þessir aðilar séu eitthvað öðrum verri hvað það snertir að koma með skynsamlegar tillögur og tillögur um góða fulltrúa í Náttúruverndarráð. Um það er ekki ágreiningurinn sem slíkur heldur hitt að það er verið að taka það verkefni af náttúruverndarþingi að kjósa meiri hluta fulltrúa í Náttúruverndarráð og ætla að binda það tilnefningum stofnana auk tilnefningu hæstv. ráðherra á formanni Náttúruverndarráðs.

Ég tel að reynslan kalli ekki á þessa breytingu. Þótt um gjörbreytingu sé að ræða á verksviði Náttúruverndarráðs hefur reynslan af þeirri tilhögun sem uppi hefur verið fram til þessa alls ekki verið þannig að það kalli á tillögugerð eins og þá sem hér er fram borin. Mér finnst því mjög

óeðlilegt að ætla að auka í raun eða formbinda kjör fulltrúa í Náttúruverndarráð með þeim hætti sem hér er gert, þ.e. að aðeins þriðjungur fulltrúa í ráðinu verði valinn á náttúruverndarþingi þar sem sæti eiga samkvæmt hefð og venju m.a. umhverfisverndarhreyfingin, samtök umhverfisverndarfólks í landinu sem hafa í gegnum þennan vettvang, náttúruverndarþingið, komist að stjórnkerfinu og stjórnkerfið notið ósérhlífins framlags þessara fulltrúa sem lagt hafa fram mikið og óeigingjarnt starf í Náttúruverndarráði í áranna rás. Það er mjög langt frá því að þar hafi menn bundið sig við krónur og aura eða umbun heldur unnið verkefni af hugsjón og ósérplægni.

Ég vil líka segja, virðulegur forseti, að á því eru ákveðnir meinbugir formlega séð að ætla skipulagsstjóra það verkefni að tilnefna fulltrúa í Náttúruverndarráð. Skipulagsstjóra er sem kunnugt er falið samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, ákveðin verkefni sem tengjast þeim lagabálki og þá ber að hafa í huga að Náttúruverndarráð mun væntanlega iðulega vilja fjalla um slík efni, þ.e. veita álit á málum sem falla undir ákvæði laganna um mat á umhverfisáhrifum. Þar með væri embætti skipulagsstjóra komið í býsna óþægilega stöðu. Með þessari tilhögun, það liggur í hlutarins eðli og ég vænti að hæstv. ráðherra átti sig á því, væri það embætti sem tilnefnir fulltrúa í Náttúruverndarráð og á jafnframt að kveða upp úrskurði um efni sem falla undir embætti skipulagsstjóra komið í tvöfalda stöðu sem umsagnaraðili og sem úrskurðaraðili. Ég sé ekki hvernig þetta á að ganga upp. Mér sýnist menn í rauninni nánast vera að segja við Náttúruverndarráð að ráðið geti ekki komið að þessum efnum, geti ekki notfært sér það sem hlýtur að vera eðlilegt verkefni þess að veita álit um fyrirhugaðar framkvæmdir sem falla undir lögin um mat á umhverfisáhrifum. Ég tel að þetta sé eitt af þessum óvandvirknislegu atriðum sem meiri hlutinn gerir sig sekan um í sambandi við tillögurnar og yfirferð um málið því sannanlega var á þetta bent af aðilum sem komu á fund umhvn. fyrir utan aðvörunarorð okkar sem skipum minni hluta nefndarinnar.

Með þeirri tilhögun sem nú er gert ráð fyrir um tilnefningar frá stofnunum í Náttúruverndarráð er að nokkru horfið að þeirri skipan sem gilti um ráðið á tímabilinu 1956–1971 og þótti þá gefast misjafnlega. Satt að segja lenti ráðið í mjög erfiðri aðstöðu á þeim árum vegna þess að það sköpuðust fylkingar innan þess milli fulltrúa sem tilnefndir voru af samtökum þar sem forustan eldaði grátt silfur á þeim árum. Ef ég man rétt voru þetta Búnaðarfélag Íslands annars vegar eða bændasamtökin og hins vegar vegar Skógrækt ríkisins. Það fór auðvitað svo sem verða vill þegar um tilnefningar er að ræða að það eru forstöðumenn viðkomandi stofnana sem eru valdir eða hafa áhrif á það sjálfir. Þeir vilja sitja í slíku ráði. Í Náttúruáttúrverndarráði á þessum árum sátu tveir vaskir menn, fulltrúar þessara stofnana, hvor frá sinni stofnun, Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri og Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, báðir landskunnir menn og harðsæknir hvor á sínum vettvangi. En það varð hins vegar ekki til heilla fyrir starfsandann í Náttúruverndarráði að þeir ættu þar fast sæti í hálfan annan áratug eins og raun bar vitni. Það skapaði pattstöðu við afgreiðslu mála iðulega í ráðinu að því að mér er tjáð af þeim sem sátu í Náttúruverndarráði á þessum tíma. Þótt það geti verið gott að eiga bakland í stofnunum vill það oft verða svo að fulltrúar sem eru sóttir í stofnanir og eru tilnefndir með einhverjum hætti af stjórnum stofnana eða fundi verða brátt fyrst og fremst fulltrúar í eigin nafni. Það er a.m.k. mjög undir þeim komið að hve miklu leyti þeir taka tillit til eða sækja hugmyndir og efni í þá stofnun sem þeir eru þó að nafninu til fulltrúar fyrir.

Eins og ég hef nefnt, virðulegur forseti, hefur með þessari skipan dregið verulega úr möguleika áhugahreyfingarinnar og frjálsra félagasamtaka til áhrifa innan ráðsins. Og það sem jafnframt ber að harma er að möguleikar landsbyggðarfólks minnka, möguleikar fulltrúa utan af landi til að hafa áhrif á störf Náttúruverndarráðs þó í breyttu formi verði. Það hefur verið oft á undangengnum árum reynt að gæta þess að fulltrúar væru ekki eingöngu af höfuðborgarsvæðinu heldur af landsbyggðinni. Nú þrengist um það með færri fulltrúum sem tilnefndir eru í ráðið og það gengur þvert gegn þeim hugmyndum sem hæstv. umhvrh. þó boðar í greinargerð með frv., þ.e. að vilja efla tengslin við einstök svæði og við hinar dreifðu byggðir í landinu og héruð í landinu, þegar þrengt er um þessa möguleika. Þannig sýnist okkur að hér sé um að ræða öfugþróun og hennar gætir því miður víðar í þessu frv.

Ég hef nefnt, virðulegur forseti, og ítrekað að sú stefna að draga úr samvinnu stjórnvalda við áhugasamtök um náttúruvernd gengur þvert gegn því sem á víðast hvar er á döfinni erlendis og lögð er áhersla á samkvæmt alþjóðasáttmálum og alþjóðlegir stefnu í þessum málum.

Í umsögn frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir m.a., með leyfi forseta:

„Í 11. gr. er ákvæði um skipan Náttúruverndarráðs. Með tilliti til þess hlutverks sem sveitarfélögin hafa gegnt varðandi framkvæmd laga um náttúruvernd og frumkvæði þeirra og skyldur varðandi framkvæmd umhverfismála almennt er mjög sérkennilegt að þau skuli ekki eiga fulltrúa í Náttúruverndarráði.“ Þannig að þarna, virðulegur forseti, bankar Samband sveitarfélaga á dyrnar og ég verð að taka undir það að miðað við að það er verið að seilast til svo margra tilnefninga hefði Samband íslenskra sveitarfélaga auðvitað ekki síður komið til greina en ýmsir aðrir sem þarna koma við sögu. Þar á meðal Bændasamtök Íslands, með fullri virðingu fyrir þeim ágætu samtökum.

Landvarðafélag Íslands segir eftirfarandi í umsögn til umhvn. um leið og það gagnrýnir harðlega þá tilhögun sem frv. felur í sér um skipan í ráðið, með leyfi forseta:

„Að umhverfisráðherra skipi sex af níu ráðsmönnum verður að teljast í hæsta máta ólýðræðislegt. Auk þess verður ekki séð að neitt réttlæti það að Bændasamtök Íslands, ein þeirra samtaka sem sæti hafa átt á náttúruverndarþingi, skipi einn fulltrúa frekar en Bandalag íslenskra skáta, Kvenfélagasamband Íslands eða t.d. Landvarðafélag Íslands. Með því fyrirkomulagi sem hingað til hefur verið hafa almenningi í gegnum ýmis félagasamtök verið tryggð áhrif á stefnumótun í náttúruvernd. Þessi lýðræðislega leið er nú aftekin og er því mótmælt.

Ljóst er að frumvarpið einkennist af skorti á grundvallarstefnumótun þar sem hvorki er í raun tekið mið af upphaflegum tilgangi laganna né heldur er búið að móta nýja stefnu. Er í því ljósi enn hvatt til að lögunum verði breytt sem heild eftir vel ígrundaða endurskoðun, en ekki hálft verk látið nægja.“ Tilvitnun lýkur í umsögn Landvarðafélags Íslands um þetta atriði.

Með stofnun Náttúruverndar ríkisins, virðulegur forseti, verða rofin þau tengsl sem Náttúruverndarráð hefur til þessa haft við framkvæmdarvaldið með rekstri skrifstofu á sínum vegum, en hún færist nú undir stofnunina. Þó er Náttúruverndarráði ætlað að tilnefna einn fulltrúa í stjórn hennar og

má búast við að það verði formaður ráðsins sem ráðherra hefur þá þegar skipað án tilnefningar.

Erfitt er að hafa ekki ábyrgðarfulltrúa þessa máls hér í þingsal. Er það þó á ábyrgð hæstv. umhvrh. að mál þetta er hér til umræðu seint á þingi, búið að liggja hjá garði tilbúið af hálfu meiri hluta hv. umhvn. frá 7. maí sl. Hvar er formaður meiri hlutans, formaður nefndarinnar? Ekki sést hann hér. Er til of mikils ætlast, virðulegur forseti, að þessir fulltrúar og ábyrgðaraðilar málsins séu hér viðstaddir umræðuna og haldi sig í þingsal? Ég vil óska eftir því að ráðin verði bragarbót á því, virðulegur forseti, og er þeim óskum komið á framfæri.

Mér finnst að málinu sé nóg lítilsvirðing sýnd með svona almennri málafylgju hér af stjórnvalda hálfu, þ.e. hvernig á málum hefur verið haldið. Menn ættu því að reyna að hafa einhvern svip á þessari umræðu með því að ábyrgðarmenn málsins séu hér viðstaddir.

(**Forseti** (RA)**:** Var ræðumaður að ... ?)

... að óska eftir því að talsmaður meiri hluta umhvn. og formaður nefndarinnar sé viðstaddur umræðuna.

Ég kem hér, virðulegur forseti, í von um að úr rætist varðandi viðveru formanns umhvn. Verkefni Náttúruverndarráðs eru eftirtalin samkvæmt frv. og breytingartillögu meiri hlutans. Þau tek ég hér úr nokkrum áttum um leið og ég ítreka ósk mína um að formaður umhvn., hv. þm. og talsmaður meiri hlutans, sé viðstaddur umræðuna.

Virðulegur forseti. Ósk mín er sú að þingmaðurinn sé í þingsal en ekki á skrafi hér í hliðarsölum.

(**Forseti** (RA)**:** Hv. þm. hefur borið fram þá ósk að framsögumaður meiri hluta umhvn. hlýði á mál hans. Er þeirri ósk komið á framfæri.)

Virðulegur forseti. Ég var að rekja hér þau verkefni sem Náttúruverndarráði eru falin samkvæmt frv. og breytingartillögu meiri hlutans. Þau eru eftirfarandi:

að veita Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf,

stuðla að almennri náttúruvernd,

fjalla um hvaðeina sem lýtur að náttúruvernd á Íslandi,

vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um náttúruverndarmál,

gera tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndaraðgerðir,

gera tillögur (til ráðherra) um svæði á náttúruminjaskrá,

fjalla um skrána áður en hún er gefin út,

gangast fyrir ráðstefnum og opinni umræðu um náttúruverndarmál,

taka í störfum sínum mið af þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi,

fara með vörslur Friðlýsingarsjóðs og er jafnframt stjórn sjóðsins.

Náttúruverndarráð er sem sagt um leið stjórn Friðlýsingarsjóðs, þetta er nú sett hér í fleirtölu í frv. raunar. Orðið varsla er allt í einu orðin fleirtölumynd samkvæmt frv. og er það eftir öðru varðandi hroðvirknina í sambandi við þetta mál. Ég þekki a.m.k. ekki þá orðnotkun að setja orðið varsla í fleirtölu eins og hér má lesa í viðkomandi grein, líklega 12. gr. frv. Þar er eitt eftir öðru varðandi þennan málatilbúnað.

Auk þeirra mörgu atriða sem hér eru nefnd kveða nýsett lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, á um það að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagnar Náttúruverndarráðs um umsóknir um leyfi til að sleppa og dreifa erfðabreyttum lífverum. Þess utan verður örugglega reglubundið leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um frumvörp og tillögur sem fluttar verða á Alþingi og tengjast umhverfisvernd. Það hefur verið gert reglubundið og ég á ekki von á öðru en það verði talið eðlilegt miðað við annað hlutverk Náttúruverndarráðs samkvæmt þessu frv. en að ráðið fái til umsagnar mál sem snerta verksvið þess og eiga upptök sín á hv. Alþingi. Til að sinna þeim verkefnum sem að framan greinir um ráðgjöf, friðlýsingar og náttúruminjaskrá verður ráðið að sjálfsögðu að geta sent fulltrúa sína í könnun á vettvang í mörgum tilvikum ef eitthvað á að gera með umsagnir þess og það á að hafa möguleika til að rækja lögboðið hlutverk. Þá má búast við því að náttúruverndarþing beini ýmsum erindum í formi ályktana og samþykkta til Náttúruverndarráðs ekki síður en til annarra stjórnvalda þessara mála en fram að þessu hefur ráðið litið á samþykktir náttúruverndarþings hverju sinni sem stefnuramma fyrir störf sín milli þinga. Varla er hægt að ætlast til þess að ráðið geti axlað þá lögbundnu kvöð með öðru að taka í störfum sínum mið af þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi án þess að ráðinu sé gert kleift öðru hverju að senda fulltrúa sína á mikilvægar ráðstefnur og fundi, bæði hérlendis og erlendis.

Þetta er upptalning á verkefnum ráðsins og ég vek athygli á því að undir hverju heiti felst stórt málasvið sem ráðinu er ætlað að sinna. Ég tek t.d. það verkefni að veita umsagnir um leyfi til að sleppa og dreifa erfðabreyttum lífverum sem er mjög vandasamt og veigamikið hlutverk í nýrri grein fræða og vísinda sem sannarlega er þörf á að fylgjast með og veita aðhald og það verður ekki gert með tveimur tómum höndum. Við spyrjum því í minni hluta nefndarinnar hvernig í ósköpunum það megi vera að um leið og settar eru slíkar kvaðir á Náttúruverndarráð skuli því ekki ætlað meira svigrúm fjárhagslega en því er sniðið samkvæmt þessu frv.

Verkefnið er víðfeðmt eins og hér hefur komið fram og í þetta stóra verkefni á samkvæmt greinargerð með frv. að verja árlega að því er þar segir upphæð sem er metin á 1,5–2 millj. kr., allt meðtalið. Ekki er gert ráð fyrir neinum starfsmanni á vegum ráðsins né heldur fastri starfsaðstöðu með skrifstofuhaldi. Í umsögn fjmrn., sem unnin hefur verið að því er segir í samráði við umhvrn. og lesa má um á bls. 22–24 í frv., stendur m.a., með leyfi forseta:

„Hið nýja Náttúruverndarráð verður samkvæmt frv. skipað níu mönnum, en hlutverk þess breytist og talið er að ráðið muni hittast mun sjaldnar, fundir verði styttri og ekki sé þörf á vinnu undirbúningsnefnda. Ætla má að kostnaður verði 1,5–2 millj. kr. og þannig sparist 1–1,5 millj. kr.“

Til frekari sparnaðar fyrir ríkissjóð reiknar fjmrn. með að framlag sem renna á áfram til ráðsins af skilagjaldi einnota umbúða, sbr. síðari mgr. 11. gr. frv., dragi sem því nemur úr kostnaði ríkissjóðs við ráðið en á síðasta ári reyndist skilagjald einnota umbúða rúmlega hálf millj. kr. Helstu áhyggjur fjmrn. vegna Náttúruverndarráðs tengjast hins vegar hugsanlegum rétti einhverra núverandi starfsmanna þess til biðlauna og minnir það á þau frumvörp sem hafa verið til umræðu í þingsölum um skeið og hafa m.a. varðað réttindi starfsmanna og þar á meðal biðlaunarétt. Fjmrn. setur puttana alveg sérstaklega á þetta efni í umsögn sinni og hefur áhyggjur af því.

Það reyndist ómögulegt, virðulegur forseti, þrátt fyrir ítrekaða beiðni af hálfu umhvn. og þá í nafni nefndarinnar allrar, að fá áætlun um það hvað rekstur Náttúruverndarráðs muni kosta miðað við lögboðin verkefni. Fulltrúar umhvrn., sem komu til viðtals við nefndina, tóku ekki í mál að áætla þann kostnað, töldu raunar að framangreind upphæð mundi fyllilega nægja, 1,5–2 millj. kr., enda þyrfti ráðið ekki að

hittast nema dagpart þrisvar til fjórum sinnum á ári, t.d. í fundarsal umhvrn. Þetta voru boðin sem embættismenn hæstv. umhvrh. komu með inn í nefndina þegar spurt var um kostnað og aðbúnað að Náttúruverndarráði. Einn fulltrúi meiri hlutans taldi það stórhættulegt fyrir málið, það skrifaði *ég hjá mér, að gengið yrði fast eftir greinargerð um þetta* efni. Það mátti sem sagt ekki upplýsa það hvað áætla mætti að kostnaðurinn væri við Náttúruverndarráð ef það reyndi að sinna þeim verkefnum sem lög kveða á um samkvæmt þessu frv. Það gat verið stórhættulegt fyrir málið og þrátt fyrir ítrekaðar óskir af hálfu nefndarinnar til Náttúruverndarráðs um slíka greinargerð fékkst hún ekki á meðan nefndin fékk að fjalla um frv.

Meiri hlutinn sá líka fyrir því að binda endi á umfjöllun um þetta rækilega með því að taka málið út úr nefndinni 7. maí sl. þannig að mikið var lagt undir til að draga fjöður yfir þá stefnu að í raun sé verið að kippa fótunum fjárhagslega undan þessu ráði þó að heita eigi að það verði til áfram á pappírnum á sama tíma og því eru falin fjölmörg ákvæði samkvæmt ákvæðum þessa frv.

Í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 934 kemur fram að meiri hlutinn vill eins og þar segir „benda á nauðsyn þess að Náttúruverndarráði verði séð fyrir starfsaðstöðu en ekki þykja efni til að kveða sérstaklega á um það í lögum." Það er vissara að gæta þess að ekkert sé kveðið á um það í lögum til að binda á engan hátt hendur fjárveitingavaldsins að þessu leyti og tryggja þarna lágmarksaðstöðu. Það verður að minna á það, virðulegur forseti, að samkvæmt stjfrv. sem lá fyrir á 118. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt, var þó kveðið á um að Náttúruverndarráð hefði skrifstofu á sínum vegum og réði framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu og kostnaður yrði borinn uppi af ríkissjóði. Verkefni ráðsins voru þó samkvæmt því frv. til muna minni en samkvæmt því frv. sem hér um ræðir. Lái það hver sem vill okkur í minni hlutanum þó að við drögum fram rækilega þennan tvískinnung sem er uppi í sambandi við þetta mál, þ.e. aðbúnaðinn að Náttúruverndarráði framvegis.

Náttúruverndarráð verður níu manna að því er segir samkvæmt frv. og aðeins þrír af þessum níu eiga að veljast á náttúruverndarþingi. Náttúruverndarþinginu er ekki búinn ríkulegur rammi um það þinghald og er það svo sem vel til samræmis við annað en um það segir í umsögn fjmrn., með leyfi forseta:

„Náttúruverndarþing skal haldið þriðja hvert ár samkvæmt núgildandi lögum en í frv. er lagt til að þau verði haldin annað hvert ár." Þá er annað hvort þing orðið „þau" en það er eftir öðru í málfarinu. „Á móti er gert ráð fyrir að þingin verði styttri og umfangsminni og er því ekki áætlaður kostnaðarauki af þessu fyrir ríkissjóð."

Ef ég man rétt, virðulegur forseti, hafa náttúruverndarþing aldrei staðið lengur en í tvo daga, tvo og hálfan dag kannski. En það þykir ofrausn og er sérstaklega kveðið upp úr um það að þau skuli vera styttri og umfangsminni og reikna megi með sparnaði í sambandi við þinghaldið að sama skapi. Auðvitað er engin ástæða til ofrausnar en það *verður að vera eitthvert samræmi á milli þess sem menn* ætlast til af samkomu eins og náttúruverndarþingi þangað sem á að stefna fólki víðs vegar að af landinu til þinghalds um þetta þýðingarmikla málefni en síðan á ekki að gera mikið með það samkvæmt þessu að því er varðar rammann um þinghaldið.

Ýmsir umsagnaraðilar til umhvn. vöktu athygli okkar á því að óeðlilegt væri það ákvæði frv. að Náttúruverndarráð ákvæði sjálft hverjir skuli eiga seturétt á náttúruverndarþingi sem er m.a. ætlað að kjósa þrjá fulltrúa í ráðið. Undir það var tekið af okkur fulltrúum minni hlutans í nefndinni en því er hins vegar í engu skeytt af meiri hlutanum og fáum við þó ekki betur séð en hér sé gengið gegn eðlilegri stjórnsýslu að þessu leyti. Þar er ekki öðrum um að kenna en meiri hlutanum að taka ekki á þessu máli. Ljóst er að vægi náttúruverndarþings minnkar til muna með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir og þar með eru enn veikt þau lýðræðislegu tengsl sem reynt var frá upphafi að tryggja með þessu þinghaldi.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að næsta náttúruverndarþing komi saman í janúar 1997 og jafnframt er gert ráð fyrir því að núverandi Náttúruverndarráð undirbúi það þinghald. Hins vegar tekur nýtt Náttúruverndarráð samkvæmt lagarammanum við störfum um leið og lögin ganga í gildi svo að hér rekst hvað á annars horn og ekki ljóst hver það á að vera sem er í hlutverki Náttúruverndarráðs þegar til þessa þinghalds kemur einhvern tíma í janúarmánuði 1997 og hefði mátt huga að því efni þó að ekki sé það stórt út af fyrir sig miðað við margt annað.

Virðulegur forseti. Ég kem þá að næsta kafla þessa frv. sem hér er flutt þar sem verið er að endurflytja og að sumu leyti að breyta ýmsum ákvæðum í gildandi löggjöf frá 1971, endurflytja og endurstaðfesta þá væntanlega af þingsins hálfu atriði sem hafa verið til umræðu og hafa verið gagnrýnd bæði á Alþingi og víða í þjóðfélaginu um langt skeið. Það er eitt af stóru aðfinnsluefnunum af hálfu okkar í minni hlutanum að menn skuli standa þannig að máli í stað þess að flytja breytingartillögur við gildandi lög. Kem ég þar fyrst að ákvæðunum um almannarétt.

Í 14. gr. frv. er að finna óbreytt ákvæði um þetta mál þar sem er að finna hin þröngu skilyrði sem núverandi lagarammi býr almenningi varðandi umferð um landið. Það segir svo, með leyfi forseta:

„Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Sé land girt þarf leyfi landeigenda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði."

Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, virðulegur forseti, hvers konar vanskapnaður þessi lagaákvæði eru sem enn eru *í gildi og hér eru endurflutt óbreytt. Það hefur mönnum* verið ráðgáta lengi hvernig eigi að fara að þessum ákvæðum, hvernig eigi að uppfylla þessi ákvæði við för um landið. Ég vildi gjarnan taka hæstv. umhvrh. í smáferð um landið og reyna að leita aðstoðar hans til að ráða þá gestaþraut fyrir okkur að ef við leyfum okkur að stíga út úr bíl á leiðinni og fara í göngutúr, hvort við séum þar á landi sem sé utan eða innan girðingar, hvort okkur sé heimil för um landið vegna þess að það sé girt eða ógirt.

Nú hagar svo víða til, virðulegur forseti, í vegakerfi landsins að menn aka yfir grindahlið sem tengjast girðingum. Fyrir vegfaranda lítt kunnugan staðháttum virðist það vera nokkur gestaþraut að vita hvort við akstur yfir grindahliðið, rimlahliðið, var ekið inn í girðingu eða út úr girðingu. Þá er ég að vísa til þess þegar girðing liggur þvert á vegi og menn þurfa að svara þessu: „Á ég nú að gerast lögbrjótur í anda al-

mannaréttarákvæða náttúruverndarlaga eða ekki?" Auðvitað er best að halda sig í bílnum, virðulegur forseti. Einfaldasta ráðið er að halda sig í bílnum og hræra sig hvergi eins og fólkið sem ætlaði á Þingvöll á þjóðhátíðina sælu um árið og sat daglangt í bifreiðum sínum og komst hvergi. Eins mun fara okkur hæstv. umhvrh. á ferð um landið í þessum ökutúr sem ég er að bjóða hæstv. ráðherra í, að við komumst hvergi út úr bílnum, löghlýðnir menn, vegna þess að við viljum virða ákvæði náttúruverndarlaga um almannarétt og eigum erfitt með að átta okkur á hvort við séum innan eða utan girðingar. Að ekki sé talað um ef við erum á landi þar sem við gætum truflað búpening því að það er eitt af ákvæðunum að skapa ekki ónæði fyrir búpening eða óhagræði fyrir rétthafa að landinu, án þess að það sé nánar skilgreint í hverju það óhagræði geti verið fólgið. Ég hef satt að segja oft verið í miklum vandræðum, virðulegur forseti, á gönguferðum mínum um Ísland við að reyna að virða þetta ákvæði gildandi náttúruverndarlaga, en nú mun þetta vera 11. gr. laga nr. 47/1971, að því er varðar búpeninginn. Sérstaklega er þetta erfitt í sambandi við sauðkindina, við sauðféð, því að það fer eftir árstíðum hversu viðkvæmt sauðfé er fyrir styggð í úthaga og þegar fer að líða á sumar, þá þarf ekki mikið að gerast til þess að kindur taki á rás og halda að nú séu komnir smalar á vettvang og fyrr en varir er komin mikil og löng halarófa sauðkinda sem stefna til byggða. Þetta er auðvitað hið versta mál, virðulegur forseti. Ég skil út af fyrir sig að löggjafar fyrri tíðar hafi haft áhyggjur af þessu efni. En ekki held ég samt að menn hafi hitt naglann á höfuðið 1971, hvað þá 1996 með því að innleiða enn og aftur slík ákvæði í íslensk lög.

Það er svo, virðulegur forseti, að á þessu hefur verið vakin rækileg athygli í umhvn. Eitt af því sem rak á fjörur nefndarinnar við umfjöllun málsins nú og raunar fyrr voru tillögur frá forseta Ferðafélags Íslands og stjórn Ferðafélags Íslands varðandi almannaréttinn. En svo sem eðlilegt er þá hefur Ferðafélag Íslands og forusta þess áhyggjur af því fyrir hönd sinna umbjóðenda hvernig búið er um almannarétt og aðstöðu til almannaferða í landinu. Við höfum leyft okkur í minni hluta umhvn. að láta fylgja með nefndaráliti okkar sem fylgiskjal grein sem umhvn. barst frá forseta Ferðafélagsins, Páli Sigurðssyni, undir fyrirsögninni „Almannaréttur og almannaferðir á miðhálendinu", og við væntum þess að hv. þingmenn kynni sér hana. Ég geri ráð fyrir að menn sem ekki eru í þingsal sitji á skrifstofum sínum og séu að fara yfir þetta efni, virðulegur forseti, því að gjarnan er vísað til þess þegar þingmenn ekki eru í þingsal, að þá séu þeir að störfum á skrifstofum sínum. Og nú munu menn sitja yfir því að gaumgæfa orð forseta Ferðafélags Íslands varðandi almannarétt og betur væri að það yrði lesið ekki aftur á bak heldur eðlilega og menn sjái að sér og reyni að bæta úr áður en mál þetta verður afgreitt í þinginu.

Forseti Ferðafélagsins hefur lagt inn alveg sérstakar hnitmiðaðar tillögur um breytingu á ákvæðum laga um náttúruvernd m.a. að því er varðar almannaréttinn og ég tel að það hefði verið eðlilegt að umhvn. hefði lagst yfir þá texta og metið hvort ekki væri rétt að bæta úr úreltum ákvæðum með því að innleiða ákvæði sem bæði eru framkvæmanleg í reynd og taka viðhorf til breyttra ferðavenja og aðstöðu fólks til ferða um landið því að það er satt að segja hin mesta raun að sjá þennan texta enn uppi í frv. til heildarlaga um náttúruvernd.

Það á við hið sama, virðulegur forseti, um mörg fleiri ákvæði sem snúa að aðgangi almennings að náttúru landsins og umgengni um landið, að þar er haldið mjög einkennilega á máli. Margir umsagnaraðilar tóku í sama streng og forseti Ferðafélagsins í sinni umsögn. Þar vísa ég til nefndarálits okkar þar sem raktar eru umsagnir frá ýmsum umsagnaraðilum eins og Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landvernd og Landvarðafélagi Íslands sem viku að þessum málum í umsögn sinni og hafa af því verulegar áhyggjur.

Í þessum bálki, þessum hluta frv. er að finna ákvæði sem tengjast berjalestri og berjatínslu. Ég skal ekki staldra lengi við þá grein, virðulegur forseti, þó að þar mætti sannarlega bæta um betur. En ég kemst ekki hjá því að víkja að grein sem verið er að breyta frá gildandi lögum samkvæmt tillögum meiri hlutans. Það er 16. gr. frv. Þar er að finna, virðulegur forseti, ákvæði svofelld, með leyfi forseta:

„Öllum er skylt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins setur umhverfisráðherra reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum."

Við síðustu málsgreinina er komin brtt. meiri hlutans sem lesa má um á þskj. 935, en óbreyttar standa tillögur varðandi akstur utan vega sem verið er að heimila sem meginreglu samkvæmt frv. og er það eitt af því sem upp úr stendur sem fádæmi í búningi frv. að það skuli tekið til bragðs að bæta ekki um gildandi löggjöf sem sannarlega þyrfti að fá styrkari stoðir í þessum efnum heldur gera hana enn þá veiklulegri ef nokkuð er. Menn taka eftir orðanna hljóðan: „Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill." Það er sem sagt undantekningin sem þrengir að akstri utan vega en almenna reglan er að það er allt í lagi nema viðkomandi meti að það geti verið hætta á náttúruspjöllum. Við í minni hlutanum vörum mjög við þessari nálgun mála, ákvæðum af þessum toga. Þetta er í engu samræmi við eðlilegar kröfur um hlífð við landið og aðhald að þeim sem eru á vélknúnum tækjum. Á þetta var einnig bent af ýmsum umsagnaraðilum. Félag íslenskra náttúrufræðinga segir réttilega í umsögn til nefndarinnar:

„Það á að vera regla en ekki undantekning að akstur utan vega sé óheimill, en ekki að slíkt sé eingöngu bannað á svæðum þar sem hætta er á náttúruspjöllum. Sérstaklega má tiltaka í hvaða undantekningartilvikum slíkt gæti verið heimilt," segir í þessari umsögn. Í svipaðan streng tekur Landvarðafélag Íslands í umsögn um greinina með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Lengi hefur verið þörf á að setja skýrari reglur um bann við óþarfa akstri utan vega, takmarkanir á umferð í óbyggðum og aðrar þær reglur er stuðla að því að ná fram markmiðum 1. mgr. 13. gr. laga nr. 47/1971. Eðlilegt og sjálfsagt er að slíkum reglum sé í öllum meginatriðum fundinn staður í náttúruverndarlögunum sjálfum í stað þess að umhvrh. sé ætlað að setja þær í reglugerð eins og ráð er fyrir

gert í þessu frv. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á því hvað felist í hugtökum eins og náttúruspjöllum, merktum slóðum, óþarfa akstri og öðrum þeim hugtökum sem reynt hefur á í þessum málaflokki. Hér er um að ræða eina af mikilvægustu stoðum náttúruverndarlaganna, því að um landið sé gengið með varúð og því ekki að óþörfu spillt. Löggjafinn á að eyða öllum vafa um hver vilji hans er, hvernig tryggt verði að þessi markmið náist. Reglugerð á einungis að vera látin eftir einföldustu atriði er lúta að tæknilegri útfærslu og eru háð breytingum, svo sem upphæð sekta."

Undir þessa umsögn er fyllsta ástæða að taka og við minnum á að einmitt óljós ákvæði gildandi laga um akstur utan vega hafa staðið í vegi þess að unnt væri að setja skýr ákvæði um þetta atriði í reglugerð. Það ætti að sálfsögðu að snúa þessum texta við að því er snertir meginregluna, að akstur utan vega sé óheimill og það sé aðeins í skýrum og afmörkuðum tilvikum sem undantekning sé þar á gerð.

Varðandi tímabundna lokun svæða í verndarskyni varð allmikil umræða enda sættu þau ákvæði harðri gagnrýni af hálfu m.a. aðila í ferðaþjónustu sem komu á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn setur fram tillögu um breytingar á þessu ákvæði, tillögu sem er efnislega út af fyrir sig tæk, ekki ótæk heldur hægt að taka undir. Hins vegar er hún þannig orðuð að hún er vart frambærileg í lagatexta og illframkvæmanleg í reynd. Það segir hér, með leyfi hæstv. forseta, á þskj. 935, tölulið 8, um orðun á þessum málsgreinum:

„Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum, enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu skv. 4. mgr. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

Skal stofnunin á hverju hausti gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa umhverfisráðherra skýrslu um niðurstöður úttektarinnar. Í skýrslunni skal koma fram hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Niðurstöður skýrslunnar skulu birtar opinberlega og skal almenningur eiga greiðan aðgang að þeim."

Ýmsum mundi þykja nokkuð langt seilst í lagafyrirmælum varðandi þessi atriði. En efnislega eins og ég segi, er ég ekki sérstaklega að gagnrýna þau.

Það er hins vegar og hefur á það verið bent að orðalagið „í óbyggðum" sé óljóst og það geti verið erfiðleikum bundið að átta sig á hvar mörk byggðra og óbyggðra svæða liggi í viðfangi þessarar lagagreinar sem hér er um að ræða og ekki er úr því skorið eða þeim vanda leyst af okkur sem mælum fyrir minni hluta nefndarinnar.

Virðulegur forseti. Þá vek ég athygli á ákvæðum 16. gr. í framhaldi af því sem ég hef rætt um þar sem felld eru inn ákvæði úr 13. gr. gildandi laga varðandi sorp, rusl og fleira sem þar að lýtur. Vegna þess hversu forneskjuleg þessi ákvæði er tel ég nauðsynlegt, virðulegur forseti, að rifja þau hér upp. Þau eru þannig, með leyfi forseta:

„Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli."

Hér er um að ræða óbreytt löngu úrelt ákvæði frá árinu 1971 í löggjöfinni sem enn er í gildi, m.a. það að bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir en samkvæmt því er það allt í lagi utan alfaraleiða eða annars staðar en á almannafæri ef lagt er út af þessum texta. Auðvitað er álitaefni hvað á heima í lögum um náttúruvernd um ákvæði af þessum toga sem er sérstaklega tekið á nú í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og framkvæmd þess falin annarri stofnun sem er Hollustuvernd ríkisins. Hefði það átt að vera til athugunar í sambandi við umorðun og endurskoðun á þessum bálki öllum saman.

Ég hef áður, virðulegur forseti, komið að 18. gr. að því er varðar gróðurverndarmálin og skort þar á samræmingu og nýjum ákvæðum um samstarf aðila í Stjórnarráðinu. Ég ætla ekki að staldra frekar við það en víkja nokkrum almennum orðum að ákvæðum greina sem fylgja á eftir 21. og 22. gr. varðandi efnistöku. Þannig vill til að þessi ákvæði eru sem sjá má, ef lesin eru, ekki síður forneskjuleg en sumt af því sem ég hef vakið athygli á hér á undan. Það er raunar viðurkennt af flestum, og þar á meðal af hæstv. umhvrh., sem beitti sér fyrir sérstakri ráðstefnu um efnisnámur í nóvember sl. að þessi ákvæði eru allsendis ófullnægjandi og eitt af því sem hvað brýnast er að endurskoða. Á ráðstefnunni, sem ég vitnaði til, var farið yfir stöðu þessara mála og þar lá fyrir sérstök skýrsla um námur á Íslandi sem gefin var út í fjölriti af umhvrn. Í þeirri skýrslu og í erindum á ráðstefnunni var dregin fram hrikaleg staða þessara mála hérlendis og m.a. bent á lagaákvæði sem koma eiga í veg fyrir jarðrask en eru engan veginn nógu skýr og erfitt að koma í veg fyrir efnistöku á grundvelli þeirra jafnvel þó að bein umhverfisspjöll séu á ferðinni. Því er alveg knýjandi nauðsyn að bæta úr í löggjöf varðandi þessi efni.

Á 119. löggjafarþingi var flutt þingmannafrumvarp um breytingu á lögum um náttúruvernd sem var sérstaklega ætlað að ráða bót á ákvæðum um efnistöku. Þetta frumvarp var lagt fram, endurskoðað og flutt af fleiri þingmönnum snemma á þessu þingi, það er 95. mál þessa þings á þskj. 97, og var vísað til umhvn. í öndverðum nóvember 1995. Margar umsagnir bárust umhvn. um frumvarpið en það fékkst ekki tekið á dagskrá á öllu þinginu samanlögðu. Það var ekki við það komandi að taka þetta þingmannamál fyrir sem var þó unnið vandlega og í samvinnu við ýmsar stofnanir sem gáfu ábendingar um hið fyrra frumvarp um þetta efni og ákvæðum frumvarpsins síðan breytt að þessu leyti. Það var ekki við það komandi að ræða þetta mál einu sinni í umhvn. þó að það lægi fyrir nefndinni og það frumvarp sem við ræðum hér kæmi langtum seinna.

Virðulegur forseti. Ég tel að í þessu felist ótrúleg lítilsvirðing fyrir starfi þingmanna á Alþingi og við starf í þingnefnd þegar þannig er haldið á máli að ekki er einu sinni haft fyrir því að taka á dagskrá efnislegt frv. sem varðar stjfrv. sem flutt er um sama málefni. Ég kann engar skýringar á þeirri tregðu sem var á því að hreyfa þetta mál og taka það til umfjöllunar í umhvn. Við hljótum að spyrja hvort það sé að boði hæstv. umhvrh. og fulltrúa hans, meiri hlutans í umhvn., að hlíta slíku með því að beita slíkum bolabrögðum því annað er ekki hægt að kalla þetta í sambandi við meðferð á þessu tiltekna þingmáli sem hefði ef það hefði verið tekið til efnislegrar umfjöllunar getað orðið grunnurinn að því að bæta úr þeim augljósu agnúum sem eru á þeirri löggjöf sem við búum við og sem er endurflutt óbreytt samkvæmt þessu frv.

Sannleikurinn er sá að ákvæðin um efnistöku voru veikt verulega í meðförum þingsins 1970–1971 vegna þrýstings hagsmunaaðila, fyrst og fremst einkaaðila sem selja efni, reka malarnám og annað efnisnám í þéttbýlinu í grennd höfuðstaðarins og lögðu hart að sér að koma hagsmunum sínum á framfæri við alþingismenn og höfðu því miður talsvert erindi af þeim rekstri öllum saman. Við gjöldum þess enn og landið hefur goldið þess á þeim aldarfjórðungi sem síðan er liðinn þar sem við blasa hundruð ef ekki þúsund efnisnámur sem hafa ekki verið frágengnar og eru til mikilla lýta í landslaginu, oft í næsta nágrenni alfaraleiða.

Reynt var að taka víðtækar á málinu í nefndu þingmannafrv. með því að gera tillögu um að sett yrðu inn í náttúruverndarlöggjöfinna sérstök ákvæði um landslagsvernd þar sem gert var ráð fyrir sérstökum kafla um slíka vernd í lögum um náttúruvernd og til þess m.a. að ná almennum verndarákvæðum sem hægt væri að tengja skipulagslöggjöf inn í lögin þannig að menn þyrftu síður að grípa til sértækra friðlýsinga eða annarra viðlíka ráðstafana til þess að tryggja að ekki yrði spillt stöðum og svæðum sem við þurfum að varðveita ósnortin. Ég nefni þetta vegna þess að þetta er þýðingarmikið atriði sem ætti að vera hér til umræðu sem tillaga frá umhvn. í tengslum við þetta frv.

Virðulegur forseti. Ég sé að hv. formaður umhvn. er hvergi hér nærri. Það er satt að segja alveg sérstakt hvað það er erfitt að halda ábyrgðaraðilum þessa máls við efnið í þingsal svo ég kem þeirri ósk á framfæri að hv. þm. verði kallaður í þingsal. Ég er að gera að umtalsefni breytingartillögu sem þingmaðurinn flytur sérstaklega við þetta mál. Ég bið liðsinnis virðulegs forseta til að kalla þingmanninn á vettvang. Hér er um að ræða þá grein sem menn höfðu ekki leitt hugann að því að ef þetta ákvæði 25. gr. þar sem segir: „sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga“ eins og það heitir í frumvarpstextanum hefðu gengið fram óbreytt þá hefðu menn í raun verið að strika yfir ákvæði eða aðgerðir sem stangast á við gildandi náttúruverndarlöggjöf á öllu tímabilinu á milli 1971 og 1996. Bent var á þetta í umsögn til umhvn. frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem mjög vafasamt atriði eins og þar segir: „... þar sem slíkt ákvæði er nú þegar að finna í gildandi lögum. Mannvirki sem hafa verið reyst án leyfis fyrir gildistöku þessara laga ættu alls ekki að vera látin óátalin. Það getur ekki talist rétt að láta þetta ákvæði verða virkt við gildistöku nýrra laga.“

Það hefur verið reynt að setja undir þennan leka með flutningi á sérstakri breytingartillögu en það þurfti brýningu til eins og fram kemur og það er fyrst með afbrigðum á þessum yfirstandandi fundi sem þetta ákvæði kemur fram af hálfu formanns umhvn. í formi sérstakrar breytingartillögu. Út af fyrir sig er betra seint en aldrei að það sé hægt að hreyfa menn í slíkum efnum en þetta eitt með öðru er lýsandi dæmi um þau vinnubrögð sem hér eru á ferðinni sem hefði ekki þurft að koma til ef vilji hefði verið til þess að fara yfir frv. eins og venja er um þingmál af þessu tagi í stað þess að rífa það út úr nefnd lítt unnið eins og raun bar vitni.

Ég kem þá, virðulegur forseti, að ákvæðum frv. um friðlýsingar. Í þeim greinum þar sem kveðið er á um friðlýsingar og skráningu náttúruminja, þ.e. 26.–33. gr. frv., hefur ýmsu verið breytt umfram það sem þörf hefði verið á vegna ákvæða frv. um breytt stjórnkerfi sérstaklega. Það sem minni hlutinn bendir m.a. á er að umhvrh. er settur hér í stað Náttúruverndarráðs sem leiðir til þess að hann er lögum samkvæmt gerður að frumkvöðli í friðlýsingarmálum. Á eftir fylgir síðan klausa sem endurtekin er í mörgum lagagreinum, innskot svofellt: að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs. Sem sagt endurtekið grein eftir grein. Umhvrh. getur að fengnum tilmælum þessara þriggja aðila friðlýst. Með þessu og enn frekar með ákvæðum síðar í frv., þ.e. í 32. gr., verður ljóst að það er verið að ýta hæstv. ráðherra sem sérstökum frumkvæðisaðila að friðlýsingum og við vekjum athygli á því, minni hlutinn, að þetta er mjög tvírætt. Þótt engan veginn beri að hafna frumkvæði ráðherra að einstökum friðlýsingaraðgerðum er hitt jafnhæpið að ætla að gera hann að megindriffjöður slíkra aðgerða. Slíkt getur fyrr en varir leitt til kapphlaups ráðherra um yfirborðslegar tillögur, og þá er átt við ráðherra hvers tíma, tilhneigingu til að koma eins konar merkimiða sínum á landsvæði þar sem lítill undirbúningur kann að hafa farið fram eða ekki er búið að plægja akurinn hjá heimafólki eða hagsmunaaðilum. Slíkt getur kallað fram andstöðu við friðlýsingaráform, ótímabæra andstöðu ef öðruvísi væri staðið að máli, sem hins vegar væri unnt að yfirstíga með eðlilegri kynningu hugmynda á frumstigi. Það má sjá betur hvernig þessu er varið þegar farið er yfir 2. og 3. mgr. 33. gr. frv. um framkvæmd friðlýsinga. Samkvæmt þeirri grein, með leyfi forseta, segir: „Ef umhverfisráðherra telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum skal hann fela Náttúruvernd ríkisins að freista þess að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

Ákveði umhverfisráðherra friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra rétthafa eða sveitarfélags þess er hlut á að máli skal Náttúruvernd ríkisins semja tillögu að friðlýsingunni.“

Það er ekki vænlegt að feta þessa slóð eins og þetta er fram sett hér. Það er líka misskilningur sem fram kemur í athugasemdum með frv. að Náttúruverndarráð geti nú upp á sitt eindæmi leitt friðlýsingu til lykta. Á bls. 14 í 6. línu að ofan stendur, með leyfi forseta: „Heimild til friðlýsingar flyst frá Náttúruverndarráði til umhverfisráðherra.“ Og sama gildir um athugasemdir við 26. gr. þar sem stendur: „Samkvæmt gildandi lögum hefur Náttúruverndarráð þessa heimild,“ þ.e. til friðlýsingar. „Eðlilegt þykir eftir stofnun ráðuneytis umhverfismála að umhverfisráðherra fari með heimildina.“

Þetta er á misskilningi byggt. Náttúruverndarráð gengur ekki frá neinni friðlýsingu nú og hefur aldrei gert. Það hefur gert tillögur að slíkum friðlýsingum en það hefur alltaf verið áskilið að það yrði undirritað og staðfest af ráðherra með auglýsingu á réttum vettvangi í Stjórnartíðindum. Hér er því um hreinan ókunnugleika á málsmeðferð að ræða og af því kann að stafa sú nálgun sem gerð er tillaga hér um samkvæmt þessu að gera umhverfisráðherra hvers tíma að eins konar prímus mótor. Ég get ósköp vel, virðulegur forseti, nefnt dæmi um það hvernig ekki á að standa að svona málum. Það dæmi er t.d. þjóðgarður undir Jökli en tillaga þar að lútandi var reidd fram hér fyrir tveimur árum eða svo án þess að nokkur viðhlítandi undirbúningur hefði farið fram að slíkri aðgerð, að slíkri friðlýsingu. Nú skal ég ekki dæma um það hvort þetta hefur orðið til tjóns fyrir hugmyndina, en það er mjög hætt við því að ef ráðherrar geysast fram á völlinn með hugmyndir af þessum toga, hálfkaraðar, óunnar, lítt undirbúnar að það verði til þess að auka fyrirstöðu, skapa

andstöðu við slíkar hugmyndir og setja fólk sem ella vildi vera þátttakandi í að skoða mál með eðlilegum hætti út af sporinu og gera það neikvætt fyrir slíkum ráðagerðum. Við þessu vörum við og ég ítreka að hér er ljóslega um ótrúlegan ókunnugleika að ræða hjá þeim sem halda á máli og gera hér tillögur um.

Það vekur líka athygli, virðulegur forseti, að samkvæmt frv. er verið að setja Náttúrufræðistofnun Íslands í hlutverk sem hún hefur ekki átt að sinna nema að takmörkuðu leyti. Náttúrufræðistofnun Íslands er sannarlega ein þýðingarmesta rannsóknar- og vísindastofnun í landinu og hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera bakhjarl aðgerða á sviði náttúruverndar og undir það tökum við í minni hlutanum. Ég tel mig þekkja allvel til laga um náttúruvernd þar eð ég hafði forustu um þann texta þegar þau lög voru endursamin um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur eins og nú þær heita. Þar var ekki gert ráð fyrir því að gera Náttúrufræðistofnun Íslands að einhverjum prímus mótor í útfærslu í náttúruverndarstefnu í landinu eins og mér sýnist að hér sé verið að gera í meiri mæli en skynsamlegt er. Það er auðvitað allt á sínum stað og vel það að Náttúrufræðistofnun Íslands veki t.d. athygli á og komi að tillögum varðandi tegundavernd, verndun einstakra búsvæða og annað þess háttar sem snertir beinlínis þann gagnabanka sem stofnunin varðveitir og stendur fyrir. Hitt finnst mér meira áhorfsefni hvort Náttúrufræðistofnun Íslands á að fara að gerast lögum samkvæmt sérstakur tillöguaðili varðandi friðlýsingu svæða, þjóðgarða og friðlanda og þátttakandi í því ferli til viðbótar við hina nýju ríkisstofnun Náttúruvernd ríkisins og Náttúruverndarráð sem með vissum hætti er ætlað að koma að þessu máli.

Ég gæti, virðulegur forseti, farið fleiri orðum um þetta en ég vænti að þetta skiljist sem hér er sagt. Það er nauðsynlegt að hafa skilmerkilega verkaskiptingu milli þeirra aðila sem í hlut eiga. En þessi þrenning sem hér er nefnd í grein eftir grein til að sinna þessum verkefnum, þar finnst mér lengra gengið en skynsamlegt er í þeim efnum. Það er ekki Náttúrufræðistofnun Íslands til framdráttar að setja hana í þetta hlutverk sem henni er ætlað sérstaklega samkv. 28. og 29. gr. að því er varðar friðlönd, friðlýsingar í friðlandsformi eða stofnun þjóðgarða. Að sama skapi sker það í auga að hvergi eru til nefndar í þessu sambandi náttúrustofurnar sem samkvæmt sömu lögum er þó ætlað mun beinna hlutverk í sambandi við framkvæmd náttúruverndarmála í landinu til aðstoðar hver á sínu svæði. Þetta hefur ekki verið tekið hér inn eins og eðlilegt væri og á því vekjum við í minni hlutanum athygli.

Ég kem þá að atriði, virðulegur forseti, sem snertir ákvæði 29. gr. Þar er um að ræða nýmæli í löggjöf sem við teljum mjög tvísýnt ákvæði og vekjum athygli á í áliti minni hluta umhvn. Þar segir, með leyfi forseta: „Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda."

Hér er verið að leiða í lög heimild til þess að lýsa þjóðgarð svæði sem er á einkalandi. Að færa sem sagt þjóðgarðsmörk yfir á einkalendur. Þó að rætt sé um það að slík skipan heyrði til undantekninga er ekki að finna neinn skýran rökstuðning fyrir því hvorki í athugasemdum með frv. né í þeim málflutningi sem ég hef heyrt um þetta efni að hverfa beri frá gildandi reglu um að landsvæði þjóðgarða séu í ríkiseign skilyrðislaust. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir í umsögn sinni um þetta efni að eðlilegt sé að núverandi skipan um þjóðgarða á ríkislandi haldist óbreytt. Við í minni hlutanum vekjum einnig athygli á að hægt er að ná hliðstæðri vernd og í þjóðgörðum með ákvæðum um friðlönd skv. 28. gr. Við tökum undir ábendingar Landvarðafélags Íslands en í henni segir m.a., með leyfi forseta: „Mikilvægt er að veikja ekki þá sterku friðlýsingu sem á er sett þegar landsvæði er gert að þjóðgarði en hætt er við að svo færi ef hvikað væri frá skilyrðinu um ríkiseign. Það felst í hugtakinu að landið sé í eign ríkis og þjóðar, skilgreiningin á ekki við í öðrum tilvikum. Aðrar leiðir eru til staðar ef land er áfram, að hluta til eða með öllu, í eigu einkaaðila eða lögpersóna. Má til dæmis nefna þá leið er farin var við friðlýsingu Mývatns/Laxár og fólst í því að friða með sérlögum."

Víða erlendis er um annars konar friðlýsingu að ræða á svæðum sem liggja að þjóðgörðum og falla m.a. að eignarréttarlegum ástæðum ekki að þjóðgarðshugtakinu. Sums staðar erlendis þar sem undantekningar hafa verið gerðar eins og hér er verið að gera tillögu um hefur það ekki þótt gefast vel. Dæmi um þetta sem ég vænti að hæstv. umhvrh. hafi kynnt sér er þjóðgarðurinn á Hardangervidda í Noregi en hann er að hluta til á einkalandi á grundvelli ákvæða sem tekin voru upp í norska löggjöf um þetta atriði en hafa því miður ekki reynst farsæl. Nú hefðu menn gjarnan viljað bakka út úr þessu og þarna er um að ræða mjög mikla erfiðleika á að tryggja þá friðlýsingu sem þjóðgarði sæmir á Hardangervidda, því stóra og fallega víðerni í Noregi. Svæðið er hins vegar undir einkaréttarákvæðum og landeigendur telja sig hafa þar rétt og teygja hann kannski lengra heldur en samið hefur verið um. Og það er þessi veiking á þjóðgarðshugtakinu og stjórnun svæðis sem ber heitið þjóðgarður sem við óttumst. Í stað þess að eignast viðkomandi land eða friðlýsa það á grundvelli þess að það er einkaeignarland sem friðland falla menn í þá freistni að leggja það þannig til stærra svæðis. Það er það sem við vörum við og óttumst að verði afleiðingin af þessu. Það eru ýmsir aðilar sem segja: Það er mjög æskilegt að fá fleiri þjóðgarða í landið. Þessir aðilar eru ekki endilega að hugsa um verndun landsins einvörðungu. Þessar hugmyndir geta stafað af sjónarmiðum ferðaþjónustunnar t.d. vegna þess að heitið þjóðgarður hafi sérstakt aðdráttarafl vegna alþjóðlegrar merkingar og samsvörunar og af þeim ástæðum sé hið besta mál að lýsa viðkomandi land þjóðgarð þótt undir einkaréttarákvæði falli. En þessu fylgja hættur. Og það eru þær sem að mínu mati eru ekki í kaup takandi og ástæðulausar vegna þess að menn hafa aðrar leiðir sem skila nákvæmlega sama árangri og með tryggari hætti, eða með því að setja viðkomandi landsvæði undir friðlandsfriðlýsingu samkvæmt sérreglum sem þar um gilda og eftir því sem um semst við viðkomandi landeiganda eða umráðaaðila lands. Um þetta eru að finna dæmi mjög víða. Eins og margar Evrópuþjóðir, þó ekki allar, höfum við sótt hugmyndir okkar um þjóðgarða vestur til Ameríku, vestur í Bandaríki Norður-Ameríku. En ég held að það sé útbreiddur misskilningur jafnvel hér á landi að þjóðgarðar í Bandaríkjunum séu á einkalandi í stórum stíl. Það er alger firra. Það er þá nýtilkomið ef „national parks" í Bandaríkjunum eru á einkalandi. Ég held að þeir hafi verið mjög fastheldnir á að hafa það ríkisland. Í Bandaríkjunum, því stóra landi auðvaldsins, einkafjármagnsins, forusturíki kapítalismans, voru menn alveg sérstaklega framsýnir, og mættum við og fleiri þjóðir margt af því læra, þegar að því kom að halda stórum lendum í ríkiseign og setja þær undir sérstaka vernd en veita

almenningi jafnframt aðgang að þeim.

Þannig búa Bandaríkjamenn að þessum náttúruperlum sem eru þjóðgarðar þeirra og hafa auðvitað gífurlegt aðdráttarafl en jafnframt tryggja verndun svæðanna á myndarlegan hátt þó auðvitað sé um að ræða árekstra við ferðaþjónustusjónarmiðin eins og annars staðar. Þar við bætist að aðliggjandi þessum þjóðgörðum eru víða svæði sem njóta verndar þó að veikari sé en þjóðgarðsverndin vegna þess að þar eru heimiluð tiltekin not, t.d. ríkisskógarnir bandarísku, State Forests sem eru víða aðliggjandi þjóðgörðunum og virka þá eins og sérstakt verndarbelti í kringum þá og hafa sérstakt gildi. Ég held t.d. að það geti farið ágætlega á því að lýsa land þjóðgarð þó að innan svæðis sé síðan jörð sem heyrir undir einkaeign eða aðila sem ekki vill gangast undir svo strangar reglur sem fylgja þjóðgarðsfriðlýsingu og þá geti farið vel á því að fella slík svæði undir friðlandsfriðlýsingu með sérstökum reglum samkvæmt samkomulagi við eiganda. Og það spyr enginn út af fyrir sig að því síðan sem um svæðið fer, hvað er hvað þegar þar að kemur. Aðalatriðið er að það skapist ekki óeðlileg skil í stjórnun á viðkomandi svæði og að lágmarksvernd sé tryggð á heildinni. Þetta vildi ég undirstrika, virðulegur forseti.

Ég hef líka vakið athygli á því og við í minni hlutanum að þegar kemur að stofnun og rekstri fólkvanga þá hefðu menn átt að athuga mál betur. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé verið að auka íhlutunarheimildir og tilætlan um heimildir af hálfu umhvrh. í fólkvanga sem eru þó friðlýsingareining þar sem sveitarstjórnum er ætlað allt frumkvæði þó að Náttúruverndarráði sé samkvæmt gildandi lögum ætlað að tryggja ákveðna samræmingu og umhvrh. skera úr ef til sérstakra ágreiningsefna kemur. En mér sýnist að mönnum hafi sést yfir við umskrift á þessu vegna tillagna um breytingar á öðrum stjórnunarþáttum þannig að þetta gangi lengra en ég get ímyndað mér að menn hafi ætlað sér að fara. Hér, virðulegur forseti, sýnist mér að menn hafi farið of fljótt yfir sögu eins og svo víða í vinnslu þessa máls sem við, minni hluti nefndarinnar, hefðum gjarnan viljað koma að til að reyna að koma okkar litla viti inn í umfjöllun þessa máls þannig að betur mætti fara.

Ýmis ákvæði frv. í síðasta hluta þess eru lítt eða ekki breytt en hefðu þurft skoðunar við í ljósi breyttra viðhorfa. Þetta á t.d. við um 31. gr. sem er nær óbreytt ákvæði 27. gr. gildandi laga og er hugsuð sem stuðningur við útivist. En lítið hefur raunar orðið úr framkvæmdum á grundvelli þessa ákvæðis. Það vantar inn í þetta ákvæði að þær framkvæmdir sem þarna er fjallað um lúti skipulagslöggjöf og væri auðvitað nauðsynlegt að fella þetta að þeim viðhorfum enda landið allt orðið skipulagsskylt á gildistíma núverandi laga um náttúruvernd.

Það er líka, virðulegur forseti, sérkennilegt að þegar kemur að náttúruminjaskrá og undirbúningi hennar, þá er ekki minnst á náttúrustofur í landshlutunum, náttúrustofur með ríkisaðild sem ættu þó kannski að vera sá aðili sem gæti orðið sérstakur stuðningsaðili við að undirbúa tillögur að útvíkkun og viðbótum á náttúruminjaskrá. En þeirra er hvergi getið í þessu efni og það kemur spánskt fyrir sjónir á sama tíma og Náttúrufræðistofnun er tekin þarna sem nýr aðili inn í þetta samkvæmt tillögunni og ekki ætla ég að finna að því. En náttúrustofurnar gleymast í þessu sambandi.

Það er líka mjög sérkennilegt að ætla að takmarka viðbætur á náttúruminjaskrá og endurskoðun skrárinnar við fjögurra ára tímabil, á fjögurra ára fresti. Hvað í ósköpunum fær menn til þess að þrengja þannig möguleika til að auka við svæði á náttúruminjaskrá að það megi ekki endurskoða skrána nema á fjögurra ára fresti? Hér hlýtur að vera hugsanavilla á ferðinni og eitt dæmið af mörgum um fljótræði og handahóf sem einkennir þetta frv. í allt of ríkum mæli.

Það kemur síðan í 35. gr. ákvæði sem ágreiningur er um og það ekki bara innan umhvn. heldur vil ég fullyrða víða úti í þjóðfélaginu, bæði við rekstraraðila í ferðaþjónustu, en ekkert síður við almannasamtök sem horfa til útivistar og réttar þeirra sem um landið fara. Þar á ég við það ákvæði 35. gr. sem snertir gjaldtöku af aðgangi að landinu, þ.e. að fara að selja inn á landið bara fyrir að fá að ganga um það eða fara um landið. Þetta hefur verið talið óeðlilegt hér á landi til þessa en hér er verið að innleiða þetta og vægast sagt með mjög vafasömum ákvæðum. Ég tel að í fyrsta lagi sé þetta ákvæði óeðlilegt út frá almennum sjónarmiðum. Í öðru lagi tel ég að þetta ákvæði skili engu í reynd, sé lítt framkvæmanlegt vegna tilkostnaðar við innheimtu á slíkum aðgangseyri sem í langflestum tilvikum mun verða meiri en það sem safnast í baukinn fyrir slíkan aðgangseyri. En sem kunnugt er þá er forboðið að innheimta slík gjöld með öðrum gjöldum, með þjónustugjöldum t.d. fyrir tjaldstæði o.s.frv. Fjmrn. kveður mjög skýrt á um aðgreiningu á milli gjalda fyrir veitta þjónustu og hins vegar um hugmyndir eins og aðgang að landi sem væri þá sérstakur gjaldstofn og flokkast gæti undir skattheimtu. Í tillögum meiri hluta nefndarinnar er þannig að þessu búið, virðulegur forseti, að sagt er:

„Náttúruvernd ríkisins eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu.“ Það erum við ekki að tala um hér, en síðan segir: „Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Tekjum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.“

Það er með miklum fádæmum, virðulegur forseti, að þeir sem hafa tekið að sér rekstur náttúruverndarsvæðis, en fyrir það er opnað hér á öðrum stað í frv. að fela ýmsum aðilum, einkaaðilum þar á meðal, að stjórna og sjá um rekstur svæða sem flokkast undir náttúruverndarsvæði, geta upp á sitt eindæmi ákveðið gjaldtöku. Það segir að vísu hér í framhaldinu:

„Eigi síðar en í september ár hvert skal Náttúruvernd ríkisins með opinberri auglýsingu birta skrá yfir gjaldtöku rekstraraðila náttúruverndarsvæða fyrir næsta ár. Gjaldskrá má kæra til ráðherra.“

Þetta er tilskilið þarna. En eftir sem áður, rekstraraðilinn getur ákveðið þessa gjaldtöku. Gjaldtakan ein út af fyrir sig er það sem við setjum spurningarmerki við svoleiðis að hér er farið út á mjög vafasama braut að mati okkar í minni hlutanum sem við höfum varað við sterklega og vildum þetta ákvæði út úr frv. eins og svo margt annað sem hér er ranglega lagt til að okkar mati.

Síðan fylgir frv. sérstök grein, 41. gr., sem varðar breytingu á öðrum lögum til samræmis við þær breytingar sem hér er verið að gera á náttúruverndarlöggjöf. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, sem þó er illt að þurfa að hafa yfir hér í þessum ræðustól, að umhvn. þingsins hafði ekki uppi minnstu tilburði til að fara yfir þessa þætti. Þessi ákvæði sem hér eru sett inn voru því algjörlega óskoðuð af umhvn. eins og eðlilegt hefði verið, þ.e. hvort hér væru réttar tillögur á

ferðinni, hvort eitthvað hefði yfirsést í viðkomandi löggjöf og sýnir þetta eitt með öðru þá fljótaskrift sem var á meðferð málsins undir forustu meiri hluta í nefndinni. Þessu vörum við við. Við höfum ekki farið í þá vinnu á vegum minni hlutans eftir að málið var tekið út úr nefnd að kemba þetta. En það kæmi mér ekkert á óvart þó það ættu eftir að koma upp ýmis atriði eða einhver atriði sem vörðuðu þá fljótaskrift sem hér er um að ræða, um ósamræmi og annað sem maður óttast að fljóti með þegar svona er að máli staðið. Allri ábyrgð af því vísum við til meiri hluta nefndarinnar.

Ég hef, virðulegur forseti, farið yfir frv. og stiklað á ýmsum efnum sem við í minni hluta umhvn. komum að í okkar áliti og vörum við í sambandi við þær tillögur sem hér eru uppi. Um þetta væri ástæða til að hafa mun lengra mál, virðulegur forseti, svo þýðingarmikið og víðfeðmt sem frv. er og mikilvægt. Ég hef ekki farið í að vitna nema í brot af þeim umsögnum sem nefndinni bárust og ástæða hefði verið að vekja athygli á. Ég hef aðeins vísað til greinargerða sem nefndinni bárust, t.d. frá forseta Ferðafélags Íslands og þeirrar gildu tillögu sem stjórn Ferðafélags Íslands lagði til á 118. þingi og veitti þá umhvn. þingsins aðgang að. Hún hefði getað verið prýðisefniviður við þá heildarendurskoðun laga sem við höfum gert að meginefni í okkar tillögum að fram færi með víðtæku samráði eins og eðlilegt er í sambandi við málaflokk af þessum toga. Það á ekki að vera flokkspólitískt einkamál hvernig mál eru mótuð um umhverfismál. Það viðhorf hefur verið viðurkennt í mörgum atriðum við meðferð þessara mála á undanförnum árum. Ég harma að það skuli ekki hafa verið gert áfram í þessu máli sem við ræðum hér.

Í lokaorðum okkar nefndarálits, virðulegur forseti, segjum við sem undir það ritum, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í framansögðu fer því fjarri að vandað hafi verið til undirbúnings þessa frv. um náttúruvernd. Rökstuðningur með frv. er afar ófullnægjandi og engar viðhlítandi skýringar á því hvers vegna ekki var ráðist í heildstæða endurskoðun laganna. Úr þessum annmörkum hefði þó mátt bæta með vandaðri vinnu að frv. í þingnefnd. Til þess var hins vegar ekki gefið neitt ráðrúm og því er niðurstaðan jafndapurleg og raun ber vitni og rakið hefur verið í þessu áliti. Ekki er boðlegt að ætla Alþingi að taka málið til efnislegrar afgreiðslu á grundvelli tillagna meiri hlutans. Því leggur minni hluti umhverfisnefndar til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um að fram fari sem fyrst á vegum umhvrn. heildstæð endurskoðun laga um náttúruvernd."

Þetta eru lokaorð mín og hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur á nefndaráliti okkar á þskj. 1091 sem við tókum saman af tilefni þessa máls til þess að gera grein fyrir okkar athugasemdum og meginviðhorfum til málsins.

Mér þykir það afar leitt, virðulegur forseti, að þetta mál skuli bera að hér í þinginu eins og raun ber vitni, þ.e. eftir að hafa legið hjá meiri hluta þingnefndar í meira en mánuð án þess að vera tekið á dagskrá, að þá skuli málið koma hér fyrir til 2. umr., efnislegrar umræðu, við þær aðstæður sem okkur eru búnar hér sem erum að ræða málið. Ég tel það þinginu til vansæmdar að þannig skuli að málinu staðið, að þannig skuli um hnútana búið. Ég trúi því ekki að hæstv. umhvrh. hafi ráðið því að svona er á málum haldið. Þetta er ekki boðlegt, virðulegi forseti. Það er stórkostlega ámælisvert að svona er haldið á máli þar sem maður hefur trú á því að allir vildu í raun vanda sig ef lýst er eftir almennum viðhorfum til málsins.

Síðan gerist það sem menn urðu vitni að fyrr á fundinum að farið er að gera kröfur til okkar sem erum að sinna þingskyldum okkar að ræða þetta mál og gera grein fyrir sjónarmiðum okkar og nefndarálitum, gera kröfur til okkar um það að við förum að áætla það hvað við höldum að við í okkar eigin vesælu persónu munum þurfa langan tíma til að gera grein fyrir okkar máli. Ég hef aldrei verið vitni að slíku á Alþingi Íslendinga þau 18 ár sem ég hef setið hér. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég harma það og er satt að segja furðu lostinn að forseti þings, sem ég hef borið virðingu fyrir og átt ágætt samstarf við, skuli eiga hlut að því að setja mál fram með þeim hætti og setja þingmenn í þá aðstöðu sem gert var fyrr á fundinum við þessa umræðu. Ég kemst ekki hjá því að segja þau orð hér. Ég er til reiðu að ræða þau mál efnislega hvenær sem er en ég tel að það sé mikill blettur á störfum þessa þings hvernig á því efni hefur verið haldið og hvaða rammi umræðunni hefur verið skapaður undir lok þingsins. Það getur ekki verið að það sé skoðun manna, að það sé forsvaranlegt að fjalla um gildan þátt í löggjöf í landinu, löggjöf um náttúruvernd, undir þeim kringumstæðum sem hér eru skapaðar og vera með refsivöndinn á lofti gagnvart þingmönnum sem eru að sinna þingskyldum sínum og koma á framfæri sjónarmiðum sínum við umræðuna.

Ég hef aldrei orðið vitni að slíku á Alþingi Íslendinga og ég skil ekki hvaða nauður rekur menn til slíkra vinnubragða. Ég mun íhuga þetta efni sem hér bar við og ég hlýt að íhuga það efni nánar vegna þess að ég tel að það hafi verið troðið óeðlilega á rétti mínum sem þingmanni eða reynt að gera það af forustu þingsins og ég er harmi sleginn yfir því hvernig að þeim málum er staðið.

Virðulegur forseti. Það efni sem við ræðum hér hefði eins og ég hef vikið að í mínu máli þurft nánari lýsingar við og ég mun eftir atvikum koma að því síðar í umræðu um málið. Ég tel óhjákvæmilegt að ef þetta mál kemur til 3. umr. að þar verði látið á það reyna að ná fram breytingum á þessu afleita frv. til þess að fá fram lágmarksleiðréttingar á málinu til þess að það sé í rauninni lögfest þannig að um það geti verið eitthvað sem kallast mætti sæmileg samstaða. Ég vek athygli á því að við sem mælum fyrir minni hluta í málinu erum ekkert einangrað fyrirbæri. Við flytjum inn í þingið sjónarmið fólks sem unnir náttúruvernd og er kannski tryggustu vörsluaðilar landsins, bera landið fyrir brjósti, eru jafnvel fulltrúar samtaka sem eru stofnuð til þess að slá skjaldborg um landið til verndunar og hafa borið fram sjónarmið sín og þau sjónarmið endurspeglast að sumu leyti í þeim tillögum og athugasemdum sem við berum fram sem minni hluti umhvn. Á sama tíma er okkur ætlað að ræða þetta mál undir einhverjum nýtilbúnum kvörðum af hálfu þingsins og það er um leið ekki aðeins lítilsvirðing gagnvart okkur sem flytjum mál okkar heldur jafnframt gagnvart því fólki sem hefur átt þátt í því að sinna kalli Alþingis um það að veita umsögn um það lagafrv. sem hér er rætt.

Virðulegur forseti. Ég vara mjög eindregið við þeim málatilbúnaði sem hér hefur verið viðhafður að þessu leyti af hálfu meiri hlutans og forustu þingsins. Ég ítreka að mér þykir þetta stórkostlega leitt Alþingis vegna og ég vænti þess að enn sé ráðrúm til þess af hálfu meiri hlutans sem stendur að þessu máli til þess að reyna að ráða einhverja bót á máli efnislega og hvað snertir andrúmsloft í þingsölum til þess að fjalla um þetta þýðingarmikla mál. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það væri eðlilegast að hæstv. umhvrh.

sem forræðismaður málsins í þinginu og sem ber frv. fram í þinginu hafi um það frumkvæði og forgöngu að reyna að bæta með einhverjum hætti úr því sem hefur verið brotið á mönnum.

[18:37]

Útbýting þingskjala:

Iðnaðarmálagjald, 483. mál, þskj. 1166.
Innheimtustofnun sveitarfélaga, 356. mál, þskj. 1165.
Meðferð opinberra mála, 450. mál, þskj. 1163.
Staðfest samvist, 320. mál, þskj. 1164.

[18:37]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum hlýtt á langa og ítarlega ræðu hjá hv. þm. þar sem margt fróðlegt kom fram. Eftir atvikum get ég sagt að ég hafi verið sammála sumu af því sem fram kom en ósammála öðru. Það eru örfá atriði ef ég gæti komið þeim að sem ég vildi segja strax við hv. þm.

Ég hef sem ráðherra margreynt að koma málinu á dagskrá fyrr en nú á þessum degi. Ég leyfi mér að svara því alveg eindregið og fullyrði það og hafna þeirri aðdróttun eða þeim vangaveltum hv. þm. að ráðherra hafi reynt að koma í veg fyrir að nefnd tæki einstök mál sem fyrir henni liggja á dagskrá. Auðvitað hef ég ekki sem ráðherra haft eða reynt að hafa afskipti af því.

Sumt í máli hv. þm. varðaði ýmis efnisatriði sem er ekki verið að breyta nú heldur koma fram í frv. af því að frv. er heildarlög. Þegar málið var til 1. umr. kom fram að þær breytingar sem hér eru lagðar til á stjórn náttúruverndarmála þykja viðamiklar og snerta að auki flestar greinar gildandi laga þannig að til einföldunar og skilningsauka var talið rétt að leggja fram heildstætt frv. til nýrra náttúruverndarlaga. Um það geta auðvitað verið skiptar skoðanir og það er ljóst að það dregur inn í umræðuna ákveðna hluti sem er ekki verið að breyta nú og hv. þm. kom reyndar að því á nokkrum stöðum í ræðu sinni.

Út af vangaveltum hans um samskipti landbrn. og umhvrn. vil ég segja að nú er verið að hefja endurskoðun á lögum um landgræðslu. Reyndar er í gangi samstarf milli Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, svokallaður NASL-hópur, þannig að það eru nokkur samskipti. Þessi tvö ráðuneyti hafa um tíma haft með sér formlegt samráð. Það hófst reyndar fyrir mína tíð sem ráðherra þessara tveggja málaflokka og þar liggur fyrir hugmynd eða tillögur um framkvæmd þessa samstarfs sem hv. þm. yfjaði aðeins að og ég hef fullan hug á því að staðfesta. Það er sameiginlegur fundur þessara ráðuneyta í næstu viku, átti reyndar að vera á morgun en er frestað vegna þess að óvissa var með þinghaldið þannig að hann verður haldinn í næstu viku. Ég hef ekki jafnmiklar áhyggjur af því og hv. þm. og hef reynt að beita mér eftir bestu getu í báðum málaflokkum en auðvitað er það eins og gengur þegar stór mál eru til umfjöllunar að sjálfsagt er hægt að finna að því hvort menn geta sinnt starfi sínu viðhlítandi. Ég hef reynt að gera mitt besta.

[18:41]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sjálfsagt má finna ýmislegt til málsbóta og ég ætla hæstv. ráðherra ekkert sérstakt í sambandi við þetta mál umfram það sem ég vék að. Það voru ekki aðdróttanir. Hins vegar hlýtur það að hafa verið á vitorði hæstv. umhvrh. að í þinginu var flutt frv. sem var vísað til umhvn. sem varðar þetta svið sem er um að ræða. Hafi verið áhugi hjá hæstv. ráðherra að fá fram endurbætur á ákvæðum náttúruverndarlaga að því er varðar efnistöku lágu þarna fyrir tillögur sem njóta víðtæks stuðnings og sem höfðu fengið skoðun ýmissa opinberra stofnana, þar á meðal á vegum umhvrn. og sem hæstv. ráðherra hafði haft mjög góð orð um á ráðstefnu í nóvember sl. Það er þetta sem ég er að vísa til þannig að ég tel að þarna skorti viljann. En hvort það var að forminu til, ég ætla ekkert að skera úr um það hvernig samskipti hæstv. ráðherra og formanns umhvn. eru frá degi til dags.

Varðandi samskipti milli ráðuneyta um þá stöðu sem er uppi að hæstv. ráðherra gegnir tveimur ráðuneytum, landbrn. og umhvrn. eru það bara vandkvæði sem eru formlegs eðlis. Ég treysti núv. hæstv. umhvrh. ekkert síður að glíma við þann vanda að þjóna tveimur herrum. En það sem ég er að gagnrýna er það að ætla einum og sama ráðherra að sinna þessum ólíku málaflokkum þar sem frá degi til dags hlýtur að draga til hagsmunaárekstra, hlýtur að draga til árekstra milli sjónarmiða og auðvitað er möguleikinn að sinna skyldum miklu minni. Ég tel að það gildi ekkert síður um umhvrn. en fjmrn. að það komi ekki til greina að deila því upp á milli fleiri ráðherra. Þetta eru slík lykilráðuneyti sem verða að geta starfað óháð.

[18:43]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af efnistökumálinu. Það er rétt sem hv. þm. segir. Ég hef líka lýst því yfir að það sé nauðsynlegt að taka á því máli og reyndar fleirum sem hann nefndi í sinni löngu og ítarlegu ræðu. Það er margyfirlýst af minni hálfu að það verður farið í þessa heildarendurskoðun og það eru engin undanbrögð í því sem mátti kannski aðeins skilja í upphafi máls hv. þm. fyrr í dag að kynni að vera að hugur fylgdi ekki máli. Það eru engin undanbrögð í því. Það er fullur vilji að fara í það strax og taka rösklega til hendi. Ég hef hins vegar álitið að það mundi taka lengri tíma en hv. þm. hefur stundum látið að liggja í ræðum sínum og álitið að þar væri hægt að vinna hraðar.

Þar verður að taka á efnistökumálinu og þar verður að taka á almannaréttarmálinu sem hv. þm. fjallaði ítarlega um í ræðu sinni áðan. Um það er ekki ágreiningur en ég tel að það eigi heima þar og það sé mjög nauðsynlegt að gera það og má kannski segja þótt fyrr hefði verið en því vísa ég þá til þeirra sem hafa lengur fjallað um þennan málaflokk en ég hef þó gert.

Hv. þm. beindi ekki mörgum spurningum til mín um viðhorf mitt til náttúruverndarnefnda sveitarfélaganna. Ég minni aðeins á að ákvæðin í 10. gr. frv. um náttúruverndarnefndir sveitarfélaganna og héraðsnefndanna eru nokkurn veginn efnislega óbreytt frá því sem er í gildandi lögum þannig að ekki er um að ræða breytingar í sjálfu sér. Það er nýtt að ætla þessum nefndum eða fulltrúum þeirra að hittast einu sinni á ári og ég teldi að það gæti orðið fróðlegur og mikilvægur fundur ef hægt er að halda slíkan fund og ég mun auðvitað reyna að gera eins og lög kveða á um verði þetta frv. að lögum.

Um náttúruminjaskrá sem hv. þm. taldi að væri óhæft að væri útgefin á aðeins fjögurra ára fresti held ég að ég fari rétt með að það sé þannig í gildandi lögum. Hitt getur svo sjálfsagt verið rétt hjá hv. þm. að eðlilegt væri að hún væri

gefin út oftar, ég skal ekki fullyrða um það að óathuguðu máli. Það er þá eitthvað sem þarf að taka til athugunar í heildarendurskoðuninni.

Að lokum vil ég segja að við erum ósammála a.m.k. að hluta til hvað varðar málefni með gjaldtökuna. Ég er þeirrar skoðunar að það beri að fylgja fram því ákvæði sem hér er í frv. og í brtt. meiri hluta nefndarinnar.

[18:46]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi náttúruverndarnefndir skv. 10. gr. frv. er það rétt að það er ekki mikil breyting frá gildandi löggjöf. En sú löggjöf er líka frá 1990, hraðsoðin þegar ráðuneytið var sett á laggirnar ef ég man rétt með tilliti til þess að sýslur höfðu fallið af sem stjórnsýslueiningar. Sveitarstjórnir „eða" héraðsstjórnir er breyting, það var held ég sveitarstjórnir og héraðsstjórnir í gildandi lögum. Ég hef það ekki fyrir framan mig. Það er smávegis breyting en lögin eru bara ekki nógu góð eins og þau eru. Þau hafa ekki virkað sem slík og það er það sem verið er að vísa til fyrir utan að það skapast togstreita milli sveitarstjórna annars vegar og héraðsstjórnanna um það hvor á að kjósa og hætt við því að þetta verði sundurleitt og ósamstætt. Það eru þær áhyggjur m.a. sem ég deili auk þess sem ég held að það sé kostur að ætla náttúruverndarnefndum stærra umdæmi en líklegt er að komi út samkvæmt ákvæðum frv. og að þær fái jafnframt stuðning náttúrustofanna á sínu svæði.

Varðandi náttúruminjaskrána held ég að það sé ekki bundið í gildandi löggjöf um útgáfu hennar. Það segir með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Skal ráðið semja skrá um slíkar minjar og slík lönd."

Þarna eru engin tímamörk sett og ég man ekki eftir þeim annars staðar í lögum þannig að ég held að þarna sé verið að taka upp nýja siði sem eru ekki heppilegir.

[18:48]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. þingmál sem ber heitið Frumvarp til laga um náttúruvernd. Það er þó í rauninni rangnefni og ætti með réttu að vera Frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd. Þetta frv. er sem sé langt frá því að vera það sem það þykist vera, þ.e. endurskoðuð heildarlöggjöf um náttúruvernd. Það er það alls ekki. Reyndar kemur það fram í greinargerð með frv. þar sem segir að frv. feli í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála og örfáar efnisbreytingar á lögum um náttúruvernd.

Gömlu lögin frá 1971 eru sem sagt tekin og krafsað í nokkrar greinar þeirra og sett svo ákvæði til bráðabirgða um að lögin beri að endurskoða í heild sinni innan tveggja ára frá gildistöku. Þessi vinnubrögð eru mér satt að segja óskiljanleg og mér finnst þau lýsa bæði skilningsleysi og vissu metnaðarleysi þeirra sem með þessi mál fara.

Endurskoðun náttúruverndarlaganna er vissulega orðin brýn. Þau voru sett árið 1971 og þarf ekki að fara mörgum orðum um það að margt og mikið hefur gerst í umhverfis- og náttúruverndarmálum hér á landi sem annars staðar í veröldinni á þeim 25 árum sem síðan eru liðin. Hvarvetna hafa menn verið að vakna til vitundar um mikilvægi umhverfismála, verið að átta sig á þeim hrikalegu spjöllum sem mannkynið hefur unnið á náttúrunni og hversu brýnt er að snúa af þeirri braut, ekki bara vegna þess að náttúran er fögur og margbreytileg og hefur fullan rétt til að vera það, heldur einnig vegna þeirra einföldu staðreyndar að ef maðurinn gerspillir náttúrunni, tortímir hann mannkyninu um leið. Svo einfalt er það nú. En því miður hefur maðurinn í græðgi sinni og heimsku gengið heldur rustalega um móður jörð. Hann hefur talið sig herra jarðarinnar í stað þess að viðurkenna sig sem hluta af náttúrunni og hann hefur gengið þvert á lögmál hennar í æðisgenginni leit sinni að stundargróða. Það er því fyrir margt að bæta í þessu efni. Sumt verður auðvitað aldrei bætt og því miður eru enn þá allt of margir allt of víða sem líta á umhverfis- og náttúruvernd sem sérvisku tiltölulega fámenns hóps, gott ef ekki er talsverð tilhneiging í þessa átt hér á landi. Að vísu eru umhverfismál nú svolítið í tísku, en ærið misjafnt hvað býr að baki þessu orði í huga fólks og hversu langt menn vilja í raun og veru ganga. Sumir setja mörkin við ruslatínslu og þrif í kringum húsið sitt, aðrir safna pappír og einnota umbúðum og enn aðrir rækta trjáplöntur af kappi og allir vinna þeir auðvitað að umhverfismálum. En umhverfismál og náttúruvernd eru vitaskuld miklu víðfeðmari en þetta og í raun og veru er eitt það brýnasta í þessu efni að skipuleggja og efla fræðslu um náttúruvernd og umhverfismál. Um það flutti þingflokkur Kvennalistans tillögu oftar en einu sinni, að vísu á öðru kjörtímabili Kvennalistans á Alþingi og fékk tillögu samþykkta um þetta efni. En því miður verð ég að segja að framkvæmd hennar hefur ekki verið í samræmi við vonir okkar og óskir.

Það verður víst að viðurkennast að enda þótt margt og mikið hafi verið að gerast og við séum sannarlega í öðrum sporum en árið 1971 þegar lögin um náttúruvernd voru sett, er umræðan þrátt fyrir allt ekki nægilega mikil og ekki nógu langt komin. Það er mjög nauðsynlegt að efla hana og við getum ekki skorast undan því að taka á þessum málum og setja um þau nauðsynlegan lagaramma. Þess vegna er það beinlínis gremjulegt að staðið sé að verki eins og hér hefur verið gert. Að mínu viti er orsakarinnar að leita í því að umhverfismálin eru enn hornreka í stjórnsýslunni. Þau hafa ekki það vægi sem þeim ber að mínu mati. Í rauninni ætti umhvrn. að hafa jafnmikið vægi og fjmrh. sem er auðvitað víðs fjarri eins og nú háttar til, enda voru mikil átök og ágreiningur um stofnun þessa ráðuneytis og væri svo sem fróðlegt að rifja það allt saman upp sem ég ætla ekki að gera, þ.e. rifja það upp hvernig Sjálfstfl. barðist með oddi og egg gegn stofnun ráðuneytisins og hélt uppi umræðum á Alþingi til þess að tefja málið eins og hann hafði afl til.

Reyndar verður það að viðurkennast að við þingkonur Kvennalistans vorum ekki par hrifnar af því hvernig staðið var að því verki þegar það var loks unnið. Við höfðum lagt fram tillögu um hvernig ætti að koma þessum málum fyrir og sú tillaga var vissulega talsvert öðruvísi en síðan varð niðurstaðan, auk þess sem meginástæðan fyrir stofnun ráðuneytisins í þá daga var sú að það vantaði ráðherrastól handa Borgaraflokknum. Göfugra var nú megintilefnið ekki. Það er önnur saga en samt ástæða til að rifja þetta upp vegna þess sem ég nefndi, þ.e. að umhverfismálin eru enn þá hálfgerð hornreka í stjórnkerfinu og er það sjálfsagt með öðru ástæða þess hvernig að verki er staðið með þetta frv.

Auðvitað átti að ganga í það verk að endurskoða lögin í heild sinni og það þarf hvort eð er að gera. En úr því að menn treystu sér ekki til þess og fannst svo brýnt að

breyta stjórnunarþætti náttúruverndarmála að það gæti ekki beðið eftir heildarendurskoðun átti auðvitað að taka þann þátt sérstaklega fyrir og leggja fram frv. til breytinga á núgildandi lögum. Um þetta skiptust hv. síðasti ræðumaður og hæstv. ráðherra á orðum áðan. Ég er ekki sammála því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að það hafi verið flókið að taka þetta út úr þar sem slík breyting sem hér er lögð til hefði áhrif svo víða í löggjöfinni. Það er ekki flóknara en svo að það hefði mátt taka það fyrir í einni grein að orðin „umhverfisráðherra" eða „náttúruvernd ríkisins" kæmi eftir því sem við ætti í staðinn fyrir orðið „náttúruverndarráð" í hinum ýmsu greinum.

Hitt er svo ekki síður slæmt að frv. fékk ekki eðlilega og vandaða meðferð í hv. umhvn. Það var vissulega til umfjöllunar á nokkrum fundum. Það var sent til umsagnar. Allmargar umsagnir bárust og nefndin fékk nokkra gesti til fundar. En þegar kom að efnislegri umfjöllun og umræðum í nefndinni var því hafnað af meiri hluta nefndarinnar sem afgreiddi málið frá sér í fullkominni andstöðu við minni hlutann. Efnisleg umfjöllun fór fram — og þá kalla ég það efnislega umfjöllun þegar nefndin tekur mál til umræðu án þess að gestir séu viðstaddir, það er sem sagt farið yfir frv. frá einni grein til annarrar og hún rædd til fullnustu. Efnisleg umfjöllun fór fram á einum fundi sem var aukafundur í nefndinni þar sem aðeins einn fulltrúi var til staðar frá hvorum stjórnarflokki. Á þeim fundi var að mínu mati með nokkrum eftirgangsmunum farið yfir tæplega þriðjung frv. en á næsta fundi voru svo öll sæti stjórnarliða fullsetin og málið drifið út úr nefndinni með örfáum breytingum. Þannig var sú atburðarás og er allt málið hæstv. ráðherra og meiri hluta umhvn. til lítils sóma og mér satt að segja algerlega óskiljanleg.

Ég get vottað að samstarf í hv. umhvn. hefur til þessa verið nánast áfallalaust. Ég minnist þess ekki að það hafi komið nein vandamál upp og það var bara lengst af mjög gott. Það voru viðtekin vinnubrögð að fara ítarlega yfir öll mál, fara sameiginlega yfir öll atriði og freista þess að ná samkomulagi um þau. Og þannig eiga menn að vinna. Hér varð sem sagt annað uppi á teningnum en því ferli er annars lýst í nefndaráliti minni hlutans á þskj. 1091 og þjónar litlum tilgangi að rekja það enn einu sinni.

Eins og hv. þingmenn hafa sjálfsagt tekið eftir er álit minni hluta umhvn. ítarlegt, enda töldum við sem undir það skrifum nauðsynlegt að rökstyðja mál okkar ítarlega á þingskjali sem allir geta kynnt sér. Hér er um svo stórt og mikilvægt mál að ræða að það varðar miklu að koma öllum atriðum málsins rækilega til skila og þótt vissulega gefist tækifæri til þess úr þessum ræðustóli, þá vitum við auðvitað öll að það er undir hælinn lagt hverjir hlusta og hvernig sá boðskapur kemst til skila. Ég ætla ekkert að gagnrýna það sérstaklega hér. Það hefur oft verið gert en auðvitað geta þingmenn fylgst með umræðum frá skrifstofum sínum eins og við vitum. En okkur fannst varða miklu að flest gagnrýnisatriði og rökstuðningur kæmi fram á þingskjali til þess að menn sannarlega hefðu tækifæri til að kynna sér þau. Það er von okkar sem stöndum að þessu nefndaráliti að það megi verða til gagns við frekari umfjöllun þegar kemur að boðaðri heildarendurskoðun og verður vitaskuld að ætlast til þess að vel verði vandað til þess máls.

Í þessu nefndaráliti er stuðst við ýmsar af þeim umsögnum sem nefndinni bárust en þær voru margar mjög góðar og upplýsandi þótt meiri hlutinn bæri ekki gæfu til að taka mark á þeim eða taka mið af þeim nema að mjög litlu leyti. Eins og hér hefur komið fram eru það fyrst og fremst fyrstu 13 greinar frv. sem málið snýst um og þó svo sem ekki allar þeirra því sumar eru óbreyttar frá gildandi lögum eða mjög lítið breyttar. En í sumum þessara greina koma fram þær breytingar sem menn vilja gera á stjórnun náttúruverndarmála. Fyrstu tvær greinarnar fjalla reyndar um markmið náttúruverndar og 1. gr. er óbreytt frá núgildandi lögum en mætti vissulega endurskoða og verður vafalaust endurskoðuð. Það mætti e.t.v. breyta orðalagi þótt meginhugsunin sé fyllilega góð og gild. Það kom nú reyndar fram í umsögnum og í viðtölum við gesti nefndarinnar að menn söknuðu skilgreininga á orðum bæði í þessari grein og víðar í frv. Það hlýtur að verða til skoðunar og umfjöllunar við þá heildarskoðun sem á að fara fram og verður vonandi ráðist í hið fyrsta.

Það er svo að segja um þær greinar sem lúta að stjórnun náttúruverndarmála, um nýja stofnun og nýja skipan, að mér finnst þar margt athugunarvert. Hér er verið að setja á fót nýja stofnun, Náttúruvernd ríkisins, sem í meginatriðum tekur yfir hlutverk Náttúruverndarráðs en fær á sig meiri stofnanablæ og er færð meira undir vald ráðherra en raunin hefur verið með Náttúruverndarráð. Það gæti alveg verið af hinu góða ef sú nýja stofnun væri um leið efld frá því sem verið hefur með Náttúruverndarráð og ráðið hefði jafnframt fengið ákveðna stöðu sem hefði gert því kleift að veita raunverulegt aðhald. Ég verð að segja það að ég varð óneitanlega fyrir vonbrigðum með þá útfærslu sem hér er á borðinu.

Ég kynntist því lítillega fyrir nokkrum árum hvernig skyldri starfsemi er hagað í Kanada, þ.e. þar er nú reyndar ekki um umhverfismál að ræða heldur jafnréttismál. Þar er stofnun eða starfsemi sem svipar til okkar jafnréttisráðs. Þetta ráð fær myndarlega starfsaðstöðu og fjármagn frá ríkinu og hefur vissulega ákveðnum skyldum að gegna en er samt mjög sjálfstætt gagnvart ríkisvaldinu. Það stundar sjálfstæðar rannsóknir á högum kvenna og á stöðu jafnréttismála. Það gefur út skýrslur og heilu bækurnar um jafnréttismál og kemur upplýsingum og fræðslu á framfæri með ýmsu móti. Það fylgist grannt með aðgerðum ríkisvaldsins í þessum málaflokki og veitir því virkt aðhald og ráðgjöf.

Mér virtist þetta starf og fyrirkomulag til fyrirmyndar og sá einmitt fyrir mér eitthvað þessu líkt þegar farið var að tala um breytingar á stjórnun náttúruverndarmála hér á landi og breytingar á hlutverki Náttúruverndarráðs. Að mínu mati þarf og þyrfti Náttúruverndarráð að vera öflugur eftirlitsaðili sem er sífellt á vaktinni og í stakk búið til að veita kröftugt aðhald. En það fyrirkomulag sem hér verður nú að öllum líkindum lögfest býður ekki upp á mikið svigrúm eða breytingar til batnaðar og hugsanlega reyndar til hins verra. Sú skipan sem verið hefur í þessum málum hefur að mörgu leyti hentað vel með tilliti til þeirra aðstæðna sem við búum við og með tilliti til þess litla fjármagns sem stjórnvöld hafa verið tilbúin til að láta til þessa málaflokks. Náttúruverndarráð hefur fengið sífellt stærra hlutverk og fleiri og stærri verkefni á undanförnum árum án þess að hafa í sama mæli fengið aukið fé og mannskap til að sinna þeim verkefnum. Á skrifstofu Náttúruverndarráðs starfar fátt fólk miðað við umfang starfseminnar og þau verkefni sem því er ætlað að sinna. Þar af leiðandi hefur breidd í menntun og þekkingu ekki verið næg. Það hefur hins vegar verið gæfa skrifstofunnar og þess starfs sem þar er unnið að í ráðið sjálft hefur valist fólk með margvíslega þekkingu í hinum ýmsu greinum náttúruvísinda og fræða og þetta fólk hefur af hugsjónaástæðum og miklum

áhuga og velvild lagt þekkingu sína og reynslu af mörkum, reyndar oftast endurgjaldslaust, og þannig í rauninni bjargað málunum. Um þetta segir í umsögn Náttúruverndarráðs til umhvn., með leyfi forseta:

„Verði frv. að lögum verða verulegar breytingar á umfjöllun um náttúruverndarmál og ákvarðanatöku í þeim. Undanfarin 25 ár hefur framkvæmdin verið með þeim hætti að einstakir fulltrúar í Náttúruverndarráði og í seinni tíð vinnunefndir skipaðar fulltrúum úr ráðinu hafa veitt starfsmönnum skrifstofu ráðsins faglega ráðgjöf við undirbúning mála sem lögð eru fyrir Náttúruverndarráð. Þessi ráðgjöf hefur verið mikilvægari fyrir þær sakir að fjárveitingavaldið hefur aldrei viðurkennt umfang starfsemi Náttúruverndarráðs. Það hefur leitt til langvarandi rekstrarfjárskorts sem m.a. hefur haft þær afleiðingar að ekki hefur verið hægt að ráða nægilega marga sérfræðinga til að sinna lögboðnum verkefnum Náttúruverndarráðs. Það er skoðun Náttúruverndarráðs að tilgangslítið sé að breyta lögum nr. 47/1947 eins og lagt er til í frumvarpinu ...“ — það stendur hér 1947. Ég hélt að þetta væri nú annað ártal — „... ef ekki er tryggt að Náttúruvernd ríkisins geti sinnt lögboðnum verkefnum á faglegan hátt. Hætta er á því að starfsemi Náttúruverndar ríkisins verði í tómarúmi ef faglegrar ráðgjafar Náttúruverndarráðs nýtur ekki lengur við. Reynsla undanfarinna áratuga gerir það að verkum að ekki er líklegt að auknum fjárveitingum verði varið til rekstrar Náttúruverndar ríkisins og styður umsögn fjármálaráðuneytis um frv. þá niðurstöðu. Vegna þessa þykir rétt að tryggt verði í lögum að Náttúruverndarráð veiti Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf.“

Þetta er nú reyndar eitt af þeim atriðum sem meiri hluti umhvn. tók nokkurt tillit til ef ég man rétt. Ég er að vísu ekki með breytingartillögur meiri hlutans hjá mér en ég man ekki betur en tekið sé tillit til þessara athugasemda en ég vildi lesa þetta hér upp vegna þess að það styður nákvæmlega það sem ég var að segja áðan. Og ég er nú ansi hrædd um að þessi breytingartillaga dugi ekki til að halda þó uppi því starfi sem unnið hefur verið af svo mikilli óeigingirni og af hugsjónaástæðum á undanförnum árum.

Mér virðist sem nú sé að nokkru höggvið á þessi tengsl, að nú verði starfsemin, þ.e. hin daglegu verkefni, umsjón, rekstur, eftirlit og annað lokað inni í stofnun sem verður að umfangi hin sama og hjá núverandi Náttúruverndarráði en hún verði meira úr tengslum við lifandi starf utan stofnunarinnar og Náttúruverndarráð sjálft sé vængstýft og valdalaust og muni ekki nýtast til sömu áhrifa og áður. Þetta eru nú mínar áhyggjur núna en vonandi fer þetta allt betur en ég óttast.

Eitt hið sérkennilegasta við tillögur til breytinga á stjórnun náttúruverndarmála og stofnun Náttúruverndar ríkisins er um skipan stjórnar þeirrar stofnunar. Reyndar er líka einkennilega margtuggið í þeim greinum sem um þetta fjalla, þ.e. 3. og 4. gr., hver fari með yfirstjórn náttúruverndarmála. Það er tekið fram í fyrri mgr. 3. gr. að umhvrh. fari með yfirstjórn náttúruverndarmála. Í 1. mgr. 4. gr. er talin ástæða til að taka það fram að Náttúruverndarráð sé ríkisstofnun undir yfirstjórn umhvrh. og enn er talað um yfirstjórn í 3. mgr. en þar er sagt að stjórnin fari með yfirstjórn Náttúruverndar ríkisins og er nú orðið mikið um stjórnir og yfirstjórnir. En látum nú svo vera. Ég held að það hafi nú ekki verið tekið neitt á þessu en um stjórnina segir, með leyfi forseta, í 4. gr., 2. mgr.:

„Umhverfisráðherra skipar að loknum alþingiskosningum Náttúruvernd ríkisins fimm manna stjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar, þar af formaður sérstaklega, einn samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs og einn samkvæmt tilnefningu samgrh. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Margir viðmælendur nefndarinnar urðu til þess að gagnrýna þetta atriði ýmist að eigin frumkvæði eða í svari við fyrirspurn nefndarmanna um þetta atriði. Og menn spurðu: „Hvers vegna samgrh. en ekki t.d. sjútvrh., iðnrh. eða landbrh.“, en allir þessir málaflokkar tengjast umhverfis- og náttúruverndarmálum með einhverju móti og verða ekki séð nein haldbær rök fyrir því að samgrh. eigi að hafa hönd í bagga með skipan þessarar stjórnar frekar en aðrir sem ég tel reyndar engu frekar eiga að koma þarna að máli.

Stjórn Náttúruverndar ríkisins á að vera skipuð mönnum sem ekki hafa annarra hagsmuna að gæta en náttúruverndar. Um eðlilegt samráð ráðuneyta og stofnana gegnir allt öðru máli og því má auðvitað koma við með öðru móti. Þessi skipan mála er öldungis fráleit og forkastanleg og hefur ekki fengist skýrð að mínu mati á nokkurn hátt. Það eru ekki gild rök að hér sé verið að tryggja hagsmuni ferðaþjónustu enda eiga, eins og ég sagði áðan, stjórnarmenn og stofnunin sjálf að setja hagsmuni náttúruverndar ofar öllu en ekki tengja þá einhverjum öðrum hagsmunum.

Þá er einnig fráleit sú skipan Náttúruverndarráðs sem hér er lögð til og mikil breyting frá því sem nú er og lagt var til reyndar í fyrri frv. um þetta mál. Samkvæmt núgildandi lögum er Náttúruverndarráð skipað sjö mönnum, sex sem eru kjörnir á náttúruverndarþingi en umhvrh. skipar einn sem er jafnframt formaður ráðsins og varamenn eru svo valdir á sama hátt. Hér er hins vegar lagt til að umhvrh. skipi sex fulltrúa, einn án tilnefningar sem verður formaður en hina fimm skulu Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóli Íslands, Bændasamtök Íslands, Ferðamálaráð Íslands og skipulagsstjóri ríkisins tilnefna. Þrír í viðbót verða svo kjörnir á náttúruverndarþingi. Þetta er auðvitað mikil afturför frá núgildandi lögum og mjög gagnrýnisverð að mínu mati. Ég botna eiginlega ekkert í höfundum þessa frv. að vera að leggja til þetta fyrirkomulag, ég vil segja andlýðræðislegt fyrirkomulag. En það er því miður tilhneigingin í þessu máli að auka miðstýringu, safna valdinu til ráðuneytisins og til ráðherra sjálfs, minnka áhrif grasrótar og áhugamanna og spilla fyrir því nauðsynlega samstarfi sem þarf að ríkja milli hinna ýmsu áhuga- og kunnáttumanna um náttúruverndarmál. Það hefði átt að vera meginlínan og markmiðið með þessum breytingum.

Nú verður að segjast eins og er að skrifstofa Náttúruverndarráðs hafði raunar allt aðrar tillögur á lofti og vildi tengja ráðið miklu fastari böndum við hina nýju stofnun, sjálfsagt með það í huga að tryggja utanaðkomandi þekkingu farveg inn til stofnunarinnar. En niðurstaðan af þessu öllu saman er hálfgerður bastarður. En ég endurtek að maður verður að vona hið besta og óska þessu fyrirkomulagi alls góðs og maklegs skilnings yfirvalda.

Það er vissulega margt fleira athugunarvert í þessu frv. En þessi tvö atriði sem ég hef gert hér að umtalsefni finnast mér gríðarlega mikilvæg vegna þess að það var tilgangur og er tilgangur þessa frv. að gera breytingar á stjórnun umhverfismála og náttúruverndarmála og þá er afleitt að svo hrapallega skyldi til takast.

Það er ýmislegt fleira sem mætti tína til. Það er kannski óþarfi að tíunda allt það sem fram kemur í nál. minni hlutans. Við verðum að treysta því að hv. þm. kynni sér þau sjónar-

mið og athugasemdir sem þar koma fram og það nýtist allt saman við þá heildarendurskoðun sem boðuð er og verður vonandi farið sem fyrst í. En ég hlýt að nefna hér örfá atriði sem nauðsynlegt hefði verið að taka á ef menn hefðu viljað taka sér þann tíma sem þurfti. Eins og t.d. það sem kemur fram í 4. mgr. 13. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa." Síðar segir: „Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu."

Við þetta hafa margir gert athugasemd í umsögnum sínum og telja það orka tvímælis og sé jafnvel stjórnsýsluleg rökleysa að Náttúruverndarráð ráði þingsetu, kosningarrétti og kjörgengi á náttúruverndarþingi sem síðan kýs fulltrúa í Náttúruverndarráð. Um það sem kemur á eftir þessum fyrstu 13 greinum sem fjalla meira og minna um stjórnunarfyrirkomulag er það fyrst og fremst að segja að hér eru í flestum greinum, flestum atriðum teknar upp greinar úr núgildandi lögum um náttúruvernd frá 1971. Og enda þótt sumar þeirra og kannski flestar séu góðar og gildar er það auðvitað ekkert annað en hálfkák að taka gild lög, krukka í örfáar greinar þeirra og vísa svo í ákv. til brb. til heildarendurskoðunar. Þær breytingar sem gerðar eru á núgildandi lögum í þessu frv. eru vægast sagt umdeildar sumar hverjar. Það er t.d. fáránlegt orðalag sem sett er í 16. gr. frv. um akstur utan vega. Það á auðvitað að vera regla en ekki undantekning að akstur utan vega sé eingöngu bannaður á svæðum þar sem hætta er á náttúruspjöllum eins og ráða má af orðanna hljóðan í 2. mgr. 16. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins setur umhverfisráðherra reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill."

Hér finnst mér áherslan vera þveröfug við það sem hún ætti að vera. Akstur utan vega á ekki að vera heimill nema í sérstökum undantekningartilvikum sem setja verður reglur um. Þetta er eitt af mikilvægu atriðunum í lögum um náttúruvernd, þ.e. að gengið sé um landið með varúð og því ekki að óþörfu spillt. Svo er það auðvitað annað mál hvernig við skilgreinum orð eins og „að óþörfu", „að þarfleysu" og fleiri í þeim dúr. Það er nefnilega svo misjafnt hvernig menn túlka orð af þessu tagi. Ég hefði kosið að um einhverjar breytingar á þessari grein hefði náðst samkomulag því að hún er mjög athugunarverð, að ég tali nú ekki um þegar hér er farið að ætla umhvrh. að setja reglur um leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja. Ég hefði nú haldið að það væri ekki á verksviði umhvrh., en hér kennir kannski áhrifa samgrh. sem frumvarpshöfundar telja að eigi að hafa svo mikið vægi í þessum málum að hann eigi að tilnefna mann í stjórn Náttúruverndar ríkisins.

Í 3. mgr. 16. gr. er það nýmæli að hægt verði að takmarka umferð og loka einstökum svæðum í óbyggðum ef sú hætta blasir við að þau liggi undir skemmdum. Það er hins vegar álitamál hvort á að binda þessa heimild við óbyggðir eins og gert er í greininni. Ég er sammála því að þessi heimild sé fyrir hendi enda þótt ég skilji afstöðu t.d. Ferðamálaráðs sem hefur brugðist hart við og telur þessa grein andstæða ferðaþjónustunni. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel þessa grein alls ekki andstæða ferðaþjónustunni. Ástand landsins og verndun okkar viðkvæmu og dýrmætu náttúru hlýtur að ganga fyrir stundarhagsmunum ferðaþjónustuaðila. Náttúruvernd og fullkomin aðgát gagnvart náttúrunni þjónar einmitt langtíma hagsmunum ferðaþjónustu og það þurfa menn að skilja. Ég hef ekki trú á því að þessu ákvæði verði misbeitt.

Hins vegar hef ég aðra skoðun á gjaldtökuheimildinni sem kveðið er á um í 35. gr. frv. Því ákvæði er ég algjörlega mótfallin, ekki síst eftir reynslu mína af starfi í Ferðamálaráði og samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Það á ekki að taka gjald fyrir aðgang að náttúru landsins. Það er hins vegar sjálfsagt að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Það er allt annað mál að taka gjald fyrir veitta þjónustu, húsaskjól, veittan beina, tjaldsvæði, leiðsögn og annað það sem nefna má þjónustu. Ég veit fullvel að slíkur aðgangseyrir sem hér er lagður til tíðkast sums staðar í öðrum löndum en oft er það þannig að einhver þjónusta fylgir með í kaupum. Aðstæður eru einfaldlega þannig hér að þótt mönnum dytti í hug að reyna þetta, það hefur svo sem verið reynt, mundi það ekki svara kostnaði.

Það er líka nauðsynlegt að fjalla rækilega um reglur sem lúta að sorphirðu og því að halda landinu hreinu og lausu við rusl, hvort sem um er að ræða óbyggðir eða alfaraleiðir. Um þetta þurfa að vera reglur þótt þetta sé í rauninni spurning um fræðslu og viðhorf. Það á auðvitað engum að detta í hug að skilja eftir sig rusl úti í náttúrunni, ekki frekar en mönnum líðst að skilja rusl eftir í hrúgu á stofugólfinu heima hjá sér. Við erum nefnilega að tala um viðhafnarstofu okkar alla. Viðhafnarstofu sem við ættum að vera stolt af að halda hreinni og fágaðri.

Þá hefði þurft að ákveða nánar ákvæði 17. gr. frv. og nú vil ég endilega biðja hæstv. umhvrh. að hlusta. Ég vona að hann sé ekki að missa af einhverri mikilvægri frétt í útvarpinu sem hv. formaður umhvn. var að ljá honum. Ég get alveg beðið ef það er eitthvað sem hæstv. ráðherra þarf að heyra. En þá ætla ég að nefna þetta með ákvæði 17. gr. Ég veit ekki hvort það kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, en þar vantar t.d. inn í ákvæði um grasatínslu sem er hreinlega orðin atvinnugrein, þ.e. að tína grös, fjallagrös og fleiri grös til að vinna hér lyf, líkjöra, krem og hvað það nú er. Í 17. gr. er minnt á að ekki megi eyða eða spilla að óþörfu eins og segir, gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból o.s.frv. Þarna ætti að koma inn ákvæði um grasatínslu. Þetta mál var nýlega til umræðu hér í fyrirspurnatíma og þá sýndi hæstv. umhvrh. mikinn skilning á málinu og var sammála því að brýnt væri að setja um þetta lög og reglur eða í það minnsta reglur til að koma í veg fyrir slys og skemmdir á jurtaríki landsins þannig að ekki verði gengið um of á þessa auðlind og þennan hluta af þeirri náttúru sem við eigum auðvitað að varðveita. En hann hefur þó ekki nýtt tækifærið til að taka á því í þessu frv. né séð ástæðu til að biðja meiri hlutann að flytja um það breytingartillögu við þessa umræðu.

18. gr. ber þess vitni að það var enginn einhugur um skipan mála þegar umhvrn. var stofnað heldur var búinn til sá hrærigrautur sem umhvrh. og landbrh. mega hafa í hvert mál. Með þessari grein er einfaldlega verið að viðhalda samkrulli sem sett var á til bráðabirgða þegar umhvrn. var stofnað. Það lá nefnilega svo hastarlega á að búa til ráðuneyti handa fulltrúa Borgaraflokksins sem páv. ríkisstjórn þurfti á að halda til styrkingar sínu stjórnarráði. Þessi draugur hefur greinilega fengið gott og öruggt framhaldslíf í skjóli núv. stjórnarflokka.

Herra forseti. Þannig væri í rauninni ástæða til að fjalla ítarlega um mörg atriði þessa frv. sem sigldi hér inn í þingið undir fölsku flaggi. Það er hér borið fram undir því yfirskyni að hér sé um nýja löggjöf að ræða þegar í raun og veru er ætlunin að lögfesta upp á nýtt aldarfjórðungsgamla löggjöf með fjölda óendurskoðaðra greina en vissulega einnig með afgerandi og afdrifaríkum breytingum. Þessar breytingar eru því miður illa hugsaðar og beinlínis fáránlegar sumar. Hæstv. ráðherra og stjórnarmeirihlutinn hafa lítinn sóma af þeirri afgreiðslu málsins sem nú blasir við.

Ég vil svo aðeins að lokum láta í ljósi áhyggjur og í rauninni hneykslun, jafnvel reiði, yfir því hversu illa er búið að þessum málum fjárhagslega. Svo verður augljóslega áfram. Verkefni þeirrar stofnunar sem hér er ætlað að stofna með lögum eru gríðarlega mikil og margvísleg eins og raunin er í Náttúruverndarráði nú og þeim mun ekki fækka. Þeim mun frekar fjölga eftir því sem þróunin er og eftir því sem það rennur upp fyrir mönnum á hversu mörgu þarf að taka í umhverfismálum. Fjársvelti hefur alltaf háð starfsemi ráðsins. En það hefur notið góðs af skipan þess sem hefur tryggt tengsl við mjög breiða og margháttaða reynslu og þekkingu. Nú er skorið á þau tengsl. Náttúruverndarráð er vængstíft og tök ráðherra hert á öllum málum. Ég tel ekki nægilega brugðist við af hálfu meiri hluta umhvn. með ákvæði um að Náttúruverndarráði beri að veita faglega ráðgjöf. Ég er ekki viss um að það gangi eins og þessu er öllu fyrir komið. Fjárhagsrammi Náttúruverndar ríkisins verður þröngur og fjárhagsrammi Náttúruverndarráðs verður fáránlega þröngur. Hann verður fáránlega þröngur.

Herra forseti. Það er svo margt athugunarvert við frv. að það er óforsvaranlegt með öllu að standa að slíkri lagasetningu. Það var frá upphafi deginum ljósara að þessu þingmáli væri stórlega áfátt. Það hefði aldrei átt að koma fram í þeim búningi sem það er.

Við sem skipum minni hluta umhvn. í þessu máli vildum sannarlega leggja okkar fram um að færa frv. til betri vegar, en eins og áður er lýst þá fékkst ekki ráðrúm til efnislegrar umfjöllunar í nefndinni. Við sjáum nauðugan einn kost að vísa því aftur til ríkisstjórnarinnar eins og lagt er til í áliti okkar á þskj. 1091. Það hefði reyndar einnig verið viðunandi niðurstaða ef hæstv. ráðherra hefði dregið frv. til baka og flutt annað frv. þar sem eingöngu hefði verið tekið á þeim þáttum sem lúta að stjórnun náttúruverndarmála sem er megintilgangurinn með þessu öllu saman. Það hefði verið ólíkt skárri svipur á því að standa þannig að verki. Þannig hefði verið auðveldara að sætta sig við afgreiðslu þessa máls. Þriðji kosturinn var auðvitað sá að taka á verstu agnúum frv. og ná samkomulagi um viðunandi breytingar eða lágmarksbreytingar á allra verstu atriðunum. Ég nefni þá sérstaklega ákvæði 4. gr. frv. um skipan stjórnar Náttúruverndar ríkisins þar sem samgrh. er ætlað að tilnefna mann í stjórn sem er vitaskuld ómöguleg og fáránleg tillaga. Ég vorkenni satt að segja hæstv. umhvrh. að hafa þurft að taka þennan leiðinda bagga á sínar herðar.

Ég nefni líka sérstaklega ákvæði 11. gr. um skipan Náttúruverndarráðs sem er gjörbreyting frá núgildandi lögum, breyting sem herðir tök og afskipti ráðherra gagnstætt því sem margir héldu að ætlunin væri, þ.e. að gera Náttúruverndarráð óháðara og sjálfstæðara og betur í stakk búið til að vera gagnrýninn aðhaldsaðili og þá vonandi aðhaldsaðili gagnvart málum sem unnin væru í styrkari stofnun en hér virðist eiga að setja á fót. En auk þessara tveggja meginatriða hefði auðvitað þurft að gera lágmarksbreytingar á nokkrum atriðum en það er reyndar til hálfgerðs vansa að ætla að lögfesta þau sum hver hér. En meiri hluti Alþingis kaus að afgreiða þetta mál á þennan hátt og við því getur minni hlutinn ekki gert annað en að nýta sinn löglega og siðferðilega rétt til að koma skoðunum sínum og athugasemdum á framfæri í þingræðum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[19:42]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Það er enn út af því sem fram kom um uppsetningu frv. hjá hv. þm. eins og hjá þeim hv. þingmanni sem talaði þar á undan. Ég held að ég hafi ekki sagt að ekki hafi verið hægt að setja frv. upp öðruvísi af því að það hafi verið talið of flókið. Ég held að hv. þm. hljóti annaðhvort að hafa misskilið mig eða misheyrt. Auðvitað eru fjölmörg frv. sett upp á þann hátt að vera breytingartillögur og það hefði vel verið hægt að gera það þannig. Ég held ég hafi orðrétt sagt að það hafi verið talið að þetta væri til einföldunar og skilningsauka. Ég sagði líka áðan að kannski var það ekki rétt aðferð, kannski var það á misskilningi byggt. En þetta varð niðurstaðan, ekki að það hefði ekki verið hægt að hafa annan hátt á, þannig að það sé alveg skýrt.

Hv. þm. sagði einnig að hann teldi að gildandi skipan hafi að mörgu leyti gefist vel. Út af fyrir sig má hann hafa sína skoðun á því. Ég held að forverar mínir hafi með þessu frv. ekki verið endilega að setja fram þessar breytingar af því að þeir hafi talið að hið eldra fyrirkomulag eða gildandi fyrirkomulag hafi gefist svo illa. En það hlýtur að vera eðlilegt hins vegar að færa stjórnsýsluna á annan hátt inn undir ráðuneytið sem nú er til og fer með þennan málaflokk, heldur en var áður þegar náttúruverndarmálin voru með allt öðrum hætti í stjórnkerfinu og heyrðu jafnvel undir fleiri ráðuneyti eða málaflokka sem tengdust ýmsum ráðuneytum þó að menntmrn. hafi kannski verið talið fara með náttúruverndarmálin formlega. En eftir að umhvrn. varð til þá hljótum við að telja eðlilegt að færa stjórnsýsluna þar undir með formlegri hætti en verið hefur og það er það sem ég er að leggja megináherslu á.

Varðandi gjaldtökuna vil ég segja við hv. þm. að ég er þeirrar skoðunar að það sé svo með ýmis svæði að við eigum og þurfum að taka gjald af aðgengi að þeim svæðum. Þessu hef ég lýst áður og þarf svo sem ekki að endurtaka eða ítreka. En það kann hins vegar að vera rétt hjá hv. þm. og það kom líka fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að e.t.v. mundi það aldrei svara kostnaði. Þá hlýtur auðvitað að reyna á það ef svo fer. Ég gef mér ekkert fyrir fram í því efni.

Ég held að hv. þm. hafi einnig nefnt ákvæðið um heimild til þess að loka ákveðnum landsvæðum í óbyggð. Ég tel að það sé mikilvægt og tek undir það með hv. þm. E.t.v. er nauðsynlegt að hafa einhvers konar heimildir til að það eigi við um fleiri svæði en í óbyggðum. Þar eru auðvitað mikilvæg náttúruverndarsvæði sem við þurfum að gæta að og hafa allan vara á að ekki skemmist. En þá erum við komin að vandamálunum gagnvart eignarhaldinu og rétti eigenda landsvæða ef við förum út í það að tala um fleiri svæði en þau sem eru í óbyggðum.

[19:46]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Já, herra forseti, það má vel vera að við séum ekki alveg á sömu nótum í sambandi við einföldun og skilningsauka í sambandi við hvernig frv. er upp sett og ég ætla nú ekki að fara neitt nánar út í það. Ég sagði að gildandi skipan hefði að mörgu leyti gefist vel og ég sé út af fyrir sig ekkert á móti því að það sé sett á stofn stofnun sem heyri á formlegri hátt undir hæstv. umhvrh. eins og ætlunin er með Náttúruvernd ríkisins. Það sem ég gagnrýni fyrst og fremst er hvernig að þeirri stofnun virðist eiga að búa og fyrst og fremst líka hvernig skipa eigi í stjórn hennar. Þessari stofnun eru ætluð það mörg og margvísleg verkefni að ég sé ekki að hún muni valda þeim svona. Þess vegna vísaði ég til þess fyrirkomulags sem hefur gilt að undanförnu og hefur gefist vel einmitt vegna skipunar Náttúruverndarráðs, vegna þess að sú skipan hefur tryggt ákveðin tengsl við aðila utan stofnunarinnar sem hafa bjargað því sem bjargað hefur verið. Það er það sem ég hef lagt áherslu á í mínu máli. Ég get vel séð þessar hugmyndir útfærðar heldur betur þar sem búið væri betur bæði að þeirri stofnun sem hér á að setja á fót svo og því ráði sem er ætlað eða ég hafði talið að væri ætlað, mjög gagnrýnið mikilvægt hlutverk til að tryggja sem besta skipan þessara mála.

Hvað lokanir og gjaldtöku varðar þá get ég vísað til ræðu minnar með það. Ég held að þetta sé ekki nægilega hugsað og ekki nægilega útfært til þess að það geti gengið. En eins og ég segi með lokanirnar þá óttast ég ekki að það verði misnotað. En (Forseti hringir.) það eru líka margar náttúruperlur eins og hæstv. ráðherra sagði sem ekki mundu flokkast undir það að vera í óbyggðum.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þm. um að virða þau tímamörk sem andsvaraformið veitir.)

[19:49]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um 4. gr. eða um stjórnunarþátt Náttúruverndar ríkisins eins og hann er fyrirhugaður. Auðvitað getur verið álitamál hvort það eigi yfirleitt að vera stjórn yfir stofnun af þessu tagi. Sannleikurinn er sá að það er ekkert samrýmt í því varðandi opinberar stofnanir. Við erum með bæði stórar stofnanir sem hafa enga stjórn og við erum með smáar stofnanir, tiltölulega litlar stofnanir sem eru kannski með fimm manna stjórnir. Það er ekkert samræmi í þessu. Svo er náttúrlega eitt enn að stundum kýs Alþingi hlutastjórnir eða stjórnirnar alveg. En ábyrgðin er síðan hjá ráðherra bæði á stofnuninni og jafnvel því starfsfólki, forstöðumönnum stofnana sem þingkjörnar stjórnir kjósa þannig að þetta er nú sérmál sem þyrfti að taka á. Það hefur orðið niðurstaða og samkomulag milli þeirra aðila sem sömdu fyrst frv. og síðan auðvitað við ráðherrann sem flytur frv., hvernig þessi stjórn skuli skipuð. Ég tel það vel ásættanlegt eins og það er og hef ekki af því sömu áhyggjur og hv. þm. sem hér hafa talað í þessari umræðu.

Að lokum, hæstv. forseti, aðeins tvö eða þrjú orð um efni 17. gr. frv. sem hv. þm. bað mig að hlusta sérstaklega á varðandi það að eyða ekki að óþörfu eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi. Ég tek fyllilega undir það sem kom fram í máli hv. þm. og ítreka aðeins það sem hún minnti líka á og vísa til þess sem kom fram í svari mínu við fyrirspurn sem borin var nýlega fram í þingi af því ég sé að ég hef ekki tíma til að rifja það hér upp aftur.

[19:51]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú einmitt atriði sem væri ástæða til þess að ræða. Á yfirleitt að vera stjórn? Það má spyrja hvers vegna sú leið var valin. Ég held satt að segja að það hljóti að vera, hvort sem það var meðvitað eða ómeðvitað, að þá hafi menn kannski verið að líta til þess gagns sem stjórn Náttúruverndarráðs eða ráðið sjálft hefur gert með því að þangað hefur verið hægt að sækja reynslu og þekkingu. En þá skiptir líka afskaplega miklu máli hvernig stjórnin er skipuð. Mér líst ekki alveg nógu vel á hvernig þar er á málum haldið því að þar eiga að sitja í ákveðnir hagsmunaaðilar. Að vísu á Náttúruverndarráð að skipa einn fulltrúa í stjórnina. En ekki meira um það.

Ég er ánægð með að hæstv. ráðherra skuli hafa heyrt þetta með grasatínsluna og treysti því að hann og ég og fleiri munum eftir því þegar heildarendurskoðun fer fram og að það verði ekki orðið of seint.

[19:52]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. umhvrh. varðandi þetta mál. Ég gerði ekki mikið af því kannski í máli mínu hér áður að ávarpa hæstv. ráðherra í spurningarformi, herra forseti. En ég ætla að koma að nokkrum atriðum og óska eftir því að ráðherrann svari því sem ég ætla að beina til hans.

Eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram blasir það við að hæstv. ráðherra vill ekki í neinu hlusta á raddir okkar í minni hluta umhvn. Ég hafði löngu gefið upp þá von að nefndin að meiri hluta til vildi eitthvað að þessu koma. Hjá henni var ekki neinn vilji til þess að leita samkomulags eða koma að samkomulagi í sambandi við málið, heldur þvert á móti að rusla málinu frá sér og koma því síðan inn í þingið til afgreiðslu. Það er auðvitað þeirra sem þar ráða ferð að gera það upp við sig hvernig þeir standa að þeim málum. En mér finnst það ekki skynsamlegt fyrir þennan málstað sem hér er um að ræða að standa þannig að verki að skella jafnt skollaeyrum við athugasemdum fjölmargra úti í þjóðfélaginu sem bera upp athugasemdir við þingið og óska eftir annarri skipan mála en hér er verið að lögleiða og gera ekki neitt með þær tillögur sem byggja á þeim viðhorfum.

Varðandi nokkur lykilatriði þessa máls vildi ég spyrja hæstv. ráðherra og þá fyrst í sambandi við þessa nýju stofnun, Náttúruvernd ríkisins sem ekki er ágreiningur um við okkur í minni hluta að verði sett á fót heldur hvernig verði fyrir komið, þ.e. í sambandi við stjórnun stofnunarinnar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvert er almennt viðhorf hans til stjórnunar í ríkisstofnunum? Og telur hann að með þeim tillögum sem hér liggja fyrir sé komið æskilegt form eða fyrirmynd í sambandi við slíkt? Nú eru í endurskoðun að því er ég best veit lög um stjórn Hollustuverndar ríkisins. Þar er starfandi stjórn og kemur að því þegar lög eru endurskoðuð að mótaðar verði tillögur um það hvernig henni verði fyrir komið, hvort setja skuli stjórn yfir stofnunina og þá hvernig. Þá spyrja menn eðlilega: Er ekki farið í það far sem hér er verið að lögleiða? Er ekki hér fundið hið rétta form, að leita eftir einhverjum fagráðherra úr öðru ráðuneyti til þess að skipa menn í stjórn þar? Væri ekki ósköp mikið til samræmis, hæstv. umhvrh., að setja í lög að iðnrh. t.d. skipi mann í stjórn Hollustuverndar ríkisins samkvæmt því módeli sem hér er fram borið? Mér sýnist það vera mjög til samræmis. Menn spyrja auðvitað: Er það nú akkúrat að hitta naglann á

höfuðið að setja ráðherra þeirra mála yfir til þess að leiða þá stofnun? Það er ósköp hliðstætt því sem hér er verið að leggja til. Hefur hæstv. umhvrh. engar áhyggjur af því að ráðherra málefna eins og Vegagerðar ríkisins, stór framkvæmdaaðili yfir stórum framkvæmdastofnunum, hafnargerðar, efnistöku o.s.frv. verði gerður að stjórnarmanni í Náttúruvernd ríkisins, stofnun undir umhvrn.? Hvernig ætlar hæstv. umhvrh. að draga mörkin í þessum efnum? Getur ráðherra varist því ef um það koma fram óskir frá samráðherrum að fá á sama hátt tilnefndan í Hollustuvernd ríkisins fulltrúa frá iðnrh. svona til að treysta mengunarvarnirnar í landinu væntanlega? Ég held að það væri hægt væri að leiða ósköp svipuð rök að því.

Virðulegur forseti. Málefni ferðaþjónustunnar hvíla mikið á umgengni við náttúru landsins og mikið er byggt á náttúru landsins í sambandi við ferðalög bæði Íslendinga sem og annarra sem okkur sækja heim. Það er alveg ljóst að þó að samstarf og samvinna sé æskileg á þessu sviði þá er það jafnljóst að það eru árekstraefni jafnframt á milli ferðaþjónustu sem atvinnugreinar og náttúruverndarinnar og þar eru ákveðin mörk. En það er ekki síður hitt sem ég nefni að samgrh. fer með stóra framkvæmdaþætti. Finnst hæstv. ráðherra ekki helst til of í lagt að ætla ráðuneyti ferðamála einnig aðild að Náttúruverndarráði sem á að vera sérstakur ráðgjafi stjórnvalda og umhvrh. í náttúruverndarmálum? Hvað veldur því að menn binda sig svo fast við form af þessum toga? Ég tel alveg nauðsynlegt að það komi hér skýrar fram hjá hæstv. ráðherra hvernig hann getur réttlætt það að bera fram tillögu af þessum toga sem hér er um að ræða.

Ég hef sagt að það eru auðvitað ýmis álitaefni í sambandi við stjórn á ríkisstofnunum. En sú tillaga sem hér er fram komin er að mínu mati það versta sem menn geta fundið til að lögfesta í þessum efnum. Þess vegna er nauðsynlegt að það komi fram einhver skýr sjónarmið, einhver skýr rök fyrir þessu. Af hverju er það ráðherra samgöngumála sem er valinn hér til þess alveg sér á parti að taka þátt í stjórnun þessarar stofnunar? Af hverju ekki ráðherra menntamála? Það væri þó ráðuneyti sem ekki lenti í hliðstæðum hagsmunaárekstrum eins og gerast mun með hæstv. samgrh. sem aðila að Náttúruvernd ríkisins sem stofnun. Það hefði verið hægt að finna frambærileg rök fyrir því að vegna nauðsynlegrar fræðslu í umhverfismálum sem er allt of lítið sinnt, allt of lítill gaumur gefinn, kæmi til greina að tengja menntmrn. með einhverjum hætti inn í stjórnun þessara mála. Það væri nær en það sem hér er lagt til þó ég sé engan veginn að leggja til að svo verði.

Þá er það í sambandi frekar við náttúruverndarnefndirnar. Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra er ekki reiðubúinn til að skoða þar aðra tilhögun en þá sem hér um ræðir? Tilhögun sem er í raun hafnað af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga miðað við þeirra umsögn þar sem þeir vísa þessu kerfi sem þarna er verið að bera fram á bug eða taka mjög neikvætt í það. Ég held að menn gætu auðveldlega fundið mun lífvænlegra form í þessu sambandi með því að binda þetta ekki sveitarfélögum heldur a.m.k. fara í svæði sem svarar til héraðsnefndanna og hafa það valkvætt að landshlutasamtök sveitarfélaga gætu á sínum vegum kosið náttúruverndarnefndir sem afli sér svæðisbundinnar þekkingar og hafi yfirsýn yfir svæðið og geti þannig tekið sæmilega heildstætt á málum og fengið stuðning frá þeim stofnunum í kjöldæmum landsins sem verið er að koma á fót með aðild ríkisins sem eru náttúrustofurnar. Ég held að það sé alveg búið að reyna það nóg að koma upp náttúruverndarnefndum í því formi sem verið hefur og það sé mikil þörf á því að reyna að styrkja grundvöll þeirra með því að veita þeim skilmerkilega starfsaðstöðu og með því að búa sæmilega að þeim þó það sé auðvitað álitamál hvort svæðin eða viðkomandi landshlutar og tilnefningaraðilar eigi að standa þar undir kostnaði eða hvort það eigi að koma til stuðningur af ríkisins hálfu.

Þá vil ég inna hæstv. ráðherra frekar eftir því sem varðar formið á vali náttúruverndarráðs. Hvernig heldur hæstv. ráðherra að viðtökurnar verði hjá náttúruverndarþingi hinu níunda í röðinni sem hæstv. ráðherra mun væntanlega setja í janúar nk. ef ákvæði til bráðabirgða verður lögfest? Og ætla þessum vettvangi þar sem er samankomið fólk víða að af landinu og fulltrúar m.a. væntanlega náttúruverndarsamtaka að eiga að tilnefna í níu manna ráð aðeins þrjá aðila. Aðeins þrjá aðila sem á að velja úr þeim stóra hópi. Þeir fulltrúar sem þannig eru kosnir frá félögum og almannasamtökum í landinu yrðu þar í yfirgnæfandi minni hluta, aðeins þriðjungur af fulltrúum í Náttúruverndarráði. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að skýra betur sína afstöðu að þessu leyti og hvernig á því standi að hann skuli kjósa að bera fram tillögu af þeim toga sem hér er sem tryggir í rauninni ekki neina endurómun frá fjöldasamtökum í landinu og er formgölluð að því er m.a. varðar skipulagsstjóra ríkisins. Ég spyr hæstv. ráðherra: Áttar hæstv. ráðherra sig ekki á því að það er óeðlilegt að ætla skipulagsstjóra ríkisins að eiga aðild að Náttúruverndarráði þegar á það embætti er lagt að úrskurða og hafa með hendi yfirstjórn mála á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum? Ég held að það séu alveg augljósir hagsmunaárekstrar sem þar geta orðið til staðar og tel að það beri að varast það þegar lögfestar eru breytingar af þessum toga.

Háskóli Íslands er einn af þeim aðilum sem gert er ráð fyrir að tilnefni í Náttúruverndarráð. Með hvaða hætti gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir að valið verði af hálfu Háskóla Íslands? Hverjir eru það sem eiga að koma þar við sögu? Hver á að tilnefna? Til hvers er verið að höfða? Er það að hitta naglann á höfuðið að ætla Háskóla Íslands þessa tilnefningu en láta aðrar uppvaxandi háskólastofnanir sitja hjá garði í þeim efnum? Ég held að það væri mun skynsamlegra að hleypa að fulltrúum almannasamtaka í landinu og áhugasamtaka á frjálsum vettvangi heldur en formbinda þetta með þessum hætti þar sem afskaplega mikið álitaefni verður hvert sjónir beinast þegar á að fara að tilnefna fulltrúa frá Háskóla Íslands í Náttúruverndarráð. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra frekar að því er lýtur að Náttúruverndarráði og aðstöðu þess: Hvernig heldur hæstv. ráðherra að gangi í Náttúruverndarráði að rækja þau lögboðnu störf sem því er ætlað út á fjárveitingar sem hér er talað um í þessu sambandi að hámarki 2 millj. kr.? Ég rakti í máli mínu fyrr í dag þau fjölmörgu lögboðnu verkefni sem Náttúruverndarráði er ætlað að sinna. Ég fullyrði að því fer algjörlega víðsfjarri að nokkur grunnur sé fyrir Náttúruverndarráð að starfa á þeim grundvelli fjárhagslega sem þarna er miðað við. Ég tel það ekki upplagt með neinum hætti að Náttúruverndarráð þurfi að fara að leita til ríkisskrifstofu, t.d. Náttúruverndar ríkisins eftir aðstöðu eða starfi eða aðstoð í starfi vegna þess að það er æskilegt að þessi vettvangur sé aðgreindur og sem mest óháður og geti starfað sem slíkur. Ég er ekki að segja að það geti ekki verið einhverjir þræðir á milli. En við vitum jafnframt að ekki hefur verið vel búið að Náttúruverndarráði

og skrifstofu þess undanfarin mörg ár þannig að þar er ekki mikið aflögu til verka þótt sjónir manna beindust jafnvel í þá átt. Ímyndar hæstv. ráðherra sér það að unnt sé fyrir Náttúruverndarráð að sinna þeim mörgu lögboðnu verkefnum sem kveðið er á um í frv. að það sinni? Eða er þetta einfaldlega feluleikur sem hér er á ferðinni? Er verið að setja upp stofnun og ráðgjafa sem er útilokað að geti í raun af fjárhagslegum ástæðum sinnt sínu hlutverki? Þetta eru nokkur atriði sem varða stjórnunarþáttinn.

Ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra um 16. gr. frv. varðandi akstur utan vega eða á vegum, allt eftir því hvernig á málið er litið. Sér hæstv. ráðherra ekki veikleikann í þeirri tillögugerð sem liggur fyrir í frv. að þessu leyti? Að innleiða sem almenna reglu að menn geti ekið um allar trissur en það séu frekar undantekningar að sjá einhverja hættu á umhverfisspjöllum og þá þurfi menn að gæta sín. Hvernig dettur ráðherra umhverfismála og meiri hluta hv. umhvn. í hug að bera fram hér á Alþingi á þessu herrans ári tillögu af þeim toga? Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvernig hann lesi í texta 28. gr. frv. Þar segir í 2. mgr., neðstu línu á bls. 7, með leyfi forseta, um friðlýsingu landsvæða:

„Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar."

Hvaða botn fær hæstv. umhvrh. í þennan texta? Virðulegur forseti, hvernig má gera ráð fyrir að hæstv. ráðherra skýri þennan texta: Framkvæmdir á landinu sem eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar? Það er torráðið. Það gildir reyndar um fleira sem hér er að finna samkvæmt þessu frv.

Varðandi ákvæðið í 29. gr. frv. um stofnun þjóðgarða þá vildi ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða ástæður og kosti hann sjái við að hafa heimild til að lýsa þjóðgarð land sem er í einkaeign. Hvað er það sem hæstv. ráðherra hefur sérstaklega í huga? Eru einhver dæmi um það sem hæstv. ráðherra vill draga fram sem varða þetta efni og sem ekki er hægt að leysa með gildandi lögum og þeirri kvöð að land þjóðgarðs skuli um leið vera þjóðareign og koma við friðlýsingum með öðrum hætti á landsvæðum sem falla undir umráðarétt eða eignarrétt einstaklinga? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá það fram.

Vegna tillögu sem er að finna í 35. gr. ef ég man rétt, virðulegur forseti, um gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum. Hvað er það sem hæstv. ráðherra hefur í huga sérstaklega að taka upp á grundvelli þessara ákvæða og þá með tilliti til brtt. meiri hlutans að fara að innheimta aðgangseyri að náttúruverndarsvæðum? Það er nauðsynlegt að átta sig á því fyrst það er talið svo mikilvægt að innleiða þessa breytingu nú. Að sögn hæstv. ráðherra er verið að breyta takmörkuðum þætti í gildandi löggjöf, fyrst og fremst stjórnunarþætti, en því er farið að setja inn ákvæði af þessum toga í andstöðu við mörg almenn sjónarmið sem málið snertir Og í mikilli andstöðu við þá sem kæmu til með að nýta þessi svæði og með mikilli óvissu að því er snertir eðlileg viðhorf til almannaréttar í landinu. Það hlýtur að vera að hæstv. ráðherra hafi ákveðnar hugmyndir um það hvernig eigi að nýta ákvæði af þessum toga.

Það virtist sem hæstv. ráðherra héldi að í lögum væru ákvæði að því er varðar náttúruminjaskrá sem bindur það tímanlega hvenær hægt væri að endurskoða þá skrá. Í ljósi þess að nú er það væntanlega ljóst hæstv. ráðherra að engin tímatakmörk hafa á verið í þessum efnum, í reynd hefur endurskoðun náttúruminjaskrár tengst náttúruverndarþingum. Ég held að það hafi verið meginregla en hins vegar ekkert komið í veg fyrir það í lagatexta að slíkar viðbætur eða breytingar gætu farið fram þéttar á styttri tíma. náttúruverndarþing hafa undanfarið verið haldin á þriggja ára fresti en skv. 13. gr. þessa frv. er stefnt að því að þau verði á tveggja ára fresti framvegis. Ef menn vilja hafa einhverja viðmiðun hefði ekki verið óeðlilegt að geta endurskoðað náttúruminjaskrá a.m.k. á tveggja ára fresti og í rauninni allsendis óþarfi að setja þar inn ákveðin tímamörk að mínu mati.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvernig hann sér fyrir sér undirbúning næsta náttúruverndarþings sem er ekki langt undan ef að líkum lætur og átti samkvæmt gildandi lögum að halda á þessu ári ef ég man rétt. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann telji eðlilegt að Náttúruverndarráð ráði því hverjir eigi seturétt á náttúruverndarþingi og af hverju er horfið frá því sem verið hefur í lögum fram að þessu að þetta yrði ákvörðunarefni hverju sinni og í hendi ráðherra að setja um það reglugerð hverjir hefðu þarna seturétt og þá að fengnum tilmælum eða tillögum frá Náttúruverndarráði ef ég man rétt hvernig sú skipan hefur verið. Mér sýnist að nokkur vandi sé á höndum þegar kemur að því að lögin gangi í gildi, nýtt Náttúruverndarráð á að vera komið að málum frá 1. janúar nk. væntanlega, nýtt ráð hefur misst umboð sitt, en samt er því ætlaður undirbúningur náttúruverndarþings sem verður haldið nokkru eftir að ráðið hefur hætt störfum. En skv. 13. gr. frv. er einmitt Náttúruverndarráði ætlað að sjá um þinghaldið, rammann í kringum það, formaður að setja þingið og stýra því uns það hefur kosið forseta. Hver er formaður Náttúruverndarráðs á þessum tíma? Er búið að tilnefna hann? Það kann að vera. Það hefur verið hefð að það væri gert í upphafi náttúruverndarþings og jafnframt segir í 13. gr.: „Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa." Mér sýnist að þarna sé nokkur vandi á höndum að því er snertir form og nauðsynlegt að fá um það viðbrögð frá hæstv. ráðherra því að ég á ekki von á því að meiri hluti nefndarinnar hafi haft vilja til að fara yfir þessi efni frekar en orðið var, sjálfsagt tekið afstöðu til þess með áliti sínu og tillöguflutningi.

Þetta hef ég kosið, virðulegur forseti, að skýrðist frekar við umræðuna.

Hæstv. ráðherra vék fyrr við umræðuna að samstarfi landbrn. og umhvrn. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann hafi í huga að þar verði á einhver formbreyting í sambandi við verkaskiptingu milli þessara ráðuneyta að því er snertir gróðurverndarmálin, hvernig eigi að gera virk þau ákvæði sem varða ákvæði 18. gr. um friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar. Það er mjög nauðsynlegt að mínu mati að þarna verði hlutirnir skýrari en verið hefur og að sjónarmið hinnar almennu gróðurverndar fái meira rúm. Eðlilegt er að mínu mati að færa þau undir umhvrn. og skera úr og koma í veg fyrir þá togstreitu sem skapast óhjákvæmilega má ég segja vegna þess að málin eru í tveimur aðgreindum hólfum og hvorugur aðili veit í raun hvað til hans friðar heyrir og síst af öllu umhvrn. sem hefur haft mjög veika stöðu að þessu leyti. Þetta hefði ég viljað fá upplýst frekar við umræðuna, virðulegur forseti.

Ég ítreka það sem fram hefur komið að mér þykir stefna í óefni í sambandi við stjórnun þessara mála eins og lagt er upp með þeim tillögum sem hér eru fram reiddar. Hér er gengið gegn eðlilegum viðhorfum til stjórnunar. Hér er verið að þrengja aðkomu almannasamtaka og áhugamannasamtaka að þessu þvert á það sem æskilegt væri og því miður er ekki hægt að segja að sú breyting, sem hér er gerð, taki mið af síðari tíma sjónarmiðum í sambandi við meðferð náttúruverndarmála. Það er því miður eitthvað allt annað sem hér svífur yfir vötnunum en um það hef ég talað nokkuð almennt fyrr við umræðuna og ætla ekki að endurtaka það.

Ég vænti fastlega að hæstv. umhvrh. svari þessum fyrirspurnum.

[20:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. beindi til mín nokkrum spurningum og ég vona að ég hafi náð þeim niður að mestu. Hinu lofa ég ekki að mér takist að svara þeim öllum eins ítarlega og hv. þm. óskar eftir en reyni að sjálfsögðu að gera mitt besta í því.

Fyrst spurði hann um viðhorf mitt almennt til stjórna opinberra stofnana. Ég fór reyndar svolítið yfir það áðan að það viðhorf sem ríkti væri ekki almennt skýrt. Það er mjög misjafnt frá einni stofnun til annarrar. Það er sjálfsagt misjafnt milli ráðuneyta þó að ég þekki það ekki nákvæmlega en ég veit að það er misjafnt innan þeirra ráðuneyta sem heyra undir landbrn. og umhvrn. Sem dæmi er engin stjórn yfir hvorki Skógrækt ríkisins né Landgræðslu ríkisins svo tekin séu dæmi. Það er engin formleg stjórn yfir stórum stofnunum eins og Vegagerðinni. Síðan er hins vegar stjórn yfir fremur lítilli stofnun sem heyrir undir landbrn. eins og Veiðimálastofnun, þar er fimm manna stjórn með tilnefningum alls staðar að svo að þetta er mjög misjafnt.

Skoðun mín hefur verið sú að það sé eðlilegt og æskilegt að hafa stjórnir yfir þessum stofnunum en ég tel að þær eigi þá að vera þannig að þær séu skipaðar af ráðherra ef það er eins og eðlilegt hlýtur að teljast að þessar stofnanir heyri undir ráðherra, hann er ábyrgur fyrir stofnununum. Þá er t.d. mjög óeðlilegt eins og ég tók dæmi af áðan í stuttu andsvari að þing kjósi stjórn fyrir stofnun, stjórn stofnunar ræður t.d. síðan forstjóra stofnunarinnar en ráðherra ber svo ábyrgð á stofnuninni. Það er mjög flókið stjórnarform þannig að ég held að það sé ekki góður kostur.

Ég hef almennt verið þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt, það þurfa kannski ekki að vera fjölmennar stjórnir, ekki fimm eða sjö manna stjórnir en kannski þriggja manna stjórnir sem eru ráðherra til ráðuneytis í sambandi við verkefni stofnananna vegna þess m.a. að ráðuneytin eru því miður oftar en ekki svo veik að þau hafa e.t.v. ekki þann möguleika sem æskilegur væri til þess að fylgja eftir starfsemi stofnananna.

Hv. þm. spurði mig síðan einnig um hvort það form sem hér er upp sett væri það sem ég teldi æskilegast og hvort ég teldi að ætti að skipa Hollustuvernd ríkisins stjórn og hvernig sú stjórn ætti að vera. Það er einmitt eitt af því sem er í gangi hjá umhvrn. nú að endurskoða lög um Hollustuvernd ríkisins. Ég hef áður lýst viðhorfi mínu um það að ég tel að það sé eðlilegt að þar sé stjórn. Það getur alltaf verið álitamál hvernig stjórnirnar eigi að vera skipaðar, hvernig á að tilnefna í stjórnirnar ef það er gert eða hvort ráðherra á sjálfur að velja einstaklingana sem þar sitja. Mér finnst ekki óeðlilegt að það geti verið með einhverjum hætti blanda af slíku eins og hér er lagt til að eiga aðild að málaflokknum og það séu tilnefningar frá aðilum og á hinn bóginn að ráðherra skipi einhvern hluta án þess að fá tilnefningar.

Hér hefur verið nokkur umræða af hálfu hv. þingmanna sem tekið hafa þátt í umræðunni hvort eðlilegt sé að samgrh. eigi aðild að þessari stjórn. Nú er það svo eins og margoft hefur komið fram og kemur fram í greinargerð frv. og þarf ekki að ítreka að það er álit okkar sem að þessu stöndum að þar sé um verksvið að ræða sem sé æskilegt að tengist stjórnun náttúruverndarinnar. Þar vil ég fyrst og fremst draga fram ferðaþjónustuna og ferðamálin og tel að þar sé nauðsynlegt að skapa jákvæð viðhorf milli náttúruverndar og ferðaþjónustu og það sé hluti af því sem þarna þurfi að gerast. Þess vegna lít ég svo á að sú skipan sem hér er gerð tillaga um sé ásættanleg og geri tillögur um hana með því að flytja þetta frv. eins og það lítur út. Varðandi Hollustuverndina teldi ég hins vegar að þar gæti verið um mikla hagsmunaárekstra að ræða varðandi það sem hv. þm. nefndi, að iðnrh. skipaði þar fulltrúa í stjórn. Ég teldi það ekki æskilegt. Þannig að ég tel að þessi mál þurfi að skoða í hverju einstöku tilviki.

Hv. þm. spurði einnig hvort ég teldi að það væri ekki ofgert að láta ferðamálasjóðinn koma líka að Náttúruverndarráði. Það finnst mér ekki. Það má auðvitað velta því fyrir sér hverjir eiga að tilnefna fulltrúa í Náttúruverndarráð af því að þar eru fimm tilnefningar og síðan einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og það má spyrja hvort Bændasamtökin eigi að tilnefna þar. Eru þar hagsmunaárekstrar eða eru það eðlileg sjónarmið að Bændasamtökin eigi þar aðild? Ég hef talið það með því að gera þetta að tillögu minni sem hér liggur fyrir.

Síðar spurði hv. þm. um aðild skipulagsstjóra ríkisins að Náttúruverndarráði. Ég tel að það geti verið kostir í því en ég geri ráð fyrir því einnig gæti verið um hagsmunaárekstra að ræða. Þá ber fulltrúa skipulagsstjóra að víkja úr ráðinu ef ráðið þarf t.d. að gefa umsögn um mál sem getur skarast við verkefni stofnunarinnar samkvæmt almennum stjórnsýslulögum.

Ég hef að vísu ekki fyrir framan mig álit Sambands ísl. sveitarfélaga en ef ég man rétt þá held ég að Samband ísl. sveitarfélaga teldi að það þyrfti að gera athugasemd við að verið væri að boða fulltrúa náttúruverndarnefndanna til sameiginlegs fundar einu sinni á ári fremur en það hafi beinlínis verið athugasemd frá sambandinu um það form sem ég hef þarna greint frá. Og eins og ég hef áður sagt, þá er það nokkurn veginn efnislega óbreytt frá því sem er í gildandi lögum.

Hv. þm. spurði hver tilnefndi fyrir hönd Háskóla Íslands og af hverju Háskóli Íslands væri tilnefndur frekar en aðrar háskólastofnanir. Háskóli Íslands er ótvírætt stærsta háskólastofnunin og er með rannsóknarstofnanir á ýmsum sviðum undir sínum verndarvæng. Þegar talað er um Háskóla Íslands verð ég að gera þá játningu að ég þekki ekki nægjanlega vel til innviða hans en ég ímynda mér að þar kæmi háskólaráð eða einhver önnur stjórn þeirrar stofnunar til greina. Ég ítreka aftur að ég segi þetta með fyrirvara, en ég teldi eðlilegast að það væri háskólaráðið. Annars hlýtur að vera á því eitthvert form. Ég ímynda mér að minnsta kosti að Háskóli Íslands komi til með að tilnefna í ýmsar, ég veit ekki hvort ég á að segja ýmsar stjórnir, en ég ímynda mér að í ýmis verkefni komi tilnefningar frá háskólanum þannig að það hljóti að finnast eðlilegur farvegur.

Auðvitað hefur hv. þm. og þeir þingmenn báðir sem tóku þátt í umræðunni áður rætt um fjárveitingar til Nátt-

úruverndarráðs. Þeir velta því fyrir sér hvort fjárveitingar til málaflokksins í heild séu nægjanlegar og síðan fjárveitingar til Náttúruverndarráðsins sérstaklega og þess hlutverks sem því er ætlað. Ég vísa til þess sem segir í greinargerð frv. og kostnaðaráætlun frá fjmrn. sem unnin er m.a. með fulltrúum eða samkvæmt upplýsingum frá umhvrn. Við getum alltaf verið með vangaveltur um það hvort fjárveitingar eru nægar til einstakra málaflokka. Mér heyrist oftast nær að menn telji að það sé ekki nóg og það sé aldrei nóg. Það er a.m.k. það viðhorf sem blasir við okkur oftast þegar við erum að glíma við fjárlagagerðina. En þetta er hins vegar auðvitað fjárlagamál hverju sinni. Hér er tilgreind sú upphæð sem ætti að renna til ráðsins. Það eru 1,5–2 millj. kr. sem mönnum sýnist að gæti verið sú upphæð sem ráðið ætti að fá til sinnar starfsemi.

Ég hef ekki fallist á að það ætti að geta um það í lögum að ráðinu væri sköpuð starfsaðstaða, t.d. ráðinn framkvæmdastjóri eða forstöðumaður fyrir Náttúruverndarráð, þar sem ég tel að það sé ekki eðlilegt að það séu tvær stofnanir starfandi lögum samkvæmt sem fjalla um þessi mál. Ég hef hins vegar sagt í umræðum um þetta mál að ég teldi að það væri nauðsynlegt að skoða það þegar kemur að fjárlagagerðinni hvaða fjármuni við getum tryggt Náttúruverndarráðinu. Það kann að vera að þessi upphæð sem hér er nefnd sé í lægri kantinum, það væri nauðsynlegt að líta á það nánar.

Ég hef líka lýst því yfir og er þá ekki alveg sammála hv. þm. þar um að ég tel að það komi til greina að ráðið fái starfsaðstöðu annaðhvort hjá Náttúruvernd ríkisins eða hjá umhvrn. Það eru dæmi um það að nefndir sem starfa sem ráðgjafarnefndir fyrir ráðuneytið hafi þar starfsaðstöðu. Ég nefni t.d. nefnd sem starfar samkvæmt lögum um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Sú nefnd hefur haldið fundi hjá umhvrn.

Hv. þm. spurði um akstur utan vega og ákvæðin sem eru í frv. um þann þáttinn. Það er skoðun okkar sem stöndum að frv. og breytingartillögunum eða þeirra fulltrúa nefndarinnar sem standa að breytingartillögu við málið að þar sé verið að styrkja þetta ákvæði frekar en veikja. Staðreyndin er sú að við þurfum að horfast í augu við dálítið sérkennilega umferð sem er ný í landinu, þ.e. umferð á snjó, umferð á ís, umferð á hjarni og umferð að vetrarlagi. Það þarf að sníða reglurnar að henni svo slík umferð og slík ferðaþjónusta geti blómstrað. Vegna þessa ákvæðis vil ég sérstaklega árétta við hv. þingmenn og minna á fyrirhugaða almenna endurskoðun á lögunum, efnisendurskoðun. Ég tel að allt sem í frv. er falli undir þá endurskoðun. Ef í ljós kemur við slíka heildarendurskoðun að menn telja ákvæði, sem hér stendur til að lögfesta samkvæmt þessu frv. og eiga ekki að vera miklar efnisbreytingar umfram stjórnunarþáttinn, gölluð koma þau að sjálfsögðu til eðlilegrar endurskoðunar í heild sinni. Það sama á við um spurningu hv. þm. varðandi 28. gr. frv. um friðlýsingu landsvæða sem ég hygg að sé óbreytt frá gildandi lögum. Varðandi framkvæmd málsins held ég að það verði ekki mikil breyting við þetta frv. sem hér er til umfjöllunar og verður vonandi samþykkt áður en allt of langt líður.

Ég hygg að það viðhorf mitt hafi komið fram við 1. umr. um frv. í framsöguræðu minni varðandi 29. gr. að ég tel eðlilegt að eiga möguleika á því að land sem fer undir þjóðgarða sé ekki skilyrðislaust ríkiseign. Í frumvarpsgreininni segir, með leyfi forseta: „Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda." Ég held að ég hafi líka lýst því yfir við 1. umr. að það þyrfti að ganga mjög vel frá saningum af þessu tagi og það yrði sjálfsagt ekki einfalt. Ég lít ekki svo á að þetta verði einhver almenn regla heldur undantekningarregla og ég hef ekki í huga einhver ákveðin einstök svæði eða eignir, en ég held að hv. þm. hafi spurt að því.

Varðandi gjaldtökuna hef ég lýst því viðhorfi mínu að ég tel að það sé æskilegt og nauðsynlegt að hafa þessar heimildir. Það kann að vera að þær verði ekki nýttar og auðvitað liggur ekkert fyrir um að það skuli nýta þær eða þær verði nýttar, heldur er þetta heimild sem ég tel að sé æskileg. En ég endurtek það sem kom fram áðan í stuttu andsvari að það kann að vera að aðstæður séu á fáum stöðum slíkar að hægt sé að nýta þessa heimild. Á það verður að reyna.

Varðandi náttúruminjaskrána er það vafalaust rétt sem hv. þm. benti á að það séu ekki ákvæði í gildandi lögum um að hún skuli gefin út fjórða hvert ár. Ég hélt að þetta væri óbreytt, en hitt er svo annað mál að ég svo sem veit ekki hvort það er endilega ástæða til þess að þessi ákvæði séu endurskoðuð árlega eða á tveggja ára fresti. Hér er gerð tillaga um endurskoðun á fjögurra ára fresti. Þetta er viðamikil útgáfa og það kostar töluverða fjármuni að gefa út náttúruminjaskrá. Þótt það eigi kannski ekki að ráða, er a.m.k. í lagi að hafa það í huga, líka við slíka útgáfu.

Að lokum spurði hv. þm. um náttúruverndarþingið. Í ákvæðum til bráðabirgða með frv. segir, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð það sem lætur af störfum við gildistöku laga þessara skal undirbúa þingið."

Ég sé ekki að það geti verið svo miklum vandkvæðum bundið eins og mér heyrist að hv. þm. hafi áhyggjur af ef við gerum ráð fyrir því, eins og segir í frv., að lögin öðlist gildi frá og með 1. janúar 1997. Þar er gert ráð fyrir því að fyrsta náttúruverndarþingið verði í janúar og er það sitjandi Náttúruverndarráð sem skal undirbúa það þing. Það er þá líka hlutverk þess að semja þær fyrstu reglur sem lagðar verða fyrir þetta nýja þing. Það er ákvæði í frv. sjálfu til bráðabirgða að það sé hlutverk sitjandi Náttúruverndarráðs að undirbúa fyrsta náttúruverndarþingið og um það ætti ekki að vera nein óvissa.

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég hef náð öllum spurningunum. Ég vona að svo hafi verið, en ég er ekki svo bjartsýnn að ímynda mér að ég hafi svarað þeim öllum fullnægjandi að mati hv. þm. Ég vona þó að ég hafi náð að svara allflestu af því sem hann spurði um.

[20:40]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við fyrirspurnum mínum. Ég held að hann hafi komið að flestu sem ég spurði um. Það má auðvitað lengi úr bæta. Ég reiknaði ekki með því að við leystum okkar ágreining í þessu formi og ég ætla út af fyrir sig ekki að hafa uppi frekari deilur við hæstv. ráðherra um þau efni. Það er greinilegt að það er ágreiningur á milli okkar um stór atriði sem snerta þetta mál.

Mér finnst vanta alveg sérstaklega skýra hugsun af hálfu hæstv. ráðherra í sambandi við þau efni sem hér er verið að bera fram, t.d. að því er varðar stjórn Náttúruverndar ríkisins. Ég tel ekki að það sé hægt að haga því með eðlilegum hætti gagnvart þessari ríkisstofnun að þar sé kallaður til fulltrúi einhvers annars ráðherra. Og ráðherra gaf í rauninni engar skilmerkilegar skýringar á því af hverju þessi tiltekni ráðherra er valinn og síðan geti menn gripið til einhverra allt

annarra raka þegar kemur að næstu stofnun. Ég tel að menn þurfi að reyna að vera samkvæmir sjálfum sér að þessu leyti og ég spái því að þetta eigi eftir að leiða til erfiðleika.

Ef það er ferðamálaþátturinn sem menn eru að horfa til sérstaklega, en auðvitað verður það ekki einangrað þegar ráðherra samgöngumála á í hlut, þá eru samgöngumálin á hans verksviði með öllum þeim framkvæmdum sem þar til heyra. Og í sambandi við Náttúruverndarráð er sérstaklega tilgreint að Ferðamálaráð eigi þar aðgang þannig að mér finnst þetta ekki vera viðhlítandi skýringar af hálfu hæstv. ráðherra.

Ég held líka að það sé mjög ófarsælt að leggja upp með þeim hætti sem ráðherrann gerir í sambandi við fjárhag Náttúruverndarráðs. Það er mjög langt frá því að það sé fullnægjandi sem hér liggur fyrir. Það eina sem gæti því tryggt þetta er einmitt að kveða á um lágmarksstarfsaðstöðu eins og ég hef lagt til í sambandi við þetta mál og við í minni hlutanum þannig að tryggt sé að ráðið hafi möguleika til að sinna lögskipuðu hlutverki sínu.

[20:43]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Það er rétt hjá hv. þm. að við leysum ekki hér allan okkar ágreining sem kann að vera um málið. Við hefðum væntanlega ekki þurft að sitja svo lengi yfir þessu í dag ef við værum algerlega sammála um allt í málinu. Ég hef ekki skoðað það hvort ekki séu einhvers staðar fordæmi fyrir því að fulltrúar í stjórnir í hinu opinbera kerfi kunni að vera skipaðir frá tveimur ráðuneytum. Ég fullyrði ekki neitt um það, en mér finnst eiginlega með ólíkindum ef þetta er eina fordæmið í því sambandi.

Að lokum ítreka ég að ég er ósammála því að við kveðum á um starfsaðstöðu fyrir Náttúruverndarráðið í lögunum, en auðvitað þarf að huga að því að Náttúruverndarráð hafi fjármuni til að sinna því lögbundna hlutverki sem því er ætlað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:47]

Till. í nál. 1091 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KF, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KPál, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (BH, HG, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um ber yfirskriftina „Frumvarp til laga um náttúruvernd". Það eru röng skilaboð frá þeim sem flytja málið vegna þess að þetta er að verulegu leyti endurflutningur á óbreyttum ákvæðum um náttúruvernd þannig að ekki er um neina viðhlítandi heildarendurskoðun laganna að ræða. Þetta á m.a. við um 1. gr., markmið náttúruverndar þar sem ekki er breytt neinu frá því sem verið hefur í gildandi lögum um aldarfjórðungsskeið þrátt fyrir öll þau nýju viðhorf sem fyrir liggja í umhverfismálum og náttúruvernd á þessu tímabili.

Ég tek ekki afstöðu til þeirra greina sem eru fluttar óbreyttar heldur sit ég hjá við þá atkvæðagreiðslu en ég mun koma að einstökum þáttum í atkvæðaskýringum síðar.

Brtt. 935,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., 1. mgr., samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (BH, HG, JóhS, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., 2. mgr., samþ. með 31:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, HG, KÁ, KH, RA, SvG, ÖJ.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., 3.–5. mgr., svo breyttar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KÁ, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,3 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁRJ, BH, HG, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (BH, GGuðbj, HG, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,5 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, KH, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 33:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, RA, SvG, ÖJ.

7 þm. (BH, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., 1. málsl. 1. mgr., samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (ÁRJ, BH, HG, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., 2.–3. málsl. 1. mgr., samþ. með 32:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, RA, SvG, ÖJ.
4 þm. (ÁRJ, JóhS, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., 2. mgr., samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,6 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
7 þm. (BH, HG, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,7 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hér er eitt af þessum úreltu ákvæðum frá því fyrir 25 árum. Ég vek athygli á því hverju er verið að stilla Alþingi upp fyrir í sambandi við almannarétt í landinu þar sem stendur í 2. málsl. greinarinnar:

„Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna að þau séu óræktuð og ógirt og dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Sé land girt þarf leyfi landeiganda til að ferðast um það eða dveljast á því. Það sama gildir um ræktuð landsvæði.“

Ég spurði hæstv. umhvrh. við umræðuna hvenær maður veit hvort hann er innan eða utan girðingar í þessu landi. Ég held að það verði fátt um svör.

15. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,8 (16. gr., ný 3.–4. mgr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

16. gr., 1. mgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

16. gr., 2. mgr., samþ. með 29:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvG, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, JóhS, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:01]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um ákvæði náttúruverndarlaga varðandi akstur á vegum eða utan vega. Ég vek athygli á því ákvæði sem hér er og menn eru að samþykkja sem greiða þessu atkvæði. „Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill." Meginreglan sem hér er innleidd er að akstur sé heimill utan vega í landinu og hitt gert að undantekningarreglu. Þetta er skelfilegt ákvæði sem hér er verið að festa í lög. Gildandi lög eru veik, þetta er enn þá verra.

16. gr., 5. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er von að menn vilji tryggja það að bannað sé að safna rusli á hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Það er þá allt í lagi þess utan væntanlega.

17.–20. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að lögleiða áfram gersamlega úrelt og haldlaus ákvæði varðandi efnistöku í landinu, malarnám og annað. Það er hörmulegt til þess að vita að við yfirferð náttúruverndarlöggjafar skuli ekki reynt að taka á þessum ákvæðum. Sérstakt þingmannafrumvarp lá fyrir í nefndinni en fékkst ekki tekið á dagskrá, frv. sem kom fram í haust um þessi efni. Þetta eru vinnubrögð af þeim toga, virðulegur forseti, að það er Alþingi til vansa að ganga þannig frá löggjöf í þessum viðkvæma málaflokki.

22. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, PP, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

23.–24. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1215 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[21:06]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Með óbeinum hætti má hafa áhrif á stundum og svo fór hér. Það lá við borð að meiri hluti nefndarinnar löghelgaði það sem hefði verið framið með lögbrotum milli 1971 og 1996 í sambandi við byggingar og mannvirki. Undanþága var gerð í löggjöfinni 1971 um það efni, en hér hefur lopinn verið teygður í 25 ár. Við vöktum á þessu athygli í nál. og formaður umhvn. flytur brtt. sem ég leyfi mér að styðja.

25. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (BH, GGuðbj, KÁ, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

26.–27. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

28. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, VS, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[21:08]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég bið hv. þm. að líta á neðstu línu á bls. 7 í frv. Þar stendur: „Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar.“ Ég hef ekki fengið botn í þennan texta og ég er hræddur um að þarna sé verið að gera mistök. Ég vakti athygli á því í umræðu en því er engu sinnt.

29. gr., 1. mgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., 2. mgr. („Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign“), samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., 2. mgr. (frá: „nema sérstaka ástæður ...“), samþ. með 33:10 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁRJ, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SvG, ÖJ.
4 þm. (BH, MF, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[21:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að lögfesta heimild til þess að lýsa þjóðgarð land í einkaeign. Ég tel að það sé afar óæskilegt og greiði atkv. gegn því. Reynsla af tilraun í þessa veru liggur fyrir t.d. í Noregi og hefur gefist mjög illa að rugla reytum saman með þeim hætti. Ég tel að hér sé verið að fara út á afar varhugaverða braut.

29. gr., 3.–4. mgr., samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

30.–34. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 935,9 (ný 35. gr.) samþ. með 33:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SvG, ÖJ.
5 þm. (BH, GÁS, JóhS, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:12]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að heimila gjaldtöku fyrir aðgang að landi. Tillagan felur í sér að rekstraraðila náttúruverndarsvæðis, sem getur verið einkaaðili eða sveitarfélag eða hvaða lögaðili sem er, er veitt heimild til þess að taka gjald fyrir aðgang að landinu. Ekki veitta þjónustu, um það er fjallað í fyrri mgr. heldur fyrir aðgang að landinu. Það er það sem verið er hér að innleiða. Þetta er fráleit stefna að opna fyrir slíkt, hvað þá að ætla einstökum rekstraraðilum að ákveða upphæð gjaldtöku. Þetta er auk þess ópraktískt og auk lítt framkvæmanlegt. Það bjargar nú kannski málinu að einhverju leyti.

36.–41. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HG, RA, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Um fundarstjórn.

Athugasemd forseta.

[21:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mér fannst ekki við hæfi fyrr í dag af hálfu hæstv. forseta að stilla hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni upp við vegg með því að gera hann nánast ábyrgan fyrir því að þinginu yrði ekki lokið fyrr í dag. Með þessum hætti var verið að reyna að hafa áhrif á málflutning hv. þm. og í mínum huga er þetta það alvarlegt að ég sé ástæðu til að gera við þetta athugasemd. Þetta var að sjálfsögðu hið mesta kjarnfóður fyrir fjölmiðla sem hafa meiri áhuga á formi en innihaldi, tímalengd umræðu fremur en málefnalegu innihaldi.

[21:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur heyrt athugasemd hv. þm. en telur sig ekki hafa verið að stilla hv. þm. upp við vegg.

1

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 1216, nál. 1078 og 1086, frhnál. 1206, brtt. 1079 og 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:19]

Till. í nál. 1086 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kölluð aftur.

Brtt. 1079 kölluð aftur.

Brtt. 1207,1 (1.–7. gr. falli brott) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HjÁ, HG, MS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1207,2 (ný 8. gr., verður 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, JóhS, KÁ, KH, MS, MF, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1207,3 (9.–14. gr. falli brott) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
7 þm. (BH, HjÁ, HG, MS, MF, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1207,4 (ný 16. gr., verður 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, KÁ, KH, MS, MF, RG, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1207,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, KÁ, KH, MS, MF, RG, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1207,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (BH, GÁS, HjÁ, HG, MS, MF, RG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁÞ, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 21:23.

---

162. FUNDUR

miðvikudaginn 5. júní,
að loknum 161. fundi.

Dagskrá:

1. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 519. mál, þskj. 956 (með áorðn. breyt. á þskj. 1207). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 877, nál. 1122, frhnál. 1201, brtt. 1202. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Eftirlaun alþingismanna, frv., 540. mál, þskj. 1154, nál. 1204 og 1205. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

4. Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 541. mál, þskj. 1155, nál. 1198. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

5. Náttúruvernd, stjfrv., 366. mál, þskj. 642 (með áorðn. breyt. á þskj. 935 og 1215). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:25]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. og/eða síðustu umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 500. mál (aðild kennara og skólastjórnenda). — Þskj. 1221, nál. 1122, frhnál. 1201, brtt. 1202.

[21:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt síðari breytingum. Nefndin hafði fjallað um frv. og nefndarmenn allir samþykkt þetta nál. En nefndin tók málið til umræðu að nýju, sbr. frhnál. á þskj. 1201, þar sem ábendingar bárust um að frv. tæki ekki til annarra starfsmanna grunnskóla en kennara og skólastjórnenda og skapaði það nokkurt ósamræmi. Nefndin leggur því til breytingar sem miða að því að sömu reglur gildi fyrir kennara og skólastjórnendur og aðra starfsmenn skóla. Þannig er lagt til að aðrir starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa, sem ráðnir eru af ríkinu og eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er flutningur grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga á sér stað, eigi áfram aðild að sjóðnum séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfa hjá grunnskóla eða skólaskrifstofum sveitarfélaga.

Mælir nefndin með að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Allir nefndarmenn undirrita þetta nál. frá efh.- og viðskn.

[21:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna sérstaklega þeim breytingum sem hér eru komnar fram. Með þessu móti er tryggt að ekki einvörðungu kennarar heldur starfsmenn fræðsluskrifstofa og aðrir starfsmenn skóla sem flytjast yfir þegar skólinn verður fluttur frá ríki til sveitarfélaga muni eiga kost á því að fá aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég fagna því mjög að þessar breytingar skuli hafa komið fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:29]

Brtt. 1202 samþ. með 39 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Eftirlaun alþingismanna, 2. umr.

Frv. RA o.fl., 540. mál (forseti Alþingis, makalífeyrir). — Þskj. 1154, nál. 1204 og 1205.

[21:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, formann stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og Hauk Hafsteinsson, framkvæmdastjóra sjóðsins.

Frv. felur aðallega í sér tvær efnisbreytingar. Sú fyrri lýtur að starfskjörum forseta Alþingis. Skv. 2. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, skal forseti Alþingis njóta sömu launa- og starfskjara og ráðherrar. Til starfskjara telst m.a. réttur til eftirlauna. Frv. felur í sér að forseti skal, auk iðgjalds af þingfararkaupi, greiða iðgjald af forsetalaunum, þ.e. þeim launum sem hann hefur umfram þingfararkaup, í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og fá fyrir það sama lífeyrisrétt og ráðherrar hafa. Er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var er lögin um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað voru sett. Hitt efnisatriði frv. miðar að því að breyta rétti til makalífeyris þannig að réttur eftirlifandi maka varaþingmanns til eftirlauna, sem eru hærri en eftirlaun varaþingmanns, er afnuminn. Mun breytingin ekki hafa áhrif á lífeyri þeirra sem þegar hafa hafið töku makalífeyris. Virkur lífeyrisréttur verður þannig ekki skertur. Í þessu efnisatriði frv. felst í raun að mati meiri hluta nefndarinnar leiðrétting á mistökum, sem rekja má til síðustu endurskoðunar laganna, en engin grundvallarbreyting.

Varðandi ákvæði 4. gr. um barnalífeyri vill meiri hlutinn benda á að almenn regla um barnalífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er að hið látna foreldri hafi haft ráðningu a.m.k. til eins árs og hafi verið í starfi þegar andlát bar að. Ákvæði frv. er sett með hliðsjón af þeirri reglu.

Meiri hlutinn mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita nöfn sín: Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Árni Ragnar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Svavar Gestsson og Pétur H. Blöndal.

[21:33]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hlutans á þskj. 1205 um frv. til laga um breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna með síðari breytingum. Fyrra efnisatriði frv. lýtur að því að færa lífeyrisréttindi forseta þingsins til sama horfs og hjá ráðherrum. Rökin, sem flutningsmenn færa fyrir þessari breytingu eru að með lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, hafi verið stefnt að því að forseti Alþingis nyti sömu launa- og starfskjara og ráðherra. Vísað er til þess í greinargerð frv. að með starfskjörum sé m.a. átt við eftirlaunarétt.

Þingmenn Þjóðvaka studdu ekki þær breytingar sem gerðar voru á fyrrgreindum lögum í júnímánuði 1995, hvorki það ákvæði sem nú á að breyta né önnur ákvæði laganna og munu í samræmi við þá afstöðu ekki heldur styðja þá grein frv. sem lýtur að því að hækka lífeyrisgreiðslur til forseta Alþingis. Að auki gengur þessi tillaga gegn því að draga úr margföldum lífeyrisrétti æðstu manna stjórnsýslunnar sem við í Þjóðvaka viljum stuðla að.

Hitt efnisatriði frv. fjallar um löngu tímabæra leiðréttingu á ákvæði um makalífeyri varaþingmanna sem felur í sér óeðlilega háar lífeyrisgreiðslur til maka varaþingmanna. Verður að líta svo á að hér hafi verið um mistök að ræða í lagasetningu sem verið er að leiðrétta. Þingmenn Þjóðvaka vilja stuðla að því að svo sjálfsögð lagfæring nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:35]

1. gr. samþ. með 39:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (ÁE, JóhS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, KHG, LB, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 541. mál (biðlaun). — Þskj. 1155, nál. 1198.

[21:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti og Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu og allir nefndarmenn undirrita þetta nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:38]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (heildarlög). — Þskj. 1220.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:39]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, FrS, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, LB, PP, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1222).

[21:41]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 519. mál, brtt. sjútvn., þskj. 1218.

Frestun á fundum Alþingis, 543. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1217.

Náttúruvernd, 366. mál, þskj. 1220.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 1216, brtt. 1218.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1218. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[21:42]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir brtt. sem hefur verið lögð fram á þskj. 1218. Breytingartillagan er til orðin vegna þess að eftir að lokið var 2. umr. um málið kom í ljós að við prentun þskj. 1207 höfðu fallið niður þrjár málsgreinar, öftustu málsgreinar 8. gr. í frv. en ekki var ætlunin að fella þær niður. Vegna þessarar vangár er lögð fram brtt. á þskj. 1218 um að bæta þessum málsgreinum við 1. gr. frv., sem var áður 8. gr. Ég vænti þess að þingheimur sé tilbúinn til að taka þær til umfjöllunar eins og þær eru lagðar til, en þær eru óbreyttar þrjár síðustu málsgreinar úr 8. gr. í upphaflega frv. Það er hægt að rekja við þær breytingartillögur sem áður höfðu verið lagðar fram að þetta eru þær málsgreinar sem ekki hafði verið ætlunin að breyta með breytingartillögunum. Þetta er eingöngu vangá við prentun þskj. 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:44]

Brtt. 1218 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GGuðbj, HjÁ, HG, KÁ, MS, MF, RG, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EOK, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, JóhS, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, BH, GGuðbj, HjÁ, HG, KÁ, KH, MS, MF, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EOK, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, JóhS, KHG, LB, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1223).

Fundi slitið kl. 21:45.

---

163. FUNDUR

miðvikudaginn 5. júní,
að loknum 162. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 543. mál, þskj. 1217. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 500. mál, þskj. 1221 (með áorðn. breyt. á þskj. 1202). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Eftirlaun alþingismanna, frv., 540. mál, þskj. 1154. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Þingfararkaup og þingfararkostnaður, frv., 541. mál, þskj. 1155. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:46]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls og 2. umr. 2.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 543. mál. — Þskj. 1217.

[21:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo: „Alþingi ályktar að veita

samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 5. júní 1996 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:47]

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, FrS, GE, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1224).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 500. mál (aðild kennara og skólastjórnenda). — Þskj. 1221.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:48]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, FrS, GE, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, JóhS, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1225).

Eftirlaun alþingismanna, 3. umr.

Frv. RA o.fl., 540. mál (forseti Alþingis, makalífeyrir). — Þskj. 1154.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:48]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (ÁE, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, FrS, GE, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1226).

Þingfararkaup og þingfararkostnaður, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 541. mál (biðlaun). — Þskj. 1155.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:49]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, FrS, GE, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1227).

[Fundarhlé. — 21:49]

Þingfrestun.

[22:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 120. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 2. október til 22. desember 1995 og frá 30. janúar til 5. júní 1996. Þingfundadagar urðu alls 113. Þingfundir hafa verið 163. Verða nú lesin úrslit þingmála.

Lagafrumvörp voru samtals 207. Stjórnarfrumvörp voru 131 og þingmannafrumvörp 76.

109 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 22.

18 þingmannafrumvörp urðu að lögum en 58 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 207 frumvörpum urðu alls 127 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 87.

Stjórnartillögur voru 16 og þingmannatillögur 71.

22 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, sex var vísað til ríkisstjórnarinnar, tvær kallaðar aftur og 57 eru óútræddar.

Skýrslur voru samtals 22. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru sex og bárust fimm skýrslur. 17 aðrar skýrslur voru lagðar fram.

Fyrirspurnir voru 226. Svör bárust við 218 fyrirspurnum. Munnlegar fyrirspurnir voru 122 og var þeim öllum

svarað nema fjórum. Tvær voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 104 fyrirspurnum og bárust svör við öllum nema einni.

Alls voru til meðferðar í þinginu 543 mál. Þar af hlutu 383 þingmál afgreiðslu og tala prentaðra þingskjala var 1227.

Eins og heyra má af þessu yfirliti um störf 120. löggjafarþings hefur þingið verið mjög athafnasamt. Mörg og stór mál hafa verið afgreidd á þinginu. Þeirra á meðal eru nokkur mál sem valdið hafa miklum deilum innan og utan þings, ekki síst frumvörpin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur. Skiljanlegt er að þingmönnum hefur legið margt á hjarta síðustu vikurnar og margar ræður hafa verið fluttar. Þetta olli hins vegar því að þinghaldið fór nokkuð úr skorðum. Ég vil þó láta í ljós sérstakar þakkir mínar til ráðherra og þingmanna fyrir samstarfsvilja þeirra. Að því er Alþingi sómi.

Ég verð aftur á móti að láta í ljós vonbrigði mín með að ekki skuli hafa tekist að standa við starfsáætlun þingsins þrátt fyrir að hún hafi verið endurskoðuð í janúar sl. Veigamikil ástæða þess að þingstörfin hafa dregist á langinn er vitaskuld þau deilumál sem ég vék hér að áðan. Um leið ítreka ég í þessu sambandi það sem ég hef áður sagt um mikilvægi þess að ríkisstjórn hverju sinni ætli Alþingi rúman tíma til að fjalla um og afgreiða mál sem hún leggur fram og vill fá afgreidd. Ég tel að vísu að þetta horfi til hins betra. En þessi mál verða ekki komin í viðunandi horf fyrr en við búum við þá skipan að þingmál verði ekki lögð fram á síðustu vikum fyrir jóla- og sumarhlé þings nema í algerum undantekningartilvikum.

Í ræðu minni við setningu þingsins í haust varpaði ég fram þeirri hugmynd hvort stíga mætti eitt veigamikið skref í þá átt að skipuleggja þinghaldið betur með því að þingmenn sameinuðust um að flytja aldrei lengri ræður hverju sinni en sem næmi hálfri klukkustund. Þó að ekki hafi verið gert formlegt samkomulag um þetta atriði milli þingflokka tel ég að þetta hafi í reynd gengið eftir fram eftir hausti. Ýmsir vildu þó taka þá hófsemd sem ríkti í ræðuhöldum sem tákn um vanmátt stjórnarandstöðunnar. Slíkt tel ég algera firru. Ég tel að stjórnarandstaðan hverju sinni þurfi að gæta þess að falla ekki í þá gryfju að telja sjálfa sig algerlega máttlausa þó að þingstörfin gangi eðlilega fyrir sig. Það er ekki þörf á því að sanna sig með því að setja störf Alþingis í uppnám með óeðlilega löngum ræðuhöldum.

Ég er enn sannfærðari en áður um mikilvægi þess að við reynum að ná samkomulagi um skynsamlegt hóf í ræðulengd. Í þessu sambandi vil ég segja það sem mína skoðun að þingmenn hafa margt þarfara að gera en sitja undir löngum ræðum þar sem menn endurtaka sömu atriðin hvað eftir annað og er skiljanlegt að þingbekkir séu þunnskipaðir á slíkum stundum. Reynslan sýnir hins vegar að það stendur ekki á þingmönnum að fylla þingsalinn þegar snarpar og áhugaverðar ræður eru fluttar. Ég vil því leggja áherslu á þá kröfu til þingmanna að þeir setji mál sitt fram í stuttu en hnitmiðuðu máli. Slíkt er ekki aðeins spurning um tillitssemi við aðra þingmenn sem þurfa að tjá sig og þá þingmenn sem sitja og hlýða á umræður, heldur einnig eðlilegt með hliðsjón af því að þingmenn hafa í nútímaþjóðfélagi ýmsa aðra möguleika en ræðustól þingsins til að koma skoðunum sínum á framfæri við umbjóðendur sína. Öllum er ljóst að þegar þingmenn tala yfir tómum þingsal þá er það ekki til þess fallið að skapa jákvæða ímynd af þinginu.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að nefndastarfi þingsins sem hefur orðið æ mikilvægara eftir að þingið varð ein málstofa. Ég vil fyrst segja að hlúa þarf betur að nefndastarfinu og hef þá ekki síst í huga starfsaðstöðu nefndanna í Þórshamri, aðstöðu sem er þinginu í reynd til vansæmdar. Flestar nefndirnar búa við óviðunandi fundaaðstöðu sem gerir þeim oft erfitt að sinna störfum sínum, t.d. þegar kalla þarf fjölda gesta á fund þeirra. Þó að líklegt sé að þær nefndir sem eru með fundaaðstöðu í Þórshamri verði þar áfram um einhvern tíma, þá er brýnt að reyna að bæta aðstöðu þeirra. Það er skoðun mín að heppilegt væri að koma þeirri skipan á að nefndastörfum ljúki a.m.k.tveimur vikum fyrir áætlaða þingfrestun að vori. Slíkt mundi gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um og afgreiða mál sem nefndir skila áliti um. Í þessu sambandi teldi ég einnig koma til greina að fella niður þingfundi síðustu daga nefndastarfsins þannig að nefndirnar fengju rúman tíma til að ljúka störfum sínum. Um þessi atriði vil ég hafa samráð við þingflokksformenn fyrir upphaf þings í haust. Ég tel að bætt nefndastarf sé hluti af því að koma almennt á aukinni festu í störfum þingsins og hyggst halda áfram að vinna að því að slíkt megi ganga eftir. Ég vil í því sambandi nefna að mikilvægt er að efla tengsl forseta og formanna fastanefndanna og hef því á þessu þingi átt tvívegis gagnlega fundi með þeim um nefndastarfið. Ég hyggst efla frekar samstarfið við nefndaformenn og vil færa þeim sérstakar þakkir fyrir samstarfsvilja þeirra.

Ég nefndi í ávarpi mínu við þingfrestun í fyrrasumar að ég hyggðist beita mér fyrir endurskoðun á þeim þáttum þingskapa sem æskilegt er að gera breytingar á og sem ætla má að samstaða geti tekist um meðal allra þingflokka. Þó að enn hafi ekki tekist að ljúka þeirri endurskoðun vil ég skýra hv. þm. frá því að ég hef á þessu þingi átt nokkra fundi um þetta mál með formönnum þingflokkanna og ég vænti þess að okkur takist að leggja fram á fyrstu vikum haustþings tillögur um breytingar á þingsköpum.

Nú við lok þinghaldsins vil ég ítreka þakkir mínar til allra þingmanna fyrir ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Forseti þarf eðlis starfs síns vegna að hafa nána samvinnu við varaforseta þingsins og formenn þingflokka. Ég vil því færa varaforsetum sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokkanna fyrir sérlega gott og náið samstarf á þessu þingi.

Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[22:11]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Sviptingasömu þinghaldi er að ljúka sem hefur á margan hátt verið mjög óvenjulegt. Í fyrsta lagi hafa verið afgreidd óvenjuheit deilumál sem áreiðanlega munu draga dilk á eftir sér á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu. Í annan stað hafa deilumál þessi haft það í för með sér að við lok þingsins hefur ekkert samkomulag verið um niðurröðun mála og ekkert samkomulag um afgreiðslu mála. Það er óvenjulegt.

Þá er það einnig óvenjulegt að þrátt fyrir þessar deilur hafa átökin ekki verið á milli stjórnarandstöðu annars vegar og forseta hins vegar eins og á fyrri árum, heldur hafa þau einkum verið á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Hljóta

þingmenn almennt að velta þessu fyrir sér svo og þeim átökum milli þingsins og framkvæmdarvaldsins sem hafa aftur og aftur komið upp á þessu þingi og hljóta að vera okkur nokkurt umhugsunarefni.

Þegar deilumál eru uppi á Alþingi á stjórnin einn aðalkost og stjórnarandstaðan annan. Úrræði stjórnarliðs eru gjarnan þau að lengja þingið fram eftir sumri uns flest mál hafa verið afgreidd. Nú átti að ljúka þinginu 15. maí, í dag er 5. júní. Þingið er orðið þremur vikum lengra en gert var ráð fyrir.

Stjórnarandstaðan á þann varnarkost að lengja mál sitt. Stjórn og stjórnarandstaða eiga því nokkuð óskipt mál um þessa tilhögun, sök segja sumir. Spurningin er sú hvort ekki er nauðsynlegt að huga að starfsháttum okkar á ný til þess í senn að tryggja í fyrsta lagi eðlilegan rétt meiri hluta til að ná fram sínum málum, í öðru lagi rétt minni hlutans til þess að koma fram sjónarmiðum sínum á afgerandi hátt og í þriðja lagi sem er mikilsverðast, að tryggja þjóðinni vandaða lagasetningu. Ekkert þessara markmiða næst með núgildandi lögum þannig að öruggt sé.

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þingmanna þakka starfsliði Alþingis öllu fyrir framúrskarandi störf, þolinmæði, lipurð og starfsgleði á hverju sem gengur. Í því starfsliði eru allir jafnmikilvægir.

Ég vil einnig fyrir hönd okkar þingmanna þakka hæstv. forseta fyrir störfin í vetur. Hann hefur leyst úr erfiðum verkefnum með stakri prýði, þolinmæði og myndugleika. Ég flyt honum og fjölskyldu hans óskir um gleðilegt sumar og læt í ljós ósk um að við megum hitta forsetann heilan á húfi að loknu sumri við þingstörf á ný. Ég bið þingmenn að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[22:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hv. 8. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, gekk í salinn.]

Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir.

Í tilefni þess að forseti Íslands er hingað kominn í Alþingishúsið í síðasta sinn í embættiserindum vil ég í nafni Alþingis ávarpa forsetann nokkrum orðum.

Við þingsetningu í haust sýndi frú Vigdís Finnbogadóttir Alþingi þá virðingu að tilkynna hér í þingsalnum þá ákvörðun sína að hún hygðist ekki gefa kost á sér á ný til endurkjörs í embætti forseta Íslands. Sá virðingarvottur er forseti Íslands sýndi Alþingi þá er til marks um það ánægjulega samstarf og samskipti sem verið hafa milli forseta Íslands og Alþingis alla embættistíð forsetans.

Samstarf Alþingis og forseta Íslands hefur eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst helgast af því að saman fara þau bæði með löggjafarvaldið. Í þessum sal er því nú saman komið fullskipað löggjafarvald. Það er mér ánægja að segja að engan skugga hefur borið á samvinnu forseta Íslands og Alþingis um löggjafarstörfin.

Samskipti þings og forseta hafa þó ekki eingöngu verið bundin við löggjafarstörfin. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir allar þær ánægjustundir sem við alþingismenn höfum átt þegar við höfum sótt forseta heim að Bessastöðum árlega á jólaföstu.

Á þeim tíma sem frú Vigdís Finnbogadóttir hefur gegnt embætti forseta Íslands hefur hún sett sterkan svip á embættið og átt drjúgan þátt í mótun þess og þróun. Þau 16 ár sem frú Vigdís Finnbogadóttir hefur setið á forsetastól er tæplega þriðjungur þess tíma sem liðinn er frá stofnun embættisins árið 1944. Þetta er langur kafli í sögu okkar unga lýðveldis. Á sama tíma hafa orðið verulegar breytingar á skipan þingsins sem sést m.a. á því að á embættistíma frú Vigdísar Finnbogadóttur hafa 146 þingmenn tekið fast sæti á Alþingi og aðeins 14 núverandi þingmanna áttu sæti á Alþingi við upphaf embættistíma hennar.

Ég veit að nú við lok embættistíðar frú Vigdísar Finnbogadóttur er þjóðin öll full þakklætis í hennar garð fyrir sérstaklega vel unnin og farsæl störf sem hún hefur innt af hendi á forsetastóli. Ég vil á þessum tímamótum færa frú Vigdísi Finnbogadóttur hugheilar þakkir okkar allra alþingismanna um leið og ég óska henni gæfu og guðs blessunar í framtíðinni. Ég vil biðja þingheim að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[22:18]

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 120. löggjafarþings, frá 5. júní 1996 til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að fundum Alþingis, 120. löggjafarþings, er frestað.

Hæstv. ríkisstjórn. Alþingisforseti. Hv. alþingismenn.

Hér er komið að skilnaðarstundu. Við þingslit á þessum degi vinn ég síðasta embættisverk mitt með Alþingi Íslendinga eftir 16 ára samstarf. Ég vil þakka alþingismönnum hverjum og einum fyrir hollustu við embætti forseta Íslands og vinsemd í minn garð. Jafnframt minnist ég góðra kynna við alþingismenn sem setið hafa á þingi í embættistíð minni, en eru hér ekki nú.

Á þessum tímamótum hverf ég aftur til þeirra hugsana og orða sem voru mér leiðarljós þegar mér var í fyrsta sinn falið að setja Alþingi árið 1980 við upphaf 103. löggjafarþings Íslendinga. Þannig vil ég loka hringnum við sömu hugsjón sem er mér óbreytt í sinni og ég tel jafnan vera grundvöll mannlegrar reisnar. Þá lauk ég máli mínu á þennan veg:

„Lýðræði er mikið og vandmeðfarið verðmæti. Í varðveislu þess reynir á þroska, skilning og tillitssemi okkar í garð hvers annars, en ekki síður gagnvart þjóðarheildinni í nútíð og framtíð, því sem við eigum saman, því sem gerir okkur að þjóð.

Það er ósk mín okkur til handa, þjóðarinnar í heild og ykkar lýðræðiskjörinna þingmanna, sem hafið tekið á ykkur þá ábyrgð að handleika fjöregg þessarar þjóðar um sinn, að þið megið bera gæfu til að standa sem fastast saman og

láta það, sem sameinar, sitja í fyrirrúmi fremur en ágreiningsefni, og setja þjóðarheill nú og um alla framtíð ofar stundarhagsmunum og flokkadráttum.

Þá þarf ekki að ugga um Ísland.“

Þessi orð tel ég enn í fullu gildi.

Að svo mæltu óska ég þingmönnum og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar og Íslendingum öllum giftu og styrks landsins sjálfs um ókomna tíma. Þjóð minni þakka ég af alhug vináttuna löngu og traustu.

Ég bið alþingismenn að minnast fósturjarðarinnar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Fundi lauk kl. 22:22.

Um fundarstjórn – sjá:
Fiskveiðar utan lögsögu Íslands 7682.
Umræður utan dagskrár:
Fjárhagsstaða sjúkrahúsanna og sumarlokanir 7572.
Málefni fatlaðra 7564.
Vegáætlun 1995–1998 (295. mál, endurskoðun fyrir 1996) 7458, 7517.
Virðisaukaskattur (444. mál, vinna við íbúðarhúsnæði) 7412, 7532.
Vörugjald (445. mál, magngjald o.fl.) 7408, 7532.
Þingfararkaup og þingfararkostnaður (541. mál, biðlaun) 7538, 7806, 7810.
Þingfrestun 7810.
Þróunarsjóður sjávarútvegsins (436. mál, úreldingarstyrkur til krókabáta) 7599, 7710, 7714.

Leiðrétting.

Í 24. hefti, 7053. dálki, í 2. línu ræðu iðnaðarráðherra. Í stað orðsins „eigin“ komi: einu.